Alþingi 1978

Sameinað þing, 1. fundur.

Þriðjudaginn 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1978, þriðjudaginn 10. okt., var hundraðasta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það áttugasta og fyrsta aðalþing í röðinni, en hundraðasta og fimmtánda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni, er hófst kl. 1.30 miðdegis. Séra Sigurður H. Guðmundsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 5. þm. Vesturl.
3. Árni Gunnarsson, 11. landsk. þm.
4. Benedikt Gröndal, 3. þm. Reykv.
5. Björn Jónsson, 1. landsk. þm.
6. Bragi Níelsson, 8. landsk. þm.
7. Bragi Sigurjónsson, 3. þm. Norðurl. e.
8. Eðvarð Sigurðsson, 6. þm. Reykv.
9. Eggert Haukdal, 1. þm. Suðurl.
10. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
11. Einar Ágústsson, 9. þm. Reykv.
12. Ellert B. Schram, 8. þm. Reykv.
13. Eyjólfur K. Jónsson, 5. þm. Norðurl. v.
14. Finnur Torfi Stefánsson, 2. landsk. þm.
15. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
16. Friðrik Sophusson, 5. landsk. þm.
17. Garðar Sigurðsson, 3. þm. Suðurl.
18. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
19. Geir Hallgrímsson, 4. þm. Reykv.
20. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
21. Guðmundur Karlsson, 5. þm. Suðurl.
22. Gunnar Thoroddsen, 11. þm. Reykv.
23. Gunnlaugur Stefánsson, 4. landsk. þm.
24. Halldór E. Sigurðsson, 1. þm. Vesturl.
25. Helgi F. Seljan, 3. þm. Austurl.
26. Hjörleifur Guttormsson, 6. landsk. þm.
27. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
28. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.
29. Jón Helgason, 6. þm. Suðurl.
30. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
31. Jónas Árnason, 4. þm. Vesturl.
32. Jósef H. Þorgeirsson, 7. landsk. þm.
33. Karl Steinar Guðnason, 5. þm. Reykn.
34. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
35. Kjartan Ólafsson, 3. þm. Vestf.
36. Lárus Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
37. Lúðvík Jósepsson, 1. þm. Austurl.
38. Magnús H. Magnússon, 4. þm. Suðurl.
39. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
40. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
41. Oddur Ólafsson, 4. þm. Reykn.
42. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
43. Ólafur Ragnar Grímsson, 3. landsk. þm.
44. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
45. Páll Pétursson, 4. þm. Norðurl. v.
46. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
47. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
48. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
49. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
50. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
51. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
52. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
53. Svava Jakobsdóttir, 10. þm. Reykv.
54. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
55. Sverrir Hermannsson, 5. þm. Austurl.
56. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
57. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. Austurl.
58. Vilmundur Gylfason, 7. þm. Reykv.
59. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
60. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Forseti Íslands setur þingið.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 14. sept. s. l. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh. að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. okt. 1978.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi, sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13:30.

Gjört í Reykjavík, 14. sept. 1978.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli kom saman til fundar þriðjudaginn 10. okt. 1978."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Á þingsetningardegi hafa oft verið rifjuð upp frá þessum ræðustóli nokkur minnisverð ártöl, sem öðrum fremur gnæfa eins og vörður á vegi þjóðarinnar, eða — ef það

þætti betur orðað við setningu Alþingis — á vegi þessarar stofnunar um ár og aldir. En einu má raunar gilda hvort orðalagið er notað, því að saga Alþingis verður ekki skilin frá sögu þjóðarinnar, störf þingsins mótast hverju sinni af þörfum hennar og allt, sem hér er gert, skilar sér á einhvern hátt sem áhrifavaldur út í þjóðlífið. Enga nauðsyn rekur til þess að þylja sama lesturinn um merkisár Alþingis á hverju ári þegar þing er sett, en að þessu sinni hlýðir að minnast þess, að það þing, sem nú hefur verið sett, er hið hundraðasta sem haldið er síðan Alþingi fékk löggjafarvald árið 1874. Svo mun mörgum sýnast sem ekki sé óviðeigandi að staldra ögn við svo stórhreinlega tölu og jafnvel láta hana verða sér tilefni til nokkurra þarflegra hugleiðinga. Ef að líkum lætur munu margir gera það með sjálfum sér, og e. t. v. gerir það hver og einn vor á meðal, þó að ég hafi þar ekki mörg orð um.

En lítum þó svipsinnis, í góðrar minningar skyni, til hins fyrsta íslenska löggjafarþings, sem sett var hér í sal lærða skólans hinn 1. júlí 1875. Í þeim boðskap, sem þá var lesinn fyrir hönd þjóðhöfðingjans, var svo að orði komist, að framfarir Íslands, gæfa þess og hagsæld sé nú að miklu leyti komin undir þeim fulltrúum þjóðarinnar sem hún hefur sjálf kosið til setu á löggjafarþinginu. Þessi orð, sem hljómuðu við setningu hins fyrsta löggjafarþings, standa enn í góðu gildi við setningu hins hundraðasta. Sami vandi með sömu vegsemd hvílir nú sem þá á Alþingi sem stofnun og á hverjum einstökum alþm., og þó að því skapi meiri sem hlutur Alþingis í stjórnskipun vorri er meiri nú en þá var. Þetta stendur fast, þó að margt skipti um svip eftir því sem tíminn líður, og þá m. a. Alþingi andspænis þjóðinni sem hefur kosið það. Það eru slíkar tímabundnar breytingar á afstöðu milli þings og þjóðar sem valda því að oft, og að minni hyggju mjög um of, er talað um þverrandi veg Alþingis í augum almennings og áhugaleysi um athafnir þess. En það, sem talað er á hverri tíð, er eins og gárur á vatni, mismunandi eftir því hvaðan og hve mjög vindurinn blæs. Hið rétta er að íslenska þjóðin veit enn sem fyrr harla vel til hvers hún hefur kosið Alþingi, virðir starf þess og skilur hvað hún á undir því og þeirri ríkisstjórn sem ábyrgð ber fyrir því. Svo er fyrir að þakka, því að þá væri í illt efni komið, ef þjóðin léti sér í léttu rúmi liggja, hvernig þessum stofnunum tekst til um forustu og úrræði í málefnum vorum.

Að þessu sinni býð ég velkomna til starfa nýkjörna alþingismenn og nýlega skipaða ríkisstjórn, um leið og ég færi fram þakkir fyrir störf fyrra þingliðs og fyrri ríkisstjórnar. Ég hef veitt því athygli að á þessu þingi má skipta þingmönnum í þrjá nokkurn veginn jafnfjölmenna hópa. Fyrst skal nefna þá sem þegar höfðu setið lengur eða skemur á Alþingi þegar ég stóð hér fyrst í þessum sporum fyrir réttum tíu árum. Þá koma þeir þingmenn sem bæst hafa í hópinn síðan og fram til síðustu kosninga. Og loks þeir sem nú koma til þings í fyrsta sinn og líklega er sá hópurinn ívið fjölmennastur. Orð er á því gert að aldrei hafi eins margir nýliðar komið til þings og eftir síðustu alþingiskosningar og margir hverjir ungir að árum. Þetta er spegilmynd þess að tíminn líður og allt er breytingum háð. Endurnýjun er óhjákvæmileg og nauðsynleg, þótt enginn geti um það fullyrt hversu ör hún ætti helst að vera. En svo munu margir mæla að gott sé gamalli og gróinni stofnun að um sali hennar berist lífgandi andvari sem oft fylgir nýjum mönnum. Og ekki þarf að draga í efa að það sé ungum mönnum fagnaðarefni og eggjun að hafa hlotið traust samborgara sinna til að taka sæti á Alþingi, því að ekki er auðséð hvar í þjóðfélagi voru annað eins tækifæri býðst til að neyta óþreyttra krafta sinna til góðs fyrir land og lýð. Ég tel mig vita fyrir víst að með því hugarfari gengur hver þingmaður inn í þetta gamla hús. Þess vegna er mér fjarri, nú sem endranær, að flytja einhvers konar húskarlahvöt eða bjarkarmál yfir íslenskum alþm. en hamingjuóskir er mér ljúft að bera fram. Á Alþingi Íslendinga verða að fara saman stöðugleiki og endurnýjun. Kjölfesta verður að vera traust, og einnig verður að vera líflegur byr og segl til að fanga hann. Á þingbekkjum sitja nú eins og löngum áður margir þingmenn með langa og dýrmæta þingreynslu að baki, og við hlið þeirra hinir, sem nú eru hér í fyrsta sinn. Vel er því séð fyrir hvoru tveggja, stöðugleikanum og endurnýjuninni.

En hvort sem eru eldri eða yngri, hefur þjóð yðar, góðir alþm., kjörið yður til að standa vörð um frelsi og virðingu landsins og hafa forustu um veigamestu málefni sín. Allir góðir menn óska yður þess að þér berið gæfu til að ná samstöðu um úrræði sem endast mega til að sigrast á þeim örðugleikum sem einmitt nú er við að etja. Ég óska yður góðs farnaðar og læt þá von í ljós að störf þessa þings í þágu þjóðar vorrar megi verða gifturík.

Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsrh., Ólafur Jóhannesson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ — Tóku þm. undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Odd Ólafsson, 4. þm. Reykn., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti (Oddur Ólafsson): Ég vil leyfa mér að bjóða alla hv. alþm. velkomna til starfa svo og allt starfslið Alþingis.

Má ég kveðja mér til aðstoðar sem fundarskrifara þá hv. 6. þm. Suðurl., Jón Helgason, og hv. 6. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson.

Til þess að prófa kjörbréf og kosningu þingmanna ber nú að skipa þingmönnum eftir hlutkesti í þrjár jafnar deildir. Sá háttur mun hafður á, að um leið og nafn þingmanns er lesið mun skrifari draga miða er segir til um kjördeild þingmanns.

Rannsókn kjörbréfa.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir og urðu í:

1. kjördeild:
EÁ, EKJ, GeirG, GilsG, GK, GTh, GSt, JóhS, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SighB, StJ, SV, StH, SvJ, TÁ.

2. kjördeild:
AG, AS, ÁG, EG, EBS, HG, JÞ, KSG, KJ, LJós, MHM, MB, MÁM, ÓRG, SvG, SvH, VH, VG, ÞK, ÞS.

3. kjördeild:
BGr, BJ, BN, BrS, EðS, EH, FTS, FÞ, FrS, GSig, GH, HES, HFS, IG, JH, JGS, JÁ, KÓ, LárJ, RA.

Aldursforseti (Oddur Ólafsson): Þingmönnum hefur nú verið skipað í kjördeildir og munu þær skipta með sér verkum í samræmi við ákvæði þingskapa, þannig að 1. deild fær 2. deild, 2. deild fær 3. deild og 3. deild fær 1. kjördeild kjörbréf þeirra þingmanna sem eru í hverri þeirra fyrir sig.

Fundarstaðir fyrir kjördeildir verða sem hér segir: 1. kjördeild hér í fundarsal neðri deildar, 2. kjördeild í fundarsal efri deildar og 3. kjördeild í flokksherbergi Sjálfstfl.

Ég bið hv. þingmann Einar Ágústsson að kalla saman 1. kjördeild hv. þingmann Albert Guðmundsson að kalla saman 2. kjördeild og hv. ráðherra Benedikt Gröndal að kalla saman 3. kjördeild. Nú verður gert hlé á fundinum á meðan kjördeildir starfa. Fundinum er frestað. — [Fundarhlé.]

Þá verður fundi fram haldið í Sþ. og verða teknar fyrir tillögur kjördeildanna. Ég gef frsm. 1. kjördeildar, hv. 9. þm. Reykv., Einari Ágústssyni, orðið. Síðan mun ég gefa frsm. 2. kjördeildar, hv. 1. þm. Reykv., Albert Guðmundssyni, orðið og þá frsm. 3. kjördeildar, hæstv. utanrrh., Benedikt Gröndal.

Frsm. 1. kjördeildar (Einar Ágústsson): Herra forseti. 1. kjördeild fékk til athugunar kjörbréf alþm. í 3. kjördeild og voru kjördeildarmenn einróma samþykkir að mæla með samþykkt þeirra og að kosningin yrði þar með tekin gild, en kjörbréfin eru þessi:

1. Kjörbréf Benedikts Gröndals, 3. þm.Reykv.
2. Kjörbréf Björns Jónssonar, 1. landsk. þm.
3. Kjörbréf Braga Níelssonar, 8. landsk. þm.
4. Kjörbréf Braga Sigurjónssonar, 3. þm.Norðurl. e.
5. Kjörbréf Eðvarðs Sigurðssonar, 6. þm.Reykv.
6. Kjörbréf Eggerts Haukdals, 1. þm. Suðurl.
7. Kjörbréf Finns Torfa Stefánssonar, 2. landsk. þm.
8. Kjörbréf Friðjóns Þórðarsonar, 2. þm. Vesturl.
9. Kjörbréf Friðriks Sophussonar, 5. landsk. þm.
10. Kjörbréf Garðars Sigurðssonar, 3. þm.Suðurl.
11. Kjörbréf Geirs Hallgrímssonar, 4. þm.Reykv.
12. Kjörbréf Halldórs E. Sigurðssonar, 1. þm. Vesturl.
13. Kjörbréf Helga F. Seljans, 3. þm. Austurl.
14. Kjörbréf Ingvars Gíslasonar, 1. þm. Norðurl. e.
15. Kjörbréf Jóns Helgasonar, 6. þm. Suðurl.
16. Kjörbréf Jóns G. Sólness, 2. þm. Norðurl. e.
17. Kjörbréf Kjartans Ólafssonar, 3. þm. Vestf.
18. Kjörbréf Lárusar Jónssonar, 6. þm. Norðurl. e.
19. Kjörbréf Ragnars Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.

Auk þess fékk deildin til meðferðar skeyti frá yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis, þar sem tilkynnt er að kjörbréf hafi verið gefið út til handa Jónasi Árnasyni sem 4. þm. Vesturl., og leggur deildin einróma til að það kjörbréf verði einnig samþykkt.

Frsm. 2. kjördeildar (Albert Guðmundsson): Herra forseti. 2. kjördeild hefur komið saman og farið yfir kjörbréf þm. í 1. kjördeild og ekkert fundið athugavert og leggur því til að kosning verði tekin gild og kjörbréfin samþykkt af hinu háa Alþingi, en kjörbréfin eru fyrir eftirtalda hv. alþm.:

1. Kjörbréf Tómasar Árnasonar, 4. þm. Austurl.
2. Kjörbréf Svövu Jakobsdóttur, 10. þm.Reykv.
3. Kjörbréf Steingríms Hermannssonar, 2. þm. Vestf.
4. Kjörbréf Stefáns Valgeirssonar, 5. þm. Norðurl. e.
5. Kjörbréf Stefáns Jónssonar, 4. þm. Norðurl. e.
6. Kjörbréf Sighvats Björgvinssonar, 4. þm. Vestf.
7. Kjörbréf Ragnhildar Helgadóttur, 5. þm.Reykv.
8. Kjörbréf Pálma Jónssonar, 2. þm. Norðurl. v.
9. Kjörbréf Páls Péturssonar, 4. þm. Norðurl. v.
10. Kjörbréf Ólafs Jóhannessonar, 1. þm. Norðurl. v.
11. Kjörbréf Jóhönnu Sigurðardóttur, 12. þm. Reykv.
12. Kjörbréf Ólafs G. Einarssonar, 9. landsk. þm.
13. Kjörbréf Odds Ólafssonar, 4. þm. Reykn.
14. Kjörbréf Gunnlaugs Stefánssonar, 4. landsk. þm.
15. Kjörbréf Gunnars Thoroddsens, 11. þm. Reykv.
16. Kjörbréf Guðmundar Karlssonar, 5. þm. Suðurl.
17. Kjörbréf Gils Guðmundssonar, 3. þm. Reykn.
18. Kjörbréf Einars Ágústssonar, 9. þm. Reykv.
19. Kjörbréf Geirs Gunnarssonar,10. landsk. þm.
20. Kjörbréf Eyjólfs K. Jónssonar, 5. þm. Norðurl. v.

Frsm. 3. kjördeildar, utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. 3. kjördeild hefur komið saman og farið yfir kjörbréf 2. kjördeildar. Engar aths. hafa komið fram við kjörbréfin og mælir kjördeildin með því að þau verði samþykkt. Kjörbréfin eru fyrir eftirtalda þm.:

1. Kjörbréf Alberts Guðmundssonar, 1. þm. Reykv.
2. Kjörbréf Alexanders Stefánssonar, 5. þm. Vesturl.
3. Kjörbréf Árna Gunnarssonar, 11. landsk. þm.
4. Kjörbréf Eiðs Guðnasonar, 3. þm. Vesturl.
5. Kjörbréf Ellerts B. Schram, 8. þm. Reykv.
6. Kjörbréf Hjörleifs Guttormssonar, 6. landsk. þm.
7. Kjörbréf Jósefs H. Þorgeirssonar, 7. landsk. þm.
8. Kjörbréf Karls Steinar Guðnasonar, 5. þm. Reykn.
9. Kjörbréf Kjartans Jóhannssonar, 2. þm. Reykn.
10. Kjörbréf Lúðvíks Jósepssonar, 1. þm. Austurl.
11. Kjörbréf Magnúsar H. Magnússonar, 4. þm. Suðurl.
12. Kjörbréf Matthíasar Bjarnasonar, 1. þm. Vestf.
13. Kjörbréf Matthíasar Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
14. Kjörbréf Ólafs Ragnars Grímssonar, 3. landsk. þm.
15. Kjörbréf Svavars Gestssonar, 2. þm. Reykv.
16. Kjörbréf Sverris Hermannssonar, 5. þm. Austurl.
17. Kjörbréf Vilhjálms Hjálmarssonar, 2. þm. Austurl.
18. Kjörbréf Vilmundar Gylfasonar, 7. þm. Reykv.
19. Kjörbréf Þorv. Garðars Kristjánssonar, 1. þm. Vestf.
20. Kjörbréf Þórarins Sigurjónssonar, 2. þm. Suðurl.

Aldursforseti (Oddur Ólafsson): Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er umræðum lokið. Framsögumenn kjördeilda hafa hver fyrir hönd sinnar kjördeildar lagt til að þau kjörbréf, sem deildirnar hafa haft með höndum, verði samþykkt og kosning og kjörgengi þm. tekið gilt. Verða tillögur kjördeildanna bornar upp í einu lagi ef enginn hreyfir mótmælum.

ATKVGR.

Till. kjördeildanna samþ. með 55 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Árni Gunnarsson, Bragi Níelsson, Eggert Haukdal, Eiður Guðnason, Finnur Torfi Stefánsson, Friðrik Sophusson, Guðmundur Karlsson, Gunnlaugur Stefánsson, Hjörleifur Guttormsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jósef H. Þorgeirsson, Kjartan Jóhannsson, Magnús H. Magnússon, Svavar Gestsson, Vilmundur Gylfason.

Aldursforseti (Oddur Ólafsson): Nýkjörnir þm., sem ekki hafa áður tekið sæti á Alþingi hafa nú undirritað drengskaparheit og býð ég þá alveg sérstaklega velkomna til þingsetu.

Þá ber skv. þingsköpum að kjósa forseta Sþ., en komið hafa fram tilmæli um að þeirri kosningu verði frestað og mun ég verða við henni. Fundi er því frestað til kl. 2. miðvikudaginn 11. okt.

Miðvikudaginn 11. okt., kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti lét fara fram kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., með 51 atkv. Vilmundur Gylfason, 7. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég þakka hv. alþm. það traust, sem þeir hafa sýnt mér með kosningunni, og læt í ljós þá von, að mér auðnist að verðskulda það.

Forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., með 54 atkv. Karl St. Guðnason, 5. þm. Reykn., hlaut 1 atkv., Lúðvík Jósepsson, 1. þm. Austurl., hlaut 1 atkv.

Annar varaforseti var kosinn

Karl Steinar Guðnason, 5. þm. Reykn., með 48 atkv. Svava Jakobsdóttir, 10. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., Ólafur Ragnar Grímsson, 3. landsk. þm., hlaut 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kjörnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PP, en á B-lista FrS. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Páll Pétursson, 4. þm. Norðurl. v., og
Friðrik Sophusson, 5. landsk. þm.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Lýsti forseti yfir að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Finnur Torfi Stefánsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Einar Ágústsson (A),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Eyjólfur K. Jónsson (B),
Jónas Árnason (A).

Kosning til efri deildar.

Forseti (Gils Guðmundsson): Þessu næst fer fram kosning til efri deildar Alþingis og til glöggvunar vil ég leyfa mér að lesa upp 6. gr. þingskapa sem fjallar um kosningu eða e. t. v. öllu heldur val til Ed. Alþingis. 6. gr. hljóðar þannig:

„Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal velja til Ed. þá tölu þm., er þar skulu eiga sæti. Skal hverjum þingflokki skylt að tilnefna á lista þá tölu þm. sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í Sþ. Ef tveir eða fleiri þingflokkar hafa með sér bandalag um kjör til Ed., eða þingflokkur (eða flokkar) og menn utan flokka, skal talan á listanum miðuð við samanlagt atkvæðamagn bandalagsins.

Ef atkvæðamagn tveggja eða fleiri kjöraðila er jafnt við kosningu síðasta manns til Ed., skal hvor (hver) þeirra tilnefna mann í vafasætið, en hlutkesti ráða úrslitum.

Nú skýtur einhver kjöraðili sér undan skyldu um tilnefningu til Ed., og tilnefnir forseti þá þingmann eða þingmenn úr þeim flokki eða bandalagi í réttu hlutfalli við atkvæðamagn. Ef þá er vafi um eitt sæti, skal hlutkesti ráða. Forseti tilkynnir síðan, hverjir þm. þannig hafa verið tilnefndir og teljast þeir rétt kjörnir eða skipaðir til Ed.“

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram tveir listar. Á A-lista voru RA, BrS, ÓlJ, StJ, BJ, AS, GeirG, KSG, JH, HFS, BN, VH, ÓRG, KJ; á B-lista ÞK, JGS, OÓ, RH, GK, EKJ, FrS.

Forseti (Gils Guðmundsson): Á A-lista eru 14 nöfn og á B-lista eru 7 nöfn, samtals einu nafni fleira en velja ber til Ed. Í fullu samræmi við það ákvæði 6. gr. þingskapa, sem hér um fjallar, verður því í þessu tilviki að fara fram hlutkesti milli manna sem eru síðastir á hvorum lista um sig, þ. e. a. s. á milli Kjartans Jóhannssonar og Friðriks Sophussonar. Ég hygg að í slíkum tilfellum hafi sá háttur verið hafður á að biðja viðkomandi hv. alþm. að koma hér upp og draga kúlu úr þessum kassa. Á þessum kúlum eru númer jafnmörg og alþm. eru og sá, sem dregur hærra númerið, verður aðlaður og fluttur í lávarðadeild, efri deild Alþingis.

Hlutkesti fór þannig að Kjartan Jóhannsson dró 57, en Friðrik Sophusson 38. Samkv. því lýsti forseti yfir að rétt væru kjörnir til Ed.:

Ragnar Arnalds,
Bragi Sigurjónsson,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Ólafur Jóhannesson,
Stefán Jónsson,
Jón G. Sólnes,

Björn Jónsson,
Alexander Stefánsson,
Oddur Ólafsson,
Geir Gunnarsson,
Karl Steinar Guðnason,
Ragnhildur Helgadóttir,
Jón Helgason,
Helgi F. Seljan,
Guðmundur Karlsson,
Bragi Níelsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Eyjólfur K. Jónsson,
Ólafur Ragnar Grímsson,
Kjartan Jóhannsson.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. okt. 1978.

Þar sem Björn Jónsson, 1. landsk. þm., getur ekki sótt þingfundi næstu vikur vegna veikinda, leyfi ég mér samkv. beiðni hans og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að fara þess á leit, að 1. varamaður landskjörinna þingmanna Alþfl., Ágúst Einarsson útgerðarmaður, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Sighvatur Björgvinsson,
formaður þingflokks Alþfl.

Til forseta Sþ."

Mér hefur einnig borist svo hljóðandi bréf:

„Samkv. beiðni Lárusar Jónssonar, 6. þm. Norðurl. e., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Halldór Blöndal skrifstofumaður, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
ritari þingflokks Sjálfstfl.

Til forseta Sþ."

Kjörbréf þessara tveggja hv. varaþm. hafa að sjálfsögðu ekki verið könnuð og verður þeim nú vísað til hinnar nýkjörnu kjörbréfanefndar. [Fundarhlé.]

Frsm. kjörbréfanefndar (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf Halldórs Blöndals skrifstofumanns sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra og kjörbréf Ágústs Einarssonar útgerðarmanns sem 1. varauppbótarmanns Alþfl. N. leggur til að þessi kjörbréf verði tekin gild og samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 55 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Ágúst Einarsson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Efri deild, 1. fundur.

Miðvikudaginn 11. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Oddur Ólafsson, 4. þm. Reykn., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Alexander Stefánsson, 5. þm. Vesturl.
2. Björn Jónsson, 1. landsk. þm.
3. Bragi Níelsson, 8. landsk. þm.
4. Bragi Sigurjónsson, 3. þm. Norðurl. e.
5. Eyjólfur K. Jónsson, 5. þm. Norðurl. v.
6. Geir Gunnarsson, 10. landsk. þm.
7. Guðmundur Karlsson, 5. þm. Suðurl.
8. Helgi F. Seljan 3. þm. Austurl.
9. Jón Helgason, 6. þm. Suðurl.
10. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
11. Karl Steinar Guðnason, 5. þm. Reykn.
12. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
13. Oddur Ólafsson, 4. þm. Reykn.
14. Ólafur Ragnar Grímsson, 3. landsk. þm.
15. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
16. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v
17. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
18. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
19. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. Austurl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Bragi Sigurjónsson, 3. þm. Norðurl. e., með 17 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut:
Þorv. Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestf., með 17 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn
Jón Helgason, 6. þm. Suðurl., með 18 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var HFS, á B-lista GK. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Helgi F. Seljan, 3. þm. Austurl., og
Guðmundur Karlsson, 5. þm. Suðurl.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna og fór sætahlutunin á þessa leið:

7. sæti hlaut Þorv. Garðar Kristjánsson.
8. — — Alexander Stefánsson.
9. — — Ragnhildur Helgadóttir.
10. — — Björn Jónsson.
11. — — Eyjólfur K. Jónsson.
12. — — Jón G. Sólnes.
13. — — Stefán Jónsson.
14. — — Bragi Níelsson.
15. — — Ólafur Ragnar Grímsson.
16. — — Jón Helgason.
17. — — Oddur Ólafsson.
18. — — Geir Gunnarsson.
19. — — Karl Steinar Guðnason.
20. — — Vilhjálmur Hjálmarsson.

Neðri deild, 1. fundur.

Miðvikudaginn 11. okt., að loknum fundi í Sþ.

Aldursforseti. Eðvarð Sigurðsson, 6. þm. Reykv., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Albert Guðmundsson, 1. þm. Reykv.
2. Árni Gunnarsson, 11. landsk. þm.
3. Benedikt Gröndal, 3. þm. Reykv.
4. Eðvarð Sigurðsson, 6. þm. Reykv.
5. Eggert Haukdal, 1. þm. Suðurl.
6. Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl.
7. Einar Ágústsson, 9. þm. Reykv.
8. Ellert B. Schram, 8. þm. Reykv.
9. Finnur Torfi Stefánsson, 2. landsk. þm.
10. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
11. Friðrik Sophusson, 5. landsk. þm.
12. Garðar Sigurðsson, 3. þm. Suðurl.
13. Geir Hallgrímsson, 4. þm. Reykv.
14. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
15. Gunnar Thoroddsen, 11. þm. Reykv.
16. Gunnlaugur Stefánsson, 4. landsk. þm.
17. Halldór E. Sigurðsson, 1. þm. Vesturl.
18. Hjörleifur Guttormsson, 6. landsk. þm.
19. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
20. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.
21. Jónas Árnason, 4. þm. Vesturl.
22. Jósef H. Þorgeirsson, 7. landsk. þm.
23. Kjartan Ólafsson, 3. þm. Vestf.
24. Lárus Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
25. Lúðvík Jósepsson, 1. þm. Austurl.
26. Magnús H. Magnússon, 4. þm. Suðurl.
27. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
28. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
29. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm.
30. Páll Pétursson, 4. þm. Norðurl. v.
31. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
32. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
33. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
34. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
35. Svava Jakobsdóttir, 10. þm. Reykv.
36. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
37. Sverrir Hermannsson, 5. þm. Austurl.
38. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
39. Vilmundur Gylfason, 7. þm. Reykv.
40. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., með 36 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut
Sverrir Hermannsson, 5. þm. Austurl., með 36 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn
Eðvarð Sigurðsson, 6. þm. Reykv., með 35 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÁG, á B-lista JÞ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:
Árni Gunnarsson 11. landsk. þm., og
Jósef H. Þorgeirsson, 7. landsk. þm.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

10. sæti hlaut Lúðvík Jósepsson.
11. — — Pálmi Jónsson.
12. — — Þórarinn Sigurjónsson.
13. — — Friðrik Sophusson.
14. — — Ólafur G. Einarsson.
15. — — Jóhanna Sigurðardóttir.
16. — — Gils Guðmundsson.
17. — — Eiður Guðnason.
18. — — Sverrir Hermannsson.
19. — — Lárus Jónsson.
20. — — Garðar Sigurðsson.
21. — — Finnur Torfi Stefánsson.
22. — — Gunnlaugur Stefánsson.
23. — — Albert Guðmundsson.
24. — — Matthías Bjarnason.
25. — — Páll Pétursson.
26. — — Jónas Árnason.
27. — — Halldór E. Sigurðsson.
28. — — Eðvarð Sigurðsson.
29. — — Ellert B. Schram.
30. — — Einar Ágústsson.
31. — — Matthías Á. Mathiesen.
32. — — Friðjón Þórðarson.
33. — — Svava Jakobsdóttir.
34. — — Kjartan Ólafsson.
35. — — Stefán Valgeirsson.

36. sæti hlaut Gunnar Thoroddsen.
37. — — Eggert Haukdal.
38. — — Sighvatur Björgvinsson.
39. — — Vilmundur Gylfason.
40. — — Geir Hallgrímsson.

Sameinað þing, 2. fundur.

Fimmtudaginn 12. okt., kl. 2 miðdegis.

Fundi frestað til mánudagsins 16. okt.

Fundinum var fram haldið mánudaginn 16. okt., kl. 2. miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Gils Guðmundsson): Áður en gengið er til dagskrár verður minnst látins fyrrv. alþm., Sigurðar Ingimundarsonar forstjóra, sem andaðist í Landsspítalanum á föstudaginn 13. október, 65 ára að aldri.

Sigurður Ingimundarson var fæddur í Reykjavík 10. júlí 1913. Foreldrar hans voru Ingimundur verkamaður í Reykjavík Einarsson bónda að Stöðlum í Ölfusi Jónssonar og kona hans, Jóhanna Egilsdóttir, bónda í Hörglandskoti á Síðu Guðmundssonar. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1934, stundaði nám í læknadeild Háskóla Íslands veturinn 1934-1935. Haustið 1935 hóf hann nám í efnaverkfræði við verkfræðiháskólann í Þrándheimi og lauk prófi þaðan 1939. Sumurin 1962 og 1963 var hann síðan við nám í verkstjórnarfræðum og vinnuhagræðingu í Osló. Hann var verkfræðingur við Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði sumurin 1940-1942 og við síldarverksmiðjuna Rauðku sumarið 1944. Jafnframt öðrum störfum var hann starfsmaður við hráefnaskömmtum til matvælaiðnaðarins hjá Skömmtunarskrifstofu ríkisins 1940-1950. Kennari við Gagnfræðaskóla Reykvíkinga, síðar Gagnfræðaskóla Vesturbæjar var hann árin 1942-1953, stundakennari við Menntaskólann í Reykjavík 1948-1955 og kennari við Verslunarskólann 1953-1070, yfirkennari þar frá 1957. Jafnframt var hann forstöðumaður verkstjórnarnámskeiða frá því er þau voru upp tekin 1962 til 1970. 1. maí 1970 varð hann forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og gegndi því starfi til æviloka.

Sigurður Ingimundarson hafði margs konar afskipti af félagsmálum og landsmálum. Hann var varaformaður Landssambands framhaldsskólakennara 1948-1960, átti sæti í stjórn Bandalgs starfsmanna ríkis og bæja 1948-1962 og var formaður bandalagsins 1956-1960. I stjórn Bæjarútgerðar Reykjavíkur var hann 1949-1962. Árið 1958 var hann skipaður í nefnd til að endurskoða skólalöggjöfina, 1960 í endurskoðunarnefnd skattalaga og 1961 formaður endurskoðunarnefndar laga um iðnskóla og iðnfræðslu. Hann var skipaður 1962 í landsprófsnefnd, 1965 í nefnd til að stjórna framkvæmd áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi, og hann átti sæti í Hagráði 1966-1971. Árið 1967 var hann kosinn í nefnd til undirbúnings að löggjöf um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hann var skipaður 1970 í endurskoðunarnefnd laga um almannatryggingar, 1971 í endurskoðunarnefnd tryggingakerfisins og enn 1975 í nefnd til að endurskoða lög um almannatryggingar. Á Alþingi átti hann sæti 1959-1971, sat á 12 þingum alls. Hann átti lengst sæti í fjárhagsnefnd og iðnaðarnefnd, og hann var varaforseti sameinaðs Alþingis 1963-1971. Í Norðurlandaráði átti hann sæti 1959-1971.

Sigurður Ingimundarson hlaut á æskuárum sínum náin kynni af samtökum verkalýðsins og baráttu hans fyrir bættum kjörum. Faðir hans var einn frumherjanna í samtökum verkamanna í Reykjavík. Móðir hans, sem enn er á lífi háöldruð og tók eitt sinn skamma stund varamannssæti á Alþingi, gegndi um áratugi formennsku og forustu í félagi verkakvenna. Þessarar reynslu æskuáranna naut Sigurður síðar á ævinni, þegar hann var kjörinn til trúnaðarstarfa og valinn til forustu í samtökum stéttar sinnar og stéttasamtaka og vann þar að kjara- og réttarbótum. Þrjá áratugi starfaði hann að kennslu í skólum og fræðslu á námskeiðum. Hann var traustur og farsæll kennari og lagði m. a. með fræðslu sinni og nefndarstörfum grundvöll að bættri verkmenntun þjóðarinnar á ýmsum sviðum. Hann var glöggskyggn og ráðhollur í nefndarstörfum, gagnorður í ræðustól, fylginn sér í baráttu fyrir þeim málum sem honum voru hugfólgin.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Sigurðar Ingimundarsonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum].

Kosning í fastanefndir samkvæmt 15. gr. þingskapa.

Fram kom ósk frá ríkisstj. um að kosningu í fjárveitinganefnd yrði frestað. — Afbrigði um frestun þeirrar kosningar samþ. með 54 shlj. atkv.

Við kosningu hinna nefndanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:

Einar Ágústsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Gils Guðmundsson (A),
Árni Gunnarsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Jónas Árnason (A),
Vilmundur Gylfason (A).

Varamenn:

Ingvar Gíslason (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Svava Jakobsdóttir (A),
Karl Steinar Guðnason (A),
Eyjólfur K. Jónsson (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Finnur Torfi Stefánsson (A).

2. Atvinnumálanefnd.

Björn Jónsson (A),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Jón G. Sólnes (B),
Kjartan Ólafsson (A),

Jóhanna Sigurðardóttir (A),
Friðrik Sophusson (B),
Stefán Valgeirsson (A).

3. Allsherjarnefnd.
Páll Pétursson (A),
Lárus Jónsson (B),
Jónas Árnason (A),
Vilmundur Gylfason (A),
Ellert B. Schram (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Gunnlaugur Stefánsson (A).

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Garðar Sigurðsson (A),
Árni Gunnarsson (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Stefán Jónsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Eiður Guðnason (A).

Efri deild, 2. fundur.

Fimmtudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fundi frestað til mánudagsins 16. okt.
Fundinum var fram haldið mánudaginn 16. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkvæmt 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Jón Helgason (A),
Karl Steinar Guðnason (A),
Jón G. Sólnes (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Björn Jónsson (A),
Eyjólfur K. Jónsson (B),
Geir Gunnarsson (A).

2. Samgöngunefnd.
Karl Steinar Guðnason (A),
Stefán Jónsson (A),
Jón G. Sólnes (B),
Jón Helgason (A),
Bragi Níelsson (A),
Guðmundur Karlsson (B),
Helgi F. Seljan (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Helgi F. Seljan (A),
Bragi Sigurjónsson (A),
Eyjólfur K. Jónsson (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Stefán Jónsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Bragi Níelsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Stefán Jónsson (A),
Björn Jónsson (A),
Oddur Ólafsson (B),
Alexander Stefánsson (A),
Geir Gunnarsson (A),
Guðmundur Karlsson (B),
Karl Steinar Guðnason (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Björn Jónsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Stefán Jónsson (A),
Jón Helgason (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A).

6. Félagsmálanefnd.
Stefán Jónsson (A),
Bragi Sigurjónsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Alexander Stefánsson (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Guðmundur Karlsson (B),
Björn Jónsson (A).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Bragi Níelsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Oddur Ólafsson (B),
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Bragi Sigurjónsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Geir Gunnarsson (A).

8. Menntamálanefnd.
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Bragi Níelsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Alexander Stefánsson (A),
Oddur Ólafsson (B),
Helgi F. Seljan (A).

9. Allsherjarnefnd.
Vilhjálmur Hjálmarsson (A),
Bragi Sigurjónsson (A),
Jón G. Sólnes (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Jón Helgason (A),
Eyjólfur K. Jónsson (B),
Bragi Níelsson (A).

Neðri deild, 2. fundur.

Fimmtudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fundi frestað til mánudagsins 16. okt.
Fundinum var fram haldið mánudaginn 16. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkvæmt 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndirnar svo skipaðar.

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Lúðvík Jósepsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Finnur Torfi Stefánsson (A),
Halldór E. Sigurðsson (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Vilmundur Gylfason (A).

2. Samgöngunefnd.
Halldór E. Sigurðsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Árni Gunnarsson (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Finnur Torfi Stefánsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Stefán Valgeirsson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Finnur Torfi Stefánsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Lúðvík Jósepsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Sighvatur Björgvinsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Páll Pétursson (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Eiður Guðnason (A),
Lúðvík Jósepsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Kjartan Ólafsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Árni Gunnarsson (A),
Ingvar Gíslason (A),
Jósef H. Þorgeirsson (B),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Gunnlaugur Stefánsson (A).

6. Félagsmálanefnd.
Jóhanna Sigurðardóttir (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Stefán Valgeirsson (A),
Eðvarð Sigurðsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Páll Pétursson (A).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Einar Ágústsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Jónas Árnason (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (A),
Jósef H. Þorgeirsson (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Vilmundur Gylfason (A).

8. Menntamálanefnd.
Svava Jakobsdóttir (A),
Ellert B. Schram (B),
Eiður Guðnason (A),
Ingvar Gíslason (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Jónas Árnason (A),
Sighvatur Björgvinsson (A).

9. Allsherjarnefnd.
Vilmundur Gylfason (A),
Matthías Á Mathiesen (B),
Svava Jakobsdóttir (A),
Einar Ágústsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Árni Gunnarsson (A),
Gils Guðmundsson (A).

Sameinað þing, 3. fundur.

Þriðjudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Samningur við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi, þáltill. (þskj. 2). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Landgrunnsmörk Íslands til suðurs, þáltill. (þskj. 3). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Iðngarðar, þáltill. (þskj. 5). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efling þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum, þáltill. (þskj. 12). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 3. fundur.

Miðvikudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. segir: „Til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna verður þegar í stað framkvæmd 15% gengislækkun, enda verði áhrif hennar á verðlag greidd niður."

Í samræmi við þessa stefnu ákvað Seðlabanki Íslands 15% lækkun á gengi krónunnar til þess að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna og viðskiptastöðu landsins út á við. Og vegna þeirrar ákvörðunar voru svo 5. sept. s. l. gefin út þau brbl. sem hér er flutt um frv. til l. í því skyni að þau hljóti staðfestingu þingsins.

Um efni þessa frv. get ég verið stuttorður. Það er samhljóða lögum þeim sem jafnan hafa verið samþ. við lækkun á gengi krónunnar. Ég vil þó sérstaklega nefna 3. gr. frv., þar sem mælt er fyrir um ráðstöfun gengismunarsjóðs. Þar segir að „50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskimjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skuli renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsíldar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsíld." Í lögum frá 9. febr. 1978 um sama efni var ákveðið að 65 % af því, sem kæmi í gengismunasjóð af andvirði þessara afurða, skyldu renna til vikomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs. Nú er aftur á móti, eins og ég var að lesa, ákveðið að það skuli vera 50%. Þess vegna ber að geta í þessu sambandi, að 19. sept s. l. var gefin út reglugerð fyrir Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins þar sem stofnuð er deild fyrir saltsíldarafurðir innan hans.

Í b-lið 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að af þeim helmingi af andvirði fyrrgreindra sjávarafurða, sem ekki rennur til Verðjöfnunarsjóðs úr gengismunarsjóði, auk andvirðis annarra sjávarafurða, skuli 50% varið til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og 50% varið til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa skv. nánari reglum. Þær reglur voru settar með reglugerðum sem gefnar voru út af sjútvrh. 22. sept. s. l.

Skv. lögum um sama efni frá því í febr. s. l., sem ég minntist á áðan, var 35% af gengismunarfé varið til hagræðingar í fiskiðnaði og til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, á móti 50% nú.

Að þessu einu leyti til, að því er varðar skiptingu á þessu fé sem kemur í gengismunarsjóð, held ég að þetta sé frábrugðið frv. frá því í febr. s. l. um þetta efni.

Þessi brbl., sem hér er óskað staðfestingar á, og það frv., sem flutt er þeim til staðfestingar, eru gefin út af forsrh. Ég flyt það af þeim ástæðum að þarna er um að ræða efnisákvæði sem heyra undir fleiri ráðh. en einn. Þá er það venja að forsrh. flytji málið þó að efni þess heyri að öðru leyti öðrum rn. til.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska eftir því, að þessu frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Frv það, sem hér liggur fyrir, er formleg tilkynning um ákvörðun Seðlabankans 4. sept. s. l. um breytingu á gengi íslenskrar krónu sem fól í sér lækkun á gengi krónunnar um 15%. Hér eru, eins og hæstv. forsrh. tók fram, nauðsynleg ákvæði um tollafgreiðslu innfluttrar vöru og skil til banka á gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir, svo sem venja er að setja í sambandi við gengislækkanir. Um þetta er ekkert sérstakt að segja. Hins vegar er ýmislegt að segja um tilefni þessa frv., þ. e. a. s. sjálfa gengislækkunina. Þó skal það ekki dregið í efa að gengisbreyting hafi verið nauðsynleg. Frekar getur orkað tvímælis hve breytingin hefði átt að vera mikil.

Það er oft sagt að tilkynning um gengislækkun sé ekki annað en ákvörðun um að viðurkenna staðreyndir, og víst er um það, að engri ríkisstj. er ætlandi að vilja lækka gengið að gamni sínu eða að ástæðulausu. Samt sem áður er gengislækkun tilgangslítil eða skammgóður vermir nema henni fylgi ráðstafanir til það treysta hið nýja gengi. Ef engar ráðstafanir eru gerðar til að stöðva eða snúa við þeirri þróun, sem valdið hefur falli gjaldmiðilsins, sækir brátt í sama horf og áður og ný gengislækkun verður á næsta leiti. Raunar á ekki að þurfa að taka þetta fram, en þegar metið er gildi gengislækkunar verður þó að hafa hliðsjón af þessu meginatriði. Spurningin er því sú, hvort þessi gengislækkun, sem við nú ræðum, sé unnin fyrir gíg eða hvort hún er liður í heildarstefnu til þess að treysta gjaldmiðilinn og grundvöll efnahagslífsins í landinu.

Það verður í því sambandi ekki komist hjá að líta eitthvað á gerðir og yfirlýsingar hæstv. ríkisstj.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. er talað bæði um skammtímaráðstafanir og langtímaráðstafanir í efnahagsmálunum. Það er eðlilegt, því að vandi sá, sem við er að glíma, verður að sjálfsögðu ekki leystur nema með margháttuðum aðgerðum í bráð og lengd. Skammtímaráðstafanir þarf að gera til að afstýra aðsteðjandi vanda og til að gefa svigrúm til að undirbúa og koma á langtímaráðstöfunum. Og nú höfum við fengið að sjá hverjar skammtímaráðstafanir ríkisstj. eru. En þegar ráðstafanir þessar líta dagsins ljós verður manni að spyrja hvaða tilgangi þær eigi að þjóna og það er ekki sagt að ófyrirsynju.

Þegar gengislækkanir hafa verið gerðar hefur verið leitast við að gera svonefndar hliðarráðstafanir svo að gengislækkanirnar næðu þeim tilgangi að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna og viðskiptastöðu landsins út á við. Þetta hefur þá verið gert með því að hafa hemil á kaupgjaldi jafnframt því að sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að bæta hinum lægst launuðu það, og lögð hefur verið áhersla á greiðsluhallalausan ríkisbúskap til þess að koma í veg fyrir þenslu í efnahagskerfinu og hamla gegn verðbólgu. Slíkar ráðstafanir hafa miðað að því að koma í veg fyrir að með gengislækkun væri tjaldað til einnar nætur. Annað mál er það, að þetta hefur ekki alltaf tekist sem skyldi. Samt sem áður held ég að flestir viðurkenni með sjálfum sér, að slíkar ráðstafanir þurfi að gera til að gengislækkun nái tilgangi sínum. En hvað sem öllu líður, þá er mest um vert að stefnt sé í

rétta átt og öll viðleitni beinist að því að ná réttu marki þótt leiðin kunni að reynast torveld.

En núv. hæstv. ríkisstj. kastar fram af sér beislinu og anar í þveröfuga átt. Um leið og gengið er lækkað hækkar hún kaupið nema hjá hinum lægst launuðu og efnir til greiðsluhalla á ríkisfjármálunum. Ég hygg að slíkar ráðstafanir fyrirfinnist hvergi í raunveruleikanum sem stjórnarstefna, en sé gott skóladæmi um verðbólguaukandi aðgerðir. Þetta eru fyrstu spor hæstv. ríkisstj. í viðureigninni við verðbólguna. Nógir voru erfiðleikarnir fyrir, en ríkisstj. byrjar með því að auka stórum vandann og svo á síðar að taka til og leysa hann.

Það lætur að líkum að hæstv. ríkisstj. hefur samfara þessu fundið sig knúða til að bregða á leik og til þess tekið kaupgjaldsvísitöluna sem eins konar spilverk þjóðarinnar. Stundum hefur verið talað um fölsun vísitölunnar, en allt slíkt bliknar við það sem nú gerist. Með brbl. hefur verðið á sumum vörutegundum verið lækkað með niðurgreiðslum úr ríkissjóði og afnámi söluskatts sem svarar til 10% vísitöluverðbóta 1. sept. s. l. og 1. des. n. k. Þessi verðlækkun hefur komið á vörutegundir sem vega þungt í vísitölugrundvellinum og hafa jafnvel lítt verið til á markaðnum. Jafnframt hefur svo vörugjald verið hækkað á öðrum vörutegundum, svo sem vörum sem hingað til hafa þótt hinar helstu nauðsynjar fyrir heilbrigði og menningu þjóðarinnar. Ríkisstj. bítur svo höfuðið af skömminni með því að ætla að afsaka launalækkun hinna lægst launuðu með þessu spili á vísitöluna.

Og allt þetta sjónarspil kostar peninga. Þessa dagana er þjóðin að fá smjörþefinn af því. Gjaldseðlum er nú dreift um landið. Með brbl. hefur ríkisstj. lagt á eignarskattsauka á áður álagðan eignarskatt þessa árs og sérstakan tekjuskatt til viðbótar þeim tekjuskatti sem áður var á lagður á þessu ári. Með þessum skatti er sérstaklega refsað þeim fyrirtækjum, sem vel er stjórnað, og þeim launamönnum og sjómönnum, sem mest leggja á sig við framleiðslustörf í atvinnlífinu. Afturvirkni þessara refsiaðgerða er kapítuli út af fyrir sig. Enginn mælir bót því siðferði sem aðgerðir þessar lýsa, en deilt er um hvort aðgerðirnar séu engu að síður löglegar. Ríkisstj. heldur sig við það að hér sé um löglegar aðgerðir að ræða, en kærir sig kollótta um siðferðið.

En þrátt fyrir þessa skattheimtu ríkisstj. ætlar hún að skila ríkissjóði með greiðsluhalla í árslok. Því er borið við, að ekki verði búið að innheimta alla viðbótarskattana fyrir áramót. Nú endist þeim ekki árið til að ná jöfnuði á ríkisbúskapnum og segja að til þess þurfi 16 mánuði. En dugar það? Dugar yfir höfuð svona skrípaleikur? Ef við höldum okkur að gömlum og góðum sið við almanaksárið, þá er það augljóst að engum jöfnuði verður komið á ríkisbúskapinn á næsta ári nema lagðir verði á gífurlegir nýir skattar sem eins og nú horfir nema a. m. k. 20 milljörðum króna.

Þannig eru þá þeirra fyrstu spor. Með skammtímaráðstöfunum sínum hefur ríkisstj. kynnt elda verðbólgubálsins og stefnt ríkisfjármálunum í öngþveiti. Þegar hér er komið á svo að taka til hendi við langtímaráðstafanirnar.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna er boðuð ný og breytt efnahagsstefna, eins og þar stendur. En þegar svara á því, hvað sé nýtt og hvað sé breytt, þá vandast málið. Það er yfir höfuð harla lítið bitastætt í þessari samstarfsyfirlýsingu. Gera skal áætlun um hjöðnun verðbólgunnar í ákveðnum áföngum, stendur þar. Hafa menn ekki heyrt það áður. Stefnt skal að jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Aðhald í ríkisbúskapnum verði stóraukið og áhersla verði lögð á jafnvægi í ríkisfjármálunum. Dregið verði úr verðþenslu. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verði efldur. Skatteftirlit verði hert. Þannig mætti halda áfram að telja upp úr samstarfsyfirlýsingunni. En hér er talið upp það sem allir stjórnmálaflokkar eru sammála um, en menn deilir á um leiðir til að ná slíkum markmiðum sem hér eru sett fram. En um leiðirnar eða aðferðir til þess að framkvæma stefnuna segir yfirleitt lítið í þessari starfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna.

Frá þessu eru undantekningar. Tekið er skýrt fram að ekki skuli koma til framkvæmda 8. gr. hinnar nýju verðlagslöggjafar sem sett var á síðasta þingi. Skv. þessari lagagrein skal verðlag vera frjálst þegar samkeppni er nægileg til að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Það er kannske engin tilviljun að í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar eru nú bein ákvæði um að afmá það sem Ólafur Jóhannesson gerði best í fyrrv. ríkisstj. sem viðskrh. Þetta er raunar ekki meira undrunarefni en margt annað sem varðar stefnumörkun hæstv. ríkisstj., ef um stefnumörkun er þá hægt að tala.

Víst er um það a. m. k., að skammtímaráðstafanir hæstv. ríkisstj. stuðla ekki að því að gengislækkunin, sem við hér ræðum, nái tilgangi sínum. Þvert á móti stuðla ráðstafanirnar til lengdar að meiri verðbólgu með öllum hennar fylgifiskum. Ný gengislækkun er því á næsta leiti og vandinn, sem þarf að leysa með langtímaráðstöfunum, meiri en nokkru sinni fyrr.

Þetta eru nokkur orð sem mér þótti rétt að taka fram í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir. Ég sé ekki ástæðu til að ræða efni þess, eins og ég hef áður getið um. Þó þykir mér rétt að hér komi fram þegar við 1. umr. nokkru meiri skýringar á 3. gr. frv. heldur en komu fram hjá hæstv. forsrh. Þar er um að ræða ákvæði, eins og forsrh. tók fram, um það, hvernig gert er ráð fyrir að gengismunarsjóðnum sé varið. Ég vildi óska þess, að annaðhvort hæstv. forsrh. eða þá hæstv. sjútvrh., sem ég sé að er hér kominn, geri nánari grein fyrir efni þessarar greinar. Ég tel að það sé ekki annnað sæmandi en að deildinni sé gerð grein fyrir því, hvað ríkisstj. hyggist fyrir um framkvæmd þeirra ákvæða sem er að finna í 3. gr., og skal því ekki fara á þessu stigi að ræða það mál efnislega.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég átti ekki von á því að Sjálfstfl. í þessari deild mundu taka til máls á þann hátt sem hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson gerði hér áðan þegar það frv., sem hér er til umr., kæmi á dagskrá. Ferill stjórnarforustu Sjálfstfl. á s. l. fjórum árum er slíkur, að umr. um ástand efnahagsmála á Íslandi s. l. vor ættu í raun og veru að vera í þeim herbúðum tilefni til alvarlegra hugleiðinga í eigin röðum, en ekki þeirra ásakana eða ádeilna í garð núv. ríkisstj. sem hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson lét hér frá sér fara. Staðreyndin er sú, að það hefur engin ríkisstj. í sögu íslenska lýðveldisins skilið við efnahagsmál landsins í öðru eins ástandi og sú ríkisstj. sem Sjálfstfl. veitti forustu fram á mitt þetta ár. Hvernig var umhorfs í íslensku þjóðfélagi þegar þjóðin hafði fengið að reyna þá langtímastefnu sem Þorvaldur Garðar Kristjánsson, hv. þm., auglýsti eftir hér áðan — þá langtímastefnu sem Sjálfstfl.

beitti sér fyrir?

Við skulum aðeins rifja það upp, þó aðeins til þess að minna þá ágætu þm. á það, að sú saga verður ekki gleymd hér í þingsölum eða meðal þjóðarinnar um langa framtíð. Hún mun verða rifjuð upp aftur og aftur þegar þessir ágætu menn bjóða fram leiðsögn sína um langtímastefnumótun íslensku þjóðarinnar í efnahagsmálum.

Í fyrsta lagi hafði íslenska þjóðin reynt meiri verðbólgu en hún hafði áður gert, samfara þeirri margháttuðu félagslegu, siðferðilegu og stjórnarfarslegu upplausn í þessu þjóðfélagi sem slíku hástigi verðbólgunnar er samfara.

Í öðru lagi hafði ríkisstj. magnað slík átök á vinnumarkaðnum við helstu launþegasamtökin í landinu, að síðustu mánuði ferils hennar ríkti í raun og veru kalt stríð milli launafólksins í landinu og ríkisvaldsins.

Í þriðja lagi blasti við stöðvun helstu atvinnuvega landsins. Frystihúsaiðnaðurinn var við það að stöðvast í heild sinni og verulegur hluti hans hafði þegar stöðvast. Grundvallarframleiðsla íslensku þjóðarinnar, undirstaða hins efnahagslega sjálfstæðis hennar, var í rúst.

Í fjórða lagi hafði þjóðin safnað slíkum erlendum skuldum, að flestallir, sem um þau mál hugsuðu, voru sammála um að stærð þess skuldabagga stofnaði efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í hættu.

Í fimmta lagi hafði sú stefna verið ríkjandi í ríkisfjármálunum, að meginlausnin á öllum vanda, sem þar blasti við, var sífelld skuldasöfnun við Seðlabankann.

Þetta eru aðeins nokkur af þeim atriðum sem einkenndu þann viðskilnað forystutímabilsins sem Sjálfsfl. bauð íslensku þjóðinni með Framsfl. á s. l. fjórum árum. Og svo hafa þessir ágætu menn kokhreysti til þess að koma hér við 1. umr. efnahagsmála í þessari deild og bjóða fram hugmyndir sínar um langtímalausn á efnahagsvandamálum íslensku þjóðarinnar.

Sem betur fer gerðust þeir atburðir undir lok ágústmánaðar, að sett var hér á laggirnar ríkisstj. sem stöðvaði þessa óheillaþróun. Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess, að á fyrstu mánuðum valdaferils hennar sé allri þessari holskeflu ófara í efnahagsmálum, sem ég var að rekja hér áðan í örfáum atriðum, snúið við. En það er hins vegar mikilvægt, að stigin hafa verið veigamikil grundvallarspor sem marka stefnu sem sýnir á hvern hátt þessari þróun verður snúið við. Og ef það skyldi hafa farið fram hjá hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni í önnum hans við átök í þingflokki Sjálfstfl. og öðrum innanbúðarerfiðleikum þar í flokki, þar sem málefni þjóðarinnar virðast kannske skipta minna máli heldur en niðurröðun manna í nefndir og forustu í þingflokknum, þá ætla ég að rifja þessi atriði upp með örfáum orðum.

Í fyrsta lagi er nú komin til valda ríkisstj. á Íslandi sem hefur samráð við hreyfingar launafólksins í landinu að hornsteini stjórnarstefnunnar. Með þeim yfirlýsingum, sem ríkisstj. gaf launafólkinu á Íslandi, öllum þorra þjóðarinnar, og samtökum þess, hefur hún sett sér það markmið, að í stað þess kalda stríðs, sem ríkti fyrr á þessu ári milli fjandsamlegs ríkisvalds og verkalýðshreyfingarinnar, er nú komin náin samvinna og samráð með hinum kjörnu fulltrúum fólksins á Alþingi og í ríkisstj. og fulltrúum launafólksins í landinu. Allar þær efnahagsaðgerðir, sem hér hafa verið framkvæmdar, eru gerðar í náinni samvinnu við verkalýðshreyfinguna í landinu, og því er skilyrðislaust lýst yfir, að áframhald aðgerða á þessu sviði verður einnig unnið á þann hátt.

Í öðru lagi er nú ríkjandi vinnufriður á Íslandi.

Í þriðja lagi hafa hjól atvinnulífsins farið að snúast á nýjan leik. Þeirri stöðvun frystiiðnaðarins og fjölmargra annarra þátta í iðnaði og öðrum atvinnugreinum, sem við blasti, hefur verið bægt frá a. m. k. að sinni. Og í undirbúningi er fjárlagagerð af hálfu ríkisstjórnarmeirihl. sem hefur það að yfirlýstu markmiði, að á fyrstu 16 mánuðum náist jöfnuður í ríkisbúskapnum, það verði ekki safnað meiri skuldum við Seðlabankann.

Þótt ekki væri gengið lengra í fyrsta áfanga heldur en það að safna ekki meiri skuldum við Seðlabankann en gert hefur verið á undanförnum árum — ég tala nú ekki um ef farið verður að greiða eitthvað af þessum skuldum — þá er það vissulega eitt blaðið í viðbót, sem brotið er í nýrri grundvallarstefnu.

Þar að auki hafa verið settar fram margvíslegar hugmyndir sem fela í sér að í stað þeirrar óráðsíu í fjárfestingarmálum, sem einkenndi s. l. valdatímabil, komi skipulagsleg uppbygging í fjárfestingu, bæði í fjárfestingu atvinnuveganna og í opinberri fjárfestingu. Það hefur stundum að mínum dómi farið lítið fyrir því í umr. um verðbólguna á Íslandi, að langtímavandi okkar í glímunni við verðbólguna er nauðsynin á skipulögðum áætlunarbúskap og samræmdum aðgerðum í fjárfestingarmálum, í stað þeirrar tiltölulega taumlausu óstjórnar hins svokallaða markaðskerfis, sem er og hefur verið ríkjandi í íslenska verðbólguþjóðfélaginu og fyrst og fremst beinir fjárfestingunni inn í farvegi sem til lengdar eru þjóðhagslega óarðbærir, þótt þeir kunni að skila eigendum sínum stundargróða í það og það skiptið.

Enn fremur kemur fram í yfirlýsingu þessarar stjórnar og í aðdraganda hennar, að hún mun á víðtækan hátt beita sér fyrir því að uppræta margvíslegan félagslegan ójöfnuð, margvíslega spillingu á ýmsum sviðum þjóðfélagsins sem þróast hefur í skjóli þeirrar óstjórnar í efnahagsmálum sem ríkt hefur á undanförnum stjórnartíma.

Enn fremur hefur þessi ríkisstj. sýnt af sér það raunsæi að ákveða í samstarfsyfirlýsingu sinni, að þegar hún er komin yfir erfiðasta hjallann í því að snúa við þeirri holskeflu efnahagslegra ófara sem síðasta ríkisstj. skildi við, þá muni hún marka sér fjölþætt stefnumið á öðrum sviðum þjóðmálanna sem ekki er svigrúm til að takast á við þegar menn standa frammi fyrir þeim mikla og hryllilega arfi óstjórnar síðustu ára sem hún tók við.

Þessi ríkisstj. er því að ýmsu leyti sérstök. Hún er sérstök fyrir þá sök, að hún er mynduð fyrst og fremst í samráði við og eftir ákalli hreyfinga launafólks í landinu. Hún hefur víðtækari lýðræðislegan stuðning meðal þessarar þjóðar heldur en ríkisstj. hafa haft hér um langa hríð. Og vissulega mun ríkisstj. beita þessum mikla styrkleika sínum til þess að knýja fram til langframa þær breytingar á efnahagslífinu sem ég hef hér aðeins gert að umræðuefni.

Hitt er svo alveg rétt hjá hv. þm., að við, sem styðjum þessa stjórn, erum fullvissir um það, að þær aðgerðir, sem nú hefur verið gripið til, eru aðeins fyrsta skrefið. Þær eru hins vegar skref sem mótar mjög þær meginlínur sem stjórnin mun vinna eftir. Ef henni tekst að framfylgja stefnu sinni jafnt og þétt, missiri af missiri, í samræmi við þessar grundvallarlínur, þá hef ég nokkra von um að á seinni hluta næsta árs eða fyrri hluta ársins 1980 verði búið að ná íslensku þjóðinni þó nokkuð niður úr

þeirri miklu verðbólguöldu sem Sjálfstfl. skildi hana eftir í.

Það segir sig hins vegar sjálft, að til þess að svo megi verða þarf að verða áframhaldandi grundvallarbreyting ekki aðeins á ríkisfjármálunum, heldur í fjárfestingarmálum og markaðsmálum íslensku þjóðarinnar. Í raun og veru felur sú breyting það í sér, að í stað þess brjálaða óskapnaðar, sem heitir markaðskerfið í íslenska verðbólguþjóðfélaginu, komi vitræn og skynsamleg heildarstjórn á efnahags- og fjárfestingarmálum þjóðarinnar, — stjórn sem miðast fyrst og fremst við hagsmuni fólksins í landinu, en ekki þá hagsmuni fámennra gróðaaðila sem Sjálfstfl. hefur talið meginverkefni sitt að þjóna á undanförnum árum og áratugum og hann vissulega skilaði stórum feng á s. l. kjörtímabili, þótt almenningur í landinu bæri þar skarðan hlut frá borði.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Forseti, þingmenn. 5. þm. Vestf., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, varpaði hér fram fsp. varðandi 3. gr. þess frv. til l. sem hér er til umr., um ráðstöfun á fé því sem kemur í gengismunarsjóð.

Um þetta efni hefur verið gefin út reglugerð eða réttara sagt tvær reglugerðir, og af þeim má sjá hvaða reglur munu gilda um meðferð þessa fjár.

Það er þá fyrst til að taka, að eins og um getur í greininni fara 50% af því fé, sem gengismunur kemur fram í, í Verðjöfnunarsjóðinn og fara til að styrkja hann, og þarf varla neinna sérstakra skýringa við í þeim efnum, nema hvað frystideildin greiðir skuldbindingar við ríkissjóð af sínum hluta áður en til þess kemur að í Verðjöfnunarsjóðinn renni.

Að því er hinn helminginn varðar, 50%, þá skiptast þau í tvennt og helmingur, 25%, fer til fiskiskipa og helmingur til að veita fé í endurskipulagningu og endurbætur í fiskvinnslunni. Í þeirri reglugerð, sem fjallar um fiskiskipahlutann, er tekið fram að $^4/_5$ hlutum skuli varið til þess að létta með gengisstyrkjum stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, en $^1/_5$ hluta eða 20% verður varið til þess að auðvelda útvegsmönnum með úreldingarstyrkjum að hætta rekstri úreltra fiskiskipa.

Að því er fyrri hlutann, varðar, þá er fylgt hefðbundnum reglum um það, hvernig úthlutun gengistyrkjanna fari fram, og tæplega ástæðu til að rekja það.

Um seinni hlutann er það að segja, að gert er ráð fyrir að stofna sérstakan sjóð sem úr yrðu veittir styrkir til eigenda stál- og eikarskipa til þess að auðvelda þeim að hætta rekstri skipanna. Sérstök nefnd mun gefa umsögn um styrkþega, fjárhæð styrkja og úthluta styrkjunum. Að framkvæmdum í þessu efni er ekki komið.

Að því er varðar ráðstöfun gengismunar til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, má segja að meginstefnan komi fram í 3. gr. reglugerðarinnar, nefnilega sú, að veitt yrðu lán til hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva til hagræðingar og fjárslegrar endurskiplagningar, m. a. til vélakaupa, endurnýjunar á vélum og vinnslurásum og annarra ráðstafana sem horfa til hagræðingar að mati sjóðstjórnarinnar, en sjóðsstjórnin er stjórn Fiskveiðasjóðs.

Þarna er líka tekið fram, að þau frystihús, sem hafa stöðvað rekstur þegar þessi reglugerð var gefin út og gengisbreyting framkvæmd eða þar sem rekstrarstöðvun hafði verið yfirvofandi og jafnframt eru mikilvæg fyrir atvinnuöryggi á viðkomandi stað, skuli hafa forgang við lánveitingar skv. þessari reglugerð, enda sé ljóst að stuðningur við þessi fyrirtæki horfi til bætts skipulags í veiðum og vinnslu.

Ég vek athygli á þessu síðasta skilyrði sem ég tel mikilvægt, að hugmyndin sé að nýta þetta fé eftir mætti til þess að bæta skipulag í veiðum og vinnslu og að aðgerðir á þessu sviði horfi til samræmingar í þessu efni.

Það má reyndar segja að enn sé hnykkt á því í þessum efnum með seinustu málsgr. 3. gr., þar sem bent er á að við úthlutun lánanna skuli þess gætt, að lánsfé fari til þess að ná fram bættri nýtingu, hagkvæmni í rekstri og stjórnunarlegum endurbótum, auk betri heildarnýtingar fjármagns, m. a. með samruna fyrirtækja.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fiskvinnslan er misjafnlega sett á hinum ýmsu stöðum og tæknilega séð hefur hún dregist aftur úr á vissum svæðum. Þess vegna er sannarlega nauðsyn á skipulegu átaki til þess að jafna þann mun ná fram betri tækni, betri stjórnun og betra skipulagi í vinnslunni og samræmi milli veiða og vinnslu eftir því sem frekast er unnt. Hugmyndin er að hafa þessi sjónarmið ríkt í huga við úthlutun fjár úr þessum gengismunarsjóði og leitast við að stuðla að sem skynsamlegastri uppbyggingu í þessum efnum. Auðvitað er ljóst, að það er óendanlegt verkefni að tæknivæða og endurbæta fiskiðnaðinn. Hér er einungis um að ræða spor á þessari braut, og það er ætlun mín að það verði leitast við að fara þar að faglegu og skynsamlegu mati um það, hvernig þessu fé verði varið.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. Ég hef ekki hugsað mér að gera þennan fund að kosningafundi og halda hér kosningarræðu, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði hér áðan. Ég mun eftirláta honum þá ánægju. Ég mun ekki heldur hirða að fara að svara einstökum fullyrðingum hv. þm. Ég hygg að flestir taki ekki alvarlega köpuryrði hans í garð fyrrv. ríkisstj. og sérstaklega Sjálfstfl., og þó að við getum verið sammála um að fyrrv. ríkisstj. hafi ekki tekist að gera allt svo vel sem hún kaus, þá hljótum við að vera sammála um það, að fyrrv. ríkisstj. er ein merkasta ríkisstj. sem setið hefur síðan lýðveldið var stofnað, ef meta á það sem hefur gerst undir forustu fyrrv. ríkisstj. Það væri langur listi fyrir mig að fara að rifja það hér upp, en ég læt nægja að minna á sigurinn í landhelgismálinu.

Ég skal svo aðeins víkja að því sem hæstv. sjútvrh. var að ræða um, þ. e. a. s. efni 3. gr. frv.

Ég vil aðeins leggja áherslu á það, að ég er sammála um mikilvægi þeirra verkefna sem gert er ráð fyrir að vinna að með ráðstöfun fjár úr gengismunarsjóði. Mér fannst hæstv. ráðh. leggja sérstaka áherslu á þann þátt sem veit að hagræðingu í fiskiðnaðinum, og vil ég ekki draga úr mikilvægi þess. En ég vil aðeins láta það koma hér fram, að það fer ekki alfarið eftir landshlutum hvar þarf að vinna að hagræðingu í fiskiðnaðinum og það verður að gera hvar sem er á landinu þar sem þörf er á. Enn fremur er í framkvæmdinni ákaflega þýðingarmikið að því fé, sem varið er í þessu skyni, sé raunverulega varið til þess að ýta undir tæknilegar framfarir í fiskiðnaðinum, en ekki til þess að ráða fram úr greiðsluvandræðum einstakra fyrirtækja.

Þá er sá þáttur sem vikur að því að auðvelda útvegsmönnum að hætta rekstri úreltra fiskiskipa. Gert er ráð fyrir að verja fé í þessu skyni og stofna sérstakan sjóð í

þessu skyni, hafi ég skilið rétt. En ég vil spyrja hvort í þessu sambandi hafi ekki eitthvert mið verið tekið af því sem gert var á síðasta Alþ. þegar samþ. voru ný lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, en II. kafli þeirra laga Aldurslagasjóð fiskiskipa. Þar er gert ráð fyrir að stofnaður sé sjóður í þeim tilgangi aðallega að greiða fyrir því með bótagreiðslum, að gömul og óhentug fiskiskip verði tekin úr notkun og eyðilögð. Ég spyr: Telur hæstv. sjútvrh. ekki nóg að gert í þessum efnum með því sem gert var á síðasta Alþ.? Og getur hæstv. ráðh. gefið eitthvað nánari upplýsingar um það, hvert sé sambandið á milli þeirra ráðstafana, sem nú eru fyrirhugaðar í þessu efni, og þess, sem ætlað var þegar lögin um Samábyrgð Íslands voru samþ. á síðasta þingi?

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti, þingmenn. Í tilefni þessara seinustu ummæla og fsp. vil ég í fyrsta lagi taka fram, að mér er auðvitað fullkomlega ljóst að það þarf víða að huga að tæknilegum framförum og að það er mjög mikið atriði að þetta fé nýtist sem best, sem ég tel reyndar að hafi komið fram í þeim orðum sem ég sagði áðan.

Varðandi úreldingarstyrkina er augljóst að hér er um nokkurn blæmun að ræða, þar sem í hinum fyrri lögum var talað um að gömul og óhentug skip verði tekin úr notkun og eyðilögð, en hér er talað um úeldingarstyrki til þess að auðvelda mönnum að hætta rekstri skipanna. Það þarf ekki beinlínis að vera um eyðileggingu að ræða. Þetta er heldur víðtækara ákvæði. Auðvitað er þetta hvort tveggja af sama toganum, nefnilega að menn vilja stuðla að því, að fiskiskipastóllinn sé sem hagkvæmastur. Jafnframt gera menn sér ljóst, að fiskiskipastóllinn er nokkuð stór eins og stendur og þarna getur ákveðin grisjun verið til hagsbóta, bæði fyrir sjómenn og útgerðarmenn, að stuðlað verði að því, að það sem erfiðast er í rekstri og mest úrelt í þessum efnum, helltist úr lestinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 3. fundur.

Miðvikudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis., frv. (þskj. 11). — 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af fulltrúum allra þingflokka. Hér er því um samkomulagsmál að ræða sem ég vænti að geti fengið fljóta afgreiðslu hér á þingi. Frv. er mjög einfalt. Frv. gerir ráð fyrir því, að í fjvn. skuli eiga sæti 9 þm. í stað 10 sem er í gildandi lögum. En eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, hefur sú skipan lengst af verið, að í fjvn. væru 9 menn. Frá þessu var vikið á Alþ. 1974, enda voru þá sérstakar ástæður til þess að sú skipan var tekin upp. Þær ástæður eru ekki lengur fyrir hendi og hefur því orðið að samkomulagi milli þingflokkanna að flytja þetta frv. og fækka um einn mann í fjvn., taka upp gömlu regluna og gera ráð fyrir að 9 þm. sitji í fjvn.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. gangi til allshn. til athugunar. Ég vil beina því til n. að hún sjái sér fært að taka málið fyrir nú þegar og afgreiða það í dag. Jafnframt óska ég þess, að hæstv. forseti sjái sér fært að boða til áframhaldandi fundar í dag, þannig að hægt væri að afgreiða málið út úr þessari deild til Ed. Það er þörf á að flýta þessu máli svo að hægt sé að kjósa fjvn. og hefja reglulega þau störf í fjvn. sem þar liggja fyrir.

Að svo mæltu legg ég til, að málinu verði að þessari umr. lokið vísað til hv. allshn., og vænti þess, að hún sjái sér fært að taka málið til hraðrar afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Neðri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 18. okt., kl. 2.40 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 11, n. 24). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Allshn. hefur komið saman til fundar til þess að fjalla um frv. til l. um breytingu á þingsköpum Alþingis. Flm. eru Lúðvík Jósepsson, Gunnar Thoroddsen, Sighvatur Björgvinsson og Halldór E. Sigurðsson.

Allshn. fyrir sitt leyti leggur til að frv. verði samþ. og hefur gefið út svofellt nál.:

„Nefndin hefur haft frv. á þskj. 11 til meðferðar. N. leggur til að frv. verði samþykkt. Matthías Á. Mathiesen var fjarverandi."

Undir þetta rita Vilmundur Gylfason, Svava Jakobsdóttir, Árni Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Gils Guðmundsson, Einar Ágústsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 18. okt., að loknum 4. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 11). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er á þskj. 4 og er til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands frá 17. júní 1944. Frv. hljóðar þannig, að 33. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

„Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem verða 18 ára á því ári, sem kosning fer fram, eða eldri, hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lögræði.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar."

Sú breyting, sem þetta frv. felur í sér á gildandi stjórnskipunarlögum, er að kosningaaldur miðist við 18 ár í stað 20 og þeir fái kosningarrétt sem verði 18 ára á því ári sem kosning fer fram, í stað núgildandi viðmiðunar við afmælisdag.

Kosningarréttur tilheyrir grundvallarmannréttindum. Þegar Alþingi var endurreist árið 1885 höfðu aðeins karlmenn, sem áttu jarðir, kosningarrétt. Allt fram yfir aldamót urðu karlmenn að greiða lágmarksútsvar til að fá kosningarrétt og konur fengu ekki kosningarrétt fyrr en árið 1915. Ísland var raunar í hópi fyrstu ríkja til að veita konum kosningarrétt, en fyrst var kosningarréttur kvenna miðaður við 40 ára aldur, en skyldi lækka í áföngum niður í 25 ár. Í áratugi voru í gildi ákvæði þess efnis, að menn misstu kosningarrétt sinn ef þeir stóðu í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Í þá tíð var fátæktin mikið þjóðarböl og þannig var einstaklingum refsað fyrir fátækt sína.

Barátta fyrir lækkun kosningaldursins úr 25 árum í 21 hófst ekki fyrr en Alþfl. var stofnaður árið 1916. Árin upp úr 1920 bar Jón Baldvinsson málið upp á Alþingi og flutti það ár eftir ár.

Áfangasigur náðist árið 1934, þegar Alþfl. knúði málið fram með stjórnarskrárbreytingu. Kosningaaldurinn var þá færður úr 25 árum í 21 ár og skilyrði um sveitarstyrk voru afnumin.

Árið 1965 kemur hugmyndin um 18 ára kosningaaldur fyrst fram á Alþ. Það voru þm. Alþfl. sem fluttu málið. Þar með hóf Alþfl. enn nýja baráttu fyrir lækkun kosningaaldurs, en það fór eins og svo oft áður, að þm. Alþfl. virtust einir á báti um að koma mikilvægum lýðréttindamálum alþýðufólks fram á Alþingi. Þó náðist í framhaldi af þessum frumvarpsflutningi samkomulag um að nefnd yrði sett í kosningaaldursmálið og það kannað. Niðurstaða nefndarstarfsins varð sú, að samkomulag náðist um að færa kosningaaldurinn niður um eitt ár eða úr 21 ári í 20. Þessi breyting tók gildi árið 1968.

Þm. Alþfl. tóku málið upp aftur árið 1974 og lögðu enn til við Alþ. að 18 ára kosningaaldur skyldi lögleiddur. Málið var svæft í n. og hefur jafnan verið gert síðan þegar till. um sama efni hafa komið fram á Alþingi.

Árið 1965, þegar hugmyndin um 18 ára kosningarrétt kom fyrst fram á Alþ., átti málið ekki miklum stuðningi að fagna hjá þm. annarra stjórnmálaflokka en Alþfl. En á þeim 13 árum, sem liðin eru, hefur ýmislegt breyst og afstaða stjórnmálasamtaka, sem áður vildu ekkert með málið hafa að gera, jafnvel orðin jákvæð gagnvart þeirri nauðsyn að lögfesta þessi réttindi. Hv. þm. Alþb. bar t. d. fram tillögu í fyrsta sinn á síðasta þingi um þetta mál. Það tók Alþb. 12 ár að uppgötva málið og taka raunverulega undir með Alþfl. í baráttu flokksins fyrir framgangi málsins.

Og enn hefur Alþb. sýnt nýjan lit í málinu. Hv. þm. Alþb. í Ed. hefur tekið að sér að endurflytja þetta frv. nær óbreytt á þessu þingi, en það kom ekki fram fyrr en nær viku eftir að frv. okkar Alþfl.manna í Nd. um 18 ára kosningaaldur var dreift. Ég fagna því, að stuðningsmönnum við málið úr öðrum flokki fjölgi, enda ekki seinna vænna áður en Ísland verður eina landið í Evrópu sem hefur ekki 18 ára kosningaaldur. 18 ára kosningaaldur er nú í eftirtöldum löndum: Svíþjóð, Finnlandi, Stóra—Bretlandi, Írlandi, Portúgal, Frakklandi, Hollandi, Austur—Þýskalandi, Vestur—Þýskalandi, Ítalíu, Júgóslavíu, Albaníu, Búlgaríu, Rúmeníu, Ungverjalandi, Tékkóslóvakíu, Póllandi, Sovétríkjunum, Danmörku og Luxemburg.

Það má segja, að 18 ára kosningaaldur njóti aukins skilnings og viðurkenningar hér á landi. Benda má á að í prófkjörum stjórnmálaflokkanna var yfirleitt miðað við 18 ára lágmarksaldur til þátttöku, og það gilti einnig um lágmarksaldur í atkvgr. um kaupstaðarréttindi fyrir Selfoss. Þá hafa ýmis félagssamtök gefið þessu máli nánari gaum undanfarið og tekið undir kröfuna um 18 ára kosningarrétt, og er skemmst að minnast niðurstaðna þinga Sambands ungra framsóknarmanna og Sambands ungra sjálfstæðismanna um þetta efni.

Eitt nýmæli er að finna í þessu frv., sem flm. er ekki kunnugt um að lagt hafi verið fyrir Alþ. áður. Það er að kosningarréttaraldur skuli miða við þá sem verða 18 ára á því ári sem kosning fer fram. Í núgildandi stjórnarskipunarlögum er kveðið á um að kosningarréttaraldurinn skuli miðaður við þá sem eru orðnir 20 ára þegar kosning fer fram. Þetta frv. inniheldur aftur á móti þá breytingu, að viðmiðunin verði ekki afmælisdagur, heldur áramót, fyrir þá sem verða 18 ára á því ári sem kosning fer fram. Þetta þýðir, ef frv. þetta verður að lögum, að þeir, sem verða 18 ára á kosningaári, fái kosningarrétt, þótt sumir þeirra nái ekki 18 ára aldri fyrr en að loknum kosningum síðar á árinu. Áramótaviðmiðunin er þegar orðin algeng í þjóðfélaginu, þar sem lög hindra ekki, og má þar nefna að skólakerfið byggir á áramótaviðmiðuninni við flokkun nemenda í árganga. Ég tel að það sé ekki óeðlilegt, heldur þvert á móti séu ríkar ástæður til þess, að kosningarréttaraldur taki einnig mið af áramótum í stað afmælisdags.

Herra forseti. Ekki er nokkur vafi á því, að kosningarréttarmál af ýmsu tagi eigi eftir að koma til kasta nýkjörins Alþingis. Almennur kosningarréttur er grundvallarmannréttindi sem stjórnarskráin verður jafnan að tryggja þegnum sínum. Hér hefur verið vikið að máli um að kosningaaldur verði lækkaður úr 20 árum í 18 ár og fái þeir fyrst kosningarrétt, sem verða 18 ára á kosningaári. Þetta er mannréttindamál. Það er ekki ástæða til annars en að sýna íslensku æskufólki sama traust og æskufólk erlendis nýtur. Ungt fólk á Íslandi er yfirleitt virkari

þátttakendur í atvinnulífi og félagslífi þjóðar sinnar og því er iðulega gert að axla meiri ábyrgð og skyldur en tíðkast á meðal erlendra þjóða. Með tilliti til jákvæðrar reynslu margra nágrannaþjóða okkar verður að álíta skynsamlegt og nauðsynlegt að færa kosningaaldur niður í 18 ár.

Við Íslendingar erum að verða eftirbátar annarra þjóða um að veita íslensku æskufólki þessi réttindi. Ég vona að Alþingi Íslendinga beri gæfu til þess að veita máli þessu brautargengi á þessu kjörtímabili og sýna ungu fólki í landinu það traust og þá virðingu sem það á skilið.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi okkar Alþb.-manna við þetta frv. sem hér hefur verið gerð grein fyrir, á sama hátt og ég hef ævinlega gert fyrr þegar mál af þessu tagi hafa verið til umr. í þinginu. Alþfl. hefur flutt svona frv. áður og þá stóð ekki á mér að koma hér upp í ræðustólinn og lýsa yfir eindregnum stuðningi Alþb. við frv., enda er það auðvitað misskilningur hjá hv. 1. flm. þessa frv., að það hafi tekið Alþb. 12 ár að uppgötva þetta mál. Þetta hefur verið yfirlýst opinber stefna Alþb. frá upphafi, og það ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum, enda margsinnis ítrekað hér á Alþ. um afstöðu okkar til málsins.

Hins vegar má það teljast til barnabreka þegar menn fara að metast á um það, hver hafi verið á undan að leggja frv. fram á borðin, og þá ekki síst þegar um er að ræða frv. sem menn eru sammála um, frv. eins og þetta, sem er um nákvæmlega sama atriði og við Alþb.-menn fluttum á síðasta þingi. Og það nýmæli, sem var sérstaklega minnst á í framsögu fyrir málinu, þ. e. a. s. að miða kosningarréttinn ekki við það, að tilskildum aldri hafi verið náð á kjördegi, heldur að hinum tilskilda aldri sé náð á kosningaári, það var einmitt í því frv., svo að þessi nýjung er ekki fundin upp nú. Það var í frv. sem lagt var fyrir Alþ. í fyrra. En ekki meira um það, því að ég hef enga löngun til þess að karpa við Alþfl. um þetta mál, síður en svo. Við erum algerlega sammála um að þetta sé réttlætismál sem beri að vinna að, og væntanlega er stuðningur manna og flokka við málið miklu víðtækari heldur en aðeins meðal þessara tveggja flokka.

Hins vegar bendi ég á það, að hér er um að ræða breytingu á stjórnarskrá. Það er flestum kunnugt sem þekkja eitthvað til starfa á Alþ., að þar sem er um að ræða breytingu á stjórnarskrá, þá þarf venjulega allvíðtækt samstarf á Alþ. til þess að koma slíkum breytingum fram, og er því unnið að slíkum málum með nokkuð öðrum hætti en í sambandi við flutning annarra almennra lagabreytinga. Það hefur ósköp lítið gildi að flytja í sífellu frv. um breytingu á stjórnarskrá þó að menn hafi yfirlýsta stefnu í einu máli, ef nálega engar kringumstæður eru til þess að fá samþykkt að taka upp endurskoðun á stjórnarskrárákvæðum. Nú vill svo vel til að það var gert samkomulag á síðasta þingi, á síðasta kjörtímabili, á milli allra flokka um að endurskoðun á stjórnarskránni skyldi fara fram. Og það er bundið samkomulagi, að slík nefnd eigi að hefja störf nú alveg á næstunni. Mér er kunnugt um að flokkarnir hafa allir fengið tilkynningu um að þeir séu beðnir að tilnefna menn í slíka endurskoðunarnefnd, og ég geri því ráð fyrir, að hún hefji störf mjög fljótlega. Þetta mál eins og önnur, sem koma inn í endurskoðun stjórnarskrárinnar, verður því að sjálfsögðu tekið upp í þeirri n. Ég tel alveg sjálfsagt að þar verði einmitt um þetta atriði fjallað og það verði með í þeim till. sem ég vænti að komi frá þeirri n. til breytinga varðandi bæði kjördæmaskipun, kosningalög og önnur mikilvæg atriði sem varða kosningar til Alþingis eða almennar kosningar í landinu.

Sem sagt, ég ítreka það, að við Alþbl.-menn erum nú eins og áður fylgjandi því atriði sem þetta frv. fjallar um. Við munum styðja það, að það nái fram að ganga, og höfum engan hug á því að metast um það við einn eða neinn, hver hafi verið fyrstur eða hvernig hafi verið að þessu staðið. Aðalatriðið er að ná þessu mikilvæga máli fram. Það hefur dregist allt of lengi, eins og hv. 1. flm. frv. sagði. Undir það tek ég. Og ég vænti þess fastlega að sú n., sem flokkarnir hafa samþykkt að eigi að hefja störf og fjalla um breytingar á stjórnarskránni, taki einmitt undir það efni sem felst í þessu frv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma hér fram, að nú um alllangt bil, nokkur ár, hefur verið starfandi n. sem hefur fjallað um það verkefni að endurskoða stjórnarskrána. Á því tímabili hafa flokkar þingsins notað þá aðferð til þess að vekja athygli á stefnumálum sínum í sambandi við slíka endurskoðun að flytja hér á hinu háa Alþ. bæði þáltill. og lagafrv. um þau efni stjórnarskrárinnar sem þeir leggja áherslu á að fá endurskoðuð. Alþfl. hefur sérstaklega lagt sig fram um að gera þetta, og enginn þingflokkanna hefur á þessum tíma flutt jafnmörg mál og Alþfl. hefur gert um endurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins og endurskoðun á lögum því tengdum, eins og lögum um kosningar til Alþingis, lögum um kosningar til sveitarstjórna og lögum um þingsköp Alþingis. Er því ósköp eðlilegt, að þegar yfir stendur endurskoðun á stjórnarskrá noti flokkarnir tækifærið til þess að koma fram með það hér á hinu háa Alþ. í hvaða átt þeir leggi áherslu á að sú endurskoðun skuli gerð.

Það má vel vera að það þjóni ekki miklum tilgangi að flytja frv. sem menn hafa ekki fullvissu um fyrir fram að fá samþykkt. Öll lagafrv. og allar þáltill., sem fluttar eru, eru að sjálfsögðu flutt í þeirri von, að unnt verði að fá þau samþykkt. Þannig höfum við Alþfl.-menn flutt þing eftir þing frv. um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands um 18 ára kosningaaldur í von um að fá það samþykkt. Hins vegar flytja þm. að sjálfsögðu ekki frv. aðeins ef þeir eru vissir um að fá þau samþykkt, enda væri þá lítið af málum flutt hér á hinu háa Alþingi ef menn ættu að einskorða sig við vissuna.

Það má berjast fyrir framgangi máls á margan hátt, t. d. með því að hreyfa málum á Alþ. í frv.- eða þáltill.-formi og vekja þannig athygli á þeim og fá umr. um þau. Ég vil aðeins í þessu sambandi vekja athygli manna á því, að árið 1965, þegar þm. Alþfl. fluttu í fyrsta skipti frv. á Alþ. um 18 ára kosningarrétt, þá var það frv. m. a., þegar það var til meðferðar í n., sent til umsagnar allra pólitískra samtaka ungs fólks í landinu. Ég átti þá sæti í stjórn Sambands ungra jafnaðarmanna og man mjög vel eftir því, hvaða afgreiðslu þetta mál fékk hjá umsagnaraðilum. Ég held að ég muni það rétt, að Samband ungra jafnaðrmanna hafi verið eina sambandið sem mælti með samþykkt málsins. Samband ungra sjálfstæðismanna og Samband ungra framsóknarmanna mæltu bæði gegn því. Og það var haldinn þá mjög fjörugur fundur í Menntaskólanum í Reykjavík sem var sóttur af málsvörum þess-

ara þriggja ungpólitísku samtaka, þar sem Alþfl.-mennirnir einir voru í forsvari fyrir þessari breytingu, en bæði ungir sjálfstæðismenn og ungir framsóknarmenn mæltu gegn.

Hvað hefur gerst síðan árið 1965? Jú, Alþfl. hefur haldið áfram að flytja þetta mál hér á hinu háa Alþingi. Með hvaða árangri? T. d. þeim, að á síðasta þingi Sambands ungra sjálfstæðismanna, sem mun hafa verið einkum og sér í lagi haldið til þess að fjalla um kosningar og kosningamál bæði innan og utan flokks, var mörkuð sú stefna af ungum sjálfstæðismönnum, að þeir væru alfarið samþykkir þessari breytingu. Þessi stefna hefur líka verið mörkuð af ungum framsóknarmönnum, og okkur Alþfl.-mönnum til mikillar ánægju hefur Alþb., sem ég efast ekki um að hafi frá upphafi verið þessarar skoðunar, farið að feta í fótspor okkar með tillöguflutningi um málið hér á hinu háa Alþingi, þannig að ég vænti þess, að sú barátta, sem þm. Alþfl. stóðu einir um að heyja á Alþ. með málatilbúnaði þar frá árinu 1965 og til ársins 1977, þegar ágætur þm. Alþb. bættist í hópinn, að þessi barátta hafi skilað nokkrum árangri.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er brýn þörf á að breyta stjórnarskránni í mörgum greinum. Þær stjórnarskrárnefndir, sem settar hafa verið frá því er lýðveldið var endurreist 1944, hafa því miður ekki borið gæfu til að ljúka störfum og skila tillögum og niðurstöðum.

Á s.l. vori var mjög rætt enn um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég átti þá hlut að því að samþykkt var að um leið og kosið yrði að nýju í stjórnarskrárnefnd yrðu nefndinni sett ákveðin tímamörk og Alþ. samþykkti að hún skyldi ljúka störfum og skila till. sínum innan tveggja ára. Ég vænti þess fastlega, að sú stjórnarskrárnefnd, sem nú verður skipuð, standi við þessi fyrirmæli Alþingis.

Hér liggja fyrir þingi nú þegar frv. um tvær breytingar á stjórnarskránni. Önnur breytingin er sú, að Alþ. verði gert að einni málstofu, hin breytingin, að kosningaaldur verði færður niður í 18 ár. Ég er fylgjandi báðum þessum breytingum. Ég tel að meðal þess, sem n. tekur einna fyrst til meðferðar, hljóti að verða þessi tvö mikilvægu mál, um leið og hún verður að sjálfsögðu að hefjast handa um að endurskoða stjórnarskrána í heild, en þar eru margar mikilvægar breytingar sem gera þarf.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af því frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr. á þskj. 4, vil ég leyfa mér að taka fram, að eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 11. þm. Reykv., var í lok síðasta Alþ. gengið frá því að endurskipa n. til þess að fjalla um stjórnarskrána og setja henni ákveðin tímamörk.

Hæstv. forsrh. hefur nú skrifað þingflokkunum, og bréf þar að lútandi barst mér í hendur nú fyrir stundu. Þetta mál mun því verða tekið til meðferðar hjá okkur á þingflokksfundi í dag, að kjósa í þessa nefnd.

Eins og ég hef áður tekið fram hef ég verið því fylgjandi að athuga um aldursmark til kosningarréttar, og ég tel sjálfsagt að þau atriði, sem hér hafa komið fram í frv.-formi, bæði um aldursmarkið og eins um að þingið fari fram í einni deild, verði meðal þeirra sem stjórnarskrárnefnd tekur til meðferðar. Ég tók eftir því um daginn í sjónvarpsþætti, þar sem þessi mál bar á góma eins og Alþ. í einni málstofu eða einni deild, að þar virtust allir vera á eitt sáttir um að svo ætti að vera. Mér er ekki kunnugt um að innan okkar flokks, Framsfl., sé nein andstaða gegn þessum málum, heldur að þessi mál eigi að ganga fram með þeim öðrum þáttum í stjórnarskrárbreytingum sem fyrirsjáanlegt eru að hljóta að verða að ganga fram á því kjörtímabili sem nú er að hefjast.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð varðandi þetta frv.

Það er búið að tala um endurskoðun stjórnarskrárinnar eiginlega frá því að lýðveldið var stofnað 17. júní 1944 og nefndir hafa unnið að tillögum um breytingu á stjórnarskránni og gefist upp eftir mikla vinnu og mikil heilabrot. Svo gerðist það á síðasta þingi, að rætt var um að skipa enn eina nefnd til að taka upp þráðinn að nýju. Í stað þess að þingflokkarnir eða stjórnmálaflokkarnir manni sig nú upp í það að skipa þessa nýju n. og þá eitthvað hraustari menn en áður hafa verið, til þess að láta þá eitthvað eftir sig liggja, þá er hlaupið hér af stað með frv. hvert af öðru í þessum efnum, eins og allir séu að missa af glæpnum, og flytja auðvitað einhverja lofgerðarrollu um það, hvað ákveðnir flokkar og ákveðnir menn hafi lagt sig alla fram á undanförnum árum.

Ég held að í sannleika sagt sé ekki neinn stór ágreiningur um það, að Alþ. verði að einni málstofu. Ég fyrir mitt leyti get vel fallist á það og stutt það og þótt fyrr hefði komið fram Ég sé heldur ekkert á móti því að færa kosningaaldurinn niður í 18 ár. Það er auðvitað til óskaplegrar skammar fyrir þingræðisland og lýðræðisland eins og Ísland að vera eftirbátur fjölmargra annarra landa í þessum efnum, að minni lýðréttindi skuli vera á Íslandi en í Austur-Þýskalandi, Júgóslavíu, Albaníu, Búlgaríu, Rúmeníu, Ungverjalandi, Tékkóslóvakíu, Póllandi og Sovétríkjunum, eins og vitnað er í í grg. með þessu frv. Ég vil, því með þessum orðum aðeins hvetja höfuðleiðtoga allra þingflokka til að manna sig nú upp í það að skipa þessa stjórnarskrárnefnd, í trausti þess, að í hana veljist menn sem flýti tillögugerð og leggi frv. fyrir þetta þing, þannig að við Íslendingar verðum ekki eftirbátar þessara þjóða, sem ég taldi upp, hvað almenn lýðræðisréttindi snertir.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég á víst sæti í þeirri n., sem mun fá þetta mál til meðferðar, og get þar af leiðandi verið fáorður við þessa 1. umr. Afstaða mín mun koma fram í n. En almennt talað sýnist mér þessi umr. harla þýðingarlítil og tilgangslaus raunar.

Lýst er yfir af þeim, sem málin flytja eða að þeim standa, að hér sé verið að vekja athygli á málum sem þeir hafi áhuga á að tekin verði til greina við endurskoðun þeirrar stjórnarskrár sem nú á að fara fram og ljúka eftir tvö ár. Þess vegna sýnist mér að við þurfum ekki að eyða tíma þingsins í að ræða það hér, hver sé höfundur að þessu snjallræði, eins og framsöguræða og næstu ræður þar á eftir fjölluðu aðallega um. Eigum við ekki heldur að reyna, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að koma á virkri stjórnarskrárnefnd, koma á raunhæfum breytingum á stjórnarskránni. þar sem tillit sé tekið til nútímaaðstæðna bæði hvað snertir kosningaaldur og fleiri atriði sem í stjórnarskránni er fjallað um og hvetið á um — þeirri stjórnarskrá sem hefur gilt hér með litlum breytingum síðan 1874? Mér sýnist að það sé kominn tími til þess og að þm. ættu fremur að eyða kröftum sínum í það að láta hendur standa fram úr ermum við að

koma á nýrri stjórnarskrá heldur en ræða það í upphafi þings, upphafi kjörtímabils, hvað það sé sem eigi að breyta í stjórnarskrá þegar næst verður kosið. Eða vilja þeir, sem standa að þessum frv., að þau verði samþykkt nú á næstu dögum og kosningar látnar fara fram til staðfestingar m. a. á þeim stjórnarskrárbreytingarákvæðum sem þeir flytja hér? Auðvitað er eðlilegt að tekið sé til athugunar hver aldur kjósenda eigi að vera. Það er mjög stutt síðan aldur kjósenda var lækkaður úr 21 ári niður í 20. Sú tala var fundin út á þann hátt, að í öðrum lögum miðast nú mjög mörg önnur réttindi og aðrar skyldur við 20 ára aldur. Hvað það er svo sem veldur því, að það séu einmitt 18 ár sem eigi að miða við, það veit ég ekki og það mun að sjálfsögðu verða rannsakað, nema þá það sé það fordæmi sem hér var bent á frá ríkjum sem búa fyrir austan okkur.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég veit að hv. 1. þm. Vestf. er vandur að vinum og hefur miklar áhyggjur af því, ekki síður en kerlingin í Gullna hliðinu um sálina hans Jóns síns, í hvílíkum félagsskap við Íslendingar lendum. Í grg. með þessu frv. eru aðeins talin upp þau lönd í Evrópu sem lögleitt hafa 18 ára kosningaaldur, og hv. 1. þm. Vestf. til hugarhægðar, þegar hann fer að líta í kringum sig og skoða selskapinn, þá get ég upplýst hann um það, að öll fylki í Bandaríkjunum miða við 18 ára kosningaaldur, einnig fylkið Alabama. Ég held að ég muni það rétt, að það hafi verið lögleitt í fylkinu Alabama undir leiðsögn fylkisstjórans George Wallace, þannig að ég vænti þess, að hv. 1. þm. Vestf. sé léttara í skapi að fengnum þessum upplýsingum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það eru orðnar nokkrar umr. hér út af litlu frv. Það er gott að mönnum sé mikið niðri fyrir og standi sig nú, það er mönnum dýrmætt að vera frjóir í hugsun. Það eru komin fram hér á þinginu tvö frv. um sama efni — nákvæmlega sama efni — annað í Nd., það sem hér er til umr., hitt 13. mál þingsins, á þskj. 13, frv. frá Ólafi Ragnari Grímssyni. Það er að vísu ofurlítið öðruvísi sett upp í greinaskipan, en efnið nákvæmlega það sama.

Ég er nú að velta því fyrir mér, hvort ég geti ekki slegist í þennan hóp með einhverslags frumvarps- eða tillöguflutning, því að sjálfsagt er vinnusparnaður að því fyrir mann að flytja mál sem einhver annar er nýbúinn að flytja, þá er hægt að vinna sér þetta allt saman hraðar og léttar. Hugsanlega væri líka hægt að flytja till. til þál. um að skipa rannsóknarnefnd, því að hér eru orðnir margir duglegir rannsóknarmenn í þinginu sem gætu tekið að sér rannsóknastörf, t. d. til að finna út hvernig þessu er eiginlega háttað, hver eigi þessa snjöllu hugmynd, að færa aldurinn niður í 18 ár, þurfa ekki að vera að karpa um það hér á fundartímanum, en varpa þannig ljósi á sögu málsins.

Efnislega vil ég segja það, að ég man þá tíð að mér þótti sárbölvað að fá ekki að taka þátt í kosningum þegar ég var um tvítugt. (Gripið fram í.) Ég hafði gott vit á pólitík, Sverrir minn, á þeim tíma, ekki síður en nú, ég hefði vel getað notað minn kosningarrétt, og voru framsóknarmenn fleiri þá heldur en þeir eru nú.

Hvað varðar grg. þessa frv., þá er orðalag í henni sem ég vil gera ofurlitla aths. við. Það er við greinaskilin á 1. bls., þar segir, með leyfi forseta: „En nú er 18 ára kosningaaldur að breiðast út í landinu.“ Er þetta með vírus — eða hverning má þetta verða? Déskotans riðan er að breiðast út í landinu og af henni hef ég stórfelldar áhyggjur. En ég er kannske smitaður af þessu. Ég styð þetta frv., og ég segi eins og hv. 1. þm. Vestf., að það er aldeilis ófært að láta Albani slá sig út í mannréttindum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég er ekki á sama máli og hv. þm. Einar Ágústsson, að við höfum ekki góðan tíma til þess að ræða svo alvarlegt mál sem þetta og einnig í léttum dúr ef svo ber undir. Ég var kominn með í prentun fsp. um riðuveikina þegar ég sá að útbýtt var hér fsp. um það efni, svo að ég hætti við, en kannske tökum við upp hinn siðinn, að láta prenta í belg og byðu hver upp eftir öðrum eins og hér eru dæmi um.

Það var athyglisvert, að hv. 1. þm. Austurl. varð mikið um þegar ungi maðurinn, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, upplýsti að auðvitað hefði Alþb. enga forustu haft um þetta mál og ekki fyrr en maður úr framliðnum flokki kom og dró þá að landi með því að endurprenta frv. unga mannsins, hv. þm. Ólafur Ragnar. Að hinu leytinu þarf hv. 1. þm. Austurl. ekki að taka þetta illa upp fyrir ungum manni sem sýnist vera að uppgötva nýtt, því að hann er hvort sem er sjálfur nýkominn í heiminn og það er ekkert undarlegt þó að honum bregði við og til nýjunganna. Ég vil aðeins segja það, að hann á eftir að öðlast þroska og aldur, hv. 1. flm. þessa frv., ef vinnubrögð stjórnarskrárnefndar verða með svipuðum hætti og verið hefur að undanförnu, áður en þetta verður að veruleika sem hann leggur til í frv. Og mér er það satt að segja alveg hulin ráðgáta að menn skuli kinnroðalaust geta talað um stjórnarskrárnefndina fyrrverandi hér á hinu háa Alþingi, eins og vinnubrögð hennar hafa verið.

Ég minnist þess, að hér var því lýst yfir að formaður n., fyrrv. alþm. Hannibal Valdimarsson, hefði lýst því yfir að hann mundi kalla hana saman — þetta var í fyrrahaust — áður en þingi lyki, en hann gat þess ekki hvaða þingi. Þetta þótti ekki mikið sagt, enda kom þetta allt á daginn, að hann hafði ekkert fullyrt meira en hann gat staðið við.

Ég lýsi yfir fylgi við þetta frv., þótt ég hafi fyrirvara um það að almanaksárið skuli ráða, en ekki afmælisdagur.

Ég veit að margur hefur veitt því athygli, að ýmsir fyrirmenn hafa sett á langar tölur og ábúðarmiklar um nauðsyn þess að endurskoða stjórnarskrána. Að vísu höfum við þurft að endurskoða hana varðandi kosningalögin æ ofan í æ, og mönnum sýnist — og ég er einnig þeirrar skoðunar — að dragi til þess nú. En ég er nefnilega á hinn bóginn þeirrar skoðunar, að við búum við góða stjórnarskrá svona yfirleitt og hún hafi verið heldur vel úr garði gerð og sé mesti misskilningur, sem ýmsir stjórnmálamenn eru að reyna að telja þjóðinni trú um, að við búum við gerómögulega stjórnarskrá enda þótt við höfum rekið okkur á að í ýmsum atriðum varðandi kosningalög þurfi hún og hafi þurft örari breytinga við en e. t. v. hefði mátt ætla, vegna örra breytinga á þjóðfélagsháttum okkar og búsetu í landinu.

Ég legg áherslu á það, að það er mín skoðun eftir að hafa kynnt mér málið, að við búum við allgóða stjórnarskrá og allar breiðar tölur um það, að lífsspursmál sé að endurskoða hana út í hörgul, það sé ekki mikið upp úr þeim leggjandi. Menn eru frekar að slá um sig með stórum orðum um nauðsyn þessa, vegna þess að þetta er mikilvægt mál, heldur en þar liggi brýnt verkefni fyrir höndum. En úr því sem ákveðið var að endurskoða hana

rækilega í heild, þá er auðvitað með öllu ólíðanlegt hvernig tekist hefur til með það starf. Og að því leyti verður hið háa Alþingi að taka sig verulega á.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem þetta frv. hefur almennt fengið hjá hv. þm. Sérstaklega gleðst ég yfir yfirlýsingum frá hv. þm. Einari Ágústsyni um það, að nú sé kominn tími til þess, eftir að hann hefur setið á Alþ. á annan áratug, að fara að ræða stjórnarskrármál og taka þau til gagngerðrar endurskoðunar. Ég get trúað því, að Reykvíkingar fagni þessari yfirlýsingu, því að misréttið í kosningamálunum varðandi kosningarréttinn hefur farið sívaxandi, þannig að það er nú á bilinu 1:5 ef tekin eru kjördæmin Vestfirðir gagnvart Reykjavík og Reykjanesi.

Ég vil enn ítreka það og láta vonir mínar í ljós um það, að stjórnarskrárnefndin, sem nú tekur til starfa, verði virkari en fyrri nefndir sem hafa fjallað um þessi mál. Eigi að síður tel ég ástæðu til þess, að hv. þm. gleymi því ekki, að það er mál þingsins að fjalla um stjórnarskrármál og þar geta engir þm. falið sig á bak við stjórnarskrárnefnd eða aðra nefndarskipan af einu eða öðru tagi.

Þrátt fyrir það að stjórnarskrárnefnd sitji að störfum mun ég eftir bestu getu reyna að nýta þann tíma og þá aðstöðu sem ég hef til þess að vinna að því, að kosningarréttur í landinu verði jafn þannig að Reykjavík og Reykjanes þurfi ekki að bera þar skertan hlut frá borði. Þetta er mannréttindamál og það er skylda Alþingis að taka á því föstum tökum svo fljótt sem auðið verður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 6). — 1. umr.

Flm. (Finnur T. Stefánsson): Herra forseti. Frv. það um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands frá 17. júní 1944, sem hér liggur fyrir til umr., lýtur að afnámi deildaskiptingar Alþingis. Þm. Alþfl. hafa undanfarin þing flutt frv. þessa efnis og flytja nú enn að mestu óbreytt.

Alþingi starfaði óskipt frá endurreisn þess til ársins 1875. Deildaskipting Alþingis var ákveðin með stjórnarskránni 5. janúar 1874, en kom til framkvæmda á þinginu 1875. Kom varla til greina að skipta 26 þm. í deildir, enda tefldu Danir þá ekki í neina tvísýnu þar sem konungkjörnir þm. voru 6 og kosningarréttur miklum takmörkunum háður. Á þessum árum var mikið rætt og ritað um skipan Alþingis, og var ekki að undra þótt imprað væri á þeim möguleika að taka upp deildaskiptingu. Erlendis barðist borgarastéttin hvarvetna fyrir réttindum og völdum. Konungar og aðall létu undan síga, en vörðu sig með því að ríghalda í sérstakar þingdeildir fyrir forréttindastéttir. Trúðu þá margir, m. a. á Íslandi, að slík skipan væri eðlileg og sjálfsögð.

Þetta mál bar á góma á Þjóðfundinum 1851, en mikill meiri hluti fulltrúa undir forustu Jóns Sigurðssonar tók afstöðu með einni málstofu. Þeir viðurkenndu að vísu að tvískipting gæti átt rétt á sér þar sem stéttamunur og aðrar aðstæður væru fyrir hendi, en um það væri ekki að ræða á Íslandi.

Konungur lagði nýtt og að mörgu leyti merkilegt frv. til stjórnskipunarlaga fyrir Alþingi árið 1867. Þingið átti að fá aukin völd, en jafnframt taldi stjórnin rétt að setja á það nokkur höft enda þótt einni málstofu væri haldið. Nefnd alþm. fjallaði ítarlega um málið og gerði tillögu um deildaskiptingu, en einnig að þjóðkjörnum þm. yrði fjölgað verulega.

Jón Sigurðsson var ekki ánægður með þessa þróun mála, og í Nýjum félagsritum 1870 sagði hann: „Með því að þröngva frelsi Alþingis í frv. 1867 kom stjórnin því til leiðar, að stungið var upp á að skipta þinginu í tvær deildir, eða málstofur, sem eykur bæði málalenging og kostnað meira en þörf er á og gefur hinum konungkjörnu færi á að ónýta hvert mál á þinginu, ef þeir vilja. Stjórnin hefur líka fundið, að þetta var eins sterkt ófrelsisband eins og hitt, og hefur því samþykkt uppástunguna þótt hún í raun og veru sýnist vera henni mótfallin. En það hyggjum vér," segir Jón Sigurðsson, „að mjög fáir mundu vera með tvískiptu þingi, ef þeir ættu kost á að halda því heilu og óskiptu afarkostalaust."

Skoðanir Jóns fengu stuðning frá ýmsum einstaklingum og í bænaskrám. Samt sem áður samþykkti næsta þing skiptinguna og henni var haldið í stjórnarskránni 1874, sem þó í heild var hin mesta stjórnarbót, ekki síst af því að Alþ. fékk löggjafarvald í sérmálum Íslendinga.

Á síðustu áratugum 19. aldar og fram eftir hinni 20. var meira rætt og deilt um sjálfstæðismálið en nokkuð annað og kom skipan Alþingis þar mikið við sögu. Það var Íslendingum að sjálfsögðu þyrnir í augum, að hinir konungkjörnu þm. gátu með helmingi atkv. í Ed. fellt hvaða mál sem þeim sýndist. Tókst loks að fá þessu breytt árið 1903 er þm. deildarinnar var fjölgað um tvo og hinum þjóðkjörnu þar með tryggður meiri hluti.

Óskipt þing átti sér ávallt nokkra formælendur á þessum árum, en flestir stjórnmálamenn virtust þó ekki reiðubúnir til að afnema deildaskiptinguna, a. m. k. meðan konungkjörnir þm. sátu enn á þingi. Benedikt Sveinsson sagði t. d. að með tímanum gæti svo farið að óskipt þing þætti hagkvæmast, en hann taldi það ekki tímabært. Í stað þess komu fram ýmsar hugmyndir, svo sem að láta kjósa til Ed. með takmörkuðum kosningarétti, að láta kjósa deildarmenn tvöfaldri kosningu með kjörmönnum eða kjósa þá hlutfallskosningu, ýmist í fáum kjördæmum eða með landið allt eitt kjördæmi. Íslendingum reyndist, eins og Bjarni Benediktsson orðaði það, „vandi að mynda nýtilega Ed."

Landskjörið var tekið upp 1915, þegar konungkjör þm. var lagt niður. Hinir 6 landsk. þm. voru kosnir fyrst til 12, en síðar til 8 ára hlutbundnum kosningum með landið allt eitt kjördæmi. Kosningarréttur og kjörgengi voru bundin við 35 ár þegar almennur kosningarréttur var miðaður við 25 ár. Árið 1934 var landskjörið afnumið og síðan haf þm. allir verið kjörnir á sama hátt á sama tíma, en sameinað þing hefur kjörið til Ed. „Er óneitanlegt, að deildaskiptingin hefur þar með a. m. k. að nokkru leyti misst sína fyrri þýðingu, þótt hún kunni enn að réttlætast af öðrum ástæðum," segir Ólafur Jóhannesson í Stjórnskipun Íslands.

Alþfl. hafði áður á stefnuskrá sinni að landið skyldi gert að einu kjördæmi og allir þm. sitja í einni málstofu. Flutti Jón Baldvinsson um þetta frv. 1933 og sagði þá í grg.: „Í einni málstofu geta þm. hvorki skotið sér undir það, að mál verði betur athugað í hinni deildinni né treyst

því, að það verði tafið þar eða fellt. Afstaða alþm. til allra mála verður því hreinni og þau betur athuguð.“ Mótbárum um hættu á flausturslegri afgreiðslu mála í einni málstofu mætti Jón eins og margir aðrir á undan honum með því að benda á, að hafa megi fjórar umr. um lagafrv.

Núgildandi kjördæmaskipan, með algerum hlutfallskosningum í fáum kjördæmum og uppbótarþingsætum, fer svo nærri hugmyndinni um landið sem eitt kjördæmi að Alþfl. hefur látið þar við sitja. Hins vegar heldur hann enn fram hugmyndinni um eina málstofu, eins og þetta frv. ber með sér.

Bjarni Benediktsson kunni betri skil á deildaskiptingu Alþingis en nokkur annar. Kom út frá hans hendi mikið fræðirit um þetta efni 1939. Enda þótt Bjarni héldi sig við fræðilega könnun málsins sagði hann á einum stað: „Þýðing tvískiptingar þingsins hefur tvímælalaust farið minnkandi.“ Og á öðrum stað segir hann: „Í bili horfir helst þannig, að tvískipting þingsins muni smám saman hverfa.“

Lengst hefur verið gengið í þessu máli í forsrh.-tíð Bjarna í samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. Í stefnuræðu, sem hann flutti í upphafi fyrsta þings eftir kosningarnar 1967, gaf hann þessa yfirlýsingu: „Teknar verði upp viðræður milli stjórnmálaflokkanna um þá breytingu á stjórnarskránni, að Alþ. verði ein málstofa.“

Deilt hefur verið um hvort raunverulega eigi að telja Alþ. tvískipt þar eð allir þm. eru kjörnir á sama hátt og á sama tíma. Hafa sumir sagt að deildirnar væru lítið meira en nefndir kjörnir af Sþ. Aðrir hafa látið það ráða, að hvor deildin getur fellt mál og þær hafa þannig mikið sjálfstætt vald. Þetta þýðir að í rauninni gildir atkv. Ed.-þm. tvöfalt á við Nd.-þm. í öllum almennum löggjafarmálum. 6 þm. í Ed. geta fellt frv., ef 11 eru á fundi og greiða atkv.

Þess ber einnig að gæta, að Alþ. hefur í raun réttri ekki tvær málstofur, heldur þrjár. Sþ. hafði sáralítið hlutverk í fyrstu. Einar Arnórsson segir í Réttarsögu Alþingis um störf þess eftir breytinguna 1874: „Það má telja undantekningu, að Alþ. starfi í einni málstofu, því að venjulega fara störf þess fram í deildum.“ Eftir því sem árin hafa liðið hefur Sþ. þó vaxið að verkefnum og völdum og hefur nú meiri þýðingu en deildirnar. Fjárlög voru upphaflega afgreidd í deildum, en flutt til Sþ. 1934. Þáltill. þekktust varla fyrr á árum, en eru nú ekki aðeins umfangsmikið form þingmála, heldur eru þær einnig notaðar til að stofna lýðveldi, gera mikilvægustu alþjóðasamninga, ákveða aðild að alþjóðlegum samtökum, marka stefnu í landhelgismálum og fleiri stórmálum, staðfesta áætlanir um framkvæmdir og margt fleira. Fsp. höfðu áður litla þýðingu og voru fáar, en eru nú loftvog landsmálanna og eftirlætisauglýsingaform þm. Allt hefur þetta valdið því, að Sþ. tekur nú oft tvo af fjórum fundardögum Alþ. í viku hverri.

Eins og áður var getið hurfu síðustu forsendur fyrir deildaskiptingunni 1934 er landskjör var afnumið. Síðan hefur deildaskiptingin verið form eitt án réttlætingar í aðstæðum nútímans.

Nú vilja menn oft halda í gamlar venjur og siði af tilfinningaástæðum einum saman, og er ekkert við því að segja svo framarlega sem það veldur ekki sérstöku óhagræði. En þannig er einmitt komið fyrir deildaskiptingunni nú. Hún er ekki einungis ástæðulaus, hún veldur einnig óþægindum. Sérhvert lagafrv. þarf fullkomna meðferð í hvorri deild fyrir sig. Þetta er augljós tvíverknaður. Óhagræðið kemur skýrast í ljós þegar önnur þd. gerir breytingu á lagafrv. sem hin deildin hefur samþykkt. Þá getur frv. hrakist nokkrum sinnum milli deilda og endar að lokum í Sþ. Þetta fyrirkomulag er bæði dýrt og tímafrekt.

Því hefur verið haldið fram, að deildaskiptingin hafi þá þýðingu að hún stuðli að vandaðri vinnubrögðum í meðferð mála. Þessi staðhæfing á ekki við rök að styðjast. Flókin málsmeðferð veitir alls enga tryggingu fyrir því, að þm. vandi vinnubrögð sín. Þvert á móti tekur hún tíma sem annars mætti nota til málefnalegrar vinnu. Þá er þess að gæta, að telji menn þörf á að bæta vinnuvöndun á Alþ., þá eru önnur úrræði tiltæk sem ná þeim markmiðum miklu betur en deildaskiptingin og með mun útlátaminni hætti. Þannig mætti fjölga umr. um frv., ef mönnum sýnist svo, eða setja ákvæði um ítarlegri störf í þingnefndum.

Önnur þýðingarmeiri röksemd fyrir afnámi deildaskiptingar er sú einföldun á nefndaskipan sem því fylgdi. Við afnámið mundi þn. fækka úr 24 í 13. Sú fækkun gerði þm. kleift að einbeita sér að mun færri nefndum en nú er og að sérhæfa sig í einstökum málaflokkum. Sérhæfing er tímanna tákn og því verða þm. að lúta, ef þeir vilja ekki verða undir í samkeppninni við embættismenn og sérfræðinga framkvæmdavaldsins um áhrif á stjórn landsins. Einnig er mikilvægt fyrir Alþ. að hafa sem greiðust tengsl við fólkið í landinu. Deildaskiptingin er hér til trafala þar sem hún gerir almenningi erfiðara fyrir að fylgjast með gangi þingmála og átta sig á afstöðu þm. Það er haft að gamanmálum meðal fólks, hve mörg mál sofna í hinu flókna nefndakerfi Alþ. Afnám deildaskiptingarinnar mundi gera málsmeðferðina einfaldari og skiljanlegri. Þm. ættu erfiðara með að koma sér undan því að taka afstöðu til mála í trausti þess, að málið yrði tafið eða fellt í hinni deildinni. Stjórnmálaleg ábyrgð yrði skýrari, fólk ætti auðveldara með að fylgjast með.

Veigamikil rök fyrir afnámi deildaskiptingar Alþ. eru áhrif hennar á meirihlutavald og ríkisstjórn. Þm. eru nú 60, en ekki nægir fyrir flokk eða flokka að hafa 31 þm. til að stjórna landinu. Til þess þarf meiri hl. í báðum deildum, a. m. k. 21:19 í Nd. og 11:9 í Ed., verður ríkisstj. að hafa 32 stuðningsmenn hið minnsta eða 53.3%. Stundum hefur því verið haldið fram, að þessi krafa um aukinn meiri hl. stuðli að sterkum ríkisstj. Reynslan hefur þó sýnt hið gagnstæða. Deildaskiptingin hefur hvað eftir annað veikt stjórnir, se þó höfðu meiri hl. þm. að baki sér, og leitt til margvíslegra erfiðleika.

Eftir kosningarnar 1931 hafði Framsfl. 23 þm. af 42 eða hreinan meiri hl. Vegna landsk. þm . í Ed. voru atkv. þar þó jöfn. Hafði ríkisstj. Tryggva Þórhallssonar því ekki starfhæfan meiri hl. á þingi og hraktist fljótlega frá völdum. Þessi stjórn var að vísu veik af því að hún hafði aðeins 35% kjósenda á bak við þinglið sitt, en þannig var kjördæmaskipunin þá.

Eftir kosningarnar 1934 höfðu Framsfl. og Alþfl. 25 þm. af 49. Þá skorti eitt atkv. í Nd. til þess að hafa starfhæfan meiri hl., en Ásgeir Ásgeirsson kom til bjargar svo og Magnús Torfason. Eftir að stjórn Emils Jónssonar var mynduð 1959 skapaðist það ástand, að með stuðningi Sjálfstfl. hafði hún 27 þm. gegn 25. Samt hafði stjórnarandstaðan, Framsfl. og Alþb., meiri hl. í Ed. Komust tvö meginmál stjórnarinnar því aðeins áleiðis að stjórnarandstæðingar fengust til þess að styðja þau til

skiptis, enda var þingrof fram undan þá.

Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar naut eftir fráhvarf Bjarna Guðnasonar stuðnings meiri hl. þm., en hafði ekki meiri hl. í Nd. og gat ekki komið þýðingarmestu málum gegnum þingið. Þetta skapaði stóralvarlegt ástand og leiddi til þingrofs og kosninga, eins og kunnugt er.

Ábyrgir menn verða að hugsa þetta mál og gera sér grein fyrir því, hver hætta er á að deildaskiptingin haldi áfram að veikja íslenskt stjórnarfar, kalla á ábyrgðarlausar aðgerðir og draga úr trausti þjóðarinnar á stjórnkerfinu.

Það er ekki þörf á að ræða sérstaklega einstakar greinar þessa frv. Þær lúta allar að því að fella niður ákvæði stjórnarskrárinnar um þd. og um Sþ. og setja í staðinn Alþingi, þannig að greinarnar skýra sig að mestu sjálfar. Þó er í 4. gr. frv. um breytingu á 38. gr. stjórnarskrárinnar tillaga sem ég vil aðeins víkja nánar að. Þar er lagt til að frumkvæðisréttur þm. til að bera fram frv. til l. og annarra samþykkta verði stjórnarskrárbundinn. Þessi frumkvæðisréttur er ekki lögbundinn í stjórnarskránni nú, enda þótt hann sé alveg tvímælalaus í þingskapalögum, heldur er hann fenginn þd. Það er tryggara að binda þessi grundvallarréttindi þm. í stjórnarskrá, enda er sá háttur hafður á í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Þessi breyting hefur þá þýðingu m. a., að ekki er hægt að binda frumkvæðisréttinn skilyrðum í almennum lögum ein og nú er.

Herra forseti. Deildaskipting Alþingis er gamall arfur. Hún hefur aldrei átt sér forsendur í stéttlausu þjóðfélagi Íslendinga, heldur var hún innleidd sem tæki erlends valds til að viðhalda áhrifum á Íslandi. Eftir að þjóðin endurheimti sjálfstæði sitt hafa einnig þessar forsendur horfið. Deildaskiptingin er nú til trafala og gerir þingstörf óþarflega flókin. Hún kemur í veg fyrir að ríkisstj. geti stuðst við einfaldan meiri hl. þm. og veikir þannig stjórnarfarið. Hún torveldar samskipti þings og þjóðar. Af þessum sökum er brýnt og tímabært að afnema deildaskiptinguna.

Í tilefni af ummælum ýmissa hv. þdm. hér við fyrri umr. um þá stjórnlaganefnd, sem er á döfinni að skipa, vil ég taka það fram, að ég lít svo á að jafnvel þótt í bígerð sé að skipa aðskiljanlegar nefndir utan þings til að vinna að einstökum málaflokkum sé það alls ekki tilefni til að þingið sjálft og við alþm. hættum að starfa að okkar áhugamálum. Við getum auðvitað ekki treyst því, að einhverjar utanþingsnefndir úti í bæ fari að vinna verkin fyrir okkur. Okkar er ábyrgðin og okkar er skyldan. Þess vegna er það minn vilji og mín till., að þetta frv. fái fullkomlega lögmæta og rétta þinglega meðferð. Og ég leyfi mér að lokum að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég er nú að vissu leyti farinn að brjóta þau heilræði sem ég sjálfur var að reyna að gefa þm. við umr. um fyrra mál, og með því að þetta mál kemur til n., sem ég á sæti í, skal ég nú stytta þessa ræðu þó að hún gæti vissulega orðið alllöng miðað við það málefni sem hér er til umr. Ég get þó í upphafi sagt svipað um þetta mál og ég sagði um hið fyrra málið, um kosningaaldurinn, að ég sé ekki ástæðu til langra umr. hér.

Það er vitanlega alger misskilningur hv. flm., að þó að menn vitni hér til starfa væntanlegrar stjórnarskrárnefndar, þá sé ætlast til þess að þm. afsali sér einhverjum réttindum eða skyldum. Það, sem um er að tefla, er að samkomulag allra flokka hefur orðið um það að setja nýja stjórnarskrárnefnd og að takmarka henni verkefnistíma, og þess vegna verða ekki að mínu mati látnar fara fram þingkosningar um einstakar breytingar á stjórnarskránni með því sem tilheyrir og allir vita, tvennum kosningum og þingrofi á milli, fyrr en fleiri atriði hafa verið tekin til athugunar en þau sem nú þegar eru komin fram frv. um, og jafnvel þótt fleiri frv. ættu eftir að fylgja, eins og raunar hefur verið boðað.

En um deildaskiptingu Alþingis almennt vil ég aðeins á þessu stigi segja það, að hún átti áreiðanlega að vera trygging fyrir vandaðri málsmeðferð, og margoft hefur það orðið reyndin, að mál hafa tekið breytingum til bóta í síðari deild. Ég held að það fari ekki á milli mála.

Hitt skal viðurkennt, að deildaskipting er til nokkurs trafala. Hún er nánast tvíverknaður ef nægilega vel er unnið í einni deild. Og sú röksemd, sem hv. flm. flutti og á vissulega fullan rétt á sér, sem sé að mörg mál fá fullnaðarafgreiðslu í Sþ., einni deild, þ. á m. mikilvægasta málefni hvers þings, fjárlögin, ætti að vera trygging fyrir því, að í einni deild sé hægt að vinna að málum svo vel að ekki þurfi þar um að bæta. Þess vegna vil ég nú segja það hér, þó að ég hefði nú tilhneigingu til þess að geyma mér afstöðu til mála í þeim n., sem ég á sæti í þar til um þau hefur verið fjallað þar og þar til þingflokkur sá, sem ég á sæti í, hefur fjallað um mál, þá sýnist mér að ég muni geta verið þessu máli fylgjandi.

Við megum náttúrlega alls ekki láta húsnæðismál eða önnur slík aukaatriði ráða því með hvaða hætti þingstörfum er skipað. Við verðum að leita þeirra leiða sem að okkar viti gefa besta raun. Ég er á því að starf Alþingis í einni deild sé til bóta, auk þess sem óeðlilegt er að svo aukinn meiri hl. þurfi til stjórnarmyndunar og stjórnarstarfa sem hér hefur verið gerð grein fyrir og leiðir beint af deildaskipan. Dæmi um það voru rakin, þannig að ég þarf ekki að endurtaka þau.

En það eru miklu fleiri mál sem þarf að athuga í sambandi við stjórnarskrána. Þó að sumum hv. þm. þyki hún góð, — og kannske er hún merkilega góð miðað við þann aldur sem hún er búin að duga okkur eða þann árafjölda, — þá er þó enginn vafi á því að mínu mati, að það eru miklu fleiri atriði í þessari stjórnarskrá sem þurfa endurskoðunar, enda ekki hægt að telja það óeðlilegt miðað við það, hvernig hún var sett, hve langan tíma hún er þegar búin að gilda og hvernig aðstæður í þjóðfélaginu hafa á þeim tíma stórkostlega breyst, eins og allir hv. alþm. hljóta að þekkja. Það er t. d. mjög brýnt mál, sem hv. 7. landsk. þm. minntist á í síðustu ræðu sinni um málið sem var til umr. hér á undan, kosningaaldurinn, hvernig misræmið í kjöri einstakra alþm. er orðið algerlega óviðunandi. Og ég tek fyllilega undir þau orð sem hann lét falla um það, að hlutur Reykjavíkur og Reykjaness er fyrir löngu orðinn allt of lítill. Það má leggja mér það út til lasts sem þm. Reykv., ef mönnum finnst einhver fróun í því, sað ég hafi ekki beitt mér sérstaklega fyrir breytingum á því. Kannske hef ég verið of bjartsýnn á að stjórnarskrárnefnd, sem starfað hefur lengi, skilaði áliti þannig að þetta mál kæmi á borð þm. án þess að einstakir þm. færu að bera fram um það tillögur. Það má vel vera og ég tek þá á mig ábyrgðina af því ef einhverjum mönnum sýnist henta að kenna mér um það.

Ég er líka sannfærður um að nú er mikill þjóðarvilji

fyrir því, að persónubundnara kjör eigi sér stað til Alþingis heldur en við búum við. Flokkar og samtök hafa verið að reyna að leysa þetta á annan hátt, með prófkjörum. Það hefur á ýmsan hátt ekki gengið sem skyldi, má vera vegna þess að um slíka tilhögun eru engin lagaákvæði, en þau þurfa vitanlega að vera. Prófkjör um efstu sæti flokka — við skulum segja í hvaða kjördæmi sem vera skal og þá ekki síst í Reykjavík þar sem ég er einna kunnugastur — er í raun kosning alþm. — og er ekki alveg óhugsandi að hægt sé að búa við það skipulag, eins og nú er, að sama fólkið kjósi þm. fyrir alla flokka sem prófkjör hafa ef því sýnist svo. Ég tel að þetta sé óviðunandi, og ef ekki verður tekin upp persónubundnari kosning samkv. kosningalögum og stjórnarskrá, þá hlýtur að verða að setja um prófkjör almenn lög sem útiloki að slíkt sem ég minntist á geti átt sér stað. Það er auðvitað hægt. Það hefur verið bent á leiðir til þess. Ég skal ekki þreyta þm. á að nefna þær, en ein leiðin er auðvitað sú, að prófkjör hjá öllum flokkum fari fram samtímis og undir stjórn yfirkjörstjórnar eins og almennar kosningar. Það er kannske nokkuð mikið í ráðist og kostnaðarsamt og fyrirhafnarsamt, en ég er sannfærður um að það fyrirkomulag, sem við búum núna við, er óviðunandi.

Eins og ég sagði, herra forseti, gæti ég haldið hér alllanga ræðu um breytingar á stjórnarskrá og tiltekið mörg fleiri atriði en þetta. En ég skal ljúka máli mínu með því að endurtaka það sem ég áðan sagði, að ég tel að við eigum ekki nú að eyða mjög miklum tíma í umr. um breytingar á stjórnarskrá. Flokkarnir eiga að einbeita sér að því að tilnefna menn í þá stjórnarskrárendurskoðunarnefnd, sem ráðgert hefur verið að setja á fót, og halda fast við það, að hún skili áliti eigi síðar en þar er tiltekið og m. a. er tilgreint í þeim stjórnarsamstarfsamningi sem núv. stjórnarflokkar starfa eftir, þ. e. innan tveggja ára. Ég hef fyrir mitt leyti ekki áhuga á því að fyrr verði kosið, og ef þeir eru hér aðrir sem hafa áhuga á því að fá kosningar fram fyrr, þá er hægt að gera það með öðru móti en að stofna til kosninga um stjórnarskrármálefni.

Umr. frestað.

Efri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 18. okt., kl. 3 síðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 11). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv. til 1. um breyt. á þingsköpum, sem hér liggur fyrir, er ákaflega einfalt. Í upphafi síðasta kjörtímabils var þingsköpum breytt á þá lund, að 10 menn skyldu eiga sæti í fjvn. Það var gert af sanngirnissjónarmiðum þar sem þingflokkar voru þá fimm og ef þessu hefði ekki verið breytt hefði einn þingflokkurinn ekki átt fulltrúa í nefndinni. Nú hafa ástæður breyst þannig að þingflokkar eru ekki nema fjórir og þess vegna hefur það orðið sammæli formanna þingfl., sem allir eiga sæti í Nd., að breyta þessu til hins fyrra horfs og að í fjvn. skuli aðeins eiga sæti 9 menn eins og áður hefur verið. Þeir fluttu frv. um þetta efni í hv. Nd. og þar hefur það nú verið afgreitt shlj., að ég hygg.

Ég vildi aðeins leyfa mér að skýra frá þessu og jafnframt formsins vegna mega óska þess, að málinu verði vísað til hv. allshn. þessarar d., þar eð ég sé að því hefur verið vísað til n. í hv. Nd. Ég vil því leggja til að að lokinni þessari 1. umr. verði því vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 18. okt., kl. 3.25 síðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 11, n. 26). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um málið og leggur einróma til að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 18. okt., að loknum 5. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 11). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 27).

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 13). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Í íslenska stjórnkerfinu hefur rétturinn til kosninga og kjörgengis verið grundvallaratriði þeirrar stjórnskipunar sem hér hefur verið við lýði. Þessi réttur hefur hins vegar tekið allmiklum breytingum frá því að fyrst var efnt til kosninga til Alþingis við endurreisn þess árið 1845. Á þeim tíma og á 19. öld var ríkjandi sú hugsun, að fjárhagur og eign væru frumforsenda þess að hafa ákvörðunarrétt um málefni þjóðarinnar og geta kosið fulltrúa til löggjafarstofnunarinnar. Þessi hugsunarháttur, að gera fjárhag og eign að frumforsendu lýðræðislegra réttinda, var síðan ríkjandi hér á landi sem og í ýmsum nágrannalöndum á 19. öld og reyndar að nokkru leyti einnig fram á þessa öld. Það var fyrst og fremst fyrir baráttu þeirra hugsjónamanna, sem báru kjör og réttindi alþýðu fyrir brjósti, og fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar og verkalýðsflokkanna hér á landi sem og í nágrannalöndum sem fjárhagsleg og eignarleg skilyrðin fyrir frumrétti lýðræðislegrar þátttöku í íslenska stjórnkerfinu voru afnumin. Á þessum tíma var það einnig skilyrði fyrir þátttöku í kosningum, eins og kunnugt er, að vera karlmaður og hafa náð þó nokkrum aldri.

Í raun og veru er hægt að segja að þróun íslenska stjórnkerfisins frá 1845 og til okkar daga hafi í stórum drættum einkennst af baráttu samtaka alþýðunnar í landinu fyrir að afnema þau margvíslegu forréttindaskilyrði sem áður voru sett fyrir kjörgengi og kosningarrétti. Í áföngum voru fjárhags- og eignarskilyrðin og skilyrði karlmennskunnar afnumin og loks 1934 skilyrði um það að hafa ekki þegið sveitarstyrk.

Á síðari áratugum hefur umræðan um kosningarréttinn fyrst og fremst einkennst af því, við hvaða aldursmörk skyldi miðað. Þegar við flettum umr. um kosningarrétt og kjörgengi frá fyrri tímum sjáum við að menn höfðu að ýmsu leyti annarlegar hugmyndir um það, hvaða aldri nauðsynlegt væri að ná til þess að geta öðlast þessi réttindi. En sú mikla þjóðfélagslega breyting, sem átt hefur sér stað á síðustu áratugum bæði hér og í þeim löndum sem við teljum okkur menningarlega og stjórnarfarslega skyldust, hefur gert það að verkum, að þessi aldursmörk hafa smátt og smátt verið lækkuð. Nú síðast voru þau lækkuð hér á Íslandi á síðasta áratug úr 21 ári í 20 ár.

Eitt af þeim atriðum, sem setja svip sinn á þjóðfélagsþróunina á okkar tímum, er að ungt fólk kemst fyrr til þroska, bæði að félagslegum einkennum og náttúrulegum einkennum. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar sem leiða í ljós að þroskatíma fólks hefur fleygt mjög fram, bæði vegna betri félagslegs aðbúnaðar, betri almennrar næringar og betri menntunarskilyrða.

Þessi þjóðfélagsþróun hefur það eðlilega í för með sér, að krafan um niðurfærslu kosningaaldursins kemur fram, og það sjónarmið, að hann taki eins og ýmis önnur félagsleg réttindi mið af þessari almennu þróun í okkar heimshluta, er bakgrunnur þeirrar tillögu sem hér er flutt.

Það er rétt að benda á að í gildandi löggjöf veitast íslenskum þegnum við 16 ára og 18 ára aldur margvísleg félagsleg réttindi og félagslegar skyldur sem í raun og veru gera ungt fólk ábyrga þegna í okkar þjóðfélagi og stjórnkerfi að mörgu leyti áður en kemur að kosningar réttinum sjálfum.

Ef skoðuð er sú grundvallarhugsun sem liggur að baki réttindum til kosninga og kjörgengis, þá endurspeglar hún það, að allir eigi að hafa rétt til að velja fulltrúa í þeim stofnunum sem hafa veruleg áhrif á félagsleg réttindi, þjóðfélgslega og stjórnarfarslega stöðu þegnanna sjálfra. Um leið og við höfum veitt ungu fólki margvísleg réttindi og skyldur, sem snerta greiðslu opinberra gjalda, sem snerta rétt til stofnunar hjúskapar og uppeldis barna, þá segir það sig sjálft, að innan tíðar hlýtur að koma að því, að við lækkum einnig kosningaaldurinn í samræmi við þessa almennu þróun.

Því ber að fagna, að á undanförnum árum hefur smátt og smátt aukist almennur skilningur á nauðsyn breytinga af þessu tagi. Á síðasta þingi flutti núv. hæstv. menntmrh., Ragnar Arnalds, frv. til stjórnarskipunarlaga sem fól í sér að kosningarréttur við kosningar til Alþingis yrði miðaður við 18 ára og eldri, auk hinna almennu skilyrða um íslenskan ríkisborgararétt og lögheimilisfestu hér á landi. Það frv. til stjórnarskipunarlaga, sem ég hef hér flutt sem 13. mál Ed., er í reynd endurflutningur á frv. hæstv. menntmrh. frá síðasta þingi, — endurflutningur sem er miðaður við að halda áfram baráttu Alþb. fyrir lækkun kosningaaldurs í samræmi við þá félagslegu og þjóðfélagslegu þróun sem ég vék að áðan. Það er ánægjulegt, að í Nd. Alþingis hefur verið flutt annað frv. til stjórnarskipunarlaga sem felur í sér sams konar breytingu. Mætti því ætla að a. m. k. meðal tveggja verkalýðsflokkanna á Alþ., sem nú hafa samtals 28 þm., sé víðtækur stuðningur fyrir þessari breytingu og væntanlega einnig meðal annarra þm.

Það er að vísu rétt að rifja það upp í þessu samhengi, að það hefur verið hlutskipti samtaka launafólks og stjórnmálaflokka þess á undanförnum áratugum að beita sér fyrir breytingum á stjórnskipun íslenska lýðveldisins, stjórnarskránni og öðrum þeim lögum sem eru afgerandi fyrir stjórnarhætti þessa lands, sem miða við að taka meira tillit til réttinda og möguleika alþýðu þessa lands til að hafa áhrif á stjórnkerfið sjálft.

Þótt breyting um lækkun kosningaaldurs í 18 ár sé aðeins lítið skref á þeirri braut sem við viljum ganga og hefur m. a. verið mörkuð með flutningi frv. á undanförnum þingum af hálfu þm. Alþb. um margvíslegar aðrar breytingar á stjórnarskipunarlögum, þá er þetta spor mjög mikilvægt.

Það er rétt að minna á að í mörgum þeirra landa, sem við höfum helst viljað taka mið af, eins og Norðurlöndum og ríkjum Vestur-Evrópu og Austur-Evrópu einnig, þ. e. a. s. í hinum vestræna heimshluta, hefur kosningaaldur nú þegar í fjölmörgum tilfellum verið færður í 18 ár.

Á undanförnum árum hafa verið uppi bæði innan þings og utan víðtækar umr. um nauðsyn breytinga á stjórnarskránni, og fyrir dyrum stendur kjör sérstakrar nefndar til að sinna því verkefni sérstaklega.

Eins og oft áður hefur það gerst á undanförnum árum, að ágreiningur um kjördæmaskipan og kosningalög hefur gert það að verkum, að ýmsar nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins hafa beðið. Í fullvissu þess, að með kjöri þeirrar nýju stjórnarskrárnefndar, sem nú stendur fyrir dyrum, verði tekin upp ný vinnubrögð í þessum efnum, er það von mín að breytingar eins og sú, sem þetta frv. felur í sér, verði ekki látnar stranda á hugsanlegum ágreiningi um kjördæmaskipun og kosningar. Vonandi næst víðtæk samstaða um marghátt aðar

breytingar á stjórnarskránni, bæði lækkun kosningaaldurs, breytingar á stöðu og gerð Alþingis, þjóðaratkvgr., aukin mannréttindi og margt annað sem á undanförnum árum hefur verið flutt hér inn á þing sem skoðanir bæði Alþb. og annarra flokka. Hins vegar hefur, eins og hv. þm. er kunnugt, verið ákveðið að setja þeirri stjskrn. tveggja ára tímamörk. Að mörgu leyti er eðlilegt að sú breyting, sem hér er gerð tillaga um, verði einnig skoðuð af þeirri n., þótt ég leggi til að hún fái enn fremur ítarlega meðferð og umr. í n. þessarar deildar.

Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til allshn.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég kem aðeins hér upp til þess að lýsa undrun minni á því, hver vinnubrögð eru viðhöfð hér í deildinni eða á Alþingi varðandi flutning mála. Við störfum hér í tveimur deildum, og í Nd. hefur nýlega verið flutt frv. um lækkun kosningaaldurs. Nú rétt á eftir er flutt svo til samhljóða frv. hér í Ed., þ. e. a. s. um sama mál. Þetta mundi sjálfsagt lagast — þessi vinnubrögð — ef við gerðum Alþ. að einni deild. En ég furða mig á því, af hverju þessi háttur er á hafður.

Umr. um 18 ára kosningaaldur hafa verið áberandi á undanförnum árum, alveg frá því að Alþfl. tók þetta mál upp í stefnuskrá sína, en ég held það hafi verið árið 1965, sem þm. Alþfl. tóku fyrst upp þessa till. á Alþingi. Mig minnir að fyrst hafi þetta komið í stefnuskrá stjórnmálahreyfinga ungra manna á sambandsþingi Sambands ungra jafnaðarmanna árið 1960 sem haldið var í Keflavík. Síðan fóru fram allmiklar umr., sérstaklega innan Sambands ungra sjálfstæðismanna, og var þar eindregið lagst gegn þessu. Hins vegar er það ánægjulegt fyrir okkur kratana að sjá að hvert stefnumálið á fætur öðru, sem við flytjum eða berum fram, nýtur æ meira fylgis, og nú er það svo að þm. Alþb. hafa gerst sporgöngumenn Alþfl. í þessum efnum. Vissulega er það þakkarvert, og við skulum vona að þetta verði til þess að fleyta málinu fram til þess, að 18 ára kosningaaldur verði að veruleika.

Kosningaaldur hefur verið að lækka. Það hefur verið rakið hér ágætlega af fyrri ræðumanni. Fyrir tilstuðlan Alþfl. var það fyrir allnokkru — það var í viðreisnarstjórninni — að kosningaaldurinn var lækkaður úr 21 ári í 20 ár.

Ég vil lýsa ánægju minni með þá þróun sem nú á sér stað, að nú virðast æ fleiri ætla að samþ. þessa breytingu, og vona að málið nái fram að ganga nú á næstunni.

Flm.(Ólafur Ragnar Grímsson): Um leið og ég þakka hv. 5. þm. Reykn., Karli Steinari Guðnasyni, fyrir stuðning hans við þetta frv., vil ég leiðrétta þann misskilning og fjalla aðeins um þá sterku pólitísku eignarréttarhyggju sem virðist þjá suma vini mína í Alþfl., að þeir einir hafi uppgötvað allar helstu hugmyndir heimsins og aðrir þeir, sem þær hafa uppi, séu að gerast sporgöngumenn Alþfl. Þótt ýmsir ungir og sprettharðir nýliðar Alþfl. hér á Alþ. hafi verið fljótir að hlaupa til skrifstofu þingsins með það frv, sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hefur verið að mæla fyrir í Nd. í dag, þá er engin ástæða fyrir Alþb. að falla frá frv. sem talsmenn og forustumenn flokksins hafa flutt hér inn á þing áður en sá ágæti, sprettharði ungi þm. kom hingað á þing. Ég held að sú hugsun, sem þarna bar á góma sé fjarri lagi, að þótt í einni deild þingsins sé flutt mál af einhverjum tilteknum flokki, þá eigi það sjálfkrafa að gera það að verkum að allir aðrir, sem fylgjandi eru sömu stefnu, haldi að sér höndum í krafti virðingar við það sem við getum kallað hinn pólitíska eignarrétt. Ég held þvert á móti að sú staðreynd, að tvö frv. eru komin hér fram í sitt hvorri deild, eigi að gefa tilefni til þess, að fljótlega liggi fyrir, ef svo er, að almennur vilji er ríkjandi á þingi fyrir því að breyta kosningaaldrinum í þá veru sem hér er gerð till. um. Það er ánægjulegt, að verkalýðsflokkarnir, Alþfl. og Alþb., þótt Alþfl. eigi vissulega lengri sögu að baki en Alþb., geti orðið samferða í því og væntanlega fengið stuðning frá öðrum hv. þm. við að koma þessari breytingu á.

Ef hins vegar ungir sjálfstæðismenn eru ekki enn þá búnir að taka upp stefnuna um 18 ára kosningaaldur, þá er a. m. ak. til eitt stefnumál sem Sjálfstfl. og Alþfl. þurfa ekki að bítast á um hvor hafi stolið frá hinum, eins og áberandi hefur verið síðustu vikur hvað snertir stefnuna í efnahags- og atvinnumálum.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða efnislega þessa till. sem hér liggur fyrir. Hér er um endurflutning að ræða á till. frá síðasta Alþ. En ég get ekki orða bundist yfir þeim fáfengilegu umr. og orðaskiptum sem hafa farið hér fram á milli tveggja hv. þm. stjórnarflokkanna út af þessu máli. Mér finnst að það bregði oft við sýndarmennsku hjá fulltrúum þessara flokka, en stundum keyrir úr hófi eins og í þessu máli, því auðvitað er hér ekki um neitt annað en sýndarmennsku að ræða, þar sem er sá tillöguflutningur sem er um lækkun kosningaraldursins í báðum deildum þingsins. Eins og raunar hefur komið fram í þessum umr., er ákveðið og Alþ. hefur þegar samþ. að skipuð skuli sérstök stjórnarskrárnefnd til að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Þetta var gert fyrir forustu fyrrv. forsrh., Geirs Hallgrímssonar, og Alþ. samþ. þetta. Það liggur fyrir að nú næstu daga verður þessi n. fullskipuð og hefur þess vegna störf að endurskoðun stjórnarskrárinnar, jafnt um þetta efni sem önnur þýðingarmikil mál sem þarf að endurskoða í sambandi við stjórnarskrána.

Ég vildi láta þetta sjónarmið koma hér fram. Ég held að fulltrúar bæði Alþfl. og Alþb. gætu sparað sér alla samkeppni á þessum fundi um heiður af framgöngu þeirra í sambandi við flutning þessara mála. Það er vart hægt að sjá nokkurn sérstakan heiður í því sambandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Sameinað þing, 4. fundur.

Fimmtudaginn 19. okt., kl. 7.45 síðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 18. okt. 1978.

Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Bragi Sigurjónsson.

forseti Ed."

Það þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi varamanns, og mælist ég til þess að kjörbréfanefnd taki það til athugunar, og í fullu trausti þess, að hún vinni rösklega, gef ég 5 mínútna fundarhlé. — (Fundarhlé.)

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Guðmundar H. Garðarssonar sem er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík og tekur nú sæti á Alþingi í forföllum hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildar Helgadóttur, sem er á förum til útlanda.

Kjörbréf þetta er gefið út af yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis og hafa allir kjörstjórnarmenn undirritað bréfið. N. mælir með því, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Sameinað þing, 5. fundur.

Fimmtudaginn 19. okt., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana. — Útvarpsumr.

Forseti (Gils Guðmundsson): Umr. skiptist í tvær umferðir þannig, að í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsrh. 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna í báðum umferðum verður þessi: Framsfl., Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. Ræðumenn auk forsrh. verða þessir: Af hálfu Framsfl. talar Tómas Árnason fjmrh. í síðari umferð, af hálfu Sjálfstfl. talar Geir Hallgrímsson, 4. þm. Reykv., í fyrri umferð og Gunnar Thoroddsen, 11. þm. Reykv., í síðari umferð. Af hálfu Alþfl. talar Kjartan Jóhannsson sjútvrh. í fyrri umferð og Magnús H. Magnússon félmrh. í síðari umferð. Af hálfu Alþb. talar Svavar Gestsson viðskrh. í fyrri umferð og Ólafur Ragnar Grímsson, 3. landsk. þm., í síðari umferð.

Hefst nú umr. og tekur hæstv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, til máls.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Stefna sú, sem ríkisstj. mun fylgja fram á þessu þingi, er í stórum dráttum ákveðin í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna frá 1. september s.l. Þó að sú samstarfsyfirlýsing hafi þegar verið kynnt, þykir mér rétt að birta þingheimi meginatriði hennar á formlegan hátt og festa hana þar með í þingtíðindum.

Skipta má samstarfsyfirlýsingunni í tvo meginþætti. Hinn fyrri fjallar um efnahagsmál, en hinn síðari um önnur mál, og kennir þar ýmissa grasa svo sem eðlilegt er. Auk þess má svo segja að samstarfsyfirlýsingunni fylgi eins konar eftirmáli eða viðauki þar sem gert er ráð fyrir endurskoðun hennar á næsta ári. Í þættinum um efnahagsmál er annars vegar fjallað um þau markmið, sem að er stefnt, og hins vegar um leiðir eða aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Þar er í fyrsta lagi lögð áhersla á samráð og samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Er þar í raun og veru um að ræða eins konar hornsteina sem samstarfsyfirlýsingin er reist á, og er þar að finna undirstöðu þessa stjórnarsamstarfs.

Í samstarfsyfirlýsingunni segir svo um markmið þessa stjórnarsamstarfs:

„Ríkisstj. telur það höfuðverkefni sitt á næstunni að ráða fram úr þeim mikla vanda, sem við blasir í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Hún mun því einbeita sér að því að koma efnahagsmálum á traustan grundvöll og tryggja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, rekstrargrundvöll atvinnuveganna, fulla atvinnu og treysta kaupmátt launa.

Ríkisstj. mun leggja áherslu á að draga markvisst úr verðbólgunni með því að lækka verðlag og tilkostnað og draga úr vixlhækkunum verðlags og launa og halda heildarumsvifum í þjóðarbúskapnum innan hæfilegra marka. Hún mun leitast við að koma í veg fyrir auðsöfnun í skjóli verðbólgu.

Ríkisstj. mun jafnframt vinna að hagræðingu í ríkisrekstri og á sviði atvinnuvega, með sparnaði og hagkvæmri ráðstöfun fjármagns.

Ríkisstj. mun vinna að félagslegum umbótum. Hún mun leitast við að jafna lífskjör, auka félagslegt réttlæti og uppræta spillingu, misrétti og forréttindi."

Hér eru meginatriði stjórnarsamstarfsins dregin saman í hnotskurn. Síðan er svo gerð grein fyrir því, hvernig ætlunin er að ná þessum markmiðum, og er þá fyrst vikið að sjálfri forsendu stjórnarsamstarfsins, þ. e. samstarfinu við aðila vinnumarkaðarins. Segir svo um það:

„Ríkisstj. leggur áherslu á að komið verði á traustu samstarfi fulltrúa launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, sem miði m. a. að því að treysta kaupmátt launatekna, jafna lífskjör og tryggja vinnufrið.

Unnið verði að gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar, sem marki m. a. stefnu í atvinnuþróun, fjárfestingu, tekjuskiptingu og kjaramálum. Jafnframt verði mörkuð stefna um hjöðnun verðbólgu í áföngum og ráðstafanir ákveðnar, sem nauðsynlegar eru í því skyni, m. a. endurskoðun á vísitölukerfinu, aðgerðir í skattamálum og ný stefna í fjárfestingar- og lánamálum."

Að sjálfsögðu hafa ríkisstjórnir áður haft það á stefnuskrá sinni að leita eftir samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og hafa við þá samráð. Samt held ég að segja megi að hér sé farið inn á nýja braut. Í fyrsta lagi er lagður meiri þungi á þetta atriði en nokkru sinni fyrr, þar sem það er beinlínis gert að forsendu stjórnarsamstarfsins. Í annan stað hefur stjórnin eigi látið hér

sitja við orðin tóm. Hún lét það verða sitt fyrsta verk að koma formlegri skipan á þetta samráð við aðila vinnumarkaðarins, og það var fyrst eftir að slíkt samráð hafði átt sér stað að sett voru bráðabirgðalögin um kjaramál frá 8. sept. s.l. Reyndar má segja að til þessa samráðs hafi verið stofnað þegar áður en stjórnin var mynduð og þá alveg sérstaklega við helstu launþegasamtökin. Var einmitt með þeim hætti lagður grundvöllur að ýmsum efnisatriðum stjórnarsáttmálans.

Reynslan ein fær úr því skorið, hvernig til tekst um þetta samráð og hvort það ber tilætlaðan árangur. Auðvitað getur ríkisstj. aldrei skotið sér undan neinni ábyrgð með skírskotun til þessa ákvæðis. En hér er a. m. k. um merkilega tilraun að ræða.

Þessu næst er í yfirlýsingunni fjallað um fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum. Segir þar svo:

„Til þess að tryggja rekstur atvinnuveganna, atvinnuöryggi og frið á vinnumarkaði og veita svigrúm til þess að hrinda í framkvæmd nýrri stefnu í efnahagsmálum mun ríkisstj. nú þegar gera eftirgreindar ráðstafanir:

1) Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum frá febrúar 1978 og bráðabirgðalög frá maí 1978 verði felld úr gildi. Laun verði greidd samkvæmt þeim kjarasamningum, sem síðast voru gerðir, þó þannig að verðbætur á hærri laun verði sama krónutala og á laun, sem eru 233.000 kr. á mánuði miðað við dagvinnu.
2) Verðlag verði lækkað frá því sem ella hefði orðið, m. a. með niðurgreiðslum og afnámi söluskatts af matvælum, sem samsvarar 10% í vísitölu verðbóta 1. sept. og 1. des. 1978, og komið verði í veg fyrir hvers konar verðlagshækkanir eins og unnt reynist. Ríkisstj. mun leggja skatta á atvinnurekstur, eyðslu, eignir og hátekjur og draga úr útgjöldum ríkissjóðs til þess að standa straum af kostnaði við niðurfærsluna.
3) Til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna verði þegar í stað framkvæmd 15% gengislækkun, enda verði áhrif hennar á verðlag greidd niður (sbr. lið 2).
4) Rekstrarafkoma útflutnignsatvinnuvega verði bætt um 2—3% af heildartekjum með lækkun vaxta af afurða- og rekstrarlánum og lækkun annars rekstrarkostnaðar.
5) Gengishagnaði af sjávarafurðum verði ráðstafað að hluta í Verðjöfnunarsjóð, að hluta til útgerðar vegna gengistaps og loks til hagræðingar í fiskiðnaði og til þess að leysa sérstök staðbundin vandamál.
6) Verðjöfnunargjald það, sem ákveðið hefur verið af sauðfjafafurðum í ár, verði greitt úr ríkissjóði."

Heita má að nær allar þessar ráðstafanir hafi þegar verið gerðar. Þegar ríkisstj. var mynduð blasti við fjölþættur vandi í efnahags- og atvinnumálum sem dregist hafði að leysa, þar sem hér sat stjórn sem hafði sagt af sér og gat aðeins sinnt nauðsynlegum afgreiðslustörfum, en ekki markað pólitíska stefnu.

Það var því brýn nauðsyn, að núv. ríkisstj. hefði snör handtök og gripi þegar í stað til ráðstafana er tryggt gætu áframhaldandi rekstur atvinnuvega, atvinnuöryggi og vinnufrið. Þess vegna var strax tekin ákvörðun um nýja gengisskráningu og gefin út brbl. 5. sept. s. l. um ráðstöfun gengismunarsjóðs o. fl. Og þess vegna voru hinn 8. sept. s.l. gefin út brbl. um kjaramál, en í þeim lögum er einmitt að finna flestar þeirra ráðstafana sem í samstarfsyfirlýsingunni eru taldar til hinna fyrstu aðgerða. Þar er t. d. að finna ákvæði um kjarasamninga og um greiðslu verðbóta á laun, og eru þau í samræmi við fyrirheit stjórnarsáttmálans, auk fyrirmæla um bætur almannatrygginga. Í þessum brbl. eru og ákvæði um niðurfærslu vöruverðs og verðlagseftirlit, og eru þau einnig í samræmi við samstarfsyfirlýsinguna. Þá eru og fyrirmæli um tekjuöflun og heimildir til lækkunar ríkisútgjalda til þess að mæta þeim útgjaldaauka og tekjumissi sem stafar af ráðstöfunum til niðurfærslu verðlags.

Þar sem Alþingi mun síðar sérstaklega fjalla um þessi brbl. og þ. á m. um tekjuöflunarákvæði þeirra, skal eigi fjölyrt frekar um þau hér.

Af eðlilegum ástæðum er fjárlagafrumvarp ekki lagt fram í þingbyrjun. Það er að sjálfsögðu bagalegt. En ríkisstj. gat ekki vegna ákvarðana, sem hún tók í upphafi ferils síns og snerta fjárhag ríkisstjóðs, annað en endurskoðað það fjárlagafrv. sem lá fyrir í drögum, þegar hún var mynduð. Þeirri meginstefnu verður fylgt af ríkisstj., að ríkisbúskapurinn verði hallalaus í árslok 1979. Við það stefnumark verður að standa. Þær ráðstafanir, sem ríkisstj. varð að grípa til svo að segja strax eftir að hún var mynduð, verður fyrst og fremst að líta á sem bráðabirgðaúrræði. Verður að hafa það í huga við mat á þeim. En ég vil sérstaklega leggja áherslu á að jafnframt því sem óhjákvæmilegt var að gera þessar ráðstafanir á sviði efnahags- og kjaramála þegar í stað vegna brýns aðsteðjandi vanda, þá veita þær um leið nauðsynlegt svigrúm til þess að vinna að og koma í framkvæmd nýrri efnahagsstefnu og þeim framtíðarúrræðum sem samstarfsyfirlýsingin gerir ráð fyrir.

Í samstarfsyfirlýsingunni er einmitt boðuð ný og breytt efnahagsstefna. Um hana segir svo:

„Í því skyni að koma efnahagslífi þjóðarinnar á traustan grundvöll leggur ríkisstj. áherslu á breytta stefnu í efnahagsmálum. Því mun hún beita sér fyrir eftirgreindum aðgerðum:

1) Í samráði við aðila vinnumarkaðarins verði gerð áætlun um hjöðnun verðbólgunnar í ákveðnum áföngum.
2) Skipa skal nefnd fulltrúa launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds til endurskoðunar á viðmiðun launa við vísitölu. Lögð verði rík áhersla á að niðurstöður liggi sem fyrst fyrir.
3) Stefnt verði að jöfnun tekju- og eignaskiptingar, m. a. með því að draga úr hækkun hærri launa og með verðbólguskatti.
4) Stefnt verði að jöfnuði í viðskiptum við útlönd á árinu 1979 og dregið úr erlendum lántökum.
5) Mörkuð verði gjörbreytt fjárfestingarstefna. Með samræmdum aðgerðum verði fjárfestingu beint í tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðfélagslega arðbærum atvinnurekstri. Fjárfesting í landinu verði sett undir stjórn sem marki heildarstefnu í fjárfestingu og setji samræmdar lánareglur fyrir fjárfestingarsjóðina í samráði við ríkisstjórnina.
6) Dregið verði úr fjárfestingu á árinu 1979 og heildarfjármunamyndun verði ákveðin takmörk sett.
7) Aðhald í ríkisbúskap verði stóraukið og áhersla verði lögð á jafnvægi í ríkisfjármálum.
8) Ríkisstj. mun leita eftir samkomulagi við samtök launafólks um skipan launamála fram til 1. des.

1979 á þeim grundvelli að samningarnir frá 1977 verði framlengdir til þess tíma án breytinga á grunnkaupi. Í því sambandi er ríkisstj. reiðubúin til að taka samningsréttarmál opinberra starfsmanna til endurskoðunar, þannig að felld verði niður ákvæði um tímalengd samninga og kjaranefnd.

9) Dregið verði úr verðþenslu með því að takmarka útlán og peningamagn í umferð.
10) Niðurgreiðslu og niðurfærslu verðlags verði áfram haldið 1979 með svipuðum hætti og áformað er í fyrstu aðgerðum 1978.
11) Lögð verði áhersla á að halda ströngu verðlagseftirliti og að verðlagsyfirvöld fylgist með verðlagi nauðsynja í viðskiptalöndum til samanburðar. Leitað verði nýrra leiða til þess að lækka verðlag í landinu. Sérstaklega verði stranglega hamlað gegn verðhækkunum á opinberri þjónustu og slíkum aðilum gert að endurskipuleggja rekstur sinn með tilliti til þess. Gildistöku 8. gr. nýrrar verðlagslöggjafar verði frestað.

    Skipulag og rekstur innflutningsverlsunarinnar verði teki til rækilegrar rannsóknar. Stefnt verði að sem hagkvæmustum innflutningi á mikilvægum vörutegundum, m. a. með útboðum. Úttekt verði gerð á rekstri skipafélaga í því skyni að lækka flutningskostnað og þar með almennt vöruverð í landinu.

    Fulltrúum neytendasamtaka og samtaka launafólks verði gert kleift að hafa eftirlit með framkvæmd verðlagsmála og veita upplýsingar um lægsta verð á helstu nauðsynjavörum á hverjum tíma.
12) Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verði efldur til að vinna gegn sveiflum í sjávarútvegi.
13) Skattaeftirlit verði hert og ströng viðurlög sett gegn skattsvikum. Eldri tekjuskattslögum verði breytt með hliðsjón af álagningu skatta á næsta ári og nýafgreidd tekjuskattslög tekin til endurskoðunar.

    Sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir að einkaneysla sé færð á reikning fyrirtækja."

Í þessu sambandi má minna á viljayfirlýsingu, sem er að finna annars staðar í málefnasamningnum, þ. e. a. s. að gróði af sölu lands, sem ekki stafar af aðgerðum eiganda, skuli skattlagður.

Það segir sig sjálft, að á hinum stutta starfstíma sínum hefur ríkisstj. ekki getað sinnt þessum framtíðarverkefnum nema að litlu leyti. Þó er þegar hafið undirbúningsstarf að flestu því sem þar er nefnt. Þannig hefur t. d. svokölluð vísitölunefnd verið sett á fót, sbr. 2. tölulið þessa kafla, og hún hefur þegar hafið störf. Ríkisstj. leggur áherslu á að nefnd þessi skili fyrsta áliti um endurskoðun viðmiðunar launa við vísitölu fyrir 20. nóv. n.k., því mikið er í húfi að samkomulag takist um leiðir til þess að draga úr víxlhækkun verðlags og launa og til þess að treysta raunverulegan kaupmátt launa. Endurskoðun vísitölunnar á að vera fyrsta skrefið í þeirri áætlun um hjöðnun verðbólgu í ákveðnum áföngum sem ríkisstj. vill vinna að í samráði við samtök launþega og vinnuveitenda.

Stefnt er að því að ná allsherjar samkomulagi um skipan launamála fram til nóvemberloka 1979 án grunnkaupsbreytinga á því tímabili. Verkefnið er að draga úr verðbólgu, og það tekst ef samstaða næst. Sérstakri ráðherranefnd hefur verið falið að annast hið nána samráð við aðila vinnumarkaðarins um hjöðnun verðbólgu og mótun launamálastefnu, nefnd hefur verið skipuð til endurskoðunar skattamála, sbr. 13. tölulið, og fleira mætti hér sérstaklega tíunda, en því verður sleppt og aðeins endurtekið að undirbúningur er hafinn að framkvæmd flestra þessara fyrirheita. En reynslan verður að skera úr því, hversu skjótt sækist róðurinn og hver eftirtekjan verður. Ég vil ekki vera þar fyrir fram með neinar skrumyfirlýsingar.

Ég vil ekki heldur draga neina dul á það, að fyrstu ráðstafanir ríkisstj. í kjaramálum fela í sér mikinn fjárhagsvanda fyrir ríkisstjóð. Ríkisstj. telur að þann vanda verði að leysa, ef tiraunin til þess að rjúfa vítahring verðbólgunnar á að heppnast. Þetta verður mikilvægasta verkefnið á verkefnaskrá þingsins á þessu hausti, því fjárlög fyrir næsta ár verður að afgreiða með greiðsluafgangi til þess að jafna upp þann halla, sem ætla má að verði á þessu ári, og til þess að hamla gegn verðbólgu.

Næsta verkefni á sviði efnahagsmála er undirbúningur Þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar til nokkurra næstu ára. Tilgangur þessarar áætlunar verður að marka stefnuna fyrir almennar framfarir í landinu á næstu árum. Hún á að vera umgjörð áætlana á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins: um nýtingu landgæða og fiskstofna, um þróun iðnaðar og orkumála, um opinberar framkvæmdir og þjónustu, um lífeyrismál og húsnæðismál, svo nokkur mikilvæg svið séu nefnd. Öll áform um æskilegar framkvæmdir og aðgerðir á einstökum sviðum verður að meta í heildarsamhengi og takmarkast af framleiðslugetu þjóðarbúsins. Þetta varðar ekki síst stefnumótun af opinberri hálfu í fjárfestingarmálum, þar sem öll áhersla verður lögð á að tryggja í senn hæfileg heildarumsvif og beina fjármagninu til framleiðniaukandi fjárfestingar.

Í öðrum meginþætti samstarfsyfirlýsingarinnar er, eins og fyrr segir, fjallað um málefni atvinnuveganna, byggðamál, utanríkismál og aðra málaflokka. Þar eru ákveðin stefnumörk sett í mörgum og margvíslegum málefnaflokkum. Yrði of langt mál að rekja þau öll og brjóta til mergjar í þessari stefnuræðu. Ég vitna því aðeins nákvæmlega til nokkurra þeirra, en stikla lauslega á öðrum.

Fyrst er vikið að atvinnumálum. Um landbúnað segir:

„Stefnt verði að sem hagkvæmustu rekstrarformi og rekstrarstærð búa og að framleiðsla landbúnaðarvara miðist fyrst og fremst við innanlandsmarkað.

Skipuð verði samstarfsnefnd bænda og neytenda sem stuðli að aukinni fjölbreytni í búvöruframleiðslu og til samræmingar óskum neytenda með aukna innanlandsneyslu að marki.

Endurskoðað verði styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins með það að marki, að greiðslur komi bændum að betri notum en nú er.

Lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði breytt, m. a. á þann hátt að teknir verði upp beinir samningar fulltrúa bænda og ríkisvaldsins um verðlags-, framleiðslu- og önnur hagsmunamál landbúnaðarins. Jafnframt verði Framleiðsluráði veitt heimild til að hafa með verðlagningu áhrif á búvöruframleiðslu í samræmi við markaðsaðstæður.

Rekstrar- og afurðalánum verði breytt þannig að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú."

Um fiskveiðar og fiskvinnslu segir:

„Stjórnun fiskveiða og fiskvinnslu verði endurskoðuð og gerð áætlun um sjávarútveg og fiskiðnað. Miðist hún

við hagkvæma og arðsama nýtingu fiskistofna án þess að þeim verði stefnt í hættu. Staðbundin vandamál verði tekin til sérstakrar meðferðar og leyst markvisst og skipulega. Útflutningsverðmæti verði aukin með betri nýtingu, aukinni vinnslutækni, meiri fjölbreytni í afla, afurðum og öflugri sölustarfsemi.

Gerð verði úttekt á rekstri útflutningssamtaka í fiskiðnaði, fyrirkomulagi hans og hagkvæmni."

Um iðnað og orkumál segir:

„Unnið verði að áætlun um íslenska iðnþróun og skipulegri rannsókn á nýrri framleiðslu sem hentar hérlendis. Samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar verði tekin til endurskoðunar og spornað með opinberum aðgerðum gegn óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, m. a. með frestun tollalækkana. Íslenskum iðnaði verði veitt aukin tækniaðstoð til hagræðingar og framleiðniaukningar og skipuleg markaðsleit og sölustarfsemi efld.

Mörkuð verði ný stefna í orkumálum með það að markmiði að tryggja öllum landsmönnum næga og örugga raforku á sambærilegu verði.

Komið verði á fót einu landsfyrirtæki er annist meginraforkuframleiðslu og raforkuflutning um landið eftir aðalstofnlínum. Fyrirtæki þetta verði í byrjun myndað með samruna Landsvirkjunar, Laxárvirkjunar og orkuöflunarhluta Rafmagnsveitna ríkisins. Það fyrirtæki yfirtaki allar virkjanir í eigu ríkisins og stofnlínur.

Gerð verði áætlun um raforkuþörf og raforkuöflun til næstu 5—10 ára. Í því sambandi verði endurskoðuð framkvæmdaáætlun um Hrauneyjafossvirkjun, málefni Kröfluvirkjunar verði tekin til endurmats og tryggt viðunandi öryggi Vestfjarða og Austurlands í orkumálum.

Viðræðunefnd við erlenda aðila um orkufrekan iðnað verður lögð niður, enda hefur ríkisstj. engin áform um að heimila innstreymi erlends áhættufjármagns í stóriðjufyrirtæki."

Hér við mætti bæta því ákvæði, sem er á öðrum stað í yfirlýsingunni, að tilteknar orkulindir, þ. e. a. s. djúphiti í jörð og virkjunarréttur fallvatna, skuli vera þjóðareign.

Þegar hefur verið skipuð iðnþróunarnefnd svo og nefnd til að gera tillögur um framkvæmd á fyrirheitum í orkumálum.

Um byggðamál og samgöngur segir:

„Byggðastefnu verði fram haldið með svipuðum þunga og verið hefur. Áhersla verði lögð á hagræðingu og endurskipulagningu atvinnugreina um land allt og lausn staðbundinna vandamála þar sem atvinnuvegir eiga í sérstökum erfiðleikum eða búseta er í hættu.

Skipulag og starfshættir Framkvæmdastofnunar ríkisins og fleiri opinberra aðila verði endurskoðuð til að tryggja sem best þessa stefnu.

Haldið verði áfram að flytja þjónustuþætti hins opinbera út á land og efla þar ýmsa aðra starfsemi í tengslum við það.

Gerðar verði samgönguáætlanir fyrir landið í heild og einstaka landshluta, þar sem samræmdir verði flutningar á landi, sjó og í lofti. Sérstakt átak verði gert til að leggja bundið slitlag á aðalvegi og til endurbóta á vegum í strjálbýli. Áhersla verði lögð á að leysa samgönguerfiðleika staða sem eiga af þeim sökum við vanda að glíma í framleiðslu svo og í félagslegum samskiptum."

Þá eru í samstarfsyfirlýsingunni ákvæði um tryggingamál, dómsmál, menntamál, húsnæðismál, umhverfismál, atvinnulýðræði, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og starfshætti Alþingis og um hagræðingu á sviði opinbers rekstrar, svo sem í bankamálum. Þessi mál geri ég ekki sérstaklega að umtalsefni, ekki af því að þau teljist til minni háttar mála. Þau eru þvert á móti flest mjög mikilvæg. En mér sýnist að þar sé í mörgum tilfellum um að ræða framhald fyrri stefnu sem enn hefur ekki náð í áfangastað. Þó er þar einnig um ýmis nýmæli að ræða, en flest eru þau þannig vaxin, að ég býst ekki við að um þau sé eða verði mikill ágreiningur að stefnu til. Auðvitað getur annað orðið uppi á teningnum þegar til nánari útfærslu kemur.

Um utanríkismál er stutt yfirlýsing, en mikilvæg. Hún er svo hljóðandi:

„Þar eð ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki samið um stefnuna í utanríkismálum, verður í þeim efnum fylgt áfram óbreyttri grundvallarstefnu og verður þar á eigi gerð breyting nema samþykki allra ríkisstjórnarflokkanna komi til. Það skal þó tekið fram, að Alþb. er andvígt aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og dvöl hersins í landinu. Ekki verða heimilaðar nýjar meiri háttar framkvæmdir á yfirráðasvæði varnarliðsins."

Þessi yfirlýsing skýrir sig sjálf.

Um endurskoðun stjórnarskrárinnar er ákvæði sem ekki ætti að verða ágreiningur um. Þar segir:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að nefnd sú, sem stofna ber til þess að fjalla um endurskoðun stjórnarskrár samkvæmt samþykkt Alþingis og samkomulagi þingflokka þar um, ljúki því verki á tilsettum tíma. Jafnhliða fari fram endurskoðun á lögum um kosningar til Alþingis og á lögum um kosningar til sveitarstjórna."

Þá er í samstarfsyfirlýsingunni ákvæði um skipan nefndar til athugunar á öryggismálum. Þar er um að ræða algert nýmæli og má vera að sumum þyki það allnýstárlegt. En þar er að mínum dómi á margan hátt um merkilegt mál að tefla. Það ákvæði er svohljóðandi:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að sett verði upp nefnd þar sem allir þingflokkar eigi fulltrúa og verði verkefni nefndarinnar að afla gagna og eiga viðræður við innlenda og erlenda aðila til undirbúnings álitsgerðum um öryggismál íslenska lýðveldisins. Nefndin geri ítarlega úttekt á öryggismálum þjóðarinnar, stöðu landsins í heimsátökum, valkostum um öryggisstefnu, núverandi skipan öryggismála og áhrif á íslenskt þjóðlíf svo og framtíð herstöðvanna eftir að herliðið fer og varnir gegn hópum hryðjuverkamanna. Nefndin fjalli einnig um hugmyndir um friðlýsingu, friðargæslu og eftirlit á Norður-Atlantshafi og láti semja yfirlit yfir skipan öryggismála smáríkja í heiminum, einkum eyríkja sem eiga svipaðra hagsmuna að gæta og Íslendingar. Nefndin fái starfskrafta og fé til að sinna verkefnum sínum og til að gefa út álitsgerðir og greinargerðir um afmarkaða þætti í því skyni að stuðla að almennri umræðu."

Í mörgum löndum starfa sjálfstæðar stofnanir sem fjalla á hlutlægan hátt um utanríkis- og öryggismál. Slík stofnun er okkur Íslendingum ofviða. En ég vil líta á þessa könnunarnefnd í öryggismálum sem vísi að hliðstæðri starfsemi hér.

Þá er að lokum, eins og áður er sagt, eins konar eftirmáli eða viðauki við samstarfsyfirlýsinguna, þar sem segir að stjórnarflokkarnir séu sammála um að taka samstarfsyfirlýsinguna til endurskoðunar á árinu 1979.

Slíkt ákvæði er óvenjulegt í stjórnarsamningi. En þegar allar aðstæður eru virtar tel ég það eðlilegt og skynsamlegt.

Stjórnarmyndunartilraunir stóðu að vísu lengi yfir og nokkrar tilraunir voru gerðar til að mynda samstjórn þeirra flokka sem standa að núverandi ríkisstjórn. Í hverri stjórnarmyndunartilraun var unnið starf sem að gagni kom. Eigi að síður er það staðreynd, að núv. ríkisstj. var mynduð á elleftu stundu, ef svo má segja, og vegna tímaskorts var þess enginn kostur að huga svo vel að ýmsum málefnum sem æskilegt hefði verið. Menn urðu að hrökkva eða stökkva, án þess að ráðrúm gæfist til þeirrar íhugunar og skoðunar, sem ýmsir hefðu kosið, og til að binda ýmsa enda sem við stjórnarmyndun varð að skilja við ófesta. Ég tel það því í alla staði eðlilegt og raunsætt, að ýmsar viljayfirlýsingar stefnuskrárinnar séu teknar til endurskoðunar að fenginni nokkurri reynslu og með hliðsjón af þeim viðhorfum sem þá eru í sjónmáli.

Með þessari stefnuræðu hefur verið útbýtt skrá yfir þau stjórnarfrumvörp, þ. e. a. s. lagafrumvörp, sem einstakir ráðherrar hyggjast flytja á þessu þingi. Ég vísa til þeirrar skrár og sé ekki ástæðu til að lengja stefnuræðu þessa með lestri hennar.

Ég býst við því, að flestir stuðningsmenn þeirra flokka, sem að stjórn þessari standa, ætlist til þess, að ríkisstj. þessara flokka sé umfram allt framfarastjórn. Og vissulega vill þessi ríkisstj. vera framfarastjórn, svo sem mörg ákvæði stefnuskrárinnar bera vitni. Hlutverk þessarar stjórnar verður þó fyrst í stað, að mínum dómi, fyrst og fremst það að vera viðnáms- og aðhaldsstjórn. En ég held ég geti sagt, án þess að það séu innantóm orð, að við viljum stjórna fyrir fólkið og með fólkinu. Gengi þessarar stjórnar er því ekki hvað síst undir því komið, að henni takist að fylgja þeirri leiðarstjörnu. Og menn geta spurt sjálfa sig: Ef þessari stjórn tekst það ekki — hvað þá?

Það segir sig sjálft, að þessi ríkisstjórn, eins og raunar aðrar, hefur störf sín með þeim ásetningi að koma góðu til leiðar. En þrátt fyrir að ýmsu leyti hagstæðar ytri aðstæður og þrátt fyrir það að við ættum að standa sæmilega að vígi þó að eitthvað kunni að blása á móti, þá er því ekki að neita, að við ýmis vandamál er að fást, sum sprottin upp í heimahögum, en önnur utanaðkomandi og síður á okkar valdi. Á bak við margt leiti bíður óvissa. Það er því ekki á mínu færi að spá um framtíðina. Þess vegna fer best á því við upphaf ferðar að stilla öllum fullyrðingum í hóf.

Þessi ríkisstj. ætlar sér ekki þá dul að gera alla ánægða. Ákvarðanir ríkisstjórnar byggjast á samanburði og mati á hagsmunum og valkostum, að sjálfsögðu innan ramma laganna. Þessi ríkisstj. vill öðru framar líta á hagsmuni heildarinnar án þess þó að setja frjálsræði einstaklingsins og athafnaþörf skorður fram yfir það sem þjóðarhagur krefst.

Auðna hlýtur oft að ráða hversu til tekst í framkvæmd og að hve miklu leyti góð áform verða að veruleika. En að sjálfsögðu er það von ríkisstj. að geta stuðlað að því að bæta samfélagið og lífsskilyrði innan þess á ýmsa lund, þannig að íslenskt þjóðfélag megi verða öðrum til fyrirmyndar á sem flestum sviðum. Þess vegna vill ríkisstj. treysta á skilning og velvilja þingmanna og þjóðarinnar.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Alþb. er sá flokkur sem lengst af hefur verið stefnulaus í efnahagsmálum og hefur ekki fengist til að viðurkenna grundvallarstaðreyndir í íslensku efnahagslífi. Fyrir kosningarnar í vor setti Alþb. fram stefnu í efnahagsmálum og hafði þar lausn á sérhverju vandamáli. Stefna þess var að mestu óframkvæmanleg og þar voru augljósar blekkingar, hvort sem þær hafa verið settar fram vísvitandi eða ekki.“

Góðir áheyrendur. Þetta voru ekki mín orð, heldur Halldórs Ásgrímssonar, fyrrv. alþm. Framsfl., í Tímanum nú nýverið. En ég vil gera þau að mínum orðum í upphafi ræðu minnar. Það er einmitt þessi óframkvæmanlega stefna Alþb. og blekkingar þess sem formaður Framsfl. var að gera ykkur, góðir áheyrendur, grein fyrir áðan í stefnuræðu forsrh. Framsfl. og Alþfl. hafa gengið undir jarðarmen Alþb. og gert botnlausa stefnu Lúðvíks Jósepssonar að sinni. Blekkingarnar og svikin kosningaloforð eru t. d. í því fólgin að setja átti samningana í gildi, sem ekki hefur verið efnt. Enn er í gildi vísitöluþak með líkum hætti og samkv. maílögunum, en auk þess er vegið tvisvar í sama knérunn þar sem þeim, sem fyrir því verða, er gert að greiða aukatekjuskatt til viðbótar. En að svo miklu leyti sem samningarnir eru látnir taka gildi, þá er það annars vegar gert með því að falsa vísitöluna og hins vegar með því að fjármagna fölsun vísitölunnar með aukinni skattheimtu.

Þetta eru ekki ný vinnubrögð vinstri stjórnar. Á árinu 1973 var vísitalan borguð niður fyrir hvern útreikningsdag með auknum niðurgreiðslum eða fjölskyldubótum sem síðan voru lækkaðar eftir gildistöku vísitölu. Nú er eins farið aftan að launþegum í landinu.

Fyrir kosningar var loforðið „samningar í gildi“ án alls fyrirvara. En eftir kosningar eiga launþegar að kaupa þær þokkalegu efndir loforðsins, sem í fölsun vísitölunnar og aukinni skattheimtu felast, með því að skuldbinda sig til að gera engar breytingar á grunnkaupi í eitt ár a. m. k. eftir að samningstímabili lýkur 1. des. n. k. og opinberir starfsmenn þurfa að falla frá þegar umsömdum grunnkaupshækkunum á næsta ári.

Fyrir kosningar hélt stjórnarandstaðan því fram, að kaupgjald í landinu væri hreint aukaatriði varðandi verðbólguvöxt, tilkostnað og afkomu atvinnuveganna. Eftir kosningar er annað hljóð komið í strokkinn.

Fyrir kosningar voru verkalýðsforingjar kommúnista og krata ódeigir að beita bæði ólöglegum og löglegum þvingunaraðgerðum gegn stjórnvöldum og almenningshagsmunum til að koma í veg fyrir að efnahagsaðgerðir næðu tilgangi sínum. En eftir kosningar og stjórnarmyndun sitja þessir sömu menn eins og mýs undir fjalaketti og láta sér lynda að spilað sé höflaust á hið falska hljóðfæri, sem framfærsluvísitalan er, með því að greiða niður þær vörur sem ódýrast er fyrir ríkissjóð og vega mun þyngra í vísitölu en í raunverulegum útgjöldum almenninngs, en leggja aukaskatt á aðrar vörur sem vega aftur á móti mun þyngra í útgjöldum fjölskyldunnar en í vísitölunni eða koma þar alls ekki fram. Og þótt þess séu alvarleg dæmi, eins og með gamla kjötið, að vörurnar fáist ekki á því verði sem reiknað er með í vísitölu, þá þegja hinir galvösku komma- og krataforingjar.

Sannleikurinn er sá, að kosningaloforðið „samningarnir í gildi“ og vanefndir þess er mesta hókus-pókus sjónhverfingaspil íslenskra stjórnmála og kjaramála, sem dæmi eru til um.

Sjálfstfl. hefur verið sjálfum sér samkvæmur einn íslenskra stjórnmálaflokka fyrir og eftir kosningar. Sjálfstæðismenn sögðu fyrir kosningar að ekki væri unnt að tryggja meiri kaupmátt ráðstöfunartekna að óbreyttum afla og viðskiptakjörum en menn þá nutu og var

15—17% meiri en fyrir kjarasamninga á síðasta ári og sá mesti í sögu þjóðarinnar. En kommúnistar og kratar sögðu að tryggja bæri þann kaupmátt sem stefnt var að með kjarasamningunum 1977. Fáir gátu þó skýrt hver sá kaupmáttur væri, en eftir því sem næst varð komist var hann enn a. m. k. 10% meiri en við nutum fyrri hluta þessa árs. Ábyrgð á þessum efndum hafa nú framsóknarmenn einnig tekið. En það stenst ekki til lengdar, ef við eigum ekki að auka erlenda lánabyrði, reka ríkissjóð með halla, auka verðbólguna í landinu sem allir segjast vera á móti. Stefna núv. ríkisstj., að svo miklu leyti sem hægt er að tala um stefnu, leiðir óhjákvæmilega til þessa alls og síðan að lokum til atvinnuleysis.

Tvennt er það sem forsrh. hengir hatt sinn á í stefnuræðu sinni: annars vegar endurskoðun á vísitölunni og hins vegar samráð við aðila vinnumarkaðarins, og er hvort tveggja góðra gjalda vert. Þess er skemmst að minnast, að við gerðum sameiginlega tilraun í fyrrv. ríkisstj. til að taka óbeina skatta út úr vísitölunni og þar með allar niðurgreiðslur vöruverðs. Þá væri ekki hægt lengur að spila á hið falska hljóðfæri vísitölukerfisins og stjórnvöld hefðu frjálst val milli óbeinna og beinna skatta sem nú eru ekki í vísitölu. Hér er um hagsmunamál launþega og almennings í landinu að ræða. Samt sem áður beittu forustumenn ASÍ sér gegn þessu, og til samkomulags við þá var ákvæði þessa efnis fellt niður í endanlegri gerð febrúarlaganna. Vonandi hafa viðhorf manna breyst í þessum efnum. Auðvitað er nauðsynlegt að draga úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags með endurskoðun vísitölukerfisins, t. d. með einhvers konar þjóðhagsvísitölu. En aðalatriðið er þó að stjórnvöld veiti svigrúm í þjóðarútgjöldum fyrir þeirri einkaneyslu, fyrir þeim kaupmætti ráðstöfunartekna sem þau segjast stefna að og launþegar geta við unað.

Í stefnuræðunni er lögð mikil áhersla á mikilvægi samstarfs við aðila vinnumarkaðarins og sagt að hér sé farið inn á nýja braut og um merkilega tilraun sé að ræða. Staðreyndir málsins eru að flestar eða allar ríkisstj., sem hér hafa setið síðustu áratugi, hafa leitað slíks samstarfs, þótt árangur hafi verið misjafn.

Stjórn Hermanns Jónassonar byggðist á slíku samstarfi og skuldbatt sig til að gera ekki ráðstafanir í efnahagsmálum nema með samþykki Alþýðusambandsins. Stjórnin fór frá, þegar Alþýðusambandsþing neitaði að fallast á till. stjórnarinnar.

Viðreisnarstjórnin hafði stöðugt og náið samband við aðila vinnumarkaðarins, a. m. k. allt frá því í lok árs 1963.

Vinstri stjórnin 1971—1974 mun og hafa haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, þótt það endaði með ósköpum eins og kunnugt er.

Fyrrv. ríkisstj. hafði samráð við aðila vinnumarkaðarins í sambandi við aðgerðir sínar í efnahagsmálum. Þessir aðilar tóku einnig þátt í störfum verðbólgunefndar sem lagði til að slíku samráði yrði komið á víðtækan og formlegan grundvöll, og var undirbúningur að því hafinn í tíð fyrrv. ríkisstj. þótt undirtektir launþegasamtakanna væru þá ekki fullnægjandi og launþegasamtökin væru þá misnotuð í flokkspólitískum tilgandi af hálfu Alþb. og Alþfl.

Fyrir kosningar töluðum við sjálfstæðismenn um þjóðarsátt í kjaramálum og höfum í engu breytt afstöðu okkar í þeim efnum. Alþfl.-menn töluðu um kjarasáttmála. Í sannleika sagt létu framsóknarmenn sér fátt um finnast í þessum efnum, og Alþb. talaði jafnvel um nauðsynlegt stéttastríð. En batnandi mönnum er best að lifa, og reynslan ein fær úr því skorið, hvort hugur fylgir máli. En ég vil vara við því að ríkisvaldið, ríkisstj. og löggjafarsamkoman, Alþingi, glati sjálfstæði sínu gagnvart hagsmunasamtökum og þrýstihópum í þjóðfélaginu. Á sama hátt hlýtur það að vera umhugsunarefni, að t. d. launþegasamtökin verði ekki leiðitamt verkfæri stjórnvalda, eins og er hvarvetna í ríkjum sósíalismans, þar sem þjóðskipulagi, sem Alþb. hefur á stefnuskrá sinni, er komið á. Best fer á að nokkur verkasipting sé á milli ríkisvalds og hagsmunasamtaka og hvort um sig virði sjálfstæði hins eins og frekast má verða.

Nýjar álögur beinna skatta, sem menn eru að fá tilkynningar um þessa dagana, eru ekki í samræmi við stefnu launþegasamtakanna sem undanfarið hafa lagt áherslu á lækkun beinna skatta.

Tekjuskattsaukinn veldur því, að menn greiða 70% af jaðartekjum sínum í skatt og skyldusparnað til hins opinbera. Og hann leggst ekki bara á hátekjufólk. Tekjuskattsaukinn leggst á þúsundir skattgreiðenda, þ. á m. á sjómenn sem með ákvörðun fiskverðs nú síðast hafa ekki fengið hlutfallslega sömu launahækkun og aðrir landsmenn, og einnig þær fjölskyldur þar sem hjón vinna bæði úti. Þessi skattur dregur úr vilja manna til að leggja sig fram til að auka verðmætasköpunina í þjóðfélaginu og felur auk þess í sér þá hættu, að menn telji sið ferðilega ekkert rangt að draga tekjur undan skatti. Það er eins og mig minnir að einhverjir stjórnarsinnar hafi talað um neðanjarðarhagkerfi. Hvað er líklegra til að auka það en þessi óréttláti skattur?

Þá er 50% og 100% viðbótareignarskattur rökstuddur með því að ná til verðbólgubraskaranna. En eignarskatt greiða menn af skuldlausri eign, og verðbólgubraskarar hafa vit á því að skulda jafnmikið og matsverð eða bókfært verð eigna þeirra nemur. Það er einmitt sparsama og skilvísa fólkið í landinu sem lendir mestmegnis í þessum skatti. Ég frétti í dag af 85 ára gömlum Reykvíkingi sem unnið hefur hörðum höndum af dugnaði alla ævi, en hefur nú aðeins ellilífeyristekjur en á íbúð. Hann fær 31 þús. kr. skattreikning. Þetta eru breiðu bökin, en skuldakóngarnir sleppa sem Alþb.-menn og framsóknarmenn halda verndarhendi yfir með því að viðurkenna ekki raunvexti og láta sig hag sparifjáreigenda engu skipta.

Viðbótartekjuskatturinn á atvinnurekstur viðurkennir ekki fyrningarfrádrátt atvinnutækja. En þar með er dregið úr möguleikum til endurnýjunar véla og tækja sem til aukinnar hagkvæmni og framleiðni leiðir og fyrst og fremst getur tryggt raunverulega kjarabót launþegum til handa.

Allt rekur sig á annars horn í starfslýsingu ríkisstj. Þannig á að beina fjárfestingu í tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðfélagslegra arðbærum atvinnurekstri, en um leið er einmitt fjármagn til þessara nota tekið af atvinnurekstrinum. Þannig er gengið lækkað til þess að auka tekjur atvinnufyrirtækja í krónutölu og lofað er vaxtalækkun sem er algerlega óraunhæf, en um leið eru stórauknar álögur á atvinnuvegina. Hvers konar hringdans vitleysunnar er hér á ferðinni, eða var á öðru von af vinstri stjórn?

Stefna Sjálfstfl. er skýr í skattamálum:

1. Takmarka ber umsvif hins opinbera og þar með heildarskattlagningu á landsmenn, enda lækkaði hlutfall

ríkisútgjalda á síðasta stjórnartímabili úr 31—32% í 27—28% af þjóðarframleiðslu.

2. Skattlagning á fremur að vera á eyðslu með óbeinum sköttum, en síður með beinum sköttum á tekjur eða verðmætasköpunina í þjóðfélaginu. Í samræmi við það lækkaði hlutfall beinna skatta í tekjuöflun ríkisins um þriðjung á síðasta kjörtímabili.

3. Tekjuskattar eiga ekki að leggjast á almennar launatekjur og hæsti skattur í heild ekki að fara fram úr 50% af síðustu tekjum sem menn fá í sinn hlut.

Þótt stutt reynsla sé komin af störfum ríkisstj. og árangri þeirra bráðabirgðaráðstafana sem hún sjálf kallar svo og hefur staðið fyrir, þá er samt ljóst að hvorki ríkisstj. í heild né einstakir ráðh. gera sér grein fyrir hvert stefnir og því síður hvert á að stefna og hvaða leiðir skuli velja. Samræmd efnahagsstefna er engin fyrir hendi. Aðgerðir í kaup- og kjaramálum, þ. á m. verðlagsmálum, hafa kynt verðbólgueldinn svo að við blasir 1. des. meiri hækkun vísitölu en ætlað var að ógerðum þessum bráðabirgðaráðstöfunum.

Núv. ríkisstj. hefur ekki leyst vandann, heldur aukið hann. Undirstöðuatvinnuvegir eru reknir með halla þrátt fyrir að sölusamtök frystihúsa hafi hækkað útborgunarverð til húsanna til viðbótar hækkun í kjölfar gengisfellingar í september. Þetta er gert í krafti loforðs ríkisstj. að láta gengið síga, og það sig er þegar hafið, eins og skráning dollarans ber með sér, og á því miður eftir að aukast. Í stað þess að auka samkeppni og frelsi í verslun og vöruvali er horfið frá nýrri skipan, sem samkomulag hafði orðið um í fyrrv. stjórn til að tryggja heilbrigða verslunarhætti og sem lægst vöruverð, til gamals og úrelts skipulags sem búið er að vera skaðvaldur í atvinnulífi landsins í hartnær 40 ár og raunar beint og óbeint verðbólguvaldur á þessu tímabili og allar nágrannaþjóðir hafa horfið frá.

Í stað þess að marka raunhæfa vaxta- og verðtryggingarstefnu ætlar ríkisstj. jafnvel bæði að lækka og hækka vexti, og missir þannig tökin á peningamálum og á stjórn fjárfestingar.

Sjálfstæðismenn hafa bent á, að dregið hafi verið úr fjárfestingum með almennum aðgerðum á síðasta kjörtímabili úr 33% í 27% af þjóðarframleiðslu, og telja eðlilegt, að fjárfestingin sé jafnan um fjórðungur þjóðarframleiðslunnar, til þess að veita svigrúm til aukinnar einkaneyslu. Bersýnilega ætlar stjórnin hins vegar að grípa til vinstristjórnarúrræða í fjárfestingarstjórn, boða og banna og þess misréttis sem þau leiða af sér milli atvinnugreina og einstaklinga. Tilraunir í þá átt eru bæði stórlega skaðlegar og ná ekki heldur þeim árangri sem til er ætlast. Í stað þess að gæta þess árangurs, sem fyrrv. fjmrh. hafði náð, og áætlunargerð í fjmrn. eftir mitt ár staðfesti að greiðslujöfnuður mundi nást hjá ríkissjóði á þessu ári, eru ákveðin útgjöld sem óhóflega aukin tekjuöflun stendur þó ekki undir, þar sem komið er aftan að borgurunum með afturvirkum, siðlausum og jafnvel ólögmætum hætti. Á næsta ári er og fyrirsjáanlegt, að tugmilljarðabil þarf að brúa hjá ríkissjóði með enn aukinni skattheimtu samkv. frásögn forsrh., enda bólar ekki enn á fjárlagafrv. sem þó er venjulega fyrsta mál þingsins. Slíkur hallarekstur og háttalag sem útlit er fyrir magnar auðvitað verðbólguna til viðbótar við allt annað.

Þessi upptalning sýnir, að samræmd stefna í baráttunni gegn verðbólgunni er engin mörkuð. Botnleysa Alþb. ræður ferðinni, en Alþfl. og Framsfl. eru stefnulausir bandingjar, týndir og tröllum gefnir.

En í einu á þó núv ríkisstj. heiður skilið: að fylgja óbreyttri stefnu í utanríkismálum. Þessi staðreynd er athyglisverð þegar tekið er mið af fyrri vinstri stjórnum, sem báðar hafa haft það sem yfirlýsta stefnu sína að gera landið varnarlaust með því að rifta varnarsamningnum við Bandaríkin. Af umræðum meðal stjórnarsinna frá því að ríkisstj. var mynduð má helst ráða, að þeir ætli að láta sér nægja að deila um keisarans skegg á sviði utanríkismála að þessu sinni.

Alþb.-menn hafa dregið fram í dagsljósið hugmynd um friðlýsingu hafsvæða. Hins vegar hefur utanrrh. sagt, að slíkar friðlýsingarhugmyndir séu algerlega óraunhæfar. Án þess að ég ætli að blanda mér í þessar deilur vinstri manna vil ég þó ekki láta hjá líða að lýsa yfir stuðningi við sjónarmið utanrrh. Það er því miður óraunhæft að gera sér vonir um að Sovétríkin fallist á nokkra takmörkun á sívaxandi flotaumsvifum sínum á höfunum umhverfis Ísland.

Ríkisstj. ætlar að skipa n. með fulltrúum allra þingflokka til að gera úttekt á öryggi Íslands. Sjálfstfl. fagnar því, að ætlunin er að láta draga saman allar staðreyndir um hernaðarlega stöðu landsins. Af flokksins hálfu verður stuðlað að því, að þetta starf verði unnt að vinna á hlutlægan hátt með aðstoð fróðustu manna innanlands og utan. Flokkurinn mun hins vegar ekki taka þátt í störfum þessarar n., ef ætlunin er að misnota hana í pólitískum tilgangi.

Við Íslendingar höfum haldið vel á utanríkismálum okkar, þótt hliðarspor hafi raunar verið stigin á árum vinstri stjórnar sem leiðrétt hafa verið sem betur fer. Sigurinn í 200 mílna útfærslu fiskveiðilögsögunnar í tíð fyrrv. ríkisstj. er glöggt dæmi um hvernig halda ber á málum gagnvart öðrum þjóðum. Í beinu framhaldi af þeim sigri þarf að mörgu að hyggja.

Þrjú fyrstu mál þingsins fjalla um hafréttarmálefni. Þau eru flutt af 8 sjálfstæðismönnum, einum úr hverju kjördæmi. Fyrsta málið fjallar um rannsókn á landgrunni Íslands, annað um réttindi á Íslandshafi og þriðja um landgrunnsmörk Íslands til suðurs. Hér er um að ræða hin mikilvægustu mál, sem stjórnarandstaðan hefur forustu um og býður þar með stjórnarflokkunum fulla samvinnu og samstöðu um að tryggja réttindi okkar á sviði hafréttarmála. Efa ég ekki, að ríkisstj. muni ganga til samstarfs við Sjálfstfl. um framkvæmd þessara mikilvægu mála, og vona, að engin bið verði á því, þar sem á miklu ríður að vera vel undirbúinn þegar næsti fundur hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna verður haldinn eftir nokkra mánuði.

Herra forseti. Ég skal engu spá um langlífi þeirrar ríkisstj. sem nú situr. En margt bendir til þess, að tvennt geti gerst: Annaðhvort gefst ríkisstj. blátt áfram upp, af því að hún hefur í byrjun reist sér hurðarás um öxl og á engin sameiginleg úrræði, eða hún verður að beita meiri hörku í anda þeirra auknu ríkisafskipta, skömmtunar, hafta og banna sem svokallaðir vinstri flokkar ýmist fylgja eða eru hneigðir til að nota í þeirri trú að nauðsynlegt sé að ríkið beiti foreldravaldi gegn fullorðnu fólki. Við sjálfstæðismenn erum þessu algerlega andvígir. Skarpari skil kunna því nú að vera í ísl enskum stjórnmálum en oft áður.

Við sjálfstæðismenn teljum að baráttan gegn verðbólgunni verði að hafa algeran forgang, þar sem hún stofnar lýðræði, einstaklingsfrelsi og lífskjörum fólksins í

voða. En við þurfum einnig að horfa fram á við að öðru leyti og beina athygli okkar að öðrum málefnum. Sumir segja að um miðjan síðasta áratug hafi þjóðin náð því marki í öllum meginatriðum að búa við sambærileg lífskjör og aðrar þjóðir, og er það afrek út af fyrir sig, þá hafi athygli okkar og annarra beinst að verndun umhverfis og náttúru og nú hafi tekist að vekja fólk til vitundar um nauðsyn slíkrar umhverfisverndar, í umróti nútímaþjóðfélags hafi hins vegar sálarheill fólksins sjálfs, einstaklingsins, e. t. v. gleymst. Þess vegna þurfum við í vaxandi mæli að beina athygli okkar að einstaklingnum sjálfum. Það er og í samræmi við þá grundvallarstefnu Sjálfstfl. að halda fram hlut hins frjálsa, ábyrga einstaklings, sem neytir hæfileika sinna sjálfum sér til lífsfyllingar og öðrum til gagns í frjálsu, réttlátu samfélagi. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Alþingiskosningarnar á s. l. vori mörkuðu Alþfl. nýja stöðu í íslenskum stjórnmálum. Baráttumál flokksins hlutu ríkari hljómgrunn meðal þjóðarinnar en nokkru sinni fyrr og þingstyrkur Alþfl. nærfellt þrefaldaðist. Okkur þm. Alþfl. er ljóst, að hinn fjölmenni kjósendahópur gerir miklar kröfur til okkar. En við ætlum líka að gera miklar kröfur til sjálfra okkar og við munum ótrauð vinna að framgangi jafnaðarstefnunnar og stefnumála Alþfl. innan þings og ríkisstj.

Það er eðli allra samsteypustjórna, að enginn þátttakenda nær fram öllum stefnumálum sínum. Málefnasamstarf byggist á málamiðlun ólíkra sjónarmiða. Hver flokkur finnur því kost og löst á hinu málefnalega samkomulagi. Þetta á auðvitað við um samstarfsyfirlýsingu flokkanna sem að núv. ríkisstj. standa. Alþfl. hefur ekki komið fram öllum áhugamálum sínum, en mörg stefnumála hans er engu að síður að finna í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj.-flokkanna. Ég vil minna á nokkur þessara stefnumála.

Ég minni á samstarf milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um úrlausn efnahagsmála í því skyni að treysta kaupmátt launatekna og jafna lífskjör og koma þannig á raunverulegum kjarasáttmála. Þetta er einn af hyrningarsteinum núverandi stjórnarsamstarfs. Ég minni á gerbreytta fjárfestingarstefnu, sem við Alþfl.-menn lögðum ríka áherslu á fyrir kosningar, og breytingu á fjárfestingarstjórninni, þannig að fjárfestingin beinist í þjóðfélagslega arðbær verkefni og treysti þannig undirstöðu lífskjaranna. Ég minni á endurskoðun vísitölukerfisins og raunhæfa baráttu gegn verðbólgunni. Ég minni á hlutverk áætlunarbúskapar við að halda heildarumsvifum í þjóðfélaginu innan hæfilegra marka og gerð þjóðarhags- og framkvæmdaáætlana í þessu skyni. Allt eru þetta stefnumál Alþfl. sem finna má í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna.

Í samstarfsyfirlýsingunni er líka að finna þá stefnu Alþfl., að skipulag landbúnaðarins verði endurskoðað þannig að framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við innanlandsmarkað. Hér er á ferðinni gamalt stefnumál Alþfl. sem hann hefur barist fyrir fyrir daufum eyrum árum saman. Og í samstarfsyfirlýsingunni er líka að finna hugmyndir Alþfl. um atvinnulýðræði, um endurskoðun á starfsháttum Alþingis, um endurbætur á húsnæðislánakerfinu og um verðtryggðar lífeyrisgreiðslur í ellinni til handa öllum landsmönnum. Síðast, en ekki síst má nefna þau stefnumið að vinna gegn spillingu, misrétti og forréttindum í þjóðfélaginu, að herða viðurlög gegn skatta- og bókhaldssvikum og gera sérstakar ráðstafanir gegn því, að einkaneysla sé færð á reikning fyrirtækja, svo og sérstakar endurbætur í dómsmálunum, en á öll þessi atriði höfum við Alþfl.-menn lagt ríka áherslu í málflutningi okkar á undanförnum missirum.

Öll munu þessi stefnumál miða að auknu réttlæti í landinu og traustari afkomu og auknu öryggi allrar alþýðu. Hinu er svo ekki að leyna, að á endanum er það framkvæmd stefnumálanna sem ræður úrslitum.

Að framkvæmd þessara mála og ýmissa annarra stefnumála munum við þm. Alþfl. beita okkur eftir því sem kraftar og geta leyfa. Enginn má þó ganga þess dulinn, að árangur í hinum margvíslegustu umbótamálum er undir því kominn, hvernig tekst til um almenna stjórn efnahagsmála og þó fyrst of fremst hvernig tekst að hafa hemil á verðbólgunni sem geisað hefur með ógnvekjandi hraða á liðnum mánuðum og árum.

Við Íslendingar erum í rauninni þjóð í vanda. Erlend skuldasöfnun, óðaverðbólgan og missirislegar efnahagskreppur undangenginna ára eru nægur mælikvarði á umfang þessa vanda. En af verðbólgunni hefur leitt misrétti og aðstöðubrask sem grefur undan siðferðilegum styrk þjóðarinnar og efnahagslegum mætti þjóðarbúsins. Hættan er reyndar ekki einasta fólgin í vandanum sjálfum, heldur ekki síður í viðhorfum okkar til vandans. Það má fá stundargrið með því að flýja frá vandanum ellegar í ástundum ábyrgðarlausra yfirboða. En slíkt ráðslag mun einungis auka á vandann til lengdar og bjóða hættunni heim.

Ég held að of margir hafi gert sér of litla grein fyrir þeim vanda og þeirri hættu sem verðbólgan skapar í þjóðfélaginu, hafi gert sér of litla grein fyrir því, hvernig verðbólgan fæðir sjálfa sig og leiðir þannig til enn frekari verðbólgu.

40—50% verðbólga, eins og við höfum mátt búa við að undanförnu, ruglar allt verðmætamat. Allar peningalegar ákvarðanir, hvort heldur þær eru teknar í fyrirtækjum eða á heimilunum við þetta verðbólgustig, eru brenglaðar. Peningatekjur launþega nýtast illa. Fjárfestingarákvarðanir fyrirtækja eru ruglaðar. Verðbólgan hefur alið af sér argasta óréttlæti, þar sem braskarar auðgast á kostnað alþýðunnar. Verðbólgan felur í sér stjórnlausa eignatilfærslu frá þeim, sem spara með einum eða öðrum hætti, og til hinna, sem eiga óeðlilegan aðgang að lánastofnunum. Verðbólgan þýðir einfaldlega að það er gróði að skulda. Bankar og aðrar lánastofnanir geta þannig ráðið miklu um lífskjör fólksins. Verðbólgan skapar vitaskuld engin verðmæti. Braskarar græða, en allur almenningur tapar.

En verðbólgan hefur líka önnur afgerandi og afdrifarík áhrif. Hún hefur afdrifarík áhrif á fjárfestinguna. Hin raunverulega arðsemi hverfur í skuggann. Fjárfestingin leitar í hinn auðtekna verðbólgugróða sem svarar ekki til neinna raunverulegra verðmæta. Einstaklingurinn kann að auðgast, en þjóðarbúið í heild er verr búið en ella til þess að þjóna þegnum sínum, og undirstaða lífskjaranna hefur rýrnað af fjárfestingunni í stað þess að vaxa og eflast. Verðbólgan er þannig tekin að stjórna fjárfestingunni og hagkerfið er farið að ganga fyrir verðbólgunni. Þetta er ein af orsökum þess, að lífskjör hafa ekki batnað sem skyldi á Íslandi á undanförnum árum.

Að þessu samanlögðu má ljóst vera, að eitt af meginverkefnum næstu mánaða verður að vera að brjótast úr vítahring núverandi óðaverðbólgu jafnframt því að byggja upp sterkara atvinnu- og efnahagslíf sem verði grundvöllur aukins stöðugleika og bættra lífskjara. Hin gerbreytta fjárfestingarstefna er veigamikill þáttur þessarar uppbyggingar og mikilvægur liður í baráttunni gegn verðbólgunni. Með öllum tiltækum ráðum verður að beina fjárfestingunni úr óarðbærum verðbólguframkvæmdum í tæknilega uppbyggingu í atvinnuvegunum. Fjárfestingin á að fara til þeirra verkefna sem auka afköst vinnandi handa og skila þannig auknum afrakstri í þjóðarbúið og til vinnandi fólks. Þetta er mikið verkefni, og árangurinn af því mun skila sér smám saman. En það er líka ljóst, að meðan á þessu stendur verða ýmsar að mörgu leyti ágætar framkvæmdir að bíða ellegar draga verður úr hraðanum við framkvæmd þeirra, því að heildarumsvifum í þjóðfélaginu eru vitaskuld takmörk sett. Og þar á ofan er erlend skuldasöfnun orðin svo geigvænleg, að á hana er ekki bætandi ef efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar á ekki að vera stefnt í frekari voða.

Með markvissri fjárfestingarstefnu og aðhaldssemi í peningamálum má þannig treysta lífskjaragrundvöllinn í landinu og jafnframt hamla gegn verðbólguáhrifum. Þetta mun þó hrökkva skammt nema fleira komi til. Möguleikar ríkisstj. til þess að vinna gegn verðbólgunni með þessum og öðrum aðgerðum eru hins vegar takmarkaðir. Fyrstu aðgerðir ríkisstj. fólu í sér mikla niðurfærslu vöruverðs til þess að hamla gegn verðbólguáhrifum af gengisfellingunni. En satt best að segja er svigrúm til frekari aðgerða á þessu sviði mjög takmarkað. Þess vegna þarf til að koma sameiginlegt átak ríkisins og aðila vinnumarkaðarins til að fylgja þessum fyrstu aðgerðum eftir. Þar þarf til að koma sameiginleg viðurkenning allrar þjóðarinnar á því, að það sé einhvers virði að losna úr vítahring verðbólgunnar. Allir verða að vera við því búnir að leggja eitthvað af mörkum í þessari baráttu. Allir þjóðfélagshópar verða að slá af ítrustu kröfum sínum til að þessu markmiði verði náð.

Við höfum búið við efnahagslega óstjórn árum saman. Ef við ætlum að komast úr þeim farvegi verðum við að greiða það gjald sem það kostar. Fyrstu aðgerðum í niðurfærslu vöruverðs var mætt með aukinni skattheimtu og niðurskurði á útgjöldum ríkisins. Framkvæmda- og rekstrarútgjöldum ríkisins verður enn að stilla mjög í hóf á næsta ári til að mæta framhaldi þessara aðgerða. En svigrúmið til frekari tekjuöflunar við núverandi aðstæður er nánast þrotið. Það er skoðun okkar Alþfl.-manna, að tekjuskatturinn sé t. d. svo ófullkominn og óréttlátur skattur að ekki sé fært að þyngja hann til að mæta auknum útgjöldum ríkisins. Frekar er reyndar ástæða til þess að afnema hann af almennum launatekjum, svo óréttlátur er hann að ýmsu leyti, eins og margoft hefur verið rakið.

Á hinn bóginn er úr vöndu að ráða við núverandi vísitöluviðmiðun launa, þar sem gert er upp á milli skatttekna ríkisins við útreikning á vísitölubótum á laun, þannig að auka má tekjuskatt án þess að það leiði til launahækkana, en öll hækkun óbeinna skatta hefur bein áhrif á kaupgjald í landinu. Með þessu kerfi eru ekki einasta hendur ríkisins bundnar í viðureigninni við verðbólguna, heldur er beinlínis boðið heim þeirri hættu, að skattkerfið brenglist og verði sífellt óréttlátara. Öllum er okkur nefnilega ljóst, að vissir hópar fólks hafa komist undan því að greiða sinn eðlilega þátt í tekjuskattinum með einum eða öðrum hætti, og kemur það berlega fram í samanburði á skattgreiðslunni og þeim lífsstíl og þeirri eyðslu sem þessir hópar tileinka sér. Vissulega ber að grípa til allra tiltækra ráða til þess að koma í veg fyrir slíkan undandrátt undan skatti. En hitt er þó augljóst, að eyðsluskattar ná alla vega best til þessa hóps. Þess vegna eru það augljósir hagsmundir launafólks, að svigrúm sé skapað til þess að breyta skattkerfinu í þá átt. Það eru nefnilega einmitt launþegar sem eru skilvísastir tekjuskattsgreiðendur, og tekjuskatturinn hvílir einmitt þyngst á launafólki. Árangurinn í baráttunni við verðbólguna og í viðleitninni til þess að ná fram réttlátara skattakerfi er m. a. undir því kominn, hvaða skilningur ríkir um þessi sjónarmið.

Vísitöluviðmiðun launa hefur verið vörn launþeganna í viðleitninni til þess að vernda kaupmátt launatekna. Á hinn bóginn hefur reynslan sýnt að sú viðmiðun er viðsjál ef uppbygging atvinnuvega og aukning þjóðarframleiðslu fylgist ekki að við þann kaupmátt sem að er stefnt. Verðbólgan tekur þá jafnharðan til baka þann kaupmátt sem stefnt var að því að ná. Vélgengi kauplags og verðlags virðist nánast sjálfvirk við þessar aðstæður, og 60—70% árleg aukning peningatekna skilar e. t. v. fáeinum prósentum í kaupmáttaraukningu, eins og hún er mæld í opinberum gögnum. Það er hins vegar mikil spurning, hvort þar er um neina raunverulega kaupmáttaraukningu að ræða, með tilliti til þess, hve illa launþegum nýtast tekjurnar við þetta háa verðbólgustig. Eigi að ná tökum á verðbólgunni er augljóst að draga verður úr þessu vélgengi. Það má gera við endurskoðun á viðmiðun launa við vísitölu, eins og ríkisstj. hefur nú beitt sér fyrir að athugað verði í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Sú niðurstaða, sem dregur úr vixlganginum, kann að hafa yfirbragð fórnar og hún kann að fela í sér fórn. En sú fórn á að skila sér í betra þjóðfélagi og auknum stöðugleika sem leiðir til þess að peningatekjur nýtist betur. Með hliðsjón af því óréttlæti, sem verðbólgan skapar, og þeirri lífskjararýrnun, sem felst í áhrifum hennar á þjóðfélagið, er þó greinilega til mikils að vinna.

En kjör eru fleira en launin ein. Aðstaðan til þess að eignast þak yfir höfuðið og búa í góðri íbúð eru snar þáttur í kjörum okkar. Sama gildir um aðstöðu foreldra til þess að koma barni eða börnum í dagvistun. Í sumum tilvikum verða kjör hinna lægst launuðu frekar bætt með félagslegum aðgerðum en beinni aukningu peningatekna. Þetta getur einmitt átt við bæði í húsnæðismálum og í ýmsum öðrum félagsmálum. Á sama hátt er það snar þáttur í kjörunum að búa við öryggi í ellinni. Aðbúnaður á vinnustað og öryggi í vinnunni eru líka hluti lífskjara sem allt of lítill gaumur hefur verið gefinn. Á öllum þessum sviðum er mikið verk að vinna. Á öll þessi atriði höfum við Alþfl.-menn lagt ríka áherslu, og það er von okkar og trú, að þessari ríkisstj. muni takast að ná verulegum árangri í þessum þætti lífskjarabóta.

Um þessi atriði og lífskjörin öll í víðtækasta skilningi vill ríkisstj. hafa sem nánast samráð við aðila vinnumarkaðarins. Einn hlekkur þess eru peningalaunin og viðmiðun þeirra við vísitölu. En stefnan í skattamálum, tryggingamálum og verðlagsmálum er ekki síður mikilvæg í þessu efni að dómi okkar Alþfl.-manna.

Ríkisstj. mun fyrir sitt leyti leggja allt það af mörkum

sem hún má til að vinna gegn verðbólguþróuninni, og með samstilltu átaki ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins — og einungis með þannig samstilltu átaki — er von á verulegum árangri. Á því, hvernig til tekst í þessum efnum, veltur líka árangur á öllum öðrum sviðum þjóðlífsins.

Herra forseti. Margvíslegt misrétti er að finna í þjóðfélagi okkar. Vissir þjóðfélagshópar virðast ævinlega geta matað krókinn meðan aðrir bera skarðan hlut frá borði. Í skjóli aðstöðu er auði safnað. Á sama hátt virðast ýmsir aðilar standa utan og ofan við dómskerfið í landinu. Fjármálaleg afbrot liggja óafgreidd í dómskerfinu árum saman. Skattsvik eru bæði algeng og almenn. Hér þarf að eiga sér stað aukið aðhald af hálfu ríkisins og endurbætur í meðferð þessara mála. En fleira þarf til að koma. Hér dugar ekkert minna en viðhorfsbreyting stjórnvalda og þjóðarinnar allrar. Það er von okkar Alþfl.-manna að takast megi að varða veginn til þessarar áttar með starfi okkar á Alþ. og í ríkisstj. á þessu kjörtímabili.

Margvísleg verkefni er við að fást. Ég leyfi mér að trúa því, að innsta og einlægasta ósk okkar allra, hvar sem við stöndum í flokki, sé að vinna þjóðfélagi okkar vel, að ætlun okkar allra sé að bæta þjóðfélagið og gera það réttlátara. Vitaskuld greinir menn á um það í ýmsu greinum í hverju réttlæti og framfarir séu helst fólgin. Því skiptast menn í stjórnmálaflokka, en ekki síður þá vegna hins, að skoðanir eru skiptar um hvaða leiðir skuli velja að settum markmiðum.

Við Alþfl.-menn stefnum að því, að á Íslandi verði til þjóðfélag sem byggist á samhug allra, þar sem hæfileikar og áhugi einstaklinga fái notið sín þeim sjálfum og þjóðfélaginu í heild til heilla. Jafnaðarstefnan er jafnréttisstefna sem berst gegn forréttindum í hvaða mynd sem þau birtast. Hún er baráttutæki þeirra sem engra forréttinda njóta í baráttunni gegn forréttindahópunum. Alþfl. vill efla mannúð og mannréttindi, tryggja persónufrelsi einstaklinganna og stuðla að efnahagslegum framförum í þágu heildarinnar. Með þessi viðhorf að leiðarljósi munum við starfa í þessari ríkisstjórn. — Góðar stundir.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það var ánægjulegur viðburður að hlýða á það hér áðan, að hv. 4. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, fyrrv. forsrh., virðist nú loksins eftir fjögurra ára setu á ráðherrastóli hafa áttað sig á því, hvernig á að fara að því að stjórna landinu. Vonandi fær hann einhvern tíma tíma til þess og tækifæri að sýna orð sín í verki.

Síðasta heila ár vinstri stjórnar á Íslandi, 1973, var afkoma atvinnuveganna allra betri en um langt árabil, og á fyrri hluta ársins 1974 var kaupmáttur launa í hámarki. Þegar hægri stjórnin skildi við s. l. sumar, 4 árum síðar, var afkoma atvinnuvega bágborin og kaupmáttur launa var sífellt skorinn niður framan af valdatíma hennar.

Blaðamenn Morgunblaðsins lýstu gjaldþrotastefnu hægri stjórnarinnar í stöðugum fréttaflutningi s. l. sumar af hallarekstri og fyrirtækjastöðvunum, og seint á hundadögum sneri blaðamaður Morgunblaðsins sér til Atvinnuleysistryggingasjóðs og spurði um síðasta hálmstráið: Er nóg til? Þá blasti það við, að 10 þúsund manns væru að missa atvinnu sína, að nær öll frystihúsin væru að lokast, að efnahagslegt hrun væri yfirvofandi. Spurning blaðamannsins var því í rökréttu samhengi við stjórnarstefnuna. En því miður, Atvinnuleysistryggingasjóður hafði ekki heldur fé nema í 2—3 vikur handa 10 þúsund atvinnuleysingjum. Þannig hafði stjórnarstefna Geirs Hallgrímssonar leikið þjóðarhag. Við þessar kringumstæður, sem verða að teljast harla erfiðar, tók við ný ríkisstj. í landinu.

Það var á Alþýðusambandsþingi á veturnóttum 1976 sem ákvarðanir voru teknar um að reyna að sameina íslensku verkalýðshreyfinguna um að hrinda af sér oki því sem fráfarandi ríkisstj. hafði lagt á herðar allra íslenskra launamanna með um 20% kjaraskerðinu. Í samræmi við ákvarðanir Alþýðusambandsþingsins haustið 1976 hófust aðgerðir með yfirvinnubanni frá 1. maí 1977, og baráttunni lyktaði með þeim sigursælu sólstöðusamningum sem gerðu ráð fyrir því, að launafólki yrði tryggður kaupmáttur launa á við það sem best hafði áður gerst. Haustið 1977 háði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sitt fyrsta verkfall. En eftir áramótin, síðustu áramót, ákvað fráfarandi ríkisstj. að grípa inn í kjarasamningana með kaupránslögunum, sem svo hafa verið nefnd, þannig að svipta í sundur þeim samningum sem gerðir höfðu verið á árinu 1977.

Þessi ákvörðun fráfarandi ríkisstj. hafði margþættar afleiðingar. M. a. opnaði hún hugi launafólks í landinu fyrir hinum órjúfanlegu tengslum milli stjórnmálabaráttunnar og hinnar faglegu baráttu. Í öðru lagi ruddi þessi ákvörðun braut fyrir viðtæka faglega og pólitíska samstöðu sem lyktaði með því eftir verkföllin 1. og 2. mars og útskipunarbann Verkamannasambands Íslands, að fyrrv. stjórnarandstaða vann stórfelldan sigur í byggðakosningunum 28. maí og síðar í alþingiskosningunum 25. júní.

Sigur fyrrv. stjórnarandstöðuflokka var svo afgerandi, að það hlaut að koma að því að þeim yrði falin þátttaka í stjórn landsins. Sú varð og raunin. Ný ríkisstj. var mynduð 1. sept. s. l. um takmörkuð, en stór og þýðingarmikil verkefni sem snerta afkomu hvers einasta manns í þessu landi.

Ríkisstj. setti sér tvö meginviðfangsefni: Í fyrsta lagi að vernda kaupmátt launa. Sett voru brbl. um kjaramál og er kaupmáttur launa nú í samræmi við sólstöðusamningana og svipaður því sem best hefur gerst áður á Íslandi, þ. e. á fyrri hluta ársins 1974. Í öðru lagi setti ríkisstj. sér það markmið að tryggja fulla atvinnu, og nú er full atvinna um allt land.

Í stjórnarmyndunarviðræðunum s. l. sumar reyndi mjög verulega á það, hvernig yrði tekið á þeim vandamálum sem oft hefur verið lýst í atvinnu- og efnahagsmálum og fráfarandi ríkisstj. lét eftir sig. Átti að gera það með því að lækka kaupið eða átti að beita öðrum nýjum úrræðum? Hver átti að borga brúsann?

Sjálfstfl. var ekki í nokkrum vafa um hvaða úrræðum ætti að beita. Formaður Sjálfstfl. lýsti því yfir á fundi í flokki sínum um miðjan ágúst s. l., að það yrði að lækka kaupið enn frekar. Taldi hann farsælast að fresta öllum launahækkunum öðrum en grunnkaupshækkunum 1. sept. s. l. Þarna var blygðunarlaust boðuð 20% kjaraskerðing. Og Geir Hallgrímsson endurtók þetta hér áðan.

Í stjórnarmyndunarviðræðunum lagði Alþb. hins vegar megináherslu á það, að því aðeins gæti flokkurinn átt aðild að ríkisstj. að kaupmáttur launa yrði tryggður í samræmi við niðurstöður samninganna 1977 og leysa yrði efnahagsvandann með skattlagningu á þá sem höfðu rakað saman verðbólgugróða. Vegna þess að launamenn

höfðu gert sér grein fyrir samhengi hinnar faglegu og hinnar pólitísku baráttu höfðu þeir eflt Alþb. til aukinna áhrifa og valds í íslenska þjóðfélaginu í kosningunum í sumar. Alþb. er nú næststærsti flokkur þjóðarinnar, og vegna þess hefur Alþb. enn þá tekist að hindra allar tilraunir sem gerðar hafa verið til þess að brjóta á launamönnum. Þrátt fyrir þessa augljósu sterku stöðu Alþb. eftir síðustu kosningar — byggðakosningar og alþingiskosningar — gerðu ákveðin öfl í þjóðfélaginu undir forustu Sjálfstfl. tilraun til þess að útiloka Alþb. frá aðild að ríkisstj. Íslands og stjórnarþátttöku yfirleitt á ákaflega ólýðræðislegum forsendum. Hið ólýðræðislega eðli Sjálfstfl. hefur aldrei komið betur fram en s. l. sumar, þegar forseti Íslands fól Lúðvík Jósepssyni, formanni Alþb., að gera tilraun til þess að mynda ríkisstj. á Íslandi. Í forustugrein Morgunblaðsins 24. ágúst s. l. var komist svo að orði, með leyfi forseta:

„Tilraun Lúðvíks Jósepssonar til þess að mynda stjórn er mikið áfall fyrir Íslendinga í augum umheimsins.... Það hefur ekki fyrr gerst í sögu lýðræðisríkis í Vestur-Evrópu, að leiðtogar flokks af því tagi væri falin stjórnarmyndun. Ef Lúðvík Jósepsson yrði forsrh. Íslands yrði það reiðarslag fyrir álit þjóðarinnar út á við. Traust það, sem íslendingar njóta erlendis, mundi þverra á skammri stundu og afleiðingarnar verða ófyrirsjáanlegar."

Hér var m. ö. o. haft í hótunum og sagt fullum fetum að lýðræðislegar leikreglur í landinu eigi ekki að ná yfir næststærsta flokk þjóðarinnar. Hér er því hótað að beita útlendingum fyrir vagn einræðis í þessu landi. Hér er því haldið fram, að erlend öfl muni reyna að beita Ísland efnahagslegum þvingunum ef það eitt gerist að formaður næststærsta stjórnmálaflokksins og þess flokks, sem mests trausts nýtur meðal launamanna, yrði forsrh. landsins. Hér er ýtt undir þá kenningu, sem Morgunblaðið boðaði blygðunarlaust í forustugrein rétt fyrir síðustu alþingiskosningar, að viðskiptakjör okkar á erlendum vettvangi mundu líða fyrir það, ef íslenskir sósíalistar fengju til þess styrk að hafa áhrif á sjálfa æðstu stjórn lýðveldisins.

En þessi hótun segir okkur fleira. Hún segir okkur það, að við verðum að leggja á það megináherslu að hafa ævinlega sjálf forræði yfir öllum þáttum okkar efnahagsmála. Þessi hótun segir okkur það, að baráttan gegn verðbólgunni er einnig þáttur í sífelldri, daglegri sjálfstæðisviðleitni þessarar litlu þjóðar. Því aðeins ráðum við fram úr vandamálunum að við höfum skýlaust efnahagslegt forræði í okkar höndum sjálfir.

Núv. ríkisstj., sem hefur setið að völdum í 7 vikur, hefur ekki gefið stór loforð. Loforð hennar eru í fyrsta lagi að treysta kaupmátt launa, í öðru lagi að tryggja það, að atvinnuvegirnir gangi þannig að við festum efnahagslegt sjálfstæði okkar í sessi. Í þriðja lagi hefur þessi ríkisstj. lagt áherslu á að hornsteinninn að stjórnarsamstarfinu eru samráð stjórnarflokkanna við verkalýðshreyfinguna, samtök launafólks.

Ég vænti þess fastlega, að sá mikli styrkur, sem verkalýðshreyfingin sýndi s. l. vor í glímunni við fjandsamlega ríkisstj., sé einnig til marks um hæfni hreyfingarinnar til þess að ráða fram úr þeim vandamálum sem nú er við að glíma. Verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur öðlast mikið vald. Flokkur hennar, Alþb., er nú stærri en nokkru sinni fyrr. Sprurningin er sú, hvernig tekst að beita þessu afli til þess að hafa varanleg áhrif á íslenska þjóðfélagið í þágu launafólksins og íslensks þjóðfrelsis. En í þeim efnum er ekki við okkur eina að eiga. Við þurfum daglega að gera samkomulag við aðra aðila um framkvæmd þeirrar stefnu sem fylgt er. Oft á tíðum kann okkur að virðast sem beri af leið. Meginatriðið er þá að hreyfing okkar, flokkur og verkalýðshreyfing séu virkir aðilar í þeirri stefnumótun sem fram fer á hverjum tíma.

Nú verðum við að takast á við mikil og erfið verkefni og flókin. *Árangur launamanna í kosningunum* 1978 liggur þegar fyrir með brbl. um kjaramál sem ríkisstj. gaf út snemma í síðasta mánuði. En næsta verkefni er að gera ráðstafanir sem tryggja að sá árangur, sem birtist í brbl., verði varanleg eign íslneskra launamanna. Það tekst aðeins með sameiginlegu átaki okkar allra.

Ég skora á íslenska launamenn að veita þeirri ríkisstj., sem nú situr við völd í landinu, fyllsta stuðning og aðhald við framkvæmd þeirrar róttæku efnahagsstefnu sem nú er nauðsynlegt svar við efnahagslegum vandamálum íslenska þjóðfélagsins.

Íslenska þjóðin vinnur langan vinnudag og hún skapar mikil verðmæti með starfi sínu. Spurningin er um það, hvernig verðmætunum er skipt. Hlutverk Alþb. í þessari ríkisstj. er að tryggja að afurðunum sé skipt launafólki í vil. Við það eitt, að Alþb. á aðild að ríkisstj., hver sem hún er, verða þó ekki neinar stökkbreytingar á íslensku þjóðfélagi. Það tekur tíma að breyta þjóðfélagi sem hefur staðið kyrrt og lítt breytt um áratugaskeið. Hagsmunanet auðstéttarinnar er þétt riðið um ríkiskerfi, stórfyrirtæki og hagsmunasamtök. Það er ekkert áhlaupaverk að rjúfa þetta hagsmunanet, en það mun takast með þrotlausu starfi og samstöðu um grundvallaratriði og með því að gæta þess vandlega að útiloka ævinlega áhrifavald flugumanna stéttarandstæðingsins.

Í upphafi minnti ég á það, að verkefni þessarar ríkisstj. væru einkum tvíþætt og þau stór og viðamikil. Þau eru þó að mati okkar íslenskra sósíalista aðeins hluti af stærri heild. Á næsta ári munu ríkisstjórnarflokkarnir halda áfram gerð málefnasamningsins sem yrði ítarlegri, en um leið rökrétt framhald þeirrar samstarfsyfirlýsingar sem hæstv. forsrh. gerði grein fyrir hér á undan.

Samstarfsyfirlýsing flokkanna nú byggist á því að tryggja mannsæmandi lífskjör og þar með fulla atvinnu. Markmiðið er að treysta efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og leggja grundvöll að því, að unnt verði að draga verulega úr verðbólgunni og stöðva aukningu erlendra skulda.

Erlend skuldasöfnun er einmitt eitt alvarlegasta vandamálið sem fráfarandi ríkisstj. skildi eftir sig. Greiðslubyrði af löngum erlendum lánum var 13,8% 1976, 13,7% 1977, tæp 14% í ár, og eins og nú horfir gerir Seðlabankinn ráð fyrir að 1979 verði hlutfallið 14—15% af öllum útflutningstekjum okkar. Ég tel að þarna sé þjóðin á háskalegri braut og gæta beri ítrasta aðhalds í þessum efnum. Við bætum ekki stöðu þjóðarbús okkar með því að taka erlend lán í slitlag undir bílana okkar sem eru greiddir með erlendum gjaldeyri. Við bætum ekki efnahag þjóðarinnar með því að flytja inn erlent kjarnfóður sem við notum til þess að framleiða vöru sem við svo gefum með til útflutnings. Það eru vond hagvísindi að mylja þýsk mörk ofan í vegina og fóðra kýrnar á dollurum um hágróandann.

Við þurfum að taka alla meðferð gjaldeyrismála okkar og utanríkisviðskipti til athugunar. Ef við athugum ekki okkar gang í þessum efnum gætu erlend afskipti af

stjórnmálum hér farið vaxandi og þær hótandir, sem Morgunblaðið birti s. l. sumar er Lúðvík Jósepssyni var falið að mynda ríkisstj., gætu þá breyst í veruleika.

Í stefnumótun ríkisstj. á næstunni þarf að leggja megináherslu á eftirfarandi atriði í efnahagsmálum:

1. Að tryggja núverandi kaupmáttarstig.
2. Lífskjör ber að jafna með aukinn samneyslu.
3. Leggja ber skatta á þau fyrirtæki og á þá hátekjumenn sem hafa sloppið við skattgreiðslur á undanförnum árum þrátt fyrir verulega gróðasöfnun. Efla ber skattaeftirlit.
4. Taka ber upp stranga fjárfestingarstjórn sem nær til fjárfestingarsjóða og banka, þannig að verðubólgufjárfestingin verði stöðvuð og fjárfesting opinberra aðila og einkaaðila haldist sem næst í sama hlutfalli og innlendum sparnaði nemur.
5. Tryggja verður fullan rekstur atvinnuveganna, en stöðva ber brask og eyðslufjárfestingu og misnotkun fjármuna í atvinnulífinu í skjóli þess skilnings sem atvinnuvegirnir njóta.
6. Draga verður úr milliliðakostnaði og yfirbyggingu. Rannsókn á innflutningsversluninni er þegar hafin.
7. Leggja ber grundvöll að íslenskri iðnþróun, og orkustefnu ber að fella í meginfarveg eftir hagsmunum heildarinnar, eins og núv. iðnrh. hefur lagt drög að.

Við mótun nýs málefnasamnings stjórnmálaflokkanna munum við því leggja áherslu á efnahagslegt öryggi og jöfnun lífskjara innanlands, en sjálfstæði út á við. Þess vegna munum við taka herstöðvamálið upp og leita samkomulags um að ná árangri. Það er því of snemmt fyrir hv. 4. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, að fagna stefnu ríkisstj. í þessu máli.

Við munum einnig leggja á það áherslu að breyta hinni ranglátu kjördæmaskipan.

Verður þessi ríkisstj. langlíf? Þannig spyrja margir, og það er ekki laust við að nokkurra efasemda gæti stundum í röddinni. Þær efasemdir eru eðlilegar því að flokkarnir eru ólíkir um margt. En spurningunni um langlífi stjórnarinnar er hægt að svara svo frá bæjardyrum Alþb.: Stjórnin verður langlíf, ef allir stjórnarflokkarnir gera sér í daglegum störfum grein fyrir forsendum stjórnarsamstarfsins, þ. e. tryggingu kaupmáttar og atvinnu og mótun nýrrar, róttækrar efnahagsstefnu í samráði við launafólk. Stjórnin verður langlíf, ef kjaraskerðingaröflunum verður úthýst. Stjórnin verður langlíf, ef hún markar sannfærandi framtíðarstefnu sem getur leitt þjóðina út úr þeim ógöngum erlendra skulda og óðaverðbólgu sem fráfarandi ríkisstj. lét eftir sig. Stjórnin verður langlíf, ef hún þorir að leggja byrðarnar á þá sem hafa rakað saman verðbólgugróða. Stjórnin verður langlíf, ef hún í öllum athöfnum sínum verður trú lífshagsmunum alþýðunnar og þjóðfrelsi Íslendinga. Á þetta verður látið reyna.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Góðir hlustendur. Gagnrýni stjórnarandstöðunnar á brbl. um kjaramál hefur einkum beinst að tveimur atriðum, annars vegar afturvirkni laganna og hins vegar skattþunganum eða skatthlutfallinu miðað við skattgjaldstekjur. Stjórnarandstæðingar telja að skattlagningin fái ekki staðist og brjóti gegn grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar og dómstólar muni meta hana ógilda.

Þess er þá fyrst að geta, að íslensk stjórnlög geyma ekkert almennt bann við afturvirkni laga, þótt ljóst sé að löggjafarvaldið hafi ekki algerlega frjálsar hendur í þessu efni, t. d. á sviði refsiréttar. Ef litið er til lagasetningar í skattamálum hér á landi, þá ber fyrst að nefna, að álagning tekju- og eignarskatts er í eðli sínu afturvirk vegna þess að það er lagt á tekjur ársins á undan. Skattvísitala er t. d. aldrei ákveðin fyrr en í árslok þess árs sem álagning er miðuð við, en hún verkar á skattþungann. Í annan stað hafa skattalög, sem verkað hafa aftur fyrir sig til íþyngingar gjaldenda, verið sett a. m. k. 30 sinnum síðan 1932. Ég gæti nefnt fjögur dæmi þess, að sett hafa verið skattlög eftir að regluleg álagning hefur farið fram, þar sem lagt var á tekjur og eignir fyrra árs.

En lítum til annarra landa um þessi mál.

Í Svíþjóð er algengt að skattalög séu afturvirk. Má finna þar dæmi um hliðstæða skattlagningu og felst í brbl. Sama er að segja um Bretland og einnig Bandaríkin, þótt stjórnarskráin banni almennt afturvirkni laga. Í Þýskalandi er afturvirk skattalagasetning talin óheimil, nema e. t. v. óvenjulegir efnahagsörðugleikar steðji að þjóðinni. Í norsku stjórnarskránni er afturvirkni laga bönnuð. Þrátt fyrir það hefur hæstiréttur Noregs dæmt gild afturvirk skattalög.

Ég álít að væri málið borið undir dómstóla mundu þeir dæma brbl. gild, ella væri erfitt eða jafnvel útilokað að beita lögum til stjórnunar efnahagsmála.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var ástand efnahagsmála vægast sagt mjög ískyggilegt. Helstu útflutningsatvinnuvegirnir voru lamaðir og nokkrir stöðvaðir, verðbólga nærri því 50% og ómótmælanleg nauðsyn að grípa til einhverra efnahagsráðstafana. Vart var um annað að ræða en grípa til beinnar skattlagningar til að standa straum af kostnaði ríkissjóðs af niðurfærslu verðlags, sem var leið hins nýja pólitíska meiri hl., og slík skattlagning gat ekki byggst á öðru en þekktum skattstofnum til álagningar. Afturvirkni var löggjafanum nauðsyn til að koma efnahagsráðstöfunum í framkvæmd. Þess ber svo að geta, að sköttunum er nokkuð í hóf stillt og þeir falla ekki í gjalddaga nema að hluta á þessu ári. Af þessum ástæðum og raunar fleirum álít ég engan vafa um lagalegt gildi brbl.

Þá mun ég víkja að skattþunganum.

Þegar á heildina er litið er núverandi eignarskattur að viðbættum eignarskattsaukanum samkv. brbl. léttbærari skattur á atvinnurekstri en eignarskattur væri samkv. nýju skattalögunum sem Sjálfstfl. hafði forustu um að setja á s. l. vetri. Nokkru erfiðara er að gera samanburð á skattlagningu atvinnurekstrarins samkv. núgildandi lögum auk brbl. og nýju skattalögunum sem lagt verður á samkv. 1980. Skatthlutfall félaga er 45% af hreinum tekjum samkv. nýju lögunum miðað við staðgreiðslu, en samkv. núgildandi lögum miðað við eftirágreiðslu næsta árs. Ljóst er, miðað við þá verðbólgu sem hér hefur verið, að þungbærara verður fyrir félög að greiða skatta samkv. skattstiga hinna nýju skattalaga hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen en skattstiga núgildandi laga og það jafnvel þótt 6% brbl. verði bætt ofan á.

En hvað um skattþunga beinu skattanna á einstaklinga? Hámark gjalda er nú 53% af topptekjum hér á landi. Ef bætt er við 6% brbl. verður þetta 59%. Þessi gjöld eru greidd árið eftir, og ef verðbólgan er 40% milli ára verður hámarksskattprósenta 42% af tekjum greiðsluársins. Í Danmörku er hliðstæð prósenta 69,8%, en þar er staðgreiðsla skatta, í Noregi er sambærileg prósenta 79,2% og í Svíþjóð 80%. Meðaltalshámark gjalda

af tekjum á Norðurlöndum er því 76% á móti 42% á Íslandi miðað við 40% verðbólgu. Skyldusparnaðurinn, sem nú er 10%, verður ekki talinn með sköttum þar sem hann er endurgreiddur með verðbótum. Af þessu er ljóst, að þeir, sem komast í hæstu skattstiga á Norðurlöndum, greiða miklu hærri skatta en hér tíðkast þótt skattar samkv. brbl. séu taldir með. Í Bretlandi er hliðstæð prósenta 83%, en í Vestur-Þýskalandi 56%. Hins er svo rétt og skylt að geta, að í þessum löndum byrjar hæsti jaðarskattur við hærra tekjumark en hér á landi. Þetta er þó sú mynd sem við blasir þegar toppskatturinn er borinn saman við önnur þau lönd sem við gjarnan viljum miða við. Það er því meira en hæpið að hér á landi sé verið að kæfa allt í skattþunga með beinum sköttum.

En hvað er þá að segja um heildarskattþunga, þ. e. a. s. gjöld til ríkis og sveitarfélaga að meðtöldum óbeinum sköttum?

Árið 1977 voru skatttekjur hins opinbera 33% af þjóðarframleiðslunni. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er hliðstæð tala 43—46%. Á þessu ári mættum við því bæta við 50—60 millj. kr. til að heildarskattþunginn yrði sá sami og er hjá þessum þjóðum.

En hvernig er ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar?

Lítum fyrst á ríkisfjármálin. 31. des. s. l. var skuld ríkissjóðs í Seðlabankanum 14.9 milljarðar kr. Í dag er þessi skuld a. m. k. 31.3 milljarðar. Það segir sig sjálft, að þessi skuldasöfnun ríkissjóðs hlýtur að þrengja svigrúm Seðlabankans til eðlilegra útlána til atvinnuveganna. Útgáfa ríkissjóðs á innstæðulausum ávísunum á Seðlabankann er ein af rótum verðbólgunnar þegar framleiðslugeta þjóðarinnar er fullnýtt. Útkoman verður erlend skuldasöfnun og aukin verðbólga. Allir sérfræðingar og stjórnmálamenn eru sammála um að á verðbólgutímum verður ekki hamlað gegn verðbólgunni með árangri nema ríkisbúskapurinn sé í lagi, ríkissjóður hafi bæði rekstrarafgang og einnig greiðsluafgang. Jafnframt verður að stefna markvisst að því að lækka skuldasúpu ríkissjóðs við Seðlabankann.

Við núverandi aðstæður á Íslandi verður ríkisbúskapurinn að vera sterkur. Skuldasöfnun verður að linna, ef menn meina eitthvað með öllu talinu um skaðsemi verðbólgunnar og nauðsyninni á því að vinna gegn henni.

Fyrir nokkrum vikum sótti ég ársfund Alþjóðabankans. Á fundinum fluttu margir heimsþekktir stjórnmálamenn og fjmrh. ræður. Engu máli skipti hvort þeir voru vinstri- eða hægrisinnaðir í stjórnmálum. Allir höfðu þeir miklar áhyggjur af verðbólgunni í veröldinni sem er 9—10% að meðaltali. En hvernig er þá ástandið hjá okkur sem búum við 40—50% verðbólgu? Auðvitað er það stórháskalegt fyrir efnahagslífið og atvinnuöryggið og veldur auk þess hrikalegu misrétti í þjóðfélaginu sem gerist af sjálfu sér frá degi til dags. Baráttan gegn verðbólgunni hlýtur því að verða helsta mál ríkisstj.

Með setningu brbl. um kjaramál er stigið fyrsta skrefið í þá átt að rjúfa þann vítahring víxlhækkana verðlags og launa sem valdið hefur gífurlegum usla og erfiðleikum undirstöðuatvinnuveganna, svo að við liggur rekstrarstöðvun og atvinnuleysi. Hér er farin sú leið að draga úr verðbólgunni með auknum niðurgreiðslum og lækka óbeina skatta á nauðsynjum. Á þennan hátt hefur verðbólgunni verið mætt að nokkru með skattheimtu þegar á þessu ári. En vegna þess, hversu liðið er á árið, verður að dreifa skattheimtunni á lengri tíma en útgjöldunum og því kann að verða einhver lítils háttar greiðsluhalli á ríkissjóði á árinu. Þennan halla ásamt útgjaldaaukningu brbl. þyrfti að vinna upp þegar á næsta ári, þannig að jöfnuður náist fyrir árslok. Þessi stefna er að mínum dómi m. a. forsenda þess, að árangur náist í baráttunni gegn verðblolgunni. Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar eru ákveðin í að reka ríkissjóð með jafnvægi fyrstu 16 mánuðina.

Þeirra tekna, sem aflað er til að tryggja jafnvægi í ríkisbúskapnum, er aflað með beinum sköttum, en bein skattlagning er leið til að afla ríkissjóði tekna án þess að það hafi áhrif á vísitöluna til hækkunar og leiði til aukinnar verðbólgu. Það er áríðandi að fólk geri sér ljóst að beinu skattarnir eru utan við vísitöluna, en óbeinu skattarnir fara beint inn í vísitöluna og spenna upp verðlagið og verðbólguna. Af þessum ástæðum eiga menn þann eina kost að nota beina skatta til að tryggja traustan hag ríkissjóðs meðan menn koma sér ekki saman um breytingar á vísitölunni. Þetta er því skattlagningaraðferð til að berjast gegn verðbólgunni. Beinu skattarnir hafa því verið valdir beinlínis til þess að forðast aukna verðbólgu um sinn.

Það er því deginum ljósara, að vísitölukerfið hefur áhrif á skattlagninguna og neyðir menn nánast í baráttunni við verðbólguna til að nota beina skatta til tekjuöflunar. Ég tel þó að beinir skattar eigi fullan rétt á sér ef þeir eru innan hóflegra marka. En ríkisbúskapurinn verður ekki traustur nema einnig sé gætt ráðdeildar og aðhalds í útgjöldum ríkisins.

Eins og nú háttar verður að draga nokkuð úr opinberum og öðrum framkvæmdum til þess að minnka spennuna í þjóðfélaginu og vinna gegn verðbólgunni. En félagshyggjumenn verða að gæta að sér að draga ekki um of úr opinberri þjónustu. Það kemur fljótlega inn í kvikuna í heilbrigðismálum, tryggingamálum, fræðslu- og félagsmálum, svo að dæmi séu tekin. Þó álít ég að það ætti að geta tekist að draga úr kostnaði án þess að það komi að sök.

Það, sem ég er að undirstrika, er nauðsyn þess, að ríkisbúskapurinn sé rekinn með þeim hætti að hann sé hemill, en ekki verðbólguvaldur. Fjárlögin mega ekki verka sem undirspilun verðbólgunnar, heldur verður að beita þeim gegn henni. Við 40—50% verðbólguástand og hrikaskuldir ríkissjóðs við Seðlabankann verður að reka ríkissjóð með ríflegum rekstrar- og greiðsluafgangi. Það verður einnig að stöðva skuldasöfnun og hefja endurgreiðslu lána, og það verður að beita beinum sköttum til tekjuöflunar. Þetta eru þær aðferðir sem m. a. verður að nota eins og sakir standa til að beita fjárlögum og lánsfjáráætlun sem hagstjórnartækjum í baráttunni gegn verðbólgunni.

Góðir áheyrendur. Við Íslendingar búum nú við betri og jafnari lífskjör en flestar aðrar þjóðir. Verðbólgan mun koma velmegun þjóðarinnar fyrir kattarnef ef svo heldur fram sem horfir. Ríkisvaldið velur þá leið að hemla verðbóguna að höfðu samráði og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Tekna er aflað með skjótum hætti og þá miðað við efni og ástæður. Ég mótmæli því harðlega, sem Geir Hallgrímsson sagði, að Framsfl. láti sér fátt um finnast í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins um stjón landsins. Þegar Framsfl. hefur farið með stjórnarforustu hefur hann þvert á móti einmitt lagt áherslu á þetta atriði.

Þessum fyrstu aðgerðum í efnahagsmálum er ætlað að

skapa svigrúm til ráðstafana sem verða að duga gegn óðaverðbólgunni. Þar ber hæst samþykkt ábyrgra fjárlaga og mörkun skynsamlegrar stefnu í launamálum sem í senn treystir atvinnuöryggi og góð lífskjör. Sem flestir Íslendingar verða að standa saman og láta eitthvað af mörkum í hlutfalli við tekjur og efnahag til að vinna á verðbólguófreskjunni sem er undirrót þess sem verst fer í þjóðfélaginu, bæði efnalega og andlega. — Góða nótt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Allar íslenskar ríkisstjórnir frá stríðslokum hafa í upphafi sinnar vegferðar heitið því að reyna að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Þær hafa talið glímu við efnahagsvandann eitt aðalviðfangsefni sitt. Engri ríkisstj. hefur þó orðið verulega ágengt í þessari viðureign utan einni. Það var viðreisnarstjórnin sem mynduð var haustið 1959. Á fyrstu fjórum árunum hélt hún verðbólgunni í skefjum þannig að hún hækkaði um 10% á ári að meðaltali, og henni tókst öll þessi ár að halda fullri atvinnu án verðbólgu.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur sett sér það mark og telur það höfuðverkefni sitt að draga markvisst úr verðbólgunni, og er það vel. Jafnframt vill hún vinna að félagslegum umbótum, auka félagslegt réttlæti og jafna lífskjör. Einn þáttur í ráðstöfunum ríkisstj. til að ná þessu marki er stóraukin niðurgreiðsla á mjólk, kjöti og smjöri. Þessi aukning á niðurgreiðslum mun kosta í ár um 3.5. milljarða og á næsta ári að óbreyttu um 13 milljarða.

Vegna þess, hve þetta ráð, niðurgreiðslur, hefur verið notað af mörgum, í rauninni flestum ríkisstj., en er geysikostnaðarsamt, þá er rétt að íhuga kosti og galla þessa fyrirkomulags hleypidómalaust.

Niðurgreiðslur hafa löngum verið notaðar hér á landi til þess að lækka vísitölu og hafa þannig áhrif á kaupgjald. En stórfelldar niðurgreiðslur á matvörum hafa marga ókosti. Fyrst er að telja þann gífurlega kostnað fyrir ríkissjóð sem kallar á nýja skatta. Annar ókostur er sá, að niðurgreiðslur skekkja verðlag og auka sölu og neyslu á hinum niðurgreiddu vörum á kostnað annarra framleiðslugreina og raska eðlilegum og heilbrigðum rekstrargrundvelli þeirra. Þriðji ókosturinn snýr að bændum. Það er oft hringlað með niðurgreiðslur, ýmist stórhækkaðar eða dregið úr þeim. Aðalhættan fyrir bændur eru miklar sveiflur sem ýmist auka söluna eða draga úr henni. Fyrir bændur væri hagkvæmast að niðurgreiðslur væri stöðugar, t. d. fast hlutfall af heildarverði. En fjórði ókosturinn og ekki sá minnsti er sá, að niðurgreiðslur renna ekki síður til hátekjufólks og eignamanna heldur en lágtekjufólks og jafnvel fá hátekjumenn meira af þessu fé í sinn hlut, því að þeir nota yfirleitt meira af kjöti og smjöri en þeir sem lág laun hafa. Hér er verið að veita fé úr almannasjóði til þeirra sem ekki þurfa á að halda. Stórauknar niðurgreiðslur stefna því ekki að auknu félagslegu réttlæti eða jöfnun lífskjara, því að öllu þessu fé mætti koma betur til skila hinum efnaminni og lágt launuðu til góðs með öðrum hætti, t. d. með fjölskyldubótum til barnafólks, með sérstökum bótum til þeirra sem sjúkir eru, öryrkjar eða aldurhnignir.

Ég rek þessi atriði hér vegna þess, hversu niðurgreiðslur hafa mjög verið notaðar á undanförnum áratugum af flestum ríkisstj. En það er vissulega kominn tími til, sérstaklega þegar niðurgreiðslur hafa verið stórauknar eins og nú hefur gerst, að skoða það fordómalaust, hverjir eru kostir og gallar þessa fyrirkomulags.

Til þess að rísa undir þessum stórauknu niðurgreiðslum nú hefur ríkisstj. lagt á nýja skatta. Þessi skattheimta er á ýmsa lund hæpin. Ég vil minnast hér á einn þátt hennar. 50% álag á eignarskatt lendir harkalega á öldruðu fólki sem á íbúð. Oft er hér um að ræða öldruð hjón eða einstæðinga. Til viðbótar því dæmi, sem fyrri ræðumaður Sjálfstf. nefndi, vil ég nefna þessi:

Ekkja ein hér í borg, rúmlega níræð, á íbúð sem hún býr í. Tekjur hennar á síðasta ári voru ellilífeyrir og ekkert annað. Á þessa gömlu konu er nú lagður um 36 þús. kr. aukaskattur.

Kona ein, 57 ára að aldri, einstæð móðir með barn, er öryrki, hefur aðeins örorkubætur og mæðralaun, býr í lítilli eigin íbúð. 40 þús. kr. aukaskatt á hún að greiða af sínum naumu tekjum.

Okkur alþm. og öðrum, sem hafa góðar tekjur, finnast þetta kannske ekki háar greiðslur. En fyrir aldraða og sjúka einstaklinga eru þetta þungbærir skattar, og ég fæ ekki séð að þessi dæmi sýni í verki það félagslega réttlæti og jöfnun lífskjara, sem stjórnarsáttmálinn talar um. Ég vona, að þetta sé fremur slys en viljaverk, og vil skora á stjórnarflokkana að fallast á að leiðrétta slíkt ranglæti þegar Alþingi fær lögin til meðferðar.

Af þeim ástæðum, sem ég hef nú rakið, tel ég vafasama þá stefnu að halda áfram á næsta ári á niðurgreiðslum verðlags með svipuðum hætti og nú. Tekjuskattsaukinn hefur að sjálfsögðu vakið mikla athygli, m. a. vegna þess að hann er í algerri mótsögn við margyfirlýsta stefnu eins stjórnarflokksins, Alþfl. Á sínum tíma áttum við Sjálfstfl.-menn og Alþfl.-menn samleið um mikla lækkun beinna skatta, bæði tekjuútsvars og tekjuskatts, og á undanförnum þingum hefur Alþfl. hvað eftir annað flutt till. og frv. um ekki aðeins að lækka stórlega, heldur jafnvel afnema tekjuskattinn sem nú sé í reynd aðallega launþegaskattur. Þessi nýi tekjuskattsauki vakti því slíka gremju meðal margra Alþfl.-manna að aðalleiðtogi flokksins um fjölda ára, fyrrv. formaður hans, sá sig knúinn til þess að skýra málið og mótmæla þessum samningum Alþfl. nú í sambandi við stjórnarmyndunina.

En það eru fleiri en Alþfl.-menn sem hafa gagnrýnt hinn nýja tekjuskattsauka. M. a. ritaði einn af bæjarfulltrúum Framsfl. fyrir nokkru grein í Tímann þar sem hann ræðst mjög gegn þessu og telur þetta ranglátan skatt. Hann talar þar um, að nú sé skattlagningin um 70% af hæstu tekjum, og tekur þá að sjálfsögðu með skyldusparnaðinn. Hann segir: Í fæstum tilvikum eru það þeir, sem eftir stöðutáknum að dæma viðrast hafa það best, sem þurfa að greiða þessa háu skatta. Nei, það eru sennilega hjón, sem vinna fyrir miklum tekjum, og ýmsar starfsstéttir, sem vinna mikla og oftast óhjákvæmilega yfirvinnu. Má þar nefna sem dæmi starfslið tengt fiskiðnaði sem víða vinnur mjög langan vinnudag til að bjarga verðmætum, og einnig má nefna ýmsa sérfræðinga sem leggja á sig vinnuframlag umfram það sem eðlilegt getur talist. Þakklætið sem þessar stéttir fá, segir þessi bæjarfulltrúi, Markús Á. Einarsson, þakklætið sem þeir fá er það, að af launakúfnum fá þeir að halda um 30 kr. af hverjum 100 sem þeir vinna inn.

Í sambandi við þessa hækkuðu skatta er svo ákveðið í stjórnarsáttmálanum að herða skattaeftirlit. Ég vil nú telja að hyggilegra væri að lækka skatta og herða skattaeftirlit þannig að það yrði virkt og raunhæft.

Þótt í efnahagsmálum hafi stjórnarsáttmálinn mótast mjög af till. Alþb., þá er athyglisvert hvernig farið er með

varnarmálin. Í forustugrein Þjóðviljans skömmu eftir að stjórnin var mynduð var fjallað um þetta mál. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur vakið óskipta athygli, að Alþb. hefur samþykkt samstarfsyfirlýsingu um myndun ríkisstj. án þess að þar sé að finna fyrirheit um afdrifaríkt skref í hermálum. Í síðustu vinstri stjórn lögðu hernámsandstæðingar mikið upp úr því að hafa í málefnasamningnum þá að finna fyriheit um brottför hersins. Reyndin sýndi þá, að ótryggt var að trúa á bókstafinn í stjórnarsáttmála."

Þarna fáum við eina skýringu á því, hvers vegna þeir hafa ekki lagt áherslu á það, að það sé ótryggt að trúa á bókstaf í stjórnarsáttmála vinstri stjórnar. En málið var leyst þannig nú, eins og Þjóðviljinn segir, að það er sérstaklega tekið fram í yfirlýsingu stjórnarinnar, að ekki hafi verið samið um stefnuna í utanríkismálum.

Litlu síðar en þetta gerðist hittust þeir Begin forsrh. og Sadat forseti í Davíðslundi. Þeir hafa vafalaust frétt af þessari snjöllu lausn á Íslandi og tóku hana fegins hendi og notuðu hana til þess að leysa eitt allra erfiðasta deilumálið. Þeir lýstu því nefnilega yfir í lokin, að þeir hafi orðið sammála um að ekkert væri samið um Jerúsalem. Þar með var þeim steini velt úr vegi, þeir sömdu og féllust í faðma. En það virðist efir ummælum Þjóðviljans hafa verið mikill sigur fyrir Alþb., að ekkert var samið, því að það er svo ótryggt að trúa á bókstaf stjórnarsáttmála.

En þó var eitt, sem Alþb. fékk í sambandi við varnarmálin. Það segir í þessum sama leiðara:

„Það er nokkuð sérstakt, að samið var um að skipuð yrði sérstök nefnd sem tæki sérstaklega varnarmálin til athugunar."

Þessi merkilega nefnd ætti eiginlega að heita „Nefndin sérstaka", og þetta var náttúrlega ákaflega mikill sigur fyrir Alþb.

Í þessari sömu grein er fagnað þriðja stórsigri Alþb. í stjórnarsáttmálanum. Þar segir nefnilega að Alþb. hafi tekist að knýja Framsfl. og Alþfl. til þess að samþykkja að leggja niður viðræðunefnd við erlenda aðila um orkufrekan iðnað. Hvaða n. er nú þetta? Þetta er stóriðjunefndin sem Magnús Kjartansson, iðnrh. Alþb., stofnaði haustið 1974, þegar hann var að hefja undirbúning undir samninga við bandaríska stóriðjufyrirtækið Union Carbide um járnblendiverksmiðjuna. Já, það er mikill sigur fyrir Alþb. að fá nú lagða niður stóriðjunefndina hans Magnúsar Kjartanssonar!

Herra forseti. Tími minn mun nú útrunninn, en ég vil að lokum vitna í það sem hæstv. forsrh. segir í stefnuræðu sinni, að í stjórnarsáttmálanum sé í mörgum tilfellum um að ræða framhald fyrri stefnu sem enn hefur ekki náð í áfangastað, og nefnir þar m. a. umhverfismál og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Að báðum þeim málum hefur verið unnið mikið verk og vona ég að því verði fram haldið. Ég tel það líka mjög ánægjulegt, að ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að n. sú, sem stofna ber til að fjalla um endurskoðun stjórnarskrár samkv. samþykkt Alþingis, ljúki því verki á tilsettum tíma, þ. e. a. s. innan tveggja ára samkv. ákvörðun Alþingis. Og ég vænti þess, að um þá nauðsynlegu endurskoðun stjórnarskrárinnar verði alger samstaða allra flokka um að hraða því verki og ljúka því sem best.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ef eignarskattsaukinn kemur eins harkalega niður á lágtekjufólki og hv. síðasti ræðumaður tók dæmi um, þá er það aðeins sönnun um vitlaus skattalög sem nú eru í gildi og núv. ríkisstj. hefur ákveðið að breyta.

Ég mun í máli mínu aðallega ræða nokkur atriði úr samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna, sem heyra undir þau rn. sem ég hef starfað við. Í lokin mun ég þó einnig lýsa viðhorfi mínu til efnahagsmálanna almennt og skýra þá megináherslu, sem ég legg á að samstaða náist á næstu mánuðum um ákveðnar og varanlegar aðgerðir gegn verðbólgunni.

Ef hægt er að segja að eitthvert eitt mál hafi öðrum fremur skipað öndvegi í stefnumörkun Alþfl., þá eru það almannatryggingarnar. Það er og hefur verið stolt okkar Alþfl.-manna að hafa frá öndverðu skipað forustusveit þeirra sem barist hafa fyrir réttarbótum til handa öldruðum, sjúkum og öryrkjum. Á þessu sviði hafa margir sigrar unnist þótt hér verði aldrei unninn neinn fullnaðarsigur. Breytttir tímar og breyttar aðstæður kalla sífellt á ný úrræði á þessu sviði. Í dag stöndum við þar, að við búum við tvíþætt lífeyriskerfi: annars vegar almannatryggingar og hins vegar hina svokölluðu frjálsu lífeyrissjóði.

Almannatryggingakerfið veitir vissulega mikilsverð réttindi, ekki síst eftir að lífeyrisgreiðslur þess voru með lögnum tengdar kauphækkunum. Stöðugt er í gangi endurskoðun á þeirri löggjöf sem um almannatryggingar fjallar. Er það ætlun mín að þar verði hvorki staðnæmst né hægt á ferðinni.

Hinn þáttur lífeyriskerfisins eru frjálsu lífeyrissjóðirnir sem gegna ákaflega mikilsverðu hlutverki við að bæta stöðu þeirra sem verða fyrir fjárhagslegu áfalli, ef starfsorka til tekjuöflunar glatast eða fyrirvinna fellur frá. Raunar er þýðing þeirra þegar orðin slík, að þeir eru orðnir ómissandi þáttur í þeirri viðleitni að tryggja afkomu öryrkja, aldraðra og sjúkra. Því er hins vegar ekki að neita, að ýmsir ágallar hafa komið fram á þessu kerfi. Er slíkt ekki að undra þegar þess er gætt, að hér á landi er nánast engri löggjöf til að dreifa um starfsemi þeirra. Sjóðirnir, sem eru fjölmargir, hafa þess vegna sjálfir sett sér sín lög, og er því að vonum afar mismunandi á hvern hátt þeir tryggja réttindi félagsmanna sinna. Það bil, sem þarna hefur víða myndast, verður að brúa og tryggja öllum lífeyrisþegum ákveðin, samræmd lágmarksréttindi, m. a. með því að verðtryggja allan lífeyri og samræma reglur um réttindaöflun og greiðslur, m. ö. o. að búa einnig til innan þessa þáttar lífeyriskerfisins eitt samfellt réttindakerfi sem taki til allra landsmanna. Er í þessu sambandi nauðsynlegt að hafa í huga að þrátt fyrir mikla fjölgun lífeyrissjóðanna á síðustu árum á þó enn meira en helmingur allra lífeyrisþega enga aðild að lífeyrissjóðum.

Þessu mikla misrétti hefur ríkisstj. sett sér að bæta úr með því að stefna að einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Framkvæmd þessa mikilsverða stefnumáls hefur lent í mínum höndum og mun ég einskis láta ófreistað til að það geti komist sem allra fyrst í höfn. Vonast ég raunar til að geta um næstu mánaðamót lagt fram frv. til 1. um almenn eftirlaun til aldraðra. Það frv. nær að vísu ekki því lokamarki sem að er stefnt, enda málið ákaflega flókið og viðkvæmt. Þetta frv. mun þó rétta verulega hlut sem allra flestra þeirra sem hafa fram til þessa einungis notið óverðtryggðs lífeyris eða verið alveg utan lífeyrissjóða, og verður það því umtalsverður áfangi að þessu lokamarki.

Í þeim kafla samstarfsyfirlýsingarinnar, sem fjallar um húsnæðismál, er vikið að nokkrum mikilsverðum málum sem í minn hlut kemur að hrinda í framkvæmd. Vil ég því gera nokkra grein fyrir því, hvernig þar miðar.

Nú er að ljúka störfum nefnd sem fjallað hefur um endurskoðun laga um byggingu svokallaðra félagslegra íbúða, einkum verkamannabústaða og leiguíbúða á vegum sveitarfélaga. Vænti ég þess, að frv. um þennan mikilsverða þátt í starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins geti komið fyrir Alþ. strax í haust.

Þá hef ég nú nýlega skipað starfshóp og fengið það hlutverk að endurskoða alla aðra þætti í starfsemi Húsnæðismálastofnunar. Er þessum hópi m. a. ætlað að kanna möguleika á því, að lánum stofnunarinnar verði breytt þannig að þau verði ákveðið hlutfall af byggingarkostnaði nýs húsnæðis, innan hóflegra stærðarmarka þó, og lán til kaupa á eldra húsnæði verði hlutfall fjármagnsþarfar kaupenda. Í því væri fólgin gerbreyting, ef hægt væri að efla sjóði Húsnæðismálastofnunar svo að lán hennar nægðu til að fullnægja að mestu eða öllu eðlilegri lánsþörf húsbyggjenda og að útborgun þess fjár gæti haldist í hendur við framkvæmdahraðann. Eigi slíkt markmið að nást verður að koma til gagnger endurskoðun á teknaöfluninni og ný tengsl við hinn almenna fjármagnsmarkað í landinu, ekki síst lífeyrissjóðina, en þess verður þá jafnframt að gæta, að þessum sjóðum sé ekki sóað á verðbólgubálinu, þannig að eilíflega verði að ausa í þá nýju fjármagni. Hér á ég við það, að lánin verði verðtryggð að fullu, en vextir hins vegar færðir mjög niður, verði sennilega aðeins 2-3%. Jafnframt verður svo að varast að fjármagnsbyrðin verði lántakendum ofviða, svo sem með lengingu lánstímans og sveigjanleika í sambandi við endurgreiðslur, t. d. með takmörkun þeirra við ákveðið hlutfall af ráðstöfunartekjum lántakandans. Koma hér raunar ýmsar aðrar leiðir til greina.

Ég trúi því, að þessar breytingar megi gera í skynsamlegum áföngum og að þær muni í raun koma öllum til góða, og það sem kannske er mest um vert: verða mjög öflugt vopn í baráttunni gegn verðbólgunni.

Ég hef í skipunarbréfi til þessa starfshóps óskað eftir athugun á ýmsum fleiri atriðum sem ég tel að betur megi fara. Má þar til nefna stofnun nýs lánaflokks sem ætlað er það hlutverk að veita lán til endurbóta og viðhalds á eldra húsnæði. Hef ég beðið um að gerð verði sértök athugun á lánveitingum til byggingar húsnæðis fyrir aldraða og fólk með sérþarfir og að kannaðir verði möguleikar á stuðningi við nýjungar í byggingariðnaði, stöðlun húshluta og margvíslega hagræðingu sem horft gæti til lækkunar á byggingarkostnaði.

Ég hef lagt fyrir þennan starfshóp að hraða störfum sínum eftir föngum og vænti þess, að hægt verði að kynna hv. alþm. niðurstöður hans fyrir þinglok næsta vor og helst ef tækist að samþ. lög um þetta efni strax á þessu þingi.

Loks má geta þess undir þessum lið, að nú hefur tekið til starfa nefnd sem ég skipaði til að semja frv. að nýrri löggjöf um leiguhúsnæði. Er mikil þörf orðin á slíkum lögum sem gætu komið fastari skipan á þessi mál en nú er, eytt margvíslegri réttaróvissu og tryggt betur réttarstöðu leigutaka og raunar einnig leigusala. Ég vænti þess, að þessi n. ljúki störfum fyrir n.k. áramót. Ég hefði viljað ræða hér um heilbrigðismál, sem eru mjög stór og flókinn málafokkur, og um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en til þess vinnst ekki tími að þessu sinni.

Herra forseti. Ég hef nú drepið á nokkur þeirra mála sem stjórnarflokkarnir hafa náð samstöðu um og falla undir mín rn. Ég geri mér ljósa grein fyrir því, að þarna bíða mörg tækifæri til að hrinda í framkvæmd ýmsum málum sem horfa til framfara og heilla fyrir land og lýð. Þau tækifæri mun ég ekki láta fram hjá mér fara sé þess nokkur kostur. Vænti ég góðs samstarfs við hina stjórnarflokkana, enda ber starfsyfirlýsingin þess glöggt vitni, að núv. ríkisstj. vill verða ríkisstjórn framfara og félagshyggju.

Hins geng ég þó ekki dulinn, að höfuðverkefni ríkisstj. hlýtur að verða á sviði efnahagsmálanna og ber þar hæst að vonum baráttuna við verðbólguna. Hvernig sem öðrum málum lyktar verður ríkisstj. þó fyrst og fremst metin og dæmd eftir árangri sínum í þeirri baráttu. Ríkisstj. hefur gert samstarf við aðila vinnumarkaðarins að hornsteini samstarfsyfirlýsingarinnar. Samráð við og samvinna með launþegum og vinnuveitendum er grundvöllur efnahagsmálastefnunnar sem verður að leiða til árangurs, því að náist árangur ekki eftir þeirri leið veit ég satt að segja ekki hvað bíður okkar. Þjóðin þolir ekki lengur þá óðaverðbólgu sem hér hefur geisað undanfarin ár, hvorki efnahagslega né siðferðilega.

Alþfl. kom fyrir síðustu kosningar fram með ýmsar róttækar hugmyndir í efnahagsmálum, — hugmyndir sem fengu mikinn hjómgrunn með þjóðinni og öfluðu flokknum mikillar fylgisaukningar. Þetta sannar að þrátt fyrir gagnstæðar fullyrðingar sumra gerir meiri hluti þjóðarinnar sér grein fyrir því, hver voði óðaverðbólgan raunverulega er, og vill að gegn henni sé einarðlega snúist.

Ríkisstj. hefur þegar gripið til ýmissa aðgerða í efnahagsmálum, — aðgerða sem eru engin frambúðarlausn, heldur fyrst og fremst til þess ætlaðar að forða undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar frá algerri stöðvun, afstýra atvinnuleysi og skapa svigrúm til varanlegra átaka.

Þetta voru bráðabirgðaaðgerðir til skamms tíma sem á ýmsan hátt gengu á svig við stefnu okkar Alþfl.-manna og ýmsum reyndist erfitt að fella sig við.

En nú er höfuðmálið það, að þetta svigrúm sé notað til að ná samstöðu innan ríkisstj. og við aðila vinnumarkaðarins um varanlegar aðgerðir, — aðgerðir sem við getum treyst að beri árangur og skili okkur a. m. k. umtalsverðum áfangasigrum. Náist ekki slík samstaða tel ég að endurskoða verði allar forsendur stjórnarsamstarfsins.

Ég þakka þeim er hlýddu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar ný ríkisstj. fytur Alþingisboðskap sinn setja atburðir líðandi stundar oftast svo sterkan svip á slík þáttaskil, að yfirsýn yfir hina sögulegu framvindu víkur fyrir glímunni við hinn daglega vanda. Þótt umr. hér í kvöld gefi ærið tilefni til að rifja upp hvernig launafólkið í landinu kallaði á myndun núv. ríkisstj. til að spyrna gegn þeirri efnahagslegu holskeflu sem íhaldsöflin höfðu skapað, holskeflu óðaverðbólgu, algerrar stöðvunar grundvallaratvinnuvega, erlendrar skuldasöfnunar sem ógnaði efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar og hatrammra, langvarnadi átaka ríkisvalds og verkalýðshreyfingar, — þótt umfjöllun um þá holskeflu sé freistandi, einkum vegna kokhreystinnar í strandkafteininum Geir Hallgrímssyni og skipsfélaga hans sem hér töluðu fyrr í kvöld, þá ætla ég við lok þessara umr. að

skoða fyrstu göngu núv. ríkisstj. frá öðru sjónarhorni.

Í önn dagsins verða lærdómar sögunnar oft dauður bókstafur og markmið framtíðarinnar óljósar hillingar. Við skulum því í kvöld staldra við um stund, líta yfir baráttuferil alþýðunnar og árétta þau verkefni sem móta skulu framtíðina. Þótt núv. ríkisstj. verði vissulega frá degi til dags, frá viku til viku miskunnnarlaust dæmd af verkum sínum, þá verður íslenskt launafólk, verkalýðshreyfingin og forystuflokkur hennar, Alþb., ávallt að taka mið af hinu sögulega hlutverki sínu.

Í upphafi þessarar aldar var íslensk alþýða án allra lýðræðislegra réttinda, án kosningarréttar og kjörgengis. Fyrstu félög verkamanna og sjómanna voru svo veikburða að sum þeirra dóu innan tíðar. Forréttindastétt embættisaðals og kaupmanna hafði stjórn landsins alfarið í sínum höndum. Hugsjónir um jafnrétti og afnám kúgunar, draumar alþýðunnar um útrýmingu arðráns og sköpun skilyrða fyrir félagslegri velferð, almennri menntun og víðtækum lýðréttindum, — slíkar vonir blunduðu aðeins í brjóstum fáeinna manna. Þær höfðu ekki eignast skipulögð baráttutæki, fjöldahreyfingu sem byðu forréttindaöflunum byrginn.

Átta áratugir eru skammur tími í sögu þjóðar. Samt geyma annálar þessarar aldar rismiklar frásagnir af sókn alþýðunnar til sigurs: Baráttan fyrir almennum kosningarrétti allra án tillits til fjárhags eða eigna. Baráttan fyrir rétti verkalýðsfélaganna til samninga um kaup og kjör og aðstöðuna til að fylgja þeim rétti eftir með árangursríkum verkföllum. Baráttan fyrir skólagöngu allra barna. Baráttan fyrir félagslegri velferð, tryggingum, heilsugæslu, öryggi og forsjá barna og aldraðra, sjúkra og öryrkja. Baráttan fyrir alhliða menningarstarfsemi og tækifærum allra til listsköpunar og sjáflstjáningar. Baráttan fyrir víðtæku lýðræði, ekki aðeins í kosningum, heldur líka í félagssamtökum, á vinnustað og í skólum. Baráttan fyrir raunverulegu frelsi allra einstaklinga án fjötra arðráns og fórna hinnar hatrömmu samkeppni blindrar gróðasöfnunar. Baráttan fyrir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar gegn erlendri hersetu og stóriðjuverum útlendinga. Baráttan fyrir verndun íslenskra náttúru og varðveislu auðlinda, útfærslu landhelginnar og þróun atvinnulífs á félagslegum grundvelli, sem ein veitir Íslendingum þá efnahagslegu líftryggingu sem er bakhjarl raunverulegs stjórnfarslegs sjálfstæðis þjóðarinnar. Öll þessi víðtæka barátta hefur á liðnum árum og áratugum því aðeins reynst sigursæl, að samtök launafólksins í landinu, verkalýðshreyfingin og forustuflokkur hennar hafi hönd í hönd sem órofa heild boðið byrginn íhaldöflum og auðstétt þessa lands. Skref fyrir skref, spildu fyrir spildu hefur alþýða Íslands haslað sér völl þar sem áður var veldi ótal Bogesena hins íslenska íhalds.

Á síðustu fjórum árum sórust Sjálfstfl. og Framsfl. í fóstbræðralag forréttindaafla og skáru upp herör gegn alþýðu landsins. Sú saga er enn í fersku minni og íslenskt launafólk mun vegna dýrkeyptrar reynslu geyma hana um ókomna tíð. Í kjöfar stórfelldrar kjaraskerðingar ákváðu ráðh. íhalds og Framsóknar í upphafi þessa árs að brjóta á bak aftur samtakamátt verkalýðsins, beita einhliða lagaboði gegn helgasta rétti launafólksins. Yrði sú atlaga sigursæl skyldi áfram haldið til að eyðileggja þann árangur sem áratugabaráttа hefði skilað íslenskri alþýðu á sviði félagslegrar velferðar og víðtækra lýðréttinda.

En stéttvísi og djúpur sögulegur skilningur gerðu verkalýðshreyfingunni kleift að búast skjótt til varnar. Með ötulu liðsinni Alþb. á hinum pólitíska vettvangi, á Alþingi og utan þess, sneru ASÍ og BSRB vörn í sókn. Verkfallið 1. og 2. mars og útflutningsbann Verkamannasambandsins voru ásamt sigrum Alþb. í sveitarstjórnarkosningunum sú tangarsókn sem splundraði herferð íhalds og Framsóknar gegn íslenskri alþýðu, samtökum hennar og grundvallarréttindum.

Það er vissulega verðugt umhugsunarefni fyrir hólkór Alþfl., sem nú situr hér í þingsölum, en gekk til vinnu sinnar verkfallsdagana 1. og 2. mars, að þá stóðu þeir með tilræðismönnunum, en gegn launafóli. Það sama verkfall og þeir neituðu að styðja varð upphaf að þeirri atburðarás sem í ágústlok skóp ríkisstj. launafólksins. Og reyndar ættu allir þeir, sem ásamt forsöngvurunum í hólkór Alþfl. hlupust undan merkjum verkfallsdagana 1. og 2. mars, að hugleiða hvaða árangri barátta stéttvísasta hluta launafólksins í ASÍ og BSRB hefur skilað öllu íslensku launafólki.

Í kjölfar kosningaósigursins, eftir að atlagan að samtökum launafólks hafði gert Framsfl. að minnsta stjórnmálaflokkinum á Íslandi, dró Framsóknarforustan lærdóm af dýrkeyptri reynslu. Ólafur Jóhannesson lauk myndun ríkisstj. sem Lúðvík Jósepsson hafði lagt grundvöllinn að með samkomulagi við verkalýðshreyfinguna. Því ber vissulega að fagna, að stefnuræða forsrh. hér í kvöld ber með sér að Framsóknarforustan virðist a. m. k. í bili hafa lært sína lexíu. Hann segist nú staðráðinn í að virða á virkan hátt samráð við hreyfingar launafólks og gera það að raunverulegum hornsteini ríkisstj. Þótt ýmsir telji að í flokki forsrh. séu enn menn sem vilji hefna sín á verkalýðshreyfingunni og króa hana af, þá skulum við vona að sú óheilindakenning reynist ekki rétt.

Málflutningur Geirs Hallgrímssonar og Gunnars Thoroddsens hér í kvöld ber það hins vegar glöggt með sér, að Sjálfstfl. hefur ekkert lært. Þeir dýru eiðar, sem Geir Hallgrímsson sór í Washington lagsbræðrum sínum í Bilderbergreglu hins alþjóðlega auðvalds kvöldið sem alþýðan tók stjórn Reykjavíkur í sínar hendur, eru greinilega enn í fullu gildi. Óöld og mannvíg í flokksherbergjum Sjálfstfl. munu líklega á næstu missirum hindra að þessir herramenn átti sig á því, hvað hefur í raun og veru gerst í íslensku þjóðfélagi. Að Íslensk alþýða hefur skapað sér nýja fótfestu í stjórnkerfi landsins.

Alþb. er nú næststærsti flokkur þjóðarinnar, forustuafli í samtökum launafólks, burðarásinn í ríkisstj. sem formaður flokksins lagði grundvöllinn að, ábyrgt fyrir stjórn fjölmennustu bæjarfélaganna í landinu og fjölda sveitarstjórna um allt land.

Slík þáttaskil skapa flokki okkar margvísleg verkefni og fjölþættan vanda. Við skulum minnast þess, að sigrar síðustu mánaða í baráttunni við ríkisstj. auðstéttarinnar voru aðeins varnarsigrar. Enn er vígstaða lagsbræðra íhalds og erlendrar ásælni ótrúlega sterk í okkar landi. Samtök atvinnurekenda, leyniregla herstöðvasinna í hinum flokkunum þremur og fjandsamlegt embættiskerfi mynda enn öfluga víggirðingu gegn afgerandi þjóðfélagslegri umsköpun. Barátta Alþb. og verkalýðshreyfingarinnar er því aldrei brýnni en nú. Önn dagsins kallar á öfluga vöku. Þjóðfélag jafnréttis og samhjálpar, víðtæks lýðræðis og raunverulegs frelsis til eflingar manngildis, en ekki auðsöfnunar, eru enn langt undan. Fjötrar erlendrar ásælni, hervalds og fjármagns hindra enn í mörgu sjálfsákvörðunarrétt íslensku þjóðarinnar. Baráttan fyrir sjálfstæðu íslensku samfélagi, þar sem lif-

andi lýðræði blómstrar á öllum sviðum og arðrán manns á manni leggur ekki lengur steina í götu raunverulegs frelsis allra til að lifa lífinu í samræmi við drauma sína og getu, — sú barátta mun enn standa langa hríð.

Atburðarás sumarsins sneri vörn í sókn alþýðunni til heilla. Nú er það verkefni okkar allra á Alþ. og í sveitarstjórnum, í verkalýðshreyfingunni og öðrum fjöldasamtökum að fylgja sókninni eftir. Ef það tekst mun þessi ríkisstj. marka stærri þáttaskil en flesta hefur grunað. — Góða nótt.

Sameinað þing, 6. fundur.

Mánudaginn 23. okt., kl. 2.30 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 19. okt. 1978.

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, Hannes Baldvinsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Bragi Sigurjónsson,
forseti Ed."

Þá vil ég óska þess, að kjörbréfanefnd taki kjörbréf varaþm. til rannsóknar og verður 5 mínútna fundarhlé meðan sú rannsókn fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Hannesar Baldvinssonar framkvæmdastjóra á Siglufirði, sem er 1. varaþm. Alþb. í Norðurl. v. Kjörbréfanefnd gerir engar aths. við kjörbréfið og leggur til að kosning Hannesar Baldvinssonar verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Kosning fjárveitinganefndar.

Við kosningu í nefndina komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Geir Gunnarsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Helgi F. Seljan (A),
Lárus Jónsson (B),
Bragi Sigurjónsson (A),
Alexander Stefánsson (A),
Ellert B. Schram (B).

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og hv. alþm. og reyndar alþjóð er kunnugt, þá er eitt af þeim grundvallaratriðum, sem núv. ríkisstjórnarsamstarf er byggt á, samráð við hreyfingar launafólksins í landinu, sem jafnframt er leiðarljós og grundvallarvinnuaðferð við stefnumótun af hálfu stjórnarinnar. Í stefnuræðu forsrh., sem kom fram hér á Alþ. í síðustu viku, var þetta megineinkenni samstarfsins orðað á eftirfarandi hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar er í fyrsta lagi lögð áhersla á samráð og samstarf við aðila vinnumarkaðarins og er þar í raun og veru um að ræða eins konar hornsteina, sem samstarfsyfirlýsingin er reist á, og er þar að finna undirstöðu þessa stjórnarsamstarfs."

Enn fremur segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Reyndar má segja, að til þessa samráðs hafi verið stofnað þegar áður en stjórnin var mynduð og þá alveg sérstaklega við helstu launþegasamtökin. Var einmitt með þeim hætti lagður grundvöllur að ýmsum efnisatriðum stjórnarsáttmálans.

Reynslan ein fær úr því skorið, hvernig til tekst um þetta samráð og hvort það ber tilætlaðan árangur. Auðvitað getur ríkisstj. aldrei skotið sér undan neinni ábyrgð með skírskotun til þessa ákvæðis. En hér er í öllu falli um merkilega tilraun að ræða."

Það er ljóst að sú hugsun, sem þarna kemur fram, er í röðum stuðningssamtaka og stuðningsfólks ríkisstj. það kjarnaatriði, sem við í senn byggjum mestar vonir á og leggjum höfuðáherslu á. Það er rétt sem fram hefur komið, að þau vinnubrögð, sem höfð voru við myndun þessarar stjórnar og við setningu brbl., einkenndust mjög ríkulega af þeirri stefnumótun sem svo réttilega var þannig orðuð í stefnuræðu forsrh.

S.l. föstudag var haldinn fyrsti fundur þeirra aðila, sem ríkisstj. hefur kvatt til þessa samráðs, og þeirrar ráðherranefndar, sem ríkisstj. valdi til þess. Í frétt af þessum fundi, sem birtist í Morgunblaðinu s.l. laugardag, kemur hins vegar fram mjög svo villandi lýsing á því sem þar hefur væntanlega gerst, og áður en ég kem að því nánar ætla ég með leyfi hæstv. forseta að vitna í þessa frásögn. Hún er svo hljóðandi:

„Allmargir aðilar, sem boðaðir voru á fundinn, höfðu vænst þess, að ráðh. gerðu þar grein fyrir fjárlagafrv. ríkisstj., sem enn hefur ekki verið lagt fyrir Alþingi. Tómas Árnason sagði á fundinum, að svo væri ekki, slíkt væri ekki við hæfi þar sem frv. yrði fyrst að leggja fyrir Alþingi. Kristján Thorlacius, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, lýsti þá á fundinum furðu sinni á ummælum Tómasar, að ekki væri við hæfi að ræða fjárlagafrv., þeir væru einmitt komnir á fundinn til þess að ræða það þar."

Eins og ég vék að áðan og í samræmi við þau vinnubrögð, sem viðhöfð voru við setningu brbl., þá mun ríkisstj. væntanlega hér eftir sem hingað til hafa í grundvallaratriðum samráð við hreyfingar launafólks um öll meginatriði efnahagsstefnu sinnar, enda er fjárlagafrv., eins og fjmrh. sagði í viðtali við Tímann fyrir nokkrum dögum, þess eðlis, að þar kemur stefna ríkisstj. fyrst og fremst fram.

Þessi frétt gefur mjög villandi mynd af því formi og þeim anda þess samráðs, sem fram kemur í stefnuræðu forsrh. Mér er kunnugt um það, að af hálfu ráðh. Alþb. var þessi fyrsti fundur fyrst og fremst skoðaður sem vettvangur til þess að ræða á hvern hátt þessu samráði yrði skipað og síðan yrði næstu daga rætt við fulltrúa samtaka launafólks og aðra aðila um þau grundvallaratriði efnahagsstefnunnar á næstu vikum og mánuðum sem felast í fjárlagafrv. og reyndar öðrum þeim málefnatilbúnaði sem stjórnin þarf óhjákvæmilega að koma fram. Það samráð hlýtur óhjákvæmilega að fela í sér viðræður um þá tekjustefnu sem ríkisstj. mun fylgja, t.d.

framhald niðurgreiðslnanna, stuðning við grundvallaratvinnuvegina, þau atriði í málefnasamningnum sem snerta aðildina að EFTA, fjárfestingarstefnuna, rekstrarstefnu ríkisins og fjölmörg önnur atriði.

Þar eð önnur frásögn hefur ekki komið fram af þessum fundi heldur en sú sem ég vitnaði til hér áðan, fannst mér nauðsynlegt, vegna þess að hér er í raun og veru um hornstein stjórnarsamstarfsins að ræða og það atriði sem sker þessa ríkisstj. fyrst og fremst frá fyrri ríkisstj., að óska eftir því við hæstv. forseta Sþ., að mér gæfist tækifæri til þess að spyrja fjmrh. hér strax í dag nánari frétta af þessum fundi og útskýringa á þeirri villandi frásögn sem kom fram í áður tilvitnaðri frétt Morgunblaðsins. Ég er þess fullviss, að launafólkið í landinu og samtök þess binda miklar vonir við það, að verði þeim samráðs- og samstarfsaðferðum, sem hófust við tilkomu ríkisstj. og settu svip sinn á setningu brbl., haldið áfram í þeirri mynd, þá muni þessari ríkisstj. vel farnast. Og það er nauðsynlegt að þær þúsundir, þær tugþúsundir launafólks í landinu, sem líta á þetta samráð sem hornstein stjórnarsamstarfsins, eins og við stuðningsmenn þessarar ríkisstj. gerum, fái sem fyrst rétta og sanna mynd af því, hvernig því verður háttað.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vissi ekki af því fyrr en eftir hádegið, að ég þyrfti að svara hér fsp. utan dagskrár, þannig að ég hef því miður ekki haft þann tíma til undirbúnings sem hefði verið æskilegur. En ég skal reyna að svara spurningunni eins glöggt og mér er unnt.

Ég vil þá fyrst geta þess, að í 42. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyrir að þegar þing kemur saman skuli leggja fyrir það fjárlagafrv. Ég mun síðar gera nánari grein fyrir því, hvers vegna dráttur hefur orðið á því. Ég hef raunar þegar gert það að nokkru. En það er stefnt að því, að fjárlagafrv. verði lagt fyrir Alþingi helst í þessum mánuði. Það hefur oft komið fyrir áður, að fjárlagafrv. hefur ekki verið lagt fyrir þingið alveg í upphafi þess, og mun ég síðar rekja þau mál nánar. Þó hygg ég að það hafi ekki komið fyrir síðan 1961, ef ég man rétt.

Eins og hér kom fram hjá fyrirspyrjanda, hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, voru í samningaviðræðum, þegar núv. ríkisstj. var mynduð, höfð margháttuð samráð við fulltrúa launþegasamtakanna og aðila vinnumarkaðarins um stefnuna í efnahagsmálum, og í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj.-flokkanna eru nokkur ákvæði sem varða sérstaklega ríkisbúskapinn, og að sjálfsögðu verður byggt á þessari stefnu í fjárlagafrv. Ég veit að hv. þm. er það ljóst, að ekki er við hæfi að ræða einstök atriði fjárlagafrv. fyrr en það er lagt fyrir Alþingi. Það er sú samkoma sem fyrst fær að sjá fjárlagafrv. á eftir ríkisstj. og þess vegna ekki ástæða til þess að gera það við neina aðra aðila. Hins vegar er öðru máli að gegna um stefnumarkandi mál sem varða fjárlagafrv. Í því efni gerði ég nokkra grein fyrir helstu þáttunum í ræðu þeirri sem ég flutti hér s.l. fimmtudag í umr. um stefnuræðu hæstv. forsrh. Ég kom þar inn á ýmis atriði sem ég sé ekki ástæðu til að endurtaka hér. Sá stutti tími, sem ríkisstj. hefur starfað, hefur verið mikill annatími, ekki síst í fjmrn., vegna þess að ríkisstj. tók þegar á fyrstu dögum margvíslegar ákvarðanir sem hafa mikil áhrif á fjárlagafrv. í ýmsum efnum og ríkisbúskapinn á næsta ári.

Varðandi það, sem spurt var um hér af hv. fyrirspyrjanda, þá vil ég geta þess, að á fyrsta fundi, sem haldinn var í samráðs- og samstarfsnefnd fulltrúa launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds sl. föstudag, sem var fyrst og fremst fundur til þess að ræða nánar um þessi samráð, hvernig þeim skyldi hagað, gerði ég að umræðuefni stefnuna í fjárl. sem ætti að nota alveg sérstaklega sem hagstjórnartæki í baráttunni gegn verðbólgunni. Það hafa nú verið teknar upp í fjmrn. nótur um þessar viðræður eða þennan fund. Ég held að það sé langeinfaldast fyrir mig að lesa upp það sem var skrifað af þessum fundi, sem ég sagði frá, varðandi fjárlagagerðina og fjárl. Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa þetta hér upp, því að það skýrir í raun og veru það sem um er spurt.

„Verðbógan er aðalvandamál okkar," sagði ráðh., „og til hennar mætti rekja helstu vandamál efnahagslífsins, svo sem lánsfjárkreppu og erfiðleika útflutningsatvinnuveganna. Fjmrh. kvað fjárl. eitt af þeim tækjum sem nota mætti í baráttunni gegn verðbógunni. Reka þyrfti ríkisbúskapinn þannig að hann yrði að vera í jafnvægi næstu 16 mánuði. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann kvað hann munu vera um 30 milljarða kr., en hefði verið 15 milljarðar í ársbyrjun. Þessa þróun yrði að stöðva og stefna að því að greiða niður þessar skuldir sem að verulegum hluta til eru erlendar skuldir eins og kunnugt er. Draga yrði úr framkvæmdum, en þó án þess að stofna atvinnuástandi í hættu. Hann kvað beina skatta hafa verið notaða til að afla fjár til niðurgreiðslna á verðlagi, m. a. vegna þess að þeir væru öfugt við óbeinu skattana ekki inni í vísitölunni. Notkun óbeinna skatta til tekjuöflunar leiddi nú sjálfkrafa til hækkunar kaupgjalds og verðlags. Fjmrh. kvaðst hafa viljað kynna nefndinni stefnuna í fjárlagafrv., en út í einstök atriði væri ekki unnt að fara" — af ástæðum sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Þessi samráð samráðsnefndarinnar munu fara þannig fram, að það verða viðræður við einstök félög eða samtök innan vinnumarkaðarins, og síðast í morgun var fundur með fulltrúum BSRB um samskipti ríkisvaldsins og launamanna og þátt í henni tóku ráðh. Svavar Gestsson, hæstv. viðskrh., hæstv. sjútvrh. Kjartan Jóhannsson og ég. Á þeim fundi var m. a. skipst á skoðunum um stefnuna í fjárfestingarmálum og fjármálum ríkisins og samhengi þessara mála við kjaramálin.

Þetta eru þau atriði sem ég get upplýst hv. fyrirspyrjanda um hvað gerst hefur sérstaklega í þessum málum varðandi samráðin. En ég vil taka það fram, að það hefur verið annasamt í sambandi við fjárlagaundirbúninginn og mörg fleiri störf, sem ríkisstj. hefur haft með höndum þann stutta tíma sem hún hefur setið, þ. á m. að koma á ýmsum nefndum, svo sem samráðsnefndinni og fleiri nefndum sem fjalla m. a. um þessi þýðingarmiklu samráð.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Sennilega hefur þessi fsp. átt að vera fsp. innan heimilis stjórnarflokkanna. En af því að hún er flutt á fundi í Alþ. og beint til fjmrh., sem þegar hefur svarað henni, þá er ekki óeðlilegt að aðrir láti eitthvað til sín heyra í leiðinni, fyrst þessi leið var valin, að opinbera á þennan hátt þennan ágreining sem er innan stjórnarflokkanna.

Það er eðlilegt hjá fyrirspyrjanda að vitna í ummæli formanns Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og það er líka eðlilegt að formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sé mjög óánægður með þá ákvörðun fjmrh. að fá ekki að sjá fjárlagafrv. áður en Alþ. fær að líta það

augum, að svo miklu leyti sem það mun vera til, vegna þess að þessi ríkisstj. byrjaði á því að gefa yfirlýsingu um að hún ætli að hafa samráð og samstarf við alla mögulega hópa úti í bæ áður en hún kynni Alþingi, löggjafarstofnun þjóðarinnar, fyrirætlanir sínar, svo að það er ósköp eðlilegt að blessaður maðurinn, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sé óánægður með fjmrh. fyrir þessi svik. Hins vegar tel ég það rétt hjá fjmrh., þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar, að Alþ. sjái fyrst fjárlagafrv., á undan þrýstihópum í þjóðfélaginu, ef á að láta Alþ. ganga eitthvað áfram, ef þrýstihóparnir eiga ekki alveg að taka við.

En hvað er þetta samráð og við hvern er samráð haft? Er ekki fjöldi af launþegasamtökum í landinu sem eru hundsuð? Eru ekki samráð bara við þá sem eru flokksbundnir í Alþb. eða krataflokknum og þó ekki alla í krataflokknum? Það er sennilega betri helmingurinn sem þar er talað við. Hvar hefur verið haft samráð við sjómannasamtökin í landinu? Hafði sjútvrh. samráð um fiskverðið við sjómannasamtökin í landinu? Hafði hann samráð við sjómannasamtökin — við Sjómannasamband Íslands í sambandi við þær aðgerðir sem hafa verið gerðar og hafa kostað sjávarútveginn stórútgjöld, sérstaklega útgerðina? Það er reynt að leysa vanda fiskvinnslunnar á kostnað útgerðar með því að stórauka hann. Var verið að leysa vanda fiskvinnslunnar með því að skattleggja hana í leiðinni eftir gengisbreytinguna? Er þetta ekki sama og sagt var í gamla daga að væri sama og að pissa í skóinn sinn? Þetta eru úrræðin sem blasa við. Hvaða samráð voru höfð við samtök verslunarmanna? Hafa menn heyrt forustumenn Bandalags háskólamanna lýsa yfir sérstakri velþóknun sinni á þessum aðgerðum? Hafa þeir lýst því yfir, að haft hafi verið samráð við þá? Ég hef ekki heyrt þess getið, heldur annað, eftir því sem fjölmiðlar hafa látið frá sér heyra.

Fjmrh. segir að það hafi verið mikið að gera og þá alveg sérstaklega í fjmrn. Ég get vel skilið það. Það hefur vafalaust verið mikið að gera áður í fjmrn. og fleiri rn. Það tók ríkisstj. við völdum 28. ágúrst 1974 og lagði fjárlagafrv. fram á réttum tíma, það skakkaði þremur dögum. Samkv. því, ef vel hefði verið unnið, hefði fjárlagafrv. átt að koma hér fram 13. okt. Fjmrh. segir núna að hann stefni að því, að það komi fram fyrir mánaðamót. Og þegar maður heyrir stjórnarliða tala saman, þá segja sumir að það sé búið að ganga frá fjárlagafrv., aðrir að það sé alls ekki búið að ganga frá fjárlagafrv., og fjmrh. segir að það sé stefnt að því, að það komi hér fram fyrir mánaðamót. Þetta eru mjög ákveðnar yfirlýsingar! En ég ætla að leyfa mér að spyrja fjmrh.: Stefnir hann að því, að Alþ. ljúki afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir jól, eftir þennan mikla drátt sem þegar er orðinn? Við þm. sjáum ekki hvort það muni ekki verða töluvert lengri dráttur á framlagningu fjárlagafrv. Hvað segir hæstv. fjmrh. um það? Stefnir hann og ríkisstj. að því að afgreiða fyrir jól fjárlög sem Alþ. fær e. t. v. ekki að sjá fyrr en einhvern tíma í nóv.? Það verða þá öðruvísi vinnubrögð í fjvn. en hafa verið þar. Ég átti sæti í fjvn. í 12 ár og til afgreiðslu fjárl. veitti okkur ekki af tímanum frá því að þing kom saman og þangað til Alþ. fór í jólaleyfi. Ég veit að væntanlegur formaður fjvn., sem ég þykist vita hver verður, er vaskur og duglegur maður og sömuleiðis aðrir fjvn.-menn, en ég get ekki ímyndað mér að það sé hægt að bjóða fjvn. eða Alþ. að afgreiða fjárl. fyrir jól þegar þessi vinnubrögð eru viðhöfð.

Það er allt á huldu í efnahagsmálum. Það veit enginn neitt hvaða stefnu á að taka, það eru yfirlýsingar sitt á hvað. Alþfl., sem vann stórsigur í síðustu kosningum, lofaði öllum kjósendum sínum, að ef hann næði góðum árangri í kosningunum og ynni verulega á, þá vrði tekjuskattur lagður niður. Það var ekki verið að klípa neitt utan af hlutunum þar. Og hann gleypti viðbótartekjuskatt í einum bita. Hann kokgleypti tekjuskattinn, Alþfl., með alla æskumennina, með baráttumálin og stóru breytingarnar í þjóðfélaginu. Og nú segja Alþfl.-menn: Við ætlum ekki að gleypa meira, nú erum við búnir að gleypa nóg. Og hvað ætlar Alþfl. að gera næst? Ætlar hann að halda áfram að gleypa? Á kannske að leggja einu sinni enn á tekjur fólks á árinu 1977?

Það væri fróðlegt að fá að vita eitthvað um þetta. Þjóðin bíður nokkuð spennt að vita hvað á að gera, hvort þar er nokkuð eftir að hrifsa. Það eru margir sem taka ekki við glaðningnum núna með neinni sérstakri ánægju, enda er þessi skattlagning siðleysi eins og allir vita og er viðurkennt líka af þeim sem standa að óhæfunni.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Aðeins varðandi fjárlfrv. og meðferð þess.

Hv. þm. Matthías Bjarnason taldi tormerki á því að afgreiða fjárl. fyrir áramót vegna þess hversu seint fjárlagafrv. kæmi fram. Ég ætla að vona, eins og ég sagði hér áður, að fjárlagafrv. komi fram um mánaðamótin, og þess vegna ætti að gefast nægur tími til þess að afgreiða fjárl. fyrir jól.

Ég vil geta þess, að árið 1974, sem hv. þm. minntist á í sinni ræðu, háttaði svo til að Alþ. var frestað. Alþ. kom ekki saman 1974 fyrr en 29. október og þá kom fjárlagafrv. fram. Þannig ætla ég að að vona að það verði ekki mjög mikill munur á því og nú verður, fjárlagafrv. komi fram um mánaðmótin og þess vegna muni gefast nægur tími til þess að afgreiða það fyrir jól. Að sjálfsögðu er ætlun ríkisstj. að afgreiða fjárl. fyrir jólin.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fjmrh. þá lýsingu sem hér kom fram á þeirri fyrirætlan og þeim starfsháttum sem verða hafðir varðandi samráð við samtök launafólks um gerð fjárlaga og aðra meginþætti í efnahagsstefnu ríkisstj. Ég tel það sérstaklega fagnaðarefni, að sú lýsing, sem hann gaf hér, skuli hafa komið fram, vegna þess villandi fréttaflutnings sem útbreiddasta blað þjóðarinnar flutti fyrir helgina af þessum fundum. Þau vinnubrögð sem þarna hafa verið ákveðin, að ræða sérstaklega í smærri hópum við fulltrúa hinna einstöku samtaka um þau málefni sem þarna er verið að fjalla um hverju sinni, vænti ég að skili jafngóðum árangri og þau vinnubrögð sem hafa verið notuð til þessa. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé miklu árangursríkara að ræða þau flóknu mál, sem þarna eru tekin til meðferðar, á smærri fundum með fulltrúum launþegasamtakanna hverra um sig og svo sér við fulltrúa atvinnurekenda heldur en á stórum og fjölmennum fundum líkt og þeim sem haldinn var s.l. föstudag. Og því ber vissulega að fagna, að þegar í morgun skuli hafa verið haldið áfram þessum vinnubrögðum með viðræðufundi ráðherranefndar ríkisstj. og fulltrúa BSRB bæði um ýmis þau málefni, sem snerta Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sérstaklega, og ýmis höfuðatriði í þeim stefnu-

grundvelli sem fjárlagafrv. er byggt á.

Ég tel það sérstaklega fagnaðarefni, að slíkur fundur skuli þá þegar hafa verið haldinn og þær ákvarðanir, sem fjmrh. lýsti að teknar hefðu verið á föstudagsfundinum, hafi þegar leitt til ítarlegra og útfærðra viðræðna og samráðs af þessu tagi.

Ég er nokkurn veginn viss um það, að þótt slíkir fundir kunni að leiða til þess, að fjárlagafrv. komi nokkrum dögum síðar fram en ella, þá muni ítarlegur undirbúningur, sem felur í sér samráð við fjölmennustu samtök launafólksins í landinu, gera það að verkum, að þau grundvallaratriði efnahagsstefnunnar, sem fjárlagafrv. felur í sér, hafi þá víðtæku þjóðar- og hags*munasamstöðu sem nauðsynleg er til* þess að sú stefna, sem fjárlagafrv. markar, geti verið nauðsynlegt baráttutæki í baráttunni gegn verðbólgunni sem fjárlagafrv. hlýtur að verða að þessu sinni.

Ég verð að segja það út af ummælum hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, að þótt þau lýðræðislegu vinnubrögð að ræða við fulltrúa fólksins í landinu utan þings sem innan kunni að tefja það um nokkra daga að við hér á Alþ. fáum málið til meðferðar, þá séu það miklu vænlegri vinnubrögð en þau styrjaldarvinnubrögð sem sú ríkisstj., sem hann sat í efndi til fyrr á þessu ári. Það má vel vera, að við Matthías Bjarnason höfum ekki sama skilning á því, hvað sé eðlilegt lýðræði. Ég tel það fyllilega í anda þeirrar opnu og frjálsu umræðu, sem hlýtur að eiga sér stað í lýðræðislandi, að spurning af þessu tagi komi hér fram, þannig að allur almenningur í landinu geti héðan úr þingsölum heyrt það sanna og rétta í þessu máli, en málgagn hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar sé ekki einrátt um að flytja ranga mynd af því sem gerist í þjóðfélaginu. (**MB:** Hvaða málgagn á ég?) Það er það málgagn sem hv. þm. Matthías Bjarnason notar til að ráðast á sessunaut sinn, Albert Guðmundsson, eins og hann gerði s.l. sunnudag.

Ég held einmitt að það hafi of mikið skort á það hér á undanförnum árum, að þessi stofnun sé notuð til þess að tjá þjóðinni jafnóðum hvað er að gerast, það sé ekki verið að loka málin og þær umr., sem eiga sér stað, inni á einhverjum þröngum fundum, þótt það sé að vísu skiljanlegt út af því heimilisböli og þeim „lýðræðislegu" stjórnarháttum sem tíðkast í flokki stjórnarandstöðunnar, Sjálfstfl., að einn helsti talsmaður hans hér skuli undrast það, að efnt sé til umr. af þessu tagi.

Ræða hv. þm. var að ýmsu leyti furðuleg og ég ætla ekki að gera hana— vegna tilmæla forseta Sþ. — að umræðuefni hér. Þó get ég ekki stillt mig um að benda á *þann skort á jarðsambandi við þjóðfélagið og reyndar* jarðsambandi við eigin flokk sem greinilega einkennir suma forustumenn Sjálfstfl. hér á hv. Alþ., að þm. Matthías Bjarnason spurði með miklum þjósti og fyrirlitningu: Var haft samráð við samtök verslunarmanna í landinu?

Það vill nú svo til að Björn Þórhallsson, formaður Landssambands verslunarmanna, er einn af nm. í samráðsnefnd Alþýðusambands Íslands og sat, a ég held, þennan föstudagsfund. Þessi ágæti forustumaður launafólks, Björn Þórhallsson, er jafnframt miðstjórnarmaður í Sjálfstfl. og einn helsti forustumaður hans í launþegahreyfingunni. Ég hélt nú að skorturinn á jarðsambandinu og innanflokkstengslunum þar á bæ væri ekki slíkur, að jafnglöggur og gjörkunnugur maður og Matthías Bjarnason þyrfti að spyrja að því, hvort samráð væri haft við landssamband verslunarfólks, þegar formaður þess sambands, miðstjórnarmaður í Sjálfstfl., er einn af nm. í samráðsnefnd Alþýðusambands Íslands og tekur fullan þátt með öðrum fulltrúum launafólks í þeim viðræðum við ríkisstj. sem nú eiga sér stað og helst var að skilja á hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni að væru ólýðræðisleg vinnubrögð. Það eru þá vinnubrögð sem miðstjórnarmaður Sjálfstfl., Björn Þórhallsson, tekur jákvæðan og virkan þátt í. Ég er viss um það, þó að hann geti svarað fyrir sig, að hann er sömu skoðunar og við, að það sé eðlilegra og heilladrýgra lýðræði fyrir þjóðina í landinu að hafa uppi þau vinnubrögð heldur en þau vinnubrögð sem Sjálfstfl. beitti sér fyrir í upphafi þessa árs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Það hafa þegar þrír hv. alþm. kvatt sér hljóðs utan dagskrár til viðbótar þeim sem þegar hafa talað. Með tilliti til þess, að fundir verða í Sþ. á morgun og Sþ. mun þá hafa allrúman tíma, en deildum var ætlaður tími í dag, þá vil ég nú beina því til þeirra hv. þm., sem þegar hafa kvatt sér hljóðs, hvort þeir geti ekki fallist á það, að við frestum þessari umr. þar til á fundi á morgun. (**Gripið fram í:** Nei.). Ef mönnum finnst það ekki sanngjarnt, þá get ég hugsað mér að gefa orðið einum stjórnarandstöðu þm. þeirra sem þegar hafa kvatt sér hljóðs, ef hann getur lokið sér af á tiltölulega stuttum tíma, og þá væri nokkuð jafnt á komið með stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum, en almennri umr. utan dagskrár yrði að öðru leyti frestað þar til á morgun þegar Sþ. hefur rúman tíma til umráða. Gæti þetta ekki orðið að samkomulagi?

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég verð fyrst að gera örstutta aths. við fundarsköp. Ef tími Sþ. hefur verið naumur núna, þá átti hæstv. forseti að gá að því fyrr að leyfa ekki þessar umr. Og rétt að segja finnst mér hæstv. forseti skapa hér varhugavert fordæmi, þar sem hann gefur orðið laust utan dagskrár þegar einn þm. fer fram á það að fá leiðréttingu við frétt í blaði. Þetta fordæmi gæti ég t. a. m. notfært mér með þeim hætti að biðja um orðið utan dagskrár til þess að leiðrétta fjölmargar villur og rangfærslur Þjóðviljans þegar hæstv. forseti hefði aukafundi í Sþ. Ef þetta er nægilegt tilefni til þess að hefja umr. utan dagskrár, þá vil ég meina að það sé allhættulegt fordæmi, ef við eigum að reyna að vinna hér skaplega að framgangi mála. Þar við bætist að tími er síðar skorinn niður með svo harkalegum hætti sem dæmið sannar nú í þessum umr.

Erindi hv. 3. landsk. þm. hingað upp var að fá það staðfest hjá hæstv. fjmrh., að Morgunblaðið hefði sagt rangt frá því sem fram fór á fundi samráðsfulltrúa við ríkisstj. nú nýverið. Ég verð að fá svar og ég hlyt að fara eindregið fram á það við hæstv. forseta, að hæstv. fjmrh. gefist tími til þess að svara því beint: Hvað er rangt í þeirri frétt um þennan fund sem er að finna á baksíðu Morgunblaðsins laugardaginn 21. okt.? Mér skildist að aðalrangfærslan væri í því fólgin, að þeir hefðu ekki fengið að sjá fjárlagafrv. og talið það hina mestu óhæfu. Hæstv. fjmrh. staðfesti að þeir hefðu ekki fengið að sjá það. Ég skil þessa bók, Morgunblaðið, eftir í ræðustólnum fyrir hæstv. fjmrh. að glöggva sig á rangfærslunum sem hér kunna að vera. En ég verð að fá svar við því, þar sem hv. 3. landsk. þm. hefur þegar þakkað hæstv. fjmrh. fyrir að hafa borið þær rangfærslur til baka sem

hér kann að vera að finna. Ég verð og á kröfu á að fá að vita hverjar eru þær.

Umr. frestað.

Efri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 23. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Niðurfærsla vöruverðs, frv. (þskj. 8). — 1.umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., er flutt til staðfestingar á brbl. um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í sept. 1978 sem út voru gefin 1. sept. s.l. Frv. er samhljóða brbl. sem lögð eru fram sem fskj. með frv.

Þessi brbl. voru gefin út á fyrsta starfsdegi ríkisstj. í þeim tilgangi að skapa ríkisstj. svigrúm til að undirbúa ráðstafanir um kjaramál og önnur efnahagsmál. Í lögunum er kveðið á um tilhögun verðbótagreiðslna á laun í septembermánuði bæði fyrir og eftir gildistöku þeirra laga um kjaramál sem þá voru í undirbúningi og sett voru 8. sept. s. l., en í þeim lögum var endanlega ákveðið um tilhögun verðbóta í septembermánuði.

Um tilefni þessara brbl. er óþarft að fara mörgum orðum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að á þessum tíma ríkti mikil óvissa um tilhögun verðbótagreiðslna á laun og því var nauðsynlegt að ákveða skipan þessara mála með lögum. Í formála brbl. eða aðfaraorðum þeirra segir m. a., að ákveðnar hafi verið ráðstafanir til niðurfærslu vöruverðs sem komi til framkvæmda einhvern næstu daga til þess að hamla gegn verðhækkunum. Eðlilegt og sanngjarnt þyki að tillit verði tekið til þessa við greiðslu verðbóta á laun frá sama tíma, og því beri brýna nauðsyn til að ákveða þessa skipan mála með lögum. Þetta er kjarni málsins.

Lagasetning af þessu tagi er ekki nýmæli. Á síðustu árum hefur nokkrum sinnum verið ákveðið með lögum að meta niðurgreiðsluaukningu til lækkunar á verðbótavísitölu, þótt niðurgreiðsluaukningin verði ekki fyrr en í þann mund að laun eiga að taka verðbætur. Þetta er í alla staði eðlilegt. Þetta mun fyrst hafa átt sér stað, að ég best veit, 1970, að þessu hafi verið hagað á þessa lund. En þó voru þau lög, sem þá voru sett, nokkuð önnur en þessi og undir öðrum kringumstæðum.

Þessi brbl. hafa í raun og veru þegar náð tilgangi sínum, en eru lögð fyrir Alþ. samkv. stjórnarskrárboði.

Ég leyfi mér, herra forseti, að mælast til þess, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera langorður um þetta frv. við 1. umr. hæstv. forsrh. hefur skýrt frv. með nokkrum orðum. Mér virðist liggja ljóst fyrir að brbl., sem liggja til grundvallar því, voru sett til þess að tryggja að tekið yrði mið af síðari lagasetningu við útreikning vísitölunnar. Að vissu leyti má því segja að þetta frv. sé um formsatriði, en þau efnisatriði, sem ástæða væri að ræða sérstaklega um, er að finna í öðrum brbl., þ. e. a. s. brbl. um kjaramál frá 8. sept. s. l. Þegar frv. til staðfestingar á þeim kemur til umr. verður vissulega ástæða til þess að ræða efnislega um þau og þá um það sem lá til grundvallar því, að þessi brbl., sem hér eru til umr., voru sett.

Þetta frv. fjallar um vísitöluna og það er til komið vegna verknaðar sem stundum hefur verið kallaður fölsun vísitölunnar. Í umr. hér í síðustu viku um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu kom ég nokkuð inn á þann þátt málanna, sem víkur að fölsun vísitölunnar, og ég sé ekki ástæðu til að vera að endurtaka við þessa umr. neitt af því sem ég sagði þá.

Þetta mál fer nú til n. og fær þar venjulega meðferð. Við sjálfstæðismenn munum ræða þetta mál frekar og kjósum frekar að ræða það þegar frv. um efnisleg atriði málsins hefur verið lagt fram.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get fallist á það með hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, að það sé meiri ástæða til þess að ræða þessi mál, þegar hin efnislegu atriði eru tekin til meðferðar, heldur en í sambandi við þetta mál, sem er fyrst og fremst formlegs eðlis eins og hann gat um. En það var þó eitt orð, sem hann viðhafði, sem stakk mig heldur ónotalega og ég vil ráðleggja honum að spara sér í framtíðinni, og það var þar sem hann var að tala um fölsun vísitölunnar, hér hefði verið framkvæmd fölsun vísitölunnar með þessum hætti.

Það er út af fyrir sig rétt hjá honum, sem hann sagði, að í þessum brbl., sem hér eru á dagskrá, er það fyrst og fremst efnið, að reiknuð skuli ný verðbótavísitala þar sem tekið sé tillit til aukinnar niðurgreiðslu vöruverðs og lækkunar óbeinna skatta sem fyrir lá þá að kæmu til framkvæmda og að hin nýja verðbótavísitala tæki gildi frá þeim tíma er þessar niðurgreiðsluaðgerðir yrðu að veruleika. Ég vil að gefnu þessu tilefni og vegna þeirra orða, sem hv. þm. lét falla um þetta, minna hann á, að upphafið að þessu er líklega að finna í lögum um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis sem sett voru í nóv. 1970 að undirlagi ríkisstjórnar Jóhanns Hafsteins. Þau ákvæði voru efnislega alveg samhljóða þessum brbl. að því er varðar útreikning kaupgreiðsluvísitölu til samræmis við aukna niðurgreiðslu frá gildistökutíma vísitölunnar. En þessi ákvæði í lögum frá 1970 gengu þó lengra en ákvæði í brbl. nú að því leyti til, að heimildin í þeim um útreikning kaupgreiðsluvísitölu tók til þriggja kaupgreiðslutímabila, sem hófust 1. des. 1970 og síðan 1. mars og 1. júní 1971. Í brbl., sem hér eru til umr., er heimildin takmörkuð við einn útreikningstíma verðbótavísitölu, þ. e. við greiðslutímabilið fram að 1. des. þetta ár. Á hinn bóginn eru í þessum brbl. ákvæði um að lækkun óbeinna skatta, þ. e. niðurfelling söluskatts á matvöru, skuli verka á útreikning verðbótavísitölu á sama hátt og aukin niðurgreiðsla vöruverðs, en efnislega er ekki um mun að ræða, aukin niðurgreiðsla vöruverðs og niðurfelling söluskatts er sama eðlis í þessu sambandi.

Það má segja að fordæmi fyrir þeirri lagasetningu, sem hér er um að tefla, hafi verið upp tekið og lögfest 1970 fyrir atbeina ríkisstjórnar Jóhanns Hafsteins. Þessi lagasetning eða samsvarandi lagasetning var svo tvívegis endurtekin í tíð hinnar svokölluðu vinstri stjórnar á árunum 1971—1974, og þessi lagasetning sætti hvorki í upphafi né seinna þegar hún átti sér stað, að ég ætla, neinum andmælum frá stjórnarandstöðu á þeim tíma og ekki heldur frá launþegasamtökum. — Þetta vildi ég aðeins láta koma fram.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skil vel að hæstv. forsrh. sé viðkvæmur fyrir því þegar ég tala um verknað, eins og ég orðaði það, sem stundum hefur verið kallaður „fölsun vísitölunnar". Þetta er ekki í fyrsta sinn sem talað hefur verið um fölsun vísitölunnar. Ég hygg að menn hafi um langan aldur talað um fölsun vísitölunnar. Þeir hafa orðað þannig þann leik sem vitað er að hefur verið leikinn margoft og hvað ofan í annað með vísitöluna til þess að hagræða henni eftir því sem við hefur þótt þurfa á hverjum tíma. Ég hygg að gagnrýni á þetta hafi komið fram hjá öllum stjórnmálaflokkum og sé ein veigamesta ástæðan fyrir því, að allir stjórnmálaflokkar, a. m. k. í orði kveðnu, og þá á ég við suma núv. stjórnarflokka, en ekki við minn flokk, eru fylgjandi því að endurskoða vísitöluna, m. a. til þess að koma í veg fyrir að það eigi sér stað verknaður, eins og ég orðaði það, sem stundum hefur verið kallaður fölsun vísitölunnar.

Ástæðan til þess, að ég vék að þessu nú, liggur í augum uppi. Það er vegna þess að þó að það sé ekki í því frv. sem hér liggur fyrir, þá er það í brbl. um kjaramál frá 8. sept., að gerðar eru sérstakar ráðstafanir til þess að hagræða kaupgjaldsvísitölunni með því annars vegar að lækka verð á vörum, sem vega þungt í vísitölugrundvellinum, og hins vegar með því að sýna tilburði til þess að hækka gjöld og innheimtu í ríkissjóð á þeim liðum sem ekki koma við vísitöluna. Það var einungis af þessu sem ég vék að þeim verknaði sem stundum hefur verið kallaður fölsun vísitölunnar. Eins og ég sagði í upphafi, skil ég að hæstv. forsrh. sé viðkvæmur fyrir þessu tali, en þetta, sem ég hef sagt, á fullan rétt á sér og ég mun ekki biðjast afsökunar á því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Félagsheimili, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breyt. á l. um félagsheimili. Flm. auk mín er Alexander Stefánsson.

Þetta mál er ákaflega einfalt. Þó 1. gr. laganna sé tekin hér upp í heild, þá er breytingin aðeins sú sem greinir í síðasta málslið: Sjómannastofur skulu eftirleiðis falla undir ákvæði þessara laga, en það þýðir fyrst og fremst, að þær skulu fá greiddan styrk úr félagsheimilasjóði til að standa straum af stofnkostnaði af húsnæði og búnaði.

Þegar meta skal réttmæti þess sem hér er lagt til, þá hygg ég að það sé einkum á tvennt að líta, annars vegar hvort slík ráðstöfun samrýmist efni og anda laganna um félagsheimili og svo hins vegar hvort þörf er á að hvetja til stofnunar og rekstrar sjómannastofa með fyrirgreiðslu af þessu tagi.

Ef við lítum fyrst á gildandi lagaákvæði og þá starfsemi sem fram fer í félagsheimilunum nú, þá segir í 1. gr. laganna, að þau nái til húsa, „sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundarhalda eða annarrar félagsstarfsemi". Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga. Það leynir sér ekki á þessari upptalningu, að lögunum er ætlað að ná til allrar frjálsrar félagsstarfsemi, bæði á vegum ýmissa félaga og svo sveitarfélaga.

Að þessi hefur orðið raunin tel ég að sjáist nokkuð glöggt á því, hversu starfsemi sú, sem fram fer í félagsheimilunum, er orðin fjölþætt. Hún hefur stundum í skýrslum verið flokkuð í fimm flokka. Þá er gjarnan fyrst nefnt félagslegt starf, þ. e. fundir nefnda og stjórna og almennir fundir. Í annan stað er dægrastytting: leiksýningar, söngskemmtanir, hljómlistarflutningur, kvikmyndasýningar, málfundir, spil og töfl, kvöldvökur, diskótek, bingó, dansleikir, saumaklúbbar, bændaklúbbar og aðrir slíkir, barnasamkomur, skemmtanir aldraða og starfsemi bókasafna.

Í þriðja lagi eru svo nefndar æfingar ýmsar: söng- og leikæfingar, námskeið félaga, íþróttaæfingar annarra en skóla, dansæfingar o. s. frv. Í fjórða lagi eru svo talin skólaafnot sem sums staðar eru nokkuð mikil, svo sem fyrir samkomur eins og skólasetningar og skólaslit, litlujól, árshátíðir, íþróttamót skóla og íþróttaæfingar þeirra. Loks eru í þessari upptalningu eða skilgreiningu talin einkaafnot og þá nefndar erfisdrykkjur, afmælishóf, brúðkaupsveislur og svo manntalsþing og sölusýningar eða markaðir.

Með þessari skilgreiningu hefur verið reynt að meta, hvernig notkun félagsheimilanna skiptist á hina ýmsu starfsþætti, og þá miðað við klukkustundarafnot. Verður sá þátturinn fyrirferðarmestur sem er nefndur dægrastytting og talið að hann taki yfir 40% árlegrar notkunar félagsheimilanna, en þar eru innifaldir dansleikir. Í þeirri skýrslu, sem ég hafði fyrir framan mig þegar ég punktaði niður þessi orð, taka þeir 9% af notkuninni. Auk þessa er svo í allmörgum félagsheimilum eins og hv. dm. er kunnugt, seld gisting á sumrin fyrir flokka eða einstaka ferðamenn. Sums staðar er einnig um formlegt svefnpláss að ræða. Matsala er í allmörgum félagsheimilum landsins. Þessi notkun félagsheimilanna fer í vöxt.

Starfsemi sjómannastofa getur, þar sem það hentar, ágætavel fallið inn í þessa fjölbreytilegu mynd. Sú starfsemi er, ef litið er á nefnda flokkun, sambland af dægrastyttingu: böð, spil, töfl o.s. frv. og einkanotum — bréfaskriftir, símí, blöð o. fl., enda eru sjómannastofur sóttar þegar hlé verður á skyldustörfum um borð og skipið liggur í höfn. Þær eru því í raun afdrep fyrir sjómenn í tómstundum þeirra. Að þessu leyti fer ekkert á milli mála. Starfsemi sjómannastofa í tengslum við aðra starfsemi félagsheimila er alls ekki skothent á nokkurn hátt.

Þá er það hin spurningin: Er þörf á að ýta undir rekstur sjómannastofa hér á landi með formbundnum beinum fjárframlögum til stofnkostnaðar? Á allar hafnir sigla vissulega fleiri skip en þau sem heimahöfn eiga á hverjum stað. Allir vita að þegar skip eru í höfn gefast einhverjar lausar stundir frá skylduverkum um borð. Að sjálfsögðu leitar sjómaðurinn þá frá borði. Hann þarf eins og aðrir borgarar á margvíslegri þjónustu að halda. Að nokkru er sú aðstoð til reiðu fyrir aðkomusjómenn rétt eins og staðarfólk en þó ekki að öllu leyti, vegna þess að þarfir gestsins eru um margt sérstæðar einmitt vegna þess að hann er gestur og svo vegna þess að vinnustaður hans, skipið, er að nokkru frábrugðinn vinnustöðum í landi.

Ég tel starfsemi sjómannastofa raunar svo nauðsyn-

lega, að mér sýnist satt að segja hálfbroslegt að vera að rökstyðja það atriði í löngu máli, og ég held að ég láti það hreinlega vera. Mér segja margsigldir menn úr sjómannastétt, að mikil áhersla sé lögð á sjómannastofurnar hvarvetna erlendis, ekki aðeins í stórum hafnarborgum, heldur einnig í fámennari byggðarlögum, og hafa þá vitnað í Færeyjar og Noreg. Mun þá jafnan vera um einhvern áhugasaman og drífandi félagsskap að ræða sem stendur að rekstrinum ellegar þá að hann er kostaður af sveitarfélögunum.

Rekstur sjómannastofa á Íslandi hefur jafnan verið stopull. Við höfum einhvern veginn ekki náð tökum á þessu verkefni, en mér er sagt, og ég þykist raunar hafa fullar heimildir fyrir því, að þar sem slík starfsemi hefur verið um árabil, t. d. í Bolungarvík, sé hún mjög vinsæl og notist ágætavel. En svo eru aftur aðrir staðir, þar sem aðkomuskip og bátar eru kannske miklu fleir en t. d. í Bolungarvík, þar sem ekkert eða nálega ekkert er gert til að greiða fyrir aðkomusjómönnum á þann hátt sem hér um ræðir.

Um alllangt árabil hefur verið lítils háttar fjárveiting á fjárl. til styrktar sjómannastofum. Hefur hún verið notuð til þess jöfnum höndum að styðja að stofnun sjómannastofa og til þess að greiða fyrir rekstri þeirra. Hér er þó um næsta óverulegan stuðning að ræða miðað við verkefnin. En kannske er hann ekki óeðlilega lítill miðað við það sem gert er í reynd. Flm. þessa frv. telja eðlilegt og raunar sjálfsagt að haldið verði áfram að veita — og þá í vaxandi mæli ef tilefni gefst — rekstrarstyrki á fjárl. sérstaklega til þessa verkefnis og þá ekki síður eftir að frv. þetta er orðið að lögum.

Fyrir nokkrum árum flutti ég till. til þál. ásamt tveimur öðrum alþm. um að skora á sjútvrh. að undirbúa löggjöf um sjómannastofur. Það var liðið á þinghaldið þegar þessi till. kom fram og hún var ekki afgreidd, en við flm. rituðum þá sjútvrh. og báðum hann um að ganga í málið eigi að síður, sem hann og gerði. Hann skipaði nefnd og hún samdi drög að lagafrv., en það frv. var aldrei flutt. E. t. v. er líka ástæðulaust, þegar nánar er að gáð, að setja sérstaka löggjöf um þetta efni, ef að því ráði yrði horfið að tengja stuðning til stofnkostnaðar lögum um félagsheimili, eins og hér er lagt til, og því síðan fylgt eftir með einhverjum verulegum rekstrarstyrkjum beint úr ríkissjóði. Ég hygg nefnilega að hér á landi sem annars staðar sé sá háttur alveg eðlilegur, að rekstur sjómannastofanna sé í höndum fyrirtækja, félaga eða sveitarfélaga, en fari ekki fram á vegum ríkisins. Hitt leiðir svo af sjálfu sér, að þegar tekið er að veita ákveðna stofnstyrki og svo verulegan rekstrarstyrk, þá hljóta opinberir aðilar að líta eftir því, hvernig fjármagnið er notað, og setja sín skilyrði um frágang og búnað á þessum mannvirkjum og svo um reksturinn, kannske á svipaðan hátt og nú er gert varðandi þá starfsemi sem fellur undir lögin um félagsheimili.

Í ákvæði frv. segir svo um sjómannastofurnar: „Sama gildir um sjómannastofur, sem sömu aðilar eiga og reka, sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi". — Það þykir rétt að hafa þetta svona opið. Aðstæður eru eða geta verið mjög margvíslegar. Sums staðar kæmi kannske til greina að tengja rekstur sjómannastofu við hótel- eða veitingarekstur, kannske við starfsemi vel búinna verbúða o. s. frv. Það yrði þá væntanlega að setja nánari reglur um framkvæmd laganna undir þeim kringumstæðum, ef til kæmi. En ég held þó raunar að yfirleitt geti gilt sömu eða svipaðar reglur og nú er stuðst við um framkvæmd laga um félagsheimili.

Framkvæmd þessara laga heyrir undir menntmrn. Ég legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 23. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 6). — Frh. 1. umr.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var á dagskrá á síðasta fundi hafði ég kvatt mér hljóðs, en þá hafði þegar talað í þessu máli 1. flm. málsins og einnig hv. þm. Einar Ágústsson, hv. 9. þm. Reykv. Í þessu frv. felst það, að lagt er til að Alþ. starfi í einni málstofu og gerð verði tilheyrandi breyting á stjórnarskrá lýðveldisins í samræmi við það.

Ekki er hér um neitt nýtt mál að ræða á Alþ. Þetta mál hefur komið fyrir Alþ. æðioft og þó enn þá oftar verið rætt, ýmist í nefndum á Alþ. eða í almennum umr. Það hefur sem sagt allmikið um það verið rætt, hvort rétt væri að hverfa frá núverandi starfsháttum í Alþ., sem byggist á störfum tveggja þd., og einnig frá störfum Sþ. í ýmsum greinum og færa öll þessi störf í eina málstofu. Það er ekki nein deila um það, að sú skipan, sem við búum við í þessum enfum, er leifar frá gömlum tíma. En þær ástæður, sem þá lágu fyrir þessari skipan, eru lögnu úr gildi, löngu farnar sinn veg og ekki til lengur. Við vitum að kosning til beggja þd. fer fram með sama hætti, allt Alþ. er kosið í einu lagi og síðan er þessi háttur á hafður, að Alþ. skipi sér í tvær þd. til starfa.

Ég vil strax taka það fram í upphafi umr. um þetta mál, að það er skoðun mín að til greina komi fyllilega að breyta til um starfshætti Alþ. og taka upp eina málstofu. Ég hafði þá skoðun lengi framan af, eins og margir fleiri, að þetta lægi tiltölulega beint við og væri sjálfsagt. Ég hef hins vegar á löngum þingferli mínum sannfærst um allt annað. Málið liggur ekki beint við.

Meginástæðan til þess, að ég hef kvatt mér hljóðs, er að gera aths. við ýmsar röksemdir sem komið hafa fram hjá flm. þessa máls, þar sem ég tel að rökin séu algerlega röng. En það breytir ekki því, að eftir sem áður getur verið ástæða til að athuga hvort ekki sé rétt að breyta til, eins og gerst hefur í mörgum öðrum þjóðþingum, og gera sér þá einnig grein fyrir því, hverju þarf að breyta í störfum Alþ. um leið. Það er einkum það sem mér þykir mjög á skorta í þessum málflutningi, að menn geri sér grein fyrir hverju þarna á að breyta um leið.

Því er haldið fram, að núverandi skipan á störfum þingsins tefji þingstörf, geri þingstörf dýrari, sé til trafala, komi í veg fyrir afgreiðslu mála o. s. frv. Þetta er að mínum dómi alger rökvilla eða réttara sagt: Hér er um fullyrðingu að ræða hjá þeim sem ekki þekkja til hvernig

starfað er á Alþingi. Ég er ekki í neinum vafa um það fyrir mitt leyti að þeir, sem halda þessu fram nú, mundu sannfærast um það sama og ég hef sannfærast um ef þeir störfuðu hér nokkurn tíma, að ef við breyttum til, legðum niður þd. tvær, sem við höfum nú, og störf Sþ., og flyttum öll mál inn í eina málstofu til afgreiðslu, að öðru óbreyttu í þinginu með almenn þingstörf og almennt fyrirkomulag í sambandi við vinnubrögð á Alþ., þá mundi Alþ. afkasta miklum mun minna en það gerir, það mundi þurfa að sitja miklu lengur, ef það ætti að komast yfir hliðstæð verkefni, og það mundi kosta miklu meira. Þá tek ég fyllilega tillit til þess, að alþm. eru komnir á árskaup, svo að kostnaðurinn breytist ekki í þeim efnum. Það fylgir allmikill kostnaður setu þingsins og hann mundi að sjáflsögðu vaxa ef þingið sæti miklu lengur.

Við höfum hér á Alþ. nokkra reynslu af þessu í sambandi við sívaxandi störf í Sþ. Þar starfar Alþ. á hliðstæðan hátt og mundi gerast í einni málstofu, þá miðað við að öðrum greinum sé ekki breytt í störfum þingsins. Og hver er svo reynsla okkar af störfum Alþ. þegar það situr í einni málstofu, í Sþ. Reynslan er tvímælalaust sú, að þar ganga öll þingstörf miklu hægar og Alþ. kemst ekki nándar nærri yfir það sem það kemst yfir með þeim vinnubrögðum sem nú eru viðhöfð vegna deildaskipunarinnar. Um þetta þarf ekki að deila. Við höfum þessa reynslu. Við sjáum hvernig þetta gengur. Ég er því á þeirri skoðun, að ef á að taka upp þann hátt að skipa Alþ. í eina málstofu og sú málstofa fjalli um alla lagasetningu og lagabreytingar ásamt með öðrum ályktunum, sem Alþ. þarf að gera, og þau mál, sem falla nú undir Sþ., þá hljóti óhjákvæmilega að leiða af því gerbreytt vinnubrögð á þinginu frá því sem nú er og frá því sem verið hefur um áraraðir. Þá verðum við að færa okkur nær því sem ýmis önnur þjóðþing hafa orðið að taka upp. Við mundum þurfa að leggja niður þær tiltölulega mjög frjálslegu umr. sem nú tíðkast í allra áheyrn eða á opnum fundi, þar sem allir alþm. hafa frjálsan rétt til þess að taka þátt í umr. og það tiltölulega lítið heftir.

Hér hefur sem sagt gilt mjög frjálsræðastaða til umr. um mál. Við yrðum að leggja slíkt niður, eins og reyndar flest þjóðþing hafa orðið að gera sem starfa í einni málstofu, en þar er þannig mjög víða, að hinn óbreytti þm. fær ekki leyfi til þess að taka þátt í umr. um mál nema að hámarkstíma í 5 mínútur. Reynslan hefur einnig orðið sú, að umr. er jafnvel skorin enn þá meira niður en þetta á kostnað hins óbreytta þm. Flokkarnir útnefna gjarnan aðaltalsmenn í hinum ýmsu málaflokkum, og það eru þeir einir sem fá að tala. Þannig verður þetta í reyndinni. En til þess að koma þó ekki í veg fyrir það, að hin almenna opna umr. geti farið fram á þjóðþingi, þá hefur verið tekinn upp sá háttur víða að hafa þn. tiltölulega fjölmennar og láta umr. fara fram í þn. Sums staðar er því komið þannig fyrir, að þessi umr. í þn. verður opin almenningi. Auðvitað er þetta hægt. En það kallar á sérstakar málstofur. Það þekkja allir sem tekið hafa þátt í stórum þingum sem skipta sér í slíkar stórar nefndir þar sem umr. fer fram á ekkert ósvipaðan hátt og á sér nú stað hér í þd. á Íslandi. Þá verða að vera aðstæður til þess að taka á móti fólki, sem vill hlusta á slíkar umr., og öll önnur aðstaða til þess að umr. geti farið þar fram. Ég býst við að þær 7—9 manna n., sem við höfum á Alþ. nú, yrðu, ef slík umr. ætti að fara fram þannig að 60 þm. gætu með eðlilegum hætti tekið þátt í umr. á frjálsan hátt og óþvingaðan, þá yrðu þessar nefndir að vera skipaðar varla minna en 15—17 þm., og þá fer að mjókka á munum með skipun Ed., þar sem eiga sæti 20 þm.

Ég held að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því, að deildaskipan Alþ., eins og hún er nú, vinnur að nokkru leyti einmitt á þessum grundvelli sem ég hef verið að lýsa. Ég tel þó að á núverandi fyrirkomulagi séu ýmsir ágallar — stórir gallar sem verði að breyta og oft hefur verið rætt um hér á hv. Alþ. að þurfi að breyta. Helstu gallarnir, sem ég tel vera á núverandi skipan, eru þeir, að af núverandi fyrirkomulagi leiðir það, að ekki er hægt að mynda meiri hl. á Alþ. með minna en 32 þm. á móti 28. Það þarf sem sagt rösklega meiri hl. til þess að hægt sé að starfa á eðlilegan hátt á Alþ. Hefur oft verið bent á að þetta sé galli. Það er hægt að leiðrétta þennan galla án þess að leggja niður deildir Alþingis. Á það hefur líka oft verið bent. En það er að mínum dómi verulegur galli fólginn í þessu og hefur komið fram í umræðum, alloft komið fyrir, að allgreinilegur meiri hluti, sem verið hefur á Alþ., hefur ekki getað komið fram málum sínum á eðlilegan hátt vegna þessa fyrirkomulags sem er hér ríkjandi hjá okkur enn.

Þetta er kannske höfuðgalli. Annar galli er verulegur á núverandi fyrirkomulagi, og hann er sá, að raunverulega getur — og það hefur komið fyrir — minni hluti þm. í Ed. stöðvað mál sem lagt er fyrir Alþ. Þannig er hreinlega hægt að fella mál og koma í veg fyrir afgreiðslu máls á Alþingi.

Á þessu eru sem sagt vissir gallar. Það væri hægt að leiðrétta þessa galla án þess að hverfa frá deildaskipuninni. Það væri líka hægt að láta Alþ. vinna í tveimur jafnfjölmennum þingdeildum, ef menn teldu að rétt væri að halda sig við þd. áfram, til þess að geta m. a. haldið fram því mjög svo virka og á margan hátt skemmtilega lýðræði sem er fólgið í því að leyfa tiltölulega frjálsar umræður allra þm., það sé ekki verið að leggja hömlur á að þm. geti tekið þátt í umræðum á tiltölulegan frjálsan hátt, eins og okkar skipulag gerir ráð fyrir.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég gæti vel hugsað mér að tekið yrði upp það fyrirkomulag, að Alþ. starfaði í einni málstofu en bætti við, að þá vildi ég gera mér grein fyrir því, hverju ætti að breyta í störfum Alþ. um leið. Ég tel alveg fráleitt að samþ. án frekari útskýringa þessa mikilvægu breytingu á störfum Alþ. Ég álít að það verði að liggja fyrir, hvernig þá er hugsað að breyta störfum Alþ. í öðrum greinum frá því sem nú er. Ég held að hv. alþm. verði að gera sér grein fyrir því, hvort þeir óska þá eftir þeirri breytingu sem af þessu mundi leiða. Það gefur auga leið, að það er ekki til þess að tefja fyrir afgreiðslu mála á Alþ., að Alþ. skipti sér annaðhvort í vinnunefndir til þess að fjalla um frv., þannig að nokkrar vinnunefndir geti verið að störfum í einu, eða á þann hátt sem fram kemur í störfum deildanna, því að þar er unnið við tvær umr. á sama tíma allajafna. Að mínum dómi er mikill misskilningur að halda því fram, að þetta gamla fyrirkomulag, sem gildir hjá okkur, að hafa sex umr. um hvert lagafrv., þrjár í hverri deild, valdi mikilli tímatöf. Tímatöfin á Alþ. kemur fram á öðrum sviðum.

Ég held að það sé í sjálfu sér ekki þörf á því, eins og hér hefur verið sagt, að hér fari fram langar eða ítarlegar umr. um þetta mál að þessu sinni. Hér er vissulega um athyglisvert mál að ræða sem ég tel að sé alveg sjálfsagt að skoða vandlega og kanna, hvort ekki getur orðið

samstaða um breytingar á gildandi fyrirkomulagi, í hvaða mynd sem þetta verður fært. En ég tel líka að eðlilegt sé að umr. um þetta fari fyrst og fremst fram í þeirri starfsnefnd sem Alþ. hefur ákveðið að setja á fót til þess alveg sérstaklega að fjalla um þetta mál og önnur mál sem eru skyld þessu, þ. e. a. s. þeirri endurskoðunarnefnd sem á að fjalla um endurskoðun á stjórnarskránni. Það er auðvitað algjör misskilningur, sem kom fram í umr., að hér sé um einhverja nefnd úti í bæ að ræða sem sé að athuga eitthvað um stjskr., eins og hér var sagt. Hér er ekki um neina slíka nefnd að ræða, einhverja nefnd úti í bæ. Hér er um þingnefnd að ræða sem Alþ. ætlar að setja á fót og verður væntanlega skipuð alþm. Mál af þessu tagi er eðlilegt að verði rætt ítarlega í slíkri nefnd, og af því mundi leiða það, að þessi mál yrðu rædd í þingflokkunum allítarlega um leið, eins og venja er til.

Ég hef ekkert við það athuga, að fram fari um þetta mál nokkrar almennar umr. hér á Alþ. Ég tel það vel viðeigandi. Ég held að það sé í sjálfu sér ekki mikill ágreiningur um málið. En mér hefur fundist að það komi ekki fram í umr. um þetta mál að hverju menn eru að stefna. Ég tel að í þessu, eins og í mörgu öðru, sé hættulegt að ætla að einfalda fyrir sér hlutina þannig að segja ósköp einfaldlega: Ástæðan til þess, að allt gengur illa í þessu þjóðfélagi er sú, að Alþ. starfar á vitlausan hátt. — Það er misskilningur. Ástæðuna til þess, að margt snýst á annan veg en gott væri í þessu landi, er ekki að rekja til starfsháttanna á Alþ. Það eru allt aðrar ástæður sem liggja til þess í miklu ríkari mæli. Og það er líka misskilningur að taka á þessu máli þannig að segja: Ef Alþ. er komið í eina málstofu, þá verður allt auðveldara, þá verður allt ódýrara. — Það er líka blekking. Það er hugsunarvilla líka þegar menn halda því fram, að um leið og hægt væri að fækka nefndum Alþingis með því að Alþ. væri í einni málstofu, af því að þá gætu þm. sérhæft sig miklu meira, þá ynnist allt miklu betur. Halda menn að þegar um er að ræða ákveðinn málafjölda, við skulum taka 50 mismunandi mál, sem koma fyrir Alþ., þá sé eitthvað einfaldara að fást við mál í einni nefnd heldur en t. d. í þremur eða fjórum nefndum? Það er sami málafjöldi. Það þarf að fjalla um öll þessi mál. Það getur verið fyllilega eins hagkvæmt að alþm. fjalli um þessi 50 mál í þremur nefndum eins og í einni nefnd. Það er engin sérhæfing fólgin í því. Hins vegar er viss hætta á því, að ein fjölmenn nefnd verði miklu þunglamalegri í störfum og vinni heldur lakara en þegar Alþ. tekst að ná samkomulagi um að skipta sér í fleiri nefndir til þess að fjalla um meira sérgreind mál.

Ég held að við getum sagt, að niðurstaða af þessum fáu athugasemdum, sem ég vildi koma hér á framfæri að þessu sinni, sé þessi:

Ég tel að það komi fyllilega til greina að breytt verði til og Alþ. verði ein málstofa. Ég vil ekki útiloka þann möguleika, að þannig sé hægt að koma þingstörfum fyrir á æskilegan hátt. En þá held ég að sé alveg nauðsynlegt að það liggi líka fyrir, hverju á að breyta um leið, til þess að alþm. sé ljóst hvernig á að standa að málarekstri á Alþ. á eftir. Í öðru lagi er svo niðurstaðan í máli mínu sú, að ég tel augljósa galla á núverandi kerfi sem þurfi að leiðrétta, með hvaða hætti sem það verður gert. Það eru gallar á því kerfi sem við búum við. Ég tel gallana hins vegar ekki koma fram í því, að Alþ. afkasti litlu. Lítum yfir þann málafjölda sem afgreiddur hefur verið á Alþ. á þeim dögum sem Alþ. hefur starfað á undanförnum árum. Ég held að þeir, sem þekkja þar eitthvað til starfa, mundu fljótlega sannfærast um að Sþ. eitt hefði ekki komst yfir að afgreiða þessi mál með þeim vinnubrögðum sem nú eiga sér stað á Alþ. almennt um rétt manna til þátttöku í umr. og annað því skylt. Ég held að menn mundu fljótlega sannfærast um að útilokað væri með öllu fyrir Sþ. að komast yfir afgreiðslu þessara mála, nema gerðar yrðu aðrar breytingar á störfum þingsins.

Ég vil að þetta mál fái vandlega athugun í þeirri endurskoðunarnefnd, sem nú er væntanlega að hefja störf og á eðli málsins samkv. að fjalla um málið. Hitt vænti ég að öllum sé ljóst, a. m. k. hélt ég að menn væru nokkuð sammála um það, að ekki væri stefnt að því, jafnvel þó að vilji væri fyrir því að gera þessar breytingar, að samþykkja þetta frv. nú á Alþ. og efna svo til kosninga strax á eftir. Það er eðlilegt að þetta fylgi öðrum þeim breytingum sem menn hugsa sér að gera á stjórnarskipunarlögum og er nú verið að fjalla um.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að rangt væri að túlka afstöðu mína til þessa máls þannig að ég sé mótfallinn því að breyta hér til. Ég er fyrst og fremst að vekja athygli á því, að ekki er hægt að rjúka í þessa breytingu án þess að menn geri sér grein fyrir því, hvað með þarf að fylgja.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég óska aðeins eftir að segja örfá orð út af þeim efasemdum um mál þetta sem fram komu hjá hv. 1. þm. Austurl. Hann virðist því miður ekki hafa veitt þessu máli mikla athygli undanfarin ár. Það er, eins og hann sagði sjálfur, auðvitað gamalt — næstum því jafngamalt endurreisn Alþingis. Það hefur nú verið flutt ár eftir ár hér á þinginu og þá aðallega af Alþfl.-mönnum, þó að þetta geti aldrei orðið flokksmál af neinu tagi. Jafnframt því hafa Alþfl.-menn á undanförnum þingum flutt fjöldamörg önnur frv. um breytingar á starfsháttum Alþingis og verður að líta á það í samhengi. Á þessu þingi eru einnig komin fram önnur frv. þar sem Alþfl.-þm. benda á nýjar leiðir í störfum Alþ., en ég verð að minna hinn reynda þm. á, að hér er til umr. frv. til breytinga á stjskr., en það er ekki hægt að setja inn í það ákvæði um breytingar á sjálfum starfsháttunum. Það heyrir til þingsköpum og hlýtur því að vera sér á báti.

Það er rétt hjá honum, að eins og nú standa sakir væri ekki hyggilegt að rjúka til að samþ. þetta frv., heldur er það fyrst og fremst lagt fram til áherslu þessu máli í sambandi við þá nefnd, sem samkvæmt ákvörðun þingsins er að byrja að endurskoða stjskr. og á að gera það á stuttum tíma. Það er fullkomlega réttmætur tilgangur með frv. að fylgja slíku máli eftir einmitt á þeim tíma er verið er að vinna að því. Ég hef ekki svigrúm hér áður en fundi lýkur til að fara nánar út í þau mörgu atriði um breytta starfshætti Alþ. sem við höfum lagt til.

Það er mikil töf í nefndaskiptingu eða nefndafargani í báðum deildum. Það er blindur maður sem ekki sér að nefndaskipan Alþ. er orðin gjörsamlega óvirk. Það eru til n. hér sem starfa vel, aðrar gera það ekki. Kerfið í heild er löngu orðið úrelt og þarf að breytast. Það þarf að gera breytingu sem snertir raunverulegt starfssvið Alþ. þannig að vegið verði upp á móti því valdi sem Alþ. hefur misst sökum tækni nútímans og hins flókna þjóðfélags sem við búum í.

Það hefur verið bent á fjöldamargt annað, m. a. að það

sé óvenjuleg sérréttindi, sem hvergi eru til í veröldinni mér vitanlega, að þm. fái að flytja langar framsöguræður með ályktunartillögum. Líklega eru 80—90% af þeim tillögum, sem eru nú fluttar, til að koma hugmyndum á framfæri, sem er réttmætur tilgangur og allt í lagi með það. En það ætti að vera nóg að hafa umr. um till. sem nefndir telja ástæðu sem varða stjórnarskrá, utanríkis- eða varnarmál, sem eru annars eðlis.

Það er að sjálfsögðu gott að menn hafi ótakmarkað ræðufrelsi. En við skulum horfast í augu við þá staðreynd, jafnvel þó að einhver segi að það sé ólýðræðislegt, að ræðufrelsi hefur verið á síðari árum og kannske e. t. v. alla tíð herfilega misnotað. Með meira eða minna innantómu rifrildi milli manna og milli flokka hefur verið eytt tíma til einskis í stórum stíl. Það væri til mikilla bóta ef hægt væri að gera á því einhverjar lagfæringar. Ég efast ekki um að það verði hægt með samkomulagi allra aðila og svo að lýðræðisleg sæmd sé viðhöfð.

Varðandi deildaskiptinguna eru vinnubrögðin aðeins ein hlið á málinu. Áhrifin á stjórnarmyndanir eru þegar orðin svo stór kafli í hrakfallabálki íslenskra ríkisstjórna síðan 1932, að ómögulegt er að ganga fram hjá því. Og því er ekki auðvelt að komast fram hjá á nokkurn annan hátt betur en með því að setja þingið í eina deild. Deildaskiptingin er búin að vera fjötur um fót heilbrigðum stjórnarháttum og eðlilegri ríkisstjórn hér á landi það lengi, að við getum ekki gengið fram hjá því aðeins af því að Danir þurftu að koma þessari deildaskiptingu á 1874.

Fjölmargt annað mætti nefna. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að 1. þm. Austurl. viti það betur en nokkur maður sem nú situr á Alþ., hversu mikið af tíma og orku ráðh. deildaskiptingin tekur, að þeir skuli þurfa að eltast við mál sín í gegnum sex umr. og hvaða skapvondur þm. sem er geti staðið upp og heimtað við 6 umr. að ráðh. séu viðstaddir. Það er að fara illa með tíma ráðh. Ég hef horft á þetta í 20 ár, svo ég er ekki að kvarta fyrir eigin hönd, heldur annarra. Fleira gæti ég nefnt.

Ég vil að lokum aðeins ítreka það, að komið hefur fram í málflutningi Alþfl. undanfarin ár að við hugsum okkur sameiningu Alþ. í eina deild eins og Alþ. var á árum Jóns Sigurðssonar og þangað til danska konungsveldið þurfti að breyta þessu. Við hugsum okkur það sem einn lið og í samhengi með víðtækari breytingum. Það er ekki eðlilegt að Alþingi Íslendinga sé eina þjóðþingið í stórum hluta heims, sem við þekkjum til, sem hefur ekki þurft að breyta starfsháttum sínum meira en við höfum gert. Í flestum nágrannalöndum okkar eru nefndir sem sitja svo að segja samfleytt við þetta verkefni, en við höfum ekki snert á þessu verkefni síðan 1972, þegar við breyttum þingsköpunum, og hv. þm. man hversu langan aðdraganda það hafði. Ég hvet hann til að líta á þetta mál í dálítið bjartara ljósi en hann gerði í ræðu sinni.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 7. fundur.

Þriðjudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Lögfræðileg þjónusta fyrir efnalítið fólk, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef á þskj. 17 leyft mér að bera fram fsp., til hæstv. dómsmrh. sem hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Hvað hefur verið gert til að koma á fót lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk í samræmi við þáltill. sem vísað var til ríkisstj. með jákvæðri umsögn hinn 16. maí 1975.“

Lögfræðiþjónusta fyrir efnalítið fólk hefur verið til umræðu á þó nokkrum þingum að undanförnu. Ég flutti það mál upphaflega sem brtt. við frv. til l. um málflytjendur, en síðan sem sjálfstæða tillögu, og það er sú tillaga sem ég vísa til í fsp. minni. Hún var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að sjá til þess, að komið verði á fót lögfræðiþjónusta fyrir efnalítið fólk, óháðri gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.“

Þessa tillögu afgreiddi allshn. Sþ. með jákvæðri umsögn svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndarmenn eru hlynntir tillögunni, en þar sem framvinda málsins fer mjög eftir framkvæmd og fyrirkomulagi á þjónustu þessari leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, sem stefni að því að leggja fram frv. um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk á næsta þingi.“

Það er augljóst að dráttur hefur orðið á að framkvæma vilja Alþingis. Ekki veit ég hvað því veldur. Fsp., sem ég bar fram á síðasta þingi um þetta mál, komst aldrei á dagskrá. Hins vegar hefur nú verið staðfest í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstj. að þessu máli skuli komið í höfn. Það er gleðiefni. En þá er líka ástæða til að leggja áherslu á að nauðsynlegt er að láta til skarar skríða tafarlaust og þess vegna hef ég lagt þessa fsp. fyrir hæstv. dómsmrh.

Um efni málsins ætla ég ekki að fjölyrða hér í fyrirspurnatíma. Ég minni aðeins á að eigi að hafa í heiðri þá grundvallarreglu íslensks réttarfars, að allir séu jafnir fyrir lögum, þá verðum við að búa svo um hnútana að allir gti leitað réttar síns án tillits til efnahags. Ég hef áður lagt á það áherslu, að réttaraðstoð af þessu tagi er jafnframt varnaðarstarf. Meiri líkindi eru til að mál mundu leysast farsællega á frumstigi, þ. e. a. s. án þess að til málshöfðunar þyrfti að koma, ef fólk fengi fullnægjandi lögfræðilega aðstoð sér að kostnaðarlitlu eða kostnaðarlausu í tæka tíð. Þá eru mörg mál þess eðlis, að fólk þarf fyrst og fremst að fá lögfræðilegar leiðbeiningar, upplýsingar um rétt sinn og aðstoð við löggerninga. Ég fjölyrði ekki á þessu stigi um þetta mál, en vænti þess, að hæstv. dómsmrh. hafi jákvæð svör við fsp. minni.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 10. þm. Reykv. á þskj. 17, 1. tölul., um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk, vil ég segja eftirfarandi:

Í fsp. er spurst fyrir um það, hvað gert hafi verið til að framfylgja þáltill. frá 1975 um þetta efni.

Skömmu eftir að þessi ríkisstj. settist að stjórntaumum setti ég í gang athugun á þessu máli í samræmi við samþykkt samstarfsyfirlýsingar ríkisstj. Ég fékk þá upplýst að upplýsingum hefur verið safnað á undanförnum árum, og m. a. liggur fyrir að endurskoðun var í gangi á fyrirkomulagi í þessum efnum bæði í Danmörku og Svíþjóð, enda þótt nýleg löggjöf sé á þessu sviði í Svíþjóð. Liggur nú fyrir ítarleg sænsk greinargerð um endurskoðun á þessum lagareglum þar í landi. Í Danmörku hafa nú á þessu ári verið endurnýjaðar reglur um fyrirkomulag á lögfræðilegri aðstoð til þess að gera þær handhægar í framkvæmd. Gögn liggja enn fremur fyrir frá Evrópuráði þar sem unnið hefur verið að þessum málum í sérfræðinganefnd. Liggja þar fyrir gögn frá þessu ári.

Lengra var vinnu ekki komið, en mér sýndist að fengnum þessum upplýsingum og með tilliti til samkomulags stjórnarflokkanna og með tilvísun til þáltill., sem hér hefur verið vísað til, sjálfsagt að hraða nú meðferð þessa máls, og því hef ég skipað samstarfshóp til að huga að lagareglum um ókeypis lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk. Ég hef lagt fyrir þann hóp að eftirtalin atriði verði tekin til athugunar:

1) Heildarfyrirkomulag slíkrar þjónustu.
2) Skilyrði fyrir því, að fólk fái slíka þjónustu, m. a. hvort miða eigi þann rétt við efnahag eingöngu, hvort einskorða eigi þjónustuna við ákveðna málaflokka, eða tiltekin lögfræðistörf o. fl.
3) Enn fremur verði athuguð ýmis framkvæmdaratriði, þ. á m. greiðslur fyrir þjónustuna og fyrirkomulag á þeim.
4) Áætla þarf kostnað við hið nýja fyrirkomulag.

Þessi upptalning er að sjálfsögðu ekki tæmandi. M. a. þarf að hafa í huga hvernig þjónustan nýtist með sem hagkvæmustum hætti um landið allt. Ég hef óskað eftir því, að starfshópurinn skili áliti ekki síðar en 1. mars 1979.

Ég vona að þau gögn, sem aflað hefur verið erlendis frá, ásamt eldri gögnum um þetta efni, muni auðvelda og flýta fyrir vinnu þessa starfshóps, en málið er, eins og glöggt kemur fram af þeim gögnum, sem aflað hefur verið, töluvert flókið og margþætt. Jafnframt verður lögð áhersla á, eins og á var bent af allshn. er hún hafði málið til meðferðar, að samráð verði haft við Lögmannafélag Íslands og einnig lagadeild Háskólans og enn fremur fulltrúa Íslands í þeirri sérfræðinganefnd Evrópuráðsins, sem ég gat um áðan. Er það einlæg von mín, að þetta mál sé nú komið á góðan rekspöl.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan láta það koma fram hér, að í meira en tvö ár hefur Öryrkjabandalag Íslands veitt efnalitlum öryrkjum ókeypis lögfræðiþjónustu. Það er virtur fatlaður lögfræðingur sem hefur unnið að þessu máli og hefur leiðbeint þeim sem leitað hafa til hans í ýmsum málum. Ég vildi sérstaklega geta þessa hér. Ég álít að hann mundi vera fær um að gefa því ráðuneyti, sem með þessi mál fer, verulega haldgóðar upplýsingar um þá þörf sem er fyrir hendi í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Ég er honum sammála um, að málið er komið á góðan rekspöl, og treysti honum til að fylgja því eftir.

Ráðstafanir vegna riðuveiki í sauðfé, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 17 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. landbrh.:

„Hvaða ráðstafanir eru helstar á döfinni hjá rn. og Sauðfjárveikivörnum ríkisins til að hefta frekari útbreiðslu riðuveiki í sauðfé? Spurt er sérstaklega um Austurland í þessu efni."

Mig grunaði það reyndar ekki, þegar ég lagði þessa fsp. inn á skrifstofu Alþingis einhvern fyrsta þingdaginn, að það mál, sem hér er um spurt yrði svo ótrúlega mikið í sviðsljósinu og raun ber vitni um, alveg sér í lagi í fjölmiðlum þar sem þessi veiki virðist hafa breiðst miklu hraðar út jafnvel heldur en hjá bændum, og er þó nóg um þar. En í sumar síðla og haust hafa ályktanir og samþykktir borist okkur á Austurlandi, og dýralæknirinn á Egilsstöðum, formaður Dýralæknafélags Íslands, hafði samband við mig fyrsta dag þingsins einnig og áréttaði það, sem í þessum samþykktum hafði fram komið, og óskaði þess að athygli yrði vakin á málinu hér á Alþingi.

Þær samþykktir, sem urðu hvati þessarar frsp., eru frá almennum sveitarfundi í Hjaltastaðaþingá, sem er næsta sveit við Borgarfjörð eystri, þar sem riðuveiki er nú hvað útbreiddust þar eystra. Þar voru samþykktar strangar varúðarreglur sem til fyrirmyndar mega teljast og vonandi að þeim takist þar með að hindra að veikin berist til þeirra, en hér er um sveit að ræða með tiltölulega mikla sauðfjárrækt.

Önnur samþykkt er svo frá bændum í Reyðarfirði sem leggja til niðurskurð á þeim tveimur bæjum við sunnanverðan Reyðarfjörð þar sem veikin er þó enn einangruð.

Sú þriðja, sem ég leyfi mér hér með að vitna orðrétt í, með leyfi hæstv. forseta, er frá Búnaðarsambandi Austurlands, gerð á aðalfundi þess og er svo hljóðandi:

1) Fundurinn skorar á Sauðfjársjúkdómanefnd að hefja nú þegar aðgerðir til þess að hefta útbreiðslu riðuveiki í sauðfé á Austurlandi. Útbreiðsla veikinnar og tjón af völdum hennar á sambandssvæðinu er orðið það alvarlegt mál, að til skammar er að sauðfjárveikivarnir skuli ekkert aðhafast í þessu máli.
2) Fundurinn skorar á forsvarsmenn tilraunastöðvarinnar á Keldum, að rannsóknir á riðuveiki verði stórauknar.
3) Fundurinn skorar á alþm. Austfirðinga að hlutast til um að veitt verði ríflegt fé á fjárlögum til rannsókna á riðuveiki svo og til varnaraðgerða.
4) Enn fremur skorar fundurinn á landbrh., að hann hlutist til um endurskoðun á reglugerð um varnaraðgerðir gegn riðuveiki þar sem núverandi reglugerð er allsendis ófullnægjandi.

Sumt af þessu er kannske ofsagt miðað við daginn í dag. Ég hygg að á sínum tíma hafi þessi samþykkt hins vegar átt fyllsta rétt á sér. En þessi samþykkt mun hafa verið gerð í júní í sumar og jafnvel ásamt öðrum skipulögðum aðgerðum Austfirðinga orðið til að koma hreyfingu á málið ásamt svo röskum tökum núv. hæstv. landbrh. á því máli.

Eins og fram hefur komið varðandi Austurland eru þrjár sveitir þar verst settar og erfitt að sjá skjót úrræði þar til hjálpar: Borgarfjörður eystri, Norðfjarðarsveit og Breiðdalur. Og svo eru hin einstöku tilfelli á Brú á Jök-

uldal, Berunesi og Þernunesi við Reyðarfjörð.

Samkvæmt upplýsingum Jóns Péturssonar héraðsdýralæknis er algengt, þegar veikin er komin í hámark, eða þannig hefur reynslan verið á þeim bæjum eystra þar sem veikinnar hefur gætt mest, að þá geti stofninn minnkað eða drepist úr honum árlega milli 20 og 30%, og sjá þá allir hver vá er fyrir dyrum hjá hverjum einstökum bónda sem fyrir því verður.

Til viðbótar við hina skriflegu fsp. og svar við henni vildi ég biðja hæstv. ráðh., miðað við það sem reyndar hefur þegar verið upplýst að nokkru í fjölmiðlum, að upplýsa hvaða bætur væru fyrirhugaðar í kjölfar hugsanlegs niðurskurðar og raunar einnig til þeirra sem árlega verða fyrir stórtjóni, en ekki þykir tækt að grípa til niðurskurðar hjá.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, hefur riðuveikin breiðst mikið út á síðustu árum, og upp á síðkastið einnig í fjölmiðlum þessa lands mikið um hana rætt.

Ég ætla að byrja mál mitt með því að rekja aðeins stuttlega greinargerð, sem reyndar birtist í ýmsum blöðum, um útbreiðslu riðuveiki, en skal þar stikla mjög á stóru.

Riðuveiki er talin hafa borist hingað til lands fyrir u. þ. b. 100 árum í Skagafjörð og hefur síðan verið landlæg, má segja, á miðhluta Norðurlands allt frá þeim tíma og þá sérstaklega undanfarin 40—50 ár eða svo. Þar virðist hún hafa að vísu náð mikilli útbreiðslu, en virðist þó ekki hafa á síðari árum valdið mjög miklu tjóni og útbreiðsla hennar hægari en orðið hefur á þeim svæðum sem síðar hafa fengið þennan vágest.

Frá Mið-Norðurlandi barst veikin vestur til Vestfjarða, á Barðaströndina, 1953, og hefur þar haldið þessum sömu einkennum, breiðst hægt út og ekki farist úr henni mjög mikið sauðfé á ári hverju þótt tjón hafi víða verið tilfinnanlegt. Síðan berst hún til Austfjarða 1970 og um svipað leyti hingað til Suðvesturlandsins. Á Austfjörðum einkum hefur hún haft allt aðra eiginleika, breiðst út mjög hratt og valdið verulegu tjóni, einkum árið 1975 og upp úr því. Skýringar á þessu eru kannske ekki öruggar, en menn telja þó þær líklegastar, að sauðfé þarna sé ekki ónæmt fyrir þessari veiki, eins og þar sem hún hefur lengur verið, og svo mun einnig vera hér á Suð-vesturlandi. Eins og ég sagði, ætla ég ekki að rekja þennan aðdraganda nema í örfáum orðum, enda hefur hann verið þegar birtur.

Sauðfjárveikivarnir hafa fjallað um þetta mál og gert tillögur til landbrn. sem eru nú í meðferð hjá ríkisstj. Áður en ég greini frá þeim vil ég hins vegar geta þess, að mjög eru skiptar skoðanir um meðferð á þessum sjúkdómi. Honum er talin valda veira sem ekki hefur tekist að einangra. Hins vegar hefur tekist að einangra sóttkveikjuna. Hún virðist vera ákaflega lífseig, meira að segja þolir suðu einhvern tíma. Hins vegar er talið að hún sé mjög hægsmitandi og ekki talið að hún sé hættuleg öðrum en sauðfé og geitfé.

Um allan heim, þar sem riðuveiki er, — og hún er útbreidd mjög víða, þó að vísu ekki t. d. á Norðurlöndum og Ástralíu og Nýja-Sjálandi, — er lögð mjög mikil vinna í að skoða þennan sjúkdóm og finna lækningu við honum, en það hefur ekki tekist. Engin bólusetning hefur tekist. Og sömuleiðis er deilt um varnarráðstafanir. Ég hygg að segja megi, að með merkari rannsóknum á þessu sviði hafa verið framkvæmdar hér einmitt að Keldum.

Með þetta í huga er mönnum væntanlega ljóst, að varnarráðstafanir eru ýmsum erfiðleikum háðar. Þó má segja, að menn eru sammála um að sjálfsagt sé að einangra sjúkt fé eins og frekast er unnt og eru girðingar að sjálfsögðu það tæki sem til þess er notað. Menn eru sem sagt sammála um að riðuveikin berst auðveldast með sjúku fé. Menn telja hins vegar einnig nú orðið að hún berist með heyflutningum og jafnvel geti borist með öðrum skepnum, eins og t. d. hrossum. Menn eru einnig nú orðið nokkuð sannfærðir um það, að alls ekki sé öruggt að skera niður, jafnvel þótt sauðfjárlaust sé um 1—2 ár, og þurfi svo jafnvel að vera um lengri tíma. Sóttkveikjan kann að lifa í húsum jafnvel lengri tíma en það.

Með þetta í huga eru þær tillögur gerðar sem ég ætla að rekja, með leyfi forseta.

Tillaga er gerð um það að skera niður allt fé á Brú á Jökuldal. Um þetta eru sérfræðingar að öllu leyti sammála. Þetta er einangrað tilfelli og hefur ekki fundist annað þar á mjög stóru svæði. Mjög gott samstarf er við ábúendur á Brú sem vilja fara þessa leið og vilja jafnvel leggja það á sig að vera sauðfjárlausir nokkurn tíma. Loks er tiltölulega auðvelt að einangra það svæði betur með hliðum á brýr á Jökulsá á Brú.

Þá er í öðru lagi í tillögum n. gert ráð fyrir að skera niður fé á sýktum bæjum í Fáskrúðsfjarðarhreppi. En ég vil geta þess strax, að eftir fund, sem var haldinn á Austfjörðum nú fyrir fáeinum dögum, eru orðnar skiptar skoðanir um þetta. Veikin virðist langtum útbreiddari þar en áður var talið, og a. m. k. sumir sérfræðingar draga í efa, að niðurskurður þar á 2—3 bæjum muni duga, og hafa lagt til að aðrar leiðir í niðurskurði verði farnar, þ. e. a. s. fyrst og fremst að skera niður það fé sem örugglega er orðið sýkt á stærra svæði, en það er sú leið sem sums staðar virðist hafa gefið sæmilega raun.

Hins vegar vil ég geta þess í þessu sambandi, að fé á bæjum á Austfjörðum, þar sem sýkin er, er talið vera um 10 þús. samtals svo að niðurskurður á því öllu er mikið í ráðist.

Þá er lagt til í þriðja lagi að skera niður allt fé í fjárhjörðum í Ölfusi, Hveragerði, Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Akranesi þar sem riða hefur verið staðfest. Þarna er sem sagt hugmyndin að velja úr þau fjárhús nánast þar sem riða hefur fundist.

Og í fjórða lagi er lagt til að efla varnir við Jökulsá á Brú og endurleggja varnarlínu við Ölfusá, Sog, Þjóðgarðinn, Bláskóga og Hvalfjarðarlínu.

Samtals er kostnaður við þessar aðgerðir áætlaður 70 millj. kr. og þar af í girðingar og hlið 37-40 millj. kr. Hitt eru bætur vegna niðurskurðarins, sem ég kem að hér á eftir.

Auk þessa er Sauðfjársjúkdómanefnd nú með í athugun strangari reglur en gilt hafa sem eiga að fyrirbyggja að riðuveiki berist á milli bæja. Og án þess að ég fari út í það í smáatriðum, þá eru þær fyrst og fremst fólgnar í því að gera fjáreigendum skylt að fara eftir ströngustu reglum um heyflutninga, flutninga á lifandi fé og annað sem við nánari athugun kann að koma í ljós að megi verða til þess að hindra útbreiðslu veikinnar. Að þessu er sem sagt mjög ötullega unnið, en verður að viðurkennast, að nokkuð stendur í vegi fyrir ákvörðunum að óvissa er því

miður mjög mikil um þessa veiki.

Þó vil ég geta þess hér, að ég hef eindregið lagt til að þær girðingar, sem hér er lagt til að verði endurlagðar, verði endurlagðar að sumri. Allir virðast sammála um það sem sjálfsagða vörn og jafnframt að skorið verði niður a. m. k. á Brú. Um það eru einnig sérfræðingarnir sammála. Hitt er í nánari athugun, en töluverður niðurskurður tel ég að sé óhjákvæmilegur.

Þá var spurt um bætur.

Bætur eru þannig ákveðnar nú, að þær eru dálítið breytilegar eftir aldri kindarinnar. Fyrir gemlinga minnir mig að séu 6-7 þús. kr., en fer upp í 15 þús. kr. hæst. Síðan kemur það stóra vandamál, ef talið verður nauðsynlegt að hafa fjárlaust í lengri tíma en tíðkast hefur. Ljóst er að á einhvern máta verður að aðstoða bændur til að komast yfir það tímabil eða þá aðstoða þá til að taka upp aðra búgrein, ef um það getur verið að ræða. Þetta er jafnframt í nánari athugun, en ég geri ráð fyrir að ríkisstj. *muni á næsta fundi sínum á fimmtudag ganga frá* afgreiðslu sinni á þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. svör hans og einnig það, hvað í þessu máli hefur þegar verið gert og ég treysti að gert verði áfram. Ég vek sérstaka athygli á síðasta liðnum í samþykkt Búnaðarsambands Austurlands, þar sem sá fundur skorar á landbrh. að hlutast til um endurskoðun á reglugerð um varnaraðgerðir þar sem núverandi reglugerð sé allsendis ófullnægjandi. Ég bendi á það vegna þess að nú er komin upp deila á Austurlandi um það varðandi þessa tvo bæi á suðurströnd Reyðarfjarðar, hvort þar eigi að skera niður eða ekki. Í fyrra, hefði verið gripið nógu fljótt í taumana þá, var þetta einangrað við einn bæ þar og alveg ljóst hvað olli og aðvörun hafði borist um það, en henni hefur greinilega ekki verið sinnt, að því er ég best veit, og því hefur farið sem farið hefur þar. Ég held því að þarna þurfi strangari reglur, eins og hæstv. ráðh. var að segja að mundu verða settar, og það veiti ekki af því, þó að ég viti mætavel að varnarráðstafanir í þessum málum öllum séu erfiðar og ekkert eitt sé kannske einhlítt í þessu efni.

Varðandi bæturnar vil ég taka það fram, að auðvitað hafa bændur, sem hafa misst fé sitt úr þessari veiki, fengið nokkrar bætur úr Bjargráðasjóð. Mér er einnig kunnugt um það, veit ekki annað en það sé rétt, að bændur fái enn þá bætur fyrir ær sem farast úr garnaveiki, þar sem um vítaverðan trassaskap einan er að ræða þar sem hægt er að lækna þessa veiki og komast fyrir hana að fullu, — að enn þá séu veittar fullar bætur til bænda ef þeir verða fyrir tjóni af þessum beina trassaskap sínum. Þess vegna hefði ég talið eiri ástæðu til þess, að þeir bændur, sem hafa misst fé sitt úr þessari veiki, sem þeir ráða ekki við, hefðu fengið þessa aðstoð í staðinn fyrir þá sem hafa misst það af trassaskap einum fyrir það að þeir hafa ekki bólusett.

Ég fagna því sem sagt, að hér hefur verið rösklega á tekið, því að það er full ástæða til þess og einkum með tilliti til þess, hve þessi veiki hefur breiðst ört út eystra. Ég býst við því, að menn muni í fyrra eftir hörðum deilum milli sauðfjárveikivarna og formanns Dýralæknafélags Íslands, þess sem ég vitnaði í áðan, héraðsdýralæknisins á Egilsstöðum, um gagnsemi aðgerða Sauðfjársjúkdómanefndar og ráðstöfun á fjármagni hennar. Um réttmæti þeirra ásakana vil ég ekki og get ekki dæmt. En ekki gat ég varist því að finna margt athyglisvert í gagnrýni Jóns Péturssonar, sem ég held að fyllsta ástæða væri til að athuga gaumgæfilega, og mér sýnist hæstv. ráðh. hafa þegar gengið þar nokkuð rösklega til verks. En ég gæti vel trúað því, að þar mætti enn betur gera, þannig að þeim fjármunum, sem þarna er ráðstafað, verði enn bætur varið en gert hefur verið á undanförnum árum.

Jarðakaupalán, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 17 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um jarðakaupalán.

Lán til jarðakaupa hafa til síðustu áramóta verið veitt af Veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Afgreiðsla hefur farið fram á hverju ári og stundum nokkuð jöfnum höndum eftir því sem lánshæfar umsóknir hafa borist. Í lok síðasta Alþingis var lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins breytt m. a. á þá lund, að Stofnlánadeildin tók við því hlutverki að veita lán til jarðakaupa. Þrátt fyrir þessa lagabreytingu hafa engin jarðakaupalán enn verið veitt af Stofnlánadeild landbúnaðarins á þessu ári og ekkert hefur verið upplýst um hvort eða hvenær verður unnt að afgreiða þær umsóknir sem þegar liggja fyrir hjá Stofnlánadeildinni um þessi lán.

Nú liggja fyrir hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins 90 lánshæfar umsóknir um jarðakaupalán. Búast má við að fleiri umsóknir berist til áramóta, en þetta er þó svipuð tala lánsumsókna og þurft hefur að sinna á undanförnum árum, en tala jarðakaupalána hefur oftast verið frá 80-120 talsins á ári hverju. Það er augljóst, að það er mjög bagalegt hversu dregist hefur að afgreiða þau lán sem umsóknir liggja fyrir um. Enn verra er þó að vita ekki hvort um afgreiðslu verður að ræða á lánsumsóknum sem borist hafa á þessu ári. Þeir, sem fest hafa kaup á jörðum á þessu tímabili, hafa gert kaupsamninga í trausti þess, að lánin yrðu afgreidd, og er nauðsynlegt að upplýsa hvers þeir mega vænta, hvort lánin verða afgreidd eða ekki. Hér oftast um að ræða frumbýlinga og er vandi þeirra ærinn þó að leyst væri úr því að veita jarðakaupalán með eðlilegum hætti, hvað þá ef það verður ekki gert.

Það er svo annar þáttur þessa máls og ekki síður mikilvægur, hvaða kjör verða á jarðakaupalánum ef afgreidd verða. Ljóst er að fjármagn, sem lagt er í jarðakaup til venjulegrar búvöruframleiðslu, skilar yfirleitt seint arði. Þess vegna er ákaflega erfitt að hugsa sér að jarðakaupalán geti borið mjög erfið lánakjör eins og nú eru víðast á lánum.

Ég skal ekki að þessu sinni fara lengra út í þennan þátt þessa máls. Ég hef talið nauðsynlegt að fá það upplýst í upphafi þessa Alþingis, vegna fjölmargra fsp. sem ég hef fengið um þessi efni, hvort unnt verður að veita þessi lán, hverjar fyrirætlanir ríkisstj. eru. Fyrir því hef ég lagt fram þá fsp. sem hér er á dagskrá og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvenær má vænta þess að afgreidd verði jarðakaupalán vegna umsókna, sem borist haf til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og Stofnlánadeildar landbúnaðarins á þessu ári?“

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Stofnlánadeild landbúnaðarins voru ætlaðir 2 mill-

jarðar 222 milljónir kr. til útlána á þessu ári samkv. lánsfjáráætlun síðustu ríkisstj. Í ljós kom hins vegar fljótlega að ekki mundi þetta fé allt nást eftir þeim leiðum sem ráðgert hafði verið. Einkum var ljóst að fjármagn frá Lífeyrissjóði bænda yrði stórum minna en gert hafði verið ráð fyrir. Ég setti þegar í byrjun september í gang athugun á þessu og fékk Seðlabankann til að kanna þetta mál, enda hafði Seðlabankinn haft vissa forustu um ákvörðun á lánsfjáráætlun á s.l. vetri, eins og hv. þm. er kunnugt. Staðfest var af Seðlabankanum, að fjárskortur Stofnlánadeildar landbúnaðarins næmi 320 millj. kr. Ég leitaði þá þegar til Framkvæmdasjóðs um útvegun á þessu fjármagni. Stjórn Framkvæmdasjóðs samþykkti fyrir um það bil tveimur vikum að verða við þeirri beiðni. Ég hef síðan fengið þær upplýsingar frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, að um það bil helminginn af þessu fjármagni verði unnt að greiða Stofnlánadeildinni nú innan örfárra daga, þannig að ég geri fastlega ráð fyrir að úr þessu muni rætast mjög fljótlega.

Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda, að kjörin eru stórt atriði, og þarf ekki að endurtaka það sem hann sagði um þau. Hins vegar get ég upplýst að stjórn Stofnlánadeildarinnar mun halda fund um lánskjörin í þessari viku og gera tillögur um þau til landbrn., sem þá verða að sjálfsögðu athugaðar þar án tafar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. landbrh. Það er sannarlega gleðilegt, að það skyldi takast að leiðrétta reikningsskekkju Seðlabankans frá því í fyrra, sem vakin var þá margsinnis athygli á, að um hreina skekkju í útreikningum bankans væri að ræða varðandi þá tölu sem var sett í lánsfjáráætlunina. Þar var bent á þrjár áberandi villur sem væri hægt að rekja lið fyrir lið, en ekki fékkst það leiðrétt og hefur ekki tekist fyrr en nú að fá á hreint að þessi göfuga stofnun hafi reiknað vitlaust. En ég fagna því sem sagt að það er nú komið á hreint.

Ég tek það hins vegar fram, að það er ekkert nýtt að jarðakaupalán hafi verið vandræðamál. Jarðakaupalán síðari hluta s.l. árs voru í algerri óvissu alveg fram undir áramót og þá vissu menn ekkert hvernig um þau færi. Búnaðarbankinn sjálfur hafði áður hlaupið þar undir bagga til þess að hægt væri að afgreiða þau lán, þannig að hér er ekki um nýjan vanda að ræða. En sem sagt, nú á næstu dögum mun fást úr þessu skorið og ber að fagna því. En ég fagna hinu alveg sérstaklega, að það skyldi takast að fá leiðréttingu á þessu, sem ég margbenti á, t. d. í Ed. í fyrra við afgreiðslu lánsfjáráætlunar þá, að var um augljósar reikningsskekkjur að ræða.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðh. Það kom fram í þeim svörum, að þess má vænta, að greitt verði úr þessum málum á næstunni, og verð ég að lýsa ánægju minni yfir því. Æskilegra hefði þó verið vitaskuld að þetta gæti legið nokkuð hreint fyrir og er vonandi að það dragist ekki mjög lengi að svo verði.

Ekki komu fram upplýsingar um það, hvernig kjör verða á því fjármagni sem samþykkt hefur verið að veita úr Framkvæmdasjóði Íslands. Ég tel að ef það fjármagn verður með venjulegum lánskjörum, sé ákaflega erfitt að hugsa sér að jarðakaupalán geti borið þau lánskjör vegna þeirra ástæðna sem ég gat um hér í fyrri ræðu minni. Ég fagna því þó að hæstv. ráðh. virðist hafa skilning á þessu efni og hef ekkert um það að segja fyrr en í ljós kemur hver niðurstaðan verður.

Hv. þm. Helgi Seljan sagði að hér væri ekki um nýtt mál að ræða. Það er sumpart rétt. Það er rétt sem hann sagði, að á síðasta ári voru þessi lán ekki afgreidd fyrr en undir lok ársins. En fyrr á árum var það svo, að Veðdeild Búnaðarbanka Íslands gat staðið undir því að veita þessi lán og hafði til þess aðstoð það tímanlega, að það þurfti ekki að draga fram á síðustu daga ársins, eins og gerðist í fyrra og eins og sýnilega verður nú. Hins vegar er svo komið fyrir Veðdeild Búnaðarbankans, að hún er gjaldþrota, og hefur raunar verið um bráðabirgðaástand að ræða við afgreiðslu jarðakaupalána á síðustu 1-2 árum. Ég vænti þess að sá afgreiðsluháttur, sem hér er boðað að verði um þessi mál nú, verði einnig að teljast til bráðabirgða. Ljóst er að það verður að útvega Stofnlánadeild landbúnaðarins fjármagn með góðum kjörum til að sinna þessu hlutverki.

Menn hafa oft talað um að nauðsynlegt væri að bæta kjör frumbýlinga og auðvelda ættliðaskipti á jörðum. Það verður ekki gert með því að jarðakaupalán verði með svo óhagstæðum lánskjörum sem almennt eru á fé frá Framkvæmdasjóði Íslands. Þess vegna er nauðsynlegt að taka þessi mál til alvarlegrar athugunar og það heldur fyrr en seinna. Nefnd, sem starfaði að endurskoðun laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins á síðasta ári, lagði fram tillögur sem fólu í sér breytingar á lögunum er hefðu getað gegnt þessu hlutverki. Því miður var liður í því lagafrv. skorinn niður áður en lögin voru afgreidd, þannig að það leysir ekki vandann nú. Hér á ég við tillögu um svokallað mótframlag ríkissjóðs gegn jöfnunargjaldi, sem hefði þýtt á þessu ári um 300 millj. kr., sem þá hefði verið óverðtryggt fé og unnt hefði verið að nýta til þess að veita jarðakaupalán með góðum kjörum, leysa gjaldþrotahalla Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og byggja þennan lánaþátt upp með eðlilegum hætti og e. t. v. auka fyrirgreiðslu við frumbýlinga umfram það, sem verið hefur, og stefna þannig að því að leysa þeirra vanda.

Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál nú í fsp.-tíma. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans og vænti þess, að sá skilningur, sem fram kom í máli hans á þessum efnum, megi duga til þess að hér verði leyst úr með viðunandi hætti.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil geta þess í sambandi við orð hv. fyrirspyrjanda, að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur á undanförnum árum setið að bróðurparti þess fjármagns sem fáanlegt hefur verið frá Framkvæmdasjóði með góðum lánskjörum, þ. e. fjármagn sem er ekki gengistryggt. Þetta veit ég að hv. fyrirspyrjandi þekkir. Engu að síður hefur þetta ekki nægt til þess að firra veðdeild bankans mjög miklum fjárhagsvandræðum, því að menn hafa ekki treyst sér til, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að lána fé til jarðakaupa með slíkum kjörum, þ. e. a. s. fullri verðtryggingu eða gengistryggingu. Nú hafa menn lagst á eitt til að finna ráð til að bæta úr þessu. Það verður að sjálfsögðu ekki gert nema útvega deildinni fjármagn með það góðum kjörum, að blanda megi þessu tvennu saman og fá út eitthvað hæfilegt. Það hefur mistekist. M. a. var fellt út úr frv. um Stofnlánadeildina á síðasta þingi ákvæði sem átti að stuðla að þessu. Því miður hefur Framkvæmdasjóður

ekkert annað fjármagn heldur en annað hvort verðtryggt eða gengistryggt. Spurningin er hvort unnt sé að dreifa þeirri byrði sem slík útlán mundu hafa í för með sér. Ég veit að stjórn Stofnlánadeildarinnar mun athuga það mál mjög vandleg, og ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til þess að þau kjör verði viðunandi, þótt um það geti ég að sjálfsögðu engu lofað áður en sæmilegt fjármagn til þess er fundið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru engin tök á því að ræða þetta mál, eins og raunar þyrfti að gera, í fsp.-tíma á Alþ. En út af því, sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði, að 90 lánsumsóknir lægju fyrir lánshæfar, þá er það einhver misskilningur. Það eru 90 umsóknir sem hafa borist, en um 60 af þeim eru skjöl sem eru fullnægjandi til þess að hægt væri að veita lánin eins og stendur. En þetta skiptir ekki höfuðmáli.

Ég vil vekja athygli á því, að ef orðið hefði samkomulag á síðasta þingi um þær leiðir sem sú nefnd, sem hv. þm. var að tala um, lagði til, þá væri þessi vandi ekki fyrir hendi í sambandi við lánskjör á jarðakaupalánum. Það verður að finna leiðir til þess, að þessi lán sligi ekki þá menn sem eru að hefja búskap. Og ég vil í því sambandi minna á það, að lánskjör, sem Byggðasjóður er með, eru með allt öðrum hætti heldur en við höfum getað verið með í sambandi við jarðakaupalánin. Þar eru 14%, óverðtryggt, en við höfum orðið að vera á síðasta ári með 18% vexti af jarðakaupalánum.

Því miður er tími ekki til að ræða þessi mál hér frekar. Ég vona að hægt verði að finna einhverja viðunandi lausn á þessu máli. Ekki liggur enn fyrir hvers konar fjármagn við fáum, hvort það verður að einhverju leyti verðtryggt, en það verður annaðhvort verðtryggt eða gengistryggt, eftir þeim upplýsingum sem liggja fyrir, þó að ekki sé vitað hvernig skiptingin verður á því fjármagni.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. taldi mig fara með skakkar upplýsingar um tölu lánsumsókna sem fullgildar væru. Ég skal ekkert deila um það við hann að öðru leyti en því, að ég hef mínar upplýsingar beint frá forstöðumanni Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Stefáni Pálssyni, sem ég hef ekki reynt að því að fara með rangt mál um slík efni. Hann gaf mér upp nú í morgun að fullgildar umsóknir væru 90 talsins sem þegar lægju fyrir.

Varnir gegn mengun af völdum bandarískra hersins, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Á undanförnum árum og áratugum hafa komið fyrir hér á landi fjölmörg atvik sem varpað hafa ljósi á þær margvíslegu hættur sem stafa af dvöl bandarískra hersins í landinu. Þessir atburðir hafa falið í sér í senn hættur vegna þeirrar vopnameðferðar, sem þar hefur verið viðhöfð, og enn fremur vegna mengunar af margvíslegri annarri starfsemi sem hefur verið tengd hernum eða farið fram á vegum hans. Ég held að allir, sem líti yfir sögu þessara tilvika, geti verið sammála um þann dóm, að þau hafi í senn sýnt margvíslegar tilraunir af hálfu bandarískra hersins til þess að breiða yfir og fela atburði af þessu tagi og vanmátt íslenskra embættismanna, jafnvel áhuga- og getuleysi þeirra ásamt íslenskum stjórnvöldum til þess að upplýsa mál af þessu tagi.

Oft og tíðum hafa þessi málefni verið aðeins í umr. og fréttum örfáa daga. Síðan hefur þeim verið vísað til einhverra aðila í stjórnkerfinu eða beint til hersins sjálfs og ekkert af þeim frést. Bæði yfirmenn hersins og embættismenn íslenska ríkisins og oft og tíðum stjórnvöld hafa treyst því, að gleymska almennings yrði bandamaður þeirra hvað snertir þær margvíslegu hættur og erfiðleika sem samfara eru dvöl hersins hér á landi. Oft og tíðum hefur þessi áróðursherferð, sem ég vil kalla svo, þ. e. a. s. herferð gleymskunnar, tekist ærið vel.

Það má minna á það, að fyrir nokkrum árum fundust sinnepsgassprengjur á skeljasandsmiðum Sementsverksmiðju ríkisins. Önnur sprengjan sprakk í verksmiðjunni sjálfri og brenndi þar nokkra starfsmenn. Hin var heil og hafði á sér ártalið 1946, sem greinilega útilokaði alla aðra aðila en Bandaríkin sem höfund þessa vopns. Meðferð málsins varð sú, að varnarmáladeild var falið það. Hún vísaði því til sprengjusérfræðinga bandarískra hersins og síðan hefur ekkert frést um þetta mál.

Fyrir nokkrum dögum kom upp fyrir hreina tilviljun, eins og ætíð vill verða um mál af þessu tagi, annað mál skylt þessu, — mál sem greinilega átti af hálfu varnarmáladeildar, bandarískra hersins og íslenskra stjórnvalda að fá sömu meðferð gleymskuherferðarinnar og fleiri af þessu tagi. Ég tel hins vegar að hér hafi verið um svo alvarlegt mál að ræða, að óverjandi sé að þær afsakanir og sá málflutningur, sem hafður var uppi af hálfu varnarmáladeildar í þessu máli, séu látin hjá líða án þess að nánar sé um það spurt hér á háu Alþingi og jafnframt kannað hvaða varanlegar ráðstafanir utanrrn. hyggst gera eða hefur þegar gert til þess að koma í veg fyrir að Íslendingum og þá sérstaklega íbúum á Suðurnesjum stafi varanleg og alvarleg mengunarhætta af dvöl og starfsemi bandarískra hersins á Keflavíkurflugvelli.

Fyrir nokkrum árum voru uppi margvíslegar umr. um mengun drykkjarbóla á Suðurnesjum af völdum starfsemi bandarískra hersins. Það vandamál hefur ekki fengið, eftir því sem mér er kunnugt, varanlega lausn. Greinilegt er að af hálfu íslenska embættiskerfisins og þeirra stjórnvalda, sem hér voru við völd, og bandarískra hersins er í gangi sameiginleg herferð gleymskunnar gagnvart þeim hættum sem íslenskri þjóð stafa af starfsemi bandarískra hersins og dvöl hans hér á landi.

Það mál, sem ég geri á þskj. 17 sérstaka fsp. í tilefni af, var tengt því, að uppgötvaðist fyrir hreina tilviljun, — ég verð að leggja ríka áherslu á það, — að á Keflavíkurflugvelli hafði úrgangsolíu verið veitt út í skurð þaðan sem hún gat borist víða og tengst drykkjarbólum Suðurnesja. Þær fréttir, sem af þessu komu í fjölmiðlum, gerðu þennan atburð mjög dularfullan. Enginn vildi kannast við að hafa veitt þessari olíu út í skurð. Enginn virtist vilja vita um þennan skurð né virtist nokkur vita hver yfir höfuð ætti sökina á þessu. Í tilefni af þessum atburði hef ég borið fram fsp. í 5 liðum sem er á þessa leið:

„1. Telur utanrrh. gilda yfirlýsingu deildarstjóra varnarmáladeildar utanrrn. að „enginn, hvorki íslenskur né bandarískur aðili, vissi að olíu eða öðrum efnum úr flugskýli flughersins á planinu fyrir framan væri veitt út í skurð."?

2. Hvaða líkur telur utanrrh. að séu á því að bandarískri flugherinn viti hvað gerist í háloftunum yfir og í kringum Ísland fyrst hann veit ekkert um stóra olíuskurði rétt við

eigin flugskýli?

3. Hvaða ráðstafanir hefur utanrrh. gert til að komast að raun um hver bar ábyrgðina á þeirri meðferð á úrgangsolíu sem nýlega var fyrir tilviljun uppgötvuð á yfirráðasvæði bandaríska hersins?

4. Hvaða tryggingar eru fyrir því að starfsemi bandaríska hersins mengi ekki drykkjarvatn íbúa á Suðurnesjum?

5. Hvaða breytingar hyggst utanrrh. gera til að koma í veg fyrir að bandaríska herinn feli olíu og aðra mengunarvalda í íslenskri jörð fyrst fyrri loforð hersins hafa í þessu efni reynst haldlaus?"

Það er von mín, að við þessum spurningum fáist skýr svör sem gefi tilefni til þess að átta sig á því hvar á vegi statt íslenska embættiskerfið og stjórnkerfið er til þess að sinna nauðsynlegri eftirlitsskyldu sinni gagnvart bandaríska hernum og framfylgja þeim vörnum sem þarf greinilega að framfylgja gagnvart varnarliðinu.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Sú fsp., sem fram er lögð, er í 5 liðum, og tel ég nauðsynlegt að lesa aftur liðina á undan svörunum til að málið verði sem skýrast.

1. spurningin er á þessa leið, með leyfi forseta: „Tekur utanrrh. gilda yfirlýsingu deildarstjóra varnarmáladeildar utanrrn. um að „enginn, hvorki íslenskur né bandarískur aðili, vissi að olíu eða öðrum efnum úr flugskýli flughersins á planinu fyrir framan væri veitt út í skurð"?

Ég tel ekki ástæðu til að rengja yfirlýsingu deildarstjóra varnarmáladeildar og vil trúa því, að hún hafi verið gefin eftir bestu vitund. Það var ekki fyrr en Íslenskir aðalvektakar tóku að grafa á þessum stað í lok septembermánaðar, að olíumettaður jarðvegur kom í ljós, og voru þá strax gerðar ráðstafanir til að fjarlægja þann jarðveg. Þó er á hverjum degi fjöldinn allur af íslenskum og bandarískum starfsmönnum á þessu svæði.

2. spurning: „Hvaða líkur telur utanrrh. að séu á því að bandarískri flugherinn viti hvað gerist í háloftunum yfir og í kringum Ísland fyrst hann veit ekkert um stóra olíuskurði rétt við eigin flugskýli?"

Ég tel engan veginn rökrétt að draga af þessu máli neinar ályktanir um það, hvernig varnarliðið gegnir hlutverki sínu sem heild.

3. spurning: „Hvaða ráðstafanir hefur utanrrh. gert til að komast að raun um hver bar ábyrgðina á þeirri meðferð úrgangsolíu sem nýlega var fyrir tilviljun uppgötvuð á yfirráðasvæði bandaríska hersins?"

Hér er um að ræða stærsta flugskýlið á Keflavíkurflugvelli. Frárennsli frá þessu flugskýli er tvenns konar. Annars vegar eru leiðslur sem taka við skolpi frá salernum og öðru þess háttar. Þær leiðslur eru tengdar skolpveitu vallarins sem liggur í sjó fram. Hins vegar eru leiðslur til að taka við rigningarvatni af flughlaði kringum flugskýlið og á gólfi skýlisins, þegar sjálfvirkur vatnsslökkvibúnaður í skýlisþakinu fer í gang. Þessar leiðslur liggja í þró sem er á bersvæði. Ástæðan fyrir því, að þessar leiðslur eru ekki tengdar skolpveitunni, er sú, að í stórrigningum eða þegar vatnsslökkvikerfið fer í gang er affallsvatn það mikið, að skolpveitan mundi hreinlega yfirfyllast og skolp geta flætt í hús. Þessum leiðslum er þar af leiðandi eingöngu ætlað að flytja vatn. Það, sem hér hefur gerst, er því að á einhvern hátt hefur úrgangsolía blandast saman við þetta vatnsrennsli. Nærtækasta skýringin hlýtur að vera sú, að starfsmenn í flugskýlinu eða á flughlaði við skýlið hafi hellt úrgangsolíu í niðurfall sem eingöngu er ætlað fyrir yfirborðsvatn. Nú vil ég taka það skýrt fram, að þetta flugskýli er nokkurn veginn til helminga notað annars vegar af varnarliðinu og hins vegar af íslensku flugfélögunum, Loftleiðum, Flugfélagi Íslands og Arnarflugi. Mál þetta er nýtilkomið, ekki mánaðargamalt, og hefur ekki unnist tími til að komast að því, hverjir eru ábyrgir fyrir því slysi sem þarna varð. Er hætt við að það geti orðið erfitt að sanna hver ber ábyrgðina á því, þar sem flugskýlið hefur verið í notkun allt frá árinu 1954 og hér gæti verið um gamlar syndir að ræða.

4. spurning: „Hvaða tryggingar eru fyrir því að starfsemi bandarískra hersins mengi ekki drykkjarvatn á Suðurnesjum?"

Varnarliðið og íbúar nálægra byggðarlaga nota sama grunnvatnsból. Segir sig sjálft að varnarliðinu hlýtur að vera það jafnmikið kappsmál og öðrum að þetta drykkjarvatn mengist ekki, enda er ekki í mörg önnur hús að venda á þessu svæði.

5. spurning: „Hvaða breytingar hyggst utanrrh. gera til að koma í veg fyrir að bandarískri herinn feli olíu og aðra mengunarvalda í íslenskri jörð fyrst fyrri lotorð hersins hafa í þessu efni reynst haldlaus?"

Af þeim ástæðum, sem ég hef þegar greint, að það er augljóslega hreinlætis- og heilbrigðismál fyrir varnarliðið sjálft ekkert síður en Íslendinga að forðast þá mengun, sem hér er um talað, og alla aðra mengun, þá get ég ekki, nema rök verði fyrir því færð, fallist á að varnarliðið feli olíu eða aðra mengunarvalda í íslenskri jörð. Það mundi koma því sjálfu í koll.

Í sambandi við þetta mál hef ég að lokum þetta að segja:

1. Varnarliðinu ber skylda til að fylgja í hvívetna öllum íslenskum lögum, reglum og ákvörðunum yfirvalda til að forðast mengun. Verði misbrestur á því ber varnarmálanefnd skylda til að tryggja leiðréttingu þegar í stað. Varnarmálanefnd ber skylda til að hafa náið samstarf við sveitarfélög í nágrenni flugvallarins. Á flugvellinum sjálfum eru allan sólarhringinn nokkur hundruð starfsmenn íslenska ríkisins við ýmiss konar vinnu og fara þar um nálega alla staði, þannig að ætla má að þeir mundu verða varir við brot á þessum reglum eða hættulega mengun.

2. Notendum á þessu stóra flugskýli hafa á nýjan leik verið gefin ströng fyrirmæli um að hella aldrei olíu eða öðrum úrgangsefnum í niðurföll.

3. Til að koma í veg fyrir að slík óhöpp verði endurtekin hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að olíuskiljur verði settar upp til þess að hreinsa olíuúrgang úr yfirborðsvatninu, ef hann skyldi þrátt fyrir allt berast þangað á nýjan leik.

4. Vegna þessa atburðar kallaði varnarliðið hingað til lands sérfræðing í umhverfisvernd og mengunarmálum og kom hann til landsins 12. þ. m. Honum var falið að gera allsherjarúttekt á mengunarhættu á varnarliðssvæðinu.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Hér eru til umr. mál sem ástæða er til að gefa frekari gaum. Í viðtali í Þjóðviljanum fyrir nokkru við Pál Ásgeir Tryggvason deildarstjóra í varnarmáladeild í utanrrn. segir hann eitthvað á þessa leið varðandi þá olíumengun sem kom upp á Keflavíkurflugvelli: Þetta kom öllum fullkomlega

á óvart. Enginn, hvorki íslenskir né bandarískir aðilar, vissi að olíu eða öðrum efnum úr flugskýli flughersins og planinu fyrir utan væri veitt út í skurð. — Síðan segir hann í viðtalinu: Tiltölulega er stutt síðan menn fóru í alvöru að hugsa um mengunarvarnir. — Og enn síðar: Handvömm frá fyrri tíð.

Með svar hæstv. utanrrh. í huga tel ég að hér sé á ferðinni mál sem sé e. t. v. verið að reyna að hlaupa frá án þess að réttar ráðstafanir verði gerðar. Ég mun upplýsa þetta nokkru nákvæmar hér á eftir.

Árið 1970 kaus hreppsnefnd Ytri-Njarðvíkurhrepps nefnd til að taka þessi mál til athugunar, olíumengun á Keflavíkurflugvelli. Nefnd þessa skipuðu þeir Hilmar Þórarinsson, Ásbjörn Guðmundsson og Ingvar Jóhannsson, en n. skilaði áliti 6. júlí 1972. Þetta álit kom m. a. til varnarmálanefndar utanrrn. og í hendur Páls Ásgeir Tryggvasonar.

Skýrsla nefndarinnar skiptist í tvo kafla. Fyrri kaflinn fjallar um flugumferð farþega, orrustu-, sprengju- og eftirlitsflugvéla og þá hættu sem af þeim kann að stafa fyrir nálæg byggðarlög og bent er á að mesta hætta á flugslysum sé við flugtak og lendingar. Seinni kaflinn fjallar um mengun af völdum slælegrar meðferðar á olíu á flugvallarsvæðinu og þá mengunarhættu sem er yfirvofandi gagnvart vatnsbólum nálægra byggðarlaga.

Þegar skýrsla n. kom fram voru stjórnvöld upplýst um niðurstöður hennar og þau hvött til að þessi mál yrðu tekin föstum tökum árið 1972. Á tímabilinu frá 1972 og til 1978 hefur nánast engin samvinna né ósk um tengsl né samráð við þá aðila, sem gerðu þessa könnun á þessu tveggja ára tímabili, 1970—1972, farið fram. Málið var svæft 1972. Páll Ásgeir Tryggvason deildarstjóri í varnarmáladeild lofaði að athuga málið en það virtist aldrei athugað, ekki einu sinni gerð tilraun til þess að kanna nánar eða hafa samband við þá aðila á einn eða annan hátt, sem stóðu að þessari könnun.

Til þess að upplýsa þm. öllu nánar um þetta mál skal ég vitna í nokkrar klausur úr þessari skýrslu sem kom fram árið 1972.

Fyrst er fjallað þar um olíutanka og olíuleiðslur sem eru neðanjarðar. Rétt fyrir ofan Njarðvíkurbæ, í um það bil 100 m fjarlægð eða ofan á vatnsbólum Njarðvíkinga og í nálægð við vatnsból Keflvíkinga, eru grafnir tankar og olíuleiðslur. Enginn veit hve mikil olía hefur lekið úr þessum tönkum síðan 1951. Ég skal lesa — með leyfi forseta — örstuttar tilvitnanir til að lýsa innihaldi þessarar skýrslu svo að menn komist nærri kjarna málsins. Hér segir á einum stað:

„Svo alvarlega er í þessum málum komið, að búast má við í náinni framtíð algeru neyðarástandi víða hér syðra í neysluvatnsmálum, og er þá jafnframt átt við vatnið sem notast í fiskiðnaði, ef marka má skoðanir jarðeðlisfræðinga eins og að framan greinir."

Síðar segir: „Nefndin telur sig geta rökstutt það með fjölmörgum ábendingum að ekki mörg hundruð tonn af olíum og bensíni og ýmsu þrýstiloftsflugvélaeldsneyti, heldur margar þúsundir tonna hafa runnið út í jarðveg Keflavíkurflugvallar á umliðnum áratugum frá byggingu hans, auk mikils magns af banvænum eiturefnum sem eru flugstarfsemi eða hafa á þennan dag verið talin flugstarfsemi nauðsynleg, en eru nú óðast að hverfa úr notkun hjá menningarþjóðum." Hér kemur svo þriðja og síðasta tilvitnunin:

„Neysluvatn fyrir nærfellt 20 þúsund íbúa á þessu svæði, innlenda sem erlenda, fiskiðnað, nærri 22% útflutningsverðmæta þjóðarinnar, millilandaflug okkar, strendur gullkistunnar við Faxaflóa og svo margt annað sem upp mætti telja, er í bráðri hættu."

Þetta var sagt 1972, og það skýtur dálítið skökku við að heyra það nú árið 1978, að hér sé um ný tíðindi að ræða þegar minnst er á olíumengun á Keflavíkurflugvelli.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég vil aðeins að gefnu tilefni rifja það upp sem e. t. v. er ekki við að búast að ungir þm. séu búnir að læra til fullnustu, en í þingsköpum eru ákveðnar reglur um fyrirspurnatíma, þann tíma sem mönnum er ætlaður sem hámark í fsp.-tíma. Það eru 5 mínútur tvisvar sinnum sem fyrispyrjandi hefur, ráðh. hefur 10 mínútur í tveimur umferðum og aðrir ræðumenn, hvort sem eru þm. eða ráðh., aðrir en viðkomandi ráðh., hafa aðeins tvær mínútur tvisvar sinnum. Forsetar hafa, vegna þess hve fsp. eru margar og rúmfrekar, lagt nokkra áherslu á að ekki væri farið að ráði yfir þessi mörk. Sumir hv. þm., jafnvel hinir eldri, ég og fleiri, höfum staðið í þeirri meiningu, að því er mér finnst stundum, að það sé skylda þm. að nota þessar tvennar 5 mínútur t. d. sem fyrirspyrjendur hafa og skylda ráðh. að nota tvisvar sinnum 10 mínútur. Þetta er mesti misskilningur líka. Það er engin þörf á því. Ef menn geta orðið stuttorðari, þá er það áreiðanlega í mörgum tilvikum vel þegið. En ég vildi aðeins að gefnu tilefni rifja þetta upp í allri vinsemd, þar sem nú eru margir nýir þingmenn og engin von til að þeir séu búnir að læra öll þingsköpin á fyrstu dögum þings. Þetta er ekki mælt vegna næsta hv. ræðumanns, hann kann þau. Það er hv. 9. þm. Reykv. sem tekur til máls.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég skal nú reyna að fylgja þingsköpum og vænti þess þá að aðrir geri það líka. Þó að sá tími sé nú liðinn sem ég á að svara fyrir utanrrn., þá finnst mér ég tæpast geta hlustað á jafnmikinn misskilning og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns án þess að reyna að gera tilraun til þess að benda honum á það rétta í þessum málum. Mér er auðvitað alveg ljóst að það, sem gert hefur verið síðan 1972, þarf miklu lengra mál en svo, að gerð verði grein fyrir því á tveim mínútum. Ég er fús til að eiga orðastað við þennan hv. þm. um það sem gert var á Keflavíkurflugvelli þann tíma sem ég var í utanrrn., en það verður auðvitað ekki hægt núna.

Þegar hv. þm. úr því kjördæmi þar sem málin, sem verið er að ræða, eiga heima, telur að ekki hafi verið gert neitt í öryggismálum frekar en öðrum málum á Keflavíkurfluvelli síðan 1972, að þrír vitringar úr Njarðvíkurhreppnum settu saman skýrslu, þá get ég ekki unað við þá upplýsingastarfsemi hans. Á þessum tíma hefur öryggi á Keflavíkurflugvelli verið aukið svo að hann er nú í hópi þeirra flugvalla sem öruggastir eru í veröldinni. Þetta ætti hv. þm. að vita. Þetta var gert með margvíslegu móti, fyrst og fremst kannske með því að lengja þverbraut sem var alger nauðsyn til þess að flugvélar gætu lent hér við viss veðurskilyrði. Í öðru lagi hefur öryggisútbúnaður á Keflavíkurflugvelli verið stórlega aukinn, bæði með ljósabúnaði og öðrum slíkum tækjum sem nauðsynleg teljast. Ég held að það væri ráð fyrir hv. þm. a. m. k. Reykjaneskjördæmis að gera sér ferð á Keflavíkurflugvöll til þess að kynnast því, hvað þar hefur verið gert á undanförnum árum. Sumir þeirra hafa gert

það, það er mér kunnugt um, en aðrir bersýnilega ekki. Í þriðja lagi er verið að reisa hér nýtísku flugturn, sem er langt komið að byggja og mun enn auka öryggi á Keflavíkurflugvelli. Margt fleira mætti nefna.

Að því er snertir þau vatnsból, sem hér hafa verið nefnd og eru í Njarðvík eða á því svæði, þá var sett til að *athuga þau þriggja manna nefnd, ekki þessara þriggja* Njarðvíkinga, heldur sérfróðra manna sem skiluðu áliti, og það álit er til í utanrrn. Það álit tel ég sjálfsagt fyrir hv. síðasta ræðumann að verða sér úti um og kynna sér áður en hann tekur næst til máls á Alþingi um mengunarvarnir á þessu svæði.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Að gefnu þessu tilefni þykir mér rétt að segja frá því, að bæjarstjórn Keflavíkur og bæjarstjórn Njarðvíkur hafa oft gert ályktanir þar sem mótmælt hefur verið meðferð á olíu og mengandi efnum á Keflavíkurflugvelli, og okkur hafa borist fregnir af því og reyndar séð sjálfir að þar er farið illa með. Það hefur alltaf verið þrætt fyrir að þetta gæti átt sér stað. En þegar bæjarstjórn eða bæjarfulltrúar hafa farið að skoða þetta og látið sérfróða aðila athuga málið, þá hefur komið í ljós að grunurinn var á rökum reistur, og í framhaldi af því hafa bæjarstjórnirnar gert sínar ályktanir.

Það er ekki lengra síðan en 1976 að við gerðum í bæjarstjórn Keflavíkur ályktun um þetta mál. Þá var því lofað, að þetta mundi ekki koma fyrir aftur, og meira að segja var því lofað, að úrgangsefni, sem ekki var hægt að brenna hér, yrði flutt til Bandaríkjanna. Því miður hefur ekki verið staðið við þessi fyrirheit, og mig grunar að miklu meira sé um svona mengun en við vitum í dag. Reyndar er það svo, að verkamenn á Keflavíkurflugvelli hafa oft látið mig vita af ýmsu sem þar hefur átt sér stað *varðandi olíumengun og ég hef síðan komið því til við*komandi heilbrigðisfulltrúa sem hefur athugað málið. Hitt er annað, að það er ekki spurning um hvort vatnsbólin mengist. Þau mengast, það er bara spurning um tíma.

Ég tel að utanrrn. hafi ekki haldið á þessu sem skyldi, þótt gefnar hafi verið út skýrslur eða álitsgerðir, þá hafi ekki verið gert það sem til var ætlast, og það var að koma í veg fyrir mengun af völdum olíu. Það er ekki eðlilegt að núv. utanrrh. viti um það sem á undan er gengið í þessum málum, hann er svo nýtekinn við. En ef hann fer í *bréfahirslur utanrrn.* getur hann sjálfsagt séð þær skýrslur og þau tilskrif sem bæjarstjórnirnar hafa sent utanrrn. um þessi mál.

Það er náttúrlega ekki svo að Gunnlaugur Stefánsson hafi átt við það, að þverbrautir og öryggisljós lækju ofan í vatnsbólin á Suðurnesjum. Við gerum okkur ljóst að öryggi flugsins hefur verið aukið á Keflavíkurflugvelli. En spurningin er hvernig við getum komið í veg fyrir þá mengun sem okkur grunar að nú sé fyrir hendi. Ég vona að sá sérfræðingur, sem nú er kominn til landsins, að því er sagt er, leiti ráða hjá bæjarstjórn Njarðvíkur og bæjarstjórn Keflavíkur. Þá mun hann vafalaust geta bætt úr, en varla annars.

Gunnlaugur Stefánsson: Forseti. Örstutt aths. vegna ummæla fyrrv. utanrrh., hv. þm. Einars Ágústssonar. Það, sem ég var að leggja áherslu á í ræðu minni, var að svar utanrrh., sem líklega er byggt á skýrslu Páls Ásgeirs Tryggvasonar, sýndi að það hefði ekki verið haldið á þessu máli á þann hátt sem æskilegt væri. Ég lýsti því með því að vitna í skýrslu frá 1972 sem Ytri-Njarðvíkurhreppur lét gera um þetta mál og vakti þá sérstaka athygli á málinu. Síðan kemur deildarstjóri varnarmáladeildar fram í fjölmiðlum og segir að þetta sé nýtt mál og nánast hafi engan grunað að til væri nokkuð sem héti olíumengun nema í þessu eina tilfelli. Það er þetta sem ég var að leggja áherslu á, að það þyrfti að kanna þessi mál frá öllum hliðum og hafa samráð við sveitarfélögin. Mér er einnig kunnugt um það, að varnarmáladeild hefur ekki haft samráð við sveitarfélögin á Suðurnesjum varðandi málefni, er snerta Keflavíkurflugvöll, á þann hátt sem æskilegt er, og e. t. v. er það ástæðan til þess að komið er eins og komið er nú þessa dagana. Það er ófrendarástand ríkjandi hvað varðar þessa mengun, og fulltrúar sveitarfélaganna geta sagt fyrrv. utanrrh. það, að það er eingöngu spurning um tíma, hvenær mengunin í vatnsbólunum verður slík að þau verði ónothæf. Hvað verður þá um fiskiðnað á Suðurnesjum? Þá verður ekki lengur rætt um að auka hagræðingu og nýtingu. Það verður því annars konar vandi sem þá verður við að glíma, þegar svo verður komið að olíumengun er komin í vatnsbólin. Þetta er kjarni málsins, og það má alls ekki *láta við svo búið standa með því að hætta þessari umr.* hér, heldur skora ég á hæstv. utanrrh. og ég veit að hann hefur kraft og getu til þess að taka þessi mál föstum tökum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. upplýsir það hér, að hundruð starfsmanna íslenska ríkisins fari um Keflavíkurflugvöll daglega og ætti ekki að vera of mikið á þá lagt að fylgjast með því, að þar væru haldin lög og reglur, m. a. varðandi mengunarhættuna. Hann sagði okkur einnig frá því, að sérfræðingur ameríska hersins *kæmi hingað — sérfræðingur í mengunarmálum* til þess að kanna þessi mál á Keflavíkurflugvelli.

Það hygg ég þó að muni vera mála sannast, að mál þetta heyri undir heilbrigðiseftirlit íslenska ríkisins að réttum lögum, og nær náttúrlega ekki nokkurri átt annað en íslenska heilbrigðiseftirlitið fjalli um þetta mál og sérfræðingar þess. Þeim væri betur til þess trúandi en hinum að gæta hagsmuna íslenskra þegna. Ég tel það litla tryggingu fyrir því, að Ameríkumenn muni framvegis fremur en hingað til ganga þannig um þetta landssvæði að viðunandi sé, að þeir hafi þar eigin hagsmuna að gæta. Ýmsir fuglar eru þess háttar, að þeir gera í hreiðrið sitt og flytja sig svo á annan stað, eins og við væntum nú ýmsir að ameríski flugherinn muni senn gera.

Fyrrv. utanrrh., hv. þm. Einar Ágústsson, sagði okkur frá því, að það hefði ekki aðeins verið rannsóknarnefnd þeirra Njarðvíkinga sem athugað hefði þetta mál, heldur *hefði verið skipuð n. þriggja sérfræðinga ónafngreindra* og þeir hefðu skilað skýrslu. Einnig þessi skýrsla mun hafa legið fyrir í varnarmálanefnd, og forsvarsmaður hennar segir okkur núna, að það komi sér algerlega á óvart að svona lagað hafi átt sér stað. Komust þessir þrír sérfræðingar að þeirri niðurstöðu, að það væri rangt hjá n. þeirri, sem athugaði málið fyrir Njarðvíkinga, að þarna væri óþrifalega um gengið og mengunarhætta yfirvofandi? Ef svo hefur verið, þá er ekki furða þótt Páll Ásgeir Tryggvason léti sér koma þetta á óvart. Hygg ég að það væri æskilegt, að þessi skýrsla sérfræðinganna þriggja yrði birt, þannig að í ljós komi hvort niðurstaða hennar hafi verið á þessa lund. En ég ítreka þetta: Ég tel

það allsendis óviðunandi að sérfræðingi ameríska flughersins í mengunarmálum verði falið að rannsaka þetta mál, heldur krefst ég þess, að sá aðili, sem réttur er að íslenskum lögum til þess að fjalla um svona mál, þar sem er Heilbrigðiseftirlit ríkisins, fái þetta mál til meðferðar og sérfræðingar þess fjalli um það.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og þessi umr. hefur þegar leitt í ljós, þá verð ég því miður að lýsa miklum vonbrigðum mínum með svar hæstv. utanrrh. Það er skóladæmi um hvernig á ekki að svara fsp. á Alþingi Íslendinga með því að treysta algerlega á umsagnir þess embættismanns sem greinilega hefur ekki reynst vanda sínum vaxinn á þessu sviði. Þau svör, sem utanrrh. gaf hér áðan, eru í reynd engin svör, heldur hreint og klaft yfirklór, tilraun til þess að færa þetta mál eins og marga fyrirrennara þess í þann fjársjóð gleymskunnar sem einkennt hefur kannanir íslenskra stjórnvalda á afbrotum bandaríska hersins af þessu tagi. Ég hafði vænst þess, að þegar formaður hinna ungu rannsóknariddara settist í sæti utanrrh., þá yrði tekið öðruvísi á þessum málum, þá yrði ekki færð hér fram sama gamla lumman sem forstöðumaður varnarmáladeildar hefur matreitt í almenning á Íslandi og íslensk stjórnvöld á undanförnum árum. Og ég vona satt að segja að hæstv. utanrrh. taki sér samþm. sína, Gunnlaug Stefánsson og Karl Steinar Guðnason, til fyrirmyndar í þessum efnum frekar en embættismanninn í rn. Það er ekki sæmandi af fyrrv. utanrrh., hv. þm. Einar Ágústssyni, að fara háðsorðum um þá kjörnu fulltrúa sveitarstjórna á Suðurnesjum sem hann kallaði hér „þrjá vitringa", vegna þess að þeir héldu vöku sinni og vöruðu stjórnvöld og embættismenn við þeirri olíumengun og annarri skaðsemisstarfsemi sem fram færi af völdum bandaríska hersins. Það sýnir kannske viðhorfin, sem hafa verið ríkjandi í rn., að kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna á þessu svæði og aðrir íslenskir áhugamenn, sem hafa viljað benda á mengunarhættu af völdum bandaríska hersins, skuli vera kallaðir hér þrír vitringar, en síðan skuli vera í boði sérfræðingur sem er væntanlegur frá bandaríska hernum til þess að fjalla um það mál sem herinn hefur greinilega sýnt að hann miðar fyrst og fremst afskipti sín af til þess að klóra yfir, en ekki til þess að upplýsa eða bæta úr. Í raun og veru eru þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram frá þeim hv. þm. sem til máls hafa tekið, frásagnir af því nefndarstarfi sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson lýsti hér, frásagnir hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar af ítrekuðum samþykktum bæjarstjórnarinnar í Keflavík og í Njarðvíkum um afbrot á þessu sviði, um vanefndir loforða hvað úrbætur snertir, um þá fullyrðingu sem hér kom fram af þeirra hálfu, og vænti ég að þeir viti vel hvað þeir eru að segja, að það sé aðeins tímaspursmál — og ég ítreka það: það sé aðeins tímaspursmál hvenær olíumengunarhætta af völdum bandaríska hersins sé orðin slík að hún ógni fiskiðnaði á Suðurnesjum. Þessar fullyrðingar, sem þessir tveir ágætu þm. settu hér fram, samflokksmenn hæstv. utanrrh., gefa tilefni til miklu ítarlegri og rækilegri könnunar en hér hefur verið gerð grein fyrir af hálfu rn.

Það er alveg ljóst, að þetta mál sýnir enn einu sinni að það embættismannakerfi, sem íslenska ríkið hefur komið sér upp til þess að sinna þessum málum, er ekki vanda sínum vaxið. Aðalstarfsorka þess fer í að láta málin týnast, passa að ekki sé kafað til botns í þeim, hindra að þau fái nægilega ítarlega meðferð, og taka síðan nýjan utanrrh. og — mér liggur við að segja: mata hann á frásögn af meðferð þessara mála sem greinilega er í engu samræmi við þann veruleika sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson og Karl Steinar Guðnason upplýstu hér áðan. Þegar embættiskerfi ríkisins bregst þannig þeim skyldum sem því er ætlað að sinna, þá á Alþingi Íslendinga engan annan kost heldur en að taka málið sjálft í sínar hendur. Og í ljósi þeirrar umr., sem hér hefur farið fram, og þeirra upplýsinga um mjög svo alvarlegt ástand þessara mála, margendurteknar sögufalsanair og svik hvað snetir gefin loforð og tilraunir til yfirbreiðslna af hálfu bandaríska hersins á þessum vettvangi, þá mun ég flytja till. hér á Alþingi um kjör sérstakrar rannsóknarnefndar þm. til þess að rannsaka mengunarhættu af völdum bandaríska hersins. Ég mun þá jafnvel taka einnig til könnunar spurninguna um það, hvort kjarnorkuvopn eru geymd á Keflavíkurflugvelli, vegna þess að sá sami embættismaður og hér hefur verið til umr. í dag hefur orðið frægur að endemum fyrir að lýsa því yfir, að hann hafi sjálfur gengið úr skugga um að það séu ekki geymd kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli. Hitt er svo athyglisvert, að fulltrúar bandaríska hersins, herforingjarnir sjálfir, hafa ekki þrátt fyrir ítrekaðar fsp. fengis til að játa eða neita, hvort kjarnorkuvopn séu geymd á Keflavíkurflugvelli. Þarna þykist þessi embættismaður greinilega vita meira en herforingjarnir sjálfir eru reiðubúnir að láta í té. Og það er vissulega alvarlegt fyrir íslenska þjóð, ef kjarnorkuvopn eru geymd á Keflavíkurflugvelli, og í þessu skyni eins og öðrum verður Alþingi að rækja skyldu sína við þjóðina.

Þessar umr., herra forseti, hafa greinilega sýnt það, að þetta mál er hvergi nærri rætt né kannað til botns. Þau svör, sem hér hafa komið fram, og lýsingar á meðferð skyldra mála á undanförnum árum sýna að embættiskerfið á Íslandi er ekki vanda sínum vaxið hvað þetta snertir. Alþ. verður sjálft að grípa þarna í taumana með því að framkvæma sjálfstæða rannsókn í þessu skyni. Ég mun beita mér fyrir tillöguflutningi hér á Alþ. um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar sem beinist að vörnum íslensku þjóðarinnar gagnvart veru bandaríska hersins hér.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Alþingi hefur að sjálfsögðu allan rétt til þess að halda uppi gagnrýni á embættiskerfi íslenska ríkisins og því ber skylda til að gera það. En það er ósæmilegt að draga einn nafngreindan mann aftur og aftur fram, rægja hann, bera á hann hvers konar óvirðingar í starfi og annað slíkt, eins og hér hefur verið gert. Ég vil minna menn á að það eru ráðh. sem bera ábyrgð á þessum málum, og ég bið um að ekki sé verið að draga einstaka starfsmenn, hverjir sem þeir eru, fram á þann hátt sem hér hefur verið gert.

Hv. fyrirspyrjandi sagði að svarið, sem hann fékk við spurningum sínum, væri skóladæmi um hvernig ekki ætti að svara fsp. Svarið er í fullu samræmi við þá bestu hefð sem hér hefur verið. Þegar málefnaleg svör hafa verið gefin við fsp. hafa þau yfirleitt verið unnin af starfsmönnum ráðuneytanna eða þeirra stofnana sem undir þau heyra. Annað er ekki tæknilega hugsanlegt. En ég vil benda á hitt, að þessi fsp. og sá málfutningur, sem henni hefur fylgt, er skóladæmi um hvernig ekki á að leggja fram fsp. á Alþ. og hvernig ekki á að nota fsp.-tímann. Ég segi bara: Guð hjálpi okkur, þegar sprenglærðir menn í

stjórnfærðum og vísindum, komnir utan úr heimi og byrjaðir að kenna íslensku þjóðinni þessi fræði, koma á Alþ. og ganga fram fyrir skjöldu með lágkúrulegum brotum á þeim þingvenjum sem reynt hefur verið að skapa hér og móta í langan tíma. (**ÓRG**: Í hverju eru brotin fólgin?) Þau eru fólgin í því að spyrja ekki efnislega, heldur meira eða minna út í hött með áróðurs- og skætingsspurningum. Þau eru fóglin í því, að bæði framsöguræðan og síðari ræða þm. var ... (Gripið fram í. — **Forseti**: Ekki samtal.) Þar að auki var ræða sú, sem fyrirspyrjandi flutti með fsp. og á samkv. þingsköpum og venjum að vera til skýringar því sem hann er að spyrja um, almennur áróður og seinni ræðutími hans sömuleiðis. Það voru dregnar inn í þetta alls konar vangaveltur og áróður um önnur stórmál, kjarnorkuvopn og hvað eina. Þetta er allt saman þverbrot á því sem fyrirspurnatími á að vera og því sem hann verður að vera ef hann á að ná tilgangi sínum, að menn haldi sér við málefni og noti þennan fyrirspurnatíma til þess að draga fram fyrir sjónir Alþingis, því að sjálfir geta þm. fengið að vita það sem þeir vilja — draga fram fyrir sjónir Alþingis staðreyndir. Þetta stendur í bláu bókinni sem hæstv. forseti lyfti upp í hógværð til þess að benda þm. á.

Ég mótmæli því eindregið, að það svar, sem ég las og auðvitað var undirbúið af starfsmönnum í minu rn., en ég ber fulla ábyrgð á, og ég viðurkenni ekki, að það hafi verið neins konar yfirklór. Efnislega var spurt um tiltekið atvik sem gerðist. Og svarið var um þetta tiltekna atvik, það var um aðstæður á þeim stað og í kringum það og nokkrar almennar ályktanir út frá því. (Gripið fram í.) Ég tel að fsp. hafi verið svarað eins málefnalega og hægt var að gera út frá því sem prentað var. Svo getur hv. þm. notað tækifærið annars staðar til þess að halda uppi sínum áróðri og draga sínar ályktanir af öllu þessu.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að mér hefur í starfi mínu að sjálfsögðu ekki gefist tími til að átta mig á heildarástandi mála eins og þess, hvaða mengun er eftir styrjöldina og áratugina síðan á þessu svæði, Miðnesheiði. En ég get lofað hv. þm. því, að ég hef fullan hug á að athuga þetta af fyllstu alvöru eins og öll önnur mál þarna suður frá og mun ekki skorast undan því að veita upplýsingar, þegar beðið er heiðarlega um þær, eins og ég best get, og ræða um málin á réttum vettvangi þar sem ástæða er til þess.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu enginn tími til þess að ræða eins viðamikið mál og hér er til umr. og eins og umr. hefur þróast í fsp.-tíma og ég mun að mestu leiða það hjá mér. En ég get ekki fallist á það, að ég hafi í orðum mínum hér áðan, þeim fáu orðum sem ég sagði, verið að skorast undan því, að þessi mál yrðu könnuð og þau yrðu upplýst. Ég held að ég hafi þvert á móti hvatt hv. þm. til að kynna sér það sem gerst hefur í þessum málum. Það eru, eins og ég áðan sagði, engin tök á því fyrir mig eða nokkurn mann, sem hefur tvær mínútur til umráða, að gera grein fyrir því, sem gerst hefur á 7 ára tímabili í jafnviðamiklu máli og Keflavíkurflugvöllur er, með öllum þeim hliðarsviðum sem hefur borið á góma í þessum umræðum. Þess vegna mun ég ekki gera það á þessu stigi, en hins vegar er ég mjög fús til þess að ræða öll þessi mál við önnur og hentugri tækifæri, — tækifæri sem vafalaust munu gefast, því að hv. 3. landsk. þm. er vanur að standa við það sem hann segir. Hann hefur boðað tillöguflutning um rannsóknarnefnd og þá verður vafalaust tækifæri til að ræða þessi mál alveg niður í kjölinn áður en n. verður ákveðin hér á Alþ. og eins eftir að búið er að setja hana.

Ég vil aðeins segja við hv. þm. Karl Steinar Guðnason, sem hélt hér hógværa ræðu eins og hans er von og vísa, að hann ætlaði að gera eitthvað einkennilegan þann málflutning minn, að ég talaði um flugöryggi í sömu andránni og mengun af völdum olíu og annars órþifnaðar. Það var að gefnu tilefni. Það var vegna þess að í þeirri skýrslu, þeim þrem atriðum sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson las úr skýrlsu Njarðvíkinganna, var einmitt talað um flugöryggi. Það var þess vegna og aðeins þess vegna sem ég minntist á það. Annars hefði ég vel getað látið mér nægja að halda mig við það efni sem fsp. hv. 3. landsk. þm. gáfu tilefni til.

Ég vil svo aðeins að síðustu — og það var eiginlega þess vegna sem ég stóð upp — algerlega mótmæla því, að ég hafi með því að nota orðið „vitringar" um Njarðvíkingana, sem sömdu skýrsluna, ætlað að hæða þá á einhvern hátt. Ef orðið vitringur er í orðabók hv. 3. landsk. þm. háðsyrði, hvað á þá að kalla þau orð, sem hann notar sjálfur?

Sameinað þing, 8. fundur.

Þriðjudaginn 24. okt., að loknum 7. fundi.

Beinar greiðslur til bænda, þáltill. (þskj. 16). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Gjald á veiðileyfi útlendinga, þáltill. (þskj. 18). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lágmarks- og hámarkslaun, þáltill. (þskj. 30). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Niðurfelling gjalda af efni til hitaveitna, þáltill. (þskj. 31). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samningur við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi, þáltill. (þskj. 2). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Þrjú fyrstu þingmálin að þessu sinni fjalla um hafréttarmálefni. Stjórnarandstaðan flytur þessi mál og væntir fulls samráðs og býður fullt samstarf við ríkisstj. og stjórnarflokkana, því að mikilvægt er að um mál sem þessi náist full samstaða innanlands. Án þess er hætt við að árangur gæti orðið minni en ella.

Till., sem nú er fyrst fjallað um, gerir ráð fyrir því, að þegar í stað verði teknar upp samningaviðræður við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi, þar sem bæði kæmu til umræðu fiskveiðiréttindi og hagnýting auðæfa landgrunnsins utan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands í norðurhöfum, umhverfis Jan Mayen.

Þótt mikið hafi áunnist á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, þar sem alþjóðaréttarreglur eru í mótun, er enn margt óljóst um réttarstöðu smáeyja á borð við Jan Mayen, sem raunar verður að teljast vera á íslenska landgrunninu, en ekki hinu norska. Nokkur hætta er á að ágreiningur gæti orðið á milli Íslendinga og Norðmanna á næsta fundi hafréttarráðstefnunnar, ef ekki verður leitast við að samræma sjónarmiðin áður en til umr. dregur. Ljóst er að bæði Norðmenn og Íslendingar hafa mikilla hagsmuna að gæta, bæði að því er varðar fiskveiðiréttindi og hugsanlega hagnýtingu auðæfa hafsbotnsins í norðurhöfum. Hitt er jafnljóst, að bæði Norðmenn og Íslendingar vildu mikið til vinna að komist yrði hjá ágreiningi. Þess vegna hlýtur það að vera sameiginlegt áhugamál beggja þjóðanna að ræða málin og skýra sjónarmiðin áður en hætta skapast á því, að í kekki kastist. Raunar er fyllsta ástæða til þess að ætla að slíkar samningaviðræður mundu leiða til happasællar lausnar, en ef slík lausn lægi fyrir, þegar hafréttarráðstefna kemur næst saman, mundi það geta haft veruleg áhrif á þróun hafréttarmála annars staðar og vera í anda þess samkomulags með sanngirnissjónarmið fyrir augum sem að er keppt við heildarlausn hafréttarmála.

Ég held að á þessu stigi sé óhyggilegt að nefna einstök atriði sem hugsanlega gætu valdið ágreiningi. Ég held að fulltrúar þessara frænda- og vinaþjóða ættu að hittast með opnum huga, án þess að hafa bundið sig í kennisetningar eða lagareglur sem ekki eru heldur fullmótaðar. Ég mun því ekki hefja hér ítarlegar efnislegar umr., nema sérstakt tilefni gefist til, og leyfi mér raunar að bera fram þá ósk, að aðrir geri það ekki heldur, því að happadrýgst er áreiðanlega að málið gangi nú til hv. utanarmn., en það er till. mín. Þar yrði það rætt fyrir luktum dyrum og engri leið til samkomulags við Norðmenn lokað fyrr en í fulla hnefana.

Ég endurtek svo tilboð og ósk okkar þm. Sjálfstfl., stjórnarandstöðunnar, um fulla samvinnu við ríkisstj. og þá flokka, sem að henni standa, í hafréttarmálum.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þær þrjár till. nokkurra sjálfstæðismanna, sem eru fyrstu þrjú mál þingsins, eru allar skyldar, eins og 1. flm. greindi frá áðan. Þó tel ég að fyrsta till., um rannsóknir, hafi dálitla sérstöðu og mér finnst hún snerta öllu meira iðnrn. en sjútvrn. Ég ætla því að velja þann kost að segja nokkur orð um hinar tvær till. að sinni.

Ég þakka hv. 1. flm. fyrir þau vinsamlegu orð og þá ósk um samvinnu sem hann lét í ljós í málflutinigi sínum, og tel ég það til fyrirmyndar um mál sem þetta. Engu að síður tel ég nauðsynlegt að fara um þetta mál nokkrum almennum orðum, sem verða kannske meira efnisleg heldur en um það sem umdeilanlegt kynni að reynast.

Næsta skref Íslendinga í landhelgisbaráttunni verður að setja heildarlöggjöf um þau mál öll, eins og ég hef þegar skýrt frá. Með þeirri löggjöf er ætlunin að færa algera lögsögu úr 4 mílum í 12, lýsa yfir 200 mílna efnahagslögsögu, sem tekur einnig til mengunarlögsögu og rannsóknarlögsögu, halda því opnu að rannsóknarlögsaga t. d. geti náð út fyrir 200 mílur, svo og að festa það, sem þegar hefur náðst í þessu mikla máli.

Þær þrjár tillögur um landhelgismálið, sem nú hafa verið fluttar, fjalla um framkvæmdaatriði þeirrar landhelgisstefnu sem við höfum fylgt og fylgjum enn. Fyrsta tillagan snertir rannsóknirnar á landgrunninu, hinar fjalla um viðhorf okkar til smáeyjanna Rockall í suðri og Jan Mayen í norðri.

Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna er enn ekki lokið og hafréttarsáttmáli hefur enn ekki verið gerður. Enda þótt ýmsu verði ekki haggað héðan af, svo sem 200 mílna reglunni, eru önnur atriði enn í deiglunni og verður að hafa fulla gát á við lokaafgreiðslu þeirra, að hún verði okkur hagstæð. Þar á meðal er t.d. 121. gr. hafréttarsamningsdraganna, þar sem fjallað er um landgrunn, landhelgi og fiskveiðilögsögu við eyjar og þá sérstaklega smáeyjar og kletta. Einnig má nefna ákvæði í drögunum um markalínur á milli landa þar sem fjarlægð er minni en 400 mílur.

Veigamikið er að við Íslendingar höldum órofa samstöðu á endaspretti landhelgismálsins, sem mun standa í nokkur ár enn, enda þótt vart komi til átaka til jafns við þau sem liðin eru. Þó getur orðið vandasamt að verja 200 mílurnar fyrir gagnárásum sem enn gerast á hafréttarráðstefnunni, og hafa verður fulla gát á frekari réttindum á hafsbotni utan við 200 mílur sem Ísland kann að öðlast við lokaafgreiðslu málsins.

Ég lít á tillögur sjálfstæðismanna sem hugmyndir um baráttuaðferðir og tel eðlilegt, eins og lagt hefur verið til, að þeim verði vísað til utanrmn. og hún taki þær til rækilegrar athugunar.

Ég vil þó nefna eitt efnisatriði nú þegar. Það er verulegur munur á hvernig fjallað er um Rockall í einni till. og Jan Mayen í annarri, hvort sem það er vísvitandi gert eða ekki. Til að forðast misskilnig verð ég að taka fram, að ég tel ekki tímabært að viðurkenna flokkun eyja á þessu stigi. Fiskveiðilandhelgi Íslands er 200 mílur í áttina til beggja þessara eyja, það er yfirlýst stefna okkar.

Eyjan Jan Mayen er í 290 sjómílna fjarlægð frá Íslandi. Í landhelgisreglugerðinni frá 15. júlí 1975 segir svo:

„Þar sem skemmra er en 400 sjómílur milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar, skal fiskveiðilandhelgi Íslands afmarkast af miðlínu. Þá skal þessari reglugerð ekki framfylgt að svo stöddu eða þar til annað verður ákveðið, utan miðlínu milli grunnlína Jan Mayen annars vegar og Íslands hins vegar."

Með þessum fyrirvara var skapað „grátt svæði" milli 200 mílna okkar og miðlínu gagnvart Jan Mayen, enda var þá — og er enn — óvíst hvort Jan Mayen öðlast rétt til 200 mílna fiskveiðilandhelgi. Norðmenn héldu fram miðlínunni í orðsendingu 1975, og er það í samræmi við afstöðu þeirra í mjög erfiðu deilumáli við Sovétríkin um Barentshaf.

Í síðustu drögum að hafréttarsáttmála er 121. gr. um eyjar. Fyrsta mgr. skilgreinir, hvað eyjar séu. Önnur mgr. segir, að eyjar skuli fá landhelgi, landgrunn og efnahagslögsögu eins og önnur landssvæði samkv. sáttmálanum, þó með þeirri undantekningu samkv. þriðju mgr., að klettar, sem eru mönnum óbyggilegir og hafi ekki sjálfstætt efnahagslíf, skuli ekki fá efnahagslögsögu eða landgrunn.

Á Jan Mayen er norsk veðurathugunar- og vísinda-

stöð, en þar eru engir íbúar, sem lifa á gæðum landsins, og ekkert efnahagslíf. Hins vegar er Jan Mayen meira en klettur, hún er allstór eyja, og þótti því rétt 1975 að vera við öllu búinn hvað niðurstöðu þessa máls snertir.

En markalína fiskveiðilandhelgi milli landa ræðst af fleiri atriðum. Um skiptingu hafsvæða milli nágrannaríkja segir í 1. mgr. 74. gr. samningsdraganna, að þar skuli fara eftir sanngirnissjónarmiðum, nota miðlínu, sem við á, og taka tillit til allra aðstæðna. Samhljóða ákvæði gildir og um landgrunnið.

Ríki, sem áhuga hafa á þessu atriði á hafréttarráðstefnunni, skiptast í tvo meginhópa. Annar þeirra vill að aðalreglan verði miðlína, þar sem frávik verði aðeins heimiluð í sérstökum tilvikum, hinn að skipting fari fyrst og fremst eftir sanngjörnum grundvallaratriðum. Núverandi ákvæði samningsdraganna er af mörgum talið *hagstæðara síðari hópnum, þeim sem vill sanngirnissjónarmiðið*. Hvað sem verður ofan á í þessu efni mælir margt gegn miðlínu að því er snertir svæðið milli Jan Mayen og Íslands, ef svo fer að Jan Mayen telst eiga rétt á 200 mílum. Þar má nefna fjarlægð eyjarinnar frá meginlandi Noregs, efnahagsþarfir Íslendinga, samanburð á stærð Jan Mayen og Íslands, svo og að Jan Mayen er tæplega byggileg við venjulegar aðstæður.

Það er hverju mannsbarni ljóst á Íslandi, að hagsmunir okkar á Jan Mayen-svæðinu snerta síldar- og loðnustofna sem hafa veigamikil áhrif á afkomu þjóðar okkar. Af þeim sökum er eðlilegt að hafið verði náið samstarf milli Íslendinga og Norðmanna um rannsóknir á þessum stofnum, og eru horfur á að svo verði innan skamms, hvað sem líður hinum flóknu lagalegu hliðum málsins sem ég hef dregið fram. Svæðið milli Íslands og Jan Mayen er aðeins geiri af hafinu umhverfis eyna. Getur skipt okkur miklu máli í framtíðinni, hvort hafið umhverfis aðra hluta eyjarinnar verður innan norskrar fiskveiðilandhelgi eða opið hafsvæði þar sem allir mega veiða. Ef svo færi þyrftum við Íslendingar að kanna allar hugsanlegar leiðir til að gera kröfu til forréttinda um veiðar, þar sem við erum strandríki sem er háð fiskveiðum, en það kynni að reynast torsótt mál. Þarna gæti verið um að ræða, hvort þjóðir með stórvirkustu veiðitækni sem til er kæmust í síldar- og loðnustofnana á einhverju svæði ef þetta yrði opið hafsvæði.

Einnig eru í drögum hafréttarsáttmálans ákvæði um fiskveiðar á úthafinu utan 200 mílna allra strandríkja. Þar er öllum heimilt að veiða, en taka ber þó tillit til hagsmuna strandríkja og gert er ráð fyrir að ríki hafi samvinnu um að vernda fiskstofna í úthafinu. Um fiskstofna, er ganga milli fiskveiðilögsögu samliggjandi ríkja, eru ákvæði um samvinnu. Búast sérfróðir menn við, að víða geti komið til deilumála á þessu sviði og geti reynt á samningalipurð ríkja, ella verði slíkum málum vísað til sáttanefnda.

Ég hef nefnt nokkur atriði til þess að gera þingheimi ljóst hversu flókið mál réttindi og hagsmunir okkar Íslendinga á Jan Mayen-svæðinu eru. Jafnframt hafa loðnuveiðarnar minnt Norðmenn á hverjir hagsmunir þeirra eru, og sjómannasamtök í Noregi leggja nú hart að stjórnvöldum um útfærslu í 200 mílur við eyna sem allra fyrst. Að þessu máli hefur verið og er unnið óformlega á vettvangi utanríkisþjónustunnar og hafréttarráðstefnunnar. Það verður gert áfram af festu og gætni.

Ég mun nú — með leyfi hæstv. forseta — í sama dúr segja örfá orð, til að spara tíma, um klettinn Rockall. Bretar tóku Rockall eignarnámi 1955, en þeim láðist að innlima klettinn formlega í stjórnkerfi sitt þar til 1972. Þeir hafa gert tilraunir til að reisa mannvirki á Rockall, en þær hafa að mestu leyti misheppnast. Bendir það til þess, að kletturinn sé óbyggilegur með öllu. Enda þótt Færeyingar og Írar hafi sýnt Rockall áhuga — vegna hafsins en ekki klettsins sjálfs — hafa mótmæli þessara þjóða ekki fyrst og fremst beinast að því að vefengja rétt Breta til eignarhalds á honum. Ef Íslendingar vilja taka upp mótmæli gegn eignarhaldi Breta á Rockall verður að gera það á einhverjum gildum forsendum. Þær forsendur koma ekki fram í till. Er það eitt þeirra atriða sem sjálfsagt er að ræða frekar.

Meginatriði þessa máls er samt sem áður ekki eignarréttur yfir Rockall, heldur hitt, að ekki kemur til mála að kletturinn fái fiskveiðilögsögu eða landgrunn. Með tilliti *til þess ákvæðis í drögum að hafréttarsáttmála, sem ég* nefndi í sambandi við Jan Mayen, virðist með öllu útilokað að Rockall fái slíkan rétt. Síðustu tilraunir Breta og Japana nú fyrir skömmu til þess að fá þessu ákvæði um eyjar breytt á hafréttarráðstefnunni mistókust og var íslenska sendinefndin meðal þeirra sem lögðu sig fram um að hrinda þeirri gagnaárás.

Heimilað er í breskum lögum um fiskveiðilögsögu frá 22. des. 1976 að nota Rockall sem grunnlínupunkt. Er þó í lögunum gert ráð fyrir undantekningum frá þessu ákvæði. Þess skal þó getið, að þegar Bretar afmörkuðu landgrunnið í grennd við Rockall árið 1974 var að því er virðist farið eftir miðlínu milli Bretlands, Íslands, Írlands og Færeyja og miðað við Skotland, en ekki Rockall.

Rockall er í 376 sjómílna fjarlægð frá Íslandi. Notist Rockall sem byrjunarpunktur miðlínu, munu skerast af 200 sjómílna lögsögu Íslands um 4000 ferkm. Sé litið til möguleika á réttindum á landgrunni utan 200 mílnanna mundi þetta hafa enn alvarlegri áhrif. Í þessu sambandi skiptir miklu, að nú er rætt á hafréttarráðstefnunni um réttindi ríkja til landgrunnsins utan 200 mílnanna. Mun það vafalaust koma til frekari og ítarlegri umr. áður en langt líður.

Þegar fiskveiðilandhelgi Íslands var færð út í 200 mílur í júlí 1975 var ekkert tillit tekið til Rockall og dregin óskert 200 mílna lína. Það var og er stefna Íslands í þessu máli. Bretar mótmæltu þessu atriði, en þeim mótmælum var ekki sinnt.

Í þessu sambandi kemur til álita, hvernig túlka megi Oslóarsamninginn við Breta 1. júní 1976. Þar segir á tveim stöðum, að íslenska svæðið sé það sem greint er í íslensku reglugerðinni frá 1975. Þjóðréttarfræðingar telja að þessi viðurkenning gildi áfram þótt samningurinn sjálfur sé fallinn úr gildi. Þessi mál og ákvæði varðandi landgrunnið sjálft eru nú, eins og ég sagði, mjög í deiglunni á hafréttarráðstefnunni.

Íslendingar hafa fylgst og munu fylgjast vandlega með þróun mála varðandi Rockall-svæðið ekki síður en Jan Mayen, bæði vegna fiskveiða þar og þess, hvernig farið verður með svæði á landgrunni utan 200 mílna markanna. Þar komum við sannarlega við sögu, enda ekki hægt að útiloka að olía finnist á hafsbotni undir þessum suðlæga hluta af landgrunni Íslands, hvort sem hann fellur endanlega okkur í skaut eða ekki.

Umr. frestað um stund.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þrjár till., sem nú eru á dagskrá, eru fluttar af 5. þm. Norðurl. v. ásamt nokkrum öðrum sjálfstæðismönnum, í fyrsta lagi um samninga við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi, í öðru lagi um landgrunnsmörk Íslands til suðurs og í þriðja lagi um rannsókn landgrunns Íslands.

Hæstv. utanrrh. gerði þessar till. og hafréttarmál nokkuð að umræðuefni áðan og vitnaði þá m. a. í reglugerðina um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur, sem gefin var út 15. júlí 1975. Varðandi útfærsluna á milli Íslands og Jan Mayen er það auðvitað rétt sem utanrrh. tók fram, að í reglugerðinni var gert ráð fyrir að miðlína á milli Íslands og Jan Mayen gilti fyrst um sinn, þó að Ísland afsalaði sér á engan hátt þeim óskoraða rétti sínum að eiga rétt til útfærslu í 200 mílur. Þetta var á sínum tíma gert vegna þess fyrst og fremst, að hafréttarsáttmáli var þá mjög í deiglunni og mikil óvissa um afdrif hans. Ætla ég ekki að fjölyrða um það hér, því að það yrði of langt mál. Enn fremur vorum við að berjast við stórar og öflugar þjóðir, sem þá voru ekki búnar að taka sömu ákvarðanir og við tókum þá og börðumst þá mjög gegn þessum aðgerðum. Á ég þá vitaskuld fyrst og fremst við Breta og Vestur-Þjóðverja og í raun og veru við fleiri þjóðir, sem ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni.

Þá var ekki talið hyggilegt að láta 200 mílurnar koma til framkvæmda hvað snertir svæðið á milli Íslands og Jan Mayen, vegna þess að það hefði getað skapað erfiðleika á nauðsynlegri sambúð og vináttu milli Íslands og Noregs. En síðan er langur tími liðinn og almenn stefna er tekin upp um 200 sjómílna fiskveiðilögsögu. Því er eðlilegt að við Íslendingar höldum því fram og það í fullri alvöru, að við eigum þann rétt sem hæstv. utanrrh. minnti. Í drögunum að nýjum hafréttarsáttmála er talað um kletta eða óbyggðar eyjar, og túlkun okkar Íslendinga á þessu atriði er sú, að þegar átt er við rétt strandríkis til útfærslu og nýtingar fiskveiðilögsögu, þá er auðvitað fyrst og fremst átt við rétt þjóða sem hafa fiskveiðar, fiskvinnslu og fisksölu að atvinnu að einhverju marki, en ekki miðað við rétt þeirra sem á engan hátt þurfa á því að halda að nýta fiskimið umhverfis þessar eyjar. Í þessu tilfelli er Jan Mayen óbyggð eyja hvað snertir nýtingu fiskveiðilögsögunnar, því að þar er ekki um að ræða samfélag sem byggir á nokkurn hátt afkomu sína eða tilveru á fiskveiðum. Þess vegna er hvað þetta snertir mjög svipað farið og með klettinn Rockall, sem við nefnum Rokkinn í till. okkar, — við viljum ekki minna allt of mikið á hið enska nafn, eins og eðlilegt er.

Ég met mikils, eins og hæstv. utanrrh. tók fram, að Bretar viðurkenndu með Oslóarsamningnum fiskveiðilögsögu okkar samkv. reglugerðinni sem gefin var út 15. júlí 1975. Því verður ekki á nokkurn hátt breytt. Við höldum því auðvitað til streitu og um það eiga ekki að verða neitt skiptar skoðanir meðal íslensku þjóðarinnar. Hitt er svo annað mál, sem við með þessari till. viljum halda til streitu og leggja áherslu á, að við teljum að Bretar hafi ekki með löglegum hætti innlimað þennan óbyggða klett í breska heimsveldið. Það má segja að þeir hafi kannske líka með ólöglegum hætti á sínum tíma innlimað margt sem var verðmeira en þessi klettur. En hér er um að ræða mál sem snertir bæði okkur og nágranna okkar, sem við berum líka fyrir brjósti og viljum góða samvinnu við. Ég tel að það sé mikið atriði að mótmæla slíkri eignaraðild Breta á þessum kletti, og það er ekkert afturhvarf frá því sem við höfum áður markað stefnu um. Útfærsla okkar frá 1975 er ótvíræð, þar sem við tókum á engan hátt tillit til þessa margumræddu kletts.

Það, sem gerir það að verkum að við þurfum sannarlega að hraða samningum okkar við Norðmenn, taka þegar upp samninga við Norðmenn um fiskveiðiréttindi og hagnýtingu auðæfa landgrunnsins utan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands í Norðurhöfum umhverfis Jan Mayen, eru loðnuveiðarnar sem voru allmiklar þar á s. l. sumri og talið að sé sami stofninn og við erum að veiða. Er jafnvel kominn upp sá ótti, að þessar veiðar Íslendinga einna gangi of nærri loðnustofninum, hvað þá ef veiðar á sama stofni verða stundaðar af Norðmönnum á þessu svæði. Ég fyrir mitt leyti tel að burt séð frá þeim skilningi, sem við leggjum í reglugerðina varðandi útfærslu í áttina til Jan Mayen í 200 mílur, þá eigum við að taka þessa samninga upp.

Þetta er eitt af því sem ég hef á undanförnum árum leyft mér að halda fram, að ég tel mikla nauðsyn bera til þess, að jafnhliða því að við höfum fært fiskveiðilögsögu okkar út í 200 sjómílur og ákveðið að nýta hana sjálfir, losna við útlendinga af fiskimiðum okkar, þá beri okkur að vinna að því í vaxandi mæli að gera fiskverndarsamninga við aðrar þjóðir. Ég hélt því fram, þegar efnahagsbandalagsríkin óskuðu eftir fiskveiðiheimildum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu fyrir u. þ. b. tveimur árum, að það kæmi ekki til greina að þeir fengju fiskveiðiréttindi innan okkar 200 mílna. En ég taldi brýna nauðsyn vera á því að gera drög að fiskveiðasamningi við Efnahagsbandalagið til þess að koma þar á samvinnu og samkomulagi um skynsamlega hagnýtingu þeirra fiskstofna sem við Íslendingar nýtum annars vegar og hins vegar Grænlendingar og þeir sem Efnahagsbandalagið veitir réttindi til veiða innan fiskveiðilögsögu Grænlands, sem það fer með umboð fyrir. Ég taldi nauðsynlegt að gera sérsamninga. Fulltrúar Efnahagsbandalagsins tóku þessi drög með sér til frekari umræðu og athugunar, en sýndu engan áhuga á að gera slíka fiskverndarsamninga. En þeir hurfu frá beiðnum sínum um fiskveiðisamninga innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og við vorum lausir við þann ágang. Þrátt fyrir að bandalagið teldi ekki þá ástæðu til að ganga til slíkrar samningsgerðar, þá er því ekki að neita, að bandalagið tók upp að mörgu leyti mjög skynsamlega fiskveiðistefnu, en það var orðið hræðilegt hvernig gengið var að fiskimiðum við Grænland. Þar hefur nú verið tekin upp allt önnur stefna í seinni tíð, þannig að fiskstofnar margir hverjir eiga ekki lengur að vera þar í hættu.

Við eigum margt sameiginlegt með öðrum þjóðum en Norðmönnum hvað snertir loðnuveiðarnar. Við höfum líka sameiginlegra hagsmuna að gæta með Efnahagsbandalaginu varðandi loðnustofninn, sem auðvitað getur einnig verið handan miðlínu Grænlands. Alveg eins og hann er okkar megin miðlínu nú og hefur verið, þá kom það fyrir í fyrrasumar um nokkurn tíma að loðna var handan miðlínu Íslands og Grænlands. Við eigum sameiginlegra hagsmuna að gæta hvað snertir auðug karfamið, hvað snertir einnig rækjumið á Dornbanka, að ég tali ekki um mjög auðug mið þar sem eru kolmunnamiðin á Dornbanka og einnig austur af landinu. Við höfum tekið upp samninga við Færeyinga hvað það snertir, og við eigum auðvitað að vinna að því að taka upp fiskverndarsamninga í ríkari mæli til þess að eiga ekki á

hættu að nýting verði óeðlilega mikil hjá þessum þjóðum. Við skulum segja að farið verði að veiða úthafsrækjuna, sem við erum komnir nokkuð langt á veg með að gera að atvinnugrein. Ef það verður farið að veiða hana á Dornbanka af öðrum þjóðum, þá getur svo farið að þessi mið verði eyðilögð fyrir okkur Íslendingum. Sama má segja um kolmunnann, ef það koma stór og afkastamikil verksmiðjuskip sem vinna kolmunnann á þessu svæði, moka honum upp út af landinu í stórum stíl. Það tryggir auðvitað markað fyrir þessar afurðir allar, bæði mjöl og lýsi, að gera slíka fiskverndarsamninga, og þess vegna eru þeir ekki síður nauðsynlegir fyrir okkur en fyrir aðrar þjóðir.

Þessar þrjár till. eru að mínum dómi nauðsynlegar til að árétta stefnu Íslands í þessum málum. Í fyrsta lagi er aðeins um samningaumleitanir við Norðmenn að ræða um fiskveiðiréttindi og hagnýtingu auðæfa landgrunnsins, og svo aftur, eins og ég gat um áðan, enn á ný að árétta það, sem við höfum áður haldið fram, mótmæla öllum tilraunum Breta til að reyna að slá eignarhaldi sínu á klettinn Rokk. Þriðja till. fjallar um að fela ríkisstj. að ráða nú þegar íslenska og erlenda sérfræðinga til að afla sem ítarlegastra upplýsinga um landgrunn Íslands og afstöðu til landgrunns nálægra ríkja. Þetta er auðvitað sá þáttur að drögum hafréttarsáttmála þar sem við stöndum einna lakast að vígi, vegna þess að við höfum ekki staðið okkur eins vel á þessu sviði og nauðsynlegt er. Þarna hafa orðið ýmsar sveiflur. Þó að þær hafi nú ekki orðið miklar á sjálfri hafréttarráðstefnunni, eru þessar sveiflur með þeim hætti, að nauðsynlegt er fyrir okkur að afla okkur vitneskju llra hæfustu sérfræðinga íslenskra og erlendra þegar sérfræði íslenskra sérfræðinga er ekki nógu ítarleg. Þess vegna tel ég einnig nauðsynlegt að árétta það með sérstakri samþykkt Alþingis.

Ég tek undir orð 1. flm. þessara mála, Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að í þessu máli er æskilegt og nauðsynlegt að Alþ. og þingflokkarnir geti allir komið sér saman um það. Þó að við deilum um margt eigum við ekki að þurfa að deila um aðgerðir okkar í hafréttarmálum, sem eru undirstaða þess að við getum lifað nér sjálfstæðu lífi um alla framtíð.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er alltaf ánægjulegt og vekur upp skemmtilegar endurminningar þegar fram fara í sölum Alþingis umr. um landhelgismál. Ég fagna því í sjálfu sér, að þær eru ekki með öllu gleymdar.

Hér eru þrjár till., sem bornar hafa verið fram af hv. þm. Sjálfstfl. Út af fyrir sig er auðvitað ekkert við því að segja að menn taki sig fram um að bera fram till. til þál. En ég vil mjög taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að við megum ekki fara að stofna til deilna eða metings í landhelgismálinu. Við höfum reynt að komast hjá því, og ég vona að sú verði áfram reyndin. Þessar till. eru út af fyrir sig góðra gjalda verðar, en ég sé ekki betur en allar séu þær beint framhald af því sem allir flokkar hafa á hafréttarráðstefnu beitt sér fyrir. Mér mundi þykja það miður, ef hér á að hefjast metingur um það, eins og ég sagði, hverjum það sé að þakka að þetta sé stefna Íslands í hafréttarmálum.

Hér hefur aðeins verið minnst á það, sem áður hefur gerst í þessum málum. Það hefur verið minnst á samningana við Breta sem gerðir voru í Osló. Ég fullyrði, og ég held að enginn beri á móti því, að það, sem samið var í Osló, og það leiðarljós, sem haft var í þeim samningum, er einmitt það sem þessar till. fela í sér, og enn fremur í þeim samningum sem gerðir voru við Norðmenn. Rifjað hefur verið upp, held ég og ég þykist raunar muna það rétt, að í samningunum við Norðmenn héldum við fast á rétti Íslands til hafsvæðanna í kringum Jan Mayen og samningurinn kveður ekki á um skiptinguna þar. Þess vegna tel ég að fyrrv. ríkisstj. hafi ekki á nokkurn hátt afsalað neinum þeim réttindum sem hér er um fjallað.

Ég fyrir mitt leyti treysti því fullkomlega, að núv. ríkisstj. undir forustu hæstv. utanrrh. og forsrh. muni áfram hér eftir sem hingað til gæta þess að afsala Íslandi engum rétti í hafréttarmálum. Auðvitað er það óleyst mál, hvernig mörkin verða dregin milli Norðmanna og Íslendinga að því er snertir auðæfi á hafsbotni vegna óvissunnar um hvort Jan Mayen verður talin byggð eyja í þessu sambandi eða eyja sem eigi rétt á landhelgi. En fiskveiðilögsagan er ótvíræð.

Í sambandi við Rockall samningana, sem gerðir voru við Breta, er okkar réttur viðurkenndur. Ég tel ekki neina ástæðu til að trúa öðru en því sem hæstv. utanrrh. sagði áðan, að svo muni enn verða.

Um þriðju till. vil ég segja, vegna þess að menn hafa nú rætt þetta allt í senn, að ég er mjög ánægður með að fram komi eindregin ályktun Alþ. um að frekari rannsóknir fari fram á íslenska landgrunninu. Við erum víst nokkuð á eftir öðrum hvað þær rannsóknir snertir og einkum að því er okkar eigin rannsóknir snertir. En ég minnist þess, að ekki alls fyrir löngu féllst hæstv. iðnrn. á með samþykki ríkisstj., að tvö erlend fyrirtæki fengju leyfi til þess að hefja rannsóknir á þessu svæði undir íslensku eftirliti. Ég tel að það hafi verið rétt stefna og geti verið byrjun á því starfi sem hér er um að tefla, þó að eeg dragi á engan hátt í efa að við sjálfir eigum færa sérfræðinga til þess að annast þessi störf.

Hv. þm. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., minntist nokkuð á þá samninga, sem gerðir hafa verið við erlendar þjóðir og lúta að gagnkvæmri fiskvernd. Ég vil mjög taka undir það sem hann sagði í þeim efnum. Þeir samningar voru ekki neinir undansláttarsamningar af Íslands hálfu. Þeir voru ekkert síður í þágu Íslendinga með tilliti til framtíðarinnar heldur en þeirra þjóða annarra sem þá gerðu. Tilgangur þessara samninga, hvort sem þeir eru gerðir við þjóðir austan tjalds eða vestan er að vernda fiskimiðin, að efla fiskstofnana, okkar sjálfra vegna að sjálfsögðu, en einnig til þess að auka þá fæðu sem til ráðstöfunar er fyrir þjóðir heims, og sannarlega veitir ekki af að auka hana.

Nú er svo að sjá sem Efnahagsbandalag Evrópu sé um síðir að koma sér niður á nothæfa fiskveiðistefnu, og ber að fagna því. Þá munu vafalaust koma óskir frá þessu bandalagi um að teknar verði upp viðræður um gagnkvæm fiskveiðiréttindi. Ég tel að eins og sakir standa sé engin forsenda til þess að við getum leyft útlendar veiðar á íslenskum fiskimiðum. Þar af leiðandi getr ekki heldur orðið um gagnkvæma fiskveiðisamninga að tefla, kannske ekki síst vegna þess að Efnahagsbandalagið hefur svo lítið að bjóða okkur af því sem okkur er fengur að að fá. Engu að síður mun ég greiða því atkv. og mæla með því, að samningaviðræður verði teknar upp við bandalagið, ef það óskar þess, á þeim grundvelli sem áðan var minnst á, að þessi ríki hefjist handa um gagnkvæmar fiskverndunarráðstafanir. Á þeim tel ég mikla þörf. Á þeim tel ég að við munum geta hagnast verulega, í fyrsta lagi Íslendingar sjálfir, í öðru lagi þær þjóðir, sem

við okkur munu semja, og í þriðja lagi sá hluti mannkyns sem býr við skort.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessar umr. frekar en orðið er. En mér fannst ástæða til að segja þessi fáu orð, sem fyrst og fremst lúta að því eða áttu að gera að hefja nú ekki deilur okkar í milli um afstöðuna til landhelginnar. Okkur tókst að leiða þau mál til farsælla lykta að því er fiskveiðilögsöguna snertir án þess að til þess þyrfti að koma að menn færu í meting um hver ætti hvað. Ég vona að okkur takist einnig að leysa önnur þau mál, sem hafréttarráðstefnan fjallar um, á þann hátt hér heima að ekki komi til þess sem ég áðan nefndi.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að þakka bæði hæstv. utanrrh. og eins hv. 9. þm. Reykv., fyrrv. utanrrh., fyrir undirtektir þeirra undir þessi mál. Þær voru, eins og við var að búast, jákvæðar í einu og öllu. Þeir bentu á nokkur atriði sem ég hefði e. t. v. getað komið að í frumræðu, en taldi þó ekki ástæðu til vegna þess að mér fannst, eins og ég sagði, ekki ástæða til að teygja lopann, heldur reyna að koma málinu til utanrmn. þar sem það verður auðvitað mjög ítarlega rætt.

Það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh., að heildarlöggjöf um landhelgina er nauðsynjamál. Hins vegar hefur sú stefna þegar sigrað á alþjóðavettvangi, sem betur fer, að 12 mílur séu landhelgi, að 200 mílur séu efnahagslögsaga. Við þurfum auðvitað að festa þetta í lögum okkar, þó að það sé ekki eins mikilvægt mál og þessi þrjú sem hér er verið að ræða um nú. En ég styð það heils hugar að sett verði slík allsherjarlöggjöf.

Það er rétt hjá hæstv. utanrrh., að við tillögumenn fjölluðum vísvitandi með mismunandi hætti um Jan Mayen og Rockall, vegna þess að þessi mál eru mjög ólíkt vaxin. Ég tel það ekki styrkja okkur neitt, að við lýsum því opinberlega í einstökum atriðum hvers vegna um þessi mál er fjallað sitt með hvorum hætti, vegna þess að það gæti jafnvel orðið til þess að skaða að einhverju leyti málstað okkar. Ég skal þess vegna ekki fara út í að skýra það hér, þótt auðvitað hljóti þær skýringar að koma fram í utanrmn. og við þá sem með þessi mál munu fara.

Hæstv. utanrrh. skýrði réttilega 121. gr. draganna að hafréttarsáttmála og eins 74. gr., eða allan VI. kaflann um landgrunnið, og allt sem hann sagði var ekki eingöngu fróðlegt fyrir marga, heldur rétt með farið og byggt á traustum og góðum upplýsingum. Og þó að ég segði í frumræðu minni, að ég óskaði þess, að menn færu ekki langt út í efnisatriði, þá var sá ótti óþarfur, vegna þess að allir þeir, sem hér hafa talað á eftir mér, hv. 1. þm. Vestf. m. a., sem er flm. og þess vegna óþarfi að ég sé að hæla honum sérstaklega, við flytjum þetta mál saman, hafa flutt ræður með þeim hætti, að þeir hafa varast að segja nokkuð það sem gæti skaðað okkur.

Það er rétt, sem hv. þm. Einar Ágústsson sagði, að umfram allt ber að varast að stofna til deilna. Í þessu máli hljótum við að standa saman. Það er líka rétt, sem hann sagði, að hér er einungis um að ræða beint framhald af því sem allir fulltrúar á hafréttarráðstefnunni hafa verið sammála um. Þar hefur aldrei neitt skyggt á, enda er ekki um annað að ræða en að reyna að hraða þessum málum, fá um þau umræður og koma því til leiðar að nú verði ekki beðið.

Það var mjög ánægjulegt að heyra hæstv. utanrrh. segja, að nú væri unnið af festu, en þó gætni, eins og hann orðaði það, að þessum málum, bæði í utanríkisþjónustu okkar og eins á hafréttarráðstefnu og meðal þeirra fulltrúa sem þar hefur mest mætt á. En þó að gætnin sé góð og sjálfsögð og festan ekki síður, þá verður líka að vera hraði á núna, einkum að því er varðar samninga við Norðmenn. Það tel ég að sé báðum þjóðunum fyrir mjög miklu, Norðmenn ekki síður en okkur, að enginn dráttur verði á því að taka upp samningaviðræður, óformlegar gjarnan fyrst, eins og kannske eru að einhverju leyti komnar í gang, en formlega síðar. Það ættu allir að geta orðið sammála um.

Það er líka rétt, sem hv. þm. Einar Ágústsson sagði, að fyrrv. ríkisstjórnir hafa engum rétti afsalað í landhelgismálinu. Það eru sannarlega orð að sönnu. Það hafa allar ríkisstjórnir varast að afsala réttindum. Við skulum ekki fara að bera neitt slíkt hver á annan. Við skulum standa sameinuð í þessum málum.

Ég vona sem sagt, að þar sem þessi þrjú mál, sem hér eru á dagskrá, hafa verið fléttuð saman — ég hef ekkert við það að athuga — leyfist mér að tala fyrir hinum tveimur hér á eftir örstutt mál, því að það er nánst eingöngu formsatriði. Það getur þá eitthvert annað mál komist að á eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókn landgrunns Íslands, þáltill. (þskj. 1). — Fyrri umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Till., sem nú er hér til umr., gerir ráð fyrir að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að ráða strax íslenska og erlenda sérfræðinga til að afla sem gleggstra og ítarlegastra upplýsinga um landgrunn Íslands og afstöðu til landgrunns annarra ríkja.

Á síðustu tveim fundum hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna hefur mjög mikið verið rætt um réttindi strandríkja til hafsbotnsins utan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Á fundi í Genf á s. l. vetri var lagt fram kort af heimshöfunum, þar sem m. a. eru sýnd setlagasvæði og hugsanleg landgrunnsmörk. Þegar kort þetta birtist leituðust fulltrúar Íslands á ráðstefnunni við að afla sér sem gleggstra upplýsinga. Fljótt kom þó í ljós, að ýmislegt orkar tvímælis og búast má við að talsverður ágreiningur geti orðið bæði um réttarreglurnar, sem í mótun eru á þessu sviði, og ekki síður um túlkun þeirra, því að margt hlýtur að orka tvímælis þegar jarðfræðileg sjónarmið m. a. kom til álita.

Játa verður að við Íslendingar höfum ekki búið okkur nægilega vel undir baráttuna um skiptingu auðæfa landgrunnsins utan 200 mílnanna. Eins og eðlilegt er höfum við fyrst og fremst verið með hugann við fiskveiðarnar og réttindin innan efnahagslögsögunnar. Ætla verður að hagsmunum okkar í þessu efni sé nú borgið, þótt auðvitað verði héðan í frá eins og hingað til að fylgjast með því, að ákvæði þau í uppkasti hafréttarsáttmálans, sem okkur varða mestu standi óbreytt. En meginhersluna ber nú að leggja á að afla allra þeirra upplýsinga, sem að haldi gætu komið þegar tekist verður á um yfirráðin yfir hafsbotninum, hugsanlega auðlegð í jarðlögum hans og eignarrétt að þeim lífverum sem á botningum kunna að vera.

Víða mun vera að finna margháttaðar upplýsingar um hafsbotninn í nálægum höfum. Þessara upplýsinga þarf

strax að leita og vinna skipulega að því að samræma þær og draga þá heildarmynd sem að liði gæti orðið í þeirri baráttu sem fram undan er. Mikið af þessum upplýsingum ætti að liggja á lausu, en sumt kynni að flokkast sem hernaðarleyndarmál og þyrftum við þá að nota aðstöðu okkar innan Atlantshafsbandalagsins til að afla þeirra upplýsinga sem okkur kynnu að verða að notum. Ekkert af þessu ætti að þurfa að verða ýkja kostnaðarsamt. Hins vegar kann svo að fara, að nauðsynlegt reynist að afla frekari upplýsinga með beinum vísindarannsóknum á höfum úti. Þar gæti orðið um verulegan kostnað að ræða. En jafnvel þótt svo reyndist megum við ekki hlífast við að leggja í þau útgjöld.

Herra forseti. Ég hygg að best fari á því að einangra umr. um hafréttarmál nú við ákveðin meginatriði. Ég legg *til að till. þessari verði vísað til* hv. *utanrmn.* að loknum umr. hér í dag. Þar verða málin athuguð gaumgæfilega og án efa haft samráð við hæsfustu vísindamenn. Þar yrðu sjónarmið samræmd, ef menn kynni að greina á um einhver atriði, sem ég á þó ekki von á. Ég treysti því raunar, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu í n., því að engan tíma má nú missa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landgrunnsmörk Íslands til suðurs, þáltill. (þskj. 3). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Þriðja mál þingsins, sem nú er hér til umr., er einfalt í sniðum. Það fjallar um landgrunnsmörk Íslands til suðurs, en Alþ. lýsir því þar yfir, að ákvörðun ytri landgrunnsmarka Íslands til suðurs miðist við, að engri þjóð beri tilkall til Rokksins. Jafnframt er ríkisstj. falið að mótmæla öllum tilraunum Breta til að slá eignarhaldi á þann klett.

Í grg. fylgja þær skýringar sem þörf er á. Aðeins er rétt að bæta því við, að vart getur farið á milli mála að ágreiningur verður milli Breta, Íra, Færeyinga og Íslendinga um ákvörðun ytri landgrunnsmarka langt suður af Íslandi og þær réttarreglur sem ákvörðun slíkra marka mun hlíta þegar tímar líða og málin skýrast frekar á hafréttarráðstefnunni.

Rétt er að Íslendingar taki af öll tvímæli um að þeir viðurkenna ekkert tilkall Stóra-Bretlands til Rokksins, því að bein eða óbein viðurkenning á tilkalli Breta til þessarar nibbu gæti firrt okkur rétti þegar við gætum hagsmuna okkar á umræddu hafsvæði.

Legg ég svo til, herra forseti, að *till.* þessari verði vísað til hv. utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þótt tilefni þeirrar umr., sem var utan dagskrár í gær, hafi í rauninni verið smávægileg fsp. um það hvort frétt í Morgunblaðinu um samráð ríkisstj. við verkalýðshreyfinguna væri á rökum reist var í rauninni gott að þessi umr. skyldi fara fram, vegna þess að hún staðfesti að þessi frétt var ekki úr lausu lofti gripin. En það er annað í þessu máli sem mér finnst ástæða til að ræða alveg sérstaklega og það er hvort í raun og veru sé um nokkurt sérstakt samráð við verkalýðshreyfinguna að ræða frá hæstv. núv. ríkisstj.

Ég vil í upphafi þessa máls vekja athygli á því, að þau ummæli hv. 3. landsk. þm., að einn af miðstjórnarmönnum Sjálfstfl. hafi tekið jákvæðan og virkan þátt í störfum samstarfsnefndar, eru gersamlega úr lausu lofti gripin þegar af þeirri ástæðu, að þessi nefnd hefur í rauninni ekki enn þá tekið til starfa. Á því sjá menn að náttúrlega er gersamlega út í hött að fullyrða nokkuð um þau efni, þó að ég efist hins vegar ekki um starfshæfni þess manns sem hér er um að ræða.

Ég vil þá fyrst víkja nokkrum orðum að því, hvort um sérstakt samstarf sé að ræða milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj.

Nú liggur það fyrir í fyrsta lagi, að þær efnahagsráðstafanir, *sem núv. ríkisstj. greip til, brjóta í stórum* atriðum í bága við yfirlýsta stefnu launþegahreyfingarinnar í landinu, eins og augljóst er þegar af þeirri stefnu sem ríkisstj. hefur markað í sambandi við skattamál. En það hefur frá árinu 1973 verið ein af þýðingarmestu kröfum verkalýðshreyfingarinnar, að beinir skattar væru lækkaðir, en ekki hækkaðir hér á landi. Þetta efnisatriði sýnir svo glöggt sem verða má, að sú stefna, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur markað í efnahagsmálum, er ekki í samræmi við yfirlýsta stefnu launþegahreyfingarinnar í landinu.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að þýðingarmikil samtök launþega hafa lýst andúð sinni á stefnu ríkisstj. Eitt af þessum samtökum er Bandalag háskólamanna, en formaður þess segir með leyfi hæstv. forseta í viðtali við Morgunblaðið á sunnudag:

„Það mun koma til aðgerða af okkar hálfu eftir helgina. Í því sambandi hefur komið til tals að beita vinnustöðvunum og auk þess viðnámi á öllum vígstöðvum. Ákvarðanir um okkar samningsmál hafa áður verið teknar, þar sem við höfum hvergi fengið að koma nærri, en nú er mælirinn fullur. Þetta er í hæsta máta ólýðræðislegt og ég sé ekki betur en það nálgist það að hægt sé að tala um ofsóknir á hendur okkar fólki."

Þessi samtök héldu fund á Hótel Sögu í dag. Ég hef ekki frétt af niðurstöðum þess fundar, en opinberar yfirlýsingar, bæði frá formanni þessa stéttarfélags og frá fromanni launaráðs háskólamanna, benda ekki til þess m. a., að þessi stóru og miklu samtök hafi lýst yfir neinni sérstakri ánægju með stefnu núv. hæstv. ríkisstj. varðandi þeirra kjör né heldur ýmis önnur samtök, og ég vil þá sérstaklega nefna til sjómannasamtökin. Ég vil einnig minna á það, að Landssamband verslunarmanna hefur neitað tilmælum Alþýðusambands Íslands um að sætta sig við það launahlutfall, sem nú ríkir í landinu, og ég vil enn fremur benda á að félagi bankamanna er haldið utan við þessa samstarfsnefnd. Þess vegna er algerlega úr lausu lofti gripið, að launamenn séu í einhverju sérstöku samráði við núv. hæstv. ríkisstj., að öðru leyti en því, að því miður finnast innan launþegasamtakanna menn sem meta meir flokkshagsmuni sína en hagsmuni launafólks í landinu.

En ég vil líka vekja athygli á því, að sá hv. þm., sem hóf þessar umr., er kunnur að því að sýna hinu háa Alþ. lítinn sóma. Kjarni ræðu hans var sá, að það ætti að byrja á því að kynna fjárlagafrv. í einstökum atriðum úti í bæ. Ef við rifjum upp skrif þessa hv. þm. á undanförnum árum, þá munum við eftir því, að hann hefur skrifað hvatningargreinar um að alþingi götunnar taki völdin í landinu, knýi

hið þjóðkjörna Alþingi til undanhalds. Þessi krafa hans er í rauninni í samræmi við þær lýðræðishugmyndir, sem þessi hv. þm. hefur að öðru leyti, og ekki til fyrirmyndar og þess síst að vænta, að hann geti búist við að bergmál af þessum skoðunum sé látið athugasemdalaust hljóma um sali hins háa Alþingis.

Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. viðskrh., vegna þess að hann er nú staddur hér í þingsalnum, hvað hann hafi átt við, þegar hann segir í stefnuræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta orðrétt að það væri eitt af grundvallaratriðunum „að gæta þess vandlega að útiloka ævinlega áhrifavald flugumanna stéttarandstæðingsins."

Hvað þýða þessi orð? Hvernig ber að skilja þau? Hvers konar útilokunarstarfsemi er það sem þessi hæstv. ráðh. hugsar sér að reka sem ráðh. í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar? Um þetta er nauðsynlegt að fá skýr og undanbragðalaus svör nú. Við höfum tekið eftir því, að ýmis fyrirtæki hér í landinu eru farin að loka dyrum sínum. Ég held að nauðsynlegt sé að þessi hæstv. ráðh. skýri þetta nokkru nánar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þeim umr., sem hér hafa átt sér stað og hv. 3. landsk. þm. hóf. Ég verð þó að harma að í frumræðu hans var mikið um það, að hann reyndi að stefna launþegum gegn atvinnurekendum o. s. frv. Ég vil undirstrika það, vegna þess að ég telst líklega í hans herbúðum andstæðingur þeirra sem hann þykist þó óumbeðinn verja hér á Alþ., að ég lít svo á að hagsmunir fólks fari saman hvar í þjóðfélaginu sem það vinnur, hvort sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur eða launþegar. Ég veit ekki til þess að hv. 3. landsk. þm. hafi unnið mikið erfiðisstörf um ævina, og ég veit ekki heldur til þess að hann hafi verið kjörinn sérstaklega af fólki, sem vinnur erfiðsvinnu, til að tala fyrir þess hönd eins og hann hefur gert. Ég lít á hann sem sjálfskipaðan, hálfgerða boðflennu inn í málefni þessa launafólks, en við viljum allir gera veg þess sem mestan og viljum náttúrlega starfa að bættum kjörum þess ekki síður en allra annarra þjóðfélagsþegna og hlið við hlið með hvaða stétt sem er, ekki stefna einni stétt gegn annarri.

En það, sem kemur mér til að standa hér upp, er málflutningur Morgunblaðsins í dag. Á annarri síðu Morgunblaðsins í dag er sagt frá nefndarkjöri sem fram fór á Alþ. í gær, þ. e. til fjvn. Er þar talið upp hverjir voru kosnir í þá n. fyrir hönd Sjálfstfl. Fréttin ber yfirskriftina: „Albert hafnaði boði Ellerts." Ég veit ekki hver fréttamaður Morgunblaðsins er á trúnaðarfundum þingflokks Sjálfstfl., en fréttin sem berst út af þingflokksfundi Sjálfstfl. — ég vil taka fram að ég var ekki á seinni hluta þess fundar — er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Albert Guðmundsson alþm. hafnaði boði Ellerts B. Schram, sem Ellert gerði honum á þingflokksfundi í síðustu viku, að hann viki sæti fyrir Albert í fjvn. Alþingis. Albert tók ekki boði Ellerts þar sem hann taldi sig ekki hafa tíma til þess að starfa í nefndinni."

Ég undirstrika það, að ég veit ekki hvern Morgunblaðið hefur sem trúnaðarmann á fundum þingflokks Sjálfstfl., en hér er rangt með farið. Það er þó rétt, að Ellert B. Schram átti við mig trúnaðarsamtal hér í hliðarsölum Alþingis. Ég veit ekki, en hef þó heyrt að hann hafi sagt frá því á þingflokksfundi, en þá að mér fjarstöddum. Ég benti Ellert B. Schram á að fram hefði farið formgallalaus kosning manna til fjvn. innan þingflokks Sjálfstfl., þar sem ég hefði ekki verið í framboði, og hvorki hann né nokkur annar þingflokksmeðlimur gæti breytt þeirri niðurstöðu. Því væri svokallað tilboð hans sýndarmennska eingöngu.

Ég vil leiðrétta það sem segir í grein Morgunblaðsins í dag á annarri síðu. Ég hafnaði ekki neinu boði frá Ellert B. Schram á þeim forsendum að ég hefði ekki tíma til að gegna þingstörfum í fjvn. eða annars staðar. Ég var ekki í framboði, tók ekki þátt í þeirri kosningu. Því segi ég: Upplýsingarnar, sem Morgunblaðið gefur í dag, eru rangar. Frétt þessi er ódrengileg, því að hún er ósönn. Og mér er óskiljanlegur tilgangur hennar. Ég trúi ekki að nokkur meðþm. minna úr Sjálfstfl. sé heimildarmaður Morgunblaðsins. Til þess að undirstrika svo að ekkert fari á milli mála að ég segi satt vil ég kveðja til og skora á formann þingflokks Sjálfstfl. að koma í ræðustól og staðfesta að það, sem ég hef sagt hér, er rétt frá skýrt.

Hitt er svo annað mál, að það getur verið að Ellert B. Schram og aðrir þm. Sjálfstfl. hefðu gjarnan viljað bæta eitthvað fyrir það, að 1. þm. Reykv. var ekki talinn brúklegur í neina þingnefnd.

Forseti (Gils Guðmundsson): Það var að vísu ekki ætlunin af minni hálfu að opna fyrir tveggja daga umr. um tiltekið dagblað hér í bænum og fréttaflutning þess.

Ég hafði í gær leyft fsp. til hæstv. fjmrh. um vinnubrögð í sambandi við fjárlagagerð. Ég vek athygli á því, að hæstv. fjmrh. er ekki á þessum fundi. Með tilliti til þess þykir mér nú líklegt að þessar umr. utan dagskrár geti farið að styttast. En einn hefur beðið um orðið, hv. 5. þm. Reykn.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Mér fannst þessi umr. í gær allsendis óþörf, reyndar vegna þess að gerð er að umræðuefni ákveðin frétt í Morgunblaðinu. Ætla mætti eftir því, að það, sem ekki yrði tekið fyrir á Alþ. varðandi fréttaflutning Morgunblaðsins, væri heilagur sannleikur, sem er vissulega víðs fjarri. Síðan endar þessi umr. sjálfsagt á því, að okkur er sýnt ofan í ljónagryfju Sjálfstfl. og er nokkur skemmtun að því, en ég mun halda mig við upphafið.

Varðandi samráð ríkisstj. við verkalýðshreyfinguna verð ég að segja það, að ég hygg að það sé í besta lagi eins og til var stofnað þegar ríkisstj. var mynduð. Ríkisstj. var mynduð með vitund og vilja verkalýðshreyfingarinnar, þ. e. a. s. eftir hvatningu verkalýðshreyfingarinnar, til að afstýra því að sá kjaraskerðingarher, sem áður ríkti hér, næði að stjórna í landinu.

Sá fundur, sem haldinn var í fjmrn. um daginn varðandi fyrirkomulag á þessu samráði, fjallaði um það eitt, hvernig þetta samráð ætti að vera í framtíðinni. Ég vil að gefnu tilefni upplýsa það, að fjmrh. ræddi sérstaklega um að sjómannasamtökin yrðu höfð með í ráðum og einnig Bandalag háskólamanna, þó að þau samtök hefðu ekki verið boðuð til þessa fundar.

Varðandi nefnd Alþýðusambandsins, sem var kosin áður en þessi ríkisstj. var mynduð, er það að segja, að í henni eru allra flokka menn. Þar starfar einn af verkalýðsleiðtogum þeim er fylgja Sjálfstfl., og ég vil ítreka það, sem kom fram í gær, að auðvitað starfar hann á jákvæðan hátt, enda eins og hans er von og vísa, og um það samráð, sem haft hefur verið hingað til, hefur ekki annað sést en hann væri alveg með á nótunum eins og aðrir.

Hvað verslunarmönnum viðvíkur, þá verður að segja að aðstaða þeirra er allt önnur en annarra launþegasamtaka vegna þess að þeir hafa dregist hrikalega aftur úr undanfarna mánuði. Það er yfirlýst af Alþýðusambandinu, að það hafi fullan skilning á því, að þeir reyni að rétta sinn hlut.

Mér er ekki kunnugt um að sjómannasamtökin hafi lýst yfir ákveðinni andúð á ríkisstj. Það er úr lausu lofti gripið. Hitt má vera, að einhverjir forustumenn þar séu andvígir ríkisstj., eins og við má búast. Reyndar er það svo, að Alþýðusambandið skoraði á aðildarfélög sín að framlengja samninga sína. Ég býst við að sjómannasamtökin geri það ekki, vegna þess að þeirra kjörum er allt öðruvísi háttað en kjörum landverkafólks.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín áðan, vil ég taka það fram, að á fundi þingflokks sjálfstæðismanna 12. okt. fór fram kosning þriggja manna í fjvn. Kosnir voru Pálmi Jónsson, Lárus Jónsson og Ellert B. Schram. Þar með var því máli lokið.

Hugmynd, sem síðar var sett fram um að breyta þessari tilnefningu, kom ekki til afgreiðslu í þingflokknum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka formanni þingflokks Sjálfstfl., hv. 11. þm. Reykv., fyrir að staðfesta að ég fór með rétt mál í ræðustól fyrr í dag. Ég verð að segja að mér líður eins og manni sem hefur tekist að hreinsa mannorð sitt.

Að lokinni niðurröðun Alþingis í nefndir blasir við sú staðreynd, að starfsvettvangur minn hlýtur að helgast af mjög sjálfstæðum málflutningi í sölum Alþingis, úr því að ég hef ekki tækifæri til að koma skoðunum á framfæri í hinum ýmsu þn. Mun ég að sjálfsögu gegna þingmannsstörfum mínum á þann hátt, að stuðningsfólk mitt telji mig ekki hafa brugðist vonum þess þegar upp verður staðið.

Efri deild, 8. fundur.

Miðvikudaginn 25. okt., kl. 2 miðdegis.

Happdrættislán vegna framkvæmda við Norðuveg og Austurveg, frv. (þskj. 15). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Þegar lög um happdrættislán vegna Norðurvegar og Austurvegar voru samþ. vorið 1975 markaði Alþingi mikilvæga stefnu í samgöngumálum þjóðarinnar, enda náðist víðtæk samstaða um þá stefnumörkun. Með þessari löggjöf ákvað Alþingi að hraða gerð aðalvega landsins, stefna að góðvegakerfi. Megináherslan yrði lögð á að fullgera veginn milli Akureyrar og Reykjavíkur, en samhliða yrði stórátak gert til að bæta Austurveg allt til Egilsstaða.

Lögin gerðu ráð fyrir því, að 2000 millj. kr. yrðu boðnar út í happdrættisskuldabréfum í þessum tilgangi næstu fjögur árin og kæmi það fé til viðbótar því fjámagni sem til þessara vega væri veitt í vegáætlun. Ef sæmilega stöðugt verðlag hefði verið og lögunum framfylgt út í æsar væri þessu verkefni nú u. þ. b. að ljúka.

Hins vegar fór svo, illu heilli, að lögin um Norðurveg og Austurveg hafa fram til þessa ekki náð nema takmörkuðum árangri. Ber þar margt til:

Í fyrsta lagi hefur hin geigvænlega verðbólga skert þetta fjármagn eins og annað.

Í öðru lagi voru framlög til verklegra framkvæmda skorin niður í sambandi við viðnám gegn verðbólgu og þá klipið af framlögum til þessara meginvega.

Í þriðja lagi var kapp lagt á gerð Borgarfjarðarbrúar nokkrum árum of snemma.

Og í fjórða og versta lagi lét Alþingi sig hafa það að brjóta landsins lög með því að samþ. vegáætlanir sem gengu í blóra við lög um Norðurveg og Austurveg, þótt þm. allir ættu að vita að lögum er ekki unnt að breyta með þingsályktum.

Samgrh. í fyrrv. ríkisstj. og síðan ríkisstj. í heild gáfu yfirlýsingar um það, að þrátt fyrir þessi tiltæki yrði tilgangi laganna náð, en nokkru síðar en áætlað hafði verið. Þeirri ríkisstj. entist þó ekki aldur til að uppfylla það fyrirheit og er málið því enn í höndum Alþingis.

Ekki á ég von á því, að sú skoðun þm. hafi breyst frá því er lögin voru sett, að brýna nauðsyn beri til að gera stórátak í vegamálum. Þvert á móti hlýtur að mega vænta þess, að menn hafi enn betur sannfærst um það nú en þá var, að óhjákvæmilegt er að ljúka gerð aðalvega landsins, enda hafa sönnur verið á það færðar, að fátt er betri fjárfesting en gerð góðra vega þar sem umferð er jafnmikil og nú þegar er á aðalvegum landsins. Þess vegna geri ég mér vonir um að víðtæk samstaða geti náðst nú ekki síður en 1975 hér á Alþ. um að afla verulegs fjár til Norðurvegar og Austurvegar með innlendri lántöku hjá almenningi, samhliða því sem haldið verði áfram annarri vegagerð af auknu kappi. Sjálfstfl. setti á s.l. vori fram heildarstefnu í vegamálum, og mun þáltill. í samræmi við þá stefnumörkun brátt verða lögð fram á Alþ., en einn liður þeirrar stefnu er einmitt að afla þess fjár sem hér um ræðir.

Auðvitað er mér fullljóst að menn getur greint á um leiðir til fjármögnunar, þótt þeir séu sammála um nauðsyn framkvæmda. Skattheimtubrjálæðið í þessu landi er nú orðið með þeim hætti að meira þola menn ekki, hvorki beina né óbeina skatta, og raunar er ég þess fullviss, að senn muni fólk segja: hingað og ekki lengra,— og síðan spörkum þessu kerfi öllu út í hafsauga. Auknir skattar, hvort heldur er á umferð eða annað, koma því ekki til greina að mínum dómi til að framkvæma þetta verkefni sem þó verður að ná fram að ganga.

Þá er nefnd sú auðvelda leið að taka erlend lán, stórlán, allt þar til lánstraust er þorrið og óðaverðbólgan situr hér ein við völd, eins og mér sýnist raunar að sé á næsta leiti.

Nú hef ég síður en svo neina fordóma gagnvart hóflegum erlendum lántökum til arðvænlegra framkvæmda, og það er gerð góðveganna sannarlega, kannske arðvænlegri en flest annað. Ég mundi t. d. vera því meðmæltur, að erlent lán yrði tekið til að ljúka gerð Borgarfjarðarbrúar. Úr því að ráðist var í hana of snemma er ekki um annað að ræða en að ljúka henni sem fyrst og koma í veg fyrir að sú framkvæmd taki meira og minna fjármagn frá allri annarri vegagerð í landinu.

Hins er líka að gæta, að það er öfugmæli, að verið sé að leggja byrðar á komandi kynslóðir þegar ríkisvaldið tekur lán til að ljúka vegagerð. Þvert á móti er verið að létta afkomendum okkar byrðarnar, því að þeir þurfa þá ekki

að glíma við þetta verkefni í jafnríkum mæli og endurgreiðslur lána verða örugglega miklu léttbærari en kostnaður við framkvæmdina sjálfa eftir mörg ár eða áratugi.

Hins vegar er grundvallarmunur á því, hvort við tökum lánin hjá sjálfum okkur eða erlendu fólki. Þegar lán eru boðin út innanlands til opinberra framkvæmda gerist ekkert annað en það, að fjármagn fólksins er notað til framfara án þess að það sé svipt eignarréttinum, eins og raun er á við skattpíningu. Þótt mér sé fulljóst að núv. stjórnarherrar geti vel hugsað sér að ganga feti framar til að firra borgarana því sjálfstæði sem samfara er almennum eignarrétti, hygg ég að þeir óttist þegar viðbrögðin. Þess vegna vona ég að þeir taki því fegins hendi þegar stjórnarandstöðuþm. bendir á sanngjarna og heilbrigða leið til að greiða fyrir brýnustu framkvæmdum í þessu landi. Von mín er þess vegna sú, að frv. þetta verði samþ., jafnvel einróma, annaðhvort óbreytt eða með einhverjum breytingum.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að þessari umr. lokinni. Ég veit að n. mun skoða málið gaumgæfilega, en vonandi þó ekki allt of lengi. Ekkert kappsmál er mér það, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að ýmislegt annað kemur til greina en nákvæmlega þessi aðferð. T. d. get ég mjög vel hugsað mér að í stað verðtryggingar í lögunum yrði tekin upp gengistrygging og þá helst í hvað harðastri mynt, eins og t. d. þýskum mörkum.

Framkvæmd laganna fram að þessu hefur líka verið skelfilega klaufaleg. Happdrætti verður að reka á nútímalega vísu, þannig að ungir menn sem aldnir hafi ánægju af því að fylgjast með framkvæmdinni, bæði vegna þess að þeir gera sér grein fyrir því, að þeir eru að vinna að mikilvægu málefni í þágu þjóðarinnar, og eins af hinu, að þeir vænta sér vinnings sem um munar eins og í alvöruhappdrætti. En menn þurfa líka að eiga þess kost að ráða meiru um hvert fjármunir þeirra renna, a. m. k. að vita hvort peningarnir fari í Norðurveginn eða Austurveginn. Þá kæmi líka til greina að ákveða hreinlega að ákveðinn hluti núverandi bensínskatts rynni í sérstakan sjóð sem notaður yrði til endurgreiðslu þeirra lána sem hugmyndin er að taka, þannig að menn vissu að þeir væru ekki að greiða í ríkishítina, heldur fyrir það hagræði og þann sparnað sem þeir nytu undir stýri hverju sinni. En rétt er að undirstrika að bensínskattur og önnur gjöld á umferðina eru nú orðin svo gífurleg að lengra verður ekki haldið á þeirri braut.

Verkefni það, sem hér er miðað við að leysa á fjórum árum, er auðvitað miklu stærra en svo að happdrættislánið eitt nægi. Norðurvegur fullgerður mun líklega kosta nálægt 20 milljörðum, að Borgarfjarðarbrú undanskilinni, enda hér gert ráð fyrir að fjármagna hana með erlendu lánsfé. Vera má þó að þessi upphæð geti eitthvað lækkað ef ný tækni nýtist eins og menn vona, en í sumar hafa tilraunir verið gerðar í þá átt eins og allir þekkja.

Hlutur Norðurvegar í happdrættisfénu yrði 5 milljarðar 333 millj. eða a. m. k. fjórðungur heildarkostnaðar. Við eðlilegar aðstæður ætti fé á vegáætlun að nægja til að markinu yrði náð, ef ekki á fjórum, þá væntanlega á fimm árum, en nánari grein verður gerð fyrir þessu í umr. um þáltill. þá sem áður er um getið og nokkrir þm. Sjálfstfl. munu flytja.

Um það má lengi deila, hvaða fjárveitingar til vegamála eigi að sitja í fyrirrúmi. Um hitt verður ekki deilt, að gerð aðalvega landsins er eitt brýnasta byggðamálið, bæði vegna lækkaðs flutningskostnaðar og margháttaðs annars hagræðis. Það er stórmál og það verður fram að ganga. Um það ætti að geta náðst samstaða allra flokka.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um þetta frv. Umr. um sangöngumál almennt og sérstaklega vegamál eru ærnar hér á Alþ. og þá alveg sérstaklega í kringum vegáætlun. Þær eiga áreiðanlega eftir að verða miklar hér í vetur einnig, enda var hv. flm. að boða till. um stefnumörkun þeirra sjálfstæðismanna í vegamálum almennt, og nú þegar hefur verið flutt till. í Sþ. um 10 ára áætlun um bundið slitlag á aðalvegi landsins, þannig að væntanlega gefast næg tækifæri til að ræða þessi mál í heild í vetur.

Hins vegar ber að fagna hverri þeirri tilraun sem gerð er til að reyna að finna leið út úr þeim mikla vanda sem við erum í varðandi okkar samgöngu- og vegamál alveg sérstaklega, og vissulega ber að taka þetta frv. til náinnar athugunar með fullum velvilja og skilningi.

Það er rétt, sem flm. kom inn á, að það er sorgarsaga hvernig lögin um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs frá 1975 hafa verið meðhöndluð af Alþingi og af fyrrv. ríkisstj. Það er einnig rétt, að því var mótmælt harðlega, hvernig þarna var farið að, og hv. flm., þáv. stjórnarþm., gerði harða hríð að flokksmönnum sínum á sínum tíma út af því, hvernig þarna væri að staðið. Þarna var óneitanlega um vanefndir að ræða, og inn í þetta kom hið mikla dæmi um Borgarfjarðarbrúna sem hann tók réttilega fram að hefði verið allt of fljótt í farið.

Í þeim mikla niðurskurði vegaframkvæmda, sem verið hefur á undanförnum árum, hafa þessi lög samt sem áður óneitanlega fleytt okkur nokkuð áleiðis og fjáröflunin vegna þeirra, og ekki ber að vanmeta hana að öllu þó að svona illa hafi verið að málum staðið.

Ég tel hins vegar í sambandi við þessi mál í heild, að við þurfum að reyna að samræma alla þætti samgangna okkar sem allra best. Ég veit um hug hæstv. samgrh. í þessu efni. Hann er því miður ekki viðstaddur, er erlendis, þannig að hann hefur ekki möguleika á að koma með það hér inn í deildina, en ég veit um hug hans í þessu efni og veit að hann hyggst á næstunni skipa sérstaka n. til að reyna að samræma alla þessa þætti sem best fyrir landsmenn og þá landsbyggðarfólk alveg sérstaklega, flutninga á fólki og flutninga á vörum í lofti, á láði og legi. Hér er um mikið naðusynjamál að ræða.

Ég minni á það einnig, að í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. eða samstarfssamningi hennar eru áhersluatriði varðandi þessa samræmingu mjög ákveðin. En varðandi vegamálin er lögð sérstök áhersla á tvennt: annars vegar í sambandi við það að koma aðalvegunum í varanlegt horf, bundnu slitlagi, og svo aftur hitt, sem ég vil ekki leggja minni áherslu á, þó ég viti um mikilvægi þessa verkefnis, og það er að koma framleiðsluvegunum, sem svo mætti kalla, vegunum í sveitahéruðunum, í betra horf en nú er, því að sannast sagna er þar um miklar vegleysur að ræða og verðugt verkefni að bæta þar verulega úr.

Hv. flm. kom inn á það, hve miklir skattar væru nú þegar teknir af umferðinni. Spurningin er hins vegar um það, að hve miklu leyti þeir renna til vegaframkvæmda og að hve miklu leyti þeir renna almennt í ríkissjóð. Hér er e. t. v. erfitt að greina á milli nákvæmlega hver er hinn gullni meðalvegur. Engu að síður höfum við t. d., sem

höfum verið í stjórnarandstöðu síðustu ár, gagnrýnt það hve vaxandi hluti af þessum sköttum hefur farið í annað en að bæta samgöngur á landi.

Ég vil ekki segja meira um þetta nú. Ég veit að hæstv. samgrh. hefur lagt á það mikla áherslu við fjárlagagerð nú, að þar yrði sem best að þessum þætti mála staðið, vegamálunum. Hvernig honum tekst þar til er kannske ekki alveg útséð enn þá, en ég geri mér vonir um að þar takist sem allra best að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt í stjórnarsáttmálanum. Öllum viðbótartillögum, sem eru til hjálpar í þessu, eins og hv. flm. þessa frv. er hér með, ættum við stjórnarþm. að taka með fögnuði. Og vissulega fögnum við hverri þeirri tilraun sem menn gera í þessu efni. Ég hef ekki athugað þessa leið svo nákvæmlega. Ég verð að viðurkenna það, að í ljósi þeirrar reynslu, sem er af fyrri lögunum, set ég ýmis spurningarmerki varðandi þessa aðferð. En ef þetta yrði samþ. og hæstv. ríkisstj. stæði við þessi lög, en svikist ekki um að framkvæma þau, eins og hæstv. síðasta ríkisstj. gerði, þá gæti orðið að þessu verulegt gagn og það ber ekki að vanmeta.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni og láta í ljós ánægju mína með þann áhuga, sem fram kemur í þessu frv., um að unnið sé sem best að vegamálum. Ég hef notað hvert tækifæri sem ég hef getað til að leggja áherslu á það í þeim umr. sem nú fara fram um efnahagsvanda og þá um leið þörf á að draga eitthvað úr fjárfestingu, að það mætti ekki draga úr fjárfestingu til vegamála, þau séu svo mikilvæg og framkvæmdir í þeim málum séu svo brýnar, að þrátt fyrir sparnaðarviðleitni megi ekki draga þar saman.

Eins og drepið var á áðan eru horfur á að umr. um vegamál verði miklar á þinginu í vetur eins og á undanförnum þinginu, þannig að ekki er ástæða til þess kannske að fara ítarlega út í þau mál núna. Það hafa a. m. k. á tveimur síðustu þingum orðið umr. um þáltill. um vegamál og þar hafa komið fram þau sjónarmið, sem hv. síðasti ræðumaður benti á og taldi að væru nokkuð andstæð, annars vegar að koma bundnu slitlagi á vegina og hins vegar, eins og hann orðaði það, að koma framleiðsluvegunum í viðunandi horf. Ég vil ekki draga úr þörfinni á því síðarnefnda, en ég hef lagt áherslu á að það fyrrnefnda, þ. e. a. s. að koma bundnu slitlagi á vegina, muni frekar stuðla að því síðarnefnda, þar sem yfirleitt hefur verið rætt um að fá aukið fjármagn til vegagerðar og aukið fjármagn til vegagerðar hlýtur að hraða framkvæmdum þar í heild, enda er það svo, að bundið slitlag verður vitanlega ekki sett á vegi nema því aðeins að þeir séu byggðir upp. Ég vil leggja áherslu á að ég tel mikinn misskilning að þarna sé um andstæð sjónarmið að ræða, heldur sé þetta sameiginlegt áhugamál og þess vegna þurfi ekki að vera að deila um það.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að fagna þessari till. svo langt sem hún nær. Og ég vil taka undir með hv. frsm., að góðar samgöngur eru eitt stærsta byggðamál í okkar landi.

Eitt atriði, sem kom fram í framsögu, var í sambandi við Borgarfjarðarbrúna, þar sem hv. frsm. sagði eitthvað á þá leið, að þar hefði verið of fljótt í farið. Ég vil taka það fram og benda mönnum á að allt það brúarkerfi, sem Borgarfjarðarbrúin nýja á að leysa af hólmi, er að bresta. Það þolir alls ekki það mikla álag sem er á umferðinni á þessu svæði, og þar af leiðandi er mjög brýnt að Borgarfarðarbrúin komist sem fyrst í gagnið, því annars getur af því hlotist stórtjón og stórslys. Ég vil einnig benda á það, að bygging Borgarfjarðarbrúarinnar er í raun og veru ein mikilsverðasta framkvæmdin í sambandi við einmitt Norðurveginn. Ég tel hins vegar að það hafi verið skakkt að farið í sambandi við fjármögnun þessarar miklu framkvæmdar, að það skyldi ekki vera hafður á sami háttur og við hringveginn, fjármagnað sérstaklega án tengsla við fjármagn í almennum vegalögum. Ég get tekið undir það, að ég tel nauðsynlegt nú að Alþ. sé þess meðvitandi, að þessi framkvæmd er á því stigi í dag, að það er ekki hægt að fresta framkvæmdum. Það verður að leggjast á eitt um að finna möguleika til að ljúka þessari framkvæmd á tilsettum tíma.

En í sambandi við vegamálin almennt er ljóst, að þau eru nú í dag eitt það mál sem þjóðin hefur einna mestan áhuga á að fái þá framvindu hér á hv. Alþ., að hægt sé að sjá ákveðna stefnu sem leiði að því næstu ár, að við búum við vegakerfi sem þjónar því hlutverki sem nútímaþjóðfélag krefst. Ég álít að sem fyrst þurfi að liggja fyrir úttekt um raunverulegt ástand vegakerfisins í landinu í heild og ekki hvað síst eftir landshlutum. Ég vil segja frá því hér, að á Vesturlandi er starfandi sérstök samgöngunefnd, sem sveitarfélögin hafa komið sér saman um og hefur unnið að því undanfarið að flokka verkefnin bæði eftir stofnbrautum og þjóðbrautum og ná samkomulagi í héraði um forgangsröðun verkefna. Þetta tel ég mjög nauðsynlegt að liggi fyrir. Þó að við stefnum að því, sem kemur fram í till. til þál. sem liggur nú fyrir Sþ. um bundið slitlag, þá er nauðsynlegt að það sé fast mótað, hvernig verður staðið að því að byggja upp vegakerfið, ekki aðeins stofnbrautirnar, heldur einnig þjóðbrautirnar.

Ég vil endurtaka: Ég tel að það frv. til l., sem hér liggur fyrir, sé vissulega athyglisvert. Þá fjáröflunarleið, sem þar kemur fram, þarf að athuga, og það er vissulega einn liðurinn til að ná því marki, sem við erum vonandi allir sammála um, að byggja upp vegakerfi landsins á sem stystum tíma til þess að gegna því hlutverki sem gott vegasamband gerir hverri þjóð.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég kveð mér nú fyrst og fremst hljóðs til þess að þakka þeim þm., sem til máls hafa tekið, fyrir góðar undirtektir við þetta mál, sem vissulega gefur vonir um að það fái greiðan gang og fljóta skoðun í nefnd. Ég harma það, að hæstv. samgrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, en hann dvelst erlendis. Ég hef þó rætt mál þetta við hann, og ég hygg að hann muni einnig fagna því, að málið fari til n. svo að unnið verði að því þar, þó hann hefði vafalaust mjög gjarnan viljað hafa aðstöðu til að taka hér til máls. Vona ég að það sé réttur skilningur, því ég hef af minni hálfu a. m. k. boðið þá samvinnu sem ég get í té látið til þess að afla fjár með einhverjum þeim hætti sem væri í líkingu við það sem frv. gerir ráð fyrir, en tók sérstaklega fram, að mér er ekki kappsmál að frv. sé afgreitt nákvæmlega eins og það er fram lagt.

Ég held að happdrættislán til vegagerðar gætu orðið miklu stærri liður í fjáröfluninni heldur en þetta litla frv. gerir ráð fyrir. Mér er tjáð að t. d. í Þýskalandi hafi margir helstu vegir verið lagðir fyrir fjármagn sem aflað er einmitt með þessum hætti, þar séu slík happdrætti

rekin með nútímalegum hætti, fólk hafi gaman af að taka þátt í þeim, það séu háir vinningar, og peningarnir koma frá fólkinu án þess að það þurfi að skattleggja menn, menn leggja þetta fram með glöðu geði. Og ég held næstum því að Íslendingar mundu ekki leggja neina peninga fram með glaðara geði heldur en einmitt til þess að bæta vegina, því allir vita hvernig bílar fara og hvernig er að ferðast um landið þegar vegir eru verstir. Ég held að ef yrði tekið upp nútímalegt snið á slíku happdrættisláni, þar sem t. d. væri dregið mánaðarlega, vinningar væru allstórir, þetta væri auglýst eins og þörf er á að gera í nútímaþjóðfélagi, — það þarf að kunngera fólki hvað á seyði sé, — þá væri hægt að afla miklu meira fjár en hér um ræðir.

Nú kynnu sumir að halda að auknar vegaframkvæmdir mundu kynda undir verðbólgu. Ég fæ ekki séð að þær mundu gera það ef fjármagnið er innlennt, ef það er fengið frá fólkinu, vegna þess að þessir peningar rynnu til annarra framkvæmda sem væntanlega mundu í flestum tilfellum heimta miklu meira vinnuafl en vegagerðin gerir. Ég held þess vegna að það sé rangur skilningur, að auknar vegaframkvæmdir fyrir innlent lánsfé muni auka á verðbólgu og þennslu. Ég held þær geri það ekki, af því að vegirnir heimta lítið vinnuafl, gagnstætt því sem er við ýmsar aðrar nytsamar framkvæmdir, eins og skólabyggingar, sjúkrahús og annað slíkt, þær sem vinnuafl er mjög drjúgur liður í framkvæmdinni. Í vegagerð eru það vélarnar fyrst og fremst sem vinna eins og allir vita.

Ég get líka hugsað mér að það væri heimilað almennt að menn legðu fram fé að láni til ákveðinna lítilla verkefna, t. d. að það væru boðnir út nokkrir km vegagerðar einhvers staðar í nágrenni við kaupstaði, þar sem fólkið þráði mjög að fá fullgerða vegi, fólkið á þessum stað lánaði þetta fjármagn fullverðtryggt eða gengistryggt, fengi annaðhvort happdrættisvinning eða einhverja lága vexti. (**Gripið fram í:** Og visst um að það færi þangað.) Já, það er nákvæmlega það sem ég tók fram í minni frumræðu, hv. þm. var víst ekki við þá. Það hefur verið einn af göllunum við framkvæmdina á lögunum fram að þessu, að fólk hafði enga vissu fyrir að féð einu sinni færi í Norðurveg eða Austurveg, heldur kannske bara beint í Vegasjóð eða ríkishítina, eins og ég orðaði það. Þar að auki átti auðvitað að bjóða sérstaklega út lán í Norðurveg og sérstaklega lán í Austurveg. Ég hugsa að Norðlendingar hefðu frekar keypt happdrættisskuldabréf í Norðurveginum og Austfirðingar og Sunnlendingar væntanlega í hinum. Og ég held það mætti gjarnan búta þetta miklu meira niður, eins og hv. þm. benti á, og menn hefðu vissu fyrir því, að það færi í þessa framkvæmd og færi strax í hana, yrði ekki étið upp af verðbólgunni.

Að því er varðar ummæli hv. þm. Alexanders Stefánssonar um Borgarfjarðarbrú, þá held ég að það skilji ekki mjög mikið á milli okkar í því efni. Ég sagði að það hefði verið byrjað of fljótt á henni. Hvort henni lýkur of snemma, við skulum ekki deila um það. En auðvitað hefði verið hagstæðara að ljúka þessu verkefni á einum til tveimur árum og afla fjárins fyrir fram. Þetta er liðin tíð og má segja minni háttar mistök. Við þurfum að ljúka við Borgarfjarðarbrúna, það er alveg ljóst. En það er alveg rétt sem þm. sagði, að hinar brýrnar eru að bresta. Við skulum vona að það slys gerist þó ekki og við getum lokið þessari mikilvægu framkvæmda strax á næsta ári. Það er ekkert annað að gera en að ljúka þessari framkvæmda. (Gripið fram í.) Það er það vitlausasta sem hægt er að gera. Það hefði verið nóg að byrja á henni s. l. vor og ljúka henni næsta haust. Það var það sem ég átti við fyrst og fremst, svo að ég held að okkur greini ekki mjög á í þessu efni.

Ég vona sannarlega að allir hv. þdm. samþ. þetta frv. í einhverju formi, þegar það kemur hingað aftur, og kannske meira að segja verði það djarftækir að hækka upphæðina, t. d. úr 2 milljörðum í 3 — þetta er ekki nema heimild hvort sem er — eða jafnvel í 4 milljarða á ári og reka þetta happdrætti með krafti og sjá til þess, að vegirnir komi og þeir komi á næstu árum, það verði ekki endalaust beðið og fjármagnið hrifsað til annars.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður Íslands, frv. (þskj. 32). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Á 97. löggjafarþingi, í ársbyrjun 1976, lagði ég fram í Nd. frv. til l. um Lífeyrisjóð Íslands. Það frv. var efnislega svipað því sem hér er til umr., en það frv., sem nú er lagt fram, er þó mun ítarlegra. Fyrrnefnt frv. náði ekki fram að ganga og hafnaði í n. Það urðu nokkrar umr. um það í Nd. á sínum tíma og fékk frv. allgóðar undirtektir, en þrátt fyrir það náði það ekki fram að ganga. Að vissu leyti var það skiljanlegt á sínum tíma, vegna þess að hér var á ferðinni frv. til l. sem fól í sér algera umbyltingu í lífeyrismálum þjóðarinnar, hugmyndir sem brutu í bága við fyrri skoðanir og hefðbundnar venjur í þessum efnum. Það var því vart við því að búast, að jafnróttækar breytingar, þótt þær sköpuðu allt annan og betri lífeyrirsgrundvöll fyrir meginþorra lífeyrisþega, fengju hljómgrunn hjá útvörðum gamla úrelta kerfisins eða þeim, sem annaðhvort geta ekki eða vilja ekki viðurkenna nauðsyn þeirra breytinga sem hér um ræðir.

Hvað sem því líður hafði frv. um Lífeyrissjóð Íslands, sem lagt var fram árið 1976, mjög mikil áhrif, bæði beint og óbeint:

Í fyrsta lagi færði það mönnum heim sanninn um það, að unnt væri að setja á laggirnar einfalt og réttlátt ellilífeyristryggingakerfi sem tryggði öllum landsmönnum aðgang að verðtryggðum ellilífeyri á grundvelli ævitekna án þess að útgjaldabyrði þjóðarinnar ykist.

Í öðru lagi vísaði frv. vegin um nýjungar í tryggingamálum sem hefðu haft geysilegan sparnað í för með sér í rekstri og útgjöldum vegna þessara mála.

Í þriðja lagi var uppbygging lífeyristryggingakerfisins á grundvelli frv. með þeim hætti, að staða konunnar sem sjálfstæðs aðila var virt að öllu leyti óháð starfi eða stöðu.

Í fjórða lagi hleypti frv. af stað jákvæðum og miklum umræðum um lífeyrismál, — umræðum sem m. a. leiddu til þess, að aðilar vinnumarkaðarins gerðu fyrir milligöngu fyrrv. ríkisstj. með sér samkomulag um auknar ellilífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðunum. Um var að ræða ákveðna verðtryggingu, sem sagt áfanga að því marki sem frv. þetta gerði ráð fyrir.

Í fimmta lagi varð mönnum ljóst að brýnna aðgerða var þörf í þessum efnum og þá ekki hvað síst vegna þeirra þúsunda manna sem voru utan við þáverandi og núverandi lífeyriskerfi.

Nú er svo komið, að flestallir vilja breytingar til hins

betra í þessum efnum og ýmsir gefa loforð um breytingar til hins betra, en fæstir hafa tekið rögg á sig og lagt fram beinar tillögur sem fela í sér framtíðarlausn þessara mála, ef undan er skilið það frv., sem lagt var fram 1976, og það frv., sem hér er nú til umr.

Örugglega koma ýmsar leiðir til greina og skoðanir geta verið skiptar um með hvaða hætti ber að þróa núverandi kerfi með tilliti til framtíðarinnar. Ýmsir vilja hægfara breytingar og lengri tíma aðlögun núverandi kerfis að nýju kerfi sem stefndi í svipaða átt og felst í því frv. sem hér er til umr. Flm. þessa frv., sem eru ásamt mér þeir hv. þm. Oddur Ólafsson, Eyjólfur K. Jónsson og Guðmundur Karlsson, við leggjum hins vegar til að gengið verði beint til verks. Við leggjum til að lífeyriskerfi þjóðarinnar verði án tafar breytt á þann veg, að allir landsmenn njóti verðtryggðs lífeyris á grundvelli ævitekna. Þetta er grundvallaratriði varðandi frv. Jafnframt því verði tryggt að tekjulaust fólk fái ákveðinn, viðunandi lágmarkslífeyri, sem verði einnig verðtryggður. Á sama tíma verði lífeyrissjóðunum, þ. e. a. s. gömlu höfuðstólunum, breyttt í lánasjóði til að fullnægja þörf fólks fyrir fjármagn vegna húsnæðismála og einnig til þess að fullnægja þörfum atvinnuveganna.

Ég mun nú víkja enn frekar að undirbúningi, aðdraganda og efni þessa frv., sem er, eins og fyrr er getið, um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. En áður en ég fer nánar í það vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að það eru tvær villur í þskj., ekki í frv. sjálfu, heldur í grg. Það er á bls. 17, þar sem stendur fyrir ofan 5. lið, Fæðingarlaun: „Hámarksbarnalífeyrir er 13%" Það á að vera: „Lágmarksbarnalífeyrir er 13%" o. s. frv. Og á bls. 22, í 10. línu að ofan, þar sem segir: „Lífeyrisjóðir þessara stétta eru aðeins fimm ára gamlir" — það á auðvitað að vera: „átta ára gamlir", því þeir voru stofnaðir árið 1970.

Fyrsti flm. þessa frv. lagði, sem fyrr er getið, fram í ársbyrjun 1976 hliðstætt frv. til l. um Lífeyrissjóð Íslands. Það frv. náði eigi fram að ganga og býr þjóðin því enn við svipað kerfi í lífeyrismálum. Þótt nokkrar breytingar til batnaðar fyrir hluta lífeyrisþega hafi átt sér stað eftir að frv. 1. flm. var lagt fram á sínum tíma, býr meginhluti þjóðarinnar enn við ófullkomið, flókið og ranglátt kerfi. Þetta kerfi fær ekki staðist til lengdar og þúsundir manna eru afskiptar í þessum málum. Nauðsynlegt er að hlutur þessa fólks verði réttur og betra skipulagi komið á skipan þessara mála.

Nokkrar breytingar til bráðbirða hafa verið gerðar til hins betra á grundvelli samninga aðila vinnumarkaðarins fyrir milligöngu fyrrv. ríkisstj., eins og ég gat um áðan, en án frumkvæðis Alþingis. Fyrsta samkomulag þessa efnis var gert í lok febrúar 1976, og núverandi fyrirkomulag hefur gilt frá júnísamkomulagi aðila vinnumarkaðarins á árinu 1977, og það gildir út árið 1979. Hvað þá tekur við veit enginn enn þá og er slíkt öryggisleysi óþolandi fyrir lífeyrisþegana. Í tengslum við þetta samkomulag voru settar á stofn nefndir sem skyldu gera tillögur um framtíðarskipan þessara mála. Nefndirnar hafa enn ekki skilað áliti, og er ekki að vita hvenær eða hvort sameiginleg niðurstaða fæst.

Með tilliti til þess, að allar meiri háttar breytingar í jafnyfirgripsmiklu máli og hér um ræðir hljóta að eiga sér langan aðdraganda og ekki virðist hilla undir raunhæfar tillögur í þessum málum, hvorki af hálfu fyrrgreindra nefnda né annarra sem gáfu yfirlýsingar um það fyrir síðustu kosningar að þeir mundu beita sér fyrir raunhæfri endurskipulagningu þessara mála, telja flm. þessa frv. nauðsynlegt að leggja fram frv. þetta um lífeyrissjóð sem nær til allra landsmanna. Flm. telja að í frv. felist eina raunhæfa lausnin í grundvallaratriðum á framtíðarskipan lífeyrismálanna. Menn getur greint á um einstök atriði, en við nánari athugun sést að sú leið í lífeyrismálum, sem flm. gera ráð fyrir, tekur ákveðið mið af því skipulagi, sem er á lífeyrismálum í dag, og er eðlilegasta samtenging þess við nýskipan þessara mála.

Þrátt fyrir það er með frv. þessu um Lífeyrissjóð Íslands lagt til að grundvallarbreyting verði gerð á lífeyristryggingakerfi þjóðarinnar. Markmið breytingarinnar er að allir hafi sama rétt til fullnægjandi ellilífeyristrygginga á grundvelli ævitekna, jafnframt því sem tryggt er að allir njóti ákveðins lágmarksellilífeyris sem sé í samræmi við framfærslukostnað og verðlagsþróun á hverjum tíma. Þá er það veigamikið atriði í þessu frv., að það tryggir öllum konum jafnan rétt til ellilífeyris á við karla, óháð því hvert er starf þeirra eða staða í þjóðfélaginu. Þar með er öllum húsmæðrum tryggður fullur réttur til ellilífeyris á við annað vinnandi fólk og lífsstarfi húsmæðra þar með gefið ákveðið verðmætisgildi.

Með frv. er einnig í fyrsta skipti gerð tillaga um að fæðingarlaun séu felld inn í lífeyristryggingakerfið með eðlilegum hætti og Atvinnuleysistryggingasjóður þar með leystur undan þeirri greiðslubyrði sem fæðingarlaunin eru á honum nú.

Við flm. gerum okkur fullkomlega grein fyrir að hér er um viðamikið mál að ræða er krefst nákvæmrar umræðu og samráðs við mikinn fjölda aðila. En með því frv. til l. um Lífeyrissjóð Íslands, sem hér er lagt fram, eru lögð drög að nýrri uppbyggingu þessara mikilvægu trygginga fyrir alla landsmenn. Hljóti frv. hljómgrunn og skilning á hv. Alþ. er þess að vænta, að það taki þeim breytingum í meðförum Alþingis sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að lögin geti komið til framkvæmda 1. jan. 1980, svo sem ráð er fyrir gert í frv.

Flm. telja mikilvægt að eigi sé lengur látið dragast að koma lífeyrissjóðsmálum Íslendinga í viðunandi horf, og vænta þess, að með þessu frv. verði samþ. lög á Alþ. er tryggi þjóðinni heilbrigðar og viðunandi ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyristryggingar, auk fæðingarlauna.

Frv. felur í sér þá grundvallarbreytingu frá núverandi trygginga- og lífeyrissjóðakerfi, að í stað svonefnds uppsöfnunarkerfis, er felst í tugum smárra og stórra sjóða, er tekið upp einfalt, en árangursríkt gegnumstreymiskerfi er byggist á iðgjöldum sem ákveðin eru á hverjum tíma í samræmi við tryggingarnar og verðlag er greiðslur eiga sér stað

Eins og nú háttar safnast upp milljarðar króna í um 100 smáum og stórum lífeyrissjóðum. Verðbólguþróun undangenginna ára og grundvallaratriði í reglugerðum sjóðanna varðandi lengri tíma sjóðmyndun útiloka að hinir svonefndu óverðtryggðu sjóðir geti innt af hendi fullnægjandi lífeyrisgreiðslur. Þrátt fyrir hugmyndir um verðtryggingu á útlánum sjóðanna er fyrirsjáanlegt að það eitt út af fyrir sig mun ekki nægja til að greiða viðunandi ellilífeyri hjá fjölda sjóða. Fé lífeyrissjóðanna brennur því stöðugt í báli verðbólgunnar, en aldrað fólk, komið á ellilífeyrisaldur, situr eftir með sárt enni. Er þetta gjörsamlega óviðunandi ástand.

Af umr., sem fram hafa farið á undanförnum árum, er sýnilegt, að ef Alþ. hefur ekki forustu um að beina þróun

þessara mála inn á heilbrigðari og betri brautir, þá mun þjóðin innan tíðar sitja uppi með gjaldþrota lífeyrissjóði og mikinn fjölda lífeyrisþega sem munu búa við mjög kröpp kjör. Mun ég víkja að því síðar í ræðu minni.

Þá vil ég geta þess, áður en ég ræði aths. við lagafrv. og einstakar greinar, að ásamt flm. aðstoðaði dr. Pétur H. Blöndal tryggingafræðingur flm. við tæknileg atriði varðandi það.

Það er nauðsynlegt að hv. alþm. hafi góða mynd af því, hvernig núverandi lífeyristryggingar á Íslandi eru byggðar upp. Segja má að núverandi lífeyristryggingar hvíli einkum á tveimur meginstofnum. Annars vegar er um að ræða greiðslu ellilífeyris úr lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, en hins vegar greiðslur úr nær 100 lífeyrissjóðum sem eru í eigu ýmissa samtaka og félaga. Þá má geta þess, að Umsjónarnefnd eftirlauna, sem starfar eftir lögum 63/1971, gegnir orðið stöðugt meira hlutverki í lífeyristryggingum þjóðarinnar sem þriðji aðili.

Elli- og örorkulífeyrir Tryggingastofnunarinnar er almennur lífeyrir sem allir landsmenn eiga rétt á skv. gildandi lögum. Er um að ræða ákveðinn grunnlífeyri sem hefur verið frá 1. sept. s.l. 47 952 á mánuði. Að auki er sérhverjum elli- og örorkulífeyrisþega veitt ákveðin tekjutrygging til viðbótar við ellilífeyri, ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega fara ekki fram úr 297 þús. kr. á ári. Frá 1. sept. í ár hefur óskert tekjutrygging verið 42 882 kr. á mánuði. Þá fá einstaklingar, sem halda eigið heimili, 16 022 kr. sem heimilisuppbót. Ellilífeyrir, óskert tekjutrygging og heimilisuppbót er því nú 106 856 kr. á mánuði fyrir einstakling og 163 500 kr. fyrir hjón. Barnalífeyrir er 24 537 kr. frá sama tíma og fyrrgreindar tryggingar.

Lífeyrisgreiðslur úr hinum einstöku lífeyrissjóðum eru mjög mismunandi og er sameiginlegt einkenni lífeyrissjóðanna það, að lífeyrisgreiðslur eru háðar tekjum lífeyrisþega fyrir töku lífeyris og starfsaldri. Með hvaða hætti lífeyrir er háður tekjum er afar mismunandi eftir sjóðum. Sumir lífeyrissjóðir greiða ákveðinn hundraðshluta af meðaltekjum síðasta starfsárs, aðrir af meðaltekjum síðustu fimm starfsára og enn aðrir taka tekjur yfir lengra tímabil inn í dæmið.

Skipta má lífeyrissjóðunum í tvo meginflokka eftir því, hvort lífeyrisgreiðslur eru varanlega verðtryggðar eða ekki. Meginþorri allra landsmanna er í óverðtryggðum sjóðum, en opinberir starfsmenn, bankamenn og nokkrir aðrir starfshópar í sambærilegri aðstöðu njóta verðtryggðs lífeyris. Gífurlegur aðstöðumunur er á milli lífeyrisþega, er njóta verðtryggðs lífeyris annars vegar, og þeirra, er taka greiðslur úr óverðtryggðum sjóðum hins vegar. Eftir því sem verðbólgan er meiri eykst þessi munur í lífeyrisgreiðslum, og er nú svo komið að í þessu fyrirkomulagi felst gífurlega mikið þjóðfélagslegt ranglæti gagnvart sjóðfélögum óverðtryggðu sjóðanna. Og satt að segja furðar mig á því, að hv. Alþ. skuli ekki hafa fjallað meira um þessi mál en verið hefur, þar sem hér segjumst við allir, svo ég noti þau orð, berjast fyrir réttlætinu til handa þjóðfélagsþegnunum. En því miður hefur áhugi ekki verið mikill á þessu sviði, alla vega ekki sem skyldi.

En um fjárhagslega uppbyggingu hinna einstöku lífeyrissjóða í núverandi kerfi er það að segja, að hún byggist á þeirri meginreglu, að sérhver sjóðfélagi inni af hendi iðgjaldagreiðslur sem í lengri tíma uppsöfnun og ávöxtun, venjulegast á 30 árum, þó eru til dæmi um 10 ára sjóði, nægi til að standa undir væntanlegum lífeyrisgreiðslum til viðkomandi lífeyrissjóðsfélaga. Er því, svo sem fyrr er frá greint, um að ræða söfnunarkerfi.

Í sambandi við ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á sér ekki stað nein uppsöfnun fjármagns. Árlegar tekjur í formi skatta eru látnar mæta áætluðum útgjöldum vegna þessara þarfa. Hér er því um að ræða gegnumstreymiskerfi, takmarkað, sem allir skattgreiðendur standa að baki á hverjum tíma.

Þá vil ég víkja máli mínu nokkuð að göllum núverandi lífeyrissjóðakerfis, en ég held að þeir séu ekki öllum nægilega vel ljósir.

Óhagstæð verðlagsþróun og mikil verðbólga síðustu ára hefur leitt mjög skýrt í ljós vangetu lífeyrissjóða í núverandi mynd til að standa við skuldbindingar sínar, auk þess sem óréttlæti vegna mismunandi réttar, sem þeir veita, kemur stöðugt skýrar fram. Iðgjöld til lífeyrissjóðanna eru yfirleitt um 10% af dagvinnutekjum félagsmanna. Iðgjaldatími er yfirleitt um 30 ár. Þegar til fullrar lífeyrisgreiðslu kemur við 67 ára aldur hafa sjóðfélagar almennt greitt sem svarar þremur árslaunum í iðgjöld til lífeyrissjóðs. Við 67 ára aldur nú er ólifuð meðalævi um 14 ár. Vegna ákvæða núverandi reglugerða lífeyrissjóðanna, sem gera ráð fyrir að sjóðfélagar fái ellilífeyrisgreiðslur á grundvelli launa síðasta starfsárs eða síðustu starfsára fyrir töku lífeyris, er dæmið mjög alvarlegt í reynd. Ávöxtunarmöguleikar sjóðanna eru bundnir við hæstu leyfilega vexti, sem undanfarin 30—40 ár hafa verið mun lægri en vöxtur verðbólgunnar. Um jákvæða ávöxtun á iðgjöldum hefur því ekki verið að ræða. Eftir því sem næst verður komist nægja iðgjöld lífeyrissjóðsfélaga, sem hefur töku lífeyris núna, varla til að greiða lífeyri hans í 30 mánuði þrátt fyrir hæstu leyfilega vexti.

Það er því augljóst, að lífeyrissjóðirnir í núverandi mynd geta ekki staðið við skuldbindingar sínar og þeir veita lífeyrissjóðsfélögunum ekki fullnægjandi lífeyri. Kemur þetta æ skýrar í ljós eftir því sem sjóðurinn er eldri og ellilífeyrisþegum fjölgar í viðkomandi lífeyrissjóði.

Sem dæmi má taka Lífeyrissjóð ljósmæðra, þar sem sjóðseignin minnkaði í krónutölum árið 1977 og sjóðþurrð blasir við innan örfárra ára. Og þó greiðir Lífeyrissjóður ljósmæðra sjálfur óverðtryggðan lífeyri. Verðtryggingu lífeyris þessa sjóðs greiðir hins vegar ríkissjóður. En það eru ekki allir sjóðir svo vel staddir. Spurningin er því þessi, sem hv. alþm. hljóta að verða að svara, og ég álít að þeir hljóti að verða að gera það á þessu þingi. Þessi mál geta ekki dregist lengur: Hver tekur að sér að greiða lífeyri áfram í þessum og fleiri sjóðum sem líkt er ástatt um þegar gjaldþrot er raunverulega orðin staðreynd?

Þá kem ég að því, að stór hluti landsmanna er enn ekki í lífeyrissjóði. Þrátt fyrir lögskipaða aðild allra launþega að lífeyrissjóði eru mjög margir einungis tryggðir að því er varðar dagvinnutekjur, sem þýðir alvarlega vantryggingu hjá mörgum. Þessi vantrygging landsmanna sést best á því, að heildartekjur árið 1977 skv. skattframtölum voru um 237 milljarðar, en iðgjald til lífeyrissjóða, yfirleitt 10% eins og ég gat um áðan, er áætlað 11 milljarðar, þ. e. a. s. til sjóðanna allra. Þannig hefur ekki verið greitt til lífeyrissjóða af 127 milljörðum eða 54% af bruttótekjum. Það er vegna þess að það er

yfirleitt greitt af dagvinnutekjum. Þetta hins vegar vekur umhugsun um önnur atriði sem eru að vísu óskyld þessu efni, en væri mjög fróðlegt fyrir hv. þm. að ræða um.

Verðtryggðir sjóðir hins opinbera vernda hins vegar sjóðfélaga sína varanlega gegn verðbólgunni. Hið sama gildir ekki um sjóðfélaga hinna óverðtryggðu sjóða. Þeir búa við ákveðið bráðabirgðaástand, auk hins mikla misréttis sem það hefur í för með sér. Getur þetta tvöfalda kerfi misréttis í ellilífeyrisgreiðslum haft afar óæskileg áhrif á eðlilegt streymi fólks milli starfsgreina. Það mætti hugsa sér það, og ég held að það sé því miður staðreynd, að núverandi fyrirkomulag verki eins og hvati á fólk að leita eftir atvinnu hjá hinu opinbera, sem veitir það mikla afkomuöryggi í ellinni sem verðtryggður lífeyrir er.

Lífeyrisgreiðslur til sjóðsfélaga verðtryggðu lífeyrissjóðanna taka hlutfallslegum breytingum í samræmi við umsamdar launabreytingar íiþeim launaflokki sem viðkomandi bjó við þegar taka ellilífeyris hófst. Segir það sína sögu þegar menn hverfa frá störfum í atvinnulífinu til hins opinbera þegar þeir eiga eftir örfá ár til þess að taka ellilífeyri.

Ég vil árétta það enn frekar, sem ég sagði í upphafi míns máls, að eftir að frv. svipaðs eðlis var lagt fram í ársbyrjun 1976 voru í kjarasamningum í febrúarlok 1976 og í júní 1977 gerðar leiðréttingar til bráðabirgða, sem leiðrétta stöðu þeirra sem eru í óverðtryggðum lífeyrissjóði, en aðeins út árið 1979. Hvað þá tekur við er mjög óljóst. Ýmsar hugmyndir eru uppi um stofnun samtryggingakerfis lífeyrissjóðanna sem þróist í einn lífeyrissjóð er stundir líða. Hætt er við að erfiðleikar við slíkt kerfi verði óyfirstíganlegir og reglur um lífeyrisgreiðslur verði það flóknar að lífeyrisþegarnir skilji ekki neitt í neinu, eins og reyndar er orðið nú þegar með samspili lífeyris frá lífeyrissjóði og vegna samstarfssamnings lífeyrissjóða, vegna þátttöku Umsjónarnefndar og svo Tryggingastofnunar. Þetta kerfi allt er mjög flókið og það er einn meginókosturinn, fyrir utan náttúrlega þau réttlætisatriði sem ég gat um áðan með núverandi kerfi. Auk þess fær þetta, að áliti sérfróðra manna og þeirra sem hafa reynt að kynna sér þessi mál vel, ekki staðist til lengdar af margvíslegum ástæðum, svo sem vegna neikvæðrar ávöxtunar á fé sjóðanna og einnig vegna misræmis milli iðgjalda og lífeyris.

Enn er það svo, að þrátt fyrir þá staðreynd, að allir launþegar greiða sem svarar 10% af launum sínum til lífeyrissjóðs, greiðir Tryggingastofnun ríkisins bróðurhlutann af öllu lífeyrisgreiðslum. Árið 1977 voru þessar greiðslur um það bil 12 milljarðar á móti rúmum 3 milljörðum sem komu frá lífeyrissjóðunum. En ég mun víkja nánar að því, hvað þetta kerfi allt er skakkt og ég vil segja vitlaust, því að ég mun flytja þm. hér tölur um eignir og tekjur og ráðstöfunarfé sjóðanna.

Tæpir 11 milljarðar af lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar voru framlag ríkisins eða ríkissjóðs, þ. e. a. s. skattborgaranna. Til þess að mæta þessum greiðslum þarf árlega að skattleggja landsmenn sérstaklega. Við aukna verðbólgu og fjölgun ellilífeyrisþega verður slík skattlagning jafnt og þétt erfiðari, jafnframt því sem 10% af svo til öllum launagreiðslum í landinu fara í uppsöfnun fjármagns í lífeyrissjóðunum. Tiltölulega lítill hluti þessa fjármagns fer í ellilífeyrisgreiðslur, eins og ég gat um áðan, og það er skoðun mín og okkar flm., að íslenskar aðstæður þoli ekki þetta tvöfalda álag vegna tryggingarmála með það gífurlega ósamræmi sem þarna á sér stað í tilflutningi fjármagns. Og það er tímaspursmál hvenær það hrynur til grunna af peningalegum eða félagslegum ástæðum, og er það þegar farið að koma í ljós í sambandi við einstaka sjóði, eins og ég vék að áðan.

Félagslegar og stjórnunarlegar afleiðingar þessarar þróunar ættu að vera sérhverjum manni augljósar sem þekkir eitthvað til afkomu alþýðu manna, atvinnuvega eða peningakerfisins. Það er gersamlega óviðunandi að skylda fólk til mikils sparnaðar, lána því svo eigið fé með háum vöxtum og greiða að lokum ófullnægjandi ellilífeyri til lífeyrissjóðsfélaga sem eru búnir að greiða í 20—30 ár í viðkomandi sjóð. Slíkt kerfi stenst ekki og mundi einhvers staðar vera kallað svínarí. Þess vegna ber hið fyrsta að hverfa frá núverandi söfnunarkerfi og taka upp nýtt lífeyrisgreiðslukerfi sem mætir þörfum tryggingarþega miðað við hinar hröðu og óvissu breytingar sem hafa verið og eru í efnahags- og peningalífi þjóðarinnar. Jafnframt þurfa allir landsmenn að njóta sama réttar til ellilífeyris á grundvelli ævitekna og tekjuhlutfalls, óháð því hvar þeir starfa. Þá eiga allar konur að njóta fulls og sama réttar til ellilífeyrisgreiðslna án tillits til stöðu, eins og ég gat um í upphafi máls míns, en í fullu samræmi við ævitekjur, sem geta verið annað tveggja til orðnar vegna vinnu utan heimilis eða innan þess. Sú kerfisbreyting í lífeyrismálum, sem hér er gerð tillaga um, tryggir konum, er vinna heimilisstörf, ellilífeyri á grundvelli tekna heimilisins. Felur það í sér mikla og sjálfsagða réttarbót og því misrétti útrýmt sem ríkt hefur í þessum efnum. Vísa ég til þeirra útreikninga, sem fylgja með frv. um það, með hvaða hætti þetta getur gerst.

Það er svo sjálfsagt og eðlilegt mál, með tilliti til þess álagningargrundvallar, sem þetta kerfi gerir ráð fyrir, gegnumstreymiskerfis, en það byggist á tekjum manna á hverjum tíma, að ellilífeyrir miðist við ævitekjur. En frv. gerir ráð fyrir ákveðnu lágmarki og ákveðnu hámarki, enginn fer upp fyrir ákveðið þak og þakið er margfeldi lágmarksins. Gerir frv. ráð fyrir að það sé þrefalt, en ég kem að því nánar á eftir.

Í stuttu máli má segja að markmið frv. í meginatriðum séu þessi:

1) Að tryggja öllum, sem eru komnir á ellilífeyrisaldur, að lokinni starfsævi viðundandi og mannsæmandi lífsviðurværi.

2) Að veita örorkulífeyrisþegum öryggi og viðunandi tryggingarbætur.

3) Að auka barnalífeyri og bæta aðstöðu þeirra sem verr eru settir í þjóðfélaginu.

4) Að tryggja konum fæðingarlaun.

5) Að einfalda lífeyriskerfi þjóðarinnar og útrýma misrétti.

Við framkvæmd frv. sem þessa vakna að sjálfsögðu upp margar spurningar. Hvað telst vera starfsævi og hvenær er henni lokið? Hvað er viðundandi lífsviðurværi? Hvernig er unnt að meta vinnuframlag einstaklings og hvernig á að tengja lífeyri þessu framlagi o. s. frv.? Afbrigði hljóta að vera mörg, en meginreglan hlýtur að vera sú, að viðmiðanir byggist á því er lýtur að meðaleinstaklingi. Almennt hlýtur að mega líta svo á, að starfsævi einstaklinga hefjist við 16 ára aldur, hvort sem starfið er fólgið í námi eða annarri vinnu. Samkv. reglugerðum flestallra lífeyrissjóða hefjast iðgjaldagreiðslur við 16 ára aldur. Hvenær starfsævi lýkur hlýtur ávallt að vera mjög einstaklingsbundið. Sumir halda starfsþreki til

sextugs — eða skemur ef veikindi eða slys ber að höndum, en aðrir allt til áttræðs. Hin almenna regla í reglugerðum lífeyrissjóðanna er nú að miða við það, að taka ellilífeyrs hefjist við 67 ára aldur. Hins vegar er gert ráð fyrir, að taka ellilífeyris geti hafist síðar, til þess að koma til móts við óskir og þarfir einstaklinga er þannig kann að vera ástatt um, að þeir vilji gegna fullu starfi lengur og ávinna sér meiri ellilífeyrisréttindi.

Viðunandi lífsviðurværi getur verið mjög teygjanlegt hugtak og getur menn greint á um það. Ljóst er þó að þarfir einstaklings að lokinni starfsævi eru aðrar og minni en þess sem er á miðri ævi. Hann þarf ekki að standa straum af kostnaði vegna atvinnu, umsvif eru minni, framfærslu barna er lokið o. s. frv. Með tilliti til þessa hefur verið talið hæfilegt að áætla að einstaklingur þurfi um 60% af meðaltekjum sínum um ævina til viðunandi lífsviðurværis á núgildi þegar ellilífeyristaka hefst, lífeyririnn verði síðan verðtryggður samkv. þeim hugmyndum sem frv. segir til um og ég vík að hér á eftir.

Þá er rétt að víkja að því, að margir tæknilegir örðugleikar eru á því að meta vinnuframlag einstaklings til þjóðarbúsins og hvernig lífeyrir skuli vera háður því. Verðbólga og hagsveiflur útiloka að unnt sé að meta vinnuframlag beint út frá tekjum einstaklings á hverjum tíma. Þetta vandamál má leysa með því að tengja tekjur ákveðnum vísitölum, t. d. með því að finna hlutfall tekna einstaklingsins og meðaltekna allra landsmanna. En þá rísa aftur upp vandamál vegna tekjulausra stétta. Sérhver viðleitni til að meta vinnuframlag þessara hópa krefst þess vegna flókinna reglna, en flóknar reglur fela oft í sér hættu á misnotkun. Þess vegna er í þessu frv. stuðst við reglur um upphæð lífeyris, sem eru einfaldar í framkvæmd og gefa allgóða mynd af vinnuframlagi einstaklingsins til þjóðfélagsins. Að auki hafa þessar reglur í sér fólgnar lágmarks- og hámarkslífeyrisgreiðslur. Með þessum hætti er leitast við að stuðla að sanngjarnri tekjudreifingu gagnvart ellilífeyrisþegum.

Ég vil þá víkja nokkuð að lífeyrisgreiðslum og lágmarksellilífeyri og útskýra nokkuð þann reikningslega grundvöll sem felst í því sem frv. gerir ráð fyrir í sambandi við þessar greiðslur.

Þá er þess fyrst að geta, að lífeyrisgreiðsla samkv. frv. er háð tveim atriðum. Í fyrsta lagi byggist greiðsla á tekjum einstklings um ævina og er lífeyrisprósentan mælikvarði á vinnuframlag hans. Í öðru lagi er greiðslan háð svokölluðum vísitekjum, þ. e. verðtryggingu. Lífeyrisprósentan er meðaltal tekjuhlutfalla einstaklings um starfsævina leiðréttra. Prósentan er því mælikvarði á það, hvað einstaklingurinn hefur haft að meðaltali í tekjur um ævina samanborðið við samtíðarmenn sína, og vísa ég til þess, sem segir um þetta í frv. frá og með bls. 14, þar sem hv. þm. sjá útreikningana.

Leiðrétting tekjuhlutfallanna, hækkun í 0.5 eða lækkun í 3.0, ef þau eru undir 0.5 eða yfir 3.0, er tilraun — ég endurtek: er tilraun til að meta vinnuframlag hinna tekjulitlu eða tekjulausu, og um leið stuðlar hún að tekjujöfnun, því að þeir, sem hafa mjög háar tekjur, greiða af lífeyri sínum til hinna sem eru mjög tekjulágir. Þetta á að tryggja að enginn fái lægri lífeyri en sem nemur 30% af vísitekjum eða helming meðallífeyris.

Samkv. þessu frv. og eins og útreikningar bera með sér skipta hjón með sér þeim lífeyrisréttindum sem þau afla í sambúðinni, enda er erfitt að meta sérstaklega vinnuframlag þess, er vinnur á heimilinu, og hins aðilans, sem aflar tekna utan heimilisins. Um það hljóta allir að vera sammála í nútímaþjóðfélagi. Þessi tilhögun stuðlar að frekara jafnrétti kynjanna, þar sem húsmóðirin hefur til þessa búið við skarðan hlut. Með hliðsjón af þessu er óþarft að hafa sérstök ákvæði um makalífeyri í frv.

Á grundvelli skattframtala er tekjuhlutfallið fundið út. Þetta fyrirkomulag hlýtur að stuðla að því, að skattframtöl verði nákvæmari.

Með vísitekjum er gerð tilraun til að meta meðaltekjur á hverjum tíma til þess að lífeyrir hækki í hlutfalli við aðrar tekjur. Lífeyrisþegar eiga með þessum hætti að vera tryggðir gegn áhrifum verðlagshækkana og verðbólgu.

Það, að lífeyrisprósentan í elli- og örorkulífeyri er ævitekjuhlutfallið margfaldað með 60%, þýðir að ellilífeyrisþeginn fær 60% af meðaltekjum sínum verðtryggð í lífeyri. Sá, sem aldrei hefur haft neinar tekjur, fær ævitekjuhlutfallið 0.5 og þar með lífeyri sem er 30% af meðaltekjum á hverjum tíma.

Ég held að ég fari nú ekki mjög mikið út í reikningsleg atriði í sambandi við þetta frv. Þó er nauðsynlegt að fjalla um þessi atriði nokkuð til þess að grundvallarhugsun þess komi fram, og einnig er nauðsynlegt að drepa hér örlítið á þau dæmi sem eru tekin til þess að gefa einhverja hugmynd um hvernig lífeyrisgreiðslur yrðu samkv. þessu frv. Forsendur þeirra útreikninga hafa fengist með þeim hætti sem hér segir:

Við útreikningana er stuðst við gróft mat á vísitekjum í okt. 1978, þannig að allar tölur, sem með þessu frv. eru, eru færðar upp til dagsins í dag. Samkv. upplýsingum Ólafs Davíðssonar hagfræðings hjá Þjóðhagsstofnun munu bruttótekjur hafa verið 237 milljarðar og 364 millj. kr. samkv. framtölum árið 1977. Tala framteljenda var 112 870. Þar af voru giftir 44 032. Ekki er kunnur fjöldi lífeyrisþega né tekjur þeirra. Þó má álykta út frá tölum ársins 1976, en þá var fjöldi lífeyrisþega (framteljenda) 13 436 og höfðu þeir 9343 millj. kr. í tekjur. Sé gert ráð fyrir fjölgun þeirra um 2% og sömu hækkun á tekjum þeirra og almennt, má áætla að þeir hafi verið 13 700 árið 1977 og hafi haft um það bil 13 900 millj. kr. í tekjur. Þannig má áætla að fjöldi framteljenda á aldrinum 16—66 ára hafi verið 137 850 árið 1977 og hafi haft að meðaltali í tekjur árið 1977 1621 þús. kr. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 59% frá 1. júlí 1977 til 1. okt. 1978. Vísitekjur samkv. 17. gr. voru því nálægt 2 millj. 580 þús. kr. í okt. í ár, þ. e. a. s. núna, eða 215 þús. kr. á mánuði. Þetta eru hinar reikningslegu forsendur eða grundvöllur þeirra útreikninga sem dæmin eru byggð á sem hv. þm. sjá á bls. 14, 15, 16 og 17 í meðfylgjandi frv.

Svo að farið sé fljótt yfir sögu í þessum dæmum, en þau skýra sig vel sjálf, sést að launamaður, einhleypur, sem er með ævitekjuhlutfallið 1 fengi samkv. framangreindu 129 þús. kr. í ellilífeyri á mánuði. Launamaður með tekjuhlutfall á grundvelli fyrra dæmis, sem væri kvæntur, fengi ellilífeyri sem væri 104 þús., en eiginkonan 99 þús., en samtals fengju hjónin 203 þús. kr. á mánuði. Launamaður samkv. *þriðja dæmi, þar sem bæði hjónin eru útivinnandi*, en eiginkonan var við heimilisstörf fyrstu 5 árin eftir giftingu, — Samanlagður lífeyrir slíkra hjóna yrði um 249 þús. kr. á mánuði miðað við núgildi. Svona mætti áfram telja, en ég vísa til þeirra dæma sem koma fram í grg. með frv.

Hæsta greiðsla í sambandi við ellilífeyri á grundvelli

þessara útreikninga, sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. hljóti að vilja kynna sér vel, — hæsta lífeyrisgreiðsla til hjóna, þar sem um væri að ræða hjón sem hefðu unnið úti allan tímann og bæði verið í góðri stöðu, yrði 393 þús. kr. á mánuði. Geri ég ráð fyrir að það sé fyrir neðan það sem sumir hafa nú í dag sem taka ellilífeyri úr mörgum lífeyrissjóðum og það verðtryggðum. En ég ætla ekki að ræða um þann ósóma í sambandi við þetta frv. Mér finnst það vanhelga málið að þurfa að minnast á það, að hv. alþm. hafi ekki leiðrétt þau mál fyrir löngu, þar sem það lýtur því miður að allt of mörgum sem hafa gengið í gegnum þessa stofnun. En sem sagt, með þessu atriði er verið að reyna að þjóna réttlæti og tekjujöfnuði og koma í veg fyrir að menn taki ellilífeyri úr mörgum verðtryggðum sjóðum, þeir taki hann úr einum sjóði og enginn hafi meira en þrefeldi lágmarksins.

Um fæðingarlaun get ég verið stuttorður. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að færa fæðingarlaunin frá Atvinnuleysistryggingasjóði yfir í tryggingakerfið, með að sjálfsögðu ákveðnum leiðréttingum sem eru til bóta og tryggja betur stöðu kvenna sem við slíkt ástand búa sem hér um ræðir. En á grundvelli núgildandi laga eru þessar tryggingar ekki fullnægjandi. Þær eru því miður allt of skertar.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að iðgjaldagreiðslum.

Grundvallaratriði þessa frv. varðandi tekjuöflun til þess að fullnægja þeim tryggingarskuldbindingum, sem í frv. felast, er að á hverjum tíma sé lagt á iðgjald sem mæti þeim tryggingargreiðslum sem lífeyrissjóðurinn á að inna af hendi. Tryggingafræðingum yrði falið það verkefni sérstaklega að reikna út iðgjaldið á grundvelli tölfræðilegra upplýsinga þar að lútandi.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir að iðgjald til Lífeyrissjóðsins verði ákveðin prósenta af heildartekjum einstaklings. Þetta verður að teljast eðlilegt þar sem lífeyrir er einnig háður heildartekjum. Þá er sá háttur á hafður, að viðkomandi einstaklingur greiði allt iðgjaldið sjálfur, en ekki vinnuveitendur að hluta eins og nú tíðkast. Hins vegar er gert ráð fyrir því — og ég undirstrika það — að laun hækki sem nemur iðgjaldaprósentu vinnuveitandans í núverandi kerfi lífeyrissjóða, þannig að dæmið gengur upp. Í dag mun hin almenna regla um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðina vera sú, að vinnuveitandi greiði 6% af launum viðkomandi starfsmanns, en starfsmaður sjálfur 4%, eða báðir samtals 10%. Þó eru dæmi þess, að iðgjaldagreiðslur séu hærri, svo sem hv. þm. vita. Þessi háttur á iðgjaldagreiðslu er eðlilegri en sá að hafa iðgjaldagreiðsluna tvískipta, auk þess sem hann gefur viðkomandi mönnum betra tækifæri til að fylgjast með þróun þessara mála og hugsanlegum breytingum. Þá mun iðgjaldið verða að fullu frádráttarbært til skatts hjá viðkomandi einstaklingi eins og nú er með hans eigin greiðslu.

Ég held að ég fari ekki út í að ræða um þá útreikninga sem lúta að iðgjaldaprósentu. Þeir eru augljósir. Ég vísa til þess sem stendur á bls. 18 í grg. með frv. varðandi útreikningana. En í stuttu máli er það að segja, að á grundvelli þeirra forsendna, sem þar eru gefnar, og þess, sem fyrr hefur verið sagt, má búast við að væntanlegt iðgjald vegna þeirra trygginga, sem þetta frv. nær til, þyrfti að vera 12.2% af heildartekjum allra einstaklinga í landinu.

Þá mun ég víkja að öðru atriði sem hefur geysimikla þýðingu í tengslum við þetta mál. Það er það atriði, að raunverulega væri hægt að létta af öllum skattgreiðendum tekjuskattinum, ef þetta frv. næði fram að ganga og sá háttur væri upp tekinn sem það gerir ráð fyrir.

Ég vek athygli á því aftur, að nú greiða vinnuveitendur 6% í hina ýmsu lífeyrissjóði vegna starfsmanna sinna og óbeint 1.5% til Tryggingastofnunarinnar. Launafólk greiðir sjálft beint í lífeyrissjóðinn 4% af dagvinnutekjum. Auk þess greiða þessir aðilar sameiginlega háar upphæðir í formi skatta til Tryggingastofnunar til að mæta ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyrisgreiðslum.

Ef við lítum á reikninga Tryggingastofnunar ríkisins kemur í ljós eftirfarandi fyrir árið 1977 — þarna er greint frá tölum á árinu 1972, en ég tek árið 1977 sérstaklega: Bætur vegna elli, örorku og dauða voru 12 milljarðar 211 millj. kr. Tekjur sama tímabil voru: Iðgjöld atvinnurekenda 1 milljarður 829 þús. kr., framlag ríkissjóðs, þ. e. a. s. skattlagning, 10 milljarðar 790 millj. kr., samtals 12 milljarðar 619 millj. kr. Ef frv. þetta um Lífeyrissjóð Íslands verður að lögum fellur stór hluti framangreindra iðgjaldagreiðslna niður sem og framlög ríkissjóðs, en í þess stað mætir reiknuð iðgjaldaprósenta þeim tryggingargreiðslum sem hér um ræðir.

Þá vil ég fara örfáum orðum um núverandi lífeyrissjóði, iðgjöld og lífeyrisgreiðslur.

Á síðustu árum hafa eignir lífeyrissjóða vaxið hröðum skrefum. Meginástæða hinnar miklu aukningar var auðvitað stofnun almennu lífeyrissjóðanna sem hófu starfsemi sína 1. jan. 1970 á grundvelli samnings aðila vinnumarkaðarins frá 19. maí 1969. Við það bættust um 25 þús. manns við hóp starfandi sjóðfélaga. Fyrir voru sjóðfélagar í öðrum sjóðum sem hér segir: Í lögboðnum lífeyrissjóðum 11 500, í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga utan ASÍ 1500, í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga innan ASÍ 7000, samtals 20 000. — Ég vil leyfa mér að gera þá leiðréttingu við 9. lið, þar sem segir: „Á síðustu 5 árum“ — það á að vera: „Á síðustu 8 árum.“

Fjöldi lífeyrissjóðsfélaga í ársbyrjun 1970 mun því hafa verið um 45 þús. manns. Ekki liggja fyrir óyggjandi tölur um fjölda lífeyrissjóðsfélaga í öllum lífeyrissjóðum landsmanna í dag. En segja má að meginþorri þess fólks, sem er í stéttarfélögum innan ASÍ, séu aðilar að einhverjum lífeyrissjóði og sumir að mörgum. Þá er bankastarfsfólk og starfsmenn hins opinbera — ríkis, bæjar- og sveitarfélaga — aðilar að lífeyrissjóðum o. s. frv.

Enn sem komið er hefur ekki verið komið á fót stofnun sem safnar nákvæmum upplýsingum um þróun og starfsemi lífeyrirssjóða. Af þeirri ástæðu er erfitt um vik að birta nýjar og haldgóðar tölfræðilegar upplýsingar um sjóðina. Á síðustu árum hefur þó Seðlabanki Íslands reynt að safna saman upplýsingum um sjóðina. Hefur bankinn síðan birt þær reglulega í Hagtölum mánaðarins. Þá vinnur Samband almennra lífeyrissjóða, sem er samband flestra lífeyrissjóða aðildarfélaga ASÍ, að upplýsingasöfnun um þessa sjóði. Landssamband lífeyrissjóða, sem er myndað af flestum eldri sjóðum atvinnulífsins og sjóðum sveitarfélaga, innir af hendi hliðstætt starf fyrir aðildarsjóði sína.

Samkv. upplýsingum frá þessum aðilum munu eignir lífeyrissjóða landsmanna hafa verið í árslok 1977 um 42 milljarðar kr. Ráðstöfunarfé þessara sömu sjóða á sama ári mun hafa verið um 12 milljarðar 450 millj. Iðgjöld munu hafa verið um 11 milljarðar, lífeyrisgreiðslur um 3 milljarðar og 350 millj.

Ég vek athygli hv. þm. á því, ef litið er á töflur á bls. 20 og 21 yfir eignir, ráðstöfunarfé, iðgjöld og lífeyrisgreiðslur, hvað aukningin er geysilega mikil núna síðustu 2—3 árin. Og þessi aukning á eftir að verða enn meiri á næstu árum.

Ef við lítum á það, hvernig þetta fé er nýtt með tilliti til þeirra trygginga sem hér um ræðir, þá kemur í ljós að lífeyrisgreiðslur sem prósentuhluti af eignum sjóðanna var á árinu 1977 aðeins 7.98%. Sé aftur litið á þetta sem prósentuhluta af iðgjöldum sjóðanna er það um 30.45%, og sé litið á það sem hluta af ráðstöfunarfé, þá er það 26.91% árið 1977. Ef litið er á tölurnar í heild sést að þessar hlutfallstölur taka yfirleitt ekki miklum breytingum.

Af þessu sést greinilega að um 1/4 hluta árlegra tekna sjóðanna er varið til lífeyrisgreiðslna, en aðeins 6—7% miðað við heildareignir þeirra. Legg ég áherslu á það vegna þess sem á eftir kemur í sambandi við þá hugmynd að breyta núverandi lífeyrissjóðum, í lánasjóði eftir að ákveðnar iðgjaldagreiðslur, sem væru nokkurs konar stofnframlag í nýja sjóðinn, hefðu verið dregnar frá. En þess vegna er það augljóst mál, að meginhluta fjármagns lífeyrissjóðanna í dag er varið til útlána og er stór hluti lánanna óverðtryggður. Þó varð nokkur breyting á þessu til batnaðar eftir að frv. um skuldbindingu lífeyrissjóða til að verðtryggja um 40% af ráðstöfunarfé sínu var samþykkt hér á hv. Alþ. í des. s. l.

Fyrrnefndar meðaltölur segja þó mjög takmarkaða sögu um raunverulegar lífeyrisgreiðslur einstakra sjóða. Eru þær afar mismunandi og stafar af því, að áunnin réttindi eru misjafnlega mikil með tilliti til aldurs sjóðanna og mögulegrar aðildar fólks að þeim. Vil ég vekja sérstaka athygli hv. þm. á þessu vegna þeirra umr. sem ég geri ráð fyrir að eigi eftir að verða á hv. þingi í vetur um þessi mál, bæði í tenglsum við þetta frv. og væntanlega aðrar hugmyndir sem lagðar verða fram á þessu þingi. Vara ég alvarlega við því, að menn taki ekki tillit til sjóðanna í þeirri mynd, sem þeir eru í dag, og þess hugsanlega vilja fólksins, sem hefur myndað þessa sjóði, um frekari notkun þeirra í framtíðinni.

Sem dæmi má nefna — og ég vil undirstrika það — að sumir hafa farið fyrr í það að stofna lífeyrissjóð en aðrir. Það fólk, sem hóf gönguna á undan öðrum, á fullan rétt til þeirra eigna sem það hefur myndað í lífeyrissjóðunum. þannig að allar hugmyndir, sem síðar kynnu að koma fram um hægfara þróun í þessu máli sem fæli í sér óbeina þjóðnýtingu eða eyðingu þeirra eigna sem viðkomandi fólk á í þessum sjóðum, hljóta að vera forkastanlegar.

Eg vek athygli á því, að starfsmenn samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi stofnuðu með sér lífeyrissjóð þegar á árinu 1939. Ég vek athygli á því, að verslunarfólk og fólk, sem vinnur við þjónustustörf, stofnaði sinn lífeyrissjóð árið 1956. Almennu sjóðirnir komu hins vegar ekki til skjalanna fyrr en 1970. Og þá er vert að vekja athygli á því, að aldursskipting milli einstakra stétta er mjög mismunand. Í hinum svonefndu nýju stéttum, sem myndast hafa um og eftir 1940, þ. e. a. s. eftir að Ísland þróaðist í það að verða nútímaþjóðfélag í merkingu þess orðs — í þessum svonefndu nýju stéttum sem þróuðust upp úr þeirri byltingu sem varð í íslensku atvinnulífi og þjóðfélagi um 1940, er tiltölulega ungt fólk. Fjölgun í þeim hefur mest orðið á síðustu tveim áratugum. Hið sama má segja um ýmsa hópa menntamanna og sérfræðinga. Mikið fé safnast fyrir í þessum sjóðum og er greiðslubyrði þeirra vegna lífeyristrygginga lítil. Hins vegar er mikill fjöldi fólks úr eldri starfsstéttum, eins og t. d. verkamenn og verkakonur, nú þegar kominn á ellilífeyrisaldur, en þetta fólk er með tiltölulega nýja lífeyrissjóði. Þeir eru aðeins 8 ára. Þessir sjóðir greiða þess vegna sáralítinn lífeyri til þessa fólks. Þar við bætist að það fólk, sem myndar meginkjarnann í hinum almennu lífeyrissjóðum verkafólks og eldri starfsstétta, er tiltölulega fullorðið fólk. Greiðslubyrði þessara lífeyrissjóða getur því orðið mikil innan tíðar og óvíst hvort þeir geta staðið við skuldbindingar sínar í óbreyttu formi og enn síður ef þeir yrðu að greiða verðtryggðan ellilífeyri.

Með samkomulaginu frá því 1976 tóku aðrir sjóðir þátt í að greiða verðtryggingu þessara sjóða. Og það var ekki óeðlilegt með tilliti til þess, að forustumenn þeirra sterku sjóða, sem yngra fólkið myndar, leit á það sem algert bráðabrigðaástand, — sem mundi ekki vara lengur en til ársloka 1979, enda lá það fyrir til síðustu alþingiskosninga, að þáv. ríkisstj. var búin að láta vinna í nefnd hugmyndauppkast að lagafrv. sem hefði verið lagt fyrir þetta þing nú í upphafi ef þeirri stjórn hefði enst aldur. Þetta frv. gerði ráð fyrir því, að nýtt kerfi tæki við árið 1980 og byggðist m. a. á ákveðnu gegnumstreymi.

Til þess að skýra enn betur, hvað átt er við þegar talað er um gömlu sjóðina og nýju sjóðina og aldursskiptingu og aldursdreifingu, vil ég skýra frá því, að árið 1976 voru iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 73% hærri en iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar sem er samt mjög stór sjóður. Aftur á móti var uppbótin vegna samkomulags lífeyrissjóðanna 620% hærri fyrir lífeyrisþega Dagsbrúnar en til lífeyrisþega sem heyra undir Lífeyrissjóð verslunarmanna. Þannig skiptir aldursdreifing hinna einstöku sjóða verulega miklu máli í þessu sambandi. En það þýðir aftur á móti ekki að hægt sé að ganga algerlega á stofn þessara sjóða með slíkri eignatilfærslu eins og gert hefur verið að vissu leyti frá því 1976, því að sú tilfærsla á sér ákveðin takmörk.

Þá vil ég víkja sérstaklega að þeim kafla, sem heitir: „Breyting núverandi lífeyrissjóða í lánasjóði", en sá kafli hefur tekið mestum breytingum frá því frv. sem ég lagði fram í ársbyrjun 1976. Tel ég þann kafla og þær greinar lagafrv. hvað mikilsverðastar í þessu nýja frv. auk þeirra atriða sem ég hef þegar fjallað um.

Núverandi lífeyrissjóðir eru myndaðir af iðgjöldum sjóðfélaga með sameiginlegum greiðslum vinnuveitenda 6% og starfsmanna 4% eða samtals 10% af launum. Hér er um lögverndaðan sparnað að ræða. Með stofnun Lífeyrissjóðs Íslands á gegnumstreymisgrundvelli, þar sem álögð iðgjöld mæta raunverulegri tryggingaþörf á hverjum tíma, þarf að taka afstöðu til þeirrar uppsöfnunar fjármagns sem átt hefur sér stað í núverandi lífeyrissjóði. Lífeyrissjóður Íslands samkv. þessu frv. mun í framtíðinni greiða öllum landsmönnum lífeyri, ef frv. þetta verður samþykkt og í flestum tilfellum mun hærri lífeyri en núverandi sjóðir gera. Því þykir ekki rétt að mati flm. að láta sjóðina renna inn í væntalegan lífeyrissjóð, heldur verði þeim breytt í lánasjóði í vörslu og eigu þeirra aðila, sem hafa myndað sjóðina, og þá með þeim fyrirvara, að gert er ráð fyrir því í 18. gr. frv., að lífeyrissjóðirnir greiði stofnframlag sem svarar 5 mánaða iðgjaldatekjum.

Núverandi lífeyrissjóðir gegna veigamiklu hlutverki í peningakerfi þjóðarinnar — það er staðreynd — auk

þess sem þeir hafa geysimikla þýðingu í húsnæðismálum. Það er stefna flm. þessa frv., að ekkert það sé gert sem skerði möguleika fólksins á sviði húsnæðismála. Með því að breyta lífeyrissjóðnum eða höfuðstólnum, sem eftir er þegar búið er að draga frá 5 mánaða iðgjöld, geta þessir sjóðir í nánustu framtíð fullnægt því hlutverki sem þeir hafa gegnt á undangengnum árum, höfuðstóllinn er orðinn það stór. Þá er einnig hugsanlegt að aðilar komi sér saman um ákveðnar greiðslur, t.d. 1% af dagvinnulaunum, sem skuli renna í þessa sjóði og útlánareglur þeirra verði víkkaðar þannig að lánað verði bæði til sjóðfélaga og þeirra fyrirtækja er standa á bak við sjóðina. Eðlilegt er að hinum nýju lánasjóðum verði af hinu opinbera settar ákveðnar reglur um starfsemi og lánveitingar, en þó ættu það aðeins að vera leiðbeiningar, an aðilum hins vegar frjálst að gera með sér samkomulag um það að öðru leyti. Verður það þá að sjálfsögðu gert þannig af hálfu hins opinbera, að haft verður fullt samráð við viðkomandi eignaraðila. En ég lít þannig á og við flm. — og meira en það, það er lagaleg staðreynd, að sjóðfélagar í hinum sjálfstæðu lífeyrissjóðum eru eignaraðilar að þeim ásamt þeim öðrum sem taka þátt í myndun sjóðanna. Gert er ráð fyrir að þátttaka í þessum lánasjóðum, sem frv. gerir ráð fyrir, verði frjáls.

Þá er það einnig nýmæli í þessu frv. frá fyrra frv., að þar var ekki gert ráð fyrir að aðrir lífeyrissjóðir væru starfræktir. Við gerum hins vegar ráð fyrir því, að ekki verði bannað að lífeyrissjóðir verði starfræktir áfram, þá annaðhvort í fyrra formi eða þá í nýrri og breyttri mynd, heldur séu settar strangar reglur um starfsemi þeirra, sem komi í veg fyrir að þeir geti orðið gjaldþrota. Af liðum a og b í 41. gr. leiðir að sjóðirnir verða að ávaxta fjármagn sitt verðtryggt. Þessar greinar segja auk þess, að lífeyrinn verður að lækka miðað við núverandi reglur eða iðgjald að hækka ef þörf krefur. Þá segir einnig í 41. gr., að hlutverk Lífeyrissjóðs sé að taka á sig áhættu af dauða, örorku og elli. Einnig er þar kveðið á um ákveðna lágmarksstærð lífeyrissjóða, og það er gert til þess að tryggja nægilega dreifingu áhættu, sem ég held að menn hafi yfirleitt ekki tekið nægilega vel til greina þegar þeir hafa verið að fjalla um lífeyrissjóðamál og hafa stofnað til lífeyrissjóða.

Herra forseti. Ég fer nú að stytta mál mitt, en vil þó að lokum drepa nokkuð á það sem við nefnum fjármálalegar afleiðingar frv., en það er veigamikið atriði í flutningi þessa máls, ekki hvað síst með tilliti til þess, hvar við erum á vegi staddir í sambandi við fjármál ríkisins og skattamál almennt.

Ljóst er að verði frv. þetta að lögum munu verða miklar breytingar á fjárhagsstreymi. T. d. hætta þær greiðslur sem ríkissjóður greiðir til Tryggingastofnunar ríkisins. Þá minnka væntanlega iðgjaldagreiðslur til þeirra lífeyrissjóða sem nú starfa. Þá hætta greiðslur ríkissjóðs á verðtryggingu lífeyris opinberu sjóðanna, þar sem tekjur koma í staðinn með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Og smærri breytingar verða á greiðslum ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs til Umsjónarnefndar eftirlauna og greiðslu þess síðarnefnda til fæðingarorlofs. Mesta breytingin er svo tekjur og gjöld Lífeyrissjóðs Íslands. Hér vil ég gera tilraun — og vek athygli á því sem segir á bls. 23 — til þess að meta hvernig fjárstreymi ársins 1977 hefði breyst, ef frv. svipaðs eðlis og þetta er hefði verið orðið að lögum og verið framkvæmt á þessu ári.

Ef við lítum fyrst á framlag ríkissjóð til lífeyristryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, kemur í ljós að það er á þessu ári 9.8 milljarðar. Verðtrygging ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og fleiri sjóða er 1.3 milljarður. Það væri umhugsunarefni fyrir hv. þm. að kynna sér nokkuð hvernig sá sjóður er upp byggður, með tilliti til í fyrsta lagi þeirrar verðtryggingar, sem ákveðin er og samþykkt er í fjárl. á hverjum tíma með tilliti til þess, hversu há prósenta iðgjöld viðkomandi sjóðfélaga eru borið saman við heildargreiðslur, og ekki hvað síst með tilliti til þess, hvernig árlega er færður upp falskur höfuðstóll í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. — Í þriðja lagi er framlag ríkissjóðs til Umsjónarnefndar 0.1 milljarður, framlag atvinnuleysistrygginga til Umsjónarnefndar 0.2 milljarðar, greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs til fæðingarorlofs 0.3 miljarðar, framlag atvinnurekenda til Lífeyristrygginga Tryggingastofnunar ríkisins 1.8 milljarðar, framlag atvinnurekenda til lífeyrissjóða (6%) áætlað 6.6. milljarðar, iðgjöld launþega til lífeyrissjóða (4%) áætluð 4.4 milljarðar. Samtals eru þetta 24.5 milljarðar.

Samtals voru greiðslur 1977: Tryggingastofnun ríkisins 11.5 milljarðar, Lífeyrissjóður (áætlað) 3.4 milljarðar. Umsjónarnefnd eftirlauna 0.3 milljarðar, samtals 15.2 milljarðar. Fæðingarorlof var samtals 0.3 milljarðar. Brúttótekjur fólks á aldrinum 16—60 ára námu ca. 223.5 milljörðum árið 1977. Þegar reiknað er iðgjald vegna þessa frv., áætlað 12.2%, eru heildartekjur 27.3 milljarðar. Meðalvísitekjur samkv. fyrrgreindum útreikningum voru 1 millj. 422 þús. kr. en meðaltekjur voru aftur á móti 1 millj. 625 þús. kr. Mismunurinn stafar af hækkun launa umfram hækkun framfærslukostnaðar sem ákvarðar vísitekjur. Lífeyrir hefði því orðið til 19 þús. ellilífeyrisþega: Ellilífeyrir 60% af 1422 þús. sinnum 19 þús. = 16.2 milljarðar. Örorkulífeyrir, maka- og barnalífeyrir 8.1. milljarður. Fæðingarlaun 1 milljarður. Útgjöld samtals hefðu því orðið 25.3 milljarðar og tekjur umfram gjöld 1.9 milljarðar kr. Vísa ég til þess sem segir í aths. við þessa tölu, að þessi fjárhæð stafar af því, að vísitala framfærslukostnaðar, en lífeyrir fylgir henni, hækkaði minna laun. Það hefði verið nóg að hafa iðgjaldaprósentuna 11.33% í stað 12.15% árið 1977.

Samkv. þessu er augljóst mál, að frv. þess eðlis sem hér er, ef í gildi hefði verið, hefði getað létt af skattborgurunum upphæð sem er svipuð að stærð og tekjuskatturinn er eða um 11 100 millj. kr. samkv. fjárl 1977. Auk alls þess góða, sem fylgir því að breyta lífeyrissjóðakerfinu, sem við höfum í dag, yfir í það einfalda og réttláta form sem við flm. mælum hér með, er þessi möguleiki fyrir hendi. En til þess þarf auðvitað vilja og kjark, og ég held að hv. þm. og hv. Alþ. hljóti að verða að hafa forustu í þessum málum, og endurtek ég það sem ég sagði 1976, að það eru takmörk fyrir því, hvað hv. alþm. og þeir, sem bera ábyrgð á málefnum þjóðarinnar, geti leitað mikið út fyrir sínar raðir til að taka ákvarðanir í meiri háttar málum. Til þess eru nú hv. alþm. kjörnir, að þeir þori og hafi vilja til þess að stjórna þjóðinni og taka ákvarðanir. Hér er að mínu mati á ferðinni mál sem er þess eðlis, að það verður aldrei leyst nema hv. Alþ. höggvi á hnútinn og menn þori að taka afstöðu. Að vísu — og ég hef tekið það fram fyrr í minni framsögu — ber að hafa samráð við aðila sem hafa fjallað um þessi mál, og auðvitað ber að hafa samráð við þá sem eru eignaraðilar að þeim lífeyrissjóðum sem nú eru. Það er augljóst mál. En loka-

ákvörðun og lokastefnu verður að taka innan sala Alþ., vegna þess að ef hv. þm. vilja skoða þetta frv., þá felast í því margir þættir og hver þáttur og hver kafli er raunverulega þess eðlis, að þeir hljóta að framkalla margar skoðanir. Það er hér um bil útilokað að ná fram einni sameiginlegri skoðun þannig að allir verði ánægðir.

Ég held að ég láti þá útskýringum lokið varðandi frv. í heild. En ég vil aðeins endurtaka það og fara yfir það að lokum, að samkv. frv. er því skipt í ákveðna meginkafla, eins og hv. þm. sjá. I. kaflinn er um skipulag og stjórn. Þar kemur margt til álita í sambandi við það, hverjir skuli skipa tryggingarráð og hvernig stjórn skuli háttað. Hér hefur verið leitast við að setja það upp með þeim hætti að flestir þeir aðilar hefðu hér aðild að sem um þessi mál hafa fjallað á undangengnum árum og hafa vissulega eða sennilega haft frumkvæði í þessum efnum. II. kaflinn er um lífeyristryggingarnar, sem ég hef þegar útskýrt fyrir hv. þm. hvernig til eru orðnar, III. kaflinn um ellilífeyri, IV. um örorkulífeyri, V. um barnalífeyri, VI. um fæðingarlaun, VII. kafli um tekjur í VIII. kafla eru önnur ákvæði varðandi útreikninga og IX. kafli er síðan um hina almennu lífeyris- og lánasjóði, og er það breyting frá því frv. sem flutt var hér í ársbyrjun 1976.

Við flm. væntum þess að sjálfsögðu, að frv. fái góðar undirtektir hér í d. og á Alþ. og það nái fram að ganga og verði samþykkt sem lög. Við teljum að með því mundi mikill sigur vinnast í þessu mesta réttlætismáli ellilífeyris- og örorkuþega í landinu.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil nú fyrst láta það álit mitt í ljós, að ég tel framtak hv. 1. flm., hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar, mjög lofsvert. Ég taldi framtak hans lofsvert 1976 og ég tel framtak hans lofsvert nú og sorglegt satt að segja að ekki skuli hafa verið hlustað á hann meira 1976.

Vegna þessa máls þykir mér við hæfi að skýra hv. deild frá því, hvernig þessi mál standa, hvað er verið að gera í þeim.

Þá er fyrst til að taka, að væntanlegt er frv. fljótlega eftir mánaðamótin næstu um eftirlaun aldraðra. Það er stjfrv. þar sem strax verður höggvið á versta hnútinn. Ég er algerlega sammála flm. um það, að ástandið er nú með öllu óviðunandi. Þarna er óbærilegt þjóðfélagslegt misrétti í gangi. Þetta fyrsta frv., sem verður lagt fram fljótlega eftir mánaðamótin, heggur á versta hnútinn. Það veitir réttindi þeim, sem engin réttindi hafa í dag, og þeim, sem hafa réttindi í lélegum, óverðtryggðum lífeyrissjóðum. Hugmyndin er að þetta frv. verði að lögum, ef Alþ. ákveður svo, um áramótin næstu, m. ö. o. ári á undan frv. sem hér er til umr.

Síðan er hugmyndin að leggja fram að hausti frv. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, þar sem við náum því marki að fullu sem að er stefnt líka með þessu frv. Vona ég þá að menn geti sæmilega vel við unað.

Ég tek undir margt af því sem flm. sagði í sinni ræðu. Margt af því er algerlega rétt. Hitt er annað mál, að ég er ekki alveg viss um að þessar leiðir séu í öllum atriðum réttar, en það verður að sjálfsögðu athugað. Eitt af því, sem hann ræddi mikið um, er að breyta núverandi lífeyrissjóðum í lánasjóði. Hugmyndin er að koma nú í vor með frv. um nýtt lánakerfi Húsnæðismálastofnunar ríkisins, þar sem það yfirtekur einmitt þetta hlutverk gömlu lífeyrissjóðanna, lánahlutverkið. Það er hugmyndin að þar hækki lánin mjög verulega og nái á tiltölulega stuttum tíma upp í það að verða allt að fullnægjandi sem eina lánastofnunin sem á þarf að halda í sambandi við húsbyggingar.

Ég endurtek það sem ég sagði: Mér finnst þetta framtak mjög lofsvert, en ég tel að þetta frv. eigi að ræða í heilbr.- og trn. deildarinnar ásamt því stjfrv., sem verður lagt fram, og ásamt þeim hugmyndum sem þar fylgja með um áframhald þess, þ. e. a. s. frv. sem á að koma fram næsta haust. Þetta vildi ég að kæmi fram, þannig að við værum ekki að vinna sitt í hverri áttinni, heldur væri reynt að samræma störfin í heilbr.- og trn. þegar þetta mál verður tekið til umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 7. fundur.

Miðvikudaginn 25. okt., kl. 2 miðdegis.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 23, er flutt í framhaldi af setningu brbl. frá 1. júní 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald. Um tildrög þeirra laga leyfi ég mér að vísa til forsendna þeirra, en brbl. eru venju samkv. prentuð sem fskj. með þessu frv. Því er hér um að ræða frv. til staðfestingar brbl. í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Í brbl. um kjaramál nr. 96 frá 1978 er gerð breyting á þessum brbl. Það er því eðlilegt að bæði lögin verði athuguð samtímis að þessu leyti til af þeirri þn. sem fjallar um þau.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál og leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Verðlag, frv. (þskj. 41). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel ekki þörf á því að hafa mörg orð um það frv., sem hér liggur fyrir. Efni þess er frestun á gildistöku laga nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Í lögum þessum var gert ráð fyrir því, að þau tækju gildi sex mánuðum eftir að þau væru staðfest. Samkv. þessu skyldu lögin koma til framkvæmda 16. nóv. n. k.

Ýmsar ástæður leiða til þess, að óhjákvæmilegt er að lengja þennan gildistökufrest. Í drögum að frv. til 1. um verðlagsmál, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem samin voru á árunum 1976—1977, var

gert ráð fyrir eins árs gildistökufresti. Rökin voru þau, að ríflegan undirbúnings- og aðlögunartíma þyrfti áður en unnt væri að fara að beita þeim víðtæku nýmælum í íslenskum rétti sem felast í þessum lögum. Einkum eru það nýmæli um samkepnnishömlur og ólögmæta viðskiptahætti, sem krefjast mikils undirbúningsstarfs.

Í frv. því til l. um verðgæslu og samkeppnishömlur, sem lagt var fyrir Alþ. árið 1969, en var þá fellt, var gert ráð fyrir eins árs gildistökufresti. Voru þó færri nýmæli í því frv. en í 1. nr. 56/1978, þar sem það hafði ekki að geyma nein ákvæði um ólögmæta viðskiptahætti.

Lög þessi krefjast víðtækra skipulagsbreytinga, sem m. a. felast í því, að koma þarf á fót nýjum stjórnvöldum og endurskipuleggja hin eldri. Í stað núvernadi verðlagsnefndar kemur verðlagsráð og er skipan þess og hlutverki breytt verulega frá því sem nú er. Nýtt stjórnvald, svonefnd samkeppnisnefnd, skal sett á laggirnar og á að hafa með höndum ákvörðunarvald í nokkrum mikilvægum málum. Ný stofnun, Verðlagsstofnun, skal taka við af núverandi Verðlagsskrifstofu, en verkefnin verða önnur en nú er sökum hinna fjölbreyttu laga. M. a. skal koma á fót sérstakri neytendamáladeild við stofnunina sem sjá skal um framkvæmd á þeim kafla laganna sem fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Auk neytendamáladeildar þarf að setja á stofn sérstaka deild til að annast samkeppnismál. Tvær nýjar deildir frá því sem er bætast því við núverandi verðlagsskrifstofu. Þessi nýju verkefni kalla á mun sérhæfðara starfslið en verðlagsskrifstofan hefur nú yfir að ráða.

Mér þykir rétt að víkja stuttlega að ákvæðum laganna um samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd til að skýra frá hversu mikið verk er að undirbúa framkvæmd þessara mála svo að fullnægjandi sé.

Lagareglur um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur hafa aldrei verið settar hér á landi og almenn samkeppnislöggjöf hefur aldrei verið til hér. IV. kafli laganna, sem um þetta fjallar, er því í heild sinni nýmæli í íslenskum rétti. Þar er mælt fyrir um að tilkynna skuli til Verðlagsstofnunar samkv. kröfu samkeppnisnefndar markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur, samninga og samþykktir um samkeppnishömlur er varða framleiðslu, sölu eða flutninga. Halda skal skrár fyrir tilkynningar og skulu þær ásamt fskj. vera aðgengilegar öllum þeim sem vilja kynna sér þær. Verðlagsstofnun kannar áhrif samkeppnishamla. Samkeppnisnefnd metur hvort samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif. Ef hún telur svo, felur hún Verðlagsstofnun að reyna með samningum að binda endi á þau. Ef það tekst ekki gefur samkeppnisnefnd nauðsynleg bindandi fyrirmæli. Reynist samkeppni þá enn ófullnægjandi getur samkeppnisnefnd lagt til við verðlagsráð að ákvæðum 8. gr. verði beitt, þ. e. hámarksverði, hámarksálagningu og fleiri úrræðum.

Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er í lögunum lýst óheimilt. Sama gildir um samninga, samþykktir og annað samráð við gerð tilboða. Óheimilt er að ákveða, samþykkja eða semja um ófrávíkjanlegt lágmarksverð (brúttóverð) eða álagningu er skuli gilda við endursölu á næsta sölustigi. Að ákveðnum skilyrðum fullnægðum getur samkeppnisnefnd veitt undanþágur frá þessum bannreglum.

V. kafli laganna fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Þar er í raun um að ræða endurskoðun laga nr. 84 frá 1933, um varnir gegn óréttmætum viðskiptaháttum. Við samningu V. kafla var höfð hliðsjón af nýlegum norrænum lögum um þetta efni, þar sem m. a. eru stofnuð embætti umboðsmanna neytenda í þessum löndum. Gert er ráð fyrir að Verðlagsstofnun hafi eftirlit með framkvæmd ákvæða V. kafla og í því skyni starfi sérstök deild, neytendamáladeild, við stofnunina, sem er nýmæli sem er tekið upp þar sem engin opinber neytendastofnun starfar hér á landi. Samkeppnisnefnd er veitt vald til að banna athafnir, sem brjóta í bága við 26. og 27. gr., og getur látið févíti fylgja banni. Margt getur fallið hér undir, t. a. m. rangar eða villandi auglýsingar. Verðlagsstofnun leggur mál yfirleitt fyrir samkeppnisnefnd. Í reynd gætu stofnunin og verðlagsstjóri í þessum efnum komið fram gagnvart fyrirtækjum og fjölmiðlum eins og umboðsmenn neytenda á Norðurlöndum. Ákvarðanir samkeppnisnefnda má ávallt bera undir dómstóla, en ekki frestar það gildistöku ákvarðananna.

Ég hygg að af þessari stuttu lýsingu megi ráða, að nauðsynlegt er að nægur undirbúningur gefist áður en tekist er á um þessi verkefni.

Það lá þegar fyrir, þegar lögin voru samþykkt, að sex mánaða frestur væri allt of skammur, nema strax væri tryggt fé til að undirbúa breytingarnar og ráða og sérþjálfa starsfólk. Staðan er hins vegar sú, að engar heimildir af hálfu fjárveitingavalds hafa verið veittar til þessa. Stjórnmálaóvissan allt s. l. sumar á sinn þátt í því, að þetta hefur tafist.

Það eru fleiri ástæður en tímafrekur undirbúningur sem leiða til þess að lengja verður gildistökufrest þessara laga. Í samstarfsyfirlýsingu þeirra stjórnmálaflokka, sem mynda núv. ríkisstj., er kveðið á um að gildistöku 8. gr. laganna skuli frestað. Þá hefur athyglin beinst undanfarið að innflutningsversluninni vegna óeðlilega hás innkaupsverðs. Fer nú fram sérstök rannsókn á starfsháttum innflutningsverslunarinnar af þessu tilefni. Kann að reynast nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar. Enn fremur verður til athugunar, hvort aðrar lagfæringar ber að gera á lögunum t. d. á 8. gr. þeirra.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir því frv. sem hér liggur fyrir. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil, af því tilefni að hér er lagt fram frv. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, aðeins vekja athygli á því, að framkvæmd verðlagsmála hefur verið með þeim hætti nú síðustu daga að til mjög alvarlegs ástands er að koma hér á landi. Fyrir liggur nú að smjörlíkis- og gosdrykkjaverksmiðjur hafa verið lokaðar vegna þess að það er ódýrara fyrir þær að hætta framleiðslu og borga verkafólki laun en halda áfram við þeim kjörum sem þessar verksmiðjur hafa fengið að starfa.

Ég vil í þessu sambandi varpa fram þeirri spurningu fyrst, hvort það samrýmist íslenskri stjórnarskrá og því þjóðfélagi, sem við búum í, að banna mönnum að framleiða vörur á því verði sem framleiðslan sannanlega kostar. Getum við búist við því, að það þjóðfélag, sem við búum í, veiti þessari háu stofnun eða ríkisstj. landsins þann rétt að ganga með þeim hætti að atvinnu-

rekstrinum, að í rauninni má segja að við bíðum eftir því *að hér setjist að völdum ráðh. sem nenni að standa í því* að leggja að velli eina verksmiðjuna af annarri hér á landi?

Hæstv. viðskrh. gaf fyrirheit um það fyrir nokkrum dögum, að mál smjörlíkis- og gosdrykkjaverksmiðjanna mundi leysast innan fárra daga. Ég stend upp til þess að spyrja hann að því, hvað þessu máli líði, hvort eitthvað hafi í því gerst. Í framhaldi af því langar mig að spyrja um það, ef svo fer að þessar verksmiðjur taki ekki til starfa nú fyrir 1. nóv., þannig að bæði innlendir gosdrykkir og smjörlíki verði ófáanlegt í landinu, hvernig sé þá ætlunin að fara með framfærsluvísitöluna. Er búist við því, að inn í hana verði þá reiknaðir þeir erlendu gosdrykkir, sem hér eru fáanlegir, eða innlend framleiðsla, sem gengið hefur til þurrðar?

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna fsp. frá hv. þm. Halldóri Blöndal um smjörlíkis- og gosdrykkjaverksmiðjur vil ég segja þetta:

Ríkisstj. tók fyrir á fundi sínum á þriðjudaginn í síðustu viku samþykktir verðlagsnefndar um hækkanir á gosdrykkjum, smjörlíki og fargjöldum Flugfélags Íslands innanlands. Þessar hækkanir voru að því er Flugfélagið varðaði 15.2%, á smjörlíki 8.9% og öli og gosdrykkjum að mig minnir um 15%. Ekki vannst tími til að afgreiða þetta mál á fundi ríkisstj. þennan þriðjudag.

Daginn eftir var haldinn fundir í verðlagsnefnd og þá voru teknar fyrir nýjar beiðnir frá þeim umræddu framleiðslu- og þjónustuaðilum sem hér eru á dagskrá. Þær beiðnir voru samþykktar. Þær höfðu það í för með sér, að smjörlíki átti að hækka um 25%, gosdrykkir um 25% og flugfargjöld innanlands um 20.8%.

Á fimmtudagsfundi sínum fjallaði ríkisstj. enn um samþykktir sem fyrr höfðu verið gerðar í verðlagsnefnd og teknar höfðu verið fyrir á þriðjudaginn, en frestað. Á fimmtudagsfundinum afgreiddi ríkisstj. þessar hækkanir þannig að þeim aðilum, sem hér um ræðir, er heimilt að hækka vöru sína og þjónustu samkv. þeirri ákvörðun sem þá var tekin. Það er því á ábyrgð þeirra aðila, sem hér um ræðir, hvort þeir loka verksmiðjum sínum eða ekki. Það er ekki á ábyrgð ríkisstj., því vísa ég alfarið á bug.

Hins vegar vil ég láta þess getið, að á fundi ríkisstj. s. l. þriðjudag var tekið fyrir bréf frá Félagi ísl. iðnrekenda vegna þessara mála. Á fundi ríkisstj. á morgun eða n. k. þriðjudag mun verða fjallað um þau mál frekar.

Það er ekki verkefni ríkisstj. eða viðskrh. að hafa afskipti af því, hvaða verð verður tekið upp í sambandi við vísitölu framfærslukostnaðar núna um mánaðamótin. Það er kauplagsnefndar að meta það, hvaða verð er skylt að taka upp við útreikning á vísitölu framfærslukostnaðar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að þeir úrskurðir verðlagsnefndar, sem hæstv. ríkisstj. fjallaði um á þeim fundi sínum sem hæstv. viðskrh. vitnaði til, voru úr gildi fallnir og aðrir nýir komnir í staðinn, sem m. a. olli því, að verðlagsstjóri treysti sér ekki til að gefa út nýjar gjaldskrár á þessum vöruflokkum, svo langt ég veit, og það verður þá leiðrétt ef rangt er með farið. Þetta sannar ljóslega að hæstv. ráðh. fer ekki með rétt mál. Þarna voru komnir nýir úrskurðir verðlagsnefndar. Eðli málsins samkv. voru það *þeir sem hefði átt að taka fyrir á þeim ríkisstjórnarfundi.*

Ég vil svo aðeins vekja athygli á því, að það kæmi ekki *á óvart er hinar meiri hækkanir yrðu samþykktar á fundi* ríkisstj. eftir 1. nóv. Það hefur komið fram í fjölmiðlum frá hæstv. viðskrh., að honum þykir rétt að draga vöruhækkanir á langinn fram yfir þann viðmiðunardag sem kaupgjaldsvísitalan er reiknuð út frá. Á hinn bóginn liggur ljóst fyrir, að m. a. alþýðusamtökin, Alþýðusamband Íslands, reyna að þrýsta á það, að verðhækkanir, sem nauðsynlegar eru, hafi eðlilegan framgang og komi til framkvæmda áður en kaupgjaldsvísitalan er reiknuð út. M. a. þess vegna var það sem fulltrúar Alþýðusambandsins samþykktu hina frekari hækkun á þeim vörutegundum og þeirri þjónustu sem hér ræðir um, en bæði fulltrúar Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda samþykktu allar þær hækkanir sem hér er um að ræða. Það er því óyggjandi, að þar var um faglega afgreiðslu á þessum málum að ræða. Það var ekki um að ræða pólitíska ákvörðun eða annarlega, heldur ákvörðun sem var samstaða um milli þessara aðila og áhersla lögð á að gæti náð fram að ganga.

Ég tel í þessu sambandi nauðsynlegt að ræða það örlítið, að opinber afskipti af verðákvörðunum með þessum hætti geta haft mjög afdrifaríkar afleiðingar. Þær geta valdið mjög verulegum hallarekstri hjá íslenskum iðnfyrirtækjum og með þeim hætti veikt samkeppnisaðstöðu hins íslenska iðnaðar gagnvart erlendri framleiðslu, þar sem við vitum að hækkanir á erlendri vöru, sem fram koma með lækkuðu gengi, ganga beint út í verðlagið og er enginn um það spurður. Það liggur líka fyrir og er deginum ljósara, að með því að þvinga fyrirtækin til hallarekstrar um lengri eða skemmri tíma verður sú þjónusta, sem þessi fyrirtæki veita, sú vara, sem *þessi fyrirtæki framleiða, dýrari en ella til frambúðar.*

Og svo síðast, en ekki síst þetta: Hvers eiga þeir að gjalda, sem kaupa vörurnar á seinni stigum? Þeir þurfa þá ekki aðeins að bera uppi framleiðslukostnaðinn af því að framleiða þessar vörur fyrir þá, heldur er komið inn í verðlagið tap af framleiðslunni handa einhverjum öðrum. Gott dæmi um þetta var verðákvörðun á sementi á sínum tíma, þegar Sementsverksmiðjan var rekin með verulegum halla fyrri hluta árs. Þeir, sem voru svo heppnir að standa þá í byggingarframkvæmdum, fengu hið ódýra sement, en eftir því sem leið á árið var tekinn inn í verðlagið hallareksturinn frá fyrri hluta þessa árs og þeir, sem síðar byrjuðu, urðu ekki aðeins að borga sementið fyrir sig, heldur bera uppi hallann af óskynsamlegum verðákvörðunum á fyrri hluta þess árs.

Ég tel nauðsynlegt í sambandi við þetta mál, að sú þn., sem fær það til athugunar, kynni sér rækilega starfshætti verðlagsnefndar, hvernig verðákvörðun yfirleitt er háttað í þessu landi, og í því samhengi reyni að velta því fyrir sér, í hverju vernd stjskr. er fólgin í þessu sambandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Kjaramál, frv. (þskj. 42). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til 1. umr., er til staðfestingar á brbl. um kjaramál, sem út voru gefin 8. sept. s. l. Þessi brbl. voru

gefin út af forsrh. og ég legg þetta frv. fram hér. Það er af formlegum ástæðum. Þegar lagafrv. og brbl. fjalla um efni sem eru í verkahring fleiri en eins ráðh., þá fellur í hlut forsrh. að flytja slíkt frv., þó að efnisþættir þess falli undir verksvið annarra ráðh. Það leiðir til þess, að ég get í sjálfu sér verið fáorðari en ella um þetta mál, þar sem ég geri ráð fyrir, að viðkomandi ráðh. muni sérstaklega víkja að þeim efnum sem í þeirra verkahring eru sérstaklega.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð um mánaðamótin ág. — sept., nákvæmlega sagt 1. sept. s. l., blasti við fjölþættur vandi í efnahags- og atvinnumálum sem dregist hafði að leysa þar sem hér sat ríkisstj. sem þegar hafði sagt af sér og aðeins gat eðli málsins samkv. sinnt nauðsynlegum afgreiðslustörfum, en ekki markað pólitíska stefnu. Slík krafa verður vart gerð til þeirrar stjórnar, sem sagt hefur af sér og situr aðeins að beiðni forseta sem „starfsstjórn", eins og það er kallað. Rekstri og afkomu fyrirtækja, einkum í sjávarútvegi, var ógnað og höfðu mörg þeirra þegar stöðvað rekstur sinn og sagt upp starfsfólki, en önnur hugðust leggja niður rekstur í lok ágústmánaðar. Þannig blasti við stöðvum atvinnurekstrar og atvinnuleysi. Atvinnuleysi hafði raunar þegar nokkuð gert vart við sig, þannig að það var vegið að undirstöðum þjóðarbúsins. Samtímis og reyndar um alllangt skeið hafði gætt ókyrrðar á vinnumarkaði, sem ég hirði ekki um að rekja og öllum hv. þdm. er að sjálfsögðu í fersku minni. Bar því brýna nauðsyn til að ríkisstj. gripi þegar í stað til ráðstafana sem tryggt gætu áframhaldandi rekstur atvinnuvega, atvinnuöryggi og frið á vinnumarkaði. Um leið var nauðsynlegt, að þessar fyrstu aðgerðir stjórnvalda á sviði efnahags- og kjaramála veittu svigrúm til að hrinda í framkvæmd nýrri efnahagsstefnu og öðrum framtíðar- eða langtímamarkmiðum ríkisstj. í samræmi við starfsyfirlýsingu þeirra þriggja flokka sem að þessari ríkisstj. standa.

Fyrsta skrefið var stigið með útgáfu brbl. hinn 1. sept., eða sama dag og stjórnin kom til valda, og var það tilhögun verðbótagreiðslna á laun í septembermánuði til þess að ríkisstj. hefði ráðrúm til þess að undirbúa frekari ráðstafanir í efnahagsmálum. Hinn 5. sept. var síðan tekin ákvörðun um nýja gengisskráningu, ráðstöfun gegngishagnaðar o. fl. Síðasta skrefið í þessum fyrsta áfanga var síðan stigið með útgáfu brbl. um kjaramál hinn 8. sept. s. l.

Í þessum lögum er að finna flestar þeirra ráðstafana sem getið var um í samstarfsyfirlýsingu flokkanna þriggja og töldust til fyrstu og brýnustu aðgerða ríkisstj. Eins og ég hef sagt við annað tækifæri, þá verður vitaskuld að líta á þessar ráðstafanir, sem ríkisstj. varð að grípa til á fyrstu starfsdögum sínum, sem bráðabirgðaráðstafanir og til þess ætlaðar að mæta bráðum og aðkallandi vanda í atvinnumálum þjóðarinnar. En um leið hefur þó vegna þeirra skapast tóm til undirbúnings nýrrar stefnu í efnahagsmálum, þar sem horft yrði til lengri tíma í senn en fárra mánaða.

Ríkisstj. hefur frá upphafi lagt á það ríka áherslu að hafa náið samráð við aðila vinnumarkaðarins um skipan launa- og kjaramála. Brbl. um kjaramál voru einmitt sett eftir að slíkt samráð hafði verið haft. Þar með er ég ekki að segja eða gefa í skyn, að þeir aðilar, sem samráð var haft við, hafi í einu og öllu lagt blessun sína yfir lögin. Það er vitaskuld ríkisstj. sem verður að bera ábyrgð á þessum brbl. eins og annarri lagasetningu sem hún stendur að. Það má segja líka, að myndaður hafi verið fastur vettáður sagt í stefnuræðu um mikilvægi þessa samráðs við aðila vinnumarkaðarins, og ég skal ekki endurtaka það sem ég hef áður sagt í stefnuræðu um mikilvægi þessa samráðs og hver þáttur það er í eða raunar grundvöllur að starfi núv. ríkisstj.

Ég skal ekki orðlengja frekar almennt um þetta, en víkja að efni brbl. í stórum dráttum.

1. kafli brbl. og frv. þess, sem hér liggur fyrir til staðfestingar á þeim, fjallar um kaupsamninga og greiðslu uppbóta á laun. Í þessum I. kafla laganna eru kaupgjaldsákvæði laganna um ráðstafanir í efnahagsmálum frá því í febr. s. l. og brbl. frá í maí 1978 felld niður, en í lögum þessum var greiðsla verðbóta á launþega almennt nokkuð skert. Brbl. kveða hins vegar á um að greiða skuli fullar verðbætur samkv. kjarasamningum á þau mánaðarlaun sem námu allt að 200 þús kr. í des. 1977, en það svarar til u. þ. b. 235 þús. kr. í ágúst s. l. Á mánaðarlaun, sem eru hærri, komi hins vegar sama krónutala og á 235 þús. kr. launin. Með þessum ákvæðum má segja að kjarasamningar taki að nýju gildi fyrir allan þorra launþega, og það þýðir m. a. líka það, að umsamin hlutföll yfirvinnu og dagvinnu, bónusgreiðslna svokallaðra, á kauptaxta og fleira taki yfirleitt aftur gildi. Ég skal ekki fjölyrða um ástæðurnar fyrir því, að þessar ráðstafanir voru gerðar, en vil aðeins nefna það sem ég drap á áðan, að um tíma og reyndar alllangt skeið hafði ríkt ófriður á vinnumarkaði og þessi ákvæði voru sett m. a. í því skyni að reyna að skapa frið á vinnumarkaði. Það ætla ég að hafi nú tekist.

Í I. kafla laganna eru enn fremur ákvæði um að grunnkaup og tilhögun verðbóta skuli haldast óbreytt eins og ákveðið er frá 1. sept. þar til um annað verði samið. Ríkisstj. hefur í hyggju að leita eftir samkomulagi við samtök launafólks um skipan launamála fram til 1. des 1979 á þeim grundvelli að samningarnir frá 1977 verði framlengdir til þess tíma án breytinga á grunnkaupi og í því sambandi verði samningsréttur opinberra starfsmanna tekinn til endurskoðunar. Það er of snemmt að spá nokkru um það, hvort þessu marki verður náð. Ég vek athygli á því, að með þessu ákvæði er ekki lagður hemill á samningsrétt aðila. Þeir geta gert sína samninga, en á meðan þeir hafa ekki gert slíka samninga eiga ákvæði laganna að gilda.

Áhrif brbl. á hækkun launa 1. sept. urðu þau, eftir að allri hækkun verðbótavísitölu frá 1. júní hafði verið eytt með niðurgreiðslu vöruverðs og niðurfellingu söluskatts á matvælum, að hækka laun að meðaltali um 9—9.5% þó er ekki nákvæmt að segja að þessi hafi orðið áhrif brbl., vegna þess að af þessum 9—9.5% stafa 3 eða 3.5% af grunnkaupshækkun sem alltaf var gert ráð fyrir að kæmu til framkvæmda, en 6% stafa af gildistöku samninganna að nýju. Þessi hækkun er nokkuð misjöfn. Hún er meiri til þeirra, sem höfðu meiri skerðingu verðbóta fyrir — það liggur í hlutarins eðli. Meðalhækkunin 1. sept. er svipuð í krónum og verið hefur samkv. brbl. sem fyrri ríkisstj. setti í maí, en hér munar því, að auk launahækkunar í krónum hefur verð á nauðsynjum nú verið greitt niður og söluskattur felldur niður af matvörum, sem var talið að mundi svara til 7.5% í verðbótavísitölu og kemur launþegum til góða í lækkuðu vöruverði. — Hér má kannske skjóta því inn, að samkv. vörukönnun, sem Vísir lét fram fara, sýndi það sig að verðlag hafði lækkað á þessum tíma á meira en 60 vörutegundum, sem

kannaðar voru, um 10—11%. Ég skal engan dóm leggja á þessa könnun, en það er hins vegar rétt að taka eftir henni og engin ástæða til þess að ætla að hún sé vilhöll að þessu leyti gagnvart stjórnvöldum, ef menn vilja segja svo, heldur hygg ég að það megi ganga út frá því, að hún hafi verið gerð eftir bestu samvisku. Hún segir vitaskuld allmerkilega sögu. Þar með er ekki sagt, að öll kurl hafi þá verið komin til grafar. En hvað sem því líður, þá ætti að vera alveg óhætt að reikna með því að þetta þýði og hafi þýtt 7.5% í verðbótavísitölu.

II. kafli þessa frv. fjallar um bætur almannatrygginga. Þar er ákveðið að bætur almannatrygginga skuli hækka í sama mæli og um leið og laun verkamanna í sept. og des. Hér er verið að tryggja að lífeyrisþegar njóti tafarlaust sömu hækkana á framfærslueyri og verkamenn fá þegar samningar þeirra taka gildi að nýju.

III. kafli laganna fjallar svo um niðurfærslu vöruverðs og verlagseftirlit. Ákvæði þess kafla veita ríkisstj. fyrst heimild til aukningar niðurgreiðslna um 4.9% af verðbótavísitölu eins og hún var við gildistöku lagnanna. Þessi heimild hefur þegar verið notuð og var strax notuð. Áætlað er að þessi aukning niðurgreiðslna svo og auknar niðurgreiðslur, sem gert er ráð fyrir 1. des. n. k., muni kosta ríkissjóð 3 milljarða og 350 millj. kr. fram að áramótum og að öllu óbreyttu muni samsvarandi niðurgreiðslur á næsta ári kosta 12.8 milljarða. Hér er fyrst og fremst um að ræða auknar niðurgreiðslur á helstu nauðsynjavörum heimilanna, þ. e. a. s. á mjólk, kjöti, smjöri og fleiri landbúnaðarafurðum.

Auk þessarar aukningar niðurgreiðslna var fjmrh. með brbl. veitt heimild til þess að fella niður söluskatt af matvælum. Þessi heimild var einnig þegar notuð og gefin út um það efni reglugerð nr. 316 frá 8. sept. 1978. Sú reglugerð kom til framkvæmda 15. s. m. Má heita að með þessum ákvæðum séu öll matvæli, að undanteknu sælgæti, öli og gosdrykkjum, undanþegin söluskatti. Þessi niðurfelling á sölugjaldi á matvælum svarar til 2.6% lækkunar verðbótavísitölu og mun kosta ríkissjóð á þessu ári eða fram til áramóta 1400 millj. kr., þ. e. a. s. það verður tekjutap ríkissjóðs á þeim tíma. Á næsta ári verður með sama hætti og að óbreyttum ákvæðum um að tefla 5.8 milljarða kr. tekjumissi hjá ríkissjóði af þessum sökum.

Með þeirri niðurfærslu verðlags, sem lögin kveða á um, og þessari söluskattslækkun hefur verðbótavísitalan alls verið lækkuð til sama stigs og hún var í júlí s. l.

Í þessum kafla laganna eru loks sett ákvæði um verðstöðvun, sem kalla má. Þar er lagt bann við því, að verð vöru og þjónustu eða leigu sé hækkað frá því sem það var 9. sept. s. l. nema til komi leyfi verðlagsyfirvalda og auk þess sérstakt samþykki af ríkisstj. hálfu. Þetta ákvæði tekur jafnt til einkaaðila og opinberra aðila.

Þá er hundraðshluti verslunarálagningar lækkaður frá og með 11. sept. s. l. sem svarar því að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofns, sem leiðir af gengisbreytingunni 5. sept. s. l. Þessari reglu, sem kölluð hefur verið „30% regla" í daglegu tali, hefur oft og ég held að segja megi oftast nær — eða alltaf hin síðari ár a. m. k. — verið beitt við gengisbreytingar. Hún er að sjálfsögðu byggð á því sjónarmiði, að það þykir ekki eðlilegt að álagning í krónum aukist sjálfkrafa sem nemur allri gengislækkuninni.

Öllum er kunnugt að það hefur oftast nær, að ég held, verið deilt um þessa 30% reglu þegar henni hefur verið beitt. Að sjálfsögðu hafa heyrst skiptar skoðanir um hana nú með sama hætti og áður. Ég skal viðurkenna að vitaskuld má lengi deila um svona almenna reglu sem sett er án tillits til kringumstæðna í hverju einstöku dæmi. En ég býst við því, að flestir muni telja að það hefði ekki verið talið eðlilegt, eins og á stóð nú, að hverfa frá þeim háttum sem fylgt hefur verið í þessu efni við undanfarnar gengisfellingar.

Þá kemur IV. kaflinn og þar kemur böggullinn, en menn hafa kannske getað verið sæmilega ánægðir almennt með það sem undan hefur farið. IV. kaflinn er um eignarskattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri til að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs samkv. III. kafla. Það er ákaflega sjaldgæft að skattlagning komist á visældalista. Á hinn bóginn eru framkvæmdir af hálfu hins opinbera og aukin þjónusta af þess hálfu vinsæl oftast nær, enda þarfleg. En ég ætla að flestir hugsandi menn geri sér grein fyrir því, að ekki verður krafist aukinna framkvæmda né aukinnar þjónustu af hinu opinbera án þess að tekna sé aflað til þess að standa undir slíku. Þess vegna ætti í raun og veru sá hugsunarháttur að ríkja, að menn greiddu gjöld sín til opinberra þarfa með glöðu geði. Vonandi ríkir sá hugsunarháttur hjá velflestum.

Hér er ekki um það að ræða, að verið sé að leggja á nýjar álögur til þess að standa undir þörfum ríkissjóðs í þrengri merkingu. Hér er hins vegar verið að leggja á nýja skatta til þess að standa undir kostnaði til næstu áramóta af auknum niðurgreiðslum vöruverðs og tekjumissi ríkissjóðs vegna niðurfellingar söluskatts. Að sjálfsögðu hefur verið reynt að leggja þessa auknu skatta á þá sem ætla mátti að hefðu mest gjaldþol og hæstar tekjur bera úr býtum. Vitaskuld má lengi deila um það, hvar línan skuli dregin í þessum efnum. Það er einkenni á sköttum, sem er í raun og veru aðalsmerki þeirra, að þá á að leggja á eftir almennum mælikvarða og vissri jafnvægisreglu, en þeir geta í einstökum tilfellum þrátt fyrir það komið eitthvað óþægilega við menn. Þá er líka færi á því að kæra slíkar álögur. Það verður að ætla að hlutaðeigandi yfirvöld, sem um þær kærur fjalla, líti á sanngirnissjónarmið í hverju einstöku tilfelli hverju sinni og þannig sé kostur á að leiðrétta það sem ekki er sanngjarnt talið. Það væri ástæða til þess að undirstrika þetta í þessu sambandi, vegna þess að aldrei hefur verið dregin nein dul á að það varð að vinna að setningu brbl., sem hér eru til staðfestingar, með meiri hraða en æskilegt hefði verið. Á það ekki hvað síst við einmitt um hina nýju skatta og aukna skattálagningu. Þarf því í sjálfu sér ekki að verða neinum neitt undrunarefni þó að í framkvæmd gæti komið fram einhver missmíði í einstökum tilfellum.

Skattarnir eru þessir:

1. Eignarskattsauki, sem lagður er á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978, og nemur hann 50% af eignarskatti einstaklinga, en 100% af eignarskatti félaga, innlendra og erlendra. Við tekjuskattsálagningu er eignarskattsaukinn frádráttarbær frá tekjuskatti félaga eins og eignarskattur, og m. a. þess vegna þótti rétt að hafa skattinn hálfu hærri á félög en einstaklinga. Áætlað var við setningu laganna, að þessi skattlagning mundi færa ríkissjóði 1 milljarð 370 millj. kr. í tekjur, en þar af er áætlað að um 600 millj. kr. muni skila sér á þessu ári.

2. Sérstakur tekjuskattsauki, sem lagður er á einstaklinga. Skattur þessi leggst á þær skattgjaldstekjur manna af öðru en atvinnurekstri sem eru umfram

ákveðin mörk, en þau eru mismunandi eftir fjölskyldustærð: 2.8 millj. fyrir einhleyping, 3.7 millj. fyrir hjón og auk þess 220 þús. kr. frádráttur fyrir hvert barn. Skatturinn er 6% af tekjum fyrir ofan framangreind mörk. Þessi skattleysismörk eru nokkru hærri en þau sem giltu við álagningu skyldusparnaðar 1978. Þegar brbl. voru sett var lauslega áætlað að þessi skattur mundi leggjast á rúmlega 10% framteljenda og var talið að heildarálagning þessa skatts eða skattauka mundi nema 415 millj. kr., þar af innheimtist á þessu ári 185 millj. kr. Að sjálfsögðu er rétt að undirstrika að þessar tölur eru þó nokkuð óvissar. Til samanburðar má geta þess, að heildarfjárhæð álagðs skyldusparnaðar einstaklinga, sem er 10% eins og menn vita, nemur á þessu ári 1 milljarði 547 millj. kr.

3. Sérstakur skattur er lagður á tekjur í atvinnurekstri. Skattur þessi, sem er einnig 6% eins og tekjuskattsaukinn á einstaklinga, leggst á hreinar tekjur af atvinnurekstri áður en fyrningar eru dregnar frá. Hafi skattaðili orðið fyrir rekstrartapi á liðnum árum, sem heimilt var að draga frá tekjum við álagningu á þessu ári, skal það tap einnig koma til frádráttar þessum tekjustofni. Í reglugerð eru tekjur af atvinnurekstri skilgreindar þannig, að sanngjarnt mat á eigin vinnu atvinnurekenda er fært til gjalda áður en þessi skattur er reiknaður. Tekjur ríkissjóðs af þessari skattlagningu voru áætlaðar 1.7 milljarðar kr., en þar af er gert ráð fyrir að 700 millj. komi fyrir áramót í ríkissjóð. Það er þó enn meiri ástæða til þess að undirstrika það við þennan þátt skattlagningar en þann sem ég minntist á áður, að áætlun þessi er mjög laus í reipunum. Og það er einmitt í sambandi við þennan þátt sem óvissuatriði gætu komið til greina sem ekki hefur e. t. v. verið unnt að átta sig á á þeim stutta tíma sem til stefnu var þegar brbl. voru sett.

Skattar þeir, sem ræðir um í þessum kafla, eru lagðir á af skattstjórum og gilda um þá lög um tekju- og eignarskatt að því er varðar álagningu, kærufresti, heimildir skattyfirvalda til lækkunar, viðurlög og önnur atriði. Um innheimtu hinna nýju skatta gilda einnig sömu reglur, en gjalddagar eru fjórir : 11. nóv., 1. des., 1. jan. á næsta ári og 1. febr.

Þá er komið að V. kafla. Hann fjallar um breytingar á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald.

Allt frá árinu 1975 hefur verið innheimt sérstakt tímabundið vörugjald af ýmsum vörum. Vörugjald þetta hefur verið mismunandi hátt frá einu tímabili til annars, lægst 12%, en hæst 18%. Við gilditöku þeirra brbl., sem hér liggja fyrir til staðfestingar, var þetta gjald 16%. Sú breyting er hins vegar gerð með þessum brbl. og frv. sem hér liggur fyrir, að vörugjaldinu er skipt í tvo gjaldflokka, annars vegar 16%, eins og það hefur verið að undanförnu, og hins vegar 30% af nokkrum vörutegundum, og tók sú hækkun gildi 9. sept. s. l. Hér er því í raun og veru ekki um nýtt gjald beinlínis að ræða, heldur breytingu á gjaldi sem til er.

Við ákvörðun þess, hvaða vörur skyldu falla í hærri gjaldflokkinn, var að sjálfsögðu vandi á höndum. Hið sértaka tímabundna vörugjald hefur yfirleitt ekki verið lagt á „samkeppnisvörur" — þ. e. a. s. iðnaðarvörur sem tollar hafa verið lækkaðir á vegna fríverslunarsamnings Íslands við EFTA og EBE — ekki á vélar og aðföng iðnaðarins né helstu fjárfestingarvörur. Þá hafa flestar matvörur og mikilvæg aðföng sjávarútvegs og landbúnaðar verið undanþegin gjaldinu. Niðurstaðan varð sú sem lögin eiga að bera með sér. Ég skal játa að dálítið erfitt er fyrir venjulega lesendur að átta sig á þessu, þar sem aðeins eru tilgreind tollskrárnúmer og menn hafa kannske ekki í huganum hvað bak við þau býr. En talið var að út úr því dæmi kæmi það, að þetta hækkaða gjald legðist fyrst og fremst á svokallaðar varanlegar neysluvörur, snyrtivörur, skrautvörur og ýmislegt fleira. Mér dettur ekki í hug að vera að halda því fram, að þarna sé um einhverjar lúxusvörur að tefla, talið var eðlilegra að leggja gjaldið frekar á þessar vörur. Vitaskuld er það svo, að þarna hafa getað slæðst með einhverjar vörur eða vöruflokkar sem menn að athuguðu máli telja ekki eðlilegt að eigi að koma undir þetta hækkaða gjald. Þess vegna er fjmrh. einmitt veitt heimild til þess að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu og færa þær á milli gjaldflokka ef sérstakar ástæður eru til. Þær orðræður, sem um þetta hafa spunnist og jafnvel komist á prent, að gert væri ráð fyrir að leggja þetta hækkaða tímabundna vörugjald á vörur eins og sjónvarpstæki, hjólbarða, sportvörur og því um líkt, hafa ekki við rök að styðjast.

Gert er ráð fyrir að hækkun á vörugjaldi muni færa ríkissjóði 400 millj. kr. tekjuauka á þessu ári. En það er gert ráð fyrir að þetta vörugjald eða sú skipan, sem ákveðin er að þessu leyti, haldist á næsta ári samkv. 13. gr. laganna. Þar með er ákveðinn tekjuliður á næsta ári til að mæta þeim auknu útgjöldum, sem leiðir af niðurgreiðslum, og tekjumissi, sem stafar af niðurfellingu söluskattsins á næsta ári.

VI. kafli fjallar um gjald á ferðalög til útlanda. Með þessum kafla er lagt 10% gjald á ferðagjaldeyri. Jafnframt því hefur hámark ferðagjaldeyris verið hækkað verulega. Gjald þetta er ekki lagt á yfirfærslu til námsmanna, sjúklinga eða áhafnagjaldeyri.

Skattlagning þessi hefur verið gagnrýnd nokkuð. En á það má benda, að skattlagning á ferðalög Íslendinga til annarra landa hefur verið hverfandi til þessa og flugvallagjaldið, sem fyrst var lagt á árið 1975, hefur ekki fylgt almennri verðlagsþróun og er því mun lægra að raungildi nú en það var í upphafi. Í grannlöndum okkar mun vera nokkuð algengt að allhár skattur sé lagður á ferðalög með leiguflugvélum, en sá skattur er ekki fyrir hendi hér á landi. Áætlað var að tekjur af þessu gjaldi mundu ekki nema á þessu ári nema 200 millj. kr., en hins vegar er í lögunum gert ráð fyrir að þessi skipan haldist út næsta ár, og þá er gert ráð fyrir tekjuauka af þessu sem nemur 1.6 milljarði kr.

VII. kafli laganna fjallar um heimild til lækkunar ríkisútgjalda 1978. Með brbl. var veitt heimild til lækkunar ríkisútgjalda um 2 milljarða kr. Fyrir var, samkv. lögum um efnahagsmál í febr. s. l., heimild til að lækka ríkisútgjöld um 1 milljarð. Þar sem langt var liðið á fjárlagaárið þegar brbl. voru sett liggur það fyrir nú, að þessi heimild verður langt frá því fullnýtt. Er áætlað nú að ekki muni takast að lækka útgjöld á þessu ári nema sem svarar 600 millj. kr.

Svo er VIII. kafli um gildistöku o. fl. Í brbl. er tekið fram. að forsrh. geti með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna, að því leyti sem framkvæmd þeirra er ekki beinlínis falin öðrum ráðh.

Í ákvæði til bráðabirgða er tekið fram, að laun fyrir vinnudagana 1.-10. sept. 1978, sem greidd eru eftir á, skuli gerð upp endanlega samkv. þeim kauptöxtum sem gildi taka með lögunum, en þau laun, sem greidd voru fyrir fram fyrir sama tímabil, skuli hins vegar haldast óbreyttt. Það eru fyrst og fremst opinberir starfsmenn

sem fá laun greidd fyrir fram. Um mánaðamótin ágúst-sept. var verðbótavísitala allmiklu hærri en nú er, eftir að verðlag á nauðsynjavörum var lækkað samkv. brbl. sem hér eru til staðfestingar. Föst mánaðarlaun í sept. í lægstu launaflokkum opinberra starfsmanna urðu nokkru lægri en gert var ráð fyrir samkv. áður gildandi reglum, og sama gildir um laun í hæstu flokkunum vegna vísitölu-þaksins. Með hliðsjón af þessu var ákveðið að breyta ekki launagreiðslum opinberra starfsmanna fyrir fyrstu 10 daga septembermánaðar, þó að heimilt hefði verið að gera það samkv. lögunum.

Orðið hafa verulegar umr. um útgáfu þessara brbl., sérstaklega um tekjuskattana og eignarskattsaukann. Því hefur jafnvel verið haldið fram, að lögin væru brot á stjórnarskránni. lögin væru siðlaus og hefur þá sérstaklega verið átt við afturvirkni laganna. Um þetta efni skal ég ekki segja mörg orð. Í stjórnarskránni eru ekki önnur ákvæði um skattamálefni en þau, sem er að finna í 40. og 77. gr. Í 77. gr. segir, að skattamálum skuli skipa með lögum, og í 40. gr. segir, að engan skatt megi á leggja né af taka nema með lögum. Þar af leiðir, að auðvitað getur framkvæmdavaldið ekki lagt á skatt, heldur verður að afla til þess heimildar löggjafans. Hins vegar leggur stjskr. ekki nein höft á almenna löggjafann í þessu efni né heldur bráðabirgðalöggjafann, sem gegnir sama hlutverki og almenni löggjafinn þegar skilyrði eru fyrir hendi til útgáfu brbl. Í stjórnarskrá okkar er ekkert bann við afturvirkni laga eins og er að finna í sumum öðrum stjórnarskrám, t. d. í Noregi, þó að þar hafi þrátt fyrir slíkt ákvæði stundum þótt nauðsynlegt að víkja því til hliðar. En út í það skal ég ekki fara.

Það er sagt, að það muni vera andstætt grundvallarreglum, sem íslenskur réttur byggir á, að láta lög verka aftur fyrir sig. En því er til að svara, að grundvallarreglur, sem ekki hafa verið teknar upp í stjórnarskrána, njóta ekki verndar 79. gr. stjskr. Almenni löggjafinn getur því sett þau ákvæði um slík efni sem honum sýnist og hann telur þörf á. Þetta á auðvitað ekki við ef slíkar grundvallarreglur hafa orðið svo ríkar að hægt er að segja að þær hafi orðið aða svokölluðum stjórnskipunarvenjum, eins og t. d. sú venja að dómstólar skeri úr því, hvort lög brjóti í bág við stjórnarskrá, eða t. d. þingræðisreglan. Slíkar reglur, sem taldar eru stjórnskipunarvenjur, njóta auðvitað verndar 79. gr. stjskr., þó að þær séu ekki orðaðar beinlínis í stjskr. Ég tel þess vegna, að í stjskr. sé ekki að finna neitt bann við útgáfu laga sem þessara. Og hvað sem almennt má segja um afturverkun laga, þá er það svo, að á sviði skattaréttarins hefur hér á landi kveðið meira að afturvirkum lögum á því sviði en á nokkru öðru sviði. Ég hirði ekki um að rekja fordæmi fyrir því, en það mundi vera hægt að telja upp meira en 30 lög frá síðustu 4—5 áratugum sem þannig hefur verið háttað um. Það liggur því líka í hlutarins eðli að mín skoðun er sú, að þessi lög séu ekki andstæð stjskr., því að ég hefði auðvitað ekki gefið þau út og undirritað þau nema af því að ég leit svo á að þau væru samrýmanleg stjskr. En vitaskuld eru því lítil takmörk sett, hvað um má deila ef menn á annað borð vilja deila, og sjálfsagt verður því haldið fram hér eftir sem hingað til af ýmsum, að lögin séu andstæð stjskr., og þá er auðvitað opin leið fyrir þá, sem halda því fram, að leita til dómstóla. Úrskurði dómstóla verða menn auðvitað að hlíta og þess vegna í sjálfu sér ástæðulaust að vera að fjölyrða um eigin skoðanir að þessu leyti. Mér kæmi ekkert á óvart, þó að farið yrði í prófmál um eitthvert af þessum atriðum, sem hér er um að tefla, t. d. einhver skattaatriðin. Þá er bara að sjá hvernig dómstólar líta á málið.

Hvað því viðvíkur, að þessi skattlagning sé siðlaus, þá er þar um að segja, að siðleysi er eitt af tískuorðum sem eru nokkuð mikið notuð, og því miður fer stundum svo um slík orð, að þau verða hálfmerkingarlítil vegna ofnotkunar. Ég ætla ekkert að ræða um það frekar, en vil undirstrika að hér er ekki um það að tefla að um sé að ræða skatta, sem eiga að renna beint til ríkissjóðs og standa undir opinberum þörfum í venjulegum skilningi, heldur er hér um að ræða þau miðlunarúrræði í efnahagslífinu sem notuð hafa verið æ ofan í æ í ríkari mæli í fjármálalífi bæði hér og annars staðar, að skattar eru notaðir til þess að færa á milli eignir. Slíkt er talið réttlætanlegt og eðlilegt. Það er ekki hægt að sjá hvernig hægt væri undir ýmsum kringumstæðum að ná tökum á stjórn efnahagslífs — á hagstjórn — nema það væri heimilt að grípa til slíkra miðlunarúrræða. Auðvitað eru því takmörk sett, hversu langt má ganga í þessu efni. T.d. þarf ekki að ræða um fjarstæðu eins og þá, að menn spyrja: Hvar eru mörkin, ef um svona skattlagningu er að ræða? — Auðvitað dettur engum í hug að fara megi aftur í tímann og leggja skatta á annað ár en það sem verið er að leggja á skatta á þessu ári. Þessu þarf því ekki að svara.

Ég skal herra forseti — fara að stytta mál mitt. Ég veit ekki hvort ég þarf aftur að taka til máls, þar sem ég geri ráð fyrir að þeir ráðh., eins og ég sagði áðan, sem málið varðar, muni þá ekki síður en ég taka til máls og halda uppi vörnum, ef þörf verður á, fyrir einstök atriði eða málið í heild. En ég vil að lokum aðeins segja það, að þessar ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur nú hrundið í framkvæmd, fela í sér tilraun til þess að rjúfa þann vítahring verðlags- og launahækkana sem hagkerfið hefur fest í að undanförnu og haft hefur í för með sér svo mikla rekstrarerfiðleika undirstöðuatvinnuvega að horfir til rekstrarstöðvunar og atvinnubrests. Þær fela a. m. k. í sér tilraun til þess að öðlast möguleika til að gera þetta. Þörf fyrir skjótar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir ófremdarástand í atvinnulífi landsmanna var fyrir hendi. Hér er farið inn á þá braut að draga úr verðbólgu með auknum niðurgreiðslum og lækkun óbeinna skatta á nauðsynjum. Í þessu felst auðvitað fjárhagsbyrði fyrir ríkissjóð og má því segja að hluta af verðbólguvandanum hafi verið breytt þannig í fjármálavanda fyrir ríkissjóð. Það er svo búið um hnútana með þessu frv. og brbl., að álagning nýrra skatta á árinu 1978 ásamt áformum um útgjaldalækkun dugir til að mæta þeim miklu útgjöldum og tekjutapi ríkissjóðs sem ráðstafanirnar hafa í för með sér á þessu ári. Á hinn bógin dreifist skattheimtan vegna ráðstafananna á þessu ári á lengra tímabil en útgjöldin og því hafa þær óhjákvæmilega í för með sér að greiðsluhalli verður á ríkissjóði á þessu ári. Hins vegar verður, eins og ég hef áður sagt, lögð áhersla á að sá halli verði unninn upp á næsta ári, þannig að yfir 16 mánaða tímabil eða til ársloka 1979 náist jöfnuður í ríkisfjármálunum. Þessi jöfnuður er vitaskuld alger forsenda árangurs í viðnámi gegn verðbólgu.

Árangur í ríkisfjármálunum á næsta ári ræðst af þeim ráðstöfunum, sem verða gerðar með fjárl. ársins 1979, svo og af þeim kjarasamningum sem farið verður eftir eða kunna að verða gerðir frá 1. des. n.k. Við þær ákvarðanir kemur í ljós hvort auðnast hefur að nota það fé, sem þessum fyrstu aðgerðum er ætlað að skapa, til varanlegs viðnáms gegn verðbólgunni. En það skal fylli-

lega játað, að þetta fé er í minnsta lagi. Skattheimtan sem brbl. kveða á um, er einungis tímabundin, jafnvel öll tímabundin. Að vísu er hið sérstaka tímabundna vörugjald og ferðagjaldeyrisálagið bundið við næsta ár. En það verður auðvitað Alþ., sem tekur afstöðu til þeirra till. sem ríkissj. leggur fram á Alþ. um útgjaldalækkun og frestun framkvæmda ásamt varanlegri tekjuöflun með breytingum á sköttum eða annarri tekjuöflun sem tryggir að ríkisfjárhagurinn haldist í jafnvægi.

Í fjárl. ársins 1979, sem lögð verða fram á næstu dögum, verður lagður grunnur að þessari aðhaldsstefnu. Henni verður síðan fylgt eftir með þeim áformum í lána- og peningamálum sem koma fram í lánsfjáráætlun ríkisstj. 1979, sem væntanlega verður lögð fram á Alþ. í *nóvembermánuði. Þetta eru þau hagstjórnartæki sem* ríkisvaldið hefur tök á að beita í viðureigninni við verðbólguna á næstu missierum. En auk þess verður, eins og ég hef margundirstrikað, lögð rík áhersla á samstarf og samráð við aðila vinnumarkaðarins um mótun tekjumálastefnu og haft samráð við þá um þau efni og þá löggjöf sem verður að setja til þess að fá heimildir til þeirrar tekjuöflunar sem nauðsynleg er til þess að samræmd verði þau markmið sem ríkisstj. hefur sett sér í efnahagsmálum.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Við þessa 1. umr. um frv. til 1. um kjaramál vil ég leggja á það áherslu, að þetta frv. og brbl., sem það er flutt til staðfestingar á, sem *og önnur brbl. hæstv. ríkisstj. eru í heild skoðuð ekki til* þess fallin að leysa þann vanda sem að steðjaði, heldur verða þau til þess að auka á vandann og gera hann illleysanlegri þegar til lengdar lætur.

Ég hlýt við þessa 1. umr. um þetta frv. að fara nokkuð í einstaka kafla þess og vil í því sambandi gera þær aths. við I. kafla þessa frv. um kjarasamninga og greiðslu verðbóta á laun, að þau ákvæði, sem þar greinir, efna ekki fyrirheit stjórnarandstöðuflokkanna fyrrv. að setja samningana í gildi. Með þessum brbl. eru þeir uppvísir að því að svíkja þetta kosningaloforð, mesta glamuryrði íslenskra stjórnmála fyrr og síðar.

Í 2. gr. kemur það bersýnilega fram, að samningarnir eiga ekki að ganga í gildi á öllum sviðum, og við höfum þegar heyrt mótmæli, sem lúta að þessum vanefndum, og hótanir um gagnráðstafanir. Það er því ljóst, að þessi brbl. ná ekki heldur þeim tilgangi sínum að skapa frið á *vinnumarkaðinum. Það er svo saga einnig til næsta* bæjar, að með öðrum ákvæðum þessa frv. og brbl. er verið í raun og veru að svíkjast aftan að launþegum, reyna að blekkja þá og telja þeim trú um að samningarnir hafi gengið í gildi, og vík ég að því síðar.

En áður en það er gert vil ég sérstaklega nefna 3. gr. þessa frv. sem segir að „frá 1. des 1978 og þar til um annað hefur verið samið skuli grunnlaun og tilhögun verðbóta á laun haldast óbreytt eins og ákveðið er frá 1. sept. 1978 samkv. almennum kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978 og samkv. lögum þessum." Hæstv. forsrh. tók fram, að hér væri ekki verið að skerða samningsfrelsi aðila vinnumarkaðarins, hér væri aðeins rætt um það sem gilda skyldi þar til um annað hefði verið samið. Samt sem áður er ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. í tilefni af þessari grein, hvort samfara samningsfrelsi gildi og óskoraður réttur samtaka aðila vinnumarkaðarins um verkbönn eða verkföll ef ekki náist samningar milli aðila.

Ég vek einnig athygli á því, að nú allt í einu, samkv. 3. gr., eru laun og tilkostnaður atvinnuveganna, sem felst í launagreiðslum, orðin veigamikill þáttur við úrlausn efnahagsmála og efnahagsvandans. Fyrir kosningar var talað um að launakostnaðurinn í landinu hefði ekkert að segja varðandi verðbólguvöxt eða rekstrarvanda atvinnuveganna. Nei, það voru bara illmenni í hópi þáverandi stjórnarliða sem héldu þessari firru fram. Þá var enginn fyrirvari gerður á því, að samningarnir ættu að fara í gildi. Þá var launþegum ekki sagt, að ef samningarnir gengju í gildi yrði allt grunnkaup óbreytt í heilt ár *frá því að samningarnir yrðu útrunnir.* Það nefndi enginn á nafn.

Ég vek enn fremur athygli á því, að núv. ríkisstj. og formælendur hennar segja sem satt er, að nauðsynlegt sé að endurskoða verðbótavísitöluna. En er samstaða um það innan ríkisstj.? Mér skilst, að forsvarsmenn Alþb. telji það algert aukaatriði og lofi engu um það, jafnvel þótt formaður Alþb. hafi einhvern tíma verið að tala um að kaupgjald æddi upp samkv. vísitölunni. En fyrir kosningar var ekki talað um það, að endurskoðun vísitölunnar hefði e.t.v. í för með sér að launþegar fengju ekki jafnskjótt uppi bornar verðlagshækkanir en það er auðvitað efni málsins. Og við skulum koma beint að efninu. Það, sem hér er átt við af formælendum Framsfl., Alþfl. og Alþb. er auðvitað að endurskoðun kaupgjaldsvísitölunnar og verðbótavísitölunnar hljóti að hafa það í för með sér að draga úr víxlhækkunum verðlags og launa, þ. e. a. s. að launþegar geti ekki átt von á því að fá jafnfljótt uppi borið í hækkuðum launum það sem verðlag kann að hækka.

Við sjálfstæðismenn höfum lagt á það áherslu í þessu sambandi, að kaupmáttur launa sé sem stöðugastur, að kaupmáttur launa sé sem hæstur og á öllum tímum í samræmi við þjóðarhag, og við höfum nefnt t. d. viðmiðun við þjóðhagsvísitölu. Við vorum líka sammála um það á síðasta þingi, fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl., með örfáum undantekningum, að rétt væri að taka óbeina skatta út úr vísitölunni og þar með niðurgreiðslur. Frá mínu sjónarmiði var það ætlað til þess að stjórnvöld hefðu ekki það falska hljóðfæri að spila á sem framfærslu- og kaupgjaldsvísitalan er og hefur verið spilað mest og falskast á þegar Alþb. hefur átt fulltrúa í ríkisstj. Íslands, eins og á árinu 1973, vegna þess að Alþb. hefur takmarkaða trú á dómgreind launþega í landinu og heldur að unnt sé að fara á bak við þá og telja þeim trú um að þeir fái bornar uppi með þessum hætti verðlagshækkanir, þegar verið er að greiða niður þær vörur, sem vega að vísu mest í vísitölunni, en mun minna í raunverulegum útgjöldum almennra fjölskyldna í landinu.

Nei, sannleikurinn er sá, að samningarnir hafa ekki verið settir í gildi og að niðurgreiðslusjónhverfingin er í raun og veru fólgin í því, eins og hæstv. forsrh. sagði, að velta verðbólguvandanum yfir á ríkissjóð. Það er auðvitað sjálfsagt, að bætur almannatrygginga fylgi hækkun launa frá og með þeim degi sem laun hækka. Ég vil minna á að það var fyrrv. ríkisstj. sem tók upp þá sanngjörnu og sjálfsögðu reglu, og ég vil minna á að í tíð fyrrv. ríkisstj. áttu sér stað meiri hækkanir á bótum almannatrygginga og einkum tekjutryggingar til láglaunafólks en nokkurn tíma áður á samsvarandi stjórnartímabili.

Í III. kafla er rætt um niðurfærslu vöruverðs og verðlagseftirlits. Ég vil taka það fram, að auðvitað á niðurgreiðsla vöruverðs rétt á sér að vissu marki. En það mark hlýtur annars vegar að miðast við það, að ekki séu algerlega úr lagi færð eftirspurnaráhrif viðkomandi vöruflokka miðað við aðrar vörur, og það hlýtur enn fremur að vera þeim takmörkunum háð, að ekki sé hætta á greiðsluhalla hjá ríkissjóði.

Hvað hið fyrra snertir má t. d. segja, að það er óeðlilegt ef niðurgreiðslur nema hærri upphæð varðandi landbúnaðarvörur en sem svarar til mismunarins á verði til bænda og neytenda, þ. e. a. s. séu hærri en dreifingarkostnaði nemur. Og í þessu tilfelli skal enn fremur á það bent, að það er hagsmunamál bæði neytenda og bænda, að þessar niðurgreiðslur séu ekki tíðum sveiflum bundnar, eins og nú er sérstaklega undirstrikað að verði með þessum ráðstöfunum.

Hvað hið síðara snertir, þá hefur hér komið fram að þessar auknu niðurgreiðslur og niðurfelling söluskatts á matvörum valda halla hjá ríkissjóði á þessu ári, gagnstætt því sem upplýst var þegar núv. stjórn tók við að ekki mundi verða. Ég tek eftir því, að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa alveg nýtt ráð við halla á ríkissjóði á almanaksárinu. Það er ósköp einfalt ráð. Nú er ekki talað um að ná hallalausri afkomu ríkissjóðs á almanaksárinu, heldur á að lengja árið í raun og veru í 16 mánuði til þess að ná greiðsluhallalausri afkomu. Við alþm. eigum eftir að sjá í frv. til fjárl. og varðandi meðferð og afgreiðslu fjárl. hvernig tekst að ná upp hallanum, sem verður á þessu ári, á komandi almanaksári. En þetta er eitt dæmi um það, hvernig vandinn er aukinn áður en tekið er til að leysa hann. Fyrst á að auka hallann á ríkissjóði, eða réttara sagt, að skapa halla sem ella hefði ekki orðið á ríkissjóði á þessu ári, og er þá þrautin þyngri að reyna að vinna þennan halla upp á því næsta ásamt því að ná greiðsluhallalausri afkomu á því ári.

Það hefur oft verið til umr. á Alþ. að fella niður söluskatt á tilteknum flokkum matvara, eins og t. d. kjöti, og við alþm. höfum margir verið því hlynntir, að felldur væri niður söluskattur, t.d. á kjötvörum og þá fremur lækkaðar niðurgreiðslur að því marki á kjötvörum, það væri ástæðulaust að færa sömu upphæðina inn og út í fjárl. hvað þetta snertir. En þótt þetta hafi í raun og veru verið talið eðlilegt af mörgum alþm., þá hefur þessi framkvæmd strandað a. m. k. í tíð tveggja, ef ekki þriggja ríkisstj., á aðvörunum varðandi það, að mun erfiðara væri að fylgja fram innheimtu söluskatts og mun auðveldara væri að skjóta undan söluskatti eftir því sem undanþágum frá greiðslu söluskatts fjölgaði. Ég vonast til þess, að niðurfelling söluskatts af matvörum verði ekki til þess að draga úr skilum varðandi innheimtu hans, en tel nauðsynlegt að fjh.- og viðskn. kanni það mál sérstaklega.

Þá er í 7. gr. talað um nokkurs konar verðstöðvun, sem í raun og veru hefur lögum samkv. átt að vera í gildi allt frá árinu 1970, en fjarri hefur verið að svo hafi verið, eins og okkur öllum er kunnugt. Ég held — og var sömu skoðunar í fyrri ríkisstj., að óeðlilegt sé að ríkisstj. sé að fjalla um leyfi til einstakra hækkana á vöru eða þjónustu. Mér skildist þá að við páv. ráðh. værum allir sammála um það í raun og veru, það væri langtum eðlilegra að reyna að koma fyrirkomulagi verðlagningar og verðmyndunar í heilbrigðara horf en verið hefur um langt skeið. Og það var einmitt gert með lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem samþ. voru á Alþingi því er lauk s.l. vor. Nú var til 1. umr. frv. til 1. um að fella niður mikilvægustu grein þeirra laga þ. e. a. s. 8. gr., sem kveður á um að afnema skuli verðlagsákvæði þar sem samkeppni ríkti og skapaði það aðhald að vöruverði sem nauðsynlegt er. Í stað þess treysta menn á bersýnilega í 7. gr. þessa frv. og a. m. k. allt næsta ár séu gamaldags, úreltar aðferðir verðlagsákvæða til þess fallnar að halda vöruverði niðri. Þetta úrelta fyrirkomulag er nú hvergi í nálægum löndum. Síðast hafa Frakkar yfirgefið það og dæmt það ótækt til að gegna þessu hlutverki sínu. Hvað eigum við Íslendingar að vera langt á eftir öðrum þjóðum að þessu leyti?

Það er athyglisvert að lesa nú nýverið í blöðunum ávarp frá stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga um hag samvinnuverslunarinnar í landinu. Ég held að það hafi a. m. k. margir hér inni enga tilhneigingu til þess að væna samvinnuverslunina hér á landi um að mata sinn krók eða stunda okurálagningu. En samvinnuverslunin er ekki fær um að gegna hlutverki sínu að eigin sögn miðað við óbreytt lög og ákvæði í reglugerð.

Það er rétt, að við allar gengisfellingar hefur verið beitt 30% reglunni sem um getur í 2. mgr. 7. gr. En um leið er rétt að það komi fram, að þetta á við í fyrsta lagi einkum og sér í lagi þegar samfara gengislækkun og gengisbreytingu er takmörkuð að einhverju leyti útborgun launa til launþega, sem ekki er gert með þessum lögum, a. m. k. að því er formælendur þeirra segja, þvert á móti verið að hækka þau, sem þó er sjónhverfing eins og ég benti á áðan. En í öðru lagi er rétt að nefna það, að þessari reglu hefur fyrst og fremst verið ætlað að gilda nokkra mánuði þar til tilkostnaðarhækkun verslunarþjónustu kemur fram. Þannig var það eftir fyrri gengisfellinguna í ár, að talið var að tilkostnaðarhækkun verslunarinnar af völdum gengisbreytingarinnar kæmi fram á 6-8 mánaða tímabili, og till. hafði verið borin fram í verðlagsnefnd um að þessi 30% regla gilti ekki lengur. Nú hefur fyrri 30% reglan haldist í gildi og enn á ný við þessa gengisbreytingu er hún höfð til viðmiðunar. Ég tel það ekki óeðlilegt miðað við forsögu málsins, en bendi á að hér sem annars staðar er vegið tvisvar í sama knérunn og tek því upp aðvörun stjórnar Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Ég vil svo spyrja hæstv. forsrh. hvort ríkisstj. hafi beitt 5. mgr. 7. gr., þar sem segir: „Ríkisstj. getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.“

Þá er ég kominn að IV. kafla þessa frv. sem fjallar um skattlagningu. Ég hef þegar í umr. um stefnuræðu hæstv. forsrh. fjallað nokkuð um þessa skattlagningu almennt. Ég held því fram, að eignarskattsauki nái ekki þeim tilgangi sínum, að verðbólgubraskararnir endurgreiði það sem þeir hafa hagnast á verðbólgunni. Eignarskattsaukinn er þvert á móti greiddur af þeim einstaklingum og fyrirtækjum í þjóðfélaginu sem með forsjálni og sparsemi hafa byggt upp hreinar eignir. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að eignarskattur er lagður á hreinar eignir, þ. e. a. s. heildareignir að frádregnum heildarskuldum, og það er líka kunnara en frá þurfi að segja, að verðbólgubraskið er einkum og sér í lagi fólgið í því að skulda nógu mikið eða um það bil eins mikið eða meira en bókfært verð eða matsverð eignanna nemur. Þess vegna er ljóst að eignarskattsaukinn lendir ekki á verðbólgubröskurum, enda hefur það komið fram, að

eftir að skattseðlarnir voru sendir út, að eignarskattsaukinn lendir með mjög miklum þunga á ellilífeyrisþegum sem hafa út af fyrir sig litlar tekjur, en hafa á langri, starfsamri ævi getað eignast íbúð eða einhverjar eignir til þess að tryggja öryggi sitt í ellinni.

Ég tel alveg nauðsynlegt að fjh. — og viðskrn. þessarar d. fari mjöt ítarlega í þessa grein laganna varðandi eignarskattsauka og geri á henni þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir það óréttlæti sem dæmi hafa verið sýnd um að í för með þessari gr. ein verða. Auðvitað ætti að fella þennan eignarskattsauka niður alfarið, vegna þess að hann rýrir eiginfjárstöðu einstaklinga og fyrirtækja og eykur á ásókn þeirra í útlánastofnanir til að fá lán til að byggja á atvinnurekstur sinn.

Það er ekki til þess fallið að ná árangri í baráttunni við verðbólguna að draga úr vilja fyrirtækja og einstaklinga til að byggja á eigin fé í atvinnurekstri eða umsvifum sínum eða daglegu lífi, en láta þá heldur þurfa að leita til lánastofnananna og draga á almannafé sem þar er geymt. Ég tel ekki heldur að sérstakur tekjuskattur, hvort heldur er á einstaklinga eða atvinnurekstur, sé til þess fallinn að draga peninga frá þeim, sem sérstaklega hafa grætt á verðbólgunni, til þess að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Þessi aukatekjuskattur er kominn á það stig, að hann hlýtur að draga úr verðmætasköpuninni í þjóðfélaginu, draga úr vinnuframlagi manna annars vegar, en hins vegar að verða til þess, að auknar kaupkröfur verða gerðar, því að þótt við Íslendingar viljum stuðla að tekjujöfnun í þjóðfélaginu, þá er óhjákvæmilegt að nokkur mismunur tekna sé hér á Íslandi til þess að menn vilji taka á sig ábyrgð og undirbúa sig menntunarlega til þess að fást við verkefni, sem úrlausnar bíða hér á landi, eða yfir höfuð leggja meira á sig bæði sjálfum sér og heildinni til hagsbóta.

Ég er sannfærður um að ýmsar skrár, sem birtar hafa verið um það, á hverjum þessi tekjuskattur lendir, sannfæra menn um að hér er verið að taka úr einum vasa og láta í hinn. Það er verið að gera ráðstafanir til þess t. d., að fyritækin í sjávarútveginum séu rekin og veiti atvinnu. En um leið og gengið er lækkað í þessu skyni þá er verið að leggja nýjan skatt á þessi fyrirtæki sem tekur til baka þann ávinning sem fyrirtækin hafa haft af auknum tekjum í krónutölu í kjölfar gengislækkunarinnar. Og þegar tilkostnaðurinn heldur áfram að hækka í þjóðfélaginu verður þetta til þess að meiri þrýstingur myndast á það, að krónan falli áfram, enda er einnig svo komið, að eftir gengisfellingu, sem gerð var í sept., er dollarinn byrjaður að síga og heldur væntanlega áfram að síga samkv. því sem sagt er að ríkisstj. hafi gefið frystihúsaeigendum loforð um að yrði, en í trausti þess hækkuðu frystihúsaeigendur útborgunarverð sitt um 3% án þess að viðmiðunarverðið væri hækkað í Verðjöfnunarsjóði fiskafurða.

Þá er skattheimtan og komin á það stig, að það er ekki til þess fallið að unnt sé að fylgja fram heilbrigðu og virku skattaeftirliti. Það er ekki til þess fallið að draga fram í dagsljósið þá fjármuni sem e. t. v. kunna ekki að koma þar fram og vera til staðar í svokölluðu neðanjarðarhagkerfi. Þessi skattheimta, hvort heldur eignarskattsaukinn eða tekjuskattsaukinn, er einmitt til þess fallin að auka neðanjarðarhagkerfið og spilla siðferði í skattamálum, og eru ýmsir þeirrar skoðunar, að við höfum ekki efni á því. **(Forseti:** Ég vil leyfa mér að spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni). Ég skal, herra forseti, reyna að ljúka henni á ekki allt og löngum tíma. En ég vek athygli á því, að það er eðlilegt að andsvari sé ætlaður nokkur tími (**Forseti:** Það er hugmyndin að halda fund á morgun, en ef það tekur ekki mjög langan tíma, þá er sjálfsagt að halda fundinum áfram enn um sinn). Eigum við ekki að reyna hvort tekst að ljúka ræðunni á þessum fundi?

Þá vil ég víkja að V. kafla laganna varðandi vörugjaldið og hækkun þess á tilgreindum vöruflokkum. Ég er í fyrsta lagi andvígur þessum mismun, vegna þess að ég held að það sé vonlaust að draga þarna mörk á milli almennra vara, sem allur almenningur þarf á að halda, og hinna, sem teljast til lúxusvara, enda kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að hann vildi ekki leggja þá viðmiðun til grundvallar. En ég vil láta það koma hér fram, að í frumdrögum fjárl., eins og þau lágu fyrir við stjórnarskiptin, var ætlunin að leitast við að lækka almenna vörugjaldið úr 16% í 13%, í stað þess að það er nú hækkað að hluta til í 30%. Með þessum hætti hygg ég að hið opinbera sé að reyna að hafa áhrif á neysluvenjur fólks, valfrelsi fólks sé takmarkað, það sé verið að leiða eftirspurnina frá ákveðnum vörutegundum og með hækkun vörugjaldsins geti verið stefnt að því að flytja verslunina meira út úr landinu heldur en æskilegt er og ella mundi hafa orðið, þ. e. a. s. að ferðamenn telji sér hag í því að auka vörukaup sín erlendis fremur en kaupa vörurnar hér heima. Þetta ber og að athuga í sambandi við 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris, sem að vísu er rökstutt með því, að fólk fái ýmsar vörur ódýrari erlendis en hér heima og greiði ekki skatt af þeim vörukaupum sem fara fram erlendis. En ég tel að einmitt hækkun vörugjaldsins í 30% vinni að því og þess vegna sé 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris ekki fullnægjandi til þess að stefna vörukaupunum aftur hingað heim. Þetta tvöfalda gengi er einnig gagnstætt samningum okkar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og skyldum okkar samkv. þeim samþykktum. Það er ávallt illt, ef við Íslendingar brjótum þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist, og skapar ekki traust á okkur. Þá er þetta tvöfalda gengi til þess fallið að gera gjaldeyrisskil minni en ella, og eðlilegra hefði verið, ef þarna er leiðréttinga þörf með tilvísun til þess sem gert er erlendis, að hækka fremur flugvallargjaldið en að fara út í tvöfalt gengi.

Ég vildi sérstaklega spyrja hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh. varðandi VII. kafla laganna um heimild til lækkunar ríkisútgjalda 1978, hvort sú heimild hafi verið notuð eða með hvaða hætti ætlunin er að nýta hana. Og þar sem ég hef beint þessari spurningu einnig til hæstv. fjmrh., þá vil ég beina þeirri spurningu til hans sérstaklega og raunar hæstv. forsrh. líka, hvort ekki sé undirbúningur hafinn í fjmrn. eða innan ríkisstj. að því að endurskoða eignarskattsaukann og sérstaka tekjuskattsaukann með tilvísun til þeirra missmíða sem fram hafa komið eftir að álagningu var lokið og álagningarseðlar voru bornir út, en skilja má ummæli hæstv. fjmrh. í Morgunblaðinu á þá lund, að hann sé reiðubúinn til þess. Ég tel algera nauðsyn að þessi skattlagning fari í endurskoðun. Í fyrsta lagi er það skoðun mín, að fella beri hana alfarið niður, en til vara, að hún verði endurskoðuð með tilvísun til þeirra mistaka sem bersýnilega hafa orðið.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um lögmæti þessarar skattálagningar sem nú fer fram. En það er ljóst af því

langa máli, sem bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. flytja til þess að verja lögmæti álagningarinnar, að það er ekki alveg upplagt mál, hvort þessi skattálagning er lögmæt eða ekki, enda hefur prófessor í lögum, Jónatan Þórmundsson, látið þá skoðun í ljós, að hún sé ekki lögmæt og brjóti í bága við stjórnarskrána. Ég skal engan dóm upp um það kveða, en vildi aðeins ítreka það, að ég tel að hún sé siðlaus með þeim hætti sem hún hefur verið lögð á, þegar skattþegnar hafa gert allar áætlanir sínar fyrir yfirstandandi ár, og ég vek athygli á því, að vegna þess að innheimta þessa skattauka fer fram á tiltölulega skömmum tíma, er þessi byrði enn þyngri en ella. Ég vek einnig athygli á því, að á næsta ári mun hluti þessa skattauka falla saman við væntanlegar ráðagerðir núv. hæstv. ríkisstj. um enn þyngri skattheimtu, svo að þarna eiga landsmenn ekki á góðu von.

Ég vil svo aðeins láta það í ljós að lokum, að hér er því miður ekki verið að rjúfa vítahring verðbólgunnar. Þvert á móti er verið að hella olíu á eld verðbólgunnar, auka vandann sem við blasir. Og í því efni vil ég spyrja hvaða áætlanir liggi fyrir um hækkun framfærslu- og kaupgjaldsvísitölu nú 1. des., þ. e. a. s. miðað við 1. nóv. n. k. Ég hygg að það sé lágt áætlað, að hér sé um 10-12% hækkun kaupgjaldsvísitölunnar að ræða. Af því má sjá að ráðstafanir ríkisstj. hafa engan árangur borið í því að rjúfa vítahring verðbólgunnar. Þvert á móti hafa þær stuðlað að því, að verðlag fer enn hækkandi og vaxandi erfiðleikar eru varðandi afkomu atvinnuveganna, og því verður enn erfiðast að leysa vandann eftir þær ráðstafanir sem nú hafa verið gerðar, en hefði verið auðveldara að þeim ógerðum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 9. fundur.

Fimmtudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 24. okt. 1978.

Sverrir Hermannsson, 5. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Austfjarðakjördæmi, Egill Jónsson ráðunautur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Nú stendur að vísu þannig á, að sjálft kjörbréf varaþm. hefur ekki borist. Hins vegar hafa borist símskeyti: Í fyrsta lagi símskeyti frá Seyðisfirði á þessa leið:

„Vegna óviðráðanlegra orsaka get ég undirritaður ekki tekið sæti Sverris Hermannssonar á Alþingi í fjarveru hans.

Pétur Blöndal."

Og í öðru lagi hefur borist símskeyti á þessa leið:

„Seyðisfirði, 25. okt. 1978.

Alþingi, Reykjavík.

Hef póstlagt kjörbréf fyrir Egil Jónsson, 2. varaþm. Sjálfstfl.

Erlendur Björnsson."

Símskeyti þetta er frá formanni yfirkjörstjórnar í Austurlandskjördæmi, og skrifstofustjóri Alþingis hefur tjáð mér að fordæmi séu fyrir því, að slíkt símskeyti hafi verið tekið gilt. Ég óska þess, að kjörbréfanefnd taki þessi gögn til athugunar, og gef 7 mínútna fundahlé meðan hún athugar þau.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Svo sem lýst hefur verið hefur borist bréf frá Sverri Hermannssyni, 5. þm. Austurl., um að hann geti ekki sótt þingfundi af tilteknum ástæðum. Hér hefur enn fremur verið lagt fram staðfest símskeyti frá 1. varaþm. Sjálfstfl. í Austfjarðakjördæmi, Pétri Blöndal, um að hann geti ekki vegna óviðráðanlegra orsaka tekið sæti þm. á Alþingi að þessu sinni. Í þriðja lagi liggur hér fyrir skeyti frá Erlendi Björnssyni, formanni yfirkjörstjórnar Austurlandskjördæmis, þar sem hann tilkynnir að hann hafi póstlagt kjörbréf fyrir Egil Jónsson, sem er 2. varaþm. Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi.

Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þessi gögn og leggur til að kosningin verði tekin gild og þau gögn sem ég hef þegar gert grein fyrir.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37. shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Egill Jónsson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Kortabók Íslands, þáltill. (þskj. 33). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Suðurnesjaáætlun, þáltill. (þskj. 34). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rannsókn landgrunns Íslands, þáltill. (þskj. 1). — Frh. fyrri umr.

Atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til utanrmn. með 38 shlj. atkv.

Samningar við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi, þáltill. (þskj. 2). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Landgrunnsmörk Íslands til suðurs, þáltill. (þskj. 3). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Iðngarðar, þáltill. (þskj. 5). — Ein umr.

Flm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Suðurl. að flytja till. til þál. um iðngarða.

Á nýloknu iðnkynningarári, þar sem menn voru mjög hvattir til þess að kaupa íslenskar vörur og efla þannig íslenskan iðnað, sem vissulega hefur haft áhrif, var einnig mjög rætt um hvað verða mætti að öðru leyti til þess að styrkja iðnaðinn. En allir eru sammála um að hann hlýtur að taka við meginhluta þess fólks sem bætist á vinnumarkað ef vel á að fara.

Eitt þeirra atriða, sem þá var rætt um, var það mál sem till. þessi fjallar um, þ. e. bygging iðnaðarhúsnæðis.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu bygging húsnæðis er stór hluti af stofnkostnaði fyrirtækja. Það að sveitarfélög ásamt einstaklingum og félögum með stuðningi ríkis byggi iðngarða mundi óefað mjög létta iðnfyrirtækjum byrjunarspor.

Hér er hreyft máli sem kallar á aðgerðir um land allt og getur, ef vel tekst til, orðið undirstaða stórvaxandi atvinnutækifæra um breiðar byggðir landsins.

Til þess að hægt sé að standa undir þeirri félagslegu og menningarlegu velferð, sem allir eru sammála um að efla beri og viðhalda, þarf að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið þannig að ávallt sé völ á fjölbreyttum atvinnutækifærum í þjóðfélaginu í samræmi við menntun og hæfni hvers og eins.

Það má segja, að stutt sé síðan við Íslendingar hófumst handa um uppbyggingu atvinnuveganna með nútímasniði og meginkrafturinn hefur farið í að byggja upp hina hefðbundnu atvinnuvegi, landbúnað og fiskveiðar. Í þeim atvinnuvegum liggja enn fyrir mikil verkefni til úrlausnar og síður en svo allt fullgert, enda stundum verið sótt fram meira af kappi en forsjá. Meðan þessi öra þróun í landbúnaði og sjávarútvegi hefur verið í gangi hefur vaxið upp framleiðsluiðnaður og að sjálfsögðu þjónustuiðnaður og byggingariðnaður sem að verulegu leyti hefur verið tengdur áðurnefndum frumgreinum. Sá iðnaður hefur verið meira gjaldeyrissparandi iðnaður fyrir heimamarkað heldur en útflutningsiðnaður. En sem betur fer hefur iðnaður hin síðari ár sótt á erlendan markað í vaxandi mæli, þannig að í dag er talið að í iðnaði starfi 28—29 þús. manns eða rúmlega 30% starfandi manna í landinu. Í grófum dráttum mun skipting mannaflans vera á þann veg, að 11700 manns starfi í framleiðsluiðnaði, 4900 í þjónustuiðnaði og 12000 í byggingariðnaði. Á þessum tölum sést hversu snar þáttur iðnaður er þegar orðinn í þjóðarbúskap Íslendinga.

Íslenskur iðnaður á undir högg að sækja, þar sem annars vegar er smæð hins íslenska markaðar og hins vegar öflugur iðnaður ýmissa nágrannaríkja sem stendur á gömlum merg og auk þess kröftuglega studdur leynt og ljóst af ríkisvaldi viðkomandi landa.

Þegar við stöndum andspænis því, að landbúnaður og sjávarútvegur getur ekki tekið á móti meiri mannafla svo að nokkru nemi hljóta augun að beinast til iðnaðarins. Nú þurfum við að samhæfa krafta okkar til að létta iðnaðinum erfið spor til vaxtar og eflingar.

Tillaga þessi snertir eina mikilvæga forsendu iðnþróunar, sem hægt er að segja að sé samnefnari fyrir allan iðnað, þ. e. að leita leiða til að auka framboð á hentugu iðnaðarhúsnæði með byggingu iðngarða. Hér er alls ekki um óþekkta leið að ræða, heldur hefur hún verið farin með góðum árangri víða erlendis, þar sem hið opinbera hefur reist iðngarða sem hafa haft víðtæk áhrif á iðnþróun í þessum löndum. Hér á landi hafa verið umr. um slíkar byggingar, svo sem áður kom fram, og hafa þær komist í framkvæmd hjá sumum sveitarfélögum með góðum árangri.

Það, sem fyrst og fremst liggur að baki þessari tillögu er að fyrirtækin hafi möguleika á að nýta betur takmarkað eigið fjármagn í hlutfallslega auknum mæli til fjármögnunar nauðsynlegum véla- og tækjabúnaði og til rekstrar. Þá má nefna að með samstarfi um undirbúning og teikningar og með sameiginlegu skipulagi framkvæmda og fjármögnunar má eflaust auka hagkvæmni hvað byggingarkostnað snertir, þótt jafnframt sé tekið tillit til margbreytilegra þarfa iðnaðarins fyrir húsnæði. Þá má nefna hagræðingu sem getur falist í samstarfi við ýmsa sameiginlega þjónustu vegna rekstrar, t. d. sameiginleg mötuneyti og félagslega aðstöðu starfsfólks, einnig notkun sérhæfðra véla og bókhaldsþjónustu. Þótt gert sé ráð fyrir að hér sé m. a. um leiguhúsnæði að ræða, þá á ekkert að vera því til fyrirstöðu, að fyrirtækin gætu í upphafi keypt húsnæði sem byggt væri með þessum hætti eða síðar meir gegn ákveðnum skilmálum, þegar þau hefðu fjárhagslegt bolmagn til.

Ekki er farið út í það af tillögumönnum að benda á ákveðnar fjármögnunarleiðir, svo sem hvernig hinir ýmsu sjóðir, er þegar veita lán út á iðnaðarbyggingar, mundu fjármagna byggingu iðngarða eða hver þátttaka sveitarfélaga og ríkisins að öðru leyti yrði. En að sjálfsögðu er það grundvallaratriði í væntanlegri löggjöf um iðngarða, ef samþykkt verður, að fjáröflun sé á hreinu og beinlínis að ríkisvaldið stuðli að því að svo sé.

Í þessu sambandi má benda á þátt ríkisvaldsins í endurnýjun og dreifingu togaraflotans, hvernig sú aðgerð varð til þess að efla og styrkja atvinnulífið víða um land. Gæti ekki aðstoð ríkisvaldsins við skipulega upp-

byggingu iðnaðarhúsnæðis ekki aðeins í stærri byggðarlögum, heldur og á smærri stöðum, kauptúnum og í sveitum, verkað hliðstætt sem aflgjafi kröftugrar iðnþróunar sem yrði til hagsældar byggðum landsins og þjóðinni í heild.

Herra forseti. Að öðru leyti vísa ég til meðfylgjandi grg. En að lokum til marks um mikilvægi þessarar till. til þál. um iðngarða vil ég benda á að það eru bóndi og útvegsmaður sem flytja hana.

Ég legg til að till. verði vísað til atvmn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þessa þáltill. um iðngarða sem hér er til umr. Það er mikill áhugi á þessu máli víðs vegar um land. Sveitarstjórnarmenn og iðnaðarmenn hafa um árabil rætt þetta mál, á hvern hátt væri mögulegt að koma upp aðstöðu til eflingar ýmiss konar iðnaði. Á ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga um iðnaðarmál í sept. 1977, í framhaldi af degi iðnaðarins, gerði stjórn sambandsins eftirfarandi samþykkt sem send var stjórnvöldum, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga telur að bygging iðngarða sé mikilsverður þáttur við alhliða iðnþróun í landinu.

Hún telur nauðsynlegt að kannað verði til hlítar, hver teljist eðlileg hlutdeild sveitarfélaga á þessu sviði, ef til kemur, og hvernig málum verði skipað best fjárhagslega, tæknilega og stjórnsýslulega, m. a. hvort nauðsynlegt sé að setja sérstaka löggjöf um þetta efni.

Hún samþykkir að kanna undirtektir ríkisvaldsins í þessu máli í samráði við samtök iðnaðarins og væntir þess, að á komist góð samvinna hlutaðeigandi aðila um athugun þessa þýðingarmikla máls.“

Hefur málið verið í athugun í iðnrn. síðan.

Á ráðstefnunni kom fram að iðngarðar, sem byggðir væru upp af bæjar- og sveitarfélögum, hefðu ekki möguleika á að fá lán úr Iðnlánasjóði nema breytt yrði reglum sjóðsins, og var lagt til að hann fengi sérstakt lán úr Framkvæmdasjóði sem endurlánað yrði til sveitarfélaga til byggingar iðngarða.

Bygging iðngarða af hálfu bæjar- og sveitarfélaga væri mjög jákvæð, ekki síst ef fyrirtækjum gæfist kostur á að ganga inn í slíkar byggingar á leigukaupasamningi. Þá væri þeim ekki íþyngt of mikið með stofnkostnaði. Þetta yrði til að efla og auka fjölbreytni í atvinnuuppbyggingu, ekki síst við að koma upp nýjum iðnaðar- og þjónustufyrirtækjum víðs vegar um landið, þar sem víða ríkir nú vandræðaástand á þessu sviði, t. d. í sjávarþorpum.

Einstaklingar og smærri fyrirtæki hafa ekki fjármagn til bygginga, en gætu komið sér fyrir rekstrarlega. Jafnframt auðveldar þetta fyrirkomulag skipulag og gerir kleift að hafa mörg fyrirtæki undir sama þaki.

Mörg sveitarfélög eru tilbúin að ráðast í slíka fjárfestingu ef lánagrundvöllur er fyrir hendi. Er víða verið að vinna að skipulagi í þessu skyni.

Ég tek undir rökstuðning hv. frsm., 1. þm. Suðurl., og mæli eindregið með samþykkt tillögunnar.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil eingöngu lýsa eindregnum stuðningi mínum við þá till., sem hér hefur verið lýst, og tel hana mikilvægt spor í þá átt að renna stoðum undir íslenskan iðnað sem ætlað er að taka við verulegum hluta þess mannafla sem kemur á atvinnumarkað hér á landi á næstu árum. Ég vænti þess, að þingið sjái sér fært að hraða afgreiðslu þessa máls og að sem flestir verði til að styðja þessa till.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tel rétt að segja hér nokkur orð í sambandi við þessa þáltill. og greina frá þeirri afstöðu minni, að ég tel að hún sé góðra gjalda verð og það mál sem hún reifar. Ég vil einnig greina frá því, að á vegum iðnrn. er nú unnið að athugun þessa máls og að samstarfsnefnd um iðnþróun, sem rn. hefur nýlega skipað, hefur fengið þetta mál til meðferðar ásamt ýmsum fleiri þáttum er iðnþróun varða. Ég vænti þess, að þessi n. muni áður en mjög langt líður taka á þessu máli og skila till. til iðnrn. um það, á hvern hátt best verði ráðist í þetta mikilsverða hagsmunamál fyrir iðnaðinn, sem ekki varðar minnst möguleika á uppbyggingu iðnaðar úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Svo vill til, að í samstarfsnefnd um iðnþróun hafa valist menn sem eru starfandi eða mega teljast fulltrúar eða tengiliðir við þær stofnanir sem þáltill. gerir ráð fyrir.

Ég vildi að þetta kæmi fram við þessa umr. og að þetta mál á fullan stuðning í iðnrn. Ég tel að það sé frekar til að ýta undir málið, að það er komið til umr. á Alþingi með flutningi þessarar tillögu.

Flm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég vildi aðeins mega færa hæstv. ráðh. svo og þeim þm., sem hér hafa tekið til máls, þakkir fyrir undirtektir þeirra við málið og vona að það fái greiðan framgang.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á iðnkynningarári var oft rætt um þetta mál, byggingu iðngarða eða iðnaðarhúsnæðis sem ríkið og sveitarfélögin, einstök iðnaðarfyrirtæki og sjóðir iðnaðarins stæðu sameiginlega að. Það er ljóst, að hér er um mjög mikilsvert mál að ræða, og samtök iðnaðarins og Samband ísl. sveitarfálaga hafa rætt málið og gert um það ályktanir.

Meðan á iðnkynningarári stóð gerði ég þetta mál oftar en einu sinni að umræðuefni. Málið var til rækilegrar athugunar í iðnrn. til að kanna sem rækilegast ýmsar hliðar þess. Þeim athugunum og tillögugerð var ekki lokið við stjórnarskiptin, en eins og hæstv. iðnrh. hefur tekið fram, er þessum athugunum haldið áfram, einkum af hinni nýskipuðu iðnþróunarnefnd. Ég tel að hér sé um mjög markvert mál að ræða og æskilegt að Alþ. lýsi vilja sínum og stuðningi við málið, og ég mæli því eindregið með samþykkt þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efling þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum, þáltill. (þskj. 12). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 12 hef ég ásamt 4 öðrum þm. Alþb. leyft mér að flytja svo hljóðandi till.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir sérstökum stuðningi opinberra aðila við stofnun þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins skal falið að rannsaka möguleika smáiðnaðar í sveitahreppum, safna hugmyndum um hugsanlegar framleiðslugreinar,

kanna viðhorf og áhuga heimamanna víðsvegar um land og gera áætlun um framkvæmdir. Við undirbúning þessa máls ber einnig að taka mið af þeirri allsherjarathugun og tillögugerð varðandi atvinnumöguleika aldraðra, sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Jafnframt skal lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins falið að veita heimaaðilum aðstoð við stofnun fyrirtækja, sem komið er á fót samkv. þessari áætlun, og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda. Sérstaklega ber að kanna möguleika á stofnun framleiðslusamvinnufélaga í sveitum og skal því rekstrarformi veittur sérstakur stuðningur. Stuðla ber að því, að veitt verði óafturkræf framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði til stuðnings smáiðnaði í sveitum allt að 15% stofnkostnaðar.

Þegar ár er liðið frá samþykkt þessarar till. skal ríkisstj. gefa Alþ. skýrslu um framkvæmd hennar."

Í ræðu í fyrra, en till. þessi er endurflutt, rakti ég ítarlega ástæður til flutnings þessarar till. Ég fór nokkrum orðum um vandamál sveitanna yfirleitt, um vanda ungs fólks þar, um vanda aldraðra þar einnig, og ég ræddi um þessa till. í beinu samhengi við það, að einnig í sveitum ætti að koma til aukin fjölbreytni þannig að þar væri ekki einvörðungu stuðst við hina hefðbundnu búskaparhætti.

Ég ræddi þar um ýmis þau mál sem hæst bar hjá sveitafólki þá, — vandamál sem á baki þess brunnu og ég skal ekki fara nánar út í nú. Ég sagði þá að vissulega væri hér ekki um eitt af þeim málum að ræða sem heitast brynnu á bændum, en engu að síður væri till. til komin vegna bréfaskrifta ýmissa þeirra til mín einhvers konar tillögu af þessu tagi.

Meginefni þess, sem ég sagði í fyrra, kemur fram í grg. Ég vil aðeins tæpa þar á helstu atriðum, en vísa annars til framsöguræðu í fyrra um tillöguna.

Ég held að till. beri þess merki, að flm. gera sér ljóst að hér skal að engu rasað um ráð fram, hér á að fara fram vandleg athugun, könnun og samráð við heimaaðila og fyrst og fremst farið eftir óskum heimamanna, en ekki eingöngu óskum þeirra, heldur einnig góðum rökstuðningi þeirra fyrir þörf og möguleikum þeirra á að standa að málinu eins og hagstæðast og best er.

Hér er annars vegar talað um þjónustuiðnað og hins vegar úrvinnsluiðnað. Á það er bent í grg., að úrvinnsluiðnaður í sveit á Íslandi mun aðeins vera á tveim stöðum, að ég hygg, þ. e. a. s. í Víðidal norður og á Barðaströnd. Þar munu vera saumastofur. Ég veit ekki um annan úrvinnsliðnað í sveitum, nema þann sem snertir grasköggla- og heymjölsframleiðslu og verksmiðjur þar til heyrandi. Hitt kann að vera, að hér sé um fleiri staði að ræða, og væri betur að svo væri. En hér er einnig um mikilvægan þjónustuþátt að ræða, og á það er bent í grg., að hin mikla vélanotkun í sveitum almennt kalli á nærtæka og trygga þjónustu á annatímum. Það er að vísu rétt, hana er víða að finna, þó að hún hafi í engu verið styrkt svo sem skyldi og enn mjög ófullkomin og hvergi nærri slík sem hún þyrfti að vera.

Varðandi úrvinnsluna aftur, þá bendum við flm. á að íslenska ullin og gærurnar eru að verða sífellt stærri og verðmeiri þáttur í þjóðarframleiðslu og atvinnuþróun okkar yfirleitt, og það er vel. En eins og kemur fram í þessari grg., þykir mörgu sveitafólki, sem um þessi mál hugsar og um vanda sveitanna og vanda landbúnaðarins almennt, sem sveitafólið sjálft taki mjög lítinn og óvirkan þátt í úrvinnslu þessarar dýrmætu vöru. Og að því beinist þessi till. að finna leiðir að því, að sveitafólkið sjálft gæti þar í auknum mæli komið inn í vinnsluna með einhverjum hætti, jafnvel svo — það er ekki sett að skilyrði vitanlega — að þeir, sem þar byggju, gætu jafnvel haft það að aðalatvinnu, en áfram auðvitað búsetu í sinni sveit.

Ég veit ekki annað en þær tvær sumastofur, sem ég minntist á áðan og reknar eru í sveit, hafi í engu gefið verri raun en þær sem reknar eru á þéttbýlisstöðum. Hitt er svo annað mál, að þessar stofur yfirleitt búa við þröngan kost og ýmsa erfiðleika. En það er ekki sérkenni fyrir þessar tvær, það er mjög almennt að þessar stofur séu reknar sumar með beinu tapi og aðrar berjist mjög í bökkum.

Við gerum till. um það, að reynt sé að stuðla að því, að óafturkræf framlög verði veitt allt að 15% stofnkostnaðar, hvort sem um er að ræða framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði. Hér er í raun miðað við það, að Framkvæmdastofnun ríkisins sé hinn rétti frumkvæðisaðili í málinu og veiti virka aðstoð við allar aðgerðir, enda má segja að samkv. lögum stofnunarinnar eigi hún að gegna þessu hlutverki beinlínis. Það er hins vegar ekki skilyrði frá okkar hálfu, síður en svo, varðandi þessa till., að hér verði skilyrðislaust um óafturkræf framlög að ræða. Það er nú svo einmitt varðandi það, sem snertir okkar landbúnað eða okkar sveitir, að mönnum þykir víst mörgum hverjum nóg af óafturkræfum framlögum til þeirra hluta. En hjálp með einhverjum hætti, þó að ekki væri um óafturkræf framlög að ræða, kæmi vissulega einnig til greina.

Við minnust á framleiðslusamvinnufélögin, sem nú hafa hlotið lagastoð, sem æskilega aðila til að standa fyrir framkvæmdum af því tagi sem þessi till. lýtur að og þættu heppilegastar til atvinnuauka í hinum einstöku sveitum. Ég geri mér fulla grein fyrir og við flm. allir, að eflaust verður ekki um mörg sveitarfélög eða margar sveitir að ræða sem kæmu inn í þessa mynd til að byrja með. En ég þykist þess fullviss þó, að um einhverjar sé að ræða sem vildu nýta sér þá aðstoð, gera um þetta skipulega áætlun, leggja hana fyrir byggðadeild Framkvæmdastofnunar og fá þar úr því skorið, hversu réttmætt og mögulegt væri að ráðast í það sem þar væri lagt til. Ekki erum við með þessum framleiðslusamvinnufélögum, svo að ég komi aftur að þeim, að útiloka einkaaðila í þessu efni, þó að okkur þyki þeir heldur hvimleiðir í atvinnurekstri yfirleitt. En við vitum að í sveitum er um mikla samhjálparkennd að ræða almennt, og þetta ákvæði er einnig sett inn sem frekari hvati að því, að menn tkai höndum saman í heilbrigðri og virkri samvinnu, svo sem bændur og aðrir sveitamenn á Íslandi eru hvað kunnastir að.

Ég ætla ekki að fara að vitna nánar í þau bréf sem grg. segir frá. Hins vegar get ég ekki stillt mig um að segja frá því, að oddviti eins sveitarfélags á Fljótsdalshéraði, sem skrifaði mér um þetta mál, lagði gífurlega áherslu á það, að bændur fengju þjónustuna, sérstaklega véla-þjónustuna og reyndar ýmsa aðra þjónustu, meir til sín og nær sér heldur en nú væri. Nú á þessi oddviti ekki mjög langt í kaupstað, ef svo má segja, það er ekki mjög langt í Egilsstaði þaðan sem hann býr, en engu að síður segir hann að þúsundþjalasmiður, sem þar er búsettur í sveitinni, hafi bjargað mönnum þar ótrúlega mikið og forðað bændum þar frá því að fara langan veg til þess að sækja þjónustu sem þessi maður hefur veitt fyrir lítið

gjald og vitanlega við ófullkomnar aðstæður og enn síður nokkra lánastarfsemi samfélagsins.

Það er vikið að öldruðu fólki sérstaklega sem vart hefur vinnuþrek til að stunda svo erfiða vinnu sem búskapur er, en skortir verkefni við hæfi. Hér er auðvitað ekki um sérvandamál sveitanna að ræða. Það er hið algilda vandamál aldraðs fólks að finna vinnu við sitt hæfi og þar eigum við sannarlega mikið verkefni óleyst. Og af því að hæstv. félmrh. heyrir mál mitt, þá vil ég segja það, að ég treysti honum til góðra aðgerða í því máli og einmitt til þess, sem vitnað er til í grg. okkar um samþykkt Alþ. frá 1975, sem við þm. Alþb. fengum þá samþykkta, að framkvæmd hennar verði sem fyrst eitthvað í áttina við það sem hún segir til um, en þar segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa í samráði við launþegasamtök landsins frv. til l. um atvinnumál aldraðra og verði að því stefnt, að allir 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt koost á atvinnu við sitt hæfi."

Þetta var útúrdúr að vísu, en snertir þetta mál einnig, eins og vikið er að í till. sjálfri.

Það má segja að hér sé um verkefni Byggðasjóðs að ræða. Það má segja að það sé óþarft að flytja till. um þetta, því að Byggðasjóður eigi nú þegar samkv. lögum að grípa hér inn í. Hér er hins vegar verið að óska eftir skipulegum aðgerðum — ekki tilviljanakenndum, heldur skipulegum aðgerðum sem byggðadeild Framkvæmdastofnunar beiti sér fyrir, þannig að þar verði ekki um að ræða tilviljanakenndar lánveitingar hingað og þangað, í meira og minna vafasöm fyrirtæki e. t. v., heldur verði að þessu unnið eins skipulega og mögulegt er. Byggðasjóður hefur hér komið inn í, sumpart til góðs. Hann hefur vissulega styrkt aðila í þessu efni, t. d. vélaverkstæði og eins þær tvær saumastofur sem reknar eru. Þar hefur Byggðasjóður komið til með eðlilega fyrirgreiðslu. En hér þarf vissulega að gera skipulegt aukaátak.

Við leggjum áherslu á það, við flm., að vil ætlum okkur engan sérstakan hraða á þessu. Niðurlag till. um, að ríkisstj. skuli gefa Alþ. skýrslu um framkvæmd hennar, er ekki til komið vegna þess að við reiknum með því, þótt við treystum náttúrlega hæstv. ríkisstj. ákaflega vel í þessum efnum, að hún eða Framkvæmdastofnunin verði búin að framkvæma eitthvað af þessu að ári liðnu, heldur vegna þess að ég held að sé rétt að Alþ. sé gefin skýrsla um hvernig með svona till. sé farið. Það tefur tíma þingsins ekki mjög mikið, vegna þess að að öðrum kosti rignir fsp. yfir um framkvæmd hinna ýmsu þál. sem gerðar eru. Og ég tel heppilegra að ríkisstj. hefði að því frumkvæði, en léti ekki sífellt toga út úr sér svör varðandi þál. sem samþykktar eru, því miður oft þau svör, að í málinu hafi hreinlega ekkert verið gert. Upplýsingaskylda af þessu tagi, hvernig með till. hafi verið farið, mundi kannske reka á eftir því, að eitthvað væri gert með þessar till., og því er þessi klausa komin inn í þessa till. okkar.

Hér er vissulega um byggðamál að ræða. Það má deila um hversu mikilvægt það er, hversu mikill möguleiki sé á að koma því í framkvæmd. Við gerum okkur fullkomlega ljósa erfiðleikana á því. Við gerum okkur einnig ljóst, að þetta mál markar engin þáttaskil varðandi vandamál íslenskra sveita eða íslensks landbúnaðar. Það er langt frá því. En hér er hliðarþáttur sem gæti valdið styrkingu á búsetu í sveitum almennt. Þar kæmi til aukin fjölbreytni og gæti e. t. v. leyst viss vandamál sem þar er nú við að glíma.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að óska eftir því, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. atvmn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er vissulega ánægjulegt þegar menn hafa áhuga á iðnþróun og byggðaþróun hér á Alþ., og ég verð að segja, að ég hlakka til að fá tækifæri til þess í atvmn. Sþ. að fá að fjalla um þessi mál svo og önnur. En það, sem rekur mig í ræðustólinn að sinni til að taka til máls um þessa tillögu, er það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl. varðandi rekstrarformið. Ég get ómögulega skilið hvers vegna flm. þessarar till. þurfa að setja það fram, að ákveðnu rekstrarformi skuli veittur sérstakur stuðningur umfram önnur rekstrarform. Eins og hv. 3. þm. Austurl. sagði, taldi hann ástæðuna vera þá, að einkarekstur væri heldur hvimleiður að hans áliti. Ég vil minna á það, að Alþb. gefur út dagblað hér í borginni, og ég veit ekki betur en rekstraraðilar þess blaðs og reyndar annarra stofnana á vegum þessa flokks séu hlutafélög, og að sögn þeirra manna, sem starfa í þessum flokki, virðist sá rekstur ganga talsvert vel, en um það voru opinberar umr. fyrir nokkrum missirum.

Annað er það í sambandi við þessi mál og kannske almennara sem ég vildi gjarnan fá að koma hér á framfæri, en það er í sambandi við byggðamál almennt. Það virðist stundum vera trú manna, að það sé nægilegt, þegar rætt er um byggðamál og ekki síst iðnþróun og ný atvinnutækifæri úti á landsbyggðinni, að veita til þess arna talsvert fjármagn. Skoðun mín er sú, að þar þurfi talsvert fleira til að koma. Og það, sem er e. t. v. mikilvægast, er sú þekking sem verður að liggja að baki því að reka fyrirtæki, hvort sem það eru hlutafélög eða framleiðslusamvinnufélög. Það er að mínu áliti talsvert til í því sem ýmsir hafa haldið fram, að fyrirtæki úti á landsbyggðinni skorti ekki eingöngu fjármagn, heldur e. t. v. rekstrarlega þekkingu. Þess vegna dettur mér í hug, hvort ekki sé ástæða til að þeir aðilar, sem mundu hugsanlega verða fengnir til að koma á laggirnar fyrirtækjum eins og hér er lýst eða öðrum slíkum, hafi samstarf við þá aðila aðra sem láta sig varða menntun þeirra sem stýra fyrirtækjum og reka þau. Og vegna þess að hér er verið að ræða um málefni sem áreiðanlega koma til með að snerta Austurland, auk annarra landshluta að sjálfsögðu, vil ég minna á að á Austurlandi er mikill skilningur í þessum efnum. Þar er starfandi a. m. k. eitt áhugamannafélag sem lætur sig slíkt varða, og þar á ég við Stjórnunarfélag Austurlands, sem á undanförnum árum hefur unnið talsvert starf til þess að mennta eigin félagsmenn í þessum fræðum. Og ég vil taka það skýrt fram, að þeir, sem hafa sýnt þessu félagi hvað mestan áhuga, eru ekki eingöngu þeir sem starfa að hlutafélagarekstri, heldur einnig hinir, sem standa að rekstri með talsverðum dugnaði, svo að til fyrirmyndar er á sumum sviðum, og það eru þeir aðilar sem reka fyrirtækin á Neskaupstað og hv. flm. er vel kunnugt um.

Það eru þessi atriði sem ég vildi koma til skila í þessu máli þegar við þessar umr., þótt ég fái auðvitað tækifæri til þess að fara höndum um þessi mál í n. og muni þá að sjálfsögðu koma fram með mínar aths., en styðja það í þessari till. sem ég tel að til heilla horfi.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki verða ýkja-langorður um þessa till., en að svo miklu leyti sem till. vekur til umhugsunar um atvinnumál sveitanna, þá tel ég að hún sé mjög gagnleg. Að sjálfsögðu ætla ég ekki að taka endanlega afstöðu til þeirra atriða sem um er rætt í till. eða í grg. eða í ræðu hv. flm. Ég held þó að í öllum höfuðatriðum hafi hv. flm. hitt á það rétta. Sannleikurinn er sá, að það er of lítið gert að því að ræða vandamál landsbyggðarinnar eða dreifbýlisins og sveitanna í heild. Við ræðum gjarnan um vandamál landbúnaðarins út af fyrir sig, bændastéttarinnar út af fyrir sig, en ég held að okkur vanti að ræða þetta í meiri heild.

Sannleikurinn er sá, að sveitirnar líða ekki síst fyrir það, að atvinnulífið í sveitunum er fábreytt. Við þekkjum það hvar sem er, að þar sem atvinnulíf er fábreytt vill gjarnan fara svo, að heildarafkoman verði lakari og óvissa sé um framtíð slíkra byggða, jafnvel heilla landa sem byggja sig þannig upp atvinnulega. Og að þessu leyti til held ég að þessi till. gefi mjög gott tilefni til að ræða þessi mál í heild.

Mér virðist — og hef athugað þetta nokkuð að sjálfsögðu eins og fleiri hv. þm. — að ekki sé nóg að hafa mjög einhliða aðgerðir í sambandi við byggðamálin. Á undanförnum 6—7 árum hafa orðið gífurlegar framfarir í landinu, úti um alla landsbyggðina, og landsbyggðarstefnan hefur fengið að njóta sín. En við verðum jafnframt að viðurkenna það, að þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið á grundvelli landsbyggðarstefnunnar, hafa miklu fremur náð til sjávarbyggðanna heldur en til sveitanna. Uppbyggingin til sjávarins um allt land er mjög áberandi og hefur að sjálfsögðu orðið til þess, að þar hafa orðið miklar framfarir. En þessar miklu framfarir eða þessi mikla uppbygging til sjávarins nær ekki nema að litlu leyti til sveitanna. Þess vegna held ég að það sé hin mesta nauðsyn, þegar við ræðum um landsbyggðarmálin, um byggðastefnuna, að þetta sé athugað meira í heild en við höfum gert til þessa. Og ég held að það brýnasta fyrir sveitirnar sé að við getum aukið þar fjölbreytni atvinnulífsins líkt og í öðrum byggðum. Ég held að menn hafi veitt því athygli, hver í sínu kjördæmi og hvar sem er í landinu, að þar sem atvinnulífið er fjölbreytt í sveitunum er síður en svo að nokkur fólksflótti sé þaðan. Slíkar byggðir eru yfirleitt sterkar og það er ekki hætta á því, að það bresti á neinn flótti frá slíkum byggðum. Ég gæti talið upp t. d. í mínu kjördæmi fjöldann allan af slíkum sveitabyggðum sem standa mjög traustum fótum, eingöngu vegna þess hvað atvinnulífið er fjölbreytt. En ég gæti líka talið upp þar á móti aðrar byggðir sem standa mjög höllum fæti vegna þess að þar er atvinnulífið fábreytt, byggist nær eingöngu á landbúnaði. Það hefur sýnt sig í nútímaþjóðfélagi, að það er ekki nægilega mikill styrkur að landbúnaðinum einum fyrir byggðirnar til þess að þær geti vaxið og séu öruggar um að dragast ekki saman að fólksfjölda og á annan hátt.

Að þessu leyti til vil ég taka undir þessa þáltill. og tel eðlilegt að hún verði athuguð í n., eins og till. er gerð um. Ef þessi till. verður til þess að vekja upp skynsamlegar umr. um vandamál sveitanna, þá tel ég að hún hafi gert sitt gagn og vil gjarnan stuðla að því að hún nái fram að ganga.

Hannes Baldvinsson: Herra forseti. Það má líklega með sanni segja, að á undanförnum árum hafi fáar iðngreinar verið í jafnörum vexti og hinn svokallaði ullariðnaður. Það er því eðlilegt, þegar verið er að fjalla um vaxandi iðnað í sveitum landsins, að menn renni hýru auga til þeirrar iðngreinar. Ég tel því að ekki verði undan því vikist í sambandi við þær umr., sem hér fara fram, að vekja athygli hv. þm. á þeim vanda sem nú steðjar að þessari iðngrein. Vaxandi framboð á erlendum eftirlíkingum á íslenskum ullarfatnaði stefnir framtíð íslenska ullariðnaðarins í beinan voða. Þessi hætta hefur verið á vitorði framámanna í þessum iðnaði um nokkurt skeið, þótt ekki hafi menn verið sammála um hversu mikil hætta væri þarna á ferðinni eða hversu við skyldi bregðast. En þó voru á síðasta ári og s. l. vor send erindi til fyrrv. ríkisstj. með ósk um aðgerðir til að tryggja viðgang þessarar iðngreinar. Viðbrögð þáv. ríkisstj. voru þau að setja nokkrar hömlur á útflutning á svokölluðu loðbandi, en ýmsir töldu að útflutningur á þessu loðbandi væri einmitt undirstaða í svokallaðri prjónavoð, sem aftur er notuð til þess að sauma úr og gerði útlendum aðilum kleift að framleiða eftirlíkingar á hinum eftirsótta íslenska fatnaði. Þetta var að sjálfsögðu jákvæð aðgerð. En ýmsir draga í efa að nóg hafi verið að gert, því að þarna var ekki um neitt útflutningsbann að ræða, heldur aðeins hömlur á útflutningi, þannig að enn á sér stað verulegur útflutningur á loðbandi til erlendra samkeppnisaðila. Auk þess leikur sá grunur á, að loðband sé flutt út undir vöruheitinu lopi, sem er nokkuð villandi því að lopi og loðband er tvennt ólíkt, en það vöruheiti sé notað til þess að dylja raunverulegan útflutning loðbands.

Jafnhliða því að setja fram ósk um útflutningshömlur þá var líka sett fram sú ósk, að sett yrði reglugerð um það, hversu miklu mætti blanda af erlendri ull í hina íslensku til þess að kalla mættu vöruna, sem framleidd væri úr ullinni, íslenska. Þessi reglugerð hefur því miður ekki verið sett og því hafa bandframleiðendur á Íslandi óbundnar hendur um hversu miklu magni af erlendri ull þeir mega blanda í hina íslensku og kalla bandframleiðslu sína áfram íslenska ull. Reyndar hefur annar af stærstu bandframleiðendunum horfið frá því og kallar framleiðslu sína bara hreina ull, ekki lengur íslenska. En við, sem lítum þessi mál alvarlegum augum, teljum að nauðsynlegt sé að fá sett í reglugerð ákvæði um hámarksíblöndun erlendrar ullar í þá íslensku.

Það má auðvitað segja, að hægt sé að virða bandframleiðendum það til vorkunnar að vilja nota erlenda ull til íblöndunar, því að hún er mun ódýrari en sú íslenska. En margir álíta að með þessu sé gæðum framleiðslunnar stefnt í voða. Undirstaða þess, að hægt er að framleiða mjög seljanlega fatnaðarvöru úr íslenskri ull, er fyrst og fremst sérkenni íslensku ullarinnar, léttleiki og hlýja. Það er undirstaðan undir vaxandi ullariðnaði okkar.

Það má raunar segja að málefni ullariðnaðarins heyri undir þrjú rn. og það sé kannske ástæðan fyrir því, að lítið hefur verið aðhafst. Þau heyra undir iðnrn., viðskrn. og óbeint undir forsrn., en Framkvæmdastofnunin, sem heyrir undir forsrn., er eigandi að einni stærstu bandframleiðsluverksmiðjunni.

Mér er kunnugt um að á borð ykkar alþm. hefur borist erindi frá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, þar sem vakin er athygli á þeim vanda og þeirri hættu sem það telur felast í því að blanda íslenska ull erlendri í jafnríkum mæli og gert hefur verið. Ég held að nauðsynlegt sé, þegar verið er að bollaleggja um vaxandi iðnað í sveitum og binda

sérstakar vonir við úrvinnslu úr ullarvörum í því sambandi, að þm. og þá hæstv. ríkisstj. geri sér grein fyrir þeim vanda sem þarna er við að etja. Það má segja, að hættan stafi fyrst og fremst frá tveimur eða þremur löndum. Upphaflega mun framleiðsla á eftirlíkingum hafa hafist í Danmörku, og sá, sem þar kom á fót verksmiðju til framleiðslu og eftirlíkinga á íslenskum fatnaði, hefur gengið mjög langt í því að blekkja viðskiptavini sína og telja þeim trú um að þarna sé um íslenska vöru að ræða. Hann mun hafa í hyggju að færa út kvíarnar, og heyrst hefur að hann hafi í undirbúningi að stórauka framleiðslu sína á Puerto Rico. Sömuleiðis er vitað að um verulega framleiðslu í eftirlíkingum á íslenskum ullarfatnaði var að ræða í Kóreu, en þangað fluttu Íslendingar töluvert magn af íslensku loðbandi fyrir einu eða tveimur árum. Sá útflutningur hefur að vísu haldið áfram, en hömlurnar, sem settar voru af viðskrn. s. l. vor, drógu úr þeim útflutningi. En í staðinn hefur band verið flutt til Japans, og leikur grunur á að í gegnum Japan sé það selt áfram til Kóreu og þannig sé haldið áfram að framleiða íslenskar eftirlíkingar í því láglaunalandi.

Ég sagði áðan, að menn greindi á um hversu alvarlegt þetta ástand væri. Þeir, sem fást við útflutning úr þessari framleiðslu okkar Íslendinga, eru stundum kallaðir af þeim, sem við þá skipta, hinir þrír stóru, en það eru Álafoss, Samband ísl. samvinnufélaga og svo Hilda hf.

Ég veit að tveir af þessum aðilum telja þarna mjög mikla og vaxandi hættu á ferðum, en þriðji aðilinn hefur heldur dregið úr því áliti manna, að ástæða sé til að gera mikið úr þessari hættu. Það er kannske skýringin á því, að ekki hefur nægilega verið aðhafst af hálfu íslenskra yfirvalda varðandi þennan vanda.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur boðað til fundar framleiðenda í ullariðnaðinum nú eftir liðlega viku, og ég er viss um að þar ber þessi mál á góma. Ég vil því hvetja viðkomandi rn. til þess að senda fulltrúa á þennan fund og fylgjast þar gjörla með umræðum og áliti þeirra, sem um þessi mál fjalla þar, og hefja að því loknu undirbúning af hálfu íslenskra stjórnvalda sem megi duga til verndar þessari iðngrein sem vafalaust gæti orðið gott búsílag fyrir þá till. sem hér er til umr. um uppbyggingu iðnaðar í sveitum landsins.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hér er hreyft athyglisverðu máli þar sem um er að ræða eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum. Er það út af fyrir sig virðingarvert og rétt kannske að bæta við, að á fleiri stöðum en þeim tveim, sem hv. flm. nefndi, er úrvinnsluiðnaður í sveitum, eins og t. d. í kjördæmi hans, í Nesjahreppi, og um áratugi hefur slíkur iðnaður verið í Leirhöfn á Sléttu. En það, sem olli því að ég kvaddi mér hljóðs, er, að ég held að það sé svolítið erfitt að gerast sérstakur talsmaður bændastéttarinnar í landinu undir þeirri forskrift, að flm. þyki einstaklingsrekstur hvimleiður. Í Hávamálum segir: „Bú er betra, þótt lítið sé, halur er heima hver, þótt tvær geitur eigi og taugreftan sal."

Íslenskir bændur hafa frá öndverðu verið miklir einstaklingshyggjumenn og kunna ekki að meta það, að þeim séu settar skorður í þeim efnum.

Í tillgr., sem hér liggur fyrir, er eitt atriði sem ég tel mjög hæpið, mjög vafasamt, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Sérstaklega ber að kanna möguleika á stofnun framleiðslusamvinnufélaga í sveitum, og skal því rekstrarformi veittur sérstakur stuðningur." Síðar í þessari tillgr. er talað um óafturkræft framlag ríkissjóðs allt að 15% stofnkostnaðar. Ég tel afskaplega hæpið að hið háa Alþ. geti með þeim hætti gert upp á milli rekstrarforma. Ég held að Alþ. geti ekki tekið þá ákvörðun að gefa sumum peninga og öðrum ekki, sem standa í hliðstæðum rekstri. Ég held að hugsunarháttur af þessu tagi sé hins vegar lýsandi fyrir Alþb. og þá stefnu sem það er farið að reka, síðan hv. 3. landsk. þm., Ólafur Ragnar Grímsson, varð þar áhrifamaður. Ég held að hinir eldri Alþb.-menn eigi að halda sig við þær skoðanir sem þeir hafa haft í þessum efnum.

Ég vil, þar sem ég fékk að tala hér fyrir sérstök elskulegheit hæstv. forseta, ekki hafa þessa ræðu lengri þó að ástæða væri til, en aðeins minna á það, að framleiðslusamvinnufélögin hafa skattfríðindi umfram annan rekstur og eru alls ekki eins opin félög og ýmsir í framleiðslusamvinnufélögunum vilja vera láta.

Umr. frestað.

Neðri deild, 8. fundur.

Fimmtudaginn 26. okt., að loknum fundi í Sþ.

Kjaramál, frv. (þskj. 429. — Frh. 1. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Frv., sem hér er til umr., um staðfestingu á brbl.þeim, sem ríkisstj. gaf út og kölluð eru um kjaramál, kemur hér til þings eftir að rúmur hálfur mánuður er liðinn frá því að þing var sett og þá tekið strax til umr. Hv. 4. þm. Reykv. gerði þessu frv. ítarleg skil í ræðu sinni í gær og þá alveg sérstaklega kaflanum um kjarasamninga og greiðslu verðbóta á laun, og skal ég ekki orðlengja um þau atriði, en vil þó bæta nokkru við, einkum í sambandi við III. kafla laganna um niðurfærslu og verðlagseftirlit.

Ákvæði í III. karla veita ríkisstj. heimild til aukningar niðurgreiðslna um 4.9% af verðbótavísitölu, eins og hún var fyrir gildistöku laganna. Þessi heimild hefur þegar verið notuð af hæstv. ríkisstj., og er áætlað að sú aukning niðurgreiðslna og auknar niðurgreiðslur 1. des. n. k. muni kosta ríkissjóð hvorki meira né minna en 3350 millj. kr. til áramóta og að óbreyttu 12 milljarða og 800 millj. kr. á árinu 1979. Hér er fyrst og fremst um að ræða auknar niðurgreiðslur á mjólk, kjöti, smjöri og fleiri landbúnaðarafurðum. Auk þessara niðurgreiðslna veita þessi lög fjmrh. heimild til niðurfellingar sölugjalda á matvælum sem þegar hefur verið notuð. Ég hef áhuga á því, að fram komi, hvort sem það verður við þessa umr. eða þegar frv. kemur frá n., ítarlegar upplýsingar um það, hverjar voru taldar birgðir af kindakjöti, þegar þessi brbl. voru gefin út. Jafnframt komi fram, hvort ekki séu til upplýsingar um hverjir voru eigendur þessara birgða og hvernig var þeim dreift til smásöluaðila. Finnst fjmrh. það ekki athyglisvert hversu dræmt þessar vörur komu í smásöluverslanir og hve ótrúlega margir neytendur hafa kvartað um að hafa misst af þessu niðurgreidda ríkisstjórnarkjöti.

Nú er sagt af ríkisstj. og talsmönnum hennar, að þessar niðurgreiðslur séu fyrst og fremst gerðar fyrir þá sem verst eru settir í þjóðfélaginu, fyrir barnmörgu fjöl-

skyldunar og fyrir þá sem hafa lægst launin. En hefur hæstv. ríkisstj. engar áhyggjur af því, að allt bendir til þess, að þeir, sem eru með stærstu fjölskyldurnar og hafa lægst kaupið, eru kannske ekki með nema mjög litla frystikistu eða enga og þar að auki litla peninga handbæra til þess að birgja upp heimili sín? Það liggur því í hlutarins eðli, að þeir, sem átt hafa stóra frystikistu eða kistur eða greiðan aðgang að hólfum í frystihúsum og gnægð peninga, hafa getað birgt sig upp af þessu ríkisstjórnarkjöti á s. l. hausti, en hinir hafa kvartað sáran yfir því að hafa orðið af þessari veislu ríkisstj. Ég held að það hafi verið staðið óskynsamlega og klaufalega að framkvæmd þessarar niðurfærslu til almennings, það hafi ekki verið hægt að gera það klaufalegar en raun ber vitni. Það er því fullkomlega kominn tími til þess, þegar þetta mál kemur frá n., að þessar upplýsingar liggi fyrir. Það er ekki einleikið, hve dræmt var að fá kjöt í smásöluverslanir til þess að selja almenningi af þeim birgðum sem var verið að greiða niður. Og það er nauðsynlegt að kanna það mál. Ég legg ekki til að skipuð verði rannsóknarnefnd þingsins í því sambandi. Ég tel að það megi fara eftir öðrum leiðum, að þau rn., sem hafa með niðurgreiðslur að gera og þá viðskrn. helst og ekki síður fjmrn., sem sér um öflun fjár og greiðslur, þau kanni þessi mál til hlítar og gefi Alþ. skýrslu um, hvernig þessu öllu var varið.

IV. kafli þessa frv. fjallar um eignarskattsauka og sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri til að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs. Með þessum sérstaka eignarskattsauka er lagður eignarskattur á gjöld ársins í ár sem nemur 50% af eignarskatti einstaklinga, en 100% af eignarskatti félaga, innlendra og erlendra. Það kom fljótt í ljós, þegar skattstjórar höfðu lokið við álagningu þessara skatta, að hér var um mjög rangláta skattaðferð að ræða, þar sem þessi eignarskattsauki kemur hart niður á mörgum þeim, sem sáralitlar tekjur hafa. Ég sá í samtali, sem Morgunblaðið átti við fjmrh., að fjmrh. segir að þessar ráðstafanir núna hafi verið gerðar við sérstakar aðstæður og í nokkrum flýti og því við því að búast að einhverjir agnúar kæmu í ljós. Það hefur því ekki farið fram hjá fjmrh. frekar en öðrum landsins börnum, að hér voru ýmsir agnúar, sem hafa í ljós komið. En þá er auðvitað fyrst og fremst að bregðast fljótt við og leiðrétta og laga þá herfilegustu agnúa sem á þessum málum öllum eru. Frá mínum bæjardyrum séð eru þessi lög ranglát, þegar á heildina er litið og ég er alfarið á móti þeim fyrir mitt leyti, en tal þó það alversta í þessum lögum vera að beita afturvirkni skatta. Hæstv. forsrh. sagði í gær að hann varaði við notkun þess orðs að tala um siðleysi í sambandi við þessa skattlagningu ríkisstj. Ég fyrir mitt leyti er staðráðinn í því að hafa þessa aðvörun forsrh. að engu og ætla að nota þetta orð alveg eins og mér sýnist, hvort sem honum líkar það betur eða verr, enda er það í fullu samræmi við vilja alls þorra almennings í landinu, sem lítur á þetta sem siðleysi, hvernig farið er að því að leggja skatta á tekjur manna og eignir þegar komið er fram á níunda mánuð ársins eftir að tekna er aflað og búið er að leggja fulla skatta á tekjur þessa fólks.

Nú segja þeir sem mest skammast sín fyrir þessa skattlagningu: Þetta er bara til bráðabirgða og við höfum ekki ætlað okkur að halda þessari ósvífni áfram. — En hinir auðvitað, sem eru ekki enn þá farnir að skammast sín fyrir þessa skattlagningu, segja lítið um þetta atriði, en vilja helst ekki að menn ræði mikið um þessa nýbreytni í skattamálum. Ég kalla það nýbreytni, því að þetta er aðferð, sem hefur ekki verið notuð áratugum saman og síðast á styrjaldarárum. Ég spyr: halda ráðh. þessarar hæstv. ríkisstj. að þeir, sem afla tekna á árinu 1977, reikna út nokkurn veginn hverjir skattarnir verða af þeim tekjum og af eignum þeirra, leggi svo til hliðar ófyrirséð, ef skyldi koma til valda ríkisstj. í landinu sem gangi lengra en nokkur önnur hefur leyft sér að ganga? Ég held að þeir menn séu ekki til og ekki heldur meðal stuðningsmanna núv. stjórnarflokka. Í fyrsta lagi er siðleysi að grípa til afturvirkni skatta. Það er ekkert við því að segja og alls ekki hægt að gagnrýna það, þó að lagðir séu á eyðsluskattar, því að það eru skattar sem fólk getur að verulegu leyti ráðið við hvað það greiðir háar upphæðir með því að draga úr kaupum og eyðslu á ýmsum sviðum. Við því er ekkert að segja. Það má auðvitað deila um alla slíka skatta eins og annað. En þetta var versta aðferðin sem ríkisstj. gat tekið — sú alversta. Það hefði mátt leita lengi, lengi, og þeir hefðu aldrei getað fundið verri aðferð. Og ég spyr: Hvernig stendur á því, að það skuli fyrst og fremst ráðist gegn þeim aðilum í þjóðfélaginu sem hafa unnið hörðum höndum langa eða skamma starfsævi og hafa hagað tekjum sínum og eyðslu með þeim hætti að vilja eignast eitthvað — það sé fyrst og fremst ráðist að þeim? Ef allir eyddu öllu jafnharðan og aflað væri, þá slyppu þeir. Hér er verið að ráðast að þeim sem vilja halda eftir af því sem þeir vinna sér inn og eignast eitthvað til þess að mæta erfiðari árum. Það kemur í ljós og hefur mjög komið í ljós undanfarna daga, að á fjölda af ellilífeyrisþegum sem eru með litlu meira en ellilífeyri, búa í eigin húsum sem standa á dýrum lóðum með háu lóðamati, — á þetta fólk er lagður eignarskattsviðauki, á sama tíma og fulltrúar allra flokka hér á hv. Alþ. eru að rembast við að lýsa yfir vilja sínum og áhuga að búa sem best að þeim í þjóðfélaginu sem eru aldraðir og hafa lokið að verulegu eða öllu leyti starfsdegi sínum. Hvaða meining er á bak við allt þetta tal, þegar ráðist er að þessu fólki með þessum hætti, eins og þessi IV. kafli laganna gerir ráð fyrir?

Þó að ég sé alfarið á móti eignarskattsauka, þá býst ég ekki við að frá því verði horfið að leggja á þessa ranglátu og óheilbrigðu skatta. En ég vil freista þess að taka af agnúana sem hæstv. fjmrh. viðurkenndi fyrir nokkrum dögum í blaðaviðtali og það sé ekki ráðist að þeim sem eru orðnir aldraðir. Því leyfi ég mér, hæstv. forseti, að flytja hér skrifl. brtt., að við 8. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Eignarskattsauki skal eigi lagður á þá menn sem orðnir voru 67 ára fyrir 1. jan 1978."

Þó að þessi till. fjalli eingöngu um aldraða, eða þá menn sem eru orðnir 67 ára fyrir 1. jan. 1978, þá er það auðvitað eindreginn vilji minn, að þessari till. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn., sem fær þetta frv. til meðferðar að lokinni þessari 1. umr., og hún athugi þá þessa till., hvort hún treysti sér til að mæla með henni óbreyttri eða með einhverjum breytingum. En þá ætlast ég til að hv. fjh.- og viðskn. athugi einnig í sambandi við þá sem njóta örorkulífeyris, að hlutur þeirra verði eigi fyrir borð borinn frekar en aldraðra í þjóðfélaginu. Ég hefði mjög gjarnan viljað að upplýsingar lægju fyrir um hversu háar upphæðir er hér um að ræða, hversu mörgum ellilífeyrisþegum eða örorkulífeyrisþegum er gert að skyldu að greiða 50% eignarskattsauka og þá jafnframt hve há upphæð þetta er. Þetta ætti auðveldlega að geta legið fyrir hv.

fjh.- og viðskn., því að þetta er ekki lengi unnið ef öll skattumdæmi landsins eru látin vinna bæði þessar og aðrar upplýsingar í sambandi við álagningu bæði eignarskattsaukans og sérstaks tekjuskatts og sérstaks skatts á tekjur af atvinnurekstri, hvernig það sundurliðast á milli hinna ýmsu atvinnugreina í landinu. Það er mjög fróðlegt og nauðsynlegt að slík sundurliðun og slíkar upplýsingar liggi fyrir. Það er mjög nauðsynlegt að það liggi fyrir, hversu mikið útflutningsatvinnuvegirnir eiga að greiða bæði í eignarskattsauka og í sérstakan tekjuskatt af atvinnurekstri, þegar látið er að því liggja og það með réttu, að ekki varð komist hjá að breyta skráðu gengi íslensku krónunnar til þess að stöðva ekki útflutningsatvinnuvegina. En eftir að slík gengisbreyting er gerð, þá finnst mér að það verði einnig að taka til greina til hvers var hún gerð — eða var í leiðinni verið að leggja þunga skatta á þessa sömu aðila sem var verið að breyta skráðu gengi krónunnar fyrir til þess að þessi atvinnurekstur gæti gengið, ekki fyrir þá sem einstaklinga, sem að þessu standa, heldur fyrir þjóðfélagið í heild?

Ég fyrir mitt leyti tel að það sé rangt að breyta gengi krónunnar og skapa útflutningsatvinnuvegunum þar með fleiri krónur fyrir þær afurðir sem seldar eru úr landi, ef á sama tíma á að taka af þeim aftur með hinni hendinni það sem rétt var með annarri. Ég held líka að það væri nauðsynlegt að gefa hér upplýsingar um hvernig fjárhagur og rekstrarstaða hinna ýmsu fyrirtækja í landinu var til þess að mæta stórfelldum auknum skattaálögum, bæði tekjuskatts og eignaskattsauka. Ég heyri að fjölmargar greinar iðnaðarins kvarta sáran undan afkomu sinni. Var á bætandi að leggja á þessa afturvirku skatta? Er það til þess að treysta stoðir atvinnu- og efnahagslífs? Er það til að treysta stoðir þess að atvinna geti gengið með eðlilegum hætti og fólkð í landinu, launþegarnir, haldi vinnu sinni? Ég tel að með þessari skattlagningu eða afturvirkni skatta sé hart og illa vegið að þeim sem lagt hafa sig fram í þjóðfélaginu að hafa háar tekjur, lagt á sig mikla vinnu í því sambandi. Þegar farið er að taka í skatta og skyldusparnað allt að 70% af launum fólks, þegar komið er í ákveðið mark, þá hlýtur það að draga alvarlegan dilk á eftir sér.

Ég vil benda á að skipstjórar á skuttogurum eru tekjuháir menn. Þar er vinnutíminn ekki skorinn við nögl. Þeir afla þessara tekna með löngum starfsdegi sem og aðrir sjómenn. Aflamaðurinn, sem er á skuttogara, aflar mikilla tekna og nú eru tekin af þeim 70% þegar langt er liðið á árið eftir að hann aflar tekna sinna. Það hlýtur að verða til þess, að þessir menn draga úr vinnu sinni og vilja hafa lengri frítíma. Það þýðir í reynd, að það verður einn og hálfur skipstjóri á hverjum skuttogara og jafnvel upp í tvo í einstaka tilfellum. Ef á að taka þetta háan hluta af tekjum þessara manna, þá draga þeir enn við sig og auka sitt frí, vilja þá heldur vinna eitthvað heima hjá sér, þegar þeir eiga ekki að halda eftir nema 3 kr. af hverjum 10. Það þýðir að þá verða fleiri sem verða að taka á sig skipstjórn og sjómennsku, það verði 2 eða 2 1/2 skipstjóri á hvern togara. Það dregur stórum úr þjóðarframleiðslunni.

Hvað með ýmsar aðrar stéttir sem eru tekjuháar? Við skulum taka t. d. stétt eins og læknastéttina. Hún er mjög tekjuhá. Þeir hljóta, þessir aðilar,að mæta slíkri skattheimtu með því að draga úr vinnu sinni, hafa lengri frí. Ekki minnkar læknaskorturinn við það eða batnar heilbrigðisþjónustan. Sama má segja um allar aðrar tekjuháar stéttir eða tekjuháa einstaklinga í þjóðfélaginu. Þessi skattheimta gerir engan mun á því, hversu lengi þetta fólk er að afla þessara tekna og hvað það leggur hart að sér til að afla þeirra. Þessi skattlagning er ekki til þess að ná í þá sem tíunda ekki tekjur sínar til þess að samfélagið geti skattlagt þá. Það er verið að ná sífellt meira og meira af þeim, sem tíunda tekjur sínar samviskusamlega til skatts, og taka meira af þeim. Það er gert með þessum brbl.

Ég held að það sé fyrir löngu kominn tími til að setja ákvæði um það, hversu langt megi ganga í álagningu og innheimtu beinna skatta. Ef við gerum það ekki, þá stefnum við markvisst að því að minnka viðleitni manna til að afla sér hárra tekna. Það stefnir að því, að það verður hugsað eingöngu um miðlungstekjur, en aldrei að hvetja fólk til þess að hafa miklar tekjur, ef þessi stefna á að vera ráðandi í framtíðinni. Þessi kafli laganna er mikið áfall fyrir alla þá sem hafa lagt sig fram um að afla fyrir sjálfan sig og samfélagið hárra tekna á undanförnum árum.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að flytja hér lengra mál en ég er búinn. En þegar þetta frv. kemur frá n. verður vafalaust um það miklu ítarlegri umr. en við l. umr., svo sem eðlilegt er. En ég tel að núv. hæstv. ríkisstj. hafi verið sérstaklega seinheppin, þegar hún ætlaði að leysa efnahagsvanda þjóðarinnar, að leysa hann með þessum hætti. Ég tel líka mjög varhugaverðar þessar niðurgreiðslur á vöruverði, jafnvel þó að Alþb. hafi markað alveg spánnýja stefnu fyrir kosningarnar í landbúnaðarmálum sem sló Framsfl. alveg út, því að í þeirri stefnumörkun *taldi Alþb. nauðsynlegt að tvöfalda* kindakjötsframleiðsluna og jafnframt bráðnauðsynlegt að hætta að greiða útflutningsbætur á kjöt til þess að láta útlendinga éta, — markaði þá stefnu, að þrátt fyrir tvöfalda kindakjötsframleiðslu skyldi allt kjöt fara í gegnum magann á Íslendingum sjálfum, hvort sem þeim væri það ljúft eða leitt. Í framhaldi af því tekur ríkisstj. eða fjmrh. upp þessa stefnu með þeim hætti að stórauka niðurgreiðslur á kjöti með þeim hætti sem frægt er orðið. Ég fyrir mitt leyti hvorki studdi þessa landbúnaðarpólitík Alþb. fyrir kosningar né mun heldur styðja hana þótt kosningar séu um garð gengnar.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég tel rétt við 1. umr. málsins að gera sérstaklega að umræðuefni þann kafla brbl., sem hér eru til umr., sem fjallar um skattamál. Ég tek eftir því, að hv. stjórnarandstæðingar hafa um það nokkuð stór orð, hvernig að hefur verið farið, og tala um siðleysi í því sambandi og ýmislegt fleira. Ég tel því rétt að víkja nokkru nánar að því atriði sem hér er sérstaklega átt við, þ. e. a. s. afturvirkni skattalaga í IV. kafla brbl.

Með brbl. voru lagðir á þrenns konar skattar, er sækja skattstofn sinn til staðreynda sem fyrir hendi voru fyrir gildistöku laganna. Allir þessir skattar eru í formi tímabundinna sérskatta, þannig að formlega a. m. k. fer ekki fram endurálagning neins þeirra skatta, sem lagðir voru á við reglulega álagningu. Álagning skatta þessara krefst sérstakrar aukaálagningar og falla skattarnir til greiðslu á sérstökum gjalddögum. Þessir skattar eru, eins og fram hefur verið tekið og kemur fram í frv., eignarskattsauki samkv. 8. gr. frv., sérstakur tekjuskattur samkv. 9. gr. á menn og sérstakur skattur á tekjur af atvinnurekstri,

síðan fleiri skattar sem ekki eru afturvirkir.

Eftir útgáfu þessara brbl. hafa orðið umr. um það, hvort skattlagning þessi fengist staðist, og hafa gagnrýnendur þeirra haldið því fram, að afturvirkni hennar væri slík, að hún stangaðist á við grundvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar og að dómstólar hljóti því að meta hana ógilda. Vegna þessara umræðna vil ég hér á eftir leitast við að reifa þau sjónarmið sem til álita koma við mat á lögmæti skattálagningarinnar.

Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. forsrh. geyma íslensk stjórnlög ekkert almennt bann við afturvirkni laga. Ekki er sagt að löggjafarvaldið hafi algerlega frjálsar hendur við setningu afturvirkra laga. Menn eru sammála um að á vissum, afmörkuðum sviðum séu afturvirknisheimild löggjafans settar þröngar skorður. Gildir þetta fyrst og fremst um afturvirkni íþyngjandi lagasetningar á sviði refsiréttar, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Á ýmsum öðrum sviðum réttarins ríkir meiri vafi um heimild löggjafans að þessu leyti.

Ef litið er til lagasetningar á sviði skattaréttar hér á landi á síðustu áratugum verður ljóst, að setning afturvirkra laga er mjög tíð á þessu sviði og mun tíðari en á öllum öðrum sviðum réttarins. Frá árinu 1932 hafa verið sett a. m. k. 30 sinnum lög um skattlagningu tekna eða eigna sem öll eiga það sameiginlegt að vera hvort tveggja í senn: íþyngjandi fyrir skattþegna eða tiltekna hópa þeirra og afturvirk með þeim hætti, að löggjöfin er ekki sett fyrr en eftir lok viðkomandi skattárs. Auk þess má finna allnokkur dæmi þess, að sett hafa verið lög á sviði tekju- og eignarskatts sem ætlað var að ná til allra tekna frá upphafi yfirstandandi skattárs og þannig verið afturvirk að því er hluta ársins varðaði.

Flest þessara 30 laga sem ég hef hér getið um, voru samþykkt á vorþingi og þannig staðfest og birt fyrir útkomu skattskrár. Í flestum tilvikum hefur verið byggt á slíkum lögum við frumálagningu á tekjur og eignir fyrra árs. Þess finnast hins vegar dæmi, að sett hafa verið lög þar sem tekjur og eignir fyrra árs voru andlag skattlagningar eftir að regluleg álagning hafði farið fram. Hér er um að ræða lög frá árunum 1932, 1933, 1934 og 1941. Í einu tilviki var það svo, að það var ákveðið með lögum seint í októbermánuði að hækka tekju- og eignarskatta um 40% frá því sem áður hafði verið ákveðið. Það er margt, sem er óljóst um framkvæmd þessara laga, og hefur verið gerð talsverð athugun á því í fjmrn., hvernig þessum málum hefur undið fram, og er sjálfsagt að sú n., sem fær málið til meðferðar, væntanlega fjh.- og viðskn., fái öll gögn þar að lútandi og allar upplýsingar í því sambandi við þessi efni. En það er alveg ljóst, að álagning viðbótarskatta hliðstæðra þeim, sem getur í brbl., hefur a. m. k. farið fram tvisvar sinnum áður á öllu landinu. Það er árin 1932 og 1934 og líklega að verulegu leyti einnig 1941. Ekki finnast þess merki, að gjaldendur hafi á þessum árum borið brigður á lögmæti skattlagningarinnar. Engir hæstaréttardómar hafa gengið vegna þessara lagsetninga, og ekki hef ég haft spurnir af undirréttardómum.

Ef litið er til hins mikla fjölda afturvirkra skattalaga gegnir furðu hversu fá úrlausnarefni um gildi afturvirkra skattalaga hafa komið til kasta Hæstaréttar. Þeir fáu dómar, sem gengið hafa í slíkum málum, gefa mjög takmarkaða vísbendingu um hversu langt heimildir löggjafans ná að þessu leyti. Þessir dómar eru við höndina og til reiðu fyrir hv. n. þegar hún fer að fjalla um þetta mál.

Íslenskir fræðimenn á sviði skattamála, skattaréttar og lögfræði hafa skrifað nokkuð um þessi mál. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda það hér, en það eru menn eins og Guðmundur V. Jósefsssson hæstréttarlögmaður, Ólafur Lárusson prófessor, Ármann Snævarr prófessor og Gaukur Jörundsson prófessor. Ég hygg að það sé samdóma álit þessara fræðimanna, að það sé enginn vafi á því, að afturvirkni skattalaga sé heimil samkv. íslenskum lögum.

Ég drap nokkuð á það í ræðu minni, sem ég flutti í umr. um stefnuræðu hæstv. forsrh., hvernig væri háttað þessum málum í ýmsum öðrum löndum, hjá öðrum þjóðum, hvernig erlendur réttur liti á þessi málefni. Ég drap þar á lönd eins og Noreg, Svíþjóð, Bretland, Bandaríkin og Vestur-Þýskaland. Þrátt fyrir að það sé bannað í stjórnarskrá Noregs, að lög verki aftur fyrir sig, hefur hæstiréttur Noregs samt í takmörkuðum tilfellum dæmt gild afturvirk viss ákvæði í skattalögum. Í Svíþjóð er þetta hins vegar eins og hjá okkur, þar eru engin ákvæði í stjórnarskrá um bann gegn afturvirkni laga almennt, það er mjög algengt að skattalög séu afturvirk þar í landi og má finna dæmi um hliðstæða skattlagningu í sænskri löggjöf og felst í brbl. Sænskir fræðimenn, sem hafa fjallað um þessi málefni, telja að stjórnskipulega séð sé ekkert í sænskum lögum sem takmarkað geti afturvirk skattalög almennt. Sama er að segja í Bretlandi. Í Bandaríkjunum er almennt bannað í stjórnarskránni, að lög verki aftur fyrir sig, en eigi að síður eru dæmi þess, að þar hafi verið metin gild afturvirk skattalög, og sama er að segja um Vestur-Þýskaland.

Það er ekki þar með sagt, að æskilegt sé að setja afturvirk skattalög. Það er allt annað mál. En það getur verið nauðsynlegt, það getur verið óhjákvæmilegt, ef vissar aðstæður í þjóðfélaginu, vissar aðstæður í efnahagslífinu og atvinnulífinu eru fyrir hendi.

Ég held að það verði tvímælalaust að telja að dómstólar hér á landi hafi heimild til að ógilda lög, sem þeir telja brjóta í bága við stjórnarskrána, og líklega einnig lög, sem brjóta svo í bága við almennar meginreglur laga að úr hófi keyrir. En hvaða sjónarmið eða meginreglur mundu dómstólar styðjast við í úrlausn eins og um er að ræða í sambandi við skattalagaákvæði brbl.? Þegar allt kemur til alls gæti slík úrlausn ekki byggst á öðru en mati dómstólanna annars vegar á þeim hagsmunum borgaranna að njóta réttaröryggis að því leyti, að þeir eigi heimtingu á að geta séð fyrir skattaálögur og miðað ráðstafanir sínar við það, og hins vegar þeim hagsmunum ríkisvaldsins, Alþingis og ríkisstj., að hafa það svigrúm til að setja skattalög og framkvæma það sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að stýra efnahagsmálum þjóðarinnar á hverjum tíma í samræmi við stefnu sína og til að grípa til ráða er duga til að forða frá efnahagslegu skipbroti.

Það má færa margháttuð rök fyrir því, að löggjafarvaldinu sé nauðsynlegt að hafa svigrúm til afturvirkra lagasetninga. Á síðari árum hefur lögum í sívaxandi mæli verið beitt til stjórnunar efnahagsmála. Hefur vart liðið það ár, að ekki hafi verið sett lög um efnahagsráðstafanir, sem hafa haft í för með sér einhverjar skattaálögur og þær oft afturvirkar. Hlutur ríkisvaldsins í stjórn efnahagsmálanna er orðinn slíkur, að það hefur óhjákvæmilega áhrif á mat þess hvaða svigrúm löggjafarvaldið hefur til lagasetningar og hlýtur þróunin að stefna í þá átt að játa löggjafanum það svigrúm sem

honum er nauðsynlegt til að rækja þetta sívaxandi hlutverk sitt.

Ég hef rakið í stuttu máli ýmis almenn sjónarmið, er mæla með því, og einnig vikið að því, sem mælir á móti því, að löggjafanum sé heimil setning afturvirkra skattalaga. Ef dregin er ályktun af þessum vangaveltum er það skoðun mín, að mjög hæpið sé, svo að ekki sé meira sagt, að dómstólar treysti sér til að setja valdi löggjafans á þessum sviðum of þröng mörk. Mikið þarf áreiðanlega til að koma svo að skattalöggjöf verði dæmd ógild vegna afturvirkni, ef skattlagning samkv. henni er byggð á þeim stofnum sem síðast eru kunnir og byggjast á almennum efnislegum grunni.

Þegar á að meta gildi brbl., sem hér eru til umr., út frá þessum sjónarmiðum hlýtur það annars vegar að byggjast á því, hversu þungbærir skattar samkv. þeim eru og hins vegar hversu rík nauðsyn var til efnahagsráðstafananna. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var ástand efnahagsmálanna vægast sagt mjög ískyggilegt. Helstu útflutningsatvinnuvegir þjóðarinnar voru lamaðir, verðbólgan var um 50% og ómótmælanleg nauðsyn var að grípa til einhverra efnahagsaðgerða af hálfu stjórnvalda. Að sjálfsögðu mátti velja ýmsar leiðir til að snúast við vandanum. En sá pólitíski meiri hl., sem myndaður var eftir almennar kosningar, tók þann kostinn að reyna svonefnda niðurfærsluleið. Fyrst sá kostur var fyrir valinu var ekki um annað að ræða en grípa til skattlagningar til að standa straum af kostnaði ríkissjóðs af niðurfærslu verðlags, og slík skattlagning gat ekki byggst á öðru en síðustu þekktu stofnum til álagningar slíks skatts. Afturvirkni var löggjafanum nauðsyn til að koma í framkvæmd þeim efnahagsráðstöfunum, sem meiri hl. Alþ. taldi réttastar til að snúast gegn óumdeildum og brýnum efnahagsvanda. Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga og eins hitt, að skatthlutfalli í brbl. er nokkuð í hóf stillt og skattarnir ekki látnir falla í gjalddaga nema að hluta á þessu ári, tel ég engan vafa á því, að niðurstaða dómstóla verði sú, að skattlagningin verði talin standast. Ég vil því vara fólk við að leggja í mikinn kostnað við málaferli til þess að ógilda skattlagninguna samkv. brbl.

Skattlagning af þessu tagi er ekki æskileg, en hún er óhjákvæmilegur liður í baráttunni gegn verðbólgunni og nauðvörn ríkisvaldsins til að vernda þá hagsmuni almennings, að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar verði reknir sem truflanaminnst, og í þessu tilfelli að forðast stöðvun atvinnugreina, e. t. v. í allstórum stíl.

Þegar ríkisstj. settist að völdum var ástandið, eins og ég gat um áðan og hefur verið margtekið fram, mjög ískyggilegt í efnahagsmálum og atvinnumálum. Það hafði dregist um langa hríð að mynda ríkisstj., allt frá seinni hluta júnímánaðar og fram í ágústlok, og sífellt herti að í þessum efnum. Það hafði vofað yfir gengislækkun, vil ég segja, í allt sumar. Það var talað þannig, að menn bjuggust við gengislækkun þá og þegar. Frystiiðnaðurinn, sem er ein þýðingarmesta undirstöðugrein atvinnulífsins í landinu, var að hluta til stöðvaður. Í Vestmannaeyjum og á Suðurnesjum höfðu frystihúsin stöðvast. Frá 1. ágúst hafði verið tekin ábyrgð af hálfu ríkissjóðs á framleiðsluverðmætum frystihúsanna án þess að tekna væri aflað. Í ágústlok mundu útgjöld ríkissjóðs hafa numið, ef til hefði komið, milli 500 og 600 millj. vegna þessa. Verðbólgan í landinu var um 50%. Hún er, eins og hefur verið margtekið fram, undirrótin að þeim mikla efnahagsvanda og margvíslegum öðrum vanda, sem við búum við, þannig að auðvitað bar brýna nauðsyn til að gera ráðstafanir til þess að forða frá frekari stöðvun atvinnulífsins og til þess að treysta þolanlegan rekstrargrundvöll.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa drepið á ýmis atriði sem varða þetta mál. Hv. þm. Geir Hallgrímsson taldi að ríkisstj. hefði gripið til alveg nýrra ráða með því að lengja árið úr 12 mánuðum í 16 mánuði. Það er nokkuð til í þessu þannig lagað, að það var liðið svo mjög á árið, þegar ríkisstj. loksins varð til, að ekki vannst tími til að afla tekna á þessu ári til að standa undir þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum og atvinnumálum sem ríkisstj. taldi nauðsynlegar. Þess vegna er það, að dreifa verður skatttheimtunni yfir á næsta ár. Auðvitað er höfð hliðsjón af því, að margir þeir aðilar, sem hér um ræðir, þar á meðal fyrirtæki í atvinnulífinu, þurfa að hafa nokkurt svigrúm til þess að greiða þessa auknu skatta, og sjálfsagt og eðlilegt er að taka tillit til þess.

Þá hefur einnig verið minnst sérstaklega á einstaka skatta. Það hefur einnig verið minnst sá eignarskattinn, að hann væri ekki verðbólguskattur. Ekki er þetta alls kostar rétt. Eignarskatturinn er að hluta til verðbólguskattur og er auðvelt að sýna dæmi um það. Það þarf ekki annað en benda á tvo menn. Annar á verulegar eignir og skuldar e. t. v. ekkert. Hinn á litlar eignir. Síðan malar verðbólgan, og sá, sem á miklar eignir, hagnast á verðbólgunni, en hinn tapar á henni. Það er eigi að síður rétt að skuldakóngarnir græða mest á verðbólgunni. Það er alveg rétt, þeir gera það. En eignarskattur er auðvitað að hluta til verðbólguskattur og engin spurning um það, að þeir, sem eiga miklar eignir, hagnast meira á verðbólgunni en hinir, sem litlar eða engar eignir eiga, en þurfa að mæta útgjöldum vegna verðbólgunnar með e. t. v. lágum tekjum og litlum sem engum eignum.

Það hefur verið um það rætt og er einmitt drepið á það í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna að setja á verðbólguskatt, og það er ástæða til þess í þjóðfélaginu vegna þess, hversu verðbólgan er mikil og hvað hún hefur verið varanleg. En það er ekki vandalaust verk frekar en skattlagning yfirleitt, og þess vegna vannst ekki ráðrúm til þess — ég vil segja á örfáum dögum — að skoða það mál nægilega gaumgæfilega. Það er sjálfsagt að viðurkenna það, að undirbúningur þeirrar skattlagningar, sem felst í brbl, var mjög skammur og í raun og veru allt of skammur. Það skal ég vera fyrstur manna til að viðurkenna. En ástandið var þannig, að það þoldi enga bið að gerðar yrðu ráðstafanir. Það varð að hefjast handa þegar í stað, því að yfir vofði stöðvun þýðingarmikilla þátta atvinnulífsins til viðbótar við þá sem þegar voru stöðvaðir. Þess vegna var það ráð tekið að nota þá skattstofna, sem þekktir eru, menn vita hverjir eru, og leggja á aukaskatta.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa notað nokkuð stór orð í sambandi við afturvirkni og aukaálagningu, notað orðið „siðleysi“ nokkuð mikið — einum of mikið, vegna þess að það má finna dæmi þess í okkar sögu að lagðir hafa verið á skattar sem verka aftur fyrir sig, og útsvör, sem verka aftur fyrir sig, hafa verið lögð á til viðbótar við þegar álögð gjöld. Og það eru fordæmi fyrir í raun og veru miklu róttækari aðgerðum en hér var gripið til, vegna þess að þeir aukaskattar, sem lagðir eru á samkv. brbl., eru um 2% af útgjöldum fjárlaga fyrir árið í ár. Ég get t. d. bent á það, að árið 1951 framkvæmdi bæjar-

stjórnarmeirihlutinn í Reykjavík, sem var hreinn meiri hluti Sjálfstfl., aukaálagningu útsvara. Það var gert í ágústmánuði, eftir að skattskrá hafði verið lögð fram, eftir að útsvör höfðu verið lögð á, og þessi aukaálagning var ekki 2%, hún var 10% hækkun á útsvörum borgarbúa, þannig að ef út í það er farið má finna a.m.k. nokkur dæmi þess, að hliðstæðar ráðstafanir við það, sem nú er verið að gera, hafi verið gerðar. Þessi aukaálagning útsvara í Reykjavík, sem fór fram í ágústmánuði 1951, var auðvitað gerð af brýnni nauðsyn, þó að um það væru að vísu miklar deilur. Ég hef til fróðleiks fengið úrklippur úr dagblöðum á þessu tímabili, og það var auðvitað deilt mikið um þetta. Og það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, þó að deilt sé um svona ráðstafanir. Vandann sem stjórnendur, hvort sem er ríkis, borgar eða bæjar, geta komist í, verður hins vegar að leysa með einhverjum hætti, og þegar um ástand er að ræða eins og hér hefur verið, þá er ekki um annað að ræða heldur en að grípa til skattlagningar til að afla tekna til nauðsynlegra ráðstafana til að leysa þann mikla vanda sem við er að fást, sem í þessu tilfelli var að við blasti stöðvun heilla atvinnugreina. Þetta var liður í að leysa launadeilur sem höfðu staðið í marga mánuði og valdið miklum truflunum í atvinnulífinu. Og þegar allt er talið saman, þá er kannske þýðingarmesta atriðið í þessum efnum og það vandasamasta, þegar þarf að grípa til svona aðgerða, að þær aðgerðir, sem eru gerðar, séu réttlátar. Um slíkt má auðvitað deila. Í þessum tilfellum hefur verið lögð áhersla á að reyna að leggja þessi gjöld þannig á, að þau væru réttlát og það væri gert sem mest í hlutfalli við efni og ástæður. Hins vegar er enginn vafi á því, að þessi lagasmíð eins og öll skattalög, sem sett eru, verður að þola dóm reynslunnar, og ég hygg að flestum skattalögum, sem hafa verið sett, þó að þau hafi verið undirbúin mjög vandlega, hafi þurft að breyta í ýmsum efnum. Það hefur komið fram missmíði á þeim sem menn ekki gátu séð fyrir. Svo kann einnig að verða í þessu tilfelli, að það sé ástæða til þess að bæta úr augljósum ágöllum, vegna þess að stuttur tími var til stefnu til að undirbúa þessa lagasetningu, og er sjálfsagt að athuga það í hv. fjh.- og viðskn. sem sjálfsagt fær þetta mál til meðferðar, og ríkisstj. er opin fyrir því að athuga með breytingar sem þarf að gera vegna augljósra galla.

Það hefur verið bent á það réttilega, að einn af göllunum við beina skattlagningu er sá, að hætt er við að erfitt verði að ná til allra, þannig að þeir greiði þá skatta sem þeir eiga raunverulega að greiða. Þetta hefur verið umræðuefni í sambandi við skattalagasetningu hér á Alþingi um áratugaskeið. Í þessu sambandi vil ég benda á að þær ráðstafanir, sem þarna er verið að gera, eru miðaðar við það að hamla gegn verðbólgunni. Þær eru öðrum þræði ráðstafanir gegn aukinni verðbólgu. Það er gripið til þess að greiða niður í talsvert stórum stíl verð á landbúnaðarvörum, og það er einnig gripið til þess ráðs að fella niður söluskatt af matvörum. En það er aflað tekna með beinum sköttum. Það er ekkert launungarmál, að beinir skattar falla ekki inn í vísitölugrundvöllinn eins og kunnugt er. Það er ein af ástæðunum fyrir því, að menn neyðast til þess e. t. v. meira en annars væri að grípa til beinna skatta til þess að afstýra því að verðbólgan og verðlagið skrúfist upp. Í þessu tilfelli beindust þessar ráðstafanir að því að reyna að hamla gegn verðólgunni og skapa svigrúm á meðan menn koma sér saman um varanlegri stefnumörkun á sviði efnahagsmála sem beinist að því að ná verðbólgunni niður. Verðbólguvandamálið er að minni hyggju langsamlega mesta vandamálið sem þjóðin býr við. Um það eru raunar allir sammála. Og aðgerðir í efnahagsmálum og fjármálum eiga að beinast að því að ná verðbólgunni niður á sambærilegt stig við þær þjóðir sem við höfum mest skipti við. Auðvitað deila menn um leiðir að þessu marki. Ekki hefur tekist með þeim aðferðum, sem hafa verið notaðar fram að þessu, að kveða verðbólguna niður, og þess vegna þarf að leita nýrra úrræða og nýrra leiða í þeim efnum.

Varðandi beina skattlagningu vil ég geta þess, að sérstakt ákvæði er í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna um að herða skattaeftirlit, og það mun koma fram, þegar fjárlög verða lögð fyrir Alþ., að gerðar verða tillögur um aukið fé í þessu skyni. Það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því, að það er í raun og veru út í bláinn að hugsa sér að herða skattaeftirlit nema á þann veg, að það kosti peninga, það kosti útgjöld, og e. t. v. mest í þá veru að tryggja þarf hæfa menn til að vinna að þessum störfum, og þeir fást ekki nema þeim sé vel borgað. Það er staðreynd og þarf raunar ekki um það að ræða. Það er þegar hafinn undirbúningur að því að herða skattaeftirlit til þess m.a. að mæta þeirri gagnrýni, sem ég álít að sé að sumu leyti réttmæt, að sumir skattþegar sleppi of vel þegar um er að ræða beina skattlagningu.

Það hefur nokkuð verið rætt um það, að — sérstaklega beinu skattarnir séu orðnir úr hófi háir. Ég gerði þetta atriði að umræðuefni um daginn og komst að þeirri niðurstöðu, að þegar toppskattar, hæstu skattar á tekjur manna, eru bornir saman hér á Íslandi og hjá ýmsum öðrum þjóðum, þ. á m. Norðurlandaþjóðunum, þá eru þessir skattar þrátt fyrir allt og þegar tekið er tillit til verðbólgunnar og tillit til þess, að við Íslendingar greiðum okkar skatta árið eftir, en ekki staðgreiðslu, miklu lægri en hjá Norðurlandaþjóðunum, hjá þjóðum eins og Bretum og jafnvel Þjóðverjum. Ég lét gera á þessu sérstaka athugun, og það kom í ljós að hér á Íslandi er hámark gjalda — og þar eru innifaldir bæði tekjuskattur, útsvar, sjúkragjald og viðbótarskatturinn sem lagður er á samkv. brbl. sem hér er verið að ræða, — er 59%. Það er það hæsta sem menn geta komist í. Og ef tekið er tillit til þess, að skattar eru greiddir árið eftir og ef verðbólgan er 40%, þá verður þessi toppur rúmlega 40%, ef málið er skoðað í þessu ljósi. Á Norðurlöndunum er hliðstæð tala yfir 70%, í Vestur-Þýskalandi er hún 56% og í Bretlandi yfir 80%. Nú er rétt og skylt að geta þess, að í þessum löndum er hæsti jaðarskattur miðaður við hærra tekjumark en hér á landi. En þá er hægt að fá annan samanburð, sem gefur nokkra vísbendingu í þessum efnum, og það er heildarskattþunginn þegar allir skattar eru teknir með. Ég hef látið gera nokkurn samanburð á því einnig, til þess að við getum frekar áttað okkur á því, hvar við erum á vegi staddir í þessum málum, og hefur komið í ljós þegar bornir eru saman heildarskattar — og þá á ég við alla skatta: beina skatta, útsvör, tolla og alla skatta, öll gjöld — að heildarskattþunginn hér á Íslandi er í kringum 33% af þjóðarframleiðslunni. Þjóðarframleiðslan í ár er áætluð að verða 540 milljarðar og næsta ár sennilega í kringum 680 milljarðar, þannig að heildarskattþungi allra gjalda er í kringum 33% eða var það 1977, verður e. t. v. aðeins hærri þegar þessir skattar bætast við, ég gæti giskað á 34%. Ef við lítum aftur til

Norðurlandanna, þá er hliðstæður skattþungi í Noregi 46%, í Danmörku 46%, í Svíþjóð 43%, í Hollandi 46%, í Austurríki 37%, í Vestur-Þýskalandi 38%, Frakklandi 36%, Finnlandi 36% og í Bretlandi 36%. Þessar tölur, sem ég ber hér saman, eru að vísu frá árinu 1974, ég hef ekki fengið nýrri tölur í þessum efnum. Ég held að þær gefi þó í öllum aðalatriðum til kynna samanburðinn á heildarskattþunganum hér á landi og hjá þeim þjóðum, sem ég hef hér verið að nefna.

Ég rek þessi mál nú frekar til upplýsinga og geri ráð fyrir að flestum þyki þrátt fyrir allt skattarnir háir. Ég held að það sé nauðsynlegt að við reynum að átta okkur á því, hvar við erum staddir í þessum efnum samanborið við þau þjóðfélög sem við viljum helst bera okkur saman við, sem sum hver eru e. t. v., þegar á allt er litið, bestu þjóðfélög veraldarinnar, þ. á m. Norðurlandaþjóðfélögin og fleiri, þannig að þetta gefur, eins og ég sagði áður, til kynna talsvert hvar við erum á vegi staddir.

Ég held, herra forseti, að ég orðlengi ekki frekar um skattaákvæðin í brbl. að sinni, en mun ræða þau nánar ef tilefni gefst til.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það hefði verið gaman að svara hæstv.fjmrh. nokkrum orðum, en ég punktaði ekki niður nema mjög lítið af því sem hann sagði, en mér fannst það vera eins og að ausa vatni í botnlausa tunnu, það hélt bókstaflega ekkert af því sem ráðh. sagði. Ég get ekki með nokkru móti ímyndað mér að þjóðfélag, sem er hátollaþjóðfélag borið saman við þjóðfélög sem hafa svo til enga tolla, þjóðfélag, sem hefur háan söluskatt og vörugjald, sem komið er allt upp í 30% af sumum innfluttum vörum, geti verið sambærilegt við þau lönd, a. m. k. ekki þau lönd sem ég hef búið í í Evrópu og hann minntist á, að hlutfalli í skattlagningu. Ég bið hæstv. ráðh. að lofa mér að sjá á blaði þessar tölur sem hann hefur til hliðsjónar þegar hann vitnar í þessi mál.

Mikið af ræðu hæstv. fjmrh. fór í að réttlæta þá afturvirkni, sem þjóðin sjálf sín á milli hefur dæmt sem mjög varhugaverða ráðstöfun af hendi ríkisstj., og vitna til þess, að líklega mundu dómstólar staðfesta þessa aðferð ríkisstj. sem rétta. Það getur vel verið. Ég er ekki lögfræðingur, ég tek það fram, það er bara mín réttlætiskennd sem segir mér, að komi mál fyrir dómstóla og það snerti beint eða óbeint einhvern sem í dómstólnum situr, þá verður sá hinn sami að víkja, og engir dómstólar hér eru þannig séð hlutlausir til að dæma í máli sem þessu. Ég held að þjóðin verði að dæma sjálf. Það eru allir dómarar að mínu viti skattgreiðendur, og ég þarf ekki að rökstyðja þennan málflutning frekar.

Hæstv. fjmrh. sagði líka að það hefði enginn tími verið til að hugsa vel málin, það varð að hrökkva eða stökkva. Ríkisstj. með fjmrh. í broddi fylkingar kaus að stökkva. En ég vil ráðleggja hæstv. ríkisstj., ef hún ætlar sér að stökkva eitthvað meira frá háhýsum, að hlaupa þá út um kjallaragluggann, því að skellurinn af þeim aðgerðum, sem hún hefur nú stofnað til, hlýtur að verða mikill þegar hún kemur niður.

Hæstv. forsrh. hefur lagt fram hin margumtöluðu brbl. hinnar nýskipuðu ríkisstj. og mælir að sjálfsögðu með staðfestingu þeirra óbreyttra. Fólkið í landinu hefur haft tíma til kynna sér þessar ráðstafanir ríkisstj., og ég hef orðið var við að fyrstu spor hinnar nýju ríkisstj. hræða. Á ég þar sérstaklega við IV. kaflann með 8. gr. sem brotið hefur gegn réttlætiskennd fólksins, og fer ekki á milli mála að hér er um eignaupptöku að ræða, hvort sem afturvirkni umræddra skattaaukalaga stenst eða ekki fyrir þeim dómstólum sem fjmrh. var að vitna til áðan. Hér er lagt til að eignarskattsaukinn sé 50% á einstaklinga og 100% á félög og fyrirtæki sem leggja skal á. Og í 9. gr. í IV. kafla er gert ráð fyrir að 6% sérstakur tekjuskattur verði lagður á alla menn sem tekjuskattsskyldir eru samkv. ákvæðum laga nr. 68/1971. Þessir skattar eru lagðir á eftir að fólk hefur gert ráðstafanir með tekjuafgang sinn frá árinu áður, og þar af leiðandi leyfi ég mér að halda því fram enn þá einu sinni, að þessi nýja skattlagning gangi gegn réttlætiskennd fólks almennt í landinu. Því vil ég láta þá ósk mína fylgja þessu frv. og pískargöngu þess gegnum deildir og nefndir hv. Alþ., að á því verði gerðar breytingar og fólkinu í landinu sýnd meiri tillitssemi af hálfu hv. Alþ. en af hálfu höfunda þessa frv. til l. um kjaramál sem er þskj. 42.

Ég hef þegar lagt fram brtt. við IV. kafla frv. þessa. En þar sem annar hv. þm. hefur lagt fram skrifl. brtt. og óskað eftir að hún yrði tekin á dagskrá, þá mun ég gera það sama. Brtt. mínar eru í þá átt, eins og koma mun fram þegar þeim verður útbýtt hér prentuðum, að fallið verði frá því að leggja á fólk, fyrirtæki og félög aukaskatta á eignir og tekjur, en að innheimta sú, sem hér er lögð til, verði skoðuð sem eins konar skyldusparnaður, þ. e. að gefin verði út ríkisskuldabréf til þeirra, sem greiða þessa aukaskatta, sem endurgreiðist á næstu tveimur árum. Ætla ég að kynna hér þessar brtt. mínar áður en ég afhendi forseta þær skriflega, en þær hljóða svo:

Fyrirsögn IV. kafla orðist svo: Um sérstakan skyldusparnað sem leggja skal á eignarskatt og tekjuskatt og tekjur af atvinnurekstri.

8. gr. breytist þannig: „Eignarskattsauki í 1. málsl. verði skyldusparnaður, og síðari málsgr. 8. gr. falli niður.

9. gr. breytist þannig: Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur“ í 1. málsl. verði: Á árinu 1978 skal lagður sérstakur skyldusparnaður — og „reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn“ í 2. málsgr. verði: reiknast þá sérstaki skyldusparnaðurinn. „Áður en skattur er ákvarðaður“ í 3. málsgr. verði: Áður en skyldusparnaður er ákvarðaður. Síðasta málsgr. falli niður.

10. gr. breytist þannig. „„Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt“ í 1. málsl. verði: Á árinu 1978 skal leggja á sérstakan skyldusparnað. Þessi sérstaki skattur skal nema 6%“ í 3. tölulið 1. málsgr. verði: Þessi sérstaki skyldusparnaður skal nema 6%. Síðasta málsgr. falli niður.

11. gr. breytist þannig: „Skattstjórar sjá um útreikning þeirra skatta ... og gilda um þá“ í 1. málsl. sjá um útreikning þeirra skatta verði: Skattstjórar sjá um útreikning þessa skyldusparnaðar... og gilda um hann. „Skattstjórar skulu við útreikning þessara skatta“ í 2. málslið verði: Skattstjórar skulu við útreikning þessa skyldusparnaðar. „að lækka eða hækka eða leggja á skatta“ í síðasta málslið verði: að lækka eða hækka eða leggja á skyldusparnað.

12. gr. breytist þannig: „Innheimta skatta“ í 1. málslið verði: Innheimta skyldusparnaðar. „Nái samtala þeirra skatta sem lagðir eru á.... skulu þeir felldir“ í 2. málslið verði: Nái samtala þess skyludsparnaðar sem lagður er á.... skal hann felldur. „Skattar þessir skulu innheimtir“ í 3. málslið verði: Skyldusparnaður þessi skal innheimtur.

Við 12. gr. bætist nýr málsl. sem hljóði þannig:

Skyldusparnaður þessi skal færður á sérstakan reikning hvers gjaldanda jafnóðum og hann er innheimtur og endurgreiðast gjaldanda tveimur árum eftir að hann hefur lokið greiðslu hans ásamt fullum vísitölubótum miðað við vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma auk 4% ársvaxta. Sömu aðilar og annast innheimtuna skulu annast endurgreiðslu fjárins og útreikning vísitölubóta."

Álagning hins sérstaka skatts, sem frv. til l. um kjaramál gerir ráð fyrir að verði innheimtur, hefur sætt mikilli gagnrýni og fram hafa komið efasemdir um að hann sé löglegur og unnt reynist að innheimta hann. Hvað sem því líður virðist alla vega ljóst, að álagning þessi brýtur gegn réttlætisvitund fólksins í landinu. Til þess að komast fram hjá þeim erfiðleikum, sem álagning slíks skatts hefur í för með sér, er hér lagt til að skattinum verði breytt í skyldusparnað sem endurgreiðist eftir tvö ár. Með þeim hætti fær ríkissjóður tekjurnar sem annars er óvíst um og réttlætiskennd almennings er síður ofboðið. Endurgreiðslutíminn miðast við fyrirætlanir ríkisstj. um að koma fjárhag ríkissjóðs á réttan kjöl. Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessar brtt.

Af því, sem ég hef nú sagt, er augljóst að hér tala ég um eins konar lögbundið lán frá þjóðinni til ríkissjóðs, en ekki um þá eignaupptöku sem þessi lög bera með sér. Eins og hv. 1. þm. Vestf. tók fram, vitum við að innheimta þessi kemur mjög hart niður á þeim hópi fólks í þjóðfélaginu sem kannske þolir það síst. En vonandi átta hv. alþm. sig á því,að skattar þessir lenda mjög þungt á öldruðu fólki sem á skuldlausar gamlar eignir, sem með nýju fasteignamati eru háir skattálagningastofnar, en hefur lítið handa á milli til lífsviðurværis. Þetta er okkur öllum ljóst. Ég trúi því ekki, að það sé ætlun ríkisstj. að auka vanda hinna öldruðu og auralitlu, þótt ég trúi því jafnvel að þeir hafi litla sem enga samúð með atvinnurekendum sem þessir skattar lenda á.

Ég hafði hugsað mér að leggja fram brtt. við 7. gr. þessa frv. líka og það er best að ég geri það um leið, úr því að sú málsmeðferð var viðhöfð hér af öðrum þm. á undan mér.

Það er þá fyrst að 1. og 3. mgr. 7. gr. falli niður, en þar er um að ræða endurprentun á gildandi lögum, þ. e. a. s. 10. gr. laga nr. 13 frá 23. maí 1975.

Þetta þýðir einfaldlega að 1. og 3. mgr. 7. gr. eru í lögum sem eru í gildi og hafa verið í gildi í mörg ár. Þess er ekki að vænta, að verðbólgan minnki þótt gildandi verðstöðvunarlög séu samþykkt aftur, fyrst fyrri samþykktin hafði engin áhrif.

Brtt., sem ég leyfi mér einnig að flytja, er við 7. gr. og er um að 2. mgr. falli niður. Við gengisfellinguna í febr. s. l. var álagning verslunar lækkuð. Síðan þá hefur allt verðlag í landinu hækkað með þeim afleiðingum að fella hefur orðið gengið aftur. Þessi hækkun rekstrarkostnaðar hefur að sjálfsögðu komið á verlsunina með sama hætti og allar aðrar atvinnugreinar. Þar sem álagningarákvæðin voru aldrei hækkuð aftur af síðustu ríkisstj. til samræmis við verðbólguna skortir allan grundvöll fyrir beitingu svokallaðrar 30% reglu við gengisfellinguna sem núv. ríkisstj. lætur framkvæma. Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þessa brtt., hún er svo augljós.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til staðfestingar á brbl. ríkisstj. frá því snemma í sept., er vissulega fyrst og fremst flutt af tillitssemi við fólkið í landinu og þann úrskurð þess sem felldur var í kosningunum 25. júní s. l. Hv. þm. stjórnarandstöðuflokkanna verða enn um sinn að una þessum úrskurði, þangað til næst verður kosið og næst verður tekist á um það, hvaða stefnu verður fylgt í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Þetta frv. er í raun og veru staðfesting á kosningaúrslitum, og 1. gr. þess er ákaflega ljós vottur um hvað gerðist. 1. gr. frv. kveður á um að tvenn önnur lög, sem sett voru fyrr á árinu, þ. e. a. s. í febr. og í maí, verði felld niður. Það er harla óvenjulegt, að þannig sé á málum tekið í lögum. Venjulega er tekið fram í lok laganna, hvaða lagagr. það eru sem jafnframt falli niður. En í þetta skipti er niðurfelling efnahagsmálalaganna frá í febr. og brbl. frá í maí nefnd fyrst af öllu sem frumatriði í raun og veru, vegna þess að í þessari grein er verið að gera það sem kallað er að setja kjarasamningana í gildi af tillitssemi við fólkið í landinu og þann úrskurð sem það felldi í kosningunum í sumar.

Í þessum umr. hefur hv. 4. þm. Reykv. fjallað nokkuð um þessi mál og m. a. látið að því liggja, að við, sem að þessu frv. stöndum og styðjum það, séum í rauninni að svíkja loforð, við séum að vega að launafólki í landinu. Ég hefði gjarnan viljað heyra ábendingar frá öðrum mönnum en einmitt þessum hv. þm. um það, hvernig rétt væri að breyta framkomu núv. ríkisstj. í garð launafólksins. Ég hygg að verkalýðshreyfingin í landinu og launamenn í þessu landi séu ekki búnir að gleyma því a. m. k. enn þá, hvernig hæstv. fráfarandi ríkisstj. undir forustu 4. þm. Reykv. kom fram gagnvart launafólki. Ég vil minna á það, að þessi kjaramálalög hafa það í för með sér að kaupmáttur launa er nú í sept. og okt. hliðstæður því sem hann hefur áður bestur orðið á undanförnum áratugum eða á fyrri hluta ársins 1974. Þetta segir okkur ákaflega athyglisverða hluti sem vert er að hafa í huga, og vegna þessara staðreynda hefur verkalýðshreyfingin í landinu tekið þessari stefnu, sem þarna er mörkuð, ákaflega vel og um hefur verið að ræða gott og vonandi batnandi samráð um þessa hluti við hana.

Ég vil aðeins víkja að þeim kafla lagafrv. sem fjallar um niðurfærslu vöruverðs og verðlagseftirlit. Í ræðu hv. 4. þm. Reykv. og einnig í ræðu hv. 1. þm. Reykv. var fjallað um þessa grein. 4. þm. Reykv. lagði á það áherslu, að hér væri verið að framlengja gömul og úrelt verðlagsákvæði, og hann gagnrýndi það sérstaklega, að núv. ríkisstj. beitti sér fyrir því að fresta eða breyta 8. gr. verðlagslaganna frá því í fyrra. Það var misskilningur hjá hv. þm., að það frv., sem mælt var fyrir hér í gær, fæli út af fyrir sig í sér breytingu á 8. gr. laganna sérstaklega. Það frv. um verðlagsmál, sem ég mælti fyrir í gær, gerir ráð fyrir að gildistökufrestur þeirra laga, sem samþ. voru s. l. vor og staðfest 16. maí s. l., verði lengdur nokkuð, m. a. og kannske fyrst og fremst af tæknilegum ástæðum. Það er hins vegar alveg rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. benti hér á, og það hefði honum mátt koma í hug fyrr og samflokksmönnum hans sem lengi hafa verið allvaldamiklir á þessari virðulegu samkomu, að auðvitað eru núverandi verðlagslög, að frátalinni þessari grein sem er sett við séstakar kringumstæður, í rauninni meira og minna úrelt. Auðvitað er það rétt, að lögin frá 1960 eru 18 ára gömul og síðan þau voru sett hefur margt breyst. Auðvitað er það rétt, að við kjarna þeirrar verðstöðvunarstefnu, sem hefur verið endurtekin æ ofan í æ frá 1970, er margt að athuga. En ég minni hv. þm., sem kannske eru búnir að

gleyma því, á að það er Sjálfstfl. sem hefur í raun og veru haft forustu um setningu þeirra laga sem hafa verið grunnlög verðlagskerfisins í landinu undanfarna tvo áratugi.

Í ræðu hv. 1. þm. Reykv. benti hann á, að það væri rétt að fella niður 2. mgr. 7. gr. frv., þ. e. greinina um 30% regluna. Hann studdi það þeim rökum, að þessari 30% reglu var beitt í febrúarmánuði s. l. og í millitíðinni hefði ekki komið svokölluð leiðrétting á álagningu, hefði reglunni verið beitt tvívegis á mjög skömmum tíma væri sjaldgæft að slíkt hefði gerst. Ég hygg að þetta sé út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. þm. Spurningin er hins vegar kannske ekki alveg um það, heldur hitt, hversu mikla fjármuni við treystum okkur til að nota í verslunarkostnað í þessu landi. Ég geri ráð fyrir að við séum öll sammála um það, að í því dýrtíðar- og verðþensluþjóðfélagi sem við búum í sé nauðsynlegt að halda slíkum tilkostnaði í lágmarki. Á þessu ári, 1978, er gert ráð fyrir að verslunarálagning í landinu alls nemi um 45.2 milljörðum kr. á septemberskilyrðum, eftir að 30% reglunni hefur verið beitt í annað sinn. Ef 30% reglunni hefði ekki verið beitt og álagningin hefði komið að fullu við gengislækkunina, þá hefði verslunarálagningin numið allmiklu hærri upphæð, líklega um 49 milljörðum kr. Þessi álagning — álagning án olíuverslunar ef við tökum hana út úr mundi nema sem svarar 18—19% af þjóðarframleiðslunni á þessu ári. Og þegar við erum að taka ákvörðun um það, hvernig við stýrum okkar efnahagsmálum, þá eigum við auðvitað m. a. að velta því fyrir okkur, hvernig fjármununum er best varið einnig á þessu sviði. (Gripið fram í.) Hún fer m. a. til launagreiðslna og margra fleiri þátta í verslun, eins og hv. þm. veit. (**HB1:** Veit ráðh. það?) Ráðh. er kunnugt um það, já. Og vegna þess að við stöndum í hörðum slag við verðþenslu og verðbólgu, þá er alveg óhjákvæmilegt að við höfum auga á því að reyna að halda þessum hlutum niðri, þannig að þeir kosti sem minnst fyrir heildina. Spurningin er sú, hvernig þessum peningum er skipt á milli hinna einstöku greina í versluninni í landinu, og eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. veit eru greinar verslunarinnar í landinu fleiri en ein og fleiri en tvær.

Hins vegar vil ég benda hv. 1. þm. Reykv. á að auðvitað hefur ríkisstj. möguleika á því að breyta verslunarálagningunni samkv. þessari sömu 7. gr. ef hún telur vera efnislegar ástæður til þess. Sú breyting gæti fallið undir t. d. 1. mgr. 7. gr., þar sem talað er um að leyfi ríkisstj. þurfi til staðfestingar á hækkunum. Ég lít svo á að þessir hlutir hljóti auðvitað að verða til meðferðar í ríkisstj. áfram, og spurningin er fyrst og fremst þessi fyrir mér: Hvað treystum við okkur til að verja miklum fjármunum í þennan þátt atvinnulífsins í landinu?

Í þessum umr. hafa talsmenn stjórnarandstöðunnar einkum rætt um IV. kafla laganna sem fjallar um beina skatta. Í þeim kafla er gert ráð fyrir að leggja á einstaklinga og félög talsverðar upphæðir, en þessar upphæðir eru aftur á móti notaðar til að greiða niður verð á brýnustu lífsnauðsynjum almennings. Ef við veltum því aðeins fyrir okkur, hvernig ætla má að reikningurinn standi fyrir hinn almenna launamann í þessum efnum, þá getum við skoðað þær tölur sem birtar eru í grg. frv. Þar kemur m. a. fram það sem kalla má heildarálagningu á einstaklinga í þessu frv. Hún nemur alls milli 1200 og 1300 millj. kr. á almenna launamenn sem ekki stunda atvinnurekstur. Til samanburðar við þá tölu eiga menn að skoða tölur um auknar niðurgreiðslur í september, niðurfellingu söluskatts af matvælum og auknar niðurgreiðslur í desember. Ef menn bera þessar tölur saman af sanngirni, þá fullyrði ég að þeir átti sig á því, að hlutur launafólks í landinu hefur við þessar aðgerðir og jafnvel líka þessa skattlagningu, vegna þess að vöruverðið er lækkað, styrkst stórlega frá því sem áður var. Það þekkir það fólk sem daglega þarf að ganga í verslanir til þess að kaupa sér brýnustu lífsnauðsynjar. Ég minni á að eitt dagblaðanna birti á dögunum frétt um könnun, sem það hafði gert á verðlagi í verslunum hér í Reykjavík, og taldi að verð á tilteknum matvörum, sambærilegum í bæði skiptin, hefði við þessar aðgerðir lækkað um ca. 10%.

Ég vil segja það alveg fullum fetum, að sem stuðningsmaður þessarar stjórnar get ég fyllilega staðið að þeirri skattlagningu sem hér er um að ræða, vegna þess að hún kemur launafólki í landinu til góða í stórfelldum niðurgreiðslum á vörum og í því að fella niður söluskatt á matvælum. Fráfarandi ríkisstj. og ríkisstjórnir og kannske fremst viðreisnarstjórnin á sínum tíma tóku upp þá stefnu að taka upp söluskatta sem í raun og veru meginskattastefnu. Söluskattur er að mínu viti ranglátur skattur, sérstaklega eins og hann var framkvæmdur hér fyrr á árum og fyrir nokkrum missirum, vegna þess að þá lagðist hann ekki bara á þá sem höfðu tekjur, ekki bara á þá sem höfðu sæmileg efni eða voru með sæmilegar eignir, söluskatturinn lagðist á nauðþurftir aldraðra og jafnvel ungbarna fullum fetum og alveg jafnt, gersamlega án tillits til allra aðstæðna. Þess vegna segi ég það sem mína pólitísku skoðun á skattamálum, að ég tel að draga eigi úr þessum óbeinu sköttum og sköttum af þessu tagi. Ég tel að það sé mikilvægt réttlætisspor að fella niður söluskatt af matvælum og það sýni í rauninni gerbreytta skattastefnu sem þessi ríkisstj. fylgir.

Hitt er aftur annað mál, sem öllum hlýtur að vera ljóst og hæstv. fjmrh. hefur m. a. rakið, að við setningu laga eins og þessara, sem snerta mörg þúsund einstaklinga, geta vitaskuld komið fyrir tilvik þar sem skatturinn skapar tiltekin vandamál. En þau stafa þá af einhverjum alveg sérstökum aðstæðum hjá viðkomandi einstaklingum sem verður auðvitað að taka á. En heildarstefnan í þessu er að mínu mati rétt.

En ég vil fyrst og fremst undirstrika það, að ég tel að með þeim brbl., sem sett voru snemma í september, fólst verulegur pólitískur áfangasigur fyrir íslensku verkalýðshreyfinguna. Það er vissulega rétt, að við höfum ekki leyst öll vandamál, enda þætti mér fróðlegt að vita hvenær einhver ein ríkisstj. hér í þessu landi hefur hugsað sér að leysa með einum lögum öll vandamál, eins og hv. 4. þm. Reykv. orðaði það í gær. En meginatriðið er, að ég tel að það andrúmsloft og þær forsendur, sem skapast í kringum þessi lög, skapi góðan grundvöll fyrir því, að hægt sé að byggja hér upp nýja efnahagsmálastefnu sem tekur mið af hagsmunum alþýðunnar á sama hátt og þessi lög gera, en hafnar þeirri stefnu sem áður var fylgt, að ráðast alltaf og ævinlega á kjör launafólks í landinu þegar efnahagsvandamál af ýmsum toga hafa komið upp.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að segja nokkur orð áður en þessari 1. umr. um frv. til l. um kjaramál lýkur.

Ég vil vekja athygli á því, að þau dæmi, sem hæstv. fjmrh. nefndi sérstaklega um afturvirkni skatta sem sambærileg væru við þá löggjöf sem hér er til umr., voru

frá árunum 1934, 1936 og 1941. Ég ítreka það, að ég ætla mér ekki að kveða upp dóm um lögmæti þessara skatta, en tek undir þau orð 1. þm. Reykv., að hér er verið að brjóta gegn réttlætiskennd manna, og endurtek það sem ég sagði í umr. í gær, að með þeim hætti er um siðleysi að ræða.

Vissulega getum við verið sammála um það, að nauðsyn var efnahagsráðstafana og efnahagsráðstafanir sem slíkar þoldu enga bið. En í raun og veru hefur ekkert verið gert annað og þurfti ekki að gera annað, til þess að hjól atvinnuveganna héldu áfram að snúast, en gengið væri lækkað um 15% eins og núv. hæstv. ríkisstj. stóð að. Ríkisstj. hefur ekkert gert nema síður sé til að tryggja afkomu atvinnuveganna til frambúðar. Ríkisstj. hefur ekkert gert umfram það til þess að rjúfa víxlverkanir verðlags og launa eða vítahring verðbólgunnar.

Það kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. og var viðurkennt í ræðu hæstv. fjmrh., að eignaaukaskattur næði ekki til verðbólgubraskara. Hann nefndi þó sem dæmi, að eignaaukaskatturinn gæti náð til verðbólgubraskara ef þeim hefði tekist að mynda hreina eign, þ. e. a. s. að heildareignir þeirra væru að mats- eða bókfærðu verði hærri en heildarskuldir. Ég hef þegar bent á í fyrri ræðu minni, að þannig fara verðbólgubraskarar ekki að. Almennt gæta þeir þess að skulda jafnmikið og matsverð eigna þeirra er á hverjum tíma. Til þessara manna, sem hafa verið upp á almannafé komnir, þ. e. a. s. sparifé landsmanna, nær skattlagningin ekki. Verndarhendi er enn haldið yfir þessum mönnum af núv. hæstv. ríkisstj. með óraunhæfri vaxta- og verðtryggingarstefnu. Og þar er fremstur í flokki formaður Alþb. og Alþb. í heild, enda er ekki enn komin fram vaxtastefna núv. ríkisstj., en í starfslýsingu hennar er getið um að hækka skuli bæði og lækka vexti. Auðvitað er hér um blekkingu að ræða og á það eftir að koma betur í ljós.

Ég fagna yfirlýsingu hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., að auðvitað geti mistök átt sér stað og missmíði verið á lögum, og þeir bera fyrir sig skamman tíma sem fyrir hendi var til að undirbúa þessa löggjöf. Hér er verið í raun og veru að framkvæma stefnu Alþb. í skattamálum sem var sett fram s. l. vetur og þeir Alþb.-menn ættu raunar að hafa gert sér nokkra grein fyrir hvernig framkvæma skyldi. Það er enn fremur um það að ræða, að þessar aðgerðir eru árangur af a. m. k. 8 vikna samningsviðræðum núv. stjórnarflokka í sumar, áður en til stjórnarmyndunar kom, og því ættu þessir stjórnmálaflokkar að hafa verið í stakk búnir til þess að koma frá sér löggjöf sem a. m. k. væri ekki svo meingölluð sem þessi löggjöf er.

Hæstv. fjmrh. taldi nauðsynlegt að herða skattaeftirlit, en það mundi kosta peninga. Ég held að það sé sama hve miklum fjármunum verður varið í að herða skattaeftirlitið, ef skattalöggjöfin á Íslandi brýtur í bága við réttlætiskennd alls þorra landsmanna, og það sé ekki markmiðið að stofna til eftirlits til þess að gera kannske helming landsmanna að eftirlitsmönnum með hinum helmingnum. Hins vegar hef ég trú á því, að ef heilbrigð skattalöggjöf er framkvæmd, þá þurfi tiltölulega lítinn mannafla til þess að sjá svo um að hún verði framkvæmd á fullnægjandi hátt. En því miður stefnir sú löggjöf, sem núv. ríkisstj. hefur haft forgöngu fyrir, ekki í þá átt.

Hæstv. viðskrh. talaði um að núv. ríkisstj. hefði sett kjarasamningana í gildi, og hef ég hrakið það í fyrri ræðu minni. En hann stóð sérstaklega af því, að kaupmáttur launa væri nú sambærilegur við það sem hann hefði hæstur orðið á árinu 1974. Sá kaupmáttur varð aldrei raunverulegur. Það var aðeins pappírskaupmáttur sem stóð í nokkra daga í raun og veru. En það er rétt að það komi hér fram, að skýring forsvarsmanna launþegasamtakanna á því, hvað átt væri við með því að setja samningana í gildi, var að kaupmáttur launa væri sá sami og að var stefnt með kjarasamningunum 1977. Samkv. upplýsingum, sem ég hef um það efni, ætti kaupmáttur launa að vera nú um 112 stig miðað við 100 stig í upphafi þessa árs og miðað við 92 stig að meðaltali á síðasta ári. En eftir þessar aðgerðir ríkisstj. og þær tilfærslur og þær sjónhverfingar sem ríkisstj. stendur fyrir, er kaupmátturinn samt sem áður ekki kominn upp í nema 108 eða 109 stig. Þeim kaupmætti hefur ekki verið náð sem að var stefnt. Hér er um það að ræða að kaupmátturinn er mældur annars vegar með falsaðri framfærsluvísitölu og hins vegar með þeim sjónhverfingum sem ég gat um að átt hefðu sér stað hvað snertir að setja samningana í gildi, vegna þess að í sambandi við kaupmátt kauptaxta er ekki heldur tekið tillit til hvað tekið er af mönnum í sköttum. Og þessi lög gera ráð fyrir stóraukinni skattheimtu, þannig að kaupmáttur ráðstöfunartekna, sem er auðvitað sá rétti mælikvarði, er þeim mun lægri sem skattheimtunni nemur.

Hæstv. viðskrh. talaði um að menn skyldu bera saman heildarálagningu á einstaklinga annars vegar og auknar niðurgreiðslur og afnám söluskatts á matvörum hins vegar. En er þetta fullnægjandi? Ég held ekki. Þarna er ekki tekið tillit til þess, að um rekstrarhalla hjá ríkissjóði er að ræða. Það er ekki séð fyrir tekjuöflun til þess að mæta auknum niðurgreiðslum og afnámi söluskatts á matvörum. Það á ekki að gera fyrr en á næsta ári, og þá eykst skattbyrðin enn. Það er gjarnan háttur þeirra Alþb.-manna, að „það sem ég ber ber hesturinn ekki". Það er nefnilega svo, að þær álögur, sem á atvinnuvegina eru lagðar, eru auðvitað álögur sem allir landsmenn greiða. Það dregur úr getu atvinnuveganna til að greiða kaup, til að endurnýja atvinnutæki og auka tækni og framleiðni sem ein getur staðið undir auknum kaupmætti þegar til lengdar lætur án þess að um verðbólguþróun sé að ræða. En á þetta er ekki litið nú frekar en áður.

Ég skal ekki fara í frekari deilur við hæstv. viðskrh. um kosti óbeinna skatta og galla beinna skatta. Við erum á öndverðum meiði um það efni og við getum tekið okkur betri tíma til að ræða það mál. En ég vek aðeins athygli á því, að beinir skattar eru skattar á verðmætasköpunina, en óbeinir skattar eru skattar á eyðsluna. Þeir, sem vilja örva verðmætasköpun og sparnað, eru þess vegna hlynntir beinum sköttum. Ég vil hins vegar ekki ætla hæstv. viðskrh. að hann sé sérstakur formælandi eyðslu og samdráttar á vinnuframlagi einstaklinga í þjóðfélaginu. Það er hins vegar afleiðing af þeirri stefnu hans að velja fremur beina skatta en óbeina.

Hæstv. viðskrh. hrósaði sér mjög af afnámi söluskatts á matvörum. Út af fyrir sig get ég verið sammála honum um, að sú aðgerð sé ekki ámælisverð, nema hún leiði til þess að frekar sé unnt að draga undan greiðslu söluskatts og ógreinilegri skil og verri verði á söluskattstekjum hins opinbera eftir en áður. En á því er mikil hætta, að eftir því sem undanþágur frá greiðslu söluskatts fjölgar verði erfiðara um söluskattsinnheimtu. Og ég bæti því við, að við allir alþm. úr öllum þeim stjórnmálaflokkum, sem eiga fulltrúa á Alþ., erum að ég held, sammála um að

taka upp virðisaukaskatt. Ef virðisaukaskattur er tekinn upp, þá kemur hann auðvitað á allar vörutegundir, hverju nafni sem nefnast, þannig að ef núv. hæstv. ríkistj. ætlar að standa við þá stefnu sem búið er að marka, að virðisaukaskattur sé tekinn upp í síðasta lagi frá ársbyrjun 1980, þá er þetta bráðabirgðaráðstöfun, bráðabirgðaúrræði, eins og raunar allt það sem hingað til hefur séð dagsins ljós af hálfu hæstv. ríkisstj.

Hæstv. viðskrh. lagði mér í munn, að ég ætlaðist til að ríkisstj. leysti öll vandamál. Það var ekki rétt. En ég ætlast til að hún leysi einhver vandamál. Ég ætlast til annars og meira af ríkisstj. Íslands en að hún verði með ráðstöfunum sínum til þess að auka vandann sem við er að glíma. En því miður hefur núv. hæstv. ríkisstj. sýnt hingað til að hún er aðeins megnug um það.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 10. fundur.

Mánudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. okt. 1978

Hjörleifur Guttormsson, 6. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður landsk. þm. Alþb., Soffía Guðmundsdóttir tónlistarkennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Mér hefur einnig borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. okt. 1978.

Jón Helgason, 6. þm. Suðurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að l. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Hilmar Rósmundsson skipstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Bragi Sigurjónsson,
forseti Ed."

Ég vil nú fara þess á leit við hv. kjörbréfanefnd Sþ., að hún taki þessi tvö kjörbréf varamanna til athugunar, og gef 10 mínútna fundarhlé meðan kjörbréfin eru athuguð. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf Soffíu Guðmundsdóttur tónlistarkennara, en hún hlaut 2. varauppbótarþingsæti Alþb. Einnig höfum við verið með til meðferðar kjörbréf Hilmars Rósmundssonar, en hann hlaut kosningu sem 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi. Ég ætla að skýra frá því varðandi kjörbréf Soffíu, að hún er 2. varamaður landsk. þm. Alþb., en 1. varamaður mun þegar vera hér á þinginu, svo að þetta er eðlileg meðferð.

Kjörbréfanefnd hafði ekkert við þessi kjörbréf að athuga, og við leggjum til að þau verði tekin gild og samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 42 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hilmar Rósmundsson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Efri deild, 9. fundur.

Mánudaginn 30. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 50). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 2. þm. Austurl., Vilhjálmi Hjálmarssyni, leyft mér að flytja frv. til l., stutt, um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu frá 20. maí s. l., þ. e. a. s. að 14. gr., 7. liður, 2. tl. þar, Norðfjarðarumdæmi og 2. undirliður í lögunum orðist svo:

„Eskifjörður H 2, starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar."

Í grg. segjum við flm. að þetta litla frv. lúti að því, að í stað H 1 stöðvar á Eskifirði verði þar H 2 stöð, þ. e. verði með tveim læknum í stað eins sem þar er nú. Er þá með því reiknað, að annar læknirinn sitji á Reyðarfirði.

Við setningu laga um heilsugæslu 1973 var um það deilt, hvar mörk skyldi setja varðandi skiptingu heilsugæslustöðva í H 1 og H 2 stöðvar. Segja má að meginlínan hafi verið sett við 2000 íbúa markið, en þó urðu þar á frávik við meðferð frv. í þinginu, þannig að svæði með íbúafjölda undir 2. þús. komu á H 2 eða með tveggja lækna stöðvar. Á Austurlandi var svo ástatt þá, að eitt heilsugæslusvæði þar var mjög nálægt þessum mörkum, þ. e. Eskifjarðarhérað, sem nær yfir Eskifjörð, Reyðarfjörð, Helgustaðahrepp og Fáskrúðsfjarðarhrepp, þann hluta, sem er við suðurströnd Reyðarfjarðar. Nú má segja að þetta svæði sé rétt í jaðrinum með milli 1900 og 2000 íbúa og á báðum þéttbýlisstöðunum fer fólki fjölgandi. Á svæðinu hefur allt frá því lagafrv. um heilsugæslu fyrst kom fram verið mikill áhugi á því að læknar yrðu tveir, ekki síst á Reyðarfirði, þar sem íbúar eru nú á áttunda hundrað. Með hjúkrunarfræðing í hálfu starfi hefur þó heilsugæsla þar færst í betra og öruggara horf, en að áliti okkar flm. er enn sem fyrr, þrátt fyrir litlar fjarlægðir, full þörf á tveggja lækna stöð á Eskifirði og að við teljum með búsetu annars læknisins á Reyðarfirði, svo sem nú er heimild fyrir í 14. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, undirlið 11 þar. Um þetta liggja fyrir mjög eindregnar óskir heimamanna á svæðinu öllu, m. a. í formi beinna samþykkta frá sveitarstjórnum.

Á síðasta þingi voru heilsugæslulögin í heild til endurskoðunar í þinginu, þó að tími væri að vísu allt of skammur til vandlegrar athugunar ýmissa atriða svo sem þurft hefði. Þá var flutt í Ed. af 1. flm. þessa frv. og Halldóri Ásgrímssyni, þáv. 5. þm. Austurl., brtt. um að Eskifjarðarstöðin yrði H 2 í stað H 1. Brtt. var felld með aðeins tveggja atkv. mun. Mestu réð þar um, svo sem raunar var einnig 1973, afstaða heilbrrh. sem vildi halda sig nákvæmlega við þau mörk íbúafjölda sem áður eru

hér rakin. Einnig bar ráðh. við læknaskorti, sem óneitanlega er nú alvarlegt vandamál, en að hyggju okkar flm. bundinn nær eingöngu við H 1 stöðvar, eins læknis stöðvar, svo sem Djúpivogur hjá okkur eystra er nú gleggst dæmi um.

Með nýju þingi og nýjum ráðh. þykir okkur því rétt að láta á reyna enn einu sinni um vilja Alþingis, hvort þar verður farið að eindregnum óskum heimamanna frá upphafi, ekki síst af þeirri ástæðu, að nú er íbúatala svæðisins rétt við þau mörk sem talin eru hafa verið eðlileg viðmiðun við skiptingu stöðva í H 1 og H 2.

Fyrir Reyðfirðinga er hér um alveg sérstaklega mikla úrbót og aukið öryggi að ræða með búsetu annars tveggja lækna stöðvarinnar á Reyðarfirði, svo sem sjálfsagt væri að okkar dómi ef lagabreytingin næði fram að ganga.

Vissulega mætti hafa langt mál um þá endurskoðun sem fór fram á lögum um heilbrigðisþjónustu á síðasta þingi. Ég efast ekki um að sú n., sem vann að þeirri endurskoðun, hafi unnið starf sitt samviskusamlega og vel og vandað sitt verk, enda hafði hún haft lögin nokkuð lengi til athugunar. Hitt var svo annað, að þegar málið kom til Alþingis þá lifði skammt þings og þess var tæpast kostur að fara þannig ofan í þau mál sem við höfðum viljað, t. d. í heilbr.- og trn. Við fengum til þess of skamman tíma þrátt fyrir vissa tillitssemi við okkur stjórnarandstæðinga alveg sérstaklega, sem höfðum enn skemmri tíma en stjórnarþm. og enn verri aðstæður til að athuga þetta frv. og breytingar þær sem í því fólust, því að í n., sem vann að þessari endurskoðun, áttu sæti fulltrúar þáv. stjórnarflokka, Sjálfstfl. og Framsfl., og gátu þess vegna skýrt þingflokkum sínum frá því, hver ætlunin væri með þessum breytingum. Ég gagnrýndi það þá, að ekki væri farið betur ofan í saumana á þessu verki. Mér sýnist að núv. heilbrrh. ætli, þrátt fyrir það að ekki sé komið að endurskoðun þessara laga aftur, að taka þetta mál upp á nýjan leik, og þá er auðvitað tækifæri til að flytja brtt. eins og þessar. En engu að síður vildum við koma þessu að nú þegar.

Það tjóar ekki að sakast um orðinn hlut, en þegar svona viðamikill lagabálkur er tekinn til endurskoðunar, eftir því sem lög ákveða meira að segja, eins og er um lög um heilbrigðisþjónustu, þá verður auðvitað að gera þá kröfu til viðkomandi ráðh., að þeir veiti þinginu nægan starfstíma til þess að fara þar ofan í saumana svo sem menn vilja, einmitt í ljósi þeirrar reynslu sem af lögunum hefur þá þegar fengist.

Mörkin í sambandi við íbúafjöldann hafa verið allskýr. Þau hafa ekki verið haldin að fullu, eins og ég benti á áðan og segir í grg., og það, sem hæstv. ráðh. sagði hér í fyrra, átti vissulega mikinn rétt á sér. Við gátum viðurkennt að ýmislegt í því, sem hann taldi til tormerkja á því að samþykkja þessa breytingu, á vissan rétt á sér. Það var t. d. bent á nálægð Neskaupstaðar, sjúkrahúsið þar. Það var bent á heilsugæslustöð þriggja lækna á Egilsstöðum. Þetta er hvort tveggja rétt. Við erum í nálægð við þessar aðalstöðvar á þessu svæði og við neitum ekki þeirri staðreynd. En að vetrarlagi kann að vera að þessir staðir báðir, Egilsstaðir og Neskaupstaður, séu lokaðir fyrir okkur og sú aðstaða geti þá jafnvel orðið lítils virði fyrir íbúa þessa svæðis. En aðalatriðið finnst okkur að þetta svæði nær næstum þeim íbúamörkum sem við er miðað og hér er um tvo vaxandi þéttbýlisstaði að ræða. Við getum einnig bent á það nú, að aðstaðan á Eskifirði er mjög óviðunandi. Þar er í raun og veru nánast um læknisbústað að ræða, en litla aðstöðu aðra fyrir lækni þar. Á Reyðarfirði er um algerlega óviðunandi bráðabirgðaaðstöðu að ræða, sem komið var þar upp fyrir nokkrum árum sem alger undanþága frá reglum þá og var þakkarvert af þáv. heilbrigðisyfirvöldum að þau skyldu leyfa, en er nú slík að læknar, sem hjá okkur hafa verið, telja hana óhæfa og úr því þurfi að bæta hið fyrsta.

Eindregnar óskir heimamanna hafa komið fram um þetta og við teljum okkur skylt að fara í nokkru eftir þeim. Af auðskildum ástæðum hafa þær óskir komið sér í lagi frá Reyðfirðingum, og álit a. m. k. margra þeirra lækna, sem hafa starfað þar að og starfa nú, hefur einnig komið til greina. Þeir hafa talið rétt að þarna væri tveggja lækna stöð. Á þessu er undantekning sem rétt er að greina frá. Núv. sjúkrahúslæknir í Neskaupstað, Eggert Brekkan, var á sínum tíma læknir þessa svæðis og skrifaði þá heilbrrh. bréf, einmitt um það leyti sem lögin voru að fara í sína frumraun hér í þinginu, þar sem hann lagði á það áherslu að hér væri um þarflausan hlut að ræða og engum lækni ofætlun að sinna þessu héraði. Aðrir læknar, sem hjá okkur hafa verið, m. a. sá sem nú er, hafa verið á annarri skoðun og talið að það væri nauðsynlegt að hafa H 2 stöð á Eskifirði eða tveggja lækna stöð þar.

Við viðurkennum í grg. okkar, að hæstv. fyrrv. heilbrrh. bætti hér myndarlega úr fyrir okkur á Reyðarfirði með því að ráða hjúkrunarfræðing þar í hálft starf. Sú ákvörðun hefur sannað gildi sitt betur og fyrr, — ég mun nú kannske segja: því miður — en nokkurn óraði fyrir. Þar koma til slys, sem auðvitað eru hörmuleg. En engu að síður hefur þetta orðið til þess í a. m. k. tveim tilfellum, að þar hefur tekist að bjarga mannslífum og afstýra örkumlum einmitt, að ég held, vegna þess, hve hjálpin var tiltæk. Og eins og allir vita er fyrsta hjálpin oft mikilvægust, að hún sé bæði rétt og að hún berist nægilega fljótt.

Við minnumst á læknaskortinn í grg. Menn héldu vissulega síðustu ár, að ástandið væri orðið slíkt eftir framfarir síðustu ára í allri aðstöðu lækna úti á landsbyggðinni, að við þyrftum ekki að kvíða læknislausum vetri fyrir íbúa neins staðar. Ég held að það sé þó rétt, að það séu H 1 stöðvarnar sem þarna skeri sig úr, eins og t. d. Djúpivogur og sveitirnar þar í kring og allt austur í Breiðdal eru glöggt dæmi um, en það heilsugæslusvæði fær nú þjónustu einu sinni í viku frá Hornafirði og verður að láta sér það nægja. Það er alvörumál, en heilbrigðisyfirvöldum skal treyst til þess að leysa úr svo fljótt sem auðið verður.

Ég er ekki viss um að með H 1 stöð á Eskifirði í sama ásigkomulagi og hún er nú, það er nánast læknisbústaður, þyki mönnum neitt sérstaklega glæsilegur kostur að fara þangað, eins mikil áhersla og er nú lögð á samvinnu tveggja lækna í þessum efnum. Og aðstaðan er slík á Reyðarfirði, að það er aðeins tímaspursmál hvenær læknir neitar í raun og veru að vera þar, þó að okkur þyki það allbærilegt.

Allt þetta viljum við flm. láta athuga vel og vandlega. Okkar skoðun er sú, að nú eigi að fara að koma að byggingu heilsugæslustöðvar á Eskifirði og aðstöðu á Reyðarfirði, ef þeir staðir eiga ekki að dragast verulega aftur úr. En því verður auðvitað að játa, að uppbyggingin hefur orðið geysilega hröð, þrátt fyrir það að margir eigi enn eftir að fá sína aðstöðu, og þar auðvitað eigum við Austfirðingar líka óunnin verkefni.

Verði lögin um heilbrigðisþjónustu tekin til meðferðar

í heild í vetur, þá er vel að þessi till. hefur verið viðruð á ný og reynt á fylgi við hana jafnt sem vandlega athugun þn. á hversu réttmæt hún er og þörfin brýn. Því er hún lögð fram nú til að forðast að hún lendi í afgreiðslu einhvern síðasta dag þingsins, þar sem ekki er hægt að kanna nákvæmlega hversu réttmæt till. er, hvað sé rétt í henni og hvað rangt, og þá kannske sérstaklega vegna heimildargreinarinnar, hvað menn segja yfirleitt um þá breytingu, sem við að vísu leggjum ekki fram lögbundna, heldur vísum aðeins til heimildar um að búseta annars læknisins yrði á Reyðarfirði. Þar minnum við á það reyndar, að mikilvægasta vöruhöfn Austurlands er Reyðarfjarðarhöfn, aðalhöfn Eimskips t. d., mikið um skipakomur þar og umferð sem þeim fylgir. Það stuðlar enn frekar að þessu að dómi okkar flm.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta mál frekar, en vil óska þess að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Hér er nú viðrað mál, frv. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, og ég get ekki stillt mig um að koma aðeins að þessu máli

Eins og 1. grein hljóðar hér, með leyfi forseta: „Norðfjarðarumdæmi. 2. undirliður í lögunum orðist svo: Eskifjörður H 2, starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar" — þá er ég algerlega með þessari tillögu, því að mér er fyllilega kunnugt um það, að eitt af þeim atriðum, sem gera heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni erfiða eða öllu heldur erfitt að fá lækna til að þjóna þar, er hin faglega einangrun lækna. Það er lítt fýsilegt fyrir lækna að fara út á landsbyggðina, þar sem þeir þurfa að standa einir að verkum. Þetta hefur krystallast í því, að nú að undanförnu — og ekki síður í haust en oft áður — hafa ekki fengist læknar til að sinna nærri því öllum læknishéruðum á landinu. Það er mun auðveldara að fá lækna til að gegna læknisþjónustu þar sem heilsugæslustöðvar eru fyrir tvo lækna heldur en hinar. En samt er það nú svo, að landlæknir hefur tjáð mér að frá næstu áramótum vanti 14 lækna til þess að þjóna landsbyggðinni.

Í þessu sambandi vil ég lýsa ánægju minni með það, að menn hugsi til þess að á Eskifirði verði heilsugæslustöð 2. Það er auðveldara að byggja upp heilsugæsluþjónustuna þar sem tveir læknar vinna saman heldur en þar sem einn er fyrir, og það er staðreynd, að þjónustan verður þeim mun betri.

En svo komum við því miður að því í þessu frv. eða grg. þess, að sagt er: „Er þá með því reiknað að annar læknirinn sitji á Reyðarfirði". Með þessu álít ég að sé verið að ganga þvert ofan í anda þeirra laga, sem samþykkt voru 1973 og aftur með breytingum á s. l. vori, laga um heilbrigðisþjónustu. Með því móti á sem sagt að reyna að halda gamla skipulaginu, að drita læknum hingað og þangað um landsbyggðina, við lélegustu aðstæður oftast, í stað þess að byggja upp sæmilega góða læknisþjónustu í kjörnum svæðanna.

Hvað varðar það svæði sem hér er um að ræða, þá er aðeins 15 km vegalengd milli Eskifjarðar og Búðareyrar, og svipað háttar til víða um land. Svo að ég nefni aðeins örfá dæmi, þjónar heilsugæslustöð í Borgarnesi Kleppsjárnsreykjahéraði, í Ólafsvík Hellissandi, á Blönduósi Skagaströnd og svo mætti lengi telja.

Ég tel að fenginni reynslu minni og annarra, þar sem ég hef unnið við bæði skilyrðin, sem heilsugæslulæknir við fullkomna heilsugæslustöð og sem héraðslæknir á gamla mátann, að það sé mjög stórt skref aftur á bak, ef við ætlum að fara í þessa dritunarpólitík, eins og ég vil kalla það, að setja einn lækni hjálparvana á sem flesta staði á landinu.

Ég fagna því samt, að þetta frv. er komið fram, og vona að það verði einn af steinunum til þess að byggja upp betri heilbrigðisþjónustu en við höfum enn þá fengið. En mér virðist að landfræðilegar aðstæður séu ekki til þess að koma þarna upp tveimur stöðvum, þar sem einn læknir sé á hvorri, en full rök fyrir því að fá tvo lækna til Eskifjarðar.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Þegar viðreisnarstjórnin gekkst á sínum tíma fyrir endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu og lagði fram grg. um nefndarstörf og frv. nokkurn veginn eins og það sem nú er í gildi, þá var það fyrst og fremst vegna þess að farið var að bera á læknaskorti í dreifbýlinu og það hafði sýnt sig, að fólkið úti um landið sætti sig ekki við að hafa ekki tök á því að ná til læknis, og var mál manna, að þetta gæti raskað allri búsetu í landinu. Síðan hefur margt gott verið gert og margt gott skeð. Á þeim tíma voru það fyrst og fremst læknisbústaðirnir á hverjum stað sem voru heilsugæslustöðvar héraðanna, en nú hafa verið byggðar heilsugæslustöðvar víða um land og byggingar eru í gangi enn víðar.

Í vor var rætt allmikið í heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hvort tími væri kominn til að hafa tveggja lækna stöð á Eskifirði. Ég held að við höfum verið nálægt því að samþykkja það og fyrst og fremst hafi ástæðan verið sú fyrir því, að það var ekki gert, að við töldum að á meðan hætta væri á að eins læknis stöðvarnar færu meira og minna úr skorðum með sína þjónustu, þá væri kannske ekki rétt að vera að stuðla að því, að þessi staður, sem liggur sérstaklega vel við, þ. e. a. s. annars vegar Norðfirði og hins vegar Egilsstöðum, fengi tveggja lækna stöð strax. Ég fyrir mitt leyti tel samt eins og síðasti ræðumaður, að svo sé komið að það sé ástæðulaust annað en veita Eskifirði réttindi til að hafa tvo lækna í trausti þess, að það verði, eins og fram kom hjá honum, til þess að tryggja þar þann lækni sem þar situr nú.

En ég vildi aðeins segja nokkur orð um hvernig stendur á því, að H 1 stöðvarnar eru nú í miklum vanda og við stöndum nú e. t. v. frammi fyrir þeim mesta vanda í þessum efnum sem við höfum nokkurn tíma staðið frammi fyrir, verra ástandi en á milli 1960 og 1970, þegar menn voru verulega hræddir um læknisþjónustuna úti á landi. Ýmislegt kemur þar til, m. a. það sem hv. þm. Bragi Níelsson minntist á áðan, einangrun lækna. Það er sennilega alveg rétt. En það er ekki nýtt fyrirbrigði og menn gera sér grein fyrir því. Hitt er ekki síður, að það virðist ekki vera tekið nokkurt tillit af yfirvöldum til aðstöðu þessara manna. Bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum eru svæði þar sem óhjákvæmilegt er að hafa lækna með stuttu millibili. Þar eru heiðar svo erfiðar á vetrum, að þar er ekki gagn að því þótt tveggja og þriggja lækna stöðvar séu á einum stað og eigi svo að sækja 180 km frá sér. Þar eru veður það ströng og heiðarnar erfiðar, að slíkt gengur ekki. Þess vegna verða H 1 stöðvar að vera í gangi enn um alllanga hríð á báðum þessum landssvæðum.

Þrátt fyrir þetta virðist það ekki vera metið neins þótt

þessir menn einir allra í landinu verði að búa við þau skilyrði, að það er heimild allra, sem í héraðinu eru, að kalla þá til starfa nótt sem nýtan dag allt árið um kring. Þrátt fyrir það fá þessir menn fjárhagslega ekki betri kjör en aðstoðarlæknar á spítölum hér syðra. Þeir fá ekki aðstoð til þess að fara í frí, og þeir verða sjálfir að braska við að ná sér í afleysara ef þeir ætla að fá sér raunverulegt sumarfrí. Það lítur þannig út, að störf þeirra séu hreint ekki mikils metin.

Ég held að þetta sé ein meginástæðan fyrir því, hve illa gengur að halda mönnum í einmenningshéruðunum. Þessir menn, sem verða sjálfsagt að vera á vakt allt árið um kring, fá ekki nein aukafrí, þeir fá ekki meira en sinn mánuð, ef þeir þá geta fengið mann til að leysa sig af. Hins vegar ef aðstoðarlæknar á spítala, hvort sem það er nyrðra eða syðra, taka vissar gæsluvaktir fram yfir það sem fast er samið um, þá á hann rétt á vetrarfríi og hann á rétt á alls konar fríðindum fyrir slíkt. Ég held að það fyrsta, sem þurfi að gera — og gæti verið jafnveigamikið og að Eskifjörður fengi tvo lækna í staðinn fyrir einn — sé að gera ráðstafanir til að einmenningslæknishéruðin gömlu, þ. e. a. s. H 1 stöðvarnar, geti fengið fasta afleysara, t. d. að læknastúdentar, sem væru komnir að prófi, væru sendir út á þessar stöðvar yfir sumarið og fengju laun fyrir það frá opinberum aðilum, þannig að læknarnir, sem þar vinna, gætu verið frjálsari að því að fara í frí og að fara jafnvel eitthvað frá um helgar í ríkari mæli en hefur verið á undanförnum árum.

Það er ekki vafi á því, að nú er að skapast sama ástand eða verra en var áður, þegar fólki varð ljóst, að eitthvað varð að gera til að halda læknunum úti í strjálbýlinu. Mér sýnist að sigið hafi á ógæfuhliðina og sé að síga á ógæfuhliðina núna í þessu efni. Það verður að taka þetta mál föstum tökum. Ég skora á þau yfirvöld, sem nú ráða, að taka einmitt þetta sérstaka vandamál heilbrigðisþjónustunnar til gaumgæfilegrar athugunar nú strax, vegna þess að það verður erfitt að rétta við aftur þegar læknar eru allir búnir að segja upp og verður að ráða menn tvo-þrjá mánuði í einu. Sú stefna er þar að auki núna í læknisfræðinni að auka læknisþjónustuna hvarvetna utan sjúkrahúsa og setja meira fjármagn í hana en gert hefur verið undanfarið. Það er gert í þeim tilgangi í fyrsta lagi að bæta þjónustuna, lækna sjúkdómana nógu snemma, og í öðru lagi að spara fé, því að það eru hvarvetna spítalarnir sem eru dýrasti þáttur heilbrigðisþjónustunnar og það er mál margra, að með því að bæta frumþjónustuna megi fækka dögunum á sjúkrahúsum mjög verulega. Þarna eru Bretar eins og víðar í fararbroddi, og reynsla þeirra þegar virðist benda eindregið í þá átt, að þetta sé rétt stefna, þá ætti eitt af því fyrsta hjá okkur að vera það í fyrsta lagi að fá fleiri heilbrigðisþjónustulækna til starfa utan sjúkrahúsa á þessu þéttbýlasta svæði landsins og í öðru lagi að bæta aðstöðu og bæta kjör læknanna úti í strjálbýlinu, sem eru einir sér, þannig að þeir geti sótt námskeið, þeir geti farið til félaga sinna og geti fengið eðlilegt frí og þá helst meira en kannske 3-4 vikna frí, sem þeim er heimilað, og að þeir þurfi ekki sjálfir að standa í því að útvega sér staðgengla.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka þeim tveim hv. þm. sem hafa tekið undir meginefni þessa frv., að á Eskifirði verði H 2 stöð, og þá auðvitað hlýtur það um leið að reka á eftir því, að þar komi sú heilsugæslustöð sem þörf er á fyrir svo stórt hérað sem raun ber vitni. Þar sem við segjum í grg. skoðun okkar á því, að annar læknirinn hafi búsetu á Reyðarfirði, þá vil ég taka það fram, að við ætlumst vitanlega til að báðir læknarnir starfi á heilsugæslustöð á Eskifirði. Við sem sagt vorkennum ekki þeim lækni, sem væri búsettur á Reyðarfirði, að fara, eins og hv. þm. Bragi Níelsson réttilega benti á, þessa 15 km vegalengd til starfa sinna á heilsugæslustöð þar, jafnhliða því sem hann sinnti aðstöðunni á Reyðarfirði, þannig að hér er fyrst og fremst um vissa búsetuspurningu að ræða. Hins vegar komum við auðvitað aldrei til með að setja neitt lagaákvæði þar um nema þá að breyta þeirri heimildargr., sem nú er í dag, því að sú grein hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem tveir læknar eða fleiri eru starfandi á heilsugæslustöð, getur ráðh. ákveðið að fengnum till. landlæknis og heilbrigðisráðs að einn þeirra skuli hafa tímabundna búsetu á heilsugæslustöð í sama umdæmi, enda sé starfs- og húsnæðisaðstaða þar viðunandi að mati landlæknis og héraðslæknis og sérstök staðarleg rök mæli með þeirri skipan.“

Við leggjum kannske svona mikla áherslu á þetta í grg. vegna þess að okkur finnst að þessi heimild nægi okkur ekki, hún sé ekki nægilega mikil til þess arna, og viljum hins vegar undirstrika þá skoðun okkar, að við teldum ekki óeðlilegt að annar tveggja lækna þeirrar heilsugæslustöðvar hefði búsetu á Reyðarfirði til öryggis fyrir fólkið þar. Þarna er auðvitað komið inn á mikla viðkvæmnisspurningu, sem stundum hefur verið rædd hér í hv. deild, þ. e. a. s. hve langt ætti að ganga í því að sjúklingar kæmu til læknis eða læknar til sjúklinga aftur á móti. Hér er vissulega um mikla spurningu að ræða. Ég verð að segja það, að mér finnst sumir hinna yngri lækna og nýútskrifuðu lækna vera stífir á því, að sjúklingar komi skilyrðislaust til þeirra, og ég skil vissulega sum rök þeirra í því efni. En það má öllu ofgera í því líka, og ég hygg, að sumir hafi gengið mjög langt, þó ég ætli ekki að fara að rekja þá sögu sem ég rakti hér í fyrra við almennar umr. um heilbrigðisþjónustu þá.

Ég vildi aðeins taka þetta fram, að við reiknum auðvitað með því, að báðir læknarnir, ef af þessu verður, starfi á Eskifirði, en þessi heimildarmöguleiki verði nýttur. Ég veit að það verður, ef þessi breyting kemst á, knúið mjög á um það af Reyðfirðingum að fá búsetu þessa læknis til sín, þó að aðalstarf hans yrði e. t. v. unnið á Eskifirði, á heilsugæslustöðinni þar. Við viljum sem sagt koma því að þegar í grg. fyrir þessu frv., svo að það fari ekkert á milli mála, hvað við óskum eftir að sé gert í þessu efni, en við gerum okkur ljós vandkvæðin og að e. t. v. þurfi hreina lagabreytingu til þess að þetta standist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Félagsheimili, frv. (þskj. 51). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Alexander Stefánssyni, Braga Níelssyni og Stefáni Jónssyni að flytja hér lítið frv. til l. um breyt. á lögum um félagsheimili. Aðalbreytingin er þessi, að aftan við 2. gr. laganna bætist:

„Menningarsjóði félagsheimila skal sett sérstök stjórn þriggja manna, sem annars vegar skipuleggi í samráði við félagsheimili þá menningarstarfsemi, sem til er ætlast að sjóðurinn styrki, og tryggi þá starfsemi sem víðast um landið og veiti að öðru leyti styrki úr sjóðnum til menningarstarfs.

Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa rn., sem sé formaður sjóðsstjórnar, einum fulltrúa frá Bandalagi ísl. leikfélaga og einum fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Úthlutun úr sjóðnum skal árlega birt opinberlega, t. d. í Fréttabréfi menntmrn."

Í 2. gr. laga um félagsheimili er ákvæði sem kveður á um að 10% af tekjum sjóðsins renni í Menningarsjóð félagsheimila samkv. nánari ákvörðun þar um til hvers renna skuli, og reyndar er það ekki skilgreint neitt frekar í lögunum, en í reglugerð eru nokkur nánari ákvæði þar um. Við flm. segjum, að hér sé um merkilegan og ágætan sjóð að ræða sem miklu góðu hefur til leiðar komið og margt nytsamlegt gert. Ég hef áður á Alþ. vikið sérstaklega að sjóði þessum í fsp. um úthlutun fjár úr honum. Ég undirstrikaði þá nauðsyn þess að heimaaðilar væru studdir rækilega í menningarviðleitni sinni, en þess gætt, að ekki yrði um ofmötun að ræða frá höfuðborgarsvæðinu, þar sem flestir listamenn okkar í öllum helstu greinum — listamenn bæði með og án gæsalappa — teljast eiga heimilisfestu.

Flm. þessa frv. eru þeirrar skoðunar, að þetta hafi bærilega tekist það best þeir vita, en hins vegar liggur hvergi fyrir opinberlega hvernig úthlutun fer fram né hverjir hljóti. Eflaust má fá þær upplýsingar greiðlega í menntmrn., en þær eru vitanlega ekki tiltækar fólki almennt og allt of mörgum, sem við menningarstarfsemi fást í félagsheimilum landsins, er ókunnugt um möguleika sína á aðstoð úr sjóðnum til meiri háttar menningarviðburða eða þá þeir vita hreinlega ekki hvernig á að snúa sér í þessu, halda að þarna sé um svo mikla fyrirhöfn að ræða, að það taki því ekki að fara út í það. Aðrir hafa hins vegar verið duglegir hið besta í þessum efnum og náð til sín verulegu fé úr sjóðnum til styrktar sinni menningarstarfsemi, og höfum við auðvitað ekki nema allt gott um það að segja.

Í lögunum er ekkert ákveðið um sjóðsstjórn. Okkur flm. þykir sjálfsagt að sjóðnum sé sett sérstök stjórn, sem sé um margt í betri tengslum við menningaraðila landsbyggðarinnar og forráðamenn félagsheimilanna, þó ekki séum við svo sem beint undan núverandi fyrirkomulagi að kvarta. Við hyggjumst ná þessu með því, að í stjórn sjóðsins sitji auk fulltrúa rn., sem sé sjálfsagður formaður, tveir aðilar, annar frá Bandalagi ísl. leikfélaga, sem í eru nú yfir 70 félög sem víðast hvar eru hvað virkust í meiri háttar menningarstarfsemi, og hinn aðilinn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem þess aðila er nánast snertir almennan rekstur félagsheimilanna, þ. e. sveitarfélaganna í landinu. Flm. geta hins vegar fyllilega sætt sig við fjölgun í sjóðsstjórn, ef það mætti verða til samkomulags, og kem ég nánar að því á eftir vegna annars frv. sem nú liggur fyrir Nd. um breytingu á þessum lögum og er endurflutt frá síðasta þingi. Til greina kæmi vissulega aðili eins og Ungmennafélag Íslands, en ef velja skal á milli, þá verður að telja Bandalag ísl. leikfélaga eðlilegri aðila sakir þess, hve viðamikil og dýr menningarstarfsemi leikfélaganna er, sú viðamesta á landsmælikvarða, má fullyrða, því að við bendum á það í grg., að nær öll þau ungmennafélög, sem hafa fasta leikstarfsemi árlega, eru einmitt aðilar að Bandalagi ísl. leikfélaga.

Umfram þessa grg. þarf ekki miklar skýringar. Við flm. álítum að þótt sjóðurinn sé ekki ýkja stór, eitthvað á annan tug milljóna á þessu ári, þá sé eigi að síður mikilvægt hvernig þessu fé sé ráðstafað og að hve miklu félagsheimilin og menningarstarfsemi landsbyggðarinnar hafa þar ákveðin áhrif.

Ég minnti á það áðan, að á síðasta þingi var flutt frv. í Nd. um breytingar á Menningarsjóðnum og hefur nú verið endurflutt. Um réttmæti hvors þessa fyrirkomulags má deila, og ekki verður reynt að fara hér náið út í mismun þessara tveggja frv. þar sem það frv. er í Nd. og talsmenn þess ekki hér tiltækir til að svara fyrir það. Það er skoðun okkar flm., að þessi sjóður verði að vera í tengslum við félagsheimilin sjálf. En í frv. í Nd. er gert ráð fyrir því, að það sé ekki skilyrði, að menningarstarfsemin, sem styrkt sé, fari fram í félagsheimili, þó það sé æskilegt, og að þessa njóti sem sagt menningarstarfsemi á vegum almennra félagasamtaka, ungmenna- og æskulýðsfélaga, kvenfélaga og annarra menningarsamtaka, eins og þar segir í 1. gr. Við teljum sem sagt að nr. eitt sé það, hvernig tekjur sjóðsins eru fengnar, en tekjur sjóðsins eru beinlínis ákveðinn hluti af tekjum Félagsheimilasjóðs. Hitt vegur þó enn þyngra hjá okkur, að þetta sé ákveðið í beinum tengslum við félagsheimilin ein, að við teljum mjög nauðsynlegt að félagsheimilin sjálf, stjórnir þeirra og framkvæmdastjórar, hafi visst frumkvæði og vissa aðild að beinni menningarstarfsemi hvert á sínu svæði sem sé að hluta til á þeirra vegum.

Með réttu eða röngu hafa félagsheimilin okkar fengið á sig þann stimpil að vera aðeins dans- og kvikmyndahús, stundum jafnvel enn þá verri stimpil en það. Ég segi: með réttu eða röngu, af því að það er mikið til í þessu — reyndar allt of mikið. Það er jafnvel til að því, sem ég kalla menningarstarfsemi, er nær úthýst úr félagsheimilunum. Hins vegar eru auðvitað sem betur fer á þessu góðar hliðar, þar sem verulega er að allri menningarstarfsemi hlúð, en það er eins með það og margt annað, að auðvitað er miklu sjaldnar og minna á lofti haldið því sem vel er gert af hálfu félagsheimilanna í þessu efni. Við teljum því, að tenging við félagsheimilin sé nauðsyn og meira en það: stjórn sjóðsins sé skylt að örva og hvetja þau félagsheimili, þar sem ekkert eða lítið er aðhafst í menningarlegu tilliti af þeirra hálfu, — örva þau og hvetja til þess að taka upp sjálfstætt starf í sambandi og samvinnu við aðra heimaaðila, sem að þessum málum vinna. Við leggjum sem sagt til jafnt frumkvæði frá sjóðsins hálfu og að greiða fyrir því sem um er beðið og getur þá oft komið sitt úr hverri áttinni og verið tilviljunarkenndara en góðu hófi gegnir. Við álítum hiklaust að menningarstarfsemi heima fyrir eigi að sitja fyrir, þótt vissulega sé æskilegt og gott að fá góða krafta héðan af Stór-Reykjavíkursvæðinu einnig út um land og það beri að styrkja. En eins og við segjum í grg.: alla ofmötun héðan viljum við varast, því að hitt er þýðingarmest, að efla og auka sem mest og best þá miklu og blómlegu starfsemi, sem áhugafólk landsbyggðarinnar stendur víða að í menningarlegu tilliti, og e. t. v. sér í lagi að styðja þar að sem tæpast stendur, m. a. vegna þess að fjárhagslegt bolmagn vantar til að framkvæma það sem fólkið gjarnan vildi gera. Við teljum hins vegar einsýnt og sjálfsagt að menntmrn. hafi hér hönd í bagga, og því erum við með fulltrúa þess í stjórn, gagnstætt því sem frv.

í Nd. kveður á um. Hins vegar getur verið erfitt að meta hverjir skuli eiga aðild að stjórn, en við flm. hyggjum þó að þeir tveir aðilar, sem við erum með í okkar frv., eigi þar skýlausan rétt, þótt fleiri komi þar vissulega til, eins og við bendum reyndar á í grg.

Ég fullyrði það, að enginn efi sé á því í dag, að góð leiksýning sé merkastur menningarviðburður þeirra sem áhugafólk stendur að úti um landsbyggðina, og þrátt fyrir áhugamennsku allra, sem leika og vinna að öðru leyti þar að, er kostnaður við leikstjórn og svið í dag að lágmarki um 800 þús. kr., auk annars kostnaðar. Og þrátt fyrir nokkuð hækkaðan styrk til áhugafélaganna á síðasta ári, þá nægir þó ríkisstyrkurinn í dag ekki nema frá 1/6 til 1/4 hluta þessa lágmarkskostnaðar. Auk þessara leiksýninga eru leikfélögin svo burðarásinn víðast hvar í menningarstarfi hvers byggðarlags í öðru en að leiksýningum eða beinni leikstarfsemi lýtur. Við flm. teljum því að Bandalag ísl. leikfélaga með sín 80 aðildarfélög um allt land sé mjög verðugur aðili að stjórn sjóðsins, þó þar megi, eins og ég sagði, fleiri til nefna.

Til þess aðila, sem hlýtur helst að njóta félagsheimilanna í landinu, næst tæplega betur en með aðild sveitarfélaganna að sjóðsstjórninni, en sveitarfélögin eru víðast stærsti rekstraraðilinn að húsinu. Samtök félagsheimila munu einhvern tíma hafa verið stofnuð. Ég veit ekki hversu þau lifa eða hvort þau eru í raun og veru til í dag nema að nafninu til, og því eru þau tæpast réttur sjóðsaðili, enda spurning um það, hvaða félagsheimili eiga þá aðild að þessum samtökum og hver ekki. Niðurstaða okkar varð því sveitarfélögin ásamt Bandalagi ísl. leikfélaga.

Um birtingu þessarar úthlutunar lýtur síðari hluti frvgr. okkar. Í grg. er minnt á það, hve misjafnt hefur verið í þennan sjóð sótt, mörg félagsheimili t. d. lítið sem ekki nýtt sér þennan möguleika, önnur gert það rösklega, og sama er að segja um ýmsa aðila, sem náð hafa að semja við félagsheimili um að taka myndarlega þátt í vissri menningarstarfsemi. Því er frumkvæðisskylda sjóðsins svo ótvíræð sem við teljum að eigi að vera, að það sé ekki bara að veita þeim, sem um sækja, heldur beinlínis að hafa frumkvæði að menningarstarfsemi á hinum ýmsu stöðum.

Um birtinguna þarf ekki að fara mörgum orðum. Hún er sjálfsögð. Hér er þó um svo háar fjárhæðir að ræða, að rétt er að sjá opinberlega á ári hverju hverjir hafa notið. Við nefnum Fréttabréf menntmrn. sem æskilegan aðila. Það birtir nú þegar mikið af svipuðu tagi og er mjög til fyrirmyndar. Ég fagnaði því þegar þessu Fréttabréfi var komið á og taldi það mjög til bóta. Þar fræðumst við um margt sem við hefðum ekki annars fylgst með, höfum kannske aðstöðu til, en gerum það ekki. Þar eru t. d. birtar styrkveitingar til allra áhugaleikfélaga. Þar geta menn séð svart á hvítu hvað þau fá til styrktar starfsemi sinni. Við teljum sem sagt að það væri ofureðlilegt, að þeir, sem að þessu Fréttabréfi standa, tækju þetta til athugunar, og þar væri kjörinn vettvangur til birtingar þessara veitinga úr sjóðnum, þó eflaust megi finna þar aðrar leiðir.

Ég vil svo, herra forseti, óska eftir því, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er hreyft athyglisverðu máli, og ég stend ekki upp til að andmæla þessu frv. Ég vil þvert á móti taka það fram, að ég er sammála því sem hv. 1. flm. sagði um þýðingu Menningarsjóðs félagsheimila og þeirrar starfsemi sem sjóðnum er ætlað að styðja. En meginefni þessa frv. er að setja Menningarsjóði félagsheimila sérstaka stjórn. Þegar við ræðum um þetta, þá hlýtur að vakna önnur spurning og það er um stjórn Félagsheimilasjóðs. Fé Félagsheimilasjóðs á að verja samkv. lögum til byggingar félagsheimila 90%, en 10% af tekjum Félagsheimilasjóðs eiga að renna til Menningarsjóðs félagsheimila. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að setja sérstaka stjórn til að ráðstafa 10% af þessu fjármagni. Mér virðist óhjákvæmilega vakna sú spurning, hvort ekki sé þá ástæða til að setja stjórn yfir þann þátt sem varðar 90% af því fjármagni sem Félagsheimilasjóður hefur með að gera.

Í mínum huga er þetta þó ekki þannig, að það þurfi endilega að vera rétt að setja á fót tvær stjórnir: annars vegar stjórn yfir Félagsheimilasjóð og hins vegar stjórn yfir Menningarsjóð félagsheimila. Mér kemur til hugar, hvort ekki sé eðlileg lausn á þessu máli að stofna til þess, að Félagsheimilasjóður fái stjórn og sú stjórn fjalli um ráðstöfun alls þess fjármagns sem Félagsheimilasjóður hefur yfir að ráða, fjalli bæði um 90% og 10%.

Ég geri ráð fyrir, eins og raunar hv. 1. flm. tók fram, að það geti komið til álita, hvernig eigi að skipa stjórn sem væri fyrir Félagsheimilasjóð í heild. En mér sýnist að það þurfi ekki að fara illa á því, að sú stjórn sé skipuð fulltrúa frá Bandalagi ísl. leikfélaga og einnig fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, eins og gert er ráð fyrir að stjórn Menningarsjóðs félagsheimila sé skipuð samkv. frv. því sem hér liggur fyrir. Hv. 1. flm. tók fram, að honum væri ekki fast í hendi eða þeim flm., hvernig sú stjórn, sem gert er ráð fyrir samkv. þessu frv., yrði skipuð. Þegar ég tala um stjórn fyrir Félagsheimilasjóð í heild, þá finnst mér að það komi mjög til greina, að til viðbótar þeim aðilum, sem nefndir eru í þessu frv., komi bæði Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands. Ég hygg að sá þáttur í starfi félagsheimilanna, sem lýtur að íþróttum og málum skyldum íþróttum, sé svo veigamikill að það sé naumast hægt að ganga fram hjá þessum aðilum. Það má líka minna á það, að í lögum um félagsheimili er sérstök áhersla lögð á þennan þátt starfseminnar sem ætlað er að fram fari í félagsheimilunum, vegna þess að það er tekið fram í gildandi lögum, að það skuli veita styrki úr Félagsheimilasjóði að fengnum tillögum íþróttanefndar og raunar líka að fengnum tillögum fræðslumálastjóra. Nú mun þessi embættismaður, fræðslumálastjóri, ekki vera lengur til. En það er hins vegar ekkert óeðlilegt, að tekið sé tillit til þeirra aðila sem sérstaklega fjalla um uppeldismál, og að mínu viti gæti vel komið til greina, að í stjórn fyrir Félagsheimilasjóð, eins og ég hef látið mér koma til hugar, að hún ætti að vera, væri einnig fulltrúi frá samtökum kennara í landinu.

Þetta eru aðeins hugleiðingar sem ég vildi láta koma fram við 1. umr. þessa máls. En ég sé ekki annað en þær séu þess eðlis, að það þurfi að athuga þær hugmyndir nánar.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Lög um Félagsheimilasjóð eða um félagsheimili, eins og þau heita víst, fjalla einvörðungu um stofnkostnað, að viðbættu ákvæðinu um Menningarsjóð félagsheimila. Það hygg ég að hafi verið þannig, að þetta ákvæði hafi verið

sett inn í lögin eftir á. Þetta ákvæði um Menningarsjóð félagsheimila er ekki ítarlega útfært, og ég held að þær hugmyndir, sem fram koma í þeim frv. sem nú liggja fyrir þingi, fyrir báðum deildum — og ég hygg að það hafi komið fram frv. í þessa stefnu á þinginu í í fyrra, — ég held að þær hugmyndir séu alveg tímabærar og það sé æskilegt að setja fastari skipan á starfsemi þessa Menningarsjóðs félagsheimila en verið hefur. Úthlutun úr honum hefur verið á vegum menntmrn. Starfsmenn rn. hafa yfirleitt gert um það tillögur til ráðh. sem síðan hefur kveðið endanlega á um úthlutunina..

Ég er samþykkur þeirri stefnu sem fram kemur í þeim frv. sem hér hafa verið lögð fram.

Svo er aftur það sem hv. 5. þm. Vestf. minntist á áðan, hvort ástæða væri til að setja sérstaka stjórn yfir alla starfsemi Félagsheimilasjóðs. Þá kemur mér í hug að e. t. v. væri ástæða til að endurskoða þessi lög í heild sinni og þá spurning hvort það gefst nægilegt tóm til þess á þingtímanum að fara ofan í saumana á þeim. Nú er ég síður en svo að hafa á móti því að endurskoða þessi lög í heild, því meðan ég var menntmrh. velti ég þessu töluvert fyrir mér og við ræddum þetta innanhúss í rn., hvort það væri ástæða til að setja af stað endurskoðun þessarar löggjafar. Ekki varð af því, en það var ekki vegna þess að við endilega tækjum þá afstöðu, að þess væri ekki þörf, heldur bara varð ekki úr framkvæmdum að því leyti. En ég er ekki viss um að það væri rétt nema gefa sér rúman tíma til að endurskoða lögin í heild.

Eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Vestf., er tilhögun á lánveitingunum þannig, að um beiðni er fjallað í íþróttanefnd ríkisins, en hún er þannig saman sett, að í henni eru fulltrúar frá Ungmennafélagi Íslands, frá Íþróttasambandi Íslands og svo íþróttafulltrúi. Þessi n. gerir tillögur um afgreiðslu lána og styrkja úr Félagsheimilasjóði eins og er, og ég varð ekki var við annað en það væri ágætt samstarf milli þessarar n. og þeirra sem í félagsheimilabyggingunum standa eða forstöðu hafa um þau mál heima fyrir.

Ég held að það sé í sjálfu sér ekki bráðaðkallandi að taka það atriði sérstaklega fyrir, þó að það kunni að vera skynsamlegt að endurskoða þessi lög í heild. Þetta kemur náttúrlega allt til skoðunar í þingnefnd og raunar þingnefndum, af því að það er annað frv. í Nd. og verður væntanlega athugað samtímis. Þetta er e. t. v. dæmigert um þörf á því að nefndir í báðum deildum starfi saman. Þegar koma hliðstæð mál fram í báðum deildum, þá er það viss bending um að það sé æskilegt. En þessi mál verða að sjálfsögðu öll skoðuð í n. Og svo er þriðja frv., sem ég flutti ásamt öðrum þm. varðandi 1. gr., að bæta þar inn einum lið í upptalninguna: sjómannastofum. Þetta verður þá allt skoðað.

Ég vildi láta koma fram, að ég álít þetta gott mál og sé orðið tímabært að setja fastari skipan á starfsemi Menningarsjóðs félagsheimila. Hann fær verulegt fjármagn, — ég vil nú ekki fara með tölur um það, — en miðað við þá styrki, sem verið er að veita í menningarmálum, er það fjármagn verulegt og er náttúrlega mikið atriði að nota það skynsamlega. En öll þessi starfsemi, eins og fram kom hjá hv. flm., starfsemi hinna frjálsu félaga, er náttúrlega meira og minna fjárvana og því meir sem hún tekst á við stærri og vandasamari viðfangsefni.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju yfir því, hve góðar undirtektir þetta mál fær, sem okkur flm dylst ekki að er mál sem þörf er á að hreyfa hér á hv. Alþingi. Ég vil taka undir það sem hér hefur raunar komið fram áður, að þótt þessi þáttur í sambandi við félagsheimilin fjalli ekki um stórar fjárhæðir, þá getur hann skipt miklu fyrir menningarlíf úti um landsbyggðina. Það er gert ráð fyrir því, að á árinu 1978 verði sem næst 12 millj. kr. í sjóðnum, þannig að hér er um þó nokkra fjárhæð að ræða.

Það eru mörg menningarsambönd og félagasambönd úti um land sem gera sér ekki grein fyrir því, að þetta fjármagn er til og það sé möguleiki að sækja þarna um styrk, vegna þess að þetta er ekki afmarkað nægjanlega í lögum svo aðgengilegt sé. Þess vegna er þörf á því að færa þetta til betri vegar, og ég sé ekki að það sé neitt við það að athuga að aðgreina þennan þátt í lögunum um félagsheimili.

Hins vegar vil ég taka undir það með hv. 5. þm. Vestf. og raunar hv. 2. þm. Austurl. einnig, að það er löngu orðið tímabært að endurskoða lög um félagsheimili almennt. Ég vil sem sagt undirstrika það, að e. t. v. væri eðlilegt að þær umr., sem hér fara fram um þau þrjú lagafrv. um félagsheimili sem þegar hafa komið fram á hv. Alþ., verði til þess, að hv. alþm. taki til athugunar að láta fara fram raunhæfa endurskoðun á félagsheimilalögunum almennt. Það lagaform, sem búið er við í dag, er að mínu mati ekki nógu gott, að þó að ég sé ekki með því að telja að þeir, sem veita Íþróttasjóði forstöðu, geri ekki það sem í þeirra valdi stendur til þess að úthluta úr þessum sjóði réttilega, þá þarf samt sem áður að gera gleggri skil um félagsheimili og Félagsheimilasjóð og eflingu hans. Ég álít að þetta sé það stórt mál, ekki síst fyrir dreifbýlið, að taka þurfi þetta mál til endurskoðunar sem allra fyrst. En ég legg áherslu á það, að hér er um lítið mál að ræða, en gott mál, sem er þörf á að nái fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 9. fundur.

Mánudaginn 30. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kjaramál, frv. (þskj. 42). — Frh. 1. umr.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þegar umr. var frestað á síðasta fundi hafði ég flutt brtt., sem nú hefur verið dreift hér í hv. d., og í tali mínu, sem þeim fylgdi, hafði ég látið í ljós þá ósk, að hv. alþ. sýndi fólkinu í landinu meiri tillitssemi en höfundar þessa frv., sem til umr. er, hafa sýnt með smíði þess. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég hafði punktað niður ýmislegt af því, sem fram kom í máli hæstv. viðskrh. þá, sem ég hafði hugsað mér að svara, en ég er ekki með þessa punkta nema lítið eitt.

Hæstv. viðskrh. hélt því fram í ræðu sinni að frv. þetta um eignaupptöku, bæði lausafjár og fastafjármuna fólks,

væri flutt af mikilli tillitssemi við fólkið í landinu. Ég vil enn draga í efa að svo sé. Ekki hefur þetta frv. aðeins vakið furðu vegna þess að það á að verka aftur fyrir sig í skattlagningu. Fólkið í landinu, eins og hæstv. ráðh. tók fram, bjóst við breytingum — eftir því sem hæstv. ráðh. sagði til bóta frá því sem áður hefði verið, það hefði komið skýrt í ljós við úrslit kosninganna. Þetta var innihald ræðu hæstv. ráðh. Ég vil taka undir, með því fólki, sem ég hef talað við, að þessar íþyngjandi aðgerðir, sem eru í vændum og verða líklega staðfestar hér þrátt fyrir brtt. til lagfæringar, eru aðgerðir sem ganga gegn réttlætiskennd þjóðarinnar almennt, hvort sem þær standast fyrir dómstólum eða ekki. Fólkið getur bæði hlegið og grátið. Ég vil segja að þjóðin sé hrygg, henni líði illa eftir að ráðstafanir ríkisstj. voru kunngerðar.

Það er engin furða, eins og hæstv. viðskrh. tók fram, að fólk flýti sér að kaupa það sem til er í verslunum og hægt er að kaupa, þrátt fyrir að kaupmátturinn sé eins núna og 1974, eins og hann minntist á. Hvernig á annað að vera? Í morgun rétt fyrir hádegið var gengið á sterlingspundi í bönkunum hér í bæ 639.70 kr. Þegar við komum úr mat var gengið á sterlingspundi orðið 647.50. Það er eins gott að ríkisstj. fari ekki í mat, ef hún er að dunda við gengislækkun í matartímanum.

Hæstv. viðskrh. tók líka fram, að það væri stór spurning og vafamál hve mikið fé ætti að nota í verslunarrekstur, eins og hann orðaði það. Álagning til fyrirtækja er núna 18-19% af þjóðarframleiðslunni, ef ég fer rétt með. En það stangast svolítið á við aðgerðir ríkisstj., því að þrátt fyrir þessa álagningarprósentu hefur blasað við alveg fram að helgi að fyrirtækin eigi frekar að loka en halda áfram að útvega fólki atvinnu, sbr. hið nýleysta vandamál smjörlíkisgerðanna og gosdrykkjaverksmiðjanna. Þar lét ríkisstj. undan þrýstingi, ekki vegna þess að hún væri sannfærð um að hún væri að gera rétt, heldur vegna þess að sú staðreynd blasti við, að atvinnureksturinn þolir ekki lengur aðgerðir ríkisstj., hann þolir ekki lengur skilningsleysi stjórnvalda, og frekar en að fá á atvinnuleysismarkaðinn það fólk, sem vinnur í þessum verksmiðjum sem ég gat um áðan, lét ríkisstj. undan og hækkaði álagninguna.

Ég held að það sé löngu augljós staðreynd, að atvinnureksturinn er að sligast undan þeim álögum, sem á hann eru lagðar af opinberum aðilum, og þrátt fyrir að ég hafi kannske einn sjálfstæðismanna, a. m. k. í Ed., staðið á móti skyldusparnaði á atvinnurekstur og skyldusparnaði yfirleitt, þá flyt ég hér brtt. um skyldusparnað í staðinn fyrir eignaupptöku. Slíkt er að skömminni til skárra, þó að það sé afleitt að fólk skuli ekki af nokkru öryggi geta ráðstafað tekjum sínum eða tekjuafgangi, þegar ríkið hefur lagt á slíkt sem það hefur talið eðlilegt til að standa undir allt of þungri yfirbyggingu, sem fulltrúar hvers einasta stjórnmálaflokks hafa talað um að minnka fyrir allar kosningar.

Hæstv. viðskrh. var ekki með neinar nýjar fréttir, þegar hann lýsti því yfir, að hann væri stuðningsmaður ríkisstj., sem hann situr í, í þessum álagningarmálum. Og hann hélt því fram, að hin nýja skattgreiðsla kæmi fólkinu í landinu til góða. Ég stórefast um að það komi nokkrum til góða, hvorki fyrirtækjum né fólkinu í landinu, að fyrirtæki og atvinnurekstur séu þannig svelt að hvorki sé nægilegur arður til þess að standa undir launagreiðslum frá einum launagreiðsludegi til annars, hvað þá að hægt sé að standa undir eðlilegum fyrningum og endurnýjun og þannig áfram. Aðgerðir ríkisstj., sem fóru að vísu út um þúfur í þetta sinn, komu fólkinu síður en svo til góða.

Það er annað, sem kom fram í ræðu hæstv. viðskrh., sem ég vil leyfa mér að draga í efa, að það hafi verið pólitískur áfangasigur verkalýðshreyfingarinnar þegar Alþb. komst í þá sterku stjórnaraðstöðu sem það er í. Ég dreg líka í efa að það sé einhver viljayfirlýsing kjósenda um stefnu Alþb. Ég held að hér sé um stóralvarlegt mál að ræða fyrir okkur öll. Sigur lýðræðisflokkanna í síðustu kosningum var áberandi mikill, miðað við þau orð sem hafa fallið hér frá talsmönnum Alþb. Lýðræðisflokkarnir fengu 46 menn kjörna af 60, en Alþb. aðeins 14 þm. Það eru hlutföllin hjá þjóðinni. Það er svo ógæfa okkar hinna, að við skulum ekki ná saman í stjórnarsamvinnu, lýðræðisflokkarnir, en það, sem enn þá verra er, er að Alþb. — þrátt fyrir að stefna þess er ekki studd nema af tiltölulega litlum hluta þjóðarinnar — skuli vera ráðandi um stefnu ríkisstj. Þar eru hlutföllin öfug um vilja kjósendanna. Það tel ég mjög alvarlegt mál. Og því segi ég aftur: Er nokkur furða þótt þjóðin sé hrygg og bíði eftir því að fá að endurskoða afstöðu sína til stjórnmálaflokkanna? Og ég verð að vona, að það verði mjög fljótlega.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra greina frv. um kjaramál á þskj. 42 sem fjalla um tekju- og eignarskattsaukann.

Eitt stærsta dæmið um óréttlæti og misrétti í þjóðfélaginu er það meingallaða skattkerfi sem við búum við. Þar hafa margir aðstöðu til að spila á kerfið og eru það oftast þeir, sem breiðust hafa bökin og hagnast hafa óeðlilega á verðbólgunni, sem geta notfært sér ýmsar smugur í skattkerfinu og sleppa ótrúlega vel frá því að leggja sinn skerf til samfélagsins. Bitna því skattar oft með miklum þunga á þeim sem síst skyldi. Þess vegna hlýtur það að vera eitt af brýnustu verkefnum þessarar ríkisstj. að lagfæra ýmsa augljósa galla á skattkerfinu, sem beinlínis stuðla að skattsvikum, auk þess sem stórlega þarf að herða allt skatteftirlit.

Þær auknu skattaálögur, sem ríkisstj. varð að grípa til við gerð brbl., má vissulega gagnrýna að mörgu leyti. En um leið og við gagnrýnum verðum við að hafa í huga þær aðstæður sem voru þegar ríkisstj. var mynduð og brbl. voru sett. Þá blasti við stöðvun undirstöðuatvinnuveganna, stórfellt atvinnuleysi og ófriður var á vinnumarkaðinum. Voru þetta afleiðingar efnahagslegrar óstjórnar fráfarandi ríkisstj. Hornsteinn núverandi stjórnarsamstarfs er samvinna og samráð við aðila vinnumarkaðarins. Því var nauðsynlegur liður í því samstarfi að skila launþegum því aftur, sem fráfarandi ríkisstj. hafði af þeim tekið með kjaraskerðingarlögunum frá febr. s. l., og taka samningana í gildi með réttlátu og sanngjörnu vísitöluþaki. Fyrstu aðgerðir ríkisstj. voru því mikil niðurfærsla vöruverðs til þess að hamla gegn verðbólguáhrifum gengisfellingar og víxlhækkunar kaupgjalds og verðlags, auk þess sem henni var mætt með aukinni skattheimtu og niðurskurði á útgjöldum ríkisins. Vissulega skal viðurkennt að sú skattheimtuleið sem valin var, nær alls ekki til allra þeirra sem ná hefði þurft til og sloppið hafa vegna hripleks skattkerfis undan að greiða það sem þeim ber til samfélagsins. En á það verður að líta, að stuttur tími var til stefnu og öllum ljóst að sú gagngera breyting, sem þarf að gera á skattkerfinu

og skatteftirlitinu, tekur mun lengri tíma en þá var til stefnu.

Alþfl. hefur verið gagnrýndur fyrir þær auknu tekjuskattsálögur sem brbl. fela í sér, þar sem hann á mörgum undanförnum þingum hefur borið fram till. um að afnema beri tekjuskattinn af launatekjum, þar sem meginþungi beinu skattanna hvíli á herðum launamanna. Með tilliti til þeirra aðstæðna, sem fyrir hendi voru, og að stuttur tími var til stefnu, auk þess sem tekjuskattsaukinn kemur aðeins á þá sem hæstar hafa tekjurnar, má e. t. v. réttlæta þessar aðgerðir. En ég tel að Alþfl. geti undir engum kringumstæðum í áframhaldandi efnahagsaðgerðum staðið að auknum tekjuskatti á launatekjur, heldur eigi hann hiklaust á þessu þingi að stefna að afnámi hans, nema ef vera skyldi á allra hæstu tekjur.

Mikið hefur einnig verið deilt á eignarskattsaukann. Á það fyllilega rétt á sér hvað varðar t. d. ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega, sem hafa á langri starfsævi eignast skuldlausar eignir, en hafa aðeins ellilífeyri, örorkubætur eða aðrar litlar tekjur úr að spila til að standa undir þeim skatti sem lagður er á eignir þeirra. Ég tel að stjórnarflokkunum beri að leiðrétta það augljósa ranglæti sem felst í eignarskattsaukanum hvað varðar þessa hópa. Ég lít svo á, að hér sé um agnúa að ræða, sem mönnum hafi yfirsést á þeim stutta tíma, sem var til stefnu við gerð brbl., og sé því rétt að leiðrétta hann. Hér getur vart verið um stóran hóp að ræða og getur sú leiðrétting því varla haft mikil áhrif á tekjuhlið brbl.

Hv. þm. Matthías Bjarnason hefur lagt fram brtt. við a-lið 8. gr. frv., um afnám eignarskattsaukans hjá því fólki sem komið er á þann aldur að því beri ellilífeyrir. Ég tel þá till. ganga of langt að því leyti, að margir þeir, sem komnir eru á ellilífeyrisaldurinn, eru enn í fullri atvinnu og jafnvel með atvinnurekstur, og margir hverjir með mjög góðar tekjur auk ellilífeyrisins. Á hinn bóginn gengur sú till. of skammt að því leyti, að hún nær ekki til t. d. örorkulífeyrisþega né ekkna sem eiga einhverjar eignir, en hafa ekki nema úr almannatryggingabótunum og öðrum lítils háttar tekjum að spila, og gæti því eignarskattsaukinn ekki síður bitnað þungt á þeim en ellilífeyrisþegunum. Því vil ég leyfa mér, herra forseti, að bera fram brtt. við a-lið 8. gr. frv., sem er svo hljóðandi:

„8. gr. a orðist svo:

50% af álögðum eignarskatti á menn, sbr 1. tölul. 26. gr. greindra laga, ef sérskattaðir einstaklingar höfðu hærri vergar tekjur til skatts á skattárinu 1977 en 1.4 millj. og samsköttuð hjón, eða sambúðarfólk, höfðu hærri vergar tekjur en 1.8 millj. til skatts á því skattári.

Eignarskattsauki þessi skal vera 10 prósentustigum lægri á hverju 100 þúsund kr. bili sem vergar tekjur eru lægri en fyrrgreindum tekjumörkum nemur, þannig að allir sérskattaðir einstaklingar eru undanþegnir eignarskattsauka, sem höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 1 millj., og öll samsköttuð hjón eða sambúðarfólk, sem höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 1.4 millj. á skattárinu 1977."

Þannig mun þessi brtt., ef hún nær fram að ganga, tryggja að t. d. ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar og ekkjur, sem litlar tekjur hafa aðrar en almannatryggingabæturnar, þurfi ekki að bera neinn eignarskattsauka. Þessu til skýringar má bæta við, að með tekjutryggingu og heimilisuppbót var ellilífeyrir einstaklinga á árinu 1977 tæpar 680 þús. kr. og ellilífeyrir hjóna tæpar 1100 þús. Ef taka lífeyris hefst aftur á móti ekki fyrr en við 72 ára aldur verður hann rúmlega 900 þús. fyrir einstaklinga og 1280 þús. fyrir hjón, þannig að ellilífeyrisþegar, sem ekki munu bera eignarskattsaukann samkv. þessari brtt., geta haft einhverjar tekjur á árinu 1977 fram yfir ellilífeyrislaunin. Einnig mun eignarskattsaukinn leggjast tiltölulega létt á þá, sem samkv. þessari till. hafa í tekjur 1-1.4 millj. fyrir einstaklinga á skattárinu 1977 og 1400-1800 þús. fyrir hjón. Ég ítreka, að hér getur ekki verið um mjög mikinn tekjumissi að ræða fyrir ríkissjóð, þar sem hér getur varla verið um stóran hóp að ræða, en á hinn bóginn getur þessi breyting verulega hlíft þeim sem eignarskattsaukinn leggst hvað þyngst á.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Það sem mest áhersla var lögð á af hálfu okkar jafnaðarmanna í umræðum fyrir síðustu kosningar, var hugmynd okkar um kjarasáttmála. Á þessu máli hömruðum við, og ég er þeirrar skoðunar og þeirrar trúar sjálfur, að þessi hugmynd og þessi stefna hafi átt ríkastan þátt í þeim sigri, sem við unnum í kosningunum, og því fylgi, sem við fengum hjá þjóðinni. Þarna var um að tefla nýja hugmynd, nýja aðferð við stjórn efnahagsmála á Íslandi.

Við höfðum horft upp á það undanfarin ár hvernig hin svokallaða valdbeitingarstefna hafði reynst, þ. e. a. s. sú stefna ríkisvaldsins að fara sínu fram án þess að hugleiða hverjar viðtökur aðgerðir í efnahagsmálum fengju hjá fólkinu. Þetta hafði mistekist með hrapallegum afleiðingum, og okkur var ljóst, jafnaðarmönnum, að það þurfti að taka eitthvað nýtt upp, það þurfti að breyta til. Þetta voru ástæðurnar sem lágu að baki þessarar stefnu okkar sem við mörkuðum og kölluðum kjarasáttmála, og þær hugmyndir fengu augljóslega hljómgrunn.

Í stjórnarmyndunarviðræðunum kom fljótlega í ljós, að samstarfsflokkar okkar í ríkisstj. höfðu svipaðan skilning. Þeir höfðu líka áttað sig á því, að ef átti að vera nokkur von til þess að geta ráðið við efnahagsvandann, þá varð að gera það í anda kjarasáttmálans, þá varð að gera það í samstarfi við launþegasamtökin. Nú er það auðvitað ekki nýtt í sjálfu sér að taka upp samstarf við launþegasamtökin. Það hefur verið reynt áður. Það, sem er nýtt í þessu, er hversu víðtækt þetta nýja samstarf er og hversu skipulagt því er ætlað að vera. Það er algerlega nýtt. Þetta er ný tilraun og auðvitað er ekki hægt að fullyrða um það á þessu stigi hvernig hún gengur, en hún lofar góðu, finnst mér, til að byrja með. Þannig voru allar þessar efnahagsráðstafanir, sem voru gerðar í haust. Þær voru mótaðar í anda kjarasáttmálans. Þessar aðgerðir voru ræddar við forustumenn launþega í landinu, þaðan komu hugmyndir líka í „púkkið". Þetta var rætt og síðan framkvæmt.

Nú deila menn auðvitað alltaf um svona ráðstafanir. Róttækar ráðstafanir í efnahagsmálum hafa alltaf kosti og ókosti. Þær koma illa við suma, og það er eðlilegt að um þær verði deilt. En ég held að enginn maður geti deilt um það — enda hef ég ekki heyrt neinar raddir í þá átt — að aðgerðirnar hafa náð markmiðum sínum, tilganginum hefur verið náð. Tilgangurinn var auðvitað sá fyrst og fremst að halda atvinnulífi gangandi í landinu, en það var stöðvað eða við það að stöðvast. Í öðru lagi var tilgangurinn að semja frið á vinnumarkaðinum. Það gerðist líka. Nú ríkir friður milli launþega og ríkisvalds. Í þriðja lagi var tilgangurinn að reyna að halda niðri verðbólgunni. Hann hefur náðst líka svo langt sem það nær. Hvað sem

menn segja um einstök framkvæmdaatriði og hvort sem menn eru ánægðir með aðferðir eða ekki, þá getur enginn mótmælt því og enginn neitað því, að þessum grundvallarmarkmiðum aðgerðanna hefur verið náð.

Við jafnaðarmenn höfum verið gagnrýndir þó nokkuð fyrir okkar þátt í þessum aðgerðum. M. a. hefur því verið haldið fram, að við höfum svikið stefnu okkar í skattamálum. Ég held að þetta sé rangt. Það er að vísu alveg rétt, að við höfum haldið því fram að tekjuskattur sé í raun og veru frekar óheppileg skattheimtuaðferð, og við höfum haldið því fram, að stefna ætti að því að leggja niður tekjuskatt af öllum almennum launatekjum. En við höfum aldrei haldið því fram, að það ætti að hætta að skattleggja hátekjur. Þvert á móti hefur það alltaf verið grundvallaratriði í tillögugerð okkar, að við viljum viðhalda tekjuskatti á hátekjunum, teljum það eðlilegt og þjóðfélagslega réttlátt. Ég vísa því á bug allri gagnrýni á okkur jafnaðarmenn fyrir að hafa svikið stefnu okkar í þessum málum. — Auðvitað ber að játa, að við höfum ekki enn þá náð því marki að fella niður tekjuskattinn á almennu launatekjunum — það er markmið sem við vinnum að áfram — enda höfum við ekki haft langt ráðrúm eða mikinn tíma til að vinna að þessu enn þá.

Það hefur komið dálítið á óvart í umr. hér á hinu háa Alþ., hvað menn eru oft ónákvæmir í tali. Menn hafa t. d. kallað eignarskattinn eignaupptöku. Þetta orð — eignaupptaka — hefur ákaflega skýra og ljósa merkingu í íslenskri tungu. Eignaupptaka er ákveðin refsitegund, sem dómstólar geta dæmt menn í, ákaflega vel skilgreint hugtak. Það fer ekki á milli mála hvað það þýðir. Það er út í hött og verður til þess að rugla hugsun manna þegar menn fara að kalla eignarskatt eignaupptöku. Menn geta auðvitað alltaf deilt um hvað eignarskattur á að vera hár, eðlilegt að hafa mismunandi skoðanir á því. En við skulum samt hafa rétt orð um hlutina, svo að þjóðin skilji okkur þegar við erum að tala saman.

Eins er talið um afturvirkni skatta. Hún er dálítið einkennileg, þessi tilhneiging, sem stundum kemur upp, að kalla: úlfur, úlfur og reyna að fá fólk til þess að trúa því að aðgerðir stjórnvalda séu ólöglegar, brjóti jafnvel í bága við stjórnarskrá og slíkt. Ég veit ekki betur en allir skattar séu afturvirkir. Ég veit ekki betur en skattar séu alltaf lagðir á þær tekjur, sem menn hafa þegar unnið sér inn þegar skatturinn er lagður á, eða þær eignir, sem menn eiga fyrir þegar skatturinn er lagður á. Ég sé ekki betur en þetta sé alltaf afturvirkt. Er þá ekki öll skattheimta ólögleg — eða hvað?

Ég ætla að ítreka það, sem ég sagði áðan, að efnahagsaðgerðirnar hingað til hafa óumdeilanlega náð markmiðum sínum og sinnt því hlutverki sem þær áttu að sinna. Hitt er auðvitað að játa, að það er miklu meiri óvissa um framhaldið. Nú stendur fyrir dyrum hjá hinu háa Alþ. að afgreiða fjárlög og það verður auðvitað erfitt og vandasamt verkefni. Það er alveg ljóst, að sýna þarf mikið aðhald í fjárlagagerð. Ég er alveg sannfærður um að hv. þm. Sjálfstfl., sem alltaf hafa verið, eins og við vitum, aðhaldsmenn og menn sparnaðar í ríkisrekstrinum, fá mjög mikil og góð tækifæri til þess að sýna þessi sjónarmið sín í verki núna við fjárlagagerðina. Ég er t. d. þeirrar skoðunar, að nú þurfi að skera rækilega niður ríkisbáknið og spara þar í rekstrinum og koma fram hagræðingu, aukinni virkni og minni launakostnaði helst. Ég vænti þess sannarlega að vinir mínir, hv. þm. Sjálfstfl., muni hjálpa okkur í þessu, því að þetta er auðvitað þeirra mál, þeir hafa alltaf viljað spara þarna. Og eins er ég alveg viss um að hv. þm. Sjálfstfl. munu alls ekki vera með einhverja óábyrga tillögugerð um einhverjar framkvæmdir hér og þar. Þeir munu auðvitað verða aðhaldsmenn eins og þeir hafa alltaf verið.

Ég sagði áðan að kjarasáttmálinn, sem nú er verið að reyna að framkvæma og reyna að mynda um leið, vegna þess að við erum að búa hann til frá degi til dags, er tilraun til þess að reyna að nálgast vanda efnahagslífsins á nýjan hátt. Ég veit náttúrlega ekki hvernig það tekst. Enginn getur fullyrt um það enn þá. Næstu mánuðir munu skera úr um það. En það veltur auðvitað á verkalýðshreyfingunni, það veltur á hv. þm. öllum og það veltur á þjóðinni í heild.

Ég ætla að víkja í lokin að till. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti áðan. Ég held að hún sé ákaflega merkileg, jákvæð till. Þarna er um að ræða leiðréttingu. Þetta er sjálfsagt réttlætismál að mínu áliti, og ég hallast að því, að það hafi nánast verið handvömm að þetta ákvæði var ekki inni í upphaflega frv., sem var unnið á allskömmum tíma. Þarna er ekki um að ræða neinn teljandi tekjumissi sem þessu fylgir. Afarkostalaust er að samþykkja þetta, en sjálfsagt réttlætismál. Þess vegna mæli ég með samþykkt þeirrar tillögu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að kveðja mér aftur hljóðs við þessa umr., en síðustu tvær ræður gera það að verkum að ég tel nauðsynlegt að koma nokkuð inn á þær.

Hv.12. þm. Reykv. flutti brtt. við frv. Við upplestur í fljótu bragði finnst mér hún skipta ákaflega litlu máli. Hún kemur auðvitað örfáum aðilum til góða, en engan veginn að öllu leyti þeim hópi fólks, sem á að leiðrétta þessa agnúa hjá.

Það er ekki rétt hjá hv. þm., að ég hafi ekki minnst á öryrkja, þó að það kæmi ekki fram í till. minni. Í framsöguræðu minni fyrir brtt., sem ég flutti, óskaði ég eftir því, að n. athugaði sérstaklega stöðu öryrkja og þeirra hlutur yrði ekki fyrir borð borinn. En á því að taka öryrkja alfarið inn í slíka till. eru margir agnúar, vegna þess að þeir, sem njóta örorkulífeyris, eru stundum tekjuhátt fólk, alveg eins og þar er einnig tekjulaust fólk að öðru leyti en því, að það nýtur örorkulífeyris. Þess vegna var óeðlilegt að setja þetta alfarið inn í slíka till. Það var þó á engan hátt ætlun mín að öryrkjum yrði gleymt, því að ég lagði á það ríka áherslu í ræðu minni, að fjh.- og viðskn., sem fengi þetta frv. til meðferðar, athugaði það og kannaði ítarlega að till. næði einnig til öryrkja.

Ég vil vekja sérstaka athygli hv. þm. á því, að með þessari till. erum við ekki að gera ellilífeyrisþega undanþegna þeim gjöldum, sem eru á fasteignum þeirra, hvorki til sveitarfélaga né ríkis. Það eru háir skattar, sem þetta fólk þarf að greiða eins og aðrir landsmenn. Ég held, að hv. Alþfl.-menn, sem hér hafa talað, megi ekki gleyma því, að þessir illræmdu skattar eru viðbót á skatta sem þessi flokkur hefur í mörg ár talað um að væru svo ranglátir og gengju svo langt að það þyrfti að lækka þá, en ekki hækka. Það er þetta, sem hv. síðasti ræðumaður þyrfti að muna. Maður ætlast til þess að menn á þessum aldri gleymi ekki svona augljósum hlutum. Ekki gæfi ég mikið fyrir slíka menn eftir 30-40 ára þingsetu.

Það, sem hér er um að ræða, er sú svívirðing að koma aftan að fólki. Það er enginn að tala um að við, sem erum að vinna fyrir tekjum á árinu 1978, vitum að við eigum

að borga ákveðna tekjuskatta og eignarskatta. En þegar búið er að leggja á fólkið í landinu þessa skatta, þá telur það að nú sé búið að leggja að fullu og öllu á þessar tekjur, en þá skeður það, þegar langt er komið að innheimta eftir þessari skattlagningu, að komið er í bakið á fólki með þessum brbl. Þessi brbl. voru ill ganga, fyrsta ganga fjmrh. Hann er ekki öfundsverður af sinni fyrstu göngu, sá maður.

Sama er með eignarskattsviðaukann. Hann kemur ofan á allt annað. Ég hef heyrt fulltrúa þessara flokka, sem nú hafa náð samvinnu um að stjórna í þessu landi, tala um hvað allir þessir skattar væru ranglátir og hvað þyrfti að lækka þá. Það hefur ekki farið minna fyrir Alþb. en öðrum á undanförnum árum er þeir hafa talað um það, hvað tekjuskattslögin væru ranglát í alla staði og þar þyrfti sannarlega að gera uppskurð. En uppskurðurinn varð þá með þeim hætti að bæta gráu ofan á svart. Það er eins og það megi löngum bæta böggum á Brúnku. Þetta er nú ekki að vera sjálfum sér samkvæmur, eins og þessir menn hafa talað á undanförnum árum. Og þetta yfirklór Alþfl.-manna er ósköp máttlaust og fálmkennt, enda ekki við öðru að búast. Ég bjóst aldrei við neinu öðru og þetta kemur mér ekkert á óvart.

Það, sem hér er um að ræða, er ekki ágreiningur við stjórnarandstöðuna um þá skatta, sem lagðir hafa verið á, heldur það, að komið er í lok ársins 1978 og lagðir skattar á tekjur og eignir fólks, sem búið er að leggja á skatta áður. Á kannske að bæta áfram við eftir áramótin og taka svo afganginn af tekjunum frá árinu 1977, klára þær? Hvar stendur fólk yfirleitt frammi fyrir slíkum aðgerðum? Hver veit hvað hann á og hvað hann á ekki? Það, sem fólk á rétt á að vita, er hvað samfélagið ætlar að taka mikið af því af sköttum um leið og þeirra er aflað. Það á fólk heimtingu á að vita. En ekki er rétt að koma svona í bakið á því eins og gert er.

Ég sagði í fyrri ræðu minni í þessu máli, að ég hefði ekkert á móti því, að leitað yrði tekjuöflunar fyrir ríkissjóð með eyðslusköttum. Þó að þeim, sem brennivín kaupa, þyki það dýrt, þá ráða þeir sjálfir hvort þeir kaupa það eftir að það hefur hækkað hvað eftir annað. Það er skattur sem þeir sjálfir leggja á sig og ráða þá, hvort þeir kaupa brennivín eða ekki. Sama má segja um aðra eyðsluskatta. Ef við höfum ekki ráð á því að eyða, eftir að þessir skattar hækka eins og áður, þá drögum við úr kaupum. Við því er ekkert að segja. Það má deila um hvort slíkir eyðsluskattar séu of háir eða ekki, en ekki verður deilt um að komið sé aftan að fólki þegar þeir eru lagðir á með þeim hætti.

Hvað beinu skattana snertir og þessa afturvirkni skatta, þá er deilt um að þeir komi í bakið á fólki. Það, sem er enn þá verra, er að með því að fara út í þessa skattheimtu er verið að draga úr viðleitni manna að afla tekna og leggja mikið á sig. Er það stefnan, að enginn megi fara yfir meðaltalið, heldur eigi að setja þar mörkin og svo niður úr, en að það eigi alls ekki að leggja neitt hart að sér? Það er ekki spurt að því, hversu lengi og hvað hart menn leggja að sér að afla þeirra tekna. Nei, það skal taka þetta af mönnum eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það er auðvitað ósköp erfitt að tala um ríkisfjármálin fyrr en hið margumtalaða fjárlagafrv. liggur fyrir Alþ. Fjmrh. sagði í síðustu viku að það kæmi á mánudag. Nú er mánudagur runninn upp og ekki bólar á fjárlagafrv. Það bólar ekki einu sinni á fjmrh. Hann var þó við í síðustu viku, en hann virðist vera kominn í geymslu með frv. Það hafa fyrr verið ríkisstjórnir í þessu landi sem þrír stjórnmálaflokkar hafa stutt, og þeir hafa reynt að koma sér saman um heildarramma fjárl. áður en fjárlagafrv. fari í prentun. Ég hef aldrei vitað fyrr, að fjárlagafrv. færi í prentun án þess að viðkomandi stjórnarflokkar legðu nokkurn veginn blessun sína yfir það, — þó að það væri ekki alveg fullgild blessun, þá væri það alltaf ákveðið að verulegu leyti. Nú virðist það vera þannig, að blessuð bókin er fullfrágengin og lokuð inni, en Alþ. fær ekki að sjá hana því að stuðningsflokkar ríkisstj. eru að keppast við að gera drög að uppkasti um fyrirvara hvers flokks fyrir sig við fjárlagafrv. Hefði nú ekki mátt flýta þessum fyrirvörum öllum og lofa Tómasarbókinni að koma fyrir almenningssjónir og Alþ. og standa nú við orðin í fyrri viku um að þessi blessuð bók kæmi fram á Alþ. á mánudag?

Það er alltaf verið að bíða. Eftir hverju er verið að bíða? Hvað er að? Getum við nokkuð hjálpað til í þessum efnum? Við erum reiðubúnir. (Gripið fram í.). Jú, við erum búnir með nefndakjörið. Það er ekki til málefnalegur ágreiningur í Sjálfstfl. Það er meira en hægt er að segja í sumum herbúðum öðrum. En það er ósköp eðlilegt að menn séu orðnir svekktir á gangi þessara mála. Ég átti sæti í ríkisstj. Að vísu stóðu ekki nema tveir flokkar að þeirri ríkisstj. Það voru aldrei neinar deilur um að leggja fjárlagafrv. fram. Auðvitað voru margar skoðanir uppi um að það væru ekki nóg framlög til þessa málaflokks eða hins eins og alltaf vill verða og fer ekkert endilega eftir flokkum. Sama á sér auðvitað alltaf stað í sambandi við skiptingu á framlögum til hinna ýmsu málaflokka og einkum framkvæmda og ekkert við því að segja. Þar ráða önnur sjónarmið.

Út af þeim tilmælum, sem hv. 2. landsk. þm. bar fram til okkar sjálfstæðismanna, þá held ég að mér sé alveg óhætt að fullyrða að ekki mun standa á Sjálfstfl. að afgreiða fjárlög með þeim hætti að reyna að spara og reyna aðhaldsleið eins og hægt er. Það kæmi mér mjög á óvart, ef koma fram óskaplegar hækkunartillögur frá sjálfstæðismönnum við fjárlögin. Mér fannst alveg nóg að sjá hækkunartillögur Alþfl. og Alþb. á síðustu þingum. Þessar hækkunartill. skiptu nokkrum milljörðum við afgreiðslu fjárl. hverju sinni. Alltaf voru þeir að tala, blessaðir mennirnir, um hvað fjárl. hækkuðu mikið, en fluttu svo alltaf till. um stórfellda hækkun til viðbótar. Ég vona að það komi ekki fyrir okkur sjálfstæðismenn, að við gerumst sekir um slíkt eins og ástandið er í þjóðfélaginu.

Ég held að ég hafi svo ekki meiru við þetta að bæta að sinni. En ég endurtek það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni við þessar umr., að ég vænti þess að fjh.- og viðskn. fái glöggar upplýsingar um þessa álagningu, hvað till. um niðurfellingu eignarskattsauka kostar mikið og jafnframt hvernig skattlagning þessi, sem beitt hefur verið og er mjög umdeild og harðlega gagnrýnd af okkur, kemur niður á hinar ýmsu stéttir í þjóðfélaginu. Jafnframt óska ég mjög eftir því að fá upplýsingar um hvað útflutningsatvinnuvegirnir verða að greiða bæði í tekjuskattsauka og eignarskattsauka, hversu mikil og aukin útgjöld lenda á þeim við þessa skattlagningu. Það er til lítils að vera að breyta skráðu gengi krónunnar og skapa útflutningsatvinnuvegunum fleiri krónur til þess að það sé hægt að reka þá með eðlilegum hætti, ef ríkið ætlar svo aftur að hrifsa að verulegu leyti það sem þessir aðilar eiga og

þurfa að fá til þess að reka starfsemi sína með eðlilegum hætti. Þess vegna er nauðsyn á því, að þessar upplýsingar liggi fyrir. Sömuleiðis vil ég ítreka það sem ég sagði varðandi niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum, einkum á kjöti. Þær upplýsingar tel ég að n. eigi að biðja um og þær eigi að gefa hér í þd. áður en málið kemur til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 6). — Frh. 1. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er nú svo, að ákveðið hefur verið að skipa stjórnarskrárnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna, sem fulltrúa eiga á Alþ. Það var tekið fram þegar sú nefndarskipun var ákveðin, að þessi nefnd ætti að skila áliti innan tveggja ára, og með því undirstrikað, að þessi nefnd ætti að starfa öðruvísi en þær nefndir sem settar hafa verið á laggirnar fyrr. Þessari nefnd er ekki eingöngu ætlað að fjalla um stjórnarskrána, heldur jafnframt um starfshætti Alþingis. Það er kannske þess vegna dálítið undrunarefni, hvers vegna þær till. koma fram nú á þinginu um breytingu á stjórnarskipunarlögunum sem hér hafa verið lagðar fram, og reyndar er búið að ræða eina þeirra. Má þó vera, að tilgangurinn sé að koma þessu efni til skila, ef ske kynni að þessu þingi entist ekki aldur til þess að breyta stjórnarskipunarlögunum.

Ljóst er af þeim umræðum, sem orðið hafa um þetta mál, að það á ekki að fara út úr þeirri nefnd, sem málinu verður vísað til. Ég tel þó ástæðu til þess að taka þátt í þessum umr. Ég vil fyrst víkja örfáum orðum að þeirri till., sem hér var áður til umr. í Nd. og fjallaði um breytingu á kosningarréttarskilyrðunum, og benda á þann mun, sem er á till. þeirri, sem Gunnlaugur Stefánsson lagði fram í Nd., og þeirri um sama efni, sem var lögð fram í Ed. af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Ég held að það sé ástæða til að benda á að sá munur er ekki lítill. Hann er í því fólginn, að í frv. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar er gert ráð fyrir því, að fellt verði úr lögum að það sé kosningarréttarskilyrði að menn hafi óflekkað mannorð. Ég tek það fram, að ég er fylgjandi því, að þetta kosningarréttarskilyrði falli brott. Það er nú á valdi sveitarstjórna að ákveða þetta nánast, því að hætt er að birta þennan réttindamissi í dómum. Á sínum tíma, þegar hegningarlaganefnd starfaði og skilaði áliti, þá kom það fram hjá henni, að hún lagði eindregið til að þetta ákvæði félli út úr stjórnarskipunarlögum. Og í því sambandi er rétt að minna á ummæli, sem komu fram í grg. og eru birt í Alþingistíðindum, A-deild frá 1957, á bls. 565 og 566.

Það hefur verið deilt um það talsvert, hver hafi átt hugmyndina að því að færa kosningaaldur hér á landi niður í 18 ár. Ég skal ekki taka þátt í þeim umr., en mér dettur þó í hug að þessar hugmyndir séu fæddar annars staðar en hér á landi. Hafi það hins vegar kannske einthvert gildi út af fyrir sig að geta staðfest það, hverjir koma fyrstir fram með slíkar hugmyndir, vil ég ekki láta minn hlut eftir liggja og nefna hér, að það getur vel verið að svo fari í framtíðinni að kosningarréttur verði færður niður í 16 ár. Reyndar stal Dagblaðið frá mér þeim glæp að minnast í þessu sambandi á 16 ár, en ég segi það hér til þess að um það verði ekki rifist þegar þar að kemur, hver hafi fyrst hreyft þessari hugmynd, og get þá tekið þátt í þessum slag, sem hefur farið fram milli Alþfl.-manna og Alþb.-manna hér á þingi í haust.

Þá vík ég að því máli, sem hér er til umr. og birtist á þskj. 6, um breytingu á stjórnarskránni. Frv. fjallar um það, hvort sameina eigi deildir Alþingis og hér eigi að starfa einungis ein málstofa. Talsverðar umr. hafa farið fram um þetta hér í þd. og þ. á m. hafa komið fram rök fyrir því, að þessu mætti helst ekki breyta þar sem núverandi háttur nýti betur umræðutíma þingsins. Á þetta benti hv. 1. þm. Austurl. og ég kann honum bestu þakkir fyrir að koma fram með þessi sjónarmið, þótt þau séu andstæð mínum, því að það getur stundum verið að íhaldssemi sé dyggð. En ástæðan fyrir því, að ég kem hér upp, er sú, að vekja athygli á skýrslu um þetta mál, sem var kannað af fyrrverandi stjórnarskrárnefnd. Starfsmaður þeirrar nefndar, Gunnar G. Schram prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, birti um þetta ritgerð í Tímariti lögfræðinga, 2. hefti 27. árg., er var gefið út í okt. 1977. Ég held að það sé ástæða til þess, að hér í umr. komi fram viðhorf þessa aðila sem kannske hefur hvað best og mest kannað hvernig þessum málum er háttað hjá nágrannaþjóðunum og á hvað þær hafa lagt áherslu. Ég leyfi mér, herra forseti, að lesa hér upp úr þessu riti örfá orð. Gunnar G. Schram segir:

„Í þessu sambandi er fróðlegt að líta til reynslu nágrannaþjóðanna í þessu efni. Með hinni nýju stjórnarskrá, sem samþykkt var í Danmörku 1953, var deildaskipting danska þingsins afnumin. Hið sama átti sér stað í Svíþjóð 1971 og starfar þingið þar nú í einni málstofu. Fyrir liggur álit þingforseta beggja þinganna á því, hver sé reynslan af þessari breytingu. Er samdóma álit þeirra það, að kostir hins nýja fyrirkomulags séu ótvíræðir, sé þar fyrst og fremst um að ræða fljótari afgreiðslu þingmála og virkari þátttöku þm. í þingstörfum. Forseti sænska þingsins hefur greint frá því, að þm. viti nú að mál eru til lykta leidd í einni deild og verði þeir því að kynna sér þau vandlega strax í upphafi og fylgja þeim eftir til lokaafgreiðslu. Vinnusemi þm. og tengsl við þingið hafi gerbreyst og stórlega aukist eftir að þingið varð ein málstofa. Hafi þetta verið ein meginorsök þess, að laun þm. í Svíþjóð voru hækkuð skömmu eftir breytinguna."

Ég leyfi mér sjálfur að koma hér með innskot, því að það vill svo til, að fyrir deildinni liggur einmitt hugmynd þess efnis, að þm. taki ekki laun fyrir önnur störf en þingmennskuna. Má vera að einhver skyldleiki sé á milli þeirra sjónarmiða, er hér gætir, og sjónarmiða hv. flm. þeirrar till. Þá tek ég aftur til við lesturinn.

„Hlutverk nefnda þingsins hefur aukist til muna frá því sem áður var, og starfa þn. nú í þinghléum og yfir sumarið að málum, sem ekki fengust afgreidd meðan þingið sat, og við undirbúning nýrra þingmála.

Svo sem sjá má af þessu er það samdóma álit sænska og danska þingsins, að breytingin í eina málstofu hafi verið mjög til bóta að því er varðar þingstörfin, þrátt fyrir ýmsar efasemdir um gildi breytingarinnar í upphafi."

Þannig fórust Gunnari G. Schram orð í þessari tímaritsgrein. Hann minnist enn fremur á það, að hugsanlegt sé að þessi breyting hafi það í för með sér að mál verði tekin til fjórðu umr., ekki síst ef mál eru verulega mikilvæg og þurfa umhugsunar við umfram önnur. Enn fremur má benda á, að það kemur vel til greina að málum sé

oftar vísað til n. Það er að vísu — að ég held — heimild fyrir hendi í þingskapalögum okkar en hún væri þá kannske nýtt með öðrum og virkari hætti en nú gerist.

Ég taldi rétt herra forseti, að láta þessi sjónarmið, sem hér hafa komið fram og eru til skráð, komast til skila í þessari þd., því að ég held að þau séu þess virði að hv. n. hafi þau til hliðsjónar, þegar hún fer yfir þetta mál. Við þurfum ávallt að hafa það í huga, að breytingar á starfsháttum þingsins séu fallnar til þess að gera störf þingsins skilvirkari og styrkja stöðu þess gegn framkvæmdavaldinu. Í trausti þess, að þetta mál sé til þess fallið, lýsi ég yfir stuðningi við fram komið frv.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þetta mál hefur verið til umr. nokkuð lengi í þessari hv. d., en aðalástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram hjá hv. 1. flm. til hvers konar afgreiðslu á þessu frv. hann ætlaðist. Það liggur í augum uppi, virðist mér, að ef knúið er á um samþykkt þess á þessu þingi, þá hljóti þing að verða rofið og efnt til kosninga. Ég hef ekki heyrt hv. 1. flm. lýsa því yfir, að þetta sé tilgangur hans. Hins vegar viðhafði hann heldur niðrandi orð um þá stjórnarskrárnefnd, sem verður væntanlega skipuð á næstunni, og vildi sem minnst af henni vita, að mér skildist. Þetta hefur nokkuð bögglast fyrir brjóstinu á mér. En nú lýsti hæstv. utanrrh. yfir því, að þetta mál væri aðeins sýnt og flutt til þess að minna á það, og ég vil því spyrja hv. 1. flm. að því, vegna þess að ég á sæti í allshn. þessarar d., hvort hann sé sammála þessum skilningi.

Ég er þeirrar skoðunar, að jafnvel þó sú afgreiðsla yrði nú ofan á í n. að vísa málinu til stjórnarskrárnefndar, þá sé allshn. engan veginn að firra sig ábyrgð eða koma sér undan skyldum. Auðvitað verður hún að fjalla um málið og helst að gefa einhvers konar umsögn, ef það verður ofan á að senda það áfram til væntanlegrar stjórnarskrárnefndar. Ég vil líka minna á að það hafa fleiri mál verið til umr. á undanförnum þingum sem kalla á stjórnarskrárbreytingu. Eitt mál þykir mér veigamest, en frv. eða till. um það hefur ekki komið enn fram á þessu þingi, jöfnun kosningarréttar milli kjördæma. Það er svo kunnugt að ekki þarf að fjölyrða um það, að atkv. Reyknesinga og Reykvíkinga vega þrefalt til fimmfalt minna en atkv. fólks í öðrum kjördæmum. Ég held að það sé alger nauðsyn fyrir Alþ. að taka þetta mál til rækilegrar umr. Enda þótt ég viti að það eru skiptar skoðanir í öllum stjórnmálaflokkum um þetta mál, þá hefur mér þó virst skilningur aukast á því, að lagfæringar er þörf. Hins vegar eru menn ekki á eitt sáttir um, hvernig skuli lagfæra það eða í hve ríkum mæli. Ég minni á það, að fyrir tveim árum fluttu allir þm. Reykn. og allir þm. Reykv. nema einn till. um að vísa þessu máli til stjskrn. til lagfæringar. Ég vil á þetta minna af því að eg tel þetta eitt brýnasta hagsmunamál Reykvíkinga og Reyknesinga, að þeir njóti sams konar mannréttinda og annað fólk á landinu.

Varðandi það frv., sem hér er til umr., um að Alþ. verði ein málstofa, þá get ég fyrir mitt leyti tekið undir mál hv. 1. þm. Austurl., skoðanir okkar í þessu fara saman. Ég held að það sé ekkert sérstakt keppikefli að gera Alþ. að einni málstofu nema jafnframt sé tekin afstaða til þess, hvaða breytingar verða gerðar um leið til þess að tryggja lýðræði bæði inn á við í starfsháttum Alþ. sjálfs og ekki síður lýðræði út á við, þ. e. a. s. að tryggja að samskipti þings og þjóðar bíði ekki hnekki. Ég held að ein grundvallarreglan í þessu eigi að vera sú, að deildaskiptingu eigi ekki að leggja niður nema fundnar séu jafngóðar eða betri leiðir til þess að almenningi gefist tóm til að fylgjast með málum á Alþ. og hafa áhrif á þau. Þess vegna eru mér ákaflega ógeðfelld rök sem miða að því að hraða beri öllu í gegnum Alþ. Allt tal um hvað starfshættir Alþingis séu tímafrekir og kostnaðarsamir finnst mér — ja, ég gæti sagt stórhættulegt. Það tekur sinn tíma fyrir almenning að fylgjast með málum. Það er viðurkennt með ákvæði í stjskr. að fundi Alþingis eigi að halda í heyranda hljóði. Þetta er grundvallarregla, sem verður að hafa í heiðri. Alþingi er ekki lokuð stofnun. Alþingi er ekki heldur framkvæmdastofnun þar sem á að gæta fyllstu hagræðingar án skilyrða. Alþingi er vinnustaður sem hefur algera sérstöðu.

Mér finnst í þeirri grg., sem fylgir þessu frv., ekki tekið nægilega mikið tillit til þess, hvers eðlis Alþingi er sem stofnun. Þess er getið, að mótbárur hafi heyrst gegn flaustурslegri afgreiðslu mála í einni málstofu, og bent á, að hafa megi t. d. fjórar umr. um lagafrv. Hins vegar gerir frv. sjálft ekki ráð fyrir neinum breytingum í þessa átt. Samkv. 8. gr. frv. er eingöngu gert ráð fyrir þrem umr. um lagafrv. Þetta er, held ég, atriði sem allshn. þessarar d. verður að taka til rækilegrar umræðu.

Þetta vildi ég láta koma fram við 1. umr. þessa máls, en áskil mér allan rétt til þess að flytja brtt. og íhuga betur álit mitt á þessu máli í allshn.

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. undirtektir við þetta frv. Mér hafa fundist þær yfirleitt mjög jákvæðar. Þó hafa komið fram, eins og eðlilegt er ákveðnar aths. og efasemdir og mig langar til þess að víkja aðeins nánar að þeim.

Það kom fram hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni við umr., að hann óttaðist að þessi skipun þingsins, að það yrði ein málstofa, gæti haft í för með sér að það þyrfti að takmarka umræðutíma, og hafði ákveðnar áhyggjur af því. Ég get tekið undir það, að mér þætti líka miður ef þessi breyting þyrfti að hafa slíkt í för með sér, því að það eru auðvitað mikilvæg réttindi alþm. að hafa ríflegan tíma til að tjá hugsanir sínar. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson rökstuddi þessi sjónarmið með tilvísun til þinga erlendis, þar sem það er víða regla að ræðutími er takmarkaður. En ég er ekki viss um að þessi rök eigi við hjá okkur. Flest þessi erlendu þing eru mjög fjölmenn. Fulltrúar þar skipta iðulega hundruðum. Hér eru þó alltjend ekki fleiri en 60, þannig að viðhorfin eru öll önnur hjá okkur. Þetta er miklu fámennara þing og vandinn þar af leiðandi allt öðruvísi og miklu minni. Mér hefur skilist, að sameinað þing sé notað öðrum þræði sem auglýsingastofnun fyrir þm. og þess vegna dragist umr. í Sþ. gjarnan á langinn. Menn nota það til að spjalla um heima og geima og láta á sér bera fyrir augum fjölmiðla. Og sennilega er þetta nauðsynlegur þáttur í þingstörfunum og sennilega losnum við aldrei við þetta, þó að auðvitað tefji þetta og sé svolítið þreytandi. En ég held að þessi vandi, þ. e. a. s. auglýsingaþörfin, sé alveg óbreyttur, hvort sem við erum með eina málstofu eða tvær, og menn vilji alltaf láta á sér bera eins og skiljanlegt er. Ég er ekki viss um að þessar röksemdir, þótt þær séu auðvitað gagnlegar ábendingar og ég tek þeim vel, séu á rökum reistar og við þurfum að hafa áhyggjur af þessu.

Í öðru lagi, ef einhver vandamál af þessu tagi kynnu að

koma upp og of langdregnar almennar umr. yrðu í hinni nýju einu málstofu, þá er náttúrlega alltaf það úrræði fyrir hendi að lengja einfaldlega þingfundina. Þarna yrði um þá breytingu að ræða líka að sjálfsögðu, að við hefðum fjóra fundardaga. Sþ. hefur bara tvo fundardaga núna. Það væri hugsanlegt að hafa fimm daga, ef mönnum litist á það. Líka væri hugsanlegt að byrja þingfundi fyrr að deginum. Ég tek alveg undir þessa skoðun hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að það væri miður ef þessi breyting ætti að þýða að við þyrftum að takmarka umr. *mikið. En ég held að við þurfum* ekki að óttast slíkt. Og ef það kæmi upp, þá eru tiltæk úrræði við því.

Ég ætla ekki að fara að rekja aftur röksemdir fyrir þessari till. sem ég gerði nokkra grein fyrir í framsöguræðu, en ég ætla þó að minna aftur á þetta með nefndastörfin. Einföldun í nefndaskipun mundi að mínu áliti gera mjög mikið gagn. Þm. gætu sérhæft sig betur í málum. Það eru færri nefndir, sem hver þarf að vera í, og ég hef þá trú, að með því yrði meðferð mála í n. miklu vandaðri, málin kæmu betur undirbúin inn á þingfundina og það mundi spara tíma.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir benti á, að þingið þyrfti að gæta þess að þjóðin, fólkið fylgdist vel með. Ég tek undir það *sjónarmið. En ég held einmitt*, að *breyting í eina* málstofu stuðli mjög að þessu. Ég er alveg sannfærður um að hinn venjulegi borgari, sem er kannske ekki vel lesinn í þingsköpum Alþ., hlýtur að eiga erfitt með að átta sig á þessu flókna fyrirkomulagi, deildaskiptingunni og þessu flókna nefndakerfi. Hann hlýtur að eiga í miklum erfiðleikum með að fylgjast með gangi tiltekins máls, sem hann hefur kannske áhuga á, í gegnum þingið. Þetta yrði allt miklu einfaldara og opnara ef það væri bara um eina málstofu að ræða. Þá gætu áhorfendur hér setið í einni stofu, þeir þyrftu ekki að vera að hlaupa milli tveggja herbergja o. s. frv. Ég er sannfærður um að þingstörfin yrðu aðgengilegri og skiljanlegri fyrir allan almenning.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir benti á að í grg. frv. er þeirri gömlu mótbáru gegn einni málstofu, að málatilbúnaður sé ekki nægilega vandaður, svarað með því að fjölga megi umr. Hins vegar er ekki gerð till. um það í frv. Þetta er alveg hárrétt ábending hjá þm. Það er einfaldlega vegna þess að ég er sjálfur þeirrar skoðunar — og við flm. — að þetta sé óþarfi. Ég held að óþarfi sé að vera neitt að fjölga umr., einfaldlega vegna þess að mótbáran er ekki á rökum reist. Málsmeðferðin verður a. m. k. jafnvönduð í einni málstofu og nú er, m. a. vegna þeirra breytinga sem verða á nefndaskipaninni. Ég held að það sé engin ástæða til þessa að óttast að við getum ekki *vandað vinnubrögð okkar jafnvel þótt hér verði ein* málstofa.

Að síðustu vil ég svara fsp. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur um það, hvers konar afgreiðslu ég vilji að málið fái. Ég skal taka af öll tvímæli um það, að ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti því að stjórnarskrárnefndin fjalli um þetta, síður en svo. Ég tel það mjög eðlilegt og skynsamlegt. Ummæli mín um þetta efni við framsögu málsins lutu einungis að því, að þó að það eigi að skipa þessa nefnd, þá tel ég að málið þurfi að fá mjög vandaða meðferð og vandaða umr. hér á þinginu líka, sem raunar hefur orðið. Hér hafa orðið þó nokkrar umr. þegar við 1. umr. um þetta mál, og það er einmitt það sem ég ætlaðist til, einungis að fá það fram, að menn væru ekkert að víkja þessu frá sér hér í þinginu, jafnvel þótt það stæði til að skipa nefndina.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér fyrr til umr., gerði ég nokkrar aths. við frv. Ég gat þess þá, að ég væri ekki andvígur því, að það mál yrði athugað rækilega, hvort rétt væri að Alþ. starfaði í einni málstofu í stað þess skipulags sem nú er. En ég lagði á það áherslu, að óhjákvæmilegt væri að menn gerðu sér grein fyrir því, hvaða starfshætti ætti að viðhafa eftir að Alþ. væri komið í eina málstofu. Ég gerði nokkra tilraun til að vekja athygli á ýmiss konar vanda sem þessari skipan mundi fylgja og hefur fylgt annars staðar, en ég verð að segja það, að tiltölulega lítið hefur komið fram í þessum umr. til þessa til upplýsinga um hvernig þeir, sem að þessu frv. standa, hugsa sér að skipa þessum málum. Þetta tel ég mikinn galla.

Ég hef ekki flutt mál mitt þannig, að ég legði á það aðaláherslu, að með því að hafa tvær þd., sem fjalli um hvert frv. til l., eins og nú er, yrði um miklu vandaðri afgreiðslu að ræða. Slíkt hef ég aldrei tekið mér í munn. Mér dettur það ekki í hug. Ég er alveg sannfærður um að hægt er að fjalla um lagasetningu í þremur umr. í einni deild í þinginu, þannig að mætti teljast fullnægjandi fyrir afgreiðslu málsins. Vissulega getur farið svo, að í þessum þremur umr. takist ekki að ganga þannig frá málinu að gott megi telja eða gallalaust. Við höfum líka dæmi um að við höfum samþykkt hér á Alþ. lög sem gengið hafa í gegnum sex umr., sem sagt í báðum deildum þingsins, en hafa haft á sér verulega mikla galla og hefur þurft að breyta þeim tiltölulega fljótlega vegna galla. Aths. mínar beinast ekki að þessu.

Ég gerði grein fyrir aths. mínum. Aths. voru einkum þær, að hvað svo sem öllu liði um þessi mál í erlendum þingum, þar sem — ég tek undir það sem hér var sagt — aðstæður eru allt aðrar, þá er alveg augljóst mál að við yrðum að breyta um vinnubrögð hér í þinginu frá því sem *verið hefur ef* Alþ. ætlaði að afgreiða *jafnmörg mál* og Alþ. hefur afgreitt í gegnum eina málstofu. Við gætum ekki haldið uppi sama vinnufyrirkomulagi og nú er. Um þetta vil ég fá umr. Ég vil að menn taki til athugunar, hvort þeim kemur til hugar að hægt sé að afgreiða jafnmikið og hingað til hefur verið afgreitt á Alþ. með sams konar vinnubrögðum og átt hafa sér stað í einni málstofu. Ég er alveg sannfærður um að allir þeir, sem þekkja eitthvað að ráði til vinnubragða á Alþ., mundu komast að sömu niðurstöðu og ég, enda veit ég að miklu fleiri en ég hafa komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að komast yfir störf Alþ. á þann hátt nema breyta að verulegu leyti vinnubrögðum í þinginu frá því sem verið hefur.

Það skal enginn láta sér til hugar koma, að störf Alþ., eftir að það væri komið í eina málstofu, væru eingöngu að fjalla um lagafrv. Auðvitað mundi Alþ. halda áfram umr. um þáltill. eins og nú og Alþ. mundi halda áfram t. d. umr. utan dagskrár eins og nú, nema menn ætli að breyta störfum þingsins í grundvallaratriðum. Öll þau störf, sem nú eru unnin á þinginu, lægju þá fyrir einni málstofu, þar sem 60 þm. í einu fjölluðu um hvert mál út af fyrir sig.

Ég benti á að ef þessi skipan yrði tekin upp sýndist mér, eins og hefur reyndar verið bent á af öðrum en mér löngu, löngu fyrr, að það leiddi af þeirri skipan, að þeim umr., sem nú hafa átt sér stað og eiga sér stað í þinginu sjálfu, í hvorri deild þingsins um sig eða í Sþ. og eru opnar umr. fyrir alla þá sem aðstöðu hafa til þess að koma í

þinghúsið og hlusta á, yrði að breyta, þá yrði að takmarka umr. í þinginu sjálfu eins og gerst hefur í flestum öðrum löndum og færa umr. um málin inn í fjölmennar þn. — því að væntanlega yrðu n. að vera allmiklu fjölmennari en nú er — til þess að gefa mönnum þar kost á því, að þar fari fram eðlileg umr. um málið í heyranda hljóði. Við þessum aths. mínum hef ég ekki fengið nokkur minnstu viðbrögð svo að segja frá flm. frv. Eru þeir á því, að þá ættum við að taka upp þann hátt að skipa Alþ. í nokkuð fjölmennar n., þær nýju starfsnefndir sem menn hafa verið að nefna, t. d. 15-17 manna nefndir, eins og oft hefur verið nefnt þegar þessi mál hafa verið rædd hér á Alþ., og gera þá ráð fyrir því, að hin einstöku mál, sem kæmu fyrir þingið, yrðu fyrst og fremst rædd opinberlega og í áheyrn almennings í n., af því að það væri ekki tími til þess að láta umr. fara fram um öll þessi mál í einni málstofu með hliðstæðum vinnuaðferðum og hér hafa gilt? Ég tel að enginn vafi leiki á því, að við höfum fengið þá reynslu af störfum Sþ., að þar fer svo langur tími í umr., þar sem allir þm. taka þátt í þeim, að það væri vitanlega alveg vonlaust að málstofa eins og Sþ. er gæti fjallað um öll þau málefni sem deildir geta fjallað um nú. Ég segi þó fyrir mitt leyti, að ég vil ekki neita því að það sé fær leið að hér starfi á þinginu 15-17 manna n. þegar búið sé að takmarka mjög inni í þinginu sjálfu umr. um mál, nema þá einhverja tiltekna málaflokka sem hefðu sérstöðu, en síðan væri gert ráð fyrir að hin eiginlega umr. um málin færi fram í þessum fjölmennari nefndum og þar væri þá um opna umr. að ræða sem almenningur hefði aðstöðu til þess að hlusta á. Ég býst við því að af því leiddi, eins og það hefur gert annars staðar, að þar setja yrði undirnefndir til þess að fara ofan í hin einstöku mál sem er verið að fjalla um, því að það vinnst heldur seint í 17 manna n. að lesa í gegnum 200 lagagreinar í einu frv., eins og í ýmsum tilfellum gerist. Slíkt vinnst varla með almennum ræðuhöldum í 15 eða 17 manna n. Það þarf að þrengja hópinn til þess að vinna það verk.

Þá segi ég: Ef við tækjum upp þennan hátt, eins og gert hefur verið víða annars staðar, að setja bein takmörk á almennar umr. í þessari einu málstofu þngsins en leyfðum hins vegar opna og almenna umr. um málið í nokkuð fjölmennum þn., þá mundi alveg óhjákvæmilega leiða af því, að við yrðum að hafa talsvert gott húsrými fyrir þessar fjölmennari þn. með áheyrendaaðstöðu. Einnig, eins og ég sagði, fer að mjókka á munum að hafa t. d. 17 manna þn. til að fjalla á þann hátt um málið að almennar opnar umr. fara fram, en í Ed. sitja 20 menn, og vinna að málum á þennan hátt.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir alla þá, sem í alvöru vilja taka á þessu máli, að gera sér grein fyrir því, hvaða breytingar mundu óhjákvæmilega fylgja því að taka upp eina málstofu. Þó að ég hafi látið þessi sjónarmið koma hér fram — sjónarmið sem ég hef auðvitað heyrt kynnt af ýmsum öðrum þegar þessi mál hafa verið til umr. — hef ég tekið það fram og geri það enn einu sinni, að þessar aths. mínar þýða ekki að ég sé ekki fyllilega til viðtals um að athuga möguleika á því að breyta til og hafa eina málstofu. En þá vil ég líka um leið fá einhverja hugmynd um það, hvernig menn ætla sér að standa að vinnubrögðum í þinginu á eftir. Mér duga ekki einfaldar og ég vil segja barnalegar lýsingar eins og ég heyri hjá ýmsum. Ég get ekki heyrt annað en það eigi einnig við prófessora, sem tala um þessi mál, þegar ég heyri sagt frá því, sem þeir hafa sagt um málið, í útvarpsfréttum. Þeir segja einfaldlega: Í staðinn fyrir 27 nefndir koma 9 nefndir, þetta er augljós vinningur. Í staðinn fyrir að vinna í tveimur deildum þarf ekki sex umr. um mál, heldur bara þrjár, það er augljós vinningur. — Svona tala ekki aðrir en þeir sem ekki þekkja til hvernig unnið er að málum á Alþ.

Auðvitað er hér ekki um tvöfalda vinnu að ræða, það er reginmisskilningur. Sannleikurinn er sá, að Alþ. starfar svo að segja daglega í tveimur málstofum, þar sem hægt er að sinna tveimur málum í einu. Einnig er það svo, að í rauninni er komin föst skipan á það, að þar sem er um að ræða stærri málefni og flóknari málefni, sem koma fyrir þingið, frv. sem lögð eru skiljanlega fyrir aðra deildina fyrst, þá vinna fulltrúar úr hinni d. með að öllum undirbúningi málsins til þess að spara tíma. Það fer alla jafna þannig, að í fyrri d. má segja að fari fram aðalvinnan við viðkomandi frv., en afgreiðslutími verður þá allajafna miklu styttri í hinni d., sé þá ekki um flókkslegt ágreiningsmál að ræða sem veldur miklum umr. Það er ekki hægt að setja þetta mál upp á svona einfaldan hátt að segja, að ein málstofa sé ódýrari en tvær. Þannig eru þessi mál ekki.

Í aths. mínum hafði ég minnst á að ég viðurkenndi að á núverandi skipan væru áberandi gallar, svo stórir gallar að þá þyrfti að leiðrétta. Það þarf að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er, og afmá þessa galla með einhverjum hætti, hvort sem það verður gert með því að Alþ. skipi sér í eina málstofu eða með öðrum hætti.

Ég viðurkenni t. d. að það er stór galli á þessum málum, að nú skuli þurfa 32 þm. á móti 28 til þess að ráða yfir tilskildum meiri hl. til eðlilegra vinnubragða í þinginu. Það er að sjálfsögðu hægt að komast fram hjá þessum vanda með því að Alþ. starfi í einni málstofu, en það er líka unnt með öðru móti. Þarna er um stóran galla að ræða og hann þarf að afnema.

Ég tel það líka verulegan galla á núverandi skipulagi, að greinilegur minni hl. í Alþ. getur hreinlega fellt frv., hann getur komið í veg fyrir samþykkt frv. í þinginu, þó að fyrir liggi nokkurn veginn augljós meirihlutavilji í þinginu sem heild. Þetta leiðir af núverandi deildaskipun og þeim reglum sem nú gilda. Að mínum dómi þarf líka að leiðrétta þetta. Það þarf að gera ráð fyrir því, að minni hl. Alþ. geti í rauninni aldrei fengið þá aðstöðu, að hann ráði yfir meiri hl. Þegar slíkur ágreiningur kæmi upp í þd., ef þær eru, þá þyrfti að vera ákvæði um að vísa slíkum málum til Sþ. til úrskurðar.

Það eru vissulega fleiri gallar á núverandi kerfi sem ég fer ekki frekar út í að ræða á þessu stigi málsins.

Ég sagði einnig áður, þegar ég gerði aths. mínar við þetta frv., að ég tel það vera hreina hugsanavillu, sem fram kemur í röksemdum manna, að um leið og þn. sé fækkað verði af því verulegur ávinningur í sambandi við störfin í þinginu. Ég hélt að ég hefði sagt það nógu skýrt til þess að allir mættu skilja, að t. d. þegar berst fyrir Alþ. tiltekinn fjöldi mála, 50 mál eða svo, þá er ekkert minna verk að sýsla um þessi mál í níu n. en þó að þingið hefði fjallað um þennan sama málafjölda í fleiri n. Eðli málsins er aðeins það, að fleiri þm. dragast inn í störfin, sem geta unnið á sama tíma, því að eins og við vitum er það oft svo, að í þinginu geta verið fjöldamargar n. að störfum í einu og ein fjallar þar um þetta málið, en önnur um hitt. Það er síður en svo, að ganga mundi eitthvað léttar eða betur að komast yfir öll þei mál, þó að menn væru búnir að safnast saman í nokkru fjölmennari nefndir.Það er auð-

vitað alger misskilningur, sem virðist vera í hugum manna, að störfin verði þeim mun léttari sem við höfum færri nefndir. Eftir því ættum við aðeins að hafa eina n. í þinginu til þess að komast yfir málin. Það er ekki fjöldi n. út af fyrir sig, sem tefur störf.

Inn í þetta mál væri kannske ástæða til þess að draga einnig, að það er auðvitað margt við störf Alþ. að athuga nú í dag. En það rekur ekki rætur sínar til deildaskipunarinnar út af fyrir sig. Það er hægt að hafa þingfundina í Alþ. miklu lengri en við höfum þá nú. Það er hægt að vinna fleiri daga í hverri viku en við gerum nú. Það er hægt að breyta mörgu. Það er t. d. líka hægt að komast fyrir vanda eins og þann, að störf ganga tiltölulega mjög hægt framan af þingi og n. þingsins afgreiða tiltölulega seint málefni sem berast þó til þeirra snemma, sem leiðir síðan til þess, að mjög mörgum málum verður rutt í gegnum þingið á mjög stuttum tíma undir þinglokin. En við erum ekki einir um þennan vanda. Ég hef *einmitt verið að lesa að þetta gerist á ýmsum öðrum* þjóðþingum, og hlusta á þm. annarra þjóðþinga kvarta um þetta, þetta sé hið mikla vandamál þeirra, að málum sé blátt áfram rutt í gegn við allt of litla athugun í lok þingstarfa. Við erum því ekki einir um þetta. En þarna er um ágalla að ræða að mínum dómi. Það er þó ekki hægt að rekja þá ágalla beinlínis til þeirrar skipunar að við búum við þetta eldgamla fyrirkomulag, að Alþ. starfar í tveimur eða jafnvel þremur deildum, sem við getum kallað með Sþ.

Ég tel, eins og ég hef sagt áður, að það sé sjálfsagt að sú stjskrn., sem nú á að fara að starfa, taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar. Hér er um stórt mál að ræða og merkilegt mál — mál sem hefur borið hér á góma *margsinnis áður. Af því er auðvitað sjálfsagt að þetta mál* sé athugað gaumgæfilega, hvort við eigum að hverfa frá þessu gamla fyrirkomulagi og taka upp eina málstofu, eins og gert hefur verið í ýmsum öðrum þjóðþingum þar sem aðstæður hafa þó verið allt aðrar en hér, því að hjá okkur geta þd. að talsverðu leyti komið í staðinn fyrir stærri n., þar sem umr. fer þó fram á frjálslegan hátt um málin. Ég vil fyrir mitt leyti vinna að því, að þetta mál verði athugað í þessari n. og það skoðað þar vandlega. Ég sé heldur ekkert eftir því, þó að nokkur tími fari í að ræða um þetta mál hér efnislega, þannig að það komi kannske aðeins betur fram, hvað gæti verið við það unnið að breyta til og hvað þurfi einkum að varast í sambandi við slíkar breytingar. Ég sé ekkert eftir því þó að nokkur tími fari í slíkar umr. En mér þykir mjög skorta á hjá þeim, sem standa að flutningi þessa máls nú, að þeir komi fram með hugmyndir um hvernig á að breyta störfum Alþ. í kjölfar þess að tekin yrði upp ein málstofa.

Ég tók eftir því, að hv. 1. flm. frv., Finnur Torfi Stefánsson, sagði í síðustu ræðu sinni, að honum þætti miður ef þessi skipulagsbreyting þyrfti að leiða til þess að takmarka þyrfti umr. í Alþ. allverulega frá því sem verið hefur. Þarna er ég honum alveg sammála. Ég held að við þurfum að hugsa okkur vel um áður en við tökum upp það skipulag, sem gæti leitt til þess, að hér yrði farið að takmarka umr. jafnhrottalega og gert er í mörgum þjóðþingum, Sagt er að það sé af illri nauðsyn, en það er auðvitað alltaf hægt að segja það. Það er einn hluti af okkar lýðræðis- og þingræðisfyrirkomulagi, að oft sé kannske eytt of löngum tíma í umr. En við verðum að þola umr. Það má ekki draga svo mikið úr þeim, að það sé svo að segja búið að loka fyrir það að menn fái að ræða málin. Það er alvarlegt.

Ég get svo lokið máli mínu. Ég endurtek það sem ég hef sagt, að ég er ekki andvígur þessu frv., en tel hins vegar óhjákvæmilegt að sú n., sem fær málið til umfjöllunar, geri sér grein fyrir því, hún verði við því búin að láta það koma skýrt fram á þinginu áður en til afgreiðslu á málinu kemur, hvernig hún hugsar sér að störfum verði hagað í einni málstofu á Alþ., hverju á að breyta. Er hún t. d. á því, að hér verði breytt verulega um ræðutíma þm. frá því sem nú er og um fjölda þm. í n. og vinnuaðstöðu nefnda? Spurningin mikla er um það, hvernig þeir þá hugsa sér, sem vilja leggja til að taka upp þessa breytingu, að haga störfum hér á þinginu. Þetta álít ég að sé óhjákvæmilegt að liggi fyrir.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 11. fundur.

Þriðjudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Málefni áfengissjúklinga, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Níelsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um málefni áfengissjúklinga. Við Íslendingar höfum talið okkur standa nokkuð vel að vígi í velferðarmálum, þegar við höfum borið okkur saman við aðrar þjóðir, og höfum talið að heilbrigðisþjónustan væri þar ekkert *undan skilin. Þetta er rétt, ef ákveðnir þættir eru athug*aðir, svo sem hve margir læknar eru starfandi hér á landi miðað við íbúatölu landsins og hve mörg sjúkrarúm eru í notkun á almennum sjúkrahúsum í landinu, auk þeirrar uppbyggingar sem nú fer fram á því sviði.

En brotalamir eru miklar á kerfi okkar. Menn hafa t. d. heyrt um erfiðleika við að manna heilsugæsluna á landsbyggðinni á þessu hausti, eins og fjölmiðlum hefur orðið tíðrætt um. Vissir þættir heilbrigðisþjónustunnar hafa orðið út undan í þróun þessara mála og þeir eru nú orðnir að verulegum vandamálum. Vil ég þar fyrst nefna mál langlegusjúklinga, sem undir flestum kringumstæðum er gamla fólkið sem á sitt erfiða ævikvöld, mál geðsjúklinga, sem síst geta myndað þrýstihópa sjálfum sér til framdráttar, og mál áfengissjúklinga, sem ég geri hér að umræðuefni.

Áfengisneysla hefur farið verulega vaxandi hér á landi á undanförnum árum og virðist það haldast nokkuð í hendur við batnandi almenna afkomu eða vaxandi *kaupgetu almennings. Svo að tölur séu nefndar, þá munu* Íslendingar hafa drukkið á árinu 1968 af hreinum vínanda sem svarar 2.11 lítrum á mann, en 1977 3.07 lítra. Er það um 45% aukning á þessum 10 árum. Þetta eru að vísu engar heilagar sannleikstölur, því að þarna er ekki meðtalið smygl, sem er talið hafa minnkað mikið á þessum áratug, og ekki heldur brugg, sem á sama tíma er talið hafa aukist verulega.

Af aukinni áfengisneyslu leiðir hið óhjákvæmilega, að áfengissjúklingum fer fjölgandi. Ég veit ekki til þess, að neinar áreiðanlegar tölur um fjölda þeirra séu til hér á landi. Sumir fróðir menn álíta að þeir séu milli 4 og 5 þús. á landinu öllu, en aðrir nefna hærri tölu. Vandamál þess-

ara manna, bæði karla og kvenna, hefur verið geigvænlegt, bæði læknisfræðilega og ekki síður félagslega séð. Aðstoð þjóðfélagsins við þetta fólk hefur verið langt frá því að vera viðunandi. Hitt er svo alveg rétt, að margt hefur verið gert fyrir þessa sjúklinga á síðari árum sem alls ekki ber að vanmeta. Ríkisspítalarnir hafa t. d. rekið deild við Kleppsspítalann, göngudeild við Flókagötu hér í bæ, meðferðardeild að Vífilsstöðum og vistheimili að Gunnarsholti á Rangárvöllum. Hitt er svo stærri og vaxandi þáttur, sem frjáls samtök áhugamanna hafa unnið að þessum málum. Vil ég þar nefna, án þess að ég hafi tæmandi upptalningu, samtökin AA, en félagar úr þeim munu reka Víðineshælið, Hlaðgerðarkot, sem er rekið á svipuðum grundvelli og SÁÁ, sem nú rekur hæli í Reykjadal í Mosfellssveit og að Sogni í Ölfusi. Auk þess styður Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar að eftirmeðferðarheimili við Ránargötu, og fleira mætti upp telja. Þrátt fyrir þetta hafa hundruð manna þurft að leita á erlendar sjúkrastofnanir til meðhöndlunar á sjúkdómi sínum. Þetta hefur skapað þeim og aðstandendum þeirra verulegt erfiði og fjárhagsbyrðar, þrátt fyrir að flugfélög hafi hlaupið undir bagga með fargjöld og almannatryggingar greitt vistunarkostnað. Þessi kostnaður hygg ég að hafi orðið mjög verulegur. Þætti mér ólíkt eðlilegra að slíkum fjármunum væri varið til þess að byggja upp þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar hér á landi, auk þess sem mér finnst allt að því liggja þjóðarsómi við að við sinnum þessum sjúklingum sjálfir. Því hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp., sem ég les hér upp með leyfi forseta:

„1. Hve mikil brögð eru að því að áfengissjúklingar séu vistaðir erlendis til meðhöndlunar á sjúkdómi sínum?

2. Fer vistun slíkra sjúklinga eftir þeim reglum sem greinir í 42. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971?

3. Hve mikill er kostnaður almannatrygginga af sendingu þessara sjúklinga á erlendar sjúkrastofnanir?

4. Hversu mikið skortir á að íslenskar sjúkrastofnanir anni vistunarþörf þessara sjúklinga?“

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. 1. liður fsp. er: „Hve mikil brögð eru að því að áfengissjúklingar séu vistaðir erlendis til meðhöndlunar á sjúkdómi sínum?“

Gert er ráð fyrir að fsp. beinist eingöngu að vistun áfengissjúklinga í Bandaríkjunum nú síðustu árin og á því byggist svarið.

Á árunum 1973-1978, til septemberloka, vistaðist fólk í Bandaríkjunum vegna áfengissýki þannig: Árin 1973-1975 samtals 8 karlar, árið 1976 43 karlar og 12 konur, árið 1977 145 karlar og 16 konur, árið 1978 til septemberloka 168 karlar og 43 konur. Samtals eru þetta öll árin, frá 1973 til 1978, 364 karlar og 71 kona eða 435 manns. Þær tölur, sem hér eru taldar, tákna fjölda ferða, en einstakir sjúklingar hafa verið oftar en einu sinni og eru þeir einstaklingar, sem vistunarinnar hafa notið, nokkru færri en tölurnar greina.

Eins og þessi upptalning ber með sér, hefur ferðum sjúklinga farið fjölgandi. Sérstaklega verður að benda á þá fjölgun sem orðið hefur á ferðum kvenna á þessu ári.

2. spurning hljóðar þannig: „Fer vistun slíkra sjúklinga eftir þeim reglum sem greinir í 42. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971?“

Vistun þessara sjúklinga fer ekki eftir þessari grein, heldur eftir 1. mgr. 47. gr. almannatryggingalaga, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nú er samlagsmanni nauðsyn að leita sér lækninga utan samlagssvæðis, og skal þá samlag hans greiða kostnað af því eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þessum.“ Einmitt vegna þess, að farið er eftir þessari mgr., en ekki hinni, er ferðakostnaður þeirra sjúklinga, sem hér um ræðir, ekki greiddur af almannatryggingum.

3. spurning: „Hve mikill er kostnaður almannatrygginga af sendingu þessara sjúklinga á erlendar sjúkrastofnanir?“

Á því tímabili, sem hér hefur verið greint, hefur kostnaður verið breytilegur og aðallega hækkað vegna gengisbreytinga samfara hækkun á daggjöldum íslenskra sjúkrahúsa. Einnig hefur hann lækkað nokkuð vegna þess að tekið hefur verið upp sem aðalregla, að meðferð skuli hafin á hæli SÁÁ, Sambands áhugamanna um áfengisvandamál, í Mosfellssveit, en það styttir vistunina í Freeport Hospital þar sem þessi vistun fer aðallega fram. Af athugun kemur í ljós, að algengasta tímalengd meðferðar er nú 37 dagar og kostnaður um 600 þús. kr. miðað við núverandi gengi.

4. liður spurningarinnar: „Hversu mikið skortir á að íslenskar sjúkrastofnanir anni vistunarþörf þessara sjúklinga?“

Erfitt er á þessu stigi að svara því, hve mikið skorti á að íslenskar sjúkrastofnanir anni þeirri vistunarþörf, sem hér um ræðir. Af þeim upplýsingum, sem gefnar hafa verið, kemur í ljós, að til þess þyrfti 20-25 sjúkrarúm. Um hitt verður síður sagt, hvort þessi vistun mundi leggjast niður, þótt sjúkrarúmin væru fyrir hendi hérlendis, þar sem í ljós hefur komið að fjöldi sjúklinga leitar frekar lækninga við sjúkdómi sínum með því að fara í annað umhverfi og aðrar stofnanir en þær íslensku sem til eru.

Það er mitt mat, að þegar geðdeild sú, sem nú er í byggingu, er komin í fulla notkun og þegar sú viðbótarbygging, sem fyrirhuguð hefur verið við meðferðardeild á Vífilsstaðaspítala, hefur verið byggð, þá verði nægilegt rými til að sinna þessum þætti heilbrigðisþjónustunnar fyllilega hér á landi, komi ekkert annað til. Ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið hafist handa um byggingu fyrir Vífilsstaðadeildina, er að sjálfsögðu sú, að fjárveitingar til gæsluvistarsjóðs hafa farið hlutfallslega mjög lækkandi síðustu ár og þess vegna hefur ekki verið fé fyrir hendi til þeirra framkvæmda. Þá má minna á það, að geðdeild Landspítalans hefur verið mun lengur í byggingu en fyrirhugað var og er enn ekki séð fyrir endann á því, hvenær sú stofnun kemst að fullu í notkun.

Ég vil að lokum taka það fram, að þegar kostnaður tryggingana við þessar utanferðir er orðinn slíkur sem raun ber vitni og gæti á þessu ári farið yfir 150 millj. kr., þá hlýtur sú spurning að gerast áleitin, hvort þessu fé væri ekki betur varið til uppbyggingar og eflingar á innlendum sjúkrastofnunum fyrir þessa sjúklinga, þó að ekki megi vanmeta þátt breytts umhverfis í þessum málum. Á þessum vettvangi er vissulega mikið starf óunnið. Má geta þess, að auk meðferðardeildarinnar á Vífilsstöðum, sem áður var vikið að, hafa farið fram lauslegar viðræður á milli heilbrrn. og heimamanna um hugsanleg kaup á húsnæði Kvennaskólans að Laugalandi í Eyjafirði m. a. með vistunarþörf áfengissjúklinga fyrir augum. Er þó allt óráðið enn um áframhald þess máls.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langaði aðeins til að þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu mikla vandamáli okkar. Það er vitað mál, að áfengisdrykkja er eitt mesta félagslega vandamál okkar Íslendinga. Hins vegar er því ekki að leyna, að orðið hefur ánægjuleg breyting núna á síðustu árum á þann hátt, að nú eru áfengissjúklingar ekki taldir lengur vonlausir og ólæknandi. Þegar ég var að basla við að læra læknisfræði, þá var því slegið föstu að kannski lukkaðist að lækna í mesta lagi 4-5% af þeim áfengissjúklingum sem reynt væri að lækna. Nú er þetta breytt í svo ríkum mæli, að talið er að allt að 50% af þeim, sem teknir eru til meðferðar, nái fullri heilsu aftur.

Einnig hefur verið vakin athygli á því, sem rétt er að segja frá hér, að tvær þjóðir, sem drekka nokkurn veginn jafnmikið af víni, þ. e. a. s. Frakkar og Ítalir, eru taldar mjög misjafnlega á vegi staddar varðandi alkóhólisma. Þeir, sem kunnugir eru, telja að það byggist á því, að í öðru landinu er í raun og veru talið sjálfsagt að menn séu fullir og ekkert við það að athuga, en í hinu landinu er það svo, að ef einhver verður fullur, þá reyna ættingjar hans eða jafnvel hann sjálfur að fara mjög leynt með það og láta lítið á því bera. Þetta er talið hafa þau áhrif, að menn gæti sín miklu frekar og verði síður alkóhólistar. Því vek ég athygli á þessu hér, að það er ekki vafi á að almenningsálitið hefur mjög mikla þýðingu fyrir baráttu gegn drykkjuskap.

Fyrirspyrjandi (Bragi Níelsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. kærlega fyrir þau svör sem hann veitti mér og þm. í sambandi við þessar spurningar mínar, og þó að ég vilji ekki gera neinar verulegar aths. við þau svör, þá er sumt af því, sem þar kemur fram, mjög athyglisvert. Það er mjög athyglisvert, að á þessu ári, frá 1. jan. til 1. okt., skuli yfir 200 manns þurfa að leita til útlanda til meðhöndlunar á sjúkdómi sínum. Þetta er ekki síður athyglisvert þar sem ég hef upplýsingar um að ríkisspítalarnir hafi t. d. vistrými á Kleppi fyrir 17 sjúklinga, sem er notað sem svokölluð afvötnunardeild. Þá er vistrými fyrir 23 í Víðinesi og 46 í Gunnarsholti. Þetta gerir samtals 86 vistrými. En hinar frjálsu stofnanir eru með meira, þær eru með 108 vistrými. Forsvarsmenn SÁÁ segja mér, að þeir séu stöðugt með á biðlista núna 30-40 sjúklinga þrátt fyrir að nú nýlega hafi tekið til starfa á þeirra vegum hæli að Sogni, þar sem eru 26 vistrými. Þeir hafa hins vegar haft hug á að bæta úr þessu vandamáli, sem er vistun sjúklinga í Bandaríkjunum, sem mér skilst að kosti í dag um 750 þús. kr. á mann. Þeir hafa lengi haft hug á skólabyggingu, sem er í Krýsuvík, og telja að ekki skorti á nema um 100 millj. kr. til þess að fá þar húsnæði, og aðstöðu til þess að þar verði hægt að vista 20-30 sjúklinga til afvötnunar og 40-50 sjúklinga til framhaldsmeðferðar. Þetta telja þeir að mundi spara allt að því 200-300 millj. kr. á ári. Þetta með öðru álít ég að upplýsi okkur um það, eins og ráðh. sagði, að þeim peningum, sem er varið til þess að kosta sjúklinga erlendis, væri betur varið til uppbyggingar þjónustunnar hér á landi.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessari athyglisverðu fsp. og svörum við henni leyfa mér að minna einu sinni enn á málefni gæsluvistarsjóðs. Þau hafa lengi verið fyrir borð borin á undanförnum árum. Ef betur hefði verið staðið að verðtryggingu þess sjóðs, þá væri vandamálið ekki eins stórkostlegt og hæstv. félmrh. var að lýsa.

Það munu vera u. þ. b. 10 ár síðan ég bar fram frv. um að auka tekjur gæsluvistarsjóðs á þann hátt, að hann fengi hluta af áfengisgróða. Taldi ég nokkuð eðlilegt, að þarna væri samband á milli, og ég hygg, að menn hafi út af fyrir sig ekki dregið það í efa. En þá var ekki talið fært að eyrnamarka þann tekjustofn, sem ég fór fram á og þeir sem fluttu frv. með mér, til þessara ákveðnu verkefna. Þá var og hafði nokkuð lengi verið tillag Áfengisverslunar ríkisins 7.5 millj. kr. til gæsluvistarsjóðs. Þetta hefur mikið verið lagað, úr því skal ekki dregið, og á yfirstandandi fjárl. er framlagið 63 millj. kr. Ég efa engu að síður að þetta framlag sé ífara til framkvæmda en það framlag var, sem í lögum var og er raunar enn, 7.5 millj. kr., þegar þessi viðleitni mín hófst. Ég vil sem sagt nota tækifærið, sem þessi umr. og þessi fsp. hefur gefið, til þess að minna enn einu sinni á málefni þessa sjóðs sem ætti að geta, ef rétt er á haldið, verið nægileg aðstoð og nægilegar ráðstafanir af Íslands hálfu til að sinna því vandamáli sem hér hefur verið vakin athygli á.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu að um þessi mál sé spurt og þau rædd. Ég vil láta það koma fram, að ég tel að á undanförnum árum og raunar í fjöldamörg ár hafi framlag til gæsluvistarsjóðs verið allt of lágt og ekki náð nokkurri átt að lækka það frá tillögum rn. eins og raun ber vitni við afgreiðslu fjárl. En nú, þegar til máls hafa tekið stjórnarsinnar úr tveimur stjórnarflokkum og lýst yfir miklum áhuga sínum á því að auka og efla gæsluvistarsjóð, þá vil ég í fullri vinsemd benda þeim á að í fjárl. ársins í ár eru 63 millj. til gæsluvistarsjóðs í þessu skyni, og þar eru verkefnin mörg. Þetta er allt of lág upphæð. Nú er gripið til þess að skera þennan sjóð niður um 20 millj. eða um rúmlega 30%. Mun koma fram á 5. lið dagskrár þessa fundar fsp. frá mér um niðurskurð fjárl. Ég vil benda þessum áhugamönnum um málefni gæsluvistarsjóðs og málefni áfengissjúkdómsins á, að það er ekki rétta leiðin til þess að ná settu marki að skera niður um þriðjung það lága framlag sem er í fjárl. yfirstandandi árs.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fagna þeim umr., sem orðið hafa um fsp. frá hv. þm. Braga Níelssyni um áfengismál og varnir gegn þeim. Ég vil benda á að þeir áfengissjúklingar, sem vistaðir hafa verið erlendis, hafa stofnað með sér samtök, eins og allir vita, en það vita kannske ekki allir að þau sambönd, sem hafa skapast á milli þessa fólks, hafa orðið til þess að hjálpa öðrum en þeim sem hafa farið til vistunar erlendis, og eins hjálpar þetta fólk hvert öðru til þess að forðast áfram þann vítahring sem margt af þessu fólki var í áður en það fór til meðhöndlunar. Þessi starfsemi er ekki rekin af opinberum aðilum, sjúkrastofnunum eða öðrum stofnunum, og ekki er hægt að reka þessa sjálfboðaliðsstarfsemi á annan hátt en gert er. Saman er þetta fólk því öryggi hvert fyrir annað til varnar gegn þeim falda eldi sem býr í brjósti hvers einasta manns sem orðið hefur áfengissjúklingur. Hér er ég ekki að tala af annarri reynslu en af samskiptum mínum við þetta fólk sem borgarfulltrúi í Reykjavík. Ég held að það sé til fyrirmyndar — algerlega til fyrirmyndar — hvernig forfallnir drykkjumenn, sem hafa verið á strætum Reykjavíkurborgar árum saman, hafa komist til heilsu aftur og

gert það að köllun sinni að hjálpa félögum sínum sem hafa orðið fyrir sama óláni í lífinu og þeir sjálfir. Hér er ég að tala um marga sem hafa verið félagar mínir frá barnæsku á götum Reykjavíkurborgar. Því veit ég að það er verðugt verkefni fyrir Alþ. og fyrir ráðamenn hvar sem er, hvort sem er í sveitarstjórnum eða landsmálum, að standa við bakið á því sjálfboðaliðsstarfi sem nú á sér stað. Það hefur sýnt sig, að það ber mörgum sinnum betri árangur en þær opinberu stofnanir sem hafa reynt að leysa þessi sömu vandamál. Þetta viðurkenna allir sem einhvern tíma hafa komið nálægt þessu vandamáli.

En ég kom fyrst og fremst upp í ræðustólinn til þess að mótmæla ummælum hv. 4. þm. Reykn. Ég hélt að mér hefði misheyrst, en það var víst ekki. Hann lét þau orð falla, og hlýtur að tala þar af einhverri reynslu, að áfengisvandamálið væri afskaplega mikið í tveimur löndum sem ég hef búið langtímum í, annars vegar í Frakklandi og hins vegar á Ítalíu, og taldi að í öðru landinu væri talið sjálfsagt, að menn væru fullir. Ég vil ekki láta því ómótmælt hér á hv. Alþingi Íslendinga. Ég vil fullvissa þennan samflokksmann minn um það, að mín reynsla er sú eftir 7 ára dvöl í Frakklandi og náið samband við Frakkland síðustu 20 árin, má segja, eftir að ég flutti þaðan, að þetta sé alrangt. Ég þekki ekkert land í veröldinni og hef aldrei heyrt talað um neinn þjóðflokk sem telur eðlilegt að menn séu fullir allan tímann, eins og mér skildist á hv. þm. Þessum ummælum er hér með mótmælt. Bæði löndin, Frakkland og Ítalía, eru lönd sem við Íslendingar ætlum að taka okkur til fyrirmyndar á mörgum sviðum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það kann að vera, að ég hafi kveðið heldur sterkt að orði. Hins vegar er það sem ég sagði efnislega haft eftir lækni þeirra ágætu samtaka Freeport-manna sem hingað kom. Þetta er að sjálfsögðu sagt í þeim tilgangi að benda á hvers virði það gæti verið að almenningsálitið legðist gegn óhóflegri áfengisneyslu. En það er nú svona í útlöndum, að menn hafa ýmsar skoðanir á áfenginu. Ég var einu sinni alllengi samtíða spænskum lækni og einu sinni barst í tal hin mikla mjólkurdrykkja okkar á Íslandi. Hann sagði mér að þeir teldu heilsusamlegra að ala börn sín á rauðvíni en á mjólk. Ég er ekki að segja að það, sem læknar segja, hvort sem þeir eru amerískir eða spænskir, hljóti að vera heilagur sannleikur. En svona geta menn haft misjafnar skoðanir á þessum málum sem öðrum.

Ég vil líka láta í ljós ánægju yfir þeim umr. sem hér hafa farið fram. Ég verð að segja það, að ég hef lengi haft mikinn áhuga á gæsluvistarsjóði og hans þrifum. Ég bar einu sinni fram frv. sem var komið í gegnum aðra d. þingsins, en féll í þeirri seinni, um verulegan vöxt sjóðsins með því að taka vissa krónutölu af hverri áfengisflösku sem seld væri.

Ég held einmitt, að náðst hafi verulegur árangur í þessari baráttu á undanförnum árum og að við getum, ef við styðjum vel við bakið á þessum mönnum, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, náð miklu lengra í þessum efnum en við getum núna, einkum þó ef almenningsálitið snýst verulega á sveif með þeim mönnum sem berjast gegn áfengi.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Vegna ummæla hv. 1. þm. Reykv. vil ég undirstrika það, að ekki er verið að vanmeta árangurinn af þessum vesturferðum, síður en svo. Spurningin er eingöngu sú, hvort við gætum náð svipuðum eða sama árangri hérna heima.

Á Sogni — það er rétt — eru nú meira en 26, þar eru 32 sjúklingar, þannig að þar er hvert horn skipað. Mér finnst vel koma til greina að athuga betur till. hv. fyrirspyrjanda um að nýta Krýsuvíkurskólann, sem var á sínum tíma byggður liðlega að hálfu af ríkissjóði og tæplega að hálfu af sveitarfélögum á Reykjanesi og Vestmannaeyjum. Aðstæður, sem þá voru fyrir hendi, virðast ekki vera lengur, þannig að húsið er ekki nýtt. Mér finnst það koma mjög til greina.

Ég er afskaplega þakklátur þeim ummælum sem hér hafa komið fram um gæsluvistarsjóð, um stuðning við hann. Ég verð í því sambandi að segja að mér finnst fráleitt með öllu að lækka framlag til hans. Það þarf að hækka verulega frá því sem er á yfirstandandi fjárl. en má alls ekki lækka.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan koma því á framfæri, að þau orð, sem féllu hjá mér áðan, voru ekki nein gagnrýni á hv. 1. þm. Vestf. Það var alveg ástæðulaust fyrir hann að rjúka upp eins og hann gerði þó að ég léti þessi orð falla um gæsluvistarsjóð. Hann var ekkert lakari trmrh. en þeir sem voru á undan honum, e. t. v. hið gagnstæða.

En það, sem ég vil segja til viðbótar er það, að ég hef ekki verið spurður ráða um lækkun á tillagi til gæsluvistarsjóðs á þessu ári. Ég mun ekki samþykkja lækkun á því án þess að fullnægjandi skýringar komi á því, hvers vegna þurfi að skera þennan sjóð niður einmitt nú. Það, sem ég vildi vekja athygli á áðan í sambandi við fsp. hv. þm. Braga Níelssonar, var — nú er ég ekki nægilega góður í reikningi — að fyrir allt að því 10 árum var framlagið til sjóðsins 7.5 millj. og þó að það væri ekki skorið niður í ár, er það samt ekki nema 63 millj. Þetta tel ég lélega ávöxtun þess sem gæsluvistarsjóður á að fá. Ég held að 63 millj., þó að þær fengjust allar, hefðu ekki sama raungildi og þessar 7.5 millj. fyrir þetta mörgum árum.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Örstutt. Í þessari umr. endurspeglast að mínu mati sú þversögn, sem kemur fram í áfengismálum íslensku þjóðarinnar. Annars vegar notar ríkisvaldið áfengi og áfengissölu til að afla sér verulegra tekna. Á hinn bóginn er viss andstaða gegn því að reyna þær aðferðir sem mega koma í veg fyrir þá sjúkdóma sem fylgja of mikilli áfengisneyslu.

Ég vil eindregið taka undir það, sem hv. þm. Einar Ágústson sagði um eflingu gæsluvistarsjóðs. Það er ekki vansalaust hve sjá sjóður hefur haft úr litlum fjármunum að spila. Sjálfur mun ég hér á þingi beita mér fyrir eflingu þessa sjóðs.

Í þriðja lagi vil ég eindregið vara við því, ef sú hugmynd hefur skotið upp kollinum að reyna að draga úr þeim ferðum sem Íslendingar hafa farið á hið margnefnda sjúkrahús í Bandaríkjunum, á meðan við getum ekki boðið svipaða lækningu og svipaða þjónustu hér á landi. Ég er þeirrar skoðunar, að sú lækning, sem á sér stað á þessu sjúkrahúsi, sé tiltölulega fljót að skila sér til þjóðarinnar aftur þegar þeir menn, sem lækninguna hljóta, verða hæfir til starfa á ný.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Rétt til upplýsingar og eins til að reyna að koma í veg fyrir niðurskurð á fjárveitingum til gæsluvistarsjóðs vil ég gefa smáupplýs-

ingar sem ég fékk fyrir nokkrum dögum frá forstöðumönnum heimilisins að Ránargötu 6 og 6A. Þar eru 20 manns í heimili. Hver þessara aðila kostaði Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar 500-600 þús. kr. á ári, áður en þeir fóru til þeirrar meðhöndlunar sem þeir hafa fengið. Nú vinna þessir 20 menn, sem ýmist hafa haldið sig frá áfengi í rúmt ár eða upp í tvö og hálft ár síðan heimilið tók til starfa, — þeir vinna sér inn samtals 65 millj. kr. í tekjur á ári. Það er talið að þeir greiði niður þá fjárfestingu, sem Reykjavíkurborg hefur lagt í þessi hús, á 3-5 árum ásamt rekstrarkostnaði. Fjárveiting til þessara mála skilar sér því mörgum sinnum til baka á mjög skömmum tíma. Þess vegna vil ég vara við því að skera framlag til gæsluvistarsjóðs mikið niður nú.

Ég vil líka geta þess, að á þessu heimili, þar sem 20 manns eru til heimilis, eru aðeins tveir starfsmenn í fullu starfi og tveir aðrir í hálfu starfi. Ég held að það sé leitun að heimili eða sjúkrastofnun — eða hvaða nafn þið viljið gefa þessum rekstri — á vegum hins opinbera sem er rekið eins vel af jafnfáum og á jafnódýran hátt og þessi áhugamannastarfsemi er rekin. Þess vegna vil ég undirstrika það, að ég vona, að hv. Alþ. geti verið sammála um að standa vel við bakið á þessum merkilega félagsskap sem hefur rutt sér til rúms í áfengisvarnamálum undanfarin ár.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að undirstrika alveg sérstaklega ummæli hv. 1. þm. Reykv. um áhugamannastarfið. Hann hefur vakið athygli á því gífurlega starfi sem áhugamenn vinna í þessu efni og í mörgum tilvikum samtök áfengissjúklinganna sjálfra. Þetta starf er miklu meira en svo, að hægt sé að gera nokkra grein fyrir því í ræðum eða yfirleitt gera sér grein fyrir því án persónulegra kynna. Ég held að það sé alveg gífurlegt atriði að nýta þá feiknaorku, sem býr í þessum samtökum, með því að greiða sem allra best fyrir því að þau fái notið krafta sinna.

Það hefur verið minnst á Krýsuvíkurskólann. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að það var efnt til þessa skóla fyrir frumkvæði sveitarfélaganna í þeim landshluta sem hann tilgreindi. Síðan hafa viðhorf öll gjörbreyst svo að ekki er þörf fyrir þetta hús til þeirra nota sem þá var fyrirhugað, og allir eru um það sammála. Menntmrn. hafði frumkvæði um umr. um þetta, fyrst við sveitarfélögin, þar sem þessu var slegið föstu, síðan við Samtök áhugamanna um áfengisvarnir.

Ég held að það, sem fram hefur komið í þessum umr., gefi alveg ótvírætt til kynna að fjölgun áfengissjúklinga er mjög ör og það verði að neyta allra ráða, það megi hvergi slaka á og verði að leita allra úrræða til að mæta þessum vágesti. Hitt er svo merkilegt, að það skuli helst ekki hvarfla að neinum í sambandi við þessi mál, að það sé ástæða til þess fyrir hið opinbera að breyta háttum sínum og hætta þeirri siðvenju að gera allt sem unnt er til þess að rótfesta þá skoðun, að dagamunur og góðra vina fundur sé óhjákvæmilega tengdur áfengisneyslu. Það held ég að menn ættu að íhuga í leiðinni, þegar þessi vandamál eru rædd.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Út af þeim almennu umr., sem hér hafa farið fram í sambandi við áfengismál, langar mig að leggja örfá orð í belg.

Ég held að enginn vafi sé á því, að við séum öll sammála um hversu mikið vandamál hið hörmulega ástand, sem skapast hefur út af ofneyslu áfengis margra einstaklinga, er fyrir þjóðfélag okkar. Þetta er vandamál, sem því miður virðist fara sívaxandi og er að verða erfiðara og erfiðara með nærri því hverju árinu sem líður. En ég held að þar sem við erum öll sammála um að við vildum leggja mikið á okkur, til þess að stemma stigu á einhvern hátt við þessu mikla vandamáli, þá ættum við, t. d. þm. og Alþingi, að líta okkur svolítið nær, því það er mín skoðun, sem ég hef ekki farið leynt með, að verulegan hluta af því vandamáli, sem hér er við að etja, megi rekja til rangrar framkvæmdar lagasetningar um meðferð áfengis í landinu.

Þegar svo er háttað í einu þjóðfélagi, að leyfð er ótakmörkuð sala í sterkustu tegund, sem til er af áfengi á almennum markaði, og menn mega kaupa það í lítratali, en sama þjóðfélag bannar neyslu á léttustu tegund áfengis, þá geta menn ekki búist við góðu, að ég tali ekki um hvernig framkvæmd á sölu og dreifingu áfengis er háttað í þessu landi. Það er ekki hægt að ná í áfengi nema með ærinni fyrirhöfn. Að vísu má kaupa það í stórum skömmtum, maður verður helst að kaupa eina flösku, ekki minna. Ef menn vildu dreifa áfengi á hagkvæmari hátt, t. d. þannig að hægt væri að fá eitt glas af léttu víni eða eitthvað þess háttar, þá er slík framreiðsla áfengis ekki leyfð nema til komi eldhúsútbúnaður og einhver matreiðslutæki upp á nokkra tugi millj. kr.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessari staðreynd. Ég held að veruleg lækning á þessum málum fáist ekki fyrr en löggjafinn viðurkennir að það er eitthvað að í sambandi við meðferð þessara mála frá hans hendi. Ég hef sagt það áður, að við verðum að taka á þessum málum þannig, að þetta sé einn þáttur uppeldismálanna. Ef nauðsynlegt þykir að hefja fræðslu um kynferðismál hjá 6-7 ára börnum í skóla, þá hlýtur að vera nauðsynlegt að veita mönnum einhverja tilsögn um það, hvernig eigi að fara með áfengi þannig að menn geti umgengist það á manneskjulegan hátt, því að áfenginu og neyslu þess útrýmum við ekki.

Fyrirspyrjandi (Bragi Níelsson): Herra forseti. Ég þakka kærlega fyrir þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið. Ég sé að menn hafa mikinn hug á því, að úr þessu vandamáli megi bæta. Það er aðeins eitt, sem ég vildi tala um, að því sem ráðh. gat um, að það væri ekki farið eftir 42. gr. í lögum um almannatryggingar. Ég harma það.

Ég vil taka það mjög skýrt fram í sambandi við ræðu eins hv. alþm., að ég hef alls ekki verið að gagnrýna þá læknismeðferð sem menn hafa fengið erlendis, öðru nær. Ég þakka það og þar hefur oft mjög vel tekist til. Einnig vil ég geta þess, að ég hef kynnt mér starfsemi Félagsmálastofnunar Reykjavíkur í sambandi við húseignirnar við Ránargötu, þar er mjög gott verk unnið, það veit ég fullkomlega vel.

Ég vil svo einnig geta þess, að athygli mín var vakin á gæsluvistarsjóði fyrir nokkru, þegar ég var að kanna þessi mál betur en ég áður kunni af starfi mínu, og ég mun reyna að beita áhrifum mínum, eftir því sem ég hef vit á, til þess að málefni þessa sjóðs megi frekar batna en hitt.

Aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustöðum, fsp. (þskj. 21). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur orðið æ tíðara að stjórnvöld gerðust beinn eða óbeinn aðili að gerð kjarasamninga. Hefur þáttur ríkisins einkum verið í því fólginn að fallast á að gera ýmsar félagslegar úrbætur til handa launafólki. Verkalýðssamtökin hafa og í sívaxandi mæli gert kröfur til stjórnvalda: kröfur um úrbætur í húsnæðismálum, tryggingamálum, lífeyrismálum dagvistunarmálum og um stuðning ríkisins við umbætur í aðbúnaðar- og öryggismálum. Verkalýðshreyfingin hefur haldið því fram, að félagslegar umbætur væru jafnmikilvægar og kauphækkanir. Því hefur kauphækkun hvað eftir annað þokað fyrir loforðum stjórnvalda um þessa málaflokka.

Fyrirheit ríkisstj. hafa hins vegar oft reynst haldlítil, eins og sjá má af því, að árið 1974 var því lýst yfir af hálfu ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því, að á árunum 1976—1980 yrðu byggðar íbúðir fyrir efnalítið fólk í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands og hliðstæðra samtaka um land allt. Skyldi að því stefnt, að eigi minna en þriðjungur af áætlaðri íbúðaþörf landsmanna á umræddu tímabili yrði leystur á þennan hátt, með byggingu verkamannabústaða, söluíbúða og leiguíbúða á vegum sveitarfélaga eða sérstakra samtaka á vegum verkalýðsfélaga. Í yfirlýsingunni var gert ráð fyrir að launaskattur yrði hækkaður um 1% og skyldi sú hækkun renna óskipt í Byggingarsjóð ríkisins. Jafnframt var reiknað með að þátttaka lífeyrissjóða stéttarfélaga í fjármögnun fyrrnefndra félagslegra bygginga yrði 20% af árlegu ráðstöfunarfé þeirra í formi kaupa á verðtryggðum skuldabréfum. Við þessi fyrirheit stóð verkalýðshreyfingin og vel það. Ekkert varð hins vegar úr því, að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar framkvæmdi sín loforð, enda hrökklaðist hún frá völdum skömmu síðar.

Þessu næst staðfesti félmrh. stjórnar Geirs Hallgrímssonar í bréfi frá 26. febr. 1976, að staðið yrði við áðurgreinda yfirlýsingu. Í framhaldi af því var skipuð nefnd er ekkert gerði. Þá var það í sólstöðusamningunum í fyrra, að enn var þess krafist að staðið yrði við fyrri yfirlýsingar. Ný yfirlýsing var gefin og ný nefnd var skipuð. Sú nefnd átti að ljúka störfum fyrir síðustu áramót, þannig að frv. að breyttri löggjöf yrði lagt fyrir Alþ. Mér vitanlega hefur nefndin ekki lokið störfum. Ekki tókst því ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar að standa við fyrirheit sín í þessum málum þótt endurtekin væru.

Þá hefur verkalýðshreyfingin lagt mikla áherslu á aðgerðir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Við gerð sólstöðusamninganna gaf ríkisstj. fyrirheit um að stefnt skyldi að því að ný lög um þessi mál tækju gildi eigi síðar en í ársbyrjun 1979. Þá var því lýst yfir, að í næsta mánuði yrði gerð sérstök athugun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Athugun þessi átti að ná til ákveðins og takmarkaðs fjölda vinnustaða, gerð í því skyni að knýja á um úrbætur á aðbúnaði og öryggi á vinnustöðum. Stefnt skyldi að allsherjareftirliti í öryggismálum og vinnuvernd á öllum vinnustöðum. Mér er kunnugt um nefndarskipun í þessi mál. Hins vegar mun Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlitið hafa farið fram á sérstaka fjárveitingu í því skyni að geta sinnt þessu verkefni. Þessum óskum var neitað af þeirri sömu ríkisstj. er fyrirheitin hafði gefið. Sú athugun á vinnustöðum hafði ekki hafist er fyrrv. ríkisstj. fór frá. Það er því ljóst, að fyrrv. ríkisstj. mat það lítils að standa við gefin fyrirheit. Því er það, að ég hef leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp., sem ég les hér upp, með leyfi forseta:

„Hefur ríkisstj. í hyggju að efna þau fyrirheit sem fyrrv. ríkisstj. gaf verkalýðssamtökunum við gerð kjarasamninganna er undirritaðir voru 22. júní 1977 um húsnæðismál og um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum?“

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Við upphaf samningsgerðar aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör, sem stóð yfir vorið 1977, var samkomulag um það á milli samningsaðila og ríkisstj., eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að teknar skyldu upp svonefndar þríhliða viðræður um viss atriði er vörðuðu samningsgerðina. Meðal þeirra atriða, sem þannig voru upp tekin, voru viðræður um vinnuvernd. Samkomulag náðist um að ríkisstj. skipaði tvær nefndir í því sambandi: aðra til að semja frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í skipum, en hina til að semja frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með bréfum, dags. 22. júní 1977, ritaði forsrh. aðilum vinnumarkaðarins bréf í því skyni að þeir tilnefndu menn í þessar nefndir. Þegar félmrn. höfðu borist tilnefningar í sept. 1977 skipaði þáv. félmrh. hinn 14. s. m. 7 menn í nefnd til að semja frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í skipun og 9 menn til að semja frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Formaður fyrri nefndarinnar er Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri, en hinnar síðari Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri í félmrn.

Nefnd sú, sem falið var að semja frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í skipum, var sammála um að ekki væri þörf nýrrar lagasetningar um þessi mál, því að unnt væri að leysa verkefnið með setningu reglugerðar á grundvelli laga nr. 42 frá 1940, um eftirlit með skipum. Hafði félmrn. ekkert við þá starfsaðferð að athuga. Þessi nefnd hefur þegar að mestu leyti lokið við að semja reglugerð um vistarverur og aðbúnað á fiskiskipum og vinnur nú að samningu tilsvarandi reglugerðar um flutninga- og farþegaskip. Þess er vænst, að samningu þessarar reglugerðar verði lokið fyrir næstu áramót. Ekki er að öllu leyti ákveðið innan nefndarinnar á hvaða atriði hún muni leggja áherslu eftir n. k. áramót, en minnst hefur verið á að hún muni þá fjalla um ákvæði, sem varða öryggi og vinnuaðstöðu um borð í skipum, svo og e. t. v. um hávaða um borð í skipum o. fl.

Hvað varðar störf þeirrar nefndar sem fyrr var getið og falið var að semja frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þá skal upplýst að hún hélt fyrsta fund sinn 21. sept. 1977 og eru fundir nefndarinnar orðnir 16 talsins. Nefndin varð í upphafi sammála um að stefnt skyldi að því að vinna að rammalöggjöf um þessi mál. Margvíslegra gagna um gildandi lög um þessi mál á hinum Norðurlöndunum hefur verið aflað svo og upplýsinga um aðstöðu aðila vinnumarkaðarins í hlutaðeigandi löndum til þeirra. Þá hafa nýleg dönsk lög um þessi efni verið þýdd og nokkur hliðsjón verið af þeim höfð við gerð frumdraga að frv.-gerð nefndarinnar.

Nefndinni hefur miðað nokkuð áleiðis í störfum sínum og hefur þegar náðst samstaða um skilgreiningu á til-

gangi laganna og gildissviði þeirra, en lögunum er ætlað að tryggja að skilyrði verði fyrir hendi fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra verði hægt að leysa öryggis- og umhverfisvandamál og skuli það gert í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Samkomulag hefur náðst um það innan nefndarinnar, að stofnað verði vinnueftirlit ríkisins og verði sjálfstæð stofnun og skuli aðilar vinnumarkaðarins eiga fulltrúa í stjórn hennar. Stofnun þessari er ætlað að taka m. a. að sér öll þau verkefni, sem Öryggiseftirlit ríkisins fer nú með, svo og sum þeirra verkefna, sem nú falla undir Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir því, að næstu mánuði verði gerð sérstök athugun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Athugun þessi mun ná til ákveðins og takmarkaðs fjölda vinnustaða og skal gerð í því skyni að knýja á um úrbætur á aðbúnaði og öryggi á vinnustöðum. Gert er ráð fyrir því, að nefndin leggi á ráðin um þessa könnun og fylgist með henni, og skal hafa niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar við undirbúning lagasetningar um þau mál, sem hér er um fjallað.“

Undirbúningi er að fullu lokið og könnunin hófst í byrjun okt. Er stefnt að því, að búið verði um miðjan febr. n. k. að skoða þá 170—180 vinnustaði sem valdir voru, og ættu þá niðurstöður könnunarinnar að liggja fyrir í mars 1979. Þegar hafa verið veittar á fjárlögum 1978 2 millj. til Öryggiseftirlits ríkisins og 4 millj. til Heilbrigðiseftirlits ríkisins, en þessar stofnanir annast sameiginlega úttekt vinnustaðanna. Hefur þessu fé verið ráðstafað til undirbúnings og tækjakaupa. Samkv. kostnaðaráætlun, sem viðkomandi stofnanir lögðu fram fyrr í þessum mánuði, er áætlað að rúmlega 10 millj. kr. þurfi til viðbótar þeim 8 millj., sem þegar hafa verið veittar til þessa verkefnis.

Það skal að lokum undirstrikað, að aðilar vinnumarkaðarins lögðu á það mjög mikla áherslu, að æskileg könnun yrði gerð á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, enda er, eins og áður hefur verið sagt, tekið fram í skipunarbréfi nefndarinnar, að hún skuli fylgjast með úttekt þessari og hafa niðurstöður hennar til hliðsjónar við undirbúning umræddra frv. Könnun þessi, sem er gerð í samráði við aðila vinnumarkaðarins, er framkvæmd af Öryggiseftirlitinu og Heilbrigðiseftirlitinu sameiginlega. Undirbúningur þessarar könnunar hefur krafist mikillar vinnu og reynst mjög tímafrekur. Hefur það að sjálfsögðu tafið störf nefndarinnar nokkuð. Nú er þessi könnun hafin af fullum krafti, og er það von nefndarinnar, að samfara því geti komist verulegur skriður á samningu frv. þannig að það sjái dagsins ljós eftir nokkra mánuði. Að því er stefnt af nefndarinnar hálfu og núv. ríkisstj. mun vissulega fylgja því máli eftir.

Þá er einnig spurt um efndir þeirra fyrirheita sem fyrrv. ríkisstj. gaf verkalýðssamtökunum um húsnæðismál við gerð kjarasamninganna 22. júní 1977. Þau fyrirheit, sem hér er átt við, varða einkum eflingu Byggingarsjóðs verkamanna til þess að mæta aukinni þörf fyrir verkamannabústaði. Þessi fyrirheit munu efnislega samhljóða þeim, sem fólust í yfirlýsingu ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar frá 26. febr. 1974, eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á, sem síðan var einnig áréttuð með bréfi fyrrv. félmrh. frá 26. febr. 1976.

Um efndir þessara fyrirheita er þetta að segja: Hinn 14. sept. 1977 var skipuð nefnd 6 manna undir forustu Gunnars Helgasonar, formanns húsnæðismálastjórnar, til að endurskoða þau ákvæði laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem fjalla um byggingu íbúða á félagslegum grundvelli. Nefnd þessi hefur nú lokið störfum og er tillagna hennar að vænta á allra næstu dögum reyndar á morgun. Verða þær þá strax kynntar í ríkisstj. og þingflokkum. Vænti ég þess, að í framhaldi af því verði hægt að leggja fyrir hv. Alþ. frv. til nýrra laga um byggingu slíkra félagslegra íbúða.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka greinargóð svör hæstv. félmrh. Ég minni jafnframt á, að það er mikils virði fyrir ríkisstj., reyndar allar ríkisstj., að gera sér grein fyrir því, hve nauðsynlegt er að aðilar vinnumarkaðarins geti treyst ríkisvaldinu til sátta og til góðra verka, þegar erfiðar vinnudeilur eru í landinu. Á þessu hefur því miður oft orðið misbrestur og hefur það ýtt undir tortryggni og átt þátt í stirðum samskiptum aðila. Það er von mín, að á þessu þingi — og það sem fyrst — verði sett ný löggjöf um húsnæðismál á grundvelli þeirra tillagna, er félmrh. hefur nú sagt frá, á þeim grundvelli sem verkalýðssamtökin geta sætt sig við.

Þá á að leggja þunga áherslu á að fjárlög fyrir 1979 tryggi Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Öryggiseftirlitinu nægjanlegt fjármagn, svo að þessar stofnanir geti á sem skemmstum tíma sinnt því hlutverki sínu að gera úttekt á aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum, því að ekki verður lengur unað við það ófremdarástand sem ríkir í þeim málum. Í framhaldi af því er það von mín, að á þessu þingi verði sett ný löggjöf um þau mál.

Niðurskurður fjárframlaga samkvæmt fjárlögum, fsp. (þskj. 21). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég lagði fram hér fsp. til fjmrh. í þremur liðum: „1. Hver er heildarniðurskurður fjárframlaga á fjárl. þessa árs? 2. Hvernig skiptist hann á milli málaflokka á einstakar framkvæmdir eða framlög í hverjum málaflokki? 3. Hver gerði till. um þennan niðurskurð og hvaða reglur voru hafðar til hliðsjónar?“

Nú er lagt fram í dag skriflegt svar við öllum þremur fsp., en í framhaldi af því vil ég spyrjast fyrir um það varðandi þriðju spurninguna, hvort fjmrn. eða fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem lagði þessar hugmyndir um lækkun ríkisútgjalda fram, hafi ekki haft samráð við viðkomandi rn. og ráðh. og hvort sá niðurskurður, sem gerður er í hinum ýmsu rn., sé ekki gerður í samráði og samstarfi við viðkomandi rn.

Í öðru lagi kemur fram í fsp. mínum, að óskist gefið skriflegt svar við annarri spurningunni. Þar kemur fram, hve þessi niðurskurður frá fjárl. nemur hárri upphæð og sömuleiðis hver hann er á heildarmálaflokka, en ekki kemur fram, eins og um er beðið, sundurliðun á einstökum framkvæmdum eða framlögum í hverjum málaflokki. Tökum til dæmis vegagerð, framkvæmdir lækka frá fjárl. um 100 millj. og ekkert meira sagt um það. Spurt er um, hvernig þetta skiptist á hinar einstöku framkvæmdir. Það er það, sem ég óska eftir að fá upplýsingar um. Það getur verið, að fjmrh. ætli að svara því munnlega.

Þá finnst mér athyglisvert, að niður er skorið framlag

til Byggðasjóðs um 75 millj. Er ætlunin að breyta lögum um framlag ríkisins til Byggðasjóðs til samræmis við þetta? Ef þetta er gert án lagabreytinga er það ekki í samræmi við lög um tekjur Byggðasjóðs.

Þá þykir mér einnig skorta á í 2. lið í svari við þessum fsp. Talið er að stofnframlag til menntaskólanna á Ísafirði og í Kópavogi lækki um 25 millj. eða um þriðjung, en samkv. fjárl. er framlag til annars skólans 45 millj. og til hins 30 millj. Hvernig skiptist lækkunin á hvorn skóla um sig?

Áður hefur verið rætt nokkuð um gæsluvistarsjóðinn og skal ég ekki fara út í það frekar. En ég lýsi yfir mikilli óánægju minni með að skera hann niður um tæpan þriðjung.

Sömuleiðis finnst mér furðulegt að skera niður fiskileit, vinnslutilraunir og markaðsöflun. Þar var um að ræða 150 millj. kr. fjárframlag, sem var óbreytt að krónutölu frá árinu á undan. Miðað við öll þau verkefni, sem þar eru fram undan, og allt það, sem er ógert í þeim efnum, m. a. að framfylgja ýmsum þáltill., sem Alþ. hefur samþykkt í þessum efnum, sem stórauka kostnað í þessu skyni, þ. á m. framkvæmd þáltill., sem hæstv. fjmrh. flutti og samþ. var á Alþ., finnst mér þetta óskiljanlegur niðurskurður. Það er ekki til þess að standa við öll þau áform, sem hér er um að ræða, ef þetta á að lækka, sem fyrst og fremst getur skapað þjóðfélaginu stóraukn-ar tekjur. Ég held að það hefði mátt leita að einhverju öðru frekar í þessum efnum.

En aðalatriði málsins er það, hvort hér sé um samráð og samstöðu að ræða við aðra ráðh. í sambandi við þennan niðurskurð. Þá er auðvitað sjáanlegt með öllu, að honum verður framfylgt ef samstaða er um hann.

Ég mun þá fyrir mitt leyti geyma mér frekari umr. um þetta mál þangað til fjárlagafrv., sem nú hefur komið á borð þm., kemur til umr. Sumir gárungar kalla það „Tómas Árnason metsölubók", en það heitir á þingmáli frv. til fjárlaga. Þegar það kemur til umr. verður auðvitað úr nógu að moða. En þetta er það sem ég hef helst áhuga á að vita. Sömuleiðis óska ég eftir frekari sundurliðun á svari við annarri spurningu, en ef slíkt er ekki fyrir hendi, þá tel ég, herra forseti, að þessari fsp. sé ekki svarað.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef aldrei heyrt getið um neina metsölubók sem hv. fyrirspyrjandi hefur samið.

Varðandi þessa spurningu, sem hér liggur fyrir, þá er hún í þremur liðum og þess var óskað að einum liðnum yrði svarað skriflega. Þess vegna taldi ég rétt að svara fsp. í heild skriflega. Hún liggur þannig fyrir hv. alþm. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um fsp., þar sem henni er svarað skriflega í öllum greinum.

Varðandi einstakar byggingar sem hv. fyrirspyrjandi ræddi um, t. d. menntaskólana á Ísafirði og í Kópavogi, þá er ekki sundurgreint, hver hlutur hvorrar byggingar um sig er og ég get því miður ekki upplýst það nú, en ég skal gjarnan gera það síðar. Ég get samþykkt að fsp. sé ekki að fullu svarað fyrr en það er gert. Er sjálfsagt að bæta úr því, sem áfátt kann að vera, og gefa nánari sundurliðun í þessum efnum.

Ég vil taka það fram, að mjög var liðið á árið þegar ríkisstj. var mynduð. Þegar ákveðið var að minnka þessa heimild í 600 millj., þá var ekki um auðugan garð að gresja í sambandi við það að skera niður framkvæmdir. Það kemur fram sem svar við 3. lið fsp., að till. voru bundnar við þann hluta fjárveitinga sem ekki hafði verið ráðstafað með samningum eða öðrum greiðsluskuldbindingum. Í raun og veru var ekkert svigrúm til þess að framkvæma þennan niðurskurð með öðrum hætti en hér hefur verið gert.

Ég get vel tekið undir það, sem komið hefur fram, að í raun og veru er afleitt verklag að skera niður fjárveitingar, sem þegar hafa verið ákveðnar, en þegar brýna nauðsyn ber til getur það verið nauðsynlegt og svo var í þessu tilfelli. Þetta var gert með þeim hætti, sem hér er tilgreint, og í raun og veru hreinlega á þeim grundvelli, að ekki var svigrúm til frekari niðurskurðar vegna þess að fjárframlög voru bundin. Ýmist hafði þeim verið ráðstafað eða þau voru bundin með ýmiss konar skuldbindingum.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni. Ég þakka þetta svar það sem það nær. Ég endurtek að það eru nokkur atriði sem þarf að sundurliða frekar. Það, sem ég nefndi, var Menntaskólinn á Ísafirði, bygging grunnskóla, hvaða grunnskólaframlög það eru sem skorin eru niður, því að þessi upphæð er öll sundurliðuð í fjárlögum ársins í ár, búnaðarskólar, hvaða upphæð er skorin niður til hvors skóla fyrir sig, og svo það, sem mestu máli skiptir og er stærsta upphæðin, framkvæmdir Vegagerðar upp á 100 millj. kr. Það er þetta, sem ég legg áherslu á að fá upplýsingar um. Sömuleiðis væri mjög æskilegt að fá upplýsingar um, með hverjum hætti skorinn er niður Byggingarsjóður verkamanna úr 300 millj. um 50 millj.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af þessari fsp. Ég sé það á prentuðu þskj., sem svar hæstv. ráðh. er á, að nefndir eru ýmsir liðir, sem í raun draga ekki úr greiðsluerfiðleikum ríkissjóðs þar sem þeir eru á lánsfjáráætlun. Ekki eru ætlaðar til þeirra samtímatekjur. Þar má t. d. nefna þjóðarbókhlöðu, svo að eitthvað sé nefnt, og nokkur önnur atriði, sem ég man nú ekki nákvæmlega hvort var hugmyndin að afla fjár til með lánsfé. Í þessu sambandi vildi ég því spyrja hæstv. fjmrh., til hversu margra framkvæmda af þessum, sem þarna koma fram og gera samtals 600 millj. kr. niðurskurð, var ætlunin samkv. fjárl. að afla fjár með lánum og hverju sú upphæð nemur í heild, þannig að það komi glöggt fram hversu greiðslustaða ríkissjóðs muni batna með þessum niðurskurði.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil beina því til forseta, að hann frestaði málinu þegar umr. er lokið. Ég mun afla þeirra upplýsinga, sem beðið hefur verið um, og sundurliða þær upphæðir, sem hér er um að ræða, nánar en gert er í þessu svari. Ég hef ekki tiltækar upplýsingar í þá átt frekar en liggur í skriflega svarinu.

Umr. frestað.

Skriflegt svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Matthíasar Bjarnasonar um niðurskurð fjárframlaga samkvæmt fjárlögum 1978, á þskj. 21, afhent þm. 31. okt.

1. Hver er heildarniðurskurður fjárframlaga á fjárlögum þessa árs?

Svar: Með lögum nr. 3/1978, um ráðstafanir í efnahagsmálum, var ríkisstjórninni heimilað að lækka ríkisútgjöld samkvæmt fjárlögum 1978 um einn milljarð króna. Með bráðabirgðalögum nr. 69/1978, um kjaramál o.fl., var þessi heimild hækkuð í tvo milljarða króna.

Á grundvelli þessara heimilda ákvað ríkisstjórnin í september s.l. að lækka ríkisútgjöld samkvæmt fjárlögum þessa árs um 600 millj. króna.

2. Hvernig skiptist hann á milli málaflokka og á einstakar framkvæmdir eða framlög í hverjum málaflokki? (Óskað er skriflegs svars).

Svar:

Fjárl. nr.		Fjárlög	Lækkun
01 171	Byggðasjóður	2079	75
02 306 308	Menntaskólinn á Ísafirði og í Kópavogi, bygging	75	25
321	Kennaraskólinn, bygging	50	25
792	Bygging grunnskóla	1376	50
793	Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn	60	20
907	Listasafn Ísl., bygging	60	20
977	Þjóðarbókhlaða	220	70
04 502 504	Bændaskólar á Hólum og í Odda, byggingar	22	10
05 298	Fiskleit, vinnslutilraunir og markaðsöflun	150	10
06 283	Bygging ríkisfangelsa	100	40
07 272	Byggingarsj. verkam.	300	50
08 471	Gæsluvistarsjóður	63	20
09 981	Skrifstofubygging við Grensásveg	105	25
10 211	Vegagerð, framkvæmdir	5680	100
471	Flugstöðvarbygging í Reykjavík	70	40
11 371	Orkusjóður vegna lánveitinga	550	20
		10960	600

3. Hver gerði tillögu um þennan niðurskurð og hvaða reglur voru hafðar til hliðsjónar?

Svar: Fjármálaráðuneyti, fjárlaga- og hagsýslustofnun lagði fram hugmyndir um lækkun ríkisútgjalda í samræmi við ofangreindar lækkunarheimildir að fjárhæð 850 milljónir króna. Niðurstaðan varð sú, sbr. svar við spurningu 2, að ríkisútgjöld voru lækkuð um 600 milljónir króna.

Þar sem mjög var liðið á árið, þegar ákveðið var að nýta lækkunarheimildir þær sem áður er lýst, var mjög lítið svigrúm til þess að draga úr ríkisútgjöldunum í reynd. Tillögurnar voru því bundnar við þann hluta fjárveitinga sem ekki hafði verið ráðstafað með samningum eða öðrum greiðsluskuldbindingum.

Gildistaka byggingarlaga, fsp. (þskj. 21). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 21 hef ég leyft mef að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„1. Hvað líður setningu reglugerðar í samræmi við 4. gr. byggingarlaga?

2. Hvaða ákvæði verða í væntanlegri reglugerð varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar?“

Ástæðan til þess, að ég flyt þessa fsp., er sú, að á síðasta Alþ. voru samþykkt tvenn lög, sem voru í raun og veru stefnumótandi fyrir framtíðarumferðarmöguleika fatlaðra og aldraðra. Hér á ég við byggingarlög, en byggingarlög taka til hvers konar bygginga ofanjarðar og neðan og annarra mannvirkja, sem hafa áhrif á útlit umhverfisins eins og segir í 1. gr. En í 4. gr. segir, með leyfi forseta:

„Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um, hvernig háttað skuli undirbúningi, gerð, tæknilegum frágangi og viðhaldi bygginga og annarra mannvirkja. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um þær kröfur, sem gerðar eru varðandi m. a. undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða“ o. s. frv.

Og þá segir: „Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.“

Enn fremur var í vor samþykkt breyting á skipulagslögum: Þar eru svo hljóðandi ákvæði:

„Þá skal kveða á um, að hið skipulagða svæði geri fötluðu og öldruðu fólki auðvelt að komast leiðar sinnar og tekið skuli að öðru leyti tillit til sérþarfa þess, svo sem varðandi götur, gangstéttir, bifreiðastæði og staðsetningu íbúðarhúsa, sem sérstaklega eru ætluð þessu fólki.“

Nú er ekki vafi á því, að það hefur mikla þýðingu fyrir þessa hópa hvernig byggingarreglugerðirnar verða. Það er enginn undankoma. Það verður að setja ákvæði í þær samkv. þessum lögum. Ég vona að þegar byggingarreglugerðirnar hafa verið settar komi í ljós, að við séum ekki verr settir en aðrar vestrænar þjóðir í þessu efni.

Þessi ákvæði hafa verið alllengi í undirbúningi og töfðust m. a. vegna þess að byggingarlögin voru alllengi að komast í gegnum hið háa Alþ. Nú er sem sagt aðeins eftir að kveða nánar á um, hvað skuli standa þarna. Ég vil taka það skýrt fram, að þetta er ekki heimildarákvæði, heldur stendur að það skuli setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga.

Það hefur verið svo, að á undanförnum árum hefur verið mikill áhugi víða um lönd á því að gera byggingar í þéttbýli sérstaklega auðveldar fötluðum í umferð. Augu manna hafa opnast fyrir því, að það er varla hægt að telja að menn njóti lífshamingju án þess að geta komist nokkurn veginn um. Svo einkennilega vildi nú til, að um það leyti sem við vorum að samþykkja þessa löggjöf á Alþ., þá var Jimmy Carter Bandaríkjaforseti að gefa yfirlýsingu um að þriðja vikan í maí árið 1978 og árið 1979 skyldu vera helguð áróðri í þeim tilgangi að auðvelda umferð fatlaðra. Það er einmitt núna víða um lönd sem þessi mál eru í sviðsljósinu. Því vona ég að vel takist til um setningu reglugerða, þannig að við getum sem fyrst farið að njóta þessara ákvæða.

Því er ekki að leyna, að á undanförnum árum hafa verið gerð allmikil átök í þesssu efni hérna hjá okkur.

Fatlaðir hafa haft sína ferlinefnd, sem hefur sent upplýsingar til allra arkitekta og þeirra, sem að byggingum vinna um allt land. Þetta hefur verið gert með nokkrum árangri. Sjá má víða að umbætur eru á þeim húsum, sem nú er verið að byggja, og eru þau öðruvísi að gerð en áður var. Einkum má segja þetta um skólahús og ýmsar aðrar opinberar byggingar. Það er greinilegt að þeir, sem að þeim standa, hafa gert sér ljóst að þessi breyting er í vændum. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh. hvað framkvæmdinni líði.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Spurt er um hvað líði setningu reglugerðar í samræmi við 4. gr. byggingarlaga og hvaða ákvæði verði í þeirri reglugerð varðandi umbúnað bygginga til að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.

Byggingarlögin, sem hér er vitnað til, eru ekki gömul. Þau voru samþykkt á Alþ. í vor og eru nr. 54 á þessu ári. Það ákvæði 4. gr. laganna, sem vitnað er til í fsp., mun hafa verið sett inn í lögin vegna tilmæla félmrn. og má rekja það til starfa nefndar, sem skipuð var árið 1972 til að fjalla um ýmis vandamál fatlaðra, en formaður þessarar nefndar var einmitt hv. fyrirspyrjandi.

Með bréfi, dags. 14. ágúst 1978, var skipuð nefnd 5 manna undir forustu Zophoníasar Pálssonar skipulagsstjóra ríkisins til að vinna að samningu þessarar reglugerðar. Hér er um mjög viðamikið verkefni að ræða, því að byggingarlögin eru aðeins rammalög og beinlínis að því stefnt að kveða nánar á um fjölmörg atriði þeirra í reglugerð. Í skipunarbréfi nefndarinnar er sérstök athygli vakin á því, að reglugerðin skuli sett innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna sem er 1. jan. 1979. Nefnd þessi starfar af fullum krafti og bendir ekkert til annars en þess að hún muni ljúka störfum sínum á tilskildum tíma. Á þessu stigi er þó of snemmt að fullyrða, hvernig einstök ákvæði reglugerðarinnar verða úr garði gerð. Verð ég því að biðja hv. fyrirspyrjanda að hafa nokkra biðlund í því efni. Það er alveg ljóst, að lögin beinlínis áskilja setningu slíkra ákvæða í reglugerðina sem fsp. fjallar um, og verður það að sjálfsögðu gert. Kæmi mér ekki á óvart, að nefndin færi eitthvað í smiðju til hv. fyrirspyrjanda varðandi frágang þeirra.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Málefni fatlaðra hafa því miður verið mjög vanrækt á Íslandi um langan aldur. Sérstaklega er það sú hliðin, sem veit að byggingarmálum og skipulagsmálum, sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi. Þegar ákveðið var að endurskoða byggingarlög var lögð á það sérstök áhersla að við þá endurskoðun yrði tekið fullt tillit til þarfa fatlaðra og reynt að greiða fyrir þeim í umferð. Var samið ítarlegt frv. til nýrra byggingarlaga og lagt fyrir Alþ. og ásamt því var lagt fram frv. um breytingu á skipulagslögum. Í þessum lögum hvorum tveggja þurfa að vera ákvæði í þessa átt. Því miður tók það þrjú ár fyrir Alþ. að ganga frá þessum lögum, en það tókst á s. l. vori. Hinn nýi lagabálkur, byggingarlög, var þá afgreiddur og sömuleiðis breytingar á skipulagslögum í samræmi við þau.

Ég vil taka það skýrt fram, að sem félmrh. lagði ég á það alveg sérstaka áherslu að tekið yrði fullt tillit til þarfa fatlaðra í þessum lögum. Félmrn. hafði um það alveg sérstakt samráð við hv. fyrirspyrjanda, Odd Ólafsson alþm., sem verið hefur brautryðjandi og mikill áhugamaður um langan aldur um málefni öryrkja og unnið þar þjóðnýtt starf.

Ég held að þannig sé frá lagaákvæðum í þessum tvennum lögum gengið, að það ætti að tryggja, að því er skipulags- og byggingarmál snertir, á viðunandi hátt þarfir fatlaðra. Ég tel að með þessari löggjöf sé brotið í blað og eins og hv. fyrirspyrjandi orðaði það, hér hafi verið stefnumótandi ákvarðanir í málefnum fatlaðra.

Eins og kom fram í svari hæstv. félmrh., þá er svo ákveðið í byggingarlögunum, að reglugerð skuli samin innan tiltekins tíma frá gildistöku laganna. Var skipuð nefnd á s. l. sumri til að undirbúa þessa reglugerð, sem er, eins og hæstv. ráðh. tók fram, viðamikið verkefni. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda og leggja á það þunga áherslu, að í þessari byggingarreglugerð verði tekið fyllsta tillit til þarfa fatlaðra eins og lögin ákveða.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna þeim umr. sem um þetta mál hafa orðið, og um leið tel ég að hin nýja byggingarlöggjöf sé að því er þetta varðar mjög tímabær og nauðsynleg.

Ég vil aðeins vekja athygli í þessum umr. á því vandamáli, á hvern hátt skuli ráða bót á því ástandi sem er í þjóðfélaginu hvað þetta varðar, þ. e. a. s. hvernig hægt sé að láta breyta því húsnæði, ekki síst því opinbera húsnæði sem fyrir er, á þann hátt að það komi að gagni fyrir fatlað fólk. Ég tel að það þurfi að taka þetta atriði sérstaklega til athugunar. E. t. v. kann að vera þörf á því að leggja fram sérstakt fjármagn við fjárlagagerð til þess að reyna að leysa úr þessu vandamáli sem fyrst. Þrátt fyrir að ákvæði í nýrri löggjöf sé gott, þá tekur það aðeins til nýrra framkvæmda sem fram undan eru, en við vitum að m. a. s. núna er verið að byggja stórbyggingar víðs vegar um landið sem verða ekki tilbúnar fyrr en á næstu árum. Þar er alls ekki gert ráð fyrir þessu atriði, sem byggingarlögin nýju gera ráð fyrir. Ég vildi vekja athygli á þessu.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans greinargóðu svör. Ég gerði mér að sjálfsögðu ljóst að um smáatriði væri ekki hægt að segja enn þá þar sem reglugerðin er í smíðum. Mér fannst þó nauðsynlegt að vekja athygli á þessu máli vegna þess að það er svo nauðsynlegt að ráðh. hafi í huga einmitt þetta ákvæði laganna og styðji við bakið á okkur í því efni, eins og hann reyndar tók fram að hann mundi gera. Treysti ég honum fullkomlega í því efni.

Ég þakka fyrir þann áhuga sem hefur komið fram gagnvart þessu máli. Ég vil upplýsa það, að nefndin hefur verið að rannsaka hvernig bæta mætti eldri byggingar. Það er rétt, að það er mjög fjárfrekt fyrirtæki. Bandaríkjamenn hafa nýlega samþykkt að sá, sem láti breyta eldra húsnæði á þann hátt sem um ræðir hér, geti dregið 25 þús. dollara frá skatti. Ekki er ólíklegt að þetta mundi hafa einhver áhrif hér, ef heimilt væri að draga kostnað við breytingu á byggingum frá skattskyldum tekjum.

Í öðru lagi er það svo nokkuð sjálfsagt, að taka verður upp á fjárlög ákveðna upphæð til þess að breyta opinberum byggingum. Ætlunin er að allar þjónustubyggingar, verslanir og opinberar byggingar verði lagfærðar með tímanum á þann hátt, að þær séu færar fötluðum.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Það eru ánægjulegar umr. sem hafa farið fram í sambandi við fsp. hv. þm. Odds Ólafssonar. Vissulega er mjög tímabært að tala um þetta, enda hefur að undanförnu verið nokkur áróður frá

almenningi og fötluðum til þess að bæta úr því ófremdarástandi sem er hér bæði hvað varðar opinberar byggingar og ýmsa aðra hluti í sambandi við hreyfiþörf fatlaðra. Þar á ég við gatnagerð og annað slíkt.

Íslendingar hafa verið furðusljóir í þessum efnum alveg fram á síðustu ár. Á allra síðustu árum hafa þó augu manna verið að opnast fyrir þessari þörf. En ég verð að segja það, að það hefur gengið nokkuð illa að fá menn til þess að vakna, því að jafnvel á elliheimilum, sem nýbyggð eru, og jafnvel á sumum heilsugæslustöðvunum, sem eru nýbyggðar, er ekki möguleiki að komast um með sjúkling í hjólastól eða inn í þessar byggingar, ég tala nú ekki um að koma sjúklingum milli hæða. Þess vegna er ekki aðeins nauðsynlegt í framtíðinni að sjá svo um, að slíkar byggingar og yfirleitt opinberar byggingar taki tillit til fatlaðra í þessum efnum, heldur, eins og reyndar hv. fyrirspyrjandi kom á framfæri í seinni ræðu sinni, veruleg þörf á því að endurbæta mikið af opinberum byggingum, ég tala nú ekki um dvalarheimilin og heilsugæslustöðvarnar, sem hafa verið sumar byggðar án tillits til þessa þar sem þetta fólk þarf þó einkum og sérstaklega að koma. Á hvern hátt þetta verður gert veit ég ekki, en að því þarf að huga í sambandi við framtíðarlagasetningu og reglugerðir í þessu efni. Það er kannske eðlilegt, að við heilsugæslustöðvar væri þetta í réttum kostnaðarhlutföllum — 85%: 15% — eins og uppbyggingu þeirra er háttað með tilliti til ríkis og sveitarfélaga og þannig verði bætt úr þeirri skömm, sem þær eiga við að búa.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er áberandi nú á síðustu misserum, skulum við segja, eða árum kannske, hvað mikið er rætt um málefni fatlaðs fólks, og ég verð að segja að mér finnst umr. vera talsvert mikið að breytast frá því sem þær voru fyrir áratug eða svo. Sýnilegt er að menn eru farnir að átta sig á því, að meginstefnan í málefnum fatlaðs fólks á auðvitað að vera sú, að fatlað fólk geti aðlagast þjóðfélaginu, en einangrist ekki frá því. Það er talað um það núna að opna þjóðfélagið meira, ef svo má segja, fyrir fatlaða fólkinu og fyrir öryrkjunum, opna vinnustaðina fyrir þessu fólki og svo stofnanir ýmsar og staði í landinu sem almenningur á aðgang að og vill hafa aðgang að. Ég tek mjög undir þetta, að nauðsynlegt er að gera fötluðu fólki kleift að ferðast á meðal annars fólks og vinna með öðru fólki. Ég vil vekja athylgi á því, að þetta er í raun og veru það sem nú er að gerast í umr. um málefni fatlaðs fólks, og ég held að við alþm. ættum að vera vakandi fyrir því, að svo er, og opna huga okkar fyrir þessari breytingu sem er að verða í umr. um málefni fatlaðra og ég verð að segja að ég kann afar vel við.

Hér hefur verið minnst á það, sem rétt er, að það þurfi að breyta byggingum, sem fyrir eru í landinu. Það hefur líka verið bent á það — ég held af hv. 4. þm. Reykn. — að þetta sé mjög vandsamt mál. Þetta er vandsamt fjárhagsmál. En ég vil líka benda á að þetta er dálítið vandsamt mál frá byggingarfræðilegu sjónarmiði og frá listrænu sjónarmiði. Það er ekki alveg sama hvernig við förum með hús eða breytum gömlum húsum. Þá dettur mér sérstaklega í hug þetta hús, sem við erum staddir í, sem er eitt merkasta húsið í landinu og er sérstaklega friðað fyrir illri meðferð, en jafnframt verðum við að viðurkenna að þetta hús er ekki sérstaklega aðgengilegt fyrir fatlað fólk eða þá sem eiga við hreyfihömlun að stríða. Hitt er jafnljóst, að við verðum að finna ráð til þess að þetta fólk eigi sæmilega leið upp á þingpalla eða um sali þessa húss. Á því máli verður þó að taka af mikilli aðgæslu og vanda sig þegar farið verður að reyna þetta. Við megum ekki purpa niður okkar gömlu byggingar þannig að það verði stórlýti á húsunum, heldur verður að hugsa það vel hvernig þessi mál verða leyst, ekki eingöngu fjárhagslega, heldur líka frá listrænu sjónarmiði. Þetta ætla ég að leyfa mér að benda á í lokin.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 48). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Svo sem mönnum er kunnugt var Framkvæmdastofnun ríkisins sett á laggirnar af ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar, sem kom til valda árið 1971. Þá þegar var það svo, að þeir þrír stjórnmálaflokkar, sem aðild áttu að ríkisstj., Framsfl., Alþb. og SF, skiptu með sér stöðum útlánastjóra í stofnuninni, og hlýtur af því að verða að draga þá ályktun, að stjórnmálaflokkarnir hafi talið sér allnokkurn pólitískan ávinning að því að eiga menn í þessum embættum. Þá þegar gagnrýndu talsmenn Alþfl. þessa skipan mála, að eins konar pólitískir „kommissarar" væru settir í þessi embætti. 1974 urðu stjórnarskipti í landinu, eins og mönnum er kunnugt, og jafnframt urðu umskipti á „kommissörum" í Framkvæmdastofnun ríkisins í þá veru að þeir stjórnarflokkar, sem við tóku, — Sjálfstfl. og Framsfl. — höfðu jafnframt með höndum þessi embætti. Verður enn af því að draga þá ályktun, að þeir stjórnmálaflokkar hafi talið sér pólitískan ávinning að því að eiga menn í þessum embættum.

Nú segir sig alveg sjálft, að frá því á árunum eftir 1970 hefur geisað í landinu óðari verðbólga jafnaðarlega en nokkru sinni fyrr. Vextir hafa hins vegar verið afar neikvæðir og á það ekki síst við um stóran hluta útlána Byggðasjóðs, sem aftur þýðir að þarna er um styrki að ræða að stórum hluta og ekki lán. Gagnrýnendur hafa sagt, og ég tel mig vera einn af þeim, að það hafi verið í hæsta máta óeðlilegt að stjórnmálamenn, og í öllum þessum tilfellum alþm., hafi verið útlánastjórar í Framkvæmdastofnun. Nú skilst mér að svo sé, að þetta sé orðið einhvers konar ævistarf. Mér skilst að núv. fjmrh., Tómas Árnason, hafi einungis leyfi frá störfum meðan hann gegnir ráðherraembætti og vera litið þá svo á og það gangi sjálfvirkt, að hann fari aftur yfir í þetta embætti, þegar dagar þessarar ríkisstj. eru taldir. Af þessu virðist maður hljóta að draga þá ályktun, að Sjálfstfl. og Framsfl. hafi skipt þessari stofnun með sér, og enn ber að ítreka að pólitíski ávinningurinn virðist vera talinn allnokkur.

Hins vegar fóru fram kosningar í landinu í sumar, og ég held að það sé túlkun, sem ekki er fjarri lagi, að segja, að annars konar hugmyndir um það, hvernig við skipum málum í samfélaginu, hafi fengið allnokkurn hljómgrunn í þessum kosningum. M. a. það, þegar á allt er litið, að þetta sé ekki alls kostar rétt og jafnvel ekki sæmileg skipan mála, að stjórnmálamenn séu með þessum hætti að vasast í útlánum eins og þarna hefur verið.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er kveðið svo á, að skipulag og starfshættir Framkvæmdastofnunar ríkisins verði tekin til endurskoðunar. Ekki er kveðið nánar á um hvað þarna verði gert. En þangað til ég heyri annað, þá vænti ég þess og vona, að stjórnin ætlist til að sú endurskoðun feli í sér að þetta fyrirkomulag hinna pólitísku

útlánastjóra verði afnumið, en í staðinn skipaðir embættismenn til lengri eða skemmri tíma. Sú fsp. er þess vegna fram borin til hæstv. forsrh., með hverjum hætti ríkisstj. hugsi sér endurskoðun á Framkvæmdastofnun ríkisins og um útlánastjórana eða svokallaða „kommissara", hvort kerfi þeirra verði aflagt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Svar mitt er svo hljóðandi:

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. segir svo: „Mörkuð verði gerbreytt fjárfestingarstefna. Með samræmdum aðgerðum verði fjárfestingu beint í tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðfélagslega arðbærum atvinnurekstri. Fjárfesting í landinu verði sett undir stjórn sem marki heildarstefnu í fjárfestingu og setji samræmdar lánareglur um fjárfestingarsjóðina í samráði við ríkisstj."

Og í kafla samstarfsyfirlýsingarinnar um byggðastefnu segir svo: „Skipulag og starfshættir Framkvæmdastofnunar ríkisins og fleiri opinberra aðila verði endurskoðuð."

Ríkisstj. hefur falið sérstökum starfshópi, sem í eiga sæti Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur frá Framsfl., Lúðvík Jósepsson alþm. frá Alþb. og Björn Friðfinnsson lögfræðingur frá Alþfl., að gera till. um breytta stefnu í fjárfestingarmálum og þar með einnig breytingar á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins að því er varðar starfshætti hennar og skipulag. Í forföllum Guðmundar G. Þórarinssonar um skeið starfar Helgi Bergs bankastjóri í þessum starfshópi.

Þessum starfshópi hafa ekki verið sett nein fyrirmæli umfram það er felst í samstarfsyfirlýsingunni. Um þessi mál hafa að öðru leyti ekki enn farið fram formlegar umr. innan ríkisstj. og þá auðvitað því síður verið tekin nokkur ákvörðun. Ég á ekki von á því, að frekar verði fjallað um þetta af ríkisstj. hálfu fyrr en álit eða tillögur starfshópsins liggja fyrir.

Þau sjónarmið hafa heyrst frá einstökum þm. og jafnvel ráðh., að alþm. ættu ekki að vera forstjórar Framkvæmdastofnunar ríkisins, heldur skuli líta á þá sem hliðsetta bankastjórum, en sú venja hefur skapast, eins og kunnugt er, að bankastjórar sitja ekki á Alþ. og hafa ekki gert það nú um skeið, þó að aðrir hættir væru á því áður. En eins og ég sagði áður, þá liggur ekkert fyrir um afstöðu ríkisstj. til þessa á þessu stigi. Ég get því ekki gefið neinar yfirlýsingar um það.

Ekki verður annað séð af fsp. en fyrirspyrjandi eigi við forstjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins með orðinu „kommissarar". Af því tilefni vil ég aðeins láta þess getið, að samkv. lögum eru það ekki forstjórar Framkvæmdastofnunarinnar, sem taka ákvörðun um lánveitingar hennar, heldur þingkjörin stjórn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins í þessum umr. rifja það upp, að þegar lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins voru sett á sínum tíma að tilhlutan þáv. ríkisstj., sem í sátu Framsfl., Alþb. og SF, var Alþfl. í stjórnarandstöðu ásamt Sjálfstfl. Ég held að ég muni það rétt, að Sjálfstfl. hafi þá greitt atkv. gegn stofnun Framkvæmdastofnunarinnar á þeim grundvelli að þar væri verið að draga saman of mikið vald í hendur einnar opinberrar stofnunar. Þm. Alþfl., sem þá áttu sæti á Alþ., voru hins vegar fylgjandi þeim tilgangi með lögunum að koma fjárfestingarmálunum undir samræmda stjórn og efla áætlunargerð í landinu. Greiddu þeir þess vegna atkv. með lögum um að stofna skyldi Framkvæmdastofnun eða ríkisstofnun til að annast þessa hluti.

Þm. Alþfl. þá greindi hins vegar á við þáv. stjórnarliða í tveimur atriðum. Í fyrsta lagi voru þm. Alþfl. alfarið andvígir því kerfi, sem lögin gerðu ráð fyrir að væri viðhaft varðandi framkvæmdastjóra stofnunarinnar, sem sé að þeir skyldu vera jafnmargir þáv. stjórnarflokkum og aðeins ráðnir til þess tíma þar til næst yrði kosið, ef þá yrði um stjórnarskipti að ræða. Það var augljóst, hvert hér var stefnt. Það var stefnt að því, að þessir embættismenn, stjórnendur Framkvæmdastofnunar ríkisins, yrðu pólitískir legátar stjórnvalda á hverjum tíma í þessari stofnun, en ekki venjulegir embættismenn.

Annað atriði, sem þm. Alþfl. beittu sér gegn, var það, að sérstök deild innan Framkvæmdastofnunarinnar var undir forsjá hinna pólitísku „kommissara", sem ég leyfi mér að kalla svo, hagrannsóknadeild undir forustu Jóns Sigurðssonar, en þm. Alþfl. lögðu til að þessi hagrannsóknadeild yrði sjálfstæð stofnun, en lyti ekki stjórn pólitískra sendimanna ríkisstj. í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Þegar stjórnarskiptin urðu eftir kosningarnar 1974 tóku Sjálfstfl. og Framsfl. við stjórnartaumunum og forsrh. þeirrar ríkisstj., Geir Hallgrímsson, sem var æðsti yfirmaður Framkvæmdastofnunarinnar, beitti sér fyrir því, að lögin um Framkvæmdastofnun yrðu tekin til endurskoðunar. Þeir, sem fylgst höfðu með umr. á þinginu þegar lögin um Framkvæmdastofnun voru samþykkt, áttu von á því, að Sjálfstfl. beitti sér fyrir að stofnuninni yrði mjög verulega breytt eða áhrif hennar takmörkuð, a. m. k. yrði það ákvæði fellt úr lögunum að framkvæmdastjórar stofnunarinnar skyldu ráðnir — ég leyfi mér að segja: pólitískri ráðningu, þeir skyldu ekki vera starfandi stjórnmálamenn, en Sjálfstfl. hafði harðlega gagnrýnt það stjórnunarfyrirkomulag ásamt okkur. Þannig vildi hins vegar til, að sá Sjálfstfl., sem kominn var í ríkisstj. eftir kosningarnar 1974, virtist vera orðinn allt annar Sjálfstfl. en sat í stjórnarandstöðu kjörtímabilið þar á undan, vegna þess að þó að Sjálfstfl. féllist á þá afstöðu okkar Alþfl.-manna, sem ég held að þeir sjálfstæðismenn hafi verið sammála um, að hagrannsóknadeild ætti ekki að vera undir forsjá aðila kjörinna af hinu pólitíska valdi, og breyttu lögunum í þá átt að hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar skyldi verða sjálfstæð stofnun undir heitinu Þjóðhagsstofnun, þá féllust sjálfstæðismenn hins vegar ekki á að „kommissara"-kerfið skyldi afnumið verða.

Ég vildi einungis láta það koma fram, að við Alþfl.-menn ætlum að hegða okkur með sama hætti í þessu máli innan ríkisstj. eftir síðustu kosningar og við hegðuðum okkur í stjórnarandstöðu á síðustu tveimur kjörtímabilum. Það er alger krafa af okkar hálfu við þá endurskoðun, sem fer fram á lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins, að „kommissara"-kerfið verði afnumið.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 12. fundur.

Þriðjudaginn 31. okt., að loknum 11. fundi.

Lífríki Breiðafjarðar, þáltill. (þskj. 35). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Niðurfelling aðflutningsgjalda á vélum til fiskiðnaðar, þáltill. (þskj. 36). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bundið slitlag á vegum þáltill. (þskj. 39). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fisklöndun til fiskvinnslustöðva, þáltill. (þskj. 39). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði, þáltill. (þskj. 43). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Varnir gegn olíumengun í nágrenni Keflavíkurflugvallar, þáltill. (þskj. 44). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Orkusparnaður, þáltill. (þskj. 46). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 10. fundur

Miðvikudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Neðri deild, 10. fundur.

Miðvikudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 6). — Frh. 1. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Vegna umr. þeirrar, sem hér hefur fram í þessari deild um afnám deildaskiptingar Alþingis og hugsanlegt hagræði, sem af slíku kynni að vinnast, held ég að það sé rétt, einnig eftir ræðu Lúðvíks Jósepssonar, hv. 1. þm. Austurl., að við, sem þessar hugmyndir styðjum, gerum í örstuttu máli grein fyrir því, hvað við hyggjum að skynsamlegt sé að komi í staðinn, enda hefur þm. til þess hvatt.

Ég held að það sé söguleg staðreynd, sem öllum er ljós, að þrátt fyrir það að engar lagabreytingar hafi um það verið gerðar á undanförnum árum eða áratugum hefur þessi stofnun verið að þróast frá tvískiptingu í deildir eða frá tveimur deildum og annars vegar yfir til Sameinaðs þings og hins vegar yfir til nefnda. Æ meiri þungi sérfræðivinnu fer fram í nefndum og æ meiri málfundur fer fram í Sþ.

Hugmyndir þær, sem Finnur Torfi Stefánsson og fleiri hafa mælt fyrir um deildaskiptingu. Alþ., eru raunar mjög í samhengi við annað frv. sem liggur fyrir þessari d. og fjallar um aukið aðhalds- og eftirlitshlutverk nefnda. Þar er gert ráð fyrir því í fyrsta lagi, að aukinn hluti af þeirri starfsemi, sem hér hefur farið fram, fari fram í nefndum, og þar er einnig gert ráð fyrir því, að nefndir geri annað og meira en að ræða fram komin frv. eða ályktanir í þinginu, heldur að nefndir hafi beinlínis frumkvæðisskyldu og frumkvæðisrétt til þess að fjalla um mál. Í sjálfu sér skiptir ekki máli og er hagræðingaratriði, hvort í slíkum nefndum sitja 6 eða 12 eða 17 eða 18 þingmenn, eins og hér hefur verið nefnt. Það fer eftir því, hvernig við teljum hagkvæmt að skipa slíkum nefndum. En þegar allt er saman lagt, þá fæ ég ekki séð hvernig með nokkrum hætti er hægt að mæla gegn því, að það mundi vinnast mikil hagræðing hér í þinginu við það, að hin almenna umr. færi aðeins fram í einni deild, þ. e. a. s. sameinuðum þeim tveimur deildum sem nú eru fyrir, en hins vegar mundi meginþungi þingstarfa flytjast í þessar nefndir. Á næstu dögum verður gerð grein fyrir þessu frv. um nýskipan þingnefnda og starfsháttа þeirra.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, hversu ríkulega hangir saman, annars vegar hugmyndin um afnám deilda og starf þingsins í einni deild og hins vegar um mjög aukið hlutverk nefnda sem þá störfuðu fyrir opnum tjöldum þannig að allir borgarar gætu með fylgst. Auk þess sýnist mér nokkuð ljóst, sem nýgræðingi í þessari stofnun, að önnur regla til nýsköpunar yrði upp tekin, og hún er einfaldlega sú, að með einhverjum hætti sé ræðutími manna skammtaður. Þetta er hægt að gera án þess að verið sé að ganga á málfrelsi eða skoðanafrelsi manna. Þetta er hagræðingarregla, og ég held að sé henni beitt af hófsemi og skynsemi hlyti hún að leiða til þess, að öll störf þessarar samkomu yrðu skynsamlegri en verið hefur.

Kjarni málsins er einfaldlega sá, að vekja athygli á því, að hugmyndin um afnám deildaskiptingar og um starfsemi Alþingis í einni deild hangir nákvæmlega saman við annað frv. sem kveður á um útfærslu nefndastarfa, eftirlitsskyldu nefnda og það, að nefndir sjálfar hefðu frum-

kvæði að því að taka mál fyrir og að slík störf færu fram í sama heyranda hljóði og hefur gerst í þingdeildum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls um þetta frv. Bæði er nú það, að mér þótti eðlilegt að okkar ungu, nýju og fersku þm. neyttu óþreyttra krafta sinna með því að ræða það sér á parti, eins og forseti landsins sagði hér í minnisverðu ávarpi þegar við vorum að koma til þings, og annað hitt, að mér sýnast margir kostir fylgja þessu frv. og það er búið að tíunda þá rækilega hér úr þessum ræðustól.

En þegar líður nú á þessa umr. og ég er búinn að fylgjast með henni um tíma, þá sé ég fram á að það vantar enn nokkur atriði í þessa umr. sem varða málið miklu, og það eru einmitt þeir gallar, sem málið hefur, og það er ástæðulaust að liggja á þeim þegar menn eru að gera sér grein fyrir því, hvort eðlilegt er eða réttmætt að gera breytinguna eða ekki.

Það er mjög í tísku að tala um gallana á deildaskiptingu Alþingis, og það hefur verið rækilega tíundað hér á undanförnum dögum, hvað hún sé hroðaleg og hvað hún sé óheppileg, og margt ljótt um hana að segja. Ég verð að segja samt sem áður, þrátt fyrir það að ég viðurkenni þessi rök, að ég hef margoft horft upp á það, að frv. hafa batnað í seinni deild. Ég er tilbúinn að fara yfir þingsögu síðari ára með flm. í góðu tómi einhvern tíma og benda honum á býsna mörg frv. sem bötnuðu til geysilegra muna í seinni deild. Það er bent á að nefndastörf séu seinvirk og lítið sé unnið í nefndum, og það er alveg rétt að vissu leyti, að þetta tekur allt sinn tíma og sumar n. mættu vinna betur. Þó eru það einkum þeir, sem hér eru nýkomnir til starfa, sem hneykslast mest á þessu lélega nefndastarfi, og sannast þá enn hið fornkveðna, að þeir segja mest frá Ólafi kóngi sem aldrei heyrðu hann eða sáu.

Ég er ekki að bera á móti því, að nefndir vinni hægt. Ég held hins vegar að þær mundu ekki vinna að sama skapi hraðar sem fleiri væru í þeim. Ég held að t. d. 7 manna nefnd sé að ýmsu leyti skynsamleg stærð nefndar, það sé nokkuð mátulegur hópur, 5-7 menn, til þess að koma að skynsamlegri niðurstöðu. Ef þeir væru 14 eða kannske 20, þá væri miklu meiri hætta á því, að þeir gerðu nefndastörfin að málfundi og þar með færi mikill tími í þvaður og illa yrði farið með tímann.

Menn eru mjög að hneykslast á því, að mál sofni í n., og satt er það, að töluverður hluti af málum, sem fyrir þingið koma, sofnar. En það er ekki endilega vegna þess að n. vinni illa. Það þarf ekki að vera. Það getur verið vegna þess að einhverju leyti, en það getur líka verið vegna þess, að n. séu starfi sínu vaxnar og velji þann kostinn að láta þessi mál bara deyja í svefni. Við erum nú komnir með ein 60 mál hérna á borðin okkar, og ég væri til með að fara með flm. í góðu tómi í gegnum þennan bunka og benda honum á að þó nokkur hluti þessara mála er gallaður og þannig úr garði gerður, að hann á ekki beint erindi að renna greitt í gegnum þingið. Ég get nefnt dæmi um það, a. m. k. eitt, að það eru tvö mál um sama efni. Og það er meira að segja búið að boða að Ólafur Ragnar Grímsson ætli að flytja till. um olíumengun á Suðurnesjum, mál sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er nýbúinn að flytja. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson flutti mál um 18 ára kosningaaldur. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði það líka. Og þetta þarf náttúrlega samræmingar við í nefnd. Síðan er sumt af málunum í bunkanum um stjórnlagabreytingar allra handa breytingar sem ekki á við að gera nema rétt fyrir kosningar og þar fyrir alls ekki tímabært að renna þeim í gegn núna, jafnvel þó að þetta geti verið rétt og skynsamlegt. Þar á ofan held ég það kunni að finnast í þessum bunka mál sem eru rangt hugsuð.

Við vorum norður á Blönduósi, ég og hv. 1. flm. nú um daginn og þar flutti hv. 1. flm. málsins, Finnur Torfi Stefánsson, 2. landsk. þm., ræðu sem ég man a. m. k. eitt úr. Hann hafði það eftir einhverjum krata, að pólitík væri að vilja. Það er gott svo langt sem það nær. En ég vil nú meina að það sé ekki nóg að langa. Það er t. d. alls ekki nóg að vilja fá skerm. Það er t. d. alls ekki nóg að vilja fá pressu. *Það er alls ekki nóg að langa til að vera þm.* Meginatriðið er náttúrlega það og það sem við verðum allir að gæta okkar á, bæði ég og aðrir, að reyna að ráða við verkefni okkar, og ég held nú, þegar allt kemur til alls, að töluvert af því, sem komið er á borðin okkar, og töluvert af því, sem á eftir að bætast við, sé þannig úr garði gert að best sé að þögnin geymi það. Það er þægilegra fyrir flm. að málin séu hreinlega borin út og látin deyja í svefni í nefnd heldur en þau séu drepin hér opinberlega með aftökum og látum við lokaafgreiðslu á þinginu.

Hitt er svo annað mál, eins og hv. 2. landsk. þm. nefndi í ræðu sinni á mánudaginn var, að þessi mál hafa gert ofurlítið gagn ef þau mega verða til þess, að verða svörun við því sem hann kallaði auglýsingaþörfina og er býsna gott orð og skynsamlegt, eins og ég reyndar vissi að vel gæti komið frá þessum hv. þm.

En ef við færum nú að hafa opnar nefndir, eins og áhugasamir siðbótarmenn sem eru að neyta óþreyttra krafta sinna leggja til, þá er ég dauðhræddur. Ég hef svo sem ekkert fyrir mér í því, en ég er bara dauðhræddur um að þá kynni auglýsingaþörfin að fara að ríða húsum og opnar nefndir myndu alls ekki verða svo skilvirkar sem sumir þessir menn vilja vera láta, vegna þess að ef við þyrftum kannske 17 eða 20 allir saman að vera að auglýsa snilli okkar í n. fyrir fjölmiðlum, fyrir fólki utan úr bæ, þá er ég ekki viss um að þetta yrði eins skilvirkt og menn vilja vera láta, hvað þá þegar menn eru farnir að þvaðra um það, sem gerist á þingflokksfundum. Þá er náttúrlega illa komið. Ég hlustaði á hv. þm., form. Alþfl., Benedikt Gröndal, tala um það á beinni línu, að nú væru menn farnir að segja miklu frjálslegar frá því, — sem gerðist á þingflokksfundum, ég held að hann hafi orðað það svo, að nú létu menn ekki lengur bjóða sér það að þegja yfir því sem gerðist á þingflokksfundum. Ég held að þetta sé mesti misskilningur. Það þarf ekki að vera neitt ljótt sem gerist á þingflokksfundum, en menn úti í bæ á ekkert að varða um það sem gerist þar. Þingflokksfundir eru til þess að menn geti samræmt sjónarmið sín og tekið úr sér hrollinn. Þeir eiga að geta gert upp sín mál, og það er bara léttir fyrir þingið að þeir þurfa ekki að vera að gera það hér í ræðustól.

Hugsið ykkur nú t. d. hv. þm., ef hv. þm. Sjálfstfl. þyrftu að gera öll sín mál upp hér í ræðustól. Ég bið guð að forða okkur frá því. Ég held að hv. þm. Alþfl. hefðu líka gott af því að samræma sjónarmið sín og aðlaga sjónarmiðum ríkisstj. líka áður en farið er hér í ræðustól.

Þetta var um auglýsingaþörfina eða auglýsingahvötina og opið nefndastarf. Ég held að mergurinn málsins sé nefnilega sá, að það verk, sem við eigum að vinna hér á þessum stað, eigi ekki að vera showbusiness. Öll stjórn-

málastörf eiga að vera því marki brennd, að þau séu ekki showbusiness, heldur eiga þau að vera vönduð vinna. (Gripið fram í). Já, það er nú von að maðurinn spyrji, en ég veit a. m. k. að hann veit hvað er vönduð vinna.

Hitt er svo nokkuð mikil röksemd sem áhugamenn um hið breytta nefndastarf ber á borð, þ. e. um sérhæfingu þm., og hún er að vissu leyti ákaflega mikilvæg og ákaflega góð. En hún má ekki heldur ganga of langt. Ef sérhæfing gengur of langt, þá er hún með því hættulegasta sem fyrir getur komið. Ég held að fagidíótar séu það voðalegasta sem til er í þjóðfélaginu, þ. e. a. s. menn sem vita ákaflega mikið um ákaflega þröngt og takmarkað svið, því þegar þeir eru búnir að öðlast stórasannleik á sínu sérstaka áhugasviði, þá getur vel svo farið, að þeir verði starblindir á aðra þætti, sem líka þarf að hafa í huga og ómögulegt er að komast hjá að hafa einhverja innsýn í, og þá getur líka farið svo, að sérhæfðir gáfumenn verði bara meinlokustrákar og dellumakarar og jafnvel auglýsingaskrumarar. Þeir hafa ekkert að gera hér. Og það gæti meira að segja svo farið, ef ekki væri nema ein nefnd sem fjallaði um hvert mál í þinginu áður en það kæmi til endanlegrar afgreiðslu, að í þessa n. veldust að meiri hl. menn — ég veit að það er engin hætta á þessu enn þá og verður vonandi ekki í bráð, en einhvern tíma í framtíðinni gæti svo farið, að dellumakarar og meinlokustrákar veldust að meiri hl. í þessa nefnd. Það væri síður að þetta gæti skeð ef nefndirnar væru tvær. Ég lít svo á, að starf seinni n. sé fyrst og fremst endurskoðun þess sem fyrri n. gerði. Endurskoðandinn á að vinna á eftir reikningshaldaranum og a. m. k. líta á hlutina án þess að bókhaldarinn sé með honum og velta hlutunum fyrir sér sér á parti.

Þess vegna held ég, að menn þurfi þrátt fyrir allt og þó að deildaskipting þingsins hafi marga galla að velta fyrir sér líka kostum deildaskiptingarinnar, og þess vegna stóðst ég ekki mátið að segja þessi fáu orð. Ég geri að vísu ekki ráð fyrir að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, a. m. k. vona ég að svo verði ekki, jafnvel þó að margt sé gott í því, vegna þess að það er e. t. v. fullsnemma framkomið á kjörtímabili. En ég vildi láta þetta innlegg koma fram í þessum umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af sauðfjárafurðum, frv. (þskj. 59). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 59 legg ég fram fyrir hönd ríkisstj. frv. til 1. um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum. Frv. þetta er flutt í samræmi við samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna, þar sem samkomulag náðist um, að endurgreiða verðjöfnunargjald sem Framleiðsluráð landbúnaðarins ákvað s. l. vor að taka af framleiðslu sauðfjárafurða 1977. Um það var jafnframt samið, að 1 milljarður af þessu gjaldi, sem er samtals 1300 millj. u. þ. b. yrði greiddur á þessu ári og kemur það fram í grg. með frv.

Mér þykir rétt í þessu sambandi að gera stuttlega grein fyrir nokkrum meginatriðum þessa máls.

Eins og hv. þm. er að sjálfsögðu kunnugt, er heimilt að greiða úr ríkissjóði 10% af framleiðsluverðmæti á verði landbúnaðarafurða til bænda ár hvert sem útflutningsbætur. Þessi 10% hafa á síðustu tveimur árum ekki nægt til þess að brúa þann verðmun, sem hefur verið á innanlandsmarkaði og á erlendu verði á landbúnaðarafurðum, en fram til ársins 1976 má segja hins vegar að þetta hafi nægt til þess. Á verðlagsárinu 1976-1977 varð heildarþörf fyrir útflutningsbætur 2.8 milljarðar. Þá voru 10% útflutningsbætur 2.3 milljarðar. Hins vegar varð þá samkomulag um það í lok ársins 1977 að bæta við 488 millj. kr. sem var talið uppsöfnuð heimild þriggja ára á undan. Á því verðlagsári, sem nýlokið er nú, þ. e. a. s. verðlagsárið 1977-1978 verða 10% 3 milljarðar 597 þús., en heildarþörfin um 5 milljarðar og 500 þús., þannig að útflutningsbætur hafa hvergi nærri náð því að fullnægja allri verðjöfnunarþörfinni. Af þessum mismun, sem þarna er, tæpum 2 milljörðum, eru um 1300 millj. vegna sauðfjárafurða, en um 600 millj. vegna mjólkurafurða.

Því tók Framleiðsluráð landbúnaðarins þann kostinn s. l. vor, eins og fyrr segir, að leggja verðjöfnunargjald á sauðfjárafurðir. Var talið að það gjald þyrfti að vera 90-100 kr. á hvert kg. Fyrir meðaldilk, sem er um 14 kg., yrði þetta því um 1400 kr., eða fyrir meðalbú, við skulum segja með 500 dilka, þýðir þetta 700 þús. kr. skatt. Má öllum vera ljóst að hér er um verulega skattlagningu að ræða.

Ég vil jafnframt geta þess strax, að því miður horfir ekki til bóta að þessu leyti. Lítur út fyrir, að á verðlagsárinu, sem nú er hafið muni enn aukast umframbirgðir af landbúnaðarafurðum umfram það sem 10% ná til að verðjafna. Bráðabirgðatölur í ár benda til þess, að sauðfjárafurðir muni aukast um 8.4% og mjólkurafurðir að öllum líkindum um 5%, ef ekki eitthvað meira. Í ár er áætlað að 10% gjaldið verði um 5.5 milljarðar kr.

Ég vil jafnframt við þetta tækifæri geta þess, að ítarlegar tilraunir hafa farið fram nú upp á síðkastið á vegum markaðsnefndar landbúnaðarins, — tilraunir sem beinast að því að finna hagkvæmari markað fyrir landbúnaðarafurðir. Þetta hefur töluvert verið rætt í fjölmiðlum. Ég vil til viðbótar því, sem þar hefur komið fram, geta þess, að því miður virðist ekki finnanlegur markaður fyrir landbúnaðarafurðir sem greiðir meira en í kringum 50% af óniðurgreiddu heildsöluverði innanlands. Skásta verðið fæst í Noregi að öllum líkindum, í kringum 50%, Færeyjum í kringum 47%, í Danmörku svipað, 47%, og í Svíþjóð 40%. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur frá tilraunasendingum til Frakklands og Bandaríkjanna, en að öllum líkindum eru þær tölur nokkru lægri en þær sem ég hef nefnt, og stafar það t. d. hvað viðvíkur Frakklandi fyrst og fremst af mjög háum innflutningstollum, bæði inn í Efnahagsbandalagið og einnig inn í Frakkland. Af mjólkurafurðum fæst langsamlega besta verðið fyrir ost. Óðalsostur selst fyrir um það bil 48% heildsöluverðs, en annar ostur fyrir töluvert lægra verð. Það má segja að einu landbúnaðarafurðirnar, sem ná nokkurn veginn innanlandsheildsöluverði, eru nýru og hjörtu, sem eru nokkurn veginn í fullu verði, og lifur, sem er aðeins lægri, en það er að sjálfsögðu ákaflega lítið magn.

Engum er ljósara en bændum að þetta ástand getur ekki orðið svo til frambúðar, og hafa þegar starfað nefndir með fulltrúum bænda sem lagt hafa fram bráða-

birgðatillögur um aðgerðir til að draga úr þessari umframframleiðslu. Fyrst vil ég nefna 7 manna nefndina svokölluðu, sem nýlega hefur skilað áliti. Álit 7 manna nefndarinnar er í allmörgum liðum og ætla ég hér aðeins að nefna þrjá. Eins og ég sagði áðan, leggur n. áherslu á að þar er um bráðabirgðatillögur að ræða þar til stefnumörkun til lengri tíma hefur átt sér stað í landbúnaðarmálum.

Nefndin leggur til að Framleiðsluráði landbúnaðarins verði veitt allvíðtæk heimild til þess að leggja bæði innvigtunargjald á sauðfjárafurðir og ákveða tolla af innfluttum fóðurbæti í því skyni að draga úr framleiðslunni þegar hún er of mikil. Kvótakerfi þessu, sem svo hefur gjarnan verið nefnt, er lýst í tillögum n. Er gert ráð fyrir því, að það verði því hærra sem búið er stærra, fari upp í 10% hjá framleiðendum sem eru utan lögbýla, verði 8% hjá býlum með yfir 800 ærgildi, 6% af grundvallarverði hjá býlum með 600-800 ærgildi, 4% hjá býlum með 400-600 ærgildi, en hjá býlum með 400 ærgildi eða minna verði gjaldið 2% af grundvallarverði. Í tillögum n. er gert ráð fyrir því, að þessu gjaldi verði varið til þess að aðstoða bændur við að minnka bú sín, m. ö. o. að halda tekjum þeirra uppi meðan þessi skerðing fer fram. Jafnframt, eins og ég sagði áðan, er lagt til að fóðurbætisskattur verði lagður á innfluttan fóðurbæti.

Athuganir hafa sýnt, að mjög mikil fylgni er á milli fóðurbætisnotkunar og mjólkurframleiðslu. Fóðurbætisnotkunin eykst markvisst með hagstæðu hlutfalli á milli mjólkur- og fóðurbætisverðs, enda má segja að slíkt sé ekki óeðlileg viðleitni bóndans til þess að bæta tekjur sínar. Fyrir um það bil 1 kg af fóðurbæti fást samkv. kenningunni a. m. k. 2 ef ekki 2.5 lítrar af mjólk. Hins vegar þarf nú aðeins um 0.5 lítra af mjólk til að greiða fyrir kg af fóðurbæti, enda hafa búreikningar nú sýnt að fóðurbætisnotkunin er svo mikil að mjólkurframleiðslan fyrir hvert kg er komin jafnvel töluvert niður fyrir 1 lítra. Ég tel því ljóst að þarna sé um ofnotkun á fóðurbæti að ræða og eðlilegt að draga úr þeirri notkun með einhverju móti. N., eins og ég sagði áðan, leggur til að tekin verði upp tollur á innfluttan fóðurbæti.

Í þessu sambandi er jafnframt rétt að hafa í huga samkeppni innflutts fóðurbætis við fóðurverksmiðjur þær sem hér eru starfræktar. Innfluttur fóðurbætir hefur sveiflast mjög í verði og verið mjög háður aðstöðu á meginlandi Evrópu og víðar, oft orðið verulegt verðfall vegna mikillar framleiðslu eða vegna opinberrar aðstoðar við landbúnaðarframleiðslu í þeim löndum. Ég hygg að flestir, sem þessum málum eru kunnugastir, telji útilokað að starfrækja hér fóðurbætisframleiðslu við þessar aðstæður, ef hún á að vera svo háð þeim sveiflum sem verða á þessum innflutningi, enda má geta þess, að aðrar þjóðir, eins og t. d. Norðmenn, hafa tekið þau mál föstum tökum og reynt að samræma á milli innflutts fóðurbætis og þess sem framleiddur er innanlands. Þetta er að mínu mati önnur ástæða til þess að skoða verður vandlega fóðurbætisinnflutninginn. En ástæðan, sem n. lítur að sjálfsögðu fyrst og fremst á, er sú mikla mjólkurframleiðsla sem fylgir þessari miklu fóðurbætisnotkun.

Ég hygg að menn geti flestir verið sammála um að það er vafasamt hagræði í því að flytja inn fóðurbæti og framleiða síðan smjör sem ekki selst úr landi nema fyrir kannske 15—18% af framleiðslukostnaði. Að vísu væri unnt að breyta meiru en nú er í osta, sérstaklega óðalsost, sem selst skást, eins og ég sagði áðan, en til þess þarf verulega fjárfestingu í vinnslustöðvum landbúnaðarins.

Af öðrum tillögum 7 manna n. vil ég loks nefna þá tillögu hennar að gera úttekt á búskaparaðstöðu um land allt, og gerir n. ráð fyrir að slík úttekt yrði grundvöllur að langtímastefnu á sviði landbúnaðarins. Ég hef þegar falið svonefndri áætlunarnefnd að gera tillögur um það, hvernig slík úttekt gæti farið fram. En ég er 7 manna n. sammála um það, að þetta er mikilvægt skref til að afla nauðsynlegra upplýsinga sem eru að sjálfsögðu grundvöllur að skynsamlegri áætlun um framtíð íslensks landbúnaðar.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. eru ákvæði sem eru til leiðbeiningar við það starf sem þegar er hafið, stefnumörkun í landbúnaði. Fyrst og fremst vil ég lesa með leyfi forseta eftirfarandi kafla úr þeirri samstarfsyfirlýsingu. Þar segir: „Stefnt verði að sem hagkvæmustu rekstrarformi á rekstrarstærð búa og að framleiðsla landbúnaðarvara miðist fyrst og fremst við innanlandsmarkað.“ Sömuleiðis segir þar: „Endurskoðað verði styrkja- og útflutningskerfi landbúnaðarins með það að marki, að greiðslur komi bændum að betri notum en nú er.“ Og loks: „Lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins verði breytt, m. a. á þann hátt, að teknir verði upp beinir samningar fulltrúa bænda og ríkisvaldsins um verðlagsframleiðslu- og önnur hagsmunamál landbúnaðarins. Jafnframt verði Framleiðsluráði veitt heimild til að hafa með verðlagningu áhrif á búvöruframleiðslu í samræmi við markaðsaðstæður.“

Með tilvísun til þess, sem ég las hér síðast, vil ég vekja athygli á því, að gert er ráð fyrir að Framleiðsluráði verði heimilt að hafa með verðlagningu áhrif á búvöruframleiðslu í samræmi við markaðsaðstæður. Ég tel tvímælalaust að tillögur 7 manna nefndar falli undir þennan lið.

Mér hefur borist bréf frá stjórn Stéttarsambands bænda, þar sem áhersla er lögð á að frv. um breytingar á framleiðsluráðslögum, sem fylgja tillögum 7 manna nefndar, verði flutt á hinu háa Alþingi sem fyrst og komi til framkvæmda svo fljótt sem unnt er. Er nú unnið að því að undirbúa þann málflutning.

Í öðru lagi vil ég geta þess, að starfandi er framleiðsluráðslaganefnd, sem fjallar um breytingar á framleiðsluráðslögunum í samræmi við það ákvæði samstarfsyfirlýsingarinnar, að teknir skuli upp beinir samningar ríkisvalds við bændur um kjör bændastéttarinnar og markaðsverð. Ég hef óskað eftir því við þá n., að hún skili áliti ekki síðar en fyrir áramótin, þannig að tillögur hennar geti komið til umr. á Alþingi strax eftir áramót.

Með tilliti til þess ákvæðis, sem ég las áðan um endurskoðun á styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins, vil ég segja þetta:

Þetta er nú í skoðun í landbrn. Mér er ljóst að gera þarf verulegar breytingar á þessu styrkjakerfi, fyrst og fremst til þess að nota megi styrkina á samræmdan hátt með öðrum þáttum í landbúnaðarmálum til þess að ná því meginmarkmiði sem ég hef nefnt og mun ræða nánar.

Ég tel að meginmarkmið í langtímastefnu fyrir landbúnað hér á landi eigi fyrst og fremst að vera þrjú: Í fyrsta lagi að tryggja bændum tekjur sem eru sambærilegar við þau laun sem aðrar stéttir í þjóðfélaginu hafa eins og þeim er ætlað samkv. lögum og reglum þar um. Í öðru lagi ber að takmarka framleiðsluna sem næst við innanlandsmarkað, en leggja jafnframt áherslu á að gera hana fjölbreyttari eins og aðstæður leyfa. Í þriðja lagi verður ekki hjá því komist að taka tillit til byggðamála og

byggðastefnunnar hverju sinni þegar landbúnaðarstefnan er ákveðin. Landbúnaður er einn meginhornsteinn byggðar víða um land og verður að taka tillit til þess.

Ég hef í huga og er undirbúningur reyndar hafinn að því, að á Alþ. verði flutt þáltill. um stefnumörkun í landbúnaði, þar sem þessi atriði og e. t. v. fleiri og nánar útfærð að sjálfsögðu verða rakin. En jafnvel áður en til þess kemur tel ég nauðsynlegt að vinna að samræmingu á fjölmörgum þáttum landbúnaðarmála til þess að nálgast megi þau markmið sem sett eru fram í samstarfsyfirlýsingunni. Ég hef nefnt styrki samkv. jarðræktarlögum og búfjárræktarlögum. Ég vil einnig nefna starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins, starfsemi Búnaðarfélags Íslands og leiðbeiningaþjónustu, sem að sjálfsögðu verður að falla að þeirri stefnu sem ákveðin er, starfsemi Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, og fleira mætti nefna.

Herra forseti. Ég hef talið rétt að gera stuttlega grein fyrir nokkrum meginatriðum sem nú er unnið að á vegum landbrn. og nefnda sem á þess vegum starfa og starfa í samræmi við meginatriði samstarfsyfirlýsingar stjórnarflokkanna. Ég hef talið rétt að gera það, því að um landbúnaðarmálin hafa orðið nokkrar umr. Vona ég að það, sem ég hef hér sagt, varpi nokkru ljósi á það sem verið er að leitast við að gera. En ég vil leggja á það áherslu að lokum, að sú stefna, sem fylgt hefur verið, — stefna, getum við sagt, vaxandi framleiðslu, — hefur nánast verið nauðvörn bændastéttarinnar. Bændur eru viðurkenndir í lægsta flokki með laun og þeir hafa orðið að leita leiða eins og flestir launþegar til að útvega sér aukavinnu, viðbótarvinnu, og það hefur verið gert með því að stækka búin og auka framleiðsluna. Ég hygg að engum sé ljósara en bændum að þessari stefnu er ekki hægt að fylgja áfram, og bændur hafa sýnt það einmitt með því að taka virkan þátt í athugun á leiðum til þess að snúa þessari stefnu við, m. a. samþykkt verulegar álögur á sjálfa sig til að nálgast slík markmið.

Ég legg jafnframt áherslu á að mörkun stefnu í landbúnaði er ekki einfalt mál. Nokkurn tíma tekur að snúa við þeirri þróun sem hefur verið undanfarin ár. Sérstaka áherslu legg ég á að slíkt verður að gerast í samráði við bændastéttina, enda er það grundvallarsjónarmið þessarar ríkisstj., að hún vinnur að framkvæmd markmiða sinna í samráði við aðila vinnumarkaðarins eins og hvað eftir annað hefur komið fram.

Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til hv. landbn. og 2. umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég kem nú ekki í þennan ræðustól til að gagnrýna efni þessa frv. Ég get lýst fylgi við meginefni þess, þótt ég hafi fyrirvara um afstöðu mína hvað varðar einstaka framkvæmdaþætti. Ég lít svo til, að hvaða ríkisstj. sem mynduð hefði verið á haustdögum hefði ekki komist hjá því að ganga til móts við bændastéttina í sambandi við það verðjöfnunargjald sem tekið hafði verið af framleiðslu ársins 1977. Það hefði verið hægt að hugsa sér ýmis tilbrigði í því, hversu langt ætti að ganga á þeirri braut, sem hefði þá væntanlega mótast af því, með hvaða hætti aðrar efnahagsaðgerðir hefði verið sem gerðar voru á s. l. hausti., t. d. hversu langt væri gengið til móts við þarfir eða óskir annarra stétta, svo sem launastéttanna, hvaða ráða hefði verið gripið til í sambandi við skattlagningu o. s. frv., o. s. frv. Allt um það var staða þessara mála þannig, að óhjákvæmilegt var að ganga a. m. k. að verulegu leyti til móts við þær þarfir sem fyrir hendi voru hjá bændastéttinni. Aðrar aðgerðir þessarar ríkisstj. í þeim efnum, sem ég hef nefnt og birtust í brbl. frá því í sept., voru auðvitað með þeim hætti, að ekki var verjandi annað en ganga a. m. k. eins langt og hér er gert.

Í sambandi við þetta mál hef ég talið eðlilegt að kæmu fram nokkru fyllri upplýsingar frá hæstv. ríkisstj. en hér hafa þegar verið gefnar, ef hæstv. landbrh. treystir sér til á þessu stigi máls:

Hverjar eru fyrirætlanir ríkisstj. í sambandi við þessi mál á næsta ári? Það er ljóst að útflutningsbótaþörfin á næsta ári samkv. 10% reglunni er ekki 5.5 milljarðar, eins og mér heyrðist hæstv. ráðh. segja. Samkv. fjárlagafrv. er um 4.5 milljarða að ræða. Þar er hins vegar um 837 millj. að ræða til viðbótar, í fyrsta lagi vegna þess að 300 millj. samkv. þessu frv. eiga að greiðast á næsta ári og 537 millj. vegna vanáætlunar til þessa útgjaldaliðar á fjárl. þessa árs. Ef ég hef skilið fjárlagafrv. rétt, er hér um 5.3 milljarða að tefla alls og þar af 4.5 milljarða vegna framleiðslu yfirstandandi verðlagsárs. Nú hefur ekki komið fram hvort hæstv. ríkisstj. hugsar sér að bæta þann halla að meira eða minna leyti umfram 10% regluna, sem búast má við að verði vegna mikillar framleiðslu á þessu hausti og framleiðslu þessa verðlagsárs í heild. Þetta væri æskilegt að vita, ef hæstv. landbrh. treystir sér til að upplýsa það.

Ég lít svo til að það sé rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að það þurfi að breyta um stefnu og móta nýja heildarstefnu hvað snertir framleiðslumál landbúnaðarins. Að þessu hefur verið unnið á undanförnum missirum, og m. a . liggja fyrir tillögur svokallaðrar 7 manna nefndar frá Stéttarsambandi bænda, — tillögur sem hæstv. ráðh. vitnaði nokkuð í. Það kom hins vegar ekki fram í hans máli, hvort hæstv. ríkisstj. hefur tekið um það ákvörðun að breyta framleiðsluráðslögum í þá átt sem þessar till. stefna. Ef ákvarðanir liggja fyrir um slíkt hjá hæstv. ríkisstj., þá væri mér þökk á því að fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðh.

Hitt er algerlega ljóst, að það kostar nokkurn tíma og þarf að gefast svigrúm fyrir bændastéttina til þess að breyta um stefnu. Til þess að ná því markmiði að draga úr eða stöðva framleiðsluaukningu miðað við það framleiðslumagn, sem er nú í dag, þarf svigrúm. Ljóst er að engin lagabreyting hefur verið gerð til þessa á framleiðsluráðslögunum, sem hefur áhrif í þá átt að takmarka eða draga úr framleiðslu sauðfjár í landinu á næsta hausti. Þess vegna þarf bændastéttin að fá svigrúm til þess að aðlaga sig nýjum aðstæðum. Mér sýnist að til þess þurfi a. m. k. 2-3 ár. Þann tíma sýnist eðlilegt að ríkisvaldið gangi til móts við bændastéttina jafnvel umfram þær reglur sem nú eru í gildi í lögum til þess að ná þeim markmiðum fram að draga úr framleiðlsuaukningunni. Um þessi efni vildi ég gjarnan heyra frekar frá hæstv. ráðh., ef hann hefur upplýsingar fram að færa.

Fyrir liggur að aukning á sauðfjárframleiðslunni á þessu ári varð um 8—8.5%, og það er erfitt að segja fyrir um hvernig tekst að selja þessar afurðir. Það er því ekki hægt að segja fyrir um það með nokkurri vissu, hvernig 10% útflutningsbótareglan dugar vegna framleiðslu þessa verðlagsárs. En eins og ég raunar þegar hef sagt, er mjög hætt við því, að þar vanti nokkuð á. Ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér nákvæmlega tillögur 7 manna

nefndarinnar, en nokkuð þó, og ég vil aðeins segja um þær, að mér virðist þar að mörgu leyti um athyglisverðar till. að ræða, — tillögur sem miða að því marki að stöðva framleiðsluaukninguna og halda framleiðslunni nokkurn veginn við það mark sem hún er í dag. Við þurfum þó að fara nokkuð varlega í þessum efnum, vegna þess að eitt eða tvö harðæri í landi, sem ekki eru óþekkt fyrirbrigði, gætu orðið til þess að stórskerða framleiðslu landbúnaðarins. Landbúnaðurinn er atvinnuvegur sem þolir illa miklar sveiflur. Hann er í rauninni hægfara í öllum breytingum. Snöggar breytingar kosta allt of mikið fé og það þarf að fara varlega í harkalegar breytingar. Þetta segi ég sem varnaðarorð, enda þótt ég taki að fullu undir það að breytinga er þörf. Við megum ekki halda áfram að stefna til aukinnar framleiðslu.

Hæstv. ráðh. rakti hér í nokkrum efnum þær fyrirætlanir sem rn. hefur um breytingar á landbúnaðarstefnunni, og það nálgaðist það, að það þyrfti að umbylta stefnunni á flestum sviðum. Stefnan er auðvitað þess háttar, að það þarf mörgu að breyta og margt að bæta, og skal ég ekki fara út í að rekja einstaka þætti þeirra mála frekar fyrr en þá ber að okkar garði hér á hinu háa Alþ. En meðal þess, sem hæstv. ráðh. gat um, var að það þyrfti að sjá til þess að tryggja laun bænda, orðaði hann það, — ég vildi orða það: að tryggja tekjur bænda, að tekjur bænda yrðu ekki lakari en annarra stétta þjóðfélagsins. Mér sýnist nú að hæstv. ríkisstj. hafi þegar gert eitt snilldarbragð til þess að auka tekjur bænda. Hún hefur sem sé með einu pennastriki hækkað tekjur bænda um nokkur hundruð þús. kr. að meðaltali á bónda á árinu 1977, 500 þús. til 1 millj. kr. á hvern meðalbónda í landinu. Þetta hefur ríkisstj. gert með einu pennastriki án þess að nokkur hafi þurft að borga nema bændurnir sjálfir. Þetta snilldarbragð var í því fólgið að taka fyrningarliðina á skattframtali bænda og bæta þeim við tekjurnar. E. t. v. er þetta ráð hæstv. ríkisstj. til þess að útrýma þeim mun sem hefur verið á tekjum bænda annars vegar og ýmissa launastétta hins vegar. Ég vænti þess, að síðari aðgerðir hæstv. ríkisstj. til að tryggja tekjur bænda verði með öðrum hætti en hinar fyrstu.

Þessi leikbrögð með skattframtöl bænda sem og annarra atvinnurekenda í landinu til þess í fyrsta lagi að hækka tekjur þeirra og gera þær þannig að auknum gjaldstofni til ríkisins eru að mínum dómi ákaflega einkennileg. Ef á að taka upp þá stefnu að bæta fyrningum við tekjur, þá er erfitt að sjá fyrir hvernig eigi að viðhalda tækjakosti og endurnýja tækjakost og annað það sem til atvinnurekstrarins þarf. Hér er að mínum dómi um forkostulega stefnu að ræða, forkostuleg leikbrögð, en þó í senn snilldarbragð til þess að hækka á pappírnum tekjur t. d. bændastéttarinnar og e. t. v. gert til þess að þeir geti ekki lengur sagt að þeir séu tekjulægsta stéttin í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma. Ég vil ítreka það, að ég styð meginefni þessa frv. og tel, miðað við það ástand sem ríkir í þessum málum, að það hafi verið eðlilegt og ekki hægt að komast hjá því að ganga svo til móts við þarfir bænda á þessu sviði. Og ég tel nauðsynlegt að huga að þeim árum sem verða að vera svigrúm bændastéttarinnar til þess að aðhæfa sig nýrri stefnu í framleiðslumálum. Því vil ég beina til hæstv. ráðherra.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki lagt í vana minn að eyða miklu af tíma hv. deilda eða Alþingis þegar landbúnaðarmál hefur borið á góma. En skýringin á því, að ég stend hér upp, er sú, að ég hef ekki tækifæri annars staðar á þingi en hér að leita mér upplýsinga um þau mál sem ég tel mig þurfa að fá til að gera upp hug minn þegar mál koma til lokaafgreiðslu í þessari hv. deild eða annars staðar.

Ég vil benda hv. alþm. á það, að Framleiðsluráð landbúnaðarins er nefnd framleiðendanna sjálfra. Það er ekki ríkisskipuð nefnd, það er nefnd framleiðendanna sjálfra. Síst ætla ég að lasta það, að álagningin sé frjáls og framleiðendur og atvinnurekendur segi til um hvað þeir þurfi að fá til þess að standa undir eðlilegum kostnaði við framleiðsluna að sjálfsögðu afskriftum og hagnaði. En ég vildi fá staðfestar upplýsingar, sem ég hef fengið, og því vil ég spyrja hæstv. landbrh.: Er það rétt, að álagning, þ. e. a. s. söluþóknun eða „kommission", ef maður orðar það eins og það er þekktast, sé greidd af kostnaðarverði landbúnaðarafurða, en ekki af því verði sem fæst fyrir vöruna? Segjum sem svo, ef landbúnaðarafurðir kosta 100 kr. í framleiðslu, en seljast á 25 krónur, einn fjórða eða helming af kostnaðarverði, að útflutningsaðilinn, sem sagt umboðsmaður þeirra útlendinga sem kaupa af okkur niðurgreidda vöru og er þá íslenskur aðili, fái þá umboðslaun af 100% kostnaðarverði. Þetta hlýtur að þýða, ef rétt er, að umboðslaunagreiðsla á sér stað af því fé sem er niðurgreiðsla af vörunni. Því spyr ég: Er þetta rétt eða er þetta rangt? Ég óska eftir að fá svar við þessu að gefnu tilefni, því að í greinargerð með þessu frv. segir:

„Vegna vaxandi framleiðslu og sölu innanlands á sauðfjárafurðum hefur orðið að innheimta verðjöfnunargjald af framleiðslu sauðfjárafurða bænda frá haustinu 1977 sem er áætlað að muni nema um 1300 millj. kr.

Verðábyrgð ríkissjóðs á útfluttum sauðfjárafurðum, sem fer eftir 12. gr. laga nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl., hefur reynst lægri en þurft hefur fyrir framleiðslu sauðfjárafurða haustið 1977 sem áðurnefndum missmun nemur, og hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins orðið að grípa til töku verðjöfnunargjalds af grundvallarverði sauðfjárafurða til bænda til að greiða með útflutningum."

Ef það er rétt, að inn í þennan útflutningskostnað komi þessi umboðslaun til útflytjenda sem ég var að gera hér að umræðuefni, þá er þetta stóralvarlegt mál. Það getur vel verið að þetta sé allt löglegt. Það getur vel verið að það sé í lögum, að það eigi að greiða útflytjendum umboðslaun af hærri upphæð en þeir útvega fyrir vöruna erlendis frá. En ef svo er, þá þarf að leiðrétta þetta og þá gætu þessar álögur, jöfnunargjaldið, sem við erum að tala um, orðið lægri en ella.

Þetta er ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., og miðað við það, sem við höfum lesið um landbúnaðarmál frá sumum samstarfsflokkanna innan ríkisstj., hefði ég gjarnan viljað heyra frá þeim aðilum innan ríkisstj., sem mest hafa skrifað á móti núverandi landbúnaðarstefnu, hvort þeir hafi gert sér ljósa grein fyrir því, hvað hér er um að vera, ef upplýsingar mínar eru á einhverjum rökum reistar. Ég endurtek: Ég spyr hér í ræðustól vegna þess að ég hef ekki tækifæri til þess að spyrja á hv. Alþ. sem alþm. á neinum öðrum vettvangi.

Eg vil taka undir það sem hér hefur komið fram, að að

sjálfsögðu á að tryggja það, að bændur eins og allir aðrir starfshópar í landinu njóti mannsæmandi lífsviðurværis, og það gæti verið liður í því að sjá um að bændur hafi mannsæmandi lífsviðurværi, að landbúnaðarafurðir séu ekki of dýrar í meðförum milliliða heima hjá okkur sjálfum, og á ég þá sérstaklega við það sem flutt er úr landi. Sé svo, að það séu einhverjir fleiri álíka kostnaðarliðir og þessi sem ég var að tala um sem eru faldir í vöruverðinu frá því að það myndast heima í héraði og þangað til það er komið til þeirra aðila erlendis sem neyta vörunnar, þá þarf að athuga það um leið. Er hægt að gera eitthvað annað en að halda áfram að bæta álögum, sköttum á okkar útflutningsafurðir?

Þetta er í aðalatriðum það sem ég vildi gjarnan varpa fram sem fsp. til hæstv. landbrh. núna. Ef hann er ekki tilbúinn að svara þessari spurningu nú þegar, þá skil ég það. Ég legg enga áherslu á að hann geri það á þessum fundi, en að hann svari því þá hér úr ræðustól við 2. umr. þessa frv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að það er eðlilegt að fengið verði svar við þeim spurningum sem hann bar hér fram. Hv. þm. tjáði okkur að hann ætti ekki aðgang að upplýsingaöflun með sama hætti og flestir aðrir þm., þ. e. a. s. gegnum nefndakerfi þingsins. Ég er alveg sannfærður um að þm. Alþfl. mundu fúslega greiða fyrir hv. 1. þm. Reykv. í þessu skyni. Ef hann hefur áhuga á að fá upplýsingar í gegnum nefndakerfi þingsins, þá er ég sannfærður um, að þm. Alþfl. eru fúsir til þess að greiða þar fyrir honum, og hef ekki trú á öðru en t. d. fulltrúi Alþfl. í þeirri nefnd, sem hér er um að ræða, hv. 2. landsk. þm., muni leita eftir svörum t. d. við þessum fsp. frá hv. 1. þm. Reykv. og fleiri áhugamálefnum hans ef hann óskar eftir því.

Ég ætla ekki að fara ýkjamörgum orðum um það frv. sem hér er til umr. Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, voru orð hæstv. landbrh. um landbúnaðarmál almennt. Ég tek það fram, að í stjórnarsáttmálanum er beinlínis sagt að stefnan í landbúnaðarmálunum verði tekin til endurskoðunar og m. a. í þá átt að eðlilegra markaðssjónarmiða gæti í meira mæli en verið hefur. Ég vænti að sjálfsögðu góðs af slíkri endurskoðun, því að við höfum lengi haft áhuga á því, Alþfl.-menn, að slík endurskoðun fari fram.

Um þær hugmyndir, sem hæstv. ráðh. lýsti hér úr ræðustól, vil ég aðeins segja það, að þær eru að sjálfsögðu allrar athygli verðar og ber að skoða þær gaumgæfilega, og ekki skal standa á okkur Alþfl.-mönnum að athuga þær vel. Með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fram komu hjá hæstv. landbrh. um þau efni, takmarkaðar að vísu, héðan úr ræðustól áðan, skiptir þó að sjálfsögðu talsvert miklu máli hvort t. d. sá kjarnfóðurskattur, sem hæstv. ráðh. ræddi um, eigi að reiknast inn í búvöruverð til hækkunar eða ekki. Ef um er að ræða skatt sem á að verka til hækkunar á búvöruverði, þá er að sjálfsögðu um að ræða skattlagningu á neytendur búvara. Þá er um það að ræða, að verið er að leggja byrðar af — við skulum segja: umframframleiðslu á landbúnaðarafurðum á herðar neytenda í auknum mæli frá því sem nú er. Auðvitað ber að athuga allt slíkt mjög gaumgæfilega áður en frá því er gengið. Það verður sjálfsagt gert, og ég vænti þess, að hæstv. landbrh. muni greiða fyrir að allar slíkar upplýsingar fáist.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, við höfum gert það áður. Alþfl.-menn, úr ræðustól í þessari hv. deild og raunar í hv. Ed. líka, að við teljum að sú landbúnaðarstefna, sem fylgt hefur verið á Íslandi undanfarna áratugi, hafi orðið bæði bændum í landinu, neytendum og ríkissjóði ákaflega dýr og til mikilla óheilla. Ég flutti í fyrravetur frv. til l. um breyt. á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. þar sem lagt var til að stíga fyrstu skrefin í átt að því sem ég tel eðlilegri skipun á verðábyrgð vegna útfluttra landbúnaðarafurða. Með þeim ákvæðum, sem sett voru í lög um þessi efni á sínum tíma, var verðábyrgðinni þannig hagað, eins og þm. er kunnugt, að áætlað er heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í landinu, þ. e. a. s. allra hinna hefðbundnu búgreina og hliðarbúgreina enn fremur, svo sem tekna af hlunnindum, tekna af seladrápi, tekna af dúntöku, tekna af laxveiðum o. s. frv., o. s. frv. Þessi framleiðsluverðmæti allra þessara aðalbúgreina og hliðarbúgreina eru síðan lögð saman, tekin af þeim 10% upphæð og þessi 10% eru það sem verðábyrgðin vegna útflutningsframleiðslunnar á að nema. Menn vita að það eru fyrst og fremst afurðir tveggja búgreina sem fara til útflutnings, þ. e. a. s. afurðir sauðfjárræktar og afurðir nautgriparæktar, en verðmæti annarra búgreina og hliðarbúgreina styðja að bótum á útflutning þessara tveggja búgreina einna. Aðeins þessi þáttur í landbúnaðarstefnunni og framkvæmd hennar hefur að mínu viti beinlínis stuðlað að mikilli umframframleiðslu landbúnaðarafurða í landinu. Til dæmis að taka, svo að eitt örlítið dæmi sé nefnt, hafa útflutningsbæturnar í jafnvirðiskrónum hækkað frá árinu 1963-64 til ársins 1976-77 um 71.8%. Það eru sem sé 71.8% fleiri jafnvirðiskrónur, gullkrónur, sem fara í útflutningsuppbætur á árinu 1976-77, heldur en við fáum til þeirra hluta á verðlagsárinu 1963-64. Þannig hefur þetta kerfi beinlínis stuðlað að offramleiðslu og kallað á sífellt aukin framlög úr ríkissjóði til þess að standa undir kostnaði við útfluttar landbúnaðarafurðir. Á sama árabili, á árunum 1963-64 til verðlagsársins 1977-78, þetta eru alls 15 ár, hefur 7 sinnum — hvorki meira né minna en 7 sinnum þurft að borga hámarksverðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra landbúnaðarafurða. Tvisvar sinnum á þessu tímabili hafa útflutningsuppbætur úr ríkissjóði vegna útfluttra landbúnaðarafurða numið meiru en lög gera ráð fyrir, og þrisvar sinnum til viðbótar hafa útflutningsuppbætur greiddar úr ríkissjóði numið meiru en 9% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu.

Þá hef ég einnig upplýsingar um það, sem eru talsvert athyglis- og umhugsunarverðar, að ef ætti að mæta útflutningsbótaþörfinni fyrir verðlagsárið 1977-78 þyrfti að fara með útflutningsbæturnar upp í 13.8% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, eða 3.8% fram yfir lögleyfð mörk. Útflutningsuppbæturnar, ef ætti að bæta útflutninginn allan fyrir verðlagsárið 1977-78, þyrftu að nema 4956 millj. kr. Það, sem alvarlegast er við þróun þessa árs, er þó að næstu ár á undan var útflutningurinn, umframframleiðsla miðað við neyslu innanlands, fyrst og fremst vegna sauðfjárafurða, en á árinu 1977-78 verður gríðarlegt stökk í umframframleiðslu mjólkurafurða, svo að frá verðlagsárinu 1976-77 til verðlagsársins 1977-78 þyrftu uppbætur á útfluttar nautgripaafurðir, þ. e. a. s. smjör og osta, að hækka úr 550 millj. kr. í hvorki meira né minna en 1870 millj. kr. eða rösklega að þrefaldast. Á sama tíma mundu

uppbætur vegna útfluttra sauðfjárafurða hækka úr 2101 millj. kr. í 3086 millj. kr. Þessi þróun er mjög alvarleg, ekki síst sökum þess, að rannsóknir hafa verið gerðar á hagkvæmni útflutnings á ostum og smjöri, eins og hæstv. landbrh. var að lýsa hér áðan. Þær rannsóknir hafa leitt í ljós, að til þess að framleiða hvert eitt kg af smjöri þurfum við Íslendingar að eyða meiri gjaldeyri til fóðurbætiskaupa en við fáum fyrir að flytja út þetta sama eina kg af smjöri. Við þurfum sem sé að nota meiri gjaldeyri til þess að framleiða eitt kg af smjöri heldur en við fáum fyrir að selja þetta eina kg af smjöri á erlendan markað. Og þá fáum við að sjálfsögðu ekkert upp í innlendan kostnað. Það hefur ekki reynst unnt að gera sams konar athuganir á hagkvæmni útflutnings á sauðfjárafurðum og hægt hefur verið að gera varðandi smjör og osta. En sú þróun, sem orðið hefur á milli áranna 1976-77 og 1977-78, þar sem umframframleiðslan á mjólkurafurðum hefur vaxið svona gríðarlega, hlýtur að gera okkur bilt við og valda okkur miklum áhyggjum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en aðeins að benda á það sem hæstv. landbrh. sagði áðan, að fjárþörf ríkissjóðs til þess að mæta tapi á útflutningi af offramleiðslu landbúnaðarafurða er á næsta ári, árið 1979, 5.5 milljarðar kr., mun hærri upphæð en t. d. nemur álögðu sjúkratryggingargjaldi á alla einstaklinga á Íslandi. Þegar þessi þörf er svona mikil, á sama tíma og verið er með öðrum ráðstöfunum að auka innanlandsneyslu á landbúnaðarafurðum um líklegast 16% þá sjáum við hvar þetta endar ef svo heldur fram sem horfir.

Vitur maður, maður kunnugur þessu máli, hefur sagt mér, að líklegast sé að í haust hafi verið slátrað 1 millj. dilka, þar af sé hægt að vænta þess, að innanlandsneyslan geti orðið 600 þús. dilkskrokka. Þá bætast 400 þús. dilkskrokkar við þær birgðir af dilkakjöti sem til er í landinu og þjóðin getur með engu móti komist yfir að borða. Á sama tíma og fé, sem varið er beint og óbeint í þessu skyni og m. a. verkar þannig, að auka neysluna innanlands mjög verulega, hækka útflutningsuppbætur um 80% milli ára, en það nægir ekki lengur og langt frá því til að standa undir offramleiðslu landbúnaðarvara.

Það eru mörg ár síðan við Alþfl.-menn vöruðum við þessu ástandi. Við höfðum ekki í því sambandi bara áhyggjur af fjárhagsafkomu ríkissjóðs eða þeim byrðum, sem skattborgarar þyrftu að taka á sig í þessu sambandi, eða þeim byrðum, sem neytendur þyrftu að axla, heldur höfðum við einnig áhyggjur af því, hvað mundi gerast hjá bændastéttinni þegar búið væri að leiða bændur út í slíka offramleiðslu með þeirri offramleiðslustefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum af stjórnvöldum. Nú vita það allir, þegar við horfumst í augu við þessar staðreyndir, að ef aðeins væri miðað í þessu sambandi við þá aðstoð sem lög leyfa og verðlag á landbúnaðarafurðum innanlands væri á næstu árum svipað og það hefur verið á árunum áður, þá mundi blasa við auðn hjá íslenskri bændastétt, þá mundi hver bóndi af öðrum flosna upp verða hrakinn frá búi sínu eignalaus og tekjulaus vegna þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum í þessum málum. Þetta ástand blasir nú við, og afleiðingarnar eru mun alvarlegri fyrir bændur en þær þó eru fyrir neytendur, ríkissjóð og skattborgara.

Það er enginn áhugi hjá okkur Alþfl.-mönnum að ganga af bændastéttinni dauðri, þó að við höfum oft verið bornir slíkum sökum. Það er ekki jafnauðvelt núna að snúa við til réttrar áttar í þessum málum og það var fyrir 5 árum eða 10 árum, ef ráðamenn þjóðarinnar þá hefðu fengist til að hlusta á sjónarmið okkar Alþfl.-manna og breyta eftir ráðum okkar. En við teljum að núna sé það orðið svo augljóst, hvert þessi ranga stefna hefur leitt okkur, að allir stjórnmálaflokkar þjóðarinnar hljóti að skilja sinn vitjunartíma í þessum efnum og vilja taka höndum saman um að forða ekki síst bændastéttinni sjálfri frá þeim afleiðingum sem hin ranga og hættulega stefna í landbúnaðarmálum hefur fært yfir hana og þjóðina.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ríkisstj. fyrir þetta frv. Það er um sjálfsagða og nauðsynlega leiðréttingu á máli sem rak á fjörur í fyrravor. Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar lagði aldrei þetta verðjöfnunargjald á, *og það er rétt að hafa það í huga, það var* framkvæmdanefnd Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem gerði það upp á sitt eindæmi. Hún var svartsýn, hún var að vísu raunsæ, en hún gerði þetta án samráðs við þáv. hæstv. landbrh. Ég hefði í sporum framkvæmdaráðsmanna reynt að fara aðra leið. Ég hefði reynt að knýja þáv. landbrh. og alla hæstv. ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar til þess að koma þar fram með úrbætur sem dugað hefðu. Ég geri ráð fyrir að það hefði tekist. Ég geri ráð fyrir að framkvæmdanefnd Framleiðsluráðs hefði tekist að fá leiðréttingu mála sinna og fá ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar til þess að beita sér fyrir þeim leiðréttingum sem nauðsynlegar voru. En mestu máli skiptir að núv. ríkisstj. hefur tekið af skarið með þetta eins og ég sagði áðan, og ég þakka henni fyrir það. Þetta var einn af þeim köflum stjórnarsamnings sem ég lagði mjög mikið upp úr og gerði mér fýsilegra að styðja þessa ríkisstj.

Ég sagði áðan að þetta væri ákaflega mikið réttlætismál, að endurgreiða þetta fé, vegna þess að þetta er eign bænda. Þeir eiga það siðferðilega, því að það var tekið af þeim með þeim hætti, að það var komið aftan að þeim. Ég vil ekki neita því og skal raunar manna fúsastur játa að þróunin er að ýmsu leyti ískyggileg og henni þarf að breyta. En það þarf að gefa mönnum aðlögunartíma til þess að breyta háttum sínum. Það er ekki nóg að verðfella vöruna þegar búið er að framleiða hana. Það á að minnka framleiðsluna, en ekki gera hana að engu, þegar búið er að framleiða hana. Það er mergurinn málsins.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti hér ræðu sem var reyndar í meginatriðum sama ræðan og hann flutti hér í fyrravor við langar umr. um landbúnaðarmál. Mér duttu nú í hug þessi vísuorð skáldsins: „og hlýddum á ræðu frá í fyrravor, sem flutt var eins og þá í minning hans“. Ég nenni nú ekki og ætla líka af góðvild minni við hv. þdm. að hlífa þeim við því að fara að lesa ræðurnar mínar eða flytja þær sömu sem ég flutti þá, og ég vona að aðrir þdm. taki mig til fyrirmyndar í því efni. En það er nógur tími fyrir okkur stuðningsmenn ríkisstj. til þess að ræða landbúnaðarmál, og ég er ekki að skorast undan því að eiga orðastað við hv. þm. Sighvat Björgvinsson út af þeim. Við erum sammála um það, að þróunin í framleiðslumálum landbúnaðarins er varasöm og ég treysti því, að hv. þm., sem er eins og ég einlægur stuðningsmaður núv. ríkisstj., sé fús að taka höndum saman við mig og aðra þm. um skynsamlegar úrbætur. Og ég fagna því, sem hann reyndar hefði ekki þurft að taka fram í ræðu sinni því að ég vissi það sjálfur, að hann vill ekki

ganga af bændum dauðum.

Hvað varðar aths. sem hv. þm. Pálmi Jónsson gerði um þær álögur sem ríkisstj. hefur lagt á bændastéttina með *skatti nú í haust, þá vil ég ekki hafa bændur sér á báti í* þessu máli. Þetta nær til allra smáatvinnurekenda, en þeir skattseðlar smátvinnurekenda voru nú með nokkuð öðrum hætti en ég hafði hugsað mér að þeir yrðu. Ég veit ósköp vel hvað ég samþykkti við undirbúning að málefnasamningi ríkisstj. Ég óttaðist að vísu nokkuð þá hugmynd Alþb. að fara að leggja sérstaka skatta á fyrirtæki, vegna þess að fyrirtæki smáatvinnurekenda eru ekki nákvæmlega skilin frá fjárhag þeirra, og að ætla sér að fara að elta uppi með sérstökum aðgerðum smáatvinnurekendur í landinu held ég að sé ekki farsæl stefna, enda var það samkv. orðanna hljóðan í okkar samkomulagi raunar ekki gert nákvæmlega á þann hátt sem raunin hefur orðið. Útkoman hefur sem sagt orðið ofurlítið önnur. Ráðuneytismenn eða skattayfirvöld hafa fært þetta út í lífið með öðrum hætti en ég gerði ráð fyrir að þeir mundu gera. Þessu er einfalt að breyta. Það er hægt að gera það í n. hér í hv. deild. Samstöðu þarf að ná um það og málinu er enn hægt að kippa í lag, og ég treysti því, að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir að það verði gert.

Hæstv. *landbrh. greindi frá áliti 7 manna nefndar.* Það er að vísu ekki til umr. á þessum fundi og ég mun því ekki orðlengja það. Ég er sumpart sammála þeim ályktunum, sem þar eru dregnar, og þeim till., sem þar eru gerðar. Einstök atriði er ég ekki alveg búinn að fella mig við, og ég er ekki alveg viss um að sjálfsagt sé að frv. verði nákvæmlega í þeirri mynd, sem 7 manna nefnd gerði ráð fyrir að það yrði.

Ég vil endurtaka þakklæti mitt til landbrh. fyrir rösklega framgöngu hans í þessu máli, þakklæti mitt til ríkisstj. allrar fyrir að þetta frv. var lagt fram, og vona að það eigi greiðan gang hér í gegnum hv. deild.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal koma að nokkrum þeim atriðum sem komið hafa fram.

Í fyrsta lagi spurði hv. 2. þm. Norðurl. v. að því, hvort bættur yrði sá halli, sem hann nefndi svo, sem yrði á þessu verðlagsári hjá bændum. Um þetta hefur engin ákvörðun verið tekin. Ég vil aðeins lýsa þeirri persónulegu skoðun minni, að þetta verður að taka upp í tengslum við langtímastefnu í landbúnaði, og þá er spurningin, að hverju menn treysta sér til að stefna á ákveðnum árafjölda í framleiðslu umfram innanlandsþarfir, þannig að eitthvað gæti dregið úr útflutningsbótaþörf á síðari hluta slíks tímabils. En eins og ég sagði í upphafi hefur engin ákvörðun verið tekin um þetta.

Þá spurði hv. þm. hvort ákvörðun ríkisstj. lægi fyrir um breytingar á framleiðsluráðslögunum. Ég skýrði frá því áðan, að ég er að láta vinna að tillögum til flutnings og mun leggja þær fyrir ríkisstj. þegar þær eru tilbúnar. Hins vegar hefur álit n. að sjálfsögðu verið afhent ráðh. Ég lýsti því jafnframt áðan, að í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. kemur greinilega fram að stefna eigi að því að framleiðslan sé sem næst fyrir innanlandsþörfum, og aðrar tillögur um aðgerðir til að ná því markmiði liggja ekki fyrir að svo stöddu. Hins vegar hef ég undirstrikað að hér er um bráðabirgðatillögur að ræða sem þarf að fella inn í þá langtímastefnu sem vonandi verður ákveðin á þessum vetri, þannig að ég geri alls ekki ráð fyrir öðru en ríkisstj. fallist á að þetta mál verði flutt.

Hv. þm. ræddi nokkuð um aðstoð við bændur umfram lögbundna aðstoð sem fellur undir þetta sama, og þarf ég raunar ekki að hafa mörg fleiri orð um það. Ég vil hins vegar taka undir það með hv. þm., að það verður tvímælalaust erfiður umskiptatími að draga úr framleiðslunni svo að viðunandi verði talið. Margir hafa lagt í mikla fjárfestingu, fjármagnskostnaður er mikill og við samdrátt á framleiðslu verður hann ekki borinn af þeirri framleiðslu sem gert var ráð fyrir að sjálfsögðu, svo að mér er ljóst að leita verður leiða til að aðstoða bændur við að komast yfir þennan þröskuld.

Hv. þm. ræddi um að ríkisstj. hefði fundið upp heillaráð eða a. m. k. ráð til að bæta tekjur bænda með því að bæta fyrningum við tekjurnar. Ég hef aldrei heyrt því lýst áður, að tekjur bænda séu þar með taldar meiri, en eins og hv. þm. er kunnugt var ákveðið í brbl. þeim, sem eru til meðferðar á þinginu þessa dagana, að skattleggja einstaklingsrekstur sem fyrirtæki, og féll hann þar með undir 10. gr. þeirra laga, en þar er ákveðið að við tekjur skuli bætt fyrningum og hvort tveggja skattlagt. Ég hygg að það sé það sem hv. þm. á við. En ég leyfi mér að fullyrða að þetta breytir í engu launamati bænda, t. d. í 6 manna nefnd, og fleira þess háttar, enda tel ég að hv. þm. sé það fyllilega ljóst. Um þessa skattlagningu að öðru leyti vil ég vísa til þess sem hv. síðasti ræðumaður sagði, 4. þm. Norðurl. v. Ég get tekið undir það með honum, að þarna varð framkvæmdin nokkuð önnur en við höfðum gert ráð fyrir, og það þarf að sjálfsögðu að athuga. En þetta á við miklu fleiri en bændur. Þetta á við alla sem eru með einstaklingsbundinn rekstur. Þetta á við útgerðarmenn, leigubílstjóra, vörubílstjóra, lækna, lögfræðinga og marga aðra. Og það er sannarlega álitamál hvernig á að skattleggja slíkt. Sýnist mér sjálfsagt að það sé athugað í meðferð þingsins.

Ég get getið þess til upplýsingar, að sá skattur, sem bændur greiða samtals og fellur undir 10. gr., mun vera um 140 millj. kr. Það er vissulega álag á bændur. Hins vegar hygg ég, eins og kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni og reyndar fleirum, að mjög hafi verið gengið til móts við bændur með endurgreiðslu á verðjöfnunargjaldinu, sem hér er fyrst og fremst til umr., og reyndar einnig með samningum 6 manna nefndar nú í byrjun september. Ég hygg að með þeim samningum hafi laun bænda verið lagfærð gagnvart viðmiðunarstéttunum um u. þ. b. 7-8% þannig að þar hefur einnig orðið veruleg bót fyrir bændur.

Ég tek að lokum undir það, sem hv. þm. sagði, og undirstrika það, að nauðsynlegt er svigrúm í öllum þessum aðgerðum. Þetta er, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, ekki mál sem afgreitt verður í flýti og síst af öllu kemur fram árangur af slíkri stefnumörkun í flýti. Þetta tekur allt sinn tíma.

Hv. 1. þm. Reykv. lagði fyrir mig spurningu um söluþóknun af kostnaðarverði landbúnaðarafurða. Ég ætla að þiggja boð hans að svara þessu nánar við 2. umr., en vil aðeins segja það á þessu stigi, að að sjálfsögðu hafa þeir, sem flutt hafa út landbúnaðarafurðir, fengið þóknun fyrir starf sitt eins og gengur og gerist. Það er þá spurningin, hvort hundraðshlutinn er ákveðinn hár eða lágur og þá af hvaða viðmiðunartölum. En ég vil aðeins segja það á þessu stigi, að markaðsnefnd sú, sem fyrrv. landbrh. setti á fót, hefur tekið þessi mál miklu fastari tökum en áður var, og ég vil til að fara örugglega með rétt mál afla upplýsinga frá þeirri markaðsnefnd áður en ég

svara þessari spurningu ítarlega.

Hv. 4. þm. Vestf. flutti ítarlegt mál um landbúnaðarstefnuna og landbúnaðinn almennt. Ég get verið honum sammála um flest atriði sem hann drap á. Fyrst og fremst undirstrikaði hann það, að vandamálið er stórt, og það var það sama sem ég gerði í minni framsöguræðu. Hins vegar hygg ég að of mikið sé gert úr því, að landbúnaðarstefnan hafi verið röng um ár eða áratugi. Landbúnaðarstefnuna má kannske rekja til afurðasölulaganna frá 1936 og annarrar löggjafar sem fylgt hefur í kjölfarið. Satt að segja sýnist mér að landbúnaðarstefnan, sem þannig hefur verið smám saman mörkuð, hafi verið eðlileg miðað við aðstæður á þeim tíma. En ég hygg að fremur megi gagnrýna að ekki hefur verið ráðist í endurskoðun á slíkri stefnu á allra síðustu árum.

Ég tel alls ekki óeðlilegt að einhverju fjármagni sé varið til útflutningsbóta. Menn verða að líta á það, að útflutningsbætur eru raunar ekkert annað en leið þjóðfélagsins til að bæta tekjur bænda og leið þjóðfélagsins til þess að tryggja bændum þau laun sem þeim eru ætluð samkv. lögum. Þetta má vitanlega gera á ýmsan annan máta, t. d. með því að hækka laun á innanlandsmarkaði og fá þannig meira inn á launalið verðlagsgrundvallarins. En þessi leið var talin eðlileg, enda ákaflega erfitt, ef ég má orða það svo, að hitta naglann nákvæmlega á höfuðið með framleiðslumagn, því eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. verða gjarnan sveiflur á þessari framleiðslu af völdum veðurfars og af öðrum aðstæðum. Ég fyrir mitt leyti tel eðlilegt að heldur sé rúmt um en þröngt. Hv. þm. gagnrýndi það nokkuð, að útflutningsbætur væru miðaðar við heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða til bænda. Þarna er fyrst og fremst, eins og ég hef sagt, um ákvörðun að ræða, hvernig á að bæta laun bænda. Vel getur komið til greina að miða þetta við minni hluta landbúnaðarafurða. Ég get vel fallist á að það sé athugað. En spurningin er náttúrlega hver sé sú krónuupphæð, sem þjóðfélagið er reiðubúið að verja til þessara mála.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að útflutningsbætur hafa ekki farið fram úr 10% markinu nema sjaldan, en þær hafa oft jaðrað við það, en sérstaklega hafa þær farið fram úr nú tvö síðustu árin en mér virðist að fyrst og fremst tvö síðustu árin hafi sú stefna, sem fylgt hefur verið, brugðist.

Hv. þm. spurði að því, hvort fóðurbætisskatti yrði bætt við búvöruverð. Ég lít svo á, að ef fóðurbætisskattur rennur til bændasamtakanna sjálfra og er greiddur aftur út til bænda, þá verði honum ekki bætt við búvöruverð. Ef hins vegar fóðurbætisskattur rennur í ríkissjóð, þá er um annað að ræða í því sambandi.

Ég veit að bændum þykir vænt um að heyra að hv. Alþfl.-menn hafa engan hug á því að ganga af bændastéttinni dauðri. Ég vil hins vegar segja það, að þegar við tölum um þessi mál öll og um að draga úr þeirri framleiðslu sem nú fæst ekki seld á viðunandi verði á erlendum markaði, þá verðum við einnig að hafa í huga, hvernig við náum launamarkmiðum fyrir bændastéttina. Um leið og við gerum till. um samdrátt verðum við að gæta að þessu, og þetta finnst mér stundum skorta í þeirri umr. sem verið hefur um landbúnaðarmálin. Ég er ekki að væna neinn hv. þm. um það, að hann vilji ekki að bændur fái eðlileg laun eins og aðrir launþegar, ef við köllum þá það í þjóðfélaginu, eða aðrir einstaklingar í þjóðfélaginu. En spurningin er: Hvernig verður þessu náð? Niðurstaða mín er sú, að þetta verði að gerast með samræmdri stefnu á breiðu sviði, eins og ég lýsti í framsöguræðu minni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að láta í ljós ánægju mína yfir því, að samkomulag náðist um að borga verðjöfnunargjald, sem hefði komið mjög hart niður á bændum ef þeir hefðu orðið að bera það. Hefði ekki verið neitt réttlæti í því, ef ekki hefði fundist lausn á þessu máli. Ég mun ekki tala langt mál, enda kemur þetta frv. í þá n. sem ég á sæti í, og í sjálfu sér gefur þetta frv. ekki heldur tilefni til þess að ræða mikið um það eða halda langar ræður, þótt að vissu leyti hafi hv. þm. sumir hverjir gefið tilefni til að ræða þessi mál á víð og dreif.

Í sambandi við breytingar á landbúnaðarstefnunni vil ég láta það koma fram hér, að um leið og slíkt er athugað verða menn að hafa það mjög í huga að reyna að tryggja að bændur hafi svipaðar tekjur og aðrar vinnandi stéttir hafa á hverjum tíma, sem þeir hafa að vísu samkv. lögum, en hafa því miður ekki náð að meðaltali í reynd og langt frá því. Líka þarf að hafa í huga að reyna að halda flestöllum jörðum eða helst öllum í byggð. Það eru þessi sjónarmið sem þarf líka að mínu mati að hafa í huga þegar þessi mál eru rædd. Og það þarf að hafa það í huga, að þéttbýlisstaðirnir hér og þar hafa ekki litla atvinnu af búvöruframleiðslunni. Hverjar verða breytingarnar, ef úr henni er dregið að marki? Þetta verða menn að hafa í huga og margt fleira.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um vinnslukostnað og milliliðakostnað í sambandi við vinnslu og sölu landbúnaðarvara. Mér finnst rétt að vekja alveg sérstaka athygli á því, að það hefur verið kannað að hvergi í nágrannalöndunum er vinnslu- og dreifingarkostnaður jafnlágur og hér hjá okkur þrátt fyrir miklar vegalengdir.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ræddi nokkuð um landbúnaðarmál og flutti langan kafla úr ræðu sem við heyrðum í aprílmánuði s. l. hér á hv. Alþ. Ég svaraði ræðu hans þá og mun ekki gera nema örfáar aths. við mál hans nú.

Ég vil minna á það, að 1960 þegar Sjáflstfl. og Alþfl. stjórnuðu landinu, var þessi stefna tekin, sú stefna sem hefur í raun og veru gilt síðan, þ. e. a. s. 10% útflutningstryggingin á heildarframleiðslu landbúnaðarvara, sem bændum var tryggð. En það kom í staðinn fyrir annað, sem áður var, að þeir gátu hækkað verðið innanlands til þess að mæta því tjóni sem þeir urðu fyrir vegna útflutnings. Og ég vil líka minna á það, að á árunum 1960—1972, eða meðan Alþfl. var í þeirri ríkisstj., var meira magn sömu árin flutt út af lambakjöti en hefur verið síðan. 1969 var mest flutt út eða rúmlega 43% af heildarframleiðslunni það ár. Og meira að segja var yfir 21% af framleiðslunni flutt út 1960. Síðustu 2—3 árin hefur það verið í kringum 35% af framleiðslunni sem hefur verið flutt út og ástæðan fyrir því, hvernig þetta hefur farið, er fyrst og fremst verðbólgan. Það er misskilningur, að framleiðslan hafi út af fyrir sig aukist mikið. Segjum að gerð hefði verið t. d. landbúnaðaráætlun 1966 eða 1967 til 10 ára. Á því tímabili hefur fólksfjölgun í landinu orðið 12.8%. Um sauðfjárframleiðsluna veit ég ekkert í ár og það veit enginn, því að skýrslur eru ekki komnar um það efni, en á áðurnefndu tímabili hefur sauðfjárframleiðslan aukist um 16% og mjólkurframleiðslan um 7.5%. Þarna tek ég ekki með

tvö síðustu ár — þetta er fyrir þann tíma — þannig að ég geri ráð fyrir að mjókurframleiðslan hafi vaxið um 12% á þessu tímabili. Af tvenns konar ástæðum hefur þessi þróun orðið. Það hefur sem sagt orðið neyslubreyting hjá þjóðinni. Sú er aðalástæðan fyrir þessu. Ég vil ekki kalla þetta offramleiðslu, ég tel það ekki rétt orð. Ég kalla þetta markaðsörðugleika, vegna þess að þróunin í okkar málum og annars staðar hefur orðið þannig, að á sama tíma og t. d. fiskblokkin hefur fimm- eða sexfaldast í verði hafa landbúnaðarvörur á erlendum mörkuðum lítið eitt eða ekkert hækkað. Það gera niðurgreiðslur annars staðar og alls konar vernd. Á síðasta hausti var gerð tilraun til að flytja ófrosið kjöt til Frakklands. Ef ég man rétt og hef tekið rétt eftir, þá fengust um 1200 kr. fyrir kg. En það var bara tvöfaldur tollur á þessu: fyrst tollur sem EBE-ríkin lögðu á, um 20%, og síðan tollur sem Frakkarnir lögðu á, enn hærri. Það fór því meira en helmingurinn af verðinu í toll. Þannig standa aðrar þjóðir ýmsar að því að vernda landbúnað sinn. Þær tollavörur sem koma annars staðar frá, en borga sínar vöru niður.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson komst þannig að orði í ræðu sinni áðan, að milli ára hefðu útflutningsuppbætur hækkað um 80%, sem sagt frá því í ár og þangað til á næsta ári yrði hækkunin 80%. Ég veit ekki hvaða viðmiðun hann hefur. Þó kom í ljós, að hann hefur þá viðmiðun nú, að það þurfi 5.4 milljarða. En það liggur fyrir hverjar uppbæturnar voru s. l. ár. Þær voru tæplega 3.6 milljarðar. Ef menn reikna þetta saman, þá er hækkunin milli ára 50% eða líkt og fjárlög hækka.

Ég þarf ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég vil þó taka það fram, að þessi mál eru ekki eins einföld og sumir vilja vera láta. Það er t. d. alveg ósannað mál, ef við drægjum verulega úr mjólkurframleiðslunni, hvort 100 millj. lítrar, ef við færum niður í það, mundu ekki kosta í sjálfu sér jafnmikið og 110 millj. lítrar, þ. e. a. s. ef við ætlum að framleiða eins og þjóðin þarf á hverjum tíma og draga úr framleiðslunni yfir sumarið þegar ódýrast er að framleiða mjólkina. Og það er margt fleira sem kemur til. Við skulum hugsa okkur að við reynum að halda þessu í svipuðu horfi. Þá þurfa bændur að hafa sín laun. Sannleikurinn er að þessi stærð á búunum að undanförnu hefur komið að mestu eða öllu leyti til hagsbóta fyrir neytendur. *Bændur hafa í mjög litlum mæli náð tekjum* út úr þessari framleiðslu.

Ég ætla að láta þetta nægja. En ég vil minna á það enn og aftur, hvernig á að standa að þessum málum. Skoða þarf alla þætti þeirra niður í kjölinn, bæði það, sem snýr að landbúnaðinum, miðað við þá byggðastefnu, sem við viljum halda uppi, og miðað við þá atvinnuuppbyggingu, sem hefur verið gerð, og hvernig á þá að breyta til, því að við verðum að reyna að láta alla þessa enda ná saman.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þar sem þessi umr. hefur snúist allnokkuð upp í almenna umr. um landbúnaðarmál, taldi ég ástæðu til að vekja athygli deildar á nokkrum staðreyndum sem við blasa.

Við þurfum ekkert að fara í grafgötur með þann vanda sem íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir. Sá vandamálabálkur er býsna langur. Ég ætla ekki að rekja þær ástæður sem ég tel liggja til grundvallar þessum vanda sem við okkur blasir. Hins vegar vil ég benda á nokkrar tölur viðvíkjandi því fjárlagafrv., sem nú hefur *verið lagt fram, og vil vekja athygli á þeim.*

Samkv. nýjustu tölum eru birgðir af mjólkurafurðum geysilega miklar í landinu, líklega meiri en þær hafa verið nokkru sinni fyrr. Smjörbirgðir um þessi mánaðamót nema 1460 tonnum. — Þetta er heildarneysla landsmanna á einu ári. — Ostabirgðir í landinu eru 1440 tonn. Heildarbirgðir mjólkurafurða eru 3880 tonn og er verðmæti þessara birgða áætlað 6.8 milljarðar kr. Þetta er um 66% hækkun á verðmæti birgða, ef miðað er við árið í fyrra.

Það hefur verið áætlað, hverjar birgðir af kindakjöti yrðu til í landinu 1. des. n. k. Áætlunin er 11 252 tonn. Má ætla að magnaukningin sé um 8.4% frá síðasta ári, en áætlað verðmæti þessara birgða er 15 milljarðar 354 millj. kr. Þetta er um 45.5% hækkun á birgðum frá síðasta ári. Af þessum tölum má ljóst vera, að eftir 1. des. eða um miðjan desembermánuð verði í landinu birgðir mjólkurafurða og kjöts að verðmæti um 22 milljarðar kr., og eru þá ekki taldar birgðir af nautakjöti. Af kindakjötsframleiðslunni þurfum við að selja úr landinu að öllum líkindum 40%. Má því ætla að þær útflutningsuppbætur, sem gert er ráð fyrir í því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, séu að nokkru vanáætlaðar.

Það hefur verið reynt að afla markaða fyrir dilkakjöt í ýmsum löndum og okkur hafa borist fréttir af árangri síðustu daga. Þær fréttir gefa ekki beinlínis góðar vonir um aukna sölu eða hækkað verð á dilkakjöti. Ég held að hér séum við komin að mjög verulegu og alvarlegu vandamáli, sem þingið þurfi einmitt að fást við næstu daga og þær stofnanir sem fjalla um landbúnaðarmál.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu á þessum fundi, þannig að menn gerðu sér grein fyrir því, að það eru ekki bara vandamálin í sambandi við afurðalán, útflutningsuppbætur, rekstrarlán o. fl. sem við er að stríða. Það eru nákvæmlega þessi vandamál, sem ég hef lýst hér, birgðasöfnunin í landinu, sem við er að etja, og mér er í hug að spyrja: Hvað ætlum við t. d. að gera við smjörbirgðir sem nema 1460 lestum? Þetta eru mikil og alvarleg mál. Þessa birgðasöfnun upp á 22 milljarða veit ég ekki hvernig við leysum. En það er augljóst mál, að það þarf a. m. k. þá samvinnu sem þetta þing getur lagt af mörkum til þess að leysa þessi vandamál.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Af ummælum hv. 5. þm. Norðurl. e. um fsp. mína til hæstv. landbrh. kom glögglega í ljós, að hv. þm. hefur misskilið fsp. Ég talaði ekki um kostnað bænda við framleiðslu á landbúnaðarafurðum. Ég vil biðja hæstv. forseta um að sjá til þess, því að hæstv. landbrh. er ekki viðstaddur, að fsp. mín berist honum rétt til eyrna. Ég vona að hann hafi alla vega ekki heyrt eins illa og hv. 5. þm. Norðurl. e. virðist hafa gert.

Ég vil endurtaka fsp. til þess að hún fari ekki á milli mála. Ég spurðist fyrir um það, hvort rétt væri að söllaun útflytjenda væru greidd af kostnaðarverði landbúnaðarvara eða af söluverði. Ef útflytjendur fá umboðslaun af niðurgreiðsluupphæðinni líka, þá tel ég það svo alvarlegt mál að hv. Alþ. þurfi að gera breytingar á því þegar í stað. Það er bændum og þjóðinni fyrir bestu. Vonandi verður hv. þm. Stefán Valgeirsson mér sammála um þetta, því að ég trúi því ekki að hann sem bændahöfðingi reynist meiri talsmaður milliliðanna en bændanna. Það yrði saga til næsta bæjar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil segja það við hv. 1. þm. Reykv., að ég misskildi alls ekki spurningu hans. Ég var bara alls ekki að svara henni. En hann var líka að tala um allt annað. Hann var að tala um milliliðina. (Gripið fram í.) Það var það sem ég var að taka fram. Ég er ekki að svara fyrir landbrh., ég ræddi bara um milliliðina. (**AG:** Þm. beindi orðum sínum til 1. þm. Reykv.) Já, já, út af orðum hv. þm., því að hann var líka að tala um það.

Út af því, sem hv. þm. Árni Gunnarsson sagði hér áðan, þá er þetta alveg rétt og allir vita hvernig þessi mál standa. Þetta er ekkert nýtt, eins og ég gat um í ræðu minni, að það þurfi að flytja út verulegt magn af kindakjöti. En hvað það verður þykir mér undarlegt ef hægt er að fullyrða á meðan ekki eru komnar einu sinni heildarskýrslur um það magn, sem hefur borist í haust, og alls ekki skýrslur um sölu sem hefur orðið á þesu hausti. Það kann að vera, að þesar tölur reynist allar réttar, en ég tek þær ekki trúanlegar alveg fyrirvaralaust.

Það er eiginlega dálítið gaman að velta því fyrir sér, hvernig þetta var hjá okkur á síðustu öld, Íslendingum. Þá snerist baráttan um það að fæða þjóðina og klæða, — en nú, hvað er vandamálið nú? Að við framleiðum of mikinn mat í sveltandi heimi. Þetta hljómar hálffalskt, að svona skuli það vera.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 9). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frv. um Seðlabanka Íslands, — frv. sem felur það í sér að löggjafinn geri Seðlabankanum að ákvarða vexti við verðbólgustig og að Seðlabankanum verði gert að gera þetta í áföngum. Flm. þessa frv. ásamt mér eru sex aðrir þm. Alþfl. hér í Nd., eða allir almennir þm. Alþfl. í deildinni.

Það getur varla talist óvarlegt að álykta, að kosningaúrslit í kosningum til Alþingis á s. l. sumri standi í nokkru hlutfalli við óðaverðbólgu og getuleysi og lánleysi stjórnvalda að því er tekur til viðnáms gegn þessum vágesti. Lætur nærri að frá upphafi þessa áratugs hafi geisað hér á landi mögnuð verðbólga, og var hún enn hrikalegri í tíð síðustu ríkisstj., án þess að ríkisstj. fengi rönd við reist. Þetta eru svo sem staðreyndir sem öllum eru kunnar.

Það þarf varla heldur að fara mörgum orðum um verðbólgu og afleiðingar hennar. Nokkrar þessara afleiðinga eru: stjórnarfarsleg og efnahagsleg upplausn, stjórnlaus tilflutningur fjármagns, virðingarleysi fyrir verðmætum og þar af leiðandi pólitísk spilling og óeðlilegar fjárfestingar af alls konar tagi þar sem arðsemissjónarmiða gætir lítið eða alls ekki. Það hefur verið sagt, að við liggi að þjóðin sé geðklofin í afstöðu til verðbólgunnar. Nánast allir eru á móti henni í orði, samt hafa nærfellt allir þegnar samfélagsins — af yngri kynslóðum a. m. k. — haft af henni hag um eitthvert skeið, t. d. meðan þeir stóðu í húsbyggingum.

Það er þéttriðið hagsmunanet sem stendur vörð um verðbólguna. Þessu neti tilheyra fyrst og fremst þeir, sem á undanförnum árum hafa átt óeðlilega greiðan aðgang að lánsfé og hafa þess vegna getað fjárfest ótæpilega. Það er þess háttar fjármunatilfærsla sem í einu orði má nefna verðbólgugróða.

Hinn pólitíski vandi er enn fremur sá, að þessir aðstöðubraskarar hafa enn fremur getað í almannavitund tengt hagsmuni sína hagsmunum annarra og raunar öllu geðþekkari hagsmunahópa, en það eru þá fyrst og fremst húsbyggjendur. Meðan húsbyggjendur telja sig byggja yfir sig með verðbólgu segir sig sjálft að sú pólitíska ákvörðun, sem í því felst að kveða verðbólguna niður, verður miklu erfiðari.

Eitt megineinkenni verðbólgu og verðbólgugróða á Íslandi undanfarin ár hefur verið sú staðreynd, að við höfum búið við neikvæða raunvexti. Samkv. upplýsingum Seðlabanka Íslands voru meðalraunvextir nýrra bankaútlána neikvæðastir árið 1974 eða neikvæðir um 25.7%. Á árinu 1977 voru meðalraunvextir nýrra bankaútlána neikvæðir um 12.3%. Má leiða gild rök að því, að hið neikvæða vaxtakerfi sé einhver ósanngjarnasta og óréttlátasta skekkjan sem af verðbólgunni leiðir.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hvernig samspil vaxta og verðbólgu hefur leikið sparifjáreigendur. Láta mun nærri að um síðustu áramót hafi sparifjáreigendur átt í bönkum, í sparisjóðum og í innlánsdeildum um 100 milljarða kr. Láta mun enn fremur nærri, að verðrýrnun þessa fjármagns árið 1977 hafi numið fast að 20 milljörðum kr. Þarf vart að fara um það mörgum orðum, hvað þetta hlýtur að þýða. Viljinn til þess að spara þverr og fjölmargir þeir sem síst skyldi, þ. á. m. aldraðir borgarar í stórum stíl, horfa á verðmæti sín brenna án þess að fá rönd við reist. Fjármagn, sem þetta fólk hefur lagt til hliðar, kannske til þess að hjálpa og aðstoða næstu kynslóð á eftir, brennur. Peningar, sem lagðir hafa verið til hliðar til síðari ára, eru ekki fyrir hendi þegar á þeim þarf að halda. Óréttlætið, sem í þessu felst, þekkja auðvitað allir.

Það er ekki langt síðan það þótti forsenda uppeldis og fjármálalegs siðferðis, að græddur væri geymdur eyrir. Þessi boðskapur átti að hvetja ekki síst ungdóminn í landinu til sparnaðar og ráðdeildarsemi. Fjármagnið, sem geymt var, átti síðan að nota til atvinnuuppbyggingar og öllu samfélaginu til góðs á meðan sá, sem fjármagnið geymdi, átti að fá ávöxtun síns punds. Sú peningastofnun, sem reynir að laða til sín fjármagn nú með því að græddur sé geymdur eyrir, fer með staðlausa stafi. Geymdur eyrir er ekki græddur, hann þvert á móti fuðrar upp. Þetta veit fólk mætavel og hefur lært að lifa með þessum ósköpum. Fyrir vikið hefur efnahagsleg uppbygging samfélagsins alls skekkst meira og minna.

Einfaldar tölur sýna að sparifjáreigendur eru næmir fyrir ávöxtunarkjörum. Seðlabankinn tók upp nýja vaxtastefnu á árinu 1976, 1. maí nánar tiltekið. Þótt hvergi nærri væri nóg að gert, sem raunar er kjarni málsins, sýna tölur þó, að í árslok 1976 hafði safnast 10.1 milljarður á vaxtaaukareikninga og í árslok 1977 nam innstæðan á þeim 19.3 milljörðum, eða sem svaraði 25.3% af spariinnlánum og 19.5% af heildarinnlánum. Í septemberlok s. l. námu vaxtainnlán 29.5% spariinnlána og 22% heildarinnlána. Þessar tölur sýna svo að ekki verður um villst, að fólk er næmt fyrir samspili vaxta og verðbólgu. Ef ekki er með vaxtastefnu gerð tilraun til þess að tryggja innlánsfé gagnvart verðbólgu, koma

peningarnir einfaldlega ekki í innlánsstofnanirnar, heldur fara eitthvað annað. Þá þarf ekki að spyrja að leikslokum. Útlánastofnanir skreppa saman, eins og nú hefur raunar verið að gerast um nokkurt skeið, og þar með fjármagn til ráðstöfunar fyrir atvinnuvegi. Þetta ætti auðvitað að vera svo sjálfsagður sannleikur, að talnadæmi ætti ekki að þurfa máli þessu til sönnunar.

Efnahagslíf, sem svo er úr garði gert að það gerir fólki ókleift að ástunda heilbrigðan sparnað, fær auðvitað ekki staðist til lengdar. Það má taka um það mörg hrikaleg dæmi, hvernig sparifjáreigendur og þó einkanlega eldri borgarar hafa orðið úti. Þjóðfélagið verður að gera fólki kleift að leggja fjármuni til hliðar án þess að þeir glati verðgildi sínu. Það er önnur grundvallarröksemd þessa máls. Hún er ekki einungis efnahagslegs eðlis, heldur einnig og ekki síður siðferðilegs eðlis.

Þetta tekur til innlána, en innlán eru auðvitað forsenda þess, að hægt sé að lána fjármagnið áfram. Hin hlið þessa máls er sú einfalda staðreynd, að þeir, sem á undanförnum árum hafa haft aðgang að lánsfjármagni, hafa ekki greitt það aftur nema að hluta. Þetta hefur valdið gegndarlausri eftirspurn eftir lánsfjármagni og miklu meiri en lánakerfið hefur getað annað. Það leiðir aftur til þess, að við búum við lánsfjárskömmtun og það mikla lánsfjárskömmtun. Þegar því er svo bætt við, að yfir stórum hluta útlánakerfisins drottna útlánastjórar, hvort sem stofnunin heitir Framkvæmdastofnun eða Landsbanki, þá verður hvort tveggja skiljanlegt: hin mikla ásókn stjórnmálamanna í að komast í stöður skömmtunarstjóra fjármagns og hin gegndarlausu pólitísku slagsmál sem eiga sér stað um lánsfé. Þegar það er leikregla í lánakerfinu að menn borga ekki til baka nema hluta af því fjármagni, sem þeir fá að láni, þá segir sig sjálft að ekki þarf að gera þær kröfur til fjárfestinga að þær skili arði. Það er varla til svo vitlaus fjárfesting að hún borgi sig ekki.

Ásóknin í lánsfjármagnið verður og hefur orðið gersamlega óháð því, í hvað fjármagnið á að fara. Skömmtunarstjórarnir, sem fjármagnið skammta, segjast auðvitað reyna að hafa hemil á því og fjármagnið sé vel og skynsamlega notað. En reynslan kennir okkur og reynsla allra landa kennir okkur að slíkt eftirlit dugar ákaflega skammt. Menn eru auðvitað misjafnlega útsjónarsamir við að komast yfir hina eftirsóttu fyrirgreiðslu. Staðreyndin er samt, að sennnilega er enginn efnahagslegur þáttur samfélagsins, sem ræður eins miklu um efnahagslega afkomu einstaklinga, hópa, fyrirtækja og byggðarlaga og aðgangurinn að hinu skammtaða lánsfé. Af sjálfu leiðir að pólitísk völd skömmtunarstjóranna eru mikil, freistingarnar eru miklar og hættan á spillingu hvers konar og sannanleg spilling verður mikil.

Þessu viljum við , sem stöndum að flutningi þessa frv., breyta. Við viljum breyta því með því að binda í lögum að Seðlabanka Íslands sé óheimilt að ákvarða vaxtakjör,- ég endurtek: vaxtakjör lægri en nemur verðbólgustigi á hverjum tíma. Á það ber að leggja áherslu, að fjallað er um vaxtakjör. Þó svo almenna reglan verði sú, nái frv. þetta fram að ganga, að fjártryggingin fari fram með vaxtabreytingum, þá gæti í sumum tilfellum verið heppilegra að fara leið verðbindingar og/eða gengistryggingar. Á þetta t. d. við um húsnæðislán, þar sem félmrh. hefur raunar þegar boðað breytta stefnu sem felst í samblandi af lengingu lána og verðbindingu.

Það, sem hér er verið að leggja til, er einfaldlega að eyða helstu forsendum verðbóglugróðans. Í fljótu bragði virðist manni skynsamlegt að álykta sem svo, að slík kenning táknaði aðeins, að verið væri að fara fram á efnahagslegt velsæmi, og að furðulegt megi heita, hvernig menn geti haft á móti slíku efnahagslegu velsæmi. En málið er kannske ívið flóknara. Hér takast á hagsmunir. Annars vegar eru þeir sem tapað hafa á því, að sparifé þeirra hefur brunnið á verðbólgubálinu, gamalt fólk og aðrir sem ekki hafa af fullum krafti getað tekið þátt í verðbólgukapphlaupinu. Hins vega eru þeir sem notið hafa hinna sérstæðu lánskjara, sumpart vegna greiðs aðgangs að lánastofnunum og sumpart vegna sjálfvirkra reglna, svo sem að því er tekur til afurðalána. En hætt er við að hinn þriðji flokkur manna telji sig eiga hagsmuna að gæta, þó að ekki eigi hann beina fjárhagslega hagsmuni að verja. Það er mér liggur við að segja: kynslóð stjórnmálamanna, sem á pólitískt líf sitt undir því að taka þátt í skömmtun fjármagnsins. Að því má leiða gild rök, að misvitrir stjórnmálamenn, sem kannske hafa átt drjúgan þátt í því að skapa þetta kerfi, telji það hagsmuni sína að vextir séu sem neikvæðastir, skömmtunin þess vegna sem mest. Þetta er óneitanlega nokkurt áhyggjuefni og leiðir hugann að því, að þetta frv., sem hér er til umr., kunni að eiga ógreiðari leið gegnum deildir Alþingis, hvað sem líður almennri skynsemi og hvað sem líður hagsmunum heildarinnar og hagsmunum þeirra sem hafa orðið undir í verðbólgukapphlaupinu.

Frv. gerir ráð fyrir því, að kerfi jákvæðra raunvaxta verði komið á í áföngum gagngert til þess að stjórnvöld geti hagað örðum ráðstöfunum með tilliti til breyttra aðstæðna. Í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstj. segir — með leyfi forseta — að ríkisstj. „mun leitast við að koma í veg fyrir auðsöfnun í skjóli verðbólgu“ Verður því ekki annað séð en samþykkt þessa frv. væri í fullu samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstj. og beinlínis framkvæmd á yfirlýstu lykilatriði í fyrirheitum hennar. Að vísu hefur farið svo fyrir nokkrum yfirlýstum stuðningsmönnum núv. ríkisstj., að þrátt fyrir þetta yfirlýsta ákvæði stjórnarsáttmálans boða þeir vaxtalækkun og þar með gróðaaukningu skuldabraskaranna. Verður ekki séð hvernig þessar hugmyndir eiga að koma heim og saman.

Helsti talsmaður vaxtalækkunar hefur verið Lúðvík Jósepsson, hv. 1. þm. Austurl. Hann hefur ekki viljað fallast á þau rök, að ósæmilegu gróðabralli verði útrýmt með kerfi raunvaxta. Magnús Kjartansson, fyrrum ráðh., er annarrar skoðunar. Hann sagði í blaðagrein nýverið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í baráttunni við verðbólguna,“ sagði Magnús, „er það grundvallaratriði, að menn átti sig á þeirri staðreynd, að hún er gróðamyndunaraðferðin á Íslandi. Ef teknir væru upp raunvextir í stað neikvæðra vaxta, hyrfi þetta megineinkenni verðbólgunnar. Hún mundi hjaðna á skömmum tíma og ofurháir vextir samkv. prósentureikningi breytast í lága vexti, því að vextir eru afleiðing verðbólgu, ekki orsök.“

Þessar skoðanir Magnúsar Kjartanssonar vil ég leyfa mér að gera að mínum.

Annar hv. þm. Alþb., Kjartan Ólafsson, þm. Vestf., hefur einnig að minni hyggju sett fram skynsamlegar hugmyndir um þetta vandamál, sem hann raunar setur fram í grg. með öðru frv. — með frv. um afnám bankaleyndar — frv. sem ég raunar styð heils hugar. En þm. segir, með leyfi hæstv. forseta, í grg. fyrir frv.:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja, að um áratugaskeið hefur helsta fjáröflunarleiðin" — og ég vil undirstrika þessi orð þm. — „hefur helsta fjáröflunarleiðin í íslensku þjóðfélagi verið sú að komast yfir sem allra mest lánsfé og festa það í eignum sem verðbólgan hækkar stöðugt í verði. En þótt eignirnar, sem lánsféð var notað til þess að mynda, stórhækki í verði fyrir tilverknað verðbólgunnar, þá hafa menn átt þess kost að greiða lánin til baka svo og svo löngu síðar með langtum verðminni krónum en upphaflega voru fengnar að láni."

Ég lýk hér tilvitnun í grg. með frv., sem Kjartan Ólafsson þm. Alþb. flytur, en undir þessar skoðanir vil ég einnig taka og mér þykja þær skynsamlegar. Þetta þykja mér ekki aðeins viðfelldnar skoðanir, heldur eru þær einnig bókstaflega sannanlega réttar.

Hér hefur verið sagt, að aðgangur að lánsfjármagni ráði í raun meiru um það, hvernig fólk og fyrirtæki komast af í ólgusjó verðbólgunnar, heldur en afkoma í kjarasamningum eða góður eða slæmur rekstur fyrirtækja. En þótt margt launafólk hafi getað bætt lífskjör sín í verðbólgukapphlaupinu með því að eiga aðgang að lánsfjármagni, þá er hitt jafnvíst, að þeir launþegar, sem síst hafa aðgang að lánsfjármagni, eru einmitt þeir sem lökust hafa launin. Hátekjumaðurinn hefur eðli málsins samkv. meiri möguleika á því að fá lán til húsbygginga eða utanlandsferða en lágtekjumaðurinn. Einnig með þessum hætti eykur þetta kerfi á óréttlætið og misréttið í samfélaginu.

Því hefur verið haldið fram sem mótrökum gegn raunvaxtakenningu, að atvinnureksturinn þoli ekki raunvaxtakerfið. Þessi rök hygg ég að fái ekki staðist. Auðvitað er það svo, að fyrirtæki, sem árum saman hafa verið alin á gjafafjármagni, taka því með lítilli hrifningu að þurfa að greiða fjármagnið á kostnaðarverði, á réttu verði, og jafnvel eitthvað heldur meira. Gagnvart þeim er þetta kjaraskerðing, og auðvitað taka þau því illa. Því hefur jafnframt verið haldið fram, að hluti vaxtahækkunar, sem yrði vissulega fyrst í stað, hækki framleiðsluverð, fari út í verðlagið, auki þannig verðbólgu og geri innlendri framleiðslu illa fært að standast samkeppni við erlenda framleiðslu. Þetta eru gamalkunn rök og það er eins og manni finnist maður hafa heyrt þau áður. Auðvitað eru þessi rök rétt að hluta og jafnvel að töluverðum hluta, en nákvæmlega sömu rökum beita fyrirtækjaeigendur allra tíma gegn launþegum sem vilja meiri laun fyrir vinnu sína. Og sömu aðilar sem nú vilja lægri vexti af einskærri samúð með fyrirtækjum, hafa ekki alltaf kallað þetta haldbær rök. En þau eru samt rétt að hluta a. m. k. Þetta er gjald sem við verðum að greiða fyrir það að koma á bæði jafnvægi og réttlæti á peningamarkaði, sem aftur á eftir að leiða til skynsamlegri fjárfestingar, minnkandi eftirspurnar eftir lánsfé, minni verðbólgugróða og þess vegna verðbólguhjöðnunar. Það er þessi grundvallarhugsun, sem stefnt er að, og þetta er markmiðið sem auðvitað næst ekki fyrst í stað, en næst þegar til lengri tíma er litið, og það er það sem skiptir meginmáli.

Magnús Kjartansson, sem hér var vísað til að framan, notaði stundum ágætt orð. Það var „pilsfaldakapítalisti". Þá átti hann við atvinnurekstur sem kallar sig frjálsan, en er í raun með kerfisbundnum hætti búinn að koma sjálfum sér á jötu ríkisvaldsins. Allur atvinnurekstur þarf á lánsfé að halda til lengri eða skemmri tíma. Auðvitað er ekki allt þetta lánsfé notað til eignamyndunar, heldur fer mikið af því til viðhalds rekstrinum sjálfum í einni eða annarri mynd. Það breytir samt ekki hinu, að þegar atvinnureksturinn hefur verið vaninn á að fá rekstrarfjármagn, sem hann endurgreiðir ekki nema að hluta, þá er atvinnureksturinn kominn á ríkisjötu, þá fær hann þaðan fjármagn sem hann greiðir aldrei til baka nema að hluta.

Nú skal því ekki neitað, að það getur verið bæði heilbrigt, rétt og skynsamlegt að styrkja atvinnurekstur um lengri eða skemmri tíma. En ef við viljum styrkja atvinnurekstur, þá skulum við styrkja hann beint, kalla það styrki og fara með sem styrkir séu. En það kerfi, sem hér hefur verið búið til, þar sem þetta er kallað lán, en er í reynd styrkir, hefur skekkt allt efnahagslífið, gert atvinnureksturinn þannig úr garði að hann veit í raun og veru ekki hvar hann stendur, hann veit raunar ekki hversu mikill arður kemur af honum. Og útkoman blasir raunar alls staðar við. Þessir stjórnlausu styrkir leiða til þess, að allt skynsamlegt arðsemismat er eyðilagt. Það verður takmark í sjálfu sér að snapa lánsfé, og því meira bil sem verður á milli verðbólgu og vaxta, þeim mun betur hafa fyrirtækin mjólkað ríkishítina. Það segir sig auðvitað sjálft, að þetta efnahagskerfi fær ekki staðist til lengdar.

Á árunum fyrir 1960 bjuggu Íslendingar við úrelt kerfi gengisskráningar. Gengið var rangt skráð og margar gengisskráningar voru til í einu. Þetta bauð auðvitað heim hættu hvers konar misnotkunar, svartur markaður var mikill og menn voru ótrúlega fundvísir á leiðir til þess að verða sér úti um hinn ódýrasta gjaldeyri sem skráður var langt undir sannvirði. Það var vel gert hjá viðreisnarstjórninni á sínum tíma þegar hún kom gengismálum í þolanlegt horf

Ástand í vaxtamálum er nú hliðstætt ástandi í gengismálum þá, og er þó misréttið, misnotkunarhættirnar og pólitísk spilling hvers konar miklu meiri en var þá. Og það er alveg ljóst, að það þarf að gera sams konar breytingu, mér liggur við að segja byltingu, í vaxtamálunum og gerð var í gengismálunum á sínum tíma. Hér er verið að leggja til að skapa gersamlega nýjan grundvöll undir lánastarfsemi í landinu. Það er sannfæring mín a. m. k., að nýskipan vaxtamála, sem komið yrði á í áföngum, kæmi til með að leiðrétta verulega grundvallarskekkju í efnahagslífi okkar, sem á rætur að rekja til verðbólgu og verðbólgugróða. Með leyfi forseta langar mig til að vitna í niðurlagsorð í grein eftir Sigurgeir Jónsson sem hann reit um vaxtamál í Fjármálatíðindi, ég held 2. hefti maí-júlí 1977. Í niðurlagi máls síns segir Sigurgeir:

„Það er fullljóst, að vaxtaaukafyrirkomulagið er aðeins eitt skref í þá átt að koma ávöxtum fjár í bankakerfinu í viðunandi horf. Það þarf að ganga miklu lengra og færa almenna útlána- og innlánsvexti smám saman til samræmis við verðbólguþróunina til þess að ná viðunandi jafnvægi á fjármagnsmarkaðinum, en það næst ekki til lengdar, nema báðir markaðsaðilar standi frammi fyrir umtalsverðum jákvæðum raunvöxtum við þær fjárhagslegu ákvarðanir, sem þeir taka. Óhjákvæmilega kemur breyting í þá átt niður á vaxtakostnaði þeirra fyrirtækja, sem hafa greiðastan aðgang að bönkum, og hlýtur að valda einhverjum verðhækkunum í fyrstu. En eins og öllum, sem til efnahagsmála þekkja hlýtur að vera ljóst, er hér um alvarlegt misvægi á markaði að ræða, og leiðrétting á því skiptir höfuðmáli, þar sem yfirgnæfandi líkur eru á því, að meira tjón sé samfara

misvæginu heldur en af leiðréttingu þess, þegar á allt er litið, enda er fjármagnsmarkaðurinn sjálfsagt mikilvægasti markaðurinn í öllu hagkerfinu. Á honum er hagvöxturinn að verulegu leyti ákveðinn og þar með hversu ört lífskjör alls almennings geta batnað þegar yfir langt tímabil er litið.

„Ég tel ótvírætt," segir Sigurgeir, „að málum varðandi starfsemi fjármagnsmarkaðarins hafi ekki enn verið gefinn nægilegur gaumur hér á landi t. d. í samanburði við þá athygli, sem beint hefur verið að gengismálum. Þess vegna m. a. hefur hagvöxturinn verið minni hér á landi en búast hefði mátt við með hliðsjón af þeirri miklu fjárfestingu undanfarin ár."

Þessi orð vil ég nánast óbreytt gera að mínum. Það verður verðbólga á Íslandi meðan litlir, en sterkir hagsmunahópar aðstöðubraskara telja sig græða á henni. Það verður enn fremur verðbólga á Íslandi á meðan fjölmennir hagsmunahópar eins og húsbyggjendur telja sig græða á henni og beinlínis nota hana til þess að koma yfir sig húsnæði.

Það er óþarft að fjasa endalaust um skaðsemi verðbólgu frekar en þegar hefur verið gert. Það verður aldrei sársaukalaust fyrir alla aðila að eyða þessu ástandi. Með því að koma á jákvæðum raunvöxtum er verið að leggja til að útrýma því sem allir þykjast vera á móti, verðbólgugróðanum. Allra fyrst yrði þetta erfið ráðstöfun, og á það skal engin dul dregin, og mundi jafnvel verka verðbólguhvetjandi um skamma stund. En þegar horft er aðeins lengra fram í tímann og hætt að hugsa aðeins í einni vertíð, þá mundi stórlega draga úr allri óeðlilegri ásókn í lánsfé, en á sama tíma mundi tilhneigingin til sparnaðar aukast og margháttuðu óréttlæti, sem sparifjáreigendur m. a. hafa orðið fyrir, yrði þar með útrýmt. Aukið jafnvægi á peningamarkaði kæmist á. Þegar forsendum verðbólgugróða hefur þannig verið eytt, hefur helsta hvata verðbólgunnar verið útrýmt. Raunvextir, eins og hér er verið að leggja til, eru þess vegna mikilsvert tæki til að ráðast að rótum þess vanda, sem við erum sammála um að sé skaðvaldur í þessu samfélagi, þ. e. a. s. verðbólgunni sjálfri.

Herra forseti. Ég vil þá að lokum leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það hafa farið fram miklar umr. hér á landi undanfarin ár um verðbólgu, orsakir hennar og afleiðingar. Við vitum að margar nefndir hafa verið skipaðar til að reyna að grafa fyrir rætur þessa mikla meins og þykkar bækur gefnar út um það, hvernig skilgreina mætti þetta efnahagslega vandamál, og reynt að gera tillögur um, hvernig mætti ráða niðurlögum verðbólgu. Ég ætla mér ekki í þessum umr. — eða reyni það a. m. k. — að fara mjög út í almennar umræður um verðbólguvandamálið, en auðvitað get ég ekki komist hjá því að vekja athygli á að nú við flutning þessa frv. og í sambandi við þann málflutning, sem nú er hafður uppi, hefur reyndar aðeins sést áður, er komin upp sú kenning að menn hafi fundið leiðina út úr verðbólguvandanum. Nú er allt í einu komin upp kenning um að það sé til ein handhæg leið, það þurfi bara að hreyfa til ákveðinn takka, það þurfi bara að hækka vextina, þá komi þetta, verðbólgan eyðist, þetta lagist allt saman. Illa hafa þeir verið gerðir þessir spekingar allir sem hafa verið að fást við þetta mál á undanförnum árum, að þeir skyldu ekki vera búnir að koma auga á þetta fyrir löngu, allir þeir erlendu hagspekingar sem um málið hafa fjallað. Ég held nú að þó að uppi hafi verið raddir hjá ýmsum þeirra, sem mjög hafa ráðið tillögugerð í sambandi við efnahagsmál á Íslandi, um að rétt væri að hækka vexti á lánum hér á landi allverulega og það gæti gert ýmiss konar gagn í efnahagskerfinu, hafi þeim yfirleitt ekki komið til hugar að vaxtahækkunin leiddi einfaldlega til þess að verðbólguvandinn yrði úr sögunni. En nú er sú kenning komin upp. Ég hlýt að ræða nokkuð þetta stóra vandamál út frá þessari kenningu.

Það hefur borið miklu meira á því í umr. um háa vexti, kosti þeirrar leiðar og galla, að háir vextir hafi verið rökstuddir með því, að réttmætt væri að hækka vextina í mikilli verðbólgu til þess að vernda sparifé í landinu, vernda eigur sparifjáreigenda. Það hefur í rauninni verið aðalröksemdin fyrir því, að rétt væri að fara hávaxtaleið. Vissulega verð ég að segja að tilgangurinn er góður að þessu leyti til,hann er eðlilegur. Ég vil fyrir mitt leyti líka reyna að vernda sparifjáreigendur og sparifé í landinu.

Það er auðvitað alger misskilningur, að maður segi ekki annað verra, þegar reynt er að halda því fram að ég og aðrir þeir, sem ekki fallast á að þessi leið sé rétt, af því að bent er á hina stóru ágalla við leiðina, séum á móti því að í landinu geti verið raunvextir eða nokkuð jákvæðir vextir fyrir sparifjáreigendur. Ég er því fylgjandi engu síður en þeir sem vilja æða með vextina upp úr öllu. Ég bendi hins vegar á að tilraunir þeirra, sem hafa viljað ná þessu marki með því að hækka vextina, hafa mistekist algerlega. Hávaxtaleiðin hefur farið verr með sparifjáreigendur en nokkurn tíma var farið með þá á meðan lægri vextir voru í gildi. Ég vil í þessu efni leiða fram nokkrar staðreyndir um gang þessara mála og hvernig þau eru hjá okkur, en víkja síðan nokkru nánar að einstökum þáttum málsins, sem verður að ræða um vegna þess að þeir hafa mikil almenn áhrif.

Við vitum að það var 1. maí 1976 sem farið var inn á það að hækka vexti fyrir sparifjáreigendur svo að verulega munaði um. 1. maí 1976 voru vaxtaaukareikingarnir myndaðir og þá var byrjað á að gefa mönnum kost á að leggja fé inn á þessa vaxtaaukareikninga og greiða þeim 22% vexti . Síðan hefur þetta fyrirkomulag verið í gildi og alltaf hafa menn heldur verið að fikra sig upp eftir með greiðslu á vöxtum til þeirra sem vildu leggja fé inn á vaxtaaukareikninga. Næsta stökk á eftir varð 1. ágúst 1977. Þá voru vextir á þessum reikningum færðir upp í 26%, 21. nóv. 1977 voru þeir færðir upp í 29% og 21. febr. 1978 upp í 32% og það eru þeir enn í dag. Við þetta ber að bæta því, að á árinu 1977, þegar áfram var haldið á þessari braut, var ákveðið að tekin skyldi upp sú regla að binda vexti við verðbólgustigið á hverjum tíma. Var tilkynnt opinberlega hvernig þetta skyldi gert. Það átti að hreyfa þessa vexti á þriggja mánaða fresti. Þegar vextirnir voru komnir upp í þetta, upp í 32% í febrúarmánuði 1978, þá sýndi reyndar verðbólgustigið að skyndilega þurfti að hækka þessa vexti eftir þessari formúlu um rúmlega 13%. Það lögðu menn ekki í. Og við næsta útreikning var svipað uppi á teningnum. Þá þurfti enn að stórhækka vextina og það lögðu menn ekki heldur í, af því að menn sáu þá og höfðu fengið reynslu af því, að þetta var ekki framkvæmanlegt.

Þessi leið, að ætla að binda vaxtastigið beinlínis við verðbólguvöxtinn á þriggja mánaða fresti, hefur verið reynd, hefur verið tilkynnt af þeim sem hefur haft með framkvæmdavaldið í þessum efnum að gera, og hann

hefur gefist upp á framkvæmdinni. En ég býst við að sá, sem hér talaði sem flm. þessa frv., muni svara því til: Þeir voru aumingjar þarna í Seðlabankanum. Þeir áttu að halda áfram. Það gerði ekkert til þó að vextirnir hefðu farið upp. Þeir hefðu að vísu farið myndarlega upp í nokkrum sprettum, en svo hefði komið að þeim tíma, að þeir hefðu farið að lækka aftur því að þá hefði verðbólgan farið að eyðast. — En þessir hávaxtastefnumenn litu ekki svona á. Þeir gáfust hreinlega upp sjálfir. Mér er ekki kunnugt um að neinn hafi fengið þá til að hætta við þetta nema þeir sjálfir, a. m. k. hafði ég ekkert vald til þess að gera það og þeir fóru ekki eftir mínum ráðum í þeim efnum. En þeir höfðu rekið sig illilega á.

Í sambandi við þessar tilraunir með vaxtabreytingar er eðlilegt að við lítum nokkuð á það, hvernig hefur farið í framkvæmdinni fyrir sparifjáreigendum á þessum tíma. Það liggja fyrir tölur um það líka, hverjir vextirnir hafa raunverulega orðið. Auðvitað er það svo, þegar verið er að gera sér grein fyrir því, hverjir raunvextir ættu að vera, að til eru fleiri en ein viðmiðun í þeim efnum. Gerðir hafa verið útreikningar með það í huga, að sparifé hefði átt að halda verðgildi sínu gagnvart verðlagi á þjóðarframleiðslu. Það er ein algengasta viðmiðunin að reikna með því að eðlilegt hefði verið að sparifé hefði átt að halda fullu verðgildi sínu í hlutfalli við verðlag á þjóðarframleiðslu. Auðvitað er sú viðmiðun líka til í þessum efnum að miða við þróun framfærsluvísitölunnar eða byggingarvísitölunnar. Þetta fer eftir því við hvaða viðmiðun skal halda sig.

Sú tafla, sem ég vitna hér í, miðar svonefnda raunvexti við þjóðarframleiðsluverðmætið. Hún segir þessa sögu m. a.: Árið 1976 var talið að þessir raunvextir hafi orðið neikvæðir um 21.4%. Árið 1977 urðu þeir neikvæðir um 22.4%. Og eftir því sem næst verður komist verða vextirnir neikvæðir á yfirstandandi ári, 1978, um 28-31%. Þetta hefur sem sagt tekist heldur báglega.

Við vitum svo líka hvað hefur verið að gerast varðandi verðbólguna á síðustu árum, eftir að við fórum inn á vaxtahækkunarbrautina. Hefur verðbólgan minnkað? Nei, allar tölur sýna að hún hefur farið vaxandi, hún hefur aukist. Hér kemur það inn í þetta dæmi sem ég vil leggja áherslu á og mér þykir einna mest á skorta hjá ýmsum þeim sem ræða þessi mál hér á landi. Það er þó síður en svo að ég sé aðeins einn úr hópi þeirra, sem mættu kallast leikmenn, að tala um þetta. Einn allra menntaðasti íslenski hagfræðingurinn, dr. Magni Guðmundsson, hefur skrifað um þetta mál ítarlega grein og vitnar þar í erlenda fræðimenn. Hann virðist vera á nákvæmlega sömu skoðun og ég í þessum efnum og segir að það sé hin mesta vitleysa að ætla sér að fara þá leið sem hér hefur verið farin. Og auðvitað eru miklu fleiri aðilar á þessari skoðun.

Ástæðurnar til þess, að þessar miklu skekkjur koma upp hjá ýmsum þessum aðilum, eru að mínum dómi fyrst og fremst þær, að menn reikna ekki með þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi í íslensku efnahagslífi. Það hefur verið sagt, að í sumum efnahagskerfum erlendis séu mál þannig, að 1-2% hækkun á vaxtakjörum geti haft býsna miklar afleiðingar, geti jafnvel komið í veg fyrir að ýmsir haldi áfram að taka þátt í atvinnurekstri, sem gerðu það áður á sínu sviði, af því að þeir verða að víkja fyrir þeim sem sterkari eru og þola slíkt álag, en þeir þola það ekki sjálfir. Hér er þessu ekki svona farið. Við búum við allt annað verðmyndunarkerfi á öllum þessum sviðum. Við búum við það kerfi, að nálega allir, sem þurfa að greiða háa vexti, hafa rétt til þess og möguleika til þess innan verðmyndunarkerfis okkar að velta hinum háu vöxtum af sér út í verðlagið. Þeir þurfa ekki að rísa undir vöxtunum sjálfir. Þannig er t. d. háttað um helstu atvinnugreinar okkar.

Í þessum efnum er býsna athyglisvert að skoða hvernig er háttað útlánum bankakerfis okkar og peningalánakerfis í landinu. Ég tók upp nokkrar helstu lánatölur, sem fram koma í skýrslum bankakerfisins núna, miðað við 31. ágúst á þessu ári. Ég ætla aðeins að fara yfir nokkrar helstu stærðirnar þar, sem mynda næstum öll útlánin.

Þar er fyrst til að taka, að skráð er að verslunin í landinu hafi að láni í bankakerfinu rétt um 24 milljarða kr. Til þess að skýra þetta dæmi örlítið finnst mér eðlilegt að setja inn í dæmið að við lítum yfir hvað mundi gerast hjá okkur ef t. d. þessir vextir væru hækkaðir á tiltölulega stuttum tíma um 10%. Auðvitað mundi 10% vaxtahækkun fyrir verslunina á þessum skráðu lánum í bankakerfinu þýða vaxtaaukaútgjöld upp á 2.4 milljarða kr. af þessari fjárhæð. Dettur nokkrum manni í hug að íslenska verslunin muni borga þetta úr eigin vasa? Hafa menn t. d. kynnt sér þá útreikninga sem eru lagðir fyrir okkur þm. og voru t. d. lagðir fyrir þá sem stóðu í stjórnarmyndunartilraunum eða unnu í verðbólgunefnd? Þar voru lagðir fram útreikningar frá Þjóðhagsstofnun á rekstri heildverslunar, á rekstri smásöluverslunar og færðir þar upp allir helstu kostnaðarliðir. Auðvitað voru vaxtaútgjöldin færð þar upp eins og hver annar kostnaðarliður, eins og menn vissu best um vaxtaútgjöld verslunarinnar eins og þau voru. Síðan var dæmið gert upp á þeim grundvelli, hver væri afgangurinn sem verslunin ætti við að búa, hvað hún hefði þá mikinn afgang, af því að gengið var út frá því, eins og er í okkar verðmyndunarkerfi, að verslunin mætti velta af sér slíkum vaxtakostnaði út í verðlagið í landinu. Auðvitað eru það ekki aðeins vextir af því fjármagni, sem er tekið beint að láni úr bankakerfinu, sem hér koma til greina.

Ég tek síðan landbúnaðinn. Í þessari sömu skýrslu bankanna kemur fram, að landbúnaðurinn hafði að láni um þetta leyti, 31. ágúst, um 14 milljarða kr. Á ég að trúa því, að til séu þm. hér á Alþ. sem viti ekki hvað gerist í verðmyndunarkerfi okkar ef t. d. vextir til landbúnaðar hækka um 10%? Vita menn ekki hvernig verðmyndunarkerfið þar er byggt upp? Auðvitað færu þessir vextir út í verðið á landbúnaðarafurðum og út í verðlagskerfi okkar. Þetta yrði ekki lagt sem skattur á bændurna. Það yrði kannske í sumum öðrum löndum, þar sem menn búa við allt annað verðmyndunarkerfi, að slík stórhækkun á vöxtum mundi bitna með gífurlegum þunga á ýmsum þeim, sem t. d. stæðu í framleiðslu landbúnaðarafurða eða sölu á þeim. Hér gildir það ekki, það fer út í verðlagið.

Um sama leyti var skráð að iðnaðurinn í landinu hefði lán í bönkunum upp á rétt rúmlega 17 milljarða kr. Hvað halda menn að gerðist í íslenskum iðnaði ef hann stæði frammi fyrir verulegri vaxtahækkun? Auðvitað leggur hann á framleiðsluvörur sínar sem eru fyrst og fremst til sölu á innanlandsmarkaði. Þetta fer út í verðlagið. Þannig er fyrirkomulagið hjá okkur.

Um þetta leyti hafði sjávarútvegurinn að láni hjá bankakerfinu rétt tæpa 52 milljarða kr. Við þekkjum það, sem höfum fengist við íslensk efnahagsmál í allmörg

ár á Alþ., hvernig þetta hefur birst okkur. Það hefur birst okkur í því formi, að þegar um það er að ræða að sjávarútvegsframleiðslan eða önnur framleiðsla, sem á að fara á erlendan markað, segist ekki hafa nægar tekjur til að standa á móti útgjöldum, þá koma aðstandendur þessarar framleiðslu og gera kröfur til stjórnvalda að fá ákveðna aðstoð. Aldrei hefur það orðið skýrara en nú upp á síðkastið, að þessir aðilar, sem standa fyrir því að framleiða sjávarafurðir og selja þær á erlendum markaði, eru líka búnir að finna sína leið til þess að velta af sér hækkandi vöxtum. Þeir koma bara oftar en áður til stjórnvalda og segja: Við verðum að fá fleiri krónur fyrir framleiðslu okkar. Það verður að lækka gengið. — Og þannig velta þeir af sér vöxtunum þangað til ný umferð hefst.

Það, sem ég vil leggja áherslu á í þessum efnum, er að menn reyni að setja sig inn í það, að íslenskar aðstæður í þessum efnum, það verðmyndunarkerfi og verðlagskerfi, sem við búm við, er allfrábrugðið því sem er í ýmsum öðrum löndum. Það kemur augljóstlega þannig fram, að t. d. vaxtaútgjöld lenda á þennan hátt út í verðlagið eða kalla á gengislækkun og hafa tiltölulega litla þýðingu.

Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram, að það geti ekki komið fyrir að vissir aðilar sem ég t. d. nefndi hér, geti fengið fjármagn í þessum greinum, sem þeir geti grætt á í verðbólgu. Mér er alveg ljóst, að það eru vissir aðilar í landi okkar sem geta náð í lán og fá lán, þó að það sé í miklu minna mæli en menn halda almennt fram í málflutningi sínum. Þeir geta ráðstafað þeim lánum t. d. til byggingarframkvæmda á hagstæðum stöðum í landinu, þar sem getur safnast fyrir verðbólgugróði ef viðkomandi eign er síðan seld eftir nokkur ár og þá að sjálfsögðu á hærri verði. Vegna þessa get ég að sjálfsögðu talað um það ekki síður en aðrir, að það geti fyrirfundist verðbólgugróði. En ákaflega er það skammsýnt mat í þessum efnum ef menn halda að meginlánin, sem hér er um að ræða til sjávarútvegs t. d. eða til iðnaðar eða jafnvel til verslunar, séu þess eðlis að þau feli einfaldlega í sér mikinn verðbólgugróða. Það er reginfjarstæða. Og hvernig stæði þá líka á því, að við værum í þessu stanslausa kapphlaupi, og m. a. er í þeim hópi hv. 1. flm. þessa frv., sem hér var að enda við að tala, að reyna að bjarga atvinnuvegunum? Flm. stóð ákaft að því, að það þyrfti að bjarga atvinnuvegunum nú á s. l. hausti, m. a. með gengislækkun. Þegar ég vildi gjarnan reyna að fara aðrar leiðir út úr þeim vanda sem þá lá fyrir, þá var hann auðvitað einn af þeim sem studdu hvað dyggilegast gengislækkunarleiðina. Af hverju? Var hann að moka meiri gróða í þá sem hafa verið að græða allan tímann á því að fá lánsfé? Voru þeir ekki búnir að græða nógu mikið á verðbólgunni? Þurfti að bæta við þá gróða? Stendur kannske allur leikurinn um það, að bæta þurfi við þennan verðbólgugróða?

Nei, málin liggja ekki svona fyrir. Mér er ljóst að þeir aðilar eru til, sem eins og ég segi geta komist yfir fjármagn — þó er það tiltölulega lítið úr hinu almenna bankakerfi — og geta sett þetta fjármagn sitt í góðar byggingar hér í Reykjavík, náð sér í verðbólgugróða. Ég hef alltaf verið tilbúinn til að taka þátt í því að ná þessum verðbólgugróða af þessum aðilum. Það er hægt með ýmsu móti. Þar ættum við m. a. að eiga samleið, hv. 1. flm. þessa frv. og ég. En mér er líka ljóst, að það er hægara sagt en gert að ætla bæði með háum vöxtum og með skattlagningu að ná þessum verðbólgugróða öllum. Það er t. d. alger misskilningur að halda, að háir vextir hemji eitthvað þá sem eru verulegir verðbólgubraskarar. Að þeir, sem snúa sér út lánsfé til að byggja fasteignir t. d. hér á Reykjavíkursvæðinu, þar sem verðhækkunin er mest, og selja þær, losa um gróðann og ná í peningana, setji eitthvað fyrir sig að borga háa vexti er algert þekkingarleysi á gangi þessara mála. Þeir eru tilbúnir að borga enn hærri vexti en þeir borga í dag vegna þess einfaldlega að þegar þeir setja fé sitt í fast, t. d. á þessu svæði, þá velta þeir af sér vöxtunum, hversu háir sem þeir eru, út í verðlagið. Þeir selja nefnilega fasteignina með þessum háu vöxtum og eiga gott með það. Ef við værum svo skammsýnir við okkar aðstæður að reyna að hafa vextina svo háa að þeir gætu síðan sjálfkrafa stjórnað því hver tæki fé að láni, þá mundi það einkum verða verðbólgubraskarar sem tækju féð að láni. Það yrðu ekki þeir sem fá fé af beinni nauðsyn til að standa undir eðlilegum framleiðslukostnaði meðan á eðlilegum framleiðslutíma stendur í sambandi við t. d. framleiðslu á útflutningsvörum.

Nú er rétt að víkja nokkuð að þeim ókostum sem fylgja því að ætla sér að fara hávaxtaleiðina. Hvaða afleiðingar hefur hávaxtaleiðin? Hún hefur m. a. þær afleiðingar, að við aðstæður eins og þær, sem við búum við, er hún á góðum vegi með að leggja íslenskan iðnað að velli, sérstaklega þann íslenska iðnað sem kallaður hefur verið samkeppnisiðnaður. Við höfum sett okkur það mark að afnema að mestöllu leyti innflutningstakmarkanir á svonefndum samkeppnisvörum, að leggja skuli niður alla tolla og alla vernd fyrir íslenskan iðnað í samkeppni við erlendan iðnað. Þarf nokkurn speking til að sjá að innlendur iðnaður, sem þarf eins og er að borga að meðaltali yfir 25% í vexti af því fjármagni sem verður að bindast í framleiðslunni, getur ekki keppt við iðnað sem þarf ekki að borga nema 6-8% í vexti, eins og er í nálægum löndum, t. d. í Noregi? Auðvitað verður okkar íslenski iðnaður að láta þarna í minni pokann, hann getur ekki keppt við slíkar aðstæður. (**VG:** Eru ekki of há laun?) Of há laun? Nei, en of háir vextir eru að kveða niður launin.

Nú skal ég kenna hv. þm. svolítið sem hann á eftir að læra, og ég skal segja honum það strax til þess að það fari ekki fram hjá honum. Ef við t. d. færum að tillögum hans og hækkuðum núna vextina í aðalútflutningsiðnaði okkar, fiskiðnaðinum, um helming, eins og hann leggur til, því að það þarf að hækka vextina fyllilega um helming til þess að ná jákvæðum raunvöxtum, meðaltalsvöxtunum, þá væri engin leið önnur, eins og ástatt er í fiskiðnaði okkar, en að lækka kaupið um 50%. Það jafngilti því, að við yrðum að lækka kaupið um 50%. Í þessari framleiðslugrein er til nokkuð sem heitir: ákveðnir kostnaðarliðir. Þessa kostnaðarliði er hægt að hafa tiltölulega einfalda. Stærsti kostnaðarliðurinn er hráefnið. Lengi var það svo, að vinnulaunin þóttu nokkuð hár kostnaðarliður, en eru nú um 20% af heildarframleiðsluverðmætinu. Vextirnir eru nú taldir að meðaltali um 10% af framleiðslukostnaðarverðinu. Ef við tvöfölduðum þá væru þeir orðnir jafnháir og vinnulaunin eru. En það rúmast ekki í áætluninni. Þá er að knýja niður kaupið, og það er það sem ýmsir hávaxtamenn hafa séð við sína stefnu, að hún eigi að sanna mönnum að það sé ekki hægt að halda uppi kaupinu. Hér er auðvitað beint samband í milli.

En ég ætlaði að halda áfram og lýsa betur fyrir mönnum, hvernig þetta dæmi kemur út núna fyrir framleiðsluatvinnuvegi okkar, að borga mjög háa vexti af framleiðslulánum, en vera í samkeppni við þá sem borga miklu lægri vexti.

Aðaleinkennið á sjávarútveginum, eins og ég sagði, verður auðvitað það, að hann stenst ekki samkeppni og heimtar gengdarlausa gengislækkun ef hann ekki heimtar kauplækkun, því að hann heimtar vitanlega lækkun á einhverjum kostnaðarliðum á móti. En þessi hávaxtastefna leiðir beinlínis til þess, og það er ofureinfalt, að það borgar sig ekki hjá okkur að vinna við framleiðsluvöruna nema tiltekinn tíma. Ég skal taka tiltölulega einfalt og þekkt dæmi. Við eigum kost á að framleiða saltfisk. Það tókst okkur t. d. á 2-3 mánuðum á vetrarvertíðinni og stefndum þá mjög að því að flytja út óverkaðan saltfisk, venjulega í maí-mánuði. Okkur var hagkvæmt gjaldeyrislega og verðmætalega að taka nokkurn hluta af þessum saltfiski og bæta nýju framleiðslustigi við hann, en það kostaði 3-4 mánuði að þvo fiskinn, þurrka hann og búa til útflutnings á þá markaði sem tóku við honum þannig. Þannig gátum við fengið miklu hagstæðara verð fyrir vissar tegundir af þessum fiski. Það var þjóðhagslegur vinningur. En þegar dæmið er reiknað út frá því að þurfa að borga þessa háu vexti, þá hafa menn komist að raun um að þetta borgar sig alls ekki, það er best að losa sig við vöruna strax. Það er ekkert vit í því að taka hana til framhaldsvinnslu. Það stendur ekki undir þessum gífurlega háu vöxtum og verkið fellur niður. Þetta er að gerast hjá okkur og mundi auðvitað gerast í stórum stíl hjá okkur ef við ætluðum að fara þá leið að leysa allan þennan vanda bara með því að hækka vexti.

Gallarnir í þessum efnum eru auðvitað miklu, miklu fleiri. Ég tók eftir því, að ritstjóri einn, sem oft hefur vakið á sér athygli með býsna einkennilegum skrifum, er sprettharður á köflum, en kafar ekki djúpt að mínu viti, a. m. k. í mörgum tilfellum, hefur haft mikið yndi af því að klappa svolítið undir hjá vissum Alþfl.-mönnum, þegar þeim dettur eitthvað í hug. Hann sagði að þetta væri stórmerkileg till., sem hér væri flutt, og hún væri rétt. Það væru að vísu á henni nokkrir meinbugir. Það væri t. d. ansi erfitt að ráða fram úr því, hvernig ætti að leysa málefni allra húsbyggjenda í landinu með hávaxtastefnunni. Það væri t. d. bölvað fyrir þann, sem þyrfti að kaupa sér íbúð eða væri að byggja hús og þyrfti, eins og nú væri býsna algengt, að taka 10 millj. kr. lán í þessu skyni, að þurfa að borga 5 millj. í vexti. Þarna kveikti hann þó á sinni peru, þetta skildi hann. Svona langt náði hans hugsun, þó að hann skildi að vísu ekkert að mínum dómi í því hvað væri að gerast í íslensku efnahagslífi á öðrum sviðum. Hann skildi að það mundi verða ansi erfitt að láta það dæmi ganga upp að venjulegur húsbyggjandi þyrfti að borga 5 millj. af kaupinu sínu á ári í vexti. Ég hef að vísu tekið eftir því, að 1. flm. frv. og nokkrir fleiri virðast halda að hægt sé að komast fram hjá þessu öllu með því bara að láta menn borga part af þessu í ár, en láta skuldarupphæðina hækka og hækka endalaust. Auðvitað eigum við að borga vextina eigi að síður undir lokin. En slíkt er engin leið út úr vandanum. Það er reginmisskilningur. Ef menn færu inn á þá braut, þá gætu þeir ekki borgað mönnum út vextina. Ef á að borga mönnum háa innlánsvexti verða útlánsvextirnir að koma inn. Það er ekki hægt að geyma greiðsluna á þeim í 50 ár.

Ég hef tekið dæmi sem ég þekki mætavel í sambandi við húsbyggjanda, og ég held það sé ekki gagnslaust að segja frá þessu litla dæmi. Það segir þó nokkuð vel söguna, þó að ekki sé farið í þá sögu sem Dagblaðið var með, hugsaði sér 50% vexti og 5 millj. í vexti af íbúðinni. Dæmi, sem ég sá á blaði af ungum hjónum, var að þau keyptu sér að mínu mati heldur lélega kjallaraíbúð hér í Reykjavík fyrir stuttu á 9.5 millj. kr., og ég býst við að allir skilji, sem hér eru, að á því verðlagi, sem gildir í dag, er það engin roknaíbúð. Þessi hjón höfðu að vísu ekki meira fram að leggja í þá útborgun, sem þarna þurfti að fara fram, 5.5 millj. kr., en 1 millj. En það var hægt að komast yfir lánsfé til að kaupa þessa íbúð. Það var hægt að fá vaxtaaukalán í tveimur ríkisbönkum, 1.5 millj. í hvorum banka um sig. Og það var hægt að fá lán úr lífeyrissjóði á 26% vöxtum, en vaxtaaukalánin auðvitað á 33%. Auk þess voru þessir kaupendur svo hamningusamir, að þeir þurftu ekki að borga af þessum 4 millj., sem eftir stóðu hjá seljanda, nema 18% vexti. En hvað þurftu þau að borga mikið í vexti á ári af þessari litlu íbúð — bara í vexti? 175 þús. kr. á mánuði í vexti, vextina eina saman, enga afborgun, engin gjöld af húsinu. Svona er dæmið. Og afleiðingarnar af dæmi eins og þessu og öðrum slíkum verða þær, að þeir, sem í þessu lenda og verða að vinna fyrir sér með berum höndum, eins og oft vill verða, skipa sér eðlilega í hóp þeirra sem segja: Kaupið er allt of lágt. Eruð þið svo vitlausir að halda að þetta kaup, sem samið hefur verið um, dugi? — Aðilar, sem svona er ástatt um, munu skipa sér í hóp þeirra sem heimta mjög verulega hækkun á kaupi. Skilja menn það? Eða vilja menn kannske taka afleiðingunum á þann hátt að segja: Þetta fólk á alls ekki að búa í húsi. — Þetta ætlar það sér þó, að búa í gömlu, tiltölulega lélegu húsi og það venjulega kaup hrekkur varla fyrir vöxtunum einum saman.

Auðvitað er um að ræða í þessum tilfellum sem ég hef verið að nefna — og hægt er að nefna miklu fleiri tilvik: varðandi húsnæði almennings, varðandi aðstöðu samkeppnisiðnaðarins, í sambandi við stöðu okkar útflutningsatvinnuvega, þar er um svo stórkostleg vandamál að ræða sem fylgja hávaxtastefnunni, ef við verðum að borga hér allt aðra vexti af starfsfé en aðrir, að það er í rauninni alveg furðulegt að það skuli finnast fullvaxnir menn sem koma hér fram með þá kenningu, að það sé sjálfsagt að borga háa vexti, án þess að ræða um þau vandamál sem fylgja þessum háu vöxtum. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að þarna er um vandamál að ræða sem verður að leysa.

Ég viðurkenni að vandamálið gagnvart sparifjáreigendum er til. Ég vil reyna að finna lausn á því vandamáli. Þar eigum við samleið. En ég segi: Hávaxtaleiðin er röng. Hún hvorki leysir hjá okkur verðbólguvanda né bjargar sparifjáreigendum. Af því höfum við þegar reynslu. Það getum við í rauninni séð mjög augljóslega ef við rekjum dæmið í sundur fyrir okkur.

Ég held því fram, að við okkar aðstæður leiði tíðar gengislækkanir augljóslega af hávaxtastefnunni. En gengislækkanirnar eru einmitt einhver versti óvinur sparifjáreigenda, sem um er að ræða. Það er einmitt í gegnum gengislækkanirnar sem verið er að skera niður verðmæti sparifjárins. Allt innistæðufé í bönkum landsins og í bankakerfinu í heild var nú fyrir mánuði 115 milljarðar kr. Með 15% gengislækkun eins og framkvæmd var á s. l. hausti var skorið niður verðgildi þessar-

ar upphæðar um rúmlega 17 milljarða gagnvart erlendum vörum, eða erlendu vörurnar hækkuðu í hlutfalli við verðgildi innanlands um rúma 20 milljarða. Það er brennsla á sparifjáreigninni á þennan hátt sem ég vil forðast. Það er engin lausn fyrir sparifjáreigendur að hafa fengið nokkra vaxtahækkun, en fá svo á sig hverja gengislækkunina eftir aðra á móti.

Það er eðlilegt, að menn spyrji í framhaldi af þessu: Er þá engin leið út úr þessum ósköpum fyrir sparifjáreigendur, ef ekki er hægt að hækka vextina þannig að þeir fái verðgildi peninga sinna greitt til baka? Er engin leið? Jú, það er tvímælalaust til leið. En þá erum við komin að því stóra deilumáli sem ég minntist á í upphafi míns máls, þá erum við komin að verðbólguvandamálinu í heild.

Ég er á þeirri skoðun, að það sé hægt að ráðast gegn verðbólgunni með ýmsu móti og það sé hægt að vinna bug á henni eftir öðrum leiðum en þeim að hækka aðeins vextina. Og ég álít að það sé þar sem við eigum að taka á vandamálinu. Við höfum tamið okkur það búskaparlag nú um nokkurt skeið, þó að við tökum ekki nema stutt tímabil, að við rekum ríkissjóð þannig, að við myndum skuld við Seðlabankann sem sveiflast á milli 25 og 30 milljarða kr. Þarna er um að ræða rekstrartöp sem hafa myndast á ákveðnum tíma hjá ríkissjóði í viðskiptum við Seðlabankann. Það er enginn vafi á því og ég þekki enga, sem halda uppi neinum ágreiningi um að það, hvernig til hefur tekist í þessum efnum, hefur haft verulega verðbólgumyndandi áhrif hér á landi.

Ég er líka einn í hópi þeirra sem halda því fram, sem kom mjög fram í verðbólgunefndinni hjá sumum af okkar þekktustu hagfræðingum sem þar áttu sæti eða höfðu rétt til setu þar, að mjög miklar erlendar lántökur í sambandi við okkar stóru fjárfestingarmál í landinu, m. a. okkar stórframkvæmdir, eins og virkjunarframkvæmdir, sem við höfum fjármagnað að öllu leyti svo að segja með erlendum lántökum, ekki aðeins erlenda þáttinn í framkvæmdinni, við höfum lagt fram sáralítið sjálf, — það er enginn vafi á því, að þessar gífurlega miklu framkvæmdir fjármagnaðar á þennan hátt hafa haft geysilega þenslumyndandi áhrif í okkar kerfi.

Einnig hefur nú um alllanga hríð gengið svo til hjá okkur, að við höfum látið yfirbygginguna í okkar hagkerfi vaxa og vaxa frá ári til árs, en hún tekur venjulega sinn kostnað fyrst af óskiptu. Það hefur ekki fengist samstaða um að reyna að hamla gegn þessum óskaplega yfirvexti í efnahagskerfinu hjá okkur, með þessum afleiðingum sem ég var að nefna. Frægasta dæmið í þessum efnum er t. d. þenslan hjá okkur í bankakerfinu. Yfirmenn í bankakerfinu lögðu fram skýrslu til Alþingis fyrir nokkrum árum og játuðu þar í greinargóðri skýrslu, að bankakostnaður á Íslandi væri í kringum 40% hærri fyrir sambærilega þjónustu heldur en væri að meðaltali í þremur öðrum löndum á Norðurlöndum. Og það er enginn vafi á því, að yfirbyggingarkostnaður bankakerfisins hefur stórlega vaxið síðan með tilheyrandi kostnaði. Ég er í hópi þeirra sem segja: Við eigum að taka á þessu vandamáli og færa niður þennan yfirbyggingarkostnað sem er verulega ríkur þáttur hér í verðbólgumyndun í okkar landi.

Þá hefur einnig verið á það bent og ég sé ástæðu til að víkja að því örfáum orðum í þessum umr., að það hafi átt sér stað hjá okkur um alllangt árabil fjárfesting sem við höfum kostað ýmist beint á vegum ríkisins eða óbeint, — fjárfesting í mjög ríkum mæli, sem hefur tekið af okkur ákveðinn skatt sem krefst fjármagns, en skilar ekki tilsvarandi verðmætum í þjóðarbúið. Ég veit að hv. 1. flm. þessa frv. tekur fljótlega undir með mér þegar jafnaugljóst dæmi er nefnt í þessum efnum og Kröfluframkvæmdirnar, hvað sem má svo segja um þá framkvæmd að öðru leyti. Nú höfum við fengið fjárlagafrv. þar sem segir að þurfi að borga af fjárfestingunni í Kröflu nokkuð á þriðja milljarð kr., sem verður að taka inn á fjárl. hjá okkur. Það er fjármagnskostnaður sem við verðum að borga af þessu mannvirki án þess að það færi okkur nokkuð á móti. En þetta á sér stað í miklu fleiri tilvikum en varðandi Kröflu. Við getum nefnt miklu fleiri stórar og miklar fjárfestingar sem hafa verkað í okkar efnahagskerfi á sama hátt.

Það er hins vegar misskilningur þegar menn ætla að afgreiða þetta vandamál á þann hátt að segja: Þetta er allt afleiðingar af því, að við búum við ranga vexti. Fjárfestingin verður öll öfug vegna þess að hér eru ekki á ferðinni raunvextir. Þannig eru þessi mál ekki. Sannleikurinn er nefnilega sá, að það kemur í ljós, þegar fjárfestingin í landinu er skoðuð, ekki aðeins á einu ári, heldur um lengra árabil, að langsamlega stærstu þættirnir í fjárfestingunni hverju sinni verða til vegna beinnar ákvörðunar stjórnvalda. Ég trúi því t. d. ekki, að hv. 1. flm. þessa frv. eða neinn annar haldi því fram, að menn hafi farið í Kröfluvirkjun bara til að hagnast á verðbólgunni. Hver skyldi hafa ætlað að græða á verðbólgunni þar? Ég trúi því ekki, að sú hafi verið ástæðan. Stjórnvöld landsins tóku þessa ákvörðun og framkvæmdin var byggð upp á erlendu fjármagni, aðallega með erlendum lánskjörum. Þessi opinberi þáttur okkar í fjárfestingunni verður til alveg án tillits til þess, að þar liggi til grundvallar einhver sérstök sjónarmið varðandi vexti. Það er ekki um það að ræða.

Það er líka að mínum dómi alrangt að halda því fram um verulegan hluta eða langsamlega stærsta hlutann, að ég segi ekki meira, af fjárfestingu á vegum sjávarútvegsins hér á landi, að þar sé um verðbólgugróðabrall að ræða. Það er msiskilningur. Menn ráðast ekki í það að byggja loðnuverksmiðju eða síldarverksmiðju við hafnir víða úti á landi vegna þess að þeir ætli sér að græða á verðbólgunni. Það er alger misskilningur. Ég vil líka benda á að um mjög langan tíma höfum við búið við það fyrirkomulag hér á landi, löngu áður en það var tekið upp hjá öðrum atvinnugreinum, — ég býst við að það séu a. m. k. 12-15 ár síðan það skipulag var tekið upp, — að þeir, sem keyptu t. d. fiskiskip, urðu að fá erlend lán í sambandi við kaup á þeim skipum sem nam 80% af verðmæti skipanna til minnst 8 ára. Þessi stóri hluti af verðmæti skipanna var í erlendum gjaldeyri á ábyrgð þeirra sem keyptu. Hér var því ekki um það að ræða, að það væri auðvelt fyrir viðkomandi aðila að græða á innlendu verðbólgunni, enda er það ekki rétt skýring á þessu. Hitt er rétt, að ég gæti tilnefnt vissar greinar, einkum í seinni tíð, þar sem um hefur verið að ræða aðila sem hafa fengið lán úr lífeyrissjóðakerfinu og úr vissum stofnlánasjóðum og eflaust fengið lán með þeim kjörum að þeir hafi getað komist yfir nokkurn verðbólgugróða. Það er vissulega til, en það er tiltölulega lítið, miklu minna en menn búast við þegar um er að ræða þau lán sem koma úr hinu almenna bankakerfi.

Það er líka reginmisskilningur, að menn hafi verið með

fjárfestingu í íslenskum landbúnaði vegna þess að þeir hafi verið að græða á verðbólgu. Það hafa verið heldur skrýtnir spekúlantar sem hafa fjárfest í landbúnaði með það í huga. Hitt er allt annað mál, hvort sú fjárfesting, sem átt hefur sér stað í landbúnaði eða ýmsum öðrum greinum, hafi að öllu leyti verið hyggileg.

Ég hef dregið fram nokkra ókosti við að fara þessa hávaxtaleið. Ég hef líka sýnt fram á að reynslan er allt önnur en flm. þessa frv. gera ráð fyrir. Reynslan er þveröfug. Auk þess vil ég taka undir það sem t. d. dr. Magni Guðmundsson bendir á, að það er auðvitað alger misskilningur, þegar þessi mál eru rædd, að ætla sér að stilla upp annars vegar sparifjáreigendum og hins vegar lántakendum. Í mjög ríkum mæli er hér um sama aðilann að ræða, bara ekki á nákvæmlega sama tímanum.

Hinir minni sparifjáreigendur, þeir sem eiga yfirleitt minna fjármagn í bönkunum, það einkennilega kemur í ljós að þeir leggja ekki fjármagn sitt inn á hávaxtareikningana. Það er t. d. býsna merkilegt, að meira að segja eftir allan þennan tíma sem menn hafa fengið hefur sparifjáraukningin á þessu ári orðið álíka mikil inn á almennu bankabækurnar með 19% vöxtum eins og inn á vaxtaaukareikningana með 32% vöxtum. Ástæðan er einfaldlega sú, að það er hinn almenni sparandi sem getur lagt til hliðar nokkurn hluta af kaupi sínu, sem leggur inn á hina almennu sparisjóðsbók. En það kemur í ljós, að allir þeir, sem ráða yfir stórum sjóðum og voru jafnvel áður búnir að binda fjármagn sitt á 10 ára bókum eða bókum til nokkurra ára, hafa flutt fjármagn sitt yfir á 32% lánin.

Auk þessa höfum við haft möguleika fyrir sparifjáreigendur til þess að binda fjármagn sitt. Við höfum haft möguleika á því að kaupa verðtryggð bréf allan þennan tíma og þau hafa verið boðin út í svo ríkum mæli, að þau hafa ekki einu sinni selst. En fjármagnið hefur leitað inn á 19% bækurnar eigi að síður, af því að það er eðli málsins, að fólkið, sem getur ekki sparað mikið í einu, leggur inn á þessar bækur með það í huga, að það þarf síðar að nota það fé annaðhvort til þess að borga af húsinu sínu eða kaupa sér hús eða t. d. hefur í huga að kaupa sér bíl.

Ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því, að það er ekki leið til að bjarga sparifjáreigendum að velja hávaxtaleið. Þvert á móti, miðað við þær aðstæður sem við búum við í dag, bendir allt til þess, að t. d. mundi veruleg hækkun vaxta nú beinlínis leiða til tiltölulega snöggrar gengislækkunar sem auðvitað mundi bitna mjög illilega á sparifjáreigendum, því að þar er ekki aðeins um það að ræða að sparnaðarfé, sem fellur til á viðkomandi ári, missi verðgildi, heldur er allur sparifjárstofninn, sem hefur orðið til á löngum tíma, skorinn niður að verðgildi.

Það er býsna sérkennileg kenning sem kemur fram í rökstuðningi fyrir þessari till., að ef farin væri þessi hávaxtaleið yrði það til þess að knýja stjórnvöld til að taka á annan hátt á efnahagsmálum en hefur verið gert. Ég held að hugmyndir, sem fram hafa komið hjá ýmsum um að ætla að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem eru svo stórkostlegar að þær setja í rauninni allt úr skorðum, og réttlæta slíkar aðgerðir með því, að þá hljóti stjórnvöld að taka við sér, — ég held að allar slíkar aðgerðir séu varla frambærilegar, það sé fjarstæðukennt að ætla að beita þeim. Menn verða vitanlega að átta sig á því, hvers eðlis vandinn er, og reyna að bregðast við honum á þann hátt sem þeir telja skynsamlegast.

Ég hef t. d. heyrt þá kenningu hjá ýmsum að segja: Við skulum fara inn á þá braut að verðtryggja allt sparifé í landinu. Hafa menn áttað sig á því, hvað af því leiðir að verðtryggja sparifé? Af því leiðir það einfaldlega, að þá væri algerlega þýðingarlaust úr því að fara í gengislækkun. Gengislækkunin felur í sér að það er verið að skera niður verðmæti þess sem er geymt og skráð í krónum. Ef gengislækkun ætti að fylgja að það yrði að borga verðuppbætur á allt sparifé um leið, þá færi glansinn að fara af henni.

Ég er einn af þeim sem hafa talað mest um það á Alþ. um árabil, að ég er á móti gengislækkunarleið. Ég tel í rauninni gengislækkunarleiðina í sambandi við lausn á okkar efnahagsvanda jafngilda því að víkja sér undan vandanum. Það leysir engan vanda, það frestar vandamáli, færir örlítið til, en afleiðingarnar koma strax og vandinn er jafnvel enn verri eftir en áður. Því hef ég mjög aðhyllst þær till. sem miða að því, að tekið sé á vandamálinu eftir öðrum leiðum en gengislækkunarleið. Samt er ég ekki svo forhertur að ég vilji búa til einhverja reglu sem í rauninn strikar gengislækkunarmöguleikana algerlega út. Ég er þannig gerður að ég segi: Ef í þessu landi eru stjórnvöld sem vilja fara gengislækkunarleið, þá verður það að ganga yfir þjóðina, ef hún kýs þannig stjórn yfir sig. — Ég býst líka við því, að eiginleg gengislækkunarstjórn gerði sér lítið fyrir og breytti slíkum verðtryggingarlögum í skyndi og færi sína venjulegu gengislækkunarleið eftir sem áður.

Það er auðvitað engin tilviljun að erlendir aðilar eru í rauninni alveg gáttaðir á því, að við skulum alltaf fara þá leið að lækka gengi okkar krónu í hvert skipti sem við stöndum frammi fyrir efnahagsvandamálum. Það er vegna þess að þeir meta þá leið yfirleitt óhæfa. Ég segi þó, að slíkt ástand getur vissulega komið upp að það þurfi að breyta skráningu gengisins að einhverju leyti. En það á ekki að nota þá leið sem almenna aðferð út úr efnahagslegum vandkvæðum sem upp kunna að koma. Það er röng aðferð.

Svo aðeins að lokum þetta: Fyrir mér er þessi till., sem hér er á ferðinni, ein af mörgum sem heyrist um nú í seinni tíð af þeim toga, að menn eru alltaf að leita að einhverju „patenti“ til að leysa allan vanda. Ein af þessum leiðum er sú sem gengur yfir í dag, þar sem hver æpir upp í annan og segir: Vandinn í þessu öllu saman er helvítis vísitalan. Það er vísitalan, maður. Hvernig ætlið þið að leysa þetta með vísitölunni? — Það er vísitalan, segir hver í kapp við annan. Og í rauninni hefur þetta verið svona hjá okkur í efnahagsmálum nú um langa hríð. Ýmsir svonefndir sérfræðingar hjá okkur eru alltaf að detta niður á eitthvað svona „patent“. Eitt „patentið“ var það, að menn segja: Það eru vextirnir, maður. Það eru vextirnir. Það þarf að hækka vextina nógu mikið, þá er þetta allt leyst. — Þetta er í mínum huga afskaplega svipað því, ef menn á fiskiskipi yrðu varir við að gangurinn í vélinni væri ekki alveg eðlilegur, eitthvað heyrðist hökta í henni óeðlilega, og þá færi einhver af dekkinu niður og fiktaði í einhverjum takka til að prófa hvort það lagaði ekki ganginn í vélinni. Það er þetta sem við erum alltaf að gera í efnahagsmálunum, og það er það sem flytjendur þessa frv. eru að gera. Þeir segja: Þarna er takki, við skulum prófa hann. — En þeir hafa ekki gert sér neina grein fyrir því, hvað það mundi þýða að fikta við þennan takka.

Við þurfum að reyna að gera okkur grein fyrir því, hvernig hagkerfi okkar er, hvernig það svarar tilteknum aðgerðum. Dæmið með vísitöluna höfum við reynt. Það var búið fyrir nokkrum árum að hrópa vísitöluna af. Þá héldu menn að það væri allra meina bót. En auðvitað kom þá í ljós að þeir, sem höfðu notað vísitöluna á kaupgjald sitt til varnar í sambandi við kaupmátt launa, svöruðu því, þegar bannað var að miða við vísitölu í kaupgjaldssamningum, með því að þeir sömdu aðeins til þriggja mánaða í senn og það var alltaf verið að semja, alltaf verið að breyta grundvellinum, með tilliti til verðlagsþróunar. Og allt snerist þennan sama gang þangað til menn höfðu dansað á þennan hátt í tæp 4 ár. Þá komu stjórnvöld og sögðu: Í guðanna gænum, fallist þið nú á að taka vísitöluna upp aftur svo að við getum hætt þessu. — Þá beittu stjórnvöld sér fyrir því fyrir hönd atvinnurekenda að taka upp vísitöluna aftur og sögðu: Það er miklu dýrmætara að reyna að semja og hafa vísitölu og semja þá til tveggja ára í senn. — Enginn hefur að mínum dómi sýnt skýrar og betur fram á þetta heldur en núv. forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, Jón Sigurðsson. Hann hefur gefið út sérstakt rit þar sem hann gerir einmitt samanburð á þessu tímabili: fjögurra ára tímabili með vísitölu eftir 1964 og fjögurra ára tímabili án vísitölu fyrir 1964. Og hann kemst að þeirri niðurstöðu og segir skýrum orðum, að það verði ekki séð að það sé hægt að kenna vísitölunni á nokkurn hátt um þessa þróun. Vitanlega er það ekki hún sem slík. Það, sem um er að ræða í því tilfelli, er það, að ef verðlagið hækkar og ef þeir, sem taka laun mæld í krónum, sætta sig ekki við verðlagsþróunina, heimta kauphækkun á móti, ef þeir ætla að halda jöfnum kaupmætti, þá geta þeir gert það þó að þeir hafi enga vísitölu við að styðjast. Það er hægt. Og það er einmitt þetta sem hefur réttilega verið bent á núna. Nú er komið þannig hjá okkur, að fjöldamargir aðilar í okkar þjóðfélagi, einkum þeir sem fást við rekstur og sölumennsku, hafa enga vísitölu til að tryggja sér hækkun á verðlaginu. En þeir reikna það út sjálfir. Í hvert skipti sem einhver verðbreyting verður, í hvert skipti sem lágmarksverð hækkar í hvert skipti sem verð á símgjöldum hækkar, í hvert skipti sem kaupgjald hækkar reikna þessir aðilar dæmið út og leggja það fyrir rétt yfirvöld og segja: Ég á að fá svona mikla hækkun. — Þeir kunna nefnilega venjulegan vísitölureikning og þeir knýja fram sínar verðhækkanir. Þetta er allt orðið sjálfvirkt og snýst allt hjá okkur núna.

Ég hef frá upphafi haft aths. að gera við gerð þeirrar vísitölu sem átti að tryggja kaupmátt, hef ýmsar aths. við hana að gera. Það er allt annað mál. En það er að mínum dómi alger misskilningur, að það bjargi okkur eitthvað út úr þeim vanda, sem við stöndum í varðandi þróun verðlags í landinu, að setja alla sök á vísitölu. Það er á sama hátt alger misskilningur að halda fram að það leysi okkar verðbólguvandamál að æða upp með vextina.

Ég vil vera með í því að reyna að gera réttlátar ráðstafanir til þess að vernda spariféð í landinu, reyna að komast hjá því að það sé höggvið niður með sífelldum *gengislækkunum og gert verðminna í mikilli verðbólgu.* Það þarf að finna ráð til þess og það er að mínum dómi hægt. En leiðin er ekki sú að hækka vexti og stórauka þannig verðhækkanir.

Aðeins eitt dæmi enn, sem er miklu alvarlegra en svo að menn hafi að mínum dómi ekki gert sér grein fyrir því. Það er mjög um það talað nú, að þannig sé ástatt í ýmsum byggðarlögum í landinu og t. d. hjá ýmsum greinum í sjávarútvegi, okkar þýðingarmiklu atvinnugrein, að þar sé um hallarekstur að ræða á frystihúsum og sum þeirra jafnvel stöðvuð eða við það að stöðvast, og það þarf að gera sífelldar ráðstafanir fyrir þessa aðila, jafnvel gripa til gengislækkunar, af því að þarna er um hallarekstur að ræða. Ég fékk að líta á eitt af þessum dæmum sem ég veit að eru mörg. Þar var um að ræða aðila sem tiltölulega nýlega höfðu þurft að ganga í gegnum það, að þeir urðu að stöðva frystihúsið sitt í næstum heilt ár til þess að fara í breytingar á þessu frystihúsi og reyna að koma því í það rekstrarástand sem nokkurn veginn samsvarar nýtískufrystihúsi hjá okkur í dag. En af því að þetta gerðist tiltölulega nýlega, á miðju ári 1977 og stóð nokkuð fram á árið 1978, var þessi framkvæmdakostnaður auðvitað í þessu tilfelli fyrir lán með háum vöxtum og mikilli verðtryggingu og auðvitað alllangt fyrir ofan það meðallag sem frystiiðnaðurinn í landinu þarf að rísa undir. En nú gátu þessir aðilar þó fagnað því, að nú var þeim farið að takast að reka frystihús sitt þannig, eins og þeir orðuðu það, að „við erum komnir nokkurn veginn á núllrekstur, við erum nokkurn veginn farnir að hafa tekjur á móti gjöldum, öfugt við það, sem áður var." Það hafa orðið verulegar umbætur í rekstrarafkomunni. En hvað svo? Hefði verið hægt að tryggja þessum aðila nægilegt hráefni og sæmilega góða aðstöðu á annan hátt til vinnslu, þá mátti búast við því að hann gæti haft jákvæðan rekstur, bara reksturinn sjálfan. En ef hann átti einnig að rísa undir ekki aðeins nýju lánunum af umbótum sínum, heldur einnig undir þeirri skuldasúpu sem hafði myndast á erfiðleikatímabilinu, ef hann átti að borga nútímavexti af þessu öllu saman, þá þurfti auðvitað að gerbreyta öllu verðlagi í landinu.

Mér varð þá hugsað til annars frystihúss, þar sem ég *þekkti líka til. Ef sá rekstrargrundvöllur, sem hefði dug*að nokkurn veginn því húsi, sem ég var að nefna, hefði verið lögbundinn eða ákveðinn, þá hefði hitt frystihúsið verið með mörg hundruð millj. kr. hagnað, af því að það býr við allt önnur skilyrði. Menn eru að tala um það núna, að það þurfi að reyna að bjarga t. d. rekstri, hér á Suðurnesjum eða í Vestmannaeyjum. Sannleikurinn er sá, sem ýmsir af þessum aðilum segja sem hafa með þennan rekstur að gera, að það er ekki hægt að bjarga þeim öðruvísi en að höggva af þeim skuldahalann. Hið nýja vaxta- og lánakerfi er komið þannig, það er búið að skapa slíkt misræmi hjá aðilum í atvinnurekstri í landinu, að það er sérstakt vandamál að komast út úr því aftur. Ég vara við þessu og beini því til manna að þeir leiti annarra ráða en þeirra sem felast í þessu frv. Í þessu frv. felst einstefnuakstur þeirra sem halda að þeir skynji allan sannleikann í sambandi við það sem þeir sjá allra næst nefi sínu, en þeir sjá afar skammt fram fyrir sig og það mundi fara illa fyrir þeim ef þeir færu eftir þessu sjónarmiði sínu.

Þeir, sem standa að þessu frv., halda því fram, að ég haldi uppi þeim málflutningi, sem ég hef haft hér, af því að ég sé einhver sérstakur talsmaður skuldakónga. Það *er mikill misskilningur. Ég hins vegar þekki talsvert* mikið til atvinnurekstrar í landinu og ég þekki líka til bankarekstrarins. Ég veit hvernig hann er byggður upp. Ég veit hvar lánin eru geymd. Ég hef fylgst með því í langan tíma. Ég geri mér talsvert glögga grein fyrir því, hvar t. d. verðbólgugróði kemur fram og hvar hann kemur ekki fram í sambandi við lán. Og það er af því sem ég

vara við tillögum eins og þessari, því að hún er í rauninni skammsýnistillaga sem leysir ekki vanda, en hún mundi stórauka vandann.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að tilkynna hv. dm. það, að ég mun ekki halda hástemmda og fræðilega ræðu um verðbólguvandamálið í sambandi við þetta frv. Ég vil gjarnan fá að segja um það nokkur orð.

Hér er auðvitað verið að reyna að höggva á þann óleysanlega hnút sem verið hefur hingað til, annars vegar að vernda sparifjáreigendur og hins vegar að íþyngja ekki um of atvinnurekstri, húsbyggjendum og fleira af því fólki sem ýmissa nauðsynja vegna verður að taka fé að láni. Þetta hefur löngum reynst erfitt viðfangsefni, og hygg ég að svo muni enn fara. Út af fyrir sig efast ég ekki um það, að tilgangur flm. með þessu frv. er góðra gjalda verður, og það er mjög líklegt, að þeir trúi því, svo að ég segi ekkert annað en það sem ég held að sé rétt, að þarna hafi verið hitt á óskaráðið.

En mig langar að leggja fyrir mig og aðra hv. alþm. tvær spurningar í sambandi við þetta: 1) Er þörf á þessu frv., þörf á þessum lagaákvæðum? 2) Leysa þau vandann þótt þau verði samþykkt? Ég ætla aðeins að víkja að fyrra atriðinu.

Það var 1966 sem þáv. bankamálaráðh., Gylfi Þ. Gíslason, kynnti hér á Alþingi frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þetta frv. fékk góðar viðtökur á þingi, því að flestir, sem þar voru þá, þ. á m. sá sem hér stendur, töldu að þarna væri hugsanlega leið til þess að leysa þetta vandamál sem ég vék að í upphafi, að tryggja hag sparifjáreigenda án þess að íþyngja lántakendum um of. Þessi lög voru sett og þau heimila Seðlabankanum að leyfa verðtryggingu á fjárskuldbindingum sem eigi væru til skemmri tíma en þriggja ára, bönnuðu alla aðra verðtryggingu, þ. á m. að miða vexti við breytingar á vísitölu, vöruverði, gengi erlends gjaldeyris, verðmæti gulls, silfurs eða annars verðmætis, eins og í 1. gr. þessara laga segir. Þarna héldu menn sem sagt að væri verið að finna snjallræði til þess að tryggja hag sparifjáreigenda.

Nú eru liðin 12 ár síðan þessi lög voru sett og enn þá hefur mjög lítið af fjárskuldbindingum, þótt til lengri tíma sé, verið verðtryggt. Af hverju skyldi það vera nema af því að lántakendur hafa ekki getað risið undir þeim byrðum sem slík lán leggja á þá. Ég held að ég hafi það algerlega fyrir satt, að allan þann tíma, sem þessi lög hafa verið í gildi, hafi verið við æðstu stjórn í Seðlabankanum menn sem raunverulega trúa á gildi hárra vaxta til varnar gegn verðbólgu og til tryggingar sparifjár. Ég á þess vegna ekki von á því, að sú staðreynd, að þessi aðferð hefur ekki verið meira notuð en raun ber vitni, stafi af tregðu hjá þeim mönnum sem þar fara með völdin. Það eru aðrar aðstæður og ástæður sem koma þar til greina, nefnilega þær sem ég áðan nefndi, að lántakendurnir hafa ekki ráðið við þessar skuldbindingar. Annað hefur líka komið í ljós, að lán með þeim kjörum hafa hækkað verðlagið í landinu, vegna þess að þau hafa farið að verulegu leyti út í verðlag, eins og hér hefur raunar áður verið sagt og allir vafalaust vita.

Í öðru lagi leyfi ég mér að minna á að það er Seðlabanki Íslands sem ræður því, hvaða vaxtakjör eru í landinu á hverjum tíma. Í 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir svo, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir, er um ræðir í 10. gr., mega reikna af innlánum og útlánum. Nær þetta vald einnig til að ákveða hámarksvexti samkv. lögum nr. 58/1960“ o. s. frv.

Það hefur verið nokkrum sinnum reynt að hækka vexti til þess að tryggja hag sparifjáreigenda. En nú hefur því um nokkurt skeið verið hætt, ekki að ég hygg vegna þess, að bankastjórn Seðlabankans hafi skipt um skoðun, hún sé nú farin að trúa því, að háir vextir séu til óþurftar, heldur af hinu, að hún hefur ekki í þessu tilviki frekar en þegar um verðtryggingu fjárskuldbindinga er að ræða treyst sér til að leggja á lántakendur, atvinnureksturinn og einstaklinga sem þurfa á lánum að halda, þær kvaðir sem hærri vextir bera í sér. Ef menn hefðu trú á því, að vandann væri hægt að leysa annars vegar með verðtryggingu fjárskuldbindinga sem eru lengri en til þriggja ára og hins vegar háum vöxtum á styttri tíma skuldbindingum, þá hefði það að mínu mati verið gert, ef ekki hefðu komið til þær ástæður sem ég var að nefna, að menn hefðu ekki treyst sér til að leggja byrðarnar á.

Ég held því að frv. sé að þessu leyti óþarft. Og é gheld að það sé ekki rétt að ákveða það skilyrðislaust, að vaxtafótur skuli ávallt fylgja verðbólgustiginu. Það geta ævinlega komið þau tilvik fyrir í þjóðfélaginu, að þess sé ekki kostur. Ég ætla ekki að fara að búa til nein dæmi um það. Ég hygg að menn hljóti að sjá að slík atvik geta orðið fyrir hendi, og þá álít ég að ekki sé hentugt að þurfa að breyta lögum til þess að breyta vöxtum. Þeir menn, sem trúað hefur verið fyrir því mikilvæga hlutverki að fara með stjórn Seðlabanka Íslands, hljóta að mínu mati áfram að verða að ráða því, hvenær hentugt sé að hækka vextina og hvenær nauðsynlegt sé að lækka þá.

Þá vil ég aðeins koma að hinu atriðinu, hvort þetta frv. muni leiða til lækkunar verðbólgu og þar af leiðandi til bættra lífskjara í þjóðfélaginu. Ég ætla ekki að hafa um það langt mál, því að ég er að ýmsu leyti sammála því sem síðasti ræðumaður sagði til rökstuðnings því, að ég tel að svo háir vextir sem hér er rætt um muni ekki vera til hagsældar, hvorki fyrir land né lýð. Það er staðreynd, sem ekki verður fram hjá gengið, að verulegur hluti af fjármagnskostnaði fer beint út í verðlagið hér á landi, fyrst og fremst vegna þess að þeir aðilar, sem lánin taka, hafa enga möguleika á því að greiða vextina úr eigin vasa. Ef ætti að skapa þeim skilyrði til þess yrði að auka möguleika þeirra á að hagnast á atvinnurekstri sínum miklu meira en þeir hafa nú möguleika á. Ef hægt er að finna ráð til þess má vera að hér sé farið inn á rétta braut, en fyrr en það ráð hefur verið fundið og á það bent og frá því skýrt tel ég að hér sé ekki um neitt snjallræði að tefla.

Auðvitað er æskilegt að sparifjáreigendur séu tryggðir. Það segir sig vitanlega sjálft, því að á sparnaði einstaklinga byggist möguleiki þjóðfélagsins til þess að fjármagna framkvæmdir af eigin fé. Þetta vita auðvitað allir. En ég óttast það og veit, að þótt vextir verði hækkaðir, þá munu sparifjáreigendur einnig verða fyrir barðinu á þeirri verðbólgu, sem óhjákvæmilega leiðir af vaxtahækkuninni, því að háir vextir eru ekki bara afleiðing af verðbólgu, þeir eru orsök verðbólgu ekkert síður. Það hljótum við að geta verið sammála um.

Hér hefur verið minnst á þann möguleika, sem sparifjáreigendur hafa til þess að verðtryggja sparifé sitt, þ. e. a. s. að kaupa ríkistryggð skuldabréf. Margir hafa notað sér það, og með þeim kjörum, sem á þeim eru, er það ekki óaðgengileg leið fyrir þá sem eiga nokkurt magn af

sparifé sem þeir að öllu óbreyttu a. m. k., skulum við segja, þurfa ekki á að halda þann tíma sem féð er bundið, þ. e. þrjú ár. En auðvitað er og verður alltaf til annars konar sparifé í landinu líka. Það er sparifé sem fólk þorir ekki að binda, af því að það vill hafa það tiltækt ef eitthvað bjátar á, ef einhverjum óvæntum útgjöldum þarf að mæta. Og það er fyrst og fremst þetta fólk sem ég fyrir mitt leyti hef samúð með og vissar áhyggjur af, að ekki skuli vera hægt að tryggja fé þess betur en nú er gert.

Leiðin til þess að tryggja sparifé er auðvitað að vinna bug á verðbólgunni. Ég hef ekki við höndina patentlausn á lækkun verðbólgu frekar en ég býst við að aðrir hafi, nema þá ef vera kynnu flm. þessa frv. En með samverkandi aðgerðum, eins og núv. ríkisstj. stefnir að, hygg ég að hægt muni að halda til að byrja með verðbóglunni í skefjum og helst að lækka hana. Og ég legg áherslu á það, að í framtíðinni verði þess freistað a. m. k. og helst staðið við það, að þær tölur, sem gefnar verða út um verðbólgustig í framtíð, fáist staðið. Ég tel það ekkert minna atriði heldur en að lækka verðbólguna í einu vetfangi, af því að ég tel ekki að það sé hægt. En ástæðan til þess, að ég segi þetta, er sú, að mikið af erfiðleikum atvinnurekstrar og þá einkum þess, sem flytur vörur sínar og afurðir úr landi, stafar einmitt af því, að samið er á tilteknum tíma um sölu á afurðum fram í tímann. Þetta geta oft verið ágætir samningar, miðað við þær aðstæður sem fyrir hendi eru þegar þeir eru gerðir. En þegar á að skila vörunni hefur verðbólgan leikið framleiðslukostnaðinn þannig, að útilokað er fyrir framleiðandann að standa við gerða samninga eða þá hann stórtapar a. m. k. á þeim. Þess vegna legg ég áherslu á að þess verði gætt, að sú verðbólguspá, sem út verður gefin, ef að vanda lætur, verði gerð með þeirri aðgát, að ekki sé hætta á því að verðbólgan verði meiri. Minni mætti hún að sjálfsögðu gjarnan verða.

Það er mikið talað hér um verðbólgugróða, brask og spillingu sem af því leiðir, og síst ætla ég að fara að gerast málsvari fyrir þá sem hafa grætt á verðbólgu. En ég held að þeir séu ekki eins margir og af er látið. Og ég held að það sé að verulegu leyti hægt að ná til þessa verðbólgugróða með skattálagningu á svipaðan hátt og nú er verið að gera, og lýsi ég því þó í leiðinni yfir, að afturverkandi skattar eru ekki að mínu skapi. En nú er ég að tala um framtíðarskattlagningu, og ég tel að það sé hægt að ná til þess verðbólgugróða, sem myndast hefur í gegnum fasteignaöflun, með eignarskatti eins og nú er verið að vinna að.

Ég minnist þess frá mínum fyrstu dögum hér, — ég held að það hafi verið 1960, — að þá þótti mér það snjallræði og færði í tal hér, að það ætti að vera vaxtaþak á frádrætti þeim sem leyfilegt væri að draga frá áður en skattur er lagður á. Þetta þótti alger fjarstæða þá og málið komst ekki hænufet. Nú sýnist mér þó að margir hafi komist á þá skoðun, að eitt af því, sem gæti dregið úr áhuga manna á lántökum til fjárfestingar, sé að þeir verði þó a. m. k. að greiða að verulegu leyti skatt án tillits til þess hvað þeir skulda. Ég er ekki að mæla því bót, að engir vextir séu frádráttarbærir. Ég tel eðlilegt að hæfileg fjárhæð sé tiltekin, við skulum segja vextir af húsnæðismálalánum eða eitthvað slíkt, ég hef ekki reiknað út hvað það ætti að vera, en það sé ekki leyfilegt, eins og tíðkast hefur, að draga frá alla þá vexti sem menn geta yfir komist eða fá að borga í lánastofnunum.

Í sambandi við þetta frv. er eitt sem mig langar enn fremur að benda aðeins á, og það er að ég tel næsta óeðlilegt að allir innlánsreikningar séu með sömu vöxtum, en samkv. 1. gr. þessa frv. er ekki annað að sjá en inneignir í sparisjóði, á hlaupareikningum og ávísanareikningum eigi að vera með þeim vaxtakjörum sem hér um ræðir. Þetta tel ég fullkomlega óeðlilegt. Eins og allir hv. þm. vita, eru nú greiddir mjög lágir vextir af hlaupareikningum og ávísanareikningum. Það byggist á því, að við þá reikninga er yfirgnæfandi langmest vinna bankanna og það er dýrt fyrir bankana að fjalla um slíkt fé sem kannske stendur aðeins yfir nóttina í banka, eins og dæmi eru til. Og þetta er ekki íslenskt fyrirbæri, þetta er þekkt, að ég hygg, í öllum löndum, að vaxtamismunur er fyrir hendi. Ég tel að hér sé ágalli á frv. sem sennilega er auðvelt að laga, en a. m. k. vil ég benda hv. flm. á að athuga þetta. Sums staðar eru hlaupareikningar þannig, að menn verða að greiða fyrir að fá að hafa þá, eins og í Sviss og jafnvel víðar, sem sýnir hvað bankarnir telja og vita hvað er dýrt og fyrirhafnarsamt að geyma fé á slíkum vöxtum.

Hæstv. ríkisstj., sem nú hefur hafið göngu sína, hefur í samstarfsyfirlýsingu sinni þá stefnu að endurskoða vísitöluna. Ég tel höfuðnauðsyn á því, að þetta stefnuskráratriði verði framkvæmt. Ég viðurkenni það, sem hv. 1. þm. Austurl. var að segja áðan, og man vel þá tíð, þegar engin vísitala var á launum. Við, sem vorum þá í stjórnarandstöðu, reiknuðum út og sönnuðum með óyggjandi tölum, að aldrei hefði kaup á Íslandi hækkað meira en á árunum 1963—1964, þeim árum sem vísitalan var ekki í sambandi, svo að það út af fyrir sig að hafa engan mæli milli kaupgjalds og verðlags er ekki lausnin. Ég viðurkenni það og samþykki það með honum. Hins vegar tel ég að sú vísitala, sem við búum nú við, sé bandvitlaus, eldgömul og úrelt og það sé höfuðnauðsyn að endurskoða hana. Til að mynda í hvert skipti sem bifreiðaárekstur verður hér hækka laun manna, og maður sér, þegar ekið er inn Miklubraut, launin sín hækka kannske þrisvar, fjórum sinnum á leiðinni. Þetta er ekki kerfi sem er heppilegt við að búa. Og margt er fleira í þessum fræðum sem þarf að lagfæra, það hljótum við öll að vera sammála um.

Ýmislegt fleira hlýtur að geta komið til álita og til greina þegar talað er um baráttuna við verðbólguna. En ég sagði í upphafi ræðu minnar, að ég ætlaði ekki að halda fyrirlestur um hana að þessu sinni, ég ætlaði aðeins að ræða um frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er nú ekki hávaxtamaður, en ég lofa samt þrautseigum hv. þm. í deildinni að segja ekki allt sem ég veit um efnahagsmál. Ég ætla ekki að endurtaka rök sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson og hv. þm. Einar Ágústsson fluttu áðan og ég hygg að hafi verið hv. flm., Vilmundi Gylfasyni, og meðflm. hans, sem eru allir óbreyttir hv. þm. Alþfl. í deildinni, nauðsynleg lexía. Því er nú verr, að þeir eru ekki allir við til þess að meðtaka þetta, en ég hygg þó að heppilegra hefði verið fyrir hv. þm. Lúðvík Jósepsson að láta hv. þm. Vilmund Gylfason hafa þessa lexíu í nokkrum skömmtum. Ég er ekki viss um að hv. þm. Vilmundur geti tekið við svo miklu magni í einu, jafnvel þó að þetta sé allt saman gott og nauðsynlegt, því að ég óttast sannarlega að það geti farið að brydda á námsleiða hjá nemandanum eftir svona fyrirlestur.

Meginatriðið í þessu máli er náttúrlega að greina á milli orsaka og afleiðinga. Það er dýrmætt að hafa hag sparifjáreigenda í huga, og samúð mín er að sjálfsögðu með sparifjáreigendum. En ef ég reyni að hugsa skýrt, þá sýnist mér að háir vextir séu orsök aukinnar verðbólgu, mjög verðbólguhvetjandi, og geti ekki verið annað en verðbólguhvetjandi, en verði ekki til lækningar á verðbólgunni.

Vaxtastefna sú, sem fylgt hefur verið undanfarin missiri, hefur ekki læknað verðbólguna. Í fyrravor bar ég fram hér í hv. d. frv. til l. um að færa þetta formlega vaxtaákvörðunarvald, sem var til umræðu hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Einari Ágústssyni, frá Seðlabankanum til ríkisstj., því að þrátt fyrir allt hafði ég meira traust á ríkisstj. heldur en á Seðlabankanum. Ég leit svo á að þjóðkjörnir stjórnmálamenn mundu ekki fara eins glannalega með vaxtamál og mér virtist að Seðlabankinn hefði farið.

Þegar ég kom fyrst til starfa hér á Alþ. sumarið 1974 voru forvextir af almennum víxlum 11—11¾%. Núna eru þeir 23½%. Vextir af fasteigna- og handveðslánum til lengri tíma en tveggja ára voru 13%. Núna eru þeir 26%. Forvextir af afurðalánum voru 7—9%. Nú er þeir 23½%. Forvextir af afurðalánum voru 7—9%. Nú er þeir 18%. Dráttarvextir voru 1½ á mánuði, en nú eru þeir komnir upp í 3% á mánuði, 36% á ári. Það hefur líka verið fundinn upp nýr lánaflokkur, vaxtaaukareikningar, þar sem mönnum er gert kleift að fá okurrentu fyrir peninga sína. Þar með var náttúrlega víxilkerfið eyðilagt, því að það er ekki hægt að lána út á 22% vöxtum peninga sem þarf að borga yfir 30% vesti af. Síðan verður þetta allt saman til þess, að rekstrarkostnaður atvinnuveganna fer upp úr öllu valdi, og efnahagurinn hefur sannarlega ekki skánað á þessu tímabili.

Hér hefur komið til umr. hvernig vextir leika hina ýmsu atvinnuvegi. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hér hefur komið fram um það mál. Ég vil hins vegar leiðrétta eða fara ofurlítið nánar út í vexti í landbúnaðardæminu heldur en gert hefur verið til þessa.

Það er rétt, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson hafði hér orð á, að í ágúst voru 14 milljarðar í lánum til landbúnaðar. En á meðalbúi eru reiknaðir vextir í verðlagsgrundvelli samtals einungis tæp 541 þús., og það er sannarlega ekki há tala. Eru hv. flm. tilbúnir til að velta raunvöxtum af landbúnaðarframleiðslu út í verðlagið? Ég bara spyr. Ég er hræddur um að það mundi standa í þeim. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að velta þeim út í verðlagið eða láta atvinnuvegina stöðvast.

Sjónarmið hv. 1. flm., sem fram kom í ræðu hans, virtist mér vera sjónarmið launamanns sem lokar alveg augunum fyrir lífinu í landinu. Við lifum ekki í þessu landi nema með því að atvinnulífið gangi, og svo best hafa launamenn og sparifjáreigendur sín laun og eitthvað eftir af sínu sparifé, að atvinnulíf í landinu sé með sæmilegum blóma. Ég afsegi alveg þá rökvillu, sem mér þykir koma fram, að skömmtun fjármagns af stjórnmálamönnum sé einhver óeðlileg eða óheiðarleg lánastarfsemi. Ég held, að vald Alþ. í fjármálum á Íslandi sé of lítið, en ekki of mikið. Ég held að það væri þarft verk að auka það. Svo finnst mér líka vera óskemmtilegt að hlusta á það, sem bryddi því miður á í nokkrum ágætum ræðum sem ég hef heyrt hv. þm. Vilmund Gylfason flytja, að pólitík sé eitthvað óhreinni en önnur störf, að stjórnmálamenn séu eitthvað lakari menn en aðrir menn eða verk þeirra með einhverjum hætti skuggalegri og óheiðarlegri en annarra manna. Ég held að þetta sé illa mælt og ástæðulaust. Þessi hv. þm. er af ætt ágætra stjórnmálamanna og tengdur enn meiri stjórnmálamönnum. Ég get ekki annað en leyft mér að vitna til Sturlungu, og þá er það auðvitað draumkona Jóreiðar í Miðjumdal sem upp í hugann kemur, en hún sagði: „Illir þykja mér allir þeir fuglar er í sjálfs hreiður skíta.“ Ég held að þm. séu hvorki betri né verri en þeir kjósendur sem kjósa þá. Þeir eru úrtak úr kjósendunum, og þess vegna held ég að það sé síður en svo, að þeir séu eða eigi að vera eitthvað frábrugðnir fólkinu í landinu.

Það er ýmislegt lofsvert í því, sem hv. þm. hefur haldið fram um efnahagsmál, og ég er ekki í vafa um að hann vill lækna verðbólguna. Ég er hons vegar ekki á sama máli og hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, um lækninguna á verðbólgunni. Ég held, ef hætt er að tala um „patent“ í þessu sambandi, að það sé vísitalan miklu fremur en vextirnir sem sé lykillinn að því, að við komumst í eðlilegt efnahagsástand. Þar með er ekki sagt að það eigi að hætta að mæla kaup fólks og kaup fólks megi ekki taka breytingum. En það verður bara, eins og hv. síðasti ræðumaður orðaði það, að miða við annað. Í efnahagsmálaprógrammi Alþfl., sem hann lagði fram og féll fólkinu í landinu vel í geð, var eitt atriði sem skaraði fram úr öðrum, og það var hugmynd Alþfl.-manna — reyndar ekki þeirra hugmynd, en hugmynd sú sem þeir héldu þar fram um þjóðhagsvísitölu. Það er miklu heilbrigðari og eðlilegri aðferð heldur en vera að hafa vísitöluna eins byggða upp og hún er núna, þar sem hún er með þeirri hugsanavillu að skattarnir eru inni í henni, og það getur náttúrlega ekki góðri lukku stýrt, eins og hv. síðasti ræðumaður drap á. Og það er í henni margt sem ekki á þar að vera. Ef við þurfum að byggja skóla eða greiða niður vöruverð í landinu, þá þurfum við að afla tekna og það er gert að talsverðum hluta, um 80%, með óbeinum sköttum. Þeir eru inni í vísitölunni og þar með verða þeir til þess að fólkið í landinu fær hærra kaup. Þetta er kerfi sem alls ekki gengur, og ég skil ekkert í jafngamalreyndum og skýrum stjórnmálamanni og hv. þm. Lúðvík Jósepssyni að fást ekki til að viðurkenna þetta.

Það er hægt að hafa ýmsa aðra viðmiðun heldur en gert er. Hana þarf að finna með skynsamlegu samkomulagi. En þetta skynsamlega samkomulag fæst ekki með því að menn loki augunum fyrir vandanum og berji höfðinu við steininn. Hv. 1. þm. Austurl. vitnaði til sjómennsku í írafári sem væri orðið á áhöfninni. Satt er það, að bátur okkar er að fyllast, við höfum ekki við að ausa og vélin er sjálfsagt farin að hökta. En neglan er ekki í bátnum og þess vegna er ekkert óeðlilegt þó að hækki í honum.

Mér kom það á óvart í upphafi ræðu 1. flm. og ég hafði reyndar ekki hugleitt það, að kosningasigur Alþfl. hefði unnist sérstaklega út á verðbólguna og þar með væru hinir ágætu nýju þm. Alþfl. einhverjir sérstakir verðbólguþm. En allt um það, þá er ég því fremur á móti verðbólgu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það hefur sjálfsagt engum komið á óvart hve miklar umr. hafa orðið um þetta mál hér í hv. Nd. Alþingis. Það hefur komið berlega í ljós, eins og reyndar var vitað fyrir fram, að í stjórnarherbúðunum væri ekki samkomulag um þessi mál fremur en mörg önnur mikilvæg mál. En ég vil segja það út af

því, að þetta frv. er komið fram, að ég fagna því og ég styð meginstefnuna sem kemur fram í frv. og byggir á raunvaxtasjónarmiðinu.

Við verðum að hafa það í huga, að raunvaxtasjónarmiðið er sett fram til þess að ná jafnvægi á fjármagnsmarkaðnum og hjálpa til að ná verðbólgunni niður þegar til lengri tíma er litið. Það, sem hins vegar kemur í ljós tiltölulega fljótlega, þegar til slíkra ráðstafana er gripið, er að fjármagnið leitar í arðsamari farvegi heldur en það gerir í núverandi kerfi. Til viðbótar má gera ráð fyrir því, að almennur frjáls sparnaður landsmanna aukist að ráði.

Talsvert hefur verið rætt hér um svokallaðan verðbólgugróða og trúna á hann. Mín skoðun er sú, að ástæðan fyrir því, að fólk telur sig græða á verðbólgunni, sé að verðbólgugróðinn, ef nota má það orð, birtist yfirleitt *nálægt þeim sem græða. Hann birtist þeim sem eru að* byggja sér hús. En aftur á móti er tapið ákaflega fjarlægt. Menn taka ekki eftir því, hverju er brennt, vegna þess að verið er að brenna skattfé almennings, vegna þess að verið er að brenna upp sjóði og vegna þess að verið er að brenna upp sparifé sparifjáreigenda, sem eru orðnir svo vanir því að það sé gert.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði réttilega, og það er ánægjulegt að hann hefur skilning á því máli, að allt væri orðið sjálfvirkt í okkar efnahagskerfi, allt væri orðið fast. Það er einnig alveg rétt, að þetta mál, sem við höfum hér til umr. nú, er ákaflega flókið og ekki er hægt að skoða það eitt sér. Það krefst að sjálfsögðu uppskurðar í efnahagskerfinu ef þetta mál á fram að ganga. Það er kominn tími til þess, að við reynum að leiðrétta þá skekkju, sem er í efnahagskerfinu, eða það misræmi, sem komið hefur fram í því og hv. þm. Lúðvík Jósepsson benti á. En til þess að þetta frv. nái tilgangi sínum þarf að gera ýmislegt fleira. Hér þurfa að vera starfandi verðjöfnunarsjóðir. Nota þarf útgjöld ríkissjóðs sem hagstjórnartæki. Gengið verður ávallt að vera rétt skráð. Á hverjum tíma þarf tekjumyndun atvinnuveganna að vera tryggð með eðlilegum hætti. Kaupmáttarstigið verður að vera samstíga þjóðartekjunum eða bundið þjóðhagsvísitölu í einhverri mynd, ef um vísitölubindingu á að vera að ræða. Samþykkt frv. krefst sem sagt þess, að uppskurður verði gerður í efnahagskerfinu og horfið verði til frjálslyndari hátta í þessum málum. Það, sem skiptir máli, er að í stað þess að við veltumst áfram í vítahring þarf einhvers staðar að byrja á því að höggva á hnútinn.

Þetta frv., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir breytingu á 13. gr. laga um Seðlabankann, en sú grein snertir ekki beinlínis sjóðina, hvorki rekstrarlánasjóðina né heldur fjárfestingarsjóðina sem hér var minnst á, þótt auðvitað megi gera ráð fyrir því, að vaxtastefna þeirra, þ. e. sjóðsstjórnanna og ríkisstj., muni breytast og taka á sig sömu mynd.

Varðandi fjárfestingarlánasjóðina 1974—1976 brann á verðbólgubálinu allt fjárframlag til sjóðanna. Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lesa hér örstutt úr Hagtölum mánaðarins, október 1977. Þar segir svo:

„Hin öra verðbólguþróun undanfarandi ára hefur rýrt mjög eigin fé fjárfestingarlánasjóða, enda fylgdu kjör á útlánum þeirra ekki stöðugt hækkandi kostnaði fjármagns. Sem dæmi má nefna, að í árslok 1973 var eigið fé sjóðanna 10 milljarðar og 360 millj. kr., sem svarar til 26 milljarða og 575 millj. kr. í árslok 1976, ef það hefði fylgt hækkun þeirri er varð á vísitölu byggingarkostnaðar á þessum þremur árum. Í árslok 1976 var eigið fé sjóðanna 26 milljarðar 540 millj., þrátt fyrir að framlag til sjóðanna þessi þrjú ár hafi numið samtals 13 milljörðum 237 millj. kr., sem svarar til um 18 milljarða 458 millj. kr. á verðlagi í árslok 1976. Af framansögðu má sjá að eigið fé er um 1976. Af framansögðu má sjá að eigið fé er um 18.5 milljörðum kr. lægra að verðgildi í árslok 1976 en framreiknað eigið fé í árslok 1973 að viðbættum framlögum árið 1974—1976. Þetta svarar til þess, að eigið fé og árleg framlög hafi rýrnað um 20.6% að meðaltali á ári þessi 3 ár."

Við skulum hafa það í huga, þegar talað er um þessa sjóði, að það er nokkurt framlag, sem yfirleitt kemur frá atvinnuvegunum sjálfum eða úr ríkissjóði, sem rennur til þeirra. Gera má ráð fyrir því, að ef um raunvaxtastefnu væri að ræða mundi það framlag geta minnkað og þar af *leiðandi mundi rekstrarkostnaður fyrirtækjanna minnka* að sama skapi. Ef það hins vegar dugir ekki til, þá skulum við bara viðurkenna það, að við viljum í þessu þjóðfélagi styrkja sumar atvinnugreinar, styrkja vissar fjárfestingar.

Sjóðirnir hafa reyndar á undanförnum árum tekið nokkurt tillit til þessa, og nú mun vera verðbætt fé það sem sjóðirnir fá t. d. að láni hjá lífeyrissjóðum landsmanna, og auðvitað er það spor í rétta átt. Við skulum líka hafa það hugfast, að það er ástæða til þess að styrkja með skattfé sérstaklega suma sjóði sem hafa félagslegu hlutverki að gegna. Ég vil nefna í þessu sambandi t. d. Byggingarsjóð ríkisins, og ég verð satt að segja að lýsa yfir dálitlum vonbrigðum mínum með það sem stendur í grg., hvernig hv. flm. sér lausn á því máli. Í dag munu vextir af þessum lánum vera á milli 8 og 9%, en um leið er borguð verðtrygging sem nemur um 2/5, þannig að ef vísitala byggingarkostnaðar hækkar um 50%, þá mundi það vera um 20% sem má í þessu tilviki líta á sem vexti, því að í raun og veru er erfitt að gera mikinn greinarmun á verðtryggingu annars vegar og vöxtum hins vegar, þótt auðvitað sé á því heilmikill munur í eðli sínu.

Mín till. væri sú í sambandi við húsbygginarsjóðinn, að þar ætti að leggja fram af sameiginlegu fé landsmanna í því skyni að styðja það fólk sem er að byggja í fyrsta skipti. Það finnst mér sjálfsagt og ég styð þá stefnu að allir landsmenn geti, ef þeir vilja, komið sér upp eigin húsnæði. Vel má hugsa sér það, að hver einstaklingur, sem í fyrsta skipti er að byggja, fái til þess ákveðið fjármagn og þurfi að borga til baka kannske aðeins hluta af þeim vöxtum, sem teljast mundu til raunvaxta miðað við verðbólgu. Það á auðvitað ekki að binda lán við stærð húsnæðis, því að húsnæðisþörf ungs fólks eða fólks, sem er að byggja í fyrsta skipti, er ákaflega misjöfn. Þar ætti sama yfir alla að ganga, því að allir vita að í þeim málum er fyrsti hjallinn erfiðastur.

Í sambandi við það frv., sem hér er til umræðu, er annars að gæta enn fremur, og það kom reyndar fram í ræðu hv. þm. Einars Ágústssonar, að í frv. er nánast gert ráð fyrir sömu vöxtum á lán, nema þá að í reglugerð ætti að koma fram einhver munur á þessu. Þetta vekur þá spurningu, hvort ákvörðunarvaldið í þessum málum eigi yfir höfuð að vera hjá Seðlabanka Íslands. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að það gerist víðast hvar að slíkt ákvörðunarvald sé hjá seðlabönkum ríkja. En það kemur fyllilega til greina að mínu viti að taka þetta ákvörðunarvald af Seðlabankanum, sem þýðir það að bankar og sparisjóðir, en 13. gr. seðlabankalaganna virðist vísa fyrst og

fremst til vaxtakjara þeirra, mundu sjálfir hafa tækifæri til þess að mynda sér sína vaxtastefnu. Það þýðir að vextirnir yrðu markaðsvextir á hverjum tíma. Þessa skoðun mína byggi ég reyndar á sömu rökum og fram komu hjá hv. 1. flm. frv., en þau eru að seðlabankastjórnin og ríkisstj., þ. e. a. s. hið pólitíska vald, hafi ekki reynst vandanum vaxnar í þessum efnum. Markaðsvextir þurfa ekki alltaf að fylgja verðbólgunni. Þeir geta verið lægri og þeir geta verið hærri, allt eftir því hvernig jafnvægið er á lánamarkaðinum hverju sinni. Og í sambandi við þetta er það líka íhugunarefni, hvort ekki er kominn tími til þess að ógilda verðtryggingarlögin frá 1966 að meira eða minna leyti. Þá á ég sérstaklega við það, að hægt sé að verðtryggja lán samkv. samningi á milli einstaklinga, ekki síst þegar þau lán eru tryggð t. d. með fasteignum. Og þá kemur enn fremur til greina, og það er nánast formlegt atriði, að fella úr gildi okurlögin nema þann þátt þeirra sem lýsir sér í 7. gr. og er nánast samningaréttarlegs eðlis. Það er misneytingargrein okurlaganna. Þetta mundi hafa það í för með sér, að húsnæði á húsnæðismarkaðinum mundi að mínu viti nýtast miklu betur en nú er. Þetta hefur sem sagt það í för með sér, að fullorðinn maður eða fullorðin kona eða fullorðin hjón, sem búa í stóru húsnæði, geta losað sig við það húsnæði og farið í annað minna, fengið tiltölulega litla útborgun, en fengið síðan verðtryggingu fyrir því fé sem þau lána nýjum kaupanda, sem væntanlega verður þá yngri, hugsanlega barnafólk. Slíkir kaupendur gætu þess vegna í framtíðinni skipulagt hvernig þeir haga sínum húsnæðismálum. Þetta gæti að mínu viti lagað ýmislegt og jafnvel lækkað húsnæðisverð, a. m. k. að nafnverði, og ég get ekki ímyndað mér annað en hv. 1. þm. Austurl. standi með mér í því, því að það mundi að sjálfsögðu þýða það, að fasteignasalarnir, sem eru allra millilíða verstir að áliti Alþb., mundu fá minna í sína hönd.

Það er líka spurning um það, hvort ríkið eigi nánast eitt að hafa þá heimild að geta boðið út verðtryggð spariskírteini. Það getur verið að kominn sé tími til þess að treysta jafnvel einstaklingum til slíkra samninga. En mér er ljóst að til þess að svo geti orðið þarf að sjálfsögðu að setja einhver lög eða reglur um útreikning á vöxtum. Slík lög eru til í ýmsum nágrannalöndum okkar. Það þarf eflaust að festa slíkar reglur jafnvel í lögum, þannig að menn verði ekki hlunnfarnir í viðskiptum. Hvernig á t. d. að reikna vexti? Á að reikna þá á ári, á mánuði o. s. frv. Þannig er enn fremur um vaxtavexti og dráttarvexti, en það er að sjálfsögðu ekki heimilt að reikna vexti á dráttarvexti.

Það kemur enn fremur til greina, og það er tæknilegt atriði sem þarf að athuga í n. þegar þessu máli verður vísað þangað, hvort ekki eigi fremur í vissum tilvikum að beita verðtryggingu en vöxtum, annaðhvort miðað við einhverja vísitölu eða miðað við erlendan gjaldeyri, þ. e. a. s. gengi. Þetta á a. m. k. við þegar tekið er lán til langs tíma.

Hv. 1. þm. Austurl. flutti hér í kvöld ákaflega skemmtilega og greinargóða ræðu um þessi mál. Hann sagði, að nú hefðu menn séð einhverja hókus-pókus leið til þess að lækna og leysa verðbólguvandann og kom með það dæmi, að menn hlypu ofan í vélarrúm í báti og ýttu þar á einn takka án þess að hafa hugmynd um hvað það hefði í för með sér. Ég verð að segja það, að það er a. m. k. jákvætt, þegar menn hlaupa ofan í vélarrúm og byrja að fikta við vélina. Þó að mér sé fullljóst að það nægi ekki að ýta á einn takka, þá verður vélin ekki tekin upp nema einhver fari ofan í vélarrúmið. Það er þetta, sem skiptir máli, og það er þetta, sem ég hef verið að fjalla um í ræðu minni í kvöld. En hv. þm. Lúðvík Jósepsson hugsar ekki svona. Hann hugsar nefnilega þannig, að raunvöxtum verði komið á án þess að annað gerist í þjóðfélaginu. Hann gerir sem sagt ráð fyrir því, að verðbólgan „grasseri" áfram, og þetta er ljótur dómur um núverandi stjórnvöld.

Ég segi: Ef hv. 1. þm. Austurl. vill koma í veg fyrir óhemjulega mikla vaxtabyrði, þá er besta ráðið að leysa verðbólguvandann með hans ráðum eða annarra. En ég er hræddur um að það verði ekki gert fyrr en einhver tekur á sig rögg og byrjar einhvers staðar á því að reyna að leysa hnútinn. Það getur vel verið að lausnin, sem verður ofan á að lokum verði raunverulega að höggva á hnútinn, og þá gerum við það, við sem höfum vilja og erum það ungir og vitlausir að hafa kjarkinn til að bera.

Þá kom hv. 1. þm. Austurl. inn á það, sem hann kallaði hávaxtaleiðina, og sagði, að hún hefði farið illa með sparifjáreigendur, og hann kom með dæmi því til sönnunar. Það sem gerðist eftir 1. maí 1976 var auðvitað afleiðing af þeirri óstjórn sem átti sér stað til ársins 1974, þegar vinstri stjórnin sat að völdum og verðbólgan komst á það stig sem hún er á nú og virðist ekki hægt að koma henni niður af. Seðlabankinn varð þá að grípa til þessa ráðs til þess að koma til móts við sparifjáreigendur, því að allir voru hættir að spara í þessu þjóðfélagi. Hann færði fram einhverjar tölur. En ég spyr: Hvað hefði gerst ef Seðlabankinn hefði ekki gert það sem hann gerði? Hefði sparifjárrýrnunin hætt eins og hún gerði eftir vaxtahækkanirnar? Ég er ansi hræddur um annað. Ég er hræddur um það, að enginn hefði lagt fé í banka ef ekkert hefði verið aðhafst, vegna þess að það er ekki rétt, sem hefur verið sagt hér í kvöld, að vextirnir séu eina orsökin fyrir verðbólgunni. Ég viðurkenni hins vegar að þeir eru hluti og um leið afleiðing af verðbólgunni. En ég tala um þetta í heild sinni og við verðum að gera það, en kenna ekki vöxtunum alfarið um þetta, því að það er alrangt og það veit hv. 1. þm. Austurl.

Þá sagði hv. þm. Einar Ágústsson, að það væri auðvelt að ná til verðbólgubraskaranna með því að leggja t. d. á eignarskatt. Það getur vel verið. En hvers eiga þeir að gjalda sem hafa byggt fyrir eigið fé? Ekki eru þeir verðbólgubraskarar. Á ekki að leggja á þá líka eignarskatt? Eða hvernig á að fara að þessu? Þetta er bara ein leiðin til þess að reyna að réttlæta það kerfi sem er farið að misbjóða öllum hugsandi Íslendingum. Það er réttara að mínu viti að ráðast að rótum vandans, en vera ekki alltaf að krukka í afleiðingarnar og reyna að laga þær. Það þarf að komast fyrir orsökina.

Þá vil ég aðeins víkja að máli hv. þm. Páls Pétursonar, og ég verð að viðurkenna að þeim er sjálfsagt mest vorkunn sem starfa í landbúnaði. Ég er sannfærður um það, að ef þessir vextir ættu að gilda fyrir lán til landbúnaðarins í dag, þá færi hann kannske verst út úr þessu, það er alveg rétt. En þá verðum við bara að hafa kjark til að viðurkenna það, að landbúnaður getur ekki þrifist á Íslandi nema með einhverjum styrkjum eða breyttri tekjumyndun. Og ef við ætlum að halda úti landbúnaði, sem ég vil láta gera, þá verðum við að taka tillit til þeirra sjónarmiða og annarra sjónarmiða, t. d. félagslegra. Okkur ber skylda til þess. Það er engin lausn að halda áfram að ljúga að sjálfum sér.

Þá sagði hv. þm. Páll Pétursson einnig eða það mátti skilja hann þannig a. m. k., að það væri allt í lagi, að pólitíkusar skömmtuðu fjármagnið, þeir væru ekki verri en hverjir aðrir til að skammta fjármagnið. Ég er honum fyllilega sammála. En ég vil bara ekki þurfa að una því, að það þurfi að skammta fjármagn. Það á að koma endurgjald fyrir fjármagnið og það á að koma fjármagnsmarkaðinum í jafnvægi til þess að til sé nægilegt fjármagn fyrir alla þá, sem hafa eitthvað við það að gera og þurfa að nýta það til arðsamrar uppbyggingar landi og lýð til heilla. Af hverju á t. d. ekki að skammta laun? Af hverju eiga þm. ekki bara að skammta laun eða skammta mat, fara að gefa á garðann, eins og þeir gera norður í Húnavatnssýslu? Ég treysti pólitíkusum fyrir því eins vel og hverjum öðrum og sumum jafnvel betur. Við þurfum fyrst og fremst að átta okkur á því, að þm. þjóðarinnar eiga að setja fólkinu í landinu meginreglur, eiga að setja þann ramma, sem við viljum starfa í. En að öðru leyti eigum við að kappkosta að leyfa fólkinu í landinu að lifa í friði.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 13. fundur.

Fimmtudaginn 2. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 56). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jöfnun upphitunarkostnaðar í skólum, þáltill. (þskj. 61). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efling þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum, þáltill. (þskj. 12). — Frh. einnar umr.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það er aðeins lítil athugasemd sem hefði kannske verið hægt að falla frá til að tefja ekki umr. Ég vil lýsa stuðningi við þessa tillögu. En hv. þm. Friðrik Sophusson lét þau orð falla hér í umr., að fyrirtæki úti á landi skorti ekki aðeins fjármagn, heldur einnig rekstrarlega þekkingu. Þessu vil ég mótmæla eins og það er fram sett. Ég get hins vegar tekið fyllilega undir það, að við atvinnurekstur í landi okkar skortir víða rekstrarlega þekkingu og veldur vissulega miklum erfiðleikum. En það á ekki aðeins við úti á landsbyggðinni, heldur alveg eins eða jafnvel fremur víða í þéttbýlinu. Á þessu þarf að ráða bót, og ég tel að umræður, námskeið og alhliða fræðsla á þessu sviði sé mjög brýn og á það þurfi að leggja sérstaka áherslu þegar menn ræða um þetta mál almennt. — Ég vildi aðeins leyfa mér að vekja athygli á þessu, en að öðru leyti lýsa stuðningi við till. eins og hún liggur fyrir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að þakka mönnum fyrir góðar undirtektir undir þetta þingmál sem hér er flutt um smáiðnað í sveitum.

Að vísu er Halldór Blöndal ekki lengur í hópi hv. þm., en til hans vildi ég gjarnan beina máli mínu, en hv. þm. Friðrik Sophusson kom inn á sömu atriði og væri þá trúandi til þess að koma skilaboðum til Halldórs. Þeir mæltu báðir gegn því, að kveðið væri á um það sérstaklega af hálfu Alþingis að framleiðslusamvinnufélag nyti sérstakrar fyrirgreiðslu, ef um það væri að ræða að koma upp iðnaðarfyrirtæki af þessu tagi í sveit, og töldu að slíkt væri ekki við hæfi. Nú hygg ég að þessi andmæli stafi af því, að þeir geri sér ekki fulla grein fyrir hvað átt er við með hugtakinu framleiðslusamvinnufélag. Ef það kæmi nú í ljós, að einföld skýring nægði til þess að snúa huga þeirra í þessu máli, þá vil ég reyna að skýra stöðuna á þessa leið:

Nú mun láta nærri að fengist hafi 50% lán til þeirra saumastofa sem stofnaðar hafa verið hingað og þangað um landið til þess að vinna útflutningsvöru úr íslenskri ull. Talið er að vélar, sem þarf til einnar slíkrar saumastofu, sem veiti 10 manns fulla atvinnu, kosti nú tæpar 5 millj. kr. Þá má reikna með því, að lágmarkskostnaður *við húsnæði yrði eitthvað í kringum 15 millj.* Þyrfti því í stofnfé svona fyritækis 20 millj. kr. og ætti að fást til þess 10 millj. kr. lán. Nú stofna þessir 10 einstaklingar framleiðslusamvinnufélag til þess að koma upp slíku fyrirtæki og sækja um 10 millj. kr. lán og fá þá lán sem samsvarar því, að hver einstaklingur fengi 1 millj. að láni. Síðan tökum við aftur dæmi af einstaklingi sem vill stofna svona fyrirtæki og sækir um 10 millj. kr. lán, og eins og oft vill verða hjá okkur er fremur skortur á lánsfé. Þá á hið opinbera eða meðgjörðarmenn hinna opinberu sjóða, sem lánað er úr, val á milli einstaklings, sem fer fram á 10 millj. kr. lán, og 10 einstaklinga, sem fara samanlagt fram á lán, sem nemur 1 millj. á mann. Þá virðist samkvæmt almennum sanngirnisvenjum, að það liggi í augum uppi, að fremur sé leyst úr vanda 10 einstaklinga með því að veita þeim lán sameiginlega, sína milljónina hverjum, heldur en úr vanda þess sem fer fram á 10 millj. kr. lán til síns fyrirtækis. Þetta virðist liggja í augum uppi, og ég held að jafnvel hinir harðsvíruðustu einkaframtaksmenn hljóti að fella sig við síðferðið sem bak við þessa hugsun býr. Með þessu er alls ekki verið að mæla gegn því, að einstaklingar fái fyrirgreiðslu til að koma upp slíkum fyritækjum þar sem ekki er til að dreifa samtökum fólksins um framleiðslusamvinnufélag.

Aðeins í lokin á þessu spjalli mínu vil ég rifja upp örlítið af því sem hv. þm. Hannes Baldvinsson fræddi okkur um varðandi stöðu íslensks ullariðnaðar og þá hættu sem nú blasir við innlendum ullariðnaði vegna mistaka sem hafa átt sér stað í sambandi við verslun með svokallaða íslenska ull sem blönduð hefur verið erlendum ullartegundum og jafnvel gerviefnum. Það er vafalítið, að einmitt þessi iðnaður, — ullariðnaðurinn — er á margan hátt í hættu, ef við hugsum um smáiðnað í sveitum, ekki síst vegna þess að hér er um að ræða í mörgum tilfellum að fólkið fullvinni eigið hráefni til sölu innanlands og utan. Síðan Hannes Baldvinsson flutti þessa ágætu ræðu sína um smáiðnað í sveitum, þar sem hann vakti athygli á þessari hættu sem ullariðnaður er í hef ég fengið frekari upplýsingar sem hníga í þá átt, að það sé orðið mjög aðkallandi og megi alls ekki dragast í marga mánuði að stemma stigu við klaufaskap sem átt hefur sér stað í sambandi við útflutning á íslensku loð-

bandi og lopa til samkeppnisþjóða okkar og einnig varðandi raunverulega gróf brot á góðum verslunarháttum sem hafa átt sér stað í sambandi við vörufölsun á þessu sviði. Ég vil eindregið taka undir hvatningu Hannesar Baldvinssonar til hins opinberra um að grípa hér í taumana.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja orðræður um þetta mál sem er hér til meðferðar í Sþ. Mig langar þó vegna athugasemda við orð, sem hér voru sögð á fyrri fundi, taka eftirfarandi fram: Í fyrsta lagi segir hv. þm. Alexander Stefánsson réttilega, að rekstrarlega þekkingu skortir víðar en í strjálbýlinu, ég er honum fyllilega sammála um það. Það vill hins vegar þannig til, að sú þáltill., sem hér er til umr., fjallar um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum. Það var þess vegna sem ég minntist á það mál. Ég skal gjarnan ítreka það hér, fyrst tækifæri gefst, að það er stundum ástæða til þess hyggja einnig að því, hvort ekki eigi að byggja upp rekstrarlega þekkingu víða um landið — og ég skal hafa Reykjavíkursvæðið gjarnan með — fremur en að einblína alltaf á fjármagnsskortinn svo sem flestir virðast gera. Þetta sagði ég þá og segi nú að eigin raun, vegna þess að um þessi mál hef ég fjallað í mínu starfi.

Þá minntist hv. þm. Stefán Jónsson á ræður okkar hv. þm. Halldórs Blöndals sem nú er horfinn af þingi. Við gagnrýndum það sem fram kemur í till., að framleiðslusamvinnufélög eigi að njóta sérstakra kjara, þ. e. a. s. að fá óafturkræf lán.

Við töldum að það ætti ekki að mismuna rekstrarformum í þessu máli, og við teljum að þarna geti hlutafélög komið til skjalanna, og þá er þess að geta, að hlutafélög geta verið stór og smá. Það geta verið jafnmargir og jafnvel miklu fleiri um hlutafélag heldur en framleiðslusamvinnufélag. Á þetta vil ég benda, þannig að það fari ekki á milli mála. Það er svo kannske ástæða til að benda jafnframt á það í þessum umr., að það er nú einu sinni svo, að samvinnufélög njóta skattfríðinda. Þau njóta þegar talsverðra fríðinda. Mig minnir að í 17. gr. núverandi skattalaga sé minnst á þau mál, hvernig samvinnufélög njóta slíkra fríðinda. Um það ætla ég ekki að fjalla að sinni, en það þýðir að þeir, sem taka þátt í rekstri slíkra félaga og standa að þeim, njóta þegar frá hendi löggjafans meiri fríðinda en önnur rekstrarform.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég fæ tækifæri til þess að fjalla um þetta mál í n., þar sem málið fer væntanlega til atvmn., og þar kem ég athugasemdum mínum á framfæri.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það eru aðeins fá orð. — Ég vil byrja á því að þakka þeim þm., sem hafa tekið þátt í þessum umr., fyrir góðar undirtektir undir meginefni till., þó að vitanlega hafi komið fram vissar athugasemdir um ýmsa liði hennar. Það er ekki nema eðlilegt. Ég ætla mér ekki þá dul að deila um rekstrarform í sambandi við þennan smáiðnað eða þjónustu- og úrvinnsluiðnað í sveitum. Það er ekki aðalatriði þessa máls, eins og við tökum reyndar fram í grg.

Mér þykir hins vegar vænt um að ummælin um samvinnurekstur og einkarekstur hafa orðið hvati af umr. hér frekar en annars hefði orðið, og er ekkert nema gott um það að segja. Þar hefur hver aðili sína skoðun. Hitt kemur mér dálítið á óvart, þegar menn fara að tala um bændur sem sérstaka einstaklingshyggjumenn sem erfitt eigi með að vinna saman, — menn sem eru frumkvöðlar samvinnu og samhjálpar í landinu. Það er dálítið undarlegt að heyra það, og ég held að um mikinn misskilning sé að ræða ef menn halda það í alvöru.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, að vissulega er þörf á því varðandi hin ýmsu fyrirtæki, að þar komi til aukin og betri þekking og menn flani ekki út í neitt sem þeir hafa ekki vit eða nein tök á. Upplýsingar hv. þm. Friðriks Sophussonar um þá félaga í Neskaupstað kom mér sannarlega ekki á óvart, enda er þar um mjög vel rekin fyrirtæki í eigu fólksins sjálfs um að ræða.

Varðandi það atriði, sem nokkuð hefur verið komið hér inn á, vil ég leiðrétta þann misskilning, að þó að við tölum um sérstakan stuðning við það rekstrarform ef framleiðslusamvinnufélög eru stofnuð, þá ber ekki að skilja það þannig, að næsta málsgrein: „Stuðla ber að því, að veitt verði óafturkræf framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði til stuðnings smáiðnaði í sveitum, allt að 15% stofnkostnaðar“ — eigi eingöngu við það rekstrarform. Fram kemur í grg., að hér erum við með almenna till. hvað þetta snertir. Við segjum aðeins í grg.: Þetta ákvæði er einnig sett inn sem frekari hvati að því, að menn tækju höndum saman í heilbrigðri og virkri samvinnu, í stað þess að einkaaðilar stæðu hér að, þó flm. vilji á engan hátt útiloka það, enda sums staðar e. t. v. eina leiðin.“ Þetta um hið óafturkræfa framlag á þess vegna við hvaða rekstrarform sem er.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara út í nánari umr. hér.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lífríki Breiðafjarðar, þáltill. (þskj. 35). — Ein umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 35 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að stuðla hið fyrsta að því, að hið fjölþætta lífríki Breiðafjarðar verði kannað og verndað, eftir því sem þurfa þykir, í samráði við heimamenn og náttúruverndarsamtök.“

Till. fylgir löng og nokkuð ítarleg grg. þar sem vikið er að ýmsum atriðum sem þetta efni varða. Er því óþarft að flytja langa framsöguræðu.

Í upphafi grg. er þess getið, að Breiðafjarðarbyggðir hafi löngum verið rómaðar fyrir fegurð og landkosti. Þetta þarf raunar ekki að rökstyðja nánar því að af nægum heimildum er að taka. Ég leyfi mér þó að hafa yfir örstuttan kafla úr frægu skáldverki — með leyfi hæstv. forseta — í þessu sambandi:

„Við Breiðafjörðinn eru fallegar jarðir, æðarfugl í hverri vör, selur sefur á steini, laxar stökkva fossa, fugl í eyjum, grundir við sjóinn, kjarrvaxnar hlíðar, grösug fjallaskörð, en efra víðlendar lyngheiðar með ár og fossa. Bæirnir standa á grænum bölum upp úr enginu og vita út á fjörðinn, og í logni hafa hólmarnir og skerin flosmjúkan skugga sem titrar, gagnsæjan eins og skugga í lindarvatni.“

Þetta er upphaf 12. kafla hinnar frægu skáldsögu bókarinnar „Hið ljósa man“ eftir Halldór Laxness.

Um gagnsemi og landkosti er vitnað í upphafi grg. í Jón Espólín. Það er nánast af tilviljun, en kom fram í hugann vegna þess að hann var sýslumaður Snæfellinga 1792—1796 og kona hans ættuð úr Haukadal í Dölum. Hann var vel kunnugur á þessum slóðum og raunar margfróður um menn og málefni hvarvetna um byggðir landsins.

Í Breiðafjarðareyjum var víða fjölbýlt áður fyrr. Nú er sköpum skipt, þar sem flestar eyjanna eru komnar í eyði, þó að nytjaðar séu með ýmsu móti frá landi. Þetta skapar ný viðhorf.

Að undanförnu hefur athygli áhugamanna um náttúruvernd beinst að Breiðafjarðarsvæðinu. Komið hefur fram og talið æskilegt að sett væru sérstök lög um friðun Breiðafjarðar með hliðsjón af lögum um friðun Mývatnssveitar frá 1974, sem mér er sagt að hafi reynst vel.

Laugardaginn 14. f. m. var haldinn fundur í Búðardal á vegum Náttúruverndasamtaka Vestfjarða og Vesturlands, þar sem málefni þetta var rætt ítarlega og nefnd sett á laggirnar til að vinna að framgangi þess.

Ekki er talið að bráður háski vofi yfir Breiðafirði að þessu leyti, en á hinn bóginn sé eðlilegt og sjálfsagt að athuga þessi mál í tæka tíð og gera viðeigandi ráðstafanir, ef þurfa þykir. Bent er á að lífríki fjarðarins sé mjög fjölskrúðugt og svæðið allt sérlega áhugavert. Það þarf að hlynna að því fólki, sem enn byggir þessar eyjar, og auðvelda því lífsbaráttuna svo sem unnt er.

Þeir, sem bjuggu í eyjunum áður, lærðu af reynslunni að þeir urðu að umgangast náttúruna með vissum hætti, ef vel átti að fara. Þannig hafa mér sagt kunnugir menn, að það væri allt í lagi að nytja hlunnindin, ef það væri gert með gát. T. d. teldist það ekki of nærri gengið, þó að kópar væru veiddir, en væri fullorðni selurinn á hinn bóginn rekinn í aðhald og veiddur þannig, — hin svokallaða „írekstrarveiði", — þá var voðinn vís. Þá flúði selurinn af skerjunum og kom seint aftur. Einnig var það á sama hátt með lundabalana. Talið var hægt og sjálfsagt að veiða alla þá kofu sem í náðist, en ef ganga átti lengra, breiða net yfir lundabalana og fanga fullorðna fuglinn, þá flýði hann burt og kom seint eða aldrei til eyjarinnar aftur.

Þetta hafa menn gert sér ljóst með mörgum hætti og þess vegna unnið að því að gera hvort tveggja í senn: að friða og nytja.

Ég vil benda á eitt dæmi, sem ég hygg dálítið sérstakt, þó leitað sé nokkuð víða um land. Það var gert að frumkvæði útvegsmanna og sjómanna við Breiðafjörð að hlífa firðinum við netaveiðum. Samkvæmt reglugerð frá 1977 — áður frá 1969 — eru þorskveiðar í net bannaðar allt árið á Breiðafirði innan línu sem dregin er úr Skorarvita í Eyrarfjall við Grundarfjörð. Reglugerðarákvæði þessi voru sett samkv. heimild í lögum frá 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Að vísu eru heimamenn og fiskifræðingar ekki á einu máli um hvað þessi ráðstöfun geri mikið gagn, en heimamenn sitja fastir við sinn keip og telja að þetta hafi orðið til góðs.

Í grg. er farið dálítið aftur í tímann og minnst á till. sem við Sigurður Ágústsson fluttum 1956 um fiskirannsóknir á Breiðafirði og innfjörðum hans. Það var tekið fram í svari frá fiskideild atvinnudeildar Háskólans um þessa till., að litlar fiskirannsóknir hefðu verið gerðar á þessu svæði miðað við aðra landshluta, en þær væru sannarlega æskilegar, því að á þessum slóðum væri mikil uppeldisstöð fyrir margs konar góðfisk. Ég vil og nefna það, að margir hafa undrast að Hvammsfjörðurinn, sem er einn mesti fjörður landsins um, 45 km á lengd og 10—12 km á breidd og víða mjög djúpur, skuli vera algerlega fisklaus. Þetta telja menn ástæðu til að rannsaka og finna skýringu á þessu.

Þá er vikið í grg. að æðarvarpi, en segja má að þar skipti dálítið í tvö horn. Í byggðum eyjum tekst að vernda æðarvarpið. Fuglinn er spakur og gæfur og verður nánast heimilisvinur og þá tekst að vernda hann fyrir aðvífandi vargfugli og öðrum slíkum hættum. Þá nær hann að dafna. En hins vegar hefur þetta orðið sérstakt vandamál í þeim eyjum sem leggjast í auðn. — Má segja að þetta sé mikið vandamál í öllum Suðureyjum Breiðafjarðar. Við höfum okkar skýringar á því. Það er í fyrsta lagi, þegar fólkið flytur úr eyjunum. Í öðru lagi hefur vargfugli fjölgað gífurlega og er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að fækka honum. Við vitum t. d. að svartbakurinn er hin mesta plága í æðarvarpi. Og loks er það minkurinn sem hefur svo að segja lagt undir sig Suðureyjar Breiðafjarðar og reynst þar hinn versti vágestur sem engu lífi eirir. Þar er að mínum dómi alveg nauðsynlegt að hugsa upp ráð til þess að stemma stigu við ágangi þessa skæða rándýrs.

Vaknað hefur áhugi manna á þessum slóðum á að endurvekja æðarvarpið. Það hefur raunar vaknað áhugi um allt land, því að þetta er þjóðleg búgrein og nytsöm. Æðarræktarfélag Íslands var stofnað 1969, en ég nefni í grg. að snemma á s. l. ári var stofnað Æðarverndarfélag Stykkishólms.

Eg sagði áðan að saman þyrfti að fara könnun og verndun. Vissulega er fullrar aðgæslu þörf, einkum þegar nýjar atvinnugreinar eru upp teknar. Þá þarf að fylgjast vel með hvernig mál þróast. Ég nefni rækju- og skelfiskveiðarnar: rækjuveiðarnar í Grundarfirði, sem hófust 1969, og skelfiskveiðarnar á Breiðafirði, aðallega stundaðar frá Stykkishólmi, sem hófust þar að marki 1970. Það var um það leyti sem þær veiðar voru að hefjast, að flutt var og samþykkt á þingi svo hljóðandi till., með leyfi hæstv. forseta, flutt af mér og fleirum:

„Alþingi skorar á sjútvrh. að beita sér fyrir því, að settar verði nú þegar reglur um skelfiskveiðar á Breiðafirði. Jafnframt verði áhersla lögð á aukna leit að rækju, skelfiski og öðrum slíkum verðmætum á þessum slóðum með skynsamlega hagnýtingu fyrir augum."

Þessi tillaga var samþykkt á því þingi.

Þá má ekki gleyma að minnast aðeins á þörungavinnsluna á Reykhólum. Vissulega er full þörf og rík nauðsyn að fylgjast með því, hvaða áhrif slíkt nám náttúrugæða hefur á lífríki fjarðarins.

Ég hef þessi orð ekki mörg í viðbót, en vil ítreka það einu sinni enn, að meginatriði þessarar till. er af tvennum toga spunnið: Í fyrsta lagi að lífríki Breiðafjarðar verði kannað efir föngum. Það er deginum ljósara, að þarna er margt sem rannsaka þarf betur en gert hefur verið hingað til. Það er fjölþætt og í raun og veru heillandi viðfangsefni. Í öðru lagi að stuðla að vernd þessa víðlenda lífríkis eftir því sem þurfa þykir. Þetta verði athugað í samráði við heimamenn og náttúruvendarsamtök.

Ég leyfi mér að vitna hér í 1. gr. laga um náttúruvernd. Við eigum allgóð og ítarleg lög um náttúruvernd frá 1971. Í 1. gr. þeirra er fjallað um hlutverk náttúruverndar og segir þar m. a., að tilgangur þeirra laga sé að stuðla

að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni. Það er sérstaklega nauðsynlegt að hyggja vel að þeim þáttum, sem hér hefur verið vikið að, þegar nýjar atvinnugreinar eru teknar upp, svo að ég ítreki það, þegar ausið er af nýjum auðlindum, sem mynda hina margbreyttu lífkeðju láðs og lagar á þessu svæði. Framar öllu er nauðsynlegt, að saman geti farið hófleg nýting og hæfileg friðun, eðlileg og ræktarleg samskipti manns og náttúru. Að því ber að vinna. Till. þessi er flutt, ef verða mætti til þess að stuðla að gengi góðs málefnis.

Ég leyfi mér, herra forseti, þegar þessari umr. verður frestað að gera það að till. minni, að málinu verði vísað til hv. allshn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að lýsa yfir stuðningi við þá till. sem hér er til umr. Flm. hennar hefur bæði í grg. og framsöguræðu sýnt að það mál, sem till. fjallar um, er honum mikið hjartans mál. Það hefur komið fram áður hér á þingi að mál af þessu tagi eiga mikla og einlæga samúð þessa þm. Þegar hann fjallar um þau héðan úr ræðustól kemur upp í honum hinn lýríski Dalamaður, sbr. það sem hann vitnaði í hér áðan úr einni bók Halldórs Laxness, ummæli Arnas Arnæusar — eða Arnae Arnaei, svo að maður tali rétta latínu — varðandi fegurð Breiðafjarðar og búsæld þar.

Með tilliti til þýðingar þessa máls og hins líka, að nú ekki alls fyrir löngu var haldinn fundur í Búðardal með þátttöku fólks af Breiðafjarðarsvæðinu, en þar koma við sögu tvö kjördæmi, fjölmennur og ágætur fundur, að mér skilst, ég gat því miður ekki verið á þeim fundi, — en með tilliti til þessa hefði verið réttara, sýnist mér, að flm. hefði leitað eftir meiri samstöðu um flutning tillögunnar. Eðlilegt hefði verið að mínum dómi að flm. að þessari till. hefðu verið allir þm. Vestfjarða og allir þm. Vesturlands. En við skulum vona, þó að flm. sé aðeins einn, að till. fái skjótan framgang og farsælan.

Mér er það þeim mun ljúfara að lýsa yfir stuðningi við þetta mál sem heldur hefur gengið illa hjá okkur Vesturlandsþm. að ná samstöðu um annað náttúruverndarmál, en það snertir verksmiðju þá sem nú er að rísa á Grundartanga í Hvalfirði. Það er ekkert vafamál, að þaðan vofir mikil hætta yfir lífríki þess fjarðar, og hefðum við betur borið gæfu til að standa saman um þær náttúruverndaraðgerðir að koma í veg fyrir þá verksmiðju. Ég er hræddur um að einhvern tíma verði af þeirri verksmiðju hið ægilegasta slys fyrir lífríki Hvalfjarðar. Og það mun reyndar bitna líka á lífríki annarra fjarða og þ. á m. þess breiða fjarðar sem hér er til umr.

Hv. þm. er e. t. v. ekki kunnugt um það, að Hvalfjörður er mjög þýðingarmikill staður varðandi líf æðarfuglsins, ekki aðeins nærsveitis Hvalfirði, heldur á öllu vestanverðu Norðurlandi, Vestfjörðum og Austurlandi og hluta Suðurlands. Fuglafræðingar hafa komist að því, að þessi fugl, æðarfuglinn, sækir í Hvalfjörðinn á vissum tímum ársins sér til viðhalds. Þeir, sem aka oft um Hvalfjörðinn í skammdeginu, undrast áreiðanlega eins og ég það mikla lífríki sem við blasir þar einmitt í skammdeginu. Það er vegna þess að þá er æðarfuglinn kominn þangað hvaðanæva að til þess að sækja sér næringu. Þetta er nokkurs konar Mallorca-staður fyrir æðarfuglinn í skammdeginu. En ef alvarlegt slys verður í þeim firði af völdum umræddrar verksmiðju, þá mun það segja til sín líka á hinum góðu eyjum í Breiðafirði.

Ég lýsi sem sé yfir eindregnum stuðningi við þessa till. og efast ekki um að um hana næst breið samstaða, þeim mun kannske breiðari samstaða sem hér er um að ræða breiðari fjörð heldur en Hvalfjörðinn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni, að vissulega hefði verið æskilegt að flm. að þessari till. hefðu verið allir þm. Vestfirðinga og Vesturlands. Málið var undirbúið af áhugamönnum á þessu svæði, eins og best kom fram á fundinum í Búðardal. Hins vegar vil ég lýsa fullum stuðningi við þessa till. hv. 2. þm. Vesturl. og tel að hún eigi örugglega stuðning allra sem á þessu svæði búa.

Ég vil einnig vekja athygli á grg. sem fylgir till. Hún er mjög vel uppbyggð og lýsir í stuttu máli því sem um er að ræða í þessari till. og hversu Breiðafjarðarsvæðið er mikilvægt fyrir það fólk, sem þar býr, og ekki síður fyrir landið í heild.

Sjómenn og útvegsmenn við Breiðafjörð hafa á síðari árum haft miklar áhyggjur af minnkandi fiskigengd á Breiðafjarðarmiðum og miðum við Snæfellsnes. Þeir hafa haft þá skoðun lengi, að í Breiðafirði væru hrygningarstöðvar þorskfisksins. Því miður voru fiskifræðingar okkar á öðru máli og eru raunar enn. En barátta heimamanna, eins og kom fram hjá hv. flm., sem mun sjálfsagt vera eitt af fáum dæmum í okkar landi um að sjómenn óskuðu sjálfir eftir lokun vissra veiðisvæða, bar þann árangur að mikilvæg svæði í Breiðafirði voru friðuð fyrir vissum veiðitækjum og eru enn. Sjómenn okkar telja á því engan vafa, að þetta hefur þegar skilað árangri þrátt fyrir það að mikill samdráttur er í fiskigengd á þessum slóðum, sem er eitt stærsta vandamálið í verstöðvum a. m. k. á Snæfellsnesi.

Fyrir nokkrum árum var ákveðið í lögum frá hv. Alþ. að stofna útibú frá Hafrannsóknastofnuninni á Snæfellsnesi, nánar tiltekið í Ólafsvík. Heimamenn brugðust það vel við þessu máli, sem þeir raunar áður höfðu barist fyrir, að í Ólafsvík var byggt sérstakt húsnæði fyrir útibú Hafrannsóknastofnunarinnar 1976. Það kostaði sveitarfélagið 10 millj. kr. og býður enn fullbúið fyrir stofnunina. Það býður eftir stofnuninni, en hún hefur ekki enn þá fengið til þess fjármagn í fjárl. að hefja þarna starfsemi þrátt fyrir ákveðnar óskir um það bæði frá sjútvrn. og stofnuninni sjálfri á hverju ári síðan 1976. Ég vona að tækifærið sem hér gefst í sambandi við þessa þáltill., opni augu hv. þm. fyrir nauðsyn þess, að þetta verði gert. Stofnunin sem slík, Hafrannsóknastofnunin, hefur vissulega mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna fyrir íslenskan sjávarútveg, og rannsóknaraðstaða á þessu sviði næst því svæði, sem um er að ræða, hefur gífurlega þýðingu.

Ég tel ástæðu til að undirstrika nauðsyn þess, sem raunar kom fram hjá hv. flm. till., að rækilega verði fylgst með þeim áhrifum sem þörungavinnslan á Reykhólum kann að hafa á lífríki Breiðafjarðar. Það hefur a. m. k. verið útbreidd skoðun meðal fólks, sem býr við sjávarströndina, að fiskseiði eru mjög gjarnan á paraslóðum eða þörungaslóðum við strendur landsins. Og því hefur verið haldið fram af sumum aðilum, að það gæti verið viss hætta á ferðum ef farið verði mjög mikið í að upp-

ræta þennan sjávargróður. Allavega vil ég í þessu tilfelli leggja áherslu á að þarna verði farið með gát og lögð verði mikil áhersla á þennan rannsóknarþátt. Það mundi ekki skaða í sambandi við þá miklu fjölbreytni sem er á þessu svæði, að sú stofnun, sem við berum allir mikið traust til, fái aðstöðu á svæðinu til þess að fylgjast með þessu og öðru slíku.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka mínum góðu félögum, hv. 4. og 5. þm. Vesturl., fyrir yfirlýstan stuðning við þessa till. og fulla vinsemd. Ég viðurkenni að það er alveg rétt aths. sem fram kom hjá þeim, að e. t. v. hefði verið réttast að þessi till. hefði verið flutt af öllum þm. Vesturlands og Vestfjarða. En atvikin höguðu því öðruvísi. Á fundi þeim, sem haldinn var í Búðardal 14. f. m. og boðaður var af Náttúruverndarsamtökum Vesturlands og Vestfjarða var mér kunnugt um að öllum þm. Vesturlands og Vestfjarða var boðið, og þeir eru ein tylft eða 12 að tölu. Það kom þangað enginn nema ég. En ég efast ekki um að það hefur verið einskær tilviljun.

Um Grundartanga vil ég gjarnan ræða við hv. 4. þm. Vesturl. við annað tækifæri.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það hefur komið hér fram, að það mál, sem er til umr., snertir tvö kjördæmi. Mér þótti því rétt að láta heyrast hér í þm. Vestfjarða áður en frestað verður þessum umr. Það er ekki vegna þess, að ég þurfi að gera aths. við þessa till. eða grg. þá, sem fylgir till., eða ræðu þá, sem hv. flm. flutti fyrir þessari till. Ég er fullkomlega samþykkur till. og þeim sjónarmiðum sem fram komu í ræðu og í grg. hv. flm. Ég hygg að það sé hafið yfir allan vafa, að hér sé um mikið og merkilegt mál að ræða sem verðskuldi að fá greiðan framgang hér á hv. Alþingi.

Hv. frsm. minntist á fundinn í Búðardal, sem fjallaði um þessi mál, og sagði, að enginn af þm. Vestfjarða og Vesturlands hefði verið þar nema hann sjálfur og það hefði sjálfsagt verið fyrir tilviljun. Ég vil láta þess getið, að ég hafði samband við þá, sem stóðu fyrir þessum fundi, og skýrði þeim frá því, að ég gæti af sérstökum ástæðum ekki mætt á fundinum, og það var hvað mig varðaði engin tilviljun, því að sannarlega hef ég mikinn áhuga á þessu máli.

Eitt atriði, sem hv. 5. þm. Vesturl. kom sérstaklega inn á, er þörungavinnslan á Reykhólum. Ég vil að það komi hér fram, að þegar það fyrirtæki var í undirbúningi var sérstök áhersla lögð á það sem við kom rannsóknum á því, að þörungavinnslan raskaði ekki því lífríki sem er á Breiðafirði. Það var líka gert ráð fyrir því við stofnun fyrirtækisins, að haldið yrði áfram stöðugum rannsóknum til þess að fylgjast með hver áhrif þörungavinnslunnar væru í þessu sambandi.

Þess má líka geta, að fyrir tveim eða þrem árum flutti ég þáltill. um að efla rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland. Það er stórt og víðtækt mál og að sjálfsögðu miklu víðtækara en varðandi þörungavinnsluna og lífríkið á Breiðafirði. Till. þessi var samþykkt og síðan hefur verið lögð aukin áhersla á þessar rannsóknir og þær koma auðvitað til góða líka í Breiðafirði.

Þetta mál varðar, eins og sagt hefur verið, sérstaklega tvö kjördæmi, og það varðar ekki síður það kjördæmi, sem ég er þm. fyrir, heldur það kjördæmi, sem hv. flm. er fyrir, þegar tillit er tekið til þess, að sú byggð, sem er í Breiðafjarðareyjum, er svo til eingöngu í Vestfjarðakjördæmi. En það er, eins og hv. flm. tekur fram í grg. sinni, hald manna, að búsetan sé besta verndin. Þess vegna er mjög nátengt þessu máli og að mínu áliti raunar einn þáttur þess að gera ráðstafanir til að tryggja sem best þá búsetu sem enn er í Breiðafjarðareyjum, en er ákaflega völt eins og kunnugt er. Það þarf að tryggja þessa búsetu og það þarf að gera ýmsar ráðstafanir til þess að efla hana. Ég sé í anda þá þróun þessara mála, að aftur komi í byggð margar þær eyjar Breiðafjarðar sem nú eru í eyði. Það þarf að gera ýmsar ráðstafanir til að efla byggðina við Breiðafjörð. Ég skal ekki fara hér út í að rekja það, með hverjum hætti það er best. En það er eitt mál sem hv. flm. drepur á í því sambandi, og það er að bæta samgöngurnar við þær byggðir sem nú eru, og ég tek heils hugar undir það sjónarmið. Það er eitt af því mikilvægasta, en það er fjölmargt annað mikilvægt.

Ég vil svo að lokum leggja áherslu á það, hve eindregið ég styð það mál sem hér er til umr.

Jónas Árnason: Herra forseti. Menn vita þá hvers vegna aðeins er einn flm. að þessari till. Það er vegna þess að það var aðeins einn þm. af 12 þm. Vestfjarða og Vesturlands á tilteknum fundi í Búðardal. Þar hafa menn sem sé komið til þessa hv. þm. og sagt: Hvar eru hinir 11? Og hann hefur að sjálfsögðu ekki getað gefið nein svör við því. Ég segi fyrir mig, að ég var löglega forfallaður, gat alls ekki komist á þennan fund. En svolítið skrýtin er nú þessi skýring. Ég vil reyndar ekki hefja mikið pex út af þessu, en spyr þó: Ber að skilja þetta sem svo, að ágætir náttúruverndarmenn á Vestfjörðum og Vesturlandi hafi sagt við þennan hv. þm.: Flyttu þetta mál einn, og þar með skulum við kenna þeim hinum að skammast sín. — Ég trúi því nú ekki. Þetta er sem sé engin skýring. Ég ætla hins vegar ekki að þýfga hv. þm. um nánari skýringu.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Gjald á veiðileyfi útlendinga, þáltill. (þskj. 18). — Ein umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Laxveiðiskýrslur veiðimálastjóra sýna, að á liðlega 30 árum hefur laxveiði nálega fjórfaldast hér á landi. Talið er víst að áframhald verði á þessari þróun. Áætlað er að árlegur tilkostnaður vegna veiða á laxi og silungi hérlendis sé þessi: Tilkostnaður veiðiréttareigenda nemi á þessu ári 130 millj. kr., opinberra aðila 73 millj. auk laxastiga í Laxá í Þingeyjarsýslu, innlendra sportveiðimanna 500 millj. kr. og erlendra sportveiðimanna 700 millj., en sú tala er að vísu nokkuð á reiki, og netaveiði bænda í síðasta lagi 120 millj. kr.

Af þessum tölum má greina tvennt: Í fyrsta lagi, að tilkostnaður vegna þessara veiða sé ekki undir 1.5 milljarði kr. Í öðru lagi, að hlutur erlendra sportveiðimanna í laxveiðum á Íslandi er orðinn gríðarlega mikill. Ástæðan er m. a. sú, að þeir hafa tekið á leigu góðar laxveiðiár í heilu lagi og laxveiðidaga á besta veiðitíma.

Þáltill. sú, er ég mæli hér fyrir, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf

um að leggja sérstakt gjald á leyfi, sem seld eru útlendingum til veiða í íslenskum laxveiðiám. Gjald þetta renni í ríkissjóð og skal fjármunum, sem þannig aflast, varið til tilrauna með fiskirækt í sjó og vötnum."

Nokkuð hefur borið á því í umr. hér á fyrstu þingdögum, að menn hafa deilt um höfundarrétt að málum sem lögð hafa verið fram. Til þess að koma í veg fyrir að slíkt verði um þetta mál vil ég taka strax fram, að hverjum og einum þm. er heimilt að eigna sér þá hugmynd sem fram kemur í þessari þáltill., og því fleiri því betra.

Ekki þarf að fara í grafgötur með það, að á síðustu árum hefur ásókn útlendinga í íslenskar laxveiðiár aukist verulega ár frá ári. Ástæðan er einkum sú, að Ísland er almennt talið með albestu laxveiðilöndum í heimi, m. a. vegna þess að ár í öðrum löndum eru stórlega mengaðar. Þá má nefna að stöðug rýrnun íslenskrar krónu hefur valdið því, að verð veiðileyfa til útlendinga hér á landi er tiltölulega lágt miðað við verð á veiðileyfum í svipuðum eða sambærilegum ám í öðrum löndum sem best geta talist fallin til laxveiða. Margir þeirra laxveiðimanna, sem hingað koma, eru auðmenn sem nokkrar milljónir til eða frá skipta ekki verulegu máli. Þeir hafa tekið á leigu heilar laxveiðiár ýmist allt veiðitímabilið eða besta veiðitímann.

Í grg. með till. segir, með leyfi forseta:

„Íslenskir veiðimenn hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að greiða jafnhátt verð fyrir árnar og útlendingarnir. Þetta hefur haft í för með sér mjög verulega hækkun á veiðileyfum, og nánast má tala um sölu á hlunnindum úr landi og brot á landslögum, sbr. leiguna á Laxá í Dölum og Hofsá í Vopnafirði, þar sem t. d. Íslendingar fá ekki að veiða í þeirri fyrrnefndu."

Skal nú rennt nokkrum stoðum undir þessar staðhæfingar.

Þeir erlendu menn, sem fyrir nokkrum árum tóku á leigu Laxá í Dölum, heimila ekki íslenskum stangveiðimönnum veiðar í ánni. Má því með sanni segja að þessi hlunnindi hafi beinlínis verið seld úr landi.

Sigurður Líndal prófessor ritaði árið 1976 greinargerð um lögmæti samninga um veiðiréttindi í Vatnsdalsá og Hofsá í Vopnafirði. Þar leitast hann við að svara þeirri spurningu, hvort ákvæði leigusamninga kunni að fara í bága við íslensk lög, nánar tiltekið ákvæði laga nr. 39/1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, og laga nr. 19/1966, um eignar- og afnotarétt fasteigna. Í stuttu máli kemst Sigurður Líndal prófessor að þeirri niðurstöðu, að veiðileyfasala erlendra manna í tengslum við samninginn um Vatnsdalsá sé óheimil án leyfis, en ekki er vitað til þess, þegar grg. er skrifuð, að slíkt leyfi hafi verið fengið. Um samninginn um Hofsá í Vopnafirði kemst Sigurður Líndal prófessor að þeirri niðurstöðu, að þar vinni hinn erlendi leigutaki sjálfstætt, en það er honum óheimilt án leyfis félmrh. Ekki er flm. þessarar þáltill. hins vegar kunnugt um, hvort þær breytingar hafi verið gerðar á fyrrnefndum tveimur samningum, að komið hafi verið í veg fyrir að þeir brjóti í bága við landslög.

Þá segir enn fremur í grg. þáltill., með leyfi forseta:

„Nú er fyrirsjáanleg enn meiri ásókn útlendinga í íslenskar laxveiðiár, og eru dæmi þess að í ár hafi verið boðið margfalt hærra verð en íslensk veiðifélög hafa getað boðið. Á þennan hátt er beinlínis verið að bola íslenskum laxveiðimönnum frá íslenskum laxveiðiám. Við þessari þróun verður að stemma stigu og jafnvel væri athugandi að gera allsherjarúttekt á leigu íslenskra laxveiðiáa og gjaldeyrisskilum í tengslum við leigu til útlendinga."

Verður nú reynt að renna frekari stofnun undir þennan hluta grg.

Á undanförnum árum hafa íslensk veiðifélög háð harða samkeppni við útlendinga um leigu á laxveiðiám sem boðnar hafa verið út. Íslendingar hafa farið mjög halloka í þessari samkeppni og eru mörg ný og nýleg dæmi um þetta. Það síðasta er um Haukadalsá, þar sem svissneskir auðmenn hafa boðið nær helmingi hærra verð í ána en íslensk veiðifélög geta með nokkru móti boðið. Fleiri tilboð útlendinga í laxveiðiár eru nú í athugun, og má með fullri vissu segja að enn verði höggvið stórt skarð í þá möguleika sem Íslendingar hafa haft til veiða í eigin ám.

Margt hefur verið rætt um gjaldeyrisskil vegna leigu íslenskra laxveiðiáa, en leigusamningar vegna þeirra hafa verið í höndum einstaklinga og veiðiréttareigenda. Yfirvöld hafa ekki fylgst með þessari samningagerð né framkvæmd samninga, og því er lítið vitað hvað raunverulega er samið um. Ekki verður hér farið út í einstaka þætti þessa máls, þar eð heimildir skortir, en staðreyndir mundu koma í ljós við athugun.

Mjög er erfitt að reikna út tekjur Íslendinga af laxveiðum erlendra manna. Í fréttaauka í Ríkisútvarpinu hinn 9. júní s. l. var rætt við forustumann Landssambands veiðifélaga. Þar kom fram sú skoðun, að tekjur Íslendinga af laxveiðum erlendra manna yrðu um 850 millj. kr. á þessu ári. Þá er átt við sölu veiðileyfa, þjónustu, tekjur af ferðum þeirra til og frá landinu, nema þeirra sem í einkavélum koma, og væntanlega framlög þeirra til smíði veiðihúsa eða endurbóta á þeim. Þessar tölur hljóta þó að vera áætlaðar, enda engin leið að reikna þetta dæmi nákvæmlega.

Ef þessi tala, 850 millj. kr., sem sömu aðilar hafa nú nýlega lækkað í 700 millj., er borin saman við upplýsingar Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisskil fyrir veiðileyfi á þessu ári, hljóta ýmsar spurningar að vakna. Á þessu ári námu gjaldeyrisskilin 256.3 millj. kr. og samkv. því hafa hinir erlendu laxveiðimenn eytt hér á landi 450 eða 600 millj. kr. í annað en veiðileyfi. Að mati flm. er þessi tala æðihá þegar þess er gætt, að erlendu veiðimennirnir voru um 500 talsins.

Gjaldeyrisskil til Seðlabankans fyrir veiðileyfin hafa hækkað ört frá árinu 1975. 1975 voru þau 104 millj. kr., 1976 147.5 millj. og í fyrra 211 millj. kr. Hins vegar er ljóst, að gjaldeyrisskilaþátt þessa máls ber að kanna vandlega.

Þar eð tölur í íslenskum krónum segja ekki mikla sögu á miklum verðbólgutímum, mun ég leitast við að gera grein fyrir þætti a. m. k. tveggja gjaldmiðla í tölum þeim sem Seðlabankinn hefur látið mér í té.

Árið 1975 voru gjaldeyrisskil í dollurum 559.997 dollarar. Á þessu ári, á tímabilinu jan. — sept., eru gjaldeyrisskilin 271 þús. dollurum hærri en árið 1975. Í svissneskum frönkum voru gjaldeyrisskil 1975 20 753 svissneskir frankar, en eru í septembermánuði í ár 99 þús. svissneskum frönkum hærri. Dollaragreiðslur 1976 og 1977 eru nokkru hærri hins vegar en í ár. Ástæðan getur verið sú, að í tölum þessa árs sé ekki allt komið til skila, en þær ná til septembermánaðar. Þó er ástæða til að ætla að meginhluti gjaldeyris fyrir veiðileyfi sé kominn til skila.

Í grg. með þátill. segir með leyfi forseta:

„Í mörgum löndum, t. d. Kanada og Bandaríkjunum, er svo um hnúta búið, að heimamenn í ríkjum, þar sem veiðiár eru, greiða ekki nema hluta þess gjalds, sem aðkomumönnum er gert að greiða. Þessa leið mætti kanna hér á landi gagnvart Íslendingum og útlendingum." Við þetta má bæta, að í Bandaríkjunum eru veiðiár þjóðareign og þar fá allir að veiða gegn vægu gjaldi. Þar er litið svo á, að enginn einstaklingur eða einstaklingar geti kastað eign sinni á veiðiár, þótt svo vilji til að þær renni um landareign þeirra.

Í grg. þáltill. segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Flm. þessarar till. eru þeirrar skoðunar, að útlendingum, sem sækjast eftir því að veiða í íslenskum laxveiðiám, verði gert að greiða sérstakt gjald, sem nýtist þjóðinni til undirbúnings átaks í fiskirækt, sem er álitleg tekjuöflunarleið fyrir þjóðina og hefur reynst mjög arðsöm, t. d. í Noregi. Hér gæti verið á ferðinni ný búgrein fyrir bændur í fjölmörgum vötnum þeirra, og einnig er mjög tímabært að rannsaka vandlega og undirbúa á vísindalegan hátt tilraunir með fiskeldi í sjó."

Hér er ráð fyrir því gert, að útlendingar taki þátt í kostnaði við þá fiskirækt, sem m. a. á stóran þátt í því hve góðar og eftirsóttar íslenskar laxveiðiár eru. Leiða má að því nokkur rök, að margar laxveiðiár hafi orðið betri veiðiár vegna afskipta ríkisvaldsins og með fjármunum greiddum úr ríkissjóði. Sjálft á ríkið fjölmargar hlunnindajarðir við laxveiðiár, en ekki er flm. kunnugt um að ríkið hafi notið arðsins nema í nokkrum tilvikum, heldur hafi það fremur verið ábúendur.

Með þessari tillögu er beinlínis gerð tilraun til að jafna hlunnindum, þar eð bændur, sem ekki njóta arðs af laxveiðiám, gætu notið arðs af fiskirækt í vötnum, sem tillagan stefnir að.

Einhverjir kynnu að segja, að í þessari till. kæmi fram fjandskapur við veiðiréttareigendur og að henni sé einkum beint gegn bændum, þ. e. að með þessu yrði dregið úr líkunum á því, að verðmæti hlunninda bænda færu vaxandi. En lítum nú örlítið nánar á þennan þátt málsins.

Athugun á arðskrá 10 helstu laxveiðiáa landsins leiðir margt fróðlegt í ljós. Þessar ár eru: Norðurá, Laxá í Kjós, Grímsá, Þverá, Laxá í Leirársveit, Hítará, Laxá í Dölum, Víðidalsá, Vatnsdalsá og Hofsá. Fjöldi arðtaka í þessum 10 ám er 280 og er meðaltalsarður til hvers manns 3.57%. *En þetta meðaltal segir litla sögu.* 153 fá að meðaltali 1.24% í arð hver, 72 fá 3.5% hver, 36 fá 7% hver, en 19 fá rúmlega 16% hver. Í mörgum tilvikum fer hæsti arðshlutinn ekki til bænda, heldur landeigenda sem hafa búsetu í Reykjavík, þ. e. að margar hlunnindajarðir eru í eigu Reykvíkinga. Til að gefa gleggri mynd af arðskiptingunni skal ég nefna nokkrar ár.

Í Norðurá í Borgarfirði er 31 veiðiréttareigandi, sem skipta á milli sín 30% arði samtals, 5 skipta á milli sín 16%, 2 13% og 3 rúmlega 40%. Í Laxá í Kjós eru 8 með 14.6% samtals, 3 með 11.4, 2 með 11.7 og 3 með yfir 62% af arðinum. Í Grímsá eru 11 arðtakar með 14.5% samtals 12 eru með 39%, 3 með 21% og 2 með 24.5%. Í Þverá eru 18 með 21.5%, 6 með 21%, 5 með 30% og 2 eru með 26.6. Í Hítará er skiptingin á þessa leið: 3 eru með 4.5% samtals, 4 með 12.8%, 5 með 40% og 2 skipta á milli sín 42%. Í Hofsá eru 10 með 15.7%, 3 með 12.5%, 1 með 6% og 4 skipta á milli sín 66% arðsins.

Til frekari glöggvunar má reikna þetta dæmi á annan hátt. Þá kemur í ljós, að í Norðurá fá 38 veiðiréttareigendur 59.5% af arði, en 3 fá 40.5%. Í Laxá í Kjós fá 13 samtals 37.7%, en 3 skipta á milli sín 63.3%.

Þannig mætti lengi rekja þessar tölur, en heildarniðurstaðan af arðsútreikningi þessara 10 miklu laxveiðiáa eru þessi: Af 280 veiðiréttareigendum eru 153 í þeim hópi sem fær 0.01 — 2.5% eða samtals 19% af arðinum. 72 eru í þeim hópi sem fær 2.5 — 5% arðs eða samtals 25.2%, arð á bilinu 5 —10% fá 36 arðtakar eða samtals 25.2%, en 19 fá 10% af arði og þar yfir eða 30.5%. Af þessu má ljóst vera, að það er mjög fámennur hópur veiðiréttareigenda sem fær arð sem máli skiptir. Langstærstur hluti arðsins skiptist á fámenna hópa og í þeim hópum eru allmargir Reykvíkingar sem eiga jarðir við nokkrar helstu laxveiðiár landsins. Varla verður því sagt að með þessu sé ráðist gegn bændastéttinni og reynt að rýra hlunnindi hennar. Hins vegar kemur í ljós að hlunnindum er mjög misskipt, og er nú svo komið að fá bændaefni hafa ráð á að kaupa góðar hlunnindajarðir. Kaupendur þeirra koma úr þéttbýli eða hafa gert það á undanförnum árum og hafa þá ekki keypt jarðirnar til að búa á þeim, heldur í öðrum tilgangi. Þetta er líka óheillaþróun. Þessari þáltill. til frekari stuðnings vilja flm. vísa til ályktana aðalfundar Landssambands stangveiðifélaga, sem haldinn var 7. og 8. okt. s. l. Þar er lýst sömu afstöðu til þessa máls og hér hefur verið rakin. Flm. vilja taka undir áskorun um bann á leigu á veiðiréttindum til erlendra auðmanna og fyrirtækja og að allur arður af veiðiréttindum hins opinbera fari óskiptur til fiskiræktar í íslenskum ám og vötnum. Með leyfi forseta vil ég nú lesa grg. þá sem fylgir ályktun fundar Landssambands stangveiðifélaga:

„Það er margyfirlýst stefna Landssambands stangveiðifélaga, að íslenskir stangveiðimenn leitast ekki við að skaða frelsi veiðiréttareigenda til að ráðstafa eignum sínum á frjálsum markaði. Það er hins vegar löngu augljóst mál, að íslenskir stangveiðimenn geta ekki keppt við erlenda auðmenn um veiðileyfi og að finna verður leiðir til þess að Íslendingar fái eðlilegan forgang á þessu sviði sem öðrum í sínu eigin landi. Við viðurkennum ekki rétt verkfræðinga, lækna eða flugstjóra, svo að nokkrir séu nefndir, til að nota erlenda viðmiðun við ákvörðun tekna sinna, og við getum heldur ekki fallist á að veiðiréttareigendum beri þessi réttur. Við lítum svo á, að Ísland sé afmarkað verðlagssvæði og að *við séum allir bundnir af þeirri verðmyndun sem hér* ríkir. Við teljum sjálfsagt og eðlilegt í ljósi alþjóðalaga, að erlendir menn komi til Íslands, m. a. sem veiðimenn, og þau markmið, sem hér eru höfð í huga, eru því alls ekki sett til að hindra eðlilegan straum ferðamanna til landsins."

Tveir af forustumönnum Landssambands veiðifélaga, en að því sambandi eiga aðild langflestir veiðiréttareigendur á landinu, hafa fengið tækifæri til að kynna sér allar þær upplýsingar sem hér koma fram. Ég hef boðið þeim að gera skriflegar aths. við það sem hér hefur verið sagt. Aths. þeirra eru á þessa leið, sem leyfi forseta: „Landssamband veiðifélaga fagnar því að fá tækifæri til að gera aths. við þáltill. yðar og fleiri alþm. um sérstakt gjald á veiðileyfi útlendinga, sem veiða í íslenskum ám. Við þökkum einnig boð yðar frá 27/10 um að lesa aths. þessar við flutning framsöguræðu yðar.

Fyrir um það bil tveimur áratugum var laxveiði aðeins þriðjungur að magni til miðað við það, sem hún er nú. Þá nýttu eigendur laxveiðihlunninda veiðirétt sinn ýmist

sjálfir eða leigðu hann beint til veiðimanna og samtaka þeirra. Upp úr 1960 fer að bera á því, að íslenskir leigutakar laxveiðiréttinda framleigi þau til útlendinga. Fljótlega kom í ljós, að óhæfilega mikill munur var á tekjum leigutaka af endurleigunni og upphæð þeirri sem þeir greiddu veiðiréttareigendum. Þetta ranglæti olli óánægju sem leiddi til þess, að eins fljótt og unnt var vegna gildandi samninga hækkuðu veiðibændur leiguna fyrir hlunnindi sín eða tóku útleigu þeirra beinlínis í eigin hendur, svo sem gert var í Laxá í Dölum, en þar, svo að dæmi sé tekið, höfðu íslenskir leigutakar fyrirgert öllu trausti veiðibænda fyrir fádæma ósanngirni og rányrkju árinnar. Við þetta misstu leigubraskararnir þann óréttmæta gróða sem þeir höfðu haft. Síðan nota þeir hvert tækifæri til að fordæma hlunnindaleigu veiðibænda til erlendra aðila.

Staða þessara mála í dag er sú, að tekjur af veiðihlunnindum hafa sívaxandi þýðingu fyrir íslenskan landbúnað og virðast í sumum sveitum hafa úrslitaáhrif á efnahag íbúanna. Án þeirra er fullvíst að ýmsar jarðir, sem nú eru vel byggilegar, mundu fara í eyði. Með ákvæðum jarðalaga, skattalaga og fleiri ráðstöfnunum af opinberri hálfu hefur til þessa markvisst verið stefnt að því að halda þessum hlunnindum í eigu heimafólks eða a. m. k. tryggja að arður af hlunnindum verði að verulegu leyti eftir í byggðarlagi, jafnvel þótt eigandi búi annars staðar, sem í dag heyrir fremur til undantekninga. 3993 lögbýli eiga nú aðild að veiðifélögum og sýnir það, hversu almenn þessi hlunnindi eru.

Markmið umræddrar þáltill. virðist vera að bola erlendum veiðimönnum frá íslenskum laxveiðiám í því skyni að lækka verð á veiðileyfum til lítils hluta íslenskra stangveiðimanna sem ekki una því að geta ekki fengið veiðileyfi í hvaða á sem er hvenær sem þeim þóknast fyrir sanngjarnt verð að mati þeirra sjálfra. Fyrir þessu hefur fámennur hópur veiðimanna barist undanfarin ár. Þeir skeyta því engu þótt augljóst sé, að innanlandsmarkaðurinn sé of lítill til þess að nýta þessi hlunnindi. Þeir skeyta því engu þótt brottrekstur erlendra veiðimanna muni skerða lífsafkomu 10-12 þús. manns í sveitum landsins, rýra gjaldeyristekjur þjóðarinnar um 700 millj. kr. og svipta þá, sem sumarstörf hafa af þjónustu við útlendingana, atvinnu sinni. Þessi hópur hefur þyrlað upp miklu moldviðri til að gera veiðar erlendra manna hér tortryggilegar á flestan hátt. Þeim hefur orðið það vel ágengt í áróðri sínum undanfarin ár, að fjölmargir landsmenn ljá nú þeim eyra gagnrýnislaust. Þarna hafa veiðiréttareigendur ekki verið nógu ötulir við það að túlka sjónarmið sín.

Landssamband veiðifélaga lýsir þeirri skoðun sinni, að flm. umræddrar þáltill. hafi ekki séð fyrir eða vilji stuðla að þeirri öfugþróun sem af lögum í umræddu átt mundi leiða, heldur byggist afstaða þeirra á því, að viðhlítandi upplýsingar hafa ekki verið nægilega aðgengilegar. Því styður Landssamband veiðifélaga heils hugar þá hugmynd flm., að gerð verði allsherjarúttekt á sem flestum þáttum veiðimála hið bráðasta. Fyrr en þær niðurstöður liggja fyrir er mjög erfitt fyrir ókunnuga að meta staðreyndir þessa máls. Því fer Landssamband veiðifélaga fram á það við flm. till., að þeir dragi aðra hluta hennar til baka og endurskoði síðan í ljósi þeirra upplýsinga sem áður áminnst könnun gæfi."

Ég verð að segja það, að flm. sjá ekki ástæðu til að draga til baka hluta af þessari þáltill. Á það hefur verið rækilega bent, að aðeins lítill hluti veiðiréttareigenda hefur umtalsverðar tekjur af veiði og leigu laxveiðiáa. Það er fjarstæðukennd fullyrðing að halda því fram, að jarðir færu í eyði þótt gjald yrði lagt á erlenda laxveiðimenn, og ég hirði ekki um að svara þeim fullyrðingum frekar. Því fer einnig fjarri að mínu mati, að tilgangurinn með þessari till. sé að bola erlendum laxveiðimönnum frá veiðum hér á landi.

Því var haldið fram í eina tíð, að sérstakt gjald á útflutning á hryssum og stóðhestum mundi draga úr útflutningi þar eð verð þeirra mundi hækka. Engin teikn eru á lofti um að þetta sé rétt, þvert á móti. Ég er staðfastlega þeirrar skoðunar, að slík gjaldtaka geti orðið allri fiskirækt í landinu mikil lyftistöng. Hún mundi jafna aðstöðu innlendra og erlendra laxveiðimanna og hlunnindi meðal bænda. Þá gefur auga leið, að gera þarf vandlega athugun á öllum gjaldeyrisskilum vegna laxveiða útlendinga hér á landi, enda munu gjaldeyrisyfirvöld hafa mikinn áhuga á því verkefni. Mig langar að geta þess, að engin sérstök gjaldeyrisskil eru t. d. gerð vegna veru útlendinga í fjölmörgum veiðihúsum hér á landi, en dvalarkostnaður þeirra þar skiptir tugum milljóna á hverju einasta sumri.

Herra forseti. Að lokum þetta: Flm. telja, að hér sé á ferðinni mál sem þarfnast skjótrar afgreiðslu. Skipulag þessa þáttar laxveiðimála hefur verið í hreinum ólestri. Íslenskar laxveiðiár eiga ekki að vera tómstundagaman erlendra og innlendra auðmanna eingöngu. Allir, sem hafa áhuga á þessari íþrótt án tillits til efnahags, eiga að geta notið hennar. Íslensk sumur eru stutt, og það er rangt að selja þessi dýrmætu hlunnindi úr landi, — hlunnindi sem margir vilja njóta og eiga rétt á að njóta. Það er röng stefna að sprengja upp verð á laxveiðileyfum og að gera laxveiðiár að leikvöllum auðmanna. Þetta verða veiðiréttareigendur að skilja. Deila má um rétt þeirra til þessara hlunninda. Vart ráða þeir rennsli ánna eða göngu laxins, og þeir hafa að mörgu leyti með stefnu sinni gefið byr undir báða vængi þeirri kröfu, að árnar og laxveiðirétturinn verði þjóðareign. Sumrin eru sá tími sem Íslendingar njóta útivistar. Þeir gera það á misjafnan hátt. Lax- og silungsveiðar eru ríkur þáttur í tómstundum þeirra. Þegar fjármunir erlendra auðmanna koma í veg fyrir að þeir geti notið þess, sem íslensk náttúra hefur að bjóða, er kominn tími til að spyrna við fótum. Ég skora á alla hv. þm. þessarar deildar að eigna sér höfundarréttinn að þessari tillögu og fylgja henni fast eftir.

1. flm. þessarar till. mun innan skamms fylgja henni eftir með tillögu um nýskipan fiskiræktar í sjó og vötnum og um nýtt átak á því sviði. Síðan fer ég þess á leit við hæstv. forseta, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér skilst að megintilgangur flm. með þessari till. sé tvíþættur: Í fyrsta lagi að tryggja innlendum veiðimönnum eðlilegan aðgang að íslenskum laxveiðiám og í öðru lagi að fá nokkurt fjármagn til þess að efla fiskrækt í sjó og vötnum. Og ég get tjáð mig mjög samþykkan báðum þessum sjónarmiðum. Reyndar get ég orðið við áskorun hans og tileinkað mér að nokkru þessa hugmynd og er kannske rétt að gera það. Svo er mál með vexti, að við hv. 4. þm. Norðurl. e. fluttum í Ed. fyrir allmörgum árum, svo að hætt er að vísu að höfundarrétturinn sé ekki í gildi

enn, frv. í Ed. um einmitt slíkt gjald af veiðileyfum sem átti að renna til rannsóknarstarfsemi.

Hins vegar verð ég að segja að ég efast um að flm. nái þeim tilgangi, sem hann hefur lýst hér í mjög ítarlegri og fróðlegri framsöguræðu. Ég efast mjög um að forstjóra Pepsí-Cola, sem flýgur hingað á einkaþotu sinni til að veiða í Laxá í Dölum, muni nokkuð um að greiða veiðileyfi til viðbótar. Ég hygg sem sagt að þetta geti orðið leið til að afla tekna til að auka rannsóknarstarfsemi og að mörgu leyti eðlileg leið og leið sem er farin í ýmsum löndum. Ég er þeirrar skoðunar, að vel mætti athuga, eins og fram kemur í grg., að allir, sem laxveiði stunda, innlendir og erlendir, greiði slíkt veiðileyfi, en það verði hins vegar stórum hærra fyrir erlenda aðila. Svo er það t. d. í Noregi, þannig er það í Bandaríkjunum, þar sem ég þekki það af eigin raun, og er talið raunar sjálfsagt að innlendir aðilar hafi þar nokkurn forgang að slíkum hlunnindum.

Eins og ég sagði áðan, efast ég stórlega um að þetta hamli mikilli veiði erlendra aðila hér á landi, þó að vísu komi ekki fram hjá hv. frsm. hvað hann hugsar sér þetta gjald hátt. Væri fróðlegt að fá það upplýst.

Svo er hitt vandamálið, sem mjög er rætt nú, og það er vaxandi sókn erlendra veiðimanna í íslenskar laxveiðiár. Ég hef þegar átt viðræður við nokkra aðila um þetta mál og frekari viðræður eru í undirbúningi. Ég tel að þarna verði að ná samkomulagi með íslenskum laxveiðimönnum og veiðiréttareigendum. Ég efast stórlega um að nokkur boð eða bönn komi í veg fyrir slíka veiði.

Ég hygg að megi vel færa rök fyrir því og sé að öllum líkindum rétt, sem hv. frsm. sagði og vísaði í Sigurð Líndal prófessor, — ég hef einnig kynnt mér skýrslu hans, — að mjög er vafasamt að erlendir aðilar geti samkv. íslenskum lögum án heimildar félmrh. stundað það að taka á leigu íslenskar laxveiðiár. Ég hygg að þetta hljóti að falla undir atvinnurekstur. Þeir reka gjarnan um leið veiðihús og jafnvel framleigja árnar og til þess þarf sannarlega atvinnuleyfi. En ég er jafnsannfærður um að þetta verður ekki stöðvað með því að banna slíkt. Ég hygg að það séu nógu margir Íslendingar til, sem mundu gjarnan kjósa að vera milliliður, og reyndar vitum við þess fjölmörg dæmi. Því er ég þeirrar skoðunar, eins og ég sagði áðan, og er reyndar megintilgangur minn upp í ræðustólinn að leggja áherslu á, að þótt þetta mál sé góðra gjalda vert og geti væntanlega orðið til þess að efla fiskeldi og fiskrækt, sem er stórmál hjá okkur, þarf að leysa hinn vandann, um einhvern eðlilegan forgang íslenskra stangveiðimanna að íslenskum veiðiám, á annan máta. Ég efast um að það verði gert nema með samkomulagi veiðiréttareigenda og stangveiðimanna.

Ég vil svo að lokum vegna síðustu orða frsm., þar sem hann boðaði að hann mundi flytja frv. eða till. til þál. um nýskipun þessara mála, upplýsa að þetta er einnig í undirbúningi í landbrn. Veiðilöggjöfin er ákaflega viðamikið og viðkvæmt mál, og ég er þeirrar skoðunar, að að endurskoðun hennar beri að vinna í samráði við þá aðila sem eiga stórra hagsmuna að gæta. Ég er að undirbúa slíkt. Ég tel að það muni taka töluverðan tíma. En þessi atriði, sem hér hafa verið rædd, hljóta að sjálfsögðu að koma inn í slíka endurskoðun og jafnframt fjölmargt fleira, eins og verulega efld rannsóknarstarfsemi á þessu sviði. Sú spurning hlýtur að vakna, hvar sú rannsóknarstarfsemi á að vera, hvar leiðbeiningastarfsemi á að vera fyrir lax- og silungseldi og mörg önnur atriði þarf að taka til athugunar. Það mál þarf því verulegs undirbúnings við.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að Ísland eigi að vera fyrir Íslendinga. Ég hef raunar flutt um það efni allmargar ræður úr þessum ræðustól og á kannske eftir að flytja einhverjar. Ég held að eignarhald útlendinga fyrirtækjum á Íslandi og umsvif útlendinga í íslensku efnahagslífi séu ekki heppileg, og ég treysti því, að ég eigi eftir að eiga samleið með hv. flm. þessa máls um það atriði. En við erum nú ekki einir í heiminum og suma hluti er kannske hugsanlegt að lána, þó að aðra sé ekki hugsanlegt að lána.

Eitt af því, sem ég tel vel geta komið til greina að við eigum að leigja, er veiðiréttur í ám og vötnum, þ. e. a. s. gegn ákveðnum og ströngum skilyrðum. Ég held að svo framarlega sem þessum skilyrðum, sem ég hér á eftir kem til með að geta um, sé fullnægt, þá eigi ekki að þurfa að ganga á laxinn í ánum í sjálfu sér, hann eigi að endurnýja sig. Ekki fara þeir með árnar, og ef öll gát er á höfð eiga þeir ekki að skemma þær heldur, og þá eru þær okkur tiltækar, þegar við viljum og þurfum að nota þær sjálfir.

Yfirleitt held ég að reynslan af erlendum veiðimönnum, sem hingað hafa komið, sé heldur góð. Þetta eru yfirleitt friðsamir menn og fremur litlir veiðimenn. Þeir eru ekki eins harðsnúnir fiskimenn og sumir af okkar duglegustu veiðimönnum. En það er mikilvægt, ef þessi viðskipti eiga sér stað á annað borð, að þeim sé hagað skynsamlega. Í fyrsta lagi verður að gæta þess mjög nákvæmlega og fylgjast sérstaklega með sóttvörnum, að þessir menn beri ekki laxapestir utan úr veröldinni í okkar óspilltu og heilbrigðu ár. Það verður að ganga ákaflega ríkt eftir því, að í hverju einstöku tilfelli séu landsréttindi gersamlega tryggð í höndum Íslendinga, og það verður líka að ganga mjög hart eftir því, að gjaldeyrisskil séu fullkomlega tryggð. Ég er ekki þar með að segja að þetta sé ekki allt saman í sæmilegu lagi, ég þekki það ekki, en það var á hv. frsm. að skilja að svo væri ekki. En ég legg áherslu á það eins og hann, að það er mjög nauðsynlegt að fylgjast með þessum atriðum öllum. Og það er góðra gjalda vert að ræða þetta mál, eins og hæstv. ráðh. reyndar gat um, og eins og hann gat um líka er væntanlega úrbóta þörf í málinu.

Samt sem áður held ég að þessi till. sé ekki vænleg til úrbóta. Í fyrsta lagi fannst mér hálfgerður krossferðartónn í hv. flm. og dulin andúð, a. m. k. ekki veruleg samúð með því sem hann kallaði veiðiréttareigendur, og ég mun teljast, ef grannt er skoðað, einn af þeim, því að ég er einn af þeim litlu arðtökum sem hv. flm. talaði um. Hv. flm. hefur tekið af mér ómakið raunar að svara sér, því að hann svaraði sér sjálfur, þ. e. a. s. hann las og að mér heyrðist nokkuð ítarlega grg. frá Landssambandi veiðifélaga og þar með ættu sjónarmið veiðiréttareigenda að vera komin nokkuð til skila. Þó get ég ekki að mér gert, úr því að ég er kominn hingað, að ræða þetta dálítið nánar.

Landssamband veiðifélaga fór fram á það, skildist mér, að flm. drægju till. til baka, en því var hafnað. Ég hygg að það væri e. t. v. mögulegt að endurbæta till. í nefnd, þannig að hún samræmdist betur þeim sjónarmiðum sem ég og ég vona einhverjir fleiri hér í deildinni hafa.

Flm. dró mjög í efa og neitaði reyndar með nokkuð

hörðum orðum þeim hugmyndum, að það gæti svo farið að jarðir færu í eyði ef af þessu yrði öllu saman. En ég vil benda honum á í allri vinsemd, að jarðir fara hugsanlega frekar í eyði ef veiðihlunnindi þeirra eru skert eða ef veiðihlunnindi þeirra falla í verði. Formaður veiðimálanefndar hefur aflað upplýsinga um það, að í þeim 10 ám, sem hv. flm. las hér upp um langar og miklar skýrlsur, sem reyndar fóru inn um annað eyra mitt og út um hitt, séu til viðbótar við þessi prósent, sem flm. tilgreindi, arðtakar, þ. e. a. s. þeir menn sem taka við arði í þessum veiðifélögum, 280, og þeir og þeirra heimafólk 1570 talsins.

Hv. flm. sagði, að hlutur erlendra sportveiðimanna í laxveiðum á Íslandi væri mikill, og þetta er að vissu leyti rétt. Ég hefði orðað þetta svolítið öðruvísi, að hlutur erlendra sportveiðimanna í tekjum af sportveiði er talsvert mikill á Íslandi.

Í tillgr. felst tvenns konar tilgangur, þ. e. a. s. í fyrsta lagi að leggja gjald á leyfi, sem seld eru til þess að stemma stigu við því, að íslenskum veiðimönnum sé bolað úr íslenskum laxveiðiám, og í öðru lagi með gjaldtöku að afla tekna til tilrauna við fiskrækt í sjó og vötnum. Varðandi fyrri liðinn er það að segja, að s. l. sumar leyfði Veiðimálastofnunin að notaðir væru 32936 stangveiðidagar í íslenskum laxveiðiám. Eftir því sem ég hef getað aflað mér upplýsinga um notuðu erlendir veiðiaðilar eitthvað í kringum 5000 af þessum nærri 33000 stangveiðidögum. Íslendingar notuðu 19000 af þessum dögum og afgangurinn, þ. e. 8900 dagar, var ónotaður. Það er varla hægt að tala um að íslenskir veiðimenn hafi ekki komist fyrir við laxveiðiár landsins fyrir útlendingum meðan nærri þriðjungurinn er ónotaður af þeim veiðidögum sem eru til ráðstöfunar. Það má miklu fremur segja að það sé verið að bæta nýtingu þessara hlunninda með því að auka veiðiskapinn með þessu móti, að hafa fleiri um hituna. Meira að segja brjóstvörn íslenskra stangveiðimanna, Stangveiðifélag Reykjavíkur, hafði s. l. sumar 6 vikna tíma í Grímsá. 23% af þessum 6 vikna tíma, sem sannarlega er ekki langur, eins og hv. flm. lét í ljós, fór til útlendinga. Það voru útlendir menn sem veiddu 23% af þeim veiðitíma sem Stangveiðifélagið hafði í Grímsá, og a. m. k. sumum þeim erlendu stangveiðimönnum útvegaði Stangveiðifélagið leiðsögumenn. Þetta er samkv. upplýsingum formanns Landssambands veiðifélaga sem hann hefur látið mér í té. Ef hugsað er um þessa gjaldtöku sem tekjustofn fyrir fiskræktina í landinu, fyrir fiskræktartilraunir, þá verður hún náttúrlega að vera mjög veruleg til þess að hún skipti einhverju máli. Og litlar upphæðir mundu auk þess verða léttvægar, eins og hæstv. landbrh. gat um, til þess að fæla erlenda veiðimenn burt. Væntanlega yrði seljandinn að taka þetta gjald á sig. Væntanlega mundu þeir sölumenn, sem í þessu standa, pressa verðið upp eftir því sem mögulegt er í útlöndum, þannig að þeir fengju fyrir snúð sinn það sem frekast væri unnt. Ég geri ráð fyrir því, að þessir menn séu ekki ratar, og þess vegna er þetta skattur á veiðiréttareigendur, a. m. k. töluverð hætta á að hann verði það.

Hv. flm. drap í lok ræðu sinnar á atriði sem mér er mjög kunnugt, það er stofnverndarsjóður íslenskra hrossa, því að ég á sæti í stjórn þess sjóðs og átti í og með hugmyndina að þessum sjóði. En þar er alls ekki um nákvæmlega sama málið að ræða. Ég er til með að ræða líka við hann um hross ef svo ber undir, en við þyrftum kannske ekki alveg svona marga áheyrendur til þess. Við skulum geyma okkur það í dag. En ef þetta gjald nær tilgangi sínum, að stöðva veiðileyfasölu til útlendinga, þá verður offramboð á veiðileyfum innanlands og meira offramboð en nú er. Þá mundi þetta væntanlega leiða til lækkunar á veiðileyfum og þá mundi það ekki síst verða til þess, að margt af þeim ám, sem nú seljast á sæmilegu verði, mundi alls ekki seljast. Lækkunin mundi bitna harðast á þeim veiðiám sem verið er að rækta upp og hafa ekki náð frægð eða vinsældum á við okkar bestu ár. En þetta kippir einnig fótum undan framkvæmdum við opnun nýrra veiðisvæða, því að ekki færu menn að leggja í kostnað við stigagerð eða fiskrækt á nýjum svæðum ef ekki væri einhver von til þess, að einhver vildi veiða þar. Þess vegna held ég að alger útilokun erlendra veiðimanna væri ekki til bóta. Og ef veiðileyfi féllu mjög í verði þá yrðu bændur bókstaflega neyddir til þess að snúa sér í auknum mæli að netaveiði og henni er ákaflega þægilegt að koma við og fjárhagslega séð getur hún, ef hún er rekin á félagslegum grundvelli, sem hægast átt rétt á sér.

Hv. flm. nefndi gjaldeyristekjur af þessum erlendu laxveiðimönnum og taldi þær vera 700 millj. kr. Ég hef heyrt þessa tölu líka og ég hef það fyrir satt, að engir aðrir ferðamenn skili tiltölulega eins miklum tekjum í þjóðarbúið í gjaldeyri Svo framarlega sem verið er að hugsa um ferðamenn á Íslandi, þá eru þessir æskilegri en flestir aðrir. Svo er þjónusta við þessa menn orðin nokkur atvinnugrein í sumum sveitum landsins og eins og ég sagði áðan: nýting laxveiðihlunninda yrði lakari en ella yrði.

Það er fullyrt í grg., að íslenskir veiðimenn hafi ekki bolmagn til að greiða jafnhátt gjald og útlendingar gera. Meðalverð veiðileyfa á Íslandi er samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér frá Landssambandi veiðileyfa, um 46 þús. kr. á hvern stangardag. Verð veiðileyfa í sumum þeim ám, sem Íslendingar veiða einir í, er hærra en þetta, a. m. k. suma tíma sumarsins. Það eru hygg ég ekki nein tvímæli á því, að t. d. veiðileyfi í Laxá í Ásum, sem er í mínum augum og reyndar margra annarra ein albesta laxveiðiá landsins, eru miklu hærri en þessi upphæð — og meira en það, þar veiða menn fyrir leyfinu sínu vegna þess að áin er svo gjöful. (**ÁG:** Af hverju telur þú að meðalverðið sé svona hátt?) M. a. vegna þess að Laxá í Ásum er væntanlega inni í þessu dæmi. En það er greinilegt, að einhverjir menn hafa bolmagn til þess að veiða í Laxá í Ásum sem var verið að segja að kostaði 100 þús kr. á dag, það er ekki mín fullyrðing. Það er greinilegt, að menn hafa sem sagt bolmagn til þess að kaupa þó nokkuð dýr veiðileyfi. En það er kannske ekki útilokað að þeir hafi fyrir snúð sinn víðar, því að ef við höldum okkur við þessar 46 þús. kr. og veltum þessu fyrir okkur ofurlítið lengur, þá upplýsir Veiðimálastofnunin að stangveiddur lax árið 1978 sé nálægt 4800 laxar. Ef gert er ráð fyrir að þessi lax sé að meðaltali 7 pund að þyngd, þ. e. a. s. 3.5 kg og meðalverð á kg. 1950 kr., — þetta eru tölur sem ég hef eftir nokkuð ábyggilegum aðila, að ég held, — þá koma sem sagt 13365 kr. á hvern stangardag. Meðalverð hvers veiðileyfis á innanlandsmarkaði árið 1978 var í vor áætlað 17500 kr. og ef þessi áætlun hefði staðist, þá gerum við ráð fyrir að veiðimaðurinn hefði orðið að borga rúmar 4 þús. kr. af hverju leyfi umfram aflaverðmætið.

Það er verið að halda því fram, og reyndar sagði flm.

líka í framsöguræðu sinni, að verð á íslenskum laxveiðileyfum væri mjög lágt, og miðaði þá við útlendinga, og ég hygg að hann fari þar með hárrétt mál. Hann fullyrðir að ásókn útlendinga í íslenskar laxveiðiár muni aukast á næstunni. Ég get ekki dæmt um það. En það hefur dregið úr þessari veiði a. m. k. á sumum svæðum landsins. Og úr því að hann gat um Vatnsdalsá og taldi hana með ólöglegum hætti á áhrifasvæði útlendinga, þá verð ég að hugga hann með því, að hún er í beinni leigu hjá íslenskum leigjendum. Hitt veit ég ekkert um, hvort þeir framleigja einhverja daga í henni til útlendinga.

Hann vitnaði til þess, hver háttur væri hafður á í Bandaríkjunum og Kanada um þessi mál, að þar ætti ríkið árnar. Þar með er náttúrlega e. t. v. verðmunur orðinn eðlilegri en ella. En þetta fyrirkomulag hefur ekki gefist vel í Bandaríkjunum eða Kanada. Þeir eru að eyðileggja sínar ár, og ég held að þetta sé vont skipulag veiðimála sem þeir hafa haft uppi. Ég vil hins vegar fagna þeirri hugmynd, sem er í þessari grg., að gerð verði allsherjar úttekt á leigu íslenskra laxveiðiáa og gjaldeyrisskilum í tengslum við leigu til útlendinga. Það er eðlilegt að bæta við athugun á þýðingu laxveiðihlunninda fyrir þjóðarbúið og gildi þeirra fyrir íslenskan landbúnað, sem alltaf er verið að basla við að gera fjölbreyttari, og er sannarlega ástæða til og mikil nauðsyn.

Hv. flm. valdi 10 ár og las upp skýrslu sem hann hefur gert um þær. Ég svara ekki að einu eða neinu leyti, eins og ég sagði áðan, fyrir Laxá í Dölum né Hofsá, en Vatnsdalsá er sem sagt leigð Íslendingum. Ég get ekki stillt mig um að bæta einni á við. Hann var að tala um 10 bestu árnar, — ég veit ekki hvar hann fær þá hugmynd, að þessar ár séu 10 bestu laxveiðiár landsins. Það getur skeð, að þetta séu 10 af bestu laxveiðiám, en ég tók það svo að hann hefði sagt 10 bestu. Ég vil endilega hafa fleiri **húnvetnskar ár á þessum lista. Ef farið er að tala um 10 bestu, þá finnst mér ekki óeðlilegt** að taka Laxá í Ásum. **Og hvað þá um Miðfjarðará? Það vill svo til að Miðfjarðará er einmitt ein af þeim ám þar sem útlendingar eru við veiðar. Ég hef leyft mér að verða mér úti um nokkrar upplýsingar um þá á og vil bæta þeim við í þessari umr.,** úr því að Miðfjarðará var ekki með í þeim upplýsingum sem flm. notaði. Raunar skildi ég ekki fyllilega hvaða gagn hv. þm. gætu haft af þessum tölulegu upplýsingum um þessar ár í svona smáum atriðum. Ég er alveg sammála flm. um að það er ákaflega óheppilegt skipulag, að aðrir eigi jarðirnar heldur en bændur, t. d. að menn í Reykjavík safni jörðum og eigi þær, m. a. hugsanlega vegna laxveiðihlunninda. Það er atriði sem löggjafinn hefur raunar lagt nokkuð á sig til þess að kippa í liðinn, en þó þarf þar betur að gera.

En hvernig er þessu háttað með Miðfjarðará? Núgildandi arðskrá er síðan 1963. Nýtt mat fór fram á þessu ári, en því er ekki lokið enn þá. Samkv. arðskránni frá 1963 skiptist arðurinn á 38 lögbýli með um það bil 176 manns heimilisfasta árið 1970. Hæsti arður til einstaks lögbýlis nam 11.67% og voru flest býlin eða 26 með arðseiningar á bilinu frá 0.1—2.49%, 8 frá 2.5—4.99%, 2 frá 5—9.9% og 2 yfir 10%. Meðalhundraðshlutinn alls nam með hliðstæðum útreikningum og hjá hv. flm. 2.67% til hvers lögbýlis. Eitt af þessum lögbýlum er í eigu Reykvíkings. Því tilheyrir arðseining sem nemur 1.2%. Eigandi tveggja annarra býla er fluttur úr Torfustaðahreppi vegna aldurs. Arðseiningar á býlum hans eru 0.55% og 1.97%. Ábúendur ríkisjarðanna njóta arðsins. Bændur leigja ána sjálfir út beint til stangveiðimanna, og þeir hafa umboðsmann í Bandaríkjunum sem leigði út fyrir þeirra hönd þær þrjár vikur sem þeir seldu á erlendan markað 1977. 168 dagar af 705 voru seldir útlendingum eða 23.8%. Brúttótekjur 1977 námu 15—16 millj. kr. og í ánni voru mest 9 stengur. Um það bil helmingur þeirrar fjárhæðar var greiddur í arð í peningum, hinn helmingurinn fór í kostnað við byggingar, afborganir og vexti, en félagið hefur nýlega byggt viðbótarveiðihús fyrir um 20 millj. kr. Stöngum var fjölgað í 10 1978, brúttósala veiðileyfa þá nam 35 millj. kr. og velta um 45 millj. Endanlegt uppgjör hefur að sjálfsögðu ekki farið fram enn þá. Ef reiknað er með 80% nettóarði af 30 millj., eða 25 millj., þá nemur meðalarður hvers lögbýlis, þ. e. a. s. 2,67%, 631 200 kr., og það munar um það fyrir Miðfirðinga. Miðfirðingar sýndu þann dugnað að taka rekstur árinnar í eigin hendur 1975, og nú er svo komið að heimamenn sjá um og vinna flest þau störf sem þar þarf að vinna. Um þetta get ég sérstaklega vegna þess, að ég tel þetta fyrirkomulag vera mjög til fyrirmyndar. Ég held sem sagt að stemma þurfi stigu við milliliðakostnaði og umsvifum milliliða og gróða þeirra í þessu sambandi. Samtök veiðiréttareigenda eiga að taka þetta í sínar hendur.

Ég held að það sé sem sagt meginatriðið að gæta sóttvarna og að samtök veiðiréttareigenda selji beint, og þar með er líka miklu þægilegra að tryggja fullkomin gjaldeyrisskil. Í þessari till. er lagt til að verja fé til fiskræktar, og eftir mínum skilningi er það fé bænda, því að það mundi draga úr þeirra hluta. Bændur greiða nú þegar talsvert mikið fé til fiskræktar, bæði það sem að þeir leggja til fiskræktar í eigin ám og einnig til félagslegra þarfa, til Fiskræktarsjóðs, en hann nýtur 2% af skírum tekjum hvers einasta veiðifélags í landinu.

Svo er raun, eins og hæstv. landbrh. drap á líka, enn ein hætta í þesssari till., ef hún væri samþykkt í því formi sem hún er, að til þess að sleppa við gjaldið gæti svo farið að einhverjir Íslendingar freistuðust til að fara að leppa fyrir útlendinga, og þá er ekki jafntryggt að gjaldeyrisskilin yrðu með eðlilegum hætti.

Ég þakka flm. fyrir að vekja máls á þessu máli og fyrir ítarlega ræðu, þó að ég hefði reyndar kosið mér að hún væri í ofurlítið öðrum tón en hún var, því að eins og ég sagði áðan, þá þótti mér gæta nokkurs kala til þeirra sem hann kallaði veiðiréttareigendur og eru að mestu leyti, sem betur fer, bændur í þessu landi.

Ég mun ekki elta ólar við að ræða þetta meira að sinni. En ég treysti því, að þrátt fyrir að hv. 1. flm. hafi ekki viljað draga till. til baka, þá sé hann til viðtals um að breyta í henni atriðum þannig að menn gætu fremur fellt sig við hana og breiðari samstaða næðist um hana. Það er ekki gott verk, hvorki hjá flm., sem ég veit að hann vill ekki vinna, né heldur Stangveiðifélagi Reykjavíkur eða neinum öðrum aðila að fara að efna til einhverrar keppni eða illdeilna milli samtaka stangveiðimanna og samtaka veiðiréttareigenda, vegna þess að þetta eru aðilar sem eiga að eiga með sér góð og skynsamleg viðskipti, annar að selja sína vöru og hinn að kaupa hana á sannvirði. Í þeim vanda vona ég að við flm. eigum eftir að vinna.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Hv. þm., sem var að ljúka máli sínu, kom inn á ýmsa þætti þessa máls sem ég hafði hugsað mér að nefna, svo að ég get mjög stytt mál mitt. En nokkrum orðum vil ég fara um þá till., sem hér er flutt af átta hv. þm. Alþfl. og einum hv. þm. Alþb.

Ég veit ekki hvort það er tilviljun, að þm. úr þessum flokkum sameinast um flutning till. sem þessarar, eða hvort hér birtist hinn pólitíski ágreiningur um eignarréttinn eða þær heimildir sem menn megi hafa til þess að ráðstafa eignum sínum. Um þessi atriði er pólitískur ágreiningur, eins og allir vita, og ekki síst um réttindi yfir hliðstæðum gæðum og hér er um rætt. Um það ætla ég ekki að ræða sérstaklega. Mér sýnist markmið þessarar tillögu vera gjaldtaka: „gjald á leyfi, sem seld eru útlendingum til veiða í íslenskum laxveiðiám," eins og það er orðað í till. Þessi gjaldtaka er svo réttlætt með því, að gjaldinu verði varið til tilrauna með fiskrækt, en tilgangurinn sýnist mér hins vegar vera sá að bola útlendingum burt frá íslenskum veiðiám. Þannig get ég ekki betur séð en að ákveðin þversögn sé í þessari till. Ef tilgangurinn næst, þ. e. a. s. ef útlendingar veiða ekki í íslenskum veiðiám, þá verður ekkert gjald af þeim tekið og ekkert fjármagn rennur til þessara tilrauna úr þeim brunni. Ef till. sem þessi yrði samþ. hefur löggjafarvaldið komið í veg fyrir að menn fái að nýta eign sína eins og þeir telja sér hagkvæmast, löggjafarvaldið gripi þarna inn í.

Þetta er svo réttlætt með því, að erlendir menn séu að troða Íslendingum um tær og koma verði í veg fyrir það. Það er svo kafli út af fyrir sig, hvernig hinir erlendu áhugamenn um laxveiði mundu bregðast við ef skattlagningu sem þessari yrði komið á. Ég get ekki betur séð en að hagsmunum veiðiréttareigenda sé hér verið að fórna fyrir hugsanlega hagsmuni íslenskra veiðimanna. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að bera umhyggju fyrir íslenskum stangveiðimönnum. Ég er áhugamaður um laxveiðar og hef stundað þær í mörg ár, og ég tala hér sem slíkur, en ekki sem veiðiréttareigandi eða neinn sérstakur talsmaður þess að útlendingar fái að stunda veiði í íslenskum ám. Vegna þessa áhuga míns hefur þessi till. vakið athygli mína. Ég get fúslega viðurkennt það, að ég vil veiða fyrir sem allra minnst gjald. En í mínum huga er hins vegar spurning um það, hvort ég eigi einhverja kröfu á því, að löggjafarvaldið, hv. Alþ., veiti mér einhverja sérstaka aðstoð til þess að fá að veiða fyrir sem allra minnst fé. Ég tel að ég eigi ekki þessa kröfu, og ég byggi það á grundvallarreglum eignarréttarins, og þess vegna hlýt ég að frábiðja mér slíkan óumbeðinn erindrekstur sem rekinn er með flutningi till. sem þessarar. En þessi till. er sjálfsagt góð í augum sumra.

Eins og ég sagði áðan er málflutningur minn ekki miðaður við hagsmuni erlendra veiðimanna. Mér er í sjálfu sér alveg sama um hvort þeir veiða í íslenskum ám eða ekki. Ég legg hins vegar áherslu á hagsmuni veiðiréttareigenda, og þessir veiðiréttareigendur eru í langflestum tilfellum bændur þessa lands. Sá arður, sem þeir hafa af þessum hlunnindum, ræðst af framboði og eftirspurn. Með þessari till. er reynt að hafa áhrif á eftirspurnina. Það er reynt að hafa áhrif í þá átt, að eftirspurnin minnki, og þar með minnkar arðurinn. Það má svo velta því fyrir sér, hver þessi arður er. Það er sjálfsagt erfitt að gefa um það nákvæmar upplýsingar.

Hv. 1. flm. nefndi hér ýmsar athyglisverðar tölur, sem ég held að ég hafi náð nokkurn veginn réttum. Í heild er tilkostnaður í sambandi við þennan veiðiskap á árinu 1978 talinn liðlega 1.5 milljarðar króna, þar af er tilkostnaður erlendra veiðimanna 700 millj. Ég er ekki alveg viss um hvort ég skildi rétt þær ályktanir sem hv. flm. dró af þessum tölum. Mér sýnist þær sýna það svart á hvítu, hve miklir hagsmunir veiðiréttareigenda eru einmitt hér í húfi, hversu mikið það er sem erlendir veiðimenn greiða fyrir veiðileyfi. Þessir hagsmunir eru reyndar ekki eingöngu í höndum veiðiréttareigenda. Það er fleira, sem kemur þarna til, þ. á m. gjaldeyrisöflunin, og mér hefur skilist að við hefðum ekki yfirfljótandi nóg af gjaldeyri.

Það voru einnig athyglisverðar upplýsingar sem komu fram hjá hv. þm. Páli Pétursyni um fjölda jarða sem eru í tengslum við þessa hagsmuni, tæplega 4000 jarðir, og einnig þær upplýsingar sem fram komu um veiðidagana. 5000 veiðidagar af 33000 fara til útlendinga, en u. þ. b. 9000 veiðidagar nýtast ekki. Það væri að sjálfsögðu fróðlegt að vita í hvaða ám þeir veiðidagar eru sem nýtast ekki. Ég geri ráð fyrir að það sé í heldur lélegri ánum. Engu að síður sýnir það okkur að menn geta fengið veiðileyfi keypt þrátt fyrir það að útlendingar veiði hér í þeim mæli sem hér hefur verið upplýst.

Ég held, að það sé engum blöðum um það að fletta, að hagsmunir bænda séu svo miklir og mikilvægir að veruleg áhrif hafi á búskap í heilum héruðum. Það er því ábyrgðarhluti, ef Alþ. ætlar að taka sér fyrir hendur að skerða þessa hagsmuni með samþykkt till. sem þessarar.

Ég vil þó ekki gera of mikið úr þessum erlenda markaði, ef svo má segja. Ég hygg að hann sé fremur óviss og það sé kannske tiltölulega auðvelt að eyðileggja hann. Veiðiréttareigendur gera sér ljósa grein fyrir þessu, og þeir hugsa þess vegna um innanlandsmarkaðinn líka. Það er gert með ræktun veiðiánna. Það fellur einnig í hlut leigutaka að rækta upp árnar, og má líta á það sem hluta af leigugreiðslunni fyrir veiðirétt, því í þetta fer verulegt fjármagn beint frá veiðiréttareigendum. Þessi mikla ræktun, sem hér fer fram, veldur aftur því, að meira framboð verður á veiðileyfum og fleiri veiðimenn komast að.

Ég legg áherslu á að það á ekkert það að gera sem greini að hagsmunina sem í húfi eru, þ. e. að saman fari veiðiréttur og búseta. Þegar þar er skorið á, þá er hætta á að illa fari og þá er hætt við minnkandi veiði eða jafnvel lélegri búskap á viðkomandi svæðum eftir atvikum.

Í grg. með þessari till. er minnst á hvernig þessum málum er háttað í Bandaríkjunum. Þótt ég sé því miður ekki nægilega kunnugur þeim málum, þá hygg ég að hér sé ólíku saman jafnað. Við vitum að ár og vötn eru ríkiseign í Bandaríkjunum frá fornu fari. Ég kann ekki að segja þá sögu, hvers vegna svo er, en það hefur verið bent á þetta og mönnum þótt það einkennilegt vegna þess þjóðskipulags sem þar ríkir. En ég bendi þó á það, að ýmsar ár og jafnvel veiðiár þar hafa verið samgönguleiðir, og þegar af þeirri ástæðu hefur verið eðlilegt að þær væru í ríkiseign. Það mun hins vegar þekkjast í þeirri ágætu álfu, að landi, sem ríkið upphaflega tók, hafi verið úthlutað til einstaklinga, jafnvel á báðum bökkum ánna, og þá hefur orðið erfiðara fyrir þá, sem vilja veiða í ánum, að komast að, og slíkt hefur ekki verið hægt nema gegn gjaldi. Þá er orðin spurning um hver hagur er að þessari þjóðareign. Þar sem slitin eru sundur búsetan og veiðirétturinn hefur víða illa farið, og það er kannske skýringin á því, hversu veiðiám í hinum ýmsu löndum heims fer hrakandi. Það öfuga gerist hér. Hér fer veiðin vaxandi ár frá ári. Og ég fullyrði að ein skýringin á því sé einmitt áhugi veiðiréttareigendanna, sem ég hef margtekið fram að eru í flestum tilfellum bændurnir sjálfir. Það er áhugi þeirra á að fara vel með þessi gæði og rækta þau upp.

Hv. 1. flm. ræddi hér nokkuð um gjaldeyrisskil útlendinga vegna veiða þeirra hér í landi. (Gripið fram í) Ja, gjaldeyrisskil veiðiréttareigenda og annarra sem selja þá útlendingum veiðileyfi. Um það treysti ég mér ekki að ræða sérstaklega, mig skortir þar upplýsingar. En hv. 1. flm. kom hér með ýmsar athyglisverðar tölur. Þótt þarna skorti eitthvað á um að réttilega sé skilað, þá réttlætir það út af fyrir sig ekki athafnir sem gert er ráð fyrir í þessari till.

Hv. 1. flm. kom hér með tölur um arðskrá 10 veiðiáa. Lagði hann út af þessum tölum með nokkuð sérstæðum hætti, þótti mér. Hann lagði áherslu á fjölda arðtakanna, þeir væru 280, en mér hefði þótt fróðlegt að fá upplýst hversu margir væru á heimilum þessara arðtaka. Það vill svo til, að ég hef nokkra hugmynd um það, og ég held að ég fari með rétt mál þegar ég segi að tæplega 1600 manns séu á heimilum þessara arðtaka sem hv. þm. nefndi. Hann lagði áherslu á hversu fáir þessara arðtaka fái mikinn hluta arðsins til sín. Þetta sýnist mér eiga að réttlæta það, að veiðiréttareigendur verði sviptir þessum réttindum, vegna þess hversu fáir fái mikið. Þetta kann að vera svo um einstakar ár, ég efast ekkert um það. Það er afskaplega misjafn réttur sem hinar einstöku jarðir, sem liggja að viðkomandi veiðiá, eiga. Þá þótti mér hv. ræðumaður gera nokkuð mikið úr því, að sumir þessir arðtakar væru eigendur sem búsettir væru í Reykjavík. Ég vil benda hv. þm. á það, að sú einkennilega regla gildir í tekjustofnalögum, að ef maður á jörð utan síns lögheimilis, þá borgar hann helmingi hærri fasteignaskatt en aðrir. Þarna er nokkuð vegið upp á móti því, að viðkomandi eigandi er ekki búsettur í sveitarfélaginu. En ég bendi einnig á það, að ef ábúandi viðkomandi jarðar nyti arðsins, þá má, held ég, gera ráð fyrir að afgjald jarðarinnar yrði verulega hærra, og þetta hefur að sjálfsögðu einnig áhrif.

Hv. þm. las hér upp ályktun frá fundi landssamtaka stangveiðimanna. Mér sýnist sá upplestur sýna framar öðru að hér er verið að ganga erinda landsamtaka stangveiðimanna fyrst og fremst. Það út af fyrir sig kann að vera góðra gjalda vert. En það er hins vegar hæpin leið að leita til löggjafarvaldsins um aðstoð til þess að stangveiðimenna fái notið tómstundagaman síns með sem allra minnstum fjárútlátum. (Gripið fram í.) Ég sagði ekki að þm. væri í viðkomandi félagi. Ég sagði að hann væri að ganga erinda þess. En kannske er tilgangurinn með þessu öllu saman sá að stíga fyrsta skrefið í þá átt að taka allar ár í eign ríkisins. Slíkar till. hafa verið á sveimi á hv. Alþ. öðru hverju. Ef það tekst, þá geta fulltrúar í rn. dundað við að úthluta veiðileyfum til vina sinna og kunningja og auðvitað gætt þess að selja ekkert veiðileyfi til útlendinga.

Ég þarf ekki, herra forseti, að hafa miklu fleiri orð um þetta mál. Ég veit ekki hvort ég hef skilið hæstv. landbrh. rétt, en mér heyrðist þó á ræðu hans að hann væri sammála þeim sjónarmiðum sem koma fram í þessari till. Ef ég hef skilið hann rétt, þá held ég að það hljóti að vera býsna fróðlegt fyrir veiðiréttareigendur, bændur þessa lands, að kynnast þessari afstöðu hæstv. landbrh. Ég skildi það þó allavega rétt, að hann legði á það áherslu, að forgang íslenskra stangveiðimanna yrði að tryggja, þó með einhverjum öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir. Það verður fróðlegt að fylgjast með keppni hæstv. ráðh. og hv. 1. flm. þessarar till. um frekari tillöguflutning um þessi efni.

Umr. frestað.

Neðri deild, 11. fundur.

Föstudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 9). — Frh. 1. umr.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa fylgi mínu við þann megintilgang sem ég tel felast í frv. því til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands sem nú er til umr. Ég hlýt þó að taka það fram, að ég kysi heldur að í stað þess að talað væri um vaxtakjör í 1. gr. væri talað um ávöxtunarkjör. Eins og vextir hafa verið skilgreindir, eru þeir endurgjald til þess, sem sparar, fyrir að fresta eyðslu tekna sinna um tiltekinn tíma og þá gengið út frá því að höfuðstóll skuldarinnar verði endurgreiddur með sama verðmæti og hann var í þegar lánið var veitt, en auk þess komi endurgjald fyrir lánið, vextir, sem þá yrðu vitanlega tiltölulega mjög lágir, 2-4% eða eitthvað þar um bil. Auðvitað er leið í þessu efni að fela inni í vaxtakjörum einnig verðtryggingu og tala um vexti í þeim skilningi. En ég tel að aðalatriðið sé að þess sé gætt, að þeir, sem inna það þjóðnýta hlutverk af hendi að leggja til hliðar nokkuð af tekjum sínum, fái þann hluta endurgreiddan, þegar þeir þurfa á að halda, með fullu verðgildi og auk þess mjög hóflegt endurgjald fyrir lánið. Þetta getur gerst með því að ákveða í fyrsta lagi vextina svo háa, að tryggt sé að verðgildið sé hið sama, í öðru lagi með því að beita verðtryggingarákvæðum til viðbótar vaxtagreiðslum og í þriðja lagi með því að gengistryggja höfuðstól skuldarinnar, og með þeim hætti gætu vextir einnig verið tiltölulega lágir. Ég tel rétt að þetta komi hér fram og verði til athugunar í þeirri n. sem fær þetta frv. til meðferðar.

Ég er einnig þeirrar skoðunar, að það sé athugunarefni, hvort Seðlabankinn eigi að hafa jafnvíðtækt vald varðandi ákvörðun vaxtakjara og hann raunar hefur samkv. núgildandi lögum og gert er ráð fyrir í þessu frv., þótt hann sé með þessu frv. bundinn við að ákveða vaxtakjör a. m. k. jöfn verðbólgustigi á hverjum tíma. Þá á ég við hvort eðlilegra væri að Seðlabankinn tæki fyrst og fremst ákvörðun um vaxtakjör í viðskiptum Seðlabankans við viðskiptamenn sína, þ. e. a. s. aðra viðskiptabanka og aðra viðskiptamenn, en hins vegar sé það háð lögmálum framboðs og eftirspurnar á fjármagnsmarkaðinum hvernig ávöxtunarkjör fjármagns eru að öðru leyti.

Í þessu felst að ég tel nauðsynlegt að verðtrygging fjárskuldbindinga, bæði hjá bankastofnunum og lánastofnunum og í viðskiptum einstaklinga innbyrðis, sé frjáls.

Við erum víst sammála um það, að nauðsynlegt sé að stuðla að sparnaði í þjóðfélaginu og teljum það til helstu dyggða hjá mönnum að spara. Hins vegar er ekki unnt að segja að hlúð hafi verið að þessari dyggð undanfarið. Þróun mála hefur verið sú, að sparnaður hefur síður en svo verið verðlaunaður og því miður hafa sparifjáreigendur borið skarðan hlut frá borði í skiptingu þjóðartekna.

Þegar við teljum sparnað til höfuðdyggða er það auðvitað í ljósi þess, hvaða hlutverki fjármagnið, hið sparaða fjármagn, gegnir í tæknivæddu þjóðfélagi. Atvinnurekstri jafnt og einstaklingum er nauðsynlegt að eiga aðgang að fjármagni til margvíslegra athafna, til fjárfestingar og til rekstrar. Við verðum að horfast í augu við það, að fjármagn er í raun og veru eins og hver önnur vörutegund, hvert annað verðmæti, að þessu leyti, að það hverfur af markaðnum eða úr framboði þess dregur ef ekki er greitt rétt kostnaðarverð fyrir vörutegundina eða verðmætaþáttinn.

Það hefur verið sagt hér á öllum tímum og ég man það sérstaklega í tíð fyrrv. ríkisstj., að ríkisstj. ætti að grípa í taumana og banna hækkun vöruverðs, ríkisstj. ætti ekki að leyfa vöruverðshækkanir. Ekki síst gat að líta þessa röksemd í Þjóðviljanum á sínum tíma. Nú höfum við alþm. nýlega reynslu fyrir því, að fyrrv. ritstjóri Þjóðviljans og núv. hæstv. viðskrh. hefur þurft að ganga þvert á þessa skoðun sína, þegar hann nú nýverið samþykkti verðhækkun á gosdrykkjum, öli og smjörlíki. Þetta er óhjákvæmileg nauðsyn, aðeins viðurkenning á því, að þessar vörutegundir mundu ekki verða framleiddar, mundu hverfa af markaðnum, ef ekki væri greitt kostnaðarverð fyrir þær. Með sama hætti fer um fjármagnið, sparifé landsmanna, að ef ekki er greitt fyrir það rétt kostnaðarverð hverfur það smátt og smátt. Og rétt kostnaðarverð er a. m. k. að sparifjáreigendur fái tryggt verðgildi sparnaðar síns. Það er þess vegna ekki spurningin um það, hvort við viljum háa vexti eða lága vexti, sem hér er verið að ræða, heldur spurningin um það, hvort við teljum nauðsynlegt að fjármagn myndist í þjóðfélaginu, að sparnaður eigi sér stað eða ekki.

Á árum vinstri stjórnarinnar, 1971-1974, var meira að segja gripið til vaxtahækkana, að mig minnir á árunum 1973 og 1974, sem nægðu þó engan veginn til að stöðva þá þróun, sem átt hefur sér stað, að sparifé landsmanna hefur minnkað að raungildi. Þá var hæstv. 1. þm. Austurl. viðskrh. og þar með bankamálaráðh. Hann hefur hins vegar afneitað vaxtahækkuninni 1974, að því er mig minnir, og talið Seðlabankann þá hafa farið sínu fram. En ekki hefur frést að þar væri neinn ágreiningur varðandi þá hækkun.

Síðan ríkisstj., er ég myndaði 1974, tók til starfa hafa vaxtamálin verið mjög til meðferðar, og ég er ekki að upplýsa hér neitt leyndarmál þegar ég segi frá því, að innan ríkisstj. voru skiptar skoðanir um stefnuna í vaxtamálum. Sá ágreiningur hefur komið fram hér bæði í orðræðum mínum og núv. hæstv. forsrh. Þó náðist samstaða um það, að á árinu 1976 voru teknir upp svokallaðir vaxtaaukareikningar, þar sem innstæður voru að vísu bundnar með 12 mánaða uppsagnarfresti, en þessi nýja sparifjárleið hafði þegar þau áhrif á árinu 1976 að stöðva rýrnun raungildis sparifjárinnistæðna í bankakerfinu.

Á árinu 1977, þegar komið var fram yfir mitt ár og kjarasamningar voru um garð gengnir, varð ljóst að verðbólgan færi vaxandi og þess vegna þörf á nýjum ráðstöfunum til þess að tryggja sparifjármyndun í landinu. Þá náðist samkomulag um að fallast á tillögur stjórnar Seðlabankans um verðbótaþátt vaxta til viðbótar grunnvöxtum er breyta skyldi á þriggja mánaða tímabili með hliðsjón af verðlagsþróun í landinu. Slík breyting átti sér stað í nóv. 1977 og febr. 1978 og hafði þau áhrif, að þegar miðað er við ársmeðaltöl innlána og vísitölu þjóðarútgjalda jukust innlán um 37% á árinu 1977, en það þýddi að raungildi innlánanna jókst um 4.5%. Á árunum 1976 og 1977 tókst þannig að stöðva þá óheillavænlegu þróun, að ráðstöfunarfé lánastofnana héldi áfram að minnka.

Á blaðamannafundi hæstv. fjmrh. nú um daginn hefur ráðh. sagt frá því, að ráðstöfunarfé lánastofnana hafi minnkað mjög undanfarin ár, árið 1970 hafi ráðstöfunarfé innlánsstofnana verið 45% af þjóðartekjum, en í ár aðeins 30% af þjóðartekjum, og ef miðað er við bankana eina hafi ráðstöfunarfé þeirra minnkað úr 40% af þjóðartekjum árið 1970 niður í 25% á þessu árabili. Dagblað eitt hér í bænum hefur eftir ráðh., orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta er ein meginástæða þeirrar ofboðslegu lánsfjárkreppu sem er hér á landi.“

Ég held þess vegna að valið, sem við höfum, sé ekki um hvort vextir eigi að vera háir eða lágir, heldur í raun og veru hvort við viljum innlendan sparnað eða ekki, hvort við teljum innlendan sparnað nauðsynlegan eða ekki. Innlendur sparnaður er, að ég hygg, grundvallarskilyrði þess, að við lifum innan marka tekjuöflunar okkar á hverjum tíma. Hann er nauðsynlegt skilyrði til þess að komast hjá erlendum lántökum og nauðsynlegt skilyrði til þess að koma í veg fyrir verðbólguþróun í landinu. Með þessu er ég ekki að segja, að raunvextir eða sparifjármyndun í landinu sé lausn allra okkar efnahagsvandamála, lausn á verðbólguvandanum t. d. Til lausnar verðbólguvandanum þarf margvíslegar samræmdar aðgerðir.

Hv. 1. þm. Austurl. sagði að háir vextir mundu ekki lækna verðbólguvandann, það sem ylli verðbólgunni, væri yfirdráttur hjá Seðlabanka, erlendar lántökur, yfirbyggingarkostnaður í bankakerfinu, of mikil fjárfesting eins og t. d. Kröfluvirkjun.

Við skulum nú athuga þessi atriði, sem hv. þm. nefndi, og að hvaða niðurstöðu komumst við þá?

Hann nefnir fyrst yfirdrátt hjá Seðlabanka. Hvernig myndast yfirdráttur hjá seðlabanka? Hann myndast annars vegar með því, að ríkissjóður stofnar til meiri útgjalda en tekjur ríkissjóðs segja til um. Hann getur líka myndast með því, að aðrir viðskiptamenn Seðlabankans taki meira út úr Seðlabankanum en það fjármagn er sem þar myndast. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lágir vextir auka á eftirspurn eftir lánsfé og verða þess valdandi, að staða viðskiptabanka gagnvart seðlabanka versnar, þeir taka að skulda seðlabankanum í stað þess að eiga þar inni. Í þessu felst að í efnahagskerfið er dælt peningum sem engin verðmæti standa á bak við. Það er verið að prenta seðla til þess að auka peningamagnið í landinu, auka eftirspurnina, sem aftur hækkar verðlagið. Þetta er þess vegna ein afleiðingin af því að horfast ekki í augu við að nauðsynlegt sé að verðtryggja sparifé í landinu, að verðbólgan vex.

Við skulum athuga erlendu lántökurnar. Það má einnig brúa þetta bil, sem myndast með því að meiru er eytt en aflað er í ríkissjóð, að meira er lánað út en sparnaði nemur í lánastofnunum, með því að taka erlent lánsfé, sem við alþm. höfum keppst við að lýsa yfir að sé óheillavænlegt. En þetta erlenda lánsfé eykur einmitt eftirspurnina innanlands eftir vöru, vinnu og þjónustu og sprengir upp verðlagið í landinu.

Við skulum þá taka þriðja atriðið, yfirbyggingu bankakerfisins. Væri ekki hugsanlega hægt að draga úr yfirbyggingu bankakerfisins, ef komið væri á jafnvægi

milli framboðs og eftirspurnar lánsfjár? Ætli það minnkaði ekki vinnan og skriffinnskan í bönkunum ef skömmtunarvaldið væri tekið af bönkunum að þessu leyti í ríkara mæli a. m. k. en nú er, þegar slík lánsfjárskömmtun er þar sem raun ber vitni.

Við skulum taka fjórða atriðið, of mikla fjárfestingu. Ég held að núv. hæstv. ríkistj. segi í samstarfsyfirlýsingu sinni, að mörkuð verði gerbreytt fjárfestingarstefna, með *samræmdum aðgerðum verði fjárfestingu beint í* tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðfélagslega arðbærum atvinnurekstri. Síðan segir: Fjárfesting í landinu verði sett undir stjórn sem marki heildarstefnu í fjárfestingu og setji samræmdar lánareglur fyrir fjárfestingarsjóðina í samráði við ríkisstj." Loks segir: „Dregið verði úr verðþenslu með því að takmarka útlán og peningamagn í umferð."

Við skulum íhuga þetta nánar.

Við getum verið sammála um að fjárfesting sé of mikil. Í vinnuplaggi, sem við Gunnar Thoroddsen lögðum fram við stjórnarmyndunartilraunir í sumar, var talið eðlilegt að dregið væri úr heildarfjárfestingu í landinu. Ég tel að fráfarandi ríkisstj. hafi gert ráðstafanir, sem urðu til þess að heildarfjárfesting minnkaði úr 33-34% af þjóðarframleiðslu í 27% af þjóðarframleiðslu, og út af fyrir sig sé ekki óeðlilegt að þessi fjárfesting dragist enn saman og verði um eða innan við fjórðung af þjóðarframleiðslu, miðað við það að skapa svigrúm fyrir einkaneyslu og samneyslu. En ég hygg að það verði ekki dregið úr fjárfestingu í landinu nema með tvennum hætti: annars vegar með því, að fjármagnið fái sanngjarnt endurgjald, að *sparifjáreigendur fái sanngjarnt* endurgjald, og hins vegar með þeim hætti, að komið verði á skömmtunarstjórn á fjárfestingu í landinu, það verði fjárfestingarhömlur, að menn þurfi að sækja um leyfi til þess að leggja í framkvæmdir. Ég þarf ekki að orðlengja það, að við sjálfstæðismenn erum algerlega andvígir leyfis- og skömmtunarkerfum af þessu tagi, boðum og bönnum, en teljum hins vegar eðlilegt að úr fjárfestingu verði dregið með því að þeir, sem festa fé, greiði rétt endurgjald fyrir það fjármagn sem þeir hafa að láni.

Ef við lítum á hvaða fjármagn það er, sem er til ráðstöfunar hér innanlands og menn fá að láni, þá er það fjármagn almennings í landinu, og ég held að menn séu almennt sammála um að það sé eign hins almenna launamanns frekar en nokkurs annars þjóðfélagshóps, vegna þess að atvinnurekendur t. d. nýta fjármagn sitt í eigin rekstri. Þegar við lítum þannig á málin, þá er það lánsfé, sem er til ráðstöfunar til fjárfestingar í landinu, í raun og veru *geymd vinnulaun launþega í landinu*. Þess vegna er verið að taka af launþegum hluta af aflafé þeirra með því að horfast ekki í augu við að þeir, sem taka að láni, verði að endurgreiða það með jafnverðmætum krónum þegar að greiðsludegi kemur.

Ég held líka að við hefðum tryggingu fyrir því, að betur væri með fjármagnið farið, ef greiða þyrfti raunverulegt endurgjald fyrir lánsféð. Hér hefur Kröfluvirkjun borið á góma sem dæmi um að það væri ráðist í óhagkvæma fjárfestingu, hvað sem liði fjármagnskostnaði. Ég er ekki sammála um það. Hér hefur verið bent á að fjármagnskostnaður vegna Kröfluvirkjunar sé áætlaður á næsta ári um 2000 millj. kr. Ég tel það af hinu góða, að þessi mælikvarði er til sem mælikvarði á hagkvæmni fjárfestingarinnar. Ég tek það skýrt og greinilega fram, að auðvelt er að segja þetta eftir á. Það voru færri þm., sem drógu úr að lagt væri í Kröfluframkvæmdirnar þegar það mál var á dagskrá og frv. um það flutt á þinginu 1973-1974. Ég held að frv. hafi þá verið samþykkt samhljóða. Ýmislegt hefur borið við síðan, svo sem náttúruhamfarir og annað, sem hefur gert þá fjárfestingu óhagkvæmari og ekki arðbæra, gagnstætt því sem vonir stóðu til. En það er hollt að mælikvarði sé til um það, hvernig fjárfestingar gefast í þjóðfélagi okkar.

Nú skal ég bæta því við, að á það hefur líka verið bent, að fjáröflun til Kröfluvirkjunar hafi yfirleitt verið annaðhvort með verðtryggðu lánsfé og/eða gengistryggðu lánsfé, þannig að þarna er um raunverulegan fjármagnskostnað að ræða, en ekki niðurgreiddan eins og í ýmsum öðrum fjárfestingum af opinberri hálfu.

Þegar hv. 1. þm. Austurl. segir, að ekki sé tekið tillit til fjármagnskostnaðar þegar ráðist er í opinberar framkvæmdir almennt, get ég vel verið honum sammála um að það er allt of lítið gert að því. Við eigum auðvitað að líta á þann þátt málsins, og ég held að viðurkenning á raunverulegum fjármagnskostnaði yrði til þess að við litum betur á opinberar fjárfestingar, gerðum meiri samanburð á hagkvæmni og nytsemi einstakra opinberra framkvæmda ef fjármagnskostnaðurinn væri raunverulegur, sem hann því miður hefur ekki verið. Spurningin er því ekki eingöngu um að mynda sparifé í landinu, mynda fjármagn í landinu til þess að komast hjá erlendum *lántökum, til þess að komast hjá því að láta* prenta seðla sem ekkert verðmæti stendur bak við, heldur einnig um hvernig unnt sé að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu þess sparnaðar sem á sér stað á hverjum tíma.

Það er auðvitað rétt, að um leið og við lítum á hag sparifjáreigenda er önnur hlið á málinu. Hver á að borga þá verðtryggingu sem þeim er veitt? Í sjálfu sér finnst mér það ekki breyta efni málsins. Mér finnst það liggja í augum uppi, að sparifjáreigendur eiga að fá tryggt verðgildi sparnaðar síns, það sé grundvallarforsenda fyrir heilbrigðum samskiptum manna á milli og heilbrigðu þjóðfélagi og efnahagslífi í landinu, þannig að við verðum í raun og veru að ganga út frá þessu sem föstu og síðan að laga okkur eftir því, þegar kemur til þess hver á að greiða þetta gjald. Það eru auðvitað lántakendurnir sem næst liggur að greiða þetta gjald, vegna þess að þeir hafa þetta fjármagn undir höndum og geta valið um að taka það að láni með þeim skilyrðum, sem því fylgja, og verða að ábyrjast að það ávaxtist með þeim hætti að þeir séu skilamenn þegar að greiðsludegi kemur.

Vaxta- og fjármagnskostnaður er auðvitað ekki annað en einn af mörgum kostnaðarliðum í atvinnurekstri og lífi manna. Í fiskvinnslu hefur verið talað um að þessi kostnaðarliðum í atvinnurekstri og lífi manna. Í fiskvinnslu hefur verið talað um að þessi kostnaðarþáttur sé frá 5% og ef um mjög skuldug fyrirtæki er að ræða upp í 8% af heildarútgjöldum. Hv. 1. þm. Austurl. benti á það, í ræðu sinni hér í fyrradag, að það yrði, að mig minnir, að lækka launin um helming til þess að hækka vextina um helming eða eitthvað á þá lund og reiknar þá væntanlega með 10% vaxtakostnaði fiskvinnslufyrirtækja og 20% launakostnaði. En launakostnaður fiskvinnslunnar er nú í raun og veru meira en 20%. Hann hefur almennt verið talinn 25%. En þar að auki hreyfist hráefnisverðið mjög nálægt því með sama hætti og launakostnaður, og hráefnisverðið er 50% af útgjöldum fiskvinnslunnar, þannig

að útgjaldaþættir, sem markast af launakostnaði, eru 75%, en vaxta- eða fjármagnskostnaður frá 5% og upp í 8%, svo að ég fari nú ekki upp í 10% sem 1. þm. Austurl. vill vera láta að sé.

Það er hætta á því, ef fjármagnskostnaðurinn er ekki viðurkenndur eins og hann er í raun og veru, að menn leiti of mikið til lánastofnananna, að menn byggi atvinnurekstur sinn of mikið á lánsfé.

Aðgerðir fráfarandi ríkisstj. í vaxta- og verðtryggingarmálum voru annars vegar bundnar við það að horfast í augu við nauðsyn raunvaxta, og hins vegar miðuðust þessar aðgerðir við að jafna vaxtakjörin í landinu þannig að atvinnuvegum í landinu væri ekki mismunað og fjármagnið leitaði þangað sem arðbærast væri fyrir þjóðarheildina. Tókst að ná mjög mikilvægum markmiðum hvað þetta hvort tveggja snertir. Ég get nefnt sem dæmi um það, að vaxtakjör viðbótarlána, sem sjávarútvegi og landbúnaði er séð fyrir frá viðskiptabönkunum til viðbótar við endurkeypt afurðalán sem Seðlabankinn endurkaupir, voru hækkuð og færð til samræmis við þau vaxtakjör er almennir útlánsvextir sögðu til um. Þetta hafði þá þýðingu, að ýmis þau frystihús, sem stóðu vel að vígi fjárhagslega, frystihús t. d. á Vestfjörðum og annars staðar á landinu sem höfðu afkomu í betra lagi, hættu að taka viðbótarlánin og þannig varð meira lánsfjármagn til ráðstöfunar fyrir aðra, bæði þá sem höllum fæti stóðu eða þurftu á fjármagni að halda í hagkvæmar framkvæmdir.

Ég legg auðvitað á það áherslu, að samfara raunvaxtastefnu þarf að vera raungengisstefna. Það verður að skrá gengið rétt. Þá erum við komnir að því, hvort raunvaxtastefna muni knýja á um áframhaldandi gengislækkanir. Ég er þeirrar skoðunar, að svo muni ekki vera, vegna þess að það þýðir ekki að stinga höfðinu í sandinn eins og strúturinn og viðurkenna ekki réttan og raunverulegan kostnað við framleiðsluna, það þýðir ekki að líta fram hjá fjármagnskostnaði frekar en öðrum kostnaði, og gengið verður að skrá í samræmi við framboð og eftirspurn, í samræmi við framleiðslukostnað í landinu. Við getum ekki tryggt fulla atvinnu með öðrum hætti. Þá er það auðvitað almenn aðhaldssemi sem ein getur leitt til þess, að við hverfum af braut gengislækkana til þess að leiðrétta misvægi milli verðlags innanlands og erlendis. Það er algerlega útilokað annað en gengið falli hér á Íslandi sem nemur meiri verðbóglu hér en í öðrum löndum, að frádreginni þeirri auknu framleiðni sem okkur tækist að koma á hér á landi umfram það, sem öðrum tekst erlendis, og inn í það dæmi má auðvitað taka aukið aflamagn. Þetta er staðreynd sem við getum ekki litið fram hjá. Í hverju á þá aðhaldssemin að vera fólgin? Hún á að vera fólgin í því að sníða einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingu þann stakk sem heildartekjur þjóðfélagsins segja til um á hverjum tíma. Við eigum að hafa kjark til þess að gera okkur grein fyrir eðlilegu hlutfalli þessara þátta í þjóðarútgjöldunum, og við eigum að gera okkur grein fyrir því, með hvaða hætti við getum haldið þeim innan sanngjarnra marka. Ég tel að í þessum efnum sé stjórnvöldum einkum sú skylda lögð á herðar að setja þær almennu reglur sem takmarka fjárfestinguna: einkafjárfestinguna með almennum vaxtakjörum og opinberu fjárfestinguna með aðhaldssemi fjárveitingavaldsins, innan við 25% af þjóðarframleiðslunni. Ég tel að við verðum að stilla samneyslunni svo í hóf og að vísu þá um leið ýmiss konar þjónustu við almenning, að svigrúm sé fyrir þá einkaneyslu sem landsmenn geta sætt sig við.

Í sambandi við fjármagnskostnað er rétt að það komi hér fram, að vextir, verðtrygging og gengistrygging lána, raunvaxtastefna eða raunávöxtunarstefna, eru nauðsynlegur þáttur í baráttunni gegn verðbólgunni. Háir vextir eða hár fjármagnskostnaður er afleiðing verðbólgunnar, en ekki orsök, og fjármagnskostnaður eins og hann er í raun og veru, verðtrygging fjármagnsins er til þess fallin að það hagnýtist betur og til þess fallin að draga úr verðbólgunni, nauðsynlegur þáttur að þessu leyti. Þess vegna er það svo, að ef aðrar leiðir eru farnar í baráttunni gegn verðbólgunni ásamt með raunhæfum fjármagnskostnaði, þá mundi fjármagnskostnaður lækka verulega á tiltölulega skömmum tíma með auknu framboði fjármagns og minni verðlagsbreytingum. En þrátt fyrir það er rétt að það komi hér fram, að eins og hið opinbera ákveður ýmsar framkvæmdir án þess að hafa verðmælikvarða um arðsemi þeirra, vegna þess að þær eru taldar nauðsynlegar t. d. í félagslegum tilgangi eða menntunarlegum tilgangi eða varðandi heilbrigðisþjónustu, þá er og rétt að hafa svigrúm til nokkurra félagslegra lána, en greina þá skýrt á milli hinna félagslegu lána og þeirra lána sem hlíta arðsemisjónarmiðum. Þegar ég ræði um félagsleg lán á ég m. a. við lán til húsbyggjenda sem eigi að hlíta nokkuð öðrum kjörum en almenn lánakjör í landinu e. t. v. segja fyrir um á hverjum tíma. En jafnvel lán til húsbygginga, íbúðabygginga, mundu með raunvaxtastefnu og öðrum ráðum í baráttunni gegn verðbólgu verða ungu fólki sem eldra viðráðanleg. Þá væri unnt að veita lánin til lengri tíma, dreifa endurgreiðslum á svo langan tíma og um leið færa vextina svo niður að hag manna ætti að vera betur borgið eftir en áður.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessa ræðu lengri, en vil þó, áður en ég lýk máli mínu, lýsa eftir stefnu hæstv. ríkisstj. í vaxta- og fjármagnskostnaðarmálum. Það eina sem segir í starfslýsingu ríkisstj., annað en það sem ég hef þegar nefnt varðandi fjárfestingarstefnuna og takmörkun útlána á peningamagni í umferð, er að bæta þurfi rekstrarafkomu útflutningsatvinnuvega um 2—3% af heildartekjum með lækkun vaxta af afurða- og rekstrarlánum og lækkun annars rekstrarkostnaðar. Þótt meira en tveir mánuðir séu liðnir frá því að þessi samstarfsyfirlýsing birtist hafa engar ákvarðanir verið teknar í vaxtamálum. Þess vegna er tími til kominn að spyrjast fyrir um hvaða ráðagerðir ríkisstj. hafi í þeim efnum. Fróðir menn segja að það sé á stefnuskrá ríkisstj. bæði að hækka vexti og að lækka vexti, hvernig sem það fæst samrýmt. Mér er þó tjáð að það megi gerast með því að hækka hina almennu innlánsvexti og jafnframt hina almennu útlánsvexti, en lækka vextina til útgerðarinnar og framleiðslunnar með því að gengistryggja lánin, þá sé hægt að lækka vextina. Eins og efnahagsstefna ríkisstj. er að öðru leyti er, eins og kunnugt er, stefnt í gengissig, í gengislækkun, og ekki þarf nema tiltölulega litla gengislækkun til þess að gengistryggð lán með lágum vöxtum verði dýrari en þau lán sem atvinnuvegirnir búa nú við eða jafnvel þyrftu að búa við með raunvaxtastefnu. Þetta er dæmigert um þá blekkingu sem núv. hæstv. ríkisstj. beitir gagnvart landsmönnum. Verst er þó, að í henni er fólgin sjálfsblekking sem hlýtur að verða hæstv. ríkisstj. að falli og ætti ég þess vegna e. t. v. ekki að segja: verst er þó, því að það er ekki það versta, heldur hitt: þær afleiðingar sem þessi stefna hefur fyrir

þjóðarhag.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þessi umr. er nú orðin alllöng og hefur gengið talsvert á víð og dreif, eins og eðlilegt er, því að hér er hreyft þætti sem hefur verið talsvert ræddur á undanförnum árum í okkar efnahagsmálum og menn ekki verið á eitt sáttir um.

Í umr. núna hafa menn deilt um ýmsa hluti, og ég mun síðar koma örlítið að þeirri ræðu sem hv. 4. þm. Reykv. flutti áðan, en ég mun í fyrstu víkja aðeins að því, hvaða reynsla er fengin af vaxtastefnu — hávaxtastefnu eða lágvaxtastefnu eftir atvikum — í grannlöndum okkar eða öðrum ríkjum þar sem þessir hlutir hafa verið rannsakaðir sérstaklega af mönnum sem ætla má að kunni þar nokkuð til verka.

Lítum fyrst á útlánaþáttinn og veltum því fyrir okkur, hvort unnt sé með breytilegum vöxtum eða hækkandi vöxtum eða raunvöxtum að hafa veruleg áhrif á útlánin, hugsanlegt sé að draga úr verðbólgufjárfestingunni beinlínis með því að hækka vextina. Ef við spyrjum okkur þessarar spurningar og athugum hvað fræðimenn í efnahagsmálum í auðvaldsríkjunum, bæði í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu, hafa um þetta að segja, þá er því haldið fram, að það sé í raun og veru hæpið að reyna að skýra breytilega eftirspurn eftir peningum fyrst og fremst með vöxtunum, þar komi margir fleiri þættir inn í og reynslan sýni að hækkandi eða breytilegir vextir hafi þarna í raun og veru fyrst og fremst áhrif á þá litlu fjárfestingu sem hinn almenni launamaður tekur sér fyrir hendur þegar hann reisir sér íbúð eða kaupir sér varanleg heimilistæki. Það hefur komið í ljós, að hækkandi vextir eða raunvextir draga úr eftirspurn þessa fólks eftir þessum tilteknu vörutegundum. Hins vegar hefur það komið í ljós, að í því sveiflukerfi efnahagsástands, sem hér hefur í raun og veru ríkt um tveggja áratuga skeið a. m. k., að breyting á vöxtum hefur hverfandi áhrif á markaðinn almennt. Það er hægt að setja upp módel af því tagi, að þar sé um að ræða ítrustu samkeppni þessa aðilans gegn hinum, sem er þannig að 1% hækkun á vöxtum geti haft í för með sér gerbreytingar á efnahagslífinu. Aftur á móti er ekkert slíkt raunverulegt efnahagskerfi til, þar sem slík breyting á vöxtum hefur úrslitaáhrif.

Hér á Íslandi sjá auðvitað allir og vita hvernig þetta er og hefur verið, að hér hafa aldrei verið raunvextir nema hugsanlega séu undanskilin tvö ár. Það gæti hugsast. En þeir vextir, sem hér hefur verið beitt, hafa ekki haft tiltakanleg áhrif til að draga úr eftirspurn eftir fjármagni til verðbólgufjárfestingar. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst sú, að fyrirtækjunum hefur alltaf tekist að velta vöxtunum af sér yfir í verðlagið með margvíslegum hætti, eins og smjörlíkisbandamenn hv. 4. þm. Reykv. kunna ákaflega vel og hann drap lítillega á áðan.

Bankarnir hér á Íslandi og í Vestur-Evrópu hafa beitt öðrum aðferðum en vöxtum til þess að draga úr þenslu vegna útstreymis úr bönkunum. Þeir hafa beitt reiðufjárprósentu, þeir hafa beitt bindiskyldu, þeir hafa beitt útlánaþaki, og það hefur jafnvel verið beitt lánaskömmtum á vissum og takmörkuðum sviðum. En ég held að það sé samdóma álit allra þeirra manna, sem hafa rannsakað þessi mál ofan í kjölinn, að vaxtabreyting sem slík gerir þarna enga stoð í rauninni, nema fyrst og fremst gagnvart þeirri takmörkuðu fjárfestingu sem hinn almenni launamaður leggur út í á hverjum tíma í sambandi við varanleg heimilistæki eða íbúðabyggingar. Hitt liggur aftur fyrir, það segir reynslan okkur hér á íslandi, að það að fylgja hávaxtastefnu getur verið stórhættulegt. Í fyrsta lagi hefur þessi hávaxtastefna, eins og hún hefur verið framkvæmd, þau áhrif, að verðlagið hækkar, og í því efnahagsástandi, sem við búum við, er auðvitað höfuðatriði stjórnvalda að reyna að sporna gegn hvers konar verðhækkunum. Ef þeirri stefnu væri hins vegar fylgt hér að koma á svokölluðum raunvöxtum, þá sjá auðvitað allir hvaða afleiðingar það hefði á örskömmum tíma fyrir okkar efnahagslíf. Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um að verði tekin sú ákvörðun nú á næstu dögum að fylgja raunvöxtum að fullu og öllu, væri það stórkostlega hættulegt. Það er rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. segir: Ef slíkri stefnu yrði fylgt, þá yrði líka að fylgja það sem hann kallar raungengisstefnu, og ég set auðvitað spurningamerki við það orð í sjálfu sér. En það er rétt, að ef vextirnir yrðu svokallaðir raunvextir, þá yrði gengið líka að taka mið af því. Þetta mundi vitaskuld hafa þær afleiðingar, að gengið félli hér í verulegum mæli, sem aftur hefði þau áhrif að verðlagið hækkaði, sem aftur hefði þau áhrif að kaupið hækkaði, sem enn hefði þau áhrif að vextirnir hækkuðu og gengið síðan lækkaði og þannig koll af kolli. Þessi vítahringur, sem við erum að slást gegn og þurfum að sameinast um að reyna að höggva á, mundi ganga miklu hraðar að mínu mati með þeirri stefnu sem hér er lagt til að fylgt verði. Spurningin er í rauninni sú, ef þessari stefnu væri fylgt, hvort það gæti ekki beinlínis haft það í för með sér, að okkar litla efnahagskerfi hryndi og við réðum ekki við neitt, það hryndi hreinlega.

Hávaxtastefna er í raun og veru ekki aðeins skaðleg að þessu leyti, að því er varðar verðlagsmál og verðbólguþróun, heldur hefur hávaxtastefna þau áhrif, að okkar innlendu atvinnugreinar, af hvaða tagi sem þær eru, verða tæplega samkeppnisfærar við innflutninginn. Ég fyrir mitt leyti er alveg viss um það, að á síðustu árum, eftir að vextir fóru að hækka hér mjög verulega miðað við það sem er í grannríkjum okkar, hefur innflutningur á fullunnum iðnaðarvörum í raun og veru aukist á kostnað eigin iðnaðar okkar, vegna þess að hann hefur búið við miklu lakari lánskjör. Þessi stefna hefur það aftur í för með sér, að greiðslujöfnuður landsins út á við verður miklu lakari en ella væri, vinna í landinu verður minni, sóknin í innflutning verður minni en sóknin í framleiðsluatvinnuvegi o. s. frv., o. s. frv. Hins vegar er kjarninn í þessum vaxtamálum vitaskuld sá, að því er okkur varðar hér á Íslandi, að við byggjum afkomu okkar að mjög miklu leyti á útflutningi. Íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi liggja með verulegar birgðir oft á tíðum. Meðan birgðirnar eru óseldar þurfa þau að tryggja greiðslu vinnulauna, greiðslu hráefnis, greiðslu rafmagns o. s. frv., o. s. frv. Auðvitað eru þessi fyrirtæki ekki þannig, þegar kannske 40% af ársveltu þeirra eru í birgðum, að þau séu með peninga í vasanum til að fjármagna þessar birgðir meðan þær liggja í landinu. Það er alveg sjálfsagt mál og það viðurkenna allir, að það verður að veita lán út á þessar birgðir, því að annars gengur þjóðfélagið ekki. Og þá sjá vitaskuld allir, að það að fara að leggja á þetta sérstaka háa vexti, á útflutning sjávarútvegsins, er í raun og veru bara að bíta í skottið á sér. Það leysir ekki nokkurn vanda, heldur magnar hann þvert á móti og er stórhættulegt.

Bæði hv. 4. þm. Reykv. og reyndar líka hv. 7. þm. Reykv., sem er aðalflm. þessarar till., viðurkenna þarna ýmsa hluti og segja að frá meginstefnunni um raunvexti

þurfi að vera undantekningar. En ég vil benda þeim á það, að ef þeir viðurkenna að afurðalán útflutningsatvinnuveganna verði að sæta þarna alveg sérstakri meðferð, þá náttúrlega er spurningu komin upp um það, hverjir eigi að borga þá vexti, sem sparifjár- eða fjármagnseigendur fá af því fé sem er inni í bönkunum, ef svo og svo stórar greinar eru undanþegnar því að borga þessa svokölluðu raunvexti, eins og afurðalán og húsnæðislán t. d., hverjir eiga þá að greiða þessa vexti? Þeirri spurningu verður að svara, ef menn vilja draga rökrétta lærdóma af orðum sínum. Þeirri spurningu verður að svara. Hv. 4 þm. Reykv. gerði það ekki áðan. Hann svaraði ekki þeirri spurningu. Ef það hins vegar gerist, að við höldum þessari svokölluðu raunvaxtastefnu til streitu og hækkum vexti á afurðalánum okkar í stórum stíl, þýðir auðvitað að við verðum aftur og aftur að taka nýjar og nýjar gengiskollsteypur, eins og ég minntist á áðan. Þess vegna held ég að það sé meginatriðið, ef menn vilja taka á þessum málum, að tekið sé á þeim af festu og öryggi, en ekki sé um það að ræða, að það sé verið að hlaupa fram og aftur með vexti eftir því hvernig verðlagið sveiflast í þjóðfélaginu eins og það er hjá okkur núna. Ég held að það sé meginatriðið að leggja á það áherslu, að þarna sé um að ræða festu, en engan leikaraskap og engar æfingar með hlutina fram og aftur af mönnum sem ekki virðast vilja viðurkenna þær sérstæðu aðstæður, sem íslenskt efnahagslíf á við að búa.

Það er ekki hægt að draga jafnaðarmerki milli efnahagsástandsins hér á Íslandi annars vegar og hins vegar þess sem er í öðrum ríkjum. Það er útilokað af fjölmörgum ástæðum og kannske sérstaklega vegna þess, hve sjávarútvegurinn er gjörólíkur því sem gerist um atvinnugreinar annarra ríkja, þar sem fyrst og fremst er um að ræða kannske háþróaðan iðnað sem byggist á mjög verulegu eigin fjármagni.

Því hefur verið haldið fram úr þessum ræðustól nokkuð oft sjálfsagt, m. a. í þessum umr., að með hækkandi vöxtum muni sparnaður aukast. Þetta er misskilningur, eins og ég drap á áðan, og á seðlabankafundi Norðurlandanna, sem var haldinn hér á landi s. l. sumar, komst fulltrúi finnska seðlabankans að þeirri niðurstöðu, að vaxtapólitíkin hefði í raun og veru sáralítil áhrif haft bæði á sparnaðartilhneigingu og á fjárfestingartilhneiginguna, ýmsir aðrir mikilvægir þættir, réðu þar miklu frekar.

Það viðurkenna hins vegar allir og það sést á okkar eigin reynslu og af okkar eigin tölum, að innlög í banka eða sparisjóð aukast auðvitað með hækkandi tekjum þjóðarinnar fyrst og fremst. Ef menn eru með mikinn kaupmátt, ef verðlagið er stöðugt og ekki er ýtt undir kaupæði, þá eru auðvitað meiri líkur á því, að menn leggi peningana í banka, heldur en ef aðstæður eru þannig, að kaupið er að lækka eða um er að ræða kaupæði á markaðnum, eins og var hér t. d. s. l. sumar.

Auðvitað mega menn ekki gleyma því, að samkeppnin við bankana og sparisjóðina um umframfjármagnið er auðvitað harðari núna en hún var við skulum segja fyrir 30—40 árum eða hvað langt tímabil við eigum að taka. Það er ekki lengur þannig, að nágrannar hv. 1. þm. Suðurl. hlaupi til og kaupi sér grátt gimbrarland ef þeir fá einhverja örlitla umframfjármuni. Nú er um marga aðra hluti að ræða til að sækjast eftir í íslensku efnahagskerfi heldur en grá gimbrarlönd, sem fátækir sveitarpiltar beindu augum sínum að á fyrri tímum. Nú ganga menn um verslanir í Reykjavík, menn fara til útlanda, menn hafa sem sagt margt annað að beina huga sínum að en það einfalda neyslumynstur sem áður var hér um að ræða. Þetta er gjörbreytt frá því sem var á þeim tíma. Þess vegna er auðvitað samkeppnin um spariféð miklu harðari en hún hefur verið áður.

Meginatriðið er þó auðvitað það, að verðbólgan slævir vilja manna til að spara. Þess vegna held ég að við eigum að láta okkar ræðu stefna að því, hvaða aðgerðir sé hugsanlegt að gera til þess að koma í veg í verðbólguna í landinu. Eru einhverjar aðferðir til þess, eða verðum við bara að sætta okkur við þetta og pexa um það árum saman aftur og fram, hvort hér eigi að vera háir vextir eða lágir? Það hefur verið rætt hér talsvert almennt um verðbólguna við þessar umr., og ég ætla í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta. Ég vil þó minna á það, að vaxtapólítíkin er í sjálfu sér aðeins ákveðinn lítill hluti af þessu öllu saman, því að það er slagurinn við verðbólguna og heilsteypt efnahagsstefna sem þarna skiptir meginmáli.

Spurningin er sú, hvort menn eru tilbúnir til að leggja hér á í verulegum mæli verðbólguskatta. Eru menn reiðubúnir til þess? Fráfarandi ríkisstj. undir forustu hv. 4. þm. Reykv. var ekki með neina tilburði til að leggja á verðbólguskatta. Núv. ríkisstjórn hefur þó verið með vissa tilburði til þess. Ég er ekki að segja að þeir séu merkilegir, en hún hefur þó reynt það aðeins, og það er meiningin að reyna að ganga heldur lengra í þá átt. Það væri ánægjulegt ef hv. stjórnarandstæðingar vildu styðja ríkisstj. í því að leggja á verðbólguskatta. Styðja ríkisstjórnina í því. Ég er alveg viss um að ríkisstj. veitir ekkert af ítrasta stuðningi í þeim málum, því að það mun koma upp grátur og gnístran tanna hjá peningapúkunum eða hvað þeir voru nú kallaðir vestur á fjörðum hér um árið. **(Gripið fram í:** Þeir voru kallaðir gróðapungar.) Gróðapungarnir, það mun koma upp grátur og gnístran tanna hjá þeim þegar lagðir verða á verðbólguskattar. Það munu eins koma upp kveinstafir hjá þessum aðilum ef á að fara að taka hér upp beina fjárfestingarstýringu.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði: Fjárfestingarstýringin á að fara fram með því, að fjármagnið fái sanngjarnt eða raunverulegt endurgjald. — Hvað er sanngjarnt og raunverulegt endurgjald fyrir fjármagnið? Hver á að ákveða það og hvernig? Ég býst við því t. d., að við okkar efnahagsaðstæður sé hægt að sýna fram á að það sé arðbærara að festa fé í Kóka-kóla-verksmiðju heldur en t. d. því að kaupa togara fyrir Bílddælinga. Ég geri ráð fyrir því, að ýmis milliliðastarfsemi gefi meira af sér fyrir fjármagnið heldur en ýmis fjárfesting í grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar. Þarna er um verulegan vanda að ræða, — vanda að finna út með hvaða hætti á að ákveða hvað er sanngjörn ávöxtun fjármagnsins. Ég vil taka þar tillit til félagslegra sjónarmiða, og ég tel að þeim aðilum, sem hafa verið til þess kjörnir af þjóðinni að hafa hér nokkra forustu, beri skylda til að gera það og þeim beri skylda til að marka fjárfestingarstefnu sem tekur á þessum gróðapungum og fleiri sómamönnum hér í þjóðfélaginu. Til þess hins vegar að ná árangri í þessum efnum verður auðvitað ýmislegt fleira að koma til. Það þarf að koma til festa í vaxta- og peningamálum og í fjárfestingarmálum. Það þarf einnig að sýna mikið aðhald í verðlagsmálum. Það mun þessi ríkisstj. gera og það hefur hún reynt að gera, en gengið misjafnlega, eins og allir vita.

Ég held að það sé meginatriði, að allir séu að verða

sammála um það, jafnvel hv. stjórnarandstæðingar, að lausnin á efnahagsvandanum, eins og nú er um að ræða, getur alls ekki verið fólgin í því að lækka kaupið. Lausn á efnahagsvandanum verðum við að finna með öðrum hætti. Ég hef nefnt hér þrjú meginatriði: fjárfestingarstefnu, aðhaldsstefnu í peninga- og vaxtamálum og verðlagsstefnu. En spurningin er þá sú, hverjir hafi kjark til að reyna að knýja þarna fram nýja stefnu og hverjir hafi kjark til að standa að henni.

Ég held að við hv. þm. Alþb. og hv. 7. þm. Reykv. og aðrir hv. þm. stjórnarflokkanna getum náð saman um ýmis veigamikil atriði sem vega að orsökum þess ástands sem hér er um að ræða. Ég held þess vegna að við eigum ekki að eyða allt of miklum tíma í að reyna að velta fyrir okkur vaxtaupphæðinni til eða frá, því að hún er í sjálfu sér meiri og minni afleiðing af því ástandi sem hér hefur verið búið til, frekar en að þar sé um að ræða hina beinu orsök. Það eru til aðilar hér í þjóðfélaginu, sem hafa hagsmuni af því að við halda verðbólgunni. Það eru verðbólgubraskarar, sem svo eru kallaðir. Þeir hafa hagsmuni af því að viðhalda verðbólgunni, vegna þess að í verðbólgunni lækka þeir raungildi skuldanna, eignamyndunin er nokkur og þeir lækka kaupið. Það er þríþættur ávinningur fyrir þessa aðila, og því meira sem menn skulda, þeim mun meiri er auðvitað verðbólguávinningurinn hjá þessum aðilum. Þessir aðilar eru hins vegar tiltölulega fáir. Sem hlutfall af þjóðarheildinni eru þeir tiltölulega fáir. Spurningin er þá sú, hvort sá mikli fjöldi, sem þessi ríkisstj. hefur skírskotað til í verkalýðshreyfingu og kjósendahópi þeirra flokka sem að ríkisstj. standa, sá mikli fjöldi sé tilbúinn að höggva í raun og veru á gróðalindir þessa braskaralýðs sem þarna er um að ræða. Á það verður að láta reyna.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Í framsöguræðu sinni fyrir því frv., sem hér er til umr., í fyrradag var hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, svo vinsamlegur að vitna í grg. fyrir frv. sem ég hef leyft mér að leggja hér fram, — frv., sem fjallar um upplýsingaskyldu banka og innlánsstofnana. Hann vitnaði þar í þau ummæli í greinargerð, með frv. mínu, að verðbólgan hefði verið og væri aðalgróðamyndunarleiðin í íslensku þjóðfélagi. Hann lýsti stuðningi sínum við það sjónarmið og við það frv., sem ég hef lagt fram um upplýsingaskyldu, og ég vil þakka honum fyrir það. Við erum báðir, ég og hv. 7. þm. Reykv., eins og reyndar ýmsir fleiri, sammála um að verðbólgan sé aðalgróðamyndunarleiðin í þjóðfélaginu og ærin ástæða sé til að leitast við að kveða niður þá óðaverðbólgu sem hér hefur ríkt allt of lengi.

Frv., sem hér er til umr. gengur út frá þeirri forsendu, eins og 1. flm. þess greindi frá í sinni framsöguræðu, að sú stefna að taka upp raunvexti geti verið heppileg leið til þess að kveða verðbólguna niður, til þess að eyða forsendum verðbólgugróðans. Um þetta eru hins vegar ekki allir sammála, hvort það að taka upp raunvexti sé vænlegasta leiðin til þess að ráða við verðbólguna. Við Vilmundur Gylfason, hv. þm., erum sammála um að slíkar leiðir þurfi að finna, sammála um það markmið að vinna bug á verðbólgunni, en okkur greinir á um leiðirnar, vegna þess að ég get með engu móti fallist á þau rök, sem færð eru fram af flm. þessa frv., að stórhækkun vaxta og upptaka þeirrar reglu, að hér skuli jafnan gilda raunvextir, — sú stefna sé við þær aðstæður, sem hér eru fyrir hendi nú, líkleg til að kveða verðbólguna niður.

Það er hægt að taka undir það sem æskilegt markmið, að það ástand skapist í þessu þjóðfélagi, að hægt verði að taka upp raunvaxtastefnu. Það er hægt að taka undir það sem æskilegt markmið. En slíkri stefnu verður að mínu viti því aðeins komið í framkvæmd að tryggt sé fyrst að verðbólgustigið sé miklu lægra en hér er og hefur verið, árangur á því sviði sé forsenda þess, að hægt sé að taka upp raunvexti.

Það er margt búið að segja í þessum umr. því sjónarmiði til stuðnings sem ég held hér fram. Frá mínum bæjardyrum séð virðist augljóst mál, að langsamlega flestir þeirra sem ætlað væri að borga raunvexti, ef þeir væru teknir upp nú á næstu vikum eða mánuðum, hafa möguleika á að velta þessum vöxtum af sér út í verðlagið og gera það hiklaust. Þeir borga ekki hugsanlega vaxtahækkun úr eigin buddu. Þess vegna leiðir það óhjákvæmilega af verulegri vaxtahækkun, að veruleg verðlagshækkun og aukin verðbólga í stórum stíl fylgir í kjölfarið. Þeir aðilar, sem síst geta velt slíkum hækkuðum vöxtum af sér, þeir aðilar í atvinnulífinu, eru að sjálfsögðu útflutningsatvinnuvegir okkar. Ef þeim væri ætlað að taka á sig mjög aukna vaxtabyrði, þá hygg ég að ekki geti hjá því farið, að kröfur þessara aðila um gengislækkun vaxi og rök þeirra styrkist fyrir slíkum kröfum í réttu hlutfalli við hækkun vaxtanna. Og þá kemur að sjálfsögðu að því, að eftir því sem gengið er fellt meira og eftir því sem gengið er fellt oftar, þá bitnar sú aðgerð þeim mun sársaukafyllra á sparifjáreigendunum, þeim aðilum í þjóðfélaginu sem talað er um að sérstaklega eigi að vernda og koma til móts við þeirra hagsmuni með því að taka upp enn hærri vexti en nú er. Og þá erum við komnir í slíkan hring, ef þessa leið á að fara, að árangurinn hefur orðið allt annar en sá sem að er stefnt samkv. kenningu flm. frv.

Það er að vísu önnur leið hugsanleg af hálfu útflutningsatvinnuveganna en krafa um gengislækkun sé þeim gert að greiða mun hærri vexti en nú er, og sú leið er ósköp einfaldlega sú að lækka kaupið hjá því fólki sem við útflutningsatvinnuvegina vinnur. Við þekkjum það öll mætavel og það þekkir öll þjóðin, að þegar útflutningsatvinnuvegir okkar og aðrir atvinnuvegir koma með kröfur sínar á hendur ríkissvaldinu, hvort sem er í sambandi við gengislækkun eða kröfur af öðru tagi um að þeim sé skapaður sá rekstrargrundvöllur sem þeir telja sig geta við unað, þá byrja þeir jafnan á því að telja fram alla þá útgjaldaliði í rekstrinum aðra en launin og segja síðan: Vegna þess að þessir útgjaldaliðir eru þetta margir og þetta háir, þá er ekki meira eftir til að borga kaupið heldur en sá litli afgangur sem þá er oft talað um, og stundum er reyndar ekki nema núll eftir. Og það er enginn vafi á því, að þeir sem reka okkar útflutningsatvinnufyrirtæki, telja sig geta gert kröfu um að annaðhvort komi til ráðstafanir frá ríkinu þeim til bjargar ellegar bein kauplækkun á móti hverri þeirri krónu sem þeir kynnu að þurfa að greiða í hækkaða vexti.

Það er rætt um það í þessum umr., hvað valdi verðbólgunni í okkar þjóðfélagi, og hv. 4. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, gerði mikið úr því í ræðu sinni áðan, að það væri misskilningur að gerðir einnar ríkisstj. og afgreiðsla á margvíslegum beiðnum um verðhækkanir í þjóðfélaginu, sem berast, skiptu svo sem engu máli í sambandi við verðbólguþróunina. Það var hans kenning. Hann hélt því fram, hv. 4. þm. Reykv., að sú ríkisstj., sem hér sat að völdum á síðasta kjörtímabili, hafi í rauninni

aldrei heimilað nokkra einustu verðhækkun nema það hafi verið gersamlega óhjákvæmilegt, nema það að synja viðkomandi hækkunarbeiðni hefði þýtt tvímælalausa stöðvun á viðkomandi rekstri. Ég vil leyfa mér að halda því fram að svo hafi þetta ekki verið, að þvert á móti hefði sú ríkisstj., sem hv. þm. veitti forustu, átt að gera miklu minna að því en hún gerði að heimila verðhækkanir og hún hefði með þeim hætti og með meiri aðhaldssemi í þeim efnum átt að leggja fram nokkurn skerf til baráttunnar gegn verðbólgunni, sem hún ekki gerði.

Í þessu sambandi minntist hv. 4. þm. Reykv. á það, að hæstv. núv. ríkisstj. hefði með verkum sínum sýnt að hún hefði hið sama sjónarmið og sú fyrri ríkisstj., með verkum sínum veitt því viðurkenningu, að í rauninni hafi hækkunarbeiðnir, sem lagðar hafa verið fram, yfirleitt verið óhjákvæmilegar og ekkert við þær að gera nema samþykkja þær. Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi, og ég vil segja það, að það er von mín, þrátt fyrir nokkur vonbrigði á undanförnum dögum, að sú ríkisstj., sem nú er með völd, sýni miklu meira aðhald í þessum efnum varðandi það að hamla gegn verðhækkunum, varðandi það að synja ýmist eða fresta beiðnum um þau efni af ýmsu tagi sem fráfarandi ríkisstj. hins vegar löngum samþykkti án mikillar tregðu. Það er skoðun mín, að afstaða stjórnvalda í þessum efnum sé mjög stór þáttur í þeim átökum sem fram hljóta að fara um það, hvort takast eigi að draga úr verðbólguhraðanum eða ekki.

Ég vil enn fremur segja það vegna orða hv. 4. þm. Reykv., Geirs Hallgrímssonar, sem hér talaði áðan sem stuðningsmaður hávaxtastefnunnar og þess frv. sem hér liggur fyrir, að hann segir annars vegar: Fráfarandi ríkisstj., sem þessi hv. þm. veitti forustu, veitti aldrei neinar heimildir til verðhækkana nema þær sem voru óhjákvæmilegar. — Hugsum okkur, að það hefði gerst jafnframt meðan þessi hv. þm. gegndi embætti forsrh., að vextirnir hefðu verið færðir í það horf, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þá hefðu að sjálfsögðu þær beiðnir, sem bárust á borð fyrrv. ríkisstj. þessa hv. þm. um verðhækkanir, verið jafnmiklu og vaxtahækkuninni svaraði hærri en þær þó voru. Og ég tel að engin ástæða sé til að efast um það, a. m. k. ef miðað er við þau ummæli, sem hv. þm. viðhafði um að hans ríkisstj. hefði aldrei heimilað neinar verðhækkanir nema þær óhjákvæmilegu, að sú hæstv. ríkisstj., sem hann veitti forstöðu, hefði þá hiklaust og án dráttar heimilað að þessi vaxtahækkun færi að einu og öllu leyti beint út í verðlagið.

Hæstv. ríkisstj., sem hér sat á síðasta kjörtímabili, skildi þannig við, að verðbólgan í þjóðfélaginu nam um 50% á ári. En hvað halda menn að verðbólgustigið hefði verið, ef það hefði enn bæst ofan á að upp hefðu verið teknar þær reglur í vaxtamálum sem þetta frv., sem hér er til umr. gerir ráð fyrir?

Ég hafði hugsað mér, að fara hér nokkrum orðum um ástand í þessum efnum í nokkrum af okkar nágrannalöndum. Ég hef orðið var við það, að ýmsir virðast gera ráð fyrir að hin svokallaða raunvaxtastefna sé í gildi býsna víða í reynd í nágrannalöndum okkar eða öðrum þeim ríkjum, sem við teljum ástæðu til að bera okkur saman við, við séum í þessum efnum einhver alveg sérstök undantekning, eins og við reyndar erum í sambandi við verðbólguna. Ég bað hagfróðan mann að kynna sér þetta lítillega fyrir mig vegna umr. um þetta mál hér á hinu háa Alþ., og ég fékk frá honum í hendur tölfræðiárbók um alþjóðlegar hagstærðir af ýmsu tagi sem gefin var út í Wiesbaden í Vestur-Þýskalandi í ágúst á þessu ári og heitir á þýsku „Statistisches Jahrbuch 1978." Á bls. 666 og bls. 690-691 í þessu riti eru samanburðartöflur um annars vegar vaxtagreiðslur og hins vegar verðlagsþróun í ýmsum ríkjum heims. Ég hef athugað hvað þessar upplýsingar segja um ástandið varðandi samsvörun milli vaxta og verðbólguþróunar í 8 ríkjum utan Íslands. Þessi ríki, sem ég tók til samanburðar, eru: Belgía, Bretland, Frakkland, Holland, Sviss, Bandaríkin, Japan og Vestur-Þýskaland. Ef maður spyr: Hafa raunvextir verið í gildi í þessum ríkjum? þá kemur í ljós sem svar við þeirri spurningu, að á árabilinu 1972-1977 hafa vaxtagreiðslur aðeins náð að halda í við verðbólguna í einu þessara ríkja, þ. e. í Vestur-Þýskalandi. Öll hin ríkin sjö eru á sama báti og við hvað það varðar, að þar voru ekki greiddir raunvextir af lánum á þessu árabili, 1972-1977. Ég er þá, samkv. þessum tölum sem ég hef vitnað hér til, að miða við lán tekið á árinu 1972, en greitt til baka á árinu 1977. Miðað við lán tekið í Belgíu í ársbyrjun 1972 og endurgreitt á árinu 1977 vantaði 15% upp á að lántakandinn greiddi raunvexti. Í Sviss, sem mörgum þykir til fyrirmyndar um fjármálastjórn, vantaði 17.9% upp á raunvexti miðað við lán tekið og greitt á sama tíma — tekið 1972, greitt 1977. Í Japan vantaði 13.3% upp á raunvexti, í Hollandi 13.8% og í Bretlandi 22.9%. Manni getur komið í hug út frá þessum tölum og ef maður gerir ráð fyrir að raunvaxtastefnan feli í sér þann Kínalífselixír sem flm. þessa frv. vilja vera láta, að þá hefði kannske verið ástæða til að leggja tillögu þessa efnis fram á þingi Sameinuðu þjóðanna ekki síður en hér á Alþingi Íslendinga. Það skal tekið fram, að í Bandaríkjunum og í Frakklandi vantaði hins vegar mun minna upp á raunvexti á þessu árabili, eða 1.9% í Frakklandi og 4.6% í Bandaríkjunum. Í þessum samanburði, sem ég hef gert, er tekið mið af skráðum forvöxtum á hverjum tíma, en þeir reiknaðir til eftirágreiddra vaxta, sem eðlilegt þykir með tilliti til samanburðar við verðbólguna á hverjum stað.

Því skal ekki neitað, enda alkunna, að auðvitað vantaði enn meira upp á raunvexti hér á Íslandi á þessu árabili en í nokkru ríkjanna sem tekin voru hér til samanburðar, enda var verðbólgan hér langtum, langtum meiri en í nokkru þessara ríkja.

Sé þessum samanburði haldið svolítið lengra áfram koma hins vegar einnig mjög athyglisverðir hlutir í ljós. Við skulum hafa það í huga, að núv. ríkisstj. hefur sett sér sem markmið að ná verðbólgunni niður á næsta ári í svo sem 35%. Út af fyrir sig skal ekkert um það fullyrt hér, hvort það tekst, en þetta hefur verið talað um sem markmið (**Gripið fram í:** Það vantar Vestur-Þýskaland í upptalninguna). Nei, ég hef talið Vestur-Þýskaland upp. Ég get endurtekið það, fyrst um það er spurt, að af þessum átta ríkjum utan Íslands, sem ég tók til samanburðar, er Vestur-Þýskaland það eina sem þarna er með raunvexti og rétt rúmlega það, eitt af átta ríkjum, og það munu vera um 5% sem það var jákvætt hjá þeim. — En það, sem ég vildi benda hér á, er að ef við gerum ráð fyrir þeim möguleika að hér takist að ná verðbólgunni niður í 35% á ári, hvort sem það yrði á árinu 1979 eða 1980 og sé miðað við það verðbólgustig, tekið mið af vísilforvöxtum eins og þeir eru nú og þeir reiknaðir til eftirágreiddra vaxta, þá yrði niðurstaðan sú, að lán tekið með slíkum kjörum til eins árs og miðað við þetta verðbólgustig sem að er stefnt, — slíkt lán yrði endurgreitt

með 95.6% að raunvirði ári seinna en það var tekið, þannig að ekki vantaði nema 4.4% upp á fulla raunvexti. Ég vil sérstaklega undirstrika það, að þarna er miðað við vísitölvexti, en auðvitað væri vaxtaaukalán, sem bera hærri vexti, enn þá nær því að ná fullum raunvöxtum, takist að lækka verðbólguna í 35%, eins og að er stefnt, og miðað við að vextir séu óbreyttir. Mér finnst þetta út af fyrir sig vera mjög athyglisvert og vil þess vegna nota tækifærið hér í umr. til að benda mönnum á þessar staðreyndir.

Ef við lítum aftur til þeirra ríkja, sem ég bar okkur saman við fyrr í mínu máli, kemur í ljós, að samkv. hinni þýsku tölfræðihandbók, sem ég hef mínar upplýsingar frá um vexti og verðbólgustig í þessum átta ríkjum, hafa lánakjör í flestum þessara ríkja ærið oft nú á þessum áratug, frá árinu 1970, verið álíka langt eða lengra frá því að ná raunvöxtum, miðað við lán tekið til eins árs, en svarar þeim 4.4% sem upp á mundi vanta hjá okkur miðað við óbreytta vísitölvexti og verðbólgustigið 35% hækkun milli ára. Það kemur m. a. í ljós, að bæði í Bretlandi og í Japan hafa komið ár nú á þessum áratug þar sem full 10% hefur vantað upp á að raunvextir væru greiddir af lánum sem tekin væru til eins árs. Í Bretlandi hefur ástandið verið þannig síðustu 4 ár, að til jafnaðar hefur vantað 5.75% á ári upp á að lán tekin til eins árs væru endurgreidd með raunvöxtum. Hjá okkur mundi vanta 4.4% miðað við óbreytta vexti og ef verðbólgan væri komin niður í 35%. Í Belgíu má á síðustu 6 árum finna tvö ár þar sem meira en þessi 4.4% hefur vantað upp á raunvexti, og í Sviss gildir þetta um þrjú ár af síðustu 6 árum.

Þetta, sem ég hef hér rakið um ástand í öðrum ríkjum, eru aðeins nokkur dæmi til fróðleiks sem sýna hversu fjarri því fer, að raunvextir séu almennt greiddir af lánum í þeim ríkjum sem ýmsum þykja til fyrirmyndar um fjármálastjórn. En við þetta bætist síðan að sjálfsögðu að það þjóðfélagsástand, sem við búum við, er á svo margan hátt gjörólíkt því sem um er að ræða í öðrum ríkjum, þeim sem tekin voru hér til samanburðar eða öðrum, og okkar efnahagslíf með býsna mikið öðrum brag. Þær sérstöku aðstæður, sem hér ríkja, gera það að sjálfsögðu að verkum, að það er mun hættulegri lækning hér hjá okkur gagnvart atvinnulífinu í landinu ef allt í einu ætti, að stíga það skref að taka upp raunvexti án þess að mjög verulegar breytingar eigi sér stað í öðrum efnum.

Ég lít svo á, að lausn vandamálsins hljóti að vera sú, að setja fram tillögur, alhliða tillögur um samræmda sókn gegn verðbólgunni, og vaxtaþátturinn hlýtur að koma inn í þá mynd sem einn af mörgum þáttum. Og ég vil gera mér vonir um að af hálfu þeirrar ríkisstj., sem hér fer með völd og hefur tekið við stjórnartaumum fyrir tveimur mánuðum, verði gengið til þess verks að móta heildartillögur um sókn til að kveða verðbólguna niður. En ég held að ef menn ætluðu sér að lækna þann verðbólgusjúkdóm, sem hrjáir þjóðfélag okkar, með nánast einu pennastriki, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., þá muni fara fyrir okkar efnahagslífi eins og sjúklingi sem verður fyrir því að fá eitthvert allt annað lyf við sjúkdómi en hæfir, stórhættulegt lyf sem getur jafnvel dregið hann til dauða.

Ég læt máli mínu lokið, herra forseti.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. er getið um það, að meginverkefni ríkisstj. skuli vera að leitast við að koma í veg fyrir auðsöfnun í skjóli verðbólgu. Einnig er rætt um þao i samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., að ríkisstj. muni leitast við það að jafna lífskjör, auka félagslegt réttlæti, uppræta spillingu, misrétti og foréttindi.

Það mál, sem hér er til umr., er e. t. v. fyrst og fremst flutt til að þjóna þessum markmiðum sem ég gat um í upphafi og má finna m. a. í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. Þegar hefur verið gerð grein fyrir þeim röksemdum, sem mæla með flutningi þessa máls, í framsöguræðu, en ég ætla að nefna í nokkrum orðum þá helstu þætti sem þar koma til.

Í fyrsta lagi ber brýna nauðsyn til að koma á raunvöxtum til að vernda sparifjáreigendur sem hafa tapað stórkostlegum fjármunum á undanförnum árum, — fjármunum sem brunnið hafa upp á verðbólgubálinu.

Í öðru lagi er verið að leiðrétta það misrétti sem felst í aðgangi að bankastofnunum og um leið aðgangi að ódýru fjármagni og veldur misrétti í þjóðfélaginu, misrétti um skiptingu fjármagnsins.

Í þriðja lagi er hér um að ræða baráttu gegn verðbólgu, — baráttu gegn þeirri óðaverðbólgu sem hér hefur ríkt á undanförnum árum. Það er kaldhæðnislegt hlutskipti forustumanna Alþb. með hv. þm. Lúðvík Jósepsson, 1. þm. Austurl., að berjast gegn baráttu okkar Alþfl.-þm. til þess að leiðrétta þetta misrétti og koma í veg fyrir að braskararnir og stóreignamennirnir geti enn matað krókinn í skjóli lágvaxta í þjóðfélaginu. Þetta er kaldhæðnislegt hlutskipti sem Alþb. hefur tekið að sér, og hefði verið betur ef hér væri enn að finna í sölum Alþingis menn á borð við fyrrv. heilbrrh., Magnús Kjartansson, sem hefur tekið undir með okkur Alþfl.-mönnum um að þessu þurfi m. a. að breyta með raunvaxtastefnu.

Aftur á móti er alveg ljóst að setning laga um raunvexti eina leysir engan vanda. Það þurfa að koma til marghliða *ráðstafanir*, — *ráðstafanir*, sem þýða gerbreytta efnahagsstefnu sem miðar að því að eyða verðbólgunni. Einn þáttur þessarar gerbreyttu efnahagsstefnu eru raunvextir. Raunvextir einir sér leysa engan vanda, en raunvextir sem þáttur af meiði gerbreyttrar efnahagsstefnu mundu vinna að því að ráðast með árangri gegn þeirri verðbólgu sem við er að glíma.

Ég er einnig þeirrar skoðunar, og það kemur fram í grg. fyrir þessu frv., að það sé nauðsynlegt að færa þessa stefnu fram í áföngum. Það verður ekki gert í einu vetfangi að koma á raunvöxtum, það verður að gera í áföngum á þann hátt, að barátta gegn verðbólgu og raunvextir mætist á einum stað. Það mætti t. d. hugsa sér að byrjað yrði á því að hækka vextina hvað varðar fjárfestingarlán. Þá þarf náttúrlega að taka til við að athuga húsnæðislánakerfið og breyta því og aðlaga það breyttum aðstæðum. Lúðvík Jósepsson, hv. 1. þm. Austurl., hafði af því áhyggjur í framsögu sinni, að húsbyggjendur og húskaupendur færu sérstaklega illa út úr þessu, og gaf okkur dæmi um að vaxtagreiðslur væru miklar á þeirra baki. Það er rétt að við gefum Magnúsi Kjartanssyni tækifæri til að svara hv. 1. þm. Austurl. hvað þetta varðar, með leyfi forseta — Magnús segir:

„Í þessu virðist koma fram stuðningur við þá skipan að hver ný kynslóð skuli geta greitt andvirði heillar íbúðar af launatekjum sínum á svo sem 10 árum, og minnir mig að það sé nýmæli að Þjóðviljinn“ — þetta er grein sem birtist í Þjóðviljanum — „taki sér þannig fyrir hendur að styðja stefnu Sjálfstfl. í húsnæðismálum.“ — Hér má

segja að Magnús Kjartansson líki hv. 1. þm. Austurl. við það að styðja stefnu Sjálfstfl. í húsnæðismálum. Þetta eru efalaust mikil tíðindi hér í þingsölum. Magnús Kjartansson heldur áfram — með leyfi forseta — í grein sinni:

„Þessi skipan er heimskuleg. En það er engin lausn að gera vexti enn neikvæðari en þeir eru, heldur þarf að gera fólki kleift með tilfærslu á verðmætum að komast yfir íbúð, ekki með þjófnaði á sparifé, heldur fjármunatilfærslu sem styðst við rök. Vissulega hafa óðaverðbólga og neikvæðir vextir gert flestum kleift að eignast íbúð með raunverulegum þjófnaði af sparifé, þ. á m. mér, en það er nýmæli ef stefna Alþb. í húsnæðismálum er krafa um meiri þjófnað."

Þetta voru merkilegar tilvitnanir í grein Magnúsar Kjartanssonar sem ég hef lesið hér upp. Hann líkir sem sagt stefnu Alþb. í vaxtamálum og að nokkru leyti meginkjarna stefnu Alþb. í efnahagsmálum sem þjófnaðarstefnu, sem sagt Alþb. styðji það enn að rétt sé að halda áfram stórþjófnaði í landinu sem lágvaxtastefna hefur í för með sér.

Í sambandi við umr. um vaxtamálin er rétt að við minnumst örlítið á þá fjárfestingarþróun sem átt hefur sér stað hér á landi í skjóli þeirrar óðaverðbólgu sem hér hefur geisað s. l. ár. Við skulum athuga þrjú lítil nýleg dæmi.

Ekki alls fyrir löngu báðu smjörlíkisframleiðendur og ölgerðir hér í landi um að ríkisstj. og verðlagsnefnd heimilaði hækkanir á framleiðslu þessara fyrirtækja. Öllum er kunnugt hvernig að þessum málum var staðið og hver endirinn varð. Það var ýmislegt fróðlegt sem kom upp á borðið þegar menn ræddu þessi mál og þegar upplýsingar frá viðkomandi stofnunum fóru að berast. T. d. upplýsti einn forsvarsmaður smjörlíkisgerðarinnar að hagkvæmara væri að borga starfsfólkinu kaup og stöðva reksturinn heldur en að framleiða á því verði sem ríkisstj. óskaði eftir að gert yrði. Þetta er eitt lifandi dæmi um það, hvernig komið er í þessu samfélagi okkar, þegar slíkar yfirlýsingar þykja góðra gjalda verðar, að það sé hægt að græða meira á því að stöðva reksturinn heldur en halda rekstrinum áfram. Getur þetta ekki minnt okkur á það, hvað hér er uppi á teningnum? Það, sem er uppi á teningnum, er efalaust það, að það er jafngott að taka því meiri lán og fjármagna reksturinn með þeim mismun sem felst í neikvæðum vöxtum.

Í einu dagblaðinu, þegar skýrt var frá upphafi þessa stríðs, var haft viðtal við einn forsvarsmann ölgerðarinnar, þar sem hann kvartaði mjög yfir því, að nú þyrfti meira fjármagn til að koma fyrir selda þjónustu og selda vöru, en á sömu síðu í sama dagblaði gat hann þess, að nú væri hugmyndin sú, að viðkomandi ölgerð skyldi ráðast í eins og svona eitt stykki nýja fjárfestingu upp á 1.5-2 milljarða kr. Það virðist ekki vera jafn taktur í þeim yfirlýsingum sem þessir aðilar gefa um það sem fyrirtæki þeirra standa að. Á sama tíma og verið er að stöðva framleiðsluna til þess að biðja um hærra verð fyrir framleiðsluna eru gefnar út yfirlýsingar um að nú sé tími til þess að fara út í það að fjárfesta fyrir eins og 1.5-2 milljarða kr. Það er von að einhver spyrji hér í þingsölum: Hvaðan átti það fé að koma sem átti að greiða þessa fjárfestingu, sem örugglega átti að rísa á 1-2 árum? Það skilja allir. Fólk skilur það á götunni, fólk skilur það á vinnustöðum, hvernig þessa fjárfestingu átti að fjármagna. Hana átti að fjármagna með aðstöðu og aðgangi í bankakerfinu, í hinum og þessum sjóðum sem lána með neikvæðum vöxtum, að braska í verðbólgunni vegna neikvæðra vaxta. Ég vil enn benda á að það er kaldhæðnislegt hlutskipti. Alþb.-manna, málsvara stundum verkalýðs og þjóðfrelsis, að þurfa að verða málsvarar þessara fjárfestingarbraskara í þjóðfélaginu.

Það má geta þess hér, að viðkomandi ölgerð er ekki sú stærsta, vegna þess að sú stærsta, sem um getur í samfélaginu, ræður líklega um 80% ölgerðarmarkaðarins, þannig að það mætti reikna með því, að viðkomandi ölgerð mundi ráða um 10%. Samkv. því mætti búast við að sú stærsta stæði í fjárfestingu upp á 10—15 milljarða, ef ekki meira.

En varðandi þá vaxtastefnu, sem Alþb. hyggst halda áfram að styðja og viðhalda, þá þýðir hún það, að haldið mun verða áfram að færa til fjármagn til þeirra sem aðstöðuna og aðganginn hafa að bankakerfinu og sjóðakerfinu án þess að nokkur vinna sé lögð af mörkum. Það er sem sagt ekki vinnan sem er grundvöllur skiptingar á þjóðarkökunni, heldur er það aðstaðan og misréttið. Og ég vil enn benda á að það er kaldhæðnislegt hlutskipti Alþb. að þurfa að vernda þetta skipulag.

Hv. 1. þm. Austurl. ræddi um það, að við Alþfl.—menn hefðum viljað fylgja gengislækkunarleiðinni í stjórnarmyndunarviðræðunum í sumar og neytt þá forustumenn Alþb. til að fylgja þeirri stefnu einnig. Í þessu sambandi er rétt að upplýsa það, að engan Alþfl. þurfti til að fylgja einni eða annarri gengisfellingarstefnu. Gengisfellingin var orðin. Spurningin var eingöngu sú, hvort stjórnmálamenn vildu horfast í augu við staðreyndir og kaldan raunveruleika heldur en flýja og hlaupast frá honum. Vandamálið var að reyna að horfast í augu við staðreyndirnar og reyna að taka þær föstum tökum og leysa þann vanda sem að höndum bar. Því spyr ég hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson: Er hv. þm. Lúðvík Jósepsson tilbúinn að taka undir með okkur Alþfl.-mönnum að nota það svigrúm, sem brbl. ríkisstj. gáfu til þess að taka upp gerbreytta efnahagsstefnu, eins og málefnayfirlýsing ríkisstj. kveður á um, fyrir næsta ár og þau næstu, til þess að ráðast að verðbólgunni og til þess að koma í veg fyrir að við þurfum að standa aftur að gengisfellingum, án þess við getum nokkuð að gert, þannig að gengisfellingin verði þegar orðin? Þetta eru orð í tíma töluð, þegar bent er á að við tökum nú höndum saman í ríkisstj. sem annars staðar til að ná fram samræmdum aðgerðum til að vinna bug á verðbólgunni.

Það var einnig talað um það í umr. um þessi mál, að hávaxtastefnan eða raunvaxtastefnan væri við það að ganga af íslenskum iðnaði dauðum. Það er rétt að við athugum þessi mál öllu nánar. Ætli það séu ekki ýmsar aðrar ástæður, sem eru að ganga af íslenskum iðnaði dauðum, heldur en vaxtakjör í þjóðfélaginu? Ætli séu ekki möguleikar til þess, að sú lágvaxtastefna, sem ríkt hefur í landinu á undanförnum árum, hafi þýtt það, að fjármagn, sem lánað hefur verið til uppbyggingar í framleiðslu í iðnaði, hafi farið í allt aðra hluti, óarðbærar fjárfestingar eins og verslunarhallir og annað álíka? Kann ekki að vera, að iðnfyrirtækjum, sem hafa fengið fjármagn að láni til þess að styja og styrkja framleiðsluna, hafi á einn eða annan hátt þótt skyndilega betra vegna verðbólgunnar og kannske vegna þess að það mundi ávaxta sig betur að eyða fjármagninu í óarðbæra fjárfestingu eins og verslunarhallir og annað húsnæði? Einnig hefur hinn hömlulausi innflutningur á fullunnum vörum, sem hér hefur verið á undanförnum

árum, leitt til þess, að hér ríkir óeðlilega mikil samkeppni við íslenskan iðnað á markaðnum, sem þýðir það að íslenskur iðnaður á í höggi við niðurgreiddar innfluttar iðnaðarvörur. Enn kemur það til, hvaða stefnu stjórnvöld hafa fylgt á undanförnum árum gagnvart iðnaðinum varðandi það að kaupa fullunna vöru að langmestu leyti utanlands frá, en sniðgengið íslenskan iðnað.

Hér hef ég nefnt þrjár ástæður sem fyrst og fremst hafa valdið því, að íslenskur iðnaður stendur jafnhalloka og hann gerir í dag. Þetta eru allt atriði sem þarf að taka föstum tökum. Það eru ekki háir vextir í þjóðfélaginu sem fyrst og fremst fara illa með iðnaðinn, heldur eru það fyrst og fremst þessi þrjú atriði, sem ég var að benda á. Og síðast en ekki síst hefur verðbólgan þýtt það, að hún brenglar allt verðmætamat í fyrirtækjum þannig að fjármagnið fer allt aðra leið en það á að fara, og ein ástæða þess er sú, að fjármagnið er fengið með tombóluvaxtakjörum.

Hv. 1. þm. Austurl. velti því einnig mikið fyrir sér, hverjir það væru fyrst og fremst sem fyndist þeir þurfa að spara. Hann benti síðan á að til væru ýmsar leiðir í þjóðfélaginu til að spara utan þess að leggja fé inn á almennar sparisjóðsbækur með almennum vöxtum. Svo virðist sem hv. 1. þm. Austurl. hafi ýmsar leiðir til að benda fólki á, hvernig hægt sé að spara, — leiðir sem flestum séu ókunnar, — og hann tekur sig nú e. t. v. til og ritar kynningarbækling um það til þess að mögulegt verði að upplýsa fólk öllu betur um hvaða leiðir það getur farið til að spara. Það fólk, sem ég þekki, þekkir ekki þær leiðir til að spara sem lágu í orðum hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Það sniðgengur það að spara vegna þess að sparnaður þýðir tap. Það fólk, sem aftur á móti er alið upp við það að spara, er gamalt fólk, sem hefur viljað lifa sjálfstæðu lífi og eiga fyrir sínum þurftum og hefur viljað standa á eigin fótum í ellinni. Þetta fólk hefur litið á bankastofnanir sem geymslu á peningum til að nota síðar. En hvernig er farið með það fjármagn sem þetta fólk leggur þannig til hliðar? Það er brennt á báli verðbólgu eða brennt í óarðbærri braskfjárfestingu stóreignamanna í landinu, en hagsmuni þess hóps ber Alþb. sérstaklega fyrir brjósti. Aftur á móti höfum við Alþfl.-menn borið hagsmuni þessa gamla fólks sérstaklega fyrir brjósti og viljum vernda sparifé þess. Við berum ekki hagsmuni stórbraskara fyrir brjósti. Það hefur venjulega verið hlutskipti Sjálfstfl. að gera það. En það virðist eins og Sjálfstfl. sé að bætast þarna bandamaður.

Herra forseti. Ég taldi ástæðu til að vekja athygli á nokkrum atriðum þessa máls. Sérstaklega vildi ég vekja athygli á vonbrigðum mínum með Alþb. varðandi þetta mál. Hér komum við inn á hina almennu baráttu fyrir kjörum verkafólks, fyrir því að misréttið verði upprætt og fyrir því að jafnrétti megi sín einhvers í þessu landi. Spurningin fjallar einnig um það að hefta á allan mögulegan hátt aðgang braskaranna, aðgang stóreignamannanna að fjármagninu til þess að þeir geti haldið áfram að efla sitt ríkidæmi. Ég hefði fremur kosið að eiga Alþb. sem bandamann á þessum vettvangi eins og oft áður í baráttu fyrir sameiginlegum hagsmunum verkafólks og annarra launþega. Ég vona að það þurfi ekki að koma oftar til hér, að Alþfl. og Alþb. greini á um jafnmikilvæg grundvallaratriði og í þessu efni. Ég vonast aftur á móti til þess, að þessum tveimur öflum megi auðnast að ná góðu samstarfi saman í ríkisstj. um þær leiðir sem þarf að fara til þess að ná árangri gegn óðaverðbólgu sem nú geisar. Það má vel vera, að þær leiðir séu margar sem megi athuga. En eitt er víst, að eina von launþega í þessu landi, til þess að verðbólguna megi hemja, er sú, að Alþb. og Alþfl. nái samstarfi og nái árangri. Þetta eru þau grundvallaratriði sem við skulum hugleiða nú á þessari stundu og á næstu dögum. Ég vona að þessum tveimur öflum megi auðnast að ná þessu samstarfi og finna þær réttu leiðir sem duga til að hemja þá verðbólgu, sem hér geisar, og styðja og styrkja kjör hinna lægst launuðu og þeirra, sem á einn eða annan hátt hafa orðið undir í samkeppninni um aurana á undanförnum árum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 14. fundur.

Mánudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Reykjavík, 4. nóv. 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, ritari þingflokks sjálfstæðismanna, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Eggerts Haukdals, 1. þm. Suðurl., sem ekki getur komið því við á næstunni vegna anna að sitja á Alþingi, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Steinþór Gestsson bóndi, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd.

Til forseta Sþ."

Hér liggur frammi kjörbréf Steinþórs Gestssonar og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að líta á kjörbréfið og ætla ég henni til þess 6 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf Steinþórs Gestssonar, sem hlaut kosningu sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi um lögmæltan tíma. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við þetta kjörbréf og leggur til að það verði tekið gilt og samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Efri deild, 11. fundur.

Mánudaginn 6. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aðstoð við sveitarfélög vegna bundins slitlags á vegi í þéttbýli, þáltill. (þskj. 68). — Fyrri umr.

Flm. (Hannes Baldvinsson): Herra forseti. Ég hef ásamt 3. þm. Austurl. leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir auknum stuðningi við sveitarstjórnir til að hraða lagningu bundins slitlags á vegi í þéttbýli. Stuðningurinn verði m. a. fólginn í hækkun á beinum fjárframlögum og útvegun aukins lánsfjármagns til framkvæmda.

Þá láti ríkisstj. undirbúa breytingar á löggjöf er fela í sér afnám takmarkana á afturvirkni heimildar til innheimtu gatnagerðargjalda og niðurfellingar söluskatts af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur af götum með eigin vinnuvélum."

Í upphafi grg., sem fylgir þessari till., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þeirri umr., sem fram fer þessa dagana um aðgerðir til að hraða lagningu bundins slitlags á hringveginn og aðra helstu þjóðvegi landsins, vill gjarnan gleymast vandinn við hið nærtækara og meira aðkallandi verkefni, sem er að ljúka við lagningu bundins slitlags á gatnakerfi í þéttbýli.

Víða er það verkefni reyndar nokkuð vel á veg komið, en í mörgum hinna smærri og fátækari sveitarfélaga bíða stórir og kostnaðarsamir áfangar óunnir, og verður vart séð að veruleg breyting verði þar á á næstunni. Árlega aukast einnig kvaðir á sveitarfélögin, sem takmarka ráðstöfunarfé þeirra til verklegra framkvæmda og þar með fjárveitingar til gatnagerðar. Fljótvirkasta fyrirgreiðsla ríkisvaldsins í þessum efnum hlýtur því að verða í beinum fjárframlögum og útvegun aukins lánsfjár til þessara framkvæmda."

Í þessari till., sem hér liggur fyrir til umr., eru af hálfu flm. ekki gerðar beinar tillögur um aðgerðir af ásettu ráði. Ýmsar leiðir koma til greina í þeim efnum, svo sem aukin hlutdeild sveitarfélaga í bensínskatti og gúmmígjaldi eða bifreiðagjöldum yfirleitt.

Stjórnvöld hafa á undanförnum árum legið undir talsverðri gagnrýni fyrir það, að gjöld, sem innheimt eru af hálfu ríkisins vegna bifreiðaeignar og rekstrar landsmanna, komi ekki nægilega vel til skila í uppbyggingu vegakerfis í landinu, og vissulega má til sanns vegar færa að þessi gagnrýni eigi nokkurn rétt á sér. En vegna þess að umferðarþunginn er auðvitað mestur innan þéttbýlisstaðanna, þá fyndist manni eðlilegast, að aukin yrði hlutdeild sveitarfélaga í þessum bifreiðagjöldum. Enn fremur mætti taka til athugunar að auka þéttbýlisvegafé og hlutdeild sveitarfélaga í því og sömuleiðis að breyta reglum um úthlutun þéttbýlisvegafjár, taka t. d. mun meira tillit til ástands í sveitarfélögunum og þéttbýlisstöðunum heldur en að styðjast við þá reglu, sem nú er í gildi, að miða eingöngu við íbúafjölda þegar tekin er ákvörðun um deilingu þéttbýlisvegafjár, því eins og segir í grg. okkar flm., þá er ástandið mjög mismunandi innan hinna ýmsu sveitarfélaga.

Sum þeirra eru ágætlega á vegi stödd með að ljúka þessu verkefni, en önnur þannig í stakk búin, að ekki verður séð að á næstunni leysi þau þennan vanda af eigin rammleik, nema til komi stórkostlega aukin aðstoð og lánsfjármöguleikar.

Í sambandi við ákvörðun um skiptingu lánsfjár, sem ætlað er til lagningar bundins slitlags í þéttbýlisstöðum, verður að taka í ríkara mæli tillit til eðlilegs undirbúningskostnaðar en gert hefur verið fram að þessu. Lánsfjárákvarðanir eru, eins og háttað er í dag, bundnar við fermetrafjölda af bundnu slitlagi sem lagt er á hverju ári eða áætlað er að leggja á hverju ári. En það er vitað, að þessum reglum þarf að breyta, vegna þess að um geysilega mismunandi mikinn undirbúningskostnað er að ræða hjá hverju sveitarfélagi miðað við aðstæður. Oft á tíðum þarf að standa í stórkostlegum jarðvegsskiptum og mjög dýrri undirbúningsvinnu, sem ekki er tekin með til útreiknings við ákvörðun um lánsfé, en er í mörgum tilfellum jafnvel dýrasti hluti framkvæmdanna, mun dýrari en það að ljúka við að leggja sjálft slitlagið.

Í till. okkar flm. eru þó beinar till. um tvö atriði sem

getið er um í seinni hluta þáltill. Þessi atriði eru um breytingar á fyrirkomulagi um gatnagerðagjöld og heimild sveitarfélaga til innheimtu þeirra og sömuleiðis um breytingu á því hvimleiða ástandi sem hefur skapast við ákvörðun þeirra sem endanlega ákveða gjaldstofna til söluskatts. Þeir háu herrar hafa ákveðið að snjómokstur af götum sveitarfélaga skuli vera gjaldstofn til söluskatts. Það finnst okkur, sem í hinu snjóþyngstu héruðum landsins búum, ákaflega óeðlilegur gjaldstofn, að ekki sé meira sagt. Ég vil leyfa mér að vísa á ný til grg. sem till. fylgir, með leyfi forseta:

„Með setningu laga um gatnagerðargjöld var stigið skref í rétta átt til að ýta undir framkvæmdir við varanlega gatnagerð í þéttbýli, og víða hafa orðið á verulegar breytingar til batnaðar. En eins og áður sagði eru þó sveitarfélögin mjög misjafnlega á vegi stödd í þessum efnum, bæði vegna þess að framkvæmdir eru misjafnlega kostnaðarsamar vegna aðstæðna, og eins er um að ræða mjög mismunandi fjárhagslega getu til þess að sinna þessu verkefni. Takmarkanir á afturvirkni laganna um gatnagerðargjöld koma einnig mjög ójafnt niður á sveitarfélögunum og gera einstaklingum og fyrirtækjum mismunandi hátt undir höfði vegna þess ákvæðis að binda afturvirknina við 5 ár. Með því móti má segja að einstaklingar og fyrirtæki, sem hafa notið þeirra forréttinda að búa við götur sem lagðar eru bundnu slitlagi, lengri tíma en 5 ár, eru leystir undan þátttöku í því félagslega verkefni, sem gatnagerð og lagning bundins slitlags hlýtur að vera í hverju sveitarfélagi."

Reynslan hefur einnig orðið sú, að finna má dæmi þess, að bæjarfélög, sem höfðu lagt í mikinn kostnað, áður en lögin voru sett, við að framkvæma lagningu bundins slitlags, hafa eftir að innheimta gatnagerðargjalda hófst ekki gert betur en að halda í horfinu á undanförnum árum, þ. e. a. s. að viðbótin við gatnakerfi þeirra, sem lagt er bundnu slitlagi, er ekki nema sem svarar árlegri aukningu gatnakerfisins.

Það er álit margra sveitarstjórnarmanna, og ég held að um það hafi verið fluttar till. hér á Alþ. áður, þó að ekki hafi þær náð fram að ganga, að þarna sé full þörf leiðréttinga og að afnumin verði takmörkun á afturvirkni réttarins til þess að innheimta svokölluð B-gjöld til gatnagerðar. Gjöld þessi eru talsvert þungar álögur á íbúa sveitarfélaganna, og það ýtir enn undir kröfuna um að þessar álögur verði samræmdar á þann hátt, að allir íbúar sveitarfélagsins verði skyldaðir til þess að taka á sig hlutdeild af kostnaði við þessar sjálfsögðu framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna.

Við leggjum hins vegar til að það verði sett í vald sveitarfélaganna, hvers og eins, og þá náttúrlega tekið tillit til þess, hversu vel á vegi þau eru stödd við að leysa það verkefni að leggja götur sínar varanlegu slitlagi, þeim verði heimilað hverju um sig að breyta þessum takmörkunum um afturvirkni í reglugerðum sem þó verði bundnar af því að fá staðfestingu viðkomandi ráðherra.

Svo að ég víki aftur að ákvæðinu, sem við leggjum til að verði fellt niður, að innheimta söluskatt af kostnaði við snjómokstur í þéttbýli, þá langar mig enn á ný til að vísa til grg., með leyfi hæstv. forseta. Þarna er ekki um að ræða verulegar upphæðir, sem sköpum skipta varðandi umráðafé sveitarfélaganna til gatnagerðar eða fjárhagslega afkomu ríkissjóðs. En flm. þessarar þáltill. finnst ástæða til að ætla að nægileg óþægindi og aukakostnaður fylgi búsetu í snjóþyngstu héruðum þessa lands, þó að aðgerðir eins og snjómokstur af götum til að draga úr þessum óþægindum séu ekki notaðar sem gjaldstofn fyrir auknar álögur á viðkomandi sveitarfélög.

Ítrekaðar tilraunir forráðamanna sveitarfélaga til að fá söluskatt af snjómokstri felldan niður hafa ekki borið árangur og skattstjórar bera því við, að til þess skortir heimildir í lögum að fella söluskattinn niður. Við flm. teljum að þarna sé um slíkt réttlætismál að ræða að vart þurfi að eyða að því mörgum orðum og að tími sé kominn til að breyta lögum um söluskatt á þann veg, að heimilt sé að fella niður gjald af snjómokstri. Ef sú heimild er ekki þegar fyrir í lögum og um sé að ræða misskilning varðandi túlkun þeirra, sem leggja á söluskattinn, en sjálfsagt er að ganga að fullu úr skugga um það áður en farið er að breyta lögum.

Hér liggur reyndar fyrir á dagskrá í Ed. tillaga um niðurfellingu á söluskatti í fleiri tilfellum, og það mætti jafnvel gefa þm. tilefni til að ætla að veruleg ástæða væri til þess að taka lögin um söluskatt til heildarendurskoðunar og undanþiggja þá liði sem sjálfsagt er að séu undanþegnir söluskatti og framkvæmdin á innheimtu söluskatts komi ekki þannig út, að íbúum þessa lands sé verulega mismunað eftir búsetu. Um það held ég að ekki þyrftu að vera uppi neinar deilur.

Till., sem hér liggur fyrir til umr., er á engan hátt ætlað að draga úr áhuga manna á lagningu bundins slitlags á þjóðvegi þessa lands, sem mjög er nú á dagskrá, heldur er hugmyndin með flutningi þessarar till. fyrst og fremst að vekja athygli hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. á því vandræðaástandi, sem víða er ríkjandi í varanlegri gatnagerð í þéttbýli utan Stór-Reykjavíkursvæðisins, og að full þörf er á aukinni þátttöku af hálfu ríkisvaldsins til að ráða bót á því. Þetta mál og þessi sjálfsagða réttlætiskrafa er liður í jöfnun byggðajafnvægis og aðgerðum til þess að draga úr aðstöðumun sveitarfélaga úti í dreifbýlinu. Hugmyndin, sem þarna býr að baki, er líka heilbrigðiskrafa. Að íbúum bæjarfélaga, sem búa við ófullkomið gatnakerfi, steðjar sívaxandi mengun í föstu, fljótandi og loftkenndu formi vegna síaukinnar umferðar um ófullkomnar götur.

Ég vil að lokum leyfa mér að láta í ljós ósk um, að þessi jafnréttistillaga hljóti fylgi hv. þm. til að ná fram að ganga, og leyfi mér að leggja til við hæstv. forseta, að þessari till. verði að umr. lokinni vísað til fjh.- og viðskn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Í sambandi við þá þáltill., sem hér hefur verið lögð fram, held ég að það sé óhætt að fullyrða, að það muni vera almennur stuðningur við þá hugmynd sem felst í þessari þáltill. Allir viljum við þm. styðja og vinna að því, að hægt verði að hraða lagningu bundins slitlags á vegi í þéttbýli. Í því sambandi langar mig til að nefna, að mig minnir að á þinginu 1976 flyttum við, ég og núv. hæstv. forseti þessarar deildar, hv. 3. þm. Norðurl. e., frv. að beiðni bæjarstjórnar Akureyrar, en í því frv. var farið fram á að bæjarfélaginu yrði heimilað að leggja sérstakt fasteignagjald á allar fasteignir í bænum með því fororði, að því fé, sem þannig innheimtist yrði varið til þess að leggja bundið slitlag á vegi í kaupstaðnum. Að ósk um flutning þessa frv. um sérstakan fasteignaskatt á Akureyri stóð samhljóða, einróma samþykkt allra bæjarstjórnarfulltrúa Akureyrarkaupstaðar. Ég verð að segja það, að miðað við þær undirtektir, sem það frv. fékk í meðferð hins háa Alþingis, og endalok þess, sem urðu þau, að Alþ. sá sér ekki fært að verða við

jafnalmennum óskum og þarna lágu að baki, þá hef ég nú ekki beinlínis trú á því, að það sé líklegt til árangurs í þessu máli að ætlast til að þess sé að vænta, að fá beina hækkun á fjárframlögum og útvegun aukins lánsfjármagns af hálfu hins opinbera í sambandi við þessi mál. (Gripið fram í.) Við skulum ræða það seinna. Ég vil einnig benda á í sambandi við þessi mál, að þó að ég hafi flutt og fylgt af heilum hug því frv., sem við hæstv. forseti þessarar deildar fluttum á slíkum tíma, sem var stutt með þeim rökum sem ég hef nú greint frá, þá hygg ég, að þrátt fyrir þá miklu breytingu til bóta sem hv. 4. þm. Norðurl. e. skaut hér fram í að orðið hefði á vali manna til þingsetu nú, leyfi gjörðir stjórnvalda í skattamálum ekki að frekar sé gengið út á þá braut að heimila bæjarfélögum, hversu mikill einróma vilji sem kann að vera þar á bak við, að fara þá leið sem bent var á í frv. okkar hæstv. forseta Braga Sigurjónssonar á sínum tíma. Og mér er mjög til efs, að samstaða muni t. a. m. vera innan bæjarstjórnar Akureyrar um að fara fram á heimild til slíks nú. Svo ógnvænleg þykir mér stefna núv. stjórnvalda í skattpíningarmálum, að ég held að það hafi orðið mikil breyting á hugarfari sveitarstjórnarmanna almennt um það, að þeir treystu sér ekki til að auka álögur á fasteignir fram yfir það sem nú er í gildi.

Þrátt fyrir góðan vilja sem ég efast ekki um að er fyrir hendi hjá þm. almennt, þá mun a. m. k. þessi tekjuöflunarleið, sem við höfðum í huga þegar við fluttum það frv. sem ég hef gert hér að umræðuefni, naumast vera fyrir hendi nú — eða það er mitt mat á málum — eins og skattpíningarstefnan er orðin hjá þjóðfélaginu af völdum hæstv. núv. ríkisstj. Ég held að staðreyndirnar séu þess vegna þær, því miður, að hv. flm. þessarar þáltill. muni komast að raun um að það er mun erfiðari róður nú að vinna að þessu mikla hagsmunamáli sem ég viðurkenni að er fyrir þéttbýlið að koma bundnu slitlagi á vegina.

Varðandi það að breyta úthlutun á svokölluðum þéttbýlisvegafé, þá hefur um meðferð þess fjár ríkt fullkomið samkomulag um það, að fyrst og fremst hefur því fé verið varið til þess að bæta aðalsamgönguæðarnar að og frá hlutaðeigandi þéttbýliskjörnum svo að ég held að það verði mjög erfitt að fá samstöðu um að breyta þeirri tilhögun.

Hins vegar vil ég í sambandi við þau ummæli, sem koma fram í grg. þeirri sem fylgir þessari þáltill., gera þá játningu, að mér kemur hreint og beint mjög ókunnuglega fyrir. Hef ég þó verið sveitarstjórnarmaður um alllangt tímabil, en dettur ekki í hug að rengja þá staðhæfingu sem hér kemur fram, að það sé innheimtur söluskattur af kostnaði sveitarfélaga við snjóruðning af götum með eigin vinnuvélum. Ég verð að segja það, að af kunnugleika mínum á bæjarmálum Akureyrarkaupstaðar finnst mér einhvern veginn einkennilegt ef það mál hefur aldrei skotið upp kollinum, að við höfum haft hug á því að fá úrbætur í sambandi við slíka innheimtu. Hvort slík innheimta hafi beinlínis ekki farið fram í sveitarfélagi mínu, Akureyri, það skal ég ekki segja um, en mér kemur þessi vitneskja mjög á óvart.

Ég get hins vegar tekið undir það með hv. flm., að þetta er náttúrlega alger óhæfa. Hins vegar verð ég þó einnig að viðurkenna, að það getur verið að ástæða sé til þess að endurskoða öll ákvæði um söluskatt og annað. En eftir því sem mér hefur verið tjáð af mönnum, sem eru sérfræðingar í sambandi við álagningu gjalda samkv. gildandi söluskattsreglum, er það sammála álit allra sem um slík málefni fjalla, að það sé ákaflega erfitt í sambandi við framkvæmd slíkra laga með allar undanþágur, og ég get að vissu leyti skilið það. Í viðræðum og álitum allra hinna fróðustu manna sem fjölluðu um þau mál, bæði í tíð fyrrv. vinstri stjórnar, sem ríkti hér á árunum 1971-1974, og á tímabili síðustu fráfarandi ríkisstj., sem var á árunum 1974-1978, var mikið rætt um niðurfellingu á söluskatti af kjöti, og þá voru þessir vísu sérfræðingar á því máli, að slík niðurfelling væri vægast sagt ekki framkvæmanleg. En það er eitt af mörgu sem varð allt í einu hægt að framkvæma þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við.

Herra forseti. Ég vil með þessum fáu orðum, sem ég hef sagt hér, engan veginn leggja stein í götu þeirra hugmynda sem koma fram í þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir. Aðeins vil ég benda á að mér er mjög til efs, að hægt verði að koma þessum málum í þann farveg að þetta verði framkvæmt með beinum fjarframlögum og útvegun aukins lánsfjármagns frá hinu opinbera. Ef um varanlegar úrbætur á að verða að ræða í þessum málum, þá hygg ég að það sé engin leið færari eða hentugri í þessum málum heldur en að sú leið sem getið var um í frv. því sem við hv. 4. þm. Norðurl. e. fluttum á þinginu 1976. En eins og ég sagði áðan, þá finnst mér allar aðstæður vera breyttar að því er snertir skattheimtu á borgara landsins, svo að mér er mjög til efs að nauðsynlegur stuðningur fáist við það innan hlutaðeigandi sveitarfélaga að fara þá leið nú.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Flm. þessarar tillögu hreyfa hér máli sem er af skiljanlegum ástæðum mikið vandamál þeirra byggða sem í hlut eiga og um er rætt á þskj. 68, en það eru þeir þéttbýlisstaðir í landinu sem hafa ekki þegar lokið við lagningu bundins slitlags á vegi sína.

Þáltill. fjallar um fjárhagslegan stuðning af hálfu ríkisins til þessara sveitarfélaga, sem skuli vera m. a. fólginn í hækkun á beinum fjárframlögum og svo raunar útvegun aukins lánsfjár. Hv. fyrri flm., sem mælti fyrir till., gat þess, að þeir flm. gerðu ekki tillögu um ákveðna leið til fjármögnunar. Það er kannske skiljanlegt, því að það hefur lengi vafist fyrir fleirum. Ég efa því ekki, að það sé nauðsynlegt að halda áfram leit að viðunanlegri leið til fjármögnunar þessara hluta. Hv. flm. gat þó um einn möguleika sem hann eygði, og hann var að sveitarfélög fengju í sinn hlut sérstakan aukinn skatt af þeirri heildarfjárhæð sem inn fæst í bifreiðagjöldum. Ég verð að segja, að þetta finnst mér mjög hæpin till., að bifreiðagjöld og þær tekjur, sem inn koma af umferðinni, eigi sérstaklega að skammta til ákveðinna þéttbýlisstaða. Mér finnst miklu skynsamlegri sú hugmynd sem fram hefur verið sett af sjálfstæðismönnum, að þau gjöld, sem nú eru innheimt af bifreiðum og umferðinni yfirleitt, sem eru mjög há, verði í stórauknum mæli notuð til þess að bæta allt vegakerfið í landinu á þann veg, að meiri og betri samgöngur verði á milli landshlutanna. Í því tel ég vera fólgna eina mikilvægustu frambúðarlausn, ekki einungis í samgöngumálum, heldur og í ýmsum öðrum hagsmunamálum allrar landsbyggðarinnar, bæði höfuðborgarinnar, annarra þéttbýlisstaða og strjálbýlisstaða. Ég held að það verkefni að leggja bundið slitlag á aðaljóðvegakerfi landsins sé stærsta verkefnið sem bíður okkar í framkvæmdum nú á allra næstu árum.

Að því er varðar þá hugmynd að fjármagna þetta

verkefni að hluta til með gjöldum af umferðinni og þ. á m. bifreiðagjöldum má minna á eftirfarandi: Miðað við forsendur fjárl. þessa árs og þann aukna bifreiðainnflutning, sem menn töldu fyrirsjáanlegan þá, og þann aukna innflutning, sem varð umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárl., var áætlað að tekjur ríkisins af umferðinni yrðu um 25 þús. millj. kr. í ár. Nú hef ég því miður ekki handbæra tölu um það, hverjar tekjurnar raunverulega verða, en ekki hygg ég að þessi tala sé of lágt áætluð.

Einnig er gert ráð fyrir að á næstu 15 árum renni til ríkissjóðs tekjur af umferðinni og bifreiðainnflutningi, sem samsvara raungildi þessara tekna, hvað sem það verður í krónutölu þeirra ára. Við höfum of hæpnar forsendur í dag til þess að geta spáð nokkru um þá krónutölu. Má ætla að á næsta ári verði umframtekjur ríkisins af umferðinni og bifreiðainnflutningi ekki undir 2000 millj. kr., og má ætla að það vaxi að raungildi um 10% að meðaltali á ári a. m. k. um fyrirsjáanlega framtíð. Miðað við þessar forsendur og fast verðlag má ætla að fjármagn til þessara framkvæmda, sem hugleitt er að verja megi þessum tekjum til, verði um 27 þús. millj. kr. næstu 5 árin umfram það sem Vegasjóður fær með hefðbundnum aðferðum. Það má ætla að kostnaður verði um 27 þús. millj. kr. á næstu 5 árum við það að leggja bundið slitlag á sem svarar 100 km af ári á þjóðvegunum að meðaltali. Ég vil því undirstrika það, að þetta verkefni, endurbætur aðalþjóðvegakerfisins, ætti að hafa forgang að því er varðar framlög ríkisins til væntanlegrar vegagerðar í landinu.

Með þessu er þó ekki gert lítið úr þeirri þörf sem ýmsir þéttbýlisstaðir hafa fyrir að fá bundið slitlag á sína vegi. Þar kemur margt til, bæði betri meðferð tækja og hreinlætisatriði, eins og hv. flm. benti á áðan. Það ættum við best að skilja, sem búið höfum um langt árabil hér í Reykjavík við þær ágætu aðstæður að hafa hér varanlegt slitlag á götum og sem betur fer víðast hvar góðar gangstéttir líka.

Hv. 1. flm. vék síðan að síðari hluta þessarar till., sem fjallar um það, að ríkisstj. skuli undirbúa breytingar á löggjöf er feli í sér afnám takmarkana á afturvirkni heimildar til innheimtu gatnagerðargjalda og niðurfellingu söluskatts af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur af götum með eigin vinnuvélum.

Í þessum síðari hluta eru tvö algerlega ólík efnisatriði. Að því er það atriði varðar sem fjallar um niðurfellingu söluskatts af kostnaði við snjómokstur, þá get ég út af fyrir sig skilið rökin fyrir því. Okkur finnst oft sárgrætilegt hve stór hluti af kostnaði við ýmsar framkvæmdir fer í skatta til ríkisins. Það er vandi sem við er að etja á afskaplega mörgum sviðum og fleiri sviðum en þessum. En vel má vera að þá hugmynd, sem kemur fram í till. um hluta söluskatts í kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur, megi leggja til grundvallar hugsanlegri lausn á þessu máli að einhverju leyti.

En að því er varðar hinn efnishluta síðari mgr. till., afnám takmarkana á afturvirkni heimildar til innheimtu gatnagerðargjalda, þá þykir mér ástæða til að vara alvarlega við þeirri hugmynd og undirstrika að slík hugmynd er í algeru ósamræmi við þær grundvallarreglur sem ég tel að borgararnir í þessu þjóðfélagi geti unað við. Ef takmarkanir á afturvirkni væru felldar niður í þessum umræddu lögum, þá fæ ég ekki betur séð en það væri heimilt að innheimta gatnagerðargjöld af því fólki, sem hefur, eins og hv. flm. orðaði það, búið við þau forréttindi um langan tíma að búa við götur með bundnu slitlagi og jafnvel gangstéttum. Þetta þýðir að það væri heimild til þess að innheimta slík gjöld af fólki — við skulum segja öldruðu fólki sem hefur búið 50 eða 60 ár við Ránargötuna eða Bárugötuna hér í borg og er þegar að sligast af skattbyrði, eftir atvikum of þungri eða mjög ranglátri, ekki síst þegar um hreina afturvirkni er að ræða.

Það er um fjöldamargt fólk að ræða sem gæti orðið gjaldþegnar að þessu leyti samkv. breyttum lögum í því formi sem hv. flm. vilja láta breyta þeim. Fjöldamargt fólk hefur margsinnis á ævinni, æ ofan í æ, borgað skatta af krónunum sem það varði til þess að koma sér upp húsnæði einhvern tíma á sínum ungu dögum. Fyrst borgar fólkið skatt af tekjunum sem það vinnur sér inn til að kaupa fasteignina, við byggingu hússins eru borguð ýmis gjöld til viðkomandi sveitarfélags sem þá voru innheimt og voru að vísu notuð til annars á sínum tíma en um er talað í þessari till., svo og ýmiss konar annar fastur kostnaður. Auk þess hefur því miður sú orðið raunin á, að ríkisstjórnir hafa fallið í þá freistni að nota þessa ráðdeildarsemi borgaranna sem gjaldstofn og innheimt æ ofan í æ gjöld af fólki sem fyrir löngu er búið að borga þá eign sem liggur til grundvallar gjaldinu. Ég held að slík gjöld á fasteignir séu eitthvert ranglátasta fyrirbrigði sem við getum fundið í allri skattheimtunni. Það er nógu slæmt, að þegar í þessum lögum, sem við erum að ræða um, sett voru vorið 1975 og fólu í sér heimild til að láta gatnagerðargjaldaheimildina verka aftur fyrir sig í 5 ár, — það er nógu slæmt, að slík heimild skuli vera þar fyrir hendi. Enn verra er þó og með öllu ótækt að afnema þessa takmörkun. Þetta atriði, herra forseti, gat ég ekki látið hjá líða að leggja sérstaka áherslu á og láta koma fram að hér tel ég vera um mikið grundvallaratriði að ræða sem Alþ. lætur sér vonandi ekki til hugar koma að samþykkja.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það ber vissulega að fagna þeim undirtektum sem meginefni þeirrar till., sem Hannes Baldvinsson og Helgi F. Seljan hafa flutt, hefur fengið við umr. í deildinni. Ég held að allir séu sammála um það, að framkvæmdir af þessu tagi eru veigamikill þáttur í þeirri almennu jafnréttisbaráttu og lífskjarabreytingu sem við viljum beita okkur fyrir og útrýmingu á þeim mismun sem nú ríkir milli ákveðinna byggðarlaga á landinu.

Tilefni þess, að ég stóð hér upp, var ekki að fara fleiri orðum um nauðsyn þessa máls en þegar hefur verið gert, en vil leggja áherslu á sérstakan stuðning við efni till. Það, sem varð til þess að ég kvaddi mér hér hljóðs, var að tveir síðustu ræðumenn notuðu þann tillöguflutning, sem hér er til umr., til þess að koma á framfæri þeim áróðurssöng gagnvart aðgerðum ríkisstj. í baráttunni gegn verðbólgunni sem felast í þeirri nýju skattlagningu sem brbl. voru sett um s. l. haust.

Ég ætla ekki að fara að gera þessa till. að tilefni ítarlegrar umr. við þessa tvo ágætu hv. þm., Ragnhildi Helgadóttur og Jón G. Sólnes, um þessa skattlagningu. En ég vil mælast til þess, að áður en þm. Sjálfstfl., a. m. k. í þessari deild, halda áfram málflutningi af þessu tagi, þá kynni þeir sér skattalög sem þeir sjálfir settu á síðasta þingi og voru af hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, þáv. fjmrh., talin eitt helsta afrekið í hans ráðherratíð. Hann

vann að þessu frv. mörg þing, og það var mikill spenningur hér í þingsölum og meðal þjóðarinnar, hvort honum tækist að koma þessu afreki sínu í höfn áður en kjörtímabilið væri á enda. Þetta var eitt af þeim fyrstu verkum, sem boðuð voru í tíð þeirrar ríkisstj., og það tókst. Ég man ekki betur en í málflutningi Sjálfstfl. fyrir kosningar væri þetta frv. talið til einna helstu afreka síðustu ríkisstj. og þá sérstaklega þess ágæta fjmrh. sem í henni sat.

Ábending mín er til komin vegna þess, að þótt núv. ríkisstj. hafi vissulega lagt á viðbótarskatta, þá hefur hún ekki enn þá náð því skattlagningarhámarki sem felst í þessu frv. Ef ýmsir aðilar í þessu þjóðfélagi hefðu átt að borga nú seinni hlutann á þessu ári, t. d. félög, ýmiss konar skatta af eignum sínum rekstri, þá væru þeir mun hærri en núv. stjórn hefur þegar lagt á. Núv. ríkisstj. hefur þess vegna ekki enn þá komist upp í þann skattlagningarþunga sem þessir ágætu þm. voru ánægðir með að samþykkja á síðasta þingi, þótt það sé að vísu rétt, að hann átti ekki að taka gildi fyrr en á næsta ári samkv. ákvæðum frv. Svona málflutningur ber frekar keim af lýðskrumi heldur en ábyrgri umræðu um skattamál í þjóðfélaginu, þ. e. að grípa þetta tilefni, sem gefið er með þessari till., til þess að flytja fram skoðanir af þessu tagi, þegar haft er í huga það skattafrv, sem hv. þm. stóðu sjálfir að hér s. l. vor.

Það kom fram hjá fjmrh. fyrir nokkru á Alþ., að hann benti rækilega á þessa staðreynd, og ég hélt satt að segja að sú ábending hefði nægt til þess, að fulltrúar Sjálfstfl. færu sér hægt í þeim fullyrðingum, a. m. k. hér á Alþ., sem hægt er að lesa í málgögnum flokksins, enda hefur ekki verið andmælt þeirri skoðun fjmrh., að skattlagningarbyrðin, sem felst í sumum þáttum þess frv. sem afgreitt var hér s. l. vor, sé með tilliti til þeirra fyrningarreglna og annarra ákvæða, sem í lögunum eru, meiri en felst í þeim brbl. sem núv. ríkisstj. setti. Þetta er staðreynd, sem ekki er hægt að mótmæla, og ég held, að það sé rétt að hún komi fram hér aftur, þótt fjmrh. hafi gert grein fyrir henni á sínum tíma.

Það er vissulega rétt, að ríkisstj. lagði á nokkra viðbótarskatta sem lið í baráttunni gegn verðbólgunni. Hún reyndi að dreifa þeirri skattbyrði sanngjarnt, og ég tel alls ekki að þær aðgerðir séu tilefni til þess að afneita möguleikum á framkvæmd þeirrar ágætu hugmyndar sem í þessari till. felst, eins og tveir síðustu hv. ræðumenn virtust gera. Og það gildir eiginlega hið sama um ummæli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur um eignarskatt. Ef það væri rétt, að sá eignarskattsauki, sem lagður var á, gæfi tilefni til þeirra ummæla, þá ætti eignarskatturinn sjálfur í heild sinni að vera fordæmanlegur á sama hátt. Það var ekki í þessum aðgerðum lagður eignarskattur á neina aðila sem ekki báru hann fyrir. Það var ekki lagður eignarskattur á neina aðila sem síðasta hæstv. ríkisstj. lagði ekki eignarskatt á. Öll stóru orðin um ranglæti þessa skatts voru ekki höfð uppi þegar síðasta ríkisstj. var að leggja eignarskatt á nákvæmlega sömu aðila. Það má hins vegar deila um það, hvort hefði átt að auka eignarskattinn um þau 50% sem þarna var gert, og það getum við vissulega rætt hér. En mér finnst það einum of áróðurskennt að fara nú allt í einu, eftir að sömu þm. hafa á undanförnum árum staðið að því að nota þennan skatt í ríkum mæli til tekjuöflunar, að fordæma hann þá eins og gert var hér áðan. Mér finnst það bera keim af því, að um leið og menn flytja sig frá stjórnarsæti í stjórnarandstöðusæti, þá skipti menn um skoðanir. Ég held að það sé óhollt fyrir álit manna á lýðræðislegum stofnunum þessa lands og lýðræðislegum stjórnarháttum á Íslandi, að þeir, sem kjörnir hafa verið til þess að sitja í hinum lýðræðislegu stofnunum og fara þar með fulltrúavald þjóðarinnar, skipti svo snögglega um skoðanir eftir því hvort þeir eru með eða móti ríkisstj. hverju sinni.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að skattlagning á eldra fólki, ellilífeyrisþegum, er vandamál í þróuðum þjóðfélögum af okkar tagi. Það er að vísu ekki tími til þess né eðlilegt í umr. um það mál, sem hér er á dagskrá, að fara ítarlega út í það mál. En ég vil aðeins láta það koma hér fram, að í Danmörku, þar sem þessi mál hafa verið rækilega könnuð, hafa menn komist að þeirri niðurstöðu, að vænlegasta leiðin til að glíma við þetta tæknilega vandamál, þ. e. hvernig hin almenna skattlagning kemur niður á ellilífeyrisþegum, sé ekki fólgin í aðgerðum með skattalögum, heldur fólgin í hækkun ellilífeyrisins sjálfs og það sé vænlegri aðferð til að komast fram hjá þeim erfiðleikum sem þarna eru á ferðinni, því misrétti sem oft getur komið upp, heldur en reyna að gera það eftir leiðum skattalaganna sjálfra. Hugmyndir um að nálgast þetta vandamál, þetta misræmi í skattlagningu ellilífeyrisþega í sambandi við ellilífeyrinn sjálfan, í stað þess að gera það með skattalögum, finnst mér að þurfi að koma til athugunar hér á Alþ. ásamt þeim einstöku brtt. við brbl. sem settar hafa verið fram.

Varðandi niðurfellingu söluskatts, þá er vissulega rétt að orðræður séfræðinga um það mál á undanförnum árum reyndust sem betur fer ekki réttar. Það kennir okkur að í þeim efnum sé a. m. k. varasamt að trúa öllum fullyrðingum sem þar komu fram, þótt rétt sé einnig að hafa í huga að þá var eingöngu um að ræða niðurfellingu söluskatts á kjöti, en hann ætti að standa á öðrum matvörum. Með tilliti til eðlis verslunarhátta hér í þessu landi, að almennar matvörur og kjötvörur eru yfirleitt seldar í sömu sérverslunum, var niðurfelling á þessu í heild mun auðveldari í framkvæmd heldur en ef einstakir vöruþættir hefðu verið teknir út úr.

Ég gat ekki stillt mig um það, vegna þess hve umr. um *þetta mál var notuð til þess að koma hér á framfæri* að mínu viti frekar grunnhugsuðum áróðursfullyrðingum gagnvart skattastefnu núv. ríkisstj., að benda aðeins á nokkur atriði í þessu sambandi, án þess að ég skoði það sem tilefni til þess að nota þessa ágætu till. til almennra umr. um skattastefnu ríkisstj. svo og þeirrar ríkisstj. sem hér sat s. l. 4 ár.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Þessar umr. um þessa ágætu till. hafa tekið aðra stefnu en till. gefur tilefni til, og er ekki nema gott um það að segja, en ég ætla að leiða það hjá mér.

Í mörg ár voru möguleikar sveitarfélaganna, sérstaklega úti um land, til varanlegrar gatnagerðar mjög takmarkaðir, þar sem engir sérstakir tekjustofnar voru til í þessu skyni. Á þingum sveitarfélaga voru þessi mál mjög til umræðu, enda eitt af grundvallarskilyrðum fyrir búsetu úti um landið. Ég átti sæti á Alþ. sem varamaður 1973, og þá flutti ég frv. til l. um gatnagerðargjöld sem hv. Alþ. samþykkti sem lög á því þingi. Og ég verð að segja það, að ég fagnaði því mjög. Eftir þessa lagasetningu hófst mjög ör framþróun á þessu sviði hjá sveitarfélögunum víðs vegar í þéttbýlisstöðum úti um landið. Samband ísl. sveitarfélaga beitti sér fyrir samningum við

Byggðasjóð um lán til sveitarfélaga út á fyrir fram gerðar gatnagerðaráætlanir, þ. e. a. s. 80% af álögðu gatnagerðargjaldi eða 25% af framkvæmdakostnaði sem greiðist á 4—5 árum af innheimtum gatnagerðargjöldum. Samhliða þessu var reglum um þéttbýlisvegaféð breytt, þ. e. hinn svokallaði 25% sjóður myndaður, sem varð mjög til styrktar þessum framkvæmdum sem eru víða fyrirferðarmestar við þjóðvegina þar sem þeir liggja í gegnum þéttbýlisstaðina.

Aðalvandamál sveitarfélaganna í dag er að Byggðasjóður hefur ekki haft yfir að ráða nægjanlegu fjármagni til að fylgja eftir framkvæmdahraða hjá sveitarfélögunum sem flestöll vinna, eins og áður sagði, eftir fyrir fram gerðri 10 ára framkvæmdaáætlun. Á þessu þarf að ráða bót, og þess vegna get ég tekið undir það með flm., að það er mjög nauðsynlegt að sveitarfélögin eigi kost á meira fjármagni til framkvæmda á þessu sviði. En ég vil einnig benda á það, að sveitarfélögin hafa möguleika á svokölluðu A-gatnagerðargjaldi til að standa undir gatnagerð í þessu skyni og nota það mjög.

Um afturvirkni B-gjalds vil ég segja, að um þörfina fyrir þetta atriði má vissulega deilda og ég tel að það varði, sem betur fer, aðeins fá sveitarfélög og þá helst þau sem búið hafa við sérstöðu að þessu leyti, þ. e. a. s. bundið slitlag, sem hefur komið á vegna aðstöðu sem önnur sveitarfélög höfðu ekki. Ég dreg í efa nauðsyn þessarar afturvirkni og raunar réttmæti og ég er þess vegna á móti slíku.

Um söluskattinn af snjómoksturstækjum sveitarfélaga verð ég að segja að hann er mjög óréttlátur enda hafa sveitarfélgöin í áraraðir barist fyrir því að þurfa ekki að greiða söluskatt af eigin vinnuvélum við hinar ýmsu framkvæmdir innan sveitarfélagsins svo sem gatnagerð, holræsi, vatnsveitur o. s. frv. En þetta hefur ekki fengið *hljómgrunn hjá stjórnvöldum til breytinga, og er það* miður. Þarna er um verulegan lið að ræða í rekstri sveitarfélaga, og mörgum finnst óeðlilegt að sveitarfélögin skuli ekki mega nota eigin tæki til eigin framkvæmda án þess að greiða af því sérstakt sölugjald til ríkisins.

Að öðru leyti get ég tekið undir margt sem kemur fram í þessari till. og grg., en ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka heils hugar undir efni þessarar till. til þál. um aukna aðstoð við sveitarfélög vegna lagningar bundins slitlags á vegi í þéttbýli. Ég efast ekkert um að hv. þm. Jón G. Sólnes er, eins og raunar kom fram í ræðu hans, í hjarta sínu fylgjandi efni þessarar till., þótt hann drægi nokkuð í efa að til þess muni viðra að fá það fé sem til þess arna sé nauðsynlegt.

Svo að ég afgreiði strax í upphafi máls míns þá aths. sem hann gerði við ummæli í grg. varðandi söluskatt til ríkisins af snjómokstri á götum af eigin vinnuvélum, þar sem hv. þm. Jón G. Sólnes sagðist hafa grun um að þennan söluskatt hefði Akureyrarbær ekki borgað, þá er ég hræddur um að þarna hafi þá hlaðist upp reikningar hjá Akureyrarbæ og óvarlegt hafi verið af hv. þm., sem ég veit að vill byggðarlagi sínu ákaflega vel, að vekja athygli á slíku svo harður rukkari sem ríkissjóður er, ekki síður nú en áður.

Af því að hv. þm. Jón G. Sólnes vitnaði í frv. til l. sem hann hefði flutt árið 1976 ásamt hæstv. forseta þessarar deildar, hv. þm. Braga Sigurjónssyni, þá hlýt ég nú að greina frá því, að ég horfði á andlit hæstv. forseta með eftirvæntingu þegar Jón G. Sólnes gat um þetta frv., sem þeir hefðu flutt saman árið 1976, og bjóst hálfgert við því, að forsetinn mundi mótmæla. En það færðist bjart gleðibros yfir andlit hans þegar hann minntist þessa frv. sem flutt var í þágu allra bæjarfulltrúa á Akureyri. Sannleikurinn er náttúrlega sá, að ekkert slíkt frv. var flutt árið 1976. Slíkt frv. var flutt árið 1975, ég hef það hér fyrir framan mig, og hv. þm. Bragi Sigurjónsson var alls ekki meðflm. að þessu frv. Flm. voru Jón G. Sólnes, Ingi Tryggvason og Stefán Jónsson, þ. e. a. s. þm. Norðurl. e. í Ed., og í grg. segir frá því, að þeir flyttu þetta frv. í samráði við þm. kjördæmisins í Nd. að beiðni bæjarstjórnar Akureyrar.

Þetta frv., sem var flutt að nær 70% af öðrum mönnum en hv. þm. Jón G. Sólnes sagði frá og á öðru ári, fjallar efnislega raunverulega um hið sama í þágu Akureyrarbæjar og þessi þáltill. sem er til umr. núna. Hv. þm. Jón G. Sólnes sagðist búast við því, að vegna aukinnar skattpíningar í landinu væri mikill vafi á að nú fengist samstaða um slíka skattheimtu með afturvirkni á Akureyri eins og þá fékkst. Þó kemur það í ljós í grg. með frv., að í grundvallaratriðum er afstaðan óbreytt. Á bls. 3 í þskj. *frá 1975, í grg., segir:* „*Óréttlátt er að fasteigna*eigendur, sem hafa beinan hag af að vera við fullgerðar götur, taki engan þátt í fyrirhuguðu átaki við varanlega gatnagerð, en að öðrum fasteignaeigendum, sem í áratugi hafa verið við ófullgerðar götur, verði gert að greiða sérstakt malbikunargjald. Hinir síðarnefndu fasteignaeigendur hafa greitt sín gjöld til bæjarsjóðs, margir áratugum saman, til jafns við hina og þar með tekið þátt í kostnaði við lagningu bundins slitlags hjá þeim.“ Hafi þetta verið réttlætismál árið 1975, þá sé ég ekki með hvaða hætti stjórnarskipti fá orkað því, að það sé ekki *enn réttlætismál* 1978. Reyndar er ég þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða réttlætismál.

Nú vil ég alls ekki nudda hv. þm. Jóni G. Sólnes upp úr fótaskorti á lítilfjörlegum minnisatriðum. En ég veit að þar skjöplaðist honum, að vorið 1975, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir tók fram í ræðu sinni, voru samþykkt lög um atriði þessi með 5 ára afturvirkni. Við afgreiðslu þeirra laga var hv. þm. Jón Sólnes, að mig minnir, — hann leiðréttir mig ef ég fer rangt með, — þá var hann fjarverandi og kynni að hafa gert aths. við þetta um 5 ára afturvirknina við afgreiðslu laganna úr þessari hv. d. einmitt á því vori, ef hann hefði frá því að við þremenningar fluttum lagafrv. í jólaönninni 1974, á því tímabili, komist að þeirri niðurstöðu, að þrátt fyrir allt væri óréttlátt að láta þessi lög verka aftur fyrir sig og óréttlætið, sem gerð er grein fyrir í prýðilegri grg. í þskj. sem við fluttum, — óréttlætið sem þar er gerð grein fyrir neðarlega á bls. 3, hafi í rauninni verið réttlæti. En ég mótmæli því harðlega, að það geti átt sér stað að grundvallaratriði í þessum réttlætismálum hafi umhverfst svo síðan vorið 1975.

Ég er viss um að þetta atriði, sem lýtur að bundnu slitlagi á götur þorpanna okkar úti á landi, er eitt hinna þýðingarmestu byggðarmála. Það er staðföst skoðun mín, að enda þótt þau byggðarlög þar sem síðast var farið að leggja bundið slitlag, svo sem Ólafsvík, eigi ekki við það vandamál að stríða, sem lýtur að mismunun á aðstöðu þeirra, sem lengst hafa búið við götur með bundnu slitlagi, og hinna, sem ekki hafa búið við slitlag, þá eru það býsna mikilvægt í öðrum byggðarlögum, svo sem á

Akureyri og að hluta á Siglufirði.

Ég geri mér ljósa grein fyrir því, að einmitt það atriði sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir benti á, sem lýtur að heildargjöldum fólks á langri starfsævi, er vissulega vert íhugunar, vegna þess að margar hafa sveiflurnar verið teknar í íslenskum skattamálum á síðustu 40—50, jafnvel 60 árum, og þær hafa verið með ýmsum hætti. Í þessu sambandi hygg ég aftur á móti, þó að ég telji æskilegt að úttekt verði nú gerð á heildargjöldum þessa gamla fólks sem er sumt í þann veginn að ljúka starfsævi og annað hefur lokið henni fyrir löngu. Þá hygg ég að sú úttekt mundi ekki snerta þetta atriði svo mjög, heldur kæmi inn annars staðar.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs út af skringilegri ræðu sem hv. 3. landsk. þm. hélt. Hv. 3. landsk. þm. taldi það heldur lýðskrumskennt, að annar þm. færi hér upp í ræðustól og dirfðist að ræða efnisatriði þessa máls sem hér liggur fyrir. Það tel ég ekki vera lýðskrum, heldur skyldu, svo einfalt er það. Það er fjallað um mál sem vissulega þarf að leysa. Það er bent á leiðir sem eru afar umdeildanlegar. Að setja fram skoðun sína á slíku og vara við afleiðingum af því að rýmka um of heimildir sem gætu verið notaðar með mjög vafasömum hætti, tel ég skyldu þm. að gera. Og ég bætti við *einu atriði sem ég efa ekki* að hv. 3. landsk. þm. teldi nokkuð lýðskrumskennt, en ég mun gera það samt. Slík heimild í höndunum á hv. stjórnmálamönnum þeim sem nú fara með meirihlutavald í borgarstjórn Reykjavíkur er hættulegt tæki að mínum dómi. **(Gripið fram í:** *Spurning um „karakter".*) *Einmitt*, hv. þm., það er spursmál um „karakter", og það er ekki heldur sama hvaða „karakter" er í þeim lögum sem sett eru á Alþingi. Frá þeim þarf að vera svo tryggilega gengið, að þeim **verði beitt skynsamlega,** með þeim verði náð fram því **réttlæti sem hv. þm. ætla sér** að ná.

Ég efa ekki að góður hugur sé á bak við þá tillögugerð sem hér **liggur fyrir. En sjálfsagt** er að benda á þá hættu sem í **framkvæmd hugmyndanna** gæti falist.

Skringilegasti kaflinn í ræðu hv. 3. landsk. þm. var þegar farið var að blanda þessum efnislegu ábendingum saman við hugleiðingar um skattalög síðustu ríkisstj. Ég vil nú taka fram, að þau tel ég vera einhverja vönduðustu skattalagagerð sem framkvæmd hefur verið á Alþ. Hún var óvenjulega lýðræðislega framkvæmd. Þá á ég við að almenningur í landinu, fólkið sem greiða átti skattana, fékk óvenjugott tækifæri og langan tíma til að fjalla um þetta mál, áður en það kom til lokaafgreiðslu á Alþ., og vissulega hafði verið tekið tillit til mjög margra og ákveðinna ábendinga sem frá gjaldþegnunum komu.

Sem rök fyrir máli sínu og því, að hv. þm. taldi einkennilegt að við sjálfstæðismenn bentum á vankanta á því máli sem hér liggur fyrir, nefndi hann að þetta væri óþarfi, því að núverandi stjórnarflokkar hefðu hvergi nærri komist upp í þá skatthæð eða hvergi nærri lagt þá skattbyrði á borgarana sem gert væri ráð fyrir í skattalögunum sem samþykkt voru á s. l. vori. Og nokkru síðar í ræðunni bætti hv. þm. sem betur fer við, að það væri nú kannske ekki von, því að þau lög taka raunar alls ekki gildi fyrr en á næsta ári. Það verður ekki farið að greiða skatt eftir þeim lögum fyrr en á árinu 1980, svo að það er nú kannske ekki alveg allt framkvæmt með sama hætti og gert er ráð fyrir í þeim lögum. Því var auðvitað alveg sleppt í ræðu hv. þm. að leggja heildarmat á þau lög.

Enn fremur nefndi hv. þm., að það væri ekki neitt *athugavert við hugmyndir hæstv. núv. ríkisstj.* að leggja eignarskattsauka á fólk, unga sem aldna, vegna þess að það væri alls ekki lagður eignarskattur á aðra en þá sem þegar bæru hann! Það var rétt eins og það skipti ekki nokkru einasta máli þó að eignarskattsbyrðin yrði þyngd og þó að eignarskatturinn *væri aukinn um 50%. Ég hefði* haldið að það skipti töluverðu máli að leggja einmitt ekki meiri skatt á þá sem hafa of mikla skattbyrði fyrir — og allra síst mætti vega í þann knérunn sem ég nefndi í fyrri ræðu, að nota húsnæði fólks, frumþörf fólks í lífinu fyrir húsnæði sem skattstofn æ ofan í æ. Að þessu leyti hafa ekki verið nein skipti á skoðunum mínum, mér er alveg sama hver er í ríkisstj., þetta finnst mér vera grundvallaratriði. (Gripið fram í.) Mér er ekki sama hver er í ríkisstj. hv. þm., það var ekki punktur á eftir þessari setningu í huga mínum, heldur aðeins komma, það átti að koma skýring á þessu. Hver sem er í ríkisstj. hefur það vitanlega engin áhrif á þessa grundvallarskoðun sem er hin sama í þessu efni og allra sjálfstæðismanna að heita má. Við teljum vera afar ranglátt að nota húsnæðið, sem fólkið býr í, sem skattstofn fyrir hið opinbera. Það getur verið verjanlegt að leggja á fasteignaskatta vegna þeirrar þjónustu sem sveitarfélag þarf að láta í té vegna fasteignarinnar, en ég tel með öllu óverjandi að halda enn lengra á þessari braut, og þá er sama hver er í ríkisstj.

Hitt er svo annað mál sem kemur ekki beinlínis þessu máli við, að hv. þm. var svo vinsamlegur að benda á að hann teldi með öllu óverjandi að skipta um skoðun. Það tel ég ekki. Mér finnst það alveg sjálfsagt, ef menn sjá að *þeir hafi áður haft rangt fyrir sér.* Þá er eðlilegt að skipta um skoðun. Ég hélt nú kannske, að hv. þm. gæti þar sjálfur trútt um talað og skildi vel að það gætu fyrir fundist stjórnmálamenn sem hafa skipt um skoðun á lífsleiðinni — eða hefur hv. þm. kannske ekki skipt um skoðun *þegar hann skipti um flokk?* Það *er reyndar ekki* alveg víst, ég veit það ekki. En það kemur þá væntanlega fram í þingstörfum hv. þm.

Sjálfsagt þótti mér að draga þetta atriði fram og láta því ekki ósvarað þegar haldið er fram, að það sé lýðskrum af hálfu þm. að benda á galla sem falist geta í efnisatriðum þeirra mála sem fram eru lögð. Ef við sjáum þá galla eða teljum að málin séu haldin þeim göllum, þá höfum við skyldu til að benda á þá.

Jón G. Sólnes: Þær aths., sem ég flutti áðan í sambandi við þetta mál, áttu ekki af minni hálfu að verða til þess að hér yrðu stórpólitískar umr. í sambandi við þessa að mínu áliti meinlausu báltill.

Út af ummælum hv. 3. landsk. þm., Ólafs Ragnars Grímssonar, um það, að við sjálfstæðisþm., sem tekið höfum þátt í þessum umr., höfum verið að koma á framfæri áróðurssöng út af skattlagningu samkv. brbl. núv. ríkisstj., þá vil ég bara segja það, að ég held að hvenær sem minnst er á skattlagningu eða einhver gjöld, þá ætti honum, hv. stuðningsmanni núv. ríkisstj., að vera það kunnugt, að þá fyrst og fremst svíða þau ákvæði á baki manna sem eru í svokölluðum brbl. um aðgerðir í efnahagsmálum. Hvernig hann getur fundið þeim orðum stað, að ekki sé ekki búið að ná því hámarki sem ákveðið var í þeim nýju lögum um tekju- og eignarskatt sem afgreidd voru á síðasta þingi, það er mér torráðin gáta. Ég held að eina skýringin, sem þar getur verið um að ræða, sé að hann rugli þar saman frv. sem sýnt var á

þinginu um staðgreiðslukerfi skatta og prósentur þar. Ef ég man rétt var í skattalögunum, sem við vorum að samþykkja í vor, hæsti skattstigi 40% af tekjum. En nú samkv. þeim breytingum, sem hafa verið gerðar á lögum um tekju- og eignarskatt, er allt í einu búið að finna upp nýjan skattstofn, fyrningar, sem eru af öllum aðilum taldar vera alveg nauðsynlegar hverju fyrirtæki, að geta afskrifað eða lagt í sjóð verðmæti til þess að geta endurnýjað þá hluti sem nauðsynlegt er að endurnýja, hvort heldur eru fasteignir eða tæki til rekstrarins. Þá er þetta allt í einu orðið skattskylt. Svo á það ekki að vera nein viðbót að mati hv. 3. landsk. þm. að það er búið að koma með viðbótartekjuskatt, tekjuskatt sem var ekki einu *sinni lagður á sama gjaldstofn og ráðgert er í núgildandi* skattalögum, heldur er hann lagður á allt annan gjaldstofn, því að hann er lagður á svokallaðar vergar tekjur, þannig að ekki er búið að draga frá leyfilegan frádrátt þegar skattstofninn er reiknaður út. Það skiptir því máli, að þó að talað sé um 6% aukningu á skatti, þá er skattbyrðin miklu meiri í prósentum en lögin tilgreina. Út af ummælum um niðurfellingu söluskatts af kjöti, þá er rétt að það kemur sér sjálfsagt mjög vel fyrir allan almenning og að vissu leyti er gott að það hefur tekist að framkvæma það að fella niður söluskatt af kjöti. Og auðvitað er ekki ástæða til annars en að fagna því, að þar flutu með allar matvörur, að ég tali ekki um allt bruggefni. Það hefur ekki litla þýðingu fyrir margar fjölskyldur að losna við söluskattinn af bruggefninu, hann var nokkuð verulegur, og ekki virðist draga úr aðdáun og þakklæti fyrir það. Ég hygg að þar mæli ég fyrir munn margra sem fögnuðu þeirri ráðstöfun.

Ég vil alveg sérstaklega biðja hv. 4. þm. Norðurl. afsökunar. Mér hefur orðið á þarna mjög mikil skyssa og er þar um að kenna leiðinlegu misminni mínu, og skal ég taka á mig allar vítur og ákúrur í því sambandi. Það er ekki sæmilegt fyrir þm. að koma hér upp og telja upp flm. að frv. og telja upp allt aðra en þar var um að ræða, því auðvitað átti ég að geta þess og þarf ekki að taka það fram, að hv. þm. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., hefur að mínu mati ávallt verið við því búinn og ötull stuðningsmaður að öllum þeim málum sem að mínu mati hafa getað orðið til heilla og góðs fyrir íbúa í Norðurlandskjördæmi eystra. Hitt er svo annað mál, að ég hef svolitlar áhyggjur af því, að nú kunni að fara svo illa, þrátt fyrir góðan hug og vilja þessa ágæta hv. þm., að hann verði þátttakandi í aðgerðum sem jafnvel gegn hans ágætu fyrirætlan verði íbúum kjördæmis hans til mikillar óþurftar.

Áður en ég skil við þessa fljótfærnislega röngu tilvísun mína í sambandi við flm. þess frv., sem ég gerði að umræðuefni áðan, vil ég aðeins taka fram til þess að fyrirbyggja *allan misskilning*, að það að draga hæstv. forseta deildarinnar, 3. þm. Norðurl. e., í þessar umr. var á engan veg gert með því hugarfari, eins og kom oft fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. á framboðsfundunum í sumar, þegar hann tók fram hvað eftir annað að hann yrði að fara dálítið gætilega í því að skamma frambjóðendur Alþfl., því að það gæti verið að það þyrfti að nota þá eftir kosningar. Ég vil taka fram, að það að ég var að minnast á að hv. 3. þm. Norðurl. e. hafi verið samflm. minn að þessu margnefnda frv. var ekki á neinn hátt byggt á því, að ég hafi í huga að brúka þennan hv. þm. til eins eða neins í framtíðinni. Þessu vildi ég koma til skila.

Eins þykir mér rétt í sambandi við þau ummæli, sem fallið hafa hér út af söluskattsskyldu á notkun vinnuvéla við snjóruðning í kaupstöðum og annað, að láta það koma skýrt fram, að þó að ég kannist ekki við þetta mál, og mér finnst þetta einkennilegt, þá er ég ekki í nokkrum vafa um að það eru engir ógreiddir reikningar á Akureyrarbæ hjá ríkissjóði í sambandi við þetta mál frekar en annað sem Akureyrarkaupstaður á að borga.

Herra forseti. Ég skal svo ekki lengja umr. þessar út af fyrir sig mikið. Ég vil enn ítreka það, að þótt manni hafi fundist að gæti verið möguleiki á þí og ágæt samstaða hafi á sínum tíma verið meðal bæjarfulltrúa í bæjarstjórn Akureyrar um flutning á þessu ágæta frv., sem við hv. 4. þm. Norðurl. e. byrjuðum fyrst tveir að flytja, — ég get nú bætt um söguna en betur, því að við fluttum þetta frv. hér fyrir þing fyrr og vorum þá aðeins tveir um hituna, og það sýnir hvílíkir brautryðjendur við erum á þessu sviði, — að þó að full samstaða hafi verið meðal bæjarfulltrúa í bæjarstjórn Akureyrar um gildi og þýðingu þessa máls þá, þá er ég ekki í nokkrum vafa um að það eru margir bæjarfulltrúar og ég hygg að þurfi ekki endilega að vera úr flokki núverandi stjórnarandstæðinga, sem muni vilja endurskoða afstöðu sína um það, hvort þeir treysti sér að ganga nú á árinu 1978 og í byrjun árs 1979 lengra á þann veg að skattleggja fasteignir, einmitt með tilliti til þeirrar stefnu sem þessi mál hafa tekið í höndum núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu ekki blanda mér neitt inn í þær umr. sem farið hafa hér fram í sambandi við innheimtu tekjuskattsauka, eins og nokkuð hefur borið við í þessum umr. Mér finnst ekki viðeigandi að blanda því saman við umr. um till. á þskj. 68. Hins vegar stendur í því ágæta þskj., að óskað sé eftir auknum stuðningi við sveitarstjórnir til að hraða lagningu bundins slitlags á vegi í þéttbýli, og þar er ég á margan hátt mjög á sama máli og flm. þessarar þáltill., því að ég hef séð hversu geysilegum stakkaskiptum bæir um land allt hafa tekið við það, að á götur hefur verið sett ýmist olíumöl, malbik eða steypa. Bæir eru gjörsamlega ópekkjanlegir síðan, snyrtimennska hefur aukist þar og áreiðanlega vellíðan fólksins, og slit tækja hefur minnkað á þeim stöðum. En eins og nefnt hefur verið hér munu svokölluð B-gjöld til gatnagerðar í þéttbýli hafa verið samþykkt nú fyrir þrem árum u. þ. b. að ósk ýmissa sveitarstjórnarmanna. En þegar til kom að framkvæma þau lög kipptu margir sveitarstjórnarmenn að sér hendinni mjög harkalega, því að þeim, sem áður óskuðu eftir þessum lögum, leist ekkert á þegar átti að fara að innheimta gjöldin. Þetta er með verst þokkuðu sköttum sem hafa verið settir á í bæjarfélögunum á síðustu árum, ef ég veit rétt, og viðurkenni ég þetta þrátt fyrir að í mínu bæjarfélagi, Akraneskaupstað, var ég fylgjandi því, að þessi leið væri farin. En ég mun aldrei fara hana aftur, m. a. vegna þess að gjöldin komu einkum á gamla bæjarhlutann í Akranesi þar sem nú býr einkum og sér í lagi gamla fólkið. Það er nefnilega sama þróunin á Akranesi og í öðrum bæjarfélögum, eins og er hér í Reykjavík, að gamla fólkið verður eftir í gamla bæjarhlutanum, og á þau svæði lögðust B-gjöldin. Þetta fólk var búið að greiða gatnagerðargjöld að verulegu leyti, kannske ekki jafnhá og þeir sem seinna komu til, en ég mun undir engum kringumstæðum treysta mér til þess að fylgja því ákvæði, sem stendur í þáltill., að afnema takmarkanir á afturvirkni heimildar til innheimtu á gatnagerðargjöld-

um, að vega aftur í sama knérunn, hver sem átti sök á áður. Að slíkum málum get ég ekki staðið og því mun ég ekki geta samþykkt þennan þátt þáltill.

Flm. (Hannes Baldvinsson): Herra forseti. Ég vil fyrir hönd flm. þakka þær jákvæðu undirtektir sem till. okkar hefur fengið hér í umr. í deildinni, en tel ástæðu til að víkja lítillega að þeim öðrum ummælum sem hér hafa fallið um till., og þá fyrst að ummælum hv. síðasta ræðumanns, Braga Níelssonar.

Hv. þm. tekur réttilega fram, að B-gjöld svokölluð til gatnagerðar hafi reynst óvinsæl þar sem þau hafi verið á lögð, og það er vissulega alveg rétt. Þau eru fyrst og fremst óvinsæl fyrir það, að víðast hvar hafa sveitarstjórnir neyðst til þess að leggja þau á í hámarki vegna takmarkana um afturvirkni laganna og innheimtunnar. Til þess að hafa eitthvert fé úr að moða hafa sveitarfélögin víðast hvar farið inn á þá leið að leggja B-gjöldin á í algjöru hámarki, þar sem það er heimilt, vegna þess að það eru svo margir sem sleppa við þátttöku. Af þeim sökum verður álagning B-gjaldanna einstaklega þungbær þeim sem fyrir innheimtunni verða, en hinir auðvitað því fegnari sem sleppa við innheimtuna. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að ef hv. þm. skoðaði málið í þessu ljósi, þá mundi hann á ný greiða atkvæði með því að leggja á gatnagerðargjöld í sínu sveitarfélagi, kannske í örlítið hóflegri mynd en þeir hafa neyðst til að gera vegna takmarkana innheimtuákvæðanna.

Út af þeim ummælum, sem hér hafa komið fram hjá flm. till. um sérstakt fasteignagjald á Akureyri, er líka rétt að benda á, að sú till. kom fram í því formi sem hún var þá, um sérstök fasteignagjöld bundin við Akureyri, eingöngu vegna þess að strax verður vart við óánægju meðal sveitarstjórnarmanna víða um land. Það var víðar en á Akureyri sem þessi óánægja kom fram, að takmarkanir skyldu settar í lög um innheimtu gatnagerðargjalda, en Alþ. var nýbúið að samþykkja þessar takmarkanir. Var því ósköp eðlilegt að þeir, sem vildu reyna að draga úr óréttlæti þessarar ákvörðunar, færu einhverjar aðrar leiðir heldur en þær að flytja till. um að endurskoðuð yrðu lagaákvæði sem Alþ. var nýbúið að samþykkja, og af þeim sökum kemur til flutningur á till. um sérstök fasteignagjöld á Akureyri, sem ég leyfi mér að fullyrða að felur ekki í sér meira réttlæti en það að afnema ákvæðin um afturvirkni gatnagerðargjalda. Nú er Alþ. á annan veg saman sett en þá var, og þá finnst mér ákaflega eðlilegt að reynt verði á hvort afstaða þess þings, sem nú kemur til með að fjalla um þessi mál, er hin sama og var á árinu 1975. Ég leyfi mér að vona að hún sé breytt, og af þeim sökum hef ég gerst flm. að þessari tillögu.

Ég er hræddur um það hins vegar, að hv. 2. þm. Norðurl. e. fengi skömm í hattinn frá flokkssystur sinni, ef hann á hinn bóginn tæki upp till. sem hann flutti samkvæmt tilmælum sveitarstjórnarinnar á Akureyri, því að nóg finnst henni og honum víst líka eftir þeim ummælum sem hér hafa fallið, að gert í sambandi við ógnvænlega skattpíningu, svo að vitnað sé beint í það orðalag sem hv. þm. viðhafði, en sú afsökun fyrir því að draga að leiðrétta rangláta skattheimtu má ekki bitna á aðeins hluta af þegnum þessa lands. Við hljótum að vera sammála um það, að ef við neyðumst til að leggja á skatta, þá sé sanngjarnt að þeir séu lagðir sem jafnast á alla þegna landsins, en ekki bara einhvern hluta þeirra og þannig að tilviljun er algerlega látin ráða hverjir lendi í innheimtuaðgerðunum og hverjir ekki. Af þeim sökum langar mig aðeins til þess að rifja upp það sem ég veit reyndar að flestir þm. munu gera sér grein fyrir, ef þeir velta málinu fyrir sér, að framkvæmdir við lagningu varanlegs slitlags í nær öllum sveitarfélögum, þar sem ég þekki til, byrja í miðkjarna þeirra, þar sem er oftast nær, ef svo mætti að orði komast, viðskiptamiðstöðin og viðskiptahverfin. Íbúðahverfin hafa yfirleitt verið látin sitja á hakanum. Af þessum sökum kemur í ljós, að þar sem fyrst er hafist handa um lagningu slitlags á götur í sveitarfélögum og þar sem afturvirkni innheimtuákvæðanna hindrar að hægt sé að fara lengra aftur í tímann en 5 ár, þá eru það yfirleitt viðskiptafasteignir sem sleppa við að taka þátt í greiðslu þessara gjalda. Mér datt í hug, meðan ég stóð í þeirri meiningu, eins og fram kom hér áðan, að hæstv. forseti þessarar deildar hefði verið einn af flm. frv. um fasteignagjald á Akureyri, að þær stofnanir, sem þessi tveir þm. voru æðstu menn í æðsta forsvari fyrir, eins og t. d. Landsbankinn á Akureyri og Útvegsbankinn á Akuryeri og margar fleiri viðskiptastofnanir á Akureyri, voru einmitt þær sem sluppu við félagslegu þátttökuna í þessum framkvæmdum. (Gripið fram í.) Ég vona að hv. þm. verði nú sammála um það, að þarna þurfum við að leiðrétta nokkurt misrétti sem hefur óneitanlega komið í ljós við framkvæmd þessara laga.

Hv. þm. Alexander Stefánsson, 5. þm. Vesturl., sem er höfundur að lagafrv. því sem samþykkt var á sínum tíma um gatnagerðargjöld, minntist aðeins á A-gjaldið sem einhverja hugsanlegu lausn. En það er mikill misskilningur. A-gjald er eingöngu bundið við nýframkvæmdir og getur aldrei innheimtst í það ríkum mæli, að það geti orðið nokkur aðstoð við að leggja bundið slitlag. Það er aðeins bundið við framkvæmdir við undirbyggingu vega og aðeins innheimt hjá þeim sem eru jafnframt að byggja við þessa nýju vegi, þannig að það íþyngir eingöngu þeim sem standa í húsbyggingum á sama tíma, en leysir ekki á nokkurn hátt þann vanda sem við erum hér að leitast við að finna lausn á.

Ég verð að segja, að mér finnst ákaflega eðlilegt að hv. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, geri hér ekki fyllilega grein fyrir þeim vanda sem hér er til umr. og snýr að sveitarstjórnum og sveitarfélögum úti á landi. Ég virði henni það til nokkurrar vorkunnar, því að Reykjavík mun líklega vera það sveitarfélagið sem best stendur að vígi og þarfnast minnstrar aðstoðar við að leysa þessi vandamál, þó að þau megi kannske finna hér í nýjustu úthverfunum. En þá er ég þess fullviss, að Reykjavíkurborg þarf ekki á neinni sérstakri aðstoð að halda af hálfu ríkisvaldsins til að leysa þessi vandmál og af þeim sökum hefði mátt undanskilja Reykjavík og kannske næstu bæjarfélög í þessum hugmyndum okkar, en það kemur vafalaust fram ef þessi till. nær fram að ganga.

Það má taka undir orð hv. 5. þm. Reykv. og segja að deila megi um réttlæti í afturvirkni laga hverju sinni. En ég fæ ekki séð að réttlætið þurfi nauðsynlega að binda við 5 ára afturvirkni eða það sé eitthvað meira réttlæti fólgið í því að takmarka afturvirkni við 5 ár, fremur en 10 eða 15. Mín réttlætiskennd er ekki takmörkuð við 5 ára áætlun. Það eru alveg hreinar línur. En það getur vel verið að einhverjir þm. séu haldnir þeim annmarka, að réttlæti þeirra nái ekki nema 5 ár fram eða aftur í tímann.

Mér finnst hins vegar gífurlegt ranglæti fólgið í takmörkun á þessari margumræddu afturvirkni. Þeir, sem

hafa búið við forina, eru álitnir nógu góðir til þess að borga kostnaðinn við að firra sjálfa sig vandræðum, en hinir, sem hafa um langt árabil búið við rykbundnar götur, skulu verða gjaldfríir. Andstaðan við það að breyta þessum ákvæðum er afsökuð og hefur verið afsökuð með því, að þessa muni í ríkum mæli bitna á gamla fólkinu, og þm. Sjálfstfl. hafa nú nýverið skipt um skoðun og gerast nú hvað harðastir talsmenn hagsmuna aldraðs fólks á Alþ. og víðar. Það er að vísu ánægjulegt að hafa eignast þarna skyndilega nýjan samherja. Ég vil ekki gera það að löngu umræðuefni, en vil stinga því að þeim hv. þm., sem óttast að samþykkt þáltill. okkar muni bitna harkalega á öldruðu fólki, að ég væri vissulega tilbúinn til þess og lýsi hér með yfir að ég tel ekki óeðlilegt að gert verði samkomulag um að undanþiggja íbúðarhús innan vissra stærðarmarka frá afturvirkni innheimtuaðgerðanna. Við gerum reyndar þessu atriði skóna í okkar tillöguflutningi, þar sem við tölum um að hvert og eitt bæjarfélag setji reglugerðir um innheimtuaðgerðir sem síðan verði staðfestar af ráðh. Það er vegna þess, að við erum sannfærðir um að engin sveitarstjórn mundi nota þessi ákvæði til þess að beita íbúa sína ósanngjörnum innheimtuaðgerðum. Við erum sannfærðir um það. Við höfum þá trú á sveitarstjórnarmönnum um land allt.

Ég vil hins vegar ljúka máli mínu með þeirri ósk til hv. þm. deildarinnar, þegar þeir fara að fjalla um þetta mál, að þeir láti ekki óttann við að valda hugsanlega einhverjum fáum einstaklingum umdeilanlegu ranglæti koma í veg fyrir að samþykkja sjálfsagt réttlætismál fyrir langmestan hluta þess fólks sem býr við óviðunandi gatnakerfi úti á landsbyggðinni.

Umr. frestað.

Neðri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 6. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Framkvæmdasjóður öryrkja, frv. (þskj. 22). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 22 um Framkvæmdasjóð örykja, á að tryggja nauðsynlegt sameiginlegt átak þjóðarinnar til þess að bæta úr aðbúnaði og aðstöðu líkamlega og andlega fatlaðra í þjóðfélaginu. Sjóði þessum er ætlað að greiða fyrir fjármögnun þeirra framkvæmda sem gert er ráð fyrir í lögum, reglugerðum og áætlunum um sérkennslu og endurhæfingu. Tengsl sérkennslu og endurhæfingarverkefna eru margvísleg og réttlæta því hvort tveggja í senn samhliða uppbyggingu og svigrúm til sameiginlegra átaka á mörgum sviðum, eins og t. d. uppbyggingu verndaðra vinnustað, eins og nánar verður vikið að síðar. Eins má benda á að samræma þarf aðgerðir í málefnum þeirra er teljast til öryrkja, svo að ekki myndist aðstöðumunur milli þessara hópa.

Eins og fram kemur í frv. þykir nauðsynlegt að skipta sjóðnum í tvo sjóðshluta, sérkennslu- og endurhæfingarsjóð, þar sem um er að ræða tvær áætlanagerðir undir umsjón tveggja rn. Áætlanagerðir þessar þurfa að geta tekið tillit til þess fjármagns, sem fyrir hendi er hverju sinni, og því er nauðsynlegt að þær geti byggt á öruggum fjármagnshluta af tekjum sjóðsins. Gert er ráð fyrir með heimildarákvæði í 10. og 13. gr. að nýta megi 10% af ráðstöfunarfé hvors sjóðs um sig til annarra framkvæmda en byggingarframkvæmda, auk þess sem það ákvæði er enn frekar rýmkað með ákvæði 14. gr., ef slík verkefni eru talin þýðingarmeiri að mati sjóðsstjórnar.

Á grundvelli grunnskólalaga, nr. 63/1974, er í reglugerð nr. 270/1977 lagður grundvöllur að markvissri uppbyggingu sérkennslu í landinu bæði innan hins almenna grunnskóla og utan hans. Þar er gert ráð fyrir að megnið af sérkennslu fari fram í almennum grunnskóla, í sérdeildum, hjálparbekkjum, stuðningskennslu eða athvörfum. Þó er gert ráð fyrir að veruleg sérkennsla þurfi að fara fram í sérskólum og sérstofnunum af ýmsu tagi. Í skýrslu menntmrh. til Alþ. í apríl 1978 um framkvæmd grunnskólalaga kemur fram, að í fræðsluumdæmunum séu 732 nemendur, að mati skólamanna, sem þurfa á aðstoð að halda innan almenna grunnskólans, en fá ekki. Í skýrslu þessari kemur einnig fram, að af 843 einstaklingum, sem þurfa sérkennslu utan við hinn almenna grunnskóla, eru aðeins 537 sem fá einhverja kennslu. Er þannig vitað um 1038 börn á grunnskólaaldri sem rétt eiga á að fá kennslu, bæði innan hins almenna grunnskóla og í sérskólum, en fá ekki, bæði vegna húsnæðisskorts og skorts á sérmenntuðu starfsliði. Engar tölur liggja fyrir um stærð þess hóps sem þyrfti þjálfun eða sérkennslu eftir grunnskólanám.

Í 52. gr. grunnskólalaga, nr. 63/1974, er gert ráð fyrir að heildaráætlun, sem gerð yrði um byggingu sérstofnana, verði að fullu komin til framkvæmda innan 10 ára frá gildistöku laganna, þ. e. a. s. á árinu 1984. Í áðurnefndri skýrslu menntmrh. kemur fram, að á verðlagi í jan. 1978 var kostnaður við byggingu húsnæðis og búnaðar til að koma sérkennslumálum í gott horf áætlaður 1620 millj., en umreiknaður á verðlag í okt. er hann orðinn 2209 millj. Lítið hefur verið veitt á fjárl. í þessu skyni, eða 35 millj. á fjárl. 1977 og 60 millj. 1978, en til þess að fyrirhuguð áætlun stæðist, þannig að hún gæti að fullu verið komin til framkvæmda 1984, þyrfti að veita 500-600 millj. kr. á ári til sérkennsluverkefna.

Í nóv. 1977 voru samtals 7405 öryrkjar á skrá hjá Tryggingastofnun ríkisins, þar af liðlega 4000 sem töldust til 75% öryrkja. Auk þess voru 625 börn yngri en 16 ára á örorkustyrk í mars 1978. Ljóst er að þessi fjölmenni öryrkjahópur þarf meira eða minna á að halda endurhæfingu, dvalarheimilum, vernduðum vinnustöðum og atvinnuþjálfun til að komast á hinn almenna vinnumarkað. Til viðbótar þessum hóp er svo mjög fjölmennur hópur ellilífeyrisþega sem vegna ýmiss konar sjúkdóma heyrir til öryrkjahópsins og þarf því engu síður á þeirri aðstoð að halda sem um getur í endurhæfingarlögunum.

Erfitt er að gefa nokkra vísbendingu um það fjármagn sem þyrfti til að koma endurhæfingarmálum í gott horf. Sú áætlun um þörf endurhæfingar- og vinnustöðva, sem um getur í a-lið 3. gr. endurhæfingarlaga og átti að liggja fyrir 1972 og ná yfir 10 ára tímabil, sbr. 4. gr. þeirra laga, er enn í undirbúningi og ekki hefur enn tekist að ljúka henni að öðru leyti en því, að takmarkaðar kannanir hafa

verið gerðar, og er sá dráttur, sem á þessu hefur orðið, fyrst og fremst um að kenna fjárskorti.

Erfðafjársjóður og að einhverju leyti Atvinnuleysistryggingasjóður hafa nær eingöngu veitt fjárhagsaðstoð til þessara verkefna, en þess má geta, að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur ekkert getað sinnt þessu verkefni s. l. 3—4 ár. Fjármagn úr Erfðafjársjóði hefur einnig verið mjög takmarkað með tilliti til þess að rísa undir þessu mikla verkefni, en á tímabilinu 1955—1977 hafa lánveitingar úr honum numið 261 millj. kr. og styrkveitingar 233 millj. kr. Þar af voru styrkveitingar á árinu 1976 37 millj. og 1977 79 millj. kr.

Ég held að öllum sé ljóst, sem hafa leitt eitthvað hugann að málefnum öryrkja, að enn vantar mikið á að þeim sé tryggt jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna segir, að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin. Þar stendur einnig, að hver maður eigi sama rétt til menntunar. En við skulum hafa það hugfast, að t. d. þroskaheftir hafa litla möguleika til að standa vörð um þau réttindi. Við skulum minnast þess líka, að þó að menn séu kannske ekki fæddir jafnir, þá hljóta þeir að vera fæddir með sama rétt þótt þeir hafi misjafna aðstöðu til þess að standa vörð um réttindi sín. Það verður því að líta svo á að þjóðfélagið hafi brugðist að verulegu leyti, þegar vitað er um rúmlega 1000 börn sem fá ekki kennslu við sitt hæfi. Eða hvar eru mannréttindi þessara barna sem mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna tryggir þeim?

Þýðingarmikið atriði er líka, sem oft á tíðum getur ráðið úrslitum um framtíð þroskaheftra, að þeim sé tryggð rétt uppeldis- og kennslufræðileg meðferð strax frá fæðingu. Er það brýn undirstaða einhvers árangurs í námi þeirra síðar meir. Þarna er einmitt um veikan hlekk að ræða í aðbúnaði þroskaheftra. Fyrir hendi er nú í Kjarvalshúsinu í tengslum við Öskjuhlíðarskólann greiningardeild, en hún hefur ekki nema að litlu leyti getað sinnt þessum þýðingarmikla þætti í aðbúnaði þroskaheftra. Greiningarmeðferð getur oft tekið langan tíma, eða allt frá nokkrum vikum upp í 1-2 ár, en þroskaheftir, sem nú eru á forskólaaldri, en þeir eru í kringum 700, þyrftu nauðsynlega á slíkri meðferð að halda. Þá eru ótalin börn með sérstök hegðunarvandamál, námsörðugleika og fleira, en þau eru í kringum 10% barna á forskólaaldri, og þyrfti einhver hluti þeirra líka á greiningarmeðferð að halda.

Fyrir þessi börn getur það skipt sköpum, ef þau fá ekki þessa þýðingarmiklu fyrirbyggjandi meðferð. Ég segi fyrirbyggjandi, vegna þess að ef þroskaheftir fá ekki rétta kennslu og uppeldisfræðilega meðferð strax, þá eykur það tvímælalaust á þroskahömlunina og getur jafnvel komið í veg fyrir þann þroska sem þeim annars væri mögulegur með réttri meðferð. Talið er að á hverju ári fæðist um 120 börn sem eru á einhvern hátt þroskaheft og þyrftu flest þeirra á einn eða annan hátt á slíkri meðferð að halda. Aðeins örfá þeirra 700 þroskaheftu barna, sem nú eru á forskólaaldri og ég áðan nefndi, hafa fengið uppeldis- eða kennslufræðilega greiningarmeðferð af því að hún hefur ekki nema að litlu leyti verið fyrir hendi. Þessi hópur þroskaheftra þyrfti líka á dagvistarstofnunum að halda. Sum gætu verið á almennum dagvistunarstofnunum, ef þar fengist aukin aðstoð með þeim, t. d. þroskaþjálfi, en svo aftur önnur með frekari þroskahömlun þyrftu á að halda sérdeildum í tengslum við hinar almennu dagvistunarstofnanir. Sérdeildir við almennar dagvistunarstofnanir eru því eins nauðsynlegar og sérdeildir við almenna grunnskóla. Allt eru þetta óleyst verkefni sem skjótrar úrlausnar þurfa við.

Þegar minnt er á svona vanrækt verkefni varðandi þroskaheft börn er ekki úr vegi að minnast þess, að næsta ár, árið 1979, munu Sameinuðu þjóðirnar helga málefnum barnanna og tilgangurinn er að beina athyglinni að vanræktun verkefnum er varða hag og aðbúnað þeirra. Ég vil minna á þroskaheft börn í þessu sambandi og benda hv. þdm. á verðugt verkefni. Þarna gæti íslenska þjóðin lagt fram verðugan skerf á alþjóðaári barnsins og rétt hlut þroskaheftra barna í þjóðfélaginu.

Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna stendur einnig, að verknám skuli standa öllum jafnopið og vera öllum jafnfrjálst, og einnig, að hver maður eigi rétt á atvinnu að frjálsu vali, réttlátum og hagkvæmum vinnuskilyrðum og vernd gegn atvinnuleysi. En hafa þessi mannréttindi ekki gleymst líka þegar við hugleiðum aðbúnað öryrkja til verknáms og atvinnumöguleika? Þroskaheftum er t. d. að mjög litlu leyti tryggð starfsþjálfun að grunnskólanámi loknu. Á 10. og 11. skólaári fá þeir lítillega starfsþjálfun, sem þó er mest bóklegs eðlis. Mjög takmarkaðar kannanir hafa verið gerðar á þörfinni fyrir verndaða vinnustaði fyrir öryrkja, en eins og fram kemur í grg. með frv. þyrfti sennilega á annað þúsund manns á þeim að halda. Nauðsynlegt er að öryrkjum verði búin fullkomin aðstaða til að kanna og undirbúa möguleika þeirra til að fara út á hinn almenna vinnumarkað, þar sem þeim væri gefinn kostur á fjölbreyttu vali í verkmenntun og starfsþjálfun. Fyrir hendi er nú einhver slík þjálfun, en hún er mjög takmörkuð. Má benda á að inn á þessa braut hefur verið farið á hinum Norðurlöndunum í mun ríkara mæli en hér. Við megum ekki gleyma því, að líkamlega og andlega fatlaðir hafa engu minni þörf og löngun til að fá tækifæri til að efla þroska sinn en heilbrigðir til þess að þeir geti reynst nýtir þjóðfélagsþegnar. Þeim mundi örugglega reynast léttara að bera fötlun sína ef þeir fyndu að þeir væru ekki einangraðir frá samfélaginu og þeim yrði sköpuð aðstaða til að taka að sér létt störf samfélaginu til gagns og þeim sjálfum til lífsfyllingar.

Fullkomnar endurhæfingarstöðvar eru líka undirstaða þess, að öryrkjar geti fengið þá þjálfun sem nauðsynleg er, bæði eftir slys, sjúkdóma og vegna annarra ástæðna. Í þeim málum hefur þegar mikið áunnist, en nauðsyn er á áframhaldandi uppbyggingu þeirra, ekki síst í dreifbýlinu. Þörfin er einnig mjög brýn á byggingu mun fleiri dvalarheimila en fyrir hendi eru. Þær byggingar, sem reistar hafa verið í þessu skyni, hafa aðeins getað tekið við hluta þeirra, sem nauðsynlega þurfa á slíkum heimilum að halda.

Þótt skilningur á vandamálum þroskaheftra sé hvergi nægur enn sem komið er hefur samt orðið umtalsverð breyting á því hugarfari sem lengi ríkti varðandi málefni þeirra. Það er ekki ýkjalangt síðan þroskaheftum var talið best fyrir komið á einhverjum einangruðum, lokuðum stofnunum. Viðhorfsbreyting, sem rutt hefur sér víða rúms í nálægum löndum, t. d. Noregi og Svíþjóð, og er einnig farið að gæta verulega hér á landi, er að umhverfi þroskaheftra eigi að gera sem eðlilegast, aðlaga þá eðlilegum lifnaðarháttum, og á það í raun að hafa mjög víðtæk áhrif á allt sem þjóðfélagið gerir fyrir þroska-

hefta. Grundvallaratriðið er að þroskaheftum sé gert kleift að búa við lífsskilyrði sem séu eins lík lífsskilyrðum annarra þjóðfélagsþegna og frekast er unnt. Staðsetning nauðsynlegra sérskóla, fjölskyldu- og vistheimila þurfa að vera í eðlilegu umhverfi. Þroskaheftir þurfa því að blandast heilbrigðum á þroskabrautinni eins og frekast er kostur, bæði í hinum almenna grunnskóla og í dagvistunarstofnunum, svo að eitthvað sé nefnt.

Hér hefur verið stiklað á stóru í vandamálum öryrkja. En af framansögðu má ljóst vera að gera verður stórátak í málefnum þeirra. Það hlýtur að vera krafa þessa fólks, að því sé gert kleift að njóta jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna, og keppikefli hvers velferðarþjóðfélags að búa sem best í haginn fyrir þá. Þarna er um að ræða vandamál sem á ekki að vera einangrað mál þessara hópa, heldur vandamál alls samfélagsins. Fólk, sem þarf að búa við örorku líkamlega eða andlega, hefur við næg vandamál að stríða þótt það komi ekki alls staðar að lokuðum dyrum þegar það leitar úrlausnar vandamála sinna hjá samfélaginu. Það á ekki að þurfa að leita þangað eins og ölmusumenn, heldur eiga að vera forgangsverkefni hvers velferðarríkis að búa svo í haginn fyrir þá, að þeir geti notið sjálfsagðra mannréttinda þrátt fyrir fötlun sína. Við hljótum að viðurkenna að þeir, sem um stjórnvölinn halda, hafa ekki sýnt vandamálum þeirra nægan skilning. Hafa mál þeirra ekki of oft gleymst í kapphlaupinu um veraldargæðin, og vill það ekki of oft verða svo, að við gleymum að taka þátt í þeim sem skyldi, nema þau berji að dyrum hjá okkur sjálfum? Þrátt fyrir verðbólgudrauginn og efnahagsvandann, sem að steðjar, getum við stært okkur af almennri velmegun á flestum sviðum, þó tómir fjárfestingarsjóðir og skuldasöfnun sýni vissulega að við höfum lifað um efni fram. Við getum stært okkur af háum þjóðartekjum og við getum stært okkur af menningarauð og blómlegu menningarlífi. En hefur ekki eitthvað farið úrskeiðis í velferðarríki okkar ef við sköpum þeim ekki viðunandi aðstöðu sem ekki hafa bolmagn til þess að leita réttar síns?

Vissulega kostar það mikið að koma málefnum öryrkja í gott horf. En ég vil benda á að þegar við segjum að við skiljum vel aðstæður þeirra og viðurkennum að við höfum ekki búið nógu vel að fötluðum, en það sé fjárhagsgeta þjóðarbúsins sem hafi komið í veg fyrir að meira hafi verið gert, þá er það léleg afsökun. Það læðist nefnilega að manni sá grunur, að hér sé frekar um skilningsleysi að ræða en peningaleysi.

Það væri hægt að hefja hér langan lestur um ýmiss konar sóun sem verið hefur með fjármuni þjóðarinnar og það sem framkvæmt hefur verið á mörgum sviðum, en að skaðlausu hefði mátt bíða. Hér skal þó aðeins minnt á nokkrar óarðbærar fjárfestingar sem eru í sviðsljósinu í dag og væri hægt að fresta til þess að koma málefnum í betra horf: Ég minni á Borgarfjarðarbrúna, Víðishús, byggingu nýs útvarpshúss, þjóðarbókhlöðu, svo að eitthvað sé nefnt. Vissulega er nauðsynlegt og þarft að byggja upp blómlegt menningarlíf, en ég spyr: Höfum við efni á því meðan við getum ekki skapað öllum fötluðum viðunandi aðstöðu til sjálfsbjargar, þannig að þeim sé gert kleift að svala athafnaþrá sinni og komast út á vinnumarkaðinn, og á meðan við getum ekki séð rúmlega 1000 þroskaheftum börnum fyrir aðstöðu til skólaskyldunáms við þeirra hæfi? Ég hika ekki við að segja, að óskir þessara hópa um jafnrétti eru þjóðfélaginu síður en svo dýrar með tilliti til þess, að það hljóti að teljast arðsamar framkvæmdir í þjóðfélaginu að gera fötluðum kleift að nýta þá hæfileika og starfsorku sem þeir búa yfir, en hafa ekki fengið tækifæri til að nota.

Þar sem þessu frv. fylgir ítarleg grg. sé ég ekki ástæðu til að fara nákvæmlega út í einstakar greinar frv. við þessa umr., nema tilefni gefist til, en vil þó fara nokkrum orðum um tekjustofna sjóðsins, þar sem ég geri ráð fyrir að skiptar skoðanir geti verið um þá tekjuöflun sem þessum sjóði er ætluð. Ég vil taka það fram, að ekki skiptir neinu meginmáli með hvaða hætti tekna skuli aflað til að standa straum af nauðsynlegum framkvæmdum sem gera þarf til að bæta aðbúnað öryrkja, heldur aðeins að tryggt sé að markmiðum frv. sé náð. Ekki er óeðlilegt að einhverjum detti í hug. Af hverju slíkan sjóð? Er ekki eðlilegra að svo sjálfsögð réttlætismál eins og t. d. sérkennsla séu fjármögnuð með framlögum beint úr ríkissjóði? Auðvitað væri eðlilegast að fjármagna sérkennsluverkefni með framlögum beint úr ríkissjóði, en þessi verkefni hafa verið vanrækt og eru það verulega enn þrátt fyrir skýr ákvæði um framkvæmd á þeim og þess vegna á þessi sjóður fyllilega rétt á sér. Mikil og brýn nauðsyn var á sérstöku lagaákvæði í grunnskólalögunum um sérkennslu og útfærða reglugerð og áætlanir um framkvæmd sérkennsluverkefna á tilteknum tíma. En ég vil benda á að þrátt fyrir öll þessi ákvæði er ekki að finna mikla viðhorfsbreytingu hjá stjórnvöldum í þá átt, að nauðsyn sé að hraða þessum framkvæmdum. Það sést kannske best á því fjármagni sem veitt hefur verið undanfarið, og frv. til fjárl., sem nú liggur fyrir Alþ., gefur heldur engin fyrirheit um hugarfarsbreytingu, en þar eru ætlaðar til byggingar skóla fyrir þroskahömluð börn 60 millj. kr.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er ekki óvarlegt að áætla að þeir tekjustofnar, sem þar er gert ráð fyrir, gefi 900-1000 millj. á ári. Hvað varðar tekjur af áfengi og tóbaki, þá er byggt á þeirri forsendu, að magnsala áfengis og tóbaks sé svipuð frá ári til árs og sala á árinu 1977 lögð til grundvallar. Tekjustofnar þessir eru samt ekki valdir af neinu handahófi, sem gleggst má sjá af því, að örorku má í mörgum tilfellum rekja til neyslu áfengis og tóbaks. Þau eru t. d. ekki fá bílslysin sem örorku hafa valdið vegna þess að áfengi var haft um hönd, og einnig hafa læknar bent á að sjúkdómar tengdir reykingum eru oft orsök örorku.

Sjóðnum er líka ætlað að hafa tekjur af öllum seldum aðgöngumiðum hvers konar félags- og skemmtanastarfsemi í landinu. Ég vil undirstrika, að hér er um mjög vægt gjald að ræða sem vel er réttlætanlegt með tilliti til að hér þarf sameiginlegt átak margra að koma til. Það undirstrikar enn betur að þetta á ekki að þurfa að verða einangrað vandamál þeirra sem við fötlun búa, heldur sameiginlegt vandamál samfélagsins. Við skulum minnast þess, að þeirra vandamál í dag geta orðið okkar á morgun.

Ég vil svo að lokum vona að mál þetta njóti skilnings hv. þdm. og þetta brýna réttlætismál öryrkja nái fram að ganga. Hér er um að ræða málefni sem allir ættu að geta sameinast um, hvar í flokki sem þeir standa.

Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta mikilsverða málefni sem hér hefur verið lagt fram frv. um, um Framkvæmdasjóð öryrkja. Ég er ekki í nein-

um vafa um að allir alþm. hafa hug á því að greiða götu þess, að þau verkefni, sem frv. fjallar um, nái fram að ganga og til þess verði veitt það fjármagn sem frekast er unnt og helst svo mikið sem nauðsyn krefur.

Hv. flm. flutti ítarlega framsöguræðu sem ég hef ekki miklu við að bæta hvað snertir nauðsyn þess verkefnis sem frv. fjallar um. Ég held að sú nauðsyn sé almennt viðurkennd og viðurkennd af þeim sem settu grunnskólalögin og hafa starfað hér á Alþ. að undanförnu. En það er eins og oft hefur viljað verða, að það er fjármagnið sem vantar, og svo mun einnig í þessu tilviki.

Ég vil þó, áður en þetta frv. fer til n., gera örfáar aths., ekki af því að ég sé andvígur efni frv., heldur vegna þess að ég vil að það komi fleira til athugunar í sambandi við afgreiðslu þess en í því stendur eins og það er nú.

Í fyrsta lagi finnst mér, að nafnið sé fullvíðtækt fyrir það verkefni sem ætlað er að vinna samkv. frv. Sjóðurinn á að heita Framkvæmdasjóður öryrkja, en það er ekki nema hluti af þeim framkvæmdum, sem til þarf, sem honum er ætlað að vinna að.

Þá vil ég í öðru lagi benda á, hvort þörf sé á að skipa stjórn fyrir þetta verkefni, eins og þarna er lagt til. Hér er um að ræða framkvæmd á lögboðnum verkefnum, og ég dreg nokkuð í efa að það sé rétt leið að bæta við einu stjórnunartækinu til viðbótar. Satt að segja hélt ég að báknið væri alveg nógu stórt eins og það er og hægt væri að koma þessum málum fyrir án þess að bæta við nýjum millilið. Má vera að ég misskilji þetta eitthvað.

Í þriðja lagi vil ég svo segja það almennt, að enda þótt ég hafi á sínum tíma, og það oftar en einu sinni — margoft býst ég við — verið flm. að frv. sem gera ráð fyrir svokölluðum mörkuðum tekjustofnum, þá er ég það ekki lengur. Ég tel að verkefni, sem lög kveða á um, eigi að fjármagna gegnum fjárlög og þar eigi að tiltaka þá fjárhæð sem fært telst að leggja fram til lausnar þessu verkefni. Hv. flm. sagði líka réttilega, að það skipti ekki *neinu meginmáli* hvaðan fjármagnið kæmi, aðalatriðið væri að það kæmi, það væri fyrir hendi. Og ég vil í allri vinsemd benda á það, hvort ekki sé vænlegra og réttara, með tilliti til framtíðarinnar líka, að tillaga til þessa verkefnis eins og margra annarra sé ákveðið í fjárlögum. Ég veit að það er að hluta til ákveðið í þessu frv., að ríkisframlag skuli koma til, en ég lýsi þessu sem minni skoðun eins og hún er nú orðin, — ég hef þá leyfi til þess að láta mér snúast hug á ný, ef ég verð sannfærður enn á ný, og fara þá einn hring enn. Eins og sakir standa tel ég almennt að verkefni eins og þau, sem hér um teflir, eigi að fjármagna gegnum fjárlög. Það má vel vera, að hægt sé að hætta við eitthvað af því sem í fjárlagafrv. er nú. Ef svo er, þá er út af fyrir sig vel. Það má líka vera, að hægt sé að finna eitthvað fleira en það, sem hv. flm. nefndi, sem draga mætti úr, og þá er það einnig góðra gjalda vert. Ég vil nú fremur vara við þeirri fjáröflunarleið sem hér er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. tappagjaldi og gjaldi á aðgöngumiða að skemmtisamkomum.

Að öðru leyti ætla ég ekki að segja meira um þetta mál, herra forseti. Ég fagna framkomu þess, því að enda þótt okkur kunni að greina á um leiðir til fjáröflunar, þá hlýtur þó flutningur frv. að vekja athygli á því máli sem hér er um að tefla, sem er vissulega þarft, og þess vegna hefur það þegar, vil ég vona, náð nokkrum tilgangi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir að stofna nýjan sjóð, Framkvæmdasjóð öryrkja, og á hlutverk sjóðsins að vera að greiða fyrir fjármögnun þeirra framkvæmda sem gert er ráð fyrir í lögum, reglugerðum og áætlunum um sérkennslu og endurhæfingu.

Um málefni öryrkja erum við vafalaust sammála og ég vil á engan hátt gera lítið úr því, sem gert hefur verið að undanförnu í þeim efnum og verið er að undirbúa með lagasetningu á síðustu árum. Sérkennslan er og verður málefni menntmrn., gert er ráð fyrir því í lögum, og að mínum dómi á að standa undir þeirri sérkennslu með fjárframlögum á fjárlögum eins og ætlast er til um aðra þætti þeirrar kennslu og kennslu almennt.

Í sambandi við endurhæfingu hefur margt verið gert í þeim efnum og verið mjög komið til móts við aukinn og vaxandi skilning á málefnum þessa fólks. Ég held að það sé rétt hjá mér, að hv. flm. þessa frv. hafi ekki minnst á það, að á s. l. vori eða rétt fyrir lok síðasta þings voru gerðar veigamiklar breytingar á lögum um almannatryggingar, en þar eru ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að ráðh. er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við tiltekin atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu einn eða fleiri 75% öryrkja, sem hafa vinnugetu, en nýtast ekki á vinnumarkaðnum og hafa ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur lífeyristrygginganna. Á meðan slíkur vinnusamningur stendur greiðir vinnuveitandinn öryrkjanum fastakaup, en Tryggingastofnunin endurgreiðir 75% af þeim launum, sem öryrkinn fær greidd fyrsta starfsárið, 50% af þeim launum, sem hann fær greidd annað starfsárið, og 25% af þeim launum, sem hann fær greidd þriðja starfsárið, og telst þá samningstímabili við atvinnurekanda lokið. Bætur öryrkjans falla niður á starfstímabilinu, þar sem honum er gert samkv. þessu að fá fullar tekjur þetta samningstímabil. Gert er ráð fyrir að kveðið sé nánar á um þessa öryrkjavinnu í reglugerð, sem ég veit ekki hvort liggur fyrir, en nauðsynlegt er að hún liggi fyrir um áramót, því að eðlilegt er að tryggingaráð setji eða geri drög að slíkri reglugerð, enda var til þess ætlast eftir að þessi lög voru sett á s. l. vori.

Ég tel að hér sé eitt atriði af mörgum, sem er mikilvægt í þeim efnum að koma til móts við öryrkja. Jafnframt er það mikilvægur áfangi í þeirri viðleitni, að öryrkjar geti unnið með fullkomlega heilbrigðu fólki, og þá er talið að rétt sé að reyna þessa leið og því var þetta ákvæði sett til *bráðabirgða í almannatryggingalögin*.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir frá hv. 12. þm. Reykv., gerir ráð fyrir, að sérstakur sjóður sé stofnaður til þess að greiða fyrir fjármögnun þessara framkvæmda. Alhliða er ég þeirrar skoðunar, eins og raunar hv. síðasti ræðumaður minntist á, að þegar Alþ. hefur sett lög og reglugerðir hafa verið gefnar út í samræmi við þau lög, þá beri samfélaginu eða ríkinu að greiða á fjárlögum framlag til að framkvæma þessi lög sem Alþ. hefur sett.

Það má alltaf bæta á einhverjum nýjum liðum, t. d. á brennivín og tóbak, eins og hér er gert ráð fyrir. Ríkið hefur hagnaðinn af brennivíns- og tóbakssölu í landinu. En það eru líka takmörk fyrir því, hversu langt á að ganga í þeim efnum. Nú skulum við segja, að vilji sé hjá flestum að draga úr sölu á þessum vörutegundum, en hins vegar byggja fjárlög hverju sinni að töluverðu marki á því, hvað ríkið muni hafa í hagnað af sölu á þessum vörum. Þá verður að gæta þess að spenna ekki bogann það hátt, að sú fjáröflun standist ekki. Þá fær ríkið ekki áætlaðar tekjur. Ég veit ekki hvernig tíðar hækkanir á brennivíni og tóbaki hafa verkað á söluna, en mér er sagt

að töluvert hafi dregið núna úr sölu. Það út af fyrir sig er gott, en ríkið fær þá minni tekjur.

Hér er líka lagt til að leggja 20 kr. styrktargjald ofan á verð allra seldra aðgöngumiða í landinu og það á að greiða samhliða skemmtanaskatti. Ég er ekki sannfærður um að þessi sífelldi sparðatíningur, ný gjöld og gjald ofan á gjald á öllum sviðum, sé það eina rétta og sanna. Ég vil í þessu tilfelli minna á, þannig að það líti ekki út fyrir, af því að ég er stjórnarandstæðingur, að ég skipti um skoðun eftir því hvort ég á aðild að stjórn eða ekki, að samstarfsnefnd um varnir gegn tóbaksreykingum hafði tekjur sínar af tóbakssölu. Með lögum, sem ég beitti mér fyrir og Alþ. samþykkti, var þessi tekjuöflun felld niður og kostnaður við þessa starfsemi tekinn inn á fjárlög, þannig að Alþ. réði því hverju sinni hversu há upphæð yrði veitt til þessa verkefnis. Það er í samræmi við þá skoðun mína, sem ég hafði þá og hef nú, að það eigi ekki, þó að séu mikilvæg og góð málefni, að fara allt í einu að stofna nýjan sjóð með nýja tekjustofna sem eru gjald á ákveðnar tegundir af vörum eða þjónustu sem borgurunum er seld. Þess vegna er ég fyrir mitt leyti alfarið á móti þessari tekjuöflun, en það er ekki vegna þess að hún er sett fram hér í þessu frv. Ég er sammála hv. 9. þm. Reykv. um það, að mörkuðu tekjustofnarnir eiga sín takmörk og við megum ekki færa þá út í tíma og ótíma, hvað sem líður viðhorfum okkar til viðkomandi ríkisstj. á hverjum tíma. Hitt breytir ekki skoðun minni og er samhljóða skoðun hv. flm. þessa frv., að það er margt ógert enn þá í málefnum öryrkja. En við megum á engan hátt gera lítið úr því, sem gert hefur verið á undanförnum árum til hagsbóta þessu fólki og ekki heldur gleyma því nýjasta, sem Alþ. samþykkti með lögum sem samþykkt voru 6. maí á s. l. vori. Ég tel mikilvægt atriði að fylgja þessum samþykktum vel eftir og vil á allan hátt styðja hv. flm. að því að þessi verkefni verði endurskoðuð þannig að fjárveitingum verði varið til þeirra á þann hátt sem gildandi lög og reglugerðir segja til um. En ég efast mjög um að hér sé farið út á rétta braut, að stofna sérstakan sjóð með sérstakri stjórn. Þessi verkefni eru allflest eða öll í höndum annarra aðila, og því held ég að athuga verði þessi mál í heild þegar þetta frv. kemur til meðferðar í nefnd.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að þakka hv. flm., 12. þm. Reykv., fyrir að hafa hreyft þessu mikilvæga máli og fyrir ítarlega og fróðlega framsöguræðu fyrir frv. Málefni öryrkja eða þroskaheftra eru svo mikilvæg, að þar þarf auðvitað að gera á mörgum sviðum betur en gert hefur verið hingað til.

Þetta frv. hefur samkv. grg. það höfuðmarkmið að tryggja ákveðinn tekjustofn til sérkennslu, samkv. áætlun, sem gerð hefur verið í samræmi við grunnskólalög, og þar er mikil fjárþörf fyrir hendi. Það er ljóst að sérkennsla þroskaheftra er eitt þeirra vandamála sem ekki hefur enn fengist viðhlítandi lausn á og langt frá því, eins og kemur skýrt fram í grg. þessa frv. Ýmis önnur vandamál, sem snerta þroskahefta, þarf einnig að leysa.

Eftir stjórnkerfi okkar falla vandamál öryrkja eða þroskaheftra aðallega undir þrjú rn., menntmrn., heilbr.- og trmrn. og félmrn., og í rauninni er sinn þátturinn undir hverju þessara rn. Eitt af því, sem brýn nauðsyn er að gera skipulagslega séð, er að koma hér á sem bestu samstarfi og samráði. Í því skyni hafa á undanförnum árum verið settar nefndir á laggirnar. Nú síðast mun það hafa verið á s. l. vori, að ákveðið var í samráði við Landssamtökin Þroskahjálp að skipa nefnd með fulltrúum frá þessum þrem rn. og frá Þroskahjálp til þess að gera till. um heildarlöggjöf um vandamál þroskaheftra. Það er rétt að það komi einnig fram, að sú er yfirlýst skoðun Landssamtakanna Þroskahjálpar og eindregin ósk þeirra samtaka, að yfirstjórn þessara mála sé í höndum félmrn. Ég sé á þessu frv., að hv. flm. virðist vera sömu skoðunar, því að það kemur fram að þótt hér sé um að ræða kennslu- og fræðslumál öryrkja að verulegu leyti, þá leggur hv. flm. til að þessi mál heyri fyrst og fremst undir félmrn. Mér er ekki kunnugt um hvað líður starfi þessarar nefndar, en vænti þess, að tillagna frá henni sé að vænta áður en langt um líður, vegna þess að þegar hún var skipuð lá þegar fyrir veruleg vinna bæði af hálfu nefndar, sem áður hafði verið skipuð, og einnig frá Þroskahjálp um hvernig þessum málum skyldi í heild skipað.

Varðandi fjáröflun samkv. þessu frv. vil ég ekki á þessu stigi taka afstöðu til þeirra leiða sem þar er á bent. En þó þykir mér ástæða til að minnast nokkuð á mismunandi skoðanir sem fram hafa komið í þessum umr. um það hvort eigi að veita fé í fjárlögum af almennum ríkissjóðstekjum til slíkra mála eða leita til markaðra eða sérstakra tekjustofna. Það er rétt, að það væri ákaflega æskilegt ef hægt væri að afla fjár úr ríkissjóði, af almennum ríkissjóðstekjum, til nauðsynjamála eins og þessara. En reynslan bendir til þess, að oft verða nauðsynjamál að bíða allt of lengi ef á að fara þessa leið eingöngu. Þess vegna hefur oft verið gripið til markaðra tekjustofna, sérstaklega til að þoka fram líknar-, mannúðar- og menningarmálum. Ég fullyrði að mörg slík mál hafa verið leyst eða a. m. k. hefur þeim þokað betur áfram en ella, vegna þess að ákveðnir hafa verið sérstakir markaðir tekjustofnar til þeirra. Sum þessara mála hafa þurft að bíða árum saman eftir því að Alþ. sinnti þeim nægilega við afgreiðslu fjárlaga. Þegar slíkt hefur ekki tekist hefur verið gripið til hinna mörkuðu tekjustofna. Ég get nefnt það sem dæmi, að slysavarnir Íslands væru í lakara ástandi en þær nú eru, ef ekki hefði verið fyrir mörgum árum gripið til markaðs tekjustofns fyrir Slysavarnafélagið. Ég held einnig að málefni fatlaðra og þroskaheftra væru enn verr á vegi stödd en þau nú eru, ef ekki hefði notið við markaðra tekjustofna. Þess vegna held ég að ekki sé rétt að útiloka hina mörkuðu tekjustofna, því að reynsla okkar a. m. k. tvo síðustu áratugi hefur ápreifanlega sannað að þeir hafa verið nauðsynlegir oft og tíðum til þess að leysa mikil vandamál, sérstaklega á sviði félagslegra umbóta, líknar- og mannúðarmála.

Ég skal ekki fara frekar út í efni þessa frv. nú — það kemur væntanlega til þeirrar n. sem ég á sæti í — en ég vildi láta þessar aths. koma fram strax um leið og ég ítreka að hv. flm. á þakkir skilið fyrir að hafa hreyft þessu merka máli.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með hvað góðar undirtektir það hefur fengið, að brýn nauðsyn er á að stórátak verði gert í málefnum öryrkja, þó að ýmsar aths. hafi komið fram um efnisþætti frv. og þrátt fyrir að sitt sýnist hverjum um þá tekjuöflun sem þessum sjóði er ætluð.

Hér hafa komið fram þær aths., að rétt og eðlilegt sé að sérkennsla sé fjármögnuð með fjárframlögum beint úr ríkissjóði og ekki ætti að þurfa að koma til ákveðinn

tekjustofn. Ég get vel fallist á þau rök, að það hljóti að vera eðlilegast að öll sérkennsla sé fjármögnuð beint úr ríkissjóði, eins og ég reyndar kom inn á í framsögu minni. En ég bendi enn og aftur á, að á meðan þess sjást engin merki, að sú áætlun, sem ráð er fyrir gert um sérkennslu, standist, eins og framlög á fjárlögum ótvírætt bera merki, þá tel ég að þessi sjóður eða þessi ákveðni tekjustofn eigi fyllilega rétt á sér. Ég vil þakka sérstaklega hv. þm. Gunnari Thoroddsen fyrir undirtektir hans við að markaðir tekjustofnar geta í mörgum tilfellum átt fyllilega rétt á sér.

Þær endurbætur, sem hv. þm. Matthías Bjarnason benti á að gerðar hefðu verið á almannatryggingalögunum um aðbúnað öryrkja til vinnu, eru vissulega góðra gjalda verðar. En það breytir á engan hátt þeirri staðreynd, að enn vantar mikið á starfsþjálfun öryrkja til þess að þeir geti átt þess kost að komast út á hinn almenna vinnumarkað. Eins og ég benti á í minni framsögu, vantar enn verndaða vinnustaði fyrir í kringum 1000 manns.

Að lokum er ég enn staðfastlega þeirrar skoðunar, að ákveðinn tekjustofn á rétt á sér á meðan fjárlög bera þess engin merki að aukin framlög verði veitt til þeirra mála sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við það frv. sem hér er til umr. Ég tel að þetta frv. sé ákaflega vel unnið og víki að máli sem er mjög þarft, komi með hugmyndir um lausn, sem er mjög athyglisverð.

Í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram um markaða tekjustofna og aðrar leiðir til tekjuöflunar fyrir félagslega þjónustu, vil ég taka það fram, að vikið er að þessu máli hér, mörkuðum tekjustofnum, fyrst og fremst vegna þess, sem er auðvitað meginatriði í málinu, að ríkissjóður og Alþ. hafa ekki treyst sér til þess að standa við fjárhagsskuldbindingar sem Alþ. hefur tekið á sig með samþykkt sérstakra laga. Það er ætlast til þess, þegar ríkisstjórnir leggja fram stjfrv. um viðamikil mál, að Alþ. sé gerð grein fyrir því hvað samþykkt á slíku frv. kosti. Þetta hefur hins vegar yfirleitt ekki verið gert. Og stóra lagabálka, eins og t. d. grunnskólafrv. á sínum tíma, sem hv. Alþ. samþykkti, samþykkir Alþ. án þess að hafa hugmynd um hvaða fjárhagslegar skuldbindingar það er að taka á sig með því. Þess vegna skapast þau vandamál, að Alþ. samþykkir e. t. v. góð lög sem það síðan getur ekki framkvæmt vegna þess að þingið hefur reist þjóðinni hurðarás um öxl í fjárhagslegu tilliti. Þetta er ein af ástæðum þess, að þegar menn hafa séð að slíkir lagabálkar ná ekki framkvæmdum sökum skorts á fjármunum, þá hafa menn valið þá leið, sem hér er að vikið, að afla þá fjár til þessara sérstöku þarfa með sérstökum hætti. Þetta er skýringin á því, hvers vegna menn hafa valið þá leið að gera till. um markaða tekjustofna, einkum og sér í lagi til þess að fullnægja félagslegum þörfum.

Ég vil leggja áherslu á það, að ef menn vilja draga úr notkun slíkra markaðra tekjustofna, þá verður það auðvitað ekki gert nema með því að þm. geri sér grein fyrir hvaða fjárhagslegar skuldbindingar þeir eru að leggja á sig eða öllu heldur á þjóðina með því að samþykkja stóra lagabálka.

Ég vil að lokum vekja athygli þingheims á því, að grunnskólafrv., sem samþ. var hér á Alþ. fyrir alllöngu, á enn langt í land. Ég get ekki séð að ýmis mikilvægustu atriði grunnskólalaganna verði framkvæmd á næstu árum, ekki vegna þess að stjórnvöld eða Alþ. skorti viljann, heldur vegna hins, að menn hafa fyrst samþ. lögin og síðan reynt að gera sér grein fyrir því á eftir, hvað framkvæmdin kostar. Það er auðvitað aðferð, sem ekki verður lengi við unað, en það er sú aðferð, sem hefur í of miklum mæli verið viðhöfð á Alþingi Íslendinga, að menn hafa ekki viljað af einhverjum ástæðum gera sér grein fyrir því, hvað það kostar, sem þingið er að samþykkja, hvaða byrðar þingið er að leggja á þjóðina með stórum og vissulega jákvæðum lagabálkum sem þingið samþykkir. Eina leiðin út úr því fyrir þm., sem ekki vilja una aðgerðarleysi, sem ekki vilja una því að lög, sem samþ. hafa verið af þessari hv. stofnun, koma ekki til framkvæmda, — eina leiðin fyrir þessa þm. er þá að sjálfsögðu að benda á tekjuöflunarmöguleika. Það hefur hv. 12. þm. Reykv. gert í sambandi við það frv., sem hún hér flytur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Dómvextir, frv. (þskj. 19). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Seint á síðasta þingi leyfði ég mér að flytja frv. shlj. því sem nú liggur fyrir. Að svo miklu leyti sem þetta frv. fékk meðferð hér í þinginu fékk það góðar undirtektir, en tími vannst ekki til að afgreiða það. Þetta er frv. til l. um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 frá 1936, um meðferð einkamála í héraði. Það er nánast ein grein og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á tímabilinu frá stefnubirtingu til dómsuppsögu í dómsmáli getur dómari, eftir kröfu aðila, ákveðið, að vextir af dómkröfu séu jafnháir innlánsvöxtum af vaxtaaukalánum eða öðrum sambærilegum vaxtakjörum, er taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómari skal þó ekki verða við slíkri kröfu ef atvik þau, sem getið er í 1. og 3. tölul. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við um stefnanda eða ef þegar hefur verið tekið tillit til verðbólgu á ofangreindu tímabili við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útivistarmálum, ef stefnandi skilaði ekki grg."

Frv. þetta er enn ein afleiðingin af því verðbólguástandi, sem hér ríkir, og er einn anginn af því vandamáli, sem verðbólgunni fylgir. Í þessu ástandi þróast hvers lags spákaupmennska, verðskyn brenglast hjá almenningi og kæruleysi — jafnvel ábyrgðarleysi — fer mjög vaxandi varðandi hvers konar fjármuni og fjármál. Áður fyrr þótti sjálfsögð dyggð að standa í skilum og greiða skuldir sínar, en nú í seinni tíð í þessu ástandi hefur sífellt sigið meir á ógæfuhliðina. Stofnað er til gífurlegra fjárhagslegra skuldbindinga, lítil virðing er borin fyrir þeim af þeim sem til þeirra stofna, vanskil eru mjög tíð og menn sjá sér jafnvel hag í því að draga mjög greiðslur fram yfir gjalddaga. Þess er mjög mörg dæmi og veruleg brögð eru að því, að stofnað er beinlínis til vanskila til þess að neyða kröfuhafa til dómsmála, til kröfumála, enda hefur slíkum málum mjög fjölgað í seinni tíð. Vegna verðbólgunnar og vegna dráttar, sem á afgreiðslu

slíkra mála er, rýrna að sjálfsögðu mjög allar peningakröfur, og það er ljóst að vísvitandi er til þessara mála stofnað vegna þess að greiðslufrestur, sem þannig fæst, er hinn ákjósanlegasti og er jafnvel skuldurum til hagsbóta. Þessi dráttur skaðar að sjálfsögðu mjög verulega kröfuhafana. Hann gerir réttmætar kröfur nánast verðlausar og hann rýrir mjög traust dómstólanna í landinu.

Til þess að mæta þessum vanda þarf fyrst og fremst að ráða niðurlögum verðbólgunnar almennt talað, en það er löngu ljóst og á sér augljósar skýringar sem ég fer ekki út í að þessu sinni. En meðan glíman við verðbólguna gengur ekki betur en raun ber vitni, þá er nauðsynlegt að mínu mati að gera dómstólum kleift að taka tillit til þessarar verðbólgu við uppkvaðningu dóma og verðtryggja með einum eða öðrum hætti þær kröfur sem orðið er við og dæmdar eru. Þetta frv., sem hér er flutt, stefnir að því að gera dómstólum þetta mögulegt. Er það gert með þeim hætti, að vextir af dómkröfu verði jafnháir innlánsvöxtum af vaxtaaukalánum eða öðrum sambærilegum vaxtakjörum, er taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Áhrif þessa frv., ef að lögum verður, geta orðið margvísleg og í flestum ef ekki öllum tilfellum jákvæð. Í fyrsta lagi mundi það draga mjög úr öllum óþarfa málarekstri, sem nú er ótvírætt stofnað til. Í öðru lagi mundi það tryggja þeim, sem eiga réttmætar kröfur, að verðgildi þeirra krafna haldist. Síðast en ekki síst mundi það auka og treysta virðingu alls almennings fyrir dómstólum og réttlátri meðferð mála hjá þeim.

Þetta frv. er samið í samráði við sérfróða og kunnuga menn á þessu sviði. Í því sambandi kemur að sjálfsögðu til greina að verðtryggja kröfurnar beinlínis eða reyna að ná markmiðum frv. fram með öðrum hætti, en niðurstaðan varð sú að leggja þetta frv. fram og hafa þennan hátt á, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil — herra forseti — leyfa mér að vona, að þetta frv. fái jákvæðar undirtektir hjá þingheimi. Þetta er sjálfstætt mál og hægt að afgreiða án tillits til almennrar stefnu í vaxtamálum og alveg án tillits til almennrar stefnu í efnahagsmálum, sem stjórnvöld grípa til á hverjum tíma. Hér er raunverulega um það að ræða að bjarga raunverulega dómstólum úr þeirri klípu, sem þeir eru í, auka veg þeirra og virðingu og sjá til þess, að réttmætar kröfur, sem engin deila í sjálfu sér getur verið um, fáist greiddar á því verði og samkv. því verðgildi sem er fyrir hendi þegar dómur er kveðinn upp.

Ég leyfi mér svo að lokum — herra forseti — að leggja til að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hef reynt að afla mér nokkurra upplýsinga um það mál, sem hér er flutt á þskj. 19 um dómvexti. Eftir því sem ég hef getað komist næst, er hér hreyft athyglisverðu máli, sem full ástæða er til að skoða af gaumgæfni og sjá til þess að fái athugun og afgreiðslu. Mér er enn fremur tjáð af þeim, sem ég hef talað við, að hér sé um talsvert flókið mál að tefla. Ég er því ekki tilbúinn til þess á þessu augnabliki að lýsa stuðningi við frv. alveg eins og það er. Enn fremur vildi ég koma því á framfæri við hv. flm. og aðra hv. alþm., hvort ekki væri rétt að frv. þetta færi til athugunar hjá nefnd, sem starfar og heitir réttarfarsnefnd og er að athuga ýmsa liði í réttarfari og nauðsynlegar lagabreytingar þeim samfara. Formaður þessarar nefndar mun vera Björn Sveinbjörnsson hæstaréttardómari. Ég hygg að ég muni leggja það til, ef Alþ. verður við þeirri ósk hv. flm. að vísa frv. til meðferðar í allshn. Nd., við formann þeirrar hv. n., að þetta frv. verði sent til umsagnar áður nefndri réttarfarsnefnd.

Erindi mitt hingað — herra forseti — var aðeins það í aðalatriðum að styðja þetta mál, þó að ég hafi fyrirvara um nokkra liði og geri þessa till. um meðferð málsins þegar það kemur til nefndar.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir, að ég er samþykkur allri þeirri meginhugsun sem fram kemur í frv. til l. um dómvexti. Kannske er það eina, sem ég tel álitamál hvort ekki ætti að vera öðruvísi í meginhugsuninni, hvort ekki ætti hreinlega að ganga lengra. Ég vil vekja á því athygli, að þótt það sé auðvitað hárrétt, sem fram kemur hjá flm. frv., að þetta mál er í sjálfu sér óháð almennri vaxtastefnu í landinu sem stjórnvöld reka hverju sinni, þá er það samt svo, að þetta tengist t. a. m. frv. sem liggur fyrir hv. d. um raunvexti. Hér er raunverulega verið að leggja til að við a. m. k. göngum langt í þá átt að hafa raunvexti á þeim fjárkröfum sem verða í dómsmálum hverju sinni.

Sem formaður allshn. vil ég lýsa því yfir, að ég mun beita mér fyrir því í n. að þessu máli verði hraðað. Sjálfsagt er að verða við þeirri kröfu eða ósk, sem hér kom fram, að vísa málinu til réttarfarsnefndar, en þá að því gefnu að sú athugun verði skjót og taki ekki mánuði eða ár jafnvel, eins og við hefur viljað brenna um mál af þessu tagi.

Kjarni þessa er sem sagt einfaldlega sá, að ég er samþykkur meginhugsuninni, tel þó áhorfsmál hvort ekki eigi að fara — meðan vaxtastefna í landinu almennt er eins og hún er — alfarið verðbindingarleið í staðinn fyrir að miða við vexti sem enn eru allnokkuð neikvæðir. En allt um það, þessu máli á af almennum réttmætisástæðum að flýta í gegn og flýta við afgreiðslu.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Mig langar til þess að mæla nokkur orð til stuðnings þessu frv., sem ég tel ákaflega mikilvægt og þýðingarmikið að fái sem skjótasta afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Það er auðvitað öllum ljóst, að okkur dugir ekki að setja lög. Við þurfum jafnframt að tryggja að hægt sé að framfylgja lögunum og einstaklingar í þjóðfélaginu nái þeim rétti sem lög skipa þeim. Og það er hárrétt, eins og kom fram í máli 1. flm. og skýrt er frá í grg., að eins og málum háttar nú hér á landi fer því víðs fjarri, að einstaklingar, sem eiga skuldamál sín á milli, nái rétti sínum fyllilega. Þetta er mikil brotalöm í raun og veru, vegna þess að sú er afleiðing af þessu ástandi, að menn sjá sér iðulega hag í því að greiða ekki skuldir sínar, en láta mál vefjast og veltast lengi í dómstólakerfinu og stórgræða á því vegna verðbólgunnar. Þannig er það mikið réttlætismál, finnst mér, að koma þessu fram.

Ég ætla ekki að orðlengja um röksemdir fyrir ágæti frv. Það hefur þegar verið gert. Ég vil þó gera eina aths. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að þeir vextir, sem þar er fjallað um, falli einungis á kröfuna á tímabilinu frá stefnubirtingu til dómsuppsögu. Nú er það svo, að það getur oft liðið langur tími frá því að dómur er upp kveðinn þar til krafan fæst greidd og á þeim tíma geta skuldarar og duglegir lögmenn þeirra iðulega komið við margvíslegum töfum, sem valda því, að málið getur dregist ekki

síður á langinn eftir dómsuppsöguna heldur en fyrir. Ég kem ekki auga á neina skynsamlega ástæðu til þess að takmarka þessi vaxtaákvæði við dómsuppsöguna. Ég hefði talið miklu eðlilegra, að vextirnir féllu á frá stefnubirtingu til greiðsludags, þ. e. a. s. féllu á allan þann tíma sem það tekur að innheimta kröfuna.

Mér þætti mjög vænt um ef 1. flm. gæti upplýst okkur um hvaða ástæður liggja til þess, að ekki er gengið lengra í frv. Það kann að vera, að til þess séu einhverjar skynsamlegar ástæður. Mér dettur t. d. í hug, að mönnum þætti það e. t. v. of mikið lagt á vald kröfuhafans, hversu duglegur hann er að sækja kröfu sína eftir að dómur er upp kveðinn. Mér finnst sú röksemd þó ekki fyllilega frambærileg, vegna þess að ef skuldarinn þætti of illa meðfarinn af þeim sökum, þá á hann auðvitað alltaf kost á því að borga kröfuna þegar hann vill. Ég mundi leggja til, að þessu yrði breytt í frv. og yrði miðað við greiðsludag, ekki dómsuppsögudag.

Sú er önnur aths. sem ég vildi gera, að eftir ákvæðum frv. er í raun og veru ekki verið að tryggja mönnum neina vexti. Það er verið að leggja til að menn fái megnið af verðbólgunni bætt, en ekki neina raunverulega vexti. Ég tel að það þyrfti helst að ganga lengra í þessu máli. Ég tel að sá, sem á réttmæta kröfu, eigi að fá hana greidda að fullu og með hæfilegum vöxtum. Því vildi ég að gengið yrði nokkru lengra í þessu máli.

Ég ætla ekki að vera mjög langorður um þetta. Eins og hefur komið fram í máli mínu er ég mjög fylgjandi þessu frv. í öllum meginatriðum. Ég hef gert tvær aths., sem ég teldi vert að 1. flm. og síðar allshn., ef málið fer þangað, athuguðu betur.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þakka mönnum undirtektir við þetta frv. og vona að það boði að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi fyrr en síðar.

Út af þeim fsp., sem fram komu í máli síðasta ræðumanns, þá er rétt að um það má deila hvaða tímabil skal hafa í huga þegar slíkar kröfur eru dæmdar. Jafnframt er rétt að hlusta á þau sjónarmið, sem fram komu hjá honum og hv. 7. þm. Reykv., um hvort ekki sé rétt að verðtryggja beinlínis kröfurnar eða hafa hærri vexti með kröfunum og dómnum, frekar en þá aðferð sem frv. gerir ráð fyrir.

Um þetta er það að segja, að þetta hugleiddi ég og ræddi við þá aðila sem ég hafði samráð við þegar þetta frv. var samið. Niðurstaðan varð sú að fara frekar hóflega í sakirnar og stíga þetta skref með þessum hætti í staðinn fyrir að leggja fram frv. þannig úr garði gert að menn teldu sig e. t. v. ekki geta samþykkt það. Þegar miðað er við dómsuppsögu er einfaldlega haft í huga að erfitt gæti verið fyrir dómara að kveða upp dóm og ákveða vexti lengur en fram að þeim tíma að dómurinn sjálfur er kveðinn upp. Það verður auðvitað að ganga út frá því í dómsuppkvaðningu, að dómarnir og kröfurnar séu greiddar samkv. því sem dómurinn segir til um og það sé gert strax, enda oftast gengið út frá því í dómsuppkvaðningu. Þess vegna var ekki eðlilegt í löggjöf sem þessari að gera ráð fyrir því, að greiðslur krafna drægjust úr hófi eftir að á annað borð dómur liggur fyrir. Af þessum sökum var miðað við dómsuppsögu, enda er það hin almenna regla í einkamálalögunum.

Ég get hins vegar vel fallist á að þær aths., sem hafa komið fram við þessa umr., þurfi nánari athugunar við. En ég vonast þó til þess, að slíkt dragi ekki afgreiðslu málsins, verði a. m. k. alls ekki til þess að koma í veg fyrir að það fái afgreiðslu hjá hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 9). — Frh. 1. umr.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Um þetta mál hafa nú þegar orðið alllangar umr. í hv. þd. Það er ekki óeðlilegt, því að hér er um býsna viðamikið mál að ræða. Sitt af hverju hefur komið fram í umr. um málið, sem vekur athygli, það kannske einna mest, að þegar málið var síðast til umr. tók til máls formaður Sjálfstfl. hv. þm. Geir Hallgrímsson, hv. 4. þm. Reykv., og hann lýsti yfir samþykki sínu við það frv. sem hér liggur fyrir. (**Gripið fram í:** Meginstefnuna). Já, við frv. Ég vænti þess, að frv. sé fyrst og fremst um meginstefnu þess.

Hér liggur fyrir að formaður Sjálfstfl. tekur undir þá stefnu, sem haldið er fram af ýmsum talsmönnum Alþfl., að stefna beri að 50-55% útlánsvöxtum hér á landi á næstunni. Hann rökstuddi mál sitt að allverulegu leyti á sama hátt og þeir Alþfl.-menn hafa gert, að hvort tveggja væri um að ræða að bjarga hag sparifjáreigenda og ekki síður að kveða niður verðbólguna. Mér þykja þetta allmikil tíðindi og mér sýnist að það væri talsvert mikið tilefni til þess, að þessir tveir flokkar gætu nú komið sér saman um myndun ríkisstj. um ekki minna verkefni en að kveða niður verðbólguna. Stjórn hefur verið mynduð á Íslandi um minna en það, að menn séu sammála um hvernig skuli fara að því að kveða niður verðbólguna. Kannske er þetta tilkynning um að slíkt stjórnarsamstarf sé að koma og eigi að hafa þetta sérstaka verkefni. Við því er að sjálfsögðu ekkert að segja. Eflaust er það ágætt frá sjónarmiði þeirra sem trúa að þessi stefna mundi leiða til þess að kveða niður verðbólguna og bjarga hag sparifjáreigenda. En það verður að koma betur í ljós í beinum aðgerðum manna, hvað þeir trúa mikið á þessi orð sín, því að mér þykir einsýnt að ef svo er, að þeir í Sjálfstfl. trúa þessu, sem formaður þeirra hefur hér boðað, og þeir í Alþfl. trúa því, sem þeir eru að tala um, þá hljóti þessir flokkar að taka saman höndum. Það væri sannast sagt ábyrgðarleysi af þeim að mynda ekki ríkisstj. um það að kveða niður verðbólguna fyrst þeir kunna ráð til þess. Nú er aðeins að láta reyna á hvort menn trúa á þessi orð sín eða ekki.

Það hefur sitt af hverju komið fram í þessum umr. eins og ég sagði, sem gefur tilefni til þess að staldra við og athuga það nokkru betur. Það er augljóst að deilan stendur einkum um tvennt á milli þeirra, sem styðja þetta frv., og hinna, sem eru því andvígir: í mati á því hvort vaxtahækkun samkv. ákvæðum frv. mundi bjarga hag sparifjáreigenda og örva sparnað í landinu eða ekki.

Ég hef tekið það fram, að ég er fyllilega á því að gera þurfi ráðstafanir til að gera hag sparifjáreigenda betri en hann hefur verið. Ég hef hins vegar haldið því fram líka, að sú leið að hækka vextina bæti hag sparifjáreigenda síður en svo. Þarna liggur ágreiningurinn um fyrra atriðið. Aðrir virðast trúa því, að háir vextir mundu bjarga sparifjáreigendum. Ég tel að reynslan hafi þegar sýnt, að hávaxtastefnan hefur bitnað á sparifjáreigendum, en

ekki bjargað þeim. Hverju hafa þá talsmenn þessa frv. svarað þessum aths. mínum? Hverju hafa þeir svarað þeim staðreyndum, að vextir hafa orðið neikvæðari, síðan hávaxtastefnan var tekin upp, en nokkru sinni fyrr? Við höfum tvímælalaust búið við þessa hávaxtastefnu núna í 2 ½ ár. Ég hef ekki fengið neitt svar við þessum aths. annað en það, að hávaxtastefnan þurfi að standa lengur, þá smákomi þetta. Það dugi ekki að búa við 25-30% vexti í 2½ ár. Þó að reynslan af því sýni að hagur sparifjáreigenda hefur farið versnandi og er verri á þessu tímabili en þegar vextirnir voru lægri, þá er svarið þetta eitt: Það þarf að reyna þetta lengur. — Auðvitað eru svör af þessu tegi engin svör. Þetta er uppgjöf í rökræðum um mál.

Ég hef reynt að gefa á því skýringu, hvernig standi á því að háir vextir koma sparifjáreigendum ekki til hjálpar við okkar aðstæður. Ég hef bent á að háir vextir lenda hér á landi jafnóðum út í verðlagið. Það hafa nálega allir möguleika á því að velta vöxtunum af sér. Eru aths. gerðar við þetta af hálfu þeirra sem standa með þessu frv.? Engar. Neita þeir því, að vöruverð hækki í höndum verslunarinnar ef verslunin er látin borga mun hærri vexti af rekstrarlánum? Nei, þeir neita því ekki. Neita þeir því, að landbúnaðarvöruverðið muni hækka, ef landbúnaðurinn er látinn borga hærri vexti? Nei, þeir skjóta sér undan að ræða það. Neita þeir því, að útflutningsatvinnuvegir okkar bregðist þannig við hækkandi vöxtum, að þeir geri kröfu þeim mun tíðar um gengislækkun? Nei, þeir reyna ekki að neita því, því að þeir vita að svona er það.

Ég hafði m. a. gefið skýringu á því, að í þessum efnum skipuðust þessi mál talsvert mikið öðruvísi hér á landi en í mörgum öðrum löndum, verðmyndunarkerfi okkar vinnur á allt annan veg. Þessu verður ekki heldur neitað. Þetta vita allir sem eitthvað hafa komið nærri því að kynna sér þessi mál, og það er einmitt af þessum ástæðum sem afleiðingin verður þessi: Hækkandi vextir lenda út í verðlagið og kalla fyrr en síðar á gengislækkun hjá okkur. Þetta hefur orðið reynslan. Og þá er ég kominn að því atriði, sem ég tel nauðsynlegt að gefa frekari skýringar á en gert hefur verið, en það er eðli gengislækkunarinnar og hvaða áhrif gengislækkun hefur á sparifjáreign landsmanna.

Það er kannske ekki með öllu ástæðulaust að fara um þessi efni nokkrum orðum, ekki síst vegna þess, að þeir sem ættu að vera enn þá fróðari um þessi efni en ýmsir hv. alþm., hafa einnig gert sig seka um að fara mjög rangt með eðli þessara mála. Ég tók t. d. eftir því, að einn hv. þm., sem tók þátt í þessum umr., las upp hluta úr grein sem skrifuð hafði verið fyrir nokkru í Hagtölur mánaðarins, um það, hversu mikið eigið fjármagn stofnlánasjóða hefði rýrnað á tilteknu tímabili í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Já, og enn er verið að birta í alveg nýju hefti af þessu sama riti, og þá er hlutfallið enn gefið upp, að sparifjáreignin sé að rýrna í hlutfalli við þjóðareign. Svo draga menn þá ályktun af þessu, að þetta stafi af því, að vextirnir séu of lágir.

Hvað er það sem raunverulega er að gerast þegar ákveðin er gengislækkun? Hafa menn ekki gert sér grein fyrir því, hvað þá er raunverulega að gerast? Ég held að ég hafi tekið áður sem dæmi í umr. um þetta mál, þegar svo stendur á að heildarsparifjáreign landsmanna eða innstæðueign landsmanna í bankakerfinu er um 100 milljarða kr. og við þær aðstæður er framkvæmd gengislækkun upp á 20%. Við sömu aðstæður er þjóðarframleiðslan ekki sama tala og innstæðufé í bönkunum, 100 milljarðar, heldur hefur þjóðarframleiðslan e. t. v. verið 300 milljarðar kr. Hvað var það sem gerðist þegar gengislækkunin var framkvæmd? Innstæðufé í bönkunum, sem var geymt í krónum, stóð auðvitað áfram í 100 milljörðum, sú eign breyttist ekkert við gengislækkunina, en hitt breyttist á samri stundu að menn ákváðu að skrá 20% hærra þjóðarframleiðsluna og þjóðareignina. Svo koma menn á eftir og segja: Það er stórmerkilegt að sparifjáreign landsmanna hefur minnkað í verðhlutfalli við þjóðareignina eða þjóðarframleiðsluna. Og þeir ætla að kenna of lágum vöxtum um að svona fer. Auðvitað er það ekki vextirnir sem ráða þessu. Það var ákveðin tilgangur með því að lækka gengið. Hann var að skrá lægra verðgildi þeirra fjármuna sem menn áttu í íslenskum peningum. Menn ætluðu sér að skrá lægra verðmæti þessara fjármuna. Þar lá hundurinn grafinn. Þangað var verið að sækja peninga. Þeir voru ekki sóttir aðeins með því, að einhverjir verðbólgubraskarar hefðu tekið fé að láni og þeir hefðu hirt þennan gróða. Það er misskilningur. Það liggur ekki þar. Gengislækkunin felur í sér í þessu tilfelli alveg ákveðna aðgerð sem miðar að þessu. Því segi ég að sú þróun í efnahagsmálum, sem leiðir til þess að það er farið að grípa oftar og oftar til gengislækkunar, er ein versta aðgerðin sem um er að ræða fyrir þá, sem heita sparifjáreigendur eða eiga fé sitt geymt í íslenskum krónum. Það þarf því að gæta alveg sérstaklega að því að halda ekki þannig á stjórn efnahagsmála, að beinlínis kalli á örar gengisbreytingar. En það grátlega í þessu dæmi er að þeir aðilar eru til hér á meðal okkar sem boða háa vexti, helst sem allra hæsta vexti, en eru tilbúnir að samþykkja gengislækkun svo að segja mánaðarlega. Menn verða að athuga samhengið á milli þessara hluta.

Önnur meinlokan í þessum málflutningi er fólgin í því, að menn leggja öll lán úr bankakerfinu að jöfnu og segja einfaldlega: Ef einhver hefur fengið lán og hann borgar það ekki með verðtryggingarkjörum, þá hefur hann náð í verðbólgugróða. Þarna gera menn ekki mun á því hvers eðlis lánin eru sem veitt eru í þessu tilfelli. Ég skal taka tvö dæmi til skýringar máli mínu. Þar er um að ræða dæmi sem eru í rauninni afar skýr varðandi eðli þessara lána. Við skulum í fyrsta lagi taka dæmi af því, þegar útflutningsframleiðandi, t. d. frystihúseigandi, þarf að taka lán til rekstrar síns. Hvað er það þá sem gerist í raun og veru? Aðilinn fær rekstrarlán eða afurðalán í banka. Hann afhendir peningana strax til þess að kaupa fyrir veiðarfæri, til þess að kaupa fyrir olíu og þegar skipið kemur að landi með fiskinn til þess að borga skipshöfninni vinnulaun. En þessi aðili heldur enn áfram. Hann tekur viðbótarlán og borgar það líka strax út, í síðasta lagi viku frá því að hann tekur lánið. Þá er hann að borga vinnulaun til fólksins sem vinnur verðmæti úr þessu hráefni. Og auðvitað bætir þessi aðili enn við lánið með því að hann þarf meira fé, m. a. til þess að borga fyrir rafmagn, olíu og annan tilkostnað við fraleiðslu sína. Hann hefur því ekki tekið lánið í upphafi og staðið með peningana í höndunum og beðið eftir því að verðlagsþróunin í landinu malaði honum gróða. Það er misskilningur. Þegar þessi aðili endurgreiðir lán sitt af útflutningi sínum, ef verðgildi peninganna á erlendum markaði hefur staðið óbreytt, eins og á gjarnan að standa hjá okkur, þá er í þessu tilfelli ekki um neinn verð-

bólgugróða að ræða. Ég spyr flm. þessa máls: Hver er það sem situr uppi með verðbólgugróðann í þessu tilfelli? Eigum við að skattleggja hann? Hver er það?

Ég hef líka bent á það í þessum umr., að hægt er að hugsa sér aðra lántöku sem einnig á sér stað í kerfinu nú. Við getum hugsað okkur að aðili nái sér í lán einhvers staðar úr lánakerfinu. Hann á að vísu ekki að geta fengið það lán nema að sáralitlu leyti úr hinu almenna bankakerfi, vegna þess að þarna er um stofnlán að ræða, af því að það segist ekki veita stofnlán gerir það lítið og þá óbeint. En við skulum samt segja að þessi aðili komist yfir lán einhvers staðar úr lánakerfinu — frá lífeyrissjóði eða frá einhverjum öðrum aðila. Hann byggir sér fasteign á góðum stað í landinu, t. d. hér í Reykjavík. Hann skuldar auðvitað vegna lánsins í íslenskum krónum, en eftir nokkur ár getur hann selt þessa fasteign með verulegum hagnaði. Það kemur fram verðbólgugróði hjá þessum aðilum.

Þarna er auðvitað um tvær lánstegundir að ræða af gersamlega ólíkum uppruna. Ég hef sagt við þá, sem halda uppi málflutningi t. d. með þessu frv.: Það hefur aldrei staðið á mér að vera með í því að skattleggja verðbólgugróða. Ég vildi gjarnan að þeir Alþfl.-menn fengjust til að vera með mér í því að flytja frv. um að skattleggja verðbólgugróða þar sem hann kemur fram. Þar er því væntanlega enginn ágreiningur á milli mín og þeirra, a. m. k. miðað við málfutning þeirra. Ég er ekki búinn að sjá að þeir vildu standa við það þegar að leiknum ætti að koma. Það hefur a. m. k. staðið á því hingað til að skattleggja sjálfan verðbólgugróðann þar sem hann kemur fram. En það er barnaskapur að ætla sér að leggja öll lán að jöfnu í þessum efnum og segja: Allir, sem hafa fengið lán, hafa fengið verðbólgugróða. Þeir eru verðbólgubraskarar. — Slíkt geta í rauninni engir sagt aðrir en þeir sem þekkja ekkert til þess, hvernig þessi mál eru uppbyggð hjá okkur. Ég segi: Sú aðferð að ætla að jafna þessa reikninga með nógu háum vöxtum er fyrir fram dæmd til að mistakast. Hún er eintóm endileysa, vegna þess að í ríkum mæli erum við í gegnum háa vexti að láta þá verða að borga sem í eðli sínu geta ekki borgað og velta af sér byrðum út í verðlagið, og við förum nýjan verðlagshring sem kemur m. a. fram í gengislækkun. Menn verða að gera sér grein fyrir þessum málum á þennan hátt. Allt annað er fjas eitthvað út í loftið um að einn vilji hlífa verðbólgubröskurum og aðrir séu á móti verðbólgubröskurum. Það er innantómt og segir ekkert í þessu tilfelli.

Það er einnig uppi sú skoðun hjá ýmsum, að háir vextir hjá okkur mundu tryggja aukinn sparnaði þeir mundu bjarga við sparnaði hjá okkur í peningakerfinu. Ég hef bent á að sumir okkar færustu hagfræðinga hafa skrifað um þetta ítarlegar greinar og vitnað þar m. a. í erlenda fræðimenn um það, að ekki verði séð að nema mjög takmarkað samhengi sé á milli peningalegs sparnaðar í bönkum og hárra vaxta. Það er kenning út af fyrir sig sem ég skal ekki taka upp umr. um. Hitt vitum við og höfum dæmi úr okkar eigin búskap um það, að nokkurn veginn er fast að sparnaður í okkar peningakerfi, þ. e. a. s. aukin sparifjármyndun, hefur alltaf orðið mestur þegar um mikla atvinnu hefur verið að ræða og tiltölulega góða atvinnu hjá fólki. Þá vex sparifjármyndunin. En um leið og þetta snýst við, þegar um er að ræða samdrátt í atvinnulífinu eða kjörin rýrna, þá minnkar sparifjármyndunin.

Það má segja að það sé næstum kaldhæðni, svo að ég noti það orð, sem einn af talsmönnum frv. notaði sem þema í sinni ræðu, þar sem hann talaði sífellt um kaldhæðni, — það er eiginlega kaldhæðni líka, vil ég segja, að það skuli koma upp að flm. þessa frv. minna sérstaklega á árið 1967 sem eiginlega eina árið sem hafi skilað jákvæðum raunvöxtum. Það er rétt, það ár kom þannig út, að þá er talið að jákvæðir vextir í landinu hafi verið í kringum 4%. Og þetta ár skar sig dálítið úr. En hvernig var útkoman á þesu ári? Aldrei minni sparifjáraukning í kerfinu en þá. Þá nam sparifjáraukningin naumlega vaxtaaukningunni í bankakerfinu sjálfu. Nettósparifjárinnlög voru engin, miklu minni en næstu ár á undan og miklu minni en næstu ár á eftir. Var það vegna þess að vextirnir væru óhagkvæmari þá? Nei, þá voru vextirnir í eðli sínu hagkvæmir. En á þessu ári var um niðursláttarár að ræða. Þá var minnkandi atvinna, tekjur manna fóru minnkandi og samdráttur sem kom fram í þessu.

Þetta hefur komið fram hjá miklu fleiri þjóðum. Það sýnir sig t. d. í alþjóðapeningaviðskiptum, eins og oft hefur verið bent á af hagfræðingum, að fjármagnið leitar iðulega úr landi, þar sem eru háir vextir, og inn í lönd, þar sem eru lágir vextir eða allt upp í það að þurfa að borga með fjármagninu. Fjármagnið leitar því ekki nema að litlu leyti inn á það svæði sem borgar háa vexti. Það er annað, sem grípur þarna inn í til viðbótar við hina almennu afkomu fólsins. Það er mat þeirra, sem eiga fjármagnið, á stöðu fjármála, á stöðugleika í peningamálum. Ef aðili metur það, að meira öryggi sé að geyma peningana þar sem um er að ræða lága vexti, þar sé um miklu stöðugra ástand að ræða í fjármálum en á hinum staðnum, sem býður háa vexti, þá hafa háu vextirnir ekkert að gera í slíka samkeppni. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir. Eins mundi þetta líka verða hjá okkur, að væru mjög háir vextir í bullandi verðbólgu og gengislækkun á gengislækkun ofan, þá hefðu háu vextirnir ekkert aðdráttarafl fram yfir aðeins lægri vexti og kannske að sjaldnar væri framkvæmd gengislækkun.

Sannleikurinn er sá, að vegna þess að hér á landi hefur nú um alllangan tíma — einnig í verðbólgunni — verið tiltölulega gott atvinnuástand, allgott tekjuástand vegna mikillar vinnu, þá sýna allar skýrslur að sparnaður okkar er með því mesta sem skýrslur birtast um. Það er algerlega ranglega frá skýrt þegar menn eru að tala um að sparnaður bæði í bankakerfinu og annars staðar sé að verða miklu minni en í öðrum löndum. Fyrir stuttu var gefin út þessi merkilega bók hér. Verðbólguvandinn, af svonefndri verðbólgunefnd. Þar eru fjöldamargar fróðlegar skýrslur. Ein er að sjálfsögðu um þetta. Þar kemur fram að ekki eitt ár, heldur í meira en áratug eða það tímabil sem ritið nær yfir, um 17 ár, hefur peningasparnaður á Íslandi verið mun meiri en í Danmörku, meiri en í Svíþjóð og miklu meiri en í Bretlandi, eins og hann er mældur í alþjóðlegum skýrlsum um þetta efni. Og þegar við tökum okkar peningasparnað, bæði í bankakerfinu, í formi verðtryggðra bréfa, sem ríkið hefur selt, og nú síðast í sambandi við vaxtaaukareikninga, þá erum við tiltölulega mjög hátt settir í sparnaði, auk þess sem við framkvæmum óvenjumikinn sparnað í formi fjárfestinga.

En það, sem er að í þessum efnum, þó að sparnaðurinn sé svona mikill á hverju ári, er óstöðugleikinn í fjármálum okkar, þannig, að þó menn leggi inn fjármagn, þá vilja þeir ógjarnan geyma þessa peninga. Þeir ráðstafa

þeim tiltölulega fljótt. Og af hverju ráðstafa menn peningunum fljótt? Þarf einhver að vera hissa á því, að menn ráðstafi peningum sínum hér, þegar svo að segja í öllum blöðum, jafnvel í aðalblaði ríkisstj. á hverjum tíma, er boðskapur mánuð eftir mánuð um að það sé að koma gengislækkun? Síðan syngja allir, sem hafa eitthvað að selja yfir verslunarborðið sitt: Kaupið þið strax, því að eftir nokkra mánuði verður það miklu dýrara. — Halda menn að við gætum komist fram hjá vandamáli eins og þessu aðeins með því að hækka vextina? Hvílík skammsýni! Eins og ég segi: Menn gætu auðvitað leikið sér að því — við höfum gert það oft áður að taka einn kollhnísinn enn í efnahagsmálum með því að ákveða vexti allt í einu 50—55% og fella gengið síðan í kjölfar þess 4—5 *sinnum á sama árinu*. Auðvitað getum við tekið svona kollhnís. Það væri fullkomlega í samræmi við annað sem gert hefur verið hér í efnahagsmálum. Þó vil ég segja að þetta væri metið í allri þeirri vitleysu. Auðvitað mundi þessi breyting ekki lækna verðbólguástandið í landinu. Það er mikill misskilningur. Aðgerðir af þessu tagi mundu ekki heldur hjálpa sparifjáreigendum. Þær mundu kurla niður sparifjárinnistæður landsmanna miklu meira en hefur gerst til þessa.

Það, sem ég hef nú sagt til viðbótar við það, sem ég hef sagt hér áður, snýr aðallega að þeim þætti málsins, hvort háir vextir, og það af þeirri gráðu sem hér er um að ræða, mundu leysa vanda sparifjáreigenda og hvort þeir mundu leysa þann vanda okkar, að sparnaður ykist í bankakerfi okkar. Ég tel að ég hafi leitt svo sterk rök að því, að það ætti í rauninni enginn að efast um að þetta er ekki leið til þess að bjarga sparifjáreigendum. Það er *algert villuljós að halda það*. (**Forseti:** *Mig langar að* spyrja hv. ræðumann, hvort hann gæti ekki hugsað sér að fresta ræðu sinni. Kl. 6 verður fundinum haldið áfram.) Kl. 6 á að vera þingflokksfundur. (**Forseti:** Það er ákveðið að halda þennan fund kl. 6 hér í deildinni. Þrátt fyrir að það séu haldnir þingflokksfundir? (**Forseti:** Kl. 6 er það ákveðið, og þá getur hv. þm. haldið áfram ræðu sinni.) Já, ég er reiðubúinn að halda áfram ræðu minni en hins vegar vil ég sem þingflokksformaður mótmæla því, að haldinn sé þingfundur á þeim tíma sem boðaðir eru fundir í þingflokkum á þeim degi sem á að vera þingflokksfundadagur. (**Forseti:** Þetta er ákveðið. Fundur verður haldinn í deildinni kl. 6, og þá getur hv. þm. haldið áfram ræðu sinni.) Já, en hitt er líka ákveðið, að ég mótmæli þessu eigi að síður. — [Fundarhlé.].

Herra forseti. Ég hafði í fyrri hluta ræðu minnar rætt nokkuð um þann ágreining sem hér er uppi varðandi *þetta mál, einkum um þann þáttinn sem snýr* að stöðu sparifjáreigenda og stöðu sparnaðar í landinu. En ég hafði hugsað mér að víkja nú nokkru nánar að þeim ágreiningi sem uppi er varðandi hinn hluta þessa máls, sem snýr að ýmsum þeim vandamálum sem tengjast þeirri framkvæmd sem hér er verið að ræða um, þ. e. a. s. verulegri vaxtahækkun.

Eins og ég hafði áður vikið að, tel ég að ég hafi leitt að því mjög sterk rök, að sá tilgangur með þessu frv. að reyna að tryggja hag sparifjáreigenda og vernda sparnaðinn í landinu náist ekki með þessari aðgerð. Ég hafði einnig áður bent á það, að auk þess fylgdu þessari leið þeir gallar sem ekki væri mögulegt að líta fram hjá og menn yrðu að hafa í huga, ef velja ætti þessa leið, hvernig ætti að komast fram hjá þeim stóru ágöllum. Ég hef fengið sáralítil viðbrögð við þessum aths. mínum. Það hefur hreinlega verið gengið fram hjá þeim. Það hefur ekki verið reynt að bera á móti því, að þessir ágallar væru fyrir hendi. Í þessum efnum hef ég m. a. bent á að *hækkun útlánsvaxta að því marki sem mundi leiða* af samþykkt þessa frv., miðað við okkar aðstæður hér, mundi óhjákvæmilega skapa samkeppnisiðnaði okkar óbærilega aðstöðu. Það liggur fyrir, að margir af framámönnum í okkar iðnaði hafa bent á það, að nú þegar sé svo komið hjá þeim, að þeir geti ekki staðist erlenda samkeppni, m. a. vegna allt annarra lánskjara. Auðvitað gefur það líka auga leið. Hvernig ætti iðnaður hér á landi að geta staðið í samkeppni við iðnað í nálægum löndum, þegar ekki er um neina tollvernd að ræða eða sáralitla, ef iðnaður hér þarf að greiða meðaltalsvexti í sambandi við sína framleiðslu sem nema 25—30%, á sama tíma sem samkeppnisiðnaðurinn í öðrum löndum, sem á aðgang að okkar markaði, þarf ekki að greiða nema í mesta lagi 8—9% í vexti?

Það sjá auðvitað allir í hendi sér, að þessi samkeppnisaðstaða fyrir okkar iðnað er gersamlega vonlaus. Hér er ekki um *einstök fyrirtæki að ræða. Ég benti á það fyrir* nokkru, að forstjóri eins fyrirtækis af þessari tegund hjá okkur, þ. e. forstjórinn fyrir skipasmíðastöðinni Stálvík hér í nánd við Reykjavík, lét hafa eftir sér í viðtali við blað fyrir stuttu, að nú fengjust menn ekki til þess að gera samning við fyrirtækið um smíði á skipum þar vegna þess að íslensku lánskjörin, sem menn yrðu að lúta hér, væru miklum mun óhagstæðari en lánskjör sem menn gætu fengið í sambandi við skipasmíðar og skipakaup í öðrum löndum. Hann sagði að fyrirtæki hans væri komið á síðasta snúning vegna þess, hvernig komið væri í þessum efnum.

Hvernig halda menn að færi fyrir þessu fyrirtæki, svo að við tökum það sem dæmi, ef vextirnir yrðu enn hækkaðir um nær helming frá því sem er? Þarf nokkur að spyrja að leikslokum? Auðvitað er augljóst mál, að þarna er um slíkan markað að ræða að okkar samkeppnisiðnaður getur ekki staðist slíka raun sem þessa. Svar hans yrði auðvitað einfaldlega það, að hann yrði þá að biðja enn einu sinni um gengislækkun sér til verndar í von um að á einhverju tímabili kæmi hann fram á beinan eða óbeinan hátt launalækkun og hækkun yrði á hinu erlenda verðlagi. En slíkt er vitanlega skammgóður vermir, því að menn eru búnir að margprófa þetta áður. Okkar innlenda verðlag aðlagar sig slíkum breytingum, launin fylgja fljótlega á eftir og hækka á nýjan leik og vandinn verður hinn sami.

Það er líka alveg augljóst mál, að ef við ætlum okkur að starfa raunverulega á svo að segja sama viðskiptasvæði og aðrar þjóðir og veita þeim aðstöðu til þess að keppa á okkar markaði hindrunarlítið, ætlum að hafa frjálsan innflutning, litla eða enga tollvernd, þá leiðir af því, að við verðum að búa okkar framleiðslugreinum svipuð rekstrarkjör. Það er með öllu útilokað að ætla að hafa jafnþýðingarmikinn lið í rekstrarkostnaði fyrirtækja og lánsfjárkostnaðurinn er gersamlega á öðru plani. Slíkt getur vitanlega aldrei gengið.

Ég veit að eina svarið, sem formælendur þessa frv. hafa við aths. eins og þessari, er í rauninni að segja: En þetta hlýtur að jafna sig með tímanum. — En málið er svo alvarlegt, að fyrirtæki okkar mundu fyrir löngu vera farin á hausinn, þau væru komin úr lifenda tölu þegar slíkt hefði gengið yfir. Við skulum athuga það, að við erum, eins og ég hef áður sagt, búin að búa við svona

hávaxtastefnu í 2½ ár, við erum búnir að reyna talsvert í þessum efnum, og við höfum séð hver afleiðingin hefur orðið. Þeir, sem ganga fram hjá vandamáli eins og þessu og ræða ekki um það eða leiða það hjá sér, grafa bara hausinn í sandinn. Þeir vilja ekki játa staðreyndir og láta sig þær engu skipta, segja bara út í bláinn, að þeir, sem á þetta bendi, séu talsmenn braskara. Slíkt er vitanlega alveg út í hött.

Þessi vandi kemur ekki aðeins fram hjá svonefndum samkeppnisiðnaði hjá okkur. Hann kemur auðvitað líka fram í sambandi við allan okkar útflutningsiðnað. Allur okkar útflutningsiðnaður á við þessi vandamál að stríða. Það kemur t. d. glögglega fram í opinberum skýrslum, sem lagðar hafa verið fram, að í iðnaði okkar t. d. á sviði ullar- og skinnaiðnaðar, lagmetisiðnaðar og annars slíks er yfirleitt um tiltölulega langan framleiðsluferil að ræða. Þau fyrirtæki, sem vinna á þessum sviðum,verða að hafa fjármagn alllangan tíma, enda kemur í ljós að vaxtakostnaður þeirra liggur ofan við meðallag í sambandi við útgjöld útflutnignsfyrirtækja. Það eru því þessi fyrirtæki sem verða einna fyrst fyrir barðinu á slíkum vaxtaútgjöldum. Spurningin er hvort við viljum þola það vegna einhverrar ofsatrúar á leið eins og þessa, að þessi rekstur okkar velti allur um koll.

Það vekur auðvitað athygli mína í þessum umr., að þeir, sem hér hafa talað sem stuðningsmenn þessarar leiðar, hafa ekkert haft fram að færa varðandi þessar aths., ekkert annað en þá að segja einfaldlega: Við trúum á að þetta muni allt jafna sig. — Ég benti á að það eru fleiri en við sem hafa staðið frammi fyrir nokkuð svipuðum erfiðleikum og þessum, hafa á tímabili búið við það sem kallað er í nálægum löndum hávaxtastefna, þegar vextir hjá þeim komust upp í 10 eða 12 eða 13%, eins og t. d. átti sér stað í Bretlandi. Þegar Bretar sáu að þeir voru með þessum vaxtakjörum hreinlega að drepa breskan iðnað í samkeppni við iðnað annarra landa, þá gripu þeir til verulegrar vaxtalækkunar stig af stigi. Í breskum blöðum kom það fram í mörgum greinum, kom m. a. fram á Íslandi í okkar blöðum, að þeir teldu að þeir hefðu hreinlega frelsað iðnað sinn, þeir hefðu bjargað sér út úr sínum vanda með því að hverfa frá þessari hávaxtastefnu sem þeir gátu ekki ráðið við. Þetta gefur auga leið hjá aðilum sem búa við tiltölulega mjög frjálsa samkeppni á mörkuðum.

En hér er ekki um það að ræða, að við séu að tala um vaxtaútgjöld í rekstri sem nemi 10, 12 eða 13%. Við erum þegar komnir í almennum rekstri með vexti sem nema á milli 25 og 30%, og af þeim ástæðum erum við þegar búnir að fá hér stórkostleg vandamál.

Í þessum efnum minntist ég einnig á það, að auðvitað hafa viðkomandi aðilar margbent á það, að komið er svo, að ýmsir framleiðendur hjá okkur hafa séð að það er hagkvæmast fyrir þá að losa sig við vöruna á erlendan markað hálfunna eða lítið unna, vegna þess að það borgar sig ekki að lengja framleiðslutímann hér heima um 2, 3 eða 4 mánuði, eingöngu vegna þess mikla vaxtamunar sem um er að ræða. Auðvitað hefur þetta gífurleg áhrif á rekstur þjóðarbúsins, á tekjumyndun í landinu, á afkomu allra. Það eru því hrein börn í efnahagsmálum sem ætla að víkja sér undan því að ræða annmarka við vaxtahækkunarleiðina af þessu tagi. Jafnvel þó að þeir hefðu mikla trú á því, að margt gott ætti eftir að fylgja í kjölfar vaxtahækkunarinnar, þá hljóta þeir að verða að glíma við vandamál af þessu tagi og segja hvernig þeir ætla að mæta þeim.

Ég skal nefna eitt dæmi enn sem er í mínum augum mjög alvarlegt, en það er sú geysilega ásókn sem er orðin hjá okkur í það að fá að taka erlend lán með erlendum lánskjörum. Allir sem mögulega geta reyna að flýja hinn innlenda peningamarkað. Fyrir nokkrum árum var það svo, að allir, sem þurftu að sækja eftir lánum, báru sig illa undan því að þurfa að taka lán með meiri eða minni gengistryggingu. Það var t. d. alþekkt, hvernig útgerðarmenn, sem fengu því aðeins að kaupa sér fiskiskip, að þeir tækju 80% af andvirði skipanna að láni erlendis til 8 ára og yrðu að liggja undir gengisáhættu allan þennan tíma, hve þeir báru sig illa undan því að þurfa að búa við þessi kjör þá. En nú hefur þetta snúist við. Nú kemur hver aðilinn af öðrum og vill ekki með neinu móti taka lán eftir innlendum kjörum, sækir um að fá að taka erlend lán. Þetta gengur svo langt að nú er verið hreinlega að gera tillögu um það í Seðlabankanum sjálfum að veita eftir kröfu stærstu útflytjenda í landinu t. d. frystihúsunum rétt til þess að taka eitt nýtt stórlán erlendis sem á að þjóna þeim sem almennt rekstrarlán. Nú er verið að ræða um að taka fyrir frystiiðnaðinn í landinu ekki minna en 15 milljarða kr. lán til þess að frystiiðnaðurinn geti fengið að búa að lánskjörum sem gilda á hans markaðssvæði, hann fái rekstrarlán með lánskjörum í Bandaríkjunum og taki að sjálfsögðu á sig gengisáhættu, því að hann vill endilega komast út úr því að vera bundinn við innlendu lánskjörin. Að mínum dómi mjög alvarlegt að horfa á þessa þróun. Nú þykir líka alveg sjálfsagt að jafnvel bæjarfélög sæki hvert á fætur öðru um að taka ekki innlend lán með innlendum lánskjörum í bönkunum, heldur fái þau að taka erlend lán, þau fái að taka lán með erlendum kjörum. Og það er byrjað á þessu í allstórum stíl. Allir, sem eiga þess kost, vilja nú fá að taka lán með erlendum láns- og vaxtakjörum og sleppa fram hjá hinu íslenska lánakerfi. Það er eðlilegt að fram komi á Alþ. raddir um að við ættum að hverfa frá þessu krónubaksi okkar og leggja krónuna niður og taka upp dollar eða einhverja aðra erlenda mynt, því að það sé miklu vafningaminna hjá okkur að hafa hlutina þannig heldur en vera með allan þessan umreikning sem við stöndum frammi fyrir hér. Það er fullkomlega eðlilegt að svona tillögur komi hér fram. Þær leiðir vitanlega af því, ef á að halda mönnum hér við lánskjör sem eru gersamlega ólík því sem er í þeim löndum sem þessir aðilar verða að byggja sín viðskipti á. Þetta er líka vandamál sem við stöndum nú frammi fyrir, hvernig á að bregðast við því.

Það var að mínum dómi ákaflega lærdómsríkt að heyra hvernig formaður Sjálfstfl. vildi taka á þessu. Þar var heldur betur tekið léttilega á hlutunum. Hann vildi auðvitað sem stuðningsmaður að þessari hugmynd hafa vextina frjálsa, hafa þá eins háa og hér er rætt um. En auðvitað sagði hann: Þá verður gengið líka að vera frjálst. — Auðvitað verða frystihúsamenn að fá að skrá gengið eins og þeir segja að sé rétt: innflutningur frjáls, gengisskráning frjáls, láns- og vaxtakjör frjáls og þá væntanlega launakjör í landinu frjáls. Hver og einn getur ákveðið þau eins og honum best líkar. Hví ekki allt frjálst! Eru ekki allir með frelsi? Til hvers höfum við þá ríkisstj. Hvað á hún að gera? Skrifa á blað, að allt sé frjálst. Þá höfum við ekkert við hana að gera, þá þarf hún ekki að stjórna neinu.

Auðvitað er ákaflega létt verk að fara út í þessa endi-

leysu. Það er hins vegar alveg rétt hjá formanni Sjálfstfl., að frjálst vaxtakerfi og lánsfjárkerfi kallar við okkar aðstæður óhjákvæmilega á frjálsa gengisskráningu. Og þegar menn eru komnir inn á það að hafa frjálsa gengisskráningu líka, þá hafa menn farið allan hringinn og getað bara snúið þessum hring dálítið til.

Ég vænti að allir þeir, sem vilja hugsa um þessi mál í alvöru, sjái að máflutningur af þessu tagi er auðvitað í öngstræti. Hér er auðvitað um eintóma endileysu að ræða. Þetta er sama sem að gefast gersamlega upp við að stjórna. Ég vil segja það, að flestir strandkapteinar, sem hafa siglt skútu sinni á land, sansast þegar skipið tekur niðri og þeir eru komnir á fast land. En það virðist vera að kapteinar séu þó til sem vilji keyra á fullu lengra upp á land. En ekki er það ákaflega mikil fyrirhyggja sýnist mér, að ætla að halda þannig á stjórninni.

Nei, ég held að það sé enginn vafi á því, að fram hjá því verði ekki gengið, að margir og miklir erfiðleikar fylgja þeirri leið að ætla sér að fara hér í 50—55% vexti, sem *mundi óhjákvæmilega leiða af samþykkt till.* eins og þessarar.

Nokkuð hefur verið minnst á vandamál húsbyggjenda og ég hafði m. a. minnst á það. Þetta er eitt af þessum vandamálum sem menn vilja í rauninni ekki horfast í augu við, ekki svara neinu skýru um hvernig þeir ætli að taka á. Svarið er eitthvað á þá leið að segja: Jú, auðvitað eru húsbyggjendurnir í vandræðum með svona háa vexti. En þá verður bara að lengja lánið og koma því jafnvel, eins og till. eru komnar um, allt upp í 80-90 ár, síðan verður að þyrma mönnum þannig að þeir þurfi ekki að borga vextina strax, heldur eigi þeir að geymast. En af hverju að grafa höfuðið svona í sandinn? Sjá menn ekki að ef innistæðuvextir eiga að vera í hlutfalli við þessa vaxtastefnu, þá þarf að greiða innistæðuvextina? Halda menn að það sé hægt að lána út mikið fjármagn bæði gegnum hið almenna húsnæðismálakerfi og í gegnum bankakerfið, sem lánar allverulega til húsbygginga, einkum sem bráðabirgðalána, — halda menn að það sé hægt að fá þessi lán með stórhækkuðum vöxtum frá því sem verið hefur og geyma svo alla vaxtagreiðsluna? Hver á að borga innlánsvextina? Á að segja við hina elskulegu sparifjáreigendur, sem er verið að bjarga: Þið verið að bíða eftir þessari greiðslu í 60-70 ár? — Nei, auðvitað gengur þetta dæmi ekki heldur upp. Það er ekki hægt að snúa sig svona út úr dæminu. Málið er ekki svona einfalt. Menn vilja e. t. v. hlaupa í það skjól að segja: Húsnæðismálakerfið býr að vissum tekjustofnum, því að það er búið að leggja ákveðið prósentugjald á öll greidd vinnulaun í landinu og það rennur síðan sem tekjur í húsnæðismálasjóð. — Það er alveg rétt, sá sjóður hefur nokkrar árlegar tekjur. En þær duga auðvitað skammt í þessum efnum. Menn skulu gæta að því, að hér er um miklu meira en það að ræða, að húsbyggjendur þurfi aðeins að borga vexti af því fjármagni sem þeir fá lánað úr húsnæðismálakerfinu. Ég er hér með í höndunum síðustu skýrsluna frá Seðlabankanum um útlán í bankakerfinu. Þar kemur t. d. fram, að bankarnir eiga 30. sept. á þessu ári í íbúðalánum hjá íbúðabyggjendum í landinu, þeim sem eru að reyna að koma þaki yfir höfuðið á sér, tæpa 15 milljarða að láni, eða 14 milljarða 952 millj. kr. Við vitum um fyrirgreiðslulán, sem eiga sér stað við þá sem eru að byggja, þá sem eru að kaupa sér íbúðir, þá sem eru að bíða eftir því að fá lán úr húsnæðislánakerfinu, og svo er hér einnig um viðbótarlán að ræða frá bönkum og sparisjóðum. Það er dálagleg upphæð sem kæmi út úr því að þurfa að borga 50% vexti þó ekki væri nema af 15 milljörðum. Auðvitað er enginn vafi á því, að húsbyggjendur yrðu að leggjast undir þennan vanda, eins og þeir leggjast undir hann í dag. Fjöldamargir, sem eru að baksa við að kaupa sér íbúð í dag eða komast inn í nýja íbúð, taka nú vaxtaaukalán í bönkunum á 33% vöxtum. Þeir verða að borga 33% í vexti. Það er svo komið, að þessi vaxtaaukalán, bara útlánin sjálf, eru komin talsvert yfir 20 milljarða kr., og auðvitað mundi greiðslan í þessum efnum stórum vaxa ef vextirnir yrðu hækkaðir enn.

Ég hef lýst eftir því við flm. þessa máls, hvernig þeir ætla að mæta þessum vanda. Hvernig ætla þeir að komast fram hjá þessu? Það er vitanlega gersamlega tómt mál að ætla að skjóta sér fram hjá liðum eins og þessum. Þeir verða að hafa á hendinni svör við því, hvernig eigi að leysa þessi vandamál sem mundu fylgja í kjölfarið.

Þá vil ég koma að nokkrum aths. sem hér hafa komið fram, m. a. hjá einum flm. frv., hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni. *Í rauninni var meginatriðið í málflutningi hans* nokkur stóryrði um það, að ég og við í Alþb. værum talsmenn verðbólgubraskara. Honum þótti það auðvitað afskaplega aumt, að við skyldum hafa kosið okkur þetta hlutverk, og svo að segja táraðist yfir því, að svona væri komið fyrir Alþb., sem honum þótti greinilega vænt um. Hann sagðist mjög gjarnan vilja hafa gott samstarf við Alþb. Kannske hefur hann meira að segja meint þetta. En hann á auðvitað eftir að átta sig á því, hvort hann telur t. d. þessa húsbyggjendur, sem ég var að tala um áðan, þá miklu verðbólgubraskara, sem við ættum að fara að skattleggja verulega og nota þá þann skatt til þess að borga sparifjáreigendum. Hann á auðvitað eftir að svara því líka, hvort hann telur tök á því að leggja sérstakan verðbólguskatt á þá sem taka venjuleg framleiðslulán, eins og í landbúnaði, eins og í iðnaði og eins og í sjávarútvegi. Sá sem trúir því, að framleiðslulán, sem veitt eru úr bankakerfinu, veiti þennan mikla verðbólgugróða, ætti þá ekki að vera að styðja það að verið sé að hjálpa þessum mönnum enn meir með gengislækkunum eða öðrum stuðningsráðstöfunum. Hvers vegna að vera að hlaupa undir bagga með bændum og borga þeim enn meir, hvers vegna að vera að hlaupa undir með sjávarútveginum og framkvæma gengislækkun, ef þeir eru með fullt fangið af peningum í formi verðbólgugróða?

Allt sýnir þetta auðvitað það sem ég hef verið að segja hér, að menn verða að átta sig á því, að þó að sumar tegundir af lánum og til tiltekinna framkvæmda geti veitt mönnum verðbólgugróða, þá á það ekki við um allar lánveitingar. Það er alger misskilingur. Vegna þess þurfa menn að átta sig á því, að það er vitanlega ekki hægt án afleiðinga að ætla sér að leggja sérstakan skatt á alla, sem taka lán, í formi hárra vaxta, vegna þess að einhverjir aðilar í kerfinu græði í formi verðbólgu. Vitanlega er það hrein fjarstæða að standa fyrir þeirri kenningu að ákveða fyrst gengislækkun og verðrýrnun á sparifjáreign og ætla svo að bæta sparifjáreigendum upp allan niðurskurðinn með nógu háum vöxtum á eftir. Slíkt er vitanlega eintóm hringavitleysa og fær ekki staðist.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, spurði í sambandi við þessar umr. að því, hvort við í Alþb. vildum taka upp með þeim Alþfl.-mönnum gjörbreytta stefnu í efnahagsmálum — „stefnu okkar Alþfl.-manna“, eins og hann sagði. Í þeim efnum þætti mér afskaplega gaman að vita hver þessi stefna er. Ég er nú búinn að vera talsvert

með þeim Alþfl.-mönnum á fundum, en þeim hefur ekki enn tekist að gera mér ljóst hver þessi efnahagsstefna er. Ég er ekki við því búinn að svara því, hvaða stefna það er í efnahagsmálum sem þeir kalla sína stefnu, ekki nema þá helst þetta: að hækka vexti nú þegar upp í 50-60%. En það get ég sagt þeim, að við Alþb.-menn erum ekki tilbúnir að taka undir slíka efnahagsstefnu með þeim Alþfl.-mönnum. (**Gripið fram í:** Getið þið verið saman í stjórn?) Það virðist vera enn þá möguleiki á því. En hitt hef ég sagt hér áður, að það er reyndar margt sem bendir til þess, að við eigum e. t. v. ekki mikla samleið, þar sem skilur svona mikið á milli í sambandi við það hvernig eigi að leysa höfuðvandamálið, verðbólguna. Ég vil svara því til, að ég er reiðubúinn til samstarfs við Alþfl. um að leggja á verðbólguskatt, en þá vil ég láta aðgreina það skýrt, hvar sá verðbólgugróði hefur komið fram sem er skatttækur. Ég held því fram, að hann sé til og það sé hægt að aðgreina hann og skattleggja hann. Ég býð þeim samstarf nú eins og áður um að leggja á slíkan verðbólguskatt, og ég er reiðubúinn til að fórna þeim skatti í sérstakar uppbætur á sparifé og þá einkum og sérstaklega og sparifé ákveðinna aðila, eins og gamals fólks, sem menn eru að tala um. — Hinu geri ég mér grein fyrir, að það eru auðvitað sams konar villukenning og annað, sem hefur komið frá þessum hv. þm., að halda fram að allt sparifé landsins sé í eigu gamals fólks. Það er mikill misskilningur. Því miður á gamla fólkið ekki nema örlítinn hluta af þessu sparifé.

Ég hef bent á að það er líka misskilningur að halda að með nógu háum vöxtum sé hægt að stýra fjármagninu í æskilegustu framkvæmdir, að með því að beita nógu háum vöxtum sé hægt að tryggja hagkvæmasta fjárfestingu í landinu. Þetta er auðvitað algjör misskilningur, í rauninni eintóm vitleysa. Það liggur fyrir að einmitt þeir, sem eiga kost á því að komast yfir fjármagn og byggja t. d. fyrir það til þess að reyna að komast yfir verðbólgugróða, setja ekki fyrir sig háa vexti. Þeir mundu hiklaust, ef þeir fengju nógu mikið fjármagn, borga 50% í vexti, af því að þeir borga þá ekki nema mjög skamman tíma. Þeir velta þeim af sér yfir á nýja kaupendur að þessum fasteignum. Ef við ætluðum að fara fram með slíkri skammsýni eins og að hafa vextina nógu háa og láta það síðan ráða því, hverjir kæmust yfir fjármagnið, þá færi fjármagnið í hið óæskilega í okkar þjóðarbúskap. Það er enginn vafi á því, að fjármagn, þar sem um er að ræða 50% vexti, mundi ekki fara eftir venjulegum leiðum í okkar framleiðsluatvinnuvegi, okkar útflutningsatvinnuvegi eða okkar samkeppnisiðnað, nema þá þessir aðilar ættu víst að það ætti að hreyfa gengið eftir því sem þeir gerðu kröfu um.

Ég skal ekki fara að endurtaka það sem ég hef sagt áður um till. mínar til að reyna að ráða við vandamál verðbólgunnar. Ég hef talið upp margar ráðstafanir sem ég tel vera nauðsynlegar og sjálfsagðar til þess, m. a. að reyna að kveða niður verðbólguna. Ég álít að það sé verkefnið, sem við stöndum frammi fyrir, að nálgast það mark að draga fyrst verulega úr verðbólgunni og koma henni á það stig sem má segja að það sé viðráðanlegt. Samstarf við okkur Alþb.-menn þarf að vera um þetta, en ekki um vaxtahækkunarstefnu, því að hún mundi ekki leiða til þess að draga úr verðbólgu, eins og ég hef bent á.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson komst vel að orði þegar hann var að lesa okkur Alþb.-mönnum lesturinn fyrir afstöðu okkar í þessum vaxtahækkunarmálum. Hann sagði: Sjálfstfl. hafði bæst ný og mikil liðveisla frá Alþb. — Þetta sagði hann um það bil sem formaður Sjálfstfl. var búinn að segja að hann hefði sömu afstöðu og Alþfl. til málsins. Þá fann hann út að Sjálfstfl. væri að renna saman við okkur Alþb.-menn. Þetta var í álíka góðu samhengi við allan veruleika eins og annað sem hv. þm. sagði um þessi mál.

Það er enginn vafi á því, að við getum ekki til lengdar búið hér við verðbólgu af þeirri stærð sem við búum nú án þess að fram komi hjá okkur mjög margvísleg vandamál, bæði í okkar atvinnurekstri og öllu okkar efnahagslífi. Eitt af þeim vandamálum, sem koma fram við slíka verðbólgu og þá sem við búum við, er auðvitað vandamál sparifjáreigenda í landinu. En það er ekki einasta vandamálið. Þau eru miklu fleiri, vandamálin sem fylgja þessari miklu verðbólgu. Og það er augljóst mál, að við þurfum að reyna að koma okkur niður á hvað sé helst tiltækilegt til þess að sigrast á verðbólgunni. Þær eilífu patentlausnir, sem ýmsir aðilar eru mjög hrifnir af, eins og að hækka vextina nógu mikið, þá hljóti menn að hætta að taka lán, eða þá hitt, sem hefur verið önnur patentlausn í þessum efnum, að taka vísitölu úr sambandi, — auðvitað vita allir hyggnir menn, sem hafa eitthvað athugað þessi mál, að patentlausnir af þessu tagi gera ekkert gagn, þær ráða engu um þessa þróun. Við þurfum að grípa á allt öðrum liðum í okkar efnahagsmálum. Ég nefndi t. d. fyrr í þessum umr., að ein ástæðan til mikillar verðbólgu hjá okkur nú um nokkurt skeið væri sá mikli yfirdráttur sem orðið hefði í Seðlabankanum af völdum taprekstrar hjá ríkissjóði. Ég held að um þetta atriði séu allir sammála. Auðvitað er það ekki heilbrigt, að ríkissjóður skuli vera kominn í nokkuð fasta skuld við Seðlabankann á milli 20 og 30 milljarða kr. Þetta hefur þýtt að hér var dælt óeðlilega út fjármagni. Um þetta ættum við allir að vera sammála, og það þarf vitanlega að snúa þessu við. Ég held líka að það viðurkenni flestir, að yfirbyggingin í okkar þjóðfélagi er orðin allt of kostnaðarsöm, er orðin allt of mikil. Þar með tel ég einnig yfirbygginguna hjá ríkissjóði sjálfum.

Það er t. d. mjög athyglisvert, sem m. a. hefur gerst hjá okkur að þessu sinni við skyndiyfirferð, sem ég vil kalla, í sambandi við framlagningu nýs fjárlagafrv. Þegar samið var nýtt fjárlagafrv., ef nýtt skyldi kalla, á tiltölulega skömmum tíma, var svo sem ekki staðið óvenjulega út af fyrir sig að því atriði sem ég ætla að gera að umtalsefni, en það er athyglisvert, hvernig að því var staðið. Þegar verið er að vinna að nýju fjárlagafrv. fyrir árið 1979 kemur hagsýslustofnun og embættiskerfið og byrjar á því að framreikna alla liði í almennum rekstrarkostnaði hjá öllum stofnunum ríkisins, í öllum rn. og alls staðar í kerfinu, — framreikna þetta til verðlags á næsta ári og segja sem svo: Þessi rekstrarútgjöld hljóta að verða að vera svona. — Þegar aftur er komið að nokkrum öðrum útgjaldaliðum, t. d. að ákveða hvað við eigum að leggja mikið í nýja vegi, hvað við eigum að byggja af skólum eða aðrar ráðstafanir, þá er hægt að skera það niður. En rekstrarkostnaðurinn skal blífa. Rekstrarkostnaðurinn er heilagur. Hann stendur, hann verður bara að framreiknast.

Þetta er ekki í eina skiptið sem þessari reglu hefur verið fylgt. Þetta er aðeins ljósmynd af því, hvernig þetta er hjá okkur. Einu breytingarnar, sem þarna koma fram, eru að við þenna framreikning er síðan bætt nokkrum liðum hér og þar og sagt: Það er alveg óhjákvæmilegt að

bæta við þessu og þessu og þessu. — Þannig heldur þessi rekstrarkostnaður alltaf áfram að þenjast út og verða meiri og meiri.

Ég held að flestir viðurkenni, a. m. k. þegar menn tala almennt um málið og eru ekki að sundurgreina þetta á einstakar stofnanir, að þenslan í okkar stjórnsýslukerfi, þenslan í bankakerfi okkar, þenslan sem hefur verið í vátryggingakerfinu, þenslan hjá olíufélögum og víða og *víða í okkar stjórnsýslukerfi er orðin allt of mikil.* Það þarf að nema þarna staðar. Þessir aðilar fá venjulega að taka sitt áður en kemur til skiptanna. Það er auðvitað hægara sagt en gert að breyta þessu, en þarna liggur m. a. vandinn. Og það er auðvitað engin tilviljun, að þegar menn líta á skýrslur sem fyrir liggja um ráðstöfun á vinnuafli þjóðarinnar, þá kemur alltaf út úr þessum skýrslum, að svo að segja frá ári til árs eru færri og færri hlutfallslega sem vinna að undirstöðuframleiðslu *landsmanna, fleiri og fleiri setjast að í hinum greinunum,* þar sem raunverulega er verið að ráðstafa verðmætum eða eyða. Þegar þetta hefur gerst nógu lengi segja menn auðvitað: Hér er voðaleg verðbólga. Hér er alls konar efnahagsvandi. — Auðvitað vitum við að vandamálin eru m. a. af þessu tagi. Við þurfum að snúast við þessum vanda, en hætta að fitla við alls konar patentlausnir sem mönnum dettur í hug að grípa til, t. d. eins og fram kemur í þessu frv.

Að *lokum vil ég aðeins segja það, að því fer auðvitað* víðs fjarri, að ég sé eitthvað andvígur því, að hægt verði að tryggja sparifjáreigendum í landinu einhverja jákvæða raunvexti og það beri að reyna að vernda þeirra eignir. Ég tel mig einmitt vera sérstakan talsmann þessara aðila, m. a. með því að gera meiri kröfur en flestir aðrir um það, þegar við verðum að glíma við efnahagsvandamál, að þá rjúkum við ekki beint í gengisbreytingar, eins og við höfum gert meira en allar aðrar þjóðir. Flestallar aðrar þjóðir segjast ekki skilja með nokkru móti, hvernig við getum alltaf verið að rjúka í gengislækkanir, eins og hefur verið tíðkað hjá okkur. En menn hér eru búnir að finna ráð við því eins og mörgu öðru. Þá eru menn farnir að segja: Það er ekki ég sem felli gengið. Það er mesti misskilningur. Þegar gengisákvörðunin var ákveðin voru menn ekki að fella gengið, það var fallið fyrir löngu, segja þeir til þess að reyna að afsaka sig, það hafi ekki verið þeir sem gerðu þetta. En *auðvitað er þetta aðeins að skjóta sér undan ábyrgðinni.* Sannleikurinn er sá, að menn hafa ekki treyst sér til að fara aðrar leiðir, sem vitanlega var hægt fara en þær að grípa til gengislækkunar. Menn hafa ekki treyst sér til að grípa til annars, og af því hafa menn sveigst inn á gengislækkunarleiðina, þó að hún væri jafnkostnaðarsöm fyrir sparifjáreigendur og hún hefur verið og þó hún væri jafnverðbólgumyndandi í okkar kerfi og hún hefur verið. E. t. v. hefur það verið af því að við höfum verið ósamtaka um hvað ætti að gera í sambandi við aðrar ráðstafanir í efnahagsmálum.

Deilan varðandi þetta frv. stendur ekki um afstöðu til sparifjárins, um afstöðu til sparifjáreigenda. Hún stendur ekki um það, og hún stendur ekki heldur um það, hver sé með því að reyna að kveða niður verðbólgu og hver sé á móti því. Hún stendur um það, að ágreiningur er um hvaða gagn vaxtahækkunin geri, hvernig hún muni koma út. Ég hef til rökstuðnings mínu máli sjálfa reynsluna. Hún liggur fyrir. Menn eru búnir að prófa þetta. Þeir menn, sem einu sinni báðu um það vald sem felst í þessari till., þeir seðlabankamenn, að mega ákvarða lánskjör og vexti, tilkynntu fyrir réttum tveimur árum með pomp og prakt, að nú ætluðu þeir að hnýta vextina við verðbólgustigið á hverjum tíma. Þeir héldu mikinn blaðamannafund og tilkynntu þetta, gáfu mönnum upp formúluna sem ætti að gilda. Það er því búið að koma því skipulagi á sem felst í þessari till., að fastbinda vaxtaákvörðunina við stig verðbólgu. En þeir ágætu menn *gátu tekið tvo eða þrjá kollhnísa eftir að þeir höfðu* tilkynnt þessa reglu, svo gáfust þeir upp. Þeir gáfust hreinlega upp þegar þeir stóðu frammi fyrir því, að þeir þyrftu að hækka vexti úr 33% um 13% til þess að fara eftir formúlunni. Þá hættu þeir. Svo liðu aftur 3 mánuðir og reglan átti aftur að koma til, og þeir gáfust upp.

Nú er kominn tíminn hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni að spreyta sig á þessu sem þeir seðlabankamenn hafa sprengt sig á. Trú mín er sú, að þó að hann fái tilstyrk *Sjálfstfl. til þess að reyna þetta, þá muni hann sprengja* sig eins og þeir seðlabankamenn á þessari tilraun.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Mér finnst það vera einna athyglisverðast af því, sem komið hefur fram í þessum umr., að hæstv. núv. viðskrh., Svavar Gestsson, og hv. 1. þm. Austurl., sem hefur verið viðskrh. í vinstri stjórn hafa ekkert álit á vöxtum sem hagstjórnartæki. Hæstv. ráðh. Svavar Gestsson lýsti því yfir í ræðu fyrr í þessum umr., að ástæðan fyrir því væri sú, að við lifðum í svo miklu sveifluhagkerfi.

Þess vegna er ástæða til að spyrja: Hvers vegna hafa þessir sömu menn ekki notfært sér þau meðul sem til eru gegn þeim sveiflum sem íslenskt efnahagslíf á við að etja? Ég skal ekki ábyrgjast að ég muni rétt, en einhvern veginn finnst mér að ég hafi heyrt, að hv. 1. þm. Austurl. hafi einhvern tíma notað verðjöfnunarsjóði. Ég leyfi mér hins vegar að efast um að það hafi verið gert af þeim *skilningi og þeirri visku sem til þarf í þeim efnum.*

Hv. þm. Kjartan Ólafsson ræddi þetta mál hér í umr. af öllu meiri skilningi en þeir flokksbræður hans. Og þetta segi ég honum til hróss. Hann lét okkur í té upplýsingar úr þýsku tímariti sem sýndi að víða í nágrannalöndum okkar hefur ekki tekist að halda raunvaxtastefnu gangandi. En hann lét þess ógetið í þessari upptalningu, hver væri munurinn á raunvöxtum hér á Íslandi miðað við verðbólgu, og þeim vöxtum sem greiddir hafa verið á *því árabili sem hann tiltók, á árabilinu 1972-1977. Mér* segir svo hugur um, að ef sú tala væri til, þá væri hún líklega liðlega helmingi hærri en í því landi þar sem munurinn var hvað mestur í upptalningu hans, en það var í Bretlandi. Þessu til viðbótar er rétt að geta þess, að einmitt á þessu árabili, sem þarna var nefnt, geisaði mikil verðbólga sem var sérstök afleiðing olíuhækkunar, en hún bitnaði fyrst og fremst á þeim löndum sem þurftu mikla olíu í sínum iðnaði, en það eru iðnvæddu ríkin vestan járntjalds. Það voru einmitt þau sem komu fram í þessari upptalningu.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði réttilega, að það væri auðvitað hægt að nálgast þetta vandamál með öðrum hætti, það væri hægt að ná niður verðbólgunni, eins og ríkisstj. stefndi að að hans sögn, og ef tækist að halda verðbólgunni í u. þ. b. 35% á ársgrundvelli næsta ár, eins og að væri stefnt, yrði áðurgreindur munur ekki ýkja mikill hér á landi. En þá er ástæða til að spyrja: Getur verið að hæstv. ríkisstj. nálgist þetta markmið sitt? Í því sambandi held ég að rétt sé að benda á að ríkisstj. hefur

ekkert gert í þá átt að þessi draumur hv. þm. geti ræst. Engin svör hafa enn komið fram um það, hvað gerist 1. des. n. k. Það liggur nú þegar fyrir hvað muni gerast, hvað verðlag muni hækka, en það liggur ekkert fyrir um það, hvernig ríkisstj. ætli að bregðast við. Það liggur heldur ekkert fyrir um það, sem kannske skiptir máli í þessari umr., hvernig ríkisstj. ætlar sér að tryggja hag sparifjáreigenda. Það liggur ekkert fyrir um stefnu þessarar ríkisstj. varðandi vaxtamálin. Einn hefur þessa skoðun og annar aðra. Á þetta vil ég benda, því að þetta mjög áberandi í þessari umr.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson taldi jafnvel að með þessum umr. hefði verið lagður grundvöllur undir nýja ríkisstjórn, ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. Ég veit að hv. þm. hefur mikla reynslu af því að mynda ríkisstjórnir. Hann er m. a. aðalhöfundur og guðfaðir þeirrar ríkisstj. sem nú situr. Ég held samt að það verði einhver bið á því, að Sjálfstfl. verði tilbúinn til að hlaupa undir bagga og reyna að koma lagi á vitleysu núv. hæstv. ríkisstj. Hún ber ein ábyrgð á henni vegna þeirra kosningaloforða sem stjórnarflokkarnir höfðu í frammi fyrir kosningar, en öllum er ljóst að ekki á að standa við eftir kosningar. Og að því marki, sem það verður reynt, verður það aðeins gert með því að auka verðbólguna í landinu.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson gefur sér það, að þeir, sem styðji raunvaxtastefnuna, haldi að með einu pennastriki sé hægt að koma í veg fyrir verðbólguna. Þetta er að sjálfsögðu alveg út í hött og er ekki rétt, ef hlustað er á það sem við sjálfstæðismenn höfum sagt við þessa umr. Við höfum hins vegar bent á að raunvaxtastefna, það að greiða fullt verð til baka fyrir það fjármagn sem fengið er að láni, leiði til þess að fjármagnið leiti á arðsamar brautir. Í framhaldi af því má gera ráð fyrir að slíkar aðgerðir verði til þess ásamt öðru að verðbólgan hjaðni.

Þá kom fram kenning um að vaxtaaukalánin svokölluðu hafi gert hlut sparenda verri en hann var áður. Hér er eins og oft áður í þessum umr. ruglað saman orsök og afleiðingu. Vaxtaaukalánin voru sett á laggirnar vegna verðbólgunnar. Þau byrjuðu 1. maí 1976 vegna þeirrar óðaverðbólgu sem þá var farin að geisa og hafði geisað undanfarin ár. Ég mótmæli því hins vegar ekki, að auðvitað hefur aukinn fjármagnskostnaður áhrif á verðbólguna. En við verðum að hafa það í huga, að auðvitað eiga sparendur eins og aðrir í þessu þjóðfélagi rétt á því að verja sig í verðbóglunni. Í mörgum tilvikum er nefnilega um það að ræða, að sparað fé er ávöxtur vinnunnar og ætti þess vegna að hafa sömu vernd og vinnulaunin hafa nú með vísitölutryggingunni.

Þá tortryggði hv. þm. Lúðvík Jósepsson ýmislegt sem hér hafði verið lesið úr Hagtölum mánaðarins, að vísu var ekki komið inn á það sem ég las fyrr í umr. Mér þykir samt átæða til að benda á grein í þessu hefti sem ég hef fyrir framan mig, októberhefti 1977, og fjallar um fjárfestingarlánasjóðina. Ég tek þó fram að þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar alls ekki um þessa sjóði. Það fjallar aðeins um grein í seðlabankalögunum sem veit að bönkum og sparisjóðum, en ekki að fjárfestingarlánasjóðum. Ég hef aðeins fjallað um þá til að sýna hvernig verðbólgan leikur sjóðina grátt. Eftir að sagt er í þessari grein, að öll fjárframlög til fjárfestingarsjóða hafi brunnið upp á verðbólgubálinu 1974—1976, kemur það fram í greininni, að þetta hafi verið lagað með ýmsum hætti, það hafi verið veitt til þessara sjóða erlendu fjármagni og það hafi verið veitt til sjóðanna fjármagni frá lífeyrissjóðunum. Og það er athyglisvert, að bæði útlendingar, sem lána okkur peninga, og eins lífeyrissjóðirnir, sem lána peninga til þessara sjóða, fá sitt fé að fullu tryggt. En skattgreiðendurnir og sparendurnir, sem leggja inn í bankana til einhvers tíma, eiga enga tryggingu að fá. Þennan tvískinnung skil ég ekki.

Þá minntist hv. síðasti ræðumaður á það, að hann vissi til þess — og það var líka ný kenning að það hefði oft gerst, *og mér skildist að það væri grundvallarregla*, að fjármagnið leitaði til þeirra landa sem byðu jafnvel lága vexti. Ég staðhæfi að þetta er rangt. Þetta hefur að vísu gerst, en þá er það vegna þess, að í þessum lágvaxtalöndum er um það að ræða að gengið er ákaflega stöðugt. En einmitt þessa síðustu daga hafa borist fréttir af því, að í Bandaríkjunum hafi alríkisstjórnin, sem að sjálfsögðu nýtur afskaplega lélegra sérfræðinga að sumra áliti hafi lagt til og komið í framkvæmd að vextir skuli hækkaðir. Og hvers vegna skyldi það hafa verið gert? Það er gert vegna þess, eins og Bandaríkjaforseti hefur sagt að þeir eru í raun að fá fjármagnið til baka til Bandaríkjanna. Hann fylgir kenningu sem ég kannast við og ég held margir aðrir, sem eitthvað hafa reynt að rýna í þessi mál. Ég kannast ekki við hina kenninguna, að fjármagnið leiti til lágvaxtalandanna, eins og hér var haldið fram.

Það var ákaflega áberandi í málflutningi hv. síðasta ræðumanns að tala um vextina eins og þeir væru eini bölvaldurinn og þeir væru eini kostnaðurinn sem atvinnuvegirnir stæðu frammi fyrir. Ég get vel fallist á mörg þau rök, sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni um margt sem hann talaði um ef hann breytir orðinu vextir í verðbólgu, vaxtakostnaði í verðbólgu, fjármagnskostnaði í verðbólgu. Það gildir nákvæmlega sama fyrir fyrirtækið hvort það er vaxtakostnaður sem er mikill, hvort það er launakostnaður sem hækkar sífellt miðað við verðlag eða hráefniskostnaður hækkar miðað við verðlag. Það eru nákvæmlega sömu vandamálin sem skapast af þessu fyrir iðnað, þar sem langan tíma tekur að framleiða, en það var einmitt það dæmi sem hann nefndi. Við vitum að hér á landi njóta launamenn þess, að laun þeirra eru vísitölutryggð. En sparifjáreigendur njóta þess ekki að sama skapi. Af hverju á að gera þennan mun? A því hafa engar skýringar fengist.

Svo er komið að því, hvernig eigi að leysa þennan vanda, og hann á að leysa með verðbólguskatti, er sagt. Hv. síðasti ræðumaður sagðist hafa í fórum sínum lausn á því, hvernig mætti setja slíkan skatt á, en hann lýsti honum ekki. Hann bauð bara samstarf. Ég hefði kosið að heyra þar patentlausn, því að kt patent hefur heyrst fyrr í þessum umr. Ég get ekki skilið hvernig á að leysa þetta mál. Ég veit ekki hvernig á að gera mun á þeim sem byggja fyrir lánsfjármagn í fjárfestingarskyni annars vegar og fyrir eigið fjármagn hins vegar. Á því hlýtur að vera munur, og ég skil ekki hvernig á að greina þetta í sundur. Eflaust eru til skýringar á því, og því er ástæða til að þær komi fram í umr.

Ég tel, eins og reyndar áður hefur komið fram, að meginstefnan í þessu frv. sé góð Ég skal ítreka það, að ég tel að það verði að sjálfsögðu að breyta þessu frv. í meðförum nefndar. Það kemur t. d. ekki til greina, að innláns- og útlánsvextir séu á einu númeri, eins og kallað er. Það sér hver maður. Þetta veltir að vísu upp nýrri spurningu, spurningunni um það, hvað sé sparnaður. Er sparnaður það sem skilgreint er í Hagtölum mánaðarins, þeir seðlar sem menn hafa á milli handa á degi hverjum?

Er það sparnaður sem menn leggja inn á hlaupareikning eða ávísunarreikning? Eða er það aðeins sparnaður sem menn leggja fyrir til langs tíma inn á bundnar bækur? Þetta er spurning sem er ástæða til að velta fyrir sér þegar talað er um sparifé og sparnað landsmanna.

Þá höfum við sjálfstæðismenn við þessa umr. haft fyrirvara um það sem segir í grg. frv. um húsnæðismálin og um húsbyggingasjóð ríkisins. Við teljum ófært að fara þá leið sem á er bent í grg. frv. Við teljum að húsbyggingarsjóður ríkisins sé félagslega mikilvægur og þess vegna beri að greiða niður það fé sem þar er lánað út, eins og reyndar er gert í dag, og þá sérstaklega til ungs fólks sem er að byggja í fyrsta skipti.

Við vekjum athygli á því jafnframt, og á það vil ég leggja áherslu, að raunvaxtastefna verður að vera liður í miklu umfangsmeiri breytingum í okkar efnahagskerfi. Við verðum að fara að stýra í þessu þjóðfélagi með verðjöfnunarsjóðum. Það verða menn að fara að skilja. Við verðum að jafna með þeim verðsveiflur. Við verðum að hafa hér skýra peningamálastefnu. Við verðum bæði að átta okkur á peningamagninu, sem er í umferð, og eins á því, hvaða vaxtastefnu við ætlum að reka. Við verðum jafnframt að átta okkur á því, að útgjöld ríkisins hafa þýðingu sem hagstjórnartæki. Við verðum jafnframt að breyta verðmyndunarkerfinu í landinu, af því að núverandi verðmyndunarkerfi og verðlagskerfi hefur skekkt allan grundvöllinn. Við verðum jafnframt að viðurkenna það, ef við viljum ekki lifa í fölsku kerfi, lifa í einskonar Tívolí með okkar sérstöku spilapeninga, að skrá verður gengið rétt. Að lokum, og það er kannske eitt af því mikilvægara, þarf að laga til vísitölukerfið. Um það hefur þegar verið rætt og verður sjálfsagt rætt síðar, og ég læt það vera að sinni. Við verðum sem sagt að rétta efnahagskerfi okkar af, og þegar við viljum styrkja atvinnugreinar eða einstaklinga með því að láta þá borga minna til baka, þá eigum við að kalla það styrki. Það hefur enginn gott af því að trúa því sjálfur, að hann sé að greiða til baka lán að fullu þegar hann gerir það aðeins að hluta. Sjálfslygin er kannske versta lygin.

Ég vona að þetta frv., sem hér liggur fyrir, fái þá meðferð í nefnd, að það veki þar þann skilning, að þetta skref, sem tekið verður, ef raunvaxtastefnan verður ofan á, er liður í því að gera nauðsynlegar úrbætur í okkar efnahagskerfi. Ef við ætlum að lifa hér í framtíðinni sæmilega frjálsir menn, verðum við að skilja hvar peninganna er aflað, hvernig þeir dreifast og hvernig þeir síðan greiðast til baka. Frv. þetta er einn liðurinn í þeirri starfsemi, og ég vonast til þess, að það fái ítarlega umfjöllun í nefnd.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 15. fundur.

Þriðjudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Oddur Ólafsson, 4. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja fund Sameinuðu þjóðanna, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Eiríkur Alexandersson bæjarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Bragi Sigurjónsson,
forseti Ed.

Til forseta Sþ."

Mér hefur borist annað bréf, svo hljóðandi, dags. í Reykjavík, 6. nóv. 1978:

„Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Stefán Guðmundsson, Sauðárkróki, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Bragi Sigurjónsson,
forseti Ed.

Til forseta Sþ."

Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hv. formann kjörbréfanefndar, að hann kveðji nefndina saman og láti athuga kjörbréf þessi, og geri ég 10 mínútna fundarhlé í því skyni á þessum fundi. — [Fundarhlé]

Frsm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar tvö kjörbréf: í fyrsta lagi kjörbréf fyrir Stefán Guðmundsson framkvæmdastjóra, Sauðárkróki, sem hlaut kosningu sem 1. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra lögmæltan tíma, og í öðru lagi kjörbréf fyrir Eirík Alexandersson, Grindavík, sem hlaut kosningu sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi lögmæltan tíma.

Kjörbréfanefnd hefur rannsakað þessi bréf og ekki fundið við þau neitt athugavert og mælir þess vegna með því, að þau verði tekin gild og samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Hinir nýju þm., Eiríkur Alexandersson og Stefán Guðmundsson undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Umræður utan dagskrár.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Mér er auðvitað ljóst, að óhóflegar umr. utan dagskrár eru ekki til þess fallnar að auka virkni eða hraða í þingstörfum. Mun ég því, eins og forseti mælist til, reyna að stilla máli mínu í hóf.

Það, sem ég hef óskað eftir að fá að gera að umræðuefni utan dagskrár, er það, að í gærkvöld heyrðum við í fréttum í útvarpi og sjónvarpi að ríkisstj. hefði skipað sér blaðafulltrúa. Þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að þessar fréttir komu ýmsum þeim, sem eiga sæti í þingflokkum þeim sem að þessari ríkisstj. standa, á óvart. Svo hafði verið, að fyrir nokkrum dögum var á Alþ. dreift frv. til fjárl. sem þingflokkarnir hafa haft til athugunar, og þar var m. a. gert ráð fyrir, að ég hygg, 11.8 millj. kr. fjárveitingu til þessa embættis. Má af því ljóst vera, að þar er ekki aðeins verið að fjalla um eitt embætti, heldur nánast heila deild, a. m. k. annað ef ekki fleiri störf sem að þessu munu lúta.

Nú skal ekki dregið í efa, að efalítið er hverri ríkisstjórn hollt að hafa sér blaðafulltrúa, en málið er það í fyrsta lagi, að við þykjumst eiga aðild að aðhaldsstjórn, stjórn sem er að hvetja til aðhalds annars staðar í samfélaginu. Í þingflokki okkar, án þess að um það hafi verið gerð formleg samþykkt, höfðum við talað saman um einhverjir a. m. k., að þetta væri einmitt liður af því tagi, sem við hygðumst leggja til að skorinn væri niður í sparnaðarskyni. Af þessum sökum þarf ekki að fjölyrða um að þessi frétt kom á óvart og veldur óneitanlega verulegum vonbrigðum.

Nú ber auðvitað að leggja á það þunga áherslu, að hér er ekki verið að fjalla um þann einstakling persónulega, sem til þessa starfs hefur verið ráðinn. Hann er hinn mætasti maður, eins og öllum er auðvitað kunnugt. En það er einfaldlega ekki kjarni málsins. Kjarni málsins sýnist manni vera sá, að hér sé óskynsamlega að staðið, því að þótt heimild sé til slíkrar ráðningar hafði Alþ. ekki fjallað um þessa fjárveitingu og það er vitað mál að í flokkum þeim, sem að ríkisstj. standa, höfðu menn ætlað sér einhverjir a. m. k. að mæla gegn þessari fjárveitingu vegna þess að við erum að reyna að spara, ekki aðeins í stjórnkerfinu, heldur úti um samfélagið allt. Ég hygg því, að hér sé slæmt fordæmi, og hitt, að þingið hefði átt að fá að taka afstöðu til þessa máls áður en í slíka ráðningu var ráðist.

Forsrh., sem þetta embætti heyrir undir, fór utan í morgun og fylgja honum auðvitað góðar óskir og óskir um góða heimkomu. En ég vil leyfa mér að beina þeirri spurningu til fjmrh., hverju þetta sæti, hvers vegna er ráðist af þessari skyndingu í þessa embættisveitingu, hvers vegna ekki hafi verið beðið eftir umföllun Alþ. um fjárlagafrv., eins og vera ber, og hvort fjmrh. geti ekki verið mér sammála um að þetta sé afar óæskilegt fordæmi, sem hér hefur verið gefið.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Því miður er hæstv. forsrh. ekki á landinu, þar sem hann sækir forsrh.-fund Norðurlanda um þessar mundir, en ég skal svara þeirri fsp. sem hv. þm. hefur gert.

Ég vildi í fyrsta lagi benda á að samkv. reglugerð um Stjórnarráð Íslands er gert ráð fyrir því, að ýmis embætti heyri undir forsrh., eins og embætti húsameistara ríkisins og embætti blaðafulltrúa ríkisstj. Forsrh. gerði það að umræðuefni í ríkisstj. fyrir nokkru, að hann teldi æskilegt að ráða blaðafulltrúa. Síðan sendi forsrn. til fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn. till. um að blaðafulltrúi yrði ráðinn. Það var samþykkt af hálfu fjmrn. að ráða hann og í framhaldi af því hefur forsrh. nú ráðið blaðafulltrúa.

Benda mætti á það í þessu sambandi, að heimildir eru fyrir því að ráðh. ráði sér aðstoðarmenn. Ég held að ég muni það rétt, að komið hafi um það beiðni til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar frá þremur ráðh. að ráða sér aðstoðarmenn. Við þessu var orðið og gerð till. um það í fjárlagafrv., að Alþ. samþykki fjárveitingar til þess að greiða aðstoðarmönnum ráðh. laun svo og blaðafulltrúa ríkisstj. Aðstoðarmennirnir hafa þegar verið ráðnir og þó að ekki hafi verið aðstoðarmaður fyrir í því rn., sem um er að ræða, þá hygg ég að það styðjist við venju, að ráðh. hafi heimild til þess með samþykki fjmrn, að ráða aðstoðarmenn, þó að ekki sé búið að afgreiða málið á Alþ. Hins vegar er það alveg ljóst, að Alþ. hefur valdið í þessum efnum og að sjálfsögðu verður að samþykkja á Alþ. fjárveitingar í þessu skyni. Vonast ég til að ekki standi á því, þegar þar að kemur, að Alþ. samþykki fjárveitingar sem nauðsynlegar eru til þess að standa undir þessum embættum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram sérstaklega strax í upphafi máls míns og ítreka það mjög, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði áðan, að efni málsins er ekki hver blaðafulltrúi hafi verið ráðinn til ríkisstj. Aths. eru ekki gerðar vegna þess að Magnús Torfi Ólafsson hafi verið ráðinn blaðafulltrúi ríkisstj. Magnús Torfi Ólafsson er tvímælalaust hæfur maður, sem er í miklu áliti bæði innan og utan Alþ. og hefur vissulega bæði reynslu og þekkingu til þess að gegna því starfi, sem hann hefur verið ráðinn til, vel og skilmerkilega. Hann hefur verið alþm., hann hefur átt sæti í ríkisstj. og hann er formaður stjórnmálaflokks og hefur því vissulega bæði reynslu og þekkingu til þess að gegna þessu starfi.

Ástæðan fyrir því, að þessu máli er hreyft hér, og ástæðan fyrir því, að ég tók þetta mál upp á fundi fjvn. í morgun, er einfaldlega sú, að það á ekki að vera unnt að ráða fólk til þjónustu hjá ríkinu nema með tvennum hætti: annaðhvort með því að ráðningarnefnd hafi samþykkt ráðninguna eða með þeim hætti, að hv. Alþ. hafi við afgreiðslu fjárlaga samþykkt fjárveitingu í þessu skyni. Með öðrum hætti á ekki að vera hægt að ráða starfsmenn til ríkisins.

Í morgun spurðist ég fyrir um það hjá hagsýslustjóra, hvort ráðningarnefnd hefði samþykkt þessa ráðningu. Hagsýslustjóri svaraði nei. Það þarf ekki að taka það fram, hv. alþm., að í fjárl. yfirstandandi árs er ekki gert ráð fyrir því, að til þessa embættis sé stofnað, þar sem ekki hefur verið séð fyrir greiðslum til þess. Samkv. þeim venjum, sem tíðkast á hinu háa Alþingi, á þess vegna ekki að vera hægt að stofna til þessa embættis á árinu 1978. Hins vegar hefur till. verið gerð um það í fjárlagafrv. ársins 1979, að Alþ. heimili að til þessa starfs verði stofnað, til embættis blaðafulltrúa með a. m. k. tveimur starfsmönnum og auðvitað rekstrarkostnaði þar að auki. Fjvn. og Alþ. hafa enn ekki fjallað um þessa tillögu. Alþ. hefur enn enga afstöðu tekið til till., en það hafa verið umr. um það í fjvn., og komið m. a. fram frá stuðningsmönnum ríkisstj. þar, að full ástæða væri til

þess að athuga þetta mál mjög náið.

Ég hef undanfarin tvö ár átt sæti í undirnefnd fjvn. Eitt meginverkefni þeirrar n. þessi tvö ár hefur verið að fjalla um starfsmannaskrá ríkisins og þá fyrst og fremst óheimilar mannaráðningar ríkisstofnana, þ. e. a. s. störf sem forstöðumenn ríkisstofnana hafa stofnað til í leyfisleysi án þess að þau störf hafi verið stofnuð samkv. heimild ráðningarnefndar né heimild Alþingis. Eitt af meginverkefnum undirnefndar fjvn. þessi tvö ár hefur verið að vinna gegn þessum starfsháttum og m. a. s. síðast nú í sumar að skipa mörgum forstöðumönnum ríkisstofnana að segja upp þessu ólöglega ráðna fólki. Þess vegna harma ég eindregið að hæstv. forsrh. skuli hafa tekið þá ákvörðun — húsbóndinn á heimilinu — að sniðganga þessar reglur um mannaráðningar í ríkisins þjónustu án þess að leggja það fyrir rétta aðila, án þess að hafa fengið samþykki ráðningarnefndar og án þess að hafa fengið samþykki fjárveitingavaldsins, en hæstv. ríkisstj. hefur leitað eftir því við Alþ. að það fallist á þessa niðurstöðu og Alþ. hefur enn ekki tekið afstöðu til málsins.

Við allmargir nm. fjvn. ræddum þetta á fundi fjvn. í morgun. Þá óskaði ég sérstaklega eftir því, að formaður fjvn., sem því miður er ekki staddur hérna, tæki þetta mál upp í sérstakri umr. við hæstv. fjmrh. Bókað var á fundi fjvn. í morgun, að það yrði gert. Það voru líka bókaðar aths. og mótmæli við þessari ráðstöfun frá fulltrúum þriggja flokka af fjórum í fjvn. Þetta vildi ég að fram kæmi.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Vilmundur Gylfason komst svo að orði áðan, að ríkisstj. hefði tekið ákvörðun um ráðningu blaðafulltrúa. Mér þykir óhjákvæmilegt að taka það fram að gefnu tilefni, til þess að málin liggi sem ljósast fyrir, að í ríkisstj. hefur ekki verið fjallað um stofnun embættis blaðafulltrúa ríkisins og engin ákvörðun verið tekin um það þar. En síðar hefur nokkru sinni verið um það fjallað í ríkisstj., hver gegna skuli þessu embætti. Þetta er því ákvörðun hæstv. forsrh., og mér var ekki kunnugt um þessa ákvörðun fyrr en í gær.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vil taka undir þær raddir sem hér koma fram um að þessi ákvörðun, sem fréttist af í fjölmiðlum í gærkvöld, er vitaskuld afar ámælisverð. Í raun og veru er verið að sýna fjvn. og þinginu öllu mikla lítilsvirðingu þegar um er að ræða að ráða til starfa í nýja stöðu sem aðeins er gerð till. um í frv., en engin endanleg ákvörðun hefur verið tekin um af hálfu þingsins.

Það er rétt, sem fram kemur hjá hv. 4. þm. Vestf., að þetta mál var rætt í fjvn. í morgun og hann lét þar bóka mótmæli sín. Undir þessi mótmæli var tekið af velflestum nm. á þessum fundi.

Eitt er athyglisvert í sambandi við þetta mál, að þm. Alþfl. telja sig knúna til þess ýmist að standa upp utan dagskrár eða beina fsp. í fsp.-tíma Sþ. til hinna ýmsu ráðh. til þess að afla upplýsinga um meðferð einstakra mála. Það kemur sem sagt í ljós, að þessi flokkur, sem á aðild að ríkisstj., hefur nánast litla sem enga hugmynd um ákvarðanir, sem teknar eru á stjórnarheimilinu. Þessum flokki er ekki sýnd nein tillitssemi, að því er mér virðist, og þeir verða að standa hér upp dag eftir dag til þess að afla sér upplýsinga um einföldustu mál. Auðvitað er fróðlegt fyrir okkur stjórnarandstæðinga að fá vitneskju um þetta og reyndar fróðlegt fyrir alla þjóðina. Og nú er ekki annað að heyra og sjá en þeir séu farnir að skiptast á skoðunum og upplýsingum með bókunum í einstökum nefndum þingsins.

Að lokum vil ég segja það, að Magnús Torfi Ólafsson, sem nú á að taka við stöðu blaðafulltrúa ríkisstj., er góður og gegn maður en hann er formaður stjórnmálaflokks — stjórnmálaflokks sem ekki á neina aðild að þessari ríkisstj. Það fer e. t. v. vel á því, að þessi ríkisstj. taki sér mann úr öðrum flokki til þess að sjá um upplýsingamiðlun af hennar hálfu, og er eftir öðru miðað við það samkomulag sem ríkir á þessu heimili.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka undir það sem fram hefur komið hjá hv. fjvn.-mönnum um það sem gerðist á fundi fjvn. í morgun út af því máli, sem hér er rætt utan dagskrár. Það er alveg ljóst, að í þessu máli hefur ekki verið farið eftir þeim leikreglum sem fjvn. og Alþ. hafa sett í sambandi við mannaráðningar ríkisins, og gildir þá einu hvort um er að ræða ráðningu aðstoðarmanna ráðh. eða blaðafulltrúa ríkisstj. eða hvern þann sem er ráðinn fastráðningu í þjónustu ríkisins.

Um þetta hafa verið settar ákveðnar reglur sem komu mjög glöggt fram í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að um er að ræða tvær leiðir í þessu efni, að ráðningarnefnd fjalli um málið og samþykki það eða þá fjvn. og Alþ. taki afstöðu til þessara mála. Nú er ekki fyrir það að synja að stundum hefur viljað brenna við að menn hafi verið ráðnir í þjónustu ríkisins fastráðningu án þess að þessir aðilar hafi verið um það spurðir og stundum verið í þjónustu ríkisins um lengri eða skemmri tíma þannig ráðnir, annaðhvort af ráðuneytisstarfsmönnum eða af viðkomandi ráðh. Þessu hefur hins vegar verið reynt að kippa í lag á undanförnum árum.

Hv. alþm. vita, að samin hefur verið sérstök starfsmannaskrá yfir fastráðna starfsmenn ríkisins. Árlega er farið mjög nákvæmlega yfir þá skrá og reynt að koma í veg fyrir að ráðnir séu menn til ríkisins með ólögmætum hætti. Allt er þetta að sjálfsögðu gert til þess að reyna að koma í veg fyrir að ríkisbáknið þenjist út svo að óviðráðanlegt sé. Það kastar hins vegar tólfunum í þessum efnum þegar hæstv. forsrh. gengur á undan og þverbrýtur þessar reglur sem verið er að biðja okkur, sem gegnum störfum í hv. fjvn. og hér á hinu háa Alþ., að fara eftir. Ég tek eindregið undir það með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að hér er um hið alvarlegasta mál að ræða.

Það er nú kannske að bera í bakkafullan lækinn að minna á það, sem kom fram hjá hæstv. samg.- og menntmrh. Hann fer með staðlausa stafi, sé miðað við það sem hæstv. fjmrh. staðhæfði. Menntmrh. segir að í ríkisstj. hafi aldrei verið fjallað um það mál að ráða blaðafulltrúa til ríkisstj. Ég skal ekki gerast dómari um það hvor hefur rétt fyrir sér. Ég vildi aðeins benda á að hér er um að ræða eina af mörgum þversögnum í yfirlýsingum hæstv. ráðh. út af því fjárlagafrv. sem svo síðbúið var á þingi í ár sem hv. alþm. vita. Í rauninni veit enginn hvort verið er að fjalla um þetta frv. sem frv. hæstv. ríkisstj., sem stjfrv., eða sem frv. hæstv. fjmrh.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. 8. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að ég ætla ekki að fara að munnhöggvast við stjórnarandstöðuna út af þessu máli. Til þess gefast næg tækifæri síðar, enda hefur

komið fram í blöðum að nú hafi sú mikla breyting verið gerð á starfsemi Sjálfstfl. hér í þinginu — væntanlega samkv. þingflokkssamþykkt — að þeir ætla að fara að taka þátt í umr. um mál strax á fyrsta stigi. Ég vænti þess því, að góð tækifæri gefist til þess að etja við þá kappi í þinginu síðar.

Ég vildi aðeins taka fram afstöðu mína í þessu máli, einfaldlega vegna þess að hér er ekki um að ræða ágreiningsefni milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Hér er um það að ræða að hafa í heiðri rétt og eðlileg vinnubrögð í sambandi við stjórnsýslu- og fjármálaráðstöfun — vinnubrögð sem allir fjvn.-menn t. a. m., án tillits til hvar í flokki þeir standa og án tillits til þess hver hefur setið í sæti fjmrh. eða forsrh. hverju sinni, hafa lagt mikla áherslu á að farið væri eftir. Þar sem ég er stuðningsmaður núv. ríkisstj. ætlast ég að sjálfsögðu til þess, að hún, frekar en þær stjórnir sem ég væri í andstöðu við, virði rétt og eðlileg vinnubrögð og hafi í heiðri þær leikreglur, sem til er ætlast af stjórnvöldum. Ég tel að þetta mál hafi verið ákaflega leiðinlegt og mistök og ætti að íhuga betur af þeim aðilum sem um það hafa fjallað.

Ég vil taka það sérstaklega fram, að við þm. Alþfl. höfum ekki verið leyndir einu eða neinu um þessi mál. Ég tel að við höfum fengið fréttir af þessari afgreiðslu jafnsnemma og flestir ráðh. í ríkisstjórn Íslands, þ. e. a. s. í kvöldfréttum í gærkvöld.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það kemur mér mjög á óvart, að þetta mál, sem hér er til umr., skuli þurfa að ræða að forsrh. fjarverandi. Hann er að eðlilegum embættisverkum sínum nú og málið hefði ekki hlaupið frá neinum þótt það hefði beðið þess að hann mætti í þinginu aftur, sem hann gerir fljótlega eftir að hann kemur til baka. Þess vegna hefði ég talið, að eðlilegt hefði verið að fsp. út af málinu hefði verið geymd þangað til.

Hitt þykist ég líka þekkja af störfum bæði á Alþ. og í ríkisstj., að ekki er verið að bera það undir Alþ., hvaða menn kynnu að sitja í einstökum embættum, og ekki hefur það heldur verið svo um ríkisstj. Þar hefur sá ráðh., sem með veitingarvaldið fer hverju sinni, ráðið hvern hann skipaði í starfið. Þar sem till. er gerð um það í fjárlagafrv. að fjárveiting sé til þessa embættis, þá er ekki óeðlilegt að það yrði veitt fyrr, vegna þess að ný ríkisstj. var sest að völdum. Ég held að það muni álit allra, að kannske hafi stundum skort á að ríkisstj. hafi haft menn sér til varnar eða fréttafrásagna og látið öðrum það eingöngu eftir. Ég tel því að embætti blaðafulltrúa sé hin mesta nauðsyn. Ég skil ekki þá hugsun, ef hefði átt að fara að bera undir Alþ. hvort átti að veita þessum manni eða hinum embættið. Slíkt er alveg óþekkt. Og þar sem búið var að gera till. um starfið í fjárlagafrv., þá sé ég ekki ástæðu til þessarar umr. En í alla staði er hún ósmekkleg að hæstv. forsrh. fjarstöddum.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Út af orðum hv. síðasta ræðumanns leyfir forseti sér að taka fram, að honum var tjáð að hæstv. fjmrh. hefði tekið að sér að svara fyrir hæstv. forsrh. í þessu máli. Var það síðan staðfest í viðtali sem forseti átti við hæstv. fjmrh., sem tekur næstur til máls.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði hér áður, að mér þykir miður að þetta skuli vera gert að umræðuefni að hæstv. forsrh. fjarstöddum. En ég vildi ekki skorast undan því að svara spurningum, vegna þess að fast var eftir því leitað.

Varðandi þessi mál öll vil ég taka það fram og er sammála því, að það eru vissar reglur sem gilda um ráðningar starfsmanna til ríkisins. En frá þessum almennu reglum eru vissar undantekningar, þ. á. m. eru stöður eins og aðstoðarmenn ráðh., sem ráðh. hafa heimild til að ráða sér samkv. lögum. Ég álít að blaðafulltrúi ríkisstj. sé í sama flokki, ef svo mætti að orði komast, þar sem kveðið er á um það í reglugerð um Stjórnarráð Íslands að embætti blaðafulltrúa ríkisstj. heyri undir forsrn.

Þegar þrír ráðh. sendu beiðnir um það til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, að þeir óskuðu eftir því að ráða sér aðstoðarmenn, þá taldi ég það sjálfsagt og venju samkv., bæði stjórnskipulegri venju og einnig þingvenju, að verða við beiðni þeirra og heimila þeim að ráða sér aðstoðarmenn þegar í stað. Ég veit engin dæmi þess, að það hafi verið átalið af hálfu Alþ., að svo væri gert, og það eru mýmörg dæmi frá öllum ríkisstjórnum um að einstakir ráðh. hafi notfært sér þá heimild að ráða sér aðstoðarmann. Ég álít að blaðafulltrúi ríkisstj. sé í sama flokki, þannig að hér sé um að ræða undantekningar, en ég get e. t. v. fallist á að Alþ. hafi seinasta orðið í þessum efnum, ef menn vilja breyta viðtekinni hefð og þingvenju og ég vil segja stjórnskipulegri venju í þessum efnum. Ég hygg þó að hæstv. forsrh. hafi hér stuðst við gamla og gróna venju, sem menn hafa ekki séð ástæðu til að breyta út frá. Miðað við þau vinnubrögð og þá starfshætti, sem hafa verið viðhöfð í þessum efnum síðan a. m. k. var heimilað í lögum að ráða aðstoðarmenn ráðh., og þegar þess er einnig gætt, að í reglugerð um Stjórnarráð Íslands er kveðið á um þetta embætti — embætti blaðafulltrúa ríkisstj. — þá hygg ég að hæstv. forsrh. styðjist fullkomlega við þingvenjur og stjórnskipunarvenju í því efni að ganga frá þessu máli.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil láta það koma hér fram, að þó að á því hafi verið imprað í ríkisstj. að æskilegt kynni að vera að ráða blaðafulltrúa, þá tel ég ekki að formleg samþykkt hafi verið um það gerð. Hitt er ljóst, að í till. um fjárlög lá fyrir till. um að ráðinn yrði blaðafulltrúi. Ég taldi sjálfsagt og ég tel að það sé skoðun ráðh. Alþfl., að um það yrði fjallað í þinginu, og við höfum ekki vænst þess, að til þessarar ráðningar kæmi fyrr en að fjárlagaafgreiðslu þingsins lokinni eða a. m. k. ekki á grundvelli undantekningarheimildar, heldur hefði málið sinn eðlilega gang. Þess vegna verð ég að segja það, að þessi ákvörðun forsrh. kemur mér og öðrum ráðh. Alþfl. jafnmikið á óvart og öðrum þm. og mér skilst ráðh. Alþb. — Þetta vil ég að komi skýrt fram.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að leiðrétta þann misskilning sem kemur fram í málflutningi fjmrh., hvers eðlis það embætti sé sem hér er til umr. Í fyrri og síðari ræðu sinni lagði fjmrh. út af því, að hér væri um að ræða embætti sem væri hliðstætt svokölluðum aðstoðarráðherraembættum, en svo er ekki. Hér er um að ræða embætti samkv. venjulegri embættaskipan íslenska ríkisins, eins og glögglega kemur fram í blöðum í dag í viðtali við Magnús Torfa Ólafsson. Hér er um embætti að ræða sem ekki á að

fylgja ríkisstj. á þann hátt að viðkomandi láti af starfi þegar ríkisstj. fer frá, heldur er þetta embætti sem felur í sér varanlega setu. Það er því alger misskilningur hjá hæstv. fjmrh., sem var meginrök hans fyrir vörn í þessu máli, að embættið væri af sama tagi og aðstoðarráðherraembætti. Svo er ekki. Þess vegna geta ekki gilt um þetta embætti neinar þær stjórnskipulegar eða þinglegar venjur sem hafa gilt um ráðningu aðstoðarráðherraembætta, enda væri það satt að segja undarlegur eðlisþáttur þessa máls, ef forsrh. hefði kosið að velja sér sem aðstoðarforsrh. formann í stjórnmálaflokki sem styður ekki þessa ríkisstj. svo að vitað sé.

Ég held að það sé alveg ljóst, að það eigi ekki að flækja þetta mál enn frekar með því að rugla þingheim og þjóðina um eðli þess embættis sem hér um ræðir. Og ég held að það sé nauðsynlegt að þessi atburður, ásamt öðrum þeim sem orðið hafa á undanförnum vikum, verði ýmsum hv. forráðamönnum Framsfl. tilefni til umhugsunar um það, hvað við stuðningsmenn þessarar ríkisstj. teljum eðlileg, þingræðisleg og stjórnunarleg vinnubrögð og hvers við ætlumst til um hvaða reglum sé fylgt í þeim efnum. Það er ekki hægt að brjóta æ ofan í æ eðlilegar venjur og rétt vinnubrögð í sambandi við þann þingræðislega og lýðræðislega skilning, sem við stuðningsmenn þessarar ríkisstj. teljum nauðsynlegt að sé ráðandi ef störf hennar eiga að vera farsæl fyrir þjóðina og alþýðu þessa lands.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það vekur óneitanlega athygli, hve samstarfið er gott meðal stjórnarflokkanna og hve mikil elska og umhyggja ríkir í herbúðum þeirra. Það er í sjálfu sér skiljanlegt að hv. þm. Vilmundur Gylfason komi hér og geri aths. við þetta stórkostlega mál, enda vill hann nú opna allar umr. og styðja hlut fjárveitingavaldsins gegn framkvæmdavaldinu. En ég sé ekki betur en hægt sé að leysa þetta mál með farsælum hætti. Ég sé ekki betur en hægt sé að slá tvær flugur í einu höggi, annars vegar að spara ríkissjóði útgjöld og hins vegar að koma í veg fyrir að Alþ. setji niður í viðskiptum sínum við forsrh., með því einfaldlega að þessir ágætu hv. þm., sem hér hafa vakið máls á þessu, beiti sér fyrir því, að ríkisstjórnarfundir verði haldnir í heyranda hljóði. Þá spara þeir hvort tveggja.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég þakka fjmrh. fyrir svör hans, þó að ég verði að segja að ég er jafnlítt sannfærður um ágæti þessa máls og ég var áður en hér var upp farið, að ekki sé talað um þegar bæði ráðh. Alþb. og Alþfl. upplýsa að þeir hafi ekki heyrt um þetta mál fyrr en, eins og við hinir, í kvöldfréttum í gærkvöld.

Ég vil enn fremur vekja athygli efnislega á einu því sem fjmrh. sagði. Hann kvaðst e. t. v. geta fallist á, að Alþ. hefði síðasta orðið í þessu máli. Ég hygg að það sé ekkert „e. t. v." með það. Hingað til hefur það verið svo, að Alþ. hefur farið með fjárveitingavald í þessu landi, og það gerir það auðvitað í þessu máli eins og öllum öðrum hvað svo sem fjmrh. hefur um það að segja. Allt þetta mál og öll þessi málsmeðferð þykir mér því miður vera óeðlileg, og sem aðili að flokki, sem styður þessa ríkisstj., vona ég að til svona vinnubragða komi ekki í framtíðinni.

Umræður utan dagskrár.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, er hinn alvarlegi áburður dagblaðsins Vísis í gær, þar sem fullyrt er í leiðara að formaður Framsfl. í embætti viðskrh. hafi tekið innflutning af frílista til þess að innflutningsdeild Sambands ísl. samvinnufélaga gæti sett upp kexverksmiðju. Þarna er ekki skafið utan af hlutunum, heldur umbúðalaust fullyrt að hæstv. fyrrv. viðskrh., núv. forsrh., hafi misnotað ráðherraembætti sitt til fjárhagslegs ávinnings fyrir Samband ísl. samvinnufélaga. Í leiðara Vísis í gær segir orðrétt, með leyfi forseta:

„SÍS hringurinn hefur í skjóli pólitísks valds öðlast óeðlilega drottnunaraðstöðu á öllum sviðum atvinnulífsins. Mönnum er í því sambandi enn í fersku minni, þegar formaður Framsfl. í embætti viðskrh. tók kexinnflutning af frílista til þess að Innflutningsdeild Sambands ísl. samvinnufélaga gæti sett á fót kexverksmiðju."

Ég leyfi mér að beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. í fjarveru dómsmrh., hvort hann ætli að beita áhrifum sínum til þess að mál þetta verði rannsakað eða hvort hæstv. ríkisstj. ætli án aðgerða að sitja undir þeim áburði um saknæmt atferli núv. hæstv. forsrh. sem í leiðaranum felst.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það verður ekki sagt með neinum rétti, að ég sé einfaldur í dag, þar sem ég þarf að svara fsp. utan dagskrár vegna lögmætra fjarvista annarra ráðherra.

Í sambandi við þetta mál vil ég taka það fram, að með reglugerð, sem viðskrn. gaf út 26. jan. 1976, voru kex og brauðvörur tekin af frílista. Þessi ákvörðun var tekin til þess að spara gjaldeyri, en gjaldeyrisástandið var þá mjög erfitt eftir gífurlegan greiðsluhalla gagnvart útlöndum á árunum 1974 og 1975. Því hefur verið haldið fram, að þessi ráðstöfun hafi verið gerð til þess að gera Sambandi ísl. samvinnufélaga kleift að reisa kexverksmiðju. Enginn fótur er fyrir þeirri staðhæfingu. Samband ísl. samvinnufélaga sótti um lántökuheimild til ríkisstj. á sínum tíma til þess að kaupa vélar í kexverksmiðju, og leyfi var gefið til lántökunnar 21. febr. 1977 eða meira en ári eftir að ákvörðun hafði verið tekin um að taka kex og brauðvörur af frílista. Sambandið taldi sig þurfa að reisa kexverksmiðju til þess að geta fullnægt þörfum kaupfélaganna eftir að innflutningur á kexi hafði verið takmarkaður. Má því segja að bygging kexverksmiðju Sambandsins hafi verið afleiðing af innflutningshöftum á kexi, en ekki öfugt.

Með hliðsjón af þessu sé ég ekki ástæðu til að hlutast til um sérstaka rannsókn á þessu máli. Að sjálfsögðu hefur dagblaðið Vísir sínar skoðanir sem ég álít að hafi ekki við nein rök að styðjast.

Ég endurtek að ég sé ekki ástæðu til þess að láta fara fram sérstaklega rannsókn út af þessum ummælum og fullyrðingum blaðsins, sem ég álít að séu blaðinu ekki til neins vegsauka. Hins vegar er eðlilegast að hæstv. dómsmrh. fái tækifæri til að ræða þetta síðar, þegar hann hefur lokið embættisferðum sínum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar hans fyrir hönd fjarverandi dómsmrh., en mér fannst hann leggja of mikla áherslu á byggingu

kexverksmiðjunnar sem slíkrar. Það var ekki ætlun mín, að talað væri um það, heldur hitt, sem segir í leiðara Vísis í gær, en þar kemur fram fullyrðing um að fyrrv. hæstv. viðskrh. hafi misnotað aðstöðu sína á herfilegan hátt. Ég vona að hæstv. dómsmrh. líti öðrum augum á ósk um rannsókn á ummælum þeim sem fram koma í ritstjórnargrein Vísis, en láti ekki nægja, eins og virðist vera tilgangur hæstv. fjmrh., að segja hér úr ræðustól að greinin hafi ekki við rök að styjast og þar með sé málið búið. Ég vil undirstrika, að hér er ekki um frétt að ræða, heldur ritstjórnargrein, sem lesin er upp í ríkisfjölmiðlum og þeir látnir bera óhróður um menn sem viðkomandi ritstjóri vill gera tortryggilega í augum þjóðarinnar, og í þessu tilfelli er um forsrh. landsins að ræða.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ef stuðningsmenn hæstv. forsrh. sjá enga ástæðu til þess að rannsaka til hlítar þau ummæli sem við hafa verið höfð í ritstjórnargrein dagblaðsins Vísis í gær um vinnubrögð fyrrv. hæstv. viðskrh., þá tel ég það mjög alvarlegt. Ég óska samt eftir því, að þessi fsp. mín verði lögð á borð dómsmrh. og hann svari henni betur sjálfur, þar sem hæstv. fjmrh. telur sig ekki geta það hér og nú.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa vanþóknun á því, að menn skuli velja sér efni utan dagskrár hér á hv. Alþ. þegar þeir menn, sem um er að ræða, eru ekki staddir á þingi. En í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði áðan í sambandi við forustugrein dagblaðsins Vísis, þá finnst mér að það hefði átt að fylgja með hjá honum vanþóknun á því, sem þar kemur fram og er aðalefni þessarar umræddu greinar. Yfirskriftin er, eins og hv. alþm. sjálfsagt vita og alþjóð hefur fengið að heyra: „Alþingisloddarar". Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þau mál, sem hafa hleypt þessum umr. af stað, eru annars vegar tillaga Ólafs Ragnars Grímssonar um rannsókn á Eimskip og Flugleiðum og hins vegar tillaga Alberts Guðmundssonar um rannsókn á SÍS og dótturfyrirtækjum þess. Efnislega er ekki unnt að taka tillögur þessar of alvarlega fyrir þá sök að hvorugur flm. nýtur þess álits, sem til þarf. Þeir eru hvor í sínum flokki fulltrúar gaspurs og slagorða.

Ólafur Ragnar Grímsson vill ganga milli bols og höfuðs á Flugleiðum og Eimskip vegna einokunaraðstöðu fyrirtækjanna. En lausn hans er sú að gera þau að ríkiseinokunarfyrirtækjum. Þá er einokunin af hinu góða. Málflutningur af þessu tagi er gaspur, eða brak og brestir eins og Lúðvík Jósepsson lýsir honum".

Það er e. t. v. ástæða til fyrir hv. alþm., sem væntanlega gera sér grein fyrir þeim skyldum sem á þeim hvíla, að svara opinberlega svona aðdróttunum í opinberu málgagni. Jafnvel er frekari ástæða til þess að hv. 1. þm. Reykv. geri það á hv. Alþ., og e. t. v. 3. landsk. þm. einnig í sambandi við þetta mál.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég gerði það af yfirlögðu ráði að fara ekki frekar út í fyrirsögn þessa leiðara: „Alþingisloddarar". Ég held að við séum allir taldir hálfgerðir loddarar hér á hv. Alþ. og oft hefur Alþ. verið kallað leikhús. Ég vildi ekki undirstrika fyrirsögnina. Hitt er annað mál, og ég vil benda hv. síðasta ræðumanni á það, að þrátt fyrir hin ómerku ummæli í þessum leiðara er ég 1. þm. Reykv. og kem út úr prófkjöri í Reykjavík nr. eitt. Þann stuðning, sem þarf til áhrifa á Alþ. vantar því ekki meðal kjósenda, heldur innan 20 manna þingflokks, og er það tvennt ólíkt.

Hitt er svo annað mál en það, sem kemur fram í greininni, og varðar þær till., sem ég hef flutt um Samband ísl. samvinnufélaga, að ég get fullvissað hv. þm. um að álit skólameistara okkar beggja, orð hans um Samband ísl. samvinnufélaga og það sem þarf til rökstuðnings þeirri till., sem ég hef flutt, kemur fram þegar till. verður tekin á dagskrá. Ég mun ekki undir neinum kringumstæðum beygja mig undir að till. mínar verði dregnar til baka, en vona að þingheimur þori að samþykkja þær.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. Alexanders Stefánssonar vil ég aðeins segja það, að ég hef engar áhyggjur af þeim ummælum sem komu fram í leiðara Vísis, og tel enga ástæðu til að gera þau að umræðuefni á hv. Alþ. Það hefur þannig æxlast með mig, að þau tvö málgögn, sem forusta Sjálfstfl. notar til þess að berja niður Albert Guðmundsson, Morgunblaðið og Vísir, hafa kosið að nota mig beint og óbeint sem tæki í aðför sinni að Albert Guðmundssyni. Til þess að koma þessari aðför og dómi um Albert Guðmundsson á framfæri í leiðara Vísis var því talið nauðsynlegt að láta mig fljóta með. Forustu Sjálfstfl. er velkomið að halda áfram að láta mig fljóta með, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma höggi á Albert Guðmundsson.

Umræður utan dagskrár.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal hafa þetta stutt. Það er svo um mál, sem koma upp í Alþingi, að þeim er vísað til þn. eftir 1. umr. til meðferðar. Síðan skila þessar þn., fastanefndir Alþ., nál. Ein er sú þn., sem gerir þetta ekki, það er þingfararkaupsnefnd. Hún starfar samkv. lögum um þingfararkaup alþm. og ákveður ákveðnar greiðslur, sem er fjallað um í 3., 4. g 5. gr. nefndra laga. Ég hef, vegna þess að nál. frá þessari n. er ekki lagt fram í þinginu, ákveðið að gera grein fyrri störfum þfkn.

Í lögum um þingfararkaupsnefnd segir í 3. gr. — með leyfi hæstv. forseta — að þfkn. geti ákveðið hámark húsnæðiskostnðar alþm. sem eru utan af landi. Í 4. gr. segir, að þfkn. ákveði dvalarkostnað yfir þingtímann fyrir alþ. Í 5. gr. segir, að þfkn. ákveði þá fjárhæð sem þarf til að greiða kostnað alþm. vegna ferðalaga í kjördæminu.

Á 2. fundi þfkn. voru þessir liðir teknir fyrir samkv. venju og samkv. lögum. Þessir liðir fjalla í fyrsta lagi um dagpeninga, í öðru lagi um ferðakostnað í kjördæmi og í þriðja lagi um húsnæðiskostnað. Þessir liðir hækkuðu sem hér segir og ég vil taka það fram, að þessi hækkun er gerð eftir eitt ár, þetta var síðast gert fyrir einu ári:

1. liður hækkaði um 27%, 2. liður um 33⅓% og 3. liður um 38%. Ég vil geta þess í leiðinni, að almennt kaupgjald hefur hækkað um og yfir 50% á sama tímabili, þannig að allar þessar tölur eru miklu lægri. Í sambandi við ákvörðun hækkunar þessara kostnaðarliða er tekið mið af þeim upphæðum sem opinberir starfsmenn fá fyrir sinn kostnað í svipuðum tilfellum. Alþm. hafa alltaf verið talsvert undir þeim tölum og eru það enn og þessar prósentutölur breyta því ekki. Hlutfallið er enn sem fyrr

það sama eða svipað.

Dagpeningar þm. voru 2950 kr. en voru ákveðnir 4000 kr., sem er ca. 27% hækkun.

Ferðakostnaður í kjördæmi var 375 þús. á ári, en verður 500 þús., sem er 33⅓% hækkun. Í sambandi við það má nefna að svipaðar tölur varðandi km-gjald fyrir opinbera starfsmenn og aðra hafa hækkað um meira en 40% og bensín á sama tímabili milli 80 og 90%.

Húsnæðiskostnaður hækkaði úr 39 þús. á mánuði í 55 þús. á mánuði hámark. Þessi hækkun var heldur hærri en á hinum liðunum, þó í svipuðu hlutfalli og áður, en það var vegna þess að upphæðin var álitin hafa verið ákveðin allt of lág fyrr. Svokallað km-gjald vegna aksturs þm. á eigin bifreiðum í þessum tveim ferðum, sem leyfilegt er að gera reikning fyrir, er enn sem fyrr á lægsta taxta opinberra starfsmanna.

Annað fyrirkomulag í sambandi við þær greiðslur, sem þfkn. ákveður lögum samkv., er óbreytt.

Undanfarin ár hafa nokkrir áhugasamir menn um kaup alþm. rætt um það nokkuð í fjölmiðlum, að þfkn. Alþingis starfaði með mikilli leynd. Sömu menn og aðrir þeim líkir hafa fullyrt opinberlega, til þess að koma höggi á alþm. og Alþ., því að það var vinsælt að skamma alþ. á þeim tíma, að alþm. væru upp til hópa skattsvikarar vegna þess að þeir gæfu ekki þessa kostnaðarliði upp á skattskýrslum sínum. Og enn í dag er talað um það sama. M. a. kemur fram í grg. fyrir frv. um þingfararkaup, sem nokkrir hv. alþm. hafa flutt hér, sama orðalagið, sömu fullyrðingarnar, þrátt fyrir það að þessum mönnum og öðrum hefur verið sýnt fram á að þær eru rangar. Yfir störfum n. hvílir ekki leynd og hefur ekki hvílt. Bókun hennar og ákvörðun var kynnt öllum þingflokkum að loknum störfum, og þar með var málið orðið að opinberu máli og hver sem var gat gefið það út hvar sem var.

Varðandi skattsvikin er það að segja, að í lögum um tekjuskatt og eignarskatt kveður mjög skýrt á um þetta efni í 10. gr., að þetta sé ekki framtalsskylt. Auk þess má nefna að í þessu sérstaka máli, varðandi þessa framtalsskyldu alþm., hefur fallið úrskurður réttra yfirvalda, þar sem þetta er staðfest.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir því, sem þfkn. ákvað á áðurnefndum fundi. Þar voru þessir liðir bornir upp hver fyrir sig og samþykktir einróma.

Ég vil að lokum segja það, að þetta, sem þfkn. gerði, var ekki neín breyting í grundvallaratriðum, heldur var aðeins verið að færa þessar upphæðir, sem ákveðnar voru fyrir ári, í átt til þeirra verðlagsbreytinga sem orðið höfðu á tímabilinu, en eins og ég sagði áður eru þær snöggtum lægri en margar aðrar og flestar aðrar hækkanir hafa verið.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Hv. formaður þfkn. hefur lokið máli sínu. Eins og tekið var fram áðan er ekki ætlast til að langar umr. verði um þetta efni í dag. Það gefast nóg tækifæri til þess síðar og skal ég hlutast til um að svo verði. En ef einhverjir alþm. óska eftir að gera örstutta aths., þá er það heimilt.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka Garðari Sigurðssyni, formanni þfkn., fyrir þær upplýsingar sem hann gaf hér. Skortur á upplýsingum frá þessari n. er líklega stór þáttur í þeim miklu umr., sem fram hafa farið um launakjör þm.

Ég vil aðeins vegna þessarar umr. láta koma skýrt fram, að fulltrúar Alþfl., hv. þm. Eiður Guðnason og sá, sem hér stendur, voru samþykkir þeim leiðréttingum sem gerðar voru í þfkn. á hlunnindagreiðslum til þm. Þeir báru þetta hins vegar undir þingflokkinn, og ég vil að það komi hér fram, að fulltrúarnir í n. báru þfkn. eftirfarandi skilaboð frá þingflokki Alþfl.:

„Meiri hl. þingflokks Alþfl. telur að Kjaradómur eigi að ákvarða greiðslur vegna ferða- og dvalarkostnaðar þm. og hafa tveir þm. flokksins lagt fram frv. um það efni. Það er því ósk meiri hl. þingflokksins, að þessar greiðslur verði ekki hækkaðar að svo komnu."

Þessu varð ekki breytt. Staðan er því sú sem hún er. Ég vil taka það skýrt fram í framhaldi af þessari skoðun meiri hl. þingflokks Alþfl., að það er skoðun alls þingflokks Alþfl. að þm. beri að gefa upp hlunnindagreiðslur sínar á skattframtölum.

Niðurskurður fjárframlaga samkvæmt fjárlögum, fsp. (þskj. 21). — Frh. einnar umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Að minni ósk var umr. um þessa fsp. frestað á þeim fundi er fjallað var um fsp. síðast en fsp. er í þremur liðum. Ég ætla aðeins að rifja málið upp en það er hv. þm. Matthías Bjarnason, sem gerir fsp. Hún er um niðurskurð fjárframlaga samkv. fjárl. 1978, á þskj. 21. Fyrirspurnin er á þessa leið:

1. Hver er heildarniðurskurður fjárframlaga á fjárlögum þessa árs?

2. Hvernig skiptist hann á milli málaflokka og á einstakar framkvæmdir eða framlög í hverjum málaflokki? Óskað er skriflegs svars.

3. Hver gerði till. um þennan niðurskurð og hvaða reglur voru hafðar til hliðsjónar?

Þar sem beðið var um að einn liður af þremur þessarar fsp. væri skriflegur svaraði ég fsp. alfarið skriflega og liggur hún á borði hv. alþm. þannig svarað. Umr. um fsp. eða mínu svari var frestað vegna þess að hv. þm. hafði óskað eftir frekari sundurliðun en kemur fram í hinu skriflega svari. Vil ég nú verða við því að svara því atriði sérstaklega.

Að því er varðar lækkun fjárframlaga á einstökum fjárlagaliðum vil ég taka fram eftirfarandi:

1. Lækkun fjárframlaga til byggingar menntaskólanna á Ísafirði og í Kópavogi snertir eingöngu Menntaskólann í Kópavogi, enda er þegar búið að ráðstafa allri fjárveitingunni til byggingarframkvæmda Menntaskólans á Ísafirði. Þannig er ekki um að ræða neinn niðurskurð á framlögum til framkvæmda við Menntaskólann á Ísafirði, eins og var þó á vissu stigi málsins ætlunin. Það kom á daginn við nánari athugun, að búið var að binda þessa fjárveitingu í bak og fyrir.

2. Lækkun fjárframlaga til byggingar grunnskóla, skóla fyrir þroskahömluð börn og framkvæmda Vegagerðarinnar hefur ekki verið skipt á einstakar framkvæmdir, en það verður gert síðar á árinu í samráði við fjvn.

3. Lækkun fjárframlaga til bændaskólanna í Hólum og í Odda um 10 millj. kr. skiptist að jöfnu milli skólanna.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Í svari hæstv. ráðh., sem hér er til umr., er við 2. lið fsp. neðst að finna niðurskurð sem ekki er ýkjamikill, en ég vek ekki athygli á því þess vegna, heldur af öðrum ástæðum. Hér

er gert ráð fyrir að framlag til Orkusjóðs vegna lánveitinga verði lækkað um 20 millj. kr. Hér er átt við að upphæð, sem nemur 550 millj. og er til jarðhitaleitar og hitaveituframkvæmda, verði lækkuð um 20 millj. Ég vil að það komi hér fram, að þannig er ástatt með greiðslustöðu Orkusjóðs að það hljómar næstum sem fjarstæða og raunar sem alger fjarstæða að vera með einhverja tilburði um niðurskurð vegna þessa sjóðs. Þannig er ástatt, að það vantar um helming af 550 millj. til þess að hægt sé að ráðstafa þessari upphæð. Staða sjóðsins er slík vegna þess að byrðar hafa aukist á Orkusjóði vegna tveggja gengislækkana og svo líka vegna þess að það hafa verið settar á Orkusjóð sérstakar byrðar án þess að fjárframlag kæmi á móti. Mér er ekki kunnugt um að upplýsinga hafi verið leitað hjá stjórn Orkusjóðs, sem ég er formaður fyrir, um þessi efni áður en þessi niðurskurður var ákveðinn. Mér þykir ákaflega ólíklegt að leitað hafi verið upplýsinga eða ráða hjá iðnrn. vegna þess að því er að sjálfsögðu kunnugt um þessi efni.

Ég vil því leyfa mér í fyrsta lagi að mótmæla þessum aðgerðum sem algerðri fjarstæðu. En ég vil nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hver sé ástæðan fyrir þessum niðurskurði. Ég vænti þess að hann gefi svar við þessu. Ef hann gefur ekki svar við því, þá þykir mér líklegt að það sé slíkt handahóf á þessum aðgerðum að ekki sé athugað niður í kjölinn hvernig staðan er í hverjum einstökum málaflokki sem hér er verið að skera niður. Þá líst mér sannarlega ekki á þessa framkvæmd.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. þau svör sem hann gaf við þessari fsp., sem er framhald af því sem ég óskaði eftir þegar hið skriflega svar lá fyrir. Þá hef ég fengið svar við því sem ég bað um, að undanskilinni einni framkvæmd, sem eru vegagerðarframkvæmdir, en þær eru skornar niður um 100 millj. kr. Ég tók það fram, að ég óskaði sérstaklega eftir að fá sundurliðun á þeim framkvæmdum sem þessi niðurskurður nær til. Að öðru leyti tel ég fsp. svarað.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég óskaði eftir því, þegar þessi fsp. var á dagskrá, að hæstv. ráðh. gerði Alþ. grein fyrir því, hvaða liðir af þeim, sem er verið að skera niður á núgildandi fjárl., það eru, sem hugmyndin hefði verið að afla fjár til með lánum, og hvaða áhrif niðurskurðurinn þess vegna hefði á greiðslustöðu ríkissjóðs. Það eru þarna nokkrir liðir sem þannig voru hugsaðir. Ég man ekki gjörla hvaða liðir það eru, en ég man sérstaklega eftir þjóðarbókhlöðunni, þar sem er um að ræða 70 millj. kr. lækkun af 600. Ef ég man rétt er gert ráð fyrir að afla fjár til hennar með lánum, þannig að niðurskurður á því verki hefur ekki áhrif á greiðslustöðu ríkissjóðs sem slíks. Hann tekur þeim mun minna af lánum, 70 millj. kr. minna, og greiðir þá ekki þau lán heldur. Þessi niðurstaða, 600 millj. kr. niðurskurður, segir okkur því ekki hvaða markmiðum er unnt að ná til þess að ráða bót á greiðsluerfiðleikum ríkissjóðs. Ég óskaði eftir því, að ráðh. gerði grein fyrir þessu í síðasta fsp.-tíma, og kom það á óvart að hann skyldi ekki gera það nú. Það kann að vera gleymska, og ég er ekkert að fárast yfir því, en ég sem sagt ítreka það, að ég tel miklu gleggra að hv. alþm. fái yfirlit yfir þetta um leið og gerð er grein fyrir þessum niðurskurði.

Framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu, fsp. (þskj. 37). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. varðandi framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu, á þskj. 37.

Lögin um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 1973, sem tóku gildi 1. jan. 1974, mörkuðu áreiðanlega djúp og heillarík spor til framfara á þessu sviði. Megintilgangur laganna kemur fram í 1. gr. þeirra: Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. — Einn mikilvægasti þáttur laganna, ekki síst fyrir landsbyggðina, er III. kaflinn, um heilsugæslu, en heilsugæsla merkir í lögunum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra sem ekki dveljast á sjúkrahúsum. Í samræmi við lögin frá 1973 var hafist handa um byggingu heilsugæslustöðva víðs vegar um land og læknisbústaðir teknir undir lögin þar sem það var framkvæmanlegt.

Eftir gildistöku eldri laganna frá 1. jan. 1974 var fastlega gert ráð fyrir að settar yrðu reglugerðir um framkvæmd laganna, um ýmsa mikilvæga rekstrarþætti, t. d. um 19.-22. gr., og var mjög eftir því leitað. Þetta var hins vegar ekki gert, hverju sem um er að kenna. Urðu fljótlega árekstrar um það milli sveitarfélaga annars vegar og sjúkrasamlaga og heilbrrn. hins vegar, hvernig túlka bæri kostnaðarhluta í rekstri heilsugæslustöðvanna. Kom strax í ljós að útgjöld sveitarfélaga við rekstur heilsugæslustöðva, sem eru án tengsla við sjúkrahús, yrðu nær óviðráðanleg, þar sem engir tekjustofnar voru til að mæta þessum auknu útgjöldum. Þar við bættist að sum sjúkrasamlögin töldu sig ekki eiga að greiða til heilsugæslustöðvanna neinn hluta rekstrar. Heilbrrn. neitaði greiðslum til þátttöku í rekstri fyrir árið 1976. Sem sýnishorn af þessari afstöðu rn. vil ég lesa hér bréf sem ein heilsugæslustöðin fékk 19. des. 1977 vegna rekstrar þessarar stöðvar árið 1976, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð einsýnt er nú að fjárlög verða afgreidd án þess að fjárveiting fáist til að taka þátt í kostnaði heilsugæslustöðva við viðhald og áhöld og tækjakaup í daglegum rekstri, endursendast hér með þeir reikningar sem þessu rn. voru sendir með bréfi 24. mars s. l. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hvarflar ekki frá þeim skilningi sínum, að ríkissjóður eigi engan þátt að taka í greiðslu þessa kostnaðar."

Hv. Alþ. tók lögin til endursköpunar á síðasta þingi og afgreiddi þau sem lög 5. maí 1978. Breytingar urðu ekki til bóta fyrir sveitarfélögin. Var ekki tekið tillit til ákveðinna óska og tillagna stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um ýmis mikilvæg atriði. Sú breyting var þó gerð, að ríkið greiddi 50% af viðhaldskostnaði og endurnýjunarkostnaði fasteigna og tækja heilsugæslustöðvanna, þrátt fyrir að eignarhluti ríkisins sé 85%.

Eins og ég hef áður sagt er aðstöðumunur þeirra sveitarfélaga, er eiga að reka heilsugæslustöðvar, en eru ekki í beinum tengslum við sjúkrahús, mjög alvarlegur. Þessi rekstrarkostnaður verður á þessu ári á bilinu 15-20 þús. á hvern íbúa, auk þess hluti sveitarfélaganna í rekstri sjúkrasamlaga. Ég get nefnt sem dæmi Höfn í Hornafirði, Borgarnes, Ólafsvík og fleiri staði. Þessi greiðslubyrði er óveruleg hjá þeim sveitar- og bæjarfélögum þar sem heilsugæslustöðvar eru við sjúkrahúsin. Þar greiðir

ríkið nær allt. Á þessu þarf að ráða bót. Þess vegna hef ég — herra forseti — lagt fram eftirfarandi fsp.:

„1) Hvenær má vænta þess, að gefnar verði út reglugerðir samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu, sbr. nú 2. mgr. 19. gr. laga nr. 57/1978?

2) Hvernig er háttað greiðslum sjúkrasamlaga til heilsugæslustöðva og lækna heilsugæslustöðva?

3) Hefur verið sett gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga til heilsugæslustöðva samkv. 20. gr. laga nr. 57/1978, sbr. áður lög nr. 56/1973, um heilbrigðisþjónustu?

4) Hvað líður gerð áætlunar um byggingu heilbrigðisstofnana, samkv. 33. gr. laga um heilbrigðisþjónustu og hver eða hverjir taka ákvarðanir um stærð og gerð slíkra stofnana, þ. á m. bústaða fyrir lækna og hjúkrunarfólk?

5) Eru væntanlegar ráðstafanir af hálfu heilbrrn. til að jafna þann mikla aðstöðumun sveitarfélaga, sem er varðandi greiðslu kostnaðar við rekstur þeirra heilsugæslustöðva, sem ekki eru reknar í beinum tengslum við sjúkrahús?"

Ég vona, að svar hæstv. ráðh. upplýsi málið.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. 1. liður spurningarinnar hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Hvenær má vænta þess, að gefnar verði út reglugerðir samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu, sbr. nú 2. mgr. 19. gr. laga nr. 57/1978?"

Það eru að mínu mati aðallega tvær reglugerðir, sem nauðsynlegt er að setja sem allra fyrst samkv. nefndum lögum um heilbrigðisþjónustu, þá fyrri samkv. 19. gr. og þá síðari samkv. 24. gr. Í 19. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Ráðh. setur með reglugerð ákvæði um stærð heilsugæslustöðvar og fyrirkomulag, læknafjölda og annað sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfsháttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þ. á m. um móttöku sjúklinga utan stöðva. Ráðh. getur með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmum að höfðu samráði við landlækni og hlutaðeigandi heilbrigðismálaráð."

Fljótlega eftir setningu eldri laganna, sem gildi tóku 1. jan. 1974, var starfshópi frá heilbrrn. og landlækni undir forustu landlæknis falið að semja reglugerð í samræmi við þessa grein. Allmikið starf var unnið að reglugerðarsmíð og komu fram drög að reglugerð á árinu 1975, en í þeirri reglugerð voru tekin saman í eitt mál ýmis ákvæðin reglugerðaratriði samkv. lagagr. og þar að auki ýmis fyrirmæli um vinnufyrirkomulag og vinnumáta, sem vafasamt var að ætti heima í slíkri reglugerð. Reglugerðinni var því ekki að fullu lokið. Það var ekki fyrr en á s. l. ári, að reglugerðardrögin voru send til umsagnar lækna á heilsugæslustöðvum og komu til umræðu á aðalfundi Læknafélags Íslands. Ég mun gera ráðstafanir til þess, að aftur verði hafist handa um reglugerðarsmíðina og þá verði notast við þau drög, sem fyrir liggja, og þeim breytt í samræmi við þá reynslu sem fengist hefur af rekstri heilsugæslustöðva.

2. og 3. spurning hljóða þannig, með leyfi forseta, en ég mun svara þeim saman þar sem um sama málefni er að ræða: „2) Hvernig er háttað greiðslum sjúkrasamlaga til heilsugæslustöðva og lækna heilsugæslustöðva? 3) Hefur verið sett gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga til heilsugæslustöðva samkv. 20. gr. laga nr. 57/1978, sbr. áður lög nr. 56/1973, um heilbrigðisþjónustu?"

Meðan lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 frá 1973 voru í gildi var sjúkrasamlögum ekki skylt að greiða fyrir önnur störf á heilsugæslustöð en þau sem læknar unnu, og þá samkv. samningum sem Læknafélag Íslands gerði fyrir hönd lækna við Tryggingastofnun ríkisins. Með breytingu á þessum lögum, nr. 57 frá 1978, var gert ráð fyrir að ráðh. setti gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð aðra en læknishjálp. Þessi gjaldskrá hefur enn ekki verið sett, en ég tel að það þurfi að vinna bráðan bug að því, þar sem hér er um að ræða verulegt hagsmunamál sveitarfélaganna, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda — þeirra sveitarfélaga sem stöðvarnar reka. Inn í núgildandi lög kom skylda sjúkrasamlaga til að greiða fyrir þær rannsóknir og meðferð sem hér um ræðir. Ég mun því stefna að því, að gjaldskrá komist í notkun frá og með næstu áramótum. Í áætlunum Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaga fyrir yfirstandandi ár er ekki áætlað fé til þessara greiðslna, enda tóku lögin ekki gildi fyrr en 20. maí á þessu ári.

Um hvernig háttað sé greiðslum sjúkrasamlaga til lækna, verð ég að vísa til þeirra samninga sem gerðir hafa verið við læknafélögin um þessi störf. Þeir samningar eru mjög sundurliðaðir, þar sem hér er um gjaldskrársamninga að ræða og læknar fá greiðslu fyrir einstök verk, viðtöl og rannsóknir sem þeir framkvæma sjálfir, auk þess sem þeir fá ákveðna greiðslu fyrir allar ferðir sem þeir fara til sjúklinga. Samningar þessir eru gerðir af fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins, fjmrn. og heilbrrn. á hverjum tíma og auk þess staðfestir af ríkisstj.

4. liður spurningarinnar hljóðar þannig með leyfi forseta: „Hvað líður gerð áætlunar um byggingu heilbrigðisstofnana samkv. 33. gr. laga um heilbrigðisþjónustu og hver eða hverjir taka ákvarðanir um stærð og gerð slíkra stofnana, þ. á m. bústaði fyrir lækna og hjúkrunarfólk?"

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því, að áætlun, sem ráðh. lætur gera um byggingu heilbrigðisstofnana, verði gerð í samráði við viðkomandi heilbrigðismálaráð, landlækni og í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnunina. Gert er ráð fyrir því, að formenn heilbrigðismálaráða verði kvaddir til fundar nú fljótlega eftir að fjárlagafrv. verður lagt fyrir Alþ. Eitt af þeim málum, sem tekið verður fyrir á fundi rn. með formönnum heilbrigðismálaráða, er það, hvernig staðið verður að þeirri áætlun sem hér um ræðir. Enda þótt áætlun hafi ekki verið gerð samkv. fyrri lögum, þá verður að benda á að í grg. þeirri, sem hæstv. fyrrv. heilbrrh. lagði fyrir Alþ. í ársbyrjun 1977, er mjög ítarlega rakið hvaða stofnanir þurfi að byggja vegna heilsugæslu og sem embættisbústaði samkv. lögum. Þar var gerð ítarleg grein fyrir því, um hve mikið verkefni hér væri að ræða. Hins vegar hefur við gerð fjárlaga ekki verið gerð áætlun lengra fram í tímann en til fjögurra ára og þá fyrst og fremst áætlun um greiðslustreymi til þeirra framkvæmda, sem hafnar hafa verið, og till. um aðrar framkvæmdir, sem rn. og ráðh. hafa talið að ættu að hafa forgang. Rn. hefur á hverjum tíma sent fjárlaga- og hagsýslustofnun áætlun sína a. m. k. 2-3 ár fram í tímann, en áætlunin hefur ekki verið birt. Nú þegar ákvæði eru komin inn í lög um að áætlun þessa eigi að gera í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun, sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að undinn verði að því bráður bugur að gera áætlunina eins og lögin gera ráð fyrir og

endurskoða hana árlega og leggja hana fram við gerð fjárl. Á það ber þó að líta, að það er ekki gert ráð fyrir að þessi áætlun sé samþ. af Alþ., og verður hún því á hverjum tíma að taka mið af gerð fjárlagafrv.

5. og síðasti liður fsp. hljóðar þannig, með leyfi forseta: „Eru væntanlegar ráðstafanir af hálfu heilbrrn. til að jafna þann mikla aðstöðumun sveitarfélaga, sem er varðandi greiðslu kostnaðar við rekstur þeirra heilsugæslustöðva, sem ekki eru reknar í beinum tengslum við sjúkrahús?“

Við endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu var tekið tillit til þess kostnaðar, sem sveitarfélög bera vegna reksturs heilsugæslustöðva, svo sem áður greinir og um er rætt í 20. gr. laganna, þar sem ráðh. er gert að skyldu að setja gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð. Um það, hvort væntanlegar séu aðrar ráðstafanir af hálfu heilbrrn. til að jafna þann aðstöðumun sveitarfélaga, sem er varðandi greiðslu kostnaðar á rekstri heilsugæslustöðva, sem ekki eru reknar í beinum tengslum við sjúkrahús, þá er því til að svara, að ráðstafanir, sem rn. telur þurfa að gera, eru þær, að kostnaður við heilsugæslustöðvar sé ekki færður á sjúkrahúsreksturinn og þannig yfir á sjúkratryggingar, heldur sé gerð gangskör að því að þær stofnanir, sem bæði hýsa sjúkrahús og heilsugæslustöð, verði að skilja sundur rekstur sinn þannig að eðlilegur og hæfilegur kostnaður af heilsugæsluþjónustunni komi á sveitarfélögin í sama mæli og þar sem heilsugæslustöðvar eru reknar sjálfstætt.

Enginn vafi er á því, að það hefur verið tilhneiging hjá sumum sveitarstjórnarmönnum til að minnka kostnað heilsugæslunnar á kostnað sjúkrahúsanna. Hér tel ég að rn. þurfi að fara í saumana og kanna hvernig því verður best við komið að þessi kostnaðarskipting verði eins og lögin gera ráð fyrir. Hv. fyrirspyrjandi má því vænta ráðstafana af hálfu rn. sem að þessu stefna. Auk þess mun gjaldskráin, sem áður getur og gildi á að taka frá næstu áramótum, létta talsverðum kostnaði af þeim sveitarfélögum sem reka heilsugæslustöðvar.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Þau upplýsa málið verulega. Ég vil taka fram að það liggur fyrir, að einstaka sjúkrasamlög í landinu greiða nær allan rekstrarkostnað heilsugæslunnar á viðkomandi heilsugæslusvæði án athugasemda frá Tryggingastofnun ríkisins, en önnur fara í öllu eftir fyrirmælum Tryggingastofnunarinnar og greiða aðeins hlut læknastöðvanna. En læknar taka 60% samkv. gjaldskrá Læknafélags Íslands auk fastra launa. Þarna virðist vanta tilfinnanlega samræmingu á túlkun í starfsemi sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunar ríkisins. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga lagði til ákveðnar breytingar á lögunum við setningu þeirra á þessu ári til þess að lagfæra þessa aðstöðu að nokkru. T. d. — með leyfi hæstv. forseta — við 20. gr. frv., að hún orðist þannig:

„Sérhæft starfslið í heilsugæslustöðvum, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæður, sjúkraliða og meintækna, skal skipa af ráðh., enda sé skipun þessi í samræmi við reglugerð, sem ráðh. setur samkv. 19. gr. Ríkissjóður greiðir laun sérhæfðs starfsliðs og skulu föst laun þess og yfirvinnugreiðslur vera í samræmi við gildandi kjarasamninga. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja heilsugæslustöðva greiðist af eigendum stöðvanna í hlutfalli við eignaraðild þeirra. Annar rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva greiðist af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi eða sjúkrasamlögum.“

Þetta er allviðamikil breyting, sem því miður náði ekki fram að ganga.

Ég vil geta þess í sambandi við hönnunarkostnað að það hefur komið fram, að t. d. er byggingarkostnaður eins læknisbústaðar úti á landi áætlaður 55-60 millj. kr. Þarna hlýtur að þurfa visst aðhald. En ég endurtek, að ég tel lögin um heilbrigðisþjónustu hina merkustu löggjöf, sem hefur skapað nýtt viðhorf til þessa mikilvæga málaflokks og þegar fært okkur verulega nær því takmarki, að allir landsmenn eigi kost á fullkominni heilbrigðisþjónustu, enda þótt stór verkefni séu enn óleyst á þessu sviði. T. d. vil ég vekja athygli á því, að finna þarf lausn á læknaskorti, sem nú er mjög vaxandi víða úti í dreifbýlinu.

Heilbrigðismálin eru nú þegar fyrirferðarmesti út gjaldaflokkur í þjóðfélaginu. Er gert ráð fyrir að um 65 millj. króna fari í þennan lið á næsta ári. Það hlýtur því að vera brennandi mál, að sífellt fari fram endurskoðun opnum huga á öllum þessum málaflokki, þar með talið tryggingalöggjöfinni í heild, til að ná fram mestri hagkvæmni í öllum rekstri og þess verði jafnan gætt að saman fari stjórn og fjármálaleg ábygrð, umfram allt að árangur af heilsugæslustarfinu skili sem bestum árangri fyrir þjóðina í heild. Ég mæli eindregið með því, að endurskoðun fari fram á lögunum sem fyrst, og vænti þess, að hæstv. heilbrrh. taki þessi mál öll fastari tökum.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður um þetta mál. Ég fagna því mjög sem ráðh. upplýsti hér, en meginatriðið tel ég að hafi komið fram í fsp. fyrirspyrjanda, hv. 5. þm. Vesturl., að aðstöðumunur sveitarfélaganna gagnvart rekstri heilsugæslustöðva er geysilega mikill. Í kjördæmi okkar kemur þetta mjög svo í ljós, þar sem tvö sjúkrahús eru á svæðinu, en það á þó fyrst og fremst við um sjúkrahúsið á Akranesi. Akraneskaupstaður sleppur miklu betur frá þessum málum en t. d. næsta heilsugæslustöð, sem er í Borgarnesi, og líkt er farið um Ólafsvík, eins og fyrirspyrjandi veit best um.

Hver stefnan ber að vera í þessum málum skal ég ekki endilega fullyrða um. En hitt er alveg víst, að mönnum skal ekki mismunað á þann hátt að þegar þjónustan verður lakari verði útgjöldin meiri, eins og nú er um þessi mál, því að það er vissulega lakari þjónusta sem er rekin á heilsugæslustöðvum, verð ég því miður að segja, eins og í Borgarnesi en á Akranesi, og þegar sá baggi kemur svo á dreifbýlismanninn meir en á þann sem býr í kaupstað þar sem sjúkrahús er rekið, þá er þetta náttúrlega óréttlæti gagnvart þeim sem býr í meiri fjarlægð frá sjúkrahúsinu. Þetta kemur aðallega fram í sambandi við rannsóknardeildir stöðvanna. Ég held að e. t. v. verði þetta aldrei leyst fullkomlega nema með því móti að tryggingarnar taki þessi mál öll á sína arma og heilsugæslustöðvarnar verði beinlínis reknar eins og sjúkrahúsin.

Um greiðslur til lækna á fyrirspyrjandi vel að vita, en það er ekki atriði sem veldur neinum erfiðleikum fyrir heilsugæslustöðvar.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, virðist skorta nokk-

uð á um samræmingu. Mun ég beita mér fyrir því, að þar verði gerðar bætur á. Hann minntist líka á læknaskortinn. Hann er alvarlegur, eða réttara sagt: hann lítur út fyrir að verða alvarlegur nú eftir áramótin, það kemur til með að vanta einhvers staðar á milli 10 og 20 lækna úti í dreifbýlingu. Þessi mál eru í stanslausri athugun hjá rn. og m. a. er verið að kanna, að vísu er það bara byrjunarkönnun, hvort tiltækilegt sé að hefja hér heima sérfræðinám við Háskóla Íslands í heimilislækningum. Það er álit margra að við það mundi draga mikið úr læknaskortinum. Auðvitað bætir það ekki ástandið strax, en það gæti batnað fljótlega.

Það er líka rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að miklir peningar fara í heilbrigðis- og tryggingamál. Eigi að síður er upphæðin, sem fer í heilbrigðismál, geysilega mikil, þannig að það er feikilega mikið atriði að þeim peningum sé vel varið. Alltaf eru í gangi kannanir á því, hvernig hægt sé að bæta rekstur og gera hann hagkvæmari. Ég vona að gjaldskráin, sem ég ræddi áðan og á að taka gildi um áramót, og það aðhald, sem þær heilsugæslustöðvar fá, sem eru í sjúkrahúsum, muni jafna aðstöðuna.

Vitanlega kemur til greina að kanna þær hugmyndir, sem hv. 8. landsk. þm. ræddi. Hér er um að ræða geysilega þýðingarmikinn málaflokk og þess vegna þurfa lögin um hann að vera í stöðugri endurskoðun.

Sameinað þing, 16. fundur.

Þriðjudaginn 7. nóv., að loknum 15. fundi.

Fæðingarorlof kvenna í sveitum, þáltill. (þskj. 63). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þátttaka ungs fólks í atvinnulífinu, þáltill. (þskj. 65). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 66). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hámarkslaun, þáltill. (þskj. 72). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lágmarks- og hámarkslaun, þáltill. (þskj. 30). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Eg hef leyft mér að bera fram svofellda þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að setja í samráði við launþegasamtökin lög um lágmarks- og hámarkslaun, og skal munur þeirra eigi vera meiri en einn á móti tveimur og hálfum til þremur, þ. e. hámarkslaun í hæsta lagi þreföld við lágmarkslaun.

Í sömu lögum verði takmörk sett um lengd yfirvinnu, þar sem daglega er unnið um virka daga, þannig að hún verði eigi lengri en 2 tímar hvern vinnudag, nema undantekningarleyfi sé veitt af viðkomandi launþegafélagi.“

Það er alkunna, að skipting launa milli hinna mismunandi starfshópa þjóðfélagsins er ein viðkvæmasta og vandteknasta ákvörðun í launamálum. Sífelld spenna og ókyrrð á launamarkaði veldur hins vegar slíkri óvissu, að þróun atvinnulífsins bíður tjón af. Löngu er ljóst, að aðilar vinnumarkaðarins, atvinnurekendur og vinnuseljendur, hafa ekki reynst þess umkomnir að skapa festu og jafnvægi í þessum málum. Hér þarf því löggjafinn að setja rammalöggjöf, sem haldi þessum málum innan vissra marka, en að sjálfsögðu leita samvinnu og samráðs við þau samtök sem þetta snertir mest.

Til að taka af tvímæli skal strax tekið fram, hér eru höfð í huga laun fyrir ákveðna tímaeiningu, þ. e. tímakaup eða vikukaup fyrir umsamda vinnuviku eða mánaðarkaup fyrir umsaminn vinnumánuð, eins og gildir hverju sinni samkv. samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Tökum sem dæmi, að nú væri mánaðarkaup daglaunamanns í ófaglærðu starfi 200 þús. kr. á mánuði miðað við 40 stunda vinnuviku — láta mun nærri að lægstu greiddir taxtar gefi nú það kaup — þá gætu hæstu laun samkv. þessari þáltill. verið um 600 þús. kr., en gætu verið miðað við 33—35 stunda vinnuviku svo sem samningar eru til um.

Eins og tekið er fram í grg. þáltill. þessarar er aðeins höfð í huga rammasetning fyrir launabilum, en að neðri jaðar haldi hálaunum í hófi eða hæfi og efri jaðar varni þess, að lág laun verði óhæfilega lág, því að alltaf mega þeir betur launuðu sín meir í hverju þjóðfélagi og engan veginn ósanngjarnt að beita þeim sem nokkurs konar lyftistöng fyrir þá sem minna mega sín.

Hér tel ég rétt og skylt að taka fram, að hv. 4. þm. Norðurl. e. Stefán Jónsson, hefur a. m. k. tvö undanfarin þing flutt þáltill. líks eðlis og þessa er hér um ræðir, hvað lágmarks- og hámarkslaun snertir, en viðmiðun hans var önnur, þ. e. 1:2, sem mér finnst of lítill munur. Að sjálfsögðu er mér ljóst að síst má vanmeta svonefnda ófaglærða vinnu, og víst og satt er það, að þjóðin væri báglega stödd ef ekki fengist nægilegt vinnuafl til svonefndra framleiðslustarfa. En bæði er, að viss framleiðslustörf — svo sem sjósókn og búskapur — falla ekki innan þess ramma sem hér er dreginn upp, og svo má menningar- og framfaraþjóð, sem við viljum telja okkur, aldrei missa sjónar á því, að slíku þjóðfélagi ber að hvetja þegna sína fram til menntunar áræðis og ábyrgðar, m. a. með svo jarðneskum hætti, að það svari kostnaði fjárhagslega séð, enda menntun hvort heldur hugar eða handar, hæfileikar og ábyrgð launaverðir hlutir. Við höfum farið allt of mikið inn á þá braut að greiða þessi verðmæti undir borðið. Það er opinbert leyndarmál, að víða í kerfinu, sem svo er nefnt, er greitt fyrir störf, sem ekki eru unnin, eða menn fá að taka að sér störf og vinna í vinnutíma hins fasta raunverulega starfs síns og fá umtalsverðar greiðslur fyrir, svo að þeir koma út með miklu hærri tekjur en uppgefinn starfstími bendir til. Auk þess eru alls konar fríðindi tekin upp til að fá menntaða manninn eða hæfileikamannin til starfs fyrir hið opin-

bera. Síðan njóta margir góðs af sem ekki eru sömu kostum búnir og sá sem í fyrstu helgaði fríðindin og undirborðsgreiðsluna. Ákveðin og fastmótuð launastefna þarf hér að koma til, og einn liður í því gæti verið rammasetning um lágmarks- og hámarkslaun.

Þá vík ég að síðari þætti þeirrar þáltill. er hér um ræðir, þ. e. að takmörk verði sett um lengd daglegrar yfirvinnu. Löngu er orðið tímabært að setja skorður við þeirri óhóflegu yfirvinnu, sem nú tíðkast í vissum vinnugreinum, setja eins konar ný vökulög. Það ætti að vera algert hámark, að vinnudagur sé 10 tímar á sólarhring — nema í sérstökum undantekningartilfellum — enda gerist allt í senn sé staðið lengur að verki: vinnuafköst minnka, heilsu manna er stefnt í tvísýnu og menn eru sviptir tíma og næði til að njóta nokkurs nema vinnu og aftur vinnu. Jöfn og stöðug vinna er að sjálfsögðu þakkarverð, en vinnuþjökun er allt annað og ber að hindra.

Samkv. Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar, októberhefti þessa árs, er hlutfall yfirvinnu af vinnutíma eftirgreindra vinnustétta árið 1972—1978 mánuðina apríl til júní að báðum meðtöldum þessi: Verkamanna 25.5%, verkakvenna 10%, iðnaðarmanna 23.9%. Ályktа verður að enn meiri yfirvinna hafi fallið á mánuðina júlí—sept. Þegar haft er í huga að hér er um meðaltal að ræða gefur auga leið, að yfirvinna sumra í þessum hópum er miklu lengri. Vita allir, sem erfið störf hafa stundað, að einungis sérstakir vinnugarpar skila fullum afköstum fari vinnulegnd daglega fram úr 9—10 stundum. Flestir grípa til þess ráðs að ætla sér af, sem kallað er, og er þá stutt í þá ályktun, að vinnukaupanda hljóti að vera betra að láta vinna hóflegan vinnutíma og greiða hann vel og fá hann vel unninn en þjarka fólki út langan dag vangreiddan.

Til að vinna gegn vinnuseinlæti eða vinnusvikum hefur verið gripið til ákvæðisvinnu, bónustaxta og yfirborgana, og sýnist sitt hverjum um afleiðingarnar. Launþegafélögin gripu til hárra yfirvinnutaxta til að hamla gegn ónauðsynlegri vinnutímalengd, en hafa ekki hlotið erindi sem erfiði, því að hátt yfirvinnukaup hefur leitt þá, sem ýmissa hluta vegna þurfa að rífa upp mikið á skömmum tíma, til að útslíta sér við vinnu og einstaka kannske gengið ágirndin ein til.

Nú veit ég eins og aðrir, að hnattstaða landsins kallar á langan vinnudag yfir sumarið. En fyrr má bjóða en ofbjóða. Þeir, sem erfiðsvinnu stunda, þurfa ekki síður öðrum að nóta unaðssemda sólar og sumars. Hér er ég að tala um innivinnufólk, m. a. það sem vinnur í frystihúsunum.

Nú mun einhver segja: Verði bannað að vinna lengur en 2 tíma í yfirvinnu hvern virkan dag á föstum verkstað, hvernig fer í öllum frystihúsum okkar, þar sem aflahrotur kalla stundum á nær sólarhringsvinnuskorpur? Sums staðar mætti mæta þessu með vaktavinnu, en hitt er rétt, að sums staðar skortir fólk til að mæta þessu álagi. Þar verður að haldast í hendur hagræðing á innkomu skipa til löndunar og leyfi fyrir undantekningum með vinnutímalengd, svo sem þáltill. gerir ráð fyrir við sérstakar ástæður. Langur og strangur vinnudagur árum saman hefur boðið hættunni heim hvað heilsunni viðvíkur hjá mörgum. Svo heilsusamleg sem hæfileg og holl vinna er, bæði andlegri og líkamlegri velferð okkar, svo er vinnuþjökun háskaleg. En óhóflega langur vinnudagur veldur öðru, sem minna er leiddur hugur að . Hann varnar því, að menn eigi tómstundir og læri að nota þær. Þann lærdóm þurfa menn gjarnan að nema fyrr en síðar á ævinni, þegar hugurinn er opinn og frjór og höndin lipur, en vinnuþjökun ungs fólks hérlendis er einmitt ofboðsleg, t. d. þess sem er að byggja yfir sig, þegar lögð er nótt með degi árlangt eða jafnvel lengur.

Í sumar heyrði ég greindan og athugulan iðnaðarmann lýsa ástandinu í vinnumálum margra, sem nú eru á miðjum aldri, á þessa leið efnislega: Við unnum myrkranna á milli við að koma yfir okkur þaki og að koma börnunum til manns í gegnum skóla og annað. Síðan, þegar þau festu ráð sitt sjálf, réttum við þeim hjálparhönd eftir getu. Nú höfum við efni á að taka okkur hvíld og njóta lífsins, en rekum okkur þá á að okkur leiðist ef við höfum ekki verk að vinna. Við kunnum ekki á tómstundir. Það er eitthvert tómarúm í okkur, einhver meinsemd. — Ég held að það sé þetta sem veldur því, að margt fólk á miðjum aldri leitar um of á vit áfengis um margar helgar. Það er ekki andskotalust að vera maður, eins og karlinn sagði.

Herra forseti. Ég legg til að að frestaðri þessari umr. verði þáltill. þessari vísað til allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil í höfuðatriðum taka undir þau efnisatriði þessarar till. sem skipta mestu máli og eru aðalatriði hennar. Þessi till. fer í höfuðatriðum mjög í sömu átt og þáltill. sem flutt hefur verið á þrem þingum áður, sú till. er að sumu leyti víðtækari, en um aðra hluti gengur þessi till. lengra.

Till. um hámarkslaun hefur hlotið mikla og góða umræðu hér á þinginu undanfarið og verið mjög um það deilt, hverjar væru ástæður til þess mikla launamunar sem gildir á landi hér. Við, sem höfum staðið að þessari till., höfum endurflutt hana nú. Þar er ekki aðeins talað um hámarkslaun, heldur er einnig vikið að því, að menn gegni ekki nema einu fastlaunuðu starfi, og síðan að hinar duldu launagreiðslur í formi fríðinda umfram hámarkslaun eigi ekki heldur rétt á sér og einnig að vissar skattalagabreytingar verði gerðar þannig, að því, sem þar er tekið umfram, verði varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta. Að þessu leyti til er till. okkar nokkurra þm. Alþb., sem hefur verið flutt nú á undanförnum þrem þingum, víðtækari og hún gengur út frá nokkuð öðrum forsendum en sú till. sem hér er til umr., en ég get tekið undir meginatriðin, sem þessi till. lýtur að.

Ég sagði áðan að orðið hefðu miklar umr. um þessa till. og ástæður þess launamunar sem í þjóðfélaginu ríkir. Ég man sérstaklega eftir því, að í fyrra voru uppi harðvítugar ásakanir úr þessum ræðustól í garð verkalýðs- og launþegaforustunnar. Það hefur orðið meira og minna tískufyrirbæri að kenna verkalýðs- og launþegaforustunni um þann vanda sem við óneitanlega eigum við að stríða í þessum efnum. Eflaust hafa menn ekki staðið þar nægilega vel í ístaðinu, eins og tekið var fram af þeim talsmönnum launþegahreyfingarinnar sem þá tóku þátt í þessum umr. Eflaust hafa þeir ekki gætt nógu vel að sér, og eflaust er einnig mikið til í því, sem sumir þeir láglaunahópar, sem innan Alþýðusambandsins eru, halda fram, að þeir eigi jafnvel ekki samleið með öðrum félögum sínum í Alþýðusambandinu. En það tjóar lítt að ætla að varpa allri ábyrgð á verkalýðs- og launþegaforustuna eins og gert hefur verið í þessum efnum. Hér er um þjóðarmeinsemd að ræða sem við öll meira og minna

höfum tekið þátt í og dregist inn í.

Ég skal ekki fara út í það, hverjum þetta sé að kenna, en ítreka það, eins og áður hefur komið fram við umr. um till. okkar, að hér er um þá höfuðmeinsemd að ræða, að hver ríkisstjórn ætti í raun og veru að setja sér það sem höfuðmarkmið, vitanlega í samráði við launþegasamtökin, að úr þessu yrði bætt. Ég efast ekki um að til þess verði nokkrar tilraunir gerðar af þeirri ríkisstj. sem nú hefur verið mynduð og launþegahreyfingin hefur tekið upp sérstaklega náið og gott samstarf við og raunar komið á laggirnar ef grannt er skoðað.

Varðandi eftir- og næturvinnuna má segja að hér sé um erfitt vandamál að ræða í þjóðfélagi okkar. Löggjöf, sem hér hefur gilt, hefur ekki megnað að draga úr henni svo sem skyldi. Ég man kannske gleggsta dæmi þessara fáránlegu vinnuhátta frá síldarárunum, þegar þeir atvinnurekendur, sem ég þekkti til, lögðu á það ofurkapp að halda fólkinu sem allra lengst á vinnustaðnum, hvað sem það kostaði í raun og veru, og fengu þannig út svo léleg vinnubrögð að engu tali tók, fyrir utan það hvernig fólki var í raun og veru ofboðið með þessu.

Mörg eru dæmi þess að vinnuhagræðing er afar lítil. Þar er komið inn á atriði sem var lítillega minnst á áður hér á Alþ. af hv. þm. Friðrik Sophussyni, um það, hvernig fyrirtæki eru rekin almennt. Ég hygg að það mætti draga allverulega úr eftir- og næturvinnu hér á landi og það í mjög ríkum mæli, ef fyrirtæki væru rekin sem skyldi. Ég hef það eftir framkvæmdastjóra Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, þegar yfirvinnubannið stóð sem hæst, að vinnuafköst hefðu orðið miklu betri, að margt hefði staðið þar mjög til bóta, og er þó um að ræða bónusfyrirkomulag á þeim stað. Auk þess kom svo hvað þetta eftirvinnubann á sínum tíma sýndi verkafólki hvað það var mikils virði að geta átt tómstundir. Ég varð ekki var við annað en það kynni allvel með þær tómstundir að fara.

Ég vildi láta þetta koma fram hér. Það gefast næg tilefni til þess að ræða þetta í sambandi við þá till. sem við höfum endurflutt nú í fjórða sinn og aldrei hefur verið útrædd, var reyndar fyrst mjög umdeild, en hefur síðan fengið meiri og meiri stuðning. Nú hefur þetta komið fram í annarri till. mjög svipaðs eðlis. Um höfundarrétt ber ekki að deila hér eða fara út í þau atriði, heldur fagna því, að æ fleiri gerast liðsmenn þeirrar meginhugsunar sem upphaflega vakti fyrir okkur með flutningi till. um hámarkslaun.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég tel að hér sé hreyft brýnu og nauðsynlegu máli, að setja ákveðin hámarks- og lágmarkslaun, og tel að sá munur, sem ráð er gert fyrir í þáltill., sé ekki fjarri því sem réttlátt er. En ég tel að þó að það sé tvímælalaust mikil nauðsyn að setja ákveðin lög um hámarks- og lágmarkslaun til að tryggja að misrétti og óhóflegur launamismunur sé ekki milli hárra og lágra launa, þá muni þau ekki koma í veg fyrir yfirborganir og launagreiðslur undir borðið, jafnframt því sem stundum eru vinnutímar greiddir, en jafnframt ekki unnir, heldur gæti það einmitt haft í för með sér, ef þetta yrði samþ., að slíkt mundi aukast. Því held ég að þarft væri að gerð yrði úttekt á því, hverjar raunverulegar launagreiðslur eru í landinu, bæði duldar greiðslur og yfirborganir, og mun flytja um það þáltill. síðar meir á þessu þingi. En ég vil lýsa stuðningi mínum við meginefni þessarar þáltill.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þá till. sem hér liggur fyrir til umr. Ég veit að tilgangur flm. með þessum tillöguflutningi er góður, og mörg rök mæla með því að létta vinnuálagi af þjóðinni. Samt hljóta að vakna ýmsar spurningar þegar rætt er um þessi mál, og reyndar hefur verið komið inn á sumar þeirra í þessum umr.

Í fyrsta lagi má geta þess, að á sumum heimilum eru tvær og jafnvel fleiri fyrirvinnur. Þetta mundi eflaust bitna misjafnlega á fjölskyldum. Sumar fjölskyldur eru stórar, aðrar minni, þannig að þörf fyrir vinnu til þess að afla lífsviðurværis er misjafnlega mikil. Loks má minnast á það, að ekki er sama hvort þessi launamunur er mældur fyrir eða eftir skatta. Á því er gífurlegur munur. Í raun er launamunur hér á landi ákaflega lítill milli stétta ef borið er saman við önnur lönd, jafnvel þótt tillit sé tekið til skatta, en eins og við vitum jafna þeir að nokkru leyti út þann mun sem er á launum.

Ég er hræddur um að það sé hættulegt skref fyrir hv. Alþ. að samþykkja till. eins og þessa, vegna þess að hér erum við að nálgast það að lögbinda laun, en eins og allir vita virðist það vera stefna allra stjórnmálaflokka og flestallra Íslendinga að ríkið hafi sem minnst afskipti af slíku, launakjör eigi að ráðast í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins. Nýlega hafa ein stærstu launþegasamtökin hér á landi, BSRB, fengið sinn rétt í þessum efnum, þannig að gera má ráð fyrir að sú skoðun sé að breiðast út frekar en hitt. Ég tel þess vegna varasamt að lögbinda þá stefnu sem kemur fram í þessari þáltill. Við skulum minnast þess t. d., að ýmsir dugnaðarmenn hjá þessari þjóð, og ég vil þá sérstaklega nefna í hópi fiskiskipstjóra, hafa áberandi há laun og ég vænti að verðleikum. Það getur komið slysalega út, ef þarf að setja þá í stroffuna og hífa þá í land og geyma þá þar um langt eða stutt skeið, aðeins vegna þess að þeir séu búnir að fiska of mikið. Ég get a. m. k. ekki séð annað en það þurfi að gera, því að varla verða þeir látnir bíða eftir stóru kasti eða mörgum pokum í hali og skipi síðan fyrir, þegar þeir sjá að of mikið er í vörpunni: Lagó. Nú er nóg komið. Nú má ég ekki fiska meir, mér er bannað það af hinu hv. Alþingi.

Hins vegar má vel vera að fjárveitingavaldið og reyndar framkvæmdavaldið geti gert ýmislegt til að koma í veg fyrir að vinnuálag sé of mikið hér á landi. Margoft hefur verið bent á að hið opinbera hafi með aðgerðum sínum þanið út atvinnulífið í landinu þegar allt of lítið framboð var á vinnuafli, það út af fyrir sig hafi gert vinnudag hér á landi miklu lengri en ella hefði orðið. Má minna t. d. á stórvirkjanir og aðrar slíkar framkvæmdir, en það er einmitt á slíkum stöðum sem fólk vinnur einna lengstan vinnudag. Með hæfilegum samdrætti, með jafnvægi í atvinnulífinu mætti þess vegna koma í veg fyrir of mikið vinnuálag í þessum efnum.

Sums staðar háttar þannig til hér á landi, og það gerir atvinnulíf okkar dálítið sérstakt, að við ráðum ekki yfir því, hvenær vel aflast. Það er þannig, að upp koma aflahrotur og þá finnst öllum Íslendingum það vera skylda sín, öllum þeim sem vettlingi geta valdið, að taka þátt í þeim uppgripum og leggja þá jafnan nótt við dag. Þess á milli er ördeyða og þá minnkar atvinnan að sjálfsögðu.

Ég tek það fram, að ég tel hugsunina, sem kemur fram í þessari þáltill., vera góða og gegna og ástæðu til að ræða þessi mál sérstaklega. Kemur þá vel til greina að kanna

það rækilega, sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á, hvernig ýmsum málum er háttað hér á landi í þessu sambandi og þá sérstaklega launaskriðinu og yfirborgunum. En ég held að atriði eins og þessi eigi ekki erindi í lög. Þau eiga hins vegar erindi til þeirra manna, sem um þessi mál fjalla. Ég vil mæla með því, að fremur sé reynt að ýta undir það með öllum tiltækum ráðum að fyrirtæki hér á landi taki upp nægilega vinnuhagræðingu til þess að allur almenningur geti lifað á daglaunum einum saman.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram í umr., að viss atvinnufyrirtæki, bæði í iðnaði og fiskiðnaði, gátu jafnvel náð sömu afköstum þegar yfirvinnubannið átti sér stað og áður hafði verið gert með talsverðri yfirvinnu. Það segir að sjálfsögðu sína sögu.

Ég tel sem sagt að lög um þetta hefðu takmarkaða þýðingu, enda megi búast við því, að lítt verði eftir þeim farið, lagasetning gæti jafnvel orðið til þess að um meiri tvískinnung og undandrátt yrði að ræða í þessum efnum en hingað til hefur borið á.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Mér fannst gæta nokkurs misskilnings í ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar í sambandi við tekjur eða kaup sjómanna. Ég tók það einmitt fram í framsöguræðu minni, að sjómennska og búrekstur féllu auðvitað ekki undir þetta, því að þar er launum háttað á nokkuð annan hátt en í sambandi við það sem venja er með ákveðin launaform eins og hjá opinberum starfsmönnum eða verkafólki. Hann þurfti ekki að nefna skipstjórana, vegna þess að það var greinilega tekið fram í framsöguræðu minni, að ég leyt ekki svo á að þetta næði yfir þann hóp manna sem sjómenn eru eða bændur. Hins vegar benti ég á í framsöguræðu minni, að augljóst væri að ekki hefði launasemjendum tekist að koma sér saman um hvar kanturinn ætti að vera ofan á launum og það gæti verið hagræðing fyrir þessa aðila, þegar þeir væru að semja, að hafa þessar hliðar ákveðnar. Það var líka greinilegt á minni ræðu, að ég ætti við laun, sem kölluð eru, þ. e. umsamin laun, en ekki tekjur, sem geta verið allt aðrar en kemur fram í launanum. En það sem ég var umfram allt að undirstrika í tillöguflutningi mínum og ræðu var þetta, að hagræðing gæti verið að því fyrir þá, sem eru að fjalla um þessi launasamningamál, að hafa ákveðið form sem þeir gætu svo fyllt inn í, ekki mæti fara neðar og ekki skyldi fara ofar.

Ég hef ekki trú á því, sem kom fram hjá einum ræðumanna, að um meiri undirborðsgreiðslur yrði að ræða þó að þetta kerfi væri tekið upp. En vel má vera að fleira þyrfti að koma til en þetta, og ég hef ekki út af fyrir sig neitt á móti því. En þessi rammi held ég að væri mikilsverður fyrir þá sem um þessi mál fjalla hverju sinni, hvar sé neðsta markið og hvar sé efsta markið.

Hér var komið inn á atriði sem mig langar til að fjalla ögn um. Það er í sambandi við stórvirkjanirnar. Þær hafa farið þannig fram hér á landi, að þær hafa valdið geysilegri launasprengingu hvað eftir annað. Það gerðist með Búrfellsvirkjunina, það gerðist með Kröfluvirkjunina og það gerðist með Sigölduvirkjunina. Sú launasprenging varð með þeim hætti, að yfirvinnan var svo ofboðsleg í þessum greinum að þeir, sem horfðu á það utan frá hvað þessir menn gátu haft mikið upp með yfirvinnu, — sem oft var kannske engin vinna, heldur lagðist þetta svona saman vegna taxtanna, að menn gátu sofið á launum jafnvel, — þeir menn fóru að heimta miklu meira kaup en annars hefði kannske verið. Það var einmitt verið að taka fram áðan, að eitt af því, sem þyrfti að gæta mjög vel í framkvæmdum hérlendis, væri að þær færu ekki fram í eins miklum bylgjum eða stökkum og hefur verið við stórvirkjanirnar. Ég vil taka undir það. Ég tel einmitt að eins og stórvirkjanirnar hafa verið framkvæmdar hjá okkur eigi þær ekki minnsta sök á hinni miklu verðbólgu, sem orðið hefur í landinu á ýmsa lund.

Ég endurtek það, að ég hef ekki trú á því, að það mundi verða til skaða, heldur miklu frekar til bóta, að þeir, sem eru að semja um laun hverju sinni, hefðu eitthvað við að miða neðst og efst og það væri rammi sem þeir gætu fyllt út í. Það væri mikið svigrúm eftir sem áður á milli þeirra talna sem ég nefndi áðan — allt frá 200 þús. á mánuði og upp í 600 þús. — og hindraði ekki menn að geta sett inn í það allmismunandi kaup.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég vil lýsa því í byrjun, að ég er í öllum meginatriðum samþykkur þeirri hugsun, sem býr að baki þáltill. sem hér er til umr. En ég sé töluverða galla á henni. Ég sé þann megingalla á henni, að ég held að þjóðfélag okkar sé ekki viðbúið að taka á móti þessari kenningu. Hún er rétt, en því miður, við erum ekki enn þá komnir á það þjóðfélagslega stig, að við getum á Alþingi Íslendinga skipað mönnum að hlýða svona lögum. Þau verða ekki virt vegna þess að þjóðfélagið finnur enn þá ekki til réttlætis þeirra.

Flm. tók fram að sjómennska og landbúnaður gætu ekki fallið undir þetta. Sýnir það út af fyrir sig og sannar mér, að ég fer að því leyti með rétt mál, að þessir tveir meginatvinnuvegir Íslendinga eru ekki núna tilbúnir að taka á móti þessu og þarf að setja þessa tvo atvinnuvegi á allt annan bekk, heldur en þá aðra sem mundu kannske hlýða þessum lögum.

Enginn hleypur af fjalli úr smalamennsku þegar 8 plús 2 tímar eru liðnir af vinnudegi. Enginn hleypur úr flekk frá heyvinnslu þegar vinnudagur er búinn, ef aðstæður leyfa ekki. Enginn hættir vinnu á sjó, ef full nót er af loðnu þegar vinnudegi lýkur. En svo eru margir aðrir hópar sem geta ekki móttekið þetta. Við þurfum að vinna að því að breyta þjóðfélagi okkar á þann hátt að þetta verði mögulegt. Ég vildi a. m. k., áður en ég gæfi mitt fulla atkvæði með þessari till., fá umsagnir manna úr öllum atvinnugreinum um till., og þegar ég hef séð jákvæð svör allra atvinnuvega við þessari till., þá skal að sjálfsögðu fylgja henni til hlítar.

Það er mikið rétt að yfirvinna hefur verið geysilegur ósómi á íslenskum atvinnuvegum. En ég er afskaplega hræddur um að sums staðar verði ekki alfarið hjá henni komist. Það er hins vegar hægt að leysa það mál að nokkru leyti, eins og nú er þegar gert í einstaka atvinnugreinum. Þurfi t. d. að bjarga verðmætum, við segjum í frystihúsi, þykir nauðsynlegt að hafa fólk í vinnu, við skulum segja tveimur tímum lengur en leyfilegt er, en þá er það bætt upp með tveggja tíma fríi daginn eftir. Þetta þekkist t. d. í heilbrigðisþjónustunni. Við skulum segja að hjúkrunarkona vinni að nóttu til, þá þarf hún ekki að koma til vinnu aftur fyrr en hún hefur fengið fulla hvíld, ekki koma til vinnu daginn eftir sem nemur þeim tímum sem hún vann yfirvinnu. Svona ákvæði og mörg fleiri mundu verða til athugunar ef við færum að samþykkja þessa till. En þess vegna hika ég, að ég finn ekki þjóðfélag okkar tilbúið að taka á móti þessum boðskap.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég sakna þess mjög, að ekki skuli vera fleiri þm. viðstaddir þá umr. sem hér á sér stað. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé á ferðinni eitt almerkasta mál sem þetta þing hefur tekið til umr. yfirleitt. Hér er um að ræða grundvallarspurningu gagnvart launþegahreyfingunni, gagnvart verkalýðshreyfingunni í heild. Mér finnst þó að menn hafi farið kringum aðalatriðið eins og köttur í kringum heitan graut í þeirri umr. sem hér hefur farið fram.

Frumskilyrðið til þess að hægt sé að stytta vinnudag verkafólks er að dagvinnutekjur nægi því til lífsviðurværis. Til þess að geta rætt slík mál verðum við að leggja höfuðáherslu á það, að kaupmáttur dagvinnutekna aukist mjög verulega frá því sem nú er. Sú mikla yfirvinna og næturvinna, sem almenningur á Íslandi leggur á sig, er komin til af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi má kannske segja að við höfum gert ákveðnar kröfur til lífsgæða sem ekki eru raunsæjar. Í öðru lagi kemur í ljós, að lægst launuðu stéttirnar í landinu, þurfa að vinna mikla yfir- og næturvinnu eingöngu til þess að hafa í sig og á.

Ég ætla að þetta mál verði varla leyst í þingsölum, heldur þurfi verkalýðshreyfingin og viðsemjendur hennar að leysa það í fyrstu umferð.

Mig langar að minna á að yfirvinna er að verða eitt almesta böl í íslensku þjóðfélagi, og þarf varla að rekja það hér. Sú vinnuþrælkun, sem á sér stað t. d. í sjávarþorpum víða úti um land, nær ekki nokkurri átt. Fólk bæði ofbýður heilsu sinni með þessari miklu vinnu og raunverulega heggur að rótum þess heimilislífs sem það vill lifa.

Hér hefur verið talað um að það sé ekki hægt að koma í veg fyrir mikla yfirvinnu t. d. í sjávarplássum þegar aflahrotur eru miklar. Ég held að þetta sé alrangt. Það er núna verið að gera mjög merkilega tilraun hjá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur með sérstaka kæligeyma þar sem hægt er að geyma fisk í nokkra daga og vinna hann eftir hendinni eða eins og eðlilegt getur talist.

Ég held að í þessu máli þurfum við að gera okkur fyrst og fremst grein fyrir því sem er aðalatriðið, en það er einfaldlega að kaupmáttur launa á Íslandi nægir ekki venjulegri fjölskyldu til þess að framfleyta sér á þann hátt sem þau lífskjör, sem við höfum búið okkur til, kalla á eða gera kröfu til. Þetta er aðalatriði þessa máls, og ég tel að þetta mál eigi að ræða í viðræðum ríkisvalds við aðila vinnumarkaðarins og þar eigi að tryggja að fólk geti yfirleitt notið sómasamlegs lífsviðurværis af sínum dagvinnutekjum.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég vil nota tækifærið við umr. um þá þáltill., sem hér er verið að ræða, til að minna á að till. um svipað efni hefur verið flutt af þm. Alþb. á undanförnum tveim eða þrem þingum — þáltill. um hámarkslaun — og sú till. liggur einnig fyrir Alþ. nú, flutt af okkur fimm þm. Alþb.

Ég vil láta í ljós þá skoðun, að ég tel þakkarvert að menn leggi hér fram till. sem miða að því að takmarka og draga úr þeim launamismun, sem er fyrir hendi í þjóðfélagi okkar. Í þeirri till., sem hér er til umr., er ráð fyrir því gert, að munur lágmarks- og hámarkslauna verði einn á móti tveimur og hálfum til þremur. Í till. þeirri, sem flutt hefur verið af þm. Alþb. á undanförnum þingum og einnig á þessu þingi, er hins vegar gert ráð fyrir að hámarkslaun nemi aðeins tvöföldum vinnulaunum verkamanns. Þarna er nokkur munur á, en þó ekki meiri en svo, að ég vil vænta þess að út af fyrir sig væri hægt að ná samkomulagi um það atriði. Ég held hins vegar að það sé full ástæða til þess að löggjafinn setji í þessum efnum nokkurn ramma. Er þá að sjálfsögðu verið að miða við þá vinnu sem unnin er í tímavinnu og samkv. öðrum þeim launakerfum sem reiknuð eru út frá tímakaupi. Hins vegar er ekki ráð fyrir því gert, að þetta snerti hlut sjómanna eða önnur skyld störf.

Í till. þeirri frá hv. 3. þm. Norðurl. e., sem hér er til umr., er einnig ráð fyrir því gert, og það er hins vegar nýtt að ég hygg, að sett verði löggjöf um takmörkun á lengd yfirvinnu. Það er að sjálfsögðu svo, að óhyggilegt væri að setja lög í þessum efnum án þess að höfð væru eðlileg samráð við samtök launafólks í landinu. En ég hygg að ef þessi till. fær eðlilega meðferð í n., þá komi m. a. til þess, að samtökum launafólks á Íslandi verði gefinn kostur á að tjá sig um þessi efni, og er það vel.

Það þarf ekki að lýsa því í mörgum orðum, hvílíkt þjóðfélagsböl hin gífurlega yfirvinna hefur verið og er í landi okkar. Ég hygg að óhætt muni að fullyrða, að hvað varðar mikla yfirvinnu hjá fjölmörgum hópum í þjóðfélaginu séum við íslendingar algerlega einir á báti miðað við nálæg lönd. Staðreyndin mun vera sú, að í þeim þjóðfélögum í grannríkjum okkar, sem okkur eru skyldust, er hvergi finnanlegt neitt dæmi sem nálgast það að fólk vinni yfirvinnu í þeim mæli sem hér hefur tíðkast. Og það er auðvitað svo, að spurningin um hversu miklar tómstundir menn hafa er ákaflega stór hluti af raunverulegum lífskjörum og kannske miklu stærri hluti en menn hugsa út í að öllum jafnaði. Það er rétt, sem hv. 11. landsk. þm. sagði áðan, að auðvitað á hið lága kaup hjá hinum lægst launuðu í þessu landi stærstan þátt í þeirri gífurlegri yfirvinnu sem hér hefur tíðkast. Fólk hefur einfaldlega verið knúið til þess að leggja á sig vinnu í kannske 12 — 14 tíma á sólarhring í mörgum tilvikum til þess að geta séð fjölskyldum sínum sómasamlega farborða. Ef við berum okkur í þessum efnum saman við hin Norðurlöndin, þá hygg ég að það komi fljótt í ljós að þar eru tekjur launafólks að heita má eingöngu fyrir dagvinnu. Almennt launafólk á Íslandi nálgast það í mörgum tilvikum að ná sambærilegum heildartekjum, en það nær þeim því aðeins að það hafi jafnvel allt að helming tekna sinna fyrir yfirvinnu. Ég hygg að þannig sé ástatt á Norðurlöndum, að því yrði lítið sinnt ef stjórnvöld eða atvinnurekendur á Norðurlöndum utan Íslands hygðust skerða þau laun sem fólk hefur fyrir eðlilegan vinnudag í þessum ríkjum, en kæmu jafnframt og segðu. Gott og vel, við bjóðum ykkur annað á móti. Í staðinn fyrir 40 tíma á viku getið þið fengið að vinna 50, 55 eða 60 tíma. — Ég hygg að launafólk í þessum ríkjum, sem vant er að láta dagvinnuna nægja, mundi ekki hlusta mikið á slík tilboð og ekki heldur verkalýðssamtök í þessum ríkjum. Ég þykist hafa um það fullar upplýsingar, að a. m. k. í sumum Norðurlandanna utan Íslands sé í gildi löggjöf þar sem sé beinlínis bannað að verkafólk vinni yfirvinnu nema mjög fáar stundir í viku. Ég hygg að það sé rétt með farið, þegar ég segi að í Noregi sé þetta takmarkað við 4 stundir á viku sem hámark í yfirvinnu og það bundið í lögum.

Það er rétt, að atvinnuaðstæður okkar eru mjög á annan veg en í flestum iðnvæddum þjóðfélögum, og vissulega er nokkuð til í því, að þær sérstöku aðstæður geri erfiðara fyrir hér á landi að halda uppi ströngum

yfirvinnutakmörkunum. Þetta er þó að breytast. Ég vil halda því fram, að í sambandi við hraðfrystiiðnaðinn, þar sem yfirvinna er hvað mest á ýmsum stöðum, hafi á síðustu árum verið að eiga sér stað þær breytingar að í rauninni sé miklu frekar hægt, ef rétt væri að málum staðið, að takmarka yfirvinnu í þessari grein heldur en áður var. Hraðfrystiiðnaðurinn er nú, eftir tilkomu hins mikla skuttogaraflota okkar Íslendinga, orðinn miklu nær því en áður var að vera eins og hver annar verksmiðjuiðnaður. Skiptingin í vertíðir, sem áður tíðkaðist, þar sem mikill afli barst á land á takmörkuðum tímabilum úr árinu, en svo kannske mjög lítið annan tíma ársins, er að hverfa. Það er að verða nokkuð jafn afli sem þarf að vinna úr, togaraafli árið um kring. Það, sem þarna þarf að koma til, er að mínu viti, að upp verði tekinn einhvers konar vaktavinna þannig að hægt sé að vinna aflann án þess að fólk þurfi að leggja á sig þá gífurlegu yfirvinnu sem nú tíðkast, býsna víða, þ. e. vaktavinna af svipuðu tagi og í hverri annarri verksmiðju, sem þykir henta að sé í gangi kannske ekki bara 8 stundir á virkum degi, heldur jafnvel allan sólarhringinn. En til þess að þetta sé hægt þarf auðvitað að beina meira vinnuafli í þessa undirstöðuatvinnugrein. Þar þurfa að koma til fleiri einstaklingar en nú eru við þessi framleiðslustörf, og að sjálfsögðu þurfa launakjörin og þá sérstaklega hjá þeim sem ekki vinna samkvæmt launaaukandi kerfum nú þegar, að verða mun betri. Ég held að það sé eðlilegt að stefna að því í sambandi við frystiiðnaðinn, þar sem menn höfðu e. t. v. löngum talið að væri hvað erfiðast að takmarka yfirvinnu, að taka upp einhvers konar vaktavinnufyrirkomulag.

Ég efast ekki um að ef sett væri almenn rammalöggjöf um takmörkun yfirvinnu hér á landi, þá þyrftu a. m. k. í byrjun að koma til margvíslegar undanþágur. Ég tel að það sé eðlilegt, sem gert er ráð fyrir í þessari till., að það sé þá á valdi viðkomandi verkalýðsfélags að veita slíkar undanþágur, þegar talið er af verkalýðsfélaginu að hjá því verði ekki komist. En einhvers staðar verður að byrja í þessum efnum, og ég vil leggja á það mikla áherslu, að haft sé í huga hvílíkt þjóðfélagslegt mein hin gífurlega yfirvinna er hér á Íslandi. Þess vegna er full ástæða til þess að hreyfa slíku máli sem þessu hér á Alþ., eins og hér er gert, og von mín er sú, að eftir að málið hefur fengið eðlilega meðferð í n. og verið um það fjallað af verkalýðshreyfingunni, þá geti það orðið til þess að þoka þessum málum til réttrar áttar þó að byrjunin verði kannske smærri en gert er ráð fyrir.

Ég vil endurtaka stuðning minn við meginefni þessarar tillögu.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Það er ljóst að Íslendingar þurfa að leggja mikið á sig við vinnu til að afla nauðsynlegra þjóðarverðmæta, svo að hér megi almenningur búa mannsæmandi lífi. En það er einnig ljóst, að Íslendingar þurfa að leggja mjög mismunandi mikið af mörkum og launin eru æðioft í öfugu hlutfalli við vinnuálag og vinnuframlag. Því fagna ég þeim umr. sem fram fara um þessi mál, till. hv. þm. Braga Sigurjónssonar um lágmarks- og hámarkslaun. Eigi að síður tel ég ástæðu til að taka að nokkru leyti undir skoðanir hv. þm. Braga Níelssonar varðandi það, að íslensk þjóðfélagsgerð sé e. t. v. þannig að hún eigi erfitt með að innihalda ákvæði nákvæmlega af því tagi sem hér er lagt til. Það má segja að íslenskt samfélag sé að nokkru leyti ein gerð veiðimannaþjóðfélags, þar sem uppgrip af einu og öðru tagi eru oft og tíðum grundvöllur þeirra þjóðarverðmæta sem aflað er hverju sinni. Hitt er aftur á móti rétt, sem í þessari till. til þál. er vakin athygli á, að launabilið í landinu á milli starfsfólks er orðið allt of mikið og allt of hátt. Það er ekki óalgengt að bilið sé núna þetta frá 150 þús. upp í 1 millj. kr. á mánuði eða hærra. Sér hver maður að það stefnir í óefni. Allt virðist benda til þess, að launabilið sé fremur að vaxa en minnka. Og það er ástæða til þess, að launabilið vaxi fremur en minnki þegar t. d. sjálft ríkisvaldið stendur að sérsamningum við ýmsa útvalda forstjóra sína, forstjóra nokkurra ríkisstofnana, eins og t. d. í samningum við forstjóra Járnblendifélagsins, sérsamningum sem ná langt út fyrir alla rammasamninga sem hafa verið gerðir um kaup og kjör við starfsfólk í þjónustu hins opinbera. Þarna sýnir ríkisvaldið alls ekki það fordæmi sem þarf til þess að hægt sé að ná árangri í því að minnka það launabil sem um er að ræða.

Það má einnig segja sem svo, að verkalýðshreyfingin hafi líka að nokkru leyti brugðist á þessum vettvangi. Það hefur ekki skort á fagrar yfirlýsingar forustumanna verkalýðshreyfingarinnar á undanförnum árum um það, að rétt væri að leggja nú megináherslu í viðkomandi samningum á rétt þeirra lægstlaunuðu og að laun þeirra verði hækkuð eins og kostur er. En oft og tíðum þegar niðurstaðan hefur komið í ljós virðist annað upp á teningnum. Launabilið hefur þá fremur aukist en minnkað, hinir lægstlaunuðu halda áfram að að vera mjög lágt launaðir, en þeir, sem hærra voru launaðir í verkalýðsfélögum, fengu e. t. v. frekari úrbót.

Þá er einnig rétt að benda á það, að í ríkisgeiranum, og þar á ég fyrst og fremst við æðri stöður ríkisgeirans, á sér stað launabil sem rétt er að fara um nokkrum orðum. Þar á ég við að embættismenn á vegum hins opinbera drýgja tekjur sínar oft og tíðum í vinnutíma í þjónustu hins opinbera með nefndarstörfum ýmiss konar sem þeir fá greitt sérstaklega fyrir. Það má segja sem svo, að það skipti þessa háttsettu opinberu starfsmenn raunverulega litlu máli um hvaða laun sé samið í almennum kjarasamningum. Þeirra hlunnindi og þeirra búbót felst fyrst og fremst í þeim aukagreiðslum sem þeir fá fyrir hin ýmsu nefndarstörf sem þeir eru þátttakendur í, oftast í vinnutíma. Ég tel að ástæða sé til þess, og ég boða það hér, að ég kem til með að bera upp till. síðar þess efnis að stemma stigu við slíkum greiðslum í vinnutíma opinberra starfsmanna.

Ég tel að það sé rétt, að þessi sjónarmið komi hér fram, en ég vil nota tækifærið og hvetja verkalýðshreyfingu, ríkisvald og vinnuveitendur til að sameinast nú í einu átaki um að sýna árangur í verki og minnka það launabil sem í landinu er, þannig að þeir lægstlaunuðu megi búa við betri kjör en þeir hafa gert á undanförnum árum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 12. fundur.

Miðvikudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Aðstoð við sveitarfélög vegna bundins slitlags, á vegi í þéttbýli, þáltill. (þskj. 68). — Frh. einnar umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er liðinn einn dagur síðan umr. um þetta mál var frestað og ég bað um orðið, og ég er ekki viss um að ég haldi að öllu leyti sömu ræðu nú og ég hefði gert þá, þegar þetta var ferskt. Ég skal ekki heldur lengja mikið þessar umr. Þær komu m. a. inn á skattamál og önnur óskyld mál þessari þáltill. Það var t. d. með nokkuð furðulegum hætti, hvernig hv. 3. landsk. þm. brá sér í landsföðurlega mynd og taldi sig vera að gera athugasemdir og veita m. a .hv. 5. þm. Reykv. leiðbeiningar varðandi skattamál. Ég skal ekki fara út í það nú. Hv. þm. fór það mjög vel að tala í þeim anda sem hann talaði á þessum fundi, en það var aðeins einn ljóður á ráði hans. Hann byggði málflutning sinn á því, að skattaálögur og viðbótarskattar núv. ríkisstj., álögurnar í heild sem nú væru lagðar á, færu ekki fram úr því sem hefði mátt gera ráð yfir ef þau skattalög, sem samþykkt voru á síðasta þingi, hefðu verið komin í gildi. Þetta er auðvitað slík fjarstæða, að það ætti að vera óþarfi að víkja orðum að því, enda hygg ég að hv. þm. geri sér grein fyrir þessu. Hann sló þessari fullyrðingu fram án þess að færa nokkur rök fyrir henni. En það mætti e. t. v. ætla af tali hv. þm., að hann væri áhugamaður um að lækka skatta, og það verður fróðlegt að sjá gerðir hans í því efni.

Þá var annað mál sem kom hér nokkuð til umr., og það er frv. sem var til meðferðar á Alþ., 1976 síðast, varðandi gatnagerðargjöld á Akureyri. Þá voru miklar umr. hér í hv. Ed. um þetta mál, og mér eru þær, þó nokkuð sé um liðið, í fersku minni. Til umræðu var nefndarálit hv. félmn. í þessu máli. Ég var þá bæði formaður og frsm. félmn., og ég hef ekki komist í það harðara en í þeim umr. sem þá urðu um þetta nefndarálit. Þar börðust hraustlega vinir mínir, hv. 2. þm. Norðurl. e. og hv. núv. 4. þm. Norðurl. e. Þeir börðust mjög knálega í þessu máli, en nefndarálitið var samþykkt, og í nefndarálitinu fólst það, að frv. væri vísað til ríkisstj. með ábendingu um það, að þetta mál yrði tekið til sérstakrar athugunar í sambandi við endurskoðun á tekjustofnalögum sveitarfélaga. Það var ekki að ástæðulausu að þessi afgreiðsla var viðhöfð, þegar haft er í huga að í fyrsta lagi eru í tekjustofnalögunum ákvæði um fasteignaskatt á fasteignir, í öðru lagi eru í lögum um gatnagerðargjald frá 1974 ákvæði um gjald á fasteignir um leið og byggingarleyfi er veitt, svokallað A-gjald, og í þriðja lagi er í sömu lögum þriðja tegundin af gjöldum á sömu fasteignir, þ. e. a. s. til þess að afla fjár til að koma slitlagi á götur. Frv., sem var til umr. 1976, fjallaði um að bæta við fjórðu tegundinni af gjöldum á sömu fasteignir. Það var með tilliti til þessa, að málið fékk þá afgreiðslu sem ég gat um, því var vísað til ríkisstj. Inn í þær umr. kom spurningin um afturvirkni, og ég hygg að ekki verði komist hjá því að gæta sérstaklega að þeirri hlið þessara mála. Afturvirknin er vægast sagt mjög vafasöm, og ég tel að ekki sé ástæða til að leggja áherslu á þá leið í þessum málum til þess að auka framkvæmdir við að koma í þéttbýlinu varanlegu slitlagi á vegi. Þess vegna er ég andvígur þessu ákvæði í till. þeirri sem hér liggur fyrir.

Hins vegar stend ég upp fyrst og fremst til þess að lýsa stuðningi mínum við það, að efldar verði aðgerðir til að koma á meiri og hraðari framkvæmdum í varanlegri gatnagerð í þéttbýli en verið hefur. Það, sem stendur á í því efni, er auðvitað fjármagnið, og er ekki nema gott um það að segja, að gerðar séu ráðstafanir til að auka það með beinum fralögum og með lántökum, eins og hér er gert ráð fyrir.

Það orkar ekki tvímælis, að einmitt þetta mál, gatnagerðin, er eitt af því þýðingarmesta í allri viðleitni til þess að koma á meiri jöfnuði milli strjálbýlisins og þéttbýlisins. Það er margt sem þarf að gera í þeim efnum, en ég hygg að þetta sé eitt af því allra nauðsynlegasta. Það er þess vegna mjög ánægjulegt að vita til þess, að á síðasta kjörtímabili hafa orðið meiri framfarir í þessu efni en nokkru sinni fyrr. Þessu starfi þarf að halda áfram því að mikið er enn þá óunnið, og mér finnst ekki fara illa á því, eins og hv. fyrri flm. þessarar till. talaði um, að minna hæstv. ríkisstj. á þetta verkefni. Þess vegna tel ég að það sé gott, að þessi till. kom fram, og það ætti að afgreiða hana jákvætt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég hef að vísu litlu við það að bæta sem ég sagði við umr. um þetta mál fyrr, en það, sem kom mér til að biðja um orðið aftur, voru ummæli hv. þm. Braga Níelssonar, þar sem hann sagði, að gatnagerðargjöldin væru einn versti skattur sem á væri lagður, og vildi telja, að þau væru mjög óvinsæll skattur. Ég er algerlega andvígur þessu. Ég tel mig hafa reynslu af þessu í samskiptum við sveitarstjórnarmenn og fólk sem hefur fundið þessa miklu breytingu, þessa byltingu sem hefur orðið víða um landið nú síðari árin, og ég vil beina því til hv. þm., að þessi bylting hefði ekki orðið eins ör og hún hefur orðið nú á síðari árum ef gatnagerðargjöldin, þ. e. a. s. þessi gjaldstofn sveitarfélaga, sem varð til að þeirra eigin frumkvæði, hefðu ekki orðið að veruleika. Þetta er staðreynd sem er rétt að sé undirstrikuð.

Ég vil einnig geta þess, að í lögunum 1973 var ekki gert ráð fyrir afturvirkni í sambandi við gatnagerðargjöldin, en var breytt 1975, eins og hér hefur komið fram, vegna kröfu stærri bæjarfélaga, t. d. Akraness, til þess að fá meiri tekjur til að endurbæta það kerfi sem var fyrir, eins og ég sagði hér síðast.

Ég vil geta þess líka við þessar umr., að hvert sveitarfélag, sem ákveður að leggja á gatnagerðargjöld, byrjar á því að setja sér reglugerðir sem síðan eru staðfestar af viðkomandi rn. Í lögunum er einmitt að finna skýr ákvæði um að það er á valdi hverrar sveitarstjórnar að undanskilja það fólk skattlagningu sem verst er sett í hverju sveitarfélagi, og það á ekki síst við eldra fólkið og öryrkja. Mér er kunnugt um það, að einmitt í mörgum sveitarfélögum er þetta haft að reglu, sem er auðvitað sjálfsögð, til þess að íþyngja ekki þeim borgurum sem verst eru settir á þessu sviði. Sem betur fer er þetta að verða víðast meginregla.

Af því að það kom fram í sambandi við umr. um þéttbýlisvegafé, að það þyrfti að breyta þeim reglum, vil ég aðeins segja það, að skipting þessa fjármagns hefur verið þannig, eins og öllum er kunnugt, að þar er fyrst og fremst farið eftir höfðatölureglunni, þannig að meiri hluti þessa fjármagns á undanförnum árum hefur farið til þéttbýlisins og þá fyrst og fremst til Reykjavíkur. Um

þetta hafa að vonum staðið miklar deilur í samtökum sveitarfélaga og ekki verið allir á sama máli. En mér finnst aðalatriðið í þesu máli vera það, að menn séu sammála um þörfina á aukið fjármagn til að setja varanlegt slitlag á vegi sem víðast þar sem þéttbýli hefur myndast. Það er grundvallaratriði. Það er eitt af þeim atriðum sem er raunar sjálfsagt að séu fyrir hendi, þar sem það tryggir búsetu og gerir mönnum kleift að lifa mannsæmandi lífi.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég ætlaði engan veginn að leggja fleiri orð í belg um þessa þáltill., en ég neyðist til þess vegna ræðu síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Vesturl., því að misskilningur hans á minni ræðu er svo algjör að ég verð að efast um að hann hafi hlustað á það sem ég sagði. Ég lýsti yfir fullum stuðningi mínum við það, að ríkisstj. beitti sér fyrir auknum stuðningi við sveitarstjórnir til að hraða lagningu bundins slitlags á vegi í þéttbýli. En ég lýsti andstöðu minni við að fella niður takmarkanir á afturvirkni heimildar til innheimtu gatnagerðargjalda, þ. e. a. s. að auka enn á B-gjöldin frá því sem áður var.

Það er alveg rétt hjá hv. alþm. Alexander Stefánssyni, að m. a. Akraneskaupstaður, Akureyrarkaupstaður o.fl. óskuðu eftir þessari heimild. En þegar til átti að taka urðu Akurnesingar svo feimnir við þessa skattheimtu, að þeir notfærðu sér hana ekki nema 50%, og var þó takmarkið 5 ár. (Gripið fram í.) Sem sagt, ég endurtek að það var algjör misskilningur hjá síðasta ræðumanni. Ég er stuðningsmaður þess, að auknar verði framkvæmdir við bundið slitlag í þéttbýli, en ekki á því sviði sem B-gjöld voru byggð á, sem sagt afturvirkni skatts á fasteignir.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þakka þær miklu almennu umr. sem hér hafa orðið. Þær hafa óneitanlega, hvað sem líður einstökum deiluatriðum og einstökum atriðum sem ekki hafa komið þessu máli mikið við, sýnt mikinn áhuga þdm. á því höfuðmáli sem till. lýtur að þ. e. a. s. aukinni aðstoð við sveitarfélögin vegna lagningar bundins slitlags á vegi í þéttbýli.

Það komu inn í þetta tvö önnur atriði, en ég átti þess ekki kost að hlusta á þær fjörugu umr. sem hér voru á mánudaginn og þær að mörgu leyti sérstæðu umr. sem munu hafa orið hér um þetta mál, þar sem e. t. v. aukatriði voru gerð að aðalatriðum. Það er ofur eðlilegt að fleira blandist inn í þetta mál, enda annar liður till. beinlínis til þess fallinn að gefa visst tilefni til þess.

Við höfðum, nokkrir þm., áður flutt till. varðandi þetta afmarkaða mál, höfðum þá reyndar bætt við þeim lið sem laut að því að rykbinda vegi sem liggja um bæjarhlöð bænda, og hefði verið full ástæða til það hafa það hér í einnig, því að þar er ónnið mikið verk og vandasamt. Vegagerð ríkisins hefur að vísu verið örlítið að reyna úrbætur á þessu sviði, en í allt of litlum mæli. Við sem sagt fengum góðar undirtektir undir þessa till. okkar á sínum tíma, en engu að síður var hún ekki samþykkt, þótti of víðtæk m. a., sérstaklega hvað varðaði þá skuldbindingu sem í till. var fólgin varðandi bæjarhlöðin á sveitabæjum. Hins vegar varð sú gleðilega breyting á varðandi þéttbýlisvegaféð, að hér fór í gegn mjög naumlega breytingin varðandi „25% sjóðinn" svokallaða. Þar skiptust menn auðvitað mjög eftir kjördæmum í afstöðu sinni og breytingin fór hér mjög naumlega í gegn. A. m. k. fór hún mjög naumlega gegn í Nd. Hún fór allvel í gegnum Ed., eins og fleiri réttlætismál sem eiga hér greiðari framgang en í neðra.

Það er auðvitað full ástæða til þess, eins og hv. þm. Þorvaldur Garðar kom inn á, að minna hæstv. ríkisstj. á þetta verkefni. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem sveitarfélögin hafa sett á oddinn á undanförnum árum, enda hafa orðið gífurlegar breytingar, eins og hefur verið komið inn á í þessum umr., á hinum ýmsum þéttbýlisstöðum þar sem vel hefur verið að þessu unnið. Ég tek fyllilega undir það, að það þarf að efla allar aðgerðir til aukins hraða í framkvæmdum hvað þetta varðar. Ég held að nú megi sjá — að vísu ekki nægilega — viðbót í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir, en góða viðbót engu að síður. Það er auðvitað mála sannast, að niðurskurður vegamála í heild, sem varð sérstaklega á árunum 1975, 1976 og 1977, bitnaði allhart á þessum sjóði, hlaut að gera það sem hlutfalli af heildarvegafénu, þannig að um leið og við hvetjum núv. ríkisstj. þá verðum við að bæta því við, að við vonum að hún standi sig betur en sú fyrri í þessu efni.

Ég heyri að hér hefur verið komið inná mál — og það var mjög gleðilegt í raun og veru, — það var komið hér inn á sérstakt frv. sem flutt var hér og við hv. þm. Þorvaldur Garðar áttum hlut að því að vísa til ríkisstj. á sínum tíma við mikla óánægju flm. eðlilega. Mér er jafnvel sagt að einstakir flm. hafi verið búnir að gleyma eðli og efni þessa frv. síns, og það er ágætt, því að tíminn læknar margt og m. a. þetta. Ég vil aðeins taka það fram í sambandi við það frv., vegna þess að það fól í sér afturvirkni gjalda eins og hér er ráð fyrir gert, að andstaða mín við að samþykkja það frv. á sínum tíma var fyrst og fremst fólgin í því, sem ég held að hafi komið glögglega fram í okkar nefndaráliti, að við teldum óeðlilegt, að hér væri um sérlög fyrir ákveðið bæjarfélag að ræða, en ekki vegna þess að ég væri andvígur efnisatriðum frv. Ég held að það hafi komið mjög glögglega í ljós, að ég var ekki andvígur efnisatriðum þess, en ég var hins vegar algerlega á móti svona sérlögum og stóð dyggilega eins og í fleiru með hv. fyrrv. formanni félmn., Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, í því að afgreiða þetta mál á þann hátt sem við gerðum. Ég vil taka þetta fram til þess að menn haldi ekki að ég hafi eitthvað breytt um afstöðu í þessu efni. Ég var sem sagt samþykkur ýmsu sem í þessu frv. var, taldi aðeins að þessi lög ættu ekki að gilda sérstaklega um eitt bæjarfélag, það yrði þá að koma til ein allsherjarlöggjöf, eins og lagt er til í þeirri till. sem hér er til umr.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka frekar til máls í sambandi við það mál sem er hér á dagskrá, og kannske er ég samkvæmt þingsköpum búinn að tala mig dauðan, því að ég hef tekið tvisvar til máls í umr. En tilefni þess, að ég kem hér í ræðustól, eru ummæli þau sem hér hafa fallið út af því frv. sem flutt var á sínum tíma um heimild handa bæjarstjórn Akureyrar til að leggja á sérstök fasteignagjöld.

Eg vil leiðrétta þann misskilning sem kemur fram í þessum umr. út af því frv. Það er ekki hægt að segja beinlínis að um afturvirkni hafi verið að ræða í því frv. Það var eingöngu verið að fara fram á það, að Alþ. leyfði einu bæjarfélagi að framkvæma stefnu sem átti hug flestra bæjarbúa, því að á bak við þetta frv. stóðu einróma óskir allrar bæjarstjórnarinnar. Það var yfirgnæf-

andi meiri hluti fyrir því að leggja aukaskatt á fasteignir bæjarbúa til þess að geta hraðað framkvæmdum sem allir óskuðu eftir. Það var ekki verið að gera þennan skatt afturverkandi þannig, að þeir ættu að bera þyngri byrðar sem einhvern tíma áður hefðu fengið þá aðstöðu að búa við malbikaðar götur. Þetta var bara félagslegt átak sem bak við stóð einróma vilji íbúa bæjarins. Og það var það sem um var deilt, að við flm. gátum ekki skilið að Alþ. væri að standa á móti slíkum óskum. Ég er enn þeirrar skoðunar, að sú stefna,sem fólst í því nefndaráliti sem því miður var samþykkt hér, hafi verið röng. Þegar svona einróma ósk kemur frá einu sveitarfélagi, þá á Alþ. ekki að leggja stein í götu. Það var ekkert í þessu frv. sem bannaði það, að önnur sveitarfélög færu sömu leið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hef að vísu ekki tekið nema einu sinni til máls um þetta mál og því hvergi nærri talað mig dauðan, eins og hinn framliðni hv. þm. Jón G. Sólnes hafði, svo ég noti hans orð raunverulega eða efni þeirra. En ég tel að að meginefni til hafi athugasemdin, sem hann flutti áðan, verið þörf. Það er rétt, að þm. Norðurl. e. tóku að sér að flytja þetta mál til þess að bæta úr nauðsyn bæjarstjórnar Akureyrar, eins og fram kom í samróma samþykkt hennar, til þess að fá innheimt gjöld til að standa undir kostnaði við varanlega gatnagerð á Akureyri. En meginefni þess, sem fram á var farið, var hins vegar að fá það fært í lög, að krefja mætti þessara gjalda af íbúum við þær götur, sem komið var varanlegt slitlag á og búið að koma götunum í gott horf, um ótakmarkaðan tíma til baka. Það var ekki um að ræða 5 ára afturvirkni, heldur afturvirkni um ótiltekinn tíma. Það er náttúrlega sannast sagna, að hv. þm. Jón G. Sólnes, eins og aðrir þeir hv. þm. sem tekið hafa til máls um þessa þáltill., þeir hafa lýst yfir stuðningi við meginefni hennar. En hv. þm. Jón G. Sólnes gerði þá grein fyrir andstöðunni sem hann nú hefur tekið gegn hugmyndinni um afnám takmarkana og afturvirkni í þessu tilfelli, að hann teldi að nú væri skattpíning orðin svo mikil með þjóð vorri, að jafnvel samstaðan í bæjarstjórn Akureyrar sem fram kom í frv. sem við fluttum fyrir hana á sínum tíma, mundi nú brostin fyrir skattpíningar sakir, sem sýnir ábyrgðartilfinningu hv. þm.

Við umr. hinar fyrri hér í deildinni mælti hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir á þá lund, er athugasemd var gerð við andstöðu hennar við hugmyndina um afturvirkni þessara gjalda, að það væri kostur á þm., að hann gæti skipt um skoðun og undir það hlýt ég að taka. En í málefnum eins og þessum, sem varða slíkt hagsmunamál byggðarlags sem hér er um fjallað, hygg ég að það gæti ekki talist hæfilegt sjónarmið stjórnmálamanna, síst af öllu alþm., að skipta þara um skoðun þegar menn séu búnir að nota hana. Það er heldur mikið örlæti á skoðanaskipti í máli eins og þessu. Hafi það verið rétt, eins og segir í grg. með fyrrnefndu lagafrv. frá 1975, að það sé réttlætismál, að einnig þeir og e. t. v. fyrst og fremst þeir, sem lengst hafa notið þeirra fríðinda að búa við malbikaða götu og hreina gangstétt, taki sinn þátt að fullu í kostnaði við að koma upp slíku afbragðs umhverfi fyrir aðra íbúa bæjarins, sem jafnlengi hafa goldið opinber gjöld að öðru jöfnu, en ekki fengið þessu framgengt hjá sér, þá ætti svo að vera enn.

Úr því að ég er kominn upp í ræðustólinn á annað borð, þó að ég vilji ekki blanda mér í snöggsoðna, en vingjarnlega deilu tveggja þm. Vesturlands um það, hvað annar þeirra hafi sagt, þá vil ég vekja athygli á einu. Ég þóttist hafa heyrt ræðu hv. þm. Braga Níelssonar býsna vel og skilið hana, en annar ónefndur þm. er vændur um að hafa gert hvorugt. Ég skildi mál hans á þá lund, að hann hefði komist að þeirri niðurstöðu, að við álagningu hins afturvirka gjalds um 5 ár til baka hefðu reynst slíkir meinbugir á og gjaldið orðið svo óvinsælt í vitund fólksins, að nú teldi hann sig ekki geta stuðlað að slíku, hann teldi það rangt. Eftir því sem ég hef næst komist lágu meginvandræðin í því og meginóréttlætið kom þar fram, að hin heimila afturvirkni náði ekki nema 5 ár aftur í tímann. Það voru því tiltölulega fáir, sem þessi aukafjárheimta virkaði á, og alls ekki þeir sem verðugastir hefðu verið þess að fá nú að gjalda nokkuð, þ. e. a. s. þeir sem lengst höfðu búið við þessi gæði sem meðborgarar þeirra höfðu ekki búið við, og af þeim sökum hafi bæjarstjórnirnar neyðst til að nýta þessa heimild til hlítar, nema þá Skagamenn, eins og fram kom í ræðu hv. þm. áðan, sem treystu sér ekki til að nota þessa heimild nema að hálfu. Ef afturvirkninni hefðu ekki verið sett þessi mörk, þá hefðu orðið miklu fleiri aðilar, sem gjaldið hefðu borið, og þess vegna komið minna á hvern og einn.

Ég ítreka það sem ég áður sagði, að skoðun mín er sú, að þar sem hér sé um að ræða möguleika á því að gera þorpin okkar úti um land þrifalegri og hollustusamlegri með þessum hætti, þá sé e. t. v. um að ræða byggðamál allra byggðamála og nauðsynlegt sé fyrir okkur að létta svo sem verða má undir með sveitarstjórnunum úti um land að koma þessu máli fram, þar sem er malbikun gatnanna og snyrtilegur frágangur. Við erum ekki með flutningi þessa máls að leggja þá skyldu á herðar neinnar sveitarstjórnar að innheimta gjald með þessum hætti, heldur erum við aðeins að opna þann möguleika, að þær sveitarstjórnir, sem þurfa slíku að beita, geti gert það. Eftir sem áður yrði á valdi sveitarstjórnanna hvernig þessi heimild yrði nýtt. Það eru íbúar sveitarfélaganna sem kjósa sveitarstjórnirnar, og má þá e. t. v. telja eðlilegt að þetta mál kæmi til álita í sveitarstjórnarkosningum, þannig að íbúar sveitanna fengju að kjósa um þetta mál sjálfir í sveitarstjórnarkosningum og réðu því þá nokkuð sjálfir, hvort heimild af þessu tagi yrði nýtt.

ATKVGR.

Till. vísað til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Söluskattur, frv. (þskj. 64). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef ásamt þeim hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni og Hannesi Baldvinssyni leyft mér að flytja frv. til 1. um breyt. á 1. nr. 10 1960, um söluskatt, en sú breyting er fólgin í 1. gr. þar sem segir svo:

„1. töluliður 7. gr. laganna orðist svo:

Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, sem unnin er á byggingarstað, svo og“ — það er viðbótin — „í verksmiðju, á verkstæði eða starfsstöð. Sama gildir um vinnu við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja.“

Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Með því fylgdi svo hljóðandi grg.:

„Sú byggingaraðferð, að íbúðarhús séu smíðuð í einingum á verkstæðum eða í verksmiðjum, ryður sér nú til rúms, og ef rétt er að staðið lækkar byggingarkostnaður verulega við þessa tilhögun, auk þess sem henni fylgir margvíslegt hagræði fyrir þann, sem byggt er fyrir.

Nú er söluskattsinnheimtu þannig háttað, að ekki er innheimtur söluskattur af vinnu við húsbyggingar, sé hún framkvæmd á byggingarstað, en hins vegar ef hún fer fram í verksmiðju við svokallaðar einingabyggingar.

Hér er um misræmi og misrétti í innheimtu að ræða og frv. þetta er flutt í þá veru að leiðrétta þetta misræmi, svo þessi um margt hagstæði byggingarmáti njóti sömu undanþágu og veitt er í dag við húsbyggingar séu þær framkvæmdar á byggingarstað.

Eðlilegt hlýtur að teljast að ríkið greiði fyrir byggingaraðferð, sem hefur þann kost helstan að lækka hinn mikla byggingarkostnað. Því er þetta frv. flutt.

Grg. skýrir málið í raun. Vitað er að það er viss andstaða allra stjórnvalda, hver sem þau eru við allar sérstakar frekari undanþágur frá söluskatti, og ég efast ekki um að það sé viss andstaða við þetta einnig í fjmrn., eins og verið hefur að undanförnu. En hér er að áliti okkar flm. ekki um slíkt að ræða, um einhverja sérstaka undanþágu sem sé alveg ný, aðeins að hið sama gildi þó hús séu að miklu eða verulegu leyti byggð utan byggingarstaðar og á byggingarstað, eins og sagði í grg.

Í raun og veru er það þannig í dag, að mönnum er refsað fyrir að viðhafa þann byggingarmáta sem er nú í örri sókn hér á landi og hefur, ef rétt er að staðið, í för með sér mikla lækkun byggingarkostnaðar og margs konar hagræði annað fyrir þá sem til frambúðar njóta.

Það hafa komið upp nokkrar mótbárur, sem ég hef heyrt m. a. frá ráðuneytismönnum, um misnotkun í þessu efni. Varðandi það atriði má greina nánar í reglugerð, jafnvel í lögunum sjálfum, um þau skil sem menn vilja setja ef ótti um misnotkun er ríkjandi. A. m.k. erum við flm. sannfærðir um það annars vegar, að misnotkunarhætta sé hverfandi, og hins vegar, að auðvelt sé að setja undir þann leka ef mönnum sýnist að frv. sé of óákveðið, eins og reyndar var bent á í hv. deild í fyrra, að hér þyrfti skýrari ákvæði, sem ég sá reyndar ekki ástæðu til.

Nýlega héldu þeir aðilar, sem fást við verksmiðjubyggingu húsa af einhverju tagi, með sér fund, en þeir munu nú hafa formleg samtök sín á milli. Svo að ég nefni dæmi, þá er hér um að ræða það stærsta í þessum efnum, að ég hygg, Húseiningar á Siglufirði, Trésmiðju Fljótsdalshéraðs austur á Hlöðum, Verk h/f í Kópavogi, Trésmiðju Sigfúsar Kristinssonar á Selfossi, Húsasmiðju Snorra Halldórssonar hér í Reykjavík, og eflaust mætti einhverja fleiri telja. Þessir aðilar vöktu athygli á því misrétti — gerðu um það sérstaka samþykkt þessu misrétti sem við erum að fara fram á að leiðrétt verði. Þeir bentu á það, að með þessu væri beinlínis verið af ríkisvaldsins hálfu að hindra framgang eðlilegrar framþróunar í byggingariðnaði hér. Þeir töldu, og ég held að það sé alveg rétt, að söluskatturinn væri í dag erfiðasti annmarki sem þessir aðilar yrðu við að búa, hindrun m. a. í því að þróa þetta byggingarform í hreina verksmiðjuframleiðslu húsa, sem auðvitað þá fyrst þegar um reglulega fjöldaframleiðslu yrði að ræða kæmi húsbyggjendum verulega til góða, lækkaði kostnað við húsbyggingar að marki, svo sem hefur verið raunin á í nágrannalöndum okkar, þar sem verksmiðjubyggingar húsa eru mjög miklar.

Saga verksmiðjubyggðra húsa hér á landi er ekki löng. Hún er að sumu leyti raunasaga, vegna þess að skilningur hefur oft verið af skornum skammti hjá þeim aðilum sem fyrst og fremst hefðu átt að sýna þessu skilning. Það er mála sannast, að ýmsir hafa annaðhvort brugðist sínum skyldum í þessu efni eða ekki staðið nægilega vel í ístaðinu.

Því hefur nokkrum sinnum verið haldið fram, m. a. af þeim aðilum sem að þessu hafa staðið, að Samband byggingameistara standi í vegi, þeir óttist samkeppnina við þessa aðila, þeir óttist að þessi byggingamáti verði meira ráðandi en þeim þykir gott. Um þetta vil ég vitanlega ekkert fullyrða. Þessar fullyrðingar hafa oft heyrst. Ég dæmi sem sagt ekkert um það. En ég vil benda á sérstaka skyldu húsnæðismálastjórnar ríkisins. Samkv. lögum um Húsnæðismálastofnunina hvílir á henni bein lagakvöð um stuðning við allar aðgerðir sem miða að lækkun bygginarkostnaðar. Hér er vissulega um aðferð að ræða sem hefur lækkun í för með sér, og því er ég sannfærður um að Húsnæðismálastofnunin hefði mátt standa betur að og þó kannske alveg sérstaklega taka fyrr við sér en hún hefur gert, því að það má segja að fyrst núna hafi með vissum stuðningi verið gengið inn á þá braut að styðja hér reglulega vel að. Þá á ég við þann stuðning sem húsnæðismálastjórn hefur veitt Húseiningum á Siglufirði með framkvæmdalánum, svo sem sjálfsagt er og hún hefur veitt stórum byggingarmeisturum lengi, og ekki er um annað að ræða en sjálfsagða fyrirgreiðslu. Ég veit að umsóknir annarra verksmiðja af þessu tagi um slík framkvæmdalán, eins og Trésmiðju Fljótsdalshéraðs og Húsasmiðju Snorra Halldórssonar, hafa ekki enn þá verið teknar til jákvæðrar afgreiðslu í húsnæðismálastjórn eða mér er ekki kunnugt um að það hafi enn verið gert. Hér koma lánasjóðir iðnaðarins líka til greina, og áfram mætti telja.

Í framsögu minni í fyrra rakti ég dæmi um það, hve erfiður og þungur væri róður í þessu efni, þegar ég rakti árangurslausa baráttu okkar heimamanna austur á Reyðarfirði til að koma þar á laggirnar reglulegri verksmiðju til fjöldaframleiðslu húsa, sem gerði ráð fyrir u. þ. b. tvöfaldri afkastagetu á við Húseiningar, sem ég tel að nú loks hafi sannað gildi sitt eftir byrjunarörðugleika og vissan skilningsskort, e. t. v. einhver mistök í uppbyggingu, eins og gengur um tilraunastarfsemi sem að sumu leyti er líka staðið að af vanefnum. Nú er ljóst að Húseiningar hafa næg verkefni og hafa a. m. k. komist yfir verstu þröskuldana sem þurfti að sigrast á í upphafi. Viðtökur við þessu voru einfaldlega þær, að menn vildu — og það gat ég skilið — að Húseiningar sönnuðu gildi sitt áður en út í þetta væri ráðist af hálfu okkar Reyðfirðinga. Við teljum að svo sé nú. En það breytir engu um það, að lánasjóðir iðnaðarins virðast áfram lokaðir í sambandi við þetta. Ég skal hlusta á öll rök varðandi það, að hér geti verið um það að ræða að við séum of snemma á ferðinni, þetta þurfi nokkra bið. Hins vegar er hart að verða að sætta sig við algera neitun í þessu sambandi, eins og við urðum að þola. Ég skal ekki ræða það frekar nú. Það mál á eftir að koma á dagskrá síðar í öðru þingmáli í vetur.

Ég vil aðeins ítreka það, að skv. þeim upplýsingum, sem ég fékk í gær frá Trésmiðju Fljótdalshéraðs, — sem selur hús sem eru mjög skammt á veg komin, miklu skemmra á veg komin en þau hús sem Húseiningar selja, það er nánast grindin ein sem þeir selja, — anna þeir

hvergi nærri þeirri eftirspurn sem er eftir þessum húsum hjá mönnum eystra og reyndar víða á landinu. Mér er sagt, að af þeim húsum, sem þeir selja í dag á um 5 millj. kr., þurfi þeir að greiða aukalega, miðað við það sem aðrir þyrftu að greiða, milli 500 og 600 þús. kr. í söluskatt. Og þá sjá allir að hér er um drjúgan aukaskatt að ræða sem þeir sleppa við sem láta vinna að húsbyggingum á byggingarstað. Þetta er aðeins gott dæmi. Hjá Húseiningum er auðvitað um miklu hærri upphæð að ræða, vegna þess að þar er gert miklu meira í húsunum og þau seld miklu betur búin heldur en þeir gera austur á Hlöðum.

Ég vil sem sagt aðeins ítreka það, að hér er um réttlætismál að ræða, bæði gagnvart byggingaraðilum varðandi samkeppnisaðstöðu þeirra, sem á auðvitað að vera jöfn á við aðra, og þó alveg sér í lagi gagnvart þeim sem húsanna njóta til íbúðar. Því verður að treysta á skilning og velvilja Alþingis í þessu efni.

Ég vil svo óska eftir því, að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mig langar aðeins að segja örfá orð til stuðnings þessu máli. Ég get að sjálfsögðu tekið undir hvert einasta orð af því sem 1. flm. sagði. Það voru augljós rök sem hann færði fyrir því, að mál þetta ætti að ná fram að ganga.

Ég get bætt því við að því er Húseiningar varðar, það fyrirtæki sem stærst er hér á landi á þessu sviði og merkast, mundi ég vilja segja, að þar hafa auðvitað verið gífurlegir erfiðleikar. Fyrirtækið var stofnað af vanmætti og lenti fljótlega í algeru greiðsluþroti og stórfelldum erfiðleikum. En það var brugðist við því af miklum manndómi af samtökum fólksins heima fyrir, þar sem menn ekki einungis lögðu fram mikla fjármuni miðað við efnahag, eins og hann var á þeim tíma á Siglufirði, heldur tóku menn líka á sig stórfelldar persónulegar ábyrgðir umfram sín hlutafjárframlög til að tryggja hag þessa fyrirtækis og styrkja þannig atvinnulífið á Siglufirði, sem vissulega var ekki vanþörf á.

Þetta fyrirtæki hefur nú sannað gildi sitt og mun að sjálfsögðu leiða til þess, að fleiri slík fyrirtæki rísa upp og verksmiðjubyggð hús verða reist hér á landi í miklu ríkari mæli en hingað til hefur verið gert, þó auðvitað að því áskildu að nokkurn veginn gildi jafnræði á milli þeirra, sem byggja í verksmiðju, og hinna, sem gera það úti á vinnustað. Það er svo nú, að t. d. þegar Húseiningar á Siglufirði þurfa að fá 10 millj. kr. fyrir þau hús sem þær byggja, þá verða þær í leiðinni að senda ríkissjóði 2 millj. kr. ávísun. Þetta er að vísu ekki allt saman umfram það sem menn þurfa að borga þegar þeir byggja á byggingarstað, vegna þess að söluskattur er tekinn í tolli af timbri sem ekki fer til vinnslu, svo dæmi sé nefnt. Ég veit ekki nákvæmlega þetta hlutfall, en það er gífurlegt misræmi þarna á milli engu að síður. Þetta hefur mönnum auðvitað verið ljóst árum saman, og þau eru orðin allmörg árin sem ég hef t. d. reynt að berjast fyrir því í fjmrn. og hjá yfirvöldum að þetta yrði leiðrétt. Í rauninni viðurkenna allir að þarna sé um ósanngirni að ræða. En kerfið er nú einu sinni þannig, að það er svo þungt í vöfunum, að það er eins og engin leið sé að róta við því. Það er ekki nema eitt vald sem það getur gert, og það er valdið sem við höfum hér. Við getum gert þetta með breytingu á lögum — ótvíræðri breytingu, þannig að kerfið geti ekki stöðvað réttlætið á þessu sviði, eins og það gerir á mörgum sviðum öðrum og torveldar mönnum athafnir. Og það er áreiðanlega eitt hið mikilvægasta, sem við getum gert í húsbyggingarmálum þessarar þjóðar, að stuðla að aukningu á rekstri eins og þeim sem hér um ræðir.

Ég skal ekki orðlengja um þetta. Ég vona að þetta mál fái skjóta afgreiðslu í n. og síðar í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 78). — Ein umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi, á útmánuðum í fyrra. Nú flytjum við það enn og þeir ásamt mér hv. þm. Geir Gunnarsson, Oddur Ólafsson, Hilmar Rósmundsson og Bragi Níelsson.

Efni frv. er í aðalatriðum á þá leið, að stofnaður verði Fiskeldissjóður innan Framkvæmdastofnunar ríkisins. 1., 2., 3., 4. og 5. gr. frv. lúta að þess háttar breytingum á Framkvæmdastofnun ríkisisn sem rýma fyrir Fiskeldissjóði og gera ráð fyrir honum og rekstri hans innan stofnunarinnar. Í 6. gr. er kveðið um 9 millj. kr. framlag úr ríkissjóði til Fiskeldissjóðs með jöfnum greiðslum á næstu 5 árum, í fyrsta sinn á næsta ári. Það skal viðurkennt, að upphæðin og skipting á greiðslum kunna að vera nokkuð fjarri því sem við hæfi væri til þess að gera sjóðinn nógu virkan. Þar á ég beinlínis við það, að e. t. v. hefði átt að reikna þarna með hærri upphæðum. Í 7. gr. er gerð grein fyrir starfsemi sjóðsins í aðalatriðum og fjármögnun hans. Í 8. gr. er skilgreind ráðstöfun sjóðsins. 9. og 10. gr. lúta báðar að virkni sjóðsins og meðferð hans innan Framkvæmdastofnunar.

Í framsögu minni með þessu frv. í fyrra gerði ég mjög svo lauslega grein fyrir þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið með fiskeldi hér á landi, og þeirri framtíð, sem sérfræðingar telja nú, m. a. að fenginni reynslu erlendis, að fiskeldi í sjó eigi fyrir sér.

Að fiskrækt, fiskklaki og fiskeldi hefur verið unnið allmikið starf á landi hér, bæði á vegum veiðimálastjórnar og ekki síður, vil ég segja, á vegum ýmissa áhugasamra einstaklinga. Þessi fiskrækt hefur fyrst og fremst beinst að laxinum, en einnig lítils háttar að silungsrækt.

Á liðnum árum hefur í grannlöndum okkar beggja vegna Atlantshafs og í Japan verið lokið tilraunum með fiskeldi í sjó, umfangsmiklum vísindalegum tilraunum, og fiskeldi í sjó er orðið að umfangsmiklum atvinnuvegi í Sovétríkjunum í Japan, í Kanada, á vesturströnd Bandaríkjanna og síðast, en ekki síst í Noregi.

Ýmsum sögum fer af því, hversu gengið hafi tilraunir sem hafnar eru í Japan og í ýmsum löndum Suðaustur-Asíu með ræktun á sjávarfiskum. Þó er ljóst að í vissum greinum hafa þessar tilraunir tekist mjög vel, og einnig á því sviði hefur niðurstaða þessara tilrauna leitt til umfangsmikillar atvinnugreinar í fiskrækt, þó fyrst og fremst í ræktun á skelfiski og krabbadýrum.

Á Bretlandi hefur þegar heppnast að loknum umfangsmiklum tilraunum að rækta ýmsar tegundir af flatfiski innan fjarða, og það svo, að fyrirtæki, sem starfa á

því sviði, eru nú rekin með dágóðum ágóða. Hins vegar er það ljóst, að í sambandi við ræktun sjávarfiska er geysilega mikið verk enn óunnið í tilraunum.

Hér á landi hófust fyrir nokkru merkilegar tilraunir með ræktun á laxfiskum með sjávareldi í huga. Þessar tilraunir hafa fyrst og fremst farið fram á vegum Líffræðistofnunar háskólans og Veiðimálastofnunarinnar. Þær hafa verið framkvæmdar að verulegu leyti í samstarfi við einkaaðila sem áhuga hafa haft á þessu sviði. Dr. Sigurður St. Helgason, prófessor í líffræði við háskólann, hefur unnið undanfarin 5 ár að rannsóknum á umhverfisáhrifum á laxfiska og þá einkum beint þessum rannsóknum sínum að tveimur tegundum, þ. e. a. s. laxinum og sjóbirtingnum. Tilraunirnar hafa í aðalatriðum miðað að því að finna hið rétta seltustig í uppeldisvatni og eldisvatni fyrir laxinn og hið rétta hitastig sem hæfði laxinum á hinum ýmsu aldursskeiðum til þess að örva vöxt hans. Í öðru lagi hafa þessir aðilar gert tilraun með kynblending af laxi, salmo salaris og salmo trutta, sem latínufróðir menn og líffræðingar leyfa sér að kalla sjóbirtinginn okkar eða urriðann, sjógengna urriða.

Komið hefur í ljós að afkvæmi þessara tveggja laxfiska, sem þeir félagar hafa leyft sér að kalla laxbirting, er gætt þeim eiginleika að geta gengið miklu fyrr til sjávar eða þolað miklu fyrr seltu heldur en laxaseiðin. Þetta afkvæmi lax og sjóbirtings eða sjóbirtings og lax, eftir því hvað afstaða manna til réttlætismálanna kann að heimta að menn kalli það, er ófrjótt, og vegna þess að einstaklingarnir þurfa ekki að leggja orku í vöxt kynfæra, þá eykst þungi þeirra miklu fyrr, þeir þroskast miklu fyrr, og hægt er með þessari aðferð, sem fyrr gat, að byrja eldi í söltu vatni fyrr. Með því að stjórna seltumagni eldisvatnsins þannig, að sem næst komist blóðseltunni, og með því að halda hitastigi eldisvatnsins hæfilegu er talið að hægt sé að auka vaxtarhraða þessara laxfiska um helming. Komið hefur í ljós að við hin bestu skilyrði er fóðrunarkostnaður við slíkan búskap, við slíkan sporðfénað, um það bil einn þriðjungur og ekki meira af því sem ódýrast finnst í nokkrum öðrum búskap á jarðkringlu þessari. Tekist hefur að fá kíló af laxi úr röskum 4 kg af úrgangsfiski sem notaður er til eldis eða — þar sem það er gert — úr hakkaðri loðnu.

Það var álit sérfræðinga þegar frv. þetta var lagt fram í fyrravor, að þannig hagaði til í kringum vort kalda land, að hvergi nema hérna við Suðurnesin væri hiti sjávar nægilegur til þess að tryggja ágætan árangur af laxeldi í óupphituðum sjó. Nú flutti annar þeirra sérfræðinga, sem mest hafa unnið að þessum málum og hugleitt þau, Eyjólfur Friðgeirsson fiskifræðingur, erindi í útvarpið í gær, þar sem hann greindi frá því, að hitamælingar, sem framkvæmdar hefðu verið síðustu þrjú árin í kringum landið, bentu til þess, að hvarvetna umhverfis landið væri mögulegt að ala lax í óupphituðum sjó. Þótt nokkuð skorti á að sjávarhiti væri nægilegur á norðanverðum Austfjörðum, fyrir Norðurlandinu og Vestfjörðum til þess að tryggja afbragðsárangur, þá væri sjávarhitinn eigi að síður nægilegur til þess að þetta væri hægt að gera. En til þess að tryggja afbragðsárangur þarf að vera hægt að koma sjávarhitanum eða hitanum á eldisvatninu upp í 9-12 gráður í lágmarki allt árið, en hann má ekki fara yfir 16 gráður að meðaltali.

Nú hagar víða svo til í sjávarplássum þessa lands, að tiltækt er nægilegt heitt vatn, nægilegur jarðhiti til þess að hita upp á mjög ódýran hátt þann eldissjó sem þarf til þess að rækta mjög mikinn lax eða búa mjög vel á þessu sviði. Annars staðar er aðstaðan þannig, að kælivatnið frá vélum frystihúsanna mundi nægja til þess að hita upp verulegt magn af sjó upp í það hitastig sem þarf til þess að rækta þar í sjónum laxbirting eða lax. Og ljóst mál er, að með engu móti er fyrirsjáanlegt að við getum komið fiskúrgangi okkar, sem nú fer til mjölframleiðslu, og raunar ekki heldur loðnunni í þess háttar verð sem við getum fengið fyrir það með því að nota það sem fóður handa laxfiskum. Í Noregi, skilst mér, að nú sé svo komið, þar sem menn hafa náð lengst við laxeldi í sjó, að sum fiskiðjuverin, sem verja úrgangi sínum til laxeldis, fá allt að því jafnhátt verð fyrir úrgangsfiskinn, sem til fellur endanlega þegar búið er að breyta honum í lax, — allt að því jafnhátt verð fyrir úrgangsfiskinn og fyrir vöruna sem þeir selja á markað beint frá frystihúsunum. Nú er þar skemmst af að segja, að þessir tveir menn, sem ég hef nafngreint, þessir tveir sérfræðingar, sem ég nafngreindi hér í sambandi við tilraunirnar með fiskeldi í sjó, þeir Sigurður St. Helgason og Eyjólfur Friðgeirsson, hófust handa um það í fyrra að koma upp eldisstöð með heitum jarðsjó suður í Húsatóftum við Grindavík. Þetta gerðu þeir af eigin rammleik. Annar þeirra seldi íbúðina sína hér í Reykjavík til þess að geta flust þangað suður eftir og byrjað þessar tilraunir. Ætlun þeirra er að sannprófa núna með raunverulegum, praktískum tilraunum niðurstöðurnar af frumrannsóknum sínum, sem benda til þess að hægt sé að rækta fisk með þessum hætti með ágætum efnahagslegum árangri. Til þess arna hafa þeir fengið sáralítinn og raunar alls engan styrk af hálfu hins opinbera.

Nú liggur í augum uppi að niðurstöðurnar af þessari tilraun þarna syðra eru þess háttar, að þjóðin öll er líkleg til þess að græða á þeim er þar að kemur, enda munu niðurstöðurnar verða öllum tiltækar er tilraunirnar hafa verið framkvæmdar. En fjárskortur hefur staðið þeim fyrir þrifum, þeir hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að gera þessa tilraun í eins stórum stíl og nauðsynlegt er. Að vísu hafa þeir notið ágætrar fyrirgreiðslu þeirra Grindvíkinga og stuðning útvegsmanna í Grindavík, sem gera sér fulla grein fyrir því, hvílíkt hagsmunamál er hér á ferðinni, ef það skyldi nú koma í ljós að hægt væri að breyta slóginu úr fiskinum þeirra og bræðslufiskinum í lax með þessum hætti og margfalda þannig verðmætið.

Hugmyndir þeirra félaga í sambandi við útfærslu á tilraunastöðinni í Húsatóftum er sú, að á öllu sunnanverðu Reykjanesi kunni að verða hægt að nýta þann heita jarðsjó, er þar mun til falla í mjög stórum stíl í sambandi við fyrirhugaða saltvinnslu þar á nesinu, — breyta þessum jarðsjó í eldisvatn fyrir fiska. Talið er ákaflega auðvelt að útbúa stórar eldistjarnir eða eldislón á þessu svæði, þar sem auðvelt er að komast í gegnum djúpt hraunið niður á það dýpi sem þarf til þess að við fáum sjóinn inn jafnvel með sjávarföllum úr hafinu, og þarna höfum við möguleika á því að útbúa okkur á þennan hátt ótrúlega stór eldissvæði. Ég hirði ekki um í þessu sambandi að fara hér ítarlega út í hugmyndir þeirra og fyrirætlanir um það, með hvaða hætti við getum nýtt volgan jarðsjó á þessu svæði, en vil þó aðeins drepa á það, að þeir telja sig hafa vissu fyrir því, að í þeim sama eldissjó, þar sem við mundum ala upp dýrar fisktegundir og þá fyrst og fremst laxbirtinginn, þar gætum við ræktað bláhumar og ostrur jafnframt, og þá mundu þessar hræætur, sem eru ákaflega verðmætar á erlendum mark-

aði, gegna ákveðinni þjónustu í eldisstöðvunum, þar sem þær mundu hreinsa botninn, éta af því sem á botninn fellur, eins og þessi dýr gera úti í hafinu. Þeir hafa einnig sagt mér frá þeim óskaplegu, furðulegu möguleikum sem falist gætu í notkun á volgum og ef svo má segja efnastýrðum eldissjó fyrir helstu fisktegundir okkar í sjónum í kringum landið. Ég leyfi mér, enda þótt mig minni að ég hafi ekki fengið formlega heimild hjá Sigurði St. Helgasyni til þess að hafa það eftir honum, en ætla þó að gera það eigi að síður, því að það hygg ég að muni vera meinlaust, en gæti verið fróðlegt fyrir hv. deildarþm., þá sagði hann mér frá tilraunum sem gerðar hafa verið í Kanada fyrst og fremst, en einnig talsvert í Englandi, til þess að finna kjörfæði þorsklirfunnar sem hún nærist á þær 3-4 vikur sem ráða úrslitum um það, hvort hrygning hjá þorskinum heppnast eða ekki. Það er komið undir hita sjávar og innihaldi af þeim lífrænu efnum, sem þorsklirfurnar þurfa, hvort hrygning þroskstofnsins við Suðurland heppnast eða misheppnast. Hann sagði mér, að með því að einbeita kröftum hæfra sérfræðinga að slíkri rannsókn og veita þá fé til slíkrar rannsóknar á að vera hægt að finna þessa kjörfæðu þorsklirfunnar. Ef við fyndum hana mundi eldistjörn með réttri sjávarblöndu og hitastigi, sem væri um það bil tveir hektarar, nægja til þess að tryggja fiskislóðina okkar árlega gegn misheppnaðri hrygningu. Það þyrfti ekki meira til þess að klekja þar út þorskhrognum og ala lirfurnar upp til þess aldurs sem þær væru ekki lengur ósjálfbjarga og gersamlega háðar sjávarstraumum og ástandi í hrygningarsjónum og óviðráðanleg náttúruöfl réðu þannig hvort hrygning stofnsins heppnaðist eða heppnaðist ekki. Ég spurði hann að því, hvort Kanadamenn og Bretar hefðu lagt mjög mikla fjármuni í rannsóknir af þessu tagi. Hann sagði að á mælikvarða okkar Íslendinga mundu það nátturlega teljast fjármunir, en þessar þjóðir eiga ekki líf sitt undir viðgangi þorskstofnsins á sama hátt og við eigum okkar líf undir viðgangi þessa fiskstofns. Og þótt við legðum álíka vinnu og jafnvel tvöfalt meiri fjármuni en þessar þjóðir hafa lagt í slíkar tilraunir, þá hlyti það að teljast ákaflega góð fjárfesting. En eins og ég sagði fyrr, þá beinast þessar tilraunir, sem gerðar hafa verið hér, fyrst og fremst að ræktun á laxfiskum í vermdum sjó.

Þær tilraunir má segja að séu í beinu framhaldi og eðlilegum tengslum við tilraunir sem hér hafa verið gerðar með klak og uppeldi á seiðum þessara fiska. Og þar erum við komnir það langt, Íslendingar, að það liggur í augum uppi og er óumdeilanlegt, að þær klakstöðvar og uppeldisstöðvar, sem við eigum fyrir í landinu, gætu séð fyrir öllum þeim seiðum, sem við þurfum til þess að ala upp með þessum hætti í vermdum sjó. Og ef við stöndum nú myndarlega að þessum málum, ef hið opinbera stendur myndarlega að þessum málum, þá kynni svo að fara, að við gætum með undraskjótum hætti breytt verulegum hluta af úrgangsfiski okkar og kannske þar með loðnunni í hina dýrustu söluvöru sem um getur á fiskmörkuðum heimsins, þar sem laxinn er. Með því að nota slógið og úrgangsfiskinn, sem fellur til í fiskiðjuverunum einum saman, gætum við framleitt þúsundir lesta af laxi. Og samkv. þessum djarfa útreikningi, sem ég leyfði mér að leggja fyrir okkur áðan, þar sem ég talaði um rösk 4 kg af loðnu sem breyttist í kg af laxi, væri náttúrlega komið upp í það, að spurning færi að verða hvort við ætluðum okkur ekki að offylla heimsmarkaðinn af laxi, sem mundi nema hundruðum þúsunda tonna ef við notuðum allan mjölfiskinn okkar til þess arna.

En ég ítreka aðeins þetta í lokin, að af hálfu okkar flm. þessa frv. væri rétt að hið opinbera legði nú af mörkum fé og útvegaði fé í fyrsta lagi til þess að fullgera tilraunir, sem þegar eru vel á veg komnar, og eins til þess að opna fjárhagslega möguleika fyrir félög og einstaklinga til þess að nýta þá þekkingu, sem þegar er fengin, og vera við því búin að nýta með sem skjótustum hætti niðurstöður af þeim rannsóknum sem nú er verið að gera þarna syðra og ég veit að mjög almennur áhugi er á meðal þeirra manna sem helst hafa haft áhuga á fiskræktarmálum.

Ég talaði sérstaklega um möguleikana sem fælust í heita jarðsjónum við Reykjanes. Við eigum víðar á landinu möguleika á því að nálgast slíkan jarðvarma sem gæti aðstoðað okkur við það að hita upp sjóinn. Svo sem kunnugt er, á að vera hægt að ná í slíkan jarðvarma við Vestmannaeyjar og þar eiga að vera möguleikar á því að koma upp eldisbróm með tiltölulega auðveldum hætti. Mætti oss þá takast að slíta enn eina burst úr nösum þess sem eldunum stýrði í Vestmannaeyjum forðum. Í öxarfirði norður hófust myndarlega í sumar tilraunir á fiskeldi í lóninu mikla, sem við þeim blasir sem aka Tjörnesveginn, og gáfu mjög góða raun bara við það hitastig sem í lóninu er. En einnig þar á að vera ákaflega auðvelt að fá jarðhita til þess að verma upp sjóinn og einnig að stýra seltumagni í sjónum. Ef okkur gæti með þessum hætti auðnast að finna enn nýja leið til þess að nýta orkuna, sem þetta land hefur að bjóða, hitaorkuna, okkur til velferðar og auka nytsemi landsins fyrir duglegt og útsjónarsamt fólk, þá hygg ég að við ættum kannske ekki leið til þess að verja 900 millj. kr. betur á 5 árum heldur en þá sem gerð er grein fyrir í þessu frv.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mig langar aðeins að lýsa yfir stuðningi við meginefni þess máls sem hér er flutt. Ég er að vísu lítill aðdáandi Framkvæmdastofnunar ríkisins, tel hana nú fremur vera til óþurftar en hins gagnstæða, en engu að síður er „meningen god nok", ef maður má sletta hér dönsku, og ég veit að fyrir flm. vakir að reyna að stuðla að framgangi þessa gífurlega mikilvæga máls sem fiskræktin án alls efa er.

Mér leyfist kannske, af því að ég er nú búinn nokkuð á annan áratug að hafa nokkuð mikil tengsl við tilraunir með fiskrækt, að rekja það í örfáum orðum til viðbótar upplýsinga við það sem hv. ræðumaður, 4. þm. Norðurl. e., upplýsti okkur um. Var ræða hans öll vissulega hin fróðlegasta, og ég hygg í öllum meginefnum a. m. k. allt rétt með farið, þó að ég sé ekki alveg sannfærður um að 4 kg af loðnu mundu nægja til að ná kg af laxi. En þau yrðu e. t. v. ekki nema 6, og það munar ekki öllu miðað við það verðlag sem á henni er. Hitt er alveg rétt, að úrgangurinn úr frystihúsum er líka mjög nytsamlegur við eldi á fiski, og það hefur fiskræktarstöð, sem ég á aðild að, einmitt reynt.

En þegar ræðumaður talaði áðan um hið merka starf sem þeir vinna nú, Sigurður St. Helgason og Eyjólfur Friðgeirsson, þá var það að vísu ekki alveg rétt hjá honum, að þeir hefðu byrjað við jafnslæmar aðstæður og maður gat ráðið af máli ræðumanns, því að aðrir menn byrjuðu á undan við miklu verri aðstæður, og það finnst mér að ekki megi gleymast, þó að ég viti að sá, sem ég tel að hafi kannske mest og best unnið að þessum málum, væri mér ekkert þakklátur fyrir það, ef hann heyrði til mín, að nefna nafn hans hér. Hann má þó ekki gleymast,

og það er dr. Snorri heitinn Hallgrímsson sem hóf þessi störf með að vísu samstarfi við Kristin nokkurn Guðbrandsson og einn af hv. dm. sem nú er að vísu fjarverandi. Þeir hófu það starf þrír, Snorri, Kristinn og Oddur Ólafsson læknir. (Gripið fram í.) Ég ætla að halda áfram: fyrir nokkuð á annan áratug. Þeir byggðu þá með eigin hendi lítið hús uppi á Keldum sem þeir störfuðu í. Ég kom þar oft að kvöldlagi og um helgar. Eftir langan og strangan starfsdag á Landsspítalanum var þar unnið fram á rauðanótt og hvern einasta sunnudag, held ég, meira og minna að slíkri tilraunastarfsemi og hugsjónastarfi sem ekki má gleymast úr því að hér er verið að nefna nöfn.

Að því er varðar tilraunir t. d. með framleiðslu á laxbirtingi held ég að ég komist ekki hjá að mótmæla því, að þeir félagar Sigurður og Eyjólfur hafi búið það nafn til, því ég veit ekki betur en ég hafi gert það. Það má liggja á milli hluta en úr því að ég er hér staddur vil ég að það liggi fyrir. Tilraun með framleiðslu á laxbirtingi var gerð austur í Tungu í Landbroti aðallega, og ég er vafalaust sá eini hér inni sem hef borðað þennan fisk og fylgst með uppeldi hans, borðað hann kominn úr sjó, veiddi hann þar fyrir austan. (Gripið fram í.) Ekki held ég laxbirtingur, það eru sárafáir laxbirtingar sem hafa fengist en hann er auðvitað mjög líkur sjóbirtingnum, en þó nokkuð öðruvísi. Ég tel hann betri matarfisk en hvort heldur er lax eða sjóbirting. Og það er rétt, sem ræðumaður sagði hér áðan, að þetta er auðvitað einstakt fyrirbæri, að geta ræktað þarna kynlausan fisk þannig að ekkert fer í hrogn og svil, heldur allt í verðmæta vöru þegar það er hafið.

Ég ætla ekki að fara langt út í þessa sálma. Ég vil aðeins geta þess, að þetta verk er alveg ótrúlega erfitt. Það er auðvitað ekki mjög mikið sem á mér hefur mætt í því, en þó ýmislegt fjárhagslega í 10-12 ár. En það er einhvern veginn í okkar þjóðfélagi þannig, að það vantar alltaf punktinn yfir i-ið. Þegar þetta starf var vel á veg komið, — það eru tvær stórar eldisstöðvar sem þetta fyrirtæki á, önnur austur í Ölfusi, hin austur í Landbroti, sem mundi auðvitað kosta gífurlegt fé að koma upp núna, en þegar þurfti að leita til opinberra aðila með lánafyrirgreiðslu og slíkt, þegar var hægt að sýna fram á að það væri hægt að koma þessu á sæmilegan rekspöl með 10 millj. kr. láni, þá fengust auðvitað ekki nema 5 millj. og þá eftir dúk og disk, og fór mest í að borga afborganir af öðrum lánum. Eins er með þá núna, Sigurð St. Helgason og Eyjólf Friðgeirsson, að þá vantar — ég segi: smápening til að gera þetta sem hv. þm. Stefán Jónsson var að segja. Ég mundi halda að með nokkrum tugum milljóna gætu þeir gert þessa merkilegu tilraun. Jafnvel þó að það kostaði eins og einn mótorbátur, 30 tonna bátur, sem nú kostar yfir 100 millj., hví í ósköpunum getur þetta þjóðfélag ekki aðstoðað þessa ungu menn, sem m. a. selja íbúðir sínar til þess að reyna þetta?

Eins og ég sagði áðan, hef ég fylgst með því, hvað þetta er gífurlega erfitt, hvað þetta kostar óhemjulega mikið starf, einmitt frumtilraunirnar. En það er líka rétt, sem kom fram áðan, að að því er varðaði eldið í fersku vatni er nægileg reynsla komin, og þess vegna eru það seltutilraunirnar og sjóeldið sem nú eru aðalatriðið. Og það höfðu þeir auðvitað líka hugsað um löngu á undan þessum ungu mönnum, bæði Snorri Hallgrímsson, Kristinn og Oddur Ólafsson, að ala fiska í sjó frá Reykjanesi, og þangað voru farnar margar ferðir einmitt til að skoða aðstæður og gera sér grein fyrir því, að hægt væri í svo gljúpu hrauni að grafa niður tjarnir. En það kostar auðvitað enn þá meira fé, ef ætti að gera það í talsvert stórum stíl.

Mergurinn málsins er sá, að ég held að Alþ. ætti að hrista af sér slyðruorðið og með einhverjum hætti að tryggja það, að átak yrði gert sem svaraði til andvirðis, eins og ég sagði áðan, eins 30 tonna mótorbáts til þess að nýta þá aðstöðu, sem þegar er fyrir hendi, og til þess að hjálpa einmitt þeim mönnum, sem hér voru nefndir, til þess að gera þessar merku tilraunir. Það er enginn vafi á því, ekki minnsti, að þó að frumherjarnir hafi e. t. v. ekkert nema erfiðið út úr því, þá á þetta eftir að verða stór og mikill atvinnuvegur á Íslandi, kannske meiri atvinnuvegur, stærri og merkari en allur sjávarútvegurinn, vegna þess að auðvitað fer eins með auðæfi hafsins og vatnanna og önnur auðæfi lands, að það verður ræktun, en ekki rányrkja eða ofveiði, kannske veiði í takmörkuðu hólfi, sem mannkynið lifir á í framtíðinni. Auðvitað verður ræktun í höfum og vötnum alveg nákvæmlega eins og á þurrlendi, það vitum við allir. Það er spurning um, hvenær það verður, og auðvitað ættum við Íslendingar að vera þar í broddi fylkingar. Við ættum nú á þessu þingi að taka þetta litla skref, sem svarar kannske til andvirðis eins mótorbáts, til þess að tilraunir þessar verði örugglega gerðar, og þær munu bera mikinn árangur.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þessar umr. Þær hafa verið fróðlegar og ánægjulegar, ekki síst miðað við það sem berst okkur og talað er hinum megin við þilið. Ég tel ástæðu til að taka undir þetta mál, sem er mjög merkilegt, og ekki síst þakka fróðlega framsögu hv. 1. flm.

Það er enginn vafi á því, að það stendur okkur fyrir þrifum, ef svo má að orði komast, ekki síst á þessu sviði og raunar mörgum fleiri, hvað lítið er sinnt raunverulega auknum rannsóknum og tilraunum. Það hefur víða komið fram, að við eigum á þessum sviðum mjög hæfa vísindamenn í auknum mæli á síðari árum, og þegar ég hef verið með þeim á ráðstefnum hefur alltaf komið fram, að það sem á hefur skort, er fjármagn. Þeir hafa frætt okkur um ýmsa mikilvæga þætti, sem þeir hafa verið að vinna að, og ýmsa mikla möguleika sem þjóð okkar hefur yfir að ráða ef rétt væri að staðið.

Ég minnist þess að fyrir örfáum dögum kom einn af slíkum mönnum, sem nú er forstöðumaður Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins, á fund í fjvn., og hann var einmitt að fræða okkur þar á skyldum tilraunum við það sem kom fram í framsögu hv. 1. flm. þessarar till. um mikilvægi þessara tilrauna. M. a. sagði hann okkur ítarlega frá því, sem er að gerast á Lóni í Óxarfirði, og það er sannarlega hugvekja og ætti að koma víða fram hvað þessir menn, bæði hann og fleiri, búa yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og ætti raunar löngu að vera búið að taka fullt tillit til þess. Ég minnist þess í þessu sambandi, að það er merkileg tilraun sem hefur verið gerð vestur á Snæfellsnesi, í Lárósi, í sambandi við fiskeldi á þessu sviði sem hefur sannarlega borið mikinn árangur. Þar eru skilyrði sem sannarlega er hægt að nýta betur en gert er og hafa sannað ýmsa möguleika.

Ég hef hlustað á marga áhugamenn á þessu sviði sem hafa verið að láta sig dreyma um víðtækara fiskeldi. Hafa verið tilnefndir staðir eins og Kolgrafafjörður og Hraunsfjörður á Snæfellsnesi sem væru vel fallnir sem vissar uppeldisstöðvar til slíkra rannsókna og tilrauna.

Þetta er eitt af þeim málum sem mér finnst nauðsynlegt að við sameinumst um að reyna að þoka til betri vegar en þegar hefur gerst. Þegar hlustað er á okkar ágætu vísindamenn halda fyrirlestra og lýsa því, sem þeir eru að vinna að, og þeim miklu möguleikum, sem fyrir hendi eru, þá hlýtur maður að spyrja sjálfan sig: Hvernig stendur á því, að þjóð eins og Íslendingar, sem á allt sitt undir því að framleiða það sem hafið í kringum landið fyrst og fremst býður upp á, sinnir ekki betur en gert hefur verið þessu hlutverki. Þess vegna vil ég taka undir með flm. þessa frv. um nauðsyn þess, að menn fari nú að sinna þessum málum á réttan hátt með því að stuðla að auknu fjármagni, svo að það skili sér betur en gert hefur frá þeim ágætu mönnum sem við eigum marga góða á þessu sviði í landi okkar.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Þó ekki væri til annars en að geta þess, sem mér láðist í lok framsöguræðu minnar, að ég óska þess að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn., vil ég segja örfá orð. En í leiðinni harma ég að ég skyldi ekki kveða enn fastar að orði heldur en ég gerði um aðdáun mína á þeim einstaklingum sem lagt hafa fé og tíma í tilraunir, eins og þeir dr. Snorri Hallgrímsson og félagar gerðu og eins og hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson hefur gert, — tilraunir í sambandi við fiskræktarmálin, og þá dýrðlegu elju sem þessir menn hafa lagt ofan á allt annað í það að vekja athygli manna á þeim möguleikum, sem felast á þessu sviði, og á þeim lífstilgangi og þeirri lífsfyllingu sem gæti legið í því að helga líf sitt slíkum málum til að auka gæði þessa lands okkar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 13. fundur.

Miðvikudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj.9). — Frh. 1. umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram við þessa umr., að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv. Ég vil skýra með nokkrum orðum hvers vegna ég geri það.

Þann málflutning, að ein mikilvægasta ástæðan fyrir verðbólgunni hafi verið sú, að vextir hér á landi hafi ekki verið nógu háir undanfarin ár, tel ég vera meira en lítið hæpinn. Menn tala um að það sé farið illa með sparifjáreigendur, að hinir neikvæðu vextir hafi leitt það af sér að mikil eignatilfærsla hafi átt sér stað undanfarin ár í þjóðfélaginu. Út af fyrir sig er það rétt. Hins vegar virðast menn ekki taka tillit til þess, að háir vextir eru ekki lítið verðbólguhvetjandi, og það þarf að líta á og taka tillit til fleiri þátta efnahagsmálanna en aðeins eins þeirra, a. m. k. áður en tekin er ákvörðun um svo mikla breytingu sem felst í þessu frv.

Það er virðingarvert út af fyrir sig að koma af stað umr. um hlutskipti sparifjáreigenda í verðbólguþjóðfélagi sem okkar og nauðsynlegt að gera athugun á því, hver hlutur þeirra raunverulega er og með hvaða hætti væri unnt að rétta þeirra hlut án þess að slík aðgerð hefði verðbólguáhrif, þannig að hlutur þeirra væri litlu eða engu betri þegar á allt væri litið og upp er staðið. Það vill líka oftast gleymast, að tekjur af inneign af sparifé eru skattfrjálsar, þegar fram fer umr. um þessi mál. En hvers virði er það, a. m. k. fyrir þá sem hafa af öðru verulegar tekjur? Það vill oft brenna við að málið allt er ekki skoðað í samhengi, t. d. hvernig raunvextir mundu verka á framleiðsluna í heild í landinu og einstaka þætti hennar þegar til lengri tíma er litið, hvaða áhrif mundu þeir hafa á atvinnuástandið og kaupgjaldsþróunina í landinu. Og ef raunvaxtastefnan yrði upp tekin og lögfest, eins og þetta frv., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir, og frá þessu yrði undantekningarlaust ekki hvikað, væri þá ekki nauðsynlegt að gera a. m. k. ýmsar ráðstafanir áður til að koma í veg fyrir meiri háttar áföll?

Einn af flm. talaði um tombóluvaxtakjör sem nú væru. Vill ekki þessi hv. þm. tala við ungt fólk sem er eða hefur verið að koma yfir sig íbúð og verður nú að borga í mörgum tilfellum 33% í vexti? Ætli margt af þessu unga fólki sé sammála þessum hv. þm. um að það séu tombóluvextir? Vill ekki hv. þm. gera athugun á því, hvernig fólk með venjulegar tekjur getur staðið undir slíkum vöxtum, hvað þá ef þessir vextir væru um eða yfir 50%?

Hv. flm. tala um að það þurfi að breyta lánsupphæð og kjörum á íbúðalánum til að hlutur húsbyggjenda verði ekki fyrir borð borinn þegar raunvaxtastefnan kemur til framkvæmda. En hvers vegna byrja þessir hv. þm. ekki á byrjuninni, að koma slíkum breytingum á, og menn geri sér þá fulla grein fyrir með hvaða hætti það verði gert, áður en ákveðið er hvort og þá hvenær raunvextir verða alfarið upp teknir?

Í þessu sambandi hefur verið talað um að lengja lánstíma húsbyggjenda í a. m. k. 30 eða jafnvel 40 ár með fullri verðtryggingu og 3% vöxtum og að lánin yrðu hækkuð í 80% af byggingarkostnaði. Ferðamálasjóður hefur lánað með fullri verðtryggingu á liðnum árum. Hafa hv. þm. kynnt sér hvernig útkoman er hjá þeim sem slík lán hafa tekið? Menn ættu að kynna sér það áður en þeir binda sig við ákveðnar breytingar á lánskjörum á þessum lánum. Það hefur verið reiknað út hver endurgreiðslan yrði af slíkum lánum á 15, 20, 30 og 40 árum miðað við 30% meðalverðbólgu og 3% vexti. Í öllum tilfellunum er reiknað út frá 1 millj. kr. láni. Á 15 ára láni yrði endurgreiðslan 16 millj. 253 þús. kr., á 20 ára láni 38 millj. 857 þús. kr., á 30 ára láni 426 millj. 909 þús. kr. og á 40 ára láni 3 milljarðar 141 millj. 231 þús. kr. Hv. þm. geta svo reiknað sjálfir út hver endurgreiðslan yrði af 8 eða 10 millj. kr. láni eða hvað sem það nú er, 80% af byggingarkostnaði af meðalíbúð nú. Þessar tölur segja m. a. hvað margfeldniáhrifin aukast eftir því sem lánstíminn lengist.

Það verður vitanlega sagt hér á eftir, að svona útreikningar séu út í hött. En þá vil ég spyrja: Vilja menn láta reikna út hvernig endurgreiðsla slíkra lána hefði verið síðustu 20 árin? Í raun og veru þarf ekki nema athuga útkomuna á ferðamálasjóðslánunum.

Ég sé ekki betur en að eina leiðin, sem sé fær og þarf að athuga, sé að verðtryggja öll lán með sams konar verðtryggingu og raunar allar fjárfestingar, í hvaða formi sem þær eru, en þó yrðu að vera undantekningar frá því og þá sama sem engir vextir. Ég vil t. d. taka undir það sem hv.

þm. Friðrik Sophusson sagði fyrr við þessa umr., að landbúnaður getur ekki staðið undir slíkum kjörum, þar sem endursala bújarða til búrekstrar er ekki með þeim hætti að hann geti tekið slík lán og staðið undir þeim. Og þar sem allt útlit er fyrir að samdráttur verði að eiga sér stað í framleiðslu búvara er ekki líklegt að það geri endursölu bújarða, a. m. k. til búskapar, auðveldari.

Ef rekstrar- og afurðalán verða látin bera raunvexti, eins og lagt er til með þessu frv., til hvers mundi það leiða? Hafa hv. flm. gert sér það ljóst? Nú eru vaxtagreiðslur hjá mörgum fyrirtækjum 50% af launakostnaði. Ef þessir vextir yrðu svo tvöfaldaðir eða meira, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. og mundi gerast að öllu óbreyttu hjá okkur, hvað þá með landbúnaðinn? Hafa hv. flm. þessarar till. gert sér grein fyrir, hvaða áhrif þessi breyting mundi hafa t. d. á búvöruverðið í landinu? Ég vil ekki ætla neinum þeirra, sem standa að þessari tillögugerð, að þeir ætlist til þess að bændur yrðu látnir bera þær auknu byrðar sem hækkun vaxta á rekstrar- og afurðalánum hefði í för með sér, enda sé ég ekki betur en að það mundi ríða landbúnaðinum að fullu ef slík yrði raunin. Væri það ekki líka fjarstæðukennt að láta sér detta í hug að fulltrúar jafnaðarstefnu á Íslandi væru með nokkrar ráðagerðir í þá átt?

Hafa menn virkilega trú á því að hægt verði að halda uppi fullri atvinnu ef rekstrar- og afurðalán verða látin bera fulla raunvexti? Og væri það gert, hafa menn gert sér grein fyrir hvaða áhrif slíkt mundi hafa á gengisskráningu á gjaldmiðli okkar? Eða halda hv. flm. þessarar till. að sparifjáreigendur væru betur staddir ef vaxtahækkunin leiddi af sér gengislækkun sem vaxtahækkuninni mundi nema, sem er alveg eins víst að gerast mundi að öllu óbreyttu? Er ekki allt þetta mál flóknara en svo að hægt sé að samþ. það frv., sem hér er til umr., án þess að gera sér fulla grein fyrir áhrifum af slíkri lagabreytingu? —Það var talað um það s. l. föstudag í umr. um þetta mál, að það væri fleira en háir vextir sem væri iðnaði okkar fjötur um fót, og mér skildist þá að reynt væri að gera mjög lítið úr áhrifum vaxtanna á samkeppnisaðstöðu þessarar atvinnugreinar. Og mér skildist á máli hv. ræðumanns, að hann væri kominn á þá skoðun, að það væri mál til komið að fara að takmarka innflutning t. d. á iðnaðarvörum. Sé þetta rétt skilið hjá mér, þá er það mikil stefnubreyting sem hefur orðið hjá Alþfl., ef sá flokkur vill taka upp innflutningshömlur nú. Ætli við þurfum ekki líka að fara að taka til athugunar og endurskoðunar aðild okkar að ýmsum viðskiptasamningum við aðrar þjóðir, áður en við förum að beita viðskiptahömlum.

En hvað sem um það má segja, þá er það furðuleg niðurstaða ef menn eru í raun og veru þeirrar skoðunar, að það skipti ekki neinu verulegu máli fyrir t. d. iðnaðinn þó hann verði að bera helmingi hærri vexti eða jafnvel 3-4 sinnum hærri en sá iðnaður erlendis sem við verðum að keppa við bæði á innlendum og erlendum mörkuðum. Ef öll þessi mál eru í þvílíkri þoku eins og þessi fullyrðing gefur til kynna, er ekki að furða þó till. um lausn þessara mála séu með ýmsum hætti og ekki allar mikið hugsaðar.

Það er mikið rætt um hversu illa sé farið með gamla fólkið, verðbólgan sé að brenna upp sparifé þess. Af málflutningi þessara manna að dæma, verður gamlla fólkið sérstaklega illa úti hjá okkur síðustu ár. Ég stend í þeirri trú, að þessu sé alveg öfugt farið. Þó að verðbólgan hafi að vísu rýrt sparifé sem það á, þá eru tekjutrygging og lífeyrissjóðagreiðslur nú með þeim hætti, að það er í flestum tilfellum hreint öfugmæli að segja, að t. d. á þessum áratug hafi verið gengið á rétt gamla fólksins miðað við það sem áður var. Hitt er mér a. m. k. miklu meira áhyggjuefni, hver aðstaða ungs fólks er nú þegar það stofnar heimili. Ég fullyrði að í mörgum tilfellum sé aðstaða þess miklu verri en yfirleitt gamla fólksins. Og þegar gerðar eru ráðstafanir í efnahagsmálum, eins og hér er lagt til að gerðar verði, þarf ekki síður að hyggja að því og meta hvernig aðstaða ungs fólks verður eftir slíkar breytingar.

Þegar byggingarkostnaður er orðinn eins hrikalegur og nú er miðað við algeng launakjör og fjármagnskostnaðurinn er kominn upp úr öllu valdi og til umræðu er að hækka fjármagnskostnaðinn verulega frá því sem er, þá er ekki ástæðulaust að hafa áhyggjur af aðstöðu unga fólksins, því frumþarfir hverrar fjölskyldu eru íbúð til að búa í ásamt fæði og klæði.

Ég sé ekki betur, ef þetta frv. verður lögfest á þessu þingi, en að þá aukist sá vandi sem margt ungt fólk stendur frammi fyrir vegna skulda af íbúð, sem það á nú í erfiðleikum með að ráða við, þá verði slík breyting sem frv. felur í sér til þess að þetta fólk hljóti að missa íbúðir sínar í fjöldamörgum tilfellum, nema um leið verði gerðar ráðstafanir því til hjálpar. — Hér á vel við **málshátt**urinn. „Í upphafi skal endinn skoða."

Ég er ekki þeirrar skoðunar að fjármagnið eigi að deila og drottna í þessu þjóðfélagi. Ég tel að við eigum að stjórna því, til hvers fjármagnið er notað hverju sinni. Ég tel að stefna eigi að því, eins og frekast er kostur á, að jafna lífsaðstöðuna í þjóðfélaginu. Ef fjármagnið á að deila og drottna og þjóðin að lúta lögmálum þess, eins og mér virðist að lagt sé til með þessu frv., þá jafnast ekki lífsaðstaðan á meðan það ástand varir. Mér er því spurn: Hvernig er jafnaðarstefnan á Íslandi á vegi stödd á því herrans ári 1978?

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Það hefur verið mikið rætt um þetta mál og það er rökstutt bæði með og á móti. Ætla ég ekki að bæta þar miklu við.

Hæstv. viðskrh. sagði að vaxtaupphæð hefði lítil sem engin áhrif á sparnað. Það má vel vera að það hafi verið á undanförnum árum, enda skiptir kannske ekki ýkjamiklu máli hvort vextirnir eru neikvæðir um 10 eða 15%. Þeir hafa alltaf verið neikvæðir nema um sé að ræða stuttan tíma, sem er þá afbrigðilegt. Hann sagði líka, að verðbólgan slævði vilja manna til að spara. Þetta er auðvitað rétt og er bein afleiðing af lágvaxtastefnunni.

Höfuðgallar núverandi kerfis eru auðvitað þeir, að sparifjáreigendur eru hlunnfarnir langt umfram það sem sæmandi er í réttarþjóðfélagi. Það er ekki sæmandi í réttarþjóðfélagi að stolið sé af stórum hópi fólks til þess að gefa öðrum. Það er útilokað með öllu. Hinn gallinn er sá, að verðbólgugróðinn hefur verið óhóflegur vegna neikvæðra vaxta, vegna lágvaxta. Mér finnst vera talsvert mikið á sig leggjandi til að losna við ástæðuna eða grundvöllinn að öllum þessum verðbólgugróða. Hv. 1. þm. Austurl. talaði um að leggja skatt á verðbólgugróða. Ég er honum sammála um það. Ég mun styðja hverja þá skynsamlega tillögu og hverja þá framkvæmanlegu tillögu sem hann kemur með í þá átt. Hitt er annað mál, að ég held að það sé enn þá meiri ástæða til og meira tilefni til að útiloka hann eða koma í veg fyrir að hann geti

myndast í sama mæli og verið hefur.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson fór að tala um húsnæðismálin. Það var tilefni þess að ég stóð hér upp. Sannleikurinn er sá, að lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins eru nú þegar verðtryggð. Þau eru verðtryggð að 60% og hafa þar að auki 9.75% vexti, sem þýðir að þau eru verðtryggð. Allar hugmyndir allra aðila, líka verkalýðshreyfingarinnar, um endurbætur á húsnæðislánakerfinu miða að því, að upp séu teknir raunvextir, m. a. s. í sambandi við verkamannabústaði. Þá er reiknað með 2.5% vöxtum, þó með verðtryggingu þannig að vextirnir verði 0% þegar til lengdar lætur. Aftur á móti miða hugmyndirnar að því að þau lán verði til 32 ára. Með því móti verða öll lánin, þó um 90% lán verði að ræða, talsvert lægri en gengur og gerist með húsaleigu í dag.

Hugmyndir um almenn húsnæðismálastjórnarlán eru í þá átt, að þau verði með 2-3% vöxtum til 30 ára. Það er sama þar, heildargreiðslubyrðin mun verða álíka mikil og húsaleiga er nú, með því að það séu 80% lán, og jafnvel undir því sem húsaleiga gengur og gerist. Þetta er því ekkert voðalegt vandamál gagnvart húsbyggjendum. Aftur á móti þýðir það, að þeir borga þessi lán auðvitað aftur á 30 árum eða 32 árum í sömu krónum, en þó með minnkandi hlutfalli af tekjum sínum vegna þess að þegar til lengri tíma er litið hækkar kaupmátturinn meira en verðlagið.

Það sem mundi gerast, ef þetta raunvaxtakerfi yrði tekið upp í húsnæðismálunum er að þær drápsklyfjar, sem nú sliga húsbyggjendur og þá sem eru að kaupa íbúð, mundu hverfa. Fólkið mundi borga álíka mikið og það borgar í leigu og jafnvel minna, talsvert minna ef um verkamannabústaði er að ræða, en aftur á móti yrði það *ekki laust við öll sín lán eftir 10-15 ár, það borgaði* áfram, að vísu minnkandi hlutfall af launum sínum, en eigi að síður borgaði það sömu peninga þó á lengri tíma sé.

Viðvíkjandi því, sem síðasti ræðumaður, Stefán Valgeirsson, sagði um að jafna lífsaðstöðuna í þjóðfélaginu, er ég honum sammála. En ég held að þetta frv. skerði hana ekki og gangi alls ekki þar á móti, heldur hið gagnstæða.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Frv. okkar sjö þm. Alþfl. í þessari deild hefur nú verið til umr. hér um allnokkurt skeið. Er flm. eðlilega farið að lengja eftir því, að það komist til afgreiðslu í n. til samþykktar þar eða synjunar. Mig langar þó, án þess að eyða að því mjög mörgum orðum, að gera nokkrar aths. við þann málflutning sem hér hefur verið hafður uppi einkum gegn þessu frv.

Á það ber auðvitað að líta fyrst, að undanfarin ár hefur í þessu landi ekki verið neitt venjulegt ástand í efnahagsmálum. Á árunum upp úr 1970 gerðist það, að stjórnvöld misstu gersamlega tök á því sem kallað hefur verið verðbólga. Það er ekkert venjulegt ástand í efnahagslífi þjóðar þegar 50% og kannske rúmlega 50% verðbólga er orðin árviss þáttur í efnahagslífi. Það, sem mér hefur fundist helst athugavert, þó af mörgu sé að taka í málflutningi þeirra talsmanna neikvæðra vaxta, t. a. m. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og Stefáns Valgeirssonar, er það, að þeir og mér liggur við að segja þessi kynslóð stjórnmálamanna virðist sætta sig við það, að hér sé varanleg 50% verðbólga orðin fastur liður í efnahagslífi okkar. Ef svo væri, þá væri vitaskuld ekki hægt annað en að fallast á meginrök þeirra. Ef við erum orðnir fastir í þeim farvegi, þá lítur málið allt öðruvísi út. En við t. a. m., flm. þessa frv., lítum allt öðruvísi á. Við lítum svo á, að hér sé einungis um tímabundið ástand að ræða. Það er auðvitað bæði komið undir frjálsum samtökum úti í samfélaginu og ekki síður undir aðgerðum þessarar hv. stofnunar, hvernig okkur reiðir af í þessum slag, og grundvallarhugsunin í þessu frv. er einmitt að höggva á einn af hnútunum sem við teljum að hafi valdið verðbólguástandi. Ég endurtek það, sem sagt hefur verið áður: Grundvallarhugsunin er að eyða forsendum verðbólgugróðans.

Mér þótti einnig leitt að heyra, að í málflutningi eins talsmanna gegn þessu frv., hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, var það eins og grunntónn eða inntak, að hér í landinu væri eiginlega enginn verðbólgugróði. Ég verð að segja eins og er, sem því sem næst daglegur lesandi Þjóðviljans, að þessi skoðun kemur mér ákaflega spánskt fyrir sjónir úr þessum herbúðum. Ég er ekki viss um að margir af flokksbræðrum hans mundu fallast á þessar skilgreiningar, að verðbólguvandinn sé eiginlega enginn og því sem næst ekkert vandamál, eins og hv. þm. sagði efnislega, raunar aftur og aftur. Ég held þvert á móti að verðbólgugróðinn, sem hefst með þeim hætti að verða sér úti um lánsfé sem menn eða fyrirtæki greiða ekki til baka nema að litlum hluta, tekst hins vegar að tryggja í eignum sem halda verðgildi sínu í verðbólgunni, þetta sé — og ég vitna enn í fyrrv. þm. Magnús Kjartansson máli mínu til fulltingis — ein aðalgróðamyndunaraðferðin í samfélaginu. Áhyggjuleysi og kæruleysi hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar vegna þessarar þróunar og vegna þessarar gróðamyndunaraðferðar, til að taka ekki dýpra í árinni, *og röksemdafærslur hans koma mér a. m. k.* ákaflega spánskt fyrir sjónir.

Það er fróðlegt að bera saman afstöðu tveggja þm. til þessa frv. Hér talar hv. þm. Geir Hallgrímsson. Hann er formaður Sjálfstfl. — flokks sem venjulega hefur verið sagður bera hagsmuni fyrirtækjanna í landinu og gróðans fyrst og fremst fyrir brjósti. Ég hef a. m. k. lesið í Þjóðviljanum að svo sé. Hv. þm. Geir Hallgrímsson hefur þó ekki meiri áhyggjur af afkomu fyrirtækjanna í þessu máli en svo, að hann er efnislega samþykkur þessu frv. En þá bregður svo við, að talsmaður Alþb. telur að fyrirtæki muni í stórum stíl fara á höfuðið, að hér sé um — að mér skilst — freklega árás á fyrirtækin í landinu að ræða. Er nú engin furða þó mörgum þyki pólitíkin vera farin að fara í hring og vera öfugsnúin, þegar þeir keppast um það — og hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur greinilega betur í því að vera sérlegur talsmaður fyrirtækjanna í landinu, enda er kjarni málsins sá.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson segir réttilega, að 1. maí 1976 hafi hér verið tekin upp með pomp og prakt af hálfu Seðlabankans ný stefna í vaxtamálum, sem hann vill kalla hávaxtastefnu, og hann segir: Hávaxtastefna þýðir að fyrirtæki fara á hausinn. — Ég vil spyrja: Eftir að þessi hávaxtastefna svokölluð var tekin upp, þar sem reynt var einungis að nálgast raunvexti, hvað hafa mörg fyrirtæki í landinu farið á hausinn vegna þessarar breyttu stefnu? Mér er ekki kunnugt um eitt einasta sem hafi farið á hausinn, og af því dreg ég — án þess að fara ofan í talnaflækjur — þá einföldu ályktun að hagsmunir fyrirtækjanna í þessu dæmi, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur gert að hagsmunum sínum og gerst málsvari fyrir, sé aðeins gamli barlómurinn, sem fyrirtæki auðvitað nota

alltaf þegar þau standa frammi fyrir því að þurfa að greiða fleiri krónur — í þessu tilfelli að greiða lánsfjármagnið á réttu verði.

Ég segi því einungis þetta: Þó að fyrirtæki mörg hver rækju upp ramakvein við breytta vaxtastefnu Seðlabankans 1. maí 1976 og áfram hef ég ekki séð eitt einasta fara á hausinn. Það sem síðar gerðist — það er rétt — var að það var horfið frá þessari stefnu aftur. Mér segir svo hugur um að það sé rétt, eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði, að þar hafi verið um að kenna aumingjaskap. Það voru að nálgast kosningar. Það var víða þrýst á. Þar voru að verki stéttir og aðrir sem vildu auðvitað lægri vexti, vildu ekki borga fjármagnið til baka á kostnaðarverði, og stjórnvöld létu því miður undan þessum þrýstingi.

Áróðurstónn er hafður í frammi um þessar tillögur, sagt að við séum að leggja til hávexti og séum hávaxtamenn. Þetta er rangt, nema því aðeins að menn hafi viðurkennt að við séum flæktir í 50-60% verðbólgu og verðum það um næstu áratugi og kynslóðir. Ég fyrir mitt leyti neita að svo sé. En varnaraðilar neikvæðra vaxta, eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Stefán Valgeirsson, tala um hávexti, minnast jafnan á 50-60% vexti. Það er því aðeins rétt að við séum fastir í þessum verðbólgufarvegi. Ég tel hins vegar að svo sé ekki og tel að það, sem við erum hér að leggja til, sé nákvæmlega spor í þá átt að káka ekki eilíflega í afleiðingum verðbólgunnar, heldur reyna að höggva á einn hnútinn sem hnýtir hana saman og hefur gert hana að efnahagslegum veruleika í þessu samfélagi.

Annað, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur nefnt til gagnraka i þessu máli, er að enn einu sinni komi menn, sem halda að þeir hafi fundið upp „patent" til þess að leysa verðbólguvandann. Auðvitað er ekki svo, auðvitað hefur ekki nokkrum manni dottið í hug að þetta eitt nægi. Þetta hangir auðvitað saman við fjölmargt annað. Eins og hér hefur verið nefnt, tengist það t. a. m. beitingu vísitölu, viðmiðun hennar við laun o. s. frv. En kjarni málsins er sá, að ef raunvextir ganga hönd í hönd við að öðru leyti skynsamlega stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, þá er þetta eitt lykilatriðið til þess að koma í veg fyrir að menn græði á verðbólgu, til að deyfa þar með einn helsta verðbólguhvatann, og þegar til lengri tíma er litið og þegar við horfum út fyrir þessa venjulegu sex mánuði, þá yrði þetta til þess að slæva stórkostlega verðbólguþróunina í landinu.

Gagnrýnendur þessa frv., hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Stefán Valgeirsson, hafa gert sér mat úr því að við þm., t. a. m. við Gunnlaugur Stefánsson, höfum ekki skilning á hagsmunum húsbyggjenda. Ég held nú að bernska okkar, sem oft hefur verið vísað til hér, geri það að verkum, að við þekkjum þetta fólk betur en margir aðrir gera í þessari hv. deild og það af nánum kynnum. Hagsmunir húsbyggjenda eru ekki þeir að þurfa að borga húsnæði sitt upp á 10 árum og sprengja sig nánast efnahagslega, eins og hér hefur verið. Hagsmunirnir eru allt aðrir. Hagsmunir eru þeir að fá að gera þetta á lengri tíma. Hæstv. félmrh. hefur hér lýst hvað raunverulega er að gerast í þessum efnum. Kynslóð okkar Gunnlaugs Stefánssonar væri betur borgið ef þetta fólk borgaði til baka það sem það hefur fengið lánað. Það mundi aftur hlaða undir aukið efnahagslegt siðferði í þessu landi, ef lánunum væri dreift á miklu lengri tíma en nú er, til þess bæði næðist jafnvægi í efnahagsmálum og í lífi þess fólks sem er að byggja yfir sig. En ég veit ekki hvort hv. gagnrýnendum þessa frv., Lúðvík Jósepssyni og Stefáni Valgeirssyni, er kunnugt um hvað fólk leggur á sig til þess að koma yfir sig húsnæði, eða er kunnugt um hvernig fólk þarf að vinna fyrstu 5-6 árin meðan það er að borga hinar hæstu greiðslur niður. Við höfum þvert á móti alltaf tekið fram, talsmenn þessa frv., að húsnæðismálin þurfi sérstaklega að taka út úr með þeim aðferðum sem hæstv. félmrh. m. a. hefur lýst hér.

Hv. þm. Einar Ágústsson fjallaði um þetta mál fyrir alllöngu, þegar það kom til 1. umr. Ég vil aðeins gera tvær aths. við hans mál. Í fyrsta lagi benti hann réttilega á, að það væri hæpið að geta náð til ávísanareikninga og hlaupareikninga. Það er auðvitað alveg rétt, enda er þar ekki um sparnaðarform að ræða. Þar eru nánast um að ræða frekar geymslureikninga. Ég tel að það væri framkvæmdaatriði hvernig efni þessa frv. næði til slíkra reikninga, en ég vil gera greinarmun þarna á sparnaðarreikningum annars vegar og geymslureikningum hins vegar. Í ræðu hv. þm. fannst mér orka meir tvímælis eitt sem hann sagði, en það var efnislega á þá leið, að þetta fæli e. t. v. ekki mjög mikla breytingu í sér, vegna þess að vaxtavaldið hefði verið hjá Seðlabankanum, en Seðlabankinn hefði ekki lagt í að fara hærra með vextina en hann hefur gert.

Nú hefur hv. þm. Einar Ágústsson auðvitað meiri reynslu en ég í því, hvernig er að sitja í ríkisstj. En þó hygg ég að hér sé efnislega farið nokkuð skakkt með, því að þó svo vaxtavaldið hafi lögum samkv. verið hjá Seðlabankanum, þá hygg ég að í raun hafi það verið, og það sé einn aðalvandi þessa máls, ríkisvaldið sem á hverjum tíma hafi ráðið vaxtastefnu. Í öðrum löndum og okkur skyldum er það svo, að viðkvæm mál eins og vaxtamál hafi verið lögð til hliðar til Seðlabankans sem raunverulega fer með þetta vald, en mála sannast sýnist manni að þessu hafi ekki verið svo farið hér, heldur hafi stjórnvöld verið að krukka í vextina á hverjum tíma. Þrýstihóparnir ýta á, landbúnaðurinn ýtir á, fær allra lægstu vexti á sín afurðalán. Það, sem hann er að biðja um, eru auðvitað styrkir, þó að það heiti þessu nafni. Í síðustu kosningum er mér kunnugt um að talsmenn landbúnaðarins úti um hinar dreifðu byggðir Íslands áttu í vök að verjast fyrir gagnrýnendum úr hópi bænda, sem sökuðu þá um að hafa ekki komið afurðavöxtunum nógu langt niður. Þetta er auðvitað sá venjulegi þrýstingur. En það sem við segjum er að öll stjórnmál snúist um þetta, en það sé óheilbrigt að þessi þrýstingur fari fram í kerfi sem við samt sem áður köllum lán. Ég hygg þvert á móti, að vaxtavaldið hafi ekki verið í Seðlabankanum, það hafi verið í reynd hjá ríkisstj. á hverjum tíma og að þetta kerfi okkar, m. a. að hægt hefur verið að breyta lánum í styrki vegna verðbólgu og gegnum kerfi neikvæðra vaxta, hafi orðið að efnahagslegu samspili sem ekki hafi reynst okkur vel.

Öll röksemdafærsla andstæðinga þessa frv., og þá kannske fyrst og fremst hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, gengur út á það, að þetta muni leika fyrirtækin illa. Stefnubreytingin 1976 lék ekki fyrirtæki illa. Ég sé hvergi nein fyrirtæki sem fóru á hausinn vegna hækkaðra vaxta. Er þetta ekki bara gamli barlómurinn í fyrirtækjunum? Og annað er það, að ég man aldrei eftir því, að launþegahreyfingin í landinu hafi farið fram á hærri laun þannig að fyrirtækin svöruðu ekki og segðu: Ef launin hækka, getum við ekki staðið undir þeim, þá velta þau

beint út í verðlagið, valda aukinni verðbólgu, og hringrásin fer af stað. — Að hluta til er þetta auðvitað alveg rétt. En hér er ekki verið að leggja til tilfærslu á tilteknum upphæðum. Hér er verið að leggja til grundvallarbreytingu í efnahagskerfi okkar, sem sé að lán í lánakerfi séu endurgreidd á fullu verði og einhverjir örlitlir vextir þar ofan á. Það mundi stöðva skriðu sem hefur verið m. a. á bankaútlánakerfum í landinu og valdið samfélaginu skaða.

Þetta mál er í fyrsta lagi réttlætismál vegna þess hverjir hafa tapað á því að sparifé þeirra hefur brunnið upp og með hverjum hætti það hefur gerst. Í annan stað er verið að leggja til að löggjafinn grípi í taumana og leggi aðeins eitt lag af mörgum, leggi grundvöll að heilbrigðari efnahagsstefnu en hér hefur verið. Ég veit að það kynnu tveir menn að vera að hlusta á rök mín. Fullorðinn maður, sem hefur horft á sparifé sitt brenna á undanförnum árum, hefur samúð með málflutningi mínum. Á þetta mál kynni líka að vera að hlusta maður, sem hefur haft ótakmarkaðan aðgang að bönkum hér í Reykjavík, hefur fengið lán, byggt yfir sig hallir og endurborgað lánin að hluta. Þessi maður hefur samúð með hv. þm. Lúðvík Jósepssyni og Stefáni Valgeirssyni. Það breytir ekki hinu. Auðvitað getum við þurft að styrkja atvinnugreinar: landbúnað, iðnað, hvaða atvinnugreinar sem vera skal. Ef við tökum ákvörðun um það, þá skulum við gera það á yfirborðinu og kalla það styrki og styrkja þá. En við skulum ekki búa við það styrkjakerfi sem hér hefur raunverulega verið búið til í gegnum lánakerfið. Það elur á rangri fjárfestingu, það elur á spillingarhættu, það elur á misnotkun og það gerir allt efnahagskerfið hjá okkur óheilbrigt, og út úr þessum vítahring verðum við að berjast. Þetta er réttlætismál nr. eitt, þetta er till. um heilbrigðari efnahagsstjórn nr. tvö, og sem slíkt geri ég mér miklar vonir um að þetta frv. nái samþykki, kannske í eitthvað breyttri mynd.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni, að málflutningur hv. andstæðinga frv. um raunvexti minnir mig örlítið á söguna um karlinn sem ætlaði að gera við götin á sokkunum sínum með því að klippa þau af. Ég hef ekki heyrt í málflutningi hv. andstæðinga koma fram neina raunverulega rökstudda skoðun á því, hvers vegna við ættum ekki að taka upp raunvexti á Íslandi. Hv. andstæðingar hafa lagt á það höfuðáherslu, að raunvextir mundu kippa fótunum, nánast ganga af atvinnurekstri í landinu dauðum. Ég þori að fullyrða á þessum stað, að það eru ekki vaxtakjörin sem ganga af atvinnurekstrinum dauðum, það er lánsfjárskorturinn sem það gerir.

Ég vil minna á það, að Seðlabanki Íslands á þessa dagana við mjög mikla erfiðleika að stríða vegna endurkaupa á lánum til atvinnurekstrar í landinu sem eru að verða honum ofviða. Seðlabankinn telur að ástæðan fyrir þessu sé fyrst og fremst sú, að innlán hafi hrunið algerlega saman hér á landi á síðustu árum. Tölur sanna þetta einnig. Þetta veldur t. d. — vegna orða Stefáns Valgeirssonar, hv. þm. — stórkostlegum erfiðleikum í því að hækka afurðalán til bænda þessa dagana. Ég hef hér í höndum nýja skýrslu frá Seðlabanka Íslands þar sem fjallað er um erfiðleika bankans við endurkaup á afurðalánum og fleiru slíku. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Eina raunhæfa leiðin til að snúa þessari þróun við er að efla peningalegan sparnað með því að bæta ávöxtunarkjör innlána hjá innlánsstofnunum. Ef innlánin hefðu haldist óbreytt sem hlutfall af þjóðarframleiðslu síðustu 8 árin væri bundið fé í Seðlabanka nú um 18 milljörðum kr. hærra en það er eða um 12 milljörðum umfram endurkaupin. Leið raunhæfra innlánsvaxta er því augljóslega sú leið sem fara ber í þessu efni.“

Þetta segir í skýrslu Seðlabanka Íslands, þar sem jafnframt kemur fram hvernig hlutfall bundinna innistæðna í Seðlabanka sem hundraðshluta af endurkeyptum lánum *hefur hrunið gersamlega síðan árið 1971. Árið 1971 nam* þetta hlutfall 196%. Árið 1975 var hlutfallið komið í 100%, árið 1977 í 94%, í ár er áætlað að hlutfallið verði 78% og fari á næsta ári niður í 76%. Menn geta þess vegna spurt sig: Hver er ástæðan fyrir rekstrarerfiðleikum atvinnuveganna? Eru það þessir margumræddu of háu vextir, eða er það lánsfjárskorturinn? Ég hallast að því, að það sé lánsfjárskorturinn. Prófessor Ólafur Björnsson hefur lýst því yfir m. a., að það séu í rauninni ekki vandamálin við vaxtagreiðsluna sem höfuðmáli skiptir, ef lánsfjármagnið er fyrir hendi.

Ég held að þeir menn, sem hafa staðið hér upp, þeir hv. þm., berjist fyrir þeirri einföldu stefnu, að menn geti *fengið lán í bönkum án þess að þurfa að endurgreiða þau* í raunkrónum, þeir fái gjafir frá bönkunum, og það eru einmit þessar gjafir sem hafa rennt stoðum undir verðbólgubraskarana í íslensku þjóðfélagi, — mennina sem hafa haft aðgang að bönkum, fengið 3, 5, 6 millj. kr. lán, á meðan maðurinn á götunni, sem svo hefur verið kallaður, hefur getað fengið skammtað 100-200 þús. kr. Í þessu felst misréttið í þjóðfélaginu. Að hafa á móti raunvöxtum er svipað því og að biðja um að sérstakur hópur í þjóðfélaginu geti fengið gjafir frá sparifjáreigendum. Svo einfalt er þetta mál. Við getum tekið sem dæmi, að maður, sem fær að láni hjá kunningja sínum í eitt ár stóran ameríska bíl sem kostar 4-5 millj., skili bílnum að ári í formi Volkswagens sem kostar 3 millj. Þetta er rétta myndin af þeirri lánastarfsemi sem rekin hefur verið á Íslandi síðustu árin.

Ég vil einnig lýsa þeirri skoðun minni, að í öllum umr., sem hér hafa farið fram um raunvextina, hefur lýst sér það sem ég hef leyft mér að kalla verðbólgið hugarfar, — hugarfar kynslóðar sem hefur stjórnað þessu landi í óðaverðbólgu um árabil, — kynslóðar sem ekki getur hugsað sér peningamál þjóðfélagsins, efnahagsmálin, í öðru horfi en því, að hér geysi 40-50% verðbólga. Ég verð að segja m. a., að í andmælum hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar lýsir sér sú skoðun, að þessi verðbólga muni ríkja áfram á Íslandi. Það er þetta sem við erum að mótmæla sem flytjum þetta frv. Við viljum berjast gegn þessari verðbólgu, við viljum beita öllum þeim ráðum, sem við kunnum og tiltæk geta verið, til að ráðast gegn þessari meinvætti í íslensku efnahagslífi. Þetta er einn þátturinn af aðferðunum, eitt meðalið til að lækna sjúkdóminn.

Ég held að sá munur, sem hefur komið hér fram í málflutningi þeirra sem eru með og móti þessu frv., byggist á því, hversu mikil alvara mönnum er í því í raun og veru að berjast gegn verðbólgunni. Þar held ég að skilji á milli feigs og ófeigs í þessu máli.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Mér er nú ljóst, að þessum umr. fer að ljúka. Ég tala hér í aths.-tíma, og að sjálfsögðu kemur að því, að þetta mál fer til n. og verður athugað þar frekar og síðar verða eflaust framhaldsumr.

um málið.

En það koma hér fram margar og sérkennilegar fullyrðingar, og satt að segja þykir mér mjög skorta á, eins og ég hef sagt áður, að þeir, sem um þessi mál ræða, fáist til að kynna sér málin þannig að þeir viti í rauninni um hvað þeir eru að tala. Á þetta þykir mér skorta mjög mikið. Sá hv. þm., sem var t. d. að enda við að tala, sagði að innlánin hefðu blátt áfram hrunið saman, þetta sanna tölur, sagði hann. Það er svo sem ekkert óeðlilegt, eins og ég hef vikið að áður, að þessi hv. þm. segi fjarstæður eins og þessa, vegna þess að ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa villt um fyrir þeim, sem ekki hafa sett sig inn í þessi mál, og sett málin upp á svo villandi hátt, að þeir hafa ekki áttað sig á því, hvernig málið raunverulega liggur fyrir.

Er það nú svo, að sparnaðurinn í okkar bankakerfi, hinn hreini peningalegi sparnaður hafi hrunið niður? Er það svo, að opinberar tölur segi það? Nei, það er alger fjarstæða. Ég skal nefna beinar tölur. Þessi hv. þm. gat ekki nefnt tölurnar. (**ÁG:** Jú, ég er með þær.) Já, en ég skal lesa þær upp. Ég er með í höndunum skýrslu frá Seðlabankanum um sparnaðinn í landinu. Sparifé landsmanna var 30. sept. á þessu ári, eða í síðustu skýrslu sem út hefur komið, 89 milljarðar 450 millj. kr. og hafði, eins og þar stendur, aukist um 26 milljarða 870 millj. á síðustu 12 mánuðum. (**ÁG:** Þetta er í krónum, en ekki hlutfalli.) Lofaðu mér að halda áfram, því að þú þarft meiri skýringar það er greinilegt. Sá, sem vill reikna þetta út, kemst fljótlega að raun um að sparifjáraukningin á sparibókum í bankakerfinu hefur aukist á þessu 12 mánaða tímabili rétt um 43%. Við höfum engar sambærilegar skýrslur um aukningu á sparifjárinnstæðum, í nálægum löndum, vegna þess að sparnaðurinn hjá okkur í þessu tilfelli er mjög hár. Auðvitað datt t. d. þeim af hálfu Seðlabankans og af hálfu ýmissa sem hafa verið að skrifa til réttlætingar háum vöxtum, ekki í hug að segja að spariinnlögin hafi hrunið niður. Þeir hafa sagt, að þau hafi farið minnkandi í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, sparifjáreignin í heild hafi minnkað í hlutfalli við þjóðarframleiðslu eða minnkað í hlutfalli við þjóðareign. Ég hef þegar í þessum umr. gert ítrekaða tilraun til að kenna hv. þm., sem hafa tekið þátt í þessum umr., hvaða munur er á þessu tvennu og hvernig á þessu stendur. Ég hef bent á það með einföldum dæmum, að þó að um sé að ræða gífurlega mikinn sparnað af aflafé á einu ári geti farið svo að heildarspariféð fari minnkandi í hlutfalli við þjóðarframleiðslu eða þjóðareign, ef við fellum gengið nógu oft í millitíðinni, þannig að við erum alltaf að færa upp verðgildi þjóðarframleiðslunnar og þjóðareignarinnar. Þó að menn hefðu lagt allt kaupið sitt fyrir, þá hefði dæmið orðið á svipaða lund, vegna þess að í stanslausri gengislækkunaröldu raskast vitanlega hlutfallið á milli þeirrar fjárhæðar, sem geymd er, í íslenskum krónum talið og hinnar fjárhæðarinnar, sem breytist með hverri gengislækkun. Það er engu líkara en þessir hv. þm. viti ekkert um það, hvað felst í gengislækkun. Gengislækkun þýðir það, að verið er að skrifa niður verðgildi þeirra fjármuna sem geymdir eru í íslenskum krónum.

Ég hef margundirstrikað það í mínum málflutningi bæði fyrr og síðar, að ég er andvígur gengislækkunaraðferðinni. Ég tel að í henni liggi hinar miklu árásir á sparifjáreigendur. Hver sá, sem vill t. d. líta á breytingarnar á gengi íslenskrar krónu s. l. 4 ár svo að sá tími sé tekinn, hlýtur vitanlega að sjá að það eru gengislækkanirnar sem hafa verið að færa niður verðgildi sparifjárins, það eru þær, sem hafa verið að brenna upp sparifé. En svo er þetta mál svo einkennilegt, að það birtast menn, sem eru í eðli sínu gengislækkunarmenn og alltaf eru að prédika gengislækkun, voru fyrstir allra að hlaupa inn á gengislækkun og skera þar með niður verðgildi sparifjár, og þeir halda að það sé hægt að bjarga sparifénu þar á eftir með því bara að breyta vöxtunum. Auðvitað er ekki hægt að bjarga verðgildi sparifjárins með vöxtum, ef menn standa í eilífri gengislækkun, sem þýðir niðurskrift á verðgildi peninganna. Slíkt er ekki hægt.

Nei, sannleikurinn er sá, eins og ég hafði nefnt tölur um áður og eins og nú, að þó við berum okkur saman við nálægar þjóðir um yfir 15 ára skeið, og ég hef vísað í tölur sem birtar eru um þetta í riti verðbólgunefndar, þá kemur í ljós að peningasparnaður hér er ótrúlega mikill og hann skýrist aðeins á þann hátt, að hér hefur verið hátt atvinnustig, tiltölulega miklar tekjur, og af því hefur myndast allmikill sparnaður á hverju ári. En stjórnvöld hafa hins vegar séð um að skera niður verðgildi þessa sparnaðar miskunnarlaust með gengislækkunum. Á þessu þurfa menn að átta sig. En það er alveg augljóst, finnst mér, á málflutningi þeirra, sem að þessu frv. standa, að þeir hafa ekki áttað sig á þessu.

Auðvitað er það líka reginmisskilningur að halda að rekstrarvandamál íslenskra atvinnuvega í dag stafi allt af því að það skorti rekstrarlán. Sér er nú hver endemis vitleysan! Vilja menn t. d. líta á það, að þau vandamál, sem lögð eru fyrir okkur í sambandi við okkar aðalatvinnuvegi, t. d. eins og sjávarútveginn, koma á borðið til okkar í þeirri mynd, að fjöldinn allur af fyrirtækjum er búinn að fá meira en 100% að láni út á þær afurðir sem viðkomandi fyrirtæki er að framleiða. Þannig eru vandamálin lögð fyrir. Svo koma hér spekingar og segja: Vandinn er sá, að það vantar meiri lán. — Auðvitað er þetta eintóm vitleysa. Það vantar ekki meiri lán. Það er ekki það sem er höfuðvandinn. Hitt er auðvitað rétt, að þær reglur, sem Seðlabankinn hefur reynt að halda sig við, að á móti afurðalánum, sem hann veitir út á framleiddar afurðir, standi hið svonefnda bindifé, — það er gefið mál, að óðum kemur að því, að þetta bindifé hrekkur ekki fyrir nauðsynlegum afurðalánum. Ef við hækkum með gengislækkunum verð á afurðunum mælt í krónum í sífellu er vitanlegt að bindiféð, sem er bundið í bankakerfinu, vex ekki í hlutfalli við gengisbreytingar. Bindiféð stendur inni mælt í sömu krónum ár eftir ár, nema sparifjáraukningin ein sem þar bætist við. Það þarf enga skarpskyggni til að skilja það, að svona hlýtur að fara við sífelldar gengislækkanir. Og það eru meira en lítil börn sem halda, að hægt sé að komast út úr þessum vanda, ef gengislækkanirnar halda áfram, með því að hækka vextina. Nei, þannig gerast hlutirnir ekki.

Svo eru nokkrar aðrar aths. við það sem hefur komið fram í umr. um málið. Ég veit að það er auðvitað létt verk að kasta því fram, að ég og fleiri Alþb.-menn viljum berjast á móti raunvöxtum, við séum á móti því að það geti verið greiddir jákvæðir vextir af lánsfénu. Ég hef þó margsinnis tekið fram í þessum umr., að ágreiningurinn við mig er ekki um þetta. Ég vil engu síður en þeir, sem flytja þetta frv., reyna að tryggja að sparifjáreigendur fái eðlilega þóknun fyrir það fé sem þeir leggja fram til lána. Það er í rauninni ekkert annað en útúrsnúningur að halda því fram, að ég sé einhver baráttumaður fyrir því, að hér skuli ríkja neikvæðir vextir. Mér hefur ekki heldur

dottið í hug að halda því fram, að flm. frv. hafi það að markmiði, að hér skuli gilda 40-50 eða 60% vextir, það hefur mér aldrei dottið í hug. Ég veit að þeir eru að keppa að allt öðru en himinháum vöxtum. Þetta hef ég tekið fram í mínum málflutningi. En ég hef sagt, að ágreiningurinn á milli okkar sé um það, hvort hag sparifjáreigenda verði borgið með því að fara vaxtahækkunarleiðina, og ég hef fært fram gildar sannanir fyrir því, að sú hávaxtastefna, sem nú hefur verið reynd í 2 ½ ár, hefur farið verr með sparifjáreigendur en lægri vaxtastefna sem gilti áður. Um þetta hef ég lesið upp tölur og skýrslur, og enginn hefur reynt að mótmæla því, að vextirnir hafa orðið meira neikvæðir nú síðustu árin en áður. Vegna þess segi ég: Það er ekki líklegt, að þó að farin yrði hávaxtaleiðin, þ. e. a. s. að hækka vexti, mundi það bjarga hag sparifjáreigenda. Hitt er vitanlega hreinn barnaskapur, að ætla að neita því, eins og ég hef líka dregið inn í þessar umr., að verði farin sú leið að tvöfalda vextina frá því sem er í dag, og það er það sem er verið að leggja hér til, að vísu með því fororði að vonandi muni verðbólgan lækka af þessum ástæðum og þannig muni þetta jafna sig og verða hér skikkanlegra þegar fram líða stundir — (**Gripið fram í:** Ætlar ekki stjórnin okkar að vinna gegn verðbólgunni?) Jú, og það er það sem ég hef verið að biðja þennan hv. þm. að taka undir við mig, að finna leiðir til þess að draga úr verðbólgunni, en ekki að kasta fram lítið hugsuðum frv. sem mundu auka verðbólguna. En hv. þm. vill ekki horfast í augu við þann vanda sem af þessu mundi leiða, því að auðvitað mundi tvöföldun á vöxtum, eins og ég hef bent á, magna verðbólgu. Það er engin leið önnur, því að hvernig í ósköpunum ætti að vera hægt að hækka vexti frá því sem nú er um helming án þess að það ylti út í verðlagið? Enda hafa flm. þessa frv. ekki reynt að bera á móti því, að afleiðing af hækkandi vöxtum mundi verða hækkandi verðlag. Þeir reyna ekki að neita því.

Það er einmitt af þessum ástæðum sem ég hef sagt: Við eigum að snúa okkur að þeim ráðstöfunum gegn verðbólgu sem gætu orðið til þess að draga úr verðbólgu. En við erum a. m. k. ekki sammála um að þessi leið yrði til þess. (**Gripið fram í:** Af hverju haldið þið áfram gengislækkuninni og gengissiginu?) Hv. þm. veit mætavel um afstöðu mína til þess. Hún hefur komið mjög skýrt fram. Ég er á því, að sú leið sé röng og það sé mikil ógæfa að troða þá slóð sem þessi hv. þm. tróð áður og var sérstakur talsmaður fyrir og sneri gengislækkunarhjólinu örar en aðrir höfðu gert á undan honum. Ég tel að sú leið sé mesta ógæfuleið og vil reyna að fara þar aðrar leiðir. Hins vegar er það, að þeir eru enn allt of margir, einnig í stjórnarliðinu, sem trúa á þessa leið. Það er ekkert nýtt að menn fallist á að gengislækkun muni leysa einhvern vanda. Þeir eru því miður allt of margir enn, ekki aðeins í Sjálfstfl., heldur einnig í öðrum flokkum, sem trúa því að gengislækkun leysi vandann.

Auðvitað er spurningin sú í þessum efnum, hvernig eigi að ná því marki sem við getum eflaust verið sammála um, að hér geti gilt sambærilegir vextir af lánum og gilda í nálægum löndum. Auðvitað þarf að leita að ráðum til þess að nálgast þetta mark. En spurningin er aðeins sú, hvort til þess að ná þessu marki eigi að fara þá leið sem felst í þessu frv., fyrst þessa vaxtahækkunarleið.

Það eru líka sérstaklega barnalegar röksemdir að mínum dómi þegar því er haldið fram, að sú stefna, sem upp var tekin í maí 1976, þegar vextir voru hækkaðir mest hér og síðan eftir það æ ofan í æ og svonefnd hávaxtastefna var tekin upp, — að sú leið hafi sýnt að ekki hafi verið gengið af okkar atvinnuvegum dauðum og því sé alveg óhætt að hækka vextina áfram, því að það muni ekki leiða til þess nú frekar en áður að leggja okkar atvinnuvegi að velli. Afskaplega er þetta barnalega hugsað. Ég hef bent á í þessum umr., að ef farin er sú leið að hafa 50-60% vexti á löngu tímabili er vitanlega hægt að bjarga atvinnuvegunum frá slíku með því einu að snúa gengislækkunarhjólinu enn hraðar en verið hefur. Þá mundum við sennilega þurfa að lækka gengið formlega tvisvar í mánuði a. m. k. Þá gæti þetta gengið, þá væri þetta hægt. Vita menn ekki að síðan hávaxtastefnan var tekin upp hefur þurft að lækka gengið örar og oftar en nokkru sinni var áður. Það hefur ekki verið nokkur leið að bíða með breytingar á gengi í eitt, tvö eða þrjú ár, eins og áður var hægt. Nú hefur þurft að lækka gengið oft á ári, og spurningin er, hvort menn haldi að það sé leið út úr þessum vanda að skapa slík útgjöld í atvinnurekstrinum, að hann knýi fram gengislækkun æ ofan í æ. Mér þætti furðulegt ef talsmenn þessa frv. héldu að með því að fara nýja vaxtahækkunarleið væri hægt að komast hjá gengislækkun. Búast þeir í raun og veru við því, að hægt væri að tvöfalda vaxtagjöldin hjá atvinnurekstri í dag án þess að gengislækkun fylgdi á eftir? Búast þeir við því?

Eg verð einnig að segja í sambandi við það sem kom fram hjá hæstv. félmrh. varðandi húsnæðismálin, að mér fannst það alveg furðulegt og sýna mikla skammsýni af hans hálfu í sambandi við aðstöðu húsbyggjenda. Það var að vísu augljóst af því sem hann sagði, að hann hafði ekki fylgst með þessum umr., því að þessi þáttur hafði verið ræddur hér talsvert mikið. Ég hafði m. a. bent á það, að samkv. skýrslum bankakerfisins eru lán til húsbyggjenda, bara í bankakerfinu, fyrir utan húsnæðismálalán, þá eru lánin frá bankakerfinu einu, sem þar eru skráð, rúmir 15 milljarðar. Heldur hæstv. félmrh. að ef vextirnir á þessum lánum yrðu hækkaðir um helming mundi það ekki kosta húsbyggjendur neitt? Heldur hann í raun og veru, að það sé hægt að hækka þessa vexti um helming til þess að ná raunvöxtum í dag, það mundi ekki verða baggi á húsbyggjendum? Og dettur honum í hug, eins og lánastefnan er í dag hjá lífeyrissjóðum landsins, að þeir mundu ekki heimta þessa hækkuðu vexti líka? Auðvitað vitum við það líka meira að segja um húsnæðismálakerfið sjálft, þó að það hafi fastan tekjustofn af greiddum launum í landinu og mjög verulegan tekjustofn, að auðvitað færi fljótlega svo fyrir þessu húsnæðislánakerfi, að það gæti ekki geymt vaxtagreiðsluna nema til stutts tíma, vegna þess að það yrði að borga þá nýju raunvexti af lánsfénu sem upp hefðu verið teknir. Hér yrði auðvitað um að ræða vandamál fyrir húsbyggjendur, sem væri í rauninni óberanlegt með öllu.

Í þessum efnum er kátbroslegt þegar hv. þm. Vilmundur Gylfason les það yfir mér, eins og það sé eitthvert stefnumál frá minni hálfu, að það sé alveg óþarfi að gera kröfur um að húsbyggjendur í landinu þurfi að borga upp íbúðir sínar á 10 árum. Hann þarf ekki að skamma mig fyrir þetta kerfi. Ég hef ekki sett reglur um það. Ég hef þvert á móti flutt till. um að gerbreyta þessu lánakerfi og byggja með allt öðrum hætti íbúðir í þessu landi. En það er staðreynd, að byggingareglurnar eru eins og þær eru í dag. Hér er ekki verið að byggja á félagslegum grundvelli nema að sáralitlu leyti, og þeir

aðilar, sem koma þaki yfir höfuðið á sér, verða að taka sín persónulán og þeir verða að standa undir bæði skammtímalánum og lánum sem veitt eru til tiltölulega stutts tíma.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar en orðið er. Ég vil aðeins segja að það er auðvitað reginmisskilningur og rangtúlkun þegar því er haldið fram, að ég sé talsmaður þess að sparifjáreigendur fái ekki eðlilega vexti af sínu lánsfé. Það er líka reginmisskilningur að ég vilji tryggja öllum þeim, sem fá fé að láni til atvinnurekstrar, og hverjum sem er aðstöðu til þess að þeir geti safnað verðbólgugróða. Slíkt er ekkert annað en útúrsnúningur og hrein fjarstæða. Mér er hins vegar ljóst, að það verða að vera gildandi þær reglur í landinu varðandi lánveitingar til atvinnurekstrar, að það sé einhver von til að atvinnurekstur í landinu geti gengið. Ef við sköpum honum slík skilyrði að hann geti hvorki keppt innanlands né erlendis, þá yrði það versta útkoman fyrir launafólk í landinu af öllum og fyrir sparifjáreigendur að sjálfsögðu líka. Því er það, að mér dettur ekki í hug að líta fram hjá því, hvað muni gerast í atvinnulífi þjóðarinnar í sambandi við breytta lánastefnu og lánskjarastefnu. Deilan, sem hér er uppi, er um það, hvernig eigi að vinna á verðbólgunni og hvernig eigi að tryggja sparifjáreigendum hagstæðari útkomu en þeir hafa búið við. Deilan stendur um það, hvort það eigi að gerast með almennum verðbólguráðstöfunum, eins og ég hef rætt hér um, eða hvort eigi að beita því patentráði að hækka vexti og gera þá tvöfalt hærri en þeir eru í dag. Ég held að það þurfi satt að segja annaðhvort mikið ábyrgðarleysi til að leggja slíkt til eða þá einstakt þekkingarleysi á því, hvernig efnahagskerfið gengur, að búast við að við getum tekið upp vaxtakerfi um lengri eða skemmri tíma þar sem vextirnir væru 50-60%. Það er vegna þess sem ég hef varað við afleiðingum af samþykkt frv. eins og þessa og bent á að engar líkur væru til að við næðum með samþykkt þessa frv. þeim árangri sem flm. frv. þykjast þó stefna að.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég get heitið hæstv. forseta og þm. því að vera mjög stuttorður að þessu sinni, því að ég er ekki ýkja-áhugasamur að taka þátt í þeim umr. og því sjónarspili, sem hv. 1. þm. Austurl. hefur sett hér á svið í þremur löngum ræðum.

Þetta mál, sem hér er til umr., er alls ekki flókið eða yfirgripsmikið mál. Það er ákaflega einfalt. Það snýst aðeins um það, hvort sá aðili, hvort sem það er einstaklingur eða atvinnufyrirtæki, sem fær að láni fé annars manns, eigi að skila lánveitandanum fénu aftur til baka í jafnmiklum verðmætum a. m. k. og hann tók við því til eigin nota. Þetta er ekkert flókið eða torskilið mál. Þetta er ákaflega einfalt mál og eðlilegt, vegna þess að vaxtagjöld eru ekki annað en þóknun manns eða fyrirtækis fyrir að fá að nota fé annars manns í sína þágu. Peningar eru ekki annað en gjaldmiðill til þess að einfalda viðskipti. Það væri alveg eins hægt að stunda þessi viðskipti með raunverðmætum eins og peningum, og ég er ansi hræddur um, svo að slegið sé á léttara hjal, að hv. 1. þm. Austurl. væri t. d. ekki reiðubúinn að lána hv. 4. landsk. þm. bifreið sína, sem er amerísk bifreið af vandaðri gerð, t. d. til næsta vors og fá hana þá endurgreidda í bifreið hv. 4. landsk. þm., sem er Skodabifreið af árgerð 1971. Ég býst ekki heldur við því, svo að haldið sé áfram léttara hjali, að hv. 1. þm. Austurl. væri reiðubúinn til þess að lána hæstv. menntmrh. sumarhús sitt á Þingvöllum út kjörtímabilið og fá það svo rétt fyrir næstu kosningar endurgreitt í risherbergi í Víðishúsinu.

Ég veit að hv. 1. þm. Austurl. er allra manna klókastur í pólitík og skilur pólitískar röksemdir ákaflega vel. Nú var hann svo lánsamur, hv. 1. þm. Austurl., að stuðningsmönnum hans í Austurlandskjördæmi fjölgaði allverulega í síðustu kosningum, en að sama skapi fækkaði stuðningsmönnum Framsfl. í sama kjördæmi. Skyldi nú hv. 1. þm. Austurl. verða yfirtakshrifinn af því, ef honum byðist það að lána nú hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni stuðningsmenn þá sem hann fékk á Austurlandi í síðustu kosningum og fá þá svo endurgreidda í næstu kosningum með stuðningsmönnum hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar? Þetta er ákaflega einfalt og auðskilið mál, og ég veit að hv. þm. Lúðvík Jósepsson skilur þessar röksemdir miklu betur en röksemdir hagfræðinga og annarra manna sem stundað hafa langskólanám úti í löndum. Og þetta mundi hv. þm. aldrei detta í hug. Honum mundi aldrei detta það í lifandi hug að lána hv. 4. landsk. þm. bifreið sína og fá hana greidda í vor með Skodabifreið hv. 4. landsk. þm. Honum mundi aldrei detta í hug að lána hæstv. menntmrh. sumarhús sitt á Þingvöllum og fá það síðan borgað aftur með risherbergi í Víðishúsinu. Og honum mundi ekki heldur og síst af öllu detta í hug að lána Framsfl. stuðningsmenn sína í Austurlandskjördæmi og fá þá endurgreidda eftir 4 ár með stuðningsmönnum Framsfl. í sama kjördæmi. Þetta er ég alveg sannfærður um að er fjarri hv. þm.

En það vill nú svo vel til, að hv. þm. sat í n. sem samdi skýrslu um verðbólguvandann. Það er ýmislegt athyglisvert sem kemur fram í þeirri skýrslu sem hv. þm. skrifaði undir. T. d. stendur á bls. 64, með leyfi hæstv. forseta:

„Telja má, að eftirspurn eftir lánsfé frá íslenskum lánastofnunum ráðist að hluta af raunvöxtum, þ. e. nafnvöxtum að teknu tilliti til verðbólguhraða, og að hluta af tekjum af atvinnu að sjálfsögðu."

Hv. þm. sagði það og hefur sagt það í þremur löngum ræðum, að raunvaxtakjör skiptu sáralitlu eða engu máli varðandi sparifjármyndun í landinu. Ekki veit ég til þess, að hann hafi gert aths. við þessi ákvæði í skýrslu verðbólgunefndar þegar hann sat í henni sjálfur.

Við skulum halda áfram að blaða í þessari skýrslu sem hv. 1. þm. Austurl. átti aðild að. Á bls. 67 segir svo, með leyfi forseta:

„Því er augljóst, að gefnu framleiðslustigi og tekjum, að tiltölulega hátt gengi og lágir raunvextir hafa í för með sér lágt hlutfall frjáls sparnaðar."

Ekki veit ég til þess, að hv. 1. þm. Austurl. hafi hreyft mótmælum þegar hann ásamt öðrum nm. lagði fram þessa viturlegu og réttu niðurstöðu í skýrslu verðbólgunefndar. (**LJós:** Það er bara, að þú veist ekkert hvað gerðist í n.) Ja, alla vega veit ég að hv. 1. þm. Austurl. hafði litlar aths. að gera þegar n. skilaði störfum og enga um þessi atriði. (**LJós:** Jæja.) Nei, alls enga. (Gripið fram í.) Hann hefur þá gert það prívat, en það stendur hér á bls. 151, með leyfi forseta:

„Undanfarna þrjá áratugi hafa útlánavextir sjaldnast náð hraða verðbólgunnar. Vaxtabreytingum hefur lítt verið beitt í hagstjórnarskyni fyrr en á allra síðustu árum og þá reyndar ekki í þeim mæli sem verðbólgunni svarar. M. a. af þessari ástæðu hefur nær stöðugt ríkt umframeftirspurn eftir lánsfé."

Þetta var lagt fram sem niðurstaða n. sem hv. 1. þm.

Austurl. átti sæti í. (**LJós:** Þetta er alger misskilningur.) Ég gæti vel trúað því, að þegar hv. 1 þm. Austurl. þagði við þessum upplýsingum, þá hafi hann verið að leiða hugann að stuðningsmönnum sínum í Austurlandskjördæmi en ekki þeim útlistunum í vaxtamálum sem hann hefur í frammi nú að kosningum loknum.

Á bls. 230 í þessari sömu skýrslu, svo að maður haldi áfram að blaða í skýrslu hv. 1. þm. Austurl., kemur m. a. fram í tölu 47, og ekki er vitað til að hv. þm. hafi hreyft mótmælum við því, að árið 1974, — það er eins og mig minni að hv. þm. hafi þá átt sæti í ríkisstj., — voru raunvextir neikvæðir um 39.1% og hafa aldrei verið neikvæðari á árunum 1963-1977, slógu þá sem sé öll met, neikvæðu raunvextirnir, því að þá töpuðu menn á ári 39.1% af fé sínu fyrir að lána það öðrum manni. Ég er hræddur um að það hefði orðið lítið eftir af stuðningsmönnum hv. þm. á Austurlandi ef hann hefði átt að lána framsóknarmönnum þá með slíkum kjörum í 4 ár. Þá nam útlánaaukningin, þegar verðrýrnun fjárins var 39.1% á ársgrundvelli, hvorki meira né minna en 55%. Þá jókst streymið — út úr bönkunum um 55% miðað við árið áður.

Árið 1966, var hv. 1. þm. Austurl. alls ekki í ríkisstj., en þá voru raunvextir hæstir frá því sem þeir hafa verið á árabilinu 1963-1977, eða 2%. Þá hefði hv. 1. þm. Austurl. hagnast um 2% á ári við það að lána framsóknarmönnunum í Austurlandskjördæmi stuðningsmenn sína, ef sömu vaxtakjör hefðu gilt í þeim efnum og giltu í peningstofnunum. Þá var útlánaaukningin í bankakerfinu aðeins um 12.5% og hefur síðan aldrei orðið lægri.

Þetta leiðir auðvitað í ljós það, sem hv. þm. virðist ekki skilja, samræmið milli vaxtakjara og eftirspurnar eftir lánsfé. Hvers vegna skyldi vera mest eftirspurn eftir lánsfé þegar raunvextir eru neikvæðastir? Að sjálfsögðu vegna þess að þá græða menn mest á því að hafa fé annarra manna til afnota fyrir sjálfa sig. Og skyldi það nú vera það fólk, sem við Alþfl.-menn og hv. 1. þm. Austurl. eigum að bera helst fyrir brjósti, sem nýtur þessara vildarkjara í lánum bankanna? Eða skyldi það vera það sem hv. 3. þm. Vestf. kallaði í blaðagrein nýlega Coca-Cola-greifana og aðrir slíkir.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mál mitt. En ég vil aðeins ljúka því í gamansömum tón, því að gamansamur tónn hæfir þeim ræðuflutningi sem við höfum hlustað á, þm. í þessari deild þrívegis frá hv. 1. þm. Austurl. Eitt af því, sem hv. þm. Austurl. hélt fram í ræðum sínum, — ég man nú ekki í svipinn hvort það var fyrsta ræða, önnur ræða eða þriðja ræða hv. þm., enda skiptir það ekki máli því að þær eru allar eins, — var að það væri ekki af efnahagslegum orsökum sem verðþensla hefði verið á Íslandi, heldur vegna þess að blöðin væru alltaf að hvetja fólk til þess að kaupa. Það er þá ekki mikill vandi að stöðva verðbólguþróun á Íslandi. Hæstv. ríkisstj. gæti þá væntanlega sett lög sem bönnuðu þessum blöðum að vera alltaf að hvetja fólk til þess að kaupa, því að hvaða vit er í því, hv. 1. þm. Austurl., að 5 dagblöðum á Íslandi skuli haldast það uppi að halda uppi í landinu 50% verðbólgu í 7 ár. Þetta nær ekki nokkurri einustu átt. Það verður að stöðva þetta umsvifalaust. Hvernig? Með því að banna blöðunum að segja þetta. Þá líklega lagaðist þetta allt saman. Með því að banna blöðunum að biðja fólk um að kaupa varning væri væntanlega grundvellinum kippt undan verðbólguþróuninni.

Svona eru þær röksemdir sem hv. 1. þm. Austurl. hefur að flytja í þessum málum. Ég trúi því ekki, að hv. þm. meini þetta. Ég veit að hann talar af allra manna mestum sannfæringarhita og það gæti jafnvel verið á stundum að hann tryði sjálfum sér. En ég trúi því ekki, að hann trúi sjálfum sér þegar hann segir þetta. Ég held miklu frekar að hann sé að segja þetta í hálfgerðri kerskni og gamanmálum, ekki vegna þess að hann trúi því í sjálfu sér sem hann er að segja, heldur kannske vegna þess að hann haldi að það séu einhverjir aðrir sem geti trúað því.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austurl. sagði, að það væri ekkert að marka að miða sparifjáreign við hlutfall af þjóðareign, og sagði, að þjóðarframleiðsla og þjóðareign væru skrifaðar upp um leið og gengið væri fellt. Þetta er rétt. En þá vil ég líka minna á það, að sparifé vex á ári um 20-30%, þó að enginn leggi inn eina einustu krónu, vegna þess að vöxtunum er bætt við. Ég sé því ekki að það sé hægt að nota aðra aðferð en þá, sem Seðlabankinn notar, til þess að bera þetta saman.

Hv. þm. lét í ljós furðu sína yfir málflutningi mínum varðandi húsnæðismálin. En þá vil ég minna hann á það, að allir, hver einasti maður, sem í alvöru hugsa um húsnæðismálalán, þar með taldir allir fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, eru fyrir löngu búnir að gera sér grein fyrir því, að það verður að verðtryggja lánin. Það er auðvitað ekki hægt fyrir húsnæðismálastjórn að taka lán hjá lífeyrissjóðunum með vöxtum og verðtryggingu og lána svo út óverðtryggt. Þá mundi Byggingarsjóður ríkisins tæmast, það væri eins og að henda í botnlausa tunnu, hann mundi aldrei verða þess megnugur að gera nein stórátök. Þess vegna hafa allir, — ég endurtek það, — allir og líka fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar lagt til að lánin verði að fullu verðtryggð. Reikna þeir þó með að raunvextir væru núll á verkamannabústaðalánum en einhvers staðar á milli 2 og 3% á almennum lánum.

Hv. þm. segir að þetta muni fara illa með húsbyggjendur. Við reiknum með því, að verkamannabústaðirnir fari upp í 90% lán frá ríkinu með þessum kjörum. Þau eru tekin til 32 ára og verðtryggt að fullu. Hjá öðrum reiknum við með 80% verðtryggt að fullu með 3% vöxtum. Ef menn fengju þessi 80% með þessum verðtryggðu kjörum þýddi það, að það yrði að borga fyrir þessi 80% af meðalíbúð um það bil 60 þús. á mánuði. Nú borga menn 150-200 þús. og miklu meira en það á mánuði, þeir sem eru nýbúnir að byggja eða kaupa, þannig að þetta hjálpar geysilega mikið öllum þeim sem eru að kaupa, öllum þeim sem eru að byggja, einmitt þetta kerfi, sem náttúrlega hlýtur að byggjast á því, að þetta verði verðtryggt, annars verður sjóðurinn aldrei þess megnugur að geta gert þetta. Hins vegar kemur það á móti, að eftir 15-20 ár halda menn áfram að borga, að vísu minnkandi hluta af launum sínum í þetta kerfi, en ekki núll eða hér um bil núll eins og gerist í dag. Það tekur því varla að fara í banka og borga af lánum sem eru orðin 15-20 ára gömul.

Þá er spurt: Hvernig á að fjármagna þetta? Seðlabankinn telur að það vanti 70 milljarða inn í kerfið til þess að halda sama hlutfalli og var 1971 eða 1972, ef ég man rétt. Ég er sannfærður um að þessir 15 milljarðar, sem hv. 1. þm. Austurl. var að tala um að væri lánað úr bankakerfinu til húsbyggjenda núna, sú upphæð mundi

koma margföld inn í bankana, sem þeir gætu lánað aftur út verðtryggt, ef þetta frv. yrði að lögum.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég er ekki kominn hingað til þess að segja gamansögu og ekki heldur til þess að taka þátt í því ræðumennskukapphlaupi sem mér virðist hafa átt sér stað undanfarna þrjá eða fjóra daga þegar þetta mál hefur verið á dagskrá. Ég hef satt að segja talið að ákvörðun vaxta væri alvörumál sem ætti að ræðast sem slíkt, en ekki í þeim tón sem hér hefur verið tekinn upp. Ég ætla að halda mig við það og ég ætla ekki að tefja fyrir því, að þetta mál fái athugun í n., því eins og ég sagði í fyrri ræðu, sem ég hélt hér fyrir mörgum dögum, álít ég að tilgangur flm. með þessu frv. sé góðra gjalda verður. Það er verið að reyna að finna leið til þess að tryggja sparifjáreigendum réttmætar eigur sínar.

Hitt er svo annað mál, að ég er ósammála um þessa leið, eins og ég held að hafi komið fram hjá mér, en ég er reiðubúinn til að geyma mér allar frekari umr. um það þangað til þetta mál hefur fengið eðlilega og þinglega málsmeðferð.

Það eru aðeins tvö atriði sem ég ætlaði að gera hér að umtalsefni að gefnu tilefni vegna ummæla hv. 7. þm. Reykv. í ræðu sem hann hélt áðan, án þess að fara út í sérstakar deilur við hann um það.

Fyrra atriðið er það, að ég benti á síðast þegar ég talaði, að það væri eðlilegt að hlaupareikningsvextir og ávísanareikningsvextir væru jafnháir sparifjárvöxtum, og ég fagna því, að hv. 1. flm. hefur tekið þessa ábendingu til greina og vill gera þarna skilsmun á. Því vænti ég þess, að hann og meðflm. hans geri ráðstafanir til að breyta þessu frv. í þá átt, sem hér um ræðir, ef til þess kemur að frv. hlýtur meirihlutafylgi á Alþingi, sem ég raunar dreg í efa.

Hitt atriðið, sem ég ætlaði að gera að umtalsefni, er það, að hv. þm. sagði ríkisstj. mundu væntanlega og að mér skildist undantekningalítið, jafnvel undantekningalaust, hafa ráðið vaxtakjörum í landinu. Í því sambandi vil ég í fyrsta lagi rifja það upp, að lög um verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem ég gerði að umtalsefni einnig síðast þegar ég ræddi hér um þetta mál, eru frá 1966. Í 5 ár frá gildistöku þeirra laga réðu þeir stjórnmálaflokkar, sem nú virðast sameinast um vaxtahækkun hér á hv. Alþ., því, hvaða skuldbindingar voru verðtryggðar, og ég fullyrði að það var mjög lítil verðtrygging á fjárskuldbindningum á þessu tímabili, svo einhverjir bakbankar hafa þó verið þarna. Einhverjar fyrirstöður hafa komið í ljós þegar fara átti að beita þeim lögum sem hér var talað mjög fjálglega fyrir og ekkert ósvipað því sem nú var gert fyrir þessu frv.

Í öðru lagi vil ég undirstrika það, sem allir hv. þm. auðvitað vita, að vaxtaákvörðun er hjá Seðlabankanum skv. 13. gr. laga um þann banka. Hún var það ekki áður, hún var flutt þangað, og ég vil staðhæfa það, að í ýmsum tilvikum hafi Seðlabankinn ákveðið vaxtakjör án þess að ríkisstj. hafi samþ. þau. Það er alfarið í verkahring Seðlabankans að ákveða vaxtakjörin. Ríkisstj. getur ekki staðið í vegi fyrir því, ef bankinn vill fara sínu fram. Hinu neita ég ekki, að oft hafi farið fram samráð um vaxtakjör, og má vera að ríkisstj. hafi einhver áhrif reynt að hafa á ákvörðun Seðlabankans.

Ég ætlaði aðeins að koma þessum örfáu setningum til skila áður en þetta frv. fer til n., sem ég vona nú satt að segja að fari að verða, svo að það sé hægt að fara að starfa hér einnig að öðrum málum sem líka eru þýðingarmikil. Ég ætla ekki að taka þátt í því skopi sem hér er uppi haft, eins og t. a. m. því ósmekklega dæmi sem áður var tekið, um það að þm. færu að ráðstafa kjósendum sínum og skila þeim til baka gegn kjósendum annarra flokka. Ég held að þetta sé algjörlega út í hött og ég tek ekki þátt í svona gríni. Segja mætti mér þó, að Alþfl. mætti vænta þess að fá ekki fulla raunvexti af kjörfylgi sínu í næstu kosningum.

Forseti (Eðvarð Sigurðsson): Forseti vill taka það fram, að það var nú ætlunin að reyna að ljúka þessu máli á þessum fundi og vildi nú óska þess, að hv. dm. reyndu að taka tillit til þess. Umr. um þetta mál hafa nú staðið í allmargar klst., þó nokkuð yfir 20 ræður verið haldnar og hér um 1. umr. að ræða.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Í tilefni af orðum hæstv. forseta skal ég taka það fram, að ég mun gera mér far um að vera ekki langorður. Af þeim tíma, sem varið hefur verið til 1. umr. þessa frv., held ég að ég hafi notað að vísu 40-45 mín. og aðeins haldið eina ræðu af þeim 20 sem fluttar hafa verið. Ég tók eftir því, að fyrr á þessum fundi sýndi forseti eðlilegt umburðarlyndi gagnvart hv. 1. þm. Austurl., sem ég gagnrýni ekki, en vænti þess þá líka, að samsvarandi umburðarlyndi sé sýnt öðrum þm. Mér skilst að hv. 1. þm. Austurl. hafi verið búinn að tala tvisvar og samtals í 3 klst. eða þar um bil og hafði því rétt til að gera aths. sem tók þó 30 mín. eða næstum það.

Þetta eru aukaatriði. Ég kvaddi mér hér hljóðs til að leggja áherslu á það, að stefnan í vaxtamálum ræður því, hvort sparnaður á sér stað í landinu eða ekki. Hv. 1. þm. Austurl. og ýmsir fleiri sýnast ekki hafa skilning á því og raunar draga í efa, að sparnaður eykst eftir því sem ávöxtunarkjör eru betri eða í nánara samræmi við verðlagsþróun í landinu. Ég hef hér tölur um að á árunum 1971-1975 rýrnaði raungildi þess fjármagns, sem bankakerfið hefur yfir að ráða frá innistæðueigendum, um 70 milljarða kr. miðað við grundvöll verðlags og þjóðartekna. Nú munu vera u. þ. b. 120 milljarðar króna í heildarinnistæðum. Ef þær næmu sama hlutfalli af þjóðarframleiðslu og í upphafi þessa áratugs ættu heildarinnistæður nú að nema um 190 milljörðum kr.

Þetta sýnir óheillavænlega þróun, a. m. k. frá sjónarmiði okkar sem teljum sparnað hafa þjóðnýtt gildi. Það var þess vegna gerð alvarleg tilraun til þess vorið 1976 að hamla gegn þessari þróun með upptöku vaxtaaukareikninga, og sumarið 1977 var tekin upp nokkurs konar verðtrygging með skiptingu vaxta í grunnvexti og verðbótaþátt sem endurskoðaður skyldi með tilliti til verðlagsþróunar. Þessi stefnubreyting í vaxtamálum hafði þegar í stað veruleg áhrif þannig, að heildarinnistæður hafa nokkurn veginn haldist í hendur við breytingar á verðmæti þjóðarframleiðslunnar, en bundnu innistæðurnar á vaxtaaukainnlánum jukust mun hraðar og nema nú u. þ. b. 1/3 af sparifjármyndun í landinu. Þessi þróun sýnir að ávöxtunarkjör ráða miklu um það, hvort sparnaður á sér stað í landinu eða ekki.

Spurningin er um það, hvort við teljum rétt að örva sparnað í landinu eða ekki. Ég hefði haldið að hv. 1. þm. Austurl. væri þeirrar skoðunar, að sparnaður væri af hinu góða og nauðsynleg forsenda fyrir því, að atvinnurekstur og einstaklingar hafi fjármagn til ráðstöfunar í rekstur og aðrar athafnir sínar.

Ég vil líka benda á það, að möguleiki Seðlabankans til þess að endurkaupa afurðalán er auðvitað nátengdur þessari þróun. Seðlabankinn hefur varið þeim fjármunum til endurkaupa sem hann hefur fengið með bindiskyldu sem viðskiptabankarnir hafa gengist undir, þ. e. a. s. að binda ákveðið hlutfall af sparifjáraukningunni á hverjum tíma. Lagaheimild er fyrir þessari bindiskyldu, að hámarki 25%. Því hámarki er nú náð, en þrátt fyrir það hefur Seðlabankinn í lok septembermánaðar þurft að lána 5.5 milljörðum meira út í afurðalán en bundinni innistæðu viðskiptabankanna hjá honum nemur. Þessir 5.5 milljarðar kr. eru til þess fallnir að auka verðþensluna og eftirspurnina í landinu, hella olíu á verðbólgubálið. Auðvitað stafar þessi neikvæða staða á reikningum Seðlabankans hvað snertir innlánsbindinguna miðað við endurkeypt afurðalán af því, að sparifjármyndun í landinu hefur ekki haldist í hendur við vöxt þjóðarframleiðslu.

Þá er ég kominn að því, að hv. 1. þm. Austurl. taldi peningasparnað á Íslandi ótrúlega mikinn, og ég get út af fyrir sig verið sammála honum um það. Miðað við léleg ávöxtunarkjör er peningasparnaður á Íslandi ótrúlega mikill. Hann er hins vegar ekki nægilega mikill til þess að standa undir þörfum viðskiptalífsins og atvinnuvega og einstaklinga í landinu.

Hv. þm. taldi að skýringin á því, að verðgildi sparifjár hefði ekki haldist í hendur við verðgildi þjóðarframleiðslu, væri fólgin í gengislækkunum. Það, sem hér er um að ræða, er að láta ávöxtunarkjörin vega upp á móti gengislækkunum, að ávöxtunarkjörin séu þannig, að þrátt fyrir gengislækkanir haldi sparifé verðgildi sínu. Hvaða réttlæti er í því, að sparifjáreigendur séu rændir hluta af verðmætum sínum, sem lántakendur aftur á móti græða? Þarna er eðlilegt og sjálfsagt, að koma á jöfnuði, og ég hélt sannast að segja að hv. 1. þm. Austurl. væri jafnaðarmaður.

Þá voru það rök hjá hv. 1. þm. Austurl., að raunhæf ávöxtunarkjör leiddu til gengislækkunar. Ég vil í þessu sambandi benda á það, eins og hv. 1. þm. Vestf. gerði úr sæti sínu, að gengislækkunarleiðin er fetuð af núv. ríkisstj., ekki eingöngu með gengisbreytingunni 6. sept. s. l., heldur og með gengissigi síðan. Seðlabankinn hefur ekki einn vald til að ákveða skráningu íslensku krónunnar miðað við erlendan gjaldeyri, heldur verður hann að fá heimild viðskrh., til þess að láta gengið síga. Þessa heimild hefur Seðlabankinn fengið hjá hæstv. viðskrh., nokksbróður hv. 1. þm. Austurl., og þar sem 1. þm. Austurl. sagði að hann væri á móti gengislækkunarleiðinni og gengissigi, þá ættu að vera hæg heimatökin, vegna þess að eins og kunnugt er nýtur hv. 1. þm. Austurl. þeirrar nafnbótar, sem ég veit ekki, herra forseti, hvort ég á eða má nota hér úr ræðustóli og ávarpa hann hæstv. yfirráðherra. Hann ætti þess vegna að hafa í hendi sinni að stöðva gengislækkanir eða gengissig. En ég held að þótt hann sé máttugur, þá sé hann ekki svo máttugur að hann geti unnið það afrek, vegna þess að gengislækkun verður meðan við höfum meiri verðbólgu en er í viðskiptalöndum okkar og getum ekki vegið upp þann mun með aukinni framleiðni eða auknu aflamagni, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni um þetta mál.

Ég held að spurningunni um það, hvort raunhæf ávöxtunarkjör, m. a. hækkun vaxta eða verðtryggingarfyrirkomulag, valdi gengislækkun, sé best svarað með fordæmi ýmissa viðskiptaþjóða okkar, eins og Bandaríkjamanna og Breta. Sannleikurinn er sá, að báðar þessar þjóðir hafa notað hækkun vaxta til að treysta gengi gjaldmiðils síns. Í báðum tilvikum hefur það verið liður í baráttu þeirra, bæði til þess að berjast gegn verðbólgu og treysta gjaldmiðil sinn, að hækka vexti, og í báðum tilvikum hefur þeim tekist hvort tveggja að ákveðnu marki.

Ég efast ekki um það, að hv. 1. þm. Austurl. meinar það út af fyrir sig vel, þegar hann heldur fram lágvaxtastefnu. En því miður reynist hann með þeim málflutningi sínum vera málsvari verðbólgubraskara, vegna þess að það eru fyrst og fremst þeir sem græða á því, að raunhæf ávöxtunarkjör eru ekki í gildi hér í þjóðfélaginu.

Ég er þeirrar skoðunar, og segi það í tilefni af ræðu hv. 9. þm. Reykv., Einars Ágústssonar, að ég er í raun og veru þeirrar skoðunar, að Seðlabankinn eigi fyrst og fremst að ákveða eigin vaxtakjör, þ. e. a. s. í viðskiptum sínum við þá er við hann skipta, einkum og sér í lagi viðskiptabankana og ríkissjóð, en síðan eigi ávöxtunarkjör að vera frjáls og ráðast af lögmálum framboðs og eftirspurnar. En meðan Seðlabankinn hefur þetta vald er ekki óeðlilegt að honum séu sett einhver skilyrði eða viðmiðun sem hann fari eftir við notkun þess valds.

Ég er þeirrar skoðunar sömuleiðis, að þótt ákvörðun vaxta sé í höndum Seðalabanka Íslands, þá sé, að því er ég best man, fram tekið í lögum um Seðlabanka Íslands, að bankastjórn hans skuli hafa samráð við ríkisstj. um mikilvæg málefni. Ég veit ekki dæmi þess á undanförnum fjórum árum, að slíkt samráð hafi ekki verið haft við ríkisstj., og þarf ekki að ítreka það sem ég hef áður nefnt, að ákveðinn skoðanamunur var innan fráfarandi ríkisstj. varðandi vaxtamál sem bar að leysa og unnt var að ná samstöðu og samkomulagi um með ráðstöfunum, eins og t. d. stofnun vaxtaaukareikninganna 1976 og tilkomu þess fyrirkomulags að skipta vöxtum í grunnvexti og verðbótaþátt vaxta í ágúst 1977, en hvorar tveggja þessar ákvarðanir höfðu mjög heillarík áhrif. Þess vegna vil ég vænta þess, að framsóknarmenn séu sama sinnis og þeir voru þá, þegar þeir samþykktu grunnvexti og verðbótaþátt vaxta er breytast skyldi eftir ákveðnum reglum. Ef við fylgdum þeim ákvörðunum, þá hygg ég að mjög skammt sé á milli þeirra áhrifa, sem það frv. hefur, sem nú er til umr., ef samþ. yrði, og ef áfram hefði verið haldið framkvæmd ákvörðunar Seðlabanka Íslands og raunar fráfarandi ríkisstj. með vaxtaaukareikningum, grunnvöxtum og verðbótaþætti vaxta frá 1977.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þetta skulu vera aðeins örfá orð. Ég þarf aðeins að bera af mér þær sakir, að ég sé höfundur þessarar verðbólguskýrslu. Það er allt of mikil sök til þess að ég vilji liggja undir henni ómótmælt, þó auðvitað hefði ekki átt að vera þörf á því, því það kemur greinilega fram í skýrslunni sjálfri og var reyndar mjög vel vitað af þeim þm. sem hélt því hér fram að þetta væri mín skýrsla og ég segði þetta. (Gripið fram í.) Ég mótmælti því meira að segja úr sæti mínu eins og ég gat, og síðan ætla ég að gera það hér aftur. Þar að auki var það svo, að hv. þm. hafði þann hátt á að segja: Mér er ekki kunnugt um að hv. þm. Lúðvík Jósepsson hafi sagt nokkuð gegn þessu. — Auðvitað mótmælti ég þessu í nefndinni allan tímann. Hann ætti að spyrja t. d. fyrrv. form. Alþfl., Gylfa Þ. Gíslason, sem var líka í minni hl. í nefndinni. Þar að auki hefur þessi skýrsla verið rædd hér á Alþ. og greinilega tekið fram þar, að við værum and-

vígir mörgu í þessari skýrslu, reyndar tekið fram að hún sé samin af forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar og starfsmönnum hans.

Þetta vissi auðvitað hv. 4. þm. Vestf. vel, en fékkst ekki til að leiðrétta það á neinn hátt. Hann vildi hafa það sem rangara var í þessu máli. Það var ósk hans. En það var auðvitað í stíl við málflutning hans á annan hátt, sem í rauninni var allur út í hött í sambandi við það mál sem hér er um að ræða. Það var álíka og þegar hann hélt því fram, að ég hefði sagt að það væru ekki neinar sérstakar ástæður almenns eðlis í efnahagskerfinu sem hefðu leitt af sér verðbólgu. Nei, nei, ég hefði haldið því fram að það væru eingöngu blöðin sem hefðu búið til verðbólguna með skrifum sínum. Hugsa sér nú slíkan málflutning eins og þennan!

Ég hafði rakið hér í ítarlegu máli, hvað ég teldi að hefði gengið úrskeiðis einmitt í efnahagsmálum og leitt til verðbólgu og hvað ég teldi að ætti að gera til að vinna bug á verðbólgunni. En þegar ég gaf þá skýringu á miklum verðhækkunum sem hér hefðu gengið yfir, að það hefði m. a. verið vegna þess að hér hefði verið stanslaus áróður, m. a. í blöðum, fyrir því að til stæði gengislækkun, þá vita auðvitað allir að það er rétt. Slíkur áróður hefur auðvitað ýtt undir verðhækkanir.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég tel að allur málflutningur hv. 4. þm. Vestf. hafi verið af því tagi, að það sé í rauninni óþarft að svara honum. Hann var í rauninni rugl út í bláinn og staðhæfingar um það sem ekki var rétt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 17. fundur.

Fimmtudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Meðferð íslenskrar ullar, þáltill. (þskj. 79). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lágmarks- og hámarkslaun, þáltill. (þskj. 30). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Jöfnun upphitunarkostnaðar í skólum, þáltill. (þskj. 61). — Ein umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Í okkar íslenska þjóðfélagi er jafnræðið visst grundvallartákn. Með uppbyggingu og þróun á félagslegum vettvangi er leitast við að hafa hin félagslegu jafnræðissjónarmið sem víðtækust. Af þessu leiðir að samstofna félagseiningar verða að búa við svipað umhverfi svo að unnt sé að gera til þeirra sambærilegar kröfur.

Tæpast verður um það deilt, að sveitarfélögin eru einn elsti og grónasti félagsskapur í landinu sem oft og einatt hefur verið talað um sem einn af hornsteinum okkar lýðræðisskipulags. Þessum félagsskap eru fengin ákveðin verkefni, að vísu misjafnlega fjölþætt eftir eðli þeirra og uppbyggingu hinna einstöku sveitarfélaga.

Sá málaflokkur, sem öll sveitarfélög hafa með höndum í samvinnu við ríkisvaldið, er fræðslu- og skólamál. Þessi mál spanna yfir vítt svið og eru kostnaðarsöm. Framkvæmd þessara mála er ákvörðuð af lögum og reglugerðum sem sveitarfélögin eru bundin af og að því er framkvæmdina varðar tæpast orðin eigin húsbændur.

Sú viðleitni hefur átt vaxandi fylgi, einkum þegar um kostnaðarsöm og margbrotin verkefni er að ræða er sveitarfélag og ríkisvald hafa farið með sameiginlega, að greina þau í sundur þannig, að hvor aðilanna um sig annaðist greiðslu ákveðinna framkvæmdaþátta, til að auðvelda stjórnun þeirra.

Á grundvelli lagabreytinga um skólakostnað frá árinu 1967 fór fram skipting á kostnaðarliðum milli ríkisins og sveitarfélaganna. Við reikningslegt uppgjör þess dæmis komu svipaðar tölur í hlut hvors aðilans um sig. En þegar betur var að gáð fólu þessar breytingar og raunar aðrar, er síðar voru gerðar, hér mikið ósamræmi. Allra tilfinnanlegast var þó hve orkukostnaður var breytilegur, þar sem orka til notkunar við upphitun á skólahúsnæði var misjafnlega dýru verði keypt, allt frá heitu vatni og upp í olíu. Og þannig hefur þetta ósamræmishjól haldið áfram að snúast. Sem betur fer fjölgar þeim skólum sem tengjast hitaveitum, en olíuverð hefur m. a. í kjölfar hinnar margumtöluðu olíukreppu margfaldast. Hlutur þeirra sveitarfélaga, sem við þær aðstæður búa, hefur því versnað að miklum mun.

Til enn frekari glöggvunar á málinu fékk ég Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens til að reikna út hve hér væri um mikinn mismun á upphitun á skólum að ræða eftir því, hvaða orka er til notkunar, og eins hver munur er á rekstri heimangöngu- og heimavistarskóla. Til grundvallar að gerð skýrslunnar lagði skrifstofan eftirfarandi forsendur:

Skýrsla áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Hitað húsrými árið 1975.

Könnun á hitakostnaði skóla á vegum Reykjavíkurborgar árið 1973—1975.

Orkukostnaður 15 skóla frá fjármála- og áætlunardeild menntmrn.

Áætlun um húsnæðisþörf skóla frá byggingadeild menntmrn.

Niðurstöður greinargerðarinnar eru í aðalatriðum þessar:

Árlegur kostnaður við upphitun á einum rúmmetra í skólahúsnæði með því verðlagi á olíu, sem nú er, er í heimavistarhúsnæði kr. 800, í skólahúsnæði kr. 650. Sambærilegar tölur á taxta Hitaveitu Reykjavíkurborgar eru 200 kr. í heimavistarhúsnæði, en 180 kr. í skólahúsnæði. Miðað við taxta flestra annarra hitaveitna verður þessi kostnaður 510 kr. í heimavistarhúsnæði, en 412 kr. í skólahúsnæði.

Þá kemur einnig greinilega fram í skýrslunni sá mikli munur sem er á rekstri heimavistarskóla og heimangönguskóla.

Sé miðað við skóla fyrir 150 nemendur er kostnaður við olíuhitun 13 216 000 kr., en sambærileg tala fyrir heimangönguskóla er 5 326 000 kr. Mismunur er því rétt tæpar 7 millj. kr. Frá þessari tölu dregst olíustyrkur sá sem greiddur er á hvern nemanda í heimavistarskóla meðan skólahald stendur yfir. En sú upphæð er nokkuð áþekk þeim mismun sem er á raforkunotkun heimavistar- og heimangönguskóla og breytir því dæminu ekki þegar um heildarorkunotkun þessara tveggja rekstrarforma í skólum er að ræða.

Í lok skýrslunnar er sýnt fram á hvað hér er um mikið fjárhagsmál að ræða þegar litið er til heilla byggðarlaga. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á 10 þéttbýlisstöðum í Austurlandskjördæmi, þ. e. Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Vopnafirði, Borgarfirði, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Djúpavogi og Höfn var skólarými í árslok 1975 alls 45 966 rúmmetrar að stærð. Við þetta húsnæði bætist síðan skólahúsnæði í sveitum austanlands og nýbyggingar, þannig að í árslok 1978 mun láta nærri að hitað skólahúsnæði sé um 90 000 m^3, þar af er heimavistarrými og húsnæði starfsfólks um 30%.

Hitunarkostnaður skóla í Austurlandskjördæmi er þannig 60-65 millj. kr. á ári, en væri jafnstórt skólahúsnæði á „fjarhitunarsvæði", þar sem orkuverð er um 65% af olíuverði, væri hitunarkostnaður um 40 millj., en í Reykjavík og nágrannabyggðum kostaði hitun samsvarandi skóla aðeins 17 millj. kr."

Í þáltill. á þskj. 61 er m. a. lögð áhersla á að mál þessi verði rannsökuð. Eins og greinargerðin ber með sér er við þá skóla átt sem nú og í nánustu framtíð eru hitaðir upp með olíu. Æskilegt er að þessi könnun nái m. a. til þess búnaðar kynditækja sem nú eru í skólunum, hvort og hvenær raforka er til hitunar í skólum og hver kostnaður verður við breytingar úr olíuhitun í rafhitun. Þegar niðurstöður þessarar könnunar liggja fyrir er auðvelt að meta stöðu hvers og eins skóla fyrir sig. Í framhaldi af því verði gerðar þær ráðstafanir er tryggi jafnræði á milli sveitarfélaga a. m. k. að því er varðar þennan þátt sveitarfélaga.

Hér hef ég einungis fjallað um einn þátt sem miður hefur farið við tilfærslu á verkþáttum milli ríkis og sveitarfélaga, þótt af fleiru sé að taka. Hér á ég m. a. við viðhald á skólum. Erfitt er að sætta sig við, þegar fyrir liggja undirritaðir samningar milli ríkis og sveitarfélaga sem m. a. kveða á um ákveðna hlutdeild ríkisins í viðhaldi skóla og sveitarfélögin hafa byggt ákvarðanir sínar á, að verða þess vísari, að einn góðan veðurdaginn eru þeir samningar orðnir dauður bókstafur. Þetta er sérstaklega alvarlegt gagnvart heimavistarskólum sem þurfa hér um bil þrefalt húsrými til starfsemi sinnar miðað við heimangönguskóla.

Hér sem endranær má ekki gleyma því sem vel hefur tekist þegar verkum milli sveitarfélaga og ríkis hefur verið skipt. Má í því sambandi m. a. minna á þá tilhögun sem nú er viðhöfð varðandi skólabyggingar, sem bæði hefur leitt til hagræðingar og sparnaðar auk þess sem fullt tillit er tekið til skólaforms og byggðasjónarmiða. Vissulega er vel athugandi hvort ekki sé rétt að koma á svipuðu fyrirkomulagi þar sem ríki og sveitarfélög hafa með höndum hliðstæð verkefni.

Í upphafi máls míns vék ég sérstaklega að því, hvert grundvallaratriði væri að þær félagseiningar, er önnuðust hliðstæð verkefni, byggju við sambærileg kjör.

Hér á hinu háa Alþingi hefur á síðustu dögum m. a. verið fjallað um mál er varðar nýjungar í atvinnuuppbyggingu dreifibýlisins. Hér á ég við tvær till. til þál. Fjallar önnur um iðngarða, en hin um eflingu iðnaðar og úrvinnslugreina í dreifbýlinu. Í þessu sambandi er þó vert að íhuga það vel, að áður en iðngarðar rísa af grunni og áður en þjónustugreinar og iðnfyrirtæki festa rætur í sveitum landsins þurfa sveitarfélögin ærin verk að vinna.

Þegar hafist er handa um atvinnuuppbyggingu þarf ákveðin skipulagning að fara fram, síðan þarf að vera fyrir hendi vatn, skólp og raflögn, svo nokkuð sé nefnt, þ. e. skipulagður byggðakjarni með byggingarhæfum lóðum. Þessi þáttur í starfsemi sveitahreppa hefur aukist á síðari árum, enda ein áhrifaríkasta leiðin og kannske sú eina til að sporna gegn áframhaldandi fólksflótta úr sveitum landsins og snúa vörn í sókn í þeim efnum. Enginn má þó skilja þessi orð mín svo, að í þeim felist vanmat á gildi og möguleika í íslenskum landbúnaði, þótt fræðilega sé tæpast hægt að ætla að sá atvinnuvegur auki hlutdeild sína í vinnuafli þjóðarinnar á allra næstu tímum. En dæmið getur snúist við. Þéttbýli og iðnaður nágrannaþjóða leggur undir sig akurlendi bændanna þar. Þegar sú þróun eykur á óhagkvæmni í landbúnaði þeirra þjóða og takmörkun á landbúnaðarframleiðslu batna að sama skapi aðstæður í þeim löndum sem búa við mikla víðáttu og góð skilyrði til landbúnaðarframleiðslu.

En stöðnun þolir ekkert byggðarlag. Þess vegna verðum við að hefjast handa um nýtt starf, ný áform. Við hliðina á samtökum fólksins í landbúnaði þarf að efla *sveitarfélögin og breikka þann grundvöll verkefna* sem þau hafa unnið á. Bættar samgöngur og dreifing orku um byggðir Íslands skapar margháttaða möguleika í atvinnuuppbyggingu og viðskiptum sem enn eru ónýttir. Í þessum efnum skortir að vísu margt, en það fyrsta, sem við verðum að ná tökum á, er markmið og áform. Þótt enginn skyldi vanmeta hlut hins opinbera í þessum efnum verður forustuhlutverkið að vera í höndum fólksins sjálfs og forsvarsmanna þess heima í héruðum. Alveg sérstaklega verður að undirstrika forustuhlutverk sveitarfélaganna sjálfra til að móta ný viðhorf og aðlaga þau breyttum og betri aðstæðum.

Herra forseti. Ég geri mér vel ljóst að orð mín hér eru víðtækari en tillaga sú er ég mæli hér fyrir. Verkefnin eru því mörg. Hitt legg ég áherslu á, að verði sú tillaga, sem hér er um fjallað, samþykkt er það mikið spor í réttlætisátt.

Það er kostur við þetta mál, að það mótast ekki af viðhorfum ákveðins stjórnmálaflokks né hagsmunahópa. Þess vegna vona ég að það fái góðan byr og jákvæða afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.

Ég geri það svo að till. minni, herra forseti, að þessu máli verði vísað til allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um till. sem hér liggur fyrir. Hún kemur inn á málefni sem brennur mjög á okkur sem búum á hinum svokölluðu köldu svæðum, á fyllilega rétt á sér og ég tek undir efni hennar. Það er fyllilega tímabært bæði að vekja athygli á því og eins að reyna leiðir til frekari úrbóta í þessu máli en þegar hefur verið gert.

Eftir hina miklu sveiflu í olíuhækkunum sem varð hér

1973 og 1974 varð auðvitað ljóst, að hér kom upp mismunun sem ekki hafði verið gert ráð fyrir þegar verkaskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi skólakostnað var ákveðin. Því var það, að á þinginu 1974-1975 flutti Sigurður Blöndal frv. hér á Alþ. um þetta mál, beint varðandi lausn þess, frekari jöfnun og að segja má þá frekustu jöfnun sem hann gat þá hugsað sér, og hafði í því sambandi samráð við menntmrn. um þá leið sem hentugust væri og réttust í þessu efni. Frv. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, að aðalefni, að ríkissjóður greiði upphitun skólahúsnæðis á móti sveitarsjóðum í því hlutfalli sem nú skal greina: Sveitarsjóðir greiði upphitun sem nemur meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem nýtur jarðhita, sbr. útreikninga sem við höfðum þá til grundvallar því, en ríkissjóður greiði eftir á samkv. endurskoðuðum reikningum og fskj. upphitun sem er yfir því marki, sem 4. mgr. tiltekur, upp að meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem hitað er með olíu eða rafmagni.

Hér var sem sagt miðað við meðaltal af hvoru tveggja og ekki gert ráð fyrir ítrustu greiðslu ríkissjóðs á því sem umfram væri, heldur aðeins upp að því marki sem meðaltalið við upphitun með olíu eða rafmagni gerði ráð fyrir.

Þetta frv. var flutt síðla á þessu þingi og fékk þar ekki afgreiðslu. Það var svo endurflutt af okkur hv. þm. Stefáni Jónssyni árið eftir og fékk þá nokkrar undirtektir. M. a. var þá skýrt frá því, að í ráði væri breyting á lögum um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnaði íbúða sem lytu að þessu marki, og á þeim forsendum var þessu frv. þá vísað frá.

Ákvæðið, sem kom síðan inn í þessi lög, er svo hljóðandi, með leyfi forseta, að fjárhæðinni, sem ákveðin er í fjárl. hverju sinni til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hitunarkostnaði íbúða, skal varið til að styrkja heimavistarskóla á grunnskólastigi sem verða að nota olíu til upphitunar. Skal styrkur á hvern nemanda í heimavist þann tíma sem skólinn starfar vera sambærilegur við það sem veitt er á hvern einstakling samkv. a-lið. Nú upplýsti flm. þessarar till., að þegar heildardæmið væri skoðað breytti þetta ekki niðurstöðunni um mismun, eins og raunar var bent á þegar þessi lagabreyting kom fyrst fram, þó að óneitanlega samþykktum við, sem þá vorum í stjórnarandstöðu, að þetta væri þó til nokkurra bóta.

Ég sé sem sagt á þeim tölum, að þrátt fyrir þetta hafa þær niðurstöður, sem hv. flm. kynnti hér áðan, lítt breyst í samanburði við þær upplýsingar sem við Sigurður Blöndal fengum frá menntmrn. á sínum tíma. Hér er enn þá, þrátt fyrir þennan olíustyrk, um gífurlegan mismun að ræða. Það var á það bent líka þegar þessi breyting var gerð, að hér væri um of litla leiðréttingu að ræða. Hún fékkst þá ekki fram frekar. Ég hlýt því að taka rækilega undir með flm., að það sé skylt að rasa auðvitað ekki um ráð fram í þessu efni, kanna vel í hverju þessi mismunur liggur, hve mikill hann er, gera till. um með hvaða hætti best sé að ná þessum jöfnuði, eins og í till. segir, en svo fyrst og fremst auðvitað að framkvæma eitthvað í þá átt að koma hér á nokkrum jöfnuði. Það má gera með ýmsum hætti, og ég treysti því, að hæstv. núv. iðnrh. muni leggja sitt af mörkum til þess að meginefni þessarar till. komist í framkvæmd í samráði við aðra ráðh. hæstv. ríkisstj.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get tekið undir efni þessarar till. sem liggur fyrir til umr. Ég vil segja frá því, að á síðasta landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga voru þessi mál mjög til umræðu og var gerð um þau sérstök samþykkt sem hefur legið hér frammi á lestrarsal Alþingis fyrir hv. þm. Þar á meðal var lögð mikil áhersla á jöfnun raforkukostnaðar, ekki aðeins í þessu tilfelli að því er varðar skólahúsnæði, heldur einnig almennt í landinu. Þetta er stórmál sem þarf vissulega að reyna að finna leið til að leiða til lykta, og ég vænti þess, að hv. alþm. leggi sig fram um það verkefni.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur í framhaldi af samþykktum landsþings rætt við ríkisstj. um vandamál sveitarfélaganna og þ. á m. umrætt mál. Það er hægt að segja frá því hér, að ljóst er að í því verðbólguþjóðfélagi, sem við búum í, er svo komið, að 11% tekjustofn sveitarfélaga, þ. e. a. s. útsvarsálagningarstofninn, er að verðgildi í dag ekki nema 7-8% á gjaldári, og gefur því auga leið hver áhrif þetta hefur á rekstrarlega stöðu sveitarfélaga til að veita þá þjónustu í þjóðfélaginu sem þeim ber skylda til. Þess vegna er ljóst að bæði þetta vandamál og önnur, er varða sveitarfélögin í landinu, eru mikilvæg mál sem þarf vissulega að athuga.

Ég vil einnig láta það koma fram hér, að við þá lagabreytingu, sem gerð var þegar verkefnaflutningur fór fram milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar skólana, var framlag úr Jöfnunarsjóði aukið til sveitarfélaga, þó að það hafi ekki komið að þeim notum að þessu leyti sem til var ætlast. Hins vegar vil ég taka það fram, að í gangi er samstarfsnefnd — búin að vera í mörg ár — um skólamál milli ríkis og sveitarfélaga. Þessi n. hefur m. a. haft það hlutverk að reyna að finna möguleika til að jafna þann mikla aðstöðumun sem hefur myndast ekki hvað síst í sambandi við rekstur heimavistarskólanna í landinu. Og það er rétt að segja frá því hér, að þarna hefur orðið á talsverð leiðréttíng, þannig að það hefur nú á síðustu árum verið gengið til móts við sveitarfélögin, bæði að því er varðar þennan þátt, upphitunarkostnaðinn, og eins í sambandi við viðhaldskostnaðinn að því er varðar heimavistarhúsnæði, þó að það sé hvergi nærri fullnægjandi, því að yfirleitt eru þau sveitarfélög, sem eiga aðild að heimavistarskólunum, litlu sveitarfélögin eða þau sveitarfélög sem hafa mjög takmarkaða tekjustofna. Þess vegna er mjög brýnt að þetta mál verði sérstaklega athugað á Alþ. til þess að finna á því frekari lausn en orðin er.

Ég vil endurtaka, að ég tek undir þessa till. til þál. og tel hana gott innlegg til að reyna að leysa þetta vandamál sveitarfélaganna úti um land.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég er þakklátur þeim tveimur hv. þm., sem hafa tekið undir þessa tillögu.

Út af því sem hv. 3. þm. Austurl. sagði og bar saman þá till., sem ég hef hér mælt fyrir, og fyrri afgreiðslu, þá er ljóst og ég vil leggja á það nokkra áherslu, að þær eru ekki alveg samstofna. Mér finnst ákaflega þýðingarmikið að reynt verði að fara þá leið að einhverju marki að ná því markmiði, sem till. gerir ráð fyrir, með öðru en beinum peningagreiðslum úr ríkissjóði, þ. e. a. s. með öðru en rekstrarstyrk, og þá á ég við það, sem ég legg áherslu á í till., að það verði gerð úttekt á kyndingarbúnaði skóla og það verði þá alveg sérstaklega athugað, hvar sé hægt að ganga frá rafhitun í skólum, m. a. með tilliti til

þess, hvort orka sé fyrir hendi, og einnig með tilliti til þess, að hún sé þá á því verði sem sambærilegt geti talist. Ég held að það yrði hægt að minnka þennan vanda mikið ef þessi leið væri farin. Ég legg líka á það áherslu í þessu sambandi, að þessi könnun þyrfti ekki að vera kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð. Það er ekkert eðlilegra í þessum efnum heldur en sveitarfélögin láti gera þetta sjálf. Sums staðar eru meira að segja til áætlanir um þetta, þannig að hér er fyrst og fremst um ákveðna vinnu að ræða sem þyrfti ekki að kosta mikið fjármagn. Ég held að við verðum í vaxandi mæli, þegar svona stendur á, að reyna að leysa málin með vissri hagræðingu og með því að nota aðra orku. Þetta vil ég alveg sérstaklega leggja áherslu á.

Út af því, sem hv. 5. þm. Vesturl., Alexander Stefánsson, sagði hér í sambandi við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, vil ég alveg sérstaklega taka það fram og undirstrika það, að minni sveitarfélögin, litlu sveitarfélögin bera á vissan hátt skarðan hlut frá borði við skiptingu á Jöfnunarsjóði. Þar kemur m. a. það til, að í þeim efnum er höfðatölureglan lögð til grundvallar. Hún er óhagkvæm fyrir litlu sveitarfélögin. Ég vil líka leggja á það áherslu og satt að segja vara við því, þegar skipting er gerð á milli ríkis og sveitarfélaga, eins og hefur verið gert oftar en einu sinni, þá vil ég vara sérstaklega við þeim jöfnuði, sem er dreginn á milli sveitarfélaganna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar, og það einfaldlega vegna þess, að verkefnin, sem falla í hlut sveitarfélaganna, eru ákaflega misjafnlega kostnaðarsöm fyrir þau hvert og eitt.

Ég vil svo aðeins í lokin undirstrika það alveg sérstaklega, að þau sveitarfélög, sem reka sína skóla, eru ekki í neinum vanskilum og þau ráða við þessi verkefni. En í framhaldi af því, sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði hér um tekjustofna sveitarfélaganna, þá eru þeir afmarkaðir. Og það er í rauninni það sem er hættulegast í þessu máli, að þegar því fjármagni, sem sveitarfélögin hafa til umráða, hefur verið deilt á þjónustuliðina, þá er orðið lítið eftir til að gera ýmislegt af því sem er lífsnauðsynlegt í öllum þeim byggðarlögum sem vilja skapa einhverja framþróun.

Ég endurtek svo þakklæti mitt, og ég veit að þessi till. mun fá greiða afgreiðslu hér á Alþ. Og ég efast ekki um það, að að því leyti sem hæstv. orkumálaráðh. mun fjalla um hana, þá muni hann einnig greiða veg þessa máls.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Beinar greiðslur til bænda, þáltill. (þskj. 16). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Kannske má segja að sú till. til þál., sem nú er til umr., sé orðin gamall kunningi hér á Alþ. Fyrst flutti ég hana einn árið 1976. Á síðasta þingi fluttum við Jóhann Hafstein till. saman, en nú eru meðflm. hv. þm. Jónas Árnason og Sighvatur Björgvinsson. Meiri hl. allshn. mælti með samþykkt till. á s. l. vori, en ekki vannst hins vegar tími til að afgreiða hana í hv. Sþ. Till. er nú flutt orðrétt eins og meiri hl. allshn. gekk frá henni s. l. vor.

Eins og till. ber með sér er það vilji flm., að gerbreyting verði annars vegar gerð á fyrirkomulagi rekstrar- og afurðalána landbúnaðarins, þannig að bændur fái í hendur þá fjármuni sem þeim eru ætlaðir, en þeir staðnæmist ekki lengri eða skemmri tíma í verslunar- og afurðasölufyrirtækjum, og hins vegar að leiðir verði fundnar til þess að útflutningsbætur og niðurgreiðslur nýtist bændum betur en nú er.

Með lögum nr. 28 frá 1930 — eða fyrir nærfellt hálfri öld — var kveðið svo á, að verkkaup sjómanna og verkamanna skyldi greiðast í peningum og innskriftarkerfi því, sem tíðkaðist, skyldi lokið. Nú hálfri öld síðar búa bændur hins vegar víða við það fyrirkomulag, að þeir fá ekki fjármuni sína í hendur og engar upplýsingar fást um það hvernig með þetta fé er valsað. Hér er þó ekki um neinar smáfjárhæðir að ræða. Afurðalán til landbúnaðarins urðu hæst á s. l. ári í desembermánuði, 12.7 milljarðar, og rekstrarlánin urðu hæst í október, eða 3.3 milljarðar kr. Hækkanir nú verða vafalaust mjög miklar, þó að enn liggi ekki fyrir tölur í því efni.

Alkunna er að fjármunir þessir eru notaðir í almennum rekstri ýmissa verslunarfyrirtækja. Heildarvextir af fé þessu eru nú 18 ¼% og því ekki ónýtt fyrir verslunarfélög að geta valsað með þessa fjármuni í rekstri sínum þegar almennir vextir eru miklu hærri.

Flm. vilja að bændur fái sjálfir þetta fé í hendur, og næmi það fé, sem þeir þannig fengju, að meðaltali talsvert á þriðju millj. til hvers búandi manns, miðað við upphæð lánanna eins og hún hefur verið, og nú væntanlega ekki undir þrem millj. á ári á meðalbú.

Það hefur verið reynt að halda því fram, að miklir annmarkar og skriffinnska væri því samfara að greiða bændum beint afurða- og rekstrarlánin. Þetta er þó hinn mesti misskilningur. Þvert á móti má halda því fram, að skriffinnska yrði minni þegar hætt verður að skrá hvern eldspýtustokk sem bóndi þarf að taka út, því að hann mundi greiða fyrir vöru sína að jafnaði, þó að auðvitað yrði engum bannað, hvorki verslunarfyrirtækjum né bændum, að standa í lánsviðskiptum, ef báðir aðilar eru um það sammála. Fyrirkomulag lánveitinganna gæti verið svipað og í sjávarútveginum, þar sem tryggt er að útgerðarmenn og hlutarsjómenn fá fé sitt í hendur, en fiskvinnslufyrirtækin ráðskast ekki með fé annarra manna.

Það skal að vísu játað, að umsagnir ýmissa þeirra aðila, sem fjölluðu um málið að ósk allshn. Sþ. á s. l. vetri, voru loðnar og sumar neikvæðar. En þetta voru umsagnir kerfisins, Sambandsins, bankanna o. s. frv. Og hvenær hefur það gerst í veraldarsögunni, að kerfið gagnrýndi sjálft sig?

Það held ég að sé fátítt. Sú skepna, kerfið, þolir illa gagnrýni annarra, og þess vegna er þess vart að vænta, að hún gagnrýni sig sjálf.

Rétt er að taka fram, að mjög er það misjafnt hversu greiðlega afurðasölu- og verslunarfyrirtæki reiða af höndum þá fjármuni sem bændur eiga að fá. Sums staðar er þetta í allgóðu lagi, en annars staðar ekki, og að sjálfsögðu er hagur bænda betri í þeim héruðum, þar sem um samkeppni er að ræða, en í hinum, þar sem einokun ríkir. En mergurinn málsins er sá, að heilbrigðast og eðlilegast er að uppræta alla tortryggni og launung um hvernig með fé bænda er farið, og það verður einungis gert með þeim hætti, að bændur fái peningana í hendur svo að hver og einn viti hvað honum ber.

En hvað þá um útflutningsbæturnar og niðurgreiðslurnar? Í umr. hér á Alþ. á s. l. vetri lýsti einn af þm.

Framsfl., Ingi Tryggvason, yfir að hann teldi vel til greina koma að útflutningsbæturnar yrðu greiddar beint til bænda. Ekki fæ ég séð að nokkrir annmarkar ættu að vera á því að greiða útflutningsbæturnar beint til bænda. Yrðu þá greiddar svo og svo margar krónur fyrir hvert kjötkg og svo og svo margar krónur fyrir hvern innlagðan lítra af mjólk. Hugsanlegt væri líka að einskorða þetta við ákveðið magn vöru, við ákveðna peningaupphæð, þannig að upp yrði tekið, óbeinlínis a. m. k. nokkurs konar kvótakerfi, í raun sjálfvirkt kvótakerfi og miklu einfaldara en ráð er fyrir gert í till. 7 manna n. svonefndu sem hæstv. landbrh. skipaði nú nýlega og hefur skilað áliti, eins og hv. þm. þekkja. Þetta kerfi er miklu einfaldara með þessum hætti.

Að því er niðurgreiðslurnar varðar hefur verið á það bent, að greiðslur þeirra beint til bænda undirstrika að um styrki til landbúnaðarins væri að ræða. Ég fæ ekki séð að nein ástæða sé til slíkrar viðkvæmni. Það má alveg eins snúa dæminu við og segja að niðurgreiðslurnar séu styrkur til neytenda. Ef ríkisvaldið ákveður að beita niðurgreiðslum sem hagstjórnartæki, sýnist mér liggja alveg beint við að greiða fjármunina til eigenda vörunnar, þ. e. a. s. bændanna, en ekki einhverra allt annarra. Engir aðrir en bændur sjálfir, sem vöruna framleiða og hana eiga, geta átt neitt tilkall til þessara miklu fjármuna. Hér má gjarnan geta þess, að það er yfirlýst, að allar þessar vörur eru í umboðssölu allt þar til þær eru komnar í verslanir til neytenda, þannig að það eru bændur sem þessar vörur eiga, en engir aðrir, og raunar algerlega óheimilt að mínu mati og hrein lögleysa að veðsetja vörur eins og nú er gert af hálfu afurðasölufyrirtækjanna. Ég tel að bankarnir hafi ekki veð í einu einasta kg af kjöti, það sé allt saman ólöglegt. Það eru bændur einir sem hafa lagalega heimild til að veðsetja þessar vörur.

Áður en vinstri stjórnin tók við völdum var gert ráð fyrir að útflutningsbætur og niðurgreiðslur losuðu á þessu ári 11 milljarða kr. sem til bænda eiga að renna. Þetta þýðir að meðaltali um 2.5 millj. á hvern bónda, því að bændur eru taldir vera nálægt 4500, a. m. k. ekki fleiri. Þessa fjármuni teldi ég eðlilegt að greiða t. d. mánaðarlega, þannig að meðalgreiðsla til hvers bónda væri um 200 þús. kr. á mánuði. Væri þá hægt að fara að tala um að bændur fengju laun sín greidd á sama hátt og aðrar stéttir, enda fengju þeir þá líka yfirráð yfir því lánsfjármagni sem til landbúnaðar á að renna, eins og áður getur.

Samkv. stefnu núv. ríkisstj. og fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að greiðslur þessar tvöfaldist rúmlega og verði a. m. k. 22-23 milljarðar, eða 5 millj. á meðalbú á ári, ef þær verða þá ekki enn hækkaðar til muna eins og margt bendir til. Þar við bætast svo lánin. Þannig næmu heildargreiðslur úr bankakerfinu og ríkissjóði nærri 8 millj. kr. á meðalbú á ári, — 8 millj. kr. sem bændur ættu auðvitað að fá beint, en ekki að ganga í gegnum verslunarfyrirtækin. Auðvitað dylst engum að taka þarf til hendinni þegar breytingar eins og þessar eru gerðar. En hitt er alveg ljóst að mínu mati, að fyrirkomulagið verður allt miklu einfaldara eftir en áður, gagnstætt því sem kerfið heldur nú fram. Enginn efi er á því, að breytingar í þessa átt eru eitthvert mesta hagsmunamál bændastéttarinnar og því þarf Alþ. að taka af skarið í þessu efni fyrr en síðar.

Eins og ég gat um áðan er allt það kerfi, sem fjárstreymi í landbúnaði lýtur, með þeim ósköpum að ógerningur er að fá upplýsingar um ferðalag þessara gífurlegu fjármuna, hversu lengi aðrir en bændur ráðskast með það og hversu mikið vaxtatapið er meðan upphæðir þessar, sem eru vaxtalausar hjá þeim sem hafa þær undir höndum, eru á leiðinni til réttra móttakenda, en þar er auðvitað um stórfjárhæðir að ræða. Mig grunar raunar að hér sé að finna meginvanda landbúnaðarins, ekki síst á miklum verðbólgutímum, og ef þessi vandi væri leystur færi margt betur.

Mig langar að varpa þeirri spurningu fram til hæstv. landbrh., hvort hann geti hér og nú gefið einhverja lýsingu á þeirri ferðasögu fjármunanna sem ég áðan nefndi. Ekki ætlast ég til þess, að hann geti nú rakið nákvæmlega dagsetningar og upphæðir ríkissjóðsávísananna né þá tímalengd sem þetta fé hefur viðdvöl hjá öðrum en bændum. En ég óska þess þá, að hann geri sem allra gleggsta grein fyrir þessu í Sþ. síðar, við aðrar umr. um málefni landbúnaðarins.

Mig langar einnig að drepa aðeins á annað vandamál landbúnaðarins og raunar líka neytenda, en það er hinn hái slátrunarkostnaður. Hann er nú 303 kr. á hvert kg dilkakjöts eða 4242 kr. á 14 kg skrokk. Þar að auki eru greiddar að meðaltali tæpar 800 kr. vegna gærunnar. Sútunarverksmiðjur kaupa þær á 1844 kr., en bændur fá aðeins 1065 kr. Heildarslátrunarkostnaður á dilk er því yfir 5 þús. kr. og á eina milljón fjár hvorki meira né minna en 5 milljarðar kr. Þetta eru ótrúlegar upphæðir, og fullyrði ég að þær mætti lækka verulega. Ég fullyrði að þær mætti lækka verulega — endurtek það — líklega sem næmi hátt í þriðjung eða 100 kr. á hvert kg, ef vel væri að staðið, og samt ættu sláturhús að geta vel borið sig. Þegar þetta er skoðað skilja menn kannske betur en ella þá heiftarbaráttu sem háð er til að viðhalda aðstöðu verslunar- og afurðasölukerfis þess sem aflar sér fjármuna með þeim hætti, sem nú hefur verið lýst, á mismunandi vegu.

Víst hefur tekið tíma að fá menn til að ræða þessi málefni hispurslaust, og enn er sannarlega margt á huldu. En héðan í frá geta menn ekki skýlt sér á bak við þögnina. Hún hrópar nú þegar á svör og aðgerðir. Almennt var því fagnað, sem stóð í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., að hún hygðist beita sér fyrir úrbótum í fjármálum bændastéttarinnar þannig að bændur fengju fjármuni sína fyrr. Mig langar að spyrja hæstv. landbrh. annarrar spurningar, sem hann sjálfsagt getur svarað strax, en hún er á þessa leið: Er ekki ætlunin að tryggja nú að bændur fái það fé, sem lánakerfið ætlar þeim, beint í hendur, en því verði ekki haldið fyrir þeim í verslunar- og afurðasölufyrirtækjum? Ber ekki að leggja þann skilning í eftirfarandi orð samstarfsyfirlýsingarinnar, en þar segir, með leyfi forseta: „Rekstrar- og afurðalánum verði breytt þannig, að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú?“

Ég spyr beint að þessu, vegna þess að orðalag er nokkuð loðið í þessari yfirlýsingu. En þýðir hún ekki að nú skuli bændur fá sína peninga í hendur, en þeim verði ekki haldið fyrir þeim í afurðasölu- og verslunarfyrirtækjum? Nú starfar nefnd að þessum málum, og enn fremur er þá spurt: Ber ekki þessari nefnd að gera till. um það, hvernig þessu markmiði verði náð, og í annan stað hvað störfum n. líði, en mér skilst að hún eigi að skila áliti fyrir 20. þ. m., og þá fæst vonandi úr því skorið, hvort einhver meining er í þessari yfirlýsingu ríkisstj. eða hvort enn þá á að halda fé bænda. Það er vissulega brýnt, að

Alþ. fái um þetta sem gleggstar upplýsingar, og efast ég ekki um að hæstv. landbrh. muni leitast við að svara því.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umr. nú vísað til hv. allshn.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég efast ekki um þann megintilgang flm. þessarar þáltill., að bændur fái laun sín eða tekjur greiddar eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Sá er einmitt einnig tilgangurinn með því ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. sem hv. frsm. las áðan og er á þá leið, að rekstrar- og afurðalánum verði breytt þannig, að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að málið sé nokkru flóknara en fram kemur í till. og fram kom í ræðu frsm. Ég komst að þeirri niðurstöðu, eftir að ég hafði rætt þetta mál allítarlega bæði við fulltrúa banka, sölustofnana, bænda o. fl., að rétt væri að setja á fót nefnd sem tæki þetta mál fyrir í heild sinni. Það hef ég gert, eins og einnig kom fram í ræðu hv. frsm. Ég hef óskað eftir því, að n. skili áliti að hluta fyrir 20. nóv., og þegar ég segi að hluta, þá á ég við till. sem hún kann að gera um breytingar á afurðalánum, sem eru þá fljótlega ákveðin og eru að sjálfsögðu stór þáttur í að ná þessu markmiði.

Það er rétt skilið hjá hv. flm., að n. er einnig ætlað að gera till. um hvernig eigi að ná þessu markmiði, að bændur fái laun sín greidd, og ég fyrir mitt leyti tel orðalagið vera skýrt og skorinort. Að þesu ber að stefna. Við ætlum að ná þessu. Hins vegar á ég erfitt með að svara spurningu hans, eins og hann gat sér til, a. m. k. í smáatriðum, með dagsetningum og þess háttar, um ferðasögu þess fjármagns sem fer í gegnum kerfið, eins og hann orðaði það, bæði frá bönkum í afurðalánum og rekstrarlánum og frá ríkissjóði í niðurgreiðslum og útflutningsbótum. En ég skal þá reyna að fara um þetta örfáum orðum.

Í fyrsta lagi vil ég fara nokkrum orðum um afurðalán og rekstrarlán til landbúnaðarins.

Afurðalán til landbúnaðarins eru veitt af Seðlabankanum og af viðskiptabönkunum. Afurðalán til landbúnaðar eru veitt út á sauðfjárafurðir, mjólkurafurðir og ýmsar aðrar afurðir og eru mismunandi að upphæð eftir því, hvort um hreinan útflutning er að ræða eða blandaða framleiðslu eða framleiðslu fyrir innanlandsmarkað. Lánin voru lækkuð frá Seðlabankanum nýlega, en þau eru nú að upphæð, ef um útflutning er að ræða, 56.5% skilaverðs, ef um blandaða framleiðslu fyrir innanlandsmarkað og útflutning er að ræða eru það 53%. Til viðbótar þessu veita viðskiptabankarnir 18.5% ofan á, þannig að afurðalánin til framleiðslu til útflutnings verða samtals 75%, til blandaðrar framleiðslu 73.25%, en til sölu innanlands 71.5%. Þessi afurðalán eru, eins og ég sagði áðan, greidd í nóv.—des. Hins vegar er slátrun að sjálfsögðu lokið fyrr og reyndar greiðslur hafnar til bænda fyrr en þessi afurðalán eru afgreidd, og hefur því Seðlabankinn undanfarin ár veitt flýtilán út á afurðalánin sem eru greidd út í okt. og nóv.

Fyrsta spurningin, sem ég hygg að n. muni fjalla um, er einmitt: Er hægt að auka við þessi afurðalán til þess að bændur geti fengið stærri hluta af tekjum sínum greiddan í upphafi, þ. e. a. s. strax og þeir afhenda sínar afurðir? Á þessu eru ýmis vandkvæði. Í fyrsta lagi er þarna aðeins um að ræða 75% skilaverðs í hæsta tilfelli, þegar um útflutning er að ræða, 71.5% þegar um innanlandssölu er að ræða. Í öðru lagi veldur það vandræðum, að afurðalán hafa ekki fengist endurskoðuð við endurmat á verðmæti birgða þegar landbúnaðarafurðir hækka í verði. Þá hefur það ekki fengist endurskoðað. Sömuleiðis telja söluaðilar að þeir hafi ekki fengið metinn eins og skyldi kostnað — vaxtakostnað og geymslukostnað — af slíkum birgðum.

Ég skal ekki segja hver niðurstaðan af þessu verður. Hins vegar vil ég geta þess, að í sjávarútvegi gilda sömu reglur um afurðalán sem ég hef nú nefnt, nema hvað í sjávarútvegi mun tíðkast að ýmis fyrirtæki sjávarútvegsins fái greitt viðbótarafurðalán þegar afurðum sjávarútvegs er skipað út, iðulega í kringum 10%, þannig að þar geta afurðalán farið upp í 85%.

Þarna er því töluvert bil sem þarf að brúa. Von mín er sú, að afurðalánin fáist hækkuð, m. a. með tilliti til þess sem ég hef nefnt, að t. d. sjávarútvegur fær almennt hærri afurðalán, en þau eru að vísu frá viðskiptabönkum, en ekki Seðlabanka, þó að það eigi kannske ekki að skipta öllu máli, og sömuleiðis að afurðalán fáist endurskoðuð við nýtt mat á verðmæti birgða landbúnaðarins.

Hins verður þó að geta, að það fjármagn, sem þarna er bundið í afurðalánum, er ákaflega mikið og stórum meira en í sjávarútvegi, þar sem birgðir liggja langtum lengur. Veltan er hraðari á flestum afurðum sjávarútvegsins, eins og hv. þm. mun að sjálfsögðu vera kunnugt.

Inn í þetta koma svo jafnframt rekstrarlán landbúnaðarins, sem er að því leyti öðruvísi háttað en rekstrarlánum í öðrum atvinnugreinum, sjávarútvegi og iðnaði, að rekstrarlánin eru að verulegu leyti í höndum Seðlabankans. Seðlabankinn hefur veitt þau beint og greiðir þau út frá mars-ágúst og nokkuð jafnt mánaðarlega. Inn í það koma jafnframt ýmis önnur lán, eins og viðbótarrekstrarlán, uppgjörslán, fóðurbirgðalán o. s. frv., sem ég ætla ekki að fara að rekja hér. En ég vil aðeins geta þess, að rekstrarlán, sem Seðlabankinn hefur veitt á undanförnum árum, hafa farið lækkandi sem hundraðshluti af framleiðsluverðmæti í landbúnaði, án þess, að því er mér sýnist, að sýnt verði fram á að viðskiptabankar hafi aukið aðild sína að þessu leyti. Hins vegar er þetta töluvert flókið mál, ef rekja á til hlítar. Viðskiptabankar veita að sjálfsögðu bæði einstökum bændum og sölusamtökum þeirra veruleg lán, sem kannske mætti telja þarna til viðbótar.

Þetta eru atriði sem n. mun fjalla um í viðleitni sinni til að benda á leiðir til að ná þessu markmiði.

Um niðurgreiðslur og útflutningsbætur, sem renna frá ríkissjóði, vil ég segja þetta: Þær eru greiddar til Framleiðsluráðs landbúnaðarins samkv. framvísuðum reikningum yfir það magn sem um er að ræða í sölu og útflutningi hverju sinni. Þær fara um fjmrn. sem metur þær og ákveður síðan um útborgun. Framleiðsluráðið greiðir þetta fé síðan til hinna ýmsu sölustofnana sem hafa framvísað viðkomandi skilríkjum. Þetta er að sjálfsögðu hægt að fá upplýst stórum nánar, hve tölurnar eru háar frá einum mánuði til annars, og skal ég með ánægju sjá um það. Reyndar vil ég mótmæla því, sem mér finnst koma fram í þessari þáltill. og í ræðu hv. flm., að þarna sé eitthvað á huldu. Ef hann telur svo vera, þá bið ég hann að koma slíkum beiðnum um upplýsingar til mín, og ég vil leyfa mér að lofa honum því og fullyrða að þær geta allar legið á lausu. Það eru þarna engin leyndarmál sem ég þekki, og ég hygg að þau muni ekki reynast svo.

Spurningin er þá nánast sú eða verkefnið að skilgreina sem best hvað menn vilja fá að vita, og ég skal sjá um að það verði upplýst.

Nú er ljóst af því, sem ég hef sagt, að afurðalán og rekstrarlán, því að það verður að líta á þetta nokkuð saman, nægja ekki til þess, að bændur fái viðunandi hluta af sínum tekjum strax og slátrað er, og því er það staðreynd, að sölustofnanir bænda hafa yfirleitt hlaupið þarna undir bagga og meira hefur raunar verið greitt út. Um þetta þetta get ég einnig fengið nánari upplýsingar, sem eflaust verður einnig óskað eftir, að þær hafa greitt út töluvert hærri hundraðshluta en fengist hefur í þessum lánum.

Spurningin er sú, hvort hentugra sé að þetta fjármagn sé greitt beint til bænda. Sumar sölustofnanir hafa leyst þetta á þann máta, að þær opna reikninga á nafni einstakra bænda strax við móttöku fjárins. Það gerir t. d. Kaupfélag Borgfirðinga og ég hygg einnig Kaupfélag Eyfirðinga, þar er það á hæstu innlánsvöxtum og bændur hafa fullan rétt til að ganga að því fjármagni hvenær sem þeim sýnist. Þetta sýnist mér satt að segja vera skynsamleg leið og ber að hvetja sölusamtök til að fara þessa leið. Ég hygg að hún sé að ýmsu leyti einfaldari í framkvæmd heldur en greiðsla beint til bænda, þótt ég ég sé út af fyrir sig ekki að útiloka það. En þó vil ég vekja athygli á því, að með þessu móti hafa skapast möguleikar til þess að miðla á milli bænda. Það hefur verið hægt að veita vissum bændum innan þessara sömu stofnana fyrirgreiðslu sem ekki væri unnt að veita ef fjármagn þetta rynni þar ekki í gegn. Ég skal ekki segja um það, hvort einstökum bændum gengi jafnvel að fá slíka fyrirgreiðslu í viðkomandi banka. En mér hefur skilist að bankar, sem um þessi mál hafa fjallað, hafi talið þarna ýmis vandkvæði á. Ég vil ekki síst vekja athygli á þessu atriði, sem ég hygg að hljóti að teljast nokkuð stórt í meðferð þessa máls.

Um greiðslu útflutningsbóta beint til bænda er, eins og reyndar kom fram hjá hv. frsm., um nokkuð annað að ræða. Ég get tekið undir það með honum, að mér finnst það vel koma til athugunar. Spurningin í því sambandi sem öðrum er raunar fyrst og fremst þessi: Hvernig fá bændur sem best greiddar sínar tekjur, sín laun? En ég vil vekja athygli á því, að samtök þau, sem fara höndum um þessa fjármuni bænda, eru flest, hygg ég, samtök sem bændur hafa sjálfir mjög mikil ítök í. Þetta eru fyrirtæki sem gjarnan eru reist á félagslegum grunni, og ég veit að mikill fjöldi þm. hér inni er hlynntur slíku rekstrarformi. Reyndar er það að mínu mati til fyrirmyndar hjá bændastéttinni, hvað hún hefur gengið ötullega fram í því að koma málum sínum þannig fyrir. Raunar hygg ég að megi segja, að eftir að fjármagn fer frá bönkum og ríkissjóði sé það í höndum bænda sjálfra í gegnum þessi samtök sem þeir hafa komið á fót. Hvort þeim er greiði gerður með því að sundra þessum samtökum skal ég ekki fjalla um. Ég efast stórlega um það, og ég trúi því ekki að bændur út af fyrir sig óski eftir því. Ég held að það verði þá að leggja áherslu á það, að þessi samtök bænda vinni á þann máta, að að sem mestu gagni komi, og raunar efast ég ekki um að bændur leggja sjálfir á það áherslu.

Hins vegar vil ég segja það, að margar sölustofnanir bænda eða fulltrúar þeirra hafa sagt í mín eyru, að þeir út af fyrir sig væru mjög fúsir að losna við þessa millifærslu. En þá er þeim að sjálfsögðu ekki kleift að veita ýmiss konar fyrirgreiðslu og mjög verulega fyrirgreiðslu sem þær veita, m. a. vegna þess að þetta er einmitt fjármagn frá bændum, sem betur eru stæðir og meira mega sín, sem er hægt að miðla til hinna, sem þurfa einhverja aðstoð tímabundið, þannig að þarna er byggt á mjög hreinum samvinnugrundvelli. Samvinnan vinnur þarna fyrir einstaka bændur og fyrir fjöldann og ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég er slíku rekstrarformi mjög hlynntur og tel, ekki síst þegar um svo litlar framleiðslueiningar er að ræða sem í landbúnaði, slíkt rekstrarform ákaflega nauðsynlegt. Ég held að menn eigi að fara ákaflega varlega í að setja slíku stólinn fyrir dyrnar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þessi þáltill., sem nú er til umr., er gamall kunningi. Hún hefur komið fram, eins og flm. rakti, tvívegis áður hér í þinginu. Ég hef verið andstæðingur þessarar hugmyndar, en ég nenni ekki að standa í deilum um hana lengur og get verið stuttorður. Ég sé nefnilega fram á það, að vinur minn, hv. 5. þm. Norðurl. v., Eyjólfur K. Jónsson, er að vinna sigur í málinu, og þess vegna er ég ekkert að berja höfðinu við steininn með það og verð að óska honum til lukku með þann árangur sem hann hefur þar með náð. Raunar er það ekki Eyjólfur einn sem hefur unnið þetta verk, því að Alþb.-menn tóku rækilega undir við hann og gengu nú í lið með honum í þessari krossferð, og það mega bændur náttúrlega líka þakka þeim og muna.

Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson gat um í framsögu sinni, að það hefðu að vísu komið umsagnir um þetta mál í fyrra sem hefðu verið því nokkuð andsnúnar. Hann orðaði það svo, að kerfið hefði að sjálfsögðu sent neikvæðar umsagnir. Nú er ég ekki viss um nema það sé rétt til glöggvunar, að ég lesi hér hluta af nál. minni hl. allshn. frá í fyrra. Nál. er nokkuð ítarlegt og langt og ég mun ekki lesa það allt saman, en þar eru dregin saman nokkur þau atriði sem mér finnst skipta talsvert miklu máli. Landsbanki Íslands segir m. a., með leyfi forseta:

„Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að í framkvæmd eru miklir annmarkar á þeirri tilhögun, sem till. gerir ráð fyrir, og hafa þeir ekki verið kannaðir til hlítar."

Í umsögn Búnaðarbanka Íslands stendur:

„Það er því ekki sjáanleg leið til að framkvæma núverandi afurðalánakerfi, ef greiða ætti lánin beint til bænda án milligöngu þeirra fyrirtækja, sem hafa afurðirnar í sinni vörslu og annast sölu þeirra."

Frá Búnaðarfélagi Íslands barst eftirfarandi ályktun Búnaðarþings:

„Búnaðarþing mælir gegn því, að till. til þál. um greiðslu rekstrar- og afurðalána til bænda (108. mál 99. löggjafarþings) verði samþykkt."

Frá Stéttarsambandi bænda barst eftirfarandi bókun stjórnarinnar:

„Stjórn Stéttarsambands bænda telur framkvæmd slíkrar lánabreytingar sem hér um ræðir miklum vandkvæðum bundna og ekki líklegt að hún verði bændum almennt til hagsbóta. Ekki hafa komið fram óskir frá samtökum bænda um slíka breytingu og getur stjórnin ekki mælt með samþykkt tillögunnar."

Mjólkursamsalan bendir á að bændur og mjólkurbú fái ekki kerfisbundin rekstrarlán, en segir síðan:

„Um afurðalánin gildir annað. Þar hafa mjólkurbúin fengið lán út á vinnsluvörubirgðir. Æskilegt væri að þau lán yrðu hækkuð í 90% heildsöluverðs varanna. En útilokað er að breyta greiðslufyrirkomulagi þessara lána, því mjólkurbúin ein geta veðsett birgðirnar."

Umsögn stjórnar Sláturfélags Suðurlands hljóðar

þannig:

„Af þessu tilefni vill stjórn Sláturfélags Suðurlands taka fram, að hún telur ekki þörf skipulagsbreytingar á fyrirkomulagi afurðagreiðslna frá Sláturfélaginu til bænda. Í áratugi hefur sá háttur verið hafður á hjá Sláturfélagi Suðurlands, að andvirði afurða er greitt til bænda með þeim hætti, að peningar eru lagðir inn á bankareikninga á nöfnum framleiðendanna, sem þeir geta síðan að sjálfsögðu ráðstafað að vild. Það sem einkum hefur háð því, að þetta fyrirkomulag teljist fullnægja þörfum búvöruframleiðenda innan Sláturfélagsins, er að lán út á afurðabirgðir hafa verið allt of lág hlutfallslega miðað við verðmæti afurðanna. Af þeim sökum hafa framleiðendurnir orðið að bíða eftir fullnaðaruppgjörum of lengi eða þar til afurðirnar eru að fullu seldar, og getur þetta vegna eðlis framleiðslu sauðfjárafurða oft tekið á annað ár. Því ber að leggja höfuðáherslu á hækkun afurðalánanna hlutfallslega miðað við verðmæti, svo að framleiðendur geti fengið sem mestan hluta afurðanna greiddan í bankareikninga sína sem fyrst eftir afhendingu afurðanna til vinnslustöðvanna. Stjórn Sláturfélags Suðurlands telur, að það fyrirkomulag, að bankar mundu greiða afurðaandvirði beint til bænda, yrði mjög þungt í vöfum, einkanlega þegar kæmi að endurgreiðslum lánanna frá framleiðendum til viðskiptabankanna.

Ef um væri að ræða, að bændur fengu afurða- og rekstrarlán beint til sín, mundu greiðslur til þeirra frá afurðafélögunum ekki geta farið fram fyrr en jafnóðum eftir sölu, væntanlega þá mánaðarlega og aðeins að litlum hluta andvirðis hvern mánuð, en hver bóndi yrði þá væntanlega einnig að endurgreiða bönkunum hlutfallslegan hluta lána mánaðarlega eins og afurðafélögin gera nú."

Þetta var úr nál. sem minni hl. allshn. skilaði um málið í fyrra.

Það er meira blóð í kúnni. Samband ísl samvinnufélaga sendi mjög langa og ítarlega umsögn, sem var mjög neikvæð eins og aðrar umsagnir sem bárust um þetta mál.

Hv. flm. sagði í framsögu sinni, að hagur bænda væri betri þar sem mikil samkeppni ríkti í slátrunarmálum og afurðasölu. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu. Ég held, að það séu engin efni til þess að halda þessu fram. A. m. k. er það svo í því kjördæmi, sem við hv. þingmaður erum fulltrúar fyrir, að það er síður en svo að hagur þeirra, sem hafa verið í stríði út af sínum afurðasölum, sé betri en hinna, sem hafa komið sér saman um hvernig þeir hagi þeim. Og ég lít svo á að það sé illt verk að reyna að brjóta niður það kerfi samhjálpar og samvinnu sem bændur hafa komið sér upp.

Umr. frestað.

Niðurfelling aðflutningsgjalda af vélum til fiskiðnaðar, þáltill. (þskj. 36). — Ein umr.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Guðmundi H. Garðarssyni, að flytja svo hljóðandi þáltill., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja frv. til l. um nauðsynlegar lagabreytingar, svo að niðurfalli aðflutningsgjald, vörugjald og söluskattur á vélum, tækjum og öðrum búnaði til fiskiðnaðar, og leggja það fyrir yfirstandandi þing."

Till. þessi er flutt, eins og segir í meðfylgjandi grg., til þess að bæta rekstrarkjör fiskiðnaðarins, gera hann hæfari til að mæta harðnandi samkeppni á erlendum mörkuðum og til að auka hagræðingu og framleiðni innan atvinnugreinarinnar.

Mikils er um vert, að íslensk fiskiðnaðarfyrirtæki búi við svipuð kjör og sams konar fyrirtæki með öðrum þjóðum sem keppa við okkur á heimsmarkaðinum. Margar þjóðir hafa nú á prjónunum stórfelldar áætlanir um uppbyggingu og eflingu sjávarútvegs í kjölfar útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur. Kanadamenn hyggja t. d. á mikla uppbyggingu fiskveiðiflota síns og fiskiðnaðar og gera nú þegar svo harða hríð að stöðu okkar á síldarmörkuðum í Evrópu, að vart verður séð hvað af hlýst. Tæpast verður þess langt að bíða, að þeir láti sverfa til stáls á Bandaríkjamarkaði, sem er okkur mikilvægastur og dýrmætastur fiskmarkaða.

Í þriðja heiminum er mikil og vaxandi uppbygging í sjávarútvegi, og eðlilega sækja þjóðir hans með auknum þunga inn á dýrustu markaðina. Bjóða nú sumar þjóðir Suður-Ameríku og reyndar Kórea líka ágæta fiskblokk fyrir um helming þess verðs sem við fáum fyrir framleiðslu okkar.

Við höfum átt í tímabundnum erfiðleikum á skreiðamörkuðum okkar í Afríku og á saltfiskmarkaði í Portúgal. Veldur það m. a. því, að meira fer af fiski í frystingu en ella.

Ekki þarf að lýsa fyrir hv. alþm. hinum miklu greiðsluörðugleikum sem stór hluti fiskiðnaðarfyrirtækja hefur átt við að stríða að undanförnu, og hafa þau því ekki getað sinnt eðlilegri og nauðsynlegri endurnýjun, viðhaldi og framþróun.

Í riti Framkvæmdastofnunar ríkisins um þróun atvinnulífsins, 1. hefti, sem út kom í apríl s. l., segir, með leyfi forseta:

„Þjóðhagsleg arðsemi fjárfestingar er hæst í fiskvinnslu.

Framleiðni vinnuafls og nýting fastafjármuna í fiskvinnslu er slík, að öll líkindi eru á miklum þjóðhagslegum ábata af eflingu fiskvinnslunnar með frekari úrvinnslu hráefnis og auknum atvinnutækifærum miðað við hinar framleiðslugreinarnar. Slík efling gæti víða orðið með aukinni hagræðingu í vinnslunni og bættri nýtingu á hráefni og þeim framleiðslutækjum sem fyrir eru".

Nú er það svo, að aukinni hagræðingu og bættri nýtingu verður oft ekki við komið nema með kaupum á nýjum vélum og öðrum búnaði. Vélar, tæki og búnaður til fiskvinnslu og fiskiðnaðar eru oftast sérsmíðuð og því mjög dýr. Hluta erlenda kostnaðarins má gjarnan fá að láni, en aðflutningsgjöld verður að staðgreiða, og kemur það því heldur óþyrmilega við létta pyngju fyrirtækjanna og gerir þeim oft ókleift að ráðast í nauðsynleg kaup.

Fiskiðnaðarfyrirtækin eru víðast í bæjum og þorpum landsins undirstaða alls atvinnulífs, og velgengni viðkomandi byggðarlaga byggist í einu og öllu á afkomu þeirra og verður byggðastefnusjónarmiðum því ekki á annan hátt betur sinnt en með eflingu fiskvinnslufyrirtækjanna.

Þá ber að hafa í huga að útflutningur sjávarafurða stendur undir um 90% af heildarútflutningsverðmæti þjóðarinnar ef ál er undanskilið, en annars um 75%. Í

samþykktum hagsmunasamtaka fiskiðnaðarins hefur oft komið fram að undanförnu, að niðurfelling aðflutningsgjalda væri ein þeirra leiða sem helst kæmi til greina til að bæta afkomu atvinnugreinarinnar.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna er fyrirheit um að úrflutningsverðmæti verði aukin með betri nýtingu og aukinni fiskvinnslutækni. Engin aðferð er auðveldari og fljótvirkari til að ná þessum markmiðum en að fella niður aðflutningsgjöld, eins og gert er ráð fyrir í till. þessari.

Við flm. teljum samþykkt till. eina hraðvirkustu aðferðina til að bæta meðferð hráefnis í fiskiðnaðinum, til að auka hagræðingu og framleiðni innan hans, til að tryggja batnandi hag fyrirtækja og alls almennings úti á ströndinni og til að fiskiðnaður megi áfram verða sá burðarás atvinnulífs sem hann hefur verið víðast um landið. Flm. treysta því, að ríkisstj. leggi fljótlega fram frv. það, sem þáltill. gerir ráð fyrir, og legg ég til að að lokinni umr. verði till. þessari vísað til hv. atvmn.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er rétt sem kom fram hjá frsm. varðandi þessa till., að þetta mál hefur oft borið á góma. Fiskvinnslufyrirtæki hafa oft bent á nauðsyn þess, að af þeim yrði létt gjöldum af þessu tagi. Það er því ekki um að ræða frumskírn á því máli sem hér er um fjallað. Langmikilvægasta málið í þessu sambandi er niðurfelling söluskatts af vélum og tækjum til fiskiðnaðar, og það hefur sem sagt ítrekað borið á góma á undanförnum árum og má jafnvel telja þann tíma í áratugum.

Málið er í sannleika tvíþætt: Í fyrsta lagi er fiskiðnaðurinn samkeppnisgrein. Hann verður að búa við harða samkeppni á mörkuðum sínum fyrir afurðir sínar og þess vegna þarf að búa vel að samkeppnisstöðu hans. Í öðru lagi er mikilvægt að fiskiðnaðurinn sé tæknilega vel búinn svo að framleiðni hans og hagkvæmni í vinnslunni sé sem mest. Þetta skiptir máli bæði varðandi stöðu hans út á við og eins gagnvart öðrum atvinnugreinum hér á landi.

En svo oft sem þetta mál hefur borið á góma, þá hefur það jafnoft runnið út í sandinn. Eftir því sem ég kemst næst hafa a. m. k. tvær undangengnar ríkisstj. gefið undir fótinn með afnám söluskatts af tækjum og vélum til fiskvinnslu. Á undangengnum vikum hef ég og starfsmenn í sjútvrn. átt ítarlegar viðræður við fjmrh. og starfsmenn hans um þetta mál og þá m. a. með hliðsjón af því að draga úr kostnaði við fiskvinnslu.

Í sambandi við seinustu fiskverðsákvörðun kom sérstök ábending frá fulltrúum fiskvinnslunnar með ósk um niðurfellingu á söluskatti af vélum til fiskvinnslu í hraðfrystiiðnaði, í saltfiskverkun og í skreiðarverkun.

Niðurstaða þeirra viðræðna, sem ég hef átt við fjmrh., hefur leitt til þeirrar niðurstöðu, að fjmrh. hefur nú nýverið samþ. að fella niður sölugjald af vélum og tækjum til fiskvinnslu til frystingar, í saltfiskverkun og í skreiðarverkun. Það hefur orðið að samkomulagi milli mín og fjmrh. að ég upplýsti þetta hér.

Það er ekki talin nauðsyn á sérstakri lagaheimild til þessarar niðurfellingar, heldur verður hún framkvæmd skv. heimild í 20. gr. söluskattslaganna, a. m. k. fyrst um sinn.

Ég tel að með þessu hafi náðst fram efndir á fyrirheitum, sem oft hafa verið gefin, og að hér sé verið að stíga spor til þess að draga úr kostnaði við fiskvinnslu, það sé verið að stíga spor til þess að auðvelda uppbyggingu í fiskvinnslunni og gera hana þjóðfélagslega arðsamari. Um leið er verið að stuðla að betri nýtingu fjármagns. Það er verið að stíga spor í átt til þess, að fjármagnið leiti í ríkara mæli en ella í tæknilega uppbyggingu sem skilar sér aftur í auknum afköstum vinnandi handa og þar með betri lífskjörum.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, en vil láta koma skýrt fram, að þessi ákvörðun hefur nú verið tekin og fjmrh. hefur samþ. niðurfellingu á sölugjaldi af vélum og tækjum til fiskvinnslu í hraðfrystiiðnaði, í saltfiskverkun og skreiðarverkun.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. sjútvrh. fyrir framgöngu hennar í þessu máli, eins og kom fram í ummælum hæstv. sjútvrh. hér áðan. Þarna hefur unnist mikill sigur í miklu hagsmunamáli sjávarútvegsins.

Mig langar að ræða hér lítillega greinilega hugarfarsbreytingu sjálfstæðismanna í þessu máli. Þessi þáltill. var eitt af fyrstu málum þingsins, borin fram af tveimur hv. þm. Sjálfstfl. Mér finnst það skjóta heldur skökku við fyrir Sjálfstfl. að hafa haft tækifæri til í fjögur ár, með bæði sjútvrh. og fjmrh. í síðustu ríkisstj., að hrinda þessu réttlætismáli í framkvæmd, en gera ekkert í málinu, heldur leggja nú fram ályktun um þetta mál. Það er bersýnilega sitthvað að vera í stjórn og stjórnarandstöðu.

Niðurfelling söluskatts af vélum og tækjum til fiskiðnaðar var eitt af meginatriðunum við ákvörðun fiskverðs síðast, eins og hæstv. sjútvrh. drap á áðan. Það hefur varla verið haldinn fundur íslenskra sjávarútvegsmanna um áraraðir, þar sem þessi mál hafa ekki verið rædd og þar sem gerðar hafa verið ályktanir um að fella niður þessi gjöld.

Ég fagna því innilega, að núv. ríkisstj. hefur leyst þetta eitt af brýnustu hagsmunamálum íslensks fiskiðnaðar.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka sjútvrh. fyrir röskleg vinnubrögð hans og reyndar hæstv. fjmrh. líka, og ég vil aðeins láta í ljós þá von, að áframhald verði á slíkum vinnubrögðum þegar sjávarútvegurinn er annars vegar.

Varðandi orð hv. þm. Ágústs Einarssonar um Sjálfstfl., þá er það staðreynd, að a. m. k. mjög margir okkar sjálfstæðismanna hafa fullan vilja til þess að vinna að hagsmunamálum sjávarútvegsins af heilum hug, og það er enginn vafi að á því verður engin breyting.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Niðurfelling gjalda af efni til hitaveitna, þáltill. (þskj. 31). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem ég mæli hér fyrir, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum, svo að niður falli aðflutningsgjöld, vörugjald og söluskattur af efni og búnaði til stofnframkvæmda hitaveitna (þ. e. framkvæmda að dreifikerfi).“

Þessi þáltill. hefur verið tvívegis flutt áður, en ekki fengist fullnaðarafgreiðsla á henni. Ástæðan fyrir því, að ég flutti hana í fyrsta sinn, var m. a. sú, að þá voru í gangi allmargar athuganir á hugsanlegum hitaveitum, svo sem á Akureyri, frá Svartsengi, á Suðureyri við Súgandafjörð, Siglufirði og ein sveitahitaveita, þ. e. a. s. norður í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu. Síðan hafa þau gleðilegu tíðindi gerst, að margt af þessu hefur komist í framkvæmd. Má í því tilefni minna á gamla orðskviðinn: „fátt er svo með öllu illt að ekki fylgi nokkuð gott", því að segja má að það hafi orðið afleiðing orkukreppunnar, sem svo var nefnd, að við Íslendingar höfum tekið allhraustlega á því máli að taka okkar innlendu orku — jarðvarmann — til mjög aukinna nota.

Það hefur verið venja, eftir því sem ég veit best, að þegar framkvæmdir við raforkuver eru í gangi, sem venjulega eru við ekki nema eitt eða í mesta máta tvö í einu, þá hefur verið farin svokölluð heimildarleið á fjárlögum, að ýmsar álögur ríkisins á búnað til þeirra hafa verið felldar niður, þ. e. a. s. það hefur verið heimild á fjárlögum til að fella álögur niður. Hins vegar er svo háttað með jarðvarmaveitur, að þær geta verið margar á framkvæmdastigi á hverju ári og heimildir á fjárlögum því þyngri í vöfum. Þó er það sérstaklega ástæðan fyrir því, að ég hef flutt þessa till., að ýmsar þær jarðvarmaveitur, sem eru í athugun, eru þannig staddar, að kannske eru þær ekki hagkvæmar ef þessi gjöld eru lögð á, en á takmörkum þess að vera hagkvæmar eða kannske aðeins hagkvæmar séu þau felld niður. Þess vegna held ég að það sé mikilsvert fyrir þá, sem eru með þessar athuganir í gangi, að vita í eitt skipti fyrir öll að það yrði að reglu hjá íslenska ríkinu að gefa þessi gjöld eftir. Það er aðaltilgangurinn með þessum flutningi að svo verði gert.

Mig langar, þó ég viti að öllum hv. þingheimi eru þessi mál jafnljós og mér, til að minna á það hér, að nú er í athugun t. d. hitaveita til Þorlákshafnar, til Borgarness, til Akraness og enn, svo ég haldi mig við Norðurlandið, er nú verið að koma hitaveitu til Akureyrar, sem er á margan hátt erfið í framkvæmd vegna þess að borkostnaður eftir heita vatninu hefur reynst erfiðari en við var búist á tímabili. Í sambandi við það hafa verið gerðir samningar við heilt sveitarfélag að leggja þangað hitaveitu í leiðinni, þ. e. Öngulstaðahrepp, og hlýtur sú stofnlögn að verða allmikil og kostnaðarsöm í framkvæmd. Hef ég það m. a. í huga í sambandi við þennan tillöguflutning. En svo ég komi aftur að t. d. Borgarnesi og Akranesi, þá vitum við öll að þar er einmitt verið að athuga með mikla og merkilega framkvæmd, þ. e. a. s. að koma á hitaveitu fyrir báða þessa staði í einu með lögn frá t. d. Deildartunguhver eða borholum í bæjarsveit. Einmitt afgreiðsla þessa máls gæti valdið því, að hagkvæm niðurstaða yrði um athugun á þessu máli og vafalaust Þorlákshöfn líka.

Ég ætla ekki að fjölyrða lengur um þetta mál, þykist vita að öllum sé málið mjög vel ljóst og vænti þess að nú verði tekið þannig á málinu að það fáist samþykkt. Ég óska eftir að málinu verð að lokinni umr. vísað til allshn.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Mig langar til þess að styðja þetta mál með örfáum orðum.

Það er að vísu svo, að í lögum eru heimildir fyrir því, að niður séu felld þessi gjöld af hitaveituframkvæmdum, og þær heimildir er að finna í 56. tölulið 3. gr. laga nr. 120 frá 1976, um tollskrá o. fl. Þær heimildir hafa verið notaðar á undanförnum árum, en þó ekki alltaf með sama hætti. Þannig var ákveðið að lána þessi gjöld af framkvæmdum við hitaveitu frá Svartsengi, en hins vegar ákvað fjmrn., þegar leitað var eftirgjafar á þessum gjöldum vegna hitaveitu frá Deildartunguhver bæði til Akraness, Hvanneyrar og Borgarness, að fella þessi gjöld niður að undanteknum 15 km, en eins og kunnugt er er það sérstakt við þessa hitaveitu, að aðveituæðin er óvenjulega löng, eða rúmlega 60 km á milli Deildartunguhvers og Akraness. Rn. féllst á þau rök, að þessi sérstaða framkvæmdarinnar leiddi til þess, að eðlilegt og sanngjarnt væri að fella gjöldin niður að öllu öðru leyti en því, að þau verða greidd af sem svarar 15 km aðveituæð, og gjöldin af þessum 15 km verða lánuð til nokkuð langs tíma með hagkvæmum kjörum.

Eins og fram kemur í grg. þessarar till., byggist þessi framkvæmd á því, að heimild er fyrir því í áðurgreindum lögum að fella þessi gjöld niður. Mér finnst og mörgum öðrum — og tek undir með flm. að því leyti — að það sé eðlilegt og sjálfsagt að þessi gjöld séu í framtíðinni undantekningarlaust felld niður. Ég styð þetta sjónarmið þeim rökum fyrst og fremst, að það er ákaflega misjafnt, eftir því hvar menn búa í þessu landi, hver upphitunarkostnaður húsnæðis er. Það er eðlilegt og sjálfsagt að ríkisvaldið beiti sér fyrir því að jafna þennan aðstöðumun. Það verður best gert með því að fella niður umrædd gjöld af framkvæmdum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lengi hefur tíðkast að fella sambærileg gjöld niður af raforkuvirkjunum og einnig af megindreifilínum fyrir raforku.

Það er ákaflega misjafnt hverjar eru horfurnar á rekstri hitaveitna sem fyrirhugaðar eru og eru í byggingu, en eitt er öldungis víst, að í fjölmörgum tilfellum ræður það úrslitum um rekstrarmöguleika hitaveitna hvort þessi gjöld eru felld niður eða ekki. Þessi gjöld eru mjög verulegur hluti af kostnaðinum við lagningu hitaveitna, og skiptir meginmáli hvort þau fást felld niður eða ekki. Og enn má gera ráð fyrir því, að á næstu árum verði teknir til virkjunarstaðir sem eru mun óhagkvæmari en fyrri virkjunarstaðir, og þar af leiðandi er enn þá brýnna að taka um það fullnaðarákvörðun, að þessi gjöld í ríkissjóð verði eftirleiðis ekki innheimt af slíkum framkvæmdum sem hér um ræðir.

Ég ítreka, að mér finnst að það eigi að samþ. þessa till. og að framkvæmd þessara mála eigi að vera með þeim hætti sem till. gerir ráð fyrir. Ég tel að hér sé fyrst og fremst um að ræða sanngirnismál þeirra manna sem búa við hærri upphitunarkostnað húsnæðis en annars staðar er í landinu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa fylgi mínu við þessa till. og tek undir rök hv. flm. og hv. síðasta ræðumanns í því efni. Það er enginn vafi á því, að jarðvarmi er hagkvæmasti orkugjafinn til upphitunar húsa. Þar kemst ekkert í samjöfnuð. Þess vegna er ákaflega þýðingarmikið frá þjóðhagslegu sjónarmiði að við hagnýtum jarðvarmann sem mest.

Fyrir u. þ. b. fjórum árum var talið að það væru ekki nema um 50% landsmanna sem ættu þess kost að hagnýta jarðvarmann til upphitunar húsa, en á síðustu fjórum árum hefur verið gert alveg sérstakt átak til að kanna möguleika á hagnýtingu jarðvarmans, með þeim árangri, að nú er svo komið að talið er að um 80% af íbúum

landsins geti hagnýtt jarðvarmann til upphitunar húsa.

Hitaveiturnar hafa þýðingu til hagnýtingar jarðvarmans. Hv. flm. þessarar till. talaði mest um jarðvarma í sambandi við hitaveitur. En líta verður svo á að hitaveitur, eins og það orð er skilgreint í orkulögunum, eigi við varmaveitur hver sem orkugjafinn er, hvort sem hann er jarðvarmi, rafmagn eða olía, þ. e. a. s. ef um jarðvarmaveitu er að ræða, hver sem orkugjafinn er. Ég vil mega líta svo á að þessi till. eigi við hitaveitur hver sem orkugjafinn er.

Það orkar ekki tvímælis, að þýðingarmikið er, eins og ég sagði áðan, að hagnýta jarðvarmann til upphitunar húsa. En það er svo ástatt, að í vissum landshlutum er það ekki mögulegt vegna þess að jarðvarmi fyrirfinnst ekki, a. m. k. ekki enn þá. Í því sambandi má t. d. sérstaklega nefna Austfirði, og svo er ástatt víðast hvar á Vestfjörðum enn sem komið er, þó að það sé ekki fullreynt enn þá frekar en raunar á Austfjörðum. Það þolir ekki bið, þar sem jarðvarmi er ekki, að gerðar séu ráðstafanir til að koma upp hitaveitum til að geta hagnýtt rafmagn eða olíu sem orkugjafa við hitaveitur, vegna þess að með slíkri notkun er komið á mikilli hagkvæmni frá því að nota rafmagn til beinnar upphitunar eða hafa olíukynta miðstöð í hverju íbúðarhúsi fyrir sig.

Þess vegna er það að þessi till., eins og ég vil mega styðja hana, hefur ekki einungis þýðingu til þess að hagnýta jarðvarmann, heldur einnig til þess að koma á skynsamlegri hagnýtingu á rafmagni til upphitunar, olíu eða hvaða orkugjafa sem er. Þetta er mjög þýðingarmikið mál, vegna þess að um leið og verið er víða um landið að vinna að byggingu hitaveitna með jarðvarma sem orkugjafa, þá er líka verið að vinna að uppbyggingu hitaveitna með öðrum orkugjöfum en jarðvarma. Nægir í því sambandi að benda á þá framkvæmd, sem nú stendur yfir af hálfu Orkubús Vestfjarða á Ísafirði, og fleiri fyrirhugaðar framkvæmdir hjá því fyrirtæki. Einnig má benda á það, að uppi eru fyrirætlanir t. d. á Höfn í Hornafirði um að koma upp slíkri hitaveitu, og auðvitað er svo á fjölmörgum öðrum stöðum á landinu.

Ég stóð upp fyrst og fremst til að leggja áherslu á þennan þátt málsins. Ef eitthvað er, þá gerir þessi túlkun þessa till. enn þýðingarmeiri. En ég legg áherslu á orðið hitaveita verði skilið hér í merkingu orkulaganna, þ. e. a. s. að það sé um að ræða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknum veitusvæðum frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjöfum, hverjir sem þeir kunna að vera.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég fagna þessari till. og styð hana, en ég tel ástæðu til að taka alveg sérstaklega undir orð hv. 5. þm. Vestf. í sambandi við það sem hann stakk upp á, að þetta orð yrði víðfeðmara, það næði yfir varmaveitur almennt.

Eins og öllum er sjálfsagt kunnugt, hefur landinu til skamms tíma verið skipt hvað þetta snertir, þannig að það hefur verið talað um hin svokölluðu „köldu svæði". Eins og kom fram hjá hv. þm., eru þau Vestfirðir, Austfirðir og Snæfellsnes. Ég vil þó benda á að ekki er öruggt að slá slíku föstu af hendi vísindamanna okkar því þeir hafa sjálfir sannað að svo er ekki. Hafa verið gerðar rannsóknir á Snæfellsnesi t. d. á undanförnum árum og boraðar hitastigsholur, sem nú er sannað að eru jákvæðar, þ. e. sýna hátt hitastig. Hins vegar skortir Orkustofnun enn fjármagn til að gera tilraunaborun, og eftir því er beðið.

Hins vegar er það mjög mikilvægt, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan, að það verði einnig litið til þeirra framkvæmda, sem ýmis sveitarélög eru nú að undirbúa, þ. e. a. s. hinna svokölluðu varmaveitna, sem byggðar eru upp á annan hátt en hitaveiturnar. Þetta er stórmál sem verður að taka með því að við hljótum allir að vera sammála um að það eru ekki aðeins 80%, heldur öll þjóðin sem þarf að búa við þau skilyrði sem skapast í sambandi við hitaveiturnar. Ég tel ástæðu til að fagna því, að stjórnvöld hafa á undanförnum árum vissulega sinnt þessu máli vel og örvað framkvæmdir víðs vegar um landið að því er varðar hitaveitur. Þess vegna ættu allir að geta verið sammála um að hér er stefnt í rétta átt.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég vil aðeins af þessu tilefni þakka flm. fyrir að hann skyldi flytja þessa þáltill., sem er mikið nauðsynjamál. Ég þarf ekki að fara neinum orðum um það, hvílík þjóðhagsleg þýðing hitaveitna er, það vita aðrir hv. alþm. ekki síður en ég. En við þurfum að athuga það, að sennilega hafa nú verið virkjuð öll ódýrustu svæði fyrir jarðvarmaveitur sem til eru í landinu, og þær jarðvarmaveitur, sem framvegis verður farið í að framkvæma, verða tiltölulega dýrari en þær sem hingað til hefur verið ráðist í.

Ég vil t. d. nefna að hitaveita Borgarfjarðar er það dýr vegna fjarlægðar hitagjafans frá neyslustöðum, að ef aðflutningsfjöld fást ekki niður felld, þá er vafasamt að hún geti selt orkuna á sama verði og þarf til að hita þessi svæði með olíu. Síðasta áætlun, sem ég hef séð frá Hitaveitu Borgarfjarðar, bendir til þess, að um 20% af stofnkostnaði hitaveitunnar séu aðflutningsgjöld sem renna til ríkissjóðs. Ef þetta yrði greitt mundi Hitaveita Borgarfjarðar ekki geta selt orku sína á samkeppnisfæru verði við olíukyndingu fyrstu árin. Það yrði dýrara að hita upp Akranes, Borgarnes og Hvanneyri með hitaveituæðinni frá Deildartungu en að hita sömu staði með olíu. Hins vegar hefur það komið fram hér hjá hv. 7. landsk. þm., að loforð er frá fjmrn. um að hluti þessara gjalda verði felldur niður og hluti verði lánaður. Slík hentistefnusjónarmið finnst mér ekki eiga við. Það á alfarið að fella þessi gjöld niður, svo að þessi svæði og önnur svæði, sem munu nýta jarðvarma til upphitunar húsa, geti ráðist í þessar framkvæmdir svo að hagkvæmt sé ekki bara þjóðfélagslega, heldur líka fyrir íbúa svæðanna.

Flm. (Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég þakka kærlega hv. þm. sem hafa tekið undir þessa till. mína og stutt hana. Ég vil lýsa því hér yfir, að ég hef ekkert á móti því, að sá skilningur sé lagður í hana sem hv. 5. þm. Vestf. var að mælast til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 18. fundur.

Mánudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. nóv. 1978.

Jónas Árnason, 4. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég af heilsufarsástæðum mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi, Skúli Alexandersson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Ég vil nú biðja kjörbréfanefnd að taka við kjörbréfinu og athuga það og gef 5 mínútna fundarhlé á meðan sú athugun fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur hatt til meðferðar kjörbréf Skúla Alexanderssonar, Hellissandi, sem er 1. varaþm. Alþb. í Vesturlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd leggur til, að kosning Skúla Alexanderssonar verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. S. l. þriðjudag fóru fram hér í Sþ. allmiklar umr. utan dagskrár, um setningu Magnúsar Torfa Ólafssonar í sæti blaðafulltrúa ríkisstj., og komu fram af hálfu nokkurra þm. nokkrar athugasemdir við þá ráðstöfun. Þar sem ég gat ekki verið á þessum fundi tel ég rétt að grípa tækifærið á þeim fyrsta fundi, sem ég mæti á eftir að þetta átti sér stað, til þess að koma á framfæri skýringum mínum varðandi þessa ráðstöfun og leiðrétta þann misskilning sem ég tel að athugasemdir hv. þm. hafi byggst á.

Ég tel að aths. þm. og gagnrýni hafi byggst á þeim misskilningi, að hér væri um nýja stöðu, nýtt embætti að ræða. Svo er ekki. Embætti blaðafulltrúa ríkisstj., sem að vísu hét þá blaðafulltrúi utanrrn., var stofnað 13. maí 1944 og var svo enn meir og rækilegar undirstrikað með því, að sá maður, sem í það var settur, var gerður að deildarstjóra árið 1959. Síðan hefur þetta embætti verið löghelgað. Á því var svo gerð sú breyting með reglugerð um stjórnarráðið, reglugerð nr. 96/1969, sem sett er samkvæmt 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og öðlaðist gildi 1. jan. 1970, að embætti blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar skyldi heyra undir forsrn. Á því hefur ekki verið gerð nein breyting síðan.

Ég tel þess vegna að það orki ekki neinna tvímæla, að þarna sé um löghelgað embætti að tefla. Í því sambandi skiptir engu máli þó að lögskipuð staða hafi verið auð, ef svo má segja, um nokkurn tíma, að ekki hafi verið í hana skipað eða sett. Hún er eftir sem áður í lögum. Í því sambandi nægir að benda á þau alkunnu dæmi og fjölmörgu dæmi þegar prestaköll standa auð árum saman og án þess að prestar séu í þau skipaðir eða þegar læknishéruð eru óveitt árum saman, án þess að þau séu veitt. Það dettur ekki nokkrum lifandi manni í hug, hvað þá alþm., að staða sé fallin niður fyrir þær sakir, að hún hefur ekki verið veitt, annaðhvort af því að ekki hafa fengist menn til að gegna þeim störfum, eða af öðrum ástæðum.

Þegar um er að ræða setningu eða skipun í embætti, sem fyrir er og er í lögum, fer það mál aldrei — ég þekki þess engin dæmi — fyrir ráðninganefnd ríkisins, ef skipað er í þá stöðu eða sett. Ég þekki þess heldur engin dæmi, að það sé gengið til fjvn. og spurt um hvort megi setja menn eða skipa í lögboðnar stöður. Það er sá ráðh., sem málið heyrir undir, sem tekur ákvörðun um það, eftir atvikum með samþykki fjmrh. að sjálfsögðu.

Sú regla, sem mönnum var tíðrætt um s. l. þriðjudag, að það hafi verið gengið fram hjá fjvn. í þessu efni og fram hjá ráðningarnefnd ríkisins, á því aðeins við að um ný störf, nýjar stöður sé að tefla. Ég þekki engin dæmi hins. Og það má kallast furðulegt, að hv. fjvn.-menn þekkja ekki þær venjur, þekkja ekki þá algildu starfshætti. Það þarf varla að taka það fram, því að ég held að allir hv. alþm. hljóti að þekkja þá reglu, að fjárlög geta ekki breytt lögum. Og þó að það sé óskaplega lofsvert af hv. fjvn. að vilja spara, — já, vilja jafnvel leggja niður og skera niður lögboðin störf eða stöður, þá getur hún það ekki, e. t. v. má segja: því miður, en hún getur það ekki. Hitt er annað mál, að hún getur haft frumkvæði að því að bera fram lagabreytingar til þess að ráða bót á því, ef hún telur ofsett á jötu ríkisins. Margir eru þeirrar skoðunar, að yfirbyggingin sé orðin helst til mikil, og enginn mundi fagna því meira en ég, ef hv. fjvn. tæki nú rögg á sig og hefði frumkvæði um að koma með lagafrv. um að skera niður störf hjá ríkinu og stöður. Það er stórt verkefni sem hennar bíður þar. Þess vegna kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir, þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fer að tala um það hér á Alþ., að rætt hafi verið um það í fjvn. að leggja þetta starf — starf blaðafulltrúa ríkisstj. — niður og skera niður umbeðna fjárveitingu vegna þess. Ég endurtek það, að hv. fjvn., hversu merk sem hún er — og ég ber vissulega mikla virðingu fyrir þeirri n., getur ekki skorið niður laun vegna lögboðinna embætta. Til þess þarf einfaldlega lagabreytingu. Við höfum heyrt um það kvartanir og kveinstafi ár eftir ár, að svo og svo mikið af fjárlagaútgjöldum ríkisins sé bundið í lögum og því er játað og það er almennt viðurkennt, að við því geti fjárlagalöggjafinn ekki hróflað, og þeim starfsháttum verður nú ekki breytt. En eins og ég sagði áðan, þá getur fjvn. auðvitað tekið upp frumkvæði að því, að stöður og störf séu lögð niður, en hún verður að gera það með þeim hætti að bera fram lagafrv. hér á Alþingi um það efni. Já, ég ber mikla virðingu fyrir hv. fjvn., en hún er ekkert merkari en hver önnur nefnd þingsins, þó að einhverjir

þm. gangi með þá grillu.

Til þess að skipa í stöður eða embætti, sem fyrir eru, þarf auðvitað enga formlega samþykkt í ríkisstj. Þær aths., sem fram komu um það efni, voru þess vegna algerlega út í hött. Það er ekki siður, hefur aldrei tíðkast og ég veit þess ekki dæmi þau ár sem ég hef setið í ríkisstj., að ráðh. komi með það inn á ríkisstjórnarfund og leiti eftir formlegri samþykkt á því, að það skuli sett eða skipað í eitthvert embætti sem undir hann þó óumdeilanlega heyrir. Ég þekki þess ekki dæmi. Það er allt annað mál, að ef hefði átt að leggja þá stöðu t. d. sem um er að ræða niður, þá hefði þurft að koma með það inn á ríkisstjórnarfund og þá hefði verið eðlilegt að koma með það inn á ríkisstjórnarfund og ganga frá formlegri samþykkt þar um það, sem hefði þá getað orðið upphaf að reglugerðarbreytingu í þá átt að leggja starf blaðafulltrúa ríkisstj. niður, að leggja niður starf upplýsingamiðils ríkisstj. En sem betur fer hefur enginn ráðh. lagt til að leggja slíkt starf niður.

Ég tel augljóst af því sem ég hef sagt, að það er ekki nokkur minnsta fjöður til að hanga á fyrir hv. fjvn. til þess að móðgast út af því, að setning þessa manns í starf blaðafulltrúa hafi ekki verið borin undir hana, né heldur er nokkur ástæða til þess fyrir hæstv. ágæta samráðh. mína að hneykslast á því, að ég skuli hafa framkvæmt þessa embættisathöfn án þess, að hafa kynnt þeim það fyrir fram formlega á ríkisstjórnarfundi — ekki nokkur. Hitt er jafnrétt og satt, að ég hef ekki lagt neina launung á það, að ég ætlaði að skipa blaðafulltrúa ríkisstj., ég teldi nauðsynlegt að fá mann í það starf, enda mun það hafa komið fram í þessum umr., að hæstv. ráðh. könnuðust við að ég mundi hafa hreyft því máli og látið þá skoðun í ljós. Og ég hygg að — ja, ég vil segja a. m. k. flestum — ég veit ekki hvort einhver vill undanskilja sig því af mínum ágætu hæstv. samráðh. — hafi verið fullkunnugt um þessa ætlan mína. A. m. k. get ég sagt það, að ýmsir samráðh. bentu mér á af góðum hug hugsanlega ágæta menn til þessa starfa.

Þá kom það fram í umr. af blaðafregnum að dæma, að hér væri um nokkuð viðurhlutamikið mál að tefla, þar sem blaðafulltrúi þessi væri skipaður til lífstíðar, að því er virtist, og ætti að sitja af sér allar stjórnir. En ég vil nú leiðrétta þann misskilning og vil því til sönnunar lesa upp bréf það sem Magnús Torfi Ólafsson hefur fengið, það er stutt og laggott:

„Hér með eruð þér settur til þess að vera blaðafulltrúi ríkisstj. frá 1. nóv. 1978 að telja."

Sama dag er fjmrn. skrifað svo hljóðandi bréf, með leyfi forseta:

„Hér með tilkynnist fjmrn., að Magnús Torfi Ólafsson fyrrv. ráðh. hefur frá 1. nóv. verið settur til þess að vera blaðafulltrúi ríkisstj. Er þess beiðst, að fjmrn. feli ríkisféhirði að greiða honum viðeigandi laun."

Ég þarf varla að taka það fram, að ég hafði fengið áður samþykki hæstv. fjmrh. fyrir því, að honum yrðu greidd laun til áramóta, þó að ekki sé fjárlagaheimild til fyrir því, en hins vegar hafi verið sótt um fjárveitingu fyrir næsta ár og hún tekin athugasemdalaust, að ég hygg, upp í tillögur hagsýslu- og fjárlagadeildarinnar. Hér er því aðeins um setningu að ræða sem hægt er fyrir einhvern mann mér vitrari, þegar hann tekur við af mér, að leiðrétta. En ég hef litið svo á, að það væri æskilegt varðandi þetta starf fyrir báða aðila, bæði blaðafulltrúann og ríkisstj., að það fengist nokkur reynslutími til þess að hvor um sig gæti gert það upp, hvort blaðafulltrúinn teldi starfið heppilegt fyrir sig og hvort ríkisstj. teldi hann heppilegan í þessu starfi. Þetta er aðferð sem vel má eiga við í sumum tilfellum, og ég álít að hún gæti vel átt við í þessu tilfelli. Hitt er svo auðvitað mál, að áður en skipun á sér stað verður starf þetta auglýst, enda er það forseti sem skipar í embætti blaðafulltrúa ríkisstj.

Mér þykir ákaflega mikið miður, að sumir hv. þm., sem gerðu aths. í umr. utan dagskrár s. l. þriðjudag, voru ekki gengnir í salinn þegar ég hóf mitt mál. En ég get ekki verið að endurtaka það sem ég hef um þetta sagt, og þeir verða þá að hafa sömu aðferðina og ég, að lesa það bara í blöðunum á eftir hvað ég hef sagt um þetta. (Gripið fram í.) Heldur hv. þm., að þeir gangi aftur? Ónei, þeir liggja kyrrir eftir þetta. Yfirleitt létu þessir hv. þm., sem hreyfðu þó aths. við þetta af þeim misskilningi, sem ég hef nú sýnt fram á, þau orð falla, að sá maður, sem settur hefði verið í þetta starf, Magnús Torfi Ólafsson, væri vel til þess fallinn. Þó lét einn hv. þm. þá skoðun í ljós, að þetta væri nokkuð hæpin ráðstöfun, því að þessi blaðafulltrúi væri formaður í stjórnmálasamtökum sem ættu ekki aðild að ríkisstj.

Þetta eru nú vægast sagt, — ja, hvað á ég að segja, aldamótasjónarmið, svo ég hafi ekki stærra orð yfir það, — sjónarmið sem hefðu vel getað átt sér stað um síðustu aldamót. Þau eiga ekki við í dag og eiga ekki að eiga við í dag. Það á ekki að spyrja um það, hver er pólitísk skoðun manns sem skipaður er í embætti, heldur hitt, hvort hann er hæfur til þess. Það á ekki að spyrja um það, þegar valinn er maður í embætti blaðafulltrúa ríkisstj., sem væntanlega getur átt eftir að þjóna ríkisstjórnum af ýmsum skoðunum og ýmsum gerðum, hver sé hans pólitíska skoðun. Hitt skiptir öllu máli, að maðurinn sé hæfur. Það hélt ég satt að segja að væri að verða ríkjandi sjónarmið nú á þessum tímum sem við lifum á, og það verð ég að segja þeim ungu, ágætu mönnum til hróss, að þeir eiga sinn þátt í að skapa það viðhorf, fordæma hitt, enda er því kastað fyrir róða.

En allt um það, þá er sannleikurinn sá, að þó að þessi tiltekni maður sé nú formaður í stjórnmálasamtökum, þá hafa þau stjórnmálasamtök lýst því yfir, að þau muni styðja núv. ríkisstj. til allra góðra verka, og það er sams konar stuðningsyfirlýsing og við megum una við frá nokkrum hv. þm. stjórnarliðsins.

Það er auðvitað mál, að ef það á að fara eftir mati ríkisstj. hvort verkin eru góð eða ekki, þá verða þau góð, því ríkisstj. fer ekki að framkvæma verk sem hún telur slæm. Náttúrlega verður annað upp á teningnum, ef sá fyrirvari er á þessum áskilnaði, að hann skuli vera eftir mati hlutaðeiganda.

Þetta er kjarni málsins að því er varðar hina lagalegu og formlegu hlið þessa máls. Og um það þarf ég ekki að hafa fleiri orð, nema tilefni gefist til.

Efnisatriðið er svo annað, þ. e. a. s. hvort þörf sé á starfi sem þessu fyrir ríkisstj. og hvort valinn sé hæfur maður til þessa starfs. Það eru þau raunverulegu efnisatriði sem hér skipta máli. Um lagahliðina og formshliðina getur ekki leikið nokkur vafi. Lengi vel var löggjöf um stjórnarráðið í heldur miklum molum og á sínum tíma voru ekki nema fjögur af rn. sem stofnuð voru með lögum, hin voru öll stofnuð með óformlegum hætti með stjórnarráðstöfunum. Ég fer ekki að rekja það, hvaða ráðh. eða hvaða flokki þeir tilheyrðu, sem best gengu fram í því. Það er allt bókað í ágætu riti, sem ég hef hér

meðferðis, Stjórnarráð Íslands eftir Agnar Kl. Jónsson, sem er alveg tilvalin bók fyrir nýja þm. að kynna sér af því að þar er mikinn fróðleik að finna.

Spurningin er þessi: Er ríkisstjórninni þörf á fréttamiðlun og upplýsingastreymi til fjölmiðla og almennings? Ég svara þeirri spurningu hiklaust játandi. Ég tel að ég sé ekki aðfinnsluverður fyrir að setja mann í þetta starf. Það gæti frekar verið að það mætti finna að því, að fyrrv. ríkisstj. skyldi ekki setja mann í starf blaðafulltrúa ríkisstj. (Gripið fram í.) Þá Magnús Torfa. Já, hann var eins góður þá og hann er nú, og það hefði kannske verið til bóta fyrir fyrrv. ríkisstj. að hafa slíka upplýsingamiðlun í fullkomnu lagi.

Ég held að það sé ákaflega þýðingarmikið, að það sé sem greiðastur gangur, ef svo má segja, á milli ríkisstj. og þeirra aðila, sem eru nefndir fjölmiðlar, og almennings. Við skulum segja líka að það sé krafa tímans og ég hef líka að vissu marki beitt mér fyrir því að ýta undir það sjónarmið með því að láta undirbúa og semja og leggja fram reyndar í fyrra frv. um rétt manna til þess að eiga aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Það frv. hefur nú verið endurflutt. Þess vegna varð ég óskaplega hissa, og má nú nota orðtakið, að mér duttu allar dauðar lýs úr höfði þegar þeir, sem af mestum áhuga hafa talað um opna stjórnsýslu, — og vel sé þeim fyrir það — og að almenningur þurfi að eiga sem greiðastan aðgang að upplýsingum, standa hér upp og fara að fetta fingur út í það, að settur hafi verið blaðafulltrúi. Að vísu gerðu flestir það af formlegum ástæðum sem byggðust á misskilningi hjá þeim. En þó er harmsefni, að það skyldi koma fram hjá sumum, að það væri ætlun hv. fjvn. að leggja svona störf niður, skera niður fjárveitingar til slíkrar starfsemi. Hvar eru þessir hv. þm. staddir?

Ég verð að segja það, að mér finnst lítið samræmi á milli orða og gerða þegar þannig er haldið á málum. Ég hafði litið svo á að þeir mundu taka því fagnandi, að það væri einmitt stigið mikið spor í þá átt að koma á lifandi, greiðara sambandi á milli stjórnvalda og þá fyrst og fremst í þessu dæmi sjálfrar ríkisstj., æðsta stjórnvaldsins raunverulega í landinu, og fjölmiðla og almennings. Ég trúi því ekki, að fjölmiðlar taki því ekki fagnandi að fá slíkan mann sem þeir geta snúið sér til, haft aðgang að, sérstakan, og fengið upplýsingar hjá. Ég trúi ekki því fyrr en ég tek á því, að árið 1978 sitji þeir menn í fjvn. sem fari að telja eftir fjárveitingu til slíks starfs, til slíks upplýsingastreymis, sem vilja skera slíkt starf niður, sem vilja halda því við, að allt sé sem áður fyrr, sem mest á bak við lokaðar dyr. Er það meiningin? Er það meiningin hjá hv. fjvn.-mönnum? Ég býst við að það verði þröngar dyrnar þar inn með önnur mál sem þarf að sækja um fjárveitingar til, eins og t. d. öryggisnefnd og því um líkt, ef hlutur þessa starfs verður sá sem sumir hafa látið í veðri vaka.

Hitt aðalatriðið er svo að hæfur maður veljist til þessa starfs. Það tel ég að hafi tekist. Auðvitað eru margir ágætir menn og ágætlega hæfir til þessa starfs, þ. á m. ágætir menn sem nefndir voru af samráðherrum mínum, þó ég tæki þennan mann fram yfir. Og það er af því, að sjónarmið mín í þessu efni eru þau, að þó að hér sé um að ræða það sem kallað er blaðafulltrúi ríkisstj. og hann heyri stjórnarfarslega undir forsrh., þá sé það meginatriði, að þessi maður sé sem sjálfstæðastur í starfi, eftir því sem unnt er, og hitt, sem er kjarnaatriði, að hann njóti trausts, hann sé viðurkenndur að vera vammlaus maður og heiðvirður, bæði fjölmiðlar og almenningur treysti þeim upplýsingum sem hann lætur frá sér fara. Þetta er sá höfuðkostur sem blaðafulltrúi hverrar ríkisstj. sem er þarf að hafa til að bera.

Auðvitað er það mín persónulega skoðun, en ég hygg þó skoðun æðimargra, að það sé leitun að manni sem betur fullnægir þessum skilyrðum en Magnús Torfi Ólafsson. Og það gladdi mig einmitt, að það kom fram hjá flestum þm., sem tóku til máls um þetta, að þeir gerðu ekki aths. við hann sem slíkan og hans starfshæfni, heldur luku einmitt lofsorði á hann. En það er of langt mál og ég ætla ekki að fara út í það, að það eru auðvitað ákaflega margháttuð störf sem bíða blaðafulltrúa ríkisstj. Hann verður að vera fjölfróður maður. Hann þarf að safna upplýsingum. Hann þarf að hafa tiltækar upplýsingar. Hann þarf að vera einstökum ráðh. og ríkisstj. til þjónustu með það að gefa út fréttatilkynningar. Hann þarf að tala við innlenda fjölmiðla. Hann þarf að standa í sambandi við erlenda fjölmiðla, taka á móti mönnum, þegar þeir koma hingað, og veita þeim upplýsingar, senda þeim upplýsingar o. s. frv., o. s. frv. Þarna er því um mjög mikilsvert starf að ræða að mínum dómi, — starf sem á að vera unnið á hlutlægan hátt, og þá fyrst þegar það er unnið á hlutlægan hátt er að því styrkur fyrir þá ríkisstj. sem slíkan blaðafulltrúa hefur, og skiptir engu máli hvaða ríkisstj. á í hlut.

Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, hvað ég hef tekið mikinn tíma hér. En mér skildist að það hefði orðið talsvert fjaðrafok út af þessu s. l. þriðjudag, og þess vegna vildi ég ekki láta dragast úr hömlu að standa fyrir máli mínu, því að annars hefði kannske getað farið eins og í einhverju ævintýrinu, lítil fjöður sem losnaði og varð eitthvað mikið úr um síðir. Það var rétt að taka strax fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að ég hef farið hér algjörlega að réttum lögum og eftir réttum formum. Ef einhverjir efast um það, t. d. hv. fjvn., þá tel ég mjög ráðlegt fyrir þá að leita til óvilhallra lögfræðinga og fá álit þeirra á því, hvort hér hafi verið vikið út af settum reglum.

Ég skal nú ekki frekar fjölyrða um það sjónarmið, sem haldið er fram, að það ætti eiginlega að ráða menn eftir pólitískum litarhætti í þetta starf. Það er eins og ég sagði löngu úr sögunni. Ég er ekki hræddur við að hafa þá, sem eru andstæðir mér í pólitík, að starfsmönnum. Ég hef haft yfir að segja fjórum rn. þann tíma sem ég hef verið ráðh. Ég hef ekki hugmynd um, hvar sumir þeirra eru í pólitík sem hafa starfað þar með mér, en um marga þeirra er alkunna að þeir hafa verið á andstæðri pólitískri skoðun við mig. Ég get lýst því yfir, að ég hef aldrei orðið var við að þeir hafi brotið af sér eða brotið þann trúnað sem ég hef sýnt þeim. Ég vil jafnframt segja það, að ég vona að enginn þeirra verði leiddur til vitnisburðar um það, að ég hafi á nokkurn hátt látið hann gjalda þess, hvaða pólitíska skoðun hann aðhylltist. Pólitík er góð, en pólitík verður að halda innan vissra marka. Þá fyrst getur kerfið gengið.

Ég skal, eins og ég sagði, ekki hafa þessi orð fleiri að sinni og ekki heldur taka til máls um þetta frekar, af því ég hef talið mig gera grein fyrir mínu máli og vildi ekki liggja undir neinu ámæli í sambandi við það. En ef tilefni gefst til getur verið að ég komi aftur upp í pontuna, því eins og ég sagði tók ég með mér nesti heiman að, bók Agnars Kl. Jónssonar um stjórnarráðið, þar sem ýmsan fróðleik er að finna og er eitthvert hið ágætasta rit sem

hefur verið skráð um þessi efni.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Því miður gat ég ekki verið við þegar umr. þessar hófust, þar sem ég var bundinn við störf annars staðar. En góðviljaðir menn hafa sagt mér frá helstu efnisatriðum í ræðu hæstv. forsrh., auk þess sem hæstv. ráðh. hefur lofað því að skýra þetta mál betur ef óskað er. Ég reikna sem sé með því, að hér sé til umræðu sú ráðstöfun, sem kom til umr. s. l. þriðjudag, að stofna til embættis blaðafulltrúa ríkisstj. með þeim hætti sem gert var, en ekki nein ný ráðstöfun sem kynni að hafa verið gerð síðar.

Ég tel það náttúrlega ekki vera sambærilegt að líkja starfi blaðafulltrúa ríkisstj. við starfsemi prests, því ég tel ekki að þarna hafi ríkisstj. verið að ráða sér sálusorgara, heldur verið að ráða sér blaðafulltrúa — og ekki aðeins það, heldur verið að stofna til embættis, eins og lagt er til að gera í fjárlagafrv., með tveimur föstum starfsmönnum og væntanlega einhverjum kostnaði í sambandi við það.

Það fer ekki á milli mála, öllum er það ljóst, að hv. Alþ. hefur sett ýmis lög sem gera ráð fyrir því, að ýmsar stofnanir ríkisins og ríkið sjálft hafi heimild til þess að ráða sér starfsmenn til tiltekinna verkefna. T. d. úir og grúir af slíkum heimildum í grunnskólalögunum. Engu að síður er hér aðeins um heimildarákvæði að ræða, og venjan hefur verið sú, þetta hefur verið framkvæmt þannig svo lengi sem ég þekki til, sem að vísu er ekki mjög lengi, að í slík embætti hefur aldrei verið ráðið nema til þess hafi fengist heimild ráðninganefndar ríkisins. Það hefur ávallt verið venjan, að menn, sem ráðnir eru til þjónustu hjá ríkinu, eru ráðnir annaðhvort samkvæmt samþykkt Alþingis í fjárl. um það, að störfin skuli stofna, ellegar með heimild í öðrum lögum að fenginni umsögn og afgreiðslu ráðninganefndar, og á þeim tíma sem ég hef starfað í fjvn., eru mýmörg fordæmi fyrir því, að ráðninganefnd ríkisins hefur ekki viljað fallast á að stofnanir ríkisins fái að ráða sér starfsmenn og fjölga sínu starfsliði, þó að í hinum og þessum lögum sé gert ráð fyrir því, að slík ráðning fari fram, slík ráðning sé heimil. Auðvitað verður einhver að reyna að halda í hemilinn á útþenslu ríkisbáknsins. Það hafa verið fjvn. Alþingis í umboði þessarar stofnunar og ráðninganefnd í umboði ríkisstj. og Alþingis.

Þegar þetta mál var rætt hér á þriðjudaginn í s. l. viku tók ég það sérstaklega fram og ég held allir þeir, sem um þetta mál töluðu, að ths. væru hér ekki fram færðar vegna þess, að Magnús Torfi Ólafsson hafi verið ráðinn blaðafulltrúi ríkisstj. Við tókum það sérstaklega fram, held ég allir þm eða nær allir sem hér töluðu, að maðurinn Magnús Torfi Ólafsson skipti engu máli í þessu sambandi, það sem máli skipti væri ekki heldur fjárupphæðin. Laun eins blaðafulltrúa vega ekki þungt á metaskálum ríkisfjármála, og það má kannske segja sem svo, að það muni ekki um einn kepp í sláturtíðinni. Hvorki einstaklingurinn Magnús Torfi Ólafsson né þeir fjármunir, sem hér eru í húfi, skipta meginmáli.

Það, sem skiptir meginmáli í þessu sambandi, er að það hefur verið ákveðið m. a. af þessari stofnun, hvernig með ráðningarmál manna skuli fara og bæði fjvn.-menn og ráðninganefnd ríkisins, fjvn.-menn nú í tvö sumur, hafa unnið hörðum höndum að því að koma í veg fyrir, að forstöðumenn ríkisstofnana beittu því valdi sínu sem þeir hafa til þess að ráða fólk fram hjá þessum reglum, og meira að segja með þeim hætti að hóta sumum forstöðumönnum ríkisstofnana að taka alveg af þeim ráðningarvaldið, ef þeir færu ekki að settum reglum, og fyrirskipa öðrum forstöðumönnum ríkisstofnana að segja upp ólöglega ráðnu starfsfólki, þ. e. a. s. starfsfólki sem þeir hafa heimild til þess að ráða í lögum, en hafa hvorki fengið fjárhagslegar heimildir frá Alþingi til að ráða né heimildir ráðninganefndar. Nú síðast í sumar sendi undirnefnd fjvn. frá sér mörg bréf með eindregnum tilmælum til viðkomandi fagráðuneyta um að launagreiðslur í slíkar óheimilaðar stöður yrðu tafarlaust stöðvaðar. Þegar það svo gerist, að hæstv. forsrh. í ríkisstj. sem ég styð, — ekki bara til allra góðra verka, heldur einnig til misgóðra verka, — þegar það gerist, að hæstv. forsrh., húsbóndinn á heimilinu, ræður starfskraft til ríkisins sem að vísu er heimild fyrir í lögum að ráða megi, en ekki hefur verið samþykktir og borinn undir ráðninganefnd og aðeins hefur verið gerð till. til fjvn. um að heimilað verði fjárútgjöld til á árinu 1979, — þegar hæstv. forsrh., húsbóndinn á heimilinu, sniðgengur þær venjur, sem ríkt hafa í þessum málum á umliðnum árum og þm. í fjvn. hafa barist fyrir að halda fram gagnvart forstöðumönnum ríkisstofnana, þá fannst mér ástæða til þess að gera ths., og ég tel að sú ths. standi enn í fullu gildi.

Það var ekki einu sinni leitað til ráðninganefndar til þess að spyrja um afstöðu hennar til þessa máls. Hæstv. ríkisstj. hafði gert till. um málið til Alþ. sem Alþ. hefur enn ekki afgreitt. Fjvn. er að fjalla um það, hvort hún muni leggja til að þessi till. í fjárlagafrv. verði samþ. eða hún verði felld. Fjvn. hefur enn ekki tekið afstöðu til þess. Ég spurði formann fjvn. um það síðast í morgun, hvort hann teldi að búið væri að taka afstöðu til þessa máls í n., og hann kvað nei við.

Það var bókað á fundi fjvn., þegar þetta mál kom þar til umr., — ég vil taka það fram, — okkur stjórnarsinnum þar til sárra leiðinda mörgum hverjum, að fara þess á leit við formann fjvn., að hann ræddi þetta mál sérstaklega við hæstv. fjmrh. og kæmi á framfæri við hann ths. nm. við þessa afgreiðslu og óskaði skýringa. Formaður fjvn. tjáði mér í morgun, að hann hefði þegar haft tal af hæstv. fjmrh., komið þessum ths. á framfæri við hann, óskað eftir skýringum hans og tekið það fram, að þessi till. í fjárlagafrv. væri, eins og aðrar till. í frv., enn til meðferðar í n. og hún ætti eftir að taka afstöðu til till., en mundi að sjálfsögðu ekki gera það fyrr en að fengnum nánari útlistunum hæstv. fjmrh. og eðlilegum skýringum. Þannig stendur sem sé þetta mál.

Það, sem ég vil leggja áherslu á að lokum í þessu sambandi, er að ítreka það, að engu máli skiptir í mínum huga hvað sá maður heitir, sem ráðinn er til þess að vera blaðafulltrúi ríkisstj. Ekki skiptir meginmáli í mínum huga sú upphæð, sem mun renna til þess að greiða honum laun úr ríkissjóði. En við skulum gera okkur fulla grein fyrir því, að stjórnvaldsathafnir hæstv. ríkisstj. grundvallast á því valdi sem hér er fengið, á því valdi sem við förum með, alþm., á því að við styðjum þær stjórnvaldsathafnir sem hæstv. ríkisstj. er að gera hverju sinni. Þess vegna finnst mér það sjálfsögð vinnubrögð, bæði af mínum ráðh. og ráðh. annarra flokka, að þeir hafi samráð sín á milli um þær ákvarðanir, sem teknar eru, og finnst mér ekki æskilegt að t. d. ráðh. þessarar hæstv. ríkisstj., sem ég styð heils hugar, heyri það í kvöldfréttum eins og aðrir þm., stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar, að þeir hafi verið að ráða sér blaðafulltrúa

þá um daginn eða forsrh. fyrir þeirra hönd, þegar þeir, eins og fram kom í máli tveggja hæstv. ráðh. hér s. l. þriðjudag, telja að málið hafi ekki fengið afgreiðslu á ríkisstjórnarfundi, ekki einu sinni hvort ráðið skyldi til þessa embættis, til þess stofnað eða ekki. Ég tel slík vinnubrögð ekki æskileg og tel eðlilegt að menn segi hug sinn þegar slíkt kemur upp, vegna þess að auðvitað getur þetta skapað fordæmi. Og ég held að þessi fordæmi, sem hér um ræðir, séu ekki æskileg, það sé ekki æskilegt að fjvn.-menn, sem styðja þessa hæstv. ríkisstj. og vilja leggja sig fram um að beita því aðhaldi í ríkisfjármálunum sem þessi ríkisstj. ætlar að beita, — ég tel mjög óæskilegt að þeir séu settir upp við vegg þannig að hægt sé að benda þeim á það, að hæstv. ríkisstj., sem þessir þm. styðja, fari sjálf ekki eftir þeim reglum sem þessum þm. er ætlað að gera forstöðumönnum ríkisstofnana að hlíta.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér hefur orðið langt mál af fremur litlu tilefni. Ég get þó ekki stillt mig um að leggja hér fáein orð í belg, en lofa því, að þau verði ekki mjög mörg.

Mér finnst þessar umr. hafa farið nokkuð fram hjá kjarna þessa máls. En kjarni þessa máls er auðvitað sá, hvort hér sé um nauðsynlegt embætti að ræða eður ei. Ég held að fram hjá því verði ekki komist. Og óneitanlega skýtur það svolítið skökku við, að ríkisstj. sem í öðru orðinu talar um sparnað og ítrasta aðhald í öllum rekstri ríkisins, skuli stofna til embættis sem orkar tvímælis, að ekki sé meira sagt, a. m. k. frá mínum sjónarhóli.

Nú hefur það komið fram hjá hæstv. forsrh., að s. l. 4 ár starfaði ekki blaðafulltrúi á vegum ríkisstj. 1971-1974 starfaði hins vegar blaðafulltrúi ríkisstj. Þá voru átökin í landhelgismálinu efst á baugi og þess vegna e. t. v. meiri nauðsyn á þessu embætti en oft ella. Þá starfaði líka sérstakur blaðafulltrúi Landhelgisgæslunnar, og hygg ég að fjölmiðlamenn hafi allt eins gjarnan snúið sér til hans varðandi upplýsingar í sambandi við átökin í landhelgismálinu. Ekki veit ég betur en í utanrrn. starfi sérstakur blaða- eða upplýsingafulltrúi, sem hafi einkum það hlutverk að annast samskipti við erlenda fjölmiðla og fjölmiðlafólk.

Ég byggi það á 16 ára reynslu eða svo í fréttamennsku og fjölmiðlun, að starf blaðafulltrúa af þessu tagi er ónauðsynlegur milliliður, oftast nær. Íslenskt þjóðfélag er ekki svo flókið og mennirnir ekki það margir hér, að venjulega er afskaplega einfalt fyrir þá frétta- og fjölmiðlamenn, sem þurfa að afla sér upplýsinga, að fá þær upplýsingar beint og milliliðalaust hjá ráðh. svo skulum við ekki heldur gleyma því, að hlutverk blaðafulltrúa er allajafna tvíþætt. Það er að miðla upplýsingum og líka á stundum að koma í veg fyrir óhagstæða upplýsingamiðlun. Þetta þekkja allir fjölmiðlamenn af eigin reynslu.

Hæstv. forsrh. talaði hér fagurlega um nauðsyn upplýsingastreymis og opins stjórnkerfis og stjórnsýslu. Þetta er auðvitað hárrétt og mikil nauðsyn. En ég held að þetta sé ekki endilega rétta leiðin, að stofna þarna nýtt embætti. Ef ráðh. ríkisstj. vilja halda góðu sambandi við fjölmiðla og almenning, þá gætu þeir einfaldlega haldið hver um sig einn blaðamannafund í mánuði. Þeim er það enginn ofætlan, að ég hygg. Þar geta þeir miðlað þeim fróðleik sem þeir vilja koma á framfæri. Þetta hefur ekki verið gert, en ég held að þetta mættu ráðh. gjarnan taka til athugunar.

Ég tel sem sagt, að ekki sé þörf á þessu embætti, og tek fram, að ég er eingöngu að ræða um embættið sem slíkt, ekki þann einstakling sem í það hefur verið skipaður, dreg mannkosti hans og hæfileika alls ekki í efa, síður en svo.

Mín skoðun er því sú, að hér sé verið að stofna embætti sem engin þörf sé að stofna, sé mætavel hægt að komast af án og að vel megi sjá fyrir upplýsingastreymi og eðlilegum samskiptum ríkisstjórnar ráðh. og fjölmiðla án þess að stofnað sé slíkt milliliðaembætti.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ef ég ætlaði að nota þetta mál til sams konar pólitískra loftfimleika og hæstv. forsrh., þá er ég ekki viss um að það yrði stutt. En af því að ég ætla að reyna að halda mér við efnisatriðin ein, þá skal ég reyna að hafa þetta stutt.

Þau ummæli, sem ég lét hér frá mér fara þegar þetta mál var á dagskrá í síðustu viku, urðu hæstv. forsrh. tilefni til þess að dansa nokkuð snyrtilega í kringum veruleika sem hann bjó sér til sjálfur, en var í engu samhengi við það sem ég sagði. Ég vil hins vegar, áður en ég kem að því, fagna sérstaklega að hæstv. forsrh. skuli nú hafa gengið í lið með mér á þessum fundi til þess að leiðrétta þær missagnir sem hæstv. fjmrh. hafði um þetta mál hér í síðustu viku.

Málflutningur hæstv. fjmrh. í þeim umr. var á þann veg, að hér væri um að ræða stöðu sem væri hliðstæð hinum svokölluðu aðstoðarráðherrastörfum, og allt mat á því, hvað væri rétt eða rangt, hvað væri eðlilegt eða óeðlilegt í þessum efnum, bæri að fara fram á þeim grundvelli, að hér væri um stöðu eins konar aðstoðarráðherra að ræða, líkt og tveir aðrir ráðh. í núv. ríkisstj. hefðu þegar tekið sér.

Erindi mitt í þennan ræðustól var að benda hæstv. fjmrh. á það, að þetta væri rangt, hér væri um að ræða embætti eins og venjuleg embætti ríkisins og fylgdi það þeim reglum sem um þau væru sett. Ég fagna því sérstaklega, að þetta hefur komið fram nú.

Ég skal taka undir það með hæstv. forsrh., að það atriði, hvernig hann velur að ráðstafa stöðunni nú, undirstrikar enn frekar hvers eðlis þetta embætti er, hann viðurkennir að vissu leyti sérstöðu þess innan þessarar embættisskipunar með því að setja umræddan mann, en ekki skipa hann.

Athugasemdir mínar um pólitíska stöðu umræddrs einstaklings voru eingöngu tengdar því, að hér væri um að ræða hliðstæðu aðstoðarráðherrastöðu, eins og fjmrh. lét í ljós. Hitt er svo annað mál, úr því að menn eru farnir almennt að hæla sér af því að vera að færast nær nútímanum, sem vissulega ber að taka undir og fagna, þá hefði mér þótt eðlilegra að þetta embætti, þegar það er nú tekið upp á nýjan leik sem starfslegur vettvangur, sem það hefur ekki verið, að það hefði verið auglýst, þannig að öllum þeim fjölmörgu góðum starfskröftum, sem í þessu þjóðfélagi eru, hefði gefist kostur á að sækja um það á eðlilegan hátt. Við, sem viljum hafa nútímaleg vinnubrögð í þessum efnum, hefðum talið það eðlilegra.

Ég vil svo taka undir með hæstv. forsrh., að hið merka rit Agnars Kl. Jónssonar er að mörgu leyti fróðleg bók. En það er með þá bók eins og mörg önnur fræðirit, að það er oft forvitnilegra, sem stendur í neðanmálsgreinum, en hitt sem stendur í megintextanum. Í einni neðanmálsgrein þessarar bókar er m. a. vitnað til umr. sem áttu

sér stað á Alþ. fyrir röskum áratug, þegar núv. hæstv. forsrh. gerði athugasemdir við það, hvernig efnahagsráðuneytið varð til og hvaða vinnubrögð voru höfð í þeim efnum. Úr því að við erum á annað borð farnir að gefa hvor öðrum ábendingar um lesefni úr ræðustól hér á Alþ., þá vil ég sem einn úr röðum hinna ungu þm. benda á þá ágætu ræðu sem í þessu merka riti er vitnað til neðanmáls, sem það fordæmi sem ég vildi kjósa að hæstv. forsrh. fylgdi.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég vil ítreka það sem kom fram hjá mér hér um daginn, að þessi staða blaðafulltrúa ríkisstj. er hliðstæð stöðu aðstoðarmanna ráðh. að því leyti, að hvort tveggja er ákveðið í lögum og þarf þess vegna ekki að fara fyrir ráðninganefnd ríkisins. Þetta hygg ég að hafi komið skýrlega fram í ræðu minni hér um daginn, og ég vildi aðeins ítreka það að gefnu tilefni.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég tók ekki þátt í þeim umr., sem um þetta mál stóðu hér s. l. þriðjudag, og hafði ekki hugsað mér að gera það nú, nema vegna þess að ég teldi nauðsynlegt að koma á framfæri upplýsingum um starfsreglur fjvn. og þau gögn, sem hún tekur mark á, þegar um heimilaðar eða óheimilaðar stöður er að tefla.

Hæstv. forsrh. hefur hér greint frá því, að hann telji að staða blaðafulltrúa ríkisstj. sé löghelguð staða og þurfi því ekki að fara fyrir ráðninganefnd né taka um það ákvörðun af fjvn., hvort stofna skuli embættið eða ráða í það í einn tíma eða annan. Ég skal ekki fara út í að deila við hæstv. forsrh. um þetta efni og ekki blanda mér í efnisumr. um þetta mál að svo komnu. En ég tel nauðsynlegt að það komi fram, að fjvn. hefur þær reglur að fara eftir því, hvað í Starfsmannaskrá ríkisins segir um heimilaðar eða óheimilaðar stöður. Í Starfsmannaskrá ríkisins frá 1. janúar 1978 er ekki um að ræða neina ónotaða, en heimilaða stöðu í forsrn. Þar er ekki heldur um neina stöðu að tefla sem er ráðið í án heimildar, heldur nákvæmlega þær stöður sem heimildir eru taldar vera fyrir. Þegar þessi Starfsmannaskrá ríkisins var samin hafa því þeir, sem stóðu að því verki, ekki verið sömu skoðunar og hæstv. forsrh. er nú um heimild til slíkrar stöðu.

Fjvn. gengur ekki í það að kanna heimildir í lögum í hverju og einu tilviki. Hún tekur mark á því sem þessi bók segir, Starfsmannaskrá ríkisins, ef ekki eru gerðar athugasemdir við það af starfsmönnum hagsýslustofnunar sem eru viðstaddir okkar störf í fjvn. Auðvitað er þessi bók ekki lög. En hún er gefin út af Stjórnarráði Íslands og fjvn. sem þingnefnd ætlast til þess, að það megi treysta því sem þar kemur fram, hafa enda ekki verið bornar brigður á það fyrr að svo væri.

Um önnur atriði þessa máls ætla ég ekki að ræða til þess að misnota ekki þá heimild, sem hæstv. forseti hefur veitt okkur nokkrum þm. En ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram til þess að sýna fram á varðandi þær athugasemdir, sem hafa verið gerðar í fjvn. og s. l. þriðjudag hér úr þessum ræðustóli, að ef um misskilning er að ræða, þá byggist sá misskilningur á því sem þessi starfsmannaskrá greinir.

Aðrar aths. ætla ég ekki að láta falla að sinni, eins og ég þegar hef sagt, og ekki láta mér bregða við brýningar hæstv. forsrh. t. d. þess efnis, hvort það séu í raun og veru slíkir menn, sem sitji í fjvn. á því herrans ári 1978, er telji eftir stöðu eins og þessa eða annað það sem þarf að koma fram til útgjalda fyrir ríkissjóð eins og nú standa sakir. Það hentar kannske ekki okkur minnihlutamönnum að vera að kippa okkur upp við slíkar brýningar, en má þó vera að seinna verði til þeirra vitnað.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Umr. utan dagskrár enda oftast þannig, að þær breyta litlu sem engu um þau umræðuefni sem rætt er um hverju sinni. Þessi umr. virðist ekki vera nein undantekning frá því. Þær umr., sem hér hafa oft á tíðum farið fram utan dagskrár, virðast sjaldan leysa einn eða annan vanda. Þær eru fremur til komnar til þess að auglýsa eða vekja athygli á einu eða öðru umræðuefni en að leysa vandamál eða breyta einu eða öðru varðandi ákvarðanir sem teknar hafa verið.

Ég er þeirrar skoðunar varðandi þá umr., sem hér hefur farið fram, að það hafi borið brýna nauðsyn til að stofna til þess, að blaðafulltrúi tæki til starfa við ríkisstj. og yrði henni til aðstoðar til þess að miðla upplýsingum til fjölmiðla. Ég tel nauðsynlegt að ríkisstj. miðli hverju sinni miklum upplýsingum til fjölmiðla, þannig að almenningur eigi þess sem bestan kost að fylgjast með því, hvað sé að gerast í stjórnkerfinu í þeim innsta hring sem tekur mikilvægar ákvarðanir hverju sinni. Og ég er þeirrar skoðunar, að þessi ráðning brjóti ekki í bága við lög. *Hitt er svo rétt að benda á, að eðlilegra hefði verið* að nánara samráð hefði orðið innan ríkisstj. um skipan þessara mála. Og þá á ég kannske fyrst og fremst við það, að þetta er heldur leiðinlegt afspurnar, að það skuli upplýst hér í umr. að ráðherrar segi sem svo, að þeir heyri um slíkar mikilvægar niðurstöður og ákvarðanir forsrh. fyrst í kvöldfréttum í útvarpi.

Ég vil að lokum segja það, að ég treysti Magnúsi Torfa til þess að takast á hendur þau störf, sem forsrh. hefur falið honum, og óska honum góðs gengis í starfi hans. Ég vona að árangurinn af þessum umr. geti orðið sá, að samráð og samstarf ráðh. innan ríkisstj. og samstarfsflokka ríkisstj. komi til með að eflast og styrkjast frá því sem nú er. Til þess tel ég brýna þörf.

Efri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 13. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 62). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem flutt er á þskj. 62, um breyt. á lögum nr. 75, 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands, er þáttur í þeirri viðleitni dómsmrn. að koma á breytingum sem stuðla að auknum hraða í meðferð dómsmála. Frv. er lagt fram að ósk dómenda Hæstaréttar.

Í grg. með frv. kemur fram, að lítil fjölgun hefur orðið á starfsmönnum Hæstaréttar síðustu áratugi. Dómurum hefur t. d. aðeins fjölgað um einn frá árinu 1945. Álag á Hæstarétt hefur aftur á móti stóraukist hin síðari ár. Nærri lætur að 240 málum sé nú skotið til réttarins að meðaltali á ári. Á milli 120 og 130 af þessum málum er tekin til efnisúrlausnar. Þetta er mikið álag á dómstól, sem er skipaður fáum dómurum og hefur þar að auki á að skipa litlu starfsliði öðru. Er nú svo komið, að það mun

taka á að giska eitt ár að fá úrlausn í venjulegu einkamáli eftir að málið er komið á málflutningshæft stig. Það er vissulega of langur tími, bæði að mati hæstaréttardómara og hæstaréttarlögmanna. Í flestum æðstu dómstólum á Norðurlöndum er talið að ekki líði lengra en 6 mánuðir frá því að einkamál kemst á málflutningshæft stig þar til úrlausn fæst. Ber að mínu mati tvímælalaust að stefna að því takmarki hér á landi, en vonlaust er að ná því marki án þess að hæstaréttardómurum verði fjölgað og starfsaðstaða þeirra bætt.

Það skal tekið fram, að yfirleitt er engin töf á því að úrlausn fáist í Hæstarétti í sakamálum. Slík mál eru látin sitja í fyrirrúmi og yfirleitt tekin til meðferðar mjög fljótlega eftir að ágrip af dómsgerðum berast Hæstarétti. Gerð dómságrip getur hins vegar tekið allnokkurn tíma, ef mál eru mjög viðamikil.

Í frv. því, sem hér er fylgt úr hlaði, er lagt til að bætt verði við einum dómara í Hæstarétti og dómurum þannig fjölgað úr sex í sjö. Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir því, að þrír dómarar skipi dóm í kærumálum, nema þau séu sérstaklega vandasöm úrlausnar. Með þessu móti er rýmkuð heimild sú, sem tekin var upp í lög um Hæstarétt árið 1973, þess efnis, að þrír dómarar geti skipað dóm í minni háttar dómsmálum. Þessi breyting var einkum gerð í þeim tilgangi að hraða dómsúrlausnum þar eð búast mætti við að fleiri mál yrðu dæmd á ári hverju ef slíkri deildaskiptingu yrði við komið. Þessi heimild hefur verið allmikið notuð hin síðari ár eða í þriðja til fjórða hverju máli.

Með því að fjölga hæstaréttardómurum um einn og rýmka þriggja dómara heimildina ætti að skapast möguleiki á því, að dómurinn fjalli um kærumál svo og minni háttar einkamál og sakamál í tveimur þriggja dómara deildum. Yrði það eflaust til að hraða málsmeðferð almennt fyrir dómstólnum.

Í þriðja lagi er lagt til í frv. að áfrýjunarfjárhæð verði hækkuð úr 25 000 kr. í 200 000 kr. Hér er um að ræða nokkru meiri hækkun en nemur þeim breytingum á kaupgjaldi og verðlagi, sem orðið hafa frá árinu 1973, þegar áfrýjunarfjárhæð var síðast breytt. Með þessu móti er komið í veg fyrir að smæstu dómsmál geti gengið sjálfkrafa til Hæstaréttar. Rétt er þó að benda á að dómsmrh. getur leyft áfrýjun máls þótt sakarefni nemi ekki áfrýjunarfjárhæð, ef úrslit málsins eru mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila og Hæstiréttur mælir með því.

Fleiri leiðir en þær, sem koma fram í frv., eru að sjálfsögðu hugsanlegar til að hraða málsmeðferð fyrir Hæstarétti og draga úr þeim mikla fjölda mála, sem nú er skotið til dómsins. Ein leiðin er án efa sú að hækka dráttarvexti af dómskuldum almennt. Frv. þess efnis hefur nýlega verið lagt fram hér á Alþ., en hér er um að ræða mál sem er erfitt úrlausnar bæði í hagfræðilegu og lögfræðilegu tilliti. Ég hef látið kanna þetta mál sérstaklega með tilliti til hinna lögfræðilegu vandamála sem því eru tengd. Vonast ég til þess, að innan skamms verði hægt að kynna niðurstöðu þessarar könnunnar fyrir þn. sem nú fjallar um fyrrgreint lagafrv. Önnur leið til að létta álagi af Hæstarétti er að bæta við nýju dómstigi milli héraðsdóms og Hæstaréttar, þannig að minni háttar dómsmálum verði að jafnaði ekki skotið til æðsta dómstóls þjóðarinnar.

Í frv. til lögréttulaga, sem tvívegis hefur verið lagt fram á Alþingi, er gert ráð fyrir að fjölga dómstigunum í landinu. Verði sú breyting ofan á má ætla að verulega muni draga úr álagi því sem nú hvílir á Hæstarétti. Þess vegna er aðeins gert ráð fyrir fjölgun um einn hæstaréttardómara í því frv. sem hér er lagt fram. Sjö hæstaréttardómarar anna hins vegar ekki til frambúðar þeim mikla fjölda mála, sem fyrirsjáanlegt er að skotið verði til Hæstaréttar að óbreyttri dómstólaskipan. Nái frv. til lögréttulaga ekki fram að ganga er því augljóst að fjölda verður enn frekar dómurum í Hæstarétti, en ekki er gerð till. um það að svo stöddu, meðan óvíst er hver verða afdrif lögréttufrv. Skjótar úrlausnir af hendi dómstóla eru hið mesta keppikefli hverju réttarríki, enda sé réttaröryggis í hvívetna gætt við úrlausn dómsmála. Ber brýna nauðsyn til að búa Hæstarétti starfsaðstöðu til þess að leysa með skjótum og öruggum hætti úr þeim mikla fjölda mála, sem þangað er skotið. Þetta frv. stefnir að því, og þess vegna er það von mín að frv. geti sem fyrst náð fram að ganga.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég tek til máls til að lýsa yfir stuðningi við framgang þessa máls. Ég skal ekki rökstyðja það mikið. Það kemur fram nægilegur rökstuðningur annars vegar í grg. frv. og hins vegar í máli hæstv. dómsmrh. áðan.

Það er alkunna að dómsmál ganga seint á Íslandi, og veldur það margháttuðum erfiðleikum, bæði dómurum, lögmönnum og auðvitað ekki hvað síst því fólki sem sækja þarf rétt sinn á vegum dómstóla. Ég held þess vegna að brýna nauðsyn beri til þess að hraða framgangi þessa máls. Þetta er auðvitað ekki nema einn þáttur í miklu vandamáli, en þáttur sem áreiðanlega getur haft talsverða þýðingu. Mæli ég þess vegna eindregið með því, að n. hraði störfum og þetta frv. verði að lögum sem allra fyrst, enda þótt smávægilegur kostnaður kunni að verða því samfara. Sá kostnaður, sem kann að vera því samfara í Hæstarétti eða á ríkisins vegum, sparast áreiðanlega margfaldur annars staðar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í réttarkerfi okkar skipar Hæstiréttur landsins mjög veigamikinn sess. Þarf ekki að fjalla um það ítarlega hér, hve mikilvægt er að þær breytingar, sem gerðar eru á skipan hans, séu vel grundaðar og ítarlega rökstuddar.

Hér hefur verið lagt fyrir deildina frv. til l., sem felur í sér fljótt á litið fjölgun hæstaréttardómara um einn í þeim tilgangi, eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. og einnig hjá síðasta ræðumanni, að hraða afgreiðslu mála, sagt var að hér væri ekki um að ræða mikinn tilkostnað. Það er vissulega rétt, að hér er ekki um mikinn tilkostnað að ræða, en þó er hér stigið skref til breytinga á eðli Hæstaréttar sem ég held að sé nauðsynlegt að íhuga vandlega. Vissulega er það rétt, að mikla nauðsyn ber til að hraða afgreiðslu mála í dómskerfi landsins. En við skulum átta okkur á því, að krafan um hraða í þeim efnum getur orðið svo hávær og sterk að hún fari að brjóta ýmsar eðlilegar grundvallarreglur sem réttarkerfi landsins verður óhjákvæmilega að byggjast á ef við viljum halda í heiðri þau höfuðeinkenni réttarríkis á Íslandi sem við teljum til höfuðþátta lýðræðis okkar.

Í þessu frv. er stigið það skref, að Hæstarétti er í reynd skipt í þrenns konar dómstóla. Það er í fyrsta lagi dómurinn fullsettur með sjö dómendum, í öðru lagi dómur-

inn skipaður fimm dómendum og svo í þriðja lagi skipting dómsins í þriggja dómenda kerfi, sem er ætlunin að sé í reynd tvöfalt til þess að hraða afgreiðslu mála. Hér er opnuð sú leið, að dómendum í Hæstarétti eru skapaðir margvíslegir möguleikar til þess að meta mikilvægi mála og skipa þeim og sjálfum sér í forgangs- og mikilvægisraðir, eftir því hver málin eru hverju sinni.

Nú er það alkunna, að innan Hæstaréttar Íslands sem og hliðstæðra dómstóla í öðrum réttarkerfum okkar skyldum myndast oft og iðulega meiri og minni hluti í dómstólnum. Þar að auki vill svo bera við, þegar litið er til lengri tíma, að innan slíkrar stofnunar myndast ákveðnir skólar túlkunar, sem geta verið oft og tíðum nokkuð andstæðir, jafnvel innan sama dómstólsins, og bjóða upp á andstæður í úrskurðum og túlkunum sem geta valdið margvíslegum spurningum í öðrum þáttum dómkerfisins. Í ýmsum öðrum stjórnkerfum, eins og hinu bandaríska, hafa slíkar meiri- og minnihlutamyndanir innan hæstaréttar haft afgerandi áhrif á þjóðfélagsþróunina. Túlkun laganna fær þá á sig þann blæ, að andstæðir skólar takast á innan dómstólsins sjálfs um það, hver eigi að vera hin rétta túlkun hverju sinni.

Þegar við stígum svo mikilvægt skref sem að mínum dómi felst í þessu frv. skapar það að vissu leyti ýmiss konar hættur og þá þurfa að fylgja því um leið ítarlegar reglur um þá starfshætti sem eiga að þróast innan dómstólsins, miðað við þær þrjár tegundir hans, sem honum er gert með þessu frv. mögulegt að skipta sér í. Nú er að vissu leyti hægt að svara hér til, að þar skuli byggja á venju og þar skuli byggja á þeim starfsháttum, sem dómararnir sjálfir fylgi. Ég held hins vegar að þegar Alþ., löggjafarvaldið, fer inn á þá braut að breyta eðli æðstu stofnunar dómsvaldsins á þann hátt sem hér er gert, þótt í fyrstu virðist frekar smávægilegt, eins og kom fram bæði hjá hæstv. dómsmrh. og hv. síðasta ræðumanni, þá er ég þeirrar skoðunar, að þingið þurfi að gefa sér góðan tíma til þess að skoða hvaða reglur eigi að gilda um þá starfshætti, sem dómnum ber að fylgja eða hann ætlar sér að fylgja miðað við þá skiptingu sem hér kemur fram.

Eins og frv. ber með sér er greinilega lagt til grundvallar mismunandi mat á mikilvægi þeirra mála, sem rétturinn fær til umfjöllunar. Eins og ég gat um áðan, eru þess fjölmörg dæmi, bæði úr hérlendu stjórnkerfi og erlendum, að í slíku mati geta þróast mjög andstæðir skólar. Ég held að það sé réttarkerfi landsins ekki til farsældar, þótt vissulega beri að skoða alvarlega nauðsynina á því að hraða meðferð mála þar eins og frekast er unnt, að við í nafni þeirrar nauðsynjar förum að gera þær breytingar á æðsta dómstól landsins, að það verði á næstu árum e. t. v. verulegur vafi og jafnvel deilur um það með hvaða hætti dómurinn eigi að starfa, þegar eðli hans er breytt á þennan hátt.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég er ekki með þessum orðum mínum að leggjast í sjálfu sér gegn þessari breytingu. Ég vil leggja sérstaka áherslu á það. Ég tel hins vegar að hér sé um stærra mál að ræða en mér fannst koma fram í málflutningi hæstv. dómsmrh. og hv. síðasta ræðumanns. Ég held þess vegna að það þurfi ítarlegrar skoðunar við hér í þinginu. Þótt ég skilji vel kröfuna um betri starfshætti í dómstólakerfi þjóðarinnar, þá eru þar margar aðrar leiðir e. t. v. árangursríkari og einfaldari í framkvæmd en sú sem hér er lögð til, einkum og sér í lagi þegar það er haft í huga, eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh., að það gæti svo farið að innan tíðar þyrfti að fjölga enn frekar í réttinum, þ. e. a. s. Hæstarétti, ef ekki yrði gerð sú breyting á meðferð dómsmála sem lögð hefur verið til á undanförnum árum með nýju dómstigi. Ef svo er, að það séu uppi hugmyndir um að fjölga enn frekar í Hæstarétti á næstu árum, ef nýju dómstigi verður ekki bætt inn í dómstólakerfi landsins, þá erum við hér að fást við breytingu sem kann að vera ansi afdrifarík og skapa fordæmi um störf réttarins um ókomna framtíð. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að Alþ. gefi sér góðan tíma til þess að huga að þessu máli, bæði í tengslum við eðli þess réttarkerfis, sem við viljum búa við, og til þess að upplýsa ítarlega hvaða starfsreglur eiga að gilda innan réttarins með þeirri nýju skipan, sem hér eru lögð til, og hvaða leið er hér opnuð með því að leysa afgreiðsluvandamálið í dómstólakerfinu einfaldlega með því að fjölga dómendum og brjóta hin einstöku dómstig upp í mismunandi sjálfstæða dómstóla í reynd.

Ég vildi við 1. umr. þessa máls láta þessi sjónarmið koma fram, einkum og sér í lagi vegna þess hve mikil áhersla var á það lögð að hraða þessu máli.

Ég vil svo að lokum vekja athygli á því, að í frv. er auk þess lagt til að áfrýjunarupphæð hækki úr 25 þús. kr. í 200 þús. kr. Rökstuðningur þessarar hækkunar er nokkuð óljós í grg. frv. þar eð á einum stað er sagt að hér sé mun meiri hækkun en nemur breytingum á kaupgjaldi og verðlagi frá árinu 1973, en á öðrum stað er sagt að þessi breyting sé að nokkru leyti til samræmis við breytt kaupgjald og verðlag. Óneitanlega slær það mig þannig, að hér sé stigið ansi stórt skref til hækkunar, og ég tel, einkum og sér í lagi í ljósi þeirrar óljósu röksemdafærslu sem kemur fram í grg. frv., að hér sé e. t. v. of langt gengið. Ég tel þess vegna einnig nauðsynlegt að þetta atriði sé skoðað, þó að ég sé þeirrar skoðunar að hin ákvæðin í þessu frv., sem fela í sér að mínum dómi nokkuð veigamikla breytingu á eðli Hæstaréttar, þurfi allítarlega skoðun hér í meðferð þingsins.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka þann stuðning, sem hefur komið fram við þetta mál, og stend fyrst og fremst upp til að leggja á það áherslu, að að sjálfsögðu verður málið vandlega athugað í nefnd.

Ég get tekið undir það með hv. 3. landsk. þm., að hér er um allstórt mál að ræða. Hins vegar hygg ég að hann hafi e. t. v. gert einum of mikið úr, ef ég má orða það svo, samanburði við hæstarétt Bandaríkjanna, sem ég tel að sé nokkuð langt sótt. En sjálfsagt er að læra af því sem aðrar þjóðir hafa gert í þessu sambandi.

Ég vil sérstaklega taka undir það með hv. 3. landsk. þm., að ekki má hlýða svo á kröfuna um meiri hraða í málsmeðferð að það bitni á þeirri leið sem réttarríki verður að fara. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði. Ég hef orðað það annars staðar svo, að ég fyrir mitt leyti vil heldur að tíu sekir gangi lausir en einn saklaus lendi í fangelsi. Ég vil því undirstrika það sem fram kom hjá hv. þm.

Hitt er svo annað mál, eins og kom fram í framsöguræðu minni, að æðimikið álag er orðið á réttinum. Mjög mikið af málum liggur þar fyrir og nánast er vonlaust, sérstaklega í einkamálum, að málsmeðferð taki skemmri tíma en eitt ár. Er reyndar þegar farið að líða á annað ár áður en mál eru dæmd. Þetta er of langur tími að mati allra þeirra sem um þessi mál hafa fjallað.

Ég vil taka það fram, að ég hef átt ítarlegar viðræður

við hæstaréttardómara um þetta mál og þar er einhugur um þær breytingar, sem hér eru lagðar til og miða að því að stytta þennan tíma, sem ég hef nú nefnt og ég rakti reyndar áðan í framsöguræðu minni.

Hv. þm. taldi að hér væri nánast verið að skipta Hæstarétti í þrenns konar dóma. Ég vil ekki taka svo til orða. Ég vek athygli á því, sem reyndar kom fram í ræðu hans að samkv. frv. er það á valdi dómsins sjálfs hvernig hann starfar. Hv. þm. taldi að Alþ. bæri að setja ákveðnari reglur um slíka skiptingu. Þetta kemur að sjálfsögðu til athugunar hjá þeirri n. sem um málið fjallar. Ég tel þó erfitt að setja þær reglur þannig að þær verði öruggari og betri en eins og dómurinn kann að ákveða hverju sinni. Rammi að slíkum reglum er hins vegar í 2. mgr. 2. gr. frv. Mér sýndist eftir nokkrar umr. um þetta atriði, að vart væri öðrum betur treystandi til þess að ákveða slíka skiptingu innan þessa ramma, sem hér kemur fram, en hæstaréttardómurunum sjálfum.

Það er rétt, að ég nefndi hugmyndir um að fjölga frekar í Hæstarétti. Ég vil þó að það komi skýrt fram, að engar slíkar hugmyndir eru nú uppi. Ég vil gjarnan láta það koma hér fram, að um það var rætt, hvort til greina gæti komið að heimila ráðningu aðstoðardómara eða aðstoðarmanns hæstaréttardómara. Horfið var frá þeirri hugmynd á þeirri forsendu, að vafasamt virtist að slíkur maður mundi í nokkru veigamiklu a. m. k. stytta þann tíma, sem dómarar þyrftu sjálfir til að sinna einstökum málum. Það er erfitt fyrir hæstaréttardómara að hlusta á niðurstöðu frá aðstoðarmanni. Ég hygg að við getum veri sammála um það. Því var horfið frá þessu ráði og ákveðið fremur að láta nægja fjölgun um einn, eins og hér kemur fram.

Hv. þm. minntist á áfrýjunarupphæðina, sem hann taldi ekki nægilega skýrða í grg. með frv. Ég skýrði hana hins vegar nokkuð ítarlega í framsöguræðu minni og ég fór ekki leynt með það, að með þessari hækkun er að því stefnt, að smærri mál fari ekki til Hæstaréttar. Ég vil þó taka það skýrt fram, að í mínum huga má þessi upphæð ekki verða til þess, að t. d. efnalítið fólk geti ekki vísað máli til Hæstaréttar, enda hefur dómsmrh. reyndar heimild til þess að veita undanþágu frá þessu. Ég vil einnig taka það skýrt fram, að mér finnst að sú n., sem um þetta fjallar, eigi einmitt að skoða þessa hækkun í ljósi þess, hvaða upphæð sé réttmæt til þess að hin smæstu mál fari ekki í Hæstarétt, en hins vegar hve há upphæðin megi hæst vera til þess að hún stöðvi ekki eðlilegan framgang mála til Hæstaréttar. Ég mun fella mig mjög vel við þann úrskurð sem n. kemst að í þessu sambandi.

Ég ætla ekki að ræða um lögréttufrv. að svo stöddu. Það er allt of viðamikið mál til að fara að ræða það hér. Það hefur hins vegar verið lagt fram tvisvar á hinu háa Alþ. Ég hef að sjálfsögðu kynnt mér það mál, bæði sem þm. áður og nú í stöðu dómsmrh., og mér hefur sjálfum sýnst að það þurfi að skoða ýmsa þætti þess vandlega. Ég hef óskað eftir því við réttarfarsnefnd, sem hefur haft með þessi mál að gera, að hún endurskoði það frv. í ljósi aths. og umr., sem urðu um frv. hér á alþ. Ég geri mér vonir um, að sú niðurstaða liggi fyrir um áramótin, og tek ég þá afstöðu til þess, hvort málið verður lagt fram að nýju þegar þing kemur saman eftir áramót.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Alþt. 1978. B. (100. löggjafarþing).

Neðri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 13. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 73). — 1. umr.

Flm. (Soffía Guðmundsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér í hv. d. frv. til l. um breyt á l. nr. 112 31. des. 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. Meðflm. þessa frv. eru hv. alþm. Kjartan Ólafsson og Eðvarð Sigurðsson.

Sem kunnugt er voru sett lög á Alþ. árið 1973 um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarheimila. Þessi lög, nr. 29 21. apríl 1973, voru hin fyrstu sem sett voru í landinu um dagvistarheimili. Í þeim voru tilgreind markmið með starfrækslu dagvistarheimila, þar sem strax í 1. gr. er lögð áhersla á uppeldislegt gildi slíkra stofnana. Í lögunum frá 1973 er gert ráð fyrir ríkisframlagi til dagvistarstofnana sem nemi 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla. Þessi ákvæði um stofnkostnað giltu jafnt um dagheimili, skóladagheimili og leikskóla. Þá var í þessum lögum frá 1973 kveðið á um rekstrarframlag af hálfu ríkisins, sem skyldi nema allt að 30% til dagheimila og skóladagheimila og allt að 20% til leikskóla.

Þátttaka ríkisins í uppbyggingu og rekstri dagvistarheimila örvaði mjög framkvæmdir í þessum efnum um allt land og var víða hafist handa um að koma dagvistarheimilum á fót, þar sem lítið eða ekkert hafði áður verið aðhafst. En það er ekki síst rekstrarkostnaður slíkra stofnana, sem sveitarfélögum hrýs hugur við að taka á sig að stórum hluta.

Síðan voru enn sett lög á Alþ. árið 1976, sem fólu í sér veigamiklar breytingar á áðurnefndum lögum frá 1973, og voru ákvæði þeirra um rekstrarframlag ríkissjóðs numin úr gildi. Ákvæði núgildandi laga frá 1976 mæla sem áður fyrir um það, að ríkið greiði 50% af stofnkostnaði dagvistarheimila, en fellt var brott rekstrarframlag ríkissjóðs, eins og fyrr segir. Gert er ráð fyrir því hins vegar, að sveitarfélög greiði allt að 60% af rekstrarkostnaði dagheimila og skóladagheimila og allt að 40% til leikskóla, en foreldrar greiði það sem á vantar.

Þegar fjárlög ársins 1976 voru afgreidd, var gerð nokkur breyting á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og var þá gerð bráðabirgðabreyting á lögum nr. 29 21. apríl 1973. Eins og segir í skýrslu menntmrn. frá maí 1978 voru þá nokkrir útgjaldaliðir ríkissjóðs færðir yfir á sveitarsjóði gegn aukinni hlutdeild sveitarsjóða í söluskattstekjum, og einn þessara liða var einmitt hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði dagvistarheimila fyrir börn.

Með þessu fyrirkomulagi átti samkvæmt túlkun þeirra, sem að því stóðu, að stefna að því að flytja ákveðin verkefni yfir til sveitarfélaga, en ekki að draga úr framlagi til verkefnanna. Þetta hefur farið á annan veg í reyndinni og er mála sannast að þessi breytta greiðslutilhögun hefur orðið til þess að dregið hefur úr framkvæmdum í dagvistarmálum víða um land. Hún hefur einmitt verkað sem hemill á frumkvæði sveitarfélaga í stað þess að örva það, eins og ákvæði fyrri laga um

ríkisframlag til rekstrarkostnaðar sannarlega gerðu.

Sveitarfélög hafa, eins og margir sáu fyrir að verða mundi, hikað við að hefja starfrækslu dagvistarheimila, því að það er einmitt rekstrarkostnaðurinn sem þeim óar við að rísa undir. Og satt er það, að þau eru fjölmörg vegna ónógra tekjustofna vanbúin að mæta honum. Þá ber þess einnig að geta, að á fjárlögum hefur nú síðustu ár ekki verið ætlað nægilegt fé til greiðslu stofnframlaga ríkissjóðs, svo að þar hafa safnast fyrir margar óuppfylltar skuldbindingar. Rekstraraðilar og foreldrar bera því allan rekstrarkostnað af dagvistarstofnunum, en sá rekstrarkostnaður, sem að 80-90% hluta felst í launagreiðslum, er óbeint forskrifaður með ákvæðum reglugerðar um fjölda starfsliðs. Þá er sá þáttur málsins þungvægur, að uppbygging og starfræksla dagvistunarheimila fyrir börn hefur ekki á undangegnum áratugum verið neitt forgangsverkefni af hálfu ríkis eða sveitarfélaga, og er ástand þeirra mála skýrast dæmi þar um, en t. d. eru í stærstu bæjarfélögum landsins alls staðar langir biðlistar. Þeir gefa þó ekki endilega rétta mynd af þörfinni, eins og allir vita, því að fjölmargir foreldrar freista þess ekki einu sinni að sækja um dagvistun fyrir börn sín vegna langra biðlista, sem fyrir eru, en reyna þess í stað að leysa þann vanda með einkaúrræðum.

Það er álit flm. þeesa frv., sem hér hefur verið lagt fram, að það sé ekki heillavænleg leið að ætla sveitarfélögum að bera allan rekstrarkostnað á móti foreldrum. Þeir telja að sú aðferð að fella niður rekstrarframlög ríkissjóðs muni síst leiða til hraðrar uppbyggingar dagvistarheimila um allt land, heldur þvert á móti tefja þá þróun og draga á langinn nauðsynlegar framkvæmdir, eins og dæmin sanna að orðið hefur í langflestum byggðarlögum nú í seinni tíð.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru gerðar breytingar á fimm liðum núgildandi laga frá 1976. Vil ég leyfa mér að rekja stuttlega hvað í þeim felst.

Í 1. gr. frv. segir svo, að ríki og sveitarfélögum sé skylt að stofna og starfrækja dagvistarheimili fyrir börn eftir því sem þörf krefur í hverju byggðarlagi. Þessir sömu aðilar skulu leggja fram fé til byggingar og rekstrar, svo sem nánar segir fyrir um í öðrum liðum. Þarna er lagt til að lögbundin verði sú skylda ríkis og sveitarfélaga gagnvart aldursflokkum barna frá þriggja mánaða til skólaskyldualdurs að sjá þeim fyrir dagvistarrými sem mikilvægum þætti í uppeldi þeirra. Í framhaldi af þessu ákvæði er rökrétt krafa um að ríki og sveitarfélög skuli leggja fram fé í þessu skyni, eða til byggingar og rekstrar dagvistarheimila af ýmsu tagi, rétt eins og hinir sömu aðilar sjá til þess að reistar séu skólabyggingar og uppfyllt lagaákvæði um grunnskólafræðslu. Með því að kveða skýrt á um skyldu ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum er það viðhorf haft að leiðarljósi, sem fram kemur í 1. gr. núgildandi laga og stendur þar óbreytt frá því sem var í fyrri lögum frá 1973. Þar eru tilgreind þau markmið með starfsemi dagvistarstofnana að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði, sem efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra. Hér kemur ótvírætt fram, að um rétt barna almennt til dagvistunar sé að ræða, en ekki aðeins barna úr svonefndum forgangshópum. Enn fremur að dvöl á dagvistarheimili sé vegna barnsins sjálfs og þroska þess, en hún sé ekki gerð vegna foreldranna.

Breytingar þær, sem lagðar eru til í þessu frv. við 2., 3. og 5. gr. núgildandi laga, lúta allar að því að lögfesta að nýju fyrri ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í rekstri dagvistarstofnana.

Breyting í þessu frv. á 8. gr. núgildandi laga tekur til greiðsluhlutfalls ríkis, sveitarfélags og foreldra og einnig til fyrirkomulags við greiðslur. Lagt er til að ríki og sveitarfélög greiði samtals 60%, sem skiptast jafnt þar á milli, en foreldrar greiði 40% rekstrarkostnaðar. Flm. er vel ljóst, að þetta greiðsluhlutfall foreldra kann að vera nokkuð hátt í mörgum tilvikum. En hægur vandi er að koma við heimildarákvæðum um misháar greiðslur af hálfu foreldra, ef þurfa þykir, og ekkert bannar sveitarfélögum í sjálfu sér að koma lengra til móts við greiðslur foreldra, ef þeim býður svo við að horfa.

Þá er gert ráð fyrir sama framlagi af hálfu ríkis og sveitarfélaga til rekstrar dagheimila, skóladagheimila og leikskóla, en ekki er greint þar á milli eins og núgildandi lög mæla fyrir um. Þar er aðeins gert ráð fyrir allt að 40% rekstrarframlagi sveitarfélaga til leikskóla, en allt að 60% til dagheimila og skóladagheimila. Með því að gera ráð fyrir sama framlagi til rekstrar leikskóla og til annarra dagvistarstofnana er höfð í huga nauðsynin á því að koma við auknum sveigjanleika í starfsemi leikskólanna og jafnvel færa starfsemi þeirra nær því sem gerist á dagheimilum og gera leikskólum kleift að mæta þeim aukna tilkostnaði sem hugsanlegar breytingar á starfstilhögun þeirra kunna að hafa í för með sér.

Sá afturkippur, sem komið hefur í ljós um land allt varðandi framkvæmdir í dagvistarmálum barna, leiðir berlega í ljós nauðsynina á framlagi ríkissjóðs til rekstrarkostnaðar dagvistarstofnana. Það skiptir meginmáli um framgang dagvistarmála barna, að skýrt sé kveðið á um skyldu beggja aðila, ríkis og sveitarfélaga, í þessum efnum og að á móti framlögum sveitarfélaga séu þannig tiltæk fjárframlög ríkisins, sem beinlínis eru ætluð þessum tiltekna málaflokki og mörkuð honum.

Þegar nauðsyn á hraðri uppbyggingu dagvistarstofnana um landið er rædd er mér næst hendi að taka dæmi af Akureyri. Þar eru mál þannig vaxin, að á vegum Akureyrarbæjar eru starfræktar fjórar dagvistarstofnanir. Hin fimmta er í byggingu. Auk þeirra starfrækir Fjórðungssjúkrahúsið dagheimilið Stekk eingöngu fyrir sitt starfslið. Dagvistarstofnanir Akureyrarbæjar eru þessar:

Pálmholt, sem er dagheimili með þrem deildum, þar eru 49 börn samtals virka daga kl.8-17. Húsið var byggt 1950 af kvenfélaginu Hlíf, sem rak þar dagheimili á sumrin fram til ársins 1971, en þá var Akureyrarbæ afhentur staðurinn. Húsið þarfnast verulegra lagfæringa og endurbóta og það hefur verið kostnaðarsamt að halda því við.

Árholt er tveggja deilda leikskóli og þar dvelja að jafnaði 67 börn alls. Hann er rekinn í húsi gamla barnaskólans í Glerárhverfi sem byggt var 1935. Hófst rekstur leikskóla þar í júní 1974.

Iðavöllur er sömuleiðis tveggja deilda leikskóli þar sem dvelja að jafnaði 62 börn alls. Húsið var byggt 1959 af Barnaverndarfélagi Akureyrar, sem þar rak leikskóla um fimm ára skeið, eða til ársins 1974. Í febr. 1975 afhenti félagið Akureyrarbæ Iðavöll að gjöf.

Brekkukot er skóladagheimili fyrir 6 ára börn og eldri og festi Akureyrarbær kaup á því húsi haustið 1976 í því skyni að reka þar skóladagheimili. Áður hafði slíkur rekstur farið fram í tilraunaskyni hluta tímabilsins 1975-1976. Rekstur skóladagheimilisins í Brekkukoti hófst í byrjun febr. 1977. Þar dvelja nú rétt um 30 börn mán-

uðina sept.-maí kl. 8-17, að frátöldum kennslustundum sem þau sækja hvert í sínum skóla. Framkvæmdir hófust við byggingu leikskóla síðla árs 1977. Er það fyrsta byggingin sem Akureyrarbær reisir beinlínis í því skyni að mæta dagvistarþörfinni. Ráðgert er að þar taki tveggja deilda leikskóli til starfa sumarið 1979 í sérhönnuðu húsnæði, sem er u. þ. b. 260 m², fyrir samtals 80 börn.

Á miðju þessu ári, eða 1. júní, var heildarfjöldi barna á dagvistarstofnunum Akureyrarbæjar 181, en voru 207 í des. 1977. Nokkur fækkun hefur orðið, svo að betur megi uppfylla kröfur um rými á dagvistarstofnunum. Í árslok 1977 áttu 1085 börn á aldrinum tveggja til sex heimili sitt á Akureyri. En íbúafjöldi var þá u. þ. b. 12500. Það er ljóst að framboð dagvistarrýma er þannig mjög fjarri því að svara til eftirspurnar og þarfar, enda hafa myndast alllangir biðlistar, sem þó eru ekki endilega marktækir um þörfina, eins og fyrr greinir.

Á Akureyri er — eins og víðar — hafður sá háttur á að börn einstæðra foreldra og börn, sem eru talin í brýnni þörf fyrir dvöl á dagvistarstofnun þroska síns vegna eða heimilisaðstæðna, eiga þar forgang að og er við þeirra því skemmri. Þá eru þar fjögur rými sérstaklega ætluð þroskaheftum börnum. Gekk það ákvæði í gildi í sept. 1975 og var bætt við starfsliði í því skyni. Ennfremur gekk í gildi í apríl 1978 ákvæði um hámarkdvalartíma, sem nemur tveimur árum, og var þá sagt upp rými börnum sem dvalist höfðu tvö ár eða lengur á dagvistarstofnun, en undantekningar voru gerðar um fjölfötluð börn og börn einstæðra foreldra. Þannig var reynt að deila ögn jafnar en verið hafði þeim fáu dagivistarrýmum sem til ráðstöfunar eru.

Dagvistarmál eru einn þeirra málaflokka sem heyra til starfssviði félagsmálaráðs Akureyrar. Hefur ráðið sett sér ákveðnar starfsreglur og vinnur að því að gera úttekt á stöðu hinna ýmsu verkefna og þróun þeirra að undanförnu, enn fremur að gera áætlun um verkefni og framkvæmdir, sem ráðið vill beita sér fyrir til loka kjörtímabilsins, og skilgreina markmið innan þess málaflokks.

Varðandi dagvistarmál barna er stefnt að því, að leikskóli, sem nú er í byggingu, verði tekin í notkun í Lundarhverfi sumarið 1979 og blönduð dagvistarstofnun í Glerárhverfi sumarið 1980. Liggur fyrir hönnunarframlag til þeirrar byggingar á fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Samkv. lauslegri áætlun byðist þá dagvistun u. þ. b. 40% tveggja til sex ára barna í þrjú ár af fjórum og 5% eins til tveggja ára barna. Þá vill félagsmálaráð beita sér fyrir því, að á tímabilinu 1980-1982 verði tvær dagvistarstofnanir til viðbótar teknar í notkun. Næði sú áætlun fram að ganga gæti þá 50% tveggja til sex barna boðist dagvistun þrjú ár af fjórum og 12% eins til tveggja ára barna. Þessi áætlun miðast við að eitt dagheimilisrými komi á móti hverjum fimm leikskólarýmum. Þá telur félagsmálaráð að stefna beri að því, að hvert hverfi sé sér nógt um dagvistarstofnanir, og telur mikilvægt að leitast sé við að haga uppbyggingu dagvistarstofnana í nýjum hverfum á þann veg, að fullbúin aðstaða til dagvistunar sé fyrir hendi um svipað leyti og almennt er farið að flytjast í hverfið.

Hér er sem oftar komið inn á svið skipulagsmála, sem brýnt er að höfð séu í huga þegar ráðgerðar eru framkvæmdir í dagvistarmálum. Ekki stoðar að bollaleggja um dagvistaraðstöðu, hafi henni ekki verið fundinn staður innan tiltekins skipulagssvæðis. Og sömuleiðis þarf ætíð að huga grannt að búsetuþróun innan hinna ýmsu hverfa.

Þá eru uppi hugmyndir um að annað skóladagheimili taki til starfa fyrir árið 1982. Verði þá eitt skóladagheimili starfandi í tengslum við hverja tvo skóla.

Það er stefna félagsmálaráðs Akureyrar, að starfsemi dagvistarstofnana miðist við að innan þeirra vébanda verði mætt sem flestum þörfum þroskaheftra barna og dagvistunaraðstaða verði nýtt eftir föngum þeim til þjálfunar og aukins þroska og heimilum þeirra til léttis. Þá eru upp áætlanir um að kanna samvinnugrundvöll við atvinnufyrirtæki og starfsmanna- eða stéttarfélög um uppbyggingu dagvistarstofnana. Skilyrði fyrir slíkri samvinnu er þó óhjákvæmilega það, að dagvistaraðstaða, sem þannig væri til komin, þjónaði almennri þörf sveitarfélagsins og stjórn hennar væri í höndum Akureyrarbæjar.

Sambærileg dæmi þeim, sem ég hef nú stuttlega rakið frá Akureyri, má víða finna um landið, og sú áætlun um framkvæmdir, sem ég nefndi og félagsmálaráð vill fyrir sitt leyti beita sér fyrir, er fjarri því að vera sérlega hröð eða ævintýranleg á nokkurn hátt. Þótt hún næði fram að ganga væri samt að fjórum árum liðnum langt frá því að framboð svaraði til eftirspurnar og þarfar, sem síst er ástæða til að ætla að fara mundi minnkandi á næstu árum.

Öll rök hníga að því, að ríki og sveitarfélög taki nú höndum saman og geri samstillt átak um að hraða uppbyggingu dagvistarstofnana um allt land, þar sem að því sé stefnt að sem allra fyrst geti ríki og sveitarfélög innt af hendi þær skyldur sínar við börn á forskólaaldri sem kveður á um í 1. gr. þessa frv.

Það frv., sem hér liggur fyrir, felur ekki í sér neinar stökkbreytingar fram á við, það markar engin tímamót né heldur er það sérlega róttækt að inntaki. Fái það jákvæðar undirtektir hv. þm. er þó aðeins um að ræða stutt skref áleiðis að því marki að færa dagvistarmál barna á forskólaaldri í sómasamlegt horf. Örar þjóðfélagsbreytingar eiga sér stað og þróunin er hröð, bæði hvað atvinnulíf og lífshætti áhrærir. Þess verður þröf í næstu framtíð að taka til endurskoðunar, bæði reglugerð og lög sem að dagvistarmálum lúta, og það kann að verða aðkallandi fyrr en menn órar fyrir.

Þá er ástæða til að minna á þá nauðsyn, að af hálfu ríkis og sveitarfélaga verði mótuð framtíðarstefna varðandi starfrækslu dagvistarstofnana í landinu.

Þótt fjölmargt komi til, sem ræða mætti þegar bollalagt er um framtíðarstefnu í dagvistarmálum, hef ég einkum eftirfarandi atriði í huga:

Gerð verði áætlun um framkvæmdir, t. d. á næsta áratug, sem miðist við eins hraða uppbyggingu dagvistarstofnana um land allt og frekast er unnt. Tekin verði til endurskoðunar reglugerð um dagvistarstofnanir og verði skilgreint markmið starfsemi þeirra og fjallað um innra starf á dagvistarheimilum. Með hliðsjón af auknum framkvæmdum í dagvistarmálum verði leitast við að samræma sjónarmið og hagsmuni ólíkra hópa, en hagur barns, velferð þess og réttur sitji ævinlega í fyrirrúmi. Höfð verði náin samvinna við þá aðila á hverjum stað sem með ákvarðanir og framkvæmd í skipulagsmálum fara. Stefnt verði að því að tengja dagvistarmál barna hinu almenna fræðslukerfi eins og það birtist innan ramma grunnskólalaga sem sameiginlegt viðfangsefni ríkis og sveitarfélaga gagnvart börnum á forskólaaldri. Og skýrt verði kveðið á um rétt barna og skyldur opin-

berra aðila varðandi þennan þátt skólakerfisins.

Flm. þessa frv. eru minnugir þess, að nú um hríð hefur staðið nokkur umræða um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og breytingar sem gera beri í þeim efnum. Álit manna hefur hnigið mjög í þá átt að auka beri sjálfstætt frumkvæði sveitarfélaga á mörgum sviðum og sjá verði þeim að því skapi fyrir auknum tekjustofnun á móti. Með þessu frv. er í raun réttri gerð till. um aukinn tekjustofn til handa sveitarfélögum og knúið á um samvinnu milli þeirra og ríkisins um framkvæmdir og skjótar aðgerðir í mikilvægum málaflokki sem báða aðila áhrærir jafnt.

Framkvæmdir í dagvistarmálum hafa, eins og ég gat um áður, ekki verið nein forgangsverkefni á undangenginni tíð, hvorki af hálfu ríkis né sveitarfélaga, og liggja til þess fjölþættar ástæður. Því ástandi mála þarf að breyta og hefja markvissar aðgerðir, en full þörf er á því, að framlög af hálfu ríkisins séu skýrt mörkuð þessum tiltekna málaflokki, ekki síst með hliðsjón af slælegri framgöngu opinberra aðila í dagvistarmálum nú um langa hríð. Dagvistarmál heyra, sem kunnugt er, til þeim umfangsmikla málaflokki, sem kenndur er við félagsmál, samneyslu og félagslega þjónustu. Er vissulega tímabært og nauðsynlegt, að stjórnmálamenn geri sér ljóst, hve mikilvægt stjórnunartæki þeir hafa þar í hendi sér, þar ríki ekkert handahóf eða tilviljanakenndar ákvarðanir, heldur markviss stefna og skýrt mótuð sem hafi sjónarmið jafnaðar og félagslegs réttlætis að leiðarljósi. Það er vert að hafa það í huga, að lífskjör manna ráðast ekki einasta af krónufjölda hinna eiginlegu launa, heldur er hitt engu síður mikilvægt, að samneyslu sé komið við á sem flestum sviðum og að félagsleg þjónusta af ýmsu tagi sé í góðu horfi. Þar er um að ræða áhrifaríkt stjórnunartæki til tekjujöfnunar, til dreifingar fjármuna og til þess að jafna kjör manna og aðstæður og skapa jafnrétti meðal þegna þjóðfélagsins.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., sem hér liggur nú fyrir. Ég leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. frestað.

Verðlag, frv. (þskj. 41, n. 77 og 81). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Mál þetta hefur hlotið athugun í fjh.- og viðskn. Nál. meiri hl. er á þskj. 77, en þar leggur meiri hl. til að frv. verði samþykkt óbreytt. Að þessum meiri hl. standa auk mín hv. þm. Halldór E. Sigurðsson, Vilmundur Gylfason, Kjartan Ólafsson og Finnur Torfi Stefánsson. Álit minni hl. liggur einnig fyrir á þskj. 81.

Hér er í rauninni um mjög einfalt mál að ræða og algerlega óþarft að eyða í það löngu máli. Lagt er til með þessu frv., að gildistöku tiltekinna laga, sem samþykkt voru á síðasta þingi, verði frestað til 1. nóv. á næsta ári, 1979. Þessi lög hefðu að réttu lagi átt að taka gildi 16. nóvember á þessu ári, eða eftir fáa daga, og það er því óhjákvæmilegt að afgreiða þetta mál tiltölulega fljótlega, ef á að verða við þeirri beiðni sem í þessu frv. felst. Það kemur fram, að meiri hl. n. fellst á þá ósk að framlengja tímann til gildistöku, og það kemur einnig fram í áliti minni hl., að hann getur fallist á að lengja nokkuð þennan tíma, en vill þó ekki fresta því jafnlengi og meiri hl. Það kom greinilega fram í framsöguræðu hæstv. viðskrh. við 1. umr. málsins, hvaða ástæður liggja til þess, að óskað er eftir þessari frestun. Hér er um að ræða að taka til framkvæmda nýja löggjöf, býsna viðamikla, sem krefst undirbúnings á mörgum sviðum. Án þess að fara frekar út í umr. um það málefni undirstrika ég að meiri hl. n. fellst á að frv., verði samþykkt óbreytt.

Ég vil svo óska eftir því, að hæstv. forseti sjái sér fært að afgreiða málið út úr d. í dag með því að taka það til 3. umr. eftir að 2. umr. er lokið. Þá væri mögulegt fyrir Ed. að fjalla um málið og afgreiða það þannig að það yrði gert í tæka tíð.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um afstöðu fulltrúa Sjálfstfl. í hv. fjh.- og viðskn. til þessa máls. Álit okkar er á þskj. 81, en þar leggjum við til að þetta frv. verði samþykkt með þeirri breyt., að í stað orðanna, „sex mánuðum eftir að þau eru staðfest", eins og ákveðið er í lögunum, komi: tólf mánuðum eftir að þau eru staðfest. Þetta þýðir í raun, að lögin mundu öðlast gildi 16. maí 1979 í stað 1. nóv. eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Það er út af fyrir sig ánægjulegt, að hæstv. ríkisstj. eða hæstv. viðskrh. vilji vanda undirbúning að gildistöku laganna, — ég dreg það ekkert í efa, — en hins vegar teljum við fulltrúar Sjálfstfl. í n. að sex mánaða tími til viðbótar ætti að nægja til undirbúnings þess að lögin öðlist gildi. Það er út af fyrir sig ámælisvert, að hæstv. fyrrv. viðskrh. virðist ekkert hafa gert til þess að undirbúa gildistöku laganna, sem áttu að öðlast gildi nú 16. nóv. og öðlast þann dag gildi ef ekkert verður að gert. Okkur er hins vegar ljóst að slíkt er útilokað, svo margt er þar óunnið og raunverulega er allt óunnið til að undirbúa þessa gildistöku. Við teljum að ef vilji er fyrir hendi hjá hæstv. ríkisstj. til þess að lögin öðlist gildi sem fyrst, þá væri hægt að samþykkja brtt. okkar sem er á þskj. 81.

ATKVGR.

Brtt. 81 felld með 21:10 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 15. fundur.

Mánudaginn 13. nóv., að loknum 14. fundi.

Verðlag, frv. (þskj. 41). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma að það frv., sem samþ. var 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, skuli nú vera komið á frestunarstig í þessari hv. deild. Ég lagði til við samþykkt þessa frv., að það tæki gildi þegar í stað í maí 1978, þar sem ég taldi ekki nauðsynlegt að hafa þann

aðdraganda að breytingunum sem til voru lagðar af embættismönnum á þeim tíma.

Ég harma líka að samkv. þeim aths., sem liggja hér frammi, hefur ekkert verið gert til þess að undirbúa gildistöku laganna og á þeim forsendum skuli þurfa að fresta gildistöku þeirra. Ástæðan er samkv. grg. óvissan sem ríkt hefur í stjórnmálum í sumar, hún eigi verulegan þátt í að framgangur þessa máls hefur tafist. Ég vissi ekki að óvissa í stjórnmálum, — þ. e. a. s. hjá fyrrv. ríkisstj. og mér skilst að ekki ríki minni óvissa í stjórnmálum síðan núv. ríkisstj. tók við, — gæti orðið þess valdandi að samþykkt lög næðu ekki gildi á tilsettum tíma og framkvæmd þeirra væri frestað.

En það, sem kemur mér til að standa upp, er eftirfarandi, sem stendur í næstsíðustu málsgr. grg. Ég ætla að lesa upp eina línu úr grg., með leyfi forseta, og hún hljóðar svo:

„Jafnframt er talið brýnt að fresta gildistöku laganna, þar sem nú stendur yfir sérstök rannsókn á innflutningsstarfseminni."

Ég sé ekki að það sé brýnt að fresta gildistöku laganna vegna þess arna. En úr því að svo er vil ég gjarnan beina því til ríkisstj., sem ætlar að nota frestun á gildistöku laganna til þess að kanna innflutningsverslunina, að útflutningsstarfsemin verði líka rannsökuð, það verði ekki bara innflutningsstarfsemin, heldur verði útflutningsstarfsemin einnig könnuð, því að milliliðir eru miklu fleiri í útflutningi á t. d. landbúnaðarafurðum en nokkurn tíma í innflutningi. Mér er sagt að t. d. í kjötvöruframleiðslunni sé ekki eingöngu kaupfélagið sem taki við afurðunum, heldur sláturhúsin, síðan Sambandið, þá útflutningsdeildir o. s. frv. — það séu fimm eða sex milliliðir á útflutningsstarfseminni.

Þessu til viðbótar liggur hér fyrir hæstv. landbrh. fsp. frá mér um álagningu á útflutning landbúnaðarafurða. Ég álít að það séu miklu meiri samkeppnishömlur á útflutningsafurðum okkar en á innflutningi. Því legg ég ríka áherslu á það, að ef frestunartími er nú lengdur á gildistöku þessara laga, þá á að nota hann til að rannsaka innflutningsstarfsemina, en útflutningsstarfsemin verði líka rannsökuð og fyrir liggi niðurstöður af þeirri könnun þegar gildistaka þessara laga á sér endanlega stað.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 19. fundur.

Þriðjudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. nóv. 1978.

Lúðvík Jósepsson, formaður þingflokks Alþb., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Svava Jakobsdóttir, 10. þm. Reykv., getur ekki sótt þingfundi næstu vikur vegna veikinda, leyfi ég mér samkv. beiðni hennar og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að fara þess á leit, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, taki sæti á Alþingi í forföllum hennar."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með óskum að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,

forseti Nd."

Ég vil nú óska þess, að kjörbréfanefnd taki kjörbréfið til athugunar, og gef 7 mínútna fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Guðmundar J. Guðmundssonar, 1. varaþm. Alþb. í Reykjavík. Kjörbréfanefnd hefur ekkert við kjörbréfið að athuga og leggur til að kosning Guðmundar J. Guðmundssonar verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þm., Guðmundur J. Guðmundsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Fjárlög 1979, frv. (þskj. 60). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hvernig var ástatt í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar þegar núv. ríkisstj. settist á valdastóla 1. sept. s. l.?

Í atvinnumálum var ástandið m. a. þannig, að þýðingarmiklir þættir fiskvinnslugreina voru ýmist reknir með ábyrgð ríkissjóðs frá 1. ágúst án tilsvarandi tekjuöflunar eða mjög truflaðir vegna kjaradeilna, stöðvaðir í Vestmannaeyjum og á Suðurnesjum og yfir vofði hreinlega rekstrarstöðvun útflutningsatvinnuveganna þegar á heildina var litið.

Í ríkisfjármálunum var þannig ástatt, að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann nam 27 milljörðum króna og mundi að líkindum verða yfir 20 milljarða um áramót, þegar skuldir höfðu verið færðar upp á réttu gengi.

Verðbólgan í landinu var um 50% og hafði raunar verið frá 26% og upp í 50% s. l. 4—5 ár.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna er lögð á það rík áhersla, að höfuðverkefni stjórnarinnar á næstu missirum sé að ráða fram úr þeim mikla vanda sem blasir við í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Í því skyni mun ríkisstj. leggja áherslu á að draga markvisst úr verðbólgunni með því að lækka verðlag og tilkostnað, draga úr vixlhækkun verðlags og launa og halda heildarumsvifum í þjóðarbúskapnum innan hæfilegra marka. Þá mun hún leitast við að koma í veg fyrir auðsöfnun í skjóli verðbólgu. Síðar í fjárlagaræðunni mun ég koma nánar að þessum atriðum.

Allir sérfræðingar og stjórnmálamenn um víða veröld skelfast af afleiðingum 10% verðbólgu. Við Íslendingar

lifum og störfum við 50% verðbólgu. Í raun og veru ríkir neyðarástand í efnahagsmálum þjóðarinnar, þótt enn þá hafi tekist að halda framleiðslustarfseminni í góðum gangi. Þessu ástandi verður að breyta, ella sjáum við fram á versnandi lífskjör og atvinnuleysi. Það eru góð lífskjör á Íslandi um þessar mundir og það er næg atvinna. En þetta byggist allt á ótraustum grunni, sem getur hrunið við minnstu áhrif til hins verra, t. d. ef viðskiptakjör þjóðarinnar gagnvart útlöndum versna skyndilega.

Verðbólgan er óvinur góðra og jafnra lífskjara. Hún veldur hrikalegu misrétti milli manna og magnar upp það versta í atvinnumálum og fjármálum. Hún vinnur gegn jöfnun lífskjara, gerir þá fátæku fátækari, en þá ríku ríkari. Af þessum ástæðum og raunar mörgum fleirum verða ríkisstj. og Alþingi að snúast gegn verðbólgunni með öllum tiltækum ráðum.

Þess vegna er fjárlagafrv. og væntanlegum fjárlögum beitt sem hagstjórnartæki í baráttunni gegn verðbólgunni.

En að hverju leyti er fjárlagafrumvarpið þannig úr garði gert?

Í fyrsta lagi, og það er höfuðeinkenni þeirrar stefnu sem fjárlagafrv. boðar, er gert ráð fyrir tekjuafgangi að upphæð 8,2 milljarðar kr. eða rúmlega 4% af útgjöldum fjárlaganna.

Í öðru lagi er reiknað með að úr ríkissjóði verði greiddir 4.3 milljarðar kr. upp í skuldir umfram það sem tekið kann að verða að láni. Skuldasöfnun ríkissjóðs verður að stöðva og hefja verður endurgreiðslu samningsbundinna lána.

Í þriðja lagi er það keppikefli ríkisstj. að ríkissjóður verði rekinn hallalaus fyrstu 16 mánuði starfsferils hennar. Það þýðir að sú skuld, sem stofnað var til vegna fyrstu efnahagsaðgerða á þessu hausti, verði greidd upp á næsta ári og ríkissjóður að auki í greiðslujafnvægi.

Í fjórða lagi er varið miklum fjárhæðum, eða rúmum 18 milljörðum króna, á næsta ári til að greiða niður verð á landbúnaðarafurðum. Enn fremur er felldur niður söluskattur af matvörum, sem nemur tekjutapi ríkissjóðs að fjárhæð 5.3 milljarðar kr. Hvort tveggja er gert til að halda verðbólgunni niðri.

Í fimmta lagi er ætlunin að afla tekna í þessu skyni með beinum sköttum, að hluta til beinlínis vegna þess að beinu skattarnir ganga ekki inn í vísitölugrundvöllinn eins og hann nú er og skrúfa því ekki sjálfkrafa um verðlag og kaupgjald. Með aukinni skattheimtu er og dregið úr eftirspurn og þenslu í efnahagslífinu. Bein skattaálagning hefur vissulega sína ókosti, en spyrja mætti, með hverjum öðrum hætti hægt væri að afla tekna án þess að slík ráðstöfun leiði beint og tafarlaust til meiri verðbólgu. Það er misskilningur, að beinir skattar séu háir hér á Íslandi borið saman við nágrannalöndin, og vík ég nánar að því síðar.

Í sjötta lagi er dregið nokkuð úr opinberum framkvæmdum og framlögum til annarra framkvæmda til að draga úr spennunni í efnahagsmálunum og vinna gegn verðbólgunni.

Í sjöunda lagi er í fjárlagafrv. gætt aðhalds í hvívetna, bæði að því er varðar nýjar stöður hjá ríkinu og kostnað, svo og um rekstrarútgjöld ríkisstofnana.

Þannig er fjárlagafrv. ætlað að vinna gegn verðbólgunni, hægja á verðbólguhjólinu. Þeir, sem vilja gera fjárlögin þannig úr garði, eru raunverulegir baráttumenn gegn hinni háskalegu verðbólgu sem vegur vægðarlaust að undirstöðum efnahagslífsins.

Eins og fram kemur í athugasemdum með fjárlagafrv. er frv. lagt fram með nokkrum fyrirvörum frá stjórnarflokkunum. Hér er einkum um að ræða atriði sem lúta að skattlagningu, svo sem um beitingu skattvísitölu og vali leiða til tekjuöflunar, enn fremur framlög til verklegra framkvæmda, niðurgreiðslna á vöruverði og framleiðsluaukandi framkvæmda í landbúnaði.

Lögð er áhersla á að samræma þessi sjónarmið og er fjallað um þau í ríkisstjórninni í samráði við þingflokka stjórnarliðsins.

Til þess að fjármál ríkisins geti verið gagnlegt tæki til þess að ná þeim markmiðum í efnahagsmálum, sem ríkisstj. hefur sett sér — fyrst og fremst að draga úr verðþenslu og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd — er nauðsynlegt að fella fjárlagafrv. inn í ramma þjóðhagsspár fyrir næsta ár. Með markmiðinu um jöfnuð í viðskiptum við útlönd á árinu 1979, sem er forsenda þess að unnt verði að draga úr skuldasöfnun erlendis á næstu árum, er vexti þjóðarútgjaldanna þröngur stakkur skorinn. Þar sem ekki er við því að búast, að viðskiptakjör þjóðarinnar batni á næsta ári, felur þetta markmið í sér að halda verður vexti þjóðarútgjalda — og þar með aukningu innflutnings — innan þeirra marka sem möguleg útflutningsaukning setur. Þótt jafnan sé erfitt að spá um sjávarafla, er vart við því að búast, að útflutningsframleiðslan geti aukist um meira en 1—2% á næsta ári, sem er svipuð aukning og í ár, ekki síst með tilliti til þess að áframhaldandi aðhald fiskveiða kann að verða nauðsynlegt.

Sé litið til einstakra þátta þjóðarútgjalda, þ. e. fjárfestingar, samneyslu og einkaneyslu, þá er með fjárlagafrv. og við undirbúning lánsfjáráætlunar stefnt að því að draga úr fjárfestingu á árinu 1979, auk þess sem nauðsynlegt er að taka upp breytta fjárfestingarstefnu. Með samdrætti fjárfestingar og nær óbreyttri samneyslu gæti skapast svigrúm til nokkurrar aukningar einkaneyslu, eða um 1—2% á mann, án þess að það valdi aukningu innflutnings umfram það sem samrýmist markmiðinu um jöfnuð í viðskiptunum við útlönd. Hins vegar þarf að finna leiðir til þess að ná þessari neysluaukningu þannig að hún fái staðist til frambúðar og án þess að henni fylgi hætta á vaxandi verðþenslu. Þetta er sérstaklega mikilvægt við þær aðstæður í efnahagsmálum og þá sérstaklega verðlags- og kauplagsmálum sem við búum nú við. Ríkisstj. vinnur nú að þessu í samráði við fulltrúa launafólks í landinu.

Niðurstaða fyrstu hugmynda um þróun útflutningsframleiðslu og þjóðarútgjalda á næsta ári bendir til þess, að þjóðarframleiðslan gæti vaxið um 1—1½% og þjóðartekjur svipað, þar sem gert er ráð fyrir óbreyttum viðskiptakjörum. Þetta er minni hagvöxtur en undanfarin ár, en það ræðst fyrst og fremst af þeirri nauðsyn að halda vexti þjóðarútgjalda — og þar með innflutningi — í skefjum til þess að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd á næsta ári og til þess að draga úr verðbólgu. Róðurinn verður heldur léttari fyrir það, að nú eru horfur á að utanríkisviðskiptin í ár verði mjög nálægt því að vera í jafnvægi. En jafnframt er það enn frekari ástæða þess að fylgja fast eftir þeim árangri, sem náðst hefur, ef okkur á að takast á næstu árum að grynna á erlendum skuldum þjóðarbúsins. En erlendar langtímaskuldir nema nú 195.5 milljörðum kr. og vextir og afborganir af þeim

13.7% af útflutningstekjum. En ein mikilvægasta forsenda árangurs í þessum efnum er að nokkur greiðsluafgangur verði hjá ríkissjóði á næsta ári. Traust fjárhagsstaða ríkissjóðs er einnig algjör forsenda þess að það takist að draga úr verðbólgunni.

En til þess að ná árangri í glímunni við verðbólguna þarf samstillt átak samtaka launamanna, atvinnurekenda og ríkisins. Til þessarar glímu mega menn ekki ganga með hálfum huga eða hiki. Auk aðgerða á sviði ríkisfjármála og fjárfestingarstjórnar þarf að koma til stefnubreyting í launa- og verðlagsmálum, þannig að dregið verði úr launahækkunum á næstunni stig af stigi og ríkisvaldið fái aukið svigrúm til þess að beita öllum stjórntækjum fjármálanna án þess að þær nauðsynlegu aðgerðir hrindi sjálfkrafa af stað vísitöluhækkun launa.

Í stefnuræðu hæstv. forsrh., sem flutt var hér á Alþingi 19. okt. s. l., gerði hann ítarlega grein fyrir hinni almennu stefnu ríkisstj., og sé ég ekki ástæðu til að ítreka hana nema að því leyti sem hún tengist fjárlagagerðinni og efnahagsmálum í sambandi við fjárlögin.

Það er ástæða til að vekja athygli á því, hversu ríkisbúskapurinn er stór þáttur efnahagsmálanna. Ætla má, að þjóðartekjur á næsta ári muni nema nálægt 680 milljörðum kr. Gjöld á fjárlagafrv. nema hins vegar rúmlega 198 milljörðum kr. og eru því tæplega 1/3 hluti þjóðarteknanna.

Það ríður því mjög á að ríkisbúskapurinn sé traustur, sérstaklega þó á miklum verðbólgutímum. Það er samdóma álit hagspekinga og stjórnmálamanna, að ekki verði hamlað gegn verðbólgunni með árangri nema ríkisbúskapurinn sé í lagi og ríkissjóður hafi nokkuð ríflegan rekstrar- og greiðsluafgang. Þess vegna er það sérstaklega tekið fram í stjórnarsamningnum, að áhersla verði lögð á jafnvægi í ríkisbúskapnum og allt aðhald stórlega aukið.

Þegar ríkisstj. tók við lágu drög að fjárlagafrv. í fjmrn. Þessi drög höfðu þó ekki verið afgreidd í ríkisstjórn og þess vegna stóð enginn pólitískur meiri hluti á Alþingi að baki þeim. Einnig var augljóst, að brýna nauðsyn bar til að gera ráðstafanir í efnahagsmálum, sem óhjákvæmilega hlutu að hafa áhrif á gerð fjárlagafrv. Þess vegna er ógerningur að bera þessi drög saman við fjárlagafrv., þar sem ekki er vitað hvað við þau hefði verið prjónað á annan hátt en þann sem nú hefur verið gert.

Fyrsta daginn sem ríkisstj. starfaði gaf hún út brbl. um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.

Hinn 5. sept. voru gefin út önnur brbl. og þá um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Og hinn 9. sept. voru svo gefin út brbl. um kjaramál, sem fólu m. a. í sér veruleg útgjöld og tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Allar þessar ákvarðanir höfðu margvísleg áhrif á ríkisbúskapinn og breyttu færslum fjárlagafrv. svo þúsundum skipti. Þegar af þessum ástæðum var nauðsynlegt að breyta fjárlagafrv. í mörgum greinum til þess að það gæti verið aðgengilegt til meðferðar hér á Alþingi. Til viðbótar var svo stefna ríkisstj. felld inn í fjárlagafrv. að svo miklu leyti sem tími vannst til að ljúka því verki.

Af þessum ástæðum og raunar fleiri reyndist ekki unnt að leggja fjárlagafrv. fyrir Alþingi á allra fyrstu dögum þess. Þó var fjárlagafrv. lagt fram á svo til sama tíma og haustið 1974, en þá hafði Alþingi verið frestað til 29. okt. Fjárlagaræðan er einnig haldin í seinna lagi, en þó ekki nema 6 dögum síðar en á síðasta ári.

Í stjórnarsamningnum er lögð sérstök áhersla á samráð og samstarf við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í efnahagsmálum. Í viðræðum um stjórnarmyndunina voru höfð allvíðtæk samráð við þessa aðila. Sama var að segja um undirbúning fyrstu efnahagsaðgerða ríkisstj. í september.

Þessi samráð hafa haldið áfram, m. a. við gerð fjárlagafrv., ýmist með fundahöldum, skoðanaskiptum eða með því að skiptast á gögnum. Ríkisstj. leggur mikla áherslu á þessi samráð, en þau eru tímafrek þar sem um mjög marga aðila er að ræða.

Á liðnum árum og áratugum hefur það verið venja, að fjmrh. gerði grein fyrir afkomu ríkissjóðs á liðnu ári í framsöguræðu sinni fyrir fjárlagafrv. komandi árs. Allra síðustu ár hefur hér orðið sú breyting á, að nokkur grein hefur verið gerð fyrir afkomunni að vori til um leið og A-hluti ríkisreiknings fyrir nýliðið ár hefur verið afhentur þingmönnum. Jafnframt hefur verið afhent greinargerð eða prentuð skýrsla um þetta efni. Svo var einnig gert s. l. vor, og tel ég því ekki ástæðu til að fjalla um afkomu ríkissjóðs á árinu 1977 nema að mjög litlu leyti.

Samkvæmt A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1977 nam rekstrarhalli ríkissjóðs á því ári 2 543 595 000 kr. Tekjur á rekstrarreikningi námu 100 277 532 000 kr. og gjöldin 102 821 127 000 kr.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs við bankakerfið, þ. e. breyting á peningum í sjóði og stöðu bankareikninga ásamt stöðu lána við Seðlabankann, var óhagstæð um 1764 millj. kr. og að auki hækkuðu lán við Seðlabankann í erlendri mynt um 1460 millj. kr. vegna gengismunar, þannig að skuldaaukningin við bankakerfið nam 3224 millj. kr.

Skuldir við Seðlabankann vegna A-hluta ríkisreiknings námu í árslokin 1977 15 milljörðum króna og eru þá skuldir í erlendri mynt gerðar upp miðað við gengisskráningu í árslok.

Þegar frumvörp að fjáraukalögum og samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1977 verða lögð fram, væntanlega nokkru eftir næstu áramót, mun einnig verða gerð nánari grein fyrir afkomu ársins 1977.

Af framangreindum tölum svo og upplýsingum um horfur á þessu ári er ljóst, og hefur reyndar lengi verið ljóst, að á öllum sviðum ríkisfjármála þarf að sýna aðhald og ráðdeild. Vissulega eru stærstu útgjaldaliðir ríkisins tiltölulega fáir og vegna þýðingarmikilla verkefna eins og tryggingamála, heilbrigðismála, menntamála, vegamála og fleiri þátta. Árangursríkast er vitaskuld að leita eftir sparnaði og aukinni hagræðingu á þessum sviðum. En hinu má aldrei gleyma, að það er stutt inn í kvikuna í mörgum þessum málum. Samt sem áður þarf einnig að huga að hinum fjölmörgu minni útgjaldaþáttum. Hver þeirra um sig vegur ekki þungt á vogaskálunum, en í heild gera þeir það. Því er einnig nauðsyn á því, að sérhver forstöðumaður ríkisstofnunar sýni ítrustu ráðdeild á sínu sviði. Sama er að segja um framkvæmdir á vegum ríkisins. Þar má ekki eiga sér stað bruðl og eyðslusemi. En mörgum verður þröngur stakkur skorinn og hjá því verður ekki komist að sinni.

Framvinda efnahagsmála á árinu 1978 hefur öðru fremur einkennst af vaxandi verðbólgu og endurteknum rekstrarerfiðleikum atvinnuveganna, einkum í þeim greinum sem framleiða til útflutnings. Á þessu hausti

hefur því enn einu sinni orðið að grípa til sérstakra ráðstafana í efnahagsmálum til þess að ekki kæmi til algerrar rekstrarstöðvunar í undirstöðuatvinnuvegunum. Þetta er vitaskuld fjarri því að vera einsdæmi í okkar efnahagssögu. Það er áhyggjuefni, að þessi vandi verður til þegar ytri skilyrði eru fremur hagstæð og árferði gott. Oft áður hafa óhagstæð ytri skilyrði valdið verulegum efnahagsörugleikum innanlands. Að þessu sinni eru það því að miklu leyti innlendar aðstæður sem erfiðleikunum valda. Þegar af þessari ástæðu ættum við nú að vera betur í stakk búnir til þess að mæta þessum vanda en oft áður, þegar óhagstæð ytri skilyrði og slæmt árferði hafa mjög þrengt svigrúmið til athafna. Verbólgan og tæp staða útflutningsframleiðslunnar hafa verið og eru helstu vandamálin á sviði efnahagsmála. En það þarf nokkurn pólitískan kjark til að takast á við þessi vandamál.

Að ýmsu öðru leyti hefur hagþróun á þessu ári um margt verið hagstæð. Þjóðarframleiðslan er talin munu aukast um rösklega 3% eða svipað og spáð var í lok s. l. árs, en þjóðartekjur vaxa minna vegna nokkurrar versnunar viðskiptakjara, einkum á síðustu mánuðum. Bandaríkjadollar hefur t. d. fallið um rúm 8% gagnvart þýsku marki síðan í ágústbyrjun. Þetta er mikið áfall fyrir okkur Íslendinga, þar sem við seljum svo mikið af okkar útflutningsvörum fyrir dollara, en kaupum inn með öðrum gjaldeyri, sem hefur stigið í verði. Horfur eru á nokkurri aukningu fiskaflans, sem má að mestu leyti rekja til aukins loðnu- og síldarafla, en botnfiskaflinn verður svipaður og í fyrra, þó kannske heldur meiri. Útflutningsframleiðsla mun aukast lítillega frá fyrra ári, en þar sem mjög hefur gengið á birgðir útflutningsafurða, einkum skreiðar- og saltfisksbirgðir, verður útflutningurinn mun meiri en sem svarar til framleiðsluaukningarinnar einnar. Þær spár, sem fram voru settar í lok s. l. árs um þessi atriði, hafa þannig að mestu gengið eftir.

Kauplag og verðlag hefur þotið upp úr öllu valdi og miklu örar en spáð var í ársbyrjun, enda var í þeim spám gert ráð fyrir nokkurri takmörkun á launahækkunum. Er nú talið, að meðalverðhækkun milli áranna 1977 og 1978 verði allt að 44% samanborið við 30% hækkun í fyrra. Kauptaxtar hafa hins vegar hækkað mun meira en þetta, og er áætlað að meðalhækkunin verði um 53% á þessu ári. Atvinnutekjur á mann eru taldar hækka heldur minna eða um 52%. Ráðstöfunartekjur hækka hins vegar rétt um 50% að meðaltali á mann.

Kaupmáttur kauptaxta hefur því aukist verulega á þessu ári, eða um 6—7%, og er kaupmáttaraukningin svipuð hjá flestum hópum launþega. Í þeim spám, sem fram voru settar um mitt þetta ár var reiknað með um 5% aukningu einkaneyslu eða ívið meira en aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna heimilanna. Í ljósi þess, sem hér hefur verið sagt um kaupmátt ráðstöfunartekna, sýnist stefna í nokkru meiri aukningu einkaneyslu, eða um 6% frá fyrra ári. Þær vísbendingar, sem liggja fyrir um einkaneysluútgjöld á árinu — t. d. upplýsingar um veltu í verslunar- og þjónustugreinum — renna stoðum undir þessa spá. Í fyrra jókst einkaneysla hins vegar nokkru meira, eða um 8%.

Samneysluútgjöld eru talin munu aukast í samræmi við fyrri spár, eða um 2% á þessu ári, sem er svipuð aukning og á árinu 1977.

Fjármunamyndun, eða það sem þjóðin setur í fast, er talin munu dragast verulega saman á þessu ári, eða um rösklega 5% í heild, og eru það mikil umskipti frá fyrra ári, en þá jókst fjármunamyndun um 7.5%. Hlutfall fjármunamyndunar af þjóðarframleiðslu verður þá um 26.5% samanborið við 28.4% 1977 og enn hærra hlutfall næstu ár á undan. Þetta er nokkru meiri samdráttur en reiknað var með í fyrri spám, og er skýringarinnar helst að leita í mun meiri verðhækkunum en reiknað var með fyrr á árinu. Samdrátturinn verður að langmestu leyti í opinberum framkvæmdum, eða um 15%, sem er líkt og í fyrra.

Fjármunamyndun í atvinnuvegunum verður hins vegar því sem næst óbreytt frá fyrra ári, eða ef til vill heldur minni. Þetta eru veruleg umskipti frá því sem varð á síðasta ári, þegar fjármunamyndun atvinnuveganna jókst um tæplega 37%. Ástæðan er fyrst og fremst minni innflutningur fiskiskipa á þessu ári, en einnig hefur innflutningur flutningaskipa dregist mikið saman. Á móti þessu vega mun meiri framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga á þessu ári en í fyrra, en að henni slepptri er um 11% samdrátt að ræða í fjármunamyndun atvinnuveganna.

Smíði íbúðarhúsa er talin munu aukast um 2% á þessu ári, en stóð í stað í fyrra.

Niðurstaða þessara spáa um neyslu og fjármunamyndun verður sú, að þjóðarútgjöld muni aukast um 2½% á þessu ári og eru birgða- og bústofnsbreytingar þá ekki taldar með. Þar sem ljóst er, að birgðir munu minnka talsvert á þessu ári eftir verulega uppsöfnun 1977, sýnist stefna í að þjóðarútgjöld — að birgðabreytingum meðtöldum — verði óbreytt frá fyrra ári, en þá jukust þau hins vegar um 10%.

Þótt innflutningur hafi orðið meiri en búist var við, m. a. vegna aukins kaupmáttar á árinu, og þar með hafi brugðist þær vonir um afgang á viðskiptum við útlönd, sem spár í upphafi ársins bentu til, eru horfur á að viðskiptahallinn verði mun minni en í fyrra, eða um 2 milljarðar — 0.4% af þjóðarframleiðslu — í stað tæplega 10 milljarða króna halla 1977, eða 2,7% af þjóðarframleiðslu. Hér skipta gengisbreytingarnar á árinu miklu máli, en þessi árangur verður ekki varanlegur, ef verðbólgan æðir áfram eins og líkur standa til nema þjóðin grípi í taumana.

Þegar litið er yfir þá mynd, sem nú er óðum að skýrast af hagþróun ársins 1978, verður stöðugt ljósara að nú þarf að gera mikið átak til þess að hamla gegn verðbólgu. Ríkisstj. leggur í þeim efnum höfuðáherslu á þrennt: Að dregið verði úr sjálfvirkum verðbólgugangi vísitölukerfisins og mörkuð skynsamleg launamálastefna, sem treysti hæstan mögulegan kaupmátt launa án þess að ofbjóða atvinnulífinu og efnahagskerfinu. Að dregið verði úr fjárfestingu í heild og henni beint að framleiðniaukandi verkefnum. Að ríkisfjármálin verki sem hemill á verðþensluna, en það gerist ekki nema ríflegur rekstar- og greiðsluafgangur verði á fjárlögum næsta árs.

Frá því fjárlög fyrir árið 1978 voru samþykkt á Alþingi hafa verið gerðar margháttaðar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hafa haft veruleg áhrif á ríkisbúskapinn á yfirstandandi ári.

Samanlagt hefur gengi krónunnar lækkað um 46.8% frá áramótum til þessa dags. Verðbótarákvæðum launa hefur verið breytt á árinu. Ráðstafanir fyrrv. ríkisstj. í efnahagsmálum frá 13. febr. s. l. fólu m. a. í sér að verðbætur á laun hækkuðu hverju sinni sem svarar helmingi hækkunar verðbótavísitölunnar. Með lögum

frá 24. maí var dregið úr launaskerðingu vísitölunnar með auknum greiðslum verðbóta á lægstu laun. Með brbl. frá 8. sept. um kjaramál ákvað núverandi ríkisstj. að greiða fullar hlutfallsverðbætur á laun að tilteknu launamarki, en ákveðna krónutölu þar fyrir ofan. Með hliðsjón af þeim launabreytingum, sem átt hafa sér stað, hafa breytingar á bótum almannatrygginganna verið gerðar. Auk ofangreindra ráðstafana má nefna lækkun á sérstöku vörugjaldi úr 18% í 16% frá því í febrúar s. l. og ákvörðum um 10% skyldusparnað félaga og stofnana. Ráðstafanir núv. ríkisstj. í efnahagsmálum frá því í byrjun september fólu í sér þær aðgerðir til viðbótar við það sem þegar hefur verið getið, að niðurgreiðslur á ýmsum nauðsynjavörum voru stórauknar frá septemberbyrjun og svarar sú hækkun til þess, að um 4.9% af verðbótavísitölu, eins og hún var þá, væru greidd niður. Aflað var heimildar til hækkunar vörugjalds úr 16% í 30% í allmörgum vöruflokkum. Þá er að nefna ákvæði um eignarskattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt af atvinnurekstri til þess að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs og hemla hækkunaráhrif gengisbreytingarinnar. Þá var tvívegis hækkað útsöluverð tóbaks og áfengis og lagður skattur á ferðalög til útlanda. Að áhrifum einstakra tekju- og gjaldaákvarðana vík ég síðar.

Horfur í fjármálum ríkisins, þegar tillit hefur verið tekið til fyrrnefndra ráðstafana, eru í aðalatriðum þær, að útgjöldin verða samtals 158.5 milljarðar kr. eða 20 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum eins og þau voru samþykkt. Þetta er um 14.5% hækkun. Tekjur eru nú áætlaðar 154.2 milljarðar kr., sem er 14.7 milljarða kr. hækkun frá fjárlögum, eða sem svarar 10.5%. Samkvæmt þessu er líklegt að gjöld umfram tekjur muni nema um 4.3 milljörðum kr. Um lánamál ríkissjóðs er það að segja, að við afgreiðslu fjárlaga ársins 1978 var að því stefnt að lánveitingar og afborganir lána ríkissjóðs næmu 670 millj. kr. umfram ráðgerðar lántökur og innheimtu af veittum lánum. Í þessari áætlun var við það miðað, að Seðlabankanum yrðu greiddar 3245 millj. kr. á árinu. Fyrirsjáanlegt er að ekki reynist unnt að greiða Seðlabankanum það sem áætlað var.

Þegar tillit hefur verið tekið til breytinga á lánareikningi ríkissjóðs, sem gerðar hafa verið á árinu, og til 4325 millj. kr. gjalda umfram tekjur á rekstrarreikningi ríkissjóðs verður enginn afgangur í árslok til greiðslna til Seðlabankans. Mat á stöðu ríkissjóðs nú bendir því til rúmlega 400 millj. greiðsluhalla í árslok. Er þetta þó sagt með ákveðnum fyrirvara vegna mikilla sveiflna í greiðslum og tekjum ríkissjóðs fyrir áramót. Jafnframt berast nú til fjmrn. margar og háar beiðnir um umframfjárveitingar. Líklegt er að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hækki um 5.8 milljarða kr., þegar tillit er tekið til gengisuppfærslu eldri lána, vanáætlunar í fjárlögum 1978 og væntanlegs halla á ríkissjóði í ár. Hér er þó um lauslega áætlun að ræða.

Ég mun nú gera grein fyrir þróun gjalda og tekna frá því fjárlög ársins 1978 voru samþykkt af Alþingi.

Vegna fjöldamargra efnahagsráðstafana, sem gerðar hafa verið á árinu, hafa gjöld ríkissjóðs aukist verulega frá því sem upphaflega var áætlað. Þetta skýrist enn frekar þegar haft er í huga að núv. ríkisstj. ákvað þegar í upphafi starfsferils síns að beita ríkisfjármálunum sem hagstjórnartæki við úrlausn hins alvarlega vanda, sem ríkti í efnahags- og atvinnumálum við stjórnarskiptin.

nú eru útgjaldahorfurnar þær, að útgjöld ríkissjóðs aukist um 20.0 milljarða kr. frá fjárlögum, eins og ég vék að áður, og verði samtals 158.5 milljarðar kr. Í fjárlögum 1978 voru 11.4 milljarðar kr. færðir á sérstakan launalið og var fjárveiting þessi ætluð til að standa undir grunnlauna- og verðbótahækkunum 1978. Svo sem oft áður eru það laun og greiðslur vegna almannatrygginganna sem mest víkja frá fjárlögum, m. a. vegna náinna tengsla þessara útgjaldaliða við verðlagsþróunina í landinu. Talið er að launagjöld aukist um 2.6 milljarða kr. frá fjárlögum vegna meiri hækkana verðbótavísitölu en áætlað var. Útgjöld vegna almannatrygginganna munu fara um 8.3 milljarða kr. fram úr fjárlögum. Skýrist sú hækkun af meiri verðlagshækkun á ýmsum sjúkrakostnaði svo sem lyfjum og sérfræðiþjónustu en áætlað var fyrir, auk hækkunar daggjalda sjúkrahúsa og bóta lífeyristrygginganna umfram áætlun. Niðurgreiðslur á vöruverði innanlands voru auknar á árinu sem líður í lausn þess efnahagsvanda, sem við blasti í upphafi stjórnar tímabils núv. ríkisstj. Útgjöld vegna þessa þáttar eru talin fara um 4.3 milljarða kr. fram úr áætlun og verða samtals 11.2 milljarðar kr. Útflutningsbætur eru áætlaðar munu hækka um rúman 1.1 milljarð kr. og veldur þar mestu ákvörðun ríkisstj. um greiðslu 1300 millj. kr. verðjöfnunargjalds á landbúnaðarvörum, en áætlað er að 1000 millj. kr. þessarar fjárhæðar komi til greiðslu á yfirstandandi ári. Útflutningsuppbætur ársins verða samtals 4.1 milljarður kr. Vaxtagreiðslur á árinu munu hækka um 1.8 milljarða kr. og nema samtals 5.2 milljörðum. Hækkuninni veldur fyrst og fremst breyting á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum, en stór hluti lána ríkissjóðs er erlend lán eða gengistryggð. Í kjölfar mikilla verðbreytinga á innflutturn rekstrarvörum og innlendum rekstrarliðum er sýnt, að óhjákvæmilegt verður að fallast á verulegar umframfjárveitingar nú á síðustu mánuðum ársins til þess að halda gangandi t. d. nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu, svo dæmi sé nefnt.

Eins og áður er greint frá eru heildartekjur ríkissjóðs nú taldar verða rúmlega 154 milljarðar. Gjöld af innflutningi valda mestu um hækkunina frá fjárlögum, enda hefur innflutningur verið meiri — og þá ekki síst bílainnflutningur — en þar var miðað við. Til landsins hafa verið fluttir um 9000 bílar það sem af er árinu. Flestir aðrir teknaliðir verða einnig hærri en í fjárlagaáætlun, eins og nánar er gerð grein fyrir í aths. við frv., en ég mun hér aðeins geta stærstu liða. Að venju er hér ávallt um að ræða innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu, en ekki álagningu.

Eignarskattar verða sennilega 2350 millj. í ár samanborið við 2000 millj. í fjárlögum. Munurinn liggur í eignarskattsaukanum samkvæmt brbl. í september, sem þó innheimtist aðeins að hluta á þessu ári, þar sem innheimtunni er dreift á tvo síðustu mánuði þessa árs og tvo fyrstu mánuði næsta árs.

Tekjuskattur einstaklinga er nú áætlaður 13.1 milljarður í ár eða um 900 millj. hærri en í fjárlögum, en tekjur hafa hækkað mjög mikið frá í fyrra og þar með meiri álagning í ár en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Til viðbótar kemur svo innheimta sérstaks skatts á hátekjur og á tekjur og fyrningar í atvinnurekstri einstaklinga samkvæmt brbl. í september. Þetta á einnig við um tekjuskatt félaga, sem verður nokkru meiri en í fjárlagaáætlun.

Gjöld af innflutningi verða alls 35.5 milljarðar í ár samkvæmt síðustu áætlun og eru það rúmlega 6 milljarðar umfram fjárlagaáætlun. Eins og ég sagði áður, hefur bílainnflutningur verið mun meiri í ár en miðað var við í fjárlögum, og má sennilega rekja nær 2 milljarða af tekjuauka á þessum lið til þessarar ástæðu. Að öðru leyti er hækkun frá fjárlögum vegna meiri innflutningsaukningar í krónum en þar var miðað við.

Söluskattur í ríkissjóð gæti orðið nær 51 milljarður kr. eða nær 2½ milljarði umfram fjárlög, þrátt fyrir niðurfellingu söluskatts af matvælum í sept. s. l., sem talin var kosta ríkissjóð 1.4 milljarða á þessu ári. Almenn veltubreyting, sem mestu ræður um söluskattsinnheimtu, hefur hins vegar verið meiri en miðað var við í fjárlagaáætlun, fyrst og fremst vegna meiri verðlagshækkana.

Við endurskoðun tekjuáætlunar í okt. s. l. var rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins talinn geta orðið allt að 13.5 milljarðar kr. í ár eða 2.2 milljarðar umfram fjárlagaáætlun. Fyrstu átta mánuði ársins jókst sala áfengis og tóbaks í krónutölu miðað við sömu mánuði í fyrra talsvert umfram það sem nam verðhækkun, þannig að búast mátti við að rekstrarhagnaður ÁTVR yrði meiri en reiknað var með í fjárlögum, e. t. v. um rúmlega 1½ milljarð kr. Tekjuauki vegna hækkunarinnar í september var metinn 500—600 millj. kr. í ár og tekjurnar því alls um 2.2 milljörðum kr. meiri en í fjárlögum. Þessi áætlun er þó afar óviss og ekki örugg þar sem desembersalan ræður svo miklu, en tölur um sölu í september og október benda til þess, að þessi tekjuliður geti verið eitthvað ofmetinn.

Af öðrum mikilvægum tekjuliðum má nefna, að sérstakt vörugjald er áætlað 8.5 milljarðar í ár eða um 700 milljónir umfram fjárlagaáætlun, bæði vegna meiri innflutnings, eins og áður var lýst, og vegna hækkunar gjaldsins að hluta úr 16 í 30% í september. Á móti kemur hins vegar lækkun gjaldsins úr 18% í 16% í febr. s. l., sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Launaskattur er talinn verða 8 milljarðar kr. samanborið við 7.6 milljarða í fjárlögum, og aðrir óbeinir skattar og ýmsar tekjur munu eftir innheimtunni á árinu að dæma verða talsvert umfram fjárlög eða rúmlega 9 milljarðar samanborið við 7.6 milljarða í fjárlagaáætlun.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1979, sem nú er til umræðu, er lagt fram með nokkuð öðrum hætti en tíðkast hefur á undanförnum árum. Auk nokkurra fyrirvara um atriði, sem enn hefur ekki verið tekin endanlega afstaða til, er höfuðeinkenni þessa frv., að það er lagt fram með 3.9 milljarða kr. greiðsluafgangi. Þetta er gagngert til þess annars vegar að veita Alþingi nokkurt svigrúm til ráðstöfunar og hins vegar til að ná hallalausum ríkisbúskap á fyrstu 16 mánuðum starfsferils ríkisstj.

Gert er ráð fyrir að tekjur ríkisstjóðs verði um 206.7 milljarðar kr. og gjöld 198.5 milljarðar kr. Tekjur umfram gjöld nema því um 8.2 milljörðum kr. samanborið við áætlaðan rekstrarhalla 1978 að upphæð 4.3 milljarðar. Reiknað er með að úr ríkissjóði verði greiddir 4.3 milljarðar kr. árið 1979 vegna lánahreyfinga umfram það sem greitt verður inn í ríkissjóð. Þegar tillit hefur verið tekið til lánahreyfinganna kemur fram greiðsluafgangur að fjárhæð 3.9 milljarðar kr., eins og áður segir. Afborganir af lánum ríkissjóðs verða samtals 7009 millj. kr. samkvæmt 1. gr. fjárlagafrv., og ganga þá 5476 millj. kr. til lækkunar erlendra skulda og 1533 millj. kr. til lækkunar innlendra skulda. Lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir í A- og B-hluta fjárlagafrv. nema samtals 9.8 milljörðum kr. og er þar um nokkurn samdrátt að ræða frá árinu 1978.

Gjöld frv. eru miðuð við verðlag í lok árs 1978 og er það í samræmi við forsendur frumvarpsins um tekjur. Í heild nemur launakostnaður 54186 millj. kr. sem er 10962 millj. hækkun frá fjárlögum 1978. Er hér um að ræða 27.3% af heildarútgjöldum A-hluta frv. Laun ársins eru miðuð við launataxta eins og þeir eru taldir verða í desember 1978. Launakostnaður einstakra stofnana í A-hluta fjárlagafrv. hefur samkvæmt áætlun hækkað um 67.5% frá launatölum fjárlaga 1978.

Í frv. er beitt aðhaldi eftir því sem frekast er kostur. Fjölgun starfsmanna er haldið í lágmarki og svo til eingöngu bætt við stöðum sem þegar hafa verið samþykktar eða eru óumflýjanlegar, t. d. vegna fjölgunar bekkjadeilda í skólum. Með sérstökum aðgerðum verður leitast við að lækka yfirvinnu- og álagsgreiðslu á ríkisspítölum um 270 millj. kr. og hjá löggæslunni um 125 millj. kr. Þá er stefnt að lækkun launakostnaðar í grunnskólum um 150 millj. kr. með því að skerða reglugerðarheimildir um hámarksfjölda kennslustunda á nemanda á viku hverri. Samtals nemur lækkun launakostnaðar vegna þessara aðgerða um 545 millj. kr.

Önnur rekstrargjöld eru áætluð 14147 millj. kr. og er það 53% hærri tala en á fjárlögum 1978. Stafar þetta einfaldlega af verðhækkunum viðhaldsliða milli ára, sem nema um 54%.

Útgjöld vegna viðhalds eru áætluð 5298 millj. kr. og er það 31.6% hækkun frá fjárlögum 1978. Vísitala byggingarkostnaðar hækkar um 42.2% milli ára. Auk þessa samsvara áhrif gengisfellingarinnar í september 8.8% verðhækkun á þessum lið. Verðlagshækkun samtals er því um 51.0%. Þetta þýðir um 12-13% magnminnkun á heildarviðhaldi.

Vaxtagreiðslur af almennum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar samtals 6946 millj. kr. Er það 104.6% hærri fjárhæð en í fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkun vaxtagreiðslna nemur því rúmlega 3.5 milljörðum kr.

Framlög til almannatrygginga hækka um 14118 millj. kr. eða 41.7%. Verða framlög þessi í heild 48003 millj. kr. eða 24.2% ríkisútgjaldanna. Áætlaðar útgjaldabreytingar vegna lífeyristrygginga auk fjölgunar bótaþega eru í stórum dráttum þær, að bótahækkanir eru beint og óbeint tengdar kauptöxtum og er útgjaldahækkun þar af leiðandi meira og minna sjálfvirk. Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginganna hækka um 8168 millj. kr.

Lyfjakostnaður sjúrkatrygginganna hefur aukist mjög mikið á síðari árum. Í frv. kemur fram að lyfjakostnaður eykst yfir 100%. Stafar þetta að nokkru leyti af vanáætlun í fjárlögum 1978. Áætlun frv. miðast einnig við það, að þátttaka sjúlinga í lyfjakostnaði og kostnaði vegna sérfræðiþjónustu aukist. Í fjárlögum 1978 var einnig gert ráð fyrir hliðstæðri hækkun, en hún hefur enn ekki komið til framkvæmda.

Niðurgreiðslur á vöruverði innanlands eru áætlaðar 18037 millj. kr. Svo sem alkunnugt er, ákvað núv. ríkisstj. að auka niðurgreiðslur til þess að draga úr verðbólgunni. Niðurgreiðslur eru nú áætlaðar 16.3 milljarðar miðað við það niðurgreiðslustig sem nú gildir. Í frv. er gert ráð fyrir auknum niðurgreiðslum er nema 3.9 milljörðum kr. eða sem svarar 2.5% af verðbótavísitölunni

1. des. n. k.

Í frv. er því gert ráð fyrir að verja til niðurgreiðslna á næsta ári 2.8 milljörðum kr. minna en nemur niðurgreiðslustiginu í des. n. k.

Þess ber að geta annars vegar, að takmörk eru fyrir því, hve mikið er hægt að greiða niður verð á vörum, og hins vegar, að auknar niðurgreiðslur eru mikið fjáröflunarvandamál.

Útflutningsuppbætur landbúnaðarins eru áætlaðar 4500 millj. kr. vegna ársins 1979. Til viðbótar er fjárveiting að upphæð 537 millj. til greiðslu útflutningsbóta vegna ársins 1978. Þá gerir frv. einnig ráð fyrir 300 millj. kr. greiðslu vegna verðjöfnunargjalds bænda. En eins og ég nefndi áður ákvað ríkisstj. 1300 millj. kr. fjárveitingu vegna verðjöfnunargjalds á búvörur tímabilið 1977-1978, en þar af koma 1000 millj. kr. til greiðslu á þessu ári. Samtals nemur þessi liður 5337 millj. kr.

Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 4276 millj. kr. eða 45.1%. Hækkunin er nálægt eðlilegri launa- og verðlagshækkun. Í þessum útgjaldaþætti ríkissjóðs eru nokkrar B-hluta stofnanir sem háðar eru fjárveitingum.

Framkvæmdaframlög samkvæmt frv. nema alls 36.8 milljörðum kr. og er það hækkun um 8.6 milljarða eða 30.4% frá fjárlögum yfirstandandi árs.

Þeirri meginstefnu er fylgt, að framkvæmdaframlög verði hin sömu að krónutölu 1979 og 1978 nema lög eða samningar kveði á um annað. Undantekning frá þessari stefnu eru framlög til vegagerðar. Til viðbótar er ákveðið að lækka framlög til ýmissa fjárfestingarsjóða um 10% og nemur sá niðurskurður 993 millj. kr. Þá er horfið frá því, sem nú tíðkast, að fjármagna fjármagnsútgjöld vegna Kröfluvirkjunar með aukinni lántöku. Ég tel eðlilegra að ríkissjóður sjálfur axli fjármagnsbyrði þessa, a. m. k. þar til þetta fyrirtæki hefur fengið rekstrargrundvöll. Í frv. er gert ráð fyrir að Orkusjóður sjái um greiðslur vegna fjármagnsútgjalda Kröfluvirkjunar og er fjárveiting til sjóðsins í því skyni 2080 millj. kr. Þá er Byggðasjóði ætlað að lána 1130 millj. kr. vegna fjármagnskostnaðar byggðalína. Hins vegar eru framlög til Byggðasjóðs ekki skorin niður um 10% eins og framlög til annarra fjárfestingarsjóða. Byggðasjóði er ætlað að afla lánsfjár í þessu skyni og endurlána sem síðan verði endurgreitt þegar endanlega verður ákveðið hvaða aðili taki að sér rekstur byggðalínanna. Á þessu stigi málsins er að því stefnt að Orkustjóður taki þetta lán Byggðasjóðs og endurgreiði það síðar.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1979 er að venju reist í fyrsta lagi á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á líðandi ári, í öðru lagi á ákveðnum þjóðhags- og verðlagsforsendum og í þriðja lagi á ákveðnum forsendum um einstaka tekjuliði. Ég hef hér á undan gert grein fyrir þeirri tekjuáætlun ársins í ár, sem lögð er til grundvallar tekjuáætlun næsta árs, og einnig fjallað um almennar forsendur frv. og fyrirvara um leiðir til tekjuöflunar. Í aðalatriðum eru magnbreytingar helstu stofna óbeinna skatta miðaðar við 1% aukningu þjóðarútgjalda á næsta ári, og verðbreytingar eru miðaðar við áætlað verðlag undir lok ársins í ár.

Innheimtar tekjur árið 1979 eru áætlaðar samtals 206.708 milljarðar króna samanborið við 154.2 milljarða í endurskoðaðri áætlun fyrir árið í ár og 139.5 milljarða á fjárlögum. Samkvæmt þessu aukast tekjur um 52.5 milljarða eða 34% frá áætlaðri niðurstöðu í ár, en frá fjárlögum nemur aukningin 67.2 milljörðum eða rösklega 48%. Sambærileg hækkun gjalda frá gildandi fjárlögum er rúmlega 43%, en í þessum tölum endurspeglast það markmið frv., að tekjur umfram gjöld verði rúmir 8 milljarðar á næsta ári samanborið við 1 milljarð í fjárlögum ársins í ár. Þetta veldur því einnig, að tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu verða hærri á næsta ári en í ár eða 31—32% samanborið við 28.5% í ár, sem er svipað hlutfall og gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun ársins í ár.

Ég mun hér á eftir aðeins geta helstu forsendna tekjuáætlunarinnar um mikilvægustu tekjustofna, en um einstaka þætti í tekjuhlið frumvarpsins leyfi ég mér að vísa til grg. með frv.

Eins og ég hef áður getið eru beinir skattar árið 1979 m. a. miðaðir við sambærilega skattlagningu og felst í ákvæðum brbl. nr. 96/1978, þ. e. síðan í september, en form þessarar skattlagningar verður endanlega ákveðið með frumvörpum þar um, sem verða lögð fyrir Alþingi á næstunni. Þar sem verulegur hluti af álögðum sköttum samkvæmt brbl. innheimtist ekki fyrr en árinu 1979, verður meiri hækkun á innheimtu en álagningu milli áranna 1978 og 1979.

Í fjárlagafrv. er miðað við hækkun skattvísitölu um 43%, þ. e. hún hækkar með verðlagi, en ekki tekjum, á sama hátt og í fjárlögum líðandi árs. Ákvörðun um skattvísitölu verður hins vegar tekin við lokaafgreiðslu frv., eins og getið er í aths. þess.

Það er ljóst, að hlutdeild beinna skatta í tekjuöflun ríkissjóðs verður meiri á næsta ári en í ár. Í gildandi fjárlögum var reiknað með að beinir skattar yrðu 18.2% af heildartekjum ríkissjóðs. Samkvæmt frv. verður hlutdeild beinna skatta 22.1%, en hlutdeild óbeinna skatta minnkar að sama skapi eða úr 80.9% samkvæmt áætlun fyrir 1978 í 76.4%. Aðrar tekjur en skattar eru yfirleitt um 1½% af heildartekjum ríkissjóðs. Ég mun síðar koma nánar að skattamálum, þ. á m. um skattþunga beinna skatta hér á landi og í nágrannalöndum okkar.

Af helstu stofnum óbeinna skatta má nefna að tolltekjur ríkissjóðs eru miðaðar við 1% magnaukningu almenns vöruinnflutnings, 7% verðhækkun í erlendri mynt og óbreytt gengi frá því sem nú er. Hins vegar verður að gera ráð fyrir því, að tiltölulega minna verði flutt inn af hátollavöru á næsta ári en í ár. Þannig má telja, að bílainnflutningur í ár verði meiri en búast mætti við vegna endurnýjunar bílaflotans og nokkurrar aukningar hans og því líklegt að dragi úr bílainnflutningi á næsta ári. Af þessum sökum hækka tolltekjur minna en ella og sama gildir í enn frekara mæli um innflutningsgjald af bifreiðum. Innflutningur bifreiða árið 1977 nam 7558, og líklegur innflutningur á þessu ári er um 9000. Íslendingar hafa því keypt 16500 bifreiðar til landsins á þessu og seinasta ári. Í frv. eru tolltekjurnar á næsta ári miðaðar við að tollalækkun samkvæmt gildandi tollskrá taki gildi um næstu áramót, en endanleg ákvörðun um það hefur enn ekki verið tekin. Tekjutap ríkissjóðs vegna tollalækkunarinnar er metið um 1350 millj. kr. og hefðu 1100 millj. kr. innheimst á næsta ári.

Hlutur söluskatts í heildartekjum ríkissjóðs verður nokkru minni á næsta ári en verið hefur vegna niðurfellingar söluskatts af matvælum, sem talin er kosta ríkissjóð um 5.3 milljarða kr. á næsta ári. Að öðru leyti er söluskattsáætlunin miðuð við 1% aukningu þjóðarútgjalda að magni og verðlag við lok ársins í ár.

Rekstrarhagnaður ÁTVR á næsta ári er áætlaður 19 milljarðar kr. og er þá miðað við óbreytt verð á áfengi og tóbaki. Eins og áður sagði er nokkur óvissa um útkomuna í ár og gæti það einnig snert áætlunina fyrir næsta ár og þarf því að endurskoða hana fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga en það gildir raunar um flesta aðra liði tekjuáætlunarinnar, þar sem betri vitneskja liggur þá fyrir um innheimtuna á þessu ári.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna er lögð rík áhersla á nauðsyn þess að bæta stjórnina á fjárfestingunni í landinu. Þar er því lýst yfir að mörkuð verði gjörbreytt fjárfestingarstefna. Fjárfestingunni verði með samræmdum aðgerðum beint til framleiðniaukningar í atvinnuvegunum. Áformað er að marka heildarstefnuna í fjárfestingarmálum skýrar og setja samræmdar lánareglur fyrir öll fjárfestingarlán. Þá er bent á nauðsyn þess að draga úr fjárfestingarútgjöldum á árinu 1979, enda er of mikil fjárfesting ein af ástæðum verðbólguþróunar síðustu ára. Stefnan í fjárfestingarmálum fyrir næsta ár kemur nánar fram í lánsfjáráætluninni, sem lögð verður fram á Alþingi á næstu vikum, en eins og venja hefur verið fylgir þessu frv. yfirlit yfir ríkisframkvæmdir, sem ráðgert er að kosta með lánsfé, og yfir ráðgerða fjáröflun til þessara þarfa. Í þessu yfirliti kemur fram, að lánsfjáröflun til ríkisframkvæmda er áformuð 9.8 milljarðar kr. á árinu 1979. Með fjárlögum 1978 fylgdu áform um 10.5 milljarða kr. lántöku í þessu sama skyni og í framkvæmd mun þessi tala hafa hækkað verulega, þannig að tillögur frv. fela í sér verulegan samdrátt í lántökum til opinberra framkvæmda og enn frekar þegar litið er til verðbreytinga.

Lánsfjáráætluninni verður ætlað að framfylgja þeirri stefnu, að fjárfestingin í heild verði innan við fjórðung þjóðarframleiðslunnar á næsta ári, og jafnframt að tryggt sé nægilegt fé til atvinnuframfara. Til þess að þetta markmið náist verður beitt öllu í senn: beinum fjárfestingarákvörðunum ríkisins, fjárfestingarframlögum ríkisins til atvinnuveganna og skattmeðferð fjárfestingar, lánskjörum fjárfestingarlánasjóða og heimildum til erlendrar lántöku. Einnig er mikilvægt að starfsemi bankakerfisins og almenn vaxta- og lánastefna peningastofnana stefni að sama marki. Um öll þessi atriði verður fjallað og ákvarðanir um þau teknar, þegar lánsfjáráætlunin verður afgreidd, en sú stefna sem mörkuð er með fjárlagafrv. í þessum efnum er á þá leið, að úr framkvæmdum verði að draga um sinn m. a. til að tryggja öruggan ríkisfjárhag.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að verja til verklegra framkvæmda, sem tilheyra A-hluta fjárlaga, samtals 18470 millj. kr. Enn fremur virðist svigrúm til að verja til viðbótar allt að 1000 millj. kr. til framkvæmda. Með því móti væri stefnt að um það bil 16% magnminnkun verklegra framkvæmda sem tilheyra A-hluta fjárlaga. Þar sem ekki hefur verið gengið frá lánsfjáráætlun næsta árs, er á þessu stigi ekki endanlega ákveðið hversu mikil magnminnkun verði í ríkisframkvæmdunum í heild. Hins vegar er ljóst, að verði dregið minna úr framkvæmdum en að framan greinir verður að koma til samsvarandi tekjuöflun.

Telja verður að 12% magnminnkun á A-hluta fjárlaga sé í samræmi við fyrirætlanir ríkisstj. í fjárfestingarmálum, en stefnan á að miðast við það, að landsmenn geti búið við atvinnuöryggi og jafnframt sé komið í veg fyrir ofþenslu efnahagslífsins. Ég tel eðlilegast að miða samdráttinn við 12% magnminnkun og stefna að því, að ráðstafanir, sem gerðar verða til þess að tryggja samkeppni innlenda iðnaðarins, leiði til tekjuöflunar ríkissjóðs sem nægi til að framkvæma þessa stefnu í fjárfestingarmálum.

Nokkrir útgjaldaliðir í fjárlagafrv. eru ábernadi hæstir. Þar á meðal eru tryggingamál 51.1 milljarður kr., fræðslumál 28.5 milljarðar kr., heilbrigðismál 15.2 milljarðar kr., dómgæslu- og lögreglumál 10.5 milljarðar kr. Útgjöld skv. þessum fjórum liðum fjárlagafrv. nema 105 milljörðum kr. eða rúmlega helmingi útgjalda fjárlagafrv.

Við Íslendingar verjum stórum fjárhæðum til heilbrigðis- og tryggingarmála. Ég er þeirrar skoðunar, að í heilbrigðismálum megi spara talsverðar fjárhæðir með því að efla útivist og íþróttaiðkun landsmanna. Nútíma þjóðfélag eykur á kyrrsetur og hreyfingarleysi. Um fimm þúsundir manna starfa að sjálfboðaliðsvinnu og rekstri íþróttahreyfingarinnar. Þessa starfsemi þarf enn að efla og styrkja. Ég vildi því beina þeim tilmælum til hv. fjvn., að hún athugi sérstaklega hækkun framlaga til UMFÍ og ÍSÍ. Það er raunhæf leið til sparnaðar, þótt það skili e. t. v. ekki árangri í krónum þegar á næsta ári.

Svíar telja sig hafa reiknað það út, að þeir spari stórkostlega fjármuni fyrir þjóðfélagið með virkum stuðningi við æskulýðs- og íþróttahreyfinguna. Álíta þeir að heilsufar og starfshæfni aukist með skynsamlegum íþróttaiðkunum og útivist.

Á undanförnum árum hefur verið unnið mikið starf við úttekt ýmissa þátta ríkisbúskaparins. Sérstök nefnd hefur starfað að athugunum á möguleikum til minnkunar ríkisumsvifa. Nefndin hefur skilað sérstökum skýrslum um nokkur fyrirtæki, svo sem Landssmiðjuna, Siglósíld, Ferðaskrifstofu ríkisins, Slippstöðina hf. á Akureyri og Bifreiðaeftirlit ríkisins. Þessar skýrslur eru til athugunar í fjmrn. og verða ræddar við viðkomandi ráðuneyti og væntanlega í ríkisstj. áður en ákvarðanir verða teknar um framhaldið.

Í samstarfssamningi stjórnarflokkanna er gert ráð fyrir að stórauka aðhald í ríkisbúskapnum. Í grg. fjárlagafrv. kemur fram, að stefnt sé að lækkun rekstrarkostnaðar hjá ríkinu um einn milljarð kr.

Eins og áður hefur verið greint frá hefur fjárlaga- og hagsýslustofnunin þegar haft samband við viðkomandi ráðuneyti um sparnað í heilbrigðismálum, fræðslumálum og löggæslumálum sem nemur 545 millj. kr. Er hér einkum átt við breytingar í rekstri og framkvæmd þessara mála. Ef eitthvað raunhæft á að gerast í sparnaði og aðhaldi, ber brýna nauðsyn til að halda áfram úttekt ýmissa þátta ríkisbúskaparins, og tel ég eðlilegast að hagsýslustofnunin framkvæmi slíka úttekt í samvinnu og samstarfi við viðkomandi fagráðuneyti og forstjóra ríkisstofnana. Mun ég beita mér fyrir að slíkt verði gert.

Ég álít, að möguleikar séu á frekari sparnaði og aðhaldi í ríkisbúskapnum, bæði að því er snertir einstakar ríkisstofnanir og stóra málaflokka. Það mætti e. t. v. orða það svo, að ekki sé síður nauðsyn á uppskurði sums staðar í ríkiskerfinu en niðurskurði. Menn verða þó að gera glöggan greinarmun á eyðslu og eðlilegum útgjöldum.

Þýðingarlaust er að standa að aðhaldi eða sparnaði nema nákvæmlega sé tiltekið í fjárlögum hvar þessi sparnaður eigi að koma niður og viðkomandi ráðherra, stjórnarnefnd og forstjóri ríkisstofnunar beri fulla

ábyrgð á framkvæmdinni. Verði slíkt ákveðið í fjárlögum verður að hefja framkvæmd breytingarinnar þegar í stað, enda verði þá ekki heimilaðar greiðslur frá fjmrn. að því marki sem fjárlög ákveða um slík efni.

Í þessum efnum verður að koma til markvisst starf. Yfirborðskák kemur ekki að neinu haldi. Það verður e. t. v. að ákveða hvaða stöðum á að fækka hjá ríkinu, hvar á að draga úr yfirvinnukaupi, hverju á að breyta um framkvæmd mála. Þetta er ekkert vinsældastarf, en verður að vinnast. En það verður ekki unnið á nokkrum vikum, heldur með þrotlausu starfi og eftirliti.

Síðan fjárlög fyrir árið í ár voru samþykkt á Alþingi í desember í fyrra hefur kveðið mikið að lagasetningu um skattamál og fjármagnsöflun til ríkissjóðs.

Í febrúar voru samþykkt lög um ráðstafanir í efnahagsmálum. Með þeim var lagður skyldusparnaður á félög á árinu 1978 og nam hann 10% af skattgjaldstekjum þessara aðila að viðbættum varasjóðstillögum. Þessi ákvæði voru tímabundin og er ekki gert ráð fyrir hliðstæðum skyldusparnaði félaga á árinu 1979. Með febrúarlögunum voru barnabætur og hækkaðar nokkuð og breyting gerð á hinu sérstaka tímabundna vörugjaldi.

S. l. vor voru samþykkt á Alþingi ný heildarlög um tekjuskatt og eignarskatt eftir margra ára undirbúningsvinnu. Lög þessi fela í sér mjög róttækar breytingar á sviði tekjuskattlagningar, sem of langt mál yrði að rekja hér, en sérstaklega vil ég þó nefna reglurnar um sérsköttun hjóna, reglurnar um skattlagningu þeirra er stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og síðast en ekki síst breyttar reglur um fyrningar og söluhagnað sem ættu m. a. að leiða til þess, að sá verðbólgugróði, sem hingað til hefur verið að mestu óskattlagður, verði framvegis talinn til tekna við skattlagningu að vissu marki.

Á vorþinginu voru gerðar tvær aðrar mikilvægar breytingar á skattalögum. Er þar annars vegar um að ræða ný heildarlög um stimpilgjald, sem leystu af hólmi úrelta löggjöf frá árinu 1921 á þessu sviði, og hins vegar breytingu á lögum um söluskatt, þar sem viðurlög við vanskilum hans voru stórlega hert.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var ljóst, að sú niðurfærsla verðlags, sem að var stefnt, varð ekki framkvæmd án verulegra aðgerða í skattamálum. Fólust þær annars vegar í niðurfellingu söluskatts af svo til öllum matvörum, en hins vegar í álagningu tímabundinna viðbótarskatta til að standa undir tekjumissi ríkissjóðs af söluskattinum og kostnaði við auknar niðurgreiðslur. Þessi brbl. eru nú til umræðu hér í þinginu þannig að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um efni þeirra hér. Ég vil þó ekki láta hjá líða að benda á, að sökum þess hve seint á árinu ríkisstj. tók við var mjög skammur tími til stefnu til að semja þessi skattaákvæði brbl. Það kann því að vera að skattar leggist að einhverju leyti á þá sem hafa lítið gjaldþol til greiðslu þeirra. Tel ég því sjálfsagt, að í meðförum þingsins sé vandlega athugað hvort og þá hvernig bæta megi úr hnökrum þeim sem kunna að vera á brbl. Á ég hér sérstaklega við eignarskattsauka þann sem lagður var á elli- og örorkulífeyrisþega. Ekki eiga allir ellilífeyrisþegar hér óskipt mál, því innan þessa aldurshóps finnast bæði stóreigna- og hátekjumenn ekki síður en í flokki þeirra sem yngri eru. Til þess að létta skattabyrðinni á þeim hluta elli- og örorkulífeyrisþega, sem minnst gjaldþol hafa, tel ég því eðlilegt að breyta eignarskattsaukanum hjá þessum hópum, þannig að breytingin samsvari því að þessir aðilar njóti 50% hærri skattfrelsismarka við útreikning eignarskattsauka en aðrir gjaldendur, þannig að hjón, sem njóta elli- eða örorkulífeyris, verði ekki skattlögð ef skattgjaldseign þeirra fer ekki fram úr 18 millj. kr. og einstaklingar sleppi við eignarskattsaukann ef skattgjaldseign þeirra er undir 12 millj. kr. Með þessum skattfrelsismörkum ættu allir þeir ellilífeyrisþegar að sleppa við eignarskattsaukann sem eiga skuldlaust eða skuldlítið húsnæði til eigin nota, svo fremi sem það sé ekki óhóflega stórt eða íburðarmikið.

Til að móta stefnu um fjáröflun ríkissjóðs á næsta ári svo og frambúðarstefnu í skattamálum skipaði ég í sept. s. l. nefnd þriggja þingmanna frá öllum stjórnarflokkunum. Vinnur nefnd þessi m. a. að tillögugerð um tekjuöflun á næsta ári er verði ígildi beinna skatta brbl. Nefndin hefur ekki enn fullmótað tillögur um þetta efni og er því of snemmt að fullyrða um form þessarar skattlagningar. Ég tel þó eðlilegt að í stað eignarskattsaukans komi hækkun á skatthlutfalli eignarskatts þannig að það verði 1.2% hjá einstaklingum og 1.6% hjá félögum. Þá yrði skattfrjáls eign hækkuð til samræmis við hækkun fasteignamats, en auk þess yrðu skattfrelsismörk elli- og örorkulífeyrisþega 50% hærri en skattfrelsismörk annarra gjaldenda við álagningu eignarskattsins í heild, þannig að þessir hópar ættu að koma mun betur út við reglulega álagningu eignarskatts 1979 en þeir gerðu við reglulega skattlagningu í ár.

Í stað hins sérstaka skatts á hreinar tekjur og fyrningar í atvinnurekstri kemur til greina að skerða fyrningarheimildir atvinnurekstrarins við álagningu tekjuskatts á næsta ári, t. d. með því að fella niður heimild til verðstuðulsfyrninga. Þá kemur til greina í stað hátekjuskatts brbl. að lögfesta hluta af núverandi skyldusparnaði einstaklinga sem skatt, og gæti álagning slíks skatts gefið eitthvert svigrúm til hækkunar skattvísitölu frá því sem ráðgert er í fjárlagafrv.

Þingmannanefndinni er einnig ætlað að móta frambúðarstefnuna í skattamálum. Hin nýju tekjuskattslög, er ég gat um áður, öðlast gildi hinn 1. jan. n. k. og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980. Það er hlutverk nefndarmanna að kanna vandlega efnisákvæði laganna og taka afstöðu til þess, hvort einhver þeirra þurfi breytinga við. Þá er nauðsynlegt að nefndin athugi vandlega hvort rétt sé að flýta eða fresta framkvæmd einstakra ákvæða hinna nýju laga. Inn í starf nefndarinnar hlýtur og að koma mótun á afstöðu til óbeinna skatta, þ. á m. endurskoðun þess söluskattskerfis er við nú búum við og hvort rétt sé að taka upp virðisaukaskatt í hans stað.

Einn reyndasti skattstjóri þjóðarinnar hefur vakið athygli á hvernig hugvitssamir spekúlantar geta auðgast á lántökum og látið verðbólguna eyða skuldunum, en aukið krónuverðgildi þeirra eigna, sem keyptar eru fyrir skuldirnar. Hann vitnaði til þess, að verðbólgan væri bráðsluofn skuldanna. Þess vegna hafa vaknað upp hugmyndir um einhvers konar skuldabræðsluskatt eða verðbólguskatt. Hækkandi eignarskattur er að hluta til verðbólguskattur.

Ég sé ástæðu til þess að víkja sérstaklega að beinu sköttunum. Því hefur verið haldið fram af sumum, að beinir skattar séu háir hér á Íslandi. En hvað er það rétta í þessum málum, ef gerður er samanburður við önnur lönd?

Hlutfall beinna skatta af þjóðarframleiðslu er árið

1976 svo hljóðandi í nokkrum löndum: Danmörk 26.5%, Svíþjóð 23.7%, Finnland 20.6%, Noregur 16.6%, Ísland 7.3%, Bretland 16.1%, Bandaríkin 14%.

Hér er reiknað með raunverulegum skattgreiðslum miðað við greiðsluár skattanna.

Sumir segja, að ekki sé marktækt að miða við þjóðarframleiðslu. Þetta er þó algjör misskilningur. Ef beinu skattarnir eru miðaðir við brúttótekjur heimilanna má fullyrða að það sama verður uppi á teningnum, enda hefur það komið í ljós við könnun.

Hlutfall beinna skatta af brúttótekjum heimila hér á Íslandi voru 1977 10.6%, en í Noregi 33.9%. Hlutfall beinna skatta heimilanna samkv. fjárlagafrv. verða 14.3%. Seinustu tölur frá öðrum löndum um þetta efni eru frá 1976, ég hef ekki haft aðgang að nýrri tölum. Þá voru þær á þessa leið: Ísland 12.5%, Danmörk 29.3%, Svíþjóð 35.6%, Noregur 33.9%, Finnland 30.3%, Bretland 23.9% og Bandaríkin 20.2%. Hér er um að ræða hlutfall beinna skatta af brúttótekjum heimila.

Þessar staðreyndir valda því, að við Íslendingar höfum miklu meira svigrúm um ráðstöfun tekna heldur en þær þjóðir, sem hér hafa verið nefndar.

Eins og fram hefur komið vex hlutfall beinna skatta af þjóðartekjum við efnahagsráðstafanir ríkisstj. Sennilegast er, að hlutfallið hækki upp undir 10%, en þó fer það eftir verðbólgustiginu. Eigi að síður er þetta hlutfall miklu lægra en gerist í nágrannalöndunum og það jafnvel þótt víðar væri leitað, eins og ég hef sýnt fram á.

Hins vegar er mér vel ljóst, að aukin skattheimta verður aldrei vinsæl, en getur verið óhjákvæmileg til þess að tryggja nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum og traustan ríkisbúskap, ekki síst á hættulegum tímum óðaverðbólgu eins og við búum nú við.

Eitt af mikilvægustu verkefnum á sviði skattamála er að bæta skatteftirlit þannig að séð verði til þess að menn greiði skatta í samræmi við raunverulegar tekjur sínar. Helsti ókostur beinnar skattlagningar felst í því, að gjaldendur hafa misjafna aðstöðu til að hagræða tekjum sínum og gjöldum gagnvart skattlagningu. Ég mun beita mér fyrir því, að allt eftirlit í þessum efnum verði stórlega hert. Er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir 75 millj. kr. fjárveitingu séstaklega til þessa verkefnis. En aukin fjárframlög til skatteftirlits eru ekki nóg ein sér. Hér þurfa og til að koma breytt vinnubrögð. Tel ég eðlilegt, að þeir starfsmenn á skattstofunum, sem fara yfir framtöl atvinnurekstrarins, geri mun meira að því en nú er að fara út í fyrirtækin og kanna ástand bókhalds þeirra og yfirfara framtöl með hliðsjón af bókhaldi fyrirtækjanna á skrifstofum þeirra sjálfra. Tel ég þetta að mörgu leyti virkara eftirlit en það sem felst í núverandi vinnutilhögun, þar sem svo til allt starfið fer fram á skattstofunum sjálfum. Samhliða þessari breytingu tel ég eðlilegt að auka miðstjórnarvaldið þannig að ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafi aukin áhrif á val rannsóknarverkefna og vinnubrögð á skattstofunum. Þá ber nauðsyn til að gera meðferð skatta- og bókhaldsafbrota hraðari og virkari en nú er. Ég dreg þó í efa, að besta leiðin til þss sé að stofna sérstakan dómstól til að fjalla um þessi mál, og tel að finna megi leiðir til aukinnar skilvirkni í meðferð þessara brotamála innan núverandi dómstólakerfis.

Núgildandi lög um tollskrá o. fl., nr. 120/1976, öðluðust gildi 1. jan. 1977. S.l. vor samþykkti Alþingi lög, sem fólu í sér verulegar breytingar á tollskrárlögum. Lög þessi voru sett til að samræma íslensku tollskrána þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins frá því að hún var gefin út að nýju í janúar 1976 með áorðnum breytingum. Ísland er eitt fjölmargra ríkja sem tekið hafa upp tollskrár sem byggðar eru á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins. Hefur jafnan verið leitast við að breyta íslensku tollskránni jafnóðum til samræmis við tollnafnaskrána þannig að notið yrði þess hagræðis sem er því samfara að hafa sama tollskrárform og allar helstu viðskiptaþjóðir okkar. Framangreind samræming leiddi til verulegrar fækkunar á vöruliðum tollskrárinnar og þar með breyttrar tollflokkunar fjölmargra vörutegunda, en hafði eigi í för með sér neinar verulegar breytingar á innheimtu tolla af einstökum vörum. Með lögum þessum voru hins vegar tollar lækkaðir í áföngum úr 25% og 7% í 2% af ýmsum mikilvægum vélum og tækjum til notkunar í landbúnaði til samræmis við þá stefnu, sem mótuð var 1976 við setningu núgildandi tollskrárlaga um tollun sérhæfðra landbúnaðarvéla. Í þessu sambandi er rétt að benda á að ofangreindar breytingar til samræmis höfðu engin áhrif á framhald þeirrar tollastefnu, sem mörkuð var með tollskrárlögum 1970 og 1974, er kveður á um samningsbundnar tollalækkanir vegna aðildar Íslands að EFTA og ákvæða fríverslunarsamningsins við EBE.

Á þessu ári var gefin út auglýsing með nýjum og nokkru rýmri reglum um nýtingu heimilda í 12. tölulið 3. gr. tollskrárlaga og XVI. lið 6. gr. fjárlaga þessa árs um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolls og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar. Auglýsing þessi tekur til helstu véla, tækja, vélahluta, varahluta svo og efnivara, sem iðnfyrirtæki í samkeppnisiðnaði nota. Við gerð reglna þessara var haft samráð við iðnrh. og samtök iðnaðarins. Að fenginni nokkurri reynslu, er fyrirhugað að taka reglur þessar til endurskoðunar í samráði við fyrrgreinda aðila.

Sérstök nefnd var skipuð vorið 1977 til að endurskoða lög um tollheimtu og tolleftirlit. Nefndin skilaði nefndaráliti og skýrslu í ágústmánuði sem nú er til athugunar í fjmrn.

Í júní s. l. gerðist Ísland einn af stofnaðilum alþjóðasamþykktar um gagnkvæma aðstoð aðildarríkja Tollasamvinnuráðsins, m. a. við að koma í veg fyrir brot á tollalögum. Alþjóðasamningi þessum er ætlað að taka við af ályktun ráðsins um sama efni frá 5. des. 1953 sem Ísland gerðist aðili að árið 1973.

Eins og fram hefur komið í umræðum hér á Alþingi um brbl. um kjaramál er hækkun vörugjalds á tilteknum vöruflokkum einn liður í ráðstöfunum ríkisstj. til þess að mæta útgjöldum og tekjumissi er leiðir af samtímaaðgerðum hennar á sviði verðlags- og launamála. Sérstakt tímabundið vörugjald hefur, eins og kunnugt er, verið innheimt af ýmsum vöruflokkum allt frá árinu 1975. Vörugjald þetta hefur verið mismunandi hátt frá einum tíma til annars, lægst 12% og hæst 18%, en fyrir gildistöku brbl. um kjaramál var gjaldið 16%. Sú breyting var hins vegar gerð með síðast nefndum lögum, að vörugjaldinu var skipt í tvo gjaldflokka, annars vegar 16%, eins og það hafði verið að undanförnu, en hins vegar 30% af nokkrum vörutegundum. Tók breyting þessi gildi 9. sept. s. l. og taka gjaldflokkar þessir nær undantekningarlaust til sömu vöruflokka og áður.

Gert er ráð fyrir að hækkun á vörugjaldinu frá 9. sept. s. l. muni færa ríkissjóði 400 millj. kr. á næsta ári. Jafnframt er gert ráð fyrir að vörugjaldið verði innheimt á

árinu 1979 á sama hátt og nú er gert samkvæmt ákvæðum laga um kjaramál til að mæta þeim útgjöldum, sem leiðir af niðurgreiðslum, og tekjumissi, sem m. a. stafar af niðurfellingu söluskatts af matvörum á næsta ári. Miðað við sömu verð- og magnforsendur og notaðar eru um almennan vöruinnflutning er áætlað að heildarinnheimta vörugjalds á næsta ári nemi 11750 millj. kr.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir lækkun aðflutningsgjalda í samræmi við samning um aðild Íslands að EFTA og samning við EBE. Í samstarfssamningi stjórnarflokkanna er gert ráð fyrir „að samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar verði tekin til endurskoðunar og spornað með opinberum aðgerðum gegn óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, m. a. með frestun tollalækkana". Ekki er fullráðið með hvaða hætti þetta verður gert. Sérstök nefnd þriggja ráðuneyta hefur málið til athugunar og mun væntanlega skila tillögum innan skamms.

Þegar núv. ríkisstj. tók við störfum voru kjarasamningar alls þorra launafólks settir í gildi að nýju. Ríkisstj. stofnaði til víðtæks samráðs við samtök launafólks og aðra aðila vinnumarkaðarins um stenfumörkum í kjara- og efnahagsmálum, sem hefur það að markmiði að verja kjör launafólks, ráðast gegn verðbólgu og halda uppi fullri atvinnu.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna er lögð áhersla á samráð við samtök launafólks um úrlausn efnahagsvandans og í því sambandi sett fram sú ósk, að núgildandi kjarasamningar verði framlengdir án grunnkaupshækkana út árið 1979. Jafnframt segir, að í tengslum við þetta sé ríkisstj. reiðubúin að taka samnigsréttarmál opinberra starfsmanna til endurskoðunar þannig að felld verði niður ákvæði um tímalengd samninga og Kjaranefnd.

Ríkisstj. hefur nú þegar óskað eftir því við opinbera starfsmenn sérstaklega, að samningar þeirra verði framlengdir til ársloka 1979 og að fallið verði frá þeim grunnkaupshækkunum sem um var samið að tækju gildi á næsta ári. Jafnframt þessu hefur ríkisstj. skipað nefnd til að endurskoða samningsrétt opinberra starfsmanna.

Það hefur valdið nokkrum vonbrigðum, að þrátt fyrir nýfenginn verkfallsrétt BSRB og í framhaldi af því stórbætt kjör ríkisstarfsmanna hafa nokkrir hópar ríkisstarfsmanna, þ. á m. fjölmenn félög, gripið til einhliða aðgerða til að reyna að knýja fram kröfur milli samninga. Þetta er vandamál sem aðilar þurfa að reyna að leysa í sameiningu nú við endurskoðun kjarasamningalaganna.

Ýmsir viðsemjendur ríkisins hafa sýnt þessu vandamáli mikinn skilning. Í því sambandi fagna ég nýgerðu samkomulagi við samtök grunnskólakennara um jöfnun kennaraprófa. Samtökin féllust á að samkomulagið taki gildi 1. júlí 1979, þ. e. eftir að núgildandi sérkjarasamningar þeirra renna formlega úr gildi.

Eins og kunnugt er eru atvinnufyrirtæki ríkisins ekki í samtökum vinnuveitenda. Vinnumálanefnd ríkisins annast samningsgerð fyrir þau við hlutaðeigandi verkalýðsfélög. Árið 1975 gerði vinnumálanefnd samning við 17 verkalýðsfélög sameiginlega um samræmd launakerfi í ríkisverksmiðjunum, þ. e. Áburðarverksmiðjunni, Sementsverksmiðjunni og Kísiliðjunni.

Reynslan af þessum samningi er góð og ég tel hana hvatningu til þess, að komið verði á samræmdu launakerfi fyrir allt launafólk í landinu. Eins og nú háttar eru hér ótal launakerfi og það ræðst t. d. fremur af formi launakerfanna en launaupphæðum hvort launþegar fá nú fullar vísitölubætur eða ekki.

Flestir eru sammála um að stuðla þurfi að launajöfnun í þjóðfélaginu. Slíkt er mjög erfitt þegar launakerfi einstakra stétta eru jafnólík og raun ber vitni. Hugsanlega gæti launakerfi það, sem opinberir starfsmenn búa við, eða launakerfi ríkisverksmiðjanna verði gagnlegt til viðmiðunar, enda rúma þau flestar starfsstéttir.

Vísitölubætur á laun hafa verið mjög til umræðu að undanförnu. Sérstakri nefnd, sem skipuð er fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, opinberra starfsmanna og ríkisvaldsins, hefur verið falið að gera tillögur um endurskoðun viðmiðunarlauna við vísitölu. Tillögurnar skulu miða að því að draga úr verðbólguáhrifum af víxlgangi í verðlags- og kaupgjaldsmálum og stuðla að tekjujöfnun.

Hér er um viðkvæmt og vandasamt mál að ræða. Hins vegar er mjög brýnt, að gerðar verði þær breytingar á núgildandi vísitölutilhögun sem slævt geti verðbólguhvatann í verðbótareglunni. Ein út af fyrir sig mundi slík breyting ekki skipta sköpum í baráttunni gegn verðbólgunni, en sem hluti af víðtækum efnahagsúrræðum er hún mjög mikilvæg.

Mjög æskilegt er að samskipti opinberra starfsmanna og ríkisins verði sem vinsamlegust. Í því efni hef ég áhuga á að efla fræðslu- og félagsstarfsemi á þessu sviði til þess að auka gagnkvæman skilning beggja aðila.

Um árarðir var skrá um starfsmenn ríkisins birt með fjárlagafrv. Skrá þessi náði aðeins til þeirra, er taldir voru hafa „stöður", og mjög ófullkomin. Var því horfið frá birtingu hennar með frv.

Undanfarin ár hefur verið birt Starfsmannaskrá ríkisins í sérstakri bók er fjmrn. hefur gefið út. Samkvæmt síðustu starfsmannaskrá voru stöðugildi A-hluta stofnana 8618, en B-hluta stofnana 4015. Stöðugildin voru því samtals 12633. Að sjálfsögðu verður Starfsmannaskrá samin nú eins og undanfarin ár. Hins vegar tel ég eðlilegt að gera á henni nokkrar breytingar.

Í fjárlagaræðunni hefur verið lögð meginhersla á þýðingu þess að beita fjárlögunum í baráttunni gegn verðbólgunni. Ástæðan fyrir því, að okkur Íslendingum hefur enn þá tekist að standa af okkur boðaföll verðbólgunnar án atvinnuleysis og versnandi lífskjara, er einfaldlega sú, að hægt hefur verið að halda uppi þróttmikilli framleiðslustarfsemi. Framleiðslufyrirtækin hafa ekki stöðvast. Þjóðartekjurnar á þessu ári verða 540 milljarðar kr. og útflutningur vöru og þjónustu samtals 240 milljarðar. En staða atvinnuveganna er mjög þröng, og lítið má út af bera til þess að rekstrartruflanir og jafnvel rekstrarstöðvanir eigi sér stað. Þá er stutt í atvinnuleysi og versnandi lífskjör.

Með hverjum degi skýrist myndin af stöðu efnahagsmála. Það brakar í vissum undirstöðum efnahagslífsins og hættusigling er fram undan. Ef ekki er höfð aðgát gæti verðbólgan vaxið verulega frá því sem hún er nú. Við eigum því enga valkosti og verðum einfaldlega að ná verðbólgunni niður, ella stöndum við frammi fyrir versnandi lífskjörum og ótryggri atvinnu. En það getur verið erfið leið frá 50% verðbólgu niður í 10%. Það verður að gera mikið og samræmt átak til þess að ná verðbólgunni niður. En slíkt átak verður að byggjast á réttlæti og þátttöku sem flestra.

Með fyrstu aðgerðum ríkisstj. hafa verið lagðir verulegir eignarskattar á einstaklinga og enn hærri á félög. Lagður hefur verið sérstakur skattur á háar tekjur. Þá hafa verið lagðir verulegir skattar á atvinnurekesturinn í

landinu. Ígildi þessara skatta verður framlengt í einu eða öðru formi. Þessum fjármunum hefur verið verið og verður varið til þess að halda verðbólgunni í skefjum.

Eðlilegt er að í framhaldi af þessum aðgerðum komi til allsherjarþátttaka þjóðarinnar í baráttunni gegn verðbólgunni. Málið er svo alvarlegt, svo hættulegt, að allir verða að leggjast á árina til þess að fullnægjandi árangur náist.

Draga verður úr sjálfvirkum verðbólgugangi vísitölukerfisins eða a. m. k. að gefa svigrúm um sinn til þess að fóta sig í stöðunni. Enn fremur verður að afgreiða fjárlögin með þeim hætti að þau hemli hraða verðbólgunnar, en slíkt gerist ekki nema þau verði afgreidd með ríflegum rekstrar- og greiðsluafgangi.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það kemur betur og betur í ljós með hverjum deginum sem líður, að bráðabirgðaráðstafanir ríkisstj. hafa engan vanda leyst, þvert á móti stóraukið hann, eins og við sjálfstæðismenn bentum á þegar við setningu brbl. í september. Síðan ríkisstj. tók við hefur ekki verið gripið til neinna þeirra aðgerða, sem gætu ráðið bót á vandamálunum.

Við stöndum nú frammi fyrir svipaðri verðbólguþróun og í tíð vinstri stjórnarinnar 1971-1974, og verði ekkert að gert nú á næstunni virðist stefna í hærra verðbólgustig á næsta ári en áður hefur þekkst hér á landi.

Samfara þessu eru ríkisfjármálin 1978 afgreidd með halla og er sá halli bein og ótvíræð afleiðing ráðstafana ríkisstj. frá því í september. Með fjárlagafrv. því, sem hér er til umr., sýnist ekki ætlunin að leysa á árinu 1979, nema síður sé, þann hluta efnahagsvandans sem velt var yfir á ríkissjóð með septemberaðgerðunum, og því aftur stefnt í hallarekstur hjá ríkissjóði. Í tíð fyrrv. ríkisstj. hafði tekist að koma á jöfnuði í ríkisfjármálunum eftir verðbólguáhrif vinstri stjórnarinnar, eins og fram kom í þeirri endurskoðuðu áætlun ríkisfjármálanna 1978 sem gerð var á miðju þessu ári og alþm. hafa fengið í hendur, sbr. og niðurstöður ársins 1976.

Allur aðdragandi, svo og myndun núv. ríkisstj. var með þeim hætti, að áhrif Alþb. gætti þar mest og úrræðin, sem gripið var til, einkennast af stefnumörkun Alþb. í efnahagsmálum.

Áhrifa flokks forsrh. gætti að vísu að nokkru leyti, en segja má að honum hafi verið rétt stjórnarforustan upp í hendurnar þegar Alþb. hafði beygt Alþfl. svo kirfilega, að ekkert stóð eftir af hinum fögru kosningaloforðum, ekki einu sinni siðbótin, og gengið hafði verið fram hjá öllum 10 punktunum í efnahagsstefnu Alþfl.

Lúðvík Jósepsson, 1. þm. Austurl., kunni vel til verka sinna, enda þrautreyndur, hafði áður mótað efnahagsstefnu tveggja vinstri stjórna 1956-1958 og 1971-1974. Þær voru að vísu ekki langlífar, en samt tókst að ná fram ætlun þeirra Lúðvíks og félaga að setja íslenskt efnahagslíf úr skorðum. Lúðvík Jósepsson, hv. þm. Austurl., munaði því ekkert um að móta efnahagsstefnu þriðju vinstri stjórnarinnar, og árangurinn lætur ekki á sér standa. Reyndar taldi hann sér hagstæðara að eyða ekki tíma sínum í það að veita einhverju ráðuneyti forstöðu, heldur leitaði fyrirmynda um stöðu sína erlendis og gegnir nú yfirráðherrastörfum án stjórnardeildar. Það er hins vegar allrar athygli vert, hvernig hv. 1. þm. Austurl. tókst að leggja hin pólitísku net sín, hvernig hann leikur á metorðagirnd manna. Honum var og ljóst vegna nýrrar reynslu flokks hans í borgarstjórn Reykjavíkur, að kosningaloforð settu menn ekki fyrir sig og sviku þau ef valdaaðstaða var í boði. Hann vissi, að Alþfl.-menn í vímu kosningasigurs gætu haft að leiðarljósi afsökun sem kunnur Alþfl.-maður í Hafnarfirði notaði einu sinni er hann afsakaði svik gefinna kosningaloforða og sagði orðrétt: „Það er sitt hvað, hvað skrifað er og skrafað fyrir kosningar, en framkvæmt er eftir kosningar.“ Þannig framkallaði hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, hjá sigurvegurum kosninganna ein mestu kosningasvik síðari ára.

Viðskilnaður vinstri stjórnanna er öllum kunnur og óþarft að eyða að honum mörgum orðum. Þó verður að minna á þeirra eigin orð, en þáv. forsrh., Hermann Jónasson, sagði hér á Alþingi er ríkisstj. hans sagði af sér í desembermánuði 1958, með leyfi forseta:

„Boðaði ég þá ráðherrafund að morgni laugardags 29. nóv., en þar náðist ekki samkomulag um stuðning við frv. Af þessu leiddi, að hin nýja kaupgreiðsluvísitala kom til framkvæmda um mánaðamótin, og ný verðbólgualda er þar með skollin yfir.“

Í frv. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, er lagt var fyrir Alþingi á útmánuðum 1974 segir, með leyfi forseta:

„Hér er um svo mikla hækkun að ræða, að ný og kröpp verðbólgualda rís í kjölfarið, auk þess sem kauphækkun einstakra hópa launþega umfram ákvæði rammasamningsins magnar óhjákvæmilega togstreitu og launakapphlaup stétta á milli á næstu mánuðum og missirum.“

Það verður hins vegar ekki um það deilt, að tímabil viðreisnarstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. 1959-1971 er einn árangursríkasti áratugur í bættum lífskjörum og stöðugleika efnahagslífs á Íslandi.

Vissulega átti sú stjórn við mikla erfiðleika að etja. Við vandamálunum var hins vegar brugðist og á árinu 1971, þegar vinstri stjórnin tók við völdum, var verðbólgan um 10%. Þegar hins vegar vinstri stjórnin lét af völdum 1974 var verðbólgan á því ári 54% frá upphafi til loka árs.

Hér eru engin tök á að gera samanburð, svo neinu nemi, á þjóðarbúskapnum í lok viðreisnartímabilsins 1971 og við uppgjöf vinstri stjórnarinnar 1974. Sá samanburður yrði vinstri stjórn sannarlega óhagstæður í öllum greinum. Aðeins skuli tvö mikilsverð atriði nefnd.

Árið 1971 var rekstrarhalli ríkissjóðs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu 0.5%. Árið 1974 reyndist hann hins vegar 2.4%, sbr. sömu viðmiðun. Í tölum talið hefði rekstrarhallinn þurft að vera 2.6 milljörðum lægri en hann varð til þess að halda hlutfallinu frá 1971.

Á árinu 1971 voru ríkisútgjöldin 24.9% af þjóðarframleiðslunni, en höfðu hækkað í 29.6% 1974. Til þess að halda sama hlutfalli 1974 og var 1971 hefðu ríkisútgjöldin því þurft að vera 6.4 milljörðum lægri.

Þessar tölur tala sínu máli og sýna glöggt þróun efnahagsmála svo og ríkisfjármálanna og eru nánast skólabókardæmi um hvernig til tekst þegar vinstri stjórnir sitja að völdum.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má sjá hvert verkefni fyrrv. ríkisstj. fékk í hendur til úrlausnar á sviði efnahags- og fjármála, að ógleymdum öðrum þýðingarmiklum verkefnum, sem tengdust öryggis- og varnarmálum, svo og landhelgismálið. Hin öra verðbólguþróun, sem átt hafði sér stað á árinu á undan, svo og versnandi viðskiptakjör árin 1974 og 1975 leiddu til þess, að ekki gafst svigrúm til að snúa af þessari braut fyrr en komið var fram á árið 1976, en þá rofaði til og úr verðbólgunni

tókst að draga og rekstrarafkoma ríkissjóðs varð hagstæð.

Áfram hélt þessi þróun fram á mitt s. l. ár og verðbólgustigið komið niður í 26%, en þá skipti um, því miður. Gerðir voru samningar á vinnumarkaðinum, sem með engu móti gátu rúmast innan afkomu þjóðarbúsins. Þá var enn fremur samið um vísitölukerfi sem mældi í enn ríkara mæli verðlagshækkanir og magnaði þar með kapphlaup verðlags og kaupgjalds. Þá var ljóst, að ekki varð fram hjá opinberum starfsmönnum gengið með launahækkanir og leiðréttingu, og má rekja m. a. lakari stöðu ríkissjóðs á s. l. ári til aukinna útgjalda vegna þessara launahækkana.

Ríkisstj. var ásökuð fyrir að bregðast ekki rétt við svo og að taka þátt í lausn þeirrar deilu, sem þá var milli aðila vinnumarkaðarins, með beinum aðgerðum. Það verður ekki gert af sanngirni í sama orðinu og hún er gagnrýnd fyrir sambandsleysi við aðila vinnumarkaðarins.

Við 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1978 gerði ég að umtalsefni stöðu efnahags- og ríkisfjármálanna. Þá var öllum ljóst, að grípa yrði til svokallaðra „óvinsælla aðgerða" til þess að ekki glataðist það sem þá hafði áunnist og hægt væri að halda áfram á þeirri braut, sem þjóðarbúskapurinn var kominn á fyrri hluta s. l. árs.

Í febrúarmánuði s. l. voru lagðar fram af hálfu ríkisstj. tillögur um takmarkaðar vísitölubætur, sem var ætlað að tryggja kaupmátt hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu. Með þeim ráðstöfunum var gert ráð fyrir verðbólgustigi í lok ársins milli 35 og 40%. Þá var því og lýst yfir af hálfu ríkisstj., að hún mundi beita sér fyrir viðræðum við aðila vinnumarkaðarins um breytta vísitölu.

Forsrh. Geir Hallgrímsson gerði þjóðinni grein fyrir stöðu þessara mála og lagði tillögurnar fram og kom ekki til álita að fresta slíku fram yfir kosningar. Fölsun vísitölu, fölsun kaupmáttar voru ekki tillögur fyrrv. ríkisstj. Vandanum var ekki heldur velt á ríkissjóð, sem hefði leitt til aukinnar skattheimtu eða skuldasöfnunar.

Tillögur þessar fengu óblíðar viðtökur. — Kauprán — samningsrof — voru orð, sem óspart voru notuð, þá fannst mönnum það mögulegt að skipta kökunni þannig að allir fengju allt sem þeir vildu, og þeir hinir sömu boðuðu samningana í gildi.

Til að tryggja enn betur hlut þeirra lægst launuðu var þessum tillögum breytt í maí. Áfram var talað um kauprán og samningsrof af hálfu óábyrgrar stjórnarandstöðu, enda nálguðust kosningar.

Málflutningur þáverandi stjórnarandstöðu leiddi til þeirrar niðurstöðu, sem við blasir í dag: Vinstri stjórn með hefðbundnum efnahagsúrræðum vinstri aflanna, sem fært hefur okkur 20 ár aftur í tímann hvað snertir stjórn efnahagsmála, er endurspeglast m. a. í aukinni ríkisforsjá, eins og fjárlagafrv. þetta ber með sér

Niðurstöðutölur þess fjárlagafrv., sem hér er til umr., hækka um rúmlega 65% frá síðasta fjárlagafrv. eða tölurvert meira en svarar til verðbólgunnar, en vöxtur hennar verður milli 40 og 50% á þessu ári. Þá er gert ráð fyrir að auka ríkisumsvifin og áformað að ríkisútgjöldin sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hækki um tæp 4% eða yfir 20 milljarða kr. Frv. ef að lögum verður, mun því auka enn þá verðbólgu sem við búum við.

Þá ber þetta fjárlagafrv. þess merki, að við völd situr ríkisstj. sem hefur enga fastmótaða stefnu í efnahags- og ríkisfjármálum. Þá er það óvenjulegt við þetta fjárlagafrv., að stjórnarflokkarnir eru alls ekki á einu máli um það, hver skuli verða endanlega niðurstaða frv. Að sjálfsögðu hefur það gerst oft áður, að þingmenn greini á um afstöðu til einstakra atriða í fjárlagafrv. En ég held að fullyrða megi að aldrei fyrr hafi frv. verið lagt fram með jafnmiklum fyrirvörum og þetta. Væri slíkt fyrirvarafargan skiljanlegra sem aðdragandi að stjórnarslitum. Nú er því ekki að heilsa, að hæstv. ríkisstj. sé að búa sig undir að biðjast lausnar. Þvert á móti er hún nýmynduð að undangengnum löngum samningaviðræðum og á grundvelli samstarfsyfirlýsingar í fjölmörgum liðum um flesta þætti þjóðmála og ekki síst um efnahagsmál. Af ágreiningnum um fjárlagafrv. verður helst ráðið að þessar samningaviðræður hafi snúist um allt annað en lausn aðsteðjandi vanda, þar hafi menn setið og rökrætt, en látið óskhyggjuna ráða ferðinni.

Í aths. við frv. kemur fram, að ætlun hæstv. ríkisstj. er að vinna upp þann halla, sem verður á ríkissjóði á þessu ári, og jafnframt tryggja hallalausan ríkisbúskap á næsta ári. Sá halli sem augljóslega verður á ríkissjóði á þessu ári er eins og áður er sagt, afleiðing ráðstafana ríkisstj. frá því í septembermánuði og mun hann nema samkvæmt áætlun fjárlaga- og hagsýslustofnunar rúmum 400 millj. kr., eins og hér kom fram áðan. Er þá ekki gert ráð fyrir að greiddar verði umsamdar afborganir til Seðlabankans að fjárhæð 3.4 milljarðar kr. Því er frv. látið sýna greiðsluafgang að fjárhæð 4 milljarðar kr. til þess að mæta þannig fjárvöntun ríkissjóðs þetta ár.

Að óathuguðu máli gæti mönnum virst sem þessi markmið næðust. En við nánari athugun kemur allt annað í ljós. Veigamiklir útgjaldaliðir eru vanmetnir, ýmsum mikilvægum atriðum hreinlega sleppt, og enn fremur er farið í furðulegan talnaleik til að reyna að sýna þann rekstrar- og greiðsluafgang, sem látinn er koma fram í þessu frv.

Skal nú vikið nánar að þeim atriðum, sem ég tel vera vanmetin í þessu frv.

Í fyrsta lagi eru verðlagsforsendur frv. miðaðar við desembermánuð og gert ráð fyrir hækkun verðbótavísitölunnar um 10%. Samkvæmt upplýsingum, sem nú liggja fyrir, má ætla að verðbótavísitalan 1. des. hækki um 14%, en ekki 10%, eins og frv. gerir ráð fyrir, þannig að verðlags- og launaforsendur þess eru rangar. Ef ekki er gert ráð fyrir launahækkunum sem þessu nemur, en verði verðlagsforsendunum frv. haldið, þá mun ríkissjóður þurfa að auka útgjöld vegna niðurgreiðslna á næsta ári um a. m. k. 5.2 milljarða.

Í öðru lagi vantar 2.8 milljarða kr. til viðbótar þeirri fjárhæð, sem frv. gerir ráð fyrir til niðurgreiðslna, ef halda á því niðurgreiðslustigi sem efnahagsráðstafanir frá því í septembermánuði gera ráð fyrir.

Í þriðja lagi er ekki reiknað með umsömdum launahækkunum til handa opinberum starfsmönnum hinn 1. apríl n. k. sem auka útgjöld til launa og tryggingamála um 2 milljarða kr. Hér er sennilega verið að taka tillit til þess, sem fram kemur í stjórnarsáttmálanum um breytingar á samningsrétti opinberra starfsmanna gegn því að fallið verði frá þeirri áfangahækkun, sem núverandi samningar gera ráð fyrir. Þrátt fyrir nefndarskipun hefur ekki enn þá heyrst að samkomulag sé í vændum í máli þessu eða hvort slíkt samkomulag muni ekki leiða til annars konar útgjalda hjá ríkissjóði.

Í fjórða lagi hafa framlög úr ríkissjóði til Byggðasjóðs samkv. lögum þar um verið lækkuð um 1.2 milljarða kr. Byggðasjóði er ætlað með lántöku að tryggja sér það

ráðstöfunarfé sem lögin gera ráð fyrir að sé varið til hans úr ríkissjóði. Með þessum talnaleik er á pappírnum verið að lækka útgjöld ríkissjóðs og ná þannig hagstæðari útkomu á fjárlögunum. Slík vinnubrögð eru gersamlega út í hött. Miklu karlmannlegra hefði verið fyrir hæstv. fjmrh. að leggja til breytingu á lögunum um Byggðasjóð og láta það vera háð fjárlögum hverju sinni, hvert framlag ríkissjóðs væri. Hæstv. ráðh. gat þess hér í frumræðu sinni áðan, að ætlunin væri að það lán, sem Byggðasjóður tæki, yrði endurlánað Orkusjóði. En hver skyldi síðar útvega Orkusjóði fé. Það er ríkissjóður sem síðan greiðir Byggðasjóði og Byggðasjóður síðan sínum lánanda.

Í fimmta lagi er vantalinn í útgjaldahlið 1 milljarður kr., sem fjmrh. hefur gert ráð fyrir að fjvn. muni ráðstafa. Er þetta atriði eitt ljósasta dæmið um þann talnaleik, sem notaður er varðandi fjölmarga þætti frv.

Þegar tekið hefur verið tillit til allra þessara atriða, sem að framan greinir, hækka útgjaldaliðir frv. um a. m. k. 12.2 milljarða kr., þannig að áætlaður rekstrarafgangur verður ekki 8.2 milljarðar, heldur rekstrarhalli sem nemur um 4 milljörðum kr., og greiðsluafgangur, sem sýndur er 4 milljarðar, verður greiðsluhalli sem nemur 8 milljörðum kr. Þá eru ótalin loforðaútgjöld, sem einstakir stjórnarflokkar virðast ganga með upp á vasann, sem nemur milljörðum, sbr. yfirlýsingar ýmissa þingmanna Alþb. síðustu daga.

Að öðru leyti en að framan greinir eru launagreiðslur frv. samkv. þeim samningum sem í gildi eru. Gert er ráð fyrir að lækka yfirvinnu- og álagsgreiðslur hjá ríkisspítölunum um 270 millj. kr. og hjá löggæslunni um 125 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir lækkun launagjalda í grunnskólum um 150 millj. kr.

Við fjárlagagerð ársins 1978 voru stofnunum ríkisins gefin fyrirmæli um að skipta launaútgjöldum eftir efnisþáttum til þess að hægt yrði að skapa aukið eftirlit með launaútgjöldum ríkissjóðs. Var stofnunum gert að skila greinargerð þar að lútandi mánaðarlega og í maílok þessa árs gerður samanburður á áætlunum og útgjöldum. Með þessu fyrirkomulagi í framhaldi af því útgjaldaeftirliti, sem komið var á í fjmrn. í upphafi árs 1976, skapaðist grundvöllur til ákvarðanatöku um þær útgjaldalækkanir sem að framan greinir. Að mínum dómi ber brýna nauðsyn til að fylgja þessum verklagsreglum eftir og skapa þar með aukið aðhald og betri vitneskju um launaútgjöld ríkisins.

Rekstrargjöldin hækka umfram almenna verðlagshækkun um 25% eða 1 milljarð kr. Þetta er eflaust í anda þeirrar yfirlýsingar — eða hitt þó heldur — sem fram kemur í einum af fyrirvörunum, að lögð skuli sérstök áhersla á stóraukið aðhald í ríkisbúskapnum og stefnt að því að lækka rekstrarkostnað um 1 milljarð kr.

Þá miklu hækkun vaxtakostnaðar, sem fram kemur, má m. a. rekja til vanáætlunar á fjárlögum yfirstandandi árs, til greiðsluhalla þess árs svo og til þess, að ríkisstj. tekst ekki að greiða umsamdar afborganir við Seðlabankann samkv. fjárl. 1978.

Hækkun niðurgreiðslna um 164% eða rúma 11 milljarða kr. má að mestu leyti rekja til efnahagsráðstafana núv. ríkisstj. Væri þessi liður rétt áætlaður, eins og bent hefur verið á, ætti hann að hækka a. m. k. um 19. milljarða kr. eða um 282% í stað 164%, eins og frv. er sett fram.

Útflutningsuppbætur hækka um 80% eða 2.4 milljarða kr. og eru af því 300 millj. kr. vegna eftirstöðva verðjöfnunargjalds bænda, sem ríkisstj. ákvað að ríkissjóður tæki á sig umfram þá 10% hámarksreglu, sem er lögbundin. Hér er vissulega við mikið vandamál að glíma, og ýmsar hugmyndir hafa komið fram um breytingar þar að lútandi, sem í senn gætu tryggt jafnvægi milli framleiðslugreina landbúnaðarins, grundvallarverð til bænda og verið hvati til að selja landbúnaðarafurðir til útflutnings, jafnan á hæstu verði.

Fylgt er þeirri stefnu í fjárlagafrv. varðandi opinberar framkvæmdir, að til þeirra er ætluð sama fjárhæð og á yfirstandandi ári, að framlögum til vegamála undanskildum. Með þessu á sér stað nokkur magnminnkun verklegra framkvæmda, en telja verður eðlilegt að ríkið dragi nokkuð saman framkvæmdir við núverandi aðstæður.

Tekjuhlið frv. ber með sér að mörg veigamikil atriði eru enn óútkljáð hjá stjórnarflokkunum. Eitt er þó ljóst, að hlutur beinna skatta í tekjuöflun ríkissjóðs er stóraukinn á næsta ári. Gert er ráð fyrir að hlutfallið hækki úr rúmum 18% í milli 22 og 23%, og má búast við að tekjuskattsinnheimtan á næsta ári geti hækkað um allt að 100% frá árinu í ár, ef koma á saman hallalausum fjárlögum. Skattbyrði einstaklinga af tekjum greiðsluárs hækkar um 20-30%. Verður fylgst sérstaklega með afstöðu þeirra alþm., sem afnema vilja beina skatta úr tekjuöflun ríkissjóðs, svo og afstöðu þeirra, sem telja sig bera hag aldraðra fyrir brjósti.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er naumast gerlegt að gera sér grein fyrir hvert stefnir í fjármálum ríkissjóðs á næsta ári. Eitt er þó ljóst, að þeim höfuðmarkmiðum, sem ríkisstj. hyggst ná fram, eftir því sem sagt hefur verið, hallalausum ríkisbúskap, verður ekki náð með þessu frv. þrátt fyrir velvilja hæstv. fjmrh., sem ég efast ekki um. Umr. um fjárlagafrv. á þessu stigi eru næsta marklitlar. Þingmenn hefðu þurft að fá upplýsingar um efnahagsstefnu ríkisstj. í heild til þess að þeir gætu tekið afstöðu til afgreiðslu einstakra liða í fjárlögum. Hvað ætlar ríkisstj. að gera í gengismálum? Hefur hún ákveðið að láta gengið síga áfram? Hvað með stefnuna varðandi erlendar lántökur. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. segir, að stefnt skuli að jöfnuði í viðskiptum við útlönd á árinu 1979 og dregið úr erlendum lántökum. Hverju geta menn treyst í þessum efnum, þegar gripið hefur verið til þess ráðs á síðustu vikum að heimila sveitarfélögum að taka erlend lán til að standa undir rekstrarkostnaði? Hvað um stefnuna í vaxtamálum? Þingmenn eins stjórnarflokksins flytja frv. til laga, sem stangast á við sjónarmið hinna tveggja stjórnarflokkanna. Hvenær tekur ríkisstj. af skarið? Hvaða ráðstafanir á að gera vegna fyrirsjáanlegra kauphækkana 1. des. n. k.? Ætlar ríkisstj. Alþb. og Alþfl. að éta ofan í sig öll stóryrðin, sem talsmenn þessara flokka höfðu um efnahagsaðgerðir fyrrv. ríkisstj. í febrúar og maí? Ekki verður annað séð en helstu talsmenn þessara flokka innan verkalýðshreyfingarinnar séu farnir að búa sig undir að verja það sem þeir kölluðu „kauprán" fyrr á þessu ári og í kosningabaráttunni. Hvernig ætlar ríkisstj. að standa að endurskoðun vísitölunnar? Hver er stefna hennar í því máli?

Að þessum hugleiðingum loknum leyfi ég mér að undirstrika viðhorf Sjálfstfl. varðandi þau miklu vandamál sem nú steðja að.

Sjálfstfl. telur rétt og nauðsynlegt að skrá gengi íslensku krónunnar samkv. verðgildi hennar í aðalviðskiptalöndum okkar.

Sjálfstfl: telur óhjákvæmilegt að beita ítrasta aðhaldi um erlendar lántökur, sbr. stefnu fyrrv. ríkisstj. í lántökumálum á þessu ári.

Sjálfstfl. leggur megináherslu á jöfnuð í erlendum viðskiptum.

Það er skoðun Sjálfstfl. að beita þurfi ströngu aðhaldi í peningamálum og ná aftur jöfnuði í fjármálum ríkisins.

Sjálfstfl. leggur ríka áherslu á auknar verðtryggingar í lánamálum, svo tryggðir verði fjármunir sparifjáreigenda, og minnir á þá einföldu staðreynd, að aukinn sparnaður er forsenda nýrra framkvæmda.

Sjálfstfl. harmar afstöðu núv. ríkisstj. varðandi efnahagsráðstafanir fyrr á þessu ári og vekur athygli á að vandamálin 1. des. væru auðleystari nú, ef ekki hefði verið snúið af þeirri braut.

Að lokum vil ég minna á yfirlýsingu fyrrv. ríkisstj. um nauðsyn þess að draga úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags um nauðsyn að endurskoða núgildandi vísitölu, og hefur skoðun sjálfstæðismanna í engu breyst enda þótt flokkurinn hafi skipt um hlutverk í íslenskum stjórnmálum.

Herra forseti. Ég hef áður í ræðu minni vissulega dregið upp dapurlega mynd, sem hver maður getur raunar séð fyrir sér við lestur þessa fjárlagafrv. Hún er þeim mun hörmulegri þegar haft er í huga að nú er þörf á raunsæi og hugrekki til að takast á við vandamálin. Þess í stað má horfa á stjórnarflokkana verja tíma sínum og Alþingis í innbyrðis áflog.

Við verðum að vona lands og þjóðar vegna, að betur fari en nú horfir.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að gera hér nokkrar almennar aths. af hálfu okkar Alþb.-manna í sambandi við fjárlagafrv. sem hér hefur verið lagt fram. En áður en ég kem að þeim aths. þykir mér rétt að víkja hér nokkrum orðum að þeirri ræðu, sem hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, hélt nú næst á undan mér.

Hv. þm. hélt því fram, að stefna núv. ríkisstj. í efnahagsmálum væri mín stefna. Það er mjög ónákvæmt að segja á þennan hátt frá. Hann hefði reyndar átt að vera búinn að læra það áður, af öllum þeim mörgu ræðum, sem ég hef flutt hér, m. a. þar sem ég hef rætt um efnahagsmál, að það liggur nokkuð ljóst fyrir, að afstaða mín til ýmissa þeirra ráðstafana, sem ég tel að gera þurfi í efnahagsmálum, er allmikið frábrugðin því, sem enn er a. m. k. komið fram hjá núv. hæstv. ríkisstj., svo það er nokkuð ónákvæmt að segja að stefna hennar í efnahagsmálum sé stefna mín.

Hv. þm. eignaði mér líka alla efnahagsstefnu tveggja annarra ríkisstj., sem hér höfðu áður verið við völd, þ. e. a. s. vinstri stjórnanna frá 1956—1958 og svo aftur vinstri stjórnarinnar frá 1971—1974. Ekki dettur mér í hug að neita því, að ég hafi átt alldrjúgan þátt í því sem þær stjórnir gerðu, m. a. á efnahagssviði, þó að eins og flestir þekkja væri nokkur skilnaður á milli mín og þeirra sem þar voru með mér, a. m. k. undir lokin, þar sem við vorum ekki alveg sammála m. a. um afstöðuna í efnahagsmálum.

Öll var þessi tilvitnun hjá hv. 1. þm. Reykn. vægast sagt ónákvæm. Hann sagði í sínu máli, að það hefði verið erfið aðkoma hjá honum þegar hann settist í stól fjmrh. á árinu 1974, því viðskilnaður þeirrar ríkisstj., sem þá var að fara frá, hefði verið með þeim hætti. Hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, sagði, að þá hefði t. d. ástandið verið þannig, að verðbólgan hefði verið komin í 54%. Þetta er álíka ónákvæmt eins og það sem ég var að vitna til áður. (Gripið fram í.) Og ætlaðir mér þá að bera syndir þín sjálfs, en þú varst við völd seinni hluta ársins og bættir heldur betur við skrúfuganginn. (**MÁM:** Hún var 90% 1. júní.) En tölur sýna hins vegar að á þeim mælikvarða, sem verðbólgan er metin, segja allar skýrslur að verðbólgan á árinu 1974 hafi verið 43% frá meðaltali til meðaltals á milli ára. En í 54% eða tæplega það reyndar komst hún fyrst á fyrri hluta ársins 1975, þegar hv. 1. þm. Reykn. og sú stjórn, sem hann var í, var búin að fella gengið allrösklega tvisvar sinnum á rétt rúmlega 5 mánuðum. Þá komst verðbólguhraðinn í þetta. — Hann hefði hins vegar átt að vita það, að ég réð litlu um gang mála eftir að kosningum var lokið á árinu 1974. Ég hef minnt á það áður og vil minna á það enn, að svo vel vildi til, að eftir kosningarnar sumarið 1974 var gerð röskleg úttekt á efnahagsástandi þjóðarinnar. Formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, stóð m. a. fyrir þessu og bað Þjóðhagsstofnun um að gera þetta. Um þessi atriði liggur fyrir hvernig ástandið var í öllum höfuðgreinum á miðju ári 1974 eða um það leyti sem var verið að mynda nýja stjórn.

Ég ætla ekki að fara að rekja það — hef gert það áður — að þessi skýrsla sýnir að þá var ástandið þannig, að næsta heila árið á undan, 1973, var eitt besta afkomuár þjóðarinnar í öllum greinum. Staða atvinnuveganna var þá betri en nokkru sinni fyrr og þessi ágæta afkoma stóð fram á mitt árið 1974. M. a. var þá tekið fram, að eins og þá stæðu mál væri ekki annað hægt að sjá en að það yrði fullkominn jöfnuður í fjármálum ríkissjóðs, þar mætti búast við fullkomnum jöfnuði. En hv. 1. þm. Reykn. og þeirri ríkisstj., sem flokkur hans stóð að, tókst hins vegar að stýra þannig málum á árinu 1974, þrátt fyrir þessa aðkomu, að þarna varð á árinu um stórkostlegan halla að ræða.

Það er svo hliðstætt annarri ónákvæmni í frásögn þessa hv. þm. um þessi sögulegu atriði, að hann munar auðvitað aldrei neitt um að skrifa hjá mér allt það sem gerðist á árinu 1974. Það var mín efnahagsstefna. Það var ég sem réð öllum gangi á árinu 1974, þrátt fyrir það að hann væri kominn í ríkisstj. og framkvæmdi þar bæði sínar verðhækkanir og gengislækkanir seinni hluta ársins. Öðru máli var að gegna á árinu 1971. Vildi svo til, að þá kom ég inn í ríkisstj. um svipað leyti og ég hafði farið úr stjórninni á hinu tímabilinu, en þá snýr hv. þm. þessu öllu við, því árið 1971 tilheyrir þessum þm., Lúðvík Jósepssyni, ekki á neinn hátt. Það voru allt aðrir menn sem áttu það ár.

Svona var samanburðurinn allur hjá hv. þm. Það var auðvitað hvergi um samræmi í neinu að ræða.

Hv. þm. kvartaði undan því, við hverju hann hefði tekið í þessum efnum. Það er ekkert um það að villast, að á árinu 1974, þó staða atvinnuveganna hafi verið tiltölulega góð og heildarframleiðsla þjóðarinnar mikil, þá stóðum við á miðju ári 1974, um það leyti sem var verið að mynda nýja ríkisstj., frammi fyrir miklum vanda í verðlagsmálum. Og um það höfðu deilurnar staðið þá. Árin 1973 og 1974 höfðu um margt verið sérkennileg, eins og greinilega kemur fram í skýrslum Þjóðhagsstofnunar um þetta tímabil. Á árinu 1974 hækkaði innflutningsverð á vörum til landsins að meðaltali eftir

útreikningum Þjóðhagsstofnunar um hvorki meira né minna en 34%. 34% var hækkunin á erlendu verðlagi á vörum, sem fluttar voru inn til landsins þá. En það er rétt, verðbólgan fór í 43% eftir að búið var að skrúfa hana upp seinni hluta ársins með gengislækkun og tilheyrandi ráðstöfunum. Þarna var um allmikinn vanda að ræða, sem við áttum ekki gott með að eiga við. Það var innflutt verðbólga í ríkum mæli.

Þetta gerðist einnig á árinu 1973. Í upphafi þeirrar verðbólgu, sem þá kom upp úr þeim óróleika sem þá var bæði í olíumálum og gengismálum í veröldinni, hækkaði meðaltalsverð á innfluttum vörum til landsins á árinu 1973 um rúmlega 14%, en verðbólgan á því ári um 22%. Þarna var um vandamál að ræða, sem menn stóðu frammi fyrir og þurftu að glíma við. En þann tíma, sem hv. 1. þm. Reykjn. var fjmrh. og flokkur hans bar höfuðábyrgð á ríkisstj. og stefnu hennar, bjuggum við hins vegar við þær aðstæður, að þá hækkaði verð erlendis um 5—6% á ári, samkv. því sem skýrslur sýna. Á þessum tíma áttum við því ekki við neina innflutta verðbólgu að glíma, ekki sem heitið gat, var hverfandi í samanburði við þá gífurlegu verðbólgu, sem hér geisaði allan þennan tíma hér innanlands.

Ég sé nokkra ástæðu til þess, í framhaldi af því sem hv. 1. þm. Reykn. sagði um þessi mál, að minna hann örlítið betur á það, hvernig hann svo skildi við eftir fjögurra ára stýrimennsku á skipinu. Hvernig var ástandið? Við skulum fara yfir nokkur kennileiti í þessum efnum.

Ástandið var þannig, að Þjóðhagsstofnun segir að frá ágústmánuði 1977 til ágústmánaðar 1978 hafi verðbólgan verið rúmlega 50%. Svona stóðu leikar þegar hann fór frá.

En það var ekki aðeins á þessu sviði. Málið stóð þannig, að ríkisstj. var í langvarandi deilum við öll stærstu launþegasamtök í landinu og auðvitað stefndi í hreinar ógöngur með rekstur á öllum fyrirtækjum í landinu, m. a. vegna þeirrar deilna, sem sjálft ríkisvaldið var í við hin stóru launþegasamtök. Þar var allt í flækju.

Auk þess var svo ástandið þannig, að þýðingarmestu og stærstu atvinnugreinar landsmanna höfðu lýst yfir formlegri stöðvun frá 1. sept. að telja. Þá var sem sagt allt komið í þrot. Þó þetta skrimti fram til 1. sept., þá var ástandið einnig þannig, sem ekki er um deilt, að frá því í júníbyrjun á þessu ári eða í upphafi kosningamánaðar vantaði aðalútflutningsframleiðsluna um 11% til viðbótar við sitt útflutningsverð til þess að framleiðslan stöðvaðist ekki þá þegar. Hafði verið til þess að borga þessa fjárhæð gefin ávísun á sjóð, sem vitað var að var að verða tómur. Þannig var viðskilnaður í þessum efnum.

Hvernig var viðskilnaðurinn á öðrum sviðum? Hæstv. fjmrh. var kominn með skuldabagga hjá Seðlabankanum milli 25 og 26 milljarða, en tók við, þegar hann byrjaði, skuld við Seðlabankann, sem var einhvers staðar á milli 1 og 2 milljarða kr. Það er dálaglega að verki verið.

Það er í rauninni alveg sama hvar gripið er niður til að átta sig á ástandinu. Auðvitað er það viðskilnaður þessa hæstv. fyrrv. fjmrh. sem við erum að heyra af núna þessa dagana, að næstum öll sjúkrahús í landinu séu að stöðvast af því þau hafa engan grundvöll til rekstrar. Forstöðumenn þeirra segja nú í dag: Takk fyrir, 1 milljarð, ef við eigum að geta haldið rekstrinum áfram.

Þetta er eitt dæmið um viðskilnaðinn. Hvernig stóð hjá landbúnaðinum? Landbúnaðurinn stóð þannig, að það þurfti að leysa hann út úr vanda með sérstakri aukagreiðslu upp á 1.3 milljarða kr., til þess að bændur landsins yrðu ekki fyrir stórkostlegum áföllum.

Iðnaðurinn lýsti því yfir, að þannig væri ástatt, að ef hann fengi ekki lengri aðlögunartíma samkv. EFTA-samningnum eða hliðstæða aðstoð, sem því næmi, þá blasti þar við allsherjarstöðvun.

Til viðbótar við þetta vissu menn, að þegar ríkisstj. fór frá, voru fram undan blátt áfram verðhækkunarholskeflur. Það vissu allir, að það var um verðhækkunarholskeflu að ræða 1. sept., og varð að grípa til þeirra ráða, sem núv. hæstv. ríkisstj. gerði, til þess að bægja frá þeirri hættu, að vísu með bráðabirgðaráðstöfunum. Og hvernig skyldi standa á þeim vanda, sem er talað um í dag að skelli hér yfir 1. des.? Halda menn að þessar verðhækkanir hafi orðið til frá því að núv. ríkisstj. var mynduð? Nei, það liggja fyrir pappírar um það, hvenær þessar verðhækkanir komu inn í alla keðjuna.

Það liggur t. d. fyrir, að það var orðin verðhækkun á grundvelli landbúnaðarafurða. Það átti aðeins eftir að skrá hið nýja landbúnaðarvöruverð og hækkunin, sem þar lá á bak við, nam hvorki meira né minna en rétt u. þ. b. helmingnum af allri þeirri niðurgreiðslu sem ríkisstj. nýja greip til 1. sept. Niðurgreiðslurnar þá námu rétt í kringum 80 stig í vísitölu, en hinar nýju hækkanir á landbúnaðarafurðum námu 38 stigum. Svona voru vandamálin hvar sem litið var.

Ég skal ljúka þessari upptalningu með því aðeins að minna hv. þm. á að telja saman breytingar, sem urðu á hans tímabili í erlendri skuldasöfnun þjóðarinnar eða skuldasöfnun við útlönd. Það er ekkert smáræði sem þar gerðist. Það er því í rauninni alveg sama hvert litið var. Það blasti við eitt allsherjar gjaldþrot hjá fyrrv. ríkisstj., enda fékk hún auðvitað dóm hjá þjóðinni í samræmi við það.

Það hefði átt að standa miklu nær hv. 1. þm. Reykn. að rifja upp þennan viðskilnað heldur en fara að rifja það upp, hvað gerðist hér árið 1958, í nóvembermánuði. Ég hygg að þá hefði hann getað skýrt með allmiklu meiri nákvæmni frá því sem gerðist raunverulega í þessum efnum heldur en hann gerði.

Það er enginn vafi á því, að þau efnahagsráð, sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. fór eftir, voru óheillaráð. Þau leiddu okkur inn í meiri vanda en við höfðum verið í áður.

Á þessari stundu treysti ég mér ekki til að segja neitt um það, hvernig núv. ríkisstj. muni takast í baráttunni við þennan vanda. Hún er rétt að hefja göngu sína. Ég játa að ég hefði þar viljað gera margt á annan veg en þegar hefur verið gert. En því miður sýnist mér að samstöðu um aðgerðir í þá átt, sem ég tel heillavænlegri en þá stefnu sem farin hefur verið, virðist verða erfitt að ná.

Ég skal ekki við þessa umr. fara lengra út í að þræta um þessi mál við hv. 1. þm. Reykn., en koma að því sem var meginástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hér hljóðs.

Það er kunnugt, að verið hafa óvenjulega miklar umr. um það fjárlagafrv., sem hér er nú til 1. umr., áður en það kom formlega inn í þingið. Ég man varla eftir því, að það hafi verið jafnmiklar umr. í blöðum og ætlast til að menn tækju upp umr. um frv. í útvarpi og sjónvarpi áður en það kom fram, heldur en að þessu sinni. Miklar sögur gengu einnig um það, hvernig unnið væri að gerð þessa fjárlagafrv.

Ég vil segja það hér strax, eins og ég hef reyndar sagt áður, að nokkrar ástæður voru fyrir þessum miklu umr. Það kom strax upp, að það var nokkur ágreiningur meðal

stjórnarflokkanna um það, hvernig réttast og eðlilegast væri við þær aðstæður, sem búið var við, að standa að framlagningu fjárlagafrv. að þessu sinni. Við Alþb.-menn vorum á þeirri skoðun og Alþfl.-menn einnig, að miðað við allar aðstæður væri réttast að leggja fram það fjárlagafrv. sem hafði verið undirbúið af fyrrv. ríkisstj. og unnið á þann tæknilega hátt sem varð að vinna að gerð fjárlagafrv. og venjulega tekur langan og mikinn tíma, en slíku frv., sem lagt yrði fram, eins og þingsköp gera ráð fyrir, strax í byrjun þings, fylgdi hins vegar sú almenna grg., að stjórnarflokkarnir mundu vinna að því að breyta þessu frv. í meðförum Alþingis til samræmis við stefnu sína. Þetta var afstaða okkar, einfaldlega af því að við töldum að það væri mjög hæpið að stjórnarflokkarnir hefðu tíma til þess að undirbúa frv. með samningagerð sín á milli á þann hátt sem yrði að teljast fullnægjandi.

Hæstv. fjmrh. var á annarri skoðun. Hann taldi eðlilegt að vinna upp nýtt fjárlagafrv. sem tæki eins mikið mið af stefnu stjórnarinnar í þýðingarmiklum málum og mögulegt væri, og stefna hans varð ofan á í þessum efnum. Hann hélt sér fast við þetta og þannig var síðan unnið að gerð frv.

En það fór eins og okkur grunaði, að auðvitað kom í ljós, að enginn tími var til þess fyrir þrjá stjórnmálaflokka, sem stóðu að ríkisstj., með talsvert mismunandi skoðanir til margvíslegra mála sem snerta fjárlagafrv., - það var enginn tími til þess að flokkarnir gætu samið til fullnustu um afstöðu til mikilvægra mála í frv. (**Gripið fram í:** En þetta er stjórnarfrv., er það ekki?) Jú, það er stjórnarfrv. Um það er ekkert að efast. Af þessum ástæðum var það, að það hlaut í rauninni að fara svo, að frv. yrði lagt fram með allmiklum fyrirvörum um þýðingarmikil atriði og að það lægi þá fyrir þegar við 1. umr. um málið, að enn væru eftir allmörg atriði í frv. sem ekki hefði tekist endanlega samstaða um.

Þó að unnið væri að samræmingu á skoðunum flokkanna til þessara mála við gerð frv. og þó að þar næðist talsverður árangur að dómi okkar Alþb.-manna, kom frv. fram í þeim búningi að við vildum gera við það ýmsar almennar aths. af okkar hálfu. Og þær koma að sjálfsögðu á óbeinan hátt fram í þeim almennu fyrirvörum, sem fram koma í grg. með frv. og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir að talsverðu leyti.

Ég geri mér fyllilega vonir um það, að þær deilur, sem enn þá eru, eða sá ágreiningur, sem enn þá er á milli stjórnarflokkanna um afstöðu til ýmissra atriða frv., verði leystur eins og allajafna í samstarfi flokka þegar þeir hafa tíma til að ræða málin og átta sig á öllum aðstæðum, sem menn verða að átta sig á þegar um samstarf aðila er að ræða.

Ég sé ástæðu til að víkja að nokkrum atriðum, sem við Alþb.-menn viljum strax við 1. umr. láta koma fram að við höfum nokkra sérstöðu um, en þar drep ég aðeins á fá atriði og þau sem ég tel einna mikilvægust.

Það er þá í fyrsta lagi, að í frv. er gert ráð fyrir allverulegum niðurskurði á fjárframlögum til svonefndra verklegra framkvæmda. Eins og tölur frv. bera með sér er rætt um að þessi niðurskurður muni nema að magni til, þ. e. a. s. sé tekið tillit til verðlagsbreytinga á milli ára, í kringum 16%. Þó kemur fram í frv., að til þess sé ætlast að auka framlög nokkuð, eða um u. þ. b. 1 milljarð, til þessa málaflokks, til verklegra framkvæmda, og þá gæti magnminnkun þessara framkvæmda numið í kringum 11-12%.

Við Alþb.-menn höfum sagt: Við getum fyllilega við þær aðstæður, sem við búum við, sætt okkur við að þessi niðurskurður geti numið í kringum 10-12%, en viljum þá mjög tengja það hinni almennu fjárfestingarstefnu á öðrum sviðum. Á það þarf vitanlega að benda í þessum efnum, að fjárfestingin, sú sem fram kemur í A-hluta fjárlagafrv., er lítill hluti af heildarfjárfestingunni í landinu og niðurskurður á þessum tiltölulega litla lið, þegar borið er saman við heildarfjárfestinguna, segir auðvitað mjög lítið um áhrif fjárfestingarframkvæmda á verðbólgumálin, nema þá að gerð sé um leið grein fyrir því, hver stefnan eigi að vera í fjárveitingum til fjárfestingarmála á öðrum sviðum.

Ég vil benda á það, að gert er ráð fyrir því, að á yfirstandandi ári verði heildarfjárfestingin í landinu í kringum 140 milljarða kr. Hins vegar mun fjárfestingin, sú sem hér er fyrst og fremst verið að ræða um, í A-hluta fjárlaga, hafa verið rétt rúmlega 20 milljarðar á fjárl. fyrir þetta ár. Því geta allir séð að þessi hluti fjárfestingarinnar getur hér ekki ráðið öllum úrslitum. Hér er um að ræða fjárveitingu til jafnnauðsynlegra mála og t. d. hafnagerða í landinu, vegamálaframkvæmda og síðan fjárveitingar bæði til skólabygginga og heilbrigðisstofnana og margra annarra slíkra þátta.

Við Alþb.-menn leggjum á það höfuðáherslu, að sé um að ræða tiltekinn samdrátt í fjárveitingum til þessara framkvæmda, þá sé hann í ákveðnu hlutfalli við það sem á að gera varðandi fjármögnun annarrar fjárfestingar í landinu eða á öðrum sviðum. En okkur þykir allt of mikið bera á því hjá ýmsum aðilum, að það eitt nægi þeim að skera niður fjárframlög til þessara félagslegu framkvæmda, en hirða þá minna um það, hvernig staðið er að því að halda uppi fjárfestingu á öðrum sviðum, sem taka til sín miklum mun meira fjármagn og gæti verið í eðli sínu miklu umdeildari fjárfesting en þessi. Verði við það staðið við endanlega afgreiðslu fjárlaga fyrir komandi ár, að niðurskurður til þessara framkvæmda verði ekki meiri en sem nemur 10-12%, þá teljum við Alþb.-menn það mjög eðlilegt. En við höfnuðum till. sem voru í þá átt, að þessi niðurskurður skyldi verða um 30%. Við viljum ekki standa að slíkum niðurskurði á fjárveitingum til þessara framkvæmda og það allra síst á meðan stefna hefur ekki verið mörkuð í öðrum fjárfestingarmálum.

Þá er einnig í frv. gert ráð fyrir að draga nokkuð úr niðurgreiðslum á vöruverði frá því stigi sem ráðgert er að þessar niðurgreiðslur verði í nú í desembermánuði. Gert hafði verið ráð fyrir því í samstarfssamningi stjórnarflokkanna að beita sér fyrir lækkun á vöruverði sem næmi í kringum 10% miðað við framfærsluvísitölu, og við það er miðað, að því marki verði náð nú í desembermánuði og síðan áfram fram eftir næsta ári. Hins vegar er í því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, gert ráð fyrir að draga úr þessum niðurgreiðslum sem nemur 2.8 milljörðum kr. á árinu sem heild. Við erum ekki samþykkir þessari ráðstöfun og hefðum kosið að hægt yrði, miðað við þær aðstæður sem við búum við í verðlagsmálum, að halda sig við þessa verðlækkun. Við bendum á að þarna er um tvenns konar vanda að ræða: Annars vegar þann mikla vanda, sem að okkur steðjar vegna hækkandi verðlags, og þarf því að leggja sig allan fram um að reyna að halda verðlaginu niðri, og hins vegar, að sé dregið úr niðurgreiðslum mun það aftur auka á vandann hinum megin frá einnig, þ. e. a. s. stöðu íslensks landbúnaðar. Við teljum því að mjög óhyggilegt sé að stefna að sam-

drætti eins og þarna er gert ráð fyrir, nema þá eitthvað annað sé hugsað að komi þarna á móti sem leyst gæti vandann. Um þetta atriði höfum við enn okkar fyrirvara.

Þá er í fjárlagafrv., eins og það er lagt fram, gert ráð fyrir, að tollar á svonefndum samkeppnisvörum eða EFTA-vörum verði enn lækkaðir um næstu áramót sem nemur í kringum 1.1 milljarði kr. Það kæmi að sjálfsögðu fram sem tekjutap hjá ríkissjóði að lækka tollana sem þessu næmi, en þar að auki mundi þetta leiða af sér vaxandi vanda fyrir samkeppnisiðnað okkar. Við bendum á að í samkomulagi stjórnarflokkanna var beinlínis lofað að fresta þessari tollalækkun, og við erum ekki ásáttir með að horfið sé frá þessu loforði. Iðnaðurinn gerir sterkar kröfur um að það verði staðið við þetta loforð og telur sér ekki veita af að fá þessa aðstoð. Og við álítum að öll rök mæli með því, að áfram verði staðið við það sem ætlunin var að gera af stjórnarflokkunum, þ. e. að fresta þessari tollalækkun.

En frv. er lagt fram með öðrum ákvörðunum í þessum efnum. Það hefur að vísu komið fram í umr. á milli stjórnarflokkanna, að ef sú leið yrði farin, sem gert er ráð fyrir í frv., þá yrði annað að koma í staðinn til verndar íslenskum samkeppnisiðnaði sem jafngilti þeirri fjárhæð, sem þarna er um að ræða. Auðvitað er hægt að hugsa sér þá leið að lækka tollana á þessum vörum í samræmi við EFTA-samninga, en grípa svo aftur til nýrrar tollahækkunar eða einhverra nýrra álaga í sambandi við innfluttar vörur, sem jafngilda tollalækkuninni. Það er það sem komið hefur fram frá okkar samstarfsflokkum að ætlunin sé að gera. En um þetta atriði er enn ekki fullsamið. Við Alþb.-menn erum með fyrirvara varðandi þetta atriði og viljum halda okkur í þessum efnum við samkomulag stjórnarflokkanna, það teldum við eðlilegast, en að öðrum kosti við það, að aðrar ráðstafanir yrðu gerðar í staðinn sem jafngiltu því sem þarna var ætlunin að gera.

Þá er enn eitt atriði sem við höfum fyrirvara um. Við höfum allan tímann lagt á það áherslu, að jafnhliða því, sem dregið yrði úr fjárfestingarframlögum ríkisins yrði að sama skapi unnið að því að draga úr rekstrarkostnaði á vegum ríkisins. Við teljum alveg fráleitt, að áfram sé haldið stefnu undanfarandi ára í þeim efnum, að rekstrarkostnaður ríkisins bólgni út í sífellu, hækki frá ári til árs, fyllilega til samræmis við verðlag, venjulega heldur meira. Við höfum því gert kröfu um að inn kæmi liður í fjárlagafrv., sem gerði ráð fyrir því, að dregið yrði úr almennum rekstrarkostnaði hjá ríkinu.

Að því er vikið í grg. með frv., að leitað muni verða samkomulags um að fá fram útgjaldalækkun í sambandi við rekstrarútgjöld sem gæti numið um 1 milljarði kr. Við teldum að það væri mjög í áttina, en það hins vegar er ekki ákveðin tala um það í fjárlagafrv.

Um tekjuöflun frv. er það að segja, að við teljum að óheppilegt sé að gera ráð fyrir í frv. að fella niður þann tekjustofn sem ríkið hefur búið við á þessu ári, skyldusparnaðinn. Þó að þar sé um sparnað að ræða, en ekki hreinar tekjur, jafngildir hann að verulegu leyti tekjum fyrir ríkið eða gildir sem fullkomið ráðstöfunarfé fyrir ríkið í ríkisbúskapnum. Ef þessum tekjustofni hefði verið haldið áfram hefði hann gefið samkv. útreikningum 3 milljarða í tekjur á næsta ári. Við teljum, að það sé eðlilegt að halda þessum tekjustofni, og sjáum enga ástæðu til að falla frá honum, það hefði verið nær að nota það svigrúm, sem þessar tekjur hefðu gefið, til frekara viðnáms gegn verðhækkunum, en fara ekki þá leið, að fella niður þennan tekjustofn. Um þetta höfum við einnig okkar fyrirvara.

Varðandi þann ágreining, sem uppi hefur verið um tekjuöflun að öðru leyti, er það okkar afstaða, að við segjum, að ef það reynist nauðsynlegt til samkomulags að fara inn á það að lækka að einhverju leyti hina beinu tekjuskatta, þá er það afstaða okkar að sá hinn fyrsti af þessum beinu tekjusköttum ríkisins, sem á að verða fyrir lækkun eða brottfalli, er sjúkratryggingagjaldið, því þar er um að ræða 2% gjald sem lagt er á brúttótekjur niður eftir öllum tekjustiganum og hvílir tiltölulega langþyngst á lágtekjufólki, á því fólki sem nú þarf ekki að borga neinn tekjuskatt.

Það er býsna athyglisvert, að síðustu skýrslur, sem lagðar voru fram um þessa skatta, sýndu að á árinu 1977 voru hvorki meira né minna en 37 þús. aðilar í landinu sem þurftu að greiða sjúkratryggingagjald sem ekki þurftu að borga neinn tekjuskatt. Það er vegna þess að þessi gjaldstofn nær miklu neðar og leggst með þunga á lágu tekjurnar. Því teljum við að það sé þetta gjald, sem eigi að víkja, áður en farið er í að breyta tekjuskattinum, þó að full ástæða sé til að breyta honum í ýmsum efnum.

Auk þess, sem ég hef minnst á, eru auðvitað mörg önnur atriði, sem við höfum ekki verið beinir þátttakendur í að ákveða, en er að finna í þessu fjárlagafrv.

Ég er t. d. jafnóánægður með þetta fjárlagafrv. og önnur að undanförnu varðandi hina svonefndu olíustyrki. Mér sýnist reyndar að farið sé enn harðari höndum um þá, sem áttu að njóta þessa styrks, í þessu frv. en nokkru sinni áður. Þessu vil ég breyta, því þarna er níðst á þeim sem síst skyldi.

Ég tel líka alveg fráleitt, að það sé ekki tekið tillit til þess við fjárlagaafgreiðslu, að það verður að veita Rafmagnsveitum ríkisins eitthvert beint fjárhagslegt framlag í því skyni að Rafmagnsveiturnar geti lækkað raforkuverðið til sinna viðskiptaaðila. Sjá væntanlega allir að það verður ekki búið við það lengur, að þeir, sem skipta við Rafmagnsveitur ríkisins, þurfi að borga rafmagn til heimilisnota á 88% hærra verði en nú er t. d. hér í Reykjavík og að á þeim svæðum, þar sem menn verða að skipta við Rafmagnsveitur ríkisins, verður almennur iðnaður að borga fyrir raforkuna 82% hærra verð. Það hefur oft verið minnst á það áður á Alþ., að nauðsynlegt er að beint fjárframlag ríkisins verði á fjárl. til að draga úr þessum mikla vanda.

Síðast en ekki síst er svo það, að enn liggur auðvitað ekki fyrir neitt samkomulag stjórnarflokkanna varðandi lánsfjáráætlun. Þær tölur, sem eru í frv. og snerta lánsfjáráætlun, eru í rauninni tölur sem ekki er samið um á neinn hátt á milli stjórnarflokkanna.

Þessi atriði öll verður að taka til endurskoðunar að mínum dómi. Þetta er það sem bíður eðlilega ákvörðunar, vegna þess að ekki hefur unnist tími til þess að ná samkomulagi á milli stjórnarflokkanna um þessi mál. (Gripið fram í.) Fjárlagafrv. er nú býsna þykk bók, svo að það getur sitt af hverju verið í henni. Það ætti hv. fjvn.-maður að þekkja.

Ég hef hér gert grein fyrir nokkrum allstórum atriðum í fjárlagafrv. sem við Alþb.-menn höfum fyrirvara um. En ég legg áherslu á það, að ég tel enga ástæðu til þess, að ekki geti tekist eðlilegt samkomulag á milli stjórnarflokkanna um sæmilega farsæla lausn varðandi þessi atriði öll. Til þess þarf bara nokkurn tíma. Að því er unnið

nú og verður auðvitað unnið við afgreiðslu málsins í fjvn.

Ég vil segja það við hv. stjórnarandstöðu, að hún ætti að fara sér hægt í að hlakka eitthvað yfir því, að þetta fari allt úr böndunum. Til þess er enginn tími á þessu stigi málsins, en við óttumst það ekki á neinn hátt að segja skýrt og skorinort frá því, hver afstaða okkar sé til mikilvægra atriða í frv. Við eigum eftir að semja um þessi atriði. Ég trúi því fyrir mitt leyti, að við munum ná eðlilegu samkomulagi um þessi mál. En ég vil gjarnan að við 1. umr. málsins komi skýrt fram, að við höfum fyrirvara af okkar hálfu varðandi þessi atriði og ýmis önnur. En það breytir að sjálfsögðu ekki því, — þar dugir enginn útúrsnúningur á neinn hátt, — að hér er um að ræða stjórnarfrv., fjárlagafrv. sem á að taka breytingum eins og mörg önnur fjárlagafrv. hafa þurft að taka, jafnvel þó að þeir, sem að þeim frv. hafa staðið, hafi ekki haft kjark í upphafi til að segja það, að þeir hefðu ýmislegt við frv. að athuga, en þurftu hins vegar að gera það síðar, á síðara stigi málsins. En við segjum það bara strax í upphafi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Að áliti okkar Alþfl.-manna er það meginviðfangsefni þessarar ríkisstj., sem við eigum aðild að, að takast á við verðbólguna og ná þar árangri. Ástæðan liggur að sjálfsögðu í augum uppi. Um sjö ára skeið höfum við búið við verðbólgu um eða yfir 40%. Ekkert annað land á svipuðu menningarstigi og Ísland er hefur þurft að þola annað eins.

Það er almennt talið, að þegar verðbólga fer mikið yfir 30% sé illmögulegt að ráða við stjórn efnahagsmála. Í þeim löndum, þar sem er her eða sterk lögregla, vitum við af reynslunni, að þegar verðbólga er orðin jafnmikil og hún hefur verið á Íslandi undanfarin 7 ár er lýðræði og frelsi í hættu. Slíkt upplausnarástand er m. a. afleiðing af verðbólgu eins og þeirri sem við höfum þekkt.

Að vísu býst ég ekki við að við Íslendingar þurfum að óttast byltingu. Til þess að svo fari höfum við t. d. hvorki her né lögreglu. - Hitt er að sjálfsögðu ljóst, að ef heldur áfram sem horfir í þessum verðbólgumálum, þá hlýtur þjóðfélag okkar að brotna smátt og smátt í mola og ýmsir þeir þættir, sem við höfum verið að byggja upp á umliðnum árum í sambandi við félagsleg málefni og félagslega samhjálp, hrynja til grunna.

Það er því alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að verðbólguástandið á Íslandi hefur leitt til slíks neyðarástands, að það hlýtur að vera meginviðfangsefni hverrar ríkisstj. og þ.á m. þeirrar, sem nú situr, að reyna að beita sér af afli gegn verðbólgunni og ná þar árangri.

Minn flokkur, Alþfl., leggur höfuðáherslu á þetta meginverkefni ríkisstj., og við teljum, Alþfl.-menn, að við séum skuldbundnir kjósendum okkar til þess að leggja það á okkur sem við framast megum til þess að ná árangri í baráttunni við verðbólguna. Ef það tekst ekki á árinu 1979 er ég sannfærður um að það er voði fram undan, ekki aðeins í efnahagsmálum þjóðarinnar, heldur einnig á stjórnmálavettvangi og í siðferðismálum þjóðarinnar almennt.

Við gerum okkur það ljóst, Alþfl.-menn, og tókum það sérstaklega fram í kosningabaráttunni í vor, að árangur næðist ekki án erfiðleika. Þetta tækist ekki án þess að byrðar yrðu lagðar á þjóðina. Þetta er auðvitað öllum ljóst og það þýðir ekkert að mótmæla því. Það þýðir ekki að láta eins og þeir hlutir, sem yfir okkur hafa dunið s. l. 7 ár, hafi ekki gerst. Við getum ekki hegðað okkur núna, á því herrans ári 1978, eins og við hefðbundið og venjulegt ástand væri að fást í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hér er um að ræða hreint neyðarástand. Ef okkur tekst ekki að ná einhverjum árangri í baráttunni við verðbólguna á næstu mánuðum, þá er það skoðun mín að þá sé íslensku þjóðfélagi hætt.

Þess vegna höfum við Alþfl.-menn lagt áherslu á gerbreytta efnahagsstefnu, og ekki aðeins á að stefnunni sé breytt, heldur einnig að önnur vinnubrögð verði upp tekin, bæði á Alþ., af ríkisstj. og af öðrum þeim sem með fjárhags- og efnahagsmál þjóðarinnar fara.

Það er nefnilega alls ekki nóg að leggja byrðar á bök fólksins. Það er ekki nóg að færa fórnir. Það er ekki nóg að fórna bara fórnanna vegna. Ef við, sem eigum aðild að þessari ríkisstj., þurfum að leggja byrðar á þjóðina, eins og við þurfum að gera, þá verður þjóðin að hafa trú á þeim ráðstöfunum sem gerðar eru. Þá verðum við sjálfir að trúa því, að þær séu réttar, og þá verður a. m. k. að vera hægt að skapa þjóðinni þá von, að þessar byrðar séu á hana lagðar í þeim tilgangi að ná árangri í baráttunni við hinn erfiða verðbólguvanda.

Í sambandi við þá gerbreyttu efnahagsstefnu, sem við Alþfl.-menn höfum talað um og barist fyrir, bæði í kosningunum í vor og allar götur til þessa dags, og munum halda áfram að berjast fyrir, fjöllum við um breytingar á stefnunni í fjárfestingarmálum, í vaxta- og peningamálum, í vísitölumálum og í ríkisfjármálum, svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Við höfum þegar lagt fram á þingi í frumvarpsformi hugmyndir okkar um breytta stefnu í vaxtamálum. Við höfum innan ríkisstj. og í samtölum við verkalýðshreyfinguna lagt áherslu á vilja okkar um breytta stefnu í vísitölumálum. Við höfum lagt fram till. okkar við samstarfsflokka okkar í ríkisstj. um breytta stefnu í fjárfestingarmálum. Og nú fjöllum við um ríkisfjármálin og þar viljum við Alþfl.-menn stuðla að stefnubreytingu, vegna þess að beiting stjórnunar í ríkisfjármálunum er eitt mikilvægasta tækið í baráttu við verðbólgu.

Þess vegna er það frv. til fjárl., sem hér er nú lagt fram og til umr. er á þessum fundi, mjög afdrifaríkt mál. Það er að sjálfsögðu auðveldast fyrir þessa ríkisstj., eins og þær sem setið hafa á undan henni, að láta allt vaða á súðum í ríkisfjármálum. Það er hin beina og breiða braut. Það er hin auðvelda leið. En sú beina og breiða braut liggur til glötunar. Það höfum við lært á s. l. 7 árum, þ. e. a. s. þeir okkar sem eitthvað hafa af því lært.

Það er öllu erfiðara að feta þann krókótta stíg sem liggur að því marki, sem stjórnarflokkarnir, sem að þessari ríkisstj. standa, hafa ásett sér að ná, og það verður talsverður prófsteinn fyrir þessa ríkisstj. einmitt við afgreiðslu fjárl. nú, hvort hún hefur þrótt til þess að feta sig út af hinni beinu og breiðu braut og á þá erfiðu braut sem ein liggur að settu marki.

Fjárlagafrv., sem nú er til umr. og afgreiðslu á þinginu, er prófsteinn á styrk þessarar ríkisstj. og þeirra flokka sem að henni standa.

Frv. eins og fjárlagafrv. er að sjálfsögðu yfirgripsmikið plagg og lengi í smíðum. Eins og hv. 1. þm. Austurl. tók fram í ræðu sinni áðan, lá fjárlagafrv. fullbúið í rn. þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Það liggur auðvitað ljóst fyrir, að það þarf mikinn tíma ef menn ætla sér að endurskapa fjárlagafrv. sem hefur verið í mótun í marga mánuði. Það þarf svo mikinn tíma til þess fyrir ríkisstj. að endurskapa fjárlagafrv. að sínum vilja, að óhætt er að

fullyrða að fyrstu raunverulegu fjárl. ríkisstj. séu ekki fyrstu fjárl., sem sett eru á starfstíma hennar, heldur fjárl. nr. 2.

Núv. ríkisstj. var engu að síður staðráðin í því að reyna að móta fjárlagafrv. það, sem hér er til umfjöllunar, sem allra mest með tilliti til stefnu sinnar. Og mér finnst það eðlilegt og nauðsynlegt, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að það liggur mikið við að þegar í stað verði spyrnt við fótum í verðbólgumálunum.

Ég sagði áðan, að þegar ríkisstj. kom til valda hafi fjárlagafrv. verið fullbúið í rn. og mikill tími mundi fara í að endurgera slíka smíð að vilja núv. ríkisstj. Þess vegna var það rétt, sem hv. 1. þm. Austurl. sagði áðan, að sú var afstaða okkar Alþfl.-manna, sem þingflokkur Alþfl. mótaði, að óska eftir því við hæstv. fjmrh., að það frv., sem var í hans rn. tilbúið þegar hann tók við störfum, yrði lagt fram strax í upphafi þessa þings, svo að fjvn. gæti farið að starfa með eðlilegum hætti. Það yrði fram tekið, þegar frv. væri lagt fram, að hér væri ekki um að ræða frv. hæstv. ríkisstj., heldur mundi hún laga frv. að sinni stefnu í meðferð málsins á þinginu, þannig að það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl., að þessa afstöðu mótuðum við Alþfl.-menn og ráðh. Alþfl. báru hæstv. fjmrh. þessa beiðni okkar. Þeir Alþb.-menn voru sömu skoðunar, en engu að síður var ekki við þessum óskum orðið.

Þetta er skýringin á því, hversu frv. er nú seint á ferðinni, og í grg. frv. kemur beinlínis fram, að tími hefur ekki unnist til þess að ná samkomulagi stjórnarflokkanna þriggja um alla þætti frv., þ. á m. ýmis meginefni frv., og þau mál eru því óútkljáð.

Land okkar hefur lengi verið land samsteypustjórna. Undir slíkum kringumstæðum hljóta vinnubrögð að verða önnur en þar sem einn flokkur fer með meiri hl. á þingi og einn með stjórn. Hér á Íslandi verða stjórnarflokkar að semja sín á milli um öll meiri háttar mál. Enginn einn stjórnmálaflokkur í slíku samstarfi getur þannig ætlast til að fá allt sitt fram. Flokkarnir verða að sætta sig við meiri og minni tilslakanir, meira og minna fráhvarf frá þeirri stefnu sem þeir hafa fengið stuðning við.

Margt í því frv., sem hér er lagt fram, erum við Alþfl.-menn ánægðir með og getum stutt. Við erum hins vegar óánægðir með annað og alfarið á móti ákveðnum efnisþáttum frv. sem ég mun rekja síðar.

Í þeim umr., sem farið hafa fram milli stjórnarflokkanna, bæði í ríkisstj. og á öðrum vettvangi, höfum við Alþfl.-menn lagt áherslu á eftirfarandi atriði.

Í fyrsta lagi höfum við viljað láta draga úr umsvifum hins opinbera og þá einnig hvað framkvæmdir varðar. Það er alveg ljóst, ég hef sjálfur oft staðið hér í ræðustól á umliðnum árum og gagnrýnt það, að margar framkvæmdir, ríkisframkvæmdir og hálfopinberar framkvæmdir, hafa beinlínis stuðlað að verðbólguþróun í landinu, hafa skapað spennu, og starfshættir við slíkar framkvæmdir hafa verið þannig, að einkaaðilum hefur ofboðið. Við teljum mjög rangt, á sama tíma og við erum að reyna að draga úr þessari spennu, að keyra þá framkvæmdir af slíku tagi á fullu. Þess vegna er það skoðun okkar og stefna, að draga beri úr umsvifum hins opinbera, einnig úr framkvæmdum. Við gerum okkur fyllilega ljóst, að það kann að vera að það sé ekki vinsælt mál, en það er bara ekki hægt að leysa þann efnahagsvanda, sem við er að etja, með eintómum vinsælum aðgerðum. Það ætti reynsla s. l. 7 ára að hafa kennt okkur.

Í annan stað höfum við Alþfl.-menn lagt mikla áherslu á það, eins og ég sagði áðan, að mörkuð yrði önnur fjárfestingarstefna eða öllu heldur að mörkuð yrði fjárfestingarstefna sem ekki hefur verið finnanleg af hálfu opinberra aðila á umliðnum árum. Við höfum þegar lagt fram við samstarfsflokka okkar hugmyndir um þau efni, tillögur lið fyrir lið, sem þeir hafa til umfjöllunar.

Í þriðja lagi leggjum við höfuðkapp á það, að dregið verði úr rekstrarútgjöldum ríkisins og ríkisstofnana. Ég vil taka undir það með hæstv. fjmrh., að það gerist ekki með því að fyrirskipað sé t. d. í fjárl., að ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir minnki útgjöld sín um þetta og þetta mörg prósent. Sparnaður í rekstrarútgjöldum hjá ríki og ríkisstofnunum getur aðeins náð árangri ef hann er unninn þannig, að teknar eru fyrir einhverjar tilteknar stofnanir og þeim fyrirskipað að gera ákveðnar aðgerðir á mannahaldi sínu, framkvæmdaáformum og fleira sem skapar aukið aðhald. Þetta viljum við Alþfl.-menn að gert verði og viljum einlæglega óska eftir því við hæstv. fjmrh., að þegar lengra fram í sækir í meðferð fjárlagafrv. á Alþ., þá taki hann þau mál til sérstakrar skoðunar frekar en gert hefur verið. Svo dæmi sé nefnt, þá teljum við t. d. koma mjög vel til mála að taka til athugunar rekstur ríkisfyrirtækja eins og t. d. Landhelgisgæslunnar og gera það upp við sig, hvort sé rétt að haga rekstri Landhelgisgæslunnar á árinu 1979 með sama hætti og gert var þegar við Íslendingar áttum í þorskastríði. Þetta er ekki vinsælt mál, að taka fyrir ríkisstofnanir, t. d. eins og Landhelgisgæsluna eða önnur slík ríkisfyrirtæki, og gera tilteknar tillögur um sparnað á rekstri þeirra. En ef menn vilja ná árangri í slíkum málum verða þeir að gera það svona, hvort sem það er vinsælt eða óvinsælt. Öðruvísi næst árangur ekki. Öðruvísi er ráðstöfunin ekki einu sinni þess pappírs virði, sem hún er skráð á.

Í fjórða lagi höfum við Alþfl.-menn í sambandi við uppsetningu þessa fjárlagafrv. lagt á það höfuðáherslu að stöðva þá skuldasöfnun sem einkennt hefur ríkisbúskapinn að undanförnu. Við höfum lagt á það höfuðáherslu, að núv. ríkisstj. breyti um stefnu, skili mjög verulegum rekstrarafgangi hjá ríkissjóði og að þeim rekstrarafgangi verði varið til þess að greiða niður erlendar skuldir þjóðarinnar. Við höfum lifað um efni fram á umliðnum árum. Það er staðreynd sem öllum hlýtur að liggja í augum uppi. Við getum ekki haldið áfram öllu lengur á þeirri braut. Einhvern tíma kemur að reikningsskilum. Einhvern tíma verður íslenska þjóðin að fara að greiða niður þær skuldir sem hún hefur safnað á umliðnum árum. Við Alþfl.-menn teljum að löngu sé orðið tímabært, að það sé gert. Við höfum stutt þá skoðun hæstv. fjmrh., að þetta beri að gera núna, þetta beri að gera þannig, að tryggt sé að mjög verulegur rekstrarafgangur verði hjá ríkissjóði sem notaður sé til þess að greiða niður skuldir þjóðarinnar erlendis. Ég tel að þessi ríkisstj. vinni gott verk, ef henni tekst að snúa við af braut skuldasöfnunar og á braut skuldaskila.

Ég verð að segja eins og er, að það hefur verið tekið mjög verulegt tillit til ýmissa þeirra atriða, sem ég hef nú nefnt, í sambandi við fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir. En gagnvart ákveðnum, afmörkuðum efnisþáttum, sem við höfum óskað mjög eindregið eftir að tekið yrði tillit til við gerð fjárlagafrv., hefur ekkert tillit verið til tekið, heldur þvert á móti.

Þetta er í fyrsta lagi fólgið í skattastefnu þeirri, sem

boðuð er í fjárlagafrv., og í öðru lagi í þeirri stefnumörkun, sem þar er að finna hvað landbúnaðarmálin varðar.

Ég tek síðasta málið fyrst og lýsi afstöðu þm. Alþfl. til þess, sem um það segir í þessu fjárlagafrv.

Það er ekki ástæða til að tala langt mál um afstöðu Alþfl. í landbúnaðarmálum. Öllum landsmönnum er hún kunn. Við höfum bæði varað við afleiðingum þeirrar stefnu, sem fylgt hefur verið af þeim, sem málum hafa ráðið í landi hér í málefnum landbúnaðarins á undanförnum árum, og við höfum einnig gert till. um breytingar, m. a. hér á hinu háa Alþingi.

Nú er fram komið það sem við vöruðum við. Öllum er nú ljós þörfin á stefnubreytingu. Jafnvel þeir, sem staðið hafa á umliðnum árum í þessum ræðustól til þess að takast á við okkur Alþfl.-menn um landbúnaðarmálin með því að segja, að þar væri ekkert að, þar væri allt í besta horfi, þar væri stefnan mörkuð rétt, koma nú upp í þennan sama ræðustól til þess að lýsa miklum vilja sínum á því að breyta þessari stefnu, sem nauðsynlega þurfi að endurskapa.

Ég vil vara mjög eindregið við því, að fjárlagafrv., sem hér er til umr., verði afgreitt með þeirri stefnumörkun sem það felur í sér hvað landbúnaðarmálin varðar.

Við skulum gera okkur ljóst, að á næsta ári ætlum við að verja til þess að greiða niður vöruverð 18 milljörðum kr. röskum. Við höfum valið þann hátt á, eða öllu heldur sá kostur hefur verið valinn að nota alla þessa peninga til þess að greiða niður ákveðnar tegundir neysluvöru, þ. e. a. s. landbúnaðarvörur. Auðvitað hefði verið hægt að verja þessari upphæð til niðurgreiðslu á öðrum þáttum sem ráða miklu um lífsafkomu manna, t. d. hitunarkostnaði, olíuhitun á húsum, eins og hv. 1. þm. Austurl. var að ræða um áðan. En sú stefna hefur verið mörkuð að nota alla þessa 18 milljarða til þess að lækka verðið á landbúnaðarafurðum. Afleiðingin er sú, að líklegt er talið, að neysla á landbúnaðarvörum innanlands aukist um 16%. Það að auka neysluna á landbúnaðarvörum innanlands um 16% á næsta ári kostar ríkissjóð og íslenska skattborgara 18 milljarða. Engu að síður liggur það fyrir, að framleiðslan í landbúnaði hefur á yfirstandandi ári aukist um 8.4%. Ef við ætluðum að nota þennan framleiðsluauka eingöngu fyrir innanlandsmarkað, mundi hann samkvæmt þessum útreikningum kosta þjóðarbúið milli 9 og 10 milljarða kr. Um það bil helmingurinn af niðurgreiðslunum, sem verja á í búvörur á næsta ári, fer í að hylja þá framleiðsluaukningu sem verið hefur á yfirstandandi ári. Það breytir því ekki, að þrátt fyrir þetta virðist vera þörf á u. þ. b. 6—6.5 milljörðum í niðurgreiðslu á útfluttar landbúnaðarafurðir á árinu 1979.

Í fjárlagafrv. er áætlað, að til þess þurfi 5.3 milljarða röska. Þar kemur líka fram, að yfirleitt hafi þessi tala verið vanáætluð. Hún var vanáætluð fyrir yfirstandandi ár um 537 millj. Og ég hef ástæðu til þess að ætla að raunveruleg fjárþörf í þessu skyni sé 6-6.5 milljarðar kr. þegar allt er talið, þ. e. a. s. skuldagreiðslur frá fyrra ári og þessar 300 millj. kr. af verðjöfnunargjaldi sem flytjast hvað greiðslu varðar á árið 1979. Þá verðum við sem sé að greiða niður landbúnaðarafurðir um 18 milljarða kr. úr ríkissjóði hvað innanlandsneysluna varðar, og 6-6.5 milljarða þurfum við hvað útflutninginn varðar. Engu að síður er haldið áfram óbreyttri stefnu hvað varðar jarðræktarframlög og framlög til framræslu og önnur framlög úr ríkissjóði, sem beinlínis hvetja til aukinnar framleiðslu. Þessi stefna er ósamrýmanleg vilja okkar og skoðun.

Á fjárlögum ársins 1978 var varið til búnaðarmála og til niðurgreiðslu búvöruverðs 11.4 milljörðum kr. Samkv. áætlun fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að verja á næsta ári í þessu skyni 25.4 milljörðum. Á einu einasta ári hækka þessi útgjöld úr 11.4 milljörðum í 25.4 milljarða. Þetta þykir okkur Alþfl.-mönnum vera allstórt stökk. Okkur þykir það vera að hækka útflutningsbætur milli ára um 80-85%. Hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins hvað þetta varðar hefur þannig aukist úr 8.3% í fjárl. 1978 í 12.8% í fjárlaga frv. 1979. Og ef niðurgreiðsluþátturinn er tekinn út úr þessum samanburði og aðeins miðað við þau framlög úr ríkissjóði, sem fara á vegum landbrn. til Stofnlánadeildar, jarðræktarframlög, til framræslu, ýmis framlög og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, þá hækkar þessi þáttur einn úr 4.5 milljörðum á fjárlögum 1978 í 7.4 milljarða í fjárlagafrv. 1979 og í hlutfalli af heildarútgjöldum úr 3.3% árið 1978 í 3.7 árið 1979.

Við Alþfl.-menn sættum okkur ekki við þennan þátt fjárlagafrv. Við viljum að gerð sé stefnubreyting í landbúnaðarmálunum í átt til okkar sjónarmiða. Við munum beita okkur fyrir því, að þessi breyting verði gerð í meðförum þingsins á fjárlagafrv., og ég tel harla ólíklegt að þm. Alþfl. samþykki þennan þátt frv. ef sú breyt. fæst ekki fram.

Hitt atriðið, sem við erum ósáttir við, er varðandi skattastefnu þá sem í frv. er boðuð, þ. e. a. s. hvað varðar beina skatta sem lagðir eru á einstaklinga samkv. þeim ráðagerðum sem uppi eru í þessu frv. Það hefur verið eitt af meginatriðum í málflutningi okkar Alþfl.-manna undanfarin 7 ár og einnig nú í kosningabaráttunni, að upp skuli taka í landinu nýja stefnu í skattamálum, sem í fáum orðum er fólgin í því að afnema beina skatta á almennar launatekjur, en taka í auknum mæli upp neysluskatta með breytingum á innheimtufyrirkomulagi þess söluskatts sem við nú þekkjum.

Ég ætla ekki að þreyta þingheim með því að fara mörgum orðum um þetta mál. Þeir þm., sem átt hafa sæti á Alþ. áður, þekkja þessi sjónarmið af þremur þáltill. sem Alþfl. hefur flutt. Þm. Alþfl. hafa auk þess flutt á þskj. 84 till. til þál. um virðisaukaskatt í stað söluskatts og um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum, sem kemur til umr. og afgreiðslu á þessu þingi. Við getum því beðið með nánari umr. um þessa skattamálastefnu Alþfl. þar til sú þáltill. kemur á dagskrá.

Í haust féllumst við Alþfl.-menn á þau úrræði sem óhjákvæmileg voru að okkar mati svo og allra annarra til þess að koma í veg fyrir þá bráðu hættu sem við blasti í atvinnumálum á Íslandi. Við féllumst á það bráðabirgðaúrræði að beita beinum sköttum til þess að afla ríkinu tekna til þess að greiða niður verð á vöru, sem er í vísitölunni. Allir hljóta auðvitað að gera sér ljóst hvernig á því stendur, að beitt var beinum sköttum til fjáröflunar í þessu skyni. Beinum sköttum var auðvitað beitt til fjáröflunar í þessu skyni vegna þess, að þeir eru ekki inni í vísitölunni. Gagnvart vísitölunni virðist þannig vera um kjarabætur að ræða þegar skattar voru hækkaðir, en niðurgreiðslur auknar.

Við Alþfl.-menn litum þannig á, eins og ég held að allir stjórnarflokkarnir hafi gert, að þessi úrræði frá því í haust væru neyðarúrræði, væru til bráðabirgða, og m. a.

að vilji væri fyrir því og áform í ríkisstj. að taka þessa lausn — þessa neyðarlausn — til endurskoðunar þegar á árinu 1979, m. a. þá skattlagningu sem í henni fólst. Hæstv. fjmrh. hefur skipað þingmannanefnd stjórnarflokkanna, sem einn af þm. Alþfl. á sæti í, til að skoða þennan þátt. En það, sem okkur Alþfl.-mönnum líkar miður, er að fjárlagafrv. gengur mun lengra í þessa átt en brbl., neyðarúrræðin frá því í haust, gerðu. Þar er t. d. skattvísitalan miðuð við breytingar á verðlagi, en ekki breytingar á tekjum. Niðurstaðan af því er sú, að þessi viðmiðun eykur skattbyrðina um 3 milljarða kr. Þessi viðmiðun lækkar skattleysismörk tekjuskattsins og gerir tekjskattinn að meiri launamannaskatti á árinu 1979 heldur en hann var á árinu 1978. Þessi ráðstöfun hefur það í för með sér, að fleiri lágtekjumenn greiða tekjuskatt á árinu 1979 en á árinu 1978. Og þm. Alþfl. eru ekki reiðubúnir til að samþykkja þetta, nýkomnir út úr kosningum. Það kemur ekki til mála. Þm. Alþfl. munu ekki samþykkja slíka ráðstöfun á árinu 1979. Og til frekari upplýsinga fyrir menn, þá munum við ekki heldur gera það á árinu 1980, á árinu 1981 né á árinu 1982. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að Alþfl., sem hafði að meginstefnumáli að leggja niður hinn óréttláta launamannaskatt sem tekjuskatturinn er, getur ekki á árunum 1978, 1979, 1980, 1981 eða 1982 gert þann tekjuskatt að meiri launamannaskatti en hann var fyrir kosningarnar í vor.

Það var sagt hér áðan, að skattbyrði á Íslandi væri ekki mjög mikil í samanburði við önnur lönd. Það fer nú eftir því hvaða lönd eru valin til viðmiðunar. Ég er hér með upplýsingar, unnar af Þjóðhagstofnun, um skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Á s. l. 20 árum, frá árinu 1960 til ársins 1979, hefur skattbyrðin, skatttekjur hins opinbera, í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu aukist úr 27.4 í 38.2%. Á árinu 1974 var t. d. skattbyrðin mæld með þessum hætti í Írlandi 33%, í Bretlandi 36%, í Finnlandi 36%, í Frakklandi 36%, í Þýskalandi 38% og í Austurríki 37%. Samkv. þessari viðmiðun er skattbyrðin þyngri á Íslandi á árinu 1979 heldur en var í þessum löndum, sem ég taldi upp, á árinu 1974. Því miður hef ég ekki nýrri samanburðartölur. En hitt er að sjálfsögðu rétt, að það eru til lönd sem hafa hærra skattbyrðarhlutfall en þetta, svo sem Noregur með 46, Danmörk 46, Svíþjóð 43 og Holland 46. En það er líka ástæða til að vekja athygli á því, að skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu hafa hækkað mjög ört á tiltölulega fáum síðustu árum. Þannig var þetta hlutfall árið 1977 33%, er áætlað á árinu 1978 35% og er spáð á næsta ári, á árinu 1979, 38.2%. Hækkunin er mjög ör, og það er vissulega kominn tími til þess, að stjórnmálamenn fari að spyrna við fótum, fari að hætta þeirri stefnu sinni að mæta ávallt útgjaldaþörf ríkissjóðs með nýrri skattlagningu og nýjum sköttum án þess að leiða hugann að því, hvort væri nauðsynlegt að leysa tekjuvandamál ríkissjóðs með þeim hætti, hvort ekki væri hægt að gera ráðstafanir til sparnaðar og aðhalds í ríkisfjármálum.

Ég hef einnig í höndunum aðrar mjög merkilegar upplýsingar. Þær tölur, sem ég rakti hér áðan, voru skatttekjur hins opinbera, þ. e. a. s. bæði óbeinir og beinir skattar. En ég hef hér áætlun, auk þess sem ég nefndi áðan, um beina skattbyrði einstaklinga á árunum 1964-79, þ. e. a. s. hversu þungbær hin beina skattbyrði var á þessum árum. Samkv. lauslegri áætlun er gert ráð fyrir að á árinu 1979 nemi byrði beinna skatta í prósentum af tekjum fyrra árs 19.7% og hefur aldrei verið hærri frá árinu 1974 nema í eitt skipti, árið 1972, þá nam byrði beinna skatta í hlutfalli af tekjum fyrra árs 20.2%, en er áætlað, eins og ég sagði áðan, 19.7% á næsta ári. Og það er gert ráð fyrir að skattbyrði beinna skatta, mæld með þessum hætti, hækki um rúmlega eitt prósentustig milli ára frá 1978 til ársins 1979 eða úr 18.8% í 19.7%. Þarna viljum við Alþfl.-menn spyrna fótum við. Við erum andvígir því, að farið sé með þessum hætti inn á braut beinnar skattlagningar á einstaklinga. Við erum andvígir því, að tekjuskatturinn, sem við höfum barist á móti í heil sjö ár og talið vera launamannaskatt fyrst og fremst, verði hærri, verði meiri launamannaskattur með Alþfl. í ríkisstj. heldur en hann var með Alþfl. utan ríkisstj.

Með grg. frv. fylgja aths. um einstök atriði sem samkomulag hefur ekki náðst um milli stjórnarflokkanna. Þessar aths. eru oft nefndar fyrirvarar. Ég tek það sérstaklega fram, að þeir þættir þessara aths., sem lúta að þeim málum sem ég hef rakið hér, eru ekki samdir af okkur Alþfl.-mönnum, heldur er hér um að ræða frásögn fjmrh. af því, hvernig þessi mál standa í ríkisstj. Þetta eru því ekki venjulegir fyrirvarar af því tagi sem þeir gera sem fyrirvarana hafa.

Ég hef nú rakið afstöðu þingflokks Alþfl. til þeirra tveggja mála, stefnunnar í landbúnaðarmálunum og stefnunnar hvað varðar skattlagningu með beinum sköttum, sem ég gat um í upphafi að ég mundi gera. Við munum berjast fyrir því á þeim tíma, sem fram undan er þar til fjárlagafrv. kemur til afgreiðslu, að þessum þáttum fjárlagafrv. verði breytt. Við treystum því að mæta þar skilningi og vonandi stuðningi frá samstarfsflokkum okkar í ríkisstj. og finnst sjálfsagt og eðlilegt að þeir taki tillit til sjónarmiða okkar, eins og við höfum tekið tillit til ýmissa sjónarmiða þeirra. Ef þetta fæst hins vegar ekki fram, þá fullyrði ég að þm. Alþfl. munu ekki greiða atkv. með þessum þáttum fjárlagafrv. Það á ekki að koma óvænt sem ég segi hér. Við Alþfl.-menn höfum tjáð hæstv. fjmrh. og samráðherra Alþfl. þetta hvað eftir annað. Síðast gerðum við það formlega við hæstv. fjmrh. skömmu áður en að fjárlagafrv. var útbýtt á Alþingi. Sú stefna og sú afstaða, sem ég hef hér lýst, er því lengi búin að vera samstarfsflokkum okkar ljós.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það hefur oft verið sagt við umr. um frv. til fjárl., að þau endurspegli stefnu viðkomandi ríkisstj. í efnahagsmálum. Satt að segja ættu allir góðviljaðir menn að biðja þess og vona að svo væri ekki að þessu sinni. Samt sem áður verður að horfast í augu við staðreyndir.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1979, er eindæma óskapnaður í því formi sem það er lagt fyrir Alþingi. Í frv. eru ótal fyrirvarar og lausir endar, margir liðir eru vanáætlaðir og sumir finnast ekki í frv. Allt þetta svo og málflutningur hv. stjórnarsinna nú við þessar umr. og tillöguflutningur afhjúpaður djúpstæðan ágreining milli stuðningsmanna núv. ríkisstj. um höfuðatriði efnahagsstefnunnar í þessu landi, um höfuðatriði ríkisfjármálanna, m. a. í vaxtamálum, í skattamálum, stefnu í fjárfestingu, ríkisfjármálum og tollamálum.

Hv. 1. þm. Austurl. taldi hér upp fyrirvara í 9 liðum, sem hv. þm. Alþb. hafa við þetta frv. að athuga. Hann taldi þar upp meginatriði eins og t. d. niðurskurð framkvæmda. Hann taldi þar upp, að ekki mætti hverfa frá

niðurgreiðslu þeirri sem ákveðið var að efna til í des., en gert er ráð fyrir því í frv. Hann hafði fyrirvara um tollalækkanir og fyrirvara um að það yrði að skera niður ríkisbáknið, halda sér við skyldusparnað, lækka sjúkratryggingagjaldið o. s. frv., og endaði með því að segja, að þeir hv. þm. Alþb. hefðu ýmsa aðra fyrirvara. Það er býsna teygjanlegt hugtak.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði að Alþfl. mundi ekki samþykkja suma meginliði þessa fjárlagafrv., eins og t. d. skattastefnuna í frv., og lái ég honum það satt að segja ekki eftir þær orðræður sem hann og flokksbræður hans hafa haft uppi á hv. Alþ. og annars staðar um skattamál. Ég skal koma að því seinna. Hann hafði fyrirvara um aðra veigamikla þætti frv., aðallega á sviði landbúnaðarmála, og þar gat hann þess í leiðinni, að einn liður frv. væri vanáætlaður um allt að 1 milljarð kr. En það er bara einn af fjölmörgum liðum sem eru vanáætlaðir um svipaða upphæð eða jafnvel hærri.

Það er í rauninni mjög mikið álitamál að minni hyggju, hvort það er virðingu Alþingis samboðið að ræða frv. til fjárl. miðað við þær forsendur sem hér liggja fyrir. Lúðvík Jósepsson, hv. 1. þm. Austurl., sagði í umr. um daginn, að þetta frv. væri fyrsta skyndiyfirferð ríkisstj. yfir ríkisfjármálin, og það finnst mér góð yfirskrift yfir þessu frv. Þrátt fyrir alla þessa fyrirvara viðurkenndi hv. 1. þm. Austurl., að þetta frv. væri stjórnarfrv. og að þm. stjórnarflokkanna bæru á því ábyrgð sem stjórnarfrv., og verður því að ræða stefnu þess á þeim grundvelli að stjórnarflokkarnir beri á henni fulla ábyrgð.

Það, sem vekur einna mesta athygli í þessu frv., er sú stórkostlega svikamylla sem stefnt er að í skattamálum og talnaleik með kaupgjaldsvísitöluna. Í aths. frv. segir: „Frv. felur í sér auknar tekjur ríkissjóðs í formi beinna skatta sem ekki leiða til sjálfkrafa hækkunar launa og verðlags.“ Hækkun á innheimtum tekju- og eignarsköttum, sem hér er að sjálfsögðu átt við, nemur samkv. gr. frv. um 16 milljörðum kr. Það er kaldhæðnislegt, að þeir stjórnarflokkar, sem kenna sig einkum við verkalýð og alþýðu, segja beinlínis í grg. með frv. að gripið sé til þessara skattstefnu vegna þess að launþegar fái hana ekki borna uppi í kaupbótum með hærri vísitölu. En þó er þeim mun kaldhæðnislegra, að ætlunin með þessari gífurlegu skattheimtu er að standa undir fjármögnum á niðurgreiðslum um svipaða eða sömu upphæð. Þetta er gert þannig, að felldur er niður söluskattur á matvörum, sem þýðir 5300 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð og er í rauninni niðurgreiðsla á matvörum, og með hækkun á beinum niðurgreiðslum um ll milljarða. Þetta lækkar kaupgreiðsluvísitölu frá því, sem hún hefði annars orðið á næsta ári, um 9-10% af því sem marka má og fram hefur komið í þessum umr. M. ö. o.: úr vösum alls þorra launafólks eru teknir 16 milljarðar kr., eða það er áformað í þessu frv., og þetta sama fólk er látið greiða niður fyrir sér kaupið um 9-10%. Þetta kemur a. m. k. þannig út fyrir allan þorra launafólks.

Fyrrv. stjórnarandstæðingar telja þetta sjálfsagt mikla snilli og hið mesta bjargráð fyrir launþega, þótt þeir hafi nefnt það kauprán þegar Alþ. ákvað, að hluti vísitölubóta yrði ekki greiddur á laun samkv. samningi, til þess að draga úr skrúfugangi hækkana launa og verðlags, en slík verðbólguskrúfa er sem kunnugt er þyngst í skauti láglaunafólks.

Menn spyrja e. t. v. vegna þessa: Hefur þetta ekki verið gert áður? — og jafnframt, hvort þetta komi ekki launafólki og sérstaklega hinum lægst launuðu að gagni og bæti kjör þessa fólks.

Auðvitað hefur þessari aðferð verið beitt áður til áhrifa á vísitöluna, en aldrei í svipuðum mæli og nú. Auk þess hafa neysluvenjur alls almennings breyst á síðustu árum og áratugum í þessu landi, síðan vísitölugrunnurinn var reiknaður úr. Á sínum tíma var matvara, einkum landbúnaðarvörur, miklu meiri þáttur í framfærslu alþýðuheimila en nú er. Þess vegna fæst stórlega ýkt mynd af þeim kjarabótum, sem launþegar fá í raun, með niðurgreiðslum. Láglaunafólk á erfitt með að hamstra matvörur. Það varð á eftir í kapphlaupinu um kjarabótakjötið. Þegar við þetta bætist að beinar eða óbeinar niðurgreiðslur breyta mjög neysluvenjum fólks og skrumskæla verðmyndun í landinu og framleiðslu þessara vara. Ég er sammála hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um það, að einsýnt er að þessi niðurgreiðsluleið er hvorki farsæl fyrir neytendur né framleiðendur, alveg sérstaklega ef á að fara hana með jafnýktum og öfgafullum hætti og nú er stefnt að.

Ekki verður hjá því komist, að ræða nánar, áður en lengra er halið, þá skattastefnu, stórhækkun tekju- og eignarskatta, sem ætlað er að fjármagna bótalaust úr vasa almennings, þessa miklu vísitölufölsun sem ég vil kalla. Það er út af fyrir sig athyglisvert, að hluta af þessari stórhækkun tekju- og eignarskatta ætla vinir alþýðunnar, sem nú ráða ferðinni á stjórnarheimilinu, að ná með því að seilast lengra niður í tekjuþrepin og hækka skattprósentu á lægri tekjum, svo sem fram kom hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Þetta er gert með því að láta skattvísitöluna hækka einungis um 43% á sama tíma og frv. gerir ráð fyrir rúmlega 50% hækkun launatekna milli ára. Slíkri aðferð hefur að vísu verið beitt fyrr, en var þá harðlega gagnrýnd af fyrrv. stjórnarandstöðu. Með þessum sérstaka hætti er ætlunin að ná í álögur, 3700 millj. kr. aukatekjuskatt, þ. e. a. s. með nýrri skattlagningu á lægri tekjur. En það er rétt, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði, að miðað við innheimtu þessa sérstaka aukatekjuskatts á lægri tekjur verður innheimtan á árinu 1979 áætluð 2900 millj. kr.

Það hefur verið staðföst stefna okkar sjálfstæðismanna í skattamálum að draga svo mjög úr sköttum á tekjuöflun, að einungis sé um séstakan skatt til ríkissjóðs að ræða af hátekjum, þorri launafólks verði undanþegin tekjuskatti. Aftur að móti viljum við skattleggja eyðslu að svo miklu leyti sem brýn þörf er á til sameiginlegra þarfa. Rökin fyrir þessu eru augljós. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson tíundaði sum af þessum rökum okkar sjálfstæðismanna vel í umr. um fjárlagafrv. á síðasta þingi að því er varðar tekjuskattinn. Hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Tekjuskatturinn er óréttlátur, hann mismunar fólki gróflega, býður upp á fjölmargar leiðir til löglegra undanbragða, verkar sem fjötur á vinnuvilja, enda er um að ræða hreinan launamannaskatt.“ Ég get bætt því við, að ég er honum hjartanlega sammála, að með þeirri skattstefnu, sem nú kemur fram í þessu frv., er verið að gera þennan skatt að enn meiri launaskatti og það með atfylgi Alþfl.

Þegar við sjálfstæðismenn bárum síðast ábyrgð á ríkisstj. lækkuðu beinir skattar sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs úr 27% í 18%, í samræmi við þá skoðun okkar í skattamálum sem ég hef hér lýst. Nú hefur Alþfl. fengið ráðherrastóla til umráða, og menn skyldu því ætla að áfram verði haldið á sömu braut, þótt sjálfstæðis-

manna njóti ekki lengur við, sem stefnan er svo lík sem raun ber vitni. Þessu er þó ekki aldeilis að heilsa. Við verðum að vona að þeim Alþfl.-mönnum verði eitthvað ágengt í þessu efni.

Ég vil frábiðja mér þær kveðjur sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sendi okkur sjálfstæðismönnum í skattamálum í umr. á síðasta þingi, en þá sagði hann að okkur hefði skort þrek og festu í skattamálum. Ég hygg að öllum almenningi á Íslandi sýnist enn að Alþfl. skorti þrek og stefnu í skattamálum, en vonandi rætist úr og birtir til um síðir. Eyjólfur hressist kannske fyrir jólin, og Alþfl. hrindir af sér þeirri skattastefnu sem fram kemur í þessu frv. og er eins og hv. þm. lýsti að það er verið að gera tekjuskattinn að meiri launamannaskatti en áður.

Ég vona að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sem sagði í umr. um daginn að hann styddi ríkisstj. ekki bara til góðra verka — (Gripið fram í.) — hann sagði ekki bara til góðra verka, en bætti við til misgóðra verka, — ég vona að hann hafi ekki átt við það, að hann muni ætla að styðja ríkisstj. í þessari skattastefnu sinni.

Í framhaldi af þessari lýsingu minni á svikamyllu skattaálaga og niðurgreiðslna, sem stefnt er að með þessu frv., vil ég fara nokkrum orðum, um nokkra meginþætti frv. að öðru leyti, en geyma ýmsa smærri liði til síðari umr.

Fyrst verður fyrir niðurskurður verklegra framkvæmda. Ég get út af fyrir sig verið sammála því að skera þau niður í ríkiskerfinu þegar svo er ástatt eins og verið hefur um skeið, að glíma þurfi við 30-50% verðbólgu. Þetta varð að gera í tíð fyrrv. ríkisstj., enda fengum við ótæpilega gagnrýni frá þáv. stjórnarandstæðingum einmitt fyrir mikinn niðurskurð. Í þessu veldur þó hver á heldur, eins og oft vill verða. Niðurskurðurinn nú beinist svo til einvörðungu að framkvæmdaliðum, og eins og fram kom hjá hv. fyrrv. fjmrh., Matthíasi Á. Mathiesen, hækka rekstrarliðir þessa frv. meira en sem verðbólgu nemur. Ríkisbáknið í þessu frv. er bæði kyrrt og bólgnar út. Sparnaður í ríkisrekstri, ef frá er talin hagræðing í kennslu og vaktafyrirkomulagi o. fl., sem till. voru komnar um frá fyrrv. fjmrh., fyrirfinnst hvergi í þessu frv. og viðleitni í þá átt er engin. Það óræða orðalag í fyrirvara þeirra hv. þm. Alþb., að stefnt skuli að eins milljarðs kr. sparnaði í rekstri ríkisins, er alveg furðulegt, ekki síst vegna þess, að láta mun nærri að rekstrargjöld ríkissjóðs hækki umfram verðlagsbreytingar einmitt um þennan eina milljarð. Að því er varðar verklegar framkvæmdir, þá er magnminnkun þeirra mikil, svo sem fram kemur í frv. Samkv. gögnum, sem fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur látið mér í té, nemur niðurskurður framkvæmda sem svarar tæpum 9 milljörðum kr. á næsta ári, þ. e. a. s. frv. þyrfti að hækka um nálega 9 milljarða til þess að unnt væri að halda uppi sömu framkvæmdum fjármögnuðum í A-hluta fjárlaga og urðu á yfirstandandi ári. Niðurskurðurinn í skólum er 18.9% að framkvæmdarmagni, og er þá einungis miðað við 34% verðlagshækkun milli ára. Á sömu forsendum er magnminnkun í hafnargerð 28.6%. Hér er að mínu mati um mjög alvarlega stefnu að ræða sem ég skal víkja örlítið að síðar, og ég er að sumu leyti sammála hv. þm. Lúðvík Jósepssyni að því leyti til, að niðurskurðurinn í höfnum er sérstaklega varhugaverður. Bygging sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva er skorin niður um 19.7%, þ. e. kostuð af ríki og sveitarfélögum, en um 28.6% hjá ríkisspítölum.

Allt orkar þetta tvímælis. En eins og ég sagði áðan finnst mér erfiðast að sætta mig við ástand hafnarmála og niðurskurð þar um þriðjung. Þörfin á bættri hafnaraðstöðu í sjávarplássum hefur vaxið gífurlega undanfarin ár vegna stækkunar fiskiflotans. Hættuástand hefur sums staðar skapast. Ekki hefur verið kleift að mæta vaxandi þörf með framkvæmdum og oft komið til verulegs niðurskurðar á þessum lið á undanförnum árum. Hér hefur verið að undanförnu vegið um of í sama knérunn, og nú kastar fyrst tólfunum þegar ætlunin er að lækka framlög til þessa framkvæmdaliðar beinlínis í krónutölu frá núgildandi fjárl. og síðan koma að auki jafnmiklar verðlagshækkanir og raun ber vitni.

Þótt gert sé ráð fyrir stórhækkun markaðra tekjustofna til vegagerðar í þessu frv. og að auki hækkun skatta af umferðinni beint í ríkissjóð verður verulegur samdráttur í framkvæmdum í vegamálum, einkum í viðhaldi vega, en þar er magnminnkun fyrirsjáanleg um nálægt því 17% eftir aths. frv. að dæma. Ástæðan fyrir þessu er sú, að ríkissjóður stórminnkar framlög til vegamála samkv. frv. Þannig lagði ríkissjóður fram 3230 millj. kr. í framlög, afborganir og vexti af lánum til vegagerðar samkv. fjárl. í ár. Að krónutölu nema þessar fjárhæðir samkv. frv. nú 2480 millj. kr., eða 750 millj. kr. lægri upphæð nú í ár heldur en var í fyrra að krónutölu og a. m. k. 1000 millj. kr. ef tillit er tekið til verðbólgu. Eins og áður segir kemur þetta skerta framlag ríkissjóðs til Vegasjóðs fyrst og fremst niður í skertu viðhaldi vega samkv. frv. frá því sem nú er, og er vonandi að það sé fleirum en mér áhyggjuefni, því satt best að segja hefur viðhald vega verið með skornasta skammti á undanförnum árum.

Þá vil ég víkja örlítið að niðurskurði á fjárframlögum til ýmissa sjóða sem fyrirhuguð eru samkv. þessu frv. Í heild nema þessar lækkanir á framlögum til sjóðanna, miðað við ákvæði laga og markaða tekjustofna, 992 millj. 220 þús. kr. Og það er athyglisvert, að á sumum sviðum er ríkissjóður að seilast þarna í markaða tekjustofna, t. d. hluta af launaskatti sem eftir sem áður er lagður á, en rennur nú beint í ríkissjóð, en ekki til þeirra verkefna sem ætlast var til. Þannig er fyrirhugað að ríkissjóður seilist í 620 millj. kr. af launaskattinum sem renna eigi til almennra þarfa ríkisins í stað þess að fara í lán til íbúðarbyggjenda, svo sem ætlast er til með gildandi löggjöf.

Eftirfarandi sjóðir koma við sögu í þessum 10% niðurskurði með lækkuð framlög miðað við núgildandi lög og markaða tekjustofna. Það eru Jarðasjóður, Landgræðslusjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Veðdeild Búnaðarbankans, Fiskveiðasjóður, Kirkjubyggingasjóður, Byggingarsjóður ríkisins, en hann er langmest skertur, um tæplega 680 millj. kr., Byggingarsjóður verkamanna er skorinn niður um 33 millj., Lánasjóður sveitarfélaga er skorinn niður, Erfðafjársjóður, Bjargráðasjóður, Ferðamálasjóður, Iðnlánasjóður, Iðnrekstrarsjóður og Gæsluvistarsjóður. Ofan í kaupið er svo með sérstökum bókhaldskúnstum stungið undir stól einum milljarði 130 millj. kr. af ráðstöfunarfé Byggðasjóðs, því að framlag til sjóðsins er bundið því, að hann greiði vexti og afborganir af byggðalínum, — láni það, er sagt, en samt sem áður þýðir þetta eins milljarðs skertar ráðstöfunartekjur þessa sjóðs til þeirra verkefna sem hann hefur áður sinnt. Framkvæmdageta sjóðanna minnkar auðvitað meira en kemur fram í þessari krónutölulækkun miðað við 34%

verðbólgu, svo sem gert er ráð fyrir í tölum fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem er að sjálfsögðu mjög lág áætlun um verðhækkanir á næsta ári. Þá minnkar framkvæmdageta þessara sjóða um 29% vegna þessara skerðinga.

Ríkissjóður seilist samkv. þessu frv. í marga aðra tekjustofna sem ætlaðir voru til almennra þarfa með lögum. Samkv. lögum um jöfnunargjald er áætlað að verði lagður 1 milljarður kr. á innfluttar iðnaðarvörur til landsins, og heita má að þetta fjármagn gangi svo til allt til ríkissjóðs og standi undir því sem hann hefði eðli málsins samkv. átt að standa undir, ef frá eru skildar 76 millj. kr. til iðnþróunar. Skylt er þó að geta þess, að 500 millj. af þessu fé eiga að fara til að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt, sem ríkissjóður er áður búinn að leggja á iðnaðarvörur og ætti því að réttu að greiðast úr ríkissjóði án sérstaks gjalds til að standa undir því.

Þannig mætti lengi telja. Í þessu frv. eru margir þeir liðir sem núv. stjórnarherrar gagnrýndu okkur sem mest fyrir á árum áður, svo sem sjúkragjald, sérstakt vörugjald, sem þeir hækkuðu sérstaklega núna, en voru búnir að fara háðulegum orðum um í stjórnarandstöðu. Þeir hafa ákveðið að hækka lyf og læknisþjónustu hjá fólki, láta það greiða hærra fyrir það. Og svo mætti lengi telja.

Til marks um ólík vinnubrögð við undirbúning þessa fjárlagafrv. og t. d. fjárlagafrv. í fyrra má nefna að eftirtaldir liðir í þessu frv. eru með óbreytta eða lækkaða krónutölu frá gildandi fjárl. Það er bygging skóla fyrir þroskahefta. Íþróttasjóður er með óbreytt framlag frá því í fyrra, og hefði hæstv. ráðh. átt að beita sér fyrir að hann hækkaði, miðað við það sem hann sagði um íþróttamálin í framsöguræðu sinni. Framlög til æskulýðsmála eru með óbreytta krónutölu frá gildandi fjárl., einnig framlag til fiskileitar, markaðsöflunar og vinnslutilrauna í sjávarútvegi. Styrkur til olíuhitunar húsa er beinlínis lækkaður frá fjárlögum ársins 1978 um 176 millj. kr. Hinir liðirnir, sem ég nefndi áðan, voru við síðustu fjárlagaafgreiðslu með hækkun um 298 millj. kr. frá gildandi fjárlögum. En þetta er einungis til marks um það, hvernig staðið hefur verið á ólíkan hátt að þessu fjárlagafrv. og hvað marga liði vantar í þetta frv. miðað við það sem áður hefur tíðkast.

Ég vil fara hér nokkrum orðum um styrk til olíuhitunar húsa, en í gildandi fjárl. eru ætlaðar til þess liðar 856 millj. kr., en í frv., sem hér er til umr., einungis 680 millj. Auðvitað hafa bæst við nýir notendur á hitaveitusvæðum sem fækka þeim sem hita hús sín með olíu, en augljóst er þó að hvergi nærri er ætlað að bæta þeim, sem olíustyrki fá, verðhækkun milli ára. Þess má geta, að tekjur ríkissjóðs af 1% söluskattsstigi, sem verja á m. a. í þessum tilgangi, hækka milli áranna um 800 millj. kr. samkv. áætlun, og ef lækkun á framlagi til olíustyrksins bætist við, þá fær ríkissjóður með þesum hætti um 1000 millj. kr. meira fé til ráðstöfunar í ár en í fyrra vegna álagningar svokallaðs olíuprósents.

Það er svo kannske annað mál og ætti ekki að vera að rekja það fyrir hv. þingheimi, að núv. stjórnarherrar, Alþfl.-menn og Alþb.-menn, gagnrýndu stefnu fyrri ríkisstj. ótæpilega í þessu olíustyrksmáli og töldu að stórfé væri dregið frá þessu fólki sem það ætti fullan rétt á. En það er svo eftir öðru, sem þeir hafa hugsað sér að framkvæma, að eftir þessu fjárlagafrv. að dæma lækka þeir þennan styrk og taka ekkert tillit til verðbólgu milli ára að þessu leyti.

Ég hef komið hér inn á margvíslegan niðurskurð, og það er athyglisvert, að það skuli vera stefnuskráratriði hæstv. núv. ríkisstj., þar sem ég hygg að þeir flokkar, sem að henni standa, telji sig með meiri félagshyggjumönnum á þessu landi, að þar er gert ráð fyrir niðurskurði á liðum eins og skólabyggingu fyrir þroskahefta, Íþróttasjóði, framlögum til æskulýðsmála, Gæsluvistarsjóði, Byggingarsjóði verkamannabústaða, Byggingarsjóði ríkisins og Byggðasjóði.

Herra forseti. Það sýnir best hvers konar ógöngur stefnt er í á sviði ríkisfjármála og efnahagsmála þjóðarinnar með þessu frv., að þrátt fyrir niðurgreiðslusvikamyllu, sem kostar skattborgarana 16 000 millj. kr., og þrátt fyrir niðurskurð verklegra framkvæmda miðað við framkvæmdagildi frá núgildandi fjárl. sem nemur vægt áætlað 9.8 milljörðum kr. og að auki lækkun á framlagi til vegagerðar um 1000 millj. kr., þrátt fyrir niðurskurð á framlögum til almennra sjóða um tæplega 1000 millj. að krónutölu, þar af til Byggingarsjóðs ríkisins um 678 millj. og Byggðasjóðs að auki um 1130 millj., þrátt fyrir nærri 100% hækkun á lyfjum og sérfræðilæknishjálp sem sjúklingar eiga að borga sjálfir og léttir af ríkissjóði 980 millj., þrátt fyrir að gert er ráð fyrir óbreyttum olíustyrk í krónutölu til neytenda, þrátt fyrir að álagt gjald á innfluttar iðnaðarvörur, sem áætlað er 1000 millj., fer nær allt til að standa undir venjulegum útgjöldum ríkissjóðs, þrátt fyrir stórfellda vanáætlun ýmissa útgjaldaliða, svo sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson minnti á um útflutningsbæturnar, og þrátt fyrir óbreytta krónutölu til ýmissa félagslegra verkefna, sem hækkuð voru í frv. til fjárl. í fyrra frá gildandi fjárl., þá er greiðsluhalli á þessu frv. upp á a. m. k. 8000 millj. kr., ef rétt er reiknað og eins og hv. þm. Matthías A Mathiesen, fyrrv. fjmrh., sýndi fram á áðan. En það sem verra er, verðbólgan æðir áfram eftir sem áður, þrátt fyrir allar þessar ráðstafanir, og megintilgangur frv., sem á að vera að stemma stigu við verðbólgu, fer út í veður og vind.

Eins og kunnugt er af fréttum á vísitala að hækka um nálægt 14% 1. des. samkv. núgildandi kjarasamningum. Það þýðir a. m. k. 50% verðbólgu á næstu ári. Þetta gerist þrátt fyrir allar þær ráðstafanir, niðurgreiðslur, vísitölufölsun og niðurskurð sem ráðgert er á fjárlagafrv. fyrir árið 1979. Niðurstaðan er því augljóslega sú, að með þeim ótrúlegu hundakúnstum, sem ætlunin er að framkvæma samkv. úrræðum þessa frv. í ríkisfjármálum og öðrum efnahagsúrræðum, sem fram koma í þessu frv., verður ekki ráðið við verðbólguna. Eftir stendur, að það var sannleikur sem fyrrv. stjórnarflokkar sögðu þjóðinni fyrir kosningar. Kjarasamningarnir í heild, sem gerðir voru 1977, þrátt fyrir að láglaunafólk fengi þar ekki ofmældan hlut frekar en fyrri daginn, — þessir kjarasamningar fóru langt fram úr getu þjóðarbúsins og atvinnuveganna. Þeir kölluðu á þvílíkan skrúfugang verðlags og launa, að fyrirsjáanlegt var að öllum var fyrir bestu að tekið yrði í taumana. Ein af mörgum ráðstöfunum sem gera varð, var að draga úr hækkun vísitölubóta, þó þannig að minnstar byrðar yrðu lagðar á lágtekjufólk. Þetta var gert með febrúarlögunum s. l. vetur. Þessa viðleitni tókst þáv. stjórnarandstæðingum að gera að nær eina kosningamálinu undir kjörorðunum: „Samningana í gildi“ og „kosningar eru kjarabarátta“. Þegar þeir tóku við stjórnartaumum í haust voru þessi fyrirheit svikin að hluta. Samningarnir voru ekki settir í gildi nema að nokkru leyti með brbl. frá í haust. Samt sem áður blasir við sú hryggilega mynd, að fjárlagafrv. allt er skrumskælt

til þess að setja upp stórfellda svikamyllu í skattamálum, niðurgreiðslum og vísitölufölsun, ásamt meiri niðurskurði framkvæmda og félagslegra verkefna en sést hefur um árabil. Stefna þess leysir þó engan vanda, heldur þvert á móti mundi magna hann, ef hún yrði framkvæmd, og verðbólgan æða áfram um og yfir 50% markið á næsta ári.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Fyrsta frv. nýrrar ríkisstjórnar mun ýmsum þykja forvitnilegt plagg. Það, sem af er þessari 1. umr. um þetta fjárlagafrv., er einnig að ýmsu leyti nýstárlegt og fróðlegt. Í umr. hafa þegar komið fram megineinkenni þessa fjárlagafrv. og ekki ástæða til að ítreka mjög það sem þegar hefur verið sagt af hálfu okkar stjórnarandstæðinga. E. t. v. má þó draga saman í nokkra þætti megineinkenni þessa frv.

Þetta frv. er frv. margra lausra enda. Þetta er frv. vantalinna útgjaldaliða. Þetta er frv. aukinnar skattheimtu. Þetta er frv. niðurskurðar á opinberum framkvæmdum. Þetta er frv. rekstrarhækkana hjá stofnunum ríkisins. Þetta er frv. fráhvarfs í byggðastefnu. Þetta er frv. launaskriðs í þjóðfélaginu. Þetta er frv. er speglar verðbólguástand sem enn hefur ekki verið snúist gegn. Þetta er frv. óteljandi fyrirvara. Þetta er frv. er afhjúpar sundurþykkju og misvísandi stefnu þeirra flokka sem mynda núv. hæstv. ríkisstj. Allt hefur þetta komið fram í þeim umr. sem hér hafa staðið.

Það er ekki ástæða til þess, að ég fari að rekja alla þá þætti sem ég hef hér nefnt og marka það frv. sem hér liggur fyrir til umr. Aðeins þykir mér þó rétt að undirstrika nokkra þeirra.

Hæstv. fjmrh. sagði margt vel og réttilega í ræðu sinni í upphafi þessarar umr. Hæstv. ráðh. varð það þó á í ýmsum veigamiklum atriðum að tala í verulegu ósamræmi við það frv. sem hér liggur fyrir til umr. Hæstv. ráðh. lagði mikinn þunga í ræðu sinni á það alvarlega ástand sem við væri að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hann talaði um neyðarástand sem væri sprottið af 50% verðbólgu. Hann talaði um að það væri hættuástand fram undan, sá grundvöllur, sem þjóðfélagið byggði á, gæti brostið ef óvænt skakkaföll yrðu, t. d. í sambandi við viðskiptakjör þjóðarinnar. Hann talaði um það réttilega, að snúast þyrfti gegn þessum voða á mörgum vígstöðvum, þ. á m. í fjármálum ríkisins. Allt er þetta rétt að mínum dómi og ekki ástæða til að draga úr því.

En hvernig kemur þetta þá fram í því frv. sem hér er til umr.? Er þar gætt aðhalds í hvívetna? Er þar dregið úr rekstrarkostnaði ríkisstofnana, eins og ætla mætti af orðum hæstv. ráðh.? Ég tel rétt til þess að varpa nokkru ljósi á það, hvernig þetta kemur út í frv., að rekja hvernig helstu liðir fjárlagafrv. skiptast.

Þá er það fyrst, að laun eru 54.2 milljarðar og hækka samkv. aths. frv. um 25.3%. Sú tala er mjög óraunhæf vegna þess að við afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár var bætt við launaliðinn 11.4 milljörðum kr. til þess að mæta þeim hækkunum á launum, sem þegar var vitað um og spár voru til fyrir um út allt þetta ár. Ef þetta frv. væri fært á sambærilegan grundvöll mætti slá því föstu, að hækkun launaliðar þyrfti að vera miklu meiri en hér er gert ráð fyrir, sem kom raunar fram í ræðu hv. 1. þm. Reykn.

Í fjárlagafrv. kemur fram, að kauptaxtar eru taldir hafa hækkað á milli ára um 67.5%. Ef þetta frv. væri fært á sama grundvöll og fjárlagafrv. í fyrra mætti ætla að launaliður mundi hækka um allt að 70%.

Annan lið vil ég nefna, rekstrargjöld og viðhald á vegum ríkisins, sem eru 19.4 milljarðar og hækka samtals um 42.6%. Þar af hækka önnur rekstrargjöld um 53%, en liðurinn hækkar eigi meira en raun er á vegna þess að viðhaldsliðurinn er skorinn mjög niður. Fjármagnstilfæslur í þjóðfélaginu eru 81.5 milljarðar og hækka um 73.3%. Undir fjármagnstilfærslu má flokka tryggingagjöld, niðurgreiðslur o. s. frv. Hreinar ríkisframkvæmdir eru 11.4 milljarðar og hækka um 25%. Framkvæmdir, sem kostaðar eru ef ríki ásamt fleiri aðilum, og fjárfestingarstyrkir eru 8.6 milljarðar og hækka um 17.8%. Útgjöld til fjárfestingarlánasjóða eru 11.6 milljarðar og hækka um 27.5%. Afborganir og vextir eru 12.1 milljarður og hækka um 105.1%. Er þá upp talið.

Þarna kemur fram, að langmest hækkun er á fjármagnstilfærslum og launalið, ef launaliður er settur á réttan grundvöll. Enn fremur, sem þó er enn hærra, vextir og afborganir, sem hækka gífurlega, m. a. vegna þeirra ráðstafana í efnahagsmálum sem núv. ríkisstj. greip til í sept. s. l.

Í þessu yfirliti kemur fram, að fjárlagafrv. stefnir ekki í þá átt, sem hæstv. ráðh. vildi stefna í samkv. ræðu sinni, að draga úr rekstrarútgjöldum, að gæta mikils aðhalds í ríkisrekstrinum, en á hinn bóginn er gætt mikils aðhalds í sambandi við framlög til verklegra framkvæmda, sem eru skorin niður, eins og hér hefur komið fram, um 16% að magni til. Nærri lætur að ætla, að ef framhald yrði á þeirri þróun, sem þetta yfirlit ber með sér, og stefnt væri áfram með svipuðum hætti, yrði fjárl. ríkisins á komandi árum ekki lengur nein fjárlög, heldur einungis lauslegt rekstraryfirlit *ríkissjóðs* — (*Gripið fram í.*) — og kannske aðeins rekstrarspá ríkissjóðs fyrir næsta ár. Ég tel að það verði ekki gengið öllu lengra í því að skera niður framlög til verklegra framkvæmda en gert hefur verið og hér sé raunar of langt gengið, eins og þegar hefur komið fram hjá sumum ræðumönnum úr liði stjórnarsinna.

Í sambandi við þær fullyrðingar mínar, að hér sé ekki gætt sérlega mikils aðhalds á rekstrarliðum fjárlagafrv., vil ég aðeins vitna til eins þáttar, en það eru aðalskrifstofur rn. sjálfra. Það eru sem sé þær skrifstofur, sem hæstv. ráðh. stjórna sjálfir, þar sem þeir hafa sín daglegu umsvif og eiga hægast með að koma við sparnaði, ef það væri vilji þeirra. Ef litið er á það, hvernig aðalskrifstofur rn. koma út, þá sést að útgjöld þeirra vegna eru 1 milljarður 781 millj. 663 þús. kr. og hafa hækkað um 735.2 millj. frá fjárl. yfirstandandi árs eða um 70.3%, á meðan heildarútgjöld fjárlagafrv. hækka um 43.3% frá fjárlögum yfirstandandi ár. Ef það væri vilji hæstv. ríkisstj. að spara útgjöld í rekstri ríkisins, mundi hún tæplega hækka svo mjög umfram heildarhækkun fjárlaga rekstur eigin skrifstofa. Þess vegna harma ég að svo mikil misvísun skyldi vera á milli ræðu hæstv. fjmrh. og þess er fram kemur í fjárlagafrv. sjálfu.

Skylt er að geta þess, að í þessum efnum eiga hæstv. ráðh. ekki allir jafnan hlut. Minnst er hækkun á aðalskrifstofu menntmrn. eða 50.7%. Hún er þó drjúgum hærri en heildarhækkun fjárlagafrv. greinir, sem var 43.3%.

E. t. v. er það við hæfi hjá þessari hæstv. ríkisstj., að sjálfur húsbóndinn á heimilinu, hæstv. forsrh., ber langt af kollegum sínum hvað þetta snertir, þar sem útgjöld vegna aðalskrifstofu forsrn. hækka um eigi minna en 116% eða úr 62.6 millj. kr. í 135.4 millj. Frá fjárl. síðasta

árs hækkar kostnaður við þessa einu skrifstofu stjórnarráðsins um meira en helming. Það var e. t. v. í samræmi við þetta sem hæstv. forsrh. lét sér sæma að beina því til okkar í fjvn. úr þessum ræðustóli í gær, að við skyldum ekki vera að telja eftir smámunalegar hækkanir á útgjöldum fjárlaga og það mundi verða erfitt að ganga gegnum hinar þröngu dyr fjvn. þegar kæmi til stærri útgjaldaliða sem hann vildi fá hækkanir á. Ég fæ ekki séð — því miður — að þetta sé í samræmi við þá ræðu, sem hæstv. fjmrh. flutti í dag.

Í framhaldi af þessu er vert að geta þess, að útgjöld á vegum tveggja rn. eru í heild um helmingur af ríkisútgjöldunum. Þetta eru menntmrn. annars vegar og heilbr.- og trmrn. hins vegar. Samtals eru útgjöld á vegum þessara tveggja rn. 98 milljarðar 121 millj. 269 þús. kr., eða 49.4% af heildarútgjöldum fjárlagafrv.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það þarf að stemma stigu við rekstrarútgjöldum ríkisins. Ég tel að þetta ætti að vera hægt, ef athafnir fylgdu orðum, því hér hafa forustumenn stjórnarliðsins hver á fætur öðrum komið í þennan ræðustól og sagst vilja skerða rekstrarútgjöld ríkisins, koma í veg fyrir útþenslu ríkisbáknsins. Það verður ekki gert að mínum dómi með því að höggva endalaust í þann sama knérunn, sem gert er þó freklegast nú á seinni árum með þessu frv., að skerða útgjöld til verklegra framkvæmda og skerða útgjöld til byggðamála, sem ég kem nokkuð að síðar, en þenja í sífellu út rekstrarútgjöld ríkisins og þá hvað helst á skrifstofum hæstv. ráðh. sjálfra.

Í fjárlagafrv. kemur fram sérstakt einkennilegt ráðslag í sambandi við Byggðasjóð. Það hefur verið rakið að nokkru, en samkv. frv. virðist sem skerða eigi ráðstöfunarfé Byggðasjóðs um 1130 millj. kr. Þessar 1130 millj. kr. á sjóðurinn að taka að láni og verja því fé til þess að standa straum af fjármagnsgreiðslum vegna byggðalína. Með því að reikna sjóðnum þessar 1130 millj. kr. er talið að staðið sé við lög um sjóðinn, þ. e. að ráðstöfunarfé hans eigi að vera sem svarar 2% af útgjöldum fjárlagafrv. Ef þetta væri svo, þá mundi það þýða að það lán, sem sjóðurinn tæki, 1130 millj. kr., og þau vaxtakjör, sem á því mundu hvíla, yrðu að leggjast á lántakendur sjóðsins, en ekki verða borin af þeim greiðslum, sem færu til þess að standa straum af útgjöldum vegna byggðalína. Nú kom hæstv. fjmrh. hér í dag og talaði nokkuð á annan veg. Væri fróðlegt að vita hvað verður hið rétta í þessu máli, því hann talaði á þá lund að Byggðasjóður ætti að taka að láni 1130 millj. kr. og lána þær Orkusjóði, sem síðan tæki að sér að standa undir útgjöldum vegna byggðalína. Ef þetta á að vera á þessa lund, þá er auðvitað enn berar en áður að hvergi nærri er staðið við fyrirmæli laga um að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs skuli vera sem svarar 2% af útgjöldum fjárlagafrv.

Það hefur oft verið sagt af talsmönnum Framsfl., að þeir væru hinir einu og sönnu — ekki einasta höfundar byggðastefnu, heldur hefðu engar framkvæmdir í byggðamálum orðið ef þeirra hefði eigi notið við. Nú er hæstv. fjmrh. nýlega staðinn upp úr stól „kommissars" í Framkvæmdastofnuninni, framkvæmdastjóra Byggðasjóðs — (Gripið fram í.) — og sestur í hið virðulega embætti fjmrh. Hann hafði því næg tækifæri til þess að halda því, sem lög gera ráð fyrir í sambandi við starfsemi þessa sjóðs, og halda þeirri stefnu, sem mörkuð var af síðustu ríkisstj. um aðstoð hans til uppbyggingar atvinnulífs á landsbyggðinni. Því miður virðist hér eitthvað hafa skolast til um stefnuna frá því sem var í tíð fyrri hæstv. ríkisstj.

Þetta er auðvitað fjarri því eina dæmið um það, að horfið er frá byggðastefnu í þessu frv. Hér hefur verið minnt á olíustyrkinn, sem ekki einu sinni er látinn halda sömu krónutölu, eins og sumir aðrir styrkir til fjárfestingarlánasjóða eða annarra mála, heldur er hann beinlínis skorinn niður um 176 millj. kr.

Það hefur verið minnt á vegamál. Enda þótt ráðstöfunarfé Vegasjóðs eigi að aukast nokkuð, er það gert með því að taka það af umferðinni, en ríkissjóður fellir niður framlög til Vegasjóðs, sem nema á annan milljarð kr.

Þannig má grípa á þessu víðs vegar. Það hefur verið minnt hér á fjárfestingarlánasjóðina, sem ég ætla ekki að tíunda frekar, en ýmsir þeirra, svo sem Bjargráðasjóður, hafa verið stofnaðir til þess að veita fólki á landsbyggðinni stuðning. Ég hlýt að harma að hæstv. ráðh. Framsfl. skuli hverfa svo frá byggðastefnu eftir að þeir eru hættir samstarfi við Sjálfstfl.

Hér hefur aðeins verið komið inn á orkumál og er kannske rétt að ég fjalli um þau í nokkrum orðum.

Mér er um það kunnugt, að hæstv. iðnrh. er að vinna að því innan ríkisstj. að fá fram breytingar á þeim liðum er snerta orkumál. Það blasir enda við, að í fjárlagafrv. er fyrirvari um þennan þátt mála. Þess vegna hef ég beðið þess að sjá, hvað út úr slíkum tilraunum hæstv. ráðh. kemur, áður en horfið væri að því að krefjast ákveðinna svara í sambandi við þau mál — svara um hvort breytingar verða frá því sem uppkast að lánsfjáráætlun og fjárlagafrv. greinir.

Í þessum þáttum eru nokkur atriði sem naumast fá staðist ef halda á uppi eðlilegri þjónustu. Ég skal þó ekki, með tilliti til þess sem verið er að vinna að í þessum málum, gera einstaka liði að umtalsefni eins og sakir standa. Hins vegar þykir mér rétt að ítreka það og undirstrika sérstaklega, að nú er mikil nauðsyn að fáist fram stefnubreyting að því er varðar fjármögnum á framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins — stefnubreyting sem á rætur að rekja til þess, að margháttaðar félagslegar framkvæmdir hafa lagst með það miklum þunga á þetta fyrirtæki, að engin von og engin sanngirni er til þess, að undir því verði staðið einvörðungu eða nær einvörðungu með tekjum af orkusölu.

Forráðamenn Rafmagnsveitna ríkisins hófu í byrjun þessa árs að móta þá stefnu sem felur það í sér að til þess að mæta vissum hluta af fjármagnsútgjöldum vegna félagslegra framkvæmda verði að fást fjárframlög úr ríkissjóði. Ef þetta næst ekki fram nú, blasir það við, að enn heldur áfram að vaxa bilið á milli orkuverðs frá Rafmagnsveitum ríkisins annars vegar og ýmsum sveitarfélagarafveitum hins vegar. Hér er um mjög mikið stórmál að tefla og skal ekki fara langt út í það að sinni, en starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins ásamt starfsmönnum iðnrn. hafa unnið að því að móta fastar og skýrar tillögur um þetta efni, sem væntanlega eru til umfjöllunar hjá hæstv. ríkisstj. Ég mun bíða eftir því, hver niðurstaða verður í sambandi við lánsfjáráætlun og afgreiðslu fjárlaga í þessu efni eins og sumum öðrum. En verði þessu í engu sinnt, þá er það mjög alvarlegt mál, eins og ég hef þegar drepið á, og hefur í för með sér að á notendur Rafmagnsveitna ríkisins leggjast þvílíkir baggar vegna taxtahækkana að ekki er nokkur sanngirni í að þeir verði látnir einir rísa undir þeim.

Þetta vil ég taka fram sérstaklega og undirstrika og

vænti þess fastlega, að hæstv. ríkisstj. komi til móts við þá nýju stefnu sem forráðamenn Rafmagnsveitna ríkisins hafa mótað í þessu efni. Þessi stefna á sér forvera, sem eru lögin um Orkubú Vestfjarða, þar sem Orkusjóður fyrir hönd ríkissjóðs var látinn taka á sig um 75% þess fjármagnskostnaðar sem á Vestfjarðaþætti raforkukerfisins hvíldi. Í sjálfu sér er því ekki um algjörlega nýtt mál að tefla. En með tilliti til þess, að mér er kunnugt um tilraunir hæstv. iðnrh., sm gerðar eru í samráði við forráðamenn Rarik, mun ég ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni.

Í þessum umr. hefur komið fram veigamikill ágreiningur á milli þeirra stjórnarflokka sem mynda núv. hæstv. ríkisstj. Þessi ágreiningur hefur í raun legið í loftinu og verið að birtast af og til síðan ríkisstj. var mynduð, en þó e. t. v. sjaldan eins skýrt og í dag. Þar kemur fram, að talsmenn Alþb. vilja auka útgjöld til ýmissa framkvæmdaþátta, til ýmissa mála sem þeir telja að séu vinsæl. Hæstv. menntmrh. var naumast spurður svo um fjárlagalið á „beinni línu" að hann svaraði ekki því til að hann mundi beita sér mjög hart fyrir því að fá hann hækkaðan.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði snarplega á móti tveimur þáttum í stefnu núv. hæstv. ríkisstj., þ. e. skattastefnu hennar og stefnu í landbúnaðarmálum. Við höfum oft heyrt þennan hv. þm. flytja ræður um landbúnaðarmál. Ég ætla ekki að gera ræður hans um þau efni að umtalsefni hér. Einnig hafa þeir talsmenn Alþfl. iðulega rætt hér skattamál. En samt var það svo, að mér kom þessi ræða eiginlega á óvart. Það var vegna þess að einn af hinum ungu alþm. Alþfl., hv. 2. landsk. þm., hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson, flutti ræðu í Nd. Alþingis hinn 30. okt. s. l. Í ræðu hv. þm. Finns Torfa Stefánssonar kom fram, að hann væri mjög svo sammála öllum þeim aðgerðum, sem gerðar hefðu verið í efnahagsmálum í sept. s. l. og síðan, og hann leiddi rök að því, að allar þessar aðgerðir væru byggðar á stefnu Alþfl. um kjarasáttmála, sem eins og allir muna var aðalatriðið í stefnu Alþfl. fyrir kosningar. Til þess að sanna þetta má e. t. v. lesa eina setningu eða tvær úr ræðu hv. þm. Finns Torfa Stefánssonar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig voru allar þessar efnahagsráðstafanir, sem gerðar voru í haust. Þær voru mótaðar í anda kjarasáttmálans."

Ef allar aðgerðir hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum til þessa, eða a. m. k. þær aðgerðir, sem gerðar voru í haust og mótað hafa stefnu hennar, a. m. k. að öðru leyti en því sem fram kemur í þessu fjárlagafrv., og raunar í mjög veigamiklum atriðum mótað þetta fjárlagafrv., — ef það er svo, að allar þessar aðgerðir eru gerðar beinlínis í anda kjarasáttmálans, hvers vegna er þá formaður þingflokks Alþfl. á móti þessu? Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er því miður ekki viðstaddur, en ég hélt, eftir að hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson flutti þessa ræðu, að þarna væri um alveg nýja stefnu að ræða hjá Alþfl. og þeir hefðu allt í einu sannfærst um að aðgerðir í skattamálum, aðgerðir í landbúnaðarmálum, aðgerðir í fjármagnstilfærslum, sem gerðar voru í haust, væru allar í anda þess kjarasáttmála sem þeir gerðu að aðalatriði í máli sínu fyrir kosningar s. l. vor. Nú hefur þarna eitthvað brenglast og svo virðist sem þeir hv. þm. Alþfl. séu ekki á einu máli í þessum efnum. Er það kannske enn eitt dæmið um það ósamkomulag sem ríkir innan þessa ríkisstjórnarliðs.

Ég skal ekki, herra forseti, tíunda hér frekar eða rekja dæmi um það ósamkomulag sem ríkir á milli þeirra flokka sem myndað hafa þessa ríkisstj. og styðja hana til misgóðra verka, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson orðar það. Ég skal, með tilliti til þess sem talsmenn Sjálfstfl. hafa sagt á undan mér, ekki fara að endurtaka það, sem fram kom í ræðum þeirra, og því mjög stytta mál mitt.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, samt leggja á það áherslu, að við eigum í miklum vanda. Efnahagsmálin eru í ólestri, verðbólgan æðir áfram. Ég get enn tekið undir þann þátt í ræðu hæstv. fjmrh. En hvernig eigum við þá að snúast við þessum vanda? Við verðum auðvitað að gera það með markvissum aðgerðum. Við verðum að snúast gegn honum á mörgum vígstöðvum, öllum vígstöðvum efnahagsmála þjóðarinnar, þ. á m. í ríkisfjármálum. Og það er mikið vandaverk að afgreiða fjárlög að þessu sinni, ég skal ekki draga fjöður yfir það. En það verður ekki gert með því einvörðungu að ráðast alltaf á framkvæmdaframlögin, sem nú eru aðeins 5.5% af útgjöldum fjárlagafrv., þ. e. bein framkvæmdaframlög ríkisins þar sem er um hreinar ríkisfjármagnaðar framkvæmdir að ræða. Það verður ekki endalaust gert með því að skera niður þessi framlög. Það verður að ráðast gegn sjálfu kerfinu, rekstrarliðum ríkisins og e. t. v. ýmsum þjónustuliðum ríkisins.

Ég sagði áðan, að tvö rn. eyddu um 50% af útgjöldum ríkisins, þ. e. menntmrn. og heilbr.- og trmrn. Ég tel að ekki verði komið við miklum sparnaði í rekstri ríkiskerfisins nema fram komi sparnaður á þessum stóru liðum, e. t. v. uppskurður á skólabákninu, á menntakerfinu og tryggingakerfinu, eins og hæstv. ráðh.ýjaði að. Ég tel sem sagt, að það sé ekkert vit í því að skylda unglinga frá 6 til 15 ára aldurs að vera níu mánuði á ári hverju í skóla, það sé ekkert vit í því og megi gjarnan stytta skólatímann. Og það má víða koma við sparnaði í skólakerfinu. Það er einnig ekkert vit í því að gera tryggingakerfið að ríkisframfærslukerfi þar sem er búið að hafna tryggingahlutverkinu í veigamiklum atriðum og gera það, eins og ég sagði, að ríkisframfærslukerfi, sem er jafnt fyrir þá, sem betur mega sín, og hina, sem þurfa á aðstoð að halda, og eyða til þess ómældum fjármunum, tugum og aftur tugum milljarða kr. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að eftir því sem við eyðum meira af ráðstöfunartekjum þjóðarinnar til þjónustugreina, til þess að þenja út ríkisbáknið, til þess að borga fleira fólki laun í ríkiskerfinu, þeim mun minna er eftir til þess að standa að uppbyggingu og byggja traustan grundvöll fyrir atvinnuvegina og þeim mun minna er eftir til þess að borga verkamönnum og öðrum launamönnum sem að atvinnurekstri starfa. Við getum sem sé ekki greitt sömu krónurnar margsinnis. Ef við höldum áfram að auka svo ríkiskerfið sem við höfum gert að undanförnu — og þar er ég ekki að draga fjöður yfir þau ár sem eru nú nýlega liðin og Sjálfstfl. hefur átt hlut að ríkisstj., — þá kann svo að fara að við getum ekki lengur staðið undir eðlilegri uppbyggingu atvinnulífs í landinu og ekki borgað laun því fólki, sem vinnur störf að atvinnuvegunum, eins og vera þyrfti, ekki verkamönnum, ekki sjómönnum, sem vinna að því að draga björg í bú. Að þessu verður að gæta. Niðurskurður og aðhald í ríkiskerfinu kemur ekki að haldi nema dyggilega verði að því unnið að spara í hinum ýmsu þjónustugreinum ríkisins og draga saman stofnanir ríkisins.

Eins og ég sagði áðan, ætti þetta að verða létt verk, því

að yfirlýsingar forustumanna ríkisstjórnarflokkanna benda allar í þá átt, að þeir vilji fara þessa slóð. En reynslan verður að skera úr um það, hvernig efndirnar verða.

Þessi umr., sem hér hefur staðið í kvöld og í dag, er 1. umr. um fjárlagafrv. Eins og ég sagði er hún um margt nýstárleg og óvenjuleg, vegna þess hversu skoðanir talsmanna flokkanna, sem mynda þessa ríkisstj., virðast fara á mis, óteljandi fyrirvarar eru um afgreiðslu mála og jafnvel formaður þingflokks eins stjórnarflokksins talar um að flokkur hans muni greiða atkv. gegn vissum þáttum frv. verði þeim ekki breytt. Það verður því forvitnilegt að sjá framhaldið. Ég ætla ekki að lengja þessa umr. meira. Við bíðum eftir að sjá hvernig verður staðið að því að afgreiða þetta frv., hverjar breytingar verða gerðar. Það skulum við síðan ræða við 2. og 3. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Allajafna eru fjárlagaumr. með líku sniði á hverju ári. Í rauninni er ekki að sjá að miklu máli skipti hvaða flokkar eiga hlut að máli í stjórn eða stjórnarandstöðu, því að svipuðum rökum er oftast beitt með og móti hver sem í hlut á. Stjórnarsinnar telja venjulega fjárlagafrv. innan skynsamlegra marka, lofa að stilla framkvæmdum í hóf, gæta aðhalds í ríkisrekstri o. s. frv. Stjórnarandstaða býsnast á hinn bóginn yfir stórhækkuðum framlögum milli ára, gagnrýnir skattastefnu og bendir á einstaka liði í frv., sem hvergi duga til að mæta þeim óskum eða brýnu þörfum, sem fyrir eru. Kjósendum kann að þykja þetta tilbreytingarlaus söngur og innantómur, alvörulítill leikur æfðra stjórnmálamanna, þar sem þeir tileinka sér rök hver annars eftir því hvorum megin borðs þeir sitja.

Í sjálfu sér er ekki hægt að áfellast þm. fyrir þau hefðbundnu skoðanaskipti, sem fram fara yfirleitt við fjárlagaumr., og það er vissulega hlutverk stjórnarandstöðu að benda á veilur í frv. og veita stjórnvöldum aðhald. Hitt má benda á, að blæbrigði virðast ekki vera mjög mikil á fjárlögum frá einu ári til annars og almennt talað virðast stjórnmálamenn eða þingið ekki hafa vald á umtalsverðum breytingum við fjárlagagerð. Báknið veltur áfram og litlu er unnt að þoka til í rekstrarútgjöldum, mannahaldi og þeirri umfangsmiklu yfirbyggingu sem við höfum smám saman verið að reisa.

Allar ríkisstjórnir, hvort heldur til hægri eða vinstri, lýsa yfir góðum hug til að ráðast gegn útþenslu ríkisgeirans og gæta aðhalds í ríkisrekstri. En flestum hefur meira og minna mistekist í þessari viðleitni og kemur þar margt til: samningsbundnar hækkanir á launum og verðlagi og víxlverkanir þar á milli, fastráðið starfslið, hagsmunir og þarfir einstakra hópa eða byggðarlaga og þrekleysi kjörinna stjórnmálamanna til að setja hnefann í borðið og segja nei framan í hv. kjósendur. Þetta kemur fram í ýmsum myndum. Rauða línan t. d. í þessu frv., sem hér er til umr., er þessi setning: „Hækkanir stafa af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.“ Þessi setning er gegnumgangandi í allri grg. með þessu frv.

Þm. fara mörgum orðum um það hér í ræðustólnum, að gæta þurfi aðhalds, en á sama tíma eru þeir velflestir að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og beita sér fyrir hækkunum á margvíslegum framkvæmdum og rekstri sem þessa umbjóðendur þeirra varða. Almennt talað er fjárlagagerðin mjög gölluð að því leyti, að verið er að gera allt í einu, en fæstu lokið. Fjármunir standa bundnir og óarðbærir í hálfbyggðum mannvirkjum um land allt og kerfið allt er svifaseint, en umsvif ríkisins verða sífellt meiri þrátt fyrir þá óumdeilanlegu staðreynd, að flest verk séu verr og óhagkvæmar unnin þegar opinberir aðilar eru annars vegar.

Enda þótt fjárlagaumr. hafi á sér hið hefðbundna yfirbragð nú, þá geta flestir viðurkennt að hún er að ýmsu leyti óvenjuleg í þetta skipti. Fjárlagafrv. sjálft er lagt fram með fleiri fyrirvörum en dæmi eru til um áður. Í öðru lagi er bersýnilegt, að langt er enn í land með að þeir flokkar, sem standa að ríkisstjórn, séu sammála um hin veigamestu atriði. Og í þriðja lagi blasir nú við allt að 14% launahækkun um næstu mánaðamót, sem mun hafa gífurleg áhrif á fjárlagagerðina ef ekki koma til róttækar ráðstafanir. Öll þessi atriði tengjast efnahagsþróuninni á næstu mánuðum og munu reyndar hafa úrslitaáhrif á efnahagsmálin eftir því hvað til bragðs verður tekið.

Alvarlegasta málið er þó að frv. markar hvorki heildarstefnu né sameiginlega stefnu í efnahags- og fjármálum ríkisins. Þetta er auðvitað hrikaleg staðreynd sem verður ljós við lestur frv. og hefur enn betur verið staðfest í umr. í dag. Þau tíðindi gerðust við umr. hér seinni part dags, að fulltrúar tveggja stjórnarflokkanna lýstu margföldum og veigamiklum fyrirvörum um stærstu þætti þessa fjárlagafrv. Annar þessara talsmanna stjórnarflokkanna, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, lýsti reyndar algerri andstöðu sinni við meginforsendur frv. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson bað okkur í stjórnarandstöðunni um að hlakka ekki yfir því, þótt þessi ágreiningur kæmi fram og fyrirvarar væru settir, og ég skal upplýsa það, að í mínum huga er enginn hlátur yfir þeirri ömurlegu staðreynd að engin samstaða sé um efnahagsaðgerðir á næstunni. Við í stjórnarandstöðunni hörmum það hins vegar, að til valda er komin ríkisstj. sem hefur ekki getað komið sér saman í grundvallaratriðum og hefur ekki minnstu stefnu um það sem á næsta leiti er.

Það gekk á mjög mörgu, þegar þetta stjfrv. var í undirbúningi. Talað var um að hafa víðtækt samstarf við verkalýðshreyfinguna, og þetta frv. var kynnt sem stjfrv. og lögð mikil áhersla á það, m. a. á blaðamannafundi sem hæstv. fjmrh. hélt, að þetta væri frv. allrar ríkisstj. Nú er hins vegar spurningin sú, hvort það sé í samræmi við vilja launþegahreyfingarinnar, sem víðtæk samstaða er höfð við, að hækka skuli það sem kallað er launamannaskattur með réttu, hvort það sé með vilja verkalýðshreyfingarinnar að dregið sé úr framlögum til Byggingarsjóðs. Og skyldi það vera í samræmi við stefnu verkalýðshreyfingarinnar, að dregið sé stórlega úr framlögum til félagslegra framkvæmda?

Það var upplýst í dag, að hæstv. fjmrh. hefði ekki samþykkt þær óskir Alþfl. og Alþb. að leggja fram óbreytt það frv. sem undirbúið hafði verið af hálfu fyrri ríkisstj., heldur sjálfur viljað hafa áhrif á gerð þessa frv., setja sinn svip á frv. og þá um leið marka meginstefnu ríkisstj. í efnahagsmálum með framlagningu þess. Nú kemur hins vegar í ljós við þessa umr., að það er enginn stuðningur við þessa meginstefnu sem frv. er að myndast við að móta. Hæstv. ráðh. er sannarlega ekki öfundsverður af því að sitja undir þeim hótunum og þeim yfirlýsingum, sem gefnar voru hér í dag af hálfu samstarfsmanna hans í ríkisstj.

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni í dag, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. leggur í þeim efnum“ — þ. e. a. s. í verð-

bólguviðnáminu — „höfuðáherslu á þrennt: að dregið verði úr sjálfvirkum verðbólgugangi vísitölukerfisins og mörkuð skynsamleg launamálastefna, sem treysti hæstan mögulegan kaupmátt launa án þess að ofbjóða atvinnulífinu og efnahagskerfinu; að dregið verði úr fjárfestingu í heild og henni beint að framleiðniaukandi verkefnum, að ríkisfjármálin verki sem hemill á verðþensluna.“

Þetta skil ég að hafi verið megininntak ræðu hæstv. ráðh., enda voru þessi ummæli hans sérstaklega undirstrikuð í ræðunni þegar henni er útbýtt meðal þm. En við skulum athuga þessi þrjú atriði örlítið nánar.

Ráðh. telur að draga skuli úr víxlverkunum kaups og verðlags, og það hefur verið gert með bráðabirgðaráðstöfunum og á samkv. þessu frv. að gera áfram næsta ár. Þetta er auðvitað ein meginforsendan í þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. greip til. En er nú samkomulag um þetta milli stjórnarflokkanna? Heldur betur ekki. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur miklar áhyggjur af því, ef dregið skuli úr þessum niðurgreiðslum, en á sama tíma lýsir hv. þm. Sighvatur Björgvinsson yfir, að þm. Alþfl. muni greiða atkv. gegn áframhaldandi niðurgreiðslum í þessum mæli.

Hæstv. ráðh. vill draga úr fjárfestingu, en að svo miklu leyti sem hún á sér stað skal beina henni að framleiðniaukandi verkefnum. Þessi stefna er að vísu ekki ný. Hún er framhald á stefnu fyrri ríkisstj., enda þótt þáv. stjórnarandstaða hafi mjög gagnrýnt hana. Magnminnkun verklegra framkvæmda samkv. þessu frv. er hlutfallslega sú sama og átti sér stað samkv. síðustu fjárl. En nú kemur Alþb. og lýsir því yfir, að það telji þessa stefnu fráleita, telur fráleitt, að þessi magnminnkun eigi sér stað, og telur, að auka beri verklegar framkvæmdir og fjárfestingar. Á sama tíma lýsir Alþfl. því yfir í þeirri ræðu, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti hér í dag, að hér sé hvergi nærri nógu langt gengið. M. ö. o.: um þessi tvö atriði, um viðnámið gegn verðbólgunni með því að draga úr víxlverkunum og það að draga úr fjárfestingunni, er engin minnsta samstaða.

Þriðja atriðið hjá hæstv. ráðh. var, að ríkisfjármálin ættu að verka sem hemill á verðþensluna. En hvernig getur það farið saman að hafa þetta meginmarkmið, en hækka þó fjárlög vel umfram það sem verðbólgunni nemur, og hvernig getur það farið saman við þá staðreynd, að öll ríkisútgjöld til rekstrar stórhækka án nokkurs viðnáms?

Reyndar er meginþráðurinn í frv., að rekstrargjöld hækka sjálfkrafa einmitt vegna launa- og verðlagshækkana. Frv. hækkar t. d. vegna launa og launatengdra gjalda um 10 milljarða. Skyldi nú einhver halda að ef það væri stefna ríkisstj. að láta fjárlög verka sem hemil á verðþensluna, þá reyndi hún að halda aftur af þessum kaupgjaldshækkunum. Það er hárrétt, sem fram kom í máli síðasta ræðumanns, að það er auðvitað sparðatíningur hinn mesti að vera sífellt að krukka í verklegar framkvæmdir og fjárfestingar, sem eru tiltölulega lítill hluti af fjárlagadæminu öllu, á sama tíma sem enginn minnsti hemill er hafður á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs. Ef einhver stefna er í þessu frv., þá er sú meginstefnan að taka fullt tillit til allra launa- og verðlagshækkana og hækka allar fjárveitingar til ríkisfyrirtækja, ríkisstofnana og rn. í fullu samræmi við þessar hækkanir.

Af því, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af þessum þremur mikilvægu atriðum, sem hæstv. ráðh. taldi upp, er ljóst af þeim ræðum, sem voru fluttar hér í dag, að það er enginn stuðningur við þessi meginmarkmið ráðh. Ríkisstj. greip til bráðabirgðaráðstafana í sept. s. l. Meginatriði þeirra ráðstafana voru þau að hækka niðurgreiðslur til að mæta kauphækkunum og leggja á aukna skatta til að standa undir niðurgreiðslunum. Samkv. þessu frv. er stefnt að því, að ríkisstj. haldi áfram á þessari braut. En við þá umr., sem nú fer fram, hefur komið í ljós að gegn þessari stefnu er mjög sterk andstaða. Hún er svo sterk, að formaður þingflokks Alþfl. lýsir yfir því, að flokkur hans muni greiða atkv. gegn auknum sköttum og áframhaldandi niðurgreiðslum. Þm. lýsir því réttilega, að frv. gangi lengra en bráðabirgðaráðstafanirnar frá því í sept. varðandi niðurgreiðslur og skattahækkanir. Þetta allt hefur hæstv. fjmrh. verið ljóst frá því áður en frv. var lagt fram, samkv. upplýsingum sem fram komu í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Alþfl. mun hafa tilkynnt ráðh. það mjög skilmerkilega áður en frv. var lagt fram, að hann gæti ekki sætt sig við þá meginstefnu frv. að halda áfram niðurgreiðslum og leggja áherslu á aukna skatta. Þrátt fyrir þetta leyfir hæstv. ráðh. sér að kynna þetta frv. sem stjfrv. og það er lagt fram sem slíkt. Nú er erfitt að segja til um það, hvort formaður þingflokks Alþfl. talar fyrir munn allra meðlima þingflokksins, hvort hann talar fyrir munn ráðh., en erfitt hlýtur að vera fyrir hæstv. ráðh. Alþfl. að sitja undir þessum ummælum, hvort heldur sem við lítum til ummæla hæstv. fjmrh. eða ummæla formanns þingflokks Alþfl.

Það kom hv. þm. Pálma Jónssyni nokkuð á óvart, að ræða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar stangaðist á við ræðu hv. þm. Finns Torfa Stefánssonar fyrir nokkrum dögum. Það er vissulega rétt hjá honum, að mikið misræmi er í þessum ræðuflutningi. Annars vegar er því lýst yfir, að ráðstafanir ríkisstj. frá því í sept. séu í fullu samræmi við stefnu Alþfl. og séu í samræmi við þann kjarasáttmála sem Alþfl. hafi beitt sér fyrir. Hins vegar koma svo fram þær yfirlýsingar frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, sem ég hef verið að rekja hér. Kannske skýringin sé sú, sem getin var í Alþýðublaðinu í frásögn af ræðu einhvers Alþfl.-manns á flokksþingi þeirra um helgina, að þingflokkurinn sé bandalag einstaklinga, sem flotið hafi inn á Alþ. í þeim mikla kosningasigri sem flokkurinn vann s. l. vor.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur í umr. fyrr í vetur lýst eftir efnahagsstefnu Alþfl. Það er slæmt að hv. þm. skuli ekki vera viðstaddur nú, en hann hefur áreiðanlega gert sér grein fyrir því eins og ég, að þessi stefna er nú komin fram. Hún kom fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Stefna Alþfl. er sem sagt sú að vera á móti þeim meginþáttum sem þetta fjárlagafrv. byggist á. Nú er það aftur kapítuli út af fyrir sig, hvernig framkoma og afstaða Alþfl. hefur verið í þessum málum. Flokkur getur auðvitað ekki hagað sér svo, að lýsa yfir stefnu fyrir kosningar, en ganga svo til stjórnarsamstarfs á allt öðrum grundvelli og halda þá kokhraustar ræður hér í þinginu um að þeir séu á móti þeim ráðstöfunum sem líf þessarar ríkisstj. byggist á. Svona tala menn ekki ef þeir ætla að virða siðgæðisformúlur Alþfl. Þaðan af síður getur nokkur maður tekið mark á því, þegar vitnað er til þess, að fluttar séu hér í þinginu till. um breytta stefnu í vaxta-, landbúnaðar- og skattamálum. Það var sem sagt einhvers konar yfirklór og afsökun, — sjálfsagt gagnvart kjósendum Alþfl., af því að þeir voru nýkomnir út úr

kosningum eins og þm. tók til orða, — það átti að vera einhver afsökun að þessi flokkur hafi lagt fram þáltill. um þessi mál og jafnvel frv. Og þessi frv. ganga þvert á stefnu þá sem fram kemur í þessu fjárlagafrv.! Hvernig ætlar þessi flokkur, sem sigraði í kosningunum, að standa undir því að gefa kokhraustar yfirlýsingar í fjárlagaumr. og vísa svo til þess, að hann sé með till. í Sþ. sem hann ætlist til að séu samþykktar? Eða ætlar hann kannske að láta þetta frv. fara í gegn svona eftir þessar yfirlýsingar og ætlast svo til þess, að samstarfsmenn þeirra eða þá stjórnarandstaðan hjálpi þeim til þess að koma hinum till. og frv. í gegn síðar í vetur? Það væri kannske eftir öðru. En ég mun koma betur að þessari framkomu Alþfl. aðeins síðar.

Meðan ekkert er upplýst um frekari aðgerðir og meðan stjórnarflokkarnir þrír lýsa opinberlega ósætti sínu um nokkrar eða allar leiðir, þá er auðvitað erfitt fyrir stjórnarandstöðuna að leggja mat á efnahagsstefnu ríkisstj. Í raun og veru hlýtur stjórnarandstaðan að túlka þá skoðun allra skynsamra kjósenda, hvort heldur þeir fylgja þessari ríkisstj. eða ekki, að það sé hámark getuleysis og vesaldóms einnar ríkisstj. að hafa enga markaða efnahagsstefnu eða sameiginlega skoðun á næstu lágmarksaðgerðum. Þetta sannar auðvitað þær staðhæfingar stjórnarandstöðunnar, að þessi ríkisstj. er sett saman af valdagræðgi frekar en skoðunum, og það er fleira, sem sundrar og skilur á milli hjá stjórnarflokkunum heldur en sameinar þá í ríkisstjórn. (**StJ:** Þetta er nú of mikið sagt.) Það skaltu afsanna með því að koma hingað upp í ræðustólinn, hv. þm. Stefán Jónsson.

Ég get auðvitað rakið óteljandi dæmi úr þessu frv., sem sýna ýmist hug stjórnarinnar til viðkomandi málefna eða eru bein svik við gefin loforð undanfarin ár. Það hefur verið upplýst í umr., að hæstv. fjmrh. hafi umfram allt viljað setja svip sinn á þetta frv., hafi ekki tekið í mál að flytja frv. sem undirbúið hafði verið af fyrri stjórn. Hann hefur sjálfsagt viljað koma fram sínum stefnumálum. Því verður að skoða frv. með hliðsjón af þessum upplýsingum.

Ég get með hliðsjón af því tíundað hvernig hæstv. fjmrh. gerir skipulega tilraun til þess að halda hækkunum niðri með því að setja inn í frv. óbreyttar tölur frá fyrra ári í velflestum félagsmálaliðum frv. Menningarmál, íþróttamál og æskulýðstarfsemi hafa greinilega ekki átt upp á pallborðið hjá ráðh. þegar þetta frv. var sett saman, þó hann hafi greinilega endurskoðað afstöðu sína, a. m. k. til íþróttamála, í millitíðinni. Sumir liðir hafa hækkað til málamynda, en aðrir ekki, og erfitt er að sjá hvort ætlast er til að mark eigi að taka á þessum till. eða hvort ráðh. ætlast til þess, að þingið taki ákvarðanir um eitt og annað meðan hann og stjórnin taka afstöðu til annarra atriða og eru að útkljá deilumál sín og ágreiningsmál. Flest þessara mála er þó þess eðlis að bæta má í meðförum þingsins, þótt það sé lærdómsríkt út af fyrir sig fyrir þrýstihópana og kröfugerðarmennina, sem s. l. fjögur ár hafa deilt stanslaust á fráfarandi stjórn og vildu hana feiga vegna þess að hún væri menningarfjandsamleg og andfélagsleg: námsmenn sem hafa barist fyrir hækkuðum námslánum, rauðsokkar sem hafa krafist hærri fjárveitinga til dagvistarstofnana, menningarvitar sem hneykslast hafa á lágum fjárveitingum til menningarmála, vinstri sinnaðir skólamenn sem hafa fullyrt að menntamál hafi verið vanrækt o. s. frv., o. s. frv. Hér hefur verið bent á við þessar umr. að milljarða vantar upp á til skólamannvirkja, heilbrigðismála o. s. frv., o. s. frv.

Af þessu frv. mátti marka að íþróttahreyfingin var ekki virt viðlits, vegna þess að framlög til Íþróttasjóðs Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands voru nákvæmlega hin sömu í krónutölu og í fjárl. þessa árs. Nú hefur hæstv. ráðh. gefið mjög athyglisverða og drengilega yfirlýsingu um að fjvn. eigi að taka það til sérstakrar athugunar að hækka þessar fjárveitingar mjög ríflega. Ég fagna mjög þessari yfirlýsingu. Hún er því athyglisverðari vegna þess, að þetta voru nánast einustu tilmælin sem fjvn. fékk frá hæstv. ráðh. Ég átti reyndar von á því að hæstv. ráðh. hefði skilning á þessum málaflokki — hann er íþróttamálum kunnugur — og mér kom mjög á óvart og ég varð fyrir miklum vonbrigðum að sjá að hann hafði ekki beitt sér fyrir því sem ráðh. að hækka þessa liði. En núna hefur hann gefið grænt ljós á það, að fjvn. sinni þessu með myndarlegum hætti, og ég treysti því, að hann hafi áhrif á samstarfsmenn sína a. m. k. í þessu máli, svo að þeir verði við óskum hans. — En þetta var hliðarspor. Því miður er meginsvipurinn og meginstaðreyndin sú, að á félagsmálaliðnum, menningarmálaliðnum og öllu sem að því víkur eru nánast engar breytingar, engar hækkanir. Stefnubreyting hefur ekki komið fram — nema síður sé — við framlagningu þessa frv.

Fjárlagafrv. staðfestir viljaleysi og merkingarleysi þeirra slagorða, sem uppi voru höfð í stjórnarandstöðu þessara flokka, sem gagnrýndu fráfarandi ríkisstj., að þeir vildu sinna menningarlegum og félagslegum verkefnum meira en gert hefur verið. Hvað gert verður í meðförum þingsins er annað mál og kemur í ljós við lokaafgreiðslu þessa frv., en víst er að það verður í öllum aðalatriðum ekki fyrir forgöngu ríkisstj.

Í seinni tíð hafa einstaka stjórnmálamenn og jafnvel heilir stjórnmálaflokkar talið sig kallaða til að efla siðgæðið í landinu. Þar hefur legið mikið við og í þeim efnum hefur fáum verið hlíft og allra síst pólitískum samherjum. Nú virðist siðgæðishugmyndum deilt niður samkv. kenningum þessara manna eftir því, hvar í flokki fólk stendur. Þannig þótti það ein helsta forsenda fyrir því að koma þurfti fráfarandi stjórn frá, að hún héldi hlífiskildi yfir siðspillingu hvers konar, neðanjarðarhagkerfi, braski, pólitískri samtryggingu o. s. frv. Versta sökin átti þó að liggja í þeim tvískinnungi, sem á að hafa einkennt stjórnmálamennina af gamla skólanum, að segja eitt, en framkvæma annað, að lofa kjósendum fyrir kosningar, en svíkja þá eftir kosningar. (Gripið fram í.) Þetta skyldi þó aldrei henda hinar nýju siðgæðishetjur. Við skulum athuga það aðeins nánar.

Við þessa fjárlagaafgreiðslu er fyrst og fremst tvennt til umr.: frv. sjálft og efnahagsráðstafanir ríkisstj., ef ráðstafanir skyldi kalla. En auðvitað tengist þetta tvennt og þetta eru langsamlega stærstu viðfangsefni stjórnmálanna í dag. Helsta krafa fyrrv. stjórnarandstöðuflokka, Alþfl. og Alþb., var að taka kjarasamningana í gildi. Það var hámark siðleysis að brjóta samninga og fella þá úr gildi. Í fyrstu eftir að þessi ríkisstj. settist að völdum voru kjarasamningar að einhverju leyti tekur aftur í gildi, en hvergi þó að öllu leyti, eins og margoft hefur verið sannað og staðfest, m. a. í ræðu hæstv. ráðh. í dag. En að svo miklu leyti sem það var gert, að taka samningana í gildi, var gripið til þess ráðs að auka niðurgreiðslur og fella niður söluskatt og

það tekjutap bætt upp með því að seilast í vasa þess fólks sem átti að njóta góðs af gildandi samningum, með aukinni og hertri skattheimtu. Getur þetta kallast siðleg framkoma? Svari því hver sem vill. Skyldi þetta vera heiðarlegt gagnvart kjósendum sem höfðu fengið loforð um að ekki yrði tekið upp úr einum vasanum það sem sett var í hinn?

Hvers vegna var gripið til þess að hækka tekjuskattana? Það var vitaskuld af því að þeir eru ekki í vísitölunni. Vísitalan á að vera hlutlaus mælikvarði á framfærslukostnað almennings. Það breytir auðvitað engu, hvort skattarnir eru í vísitölunni eða ekki, fyrir þann sem þarf að greiða þá. Kostnaðarbyrði hans og fjölskyldu hans vex sem því nemur. Eigið fé til framfærslu sér og sínum minnkar sem nemur aukinni skattbyrði. Þetta er auðvitað alveg ljóst. Það er hugsanlega löglegt og tölfræðilega rétt reiknað að fá þá útkomu hjá Hagstofunni, að skattalækkun hafi ekki áhrif á framleiðsluna, af því að slíkt er ekki í vísitölunni, en ekki hefði þetta verið talið mjög siðlegt eða heiðarlegt á máli siðgæðispostula fyrir kosningar.

Alþfl. átti sér mjög stór baráttumál í þessari kosningabaráttu. Annað var að afnema eða a. m. k. lækka mjög verulega niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum. Annað er heldur en ekki uppi á teningnum í þessu frv. Nú eru þessar niðurgreiðslur áætlaðar 20 milljarðar á næsta ári. Hitt baráttumálið var að afnema tekjuskatt af öllum almennum launatekjum. Hvað segir í fjárlagafrv. um það? Tekjur ríkissjóðs hækka af beinum sköttum úr 18% í 22%. Auðvitað eru þessir skattar í langmestum mæli teknir af almennum launatekjum almennings. Þetta er launamannaskattur, eins og réttilega var orðað í dag. Með þessari skattheimtu er hvort tveggja gert að leggja tekjuskattsviðauka á allan almenning, sem hefur miðlungstekjur eða meira, og svo hitt, að skattvísitölunni er vísvitandi haldið niðri og langt fyrir neðan það mark sem almennar launatekjur og framfærslukostnaður segja til um. Gert er ráð fyrir í þessu frv. að skattvísitalan verði 143 stig, á sama tíma sem upplýst er að verðbólgan nemur a. m.k. 50%. Skyldu nú slík kosningaloforð kallast siðleg þegar þau koma fram í dagsljósið og efndirnar sjást?

Nú hafa þeir Alþfl.-menn stór orð um, að hverfa skuli af þessari braut, og hafa í hótunum við hina flokkana. Óánægja þeirra sannar fyrst og fremst að þeir hafa engu ráðið um gerð þessa frv. Hitt er aftur spennandi, að fylgjast með því, hversu mikið mark verður tekið á þessum yfirlýsingum sigurvegaranna þegar til kastanna kemur. Kjósendur munu taka eftir því, og þá munu siðgæðishugmyndirnar, sem boðaðar voru fyrir kosningar, enn vera í fersku minni. Svo er líka annað meginatriði í þessu spjalli mínu um það sem hafði mikil áhrif í kosningunum. Við skulum ekkert draga fjöður yfir það, að sá áróður, sem hefur verið rekinn hér af hálfu þeirra Alþfl.-manna, hafði áhrif í kosningunum. Það er auðvitað mikil ábyrgð fyrir þessa ungu þm., sem hingað eru komnir eftir að hafa aflað fylgis með þessum hætti, mikil ábyrgð sem fylgir því að standa við allar þessar yfirlýsingar fyrir kosningar. En þessi flokkur, Alþfl., getur auðvitað ekki staðið að myndun ríkisstj., sem grípur til ráðstafana sem fela í sér auknar niðurgreiðslur og hækkun skatta, og sagt svo á eftir: Við erum á móti þessu. — Þessi flokkur getur auðvitað ekki staðið að framlagningu fjárlagafrv. sem stj.frv. og sagt svo á sama tíma: Ja, við erum með þáltill. og frv. um að breyta til í þessum efnum. — Þetta hefði einhvern tíma verið kallað yfirklór og tvískinnungur í meira lagi.

Það er að sjálfsögðu af mörgu að taka í þessu fjárlagafrv., sem gagnrýna má, og margt, sem mætti gera aths. við í þeim ræðum sem hér voru fluttar í dag, einkum og sér í lagi í ræðu hæstv. ráðh. Ég skal þó ekki fara mörgum orðum um einstök atriði. Hér hafa aðrir talsmenn Sjálfstfl. gert þau mörg hver að umtalsefni.

Ég vil þó að eins nefna jöfnunargjaldið. Í fyrra var lagt sérstakt gjald á innfluttar iðnaðarvörur í þeim tilgangi að efla iðnaðinn og bæta stöðu hans. Þetta gjald hefur núna einfaldlega verið tekið inn í ríkisframlögin og sjálfsögð og eðlileg framlög af hálfu ríkissjóðs hafa verið lækkuð sem nemur þessu jöfnunargjaldi með einni undantekningu. Þessi aðferð er, að ég vil segja, jafnvel fyrir neðan virðingu núv. hæstv. ráðh.

Leikurinn með Byggðasjóð er ákaflega forvitnilegur. Skiljanlegt er að þær breytingar, sem gerðar eru á framlögum til Byggðasjóðs, verki illa á þá sem barist hafa fyrir byggðastefnu árum saman. Ég mun út af fyrir sig ekki setja fram efnislega gagnrýni á þessa tilhögun. En það verður þó að segja eins og er, að þarna er verið að fara í kringum tilgang laganna og bregðast því trausti, sem lagt var á þá sem hingað til hafa þóst berjast fyrir byggðastefnu, með því að taka hluta af fjárframlagi Byggðasjóðs til ákveðinna verka, þ. e. a. s. til vegamála, og skerða þannig það ráðstöfunarfé sem sjóðurinn á að hafa.

Þá er vert að vekja enn einu sinni athygli á því, að þrátt fyrir að ríkisstj. hafi skorið 10% af öllum framkvæmdasjóðum og hyggist leggja fram frv. í framhaldi af því á næstu vikum, þá er síður en svo að þetta 10% minnkandi framlag til framkvæmdasjóðanna hverfi út, heldur fer það einfaldlega til ríkissjóðs beint, fer í hítina og er notað til þess að greiða stóraukinn kostnað af rekstri ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana. Alvarlegasta málið varðandi niðurskurðinn á framkvæmdasjóðunum er auðvitað að framlag til Byggingarsjóðsins er skert um rúmlega 600 millj. kr. Þarna er um að ræða hluta af launaskattinum sem greiddur hefur verið og auðvitað verður greiddur áfram. Um þetta var gott samkomulag á sínum tíma, m. a. við verkalýðshreyfinguna, að þennan skatt skyldi greiða til þess að efla Byggingarsjóðinn. Nú hefur þessi ríkisstj. hinna félagslegu hugsjóna, félagshyggjunnar, tekið þá einhliða ákvörðun, kannske þó í samráði og víðtæku samstarfi við launþegahreyfinguna, að skerða hlut Byggingarsjóðs og láta þessar 600 millj. — rúmlega þó—renna beint í ríkissjóð. Ekki er þetta þó í samræmi við þá stefnu sem boðuð hefur verið, m. a. af hæstv. félmrh., um eflingu Byggingarsjóðsins.

Í frv. má sjá lækkun á framlagi til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, lækkun til Byggingarsjóðs verkamanna, lækkun til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Fjárveiting til Styrktarsjóðs vangefinna stendur í stað og nú er gengið út frá því eins og það sé sjálfsagt, að sjúklingar skuli taka aukinn þátt í lyfjakostnaði og sérfræðingaaðstoð. Það gekk ekki svo lítið á þegar fráfarandi ríkisstj. hugðist fara þá leið að láta sjúlkinga í vissum tilfellum taka þátt í greiðslu á lyfjakostnaði. En nú eru málsvarar hinna minni máttar og félagshyggjunar hvergi sjáanlegir og ekki er annað að heyra en það sé fullt samkomulag um þessa ráðstöfun hjá stjórnarflokkunum. A. m. k. hafa talsmenn Alþfl. og Alþb. ekki séð ástæðu til

þess að hreyfa aths. við þessa ákvörðun.

Herra forseti. Yfir öllu þessu vofir verðbólgudraugurinn, hrikalegri og bólgnari en nokkru sinni fyrr. Verðbólgan er auðvitað mál málanna. Við skulum láta liggja milli hluta af hvaða völdum hún vex eða hverjum sé um að kenna, en ég leyfi mér að fullyrða að það er sennilega og því miður gleggsta veikleikamerki þingræðis og þingkjörinna stjórna, hversu illa og lítið stjórnmálamönnum hefur gengið að ráða við verðbólgudrauginn. Þar geta stjórnmálmenn kennt sjálfum sér að mestu um. Þeir hafa flotið sofandi að feigðarósi, verið eftirgefanlegir á örlagastundum og látið undan þrýstingi hagsmuna- og þrýstihópa og þeir hafa sem þm. dregið sífellt úr styrk Alþingis og völdum þess.

Ég skal segja það mjög hreinskilnislega, að ég hef haft af því miklar áhyggjur þegar lýðræðislega þingkjörin stjórn er að lýsa því yfir, að hún muni hafa víðtækt samstarf við hin og þessi samtök, hversu góð sem þau eru. Auðvitað er gott að hafa samráð, en stjórnleysi er afleitt, og það er hlutverk þingkjörinnar stjórnar að stjórna. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir okkur öll, sem berum hag Alþingis og þingræðis fyrir brjósti, þegar smám saman dregur úr völdum og áhrifum þingsins, þegar þessi völd færast meir og meir út í bæ, sterk hagsmunasamtök eru farin að ráða ferðinni meira og minna. Við hljótum öll að hafa áhyggjur af þessu, hvar í flokki sem við stöndum.

Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, að í augum kjósenda fer ekki lengur að vera spurning um það, hvaða stjórnmálaflokkur á sök í þessu verðbólgubáli eða hver sé við völd hverju sinni. Þeir munu hafa hina mestu skömm á stjórnmálaflokkunum öllum þegar verðbólgan hefur lagt þá alla að velli og hverja ríkisstjórnina á fætur annarri. Og það verður gersamlega þýðingarlaust að hefja einhverjar kappræður um það hér í þingi eða í kosningabaráttu, hver hafi brugðist og hver hafi svikið. Það verður kveðinn upp sameiginlegur dómur yfir okkur öllum — dómur sem lýsir vonbrigðum og vantrú á hlutverki stjórnmálamanna, þings og ríkisstj. Og hvaða afleiðingar mun þetta hafa? Verðbólgan mun að sjálfsögðu dafna áfram með öllum sínum kvillum, spákaupmennsku, spillingu og óréttlæti, þingið og trúin á lýðræðislega stjórn mun og gjalda þess. Það kallar á stjórnleysi, upplausn og ringulreið sem kippir stoðunum undan því heilbrigða og lýðræðislega þjóðfélagi sem við höfum hér þrátt fyrir allt. Mér finnst vera kominn tími til að allir þeir, sem fást við stjórnmál, hvar í flokki sem þeir standa, taki höndum saman til þess að varðveita þingræðið og lýðræðið og þeir hefji sig upp fyrir flokkadrætti og atkvæðaveiðar og geri það sem gera þarf. Mér er alveg sama hvort þar er að verki ríkisstj., sem skipuð er öðrum flokkum en mínum flokki. Hafi hún kjark og vit til þess að taka á málunum af skynsemi og raunsæi, þá mun ég a. m. k. fyrir mitt leyti ekki leggja stein í götu hennar.

Fjárlagafrv., þessi umr. og sá meiri hl., sem að þessari ríkisstj. stendur, er því miður sorglega langt frá þessu marki. Þjóðin hefur horft nánast agndofa á það sjónarspil, sem farið hefur fram í þingsölum að undanförnu. Hér hafa menn verið að karpa út af hinum ómerkilegustu málum. Það er verið að halda klukkutíma umr. uppi um það, hvort ráða skuli blaðafulltrúa hjá ríkisstj. eða ekki. Það virðist vera aðalmálið í augum almennings og fjölmiðla, hvort þingið muni skipa einhverjar rannsóknarnefndir eða ekki. Og nú liggur hér fyrir fjárlagafrv. yfirfullt af fyrirvörum, og því hefur verið lýst, að ágreiningur sé um öll stærstu mál þessa frv. Það felur ekki í sér neina stefnu — alls enga stefnu, engar sameiginlegar till. og enga fyrirsjáanlega heildarlausn á verðbólguvandanum. Það sjáum við á því, að þrátt fyrir þær ráðstafanir, sem þessi ríkisstj. greip til nú í sept. og áttu að vera fyrsti áfanginn og áhrifarík aðferð til þess að draga úr verðbólguhraðanum, stefni allt í 14% kauphækkun 1. des. Þetta er harmleikur og ógæfa sem öllum mönnum rennur til rifja.

Allir sögðu á s. l. sumri, að það þyrfti að mynda ríkisstj. til að stöðva verðbólguna. Sjálfstfl., sem er stærsti flokkur þjóðarinnar með víðtæk áhrif, vildi taka þátt í þeirri baráttu, en aðrir töldu það þjóna sínum pólitíska tilgangi að halda þeim flokki utan stjórnar. Nú hefur komið í ljós, að stjórnarflokkarnir hafa hvorki vit né þrek til þess að standa að erfiðum ákvöðrunum, sem eru óhjákvæmilegar í þessari baráttu, og þrátt fyrir bráðabirgðaráðstafanir í sept., eins og ég sagði áðan, æðir verðbólgan áfram.

Verkalýðshreyfingin talar um það núna opinskátt, að hugsanlegt sé að gefa eftir kauphækkun 1. des. Þessu ber að sjálfsögðu að fagna. Það hefði verið betur að verkalýðshreyfingin hefði uppgötvað þetta fyrr og hafið sig yfir flokkadrætti og þjónkun við einstaka pólitíska flokka í þessu landi, tekið ábyrgt á málum fyrr á þessu ári. Þá hefði staðan e. t. v. verið örlítið betri. En ef verkalýðshreyfingin ber gætu til þess að taka þátt í því að leysa verðbólguna nú á næstunni, þá mun Sjálfstfl. ekki gagnrýna ríkisstj. ef hún fer inn á þá braut að skerða verðbótavísitöluna um næstu mánaðamót. Og Sjálfstfl. mun yfirleitt ekki gagnrýna þessa ríkisstj. ef henni auðnast að grípa til skynsamlegra og raunhæfra ráðstafana. Það spáir því miður hins vegar ekki góðu, hvernig að þessari fjárlagagerð er staðið, og ég kvíði framhaldinu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði hér í dag lýsti hann stefnu þingflokks Alþfl. varðandi frv. það til fjárl. sem hér er til umr., og um það hefur ekki verið hinn minnsti ágreiningur í okkar hópi. Það hefur verið vitað, og hæstv. fjmrh. hefur vitað það frá því að hafist var handa um að semja þessa bók, að Alþfl. er andvígur þeirri gríðarlegu hækkun, sem fram kemur til landbúnaðarmála og nemur alls um 26 milljörðum kr., það vill hann lækka. Það hefur líka verið vitað frá upphafi, og hæstv. fjmrh. hefur einnig vitað það frá því að hafist var handa um að semja það sem í þessari bók stendur, að sú hækkun tekjuskatts, sem fram kemur þar, er í andstöðu við stefnu Alþfl. Ég endurtek það enn, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lýsti stefnu og álit á efni þessarar bókar, sem við stöndum öll að, og þetta hefur verið vitað frá upphafi.

Það er svo annað mál, að það kann að koma stjórnarandstæðingum í Sjálfstfl., t. a. m. síðasta ræðumanni, á óvart að það skuli vera stjórnmálaflokkur hér í þessu húsi sem leyfir sér að vera sömu skoðunar eftir kosningar og hann var fyrir kosningar. Það virðist svo vera, að þetta sé nýjung sem hv. þm. hafi ekki þekkt til áður.

Það, sem við erum að gera, er þetta og þetta eitt: Við höfðum á stefnuskrá okkar í vor ákveðna stefnu í landbúnaðarmálum. Sú stefna er svo þekkt, að henni þarf ekki að lýsa. Við höfum einnig haft stefnu í skattamálum. Þessir tveir liðir hafa forgang. Það hefur verið vitað frá því að hafist var handa — til að segja það enn — um

samningu þessarar bókar, að við litum á þetta sem aðalatriði í afstöðu til þessa frv.

Ég verð þó að segja, t. a. m. eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar hér í dag, að mér sýndist hann einkum vera á móti þrennu að því er varðar þetta fjárlagafrv. Hann er á móti þenslu, hann er á móti verðbólgu *og hann er á móti niðurskurði!* Ég hygg að að öllu samanlögðu sé ljóst að þessi þrenning gengur engan veginn upp.

Hæstv. fjmrh. veit mætavel, að hann hefur fullan stuðning okkar í Alþfl. í þeirri niðurskurðarviðleitni, sem fram kemur þrátt fyrir allt í þessu frv., og hann hefur fullan stuðning okkar einnig við þau almennu markmið, sem hann lýsti í inngangi ræðu sinnar í dag. Hitt er svo annað mál og það er alveg rétt, að stjórnarflokkarnir eru ekki sammála um mörg meginatriði í þessari bók. Það kann að vera nýjung í stjórnmálum í þessu landi, að menn *kasti ekki þegar fyrir róða eftir kosningar því sem þeir* sögðu fyrir kosningar. Okkar nýja siðferði, sem var gert að umræðuefni í síðustu ræðu, felst m. a. í því, að við köstum ekki fyrir róða strax eftir kosningar því sem við sögðum fyrir kosningar. Mér kemur svo sem ekki á óvart að sjálfstæðismönnum þyki þetta kúnstugt og komi þetta spánskt fyrir sjónir, en engu að síður er þetta kjarni málsins og við ætlum að standa á m. a. þessum tveimur meginþáttum þessa frv., sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lýsti í dag og ég endurtek enn.

Í þessu landi búum við við samsteypustjórnir. Því *fylgja sennilega margir kostir, en því fylgja einnig* verulegir gallar, m. a. myndast ekki hreinar flokksstjórnir að kosningum loknum og flokkar verða að slá af. Þeir verða að meta það hverju sinni, hvort þeir fái svo mikið af sínum málum í gegn að það réttlæti stjórnarþátttöku. Það er það sem við erum að gera, og það sem meira er, við erum ekki að gera það á bak við luktar dyr nefndar, við erum að gera það fyrir opnum tjöldum hér í þingsölum, og það verður m. a. viðfangsefni næstu vikna. En það er engu að síður eðli samsteypustjórna eins og þessarar, að þær eru myndaðar af ólíkum flokkum. Alþfl. er ekki *Framsfl. — guði sé lof — og þegar þrír flokkar vinna* saman þá gerist það með þessum hætti. Þetta mat verðum við að leggja á hinar pólitísku hliðar hverju sinni. Við erum aðilar að þessari ríkisstj. Við viljum styðja fjmrh., ekki síst þau almennu markmið sem hann lýsti hér í dag, og verði efndirnar skyldar þeim almennu markmiðum sem hann lýsti hér í dag, þá gengur þetta, ef ekki, þá er voðinn vís, og er auðvitað öllum um það kunnugt.

Ég sagði, að við í Alþfl. styðjum fjmrh. í þeirri niðurskurðarviðleitni sem þrátt fyrir allt kemur fram í þessu plaggi. Mig langar til að reifa hér hugmyndir — lauslega þó — um enn frekari niðurskurð, sem ég hygg að að skaðlausu megi gera. Ég tek það fram, að á þessu stigi er einungis um lauslega reifun að ræða.

Ég er sammála því sem fram kom hjá hv. þm. Pálma Jónssyni, að ríkisbáknið er bæði orðið allt of stórt og allt of dýrt. Nú síðast var verið að leggja til, fram hjá fjárveitingavaldinu þó, að bæta við blaðafulltrúa ríkisins. Það á að kosta 11.8 millj. kr. Ég tel sjálfsagt að skera þennan lið niður og hygg raunar að það verði gert. Ég er einnig sammála hv. þm. Pálma Jónssyni um að aðalskrifstofur rn. eru orðnar allt of dýrar. Hækkun þar á milli ára er allt of mikil og þar má að skaðlausu skera niður. Sömuleiðis virðist af þessari bók, að kostnaður við sendiráð erlendis sé orðinn of mikill. Þar má skera.

Rannsóknaráð ríkisins kostar 63 millj. Gagnsemi stofnunarinnar er raunar mjög dregin í efa. Mörg af verkefnum hennar má fela öðrum, menntmrn. eða rannsóknastofnunum atvinnuveganna. Þar sýnist mér að megi spara verulega.

Stjórnskipaðir prófdómarar eru með 40 millj. kr. í þessari bók. Ég hygg að það væri skaðlaust og án mikilla fórna fyrir þjóðina, þó að þessi liður væri alfarið skorinn niður.

Að því er tekur til landbúnaðarmála: Gert ráð fyrir 310 millj. kr. til Búnaðarfélags Íslands, yfirstjórnin ein kostar 93 millj. Þetta framlag mætti lækka a. m. k. um 100 millj. án þess að það sæi, að ég hygg, högg á vatni. Rannsóknastofnun landbúnaðarins er gert ráð fyrir að fái ½ milljarð kr. Það framlag mætti einnig lækka mjög verulega án þess að miklum skaða ylli, að ég hygg. Landnám ríkisins er með 61 millj. Landnámi lauk hér fyrir u. þ. b. 1000 árum. Ég er ekki viss um að þessi liður sé ýkjagagnlegur! Stofnlánadeild landbúnaðarins fær 643.5 millj. kr. Öllum er kunnugt um að það er offjárfesting í landbúnaði. Vandinn í landbúnaðinum er allur annar en virðist koma fram í þessum lið. Þessi framlög mætti auðvitað skera mjög verulega niður og jafnvel alveg. Jarðræktarframlög í landi, sem offramleiðir landbúnaðarvörur, eru 1.1 milljarður. Hér mætti höggva mjög verulega af. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir nema 5.35 milljörðum kr. Ekki veit ég hversu langt væri hægt að ganga á þessu stigi, en áreiðanlegt er að mjög verulega mætti skera þær niður. Styrkir til búfjárræktar nema 188 millj. kr. Þar má skera að skaðlausu.

Yfir höfuð talað eru ýmsir liðir, sem lúta að landbúnaðarmálum í þessari bók, sem mega missa sín. Sumir mega jafnvel falla alveg niður. Allt væri það í þá viðnámsátt, sem fjmrh. hefur boðað almennum orðum. Ég vænti þess, að mikið af þessu a. m. k. taki hann til gaumgæfilegrar athugunar.

Gert er ráð fyrir bændaskóla í Odda, 5 millj. kr. Ég sé ekki að það vanti nokkurn bændaskóla í Odda, það vanti kannske eitthvað annars staðar frekar.

Svona *má halda áfram.* Framleiðslueftirlit sjávarafurða, þar er gert ráð fyrir 430 millj. kr. rúmum. Það er áreiðanlegt, að hér má skera niður mjög verulega. Fiskveiðasjóður, þar er gert ráð fyrir 1.2 milljörðum kr. Það er þegar offjárfesting í sjávarútvegi og hún mikil. Að skaðlausu mætti lækka mjög verulega framlög til þessa sjóðs. Önnur atriði eru smærri.

Hér hafa verið taldir upp nokkrir liðir, sem samanlagt mynda háa tölu. Allt eru þetta liðir sem verulega má höggva á, sem gengi verulega í þá viðnámsátt sem hæstv. fjmrh. lýsti í dag. Ég hygg að sé hann trúr sínum almennu markmiðum, sem ég veit að hann er, þá sé hann mér sammála um að all séu þetta liðir sem meira og minna mætti taka til athugunar í niðurskurðarskyni.

Þetta eru raunar almennar ábendingar. Eitthvað af þessu verður flutt *í tillöguformi taki fjvn. ekki* þessar aths. til greina, sem auðvitað kemur til með að reyna á. Þetta er þó tilraun til þess að leggja inn í þessar umr. hugmyndir um enn frekari niðurskurð. Það er vissulega það sem við erum að reyna að stefna að. Fjárlagafrv. er of bólgið — allt of bólgið. Bólgið fjárlagafrv. veldur verðbólgu, um það erum við öll sammála.

Ég tek heils hugar undir niðurlagsorð hv. þm. Ellerts B. Schram, sem hann viðhafði hér áðan, að skaðinn, sem er að gerast hægt og hægt í okkar samfélagi, er voðalegur.

Þessi verðbólga er smátt og smátt að grafa undan bæði stjórnarstofnunum og almennu fjármálasiðferði í landinu. Brask og spilling hvers konar blómgast. Það er rétt hjá honum. Ég veit þess vegna að þrátt fyrir öll almennu orðin, sem hann notaði hér áðan, getur hann, og væntanlega fleiri í þessum sal, verið mér sammála um flesta liði og við getum almennt tekið höndum saman um að skera niður og spara. Það er það sem þarf að gera við þessa bók, miklu frekar en hún á þessu stigi málsins gerir ráð fyrir.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur gefið hæstv. fjmrh. holl ráð um það, hvernig eigi að skera niður útgjöld á fjárlögum ríkisins. Það var dálítið einkennandi við þessa upptalningu, að það voru aðallega útgjöld, sem varða þýðingarmikla þætti í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi.

Ég skal ekki gera lítið úr þessu hjartans máli hv. þm., að ríkisstj. hafi ekki blaðafulltrúa, eða úr prófdómendunum sem hann vill líka skera niður. En mér fannst þessi upptalning nokkur vottur þess, hve þessi hv. þm. lítur grunnhyggnum augum á hinn raunverulega vanda sem við er að glíma. Það kann að vera, að hægt sé að skera niður hluti sem þessa, kannske að öllu leyti eða einhverju leyti, og það má lengi tína upp slíkt. En það, sem er aðalatriðið, er að gerður verði uppskurður, eins og það hefur verið orðað í þessum umr., á stærstu útgjaldaliðunum, sem nema samtals um 50% af útgjöldum fjárlaga, þ. e. a. s. á menntamálum og trygginga- og heilbrigðismálum. En það þarf að gera uppskurð sem þýðir í mínum huga að gjörbreyta þarf skipulagi þessara mála með það fyrir augum, að þjónað sé eins vel og áður þeim verkefnum, sem þarna er um að ræða, en með öðrum hætti og breyttu skipulagi.

Hæstv. fjmrh. hóf ræðu sína í dag á því að lýsa hve mikill vandi væri á höndum fyrir hann, fyrir Alþ. og þjóðina í heild. Ég vil ekki draga neitt úr þessum vanda. Ég held að öllum sé ljóst, að okkur er mikill vandi á höndum. Auðvitað er fjmrh. mikill vandi á höndum og vandinn er sá, að það þarf að bregðast við þeirri verðbólguþróun, sem hér ríkir og hefur ríkt á undanförnum árum og er nú í hámarki. En það verður ekki gert nema með margháttuðum aðgerðum. Það þarf að móta heildarstefnu í þessum málum, og það er ekki hlaupið að því að gera slíkt. Það verður í grófum dráttum að gerast með tvennu móti: Það verður annars vegar að gerast með því, að gerðar séu sérstakar skammtímaráðstafanir til þess að afstýra aðsteðjandi vanda. En það verður einnig að gera langtímaráðstafanir, sem miða að því að ráðast að *rótum vandans. Þetta stóra vandamál verður* ekki leyst nema það sé tekið slíkum tökum.

Og hver eru svo viðbrögð núv. hæstv. ríkisstj.? Það er ekki sanngjarnt að dæma núv. ríkisstj. eftir langtímaráðstöfunum, ríkisstj. hefur setið svo skamman tíma, enda bólar ekki enn að mínu viti á neinum langtímaráðstöfunum. En það má nokkuð marka af þeim skammtímaráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir og komið í framkvæmd, hvert stefnir í þessum málum. Þá hef ég í huga bæði ráðstafanir ríkisstj. á s. l. hausti með brbl., sem þá voru gefin út, og svo það frv., sem hér liggur fyrir, en þær ráðstafanir, sem þar er leitast við að gera, eru ekki nema í mesta lagi skammtímaráðstafanir. Það er ekki neitt þar að finna, sem markvisst vegur að rótum þess vanda sem við er að glíma.

Mest er um vert að öll sú viðleitni, sem við er höfð, stefni í rétta átt. Við getum ekki gert kröfu til þess, að hæstv. ríkisstj. leysi þann vanda, sem við er að glíma, í einni svipan, en við getum gert kröfu til þess, að það, sem gert er, stefni þó í rétta átt. Því miður er því ekki að heilsa með þær bráðabirgðaráðstafanir, sem voru gerðar á s. l. hausti. Það, sem einkennir þær, er fyrst og fremst að vandinn er aukinn frá því sem var, og síðan á að taka til að leysa vandann, en því miður er það ekki gert með réttum aðferðum. Í raun og veru er anað út í loftið, í þveröfuga átt við það, sem hefði þurft að fara til þess að mæta aðsteðjandi vanda: verðbólgunni.

Ég skal ekki vera fjölorður nú um þessi efni. Ýmsir þeir flokksbræður mínir, sem hafa talað á undan mér, hafa komið að einstökum þáttum þessa máls og lýst þeim.

Ég sagði áðan, að það frv., sem hér liggur fyrir, mótaði ekki á neinn hátt neinar langtímaráðstafanir, en að svo miklu leyti sem um viðbrögð væri að ræða gegn verðbólgunni, þá væru þau skammtímaráðstafanir. Menn hafa hér í löngum umr. rætt þessar ráðstafanir. Það eru ekki margir, sem hafa lagt áherslu á gildi þeirra. Þó verður að segja það, að þeir Alþfl.-menn sem hér hafa talað, hafa sagt að þeir væru samþykkir sumum atriðum í þessu fjárlagafrv. Þetta á bæði við um hv. síðasta ræðumann og hv. þm. Sighvat Björgvinsson.

Sighvatur Björgvinsson taldi upp í fjórum töluliðum þau atriði, sem hann kvað þá Alþfl.-menn vera sammála hæstv. fjmrh. um og frv. fjallaði um. Það var í fyrsta lagi, að dregið væri úr umsvifum hins opinbera. Í öðru lagi mörkuð fjárfestingarstefna. Í þriðja lagi dregið úr rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og ríkisstofnana. Og í fjórða lagi stöðvun skuldasöfnunar ríkisins.

Ýmsir ræðumenn og þ. á m. sjálfstæðismenn, hafa komið inn á flest þessi atriði. Ég skal ekki neita því, að hæstv. fjmrh. sýnir viðleitni í þessa átt. En ég vil halda því fram, að það, sem stefnir í rétta átt, eigi það allt sammerkt að allt of skammt sé gengið. Sannleikurinn er sá, að þessi viðleitni hæstv. fjmrh. ber svipmót af því, að við séum að ræða fjárlagafrv., sem stefni að því að koma verðbólgu — við skulum segja úr 10% niður í 7—8%. En það er auðvitað alveg gagnslaust að taka þannig á þeim vanda, sem við er að glíma. Við erum ekki svo vel á vegi staddir, að það dugi að miða ráðstafanir við það að lækka dýrtíðina kannske um 2—3%. Við lifum við verðbólgu, sem nú hefur náð 50%, og þegar svo er komið verður að beita allt öðrum aðferðum, miklu markvissari og stórtækari en ef við byggjum við verðbólgu sem næmi 10%.

Eitt af því, sem er grundvöllur þess að árangur náist í *baráttunni fyrir verðbólgunni, er að almenningur* í landinu hafi þá skoðun, að raunverulega sé verið að gera eitthvað sem umtalsvert er. Það geta engin stjórnvöld, engin ríkisstj. ráðið við þennan vanda nema skapa það andrúmsloft og það almenningsálit sem eitt getur náð að vinna bug á verðbólgunni.

Í þessum umr. hafa talað tveir hv. þm. Alþfl., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður þingflokks Alþfl., og hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason. Vilmundur Gylfason hóf sína ræðu á að lýsa því yfir, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefði í ræðu sinni lýst stefnu þingflokks Alþfl. og ekki væri minnsti ágreiningur í flokknum um það sem hv. þm. sagði. Það er ákaflega gott að fá þessar upplýsingar inn í þessar umr.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, eins og raunar hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, ræddi einkum um tvö ágreiningsefni við hæstv. fjmrh.: annars vegar skattastefnuna og hins vegar um landbúnaðarmálin. Form. þingflokks Alþfl. var alllangorður um skattastefnuna. Það var ágætt að hlýða á hann telja fram rök okkar sjálfstæðismanna í skattamálum. En það er ekki nóg að gera slíkt. Það er ekki nóg að hafa sömu stefnu og við sjálfstæðismenn í þessu efni. Ef hv. þm. er nokkur alvara með því, sem hann segir, þá verður hann að fylgja eftir skoðunum sínum með baráttu, eins og við sjálfstæðismenn gerum í þessum efnum. Ef hann gerir það ekki hlýtur maður að ætla, að hér sé um sýndarmennsku að ræða, vegna þess að hér er að sjálfsögðu um algert grundvallaratriði að ræða.

Ég átti von á því, að formaður þingflokks Alþfl. segði, að stjórnarsamstarfinu væri lokið ef ekki yrði farið að vilja þeirra Alþfl.-manna í þessu máli, fyrst þeir setja það svo mjög á oddinn sem form. þingflokks Alþfl. sagði. Ég geri greinarmun á því hvort maður, sem gefur yfirlýsingar eins og Sighvatur Björgvinsson gerði hér í umr. í dag, er formaður þingflokks eða ekki. Ég leit svo á, að hann talaði í nafni þingflokks Alþfl., og hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, staðfesti það í ræðu sinni áðan.

Hvers vegna sagði formaður þingflokks Alþfl. ekki, að slíkt grundvallarmál sem þetta varðaði stjórnarslitum? Það getur hver og einn svarað þessari spurningu fyrir sig. Hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, sagði, að það kynni að vera nýjung að stjórnarflokkar væru ekki sammála. Nei, það er engin nýjung að stjórnarflokkar séu ekki sammála, en venjulega þegar deilt er um grundvallaratriði og svo veigamikil sem það mál sem Sighvatur Björgvinsson gerði einkum að umræðuefni, þá verður ágreiningur um slík mál til þess, að til stjórnarslita getur komið, ef eitthvað er meint með slíku tali sem formaður þingflokks Alþfl. hafði uppi í þessum umr.

Ég hefði haft tilhneigingu til þess að víkja að einstökum þáttum þessa fjárlagafrv., en þeir sjálfstæðismenn, sem hafa talað á undan mér, hafa minnst sérstaklega á suma þeirra málaflokka, sem ég hefði komið inn á, svo ég sé ekki ástæðu til að vera að orðlengja um það, sem sérstaklega hefur verið rætt hér af þeirra hálfu, og lengja þannig umr. En ég get samt ekki komið hér upp án þess að víkja sérstaklega að einum málaflokki — það eru orkumálin — og að sérstökum þáttum þeirra.

Þá kem ég fyrst að framlagi til Orkusjóðs, eins og gert er ráð fyrir að það verði samkv. þessu fjárlagafrv. Gert er ráð fyrir, að til styrkingar dreifikerfis í sveitum verði veittar 150 millj. kr., en hér er um ákaflega mikið og brýnt verkefni að ræða. Orkuráð hefur látið fara fram athugun og rannsóknir á því, hvert umfang þessa verkefnis er. Óhætt er að fullyrða, að það mundi kosta a. m. k. 10 milljarða. Hér er um að ræða svo brýnt verkefni, að til vandræða horfir í ýmsum sveitum landsins. Ég hygg að það þurfi að athuga þetta mál betur.

Til jarðhitaleitarlána er gert ráð fyrir 350 millj. Það er upphæð, sem er í algeru lágmarki til þess að hægt sé að hagnýta að fullu þá jarðbora, sem fyrir hendi eru. Sumir telja að koma þurfi til fleiri jarðborar vegna þess, hve það er þýðingarmikið verkefni að leita að jarðhitanum.

Lán til hitaveituframkvæmda eru upp á 350 millj., en ef vel ætti að vera ætti frekar að telja þessa upphæð í milljörðum. Til sveitarafvæðingar er ekki gert ráð fyrir nema 130 millj., sem er gert ráð fyrir að sé varið til heimtauga í sveitum landsins, sem rafvæddar hafa verið.

Nú kann að vera, að ýmsum finnist það skjóta nokkuð skökku við að ég skuli fara þessum orðum um þennan þátt fjárlagafrv., þegar augljóst er eins og ég sagði, að ekki er nægilega að gert í viðleitni til að vega á móti verðbólguþróuninni með því að endurskipuleggja ríkisfjármálin og spara og draga úr þar sem hægt er. En það verður að leggja ríka áherslu á það, að þegar það er gert má það ekki vera af handahófi. Verkefnin eru misjafnlega brýn og framkvæmd þeirra hefur mismunandi áhrif. Þegar t. d. er verið að tala um að koma á jöfnuði í viðskiptunum við útlönd, þá er að sjálfsögðu eitt af því, sem hefur mikla þýðingu, að spara gjaldeyri. Fátt sparar hann í ríkara mæli en að taka t. d. jarðvarmann í notkun til upphitunar húsa. — Nú veit ég að hæstv. iðnrh. hefur áhuga og vilja til þess að hér verði bætt úr. Ég vona, að honum verði vel ágengt í þeirri viðleitni, og ég vona, að allir styðji þá viðleitni.

Ég vil af sérstökum ástæðum víkja að byggðalínum. Tekið er fram í grg. með fjárlagafrv., að gert sé ráð fyrir að 1313 þús. kr. eða 1.3 milljarðar fari til Vesturlínu á næsta ári. Ég vil vekja athygli á því, að þegar Orkubú Vestfjarða var stofnað var gert ráð fyrir að þessari byggðalínu yrði lokið fyrir árslok 1979, en til þess að svo geti orðið þarf um 4 milljarða kr. Mér er kunnugt um hugmyndir um að láta þessa framkvæmd taka lengri tíma, um tvö ár, en til þess að svo geti orðið þarf 2 milljarða kr. á þessu ári. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég mun bera fram sérstaka fsp. um þetta mál og ræða málið frekar þegar þar að kemur.

Ég get svo að lokum ekki látið hjá líða að minnast á verðjöfnunargjald af raforku. Í grg. með frv. segir: „Tekjur af verðjöfnunargjaldi renna óskiptar til Rafmagnsveitna ríkisins eins og lög gera ráð fyrir.“ Við þetta er að athuga, að gildandi lög gera ráð fyrir að verðjöfnunargjaldið renni til Rafmagnsveitna ríkisins sem svarar 80%, en til Orkubús Vestfjarða 20%. Það er ekki rétt, sem segir í grg. fjárlagafrv., að samkv. gildandi lögum eigi þetta allt að renna til Rafmagnsveitna ríkisins. Samkv. gildandi lögum, sem samþ. voru á Alþ. 19. des. s. l., eiga tekjur af verðjöfnunargjaldi að ganga til þessara tveggja aðila í þeim hlutföllum sem ég greindi frá. Villan er í grg. með frv., en í sjálfu frv. er gert ráð fyrir að öll upphæðin gangi til Rafmagnsveitna ríkisins, eða 1210 þús. kr. Ný þykist ég vita að hæstv. fjmrh. hljóti að vera mér sammála um að það séu mistök að setja inn í grg. frv. það sem ég sagði áðan, að þessi upphæð ætti að öllu leyti að ganga til Rafmagnsveitna ríkisins samkv. gildandi lögum, því að svo er ekki í gildandi lögum. Ég vil því leyfa mér að vona að þetta verði leiðrétt og skipting þessa fjármagns fari fram samkv. gildandi lögum. Og ég vil leyfa mér að óska svars hæstv. fjmrh. um það, hvort þetta verði ekki leiðrétt, því að ég verð að segja eins og er, að ég get ekki látið mér til hugar koma að núv. ríkisstj. ætli að breyta þeirri stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. markaði í þessu efni og var ein af forsendunum fyrir því, að Orkubú Vestfjarða var stofnað.

Herra forseti. Ég sagði áðan, að ég hefði haft tilhneigingu til þess að koma að ýmsum öðrum málaflokkum en orkumálunum, en eins og ég sagði þá, hafa aðrir komið inn á þá málaflokka, sem ég hafði hugsað mér sérstaklega að koma inn á. Ég vil ekki lengja þessar umr. með því að vera að endurtaka eitthvað af því, sem áður hefur verið sagt.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. kynnti fyrirætlanir ríkisstj. í efnahagsmálum í stefnuræðu, svo sem venja er til. Í stefnuræðu sinni komst hann svo að orði á einum stað:

„Ríkisstj. mun leggja áherslu á að draga markvisst úr verðbólgunni með því að lækka verðlag og tilkostnað, draga úr víxlhækkunum verðlags og launa og halda heildarumsvifum í þjóðarbúskapnum innan hæfilegra marka."

Eins og að líkum lætur ætti fjárlagafrv. að vera nánari útfærsla á þessari stefnumörkun í efnahagsmálum. Fjárlagafrv. eru það yfirleitt, og þess ber að geta, að þau eru það tæki, sem ríkisstj. hefur í baráttunni við verðbólguna, sem eitt getur skilað árangri. Á hinn bóginn eru fjárlög eins og þau, sem hér eru til umr., sem sett eru saman flausturslega og af sundurleitum kröftum, hættulega eldfim á verðbólgubálinu þegar farið er með ríkisfjármálin af því kæruleysi sem hér er gert.

Ég verð að segja það, að vegna þeirra kynna, sem ég hef haft af fjárlagagerð nú í nokkur ár, hef ég fylgst af athygli með þeim ræðum, sem hæstv. fjmrh. og þeir, sem ég hef haldið vera stuðningsmenn ríkisstj., hafa flutt hér um þetta mál. Og ég verð að segja það, að ég hef fyllst nokkrum kvíða um að það, sem hér er að gerast í efnahagsmálum, komi alls ekki heim og saman við þá stefnumörkun og þær frómu fyrirætlanir, sem hæstv. forsrh. gaf yfirlýsingu um í stefnuræðu sinni.

Það er fleira en þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, sem veldur mér nokkrum áhyggjum. Ég verð að segja það, að á þeim stutta tíma, sem ég hef haft aðstöðu til að fylgjast með störfum þessa þings, hafa þau verið að minni hyggju afar einkennileg.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hélt hér langa tölu í dag. Það var eitt af stóru stefnumálunum í ræðu hans, að Alþfl. væri á móti miklum opinberum framkvæmdum, það ætti að draga úr þeim skilyrðislaust. Mér er því nokkur spurn og það hefur valdið mér heilabrotum, af hvaða tilefni hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flytur frv. í þinginu um Framkvæmdasjóð öryrkja. Er það til þess að storka fjmrh., er það til þess að útfæra nánar stefnu þingflokks Alþfl. að hún gerir till. um að hafa tiltækar 1000 millj. kr. á ári til þess að byggja upp stofnanir fyrir þroskahömluð börn? Ég er ekki að segja að það sé ónauðsynlegt verkefni sem hér er rætt um, en þetta skýtur áreiðanlega skökku við þær hugmyndir, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur í þessu efni. Skólar fyrir þroskahömluð börn fengu í fjárl. 1977 15.9 millj. kr. Fjárveitingin var að vísu hærri, en af ýmsum erfiðleikaástæðum í menntmrn. og hjá þeim, sem þessum málum áttu að stjórna, var ekki hægt að eyða öllu því, sem var veitt til þessara mála. Til framkvæmda í þessum efnum eru á árinu 1978 60 millj. kr. og í fjárlagafrv., sem hér er til umr., er sú tala tekin upp óbreytt, 60 millj. kr., en til þess að fullnægja öllu réttlæti og styðja sem best að skoðunum formanns þingflokks Alþfl. er hér flutt frv. um að verja til þessara hluta 1000 millj. kr. á ári.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson flutti líka stefnumarkandi ræðu fyrir sinn flokk, ekki til þess að styðja einstaka þætti fjárlagafrv., heldur til þess að gera aths. við ýmsa þætti þess. Hann var alls ekki á sama máli og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson um það, hvernig ætti að fara með framlög til verklegra framkvæmda. Hann vildi hafa þær sem mestar. Hitt var annað mál, að hann vildi láta draga úr rekstrarkostnaði ríkisins eins og tök væru á og vildi helst láta nefna í því ákveðnar tölur. En mér er einnig spurn: Er það til þess að undirstrika þetta sem þm. Alþb. flytja frv. á þingi til breytinga á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila, þar sem þeir gera ráð fyrir að ríkið reki dagheimilin að nokkru leyti? Er það til þess að styðja stefnu Alþb., að þetta frv. er flutt, eða er það flutt bara út í bláinn? Ég verð að segja það, að ég finn til nokkurs uggs og kvíða í sambandi við fjárlagagerð sem stendur á ekki traustari fótum en þessi dæmi, sem ég hef hér nefnt, eru vitni um.

Ég ætla ekki, herra forseti, að lengja þessar umr. frekar En ég vildi aðeins, áður en ég fer úr þessum ræðustól, koma lítils háttar að Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég minnist þess, að meðan ég var í meirihlutaaðstöðu í fjvn., var það á hverju ári alvarlegt ádeiluefni frá stjórnarandstöðunni, hversu illa væri búið að Lánasjóði ísl. námsmanna, þar sem ekki væri ákveðið að mæta 100% umframfjárþörf íslenskra námsmanna. Nú er annar meiri hl. sem stendur að gerð fjárl., og hvernig er útkoman þá? Tölurnar sjáum við: 1977 voru ætlaðar til þessa 1069 millj., á árinu 1978 1408 millj. og með sama hætti eru nú áætlaðar 2234 millj. að lántökuheimild meðtalinni, en þessi upphæð er byggð á því, að mætt sé 85% umframfjárþörf námsmanna, en ekki 100%. Það er sama verkefni sem hér er stefnt að því að leysa og stefnt var að áður. Mér finnst að ég geti ekki — fyrst ég er kominn hér upp í ræðustólinn — annað en bent á hvernig staðið er að því máli sem virtist vera eitt af heilögum málum þeirrar stjórnarandstöðu, sem var hér í Alþ. þegar ég var í meirihlutaaðstöðu í fjvn.

Þá er líka rétt að benda á, þó að það hafi komið fram áður í máli manna, að að Byggðasjóði er nú staðið á allt annan hátt en var gert t. d. við síðustu gerð fjárlaga. Ég minnist þess, að þegar verið var að leggja síðustu hönd á fjárlagafrv. fyrir árið 1978 kom að máli við mig annar framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunarinnar, núv. hæstv. fjmrh., og bar nokkurn ugg í brjósti um að málefni Byggðasjóðs hefðu verið borin fyrir borð, að ofmetinn mundi hafa verið sá hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins, sem kom af eigin starfsemi hans. Þar kom okkar tali samt, áður en till. voru lagðar fyrir Alþ., að við vorum ásáttir um að hér mundi vera farið rétt að. En hvað gerist nú þegar hæstv. fjmrh., sem kunnugur var í Byggðasjóði áður, á að stjórna þessu verki? Ég sé ekki betur en það sé verið að skjóta sér undan því að láta ganga til Byggðasjóðs lögákveðnar upphæðir svo að munar rúmum milljarði kr. Ég get ekki annað en bent á þetta áður en ég fer úr ræðustólnum.

Að síðustu langar mig að koma lítillega að þeirri ræðu, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason flutti hér áðan. Hún var að ég ætla að mörgu leyti óvenjuleg. Ég vil ekki kalla hana lærdómsríka að öðru leyti en því, að ég átti von á að þm., sem tæki að sér að skýra vissa hluti í fjárlagafrv., hefði betri þekkingu á því, sem hann var að tala um, en mér virtist þarna koma fram. Hann hafði orð á því, að það væru ýmis framlög til landbúnaðarins, sem honum þættu ekki vera í samræmi við stefnu Alþfl. um landbúnaðarmál. Ég skal ekki segja um það, hvernig hann túlkaði stefnu Alþfl. fyrir kjósendum sínum hér í Reykjavík. En það plagg, sem ég hef fengið frá Alþfl. og hef í höndunum og var e. t. v. túlkað á einhvern sérstakan hátt austur í Suðurlandskjördæmi í vor, það hef ég og það stefnir alls ekki í sömu átt og það sem hv. þm. Vilmundur

Gylfason var að ræða um. Þar segir m. a. um landbúnað:

„Alþfl. vill efla landbúnað á Íslandi og nýta þannig þá auðlind, sem gróður landsins er. Landbúnaðinn og markaðskerfi hans ber að endurskipuleggja þannig, að framtak bænda og hagsýni nýtist þjóðarbúinu. Með skipulagðri nýtingu og markvissri uppgræðslu ber að auka að nýju gróðurlendi Íslands" — og enn fremur: „Landbúnaður er grundvöllur byggðar í mörgum héruðum og verður því að skipuleggja hann í samræmi við byggðastefnu. Þörf er á sérstökum stuðningi við bændur í rýrari sveitum, sem þarf að halda í byggð vegna byggðasjónarmiða."

Ég verð nú að segja það, að ég varð dálítið hissa á þessari lýsingu á stefnu Alþfl. í landbúnaðarmálum, þegar ég las þetta og heyrði þetta túlkað austur í Suðurlandskjördæmi vegna þess að mér hafa fundist ræður Alþfl.-manna hníga frekar í sömu átt og málflutningur sá, sem Vilmundur Gylfason hafði hér í frammi.

Við þetta, sem ég las upp, er ekkert að athuga og ég er sammála flestu af því, sem ég las upp. En ég er andvígur því, að það sé vegið að einni stétt í landinu frekar en annarri. Ég vil að þar sé um jafnrétti að ræða og jafnræði. Og mér flaug nokkuð í hug, þegar hv. þm. hafði orð á því, að það væri sóað fjármunum í ýmislegt varðandi landbúnaðinn, og benti m. a. á að þar væri t. d. um verulegar fjárhæðir að ræða til búfjárræktar. Rétt er að allmikið fé er til þess ætlað. Sumt af því er laun til manna, sem starfa við þessa atvinnugrein. En mér flaug í hug í þessu sambandi, að e. t. v. væri nauðsynlegt að taka upp nýjan fjárlagalið, sérstaka fjárveitingu. Ég skal ekki segja undir hvaða rn. hana ætti helst að færa, en hún mætti heita: Til mannræktar.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er nú af býsna mörgu að taka, ef á að minnast á flest af því sem rætt hefur verið um í ræðum hv. þm. En ég skal, þar sem ég er síðasti ræðumaður á mælendaskrá, stytta mál mitt og víkja að frekar fáu af því sem komið hefur fram í þessum umr.

Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að því, sem komið hefur fram um fjárlagagerðina og hvernig að henni hefur verið staðið.

Ég er þeirrar skoðunar, að fjárlagafrv. sé öðrum þræði eins konar vinnuplagg fyrir Alþ., sem eigi að gera þannig úr garði, að það komi að sem bestum notum þegar til þeirrar vinnu kemur og afgreiðslu sem Alþ. hefur með höndum varðandi fjárlagaundirbúninginn og fjárlögin. Þess vegna var það, að þegar ég kom í fjmrn. lágu þar fyrir drög að fjárlagafrv., en samtímis, fyrstu vikuna svo að segja, sem ég gegndi embætti fjmrh., voru gerðar margvíslegar ráðstafanir, sem höfðu verulega mikil áhrif á ýmsa liði fjárl., eins og ég rakti í framsöguræðu minni í dag. Að leggja þessi drög að fjárlagafrv. fyrir Alþ. án þess að gera breytingar, sem námu þúsundum á færslum í fjárlagafrv., hefði í raun og veru þýtt að fjárlagafrv. hefði verið sent beina leið aftur upp í fjárlaga- og hagsýslustofnun til þess að gera nauðsynlegar breytingar á frv., sem leiddi af þeim ýmsu ákvörðunum sem teknar voru þegar í upphafi stjórnarsamstarfsins.

Í öðru lagi er rétt að geta þess, að ríkisstjórn er fjölskipað stjórnvald. Fjmrh. er einn af ráðh. í ríkisstj. og hann hefur það hlutverk að undirbúa fjárlagafrv. og leggja það fyrir Alþ., að sjálfsögðu á þann veg að sem mestar líkur séu á því að það verði samþ. með sem minnstum breytingum við meðferð Alþingis. Það hefur verið rætt mikið um meðferð fjárlagafrv., og það hefur verið gagnrýnt m. a., að ýmsir aðilar utan Alþ. hafi ekki fengið að sjá fjárlagafrv., eins og það hefur verið orðað í fjölmiðlum og umræðum manna á meðal. Ég álít það helga skyldu fjmrh. að undirbúa fjárlagafrv. á þann hátt, að það sé að sjálfsögðu fyrst og fremst, að ríkisstj. undanskilinni, lagt fram á Alþ., en ekki annars staðar og það sé réttur alþm. samkv. stjórnarskránni að verða fyrstir til að sjá fjárlagafrv. Hvergi annars staðar á að leggja það fyrst fram. Að það sé lagt fram í ríkisstj. og sýnt þar er sjálfsagt mál.

Það var t. d. farið fram á það við mig, eftir að fjárlagafrv. var lagt fram á Alþ., að ég kæmi upp í sjónvarp og ræddi um fjárlagafrv. þar. Ég neitaði því, vegna þess að ég álít að það eigi ekki að flytja 1. umr. um fjárlagafrv. úr Alþingi og upp í sjónvarp. Það er mál út af fyrir sig að greina fjölmiðlun frá helstu stefnumörkun fjárlagafrv. og ýmsum stærstu dráttunum. En að ræða fjárlagafrv. annars staðar en á hv. Alþ. tel ég alls ekki við hæfi. Þannig verður að fara eftir vissum reglum í þessum efnum og skýrum og ákveðnum ákvæðum, sem stjórnarskrá og þingsköp kveða á um.

Það verður að játa, að erfitt verkefni er að semja fjárlagafrv. í landi sem býr við 50% verðbólgu. Það er erfitt verkefni, ekki aðeins fyrir fjmrh., heldur fyrir þá sem starfa að þessu, og það er í raun og veru grátlegt að sjá hvernig verðbólgan brennir upp ýmsa liði fjárlaga þannig að þeir koma ekki að þeim notum, sem til er ætlast, eins og t. d. framlög til framkvæmda og margt og margt fleira.

Ég taldi þýðingarmikið að leggja fram fjárlagafrv., sem felur í sér ákveðna stefnumörkun, og það gerir þetta fjárlagafrv. Í 1. gr. þess kemur fram alveg ákveðin stefnumörkun. Í fyrsta lagi, að þar er gert ráð fyrir tekjuafgangi upp á rúmlega 8 milljarða. Það er gert ráð fyrir að greiða niður samningsbundnar skuldir ríkissjóðs, fyrst og fremst erlendar skuldir, rúmlega 4 milljarða umfram það sem tekið er að láni, og það er gert ráð fyrir að það sé greiðsluafgangur á fjárlagafrv. um tæplega 4 milljarða. Þetta er í raun og veru sú stefna sem fjárlagafrv. boðar. Hvort þessi stefna fær samþykki hér á Alþ. er annað mál. Ég vonast til þess og mun a. m. k. gera mitt til þess að fylgja því fast eftir. Ég tel að við þær verðbólguaðstæður, sem við búum við, sé það óverjandi af hv. Alþ. að afgreiða fjárlagafrv. öðruvísi en með ríflegum tekjuafgangi og einnig greiðsluafgangi. Það er ekki deilumál, að slíkt er nauðsynlegt við þessar aðstæður. Það er hægt að halda áfram að taka lán og nota þau lán til mismunandi nauðsynlegra framkvæmda, en það er ekki hyggileg stefna og alls ekki miðað við þær aðstæður sem við nú búum við.

Það er mjög mikill munur á því Alþ., sem nú situr, og þeim þingum, sem ég hef setið á áður, sem eru orðin nokkuð mörg, að því leyti til, að nú er það hreinlega tíska, að í staðinn fyrir að stjórnarflokkar geri út um ágreiningsefni sín innan veggja ríkisstj. og þingflokka, innan stjórnarliðsins, þá eru ágreiningsefni eða mismunandi stefnur og viðhorf stjórnarflokka kynnt hér á Alþ. og rædd þar, m. ö. o.: menn ræða ágreiningsefnin fyrir opnum tjöldum. Það er í raun og veru nýjung. Það er kannske framtíðin. Ég skal þó ekki leggja neinn dóm á það, hvernig sú aðferð reynist. Það á eftir að sýna sig. En á einhverju stigi málanna verða stjórnarflokkar að gera það upp við sig, hvort þeir vilja ganga til málamiðlunar

um ýmis málefni, ýmis stefnuskráratriði, eða hvort þeir vilja segja skilið við það stjórnarsamstarf sem þeir taka þátt í.

Við í Framsfl. höfum talið rétt og ég hef talið rétt að kalla fyrirvarana í fjárlagafrv. fyrirvara ríkisstjórnar flokkanna. Þó að við höfum ekki haft hátt um það, þá höfum við sem flokkur ýmsa fyrirvara um mörg atriði fjárlagafrv. Ég hef engan siðferðilegan rétt til þess að smíða fjárlagafrv., þó að ég sé fjmrh., algerlega í þágu eigin flokks, þegar hann er í samsteypustjórn með öðrum flokkum. Það hygg ég að allir hljóti að vera sammála um. Við teljum það vera okkar hlutverk að halda stjórninni saman, stuðla að því að halda ríkisstj. saman og reyna að jafna þann ágreining, sem vissulega er til á milli stjórnarflokkanna í ýmsum efnum. Það gefur auga leið og er engin ný frétt.

Við framsóknarmenn höfum áhuga á ýmsum verklegum framkvæmdum, eins og t. d. í hafnarmálum, í vegamálum, í orkuframkvæmdum o. fl. málum. Við höfum áhuga á því, að olíustyrkur verði hár. En það getur verið spurning um, hvernig á að leysa ýmis þessi mál, t. d. orkumálin. Það er auðvitað grátlegt að búa við þá staðreynd, að fólk úti um landið, sem býr á þeim svæðum sem Rafmagnsveitur ríkisins þjóna, skuli þurfa að borga hér um bil tvöfalt hærra gjald fyrir rafmagn en við hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa. Þetta er ekki sæmilegt, vegna þess að fólk, sem býr á þessum svæðum, er ekkert síður þýðingarmikill hlekkur í okkar þjóðarsamsetningu en við sem búum á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa. Það er skoðun mín, að leysa eigi þessi mál a. m. k. að talsvert verulegu leyti með verðjöfnunargjaldi.

Við höfum áhuga á málefnum landbúnaðarins í Framsfl., en við gerum kröfu til þess, að fólkið, sem stundar landbúnaðarstörf, búi við hliðstæð launakjör og aðrir þjóðfélagsþegnar. Við gerum kröfu til þess. Um þessi mál er sérstakur fyrirvari í fjárlagafrv., sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrirhugað er að endurskoða styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins með það að marki, að greiðslur komi bændum að betri notum en nú er. Ekki hefur unnist tími til að hafa eðlilegt samráð við bændastéttina í þessu efni.“

Hér er tekið upp ákvæði úr samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar flokkanna varðandi landbúnaðinn.

Það er rétt, sem komið hefur fram í þessum umr., að nokkrar vikur er auðvitað stuttur tími til þess að gera fjárlagafrv. úr garði. Venjulega hefst gerð fjárlagafrv. í aprílmánuði á því, að fjmrn. sendir beiðni um það til hinna ýmsu rn., að þau undirbúi mál sín fyrir næsta fjárlagafrv. Síðan er unnið að þessu allt vorið, allt sumarið og fram á haust, þegar kemur að því, að ríkisstj. tekur endanlega ákvörðun um fjárlagafrv. í þeim búningi sem það birtist svo í á Alþingi.

Það er ýmislegt fleira, sem ég hef tilhneigingu til þess að minnast á, eins og t. d. það, að við í Framsfl. erum engir boðberar hárra skatta eða skattpíningar og við erum engir sérstakir boðberar beinna skatta umfram aðra flokka. En það er okkar hlutverk, eins og málum er háttað, að sjá til þess að tekjuöflun til ríkisins sé nægilega mikil og örugg, að búa fjárlagafrv. þannig úr garði, að hægt sé að segja að staðið sé ábyrgt að því. Við tökum þátt í því að leggja á hærri skatta en verið hefur. Það er ekkert launungarmál, að við seilumst lengra í átt til beinna skatta vegna þess að beinu skattarnir ganga ekki inn í vísitöluna, vegna þess að beinu skattarnir skrúfa ekki alveg sjálfkrafa og afdráttarlaust upp verðlagið og kaupgjaldið í landinu. Öll viðleitni okkar í þessum efnum gengur út á það að reyna að hefta eða stöðva verðbólguna. Það er talað um að falsa vísitöluna. Þetta er í raun og veru ekkert annað en það, að menn verða að búa við við þær aðstæður sem eru staðreynd. Ég fer hins vegar ekkert leynt með það eða minn flokkur, að við teljum nauðsynlegt að gera breytingar á vísitölugrundvellinum, þ. á m. að skattar og niðurgreiðslur verði tekin út úr vísitölugrundvellinum.

Það hefur aðeins verið minnst á skyldusparnaðinn. Skyldusparnaðurinn er leið sem margar þjóðir hafa notað. Hann er að vísu ekki alls staðar í formi skyldusparnaðar. Hann er sums staðar í formi frjáls sparnaðar, eins og t. d. í Vestur-Þýskalandi þar sem þeir fjármagna íbúðalánakerfi sitt með því að leyfa mönnum að leggja inn fé og binda það með sérstökum kjörum um nokkurn tíma. Á þann hátt fjármagna þeir íbúðalánakerfi sitt í Vestur-Þýskalandi. Hins vegar er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að skyldusparnaður er annað en skattur. Skyldusparnaðurinn, eins og hann hefur verið framkvæmdur hér, er lántaka. Þar er ríkissjóður að taka lán. Menn eru skyldaðir til þess að spara, en ríkissjóður á að standa mönnum skil á þessum sparnaði aftur og hann á að gera það með verðbótum. Skyldusparnaður er því lántaka og annað en skattur.

Fjárlagafrv. boðar, eins og ég sagði, ákveðna stefnu og það verður hlutverk ríkisstj. að hafa forustu um afgreiðslu fjárl. í anda þeirrar stefnu, sem fjárlagafrv. boðar. Fjárlagafrv. er frv. ríkisstj., sem er lagt fram með ákveðnum fyrirvörum. Þessir fyrirvarar hafa allir það sammerkt, að ef stofnað verður til útgjalda í samræmi við fyrirvarana, þá er gert ráð fyrir því, að aflað verði tilsvarandi tekna. Þeir eiga það allir sammerkt, að ríflegur tekjuafgangur verði á fjárl. og ríflegur greiðsluafgangur. Þetta gengur eins og rauður þráður í gegnum fjárlagafrv. og fyrirvarana líka. Það er nauðsynlegt að hafa það í huga. Næstu verkefni ríkisstj. verða svo að vinna að gerð lánsfjáráætlunar, og heildarmyndin í þessum málum, þ. á m. í opinberum framkvæmdamálum, kemur ekki fram fyrr en lánsfjáráætlun hefur verið lögð fram hér á Alþingi.

Eins og kom fram í framsöguræðu minni, þá tel ég langsamlega þýðingarmest að beita fjárl. gegn verðbólgunni. Allir hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, eru sammála um að svona getum við ekki búið áfram í landinu. Við höfum enga tryggingu fyrir því, að verðbólgan verði 40-50% áfram, ef ekki er höfð aðgát. Hún getur alveg eins orðið 50-60%. Hún getur farið upp í 100%, áður en við vitum af, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að snúa við. Og ég hygg að við séum mjög nálægt því að ráða í raun og veru alls ekki við þá verðbólguþróun, sem hér hefur verið að þróast á undanförnum árum. Það er e. t. v. það hættulegasta í þeirri stöðu sem við stöndum í.

Við í Framsfl. höfum tekið að okkur visst forustuhlutverk í ríkisstj. og leggjum áherslu á að halda henni saman. Við trúum því, að sú breiða samvinna, sem hefur tekist um aðgerðir í efnahagsmálum, sé líklegasta leiðin, eins og nú háttar í þjóðfélaginu, til þess að koma fram aðgerðum, sem eru líklegar til að sporna gegn þeirri óheillaþróun, sem við stöndum frammi fyrir. Við höfum einnig tekið að okkur forustuhlutverk í sambandi við

fjárlagagerðina. Ég hef sagt það áður opinberlega, að ég var ekki umsækjandi um þetta embætti, og láir mér það sjálfsagt enginn, en við í Framsfl. höfum tekið þetta verkefni að okkur og viljum axla þá ábyrgð sem því fylgir. Hvort tveggja hlutverkið er erfitt, eins og þm. hafa nú orðið varir við í þessum umr. Það er auðvitað sérstaklega erfitt miðað við þær aðstæður sem við er að fást í fjármálum og efnahagsmálum yfirleitt.

Um einstök atriði, sem komið hafa fram í þessum umr., skal ég vera fáorður. Það er nú svo og verður að segja það alveg eins og það er, að auðvitað eru mörg atriði í fjárlagafrv. óbreytt frá þeim drögum sem lágu fyrir í fjmrn. þegar ég kom þangað. Það leiðir m. a. af því, að mikill hluti og e. t. v. of mikill hluti fjárl. er sjálfvirkur, þannig að fjárlagafrv. er gert í samræmi við lög. 70% af útgjöldum á fjárl. eru lögbundin, þannig að í sumum tilfellum hafa hv. stjórnarandstæðingar verið að leggja út af Matthíasarguðspjalli í ýmsum efnum. Það eru margir þættir, sem eru óbreyttir, og skal ég ekki fara nánar út í þá sálma.

Það hefur verið endurtekið hvernig var ástatt í efnahagsmálunum og fjármálunum á s. l. hausti og er raunar enn þá. Þær ráðstafanir, sem gerðar voru þegar í upphafi þessa stjórnartímabils, voru gerðar af skyndingu, þær voru gerðar mjög skjótt. Í raun og veru var slæmt að stjórnmálaflokkarnir í landinu skyldu — ég vil segja: eyða öllu sumrinu í að reyna að koma saman stjórn. Þegar loksins tókst að mynda ríkisstj. voru menn komnir í tímaþröng, algerlega í tímaþröng eins og málum var háttað. Þess vegna varð að gera skjótar ráðstafanir, og það geta stundum verið takmörk fyrir því, hvað hægt er að vanda þær mikið á mjög stuttum tíma.

Það er rétt, sem hefur komið fram, að niðurstöðutölur fjárlagafrv. hafa hækkað mikið af ýmsum ástæðum. Það liggur í augum uppi, að fjárlagafrv. hlýtur að fylgja verðlagi og kaupgjaldi. Fjárlagafrv. hlýtur að gera það í megindráttum. Það, sem hins vegar sker úr um það, hvort fjárlagafrv. vinnur gegn verðbólgu eða ekki, er fyrst og fremst hvort tekjuafgangur er á fjárlagafrv., hvort það er greiðsluafgangur á fjárlagafrv., hvort fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að greiða skuldir eða taka lán, hvort fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að draga saman t. d. framkvæmdir og margt og margt fleira. Þannig er háttað með þetta fjárlagafrv., að það gengur út á það að vinna gegn verðbólgunni.

Það eru nokkrir nýir liðir í þessu fjárlagafrv., eins og t. d. að gert er ráð fyrir að greiða á fjárlögum á þriðja milljarð kr. vegna fjármagnskostnaðar við Kröflu. Það er alveg nýr liður í fjárlagafrv. sem hækkar fjárl. frá því sem áður hefur verið um meira en 2 milljarða. Þessi mál hafa fram að þessu verið leyst með lántökum.

Varðandi það, hvort fjárlagafrv. sé vandlega unnið með tilliti til þeirra forsendna sem liggja til grundvallar, þá mætti margt um það segja. Ég vildi aðeins minnast á það sem snertir kaupgjald. Þetta er þannig, að ef verða almennar launahækkanir í landinu, svipaðar hjá opinberum starfsmönnum og hjá öðrum, þá hefur það ekki áhrif á jöfnuð fjárl. vegna þess að þegar kaupgjald hækkar aukast tekjurnar, tekjuskattar, og aukast umsvifin í þjóðfélginu, aukast tekjur af óbeinum sköttum, t. d. söluskatti o. s. frv. Þegar því um er að ræða almennar kauphækkanir í landinu, þá hafa þær ekki áhrif á jöfnuð fjárlagafrv. Ef laun opinberra starfsmanna hækka hins vega meira en annarra í landinu, þá hefur það að sjálfsögðu áhrif til hins verra á jöfnuð fjárlagafrv.

Ég vildi aðeins minnast örfáum orðum á Byggðasjóð, af því að það hefur verið rætt dálítið um hann hér.

Það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að skera niður sem svarar 10% af framlögum til hinna ýmsu fjárfestingarlánasjóða. Þetta er auðvitað gert í ákveðnum tilgangi. Þetta er gert í samræmi við þá stefnu að draga úr framkvæmdaframlögum á fjárlagafrv. Þá þykir eðlilegt að stuðla einnig að því að dregið verði úr framkvæmdum úti í atvinnulífinu. Þetta er í fullu samræmi við stefnuna í fjárfestingarmálinu. Það er gert ráð fyrir 12% magnminnkun framlaga til verklegra framkvæmda í A-hluta fjárlagafrv., og það er gert ráð fyrir því að skera niður um 10% af öllum fjárfestingarsjóðum nema Byggðasjóði. Það er ekki gert ráð fyrir því að skera 10% niður af framlögum til Byggðasjóðs. Samkv. lögum á Byggðasjóður að hafa til ráðstöfunar á hverju ári upphæð sem svarar til 2% af fjárl. Og það er gert ráð fyrir að Byggðasjóður geti tekið lán. Hann gerði það á árum áður. Hann gerði það þó ekki í fyrra, það var alveg rétt hjá hv. þm. Steinþóri Gestssyni, en það er gert ráð fyrir því, að hann geti tekið lán. Ef hann gerir það, þá lækkar framlag ríkissjóðs tilsvarandi. Ég er ekki höfundur að þessari reglu, og ég skal játa það, að þegar ég var í Framkvæmdastofnuninni var mér mjög annt um Byggðasjóð og er það enn og vildi þá að það væri skilyrðislaus regla í lögum að hann ætti að fá 2% frá ríkinu. En það varð að samkomulagi, þegar síðasta endurskoðun fór fram á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, að haga þessu þannig, að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs skyldi aldrei verða minna en sem svarar til 2% af fjárl. Það er gert ráð fyrir að Byggðasjóður taki að láni 1130 millj. og fái þá þar af leiðandi minna framlag úr ríkissjóði sem nemur þessum 1130 millj. kr. Og það er gert ráð fyrir að hann láni þetta fé til Orkusjóðs vegna byggðalínunnar fyrir austan og vestan.

Ég get nú ekki stillt mig um í þessu sambandi, þegar hv. sjálfstæðismenn gagnrýna þetta, að minna þá á, að fyrir kosningarnar í vor lýsti Sjálfstfl. því yfir, að það væri rétt, að Byggðasjóður annaðhvort legði fram eða lánaði um 1000 millj. kr. á ári til vegaframkvæmda, ef ég man rétt. Og það er auðvitað álitamál hvort er meira byggðamál, vegamál eða byggðalínur og orkumál. Það er álitamál, en þarna er bitamunur, en ekki fjár, sýnist mér. Líklegast er, að Byggðasjóður muni hafa til ráðstöfunar á næsta ári rétt tæplega 3 milljarða umfram lánið til Orkusjóðs, en hefur á þessu ári um 2.7 milljarða. Framlög frá ríkinu voru á þessu ári 2079 millj., en verða núna rúmlega 2400 millj. Það má til sanns vegar færa, að það sé verið að rýra ráðstöfunarfé Byggðasjóðs. Það hafa verið gerð mikil átök í byggðamálum á undanförnum árum — mjög mikil átök, og kann vel að vera að sé, þegar árar eins og nú í efnahagsmálum, réttlætanlegt að draga svolítið úr þessari starfsemi í bili og þá með þeim hætti sem hér er gert, því að ekki er hægt að skilja byggðalínurnar eftir úti á köldum klaka. Það er nokkuð stór biti fyrir ríkissjóð að kingja á einu ári að taka á sig sem framlag rúmlega 2 milljarða vegna Kröflu og 1130 millj. í viðbót vegna byggðalínanna. Í þessum efnum öllum verður ekki á allt kosið.

Það hefur verið minnst á ýmislegt í umr. Það var t. d. minnst á það, hver væru áform í sambandi við gengismál, hver væru áform í sambandi við erlendar lántökur og hvað um 1. des. o. s. frv. Ég ætla að vonast til þess, að það

takist samkomulag fyrir 1. des. sem verði með þeim hætti að við getum afstýrt þeim boðaföllum verðbólgu sem blasa við ef ekkert verður að gert. Ég ætla að vonast til þess. Ég skal engu spá um það. Það er ekki langt þangað til, og reynslan sker úr því hvað gerist í þessum efnum. En ég ætla mjög ákveðið að vonast til þess, að mönnum auðnist að ná samkomulagi innan þeirra marka, sem efnahagslífið þolir og atvinnulífið þolir, þannig að við þurfum ekki að horfa á verðbólguna æða upp í 50-60% á næsta ári.

Varðandi erlendar lántökur verður kveðið á um þau mál í lánsfjáráætlun ríkisstj. sem verður lögð fram hér á Alþ. innan skamms.

Það hefur verið rætt nokkuð um stöðu ríkissjóðs á þessu ári. Ég gerði grein fyrir henni, eins og mér sýnist að hún muni verða. Ég hafði þó mjög ákveðinn fyrirvara á í þessu efni. Það hefur komið í ljós að samþykkja verður talsvert af umframfjárveitingum vegna ýmiss konar þjónustu sem ekki getur stöðvast, eins og t. d. heilbrigðisþjónustu. Ég skal ekki spá um það á þessari stundu, hver endanleg útkoma verður. Það liggur ljóst fyrir, að ýmsar þjónustugreinar eru illa settar og það eru verulegar umframfjárhæðir, sem um er að tefla, einungis varðandi það að halda vissum þjónustuframkvæmdum og vissri þjónustustarfsemi gangandi.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson minntist á Orkubú Vestfjarða. Ég veit ekki hvort hann hefur lesið grg. fyrir fjárlagafrv. að öllu leyti varðandi Orkubú Vestfjarða, en ég ráðlegg honum að gera það. Á það er minnst á fleiri en einum stað, og ég hygg, að ef hann les grg. muni hann komast að raun um að það er farið að lögum í fjárlagafrv. varðandi þetta atriði.

Hv. þm. Pálmi Jónsson minntist nokkuð á launamál og launin í fjárlagafrv. Launatala fjárl. fyrir 1978 er 43 milljarðar 223 millj. kr. og þar af vegna launahækkana 11 milljarðar 414 millj. Áætluð laun á verðlagi við áramót 1977-1978 voru 38 milljarðar 450 millj. Í frv. 1979 er aftur á desemberverðlagi 1978 gert ráð fyrir 54 milljörðum 186 millj. kr. eða hækkun um 40.9%. Það er engin stefnubreyting í fjárlagafrv. varðandi starfsmannahald ríkisins. Það eina, sem talandi er um í því efni, er að gert er ráð fyrir 75 millj. kr. framlagi til þess að herða skattaeftirlit, en ekki farið að ræða enn þá nánar hvernig þeirri upphæð verður ráðstafað. Það er samdráttur í rekstrarútgjöldum, það er samdráttur í framkvæmdum, það er samdráttur í framlögum til fjárfestingarlánasjóða, það er samdráttur í viðhaldi. Það hafa ekki orðið neinar breytingar á aðalkjarasamningum. Þau mál, sem hafa verið leyst í sambandi við kjaramál opinberra starfsmanna, hafa öll verið leyst innan ramma þess aðalsamnings, sem á að renna út 1. júlí á næsta sumri, og hafa þess vegna ekki gefist tilefni til þess fyrir neina einstaka flokka opinberra starfsmanna að gera kröfur um launahækkanir vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið í launamálum ríkisins.

Ég held að ég láti það verða mín síðustu orð í þessum umr. að leggja áherslu á stefnumörkun fjárlagafrv. Eins og ég sagði áður, eru fyrirvarar stjórnarflokkanna allir sniðnir á þá lund að raska ekki þeim rekstrarafgangi, sem fjárlagafrv. boðar, né heldur þeim greiðsluafgangi, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Það er mergurinn í fjárlagafrv., að þessi stefna verði ofan á við afgreiðslu frv. hér á Alþ., þó að menn hafi skiptar skoðanir um ýmsa þætti ríkisbúskaparins.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að frv. verði að loknum þessum umr. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 14. fundur.

Miðvikudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Upplýsingar hjá almannastofnunum, frv. (þskj. 74). — 1. umr.

Dómsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem ég flyt á þskj. 74 um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum, er endurflutt nánast óbreytt frá síðasta þingi. Þá fylgdi þáv. hæstv. dómsmrh. því úr hlaði með ítarlegri framsöguræðu, þannig að ég sé ekki ástæðu til að fara um það mjög mörgum orðum, en vísa til þess sem er að finna í þskj. til nánari upplýsingar.

Í ársbyrjun 1973 var lagt fyrir Alþ. frv. til l. um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en það frv. varð ekki útrætt. Í árslok 1977 var því þriggja manna n. skipuð þeim Baldri Möller ráðuneytisstjóra, Einari Karli Haraldssyni þáv. formanni Blaðamannafélags Íslands og Sigurði Líndal prófessor og þeim falið að endurskoða fyrrgreint frv. eða semja nýtt frv. um þetta efni. N. valdi síðari kostinn og samdi algerlega nýtt frv. sem nú er lagt fram öðru sinni.

Ekki þarf að fara um það mörgum orðum hve þýðingarmikið það er í lýðræðisþjóðfélagi að borgararnir geti fylgst sem best með athöfnum og vinnubrögðum þeirra, sem starfa í stjórnsýslunni. Áreiðanlegar og glöggar upplýsingar um starfsemi stjórnsýslustofnana og stjórnsýsluhafa auðvelda almenningi að mynda sér skoðun á þeim málum, sem til umfjöllunar eru í þjóðfélaginu hverju sinni. Enn fremur veitir það stjórendum aðhald, ef hinn almenni borgari á þess jafnan kost að fylgjast með gangi mála. Hér er hins vegar um allviðkvæm mál að ræða. Einnig verður að gæta þess þegar þannig er opnað, að upplýsingum sé ekki dreift þannig að geti orðið til skaða fyrir einstaklinga eða einstök viðkvæm mál.

Í frv. því, sem hér er til umr., er að finna veigamiklar reglur um meðferð mála í stjórnsýslunni. Brýna nauðsyn ber til að lögfesta helstu reglur um málsmeðferð í íslenskri stjórnsýslu, og tel ég eðlilegt að byrjað verði á því að taka í lög reglur um aðgang að upplýsingum hjá stofnunum og fyrirtækjum í almannaeigu.

Eins og nú er ríkir óvissa um það, hvort og þá í hvað ríkum mæli almenningur eigi rétt til að fá upplýsingar úr hendi stjórnsýsluhafa. Í stjórnarskránni er kveðið á um að fundir Alþingis skuli haldnir í heyranda hljóði. Sama á við um þinghöld dómstóla, sbr. dreifð ákvæði í réttarfarslögum. Aftur á móti skortir lagaákvæði um þetta efni að því er varðar stjórnsýsluna sjálfa.

Í 1. og 2. gr. frv. kemur fram, að öllum sé heimilt að kynna sér skjöl í málum sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá svonefndum almannastofnunum eða fyrirtækjum í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Þetta er meginreglan. Þær undantekningar, sem er að finna í frv. frá þessari reglu, verður því að skýra þröngt, enda eru þær allar gerðar með það eitt í huga að vernda hagsmuni einstaklinga eða þjóðfélagsins í heild. Þeim sjónarmiðum hefur verið vikið til hliðar, sem lúta að því að losa

einstaka embættis- eða sýslunarmenn við óþægindi eða fyrirhöfn við það að veita upplýsingar um einstök mál. Undantekningar þessar eru allar rökstuddar í aths. með frv., svo að ekki er ástæða til að fjölyrða um þær hverja fyrir sig. Ég vil þó leggja áherslu á að ekki hefur verið farin sú leið, eins og í Danmörku og víðar á Norðurlöndum, að taka upp almennt undantekningarákvæði með vísan til eðlis máls. Sá kostur hefur verið tekinn í þess stað að telja upp sem ítarlegast allar þær undantekningar sem nauðsynlegt hefur verið talið að lögfesta. Með þessu móti er reynt að girða fyrir það, að stjórnsýsluhafar geti skotið sér undan því að veita upplýsingar með því að bera fyrir sig eðli máls án nánari skýringa. Eins er rétt að vekja athygli á því, að sum undantekningarákvæðin taka aðeins til ráðstafana sem fyrirhugaðar eru. Þessi ákvæði girða því ekki fyrir það, að veittar séu upplýsingar um ráðstafanirnar eftir að þær hafa verið gerðar.

Flest ef ekki öll ákvæði frv. eru þess eðlis, að þau þarf að skýra. Í 12. og 13. gr. er gert ráð fyrir því, að forstöðumaður stofnunar eða fyrirtækis taki ákvörðun um hvort upplýsingar skuli veittar. Sá, sem einhverra hagsmuna hefur að gæta, getur skotið þeirri ákvörðun forstöðumanns beint til þess ráðh. eða sveitarstjórnar sem stofnun eða fyrirtæki heyrir undir. Úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til félmrh. Kærustig verða tvö innan stjórnsýslu ríkisins, en þrjú innan stjórnsýslu sveitarfélaga.

Í 13. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að sett verði á stofn sérstök n. til þess að láta í ljós álit sitt áður en ráðh. kveður upp fullnaðarúrskurð sinn. Lagt er til, að 5 menn sitji í n. þessari, en aðeins þrír þeirra taki þátt í afgreiðslu máls hverju sinni. Hæstiréttur skipar oddamann og varamann hans, en sameinað Alþingi kjósi aðra nm. Álit n. sé aðeins til leiðbeiningar, en ekki bindandi fyrir ráðh.

Hér á landi hefur ekki verið sett á stofn embætti umboðsmanns Alþingis, eins og gert hefur verið víða um lönd, þ. á m. á öðrum Norðurlöndum. Umboðsmenn þjóðþinga láta í ljós álit sitt á málsmeðferð og efnislegri niðurstöðu í stjórnsýslunni, en álit þeirra er venjulega aðeins til leiðbeiningar, en ekki bindandi fyrir hlutaðeigandi stjórnvaldshafa. Engu að síður hafa álitsgerðir umboðsmanna verið teknar til greina og þá farið eftir ábendingum eða till. þeirra. Og ég vil taka undir þá skoðun, sem fram kom hjá fyrrv. hæstv. dómsmrh., að ráðh. munu að mínu mati, ef til kemur, hlíta álitsgerðum n. þeirrar, sem frv. gerir ráð fyrir að sett verði á stofn. Og þótt ráðh. hafi kveðið upp úrskurð sinn er þeim, sem hlut á að máli, heimilt að bera þann úrskurð undir dómstóla. Dómstólarnir eiga þar með síðasta orðið og skiptir þá eflaust verulegu máli, hvort saman fari álitsgerð n. og úrskurður ráðherra.

Í II. kafla frv. er fjallað um aðgang málsaðila að upplýsingum. Þar er að mínum dómi tekið stórt skref í þá átt að tryggja réttarstöðu einstaklinga gagnvart stjórnvöldum. Eins og nú horfir er mjög á reiki réttur þeirra, sem tengjast málum í stjórnsýslunni, ekki aðeins á þessu sviði, heldur einnig á ýmsum öðrum sviðum. Í Noregi og Svíþjóð hafa verið sett sérstök stjórnsýslulög, þar sem tryggður er réttur borgaranna gagnvart stjórnvöldum.

Frv. til stjórnsýslulaga er væntanlegt í Danmörku, en þar er þörfin fyrir slíkar reglur ekki eins brýn og hér á landi, þar sem dönsk stjórnsýsla er í mun fastari skorðum en tíðkast um íslenska stjórnsýslu. Það er því orðið brýnt verkefni að setja heildarlöggjöf um málsmeðferð í íslenskri stjórnsýslu. Samhliða slíkum stjórnsýslulögum væri eðlilegt að setja lög um umboðsmann Alþingis, en í þessu efni sem öðrum verður að sjálfsögðu að hyggja að þeirri sérstöðu sem íslenskt þjóðfélag hefur í samfélagi þjóðanna.

Herra forseti.Eins og áður hefur komið fram ríkir nú mikil óvissa um aðgang almennings og málsaðila að upplýsingum frá almannastofnunum og þeim fyrirtækjum, sem eru í eigu ríkis og sveitarfélaga. Með frv. því, sem hér er til umr., er stefnt að því að tryggja þennan rétt almennings og málsaðila, en stjórnsýsluhöfum er í sjálfsvald sett hvort þeir ganga lengra en þeim er skylt að gera samkv. frv.

Því hefur verið haldið fram, að frv. þrengi rétt almennings, en ég tel það reginmisskilning og tel, eins og ég hygg að n. muni komast að þegar hún skoðar frv., að það rýmki þann rétt verulega. Segja má að tími sé til þess kominn, að orðið verði við þeirri kröfu, sem æ verður háværari, að stjórnsýslan verði gerð opnari. Með þessu frv. er tekið stórt skref í þá átt og því vænti ég þess, að Alþ. sjái sér fært að afgreiða frv. á þessu þingi. Hér er hins vegar um nýmæli að ræða í íslenskri löggjöf, þannig að ástæða er til þess að frv. í heild, svo og einstakar greinar þess og atriði verði skoðuð gaumgæfilega í meðferð þingsins.

Herra forseti. Að svo mæltu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. frestað.

Verðlag, frv. (þskj. 41). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti.Ég tel ekki þörf á því að hafa langa framsöguræðu fyrir þessu frv., sem hefur þegar verið til meðferðar í hv. Nd. Alþingis. Frv. gerir ráð fyrir því, að gildistökutíma laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem staðfest voru 16. maí s. l., verði frestað til 1. nóv. 1979, þannig að þau komi ekki til framkvæmda 16. nóv. 1978, 6 mánuðum eftir gildistöku, eins og gert var ráð fyrir í lögunum í vor.

Þegar frv. að þessum lögum var undirbúið af hæstv. fyrrv. ríkisstj., var gert ráð fyrir því í upphaflegum drögum frv., að frv. tæki ekki gildi fyrr en einu ári eftir að það hefði verið samþ. og afgreitt á Alþ. Ástæðurnar fyrir þessu voru þær, að í lögum þessum er gert ráð fyrir nýjum stjórnvöldum í verðlagsmálum, og undirbúningur og breyting í þá átt, að þessi nýju stjórnvöld geti rækt skyldur sínar, eru tímafrek og kosta mjög verulega fjármuni. Þau nýju stjórnvöld, sem hér er um að ræða, eru Verðlagsstofnun, og við hana yrði starfandi sérstök neytendamáladeild og meiningin var að koma á fót víðtækari neytendaþjónustu við almenning á vegum opinberra aðila en nokkru sinni hefur áður verið til hér á landi.

Í annan stað gerðu lögin og gera ráð fyrir því, að sett verði á stofn sérstök samkeppnisnefnd til þess að fylgjast með markaðsráðandi fyrirtækjum og hættum á samkeppnishömlum. Fráfarandi hæstv. ríkisstj. gerði ráð fyrir því í byrjun, að undirbúningur að því að koma þessu á laggirnar, þannig að skaplegt væri, tæki eitt ár, en síðan var þessu breytt í hálft ár.

Nú gerðist það, eins og allir vita, s. l. sumar, að hér

varð mikið umrót í stjórnmálum. Hafði það m. a. í för með sér, að ekki var undirbúið sem skyldi að þau lög tækju gildi sem hér er um að ræða, þannig að Verðlagsskrifstofan, sem verður í raun og veru stofn þeirrar stofnunar sem gert er ráð fyrir, er algerlega óundirbúin að yfirtaka þá nýju þætti, sem lögin gera ráð fyrir, þannig að skaplegt sé. Ég tel þess vegna nauðsynlegt af hreinum tæknilegum ástæðum, til þess að Verðlagsskrifstofan og viðskrn. geti undirbúið sig betur, að lengja gildistökutímann og fresta gildistöku til 1. nóv. 1979, og á það sjónarmið féllst hv. Nd. Alþingis.

Ég hef þessi orð ekki fleiri að sinni, en legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Stjórnarandstöðunni í þessari deild hafa borist tilmæli um að greiða fyrir því, að mál þetta nái lokaafgreiðslu í dag. Ástæðan er sú, að annars öðlast verðlagslögin gildi á morgun. Frestir eru allir útrunnir. Í sjálfu sér viljum við greiða fyrir þingstörfum og munum þess vegna greiða atkv. með afbrigðum, en væntanlega sitja hjá við afgreiðslu málsins. Okkur finnst þó, að við getum ætlast til þess af hæstv. viðskrh. með hliðsjón af því, að þetta er mál sem minn flokkur hefur lengi barist fyrir, að hann gefi um það yfirlýsingu, að það verði þegar í stað tekið hraustlega til höndum að undirbúa það að þetta mál geti náð fram að ganga að ári liðnu, þannig að það væri ekki hægt að koma aftur eftir eitt ár, hver sem ríkisstj. þá kann að vera, og segja: Nú er enn ekki tími til að framfylgja málinu, þar sem ekki hefur verið unnið að undirbúningi þess. — Ég fer þess vegna fram á það við hæstv. viðskrh., að hann gefi um það yfirlýsingu, að hann muni beita sér fyrir því, að málið verði undirbúið nú þegar og haldið áfram þeim undirbúningi þannig að örugglega muni þetta ár endast, og ég lýsi því jafnframt yfir, að stjórnarandstaðan mun greiða fyrir framgangi málsins, ekki hindra að það nái fram að ganga í dag, ef skýlaus yfirlýsing verður gefin á þann veg sem áður greinir.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti.Ég þakka fyrir þær vinsamlegu undirtektir sem málaleitan okkar fær hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. Í umr. um þetta mál í Nd. lagði ég á það áherslu, að nú þegar yrði hafist handa við að tryggja að Verðlagsstofnunin eða Verðlagsskrifstofan, eins og hún heitir núna, verði fær um að yfirtaka þau verkefni sem hér er gert ráð fyrir.

Eins og mönnum er kunnugt er ætlast til þess í þeim lögum, sem við erum að leggja til að verði frestað um hríð, að til skjalanna komi sérhæfðari starfskraftar en áður hafa verið við Verðlagsskrifstofuna, og ég hef lagt á það áherslu nú við undirbúning fjárlagagerðarinnar, bæði við formann fjvn. og hæstv. fjmrh., að það verði þegar við frágang fjárl. fyrir árið 1979 að gera ráð fyrir auknum fjármunum til Verðlagsskrifstofunnar til þess að unnt verði að tryggja það, að hún geti með skaplegum hætti sinnt þeim verkefnum sem henni eru ætluð samkv. þessum lögum og samkv. þeim hugmyndum sem almennt eru uppi um vinnubrögð slíkra stofnana.

Ég vil einnig láta það koma hér fram, að eftir að ég varð viðskrh. hef ég rætt við forustumenn verslunarinnar: Kaupmannasamtakanna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Verslunarráðs Íslands og fleiri aðila, um þessi mál, þannig að ég held að ég segi ekkert of mikið þegar ég segi að þessi mál eru í fullum gangi eða eins góðum gangi og þau geta verið af hálfu viðskrn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 69). — 1. umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég flyt frv. til 1. um breyt. á 1. nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl. Meðflm. eru Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. Austurl., og Hilmar Rósmundsson, 4. þm. Suðurl. Aðalgrein frv. hljóðar svo:

„17. tölul. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 500 bifreiðum árlega fyrir blaklað fólk eða lamað eða fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda af hverri bifreið má þó ekki nema meiru en 450 þús. kr. að viðbættri lækkun á innflutningsgjöldum, þannig að heildarlækkun verði ekki lægri fjárhæð en 1 millj. kr. á bifreið.

Þá skal heimilt að fella algerlega niður gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Niðurfelling gildir einnig fyrir talstöðvar í þessar 25 bifreiðar.

Fjmrh. skipar þriggja manna nefnd er úrskurðar umsóknir um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu tveir nm. vera læknar og skipaðir samkv. tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands, en sá þriðji án tilnefningar, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er rn. heimilt að fella algerlega niður fyrir framangreint fólk öll gjöld, þar með talinn söluskatt, af innfluttum gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpartækjum, sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess samkv. læknisvottorði og henta ekki öðru fólki."

2. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Við Íslendingar erum taldir stolt þjóð. Við teljum okkur gjarnan til gildis, að lífskjör okkar sem þjóðar séu með því besta sem gerist svo og þjóðartekjur miðað við íbúa. Vissulega viljum við stefna að því markmiði, að við og niðjar okkar getum búið við afkomuöryggi sem frjáls og fullvalda þjóð. Kapphlaupið um lífsgæðin er sjálfsagt óskráð lögmál í hinum frjálsa heimi. En vill ekki oft gleymast að ekki hafa allir þjóðfélagsborgarar jafnan rétt eða möguleika að fylgjast með eða njóta lífsgæðanna? Það gleymist býsna oft, að ótalinn fjöldi meðbræðra og systra hefur af ýmsum ástæðum orðið fyrir áföllum í lífinu sem skert hafa orku þeirra og getu til þátttöku í daglegu lífshlaupi og er þannig útilokað frá eðlilegum samskiptum í þjóðfélaginu á mörgum sviðum. Þetta á að sjálfsögðu við hvar sem er í heiminum.

Við Íslendingar erum fámenn þjóð þar sem segja má að allir þekki alla og eins og að framan segir efnalega vel settir. Það ætti því að vera auðvelt fyrir okkur að sjá til þess, að þeir meðbræður okkar og systur, sem hafa orðið fyrir áföllum í lífinu, fái eins góða meðhöndlun og samfélagslega hjálp og frekast er hægt að veita í nú-

tímaþjóðfélagi. Við höfum fyrirferðarmikið tryggingakerfi og heilbrigðisþjónustu, sem er um 40% af ársútgjöldum ríkis og sveitarfélaga. En því miður vantar mikið á að þetta kerfi spanni yfir það svið að aðstoða nægjanlega hinn mikla fjölda Íslendinga, sem eru öryrkjar, hreyfihamlaðir, blindir, málhaltir, þroskaheftir, ellihrumir o. s. frv. Á þessu verður að ráða bót. Við hljótum í velferðarþjóðfélagi að ráða við þetta verkefni, ef skilningur er jákvæður á gildi samhjálpar.

Sem betur fer er áhugi í þessum efnum vaxandi. Samtök áhugamanna hafa verið stofnuð, styrktarfélög, og fólk, sem þjáist af ýmsum erfiðum sjúkdómum, hefur myndað samtök til samhjálpar, og síðast, en ekki síst samtök öryrkja, svo og Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra.

Allt hefur þetta orðið til ómetanlegs ávinnings að því marki að gera lífsbaráttu þessa fólks viðráðanlegri og skapa öryggi. Hæst ber starf og árangur Sambands ísl. berklasjúklinga að Reykjalundi. Allir, sem lagt hafa hér hönd að verki, eiga þakkir og heiður skilið. Árangurinn á að verka hvatning til meira starfs, stærra framlags þjóðarinnar til þessara mála.

Ég hef persónulega fylgst með lífsbaráttu manns sem fyrir 20 árum varð fyrir svo hræðilegu slysi um borð í fiskibát að taka varð af honum annan fótinn um mjöðm og einnig hægri handlegg. Þetta var ungur maður fyrir 20 árum, giftur með 8 börn í ómegð. En lífsvilji og þrek þessa manns brotnaði ekki niður. Fjölskyldan hefur haldið saman, börnin nú flest uppkomin. En sem vitni að svo til daglegri baráttu þessa manns verð ég að viðurkenna, að þjóðfélagið, kerfið, hefur oft algerlega brugðist í slíkum tilfellum. Það þurfti auk strangrar sjúkralegu að senda þennan mann oftar en einu sinni til Svíþjóðar til að fá gervilimi sem hentuðu honum við þessar sérstöku aðstæður. Allt okkar tryggingakerfi var of seinvirkt og raunar óvirkt í þessu tilfelli. Ef ekki hefði komið til önnur aðstoð vina og samborgara, hefði þetta orðið ofviða.

Sama sagan heldur raunar áfram enn. Viðkomandi bæjarfélag þar sem fjölskyldan býr, sér ekki ástæðu til að fella niður heimtaugagjöld vegna hitaveitu né fasteignagjöld. Hann hafði ekki efni á að kaupa sér þægilega bifreið, sem væri sérútbúin við hans hæfi. En sálarþrek hans hefur ekki bilað og börnin hans öll eru nú nýtir samborgarar. Þetta er sönn saga, sem segir þó ekki hina miklu baráttu fjölskyldunnar, en sýnir þörfina á að öll þessi mál verði tekin til rækilegrar skoðunar, sem verði til þess að allt okkar samhjálparkerfi verði þess megnugt að hjálpa fólki, sem býr við þessar aðstæður, þannig að það búi við öryggi í lífinu.

Þörfin fyrir samhjálp er víða og hún mikil. Ég hef aðeins kynnst samtökum þroskaheftra. Ég hefði ekki trúað hversu stórt vandamál er þarna fyrir hendi. Það hefur farið lítið fyrir baráttu þessa fólks og samfélagið verið með hálflokuð augu, því miður. Ég vona einlæglega, að á þessu megi verða breyting. Ég minni á blinda og heyrnarskerta. Til skamms tíma hefur verið skortur á kennslu- og hjálpartækjum fyrir þetta fólk, ekki síst bókum, t. d. talbókagerð fyrir blinda og sjóndapra. Ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri til að hvetja stjórnvöld og hv. alþm. til að taka höndum saman um virkan stuðning við alla viðleitni til að hjálpa þessu fólki og umfram allt að skapa því aðstöðu til að taka þátt í daglegu lífi og til að gera mögulegt að nýta starfskrafta þess og hæfileika fyrir þjóðfélagið við ýmis mikilvæg störf. Endurhæfing, starfsþjálfun og atvinnuskilyrði eru að sjálfsögðu þýðingarmikill þáttur í þessu öllu. Það er vissulega ánægjulegt hversu samtök öryrkja hafa eflst og hve þau vinna ötullega að því að vekja athygli á stöðu öryrkja og nauðsyn þess, að samfélagið veiti lið í lífsbaráttu þeirra. Hafa fjölmiðlar sýnt málinu verðugan áhuga, ekki síst í seinni tíð, og komið á framfæri á eftirminnilegan hátt hversu margt er ógert í dag til að koma til móts við þarfir þessa fólks og auðvelda því að stunda störf í þjóðfélaginu.

Komið hefur fram, að það hefur farið fram hjá flestum, er séð hafa um hönnun framkvæmda og byggingarstarfsemi í landinu, að taka tillit til hreyfihamlaðs fólks til að komast í og um flestar byggingar. Dæmin um þetta blasa svo til alls staðar við. Í nýjum byggingarlögum er þetta leiðrétt, þannig að gera má ráð fyrir að hér eftir verði fullt tillit tekið til þessa við hönnun og byggingu nýrra mannvirkja. Verður að sjá svo um, að reglugerðir og byggingarsamþykktir taki af allan vafa um það. En brýnasta þörfin í dag er að framkvæma nauðsynlegar breytingar á eldri byggingum og þeim, sem nú eru í smíðum, ekki síst opinberum byggingum, svo sem heilsugæslustöðvum, skólum, samkomuhúsum, söfnum, verslunum o. s. frv., til að auðvelda þessu fólki greiðan aðgang. Hér þarf til að koma reglugerð, svo að gert verði skipulegt átak til framkvæmda sem tekið verði tillit til við gerð fjárlaga ríkisins og fjárhagsáætlana sveitarfélaga.

Sérstök nefnd fatlaðra, ferlinefnd fatlaðra, er að athuga þessi mál sérstaklega. S. l. sumar sendi hún frá sér bréf til ýmissa aðila, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ferlinefnd fatlaðra leitar liðsinnis yðar til þess að auðvelda fötluðu og öldruðu fólki að komast leiðar sinnar. Þegar skammtíma- og varanleg hreyfihömlun gerir armstafi eða hjólastóla að nauðsynlegu hjálpartæki koma oft í ljós annmarkar á húsnæði og umhverfi, svo sem of þröngar dyr og of háir þröskuldar, of lítil salerni, stigar og tröppur, þar að auki oft án handriðs, of þröng lyfta og tröppur að lyftu, gangstétt og bílastæði með föstu slitlagi er ekki í námunda við útidyr. Ef breyta á gömlu húsnæði eða byggja nýtt, hvort heldur er um að ræða íbúðar-, atvinnu- eða þjónustuhúsnæði, er nauðsynlegt að muna eftir hreyfihömluðu fólki áður en framkvæmdir hefjast.

Við biðjum yður vinsamlegast að hafa vandamál hreyfihamlaðra í huga og treystum á liðveislu yðar.

Ferlinefnd fatlaðra veitir fúslega allar nánari upplýsingar."

Vona ég, að þetta framtak fatlaðra hafi hvetjandi áhrif til aðgerða í þessu réttlætismáli.

Þetta frv. til l. um breytingu á tollskrárlögum er lagt fram til að reyna að lagfæra hluta af vandamálum fatlaðs fólks. Samþykkt þess, ef að lögum verður, yrði til að leysa úr miklum vanda fjölda öryrkja og auðvelda þeim aðstöðu til starfa, enda í fullu samræmi við ákveðnar óskir Öryrkjabandalags Íslands og Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra. Í samþykktum 19. þings og framkvæmdastjórnar Sjálfsbjargar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Farartækjamál: Á næsta ári verður úthlutað eftirgjöf aðflutningsgjalda af 500 bifreiðum til öryrkja. Af hinni árlegu úthlutun verði felld niður að fullu aðflutningsgjöld af bifreiðum til þeirra öryrkja, sem ekki komast ferða sinna án farartækis, og fái þeir jafnframt endur-

veitingu á þriggja ára fresti."

Í grg. með þessari till. segir Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra:

„Eftirgjöf meiri hluta aðflutningsgjalda er nú kr. 150000 + bifreiðagjöld 350 þús., hámarkseftirgjöf 500 þús. kr. Hærri eftirgjöf til 25 mikils fatlaðra ökumanna er 450 þús. kr. + bifreiðagjöld 550 þús., samtals hámark 1 millj. Hvað fyrri flokknum viðvíkur nær eftirgjöfin tæplega 1/10 hluta kostnaðarverðs bifreiðar í meðalverðflokki. Það liggur því í augum uppi, að tekjulitlum öryrkjum er nú orðið ókleift að festa kaup á bifreið. Sá hópur, sem fær hærri eftirgjöfina, þarf að öðru jöfnu fötlunarinnar vegna að kaupa sér stærri og jafnframt dýrari bifreiðar, t. d. með tilliti til hjólastóla. Þar nær 1 millj. kr. eftirgjöf skammt. Sem dæmi um hina geysilegu rýrnun á eftirgjöf vegna bifreiðakaupa fatlaðra nægir að benda á það, að fyrir um það bil 12 árum var eftirgjöfin helmingur af andvirði bifreiðarinnar.

Viðvíkjandi talstöðvum vill nefndin benda á þá miklu nauðsyn sem talstöðvar eru fötluðum bifreiðastjórum sem eru einir á ferð í bifreiðum sínum. Einnig má benda á margvísleg önnur afnot, sem fatlaðir geta haft af talstöðvum. Má sem dæmi nefna ýmiss konar þjónustu sem hægt er að leysa með þeim hætti.

Viðvíkjandi rekstrarkostnaði bifreiða fatlaðra vill þingið benda á eftirfarandi: Í nútímaþjóðfélagi er bifreið ekki munaður og fyrir hreyfihamlaða er hún ómissandi. Hún er fötluðum nauðsyn, bæði til þess að geta stundað atvinnu og verið almennur þátttakandi í þjóðfélaginu."

Raunar er þessi skilgreining þings fatlaðra nægjanleg.

Samkv. upplýsingum frá úthlutunarnefnd eftirgjafar aðflutningsgjalda voru umsóknir öryrkja um bifreiðar sem hér segir: 1977 635 bifreiðar, 1978 830 bifreiðar, úthlutað var 350 bifreiðum hvort ár um sig. Um 25 bifreiða flokkinn hefur ekki verið sótt að fullu, enda um sérsmíðaðan útbúnað að ræða, sem er mjög dýr, og þurfa bifreiðar einnig að vera mun stærri með tilliti til hjólastóla. Þeir, sem þurfa slíkar bifreiðar, eru þeir sem mest eru lamaðir, en hafa þó þrek til aksturs. Er því eðlilegt að fella öll gjöld niður af slíkum bifreiðum.

Eins og sjá má varð úthlutunarnefndin að vísa frá 480 umsóknum fatlaðra um lækkun aðflutningsgjalda á þessu ári. Ég hef upplýsingar um fjölda fólks sem hafði sérstaka þörf fyrir að fá bifreið á þessu ári, en hafði ekki fjárhagslega möguleika. Það er því brýn nauðsyn, að hér verði brugðist fljótt og vel við. Rétt er að undirstrika, að frá og með 1. jan. 1979 hefur fjmrn. ákveðið með bréfi til tollstjóra, að eigi skuli greiða söluskatt af þeim hluta aðflutningsgjalda af innfluttum bifreiðum fyrir öryrkja, sem felldur er niður við tollafgreiðslu samkv. 27. gr. tollskrárlaga. Hér er um að ræða mjög veigamikinn stuðning við öryrkja, sem ber að meta.

Í frv. er gert ráð fyrir heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af talstöðvum í þær 25 bifreiðar árlega sem öll aðflutningsgjöld af eru niður felld, þar sem brýnast er að þeir, sem fá slíkar bifreiðar, hafi sérstaka talstöð. Ýmsir annmarkar eru taldir á því að fella niður aðflutningsgjöld af talstöðvum í allar þær 500 bifreiðar árlega sem frv. fjallar um. Skal það ekki rökrætt hér, en þarfnast athugunar.

Í frv. er kveðið sterkar á en nú er að heimilt sé að fella algerlega niður fyrir fatlað fólk öll gjöld, þar með talinn söluskatt af tolli, af innfluttum gervilimum svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki. Við flm. teljum nauðsyn að taka hér af allan vafa, ekki síst með tilliti til ýmiss konar misskilnings sem oft verður vart varðandi túlkun þessa ákvæðis í tollskrá. Verður vart umræðna í fjölmiðlum um þetta atriði sem oft eru byggðar á misskilningi. Ég hef kynnt mér viðhorf starfsmanna í fjmrn., og virðist mér að fullur skilningur sé þar fyrir hendi að leysa úr þessum málum á þann hátt sem kemur örykjum best.

Í sambandi við skipan úthlutunanefndar vil ég taka sérstaklega fram, að við framkvæmd þessa ákvæðis núgildandi tollalaga hefur orðið sú breyting, að í n. eiga sæti 5 menn í stað 3, það eru fjóri læknar samkv. tilnefningu og einn án tilnefningar, sem jafnframt er formaður, enda umfang þessarar úthlutunar mikið. Þarf að taka tillit til þessa við meðferð málsins í nefnd. Að öðru leyti vísast til grg.

Herra forseti. Ég legg þetta frv. fram og vænti þess, að sú n., er fær málið til meðferðar, kanni vandlega hvernig hægt er að framkvæma þessa breytingu fljótt og vel. Legg ég til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

Umr. frestað.

Efri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 15. nóv., að loknum 14. fundi.

Verðlag, frv. (þskj.41, n.98 og 99). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til 1. um breyt. á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. skilar séráliti, þar sem hann gerir grein fyrir afstöðu sinni. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Ágúst Einarsson.

Við afgreiðslu þessara laga á s. l. vori kom það fram í fjh.- og viðskn. frá verðlagsstjóra, að sá frestur, sem gert er ráð fyrir til gildistöku laganna, væri mjög skammur ef ætti að ljúka viðunandi undirbúningi á þeim tíma, þar sem lögin gera ráð fyrir mjög umfangsmiklum breytingum á verðlagseftirliti. Hins vegar var lagt mjög mikið kapp á að þessi lög gætu komist til framkvæmda sem fyrst, þar sem álitið var að samþykkt þeirra væri til ótvíræðra bóta frá því sem nú er, enda margvísleg nýmæli í þeim. En eins og kom fram hjá hæstv. viðskrh. áðan, þá fór svo á s. l. sumri að ekki var unnið að því að koma þeim til framkvæmda eins og skyldi, þannig að nú þegar þau eiga að taka gildi á morgun er þessum undirbúningi hvergi nærri lokið, réttara sagt, að hann er mjög skammt á veg kominn. Þess vegna er óumflýjanlegt að veita þarna nýjan frest, og þá hefur verið miðað við það, sem gert var ráð fyrir í upphafi við samningu frv., að það yrði nálægt einu ári.

Meiri hl. leggur til að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Eins og nál. minni hl. ber með sér, mun hann ekki torvelda framgang málsins hér í dag, heldur þvert á móti greiða atkv. með afbrigðum, en síðan sitja hjá við endanlega afgreiðslu þessa máls. Mig langar til þess að fá að eyða örfáum mínútum í að ræða nokkuð efnislega um þetta stóra mál, en skal þó reyna að stikla einungis á stóru.

Það er alkunna, að á Íslandi hafa verið um fjögurra áratuga skeið mjög ströng verðlagsákvæði, yfirleitt hámarksálagningarákvæði. Þetta hefur að vísu ekki verið nákvæmlega í sama horfi allan þennan tíma, en ætíð mjög ströng verðlagsákvæði. Aðrar vestrænar þjóðir afléttu slíkum hömlum skömmu eftir styrjöldina. Það var mikið haftatímabil í Evrópu á fyrstu árum eftir styrjöldina, en þar var þá mjög erfitt efnahagsástand, en það var samdóma álit, held ég, nokkurn veginn allra, hvar í flokki sem þeir stóðu, að það kerfi mundi ekki verða líklegt til að örva framþróun og bæta lífskjör. Þess vegna hurfu allar aðrar þjóðir en við Íslendingar hér í okkar heimshluta frá þessu kerfi. Við höfum hins vegar búið við það fram á þennan dag.

Nú kynnu menn að halda — og vafalaust margir sem hafa haldið það og halda sumir enn — að þetta kerfi væri líklegt til þess að halda niðri verðlagi. Reynslan er hins vegar sú, að verðbólga er hvergi meiri í þessum heimshluta en einmitt hér hjá okkur. Kannske er það ekki fullgild sönnun fyrir því, að þetta verðlagskerfi sé óhæft. Auðvitað eru fleiri þættir sem þar koma til álita. Hitt er þó ljóst og um það verður ekki deilt, að þetta kerfi sem slíkt hefur ekki við okkar aðstæður megnað að halda niðri verðlagi. Þvert á móti, eins og ég sagði, er verðbólguþróun hér örari og uggvænlegri en annars staðar í okkar heimshluta. Skoðun mín er sú, að þetta kerfi hafi skaðað íslensku þjóðina gífurlega. Ég held að það verði ekki talið í tugum milljarða, heldur hundruðum milljarða, hvað viðskiptakjör hafa verið lakari fyrir það, að ekki var örvuð frjáls samkeppni og verslun gerð öflugri til þess að geta verslað í stærri stíl en gert er og gert hagkvæmari innkaup en ella. Þetta eru allt saman margrakin rök og gagnrökin líka og ég skal ekki fara ýkjalangt út í þá sálma

Þetta er, eins og ég sagði, skoðun mín og sannfæring, að fátt hafi verkað meir til að halda niðri lífskjörum á Íslandi og skaða þjóðarhagsmuni en einmitt þær hömlur og þau höft og þau vitlausu verðlagsákvæði sem hér hafa gilt, þar sem hafa verið sérstakir hagsmunir að gera sem óhagstæðust innkaup fyrir þjóðarheildina. Hafa viðsemjendur okkar vitað að íslenskur innflytjandi hagnaðist þeim mun meir sem innkaup hans voru óhagstæðari, og allir geta hugsað sér þá samningsaðstöðu sem maður er í erlendis, hversu gjarnan sem hann vildi koma verðlagi niður, þegar viðsemjandi hans veit að hann er að skaða sjálfan sig, ef hann leggur á sig erfiði til að koma innkaupsverði niður. Við vitum öll, að það hefur verið mikið „kommissionkerfi", eins og það er kallað, og að miklir fjármunir hafa farið forgörðum af þessum sökum. Lengra skal ég ekki fara út í þá sálma.

Það gerðist svo árið 1969, að allvíðtæk samstaða náðist með hagsmunasamtökum í landi okkar — mjög mörgum hagsmunasamtökum — um framlagningu frv. til verðlagslaga, sem gekk undir nafninu „Sonnefrumvarpið", en Sonne þessi er danskur sérfræðingur í verðlagsmálum, sem hafði hjálpað til við undirbúning og samningu þessa lagafrv. Það frv. var fellt í þessari hv. d., að mig minnir með jöfnum atkv., eftir að það hafði verið samþ. í Nd. Alþingis. Það var sem sagt rúmur helmingur alþm., sem fylgdi framgangi frv., en það féll — ég held ég fari rétt með það — á jöfnum atkv. við síðustu umr. í þessari d. Það hefur orðið til þess, að við höfum enn um nærri því eins áratugs skeið búið við þetta óhæfa kerfi í verðlagsmálum.

Svo gerðist það aftur á síðasta þingi, að loks náðist samstaða þáv. stjórnarflokka, en andstaða stjórnarandstöðunnar, um að fá samþykkt frv. mjög í anda þessa „Sonnefrv." og raunar að miklu leyti eftir því sniðið, en þó aðlagað breytingum eins og þær hafa orðið erlendis, í okkar nágrannalöndum, og höfð reynsla af framkvæmd sambærilegra eða svipaðra laga þar. Þetta var mér mikið gleðiefni og mörgum öðrum, þeim sem trúa á að frjálsræði og samkeppni muni leiða til aukinna hagsbóta fyrir þjóðina alla, þjóðarheildina og hvern einstakling.

Nú hefur það hins vegar gerst, að gildistöku þessara laga skal fresta um eins árs skeið. Út af fyrir sig má segja að við getum lifað í eitt ár í viðbót við þau 40 ár eða hvað þau nú eru mörg sem þessi vitleysa hefur haldist. En ég leyfi mér meira að segja að fagna því, að núv. hæstv. *ríkisstj. skuli þó ekki ganga lengra en að fresta gildistöku* laganna, hún skuli ekki gera tilraun til þeirrar stefnubreytingar sem maður hefði getað óttast að vissu marki vegna sumra af stjórnarflokkunum og þeirrar stefnu sem þeir hafa fylgt, að það yrði gerð tilraun til þess að kollvarpa þessum lögum með öllu, ekki einungis að fresta gildistöku þeirra, heldur að koma þeim fyrir kattarnef. Ég hlýt að fagna því, að svo langt er ekki gengið, og einnig því, að því ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. að snúa sér sérstaklega að 8. gr. laganna er ekki framfylgt, en þar segir, eins og allir vita, að samkeppni skuli vera frjáls til að tryggja æskilega verðmyndun þegar samkeppni er nægileg. Þess vegna er það fagnaðarefni út að fyrir sig, að einungis skuli vera um frestun á gildistökunni að ræða.

Ég vil raunar segja líka, að þessi lög mundu naumast hafa náð tilgangi sínum við aðstæður í dag, og ég hef ekki trú á því, að núv. hæstv. ríkisstj. mundi hafa framkvæmt þau með þeim hætti, að þau hefðu náð tilætluðum árangri, því að vissulega er það framkvæmdin ekki síður en lagabókstafurinn sem hefur meginþýðingu í þessu efni. Það þarf að sjálfsögðu mjög traust stjórnarfar til þess að lög eins og þessi nái tilætluðum árangri, eins og ég skal víkja að örfáum orðum nokkru síðar. Og fólkið verður auðvitað að hafa trú á því, að hugmyndin sé að framkvæma frjálsræði en ekki að það sé sýndarmennska.

Eitt af því, sem þyrfti að gera í sambandi við frjálsræði í verslun, sérstaklega innflutningsversluninni, væri að mínu mati að leyfa ótakmarkaðar heimildir til að taka *erlend vörukaupalán, þ. e. a. s. innflytendur mættu,* ef viðsemjendur þeirra erlendis vilja lána þeim á hagstæðum kjörum, nota sér það. Til viðbótar væri eðlilegt að tollur af innfluttum vörum væri með einhverjum greiðslufresti, þannig að vörurnar lægju ekki allar á hafnarbökkunum og væru ekki til afgreiðslu, heldur að samkeppni skapaðist vegna þess að nýtt fjármagn væri í versluninni og það væri kappsmál þeirra, sem hefðu fengið vörurnar í sínar vöruskemmur og sínar verslanir, að losna við þær og það væri kappsmál þeirra að lækka

verðið, og nánast allir þeir, sem við sæmileg efni búa, gætu tekið þátt í þeirri samkeppni. Auðvitað yrði niðurstaðan ekki sú, að aðilum í versluninni fjölgaði, þeim mundi áreiðanlega stórfækka, vegna þess að stærri einingar yrðu keyptar og þeir, sem stæðust hina hörðu samkeppni sem þá mundi vera, héldu velli, en hinir ekki, því að í rauninni má segja um ýmsa innflytjendur, gömul og gróin fyrirtæki, að þetta sé orðin nokkurs konar embættismennska, menn uni glaðir við sitt. Þeir hafa ákveðið fjármagn sem þeir nota til ákveðinna kaupa á ákveðnum vörumerkjum sem nokkurn veginn er öruggt að seljist hvað sem þau kosta. Þetta getur verið þægilegt, að hafa sín föstu, öruggu árslaun, en um samkeppni er ekki að ræða nema í mjög takmörkuðum mæli, og það er fyrst og fremst auðvitað þessu fornaldarkerfi að kenna sem við höfum búið við einir lýðfrjálsra þjóða um langan aldur.

Ég fagna því sérstaklega, að hæstv. ráðh. lýsti yfir að það yrðu auknir fjármunir á fjárlögum 1979 til að vinna að undirbúningi að framkvæmd þessara laga, og efast ég ekki um að hann muni standa við þær yfirlýsingar, og ég þakka fyrir þær.

En það eru ýmis ákvæði í þessum lögum önnur en beinlínis þetta meginákvæði 8. gr., sem vissulega eru geysilega mikilvæg ef þau væru framkvæmd. Það á auðvitað bæði við kaflann um óréttmæta viðskiptahætti, neytendaverndina, en auðvitað fyrst og síðast kannske um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlurnar. T. d. er það efni 21. gr., að allir samningar, samþykktir og samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu séu óheimil þegar verðlagning er frjáls. Við vitum að hér eru meiri og minni samtök um verðlagningu. Opinberlega samþykkja þessi og hin samtök að þau skuli fara svona eða svona að, þau skuli hafa svona og svona mikla vexti á sínum víxlum, svona og svona skamman eða langan greiðslufrest o. s. frv. Þetta á allt að banna. Það á að vera heilbrigð samkeppni og allt fyrir opnum tjöldum. (**StJ:** Þeir munu brjóta þau lög eins og þeir brjóta reglugerðirnar núna.) Brjóta þeir þau lög? (**StJ:** Já, ef þeim er látið haldast það uppi.) Fyrst þyrfti að leyfa lögum að öðlast gildi, áður en væri hægt að fullyrða að þeir mundu brjóta þau. Í 22. gr. laganna segir að samþykktir og samráð um tilboðsgerð t. d. séu líka óheimil. Þetta eru ekki óalgeng ákvæði í vestrænum löndum. Þar sem heilbrigð samkeppni ríkir eru yfirleitt slík lagaákvæði. Við vitum það allir, að menn eru mismunandi löghlýðnir, og sumir halda, að allir brjóti öll lög, en sem betur fer er það ekki svo. (**StJ:** Sumir brjóta þau, en aðrir brjóta þau ekki.) Já, hvernig var þetta með að halda mann af sér? Fleiri ákvæði eru í þessum dúr í þessum kafla, sem er einn merkasti kafli þessara laga, en frestast nú því miður líka.

Það hefði að sumu leyti verið æskilegt að reyna á það, — það er orðið um seinan og skal ég alveg eins ásaka mig og aðra fyrir að láta mér ekki detta það í hug, — að reyna á það í samstarfi milli stjórnarandstöðu og stjórnarflokkanna að einhverjir liðir þessa frv. tækju þegar gildi. T. d. er eitt, sem hefði verið sjálfsagt að fella niður, og það eru öll úreltu lögin í 54. gr., vegna þess að eitt af því merkasta við framlagningu þessa frv., það sem vakti hvað mesta athygli, var að þarna tekur Alþ. sig allt í einu til og fellir úr gildi eina 10 lagabálka, sem hafa hangið árum og áratugum saman í lagasafninu, vegna þess að sannleikurinn er sá, og þar tala ég sem lögfræðingur, að ég held að það yrði til mikilla bóta að strika út svo sem þriðjunginn af lagasafninu. Það mundi auðvelda mjög t. d. nám í háskólanum, þótt ekkert væri annað, og auðvelda fólki að átta sig á því, hvað væru lög í landi, ef menn gengju nú í það að strika meira og minna út öll þessi tilgangslausu lög og lög sem aldrei eru framkvæmd og enginn veit af.

Ég lofaði því, herra forseti, að vera hér ekki langorður, enda hugmyndin að reyna að afgreiða þetta mál og kannske fleiri nú á örfáum mínútum sem eftir eru þar til fundartími þingflokkanna byrjar, en ég mátti til með að koma þó að örlitlum aths. efnislega um þetta frv.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil bara þakka hv. fjh.- og viðskn. d. fyrir skjót viðbrögð í þessum efnum svo og öðrum hv. þm. Ég vil aðeins láta það koma fram hér, að ég vildi gjarnan ræða við hv. 5. þm. Norðurl. v. almennt um viðskiptamál við annað tækifæri og ekki byrja á því núna. En ég vil láta þess getið, að ég kannaði þann möguleika, sem hann nefndi varðandi það, að hluti laganna kæmi til framkvæmda eins og gert hafði verið ráð fyrir. Voru taldir á því margir tæknilegir örðugleikar, þannig að það var talið eðlilegra að ganga hreint til verks og fresta lögunum í heild heldur en taka einstaka kafla þeirra út úr til framkvæmda. — Þetta vildi ég láta koma fram

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 15. nóv., að loknum 15. fundi.

Verðlag, frv. (þskj. 41). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 101).

Upplýsingar hjá almannastofnunum, frv. (þskj. 74). — Frh. 1. umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þetta frv. á sér langan aðdraganda, eins og fram kemur í grg., og ég er ekki ein um þá skoðun, að æskilegt sé að setja lög um þetta efni. En ég er sannfærð um að sú löggjöf er mjög vandasöm. Það segja líka höfundar þessa frv. Á þessu stigi get ég hvorki tjáð mig fyllilega með frv. né fyllilega á móti því, eins og það liggur fyrir, en ég vil aðeins leyfa mér að benda á nokkur atriði. Þetta mál hefur verið svo

lengi til umfjöllunar, að mikill tími hefur gefist til umhugsunar, en nokkur atriði sýnast mér enn vera óljós. E. t. v. mun sú n., sem málið fær til athugunar, athuga dálítið þau atriði sem bent verður á í þessum umr.

Frv. veitir fyrst og fremst rétt til að ganga að upplýsingum. Það segir hins vegar minna um hvaða skyldur þeim eru lagðar á herðar sem notfæra sér þessi réttindi. Það eru almenn ákvæði um leiðbeiningaskyldu og refsi- og bótaákvæði ef misnotkunar á upplýsingaskyldunni verður vart. En ákvæði um það í gildandi lögum hafa því miður reynst gagnslítil og frv. þyrfti að leysa úr þeim vanda ellegar þá að jafnframt þyrfti að breyta öðrum lögum, sem um það gætu gilt, þ. e. a. s. um misnotkun á réttindum til notkunar upplýsinga.

Þá eru ýmis atriði frv. svo óljós, að það gæti valdið deilum. T. d. virðist að starfsmenn almannastofnana þurfi ekki að leiðbeina fólki um það, hvar upplýsingar sé að finna og hvort þær séu yfirleitt nokkrar til í stofnun þeirra. Um þetta fjalla niðurlagsorðin um 6. gr. í grg. á bls. 11. Sá sem vill fá aðgang að upplýsingum þarf að vita um mál sem hefur verið til meðferðar. En þá vaknar sú spurning: Hvað er mál í þessu sambandi? Dálítið óljóst er hvað það orð, eins og fleira í þessu frv., merkir. T. d. þarf að vera enn ljósara en þar er hvað almannastofnun er í merkingu frv. Það er að vísu nokkuð skýrt í 1. gr. En hvað væri t. d. um stofnanir eins og Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands? Eru það almannastofnanir í skilningi frv.? Um fleiri stofnanir gætu verið vafi. Og hvenær á að ákveða, hvort skjöl falla undir undanþáguna í 3. og 4. gr. Á að ákveða það strax þegar skjölin eru samin eða þegar þau berast almannastofnununum? Nægir t. d. að stimpla skjal trúnaðarmál, eða á að stimpla skjöl sem mismunandi mikil trúnaðarmál? Við þekkjum það, sem stundum er haldið fram, að sjaldan sé öruggara, að skjöl verði athuguð, en ef þau eru stimpluð sem trúnaðarmál, ég tala nú ekki um ef þau eru stimpluð algert trúnaðarmál, þá er ljóst að eitthvað forvitnilegt hlýtur að felast í skjalinu. Því er stundum haldið fram, að þetta geti einmitt sett í hættu þá leynd sem ætti að hvíla yfir málinu sem skjalið fjallar um, og sú hætta ætti að vera mun ljósari ef höfð eru í huga þau orð, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lét falla úti í salnum áðan, að allir brjóta sum lög og sumir brjóta öll. Þetta atriði er því ekki einhlítt. En hvernig er ef ein almannastofnun sendir annarri almannastofnun bréf? Hvor stofnunin á þá að ákveða hvort um trúnaðarmál sé að ræða? Á forstöðumaður annarrar stofnunarinnar að geta gefið forstöðumanni hinnar fyrirmæli, eða á sérviska annars forstöðumannsins að ráða? Og hvort á maður úti í bæ að snúa sér til stofnunarinnar, sem við getum kallað A, eða stofnunarinnar B.

Það eru fleiri orð í þessu frv. óljós en orðið almannastofnun. Hvað merkir orðið einkahagir? Í fyrri tölul. 3. gr. frv. er fjallað um það, og höfundar frv. segja sínar skoðanir á því, hvað séu einkahagir. Það eru t. d. hjúskaparmál, ættleiðingar, framfærsla, ætterni og heilsufar. Og skjölin, sem hér koma til greina, eru t. d. læknisvottorð, skrár og dagbækur sjúkrahúsa, sakavottorð, skattframtöl o. fl. þess háttar. Hvað er þá t. d. um það sem finna má í embættisbókum um faðerni óskilgetinna barna, um það t. d. hvort fólk sé gift eða ógift o. s. frv.? Og hvernig samrýmist þetta um einkahagina þeirri ráðagerð, sem fram kemur í 4. gr., að skjöl um rannsóknir á meintum lagabrotum verði öllum frjálst að skoða eftir að rannsókn lýkur? Og hvað um einkahagi og próf í skólum, sem virðast eftir 8. tölul. 4. gr. eiga að vera aðgengileg öllum að prófi loknu, jafnt úrlausnir einstakra nemenda sem athugasemdir þeirra sem sjá um verkefnin? Allt þetta geta verið fullkomin vafaatriði þegar fjallað er um svo viðkvæm atriði sem einkahagi manna.

Í 9. gr. frv. er talað um aðila máls og reynt að afmarka það hugtak í skýringum á bls. 6 og bls. 12. E. t. v. er ekki hægt að orða þetta nákvæmar, en um þetta getur leikið nokkur vafi. Hvað er t. d. um atriði, sem er töluvert algengt, hvort foreldri t. d. er aðili máls, ef leyft er að framkvæma einhvers konar þjóðfélagskönnun á þann hátt að spyrja börn um einkamál þeirra og foreldra þeirra í skólatímanum gegn vilja foreldris eða að því fornspurðu?

Í almennum ákvæðum í III. kafla frv. eru einnig ákvæði sem gott hefði verið að hafa dálítið gleggri. Eftir hvaða sjónarmiðum á t. d. að ákveða, hvort aðili máls fær eða fær ekki ljósrit af skjali, sbr. 12. gr.? Má kæra það samkv. 13. gr., ef ekki er tekin ákvörðun um það efni eða ekki er svarað? Og hvers vegna stendur ekki í frv., að máli megi skjóta til dómstóla? Virðist á grg. að orð 13. gr. beri ekki að skilja svo, að höfundar frv. hafi ætlast til að það ætti að takmarka heimild til þess í samræmi við almennar reglur.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða er til að fara nánar út í þetta mál. Við erum farin að venjast því hér á Alþ. að sjá mál á borðum okkar og telja að um afar sérfræðileg atriði sé að ræða. En sannleikurinn er sá, að þetta mál fjallar um atriði sem snerta afar marga borgara þjóðfélagsins.

Eitt atriði er vert að minna á í þessu sambandi almennt, og það er að á sama tíma og víða um lönd er unnið að því að gera upplýsingar hjá almannastofnunum sem allra aðgengilegastar og sem flestum frjálsar erum við að reyna að vinna að því, að slíkum upplýsingum sé haldið leyndum. Þar á ég við löggjöf um vernd gegn upplýsingamiðlun um menn úr tölvuskrám sem víða eru í ríkiskerfinu, svo sem í sjúkrahúsum, í menntakerfinu og á miklu fleiri stöðum. Löggjöf um þau efni, sem miðar að því að vernda einkahagsmuni manna, gengur í mörgum löndum gegn málinu sem við erum nú að fjalla um. Það hefur orðið töluvert vandamál sums staðar, að þessi tvenns konar lög hafa rekist á. Þetta er atriði sem e. t. v. þarf að hafa í huga við setningu þessara laga.

Ólafur Rangar Grímsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., snertir einn af mikilvægustu grundvallarþáttunum í þeirri þjóðfélagsgerð og því stjórnkerfi sem þróast hefur á Vesturlöndum á síðustu áratugum, og ber vissulega að fagna því, að haldið skuli áfram tilraunum til þess að setja lög um þetta efni hér á landi. En ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni, Ragnhildi Helgadóttur, að mér finnst þetta frv. að mörgu leyti í senn óljóst og ganga skemur í mörgum atriðum en ég held að væri hægt með eðlilegu móti. (**StJ:** Of langt í sumum.) Það má vel vera að svo sé, en þó finnst mér meginbragur frv. vera sá, að þótt að vissu leyti séu opnaðar dyr almennings hvað upplýsingaöflun snertir, þá sé nokkurn veginn jafnharðan skapaður möguleiki á að loka þeim, ef svo býður við að horfa.

Við 1. umr. þessa máls hér í d. væri vissulega tilefni til að fjalla ítarlega um þetta mikilvæga mál. Ég held að við

séum hér að takast á við eitt af þeim málum sem eiga eftir að vera mikið viðfangsefni í okkar stjórnkerfi á næstu árum og áratugum, ef þróun stjórnsýslu og upplýsingaöflunar í landinu heldur áfram eins og verið hefur hingað til.

Til þess að gera þetta mál ekki of langt á þessu stigi og vegna þess að ég reikna með því, að málið verði tekið til ítarlegrar umfjöllunar í n., ætla ég að reyna að halda mig eingöngu við þá helstu galla sem mér finnst vera á frv. í þeim búningi eins og það birtist hér. En ég vil, áður en ég vík að því, taka það skýrt fram, að ég tel frv. að vissu leyti spor í rétta átt þótt í sumum efnum sé nokkuð óljóst hvers eðlis það spor er. Áður en ég kem að þessum sérstöku atriðum vil ég enn ítreka það, að í því þjóðfélagskerfi, sem við búum við og hefur þróast í löndum okkur skyldum, hafa gerst þeir atburðir á undanförnum áratugum, að grundvöllur valdsins í samfélaginu liggur í æ ríkara mæli hjá þeim aðilum, sem hafa yfir upplýsingunum að ráða og geta ákveðið á hvern hátt upplýsingarnar dreifast um samfélagið. Sú einfalda regla, að um mál sé fjallað á opinn hátt með atkvæðagreiðslum, hefur í æ ríkara mæli orðið að víkja fyrir því, að upplýsingasöfnunin um málin er fengin stofnunum sem starfa meira og minna fyrir luktum dyrum á grundvelli gamalla embættishefða, og nýir valdaaðilar hafa risið upp í þjóðfélaginu sem hafa í raun og veru engan annan grundvöll fyrir afgerandi valdi sínu innan hinnar lýðræðislegu ákvörðunartöku heldur en forræði sitt yfir upplýsingunum einum. Ef við viljum varðveita þá opnu og lýræðislegu stjórnarhætti, sem að mínum dómi hafa verið eitt af aðalsmerkjum íslensks samfélags löngum, þrátt fyrir marga galla sem mætti rekja, þá erum við í vissri hættu nú einmitt á þessum áratug, að þegar þessar breytingar fara að setja svip á þjóðfélag okkar glötum við að verulegu leyti — á sumum sviðum kannske að öllu leyti — þessu aðalsmerki íslensks samfélags sem það hefur getað þróað með sér að nokkru leyti vegna smæðar þess og félagslegrar hefðar.

Að þessu leyti tel ég að það mál,sem við erum að fjalla hér um, snerti í raun og veru ekki aðeins þrönga starfshætti almannastofnana, heldur í raun og veru eitt af þeim grundvallaratriðum sem hafa skapað hér á landi það raunverulega lýðræðiskerfi, sem þróast hefur til hliðar við þau lýðræðislegu form sem mótast hafa í landinu. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að málið fái mjög vandlega meðferð í þinginu og sú nefnd, sem það skoðar vænti ég, reyni að breyta frv. í þá veru að það gangi enn lengra og verði mun skýrara en það er í þeim búningi sem það birtist hér.

Í raun og veru má segja, að það séu þrír grundvallareðlisþættir í þessu máli: Í fyrsta lagi er spurningin um tegund upplýsinga. Í öðru lagi er spurningin um takmarkanir upplýsinga. Og í þriðja lagi er spurningin um þann tíma sem á að líða hverju sinni þar til upplýsingarnar eða aðgangur að þeim á að liggja ljós fyrir.

Þetta frv. fjallar nokkuð ítarlega um tvö hin fyrstu af þessum þremur atriðum: tegundina og takmarkanirnar. En það fjallar mjög lítið um þriðja atriðið, sem að mínum dómi er kannske einna mikilvægast, og það er spurningin um tímann. Auk þess má segja, að megingalli þessa frv. sé sá sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir benti á áðan við lok sinnar ræðu, að það tekur nánast á engan hátt mið af því, að í tölvuvæddum og þróuðum þjóðfélögum eins og því, sem hefur verið að mótast hér á Íslandi, eru upplýsingarnar í æ ríkara mæli ekki í formi skjala, sem er grundvallarhugtak þessa frv., heldur í því geymsluformi sem tölvubankar og samtengdir tölvubankar nota hverju sinni. Og það er einmitt skorturinn á því að glíma við tölvuvæðingu upplýsingastreymisins og upplýsingageymslurnar í okkar samfélagi sem mér finnst e. t. v. veigamesti galli á þessu frv. og vekur alvarlegar spurningar um það, að hve miklu leyti það kann í reynd að koma almenningi í þessu landi, öllum einstaklingum sem vilja hagnýta sér réttindi þess, að notum. Mér finnst frv. sjálft vera grundvallað, ef ég má orða það svo í fullri vinsemd, á 19. aldar stjórnkerfi, þar sem hægagangur stjórnkerfisins krefst reglubundinnar skjalafærslu og bókana sem tíðkuðust þann tíma, en það taki ekki mið af því 20. aldar stjórnkerfi, ef ég má nota það hugtak í mjög almennum orðum til þess að skilja þarna á milli, þar sem æ stærri hluti þess efnisforða, sem stjórnvöld vinna úr, er settur saman úr þremur atriðum: Í fyrsta lagi tölvuvæddum upplýsingum og úrvinnslu af því tagi og aðgang að þeim. Í öðru lagi persónulegum samtölum og samskiptum, sem einn af ágætum seðlabankastjórum þessa lands kallaði einu sinni „símabýrókratíið“ á Íslandi. Og í þriðja lagi þeim minnisblöðum og frumskýrslum, sem eru æ ríkari þáttur í ferli ákvarðanatökunnar innan stjórnkerfisins og í þessu frv. virðast að verulegu leyti vera undanskilin þeim efniviði sem almenningur á að geta haft aðgang að.

Ef við skoðum eðli ákvarðanatökunnar í þróuðum stjórnkerfum, þá eru það þessir þrír þættir sem í raun og veru hafa ráðið og koma til með að ráða meiru um það, hvers konar ákvarðanir eru teknar, hvað ræður, hvaða stefna verður ofan á eða hvaða túlkun verður ofan á. Og ef það er tilgangur laganna að veita einstaklingunum og öðrum aðilum í þjóðfélaginu möguleika á að vita allan sannleikann, sem hlýtur að vera markmiðið, en ekki bara lokaútgáfu sannleikans, heldur að vita allan sannleikann og gang málsins á öllum stigum þess, til þess að geta vitað sjálfur hvernig og hvers vegna ákvörðunin, sem snertir hann á þennan hátt, var tekin, þá verður að opna alla þessa þætti. Ef það er gert setur það nýjar skyldur á embættismenn íslenska kerfisins, sem þeim hefur ekki verið gert að framfylgja til þessa. Ég held að það sé þess vegna nauðsynlegt, ef frv. af þessu tagi á að leiða til opnunar upplýsingastreymisins og aukins lýðræðis, sem ég vil kalla það, — þá er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því, að þetta krefst nýrra dagsdaglegra stjórnarhátta af embættiskerfi landsins, en ekki bara birtingu á lokaniðurstöðunum.

Hvað tölvuþáttinn snertir, þá má náttúrlega hafa um það langt mál, ég vil aðeins í örfáum setningum benda á það, að í okkar þjóðfélagi hafa nú skapast möguleikar — ég á við tæknilega möguleika — á því, að stjórnvöld eða aðilar, sem þau veita aðgang að þessum upplýsingum sem liggja fyrir í tölvuvæddu formi, geta tengt saman margar gjörólíkar skýrslur um einstaklinginn, lífsferil hans á ólíkum brautum: menntabrautum, heilbrigðisbrautum, afbrotabrautum, fjármálabrautum, og þannig skapað sér ítarlegt yfirlit yfir einkahagi og lífshlaup viðkomandi einstaklings og hugsanlega beitt þeirri greiningu, sem þar kemur fram, einkum og sér í lagi í jafnlitlu samfélagi og við búum hér, til þess að hafa ýmiss konar óeðlileg áhrif á viðhorf eða kjör viðkomandi einstaklings í félagslegu tilliti.

Hér hefur hlaðist upp fyrir tilviljun, ef ég má segja svo,

eða afmarkaða ætlun stofnana á óskyldum sviðum tölvuvæðing upplýsinga sem er saman komin í einum banka og í gegnum nafnnúmeratengingu og aðra slíka möguleika skapar stjórnvöldum og öðrum aðilum margvíslega, nánast stórbrotna, ef ég má orða það svo, nýja möguleika til þess að kortleggja lífshlaup einstaklingsins á hátt sem hingað til hefur verið algerlega útilokaður. Og ef við erum að reyna að tryggja sjálfstæði einstaklinga gagnvart gerræðisfullum ákvörðunum eða tilraunum stjórnvalda til þess að hafa óeðlileg áhrif á þeirra lífshlaup, þá liggur þarna kannske einhver mesta hætta sem við blasir í okkar þjóðfélagi, *ásamt svo því, að einokun ríkisvaldsins* t. d. á aðgangi að þessum upplýsingum getur skapað því í samanburði við ýmis fjöldasamtök í landinu, hagsmunasamtök og fjöldasamtök af ýmsu tagi, sem í dag hafa ekki aðgang að þessum tölvubönkum, stjórnunarlega séð svo sterka aðstöðu, að möguleikar fjöldasamtaka í okkar samfélagi til þess að hafa áhrif á stefnumótunina, þ. e. a. s. hina tæknilegu stefnumótun á hinum einstöku sviðum, yrðu nánast formið eitt. Ég held þess vegna, að annmarkar af þessu tagi, þ. e. a. s. að frv. er grundvallað á þröngum skilningi skjalahugtaksins, geri það mun takmarkaðra en ég hefði kosið. Við vitum að vinnsla, sem fer fram á æ fleiri sviðum í okkar þjóðfélagi, byggist á því, að það eru fyllt út eyðublöð sem síðan er eytt, en það, sem situr eftir, er tölvuvæðingin í geymslu banka.

Þetta er fyrsta atriðið sem ég vildi láta koma fram í athugasemdaformi.

Annað atriðið er að taka undir með hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur með það, að *hitt grundvallarhugtakið í* þessu frv., þ. e. a. s. hugtakið „mál", er einnig mjög óljóst og býður upp á margvíslegar túlkanir sem geta leitt praksísinn, ef ætti að fara eftir þessari löggjöf, inn á brautir sem eru e. t. v. ekki í samræmi við þann anda sem frv. er ætlað að vera samið í.

Þriðja atriðið snertir þá undanþágu sem kemur fram í 8. gr., að undanskilja það sem kallað er vinnuskjöl starfsmanna stofnana og fyrirtækja algerlega frá birtingu. Það er skoðun mín, að í velflestum tilvikum séu einmitt þessi vinnuskjöl mikilvægasti þátturinn. Ef þau eiga öll að vera undanskilin, þá er í raun og veru mjög takmarkað gagn að þeim upplýsingum sem viðkomandi fær að lokum í sínar hendur. Ég tel að ef menn almennt vilja halda sér við frv. í þeirri gerð, sem það er nú, og vilja ekki takast á við þann víðtæka vanda sem ég hef hér verið að benda á og síðasti ræðumaður einnig, þá verði að breyta a. m. k. þessum undanþáguákvæðum, sem eru í 8. gr., og vinnuskjölin öll eigi að liggja til grundvallar sem og að sú kvöð verði lögð á embættismennina, eins og tíðkast í ýmsum embættiskerfum erlendum, að þar eru embættismenn skyldaðir til að skrásetja niðurstöður símasamtala sinna við aðila mjög nákvæmlega.

Fjórða atriðið snertir þær undanþágur sem eru í 4. gr., og má hafa um þær mjög hliðstæð ummæli, að ég held að þær séu svo rúmar margar hverjar og ólíkum hlutum þar raðað saman í eina kippu undanþága, að með túlkun stjórnvalda, sem vildu gera framkvæmd laganna eins þrönga og kostur væri, væri í raun og veru með þessum ákvæðum hægt að eyðileggja að verulegu leyti möguleikana á því að ná einhverju fram. Mér finnst t. d. algerlega óeðlilegt að setja samskipti við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir öll undir einn hatt í þessum efnum. Við eigum margvísleg samskipti við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir sem alls ekki ættu að vera undir þessum ákvæðum. Ég vil t. d. benda á það mönnum til umhugsunar, hvort eðlilegt sé að Norðurlandaráð og NATO sitji þarna undir einum og sama hattinum.

Fimmta atriðið, sem ég vildi vekja athygli á, er það sem skortir í þetta frv., þ. e. ákvæði sem opna allar upplýsingarnar skilyðislaust eftir ákveðinn tíma. Í ýmsum löndum í okkar heimshluta hafa verið settar reglur um þetta efni sem fela það í sér, að eftir tiltekinn árafjölda skulu öll gögn liggja fyrir skilyðislaust. Um þetta eru ýmsar reglur: 25 ára regla, 30 ára regla o. s. frv. Ég er *þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt að setja um* þetta skýrar reglur hér og þær eigi að vera nokkuð mismunandi eftir því, hvers eðlis gögnin eru. Sumar stofnanir eiga að liggja algerlega opnar innan 5 eða 10 ára frá töku ákvörðunar. Annað, eins og gögn ríkisstjórna og ríkisstjórnafunda getur verið réttlætanlegt að geyma í 20 ár. En eftir eitthvert árabil, t. d. 25 ár, eiga öll gögn að liggja fyrir. Þá á starfsemi stjórnkerfisins að vera opin bók, bæði fyrir einstaklinga sem vilja kynna sér mál sem þá hafa snert, fyrir fræðimenn, fyrir fulltrúa fjöldasamtaka eða hverja aðra sem vilja nýta sér þessa reglu, og þetta eigi að gilda jafnt um samninga við erlend ríki sem ákvörðunartöku hér innanlands. Í þessu sambandi vil ég benda á þær reglur, sem gilda í Bandaríkjunum. Og í raun og veru, ef við ætluðum að rækja það sem sumir hafa stundum kallað „skyldur sagnaþjóðarinnar á okkar tímum við framtíðina" þá ættum við að hafa manndóm í okkur til að gefa þetta út, líkt og ýmsar aðrar menningarþjóðir gera, svo að þróun íslensks þjóðfélags á 20. öld sé þeim, *sem verða hér uppi á 21. öld, nokkurn veginn ljós*, eins og þróun þjóðfélagsins á söguöld.

Ég veit ekki hvort það er með ráðnum huga gert, að ákvæði af þessu tagi hafa ekki verið sett inn í frv. En ég tel, að þegar málið verður endanlega afgreitt, ef svo verður á þessu þingi, þá *eigi* að flytja brtt. um að opna skjölin algerlega eftir einhvern ákveðinn árafjölda. (Gripið fram í.) Já, ég tel að það geti verið nokkuð mismunandi reglur, en að það eigi að vera eitthvert árabil, segjum t. d. aldarfjórðungur, eftir þann tíma eigi öll skjölin að vera opin. Ég er fyrst og fremst að tala hér um þau skjöl sem snerta opinbera ákvarðanatöku og aðgerðir stjórnvalda í almennum málefnum. Það getur verið réttlætanlegt að geyma eitthvað skjöl sem eingöngu snerta tiltekinn einstakling, en í þessum ummælum mínum átti ég við aðgang að þeim skjölum sem snerta almenna stefnumótun í þjóðfélaginu.

Enn fremur vil ég taka undir með hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, að það er nokkuð óljóst til hvaða stofnana þetta frv. á að ná. Hér stendur í 1. gr.: „til fyrirtækja, sem eru algerlega í eigu ríkis eða sveitarfélaga". Ef ríkið á hluta í viðkomandi fyrirtæki, á það þá að vera algerlega undanþegið? Við skulum segja t. d. fyrirtæki sem Íslendingar stofna með erlendum aðilum. Eiga þau að vera algerlega undanskilin? Nefna má fjölmörg önnur dæmi um það, að einnig þetta atriði er nokkuð óljóst. Í raun og veru mætti segja, ef maður vildi hártoga frv., að höfundum þess hafi tekist á snilldarlegan hátt að semja svo óljóst frv. um flókið efni, að það sé nokkurn veginn ógerlegt að átta sig á því, hvernig eigi að framkvæma það. Ég skal að vísu játa það þeim til afsökunar, að viðfangsefnið er mjög flókið og erfitt, bæði frá tæknilegu sjónarmiði og almennu þjóðfélagslegu sjónarmiði.

Eins og ég sagði í upphafi, þá mætti fjalla miklu ítar-

legar um efnisþætti frv. En ég vildi strax í upphafi benda á nokkur veigamikil grundvallaratriði í frv. sem ég tel þurfa mikilla úrbóta við. Það er reyndar von mín, að sú nefnd, sem fær þetta frv. til meðferðar, leggist ekki á það og gefist upp við að breyta því, heldur reyni að sníða frv. í þá átt að gera það í fyrsta lagi miklu víðtækara hvað heimildir snertir en það er í þeim búningi sem það birtist hér, og í öðru lagi svo skýrt, að það veiti í raun og veru almenningi í þessu landi þau lýðræðislegu réttindi til upplýsingaöflunar sem við hljótum að gera kröfu til, ef við viljum ekki láta stofnanaþróunina og eðli upplýsingaöflunar í okkar landi kæfa hið raunverulega lýðræði sem við viljum búa við.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend aðeins upp til að þakka hv. þm. fyrir þær umr. sem hér hafa farið fram. Ég ætla ekki að svara einstökum ábendingum eða hugmyndum sem hefur verið hreyft. Ég hygg að sumt af því sé sæmilega skýrt í frv. þegar það er betur skoðað. Ég vil t. d. lýsa þeirri skoðun minni, að ég held að fyrirtæki eins og Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands falli tvímælalaust undir almannastofnanir, eins og tilgreint er í grg. með frv. Ég tel einnig að fram komi sæmilega í frv. sú málsmeðferð sem þarna er nauðsynleg, t. d. að skjóta megi máli til ráðh. og þá að sjálfsögðu ef viðkomandi finnst óeðlileg töf orðin á því að fá svar, og vitanlega er öllum frjálst að skjóta máli til dómstóla ef þeir telja lög á sér brotin.

En fyrst og fremst stóð ég upp til að geta þess hér, að frv. um aðgang að tölvuskrám er til meðferðar í dómsmrn. Það mál var lagt fram á síðasta þingi. Hins vegar hafa orðið mjög örar breytingar í slíkum málum í nágrannalöndum okkar, þar sem sums staðar hefur slík löggjöf verið sett, er annars staðar í undirbúningi. Einn af þeim nefndarmönnum, sem unnu að því máli, hefur haft sérstaka aðstöðu til að kynnast því erlendis, hann er starfandi erlendis. Ég ákvað því að bíða heimkomu hans, m. a. vegna ýmiss konar ábendinga sem fram hafa komið. Það frv. mun verða lagt fram er þing kemur saman að nýju eftir áramót. Mér finnst eðlilegt að þau mál verði athuguð að einhverju leyti saman, enda lagði ég í framsöguræðu minni enga áherslu á að þessu máli yrði hraðað svo að það gæti ekki orðið, og ég tek undir ábendingar hv. þm. um að þarna þarf samræmi að vera.

Ég ætla ekki að fara út í fræðilegar afleiðingar af þessu frv. Ég hygg að margt af því, sem hv. 3 landsk. þm. sagði, eigi fullan rétt á sér. Ég tek undir það, að illt er að sjá mörg einkenni íslensks þjóðfélags hverfa. Þau hafa gert það, og við fáum ekki haldið þeim í þeirri þjóðfélagsbyltingu sem er. Margra þeirra söknum við eflaust. Ég held að löggjöf eins og þessi muni tvímælalaust leiða til þess, að sum einkenni íslensks þjóðfélags hverfi. Hér er um nokkra nýbreytni að ræða.

Ég vek hins vegar athygli á því, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að hér er um mjög vandasama löggjöf að ræða, og reyndar kom það einnig fram hjá hv. 3. landsk. þm. Kannske er það kjarni málsins. Hér er um mjög vandasama löggjöf að ræða, hvernig eigi að rata hinn gullna meðalveg á milli þess, að fullnægt verði þeirri kröfu, að almenningur fái sem bestan aðgang að upplýsingum, án þess þó að spilla bæði meðferð máls og kannske hagsmunum annarra einstaklinga. Þetta er vandasamt mál, ég hygg að við getum öll tekið undir það. Og það fannst mér vera grunntónninn í því sem hér kom fram. Ég hygg að athuga eigi málið í nefnd með þetta í huga.

Ég vil taka undir það, að vel kemur til greina að setja í frv. ákvæði um aðgang eftir ákveðinn tíma að öðrum opinberum upplýsingum en hér er opnað fyrir. Þá þarf eflaust að athuga hvort það er almennt eða takmarkað. Það er enn eitt vandasamt atriði.

Skoðun mín, eftir að ég kynnti mér þetta frv. betur nú í haust heldur en ég gerði í fyrra, var sú, að mjög vandvirkir menn hefðu unnið að þessu máli, hugleitt það mikið og unnið vel í því og því væri eðlilegast að leggja frv. fram óbreytt nú í byrjun þings, en biðja, eins og ég gerði í framsöguræðu minni, þingnefnd, sem um það fjallar, að skoða málið vandlega. Og ég mun verða til umr. hér í hv. Alþ. um þær hugmyndir sem þar kunna að koma fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á hinu háa Alþ. frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands frá 17. júní 1944. Breyting sú, sem þetta frv. felur í sér, er, að aftan við 48. gr. stjórnarskrárinnar komi ný mgr., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingismaður, sem ekki er jafnframt ráðherra, má ekki hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana, einkaatvinnufyrirtækja eða fyrir einstaklinga á meðan Alþingi stendur yfir utan laun fyrir alþingisstörf úr ríkissjóði.“

Hér á Alþ. hafa þegar farið fram á þessu þingi umr. um þrjú frv. til breytinga á stjórnarskipunarlögum. Nokkrir hv. þm. hafa látið þá skoðun eindregið í ljós við þær umr., að frv. til breytinga á stjórnarskipunarlögum séu gagnslítil vegna þess að ákveðið er að kjósa stjórnarskrárnefnd fljótlega, þó enn hafi ekki orðið af skipun nefndar sem eigi að endurskoða stjórnarskrána og koma fram með breytingar innan tveggja ára frá þeim tíma sem n. tekur til starfa. Ég styð það heils hugar, að komið verði á fót nýrri stjskrn. þrátt fyrir misjafna reynslu af starfi slíkra n. fyrr, en með þá von í huga, að tilvonandi n. verði virkari en sú síðasta. Eigi að síður tel ég að þingið megi ekki skjóta sér í skjól bak við tilvonandi stjskrn. meðan hún situr að störfum. Breytingar, sem fela í sér nýmæli af einhverju tagi í stjskr., fær þingið þá góðan tíma til að íhuga og ræða, og þess vegna ákvað ég að bera þetta mál upp sem frv. til breytinga á stjórnarskipunarlögum strax á fyrsta þingi eftir kosningar, gagnstætt því sem gjarnan hefur tíðkast áður, að stjórnarskrárfrv. séu fátíð í umr. á Alþ. nema rétt síðustu vikurnar á kosningaþingi.

Launamál alþm. hafa verið í brennidepli á undanförnum árum. Sýnist þar sitt hverjum, sumum finnast launin og hlunnindagreiðslurnar háar samanborið við

ýmsar aðrar stéttir í landinu, en öðrum og þá kannske helst hv. þm. sjálfum, að launin séu lág, ef borið er saman við þann tilkostnað sem af starfinu hlýst. Ég held að um það geti verið samkomulag, að laun þm. eigi jafnan að vera góð til þess að efnahagslegt sjálfstæði þm. sé tryggt. Einnig tel ég að núverandi laun hv. þm. séu rúmlega mannsæmandi og ættu að tryggja efnalegt sjálfstæði hv. þm. Þótt kunnugt sé um hitt, að fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu taki hærri laun og sumir miklu hærri en hv. þm., væri fremur ástæða fyrir Alþ. að hækka ekki laun hv. þm. til móts við launahæstu viðmiðunaraðila, heldur beita sér fyrir því, að dregið verði úr því hrikalega launabili, sem viðgengst í þessu landi.

Starfshættir Alþingis hafa þegar verið mikið til umr. á þessu þingi. Það frv., sem hér er til umr., má gjarnan flokka með þeim málum er fjalla um starfshætti þingsins. Frv. er flutt m. a. í þeim tilgangi að auka virkni þingsins í störfum sínum. Í grg. með frv. segir svo m. a. um þetta efni, með leyfi forseta:

„Það hefur tíðkast að margir þm. hafa haft með höndum önnur störf, sem þeir hafa þegið laun fyrir samhliða þingstörfum, bæði hjá opinberum stofnunum, einkaatvinnufyrirtækjum eða einstaklingum. E. t. v. var þetta ekki óeðlilegt áður fyrr, þegar laun fyrir þingstörf voru tiltölulega lág og beinlínis gert ráð fyrir að þm. hefðu önnur launuð störf á hendi. Þá voru þingstörf að einhverju leyti víðaminni en nú er, þannig að ekki kom að sök þótt þm. ynnu önnur störf. En með tilliti til þess, að stjórnkerfið verður æ flóknara, hafa þingstörf án efa aukist. Nú eru greidd a. m. k. rúmlega mannsæmandi laun til þm. fyrir þingstörf, þannig að ekki ætti að vera fyrir hendi fjárhagsleg þörf fyrir þá að sinna öðrum störfum, miðað við það sem áður var.

Ætla má að ein afleiðing þess, að margir þm. hafa oft verið uppteknir af öðrum störfum samhliða þingstörfum, sé sú, að dregið hefur úr afköstum Alþingis hin seinni ár miðað við nútímakröfur um virkni Alþingis. Telja verður að starf þm. sé fullt starf, enda virðist það mat ráða a. m. k. þegar laun fyrir þingstörf hafa verið ákveðin hin seinni ár."

Ég tel að allir séu sammála um að virkni Alþ. þurfi að efla. Sjálfsögð réttlætismál, sem til kasta Alþ. koma, eru oft langan tíma að velkjast í meðförum þingsins án þess oft og tíðum að þau fái afgreiðslu. Samhliða þessu virðist sem Alþ. hafi tapað hluta af virðingu sinni um leið og vald embættismanna á kostnað þingsins hefur aukist. Þetta tel ég slæma þróun, sem verði að snúa við inn á rétta braut með því að efla vald þingsins og virkni þess. Þess vegna er þetta frv. m. a. flutt. Stjórnkerfið verður æ flóknara og þar með aukast þingstörf. Því tel ég ekki óeðlilegt að bundið verði í stjórnarskrá, að alþm., aðrir en ráðh., sinni ekki öðrum launuðum störfum á meðan þing stendur yfir. Ef þetta frv. yrði að lögum yrði að miklu leyti komið í veg fyrir að hv. þm. eyði dýrmætum starfskröftum sínum í önnur launuð störf en þingstörf, eins og gjarnan viðgengst nú, og hafi þar með betri tækifæri til að einbeita starfskröftum sínum innan þingsins.

Í skýrslu, sem dreift var nýlega á Alþ. um nefndaskipan á vegum ríkisins fyrir árið 1977, kemur í ljós, að 34 hv. þm. sem þá sátu á Alþ., höfðu setið í launuðum nefndum á vegum ríkisins það árið, í einni eða fleiri nefndum. Samkv. skýrslunni virðist mér að nokkrir hv. þm. hafi setið í allt að 7 launuðum n. af ýmsum toga spunnum. Í reglum um launamál hv. þm., er gegna einnig öðrum föstum opinberum störfum, segir á þá leið, að ef þm. gegni starfi samhliða þingstörfum á meðan þing stendur fái hann 3/5 fastra launa fyrir starfið á mánuði auk óskertra þingmannslauna, en þeir þm., sem stundi starfið aðeins þann tíma sem þing stendur ekki yfir, fái 3/10 af föstum launum og óskert þinglaun. Frv. það, sem hér er til umr., hefði það m. a. í för með sér, ef að lögum yrði, að fyrrnefndar reglur yrðu afnumdar. En frv. nær ekki einungis yfir hv. þm. í störfum hjá opinberum stofnunum, heldur nær það einnig yfir þá er hafa á hendi launuð störf hjá einkaatvinnufyrirtækjum á meðan þing stendur yfir.

9. gr. stjórnarskrárinnar fjallar um forseta Íslands og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Forseti lýðveldisins má ekki vera alþm. né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkaatvinnufyrirtæka.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans."

Í grg. með frv. segir svo um þetta efni, með leyfi forseta:

„Samkv. stjórnarskránni eru tveir aðilar kjörnir beinum kosningum. Er þar átt við forseta og alþm. Í 9. gr. stjórnarskrárinnar eru ákvæði er meina forseta að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja. Með þessu ákvæði í stjórnarskránni þykir ástæða til að styrkja stöðu forsetans þannig að hann verði fjárhagslega sjálfstæður og óháður ytri skilyrðum, en gera hann hæfari til starfa án utanaðkomandi þrýstings. Telja verður að þessi sjónarmið eigi einnig við um þm. Hliðstæð hætta er fyrir hendi á utanaðkomandi áhrifum, en nauðsyn ber til þess að þm. séu efnahagslega sjálfstæðir þannig að þeir þurfi ekki að vera öðrum háðir um fjárhagslega afkomu sína. Til móts við þetta sjónarmið hefur verið komið, þó það hafi ekki dugað til þess að allir þm. hætti öðrum launuðum störfum á meðan Alþ. stendur yfir, þrátt fyrir að þingstörf hafi seinni ár verið fremur vel launuð heldur en hitt.

Ekki er að finna ákvæði í stjórnarskránni um það að þm. beri laun fyrir þingstörf sín. Á sama hátt og stjórnarskráin tryggir forseta fjárhagslegt sjálfstæði með ákvæðum í 9. gr. um greiðslur til hans af ríkisfé, er eðlilegt að samsvarandi ákvæði séu um þm. í stjórnarskránni.

Þegar rætt er um laun fyrir önnur störf en þingstörf er m. a. átt við föst laun fyrir auka- eða aðalstörf á vegum opinberra stofnana, einkaatvinnufyrirtækja eða einstaklinga, greiðslur frá sömu aðilum vegna nefndarstarfa eða stjórnunarstarfa, ráðgjöf og aðstoð."

Þegar þessi mál hafa verið til umr. hefur jafnan verið bent á að nauðsynlegt sé að hv. þm. séu jafnan í sem nánustum tengslum við atvinnulífið og þessum rökum gjarnan beitt gegn ákvæðum frv. Ég tek heils hugar undir það sjónarmið, að efla verður tengsl hv. þm. og atvinnulífsins. Tel ég jafnvel koma til greina að Alþ. taki þau mál til nánari umr. og komi á einhverju skipulagi er tryggi slík tengsl. Þegar þing stendur ekki yfir gefst gott tækifæri til tengsla við atvinnulífið, og mættu þau tækifæri, sem til falla, nýtast betur til slíks en tíðkast hefur hingað til. Um þetta efni segir svo í grg. með frv., með leyfi forseta:

„Ef frv. þetta verður að lögum ná ákvæði þess eingöngu yfir þann tíma sem Alþ. stendur, þ. e. frá hausti fram á vor. Ekki þykir rétt að hefta þm. frá þátttöku í

atvinnulífinu þegar þingstörf hamla ekki, heldur ætti þvert á móti að setja hvetjandi ákvæði í lög eða reglugerðir um að þm. efldu tengsl sín við fólkið með því að gerast virkir á vinnumarkaðnum á sumrin heldur en nú er. Kæmi vel til álita að draga úr launum þm. eða hætta launagreiðslum alveg á meðan Alþ. starfar ekki, þ. e. yfir sumarmánuðina. Þetta frv. gefur svigrúm til slíkrar skipunar, þó ekki sé ástæða til að binda slík ákvæði í stjórnarskrá."

Þetta frv. er flutt til að efla virkni Alþingis og tryggja sjálfstæði hv. þm.

Ég vil ljúka máli mínu með því að vitna í niðurlag grg. frv., með leyfi forseta:

„Þetta frv., ef að lögum verður, miðar að því að þm. geti ekki þegið önnur laun eða greiðslur fyrir störf en fyrir alþingisstörf úr ríkissjóði. Hér er um mikilvægt atriði að ræða vegna nýrra viðhorfa, nýrra krafna til þm. og síðast en ekki síst með skírskotun til síðferðilegra raka. Það viðgengst almennt ekki á vinnumarkaðnum að launþegar fái greidd góð laun fyrir störf sem hægt er að hlaupa úr í tíma og ótíma vegna annarra starfa, sem gefa jafnvel jafnmiklar tekjur og launin fyrir aðalstarfið. Við slík siðferðileg sjónarmið verður Alþingi m. a. að samræma starfshætti sína og starfsskipan."

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til allshn. og 2. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að eyða mörgum orðum að þessu frv. sem hér er lagt fram og er nú til umr., vegna þess að af mörgum furðulegum till. og frv., sem borin hafa verið fram á þessu þingi, held ég að þetta sé það vitlausasta og fráleitasta sem sést hefur. Í þessu frv. er sem sagt lagt til að alþm. sé bannað að hafa aðrar tekjur en eingöngu þingfararkaupið, og flm. er svo hógvær í grg. að taka fram, að honum þyki ekki rétt að hefta þm. frá þátttöku í atvinnulífinu. Þetta er hófsamlega til orða tekið og er mikið lagt undir þegar verið er að velta fyrir sér þeim hugsanlega möguleika að banna þm. að taka þátt í atvinnulífi eða atvinnurekstri.

Þetta frv. minnir á að í langan tíma hafa farið fram ítarlegar umr. um stöðu þm., kjör þeirra og hlutverk þeirra almennt talað, og það er enn í fersku minni margra þegar fróðlegar umr. fóru fram um þessi mál og þar deildu tveir þingskörungar á sínum tíma, hv. þm. Bjarni Benediktsson og Eysteinn Jónsson. Þar komu fram þau meginsjónarmið annars vegar hjá hv. þáv. þm. Eysteini Jónssyni, að leggja skyldi áherslu á að þingstarfið væri fullt starf og því ætti að borga það vel og gera ráð fyrir því að menn sinntu því alfarið. Hins vegar lagði Bjarni Benediktsson áherslu á að þm. skyldu sem mest vera í snertingu við atvinnulíf og aðrar athafnir utan þings og það þyrfti að sækjast eftir því að á þing veldust menn sem hefðu nána þekkingu á atvinnulífi og umsvifum í þjóðfélaginu. Þessar umr. voru fróðlegar á sínum tíma og eru engan veginn útkljáðar enn þá. Þó hef ég litið svo á að þegar sú ákvörðun var tekin fyrir tæplega 10 árum að hækka verulega þingfararkaupið, þá hafi það verið staðfesting þingsins á því, að þingmennskan væri það viðamikið starf að greiða þyrfti það eins og um fullt starf væri að ræða.

Ég er sammála því og hef reyndar bæði í ræðu og riti tjáð mig um það, að mjög sé áríðandi fyrir þingið sem slíkt að þm. sinntu þessu starfi af alhug og hefðu það að fullu aðalstarfi. Það sjónarmið mitt byggist fyrst og fremst á því, að þjóðþingið á í seinni tíð mjög í vök að verjast gagnvart framkvæmdavaldinu og stjórnsýslunni, og með því að þjóðfélagið verður sífellt flóknara og yfirgripsmeira er auðvitað nauðsynlegt fyrir þm. að geta sinnt þingstarfinu svo að þeir geti sett sig inn í mál mjög ítarlega og hafi full tök á því að meta hvert mál sem berst sjálfstætt og án þess að vera teymdir beinlínis af framkvæmdavaldinu og rn.

Ég hef jafnframt verið talsmaður fyrir því, að þingfararkaupið ætti að vera gott, það ætti að launa þingstörfin og þingmennskuna vel til þess að menn þyrftu ekki að sækja í önnur störf vegna lélegra tekna á þingi. Þm. þurfa að vera efnalega sjálfstæðir, það er rétt, sem fram kemur í máli frsm. fyrir þessu frv. og þeir eiga undir venjulegum kringumstæðum að geta lifað mannsæmandi lífi að þingfararkaupinu og þurfa ekki að þiggja laun eða greiðslur frá aðilum úti í bæ og verða kannske að því leyti undir vissum kringumstæðum að einhverju leyti háðir þeim sömu aðilum. Það breytir hins vegar ekki hinu, að hverjum manni í þessu þjóðfélagi hlýtur að vera frjálst að taka að sér margvísleg störf, ef viðkomandi hefur tíma og starfskrafta til þess og hefur aðrar aðstæður til þess að sinna öðrum störfum. Sú meginregla hefur gilt á Íslandi, að mönnum sé ekki meinað að afla sér tekna ef þeir hafa til þess vilja og kraft, og auðvitað á það að gilda um þm. eins og aðra.

Þingmennskan er ársstarf og það er mikill misskilningur, sem fram kemur í grg. með þessu frv., að gera ráð fyrir að yfir sumartímann geti þm., af því að þingmennskan skapi þá ekki eins mikið annríki, farið að stunda önnur störf þann tíma. Ef menn sinna þingmennskunni vel eru þeir auðvitað að sinna sínum umbjóðendum, gæta hagsmuna þeirra og sinna sínu þingstarfi allan ársins hring og er ekkert lát á því. Ég geri ráð fyrir að nýir þm. muni fljótt kynnast því, að enda þótt þingfundir séu ekki haldnir í nokkra mánuði á ári, þá dregur lítið sem ekkert úr nauðsyn þess að sinna þessu starfi og þá á meðal kjósenda.

Ég átta mig ekki á því, hvernig hv. flm. þessa frv. hefur hugsað sér að koma í veg fyrir að alþm. taki laun hjá t. d. einkaatvinnufyrirtækjum eða einstaklingum á meðan á Alþ. stendur. Hvað t. d. með þá sem reka sjálfstæðan atvinnurekstur? Hvað með bændur? Hvað með ýmis nefndarstörf utan þings, sem þm. taka að sér og eru allajafna launuð? Og stendur ekki mjög misjafnlega á hjá þm? Þeir geta verið með stórar fjölskyldur, eiginkonur þeirra hafa kannske ekki aðstöðu til þess að vinna fyrir tekjum, og þeir þurfa e. t. v. að afla sér meiri tekna en þingmannslaunin eru á hverjum tíma, og vitaskuld á þeim að vera það frjálst, ef þeir vilja leggja það á sig.

Ég get hins vegar hugsanlega fallist á það, að undir vissum kringumstæðum sé hægt að setja þá reglu, af ef þm. eru í störfum hjá hinu opinbera verði einhver skerðing á launum að því leyti til, enda sé þá um að ræða fastar stöður hjá ríkisfyrirtæki. Viðkomandi ríkisstofnun verður auðvitað að gera ráð fyrir að starfi þar sé sinnt, og auðvitað hlýtur það að koma niður á því starfi eða þá þingmennskunni ef sami þm. sinnir þessum tveim störfum. Allt annað mál er það ef þm. er á launum hjá einkafyrirtæki. Þá er auðvitað háð vilja og samþykki þess fyrirtækis, hvort það vill sjá af þessum starfsmanni vegna þingstarfa einhvern tíma og draga úr störfum hans, og þá er það mál þm. og fyrirtækisins, hvort dregið er af launum hans eða ekki. En auðvitað á ekki að setja nein

lagaákvæði þar að lútandi.

Jafnframt finnst mér að það sé rétt að athuga hvort ráðh. eigi að þiggja þingfararkaup jafnframt ráðherralaunum. Ég held að rétt sé að ráðh. tjái sig um það sjálfir eða þeir sem hafa sinnt þeim embættum. Mér sýnist þó að það að taka að sér ráðherrastarf jafnframt þingmennsku sé nánast að taka að sér tvöfalt starf, og ég held að það sé ekkert ofgert við þá menn, sem ráðherradóm taka að sér, að þeir fái aukin laun fyrir þessa tvöföldu vinnu. Hins vegar er það sjónarmið stundum sett fram, að þegar þm. taka að sér ráðherradóm eigi varamenn að koma inn í þeirra stað og sinna þeirra þingstörfum, en það er vitanlega allt annað mál sem ekki er fjallað um í þessu frv.

Ég minnist þess, að í sumar var haft viðtal við hv. þm. Gunnlaug Stefánsson í einhverju blaði þar sem hann lýsti því yfir, að hann teldi það vera sjálfsagt mál að þm. færu á sjóinn yfir sumartímann. Ég er algerlega sammála því, að það er um að gera að senda þm. á sjóinn og út í atvinnulífið. En ætlast þá þessi sami þm. til þess, að þm. séu í sjálfboðaliðavinnu á togurunum yfir sumartímann? Eða hvernig fer það saman að flytja þetta frv. og banna mönnum að hafa laun hjá öðrum? (**GSt:** Lestu frv.) Ég er búinn að lesa frv. Það er alveg ljóst hvað hér stendur. Ég skal lesa það fyrir flm., ef hann hefur ekki lesið það sjálfur eða ef hann skilur það ekki nægilega vel. Í 3. mgr. 1. gr. þessa frv. segir svo með leyfi forseta:

„Alþm., sem ekki eru jafnframt ráðh., má ekki hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana, einkaatvinnufyrirtækja eða fyrir einstaklinga meðan Alþ. stendur yfir utan laun fyrir alþingisstörf úr ríkissjóði."

Ef það er hugsun þm. að menn megi taka laun yfir sumartímann af því að Alþ. standi þá ekki, þá er ég búinn að gera grein fyrir því, að á því er auðvitað enginn munur og þessi tillaga stenst auðvitað ekki.

Mér finnst þetta vera í sjálfu sér mál sem þurfi ekki mikillar umr. við. Það er fráleitt að þurfa að setja í lög að banna mönnum að þiggja laun með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Ég held að það sé best að þingið, einstakir þm., geri það upp við sig sjálfir, hvað þeir vilja leggja mikið á sig varðandi vinnu, og það sé síðan kjósenda sjálfra að taka ákvörðun um það, hvort þessi þm. sé hæfur til þess að sitja á þingi enda þótt hann sinni einhverjum öðrum störfum en þingmennskunni einni.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla að taka það fram strax í upphafi, að ég er í grundvallaratriðum samþykkur þessu frv. og tel að þarna sé tekið á mjög *þörfu máli. Það er mjög sérkennilegt um atvinnu alþm.*, að ég hygg að þeir muni vera þeir einu í öllu þjóðfélaginu sem geta haldið fulllaunaðri vinnu hér á þingi, en unnið síðan kannske megnið af sínum vinnudegi einhvers staðar úti í bæ og fengið önnur laun þar. Þeir geta verið á tvöföldum launum. Ég er ekki viss um að til séu dæmi um þetta annars staðar í þjóðfélaginu, og það verð ég að segja, að ef ég væri atvinnurekandi dytti mér aldrei í hug að ráða mér starfsmann sem ætlaði sér einungis að vinna að nafninu til hjá mér og þiggja einungis hjá mér laun, en vinna síðan í raun einhvers staðar annars staðar og taka þar laun líka.

Mér er alveg ljóst að fyrir þessu eru sögulegar ástæður. Það var áður fyrr skiljanlegt, þegar störf Alþingis voru öll mun einfaldari og fábrotnari en þau eru nú, þá var ekki þörf á því að þm. sinntu þingmennsku sem fullu starfi. Verkefnin kröfðust þess ekki. Nú eru tímar gerbreyttir. Störfin eru orðin mjög flókin, viðamikil, og það sem meira er, þau krefjast mikillar þekkingaröflunar og yfirlegu, þannig að ég er sannfærður um að enginn alþm., sem ætlar sér að taka þessi störf alvarlega og sinna þeim vel, getur komist hjá því að vinna þau sem fullt starf.

Það, sem um er að tefla hér, er einfaldlega það, hvort Alþ. vilji tryggja sér vinnuafköst þm., hvort það eigi að tryggja að þm. vinni hér í raun. Það er aðalatriði þessa máls. Þar kemur annað til líka. Við þekkjum það sjálfsagt öll, að erlendis eru ýmis dæmi þekkt um það, að einstaklingar og stórfyrirtæki greiða þm. á þjóðþingum þóknun, laun, stundum fyrir engin störf, stundum fyrir störf. Þetta er auðvitað gert í þeim tilgangi að tryggja sér stuðningsmenn á þingi til þess að reyna að hafa áhrif á gerðir þjóðkjörinna fulltrúa á þjóðþingum. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort þetta eigi við hjá okkur hér heima. *En það er alveg augljóst mál, að sá alþm., sem* þiggur laun einhvers staðar annars staðar en á Alþ., er háður atvinnuveitanda sínum. Það er ekki nokkur vafi á því. Hann er háður því að fá hjá honum launin, vill fá hjá honum launin og er þar af leiðandi að einhverju leyti undir hans áhrifum og hans áhrifavaldi. Og jafnvel þótt við getum kannske ekki nefnt beinlínis dæmi um þetta nú, enda er það óþarfi, þá sjá allir menn að hér er mikil hætta á ferðum. Það er hætta á því, að sá þm., sem þiggur laun einhvers staðar úti í bæ, verði undir óeðlilegum áhrifum frá atvinnuveitanda sínum, — áhrifum sem geta gersamlega breytt afstöðu hans á þinginu. Þessi rök liggja að baki þessu sérstaka ákvæði um forseta Íslands, sem hv. flm. gerði grein fyrir áðan, og mér finnst þessi rök vera nákvæmlega jafnsterk um þm., þannig að í þessum grundvallaratriðum er ég algerlega sammála þessu frv.

Hitt er allt annað mál, að það getur vel hugsast að rétt sé að taka upp eitthvert annað fyrirkomulag á þessu eða hægt sé að ímynda sér aðra tilhögun sem e. t. v. nær markinu eins, og ég vildi þá gjarnan heyra álit hv. þm. á því. Í þessu frv. er sú leið farin að banna þm. algerlega að taka laun annars staðar. Það er raunar líka hugsanleg sú leið að leyfa þm., sem vilja ekki starfa á þinginu að öllu leyti eða kæra sig ekki um það, vilja vinna annars staðar, — leyfa þeim það, en láta það þá koma niður á þingfararkaupi þeirra, draga þá í staðinn af þingfararkaupinu. Mér finnst það stríða á móti öllu réttlæti og allri skynsemi að þm. haldi fullu þingfararkaupi og hafi að auki störf og kaup annars staðar. Eg sé ekki nokkra skynsemi í því. Ef það eru margir þm. sem hafa áhuga á *því að vinna annars staðar og eru kannske hér bara af* gömlum vana, þá er e. t. v. allt í lagi að leyfa þeim það, en þeir eiga ekki að fá fullt þingfararkaup. Mér finnst það alveg fráleitt.

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði áðan að þetta væri vitlaust frv. Ég beið síðan spenntur að heyra hver vitleysan væri. Mér skildist að vitleysan væri þá helst fólgin í því, að með þessu ætti að hefta þm. frá því að taka þátt í atvinnulífinu. Þetta er hreinn misskilningur. Það er enginn þm. heftur frá því að taka þátt í atvinnulífinu. Hann getur einfaldlega hætt störfum sínum hér, ef hann hefur áhuga á einhverju öðru, og farið þá í atvinnulífið. Það, sem verið er að gera hér, er einfaldlega að tryggja að menn sinni sínu starfi. Ef einhver alþm. hefur meiri áhuga á atvinnulífinu, eins og hv. þm. Ellert B. Schram

nefndi, þá á hann að fara í atvinnulífið, þá á hann þar heima, þannig að vitleysan, sem hv. þm. Ellert B. Schram nefndi, var ósköp lítil.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Ellert B. Schram nefndi áðan, að hér urðu mjög fróðlegar umr. fyrir nokkrum árum milli merkra þingskörunga um atriði skyld þessu. Menn hafa gjarnan talað um að það sé mikil nauðsyn á að þm. hafi þekkingu á atvinnulífinu. Þetta er auðvitað alveg hárrétt. Þm. verða að hafa mikla þekkingu á atvinnulífi í landinu, og þeir verða raunar að hafa þekkingu á öllum málum sem varða íslensku þjóðina einhverju. En hvernig afla menn sér þekkingar á atvinnulífi? Hvernig afla menn sér t. d. þekkingar á sjávarútvegi? Er það nauðsynlegt til að fá yfirgripsmikla og grundvallaða þekkingu á sjávarútvegi að vera t. d. háseti á togara? Lærir maður í því starfi allt það sem máli skiptir í sjávarútvegi? Nei, augljóslega ekki. Menn læra auðvitað þar hagnýta hluti, en menn læra ekki allt. Það er ákaflega sérhæfð þekking og þröng sem menn fá með því að bara að vinna eitthvert tiltekið starf. Sá, sem ætlar að spjara sig hér á þinginu, verður helst að þekkja þetta allt, ekki bara einn atvinnuveg. Hann verður að þekkja iðnað, landbúnað og þetta allt saman. Þessi gamla — ég vil segja: lumma um það, að þekkingarþörf á atvinnulífinu eigi að ráða því, að menn geti unnið utan þings, á ekki við rök að styðjast.

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði að þingfararkaup ætti að vera gott, og ég er alveg sammála því. Ég held að það sé alveg sjálfsagt að greiða þm. svona sómasamleg laun. Þeir eiga auðvitað ekki að vera neinir hátekjumenn, þeir eiga að hafa sómasamleg laun, þannig að þeir geti verið sæmilega öruggir með afkomu sína. Um þetta er ekki ágreiningur okkar í milli, hv. þm. Ellerts B. Schram. Hitt stendur ágreiningurinn greinilega um, hvort þm. eigi að vinna fyrir kaupinu sínu. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að borga þeim þm. gott þingfararkaup sem vilja ekki vinna fyrir því, það sé fráleitt.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta neitt frekar. Ég ítreka það grundvallarsjónarmið, að ég styð þetta frv. Það getur vel verið að hægt sé að finna því heppilegra form. Ég útiloka það ekki, eins og ég var að nefna áðan. Það getur vel verið að ekki sé rétt að hafa algert bann, fara kannske þá leið, að ef einhver kýs að vinna annars staðar, þá missi hann allténd að hluta eða jafnvel allt sitt þingfararkaup.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja verulega umr. um þetta mál. Það hefur verið ítarlega rætt hér, eins og komið hefur fram í ræðum, og sýnist auðvitað sitt hverjum. Mín skoðun er sú, að þetta frv. sé í fyrsta lagi flutt á röngum tíma og það mundi vera vinnusparnaður hjá hv. þm. ef þeir slægju saman breytingum þeim á stjórnarskránni sem þeir hafa flutt í fernu lagi. Það mundi auka skilvirkni þá á Alþingi sem hv. flm. gerði að umræðuefni. Það mundi líka auka skilvirkni Alþingis ef menn styttu mál sitt og héldu ekki uppi hrókaræðum í öllum málum og þá ekki síst þeim sem allir vita að ekki verða afgreidd fyrr en stjórnarskrárendurskoðun er lokið.

Ég held að það sé ekki rétt, að þm. megi ekki vinna neitt annað en að sitja hér á þingi, og ég dreg í efa að það fengjust hæfir menn til starfa á Alþ. ef sú regla yrði alfarið upp tekin. Menn verða að gá að því, að í þingmennsku eiga menn framtíð sína óvissa og þeir, sem gefa sig að þingstörfum og sleppa öllu því sem þeir hafa haft, eru kannske áður en við er litið orðnir atvinnulausir menn og búnir að farga þeim möguleikum sem þeir höfðu — og hefðu ef þeir hefðu ekki sinnt þingmennsku. Menn þurfa ekki að halda að allir, sem hér eiga sæti, séu hér vegna þess að þeim þyki sérstaklega fínt eða varið í það að vera þm. Menn hafa sumir hverjir a. m. k. orðið þm. fyrir áskoranir og tilmæli fólksins í landinu og kosnir af því. Ég vil þess vegna, án þess að ég fari að gera þetta að umtalsefni í löngu máli, lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel að þetta frv. þurfi miklu betri skoðunar við en ég er tilbúinn að segjast hafa framkvæmt á því að svo stöddu.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson talaði um það, að skilvirkni Alþingis hefði farið minnkandi. Þessu vil ég alfarið neita. Ég er að vísu ekki búinn að vera hér neinn mannsaldur, en þó nægilega lengi til þess, að ég get fullyrt að þm. vinna ekkert lakar nú en áður var gert, nema síður sé. Ég veit ekki dæmi þess, — það má vera að flm. og þeir sem tala fyrir þessu frv. þekki það, — en ég þekki þau dæmi ekki, að þm. vanræki störf sín vegna annarra starfa. Ég þekki ekki þá menn þau ár sem ég hef verið hér. En það má vera að þeir séu nú til, þó þeir hafi ekki verið það.

Hitt er auðvitað annað mál, að þingstörf hafa aukist. Það er rétt. Með vaxandi þjóðfélagi, með aukinni kröfugerð, með meiri afskiptum löggjafarvalds af þjóðlífinu en áður var hafa þingstörf aukist og eru meiri, og ég hygg að þróunin sé líka sú, að miklu færri menn en áður stundi önnur störf en þingmennsku sem heitið geti. En að menn megi ekki undir neinum kringumstæðum taka laun fyrir vinnu sem þeir vinna utan þingtíma, á þá skoðun get ég ekki fallist. Hvar á þá að draga mörkin? Það hefur verið minnst á það hér og ég skal ekki fara langt út í það, en samkv. þessu frv. virðist vera alfarið bannað þm. að taka nokkur laun fyrir nokkuð annað en þingmennsku sína, og ég tel að það sé ekki rétt ráðið.

Sú röksemdafærsla, sem hér var uppi höfð áðan, að ef þm. vildu vera eitthvað annað en þm., þá gætu þeir það, er auðvitað þvílík fjarstæða að hún er ekki svaraverð. Ef þm. fer í annað starf, þá er hann ekki lengur þm., þannig að um það er ekkert að deila. Annaðhvort eru menn sem sagt þm. eða þeir eru það ekki.

Ég lýsi því sem minni skoðun, að ég er mótfallinn þessu frv. eins og það er í núverandi mynd. Það má vel vera að flm. vilji auka laun þm. þannig að þau séu svo há að útilokað sé að greiða hærri laun. Ég tel að því stigi hafi ekki verið náð að svo stöddu a. m. k. Ég tel ekki, að þingfararkaup sé svo hátt að það sé ósambærilegt eða of hátt miðað við önnur störf í þjóðfélaginu. Hér eru þýðingarmikil störf unnin, og þá á að launa þau vel. En að menn megi ekki hafa afskipti af neinu öðru en þingmennsku, það tel ég fjarstæðu.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Hv. þm. Ellert B. Schram hóf mál sitt á því, að hér væri um vitlaust og fráleitt mál að ræða. Það getur e. t. v. verið skoðun hans. Síðan ræddi hann þetta mál í nokkurn tíma, og þá kemur í ljós að 80% af því, sem hann segir, fellur heim og saman við það sem frv. mælir um. Hann fór mörgum orðum um það, að slæmt sé að þm. þurfi að vera háðir greiðslum úr hinni og þessari áttinni í atvinnulífinu og vissulega sé æskilegt að þm. gætu stundað störf sín og helst ekki önnur störf. Síðan spurði hann að því, hvernig koma mætti í veg fyrir að þm. þiggi launagreiðslur úr einkaatvinnurekstri ef þessi lög yrðu að raunveruleika.

Ég hef talið að þeim, sem kjörnir væru til Alþingis, mætti treysta til þess að fara eftir lögum og þeim reglugerðum sem settar eru hverju sinni, það þurfi ekki alltaf að gera ráð fyrir því, að verið sé að plata og pretta og þar eigi þm. e. t. v. hlut að máli eins og aðrir í samfélaginu. Það verður að gera þær lágmarkskröfur til manna sem takast þingmennsku á hendur og eru kjörnir til slíkra trúnaðarstarfa, að þeir fari að sjálfsögðu eftir þeim lögum og reglugerðum sem settar eru hverju sinni. Til þess tel ég raunverulega ekkert eftirlit þurfa, vegna þess að það á að vera sjálfsögð skylda manna að fara eftir slíkum lágmarksatriðum.

Einnig varð hv. þm. Ellert B. Schram ásamt hv. þm. Einari Ágústssyni tíðrætt um að þm. mættu ekki þiggja greiðslur fyrir önnur störf en þingstörf. En þeim hefur báðum láðst að átta sig á hvað frv. innihéldi, og þá kannske vegna þess að þeir eru uppteknir við önnur störf — ég veit ekki um það — þannig að þeir hafi ekki gefið sér tíma til að kynna sér efni frv. nógu vel. En það er tekið fram í frvgr., að þetta eigi eingöngu við þann tíma sem Alþ. stendur yfir. Þessum hv. þm. hlýtur að vera kunnugt um það, að þing er sett að hausti og því er slitið að vori og síðan er tími, um það bil 5-6 mánuðir, sem þing kemur ekki saman. Þá gefst mjög gott tækifæri fyrir þm. til þess að fara út í atvinnulífið og efla á þann hátt tengsl sín ekki aðeins við atvinnureksturinn í landinu, heldur fólkið sem stundar störf úti í atvinnulífinu. Ég tel ekki síður nauðsyn á því að yfir sumarmánuðina leggi þm. sig fram um að kynnast þessu fólki, sjónarmiðum þess, lífi þess og starfi, og það gerist best með því að vinna við hlið þess.

Um það, sem hv. þm. Einar Ágústsson sagði, að frv. væri komið fram á röngum tíma, þá tók ég fram í framsögu, að það hefði tíðkast að síðustu vikurnar á síðasta þingi fyrir kosningar flykktust hv. þm. hér fram með ýmiss konar kraftaverkalausnir á stjórnarskránni, til þess að ekki verði um þá sagt að þeir hafi ekki reynt að leggja eitt eða annað af mörkum til að fá þar ýmsu breytt áður en til kosninga yrði gengið. Niðurstaðan hefur eigi að síður alltaf orðið sú, að þá hefur gjarnan verið um miklar annir að ræða í þinginu þannig að ekki hefur tekist að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskránni á svo stuttum tíma. Þess vegna lagði ég áherslu á að þetta mál væri flutt í upphafi þings, gagnstætt því sem venja hefur verið, til þess að það gæfist góður tími á kjörtímabilinu til að ræða stjórnarskrármál og gera þær breytingar sem gera þarf á þessu kjörtímabili, þrátt fyrir það að stjórnarskrárnefnd taki til starfa og undirbúi þau mál einnig.

E. t. v. er það rétt, að það þurfi að efla virkni þingsins. Ég lagði áherslu á það í ræðu minni áðan. Ég talaði aftur á móti ekki um að virkni þingsins hefði minnkað. Hún hefur ekki staðist kröfur tímans af því að stjórnkerfið er orðið flóknara en það var áður, og þess vegna tel ég að virkni þingsins þyrfti og yrði að vera meiri til þess að koma til móts við það sjónarmið.

Síðast en ekki síst vil ég benda á þá staðreynd, að stór hluti af valdi Alþingis virðist vera að færast yfir í hendur embættismanna. Gildi reglugerða við lög af ýmsu tagi er að aukast, og virðist sem þróunin stefni í þá átt, að hér séu fyrst og fremst afgreidd nokkurs konar rammalög, en síðan eru það reglugerðirnar raunverulega sem segja til um hvernig lögunum skal beita í nákvæmnisatriðum. Þar með er verið að færa í meiri mæli en ég tel ástæðu til vald úr hendi þingsins yfir til embættismannanna. Eina ástæðuna til þess tel ég vera, að þm. eru gjarnan uppteknir af öðrum störfum, nefndarstörfum víða úti í bæ, sækjast eftir störfum í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera, sækjast eftir nýju valdi í úthlutunarsjóðum ýmiss konar, í staðinn fyrir að standa undir því valdi, sem Alþ. veitir þeim sem hv. alþm., beita því á réttan hátt og efla það eftir þeim mætti sem hægt er þannig að lýðræðinu verði best borgið í okkar samfélagi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég vona að ég geti nýtt tíma minn til þess að halda áfram að vinna að þessu máli hér innan þingsins, þannig að nýr tími og ný þróun, nýjar siðferðilegar kröfur, sem fólk gerir til Alþ. og til þess lýðræðis, sem hér á að vera, megi sín einhvers hér á hinu háa Alþingi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég held að það sé misráðið hjá hv. flm. að jafna embætti sínu við embætti forsetans, eins og hann gerði í framsöguræðu sinni. Það er mesti misskilningur. Við eigum náttúrlega að vera vandir að virðingu okkar, alþm., en við eigum að kunna okkur hóf í þessu efni, og í mínum huga a. m. k. finnst mér ég ekki vera forseti landsins og eigi ekki jafnframt að taka á mig þær kvaðir sem forsetinn hefur enda ekki launaður eins og hann.

Hins vegar vil ég taka undir meininguna í þessu frv., því að hún er rétt og góð eins og von var á hjá hv. þm. Það er alls ekki rétt hjá hv. þm. Ellert B. Schram, að þetta sé vitlausasta mál sem sést hafi hér á þinginu. Við erum nefnilega ýmsu vanir. Meira að segja hef ég séð hér mál frá hv. þm. Ellert B. Schram sem ég hef hálfhrokkið við að sjá, en mörg hafa verið stórgóð af málum þeim sem hann hefur lagt fram, eins og menn vita. En það er bara misjafn sauður í mörgu fé, og eins er sjálfsagt í möppu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar sem hann tætir upp úr hvert málið eftir annað, en sum ekki mjög rækilega undirbúin.

Rótin að þessu frv. er sjálfsagt sú að sumir þm. hafa verið um of öðrum störfum hlaðnir, og það eru einkum þeir menn sem hafa störf með höndum hér í bænum og sinna þeim hálfa og heila dagana. Sumir geta gert þetta um helgar og farið vel á því. Ég veit meira að segja um einn þm. sem var forfallakennari í fyrravetur og gat iðulega ekki mætt á nefndarfundum fyrir bragðið. Það er náttúrlega ekki gott ef menn eru ekki tiltækir að gegna sínum þingskyldum þegar skyldan á annað borð kallar. En það er mikil nauðsyn að slitna ekki úr tengslum við það líf sem lifað er í landinu, eins og þeir hv. bræður báðir eru búnir að taka fram og raunar a. m. k. annar þeirra, hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson, er búinn að undirstrika rækilega í ræðu sinni. Ég hygg að hann hefði ekki nema gott af því, jafnvel ekki einasta í sumarfríum, heldur jafnvel um helgar, að kynna sér mannlíf og atvinnulíf í Norðurlandskjördæmi vestra svo að hann verði góður þm., eins og við viljum allir reyna að vera.

Svo er líka hitt, að sumir hafa meiri starfsorku en aðrir, og ef mönnum væri bannað að vinna annað en þeir gætu gert hér í þingsölum, þá gæti svo farið að tómstundirnar yrðu þeim óbærilegar og þeir legðust t. d. í kvennafar, íþróttir eða einhverja vitleysu.

Þá er líka það, að sumir hv. þm. hafa meiri störf með höndum en aðrir, og það er alveg nauðsynlegt að sumir hv. alþm. séu gersamlega atvinnumenn í pólitík, vegna þess að ekki einasta í þingleyfum og þinghléum, heldur einnig um helgar og hverja lausa stund þurfa a. m. k. í

þeim flokkum, sem eru í stjórnaraðstöðu, einhverjir að vera tiltækir til þess að undirbúa mál og taka að sér störf sem til falla. Sumir reyna líka að tempra við sig aukastörf til þess að geta haldið í atvinnurekstur sinn eða sín fyrri störf.

Það er ákaflega mikil nauðsyn að mínum dómi að þm. séu efnalega sjálfstæðir, ekki kannske að þeir séu stórríkir, heldur að þeim finnist þeir vera efnalega sjálfstæðir. Svo framarlega sem þm. er efnalega sjálfstæður er hann frjáls. Annars er hann ekki frjáls. Þm. hefur, eins og dæmin sanna, orðið höfuðgjarnt. Sumir verða þm., eins og hv. þm. Einar Ágústsson tók skýrlega fram, vegna áhuga síns eða kjósenda eða mannkosta sinna. Sumir verða þm. fyrir tilviljun, það þýðir ekkert að neita því, og jafnvel fyrir röð af tilviljunum, og ég er sjálfsagt í þeirra hópi, og þeim á að sjálfsögðu að vera höfuðgjarnt. Við erum ekki tryggir til æviloka, ekki einu sinni 12 ár samfleytt, hv. þm. Þá er betra að hafa að einhverjum störfum að hverfa, og ég segi fyrir mig, að ég vildi alls ekki eiga efnahagslega framtíð mína, efnahagslega afkomu fjölskyldu minnar alfarið undir kjósendum, félögum mínum ágætum í Framsfl. eða einum eða neinum. Ég er ekkert ósáttur við það að eiga nokkurn bakhjarl í fáeinum kindum fyrir norðan, ef svo vildi verkast, að ég ylti héðan út eða hætti að nenna að standa í þessu.

Ég held að meiningin í þessu frv. sé býsna góð. Formið er bara ekki það heppilegasta. Það á skilyrðislaust að krefja þm. um það, að þeir reyni að vinna fyrir kaupinu sínu og gegni þingstörfum. Hins vegar sé ég ekkert athugavert við það og jafnvel mikinn kost ef þeir geta komist yfir meira, þá þeir um það. En ef þeir gegna ekki starfi sínu með sómasamlegum hætti, þá eiga kjósendur að sjá um að losa þá við það.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég lýsti þeirri skoðun minni áðan, að ég teldi þetta vera eitt fráleitasta frv. sem hér hefur verið lagt fram. Meginefni þess er að banna þm. að þiggja laun annars staðar frá, og ég tel að þetta meginatriði í frv. sé þess eðlis, að útilokað og fráleitt sé að samþykkja það. Það getur verið að ég hafi tekið þannig til orða, að ég hafi talið þetta vitlausasta frv. sem lagt hefur verið fram, og ég skal þá játa að ég gáði ekki að því í staflanum hvort hv. þm. Páll Pétursson hefði flutt frv., en ég skal endurskoða þessa fullyrðingu mína ef það kemur í ljós. En ég hef lúmskan grun um að honum hafi ekki unnist tími til þess enn þá að flytja hér margar tillögur, en það kemur þá til athugunar hvort það stenst þennan samanburð.

Það kom fram í máli hv. þm. Finns Torfa Stefánssonar, að tilgangur þessa frv. er að tryggja það að þm. sinni þingstörfum, ég held að ég hafi tekið rétt eftir því. Ætlar nú þingið að fara að taka það að sér að tryggja að menn sinni þingstörfum? Á þingið sem slíkt að fara að leggja dóm á það og fara að skylda menn til þess að sinna störfum eftir einhverri ákveðinni formúlu? Hvernig á að mæla þetta? Á að mæla þetta eftir því, hvað menn flytja hér mörg mál eða hvað menn halda margar ræður eða hversu langar ræður þeir halda eða hversu lengi þeir sitja hér inni undir umr. — eða hvaða mælikvarða á að leggja á það, hvort menn sinni þingstörfum sínum eða ekki? Ég hef vissu fyrir því, að hér sitja inni og eru á þingi fjölmargir menn sem eru ekki alltaf blaðskellandi upp í ræðustól eða flytjandi mál í sífellu, en eru þó hinir nýtustu þm. vegna þess að þeir vinna störf sín í kyrrþey og vinna vel þannig, hafa áhrif með öðrum hætti en tala og flytja mál. Sannleikurinn er sá, sem við uppgötvuðum sem vorum hér á síðasta kjörtímabili, að þeir hafa ekki alltaf mestu áhrifin sem hæst tala.

Ég vil fullyrða það, að þetta frv. mundi leiða til þess að við kæmum hér upp atvinnustjórnmálamönnum. Niðurstaðan af þessu máli yrði sú, að hér yrði sveit atvinnustjórnmálamanna. Eru menn tilbúnir að samþykkja það? Ég er því andvígur. Ég held t. d. að þó að menn fyrir tilviljun eða fyrir röð af tilviljunum fljóti hingað inn á þing, menn sem stunda búrekstur norður í Húnaþingi, væri mikill skaði að því og væri ákaflega ósanngjarnt gagnvart þeim að banna þeim að hafa tekjur af búrekstrinum eða þeim fáu skjátum sem þeir hefðu þar sér til afþreyingar. (Gripið fram í.) Ég kem að þessu með afþreyingarnar síðar.

Hvað ætla menn að gera við atvinnurekandann sem velst til framboðs fyrir einhvern stjórnmálaflokk og sest á þing? Á að skipa honum að leggja niður fyrirtækið og banna honum að hafa tekjur af því, ef hann sinnir þessu fyrirtæki sínu á kvöldin eða á öðrum tímum, þegar hann hefur aðstöðu til? Hvað á að gera við forsvarsmann og forustumann í verkalýðshreyfingunni, eins og t. d. hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, sem nú er nýsestur á þing og hefur, að ég best veit, laun hjá Dagsbrún? Á hann að endursenda launaumslagið. (**GJG:** Ég var tekinn af launaskrá í gær.) Tekinn af launaskrá í gær, það er mjög virðingarvert ef það er gert. (Gripið fram í.) Þá er það mál Dagsbrúnar og þessa starfsmanns hvort svo sé gert eða ekki. En þingið á ekkert að fara að setja lög um það, að hann megi ekki þiggja þessi laun.

Ég segi fyrir mig, að ég eyði miklum tíma í félagsmálastörf fyrir íþróttahreyfinguna. Að vísu þigg ég engin laun fyrir það, en það fer mikill tími í það, bæði um helgar og á kvöldin og yfir sumartímann. Ég vildi ekki sitja undir því, að þingið bannaði mér að taka laun fyrir þennan mikla tíma og þá miklu vinnu sem fer í þetta, ef samkomulag væri um það milli mín og viðkomandi íþróttasamtaka.

Svona mætti áfram telja. Ég held sem sagt varðandi menn sem taka að sér hvort sem eru félagsmálastörf, nefndarstörf, blaðamennsku, hvað eina sem væri, að það væri fráleitt að fara að banna með lögum að þeir þægju einhverja greiðslu fyrir það, ef viðkomandi aðilum sýndist að það væri þess virði að greiða þeim laun og halda þessum starfskröftum. Og ég held að það væri gagnlegt fyrir þm. að geta verið í snertingu við slíka félagsmálastarfsemi og atvinnulífið með þeim hætti, enda þótt einhverjar greiðslur kæmu fyrir það.

Auðvitað komum við ekki í veg fyrir það, að þm. sækist eftir valdi, hvort sem þeir fá fleiri eða færri krónur fyrir þau störf sem þeir taka að sér. Menn eru auðvitað í pólitík til þess að hafa áhrif og þurfa að njóta ákveðinna valda. Það er mjög eðlilegt. Og enda þótt bannað sé að þeir þiggi laun fyrir einhver nefndarstörf, mundi það ekki draga hið minnsta úr því, að þeir sæktust eftir þessum nefndarstörfum ef því væri að skipta.

Ég get vel fallist á það, að meiningin sé nokkuð góð með þessu frv. Ég tók reyndar fram áðan að það sé út af fyrir sig nauðsynlegt að tryggja að menn séu efnalega sjálfstæðir, þurfi ekki að vera neinum öðrum háðir, og það á auðvitað að gera með því að hækka þingfararkaupið, borga svo vel hér að menn þurfi ekki að vera að ná sér í peninga og sækjast eftir vinnu annars staðar vegna teknanna. Það kemur fram í grg. með öðru frv.

sem liggur fyrir þessu þingi, að kollegar hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar í þingflokki Alþfl. eru þeirrar skoðunar, að þingfararkaupið hafi dregist mjög aftur úr á seinni árum. Ég er alveg sammála þessu. Ég held að það væri þess vegna nær fyrir okkur, ef við viljum eitthvað gera í þessu, að hafa þingfararkaupið þannig að menn geti lifað góðu lífi af því og sinnt starfi sínu alfarið hér á þingi. Þannig á að draga úr eftirsókn þm. eftir öðrum störfum ef við viljum á annað borð draga úr henni. En kannske endar þetta allt saman með því, að hér verða sett lög um það nákvæmlega hvað við eigum að hafa miklar tekjur og hvað við eigum að gera, hvað við eigum að halda langar ræður, hvað við eigum að sitja lengi hér inni. Og kannske endar þetta með því, að við höfum svo góðan tíma, miklar tómstundir, að við getum stundað okkar kvennafar og okkar íþróttir af kappi, og er það út af fyrir sig vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 10). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að kynna hér frv. til l. sem við Árni Gunnarsson flytjum á þskj. 10. Frv. fjallar um þingsköp Alþingis, og í stuttu máli kveður það á um að þn. fái til þess vald og frumkvæðisheimild að hafa eftirlit með framkvæmd laga í landinu. Þar er einnig kveðið á um að einfaldur meiri hl. þingnefndar geti, innan þess verksviðs þó sem þn. er markað, haft að því frumkvæði að kalla fyrir sig þá einstaklinga, sem hlut eiga að máli, til þess að kanna hvernig hátti með framkvæmd tiltekinna laga. Tilgangurinn með því er að komast að því, hvort ástæða þyki til að breyta viðkomandi lögum.

Gert er ráð fyrir því í þessu frv., að eftirlitsstarf þetta fari fram fyrir opnum tjöldum, nema meiri hl. þn. beinlínis ákveði annað. Það þýðir, að almennir borgarar í landinu geti fylgst með upplýsingasöfnun og/eða yfirheyrslum hver á sínu áhugasviði. Það verður síðar útfærsluatriði, sem ekki verður farið nánar út í hér, með hverjum hætti þetta verði framkvæmt, hvernig auglýst t. d., og hvernig þessu verði haganlega fyrir komið í þeim húsakosti t. d. sem í dag er til staðar hér á Alþingi eða í tengslum við það.

Deildaskipting Alþingis er frá árinu 1874. Þá var henni komið á til þess að tryggja stöðvunarvald konungs sem hann hafði með því að mega tilnefna sjálfur helming þm. í Ed. Ljóst er að síðan þá hefur þróunin verið í þá átt, að æ meira af störfum Alþingis fer annars vegar fram í sameinuðu Alþingi og hins vegar í nefndum. Það fyrirkomulag, sem hér er lagt til, væri auðvitað auðveldara ef Alþ. starfaði í einni deild og um það liggur raunar frammi frv. hér í d., en á það skal þó lögð áhersla, að það er engan veginn nauðsynleg forsenda þess að þetta gerist.

Kjarni þessa máls er einfaldlega sá, að í þjóðfélagi, sem sífellt verður þróaðra og tæknivæddara eins og mun vera staðreyndin um okkar þjóðfélag, er ekki einungis nauðsynlegt að Alþingi setji lög, heldur einnig hitt, að Alþingi hafi lifandi eftirlit með því, hvort eða hvernig lögum er framfylgt. Andi stjórnarskrárinnar, þar sem að erlendum fyrirmyndum er kveðið á um skiptingu valdsins í þrjá sjálfstæða þætti, gerir beinlínis ráð fyrir því, að þessir þrír sjálfstæðu valdþættir hafi eftirlit hver með öðrum og að löggjafarstofnunin þar af leiðandi geri meira en eingöngu að setja lög. Það virðist vera eðli málsins samkv., að löggjafarstofnunin hafi einnig eftirlit með því, hvort og hvernig lögunum sé framfylgt.

Um það má út af fyrir sig deila, hvort þn. hafi ekki þegar þann frumkvæðisrétt sem hér er verið að leggja til að þær fái. Svo sem kunnugt er hafa fræðimenn ekki verið á eitt sáttir um það, en hafa þó fremur, að því er virðist, hallast að því að svo sé ekki. Óþarfi er að rekja þær skoðanir. Hér er hreinlega verið að leggja til, svo að ekki verður um villst, að n. fái slíkt vald hafi þær það ekki þegar.

Það má taka fjölmörg dæmi um hagnýtt gildi slíkra starfa í nefndum. Það ætti t. a. m. að vera verkefni heilbr.- og trn. ekki aðeins að mæla með og vinna að lagafrv. á sínu verksviði, heldur einnig að hafa eftirlit með því, hvernig fjármagni innan tryggingakerfisins er varið. Ef uppi væru raddir um það t. d., að um misnotkun í tryggingakerfi eða heilbrigðisgeiranum sé að ræða, — tryggingakerfi eða heilbrigðisgeiri eru hér aðeins tekin sem dæmi vegna þess hve stór þau eru í okkar ríkisfjármálum, — en ef svo væri, þá ætti að vera sjálfsagt mál að heilbr.- og trn. gæti kallað fyrir sig þá sem hlut eiga að máli og gætu skýrt hvað um er að ræða.

Þetta er annar helmingur þessa máls, þessir eftirlitseða, ef menn vilja nota svo hlutdrægt orð, yfirheyrsluþættir þess. Hins vegar eru auðvitað margs konar annars konar mál í heilbrigðisgeiranum. Við skulum segja að uppi séu hugmyndir í samfélaginu um að breyta þurfi löggjöf um fóstureyðingar eða eitthvað slíkt. Þá mundi það stuðla að almennri og upplýstri umr. í samfélaginu, ef um skoðanaskipti milli annaðhvort einstaklinga eða fulltrúahópa, sérmenntaðs fólks í heilbrigðismálum t. d., væri að ræða, og ef skoðanaskipti milli þessa fólks og þn. ættu sér stað, þá færu þau fram með skipulegum hætti fyrir opnum tjöldum og sérhver áhugamaður í samfélaginu um þessi mál, sem aðstöðu hefði til, gæti fylgst með.

En hverja ætti að kalla og hverja mætti kalla fyrir þn.? Það gefur auga leið að almennir borgarar, ef sú skilgreining er ljós, eiga heimtingu á því að vera varðir gegn því, að þn. geti hvenær sem er nánast raskað einkalífi þeirra og friði, enda er ekki verið að leggja það til í sjálfu sér. Mörkin hljóta að liggja þar, að þeir, sem fyrir hönd ríkisins eiga að sjá um framkvæmd laga, eða þeir, sem njóta beinnar eða óbeinnar viðskiptalegrar fyrirgreiðslu vegna lagasetningar, eigi á hverjum tíma og sé skylt á hverjum tíma að gera þn. grein fyrir störfum sínum og rekstri. Dæmi um hið fyrra, sem hér var talið, má nefna ríkisfyritæki eins og hin miklu fyrirtæki í heilbrigðisgeiranum. Dæmi um hið síðara má nefna fyrirtæki eins og Íslenska aðalverktaka eða Flugleiðir og Eimskip, sem hér hafa raunar verið til umr. vegna slíkra tillagna.

Tilgangurinn með könnun á rekstri slíkra fyrirtækja er auðvitað ekki sá að fella dóm af einu eða öðru tagi, heldur að gera eins konar undirstöðuúttekt á því, hvort tímabært sé orðið að breyta t. d. reglum um einokun, setja auðhringalöggjöf, og ef svo er, þá með hverjum hætti slíku væri haganlegast fyrir komið. Og það er töluverður kjarni þessa máls, að ef slík breyting færi fram á starfsháttum Alþingis sem hér er verið að leggja til, þá

má undir engum kringumstæðum líta svo á, að í því að taka mál fyrir, mál af einu eða öðru tagi, felist dómsfelling af einhverju tagi því að svo er auðvitað ekki. Úttektin er hlutlaus og á að vera hlutlaus. Afstöðu taka menn þá fyrst þegar upplýsingar liggja fyrir svo góðar sem verða má, það er tilgangurinn með þessu.

Segja má að hér sé verið að leggja til að hluta a. m. k. eins konar úttfært kerfi umboðsmanns Alþingis. En frv. um umboðsmann Alþingis, — sú hugmynd er raunar gömul — liggur einmitt hér fyrir deildinni, flutt af hv. þm. Ellert B. Schram og Friðrik Sophussyni. Það má líta svo á, að hafi borgarar talið sig verða fyrir tjóni vegna viðskipta við framkvæmdavaldið og sjái meiri hl. þm. ástæðu til að kanna slíkt mál, enda falli það undir verksvið n., — þá er auðvitað gert ráð fyrir því einnig að málið sé nokkuð stórt um sig, — þá eigi þn. að hafa heimild til þess án þess að samþykki deildarinnar komi til.

Í þessari umfjöllun og á þessu stigi leiði ég hjá mér að ræða margvísleg framkvæmdaatriði þessa. Eðlilegast væri, ef frv. þetta verður að lögum, t. a. m. að þn. fái að ráða sér starfsmann. Slík framkvæmdaatriði eru auðvitað lítils háttar aukaatriði þegar borið er saman við aðalatriði og kjarna þessa máls. Fleiri framkvæmdaatriði af þessu tagi mætti tína til, en ég endurtek það enn að slík útfærsluatriði eru auðvitað hrein aukaatriði við hliðina á sjálfum kjarna málsins.

Það er mikið atriði, að það er eitt veigamesta hlutverk löggjafarvaldsins eða á a. m. k. að vera það að hafa eftirlit með stjórnsýslunni, framkvæmdavaldinu. Þetta hlutverk hefur að margra mati verið stórlega vanrækt hin síðari ár. 39. gr. stjórnarskrárinnar gerir að vísu ráð fyrir sérstökum rannsóknarnefndum, en augljóst er að það fyrirkomulag er afar þungt í vöfum, enda hefur því mjög sjaldan verið beitt. Sá skilningur hefur einnig komist á, að þeir, sem lagt hafa til slíkar rannsóknarnefndir, beint eftir 39. gr. eða ekki, séu þar með að fella dóm yfir þeirri starfsemi sem lagt er til að rannsökuð verði. Hluti af þessu kann að liggja í því, að orðið rannsókn er hlutdrægt í íslenskri tungu af sjálfu sér, en orðið úttekt er það ekki. Það kann líka að liggja í málflutningi eða röksemdafærslu sem notuð hefur verið fyrir því að setja slíkar rannsóknir á laggirnar. En ég vil leggja á það ríka áherslu, að það er lykilatriði í öllum þessum hugmyndum, að með því að setja slíka rannsókn eða úttekt á laggirnar er auðvitað engan veginn um dómsfellingu af neinu tagi að ræða.

Fyrirmyndir um slík vinnubrögð sem hér er verið að lýsa, eru að hluta sóttar til annarra landa, þó að hér sé gert ráð fyrir að laga þessar hugmyndir að íslenskum aðstæðum. Þekktust og elst eru slík störf þn. sem hér eru gerð að umræðuefni á þingi í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Í ýmsum Evrópulöndum hafa slík störf verið tekin upp í einni eða annarri mynd, þó að segja megi að misjafnlega langt sé gengið. Það má bæta því við, að miklar umr. hafa verið um mál af þessu tagi á þjóðþingum víða um Evrópu hin síðari ár, síðasta áratug ekki síst. Aðalatriðið er það, að víða erlendis hafa áhugamenn af augljósum ástæðum haft áhyggjur af því, að þróun þingræðis sé komin á varhugaverðar brautir. Þetta er vegna þess, að þar sem samfélagið verður sífellt flóknara og tækniværddara verður lagasetning æ flóknari. Þetta hefur aftur leitt til þess, að framkvæmdavaldið, sem ræður yfir heilum her sérfræðinga, hefur mikið til tekið frumkvæðið að því er varðar lagasetningu. Framkvæmdavaldið hefur því raunverulega teygt sig mjög verulega inn á það sem áður var svið löggjafarvaldsins. Að hluta til eru skýringar á þessu auðvitað mjög eðlilegar vegna þess hreinlega að í samfélagi, sem verður flóknara, verður lagasetning þar af leiðandi æ flóknari. En það er eðlilegt að löggjafarvaldið freisti þess á móti að rétta þessa mynd aftur, og þess vegna hefur sú þróun átt sér stað, að löggjafinn tekur sér vald til þess að hafa lifandi eftirlit með framkvæmd laga.

Segja má að hér sé ekki um nýjung að ræða, vegna þess að andi stjórnarskrárinnar beinlínis gerir ráð fyrir því, að þriðjungar valdsins hafi hver um sig eftirlit með öðrum. Með þeim hætti verður jafnvægi tryggt og komið í veg fyrir valdníðslu af einu eða öðru tagi. Þetta eru ekki einu sinni 19. aldar hugmyndir, þetta eru raunverulega 17. aldar hugmyndir sem verða sennilega helst raktar til John Locke á Bretlandi þegar þingræðið þar var að taka á sig þá mynd sem orðið hefur síðar í mörgum löndum Evrópu a. m. k.

Það er umdeilanlegt, hvort þurfi slíka lagabreytingu sem hér er gert ráð fyrir. Auðvitað hafa þn. kallað embættismenn fyrir sig. Það er engin ný bóla og yrði engin nýjung. En einhvern veginn hefur það verið svo, að ekki hefur verið gert ráð fyrir að það sé gert af gagnrýnum ástæðum. Þó ætti það að vera snar þáttur þingstarfa. Það er eins og mörgum finnist að grundvallarbreytingin, sem verið er að leggja til hér, sé það, að þn. hafi rétt til að kalla menn fyrir sig til að spyrja þá gagnrýnna spurninga. Ég get út af fyrir mig vel fallist á þann skilning, að það sé ekki síst sú breyting sem verið er að leggja til.

Ég vil skjóta því hér inn, að sjálfur á ég sæti í utanrmn. Alþingis og hef þar hreyft því, að n. að eigin frumkvæði láti fara fram könnun, rannsókn eða úttekt, eftir því hvaða nafnorð við kjósum að nota, á fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar, ekki vegna þess að verið sé að fella hinn minnsta dóm um þau viðskipti, og á það ber að leggja þunga áherslu, heldur vegna þess að hér er um að ræða viðskipti sem hvíla á aldarfjórðungsgömlum viðskiptaháttum sem á viðskiptamáli eru kallaðir einokun. Ég er þeirrar skoðunar, að meiri hl. utanrmn. gæti sjálfur tekið ákvörðun um að láta slíkt fara fram og á það yrði að reyna, hvort þeir, sem n. kysi að kalla fyrir til að spyrja spurninga, neituðu að mæta. En það er auðvitað ljóst að margt í því efni er mjög óskýrt. En allt um það, við erum að sækja fram á mörgum vígstöðvum, ef svo má segja. Hér er verið að flytja hinar almennu relgur í formi breytinga við lög um þingsköp Alþingis.

Manna á meðal hefur festst við þessar hugmyndir nafngiftin rannsóknarnefndir Alþingis. Gallinn við þessa nafngift er sá, að að stórum hluta a. m. k. er hún villandi. Það er gefið í skyn, að eitthvað hafi farið úrskeiðis, að með því að taka tiltekið mál til athugunar sé þar með dómur fallinn. Þannig er hlutunum auðvitað alfarið snúið við. Tilgangur þn. á að vera að kanna hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis. Þar er enginn dómur felldur með því að taka mál til meðferðar. En ég segi það enn og aftur, að orðið rannsókn er út af fyrir sig ekki nægjanlega gott, vegna þess að á íslenskri tungu er það neikvætt og hlutdrægt.

Það hafa verið notuð þau rök gegn þessum hugmyndum, að slíkar þn. sem hér er verið að leggja til, verði einungis vettvangur lýðskrumara og auglýsingamanna. Þessum rökum til stuðnings hefur verið bent á skelfilegasta dæmið úr bandarískri þingsögu, tímabilið sem þar er

kennt við öldungadeildarþingmanninn Joseph Mc Carthy. Það er auðvitað rétt, að tímabil Mc Carthyismans í Bandaríkjunum er þeirri þjóð til lítils sóma. En þessi röksemd er að öðru leyti byggð, að ég held, á vanþekkingu á bandarískri sögu. Mörg glæstustu störf bandarískrar löggjafarsamkomu hafa einmitt verið unnin á vegum slíkra þn., þó minna fari fyrir þeim sumum hverjum a. m. k.

Auðvitað fylgja þeir fylgikvillar öllu lýðræðislegu starfi, að óprúttnir menn komist til valda og áhrifa. Til að taka krassandi dæmi skal nefndur Adolf Hitler. Hann hlaut fjöldafylgi í Þýskalandi á sínum tíma. Þrátt fyrir það getur það aldrei af sjálfu sér verið röksemd gegn lýðræði. Auðvitað er hætta fyrir hendi ævinlega þegar lýðræði er aukið eins og hér er verið að leggja til. Þegar bein áhrif þeirra, sem kosnir eru beinni kosningu, eru aukin er sú hætta alltaf fyrir hendi að slík aðstaða sé misnotuð. Þó hygg ég að slík gagnrök séu léttvæg hjá hinu sem á vinnst.

Það er öllum ljóst, að áhrif löggjafarvalds á Íslandi hafa minnkað til muna undanfarin ár og áratugi, en völd framkvæmdavalds hafa aukist að sama skapi. Dæmi um þessa þróun er sú einfalda staðreynd, að þm. hafa á undanförnum árum lítt reynt að treysta völd og áhrif löggjafarstofnunarinnar sjálfrar, en hafa þvert á móti sóst eftir því að komast í hinar ýmsu framkvæmdastofnanir á vegum framkvæmdavaldsins. Þar má t. d. fyrst telja Framkvæmdastofnun ríkisins, Kröflunefnd, bankaráð, og svo mætti lengi telja. Auðvitað má segja að þessi flótti úr þingsölum, þessi flótti frá löggjafarvaldinu og yfir í faðm framkvæmdavaldsins, sé óæskilegur, en hann sé þó táknrænn um þá þróun sem verið hefur að eiga sér stað. Og á það skal ekki dregin dul, að hér er verið að leggja til að þessari þróun verði beinlínis snúið við, og þetta frv. er hugsað sem drjúgt spor í þá átt. Auðvitað leiðir af sjálfu sér að mörkin á milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds hafa með tímanum orðið æ óskýrari, eru að hluta til byggð á hefðum og venjum, en það er auðvitað óæskileg þróun einnig. Og ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé ekki aðeins vond þróun, heldur beinlínis þróun sem gangi gegn grundvallarhugsun sjálfrar stjórnarskrárinnar. Þrískiptingu valdsins ber að treysta og skilja svo sterklega á milli einstakra þátta sem frekast er kostur.

Það frv., sem hér hefur verið lagt fram, gerir ekki á þessu stigi málsins ráð fyrir því, að einstaklingar séu skyldaðir til að mæta fyrir þn., og gerir ekki heldur ráð fyrir því, að þeir séu skyldaðir til að svara því sem um hefur verið spurt. Það má hugsa sér að reynslan verði að skera úr um þetta atriði. Enn fremur má hugsa sér, og ég hallast raunar sjálfur að því, að í meðförum n. taki frv. þeim breytingum, að í það verði sett ákvæði sem skyldi menn til að mæta samkvæmt nánari skilgreiningu, þar sem á hinn bóginn verði sett trygging fyrir vörn borgaranna, m. ö. o. verði þn. veittur svipaður sess og dómstólum að því er tekur til skyldu manna til þess að mæta og til þess að greina satt og rétt frá.

Það er mikið atriði í þessu máli öllu, að lagt er til að störf þn. fari fram fyrir opnum tjöldum. Það þýðir að sérhver borgari getur fylgst með, hvort sem um er að ræða einfalda upplýsingaöflun, fulltrúa sérhópa sem óskað hafa eftir því að koma upplýsingum og gögnum á framfæri eða einstaklinga eða stofnanir sem þn. hefur af einhverjum ástæðum talið nauðsynlegt að kalla fyrir. Það er tímanna tákn að opna stjórnkerfið svo sem kostur er.

Þessar hugmyndir mundu gera þingstörf öll liprari og þjóna þeim almennu markmiðum að opna stjórnkerfið. Það má segja, að grundvallarhugmyndin sé sú, að með tímanum eigi sú þróun sér stað, að mikið af þeim störfum, sem unnin hafa verið á löngum málfundum hér í deildum og sameinuðu þingi verði a. m. k. að verulegum hluta flutt í nefndir sem einnig hafi það aðhalds- og eftirlitshlutverk sem hér hefur verið lýst. Löggjafinn setur lög og honum er ætlað að setja lög. Þess vegna er ofur eðlilegt að löggjafinn telji sér skylt að fylgjast með framkvæmd laga eftir fyrir fram settum reglum. Í raun og veru er það einkennilegt, að samþykkt þingsins skuli hafa þurft til að slík eftirlitsstörf megi fara fram.

Grundvallarhugmynd þessa máls er að leggja til að frumkvæðisréttur þn. sé aukinn, m. ö. o. að meiri hl. þm. geti ákveðið að hafa frumkvæði um að taka mál fyrir með þeim hætti, sem hér hefur verið lýst, og þn. sé skylt að hafa eftirlit með og veita framkvæmdavaldi og hinum ýmsu þáttum þess aðhald. Það þarf að treysta þrískiptingu valdsins. Það þarf að auka völd löggjafans. Ég hygg að sjálf stjórnarskráin, a. m. k. andi hennar og skilningur bestu manna á anda hennar, geri beinlínis ráð fyrir því.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og til allshn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er eitt af mörgum sem lögð hafa verið fram á þessu þingi og fjalla um störf þingsins. Ég skil þennan málatilbúnað á þann hátt, að hér sé verið að leitast við að bæta stöðu Alþingis og styrkja áhrif þess, og að því leyti hef ég ekkert nema gott eitt um þessa viðleitni að segja. Ég held að það sé enginn vafi á því og við getum verið sammála um það, að þingið þurfi á öllu sínu að halda í seinni tíð til þess að halda í við aðra þætti stjórnarskipunarinnar og þá sérstaklega framkvæmdavaldið. Ég gat um það í ræðu fyrr í dag um annað mál, að flókið þjóðfélag krefðist meiri athygli og meiri atbeina af hálfu þingkjörinnar samkundu eins og Alþingi er hér á Íslandi til þess að setja sig inn í mál, fylgjast með og rækja sitt hlutverk eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir.

Hér hafa verið flutt mál á þessu þingi um að takmarka laun alþm., um að breyta þinginu í eina málstofu, um að setja upp rannsóknarnefndir og svo þetta frv. um að skylda nefndir til að fylgjast með framkvæmd laga. Við getum haft mismunandi skoðanir á þessum frv. hverju um sig, og væntanlega kemur það fram við umr. um þau mál þegar þau eru tekin fyrir. En þetta frv., sem hér er og fjallar um aukið eftirlit þn. með framkvæmd laga, er vitaskuld skylt þeim till. sem fram hafa komið um skipan rannsóknarnefnda. Á þessu er stigsmunur, en ekki eðlismunur.

Nú hefur það verið rakið í framsöguræðu með þessu frv., að samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar er heimilt að setja á fót rannsóknarnefndir um mikilvæg mál sem varða almenning, og það er enginn vafi á því, að oft og tíðum er þörf á að setja upp slíkar nefndir. En þrátt fyrir þetta stjórnarskrárákvæði er athyglisvert, að afar sjaldan hefur komið til þess, að slíkar n. hafi verið settar á laggirnar, og ég hef skýrt það með þeim hætti, að annars vegar sé um að ræða, að till. hafi oftast nær komið fram um skipan rannsóknarnefnda til að koma höggi á pólitíska andstæðinga, og svo hins vegar, að menn hafa verið

hræddir að n. kvæðu upp dóma, jafnvel pólitíska dóma um menn eða málefni, sem vitaskuld er ekki hlutverk slíkra n. og varhugaverð braut. Af þessum tveim ástæðum hef ég skýrt það svo, að menn hafi verið mjög tregir til þess að skipa slíkar n., og ég hygg að þetta séu meginástæðurnar fyrir því. Ég skil vel þá tregðu, vegna þess að hlutverk rannsóknarnefnda er vitaskuld ekki að beita þeim í pólitískum tilgangi, beinlínis til þess að koma höggi á andstæðinga sína pólitískt, heldur auðvitað til þess að rannsaka raunverulega hlutlaust, mál sem eru mjög mikilvæg og varða allan almenning, en eru ekki mál sem eru sprottin af pólitískum átökum í hinni almennu stjórnmálabaráttu.

Svo er líka hitt, að mönnum hefur ekki verið og er, að mér sýnist, ekki ljóst enn þá hvaða afleiðingar það muni hafa ef rannsóknarnefndir eru í auknum mæli settar á fót. Um hvað á að fjalla, hvers eðlis á rannsóknin að vera? Er ekki viss hætta á því, að n. skipaðar pólitískum fulltrúum eins og stjórnmálamenn og alþm. eru, komist að mjög flokkspólitískum niðurstöðum hugsanlega? Eiga niðurstöður n. að vera þær að kveða upp dóma um málin eða aðeins upplýsingaöflun. Ef um er að ræða almenna upplýsingaöflun, þá er auðvitað hægt að framkvæma hana með öðrum hætti en að skipa rannsóknarnefndir þingmanna.

Ég held líka að það hafi staðið nokkuð í þm. að skipa slíkar nefndir þegar flestum er ljóst að slíkt nefndarstarf krefst mikils tíma og starfs. Það þarf að sökkva sér niður í margvíslegar skýrslur og sjálfsagt að yfirheyra fjölda manna, og þm. hafa sjálfsagt ekki haft mikinn tíma til þess að stunda slík nefndarstörf jafnframt því sem þeir sinna skyldum sínum sem þm. að öðru leyti. Ég hef því allan fyrirvara um stuðning við að setja rannsóknarnefndir á laggirnar og tel að það verði að meta vandlega hverju sinni og hver sem valdahlutföllin eru hverju sinni hér á Alþ., þingið verði að gæta þess vel, að þetta ákvæði stjórnarskrárinnar sé ekki misnotað og það verði ekki svo laust í reipunum að hér sé eingöngu um að ræða rannsóknarnefndir um alla skapaða hluti beinlínis í pólitískum tilgangi í dægurþrasinu.

Það frv., sem hér er lagt fram, er skylt þessum rannsóknarnefndum að þessu leyti, að gert er ráð fyrir að þn. fylgist með framkvæmd laga og þeim sé gefinn réttur til að kalla fyrir sig einstaklinga sem að mati þn. eiga hlut að máli. Nú er, eins og ég sagði áðan, þetta frv. góðra gjalda vert svo langt sem það nær og ég skil hugsunina á bak við það. Ég held að þetta frv. sé öllu skynsamlegra og hófsamara en þær leiðir sem aðrir þm. hafa farið um skipan rannsóknarnefnda, eins og ég var að tala um áðan.

En þegar verið var að tala um eftirlitshlutverk þingsins með framkvæmdavaldinu skulum við hafa ýmislegt í huga. Í því fyrirkomulagi sem við höfum, þingbundinni stjórn, eru í raun og veru ráðh., sem eru settir yfir ráðuneytin, að nokkru leyti eftirlitsmenn þingsins. Þeir eru fulltrúar þingsins og þingflokkanna sem yfirstjórnendur rn., og það er auðvitað ætlast til þess af þinginu, að þeir sinni eftirliti og fylgist með því að lögum sé framfylgt, þeim lögum sem samþykkt eru hér á hinu háa Alþingi.

Eftirlitsstarfið fer líka fram í því, að hér eru bornar fram till. til þál. sem fela í sér skipun sérstakra n. til þess að undirbúa löggjöf eða endurskoða ákveðna málaþætti. Þáltill. eru oft og tíðum bornar fram í spurnarformi og þá, er með þeim verið að reyna að afla upplýsinga um gang mála eða að bæta lög o. s. frv. Þá eru hér bornar fram fsp. í mjög ríkum mæli, sem eru allar meira og minna í þeim tilgangi bornar fram að spyrjast fyrir um framkvæmd laga, framkvæmd ákvarðana sem teknar hafa verið hér á þingi. Þá er þess að geta, að þm. hafa átt sæti í margvíslegum ráðum og nefndum stofnana og fyrirtækja á vegum hins opinbera og annarra aðila. Með þessum hætti hafa þm. tækifæri til þess að fylgjast með starfsemi þessara fyrirtækja og stofnana og eru í rauninni þannig líka að sjálfsögðu að fá upplýsingar og fylgjast með því, hvernig lög séu framkvæmd og hvernig með fjárveitingar er farið.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason hélt því fram áðan, að það hefði færst í vöxt í seinni tíð að þm. sæktust eftir slíkum stöðum, þ. e. a. s. í nefndum og ráðum utan þings. Ég held að þetta sé ekki ný bóla, það hafi alla tíð verið þannig og jafnvel áður fyrr í meiri mæli en nú er, að þm. hafi átt sæti í margvíslegum nefndum og ráðum utan þings. Þetta hefur verið viðtekin venja hjá þinginu um langan tíma, og ég held eftir atvikum að það sé ekkert slæmt og ekkert ljótt við það að þm. veljist í stjórn t. d. Framkvæmdastofnunar ríkisins eða bankaráð, af því að þetta tvennt var m. a. nefnt. Hvernig vildu menn hafa þetta öðruvísi? Vildu menn að embættin sjálf skipuðu þessar stjórnir eða ráðh.? Væri það meiri trygging fyrir fólkið eða hagsmuni almennings, að slík aðferð væri höfð? Eru ekki þm. þrátt fyrir allt hinir kjörnu fulltrúar fólksins, fulltrúar almennings til þess að fylgjast með stjórnsýslu og lagaframkvæmd? Ég held að það sé út af fyrir sig heilbrigt að þm. hafi þessi störf á hendi í einhverjum mæli. Þá hefur venjan verið sú, að kosið er í þessar nefndir hlutfallskosningum, þannig að það er nokkur spegilmynd af hlutföllunum og hinum pólitísku viðhorfum og lífsskoðunum fólks í landinu sem endurspeglast aftur í kjöri manna í slíka valdastóla, ef svo má að orði komast.

Í sjálfu sér er það ekkert aðalatriði, að þm. séu kjörnir í slík ráð og nefndir. Auðvitað geta þingflokkarnir haft það í hendi sér, hvort þeir velja þm. eða aðra menn á sínum vegum. Það skiptir ekki meginmáli. En ég held að þessi leið sé eftir atvikum skynsamleg. Alla vega er megintilgangurinn með þessari aðferð sá, að þingið, hvort sem það eru þingmenn sjálfir eða einhverjir á þeirra vegum, fylgist þannig með og upplýsingar komi inn í þingflokkana, inn á þingið, um það, hvernig málum er komið og hvernig þau eru vaxin á hverjum stað.

Þá er síðast en ekki síst að geta þess, að fjvn., sem starfar sjálfsagt mest allra n. í þinginu, hefur víðamiklu eftirlitshlutverki að gegna. Á hverju ári kallar hún til sín alla forstjóra ríkisfyrirtækja og stofnana á vegum ríkisins, hvort sem þær eru í A- eða B-hluta fjárl., og þar er spurt margra spurninga og veitt mjög verulegt aðhald. Ég hygg að það sé lærdómsríkt fyrir alla þm. að kynna sér störf fjvn., og það er lærdómsríkt fyrir þá, sem þangað veljast, að komast í snertingu við það eftirlitshlutverk sem sú n. gegnir.

Ég get verið sammála hv. frsm. þessa frv., að í raun og veru er heimilt fyrir einstakar n. aðrar í þinginu að kalla til sín menn og hafa eftirlit með framkvæmd laga. Þetta er vissulega fyrst og fremst gert í beinum tengslum við flutning þingmála. En þess eru áreiðanlega dæmi, að n. hafi kallað til sín aðila enda þótt þar séu ekki bein þingmál á ferðinni, og ég held að þetta eigi að vera hlutverk n. og það sé ekki nema sjálfsagt að þær fylgist með á sínu sviði eins og kostur er. Þess vegna er skoðun mín sú, að

þingsköpin að þessu leyti séu að mestu fullnægjandi og það sé aðeins spurning um það, hvort þm. fylgja þessu eftir og framkvæma það eins og þingsköpin eru hugsuð, en í sjálfu sér skaðlaust líka að hnykkja betur á þessu með því að setja ákvæði inn í þingskapalögin sem taka af allan vafa.

Þá er ég kominn að frv. sjálfu og vil þá segja það, eins og reyndar frsm. gat um, að í ákvæðinu er talað um, að n. hafi rétt til þess að kalla fyrir sig einstaklinga, en ekki kveðið á um að það sé skylda fyrir einstaklingana að mæta, og þetta þurfti náttúrlega að athuga ef þetta spor er á annað borð stigið. Ég er sjálfur andvígur því, að slíkt eftirlitsstarf fari fram fyrir opnum tjöldum. Lýðræðið er gott og blessað og sjálfsagt að hafa sem mest tengsl við almenning, en ég er hræddur um að raunhæf nefndarstörf færu meira og minna úr böndum ef þangað hópaðist múgur og margmenni á hvern nefndarfund og sæti yfir nefdarmönnum þegar þeir væru að framkvæma sín eftirlitsstörf eða sinna öðrum nefndarstörfum. Ég tel varhugavert að fara að opna nefndir með þessum hætti, þó að auðvitað mætti vera meira um það að kynna fyrir almenningi það starf sem fer fram í nefndum. Það gæti gerst með öðrum hætti en að opna fundina upp á gátt, enda held ég að afleiðingin yrði einfaldlega sú, að menn héldu svo aftur einhverja leyni- eða klíkufundi til þess að ráða ráðum sínum áður en þeir kæmu á þessa opnu fundi.

Að lokum vil ég segja það, að í þessum umr. öllum, sem fara nú fram um störf þingsins, er athyglisvert að það eru einkum nýir þm. sem hafa flutt um þau till. Ég tel það vera gott eitt, ef hér leika ferskir vindar um þingsali og hingað berast nýjar hugmyndir og menn velta hlutunum fyrir sér á nýjan leik og með öðrum hætti en kannske hefur verið gert áður. En það er líka mjög athyglisvert í umr., að þeir, sem hafa setið einna lengst á þingi, hafa verið einna ákveðnastir í því að hreyfa aths. við þennan málatilbúnað, og enda þótt ég geri ekki lítið úr góðum nýjum hugmyndum, þá verður vissulega að taka tillit til reynslunnar og til þeirra manna sem þekkja þingstörfin eftir áratugasetu hér.

Hvað sem verður um þingstörfin og breytingar á þeim verða menn umfram allt að hafa í huga, að forsendurnar fyrir flestum þessara breytinga, m. a. um aukið starf nefnda, um breytingu t. d. í eina málstofu, eru þær, að aðbúnaður þm. sé bættur, bæði kjör og aðbúnaður, og það er útilokað eins og er að ætlast til þess, að miklu meira starf sé lagt á þingmenn með þeim hætti sem hér er talað um öðruvísi en aðbúanður og aðstaða sé öll gerbreytt. Við getum ekki borið okkur saman við þjóðþing erlendis, stór þjóðþing sem hafa hundruð starfsfólks yfir að ráða. Nefndir hafa heila flokka af starfsmönnum til þess að vinna öll undirbúningsstörf. Hér er ástandið þannig, að það er varla hægt að fá vélritað í þinginu, hvað þá meira. Það er alveg ljóst, að þm. geta ekki sinnt sem skyldi því hlutverki sem er ætlast til af þeim núna, hvað þá ef er bætt á þá svo viðamiklu hlutverki sem því að fara að hafa mjög öflugt eftirlit með framkvæmd laga og grafast fyrir um framkvæmdavaldið, sem í sjálfu sér mætti gera meira að en nú er.

Þróun þingræðis hefur verið á þann hátt, eins og kom fram í framsöguræðu áðan, að þingið hefur farið halloka. Áhrif þess verða minni vegna einmitt aðstöðuleysis, vegna þess að þm. hafa ekki haft tök á því að kynna sér mál og hafa ekki haft starfskrafta til að aðstoða sig við það. Við þurfum að leita ráða um það, hvernig við getum styrkt þingið sem allra mest, og ég skal ekki útiloka ýmislegt af því sem flutt hefur verið hér á þingi í vetur. Það er margt annað sem má líka nefna. En forsendan fyrir því öllu er sem sagt sú, að aðbúnaður þm. verði stórkostlega bættur.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta koma fram við þessa umr. nokkur atriði sem ég tel ástæðu til þess að vekja máls á.

Ég vil taka það sérstaklega fram, að ég tel að hér sé hreyft ákaflega athyglisverðu máli í þskj. því nr. 10 sem fyrir liggur, en það er að auka áhrif og aðhaldshlutverk Alþingis, það er að fjalla um stöðu löggjafarsamkomunnar í stjórnkerfinu, eins og gert er í mörgum öðrum málum sem lögð hafa verið fyrir þetta og hin síðustu þing.

Það fer ekkert á milli mála, að vald hefur mjög verið dregið úr höndum Alþ. á undanförnum árum og áratugum. Það er engin ný niðurstaða sem hinir ungu þm. hafa komist að sem kjörnir voru á Alþ. í síðustu kosningum. Ég man eftir því, að það eru ein 15 ár síðan Samband ungra jafnaðarmanna samþykkti mjög alvarlega viðvörun til Alþ. um þessi efni. Sú samþykkt kom til umr. hér á Alþ. skömmu síðar, og þáv. alþm., Þórarinn Þórarinsson, lét þess sérstaklega getið, maður með langa reynslu af þingstörfum, að þessi aths., þessi samþykkt ungra jafnaðarmanna, sem nú er orðin 15 ára gömul, væri mjög tímabær. Hafi verið tímabært fyrir 15 árum að vekja athygli á þessu, þá er það að sjálfsögðu enn tímabærara í dag.

Það er rétt út af fyrir sig, að framkvæmdavaldinu ber að styðjast við það vald sem þessi stofnun er kjörin til að fara með. Hins vegar er það líka ljóst, að öll uppbygging stjórnsýslukerfisins á undanförnum árum hefur verið í framkvæmdaþættinum, þætti framkvæmdavaldsins. Þar hafa verið byggðar upp nýjar stórvirkar stofnanir og þær stofnanir, sem fyrir voru, hafa verið mjög efldar að mannahaldi. Þannig hefur aðstaða framkvæmdavaldsins til áhrifa stöðugt farið vaxandi á sama tíma og aðstaða Alþ. hefur nánast verið sú sama og hún var fyrir hálfri öld. Hafa menn t. d. gert sér grein fyrir því, að helmingur þm. á Alþingi Íslendinga hefur enga vinnuaðstöðu hér í þinginu? Um það bil helmingur þm. verður að sætta sig við það að hafa ekki skrifstofur til þess að vinna í, hafa ekki starfsvettvang nema í félagi við aðra, og þeir þm., sem eru svo lánsamir að hafa einhverja aðstöðu fyrir sig að vinna í utan síns heimilis, eins og skrifstofu, þurfa að leggja sér til öll hjálpargögn, jafnvel ritvélar og einföldustu hjálpartæki. Þessir þm. fá naumast neina aðstoð við störf sín, þeir verða að vinna nánst allar sínar till. og frv. sjálfir, og þess eru mörg dæmi, að þm. hafi hug á því að gera breytingar á t. d. flókinni lagasmíð eins og lögum um almannatryggingar, en geti ekki komið því fram eða eigi mjög erfitt um vik með að koma því fram vegna þess að lögin sjálf eru tekníkst svo flókin að þeir ráða ekki yfir þeirri sérfræðiþekkingu sem þarf til að koma vilja sínum í framkvæmd. Ég veit ekki til þess, að nokkurt þjóðþing um víða veröld bjóði upp á jafnslaka starfsaðstöðu fyrir þm. og þjóðþing Íslendinga. Auðvitað hlýtur það að koma mjög mikið niður á störfum þm. og takmarka mjög það vald sem Alþ. á að fara með.

Sé aðstaða þm. til þess að gegna störfum sínum á Alþ. slæm, þá er aðstaða þingnefnda mun verri. Ég held að allar hinar níu starfsnefndir Nd. Alþ. t. d. að taka hafi eitt

skrifstofuherbergi til umráða. Þar hafa n. enga aðstöðu til þess að geyma nein gögn. Ég átti sæti s. l. kjörtímabil í einni nefnd Nd. Alþingis, sjútvn. Hún var þá að fjalla um hvernig hagnýta skyldi fiskveiðilögsögu Íslands. Fyrir sérstakt atfylgi þáv. formanns n. tókst n. að verða sér úti um sjókort, einn gráðuboga og eina reglustiku. Því miður hafa gráðuboginn og reglustikan tapast í sumar, sjókortin eru hins vegar enn þá til, og það eru einu gögnin sem þessi mikilvæga nefnd Alþ. hefur við að styðjast í störfum sínum. Það segir sig auðvitað sjálft, hvers konar aðstaða þess þjóðþings er sem verður að búa við slík starfsskilyrði, hvaða takmörk því hljóta að vera sett, að þm. og þn. geti unnið þau verk sem þeim er ætlað að vinna.

Ég hef einnig átt sæti í annarri þn., fjvn., sem hefur verið sköpuð mun betri aðstaða en öðrum þn. til starfa, og ég líki því ekki saman hvað sú n. er virkari og hvað þeir þm., sem þar sitja, geta beitt áhrifum sínum betur en þm. í öðrum nefndum.

Það mál, sem hér er lagt fram, horfir í þá átt, eins og mörg fleiri mál sem lögð hafa verið fram á Alþ. nú upp á síðkastið, að völd Alþingis, þingnefnda og þingmanna séu styrkt til þess að tryggja betur en verið hefur áhrif löglega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar. Ég tel að það sé nauðsynlegt að afgreiða sem fyrst slík mál með jákvæðum hætti. Ég held að allir þm. geri sér ljósa nauðsyn þess.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna er sérstaklega tekið fram, að stjórnarflokkarnir muni beita sér fyrir því, að endurskoðun fari fram á þingsköpum, m. a. í því skyni að efla völd og virðingu þingsins. Hæstv. forsrh. ritaði okkur formönnum þingflokkanna fyrir þremur vikum bréf, þar sem hann óskaði eftir því, að formenn þingflokkanna tækju þetta mál upp, og vísaði til tilvitnaðs ákvæðis í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. Fyrir tveimur dögum áttum við formenn þingflokkanna fund með forseta Sþ. einmitt til þess að ræða um þessi mál, og niðurstaðan mun verða sú að öllum líkindum, að eitthvað verði aðhafst í þessum málum á þessu þingi. Ég tel nauðsynlegt við þá athugun, sem væntanlega mun fram fara í því sambandi í vetur, að þau frv. og þáltill. um breytingu á starfsháttum Alþingis, sem lögð hafa verið fram á þinginu nú og á fyrri þingum, verði þar sérstaklega tekin til meðferðar, til þess að auka völd og veg þingsins, til þess að tryggja það, að þm. og þn. geti framvegis gegnt hlutverki sínu betur en hingað til. Í því sambandi legg ég sérstaka áherslu á að komið verði að þeim atriðum og þau afgreidd með jákvæðum hætti sem frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir.

Umr. frestað.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 73). — Frh. 1. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs þegar mælt var fyrir frv. því sem hér er til umr., sem er til 1. um breyt. á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. Frv., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir að ríkissjóður taki á ný þátt í rekstrarkostnaði dagvistarheimilanna, og er sú breyting veigamesta ákvörðun þess.

Eins og fram kemur í grg. með frv. voru fyrst sett lög um dagvistarstofnanir fyrir börn árið 1973. Þau lög voru að meginstefnu til í samræmi við það frv. sem hér er til umr. Hins vegar var í árslok 1976 gerð breyting á þeim lögum. Var hún gerð af fenginni nokkurri reynslu af lögunum, svo og var sú breyting einn þáttur í viðleitni Alþ. til þess að koma til móts við óskir sveitarstjórnarmanna um aukin verkefni sveitarfélaganna og gleggri skiptingu á fjármunalegri ábyrgð ríkis og sveitarfélaga, þó að sú breyting, sem þá var gerð, væri að vísu ekki nema hluti af því sem menn töldu þurfa að gera.

Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. 1. flm. þessa frv., ekki síst fyrir þá sök að þm. er einnig bæjarfulltrúi, en höfuðsjónarmið hv. þm. virðast vera allt önnur og ég má segja andstæð yfirlýstri stefnu sveitarstjórnarmanna um þetta málefni.

Hinn 26. febr. 1976 skipaði félmrh. 10 manna n. til þess að fjalla um skiptingu verkefna og tekjustofna milli ríkisins og sveitarfélaganna. Í þeirri n. áttu sæti Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri, sem var formaður n., Bjarni Einarsson fyrrv. bæjarstjóri á Akureyri, Friðjón Þórðarson alþm., Gunnlaugur Finnsson alþm. og oddviti, Kristinn V. Jóhannsson, forseti bæjarstjórnar í Neskaupstað, Kristján J. Gunnarsson fræðslustjóri í Reykjavík, Ólafur G. Einarsson alþm. og varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Páll Líndal formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Steinþór Gestsson alþm. og fyrrv. oddviti og Ölver Karlsson oddviti. N. hefur sent frá sér fyrsta hluta álitsgerðar sinnar, þann þátt sem tekur til verkefnaskiptingar milli ríkisins og sveitarfélaganna. Og til þess nú að skýra afstöðu mína til þessa frv. í sem allra stystu máli vil ég leyfa mér að vitna til álits n. nokkrum orðum.

N. rifjar upp í álitsgerð sinni gang þessara mála frá setningu laganna 1973 sem kváðu á um að sveitarfélögin gætu notið styrks úr ríkissjóði sem næmi helmingi stofnkostnaðar slíkra stofnana og vegna rekstrarkostnaðar 20-30%. Hún rifjar enn fremur upp að með lögum frá 1975 er þátttaka ríkissjóðs í rekstri dagvistarheimila felld niður, en hlutfallsþátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði helst óbreytt frá fyrri lögum. N. telur að tilgangurinn með setningu laganna frá 1973 um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarstofnana hafi verið sá að örva sveitarfélög og aðra aðila til að auka starfsemi sína á þessu sviði. Þetta kemur heim við grg. frv. Og það er álit allra þeirra sem um þetta mál fjalla, að e. t. v. hafi lögin náð tilgangi sínum að þessu leyti, að þau hafi örvað sveitarfélögin til framkvæmda á þessum tíma. N. vekur einnig athygli á því, að fjárveitingar til dagvistarmála hafi verið mjög takmarkaðar. Því til skýringar vil ég geta þess, að árið 1977 voru veittar til stofnkostnaðar 107 millj. 739 þús. kr., eins og sést á ríkisreikningi fyrir það ár. Á fjárl. fyrir árið 1978 voru ætlaðar til þessara mála 180 millj. kr. og var það 75% hækkun frá árinu áður. Mér er það vel minnisstætt þegar var verið að ganga frá úthlutun þessa fjár á Alþ. og í fjvn. fyrir einu ári, að þessi upphæð var langt fyrir neðan það að geta svarað til þess áhuga sem var hjá sveitarfélögunum á að koma þessum heimilum upp. Til þessara hluta voru ekki veittar hærri fjárhæðir en þetta og við það varð að sitja, og vegna þess tel ég að hafi verið setið á áhuga sveitarfélaganna á að koma upp slíkum stofnunum.

Í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, eru ætlaðar til þessara hluta 230 millj. kr. eða aðeins 28% hækkun frá því sem var á árinu 1978. Er sýnilegt hverj-

um manni, sem um þetta hugsar, hversu fjarri fer því, að þessi upphæð dugi til þeirra verkefna sem ætlast er til að sinna í þessum efnum og sveitarfélögin hafa vissulega áhuga á sjálf.

N. telur að þó svo þátttaka ríkisins í stofnkostnaði hafi e. t. v. örvað sveitarfélögin til framkvæmda, þá hafi hún jafnframt valdið sveitarfélögunum óvissu um framkvæmdahraða og væntanlega starfsrækslu. Í sem fæstum orðum sagt telur n. óeðlilegt að sveitarfélögin bindi fjármagn í framkvæmdum sem síðan dragast á langinn vegna þess að framlög ríkisins eru ekki innt af hendi. Þetta viðhorf n. tel ég að sé veigamikið og menn ættu að festa sér vel í minni og hugleiða hvort aðrar leiðir séu ekki heppilegri í þessu efni heldur en þær, sem farnar eru. Þá telur n. staðla menntmrn. of einhliða og lítt til þess fallna að sveitarfélög eða áhugamannafélög leiti hagkvæmustu leiða í dagvistarmálum.

Í framhaldi af þessu vil ég — með leyfi hæstv. forseta — tilgreina það orðrétt sem n. hefur að segja:

„Lögin frá 1975 um niðurfellingu á þátttöku ríkisins í kostnaði við rekstur dagvistarstofnana eru vissulega spor í rétta átt og horfa til einföldunar á tengslum ríkis og sveitarfélaga. N. telur að ganga þurfi lengra á þessari braut og stefna skuli að því, að dagvistarmál verði alfarið mál sveitarfélaganna. Auk þess er rétt að benda á að fjármagnstilfærsla til þéttbýlissveitarfélaga vegna dagvistarmála jafnar ekki aðstöðu dreifbýlis og þéttbýlis. Sannanlega má benda á að góðir og greiðir möguleikar til gæslu á börnum skila sér í auknum tekjum einstaklinga og þar með skatttekjum ríkis og sveitarfélaga.

Tillögur nefndarinnar eru: 1) Að endurskoða þurfi gildandi lög og reglugerðir um dagvistarstofnanir og að því stefnt að lögin verði rammalöggjöf sem veiti sveitarfélögunum sem frjálsastar hendur til lausnar dagvistarmála. Sérstaka reglu þarf að setja um skóladagheimili vegna tengsla þeirra við grunnskólastarfið. 2) Að þátttaka ríkis í stofnkostnaði dagvistarstofnana verði felld niður, en kostnaðurinn greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi og þeim er þjónustuna vilja nota.“ Þetta er álit þeirrar n. sem ég gat um í upphafi máls míns.

Þetta álit og þessi till. er gerð af n. í heild, en Gunnlaugur Finnsson lét bóka þetta sérálit sitt:

„Ég tel ekki tímabært að hverfa frá hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði dagvistarstofnana miðað við brýn óunnin verkefni sem fyrir liggja.“

Eina sérálitið, sem kemur fram hjá nm. 10, er þetta frá Gunnlaugi Finnssyni, að hann telur ekki tímabært að hverfa frá hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði. Hins vegar verður ekki annað séð og ég minnist ekki annars í umr. í n. en hann hafi verið sömu skoðunar og við hinir um það, að stefna bæri að því að þetta málefni yrði einvörðungu málefni sveitarfélaga, en ríkið ætti þar ekki hlut að.

Ég vil taka það fram að lokum, að ég tel þá skipan dagvistarmála, sem n. gerir till. um og ég hef hér kynnt, þjóna best þeim kröfum sem menn gera til úrlausnar í þeim málaflokki og vera líklegasta til að vera í bestu samræmi við þarfir fólks á hverjum stað, þar sem hér er um að ræða einstaklega staðbundin verkefni. Ég vil því strax við 1. umr. um frv. mæla gegn samþykkt þess, og ég túlka þar einnig skoðun flokksbræðra minna á Alþingi.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil þakka flm. fram komið frv. um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. Ljóst er að þessum þýðingarmikla þætti í þjóðfélaginu sem bygging dagvistarheimila er hefur allt of lítið verið sinnt. Þjóðfélagsþróunin hefur orðið sú, að konur hafa þurft að leggja fram í vaxandi mæli vinnu utan heimilisins, þar sem verðbólga og þröngur fjárhagur heimilanna hefur ýtt þeim meir og meir út á vinnumarkaðinn. En þjóðfélagið hefur ekki að sama skapi skapað þeim aðstöðu til þess að koma börnum sínum fyrir á dagvistarheimilum.

1. flm. frv. benti á að þegar ríkið hætti að taka þátt í rekstrarkostnaði dagvistarheimila með lögum frá 1976 hafi sveitarfélög fengið aukna hlutdeild í söluskattstekjum sem standa átti m. a. undir þessari auknu kostnaðarbyrði sveitarfélaganna við rekstur dagvistarheimila. Frsm. benti einnig á að þrátt fyrir þessar auknu tekjur sveitarfélaga hafi þessi breytta greiðslutilhögun samt dregið úr framkvæmdum í dagvistarmálum víða um land og að sveitarfélög hafi hikað við að hefja starfrækslu dagvistarheimila einmitt vegna rekstrarkostnaðarins. Fróðlegt væri því að fá upplýst hve miklar tekjur þessar auknu söluskattstekjur hafa gefið sveitarfélögunum, hve stór hluti þeirra hafi verið ætlaður til rekstrar dagvistarheimila og að hve miklu marki þær hafi staðið undir rekstri þeirra hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Að öllu athuguðu verður að telja eðlilegt og réttmætt, að ríkið taki þátt í rekstri dagvistarheimila eins og t. d. rekstrarkostnaði við grunnskóla. Því fagna ég fram komnu frv. og lýsi stuðningi mínum við það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Félagsheimili, frv. (þskj. 49). — 1. umr.

Flm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Á þskj. 49 flytjum við hv. þm. Ingvar Gíslason frv. til l. um breyt. á l. um félagsheimili, nr. 107 frá 1970. Þetta frv. til l. var flutt á síðasta löggjafarþingi og voru flm. þá Gunnar Sveinsson, Þórarinn Sigurjónsson og Gunnlaugur Finnsson. Frv. náði þá ekki fram að ganga og er því endurflutt nú í sömu mynd.

Breytingar þær, sem við leggjum til að gerðar verði á lögum um félagsheimili, eru þessar:

„1. gr.: Upphaf 3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af tekjum félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningardeild félagsheimilasjóðs. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi á vegum almennra félagssamtaka, svo sem ungmenna- og æskulýðsfélaga, kvenfélaga og annarra menningarsamtaka. Eigi skal styrkveiting bundin því skilyrði, að sú menningarstarfsemi, sem styrkt er, fari fram í félagsheimili, þó slíkt sé æskilegt. Styrkveitingu til menningarstarfsemi o. s. frv.“ eins og heldur áfram í greininni.

En í núgildandi lögum frá 1970 er málsgr. orðuð þannig:

„Af tekjum félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilunum o. s. frv.“ „2. gr.: Í stað 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna komi:

Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntmrh. Veitir hann byggingarstyrki úr sjóðnum samkv. tillögum íþróttanefndar, íþróttafulltrúa og deildarstjóra byggingadeildar menntmrn.

Menntmrh. skipar þriggja manna n. til þriggja ára, er geri till. um styrki úr menningardeild félagsheimilasjóðs.

Skal sú n. skipuð tveimur mönnum samkv. tilnefningu: einum frá Ungmennafélagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands, einum frá Bandalagi ísl. listamanna og Bandalagi ísl. leikfélaga. Formann skipar ráðh. án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. N. er ólaunuð. Framkvæmdastjóri n. skal vera æskulýðsfulltrúi ríkisins.

Umsóknir um styrki skal senda menntmrn. Ef um er að ræða byggingarstyrk, skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja ásamt grg. fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Sé sótt um styrk úr menningardeild félagsheimilasjóðs, skal gerð nákvæm grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja styrknum."

Í núgildandi lögum hljóða þessar málsgr. svo:

„Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntmrh. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkv. 2. gr. að fengnum tilmælum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar" — og áframhaldandi er hér um svipaða aðferð að ræða og í þeim ákvæðum sem við leggjum til. „3. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á lögum um félagsheimili, eru aðallega á ákvæðunum um menningarsjóð félagsheimila og fela í sér þrjár meginbreytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að sá hluti sjóðsins, sem veitir fé til menningarmála, sé kallaður menningardeild félagsheimilasjóðs og til að úthluta styrkjum úr menningardeild sjóðsins skipi ráðh. þriggja manna nefnd. Í öðru lagi sé það ekki bundið í lögum, að styrkveitingar gangi til ákveðinna húsa, heldur sé styrkurinn veittur til félagasamtaka. Í þriðja lagi er lagt til að æskulýðsfulltrúi ríkisins verði framkvæmdastjóri og starfsmaður þeirrar n. sem sér um úthlutun úr menningardeild sjóðsins.

Með þessum breytingum er stefnt að því, að sjóðurinn komi betur að þeim notum er honum var ætlað í byrjun, en í reglugerð um menningarsjóð félagsheimila frá 1. mars 1970 segir m. a., að sjóðurinn skuli stuðla að flutningi á leikhúsverkum, þ. e. leikritum, söngleikjum, blönduðum leikdagskrám, leikdanssýningum, tónleikahaldi, bókmenntakynningu og annarri menningarstarfsemi. Hér er því um margþætt og stórt verkefni að ræða, sem víða um land hefur verið tekið mjög myndarlega á.

Aðalgallinn við það fyrirkomulag, sem verið hefur á rekstri sjóðsins, er að hann hefur ekki verið í góðum tengslum við þá aðila sem njóta áttu styrks úr honum. Á ég þar við almenna félagsstarfsemi í landinu. Þá hafa einnig háð starfsemi sjóðsins þau ákvæði í lögum að miða styrkveitingar við hús, en ekki félagasamtök. Einnig hefur mikið verið um það rætt, að starfsemi, sem fram fer í félagsheimilum, sé ekki alltaf mikil menningarstarfsemi, og er þá átt við dansleiki sem sumir hverjir séu ekki til fyrirmyndar, og mun vera hægt að benda á slíkt. En ég veit að meginhluti af þeirri starfsemi, sem fram fer í félagsheimilunum, er til fyrirmyndar og í flestum tilvikum almenn menningarstarfsemi, félagsstarfsemi sem er undirstaða menningarlífs í þeim byggðarlögum þar sem félagsheimilin eru.

Um langan aldur hafa ýmis félagssamtök haldið uppi miklu menningarlífi í hinum dreifðu byggðum þessa lands. Má þar til nefna kvenfélög, ungmennafélög og íþróttafleög ásamt leikfélögum. Hafa þau öll lagt fram mikil sjálfboðastörf og í mörgum tilfellum mikla fjármuni svo að unnt væri að halda uppi margþættu og oft á tíðum öflugu félagsmálastarfi. Með því að koma betra skipulagi á menningarsjóðinn ætti hann að verða enn meira afl til aukinna menningarstarfa víða um landið.

Við flm. þessa frv. teljum að enda þótt starfið í félagsheimilunum víða um land sé mikið, þá ætti sú breyting, sem við leggjum til, að hafa þau áhrif að enn fleiri tækju þátt í margvíslegu uppbyggingarstarfi sem gefur lífinu aukið gildi á flestum sviðum. Og náist það markmið, að enn fleiri taki þátt í þeirri blómlegu félagsstarfsemi sem áhugafólk víða um land stendur að í menningarlegu tilliti, er vel farið.

Við flm. teljum líka að nái þessi breyting fram að ganga sé það stórt atriði, að hætt sé að miða styrki við hús, heldur verði miðað við fólk og félög. Sjóðstjórn, sem væri skipuð á þann hátt sem hér er lagt til að verði: af Bandalagi ísl. leikfélaga, Bandalagi ísl. listamanna, Kvenfélagasambandinu og Ungmennafélagi Íslands, vonum við að muni hafa gott samband við þessi félög, og æskulýðsfulltrúi ríkisins, sem er í beinu sambandi við öll þessi félagasamtök í landinu, verður starfsmaður sjóðsins. Þarna er að okkar dómi reynt, eins og telja verður eðlilegt, að tengja þessa stjórn við fólkið í landinu og ætti ekki með þessu móti að vera nein hætta á sambandsleysi við hinar dreifðu byggðir. Ég tel líka fullkomlega eðlilegt, að ungmennafélagshreyfingin, íþróttahreyfingin, kvenfélagahreyfingin, leikfélögin og öll þessi frjálsa félagastarfsemi úti um land, sem leggur fram mikla vinnu til þess, að halda uppi menningarstarfsemi vítt og breytt um landið, fái raunverulega að stjórna þessum sjóði sem á að vera til styrktar því margþætta starfi sem þar er unnið. Með því að almenn félagasamtök fái aðild að starfsemi sjóðsins á þann hátt, sem hér er lagt til, og æskulýðsfulltrúi verði starfsmaður hans, er það von okkar flm., að starfsemi sjóðsins muni aukast og komast í það horf sem ætlast var til í byrjun, og nánara samband skapist milli ráðamanna sjóðsins og félagasamtaka í landinu.

Ég legg svo til að málinu verði vísað til menntmn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útvarpslög, frv. (þskj. 94). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Athyglisverð þróun hefur átt sér stað varðandi fjölmiðlun hér á landi á undanförnum árum. Það er ekki langt síðan það ástand ríkti hér, að dagblöð voru nánst öll gefin út af stjórnmálaflokkum eða aðilum í mjög nánum tengslum við þá og fóru skrif í þessi blöð eftir því. Enn fremur var Ríkisútvarpið — hljóðvarpið — tiltölulega lokaður fjölmiðill sem gætti strangra hlutleysisreglna sem voru túlkaðar á þann hátt, að það mátti helst ekki heyrast nein skoðun, og mikil viðkvæmni var gagnvart því, að þar væru sett fram sjónarmið sem orkuðu tvímælis, einkum og sér í lagi á hinum pólitíska vettvangi. Með tilkomu sjónvarps fyrir rúmum tíu árum átti sér stað veruleg breyting. Þar kynntust Íslendingar nýjum áhrifamiklum fjölmiðli, sem opnaði nýjan heim fyrir þá sem þessa fjölmiðils nutu, og fór svo hér á landi sem annars staðar, að sjónvarpið tók forustu í fréttaflutningi og fjölmiðlun. Tilkoma sjónvarpsins gerði það líka að verkum, að hljóðvarpið tók

kipp til hins betra. Það varð um að ræða samkeppni á milli þessara tveggja systurstofnana, og það er almannarómur, að í kjölfar sjónvarspins hafi dagskrá hljóðvarpsins breyst til mikils batnaðar.

Nú á allra síðustu árum hafa dagblöðin tekið miklum stakkaskiptum. Þar hefur nánast verið um byltingu að ræða. Þau eru orðin miklu óháðari stjórnmálaflokkum. Þau blöð, sem eru enn þá gefin út af flokkunum, hafa farið halloka í samkeppninni og eru núna augljóslega að gera tilraun til þess að breyta út frá hefðbundinni ritstjórn og fréttaflutningi einmitt til þess að nálgast þá stefnu sem rekin er hjá hinum óháðari blöðum. Þessi þróun hefur gert það að verkum, að umr. allar eru miklu opnari og frjálsari en áður og fleiri einstaklingar í þjóðfélaginu kveðja sér hljóðs í blöðum og í Ríkisútvarpi. Fólk hefur fundið til máttar síns og gert sér ljóst, að það getur haft áhrif með því að tjá sig á þessum vettvangi, og afleiðingin hefur orðið sú, að dreifing valds, ábyrgðar og áhrifa hefur aukist að miklum mun. Þessa þróun tel ég mjög jákvæða, og ég held að það sé langt frá því að hún sé komin á leiðarenda. Við erum aðeins á miðri leið í átt til aukins frjálsræðis á þessum vettvangi.

Árið 1973 leyfði ég mér að flytja frv. til l. um breytingu á útvarpslögunum, sem er samljóða því frv. sem nú er flutt. Það frv. felur í sér, að bætt sé nýrri mgr. í lög um Ríkisútvarpið sem geri ráð fyrir að þessari stofnun sé veitt heimild til að settar verði upp sjálfstæðar og staðbundnar útvarpsstöðvar. Gert er ráð fyrir að þessar stöðvar séu reknar af landshlutasamtökum eða viðkomandi sveitarfélögum eftir atvikum og séu undir yfirstjórn Ríkisútvarpsins, útvarpsstjóra og útvarpsráðs, en hafi þó í reynd í daglegum rekstri og við dagskrárgerð mjög frjálsa og sjálfstæða stöðu.

Þetta frv. fékk misjafnar undirtektir á árinu 1973, ýmsar aths. voru gerðar við það. Menn voru tregir til að stíga þetta skref, töldu að það væri óvarlegt að svipta burt þeirri einokun sem Ríkisútvarpið hefur og voru í vafa um hvaða áhrif þetta hefði. Síðan hefur sú þróun, sem ég var að tala um áðan, eflst og ég hef orðið var við það í umr. um fjölmiðla og útvarpsrekstur sérstaklega, að slík till. mundi eiga meira fylgi að fagna nú en áður. Því er þetta frv. nú endurflutt.

Á síðasta þingi flutti þáv. þm. Guðmundur H. Garðarsson frv. til l. um að afnema algerlega einokun Ríkisútvarpsins og leyfa hér frjálsan útvarpsrekstur, leyfa einstaklingum eða félagasamtökum að setja á stofn útvarpsstöðvar. Ég er fylgjandi þeirri stefnu, sem fram kom í þessu frv., og ég held að það muni ekki líða langur tími þangað til þetta verði staðreynd, enda erfitt að standa gegn því með hliðsjón af þeirri tækniþróun, sem á sér stað á þessum vettvangi, svo og vegna breyttra viðhorfa. En frv. Guðmundar H. Garðarssonar náði ekki fram að ganga hér á þingi, og ég vil leyfa mér að halda því fram, að þar hafi ráðið miklu pólitískir fordómar og þröngsýni, sem m. a. kom fram í umr. um þetta frv. Ég hef ekki endurflutt það frv., sem Guðmundur H. Garðarsson flutti hér á síðasta þingi, og geri mér grein fyrir því, að fyrir því er ekki stuðningur og það þarf að eiga sér meiri aðdraganda áður en til þess kemur að slík lög verði samþykkt. En ég held að með hliðsjón af þeirri þróun, sem ég hef verið að rekja hér, sé nú orðið tímabært að fikra sig áfram með sjálfstæðum útvarpsstöðvum sem eru undir stjórn ábyrgra aðila, svo sem sveitarfélaga, og yfirstjórn Ríkisútvarpsins sjálfs. Þannig hefur Ríkisútvarpið áfram einkarétt á útvarpsrekstri og útvarpssendingum, en nokkurt svigrúm gefið til einstakra byggðarlaga og landshluta að annast dagskrárgerð og stjórn slíkra stöðva. Ég trúi því, að slíkt fyrirkomulag mundi tvímælalaust stuðla að aukinni valddreifingu í þjóðfélaginu. Það mundi færa fólkinu í landinu aukna ábyrgð og aukin áhrif, það mundi vera hvati að ákveðnu frumkvæði frá þessu fólki til að setja saman menningarlegar og listrænar dagskrár. Í slíkum stöðvum væri hægt að flytja fréttir úr heimabyggð sem ættu erindi til heimamanna sjálfra, en ekki endilega í öllum tilvikum til allra landsmanna. Þarna væri jafnframt hægt að auglýsa ýmiss konar þjónustu sem væri bundin við viðkomandi hérað.

Sumir hafa hreyft þeim mótbárum, að þetta mundi draga nokkuð úr tekjum Ríkisútvarpsins, þar sem auglýsingar mundu beinast inn á þessar stöðvar. Ég held þó að það yrði sáralítið tekjutap fyrir Ríkisútvarpið, vegna þess að ég álít að þarna mundi fyrst og fremst vera um viðbótarauglýsingar að ræða, sem ættu fyrst og fremst erindi til þröngs hóps og eru þá ekki allajafna í auglýsingatíma útvarpsins. Ég geri ráð fyrir að Ríkisútvarpið og ríkið mundu að einhverju leyti taka þátt í stofnkostnaði við að setja upp stúdíó, en ég bendi þó á, að stofnkostnaður þyrfti ekki að vera mjög verulegur og mannahald þyrfti ekki að vera mikið. Gert er ráð fyrir að útvarpsstöðvar af þessu tagi útvörpuðu til að byrja með 2-4 tíma dag hvern og lengur eftir atvikum. Ef efni berst frá þessum stöðvum sem telst fróðlegt eða skemmtilegt, væri hægt að endurflytja slíkar dagskrár í Ríkisútvarpinu sjálfu, og auðvitað gæti Ríkisútvarpið um leið miðlað þessum stöðvum ýmsu efni frá sér svo og veitt ýmsa fyrirgreiðslu og þjónustu til þessara stöðva.

Það skiptir þó ekki minnstu máli, að þarna er tvímælalaust á ferðinni ákveðin samkeppni, ákveðið aðhald og yrði hvetjandi bæði fyrir Ríkisútvarpið sjálft og þessar stöðvar að senda út frá sér slíkt efni og setja saman slíkar dagskrár að þær væru eftirsóttar til að hlusta á, og það mundi hafa góð áhrif á alla dagskrárgerð.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái góðar móttöku hér á þingi. Ég hef orðið var við það, að ýmsir aðilar utan þings hafa áhuga á þessu máli. M. a. hefur Fjórðungsþing Norðurlands ályktað á þann veg, að sett yrði upp slík stöð fyrir norðan, og ég geri ráð fyrir því, að fljótlega væri hægt að setja stövar upp víðar, bæði fyrir vestan og austan. Jafnframt yrði auðvitað gert ráð fyrir því að setja upp sérstaka stöð fyrir Reykjavík og nágrenni.

Eins og fyrr segir er hér um að ræða fyrst og fremst heimild. Fram að þessu hefur verið um nokkurn áhuga að ræða í Ríkisútvarpinu að fikra sig áfram á þessari braut, en skort hefur lagaákvæði. Með samþykkt þessa frv. væri þeirri hindrun a. m. k. rutt úr vegi og menn gætu í alvöru farið að setja það niður fyrir sér, hvernig væri hægt að fjármagna og reka stöðvar af þessu tagi í góðu samkomulagi við viðkomandi sveitarfélag og heimamenn.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggj til að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til menntmn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er vissulega rétt, sem flm. þess frv. sem hér er til umr., hv. 8. þm. Reykv., sagði áðan, að það hefur orðið mikil breyting á íslenskri fjölmiðlun á allmörgum undanförnum árum. En ég hygg að það sé fyrst nú síðustu 1-2 árin sem menn raun-

verulega gera sér grein fyrir þeirri breytingu og hvað hún hefur haft í för með sér. Það er ekki séð fyrir endann á þessu, og raunar er þetta samfelld þróun á betri veg, að við skulum vona.

Ég held að með þessu frv. til l. um breytingu á útvarpslögunum sé vissulega hreyft ágætu og þörfu máli og ætti raunar fyrir lögnu að vera búið að gera áætlun um uppbyggingu slíks landshlutaútvarps, sem svo mætti e. t. v. nefna. Ég hygg þó að athuga beri ýmsar aðrar leiðir í þessu sambandi, ekki sé endilega rétt að sú leið, sem gert er ráð fyrir í þeirri frvgr. sem hér er til umr., sé hin besta, þ. e. a. s. að landshlutasamtök og/eða einstök sveitarfélög fái þessa heimild. Ég hygg að skynsamlegra væri í fyrstu að þetta gerðist í samvinnu t. d. þessara aðila og Ríkisútvarpsins. Það hygg ég að mundi vera skynsamlegra, enda lítilli reynslu fyrir að fara í jafnsérhæfðum rekstri og útvarpsrekstur er hjá þeim aðilum sem í frv. er ætlað að fela þetta. Þá kemur og ýmislegt fleira til greina í þessu sambandi.

Fyrir nokkrum árum starfaði n. sem hafði það hlutverk að gera till. um kennslu í fjölmiðlun við Háskóla Íslands. Þessi n. skilaði áliti sem ekki hefur komist í framkvæmd, en í till. hennar er m. a. gert ráð fyrir því, að fram fari kennsla í alhliða fjölmiðlastörfum, bæði að því er varðar prentmiðla og ljósvakamiðlana svonefndu, og ég hygg að það væri ekki óskynsamlegt að slík kennsludeild við Háskóla Íslands fengi líka rétt til að reka í samvinnu við Ríkisútvarpið staðbundna útvarpsstöð.

Það hefur verið ákaflega mikið í tísku hér undanfarin ár að ræða um frjálst útvarp. Ákveðnir aðilar í þjóðfélaginu virðast sjá það sem lausn margra vandamála að þeirra dómi og telja að slíkt mundi til mikilla bóta. Það má auðvitað segja sem svo, að frjáls útvarpsrekstur hefur sína kosti, en hann hefur líka sína galla og svo verulega að engin af grannþjóðunum á Norðurlöndum hefur treyst sér til að fara inn á þær brautir. Sums staðar hefur þetta verið gefið alveg frjálst og skapað hreinan glundroða, eins og t. d. mun hafa gerst á Ítalíu. Sá er nefilega eðlismunur á prentmiðlum og ljósvakamiðlum, þ. e. útvarpi og sjónvarpi, að þar er ekki nema ákveðið sendirými fyrir hendi, það geta ekki allir verið þar sem vilja. Meira að segja í því landi frelsisins, Bandaríkjunum, er útvarpsrekstur háður leyfum og ströngum reglum.

Ég held að það séu ekki, eins og hv. flm. komst að orði, eingöngu pólitískir fordómar og þröngsýni sem koma í veg fyrir að samþykkt sé að taka upp frjálsan útvarpsrekstur hér. Ég held að það sé miklu frekar að skynsemin hafi til þessa fengið að ráða. Ein af þeim röksemdum, sem haldið hefur verið fram í sambandi við frjálsan útvarpsrekstur, er að hann kosti nánast ekki neitt. Þarna er hlutunum gersamlega snúið við. Frjáls útvarpsrekstur kostar peninga, töluvert mikla peninga meira að segja, og mundi að öllum líkindum verða á kostnað Ríkisútvarpsins, sem mundi einfaldlega þýða það að almenningur borgaði afnotagjöld hins frjálsa útvarpsrekstrar í hærri afnotagjöldum og e. t. v. lakari þjónustu Ríkisútvarpsins, þar sem áreiðanlega mundi mjög draga verulega t. d. úr auglýsingatekjum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég tel að hér sé hreyft ágætu máli, þótt athuga megi e. t. v. betur hvort þetta sé hið eina og rétta form. Þar hygg ég að megi e. t. v. fara fleiri leiðir. En ég vona að þetta mál nái fram að ganga þannig að úr því verði að hér komist á fót landshlutaútvarp.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður um þetta frv., en þó þótti mér rétt og sjálfsagt að taka undir þá meginstefnu sem felst í þessu frv. Ég hef áður á hv. Alþ. í sambandi við mál af svipuðu tagi, þ. e. a. s. þegar Guðmundur H. Garðarsson flutti frv. sitt um frjálsan útvarpsrekstur einhvern tíma á síðasta kjörtímabili, látið í ljós álit mitt á því efni. Ég andmælti þá tillögum Guðmundar H. Garðarssonar um frjálsan útvarpsrekstur, en minntist á hitt, að mér fyndist eðlilegt að Ríkisútvarpið hefði forgöngu um að koma upp útvarpsstöðvum víðar um land en í Reykjavík þar sem hægt væri að útvarpa beint og sinna sérstökum þörfum þeirra staða sem útvarpið á að ná til. Nú sýnist mér að þetta frv. hv. þm. Ellerts B. Schram miði einmitt að þessu, að koma upp staðbundnum útvarpsstöðvum á vegum Ríkisútvarpsins að verulegu leyti. Ég get því tekið undir það, að þetta mál fái eðlilega athugun hér í þn., og mun stuðla að því, að svo verði, enda á ég sæti í þeirri n. sem kemur til með, trúi ég, að fjalla um þetta mál.

Ég skal nú ekki fara langt út í það að ræða um útvarpsrekstur yfirleitt. Við Íslendingar höfum fengið mjög góða reynslu í rekstri ríkisútvarps allt frá árinu 1930 eða svo, þegar Ríkisútvarpið tók til starfa, og í þeirri stofnun hefur vissulega orðið mikil og á margan hátt mjög ánægjuleg þróun. Eigi að síður hefur mér fundist að orðið hafi á því nokkur dráttur að nýta þá möguleika sem vissulega eru fyrir hendi til þess að Ríkisútvarpið sé ekki svo einskorðað við Reykjavík sem er í reynd. Auðvitað er það rétt, að Ríkisútvarpið sinnir landsbyggðinni allvel og hefur áreiðanlega ekki dregið úr því. Samt sem áður eru möguleikar til landshlutaútvarps það miklir, að mér finnst alveg sjálfsagt að reyna að nýta þá til fullnustu.

Þessi mál hafa nú alllegni verið á döfinni og verið mikið rædd. T. d. get ég sagt frá því, að í mínum heimabæ norður á Akureyri hefur þetta mál alltaf af og til skotið upp kollinum, m. a. í bæjarstjórn Akureyrar, og þar hafa jafnvel verið fluttar ákveðnar tillögur í þessa átt, en aldrei orðið neitt úr framkvæmdum þegar til kastanna kom, enda held ég og vona að ég fari þar ekki rangt með, — að ekki hafi gætt neinnar sérstakrar hvatningar af hálfu Ríkisútvarpsins í Reykjavík varðandi þetta mál, nema síður sé.

Ég ætla ekki að fara að gagnrýna yfirstjórn Ríkisútvarpsins á neinn hátt í þessum efnum í löngu máli við þetta tækifæri, en þó er það svo, að mér finnst að yfirstjórn Ríkisútvarpsins hafi stundum verið nokkuð svifasein og jafnvel ekki alveg laus við vanrækslusyndir í sambandi við sumar endurvarpsstöðvarnar, eins og endurvarpsstöðina í Skjaldarvík norðan við Akureyri. Það kemur iðulega fyrir þegar rafmagnslaust verður fyrir norðan, sem stundum verður vegna veðra og af öðrum ástæðum, að þessi stöð dettur algerlega út og þeir Akureyringar og reyndar þeir mörgu Norðlendingar aðrir, sem nota endurvarpsstöðina í Skjaldarvík, eru algerlega útvarpslausir þegar þannig háttar. Auðvitað hefði verið eðlilegt að hafa þessa stöð betur búna. Þetta sýnir að mínum dómi að Ríkisútvarpið hefur ekki verið nógu vakandi í málefnum endurvarpsstöðvanna og fyrir þörfum þeirra sem búa úti um landsbyggðina og eru háðir endurvarpsstöðvunum, hvað þá um svo stórt og viðamikið mál eins og þetta kannske er, að koma upp sérstakri útvarpsstarfsemi fyrir einstaka landshluta.

En sem sagt, ég endurtek það, að ég tek undir meginstefnu þessa frv. og ég tel að þarna sé hreyft mjög merku máli, sem sjálfsagt er að Alþ. láti sig skipta og ræði eins vel og kostur er. Ég hygg að þetta mál muni eiga vinsældum að fagna víða um land.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umferðarlög, frv. (þskj. 92). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til 1. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968, á þskj. 92. Meðflm. mínir eru Ólafur G. Einarsson og Matthías Bjarnason:

„1. gr.: Skilgreining á orðinu bifreið í 2. gr. laganna orðist svo:

Bifreið: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga, svo og annarra nota, á almennum umferðarleiðum, ef það er gert til hraðari aksturs en 45 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Í stað skilgreiningar á dráttarvél í sömu gr. laganna komi:

Dráttarvél: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 45 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Vinnuvél: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að nota sem vinnutæki og er ekki ætlað til hraðari aksturs en 45 km á klst. án verulegrar breytingar á því: Jarðýta: Vélknúið ökutæki á beltum eða hjólum, aðallega gerð til losunar og flutnings jarðefna. Hjólaskófla: Vélknúið ökutæki á hjólum, aðallega gert til lestunar og flutnings jarðefna. Námuvagn: Vélknúið ökutæki á hjólum, sem ekki samrýmist takmörkunum 55. og 56. gr. laga þessara um þunga og breidd ökutækja og er aðallega ætlað til flutnigns á jarðefnum.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lesa hér grg. þá sem fylgir þessu frv., en hún hljóðar svo:

„Á síðari árum hefur notkun stórvirkra vinnuvéla við mannvirkjagerð aukist verulega og tækin orðið fjölbreyttari og fullkomnari. Við öflun slíkra tækja skiptir öllu máli að ljóst sé í hvaða flokk ökutækja viðkomandi tæki lendi, þar sem á því veltur um gjaldskyldu. Þess eru dæmi, að embættismenn, sem um þessi mál eiga að fjalla, komist að ólíkri niðurstöðu um hliðstæð tæki, en slíkt er með öllu ófært. Notkun námuvagns er torvelduð eða gerð ómöguleg ef skylt er að greiða þungaskatt af slíkum tækjum, enda þótt akstur á þjóðvegum væri óheimill, dæmi eru um að slíkur vagn hefur verið úrskurðaður bifreið, enda þótt akstur á vegum væri ekki heimilaður. Getur það varla verið ætlun löggjafans að koma í veg fyrir notkun stórvirkra vinnuvéla við mannvirkjagerð. Slíkt væri spor aftur á bak.

Hér er því lagt til að nánari skilgreining á ökutækjum verði tekin upp í umferðarlögum til þess að komast hjá þeirri óvissu og ósamræmi, sem hefur átt sér stað og valdið verulegum óþægindum og tjóni.

Þá var einnig lagt til, að hraðaviðmiðun sú, sem notuð er í lögunum í sambandi við bifreiðar, dráttarvélar og vinnuvélar, sé færð úr 30 km í 45 km á klst. Er það í samræmi við breytingar á hraðgengi slíkra vinnuvéla, sem framleiddar eru á síðari árum.“

Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, geta þess, að fjmrn. taldi þessar stórvirku vinnuvélar ekki gjaldskyldar samkv. bréfi dags. 18. okt. 1971. Byggir fjmrn. þar á niðurstöðum skoðunarmanna Bifreiðaeftirlits ríkisins sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, en það hljóðar svo, dags. 7. júlí 1972:

„Að beiðni Steypustöðvarinnar hf. í Reykjavík hef ég undirritaður bifreiðaeftirlitsmaður skoðað til athugunar hvort samrýmist gildandi umferðarlögum sem bifreið grjótflutningavagn á tveimur öxlum. Hjólbarðastærð framhjóla er 1400X24, en afturhjóla 1800X24. Grjótflutningavagn þessi er 3.40 m að breidd og eigin þyngd er 20 tonn. Leyfileg heildarþyngd með hlassi uppgefin af framleiðanda er 43.5 tonn, þ. e. a. s. farmur sé þá 23.5 tonn. Framangreindar upplýsingar samrýmast ekki 55. og 56. gr. umferðarlaga um skráningarskyld ökutæki. Hámarkshraði slíkra vagna mun vera allt að 45 km á klst. við allra bestu aðstæður.“

Síðan þetta var ritað hefur það gerst, að slíkir jarðflutningavagnar, sem flestir ef ekki allir þm. kannast við og eru með stærstu gerð af vinnuvélum og notaðir hafa verið við virkjunarframkvæmdir hér á landi og yfirleitt notaðir við stærstu mannvirkjagerð hvar sem er í veröldinni, hafa af sýslumanni Rangárvallasýslu eftir úrskurð fjmrn. verið dæmdir sem bifreið og látið greiða af bæði gúmmígjald og þungaskatt þrátt fyrir það að slíkur vagn sé óleyfilegt farartæki á vegum landsins. Þessu vil ég breyta og því hef ég lagt fram þetta frv., sem ég legg til að verði vísað til hv. allshn. og 2. umr. eftir þessa umræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 20. fundur.

Fimmtudaginn 16. nóv., kl. 2 miðdegis.

Flugslys.

Forseti (Gils Guðmundsson): Sorgarfregn hefur borist. Íslensk flugvél fórst síðdegis í gær við Colombo-flugvöll á Sri Lanka. Í flugvélinni voru um 250 manns, áhöfn og farþegar. Um 200 þeirra fórust, þar af 8 Íslendingar, og margir eru slasaðir.

Íslenska þjóðin er harmi slegin við þessi tíðindi. Flugþjónusta er ung atvinnugrein Íslendinga, sem vaxið hefur og dafnað á skömmum tíma. Sókndjörf og traust flugmannastétt hefur aflað þjóðinni vegs og virðingar. Á tímum hraða og örra samskipta á öllum sviðum hefur flugið orðið ómetanleg lyftistöng til framfara. Okkur, sem byggjum fámenna ey langt frá öðrum þjóðum, er þjóðbraut loftsins brýn nauðsyn. Nú hefur varpað sorgarskugga á glæstan feril íslensks flugs. Þjóðin á mikils að sakna, þegar slíka harma ber að höndum. Fjöldi einstaklinga og fjölskyldna á um sárt að binda, margir hér á landi en miklu fleiri meðal fjarlægra þjóða. Við alþm. vottum þeim öllum samúð í nafni íslensku þjóðarinnar.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast hinna látnu, óska hinum slösuðu velfarnaðar og votta ástvinum þeirra allra samúð með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fjárlög 1979, frv. (þskj. 60). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og til fjvn. með 53 shlj. atkv.

Sameinað þing, 21. fundur.

Fimmtudaginn 16. nóv., að loknum 20. fundi.

Öryggisbúnaður smábáta, fsp. (þskj. 17). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á síðasta Alþingi flutti ég till. til þál. um öryggisbúnað smábáta. Tilgangur þeirrar till. var að fá setta reglugerð um flothæfni, öryggisbúnað og eftirlit með opnum smábátum 6 metra og styttri. Um báta af þessari stærð gilda enn engar reglur um eftirlit eða lágmarkskröfur um flothæfni og öryggisbúnað af hálfu opinberra aðila. Tilefni þessarar till. minnar voru auðvitað hin hörmulegu slys sem orðið hafa á bátum af þessari gerð á mörgum undanförnum árum og þarf ekki að rekja.

Alþ. afgreiddi þetta mál í lok síðasta þings eftir till. allshn., sem gerði nokkra breytingu á tillgr. í þá átt að skora á ríkisstj. að undirbúa löggjöf um þetta efni. Ég lýsti því í umr. við það tækifæri, að ég væri ekki alls kostar ánægður með till. allshn., en gat fallist á að greiða henni atkv. vegna þess að fram kom þá í umr. yfirlýsing eða a. m. k. skoðun þáv. hæstv. samgrh. varðandi þetta mál. Tilefni óánægju var m. a. það, að með því að breyta tillgr. í það horf að undirbúa löggjöf yrði setningu reglugerðar eða laga a. m. k. frestað um eitt ár og fram undan var sá tími ársins sem slys eru tíðust á þessum bátum.

Eins og ég sagði lét ég kyrrt liggja vegna þess að hæstv. þáv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, lýsti því yfir sem skoðun sinni, að enda þótt till. væri afgreidd í því formi sem hv. allshn. lagði til, þá hindraði það ekki rn. í því að setja reglugerð um þetta efni og hún mundi gilda þangað til lög yrðu sett um málið. Hæstv. þáv. samgrh. lýsti því einnig yfir, að undirbúningur þeirrar reglugerðar væri raunar þegar hafinn, og ég lýsti í framhaldi af því þeirri skoðun minni, að þetta mál væri svo brýnt að setning slíkrar reglugerðar mætti ekki dragast.

Nú er mér ekki að fullu ljóst hvað síðan hefur gerst, en við vitum allir að a. m. k. eitt hörmulegt slys hefur orðið á bát af þessari stærð síðan þessi umr. fór fram hér á Alþ. í fyrravor, — slys sem ekki verður bætt frekar en hin fyrri. Sá atburður og atburðir fyrri ára af þessu tagi hrópa til okkar og hrópa til ráðamanna um að hefjast handa og setja þær reglur sem hér er um rætt. Ekki er hægt að segja að það sé vansalaust að láta það dragast ár frá ári og horfa upp á þau hörmulegu slys sem verða. Þau mundu kannske verða einhver fyrir því, en ég trúi því, að ef meiri aðgæsla væri um búnað þessara báta og reglur væru til þess að fara eftir um þann búnað og reglur um eftirlit, þá mundi þeim slysum fækka.

Ég hef af þessu tilefni leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. núv. samgrh. á þskj. 17, svo hljóðandi:

„Hvað líður setningu reglugerðar um öryggisbúnað smábáta?"

Ég vænti þess, að hæstv. samgrh. geti gefið svör um það, hvernig þessi mál standa, og í framhaldi af því, hvort hann telur að nauðsynlegt sé að slík reglugerð styðjist við setningu sérstakra laga eða hvort nægilegt sé að hún byggist á eldri lögum.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda var samþ. þáltill. á s. l. vori um öryggisbúnað smábáta. Eftir að till. þessi var samþ. í þinginu fól þáv. samgrh. þriggja manna n. að undirbúa mál þetta í samræmi við þáltill.

Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda var gerð breyting á till. við meðferð málsins í allshn. á þá leið, að undirbúin yrði löggjöf um þetta efni, en eins og einnig kom fram hjá honum hefur verið dregið í efa að þess gerðist þörf að samþykkja sérstaka löggjöf, þar sem heimildir í lögum væru fyrir hendi.

N., sem skipuð var á s. l. vori, mun ekki hafa starfað mikið í sumar, bæði vegna sumarleyfa og eins vegna hins, að innan n. var vafi á hvort undirbúa ætti reglugerð eða löggjöf. Ég ræddi þetta mál nýlega við siglingamálastjóra sem sæti á í n. Eftir þær viðræður hef ég sannfærst um að lagaheimild er fyrir hendi, og ég hef falið n. að undirbúa reglugerð um þetta efni.

Ég held að það þurfi ekki að orðlengja um hversu nauðsynlegt þetta mál er, en það er von mín að þessu verki megi hraða svo að reglurnar verði settar hið allra fyrsta.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka bæði fyrirspyrjanda og hæstv. ráðh. fyrir svör við þessari þýðingarmiklu spurningu. Ég er minnugur þess frá umr. um þáltill. í vetur leið, að raunar var brugðið fæti fyrir framgang þessa máls með tilvitnun til þess, að þetta atriði heyrði undir Siglingamálastofnun. Eftir því var sótt af hálfu þeirra Slysavarnafélagsmanna, að því væri hraðað að búa svo um hnútana, að þeir bátar við heiðarvötnin okkar og í höfnunum, sem þar eru tiltækir jafnt fyrir kunnáttumenn sem óvita, yrðu þannig útbúnir að ekki gætu talist manndrápsbollar.

Ástæðan fyrir því, að till. var breytt í meðferð allshn., var beinlínis sú, að af hálfu Siglingamálastofnunarinnar var gerð krafa til þess, að hún fjallaði um þetta mál, og látið var í það skína, að á næsta leiti væri reglugerð sem mundi ná til þessara atriða. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé miklu eðlilegra að Slysavarnafélag Íslands fjalli um þetta mál heldur en við knýjum það undir hatt Siglingamálastofnunarinnar. Mér hafa sagt löggæslumenn, að þeir hefðu á liðnum árum efalaust tekið úr notkun fjölmarga báta af þessari stærð, jafnt við fjallavötn sem í höfnum, ef þeir hefðu haft lagaheimild til þess. Við, sem förum dálítið á milli fjallavatnanna og eins lítum á skeljarnar við bryggjurnar í höfnunum, vitum fullvel að bátar af þessari tegund, hvort heldur þeir eru settir upp eða liggja fyrir festum, bjóða raunverulega þeim sem að kemur að nota sig: Hér er bátur, gerið þið svo vel, — og þá sama hvernig þeir eru útbúnir og hver það er sem að garði ber. Ég veit að það hafa orðið fjölmörg slys vegna þess að þarna eru bátar sem alls ekki ættu að vera þar og vegna þess að það er enginn aðili sem umboð hefur til þess að taka þá úr notkun. Sumir þeirra eru raunar þannig, að það ætti að vera þegnskylda hvers og eins, sem að kemur, að brjóta þá.

Ég legg mjög mikla áherslu á að þessu máli verði

hraðað og leitað verði til Slysavarnafélags Íslands í þessu sambandi.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Vegna þess, sem fram hefur komið í þessu máli og vitnað var til þess sem hér fór fram milli mín og hv. flm. málsins, hv. 2. þm. Norðurl. v., vil ég gera hér grein fyrir afskiptum mínum af þessu máli meðan ég var í samgrn.

Þetta mál var afgreitt frá Alþ. 5. maí s. l.

„Föstudaginn 9. maí" — ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa frásögn — „kl. 15 komu saman á skrifstofu ráðuneytisstjóra þeir Brynjólfur Ingólfsson, Birgir Guðjónsson og Kristinn Gunnarsson, ásamt Hannesi Hafstein, Hjálmari R. Bárðarsyni og Páli Ragnarssyni. Tilefni fundarins var samþykkt þáltill. Pálma Jónssonar um eftirlit með smábátum. Birgir las upp þskj. nr. 77, till. og grg., ásamt áliti allshn. á þskj. 596. Hjálmar R. Bárðarson las bréf sitt til allshn., dags. 7. mars 1978. Birgir Guðjónsson kvað aðalatriði hvernig eigi að vinna eftir þál., þ. á m. hvort skipa skuli sérstaka n., enn fremur hvort hægt sé að byggja slíkar reglur á lögum um eftirlit með skipum eða hvort breyta þurfi lögum svo sem till. gerir ráð fyrir. Birgir benti á 3. mgr. 2. gr. laga nr. 52 / 1970 og taldi heimildina vera fyrir hendi.

Málið var nú rætt um stund og þ. á m. athuguð drög að reglugerðum um smíði báta 6-12 metrar að lengd og öryggisbúnað í þeim.

Samþykkt var að leggja til að reglugerð þessi yrði gefin út sem fyrst en þriggja manna n. ráðuneytis, Siglingamálastofnunar og Slysavarnafélagsins skipuð til samningar á reglugerðinni um minni báta samkv. heimild í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 52 / 1970, en sú heimild mundi nægja til að byggja reglugerðina á, og eins um hvers konar eftirlit með bátum undir 6 metra lengd."

Þetta var meðferð þessa máls. Í framhaldi af því gerði ég till. 16. júní um það að skipuð skyldi n. Það var og gert 21. júní og þá voru skipaðir í n. Kristinn Gunnarsson, Hannes Hafstein og Hjálmar R. Bárðarson.

Ég hafði áður en þessar umr. enduðu hér á Alþ. kynnt mér álit deildarstjórans í samgrn., Birgis Guðjónssonar, og óskaði eindregið eftir því, að reglugerð yrði gefin út á þeim grundvelli sem þar var talinn vera finnanlegur. Hins vegar lauk ráðherradómi mínum nokkru seinna og þess vegna gat ég ekki fylgt málinu til loka.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, þar sem m. a. kom fram að n. hefur verið skipuð til þess að sinna þessu verkefni, og ég fagna þeirri skoðun hæstv. ráðh., að lagaheimild skorti ekki til að koma þessu máli fram. Enn fremur þakka ég fyrrv. hæstv. samgrh. fyrir upplýsingar hans um þetta mál og einnig stuðning hv. þm. Stefáns Jónssonar.

Ég á samt nokkuð erfitt með að skilja það, að ekki skuli hafa tekist með velvilja allra þessara ágætu manna að koma fram reglugerð um þetta efni nú s. l. sumar. Ég vil minna á það, að þegar þetta mál var til afgreiðslu á síðasta Alþ. barst Alþ. áskorun undirrituð af öllum fulltrúum á Slysavarnaþingi þess efnis að afgreiða þetta mál og hraða framgangi þess. Ég minni á það, að forráðamenn Slysavarnafélags Íslands hafa árum saman lagt fram tillögur að reglugerð í þessu efni, og ég minni á það, að í framsöguræðu minni um þetta mál í fyrra vitnaði ég nokkuð í slíkar tillögur frá Slysavarnafélagi Íslands og vakti athygli á því sérstaklega sem minni skoðun, að reglur af þessu tagi mættu ekki vera þungar í vöfum, ekki of flóknar og ekki of kostnaðarsamar í framkvæmd, ef þær ættu að verða virkar. Ég hef séð sérstakan útbúnað á smábátum sem er í samræmi við skoðun Slysavarnafélags Íslands á því, hvernig búnaður þeirra skuli vera. Mér hafa sagt eigendur slíkra báta, að sá búnaður kosti vart meira en 2—3 þús. kr. Þó svo þar væri um einhverja hærri fjárhæð að ræða, þá er hér um svo léttan og einfaldan búnað að ræða, að það á ekki að kosta nefndarstörf í marga mánuði, ef ekki missiri eða ár, að leggja grunn að reglugerð sem sett verði. Ég skal ekki ræða þennan þátt málsins meir. Ég vænti þess, að reglugerð um þetta efni verði nú komið fram. Ég ítreka, að hún má ekki vera of viðamikil eða flókin eða kostnaðarsöm í framkvæmd. Þetta er ekki mál sem á endilega að heyra beint undir Siglingamálastofnun ríkisins, vegna þess að þá er hætt við að of mikill kostnaður fylgi.

Mér er kunnugt um það, að á sumum svæðum landsins bíða lögreglumenn eftir því að fá í hendur einhverjar heimildir til þess að hafa eftirlit með þessum málum, einhverjar reglur til þess að starfa eftir, reglur til þess að gera eigendum báta skylt að fara eftir og hafa síðan heimildir til þess að grípa inn í mál eftir því sem þeim þykir við þurfa. Ég tel víst að þannig muni vera víðast eða kannske alls staðar um landið, að unnt sé með litlum kostnaði að semja við lögregluyfirvöld um að hafa framkvæmd þessara reglna í sínum höndum í samstarfi við slysavarnadeildir og aðra þá aðila sem hafa áhuga á þessum málum.

Ég skal ekki ræða þetta mál frekar hér, enda tími minn sjálfsagt að verða búinn. Sú reglugerð, sem Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri hefur unnið að í samvinnu við menn frá Norðurlöndunum um skemmtibáta af stærðinni 6—12 metra, er naumast nákvæmlega það sama og hér er rætt um. Þó að ég hafi ekki séð þá reglugerð, þá er hætt við að hún sé viðameiri og ítarlegri en þörf er á fyrir báta sem eru innan við 6 metra og það geti ekki að öllu leyti farið saman. Ég vænti þess, að málið verði ekki flækt og tafið of lengi við það að reyna að negla það saman við slíka norræna reglugerð sem er kannske mörg ár í smíðum með samstarfi fulltrúa frá Norðurlöndunum öllum.

Ég þakka svo að endingu hæstv. samgrh. fyrir svör hans og vænti þess, að málið verði afgreitt og reglur þessar verði komnar til framkvæmda áður en sá árstími hefst sem slysahætta er mest.

Samstarf Norðurlanda á sviði sjónvarpsmála, fsp. (þskj. 28). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil fyrst víkja að því nokkrum orðum, að ég held að brýnt sé að haga vinnubrögðum hér á þann veg, að fsp. sé hægt að svara fyrr en gert er. Margar fsp. eru eðli málsins samkv. tímabundnar og þess vegna brýnt að þeim sé svarað fljótlega. Sú fsp., sem hér um ræðir, er að vísu ekki sérstaklega tímabundin, en henni var dreift hér 19. okt. s. l. og er nú bráðum mánuður liðinn síðan.

Á þskj. 28 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til menntmrh. um samstarf Norðurlandanna á sviði sjónvarpsmála. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver er stefna íslenskra stjórnvalda gagnvart aðild að fyfirhuguðu samstarfi Norðurlanda um fjarskipta-

hnött fyrir sjónvarp (Nordsat)?"

Því er um þetta spurt, að hér er um að ræða mikilvægt mál sem lengi hefur verið á döfinni á vettvangi norrænnar samvinnu, en ég minnist þess hins vegar ekki að hafa heyrt það nokkru sinni hver sé stefna íslenskra stjórnvalda í þessu máli. Umræða um þessa fyrirhuguðu samvinnu hefur verið sáralítil, nánast engin hér á landi, ef frá eru skilin nokkur brot úr sjónvarpsþáttum þar sem þetta mál hefur lítillega borið á góma.

Ítarlegar skýrslur um þetta mál voru lagðar fram á fundi norrænu menntmrh. á Húsavík í júní 1977. Þar kom m. a. fram, að tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að koma upp norrænu sjónvarpskerfi með gervihnetti er flutt gæti allar sjónvarpsdagskrár og raunar útvarpsdagskrár einnig frá öllum Norðurlöndunum til allra Norðurlandanna. Á þessum fundi menntmrh. norður á Húsavík var einnig til þess hvatt, að fram færi sem víðtækust umr. um þetta mál, en það virðist enn sem komið er hafa farið harla lítið fyrir henni hér á landi. Hér er sannarlega um stórmál að ræða menningarpólitísks eðlis, sem örugglega er töluverður ágreiningur um, og ekki síst þess vegna er nauðsynlegt að hvetja og vekja upp umr. um þetta mál hér. Samvinna Norðurlanda á þessu sviði, ef af verður, yrði einstök í sinni röð í veröldinni og með henni yrði sjálfsagt stigið stærra skref en nokkru sinni fyrr til aukinnar menningarsamvinnu þessara landa. Því er um það spurt, hver sé stefna íslenskra stjórnvalda að því er þetta mál varðar.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Eiður Guðnason spyr hver sé stefna íslenskra stjórnvalda gagvart aðild að fyrirhuguðu samstarfi Norðurlanda um fjarskiptahnött fyrir sjónvarp. Þessari spurningu er fljótsvarað. Engin stefna hefur verið mörkuð, hvorki af fyrrv. né núv. ríkisstj., varðandi samnorrænan gervihnött eða hnetti til dreifingar og viðtöku sjónvarps, önnur en sú stefna að taka þátt í athugun málsins og sameiginlegum umr. um það. Málið er enn ekki á því stigi, að ákvörðun sé unnt að taka, þar sem skýrir valkostir liggja alls ekki fyrir. En þó að þessari fsp. sé þannig fljótsvarað tel ég rétt að nota þetta tækifæri til að draga fram ýmsar upplýsingar um þetta mál og greina frá meðferð þess.

Um langt skeið hefur Norðurlandaráð lýst áhuga á auknu samstarfi á sviði útvarps- og sjónvarpsmála, og var gerð ítarleg skýrsla um málið er nefndist „TV" över gränserna og kom út árið 1974. Að því er tekur til hljóðvarps hefur mjög lengi verið náið samstarf milli útvarpsstjóra Norðurlanda og ýmissa starfsmanna á þessu sviði, og einnig hefur nokkuð verið um skipti á sjónvarpsefni. En fyrst þegar tekið var að ræða um sjónvarpsdagskrá, er næði til allra Norðurlandaríkja, var Ísland vegna legu sinnar utan við þann tæknilega möguleika að geta notið sjónvarps frá hinum löndunum eða sent þangað. Eftir að gervihnettir komu til sögunnar opnuðust nýir möguleikar fyrir Ísland til þess að taka þátt í sendingu og viðtöku sjónvarpsefnis í félagi við hin Norðurlandaríkin. Í des. 1975 komu menntmrh. Norðurlanda á fót n. til þess að athuga möguleika á dreifingu og móttöku sjónvarps- og útvarpsefnis í Norðurlandaríkjunum um gervihnött eða gervihnetti. Skyldi í þessu sambandi kanna tæknihlið málsins, dagskrárgerð og lögfræði- og fjárhagsatriði. Mál þetta hafði áður borið á góma, en nú var talið að notkun gervihnatta í þessu sambandi væri ekki eins fjarlæg framtíð og áður var haldið.

Nefnd, sem gekk undir nafninu ráðuneytisstjóranefndin, kom saman til fyrsta fundar 16. jan. 1976. Áitsgerð hennar var lögð fyrir menntmrh.-fund Norðurlanda á Húsavík 14. júní 1977. Undirnefndir höfðu fjallað um ýmsa þætti, svo sem höfundaréttarmál, sem geta orðið flókin í þessu sambandi, um norræna stefnu í dagskrármálum og ýmis fjárhagsatriði. Sænsk stofnun hafði athugað tæknihlið málsins og var athugunin kostuð að hluta af Norræna iðnþróunarsjóðnum. Á ráðherrafundinum á Húsavík var ákveðið að senda skýrslu ráðuneytisstjóranefndarinnar mörgum aðilum til umsagnar, þ. á m. hafa símamálastjórnir Norðurlanda fjallað um málið. Í skýrslunni var áætlað að sameiginlegur stofnkostnaður dreifikerfis fyrir öll Norðurlandaríkin yrði um það bil 575 millj. sænskra kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 113 millj. sænskar kr. Endingartími gervihnattar er áætlaður um það bil sjö ár.

Hinn 10. jan. til 15. febr. 1977 hélt Alþjóðafjarskiptamálasambandið ráðstefnu í Genf til þess að skipuleggja útvarps- og sjónvarpssendingar frá gervihnöttum til aðildarríkja sambandsins. Gert er ráð fyrir að gervihnöttum fyrir þessa þjónustu verði raðað á baug í um það bil 36 þús. km hæð yfir miðbaug. Verkefni ráðstefnunnar var að úthluta aðildarríkjunum stað og rásum fyrir gervihnetti á ofangreindum baugi og ákveða umfang þeirra geisla sem hverju ríki er leyfilegt að senda út frá gervihnetti sínum. Er miðað við að geislinn nái sem skemmst út fyrir umráðasvæði hvers ríkis, en í fáeinum tilfellum var gerð undantekning frá þessu atriði með samþykki þeirra ríkja sem hlut áttu að máli. Nefna má að Norðurlandaríkin vildu hvert um sig senda út auk eigin geisla geisla sem næði yfir þau öll. Vegna fjarlægðar Íslands frá öðrum Norðurlandaríkjum var ekki hagkvæmt að láta Norðurlandageislann ná hingað. Hins vegar þótti rétt að fara fram á handa Íslandi sömu staðsetningu fyrir gervihnött með hliðsjón af æskilegu samstarfi um smíði og rekstur gervihnatta. Er þá haft í huga að sérstökum geisla yrði beint til Íslands frá gervihnetti á þessum stað. En með hliðsjón af þeim möguleika, að ekki yrði af einhverjum ástæðum af slíku samstarfi við önnur Norðurlandaríki, var einnig sótt um aðra og vestlægari staðsetningu gervihnattar fyrir Ísland sem mundi vera heppilegri með tilliti til þarfa Íslands eins.

Niðurstaða Genfarráðstefnunnar 1977 varð sú að því er Ísland varðar, að úthlutað var 5 rásum frá gervihnetti staðsettum yfir miðbaug á 31° v. l. og 3 rásum frá 5° a. l. Í seinna tilvikinu er um að ræða geisla sem nær yfir Ísland og Færeyjar og hluta af Grænlandi, en í sama geisla fá Danir til umráða tvær rásir. Hverju ríki var yfirleitt aðeins úthlutað 4—5 rásum, og er þessi niðurstaða því talin hagfelld fyrir Ísland.

Ráðstefnan í Genf ákvað grundvöllinn fyrir gervihnattanotkun aðildarríkja varðandi sjónvarp og útvarp og var því mjög þýðingarmikil. Ákvarðanir ráðstefnunnar taka gildi 1. jan. 1979 og munu gilda í a. m. k. 15 ár. Menntmrn. lagði á sínum tíma áherslu á þátttöku í þessari ráðstefnu og kostaði þátttöku annars íslenska fulltrúans, en Ríkisútvarpið greiddi kostnað vegna hins fulltrúans. Innan þeirra marka sem Genfarráðstefnan setti um gervihnetti, staðsetningu þeirra og geislanotkun, hefur svo hvert ríki eða ríkjasamsteypa frjálsar hendur um framkvæmdir. Norðurlandaríkin standa nú frammi fyrir

því, hvort og þá að hve miklu leyti þau ætla að hafa samstarf um gervihnött eða hnetti til dreifingar á móttöku sjónvarps- og útvarpsefnis. Við mat á því kemur mjög margt til greina, en ekki síst fjárhagshlið málsins og hvaða menningarstefnu ber að fylgja í þessu sambandi.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir að stofnkostnaður gervihnattar verði um 575 millj. sænskra kr. en endingartími líklega um eða innan við sjö ár og árlegur rekstrarkostnaður um 113 millj sænskra kr. Þessar tölur er þó talið að kunni að fara lækkandi vegna sífelldra tækniframfara. Þá er og gert ráð fyrir tiltölulega ódýrum búnaði við viðtökutæki notenda. Kostnaðarskipting í norrænni samvinnu um þetta efni hefur ekki verið rædd sérstaklega enn þá, en gengið hefur verið út frá hinni almennu skiptireglu í norrænu samstarfi, þ. e. að Ísland greiði 0.9%.

Umsagnir hafa verið að berast til Menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn um ráðuneytisstjóraskýrsluna, sem lögð var fram á Húsavíkurfundinum. Nefndarálitið var sent fjölmörgum aðilum á Norðurlöndum til umsagnar, m. a. eftirgreindum aðilum á Íslandi: Ríkisútvarpi, Póst- og símamálastofnun, STEF, Rithöfundasambandi Íslands, Bandalagi ísl. listamanna, Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Blaðamannafélagi Íslands, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Fræðsludeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Fræðslumyndasafni ríkisins, Ríkisútgáfu námsbóka, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Norræna félaginu, Félagi kvikmyndagerðarmanna, Menntamálaráði Íslands, höfundarréttarnefnd, stjórn Norræna hússins í Reykjavík, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna.

Umsagnir hafa borist frá 10 aðilum. Umsagnir 6 þessara aðila virðast í höfuðatriðum jákvæðar, þ. e. frá Ríkisútvarpi, Kvenfélagasambandi Íslands, STEF, Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Höfundarréttarnefnd og Norræna húsinu. Einn aðili er neikvæður, Rithöfundasamband Íslands, en það skilaði sameiginlegri umsögn með Félagi ísl. leikritahöfunda. Tveir aðilar tóku enga afstöðu til álitsgerðarinnar, þ. e. Menntamálaráð og Kennaraháskóli Íslands. Póst- og símamálastjórar Norðurlanda skiluðu auk þess sameiginlegri umsögn. Þá mun öllum ráðh., rn. og formönnum stjórnmálaflokka hafa verið send álitsgerðin til fróðleiks.

Símamálastjórnir Norðurlandaríkja hafa yfirleitt verið fremur vantrúaðar á skjótan framgang málsins og hafa sitthvað við tæknilega hlið könnunar þess að athuga og fjárhags- og framkvæmdaáætlanir. Kann mönnum að virðast að athuganir hafi verið of einhliða sænskar og kunni sænsk stefna í iðnaðarmálum og áhugi á því að verða á undan öðrum í harðri samkeppni á heimsmarkaði að móta nokkuð viðhorfin.

Flestir munu sammála um að gervihnettir verði teknir til þessara nota fyrr eða síðar. En ágreiningur er m. a. um, hvort ástæða er fyrir þjóðir Norðurlanda að hraða sér í þessu máli. Menningarhlið þessa máls verður vafalaust umdeilanleg fyrir þjóðir Skandinavíu. Kemur hvort tveggja til greina, að um verði að ræða sameiginlega norræna dagskrá, úrval úr sjónvarpsdagskrám Norðurlanda og eins hitt, að frá upphafi geti áhorfendur valið á milli a. m. k. *fjögurra eða fimm útsendinga frá norrænum* sjónvarpsstöðvum þannig að áhorfendur geti sjálfir stillt tæki sín á þá dagskrá sem þeir kjósa, en síðar gætu þeir hugsanlega valið um einar 8 stöðvar.

Fyrir okkur Íslendinga er aftur á móti líklegast að valið standi um það fyrst í stað og a. m. k. fyrsta hálfa áratuginn, hvort við óskum eftir að fá senda yfir landið eina samnorræna dagskrá auk eigin dagskrár, sem ætti þá greiða leið í hvern afdal og um alla útkjálka landsins án dreifingarvandkvæða, eða þá hitt, hvort við viljum standa algerlega utan við þetta samstarf, því að rétt er að sjálfsögðu að búast við að verðum við þátttakendur á annað borð, þá bjóðist okkur sjálfstæðar sjónvarpssendingar frá öllum Norðurlöndum samtímis á síðara stigi, þ. e. á áratugnum milli 1990 og 2000, og kann þá einhverjum að þykja nóg um.

Á hitt er einnig að líta, að nú eru taldar vaxandi líkur á að um miðjan þennan áratug verði Vestur-Þjóðverjar komnir með sjónvarpshnött á loft og munu sendingar hans ná yfir stóran hluta Skandinavíu, m. a. til höfuðborga fjögurra Norðurlandaríkja. Áform Vestur-Þjóðverja munu vafalaust hafa mikil áhrif á gang þessara mála á hinum Norðurlöndunum. Ekki er ljóst enn hvort gervihnettir verða á lofti á næsta áratug er nái með sendingum til Íslands auk hugsanlegra Norðurlandahnatta, en einkum gæti það komið til greina við útsendingar frá gervihnöttum yfir Bretlandseyjum.

Vandkvæði hafa komið í ljós vegna mismunandi reglna varðandi auglýsingar í sjónvarpi. Einungis Ísland og Finnland leyfa auglýsingar í sjónvarpi, hin Norðurlandaríkin ekki.

Að því er Ísland varðar mundi notkun gervihnatta væntanlega hjálpa til að leysa þá erfiðleika sem nú eru á því að koma sjónvarps- og útvarpsefni til áhorfenda og hlustenda þannig að til allra staða á landinu berist sjónvarps- og útvarpsefni með sömu mynd og tóngæðum.

Þess er rétt að geta sérstaklega, að samstarf Norðurlanda um gervihnött mundi alls engin áhrif hafa á sjálfstæði og sérstöðu íslensks sjónvarps og útvarps. Hér er einungis um að ræða hvort og í hve ríkum mæli menn vilja notfæra sér möguleika á viðtöku norræns efnis og þá jafnframt að auka flutning íslensks efnis í öðrum Norðurlandaríkjum frá því sem nú er.

Rétt er og að hafa í huga, að afar mörg vandamál eru óleyst í sambandi við þetta mál. T. d. bárust í sambandi við ráðherrafundinn á Húsavík mótmæli frá fundi Samtaka norrænna rithöfunda gegn fyrirhuguðu samstarfi. Símamálastjórnir Norðurlanda hafa verið mjög varfærnar í málinu. Þá hafa útvarpsstöðvar á Norðurlöndum lengi haft samstarf með sér, og er ekki víst að þeim þyki framtak eða afskipti menntm.ráðherra tímabær.

Herra forseti. Ég lengi ekki frekar svar mitt við þessari fsp., en ítreka að lokum, að meðan málið liggur ekki skýrar fyrir er útilokað að stefnumótun eigi sér stað í þessu máli, hvað þá að ákvarðanir verði teknar.

Friðrik Sophusson: Forseti. Ég fagna því, að þessi fsp. skuli koma fram á Alþ. Mér finnst sjálfsagt að við Íslendingar vinnum áfram í norrænu samstarfi um þetta mál. Mun vera stefnt að því, að undirbúningsvinnu að þessu máli verði lokið næsta sumar, þannig að þá geti legið fyrir frumniðurstöður málsins. Að vísu hefur komið dálítill afturkippur í málið, einkum og sér í lagi vegna afstöðu Finna til málsins, en þeir hafa hreyft því, að aftur

beri að kanna þá hugmynd sem hæstv. ráðh. minntist á og var kallað TV över gränserna, þ. e. a. s. áætlanir frá 1974. Mun vera ætlun sérfræðinganna að kynna sér það mál aftur, ekki síst með tilliti til kostnaðarhliðar málsins.

Það er sjálfsagt öllum ljóst, að á þessu máli og jarðstöðvarmálinu, Intersat, er mikill munur. Hér er um að ræða gervihnött, sem sendir beint til notenda og gefur ótal marga og mikla möguleika. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. hefur einkum verið rætt um það (eða gert ráð fyrir því kannske án umr.), að við tækjum aðeins þátt í greiðslu bæði stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar eftir höfðatölu, sem mun vera nú um 0.9%, þannig að auðvelt er, ef áætlanir standast, að reikna út, hvað þetta kostar, og meta þann ávinning sem við gætum haft af slíku samstarfi.

Mér er ljóst að vandamálin eru að sjálfsögðu mjög mörg í þessu máli, og ýmsir hafa lýst sig andvíga þessu samstarfi og þá einkum rithöfundasamtökin og önnur slík.

En vegna þess að það eru önnur atriði, þó einkum tvö, sem ég vil nefna, sem eru mjög athyglisverð, þá held ég að full ástæða sé til þess, að ríkisstj og íslensk stjórnvöld móti sér stefnu í þessu máli. Þessi tvö atriði eru annars vegar að þetta geti komið að notum fyrir Íslendinga sem dreifikerfi á landinu og þó einkum á miðunum í kringum landið, en það er vandamál sem þegar hefur verið tekið til umfjöllunar í nefnd og þ. á m. í nefnd þm. sem starfaði hér í fyrra. Hitt atriðið, það síðara að lokum, herra forseti, er varðandi skólasjónvarp. Nordsat gefur að sjálfsögðu ótal möguleika í sambandi við það, en það er kannske sá þáttur sjónvarpsmálanna hér á landi sem mest hefur verið vanræktur.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hér hefur verið spurt um það, hver sé stefna íslensku stjórnarinnar um sjónvarpssamvinnu Norðurlanda. Hæstv. menntmrh. hefur svarað og sagt að því sé fljótsvarað, að það sé engin stefna mörkuð önnur en að taka þátt í athugun málsins. Þetta er út af fyrir sig skýrt og gott svar. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að segja það, að ég tel mjög æskilegt og ég er talsmaður þess, að við tækjum menningartengsl okkar við Norðurlandaþjóðir, og ég er svo gamaldags í mér að ég gæti vel hugsað mér að þessi menningartengsl yrðu eitthvað á svipaðan hátt og verið hefur gegnum norrænu félögin og á annan slíkan hátt. Hins vegar er það svo um mig hvað snertir sjónvarpssamvinnu Norðurlanda, að ég held að við megum ekki fara að líta á það samstarf sem einhvern sjálfsagðan hlut. Ég held að við verðum að spyrja okkur að því, á hverju þetta samstarf eigi að byggjast, hver eigi að vera tilgangur slíks samstarfs og hvert eigi að vera innihaldið í þessu samstarfi. Ég held líka að við ættum að spyrja okkur að því, að hvaða gagni þetta geti komið okkur, hvort við verðum þarna veitendur eða hvort við verðum kannske eingöngu þiggjendur eða í senn veitendur og þiggjendur. Ég er ekki búinn að gera mér fyllilega grein fyrir því, hvernig þetta mál verða, því að svör við þessum spurningum liggja alls ekki á lausu. Auk þess er, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, áberandi hvað þetta mál hefur verið lítið rætt hér á landi. Ég held að ég megi fullyrða að þetta mál hefur naumast komið til umr. á Alþ. eða verið borið undir Alþ. Er út af fyrir sig dálítið skrýtið að þetta skuli ekki vera rætt meira hér á Alþ. í einhverju öðru formi en í fsp.

Þess vegna er það, að við Íslendingar erum ákaflega ókunnugir þessu máli, þm. ekkert síður en aðrir. En þeir, sem hafa þó reynt að fylgjast svolítið með þessu, vita að um þetta mál, samstarf Norðurlanda í sjónvarpsmálum, eru talsvert miklar deilur á Norðurlöndum og menn eru engan veginn á eitt sáttir, eins og fram hefur komið hér, t. d. í ræðu hæstv. menntmrh. Það er augljóst mál, að hér er reyndar um afar stórt mál að ræða fyrir okkur alla, fyrir Íslendinga, fyrir allar Norðurlandaþjóðir. Þetta er augljóslega stórt menningarmál, en líka stórt fjárhagsmál. En sem sagt, jafnvel þótt ég sé þessa sinnis og svo gamaldags í mér að ég álíti að við eigum að rækja alveg sérstaklega menningarlega samvinnu við Norðurlönd og gera það á hinn hefðbundna hátt, eins og verið hefur, með góðu samstarfi innan norrænu félaganna og með alls konar öðru samstarfi, vinabæjasamstarfi o. s. frv., þá held ég að við ættum að stinga dálítið við fótum og athuga vel okkar gang áður en við leggjum út í það að taka að fullu þátt í því samstarfi sem fyrirhugað er í sambandi við þennan gervihnött.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 5. landsk. þm. þakka fyrir það, að þetta mál kom hér til umr. og að hv. 3. þm. Vesturl. skyldi bera fram þessa fsp. Það komu fram miklar upplýsingar í svari hæstv. ráðh. þó að margt sé enn óupplýst í þessu máli. Það er eitt atriði sérstaklega sem mig langar til að vekja athygli á í þessu sambandi og biðja hv. þm. að hugleiða, hvort ekki sé ástæða til þess að vera á verði varðandi eitt atriði sem getur haft mikla menningarpólitíska þýðingu.

Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að rætt hefði verið á ráðstefnunni í Genf árið 1977 hvernig og hvert þær þjóðir, sem hyggjast senda á loft sjónvarpshnetti, beina geisla þessara hnatta. Þarna tel ég vera um mjög mikilvægt atriði að ræða sem ástæða er til að taka pólitíska afstöðu til. Það er ekki komið undir sérfræðilegu mati eins eða neins, hvort sú ákvörðun er tekin t. d. að biðja við skulum segja Frakka eða Þjóðverja eða einhverja aðra þjóð að gæta þess að beina ekki sjónvarpsgeislanum yfir tiltekið svæði eða t. d. yfir það svæði sem Ísland liggur á. Ég tel einmitt að það sé mjög mikið hagsmunamál, ekki síst fyrir Íslendinga, að þessir möguleikar séu nýttir til fulls.

Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að vitað sé að innan fárra ára muni Vestur-Þjóðverjar senda á loft sjónvarpshnött. Það mun líka svo kunna að fara um Frakka, að innan eins og hálfs árs muni þeir senda á loft sjónvarpshnött. Svona er þróunin hröð í þessu efni. Og að því er þá möguleika varðar að geta séð dagskrár frá þessum löndum t. d., þá tel ég þar vera um svo mikilsvert menningarmál að ræða, að stjórnvöld geti ekki veitt sérfræðingum umboð til þess að setja fram óskir um það, að geislum frá t. d. slíkum hnöttum væri ekki beint til okkar. Mér hefur skilist á þeim sem fróðir eru um þessi mál, að það muni ekki vera dýrara fyrir þær þjóðir, sem setja upp sjónvarpshnetti, að haga þeim útbúnaði þannig, að hægt sé að hafa hreyfanlegan geisla. Það væri hugsanlegt að senda dagskrár kannske einu sinni, tvisvar eða þrisvar í viku yfir eitthvert annað svæði en gert er aðra hluta vikunnar. Á þessu sviði eru möguleikar sem Íslendingar hafa ekki verið nægilega vakandi yfir.

Þetta vildi ég sérstaklega draga fram, en aftur á móti ekki á þessu stigi blanda mér inn í þær miklu og flóknu

umr. sem vissulega þurfa enn að fara fram um norrænan sjónvarpshnött, einungis þó láta það koma fram, að ég tel þar vera um mjög mikilvægt atriði að ræða og sérstaklega að við náum sem fyrst beinum útsendingum frá hinum einstöku löndum. Hins vegar tel ég mjög vafasamt að við ættum að styðja þá stefnu, að einungis yrði ein allsherjar ritstýrð norræn dagskrá. Ég held að við ættum einmitt að vera vakandi yfir þeim möguleikum sem við höfum á stórauknu valfrelsi á menningarsviði.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er verið að ræða hér um samnorrænt sjónvarp og það kann að vera góðra gjalda vert. Ég er talsmaður menningartengsla við Skandinavíu ekki síður en við aðra heimshluta og jafnvel fremur. Nefndar eru háar tölur í þessu sambandi. En ég vil nota þetta tækifæri til að minna á það, ef hv. alþm. kynnu að hafa gleymt því, að enn þá eru heil byggðarlög á Íslandi þar sem sjónvarp næst ekki og er þó komið fram í árslok 1978. Litvæðing sjónvarpsins er komin langt fram úr þeirri áætlun sem upphaflega var gerð þegar hafist var handa um hana, en nýbygging stöðva hefur aftur á móti tilsvarandi dregist aftur úr þeirri áætlun sem þar átti að vinna eftir.

Hvað varðar undirbúning að nýbyggingu stöðva er mér kunnugt um að í lok ráðherratíðar Vilhjálms Hjálmarssonar, hæstv. fyrrv. menntmrh., voru teknar ákvarðanir,og ég hef fyrir því yfirlýsingar hans úr ræðustól á Alþ., að fjármagn væri fyrir hendi og búið að panta tækin og raunar var hafist ofurlítið handa um byrjunarframkvæmdir á sumum stöðvum, en síðan hefur lítið eða ekkert gerst. Þetta athafnaleysi tæknimanna, þeirra sem eiga að hafa þetta á hendi, er mér óskiljanlegt, og þessi slóðaskapur okkar allra er okkur öllum til skammar. Þetta er aðstöðumunur sem ekki er þolandi, og því vek ég máls á þessu og legg það inn í þessa umr. um stórbrotnar áætlanir um alþjóðlegt sjónvarp. Ég heiti á hæstv. menntmrh. að hafa nú snör handtök. Ég er búinn að ræða þetta mál við hann og veit að vilji hans er góður og hann hefur ýtt á þetta mál. Ég heiti á hann að hafa snör og mjög ákveðin handtök til þess að koma sjónvarpi um landið, þar sem á annað borð er kostnaðarins vegna skynsamlegt að gera það, og ljúka því áður en hann fer að taka ákvarðanir um áætlanir um alþjóðlegt sjónvarp.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Þar kom fram skýrt og skorinort, að engin stefna hefur verið mótuð í þessu máli, og er e. t. v. ekki ástæða til að áfellast það sérstaklega, þar sem undirbúningur málsins er á því stigi. Hins vegar held ég að ástæða sé til að áfellast það, og mér sýnist það mjög slæmt, að ekki hefur verið unnið að þessu máli af hálfu menntmrn. í þá átt að vekja hér almenna umr. um málið. Það kom fram í máli ráðh., að þetta hefði verið sent ýmsum aðilum til umsagnar. Ég leyfi mér að efast um að þessir aðilar hafi haft í höndum upplýsingar og gögn sem væru nægjanleg til þess að byggja á skynsamlega skoðun á þessu máli. Raunar kom fram sömuleiðis hjá ráðh., að mjög fá svör hafa borist, miðað við þann langa lista sem hann las upp, og gefur það kannske til kynna að menn hafi ekki talið sig bæra til að kveða upp úr um þetta af eða á.

Sá er gallinn á gjöf Njarðar í sambandi við þróun þessa máls, að um það hafa eingöngu fjallað embættismenn og tæknimenn fram að þessu. Það er áreiðanlega kominn tími til og raunar brýn nauðsyn að þetta mál sé rætt á pólitískum vettvangi og einnig að vakin sé umræða meðal almennings um það. Það sýnist t. d. ekki fjarri lagi að menntmrn. gengist fyrir ráðstefnu til að kynna hvernig þetta mál er vaxið, hvers eðlis það er o. s. frv.

Ég held að afstaða manna til þessa máls hafi töluvert einkennst af hleypidómum, oft hleypidómum sjálfskipaðra menningarvita sem telja að allt afþreyingar- og skemmtiefni sé af hinu illa eingöngu. Menn skyldu nefnilega vara sig á því að vanmeta hlutverk þessa fjölmiðils, sjónvarpsins, sem afþreyingartækis, sérstaklega í þjóðfélagi þar sem of langur vinnudagur og streita er regla fremur en undantekning.

Annar er sá flötur á þessu máli, sem aðeins var vikið að hér áðan, sem er býsna mikilvægur fyrir okkur Íslendinga og ég held að sé vert að hv. alþm. gefi sérstakan gaum. Hér hefur á hverju þingi á eftir öðru löngum stundum verið rætt um að koma sjónvarpi til íslenskra fiskiskipa á miðunum hér við land og nefndar feiknalega háar tölur í því sambandi, jafnvel hærri tölur eða viðlíka og stofnkostnaðarhluti okkar í slíku norrænu sjónvarpskerfi yrði. Komist slíkt gervihnattasjónvarp á er það mál leyst, og jafnframt fyrir velflesta afskekkta staði hér á landi sem njóta ekki þegar sjónvarps. Þess vegna held ég að það skipti verulega miklu máli fyrir okkur að fylgjast með þessu.

Það er deginum ljósara, að fram undan eru gífurlegar framfarir á sviði fjarskiptatækni, og það, sem blasir við okkur núna, er kannske að gera það upp við okkur, hvort við viljum taka þátt í þessu norræna samstarfi núna eða hvort við viljum bíða þess að aðrar þjóðir stærri og voldugri taki að beina hingað sjónvarpsefni án þess að við verðum um það spurð, því um það verðum við ekki spurð. Það er ljóst að endurvarpshnöttur, sem verður fyrir Bretlandseyjar, mun hindrunarlaust ná a. m. k. til Suðaustur- og Austurlands, að því er sérfræðingar telja. Ég held að þó sumir vildu það kannske, þá sé ekki hægt að reisa menningarlegt járntjald í kringum Ísland. Sá möguleiki er hreint ekki fyrir hendi, þó ýmsir kannske kjósi það og telji það vera hið ákjósanlegasta í þessu efni. Tæknin gerir það að verkum, að járntjöld í þessum efnum verða næsta óvirk og lítils virði, enda sjálfsagt í andstöðu við það sem meiri hluti þessarar þjóðar óskar eftir.

Ég held að afar brýnt sé að umr. um þetta mál haldi áfram á pólitískum vettvangi og sem víðast um allt land, þannig að mönnum verði kynnt efni þess og fólk geti myndað sér skoðanir um hvað það er sem raunverulega er á ferðinni. Áreiðanlega verða skiptar skoðanir, en upplýsingar verða að vera fyrir hendi, nægar og greinargóðar, til þess að menn geti með skynsamlegum hætti myndað sér skoðun í málinu.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. upplýsti að í þessu máli hefði ekki verið mótuð nein sérstök stefna. Síðan fylgdi á eftir greinargóð skýrsla um það, hvernig þessi mál stæðu og hvernig þessi mál hefðu þróast allt frá árinu 1974. Samkv. þeirri skýrslu sýnist mér að unnið hafi verið samkv. sterkt mótaðri íslenskri þáttökustefnu um það að fylgjast með þessum rannsóknum og vera aðilar að því þangað til tími væri kominn til að taka málin til frekari ákvörðunar.

Síðan upplýsir hv. þm. Ingvar Gíslason það hér í umr., að þessi mál hafi ekki fyrr komið til kasta Alþingis. Ég

get ekki orða bundist til að lýsa furðu minni á því, að það skuli hafa verið unnið að þessum málum innan Norðurlandaráðs og í hliðarstofnunum Norðurlandaráðs allt frá árinu 1974 án þess að hafi komið til kasta Alþ., þeirrar stofnunar á Íslandi sem á að taka endanlega afstöðu til þess, hvort af þessu samstarfi á að verða eða ekki af Íslands hálfu.

Hv. þm. Eiður Guðnason benti á að það þyrfti að kynna þetta mál frekar hér á landi og reyna að vekja upp umr. um það, til þess að íslensk þjóð verði betur undir það búin að taka afstöðu til málsins þegar þar að kemur. Ég held að það sé kominn tími til þess að kynna hv. þm. það öllu betur en skýrsla hæstv. menntmrh. fjallaði um, því að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, pólitíska menningarsamvinnu á sviði norrænnar samvinnu og stóraukna samvinnu á því sviði frá því sem nú er.

Ég vil benda á þessi atriði og einnig því samtengt, að eins og okkur er kunnugt er norræn samvinna viðkvæm, sérstaklega sú samvinna sem fer fram innan Norðurlandaráðs. Það eru ýmis mál sem ekki hafa enn komið til kasta Norðurlandaráðs, eins og varnar- og öryggismál. Þegar gengið verður út á þá braut að stofna til samnorræns sjónvarps, þá liggur ljóst fyrir að taka verður til endurskoðunar ýmsa þá starfshætti sem snerta Norðurlandaráð.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa orð mín fleiri, en ég taldi ástæðu til að benda á þessi atriði við þessa umr., en legg að lokum áherslu á að það hlýtur að vera Alþ. sem tekur lokaákvörðun í þessu máli. Og ég vil koma þeim vinsamlegu tilmælum til hæstv. menntmrh., að hann gefi þingheimi kost á því að fylgjast náið með þróun þessa máls á vettvangi Norðurlanda.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég er í sjálfu sér persónulega andvígur miklum umr. um fsp., en það er hægara að kenna heilræðin en að halda þau sjálfur. Ég vil í fyrsta lagi árétta það sem fram kom hjá hæstv. menntmrh., hvort sem menn vilja kalla það stefnu eða ekki, að það hefur verið ofan á, að reynt hefur verið að fylgjast með því sem fram fer um þetta gervihnattamál. Ég held að eins og er séu óvissuatriðin svo mörg í þessu efni, tæknileg, fjárhagsleg, og þá um leið óvissa um hvenær gæti komið til framkvæmda að það sé ekki of seint að hefja umr. um málið á þeim nótum sem hv. fyrirspyrjandi telur að hefði þurft að gera fyrr. Ég tel að þarna sé um svo stórt mál að ræða, að það hefði verið óforsvaranlegt að fleygja frá sér þessum möguleika með því að fylgjast ekkert með því sem þarna fór fram.

Varðandi ummæli hv. þm. Páls Pétursson ar um að ekkert væri aðhafst núna í dreifingarmálum útvarps, þá verður sjálfsagt rætt nánar í sambandi við fsp. um það mál. En af því að hann minntist á að ég hefði í byrjun þessa árs gert grein fyrir ýmsum áformum vil ég minna á, að þegar ég gerði grein fyrir þeim áformum, hvort sem það var hér eða í fjölmiðlum, þá hafði ég mjög sterka fyrirvara um að margt gæti komi í veg fyrir að áætlanir stæðust nákvæmlega, og við höfðum engar tímasetningar. En ég hef rætt við þá menn sem að þessu vinna núna, því að mér leikur forvitni á að fylgjast með þessu, og ég veit ekki betur — og það mun áreiðanlega koma fram í svari ráðh. — en það sé unnið fullum fetum að öllum þeim framkvæmdum sem áformaðar voru. Ég tel fráleitt að vera að ónotast út í litvæðinguna. Það er hún sem stendur undir þessum framkvæmdum. Það er með þetta eins og fleira, að það er ekkert hægt að framkvæma nema hafa til þess nokkurt fjármagn. Ég vék að þessu alveg sérstaklega til að árétta að af minni hálfu voru hafðir fyrirvarar um tímasetningar, því að það er ótalmargt sem grípur þar inn í. Sumt er eftir að fullrannsaka, það getur staðið á afgreiðslu á tækjum, það geta komið fyrir óvæntar bilanir og óvænt verkefni sem skyndilega þarf að grípa inn í o. s. frv.

Málefni Landakotsspítala, fsp. (þskj. 58). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Þeirri stefnu hefur verið fylgt um nokkuð langan aldur í landi voru, að íslenskir þegnar geti leitað sér lækninga án tillits til efnahags eða fjárhagslegrar stöðu. Þessi mál höfum við leyst á grundvelli félagslegrar samhjálpar með sjúkratryggingakerfi. Sjúkratryggingarnar eru án efa einn stærsti þátturinn í því, að við Íslendingar getum hrósað okkur af því að búa í velferðarríki.

Á allra síðustu árum hefur hins vegar orðið uggvænleg þróun í sjúkratryggingamálum. Það virðist vera að þetta kerfi félagslegrar samhjálpar sé að brotna niður og það gangi öllu fljótar að brjóta það niður en gekk að byggja það upp á *sínum tíma.* Fyrir aðeins örfáum árum námu útgjöld sjúkratrygginga um 1/3 hluta af útgjöldum lífeyristrygginga. Nú eru útgjöld sjúkratrygginga orðin næstum því jafnhá og útgjöld lífeyristrygginga. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1979 er þannig gert ráð fyrir að útgjöld sjúkratrygginga nemi 21.4 milljörðum kr., en útgjöld lífeyristrygginga nemi 25 milljörðum kr. Á milli ára frá fjárlögum 1978 til fjárlagafrv. 1979 hafa útgjöld sjúkratrygginganna hækkað um 8.2 milljarða, en útgjöld lífeyristrygginga aðeins um 5.3 milljarða kr. Hækkun sjúkratrygginga á milli þessara ára hefur því orðið næstum því þremur milljörðum kr. meiri en hækkun lífeyristrygginganna. Þar til viðbótar lesum við nú þær fréttir, að sjúkrahúsin þurfi a. m. k. 1 milljarð kr. í viðbót til þess að standa undir hallalausum rekstri á þessu ári. Ef þeirri fjárhæð yrði bætt hér ofan á væri hækkun sjúkratrygginganna milli ára næstum því tvöföld á við hækkun lífeyristrygginganna á sama tíma.

Þessi þróun hlýtur að hleypa nokkrum skelk í brjóst félagshyggjumanna, því að ef svo heldur fram sem horfir, þá er aðeins tímaspursmál hvenær þetta kerfi félagslegrar samhjálpar verður brotið á bak aftur, hvenær fólk á Íslandi nýtur þess ekki lengur að geta leitað sér læknishjálpar og sjúkrahúsvistar án tillits til efnahags. Því er rétt að huga að því, áður en það er orðið of seint, hvort einhverjir þeir gallar eru á sjúkrahúsa- og heilsugæslukerfi okkar, sem gera það að verkum að kostnaðurinn eykst svo hröðum skrefum, — gallar sem e. t. v. væri hægt að sníða af. Ef um óeðlilega kostnaðarliði er að ræða í heilsugæslunni erum við þar með skipulag sem hægt væri að breyta.

Landakotsspítali gegnir nokkurri sérstöðu meðal sjúkrahúsa á Íslandi. Hér er um að ræða stofnun sem breytt hefur verið í sjálfseignarstofnun, þegar ríkissjóður keypti spítalann fyrir fáum árum af þeim aðilum, sem rekið höfðu sjúkrahúsið með miklum dugnaði og mikilli útsjónarsemi. Eftir að ríkisvaldið hafði keypt þessa sjúkrastofnun og greitt talsvert fé úr ríkissjóði í því skyni var sjúkrahúsið Landakot gert að sjálfseignarstofnun,

því var skipað fulltrúaráð og fulltrúaráðið kaus síðan stjórn spítalans sem annast rekstur hans án fjárhagslegrar áhættu, þ. e. a. s. þeir aðilar, sem skipa fulltrúaráð, og stjórn Landakotsspítala bera ekki fjárhagslega áhættu af rekstri hans. Eru sennilega ekki margar stofnanir með þessari þjóð þar sem svonefndir eigendur eða fulltrúar eigenda — þeir aðilar sem um fjármálin eiga að fjalla bera ekki jafnframt fjárhagslega ábyrgð gagnvart a. m. k. einhverjum aðilum.

Þá er skipulag læknamála á Landakoti, þessari sjálfseignarstofnun, með talsvert öðrum hætti en á öðrum spítölum landsins, án þess að ég felli nokkurn dóm þar um.

Það er vissulega rétt að menn reyni að gera sér grein fyrir því, hvort þessi tilraun, sem gerð var, hafi borið tilætlaðan og æskilegan árangur og hvort það fyrirkomulag á þjónustu Landakotsspítala, að spítalinn leggur fram húsnæði, vinnukraft og tæki til lækna sem síðan framkvæma aðgerðir eða rannsóknir og fá greitt fyrir úr sjóði Tryggingastofnunar ríkisins, en greiða svo spítalanum þóknun fyrir aðstöðuna, hafi reynst æskilegt eða ekki. Ég hef því leyft mér, herra forseti, að flytja á þskj. 58 svohljóðandi spurningar til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„1. Hve háum fjárhæðum námu hæstu greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins til lækna við Landakotsspítala á s. l. ári? Hvaða læknar fengu þessar greiðslur og hve mikið guldu þeir hver og einn til Landakotsspítala þar af í leigu fyrir starfsaðstöðu, tækjabúnað, aðstoðarfólk o. þ. h.?

2. Hverjir skipa fulltrúaráð Landakotsspítala, hvernig voru þeir valdir, hvert er kjörtímabil þeirra, hvernig fer fram endurnýjun á umboði þeirra til setu í fulltrúaráðinu og hvert er verksvið fulltrúaráðsins?

3. Hverjir sitja í stjórn spítalans, hvernig eru þeir kjörnir, til hve langs tíma, hvert er verksvið stjórnarinnar og hvaða þóknun fær hún fyrir störf sín, ef nokkra?

4. Telur heilbrrh. að það fyrirkomulag, sem viðhaft er í rekstri Landakotsspítala — þ. e. a. s. að spítalinn veiti læknum starfsaðstöðu gegn umsömdu gjaldi, en læknarnir fái beinar greiðslur til sín fyrir unnin verk samkv. gjaldskrá — hafi gefið góða raun og þá einnig þegar tekið er tillit til kostnaðar við spítalarekstur og til kostnaðar við heilsugæslu og heilsuvernd?“

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Til að afla svara við þessum spurningum ritaði heilbr.- og trmrn. bréf til Tryggingastofnunar ríkisins og til St. Jósepsspítala Landakoti til að fá upplýsingar. Þau svör, sem hér eru gefin, byggjast á þeim upplýsingum sem bárust frá þessum aðilum, þ. e. a. s. Gunnari J. Möller settum forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og Loga Guðbrandssyni framkvæmdastjóra Landakotsspítala.

1. liður spurningarinnar er þannig, með leyfi forseta:

„Hve háum fjárhæðum námu hæstu greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins til lækna við Landakotsspítala á s. l. ári? Hvaða læknar fengu þessar greiðslur og hve mikið guldu þeir hver og einn til Landakotsspítala þar af í leigu fyrir starfsaðstöðu, tækjabúnað, aðstoðarfólk o. þ. h.?“

Á árinu 1977 námu hæstu greiðslur til einstaks læknis á Landakotsspítala 63 millj. 550 þús. kr., þar af frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur 45 millj. 935 þús. kr. og frá Tryggingastofnun ríkisins vegna annarra sjúkrasamlaga 17 millj. 615 þús. kr. Þessar greiðslur voru inntar af hendi til Jóhanns Lárusar Jónassonar yfirlæknis rannsóknastofu spítalans. Þessar greiðslur eru inntar afhendi samkv. samningi um sérfræðilæknishjálp. Samkv. upplýsingum Landakotsspítala greiddi yfirlæknirinn til rannsóknadeildar spítalans 69% af þessum greiðslum á árinu 1977, og framkvæmdastjóri spítalans gerir ráð fyrir að hlutfall greiðslna á þessu ári verði 74%. Þær upplýsingar komu frá spítalanum, að á árinu 1977 hefðu verið gerðar 256 852 rannsóknir, þar af 105 994 á utanspítalasjúklingum eða 41.26%. Þær tekjur, sem spítalinn hafði af þessum hluta rannsóknanna, nægðu til að greiða 70.8% af heildarkostnaði rannsóknadeildarinnar. Framkvæmdastjórinn telur því, að spítalinn hafi haft verulegan hag af þessu fyrirkomulagi.

Þá upplýsir spítalinn að brúttórekstrarkostnaður deildarinnar sé lágur eða 449 kr. af hverri rannsókn. Til samanburðar er þess getið í skýrslu spítalans, að sambærileg tala fyrir Borgarspítalann sé 721 kr. af hverri rannsókn. Þá er þess getið, að Tryggingastofnun ríkisins greiði 6% lægra gjald fyrir þær rannsóknir, sem fara fram inni á spítalanum, en þær, sem fara fram á rannsóknastofnum utan hans. Spítalinn upplýsir, að á árinu 1977 hafi heildargreiðslur lækna fyrir aðstöðu fyrir utan spítalasjúklinga numið 58 millj. 691 þús. kr. eða 4.46% af heildarrekstrarkostnaði spítalans. Sundurliðun greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins til lækna annarra en rannsóknalæknis hefur ekki verið framkvæmd.

2. liður spurningarinnar, með leyfi forseta: „Hverjir skipa fulltrúaráð Landakotsspítala, hvernig voru þeir valdir, hvert er kjörtímabil þeirra, hvernig fer fram endurnýjun á umboði þeirra til setu í fulltrúaráðinu og hvert er verksvið fulltrúaráðsins?“

Í fulltrúaráði sjálfseignarstofnunar St. Jósepsspítala eru eftirtaldir menn: Bjarni Jónsson, Björn Önundarson, Erlendur Einarsson, Geirþrúður Hildur Bernhöft, Gunnar Friðriksson, Gunnar J. Friðriksson, Hallgrímur Sigurðsson, Höskuldur Ólafsson, Ingibjörg R. Magnúsdóttir, Jóhannes Nordal, Jón Ingimarsson, Jón Kjartansson, Katrín Hjaltested, Logi Guðbrandsson, Ólafur Örn Arnarson, Ólafur Jóhannesson, Óttar Möller, Sigurður Helgason, systir Hildegardis, Valur Valsson, Unnur Agústsdóttir.

Ákvæði um skipun fulltrúaráðsins eru í 6. gr. skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnun St. Jósepsspítala. Þar segir þannig, með leyfi forseta:

„Sjálfseignarstofnuninni stjórnar fulltrúaráð skipað 21 fulltrúa, sem heilbrmrh. tilnefnir. Falli einhver fulltrúaráðsmanna frá eða hverfi úr ráðinu af öðrum ástæðum, skal heilbrrh. skipa fulltrúa í hans stað, að fengnum till. fulltrúaráðsins.“

Kjörtíminn er ákveðinn eftir ákvæðum 6. gr., er óákveðinn eða ævilangt, og er því ekki um að ræða reglur um endurnýjun á umboði til setu í fulltrúaráðinu. Í 6. gr. skipulagsskrárinnar segir enn fremur um verksvið fulltrúaráðsins, með leyfi forseta:

„Fulltrúaráðið skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en þrisvar sinnum á ári. Fyrir ráðið skal leggja til staðfestingar fjárhagsáætlun sjúkrahússins og ársreikninga hverju sinni. Fulltrúaráðið gerir till. til ráðh. um skipun þriggja manna í stjórn spítalans, sbr. 32. gr. laga nr. 56 frá 1973. Fulltrúaráðið skal setja sér starfsreglur, sem ráðh. staðfestir.“

Auk þess segir svo í starfsreglum fulltrúaráðsins, 1. gr.: „Fyrir fulltrúaráðsfundi skal enn fremur leggja allar

þær meiri háttar ákvarðanir um rekstur spítalans, sem yfirstjórn telur nauðsynlegt að bera undir ráðið eða a. m. k. sjö fulltrúaráðsmenn óska skriflega eftir að tekið sé fyrir á ráðsfundi.“

2. gr. starfsreglnanna hljóðar svo: „Á fundi fulltrúaráðsins skal kjósa úr hópi fulltrúa til fjögurra ára í senn þrjá menn í framkvæmdastjórn, sem ráðið á að gera tillögur um til ráðh. samkv. 6. gr. 3. mgr. skipulagsskrárinnar.“

Fulltrúaráðsmenn þiggja ekki laun eða þóknun fyrir setu í fulltrúaráðinu.

3. liður fsp. hljóðar þannig, með leyfi forseta: „Hverjir sitja í stjórn spítalans, hvernig eru þeir kjörnir, til hve langs tíma, hvert er verksvið stjórnarinnar og hvað fær hún fyrir störf sín, ef nokkuð?“

Í 7. gr. skipulagsskrár St. Jósepsspítala Landakoti segir svo, með leyfi forseta: „Úr hópi fulltrúaráðsmanna skal velja yfirstjórn sjálfseignarstofnunar St. Jósepsspítala og skal hún skipuð sjö mönnum. Í fyrsta sinn skulu stjórnarmenn skipaðir til fimm ára af heilbrrh. að fengnu samþykki St. Jósepssreglunnar og aðrir fjórir skipaðir til tíu ára með sömu skilyrðum. Hvenær sem stjórnarmenn ganga úr yfirstjórninni skal fulltrúaráðið kjósa menn í þeirra stað. Leita skal staðfestingar heilbrrh. á kosningunni. Endurkjósa má stjórnarmenn.“

Í yfirstjórninni eru nú Óttar Möller, formaður, Jón Ingimarsson, ritari, Björn Önundarson, Erlendur Einarsson, Logi Guðbrandsson, Ólafur Örn Arnarson, Valur Valsson.

Í starfsreglum eru eftirfarandi ákvæði um starfssvið yfirstjórnar, með leyfi forseta:

„Yfirstjórn sjálfseignarstofnunarinnar St. Jósepsspítala, sem skipuð er eða kosin samkv. 7. gr. skipulagsskrár, framkvæmir fyrirmæli fulltrúaráðsins milli funda þess, m. a. með hliðsjón af 8. gr. skipulagsskrár, en þar segir svo: „Stofnunin skal reka St. Jósepsspítala í því formi, sem hann nú er rekinn í, sérstaklega hvað snetir læknisþjónustu. Stjórn stofnunarinnar skal sjá um að spítalinn sé rekinn í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda til slíks reksturs.“

„7. gr.: Ákvarðanir í eftirfarandi málaflokkum skal framkvæmdastjórn ætíð leggja fyrir yfirstjórn til samþykktar: 1. Rekstraráætlun. 2. Ársreikninga. 3. Meiri háttar fjárfestingar. 4. Staðfestingu kjarasamninga. 5. Tryggingamál, þar með talið kaup vátrygginga. 6. Veitingu prókúru. 7. Ráðningu starfsmanna í eftirtaldar stöður: a) framkvæmdastjóra, b) skrifstofustjóra, c) innkaupastjóra, d) hjúkrunarforstjóra, sbr. 33. gr. laga nr. 56 frá 1973. 8. Hvers konar samninga um störf yfirlækna og sérfræðinga við spítalann, enda liggi þá einnig fyrir umsögn læknaráðs spítalans,

8. gr.: Yfirstjórnin getur að eigin frumkvæði eða eftir fyrirmælum fulltrúaráðsins tekið til umræðu og ákvörðunar málefni, sem varða spítalann, og óskað upplýsinga frá framkvæmdastjórn.

9. gr.: Yfirstjórnin ræður löggildan endurskoðanda til að endurskoða reikninga spítalans.“

Yfirstjórnarmenn þiggja hvorki laun né þóknun fyrir störf sín í yfirstjórn eða framkvæmdastjórn.

Samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57 frá 1978, 30. gr., skal einkasjúkrahúsum eða sjálfseignarstofnunum stjórnað af fimm manna stjórn, sem sé þannig skipuð að starfsmannaráð kýs einn stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn einn, en eigendur þrjá. Fulltrúar eigenda í framkvæmdastjórn eru Höskuldur Ólafsson, formaður, Ólafur Örn Arnarson, varaformaður, Hallgrímur Sigurðsson, ritari. Fulltrúi starfsmannaráðs er Sverrir Ormsson og fulltrúi Reykjavíkurborgar er Björn Guðbrandsson. Verksviði framkvæmdastjórnar er lýst í 6. gr. starfsreglna, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Framkvæmdastjórn ásamt framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra annast daglegan rekstur spítalans og stjórn hans milli funda yfirstjórnar samkv. ríkjandi hefð, verkaskiptingu eða eftir nánari ákvörðun yfirstjórnar.“

Framkvæmdastjórnarmenn þiggja hvorki laun né þóknun fyrir störf sín í framkvæmdastjórn.

Síðasti liður fsp. er þannig, með leyfi forseta:

„Telur heilbrrh. að það fyrirkomulag, sem viðhaft er í rekstri Landakotsspítala — þ. e. a. s. að spítalinn veiti læknum starfsaðstöðu gegn umsömdu gjaldi, en læknarnir fái beinar greiðslur til sín fyrir unnin verk samkv. gjaldskrá — hafi gefið góða raun og þá einnig þegar tekið er tillit til kostnaðar við spítalarekstur og til kostnaðar við heilsugæslu og heilsuvernd?“

Þegar Landakostspítali var keyptur í árslok 1976 var frá upphafi samningsumleitana gert ljóst af hálfu St. Jósepsreglu, að boðið væri upp á mismun á kjörum eftir því hvort um væri að ræða hrein kaup eða hvort sett yrði á fót sjálfseignarstofnun sem ræki spítalann. Þegar endanlega var gengið frá samningnum var ljóst, að mismunur á þessum kauptilboðum nam 200 millj. kr. á verðlagi ársins 1975. Fyrrv. ríkisstj. valdi þá leið sem gaf lægra verðið, valdi það að setja á stofn sjáflseignarstofnun sem spítalinn var afhentur til rekstrar næstu 20 árin.

Ég tel engan vafa leika á því, að þeir, sem um þessi mál fjölluðu þá, hafa talið hagkvæmt að fara þessa leið og hafa viljað halda uppi tvenns konar fyrirkomulagi um spítalarekstur hér í borginni. Samanburður á rekstri milli einstakra spítala er afskaplega erfiður venna þess, hve mismunandi verkefni spítalarnir hafa. Ég ætla mér að láta kanna rekstur sjúkrahúsanna í Reykjavík sérstaklega og á landinu öllu með tilliti til kostnaðarþátta og hagkvæmni og væri til að byrja með falið Davíð Gunnarssyni aðstoðarframkvæmdastjóra ríkisspítalanna að annast þessa könnun. Þegar henni er lokið ætti að liggja fyrir, hvort eitt rekstrarform sjúkrahúsa er öðru hagkvæmara, og sé svo, í hverju slík hagkvæmni sé fólgin.

Á þessu stigi vil ég ekki leggja neinn dóm á það, sem um er spurt í fsp., hvort það fyrirkomulag, sem nú er á Landakotsspítala, hafi gefið góða raun þegar tekið er tillit til kostnaðar við spítalareksturinn. Að sjálfsögðu hefur það ekki gefið neina raun þegar tekið er tillit til kostnaðar við heilsugæslu og heilsuvernd, því að spítalinn annast engin störf á því sviði. Engin heilsugæsla er rekin á spítalanum, enda þótt uppi hafi verið hugmyndir um að heilsugæslustöð yrði byggð í tengslum við hann. Niðurstaða mín verður því sú, að ég vil bíða með að svara þessari fsp. þar til frekari gögn liggja fyrir af þeirri könnun sem nú er í gangi.

Vegna ummæla hv. fyrirspyrjanda um að útgjöld fari vaxandi í sjúkratryggingakerfinu, þá er það vissulega rétt. Þetta er vandamál alls staðar í heiminum og á því eru ýmsar skýringar, t. d. þær, að nú eru læknaðir sjúkdómar sem ekki var reynt að lækna áður. Ég vil nefna einn sjúkdóm, börn sem fæðast með klofinn hrygg. Fyrir 10 árum og allt fram að þeim tíma dóu þessi börn öll strax. Nú eru þau öll læknuð. Þetta þýðir það, að nú verða þau meira eða minna alla sína ævi á stofnunum.

Vitanlega kostar þetta peninga. Sama má segja um ýmsa aðra sjúkdóma sem nú eru læknaðir og þá oftast nær með ærnum tilkostnaði. Þetta er sú þróun, sem alls staðar á sér stað.

Ég er, eins og ég sagði áðan, með í gangi könnun á því hvað mætti verða til að gera rekstur sjúkrahúsanna hagkvæmari. Ég vona að við náum þar einhverjum verulegum árangri.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil færa hæstv. ráðh. kærar þakkir fyrir mjög glögg og greinargóð svör og hef raunar litlu við þau að bæta. Ég vek aðeins athygli á því, að mér skilst að þeir læknar, sem vinna þjónustu eins og þá sem var tilefni fsp. minnar m. a., fái greitt fyrir verknaðinn án tillits til þess, hvort þeir eru viðstaddir þegar rannsóknin í þessu tilviki fer fram, jafnvel án tillits til þess hvort þeir séu á vakt eða ekki þegar vinnan fer fram.

Eftir upplýsingum hæstv. ráðh. nema beinar launagreiðslur til þess læknis, sem nefndur var sem eina dæmið í svarinu við fsp. minni, á árinu 1977 röskum 20 millj. kr. fyrir þá þjónustu, sem hann innti af höndum á Landakotsspítala það ár. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir hækkun launakostnaðar milli ára hjá ríkisstofnunum um 67%, svo að láta mun nærri að þetta samsvari 35 millj. kr. launagreiðslum á árinu 1978. Ég tek það fram, að hér er um að ræða þær launagreiðslur sem greiddar eru fyrir þessa tilteknu þjónustu, eftir því sem mér skilst án þess að tillit sé tekið til þess, hvort sá, sem ábyrgð ber á framkvæmdinni — í þessu tilviki yfirlæknirinn er viðstaddur rannsóknina eða hvort hún er t. d. að fullu unnin af því rannsóknarfólki sem spítalinn leggur til.

Ég vil ekkert fjalla um það og hef enga skoðun á því, hvort þetta er æskilegt kerfi eða ekki. Ég vildi aðeins vekja athygli á því. En hitt fannst mér meira gaman að heyra, að hæstv. fyrrv. heilbrrh. hefur valið vel fulltrúaráð þessarar stofnunar. Þar er valinn maður í hverju rúmi og minnti mann helst á kapplið Óðins í Valhöll í því tilliti að þeir gátu vart fallið þar. Þessir fulltrúaráðsmenn falla nú sennilega að lokum, en á meðan þeir standa standa þeir vel og sjálfsagt inna þeir gott og merkilegt starf af höndum. En mér fannst nú, þegar þessi lestur var þulinn yfir okkur, að við gætum alveg eins verið staddir á fundi í einhverri frímúrarareglu í Reykjavík, nema hvað ég stórefast um að nokkur frímúrararegla hafi jafnmiklu mannvali á að skipa og fulltrúaráð Landakotsspítala. Ég veiti því athygli, að hæstv. forsrh. samþykkir það mjög eindregið.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég er þakklátur þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram, bæði fsp. fyrirspyrjanda og fyrir svör hæstv. heilbr.- og trmrh., þó að þar hafi margt vantað, að mér finnst. En við sjáum fyrst og fremst eitt út úr svörum hæstv. ráðh., þ. e. hvers konar óskapnaður stjórnun spítala er á Íslandi. Hér í Reykjavík eru þrír stórir spítalar og þá vil ég nefna: Landsspítalinn, Borgarspítalinn og Landakotsspítali. Tveir eru nú í eigu ríkisins, en allir með mjög svo sérstæðu stjórnarformi og allir vinnandi nokkurn veginn sömu störfin, þó engan veginn alfarið.

Þessar tölur eru svolítið villandi, sem verið er að koma hér fram með, um þennan eina lækni, sem er yfirlæknir rannsóknadeildarinnar við Landakotsspítala. Þarna er raunverulega verið að tala um rekstur fyrirtækis. Þessi rannsóknastofa var til að byrja með rannsóknastofa spítalans, en með aukinni rannsóknaþjónustu fyrir almenning utan sjúkrahúsa hefur svo farið, að það er varla til rannsóknastofa í Reykjavík sem starfandi læknar hafa aðgang að, nema þessi. Rannsóknastofa Jóns Steffensens prófessors annaðist áður mikinn hluta af þessu starfi. Hún er ekki lengur til og meginhluti rannsóknanna er sem sagt kominn á þennan stað. Þessi tiltekni yfirlæknir stjórnar því þessu fyrirtæki eiginlega eins og hverju öðru rekstrarfyrirtæki.

Upplýsingar eru um það, að meðalrannsóknir eru ódýrari þarna en annars staðar. (**StJ:** Þær eru hvergi til annars staðar eftir því sem ræðumaður sagði.) Það er nú ekki rétt. En þessi tiltekni læknir á sjálfur verulegan hluta af þeim tækjum sem notuð eru, og hann mun einnig kosta vinnuna við þessa stofu.

Ég vil benda á að það er alger nauðsyn að koma betri heildarstjórn á sjúkrahúsreksturinn á Íslandi. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þau orð, sem hann sagði, að eftirlit með þessu er að komast í gang. Með aukinni læknisþjónustu við almenning í landinu hljótum við að þurfa að kosta meiru til hennar í fjármunum, en aftur vil ég segja: Það þarf stjórn, það þarf eftirlit með þessum fjármunum og slíkt hefur sama og ekkert verið fram til þessa.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessar fsp. eru sumar hverjar ákaflega undarlegar, því að svar við þeim liggur auðvitað alveg ljóst fyrir, um skipun fulltrúaráðs Landakotsspítala, stjórn og annað.

Það hefði mátt spyrja hvort þeir hefðu laun, en það leit út fyrir að hv. fyrirspyrjandi yrði fyrir miklum vonbrigðum þegar neginn af þessum mönnum tók nokkur laun. Það var, held ég, aðallega verið að sækjast eftir að vita hvort það væru nú ekki einhverjir sem væri hægt að klekkja á sem hefðu tekið laun. Hann hvarf líka af fundi rétt á eftir, því að það var svo lítið að smjatta á. Hann smjattaði þó aðeins á yfirmanni rannsóknadeildar spítalans og var ekki lengi að reikna laun hans út á verðlagi í dag. En hann sleppti alveg því, sem hv. síðasti ræðumaður skýrði frá og skýrði réttilega, að hér er í raun og veru ekki um laun eins læknis að ræða eða eins starfsmanns, heldur rekstur á sérstakri deild þar sem viðkomandi læknir á meginhluta af tækjunum. Þess vegna er rangt og villandi og bein fölsun að tala í þessu sambandi um laun eins manns. Þetta vil ég að komi fram.

Hv. fyrirspyrjandi sagði um val fyrrv. heilbrmrh. á fulltrúaráðsmönnum í þetta fulltrúaráð, að í því væru nokkuð margir frímúrarar. Mér láðist alveg að hafa til hliðstjónar félagaskrá frímúrarareglunnar og get ekkert sagt um það, hverjir þarna eru frímúrarar og hverjir ekki. Ég er allsendis ókunnugur þeim félagsskap. Ástæðan fyrir skipun um helmings af þeim mönnum, sem þetta fulltrúaráð skipa, er sú, að það kom til tals að breyta þessu sjúkrahúsi í sjálfseignarstofnun og voru fyrri eigendur — St. Jósepssystur — búnir að ræða við ákveðna menn sem áttu að vera aðilar að þessari stofnun. Við í heilbrmrn. töldum eðlilegt að verða við óskum seljenda í þeim efnum. En síðar var bætt við nokkrum öðrum mönnum, aðallega frá hendi ríkisvaldsins, fulltrúum frá rn., frá Tryggingastofnun ríkisins, og nokkrum öðrum mönnum til þess að hafa víðari sjóndeildarhring varðandi þessa sjálfseignarstofnun.

Ég tel ekkert áhorfsmál að það hafi verið rétt, sem gert var í fyrrv. ríkisstj. og var gert að minni till., að stofna til

þessarar sjálfseignastofnunar og spara ríkissjóði 200 millj. kr. á verðlagi ársins 1975, og það er líka rétt að hafa samanburð í rekstri þessa kerfis.

Ég er ósammála hv. síðasta ræðumanni um það, að um sé að ræða óskapnað í stjórn spítala á höfuðborgarsvæðinu, heldur fer það að lögum og ódýr er stjórnin á þessum spítala. Hitt tek ég undir með honum að betri og meiri samræmingu þarf á starfsemi spítala á höfuðborgarsvæðinu og að því hefur verið unnið á undanförnum árum og er unnið að því enn þá.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni á þessari fsp. og því svari sem veitt var við henni. Það er búin til fsp., sem lýtur að því að sýna fram á að tiltekinn læknir hafi haft óeðlilega miklar tekjur af tiltekinni starfsemi, og hæstv. ráðh. svarar spurningunni þannig, að það lítur út fyrir að svona hafi málið raunverulega legið fyrir. Veit ekki heilbr.- og trmrn. það, sem hér var upplýst, að þessi læknir á eftir þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram, stóran hluta af þeim tækjum sem notuð eru? Veit ekki rn., að þessi læknir leggur til mannskap til þess að vinna að þessu starfi? Eða er þetta ósatt, sem hv. 8. landsk. þm. upplýsti? Mér finnst ástæða til þess að fram komi, hvort það er virkilega þannig, að rn. viti þetta ekki og gefi þá upplýsingar samkv. bestu vitund eða hvort þessu sé vísvitandi haldið leyndu og þá í hvaða tilgangi.

Ég er enn fremur furðu lostinn yfir því, að það sé haft í flimtingum, hverjir eigi sæti í fulltrúaráði þessa spítala. Aðalatriðið í mínum augum er: Hafa þessir menn unnið störf sín og hafa þeir unnið þau þannig, að viðunandi sé og kannske til fyrirmyndar? Ef svo er ekki er ástæða til að víkja þeim frá. En ef þeir hafa unnið störfin vel, samviskusamlega og með hagsmuni stofnunarinnar fyrir augum, þá á að þakka þeim, en ekki gera gys að tilnefningu þeirra.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil strax undirstrika það, ef það hefur ekki komið nógu skýrt fram, enda var fsp. reyndar byggð á því hver hefði fengið mestar greiðslur, að þessi maður hefur fengið langhæstar greiðslur. Í svarinu fólst að þetta væru bráttógreiðslur, hvar af hann greiddi 69% til baka aftur. Mismuninn reiknaði svo hv. fyrirspyrjandi út sjálfur, enda getur hvaða maður sem er gert það. Ekki skal ég svara því til, hversu mikið þessi umræddi sérfræðingur á af tækjum þeim, sem á sjúkrahúsinu eru. Því þori ég ekki að svara. Aftur á móti felst það í því, að 69% eru greidd til spítalans, að þar með eru greiðslur til starfsfólksins. Aths. hv. þm. Einars Ágústssonar er því ekki á fullum rökum reist.

Hv. fyrirspyrjandi þurfti að fara á fjvn.-fund. Ég held því, að hann hafi ekki verið að hlaupast undan merkjum á einn eða neinn hátt.

Ég vil ítreka það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að það er mikil nauðsyn á betri og meiri samræmingu. Við rekum hér þrjú stór sjúkrahús, mjög stór á okkar mælikvarða og með svipaðan rekstur. Þó er nú kannske ekki nema að hluta til um svipaðan rekstur að ræða, þau eru með ýmsar sérdeildir hvert út af fyrir sig. En það þarf miklu meiri samræmingu. Þau eru t. d. öll með skurðstofur mannaðar allan sólarhringinn. Við erum með mannskap á skurðstofuvakt eins og í stórborg. Ýmislegt mætti því samræma betur og það er einmitt það sem er verið að gera. Það er búið að vinna heilmikið að hagræðingarmálum og tillögum um ríkissjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu, en fyrirmæli mín til þess manns, sem er að vinna að þessum hagræðingarmálum, voru einmitt að koma með till. um samræmdan rekstur þeirra allra. Það verður erfitt verk að koma því í kring, þegar þær till. liggja fyrir, og það þarf mikinn pólitískan vilja til þess, þykist ég vita, en alla vega verðum við að vita hvað við erum að tala um áður en við förum að gera miklar ráðstafanir. En ég ítreka það og endurtek að við þurfum meiri og betri samræmingu.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Einari Ágústssyni í því efni að vera undrandi á þessum umr. Þær eru ekkert miklu vitlausari en margar aðrar sem fara fram á hinum síðari dögum hins háa Alþingis.

Hafi þessi fsp. átt að beinast að því að fá upplýsingar um laun ákveðinna rannsóknarmanna eða yfirlækna við Landakotsspítala, þá varð ég ekki af fróðari, því upplýsingarnar lutu að því, að mér skilst, að hér sé um rekstur á sérfyrirtæki að tefla þar sem þessi umgetnu laun ganga til rekstrar stofnunnar, afskrifta tækja og launa starfsmanna. En þýði svarið það að þetta séu dágóð laun til handa þeim, sem störfin inna af höndum, þá fagna ég því. Mér þykir alltaf vænt um ef menn hafa góða afkomu og þurfa ekki að leggja t. d. fyrir sig skarfaskytterí til bjargræðis sér, eins og mér skildist að einn maður í vænni stöðu nýskipaður hefði þurft að leggja fyrir sig á síðasta ári.

Ég átti einu sinni ómerkilegt erindi á Borgarspítalann í Reykjavík og drap tímann með því að spyrjast fyrir um hvernig þeir hefðu það þar, aðrir en sjúklingar. Mér satt að segja ofbauð fjöldi starfsfólksins, sem þar vann bæði heilan og hálfan dag, og fjöldi læknanna. Og mér er nær að halda og ég man það rétt, að þá muni kostnaður við legu mína á hverjum degi hafa verið töluvert hærri en það kostaði að gista á Waldorf Astoria í New York, og krefjast þeir þó prísa þar eftir því sem ég hef spurnir af. (**StJ:** Þar hefur verið hlúð að piltinum.) Það er rétt, það var hlúð að sjúklingum, þ. á m. mér, ólastanlega.

Ég hef síðan og af ýmsum öðrum ástæðum kynnt mér dálítið rekstur sjúkrahúsa og ég er þess fullviss, að þar fer margt öðruvísi en skyldi og þyrfti að taka til rækilegrar athugunar. Mér er nær að halda að rekstur þessara stórfyrirtækja sé ekki eins og hann ætti að vera, þar ráði ferðinni læknar, sem hafa í allt öðru að snúast en að athuga um hagkvæman rekstur, og ráði nánast allri ferð um fjárhagslega afkomu þessara stofnana.

Meðan ég átti sæti í heilbr.- og trn. Nd. á sínum tíma kynnti ég mér sérstaklega innkaup á lyfjum. Og nú er það svo, að gervilyf eru framleidd, mjög mikill fjöldi þeirra, gervilyf sem koma í stað og mjög mörg þeirra jafngóð frumlyfjum, sem framleidd eru, og þau kosta e. t. v. aðeins part, kannske 1/20 af frumframleiðslulyfjunum. Samt sem áður er það gersamlega eftirlitslaust, hvort læknir tekur um það ákvörðun að panta sér til handa frumlyfin eða gervilyfin. Þannig er þetta í fjölmörgum atriðum. Vitanlega eiga læknar hvergi að koma nærri rekstri þessara stórfyrirtækja, heldur þarf sérmenntaða rekstrarhagfræðinga til þess að hafa þar framkvæmdastjórn með höndum. — Þessu vildi ég koma á framfæri alveg sérstaklega af þessu gefna tilefni.

Atvinnumál á Þórshöfn, fsp. (þskj. 67). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Undanfarna mánuði hafa helstu atvinnufyrirtæki á Þórshöfn á Langanesi átt við óvenjumikla fjárhagsörðugleika að etja og yfir þeim hefur vofað stöðvun nærfellt hverja einustu viku. Ástæðurnar fyrir þessu ástandi eru vafalaust margþættar og yrði of langt mál að rekja þær hér. Skuldasöfnun hjá frystihúsi og togaraútgerð hefur verið gífurleg og það svo mikil, að sveitarfélagið ræður ekki lengur eitt við að leysa mál sín. Mönnum eru vafalítið minnisstæð kaupin á því fræga skipi Fonti, sem Þórshafnarbúar hafa reynt að reka, en gengið illa. Ástæðan er m. a. sú, að skipið hefur verið stórgallað allt frá upphafi og viðgerðarkostnaður orðið mikill auk aflatjóns vegna legu skipsins í landi og í viðgerðarstöðvum.

Fulltrúar frá Þórshöfn hafa leitað aðstoðar ríkisvalds og annarra aðila, sem mér er kunnugt um að hafa tekið málum þeirra vel. En margt kallar að og víða er fjárþörf í landinu. Nú er hins vegar ástatt svo á Þórshöfn samkv. *símtali þangað í morgun, að frystihúsið á staðnum getur* aðeins greitt laun starfsfólks á morgun, föstudag, útborgunardegi, en síðan er allt á huldu um framhaldið. Fái hins vegar álit framkvæmdastjóra Landssambands ísl. útvegsmanna á málefnum Þórshafnar, sem fram kom í fjölmiðlum í gær, að ráða ferðinni, þá getum við einfaldlega sent nokkra áætlunarbíla til Þórshafnar og látið þá flytja íbúa staðarins eitthvað nær fjölbýlinu, þar sem sumir vildu kannske heldur hafa þá.

Það blandast engum hugur um það, að Þórshöfn á Langanesi er fyrir margra hluta sakir harðbýll staður. Þar hefur hins vegar vaknað mikill framfarahugur á allra síðustu árum og þar hefur sest að fjöldi ungs fólks. Áhyggjur fyrirspyrjanda eru einkum þær, að þetta unga fólk leiti í burtu ef ekki reynist unnt að tryggja næga atvinnu á Þórshöfn. Það væri gagnstætt þeirri stefnu, sem flestir hv. þm. hljóta að fylgja, að jafnvægi í byggðum landsinssé þjóðinni nauðsynlegt. Af þessum sökum og vegna hins alvarlega ástands, sem nú ríkir á Þórshöfn á Langanesi, hef ég leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvað ríkisstj. hafi gert eða hyggist gera til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnulífs á Þórshöfn.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mun takmarka svar mitt við afskipti núv. ríkisstj. af atvinnumálum á Þórshöfn, en að sjálfsögðu væri hægt að líta lengra aftur í tímann og hafa söguna lengri. Svar mitt verður þá svo hljóðandi:

Á fundi ríkisstj. 14. sept. s. l. var lögð fram skýrsla um fund í sjútvrn. 13. 9. 1978 um rekstrarvandamál Hraðfrystihúss Þórshafnar hf., Útgerðarfélags Þórshafnar hf. og atvinnuvandamál á Þórshöfn. Ákvað ríkisstj. að fela Framkvæmdastofnun ríkisins málið til athugunar með tilmælum um að hún gerði með skjótum hætti tillögur um úrlausn þess. Jafnframt huguðu félmrh. og sjútvrh. einnig að málinu sérstaklega. Má nú skjóta því inn í, að Framkvæmdastofnuninni var þetta mál ekki með öllu ókunnugt frá fyrri tíð.

3. okt. var í ríkisstj. lögð fram grg. frá Framkvæmdastofnun ríkisins, byggðadeild, um rekstrarvandamál Útgerðarfélags Þórshafnar. Var málið síðan tekið til athugunar hjá ríkisstj. og átti ég ásamt öðrum ráðh. m. a. viðræður við fulltrúa frá Þórshöfn. Ríkisstj. ákvað 17. okt. að beita sér fyrir því að allt að 10 millj. kr. yrðu útvegaðar að láni til að koma í veg fyrir stöðvun frystihússins á Þórshöfn. Veit ég ekki annað en frá því máli hafi verið gengið.

Á ríkisstjórnarfundi 24. okt. var lögð fram grg. frá byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkissins er hafði að geyma leiðir til lausnar vanda útgerðar á Þórshöfn. Þessa grg. hef ég hér með, en hún er of löng til þess að rekja hana. En í þessari grg. segir m. a.:

„Í meginatriðum hafa menn komið auga á tvær leiðir til að afla hráefnis fyrir hraðfrystihúsið á Þórshöfn, annars vegar að stefna áfram, eins og tvö s. l. ár, að því, að togaraútgerð verði meginuppistaða hráefnisöflunarinnar, hins vegar kemur til álita að hverfa aftur að bátaútgerð eingöngu. Einnig hefur verið bent á þann möguleika að reyna að tryggja hráefnisöflun að hluta á móti bátunum með því að kaupa togarafisk annars staðar frá. Er það m. a. aðallega hugsað til að fylla upp í árstíðabundnar eyður er kunna að myndast í bátaaflanum, t. d. um háveturinn."

Ég get þess um leið, að í þessari grg. Framkvæmdastofnunarinnar voru tölur um bátaafla á tilteknu árabili og hvað mundi þurfa til þess að brúa það bil, hvernig bátaafli hafði breyst frá því að vera um skeið allgóður, en dróst svo saman, en virðist nú allra síðast vera að glæðast. Út í það fer ég ekki nánar.

Að loknum þessum almenna inngangi gerir Framkvæmdastofnun ríkisins grein fyrir þeim möguleikum, sem hún telur vera fyrir hendi. Þann 31. okt. var á fundi ríkisstj. samþykkt sú hugmynd byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, að skuttogarinn Fontur yrði seldur frá Þórshöfn og væri ekki annar kostur en að útgerðarfyrirtækið þar yrði lýst gjaldþrota, en Síldarverksmiðjur ríkisins keyptu síldarverksmiðjuna á staðnum. Þá yrði lögð höfuðáhersla á bátaútgerð frá Þórshöfn, en leitað eftir samningum við aðra aðila um löndun á fiski a. m. k. í des., jan., febr. og mars. Var ákveðið að ræða við eiganda skuttogarans Dagnýjar á Siglufirði um það, hvort hann vildi láta skip sitt landa afla á Þórshöfn, enda fengi það þorskveiðileyfi áfram, en það var útrunnið þar sem eigandi hafði þá fengið nýtt skip.

8. nóv. s. l. var undirritaður samningur milli sjútvrn. og Togskips h.f. á Siglufirði, sem er eigandi skuttogarans Dagnýjar. Samkv. honum er Dagný heimilað að stunda þorskveiðar, enda hefji togarinn landanir hjá Hraðfrystistöð Þórshafnar svo fljótt sem auðið er eftir að ráðin hefur verið skipshöfn, og haldi þeim áfram út marsmánuð n. k. Jafnframt skuldbindur Togskip hf. sig til að landa afla hjá Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. frá því um miðjan nóv. 1979 til marsloka 1980. Loks er í þessum samningi lýst velvilja gagnvart því, að Dagný landi þriðja tímabilið á Þórshöfn, þ. e. í lok 1980 og fyrstu mánuði ársins 1981.

Þannig hefur ríkisstj. staðið að þessu máli og hefur viðleitni hennar í stuttu máli miðast við að koma í veg fyrir stöðvun atvinnulífs á Þórshöfn. Það má segja að af hennar hálfu hafi verið mótuð ákveðin stefna í málinu, en að sjálfsögðu er svo framkvæmd þeirrar stefnu, hefur verið og verður í höndum félmrh. og sjútvrh. fyrst og fremst, þannig að þeir hafa farið mest með þessi málefni og koma til með að gera það að sjálfsögðu í samráði við fjmrh. ef um fjárhagslegar skuldbindingar ríkissjóðs er að ræða. Ég sé nú því miður, að hvorugur þessara ráðh., sem ég nefni er viðstaddur, ef þeir hefðu viljað gefa hér

fyllri upplýsingar.

Þetta var sem sagt eins konar annáll um afskipti ríkisstj. af þessu máli eins og liggur nú fyrir í skjölum málsins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða mál þessi almennt hér. Það er að vísu rétt, að þau hafa komist á dagskrá nú nýlega með sérstökum hætti. Ég hygg að þar hafi nú verið farið með tölur sem eru nokkuð villandi. T. d. veit ég ekki betur en það sé svo, að eftir þessum skýrslum, sem fyrir liggja, sé togarinn Fontur bókfærður í reikningum Útgerðarfélagsins á Þórshöfn á 444 millj. kr. Bjartsýnustu menn nefndu fyrst, að hugsanlegt söluverð á honum gæti verið um 360 millj., og skal ég ekki dæma um, hvort slíkt verð gæti fengist eða hvernig það tekst. Hvað sem um það er, þá er um mjög miklar skuldir að ræða á Útgerðarfélaginu og fram úr þeim vanda virðist ekki verða ráðið. En aðalatriðið er að koma í veg fyrir stöðvun hraðfrystihússins, og það væri hægt að styrkja hag þess og þá útgerðarinnar með þeim hætti, að hægt væri að koma við sölu á verksmiðjunni sem er á staðnum. Þá hafa Síldarverksmiðjur ríkisins verið hafðar þar í huga og hefur verið unnið að því af hálfu þeirra ráðh. sérstaklega, sem ég nefndi, að athuga þann möguleika.

Ég skal, herra forseti, ekki orðlengja frekar um þetta.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. þm. Árna Gunnarssyni fyrir að bera fram þessa fsp. varðandi atvinnumálin á Þórshöfn og óska honum til hamingju með það, með hvaða hætti fremur lítill sérfræðingur um málefni þeirra Þórshafnarbúa gerði tilefnið enn þá brýnna í fjölmiðlum ríkisins í gær.

Það er óþarft að rekja það hér, með hvaða hætti Þórshafnarbúum varð það lífsnauðsyn við fiskþrot á Þistilfirði að fá togskip til þess að afla hráefnis í nýtt og mjög myndarlegt frystihús sem þeir höfðu reist. Þessa þörf bar upp á þeim tíma þegar stjórnarvöld höfðu skotið loku fyrir smíði á nýjum togskipum eða kaupum á þeim. Ekki hirði ég heldur um að rekja með hvaða hætti Þórshafnarbúar voru til knúnir að kaupa fyrir 300 millj. kr. skip af „fallítt" LÍÚ-mönnum hér við Faxaflóa, nýkomið úr átta ára klössun sem reyndist hafa verið fölsuð, með hvaða hætti þetta skip reyndist þeim Þórshafnarbúum eftir efnum ákaflega illa þannig að þeir standa nú uppi með áhvílandi skuldir eftir þennan tíma sem nema röskum 400 millj. kr. á skipinu, auk þess sem óhæfileg skuldabyrði hefur hlaðist á fiskiðjuver þeirra vegna þess að útgerð þessa skips fór svo hörmulega.

Ég lagði fram síðari hluta vetrar í fyrra lagafrv. að beiðni þeirra Þórshafnarbúa, sem höfðu gengið bónleiðir til búðar biðjandi þess að af þeim yrði létt eign á síldarmjölsverksmiðju á staðnum, sem þeir höfðu keypt af Ríkisábyrgðasjóði eftir að sjóðurinn hafði tekið við þessari verksmiðju á sínum tíma af „fallítt" LÍÚ-mönnum, og hef borið þetta frv. fram öðru sinni.

Ég vil ekki fetta fingur út í það, þótt Kristján Ragnarsson, forustumaður þeirra LÍÚ-manna, flytti fundi félagsskapar síns persónulegar skoðanir á málefnum þeirra Þórshafnarbúa. Hann má flytja þeim mönnum persónulegar skoðanir sínar á málefnum hvaða staðar sem er á jarðkringlunni. Ég vil aftur á móti víta það, að fréttastofur Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps, skyldu gera þess háttar mann að aðalheimildarmanni sínum í fræðslu um málefni þeirra Þórshafnarbúa, og vil vænta þess, að forstöðumenn fréttastofa Ríkisútvarpsins sjái sóma sinn í því að afla örlítið réttari upplýsinga um nauðþurftarmál þeirra á Þórshöfn heldur en fram komu í fréttatíma þessara stofnana í gærkvöld.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er auðvitað mjög gott að fá þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. skýrði frá í sambandi við það sem ríkisstj. er að gera í atvinnumálum Þórshafnar, en jafnframt vil ég taka það fram, að við þm. höfum haft ágæta aðstöðu til þess að fylgjast með aðgerðum ríkisstj. til lausnar þessum vanda. Hins vegar má segja að fsp. geri sérstakt gagn núna — það hittist svo vel á — að hún gefur ástæðu til þess að gera sérstaklega að umtalsefni þær árásir, sem Kristján Ragnarsson framkvæmdastjóri LÍÚ gerði á Framkvæmdastofnunina og gerði reyndar á forustumenn atvinnumála á Þórshöfn í ræðu sinni á aðalfundi LÍÚ sem sjónvarpað var svo yfir landið í gær. Ég sé sérstaka ástæðu til þess að finna að, jafnvel að víta það, hvernig þar var til orða tekið, vegna þess að þar var í veigamiklum atriðum farið mjög rangt með.

Í fyrsta lagi er auðvitað rangt að Framkvæmdastofnunin geri út á Þórshöfn. Látum það nú vera þótt slíkt sé sagt. En þá er kannske enn þá verra það sem sagt var í ræðu Kristjáns Ragnarssonar framkvæmdastjóra LÍÚ, þegar hann tók svo til orða að síldarbræðslan á Þórshöfn væri ónýt og að ekki svaraði kostnaði að gera við hana. Þetta er algerlega rangt. Komið hefur fram hjá málsmetandi mönnum, verkfræðingum og ýmsum öðrum sem hafa skoðað þessa verksmiðju, að hún er að vísu vanbúin á marga vegu, en það er hægt að koma henni í vinnsluhæft ástand fyrir tiltöllega lítið verð miðað við það sem kostar núna að byggja nýjar loðnubræðslur. — Þetta vil ég sérstaklega taka fram.

Í sambandi við það sem fram kom hjá hæstv. forsrh., þá hef ég haft aðstöðu til að fylgjast með því, hvað þar er á döfinni, og hef út af fyrir sig ekki nema gott eitt um það að segja. Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh., að það er aðalatriðið fyrir okkur öll að koma í veg fyrir stöðvun hraðfrystihússins. Þá kemur svo sannarlega til greina að afla hráefnis af aðkomuskipum og að efla bátaflota Þórshafnar. En auðvitað megum við ekki loka augunum fyrir því, að þó að illa hafi tekist til um útgerð Fonts af sérstökum ástæðum, sem enginn tími er til að rekja hér, þá megum við ekki algerlega útiloka þann möguleika, að gerður verði út togari frá Þórshöfn, því að vissulega er sá möguleiki fyrir hendi. En ég sé eigi að síður fulla ástæðu til það þakka hæstv. ríkisstj. fyrir þær aðgerðir sem hún hefur haft í frammi til að reyna að leysa þennan bráða vanda Þórshafnarmanna.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Mér eru allkunnar ástæður í atvinnumálum Þórshafnarbúa og hef fylgst með þeim og tekið þátt í ráðagerðum til þess að ráða bót á þeim vanda sem þeir hafa átt við að glíma á undanförnum árum og um nokkurra ára skeið. Það er út af fyrir sig e. t. v. ekki einfalt mál við það að fást, og svo er vissulega um fleiri staði í landinu og hefur löngum verið. Þórshafnarbúar hafa einasta lítið, snoturt frystihús, sem aðeins kostaði 204 millj. kr. fullbyggt, ég segi „aðeins" vegna þess að það er ekki mikil fjárhæð miðað við afkastagetu þessog búnað ef tilllit er tekið til verðlagsþróunar. Þeir stóðu myndarlega að byggingu þessa frystihúss og hafa eignast að því leyti ágæta aðstöðu. Illa getur tekist til fyrir mönnum sem hafa ónýt verkfæri í

útgerð. Það kannað vera að vanþekking formanns LÍÚ í því efni stafi af því að hann hefur aldrei gert út skip, en það hef ég gert og ég þekki mýmörg dæmi þess að menn hafa farið rakleiðis á hausinn vegna þess að þeir hafa orðið fyrir þeirri ógæfu að hafa undir höndum skip sem ekki gagnaðist til fiskveiða, og þann veg háttaði til hjá Þórshafnarbúum varðandi skuttogarann Font.

Framkvæmdastofnunin hefur lagt sitt af mörkum til þess að ráða bót á þessum mikla vanda, og eins og hæstv. forsrh. rakti hafa ýmsar ráðagerðir verið uppi. Ég hef verið þeirrar skoðunar um nokkurt skeið, að það þurfi sérstaklega að taka til athugunar að breyta reglum um fiskveiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu í nágrenni Þórshafnar. Við vitum frá fiskifræðingum að þarna eru mjög miklar uppeldisstöðvar, í Þistilfirði og þar í kring, og ákvæði voru um að alfriðað skuli vera fyrir togveiðum frá Hraunhafnartanga réttvísandi norður og út úr okkar lögsögu og í norðaustur frá Fonti, sem er ysti oddi Langaness. Hins vegar liggur ljóst fyrir, að um þetta svæði gengur fullþroska fiskur löngum, og þyrfti að taka það til athugunar að leyfa sókn í þann fisk og ástæðulaust annað en það verði rannsakað sérstaklega, með hvaða hætti geti orðið að því staðið. Þess vegna er það, að smærri togbátar gætu e. t. v. unnið sér til gagns á þessum slóðum, og hlýtur nú innan tíðar að koma til álita að aflétta þessu algera banni.

Án þess að lengja mál mitt, enda enginn tími til þess, verð ég að segja að það er með allra sérkennilegasta hætti, sem ég hef séð gert á opinberum vettvangi, sem formaður LÍÚ vék að Þórshöfn í setningarræðu sinni á LÍÚ-þingi. Og það var eins og við manninn mælt, að vitanlega var lögð á þetta aðaláhersla í fréttum fjölmiðla. Þetta var tekið og étið hrátt og matreitt hrátt fyrir allan landslýðinn á augalifandi bili. Það kunni að vera eitthvað feitt á stykkinu og þá var ekki í það horft þótt þetta kæmi e. t. v. dapurlega við, að ekki sé meira sagt, við þær ástæður sem þetta fólk, 460 talsins, á við að etja nú þegar það horfir framan í atvinnuleysisvofu, sem er sú voveiflegasta sem getur að líta. Og allar ásakanir, sem komu fram í máli þessa manns um yfirstjórn Framkvæmdastofnunar á atvinnumálum á Þórshöfn, eru vitanlega út í hött. Ég vísa vitanlega á bug aðdróttunum um pólítíska misnotkun á almannafé í þessu sambandi. Framkvæmdastofnunin birtir ein stofnana allar úthlutanir á lánsfé sínu, þ. e. a. s. Byggðasjóðs og er tilbúin að ræða hverja eina og sérhverja hvenær og hvar sem er einnig við þennan formann LÍÚ.

Framkvæmdasjóður og Byggðasjóður á vegum Framkvæmdastofnunar hafa orðið meiri lyftistöng en nokkuð annað til hinnar hröðu uppbyggingar atvinnulífsins í landinu og þá einkum og sér í lagi fyrir sjávarsíðuna í uppbyggingu fiskiðnaðar og útgerðar. Þetta er öllum landsmönnum kunnugt. Þess vegna getur þessi hv. formaður LÍÚ látið það liggja milli hluta og þarf ekki að orðfæra það sérstaklega í sinni setningarræðu, því allir fulltrúar sem þar eru mættir, hljóta að vera gerkunnugir því. Þetta hefur haft mest áhrif á hina hröðu og glæsilegu uppbyggingu sem hefur átt sér stað. Þess vegna hlýtur málflutningur á borð við þetta að skjóta skökku við, og eins og ég segi, honum hlýtur að verða vísað til föðurhúsanna, enda er uppistaða hans gróusögur sem þessi maður hefur tínt upp af götu sinni.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera örstutta aths. við ummæli sem voru viðhöfð hér áðan og snerta raunar aðeins hliðaratriði þessa máls. Það var, eins og ærið oft gerist hér, vikið að fréttastofum Ríkisútvarpsins, útvarps og sjónvarps, og ábyrgð þeirra á því að hafa flutt ákveðin ummæli í fréttum í gær, þar sem var kafli úr ræðu formanns Landssambands ísl. útvegsmanna. Ég vil aðeins benda á það og láta það koma fram í þessu sambandi, að í IV. kafla útvarpslaga segir svo: „Sá, sem flytur sjálfur efni í eigin nafni, ber ábyrgð á því.“ Ég tel því að fréttastofurnar hafi ekki gerst á nokkurn hátt brotlegar þarna, heldur aðeins gegnt hlutverki sínu samkvæmt eðlilegum fréttasjónarmiðum. En á sannleiksgildi þeirra ummæla, sem þarna voru viðhöfð, legg ég engan dóm. Þarna var aðeins verið að sinna, að ég hygg, eðlilegri fréttamennsku. Ég tel rétt að þetta komi fram: Sá, sem flytur sjálfur efni í eigin nafni, ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni, sem útvarpað er samtímis því að það er flutt, og efni, sem er útvarpað samkvæmt áður gerðri upptöku.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því, að þakka hæstv. forsrh. hans ágætu svör.

Sú fsp., sem hér er til umr., er fyrir alllöngu komin fram hér á þingi og kom fram þegar viðkomandi mál, sem hér er til umr., virtist komið í strand. Ég vildi kannske vekja sérstaka athygli á þessu máli vegna þess að bernska mín í þingsölum leyfir mér nokkra óþolinmæði, og þar sem ég hafði fylgst með þessu máli allt frá því að ég kom hingað inn á þing, þá þótti mér það ganga nokkuð hægt í meðferð yfirvalda og þess vegna vildi ég að það kæmi fram sem ég hef hér spurt um.

Ég vil líka láta það koma skýrt fram í þessari umr., að ég tel að stjórnvöld hafi meiri skyldum að gegna gagnvart þessum tiltekna stað en flestum öðrum. Ástæðurnar fyrir því hafa að nokkru komið fram í þessum umr. hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni og er fyllsta ástæða til að leggja þunga áherslu á þær.

Ég vil einnig, eins og hv. þm. Eiður Guðnason og sem gamall fréttamaður, leggja á það áherslu, að það er ekki ástæða til þess að gagnrýna fjölmiðla fyrir það að láta menn standa ábyrga fyrir ummælum sínum í ríkisfjölmiðlum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. — Varðandi þá ábyrgð, sem ég kallaði yfir fréttastofur útvarps og sjónvarps í sambandi við „rapport“ í fréttatíma frá aðalfundi LÍÚ, er það rétt, að kveðið er á í útvarpslögunum, að sá, sem flytur efni í eigin nafni í ríkisútvarpi, beri ábyrgð á orðum sínum. Síðan er einnig í gildi ákvæði um það, með hvaða hætti menn leita heimilda, og ákveðin ábyrgð lögð á fréttastofurnar um það að ganga úr skugga um að upplýsingar í fréttum útvarpsins séu hlutlægar. Þetta innskot, sem er tekið sérstaklega og klippt út úr ræðu formanns LÍÚ , varðaði ekki ástand og horfur í sjávarútvegi á Íslandi, heldur varðaði þetta aðsteðjandi vanda, mjög alvarlegan, í efnahagsmálum 460 manna norður á Þórshöfn.

Ég tel að það hefði verið mjög nauðsynlegt að leitað hefði verið upplýsinga hjá réttum aðilum, réttum heimildarmönnum, og það látið sitja í fyrirrúmi fyrir því að útvarpa og sjónvarpa „sensasjón“ úr munni manns, sem stöðu sinnar vegna hefur í vitund fólksins ákveðna þyngd

þegar rætt er um íslenskt atvinnumál, en augljóslega er ekki neinn sérfræðingur í atvinnumálum þeirra Þórshafnarbúa og fór augljóslega með hæpnar fullyrðingar, að ég ekki segi augljóst blaður.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er kannske ástæða til að ræða þetta mál meira en hægt er að gera í fsp.-tíma.

Ég vil taka undir með hv. þm., sem hér hafa talað, í sambandi við þau ummæli sem Kristján Ragnarsson lét falla um þetta málefni á aðalfundi LÍÚ í gær. Mér finnst líka ástæða til að koma fram með það hér, að ég held að Framkvæmdastofnunin hafi staðið ákaflega eðlilega að þessu máli. Ég vil minna á það, að opinberir aðilar eiga raun og veru að taka öðruvísi á þessu máli en mörgum öðrum, vegna þess að Þórshafnarbúar voru neyddir til að kaupa þetta skip. Þeir höfðu annað skip í huga, sem þeir gátu fengið erlendis frá, en fengu ekki leyfi til þess. En það er ekki tími til að rekja þá sögu hér.

Ég vil sérstaklega undirstrika það, að eins og stendur núna geta þeir ekki borgað vinnulaun, og mér finnst þessar aðgerðir hafa verið of seinvirkar. Ég verð að segja það, að mér þykir mjög leitt að þeir ráðh., sem eiga fyrst og fremst að vinna að þessu máli, eru því miður ekki staddir hér. En ég tel fulla ástæðu til að ýta við því, að það má ekki henda að frystihúsinu verði lokað vegna þess að þeir geti ekki lengur greitt laun. Ég get sagt það líka í þessu sambandi, að ég er ekki ánægður með hvernig þessi staða er á Þórshöfn, því að það er enginn vafi er á því, að eins og allt er þar duga þeim ekki bátarnir, jafnvel þó þeir fái einhvern togarafisk. Ástæðan fyrir því, að svona er ástatt þarna núna, er eingöngu að skipið var svikið og mjög mikið gallað.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil að fram komi í þskj. þær upplýsingar sem ég hef hér í höndum um fyrirgreiðslu Byggðasjóðs við togskipið Font.

Því var haldið fram, að Framkvæmdastofnun hefði stjórnað fjárrennslinu til þessa skips, og fullyrt, að skuldir á skipinu væru yfir 900 millj. kr. Vegna þessa skips hafa eftirtaldar lánafyrirgreiðslur átt sér stað úr Byggðasjóði: Til upphaflegra kaupa Suðurnesjamanna í vesturþýskum mörkum 96 þús. mörk. Til Þórshafnar, kaupalán 1976 24 millj. og viðgerðarlán 1978 57.2 millj., samtals 81.2 millj. úr Byggðasjóði.

Ég vil svo eftirláta formanni LÍÚ, sem gerþekkir þetta eftir því sem manni virðist, að upplýsa hvaðan afgangurinn, milli 8 og 9 hundruð millj. kr., er kominn. Hann verður að upplýsa þing sitt um það, því að hann hefur veitt þar rangar upplýsingar um þetta mál, eins og ég áðan nefndi.

Varðandi hraðfrystihúsið á Þórshöfn hefur Byggðasjóður veitt til fyrirgreiðslu 68 millj. kr. af 204 millj., þ. e. milli 30 og 40%. Enda þótt Byggðasjóður hafi yfirleitt haft að hámarki 25% viðbótarfyrirgreiðslu, þá var í þessu dæmi, vegna fátæktar staðarins og eins til þess að koma því í gagnið á góðum tíma, að Byggðasjóður hljóp sérstaklega undir bagga.

Þetta geta menn nú lagt saman, þessar tölur, og séð með hvaða hætti formaður LÍÚ hagaði máli sínu í gær, sem ég verð að segja að er bæði hörmulegt og með ólíkindum.

Sameinað þing, 23. fundur.

Fimmtudaginn 16. nóv., að loknum 22. fundi.

Niðurfelling gjalda af efni til hitaveitna, þáltill. (þskj. 31). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kaup og sala notaðra bifreiða, þáltill. 8þskj. 83). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Virðisaukaskattur og afnám tekjuskatts, þáltill. (þskj. 84). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Leit að djúpsjávarrækju, þáltill. (þskj. 85). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes, þáltill. (þskj. 86). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Jöfnun rafmagnsverðs, þáltill. (þskj. 87). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kornrækt til brauðgerðar, þáltill. (þskj. 89). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Útflutningsstarfsemi, þáltill. (þskj. 90). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umboðsmaður Alþingis, þáltill. (þskj. 93). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Verklegar framkvæmdir kostaðar af ríkissjóði, þáltill. (þskj. 95). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kortabók Íslands, þáltill. (þskj. 33). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 33 flytja fjórir þm. úr öllum þingflokkum till. til þál. um útgáfu kortabókar Íslands, og er skorað á ríkisstj. að hafa um það forgöngu.

Þessi þáltill. var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu og er því endurflutt. Í grg. með till. segir svo:

„Kortabók Íslands verður safn korta af Íslandi, þar sem margs konar fróðleikur um land og þjóð er settur fram á myndrænan hátt.

Þjóðlandaatlasar hafa verið gefnir út í velflestum Evrópulöndum, þ. á m. Norðurlöndum, en auk þess í mörgum löndum í öðrum heimsálfum. Fyrsta kortabók, sem út var gefin af þessu tagi, var Finnlandsatlas, sem gefinn var út árið 1899, en hefur verið gefinn út þrisvar sinnum síðan. Hefur slík útgáfa hvarvetna verið talin hin mesta nauðsyn, til að auka þekkingu á landsháttum.

Árið 1976 kom út kortabók yfir öll Norðurlönd („Norden i text och kartor"). Að undanskildum nokkrum þáttum náttúrufars eru nær engar upplýsingar um Ísland í kortabókinni. Oftast er einungis ein stærð eða tala yfir allt landið, þar sem upplýsingar eru birtar eftir umdæmum í hinum löndunum.

Kortabókinni er ætlað að vera upplýsinga- og heimildarrit í þágu stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga, sem fást við margs konar áætlanagerð varðandi byggð, atvinnulíf og landnýtingu. Er þar átt við nýtingu lands til búskapar, ýmiss konar verklegra framkvæmda, samangangna, almenningsnota og náttúruverndar.

Kortabókin verður gagnlegt heimildarrit fyrir innlenda og erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir á ýmsum fræðisviðum. Enn fremur yrði bókin mikilvæg fyrir fjölmarga aðra, sem vilja kanna útbreiðslu ýmiss konar fyrirbæra til lands og sjávar og athuga samhengi þeirra á milli. Síðast en ekki síst er ótalið menningargildi og menntunargildi bókar af þessu tagi. Hún yrði notuð af kennurum og nemendum í framhaldsskólum og á háskólastigi og yrði handbók eða uppsláttarrit fyrir kennara og nemendur í efstu bekkjum á grunnskólastigi.

Til þess að ná þeim árangri, sem að framan er getið, er fyrirhugað að setja fram á kortum og á annan myndrænan hátt ýmis einkenni lands og þjóðar. Þ. á m. má nefna náttúrufar, sögu, atvinnulíf, félagsmál og menningarmál."

Það hefur alllengi verið mikið áhugamál ýmissa aðila, að út verði gefin kortabók eða atlas fyrir Ísland. Má það furðu gegna, hversu mjög hefur dregist úr hömlu framkvæmd svo mikilvægs og hnýsilegs verks.

Á árinu 1977 áttu áhugaðilar fund með sér um málið. Voru þar mættir fulltrúar ýmissa stofnana, svo sem menntmrn. og samgrn., Seðlabanka, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Hagstofu, Rannsóknastofnana atvinnuveganna, Háskóla Íslands, og ennfremur fulltrúar frá bændasamtökum og iðnrekendum. Á fundinum kom fram mikill áhugi allra fundarmanna á útgáfu kortabókar Íslands. Á fundi þessum voru rædd almenn atriði málsins, svo sem eintakafjöldi við útgáfu bókarinnar. Komst fundurinn að þeirri niðurstöðu, þótt hún sé eftir lauslega athugun og til bráðabirgða, að ef bókin yrði þannig úr garði gerð, að hún nýttist við átthaga- og landafræðikennslu á flestum skólastigum, væri ekki ástæða til annars en að ætla að þannig greiddist teiknunar- og prentunarkostnaður. Upplýsingasöfnun og úrvinnsla gagna verði hins vegar framkvæmd af einstökum ríkisstofnunum án endurgjalds. En auðvitað þarf að fjármagna verkið á framkvæmdatíma og taka áhættu af halla af útgáfunni. Þá er ekki fjarri lagi að ætla að Norræni menningarmálasjóðurinn hlaupi eitthvað undir bagga og styrki slíka útgáfu. Er þá haft í huga að hluti ritsins yrði unnin til þess að bæta hinn mjög svo slaka hluta Íslands í kortabók Norðurlanda.

Á fyrrnefndum fundi var kosin til bráðabirgða undirbúnings- og framkvæmdanefnd, sem hafa skyldi með höndum að athuga hvers konar efni væri æskilegt að birta í slíkri bók, afla nánari upplýsinga um útgáfukostnað, verktilhögun og annað sem að verkinu lýtur. Nefndin hefur starfað nær óslitið síðan og hefur verki hennar skilað mjög vel fram, bæði um áætlun verksins og gagna- og efnissöfnun. Í þessa nefnd völdust á sínum tíma fulltrúar frá Háskóla Íslands, Landmælingum, Seðlabanka og Framkvæmdastofnun ríkisins. Má af þessu marka að málið er komið á verulegan rekspöl.

Gera má ráð fyrir að ekki verði tök á að ráðast í útgáfu fyrr en að tveimur, þremur árum liðnum vegna undirbúningsvinnu, þótt fljótlega verði hafist handa af fullum krafti.

Ég vil svo að lokum geta um helstu efnisflokka í kortabók Íslands, en það eru aðeins frumdrög. Í fyrsta flokki yrði til að mynda náttúra landsins: landslag, jarðfræði Íslands, jarðeðlisfræðileg kort, jarðvegur og gróður, vatnafræðikort, veðurfar, hafið við Ísland. Í öðrum sagnfræðileg kort: stjórnmálasaga, hagsaga og menningarsaga. Í þriðja landsbúar: mannfjöldi og mannfjölgun, dreifing íbúanna, fólksflutningar, menntun. Í fjórða lagi hagfræðikort: atvinnulífið, fiskveiðar, landbúnaður, orka, námavinnsla, iðnaður, samgöngur, viðskipti. Í fimmta lagi stjórnarfar: umdæmaskipting af ýmsu tagi, alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.

Ég vek athygli á þessu máli sérstaklega og ekki síst vegna þess, að nú höfum við tekið í þjónustu okkar hið mikla menningartæki sem sjónvarpið er. Þess vegna er slík kortagerð sem þessi ákaflega áhugaverð og upplýsandi og gæti orðið ungu fólki til sérstaks fróðleiks með þeim hætti.

Ég hef orðið þess var, að menn hafa skellt nokkuð skollaeyrum við tillöguflutningi sem þessum og sýnt honum lítinn áhuga. Það hefur viljað við brenna, að hv. alþm. hefur þótt nokkurt ábyrgðarleysi að víkja að einhverju öðru en vísitölu- og verðbólgumálum, grúfa sig yfir efnahagsgrautinn og hafa asklokið fyrir himin.

Ég vil nú biðja hv. alþm. sérstaklega um að veita þessu máli athygli og vera nú ekki með hangs yfir þessu mikla menningarmáli, að við fáum hrundið því í framkvæmd hið allra fyrsta, því ef menn athuga þetta og veita því athygli og umhugsun, þá sjá þeir að hér er brýnt hagsmunamál menningarlega séð á ferðinni.

Herra forseti. Ég legg til að umr. þessari verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bundið slitlag á vegum, þáltill. (þskj. 38). — Ein umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. um gerð 10 ára áætlunar um bundið slitlag á aðalvegi. Tillgr. fjallar um hringveginn og vegi til Vestfjarða og Snæfellsness. Eðlilegt er og nauðsynlegt að meta jafnframt þörf slitlags á aðra umferðarþunga vegi. Fyrir flm. þessarar till. vakir að þessi tiltekni þáttur vegaframkvæmda, gerð bundins slitlags, verði tekinn út úr og hafist verði handa um skipulegar framkvæmdir á tilteknu árabili. Fjár verði aflað sérstaklega til þessa tiltekna verkefnis án þess að skerða tekjustofna Vegasjóðs að öðru leyti. Þannig yrði eigi aðeins hraðað verulega framkvæmdum á þessum pósti, heldur einnig greitt fyrir öðrum aðkallandi verkefnum í vegagerð, svo sem uppbyggingu vega á snjóþungum landssvæðum og endurbyggingu gömlu brúnna, svo að nefnd séu dæmi um mjög aðkallandi og brýn verkefni. En það gefur auga leið, að án aðgerða á borð við það, sem till. fjallar um, mundi verulegum hluta þess fjár, sem úthlutað er í almennri vegáætlun næstu árin, varið til slitlagsframkvæmda.

Það gat vissulega komið til greina að taka upp í þessa till. fyrirmæli um áætlunargerð vegna fleiri verkþátta í vegagerðinni eða vegna vegagerðarinnar almennt. Vissulega er orðið tímabært að gera slíkar áætlanir til langs tíma. En þó var horfið að því ráði að fjalla aðeins um einn afmarkaðan þátt í till. þessari, enda er hér bæði um að ræða gerð áætlunar um framkvæmdir og um sérstaka fjáröflun.

Ljóst er að Alþingi hlýtur að skoða mál sem þetta frá mörgum hliðum. Ég vil víkja að nokkrum atriðum, sem mér sýnast skipta miklu máli í því sambandi. Ég kem fyrst að þeirri spurningu, hvort flutningur till. sé tímabær, eins og á stendur í efnahagsmálunum. Verðbólgudraugurinn ríður húsum og ákaflegar en oft áður. Almennt er talið, held ég sé óhætt að segja, að nú sé aðhalds þörf og áform uppi um að draga úr þenslu í umsvifum þjóðarinnar, einstaklinga, bæði og hins opinbera, í því skyni að lama þennan hættulega vágest. Það kann því fljótt á litið að sýnast dirfska að brjóta upp á stórfelldum framkvæmdaáformum í náinni framtíð á sama tíma og unnið er að fyrrnefndum fyrirætlunum. En ef betur er að gáð, þá má þó ætla að flestir séu sammála um að þrátt fyrir allt hljótum við enn sem fyrr að setja markið nokkuð hátt, stefna að framförum, velja verkefni og búa okkur undir að taka á þeim eins fljótt og fært þykir. Að óreyndu vil ég raunar ekki gera því skóna, að um þetta út af fyrir sig þurfi að rökræða svo sjálfsagt sýnist mér það vera.

Þá kem ég næst að þeirri spurningu, hvort nauðsynlegt sé í sjálfu sér eða skynsamlegt að hraða vegagerð á Íslandi frá því sem nú á sér stað. Íslendingar unnu það þrekvirki að brúa öll vatnsföll og gera akfært að sérhverju byggðu bóli á örfáum áratugum. Samhliða stendur bygging hinna fyrstu frumstæðu vega. Á síðari árum hefur notið við stórvirkra vinnuvéla og vaxandi verkkunnáttu. Í fljótu bragði mætti ætla, þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, að vel væri fyrir séð með því að halda fram sem horfir. En þetta er aðeins önnur hlið málsins. Hin hliðin er sú, að bifreiðum hefur fjölgað ákaflega á fáum árum. Gífurlegum fjármunum er varið til úthaldsins í eldsneyti og til viðhalds þessa mikla bílaflota. Stóran hluta þessa kostnaðar hlýtur þjóðin að greiða í dýrmætum erlendum gjaldeyri. Jafnframt breytast atvinnuhættir og lífsvenjur örar en auga á festir og m. a. í þá veru sem krefst samgönguhátta sem þekktust ekki hér fyrir örfáum árum. Er þetta raunar kunnara en frá þurfi að segja.

Af þessu leiðir svo það, að vegagerðin hefur ekki undan að fullnægja kröfum nýrra tíma, — þörfum getum við í raun og veru líka sagt með réttu. Hér er bæði um að ræða beina framkvæmd lögboðinnar þjónustu í sumum tilvikum, t. d. fólksflutninga, skólahald, og svo eru tiltölulega auðreiknuð dæmi um peningalegan og gjaldeyrislegan ávinning af því fyrir þjóðfélagið og einstaklingana. Ég kem örlítið nánar að því síðar. Að minni hyggju skiptir þetta tvennt kannske meginmáli. Á hitt ber þó einnig að líta, að meðal fólks í velflestum eða öllum stéttum og starfshópum ríkir sterkur áhugi á úrbótum í vegamálum. Byggja sumir óskir sínar og kröfur á þörfum þeirra atvinnugreina sem þeir stunda, en aðrir á persónubundnari viðhorfum. Þannig koma kröfur um betri vegi jafnt frá t. d. mjólkurbændum og öðrum framleiðendum, sem þarfnast greiðra flutninga á hráefni frá sér, svo og frá almennum félögum og frá einstaklingum, en Félag íslenskra bifreiðaeigenda er eins konar samnefndari fyrir landsmenn alla að þessu leyti.

Svo virðist sem það væri í fullu samræmi við þróunina og raunar í beinu framhaldi af síðustu viðbrögðum í vegamálum að taka nú fyrir ákveðinn kostnaðasaman þátt í vegagerðinni og skipuleggja aðgerðir með framkvæmdaáætlun og lánsfjáröflun, enda falli slíkt að almennum framkvæmdaáætlunum þjóðarinnar og verði samræmt hinni almennu vegáætlun. Það hvort tveggja verður vitanlega að gerast.

Með sérstökum aðgerðum hefur á undanförnum árum verið leitast við að flýta framkvæmdum þar sem staðhættir hafa verið hvað erfiðastir, t. d. á Vestfjörðum og Austfjörðum í landshlutaáætlunum, eða skórinn kreppt sérstaklega af öðrum ástæðum, t. d. vegir á mesta þéttbýlissvæðinu, Norður- og Austurvegur og tenging hringvegar, eins og hún var leyst með sérstöku stóru átaki sem naumast er nú umdeilt lengur, að ég hygg. Sýsluvegir höfðu dregist aftur úr með fjármagn á sama tíma og breyttir hættir kröfðust skjótra aðgerða þar. Framlög til þeirra hafa verið hækkuð mjög mikið og framkvæmdamáttur sýsluvegafjárins er nokkuð tryggur.

Á þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið stóðu menn frammi fyrir því, að úrbætur voru orðnar óumflýjanlegar. Rykið og forin voru orðin óbærileg atvinnuvegum jafnt og heimilum. Við því var líka snúist á nokkuð myndarlegan hátt með þéttbýlisfénu svonefnda og síðar með hækkun þess á vegáætlun og með öflun sérstaks lánsfjár til viðbótar.

Í ræðu, sem fyrrv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, flutti 21. apríl, þegar hann gerði Sþ. grein fyrir skýrslu um framkvæmdir í vegamálum 1977, gerði hann allítarlega grein fyrir þessari þróun. Hún nær vitanlega yfir allmörg árr og henni var fylgt fram á síðasta kjörtímabili, en einmitt þá var m. a. réttur verulega hlutur sýsluveganna og hlutur gatnagerðarinnar í þéttbýli. Í þessari ræðu fjallar Halldór E. Sigurðsson m. a. um nýja flokkun þjóðveganna og segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hinum nýju ákvæðum var horfið frá fyrri skiptingu þjóðvega í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir. Rök fyrir þessari breytingu voru mörg, en þar ber hæst tvö atriði. Hið fyrra er sú nauðsyn að líta á þýðingar-

mestu vegi landsins sem eina heild, þ. e. hringveginn og helstu tengivegi út frá honum. Með því móti mætti meta þarfir fyrir uppbyggingu einstakra vega og vegakafla án tillits til þess, í hvaða kjördæmi þeir eru. Síðara atriðið, sem leggja ber áherslu á, er að með hinni nýju skiptingu í stofnbrautir og þjóðbrautir opnuðust möguleikar á því að ráðast í stærri verkefni víðs vegar á landinu, en áður hafði verið hægt, þar sem mörg kjördæmi höfðu engar hraðbrautir innan sinna marka, en verulegur hluti fjárveitinga hins vegar bundinn við framkvæmdir á hraðbrautum."

Síðar í þessari ræðu sinni segir fyrrv. samgrh. einnig:

„*Ljóst er að breytingar á vegaflokkuninni ná ekki* tilgangi sínum fyrr en breytt verður um málsmeðferð og vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar. Er e. t. v. nauðsynlegt að setja ákvæði þar að lútandi í vegalög til þess að tryggja að úr þessu verði bætt. Í því sambandi kemur til álita að setja í vegalög ákvæði um gerð sérstakrar áætlunar um stærri verkefni sem næði yfir 2-3 kjörtímabil. Í þeirri áætlun yrði kveðið á um einstök verkefni í hvaða röð þau skyldu framkvæmd, áfangaskiptingu og annað sem mestu máli skiptir. Þessi áætlun yrði síðan felld inn í vegáætlunina hverju sinni, en þó þannig að tryggt væri að umtalsverður hluti þess fjármagns, sem ætlaður væri til nýrra framkvæmda, rynni til þessara sérstöku verkefna og þá í þeirri röð sem langtímaáætlunin segir til um. Eðlilegt væri að lánsfé, sem aflað er til vegaframkvæmda hverju sinni, gengi fyrst og fremst til þessara sérstöku verkefna. Fjárveitingum til annarra vegaframkvæmda en hinna sérstöku verkefna mætti þá skipta á milli kjördæma eftir hlutfallsreglunni, sem tæki tillit til ástands, notkunar og lengdar vega í hinum ýmsu kjördæmum, og væri þar fyrst og fremst um að ræða hina mörkuðu tekjustofna." Og fyrrv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, áréttar að það, sem fyrir honum vakir, sé að tryggja að stór og brýn verkefni í vega- og brúagerð komi til framkvæmda í stað þess að þeim er ýtt til hliðar við núverandi aðstæður.

Mér fannst samhengisins vegna rétt að rifja upp þessi ummæli fyrrv. samgrh. *Ég held að það sé óhætt að segja*, að flutningur þessarar till. komi í beinu framhaldi af þeirri þróun sem orðið hefur í vegamálum á undanförnum árum og hann falli fullkomlega að þeirri hugsun sem birtist í tilfærðum ummælum fyrrv. samgrh.

Við skiptingu vegafjárins fyrr og síðar leynir það sér ekki, að erfitt er að halda í horfi með almennar framkvæmdir, uppbyggingu vega, brúagerðir, styrkingu veganna og almennt viðhald þeirra. Og það verður æ örðugra að sinna dýrum verkum, sbr. Skeiðarársand, Hvítárbrúna, sem oftast er nefnd brú yfir Borgarfjörð, og framkvæmdir við bundið slitlag, á viðunandi hátt innan ramma hinnar almennu vegáætlunar. Hér er því lagt til að undirbúa tilraun til að brjótast úr kvínni.

Ég vil enn hnykkja á þessu, að öll umr. hnígur að því að æskja aukins hraða við vegagerð í landinu og eru margvísleg rök fram borin. En til þess að svo megi verða þarf auðvitað aukið fjármagn. Og þá er líklegasta leiðin að taka til verkþætti, sem þykja álitlegir, sökum mikillar og ómótmælanlegrar hagkvæmni, og afla fjár til þeirra sérstaklega. Þetta er e. t. v. eina færa leiðin til þess að auka fjármagn og framkvæmdahraða í vegagerð að nokkru marki. Um leið rýmkast svo um almennar og oft jafnbrýnar framkvæmdir og vikið hefur verið að áður. En t. d. óuppbyggðir vegir í snjóahéruðum og sumar gömlu brýrnar, svo ég nefni aftur þessi atriði, hindra eðlilegar samgöngur og drepa athafnalíf í dróma langtímum saman.

Með till. þessari, ef samþykkt verður, yrði ríkisstj. falið að láta gera áætlun um framkvæmdir og um fjáröflun. Við þá áætlanagerð yrði brotið til mergjar af þeim, sem gerst mega vita, hvað kosta myndi sá verkþáttur, sem till. fjallar um, og hvernig hann yrði endanlega afmarkaður, hver yrði arðgjöf slíkra framkvæmda og hvern veg hagkvæmast yrði að þeim staðið. Jafnframt yrðu þá þrautkannaðar allar leiðir til að fjármagna verkið á þann hátt að dreifa mætti kostnaði á lengri tíma en framkvæmdatímann sjálfan. Síðan kæmi til kasta Alþingis að sjálfsögðu að taka endanlegar ákvarðanir í málinu. Ég skal ekki fjölyrða um þá þætti nú, áður en slík könnun hefur farið fram. Ég vil þó fara um þá örfáum orðum út frá einföldum staðreyndum sem liggja fyrir.

Lengd þeirra vega, sem nefndir eru í tillögugreininni, er nálægt 1700 km, og þá eru ekki taldir með þeim kaflar sem þegar eru með bundnu slitlagi. 700-800 km af þessari vegalengd eru uppbyggðir vegir að mestu.

Mér þykir líklegt að skynsamlegt þætti og raunar óhjákvæmilegt að leggja bundið slitlag á vegakafla út frá *þéttbýlisstöðum á undan fáfarnari köflum þeirra vega* sem tillögugreinin nefnir. Á Möðrudalsöræfum t. d. og við norðanverðan Breiðafjörð er sumarumferð innan við 100 bílar á dag. Á nokkrum vegaköflum utan hringvegarins og þeirra annarra vega, sem nefndir eru í till., og það víðs vegar um landið er umferðin aftur á móti nú þegar miklu meiri á sumrum og miklu meiri allan ársins hring. Ég legg þess vegna áherslu á að um þetta atriði verði fjallað samhliða því afmarkaða verkefni sem tillgr. fjallar um. Mér þykir og líklegt að hagkvæmt þyki að fella allar framkvæmdir við bundið slitlag inn í eina og sömu áætlunina.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um fjölförnustu vegi utan hringvegarins, gæti þar verið um að ræða nú vegalengd, sem liggur nærri 300 km. Þegar það bætist við þá vegi, sem getið er í tillgr., er vegalengdin *orðin um 2000 km.*

Mér er tjáð að kostnaður við bundið slitlag sé nú á bilinu 10-15 millj. kr. á km. Af þessu má nokkuð marka stærð þessa verkefnis. En vitanlega skýrist sá þáttur betur, þegar athugun sú, sem um ræðir í till., hefur farið fram. Ég skal því ekki fara með fleiri tölur að sinni. Þetta gefur örlitla hugmynd um kostnað, en þó vitanlega aðeins ófullkomna hugmynd. Og hún er enn ófullkomnari en ella vegna þess, að það er eftir að meta hvaða gerð slitlags hentar best við breytilega umferð og breytileg ytri skilyrði önnur. Nýlega gerðar tilraunir með nýtt efni og aðferð *kunna t. d. að hafa mjög veruleg áhrif á slíkt mat.* En mér skilst að eins til tveggja ára innlend reynsla til viðbótar við eldri eða meiri reynslu í grannlöndum geti orðið viðunandi grundvöllur ákvarðana hvað þetta atriði varðar.

Ég ætla ekki í þessari framsögu að fara með neinar tölur varðandi líklega arðsemi af slitlagsframkvæmdum, enda þótt fáanlegar séu. Þar grípa inn í fjölmargir og ólíkir þættir, svo sem notkun eldsneytis, viðhald bifreiðanna, hagur atvinnuvega af ódýrari og greiðari samgöngum, viðhaldskostnaður veganna við mismunandi álag, veðurfar, landshættir o. s. frv. Arðsemissjónarmið yrði að sjálfsögðu vandlega kannað og metið við áætlunargerðina. En óhætt mun að segja, að flest almenn rök

hnígi að því, að lagning bundins slitlags á aðalvegi Íslendinga sé arðgæf framkvæmd nú þegar og þá vitanlega ekki síður á seinni hluta hugsanlegs áætlunar tímabils, t. d. þess áætlunar tímabils sem hér er stungið upp á, því fjöldi bíla og þar með notkun veganna vex óðfluga.

Markmið till. þeirrar, sem hér um ræðir, er, eins og ég hef áður tekið fram, að skipuleggja og fjármagna sérstaklega tiltekinn og alldýran þátt vegaframkvæmda í þeim tvíþætta tilgangi að flýta framkvæmdum á þeim tiltekna pósti og jafnframt að létta á hinni almennu vegáætlun þannig að svigrúm gefist til meiri framkvæmda við aðra og einnig lífsnauðsynlega þætti vegagerðarinnar, svo sem uppbyggingu vega í snjóahéruðum. Hér kæmu til greina bæði innlendar og erlendar lántökur, en Íslendingar virðast tiltölulega fúsir að lána fé einmitt til tiltekinna vegaframkvæmda. Reynsla okkar hefur einnig sýnt, að stundum er unnt að fá tiltölulega hagkvæm erlend lán einmitt til ákveðinna þátta í vegagerð. Þetta allt yrði auðvitað kannað rækilega og einnig áhrif framkvæmdanna á gjaldeyrisnotkun vegna rekstrar bifreiða o. fl., og svo hins vegar fáanleg kjör á erlendum peningamarkaði. Það hefur komið fram áður, að kanadískir aðilar geta vel hugsað sér að lána fjármagn til vegaframkvæmda á Íslandi. Jafnframt mun það hafa komið í ljós, að sömu aðilar hafa áhuga á því að leggja þá til vinnuafl, leggja til verktaka. Það er hins vegar að minni hyggju ekki sérstaklega áhugavert af okkar hálfu, enda þótt það hafi tíðkast í nokkrum mæli t. d. við raforkuframkvæmdir. En þetta bendir til þess hvað sem öðru líður að fjármagn sé út af fyrir sig fáanlegt til þessa ef athugun leiddi í ljós að fært þætti af öðrum ástæðum að fara þessa leið.

Eins og áður er vikið að, höfum við gert nokkuð að því að taka fyrir sérstök afmörkuð vegagerðarverkefni á tilteknum svæðum; landshlutaáætlanir, sérstaklega dýr brúarmannvirki o. s. frv. Það hefur reynst erfiðleikum bundið, að halda slíkum einstökum og alltaf svæðisbundnum verkefnum fjárhagslega aðskildum, um leið og nauðsynlegt hefur verið að fella þau með nokkrum hætti að hinni almennu vegáætlun, og er það skiljanlegt. Hér er lagt til að taka fyrir verkþátt sem varðar landið allt og unnið yrði að á nokkrum stöðum á landinu samtímis. Leiða má líkur að því, að skipulögð vinna við slitlagsframkvæmdir til nokkurra ára gerði mögulegt að halda úti sérhæfðum vinnuflokkum, hvort sem það yrði á vegum Vegagerðar ríkisins eða verktaka sem ynnu nokkuð jafnt og þétt. Mundi það tvímælalaust þýða hagkvæmari tilhögun en unnt er að beita án áætlunarbúskapar að þessu leyti.

Það er vert að minna á það, að það er vissulega víðar en í vegagerð sem vantar bundið slitlag á samgöngumannvirki hér á landi. Svo er um marga helstu flugvellina. Það er oft talað um að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir þegar rætt er um opinberar framkvæmdir hér á landi, og það er áreiðanlega vel þess vert að hugleiða það hvort hentugt er og viðráðanlegt að samræma framkvæmdir við bundið slitlag á vegum og á flugvöllum. Ég varpa þessu fram hér sem umhugsunarefni, þó að till. sú, sem hér er til umr., fjalli einvörðungu um vegaframkvæmdir.

Ég vil svo að lokum taka það skýrt fram, að af minni hálfu þá felst ekki í þessum tillöguflutningi nokkur ádeila á framkvæmdir íslensku vegagerðarinnar til þessa. Ég vil ekki heldur láta að því liggja, að óeðlilega lítið fjármagn hafi runnið til vegagerðar á Íslandi á liðnum árum. Það hefur verið í mörg horn að líta og er og verður. Okkur er tamt að bera okkur saman við aðrar þjóðir og mér finnst ekki alltaf af mikilli sanngirni. Hvernig halda menn t. d. að danskir vegir litu út í dag, ef 30-40 þús. íbúar hefðu átt að hefja þar framkvæmdir alveg frá grunni fyrir 50 árum eða svo, og væri þó ólíku saman að jafna og allt hagstæðara þeim en okkur þó að mannfjöldinn væri hlutfallslegur.

Það er skoðun mín og okkar flm. þessarar till., eins og þegar hefur verið tekið fram í grg., að slík er fjölgun bifreiða og svö örar eru breytingar á atvinnu- og lifnaðarháttum að til vandræða horfir hversu seint sækist að byggja upp vegakerfið. Því er sjálfsagt að herða sóknina og hér er leitast við að benda á leiðir til þess. Ef við viljum í alvöru auknar framkvæmdir í vegagerð, þá verður, að ég hygg, helsta ráðið að velja umfangsmikinn verkþátt og þá arðgæfan, eins og ég hef bent á, afla fjár til hans sérstaklega og létta þannig um leið nokkuð á almennu vegáætluninni, þannig að unnt verði að sinna betur en áður öðrum verkefnum.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til fjvn.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það kom fram í máli flm., hv. 2. þm. Austurl., að hann velti þeirri spurningu fyrir sér, hvort tillögugerð sem þessi væri tímabær eða ekki vegna þeirra fjárhagsaðstæðna sem ríkja í þjóðfélagi okkar. Það er eðlilegt og sjálfsagt að slík spurning sé lögð fram og leitað svara við henni, en ég fyrir mitt leyti hlýt að svara því hiklaust játandi, að það er fullkomlega tímabært að taka til höndum svo um munar í byggingu vega með bundnu slitlagi.

Ég skal taka það fram, að ég er niðurskurðarmaður, eins og spennan er og verðbólgan í þjóðfélagi okkar. Ég er niðurskurðarmaður og aðhaldsmaður að undanteknum tveimur málaflokkum, og það eru orkumál og samgöngumál. Ég tel að auðvelt sé að sýna fram á að skynsamlegar framkvæmdir í þeim málum muni skila sér aftur í þjóðarbúið margfalt óðar en líður. Að þessu er áreiðanlega hægt að færa gild rök. Raunar hef ég og mínir flokksmenn að undanförnu unnið að gagnasöfnun sem mun færa sönnur á þetta mál.

Á undanförnum missirum hefur Sjálfstfl. unnið að áætlanagerð um byggingu vega með bundnu slitlagi til allra þéttbýlisstaða í landinu og hann kunngjörði á s. l. vori þessa stefnumörkun sína í allítarlegu formi. Nú frá því að þing hófst hefur verið að því unnið að fella stefnuna saman og móta hana ítarlega. Ég geri ráð fyrir því, að innan tíðar muni hún verða lögð hér fram í ályktunarformi með svipuðum hætti og vegáætlanir eru gerðar, með áskorun um að hún verði felld að hinni almennu vegáætlun sem verður lögð fyrir Alþ. sem nú situr, þar sem hin gamla er úr sögunni eða hennar tímabil liðið. Þess vegna er það, að þessi þáltill. er góðra gjalda verð að því leyti, að þar kemur í ljós að Framsfl. — ég leyfi mér að líta svo á þar sem þetta er borið fram af fimm hv. þm. hans — hefur fallist í meginatriðum á þessa stefnumörkun Sjálfstfl. Fagna ég því að sjálfsögðu og ætti þá framgangur málsins að vera tryggur, því að ég býst ekki við að okkur þurfi að skilja í milli í svo veigamiklum atriðum að ekki náist samkomulag um framkvæmdahraða og annað sem að þessu lýtur, ef við erum sammála um heildarstefnumörkunina.

Ég geri hins vegar ráð fyrir því og vænti þess, að þann veg verði málið unnið af okkur sjálfstæðismönnum að þessi till. sé í sjálfu sér óþörf. Hér er gerð till. eða áskorun, sem með leyfi hæstv. forseta hljóðar svo í upphafinu: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að gera áætlun um að leggja bundið slitlag á hringveginn umhverfis landið til Vestfjarða og um Snæfellsnes og um fjáröflun til þeirra framkvæmda.“ — Ég á von á því, að mjög innan tíðar, innan viku eða svo, muni okkur í Sjálfstfl. hafa tekist að leggja fram till. þar sem þessi vinna hefur verið framkvæmd sem hér er ákveðið að fela ríkisstj. að vinna. Ég er þess fullviss að hv. 1. flm., hv. 2. þm. Austurl., muni varpa öndinni léttar þegar hann sér hvílíkur tímasparnaður verði í því fólginn. Þess vegna er það, að ég fagna þessari till., því að hún flytur okkur það eitt, sem er auðvitað mikilsverðast, að Framsfl. vill fallst á þessa stefnumótun Sjálfstfl. Samtals hafa þeir flokkar 32 þm. og þetta kemur til afgreiðslu í Sþ., þannig að málið er tryggt. Ég geri ráð fyrir því, eins og fjölmenni hefur mjög farið minnkandi í þeim flokki, að við þurfum ekki að óttast að menn hlaupi þar út undan sér, þeir fáu sem eftir eru. Það er þá von í krata og krata sem fylgismanni við þetta mikla nauðsynjamál, og maður skyldi halda að einhverjir úr flokki hæstv. samgrh. mundu ljá þessu fylgi sitt, svo að ég kvíði engu um framhaldið.

En ég vil aðeins víkja að því í örfáum orðum, hvers eðlis áætlanagerð okkar er. Hér er að vísu undirboð um að þetta skuli framkvæmt á 10 árum. Ég fagna því innilega, ef rannsóknir og athuganir í málinu skyldu horfa til þess að við gætum náð að vinna verkið á 10 árum. Raunar mun till. okkar fela í sér áskorun um að það verði athugað sérstaklega, hvort ekki megi stytta það framkvæmdatímabil, sem við leggjum til að verði 15 ár, þrjú fimm ára framkvæmdatímabil, eins og er í okkar tillögu.

Í allra stærstu dráttum er áætlun okkar sú, að á fyrstu fimm árunum verði vegur lagður úr Kollafirði til Akureyrar og Húsavíkur og til Dalvíkur og frá Þjórsá að Vík í Mýrdal, — þetta eru stærstu áfangarnir, — síðan gerðu smærri vegalagningar eins og milli Hellissands og Ólafsvíkur, milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur og Súðavíkur og enn fremur milli Egilsstaða, Eskifjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Enn mætti nefna önnur smærri verkefni. Auðvitað er nauðsynlegt að ekki gleymist, að á fyrsta framkvæmdatímabili yrði Akranes tengt við aðalhringveginn.

Á öðru fimm ára tímabilinu er gert ráð fyrir tengingu þéttbýliskjarna Snæfellsness og þéttbýliskjarna innan Vestfjarða, vegi frá Blönduósi til Skagastrandar, frá Sauðárkróki til Siglufjarðar. Fyrir austan yrði tengingin frá Fáskrúðsfirði suður á Höfn í Hornafirði og Biskupstungnavegur, Skeiðavegur og aðrar framkvæmdir sem of langt mál yrði upp að telja.

Á síðasta framkvæmdatímabili yrði hringveginum lokið frá Vík í Mýrdal að Höfn í Hornafirði og yfir fjöllin nyrðra. Ég skýt því líka inn í, af því að hratt er yfir sögu farið, að á öðru framkvæmdatímabili er gert ráð fyrir vegi úr Aðaldal í Reynihlíð. (**VH:** Þetta passar eiginlega allt saman.) Hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson les upp, að þetta passi allt saman. Þetta passar við þá stefnumörkun, sem sjálfstæðismenn birtu í Morgunblaðinu og hann hefur greinilega lesið vandlega og „nóterað“ hjá sér, svo að allt fellur þetta eins og flís við rass. Við getum svo sannarlega fagnað yfir því, að við höfum þá ærlega náð höndum saman í einhverju mesta hagsmunamáli þjóðarinnar sem nú bíður okkar að vinna sem kappsamlegast að.

Ég vil, áður en ég vík að fjármögnuninni, víkja að ýmsum verkefnum sem við álítum að beri brýna nauðsyn til að ljúka, vil þar fyrsta og frægasta telja Borgarfjarðarbrú, svo að við ungir sjálfstæðismenn fáum nú eitthvert bákn frá hið fyrsta, veg yfir Botnsvog, Leirurnar í Eyjafirði, göng í gegnum efsta hluta Breiðadalsheiðar yfir í Önundarfjörð frá Ísafirði, og enn fleiri verkefni mætti telja. Til þess arna munum við leggja til að tekið verði fé að láni erlendis, svo að hraða megi þessum framkvæmdum.

Um fjármögnun er það að segja, að við munum leggja fram ákveðnar till. í því efni, sem fram komu í yfirlýsingu okkar frá því á s. l. vori.

Það er í fyrsta lagi, sem Alþ. hefur tekið formlega afstöðu til, sala happdrættisskuldabréfa. Það hafa verið sett lög um það efni hér á Alþ., og raunar er nú flutt nýtt frv. um það efni af hv. þm. Eyjólfi Konráð. Með því móti er gert ráð fyrir að aflað verði 2 milljarða til þessa verkefnis.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að Byggðasjóður leggi fram af ráðstöfunarfé sínu 1 milljarð. Ekki þurfa menn héðan af að fíkjast í það, eftir að hæstv. núv. ríkisstj. hefur gripið til þess bragðs í áformum sínum að skerða ráðstöfunarfé Byggðasjóðs á næsta ári um 1130 millj. kr. Ég er því sannfærður um að ekki mun það verða okkur að fótakefli í sameiginlegu átaki sem við ætlum að standa að um fjárveitinguna úr Byggðasjóði.

Og svo er í þriðja lagi að 2 millj. renni til þessara vegaframkvæmda af umframtekjum vegaumferðarinnar. Má ætla, að þær verði á þessu ári 2.2 milljarðar. Samkv. löngum útreikningum frá umliðnum árum benda áætlanir til, að umframtekjurnar muni aukast um 10% á ári. Þess vegna er það, að á 5 ára tímabili er svo ráð fyrir gert að þessi fjármögnun skili verulegu umfram 2 milljarða á ári. Þegar ég tala um þessar fjárhæðir er átt við að upphæðirnar haldi raungildi sínu. En þetta, sem ég hef nú upptalið, er aðeins miðað við verðgildi eins og það er í dag.

Aftur á móti viljum við viðhalda gamla Vegasjóðnum eins og hann er. Við viljum beita honum aðallega til þess að byggja vegi upp úr snjó innan héraðanna. Þó verður enn fremur í þessari ályktunartillögu okkar sérkafli um byggingu vega upp úr snjó, það eru tengivegir heilla landshluta e. t. v., eins og Þorskafjarðarheiðarvegur, eða á milli ýmissa þéttbýlisstaða, eins og á Sléttu norður, svo að ég nefni stærri verkefni sem þarf að hraða. En á hinn bóginn yrði gamla Vegasjóðnum beitt til þess að byggja vegi innan sveitanna upp úr snjó.

Þannig eru í stærstu dráttum hugmyndir okkar, sem munu sjá dagsins ljós hér innan tíðar.

Hv. 2. þm. Austurl. rakti í stuttu máli hvað till. hans og þeirra félaga fæli í sér, hvað kosta mundi arðgjöfin af þessu, hvernig að því yrði staðið, fjármögnun o. s. frv. En eins og hann heyrir, mun hann fá þetta allt upp í hendurnar áður en líður, þannig að þeirri vinnu, sem hér þyrfti að grúfa sig yfir í hæstv. ríkisstj. og henni falið að vinna, er allri saman lokið og svör munu gefast við því, sem hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson taldi hér upp að nauðsyn væri að rannsaka áður en hafist væri handa.

Hv. flm. taldi að flutningur þessarar till. væri í beinu framhaldi af umsvifum, skildist mér, fyrrv. samgrh., Halldórs E. Sigurðssonar. Það kann að vera að einhverju leyti, en hún er nú aðallega í framhaldi af stefnumörkun okkar sjálfstæðismanna frá því í vor. Og það verður ekki

sagt, eins og hann gat um, að oft sé það svo, að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir. Í þessu máli er það ekki, því að við hægri höndin vitum vel hvað sú vinstri er að sýsla með, og þeir til vinstri hafa aflað sér upplýsinga um hvað við erum að bardúsa hægra megin. Það sýnir sig, að þetta fellur eins og flís að rassi.

Það væri ástæða til þess í svo áhugaverðu máli sem þessu að setja á lengri tölur. Ég vil aðeins minna á eitt gamalt áhugamál mitt, sem ég hef flutt a. m. k. tvisvar sinnum hér á Alþ., og það er þáltill. þar sem skorað var á ríkisstj. að athuga það sérstaklega, hvort ekki væri fært að nýta rafmagn okkar til að knýja bifreiðar landsins — Japanir hafa náð langt í þessu og Svisslendingar — og hversu hröð framþróun á sér stað í þessum efnum. Mig dreymir auðvitað um — og ég tel það engan dagdraum — að þegar við erum búnir að binda vegi okkar með slitlagi, þá leggjum við auðvitað rafmagn meðfram þeim öllum og drögum allan þungavöruflutning okkar, alla þungavöru eftir vegunum með rafmagni. Þetta eru engir draumórar, eins og ég segi, en það vill verða svo hér á hinu háa Alþ., að till. eins og ég hef t. a. m. gert um fiskrækt æ ofan í æ og í þessu máli og öðrum slíkum málum eru menn drumbs um. Þeir mega helst ekki vera að því, eins og ég sagði fyrr í dag, að líta upp úr efnahagsgrautnum sem allir eru skyldugir til þess að grúfa sig yfir ef þeir vilja ekki teljast óábyrgir menn. Og þeir hirða eyrinn og kasta krónunni ef menn álíta að lagning bundins slitlags á vegakerfið í landinu sé ekki eitthvert það arðbærasta sem við getum ráðist í og einn af þáttunum til þess að leysa efnahagsvandamál okkar, einnig í gjaldeyrismálum, því að ekkert getur sparað okkur gjaldeyri til jafns við það, það sýna útreikningar, bæði í orkunotkun og í sliti á bifreiðum. Ef menn ætla að þetta sé ekki einn veigamikill þáttur í að finna lausn á efnahagsvanda okkar, þá er það misskilningur þeirra, þá er það af því að þeir hafa ekki gefið sér tíma til þess að huga að þessum málum fyrir endalausu yfirboðstali og yfirþyrmandi um verðbólgu og vexti og hvað það nú allt heitir og ég á vissulega að kunna, ef ég get talist ábyrgur maður.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um 10 ára áætlun um bundið slitlag á vegum, flutt af hv. 2. þm. Austurl. o.fl. Till. felur það í sér, að Alþ. ályktí að fela ríkisstj. að gera áætlun um að leggja bundið slitlag á vegi landsins.

Tillögumaður, hv. 1. flm., er hressilegur í tillöguflutningi og grg. að vanda. Manni dettur bara helst í hug hressilegur skáldskapur, svo sem hinn alkunna vísa: „Víkur hann sér í Viðeyjarklaustur, víða trúi ég hann svamli“ o. s. frv., því að hann fer út af hringveginum og nefnir þó Snæfellsnes og Vestfirði. Er það út af fyrir sig góðra gjalda vert og mjög ánægjulegt. Þá er rætt hér um fjáröflun, svo sem vera ber í þessu sambandi. Ég verð nú að segja það, að mér finnst ekki til mikils mælst þó að komi ögn af bundnu slitlagi á vegi Snæfellsness, þegar rætt er um að leggja bundið slitlag á Mývatns- og Möðrudalsöræfi t. d. Þetta verk á að vinna á 10 árum. Þó er sá galli á gjöf Njarðar að þetta er aðeins till. um áætlun sem á að leggja fyrir Alþ. eftir eitt ár.

Það er um þessa till. að segja, að hún er fyrst og fremst að mínum dómi viljayfirlýsing þessara ágætu manna. Það hafa komið fram ótal viljayfirlýsingar um þessi efni að undanförnu, sem hnigið hafa í svipaða eða sömu átt, svo sem till. frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda. Það hefur verið gerð grein fyrir tillögum sjálfstæðismanna, hugmyndum og fyrirætlunum í þessum efnum, þannig að ég hygg að ekki sé um mikinn ágreining að ræða í þessum málum meðal þm. Það er gleðilegt að við getum flestir sagt sem svo í þessum málum: Við viljum gera sem mest, við viljum stefna nokkurn veginn að sama marki. Þá ætti okkur ekki að vera skotaskuld úr því að koma einhverju fram.

Á undanförnum árum og mánuðum hefur verið rætt mikið um þessi mál. Það hafa verið uppi tvær skoðanir, sem margt hefur verið sagt um: annars vegar að byggja vegi upp úr snjó út um byggðir landsins og hins vegar að leggja bundið slitlag á fjölfarna vegi. Báðar eiga þessar hugmyndir og tillögugerðir fullan rétt á sér. Vitanlega viljum við svo endurbyggja gamlar brýr og gera nýjar brýr þar sem þær hafa ekki áður verið byggðar.

Það er vikið að því í grg., að hér á landi hafi geisað mikil verðbólga að undanförnu og sé því þörf aðhaldssamrar stefnu í efnahagsmálum. Vitanlega er þetta hverju orði sannara. En ég er á sama máli og hv. 1. flm., að þó að verðbólguvandinn sé ærinn, það sé mikið mál að leysa, þá megum við ekki alveg stinga höfðinu í sandinn og hætta að horfa til framtíðarinnar og hætta að huga að miklum málum, sem við þurfum að takast á við á næstu árum. Þess vegna er ég honum fyllilega sammála um það, að í þessum greinum þurfum við að undirbúa og undirbyggja ákveðnar till. til framkvæmda, og þar er ég á því máli, að bætt þjónusta í samgöngumálum úti um byggðir landsins sé mál númer eitt næst á eftir lausn hinnar miklu glímu við verðbólguvandann.

Það er rétt hjá hv. 1. flm., að á undanförnum árum hefur verið réttur nokkuð hlutur sýsluvega og þéttbýlisvega, en þó er þar æðimargur vandi óleystur. Það er gleðilegt mjög að heyra, að margar hendur eru á lofti og mikill vilji og áhugi þm. í þessum málum. Sá áhugi ætti að nægja til þess að geta þrýst á stóraðgerðir í þessum málum í þá átt sem allir vilja stefna að og horfir að því verkefni, eins og segir í niðurlagi grg., að flýta lagningu bundins slitlags á aðalvegi og auka svigrúm til annarra framkvæmda í vegamálum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 23. fundur.

Mánudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 17. nóv. 1978.

Ritari þingflokks sjálfstæðismanna hefur ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Ólafs G. Einarssonar, 9. landsk. þm., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Steinþór Gestsson bóndi, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Mér hefur einnig borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 17. nóv. 1978.

Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Jón Baldvin Hannibalsson skólameistari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Hér liggur fyrir annars vegar kjörbréf til handa Steinþóri Gestssyni og hins vegar símskeyti sem staðfestir að út hafi verið gefið kjörbréf til handa Jóni Baldvin Hannibalssyni. Vil ég nú biðja kjörbréfanefnd að taka þessi gögn til rannsóknar og gef 10 mín. fundarhlé meðan könnunin fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar í fyrsta lagi kjörbréf gefið út af landskjörstjórn til handa Steinþóri Gestssyni, sem er 1. landskjörinn varaþm. Sjálfstfl. Leggur n. til að kjörbréfið verði metið gilt og kosningin samþykkt.

Þá hefur n. í öðru lagi athugað skeyti frá formanni yfirkjörstjórnar Vestfjarðakjördæmis til handa Jóni Baldvin Hannibalssyni sem 1. varamanni Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi. N. leggur einnig til að sú kosning verði metin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Steinþórs Gestssonar samþ. með 36 shlj. atkv.

Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Jóns Baldvins Hannibalssonar samþ. með 35 shlj. atkv.

Efri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 20. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Upplýsingar hjá almannastofnunum, frv. (þskj. 74). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 69). — Frh. 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Um þetta frv. þarf í raun og veru ekki að hafa mörg orð. Það er nauðsynlegt hins vegar að lýsa yfir stuðningi bæði við það, sem hér kemur fram sem aðalatriði þessa frv., og eins þá almennu hugvekju sem hv. 1. flm. flutti okkur um daginn varðandi vandamál fatlaðra í landinu í heild. Sjálfsögð umframaðstoð af því tagi, að þetta fólk nái nokkurn veginn jafnrétti eða jafnræði við aðra þjóðfélagsþegna, um annað er ekki beðið af því, er orðin sjálfsögð krafa í þjóðfélaginu almennt sem betur fer, og það er fyrst og fremst þetta fólk sjálft eða ákveðnir hópar þess sem hafa gert þessa kröfu að heildarkröfu í þjóðfélaginu svo mönnum er orðið ljóst, að ekki verður fram hjá gengið. Um það skal ég sem sagt ekki hafa frekari orð. Ég veit að á þessu máli er orðinn aukinn skilningur og skilningur einmitt í þá réttu átt, að hér sé aðeins um sjálfsagða jafnréttiskröfu þessa fólks að ræða til þess að njóta sams konar réttar og við hin njótum. En þar þarf auðvitað til að koma ýmislegt umfram af samfélagsins hálfu, ýmislegt til viðbótar, og einmitt að því atriði lýtur þetta frv.

Eins og frsm. rakti hér glögglega, 1. flm., er hér um að ræða fyrst og fremst að fjölga þeim bifreiðum sem árlega er lagt til að felld verði eða lækkuð gjöld af fyrir bæklað fólk eða lamað, fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, sem allt er á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Til viðbótar því er hér lagt til, að raungildi verði fært til samræmis við það sem upphaflega var ætlast til með þessari tollskrárbreytingu á sínum tíma. Hér er raunar ekki um annað að ræða en færa það til raungildis miðað við daginn í dag og þó kannske tæplega. Hér er um lágmarksupphæð að ræða miðað við það sem t. d. Sjálfsbjörg og Öryrkjabandalagið hafa gefið upp. Hér er því ekki fram á mikið farið að því leyti til.

Eins og frsm. rakti, var fyrsta árið í raun og veru í hittiðfyrra þar sem skapaðist nokkurt vandræðaástand fyrir ýmsa þá sem þurftu nauðsynlega að endurnýja bifreiðar sínar, og var þó ekki fyrr en í fyrra sem kastaði tólfunum varðandi ýmsa þá, sem bæði höfðu náð ákveðnum aldri, og eins þá, sem þurftu nauðsynlega að fá endurnýjun bifreiða sinna. Þarna var sem sagt ekki um vafaatriði að ræða, hvort menn ættu þarna rétt eða ekki, hann hafði þegar verið viðurkenndur, þótti sjálfsagður. En hér var vinnuákvæðið látið ráða miklu. Það er út af fyrir sig alveg réttlætanlegt. Þar af leiddi, að ég hygg, að

nær allir, sem um þessa eftirgjöf sóttu og voru komnir um sjötugt eða þar yfir eða jafnvel 67 ára, fengu synjun. Mér er nær að halda að þeir hafi allir fengið synjun. Sama gilti um alla þá sem áttu fullan rétt á endurnýjun og höfðu átt jafnvel síðustu tvö árin. Þeir munu, held ég, næstum allir alfarið hafa fengið neitun í fyrra.

Ég veit að þegar um þetta mál er rætt — og það skulum við ekki vera að draga neina dul á — kemur upp spurningin um misnotkun í þessum efnum. Vitanlega er brýnt að úthlutun af þessu tagi geti farið fram með sem eðlilegustum hætti þannig að misnotkun eigi sér ekki stað. Hér er auðvitað læknunum mikill vandi á höndum, því að það eru vottorð þeirra og umsagnir þeirra sem ráða því í raun og veru, hvaða afstaða er endanlega tekin af þeirri n. sem á að ráðstafa þessu. Það eru þeirra vottorð og þeirra umsagnir sem ráða mestu um það, hvort þessar umsóknir eru teknar gildar eða ekki, hvort menn telja þarna þörf eða ekki. Og auðvitað er það rétt, að menn vinna þetta verk sjálfsagt misjafnlega samviskusamlega eins og aðrar stéttir, og eins er það, að mörgum í þessum hópi þykir sem misnotkunarhættan sé svo mikil að þeir verði í raun og veru að fara mjög varlega. Um það þekki ég dæmi. Ég skil þá hugsun mætavel. Eins er það hjá ýmsum þeim sem eru að byrja í starfi, að þeim hættir mjög til þess að fara jafnvel svo varlega að þeir þori ekki að gefa vottorð um menn sem eru úrskurðaðir, þegar er þeir koma á fund tryggingayfirlæknis hér í Reykjavík — sem örkumla menn, hafa meira að segja ekki þorað að gefa umsagnir um þá. Og allt stafar þetta af því, að þarna eru menn með vissa varfærni gagnvart þessari svokölluðu misnotkun.

Auðvitað býður allt okkar tryggingarkerfi og allar slíkar heimildir upp á vissa misnotkun, og þá er ekkert annað að gera í því efni en reyna að koma sem mest í veg fyrir að slíkt sé misnotað, að þeir, sem fremsta rétt eigi, nái rétti sínum og njóti þeirra hlunninda sem til er ætlast, en aðrir, sem ekki er eins verðugir, annaðhvort bíði eða jafnvel, ef réttur þeirra er ekki meiri en það, fái neitun. En ég veit það hins vegar núna, af því að ég hef kynnst þessu máli nokkuð og talað um það við þá aðila sem hafa verið í þessari úthlutnarnefnd, að þeir telja óhjákvæmilegt að fjölga bifreiðunum til þess að sinna því nauðsynlegasta og þá alveg sérstaklega að hækka þá upphæð sem hingað til hefur gilt varðandi þessi dýru tæki. Þeir segja að eftir síðasta ár, úthlutun þess og þær miklu neitanir sem þeir urðu þá að gefa út, stefni þetta í algert óefni, eins og hv. 1. flm. kom hér inn á.

Ég legg áherslu á það, að þessi breyting nái fram að ganga fyrir næstu úthlutun. Ég hef ekkert á móti því að hér verði þannig að staðið, — og ég veit að þetta fólk hefur síst á móti því, það fólk sem á þarf að halda, — að um þetta verði settar e. t. v. enn strangari reglur og enn betra eftirlit, því að þessu fólki er sannarlega ekki gerður greiði með því, að hægt sé að benda á viss himinhrópandi dæmi um misnotkun af þessu tagi. En ég legg áherslu á það vegna þess ástands, sem skapast hefur og er nú þegar fyrirsjáanlegt með þeim nýju umsóknum sem eru að streyma að til þessarar n., að þessi breyting nái fram að ganga sem allra fyrst og þannig, að í vetur, en 1. febr. á að vera búið að skila umsóknum, verði hægt að miða við þá eftirgjöf sem hér er farið fram á.

Um önnur atriði mun ég ekki fjalla hér. Við hv. þm. Stefán Jónsson höfum flutt frv. hér varðandi talstöðvar og inn á það mál er komið nokkuð hér. Ég hygg að hv. þm. Stefán Jónsson muni gera nánari grein fyrir því á eftir, að hvaða leyti þetta frv.-ákvæði fer saman við okkar frv. En sem sagt, ég legg áherslu á að þetta nái fram að ganga sem fyrst. Ég veit um réttmæti þess. En ég tek líka fram, að ef menn óttast að hér sé um mikla misnotkun að ræða, þá verði um leið hert eftirlit með því, *að óverðugir njóti ekki, heldur séu það þeir, sem hafa* fulla þörf fyrir það, sem nái bæði nauðsynlegri endurnýjun og geti keypt sér þessar bifreiðar með eðlilegum hætti. Það er hárrétt sem hv. flm. sagði, að mikill fjöldi þessa fólks er ekki þannig statt í launum í okkar þjóðfélagi í dag, að það hafi á þessu möguleika með öðrum hætti. Ella verði komið á einhverri annarri skipan, sem er fyllilega hugsanlegt. Það þyrftu menn þá að athuga við endurskoðun almannatryggingakerfisins. Fullkomlega athugandi er að hafa aðra skipan hér á, sem kæmi þá þessu fólki eins vel til góða og sú skipan sem hér er lagt til *að gildi.*

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka flm. þessa frv. fyrir að hafa lagt það fram og hv. þm. Alexander Stefánssyni sérstaklega fyrir góða framsöguræðu hans með frv. og þá hugvekju sem hann flutti okkur hér varðandi þörfina á aðstoð við fatlað fólk og þó fyrst og fremst um skilning á vandamálum þess. Ég tel að meginefni frv., sem lýtur að fjölgun bifreiða innfluttra árlega fyrir bæklað fólk og aukna eftirgjöf á aðflutningsgjöldum til þess að gera þessar bifreiðar ódýrari, muni vera ákaflega nærri því lagi sem unnt ætti að vera að gera í þessum málum nú, enda þótt ég sé þeirrar skoðunar að við þurfum að gera mun betur til að sjá fyrir þörfum sumra hinna fötluðu fyrir bifreiðar, til þess að gera þeim kleift að eignast bíla við sitt hæfi og reka þá.

Ég get einnig tekið undir það sem hv. þm. Helgi Seljan sagði um þann lið þessa frv. sem við höfum fjallað um fyrr í þessari d., er við höfum þrisvar flutt frv. sem lýtur að því að felld verði niður aðflutningsgjöld af talstöðvum í bifreiðar fyrir fatlað fólk og að efni til smíði slíkra talstöðva. Í því máli rákum við okkur á hið íslenska skrifstofuveldi, þar sem Póstur og sími annars vegar og Tryggingastofnun ríkisins hins vegar fóru að kasta þessu máli á milli sín. En við umr. og könnun á þessu máli komumst við flm. að þeirri niðurstöðu, að e. t. v. væri hægt að leysa þann vanda, sem lýtur að því að útvega talstöðvar í bifreiðar fatlaðra, á enn annan og auðveldari hátt en við höfum gert ráð fyrir meðan við treystum eingöngu á upplýsingar þess aðila sem fjallar um fjarskipti á Íslandi, þ. e. a. s. Pósts og síma, og mun ég víkja aðeins nánar að því í lok ræðu minnar.

Ég held að ákvæðið í síðustu mgr. 1. gr. frv. um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum og söluskatti af innfluttum gervilimum kunni að reynast óþarft, því að eftir því sem ég best veit sér Tryggingastofnun ríkisins og sjá almannatryggingar fötluðu fólki fyrir því fé sem til þess þarf að kaupa nauðsynlega gervilimi, hvort sem þeir eru framleiddir innanlands eða utan, og þó að vísu ekki *eftirtölulaust, sem ég mun enn fremur víkja að síðar í* máli mínu.

Það er rétt, sem að hefur verið vikið, alveg efalaust, að á liðnum árum hefur borið allmjög á því að misnotuð væri heimildin til þess að fella niður aðflutningsgjöld og tolla af bifreiðum fyrir fatlað fólk. Á tímabili, þegar verst gekk að selja Austur-Evrópubílana hér á landi, var þannig staðið að eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bif-

reiðum handa fötluðu fólki að þeir, sem lítils háttar voru fatlaðir, fengu að kaupa sér austur-evrópskan bíl, en þeir, sem meira voru taldir fatlaðir, þ. e. a. s. 75% öryrkjar eða meira, fengu að velja sér bíl til innflutnings að ósk sinni. Þetta fór þannig að innflutningsleyfum á Austur-Evrópubílunum var úthlutað mjög frjálsmannlega til svonefndra fötlunarsjúkdóma, þannig að fólk með minni háttar heilsugalla, sem kom í ljós við útivist í kulda eða vosbúð, fékk eftirgefin aðflutningsgjöld af slíkum bifreiðum. T. d. ef roði sótti í prúða fótleggi á þeim árum þegar síðbuxur voru ekki komnar í tísku hjá konum okkar, þá voru gefin eftir innflutningsgjöld af bifreiðum til slíkra kvenna. Og furðulega margt var til tínt á þeim árum sem nægði til þess að menn fengju eftirgjöf á innflutningsgjöldum af slíkum bifreiðum. Samtímis þessu var haldið í algeru lágmarki innflutningi á hinum dýrari og eftirsóttari vestrænu bifreiðum handa þeim sem þó sannanlega þurftu slíkra bíla með, vegna þess að engin vandkvæði voru á því að koma slíkum bílum út og þar vísir peningar í ríkiskassann. Ég er þó þeirrar skoðunar, að eins og þessum málum er nú fyrir komið, með aukinni aðild samtaka öryrkja að úthlutun bílanna og með traustri aðstoð ábyrgra lækna hafi dregið mjög svo úr þessari misnotkun, að ég óttast ekki, eins og málunum er nú fyrirkomið, að þeir aðilar, sem eftirlit hafa með úthlutuninni og annast hana, muni ekki gæta þess eins og sjáaldurs auga síns að misnotkun eigi sér ekki stað. Það verður aldrei fyllilega loku fyrir það skotið, að einstök tilfelli um misnotkun geti ekki átt sér stað, en ég tel að eins og nú er að þessu staðið af hálfu öryrkjasamtakanna með aðstoð hæfra lækna séu líkurnar fyrir því í algeru lágmarki.

Í 2. mgr. 1. gr. þessa frv. þar sem kveðið er á um algera niðurfellingu gjalda af 25 bifreiðum árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó sjálfir ekið sérstaklega útbúnum bifreiðum, er komið inn á miklu erfiðara atriði fyrir þá sem úthluta eiga þessum bifreiðum, þessum 25 bifreiðum, heldur en virðast kann í fljótu bragði. Það er spurningin um örorku eða öllu fremur fötlun. Fötlun manna verður e. t. v. ekki metin auðveldlega samkv. meginreglum, því að það sem einum er mikil fötlun er öðrum lítil. Ég vil nefna sem dæmi, að maður er metinn 75% öryrki, t. d. maður sem misst hefur fót fyrir ofan hné. Ef hann er gæddur góðri heilsu að öðru leyti, býr við sæmilegar félagslegar aðstæður og hefur fyrir heppni eða góðvild manna sloppið stóráfallalaust gegnum lífið, þannig að kjark hefur ekki brostið, er hann sáralítið fatlaður þótt metinn sé 75% öryrki. Annar maður, sem orðið hefur fyrir e. t. v. miklu minna áfalli líkamlega, en hefur e. t. v. ekki jafngóða heilsu, hefur ekki notið eins góðrar félagslegrar aðstöðu, ekki verið jafnheppinn, kann að vera miklu verr á vegi staddur, eiga miklu erfiðara með að bjarga sér og njóta lífsins.

Ég man eftir því, þegar rætt var frv. okkar hv. þm. Helga Seljans í fyrsta sinn í þessari deild, að hv. þm. Oddur Ólafsson vakti í glöggri ræðu eins reyndasta þm. í umfjöllunarmálefnum fatlaðra athygli á því, hvílík höfuðnauðsyn það getur verið brjóstholssjúklingum, hjartasjúklingum, lungnasjúklingum, sem virðast á að líta vera við fulla heilsu og vissulega lítið fatlaðir við sæmilegar aðstæður, — hvílík höfuðnauðsyn, lífsnauðsyn þeim getur verið á því að njóta sams konar fyrirgreiðslu og lömunar- og aflimunarsjúklingar njóta í sambandi við útvegun bifreiða og talstöðva í bíla. Margt af því fólki, sem hlotið hefur þess háttar innri líffæraörkuml, má ekki koma út í frost, má ekki verða fyrir snöggri líkamlegri áreynslu og er e. t. v. enn þá fremur bjargarvana en lömunarsjúklingarnir og aflimunarsjúklingarnir ef út í það fer að þurfa að bera sig um úti í köldu veðri eða sitja fastur í köldum bíl í skafli.

Ég vil í sambandi við ákvæði frv. um niðurfellingu gjalda af talstöðvum í þær 25 bifreiðar, sem eru ætlaðar þeim sem mestir eru öryrkjarnir, geta þess, að í ljós kom þegar kannað var við flutning þessa frv. okkar öðru sinni með hvaða hætti væri e. t. v. auðveldast að leysa úr þörf öryrkja fyrir slíkar talstöðvar í bifreiðar sínar, að langsamlega ódýrast og auðveldast yrði að kaupa í bílana stuttbylgjutæki, svokölluð CBS-tæki, sem nú eru almennt notuð í bíla vestanhafs og austan og munu nú vera í 9000 bílum á Íslandi og hægt er að fá fyrir tiltölulega lágt verð. Eini annmarkinn á því að setja slík tæki í bíla öryrkja á landi hér, — tæki sem nú mun vera hægt að fá fyrir um það bil 40 þús. kr., — eini annmarkinn á því var sá, að Landssími Íslands synjaði og synjar enn þverlega fyrir það að láta hlustverði frá símstöðvunum og þ. á m. í Gufunesi hlusta á þeirri bylgjulengd sem almennt er notuð af eigendum þessara stuttbylgjutækja, synjaði algerlega fyrir það að hlustað væri eftir þessum tækjum og að annast afgreiðslu á samtölum um slík tæki.

Hér er á ferðinni mál sem ég hygg að við þm. verðum að taka upp sérstaklega í öðru sambandi, því að sannleikurinn mun vera sá, að vart geti á landi hér fullkomnari öryggisþjónustu heldur en þá sem bifreiðaeigendur, sem eiga slík tæki í bílum sínum, láta í té á vegum úti. Þeir munu vera fáir, dagarnir og jafnvel næturnar, þegar bílfært er á vegum landsins, að ekki séu opnir tugir slíkra stöðva og upplýsingum og hjálparbeiðnum komið á framfæri. Ég er þeirrar skoðunar, að ef við gætum knúið fram að Landssími Íslands, að sjálfsögðu gegn gjaldi frá eigendum þessara stöðva til þess að standa straum af kostnaði, annaðist hlustun á neyðarbylgju þessara CBS-stöðva, eins og hann gerir nú á bylgju þeirra stöðva er hann sjálfur selur, þá værum við komnir hér með ákaflega fullkomið öryggiskerfi, samtímis því sem hinn mikli fjöldi stöðva í almenningsbílum á Íslandi gæti tryggt að hjálp bærist með undraskjótum hætti til fatlaðra manna sem sætu í biluðum eða föstum bíl sínum úti á vegum. Þetta atriði vildi ég aðeins koma inn á hér og mælast til þess, að hv. þm. þessarar d. mynduðu með sér samtök um að knýja á um að Landssíminn sjái nú að sér og gangi til samstarfs við eigendur þessara stuttbylgjustöðva sem gætu gert geysilega mikið gagn, fyrst og fremst fyrir fatlaða, sem bjargarþurfi kunna að verða þá og þegar í bílum sínum úti á vegum og götum, en einnig fyrir alla landsmenn.

Þá vil ég víkja að ákvæðinu í lokamgr. 1. gr., þar sem fjallað er um eftirgjöf á gjöldum, þ. á m. söluskatti af innfluttum gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa fatlaðs fólks samkv. læknisvottorði og henta ekki öðru fólki. Eins og ég sagði áðan, er ég þeirrar skoðunar, að Tryggingastofnuninni, almannatryggingum, beri að sjá fötluðu fólki fyrir þessum gervilimum og tækjum ókeypis — en vel að merkja: beri að gera það.

Þá komum við að dæmi sem hv. þm. Alexander Stefánsson nefndi í framsöguræðu sinni, sem ég hygg að ég hafi enn ekki fullþakkað honum, um sjómann þann vest-

ur á Snæfellsnesi sem missti hönd og fót í slysi og fluttist úr byggðarlagi sínu í byggðarlag hér við Faxaflóa og hefur háð þar sína baráttu einhentur og fótarvana. Þennan mann þekki ég líka og þekki til viðureignar hans við þá forsjá sem hefur ekki reynst honum beinlínis guðleg í náð sinni þennan tíma, þar sem er íslenskt samfélag. Ég á útskorinn grip eftir þennan einhenta mann sem hefur ekki getað fengið einu sinni að halda starfi við símavörslu, *þó hvorki skorti hann orðfærið, róminn né* greindina til að annast þess háttar starf sem hann hefði burði til.

Og þá komum við að atriði sem gerir það að verkum, að enda þótt ég telji ugglaust að almannatryggingar eigi að sjá fötluðu fólki fyrir hjálpartækjum og gervilimum, tel ég þessa síðustu málsgr. þegar til kastanna kemur ekki óþarfa. Þessi fatlaði maður, sem hv. þm. Alexander Stefánsson gat um og ég hirði ekki að nafngreina heldur, hefur orðið fremur fyrir félagslega aðstöðu og skapgerðarsakir miklu meira fatlaður en limamissir hans raunverulega segir til um, og þó kann e. t. v. mestu um að valda, að hann missti fótinn það ofarlega um lærið, að stúfurinn, sem hann hefur til þess að valda gervifæti, er í naumasta lagi, og hann hefur ekki getað enn í dag fengið þess háttar gervifót sem hann fái hamið almennilega á sér og ekki meiði hann dálítið. Þá kemur hitt, að af hálfu þeirra heilbrigðisstofnana, sem eiga að skila hinum fatlaða manni frá sér með sem bestri heilsu, hygg ég að tiltölulega lítið hafi verið gert til þess í fyrsta lagi að tjá fyrir honum raunverulega möguleika hans til að bjarga sér með gervilimum og að fá hann til að sætta sig við hina raunverulegu félagslegu og heilbrigðislegu stöðu sína eftir þetta slys.

Ég kynntist þessum manni ekki fyrr en fyrir þremur árum. Hann er allmiklu yngri en ég, og ég var búinn að ganga á gervifæti í 20 ár þegar hann varð fyrir slysi. Ég spurði hann að því, hvað læknarnir hefðu sagt við hann þegar hann kom til meðvitundar eftir að búið var að gera að meiðslum hans með þeim hætti sem það var gert. Hann sagði: „Það fyrsta, sem læknirinn sagði við mig, var það, að nú væru þeir farnir að framleiða svo góða gervifætur að menn gætu skautað og dansað á þeim, og svo góðar gervihendur, að menn gætu spilað á píanó með þeim.“ Þetta fannst mér tiltölulega lítil framför í orðtækni frá því að ég lifði þennan sama atburð, því að mér er það minnisstætt, að það fyrsta, sem hlutaðeigandi læknir á Landsspítalanum sagði mér, eftir að ég opnaði skjáinn eftir að af mér hafði verið tekinn fóturinn, var nákvæmlega þetta, með sömu orðunum: „Nú eru þeir farnir að framleiða svo góða gervifætur að þú getur skautað á þeim og dansað á þeim.“ Þetta fannst mér merkilegt og það gladdi mig mikið, því að raunar hafði ég hvorugt getað áður. Nú upphófst hin mikla leit að svona dásamlegum gervifæti, sem ég gæti skautað á og dansað, og það jók nokkuð óþolinmæði mína, þegar þessi leit bar ekki mikinn árangur.

Ef rétt hefði verið að málunum staðið gagnvart þessum þjáningabróður mínum og kunningja, þá hefði honum verið sagt satt um það, hvað hans biði, og honum hefði verið látin í té sú hjálp, sem ekki var hægt að ætlast til af þeim læknum sem aflimuðu hann og þurftu sjálfir að standa í því að ræða um þetta við hann á eftir, heldur átti að láta þá hjálp í té af öðrum aðilum, sérstaklega til þess þjálfuðum, fá hann til að sætta sig við þessa stöðu sína og telja í hann þann mjúka kjark sem gerði honum kleift að sætta sig við það djöfullega, sem orðið var, og gera hið besta úr því. En það var ekki gert. Og eins og Job brúkaði sinn synduga kjaft við Jahve, drottin allsherjar sem öllu réð, jafntrúaður og gamli maðurinn var, þangað til drottinn allsherjar gafst upp fyrir Job, af því að hann gat ekki svarað honum, og sagði um það er lauk í drottinlegri örvæntingu sinni: Og ég sem hef skapað bæði flóðhestinn og þig — og lét við þau svör sitja, — eins hefur þessi félagi okkar orðið að standa í því að skammast við þá forsjón sem hann hafði eina við að tala og veitti honum enga úrlausn í neyð hans.

Þá komum við að því, að sú stofnun, sem á að verða þeim til hjálpar sem fatlast á þennan hátt, hvort heldur er af slysi eða af heilsubresti, virðist vera þannig í stakk búin að ýmsir af forstöðumönnum hennar, sem ættu raunverulega að ganga til þessa fólks og bjóða aðstoð þeim sem sannanlega þurfa á henni að halda, virðast túlka hlutverk sitt á þá lund, að þeir eigi umfram alla muni að spara fyrir stofnunina og koma í veg fyrir að þessir menn, sem þurfa á að halda hjálpartæki eða gervilim eða sérsmíðuðum skóm, misnoti þetta.

Ég get sagt ykkur dæmi, hv. þm. um annan kunningja minn, vélstjóra sem missti hægri hönd um úlnlið fyrir 16 árum. Hann hafði kjarkinn og skaphörkuna og fór ekki í land, heldur lét hann smíða á sig krók, sem hentar til þess að sinna ýmsum störfum vélstjóra, og hefur haldið áfram á sjónum sem vélstjóri síðan. En af því að hann þarf að stunda átakavinnu slítur hann upp mörgum svona krókum á ári, 3-4 krókum á ári, þeir kosta talsvert fé og hann á rétt á að Tryggingastofnunin borgi þetta. Starfsmanni Tryggingastofnunarinnar, sem um þessi mál fjallar, blöskraði sá kostnaður sem Tryggingastofnunin hefði af þessu, kallaði fyrir sig konu vélstjórans, sem verður svo sem gjarnt er um sjómannskonur að standa í flestu þrefi fyrir heimili sitt og mann, og sagði við hana: „Maðurinn þinn verður að fara í land og fá sér aðra vinnu. Þetta nær ekki nokkurri átt. Hann slítur bara upp 4 krókum á ári.“

Hvers konar skilningur er þetta? Hvers konar afstaða er þetta hjá talsmanni Tryggingastofnunar ríkisins? *Þetta er ekki einsdæmi.* Ég vil ekki sveigja að neinum einstökum persónum í þessu sambandi. Ég sveigi hér að Tryggingastofnun ríkisins. Kannske gæti ég rakið sökina enn lengra. Kannske þyrftum við að fara út í það að hugleiða hvernig sú hv. stofnun, sem við nú eigum sæti í, býr að Tryggingastofnun ríkisins, stendur að fjárhag hennar. Það má vel vera.

En þessi afstaða af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins, sem ég nefndi nú í sambandi við mál vélstjórans, er ekki *einsdæmi.* Foreldrar barna með bæklaða fætur, sem leita þurfa til stofnunar í Reykjavík til þess að fá smíðaða á þessa fætur skó sem mega styrkja fæturna, gera þá nothæfa barninu í framtíðinni, hafa sömu sögur að segja um afstöðu Tryggingastofnunar ríkisins eða starfsmanna hennar. Sjálfur gæti ég bætt því við af eigin reynslu rösk 30 ár, með hvaða hætti Tryggingastofnun ríkisins lítur á þörf manna fyrir gervilimi, með hvaða hætti hún eykur reisn þeirra þegna sem til hennar hafa þurft að leita eftir slíku. Þó er það ekki rétt, því að það fór að vísu ekki að bera á þessu fyrir alvöru fyrr en fyrir tiltölulega fáum árum. Í hvert sinn a. m. k. hin síðustu 5 árin sem ég hef þurft á því að halda að láta gera við gervifót af mér, þá verð ég að útvega mér nýtt læknisvottorð um það, að ekki hafi gróið á mér fótur síðan, því að annars er reikningurinn ekki greiddur af ótta við að þetta kunni að verða

misnotað. Það eru rökin: Af ótta við að menn fari að útvega sér gervifætur til að græða á þeim eða hendur, að menn fari að láta gera við gervilim sinn að óþörfu.

Ég vil ítreka það, að e. t. v. gætum við, ef litið er á málefni fatlaðra, komið mjög miklu góðu til leiðar fyrir þetta fólk ef við tækjum í hnakkadrambið á þeim mönnum sem ráða kannske ekki einir, en ráða þó í Tryggingastofnun ríkisins, og kæmum þeim í skilning um að tilgangur Tryggingastofnunar ríkisins er ekki fyrst og fremst að spara fjármuni sína gagnvart fötluðu fólki. Tilgangurinn, markmiðið á að vera að aðstoða þetta fólk og styrkja það, síðan vil ég gjarnan að komi áhersla á ráðdeild og varfærni gagnvart aðilum sem hugsanlega vilja misnota fjármuni stofnunarinnar. Mér er alveg ljóst, að það er rétt að ýmsir aðilar hafa reynt að misnota þetta. En það er ekki fatlað fólk. Það eru þeir einstaklingar sem hafa séð sér leið að græða á fötlun fólks, sérfræðingar sem hafa gert fötlun meðborgara sinna og örorku þeirra sér að féþúfu. En þá má Tryggingastofnun ríkisins undir engum kringumstæðum gera dæmin um slíkt, sem guði sé lof eru tiltölulega fá, að átyllu til þess að draga úr aðstoð sinni við fatlaða.

Ég leyfi mér að nefna það hér og vil gjarnan að það komist inn í þingskjöl, að hér í Reykjavík er rekin gervilimasmíðastofa, hjálpartækja- og smíðastofa fyrir skó á fatlaða fætur. Hún hefur verið rekin hér meira en hálfa öld og er nú rekin af þriðju kynslóð. Ég þekki mjög vel til rekstrar þessarar stofnunar, sem er í einkaeign, og ég veit býsna vel, að þar hefur verið veitt góð þjónusta og markmiðið hefur ekki verið auðsöfnun. En vegna þess að annars staðar hefur orðið vart við tilhneigingu til fjársvika hefur það verið látið bitna á þessari gömlu einkastofnun hér í Reykjavík.

Tryggingastofnun ríkisins verður að finna leiðir til þess að sneiða hjá því að svindlað sé á stofnuninni, að óprúttnir menn dragi sér af almannafé, eftir öðrum leiðum en þeim að skera við nögl eðlilega og nauðsynlega aðstoð við öryrkja og á þann hátt að ekki verði skert sjálfsvirðing þess fólks sem þykir sárt að þurfa að leita til almannastofnana um aðstoð í lífsbaráttu sinni.

Ég vil svo enn ítreka þakklæti mitt fyrir framlagningu þessa frv. og heita stuðningi mínum við það. En gjarnan vildi ég, sem ég raunar geri ráð fyrir að hljóti að verða, að sérstök áhersla verði lögð á það í n. að skilgreina og fá samtök öryrkja og trúnaðarmenn þeirra til að skilgreina hugtök sem m. a. lúta að stigi örorku, og einnig að sú hin sama n. athugi möguleika á því að fá leystan þann kerfishnút, sem einhvern veginn komst á þá símalínu sem um þurfa að fara skynsamleg samtöl varðandi talstöðvar í bifreiðar öryrkja — og hef ég svo lokið máli mínu.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm., sem hafa tekið til máls um þetta frv., og þær undirtektir, sem þeir hafa veitt þessu máli. Ég vil taka undir það með hv. þm. Stefáni Jónssyni, að það er margt í sambandi við svona mál sem þarf vissulega að taka til skoðunar. Og ég get sagt það hér, að það var ekki síður áform okkar flm., umfram það sem frv. sjálft fjallar um, að vekja athygli á málefnum öryrkja og lamaðra og fatlaðra og annarra í okkar þjóðfélagi sem hafa skerta lífsorku. Það er mála sannast, að við höfum sjálfsagt gengið með hálflokuð augu á undanförnum árum í sambandi við mörg slík mál. Og ég vil undirstrika það, sem hér hefur raunar komið fram og ég tók einnig fram í framsöguræðu minni, að það er mjög mikil nauðsyn að tryggingakerfið í heild sé tekið til gaumgæfilegrar endurskoðunar, miðað við að það nái þeim megintilgangi að koma fyrst og fremst til hjálpar þeim sem þurfa á samhjálp að halda. Þetta er að mínu mati mjög brýnt, og miðað við þá reynslu, sem margir hafa orðið fyrir, og t. d. í sambandi við sögu þess sjómanns, sem ég sagði frá í minni framsögu, er vissulega tímabært að skoða þessi mál vandlega. Það er sannarlega þörf fyrir mannlegan skilning í stofnun eins og Tryggingastofnun ríkisins umfram það sem lagabókstafurinn sjálfur hljóðar upp á. Þetta eru viðkvæm mál, þetta fólk þarf á uppörvun að halda, en ekki að reka sig alls staðar á vegg. Getur hver heilbrigður maður ímyndað sér hvað þetta er stórt atriði ef hann reynir að setja sig í spor þess fólks sem hefur búið við þessa lífsbaráttu og reynslu.

Í sambandi við misnotkun, sem gæti komið til greina í sambandi við eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bifreiðum, tel ég, eins og framkvæmd laganna er nú, að girt hafi verið fyrir þetta a. m. k. eins og mögulegt er og ekki síst miðað við það, að Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra og Öryrkjabandalagið eru beinir þátttakendur í þessari úthlutun. Eins og kom fram í framsögu er þessi nefndarskipun nú þannig, að í nefndinni eru 4 læknar í staðinn fyrir 2 áður, sem fjalla um þetta mál, og ég held að það hljóti að vera mikilvægt að þarna þurfi ekki að óttast um misnotkun.

Í sambandi við síðasta lið till., þar sem talað er um gervilimi, áhöld og tæki, settum við þetta þarna inn fyrst og fremst sem áhersluatriði. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að gert er ráð fyrir að þetta sé greitt fyrir þetta fólk. En því miður er kerfið þannig, að fólk rekur sig sífellt á örðugleika í sambandi við þetta. Ég hef sjálfur rætt við tollstjóraembættið og eins við þá aðila í fjmrn. sem fjalla um slík mál, og ég hef rekið mig á að þótt þeir séu allir af vilja gerðir er það samt sem áður þannig, að það koma ýmis atriði þarna inn sem eru ekki nógu skýrt afmörkuð í meðferð málsins. Þess vegna leggjum við áherslu á að þetta verði sett greinilegar inn í tollskrárlögin en það nú er og því verði þannig fyrir komið, að þetta sé sjálfsagt mál, eins og það á að vera.

Ég skal ekki tefja hér umr., en ég vil segja í sambandi við talstöðvarnar, að ég get tekið undir það sem kom fram hjá Stefáni Jónssyni, hv. 4. þm. Norðurl. e., að þetta mál ætti að vera sjálfsagt mál. En því miður eru þarna í kerfinu atriði, sem hann m. a. kom inn á og gera það að verkum að þetta virðist ekki vera auðvelt mál fyrir þá sem eiga að framkvæma það. En ég tek undir það, að vel væri að gert ef þessar umr. hér og þetta frv., ef að lögum verður, yrðu til þess að greiða fyrir því, að þetta mál væri gert auðvelt, ekki síst fyrir þetta fólk. Það ætti að vera hægt, og fyrsti vísir yrði vissulega ef tækist að koma inn í lögin þessu ákvæði, sem frv. gerir ráð fyrir.

En ég vil endurtaka að lokum, að ég tel nauðsyn að þetta mál fái hraða afgreiðslu hér á hv. Alþ., og tek undir það með hv. þm. Helga Seljan og raunar hv. þm. Stefáni Jónssyni einnig, að þetta mál fái mjög greiða afgreiðslu hér í gegnum Alþ. og sú n., sem fjallar um málið, athugi vel málið með það fyrir augum að afgreiða það og jafnvel gera það enn þá víðtækara en kemur fram í frv. sjálfu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Félagsmálaskóli alþýðu, frv. (þskj. 54). — 1. umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. þessa frv. hefur frv. þetta verið flutt áður. Var það gert í ráðherratíð Björns Jónssonar árið 1973 og var stjfrv. er eigi varð útrætt. Reyndar hafa málefni félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna oft verið til umr. hér á Alþ., en Hannibal Valdimarsson hreyfði hugmynd þessari fyrst hér á landi.

Sú breyting hefur verið gerð á fyrra frv. þó, að í 1. gr. er gert ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki samnefnda stofnun er Menningar- og fræðslusamband alþýðu kom á fót fyrir þremur árum. Nú sem fyrr er gert ráð fyrir að hlutverk skólans verði að mennta og þjálfa fólk úr alþýðusamtökunum með það fyrir augum að efla sjálfstraust þess, þroska og hæfni til að vinna sameiginlega að bættum lífskjörum og frelsi alþýðustéttanna.

Í 2. gr. frv. er gerð grein fyrir námsgreinum og námsefni. Er gert ráð fyrir að skólinn veiti fræðslu um sögu, starf og stjórn stéttarfélaga, baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum alþýðustéttanna, um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið, svo og um almenna þjóðfélagsfræði og meginatriði íslenskrar félagsmálalöggjafar. Þá skal kenna almennar fundarreglur, fundarstjórn, undirstöðuatriði bókfærslu, einkum að því er varðar bókhald sjóða og fjárgæslu verkalýðsfélaga. Þá er heimilt að veita fræðslu um íslenska tungu og bókmenntir og kenna tvö eða fleiri tungumál eftir vali nemenda. Til þess er ætlast, að nánari ákvæði um námsefni verði sett í reglum, sem skólanefnd og skólastjóri setja í samráði við kennara skólans, en félmrh. síðan staðfestir. Gert er ráð fyrir að kennsla fari fram í námskeiðum, og skal námsefni valið og námsskrá samin í samræmi við þá tilhögun. Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 17 ára og séu félagar í stéttarfélagi. Þá er til þess ætlast að stjórn skólans verði í höndum þriggja manna skólanefndar sem félmrh. skipar. Skal ráðh. skipa tvo skólanefndarmenn eftir sameiginlegri tilnefningu Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Alþýðusambands Íslands og einn án tilnefningar og er hann jafnframt formaður skólanefndar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Gert er ráð fyrir að allur kostnaður við félagsmálaskóla alþýðu, þar með talinn byggingarkostnaður skólahúss, greiðist úr ríkissjóði. Félmrn. skal setja sérstakan mann til eftirlits með fjárreiðum og bókhaldi skólans. Rétt er að geta þess, að ýmsir sérskólar annarra stétta eru algerlega kostaðir af ríkinu, enda þótt þeir gegni á margan hátt hlutverki sem félagsmálaskóli viðkomandi stétta. Má þá í því sambandi nefna bændaskólana.

Tilgangurinn með skóla þessum er auðvitað sá að skapa verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum sem nánast eru tengdar starfi verkalýðshreyfingarinnar. Störf forustumanna verkalýðsfélaganna verða æ fjölþættari og vandasamari með hverju ári, og skiptir þjóðfélagið hreint ekki litlu máli að t. d. samningagerðir verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur um laun, kjör og vinnuskilyrði séu í höndum manna sem hafa staðgóða þekkingu bæði á högum fólksins, sem þeir eru að semja fyrir, og félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnumálalöggjöfinni, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og í landi, trygginga- og skattalöggjöf og rekstri þjóðarbúsins í heild. Það ætti öllum að vera það ljós þörfin nú, þegar öll spjót standa á verkalýðshreyfingunni, að fyrir hendi sé vel menntað forustulið, trúnaðarfólk og almennir félagar.

Nú undanfarin ár hefur hlutverk verkalýðssamtakanna orðið æ víðfeðmara. Í samningagerð er ekki lengur samið um kaupið eitt. Þar er samið um vísitölu eða verðtryggingu og um ýmsar félagslegar aðgerðir. Slíkir samningar kalla á meiri þekkingu, fjölþættari vitneskju en áður þurfti með. Vísitalan, sú er vernda átti kaupmátt inn, hefur undanfarna mánuði verið mjög í brennidepli. Verðbólgan hefur framkallað það fyrirbæri, sem við köllum vísitölu, og fólkið í verkalýðsfélögunum hefur álitið til skamms tíma og álítur reyndar enn þessa verðtryggingu launa svo til eina tækið til að hamla á móti rýrnun kaupmáttar. En þetta fyrirbæri, sem við a. m. k. til skamms tíma höfum haft trú á, hefur mætt mikilli andspyrnu. Allir ráðh. fyrri ríkisstj. hafa fordæmt þá sjálfvirkni er henni fylgir, og flestir hagfræðingar lýsa vísitölunni sem hún væri „djöfulsins instrument". Hitt er annað, að hinn almenni félagi veit lítið um þetta fyrirbæri, eða öllu heldur er rétt að segja, að forustumenn, trúnaðarmenn og allir almennir liðsmenn séu hálfruglaðir í virkni vísitölu mitt í öllum hrunadansi formælinganna. Það væri því ekki ónýtt fyrir áðurnefnda trúnaðarmenn þessara fjölmennustu stéttasamtaka landsins að eiga kost á hagnýtri fræðslu um þessi mál sem og önnur.

Til fróðleiks má geta þess, að aðildarfélög Alþýðusambandsins semja um hvorki meira né minna en allt að 800 kauptaxta eða afbrigði af kauptöxtum, sem mótast margir hverjir af flóknum útreikningum, og nú á síðustu tímum hafa hvers konar launahvetjandi kerfi flætt yfir vinnumarkaðinn. Þessi kerfi kalla á aukna fræðslu sem og nákvæmni. Því betur sem að þeim málum er staðið, því betri friður ríkir vafalaust á vinnumarkaðinum. Þessi fjölþættu daglegu störf verkalýðsfélaganna yfirleitt eru í höndum mörg hundruð manna sem á hverjum tíma skipa stjórnir stéttarfélaga um land allt. Ýmsir þættir starfsins og eftirlit með framkvæmdum eru auk þess í höndum þúsunda trúnaðarmanna á vinnustöðum.

Það varðar þjóðfélagið áreiðanlega miklu, að sem allra flestir þessara forustumanna og trúnaðarmanna kunni sem allra best skil á þeim viðfangsefnum og vandamálum, sem þau verða að fjalla um. Má ætla að einhver segi að hingað til hafi þetta allt gengið þolanlega. Því er þá til að svara, að bæði gengu brautryðjendur og áhugamenn samtakanna fyrstu áratugina gegnum skarpan skóla reynslunnar og lærðu þar margvísleg gagnleg fræði, og svo er heldur enginn til frásagnar um það, að margt hefði ekki betur mátt fara ef þeir, sem í baráttunni stóðu, hefðu átt nokkurn kost þess að afla sér meiri þekkingar á störfum sínum. Auk þess kemur það til, og ég held að það sé aðalatriðið, að öll eru störf þessi nú margþættari og flóknari og vandasamari en þau voru áður fyrr.

Íslensk alþýða hefur frá árdögum verkalýðshreyfingarinnar gert sér grein fyrir gildi félagsþroska og menntunar. Í Alþýðublaðinu, sem árið 1907 var gefið út af nokkrum alþýðumönnum, voru í fyrsta sinn túlkaðar hugsjónir verkalýðshreyfingarinnar, og má þar sjá hvernig menn hugsuðu þá. Í 1. tölublaði 2. árgangs segir

að baráttumálin séu: Að vernda rétt lítilmagnans. Að sporna við yfirgangi og kúgun auðvalds og einstakra manna. Að innræta hjá þjóðinni þekkingu á gildi vinnunnar og virðingu fyrir henni. Að efla þekkingu alþýðunnar, einkum á þjóðfélagsfræði og atvinnurekstri og vinnuaðferðum. Að styðja samtök meðal verkamanna er miði að því að sporna við valdníðslu og órétti, en efla sameiginlegan hagnað. Að efla svo andlegan þroska alþýðunnar að hún verði jafnfær til ráða og dáða.

Þrátt fyrir hugsjónir brautryðjendanna og góðan vilja tókst alþýðusamtökunum ekki að koma upp öflugu fræðslustarfi. Hins vegar tókst nágrannaþjóðum okkar betur í þessum efnum.

Í Danmörku var fyrsti verkalýðsskólinn stofnaður í Esbjerg árið 1910. Hann var brátt viðurkenndur sem gagnleg menningarstofnun og mikils metinn, ekki aðeins af forustumönnum hreyfingarinnar, heldur einnig af forustumönnum fræðslumálanna þar í landi. Á stríðsárunum seinni tóku Þjóðverjar verkalýðsskóla í Esbjerg, og lagðist starfsemi hans þá niður um nokkur ár. Ekki var stríðinu fyrr lokið en dönsku verkalýðssamtökin beittu sér fyrir byggingu nýs verkalýðsskóla í Esbjerg. Annan verkalýðsskóla eignaðist dönsk verkalýðshreyfing árið 1930, en það gerðist með þeim hætti að hún yfirtók Lýðháskólann í Hróarskeldu og breytti starfsemi hans í samræmi við þörf samtakanna. Rétt norðan við Helsingør byggðu þeir þriðja skólann. Síðan kom hver skólinn af öðrum, og nú síðast í fyrra opnaði verkamannasambandið danska glæsilegan verkalýðsskóla hjá Svendborg á Fjóni. Augljóst er af þessu, að Danir leggja mikla áherslu á fræðslu- og menningarstarfið innan verkalýðshreyfingarinnar. Þar er ekkert til sparað af ríkisins hálfu að öll ytri aðstaða verkalýðsskólanna geti fyllilega staðist samanburð við æðstu menntastofnanir þjóðarinnar.

Sænska verkalýðshreyfingin hefur rekið fjölþættasta og umfangsmesta fræðslustarfsemi allra alþýðusambandanna á Norðurlöndum. Er talið að sænska verkalýðshreyfingin eða forustumenn hennar hafi átt frumkvæðið að svokölluðum leshringum. Þetta fræðsluform hefur allt til þessa notið mikilla vinsælda í Svíþjóð. Í fyrra var fjöldi leshringa þar 51 692 og voru þátttakendur 40 942 og tímafjöldinn 1 596 131. Einnig hefur sænska verkalýðshreyfingin ávallt haldið uppi þróttmiklu fyrirlestrastarfi um þjóðfélagsmál og haldið námskeið þúsundum saman og rekið kvöldskóla víðs vegar um landið. Öll er þessi fræðslu- og menningarstarfsemi viðurkennd af stjórnvöldum og nýtur ríflegs fjárhagsstuðnings frá sænska ríkinu. En höfuðstöðvar allrar þessarar fræðslustarfsemi í Svíþjóð á vegum verkalýðssamtakanna hafa þó auðvitað verið verkalýðsskólarnir þar í landi sem nú eru 8 talsins. Þá halda hin ýmsu sérsambönd í Svíþjóð sérstaka félagsmálaskóla. Nám í þessum skólum er ýmist einn vetur eða eins til tveggja vikna námskeið. Samhliða vitneskju um þá myndarlegu fræðslustarfsemi, sem haldið er uppi í Svíþjóð, er fróðlegt að velta því fyrir sér, hvers vegna vinnudeilur eru fátíðar þar, hvers vegna lífskjörin þar eru góð og fara batnandi.

Norðmenn byrjuðu upp úr aldamótum á námskeiðum og kvöldskólum, en hins vegar fóru þeir seinna af stað með fastan verkalýðsskóla en Danir og Svíar. Það var fyrst 1933 sem þeir stofnuðu slíkan skóla í Málmey, en síðan stofnuðu þeir verkalýðsskóla í Sörmarka. Fyrsti skólastjóri hans var Halvard Lange, sem seinna varð utanrrh. Noregs um árabil.

Þróunin í Finnlandi varð mjög svipuð og hjá Norðmönnum. Árið 1947 komu þeir fyrst upp verkalýðsskóla.

Íslensk verkalýðssamtök hafa því miður hingað til verið eftirbátar nágrannaþjóðanna í fræðslumálum. Á því eru margar skýringar. Ekki er að efa, að sterkur vilji var fyrir hendi. Hins vegar er trúlegt, að illvígar pólitískar deilur hafi hindrað framgang mála. Vissulega hefur margt verið unnið í fræðslumálum vinnandi fólks á vegum verkalýðshreyfingarinnar, einkum þó í formi prentaðs máls, útgáfu blaða og bóka. Má þar m. a. nefna starf Bókmenntafélags jafnaðarmanna, Bókaútgáfu MFA á fjórða áratugnum o. fl. Er það var ekki fyrr en árið 1969 að Menningar- og fræðslusamband alþýðu var stofnað í núverandi mynd. En það fyrsta alhliða skipulagða átakið sem verkalýðssamtökin framkvæma til þess að marka stefnu og starf í fræðslumálum á hliðstæðum grundvelli og verkalýðshreyfing nágrannalandanna gerði fyrir mörgum áratugum.

Á þeim níu árum sem liðin eru frá stofnun MFA hefur starf þess þróast skref fyrir skref og fengið æ fastara form. Helstu námsformin, sem mótuð hafa verið, eru námshópar, námskeið, lengri og skemmri, helgarnámskeið, kvöld- og dagnámskeið. Þá hefur MFA staðið fyrir ráðstefnum og fundum um sérstök málefni auk vinnustaðafunda. Þá er rétt að geta þess, að Menningar- og fræðslusamband alþýðu hefur bundið örugg tengsl við menningar- og fræðslusambönd verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum og víðar.

Svo var það í febrúar árið 1975, að Félagsmálaskóli alþýðu var stofnaður. Árið áður hafði hvað eftir annað verið borið fram á Alþ. frv. um félagsmálaskóla verkalýðshreyfingarinnar, og við myndun ríkisstj. 1971 var ákvæði í stjórnarsáttmálanum um að stofna slíkan skóla. Þrátt fyrir þessa viðleitni tókst ekki að vinna hugmyndinni fylgi. Því var það að verkalýðssamtökunum þótti ekki fært að bíða lengur eftir samþykkt frá Alþingi. Félagsmálaskóli alþýðu var því stofnaður. Nú hefur skólinn starfað í þrjú ár. Vegna fjárskorts hefur ekki verið unnt að hafa starfsemina eins viðamikla og þurft hefði. Alþ. hefur veitt árlegan styrk til skólahaldsins og var sú upphæð á fjárl. árið 1978 3 millj. kr. Sú upphæð dugar vissulega skammt, en upphæðin er mun ríflegri í ár en fyrri árin, því að í sólstöðusamningunum í fyrra var það eitt af fyrirheitum fyrri ríkisstj. að auka styrkveitingu til skólans. Við það fyrirheit var staðið.

Aðsókn að Félagsmálaskólanum hefur verið góð, farið vaxandi og er nú meiri en unnt er að sinna. Nú hafa samtals 165 nemendur verið í skólanum, Nemendur eru víðs vegar að af landinu, og yngsti nemandinn, sem sótt hefur skólann, var 18 ára, en sá elsti 68 ára. Skólinn hefur verið til húsa í orlofsbyggð alþýðusamtakanna í Ölfusborgum. Kennt er í hálfs mánaðar önnum og er stefnt að því að hver nemandi ljúki þremur önnum. Á því er enginn vafi, að starf skólans hefur borið ríkulegan ávöxt.

Eins og fram kemur í frv. er ætlast til að ríkið kosti rekstur skólans. Við flm. þessa frv. höfum vissulega kosið að alþýðusamtökin tækju einhvern fjárhagslegan þátt í rekstri skólans. Hins vegar er okkur ljóst að hreyfingin hefur ekki bolmagn til þess.

Þá skal þess getið, að haft hefur verið samráð við fjölda forustumanna verkalýðshreyfingarinnar um efni

frv., og hafa þeir eindregið lagt til að ríkið kosti þessa *menningarstofnun líkt og gert er í sambærilegum tilfellum*. Einnig má geta þess, að fyrri flm. frv., m. a. tveir forsetar Alþýðusambands Íslands, hafa verið sömu skoðunar.

Ég hef ekki fleiri orð um málið að sinni, en við flm. heitum á hv. alþm. til fylgis og fulltingis við menningarmál þetta, — mál sem vafalaust verður ekki aðeins vinnustéttunum, heldur þjóðinni allri til heilla.

Ég legg svo til að málinu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka það skilmerkilega fram, að þau fáu atriði sem ég geri að umtalsefni í sambandi við frv. sem hér liggur fyrir til umr., ber ekki að skoða sem stefnu flokks míns viðvíkjandi þessu máli. Þau atriði, sem koma fram í máli mínu, eru eingöngu persónuleg skoðun mín í sambandi við þetta mál. Þetta þykir mér, herra forseti, rétt að taka fram þegar í upphafi máls míns til þess að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning.

Hér er til umr. frv. til l. um félagsmálaskóla alþýðu. Þetta er allviðamikill bálkur, og ég held að við getum öll verið sammála um að það væri ekki óeðlilegt að verkalýðshreyfingin og launþegasamtökin sem slík telji æskilegt að viðhalda víðtækri fræðslu innan sinna vébanda. En þá kemur að mínu mati til athugunar hvað felst í hugtakinu alþýða. Í frv. er ekkert ákvæði sem skilgreinir það, hvað átt sé við með þessu orði: „alþýða". Og ég held að það geti vafist fyrir mörgum að gefa endanlega fullnægjandi skýringu á því, hvað sé átt við með þessu hugtaki.

Ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil a. m. k. ekki undir öllum kringumstæðum búa við það, að slíkt hugtak sé algerlega háð hugsanaferli þeirra mörgu aðila, sem á hinum pólitíska vettvangi hafa gert sér að sérstöku áhugamáli og atvinnu að nudda sér utan í eitthvað, sem þeir kalla alþýðu manna, og beita því hugtaki til þess að geta notað þennan fjölmenna hóp sér til framdráttar í hinni pólitísku baráttu. Áður en lengra er haldið, á meðan ekki liggur fyrir skilmerkileg og skýlaust viðtekin útskýing á því, hvað er alþýða, finnst mér persónulega að *mjög sé erfitt að setja löggjöf um skóla eins og frv.* það, sem hér liggur fyrir til umr., gerir ráð fyrir að verði. Mér finnst mörg ákvæði greinanna í þessu frv. vera mjög losaraleg, og vil ég til stuðnings þessari fullyrðingu minni taka nokkur dæmi úr frv.

Í 1. gr. stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hlutverk skólans er að mennta og þjálfa fólk úr alþýðusamtökum með það fyrir augum að efla sjálfstraust þess, þroska og hæfni til að vinna sameiginlega að bættum lífskjörum og frelsi alþýðustéttanna." (**StJ:** Veit þm. ekki einu sinni hvað frelsi þeirra er?) Þm. veit furðanlega mikið um það hvað frelsi er, hann er nokkurn veginn jafnoki hv. framítakanda um það. En ég vil spyrja í sambandi við þetta atriði þessarar greinar, við hvað sé átt í þessu sambandi. Ríkir eitthvert ófrelsi einhverrar stéttar í þessu þjóðfélagi? Ég spyr? Mér persónulega er ekki kunnugt um annað en að það sé mjög vel verndað stjórnarskrárákvæði sem veitir mönnum frjálsræði til þess að tjá sig eða réttara sagt til athafna, orðs og æðis. Ég hef ekki heyrt talað um alvarlegan misbrest á framkvæmd þeirra ákvæða stjskr. í okkar þjóðfélagi, og ég get ekki séð hvað er áfátt um frelsi eins eða neins í sambandi við a. m. k. þá félagshyggju sem liggur að baki þessa frv. sem hér er um að ræða. Það væri miklu nær að tala um ófrelsi gagnvart einstaklingnum í þjóðfélaginu til þess að mega starfa og vinna eins og hann æskir. Það er ekkert skylt því sem liggur á bak við þá hugsun sem þetta frv. byggist á.

Í 2. gr. segir: „Félagsmálaskóli alþýðu skal veita fræðslu um sögu, starf og stjórn stéttarfélaga, baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum alþýðustéttanna, um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið, svo og um almenna þjóðfélagsfræði og meginatriði íslenskrar félagsmálalöggjafar." Það á að kenna allt um hagsmunasamtök atvinnurekenda og annað, en þeir aðilar eiga ekki að eiga neinn þátt í stjórn þessa skóla. Það á ekki að leita neitt til þeirra í sambandi við þetta. Venjan hefur þó verið sú í samskiptum atvinnurekenda og launþega, að það hefur verið reynt að mætast, og oftast á þeim vettvangi, sem fjallaði um þessi mál, að báðir aðilar ættu fulltrúa við borðið.

Í 3. gr. eru svo ýmsar hugleiðingar um það, hvernig þessi skóli á að starfa. En það er hvergi minnst á það, hvar þessi skóli á að vera. Hann þarf að eiga heimili.

Í 4. gr. er komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 17 ára og séu félagar í stéttarfélagi.

Heimilt er að setja það skilyrði fyrir þátttöku í námskeiði, að nemandi hafi lokið þátttöku í öðru nánar tilteknu námskeiði í skólanum."

Ég verð nú að segja það, að mér finnst persónulega þetta ákvæði um 17 ára aldur alleinkennilegt. Ég held að inntökuskilyrði í verkalýðsfélög eða launþegafélög séu miðað við 16 ára aldur, og 16 ára unglingur má ráðstafa eigin fjármagni. Ég get ekki séð af hverju slíkur aðili er ekki gjaldgengur til þess að setjast á skólabekk og njóta fræðslu um þau málefni sem snerta þann félagsskap sem hann hefur haslað sér völl í.

Í 5. gr. frv. er þannig komist að orði, með leyfi forseta:

„Ráðh. skipar tvo skólanefndarmenn eftir sameiginlegri tilnefningu Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Alþýðusambands Íslands og *einn án tilnefningar*, og er hann jafnframt formaður skólanefndar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Skólanefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn. Hún ræður skólastjóra og kennara í samráði við hann."

Með þessum ákvæðum er verið að marka nýja braut í sambandi við stjórn skóla. Samkv. frv., sem hér er til umr., á ríkið að greiða allan kostnað við rekstur skólans og væntanlegar byggingar, sem þarf að reisa vegna starfsemi skólans. En ríkið hefur ekki yfirstjórn skólans með höndum, það er aðeins aðili að stjórn skólans. Satt best að segja hefði manni ekki fundist óeðlilegt um skóla, sem á að starfa á jafnvíðfeðmum félagsmálalegum grundvelli og þessi félagsmálaskóli alþýðu, að hinn aðilinn, atvinnurekendur, hefði átt fulltrúa í stjórn slíks skóla, ekki síst þar sem gert er beinlínis ráð fyrir því í lagasetningu um stofnun skólans, að skólinn skuli veita fræðslu um starfsemi atvinnurekenda.

Mér láðist að geta síðustu mgr. í 2. gr., sem hljóðar *þannig, með leyfi forseta:*

„Nánari ákvæði um námsefni skulu sett í reglum, sem skólanefnd og skólastjóri setja í samráði við kennara skólans og félmrh. staðfestir." Félmrh., sem á nú að vera æðsti maður stofnunarinnar, á ekki að setja þetta að fengnum till. skólanefndar og skólastjóra, heldur eiga

þessir aðilar að búa til reglugerðina og svo getur hæstv. félmrh. skrifað undir. Hann hefur ekkert meira um það að segja.

Í 7. gr. stendur svo, með leyfi forseta:

„Allur kostnaður við Félagsmálaskóla alþýðu, þar með talinn byggingarkostnaður skólahúss, greiðist úr ríkissjóði.“

Ég er þeirrar skoðunar, að þar sem svo er ástatt eins og er um hugsað skipulag þessa skóla, að ríkið á alls ekki að hafa yfirstjórn með höndum, á aðeins að vera einn aðili af þremur um stjórn skólans, þá væri ekki óeðlilegt að kostnaður við rekstur skólans og byggingar verði að einhverju leyti borinn af þeim samtökum, sem standa að honum, og þá á ég við sjóði verkalýðsfélaga. Sem betur fer blasir sú staðreynd við, að sérstaklega á síðari árum er sjóðamyndun verkalýðsfélaganna að verða allveruleg, sem betur fer, segi ég. Ég harma það ekki. Ég tel það mjög gott, að verkalýðsfélögunum hefur tekist að koma sér þannig fyrir að þau eru búin að byggja upp mjög vel fjármálalega starfsemi sína og sum þeirra hafa haft gífurlegar tekjur og eru orðin efnuð.

Herra forseti. Mér finnst það frv., sem hér liggur fyrir, vera allt losaralegt og það þurfi mjög mikillar athugunar við áður en lengra er haldið. Og ýmislegt er það, sem kemur fram í grg. frv., sem mér finnst vera allt of mikill einhliða áróður. Mér skilst, herra forseti, að fundartími d. sé kominn að lokum, svo að ég verð því miður að stytta mál mitt, (**StJ:** Hv. þm. ætti fyrir alla muni að halda áfram.) Ég vildi gjarnan segja meira í sambandi við þessi mál. (**ÓRG:** Ég legg eindregið til að þm. geri það.) Ég skal verða við óskum hv. 3. landsk. þm. og taka til að mynda eitt dæmi úr grg. Það er á bls. 3, 4. mgr. að neðan, ef ég mætti komast svo að orði. Mér verður þægilegra að telja þannig í þetta skipti. Þar stendur svo, með leyfi forseta:

„Margt bendir þó til þess, að torveldara muni reynast að veita uppvaxandi kynslóð næga fræðslu og þekkingu á félagslegum málum sínum að þeirri leið, sem brautryðjendum og áhugamönnum hefur verið fær í þeim efnum.“

Lái mér hver sem vill, en svona ummæli koma mér dálítið á óvart. Ég hélt satt að segja að alþýða manna, svo að ég taki mér það orð í munn eins og ég þekkti það í uppvexti, hefði átt miklu erfiðara að afla sér fræðslu og þekkingar á málum heldur en unga kynslóðin í dag. Skoðun mín er sú, að alþýða manna hefur á öllum tímum sýnt einstaka natni og hæfileika og dugnað við að afla sér fræðslu við hin erfiðustu skilyrði. Að mínu mati er ólíku saman að jafna um möguleika almennings til náms og fræðslu nú eða var á frumdögum verkalýðshreyfingarinnar hér á þessu landi.

Út af ákvæðum 5. gr. um stjórn þessa væntanlega skóla má það gjarnan koma fram hér, að mér finnst reynsla okkar af stjórn verkalýðsfélaganna, launþegasamtakanna í landinu, ekki vera á þann veg að hægt sé að treysta því, að það verði ekki pólitísk misnotkun á stjórn slíks skóla, miðað við þá reynslu sem við höfum af því, hvernig launþegasamtökunum hefur verið og er í dag stjórnað í þessu landi. Þau hafa verið stórkostlega misnotuð og beitt fyrir hagsmunavagn ákveðinna pólitískra flokka, og þar á flokkur hv. framítakanda, 3. landsk., langversta sögu að baki. Væri hægt að vísa til ummæla margra samstarfsmanna hv. þm. í núv. ríkisstj., sem þeir viðhöfðu í síðustu kosningum um það, hvaða álit þeir hefðu á hátterni flokksbræðra hv. 3. landsk. þm. sem hafa yfirleitt misbeitt valdi sínu í launþegasamtökunum flokki sínum til framdráttar. Af því höfðu frambjóðendur Alþfl. mjög miklar áhyggjur í síðustu alþingiskosningum.

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að styðja við bakið á launþegasamtökunum til að þau geti haldið við fræðslustarfsemi innan sinna vébanda. En mér er mjög til efs að það sé rétt leið sem stefnt er að í þessu frv. Ég held að við eigum að flýta okkur hægt við að búa til skólabákn sem algerlega yrði kostað af almannafé. Ég bið velvirðingar á því, að þar er ég kannske ekki nógu dómbær um, en mér finnst skólamál þjóðarinnar og skipulag þeirra almennt vera orðið slíkt myrkviði, að rík ástæða sé til að reyna að bæta þar verulega úr áður en farið verður að bæta við nýju viðfeðmu skólabákni, eins og ég hef grun um að muni myndast við samþykkt og framkvæmd þessa frv.

Umr. frestað.

Neðri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 20. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Félagsheimili, frv. (þskj. 49). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 73). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 92). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 26 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 94). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 10). — Frh. 1. umr.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð langt um liðið síðan ég bað um orðið í þessari umr. og ég er ekki alveg viss um að ég muni það í dag sem ég ætlaði að segja fyrir helgina, en þó ætla ég að fara um þetta mál örfáum orðum áður en það fer til nefndar. Að öllum líkindum, eða samkv. till. flm., fer það til n., sem ég á sæti í, svo ég get verið stuttorðari fyrir þá sök en ella mundi.

Ég vil segja það í upphafi, að þetta mál er að mörgu leyti áhugavert. Það er hollt að gera sér grein fyrir hlutverki þingnefnda og ég vil ekki útiloka að þær eigi að hafa meira verksvið en tíðkast hefur með margar þeirra hingað til. Hitt er svo annað mál, og ég get sagt það strax, að mér þykir þetta frv. allt of víðtækt og að það þurfi verulegra breytinga við, ef ég á að geta samþykkt það. Ég skal koma að því örlítið síðar.

En í þessu sambandi er rétt að hugleiða hvaða hlutverk og hvaða vald þingnefndir hafi samkvæmt þingsköpum eins og þau eru. Fyrir frumkvæði hv. 1. flm., Vilmundar Gylfasonar, hv. 7. þm. Reykv., hefur nokkur athugun farið fram á því í allshn. Nd. — þessarar hv. d. — hvaða verksvið og hvaða vald sú tiltekna n., og þá væntanlega aðrar ekkert síður, hafi samkvæmt núgildandi þingsköpum. Ég mun ekki gera grein fyrir starfi n., það er ekki mitt hlutverk hér, en tel það geti engan skaðað þó greint sé frá því, að þessi skoðun hefur átt sér stað að undanförnu og að við höfum fengið fyrir forgöngu formanns til skrafs og ráðagerða nokkra mjög færa sérfræðinga í þessum málum. Ég hygg að niðurstaðan sé, að þingnefndir hafi talsvert vald ef þær vildu beita því, þó að engin breyting á þingsköpum komi til.

Hér var því haldið fram, í framsögu að mig minnir, að frv. þetta væri m. a. flutt í þeim tilgangi að skerpa skilin á milli hins þrískipta valds í þjóðfélaginu, framkvæmdavaldsins, löggjafarvaldsins og dómsvaldsins. Alþ. fer að sjálfsögðu með löggjafarvaldið. Ég er ekki viss um að það verði til að skerpa þessi skil, að alþingisnefndir fari að taka að sér hluta af rannsóknum, jafnvel að kveða upp úrskurði eða láta í ljós álit á framkvæmd laga. Samkvæmt mínum hugmyndum heyrir það til framkvæmdavaldi annars vegar og dómsvaldi hins vegar að framkvæma lögin. Hitt er auðvitað rétt, sem hv. flm. sagði, að það er ekki til mikils fyrir Alþ. að samþykkja lög sem ekki eru framkvæmd. Þarna þarf sem sagt að fara einhvern þann milliveg sem getur gert hvort tveggja, að tryggja Alþ. þann rétt sem það á, að lög þess séu virt, og hins vegar að Alþ. fari ekki yfir á verksvið hinna þátta valdsmeðferðarinnar í þjóðfélaginu.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu langa, herra forseti, en ég ætla að segja tvær til þrjár setningar í viðbót. Mér finnst að samkv. 1. gr. gæti nokkurs tvískinnungs í textanum. Greinin byrjar þannig: „Þingnefndum er skylt að fylgjast með framkvæmd laga," en stuttu síðar segir: „Einfaldur meiri hluti þingnefndar getur ákveðið að taka einstök framkvæmdaratriði laganna til meðferðar." — Ég sé ekki betur en að þetta sé algerlega óþarft. Ef þingnefnd er skylt að fylgjast með framkvæmd allra laga þá hún auðvitað að gera það, þá er það hennar verk og það á ekki að þurfa minni eða meiri hluta í henni til þess að taka ákvörðun um það sem búið er að skylda n. til að taka að sér. Þess vegna tel ég að þessi setning a. m. k. þurfi endurskoðunar við. Og satt að segja finnst mér það of langt gengið ef setningin eða lagagreinin á að hljóða þannig, að það sé skilyrðislaus skylda þingnefnda að fylgjast með framkvæmd laga. Hitt vil ég alveg fallast á, að þingnefndir hafi vissa heimild til þess.

Ég held að það væri okkur öllum fyrir bestu að við skoðuðum þetta frv. án mikilla umræðna nú og reyndum að komast að þeirri niðurstöðu, hvernig við gætum orðað þessa lagagrein þannig að hún næði þeim tilgangi, sem ég hef verið að reyna að lýsa, án þess að hún yrði allt of víðtæk.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að svo stöddu.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Eins og síðasti ræðumaður gat um er að vísu orðið alllangt síðan þetta frv. kom fyrst til umr. í hv. d., en aðalatriði frv. er það og það eitt, hvort þingnefndir eða meiri hluti þingnefnda á að hafa til þess frumkvæðisrétt að taka tiltekin framkvæmdaatriði laga til meðferðar. Úr því að verið er að leggja til að lögunum sé breytt í þessa veru, þá er auðvitað eðlilegt, að menn reyni að gera sér grein fyrir því, hver á að vera tilgangurinn með slíkum breytingum. Og tilgangurinn getur aðeins verið einn, þ. e. sá, að þingnefndir, sem hafa frá upphafi þings gróft markað verksvið, finni út eða kanni hvort breyta þurfi lögum, — hinn raunverulegi tilgangur slíkra starfa, hvort sem við köllum þau eftirlitsstörf, aðhaldsstörf eða rannsóknarstörf, lokaútkoma verði í þá veru, hvort ástæða sé til að breyta tilteknum lögum eða ekki. Þá er eðlilegt að spurt sé, hvort ekki sé alveg nóg að slíkt leyfi kæmi frá d., þá aðhafist n., en ef ekki, þá aðhafist n. ekki? Ég hygg þó að þingreynsla undanfarinna ára segi okkur að það kerfi eða sú aðferð, að d. ein geti heimilað slíkt, sé of þungt í vöfum. Mér þykir að í allri umræðu og allri umfjöllum um þetta mál hafi menn um of staldrað við það, að þau mál, sem þingnefndir kynnu að taka fyrir, hafi nær eingöngu auglýsinga- eða skrumgildi. Ég hygg þó, að ef þetta, sem við leggjum til, yrði snar og fastur þáttur í starfsháttum Alþingis, þá mundi fljótlega það orðspor fara af, að þingnefndir, eins og þær auðvitað gera nú þegar, færu að kanna og kanna reglulega t. d. hina ýmsu fjármálaþætti ríkisrekstrarins, hvort of miklu sé eytt hér og þar, þetta yrði fastur þáttur í þingstörfum. Eins er hitt, að þau mál, sem hefðu auglýsingagildi, yrðu varla miklu oftar tekin fyrir en t. d. í umr. utan dagskrár á hv. Alþingi. M. ö. o. held ég að óttinn við hávaðann, óttinn við pólítíska misnotkun sé ástæðulaus.

Ég vil ítreka það, sem var sagt í framsögu fyrir þessu frv., að við verðum að gera greinarmun annars vegar á rannsóknarstörfum slíkra nefnda og hins vegar eftirlits- og aðhaldsstörfum. Ég get fallist á það með mörgum, sem um þetta hafa fjallað, bæði innan þings og utan, að orðið „rannsókn" í munni þingnefndar sé slæmt. Það er hlutdrægt. Það gefur í skyn að eitthvað sé að á því verksviði sem taka á fyrir hverju sinni. Æskilegra væri ef annað orð en „rannsókn" festist við þau störf sem hér er verið að leggja til að þingnefndir taki fyrir.

Ég vil endurtaka að kjarni þessa máls er, og þetta mál snýst eingöngu um það, hvort þingnefndir eigi að hafa frumkvæðisrétt án þess að samþykkt eða synjun deildar komi til. Það er rétt, sem síðasti ræðumaður, hv. 9. þm. Reykv., gat um, að í allshn. Nd. hefur farið fram athugun á því, hvort þingnefndir hafi rétt til þess, án þess að frumkvæði d. komi til, að taka fyrir tiltekið mál, sem fjallar um samskipti einstaklings og kerfisins, þar sem

einstaklingurinn telur að á sér hafi verið brotinn réttur. Þetta er mál sem snýst um miklar peningaupphæðir, án þess að um það sé rétt að fjalla frekar á þessu stigi málsins. Í allshn. höfum við kallað til allnokkra einstaklinga, sem gera má ráð fyrir að sérþekkingu hafi á þessu sviði. Það er óhætt að segja að um það eru nokkuð skiptar skoðanir, hvort þingnefndir hafi ekki þegar þennan rétt. Þetta frv., sem hér er til umr., gengur hins vegar út á það, að ótvírætt verði að slíkur frumkvæðisréttur sé hjá þingnefnd, svo fremi sem meiri hluti hennar telji ástæðu til að taka þetta tiltekna mál fyrir.

Einn annan þátt þessa frv. tel ég að sé rétt að fara hér enn um örfáum orðum. Það er gert ráð fyrir því í frv. að þau störf þingnefnda, sem hér er fjallað um, fari fram fyrir opnum tjöldum, nema meiri hluti n. beinlínis ákveði annað. M. ö. o.: reglan er sú, að öllum almenningi, eða þeim hluta almennings sem áhuga hefur á því að fylgjast með tilteknu máli, sé heimilt að gera svo. Þetta hygg ég að yrði mjög spor í þá átt að opna stjórnsýsluna, opna stjórnkerfið allt, ef að lögum yrði. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að bæði hér á landi og víða erlendis, í löndum sem við teljum okkur skyld, hefur það þótt horfa til framfara undanfarin ár að stjórnkerfið væri meira opnað en verið hefur. Þetta ákvæði þessa frv. til l. gengur einmitt út á það.

Ég geri ráð fyrir því, að þessu máli verði vísað til allshn. Þar hefur, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, þegar farið fram allnokkur umræða um mál af þessu tagi. Ég hygg því að n. sé nokkuð vel í stakk búin að fjalla fljótlega og skjótlega um þetta lagafrv.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég gat ekki verið viðstaddur þegar þetta mál var tekið til 1. umr., en ég hef hlustað á þær umr., sem farið hafa fram að þessu sinni, og auk þess hugsað nokkuð um efni frv. eins og það liggur fyrir.

Ég tók eftir því, að hv. 1. flm. frv., sem var að ljúka máli sínu, lagði á það allmikla áherslu að eitt meginatriði þessa frv. væri að taka það fram, að þingnefndir hefðu rétt til þess að fjalla um mál og hafa frumkvæði um aðgerðir í málum, en væru ekki algerlega bundnar við það eitt að taka afstöðu til þeirra mála, sem þingið sendir til n. Það leikur enginn vafi á því, að þingnefndir hafa það sem aðalverkefni að fjalla um mál, sem þingið hefur sent til n., en löng þingvenja er orðin á um hitt atriðið og ótal dæmi til um það, að þingnefndir taki upp hjá sér ákvörðun um að flytja mál, undirbúa mál, semja frv. og leggja fram í nafni þingnefndar. Það leikur því enginn vafi á því, að ekkert skortir á um það samkv. þingvenjum og reglum, að þingnefnd geti haft frumkvæði um að gera till. um lausn á máli ef hún vill.

Ég minni á að það hefur margsinnis komið fyrir, að þingnefnd hefur tekið að sér að flytja frv. eða flutt frv. Í mörgum tilfellum er það, að sérstök athugun í n. hefur leitt til þess, að n. beitti sér fyrir því að flytja mál. Í þessum efnum skortir því í raun að mínum dómi ekkert á, nema þá ef menn vilja taka það enn skýrar fram í þingskapalögum að þetta geti verið með þessum hætti.

Mér sýnist hins vegar að allt orðalag á þessu frv. stefni að allt öðru og miklu meira. Eins og hér hefur verið minnst á, er upphafssetningin í þessari einu efnisgrein frv., sem liggur fyrir, á þessa leið: „Þingnefndum er skylt að fylgjast með framkvæmd laga.“ — Í þessu liggur auðvitað gífurleg breyting frá því sem nú er. Ég tel að vísu fjarstætt að ætla að ganga frá þessu í lögum á þann hátt sem þarna er orðað, því að það væri vitanlega allt of víðtækt. Það verður ekki annað skilið en að samkv. þessu sé þingnefndum beinlínis skylt að hafa með höndum eftirlit með því hvernig lögum sé framfylgt. Það yrði meira en lítið starf, ef þingnefndir ættu t. d. að fara að fylgjast með því, hvernig umferðarlögin eru haldin. Við skulum nefna annað algengt mál, sem oft hefur borið hér á góma í þinginu og mikið verið rætt um, hvernig staðið er því að framkvæma áfengislögin í landinu. Ég býst við að þeir ágætu menn, sem væru þar í nefnd, hefðu nóg að gera að ætla sér að taka á þessum málum, ef þeir væru með lögum skyldaðir til þess að fylgjast með framkvæmd þessara laga.

Ég efast um að það vaki fyrir hv. flm. að haga þessu á þessa lund og hef enga löngun til að snúa út úr fyrir þeim á neinn hátt, heldur liggi á bak við þetta raunverulega hjá þeim, að þeir vilji leggja þær skyldur á þingnefndir að þær eigi gjarnan að hafa hér nokkurt eftirlit, þ. e. að líta að einhverju leyti eftir því, hvernig staðið er að því að framkvæma þau lög sem þingið hefur sett. Hitt er alveg augljóst, að beina lagaskyldu, sem svona væri orðuð, væri alveg fráleitt að ætla nokkurri þingnefnd, enda er löggjöf okkar öll byggð upp á allt öðrum grundvelli. Það eru allt aðrir aðilar, sem eru hreinlega til þess settir og fyrir það greitt ærið kaup að sjá um að lögum sé framfylgt og lögum sé hlýtt í landinu. Slíku verður vitanlega ekki breytt þannig að það sé sett yfir á herðar einhverra þingnefnda. Ég tala nú ekki um ef maður ætlaði að lesa út úr þessu máli á þann hátt sem ég hef áður minnst á að mér sýndist augljóslega vera fólgið í upphafi þessarar greinar.

Síðan segir að þessum þingnefndum sé skylt að gera viðkomandi deild eða Sþ. grein fyrir niðurstöðum athugana sinna. Ef n. stæðu við þetta líka, ásamt því að ýta eftir framkvæmd laganna, þá yrði ekki mikið tilefni til umr. á Alþ. utan þess að fjalla um þetta, því að þá væri Alþ. upptekið frá morgni til kvölds að hlýða á skýrslur n. um það hvernig staðið væri að framkvæmd hinna ýmsu laga sem í gildi eru. Vitanlega væri algerlega óframkvæmanlegt að gera þetta almennt eins og þarna er orðað. Sé hér aftur um minni háttar eftirlitsstörf að ræða, hvernig staðið hefur verið að því að framkvæma þau lög, sem Alþ. hefur sett, og það sé þá gert eins og segir í greininni: „Eftirlitsstarf þingnefnda með framkvæmd laga fari fram fyrir opnum tjöldum, nema meiri hluti þingnefndar ákveði annað“, færi á sama hátt. Ég býst þá við að störf þingnefnda, þar sem um væri að ræða rannsókn á því, hvernig staðið hefur verið að því að framkvæma lög, tækju á sig þann svip að þingnefndir yfirheyrðu ýmsa aðila um hvernig framkvæmdin hefði orðið. Slíkar yfirheyrslur ættu þá að fara fram í heyranda hljóði, í opnum yfirheyrsluumr. Þetta er auðvitað gífurlegt verk. Ég vil segja um þetta, að mér sýnist að gjarnan megi gera það skýrara og ákveðnara en verið hefur, að þingnefndir megi gjarnan hafa meira frumkvæði en þær hafa haft, þó að þær hafi að mínum dómi alveg nægilegan rétt til þess að hafa slíkt frumkvæði, vera ekki einvörðungu nefndir sem vinna úr gögnum sem til þeirra koma, heldur geti verið um það að ræða að þingnefndir fjalli um sín málasvið og hafi þar frumkvæði um málaflutning. Slíkt tel ég vera til bóta og eigi að vinna í þá átt.

Hitt atriðið, hvort hægt sé að leggja á þingnefndir einhverja skyldu í sambandi við að líta eftir því, hvernig tekist hefur til um framkvæmd laga, skal ég ekki fullyrða

um, en ég held að það verði að vera í því formi, að þar geti aldrei verið um nema minni háttar eftirlit að ræða, megineftirlitið hljóti samkv. eðli málsins að vera í höndum annarra.

En inn í þetta mál blandast í rauninni annað sem mjög hefur komið fram í umr., en það er spurningin um hvort þingnefndir eigi að fá það verkefni að þær taki í rauninni að sér meiri eða minni rannsókn mála, verði rannsóknarnefndir. Í þeim efnum vil ég segja, að ég tel að um verulegan misskilning sé að ræða hjá þeim sem standa að því að flytja þetta mál í þessum búningi, ef þeir stefna að slíku. Það er þannig um búið í lögum okkar og reglum, að beinlínis er gert ráð fyrir því í sjálfri stjórnarskránni að þingnefndir geti látið fara fram rannsókn mála. Þar er ekki aðeins um að ræða almennar reglur sem við styðjumst við í þingsköpum okkar og þingvenjum, heldur skýrt ákvæði í 39. gr. stjskr. þar sem segir, að þingnefndir hafi vald til þess að efna til rannsókna með sérstöku rannsóknar- og yfirheyrsluvaldi. Þingnefndirnar hafa því þetta vald eins sterklega undirstrikað og á verður kosið. Þessu valdi hefur verið beitt hér. Það hafa verið skipaðar hér n. og mjög oft lagðar fram till. um að skipa n. samkv. 39. gr. stjskr. til þess að rannsaka einstök mál. Hins vegar er það, að mjög hefur borið á því, einkum í seinni tíð, að þingið hefur verið mjög tregt til þess að fallast á rannsókn samkv. þessu heimildarákvæði. Það hefur að mínum dómi borið allt of mikið á því, þegar till. hafa komið fram um að rannsaka ýmis meiri háttar mál sem til umr. hafa verið, að þá hefur meiri hluti í þingdeildum ekki viljað fallast á rannsókn samkv. þessari heimild, vegna þess að mínum dómi, að mönnum hefur fundist að í þeirri ákvörðun að efna til rannsóknar lægi að meira eða minna leyti sakfelling, það væri verið að taka undir ákærur, sem upp hefðu komið, með því að efna til rannsóknar. Þess vegna hefur till. um þetta efni gjarnan verið vikið frá. Þarna hefur eingöngu staðið á því, að þingið sjálft hefur ekki viljað efna til rannsóknar. Það hefur ekki skort heimildir í lögum. Við þurfum ekki að breyta einu eða neinu í lögum til að koma þessum rannsóknum á. Það hefur aðeins skort að hafa meiri hluta í þingdeild fyrir því að efna til rannsóknar samkvæmt þessu ákvæði.

Ég tel fyrir mitt leyti að það sé miklu eðlilegra að Alþ. notfæri sér þessi ákvæði, sem eru í lögum og fordæmi eru til um að nota, að Alþ. noti þau til þess að rannsaka stórmál sem Alþ. sýnist vera ástæða til að fá ítarlega athugun á, heldur en að fela öllum þingnefndum, 24 nefndum, vald til þess að fara í öll mál til almennrar athugunar. Ég tel fyrir mitt leyti að það geti verið heldur hæpið að gefa sjö manna nefnd rétt til þess, að meiri hluti n., þ. e. a. s. fjórir menn, geti ákveðið að hefja í rauninni nokkurs konar réttarrannsókn eða rannsókn sama eðlis á máli, að það geti verið í höndum fjögurra manna í mörgum n. að efna til slíkra rannsókna. Ég er ákaflega hræddur um að úr slíku yrði lítið. Mér sýnist meiri ástæða til þess, að þingið taki þá formlega ákvörðun um að notfæra sér þær heimildir, sem fyrir eru, til rannsókna á meiri háttar málum.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að einstakar þingnefndir hafa leyfi til að athuga mál, hafa leyfi til að kalla fyrir sig embættismenn og aðra aðila í landinu og yfirheyra þá. Það er gert núna í fjöldamörgum tilfellum, og ekki aðeins um mál sem hefur verið vísað til þingnefnda. Þingnefnd getur boðað fyrir sig aðila úr öllu stjórnkerfinu til að fá upplýsingar um mál og athuga mál, án þess að um sé að ræða sérstaka umsögn um mál sem hefur komið fram í þinginu. En auðvitað hefur þingnefnd í slíkum tilfellum ekkert yfirheyrsluvald. Ef viðkomandi aðili hefur ekki upplýsingar eða færist undan, hefur n. í rauninni ekkert sérstakt yfirheyrsluvald. En það hefur sú n., sem þingdeild stofnar til samkv. 39. gr. stjskr. Það hefur verið viðurkennt að hún hefði í rauninni yfirheyrsluvald, og þannig hefur því verið beitt. Þegar síðast starfaði á vegum Alþingis nefnd samkv. þessu ákvæði, þá var þessu beitt og þótti sumum nóg um. Þetta var svonefnd okurnefnd, sem hafði með höndum sérstaka rannsókn á málum sem þá voru hér ofarlega á baugi.

Ég verð að segja, að ég er á þeirri skoðun, að við eigum fyrst að notfæra okkur þessar heimildir, sem eru í sjálfri stjórnarskránni og eru viðurkenndar þingvenjur hjá okkur, að efna í allmiklu ríkara mæli en gert hefur verið til rannsókna og athugana af hálfu þingsins sjálfs. Ég tek sem sagt undir þá skoðun flm., að rannsóknir megi fara fram í ríkara mæli en verið hefur. En þá eigum við fyrst og fremst að notfæra okkur heimild stjskr. og fara þessa leið, áður en stefnt er að því að ætla að breyta öllum nefndum þingsins að meira eða minna leyti í rannsóknarnefndir. Það held ég að sé ekki hin rétta leið.

Út frá þessu, sem ég hef sagt, sýnist mér að 2. mgr. 1. gr. frv. sé í rauninni líka óþörf á allan hátt, en 2. mgr. er á þessa leið: „Deildum Alþingis eða sameinuðu þingi er heimilt að skipa sérstakar nefndir þingmanna til þess að athuga framkvæmd laga, ef ástæða þykir til.“ Þessa heimild hafa deildir þingsins núna, á því leikur ekki minnsti vafi. Samkv. þingsköpun hefur Sþ. líka heimild til að skipa n. til að athuga um mál. Það er tekið alveg sérstaklega fram, að það eru ekki aðeins hinar föstu n., heldur er hægt að skipa aukanefndir hvenær sem þess er óskað og þingið tekur um það ákvörðun. Í þessari mgr. felst ekkert umfram það sem nú er. Hins vegar tel ég að þær n., sem eru kosnar af þingdeildum með beinni tilvitnun til 39. gr. stjskr., hafi einar hið fullkomna yfirheyrsluvald, en aðrar n. séu almennar athugunarnefndir.

Út frá þessu, sem ég hef sagt, sýnist mér að ekki sé bein þörf á meginefni þessa frv. og það þurfi að gera á því verulegar breytingar. Ég get þó tekið undir viss sjónarmið sem mér sýnist að liggi að baki þessu frv., þ. e. a. s. að við látum á vegum þingsins fara fram allmiklu meiri rannsóknir eða athuganir á ýmsu því, sem verður að teljast til stærri mála í þjóðfélaginu, og að þingið noti heimildir sínar í þessum efnum. Ég tek líka undir það, að einstakar þingnefndir ættu að hafa meira frumkvæði í reynd en þær hafa. Ég tel að þingvenjur og reglur hafi þegar löghelgað það á allan hátt, að þær geti unnið þannig, ef þær taka slíkt að sér á annað borð eða telja einhverja þörf vera á því.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég er einn í hópi þeirra þm. sem telja þetta frv. orka mjög tvímælis eins og það er sett hér fram. Ég held að það muni hafa í för með sér aukinn rugling milli þrískiptingar ríkisvaldsins: framkvæmdavalds, dómsvalds og löggjafarvalds, og að með því sé stefnt um of inn á þá braut, að Alþ. eða nefndir þingsins verði eins konar yfirdómstóll í landinu.

En það var ekki þetta atriði sem ég ætlaði að ræða hér, heldur kom hv. 1. flm. þessa frv. inn á atriði sem ég taldi ástæðu til að minnast á. Hann talaði um eftirlitsstarf

þingnefnda, og þá fyrst og fremst eftirlit þingnefnda með fjármálum ríkisins, og ræddi það mál eins og slíkt væri ekki um að tefla í dag. Hér er um grundvallarmisskilning að ræða hjá hv. flm. Þetta eftirlitsstarf með fjármálum hinna ýmsu ríkisstofnana og ríkiskerfisins er í höndum fjvn. og undirnefndar fjvn., sem sett var á laggir — að ég hygg — á viðreisnarárunum og hefur síðan starfað milli þinga. Að vísu er ekki á þessa n. minnst í þingsköpum, en það er orðin löng þinghefð að þessi n. starfi. Hún tekur frumkvæði í því að fá til sín hina ýmsu forstjóra ríkisfyrirtækja, ráðuneytisstjóra og aðra slíka, sem hafa með framkvæmd fjármála ríkisins að gera og ræðir að eigin frumkvæði um fjárreiður þessara stofnana. M. a. fer hún mjög nákvæmlega yfir heimildir ríkisstofnana til þess að ráða nýja starfsmenn eða fer yfir þær stöður sem þessir menn hafa tekið sér bessaleyfi að ráða menn í, þ. e. a. s. óheimilaðar stöður.

Þetta starf er unnið og hefur verið unnið um allmörg ár, eins og ég sagði, allt frá viðreisnarárunum. Hins vegar má um þetta starf fjvn. og undirnefndar hennar segja, að það mætti gjarnan vera fastara í formi og það mætti gjarnan vera skýrar kveðið á um það í þingsköpum, að undirnefnd fjvn. starfaði í þessum dúr. En þó hygg ég að það sé alveg sérstakt umhugsunarefni, og það vildi ég sérstaklega benda á í sambandi við þetta mál, þegar verið er að ræða um eftirlitsstarf þingnefnda, að það er mjög óhöndugt að mínu mati, að fjvn. er kosin einvörðungu til eins árs, þ. e. a. s. hún er kosin á hverju þingi, í raun má deila um það, hvort hún hafi umboð til þess að vinna á sumrin, hvað þá undirnefnd fjvn., sem hvergi er getið um í þingsköpum. Um þetta má deila. Hins vegar held ég að ef þetta mál yrði skoðað niður í kjölinn, þá yrði þinghefð látin ráða.

Þetta tel ég að mætti færa til betra horfs og kveða skýrar á um, og ég er sammála því, að á þessi störf fjvn. þarf að leggja meiri áherslu en gert hefur verið. Á hinn bóginn væri farið út á mjög vafasama braut ef einstakar þingnefndir aðrar hugsuðu sér að hafa á hendi eftirlit með fjárreiðum ríkisstofnana vegna þess að fjvn. fjallar um fjárlagagerðina og það er eðlilegt að hún hafi þá á hendi eftirlit með því, að fjárlögum sé framfylgt.

Því miður hefur það verið svo, að þegar um fjáraukalög hefur verið fjallað á hinu háa Alþ., þá hefur oft ekki verið farið ofan í saumana á því hvers vegna einstakir fjárlagaliðir hafi farið fram úr áætlun fjárlaga. Þetta starf tek ég undir að eigi að efla. En til þess að það verði eflt, bæði þetta eftirlitsstarf fjvn. og nauðsynleg áætlunargerð fram í tímann um einstaka fjárlagaliði, tel ég æskilegt að í þingsköpum væri gert ráð fyrir að fjvn. yrði kosin til kjörtímabils og þar yrði skýrt kveðið á um að undirnefnd fjvn. skuli starfa, í henni eigi sæti einn þm. í fjvn. frá hverjum þingflokki, og að skýrt sé kveðið á um verksvið beggja þessara n., bæði fjvn. og undirnefndar.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breytingar á þingsköpum Alþ., gefur óneitanlega tilefni til þess að ræða um ýmsa þætti þeirra mála sem snerta störf Alþ. og þingnefnda, en ég skal þó ekki að þessu sinni fara langt út í þá sálma.

Ég held að það sé alveg ljóst, eins og hv. 1. þm. Austurl. benti raunar á í ræðu sinni áðan, að þingnefndir geta að óbreyttum lögum undirbúið frv. eða þáltill., tekið þær upp hjá sjálfum sér, og þess eru dæmi að þingnefndir hafi gert slíkt. Hins vegar býst ég við eða ég lít þannig á, að að óbreyttum þingskapalögum verði að gera ráð fyrir því, að mál, sem þingnefnd fjallar þannig um, eigi annaðhvort uppruna sinn eða endi, ef svo má segja, inni í þinginu sjálfu, þó með þeim fyrirvara að vissulega gæti þingnefnd tekið fyrir eitthvert mál, sem hún að lítt athuguðu máli teldi ástæðu til að flytja inn í þingið, en kæmist síðan að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki ástæða til þess. Ég held að að óbreyttum lögum hljóti að verða að líta þannig á, að það sé eðlilegt að annaðhvort hafi mál komið frá þingu sjálfu eða þd. til n. ellegar þá að n. sé að hugsa sér a. m. k. að undirbúa þingmál þegar hún er að fjalla um slíka hluti. En ef ætti að breyta þessu verulega, eins og hv. flm. þessa frv. leggja til, þá hygg ég að ný löggjöf þurfi að koma til.

Um þetta frv. í sjálfu sér mætti ýmislegt segja, en ég skal ekki gera það. Það er rétt, sem bent hefur verið á, að þegar er til, ekki aðeins í þingskapalögum, heldur í sjálfri stjórnarskránni, ákvæði sem heimilar Alþ. sérstaklega að setja á stofn rannsóknarnefndir með þar tilteknu valdi. Ég vil í því sambandi aðeins varpa því fram, að ég tel að næst þegar stjórnarskrárbreyting verður gerð sé ástæða til að gera þá breytingu a. m. k. á þessu ákvæði 39. gr. stjskr., að það séu ekki aðeins deildir, sem eigi rétt á því að skipa rannsóknarnefndir, heldur sé það einnig og ekki síður á valdi Sþ. að gera slíkt, því að óneitanlega hlýtur að verða að líta þannig á að það vegi þyngra og sé í sjálfu sér áhrifameira að Sþ. kjósi slíka n. eða ákveði að kjósa slíka n. í einhverju tilteknu stórmáli heldur en t. a. m. deild, sem aðeins þriðjungur þm. skipar, geri það.

En það, sem kom mér sérstaklega til þess að standa upp, er að þetta er ekki eina atriðið sem ástæða væri til að taka til athugunar í þingskapalögum okkar, enda þótt þau séu á margan hátt ágæt. Það er eitt og annað fleira sem full ástæða er til að taka nú til endurskoðunar, og með tilliti til þess hefur orðið samkomulag um það meðal forseta Alþingis og formanna þingflokka, að flutt verði þáltill. um að Alþ. kjósi nefnd alþm., t. a. m. tveggja þm. frá hverjum þingflokki, til að endurskoða þingskapalögin í heild sinni, og slík till. verður flutt nú einhvern næstu daga.

Það er ekki ýkjalangt síðan heildarendurskoðun fór fram á þingskapalögunum. Til þess að endurskoða lögin um þingsköp var kosin mþn. árið 1966. Hún starfaði þá og einhver næstu ár og lagði till. sínar fyrir Alþingi, en ný þingskapalög voru samþ. 1972 — þau lög sem við búum við nú.

Ég tel ástæðu til að endurskoðun sem þessi fari nú fram. Það er eitt og annað sem ástæða er til að kanna sérstaklega, og ég nefni aðeins tvö dæmi í því sambandi. Hið fyrra er hvort ekki eigi að lögfesta í þingskapalögunum ákvæði um umr. utan dagskrár. Slík ákvæði eru engin til í lögunum nú. Einnig og ekki síður tel ég mikilvægt að tekin verði til rækilegrar endurskoðunar öll ákvæði um samskipti Alþ. og ríkisfjölmiðlanna, þ. e. a. s. hljóðvarpsins og sjónvarpsins. Þar um mætti eitt og annað segja, en ég læt það a. m. k. bíða þess, að umr. verði þá um þessi mál í heild sinni, þ. e. a. s. um hvort ekki sé orðið tímabært að láta fara fram heildarendurskoðun á þingskapalögunum, sem ég hygg að rétt sé að gera. Eftir sem áður er ekki nema góðra gjalda vert og æskilegt að fram fari fróðlegar umr. um þetta tiltekna mál sem hér er á drepið, hversu mikið valdsvið þingnefndir eiga að hafa á rannsóknarsviði, en eins og ég sagði skal ég ekki að þessu sinni fara lengra út í þá sálma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 96). — 1. umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 96 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit. Frv. fjallar um það að bæta einu kauptúni í tölu tollhafna í landinu.

Um tollheimtu og tolleftirlit gilda nú lög, sem sett voru árið 1969. Í 7. gr. þeirra laga eru taldar upp 13 aðaltollhafnir og 20 tollhafnir á landinu öllu. Áður voru tollhafnir ekki taldar upp í lögum.

Í lögunum er skýrt hvað við er átt með þessum orðum. Aðaltollhöfn er höfn þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð á vörum má fara fram. Tollhöfn er höfn þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Það kauptún, sem ég legg til að bætist í tölu tollhafna, er Grundarfjörður á Snæfellsnesi. Þar hefur uppbygging orðið mjög ör. Sagt er að þar hafi ekki verið nema eitt hús árið 1939, en nú er þar kauptún þar sem 700 manns eru búsettir. Þess má geta, að hinn 22. jan. 1977 var ný og glæsileg höfn tekin í notkun í Grundarfirði.

Frv. þetta er flutt að beiðni heimamanna.

Frv. fjallar, eins og ég hef sagt, um tollhöfn í Grundarfirði. En að athuguðu máli þykir mér þó rétt og raunar skylt og sjálfsagt að benda hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, á að bæta landshöfninni í Rifi í tölu tollhafna auk Grundarfjarðarhafnar, svo fulls samræmis sé gætt. Lögin um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi eru nr. 38 frá 14. mars 1951. Þar eru hafnarskilyrði mjög góð frá náttúrunnar hendi. Höfnin hefur byggst upp á undanförnum árum og er nú orðin allgóð, þó að enn þurfi um að bæta.

Eðlilegt er að höfnunum fjórum á norðanverðu Snæfellsnesi sé gert nokkuð jafnhátt undir höfði að því er tekur til þeirra mála, er hér um ræðir, og þær sitji nokkurn veginn allar við sama borð að þessu leyti. Sennilega hefur höfundum laganna frá 1969 þótt ofrausn að hafa fjórar tollhafnir á þessu svæði. Þeir hafa máske talið auðveldara og einfaldara að láta tvær hafnir nægja. Skal þetta því rætt nokkru nánar.

Undanfarin mörg ár hefur enginn tollþjónn verið á Snæfellsnesi. Á hinn bóginn hafa lögreglumenn starfað í öllum kauptúnum á norðanverðu nesinu. Hafa þeir annast tollgæslu jafnframt undir umsjón viðkomandi yfirvalda og haft nána samvinnu sín á milli í þeim málum sem og öðrum störfum. Hefur þetta fyrirkomulag þótt vel gefast. Í Rifi er og hefur verið búsettur hreppstjóri sem jafnframt hefur átt sæti í stjórn Rifshafnar og er öllum málum á staðnum mjög vel kunnugur.

Auðvitað má á það benda, að í lögunum um tollheimtu og tolleftirlit sé að finna heimildir sem nota megi, svo sem gert hefur verið, til að veita undanþágu við framkvæmd laganna án þess að þeim sé breytt að þessu leyti. En hver, sem rennir augum yfir upptalninguna í lögunum og les um þær 13 aðaltollhafnir, sem þar greinir, auk 20 tollhafna, hlýtur að sjá í hendi sér að hinar góðu hafnir í Grundarfirði og Rifi eiga þar heima.

Þetta vildi ég biðja hv. fjh.- og viðskn. að athuga, um leið og ég geri það að till. minni, að þangað verði frv. þessu vísað að lokinni 1. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 47). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að kynna fyrir hv. deild frv. til l., sem við Eiður Guðnason flytjum, um breyt. á l. frá 1964, um þingfararkaup alþm. Eins og fram hefur komið er hér ekki um nýtt frv. að ræða, heldur fluttu þeir Gylfi Þ. Gíslason og Ellert B. Schram frv. þessu samhljóða fyrir u. þ. b. ári, en það hlaut ekki afgreiðslu.

Það skal segja eins og er, að ástæða fyrir því, að þetta frv. var sett fram núna, er sú, að þegar þfkn. kom saman á einn af sínum fyrstu fundum og teknar voru ákvarðanir um hækkanir á því sem kallað hefur verið hliðargreiðslur til alþm., þá var í þingflokki Alþfl. ekki samstaða um það, hvernig að þessum málum skyldi staðið. Það var hins vegar ljóst, að í þingflokki Alþfl. er vilji fyrir því að breyta fyrirkomulagi þessara mála í þá veru sem þetta frv. gerir ráð fyrir. M. ö. o. gengur þetta frv. út á það að flytja í Kjaradóm ákvarðanir um launamál alþm.

Nú þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að undanfarin ár hafa launakjör alþm. sætt gagnrýni, og um margt er það auðvitað tímanna tákn. Þegar svo er, að allt efnahagslífið er á þeysireið, ef svo má að orði komast, hækkanir eru 40, 50 og 60% á ári og allir þrýstihópar samfélagsins eru að reyna að verja sig með einum eða öðrum hætti, — þetta er svo sem þjóðfélagsleg og efnahagsleg lýsing sem menn þekkja, — þá er út af fyrir sig eðlilegt að þm. eins og aðrir grípi til einhverra aðgerða í varnarskyni. En það verður samt þannig, að við þm. verðum að taka því að sæta meiri gagnrýni í samfélaginu, sæta því að hingað sé frekar horft en kannske í aðrar áttir. Og svo hefur farið undanfarin ár, að ég hygg að það sé ekki ofmælt þegar sagt er að margar af þeim hækkunum, sem til þm. hafa farið, hafa ekki mælst vel fyrir úti í hinu stóra samfélagi og það jafnvel að vonum.

Kjarni þessa máls er sá, að það sé einfaldara og síður til tortryggni fallið ef ákvarðanir eins og þær, sem hér hefur verið um fjallað, fara fram utan við þingið, hjá stofnun, sem ekki á hagsmuna að gæta og almennt og yfirleitt er hafin yfir grun, en svo hygg ég að sé með Kjaradóm.

Það má halda áfram að fjalla um þessi mál og reifa ýmsa umfjöllun síðustu ára. Það hefur mjög verið gagnrýnt, að margháttaðar hliðargreiðslur, sem í skaut þm. falla og efalítið eiga margar — jafnvel flestar — rétt á sér sem slíkar, hafa hins vegar ekki verið upp gefnar til skatts. Það er eðlilegt að þetta hafi verið gagnrýnt, vegna þess að það gildir fyrir Pétur og Pál úti í samfélaginu, að það er beinlínis til þess ætlast að greiðslur, þó þær séu frádráttarbærar frá skatti, séu gefnar upp, skattyfirvöld látin um þær vita, en þau síðan heimili frádrætti. Þetta hygg ég m. a. að hafi orðið valdur að því, að ýmislegt í kringum þessi mál, þ. e. launakjör þm., hefur ekki sem skyldi verið hafið yfir grun.

Ég er þeirrar skoðunar, þó ekki sé beinlínis svo ákveðið í þessu frv., en á er þó drepið í grg., að launakjör þm. eigi umfram allt að fara fram fyrir opnum tjöldum, þegar hækkanir eru ákveðnar eigi almenningur að fá um þær að vita þegar í stað. Á þetta hefur skort á undan-

förnum árum. Það er engu líkara en hér hafi verið um nokkurt pukur að ræða, og það er eins og þingið hafi sjálft reynt að koma í veg fyrir að upplýsingar um þetta bærust út.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson, núv. formaður þfkn., braut þó nokkuð í blað í sögu þessara mála utan dagskrár í Sþ. ekki alls fyrir löngu, þegar hann skýrði þinginu úr ræðustól frá nýafstöðnum hækkunum. Ég hygg að þar hafi farið fram nýjung, og ég hygg líka að það sé vel.

Ég hygg að það sé þessari stofnun til góðs að um hana leiki engin tortryggni. Þess vegna held ég í fyrsta lagi að það sé skynsamlegt að málum sé svo fyrir komið, að allur almenningur hafi á öllum tímum alla vitneskju um það, hvað þm. fá í laun og hvað þeir fá í aðrar greiðslur. Þetta hygg ég að skipti miklu máli. Í öðru lagi held ég, að það væri skynsamlegra fyrirkomulag að aðilar utan þings réðu því, hvað miklar greiðslur hér væri um að ræða. Lagt er til að það sé Kjaradómur sem slíkar ákvarðanir taki. Ef það fyrirkomulag gefst ekki vel, þá er Alþ. auðvitað í sjálfsvald sett að breyta aftur. Alþ. hefur auðvitað eftir sem áður æðsta löggjafarvald í þessu landi.

Ég er þeirrar skoðunar, og ég vil gera það að lokaorðum um þessi mál, að sú tortryggni, sem hefur umvafið þessi mál á undanförnum árum, hafi ekki orðið þessari stofnun til góðs, hafi beinlínis dregið úr áliti hennar. Þetta frv. til l. verður að skoðast sem skref í þá átt að þeirrar tortryggni gæti ekki lengur, allt fari fram fyrir opnum tjöldum og að ákvarðanir séu teknar af stofnun sem treysta má í hvívetna, en á ekki beinna hagsmuna að gæta.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 47 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 6. mars 1964, um þingfararkaup, en þau lög hafa svo síðar verið endurskoðuð og m. a. voru þau endurskoðuð á þinginu 1970-1971. Atvikin höguðu því svo til, að þá sat ég í þfkn. Var ég því einn af þeim, sem voru til þess kjörnir, og tók þátt í því að endurskoða lögin um þingfararkaup. Það verk okkar eru gildandi lög um kjör þm.

Þegar komið var til fundar þeirra aðila, sem þar sátu að störfum, voru þar m. a. tveir forsetar þingsins, forseti Sþ., sem þá var Birgir Finnsson, og þáv. forseti þessarar hv. d., sem þá var og er enn hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen. Ég hafði fyrir þennan fund tekið saman á blað tölur sem voru hugmyndir að því, hvað mér hafði dottið í hug um kjör þm. miðað við mánaðarlaun. En fyrsta atriðið, sem var rætt á þessum fundi, var það, hvort Alþ. eða Kjaradómur ætti að fjalla um kaup þm. Við vorum tveir, sem fylgdum því, að Kjaradómur úrskurðaði kaup og kjör þm., en ekki Alþ. sjálft. Auk mín var Björn Jónsson, sem þá var hér á þingi og ætti að vera einnig nú, fylgjandi þessu. Aðrir þm. og sérstaklega forsetarnir tóku þetta alveg af og vildu ekki að þingið sleppti þessu starfi sínu. Ég hef ekki skipt um skoðun á þessu, og þegar Gylfi Þ. Gíslason var eitt sinn með þetta mál hér í þinginu, þá talaði ég og lýsti skoðun minni á nýjan leik og greiddi frv. atkv. þegar það fór þá til n. Hins vegar mun ég ekki hafa verið viðstaddur þegar málið var hér í hv. d. á síðasta þingi.

Ég minnist þess að þeir forsetarnir voru mjög fastir á því, að þingið mætti ekki setja yfir sig neinn aðila, því að það væri æðsta stofnun þessarar þjóðar og ef einhver stofnun önnur úti í bæ, eins og þeir orðuðu það, ættu að fara að ákveða laun þm., þá væri verið að sleppa þar valdi sem þingið ætti ekki að sleppa. Þrátt fyrir þetta hef ég sömu skoðun og ég hafði þá, að þessu valdi ætti þingið að sleppa í hendur þeirra sem ákveða laun, eins og Kjaradómur gerir. Hann er t. d. látinn ákveða laun ríkisstj. og dómara Hæstaréttar, sem er ein af veigamestu stofnunum þessarar þjóðar, og hann er einnig nú farinn að ákveða laun ráðuneytisstjóra samkv. eigin ósk þeirra. Ég man nú ekki um fleiri aðila, þó e. t. v. geti þeir verið, en ég tel að þetta eigi að gera.

Ég verð að segja þá sögu, og ætla þó ekki að segja hana nákvæmlega, að tölurnar um launakjör þm. sem ég var með á blaðinu, sýndi ég aldrei. Ég hefði þá orðið mér til mikillar minnkunar, því að þeir, sem höfðu þar orð fyrir okkur, voru með mun hærri laun en ég gat hugsað mér í það skipti. Ég mun því ekki reyna að fjalla um slíka hluti oftar.

Hins vegar vil ég segja það í sambandi við þetta frv., að ég er sammála kjarna málsins, aðalatriðinu, að Kjaradómur fái málið til meðferðar og hann ákveði kjör þm. Ég get vel fellt mig við þá hugmynd, sem ég heyrði frá einum flokksbróður hv. 1. flm., 7. þm. Reykv., að grundvöllinn að því, sem Kjaradómur ætti að úrskurða, ákvæði þfkn., hvað það væri sem ætti að koma til úrskurðar, bæði um bifreiðanotkun og fæðispeninga og annað því um líkt, eða sem sagt hvaða flokkar það væru sem Kjaradómur ætti að fjalla um. Þetta getur vel verið rétt og væri ekki nema eðlilegt að skoða það mál í meðförum n., sem um þetta mál fjallar.

Ég verð að segja það, að ég er ekki sammála ýmsu, sem fram kemur í grg. frv., og finnst að þar sé skotið nokkuð yfir markið. Ég veit ósköp vel, að þetta mál hefur verið notað til þess að gera þm. tortryggilega á marga vegu. Ég hef litið á þetta sem tilraunir þeirra manna, sem stóðu fyrir utan Alþ., en langaði til að komast inn fyrir dyrnar, þetta væri ein tilraun þeirra til þess að finna leið að dyrunum og yfir þröskuld alþingishússins. Út af fyrir sig er það eðlilegt. Menn hafa ýmsar leiðir til þess að ná því takmarki sem þeir ætla sér, og við því er að sjálfsögðu ekkert að segja innan vissra marka.

Nú finnst mér það ekki rétt, að hér hafi verið um pukursmál að ræða í þinginu, og minni þá á að hv. 3. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, ræddi þetta mál með meiri myndarskap en áður hefur verið gert hér á hv. Alþ. þau 24 þing sem ég hef setið — nú er það 25. Það var rétt aðferð. Það var rétt, sem hann sagði, að greint hefði verið frá þessu í öllum þingflokkum og aldrei neinn verið beðinn að hafa hljótt um þetta. Möguleikar til þess að skýra frá þessu voru því hjá hverjum sem vildi það gera.

En ég held að það sé rangt orðað, að nefna fríðindi þingmönnum til handa þær greiðslur sem þeir fá. Ég þykist kunna skil á venjulegum launasamningum, að ef menn fara til vinnu út af því svæði, sem tilheyrir þeirra heimili, þá eigi að greiða þeim fæðispeninga. T. d. tel ég mig hafa heyrt það, er ég hef komið nálægt kjarasamningum hér í Reykjavík, að hér innan borgarinnar er lækur sem heitir Fúlilækur. Þær reglur eru þar um, að ef menn ynnu fyrir austan Fúlalæk, þá bæri að greiða þeim fæðispeninga, en ef þeir áttu heima fyrir vestan Fúlalæk, þá áttu þeir ekki að njóta þess arna. Mér er ekki kunnugt um annað en að svo sé enn, þó að ég hafi lítil afskipti haft af því að hafa menn í vinnu. Þó hefur það komið fyrir smávegis. Þeir menn voru komnir út af heimili sínu og ég varð að sjá þeim fyrir fæði á hóteli skammt þar frá sem vinnustaðurinn var. Það var ekkert um annað að ræða.

Þetta átti ég að greiða, en ekki þeir. Þetta eru engar tekjur fyrir mennina. Mér dettur ekki í hug að fara að telja þeim þetta til tekna, því að þeir hafa engar tekjur af því.

Ég hef af þessu góða reynslu. Ég sat í 15 ár á þingi án þess að fjölskylda mín væri hér. Ég segi ykkur það alveg rétt, og tel mig þó ekki vera neinn óhófsmann í eyðslu, hvorki um fæði né annað sem því getur fylgt, en fæðisúthaldið á mér einum var eins og hjá fjölskyldu minni uppi í Borgarnesi. Og hvaða ástæða var til að ég færi að greiða þetta sérstaklega? Ef ég hefði greitt þetta á mínum fyrstu þingárum, þá hefðu þingmannslaunin tæplega nægt. Ég hef svo mikla reynslu af þessu, að því fer fjarri, að þetta hafi verið fríðindi, enda var það ekki, því að þetta var útlagður kostnaður sem fylgdi því að ég gegndi þessu starfi. Ég verð líka að segja það um skattframtöl í þessu sambandi, að ég hef alltaf sett á mína skattskýrslu allt sem ég hef fengið frá atvinnurekendum mínum af slíku. En eins og hv. 3. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, gerði grein fyrir um daginn, hefur verið kveðinn upp um þetta úrskurður hjá ríkisskattanefnd, þar sem hv. þm. leitaði eftir því, og honum var ekki gert að telja þetta fram.

Þegar ég var ráðh. komu stundum frá ríkisbókhaldinu greiðslur sem ég hafði fengið vegna ferðalaga, og ég setti þær á skattskýrsluna báðum megin. Það var ekki talið að ég hefði haft af þessu tekjur, heldur fór þetta um mínar hendur vegna þess ferðakostnaðar sem ég varð að greiða. Þess vegna er fjarri öllu lagi að hér sé um að ræða nokkur fríðindi. Það er verið að greiða kostnað sem þm. verða fyrir vegna starfs síns, eins og það var fyrir verkamanninn, sem vann austur í bæ, en átti heima vestur í bænum. Hann gat ekki farið heim til sín í hádeginu til þess að njóta fæðis og varð þess vegna að borða annars staðar, og á þessu byggðist þetta samningsatriði.

Nú skal ég ekki fara að þreyta hv. þm. með því að ræða þessi atriði, því að ég er sammála meginkjarna málsins og hann skiptir auðvitað alltaf meginmáli. Ég held mig líka við þá skoðun mína, að menn hafi notað þetta mál sem tilraun til að finna leið inn á Alþ. En til þess hafa aðrir notað aðrar leiðir — ég og aðrir — til að komast þangað af því að við ætluðum okkur það. Við því er heldur ekkert að segja.

Kjarni málsin er sá, að það verður alltaf nóg til þess að deila á alþm. fyrir og það þarf enginn að láta sér detta í hug, að þó að þetta falli fyrir borð, þá finnist ekki nógu mörg atriði til þess að deila á alþm. fyrir, þeir séu óhæfir til sinna starfa o. s. frv. Það fylgir Alþ. Hitt finnst mér, að þegar við alþm. erum sjálfir á þeirri skoðun, að þetta geti rýrt gildi Alþingis í augum þjóðarinnar, þá eigum við ekki að vera að fylgja úreltum reglum. Þess vegna eigum við að breyta þeim. Ég er reiðubúinn til að taka þátt í því, að þetta frv. verði skoðað á þann veg að það sé hægt að losa sig við annmarkana í þessu máli og fara inn á þetta svið um ákvarðanatökuna og bæta ýmsum atriðum við, sem mér fyndist að þyrfti að gera, ef við tökum þetta frv. á þann veg, að það yrði heildarlög um launakjör alþm.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá hv. 1. flm. þessa frv. er hér ekki um að ræða nýtt frv., heldur endurflutning á frv. Í rauninni hefur þetta mál komið fyrir Alþ., bæði í umr. og í beinum flutningi, nokkrum sinnum áður. Ég hef því tekið afstöðu til þessa frv. áður. En afstaða mín er sú, að ég er algerlega á móti frv. Ég er fyrst og fremst á móti því vegna þess, að gert er ráð fyrir þeirri meginbreytingu á lögum um þingfararkaup að Kjaradómur ákveði laun alþm. Nú liggur það svo einfaldlega fyrir, að ég er algerlega á móti lögum um Kjaradóm og vil leggja hann niður. Ég hef verið á móti honum frá upphafi og styð þau fjölmennu launasamtök í landinu, sem halda sömu skoðun fram. Og af því að ég vil leggja Kjaradóm niður sem slíkan og trúi ekki á þá skipan, þá trúi ég ekki heldur á hana í þessu tilfelli.

Auk þessa segi ég svo það, að mér finnst í rauninni vera afskaplega smátt af Alþ. að gefast upp, að þora að taka ábyrgð á því að ákveða laun alþm. Ég er á þeirri skoðun, að Alþ. eigi að ákveða laun alþm., setja um þau lagareglur og hver og einn alþm. eigi að hafa kjark til þess að bera ábyrgð á þeirri lagasetningu eins og annarri og hann eigi ekkert að fela sig á bak við það að segja: Ég hef valið nokkra embættismenn til þess að ákveða hver launin ættu að vera hjá alþm.

Það hefur gjarnan komið fram í þessum umr., að allar líkur væru til þess, að þessir útvöldu embættismenn, sem eru í Kjaradómi, mundu ákveða hærri laun til alþm. en alþm. þora að ákveða sér sjálfir. Þetta þykir mér ekki mikil reisn. Ég álít að málið eigi að vera þannig, að Alþ. eigi sjálft að þora að fjalla um þetta mál, ákveða launin, verða þá að sætta sig við að hafa launin eitthvað lægri, ef þörið er ekki meira en svo. Nú um langan tíma hefur Alþ. haft þetta hlutverk, og ég sé ekki minnstu ástæðu til þess að hopa í þessum efnum og allra síst til að fara inn á þá ógæfusamlegu braut að velja fyrst nokkra embættismenn og láta þá síðan úrskurða um launin.

Það er skoðun mín, að þegar Alþ. setti síðast lög um laun alþm., þar sem gengið var út frá því að alþm. hefðu árslaun og það eftir mjög föstum reglum, hafi verið tekið stórt framfaraspor. Í þeim lögum voru þó nokkur ákvæði, sem ég var alltaf andvígur og er jafnandvígur enn, — atriði sem ég tel vera í rauninni hreint hneyksli og sérstaklega hve langan tíma þau eru búin að standa í lögum. Það vekur líka athygli mína, að þeir, sem flytja þetta frv. og hafa flutt það áður, hreyfa ekki við þessum hneykslisatriðum. Þau mega standa áfram. Ég tel orðin „laun alþm." eiga við full laun og hef haft um það þau orð æðioft, að ég teldi þau orðin góð laun. Maður verður víst að fara að endurskoða þá skoðun með samanburði við ýmsa nú orðið, hvort þau teljast það öllu lengur. Það var þó skoðun mín að laun alþm. hefðu verið ákveðin allgóð. En þó að búið væri að ákveða alþm. allgóð laun og árslaun, þá stendur það eigi að síður í lögum um kaup alþm., að séu þeir embættismenn hjá ríkinu, séu þeir á öðrum launum hjá sama aðila, ríkinu, eftir að þeir hafa fengið full laun sem alþm., þá skuli þeir halda 2/3 eða 60% af kaupi sínu sem embættismenn hjá ríkinu eigi að síður. Ég hef talið þetta vera algert hneyksli. Ég álít að þeir embættismenn, sem verða alþm., eigi að taka full laun sem alþm., fá laun alþm., en embættislaun þeirra eigi að falla niður um leið. Ég hef hins vegar verið á þeirri skoðun, að vernda ætti slíka embættismenn í sambandi við stöðu þeirra með því að settar væru reglur um að þeir gætu fengið að hverfa að sínu starfi aftur þegar þeir hættu að vera alþm., a. m. k. innan eðlilegs tíma, því að allt annað væri nokkuð hart fyrir þá sem kannske sitja á Alþ. skamman tíma.

Ég held að það viðhorf sé ríkjandi a. m. k. á yfirborðinu, að það sé ekki eðlilegt að ríkið borgi sama manninum tvenn embættislaun. Mundu menn t. d. fallast á það,

að einn og sami maður væri t. d. bæði á prestslaunum og á læknislaunum eða hvaða annað embætti sem væri sem væri þannig tvígreitt? En svona er þessu fyrir komið.

Það, sem sérstaklega er athyglisvert að mínum dómi, er að þeir, sem eru að flytja þetta frv. um að ákveða að Kjaradómur skuli ákveða laun alþm., eru sömu menn-irnir og ekki mega heyra það nefnt að breyta reglunni um þessi sérlaun embættismanna. Ég hef flutt um þetta till. á Alþ. Svo oft sem frv. hefur komið fram hef ég flutt till. um að þessum lögum verði breytt þannig að þessi auka-laun embættismanna, sem taka full laun sem alþm., verði felld niður. Þessar till. mínar um að breyta þessu ákvæði hafa nægt til þess að málið hefur stöðvast, þá hafa menn ekki haft lengur áhuga á að leggja málið í vald Kjara-dóms, ef embættismennirnir kynnu að missa 60% af prófessoralaunum sínum eða eitthvað annað slíkt, sem þeir hafa haft samhliða. Áhuginn hefur ekki náð lengra. Ég mun nú láta reyna á þetta enn einu sinni í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að það fái að koma hér fram hvort þeir, sem vilja breyta fyrirkomulaginu um ákvörð-un á launum þm., vilja þá ekki fallast á till. mína um að breyta lögunum líka á þann hátt, að aftekið verði með öllu að menn verði á þennan hátt á tvennum launum hjá sama aðila, hjá ríkinu. (Gripið fram í.) Já, en ég vil líka taka það fram, að þetta á að mínum dómi við alla þá menn sem starfa hjá ríkinu. Ég vil að maður, sem er á launum hjá ríkinu sem alþm., leggi jafnframt niður alla aðra vinnu hjá ríkinu. Ég hef ekki treyst mér til þess að semja till. mína þannig, að alþm., sem hér er á fullum launum, sé beinlínis bannað að vinna hjá nokkrum öðr-um aðila, því að þá værum við komnir með reglur gagn-vart alþm. sem ekki gilda um neina aðra. Við bönnum t. d. ekki embættismanni að sinna einhverjum öðrum störfum til hliðar við sitt embætti. Það er ekki gert í dag. Það getur vel verið, að það væru einhver rök fyrir því að taka upp slíkt kerfi og reyna að binda menn þannig að — eins við sitt fulllaunaða starf og banna þeim að standa í öðru, en ég sé ekki ástæðu til að banna alþm. það fremur en öðrum. Hitt tel ég óeðlilegt, ef við megum kalla það í þessu tilfelli, að sami vinnuveitandi — þ. e. a. s. ríkið sé að borga aðila, sem hann er búinn að borga full laun, önnur laun fyrir annað fast starf. Þetta hefur verið meginafstaða mín til þess skipulags sem felst í þessu.

Ég er á móti því að skorast á nokkurn hátt undan því að taka ábyrgð á mig af því að ákveða laun alþm., bera ábyrgð á þeim, ef þau þykja of há eða þá fá tilheyrandi þakklæti fyrir að hafa ákveðið launin of lág. Það vil ég að hvíli á herðum alþm. sjálfra eins og hingað til hefur verið, en ekki að þeir fari að velja einhverja sérstaka embætt-ismenn, sem heita kannske kjaradómsmenn, til þess að ákveða sér laun. Ég er á móti því skipulagi og vil — eins og ég sagði — leggja Kjaradóm niður. Ég tel að um eigi að vera að ræða frjálsa samninga á milli aðila yfirleitt í sambandi við launamál, en ekki það skipulag sem kallað hefur fram Kjaradóm.

Það verður varla svo á þetta mál minnst, að ekki sé einnig komið aðeins að öllu umtalinu sem verið hefur um laun alþm. Það er alveg augljóst, að ýmsir menn hafa verið að reyna að slá sig til riddara með því að halda því fram, að alþm. væru jafnvel sérstakir skattsvikarar, þeir ákvæðu sér laun, einhverjar aukalaunabætur, sem þeir stælu síðan undan skatti. Þetta hafa menn bæði mátt heyra og lesa, þó að beinar sannanir séu um að þetta er uppspuni frá rótum. Þetta á enga sannleiksstoð, þó að það liggi fyrir að alþm. hafi talið fram þessar viðbótar-launagreiðslur sem talað er um og hér á Alþ. hefur verið gerð grein fyrir, því að málið hefur meira að segja gengið til úrskurðar ríkisskattanefndar, sem hefur fellt úrskurð í málinu. Eigi að síður hafa menn lagst svo lágt að halda því fram opinberlega æ ofan í æ, að alþm. séu skattsvik-arar. Það er auðvitað vægast sagt ómaklegt að standa þannig að málum.

Það er að sjálfsögðu hægt að deila um hvort þessar aukagreiðslur, þessar svonefndu hliðargreiðslur til alþm., eigi rétt á sér eða ekki. Sumar þessar greiðslur eru nokkru nýrri en aðrar, það er rétt, en flestar þeirra hafa staðið svo lengi sem elstu menn muna. Ég hef verið á Alþ. í 36 ár og allan þennan tíma hefur sá háttur verið á, að ferðakostnaður hefur verið greiddur fyrir alþm. fram og til baka og uppihaldskostnaður í Reykjavík. (Gripið fram í.) Já, kannske það séu 140 ár. Það hefur þá tíðkast talsvert lengur en aldur minn nær yfir. En hvað um það, allan þennan tíma var líka sá háttur á, að húsnæðiskostn-aður var greiddur fyrir alþm. af Alþ. Það þótti sjálfsagt og var skylda að Alþ. sæi alþm. fyrir húsnæði hér. Ég hafði látið orð um það falla einhvern tíma til að undir-strika þetta og einnig til gamans, að á þennan hátt varð ég að þola það — ég hef orðað það þannig — að búa á Hótel Borg í 14 ár. Ég var alþm. á þessu tímabili og Alþ. vísaði mér á Hótel Borg og þar varð ég að vera, því að ég átti ekki húsnæði hér, og ég varð að þola það að búa þar í 14 ár. Þetta var vegna þess skipulags, sem var ríkjandi í þessum efnum. Það hafði verið svo frá upphafi, að sjálf-sagt þótti að borga húsnæðiskostnað fyrir alþm. utan af landi meðan hann væri staddur á þingi.

Þegar þessi mál voru á þennan hátt skipulögð var mikið um það rætt hér á Alþ., að Alþ. byggði sérstakt húsnæði til þess að komast eitthvað léttar út úr þessu, að yrði byggður sérstakur þingmannabústaður. Það varð ekki úr því. Svo fóru mál að breytast þannig, að fleiri og fleiri þm. utan af landi eignuðust íbúðir hér á Reykja-víkursvæðinu, því að það er í rauninni ekki þægilegt fyrir þá, sem þurfa að vera á Alþ. í 6-7 mánuði á ári, jafnvel lengur, að þurfa að búa á hótelum.

Þegar það skipulag var tekið upp, að kjördæmin í landinu voru stækkuð til muna, stór hlutfallskjördæmi voru tekin upp, t. d. var á því svæði þar sem ég hef verið í framboði slengt saman fjórum kjördæmum, var upp úr því tekin upp sú regla að ætla alþm. í slíkum kjördæmum nokkra fjárhæð á hverju ári í ferðakostnað um kjör-dæmið. Lengi vel framan af var þetta þannig, að við, sem bjuggum við þetta, gáfum beinlínis reikning yfir hvert okkar ferðalag um kjördæmið, því að það var augljóst mál að þingmennskunni fylgdi geysilega mikill kostn-aður af því að ferðast um þessi stóru kjördæmi og sinna umbjóðendum þar að lágmarki til. Þessi greiðsla helst enn, hefur verið allan þennan tíma, en hefur vitanlega breyst frá ári til árs nokkuð með kostnaðinn. Ég hef oft haldið því fram í mínum þingflokki, að ég teldi að algert lágmark til þess að þm. í kjördæmi sinnti sínu þing-mannsstarfi sæmilega væri að hann ferðaðist um allt sitt kjördæmi enda á milli a. m. k. tvisvar á ári. Ég tel það algert lágmark, að þetta geri hver þm. Ég býst líka við því að margir þm. geri þetta, auk svo annarra ferðalaga um kjördæmið þarna til viðbótar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þær greiðslur, sem við þm. fáum upp í þennan lið, sem heitir ferðakostnaður um kjördæmi, dugir hvergi nærri fyrir útlögðum aksturskostnaði í þessum efnum.

Ég hef líka bent á að eftir gildandi skattalögum eiga menn rétt á því að draga frá sannanleg útgjöld við að afla sér tekna. Ég hef fengið upplýsingar þeirra sem þar þekkja best til. Þeir segja: Tvímælalaust munduð þið eiga rétt á því að draga frá meiri fjárhæð en sem nemur þessum styrk frá Alþ. af þessum ástæðum samkv. gildandi skattalögum. — En það mun vera rétt, að það hefur verið algengast að skattstjórar hafi farið þannig með þessa greiðslu, að þeir hafi látið þennan styrk, sem veittur hefur verið til ferðalaga um kjördæmið, ganga út og inn eða falla niður. Ekki ætla ég skattstjórum landsins, jafnvel þó einhverjir þm. hafi ekki talið þetta fram slík vinnubrögð, að þeir viti ekki um þetta, svo oft sem það hefur borið á góma. Þá bæri þeim að sjálfsögðu skylda til að telja þetta til tekna- og þá til gjalda eftir sínu mati.

Auðvitað vitum við að bæði embættismenn og starfsmenn ríkisins fá býsna miklar greiðslur í ferðakostnað. Ég hugsa t. d. að fréttamenn hjá útvarpi eða sjónvarpi og öðrum slíkum stofnunum hafi fengið ferðakostnað greiddan — býsna mikinn — ýmist innanlands eða utanlands og ekki verið talið til skattsvika þó þeir teldu hann ekki til launa sinna. Þess vegna er vitanlega engin ástæða til þess að hrópa hér að alþm., þó að þeir hafi fengið þennan ferðakostnað greiddan til og frá þingi eða innan síns kjördæmis eftir þeim reglum sem verið hafa.

Reglurnar um húsnæðiskostnað alþm. hafa að vísu tekið breytingum, eins og ég sagði, á þessum 140 árum sem þær munu hafa gilt, eins og hér hefur verið upplýst. Áður fyrr var það talin algjör skylda, að Alþ. greiddi þann kostnað, sem til félli í sambandi við húsnæði þm. á meðan hann er að þingstörfum. En nú er svo komið að allmargir alþm. — þá þekki ég suma hverja eða veit um þeirra hagi — verða að borga talsvert meiri kostnað af húsnæði sínu hér yfir þingtímann en þeir fá greitt frá þinginu. Að þessu leyti til er þetta lakara en þegar ég kom fyrst á þing. Mér er vel kunnugt um að svona er þetta t. d. í dag með samþingismenn mína suma úr mínu kjördæmi, að þeir verða hreinlega að borga með sér fyrir húsnæði, fá minna greitt frá þinginu en það húsnæði kostar sem þeir hafa hér yfir þingtímann. En það er rétt, að nú er orðinn sá háttur, að þegar þm. utan af landi eiga orðið húsnæði í Reykjavík fá þeir einnig þessa sömu fastatölu upp í húsnæðiskostnað. Um það atriði má að sjálfsögðu deila, hvernig fara á með. Þeir hafa útvegað sér húsnæði sjálfir.

Það er líka rétt að á síðara stigi málsins var tekinn upp sá háttur að greiða utanbæjarþingmönnum nokkuð upp í dvalarkostnað þeirra hér á meðan á þingi stendur, nokkuð í þá átt sem minnst hefur verið á í þessum umr., upp í beinan kostnað þeirra, fæðiskostnað eða annað, á meðan þeir eru utanbæjarmenn. Þessar greiðslur eru lágar, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt. Mér er ljóst að fyrir þá alþm., sem ekki hafa heimilisaðstöðu hér, eru þessar geiðslur auðvitað langt undir því sem gildir hjá öðrum starfsmönnum, þeir verða að borga með sér. En fyrir þá utanbæjarþingmenn, sem raunverulega eru fluttir í bæinn að meira eða minna leyti, getur þetta verið fullnægjandi. **(Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. að stytta ræðu, hinir þingflokksformennirnir munu fara að ókyrrast hvað úr hverju.) Já, ég skil það mætavel og ég ætti að gera það sjálfur þegar ég er minntur á það.

Ég get lokið máli mínu. Ég hef í rauninni gert grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. Ég er á móti því af þeim ástæðum, sem ég hef tilgreint um Kjaradóm, en mér fannst ekki óeðlilegt að ég viki hér nokkrum orðum að því, sem er kannske kveikjan að því að þetta frv. er flutt, en ég tel að þar hafi verið um óréttlátan málflutning að ræða sem ekki byggist á sannindum um það, hvernig þessum málum er fyrir komið.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 24. fundur.

Þriðjudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 21. nóvember 1978.

Samkv. beiðni Jóns G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Halldór Blöndal skrifstofumaður, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst.

Þorv. Garðar Kristjánsson."

Halldór Blöndal hefur áður tekið sæti á þessu þingi og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Býð ég hann velkominn til starfa.

Launakjör og fríðindi bankastjóra ríkisbankanna, frsp. (þskj. 48). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Það er ekki þörf langrar grg. fyrir spurningunni. Nú þegar rætt er um launakjör á landi hér almennt hygg ég að nauðsyn beri til að fá einskonar „stikkprufu" af því, hversu háttað er kjörum þeirra embættismanna sem einna best er gert við af opinberri hálfu. Til þessa og án þess að gefa á nokkurn hátt í skyn að ég telji að launakjör bankastjóra ríkisbankanna séu of góð, þá valdi ég þá úr til þess arna og spyr hér:

„1. Hver eru laun bankastjóra ríkisbankanna? Hvaða hlunninda njóta þeir annarra? Hver ákveður kjör bankastjóranna, risnu þeirra og hlunnindi og á hvaða forsendum er byggt?

2. Hverjar voru risnugreiðslur ríkisbankanna og í hvaða mynd árið 1977? Hver er bílakostur hinna einstöku ríkisbanka og til hvers er hann notaður?"

Ég bar að vísu fram á síðasta þingi svipaða fsp., en svörin, sem ég fékk þá, voru ekki til þess fallin að upplýsa þetta mál.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þegar fsp. hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefáns Jónssonar, var lögð fram á Alþ. skrifaði viðskrn. ríkisbönkunum og hefur nú borist svar frá þeim öllum sem ég hyggst lesa. Svar Seðla-

bankans var á þessa leið:

„Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 26. okt. s. l. og sem svar við fsp. Stefáns Jónssonar alþm. til viðskrh. skal eftirfarandi upplýst varðandi launakjör og fríðindi bankastjóra Seðlabankans o. fl.:

1. Í 31. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir m. a. svo: „Ráðh. ákveður þóknun bankaráðsmanna. Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans svo og eftirlaun fer eftir ákvörðun bankaráðs". Á fundi bankaráðs Seðlabankans 26. okt. 1975 og með samþykki viðskrh. 5. des. sama ár voru laun seðlabankastjóra ákveðin þau sömu og laun hæstaréttardómara og eru þau nú 652 815 kr. að viðbættum 10% til formanns bankastjórnar. Við ofangreind laun bankastjóra bætist þóknun fyrir setu í bankaráði, sem er hin sama og bankaráðsmanna. Breyting á þóknun bankaráðsmanna var síðast gerð með bréfi viðskrh., dags. 21. maí 1976, og hafa síðan bæst við hana verðlagsuppbætur eftir þeim reglum sem gilt hafa á hverjum tíma, og er hún nú kr. 27 170 á mánuði. Risna seðlabankastjóra hefur nokkur undanfarin ár verið 150 þús. kr. á ári, en var hækkuð á síðasta ári í 200 þús. kr. Bifreiðahlunnindi hafa verið þau sömu og ráðh. að öðru leyti en því, að bankastjórar aka bifreiðum sínum alfarið sjálfir," stendur hér. „Ríkisbankarnir hafa allt frá árinu 1952 greitt öllu starfsfólki sínu árlega launauppbót, sem hefur jafngilt 1/12 árslauna eða desemberlaunum. Greiðslan gengur á móti þeirri yfirvinnu sem getur fallið til við að ljúka nauðsynlegum afgreiðslum og verkefnum dagsins.

2. Á kostnaðarreikning vegna gestamóttöku voru færðar 17.3 millj. kr. á árinu 1977. Er þar einkum um að ræða kostnað við móttöku erlendra nefnda og fulltrúa vegna samninga um lántökur fyrir bankann, ríkissjóð og aðra opinbera aðila, svo og við móttöku fulltrúa alþjóðastofnana auk annarra gesta bankans, innlendra og erlendra. Einnig er hér meðtalinn allur kostnaður vegna fundarhalda svo og ársfundar bankans og reglulegra funda með innlánsstofnunum.

Í eigu Seðlabankans eru í dag eftirgreindar þrjár bifreiðar: Chevrolet Impala, árgerð 1974, Volvo 244, árgerð 1976, Range Rover, árgerð 1978. Einn bifreiðastjóri er í þjónustu bankans og sinnir hann alhliða störfum við akstur. Jafnframt annast almennir starfsmenn sjálfir akstur bifreiðanna, sem einkum eru notaðar í þrennum tilgangi:

a. Til skoðunarferða bankaeftirlitsmanna í innlánsstofnanir víðs vegar um landið.

b. Til seðlaflutninga í hinar 18 seðlageymslur bankans utan Reykjavíkur og til eftirlitsferða endurskoðenda bankans, sem fylgjast með seðlabirgðum í þessum geymslum.

c. Til ýmissa snúninga fyrir bankann, fyrir bankastjórn og vegna gestamóttöku.

Virðingarfyllst,
Seðlabanki Íslands.
Björn Tryggvason."

Svar Landsbanka Íslands var á þessa leið:

„Hér með sendist yður svar Landsbankans við fsp. Stefáns Jónssonar alþm. um launakjör og fríðindi bankastjóra ríkisbankanna o. fl., sbr. bréf yðar, dags. 26. okt. 1978.

1. Samkv. lögum nr. 11 frá 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands, ákveður bankaráð laun bankastjóra. Við ákvörðun launa hefur verið tekið mið af ákvörðun Kjaradóms um laun hæstaréttardómara að frádregnum 20 þús. kr. á mánuði. Mánaðarlaun bankastjóra voru 1. nóv. s. l. 631 620 kr. Greidd eru tvöföld laun í des. Fyrir setu á fundum bankaráðs fengu bankastjórar greiddar fyrir nóvembermánuð kr. 27 170. Risna ársins 1978 hefur verið ákveðin 260 þús kr. Bifreiðakjör eru þau sömu og gilt hafa hjá ráðh. án þess þó að um sérstaka bifreiðarstjóra sé að ræða hjá hverjum bankastjóra.

2. Gestamóttaka í reikningum bankans nam árið 1977 22 millj. 282 þús. kr., þar af 16 millj. 789 þús. kr. í Reykjavík, eða sem svarar 0.85% af heildarkostnaði við rekstur bankans á því ári. Kostnaður þessi er í sambandi við móttöku erlendra aðila, sem hingað koma til fundarhalda og í ýmiss konar bankaerindum. Þá er einnig um að ræða kostnað vegna innlendrar gestamóttöku á vegum bankans.

Bílakostur bankans er 11 bifreiðar: R-64: Chevrolet, árgerð 1973, R-906: Peugeot, árgerð 1975, R-3361: Saab, árgerð 1977, R-4387: Volkswagen, rúgbrauð, árgerð 1975, R-30111: Range Rover, árgerð 1978, R-5033: Volkswagen, rúgbrauð, árgerð 1978, R-4520: Peugeot, árgerð 1973, R-43112: Range Rover, árgerð 1978, R-2498: Passat, árgerð 1978, X-4223: Peugeot, árgerð 1977, X-3397: Scout, árgerð 1977, eða samtals 11 bílar.

Bifreiðin R-64 er notuð fyrir gesti bankans, og bifreiðin R-906 er notuð fyrir bankastjórn og að nokkru leyti til sendiferða. Aðrar bifreiðar bankans eru notaðar vegna fastra ferða milli afgreiðslustaða bankans í Reykjavík, vegna flutninga á skjölum milli Reykjavíkur, Grindavíkur, Keflavíkur og Sandgerðis, svo og milli Selfoss, Stokkseyrar, Eyrarbakka, Þorlákshafnar og Aratungu. Þá eru þessar bifreiðar, og þá einkum bílarnir R-30111 og R-43112 notaðar vegna afurðaeftirlits um land allt.

Virðingarfyllst,
Landsbanki Íslands.
Jónas H. Haralz."

Svar Búnaðarbanka Íslands er á þessa leið:

„Rn. hefur óskað upplýsinga um launakjör bankastjóra o. fl. í tilefni fsp. Stefáns Jónssonar alþm. um þau efni á Alþingi. Samkv. því er rn. tjáð eftirfarandi:

1. Laun bankastjóra eru lögum samkv. ákveðin af bankaráði, og í samræmi við núgildandi lög um Búnaðarbanka Íslands frá 1976 þarf samþykki ráðh. Samkv. eldri lögum var mælt svo fyrir, að við ákvörðun launa bankastjóra Búnaðarbankans skyldi tekið mið af launakjörum bankastjóra Landsbanka Íslands. Hefur þeirri reglu jafnan verið fylgt. Í núgildandi lögum er engin slík viðmiðunarregla, en í reynd hafa launakjör bankastjóra ríkisviðskiptabankanna verið ákveðin með samráði við bankaráð þessara banka. Laun bankastjóra Búnaðarbankans í nóv. voru 631 620 kr., og enn fremur fá bankastjórar sömu þóknun og bankaráðsmenn fyrir setu á bankaráðsfundum. Nemur sú greiðsla nú 27 170 kr. á mánuði. Þá fá bankastjórar greitt risnufé, 150 000 kr. á ári, og hefur sú fjárhæð verið óbreytt í nokkur ár. Afnotagjald af síma er og greitt.

Um langt árabil hafa bankastjórar notið sömu kjara og ráðh. varðandi bifreiðaafnot. Fyrir 1970 lagði bankinn

hvorum bankastjóra til bifreið sem var í eigu bankans, en þegar nýjar reglur um bifreiðamál ríkisins voru settar árið 1970 og ríkið lagði ekki lengur ráðh. og ýmsum embættismönnum til ríkisbifreiðar var þess óskað af fjmrn., að hliðstæðar breytingar yrðu gerðar í ríkisbönkunum. Var þá ákveðið af bankaráðum ríkisbankanna að bankastjórar keyptu bifreiðar sínar sjálfir, en fengju greiddan rekstrarkostnað og þar með talda fyrningu, er miðaðist við að aðflutningsgjöld viðkomandi bifreiðar væru fyrnd á þremur árum.

2. Auk risnugreiðslu til bankastjóra og 80% af þeirri risnugreiðslu til aðstoðarbankastjóra nam heildarkostnaður Búnaðarbankans vegna risnu á árinu 1977 kr. 530 412 kr., er sundurliðast þannig: Tóbak 35 1213 kr., móttaka vegna Búnaðarþings 136 979 kr., vegna skákkeppni 10 530 kr. og ýmislegt annað 31 690 kr.

Bankinn á 4 bifreiðar sem notaðar eru til sendiferða milli aðalbanka, Seðlabanka, Reiknistofu, flutningastöðva og útibúa bankans í Reykjavík og á Suðurlandi.

Vonandi verða þessar upplýsingar taldar fullnægjandi.

Virðingarfyllst,
Búnaðarbanki Íslands.
Magnús Jónsson, Stefán Hilmarsson,
Þórhallur Tryggvason."

Frá Útvegsbanka Íslands barst eftirfarandi svar:

„Í tilefni af fsp. Stefáns Jónssonar alþm. um launakjör og önnur fríðindi bankastjóra skal eftirfarandi upplýst:

1. Mánaðarlaun bankastjóra í dag eru 631 620 kr. auk launa fyrir setu á bankaráðsfundum, sem eru 27 170 kr. á mánuði. Um kaup og rekstur bifreiða gilda sömu reglur og um ráðh. Þá fá þeir og greiddan símakostnað. Í lögum um Útvegsbanka Íslands frá 1962, 13. gr., stendur að bankaráð ákveði laun bankastjóra. Við ákvörðun þessa hefur verið tekið mið af launum hæstaréttardómara að frádregnum 20 þús. kr. og síðan leitað samþykkis viðskrh. Risna fyrir árið 1978 hefur verið ákveðin 260 þús. kr.

2. Kostnaður við gestamóttöku, risnukostnaður, var 1 998 911 kr. árið 1977. Hér er aðallega um að ræða kostnað við móttöku gesta frá viðskiptabönkum erlendum, bankaráðsfundi o. s. frv.

Útvegsbankinn á tvær bifreiðar af gerðinni Volkswagen Golf 1977 og 1978 og eru þær notaðar til skjalaflutninga á milli aðalbanka og útibúa hans á Stór-Reykjavíkursvæðinu og Reiknistofu bankanna í Kópavogi. Þá eru þeir og notaðir í mynt- og seðlaflutninga og matarflutninga frá eldhúsi í aðalbanka til starfsmanna útibúanna.

Að lokum má geta þess, að þeir eru notaðir til eftirlits í útibúum, birgðaeftirlits o. fl.

Virðingarfyllst,
Útvegsbanki Íslands.
Reynir Jónasson."

Þá hef ég lokið við að svara fsp. hv. þm., en vil taka það fram að lokum, að ég tel óhjákvæmilegt í ljósi þeirra upplýsinga, sem hér hafa komið fram, að öll þessi kjaramál bankastjóra og forvígismanna ríkisstofnana af því tagi verði tekin til endurskoðunar ekki síður en önnur kjaramál, sem nú er rætt um í landinu, og jafnvel miklu frekar. Hér er víða um að ræða fríðindi sem eru af þeim toga, að ég tel eðlilegt að þau væru afnumin, og vil í því sambandi minna á, að á döfinni er af hálfu ríkisstj., eins og fram hefur komið í yfirlýsingum hæstv. fjmrh., frv. um að fella niður þau sérstöku tollfríðindi sem ráðh. hafa til þessa notið vegna bifreiðakaupa.

Ég vænti þess, að fsp. sé svarað þannig að fullnægjandi þyki, en vil að síðustu taka það fram, að á sama þskj. hefur sami hv. þm. borið fram fsp. um það, hversu margar eru nafnlausar bankabækur og hve há upphæð stendur inni á slíkum bókum samtals. Það er unnið að því í viðskrn. og bönkunum að tína þessar upplýsingar saman, tekur eðlilega nokkurn tíma, en ég vænti þess, að fsp. verði svarað hér á hv. Alþ. áður en mjög langur tími líður.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans við þessari tvíþættu fsp. minni, einnig fyrir þann boðskap hans, að þau atriði, sem lúta að aukagreiðslum og ýmiss konar fríðindum til opinberra starfsmanna og hinna æðstu embættismanna, verði tekin til athugunar mjög bráðlega og einarðlega. Ég hefði að vísu gjarnan viljað að sundurliðaður hefði verið kostnaður Seðlabanka og Landsbanka til gestamóttöku upp á nærri 50 millj. kr. samtals, ætla að þar hafi þessar hv. stofnanir tekið ómak og kostnað af ríkisstj. á sig að verulegu leyti. Og ég vil vænta þess, að gestir þeirra hafi notið vel veitinga og þeirra skemmtana sem hægt er enn í dag að fá fyrir slíka upphæð á Íslandi.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í stuttum fsp.-tíma á Alþ., þar sem þm. öðrum en fyrirspyrjanda er ætlaður lítill tími til umr., er ekki kostur að ræða það mál, sem hér er komið á dagskrá, en í raun þyrfti að skapa til þess sérstakan tíma hér á Alþ., því að við erum að ræða hér launakjör sem og annan aðbúnað margra þeirra manna sem á undanförnum árum hafa talað hvað hæst um að það væri nauðsynlegt í þessu landi að kreppa að kjörum almenns launafólks.

Ég held að þær upplýsingar, sem hér voru raktar, sýni greinilega að í æðstu stjórn bankakerfisins í landinu þrífst margs konar fjármögnun á einkaeyðslu og lífskjörum stjórnenda þessara stofnana, sem eru í algeru ósamræmi við þær almennu jafnréttiskröfur og önnur almenn skilyrði um launajafnrétti í þessu landi, sem við höfum margir hverjir sett á oddinn, svo að maður tali ekki um þær kröfur til almenns velsæmis í þessum efnum sem m. a. hafa hér á Alþ. verið settar fram gagnvart alþm. sjálfum. Þegar við berum svo þessar upplýsingar saman við það merka rit, sem lá á borðum okkar í dag þegar við komum hingað á fund, sem er skriflegt svar fjmrh. við fsp. frá Geir Gunnarssyni um utanlandsferðir á kostnað ríkissjóðs og ríkisstofnana, þá fáum við enn nánari innsýn inn í þá eyðslu sem er stunduð af kerfismennskufulltrúum þessa lands, þeim fulltrúum mörgum sem tala hvað hæst um það, að laun hins almenna launafólks í þessu landi séu of há. Við mjög lauslega athugun á þeim örfáu mínútum, sem liðnar eru síðan þessi merka bók kom hingað á borðið, kemur í ljós, að ferðakostnaður aðeins 5 bankastjóra á árinu 1977 hefur numið um það bil 9 millj. kr. Ferðakostnaður 5 bankastjóra til útlanda á árinu 1977 hefur numið um 9 millj. kr. Og ein ríkisstofnun, Póstur og sími, sem að vísu er ekki til umr. hér, hefur varið 17 millj. kr. á árinu 1977 til að fjármagna ferðalög ýmissa æðstu stjórnenda sinna til útlanda.

Ég held að þegar við erum að tala um nauðsyn á aðhaldi í íslenskum þjóðarbúskap og nauðsyn á almennu

velsæmi og jöfnuði sem ríkja á í kjörum landsmanna, þá beri ríka nauðsyn til þess hér á Alþ., bæði í ljósi þeirra upplýsinga, sem komu fram í svari hæstv. viðskrh., og í ljósi þeirrar merku bókar, sem nú hefur verið dreift hér til allra þm., að Alþ. taki rækilega til meðferðar þá aðstöðu til umframkjara, sem ég vil kalla svo, sem ýmsir af æðstu stjórnendum þessa lands í embættiskerfi og ríkisstofnunum skapa sér í krafti þeirrar aðstöðu, sem þeir hafa þar, en hvergi hefur komið fram almennt opinberlega fyrr en nú. Ef Alþ. vill beita sér fyrir almennum lífskjarajöfnuði í þessu landi getum við ekki látið hjá líða að taka þessi mál til miklu ítarlegri meðferðar en gert verður hér nú.

Útgerð Ísafoldar, fsp. (þskj. 82). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ekki þarf ég í sambandi við þessa fsp. að eyða löngum tíma til grg. Svo sem þm. má vera í fersku minni veitti Alþ. fyrir rösku ári skipi undir dönsku flaggi, menntu að langmestu leyti Íslendingum og með íslenskan eignarhlut að verulegu leyti, heimild til þess að veiða loðnu í íslenskri landhelgi. Leyfið var veitt með ákveðnum skilyrðum sem lutu að löndum aflans, þ. e. a. s. útgerð skipsins var réttlætt m. a. með því, að eigendur skipsins skuldbundu sig til þess að haga löndum aflans eftir því sem þörf verksmiðjanna fyrir hráefni krefði og jafnvel með þeim hætti, að skipið yrði ekki fyrir íslenskum skipum við löndun afla í verksmiðjur. Að öðru leyti lýtur fsp. að því þegar í ljós er komið að dómi sérfræðinga að við megum gæta okkar að ganga ekki of nærri loðnustofninum, hvort þá muni enn að dómi hæstv. núv. sjútvrh. vera ástæða til þess að leyfa erlendu skipi, sem þarna er raunar nefnt skip á Efnahagsbandalagssvæðinu, heimild til þess að veiða loðnu innan 200 sjómílnanna við Ísland.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda hafa þessar veiðar skipsins Ísafoldar verið leyfðar með sérstökum lögum frá Alþingi. Þar var jafnframt tekið fram, að henni skyldi þetta heimilt með því skilyrði, að skipið hlíti þeim reglum er sjútvrn. setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk, og loðnunefnd skuli gæta þess að beina m/s Ísafold, eftir því sem þörf er á, til hafna er liggja fjarri aðalveiðisvæði hverju sinni. Að því er varðar þessi skilyrði hef ég upplýsingar frá starfsmönnum sjútvrn. og loðnunefndar sem ég leyfi mér að lesa, en þær eru þannig, að haldin hafi verið öll skilyrði sem sett voru af hálfu Alþ. við útgerð m/s. Ísafoldar til loðnuveiða á síðustu vetrarvertíð. Í þessu felst að íslenskur aðili sá um reksturinn, áhöfn var íslensk og loðnunefnd gætti þess, að engir árekstrar yrðu milli þessa skips og íslenskra skipa um löndunarröð. Er óhætt að segja að afli skipsins varð til þess, að verksmiðjur fjarri veiðisvæðum fengu meira hráefni en ella. Loks má geta þess, að greitt var í loðnuflutningasjóð af afla skipsins og að sjálfsögðu voru greidd útflutningsgjöld af afurðum þeim sem unnar voru úr aflanum. Hins vegar fékk skipið engar greiðslur úr sjóðakerfinu, svo sem úr vátryggingasjóði fiskiskipa eða áhafnadeild Aflatryggingasjóðs, né heldur fékk skipið styrki úr loðnuflutningasjóði þótt það hafi alltaf siglt lengra en önnur skip með afla sinn.

Þetta eru upplýsingar frá starfsmönnum sjútvrn. og loðnunefndar sem svar við fyrri hluta fsp.

Að því er varðar síðari hluta fsp. er svarið nei. Ástæðan er ákaflega einföld og kom fram í máli fyrirspyrjanda varðandi afköst loðnuflotans og takmarkanir á veiðiþoli loðnustofnsins. Ef fram kæmi frv. á Alþ. um þetta efni, að leyfa þessar veiðar að nýju, en þær renna út nú í árslok, mundi ég greiða atkv. gegn því.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Ég þakka aðeins ljós svör hæstv. sjútvrh. við þessari fsp. Það fór sem mig vænti um svör starfsmanna rn., sem eru býsna ljós, að ekki hafi af þeirra hálfu verið út á neitt að setja í sambandi við útgerð skipsins hér á landi eða það, hversu haldin voru skilyrði fyrir útgerð þess. Að því er varðar svar hæstv. ráðh. við síðari hluta fsp., þá lýsi ég aðeins yfir ánægju minni með það afdráttarlausa svar.

Útbreiðsla sjónvarps, fsp. (þskj. 58). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 58 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um útbreiðslu sjónvarps.

Sjónvarp og hljóðvarp teljast í dag sjálfsögð þjónusta, sem allir íbúar landsins, hvar sem þeir búa, eigi að fá að njóta, og einn sá þáttur í daglegu lífi manna sem fæstir vilja án vera. Þótt mikið vanti á að allir landsmenn búi við nægilega góð hljóðvarpsskilyrði er krafan um að sjónvarpið nái til allra landsmanna sterk og hefur aukist ár frá ári, ekki síst eftir að litsjónvarp kom til sögunnar. Kaup á litsjónvarpstækjum hafa orðið miklu meiri en áætlanir voru um og þar með tekjur af sölu þeirra. Skráð litsjónvarpstæki hjá innheimtudeild sjónvarps voru 1. ágúst s. l. 11 467 tæki, og frá 1. ágúst til þessa dags hafa verið skráð 4167 tæki til viðbótar. Eru því skráð litsjónvarpstæki í dag 15 630. Er dagleg sala þeirra mjög mikil áfram að sögn verslana. Endurnýjun sjónvarpstækja fer öll fram í kaupum á litsjónvarpstækjum.

Viðurkennt er að sjónvarpsdreifingin um landið hefur gengið miklu betur en menn þorðu að vona í fyrstu. En mikið vantar enn á að allir landsmenn búi við sama rétt hvað þetta varðar. Er því eðlilegt að landsbyggðarfólk vilji ekki una við að fá ekki að njóta þess til jafns við þéttbýlið og hafi brennandi áhuga á því að vita hvað fram undan er í þessum málum, og ekki síður sjómenn við störf á hafinu í kringum landið. Þess vegna tel ég eðlilegt að bera fram hér á hv. Alþingi fsp. um framgang málsins.

13. júlí 1976 skipaði fyrrv. menntmrh. nefnd til að athuga og gera áætlun um dreifingu sjónvarps. Í n. voru alþm. Steingrímur Hermannsson, formaður, Sverrir Hermannsson og Ingi Tryggvason. Hlutverk n. var einkum tvíþætt: að gera tímasetta áætlun um dreifingu sjónvarps til þeirra landsmanna sem nú njóta engra eða allsendis ófullnægjandi sjónvarpsskilyrða og að gera tillögur um fjáröflun til þessara framkvæmda. N. þessi mun hafa skilað störfum í árslok 1976. Niðurstöður og till. n. komu fram í eftirfarandi tillögum:

Lokið verði við að koma sjónvarpi til allra notenda hér á landi á næstu 4 árum, 1977-1980, og hafin bygging endurvarpsstöðvar fyrir fiskimiðin fyrir árið 1979. Ákveðin verði 5 ára framkvæmdaáætlun sem auk þess að ná til ofangreindra atriða nái til annarra nauðsynlegra framkvæmda á sviði sjónvarps á tímabilinu. Innflutningur litsjónvarps verði gefin frjáls, afnotagjöld af litsjón-

varpstækjum verði hærri en af svarthvítum tækjum. Tolltekjur renni óskiptar til framkvæmda samkv. framkvæmdaáætlun. Í afnotagjöldum verði gert ráð fyrir fjármagni til endurnýjunar dreifi- og útsendingarkerfisins meira en nú er gert. Fjárvöntun verði mætt með lántöku, sem endurgreiðist fyrir 1989. Á 5 árum framkvæmdaáætlunar er fjárvöntun áætluð 494 millj. kr., tekjur til ársins 1989 eru hins vegar áætlaðar 875 millj. kr. hærri en þekkt framkvæmdaþörf á sama tímabili. Allar tölur og áætlanir eru miðaðar við verðlag í nóv. 1976. Áætlanirnar verði endurskoðaðar í árslok 1977.

Till. n. voru aldrei formlega staðfestar né gerðar að opinberri áætlun, en þó farið eftir þeim í sumum atriðum, enda hefur þessi úttekt verið ítarleg og mikil vinna verið í hana lögð, nm. greinilega haft mikinn áhuga á málinu og bent á skynsamlegar leiðir til að ná settu marki, ekki síst í sambandi við fjármögnun. Ljóst er að till. n. hafa orðið til þess að miklar framkvæmdir voru hafnar. Tel ég því nauðsyn bera til að hér á hv. Alþ. komi fram, hvernig þessi mál standa, og þess vegna eru spurningar mínar þessar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað líður framkvæmdum við útbreiðslu sjónvarps sem ákveðnar voru á þessu ári?

Hvaða framkvæmdir eru ráðgerðar á árinu 1979?

Er fylgt þeirri framkvæmdaáætlun sem unnin var á vegum menntmrh. haustið 1976?

Hvað eru tollatekjur af sjónvarpstækjum áætlaðar í ár og árið 1979?"

Ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. upplýsi málið.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Alexander Stefánsson hefur lagt hér fram nokkrar spurningar um dreifikerfi sjónvarps og útbreiðslu þess á yfirstandandi ári. Ég hef aflað upplýsinga um þetta mál frá Ríkisútvarpinu, sem fengið hefur skýrslu radíódeildar Landssíma Íslands um framkvæmdir við dreifikerfi sjónvarps á þessu ári. Í bréfi Ríkisútvarpsins kemur fram, að fylgt hafi verið áætlun sem fyrrv. menntmrh. samþykkti með bréfi hinn 21. mars s. l. Í bréfi Ríkisútvarpsins segir einnig:

„Mjög mikið hefur verið unnið að dreifikerfisframkvæmdum á þessu ári. 10 nýjum FM-stöðvum hefur verið komið upp og 4 verið endurnýjaðar. Örbylgjukerfið nær nú frá Reykjavík til Stykkishólms og um Stórholt til Vaðlaheiðar. Á liðnu sumri var örbylgjukerfið framlengt frá Vaðlaheiði um Viðarfjall í Þistilfirði og Hellisheiði eystra til Gagnheiðar. Ráðgert er að örbylgjusambandið verði á næsta ári komið til Vestmannaeyja og þaðan til Háfells austan Víkur í Mýrdal."

Um 1. spurningu hv. þm., sem var á þá leið, hvað líði framkvæmdum við útbreiðslu sjónvarps sem ákveðnar voru á þessu ári, þá vísar Ríkisútvarpið í skýrslu radíódeildar Landssíma Íslands, en þar kemur fram að í fyrsta lagi sé í Þorlákshöfn búið að reisa hús og staura, tæki séu komin til landsins og rafmagn sé væntanlegt í nóvember, uppsetning áætluð í desember. Í Sandgerði sé áformað að stöðin verði tekin í notkun 27. okt. Í Grundarfirði, Kollafirði, Drangsnesi hafi verið unnið að lokafrágangi og eigi stöðvarnar að vera komnar í notkun fyrir 12. nóv. Varðandi Austur-Húnavatnssýslu og svæðið Blöndudalur I — Blöndudalur II — Svartárdalur segir í skýrslu radíódeildar, að raflínur séu væntanlegar síðari hluta nóvember. Á sama tíma verður unnið að uppsetningu tækja og loftneta. Varðandi Laxárdal í sömu sýslu segir að uppsetningu húss verði væntanlega lokið á þessu ári, en uppsetning stöðvar sé áætluð 1979. Varðandi Hörgárdal og Öxnadal segir: Húsamöstur komin og tæki og loftnet verða sett upp snemma í des. Enn er óvíst um lagningu raflínu til staðarins. Um Bakkafjörð segir: Aðstöðu að verða lokið, tæki komin að hluta og uppsetningu væntanlega lokið í nóvembermánuði. Um Mjóafjörð segir: Stöðin tekin í notkun 27. okt. Um stöðvar á Almannaskarði, í Lóni og Borgarhöfn segir: Hús og möstur eru komin á stöðina, en enn þá er óljóst hvenær lagningu raflínu lýkur. Tæki eru komin til landsins og loftnet eru væntanleg í nóvember. Um Háfell segir: Nýr og aflmeiri sendir hefur verið pantaður og er áætlað að hann verði settur upp á miðju næsta ári. Um Arnarnes segir: Sendir er kominn til landsins, en uppsetningu hans og loftneta verður þó vart lokið fyrr en snemma árs 1979. Um endurnýjun sjónvarpssenda segir að sú endurnýjun hafi átt sér stað á Blönduósi í febr. 1978 og í Hegranesi í ágúst 1978.

2. spurning hv. þm. er: „Hvaða framkvæmdir eru ráðgerðar á árinu 1979?"

Svarið er: Framkvæmdaáætlun fyrir árið 1979 liggur enn ekki fyrir. Inn í þá mynd hlýtur ástand langbylgjukerfisins að koma, en það virðist varla lengur geta beðið aðgerða. Mikil verkefni bíða enn úrlausnar þótt dreifing sjónvarpsefnis nái nú til ca. 96% landsmanna.

3. spurning hv. þm. er: „Er fylgt þeirri framkvæmdaáætlun sem unnin var á vegum menntmrh. haustið 1976?"

Allur undirbúningur að uppbyggingu dreifikerfis sjónvarps hefur verið í samræmi við tillögur nefndar sem skilaði áliti 3. des. 1976. Tekjur af aðflutningsgjöldum hafa þó ekki runnið óskertar til dreifikerfis framkvæmda og búnaðar vegna litvæðingar sjónvarps. Æskilegt væri að fá aðflutningsgjöldin sem markaðan tekjustofn, en með því móti mundu framkvæmdaáætlun og fjármögnun haldast í hendur.

4. spurning hv. þm. er: „Hvað eru tollatekjur á sjónvarpstækjum áætlaðar í ár og á árinu 1979?"

Svarið er: Sýnt er að aðflutningsgjöld af litsjónvarpstækjum og loftnetum munu fara nokkuð yfir 1 milljarð á þessu ári. Aðeins 23 svarthvít sjónvarpstæki hafa verið flutt inn á árinu. Ætla má að innflutningur litsjónvarpstækja haldist í verulegu magni á næsta ári.

Ég vænti þess, að fsp. hv. þm. hafi þar með verið svarað.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þegar þeirri hugmynd var hreyft m. a. hér á Alþ. fyrir nokkrum árum að hefjast handa um litvæðingu sjónvarps var rekið upp mikið ramakvein, bæði hér á þingi og utan þess og m. a. frá ýmsum sem báru hag dreifbýlisins fyrir brjósti, þar sem þeir töldu að litvæðingin kæmi einvörðungu þeim, sem búa í þéttbýlinu, til góða og yki enn á mismuninn á milli hinna einstöku landshluta. Engu að síður náði þetta mál fram að ganga, enda var ein meginröksemdin með flutningi þáltill., sem ég og þáv. hv. þm. Þórarinn Þórarinsson leyfðum okkur að bera fram, að tekjur af innflutningi litsjónvarpstækja yrðu það miklar að hægt væri að verja því fjármagni til uppbyggingar dreifikerfisins um allt land. Þetta hefur og komið á daginn, eins og m. a. kemur fram í svari hæstv. ráðh., þar sem hann upplýsir að tekjur á þessu ári muni fara yfir 1 milljarð kr., en áætlan-

ir, sem þó voru byggðar á nokkurri bjartsýni, gerðu ráð fyrir að tekjur yrðu um 340 millj. Af þessu sést hversu giftudrjúgt spor hefur verið stigið þarna og hversu miklar tekjur hafa skapast sem hafa að miklum hluta runnið til þess að byggja upp frekari litvæðingarbúnað í sjónvarpi og dreifikerfi um allt land. En því miður hafa þessar tekjur ekki að öllu leyti og ekki nándar nærri farið einmitt í það verkefni sem n., sem hv. fyrirspyrjandi gat um, gerði till. um og eins og efni stóðu til. Á þessu ári hafa af þessum 1 milljarði kr. aðeins runnið til þessara verkefna, sem við höfum getið, um 550 millj. kr. Hitt hefur farið beint í ríkissjóð.

Nú liggja fyrir áætlanir af hálfu Ríkisútvarpsins um að tekjur verði a. m. k. 800 millj. á næsta ári af innflutningi litsjónvarpstækja og annarra slíkra hliðstæðra tækja, en samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs af þessum tekjum verði einvörðungu 340 millj. Þannig sýnist manni að hæstv. ríkisstj. stefni að því að draga þessar tekjur inn í ríkishítina í stað þess að verja þeim til frekari uppbyggingar á dreifikerfinu og til þess að gera sjónvarpinu og Ríkisútvarpinu ennþá betur kleift að fullnægja þeim verkefnum sem fyrir hendi eru. Ég vil eindregið hvetja til þess, að þessi fjárveiting, sem fram kemur í frv., verði endurskoðuð og það fé, sem fæst af aðflutningsgjöldunum, renni einvörðungu til Ríkisútvarpsins, vegna þess að það eru margvísleg verkefni sem þar bíða. Vinna þarf að dreifikerfinu, afla frekari litvæðingarbúnaðar og enn skortir á allan aðbúnað hjá hljóðvarpinu sjálfu að ganga til þess eðlilega verkefnis að stofna hér aðrar bylgjulengdir, setja á fót stereo útvarp og setja á fót staðbundnar útvarpsstöðvar um allt land.

Ég trúi því, að menn hafi skilning á þörfum Ríkisútvarpsins og telji eðlilegt að þessar tekjur, sem þarna hafa óvænt fengist og munu fást, renni til Ríkisútvarpsins. Samkv. lögum er þarna ekki um að ræða markaðan tekjustofn, en gert er ráð fyrir því í lögunum. Tilgangur þeirra er augljóslega sá, að þessar tekjur renni til stofnunarinnar sjálfrar, og mér sýnist að ef svo heldur áfram sem horfir sé orðið nauðsynlegt að binda það beinlínis í lögum, að þessar tekjur renni beint og óskiptar til Ríkisútvarpsins og það njóti góðs af innflutningi sjónvarpstækja.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Ég geri ráð fyrir að þessi svör, þó að þau fullnægi ekki að öllu leyti því sem víðs vegar er vænst í þessu máli, verði til þess að róa marga sem bíða í óþreyju eftir að geta notið sjónvarps hér á landi.

Ég vil taka undir með hv. þm. Ellert Schram, að ég tel að það sé rétt stefna að þær tolltekjur af sjónvarpstækjum, sem til falla, fari til dreifingar sjónvarps um landið og til þess að byggja upp sjónvarpið sem stofnun. Á því er mjög mikil þörf. Ég vil í leiðinni einnig vekja athygli hv. alþm. á vanda hljóðvarpsins, sem á örugglega eftir að koma á borð þm., þar sem langbylgjukerfið, sem við búum við í dag, er að verða ónothæft. Þetta verður áreiðanlega stórt verkefni mjög fljótlega, og nauðsynlegt er að það verði tekið föstum tökum strax og fyrir liggja þær endurnýjunaráætlanir sem þar eru á ferðinni. — Ég vil endurtaka þakkir til ráðh. fyrir svörin.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Vegna fram kominnar fsp. og svars hæstv. menntmrh. langar mig til þess að taka undir með þeim, sem hér hafa rætt um þessi mál, og þó sérstaklega um það, hve mikilvægt er að þær tekjur, sem fást af umræddum tollum, séu notaðar í dreifikerfi sjónvarpsins. Þá vil ég enn fremur taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að vandamál Ríkisútvarpsins, sérstaklega að því er varðar langbylgjustöðina, hlýtur að koma á borð þm. innan tíðar, enda höfum við, sem sitjum í útvarpsráði, fengið að heyra það hjá starfsmönnum Ríkisútvarpsins, að bráðum nálgist sá dagur að þetta kerfi hrynji algerlega í rúst, og þá er sérstaklega átt við mastrið sem er á Vatnsenda.

Það er, held ég, öllum ljóst, að það er varla hægt að ná því fram hér á landi né annars staðar, að dreifing á sjónvarpi verði 100%. Að sjálfsögðu á að stefna að því, en það tekst sjálfsagt seint, ef nokkurn tíma. En nú er komin sú tækni upp í þessum málum, að hugsanlegt er að Ríkisútvarpið-Sjónvarp geti jafnvel í framtíðinni, ef samningar nást við ýmsa aðila þar um, komið sér upp safni kvikmynda á myndsegulböndum sem verði leigðar þeim sjómönnum sem ekki geta enn sem komið er notið þess á miðunum að horfa á sjónvarp í frítíma sínum.

Í þessum umræðum er vert að minnast á þetta mál og hafa það í huga, og ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. geri það þegar hann hugar að málefnum Ríkisútvarpsins. Auk þess vil ég gjarnan koma því á framfæri, fyrst rætt er um málefni Ríkisútvarpsins, að tími er til þess kominn að einhver stefna sé mörkuð varðandi skólasjónvarp.

Loks ítreka ég það sem kom hér fram um daginn í umr. um Nordsat eða samvinnu Norðurlanda, að með því kerfi gefst kannske kostur á því að ná fram þeirri dreifingu sem að er stefnt, ekki einungis á landinu, heldur jafnframt til þeirra Íslendinga sem eru á miðunum umhverfis landið og eru að færa þjóðinni björg í bú.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég tek undir orð þeirra sem hafa lagt á það áherslu, að tekjur ríkissjóðs af innflutningi sjónvarpstækja verði alfarið notaðar til hinna margvíslegu þarfa Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps. Það er alveg vafalaust að mjög margt er þar ógert, og ég held að útvarpinu veiti ekki af að fá þessar tekjur óskertar.

Hér var vikið að hugsanlegu skólasjónvarpi og einnig að því, að Ríkisútvarpið miðlaði sjómönnum sjónvarpsefni á segulböndum. Mér er kunnugt um að bæði þessi mál hafa verið til athugunar á liðnum árum og nefndir voru skipaðar til að kanna hvort þetta mál um sig. En mér er nú nær að halda að þær hafi ekki unnið mikið, a. m. k. er ekki hægt að segja að skýrar niðurstöður liggi fyrir. Ég tel að þarna sé um að ræða mjög þýðingarmikið mál, bæði hugsanlegt skólasjónvarp og svo aftur miðlun sjónvarpsefnis í þágu sjómanna, og ég hef ætlað mér að hafa þar nokkurt frumkvæði.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Eg tek undir með þeim mönnum sem vilja auka og efla dreifingu sjónvarps á Íslandi. En ég vil vekja athygli hv. Alþingis á því ófremdarástandi sem ríkir í sambandi við það sem við gamlir útvarpsmenn köllum stundum „gamla gufuradíóið". Þar er svo ástatt enn, að útvarpið heyrist ekki nema illa í allmörgum byggðarlögum, og hefur ekki verið tekið til höndum eins og vera ber í þeim efnum. Skyldu menn þó sérstaklega hafa það hugfast, að Ríkisútvarpið sem slíkt er eitt af helstu öryggistækjum þessa lands og er einn aðalliðurinn í almannavörnum á Íslandi. Ég vil því

eindregið hvetja til þess vegna þessarar umr., að málefni útvarpsins sem slíks verði höfð í fyrirrúmi þegar verið er að ræða um dreifingu á sjónvarpsefni og dreifikerfi sjónvarps hér á landi.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi upplýsa að n. um skólasjónvarp skilaði áliti. Hún vann hægt, og það kemur í ljós að töluvert vandasamt mál er að finna út hvernig á að standa að slíkum útvarpsrekstri. Um segulbönd til sjómanna var athugað af nefnd. Hún skilaði stuttu áliti um að vandinn virtist e. t. v. mestur í sambandi við höfundaréttarmál. Eru tveir lögfróðir menn að vinna að því máli núna.

Ég vil láta koma fram hér, að ástæðan til þess, að áætlun nefndar, breytt eða ekki breytt, var ekki gerð að áætlun rn., var kannske fyrst og fremst sú, að það eru ákaflega mörg óvissuatriði í sambandi við þessi dreifingarmál, ekki síst tæknileg, bæði varðandi staðhætti og vegna margvíslegra nýjunga sem stöðugt eru að koma í ljós. Einnig var á sínum tíma mikil óvissa um fjármálahliðina, eins og menn heyra nú, að áætlanir hafa ekki staðist, þó að það sé ekki á venjubundinn hátt sem þær hafa farið úr skorðum.

Það kom fram í svörum hæstv. ráðh., að það er unnið á öllum sviðum eins og ráðgert var í áformum í ársbyrjun, og mér sýnist að eftir atvikum gangi undirbúningur undir næsta ár, og var aldrei við öðru að búast.

Ég stóð fyrst og fremst upp til að árétta það sem hér hefur komið fram, að Ríkisútvarpið þarf á öllu sínu að halda á næstunni. Það er viss galli að þessar tekjur skuli koma inn svona ört núna, í staðinn fyrir að dreifast yfir lengri tíma. Þetta þýðir að skiptin úr svarthvítu yfir í lit verða örari en menn höfðu gert ráð fyrir. En sjónvarpið þarf vissulega á öllu sínu að halda.

Ég árétta það sem hér hefur verið sagt um langbylgjustöðina á Vatnsendahæð, langbylgjukerfið, en bæði dreifikerfi sjónvarps og útvarps þarf á miklum peningum að halda á næstunni, fyrir utan það stóra mál sem skellur yfir fyrr en okkur varir, hjá því verður ekki komist. Húsbygging útvarpsins er nokkuð fjármögnuð samkv. lögum. 5% af tekjum stofnunarinnar fara í framkvæmdasjóð, eins og það heitir víst, en álagning gjalda í haust var með þeim hætti, að það leit út fyrir að unnt væri að láta 10% af gjöldunum renna í sjóðinn. Það er ekki lögbundið, en í raun og veru ætti að gera það, og þá er nokkuð vel séð fyrir því máli.

Menn hafa e. t. v. tilhneigingu til þess að klemma að Ríkisútvarpinu eins og fleiru með því að láta það hafa litla peninga til að moða úr. En það er ekki skynsamlegt, held ég, að beita þar aðhaldi á þann hátt einfaldlega að svelta stofnunina. Ég held að það hljóti að hefna sín. Það hefur e. t. v. verið reynt á vissan hátt um tíma og gaf ekki góða raun. Auðvitað þurfum við aðhald þar eins og annars staðar í okkar opinbera rekstri, en ekki á þann hátt.

Ég vil að lokum minna á að þessi stofnun er ekki einasta almenningseign, heldur er hún og þá náttúrlega sérstaklega hljóðvarpið ómetanlegt öryggistæki fyrir þjóðina. Ég held að við verðum að huga vel að því að svelta hana ekki og fylgja því eftir sem gert var af fyrri ríkisstj., að láta tolltekjurnar af tækjunum renna til útvarpsins þó að þessi hnykkur komi á þetta núna, fylgja því eftir á sama hátt og ætla stofnuninni þessar tekjur til sinna nota. Þetta er ekki lögbundið, en það var um þetta samkomulag þá, og ég vona að það verði haldið áfram á sömu braut að því leyti til, þrátt fyrir þann hnykk sem nú hefur orðið í innflutningi litsjónvarpstækja.

Olíuleit, fsp. (þskj. 82). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 82 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til iðnrh. um olíuleit við Ísland.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að með nýrri þekkingu og nýrri tækni hefur það gerst á síðari árum, að upp hefur komið vitneskja um olíulindir á ýmsum þeim svæðum í veröldinni, þá ekki síst á sjávarbotni, þar sem menn höfðu ekki grunsemdir um að slíkar olíulindir væri að finna. Í þessum efnum er kannske nærtækast fyrir okkur að minnast þess sem gerst hefur við strendur Noregs á síðustu árum. Það er einnig vitað, að á ýmsum þeim svæðum, þar sem ekki liggur þó fyrir nein örugg vitneskja um olíu á sjávarbotni, er engu að síður talið af þeim sem gerst mega vita, að möguleikar kunni að vera fyrir hendi í þeim efnum, að e. t. v. muni rannsóknir leiða í ljós að um olíulindir sé að ræða. Þetta gildir m. a. um viss svæði, vissa hluta af hafsvæðinu í kringum Ísland.

Ljóst er að á allra síðustu árum hefur verið nokkuð fast eftir því leitað af ýmsum erlendum aðilum að fá tækifæri til að hefja olíuleit á hafsvæði við Íslandsstrendur, og það er í tilefni af því sem sú fsp. í 4 liðum, sem ég hef leyft mér að bera hér fram, er fram borin.

Ég hef í huga þá miklu nauðsyn sem á því er að í þessum efnum verði farið með ítrustu gát, þannig að hugsanlegar kannanir á sjávarbotni verði í engu til þess að spilla þeim mikilvægu auðlindum sem okkar fiskimið og lífríki sjávarins við strendur landsins eru. Ég vil í þessum efnum — með leyfi forseta — minna á samþykkt sem gerð var á Náttúruverndarþingi í apríl á þessu ári um þessi mál, vil leyfa mér að lesa hana upp, með leyfi forseta. Hún er á þessa leið:

„Náttúruverndarþing 1978 vekur athygli stjórnvalda á þeim hættum sem eru samfara olíuborun við strendur Íslands og kynnu að reynast afdrifaríkar fyrir lífkerfi sjávarins, þ. á m. fiskstofna innan þeirrar lögsögu sem við höfum tekið að okkur að vernda og berum því ábyrgð á gagnvart umheiminum. Þingið minnir á að olíulindir eru endanlegar auðlindir hér sem annars staðar, en fiskur og aðrar sjávarnytjar eru verðmæti sem geta varað um alla framtíð ef rétt er á málum haldið. Þingið telur nauðsynlegt að farið verði með ítrustu varúð í olíuleit við Ísland og ítarleg könnun fari fram á líklegum áhrifum olíuborunar, hvort heldur er til leitar eða vinnslu, á lífríki sjávarins og þjóðfélag okkar, áður en til greina kemur að veita leyfi til hennar. Verði þar stuðst við reynslu sem þegar er fengin, m. a. í grannlöndum okkar. Þingið leggur einnig áherslu á að full aðgát verði höfð í olíuleit og borunum og slík leit verði algerlega á vegum innlendra aðila."

Hér lýkur tilvitnun í samþykkt Náttúruverndarþingsins. Ég vil að svo mæltu lesa upp það sem segir í hinni prentuðu fsp. til iðnrh. sem ég hef leyft mér að bera fram í 4 liðum, en hún er á þessa leið:

„1. Hvaða samningar hafa verið gerðir af íslenskum stjórnvöldum varðandi olíuleit á hafsvæðum við Ísland?

2. Á hvaða lagaheimildum eru slíkir samningar reistir?

3. Hefur verið metin sú hætta, er olíuleit og olíuvinnsla

gæti haft í för með sér fyrir lífríki sjávar, m. a. fyrir fiskimiðin við landið?

4. Á hvern hátt hyggjast íslensk stjórnvöld fylgjast með umræddum rannsóknum?"

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mun hér leitast við að svara fsp. hv. 3. þm. Vestf. sem er í 4 liðum og hann kynnti.

Fyrst er spurt: „Hvaða samningar hafa verið gerðir af íslenskum stjórnvöldum varðandi olíuleit á hafsvæðinu við Ísland?" Með þessari spurningu mun átt við það, hvaða leyfi íslensk stjórnvöld hafi veitt til olíuleitar á hafsvæðum við Ísland.

Hinn 10. febr. 1971 heimilaði iðnrn. fyrirtækinu Bataafse Internationale Petroleum Maatschappij í Haag, Hollandi, þ. e. Shell í Hollandi, mælingar á hafsbotninum við Ísland. Voru þær mælingar framkvæmdar í sept. 1971 á 350 km langri línu vestur af landinu. Niðurstöður voru afhentar rn. og Orkustofnun nokkrum mánuðum síðar.

Í öðru lagi gaf fyrrv. iðnrh. hinn 17. ágúst s. l. út leyfi til könnunar á setlögum undan ströndum Íslands til handa Western Geophysical Company of America, en hinn 30. maí 1978 hafði ríkisstj. Íslands samþykkt að heimila iðnrh. að veita leyfi til setlagarannsókna á landgrunni Íslands. Hér er um að ræða jarðeðlisfræðilegar mælingar á 4 mælingalínum norðan við land, samtals um það bil 1100 km að lengd. Þessar mælingar standa nú yfir. Leyfið veitir leyfishafa heimild til þess að framkvæma bergmáls-, segul- og þyngdarmælingar frá skipi. Borun er hins vegar óheimil, og vík ég að því síðar. Leyfi þetta er í 9 liðum og er sjálfsagt að kynna það hér í heild hv. þm. ef eftir því verður óskað.

Í 2. lið fsp. er spurt: „Á hvaða lagaheimildum eru slíkir samningar reistir?"

Leyfisveitingin styðst við lög nr. 17 frá 1. apríl 1969, um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland. Í þessum lögum er m. a. kveðið á um að íslenska ríkið eigi fullan og óskoraðan yfirráðarétt yfir landgrunni Íslands að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og að öll slík auðæfi eru eign íslenska ríkisins. Þá er höfð hliðsjón af lögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, orkulögum, en þar segir m. a. um hlutverk Orkustofnunar, að hún skuli annast yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra. Þess er jafnframt rétt að geta, að eftir að hafa fjallað um þessi mál samþykkti fyrrv. ríkisstj. að heimila þáv. iðnrh. að veita leyfi til setlagarannsókna á landgrunni Íslands, og var leyfið í ár gefið út af honum á grundvelli þessarar samþykktar að fenginni umsögn Rannsóknaráðs ríkisins sem var fyrir sitt leyti samþykkt leyfisveitingunni. Framkvæmd laga um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland heyrir til starfssviði utanrrn. og var fullt samráð haft við það um leyfisveitinguna.

Spurt er að því, hvort metin hafi verið sú hætta er olíuleit og olíuvinnsla gæti haft í för með sér fyrir lífríki sjávar, m. a. fyrir fiskimiðin við landið?

Sérstakar grg. liggja ekki fyrir þar að lútandi varðandi íslenskt hafsvæði, en víða erlendis hefur miklu efni verið safnað um hættu af olíuleit og olíuvinnslu fyrir lífríki sjávar. Á árinu 1977 voru þrír menn skipaðir í n. á vegum iðnrn. til þess að kynna sér og gera skýrslu um olíuleitarmál í Noregi. Skiluðu þeir rn. skýrslu í mars 1977, þar sem fram kemur ýmislegt varðandi hugsanlega hættu af slíkum aðgerðum fyrir lífríki sjávar.

Gera verður greinarmun á þrem stigum í leit að olíu og jarðgasi:

1. Jarðeðlisleg frumkönnun til leitar að setlögum?

2. Nánari jarðeðlisfræðilegar rannsóknir setlaga á afmörkuðum svæðum þar sem hugsanlega gæti safnast olía eða jarðgas.

3. Boranir, þ. e. a. s. bein leit að olíu eða jarðgasi á þeim stöðum sem niðurstöður af stigi 2 benda á.

Fyrsta stigi könnunar af þessu tagi, sem veitt var leyfi fyrir s. l. sumar, þ. e. jarðeðlisfræðilegum mælingum frá yfirborði, eiga ekki að fylgja neinar teljandi hættur, svo að vitað sé, fyrir sjávarlíf og engin röskun á hafsbotni. Öðru máli getur gegnt um hin síðari stig slíkra rannsókna, einkum ef til borana kæmi, og algert skilyrði fyrir slíkum aðgerðum hlyti að verða víðtækt mat á þeirri áhættu sem fylgir fyrir lífríkið með sérstöku tilliti til aðstæðna á íslenskum hafsvæðum og fiskimiðum. Þannig kemur að mínu mati ekki til álita að fjalla um frekari rannsóknir, er beinlínis tengdust olíuleit samkv. 2. og 3. stigi, sem ég nefndi, fyrr en að undangenginni rækilegri úttekt og umr. Mikilsvert er að upplýsingum, sem þessi mál varða, sé miðlað til þings og þjóðar og ekki sé flaustrað að neinu. Síst af öllu má tefla í tvísýnu lífrænum auðlindum sem við byggjum afkomu okkar á.

Til frekari skýringa á þeim rannsóknum, sem gerðar eru á 1. stigi, má geta þess, að við þær eru notaðar sömu aðferðir og við ýmsar aðrar vísindalegar rannsóknir á jarðfræði hafsbotnsins. Hliðstæðar rannsóknir hafa verið gerðar á rannsóknarskipum ýmissa þjóða í kringum landið á undanförnum árum. Hér er hins vegar um það að ræða, að kannanir samkv. umræddum leyfum hafa það að markmiði að leita að setlögum og kanna þykkt þeirra, en nauðsynleg forsenda þess, að um olíu og jarðgas geti verið að ræða, eru þykk setlög.

Samkv. þeirri vitneskju, sem við nú höfum um gerð sjávarbotnsins kringum landið, er fyrir fram ekki ástæða til að ætla að olía eða jarðgas finnist á íslensku yfirráðasvæði, þótt viss vottur hafi fundist við könnun sovésks skips árið 1973 á svæði 170 sjómílur norðaustur af landinu. Enn hefur ekki verið þróuð tækni til olíuvinnslu á hafsbotni á miklu dýpi, þar sem helst gætu talist líkur á að olíu eða jarðgas væri að finna. Það rekur því að mínu mati ekkert á eftir rannsóknum er sérstaklega beinast að olíuleit.

Spurt er: „Á hvern hátt hyggjast íslensk stjórnvöld fylgjast með umræddum rannsóknum?"

Af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur Orkustofnun í umboði iðnrn. verið falið að hafa umsjón með framkvæmd könnunarinnar. Á Orkustofnun að hafa eftirlitsmann sémenntaðan í jarðeðlisfræðum um borð í skipinu, og er leyfishafa skylt að veita honum óhindraða aðstöðu til þess að fylgjast með öllum gangi könnunarinnar. Auk þess sem Orkustofnun sendir rn. yfirlitsskýrslu um framkvæmdir skal leyfishafi láta rn. í té ítarlega skýrslu um framkvæmd og niðurstöðu könnunarinnar í síðasta lagi 6 mánuðum eftir lok mælinga. Skal leyfishafi um leið afhenda rn. því að kostnaðarlausu afrit af öllum þeim gögnum sem könnunin leiðir af sér. Rétt er að geta þess, að íslenskur vísindamaður mun taka þátt í úrvinnslu gagnanna á rannsóknarstofu fyrirtækisins í London, þ. e. þeirra gagna sem verið er að safna í umræddri rannsókn. Með því er jafnframt verið að byggja upp sérþekkingu innanlands á þessu rannsóknarsviði.

Einnig má nefna að Orkustofnun hefur óskað eftir að fá að ráða sérfræðing til að vinna að þessum málum af hennar hálfu og ekki þá aðeins með tilliti til olíuleitar, heldur einnig með tilliti til þess að hafa á hverjum tíma sem besta yfirsýn yfir vitneskju um gerð sjávarbotnsins með tilliti til auðlindayfirráða, svo sem verið er að fjalla um á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Varðandi hugsanlega hættu á árekstrum milli rannsóknarskipsins og fiskiskipa er kveðið á í leyfinu, að leyfishafi skuli sérstaklega ábyrgjast að mælingum skuli frestað eða eftir því sem við á hætt ef þær valda truflun á veiðum. Hefur verið haft samráð við hlutaðeigandi stjórnvöld nú nýlega og fleiri aðila til að tryggja snurðulausa framkvæmd. Ber rannsóknarskipinu að tilkynna til Landhelgisgæslunnar gegnum næstu strandstöð staðsetningu skipsins daglega meðan á mælingum stendur.

Eðlilegt og æskilegt er að við reynum að afla sem gleggstra almennra upplýsinga um land okkar, hafsbotn og sjóinn innan íslenskrar lögsögu. Slíkar upplýsingar fást ekki nema með rannsóknum og um þær ber okkur sjálfum að hafa alla forustu og gæta þess að verða ekki öðrum háðir um mat á þeim niðurstöðum er aflast. Samvinna um vísindarannsóknir er viðurkenndur liður í samstarfi þjóða. En þar verðum við að gæta þess að verða ekki um of þiggjendur, síst að því er eigið land varðar. Enn viðkvæmara verður málið ef um rannsóknir er að ræða er beinast að tilteknum eftirsóttum auðlindum. Þar þurfum við að vera sérstaklega vel á verði, þótt vissulega séu mörkin oft óglögg milli almennra og hagnýtra rannsókna.

Það er einkum þrennt sem ég hefði kosið að fyrir lægi áður en íslensk stjórnvöld tækju til meðferðar umsóknir erlendra aðila um rannsóknir eins og þær sem hér um ræðir:

1. Að mörkuð hefði verið mun skýrari stefna en fyrir liggur af hálfu stjórnvalda um æskilegar rannsóknir á íslenska landgrunninu, m. a. með hliðsjón af starfi landgrunnsnefndar. Í framhaldi af slíkri stefnumörkun ætti að setja reglugerð um framkvæmd rannsókna á auðæfum landgrunnsins, en gert er ráð fyrir slíkri reglugerð í 4. gr. laga nr. 17/1969, um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunni, svonefndra landgrunnslaga.

2. Að tryggð væri í landinu hjá íslenskum stofnunum aðstaða til að hafa með hendi þær rannsóknir sem við höfum fyrirsjáanlega bolmagn til að standa að sjálfir og ástæða þykir til að ráðast í samkv. mótaðri stefnu. Sömu aðilar ættu að hafa umsjón með heimiluðum rannsóknum útlendinga og getu til að meta niðurstöður slíkra rannsókna hverju sinni, auk almennrar heimildarvörslu. Lagt hefur verið til, m. a. af landgrunnsnefnd og iðnrn., að Orkustofnun verði falin umsjón og eftirlit með rannsóknum á setlögum við landið og söfnun upplýsinga og úrvinnslugagna sem berast. Hefur Orkustofnun sótt um fjárveitingu í þessu skyni vegna fjárlaga næsta árs að upphæð um 10 millj. kr., en sú fjárveiting var hins vegar felld niður við undirbúning fjárlagafrv. Reynir á fjvn. og Alþ. hvort fé verður veitt til þessarar starfsemi hjá stofnuninni, en ég tel brýnt að hafin verði skipuleg gagnaöflun varðandi íslenska landgrunnið, óháð því hvort áfram yrði haldið könnunum sem tengjast olíuleit.

Þá tel ég óeðlilegt að heimila útlendingum að ráðast í þá rannsókn setlaga, sem hér er til umr., án þess að fyrir fram væri tryggt fjármagn til úrvinnslu og gagnavörslu hjá íslenskri stofnun og áður en Alþ. hefur gefist kostur á að fjalla þannig um málið.

Í þriðja lagi tel ég nauðsynlegt, að áður en lengra er haldið á þeirri braut að veita útlendum fyrirtækjum leyfi til olíuleitar hér við land, þótt um frumkönnun sé að ræða, þurfi að safna gögnum um hugsanleg áhrif mengunar frá borunum vegna olíuleitar og olíuvinnslu með tilliti til aðstæðna á íslenskum hafsvæðum. Kæmi í ljós við frumkönnun, að um olíu eða jarðgas gæti verið að ræða í setlögum innan okkar lögsögu, mun skjótt skapast þrýstingur um framhaldsrannsókn, og þá er betra að fyrir liggi grunnupplýsingar um mengunarhættu og annað það sem raskað gæti lífsskilyrðum á fiskimiðum okkar. Vissulega ber að meta slíka hættu í ljósi þeirrar tækni sem völ er á, en við þurfum að gæta þess að gerast ekki þátttakendur í tvísýnum tilraunum sem stefnt gætu í hættu lífrænum auðlindum hafsins. Hafa ber einnig í huga, að auðlind eins og olía eða jarðgas hleypur ekki frá okkur ef hún finnst á annað borð, heldur mun vaxa að verðgildi eftir því sem á birgðir jarðarbúa gengur.

Þrátt fyrir þá varnagla, sem hér hafa verið slegnir, og gagnrýni á þá ákvörðun fráfarandi ríkisstj. að veita á þessu stigi leyfi til þeirrar könnunar setlaga norður af landinu sem nú stendur yfir, taldi ég ekki rétt að rifta gerðum samningi við Western Geophysical. Þar á ekki miklu að vera hætt til, og ég tel að eftir atvikum hafi verið vel haldið á máli við samningsgerð við fyrirtækið. Sjálfur hef ég ásamt starfsmönnum iðnrn. beitt mér fyrir varúðarráðstöfunum vegna loðnuflotans sem er að veiðum á þeim slóðum sem rannsóknin tekur til, og ég vænti þess, að þar komi ekki til neinna óhappa, þótt fyrirtækið sé bótaskylt samkv. samningi.

Ég vil að lokum undirstrika, að ég tel að margt þurfi að athuga, áður en lengra er haldið á þessari braut, og stjórnvöld og Alþ. þurfi að marka skýrari stefnu um landgrunnsrannsóknir en fyrir liggur.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir greinargóð svör við þeirri fsp. sem hér er til umr., og ég fagna yfirlýsingum hans um það, að fyllsta ástæða sé til að hafa mjög mikla aðgát varðandi allar hugsanlegar rannsóknir tengdar olíuleit á sjávarbotni.

Að mínum dómi er alveg sérstök ástæða til þess að láta ekki dragast úr hömlu að afla sem ítarlegastra upplýsinga um það, hvaða hættur kynnu að fylgja borunum á sjávarbotni, ef til kæmi, hættur fyrir fiskimiðin og lífríki sjávar. Ég hygg að það sé tímabært að unnið verði að sérstakri grg. í þessum efnum af hálfu íslenska ríkisins, þannig að þær upplýsingar, sem þar yrði safnað, gætu á síðari stigum auðveldað okkur ákvörðun í þessum efnum, því að ég hygg að full ástæða sé til að gera ráð fyrir því, að svo kunni að fara að nokkuð fast verði eftir því leitað að fá hér heimildir til borana í könnunarskyni, sem er að sjálfsögðu miklu stærra mál en sú heimild sem upplýst var af hæstv. iðnrh. að veitt hefði verið af fyrrv. ríkisstj. fyrr á þessu ári. En það kom skýrt fram í máli hæstv. iðnrh., að hann hefur fullan hug á að þessar undirbúningskannanir af hálfu okkar sjálfra fari fram sem fyrst, og ég fagna því, og þá ekki síður vil ég láta í ljós ánægju með þá áherslu sem hæstv. ráðh. lagði á það, að við hefðum sjálf, okkar stjórnvöld og okkar vísindamenn, alla forustu um það sem aðhafst kynni að verða í þessum efnum og af okkar hálfu yrði um mjög vandað og öflugt eftirlit að ræða varðandi athafnir erlendra aðila í tengslum við

könnun á jarðlögum á sjávarbotni við strendur lands okkar.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á þeim örstutta tíma, sem leyfður er til umr. um fsp., gefst ekki tími til að gera þessu umfangsmikla máli ítarleg skil. Ég vil aðeins undirstrika það, að af hálfu fyrrv. ríkisstj. var gætt fyllstu varúðar við allan undirbúning að þessu máli. Í grg. hæstv. iðnrh. kom fram mjög skýr mynd af því, sem gert hafði verið í tíð fyrrv. ríkisstj., m. a. að ákveðið var fyrir tæpum tveimur árum að kanna sem allra gleggst hvernig frændþjóð okkar, Norðmenn, hefði hagað undirbúningi við rannsókn á landgrunni, olíuleit og síðar samninga. Til þess voru fengnir þrír ágætir menn, m. a. einn frá Orkustofnun, og þeir sömdu ítarlega greinargerð sem hæstv. ráðh. minntist á. Það var eindreginn vilji og ákvörðun að ekkert yrði í þessu máli gert nema að mjög vel athuguðu máli og eftir að við höfðum kynnt okkur undirbúning, framkvæmdir og reynslu nágrannaþjóða í þessum efnum.

Hins vegar hafa þær tvær opinberu stofnanir, sem fjalla um rannsóknir auðlinda okkar skv. lögum, Orkustofnun og Rannsóknaráð ríkisins, á undanförnum árum lagt á það mikla áherslu að meira yrði unnið að rannsóknum á landgrunninu en gert hefur verið. Við töldum að ekkert væri við það að athuga að ráðist yrði í þetta fyrsta stig sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, sem alls ekki er olíuleit, heldur jarðeðlisfræðilegar mælingar á landgrunninu frá yfirborði sjávar, þ. e. á setlögum fyrst og fremst. Í þessu felast auðvitað ekki nein fyrirheit eða vilyrði um olíuleit, ef svo kynni að fara að þessar rannsóknir bentu til þess, að einhvers staðar voru líkur fyrir olíu eða jarðgasi á landgrunninu.

Hæstv. ráðh. tók líka fram, að varðandi þessa leyfisveitingu, sem gerð var í samráði við Orkustofnun og Rannsóknaráð ríkisins, hefði verið vel haldið á málum, enda voru svo ítarleg skilyrði sett í þessum efnum að ég held að ekki sé grundvöllur að gagnrýna slíkt.

Þegar þetta er athugað kom mér nokkuð á óvart, að hæstv. ráðh. skyldi í lok ræðu sinnar bera fram gagnrýni á þá ákvörðun fyrrv. ríkisstj. að hafa leyft þessar jarðeðlisfræðilegu rannsóknir og mælingar á setlögum, og mér finnst vanta rök af hendi hæstv. ráðh. fyrir þeirri gagnrýni. Ég vil undirstrika það, að hin mesta gát hefur verið höfð í öllum þessum efnum. Þessar rannsóknir, sem leyfðar voru, geta á engan hátt haft nein áhrif á lífríki sjávar eða á sjávarbotninn, og þetta leyfi til vísindalegra rannsókna var veitt með fullu samþykki þeirra tveggja stofnana sem skv. lögum fjalla um þau mál, Orkustofnunar og Rannsóknaráðs ríkisins.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil að það komi fram ákveðið, að ég tel fulla ástæðu til að fara í þá úttekt sem hv. 3. þm. Vestf. nefndi um þær hættur sem fylgja kunna borunum í sambandi við olíuleit. Það er augljóst mál, að ef svo færi að olía fyndist á íslenskum hafsvæðum, eða líkur réttara sagt taldar á því, að olía væri í setlögum innan íslenskrar lögsögu, þá mundi þrýstingur aukast mjög á að fara út í frekari könnun á þeim málum og þá með borunum.

Hitt er svo annað mál, að enn sem komið er liggur ekki fyrir tækni til þess að vinna olíu á því dýpi sem helst eru nú taldar líkur á að setlög með olíu gæti verið að finna á íslenskum hafsvæðum, þannig að málið er kannske alls ekki nálægt okkur í tíma. Þótt sá vottur hafi fundist sem ég gat hér um, við kannanir sovéskra aðila 1973, tel ég að hann hafi verið það veikur, að ekki sé mikið á honum byggjandi, og sennilega er hann utan við lögsögu okkar, þó ég hafi ekki athugað það sérstaklega.

Þrátt fyrir þetta er hins vegar sjálfsagt að afla upplýsinga um þessi mál, og ég vil undirstrika það, að aðstæður á hafsvæðum við Ísland og norður af landinu eru að sjálfsögðu sérstæðar og talsvert annars eðlis en t. d. í Norðursjónum, þar sem Norðmenn og fleiri þjóðir standa fyrir olíuvinnslu.

Varðandi ræðu hv. þm. Gunnars Thoroddsens hef ég helst við meðferð málsins fram að þessu að athuga, að ekki skyldi áður en í þetta var ráðist hafa farið fram umræða um stefnumörkun í sambandi við þessi mál, — stefnumörkun sem mér finnst eðlilegt að Alþ. fjalli um áður en ríkisstj. taki ákvarðanir í málum af þessu tagi. Ég tel að hér sé um svo viðkvæm og jafnframt mjög þýðingarmikil mál að ræða, að eðlilegt sé að fyrir liggi víðtæk stefnumörkun af hálfu stjórnvalda sem byggist á skoðanaskiptum sem fram fari hér á Alþingi.

Ég tel að við eigum ekki að láta rannsóknarstofnanir, svo ágætar sem þær annars eru og þeir sem þar starfa, ráða ferðinni í þessum efnum. Áður en till. þeirra eru metnar þarf að fara fram pólitískt mat á því sem verið er að gera.

Ég vil einnig benda á það, að ekki hefur verið tryggt enn sem komið er fjármagn til þeirrar úrvinnslu og gagnavörslu sem þarf að fylgja í sambandi við athuganir af þessu tagi. Orkustofnun hefur sótt um fjárveitingar í þessu skyni. Alþ. hefur enn ekki afgreitt það mál.

Ég vil að endingu alveg sérstaklega leggja á það áherslu, að mörkuð verði skýr heildstæð stefna um landgrunnsrannsóknir á grundvelli laga þar að lútandi, nr. 17/1969. Slík reglugerð hefur enn ekki verið sett þótt lögin hafi verið þetta lengi í gildi. Ég tel að það sé fyllilega kominn tími til að taka á því máli og það tengist umr. sem hér hefur þegar farið fram á hv. Alþ. fyrir ekki mjög löngu í sambandi við landgrunnið og réttindi okkar yfir landgrunninu og hugsanlegum svæðum sem utan við það liggja.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mig langar að víkja sérstaklega að síðustu orðum hæstv. iðnrh., þar sem hann fjallaði um nauðsyn þess að við skoðuðum rækilega landgrunn Íslands og sú skoðun yrði byggð á lögum frá 1969. Raunar er e. t. v. ekki meginástæða til þess einmitt nú um þessar mundir að athuga sérstaklega landgrunn Íslands innan 200 mílna, heldur miklu frekar utan 200 mílna. Sannleikurinn er sá, sem því miður hefur farið um of fram hjá okkur Íslendingum, að baráttan á hafréttarráðstefnunni snýst nú um víðáttumikið hafsvæði utan 200 mílnanna, um yfirráðin á því svæði. Þar koma inn í setlög m. a. skv. t. d. írskri kenningu um það, hvernig ákvarða skuli ytri mörk landgrunnsins. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til að fárast yfir því, að setlög á íslenska landgrunninu séu rannsökuð. Þvert á móti er nauðsynlegt að gera það. Hitt er svo allt annað mál, að auðvitað er ástæðulaust að fara að leita að olíu hér beinlínis á næstu árum. Undir það tek ég með hæstv. iðnrh.

En meginatriðið er það, að fyrir þinginu liggur till. um rannsókn landgrunns Íslands sem tekur einmitt mið af því, hvað hagsmunir landsins á þessu sviði eru mikilvægir einmitt á næstu mánuðum og kannske 1-2 árum á haf-

réttarráðstefnunni, einmitt utan 200 mílnanna, langt suður í höfum og kannske langt norður í höfum líka. Þessari till. var eðli málsins skv. vísað til utanrmn. og er þar til umr. Ég skal þess vegna ekki fara að ræða málið mikið efnislega á þessu stigi, vegna þess að væntanlega verða ekki margir dagar, a. m. k. ekki margar vikur þangað til alþm. snúa bökum saman um það að marka þá stefnu sem hæstv. ráðh. nefndi. A. m. k. treysti ég því, að það verði gert áður en Alþingi fer í jólaleyfi, því vissulega má engan tíma missa. Þetta eru miklu mikilvægari hagsmunir en menn hafa fram að þessu gert sér grein fyrir. Aðrar þjóðir verja nú miklum fjármunum og nota mikið vinnuafl til að kynna sér sína hagsmuni og rannsaka þessi mál öll. Nefni ég þar Íra t. d., Breta auðvitað, jafnvel Færeyingar eru langt á undan okkur í því, vegna þess að þeir hafa gert sér grein fyrir því, að þeir hafa þarna mikilla hagsmuna að gæta. Við gætum hagsmuna okkar því miður ekki í nægilega ríkum mæli. Og þegar talað er um einar 10 millj. til þess að efla Orkustofnun á þessu sviði, þá er það auðvitað svo sjálfsagt mál að afgreiða, að ég trúi ekki öðru en að hver einasti alþm. styðji það, og þó þær væru 20, 30, 40 eða 50, milljónirnar sem til þessara athugana þyrfti að verja.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Af því að það var getið um það í svari hæstv. iðnrh., að utanrrn. hefði átt hlut að þessu máli og ég starfaði þar á þeim tíma sem þessi ákvörðun var tekin, vil ég gjarnan gera grein fyrir því hér, að ég taldi að svo vel hefði verið að þessu máli staðið og svo tryggilega um hnúta búið, að það væri rangt að neita um leyfi til þeirra frumathugana sem hæstv. ráðh. gerði mjög vel grein fyrir í máli sínu.

Ef ég hef tekið rétt eftir, sagði hæstv. ráðh. eitthvað á þá leið, að rannsóknir væru nauðsynlegar til þess að byggja ákvarðanir á. Ég er þessu að sjálfsögðu algjörlega sammála. En ég vil þá hugsa þessa hugsun svolítið lengra og draga þá ályktun af þessum réttu fullyrðingum, að pólitískt mat þurfi líka að byggjast á einhverju raunhæfu. Ég get ekki komið auga á það, hvernig stjórnmálamenn eiga að taka ákvörðun um framhald þessara mála án þess að vita eitt eða neitt um það sem til skoðunar er. Þess vegna álít ég að rannsókn á setlögunum, sú sem nú fer fram og hefur raunar að nokkru leyti farið fram áður með leyfi þeirra stjórnvalda sem þá voru við stýrið, hljóti að vera frumforsenda þess, að Alþ. og stjórnmálamenn geti tekið ákvörðun um framhald.

Það er upplýst og viðurkennt af hæstv. iðnrh., sem sjálfur er einn þekktasti náttúruverndarmaður okkar lands, að með þeirri ákvörðun, sem tekin var og verið er að vinna að, sé engu hætt, engri hættu boðið heim, heldur aðeins lagður grunnur að framhaldsrannsóknum sem unnar verða eftir að viðkomandi stjórnvöld og þá Alþ., ef mál skipast á þann veg, hafa tekið ákvörðun á grundvelli þeirra niðurstaðna sem af þessum og öðrum slíkum athugunum fást.

Það er mjög gott að hafa Náttúruverndarráð fyrir samvisku stjórnmálamanna og þjóðarinnar í þessum málum. En ég endurtek það, að við skulum minnast þess, sem áðan var sagt, að allar framfarir byggjast á rannsóknum og könnunum, og ef við þorum ekki að hefjast handa um neitt, þá náum við heldur engum árangri.

Þessi var ástæðan fyrir því, að ég fyrir mitt leyti var því fylgjandi að það leyfi, sem hér hefur verið gert að umtalsefni, var veitt. Ég ítreka það, að skv. mínu að vísu takmarkaða viti á þessum málum var þannig um hnútana búið, að engin hætta átti að vera því samfara þótt þessi athugun færi fram. Hitt er svo sjálfsagt mál, að Alþ. og ríkisstj., hver sem hún kann að vera, skoði málið á nýjan leik í ljósi þeirra upplýsinga sem af þessum frumathugunum, þessum hættulausu frumathugunum fást.

Fæðingarorlof, fsp. (þskj. 48). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef á þskj. 48 leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Svövu Jakobsdóttur svo hljóðandi fsp.:

„Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera til að koma fæðingarorlofi í það horf, sem áður samþ. ákvæði til bráðabirgða í lögum um atvinnuleysistryggingar segja til um.“

Þessari fsp. er beint til hæstv. heilbr.- og trmrh. og ekki að ástæðulausu, því þau ákvæði, sem hér er vitnað til, hafa verið alllengi í gildi og full ástæða til þess að kanna hvaða stefnumörkun er hugsanleg af hálfu núv. hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, einkum með tilliti til þess, að þessi mál eru sérstaklega ofarlega á baugi hjá núv. ríkisstj.

Fæðingarorlof almennt hefur borið nokkuð oft á góma á Alþ. meðan ég hef setið hér. Ég man till. hv. varaþm. Bjarnfríðar Leósdóttur fyrst um að tryggja öllum konum rétt til fæðingarorlofs; frv. um atvinnuleysistryggingar eða breytingu á Atvinnuleysistryggingasjóðnum í þeim farvegi nokkurn veginn sem það mál er í dag; till. hv. fyrrv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur o. fl. um fæðingarorlof sveitakvenna, ákveðna leið að því marki; og nú hefur verið lögð fram till. hv. þm. Árna Gunnarssonar o. fl. um sama efni, þ. e. a. s. fæðingarorlof sveitakvenna.

Þegar fæðingarorlofið fór í gegnum Alþ. með breyt. á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð, þeim sjóði falið að standa þar undir kostnaði, þá studdi ég þá skipan vissulega með hálfum huga. Ég sá á henni ærna annmarka og alveg sér í lagi að hér var ranglega að staðið hvað það snerti, að hér er um hreint tryggingamál að ræða og inn í það kerfi átti vissulega að beina þessari réttarbót og um leið gera hana víðtækari, svo hún næði til allra kvenna sem á þyrftu að halda.

Þetta sjónarmið var undirstrikað mjög rækilega af einum af flm. þessa frv. um árið, hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, á dögunum í Ed. þegar hann var að mæla fyrir frv. um Lífeyrissjóð Íslands. Hann einmitt taldi þar hið sjálfsagðasta mál, að sú skipan, sem hann átti nokkuð drjúgan þátt í að koma á hér, væri óraunhæf og ætti að breyta, því hér væri um almannatryggingamál að ræða.

Ég ætla ekki að fara náið út í þetta mál í þessum fyrirspurnatíma, aðeins rifja það upp fyrir mönnum, að 1975, þegar lögin um atvinnuleysistryggingar — fæðingarorlof voru sett, þá var svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði sem fylgdi:

„Fyrir 1. jan. 1976 skal ríkisstj. láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni.“

Aftur 1977, þegar breyting var gerð varðandi tekjumörkin, þá var samþ. ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

„Fyrir 1. janúar 1978 skal ríkisstj. láta kanna, á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof, og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður

þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi."

Hér er allskýrt að orði kveðið, en ég veit ekki til þess, að mikið hafi verið aðhafst í þessu máli. Það er ekki von til þess að vísu, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi aðhafst að marki á þeim tveimur mánuðum sem hún hefur setið, allra síst í ljósi þess að rúmlega þrjú ár eru liðin frá því að fyrra ákvæðið var samþ., sem lagði fyrrv. ríkisstj. vissar skyldur á herðar sem ekki er vitað til að hafi verið framfylgt að neinu marki. Miklu fremur er hér um það að ræða, eins og fsp. ber með sér, að spurt sé um líklegar aðgerðir núv. ríkisstj. til að hrinda þessu bráðabirgðaákvæði í framkvæmd og hvenær þeirra aðgerða sé þá að vænta.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Forsaga þessa máls, sem eins og hv. fyrirspyrjandi sagði hefur æðioft komið til umr. á hinu háa Alþ. nú síðustu árin, er í stuttu máli þessi:

Með lögum nr. 56 frá 1975 voru konum, sem forfölluðust frá vinnu vegna barneigna og voru fullgildir meðlimir í verkalýðsfélögunum, áskildar atvinnuleysisbætur í 90 daga og skyldu greiðast úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Í ákvæði til bráðabirgða við þessi lög var ríkisstj. falið að kanna fyrir 1. jan. 1976 á hvern hátt mætti veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Reglugerð um fæðingarorlof var gefin út 20. jan. 1976. Með lögum nr. 28 frá 1977 voru felld niður skerðingarákvæðin sem verið höfðu í upphaflegu lögunum og vörðuðu tekjur maka. Jafnframt voru tímamörk bráðabirgðaákvæðisins ákveðin að nýju og nú miðað við 1. jan. 1978, eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á.

Þrátt fyrir þetta náði takmark bráðabirgðaákvæðisins ekki fram að ganga í tíma, enda mun töluverður ágreiningur um mál þetta og þó einkum það, hvort þessar bætur skuli greiðast áfram úr Atvinnuleysistryggingasjóði eða frá almannatryggingum, en fjármögnun þessara kerfa er sem kunnugt er með ólíkum hætti.

Nefnd, sem starfað hefur undanfarin ár að endurskoðun laga um almannatryggingar og skilaði tveimur frv. á síðasta ári, tók ekki afstöðu til þessa máls, og sama er að segja um n. sem vinnur að endurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingasjóð. Hún gerði í mars s. l. grein fyrir störfum sínum, en tók þá ekki afstöðu til fæðingarorlofsmálsins, lét reyndar það álit sitt í ljós, að fæðingarorlof ætti ekki heima í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Sennilega mun n. þessi, sem er undir forustu Benedikts Sigurjónssonar, hæstaréttardómara, skila áliti til ráðh. í byrjun næsta árs. En ég tel afar ósennilegt, sbr. það sem áður segir, að hún muni gera ráð fyrir að leggja þessar greiðslur á Atvinnuleysistryggingasjóð, og ég tel slíkt raunar ekki eðlilegt, enda er geta sjóðsins til að gegna upphaflegu hlutverki sínu þegar tilfinnanlega skert af völdum þeirra. Þannig hafði sjóðurinn hinn 31. ágúst s. l. greitt á þessu ári alls 287 millj. kr. í fæðingarorlof eða nokkru hærri upphæð en nam öllum atvinnuleysisbótum og kauptryggingu samtals á þessu sama tímabili.

Gert er ráð fyrir því í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., að hún beiti sér fyrir endurskoðun á lögum um almannatryggingar þannig að aukin áhersla verði lögð á tekjujöfnunaráhrif tryggingakerfisins, eins og þar stendur.

Ég er þessa dagana að undirbúa nefndarskipun til að annast þetta verk. Sú n. fær jafnframt það hlutverk að koma með till. um það, hvernig fæðingarorlofi verði best fyrir komið innan tryggingakerfisins. Vissulega er þörf mikilla breytinga frá því fyrirkomulagi sem nú er í gildi. Álit mitt er það, að allar konur eigi með einum eða öðrum hætti að njóta fæðingarorlofs.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hlýt að þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. svör hans, og alveg sérstaklega fagna ég þeirri nefndarskipun sem hann hefur í huga nú næstu daga með því verkefni, sem hann vék að og fsp. lýtur að, að kanna hvernig þessu fæðingarorlofi verði best fyrir komið innan tryggingakerfisins, þar sem það á vissulega heima. Ég tek það auðvitað fram, að sú réttarbót, sem í þessu fólst á sínum tíma, er ekki vanmetin, ég er ekki að vanmeta hana sem slíka. En það er rétt að það var viss andstaða við þetta af hálfu þeirra aðila sem með málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs fara. Til þeirra sjónarmiða, sem þeir komu fram með, var ekki tekið tillit, og það var vissulega gagnrýnt bæði af mér og öðrum. Ég studdi þessa breytingu á þeim tíma með þeim fyrirvara, að hér var um mikla réttarbót að ræða fyrir stóran hóp kvenna, — réttarbót sem var, að því er virtist, af hálfu þeirrar stjórnar, sem þá sat, eina leiðin sem hægt var að koma í gegn, þó að ekki væri eins að því staðið og við hefðum kosið mörg hver.

Það er alveg ljóst, að auk þeirra kvenna, sem oftast hefur borið á góma í sambandi við umr. um fæðingarorlof, þ. e. a. s. bændakvenna, er auðvitað um að ræða stóran hóp kvenna einnig sem nýtur ekki þessa réttar í dag. Ég nefni þar sem dæmi þær konur t. d. sem vegna ungra barna og jafnvel ómegðar, sem þekkist enn í dag, geta ekki náð tilskildum vinnustundafjölda sem þarf til að koma, jafnvel þó að þær séu að reyna að vinna eitthvað úti. Stundum er um heimilisaðstæður eða bein veikindi að ræða, svo sem ég veit um nokkur dæmi, sem hindra þessar konur í því að fara út á vinnumarkaðinn og vinna sér þessi réttindi. Þessi dæmi, sem ég þekki t. d. úr heimabyggð minni, verða býsna blöskrunarverð í samanburði við ýmis önnur þar sem fullar bætur eða orlofsgreiðslur fást. Þetta þarf auðvitað ekki að rekja. Hér er um mikla mismunun að ræða sem er eðlilegt og sjálfsagt að fært verði í rétt og eðlilegt horf. Ég hygg að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, muni hljóta eðli málsins samkvæmt að komast að þeirri niðurstöðu, að þetta þurfi að færast inn í okkar tryggingakerfi, og ég vænti þess um leið, að hún ásamt hæstv. ríkisstj. finni til þess heppilegasta leið, þannig að fullu jafnrétti verði hér á komið.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál almennt, aðeins út frá sjónarmiðum Atvinnuleysistryggingasjóðs, þeirra sem hafa áhyggjur af þeim sjóði.

Þegar fæðingarorlof var sett inn í atvinnuleysistryggingar, svo hlálegt sem það er út af fyrir sig, varaði ég mjög eindregið við þeim áhrifum sem það hefði á möguleika Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að standa undir sínu eiginlegu hlutverki. Á þetta var ekki hlustað þá í hv. Alþingi.

Fyrrv. heilbrmrh. setti n. til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar, svo sem hæstv. ráðh. gat um áðan. Þessi n. hefur ekki formlega skilað áliti, en fyrir löngu er ljóst að allir nm. eru sammála um að fæðingarorlofið eigi ekki heima með atvinnu-

leysistryggingum. Hins vegar hefur n. ekki skoðað það sem sitt hlutverk að gera till. um meðferð fæðingarorlofs að öðru leyti. Það mál er náttúrlega mjög brýnt að verði tekið til athugunar. En ég ætla að nota þetta tækifæri til þess að leggja á það þunga áherslu, að það að setja fæðingarorlofið á Atvinnuleysistryggingasjóð hefur numið nokkru hærri upphæðum en þær tryggingar, sem sjóðurinn á að standa undir síðan þetta var gert, og mun á þessu ári sennilega fara í u. þ. b. 500 millj. kr. Þetta ásamt mörgum öðrum böggum, sem löggjafarvaldið hefur bundið Atvinnuleysistryggingasjóði, gerir það nú að verkum, að sjóðurinn er alls ófær um að standa við það hlutverk sem hann á að annast, þ. e. að greiða atvinnuleysisbætur, ef eitthvað bjátar á í atvinnulífinu hjá okkur. Og ég vil hreinlega lýsa því yfir, að ég tel siðferðilega skyldu ríkisvaldsins að sjá um, að ef til þessa kemur, þá verði að vera trygging fyrir því, að atvinnuleysisbætur verði greiddar þó að lausafjárstaða sjóðsins sé slík að hann geti ekki innt þessar greiðslur af höndum. Þetta held ég að sé mjög brýnt mál að athugað verði nú og vil nota tækifærið til að minna á það í sambandi við þetta mál.

Vesturlína, fsp. (þskj. 97). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hér er fsp. til hæstv. iðnrh. um Vesturlínu. Hér er um að ræða þátt í orkumálunum sem hefur verið mjög fyrirferðarmikill á undanförnum árum og ein af hinum þýðingarmestu framkvæmdum í orkumálum Íslands, þ. e. a. s. lið í því að tengja landið þannig að það verði eitt samveitusvæði. Á undanförnum árum hefur verið unnið stórt átak í þessu efni og hefur verið miðað að því, að tengja landshlutana alla saman við aðalorkuveitukerfi Suðvesturlands, þ. e. a. s. tengja Norðurland, Austurland og Vestfirði saman við þetta svæði, þannig að þá verði kominn grundvöllur að því að allt landið sé eitt orkuveitusvæði. Þegar er lokið Norðurlínu, svo sem kunnugt er, gert er ráð fyrir að Austurlína komi í gagnið um næstu áramót, og unnið hefur verið við lagningu Vesturlínu á þessu ári. Og þessi fsp. fjallar um Vesturlínu.

Vesturlínan er ekki einungis þýðingarmikill þáttur frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, heldur varðar Vesturlínan miklu máli Vestfirði, það fólk sem býr á Vestfjörðum. Nú er það svo, að árið 1977, á s. l. ári, var stofnað sameignarfélag ríkis og sveitarfélaganna á Vestfjörðum, Orkubú Vestfjarða, til þess að hafa það verkefni að annast orkumál Vestfjarða. Stofnun þessa fyrirtækis var nýjung á margan hátt, m. a. vegna þess að þetta er eina orkufyrirtæki landsins sem hefur það hlutverk að fjalla um orkumál hver svo sem orkugjafinn er.

Við stofnun þessa fyrirtækis voru nokkrar höfuðforsendur sem Vestfirðingar settu fyrir stofnun þessa fyrirtækis. Það var í fyrsta lagi, að fullnægt væri orkuþörf Vestfirðinga með innlendum orkugjöfum, í öðru lagi, að sambærilegt orkuverð væri á Vestfjörðum og annars staðar á landinu, og í þriðja lagi, að Orkubúinu væri tryggður traustur rekstrargrundvöllur. Það þurfti að huga að mörgu í þessu sambandi, og það var gert þegar við stofnun fyrirtækisins. Athygli manna beindist sérstaklega að því, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að fullnægja orkuþörf Vestfjarða með innlendum orkugjöfum. Ekki var kostur þess að gera það með því að reisa vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum, vegna þess að orkuskortuinn var þegar orðinn og fyrirsjáanlegt að hann yrði svo mikill á næstu árum að það hefði verið allt of seinvirk leið. Þess vegna beindist hugur manna að því að leggja áherslu á að tengja Vestfirði við aðalsamveitukerfi landsins. Því var það að gefin voru fyrirheit af hálfu ríkisvaldsins um að lokið yrði lagningu Vesturlínu fyrir árslok 1979. Þetta var ein af meginforsendunum fyrir því, að Vestfirðingar bundust samtökum með ríkinu um stofnun Orkubús Vestfjarða.

Það má fara mörgum orðum um það, hve þýðingarmikil þessi framkvæmd er, og skal ég ekki gera það, enda takmarkaður tími sem ég hef til umráða. En ég vil aðeins vekja athygli á því, hvaða þýðingu það hefði nú ef svo kynni að fara að ekki yrði staðið við fyrirheit, sem Vestfirðingum voru gefin við stofnun Orkubús Vestfjarða, að línan yrði fullgerð í árslok 1979. Það þýðir það, að Vestfirðingar eiga ekki annars úrkosta en að auka framleiðslu rafmagns með dísilvélum. Vita allir hversu hagkvæmt eða réttara sagt óhagkvæmt það er og hversu óviðunandi er að nota slíkt rafmagn til upphitunar húsa. Það er þess vegna raunverulega um stöðvun í þessu máli að ræða á Vestfjörðum ef ekki verður staðið við þetta fyrirheit nema með því að Orkubúið fái aðstöðu til þess að afla sér dísilvéla, margra slíkra véla, með ærnum kostnaði og reka þær. En olíukostnaður á árinu 1980 undir þessum kringumstæðum mundi nema 670 millj. kr. fyrir Orkubú Vestfjarða miðað við verðlag í okt. í ár.

Af þessu má nokkuð marka hversu mjög þetta mál er þýðingarmikið, ekki einungis til þess að tryggja Vestfirðingum innlenda orku, heldur og til þess að tryggja rekstrargrundvöll fyrir Orkubúið ef það á að standa við það fyrirheit sem gefið var og verður að standa við, að orkuverðið verði sambærilegt við það sem gerist annars staðar í landinu. Það er því ekki að ófyrirsynju, að ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. um hvað þessari framkvæmd líði. Ég hef þess vegna leyft mér að leggja fram, herra forseti, svo hljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh:

„Hvað líður framkvæmdum við háspennulínu frá Hrútatungu í Hrútarfirði að Mjólká í Arnarfirði og tengingu Vestfjarða við aðalraforkukerfi landsins fyrir árslok 1979, svo sem ráð var fyrir gert við stofnun Orkubús Vestfjarða?"

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson ber hér fram fsp. varðandi Vesturlínu sem ég mun leitast við að svara.

Hann spyr hvað líði framkvæmdum við háspennulínu frá Hrútatungu í Hrútafirði að Mjólká í Arnarfirði og tengingu Vestfjarða við aðalraforkukerfi landsins fyrir árslok 1979, eins og ráð hafi verið fyrir gert við stofnun Orkubús Vestfjarða.

Ég mun fyrst svara þessari fsp. í nokkrum orðum, en tel auk þess nauðsynlegt að rekja aðalatriði úr forsögu málsins til glöggvunar fyrir hv. alþm.

Svar mitt við fyrri lið fsp. er þannig:

Samkvæmt lánsfjáráætlun 1978 eru áætlaðar 408 millj. kr. til framkvæmda við Vesturlínu. Í árslok er gert ráð fyrir að lokið verði við að reisa staura á kaflanum Hrútatunga-Gilsfjörður. Pantað hefur verið efni í aðveitustöðvar í Hrútatungu, við Glerárskóga og við Mjólká.

Um síðari lið fsp. er þetta að segja:

Ekki er unnt að ljúka tengingu Vesturlínu við samveitusvæði Vestfjarða fyrir árslok 1979, en iðnrn. vinnur að því, að unnt verði að ná endum saman haustið 1980. Á árinu 1979 er gert ráð fyrir að Dalir og Austur-Barðastrandarsýsla svo og Strandasýsla geti tengst landskerfinu. Til þess að unnt sé að tengja Vesturlínu við kerfi Mjólkárvirkjunar þarf að bæta á árinu 1980 746 millj. kr. við það fé sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir árið 1979, en það er með 1313 millj. kr., þannig að alls verði varið í þessu skyni á árinu 1979 2 milljörðum og 59 millj. kr. og síðan um 1800 millj. kr. árið 1980. Er þá miðað við áætlun Rafmagnsveitna ríkisins sem gerð var í síðasta mánuði og miðast við áætlað verðlag á árinu 1979.

Varðandi forsögu málsins og núverandi stöðu þess vil ég segja eftirfarandi: Í stofnsamningi fyrir Orkubú Vestf. segir m. a.:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að Orkubúið njóti sömu fyrirgreiðslu ríkisins og önnur orkufyrirtæki vegna hliðstæðra framkvæmda, svo sem varðandi rannsóknir, sveitarafvæðingu, tengingu við aðalorkukerfi landsins, aðflutningsgjöld og söluskatt og aðgerðir til að mæta tímabundnum greiðsluerfiðleikum."

Á stofnfundi Orkubús Vestfjarða 28. ágúst 1977 gerði iðnrh. m. a. svofellda bókun varðandi Vesturlínu:

„Iðnrh. hefur falið Rafmagnsveitum ríkisins að hefja undirbúning og vinna að lagningu svonefndrar byggðalínu eða Vestfjarðalínu frá Hrútafirði að Mjólkárvirkjun í Arnarfirði. Línan verði lögð um Dalasýslu, með úttaki í grennd við Búðardal, yfir Gilsfjörð og í Króksfjarðarnes, með úttaki fyrir Þverárvirkjunarsvæðið, og síðan í Mjólkárvirkjun. Í samræmi við þetta hafa Rafmagnsveiturnar og iðnrn. gert till. til fjárlaga 1978 að Vestfjarðalína verði lögð á árunum 1978 og 1979 og verði tekin í notkun haustið 1979. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður línunnar verði um 2500 millj. kr. án úttaks fyrir Þverárvirkjunarsvæðið sem gert er ráð fyrir að komi síðar."

Við undirbúning fjárlaga ársins 1978 gerðu Rafmagnsveitur ríkisins till. um fjárútvegun til línunnar að upphæð 639 millj. kr. og til aðveitustöðva 54 millj. kr., eða samtals 693 millj. kr. Til að ljúka línunni og tengja hana árið 1979 hefði samkv. þeirri áætlun þurft 1744 millj. kr. Sú áætlun var byggð á verðlagi í maí 1977. Samkv. lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár eru áætlaðar 408 millj. kr. til Vesturlínunnar eða 285 millj. kr. lægri upphæð en í upphafi var gert ráð fyrir í till. Rafmagnsveitnanna. Miðaðist þessi fjárhæð við að hægt væri að leggja línuna frá Hrútatungu að Glerárskógum í Dölum og áfram að Gilsfirði og að gengið yrði frá pöntun aðveitustöðva í Hrútatungu, Gilsfirði og Mjólká, en afgreiðslufrestur á efni til aðveitustöðva er yfirleitt á annað ár. Á þessu ári verður sem fyrr segir lokið við að reisa staura í línuna frá Hrútatungu að Gilsfirði.

Vegna undirbúnings fjárlaga fyrir árið 1979 gerðu Rafmagnsveiturnar till. um fjárútvegun til línunnar og tilheyrandi aðveitustöðva að upphæð 3 milljarðar 855 millj. kr. með hliðsjón af yfirlýsingu fyrrv. iðnrh. um að línan skyldi tengjast árið 1979. Auk þess var talið að útvega þyrfti 200 millj. kr. viðbótarfé til framkvæmda árið 1978, ef hægt ætti að vera að ljúka línulögninni árið 1979, og var þar um að ræða viðbótarkostnað vegna flýtingar á línulögninni. Af hálfu Rafmagnsveitnanna var lögð áhersla á að tryggja yrði fjármagn og ganga frá pöntun á efni þegar á síðasta sumri ef mögulegt ætti að vera að ljúka lagningu línunnar árið 1979.

Niðurstaða Rafmagnsveitnanna í bréfi til fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem dagsett er 10. ágúst s. l., er svo hljóðandi:

„Minnstu tafir á afgreiðslu fjármagns til verkefnisins samkv. framangreindri áætlun svo og óeðlilegar tafir vegna veðurs, verkfalla og þess háttar mundu raska henni á þann hátt að línan yrði ekki tilbúin fyrr en sumarið 1980. Vegna hins stutta framkvæmdatíma á hluta línunnar, þ. e. Þorskafjörður — Mjólká og vegna þeirra erfiðleika, sem við höfum reynt hvað varðar tímanlega fjármögnun verkefna, teljum við rétt að skipta framkvæmdinni á tvö ár."

Fyrrv. iðnrh. mun hafa lagt á það ríka áherslu að útvegað yrði fjármagn til línunnar fyrir næsta ár til að hægt væri að tengja hana í samræmi við fyrirheit það, sem hann gaf á stofnfundi Orkubús Vestfjarða, en tillögur hans fengu ekki hljómgrunn í fjmrn.

Í drögum þeim, sem gerð höfðu verið að fjárlagafrv. fyrir stjórnarskipti, var áætlað að veita 1313 millj. kr. til línulagningarinnar á næsta ári, en sú fjárhæð mun duga til að tengja Dali og Strandasýslu við landskerfið.

Eftir að ég kom í iðnrn. óskaði ég eftir grg. frá Rafmagnsveitum ríkisins um æskilega tilhögun framkvæmda við Vesturlínu, en þá var sýnt að framkvæmdalega séð væri útilokað að ljúka lagningu línunnar á næsta ári. Svar Rafmagnsveitnanna lá fyrir 6. okt. s. l. og segir þar m. a.:

„Ljóst er nú, að ekki er hægt að ljúka framkvæmdum við línuna á árinu 1979, þ. e. hluta línunnar Þorskafjörður — Mjólká, þar sem ákvörðun um þetta var ekki tekin í tíma. Til þess að hægt væri að gera viðeigandi ráðstafanir hefði ákvörðun þurft að liggja fyrir strax upp úr mánaðamótunum ágúst—september. Jafnframt leggja Rafmagnsveiturnar til að lagningu Vesturlínu verði lokið á árinu 1980. Til þess að svo megi verða þarf að koma til fjármagn sem nemur 746 millj. kr. á næsta ári í viðbót við 1313 millj. kr. sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., þannig að árið 1979 verði fjáröflun til línunnar 2059 millj. kr. Árið 1980 þarf þá að gera ráð fyrir 1796 millj. kr. til að ljúka línunni, og er heildarkostnaður við verkið allt samkv. þessu ásamt háspennusíma áætlaður 4 milljarðar 263 millj. kr. Rétt er að fram komi að Rafmagnsveiturnar áætla að sparnaður Orkubús Vestfjarða í dísilorkuvinnslu milli áranna 1980 og 1981 nemi um 300 millj. kr., ef línan tengist haustið 1980 í stað 1981, og raunar talsvert meiri eða 400-500 millj. kr., ef ekki verði stöðvuð aukning rafhitunar á svæðinu uns tenging við landskerfið er komin á.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi hér raunar hærri tölur, sem miðast við það að gert væri ráð fyrir örari húshitun væntanlega fram á árið 1980 en Rafmagnsveiturnar leggja til grundvallar í sínu mati.

Iðnrn. hefur lagt til að fjármögnun framkvæmda við línuna verði hagað þannig, að unnt verði að tengja hana árið 1980, en til þess þarf, eins og tvítekið hefur verið, 2059 millj. kr. í fjárveitingu á næsta ári og um 1800 millj. kr. á árinu 1980, miðað við áætlað verðlag á árinu 1979. Til þess að ljúka línunni á árinu 1979 hefði þurft að útvega alls 3855 millj. kr., sem er tvöföld sú upphæð sem samkv. fjárlagafrv. er áætluð til framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða til samans.

Hér er vissulega um að ræða kostnaðarsama fram-

kvæmd en þýðing hennar fyrir öryggi Vestfjarða í raforkumálum og afkomu Orkubús Vestfjarða er ótvíræð. Því er það nú stefna iðnrn., að leggja beri áherslu á að koma þessu verki í höfn á næstu tveim árum. Endanlega mun það svo ráðast við afgreiðslu lánsfjáráætlunar fyrir næsta ár, hvaða stefna verður tekin í þessu mikilsverða máli.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Við fjárlagagerð og meðferð fjárlagafrv. hér á hv. Alþ. fyrir ári var mikið fjallað um orkumál sem eðlilegt er. Allir vita að hér er um fjárfrekar framkvæmdir að ræða. Víða kallar að um aukna og bætta aðstöðu, þar sem margt og mikið byggist á því, að þessi mál séu í góðu lagi. Eitt af þeim verkefnum, sem voru efst á baugi í þessum athugunum, var raflínulögn frá Vegamótum á Snæfellsnesi til Ólafsvíkur. Mér var vel kunnugt um að æðstu yfirvöld orkumála, sem bera eiga ábyrgð á að veita góða og örugga þjónustu á þessu sviði, töldu framkvæmd þessa sérstaklega brýna og margir studdu það mál vel og dyggilega. Bent var á að með umræddri línu og styrkingu Skógarstrandarlínu mundi þá þegar bregða mjög til hins betra með aukið öryggi á þessu sviði um allt Snæfellsnes og Dali. Svo fór að lokum að fjárveiting var skorin niður til Ólafsvíkurlínu við lokameðferð fjárlagafrv. í fyrra, og hefur því minna orðið úr þessum endurbótum en skyldi.

Ég leyfi mér að minna á þetta mál nú undir þessum dagskrárlið og í tilefni þessara umr. og vænti frekari upplýsinga frá hæstv. iðnrh. um það nú eða síðar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram kom í svari hæstv. iðnrh. var sú upphæð, sem hann nefndi, tekin inn í framkvæmdaáætlun ríkisstj. fyrir þetta ár til Vesturlínu, og jafnframt var gefið fyrirheit um að framkvæmd við Vesturlínu yrði lokið á árinu 1979. Þessi afgreiðsla átti sér ekki stað fyrr en rétt fyrir jól á s. l. ári. Samt var hægt að panta efni til þessarar línu, staura sem unnið var að í sumar, þó að væri kominn desembermánuður. Því gef ég lítið fyrir fullyrðingar Rafmagnsveitna ríkisins í þeim efnum, að það hafi ekki verið tími til að panta bæði staura og annað efni til Vesturlínu til að ljúka framkvæmdum á árinu 1979. Í sambandi við þann niðurskurð, sem gerður var þegar þessi byggðalína var tekin á áætlun á s. l. ári, lýstu Rafmagnsveitur ríkisins því yfir, að það væri tæknilega hægt að framkvæma byggðalínuna að fullu og öllu á árinu 1979.

Í yfirliti um fjárlagafrv. fyrir árið 1979 frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem lagt var fyrir fyrrv. ríkisstj. á síðustu fundi hennar, var gert ráð fyrir að framlag í B-hluta fjárlaga til byggðalína yrði 4 milljarðar 533 millj. kr., þar af 3908 millj. kr. vegna Vesturlínu, með vísun til viljayfirlýsingar ríkisstj. um þessi mál. Það breytir því ekki, hvað sem sagt er varðandi pantanir, að þessi viljayfirlýsing lá fyrir, og það er þá núv. ríkisstj. sem hefur breytt frá fyrri ákvörðunum í þessum efnum.

Ég geri ekkert úr þeim fullyrðingum sérfræðinga Rafmagnsveitna ríkisins, að tæknilega sé ekki hægt að ljúka þessu verki. Það er þá af peningaástæðum einum saman, ef ekki er hægt að ljúka því. Og þá komum við að því, að ef það er fullur ásetningur hæstv. ríkisstj. að ljúka ekki þessari byggðalínu á árinu 1979, eins og fyrri ríkisstj. hafði ætlað sér, þá verður Orkubúið fyrir svo miklum skaða að það mun varla fá undir honum risið.

Eins og fram hefur komið í viðtölum orkubússtjórnarinnar við hæstv. iðnrh., er talið, ef seinkun línunnar á sér stað til ársloka 1980 eða hausts 1980, að það muni hafa um 342 millj. kr. kostnaðarauka í för með sér fyrir Orkubúið. Þess vegna er það auðvitað skýlaus krafa Vestfirðinga, að flutningur orku um Vesturlínuna hefjist ekki síðar en 1. okt. eða 1. nóv. 1979. Ef þetta verður skorið niður frá þeim frumdrögum, sem lágu fyrir á síðasta fundi fyrrv. ríkisstj., ber ríkisvaldinu að bæta Orkubúi Vestfjarða þann kostnaðarauka er verður vegna seinkunar á lagningu Vesturlínu. Ég fyrir mitt leyti er algerlega mótfallin því að seinka byggingu þessara Vesturlínu, en atkv. ráða hér á þingi í þeim efnum. En ég spyr hæstv. iðnrh.: Hvernig ætlar hann og iðnrn. að bregðast við þeim vanda, ef hann ætlar að framkvæma það sem eftir er við lagningu Vesturlínu á tveim árum? Hvernig ætlar hann að bregðast við þeim vanda sem Orkubúinu verður skapaður vegna stórfellds kostnaðarauka? Hefur hann till. um það að bæta Orkubúinu og Vestfirðingum upp þann kostnaðarauka frá ríkinu, annaðhvort í fjárlögum eða með öðrum hætti?

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Á þeim örstutta tíma, sem ég hef til umráða hér, er ekki hægt að fara mörgum orðum um það ástand sem ríkir í raforkumálum á Vestfjörðum, en satt að segja er það ákaflega slæmt. Ég vil harma það mjög, að svo skuli nú horfa að ekki virðist talið unnt að standa við það loforð sem á sínum tíma var gefið um að ljúka við byggingu Vesturlínu á árinu 1979. En ég vil undirstrika það alveg sérstaklega, að það lá fyrir í skjalfestum gögnum frá stjórn Rafmagnsveitna ríkisins strax í ágústmánuði í sumar, að ef ekki væri gengið frá pöntunum til þessara miklu framkvæmda fyrir ágústlok og fjármagn tryggt, þá væri ekki tæknilega unnt að dómi Rafmagnsveitna ríkisins að ljúka við verkefnið á árinu 1979. Þetta liggur fyrir skjalfest. Þrátt fyrir það stóðu mál þannig við stjórnarskipti 1. sept., að engar pantanir höfðu verið gerðar, og enda þótt ég efist ekki um einlægan vilja fyrrv. iðnrh., Gunnars Thoroddsens, í þessum efnum, þá lá það einnig fyrir að ekki var um neina fjármagnsútvegun að ræða sem dugað hefði getað til þess að ljúka verkefninu eins og lofað hafði verið.

Ég hygg því að málið hafi verið á því stigi við stjórnarskiptin, að það hafi í raun og veru þá þegar verið tapað ef miða átti við upphafleg áform um að ljúka byggingu Vesturlínu á árinu 1979. Og ég vil leyfa mér að láta það í ljós, að þegar ákveðið var að verja aðeins 400 millj. rúmum til þessa verkefnis við fjárlagaafgreiðslu þessa árs, 1978, þá var sú upphæð svo lág að það var ærið mikið sem þurfti til, ef takast átti að ljúka verkinu 1979 þrátt fyrir svo lága fjárveitingu. Það hefði þó sjálfsagt verið unnt, ef menn hefðu hafist handa um pantanir í tíma á s. l. sumri, en það var ekki gert.

Ég vil láta það koma hér fram, að ég tel að þarna hafi verið um slíkt loforð að ræða, sem upphaflega var gefið af fyrrv. ríkisstj., að stjórn Orkubús Vestfjarða og Vestfirðingar almennt hafi haft fulla ástæðu til að treysta því. Og ég vil taka það fram, að ég tel að með tilliti til þessa loforðs, sem gefið var þá, verði að ætlast til þess mjög

alvarlega af hæstv. núv. ríkisstj., að hún geri fjármálalegar ráðstafanir til þess að auðvelda Orkubúi Vestfjarða að komast yfir þann mikla kostnaðarauka sem óhjákvæmilega hlýtur að verða vegna aukinnar dísilvélakeyrslu og dísilvélanotkunar á árinu 1980, ef svo fer að lögn línunnar seinki í samræmi við það sem nú horfir og fram hefur komið hjá hæstv. iðnrh. Þarna tel ég, að nauðsyn beri til að ríkisvaldið komi til með ákveðið liðsinni.

Tími minn er útrunninn, en ég vil aðeins, áður en ég hverf úr ræðustól, vekja athygli á því, hversu gífurlega mikið misrétti ríkir milli hinna ýmsu landshluta hvað varðar raforkuverð, eins og mál standa í dag. Ég vil minna á það, að skv. verðlagningu 1. okt. s. l. kostaði kwst. frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur til heimilisnotkunar 19.80 kr., en á sama tíma kostaði kwst. frá Orkubúi Vestfjarða 34.20 kr., og ef miðað er við orkusölu til vélanotkunar er munurinn hlutfallslega enn meiri. Í þessum efnum þarf að sjálfsögðu að stefna að jöfnun raforkuverðs. Hvað varðar Orkubú Vestfjarða skiptir ákaflega miklu máli í þeim efnum, að Vesturlínan komist í notkun hið allra fyrsta, og fari svo, að það takist ekki á næsta ári, ber að leggja ofurkapp á að það verði þó a. m. k. á árinu 1980. Og ég vil ljúka máli mínu með því að minna á þá till. til þál., sem ég hef leyft mér að leggja fram hér á hinu háa Alþ. ásamt hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, en hún felur í sér áskorun á ríkisstj. að gera nauðsynlegar ráðstafanir til jöfnunar á rafmagnsverði frá almenningsveitum hið allra fyrsta.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vænti þess, að hæstv. forseti leyfi mér að fara ögn fram yfir þessar lögmæltu tvær mínútur til að ræða um þetta mikilvæga mál.

Það var svo þegar Orkubú Vestfjarða var stofnað, að þá var ein forsenda þess að Vesturlína væri tengd við aðalorkukerfið og yrði lögð á árunum 1978—1979. Á stofnfundi Orkubúsins lét ég bóka yfirlýsingu sem hæstv. iðnrh. las upp, og ég lýsti yfir þar að ég mundi beita mér fyrir því, að þetta yrði gert. Í samræmi við það lagði svo iðnrn. til að í fjárlög fyrir árið 1978 yrði tekin upp sú fjárhæð sem Rarik taldi þá nauðsynlega í þessu skyni, en Rarik átti að sjá um lagningu þessarar línu, og þá gengið út frá því, að það, sem á vantaði, kæmi í fjárlög og lánsfjáráætlun 1979.

Þessi upphæð, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. nú í ár, var 693 millj. kr. Við endanlega afgreiðslu fjárl. kom upp sú ósk að lækka þá fjárveitingu um 285 millj. kr. niður í 408 millj. Áður en tekin væri ákvörðun um það var leitað upplýsinga hjá rafmagnsveitustjóra ríkisins um það, hvort ekki væri unnt að ljúka línunni engu að síður á árinu 1979, þó þessi lækkun yrði gerð, enda yrði bætt við fjárútvegun á árinu 1979. Eftir að hann hafði svarað því játandi, að það væri framkvæmanlegt, þó að nokkur hluti fjárveitinga flyttist yfir á árið 1979, var þetta gert.

Næst gerist það svo í málinu sem alþjóð er nú kunnugt og þarf ekki að rekja hér, að þegar átti að panta efni og hefja undirbúning að framkvæmdum í ár andmæltu nokkrir stjórnarmenn Rafmagnsveitna ríkisins þessu, og þegar ég sem iðnrh. gaf fyrirmæli um að panta þá þegar nauðsynlegt efni til þess að unnt væri að standa við það sem Alþ. hafði ákveðið um framkvæmdir á árinu 1978, þá svöruðu þrír þeirra með því að segja af sér í mótmælaskyni, og það er nokkuð athyglisvert, að þeir þrír, sem sögðu af sér, voru allir fulltrúar núv. stjórnarflokka.

Engu að síður var þessu verki haldið áfram og að sjálfsögðu gerði ég till. um að á fjárl. fyrir árið 1979 yrði áætlað það fé sem þyrfti til að ljúka línunni á árinu 1979, eins og til hafði staðið og gert hafði verið ráð fyrir.

Þegar iðnrn. lagði fram þessar till. sínar til fjmrn. var því í fyrstu tekið þunglega í fjárlaga- og hagsýslustofnun af tveimur ástæðum, annars vegar var sú ástæða að reyna að lækka útgjöld fjárl. og lánsfjáráætlunar, en einnig var það vegna þess, að fyrir lá frá Rafmagnsveitum ríkisins að hagkvæmara mundi að þeirra áliti að dreifa þessum framkvæmdum á árin 1979 og 1980. Hins vegar var sá stóri annmarki á því áliti Rafmagnsveitna ríkisins, að þær höfðu gersamlega sleppt því að líta á hversu mikill kostnaður mundi verða bæði í gjaldeyri og íslenskum krónum af slíkri frestun. En þá kom í ljós að dísilrekstur og olíueyðsla á árinu 1980 mundi verða svo að skipti mörg hundruð milljónum kr., sem Rarik hafði sleppt í greinargerð sinni og rökstuðningi fyrir því, að það væri hagkvæmara að fresta málinu.

Þegar það var skýrt fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnun í ágústmánuði af hálfu iðnrh. með tveimur bréfum, annars vegar að þetta væri forsenda fyrir stofnun Orkubúsins og fyrirheit ríkisstj. væri að ljúka línunni á árinu 1979, og enn fremur lágu fyrir upplýsingar um gífurlega olíueyðslu og sóun gjaldeyris með því að draga þetta í eitt ár, þá breytti fjárlaga- og hagsýslustofnun till. sínum, eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf. og liggur fyrir í plaggi sem útbýtt var á síðasta stjórnarfundi fyrrv. ríkisstj.

Nú vil ég taka það skýrt fram, að það er misskilningur að fyrrv. ríkisstj. hafi skilið eftir eitthvert tilbúið fjárlagafrv. Það var ekki. Hins vegar hafði fjárlaga- og hagsýslustofnum gert sér grein fyrir ýmsum meginatriðum frv., og m. a. í þessum till. eða grg. frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem dags. er 28. ágúst, kemur skýrt fram að til Vesturlínu eru áætlaðir 3 milljarðar 980 millj. kr. með vísun til viljayfirlýsingar ríkisstj. um það mál

Til að skýra þetta mál enn nánar er rétt að það komi fram, að Rafmagnsveitur ríkisins eða rafmagnsveitustjóri skrifaði á sínum tíma — það mun hafa verið í ágústmánuði — að til þess að ná þessu marki, sem rafmagnsveitustjóri taldi framkvæmanlegt, að ljúka línunni á árinu 1979, þyrfti að afla 200 millj. í ár til viðbótar þeim 408 millj. sem voru í lánsfjáráætlun og fjárl. Af þessum 200 millj. voru 150 millj. til greiðslu í desember n. k., en 50 millj. sem gert var ráð fyrir að þyrfti í október—nóvember til að flýta byggingu aðveitustöðvar.

Þegar iðnrn. kannaði þetta mál kom í ljós að ekki væri nauðsynlegt að afla þá nema fyrirheits um 50 millj. lántöku vegna umræddrar aðveitustöðvar, en hinar 150 millj. mætti láta bíða fram yfir áramót vegna þess að hér var um pantanir á efni að ræða.

Í bréfi, sem ég skrifaði 22. ágúst til fjmrn., er þetta mál rakið og ítrekað að nægilegt fé verði í fjárl. og lánsfjáráætlun á árinu 1979 til að ljúka lagningu Vesturlínu. Till. iðnrn. varðandi fjárl. og lánsfjáráætlun næsta árs byggjast á þessari fyrirætlun og fyrirheiti.

Nú er því haldið fram, að það sé ekki framkvæmanlegt að ljúka verkinu á árinu 1979 vegna dráttar í tíð fyrrv. stjórnar og þess vegna ástæðulaust að gera ráð fyrir því í

fjárl. Þetta er ekki rétt og kemur m. a. fram í bréfi sem hæstv. iðnrh. minntist raunar á, dags. 6. okt. s. l., frá rafmagnsveitustjóra. Þar segir hann, 6. okt., að ekki sé hægt að ljúka framkvæmdum við línuna á árinu 1979. Til þess að hægt væri að gera viðhlítandi ráðstafanir hefði ákvörðun þurft að liggja fyrir strax upp úr mánaðamótum ágúst—september. Hvenær var þessi hæstv. núv. ríkisstj. mynduð? Hún var mynduð 1. sept. Ef hún hefði ekki beint eða óbeint stöðvað þetta mál, heldur tekið ákvörðun í byrjun sept., þá liggur fyrir í bréfi rafmagnsveitustjóra að þetta var framkvæmanlegt. Þess vegna er það ekki rétt og ekki maklegt þegar sumir málsvarar hæstv. núv. ríkisstj. reyna að koma þessu yfir á fyrrv. ríkisstj. Þetta mál liggur alveg skýrt fyrir, og ef ekki verður unnt að ljúka þessari línu á árinu 1979 er það verk núv. ríkisstj. og hennar einnar.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í 1. gr. sameignarsamnings milli ríkisstj. Íslands og sveitarfélaga á Vestfjörðum um stofnun Orkubús Vestfjarða segir að samningurinn sé gerður á þeim meginforsendum:

1. Að fullnægt verði orkuþörf Vestfirðinga með innlendum orkugjöfum. Það þýðir á mæltu máli, að Vesturlína verði lögð og nánar tímasett á árinu 1979.

2. Að Vestfirðingar búi við sambærilegt orkuverð og aðrir landsmenn.

3. Að fyrirtækið hafi traustan rekstrargrundvöll.

Ég verð að játa að svar hæstv. iðnrh. við framlagðri fsp., þar sem fram kemur að ekki verður úr því sem komið er staðið við skuldbindingu stjórnvalda varðandi stofnun þessa fyrirtækis, hlýtur að valda öllum Vestfirðingum stórkostlegum vonbrigðum. Um leið og það liggur ljóst fyrir að ekki verði staðið við lagningu byggðalínu, þá fylgir því að Vestfirðingar muni fyrirsjáanlega ekki búa við sambærilegt orkuverð og aðrir landsmenn. Það er nú til jafns við það hæsta sem þekkist í landinu. Í annan stað hlýtur þriðja meginforsendan að raskast um leið, vegna þess að sá kostnaðarauki, sem Orkubú Vestfjarða verður fyrir af þessum sökum, er ekki upp á nokkur hundruð milljóna. Ef við göngum út frá þeirri forsendu, að Orkubúið framfylgi fyrirætlunum sínum um heimildir til húshitunar, og gerum ekki ráð fyrir, að línan verði tengd fyrr en í árslok 1980, þá er hér um að ræða 1 milljarð kr. í kostnaðarauka, sem hlýst af því að ekki verður staðið við upphaflega skuldbindingu. Meginkrafan er þess vegna sú, að sá reikningur verði greiddur af þeim aðilum sem þessar skuldbindingar tóku á sig, ef þeir vilja reyna að standa við afleiðingar þess að skuldbindingin hefur brugðist.

Um það er deilt hér, hvernig á þessu standi og hvort hér sé um að ræða að þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við hafi legið ljóst fyrir að það hafi verið tæknilega ógerlegt að standa við umræddа skuldbindingu. Fram hafa verið lagðar upplýsingar um till. sem hafi legið fyrir á síðasta ríkisstjórnarfundi fráfarandi ríkisstj., þar sem gert var ráð fyrir að staðið yrði við þessar skuldbindingar. Ég vil upplýsa það, að á fundi fjvn. í morgun svaraði Kristján Jónsson forstjóri Rafmagnsveitna ríkisins því til aðspurður, að ef það hefði legið fyrir um mánaðamótin ágúst-september s. l., að fjármögnun væri fyrir hendi, þá hefði svar hans verið það, að þetta hefði verið tæknilega gerlegt. Þess vegna vil ég fá upplýst í þessum umr. nákvæmlega hvenær það gerðist, að fjárhagslegum forsendum þessa máls var breytt.

Það er að vísu sagt sem svo, að ekki hafi legið fyrir eiginlegt fjárlagafrv. Ég hef hér afrit af því skjali fjárlaga- og hagsýslustofnunar sem vitnað hefur verið til, þar sem greinilega kemur fram, að það er tillaga stofnunarinnar að gera ráð fyrir alls 3 milljörðum 980 millj. kr. í þetta verkefni, og vitnað til skuldbindingar og viljayfirlýsingar ríkisstj. Þetta er svo þýðingarmikið mál, að ég óska eindregið eftir að fá það nákvæmlega upplýst hvar og hvenær og af hverjum sú ákvörðun var tekin að breyta þessum fjárhagslegu forsendum. **(Gripið fram í:** 28. ágúst.) Það var 28. ágúst.

Að lokum vil ég aðeins leggja á það áherslu, að ég trúi því ekki að óreyndu að hæstv. ráðherrar, hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh., sem báðir eru þm. landsbyggðarkjördæmis sem hefur orðið að búa við alvarlegan orkuskort, þó að vonir standi til að verulega hafi úr ræst nú að undanförnu, taki þátt í því, að hlutur Vestfirðinga, þar sem ástandið er nú langverst, verði fyrir borð borinn. Ég vil einnig taka það fram, að okkur er fullkomlega ljóst, að nú verður að gæta mikillar aðhaldssemi í útgjöldum ríkisins. En hér er um að ræða mál sem bæði er bundið ótvíræðum skuldbindingum af hálfu stjórnvalda gagnvart þessum landsfjórðungi og fyrirtæki þar og algjört forgangsmál Vestfirðinga.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tel rétt að koma inn í þessa umr. aftur og greina frá ýmsum þáttum í sambandi við þetta mál.

Ég skil ofurvel að þm. Vestfirðinga komi hér upp og tjái áhyggjur sínar í sambandi við stöðu þess og vilji fá upplýsta einstaka þætti sem tengjast afgreiðslu stjórnvalda í sambandi við þetta atriði. Ég skal upplýsa það eftir því sem ég get og föng eru á, og ég hef raunar gert það gagnvart stjórn Orkubús Vestfjarða á fundi sem ég átti með stjórninni allri fyrir ekki mjög löngu.

Því hefur verið haldið fram hér í umr., að það sé sök og ákvörðun þeirrar ríkisstj., sem nú situr, að breytt hafi verið stefnu í þessu máli. Hv. þm. Gunnar Thoroddsen vitnaði í erindi sem hann ritaði fjmrh. 22. ágúst. s. l., þar sem hann ítrekar, — sennilega hefur það ekki verið í fyrsta sinn, því ég efast ekki um að hann hafi lagt áherslu á að ná þessu máli fram, þar sem hann ítrekar að fá fjárveitingu til þess að hægt verði að standa við það loforð sem hann hafði gefið á stofnfundi Orkubús Vestfjarða á sínum tíma.

Í sambandi við það loforð er eðlilegt að spurt sé hvort skuldbindingar, sem iðnrh. gefur á slíkum fundi, eru skuldbindandi fyrir fjárveitingavaldið. Ég hef að vísu ekki lögfræðilega þekkingu á því, en ég er smeykur um að svo sé ekki og á hafi vantað í þessu máli, að þessi yfirlýsing hafi verið staðfest og þær skuldbindingar, sem í henni fólust, hafi verið staðfestar af réttum aðilum, þ. e. a. s. fjmrh. og þeim sem með fjárveitingavaldið fara. Það hygg ég að hafi á vantað.

Við þessu erindi kemur svar, og vegna þess, sem hefur komið fram í umr., tel ég nauðsynlegt að vitna til þess, með leyfi hæstv. forseta. Það kemur svar til iðnrn. frá fjmrn., dags. 28. ágúst 1978, þremur dögum áður en fyrrv. ríkisstj. fór frá völdum, og það hljóðar þannig:

„Vísað er til bréfs iðnrn., dags. 22. þ. m., varðandi

heimild til efnispöntunar vegna fyrirhugaðrar lagningar Vesturlínu.

Með hliðsjón af umræðum, sem vitnað er til í bréfi iðnrn., fellst þetta rn. fyrir sitt leyti á að unnið verði að gerð viðkomandi útboðsgagna og leitað tilboða án fjárhagslegra skuldbindinga. Væntanleg tilboð komi síðan til mats í þessu rn., eins og venja hefur verið, áður en endanlegar fjárskuldbindingar verða gerðar.

Varðandi heimild til lántöku að upphæð 50 millj. kr. síðar á árinu er af hálfu rn. ekkert til fyrirstöðu, ef það þá telst nauðsynlegt."

Beðið var um milljarða. Svar fjmrn. er 50 millj. kr.

Nokkrum dögum áður hafði verið fært sem tillöguliður eða verið bókað að stæði í till. fjárlaga- og hagsýslustofnunar til Vesturlínu 1313 millj. kr., fært inn í skjöl rn. 25. 8. 1978.

Hér hefur komið fram í umr. hjá þm. Matthíasi Bjarnasyni og hv. þm. Gunnari Thoroddsen, að fyrir hafi legið á síðasta fundi fyrrv. ríkisstj. till. frá fjárlaga- og hagsýslustofnun um að taka inn í till. til fjárlagagerðar hátt í 4 milljarða kr. vegna Vesturlínu. Af þessum síðasta fundi, þessum kvöldfundi fyrrv. ríkisstj., hef ég ekki nein gögn og hef ekkert af honum fregnað. Í málsskjölum iðnrn. er engar upplýsingar um þennan fund að finna, og ég er hræddur um að þær samþykktir, sem þar voru gerðar, og þeir samningar, sem virðast hafa farið fram á milli hæstv. ráðh. síðasta daginn um ráðstöfun á yfir tveimur milljörðum króna, — mál sem þeir höfðu verið að velta á milli sín bréflega vikuna á undan, það sé fremur marklítið, ekki síst ef ekki hefur meiri hugur fylgt máli en það, að engin voru gögn eftir skilin í iðnrn., hvað þetta snertir. Það er fyrst þegar kemur vel fram í septembermánuð, fram undir miðjan septembermánuð, að ég heyri um þetta mál, að það er ókyrrð vegna þessa máls hjá þeim aðilum sem eðlilega báru það fyrir brjósti, Vestfirðingum. En enginn úr þeirra liði hringdi þó til mín vegna þess í septembermánuði, svo að mig reki minni til.

Hins vegar, þegar ég varð var við að menn höfðu áhyggjur af þessu og talið var að fyrir lægju yfirlýsingar eða einhver loforð frá stjórnvöldum frá árinu 1977 um að þessi lína skyldi lögð, þá hafði ég samband við Rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnsveitustjóra, strax og hann kom úr sumarleyfi upp úr 20. sept., og óskaði eftir upplýsingum frá honum um þetta mál. Hann skilaði síðan skriflegri grg. 6. okt., sem ég vitnaði til, og í þeirri grg. kemur fram að síðustu forvöð til að panta efni í þessa línu, eftir því sem hann segir í þeirri grg., hafi verið þegar upp úr mánaðamótunum ágúst-september. Í bréfi sem Rafmagnsveiturnar skrifuðu til fjárlaga- og hagsýslustofnunar, dags. 10. ágúst, var hins vegar sagt: í lok ágúst. Þarna skeikar auðvitað mjög litlu. Þetta voru ítrustu síðustu tímamörk, og á þessum tíma höfðu hæstv. ráðh. fyrrv. ríkisstj. verið að velta þessu máli á milli sín, en ekki komið því í höfn. Svo ætlast þessir heiðursmenn til að sú ríkisstj., sem settist á stóla 1. sept. hefði þá á stundinni haft vitneskju um þetta mál, sem þeir skildu ekki eftir, a. m. k. ekki iðnrh., nein gögn um handa þeim sem við tók, og hún leysti þetta samstundis.

Ég verð að segja að þetta er heldur óskemmtilegur lokasöngur úr samskiptum fyrrv. ráðh., hæstv. iðnrh. og fjmrh., og segir kannske dálitla sögu um þeirra samskipti sem ég ætla ekki að fara að rekja hér.

Það var spurt um það af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, hvernig iðnrn. ætlaði að bregðast við þeim vanda sem Orkubú Vestfjarða yrði fyrir vegna kostnaðarauka í sambandi við þetta mál. Engin ákvörðun hefur verið um það tekin af hálfu iðnrn., enda ekki á valdi þess að taka ákvarðanir þar að lútandi, hvernig við slíku skuli brugðist.

Hins vegar tel ég það mestu skipta, að fyrst verði að forðast orkuskort á Vestfjörðum vegna breytingar á framkvæmdatíma í sambandi við þessa línulögn. Við höfum gert um það till. frá iðnrn., að tekin verði inn fjárveiting í sambandi við næstu fjárlagagerð, — fjárveiting sem ekki var og ekki er í fjárlagatill. Við höfum tekið það sérstaklega upp við fjmrn. ásamt ýmsu öðru er orkumál snertir, að þar verði tekin upp fjárveiting, að mig minnir sem nemur 40 millj. kr., til þess að tryggja þær dísilstöðvar sem að mati Rafmagnsveitna ríkisins og ég vænti einnig stjórnar Orkubús Vestfjarða eru nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir orkuskort á Vestfjörðum veturinn 1979-1980.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson taldi einnig að ætlast yrði til þess, að ríkisstj. auðveldaði Orkubúi Vestfjarða að komast yfir þann kostnaðarauka sem yrði vegna seinkunar. Ég vil ekki gefa hér nein loforð hvað þetta snertir. En ég ítreka það, að ég tel nauðsynlegt og mjög brýnt að við þessa línulögn verði lokið á tveimur árum héðan í frá. Ég tel það út af fyrir sig vera verulegt verkefni við að glíma, þar sem ljóst er að þessi framkvæmd muni kosta um 2 milljarða kr. hvort árið. Og komið hefur fram í þeim gögnum, sem hér hefur verið vitnað til, að það hefði verið mjög torsótt og það hefði verið dýrara, svo að nam 200 millj. kr., að vinna þetta verk á árinu 1979 í einum áfanga, sem segir sig sjálft þegar um er að ræða línulögn yfir mjög torsótta og erfiða fjallvegi. Hins vegar er það auðvitað alltaf matsatriði, hversu miklu fjármagni er varið og hversu mikið kapp er lagt á framkvæmdir af þessu tagi.

Hvað snertir yfirlýsingar við Orkubú Vestfjarða á sínum tíma skal ég ekki heldur leggja mat á þær. En ég er dálítið smeykur um að rasað hafi verið um ráð fram um sumar ákvarðanir sem lutu að stofnun þessa landshlutafyrirtækis, þó ég vilji ekki fara út í það hér og ekki gagnrýna það í einstökum atriðum. Ég er hræddur um að þær tryggingar, sem Vestfirðingar héldu sig vera að kaupa, hafi þá ekki legið fyrir.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson vék einnig að þessum kostnaðarauka og nefndi þar miklu hærri tölur en ég hef séð sem mat á kostnaðarauka fyrir Orkubú Vestfjarða. Hann nefndi allt að 1 milljarði kr. Þetta fer áreiðanlega eftir því, hvort menn ætla að ráðast í eða telja óhjákvæmilegt að ráðast í mjög aukna húshitun á Vestfjörðum á þessum tímabili. Við því hefur verið varað, og ég veit að stjórn Orkubús Vestfjarða hefur beinlínis beint þeim eindregnu tilmælum til Vestfirðinga að ráðast ekki í aukna húshitun. Þetta tel ég hins vegar mjög erfitt og í rauninni slæmt að þurfa að gefa út slík fyrirmæli. Og ég tel það sanngirnismál, að greitt sé fyrir því af samfélaginu, að íbúum landshluta, sem búa við mjög slæmt og óhagstætt orkuverð, gefist kostur á að hljóta einhvern stuðning eða styrk eða úrlausn sinna vandamála þegar um er að ræða valkosti um húshitun.

Ég vil að endingu ítreka það, að ég tel að upprifjun á þætti fyrrv. ríkisstj. í þessu máli sé henni til heldur lítils sóma.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil að það komi hér skýrt fram, að í tillögum Rafmagnsveitna ríkisins um framkvæmdir á árunum 1978 og 1979 var gert ráð fyrir því, að Vesturlína gæti orðið byggð á þessum tveimur árum. Það hefur verið rifjað hér upp, að í framkvæmdatillögum RARIK fyrir árið 1978 var gert ráð fyrir 693 millj. kr. til þessa verks. Var það miðað við hagstæða skiptingu verksins í tvö ár að áliti sérfræðinga RARIK. Það hefur enn fremur verið rifjað upp, að þessi tala var skorin niður í 408 millj. kr. í sambandi við afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlun fyrir þetta ár.

Í framkvæmdatillögum Rafmagnsveitna ríkisins fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir til Vesturlínu 2 milljarða 765 millj. kr. til línulagningar og 1 milljarðs 42 millj. kr. til aðveitustöðva, samtals rúmlega 3.8 milljarða kr. Rafmagnsveitur ríkisins gerðu þessa framkvæmdatillögu í því skyni að leggja til að línunni væri lokið á árinu 1979.

Í fjárlagafrv. nú er þessi tillaga mjög skorin niður. Til línulagninga eru aðeins ætlaðar 625 millj. kr. og til aðveitustöðva, er snerta þessa línulögn, 688 millj. kr.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa í samráði við iðnrn. gert endurskoðaðar framkvæmdatillögur fyrir næsta ár. Í þeim tillögum er svo komið, að ljóst virðist að þessari Vestfjarðalínu verði eigi lokið á árinu 1979, og eru endurskoðaðar tillögur við það miðað að skipta þá verkinu á tvö ár. Í endurskoðuðum framkvæmdatillögum RARIK fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir 2040 millj. kr. samtals til línubygginga og byggingar aðveitustöðva við Vesturlínu. Hvort þessi fjárhæð fæst inn við afgreiðslu fjárl. og lánsfjárætlunar veit sennilega enginn í dag eða a. m. k. ekki ég, en þó er mjög nauðsynlegt að mati Rafmagnsveitna ríkisins að það takist til þess að unnt verði að ljúka þessari línulögn á góðum tíma árið 1980.

Það hefur verið tekið fram margsinnis af hálfu forráðamanna Rafmagnsveitna ríkisins, að til þess að unnt væri að ljúka þessari línulögn á árinu 1979 þyrfti ákvörðun að liggja fyrir um mánaðamótin ágúst-september. (Forseti hringir.) Fyrirgefðu, hæstv. forseti, ýmsir ræðumenn hafa farið langt fram yfir tímann og annaðhvort er að halda tímamörk eða þau fara úr skorðum. Hér hafa ýmsir ræðumenn sagt, og það hefur komið fram hjá tveimur hæstv. fyrrv. ráðh., að fyrrv. ríkisstj. hafi tekið um það ákvörðun að leggja til að þessari línu yrði lokið árið 1979, og það mun hafa gerst í lok hennar valdaskeiðs. Því miður var það svo, að það barst ekki til Rafmagnsveitna ríkisins, eftir því sem rafmagnsveitustjóri hefur upplýst mig, og þeirri ákvörðun er kippt til baka af núv. ríkisstj. Um það eru engin tvímæli.

Ég ætla ekki að fara að ræða um það hér við hv. þm. Matthías Bjarnason, hvort þessi tímamörk hafa verið röng eða ekki og að vel hafi verið unnt að byggja línuna enda þótt ákvörðun lægi eigi fyrir um þessi mánaðamót. Um þetta vil ég ekki fullyrða, en treysti áætlunum RARIK og bendi á, að afgreiðslufrestur á efni til ýmissa þátta í línulögnum og byggingu aðveitustöðva er a. m. k. 12—14 mánuðir. Það er heldur skemmri tími sem þarf til þess að panta staura og ná þeim inn í landið, og það er skýringin á því sem hann gat um, að unnt var með skömmum fyrirvara að hefja það verk að reisa staura frá Hrútatungu og yfir að Glerárskógum, eins og hann minntist á. (Forseti hringir.) Ég skal stytta mál mitt, hæstv. forseti, en ég taldi ástæðu til þess að láta það koma fram, að í framkvæmdatillögum Rafmagnsveitna ríkisins hefur verið gert ráð fyrir því, að þessu verki lyki á tveimur árum, 1978 og 1979. Ég tel einnig að það sé nú ljóst, að þessu verði eigi komið fram. Ég tel að það sé ljóst, miðað við þær upplýsingar sem ég hef. Ég skil að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða vegna þess mikla olíukostnaðar sem leggst á Orkubú Vestfjarða þessa vegna.

Ég vil taka það fram, að stjórn Rafmagnsveitna ríkisins hefur mótað sér þær starfsreglur, ef um er að ræða óskir um að panta efni til verka sem ekki eru þegar komin á fjárlög ríkisins eða lánsfjáráætlun, að þá þurfi að liggja fyrir yfirlýsing frá iðnrn. og frá fjmrn. um að þau muni beita sér fyrir því, að fjármagn, sem til þess þarf, verði í fjárl. næsta árs. Þess vegna hafa Rafmagnsveitur ríkisins ekki pantað efni til þessa verks á liðnu sumri, vegna þess að þá yfirlýsingu iðnrn. og fjmrn. skorti.

Að lokum, hæstv. forseti, vegna þess að hér hefur einum þm. ekki verið svarað, hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, þar sem hann spyr um Ólafsvíkurlínu, þá má segja honum það í fáum orðum, að fjármagn til þeirrar línubyggingar er á fjárl. þessa árs, sömuleiðis til aðveitustöðvar í Ólafsvík.

Forseti (Gils Guðmundsson): Vegna ummæla hv. 2. þm. Norðurl. v. um það, að ég hafi heimilað allmörgum ræðumönnum að fara fram úr hinum tveggja mínútna ræðutíma, þá má vel vera að það sé ásökunarefni á mig að hafa ekki verið strangari. En ég tel að það hafi ekki verið ýkjamikið að öðru leyti en því, að ég heimilaði hv. 11. þm. Reykv. að tala nokkru lengra mál með tilliti til þess að hann er fyrrv. iðnrh. og þetta mál snerti hann því meira en aðra hv. þm. Annars er það að sjálfsögðu rétt aths. hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., að forseti á að vera strangur gagnvart því að reglum um þingsköp sé fylgt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. var eiginlega undrandi á því, að fyrrv. ríkisstj. hefði ekki afgreitt þetta mál. Býst hæstv. ráðh. við því, að ríkisstj., sem er að fara frá, afgreiði áður en Alþ. kemur saman fjárlög og lánsfjáráætlun ríkisstj.? Ég veit að þingsaga þessa hæstv. ráðh. er auðvitað mjög skömm, en ég hélt að hann vissi svo mikið að við undirbúning fjárlaga, þó að sé kosningaár, vinnur sú ríkisstj., sem situr að völdum, að undirbúningi fjárl. og lánsfjáráætlunar á hverjum tíma — ekki þessi fyrrv. ríkisstj. frekar en aðrar, og það var það sem gerðist.

Það liggur fyrir og er staðreynd, að í drögum að yfirliti um fjárlagafrv. og yfirliti um lánsfjármagnaðar framkvæmdir er lagt til samkv. því plaggi frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem er dags. 28. ágúst, að til byggðalínu verði varið 4533 millj., þar af 3980 millj. vegna Vesturlínu, með vísun til viljayfirlýsingar ríkisstj. um þetta efni. Lengra var ekki hægt að ganga en þetta. Hver ráðh. um sig fékk frá fjmrn. og fjárlaga- og hagsýslustofnun þau ár sem ég sat í ríkisstj. yfirlit um fjárlagatillögur, eftir því sem gekk að vinna að fjárlagafrv., og um lánsfjármagnaðar framkvæmdir. Þau yfirlit hirðir auðvitað hver ráðh. um sig á hverjum tíma, en eftir er alltaf eitt eintak í vörslu ritara ríkisstj. Þar hlýtur þetta að hafa verið. Það hlýtur að hafa verið framhald þessa máls, eftir að núv. hæstv.

ríkisstj. tekur við, að fjárlaga- og hagsýslustofnun heldur áfram að færa hinum nýju ráðh. þessi yfirlit á hverjum tíma. Þannig voru vinnubrögðin í okkar tíð, og ég trúi ekki öðru en þau hafi haldið áfram — nema það viti enginn í þessari ríkisstj. um fjárlagafrv. nema fjmrh., eins og oft hefur verið rætt bæði innan þings og utan. Það er þá skýringin á þessu öllu saman.

Varðandi þá fsp., sem ég gerði til hæstv. iðnrh. um bætur til Orkubúsins ef þetta verður ofan á, sem hann lýsir hér yfir, að þessi framkvæmd verði unnin á tveimur árum, þá segir hann: Engin tillaga er um slíkt. Sú tillaga hlýtur að eiga að koma frá iðnrn. og iðnrh., síðar meir er ákvörðun ríkisstj. og Alþ. hvort við því verður orðið. Ég vil skora á hæstv. iðnrh. að verða við þessum tilmælum, því að þaðan á auðvitað frumkvæðið að koma í þessum efnum.

Ég vil svo taka það fram, að mér finnst leitt að gera þetta að einhverju hitamáli, því að hér er ekki verið að tala um fáfengilegt mál sem ekki skipti nokkru máli. Ástandið í raforkumálum í þessum landshluta er svo alvarlegt að það er uggur í mönnum, og fer það ekkert eftir hvar þeir búa í þessum landshluta eða hvaða atvinnu þeir hafa. Þeir hafa allir miklar áhyggjur af þessum málum, og ég fullyrði að enginn landshluti er verr settur núna en Vestfirðir í þessum efnum, þó að við vitum að það er alltaf óteljandi margt eftir að framkvæma, bæði í þessum málum og öðrum. Ég vil því að síðustu vænta þess, að hæstv. iðnrh. hugleiði betur þetta mál og sé ekki með neitt hnútukast til fyrrv. ríkisstj., að afgreiðsla á þessu máli hafi verið henni til lítils sóma. Ef hæstv. iðnrh. ætlar að halda áfram í þeim dúr sem hann gerði í lok ræðu sinnar, þá verður þetta mál honum ekki til lítils sóma, eins og hann sagði um fyrrv. ríkisstj., — það mun verða honum til stórskammar ef hann ætlar að halda áfram á þeirri braut, eins og var á honum að heyra í lok ræðunnar. Ég trúi því ekki að jafngreindur maður og hann er endurskoði ekki þetta mál í ljósi þeirra staðreynda, sem fyrir liggja, og sýni sanngirni gagnvart þessum landshluta.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég stend hér upp til þess að vekja athygli á fáeinum atriðum sem fram hafa komið, en aðallega þó vegna þess, að ég tel að það skipti nokkru máli hvort dómur stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins varðandi framkvæmdamöguleika við Vesturlínu hafi verið sá, að efnispöntun yrði að fara fram fyrir ágústlok eða fyrir septemberlok. Ríkisstjórnarskiptin urðu 1. sept. Mér heyrðist á máli hæstv. iðnrh. áðan, að hann talaði um septemberlok í þessum efnum, en ég þykist hins vegar muna það fullvel, að í bréfi, sem ég hef séð afrit af frá stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, að ég hygg dags. 10. ágúst, sé tekið skýrt fram að pöntunin hafi þurft að eiga sér stað í síðasta lagi fyrir lok þess mánaðar. Um þetta vil ég spyrja hæstv. iðnrh. (Gripið fram í.) Það er ekki rétt, segir fyrrv. iðnrh. Það er rétt, segir hæstv. núv. iðnrh. Ég óska eftir, að bréfið verði lesið upp hér á eftir, og vil beina því til hæstv. iðnrh. að hann lesi bréfið upp á eftir, ef hann er með það við höndina.

Að öðru leyti vil ég aðeins segja það, að það er næsta furðulegt að þeir tveir hv. þm., sem hér hafa talað og áttu sæti í fráfarandi ríkisstj., hv. 11. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Vestf., gera mikið úr því, að á kvöldfundi ríkisstj. 28. ágúst hafi verið bókuð viljayfirlýsing fráfarandi ríkisstj. í þeim efnum að tryggja byggingu Vesturlínu á árinu 1979. Það er nokkuð seint að verkinu staðið, og ég hygg að með tilliti til þess, að í bréfi frá fjmrn., dags. þennan sama dag, það er ekki tekið fram klukkan hvað það er skrifað, sennilega um morguninn eða miðjan daginn, og hæstv. iðnrh. las hér upp áðan, þá er skýrt tekið fram í þessu bréfi fjmrn. til iðnrn. frá 28. ágúst, að það, sem þeir opna fyrir hjá fjmrh. um byggingu Vesturlínu, sé að rn. fallist á að unnið verði að gerð útboðsgagna og leitað verði tilboða, en tekið fram: án fjárhagslegra skuldbindinga. Sem sagt, um hádegi eða svo 28. ágúst, þrem dögum áður en ríkisstj. fór frá, var fjmrn. enga skuldbindingu tilbúið að láta í té í þessum efnum. Ég vil að þetta sé undirstrikað hér sérstaklega, ekki síst vegna þess að það kom mjög skýrt fram í máli hv. 2. þm. Norðurl. v., sem á sæti í stjórn RARIK, að það sé alger regla þeirrar stjórnar, að til þess að panta efni í stofnlínur af þessu tagi þurfi að liggja fyrir skýlaus yfirlýsing frá fjmrn. og hún hafi ekki legið fyrir og hafi aldrei borist stjórn RARIK. Með tilliti til þess bréfs, sem ég vitnaði í, að pöntun hafi þurft að eiga sér stað fyrir ágústlok, var málið mjög illa komið, vægast sagt, þegar stjórnarskiptin urðu.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það hafa nú orðið miklar umr. um þessa fsp. mína, og ég fagna því að það hefur orðið svo. Það hefur margt komið hér fram sem var ástæða að kæmi fram. En það hefur það í för með sér, að ég mun ekki víkja að ýmsum atriðum sem ég hefði annars vikið að, ef það hefði ekki verið þegar rætt áður.

Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans. Ég varð að sjálfsögðu mjög vonsvikinn og óánægður með efni þess. Og þá er það, sem höfuðmáli skiptir, sú yfirlýsing af hans hálfu, að hann geri ráð fyrir að Vesturlínunni verði ekki lokið á næsta ári, heldur verði það ekki fyrr en á árinu 1980. Ég varð líka fyrir vonbrigðum með sumt annað sem hæstv. ráðh. sagði. Hann talaði um sök fyrrv. ríkisstj. í þessum efnum, það væri hennar sök, mátti skilja, að vikið er frá ákvörðun þeirrar sömu ríkisstj. að ljúka línunni á árinu 1979. Ég held að það sé ekki ástæða til að hafa slíkt orðaval í umr. um svo þýðingarmikið mál, og ég vil að það komi hér skýrt fram, að ég hreyfði ekki þessu máli til þess að stofna til illvígra deilna annars vegar milli stjórnarliðsins og hins vegar stjórnarandstöðunnar um þetta mál. En ég vil að það komi skýrt fram og ég legg áherslu á, að það hefur ekki verið á Vestfjörðum neinn pólitískur ágreiningur um stofnun Orkubús Vestfjarða og um mikilvægi þess að koma byggðalínunni í framkvæmd fyrir árslok 1979.

Það olli mér og vonbrigðum, að hæstv. ráðh. sagði að það hefði verið rasað um ráð fram við stofnun Orkubúsins. Hann færði þessum orðum sínum engan stað. Ég hélt að honum væri kunnugt um, eins og flestum á að vera kunnugt um hér á hv. Alþ., að það fór fram vandaður undirbúningur að stofnun þessa fyrirtækis og m. a. í formi þess að undirbúa löggjöf um þetta efni sem Alþ. samþykkti á sínum tíma.

Og hæstv. ráðh. sagði að það gæti verið, að Vestfirðingar hefðu ekki fengið þau loforð sem þeir töldu sig vera að fá þegar Orkubúið var stofnað, þ. e. a. s. að verið gæti að það séu ekki gild loforð sem Vestfirðingum voru gefin. En þessi loforð er fyrst og fremst að finna í stofnsamningi að Orkubúi Vestfjarða, sem er undirritaður af

öllum stofnendum, bæði sveitarfélögunum á Vestfjörðum og af hálfu ríkisins. Hvers vegna er ekki hægt að treysta þessum loforðum? Og ég spyr: Hvernig var hægt að ganga betur frá þessum loforðum heldur en fella þau inn í sjálfan stofnsamninginn að fyrirtækinu? Það er ekki hægt. Þessi orð ráðh. eiga að sjálfsögðu enga stoð, nema það sé ætlun núv. ríkisstj. að svíkja þessi loforð. Ég vil hvorki gera hæstv. iðnrh. né öðrum ráðh. upp það, að þeir ætli ekki að standa við þau loforð sem gefin eru með þessum hætti. Ég skil raunar ekki hvernig þeir komast hjá því að standa við þau.

Hv. 1. þm. Vestf. tók af mér ómakið að svara þeim köpuryrðum, að upprifjun þessa máls væri fyrrv. ríkisstj. til lítils sóma. Ég held að það sé öllum ljóst og ekki síst Vestfirðingum, að fyrrv. ríkisstj. stóð með miklum sóma að stofnun Orkubús Vestfjarða og með miklum heilindum og með stuðningi Vestfirðinga almennt án tillits til þess, hvar þeir skipa sér í pólitíska flokka.

Það hefur verið deilt um það, hvort hægt sé af tæknilegum ástæðum að ljúka lagningu Vesturlínunnar fyrir árslok 1979. Það er mikið búið að ræða um það. Ég vek aðeins athygli á því, að þegar ákveðin voru framlög til þessa verks á fjárl. var gert ráð fyrir að ákveðinn hluti af þessu fjármagni færi til pöntunar á því efni sem þyrfti að hafa mestan fyrirvara á, eins og í sambandi við pöntun á aðveitustöðvum sem hér þarf til. Þessar pantanir fóru fram í apríl á þessu ári. Ég vek athygli á því, að þegar fjárlög þessa árs voru samþ. í des. s. l. var ekki búið að panta neitt til Vesturlínu, en það var samt gert ráð fyrir að vinna á þessu ári. Hvenær var pantað? Það var pantað efni í línuna í mars 1978. Þá voru pantaðir staurar og annað slíkt sem þurfti — í mars. Þess vegna spyr ég: Getur það staðist sem sérfræðingar segja og RARIK segir um þetta efni? En RARIK hefur ekkert um þetta efni að segja nema sem hver annar verktaki. Það er ekki RARIK sem á að ákveða neitt um Vesturlínu. En dettur mönnum í hug að það hafi ekki verið nægilegur tími, hvort sem það var í endaðan ágúst eða endaðan september, sem menn hafa nú verið að deila um, að panta efni: staura, víra og annað slíkt sem þurfti til framkvæmda á næsta ári þegar slíkt hið sama var gert í mars s. l. til framkvæmda á þessu ári sem nú er að líða? Ég held að það þurfi ekki að ræða um þetta atriði.

En spurningin er fjárhagslegs eðlis. Það skil ég ósköp vel, að vandi getur verið á höndum fyrir fjármálastjórn landsins og ríkisstj. að standa við það loforð sem gefið var. Það er allt annað mál. En það verða að vera fjárráð í þessu skyni. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að standa við þau loforð sem gefin voru, og það kostar aukin fjárútlát frá því sem ríkisstj. hugsar sér nú. Í öðru lagi, ef það er ekki gert, þá kostar hinn kosturinn líka fjárútlát, því að ekki verður komist hjá því að bæta Orkubúinu upp þann skaða sem verður ef ekki verður lokið við línuna fyrir árslok 1979. Og þetta segi ég með stuðningi í beinum ákvæðum í stofnsamningi Orkubúsins.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu með nokkrum setningum. Ég vil aðeins segja það, að talað hefur verið um að það hafi verið lítið veitt til Vesturlínu á fjárl. í ár. Það er rétt, það var ekki mikið og það er minna en upphaflega var gert ráð fyrir. En upphæðin var ekki lækkuð fyrr en óyggjandi upplýsingar lágu fyrir um það frá Rafmagnsveitum ríkisins, að þetta væri framkvæmanlegt. Ég gæti sagt margar sögur af því, að það var ekki hlaupið að því að fallast á þessa lækkun fyrr en það lá skýlaust fyrir, að það væri hægt þrátt fyrir það að ljúka línunni á árinu 1979. En hvers vegna var það, að minna fjármagn var sett í þessa línu en við hefðum viljað? Það var m. a. vegna þess, að það er ekki hægt að gera allt í einu. Það var hafið mjög þýðingarmikið verk, þar sem var Austurlína, og við féllumst á að láta Austurlínu ganga fyrir til þess að ljúka því verki sem fyrst og hún gæti komið í gagnið sem fyrst.

Nú vil ég segja að lokum við alla sanngjarna menn og sérstaklega við hæstv. iðnrh.: Er ekki sanngjarnt að staðið sé við þau loforð sem fyrrv. ríkisstj. gaf um framkvæmd á Vesturlínu og voru á þann veg, að um leið var séð um að Austurlína gengi fyrir — og nú kemur Austurlínan í gagn um áramót? Geta nú ekki allir góðir og skynsamir menn sameinast um að gera það átak fyrir Vestfirðinga í framkvæmd Vesturlínu sem gert var ráð fyrir? Við erum að gera meira en eitthvað fyrir Vestfirðinga. Þetta er það eina þjóðhagslega rétta sem á að gera í þessu máli eins og málin standa í dag.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera mjög langorður, en ég tel rétt vegna ýmissa aths., sem hér hafa fallið í minn garð varðandi þetta málefni, að víkja að örfáum atriðum.

Í fyrsta lagi er það, að menn hafa verið að ræða um það, hver hafi tekið ákvarðanir og hvers sök það væri, ef menn vilja nota það orð, að ekki er kleift úr þessu að ljúka við lagningu Vesturlínu á næsta ári, eins og fyrrv. iðnrh. hafði gefið fyrirheit um á sínum tíma, á árinu 1977. Möguleikarnir á þessu lokuðust að mati Rafmagnsveitna ríkisins um mánaðamótin ágúst-september. Hafi ég nefnt hér lok september í tilvitnun í bréf til fjárlaga- og hagsýslustofnunar frá Rafmagnsveitum ríkisins frá 10. ágúst, þá er það ekki rétt, því að þar segir orðrétt um þetta atriði: „Hér eru engin vandamál með framkvæmdina. Hins vegar verður að panta efnið mjög fljótlega eða fyrir lok þessa mánaðar“ — þ. e. sem bréfið er dags. í, lok ágústmánaðar.

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. þm. Vestf. eins og aðra að gera sér ljóst, að það er tómt mál að mati þeirra sem gerst ættu að þekkja, framkvæmdaðilans, að karpa hér um það, hvort unnt sé að koma þessu verki í framkvæmd á næsta ári. Það er þeirra mat, að það sé ekki hægt, og þeir kostir, sem Rafmagnsveitur ríkisins nefna í grg. sinni til iðnrn. frá 6. okt., eru um það, hvort þetta skuli vera tveggja ára framkvæmd héðan í frá eða þriggja ára framkvæmd. Þeir gera ráð fyrir í till. sinni að þetta verði tveggja ára framkvæmd, og fjárhagsáætlun þeirra er upp á þessa milljarða, tæpa 4, sem ég hef hér nefnt, nálægt tveimur hvort ár. Ég hef áhuga á að þetta mál nái í höfn á tveimur árum héðan í frá, það dragist ekki lengur, en það er ekki kleift að ljúka því á einu ári. Ég tel brýnt að þetta komist í höfn á tveimur árum, og ég mun vinna að því, ég vænti í góðri samvinnu við þm. Vestf., að unnt verði að afla fjár til þess að það sé kleift.

Hvað snertir dagsetningar og ákvarðanir fyrrv. ríkisstj. í þessu máli, þá vil ég segja hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni það og endurtaka það sem ég taldi að fram hefði komið í mínu máli, að engin gögn, hvorki frá fjárlaga- og hagsýslustofnun né eftirliggjandi frá fyrrv. iðnrh., voru mér handbær í iðnrn., og ég hef ekki fundið þau. Þó hef ég fengið gögn sem varða fjárlagatillögur fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Hún hefur þá að undir-

lagi — ja, ég veit ekki hvers — breytt þessari tölu sem þeir hæstv. ráðh. virðast hafa komið sér saman um síðasta daginn sem þeir sátu á valdastólum. En ég held að við ættum ekki að vera að deila hart um þetta.

Hv. þm. Þorvaldur Garðar vék hér að ýmsum þáttum í lokaorðum sínum. Ég vil benda á það hvað snertir pantanir á efni og tímalengd, að þá skiptir auðvitað máli hvort verið er að panta efni til framkvæmda sem 400 millj. kr. eru veittar til, eins og er í ár, eða rösklega það, eða efni vegna stórframkvæmdar upp á hátt í 4 milljarða kr. Það segir sig væntanlega sjálft, að á því er allnokkur munur.

Það er margt sem snertir orkumál okkar sem er ekki í því horfi sem skyldi, og það er sitthvað sem ég hef þurft að taka við frá fráfarandi ríkisstj. sem veldur allnokkrum vandkvæðum. Ég ætla ekki að fara að rekja það hér, til þess er ekki tími. En eitt snertir þó óbeint stofnun Orkubús Vestfjarða, og það eru þau skuldaskil, sem ríkið tók á sig vegna stofnunar Orkubúsins, hluta af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins upp á um 400 millj. kr. Um þetta var samið. Þetta var út af fyrir sig eðlileg og rétt stefna, og svona þarf að standa að málum varðandi Rafmagnsveitur ríkisins líka í næstunni og í framtíðinni. Hins vegar var ekki séð betur fyrir þessum skuldaskilum við afgreiðslu fjármála á þessu ári en svo, að þessi upphæð var færð á Orkusjóð án þess að reiknað væri með nokkrum viðbótartekjum fyrir hann. Það veldur því, að hjá Orkusjóði er nú vandi upp á nær því 400 millj. kr. af þessum sökum og talsvert, sem við hefur bæst af öðrum sökum til viðbótar. Þetta eru erfiðleikar frá fortíðinni.

Ég vil að endingu segja það, að ég vænti þess að Vestfirðingar og Austfirðingar geti snúið bökum saman í sambandi við að leysa þann vanda sem þeir eiga við að glíma í raforkumálum og eru á margan hátt svipaðs eðlis. Ég treysti því, að svo verði og allir góðir og velviljaðir hv. þm. leggist þar á sveif með þessum landshlutum.

Jón Helgason: Herra forseti. Þar sem ég var settur í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins á s. l. vori vil ég aðeins staðfesta þau orð hv. 2. þm. Norðurl. v., sem hann sagði áðan, að Rafmagnsveitum ríkisins barst ekki nein tilkynning um ákvörðun fyrrv. ríkisstj. um að það ætti að leggja nægilegt fjármagn til þessa verks á næsta ári og þess vegna gat hún ekki farið að panta efni, vegna þeirrar reglu, sem hún hefur, að gera það ekki fyrr en einhvers konar trygging er fengin fyrir því. Þá reglu munu Rafmagnsveitur ríkisins einmitt hafa tekið upp vegna þess, að á það hefur skort að það hafi fengist greitt tímanlega sem Rafmagnsveitum ríkisins hefur verið falið að panta. Þetta hefur valdið Rafmagnsveitum ríkisins miklum fjárhagserfiðleikum. Og eitt af því, sem á hefur skort nú á þessu ári, eru einmitt greiðslur frá Orkusjóði til styrkingar á dreifikerfi í sveitum. Þar hefur Orkusjóður ekki greitt nærri alla þá upphæð sem til þess er veitt samkv. fjárlögum.

Það hefur verið aðeins minnst hér á að það þyrfti að jafna misrétti og erfiðleika sem Vestfirðingar kynnu að verða fyrir vegna þess dráttar sem þarna er augljóst að verður. Ég vil taka undir það, að vitanlega á að jafna allar slíkar byrðar og það þarf vitanlega að gera það í miklu ríkari mæli en gert hefur verið. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að í þáltill., sem Kjartan Ólafsson flytur hér, kemur fram að Orkubú Vestfjarða selur rafmagn til heimilisnotkunar á rúmum þremur kr. lægra verði heldur en Rafmagnsveitur ríkisins. Þarna er komið fram það sem ég hélt fram í umr. við afgreiðslu laga um Orkubú Vestfjarða, þar sem tekin voru 20% af verðjöfnunargjaldi af Rafmagnsveitum ríkisins og fengin Orkubúi Vestfjarða, að það væri engin trygging fyrir því, að það yrði ekki til þess að Rafmagnsveitur ríkisins yrðu að selja á dýrara verði en Orkubú Vestfjarða. Þarna er sem sé komið í ljós að Orkubú Vestfjarða notar þennan hluta sinn til þess að selja raforku á lægra verði til heimilisnota heldur en Rafmagnsveitur ríkisins verða að gera.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það var rætt áðan um hvort í bréfi rafmagnsveitustjóra hefði verið talað um að endanleg ákvörðun þyrfti að liggja fyrir í ágústlok eða septemberlok. Ég ætla að hæstv. ráðh. hafi mismælt sig í fyrri ræðu — hann talaði um septemberlok, en hv. 3. þm. Vestf., Kjartan Ólafsson, fullyrti að það væri talað um ágústlok í þessu bréfi. Eitthvert bréf var það sem hæstv. ráðh. las upp þar sem ágústlok eru nefnd. Mér þætti vænt um að heyra hvenær það bréf er dagsett. (**Iðnrh.:** 10. ágúst.) 10. ágúst, já. Það bréf, sem við höfum verið að ræða um, er frá 6. október. 6. okt. skrifaði hann núv. hæstv. ráðh. Þar segir rafmagnsveitustjóri að nú sé orðið of seint að panta efni í línuna, því að til þess að hægt væri að gera viðeigandi ráðstafanir hefði ákvörðun þurft að liggja fyrir strax upp úr mánaðamótum ágúst-sept. Það segir rafmagnsveitustjóri í bréfi 6. okt. 1978. Út frá þessu verður auðvitað að leiða þá ályktun, að það hefði verið nægilegt að panta efni eftir mánaðamótin, þ. e. a. s. eftir 1. sept., þegar núv. ríkisstj. tók við. Hins vegar er öllum ljóst að þetta er ekki nákvæmlega upp á dag, 1. eða 2. einhvers mánaðar. Það er auðvitað öllum sem eitthvað eru kunnugir þessum málum, ljóst að t. d. ef í septembermánuði hefði verið tekin ákvörðun um að panta þetta nauðsynlega efni, þá var það nægilegt. Það er því ljóst að það var í lófa lagið fyrir núv. ríkisstj. að gera þessar ráðstafanir til þess að hægt væri tæknilega séð að framkvæma þessi verk.

Í öðru lagi vil ég leiðrétta þann misskilning sem kemur fram hvað eftir annað, að fyrrv. ríkisstj. hafi fyrst tekið ákvörðun um að veita fé til að ljúka Vesturlínunni 1979 á kvöldfundi síðasta dag sem hún lifði. Ég veit ekki hvaða skáldskapur þetta er. Það er í ágústmánuði 1977 sem Orkubú Vestfjarða er stofnað, og ég gef þá yfirlýsingu um að ég muni beita mér fyrir því, að fé fáist til þess að ljúka línunni á árinu 1979. Síðan er þessi samningur og þessi yfirlýsing samþ. í ríkisstj. þá um haustið, skömmu eftir stofnun Orkubúsins. Við meðferð fjárlagafrv. fyrir árið 1978 er þetta margrætt, og ákveðið er að lækka fjárveitinguna fyrir árið 1978 eftir að fyrir lá yfirlýsing rafmagnsveitustjóra um að engu að síður væri framkvæmanlegt tæknilega að ljúka línunni á árinu 1979. Þá er ákveðið af ríkisstj. að þeirri upphæð, sem fjárveitingin 1978 er skorin niður um, verði bætt við fjárveitinguna 1979. Það liggur því fyrir frá upphafi að ríkisstj. hafi ákveðið að vinna að því, að línunni verði lokið á árunum 1978 og 1979, en ekki ákveðið á einhverjum kvöldfundi síðasta dag ævi hennar.

Að lokum vil ég út af ummælum hæstv. iðnrh. um fjárskort Orkusjóðs og þær byrðar, sem hann hafi orðið að taka á sig vegna Orkubús Vestfjarða, benda hæstv. ráðh. á það, að ég veit ekki betur en ríkissjóður skuldi Orkusjóði allmikið fé. Svo er mál með vexti, eins og menn muna, að á sínum tíma, þegar olíuhækkunin mikla varð, var ákveðið að leggja 1% söluskatt sérstaklega á til

að afla fjár til að greiða niður hitunarkostnað með olíu. Síðar var ákveðið að sá afgangur, sem yrði af þessari söluskattsprósentu skyldi renna í Orkusjóð. Þessu var svo breytt þannig í fyrra með lögum eftir kröfu fjmrn., eða ríkisendurskoðunar eða ríkisbókhalds, að þessi söluskattsprósenta skyldi ganga í gegnum ríkissjóð. Það hefur lengi verið stefna fjmrn. og ríkisbókhalds að fá allt slíkt í gegnum ríkissjóð, en halda ekki mörkuðum tekjustofnum þar fyrir utan. En því var lýst yfir og ákveðið að þetta væri aðeins formbreyting og annað ekki. Nú hefur söluskatturinn farið töluvert fram úr áætlun fjárl., og að sjálfsögðu á það sama að gilda og áður, að það, sem er fram yfir, á að renna í Orkusjóð. Það, sem söluskattsstigið, olíuprósentan eða söluskattsprósentan, gefur meira en fjárlög gerðu ráð fyrir, á að renna í Orkusjóð. Ég beini því til hæstv. iðnrh., að hann gangi eftir því, að ríkissjóður standi skil á þessum skuldum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 21. nóv.

Utanlandsferðir á kostnað ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um utanlandsferðir á kostnað ríkissjóðs og ríkisstofnana, á þskj. 20, afhent þm. 21. nóv.

Óskað er eftir upplýsingum um utanlandsferðir á kostnað ríkissjóðs og ríkisstofnana (þ. á m. ríkisbanka) á árinu 1977. Í svari komi fram:

1. Nöfn þeirra, sem farið hafa utan, hvert farið, hve oft, í hvaða skyni og hve langan tíma hver ferð tók.
2. Kostnaður vegna hverrar ferðar, annars vegar ferðakostnaður, hins vegar dvalarkostnaður.

Óskað er eftir skriflegu svari.

SVAR:

Á eftirfarandi yfirlitum eru upplýsingar til svars ofangreindum spurningum.

Upplýsingar bárust ekki frá Alþingi.

Þær stofnanir sem ekki höfðu kostnað af utanferðum á árinu 1977 eru ekki sérstaklega tilgreindur.

Forsætisráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Geir Hallgrímsson, forsætisráðherra					
1.1 Þing Norðurlandaráðs í Helsinki og fundur ráðherranefndar Norðurlanda	13	423.419	227.020	650.439	
1.2 Fundur ráðherranefndar Norðurlanda	4	58.119	106.570	164.689	
1.3 Fundur ráðherranefndar Norðurlanda	3	50.615	43.874	94.489	
1.4 Fundur ráðherranefndar Norðurlanda	7	181.795	115.200	296.995	
1.5 Opinber heimsókn til Sovétríkjanna	12	323.335 410.000	484.620	1.217.955	Hótelk.gr.af sendir.
2. Guðmundur Benediktsson, ráðuneytisstjóri					
2.1 Fundur vegna Nordisk Ministerråd	4	46.590	79.280	125.870	
2.2 Fundur vegna Nordisk Ministerråd og þing Norðurlandaráðs í Helsinki	8	94.844* 150.000	156.660	401.504	*Dagpeningar Hótelk.gr.af sendir v/ ferðar með forsætisráðherra
2.3 Fundur vegna Nordisk Ministerråd	4	48.165	90.590	138.755	
2.4 Fundur ráðherranefndar Norðurlanda	3	24.456	—	24.456	
2.5 Fundur vegna Nordisk Ministerråd	4	52.459	82.460	134.919	
2.6 Fundur vegna Nordisk Ministerråd	4	44.512	99.060	143.572	
3. Björn Bjarnason, skrifstofustjóri					
3.1 Í fylgd með forsætisráðherra til fundar í Suður-Englandi, Torquay	4	43.000 hótelk. 48.657 dagp.	106.570	198.227	Hótelk.gr.af sendir v/ ferðar með forsætisráðherra
3.2 Fundur Int. Institute for Strategic Studies og undirbún. heimsóknar forsætisráðherra til Sovétríkjanna	4	59.703	—	59.703	
3.3 Opinber heimsókn forsætisráðherra til Sovétríkjanna	11	164.186	437.500	601.686	
4. Gunnar G. Schram					
4.1 Fulltrúi forsætisráðuneytis á embættismannamóti Norðurlanda um umhverfis- og mengungarmál	4	47.426	79.280	126.706	
5. Pétur Thorsteinsson					
5.1 Opinber heimsókn forsætisráðherra til Sovétríkjanna	11	28.000	437.500	465.500	Dvalark.að öðru l. gr. af utanríkisrn.
6. Ólafur Björnsson					
6.1 Fundur norrænna embættismanna um þróunarl. aðstoð	4	59.727	82.460	142.187	
7. Jónas Eysteinsson, form. Norræna félagsins					
7.1 Þing Norðurlandaráðs í Helsingfors	7	82.980	103.260	186.240	
8. Gunnlaugur Claessen, deildarstjóri og Hjalti Zóphoníasson, fulltrúi					
8.1 Ferðastyrkur til Íslandsdeildar norræna embættismannasambandsins (fundur á Álandseyjum í júní)				314.000	

Forsætisráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
9. Jóhann Hafstein, fv. ráðherra					
9.1 Ferðastyrkur v/ funda endurskoðenda Norræna fjárfestingarbankans í Helsinki		378.687	114.900	493.587	
10. Guðmundur Magnússon, prófessor					
10.1 Sóttur fundur í Helsinki ásamt J.Hafst.		46.348	-	46.348	
Embætti húsameistara ríkisins					
1. Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins					
1.1 Fundur N.B.D. til undirb.ráðst. NBD (Kbh)	7	106.539	-	106.539	
1.2 Ferð til Rússlands í boði rússneska arkitektafélagsins	7	120.415	157.780	278.195	
1.3 Fundur N.B.D. og XIII. ráðstefna N.B.D. í Kaupmannahöfn	7	114.121	-	114.121	
2. Garðar Halldórsson, arkitekt					
2.1 Ferð á N.B.D. í Kaupmannahöfn	7	114.160	100.700	214.860	
3. Svavar Þorvarðsson					
3.1 Skoðunarferð í Kaupmannahöfn á vegum embættisins		114.912	-	114.912	
Þjóðhagsstofnun					
1. Ólafur Davíðsson					
1.1 Fundur hjá OECD í París um efnahagsþróun á Íslandi	5	79.993	72.540	152.533	
2. Hallgrímur Snorrason					
2.1 Fundur í Efnahagsmálanefnd EFTA í Genf	4	54.282	102.300	156.582	
2.2 " " " " "	4	63.828	106.800	170.082	
Framkvæmdastofnun ríkisins					
1. Tómas H. Sveinsson.					
1.1. Norræn samgöngumálanefnd í Stokkhólmi.	3	35.467	91.340	126.807	
1.2. Norræn samgöngumálanefnd í Árósum.	3	41.531	82.460	123.991	
1.3. Highlands & Islands í Skotlandi.	5	72.365	-	72.365	
1.4. Norræn samgöngumálanefnd í Finnlandi.	4	62.700	110.980	173.680	
2. Sigurður Guðmundsson.					
2.1. Norræn samgöngumálanefnd í Osló.	3	36.139	76.100	112.239	
2.2. Fundur í Hollandi á alþjóðl.ráðstefnu um byggðamál.	10	151.389	10.460	161.849	Mism.fa[illegible]
3. Tómas Árnason.					
3.1. Viðræðufundur í London um lánamál	2	41.141	12.680	53.821	Mism.fa[illegible]
3.2. " " " " "	6	122.901	13.670	136.571	"
3.3. " " " " "	4	98.543	-	98.543	
3.4. " " " " "	4	96.711	-	96.711	
4. Helgi Ólafsson.					
4.1. Highlands & Islands í Skotlandi	10	141.921	38.240	180.161	
5. Guðmundur B. Ólafsson.					
5.1. Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins í París	11	161.551	99.120	260.67[illegible]	
6. Guðmundur M[illegible]quist.					
6.1. Ráðstefna norrænna bankalögfræðinga í Noregi.	10	136.081	107.455	243.536	

Forsætisráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
7. Sigurður Gústavsson.					
7.1. Námskeið í Bergen "Empiriske Analyser av Regionale Data".	14	202.453		202.453	
8. Sigfús Jónsson.					
8.1. Fundur í Hollandi á alþjóðl. ráðstefnu um byggðamál.	8	120.042		120.042	
9. Sverrir Hermannsson.					
9.1. Regional Fond í Osló.	2	35.248		35.248	

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Vilhjálmur Hjálmarsson, ráðherra					
1.1 Fundur Norðurlandaráðs í Helsinki	6	85.413	103.770	189.183	
1.2 För til Færeyja með Sinfóníuhljómsveit Íslands	6	58.320	53.000	111.020	
2. Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri.					
2.1 Fundur menntamálaráðherra Norðurlanda í Kungälv í Svíþjóð	4	47.469	72.360	119.829	
2.2 Fundur menntamálaráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn	3	35.479	79.280	114.759	
2.3 Fundur Norðurlandaráðs á Helsinki	6	81.123	103.770	184.893	
2.4 Fundur menntamálaráðherra aðildarríkja Evrópuráðs í Strasbourg	5	75.401	88.560	163.961	
2.5 Ráðherrafundur og fundur emb.manna og ráðun.-stjóra um gervinnattamál í Stavanger	14	77.885	57.230	135.115	
2.6 Fundur menntamálaráðherra Norðurlanda og embættismannafundur í Stokkhólm	4	78.238	99.060	177.298	
2.7 Fundur embættismannanefndar norræns menningarmálasamstarfs í Kaupmannahöfn	6	48.895	86.080	134.975	
3. Knútur Hallsson, skrifstofustjóri.					
3.1 Fundur um norræna samvinnu í sjónvarpsmálum í Kaupmannahöfn.		79.209	100.488	179.697	
4. Reynir G. Karlsson, æskul.fulltr.					
4.1 Ferð til Svíþjóðar, Danmerkar og Skotlands til að kynnast nýtingu skólahúsnæðis til félagsstarfa	11	81.120	–	81.120	
4.2 Fundur í stjórn Nordens Folkliga Akademi í Kungälv í Svíþjóð	10	46.425	–	46.425	
5. Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi					
5.1 Farið til Kaupmannahafnar á 3. íþróttaráðstefnu Evrópu til að athuga ýmis tæki og efni til notkunar v/rekst. og smíði íþróttamannv.		97.194	82.460	179.654	
5.2 Norræn ráðstefna um íþróttamannvirki í Stokkhómi		89.752	101.640	191.392	
6. Guðmundur Þór Pálsson, arkitekt					
6.1 Norræn skólabyggingaráðst. í Þrándheimi	5	59.297	62.040	121.337	
7. Indriði H. Þorláksson, deildarstjóri					
7.1 Norræn skólabyggingaráðst. í Þrándheimi	5	60.641	120.820	181.461	
8. Stefán Júlíusson,					
8.2 Fundur bókasafnsstj. á Norðurlöndum haldinn í Osló	4	55.477	82.460	137.937	

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
9. Svandís Skúladóttir					
9.1 Fundur í Kaupmannahöfn í norrænni samstarfsnefnd um dagvistarmál	5	72.083	0	72.083	
10. Guðmundur Þorsteinsson					
10.1 Ráðstefna í Osló um umferðarmál	3	79.420	89.752	169.172	
11. Kristín Hallgrímsdóttir					
11.1 Fundur í stjórn Menningarsjóðs Íslands og Finnlands, haldinn í Åbo í Finnl.	3	46.398	106.900	153.298	
12. Jónas Kristjánsson					
12.1 Fundur handritaskiptanefndar í Kaupmh.	11	130.012	0	130.012	
12.2 Sama	10	143.500	49.000	192.500	
13. Ólafur Halldórsson					
13.1 Sama og 12.1	11	130.012	67.270	197.282	
13.2 Sama	10	143.500	55.240	198.740	
Háskóli Íslands					
1. Agnar Ingólfsson					
1.1 Ráðstefna um sjófugla í Skotlandi	5	23.260	2.670	25.930	
2. Björn Björnsson					
2.1 Fararstjórn Háskólakórs til Skotlands	8	94.314	57.020	151.334	
3. Einar Sigurðsson					
3.1 Stjórnarfundur Sambands norr. rannsóknarbókavarða í Svíþjóð	4	45.548	96.000	141.548	
3.2 Stjórnarfundur Samb. norr. rannsóknarbókavarða í Svíþjóð, og undirb. námsferðar nema til Englands	5	80.680	108.440	189.120	
4. Geir A. Gunnlaugsson					
4.1 Ferð til Danmerkur og Svíþjóðar, fundir kennara og heimsókn í háskóla	11	115.069	68.690	183.759	
5. Guðjón Axelsson					
5.1 Ferð til Danmerkur og Finnlands á fund norrænna rektora- og deildarforseta, og heimsókn í tannl.háskóla	10	146.749	77.630	224.379	
6. Guðlaugur Þorvaldsson					
6.1 Rektorafundur Evrópu í Edinborg	5	48.179	59.260	107.439	
6.2 Heimsókn til 7 þýskra háskóla. Fulltrúi H.Í. við 500 ára afmæli Tübingen háskóla. Viðræður um framhaldsmenntun verkfræðinga í Karlsruhe	13	168.443	-	168.443	
2 dagar í London v/ verkfalls á Íslandi. 6.2 Rektorafundur Evrópu í Sviss	6	92.834	108.820	201.654	
6.3 Heimsóttir 6 háskólar og 2 sáttastofnanir í Bandaríkjunum	23	120.771	-	120.771	
7. Guðmundur Eggertsson					
7.1 Ferð til Þýskalands, Hollands og Englands v/ undirbúnings samstarfs við lífefnafræðinga	10	130.646	65.300	195.946	
8. Guðrún Ólafsdóttir					
8.1 Námsferð til Noregs með jarðfræðinema	20	102.172	23.570	125.742	
9. Halldór Guðjónsson					
9.1 Ráðstefna um háskólamál í Grikklandi		-	166.420	166.420	
10. Hreinn Benediktsson					
10.1 Ráðstefna málfræðinga í Florida	24	62.377	89.000	151.377	
11. Jens Pálsson					
11.1 Ferð til Frankfurt vegna mannfræðirannsókna	69	339.805	85.260	425.065	

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
11.2 Ferð til Þýskalands og Ítalíu vegna mannfræðirannsókna	27	116.870	119.460	236.330	
11.3 Ferð til USA og Kanada vegna mannfræðirannsókna	51	261.112	140.070	401.182	
11.4 Ferð til Þýskalands, Tékkóslóvakíu og Noregs vegna mannfræðirannsókna	92	0	149.148	149.148	
12. Jóhann Axelsson					
12.1 Ferð til ýmissa borga í Bandaríkjunum og Kanada vegna mannfræðirannsókna	23	294.840	196.580	491.420	
12.2 Rannsóknardvöl í Gautaborg	6	72.000	-	72.000	
13. Jón Þór Þórhallsson					
13.1 Ráðstefna og heimsóknir í háskóla í Svíþjóð og Danmörku	7	80.202	91.340	171.542	
13.2 Fundur á vegum Ranns.ráðs Norðurlanda í Danmörku	4	46.363	82.460	128.823	
13.3 Ráðstefna í Boston og Dallas, Bandaríkj.	24	145.977	113.300	259.277	
14. Jónas Elíasson					
14.1 Ferð til Danmerkur, Noregs og Finnlands v/ stjórnar- og fagfunda	15	164.430	106.000	270.430	
15. Júlíus Sólnes					
15.1 Fundir í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi	33	151.994	137.090	289.084	
16. Leifur Á. Símonarson					
16.1 Leiðsögn í námsferð jarðfræðinema til Noregs	14	49.300	23.570	72.870	
17. Maggi Jónsson					
17.1 Ferð til Englands vegna skipulags- og byggingarmála	16	253.632	76.540	330.172	
18. Ólafur S. Andrésson					
18.1 Ferð til Bandaríkjanna v/ rannsókna	febr.	-	119.000	119.000	
19. Ólafur Bjarnason					
19.1 Ferð til Englands og Svíþjóðar á tvær ráðstefnur um læknisfræðileg efni	20	87.535	92.680	180.215	
20. Ólafur Ragnar Grímsson					
20.1 Ferð til Englands, ráðstefnur og kynnisferð vegna stjórnmálafræði	10	66.000	0	66.000	
21. Óttar P. Halldórsson					
21.1 Leiðsögn í námsferð verkfræðinema til Bandaríkjanna	16	224.640	100.470	325.110	
21.2 Fundir í Noregi og Danmörku	6	87.574	81.000	168.574	
22. Pétur K. Maack					
22.1 Fundir í tæknihaskólum í Danmörku og Svíþjóð	10	125.426	57.640	183.066	
23. Ragnar Ingimarsson					
23.1 Ferð á vegum Independence Foundation til Bandaríkjanna. Heimsókn í 13 háskóla. Kynnisferð vegna kennslu í bygg.verkfr.	64	298.500	0	298.500	
24. Sigfús Björnsson					
24.1 Leiðsögn í námsferð rafmagnsverkfræðinema til Englands, Danmerkur og Noregs	11	131.466	74.260	205.726	
25. Sigrún Helgadóttir					
25.1 Ráðstefna í Chicago um tölvutækni	6	76.157	149.560	225.717	
26. Valdimar Kr. Jónsson					
26.1 Fræðsluferð með nema í verkfræði til Englands	8	98.359	47.340	145.699	
27. Valdimar Örnólfsson					
27.1 Fararstjórn með nemendur á Norðurlandameistaramót í blaki í Árósum	4	49.299	82.460	131.759	

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
28. Wojcech Gulgowski					
28.1 Námskeið í tölvutækni í München	11	169.156	71.330	240.486	
29. Þorgeir Pálsson					
29.1 Heimsókn til háskólans í Lundi, Svíþjóð	7	57.862	91.340	149.202	
30. Þorleifur Einarsson					
30.1 Námsferð með jarðfræðinema til Noregs	12	102.172	23.570	125.742	
31. Þorkell Helgason					
31.1 Ráðstefna um stærðfræðikennslu í Svíþjóð. Heimsóknir í háskóla í Danmörku	9	88.014	67.000	155.014	
32. Þráinn Eggertsson					
32.1 Leiðsögn í kynnisferð viðskiptafræðinema til Bandaríkjanna	11	115.125	78.170	193.295	
V/ rannsóknarleyfa					
1. Gylfi M. Guðbergsson, dósent					
1.1 Dvalist í Bandaríkjunum og Kanada	7/2-28/6'77	656.070+600.000 styrkir	198.260	254.330	
2. Guðmundur Magnússon, prófessor					
2.1 Dvalist í Svíþjóð	26/6-5/8'77	338.440	93.000	431.440	
3. Sveinn Sk. Höskuldsson, prófessor					
3.1 Dvalist í Danmörku og Svíþjóð	16/8'76 til 4/6 1977	823.118+320.000 styrkir	60.540	563.658	
4. Örn Helgason, dósent					
4.1 Dvalist í Danmörku	11/1-11/7'77	737.637+250.000 styrkir	72.360	559.997	

Háskóli Íslands

Ferðastyrkir úr Sáttmálasjóði árið 1977 veittir föstum háskólakennurum og sérfræðingum háskólastofnana. Styrkir þessir eru veittir til þess að sækja fundi og vísindalegar ráðstefnur erlendis, svo og til skemmri rannsóknaferða utanlands. Nægi styrkur ekki fyrir ferðakostnaði greiðir styrkþegi það sem á vantar.

Styrkþegi:	Nafnnr.:	Upphæð styrks:
Agnar Ingólfsson	0100-6061	kr. 140.000
Arnljótur Björnsson	0560-3455	" 140.000
Baldur Jónsson	0922-3630	" 140.000
Bergsteinn Jónsson	1048-1287	" 135.000
Bjarni Einarsson	1206-8328	" 100.000
Bjarni Guðnason	1212-8991	" 140.000
Bjarni Sigurðsson	1231-1486	" 140.000
Björn Þorsteinsson	1359-9718	" 135.000
Bragi Árnason	1395-1241	" 140.000
Davíð Davíðsson	1579-1578	" 140.000
Eggert Briem	1704-6497	" 110.000
Einar Júlíusson	1817-5002	" 70.000
Ella K. Kristinsdóttir	2057-6928	" 106.300
Gísli Már Gíslason	2667-5952	" 140.000
Guðni Alfreðsson	3122-9138	" 140.000
Guðný Guðbjörnsdóttir	3156-2023	" 140.000
Gunnar Karlsson	3369-6825	" 100.000
Gunnar G. Schram	3383-0998	" 140.000
Haraldur Ólafsson	3785-8978	" 140.000
Haukur Kristjánsson	3829-6485	" 70.000

Menntamálaráðuneytið

Styrkþegi:	Nafnnr.:		Upphæð styrks:
Heimir Áskelsson	3868-5643	"	140.000
Hrafn Tulinius	4302-2008	"	140.000
Hreinn Benediktsson	4365-4578	"	140.000
Hörður Filippusson	4465-4628	"	140.000
Indriði Haligrímsson	4518-1081	"	70.000
Ingi Sigurðsson	4571-4284	"	135.000
Ingvar Árnason	4762-3367	"	120.000
Jakob Benediktsson	4845-3902	"	140.000
Jens Ó. P. Pálsson	4919-8817	"	140.000
Jóhann Axelsson	4957-6404	"	140.000
Jón Kr. Arason	5105-8917	kr.	70.000
Jón G. Friðjónsson	5129-2332	"	140.000
Jón G. Stefánsson	5188-6046	"	70.000
Jón Þorsteinsson	5206-5178	"	70.000
Jónas Bjarnason	5247-1311	"	140.000
Jónas Kristjánsson	5260-5849	"	50.000
Júlíus Sólnes	5416-7385	"	140.000
Kristín H. Jónsdóttir	5760-1353	"	60.000
Kristján Búason	5845-9690	"	140.000
Leifur A. Símonarson	6068-1279	"	70.000
Ólafur Halldórsson	6761-1403	"	50.000
Páll Sigurðsson	7026-9538	"	140.000
Páll Skúlason	7028-3816	"	70.000
Páll Skúlason	7028-3832	"	140.000
Peter S. Kristensen	7085-1334	"	50.000
Sigfús Björnsson	7532-8427	"	123.000
Sigríður L.Guðmundsdóttir	7620-2583	"	100.000
Sigurður S. Magnússon	7885-3093	"	140.000
Sigurður Steinþórsson	7905-7193	"	85.000
Sigurður Þórarinsson	7913-0842	"	110.000
Sveinbjörn Rafnsson	8712-4681	"	85.000
Tómas Helgason	8894-9218	"	140.000
Tómas Á. Jónasson	8896-8646	"	70.000
Valdimar K. Jónsson	9060-6883	"	140.000
Þorbjörn Broddason	9466-1595	"	65.000
Þorbjörn Karlsson	9470-0795	"	140.000
Þórður Eyð. Magnússon	9521-3804	"	140.000
Þorgeir Pálsson	9559-9311	"	140.000
Þórhallur Vilmundarson	9616-3770	"	100.000
Þórir Einarsson	9636-2196	"	140.000
Þórir Kr. Þórðarson	9651-2937	"	140.000
Þorkell Jóhannesson	9661-7518	"	140.000
Þorleifur Einarsson	9689-3345	"	140.000
Þráinn Eggertsson	9834-3865	"	140.000
Þröstur Laxdal	9850-1126	"	70.000
Örn Bj. Pétursson	9922-4940	"	100.000

Samtals kr. 7.659.300

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir

Háskólasjóður

Fjárveitingar til utanferða í þágu Háskóla Íslands
ár 1977.

		Dagp.	Fargj.	Samtals
1.	Ruth L. Magnússon, stjórnandi Háskólakórsins			
	Fararstjórn og söngstjórn í Bretlandsferð kórsins	94.595	57.020	152.015
2.	Guðlaugur Þorvaldsson, rektor			
	Fulltrúi Háskóla Íslands við hátíðahöld Uppsalaháskóla vegna 500 ára afmælis. Ferðadagar 26/9-1/10 1977. Ferðaheimild menntamálaráðuneytis dags. 21/9 1977.	89.878	107.060	196.938
3.	Bjarni Guðnason, prófessor			
	Fulltrúi Háskóla Íslands við hátíðahöld Uppsalaháskóla vegna 500 ára afmælis	120.282	112.160	232.442

Raunvísindastofnun Háskólans

1. Kristinn J. Albertsson					
1.1	Ráðstefna í Englandi	7	0	69.378	69.378
2. Unnur Steingrímsdóttir					
2.1	Námskeið í Sviss um efni í beinum tengslum við starf á RH	15	108.946	0	108.946
3. Kristín Halla Jónsdóttir					
3.1	Ráðstefna o.fl. í Bandaríkjunum	8	0	130.000	130.000
4. Robert F. Madden					
4.1	Ráðstefna í Bandaríkjunum	6	85.925	181.880	267.805
5. Þorsteinn Sæmundsson					
5.1	Ráðstefna og samanburðarmælingar í Noregi	9	109.737	76.060	185.797
6. Sigmundur Guðbjarnason					
6.1	Ráðstefna, flutn. fyrirlestra o.fl. í Japan	19	172.023	0	172.023
6.2	Ráðstefna, flutn. fyrirlestra í A-Þýskalandi	9	134.392	0	134.392
7. Jón Pétursson					
7.1	Ráðstefna í Englandi	8	97.708	38.240	135.948
8. Jón Kr. Arason					
8.1	Rannsóknir við tvo háskóla í V-Þýskalandi	jún/júl	0	40.000	40.000
9. Örn Helgason					
9.1	Vinna við ranns.verkefni í Danmörku	8	43.055	0	43.055
10. Þorleifur Einarsson					
10.1	Alþjóðamót í Englandi	15	0	50.000	50.000
11. Sigurður Þórarinsson					
11.1	Alþjóðamót í Englandi	10	0	59.680	59.680
12. Leó Kristjánsson					
12.1	Ráðstefna í Englandi	5	72.404	36.000	108.404
13. Reynir Axelsson					
13.1	Ráðstefna í Frakklandi	7	8.000	112.000	120.000
14. Páll Einarsson					
14.1	Ráðstefna og fyrirlestrar í Englandi	14	207.284	59.015	266.299

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
15. Einar Júlíusson					
15.1 Ráðstefna og fyrirlestrar í Búlgaríu	22	125.000	45.000	170.000	
16. Bragi Árnason					
16.1 Ráðstefna í Frakklandi	6	43.792	0	43.792	
17. Ingvar Árnason					
17.1 Heimsókn til 2ja fyrirtækja á vegum RH í Þýskalandi		76.405	0	76.405	
18. Ketill Ingólfsson					
18.1 Ráðstefna í Belgíu	15	50.000	70.000	120.000	
19. Magnús Magnússon					
19.1 Heimsókn til Cambr. Univ. Comput. Lab. á vegum RH (England)	13	41.572	0	41.572	
20. Sigurður Steinþórsson					
20.1 Ráðstefna í Bandaríkjunum	5	61.880	92.320	154.200	
Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, Keldum					
1. Guðmundur Pétursson					
1.1 Ferð til Skotlands vegna rannsókna á riðu og sclerosis disseminata	6	112.077	0	112.077	
1.2 Ferð til Danmerkur vegna ráðstefnu um bóluefni	4	0	82.460	82.460	
2. Baldur Símonarson					
2.1 Ferð til Þýskalands vegna ráðstefnu um snefilefni	17	112.328	11.700[x]	124.028	[x] Innanl. fargj. í Þýskalandi
3. Sigurður H. Richter					
3.1 Ferð til Danmerkur og Svíþjóðar vegna sníkjudýrarannsókna	7	115.023	0	115.023	
Stofnun Árna Magnússonar					
1. Sveinbjörn Rafnsson					
1.1 Rannsóknir í Kaupmannahöfn í sambandi við viðfangsefni Sveinbj. hjá Stofnun Árna Magnússonar	5	76.714	0	76.714	
Listasafn Íslands					
1. Selma Jónsdóttir					
1.1 Ráðstefna í Flórens um listir. Vegna undirbúnings að sýningu á verkum Roberts Jacobsen o.fl. ,Kaupmannahöfn.	19	148.455	115.980	264.435	
Náttúruverndarráð					
1. Árni Reynisson					
1.1 Ferð til Skotlands í boði Country Side Commission um friðlýst svæði	11	69.274	60.060	129.334	
1.2 10. fundur upplýsingastofnunar Evrópuráðs um Náttúruvernd í Strasbourg	5	44.644	88.560	133.224	
Þjóðleikhúsið					
1. Sveinn Einarsson, þjóðleikhússtjóri					
1.1 Sótt þing alþjóðaleiklistarsambandsins í Stokkhólmi og sýningu listahátíðar í Björgvin, Noregi á "Ínúk"	8	111.236	59.151	170.387	
2. Kristinn Daníelsson, ljósam.					
2.1 Farið til Danmerkur og Englands til þess að skoða nýjustu ljósakerfi	19	107.514	77.655	185.169	

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
2.2 Ferð farin til umsjónar með frágangi nýs ljósakerfis til sendingar frá Englandi	8		85.000	85.000	
3. Sigurjón Jóhannsson, yfirleikmyndateiknari					
3.1 Fundur á vegum leikhússins við Koltai leikmyndateiknara í London	8		64.380	64.380	
Ríkisútvarp — Sjónvarp					
1. Andrés Indriðason					
1.1 Kynnisferð til NDR í Hamborg og DR í Kaupmannahöfn v/dagskrárgerðar	12	169.965	58.420	228.385	
1.2 Fundur "Börne- og ungdomsgruppe" Nordvisionar í Sundvolden, Noregi	7	107.415	86.080	193.495	
2. Árný Guðmundsdóttir					
2.1 Náms- og kynnisferð til DR í Kaupmannahöfn v/litvæðingar ísl. sjónv.	13	198.298	57.640	255.938	
3. Ásthildur Sigurðardóttir					
3.1 Náms og kynnisferð til Englands og Sviþjóðar	19	224.732	70.533	295.265	
4. Egill Eðvarðsson					
4.1 Ferð til Lundúna v/frágangs á myndinni "Blóðrautt sólarlag"	4	48.612	84.500	133.112	
5. Eiður Guðnason					
5.1 Fréttastjórafundur Nordvisionar í Oslo	4	48.576	68.441	117.017	
6. Elínborg Stefánsdóttir					
6.1 Fundur- barna- og æskulýðsdeilda norrænu sjónvarpsst. í Stokkhólmi	7	83.003	91.340	174.343	
6.2 Alþjóðlegur sjónvarpsmarkaður í Cannes	9	108.417	112.800	221.217	
6.3 Sölusýning "Nordic screening 77" í Helsinki	10	120.440	70.900	191.340	
6.4 Efnisskoðunarfundur Canadian Broadc. Corp., Australian Broadc. Comm. og ýmissa breskra sjónvarpsstöðva í Toronto	9	135.155	59.840	194.995	
7. Emil Björnsson					
7.1 "BBC Showcase", dagskrárefnisöfnun í London	7	82.524	70.540	153.064	
8. Fylkir Þórisson					
8.1 Námskeið hjá Philips verksm. í Hollandi í uppbyggingu, notkun og viðhaldi sjónvarpsmyndavéla og kynnisferð til ýmissa staða.	60	725.153	114.930	840.083	
8.2 Ferð til Cambridge í Englandi v/úttektar á aukabún. í kvikmyndasýningarvél v/ litvæðingar	4	64.873	76.540	141.413	
9. Gunnar Borg Gunnarsson					
9.1 Skoðun á litframköllunarvélum hjá "Photolab Expo 77" og heimsókn til Universal Film og Studio Film Laboratories í Ldn.	7	47.198		47.198	
10. Helgi Helgason					
10.1 Alþjóðlegur sjónvarpsmarkaður í Cannes	9	108.417	112.800	221.217	
11. Hörður Frímansson					
11.1 Ráðstefna Union Internationale des Télecommunications í Geneve v/úthl. á tíðnisviðum og staðsetningu gerfihnatta	20	235.378	101.850	337.228	
11.2 Fundur NTRS í Osló og viðræður v/tæknid. NRK og viðræður við viðskiptamenn sjónvarps í London	9	106.885	91.250	198.135	
11.3 Aukafundur NTRS og fundur Ministergruppen í Kaupmannahöfn	4	48.091	82.460	130.551	

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
11.4 Fundur NTRS í Stokkhólmi kynnisf. til BBC, London, Intern.Technic, Exhibition í Montreux í Sviss.	18	213.702	136.750	350.452	
12. Ingvi Hjörleifsson					
12.1 Verkleg þjálfun hjá NRK í Oslo	6	144.759	61.950	206.709	
13. Jón Þórarinsson					
13.1 Nordisk TV teatermöde og screening í Helsinki	6	69.953	103.260	173.213	
13.2 Viðræður við NDR í Hamborg v/kvikmyndunar á Paradísarheimt	3	35.307	66.820	102.127	
13.3 BBC Showcase, dagskrárefnasöfnun í London	8	94.313	36.500	130.813	
13.4 Nordisk TV teaterscreening í Oslo	4	48.416	83.570	131.986	
13.5 Undirbúningsfundur í Stokkhólmi v/norrænnar samv. um leikið barnaefni og Nordisk programgruppemöde í Kaupmannahöfn	10	144.331	78.300	222.631	
13.6 Námsdvöl hjá Danmarks Radio v/undirbúnings að litsjónvarpi	21	290.776	55.240	346.016	
14. Maríanna Friðjónsdóttir					
14.1 Náms- og kynnisferð til Visnews, BBC og UPITN í London og til fréttastofu SR í Stokkhólmi	14	169.538	96.410	265.948	
15. Pálína Oddsdóttir					
15.1 Viðræður v/söludeild DR í Kaupmannahöfn, þar sem danska sjónv. hefur tekið að sér sölu á ísl. efni	3	45.138	86.080	131.218	
16. Páll R. Magnússon					
16.1 Kynnisferð til DR í Kaupmannahöfn v/ leikmyndageröar	5	71.868	0	71.868	
17. Pétur Guðfinnsson					
17.1 Fundur Nordvisionar í Noregi og viðræður við NRK v/samvinnu v/dagskrá um Snorra Sturluson	6	94.394	94.560	188.954	
18. Ragna Fossberg					
18.1 Námsdvöl hjá Danmarks Radio v/undirbún. að litsjónvarpi	21	290.794	55.240	346.034	
19. Rúnar Gunnarsson					
19.1 Námskeið hjá Svenska Filminstitutet í Stokkhólmi	5	60.109	94.920	155.029	
20. Sigurður Einarsson					
20.1 Ferð til Englands og Sviss v/tækjakaupa	29	349.274	102.300	451.574	
21. Þórarinn Guðnason					
21.1 Lokafrágangur á myndinni "Blóðrautt sólarlag" og ath. á tæknibún. í London	7	83.130	84.040	167.170	
22. Örn Sveinsson					
22.1 Verkl. þjálfun hjá NRK í Osló	10	144.759	61.950	206.709	
23. Katrín Káradóttir					
23.1 Náms- og kynnisferð til Luxemborgar v/litviðingar	3	47.529	0	47.529	

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Ríkisútvarpið					
1. Andrés Björnsson					
1.1 Til Skotl. skv. heim. menntamálaráðherra	10	116.435	55.520	171.955	
1.2 Útvarpsstjórafundur Norðurl. í Ósló	4	61.946	86.080	148.026	
2. Egill Skúli Ingibergsson					
2.1 Ferð til Írlands v/undirbúningsvinnu við gerð útvarpshúss	5	71.800	65.460	78.346	
3. Guðbjörg Jónsdóttir					
3.1 Til fundar við starfsmannastj. Danmarks Radio og Norsk Rikskring-kasting	7	83.060	87.080	170.140	
4. Guðmundur Gilsson					
4.1 Unglingakórakeppni Norðurlanda í Ribe	7	81.708	80.960	162.668	
4.2 Tónlistarstjórafundur Norðurlanda í Stokkhólmi	4	58.746	99.060	157.806	
5. Gunnar Pálsson					
5.1 Ferð til Írlands v/undirbúnings-vinnu við gerð útvarpshúss	5	71.800	65.460	137.260	
6. Gunnvör Braga Sigurðardóttir					
6.1 Fundur barna- og unglingadeilda útvarpsstöðvanna á Norðurl. í Kaupmannahöfn	7	82.520	80.960	163.480	
7. Haraldur Sigurðsson					
7.1 Vegna Satellite	8	94.000	86.000	180.000	
8. Helgi Hjálmarsson					
8.1 Fundur m/írskum ráðgj. v/útvarpshúss (Dublin)	8	120.320	76.540	196.860	
9. Hjörtur Pálsson					
9.1 Dagskrárstjórafundur Norðurl. í Tälberg S.	5	58.218	98.668	156.886	
9.2 Dagskrárstjórafundur Norðurl. í Lappeenranta	4	170.010	113.250	283.260	
10. Jón Sigurbjörnsson					
10.1 Athugun á hljóðtækjabúnaði hjá Danmarks Radio og Norsk Rikskrk.	8	95.120	85.580	180.700	
11. Jón D. Þorsteinsson					
11.1 Ferð til Írlands v/undirb. v/útvarpshús	5	71.800	66.960	138.760	
12. Karl Guðmundsson					
12.1 Ferð til Írlands v/undirb. v/útvarpshús	5	71.800	66.960	138.760	
13. Magnús Hjálmarsson					
13.1 Athugun á hljóðtækjabúnaði hjá Danmarks Radio og Norsk Rikskrk.	8	95.120	85.580	180.700	
14. Páll P. Pálsson					
14.1 Unglingakórakeppni Norðurlanda í Ribe	7	81.708	80.960	162.668	
15. Vilhjálmur Hjálmarsson					
15.1 Fundur m/írskum ráðgj. v/útvarps-húss (Dublin)	8	120.320	76.540	196.860	
16. Þorsteinn Hannesson					
16.1 Dagskrárfundur EBU í París	7	81.507	81.520	163.027	

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Fræðsluskrifstofan Blönduósi					
1. Sveinn Kjartansson					
1.1 Ráðstefna í Storlien í Svíþjóð á vegum Evrópuráðsins	2	29.276	Gr. af Evrópuráði	29.276	
Leiklistarskóli Íslands					
1. Pétur Einarsson					
1.1 Fundur stjórnar Sambands leiklistarskólanna á Norðurlöndum, í Osló	3	49.582	38.800	88.382	
1.2 Fundur Nordisk Sceneskoleråd í Helsingfors. Kaupmannahöfn v/ styrkja hjá Sekretariatet för Nordisk kulturelt samarbejde. (fór utan 10/10 '77 en vegna verkfalls hér heima komst hann ekki heim fyrr en 26/10)	17	210.568	74.010	284.578	
Fiskvinnsluskólinn					
1. Sigurður B. Haraldsson					
1.1 Kynnisferð til Færeyja með nemendum 5. bekkjar	8	-	100.000	100.000	
Fósturskóli Íslands					
1. Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri					
1.1 Til Danmerkur og Svíþjóðar með nemendur skólans í námsferð	9	-	44.000	44.000	
2. María Finnsdóttir					
2.1 Til Danmerkur og Svíþjóðar með nemendur skólans í námsferð	9	-	44.000	44.000	
Hjúkrunarskóli Íslands					
1. Sigþrúður Ingimundardóttir					
1.1 Til Noregs og Svíþjóðar til að kynnast námi og rekstri hjúkrunarskóla	19	dapgeningar og fargjald =		285.000	
Landsbókasafn Íslands					
1. Finnbogi Guðmundsson					
1.1 75 ára afmælishald Statsbiblioteket í Árósum.	2	8.101	17.000	25.010	F.G. var staddur í einkaerindum í Skotlandi og því var aðeins greitt farg Skotland-Árósar-Skotland.
1.2 Fulltrúi Landsbókasafns við hátíðahöld á aldarafmæli Konunglega bókasafnsins í Stokkhólmi	10	0	66.120	66.120	
2. Ólafur Hjartar					
2.1 Ferð til Winnipeg að kanna vestur-ísl. bókakost vegna sérskrár um hann.	22	0	57.000		
3. Ólafur Pálmason					
3.1 Unesco-fundur í París um alþjóðlega samvinnu um þjóðbókaskrár	4	18.965	61.090	80.055	
Þjóðminjasafn Íslands					
1. Þór Magnússon					
1.1 Víkingafundur í Árósum. Heimsókn á sjóminjasöfn í Þýskalandi og Hollandi	24	130.000	80.000	210.000	
2. Gísli Gestsson					
2.1 Víkingafundur í Árósum, síðan til Noregs í einkaerindum	56 (alls)	50.000	80.000	130.000	

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
3. Árni Björnsson					
3.1 Til Kanada v/ þjóðháttakönnunar og söfnunar	23	dvalarkostn. og fargjöld =		250.000	Utanríkisrn. lagði fram 150 þús. kr., Þjóðminjasafn 100 þús. kr.
4. Elsa E. Guðjónsson					
4.1 Fundur í Helsingfors í samvinnunefnd norrænna búninga- og textílfræðinga, einnig kynnisf. til Osló, Kaupmannahafnar og Stokkhólms	9	92.522	94.140	186.662	
Þjóðskjalasafn Íslands					
1. Bjarni Vilhjálmsson, þjóðskjalavörður					
1.1 Skjalavarðaþing í Osló og sagnfræðingaþing í Þrándheimi	10	138.772	67.180	205.952	
Iðnfræðsluráð					
1. Óli Vestmann Einarsson					
1.1 Ferð til Noregs vegna námsskrárgerðar bókageröarskólans	5	72.629	0	72.629	
2. Steinn Guðmundsson					
2.1 Ferð til Noregs vegna námsskrárgerðar í málmiðnum		101.681	76.100	177.781	
3. Brynleifur Jónsson					
3.1 Til Svíþjóðar vegna námsskrárgerðar í fataiðnaði		0	87.230	87.230	
Stýrimannaskólinn í Reykjavík					
1. Jónas Sigurðsson					
1.1 Fundur um samræmingu verkefna í sjómannaskólum á Norðurlöndum á sviði radarsimulator-kennslu í Osló	4	48.248	90.590	138.838	
1.2 Norrænt mót um sjómannamenntun í Mariehamn Álandseyjum	6	82.291	101.980	184.271	
Vélskóli Íslands					
1. Andrés Guðjónsson					
1.1 Fundur skólastjóra um vélstjóramenntun á Álandseyjum	6	81.424	101.950	183.374	
Tækniskóli Íslands					
1. Ólafur Jens Pétursson, deildarstjóri					
1.1 Aðaltilg. farar að kynnast nýju áfangakerfi sem verið var að undirbúa við danska tæknifræðiskóla. Farið til Odense í Danmörk	9	72.000	55.240	127.240	
2. Stefán Guðjohnsen, deildarstjóri					
2.1 Sama og 1.1	9	72.000	55.240	127.240	
3. Helgi Gunnarsson, deildarstjóri					
3.1 Sama og 1.1	9	72.000	55.200	127.200	
Ríkisútgáfa námsbóka					
1. Bragi Guðjónsson					
1.1 Ath. kennslutæki. Farið til Stokkhólms og Kaupmannahafnar		58.300	0	58.300	
1.2 Ath. kennslutæki. Farið til Kaupmh. og Englands		73.134	0	73.134	

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
2. Jón Emil Guðjónsson					
2.1 Bókasýning í Frankfurt. Rætt við útgáfufyrirtæki og ath. pappírskaup í Englandi Viðræður við Munksgaard og Grafisk Forlag í Kaupmannahöfn	14	214.466	68.931	283.397	
Fræðslumyndasafn ríkisins					
1. Benedikt Gröndal					
1.1 Ráðstefna í London um kennslukvikmyndir og notkun myndsegulbanda í skólum	8	98.906	83.100	182.006	
Húsmæðrakennaraskóli Íslands					
1. Ingibjörg Þórarinsdóttir					
1.1 Fundur norrænna húsmæðrakennara í Osló		0	51.140	51.140	
Íþróttakennaraskóli Íslands					
1. Árni Guðmundsson, skólastjóri					
1.1 Sóttur fundur og námsk. "Nordisk gymnastiklærerkongress og kurs í Norges Idrettshögskole". Osló, Noregi	14	0	130.000	130.000	
Kennaraháskóli Íslands					
1. Sigríður Valgeirsdóttir					
1.1 Ráðstefna í tölfræði í USA	15	116.084	87.010	203.094	
1.2 Vegna tölvuvinnu við hæfileikapróf í USA	28	203.530	92.920	296.450	
2. Ragnhildur Helgadóttir					
2.1 Kynnisferð v/skólasafna til Danmerkur	22	72.498	0	72.498	
3. Rósa B. Þorbjörnsdóttir					
3.1 Ráðstefna um málakennslu í Finnlandi	5	58.567	53.900	112.467	
4. Stella Guðmundsdóttir					
4.1 Fararstj. v/námskeiðs. Til Danmerkur	9	69.575	43.000	112.575	
5. Ólafur Jóhannsson					
5.1 Kynnisferð til Noregs v/kennaramennt.	11	58.925	0	58.925	
6. Karl Jeppesen					
6.1 Námskeið við Kennarahásk. í Kaupmh.	20	174.335	57.640	231.975	
Menntaskólinn á Akureyri					
1. Tryggvi Gíslason					
1.1 Sótt ráðstefna á vegum Nordisk råd um skólann og samfélagið í Köge á Sjálandi	7	0	93.920	93.920	Allt uppihald erl. gr. af hálfu Nordisk råd
Rannsóknarráð ríkisins					
1. Steingrímur Hermannsson					
1.1 Vísindanefnd OECD, París	5	48.447	90.490	138.937	
1.2 Stjórnarfundur NORDFORSK, Helsinki	4	22.650	0	22.650	
1.3 Stjórnarfundur NORDFORSK, Kaupmannah.	5	64.854	0	64.854	
2. Gunnar Björn Jónsson					
2.1 Boð sovésku vísindaakademíunnar til Moskvu	45	0	173.340	0	

Menntamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Náttúrufræðistofnun Íslands					
1. Eyþór Einarsson					
1.1 Sóttur fundur um friðun sjaldgæfra plantna í Evrópu á vegum IUCN og fundur evrópskra grasafr. sem vinna að gerð útbreiðslukorta evr. háplantna. Farið til Flórens á Ítal.	5	58.382	0	58.382	Fargj. greitt af IUCN (Alþjóðasamt um náttúruvernd)
1.2 Sóttur fundur Evrópuflórunefndar í Cambridge Englandi	6	74.113	47.340	121.453	
2. Sveinn Jakobsson					
2.1 Úrvinnsla bergfræðilegra gagna við Geologisk Museum, Kaupmannahöfn	9	64.800	0	64.800	Fargj. gr. af Geologisk Museum Kaupmh.

Utanríkisráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Einar Ágústsson, utanríkisráðherra					
1.1 Ráðherrafundur Evrópuráðsins í Strasbourg	5	124.919	91.070	215.989	
1.2 Þing Norðurlandaráðs í Helsinki	8	387.599	212.610	600.209	
1.3 Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins í London	6	366.089	149.640	515.729	
1.4 Ráðherrafundur EFTA í Vínarborg	4	99.353	118.659	218.012	
1.5 Utanríkisráðherrafundur Norðurlanda í Helsinki	5	258.879	223.460	482.339	
1.6 Viðræður við utanríkisráðherra Bandaríkjanna í Washington, og þátttaka í 32. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York	17	1.190.847	226.750	1.417.597	
1.7 a. Opinber heimsókn til Danmerkur b. Opinber heimsókn til Noregs c. Fulltrúi ríkisstjórnar Íslands við 60 ára hátíðarhöld lýðveldis í Finnlandi d. Utanríkisráðherrafundur NATO í Brussel	15	691.682	398.190	1.089.872	
2. Henrik Sv. Björnsson, ráðuneytisstjóri					
2.1 Embættisferð til Parísar og Genf	5	47.306	107.950	155.256	
2.2 Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins í London	6	217.372	93.680	311.052	
2.3 Belgradráðstefna um öryggi og samvinnu í Evrópu, í Belgrad	20	376.951	172.920	549.874	
2.4 Opinber heimsókn utanríkisráðherra til Danmerkur og Noregs, síðan 60 ára hátíðarhöld lýðveldis í Finnlandi	12	402.491	237.420	639.911	
3. Hörður Helgason, sendiherra, skrifstofustjóri					
3.1 Ráðherrafundur Evrópuráðsins í Strasbourg	5	58.636	91.070	149.706	
3.2 Þing Norðurlandaráðs í Helsinki	8	140.385	103.730	244.115	
3.3 Undirbúningur utanríkisráðherrafundar Íslands og Bandaríkjanna, í New York og Washington	8	114.349	113.680	228.029	
3.4 Fundur utanríkisráðherra Norðurlanda í Helsinki	5	96.344	111.730	208.074	
3.5 Viðræður utanríkisráðherra við utanríkisráðherra Bandaríkjanna í Washington, og þátttaka í allsherjarþingi S.Þ. í New York	17	348.433	113.375	461.808	
3.6 Utanríkisráðherrafundur NATO í Brussel	5	113.673	126.820	240.493	
4. Pétur Thorsteinsson, sendiherra					
4.1 Opinber heimsókn forsætisráðherra til Sovétríkjanna	11	201.085	gr. af forsætisráðun.	201.085	
5. Pétur Eggerz, sendiherra					
5.1 Fundir stjórnarnefndar framkvæmdaráðs Evrópuráðsins í París (2 fundir)	8	94.664	Greitt af Evrópuráðinu	94.664	
5.2 Fundur framkvæmdasjóðs Evrópuráðsins á Möltu	10	43.831	"	43.831	
5.3 Fundur í stjórn viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins í París	5	80.467	"	80.467	
5.4 Fundur í stjórn viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins í París	4	44.904	"	44.904	

Utanríkisráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
6. Birgir Möller, sendiráðunautur					
6.1 Fundur protokollstjóra utanríkisráðuneyta Norðurlanda og viðræður við skrifstofu Dannebrogsorðunnar, í Kaupmannahöfn	5	48.606	82.460	131.066	
7. Ólafur Egilsson, deildarstjóri					
7.1 Norrænn deildarstjórafundur um S.Þ.-málefni í Kaupmannahöfn	4	46.558	72.360	118.918	
7.2 Undirbúningsfundur fyrir utanríkisráðherrafund Norðurlanda í Osló	3	35.553	73.240	108.793	
7.3 Undirbúningsfundur fyrir utanríkisráðherrafund Norðurlanda í Helsinki	3	42.939	106.300	149.239	
7.4 Belgradráðstefna um öryggi og samvinnu í Evrópu, í Belgrad	29	473.852	141.560	615.412	
8. Sverrir H. Gunnlaugsson, sendiráðunautur					
8.1 Húsakaup fyrir varamann sendiherra í Stokkhólmi	8	94.838	91.340	186.178	
8.2 32. allsherjarþing S.Þ. í New York	25	318.427	91.790	410.217	
8.3 Athugun á húsakaupum fyrir varamann sendiherra í New York og Washington	6	91.764	103.470	195.234	
8.4 19. aðalráðstefna FAO (sem fylgdarmaður landbúnaðarráðherra) í Róm	10	189.482	131.480	320.962	
9. Helgi Ágústsson, sendiráðunautur					
9.1 Fundur deildarstjóra upplýsingadeilda norrænu utanríkisráðuneytanna í Kaupmannahöfn	3	44.736	82.460	127.196	
9.2 Fundur upplýsingafulltrúa aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins í Brussel	4	59.852	88.340	148.192	
9.3 32. allsherjarþing S.Þ. í New York	36	550.282	76.270	626.552	
10. Þórður Einarsson, sendiráðunautur					
10.1 Ráðgjafarþing Evrópuráðsins í Strasbourg	9	105.681	95.720	201.401	
11. Hörður H. Bjarnason, sendiráðsritari					
11.1 Athugun vegna húsakaupa fyrir varamann sendiherra í Stokkhólmi	8	94.838	91.340	186.178	
12. Hjálmar W. Hannesson, sendiráðsritari					
12.1 Húsnæðisleit í Brüssel	8	83.529	86.500	170.029	
13. Guðmundur Eiríksson, aðstoðarþjóðréttarfræðingur					
13.1 Belgradráðstefna um öryggi og samvinnu í Evrópu, í Belgrad	17	289.627	141.560	431.187	
14. Benedikt Ásgeirsson, sendiráðsritari					
14.1 32. allsherjarþing S.Þ. í New York	29	439.733	95.830	535.563	
Varnarmáladeild					
1. Páll Ásgeir Tryggvason, sendiherra					
1.1 Athugun á rekstri flugvalla og fríhafna í Luxembourg, London, Kaupmannahöfn og Osló	11	117.567	96.310	213.877	
1.2 SHAPEX- fundur hjá NATO í Brussel	6	66.549	88.560	155.109	
1.3 Viðræðufundur í Bandaríkjunum ásamt utanríkisráðherra um varnarmál, og Allocationsfundur í Norfolk um verklegar framkvæmdir varnarliðsins á árinu 1978	10 15	165.154 151.868	101.480 17.930	266.634 169.798	
2. Hannes Guðmundsson, sendiráðunautur					
2.1 NATO-ráðstefna (SPAPEX-fundur) í Brussel	6	71.250	88.560	159.810	
2.2 Kynnisferð til New York, Chicago og Washington v/ öryggisúttektar á flugvöllum vegna flugvélarána og skipulag varna gegn þeim; samningafundur um framkvæmdir varnarliðsins 1978, í Norfolk	8 14	148.680 179.120	Ekki gr. af rsj. Ekki greitt af ríkissjóði	148.680 179.120	
3. Höskuldur Ólafsson, bankastjóri					
3.1 NATO-ráðstefna (SHAPEX-fundur) í Brussel	6	70.535	88.560	159.095	
3.2 Samningafundur í Norfolk, U.S.A.	9	118.076	130.230	248.306	

Utanríkisráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
4. Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri					
4.1 Samningafundur um framkvæmdir á vegum varnarliðsins 1978 í Norfolk, U.S.A.	14	179.120	112.190	291.310	
5. Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins					
5.1 Samningafundur um framkvæmdir á vegum varnarliðsins 1978, í Norfolk, U.S.A.	9	120.968	112.190	233.158	
Fulltrúar stjórnmálaflokkanna á 32. allsherjarþingi Sþ í New York					
Axel Jónsson, alþm.	17	259.855	92.330	352.185	
Eysteinn Jónsson, fyrrv. ráðherra	14	213.998	92.330	306.328	
Guðrún Lára Ásgeirsdóttir, símstöðvarstj.	25	382.140	92.300	474.440	
Helga S. Einarsdóttir, kennari	25	382.140	76.270	458.410	
Hjördís Hjörleifsdóttir, skólastjóri	24	363.916	92.330	456.246	
Jónas Jónsson, ritstjóri	30	454.896	92.330	547.226	
Karl Steinar Guðnason, kennari	25	379.080	92.330	471.410	
Sigurður Hafstein, framkvæmdastjóri	21	318.427	97.150	415.577	
Svava Jakobsdóttir, alþingismaður	24	366.854	103.960	470.814	
Vilborg Harðardóttir, blaðamaður	28	424.569	92.330	516.899	
Fulltrúar á Hafréttarráðstefnu Sþ í New York					
Eyjólfur Konráð Jónsson, alþm.	36	509.846	74.360	584.206	
Jón Ármann Héðinsson, alþm.	33	459.688	74.370	534.058	
Lúðvík Jósepsson, alþm.	28	370.976	73.050	444.026	
Magnús Torfi Ólafsson, alþm.	36	509.846	74.360	584.206	
Þórarinn Þórarinsson, alþm.	31	439.034	74.360	513.394	
Gunnar G. Schram, prófessor	24	339.898	92.040	431.938	
Alþingismenn, er sóttu fundi Evrópuráðsins í Strasbourg					
Pétur Sigurðsson, ráðgjafaþing Evrópur. Str.b.	6	72.144	88.560	160.704	
Ingvar Gíslason " "	6	70.847	91.070	161.917	
" " " "	6	84.168	88.560	172.728	
" " " "	12	187.477	68.160	255.637	
" " v/ fiskveiðinefndar, á Möltu	6	93.774	139.080	232.854	
Þorvaldur G. Kristjánsson, ráðgjafaþing Evrópur.	8	93.913	86.420	180.333	
" " " " "	7	109.408	97.720	207.128	
Fundir hjá NATO					
Guðmundur Sigvaldason, jarðeðlisfr., fundur í vísindanefnd NATO í Brussel	4	59.216	96.400	155.616	
" " fundur í vísindanefnd NATO í Brussel	4	62.504	88.560	151.064	
" " " "	4	62.504	92.400	154.904	
Steingrímur Hermannsson, fundur í nefnd er fjallar um vandamál nútímaþjóðf. haldinn í Düsseldorf	4	47.166	87.870	135.036	
Vegna Félags Sameinuðu þjóðanna					
Guðrún Erlendsdóttir, lektor. Háskóli S.Þ. fundur í Stokkhólmi	4	47.409	91.340	138.749	
Baldvin Tryggvason, sparisj.stj. - þing alþj.samtaka Sþ-félaga í Genf		60.937*	72.800	133.731	*Hluti utanríkisrn.
Vegna nefndar um samskipti við V-Íslendinga					
Árni Bjarnason, bókaútgef., könnunarferð til Kanada		46.067	-	46.067	
Bragi Friðriksson, söknarpr., könnunarferð til Kanada		46.067	-	46.067	
Vegna annarra tilefna:					
Björn Sigurbjörnsson, forstjóri. fundur FAO-nefnda Norðurlanda í Stokkhólmi	4	42.842	94.920	137.762	
Magnús Magnússon, prófessor, Aðalfundur IAFA í Vínarborg	10	150.056	81.300	231.356	

Landbúnaðarráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Halldór E. Sigurðsson, landbúnaðarráðherra					
1.1 Landbúnaðarsýning í Berlín	8	250.067	174.800	424.867	
1.2 Fundur norrænnar samvinnunefndar um landbúnaðarmál í Helsinki	5	202.580	175.670	378.250	
1.3 Landbúnaðarmót á Jótlandi	5	130.558	124.440	254.998	
1.4 Ferð á fund FAO í Róm	10	364.876	262.960	627.836	
2. Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri					
2.1 Ferð með landbúnaðarráðherra á landbúnaðarsýningu í Berlín	8	85.380	85.900	171.280	
2.2 Fundur norrænnar samvinnunefndar um landbúnaðarmál í Helsinki og ferð til Þýskalands á vegum ráðuneytisins	8	150.173	226.150	376.323	
2.3 Landbúnaðarmót á Jótlandi, ásamt ráðherra	8	87.038	82.460	169.498	
2.4 Fundur norrænnar samvinnunefndar um landbúnaðarmál í Oslo	5	76.557	142.590	219.147	
3. Guðmundur Sigþórsson, deildarstjóri					
3.1 Fundur norrænnar samvinnunefndar um landbúnaðarmál í Helsinki	5	107.902	116.440	224.342	
3.2 Fundur norrænnar samvinnunefndar um landbúnaðarmál í Oslo	5	76.557	94.560	171.117	
Embætti yfirdýralæknis					
1. Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir					
1.1 Ferð til 3ja mánaða námsdvalar og ritstarfa í Kaupmannahöfn	5	59.266	79.280	138.546	
1.2 Fundur yfirdýralækna Norðurlanda	5	70.743	116.780	187.523	
2. Valdimar Brynjólfsson, héraðsdýralæknir					
2.1 Námsferð til Noregs v/júgurbólgurannsókna		-	71.740	71.740	
Kjötmatið					
1. Andrés Jóhannesson, kjötmatsformaður					
1.1 Kynnisferð til Bretlands v/kjötmats	7	112.896	61.000	173.896	
Áburðarverksm. ríkisins					
1. Hjálmar Finnsson, framkvæmdastjóri					
1.1 Ferð til Luxemburg, Frakklands, A-Þýskalands og Hollands v/markaðskönnunar og samninga	21	304.547	169.350	473.897	
1.2 Ferð til Noregs, Sviþjóðar, Danmerkur, Bretlands, Hollands og Luxemburg v/samninga um innkaup á tilbúnum áburði	16	252.210	114.915	367.125	
2. Runólfur Þórðarson, verksmiðjustjóri					
2.1 Ferð til Englands og Danmerkur á ráðstefnu um áburðarframleiðslu og athugun á súrhleðslustöð	10	Þátttökugj: 29.688 157.428	94.550	281.666	
3. Jóhannes Bjarnason, verkfræðingur					
3.1 Ráðstefna í Englandi um áburðarframl.	12	188.970 31.714	76.540	297.224	
Veiðimálastjóraemb.		þátttökugj.			
1. Þór Guðjónsson, veiðimálastjóri					
1.1 Fundur í París um varnir gegn smitandi fisksjúkdómum. Farið á vegum fisksjúkdómanefndar	5 1/2	63.459	76.000	139.459	
1.2 Erindi flutt á fundi Salmon and Trout Association í Englandi, um laxveiðimál á Íslandi	3 1/2	54.734	49.380	104.114	
2. Árni Ísaksson, fiskifræðingur					
2.1 Fundur í Frakklandi um fiskeldi í sjó og heimsókn í fiskræktarstöðvar í Skotlandi	11 1/2	139.633	94.659	234.292	

Landbúnaðarráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Skógrækt ríkisins					
1. Baldur Þorsteinsson, skrifstofustjóri					
1.1 Fundur European Forrest Commission í Róm	7	102.443	103.524	205.967	
2. Haukur Ragnarsson, deildarstjóri					
2.1 Fundur Nordisk Skogunion í Noregi	5	73.600	4.911	78.511	
3. Þórarinn Benedikz					
3.1 Ráðstefnur um skógrækt í Finnlandi og Svíþjóð	10	148.806	93.830	242.636	
3.2 Ráðstefna um landvernd í Þýskalandi og fundur Nordisk Arboretsudvalg í Málmey	20	166.336		166.336	Fargjöld greidd erlendis
Landnám ríkisins					
1. Sigurður Sigvaldason, verkfræðingur					
1.1 Ferð til Kaupmannahafnar á byggingaráðstefnu		99.995	55.240	207.035	
	Þátttökugj.	51.800			
Garðyrkjuskóli ríkisins					
1. Grétar Unnsteinsson, skólastjóri					
1.1 Náms- og kynnisferð til Englands, Hollands og Þýskalands	7	78.870	17.984	96.854	Fargj. að hluta til gr. af öðrum
1.2 Náms- og kynnisferð með nemendur skólans til Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar	22	82.654	0	82.654	Fargj. gr. af öðrum
2. Auður Sveinsdóttir, kennari					
2.1 Sama og 1.2 hér að framan	16	23.615 (2d)	0	23.615	" " "
3. Sigurður Þráinsson, kennari					
3.1 Sama og 1.2 hér að framan	16	23.615 (2d)	0	23.615	" " "
4. Þórhallur Hróðmarsson					
4.1 Sama og 1.2 hér að framan	16	23.615 (2d)	0	23.615	" " "
Rannsóknastofnun landbúnaðarins					
1. Björn Sigurbjörnsson, forstjóri					
1.1 Í samb. við ferð hjá FAO og IAEA í Baden var 1 degi varið til viðræðna við IAEA um verkefni stofnunarinnar í búfjárfóðrun	1	11.838	0	11.838	
1.2 Ferð til rannsóknastofnunar í Danmörku v/korntilrauna. Farið í framhaldi af ferð á vegum NKJ	2	23.677	0	23.677	Fargj gr. af NKJ
1.3 Viðræður við IAEA í Vín v/tveggja verkefna er þeir styrkja hjá RALA og frágangur styrkjar IAEA til búfjárrannsókna	4	62.952	131.480	194.432	Fargj. gr. af landbúnaðarráðun.
2. Sigurgeir Ólafsson					
2.1 Fundur EAPR í Vestur-Þýskalandi	7	84.238	64.180	148.508	
3. Stefán Aðalsteinsson					
3.1 Flutt erindi á fundi hrossaræktardeild. Búfjárræktarsamb. Evrópu í Brüssel. Heimsókn til Edinborgar v/samvinnu við Hill Farming Research Org., og dvöl við gagnasöfnun í handbók um erfðafræði hrossa og sauðfjár við Commonwealth Agricultural Bureau í Edinburg.	18	258.780	61.540	320.290	
4. Andrés Arnalds					
4.1 Fundur International Meeting on Animal Production from Temerate Grassland í Dublin, og viðræður við írska sérfr. í beitarrannsóknum	10	138.421	50.000	188.421	

Landbúnaðarráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
5. Jón Óttar Ragnarsson					
5.1 Ráðstefna norrænna næringarfræðinga í Stokkhólmi og kynning hjá Technicon í Stokkhólmi	10	142.332	63.350	205.682	Kostnaður gr. af Kellogg Foundation
6. Gunnar Sigurðsson					
6.1 Fundur í búfjárdeild NJF í Uppsölum í Svíþjóð og kynning hjá háskólanum í Uppsölum á búfjártilraunum	4	61.365	0	61.365	Fargj. gr. af NJF
7. Bjarni Helgason					
7.1 Fundur jarðvegsfræðinga í Chelmsford, Englandi. Skoðuð tilraunastöð í ylrækt hjá Little-Hampton	8	119.461	47.340	166.801	
8. Rögnvaldur Guðjónsson					
8.1 Kynnisferð í danska fóðureftirlitið	4	52.480	0	52.480	Farið í samb. við ferð á eigin vegu
9. Jón Ólafur Guðmundsson					
9.1 Fundur á vegum NJF í Ultuna í Svíþjóð. Fundur um nýjungar á sviði girðinga í Aberdeen, Skotlandi. Landbúnaðarsýn. Smithfield Show í London	12	192.785	66.120	258.905	
10. Hólmgeir Björnsson					
10.1 Erindi á NJF/IAMFE Seminar om mekanisering av jord- og plantekulturforsök, í Uppsölum í Svíþjóð	5	81.073	99.060	180.153	
11. Bjarni Guðleifsson					
11.1 Fundur NJF/IAMFE um tæknivæðingu við framkvæmd jarðræktartilr. í Uppsölum, Svíþjóð	3	48.357	18.345	66.702	
12. Gunnar Bjarnason					
12.1 Ferð á Evrópumeistaramót ísl. hesta á Jótl.	8	0	0	0	Kostn. gr. af SÍS og Búnfél. Íslands
13. Jón Viðar Jónmundsson					
13.1 Námskeið í búfjárkynbótafræðum	14	0	0	0	Kostn. gr. af öðrum aðilum

Sjávarútvegsráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Matthías Bjarnason, sjávarútvegsráðherra og frú					
1.1 Opinber heimsókn til Færeyja	9	336.636	113.480	450.116	
2. Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri					
2.1 Fundur Norrænu samstarfsnefndarinnar um sjávarútvegsmál í Kaupm.h.	3	43.714	79.280	122.994	
2.2 Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna í New York	37	577.811	92.287	670.098	
2.3 Opinber heimsókn sjávarútvegsráðherra til Færeyja	9	115.835	34.129	149.964	
3. Þórður Ásgeirsson, skrifstofustjóri					
3.1 Viðræður við Norðmenn um hrefnuveiðar, í Osló	4	47.477	79.280	126.757	
3.2 Fundur Norðaustur Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar í London	8	196.459	70.540	176.999	
3.3 Ársfundur Alþjóða hvalveiðiráðsins, í Canberra, Ástralíu	15	236.347	463.500	699.847	
3.4 Fyrirlestur um landhelgismálið, í Árhus, Danmörku. Gestgjafar greiddu fargjöld (Norræna blaðamannasambandið)	3	42.942	-	42.942	
3.5 Fundur Norðaustur Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar í London	5	95.846	76.540	172.386	
3.6 Fundur Alþjóða hvalveiðiráðsins, í Japan	8	163.918	425.500	589.418	
4. Einar B. Ingvarsson, aðstoðarmaður ráðherra					
4.1 Opinber heimsókn sjávarútvegsráðherra til Færeyja	9	115.945	31.045	146.990	

Sjávarútvegsráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
5. Jón B. Jónasson, deildarstjóri					
5.1 Fundur Norðvestur Atlantshafsfiskveiði-nefndarinnar, í Ottawa, Kanada	10	115.375	110.500	225.875	
5.2 Ársfundur Norðaustur Atlantshafsfisk-veiðinefndarinnar, í London	9	125.018	47.340	172.358	
6. Þórður Eyþórsson, fulltrúi					
6.1 Viðræður við Norðmenn um hrefnuveiðar, í Osló	4	47.477	79.280	126.757	
7. Már Elísson, fiskimálastjóri					
7.1 Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna, í New York	27	313.264	74.370	387.634	
8. Ágúst Einarsson, lögfræðingur					
8.1 Fundur Norrænu Samstarfsnefndarinnar um sjávarútvegsmál, í Kaupmannahöfn.	3	-	79.280	79.280	Dagp. greiddir af Landss.ísl.útv.m.
Fiskifélag Íslands					
1. Auðunn Ágústsson					
1.1 Sjávarútvegssýningin World Fishing, í Kanada	10	104.448	160.070	264.518	
2. Emil Ragnarsson					
2.1 Kynnisferð á vegum Mustad til Noregs. Fargjöld greidd af Mustad.	5	47.678	-	47.678	
3. Magni Kristjánsson, skipstjóri					
3.1 Til Danmerkur og Færeyja til að kynna sér veiðitækni á kolmunna - tvær ferðir -	20	214.116	205.236	419.352	
Hafrannsóknastofnunin					
1. Aðalsteinn Sigurðsson					
1.1 Vinnunefnd ICES um ástand grálúðustofna í N-Atlantshafi, í Kaupmannahöfn	10	118.683	79.280	197.963	
2. Hrafnkell Eiríksson					
2.1 Vinnunefnd ICES um humar og humarveiði	9	105.060	60.145	165.205	
3. Jón Jónsson					
3.1 Samningar við Norðmenn um hrefnuveiðar, í Osló	5	59.371	79.280	138.651	
3.2 Erindi í háskólanum í Halifax um íslensk fiskveiðimál . ICNAF-fundur í Ottawa. Hafréttarráðstefna í New York	51	716.311	147.997	864.308	
3.3 Fundur Evrópuráðsins á Möltu um verndun lifandi auðæva hafsins	11	172.091	139.080	311.171	
4. Jón Ólafsson					
4.1 Vinnunefndarfundur ICES í Hamborg	5	60.166	87.980	148.146	
5. Jakob Jakobsson					
5.1 Vinnunefndarfundur ICES um ástand síldar í Norðursjó og um kolmunna í N-Atlantshafi	12	142.223	84.020	226.243	
5.2 Fundur um norsk-ísl. síldina í vinnunefnd ICES í Bergen	9	108.315	-	108.315	
5.3 Fundur um skipulagningu kolmunnarannsókna, í Kaupmannahöfn	4	63.624	86.080	149.704	
6. Jakob Magnússon					
6.1 Fundur í vinnunefnd Alþjóðahafrannsókna-ráðsins um karfastofna í Norður-Atlantshafi	7	82.650	85.780	168.430	
7. Sigfús Schopka					
7.1 Fundur í vinnunefnd Alþjóðahafrannsókna-ráðsins í Kaupmannahöfn, og fundur vinnu-nefndar í Hamborg	14	164.739	85.780	250.519	
8. Unnur Skúladóttir					
8.1 Fundur vinnunefndar á vegum Alþjóðahaf-rannsóknaráðsins um ástand rækjustofna	5	60.558	80.214	140.772	

Sjávarútvegsráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins					
1. Björn Dagbjartsson					
1.1 Arenco fyrirtækið í Gautaborg heimsótt svo og rannsóknastofnanir í Bergen. Erindi haldið á ráðstefnu evrópskra tæknimanna í Tromsö	12	166.623	89.970	256.593	
2. Grímur Valdimarsson					
2.1 Ráðstefna Vestur-Evrópskra gerlafræðinga í Amsterdam	6	85.847	57.350	143.197	
3. Jóhann Þorsteinsson					
3.1 Rannsóknastörf við háskólann í Tromsö á vegum R.f.	14	163.786	108.780	272.566	
4. Jón Jóhannesson					
4.1 Fundur rannsóknamanna í fiskiðnaði, í Halifax, og skoða World Fishing Exhibition	8	117.045	143.230	260.275	
5. Jón Ögmundsson					
5.1 Fundur CODEX - Alþjóðastaðlaskrárnefndarinnar um fiskafurðir, í Bergen	7	104.154	69.870	174.024	
6. Páll Ólafsson					
6.1 Fundur Alþjóðafélags fiskframleiðenda, í London	3	35.426	70.540	105.966	
6.2 Fundur Vísinda- og tækninefndar Alþjóðafélags fiskmjölsframleiðenda, í Osló	7	104.887	64.600	169.487	
7. Kristinn Vilhelmsson					
7.1 Tilraunir með þurrkun kolmunna hjá AFOS í Hull. Heimsókn til Torry Research Station í Aberdeen	10	115.381	76.974	192.355	
8. Sigurlinni Sigurlinnason					
8.1 Fundur Shellfish Institute of North America og National Shellfish Sanitation Program í Baltimore. Námskeið í FDA í viku	17	243.197	121.309	364.506	
9. Trausti Eiríksson					
9.1 Skoðun verksmiðja í Bua í Svíþjóð og Esbjerg. Fundur hjá Nordforsk í Kaupmannahöfn	9	105.464	90.170	195.634	
9.2 Fundur Vísinda- og tækninefndar Alþjóðafélags fiskmjölsframleiðenda í Osló, erindi flutt.	7	104.887	107.240	212.127	
Framleiðslueftirlit sjávarafurða					
1. Jóhann Guðmundsson, forstjóri					
1.1 Fundur Bandarískra eftirlitsstofnana,	15	261.672	117.780	379.452	
1.2 Fundur Codex Alimentarius, í Noregi	10	156.007	70.780	226.787	
2. Bjarni Kjartansson, deildarstjóri					
2.1 Námskeið í hreinlætisfræðum á vegum FDA (Food and Drug Administration), St. Petersburg, Florida	14	162.270	142.280	304.550	
2.2 Námskeið á vegum "Nordiska hälsovårdshögskolan" í Gautaborg.	30	273.007	-	273.007	Fargj. greidd af skólanum
3. Sigurður Njálsson, deildarstjóri					
3.1 Kynnisför í hraðfrystihús og fiskvinnslufyrirtæki í Noregi	8	127.602	105.100	232.702	
4. Ásgrímur Kristjánsson, yfirmatsmaður					
4.1 Ferð til Svíþjóðar v/ kvörtunar á saltsíld	7	83.251	94.280	177.531	
4.2 Ferð til Svíþjóðar v/ kvörtunar á saltsíld		160.781	-	160.781	Var erl. í einka
4.3 Ferð til Danm. v/ kvörtunar á saltsíld	4	62.935	86.080	149.015	

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Baldur Möller, ráðuneytisstjóri					
1.1 Fundur norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarmálefni, í Svíþjóð	4	59.212	94.920	154.132	
2. Eiríkur Tómasson, aðstoðarmaður ráðherra					
2.1 Ferð til Danmerkur vegna athugunar á skipulagi fangelsismála	7	100.019	0	100.019	
2.2 Kynnisferð til Danmerkur v/ gjaldþrotamála og upplýsingaskyldu	6	70.009	0	70.009	
3. Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri					
3.1 Aðalfundur Evrópudeildar INTERPOL í Frakklandi		58.514	85.960	144.474	
3.2 Kynnisferð til dómstóla í Noregi		110.846	43.300	154.146	
4. Jón Thors, deildarstjóri					
4.1 Kynnisferð til Noregs og Svíþjóðar v/ hönnunar gæsluvarðhaldsfangelsis	13	154.306	115.022	269.328	
4.2 Ferð til Svíþjóðar og Finnlands á aðalfund INTERPOL og fund norræna fangavarðarsambandsins	19	275.543	70.900	346.443	
5. Hjalti Zophoníasson, fulltrúi					
5.1 Norrænn refsimálafundur í Danmörku	4	48.201	99.570	147.771	
5.2 Aðalfundur Interpol í Svíþjóð	9	129.887	0	129.887	
5.3 Kynnisferð hjá norskum lögregluyfirvöldum	16	254.393	0	254.393	
6. Ragnar Emilsson, arkitekt					
6.1 Kynnisferð til Svíþjóðar og Noregs v/ hönnunar gæsluvarðhaldsfangelsis	13	154.306	115.022	269.328	
7. Kristján Flygenring, verkfræðingur					
7.1 Kynnisferð til Svíþjóðar og Noregs v/ hönnunar gæsluvarðhaldsfangelsis	10	118.697	118.504	237.201	
8. Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður					
8.1 Kynnisferð til Noregs v/ hönnunar gæsluvarðhaldsfangelsis	7	83.088	102.350	185.438	
9. Hreggviður Stefánsson, tæknifræðingur					
9.1 Kynnisferð til Svíþjóðar og Noregs v/ hönnunar gæsluvarðhaldsfangelsis	13	154.306	115.022	269.328	
10. Sigurður G. Halldórsson, verkfræðingur					
10.1 Kynnisferð til Noregs v/ hönnunar gæsluvarðhaldsfangelsis	7	83.088	18.504	101.592	
11. Þóra Einarsdóttir, formaður Verndar					
11.1 Ferð til Noregs og Danmerkur v/ öryggisgæslufanga og vistunar þeirra á Norðurlöndum	13	202.694	79.370	282.064	
12. Helgi Gunnarsson, forstjóri					
12.1 Sótt námskeið í Danmörku um vinnu í fangelsum	15	224.606	89.165	313.771	
13. Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti					
13.1 Kynnisferð til Danmerkur og Noregs v/ réttarfarsnefndar vegna meðferðar minni háttar dómsmála	21	315.728	82.460	398.188	
14. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari					
14.1 Kynnisdvöl í Svíþjóð og Noregi vegna frumvarps um meðferð efnis í tölvum. Ferð í sambandi við fund Norræna sakfræðiráðsins	6	93.865	12.989	106.854	
15. Jónatan Þórmundsson, prófessor					
15.1 Ferð til Danmerkur á fund um refsimálefni. Ferð í sambandi við norræna refsimálaráð[illegible]	3	36.279	0	36.279	

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Sakadómur Reykjavíkur					
1. Ragnar Vignir, deildarstjóri					
1.1 Ferð til Þýskalands v/ Geirfinns-máls	6	71.040	85.260	156.300	
2. Gísli Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður					
2.1 Ferð til Spánar að sækja vitni	8	96.280	111.308	207.588	
3. Torfi Jónsson, rannsóknarlögreglumaður					
3.1 Ferð til Spánar að sækja vitni	8	96.280	111.308	207.588	
Lögreglustjórinn í Reykjavík.					
1. Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri					
1.1 Ferð til Danmerkur á fund lögreglustjóra Norðurlanda	6	85.878	82.460	168.338	
1.2 Ferð til Danmerkur á fund norrænu útlendingaeftirlitsnefndarinnar	5	80.681	86.080	166.761	
1.3 Ferð til Brüssel v/ umferðarráðs á alþjóðlegan fund um umferðarmál	7	84.238	57.350	141.588	
2. Árni Sigurjónsson, ftr. útlendingaeftirlits					
2.1 Ferð til Danmerkur á fund norrænu útlendingaeftirlitsnefndarinnar	5	80.681	86.080	166.761	
2.2 Þátttaka í norrænum útlendingaeftirlitsfundi í Svíþjóð	5	69.288	97.900	167.188	
3. Óskar Ólason, yfirlögregluþjónn					
3.1 Fundur yfirmanna umferðardeilda á Norðurlöndum, haldinn í Noregi	6	93.337	96.680	190.017	
4. Sigurður Örn Hektorsson, lögregluþjónn					
4.1 Farið til New York með geðveikan mann	2	29.199	113.680	142.879	
5. Jóhann Jóhannsson, útlendingaeftirlitsmaður					
5.1 Farið til New York með geðveikan mann	2	29.199	113.680	142.879	
Rannsóknarlögregla ríkisins					
1. Hallvarður Einvarðsson, rannsóknarlögreglustj.					
1.1 Kynnisför til lögregluyfirvalda á Norðurlöndum	22	318.501	63.350	381.851	
2. Njörður Snæhólm, yfirlögregluþjónn					
2.1 Kynnisför til lögregluyfirvalda á Norðurlöndum	22	318.501	63.350	381.851	
3. Ívar P. Hannesson, rannsóknarlögreglumaður					
3.1 Farið með fanga til Þýskalands	4	57.853	96.280	154.113	
4. Sveinbjörn Bjarnason, rannsóknarlögreglum.					
4.1 Ferð til Bretlands, Svíþjóðar og Danmerkur til að kynnast notkun rafreikna við lögreglustörf	21	291.058	104.982	396.040	
5. Sævar Jóhannesson, rannsóknarlögreglumaður					
5.1 Sótt lögreglunámskeið í New York	30	160.000	73.060	233.060	
6. Haraldur Árnason, rannsóknarlögreglumaður					
6.1 Sótt lögreglunámskeið í New York	30	160.000	73.060	233.060	
7. Eggert Bjarnason, rannsóknarlögreglumaður					
7.1 Kynnisför til dönsku rannsóknarlögreglunnar	3	41.050	0	41.050	
Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum					
1. Ásgeir Friðjónsson, sakadómari					
1.1 Farið til Parísar og Kaupmannahafnar v/ fíkniefnamála	8	93.000	94.190	187.190	

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Landhelgisgæslan					
1. Pétur Sigurðsson, forstjóri					
1.1 Farið til Amsterdam til móttöku nýrrar flugvélar	3	35.047	76.680	111.727	
1.2 Heimsóttar þyrluverksmiðjur í Bandaríkjunum í tengslum við boðsferð til Kanada	2	32.565	0	32.565	
1.3 Ferð til Bandaríkjanna vegna kaupa á þyrlu	7	92.923	112.772	205.695	
1.4 Ferð til Danmerkur og Hollands v/ skipa og flugvéla Landhelgisgæslunnar	10	152.312	67.230	219.542	
1.5 Ferð til Danmerkur vegna viðgerða á v/s Týr og viðræðna við Fokker VFW	10	161.191	70.490	231.681	
2. Guðmundur Kærnested, skipherra					
2.1 Ferð til írskra skipasmíðastöðva á vegum utanríkisráðuneytisins	8	95.263	0	95.263	
3. Garðar Pálsson, eftirlitsmaður					
3.1 Ferð til Danmerkur v/ eftirlitsstarfa	21	338.530	57.640	396.170	Ferðakostn. endurgr. af tryggingarfé
4. Tómas Helgason, flugmaður					
4.1 Ferð til Skotlands v/ viðgerða á TF-SYR	4	35.652	27.760	63.412	
5. Páll Halldórsson, flugmaður					
5.1 Ferð til Skotlands v/ viðg. á TF-SYR	8	105.104	58.040	163.144	
6. Sigurjón Sverrisson, flugmaður					
6.1 Ferð til Skotlands v/ viðg. á TF-SYR	5	69.453	30.380	99.833	
7. Sex flugmenn Landhelgisgæslu					
7.1 Ferð til Hollands til að taka á móti TF-SYN	8	378.535	289.440	667.975	
8. Torfi Guðbjartsson, yfirflugvirki					
8.1 Ferð til Skotlands og Hollands v/ móttöku nýrrar flugvélar	10	119.754	29.700	149.454	
8.2 Ferð til Skotlands v/ skoðunar á flugvél	30	355.102	27.760	382.862	
9. Ævar Björnsson, flugvirki					
9.1 Ferð til Skotlands v/ eftirlits með flugvél	63	783.819	30.380	814.199	
10. Bjarni Jóhannesson, flugvirki					
10.1 Ferð til Bandaríkjanna v/ viðhalds á þyrlu	23	265.356	115.430	380.786	
11. Valdimar Jónsson, loftskeytamaður					
11.1 Sótt námskeið í ratsjártækni í Hollandi	30	286.803	90.300	377.103	
Almannavarnir ríkisins					
1. Guðjón Petersen, fulltrúi					
1.1 Ferð til Sviss til að kynnast skipulagi almannavarna; farið í tengslum við boðsferð til Ítalíu	6	84.995	0	84.995	
Sjómælingar Íslands					
1. Gunnar Bergsteinsson, forstöðumaður					
1.1 Ferð til Kaupmannahafnar v/ viðræðna um miðlínu Grænlands og Íslands	4	67.527	86.680	154.207	
1.2 Fundur alþjóðasjómælingastofnunarinnar í Monaco	15	178.392	114.120	292.512	
1.3 Sóttur ársfundur Nordens Hydrografiske Forbund í Kaupmannahöfn	6	86.227	55.240	141.467	
1.4 Ferð til Kanada til umræðna um öryggismál	5	77.625	0	77.625	
2. Ólafur Thorlacius, deildarstjóri					
2.1 Kynningarferð til Norðurlanda um gerð fiskikorta	4	58.498	49.000	107.498	

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Umferðarráð					
1. Árni Þór Eymundsson, framkvæmdastjóri					
1.1 Ferð til Brussel á alþjóðlegan fund um umferðamál	7	84.238	57.350	141.588	
2. Margrét Sæmundsdóttir, forskólafulltrúi					
2.1 Fundur forskólafulltrúa í Noregi	4	62.332	79.420	141.752	
3. Guðmundur Þorsteinsson, námsstjóri					
3.1 Ferð til Brussel v/ þátttöku í alþjóðlegri reiðhjóla- og vélhjólakeppni barna	4	48.135	60.815	108.950	
4. Baldvin Ottósson, varðstjóri					
4.1 Ferð til Brussel v/ þátttöku í alþjóðlegri reiðhjóla- og vélhjólakeppni barna	4	48.135	60.815	108.950	
5. Sex unglingar á vegum umferðarráðs					
5.1 Þátttaka í alþjóðlegri reiðhjóla- og vélhjólakeppni barna í Brussel	7	50.898	461.020	511.918	
Öryggiseftirlit ríkisins					
1. Friðgeir Grímsson, öryggismálastjóri					
1.1 Fundir um öryggismál í Noregi, Rúmeníu og Genf	19	261.344	176.000	437.344	

Félagsmálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Gunnar Thoroddsen, félagsmálaráðherra					
1.1 Þing Alþjóða vinnumálastofnunarinnar í Genf		307.128	135.260	442.388	
1.2 Fundur ráðherra aðildarríkja Evrópuráðsins í Lissabon		334.743	354.440	689.183	
2. Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri					
2.1 Fundir í Arbejdsmiljökomité og Nordisk Arbejdsmarkedsudvalg í Helsinki		117.282	0	117.287	Fargjöld gr. af Nordisk Ministerråd
3. Jón S. Ólafsson, skrifstofustjóri					
3.1 Fundur ráðherra aðildarríkja Evrópuráðsins í Lissabon		108.824	137.230	246.054	
4. Torfi Hjartarson, ríkissáttasemjari					
4.1 Þing norrænna ríkissáttasemjara í Danmörku		302.077	58.344	360.421	
5. Logi Einarsson, vararíkissáttasemjari					
5.1 Þing norrænna ríkissáttasemjara í Danmörku		86.784	49.000	135.784	
6. Guðrún Erlendsdóttir, form. jafnréttisráðs					
6.1 Fundur um jafnréttismál í Oslo		27.270	67.820	95.090	
6.2 Fundur um jafnréttismál í Helsinki		54.371	70.900	125.271	
Brunamálastofnun Íslands					
1. Bárður Daníelsson, brunamálastjóri					
1.1 Ferð til Finnlands og Danmerkur á fund NKB í Helsingfors, og viðræður við brunamálaaðila í Helsingfors og Kaupmh. um brunatæknileg vandamál	9	-	-	201.196	

Félagsmálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Húsnæðismálastofnun Ríkisins					
1. Sigurður E. Guðmundsson, framkvæmdastjóri					
1.1 23. fundur Nordiska Administration Bostadskonferensen í Finnlandi og kynning á starfsemi finnsku Húsnæðismálastofnunarinnar	7	95.351	109.731	205.082	
2. Guðmundur Gunnarsson, forstöðum. Tæknid.					
2.1 23. fundur Nordiska Administration Bostadskonferensen í Finnlandi og kynning á starfsemi finnsku Húsnæðismálastofnunarinnar	8	108.896	109.991	218.887	
2.2 Ferð til Hamborgar á fund WEAP; alþjóðleg ráðstefna um einingahúsaframl.	5	73.374	125.571	198.945	
3. Guðjón Hallsson, fulltrúi					
3.1 Fundur í Norræna byggingadagsins í Kaupmannahöfn	8	98.757	55.746	115.503	
4. Þráinn Valdimarsson, stjórnarmaður					
4.1 Fundur Norræna byggingadagsins í Kaupmannahöfn	8	98.130	82.460	180.590	
5. Ólafur Jensson, stjórnarmaður					
5.1 Fundur Norræna byggingadagsins í Kaupmannahöfn	8	98.965	84.468	183.433	
6. Haraldur V. Haraldsson, forstm. Tæknid.					
6.1 Kynning á húsamatslykli stofnunarinnar hjá NOROTEST í Finnlandi, svo og í Þýskalandi, svo og byggingasýn. í Danm.	12	138.907	162.940	301.847	
Skipulag ríkisins					
1. Stefán Thors, arkitekt					
1.1 Skipulagsráðstefna í London	7	73.935 28.593	58.950	161.478	Þátttökugjald
2. Zophonías Pálsson, skipulagsstjóri					
2.1 NKB-fundur í Svaneke, Danmörku	2	54.431	91.550	145.981	
2.2 Norræni byggingadagurinn í Kaupmannahöfn, og ferð til Sviss í sambandi við þann fund	7	177.451 248.369	74.020	499.840	Þátttökugj. og ferða kostn. til Sviss
2.3 NKB-fundur í Åbo, Finnlandi	2	95.700	110.420	206.120	
3. Páll Líndal, varaform. skipulagsstjórnar					
3.1 Norræni byggingadagurinn í Kaupm.h.	7	86.176	0	86.176	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Matthías Bjarnason, ráðherra					
1.1 Fundur WHO í München	10	436.367	142.660	578.967	
2. Einar B. Ingvarsson, aðstoðarm. ráðherra					
2.1 Fundur WHO í München	10	257.324	107.960	365.284	
3. Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri					
3.1 Dvöl í Stokkhólmi v/ tölvuv. sjúkrahúsa, og í Helsingfors á fundi landlækna og fulltr. heilbrigðisstj. Norðurlanda	7	82.976	103.260	186.236	
3.2 Þing Who í Genf	12	157.736	-	157.736	
3.3 Þing um fyrirkomul. málefna vangefinna og skoðun stofnana f. vangefna, í Helsingfors	10	126.155	70.900	197.055	
3.4 Norrænn ráðherrafundur um heilbrigðis- og félagsmál, sem fulltrúi ráðherra	5	83.015	120.300	203.325	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
3.5 Aðalfundur Evrópusvæðis WHO í München	11	200.380	71.330	271.710	
3.6 Fundur norrænna félagsmálanefnda í Stokkhólmi	3	53.474	86.080	139.554	
4. Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri					
4.1 Fundur hjá Evrópuráði Steering Committee Publ. Health	21	122.421	-	122.421	Annar kostn. v/ ferðar gr. af Evrópuráðinu
4.2 Fundur hjá Evrópuráði Steering Committe Public Health	10	69.861	-	69.861	- " -
4.3 Fundur hjá Evrópuráði Steering Committee of Social Affairs	7	43.028	-	43.028	- " -
4.4 Fundur hjá Evrópuráði Steering Committee of Public Health	7	56.511	-	56.511	- " -
5. Almar Grímsson, deildarstjóri					
5.1 Fundur ritnefndar Norrænu lyfjan. um lyfjastatistik í Helsingfors. Fundur WHO í Kaupmannahöfn. Fundur í Kaupmannahöfn um lyfjaöryggisglös	7	82.376	103.200	185.576	
5.2 Fundur D.U.R.G. í Hollandi. Undirbúningsfundur meo WHO í Kaupmannahöfn	5	60.076	84.500	144.576	
5.3 Framhaldsnám í Kaupmannahöfn skv. kjarasamningi 15/5-10/9. Sótti þaðan fund Norrænnar lyfjanefndar í Uppsölum, fundi með ýmsum nefndum um lyfjamál WHO og fund hjá Evrópsku lyfjanefndinni. Samtals nám og fundir	119	653.835	132.808	786.643	
5.4 Fundur statistiknefndar norrænu lyfjanefndarinnar í Stokkhólmi og fundur um lyfjaframleiðslueftirlit EFTA í Genf	9	138.001	12.990	150.991	Ferðakostn. gr. af WHO nema milli landa
5.5 Ráðstefna WHO um lyfjaeftirlit í Deidesheim. Fundur norrænu lyfjanefndarinnar og fundur norrænna lyfjamálastj. í Kaupmannahöfn	11	79.034	2.490	81.524	WHO greiðir fargjald
6. Ingibjörg R. Magnúsdóttir, deildarstjóri					
6.1 Fundur í Svíþjóð og Danmörku um réttindaveit. heilbrigðisstétta og fundur Sundhedsstyrelsen og WHO	12	149.162	76.250	225.412	
6.2 Fundur í Helsingfors um réttindaveitingu heilbrigðisstétta, og í Kaupmannahöfn v/ kennara í hjúkrunarfr.	12	64.371	110.980	175.351	
7. Jón Sæmundur Sigurjónsson, deildarstjóri					
7.1 Fundur um lífeyrismál ísl. starfsm. Cargolux, Luxemborg, og fundur hjá Evrópuráði Steering Committee for Social Security	8	52.938	-	52.938	Annar kostn. v/ ferðar gr. af Evrópuráðinu.
8. Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri					
8.1 Fundur NOMESKO í Stokkhólmi og fundur í Bergen, Nordisk Metodik för Livsmedel	13	155.653	69.600	226.753	
9. Örn Bjarnason, skólayfirlæknir					
9.1 Fundur um EDB-system í Stokkhólmi. Aflað uppl. frá Data-bank og Nordiska Hälsodirektörmötet Hanassari	7	82.983	103.260	186.243	
10. Þóroddur Jónasson, læknir					
10.1 Ráðstefna um bólusetningar í Stokkhólmi	4	45.707	100.960	146.667	
11. Guðjón Hansen, tryggingafræðingur					
11.1 Fundur hagsýslunefndar Norðurlanda og endurskoðunarnefndar Norðurlandasamn. um félagslegt öryggi í Osló	5	59.266	79.280	138.546	
11.2 Fundur hagsýslunefndar Norðurlanda í Kaupmannahöfn	3	35.931	82.460	118.391	
11.3 Fundur endurskoðunarnefndar Norðurlandasamn. um félagslegt öryggi í Gautaborg	16	59.915	57.640	117.555	
11.4 Fundur endursk.n. Norðurl.samn. um félagslegt öryggi í Kaupmannahöfn	4	133.587	45.690	179.277	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	Dagafjöldi	Dvalarkostnaður	Fargjald	Samtals	Athugasemdir
12. Árni Kristinsson, læknir					
12.1 Fundur norrænu lyfjanefndarinnar í Uppsölum. Kynnisferð til Bretlands v/ lyfjamála	13	85.260	68.950	154.210	
12.2 Fundur norrænu lyfjanefndarinnar. Ferð til London v/ hjartaskurðl.	16	87.660	67.720	155.380	
13. Guðbjörg Kristinsdóttir, lyfjafræðingur					
13.1 Ráðstefna um sérlyfjaskráningu á Norðurlöndum í Kaupmannahöfn	5	60.596	82.460	143.056	
13.2 Fundur undirnefndar norrænu lyfjanefndarinnar í Osló	5	55.503	82.460	137.963	
14. Tómas Á. Jónasson, læknir					
14.1 Fundur norrænu lyfjanefndarinnar og vinnuhóps um umferðahættu af lyfjanotkun	4	46.747	-	46.747	
14.2 Fundur í undirnefnd norrænu lyfjanefndinni um umferðarhættu af lyfjanotkun	4	46.747	92.394	139.141	
15. Þorkell Jóhannesson, læknir					
15.1 Þing European Society of Toxicology í Kaupmannahöfn	7	109.236	82.460	191.696	
16. Páll Ásmundsson, læknir					
16.1 Fundur norrænu nýrnaígræðslunefndarinnar í Kaupmannahöfn, í febrúar		70.138	87.080	157.218	
16.2 Fundur norrænu nýrnaígræðslunefndarinnar í Kaupmannahöfn, í september		89.842	110.980	200.090	
17. Guðlaugur Hannesson, forstöðumaður					
17.1 Ársfundur Nordisk Metodikkom. for Næringsmidler í Bergen. Heimsókn til Oslo Helseråd	8	115.419	86.590	202.009	
18. Bryndís Víglundsdóttir, skólastjóri					
18.1 Námsferð til Bandaríkjanna í blindraskóla	24	137.455	97.140	234.595	
Embætti landlæknis					
1. Ólafur Ólafsson, landlæknir					
1.1 Landlæknafundur Norðurlanda í Noregi	8	122.634	103.260	225.894	
1.2 Aðalfundur WHO í Genf, fundur um farsóttir á vegum landlækna Norðurlanda og fundur í Socialpolitisk-nefnd Norræna ráðsins, í Stokkhólmi	17	232.734	94.810	327.544	
1.3 Fundur í Stokkhólmi með E. Allander, próf. o.fl., Evrópuþing WHO í München	12	198.373	76.570	274.943	
1.4 Fundarhöld í London	8	127.816	89.790	217.606	
Tryggingastofnun ríkisins					
1. Guðrún Helgadóttir					
1.1 Norrænt tryggingamót í Ebeltoft í Danmörku	7	104.590	86.040	190.630	
2. Eyjólfur Jónsson					
2.1 Norrænt tryggingamót í Ebeltoft í Danmörku	10	120.696	62.800	183.496	
3. Haukur Haraldsson					
3.1 Heimsókn í tölvumiðstöðvar í Osló, og í Sundswall í Svíþjóð	14	162.514	100.540	263.054	
4. Þórhallur Hermannsson					
4.1 Heimsókn í tölvumiðstöðvar í Osló, og í Sundswall í Svíþjóð	10	159.770	97.690	257.460	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	Dagafjöldi	Dvalarkostnaður	Fargjald	Samtals	Athugasemdir
Landspítalinn					
1. Árni Björnsson, sérfræðingur					
1.1 Námsferð til Bandaríkjanna	23	339.646	-	339.646	
2. Árni Kristinsson, sérfræðingur					
2.1 Læknaþing í Bretlandi	11	164.010	-	164.010	
2.2 Læknaþing í Bretlandi	8	110.748	-	110.748	
3. Atli Dagbjartsson, sérfræðingur					
3.1 Námsferð til Norðurlanda	7	85.039	55.240	140.279	
4. Auðunn Sveinbjörnsson, sérfræðingur					
4.1 Læknaþing í Austurríki	8	110.563	-	110.563	
4.2 Námskeið í Bretlandi	8	94.591	-	94.591	
5. Bergljót Halldórsdóttir, meinatæknir					
5.1 Þjálfunarnámskeið í Bretlandi	5	29.355	70.540	99.895	
6. Bergljót Hermundsdóttir, fóstra					
6.1 Fóstrunámskeið í Danmörku	7	111.165	57.640	168.805	
7. Björn Júlíusson, sérfræðingur					
7.1 Námsferð til Bandaríkjanna	30	346.095	108.530	454.625	
8. Bragi Guðmundsson, sérfræðingur					
8.1 Námsferð og læknaþing í Bretlandi	9	118.802	-	118.802	
9. Davíð Davíðsson, prófessor					
9.1 Læknaþing og námsferð til Finnlands	16	222.833	87.410	310.243	
9.2 Læknaþing í Danmörku og tækjakaup í Svíþjóð	15	215.647	63.350	278.997	
10. Eysteinn Pétursson, eðlisfr.					
10.1 Ráðstefna og kynnisferð til Norðurl.	11	152.730	63.350	216.080	
10.2 Ferð til Norðurlanda, Bretland og Þýskalands v/ tækjakaupa	9	108.288	98.710	206.998	
11. Friðþjófur Björnsson, sérfræðingur					
11.1 Læknaþing og námsferð til Bandaríkj.	18	208.849	114.460	323.309	
12. Grétar Ólafsson,yfirlæknir					
12.1 Læknaþing í Bretlandi, námsferð til Svíþjóðar	15	241.366	74.200	315.566	
13. Guðjón Sigurbjörnsson, sérfræðingur					
13.1 Læknaþing í Frakklandi	7	104.555	87.520	192.075	
13.2 Námskeið í Þýskalandi	5	58.755	-	58.755	
14. Guðmundur Bjarnason, yfirlæknir					
14.1 Læknaþing í Noregi, námskeið í Svíþjóð	13	189.785	55.240	245.025	
15. Guðmundur Jónmundsson, sérfræðingur					
15.1 Námskeið í Svíþjóð	6	71.046	-	71.046	
16. Guðrún Jónsdóttir, aðstoðarlæknir					
16.1 Læknaþing í Finnlandi	9	122.408	70.900	193.308	
17. Guðrún Margeirsdóttir, deildarhjk.fræð.					
17.1 Hj.kv.þing og kynnisferð til Noregs	10	138.553	67.350	205.903	
18. Guðrún Þorvaldsdóttir, deildarhjk.fræð.					
18.1 Námsferð til Svíþjóðar	10	119.727	72.360	192.087	
19. Gunnar Biering, sérfræðingur					
19.1 Læknaþing og námsferð til Finnlands	8	119.271	-	119.271	
19.2 Námskeið í Bretlandi	13	180.147	-	180.147	
20. Gunnar Guðmundsson, prófessor					
20.1 Læknaþing í Hollandi	9	134.217	-	134.217	
21. Hannes Finnbogason, sérfræðingur					
21.1 Læknaþing og námskeið í Noregi	8	112.140	58.570	170.710	
22. Hjalti Þórarinsson, prófessor					
22.1 Læknaþing í Noregi og Svíþjóð	12	166.504	99.060	265.564	
23. Hólmfríður Magnúsdóttir, aðstoðarlæknir					
23.1 Læknaþing í Svíþjóð	8	128.747	66.520	195.267	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	Ferðir	Dvalarkostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
24. Hörður Filippusson, lífefnafræðingur					
24.1 Ráðstefna í Bretlandi	5	74.671	49.380	124.051	
25. Höskuldur Baldursson, sérfræðingur					
25.1 Læknaþing og námskeið í Bandaríkjunum	30	343.762	142.110	485.872	
26. John Benedikz, sérfræðingur					
26.1 Læknaþing í Hollandi	9	134.217	-	134.217	
26.2 Námskeið í Danmörku	6	83.699	82.460	166.159	
27. Jón G. Hallgrímsson, sérfræðingur					
27.1 Námskeið í Danmörku	5	60.633	82.460	143.093	
28. Jón Þorsteinsson, yfirlæknir					
28.1 Læknaþing í Sviþjóð, námsferð til Bandaríkjanna	31 (2 ferð.)	410.923	144.800	555.723	
29. Kjartan Pálsson, sérfræðingur					
29.1 Ráðstefna í Bretlandi	4	64.318	-	64.318	
30. Kolbeinn Kristófersson, prófessor					
30.1 Námsferð til Bandaríkjanna	31	478.642	90.140	568.782	
31. Kristján Antonsson, tæknifræðingur					
31.1 Kynnisf. til Bandaríkjanna v/ tækjabún.	14	202.968	132.860	335.828	
32. Magnús Karl Pétursson, sérfræðingur					
32.1 Læknaþing í Bretlandi og kynnisf. á lyfjar.st.	12	192.110	70.800	262.910	
33. Margrét Georgsdóttir, aðstoðarlæknir					
33.1 Námskeið í Svíþjóð	11		76.398	76.398	
34. Margrét Jóhannsdóttir, yfirhj.fræð.					
34.1 Kynnisferð og hjúkr.k.þing í Noregi	12	166.264	67.350	233.614	
35. Ólafur Stephensen, sérfræðingur					
35.1 Námskeið í Bretlandi, læknaþing í Bandaríkjunum	12	166.377	-	166.377	
36. Óli Kr. Guðmundsson					
36.1 Læknaþing í Noregi, námsferð til Bretlands	20	276.813	57.940	334.753	
37. Páll Gíslason, yfirlæknir					
37.1 Námskeið í Bretlandi	7	110.310	-	110.310	
37.2 Námskeið og námsferð til Bandaríkjanna	24	341.401	112.590	453.991	
38. Pedro O. Riba, sérfræðingur					
38.1 Námsferð til Svíþjóðar	30	435.119	102.530	537.649	
39. Ragnheiður Þorkelsdóttir, hjúkr.deildarstj.					
39.1 Námsferð til Noregs	22	318.464	-	318.464	
40. Rósa Steingrímsdóttir, læknafulltrúi					
40.1 Námsferð til Bretlands				100.000 (styrkur)	
41. Sigmundur Magnússon, yfirlæknir					
41.1 Læknaþing í Bandaríkjunum	6	85.601	113.680	199.281	
42. Sigríður Steinarsdóttir, meinatæknir					
42.1 Námskeið í Danmörku	5	100.125	96.080	196.205	
43. Sigurður B. Þorsteinsson, sérfræðingur					
43.1 Læknaþing og námsferð til Bandaríkjanna	22	337.849	150.070	487.919	
44. Stefán Haraldsson, yfirlæknir					
44.1 Námsferð til Bandaríkjanna	60	858.624	181.890	1.040.514	
45. Snorri P. Snorrason, yfirlæknir					
45.1 Námsferð til Bretlands	18	265.642	47.340	312.982	
46. Sverrir Bergmann, sérfræðingur					
46.1 Námsferð til Bretlands	14	202.920	-	202.920	
46.2 Læknaþing í Hollandi, námsf. til Bretl.	10	149.498	57.350	206.848	
47. Valdimar Hansen, sérfræðingur					
47.1 Læknaþing í Frakkl., námsf. til Bretl.	14	209.078	61.090	270.168	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
48. Víking Eiríksson, deild.tæknifræðingur					
48.1 Ferð til Svíþjóðar að skoða sótthreinsunartæki	8	126.727	78.009	204.736	
49. Víkingur Arnórsson, prófessor					
49.1 Stj.fundur Barnalæknasamb. Norðurlanda í Svíþjóð	3	48.066	86.080	134.146	
49.2 Læknaþing og námsferð til Bandaríkjanna	18	257.528	153.430	410.958	
50. Viktor Magnússon, rafeindatækn.					
50.1 Þjálfun v/ viðg.þjón. í Bretlandi	8	125.592	49.380	174.972	
50.2 Þjálfun v/ viðg.þjón. í Danmörku	8	96.380	-	96.380	
51. Þór Halldórsson, yfirlæknir					
51.1 Læknaþ. og námsferð til Bretland, Frakkl. og Finnlands	20	239.532	117.790	357.322	
52. Þórarinn Ólafsson, yfirlæknir					
52.1 Læknaþing í Írlandi og Þýskalandi	8	119.862	56.035	175.897	
52.2 Námskeið í Bretlandi	8	94.591	-	94.591	
52.3 Námsferð og læknaþing til Austurríkis og Svíþjóðar	12	166.092	-	166.092	
53. Þórir Helgason, yfirlæknir					
53.1 Læknaþing og námsferð til Bretlands	10	149.739	51.684	201.423	
54. Þorvaldur V. Guðmundsson, sérfræðingur					
54.1 Læknaþing í Svíþjóð	6	88.940	63.350	152.290	
Barnageðdeild Landsspítalans					
1. Michael Rutter, prófessor, erl. sérfr.,					
1.1 Námskeiðshald í Reykjavík		56.244	76.513	132.757	
2. Páll Ásgeirsson, yfirlæknir					
2.1 Læknaþing í Danmörku	11	174.254	62.790	237.044	
3. Sigurður Ragnarsson, deild. sálfræðingur					
3.1 Sálfræðingaþing í Finnlandi	7	100.523	109.900	210.423	
Fæðingardeild Landspítalans					
1. Ágúst N. Jónsson, sérfræðingur					
1.1 Námsferð til Bandaríkjanna	29	448.523	163.280	611.803	
2. Auðólfur Gunnarsson, sérfræðingur					
2.1 Námsferð til Bandaríkjanna	10	152.237	-	152.237	
3. Birgitta Pálsdóttir, deildarljósmóðir					
3.1 Námsferð til Bretlands	6	70.194	57.020	127.214	
4. Gunnlaugur Snædal, yfirlæknir					
4.1 Læknaþing í Danmörku, námsf. til Bretl.	22	281.118	68.155	329.273	
5. Jón H. Alfreðsson, sérfræðingur					
5.1 Námsferð til Svíþjóðar	15	244.269	19.840	264.109	
5.2 Námsferð til Bretlands	15	175.751	70.540	246.291	
6. Jón Hannesson, sérfræðingur					
6.1 Læknaþing í Júgóslavíu	12	183.730	96.110	279.840	
7. Ólöf Pálsdóttir, læknafulltrúi					
7.1 Námsferð til Danmerkur	15	208.500	54.500	263.000	
8. Rannveig Ólafsdóttir, deildarhj.f.					
8.1 Námsferð til Bretlands og Svíþjóðar	12	160.000	123.556	283.556	
9. Sigurður S. Magnússon, prófessor					
9.1 Læknaþing á Ítalíu	10	157.319	-	157.319	
9.2 " " "	11	166.073	109.190	275.263	
10. Svava Stefánsdóttir, félagsráðgjafi					
10.1 Ráðstefna á Ítalíu				100.000	(styrkur)
11. Þórunn Ina Bildsöe-Hansen, meinatæknir					
11.1 Námskeið í Danmörku	20	288.419	-	288.419	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	Fjöldi daga	Dvalarkostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Vífilsstaðaspítali					
1. Guðrún Elíasdóttir, hjúkr.fr.					
1.1 Námskeið í Danmörku	17	246.111	61.680	307.791	
2. Hrafnkell Helgason, yfirlæknir					
2.1 Læknaþing á Bretlandi og Ítalíu	20	277.116	125.920	403.036	
3. Sigríður Þorsteinsdóttir, hjúkr.fr.					
3.1 Námskeið í Danmörku	17	246.111	61.680	307.791	
4. Tryggvi Ásmundsson, sérfræðingur					
4.1 Læknaþing á Ítalíu	9	125.046	-	125.046	
4.2 Læknaþing og námsferð til Bandaríkjanna	10	115.345	111.810	227.155	
Kleppsspítali					
1. Álfheiður Steinþórsdóttir, sálfræðingur					
1.1 Sálfræðingaþing í Svíþjóð	7	100.550	63.350	163.900	
2. Dorothy Whitaker, prófessor, erl. sálfr.					
2.1 Námskeiðshald í Reykjavík	7	98.895	66.969	165.864	
3. Eva Júlíusdóttir, sálfræðingur					
3.1 Námskeið í Svíþjóð	25	341.643	97.250	438.893	
4. Gísli Þorsteinsson, sérfræðingur					
4.1 Læknaþing í Danmörku	5	59.203	-	59.203	
5. Ingólfur Sveinsson, sérfræðingur					
5.1 Námskeið í Bandaríkjunum	15	214.197	86.161	300.358	
6. Jón Á. Tynes, félagsráðgjafi					
6.1 Námsferð til Bandaríkjanna	2	31.555	-	31.555	
7. Lárus Helgason, yfirlæknir					
7.1 Læknaþing í Danmörku	5	59.203	-	59.203	
7.2 Læknaþing og námsferð til Bretlands	6	84.727	38.240	122.967	
8. Marta Sigurðardóttir, fóstra					
8.1 Námskeið í Danmörku				38.000	(styrkur)
9. Tómas Helgason, prófessor					
9.1 Námsferð til Bretlands, Norðurlanda og Þýskalands	70	821.628	-	821.628	
9.2 Læknaþing og námsferð til Kanada og Bandaríkjanna	22	319.730	213.410	533.140	
Kópavogshæli					
1. Auður Hannesdóttir, þroskaþj.					
1.1 Námsferð til Noregs	12	179.196	61.960	241.156	
2. Björn Gestsson, forstöðum.					
2.1 Námsferð til Bretlands	20	244.663	36.020	280.683	
3. Guðrún Gunnarsdóttir, þroskaþj.					
3.1 Námsferð til Noregs	12	179.196	61.960	241.156	
4. Jón Karlsson, sálfræðingur					
4.1 Sálfræðingaþing í Finnlandi, námsferð til Svíþjóðar	12	173.449	70.900	244.349	
5. Ragnhildur Ingibergsdóttir, yfirlæknir					
5.1 Námsferð til Bretlands	20	244.663	70.540	315.203	
Rannsóknarstofa Háskólans					
1. Arinbjörn Kolbeinsson, yfirlæknir					
1.1 Læknaþing í Sviss, námsferð til Danmerkur	10	149.323	-	149.323	
1.2 Læknaþing og námsferð til Bandaríkjanna	26	371.978	168.560	540.538	
2. Bjarki Magnússon, sérfræðingur					
2.1 Námsferð til Bretlands	15	210.602	47.340	257.942	
3. Kristín Jónsdóttir, sérfræðingur					
3.1 Námsferð til Danmerkur, læknaþing í Svíþjóð	11	150.339	63.350	213.689	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
4. Margrét Guðnadóttir, prófessor					
4.1 Læknaþing í Svíþjóð og Hollandi	13	188.519	65.536	254.055	
5. Ólafur Bjarnason, prófessor					
5.1 Læknaþing í Svíþjóð og Danmörku	8	127.824	99.060	226.884	
5.2 Læknaþing í Svíþjóð og Bretlandi	14	209.313	-	209.313	
6. Sigrún Guðnadóttir, líffræðingur					
6.1 Líffræðingaþing í Svíþjóð og Hollandi	13	188.522	65.575	254.097	
Blóðbankinn					
1. Alfreð Árnason, líffræðingur					
1.1 Ráðstefna og rannsóknarstörf í Bretl.	13	153.710	-	153.710	
1.2 Ráðstefna og námsferð til Noregs	8	97.188	76.100	173.288	
2. Ólafur Jensson, forstöðumaður					
2.1 Læknaþing í Bretlandi	7	104.541	76.540	181.081	
2.2 Læknaþing í Bretlandi, námskeið í Noregi	26 (2 ferð.)	312.831	122.770	435.601	
Skrifstofa ríkisspítalanna					
1. Davíð Á. Gunnarsson, aðst.frkv.stj.					
1.1 Ferð til Svíþjóðar, ráðgj.ft. SPRI	6	95.397	107.983	203.380	
2. Jón Sv. Dagbjartsson, innkaupastj.					
2.1 Ferð til Danmerkur á sýninguna "Hospital og Forsorg"	6	71.625	82.460	154.085	
3. Pétur Jónsson, innkaupastj.					
2.1 Ferð til Danmerkur á sýninguna "Hospital og Forsorg"	6	71.625	82.460	154.085	
Geislavarnir ríkisins					
1. Guðmundur S. Jónsson, forstöðumaður					
1.1 Námsferð til Þýskalands, Danmerkur og Bretlands	17	252.938	71.970	324.908	
Matvælarannsóknir ríkisins					
1. Guðlaugur Hannesson, forstöðurmaður					
1.1 Ráðstefna í Danmörku	5	77.782	57.640	135.422	
Tjaldanesheimilið					
1. Þröstur Laxdal, sérfræðingur					
1.1 Námskeið í Bretlandi	5	70.110	11.835	81.945	
Þvottahús ríkisspítalanna					
1. Símon Steingrímsson, verkfræðingur					
1.1 Kynnisf. á sótth.d. í Svíþjóð	12	190.028	88.057	278.085	
Þroskaþjálfaskólinn					
1. Bryndís Víglundsdóttir, skólastjóri					
1.1 Námsferð til Danmerkur				50.000 (styrkur)	
2. Rannveig Traustadóttir, kennari					
2.1 Námsferð til Danmerkur				50.000 (styrkur)	
Heilbrigðiseftirlit ríkisins					
1. Hrafn V. Friðriksson, yfirlæknir, forstöðum.					
1.1 Ferð til Stokkhólms v/ matvælaeftirlits, og til Uppsala v/ atvinnusjúkdóma.	14	169.513	138.027	307.540	
Fundur NORDFORSK um umhverfismál í Kaupmannahöfn	3	.....			Allur kostn. gr. af NORDFORSK
1.2 Fundur nefndar á vegum "Nordforsk Yrkeshygieniska Mötet" í Örebro í Svíþjóð	4	48.789	106.745	155.534	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
1.3 Ferð til Stokkhólms og Uppsala v/ framkv. og skipulags mengunar- og heilbrigðisrannsókna á vinnustöðum.	8	132.113	111.298	243.411	
2. Þyjólfur Sæmundsson, efnaverkfr., heilbr.ráðun.					
2.1 Fundur í Osló um mengunarmálefni stóriðju, á vegum Nordforsk, vegna ráðstefnu í Rörås um mengunarmál	6	23.711	.....	.....	Annar kostn. gr. af NORDFORSK
2.2 Fundur um loftmengunarrannsóknir í Noregi	4	.....	.....	.....	Kostn.gr. af Ísl. Járnblendifélaginu
Ráðstefna Nordforsk um mengun í Svíþjóð	5	.....	.....	.....	Kostn. gr. af Nordforsk
Tryggingaeftirlitið					
1. Erlendur Lárusson, forstöðumaður					
1.1 Fundur í tryggingarnefnd OECD í París	4	48.392	88.560	136.952	
1.2 Norrænt þing um skaða- og slysatryggingar í Helsingfors	5	60.931	106.810	167.741	
1.3 Norrænt líftryggingaþing í Stokkhólmi	6	87.887	94.920	182.807	
1.4 Evrópuþing tryggingaeftirlita í Vínarborg	6	135.303	81.600	216.903	
2. Ragnar Aðalsteinsson, hæstaréttarlögmaður					
2.1 Evrópuþing tryggingaeftirlita í Vínarborg	6	135.303	81.600	216.903	

Fjármálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Matthías Á. Mathiesen, fjármálaráðherra					
1.1 Þing Norðurlandaráðs í Helsinki	3	58.106	112.240	170.346	
1.2 Fundur fjármálaráðherra Norðurlanda í Helsingfors, og viðræður við forráðamenn First National City Bank í London og Scandinavian Bank í London.	8	358.978	220.310	579.288	
1.3 Ársfundur Alþjóðabankans í Washington	8	132.558	258.800	391.358	Alþj.b. gr. ferðir og gistingu.
2. Jón Sigurðsson, ráðuneytisstjóri					
2.1 Fundur með forstöðumönnum þróunaraðstoðar á Norðurlöndum	3	36.566	106.300	142.866	
3. Árni Kolbeinsson, deildarstjóri					
3.1 Samnorrænn samningafundur í Kaupmannah. um marghliða samning til að komast hjá tvísköttun	5	66.965	82.460	149.425	
3.2 Fundur tekjudeilda fjármálaráðuneyta Norðurlanda í Lillehammer um tvísköttun	7	81.271	79.628	160.899	
4. Sigurgeir Jónsson, fulltrúi					
4.1 Fundur hjá sérfr. nefnd EFTA í tolla- og upprunareglum, og fundur í Tollnafnaskrárnefnd Tollasamvinnuráðsins, í Brussel	15	177.653	70.700	248.353	
5. Þorsteinn Geirsson, skrifstofustjóri					
5.1 Samningaviðræður v/ tollasamvinnusamnings við Vestur-Þýskaland	6	72.019	98.270	170.289	
5.2 Fundur á vegum Norræna tollasamvinnusambandsins um punktskatta á Norðurl.	3	41.402	82.460	123.862	
5.3 Fundur Norræna Tollasamvinnuráðsins í Moss, Noregi	5	73.447	90.580	164.027	
6. Þorsteinn Ólafsson, deildarstjóri					
6.1 Ferð til Berlínar á samningafund um gagnkvæma upplýsingaskyldu í tollamálum milli Íslands og Vestur-Þýskalands	6	71.666	65.300	136.966	Ferð Þó var lengri v/ annarra erinda og því fékkst afsl. af fargjaldi.

Fjármálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
7. Sverrir Júlíusson, fulltrúi					
7.1 Fundur hjá sérfræðinganefnd EFTA í tolla- og upprunareglum, og fundur í Tollnafna-skrárnefnd Tollasamvinnuráðsins, í Brüssel. Þátttaka í ársfundi Kontors-tekniska Föreningen í Stokkhólmi	15	177.653	113.670	291.323	
7.2 Fundur í sérfræðinganefnd EFTA í tolla- og upprunareglum í Genf. Heimsókn og viðræður við sérfræðinga Efnahagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna í Evrópu (ECE) og hjá UNCTAD	11	157.117	67.630	224.747	
7.3 Lokaviðræður í Brüssel við tolladeild Efnahagsbandalagsins ása. tolla- og upprunasérfr. EFTA um útgáfu nýs texta á bókun nr. 3 við fríverslunarsamninginn	4	57.252	99.200	156.452	
7.4 Fundur í uppruna- og tollasérfræðinga-nefnd EFTA og viðræður við fulltrúa tolla-deildar EBE. Samráðsfundur EFTA-fulltrúa og fundur Íslands og tollad. EBE	8	126.966	64.230	191.196	
8. Björn Hafsteinsson, deildarstjóri					
8.1 Fundir tollskrárnefndar Tollasamvinnu-ráðsins í Brüssel og kynning á starfs-háttum tollgæslu í Englandi	30	454.240	136.200	590.440	
9. Gunnlaugur M. Sigmundsson, deildarstjóri					
9.1 Ferð til Getinge, Frankfurt og Melsungen í Þýskalandi v/ vélakaupa fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Við-ræður í London við 4 fyrirtæki v/ til-boða þeirra í sterildeild Lyfjaversl-unar ríkisins	8	115.498	30.026	145.524	
Innkaupastofnun ríkisins					
1. Kristinn Blöndal, innkaupafulltrúi					
1.1 "Hannover"-vörusýsingin, og erindi við viðskiptamenn IR í Hamborg	10	118.666	67.707	186.373	
2. Ásgeir Markússon, deildarverkfræðingur					
2.1 Ferð til Kaupmannahafnar á byggingar-sýningu og skoðun á sjúkrahúsum í bygg-ingu í Kaupmannahöfn og nágrenni	6	71.200	53.300	124.500	
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins					
1. Jón Kjartansson, forstjóri					
1.1 Viðskipta- og kynnisferð til Oslo og London	12	136.753	0	136.753	Var jafnframt í öðrum erindagj. og fargjöld ekki greidd af ÁTVR.
1.2 Fundur forstjóra norrænu áfengisversl-ananna í Stokkhólmi og viðskiptaerindi v/ ÁTVR til Þýskalands, Luxembourg og Danmerkur	19	398.230	73.320	471.550	
2. Jón O. Edwald, lyfjafræðingur					
2.1 Farið á vegum ÁTVR á fund í Álaborg í tæknilegri samstarfsnefnd áfengis-verslana á Norðurlöndum	7	85.111	87.790	172.901	
Lyfjaverslun ríkisins					
1. Erling Edwald, lyfsölustjóri					
1.1 Samningagerð um kaup á tækjum og innréttingum fyrir LR, til Englands, Danmerkur og Svíþjóðar	12	144.878	72.120	216.998	
1.2 Ferð á fund forstjóra áfengisverslana Norðurlanda í Stokkhólmi	8	111.142	63.350	174.492	Kostnaður gr. af ÁTVR
2. Ásbjörn Sveinsson, lyfjafræðingur,	12	146.559	72.120	218.679	
3. Karl-Erik Rocksén, arkitekt	12	144.168	72.120	216.288	
4. Skúli Skúlason, verkfræðingur	12	144.168	72.120	216.288	

Fjármálaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
5. Gunnlaugur Sigmundsson, viðskiptafræðingur	12	142.402	72.120	214.522	
fóru allir ásamt Erl. Edwald til samningagerðar um kaup á tækjum og innréttingum fyrir LR					
Mism. v/ ferðar Gunní.Sigm. í leiðinni til Melsungen í Þýskalandi v/ skoðunar á þvottavél fyrir Lyfjavers. rík.		-	8.540	8.540	
Embætti tollstjórans í Reykjavík.					
1. Björn Hermannsson, tollstjóri					
1.1 Norræna tollaráðið - nefndarfundur í Osló	3	35.352	73.240	108.592	
1.2 Fundur v/ tollamála í Helsingfors	4	57.423	106.300	163.723	
1.3 Norræna tollaráðið - fundur í Osló	11	163.168	103.590	266.758	
1.4 Fundur í Stokkhólmi	3	46.728	99.060	145.788	
1.5 Fundur í Kaupmannahöfn	5	83.168	94.560	177.728	
2. Karl F. Garðarsson					
2.1 Tollaráðstefna í Danmörku	7	82.729	79.280	162.009.	
Tollgæslan					
1. Kristinn Ólafsson, tollgæslustjóri					
1.1 Ferð til Isle of Wight v/ smíði tollbáts	5	58.958	79.895	138.853	
1.2 Ferð til Osló v/ undirbúnings fundar Norræna tollasamvinnuráðsins	3	35.352	73.240	108.592	
1.3 Ferð til Vestur-Berlínar til undirbúningsviðræðna um samningsgerð við V-Þjóðverja um gagnkvæma aðstoð í tollamálum	6	72.012	98.720	170.732	
1.4 Fundur Norræna tollasamvinnuráðsins í Osló, og fundur Alþjóða tollasamvinnuráðsins í Helsinki	11	163.168	103.590	266.758	
Embætti ríkisskattstjóra					
1. Sigurbjörn Þorbjörnsson, ríkisskattstjóri					
1.1 Fundur ríkisskattstjóra í Kaupmannahöfn	8	121.585	90.586	212.171	
1.2 Fundur í Noregi v/ tvískött.samn.	7	83.922	82.700	166.622	Á vegum fjármálarn.
1.3 Fundur í Kaupmannahöfn v/ tvísk.samn.	5	66.965	82.460	149.425	" " "
2. Garðar Valdimarsson, skattrannsóknastjóri					
2.1 Fundur ríkisskattstjóra í Kaupmannah.	8	121.585	86.080	207.665	
2.2 Ferð v/ rannsóknar á skipakaupum í Noregi	9	141.349	82.122	223.471	
3. Atli Gíslason, fulltrúi					
3.1 v/ rannsóknar á skipakaupum í Noregi	9	141.349	82.122	223.471	

Samgönguráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Halldór E. Sigurðsson, samgönguráðherra					
1.1 Ferð til Parísar að ósk Flugleiða h.f., vegna opnunar áætlunarflugs milli Keflavíkur og Parísar	8	237.738	-	237.738	
2. Margrét Gísladóttir, ráðherrafrú					
2.1 Sama og 1.1	8	67.322	-	67.322	
3. Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri					
3.1 Fundur í NET í Osló og Kaupmannahöfn	4	40.828	87.080	127.908	
3.2 Ferð til Kaupmannahafnar til að taka þátt í fundi samgönguráðherra Norðurlanda	5	53.002	86.080	139.082	
3.3 Ferð til Parísar í fylgdarliði samgönguráðherra	8	169.171	-	169.171	

Samgönguráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
3.4 Fundur í NET á Álandseyjum og viðræður við framkvæmdastjóra Mikla norræna ritsímafélagið í Kaupmannahöfn	9	166.453	78.350	244.803	
4. Ólafur S. Valdimarsson, skrifstofustjóri					
4.1 Ferð til Kaupmannahafnar á fund í norrænni embættismannanefnd um ferðamál	4	49.306	79.280	128.586	
4.2 Ferð til Rússlands í boði Aeroflot og Intourist til að kynnast ferðamálum	6	72.272	-	72.272	
4.3 Ferð til Finnlands til að sitja fund í norrænni nefnd um ferðamál	7	99.540	159.630	259.170	
4.4 Ferð til Finnlands til að sitja fund í nefnd um ferðamál	4	48.771	104.530	153.301	
4.5 Ferð til Kaupmannahafnar vegna fundar samgönguráðherra Norðurlanda og til að sitja fund í norrænni nefnd um ferðamál	5	80.009	57.640	137.649	
5. Kristinn Gunnarsson, deildarstjóri					
5.1 Ferð til Bandaríkjanna á vegum nefndar til varnar gegn flugránum	10	152.094	30.780	182.874	
6. Birgir Guðjónsson, deildarstjóri					
6.1 Ferð til Montreal á ráðstefnu á vegum ICAO	17	196.449	96.170	292.619	
6.2 Ferð til Noregs með flugráði og fjárveitinganefnd til að skoða flugvelli	3	36.345	76.100	112.445	
6.3 Ferð til Luxembourgar til að skoða aðstöðu Flugleiða þar	4	67.358	-	67.358	
Rekstrardeild ríkisskipa					
1. Tómas P. Óskarsson, fjármálastjóri					
1.1 Ferð til Aarhus vegna viðgerða á v/s Týr hjá Aarhus Flydedock	12	193.615	91.640	285.255	
Skipaútgerð ríkisins					
1. Guðmundur Einarsson, forstjóri					
1.1 Ferð til Inverness og Thurso í Skotlandi til þess að skoða skip og hafnamannvirki í tengslum við fund í norrænni ferjunefnd	3	44.719	-	44.719	
1.2 Fundur í Stokkhólmi vegna undirbúnings ráðstefnu um strandferðir í Reykjavík á vegum NKTF í apríl 1978	3	27.913	-	27.913	
1.3 Fundur í Stokkhólmi vegna undirbúnings ráðstefnu um strandferðir í Reykjavík á vegum NKTF í apríl 1978	3	40.754	-	40.754	
2. Gunnlaugur M. Sigmundsson, deildarstjóri					
2.1 Ferð til Sandefjord í Noregi til að taka þátt í ráðstefnu norska verkfræðingafélagsins um hagkvæmni í strandferðum	4	70.104	86.080	156.184	
Flugmálastjórn					
1. Agnar Kofoed Hansen, flugmálastjóri					
1.1 Þátttaka í fundi flugmálastofnun Evrópu (ECAC) í París. Viðræður við flugmálayfirvöld í Washington og þátttaka í allsherjarþingi Alþjóðaflugmst. (ICAO)	4	38.078			Annar kostnaður
Montreal	17	468.127	32.100	538.305	
1.2 Árl. fundur flugmálastj. Evrópu í Þýskal. og viðræður við dönsk flugmálayfirvöld um ICAO samn. v. Íslands og Grænlands	12	166.617	10.740	177.357	
1.3 ICAO "DEN/ICE/3", ráðstefna um alþjóðaflugþjón. á Ísl. og Grænl., í Montreal	23	12.833 265.063	121.510	399.406	Annar kostn. (1.3
1.4 Viðræður við bandarísk flugmálayfirvöld í áframh. af DEN/ICE/3 fund. í Montreal og vegna flugprófunarsamn. við FAA	14	162.491	-	162.491	
1.5 Þátttaka í opnun Landvetter flugvallar við Gautaborg í boði flugmálastj. Svíþjóðar	4	61.043	26.510	87.553	
1.6 Kynnisferð fjárveitingarnefndar Alþingis, ráðuneytis og flugráðs í boði Flugleiða og norskra flugmálayfirvalda til Noregs til skoðunar "Stol" flugvalla	3	36.331	92.891 x	129.222	x Annar kostn.

Samgönguráðuneytið		Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
1.7	Viðræður í Washington D.C. með sendiherra Íslands þar v. málefna Keflavíkurflv o.fl.	11	37.312 170.130	2.150	209.592	Annar kostn. (1.7)
2. Björn Björnsson, skoðunarmaður flugvéla						
2.1	Stöðvarskoðun Loftleiða í New York og varahlutakaup fyrir flugvél flugmálastjóra hjá Beechcraft East, N.Y. o.fl.	4	62.377	-	62.377	
3. Björn Jónsson, deildarstjóri ICAO-deildar						
3.1	Fundur flugmálastj. Norðurlanda í Kaupmh	5	143.018	82.460	225.478	
3.2	Fundur ICAO í Montreal varð. fargjaldamál Ennfr. viðræður vegna gr. til Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu	18	208.112	89.400	297.512	
3.3	Allsherjarþing ICAO í Montreal	27	408.275	113.670	521.945	
3.4	Fundur í Montreal DEN/ICE/3	16	184.584	89.400	273.984	
4. Bragi Ólafsson, flugumferðarstjóri						
4.1	Kynning á tækjabúnaði við flugumferðarstjórn hjá NAFEC, vegna breyt. í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík	12	139.391	0	139.391	
5. Grétar H. Óskarsson, framkvæmdastjóri						
5.1	Stöðvarskoðun Loftleiðir/Seaboard í New York og varahlutakaup fyrir flugvél flugmálastj. hjá Beechcraft East	4	1.284 61.563	0	62.847	Annar kostn.
5.2	Skoðun flugvéla Loftleiða í New York, fundur með Seaboard og Loftleiðum. Kaup á hreyfli í flugvél flugmálastj.	6	67.862	0	67.862	
5.3	Árl. fundur Loftferðaeftirlita Norðurlanda í Stavanger	5	1.793 71.760	24.160	97.713	Annar kostn. (5.3)
5.4	Stöðvaskoðun Flugleiða í Stokkhólmi og eftirlitsferð í stjórnklefa KEF-OSL-STH	2	28.704	0	28.704	
6. Guðlaugur Kristinsson, flugumferðarstjóri						
6.1	Þjálfun í flugumferðarstjórn í Oklahoma City Ok. og Dallas, Texas, Bandaríkj.	50	545.306	0	545.306	
7. Guðmundur Matthíasson, deildarstjóri						
7.1	Þátttaka í undirbúningsfundi CEAC Working Croup í Noregi vegna heræfinga "Artic Expr"	3	48.893	0	48.893	
7.2	Þátttaka í undirbún. að björgunaræfingum "Exercise Bright Eye" 1978	5	78.874	90.300	169.174	
7.3	Aðild að fundi CEAC um væntanl. heræfingar á ísl. flugstjórnarsvæðinu	3	36.136	13.850	49.986	
7.4	Námsk. við National Search and Rescue School, Bandaríkj.	8	31.156 88.496	92.400	212.052	Námskeiðagj. (7.4)
8. Gunnar Sigurðsson, flugvallarstjóri						
8.1	Vegna öryggis og eldvarnarsýningar í London og kaupa á búnaði f. slökkvilið Reykjavíkurflugvallar	7	84.651	0	84.651	
8.2	Vegna samningsgerðar viðvík. kaupum á nýjum slökkvibíl í Englandi	7	0	78.410	78.410	
8.3	Kynnisferð flugráðs og ráðuneytis vegna skoðunar á "Stol" flugv. í Noregi	3	36.363	0	36.363	
8.4	Kynnisferð v. skipulags og bygginga flugstöðva í Bretlandi og víðar	7	104.487	184.920	289.407	
8.5	Ársfundur flugvallasamb. V-Evrópu, New York	10	142.474	90.520	232.994	
9. Guðmundur Guðmundsson, slökkvistjóri						
9.1	Kynnisferð Flugráðs til Noregs	3	36.331	0	36.331	
9.2	Vegna öryggis og eldvarnarsýningar í London og kaupa á búnaði fyrir slökkvilið Reykjavíkurflugvelli	7	84.517	73.320	157.837	
10. Haukur Hauksson, verkfræðingur						
10.1	Nám og þjálfun við FAA Academy Oklahoma City, Ok, Bandaríkj.	385	2.742.022	38.431	2.780.453	
11. Hrafn Jóhannsson, deildarstjóri						
11.1	Sóttur samnorrænn fundur um vetrarviðhald flugvalla í Noregi	4	55.386	76.100	131.486	
11.2	Kynnisferð á byggingasýn. í Kaupmannah.	6	69.314	3.400	72.714	

Samgönguráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
12. Hörður D. Arnórsson, flugumferðarstjóri					
12.1 Þjálfun í flugumferðarstjórn í Oklahoma City, Ok, og Dallas, Texas, Bandaríkj.	50	545.306	0	545.306	
13. Ingólfur Bjargmundsson, deildarstjóri					
13.1 Sóttur fundur með dönskum flugprófunar-yfirvöldum	4	58.584	82.460	141.044	
13.2 Ráðstefna í Frankfurt um flugprófun og leiðsögn blindlendingartækja	5	78.950	100.480	179.430	
14. Ingólfur Georgsson, deildarverkfræðingur					
14.1 Nám og þjálfun við FAA Academy, Oklahoma City, Ok, Bandaríkj.	385	2.742.022	44.220	2.786.242	
15. Jón Guðmundsson, slökkviliðsmaður					
15.1 Þátttaka í námskeiði í eldvörnum hjá Fire Service Training School, í Stanstead, Essex, Englandi	7	61.103	0	61.103	
16. Leifur Magnússon, varaflugmálastjóri					
16.1 ICAO "DEN/ICE/3" ráðstefnan um alþjóða-flugþjón. á Íslandi og Grænlandi	16	184.585	89.400	273.985	
16.2 Þátttaka í sérst. fundi "North Atlantic Systems Planing Group", á Gander, vegna breytinga er Loran - A kerfið hættir	7	80.782	149.120	229.902	
16.3 Kynnisferð flugráðs og ráðuneytis til Noregs, skoðaðir "Stol" flugvellir	3	36.331	0	36.331	
16.4 Fulltrúi Ísl. á 13. fundi "North Atlantic Systems Planing Group"	15	224.623	61.090	285.713	
16.5 Kynning á Doppler Microwave Landing System, í Kjevík, Noregi	3	45.569	63.775	109.344	
17. Ólafur H. Jónsson, flugumferðarstjóri					
17.1 Könnun á skólamálum flugumferðastj. á Norðurlöndum og í Bretlandi	4	51.309	0	51.309	
18. Páll Bergþórsson, veðurfræðingur					
18.1 Kynnisferð flugráðs og ráðuneytis til Noregs til skoðunar "Stol" flugv.	3	36.331	0	36.331	
19. Sigurjón Einarsson, flugmaður					
19.1 Evrópuráðstefna um flugkennslu í Frankf.	4	47.554	32.970	83.432	
19.2 Ráðstefna í Frankfurt um flugprófun og leiðsögn blindlendingartækja	5	2.908 78.950	100.480	179.430	Annar kostn. (19.1
20. Rúnar H. Sigmundsson					
20.1 Sóttur samnorrænn fundur um vetrarviðhald og vetrarstörf á flugvöllum	4	55.386	76.100	131.486	
21. Skúli Jón Sigurðsson, deildarstjóri					
21.1 Fundur með flugslysarannsakendum ECAC landanna, NTSB, USA og slysadeild ICAO í London	4	47.648	23.170	70.818	
21.2 Evrópuráðstefna um flugkennslu, haldin í Frankfurt	4	3.280 47.554	32.970	83.804	Annar kostn. (21.2
21.3 Þing loftferðaeftirlitsmanna Norðurlanda í Stavanger	5	715 71.760	24.160	96.639	Annar kostn. (21.3
21.4 Kynnisferð til "Det Danske Luftfartsskole" í sambandi við skipulagn. bóklegs náms atvinnuflugmanna við Fjölbrautask. Suðurn.	3	43.958	0	43.958	
21.5 Fundur Flugslysarannsakenda á Norðurlöndum	3	47.191	0	47.191	
22. Sveinbjörn Bárðarson, flugumferðarstjóri					
22.1 Að kynnast tækjabúnaði hjá "NAFEC" vegna fyrirhugaðra breyt. á tækjabún.í flug-stjórnarmiðstöð í Reykjavík	12	139.391	0	139.391	
23. Úlfar Þórðarson, læknir					
23.1 Setið þing trúnaðarlækna flugmálastjórna aðildarríkja ICAO í Helsinki	8	119.346	106.300	225.646	

Samgönguráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
24. Valdimar Ólafsson, yfirflugumferðarstjóri					
24.1 Þátttaka í árlegum fundi yfirflugumferðastjóra flugstjórnarmiðstöðva Norður-Atlandshafs, haldinn í Lissabon	11	170.327	133.860	304.187	
24.2 Árl. fundur yfirflugumferðastjóra, haldinn í Gander	9	103.858	161.220	265.078	
24.3 Námskeið í leitar- og björgunarstörfum við U.S. Coast Guard Search and Rescue School í Bandaríkjum	12	133.912 186.615	88.500	409.027	Skólagjald
24.4 Fundur vegna skipulags flugumferðar vegna verkfalla í Bretlandi	3	44.922	31.340	76.262	
25. Þorgeir Pálsson, verkfræðingur					
25.1 Fundur um Omega prófanir hjá Sabena í Brussel	3	43.905	0	43.905	
25.2 Heimsókn í flugstjórnarmiðstöðina á Kastrupflugvelli	3	34.939	0	34.939	
26. Ferðastyrkir til 9 manna					
26.1 Ferðastyrkir til flugumferðarstjóra vegna kynnisferða skv. samningi			143.235		£ 40 til 2 manna £ 50 til 7 manna
27. Nám 12 manna í 83 daga					
27.1 Nám hjá Civil Aviation Authority, Bretlandi, í flugumferðarstjórn	83	2.465.970 9.286.290	820.020	12.572.280	Námskostnaður
Landmælingar Íslands					
1. Bragi Guðmundsson, forstjóri					
1.1 Fundir í Washington til undirbúnings mæliverkefna á Íslandi	5	63.102	101.270	164.272	
1.2 Erindarekstur v/stofn. í Svíþjóð	4	47.526	0	47.526	Fargj.k.gr.af öðrum
1.3 Ráðstefna alþjóðasambands mælingaverkfræðinga (geodeta) í Stokkhólmi	11	138.175	65.150	203.325	
1.4 Fundur með starfsfólki DMA vegna samvinnu um kortagerð á Íslandi	5	71.971	123.970	195.941	
2. Ágúst Guðmundsson, deildarstjóri					
2.1 Farið með loftmyndaútbúnað stofnunarinnar til Wild verksmiðjanna til endurnýjunar til Heerbrugg, Sviss	11	186.950	30.612	217.562	Farið með flugvél Flugst. hf.
Hafnamálastofnun ríkisins					
1. Aðalsteinn Júlíusson, vita- og hafnamálastjóri					
1.1 Fundur um hafnargarða í Þrándheimi og samningar um kaup á dýpkunartæki í Oslo	5	58.843	92.800	151.643	
1.2 Tekið á móti dýpunartækinu Grettis í Noregi og fundur Nordisk Fyreteknisk Organisation	12	166.081	56.525	222.606	
1.3 Fundur hafnamálastj. á Norðurlöndum og viðræður við dönsku hafnarrannsóknarst.	5	74.801	89.559	164.360	
2. Bergsteinn Gizurarson, deildarverkfræðingur					
2.1 Ráðstefna POAC í St. John's Nýfundnalandi, um hafnaverkfræði í heimskautalönd.	8	121.500	162.330	283.830	
3. Björn Kristjánsson, tæknifræðingur					
3.1 Kynnisferð til Noregs til að skoða hafnarframkvæmdir	10	137.503	48.700	186.203	
4. Sverrir Björnsson, tæknifulltrúi					
4.1 Kynnisferð til Noregs til að skoða hafnarframkvæmdir	10	137.503	48.700	186.203	
5. Sigtryggur Benediktsson, tæknifræðingur					
5.1 Kynnisferð til Noregs til að skoða hafnarframkvæmdir	10	137.503	48.700	186.203	
6. 7 verkstjórar					
6.1 Kynnisferð til Noregs til að skoða hafnarframkvæmdir	10	—	382.300	382.300	

Samgönguráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
7. Jóhannes Sverrisson, tæknifræðingur					
7.1 Ferð vegna samn. um kaup á dýpkunartæki í Oslo	6	70.636	92.206	162.842	
7.2 Ferð til Noregs til að kynnast störfum dýpkunartækis	8	96.286	99.010	195.296	
8. Lárus Þorsteinsson, verkstjóri					
8.1 Ferð til Noregs til að kynnast vinnu með væntanlegu dýpunartæki	8	96.286	93.680	189.966	
9. Sigurgeir Högnason, kranastjóri					
9.1 Ferð til Noregs til að kynnast vinnu með væntanlegu dýpunartæki	8	96.286	93.680	189.966	
10. Guðjón Scheving Tryggvason, verkfræðingur					
10.1 Heimsókn til Dansk Hydraulisk Institut	5	69.737	–	69.737	
11. Garðar Pálsson, eftirlitsmaður					
11.1 Ferð til Noregs v/flutnings á dýpunar-skipunu Gretti til Íslands	9	122.000	51.000	173.000	
Veðurstofa Íslands					
1. Hlynur Sigtryggsson, veðurstofustjóri					
1.1 Fundur í Montreal á vegum ICAO varðandi greiðslur fyrir flugþjónustu	14	161.509	92.142	253.651	
1.2 Fundur veðurstofustjóra V-Evrópu í Palma	6	72.193	125.960	198.153	
1.3 Fundur norrænna veðurstofustj. í Oslo	5	60.742	82.460	143.202	
2. Þórir Sigurðsson					
2.1 Ferð til London v/undirbúnings fyrir notkun fjarskiptatölvu	21	260.272	58.940	319.212	
3. Borgþór H. Jónsson					
3.1 Ferð til Stokkhólms, Norrköping og Gauta-borgar í Svíþj. til að kynnast flugveður-þjónustu í Svíþjóð	7	101.174	54.305	155.479	
4. Flosi H. Sigurðsson					
4.1 Fundur norræns samstarfshóps um veður-athuganir í Kaupmannahöfn	4	62.228	86.080	148.308	
5. Ragnar Stefánsson					
5.1 Rannsóknadvöl við Carnegie Institution, Washington	43	42.497	0	42.497	Mesti hluti kostn. v/farar gr. af Carnegie Institutio
5.2 Ýmsar viðræður við samstarfsstofnanir í Edinborg, Uppsölum og Oslo	48	100.831	0	100.831	
5.3 Rannsóknadvöl v/Carnegie Institution í Washington	3 mán.	50.424	92.250	142.674	Ekki endanl. uppgj en dvöl og ferðir eru að mestu gr. af Carnegie Inst.
Ferðamálaráð Íslands					
1. Ludvig Hjálmtýsson, ferðamálastjóri					
1.1 Fundur NTTK í Kaupmannahöfn	6	68.289	16.700	84.989	Ferðamálaráð
1.2 Fundur ferðamálastjóra Norðurlanda í Stokkhólmi	5	62.297	38.775	101.072	nýtur sérstakra kjara á flugleiðum
1.3 Fundur form. og ferðamálastjóra Norður-landa í Lillehammer	6	69.772	25.000	94.772	Flugleiða hf.
1.4 Fundur NTTK í Kaupmannahöfn	3	45.309	84.580	129.889	
1.5 Fundur NTTK í Kaupmannahöfn	7	62.503	84.580	147.083	
1.6 Fundur NTTK í Oslo og viðræður við Danmarks Turistråd	7	114.562	103.016	217.578	
2. Heimir Hannesson, formaður Ferðamálaráðs					
2.1 Fundur form. og ferðamálastj. Norðurl. í Lillehammer	6	69.772	25.000	94.772	
2.2 Fundur ETC í Apenu	7	83.272	120.716	203.988	
2.3 Fundur Scan-Service í Chicago og viðr. um málefni skrifst Ísl. í New York	10	168.270	0	168.270	
2.4 Fundur ETC í New York	7	77.736	57.700	135.436	
3. Ragna Samúelsson, skrifstofustjóri					
3.1 Vegna viðtöku skrifstofu í NY úr höndum fráfarandi forstöðumanns	8	100.885	27.900	128.785	

Samgönguráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Siglingamálastofnun ríkisins					
1. Hjálmar R. Bárðarson, siglingamálastj.					
1.1 Alþjóðaráðstefna á vegum IMCO um öryggi fiskiskipa, haldin á Spáni	32	367.940	75.780	443.720	
1.2 Fundur í siglingaöryggisnefnd IMCO í London	6	59.739	73.320	133.059	
1.3 Fundur hjá FAO í Róm v/undurbún. alþjóðasamstarfs á vegum fiskiskipaöryggisnefndar IMCO í London, Dumping Convention	12	179.522	131.480	311.002	
1.4 Þing IMCO í London	15	239.849	49.980	289.829	
2. Magnús Jóhannesson, deildarverkfræðingur					
2.1 Fundur í Sjávarmengunarvarnanefnd IMCO (MEPC) í London	8	111.136	73.320	184.456	
2.2 Fundur í IMCO í London, Dumping Convention	8	119.517	76.540	196.057	
2.3 Samnorrænn fundur um varnir gegn olíumengun sjávar, í Danmörku	6	94.395	87.940	182.335	
3. Gísli Auðunsson, skipaskoðunarmaður					
3.1 Ferð til Danmerkur + Noregs v/ath. á eftirlitsstöðvum og viðgerðarstöðvum gúmmíbjörgunarbáta	7	83.122	79.280	162.402	
4. Ólafur Aðalsteinsson, skipaskoðunarmaður					
4.1 Samnorrænn fundur um reglur um smíði skemmtibáta og annarra smábáta, í Norrköping, Svíþjóð	4	59.673	100.300	159.973	
Ferðaskrifstofa ríkisins					
1. Kjartan Lárusson, forstjóri					
1.1 Viðskiptaferð til Vestur-Berlínar, Zürich, Frankfurt	8	93.430	52.500	145.930	Flugfarseðlar með ísl. flugfélögunum kosta FR einungis 25-50% af almennu verði
1.2 Viðskiptaferð til Luxemburg, Belgíu og Hollands	6	83.160	47.981	131.141	
1.3 Viðskiptaferð til Frankfurt, Düsseldorf, Hannover, Hamborg, Bremen, Vín og Zürich	13	193.460	71.956	265.416	
1.4 Viðskiptaferð til Belgíu og Hollands	9	139.798	48.460	188.258	
2. Halldór Sigurðsson, deildarstjóri					
2.1 Viðskiptaferð til Vestur-Berlínar, Zürich, Frankfurt	8	93.430	52.500	145.930	
2.2 Viðskiptaferð til Frankfurt, Düsseldorf, Hannover, Hamborg, Bremen, Vín og Zürich	11	163.698	71.956	235.654	
2.3 Viðskiptaferð til Hamborgar og Kaupmh		80.025	12.340	92.365	
Vegagerð ríkisins					
1. Björn Ólafsson, verkfræðingur					
1.1 Sótt ráðstefna í Oslo um viðhald vega ásamt verkfræð. allra fylkja Noregs	14	178.136	59.754	237.890	
2. Einar Þorvarðarson, umdæmisverkfræðingur					
2.1 Ráðstefna með deildarverkfr. allra fylkja í Noregi um viðhald vega	13	157.428	55.240	212.668	
3. Eirík Eylands, deildarstjóri					
3.1 Fundur með forstöðum. véladeilda vegagerðar Noregs, Svíþjóðar og Finnl.	6	72.622	60.932	133.554	
4. Guðni P. Kristinsson, verkfræðingur					
4.1 Fundur í N.V.F. deild 23, Fotogrammetri og databehandling	4	47.344	79.280	126.624	
5. Helgi Hallgrímsson, forstj. tæknideildar					
5.1 Ráðstefna N.V.F. í Finnlandi og stjórnarfundur	9	124.618	70.900	195.518	
5.2 Stjórnarfundur í N.V.F.	4	64.371	110.980	175.351	
6. Jón Birgir Jónsson, yfirverkfræðingur					
6.1 Námsferð til Danmerkur, Tekn. Höjskole. Efnið var rekstur ríkisfyrirtækja	94	868.272	150.162	1.018.434	
" 2 Ráðstefna N.V.F. í Finnlandi	11	157.769	80.001	237.770	

Samgönguráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
7. Jón Rögnvaldsson, yfirverkfræðingur					
7.1 Fundur um STINA-verkefni	3	44.882	95.160	140.042	
7.2 Fundur um STINA-námsefni	5	80.358	112.211	192.569	
8. Jón Skúlason, verkfræðingur					
8.1 Fundur um STINA-verkefni	3	35.818	82.460	118.278	
8.2 Fundur um STINA-verkefni	3	41.825	82.460	124.285	
9. Snæbjörn Jónasson, vegamálastjóri					
9.1 Ráðstefna N.V.F. og stjórnarfundur	9	124.196	106.300	230.496	
9.2 Sameiginl. rannsóknir OECD-landanna um vegagerð, umferðamál o.fl.	5	60.475	68.560	129.035	
9.3 Fundur í nefnd OECD er skipuleggur rannsóknir í vegagerð	4	63.164	103.070	166.234	
9.4 Stjórnarfundur í N.V.F.	4	64.370	110.980	175.350	
N.V.F = Nordisk Vejteknisk Forbund = Norræna Vegtæknisambandið					
Póstur og sími					
1. Ari Arnalds, verkfræðingur					
1.1 Kynnisferð vegna væntanlegra kaupa á sjálfvirkum búnaði til skeytaafgreiðslu í Gufunesi. Ferðakostnaður greiðist af ICAO	9	116.781	74.910	191.691	Ferðakostn. gr. af ICAO
2. Árni Konráðsson, verkfræðingur					
2.1 Ferð á Underhållskonferens hjá L.M. Ericsson í Stokkhólmi 26. sept. - 30.sept. 1977	7	69.952	99.060	169.012	
3. Bergþór Halldórsson, verkfræðingur					
3.1 Fundir um PCM-kerfi á vegum LME í Stokkhólmi, Svíþjóð	5	60.469	94.920	155.389	
4. Birgir S. Hermannsson, forstm. póstgíróst.					
4.1 Fundur norrænu póstgíróstofn. og póstsparibankanna í Oslo, dagana 20. og 21. apríl	6	72.201	82.460	154.661	
4.2 Hin árlega ráðstefna norrænu póstspari- og póstgíróstofnana, haldin í Saltsjöbaden í Svíþjóð, dagana 7. - 9. sept. 1977	5	74.561	94.920	169.481	
5. Birgir Óskarsson, stöðvarstjóri					
5.1 Ferð á Loran ráðstefnu í London.	6	93.919	43.000	136.919	Endurgr. af USCG
6. Bjarni Magnússon, stöðvarstjóri					
6.1 Ferð á Loran ráðstefnu í London.	6	93.919	43.000	136.919	Endurgr. af USCG
7. Bragi Kristjánsson, forstjóri					
7.1 Ársfundur Framkvæmdaráðs Alþjóðapóstsamb. í Bern 2. - 18. maí og símaráðstefna Norðurlanda, Savonlinna í Finnlandi 17. - 20. maí .	22	270.217	144.240	414.457	
7.2 Heildarfundur Evrópusamráðs pósts og síma CEPT í Stokkhólmi 20. júní til 1. júlí 1977	14	194.403	63.350	257.753	
7.3 Póstráðstefna Norðurlanda í Sandefjord í Noregi 1. - 3. júní	5	67.225	90.590	76.815	
8. Eiríkur Árnason, símvirkjaverkstjóri					
8.1 Námskeið í örbylgjutækni sem haldið var á vegum L.M. Ericsson í Stokkhólmi Námskeiðið er miðað við að þjálfa menn í uppsetningu og vandasamara viðhaldi	14	251.789	63.350	315.139	
9. Emilía Sigurðardóttir, póstafgreiðslumaður					
Vinna við söludeild Íslands á Alþjóða-frímerkjasýningunni Amphilex í Amsterdam	16	205.098	57.350	262.448	

Samgönguráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
10. Guðlaugur Sæmundsson, fulltrúi					
Umsjón og vinna við upplýsinga-starfsemi og söludeild Íslands á alþjóðafrímerkjasýningunni Amphilex 77 í Amsterdam	16	204.952	58.420	263.372	
11. Gylfi H. S. Gunnarsson, fulltrúi					
11.1 Vinna við söludeild Íslands á alþjóða-frímerkjasýningunni Amphilex 77 í Amsterdam.	16	205.220	57.350	262.570	
12. Guðmundur Björnsson, deildarstjóri					
12.1 Fundur 5.-6. sept. um sjálfvirkni í póstsorteringu og sýning á þess háttar útbúnaði	4	59.2290	55.240	114.330	
12.2 Fundur í Kaupmannahöfn 14. og 15. apríl í norrænni vinnunefnd um rekstrar og hagræðingarmál í póstþjónustunni.	4	47.916	82.460	130.376	
13. Gústav Arnar, yfirverkfræðingur					
13.1 Sótt ráðstefna alþjóðafjarskiftasam-bandsins UIT fyrir Evrópu, Asíu og Afríku, um hljóðvarp og sjónvarp beint frá gervihnöttum til notenda. Á ráð-stefnunni var úthlutað tíðnum og hnatt-stöðu fyrir gervihnettina og m.a. fjallað um umsókn Íslands þar að lútandi. Ríkis-útvarpið verður krafið um greiðslu fyrir þeirra hluta.	30	357.679	90.580	448.259	
13.2 Athuganir á jarðstöðinni í Tanum í Svíþj. og viðræður við sérfræðinga í Stokkhólmi	11	137.679	69.550	207.229	
13.3 Sóttur fundur í norrænu samstarfsnefndinni NTRS í Osló 23. og 24. mars. Fjallað var um möguleika á sameiginl. gervihnetti fyrir Norðurlöndin fyrir útvarpsþjón. og afstöðu póst og símamálastjórnanna í þeim efnum	4	47.511	89.030	136.541	
13.4 Vinna við útboðslýs. ísl. jarðstöðvarinnar hjá símamálastjórninni í Stokkhólmi 23. nóv. - 1. des. Einnig sóttur fundur í norrænu samstarfsnefnd. um gervihnattafjar-skifti í Helsinki 21. og 22. nóv. 1977	10	160.042	79.700	239.742	
13.5 Byggingarnefnd jarðstöðvar hélt fund í Kaupmannahöfn 4. og 5. sept. og fund með Svenska Televerket 6. og 7. sept. í Stokkh. 8. og 9. sept. var unnið við gerð kerfislýs. í Stokkhólmi	7	106.735	94.920	201.655	
13.6 Setið á fundi í Atlantic Operations Representatives í Intelsat, sem haldinn var í Aþenu 18.-21. okt. 1977. Skipulögð símaumferð milli jarðstöðva á Atlantshafs-svæðinu. Intelsat hélt síðan námskeið um þróun í gerð jarðstöðva 24.-26. okt. á sama stað. Intelsat hvatti meðlimi sína til að senda fulltrúa á fundinn og námsk.	12	154.000	107.170	261.170	
13.7 Sótti fund í NTRS vinnuhópnum í Kaupmh. 22. júní	3	41.691	82.460	124.151	
13.8 Sem meðlimur byggingarnefndar jarðstöðvar til Washington til viðræðna við Intelsat um tilhögun fjarskifta milli jarðstöðvar á Íslandi og annarra jarðstöðva 6.-8. júlí en einn dag var jarðstöð í Etan heimsótt. 4.-5. júlí voru viðræður við gervihnattar-fjarskiftastofnun Kanada í Ottawa. Hinn 9. júlí viðræður við fyrirtækið GT & E í Boston um hugsanl. fjarstýringabúnað jarðstöðvarinnar	10	116.078	160.642	276.720	
13.9 13. og 14. júlí boðaði sænska símastjórn. til fundar í Stokkhólmi til að skipuleggja vinnuna við gerð útboðslýsingar	4	55.824	94.920	150.744	
14. Haraldur Sigurðsson, yfirverkfræðingur					
14.1 Sjónvarps "Symposium" og tækjasýning í Montreux. Ríkisútv. gr. allan ferðakostn.	10	139.094	67.630	206.724	
14.2 Fundur í NTR og fundur Nordsat ad-hoc. 11. og 12. okt. í Helsingfors Um útvarps og sjónvarpsmál	8	122.124	110.980	233.104	

Samgönguráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
14.3 Árlegur fundur bandarísku strandgæsl. vegna Loran-C stöðva á N-Atlantshafi.	6	93.919	43.000	136.919	Allur ferðakostn. endurgr. af USCG
15. Hilmar Ragnarsson, verkfræðingur					
15.1 Námsk. og viðræðufundir hjá Racal Milgo Reading í Bretlandi	15	167.651	35.090	202.741	Í ath. hvort Flugleiðir leggi til flugfar
15.2 Tilg. ferðar að kynnast uppbygg. og rekstur jarðstöðvarinnar í Tanum í Svíþj. Sóttur fundur í jarðstöðvanefnd Vinna við gerð útboðslýs. í Stokkhólmi Einnig farnar skoðunarferðir vegna framkv. við jarðst. á Íslandi	94	1.002.124	281.270	1.283.394	
15.3 Samverkamenn JÞJ hjá sænsku símastj. hafa skipulagt skoðunarferð til Alsír til að kynna sér nýj. gervihnattarjarðstöð og einnig til að sækja námskeið á vegum INTELSAT í Aþenu	6	34.910	180.090	215.000	
15.4 Farið til Nera A/S í Bergen v/prófunar og úttektar örbylgutækja, sem verið er að kaupa frá Nera A/S	7	88.180	73.240	161.420	
16. Jón Skúlason, póst- og símamálastjóri					
16.1 Fundur í samstarfsnefnd símamálastjóra Norðurlanda í Kaupmh. (NST)	3	45.000	84.580	129.580	
16.2 Heildarfundur Evrópusamráðs Pósts og síma CEPT í Stokkhólmi	14	148.050	126.700	274.750	
16.3 Póstráðstefna Norðurlanda í Sandefjord í Noregi	6	48.694	86.580	135.274	
16.4 Ársfundur Framkvæmdaráðs Alþjóðapóstsamb. í Bern og símaráðstefna Norðurlanda Savonlinna í Finnlandi	22	201.375	76.790	278.165	
16.5 Fundur í samstarfsnefnd (NST) símamálastj. Norðurlanda í Oslo.	4	39.545	87.080	126.625	
16.6 Fundur samstarfsnefndar símamálastjóra Norðurlanda í Stokkhólmi (NST)	4	38.226	95.420	133.646	
17. Jón Kr. Valdimarsson, deildartæknifræðingur					
17.1 Fundir innan jarðstöðvanefndar og með fulltrúum símamálastj. sænsku í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn vegna lokagerðar útboðslýs. fyrir jarðstöð á Íslandi	9	143.136	66.120	209.306	
17.2 Farið til athugunar á fjölsímabúnaði hjá Marconi Italina í Genf.	6	86.168	110.420	196.588	
17.3 Jarðstöðvarnefndarfundur í Kaupmannahöfn og fundur í Stokkh. með fulltr. sænsku símastjórnarinnar vegna útboðslýs.	6	92.156	94.920	187.076	
17.4 Farið á Underhållskonferens hjá L.M. Ericsson í Stokkhólmi	7	69.952	99.060	169.012	
17.5 Kynningarfundur hjá Marconi Italiana í Kaupmannahöfn og einnig kynning á ýmsum fjölsímagerðum hjá dönsku símastj.	7	83.119	80.190	163.309	
17.6 Ath. á jarðstöð. í Tanum í Svíþj. og viðr. við sérfræðinga í Stokkhólmi	11	139.017	69.550	208.567	
17.7 Ferð til Washington, viðr. við Intelsat um tilhögun fjarskipta milli jarðstöðvar á Íslandi og annarra jarðstöðva; viðræður við gervihnattarfjarskiptastofnun Kanada í Ottawa; viðræður við fyrirtækið GT & E í Boston um hugsanl. fjarstýringarbúnað jarðstöðvarinnar	11	152.064	172.000	324.064	
18. Kristján Helgason, umdæmisstjóri					
18.1 Ferð á Loran ráðstefnu í London	6	93.919	43.000	136.919	Endurgr. af USCG
19. Ólafur Tómasson, yfirverkfræðingur					
19.1 Ath. á jarðstöðinni í Tanum og viðræður við sérfræðinga í Stokkhólmi	11	137.157	74.660	211.817	
20. Sigurður Þorkelsson, framkvæmdastjóri					
20.1 Fundur í NST "ad-hoc" vinnunefnd um Nordsat málefni.	3	47.198	86.080	133.278	Kostnaður gr. af Ríkisútv.
20.2 Lokafundur í vinnunefnd "Nordsat ad-hoc í Helsinki. Fundur norrænu samstarfsnefnd. NTR í Stokkh. og fundur NST í Kaupmannahöfn.	12	183.186	74.010	257.196	

Samgönguráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
20.3 Fundur í vinnunefnd NST ad-hoc og sameiginl. fundi nefndarinnar og svonefndri "Modell-gruppu" Statsekretær nefndarinnar.	3	48.742	86.080	134.822	
20.4 Ferð á Underhållskonferens hjá L.M. Ericsson í Stokkhólmi	7	70.031	99.060	169.091	
20.5 Fundur í norrænu vinnunefnd. NTSK í Tanum í Svíþjóð	4	57.797	82.460	140.257	
20.6 Símaráðstefna Norðurlanda í Helsingfors	5	60.490	116.900	177.390	
20.7 Heildarfundur Evrópusamráðs pósts og síma CEPT í Stokkhólmi	14	194.403	63.350	257.753	
20.8 Fundur hjá ICAO í Montreal "Third Conference on 1956 Danish and Icelandic Joint Financing Agreements Organization Plan"	14	161.737	89.400	251.137	
21. Sigursteinn Sævar Einarsson, fulltrúi					
21.1 Framhaldsnámsk. í kerfissetningu í kennslumiðst. Burroughs Corp. í Englandi	8	131.954	49.380	181.334	
22. Sigurþór Ellertsson, yfirdeildarstjóri					
22.1 Veitt forstaða söludeild á ísl. frímerkjum í Stokkhólmi	15	217.516	63.350	280.866	
22.2 Veitt forstaða söludeild á frímerkjasýn. í Kaupmannahöfn	6	93.919	86.080	179.999	
23. Sindri Sigurjónsson, skrifstofustjóri					
23.1 Árleg ráðstefna norrænna póstsparibanka og póstgíróstofa haldin í Saltsjöbaden í Svíþjóð	5	74.218	50.990	125.208	
24. Stefán Arndal, stöðvarstjóri					
24.1 Fundur hjá ICAO í Montreal "Third Confer. on 1956 Danish and Icelandic Joint Financing Agreements Organization Plan"	14	169.167	89.400	258.567	
24.2 Kynnisferð vegna væntanl. kaupa á sjálfvirkum búnaði til skeytaafgr. í Gufunesi.	8	98.569	74.910	173.479	Ferðakostn. gr. af ICAO
25. Svavar Bjarnason, tæknifræðingur					
25.1 Námskeið í örbylgutækni haldið á vegum L.M. Ericsson í Stokkh.	14	251.789	63.350	315.139	
26. Þorvarður Jónsson, yfirverkstjóri					
26.1 Fundir í Telemedel vinnunefndinni. Telefoningeniörmöde på Nyborg Strand.	14	172.208	58.840	231.048	
26.2 General Board fundur Eurodata Foundation í Haag, Hollandi	5	59.136	84.040	143.176	
26.3 Fundur í Oslo í "Nordisk samordningskomite for drifts- og takstspörsmål" NTD	3	35.933	87.080	123.013	
26.4 Fundur í Helsingfors í ad-hoc-gruppe "Framtidig nordisk telesamarbeid". Fundur í Helsingfors í Telemedel-vinnunefndinni. Viðræður við fyrirtækin Televa og Nokia	11	177.031	74.010	251.311	
26.5 Fundur í Telemedel-vinnunefndinni. Viðr. við L.M. Ericsson og Televerket í Stokkh.	6	89.000	95.000	184.000	
27. Ólafur Tómasson, yfirverkfræðingur					
27.1 Digitala Telekommunikationsnät, Uppsala í Svíþjóð	6	72.004	91.340	163.344	
27.2 Jarðstöðvarnefndarfundur í Kaupmh. Fundur með fulltrúum sænsku símastj. vegna útboðslýs. ísl. og sænsku jarðstöðvanna	6	93.595	94.920	188.515	
27.3 Fundir innan jarðstöðvarnefndar og með fulltr. sænsku símastj. í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn vegna útboðslýsingar	8	127.012	99.060	226.072	
27.4 Fundur í Nordiska Samnordings Kommittéén för teletekniska frågor (NTT)	4	61.378	86.080	147.458	
27.5 Ferð til Washington til viðræðna við Intelsat um tilhögun fjarskipta milli jarðstöðvar á Íslandi og annarra	10	116.457	160.640	277.097	
27.6 Fundur með sænsku símastjórninni í Stokkhólmi v/útboðslýsingar	4	55.552	94.920	150.472	

Samgönguráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
28. Rafn Júlíusson, póstmálafulltrúi					
28.1 Ársfundur Framkvæmdaráðs Alþjóðapóst-sambandsins í Bern	20	246.138	68.950	315.088	
28.2 Heildarfundur Evrópusamráðs pósts og síma CEPT í Stokkhólmi	14	194.403	63.350	257.753	
28.3 Póstráðstefna Norðurlanda í Sandefjord í Noregi	5	67.225	90.590	157.815	
28.4 Ritstjórafundur Nordisk Posttidskrift i Kiruna í Svíþjóð	6	89.561	136.700	226.261	

Iðnaðarráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri					
1.1 Viðræður við Elkem-Spigerverket í Oslo og fundir í embættismannanefnd iðnaðar-ráðuneyta Norðurlanda og Norðurlanda-ráðs í Helsingfors	11	155.245	103.260	258.505	
1.2 Fundur í embættismannanefnd Norðurlanda-ráðs í Stokkhólmi	3	46.937	88.550	135.487	
1.3 Viðræður við Johns Manville í París	5	119.889	92.400	212.289	
2. Árni Þ. Árnason, skrifstofustjóri					
2.1 Kynnisför til Noregs v/ undirbúnings norskra stjórnvalda að viðræðum og samningsgerð um olíuleit á landgrunni Noregs	8	94.314	87.080	181.394	
2.2 Ráðstefna í Osló um vandamál olíuvinnslu og öryggismál	6	95.998	82.690	178.688	
2.3 Fundur í Osló í norrænu embættismanna-nefndinni um iðnaðar- og orkumál, og iðnaðarráðherrafundur Norðurlanda	5	53.579	87.150	140.729	
3. Gunnar Thoroddsen, iðnaðarráðherra					
3 ferðir, í febr., júlí og nóv. Samtals		572.347	326.010	898.357	
4. Gísli Jónsson, prófessor					
4.1 Sýning á rafknúnum ökutækjum o.fl. í Bandaríkjunum	8	108.380	133.440	241.820	
5. Guðmundur Einarsson, verkfræðingur					
5.1 Ferð til Bandaríkjanna varðandi jarð-hitamál og kynningar á bortækni vegna Kröflu	11	131.539	239.958	371.497	
6. Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur					
6.1 Fulltrúi Íslands á 10. alþjóða Orku-ráðstefnunni í Istanbul í Tyrklandi	18	278.466	273.657	552.123	
7. Árni Snævarr, verkfræðingur					
7.1 Viðræður við Álborg Portland Sement o.fl. v/ gosefna	4	55.544	31.675	87.219	Ráðun. greiðir helm. fargjalds
7.2 Fundur í stjórn "Nordisk industrifond", Stokkhólmi	4	47.080	83.280	130.360	
Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað					
1. Garðar Ingvarsson, ritari nefndarinnar					
1.1 Viðræður við Norsk Hydro í Osló	5	58.147	87.080	145.227	
2. Jón Már Maríusson, verkfræðingur					
2.1 Viðræður við Norsk Hydro í Osló	5	0	87.080	87.080	Dvalark. gr.af öðrum
3. Hlynur Sigtryggsson, veðurstofustjóri					
3.1 Ferð til Oslo v/ umhverfisrannsókna	2	22.821	34.365	57.186	

Iðnaðarráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
4. Hjörtur Torfason, hrl.					
4.1 Viðræður um rannsóknir og félagssamninga milli Jarðefnaiðnaðar h/f og DKG Denzinger o.fl. aðila	6	92.873	96.670	189.543	
5. Steingrímur Hermannsson, alþingismaður					
5.1 Ferð til Sviss v/ samningaviðræðna í Zürich ásamt iðnaðarráðherra	5	94.331	33.992	128.323	
5.2 Fundur og kynnisferð hjá Elkem-Spigerverket í Noregi	5	72.007	76.100	148.107	
6. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri					
6.1 Fundur og kynnisferð hjá Elkem-Spigerverket í Noregi	4	57.605	0	57.605	Fargj. gr. af öðrum
Námskeið í stjórn vinnuvéla					
1. Tómas G. Ólafsson					
1.1 Ferð til að kynnast starfsemi vinnuvélaskóla og öryggismálastofnana í Bretlandi	9	135.052	49.680	184.732	
2. Ólafur Þorsteinsson					
2.1 Ferð til að kynnast starfsemi vinnuvélaskóla og öryggismálastofnana í Bretlandi	9	135.052	49.680	184.732	
3. Gunnar Guttormsson					
3.1 Ferð til að kynnast starfsemi vinnuvélaskóla og öryggismálastofnana í Bretlandi	10	150.058	96.795	246.853	
Jarðbor, Jarðvarmav., Rafm. eftirlit					
1. Guðmundur Pálmason					
1.1 Kynnisferð til Noregs á vegum iðnaðarráðuneytis v/ olíuleitar	11	94.311	0	94.311	
1.2 Ráðst. í Oslo, að beiðni iðnaðarráðun., og í fylgd Árna Þ. Árnasonar	6	83.166	0	83.166	
1.3 Ráðst. í Oslo, og í Durham, Englandi	24	372.221	98.740	470.961	
2. Jakob Björnsson, orkumálastjóri					
2.1 Ársfundur Nordel í Svendborg	11	158.690	64.170	222.860	
2.2 Fulltrúi Íslands á 10. alþjóða orkumálaráðstefnunni í Tyrklandi	17	326.097	110.530	436.627	
2.3 Nám og rannsóknir á sviði orkumála	91	260.621	0	260.621	
3. Sveinn Scheving					
3.1 Bortækjasýning í Houston, og kaup á varahlutum í GRR og JBR	15	139.622	11.405 118.780	269.807	Annar kostn.
4. Valgarður Stefánsson					
4.1 Ráðstefna Geothermal Resources Council í San Diego, og ferð til Duncan	8	92.918	5.690 165.980	264.588	Annar kostn.
4.2 "Larderello Workshop on geothermal resource assessment", Ítalíu	8	119.802	125.470	245.272	
4.3 Ráðstefna í Durham, Englandi	13	209.223	63.380	272.603	
5. Karl Ragnars					
5.1 Ráðstefna Geothermal Resources Council í San Diego, og ferð til Duncan	8	92.918	5.392 165.980	264.290	Annar kostn.
5.2 Ráðstefna The Geothermal Energy Division of the U.S. Energy Research	7	99.963	127.060	227.023	
5.3 Viðræður við Civ.Ing. Gram, Handelministeriet, um áform á nýtingu jarðhita á Jótlandi	7	92.043	56.140	148.183	
6. Hrefna Kristmannsdóttir					
6.1 Ráðstefna, þriðji fundur European Clay Group	9	96.736	55.740	152.476	
7. Stefán Arnórsson					
7.1 Ráðstefna jarðefnafr. í Leeds, Englandi	7	70.000	91.100	161.100	

Iðnaðarráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
8. Óskar M. Hallgrímsson					
8.1 Kynnisferð til raforkuvirkja í járnblendiverksm. Elkem-Spigerverket í Salten, v/ Grundartanga	10	95.849	109.605	205.454	
9. Stefán Sigurmundsson					
9.1 Ráðst. The Geothermal Energy Division of the U.S. Energy Research	7	99.449	127.060	226.509	
9.2 Boðsferð til U.S.S.R., með viðkomu í München v/ jarðv.mælinga í sumar	20	95.994	194.840	290.834	
10. Haukur Tómasson					
10.1 Ráðst. um aurburð í ám, og fundur			5.041		Annar kostnaður
nefndar um gröft meginlanda	8	111.526	86.520	203.087	
10.2 Fundur Alþjóðajarðgangafél., og fundur			96.457		Annar kostnaður
um jarðgangagerð	11	147.946	95.000	339.403	
11. Guttormur Sigbjarnason					
11.1 Ráðst. og fundir International Association			14.426		Annar kostnaður
of Hydrogeologists í Birmingham	11	139.216	50.060	203.702	
12. Hákon Aðalsteinsson					
12.1 Alþj.leg ráðstefna vatnafræðinga í Kaupmannahöfn	10	101.589	22.870 55.240	179.699	Annar kostnaður
13. Ingvar B. Friðleifsson					
13.1 Fundur í NATO Advanced Study Inst. í			6.697		Annar kostnaður
Osló, og ráðstefna í Durham, Englandi	26	322.051	98.740	427,448	
13.2 Ráðst. Penrose, Geological Society of America í St. Barbara og víðar	8	213.998	163.290	377.288	
14. Oddur Sigurðsson			5.751		Annar kostnaður
14.1 Ráðstefna í Durham í Englandi	13	173.394	38.240	217.385	
15. Axel Björnsson					
15.1 Ráðstefna í Durham í Englandi	13	202.310	0	202.310	
16. Jens Tómasson					
16.1 Ráðst. 2nd Intern. Symposium on			24.012		Annar kostnaður
Water-Rock	13	154.348	107.220	285.580	
17. Sigurður Benediktsson					
17.1 Viðræður við sérfr. um sýruþvott á kalkútfell. í borholum í Kröflu	13	88.922	73.320	162.242	
17.2 Ferð á bortækjasýningu í Aberdeen	6	89.588	61.960	151.548	
18. Sverrir Þórhallsson					
18.1 Viðræður við sérfræðinga um sýruþvott á kalkútfell. í borholum í Kröflu	13	88.922	73.320	162.242	
19. Þórir J. Ásmundsson					
19.1 Ferð á bortækjasýningu í Aberdeen	6	89.585	62.460	152.045	
20. Sæþór L. Jónsson					
20.1 Ferð á bortækjasýningu í Aberdeen	6	89.149	58.580	147.729	
21. Gunnar Hjálmarsson					
21.1 Ferð á bortækjasýningu í Aberdeen	5	104.516	62.460	166.976	
22. Ísleifur Jónsson					
22.1 Ferð á bortækjasýningu í Aberdeen	9	149.313	61.270	210.583	
23. Guðm. Sigurðsson					
23.1 Ferð á bortækjasýningu í Aberdeen	9	149.313	61.270	210.583	
24. Snorri Páll Kjaran			19.519		Annar kostnaður
24.1 Ráðst. norrænna vatnafræðinga	7	78.114	94.560	192.193	
25. Hreinn Jónasson					
25.1 Kynning hjá dönsku raflagnaprófuninni, og fundur NESS í Stokkhólmi	6	97.863	99.060	196.923	

Iðnaðarráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
6. Jón A. Bjarnason					
26.1 Kynning hjá dönsku raflagnaprófun-inni og fundur NESS í Stokkhólmi	6	97.683	99.060	196.743	
Rafmagnsveitur ríkisins					
1. Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri					
1.1 Kynning á nýjungum í rafbúnaði í Hannover, V-Þýskalandi	8	146.045	93.660	239.705	
1.2 Þátttaka í alþjóðlegri orkumála-ráðstefnu í Istanbul, Tyrklandi	19	443.875	109.530	553.405	
1.3 Samningagerð v/spennukaupa í Nürnberg Þýskalandi	5	80.596	110.560	191.156	
2. Bent Sch. Thorsteinsson, deildarstjóri					
2.1 Samningagerð v/ staurakaupa í New York og New Orleans	9	105.586	123.680	229.266	
2.2 Samningagerð v/ spennukaupa í Vasa, Finnlandi	6	83.683	119.479	203.162	
2.3 Samningagerð um flutning á staurum, New York	5	76.428	45.644	122.072	
2.4 Samningagerð v/ vírkaupa í Vesterås, Svíþjóð	4	63.559	111.605	175.164	
3. Samúel Ásgeirsson, verkfræðingur					
3.1 v/ samnings um hönnun Grundartangalínu, í Osló	6	71.283	79.280	150.563	
4. Guðmundur Sæmundsson, tæknifræðingur					
4.1 Kynning á undirstöðum f. stálmöstur, í Osló	5	69.213	84.995	154.208	
5. Sigmundur Eiríksson, verkstjóri					
5.1 Kynning á undirstöðum f. stálmöstur, í Osló	5	69.213	82.960	152.173	
6. Sigurður Eymundsson, tæknifræðingur					
6.1 Kynning á aðveitustöðvaefni, í Vesterås, Svíþjóð	5	78.107	105.476	183.583	
6.2 Kynning á aðveitustöðvaefni, í Vasa, Finnlandi	11	162.728	72.660	235.388	
7. Jóhann Bjarnason, verkfræðingur					
7.1 Kynning á aðveitustöðvaefni, í Vasa, Finnlandi	11	162.728	72.660	235.388	
8. Kári Einarsson, verkfræðingur					
8.1 Samningagerð v/ viðgerðar sæstrengs, í Kaupmannahöfn og Osló	4	59.602	109.974	169.576	
9. Guðjón Guðmundsson, skrifstofustjóri					
9.1 Kynning á rafveitustarfsemi, í Gauta-borg í Svíþjóð	14	212.520	84.580	297.100	
10. Erling. G. Jónasson, rafv.stj.					
10.1 Kynning á rafbúnaði, í Gautaborg í Svíþjóð	11	166.435	0	166.435	
10.2 Viðræður v/afgr.efnis til Lagarfossv., Prag, Tékkóslóvakíu	12	174.913	0	174.913	
Landssmiðjan					
1. Ágúst Þorsteinsson, forstjóri					
1.1 Ferð til fyrirtækja, sem Landssmiðjan hefur umboð fyrir, v/ sölusamninga, og sem kynnisferð,til Gautaborgar, Stokk-hólms, Kaupmannahafnar og London	19	255.883	103.300	359.183	
1.2 Söluráðstefna í Birmingham, Englandi	6	104.446	76.540	180.986	

Iðnaðarráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
2. Þorleifur Markússon, vélstjóri					
2.1 Námsferð til Svíþjóðar og Hollands til að læra meðferð og viðg. á skilvindum	14	149.887	75.720	225.607	
3. Guðmundur Borgþórsson, tæknifræðingur					
3.1 Námsferð til Alfa Laval í Svíþjóð	13	175.774	66.120	241.894	
Sementsverksmiðja ríkisins					
1. Svavar Pálsson, framkvæmdastjóri					
1.1 Ferð til Danmerkur og Póllands v/ innkaupa á gjalli og gipsi	10	119.461	98.260	217.721	
1.2 Aðalfundur Cembureau og v/ athugunar á perlusteinsframleiðslu, til Noregs og Grikklands	19	296.011	224.820	520.831	
2. Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri					
2.1 Cembureau-fundur í París, og heimsókn til FLS í Danmörku	5	65.364	95.570	160.934	
3. Bragi Ingólfsson, framkvæmdastjóri					
3.1 Ráðstefna þýska sementsverksmiðjasambandsins	14	302.978	106.950	409.928	
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins					
1. Haraldur Ásgeirsson					
1.1 Fundur Nordtest í Osló	4	45.634	76.240	121.874	Kostnaður allur greiddur af samnc sjóði
1.2 Fundur Nordtest í Kaupmannahöfn	4	46.528	82.460	128.988	- " -
1.3 Fundur Nordtest o.fl. í Mariehamn	16	225.278	94.920	320.198	Kostnaður stofnun kr. 183.038
1.4 Fundur Nordtest í Bergen	4	58.720	97.160	155.880	Kostnaður allur greiddur af samnc sjóði
1.5 Fundur Nordtest o.fl. í Stokkhólmi	8	124.232	94.060	218.292	Kostnaður stofnur kr. 62.116.
2. Jón Sigurjónsson					
2.1 Fundur Nordtest í Stokkhólmi	3	34.711	89.840	124.551	Kostnaður allur greiddur af samnorrænum sjóði
2.2 Fundur Nordtest í Helsinki	3	35.727	106.300	142.027	- " -
2.3 Fundur í Kaupmannahöfn um framleiðslu og gæðagát á gleri	4	60.165	86.080	146.245	
2.4 Fundur Nordtest í Stokkhólmi	3	46.322	99.060	145.382	Kostnaður allur greiddur af samnorrænum sjóði
2.5 Fundur Nordtest í Báros	4	56.128	82.460	138.588	
3. Hákon Ólafsson					
3.1 Fundur NBS í Ötnäs	5	58.029	103.260	161.289	
4. Gunnlaugur Pálsson					
4.1 Sýning "Byggeri for Milliarder" í Kaupmannahöfn	5	50.000	0	50.000	
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg					
1. Ragnar Þ. Guðmundsson, forstjóri					
1.1 Kynnisferð á sýningu Drupa '77	9	124.568	87.920	212.488	
2. Erlendur Björnsson					
2.1 Kynnisferð á sýningu Drupa '77	9	124.568	87.920	212.488	

Iðnaðarráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Rannsóknastofnun iðnaðarins					
1. Ásbjörn Einarsson					
1.1 Fundur í Nordtest NDT-nefnd í Stokkhólmi. Könnun á möguleikum á hljóðbylgjumæl. á gufuleiðslum í netum til að fylgjast með ástandi þeirra	4	46.800	93.040	139.840	Nordtest greiðir ferðir og hluta af dagpeningum.
1.2 Fundur í Nordtest-nefnd um málmprófanir í Kaupmannahöfn o.fl. Ferð í fyrirtæki Nalfloc í Norwich í Englandi v/ súrefniseyðingar úr hitaveituvatni	8	96.899	60.610	157.509	
1.3 Fundur í Nordtest NDT-nefnd í Osló. Komið við á Korrosioncentralen í Kb. v/ rannsókna fyrir Ranns.st. iðnaðarins	3	43.115	82.460	125.575	"
2. Aðalsteinn Jónsson					
2.1 Ferð til Danmerkur v/ kaupa á pressu fyrir R.I. v/ framl. úr perlusteini. Söfnun upplýs. og gagna um aðf. og tæki til plötuframleiðslu. Viðræður við Nordforsk Inst. for Farveforskning um rannsóknir á málningu. Viðræður við Teknologisk Inst. um lím- og yfirborðsranns. fyrir trésmíðaiðnaðinn. Rætt við Aalborg Portlandssement um perlusteinsframleiðslu	7	81.909	89.920	171.829	
3. Pétur Sigurjónsson					
3.1 Fundur í Nordforsk vatnsmengunarnefnd. Rætt við Sennerskov v/ tækja til væntanl. perslusteinsrannsókna. Rætt við NIFAB um rannsóknir á málningu. Ferð til Aalborg v/ væntanlegra perlusteinsrannsókna og Teknologisk Institut v/ húsgagnaiðn.ranns.	8	93.471	103.440	196.911	Nordforsk greiðir fargjald og hluta af dagpeningum.
3.2 Þátttaka í Nordforsk Symposium um mengun vatns í Noregi. Athugun hjá Svejsecentralen í Kaupm.h. um notkun Plasma Torch við bræðslu stein- og glerefna, söfnun gagna um þróun þessarar aðferðar	7	84.168	105.330	189.498	Nordforsk gr.ferðir og hl. dagpen.
3.3 Ferð til Vermont í USA á fund kaupenda ísl. prjónaframl. v/ gæðamatskrafna	7	108.103	92.330	200.433	Fargj.og kostn. greiðist sameiginl. af RI og samtökum prjónaframleiðenda
Iðnþróunarstofnun Íslands					
1. Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri					
1.1 Fundur perlusteinsframleiðenda i San Diego í Bandaríkjunum	13	62.248 183.643	160.600	406.491	Þátttökugjald.
1,2 Ársfundur Stöðlunarsambands Norðurlanda í Osló. Kynnisferð í Noregi, Danmörku og Englandi um endurvinnsluiðnað.	11	159.337	90.556	249.893	
Gosefnanefnd					
1. Hörður Jónsson, verkfræðingur					
1.1 Markaðskönnun f. perlustein í Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku	7	126.514	109.341	235.855	
1.2 Fundur í NORDFORSK í Danmörku; heimsókn í Aalborg Portland Cement	4	59.761	83.460	143.221	
1.3 Markaðskönnun á perlusteini í Chicago	13	191.973	164.522	356.495	
1.4 Fundur NORDFORSK í Stokkhólmi	9	139.768	83.090	222.858	
2. Úlfur Sigurmundsson, hagfræðingur					
2.1 Fundur perlusteinsframleiðenda í San Diego	13	259.314	160.600	419.914	Innif. í dvalark. er þátttökugjald
2.2 Markaðsleit fyrir perlustein í Finnlandi og Svíþjóð	8	83.738	105.500	189.238	
2.3 Markaðsleit f. perlustein í Bretlandi og Belgíu	8	93.090	99.605	192.695	
3. Gylfi Þór Einarsson, jarðfræðingur					
3.1 Kynnisf. til Skotlands v/ þenslu perlust.	6	78.854	63.780	142.634	
3.2 Kynnisf. til Bretl. v/ vinnsluaðferða við perlustein	3	37.028	70.540	107.568	
3.3 Ferð til Þýskalands v/ samstarfs Jarðefnaiðnaðar h.f. við þýsk fyrirtæki	7	100.242	96.260	196.502	

Viðskiptaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Aðalskrifstofa					
1. Ólafur Jóhannesson, viðskiptaráðherra					
1.1 Fundur í ráðgjafarnefnd EFTA í Svíþjóð	3	56.684	96.090	152.774	
1.2 Ráðherrafundur OECD í París	4	84.206	90.510	174.716	
1.3 Heimsókn til V-Íslendinga í Kanada	18	499.795	-	499.795	
2. Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri					
2.1 Fundur ráðgjafarnefndar EFTA í Svíþjóð; Norrænn viðskiptastjórafundur í Noregi	7	82.443	112.840	195.283	
2.2 Fundur OECD í París, og EFTA-fundur í Vínarborg	7	85.080	85.540	170.620	
2.3 Ráðherrafundur OECD í París og viðskiptaviðræður í Moskvu	8	111.005	120.080	231.085	
2.4 Viðskiptaviðræður í Moskvu	8	-	188.980	188.980	
2.5 Viðskiptastjórafundur í Svíþjóð	4	59.895	139.930	199.825	
2.6 Fundur sameiginlegrar nefndar Íslands og EBE í Belgíu; viðskiptastjórafundur í Danmörku	5	83.209	60.850	144.059	
3. Valgeir Ársælsson, deildarstjóri					
3.1 Ferð til Noregs og Sviss á viðskiptastjórafund, fundi um GATT og viðskiptanefnd EFTA	12	129.526	153.650	283.176	
3.2 Fundur Developing Committee í Bandaríkj.	5	58.034	-	58.034	
4. Stefán Gunnlaugsson, deildarstjóri					
4.1 Ferð til Nígeríu, form. viðskiptanefndar	8	177.622	238.400	416.022	
4.2 " " " " "	5	122.792	238.410	361.202	
4.3 Stjórnarf. í North Atlantic Seafood Ass., Bandaríkjunum	7	115.906	-	115.906	
4.4 Fundur um markaðsmál freðfisks í Noregi	5	69.288	112.720	182.008	
5. Björgvin Guðmundsson, deildarstjóri					
5.1 Fundur um neytendamál í Strasbourg	3	35.734	-	35.734	
5.2 Fundur um neytendamál í Strasbourg	2	24.064	-	24.064	
5.3 Fundur norrænnar nefndar um neytendamál í Danmörku	5	69.000	55.240	124.240	
5.4 Fundur um verðlagsmál og viðskiptastjórafundur í Svíþjóð	8	119.611	141.090	260.701	
6. Már Elísson, fiskimálastjóri					
6.1 Fundur í fiskimálanefnd OECD í Frakkl.	3	-	87.520	87.520	
7. Guðmundur H. Garðarsson, alþingismaður					
7.1 Fundur í ráðgjafarnefnd EFTA í Belgíu	3	..	99.770	99.770	
8. Eiríka Friðriksdóttir, hagfræðingur					
8.1 Norrænn fundur um neytendamál í Noregi	4	61.388	-	61.388	
9. Sveinn Björnsson, deildarstjóri					
9.1 Fundur sameiginl. nefndar Íslands og EBE og viðskiptastjórafundur í Belgíu og Danmörku	6	99.827	99.010	198.837	
10. Jón Sigurðsson, hagrannsóknastjóri					
10.1 Fundur hjá OECD í Frakklandi	5	122.159	91.340	213.499	
Verðlagsskrifstofan					
1. Georg Ólafsson, verðlagsstjóri					
1.1 Vorfundur verðlagsstjóra Norðurlanda í Helsingfors.	5	59.898	106.300	166.198	
1.2 Haustráðstefna verðlagsyfirvalda Norðurlanda, í Halmstad, Svíþjóð	10	195.767	61.840	257.607	
2. Gunnar G. Þorsteinsson, skrifstofustjóri					
2.1 Haustráðstefna verðlagsyfirvalda Norðurlanda í Halmstad, Svíþjóð	10	195.767	61.840	257.607	

Viðskiptaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Útvegsbanki Íslands					
1. Ármann Jakobsson, bankastjóri					
1.1 Viðskiptaferð til Færeyja	7	145.151	26.354	171.505	
1.2 Viðskiptaferð til Þýskalands og Englands, og þing norræna bankasambandsins í Oslo	21	540.985	190.790	731.775	
2. Bjarni Guðbjörnsson, bankastjóri					
2.1 Viðskiptaferð til Færeyja	7	145.151	26.353	171.504	
2.2 Viðskiptaferð til Englands	10	403.305	98.760	520.065	
3. Guðmundur Gíslason, forstöðum. erl. viðsk.					
3.1 Viðskiptaferð til Danmerkur, Þýskalands, Luxembourg, Englands og Skotlands	10	490.500	106.620	597.120	
4. Stefán St. Stefánsson, aðstoðarbankastj.					
4.1 Viðskiptaferð til Englands	7	201.240	98.760	300.000	
Seðlabanki Íslands					
1. Bjarni Bragi Jónsson					
1.1 Seðlabankafundur í Mariehamn	7	57.623	102.400	160.023	
1.2 Fundur OECD í París og Luxemborg	5	111.649	92.400	204.049	
2. Björn Tryggvason					
2.1 Fundur um gjaldeyrismál í Oslo	4	78.834	73.240	152.074	
2.2 Fundur um starfsmannamál í Oslo	7	137.962	82.460	220.421	
2.3 Fundur um gjaldeyrismál í Stokkhólmi	3	45.254	94.920	140.174	
2.4 Fundur um gjaldeyrismál í Helsinki	5	63.180	110.980	174.160	
3. Davíð Ólafsson					
3.1 Fundur OECD í París, fundur um lántökumál í Düsseldorf og Luxemborg	4	95.915	103.684	199.599	
3.2 Fundur um lántökumál í London, OECD-fundur í París, BIS-fundur, Düsseldorf, Bonn, Basel	16	416.707	135.260	551.967	
3.3 Fundur Iðnþróunarsjóðs Portúgals í Genf	4	89.666	102.300	191.966	
3.4 Seðlabankafundur í Mariehamn	7	132.191	102.400	234.591	
4. Eiríkur Guðnason					
4.1 Fundur hagfræðideildar EFTA í Genf	4	46.416	102.300	148.716	
5. Eiríka K. Þórðardóttir					
5.1 Námsferð til London	28	222.394	73.320	295.714	
6. Guðmundur Guðmundsson					
6.1 Námskeið í Vín	14	225.544	77.890	303.434	
7. Guðmundur Hjartarson					
7.1 Fundur í London vegna undirbúnings að nýjum seðlum og mynt	8	146.099	131.600	277.699	
8. Haraldur Hannesson					
8.1 Kynnisferð til London, Sviss og Þýskalands v/ seðla- og myntsafns	14	199.020	68.950	267.970	
9. Hjördís Thorarensen					
9.1 Fundur í Svíþjóð vegna félagsstarfa	5	57.960	94.920	152.880	
10. Ingvar A. Sigfússon					
10.1 Fundur vegna félagsstarfa í Svíþjóð	5	57.810	94.920	152.730	
10.2 Fundur vegna félagsstarfa í Finnlandi	5	80.674	110.980	191.654	
11. Jóhannes Nordal					
11.1 Fundur um lánamál o.fl. í London	4	131.354	88.004	219.358	
11.2 Viðtal við Alusuisse í Sviss, fundur um lántökumál í London	7	96.546	202.360	298.906	
11.3 Frágangur og undirskrift lánssamnings í Düsseldorf	4	88.272	94.180	182.452	

Viðskiptaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
11.4 Inter Committee fundur í New York, fundur IMF í Washington	7	169.416	98.670	268.086	
11.5 Seðlabankafundur í London, BIS-fundur í Basle, Zürich	13	376.980	93.684	470.664	
11.6 Iðnþróunarsjóðsfundur í Færeyjum	4	48.189	-	48.189	
11.7 Seðlabankafundur í Mariehamn	4	101.513	102.400	203.913	
11.8 Ferð til New York, Pittsburg og Toronto v/ erl. lána og gjaldeyris-viðskipta	10	365.570	235.655	601.225	
12. Kristiana Baldursdóttir					
12.1 Starfsmannaskipti við Finnland	60	602.422	106.300	708.722	
13. Oddrún Jónasdóttir					
13.1 Starfsmannaskipti við Noreg	60	576.186	92.580	668.766	
14. Ólafur Tómasson					
14.1 EFTA-fundur í Genf	4	63.420	70.570	133.990	
15. Sigfús G. Þórðarson					
15.1 Lögfræðingaþing í Osló	4	67.970	182.010	249.980	
16. Sigurður Örn Einarsson					
16.1 Ferð til London og Luxemborg, til EURO-Currency, og heimsókn til viðskiptabanka	10	161.408	85.960	247.368	
16.2 Fundur um skipulagsmál seðlabanka í Noregi	5	91.439	102.829	194.268	
17. Sigurður Jóhannesson					
17.1 Fundur um gjaldeyrismál í Helsinki	5	63.180	110.980	174.160	
18. Sigurgeir Jónsson					
18.1 Fundur Fjárhagsnefndar Norðurlanda í Kaupmannahöfn	3	22.404	36.930	59.334	
18.2 Heimsókn í fjármálastofnanir í New York, Boston og Washington	7	78.414	26.885	105.299	
18.3 Fundur Fjárhagsnefndar Norðurlanda í Helsinki	3	34.668	106.300	140.968	
18.4 Ársfundur IMF í Washington	11	164.023	116.170	280.193	
19. Stefán Þórarinsson					
19.1 Fundur í London v/ undirbúnings að nýjum seðlum og mynt	8	61.600	111.320	172.920	
19.2 Fundur um skipulagsmál seðlabanka í Noregi	5	91.439	102.829	194.268	
20. Sveinbjörn Hafliðason					
20.1 Námskeið IBSS í Svíþjóð	15	462.626	63.350	525.976	
20.2 Fundur í London v/ erl. lántöku	5	74.268	85.960	160.228	
20.3 Fundur í New York v/ erl. lántöku	5	74.268	105.490	179.758	
20.4 Sótt námskeið í London	4	181.818	70.400	252.218	
21. Sveinn Jónsson					
21.1 Kynnisferð til Finnlandsbanka	5	95.600	103.260	198.860	
21.2 Bankaeftirlitsfundur í Osló	10	205.880	82.460	288.340	
21.3 Heimsókn í bankastofnanir í London	7	103.150	30.000	133.150	
21.4 Bankaeftirlitsfundur í Osló	3	61.377	79.420	140.797	
22. Sveinn Sveinsson					
22.1 Gjaldeyriseftirlitsfundur í Kaupmannahöfn, v/ skiparannsókna í Osló	12	149.526	98.715	248.241	
22.2 Rannsóknarferð til Osló, Bergen og Kaupmannahafnar vegna skipakaupa	8	176.833	82.500	259.333	
22.3 Gjaldeyriseftirlitsfundur í Helsinki, til Osló vegna skiparannsókna	12	183.906	116.495	300.401	
23. Þórður Ólafsson					
23.1 Bankaeftirlitsfundur í Osló	4	54.630	76.100	130.730	
23.2 Námsferð til Noregs og Svíþjóðar	35	519.876	261.148	781.024	
23.3 Bankaeftirlitsfundur í Svíþjóð	3	41.922	-	41.922	

Viðskiptaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
Landsbanki Íslands					
1. Björgvin Vilmundarson, bankastjóri					
1.1 Heimsóknir til banka í London og Kaupmannahöfn	11	420.776	63.260	484.036	
1.2 Heimsóknir til banka í London	8	320.203	70.000	390.203	
1.3 Heimsóknir til banka í Kaupmannahöfn, Frankfurt og London	22	633.498	166.220	799.718	
2. Helgi Bergs, bankastjóri					
2.1 Heimsóknir til banka í London og Kaupmannahöfn. Ársfundur Overseas Bankers Club	14	510.828	158.900	669.728	
2.2 Ferð til London v.samn. um lán til ríkissjóðs v.hlutafjár í Járnblendifél.	4	150.424	98.592	249.016	
2.3 Ársfundur norrænu bankasambandanna í Osló. Heimsóknir til banka í Kaupmannahöfn	6	226.834	134.736	361.570	
2.4 Stjórnarfundur Scandinavian Bank í London	4	117.344	83.732	201.076	
2.5 Heimsóknir til banka í Tyrklandi, Grikklandi og Ítalíu	18	706.139	322.473	1.028.612	
3. Jónas H. Haralz, bankastjóri					
3.1 Ársfundur og stjórnarfundur Scandinavian Bank Ltd. í London, undirritun lánssamn. Reykjav.borgar og Scandinavian Bank, heimsóknir í banka í London og til stöðvar IBM i Croydon	8	240.375	44.897	285.272	
3.2 Stjórnarfundur Scandinavian Bank í London, heimsóknir í banka í London	4	108.172	79.172	187.344	
3.3 Undirritun tveggja lánssamninga við Ísl.Járnblendifélagið í Osló	3	81.964	82.460	164.424	
3.4 Viðræður við Citibank í London um lánamál Eimskipafél.Íslands, viðræður við Scandinavian Bank í London	2	46.162	79.268	125.430	
3.5 Ársfundur Alþjóðabankans og Alþjóða-gjaldeyrissjóðsins í Washington, D.C., International Bankers Forum, Wash.D.C. og International Industrial Conference, San Francisco, Cal. Heimsóknir til banka í San Francisco	18	589.016	282.640	871.656	
3.6 Opnun umboðsskrifstofu Scandinavian Bank í New York. Heimsóknir til banka í New York og Boston, Mass. Heimsókn til Coldwater Seafood Corp. í Everett, Mass.	11	325.012	106.780	431.792	
4. Gunnlaugur Kristjánsson, aðstoðarbankastjóri					
4.1 Heimsóknir til banka í London	10	349.876	158.300	508.176	
5. Ari Guðmundsson, starfsmannastjóri					
5.1 Heimsóknir til Edinborgar, Glasgow og London. Einkum með tilliti til starfsemi Bankamannaskólans	21	254.474	185.290	439.764	
6. Árni Jensson, útibússtjóri					
6.1 Ferð til Englands vegna skuttogara-kaupa Norðfirðinga	17	214.740	0	214.740	Ferðin að nokkru í einkaerindum
7. Árni Sigurjónsson, aðstoðarmaður bankastjórnar					
7.1 Heimsóknir til banka í Noregi	20	195.963	51.140	247.103	
8. Baldvin Jónsson, fyrrv. bankaráðsmaður					
8.1 Þátttaka í fundi Overseas Bankers Club, London	9	219.439	80.356	299.795	
9. Barði Árnason, forstöðum. Erlendra viðskipta					
9.1 Ársfundur sænskra bankamanna, sem starfa að erlendum viðskiptum í Stokkhólmi. Heimsókn til banka í Kaupmannahöfn. Viðræður um tiltekið lánamál við banka í Amsterdam	17	276.643	110.320	386.963	
9.2 Árlegur fundur starfsmanna móðurbanka Scandinavian Bank, sem starfa við gjaldeyrisviðskipti,í Genf, Sviss	11	294.213	196.460	490.673	
9.3 Heimsókn til banka í Kaupmannahöfn. Heimsóknir til viðskiptabanka Lands-bankans í Brüssel og París	13	228.038	60.960	288.998	

Viðskiptaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
10. Benedikt Guðbjartsson, lögfræðingur					
10.1 Ferð vegna bankalögfræðingaþings og Bankamannaskólans, til Danmerkur og Noregs	21	97.570	171.080	268.650	
11. Birgir Svavarsson					
11.1 Ferð til Stokkhólms á námskeið hjá IBM í A.C.L.tölvumáli	9	69.998	91.340	161.338	
12. Bjarni Magnússon					
12.1 Ferð til Noregs á námskeið í kerfisfræði	10	107.780	77.640	185.420	
13. Bjarni G.Magnússon, félagsmálafulltrúi					
13.1 Kynnisferð til banka í Kaupmannahöfn vegna félagsmála	14	65.321	0	65.321	Ferðin að nokkru í einkaerindum
14. Daníel Bergmann, útibússtjóri					
14.1 Kynnisferð til banka í London, einkum í sambandi við skipulagsmál	7	261.812	113.200	375.012	
15. Guðmundur Sigurjónsson, aðalbókari					
15.1 Heimsóknir til banka í London og Amsterdam	15	323.655	129.012	452.667	
16. Hafsteinn O.Hannesson, útibússtjóri					
16.1 Kynnisferð til banka í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi	21	129.109	0	129.109	Ferðin að nokkru í einkaerindum
17. Hannes Þorsteinsson, aðalféhirðir					
17.1 Dvöl hjá Bergen Bank, Bergen, Noregi, til að kynnast starfsemi bankans	30	215.559	110.980	326.539	
18. Haukur Heiðar, forstöðum. ábyrgðadeildar					
18.1 Viðræður við banka í Frankfurt um ábyrgðir v.útflutn.til Nigeríu	2	48.627	93.480	142.107	
18.2 Fundur alþjóðanefndar International Chamber of Commerce um ábyrgðamál í París; viðræður um ábyrgðir v.útflutn. í Lagos, Nigeríu	14	331.766	261.756	593.522	
18.3 Fundur alþjóðanefndar International Chamber of Commerce um ábyrgðamál í París. Fundur forstöðumanna ábyrgðadeilda norrænna banka í Bergen, Noregi	10	107.780	147.100	254.880	
19. Haukur Vigfússon, forstöðum. Veðdeildar					
19.1 Heimsóknir til banka í Hollandi og Belgíu	15	96.011	0	96.011	Ferðin að nokkru í einkaerindum
20. Helgi Bachmann, forstöðum. Hagdeildar					
20.1 Námskeið í stjórnun og í mati lánsumsókna hjá ManufacturersHanover Trust Co., New York	30	614.278	113.680	727.958	
20.2 Heimsóknir til banka í London	3	-	49.380	49.380	
21. Helgi Jónsson, útibússtjóri					
21.1 Heimsókn til Hambro's Bank, London	8	102.360	-	102.360	Ferðin að nokkru í einkaerindum
22. Ingólfur Þorsteinsson, forstöðum. Gjaldeyrisd.bankanna					
22.1 Viðræður við banka í Kaupmannahöfn, Prag, Vín og London, einkum um ferðagjaldeyrismál	14	163.620	77.890	241.510	
22.2 Fundur þátttakenda í Alþjóðl.bankamannaskólanum í London	7	95.238	64.380	159.618	
23. Ingvar Ólafsson, kerfisfræð, Rafreiknideild					
23.1 Námskeið í kerfisfræði	10	107.780	77.640	185.420	
24. Magnús Gíslason, útibússtjóri					
24.1 Heimsóknir til banka í Evrópu	17	249.322	224.600	473.922	
25. Reinhold Kristjánsson, lögfræðingur					
25.1 Fundur norrænna bankalögfræðinga í Tromsö, Noregi	6	97.570	175.930	273.500	
26. Tryggvi Hjörvar, kerfisfræðingur, Rafreiknideild					
26.1 Námskeið í ACL forskriftarmáli í Stokkhólmi, Svíþjóð	7	69.998	91.340	161.338	

Viðskiptaráðuneytið	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
27. Þór Guðmundsson, útibússtjóri					
27.1 Heimsókn til Scandinavian Bank Ltd.,London	7	76.330	53.298	129.628	
28. Þorsteinn Egilsson, aðalendurskoðandi					
28.1 Námsheimsókn til banka í Kaupmannahöfn til að kynnast endurskoðun hjá þeim	22	229.681	110.480	340.161	

Hagstofa Íslands	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
1. Guðni Baldursson, deildarstjóri					
1.1 Seminar og fundur samstarfsnefndar hagstofa Norðurlanda í Lillehammer í Noregi	7	83.118	78.456	161.574	
2. Ingimar Jónasson, deildarstjóri					
2.1 Kynnisferð til Office of Population Censuses and Surveys, London, v/ endurbóta og nýjunga í almannaskráningu hér á landi	5	60.712	47.340	108.052	

Ríkisendurskoðun	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
1. Halldór V. Sigurðsson, ríkisendurskoðandi					
1.1 Ferð til Luxembourg, London og Kaupmannahafnar og Osló til söfnunar upplýsinga um tekjustofna flugvalla	7	92.330	96.310	188.640	
1.2 Ferð til Osló, Stokkhólms og Helsingfors. Endurskoðun hjá sendiráðunum í Osló og Stokkhólmi og árlegur fundur norrænna ríkisendurskoðenda í Helsingfors	10	149.736	89.950	239.686	
2. Jón Ólafsson, deildarstjóri					
2.1 Árlegur fundur samstarfsnefndar frá norrænum ríkisendurskoðendum í Kaupmannahöfn	5	70.199	82.460	152.659	

Fjárlaga- og hagsýslustofnun	Daga-fjöldi	Dvalar-kostnaður	Fargjöld	Samtals	Athugasemdir
1. Gísli Blöndal, hagsýslustjóri					
1.1 Fundur í norrænu fjárlaganefndinni í Osló	3	40.616	-	40.616	Fargj. gr. af erlendum aðila.
1.2 Fundur í norrænu fjárlaganefndinni í Helsinki	5	69.355	116.440	185.795	
1.3 Fundur fjármálaráðherra Norðurlanda í Helsinki	4	70.739	106.300	177.039	
1.4 Athugun á húsakaupum og sölu fyrir sendiráðin í Washington og New York	9	204.528	103.480	308.008	
2. Sigurður Haraldsson, deildarstjóri					
2.1 Fundur í norrænu fjárlaganefndinni í Helsingfors	5	59.458	116.440	175.898	
2.2 Húsakaup f. sendiráðsritara í Stokkhólmi	5	58.568	91.340	149.908	
2.3 Kynnisferð til Noregs með fjárveitinganefnd	6	67.560	115.990	183.550	
3. Jón E. Böðvarsson, deildarstjóri					
3.1 Könnun á rekstri flugvalla og fríhafna í Luxembourg, London, Kaupmannahöfn og Osló	10	119.086	96.310	215.396	
3.2 Fundur NORDFORSK í Osló og fundur um hagsýslumálefni í Kaupmannah.	3	36.104	-	36.104	Fargj. gr. af NORDFORSK

Sameinað þing, 25. fundur.

Þriðjudaginn 21. nóv., að loknum 24. fundi.

Bundið slitlag á vegum, þáltill. (þskj. 38). — Frh. einnar umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þetta málefni, sem till. fjallar um, er mjög brýnt og ég er raunar sammála öllu því sem kom fram í framsöguræðu 1. flm. En tillgr. eins og hún er er í raun og veru ekki í samræmi við ræðu hans. Ég vil aðeins koma hér með örstuttan kafla, nokkrar línur úr ræðu hans, með leyfi forseta. Þar segir hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson:

„Líklegt er að skynsamlegt þætti og raunar óhjákvæmilegt að leggja bundið slitlag á vegakafla út frá þéttbýlisstöðum á undan fáfarnari köflum þeirra vega er í till. greinir. Á Möðrudalsöræfum og við norðanverðan Breiðafjörð er sumarumferð t. d. innan við 100 bílar á dag“ o. s. frv.

Tillgr., eins og hún er, er um að það sé áætlað að leggja bundið slitlag á hringveginn umhverfis landið, til Vestfjarða og um Snæfellsnes. Hvers vegna þá t. d. um Snæfellsnes frekar en til annarra staða, ef ætti að fara að taka hringveginn? Ég er ekki á sama máli um að hann eigi að ganga fyrir. Hvers vegna ekki til Þorlákshafnar? Hvers vegna ekki til Sauðárkróks? Hvers vegna ekki til Dalvíkur? Ég held að það væri miklu eðlilegra, að tillgr. hefði verið eitthvað á þessa leið: Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera áætlun um að leggja bundið slitlag á alla aðalvegi landsins og um fjáröflun til þeirra framkvæmda, — en ekki að taka til hringveginn eða tilgreina t. d. Snæfellsnes sérstaklega og Vestfirði. Ég vil vekja á því athygli, að í sjálfu sér — eins og till. hljóðar — er verið að undirstrika það sem á að sitja fyrir, þó að ræða hv. þm. væri í raun og veru á annan veg. Hví er till. ekki í samræmi við ræðu hans?

Það vill þannig til, að það er engin leið að halda vegum sums staðar akfærum vegna þess að bæði er umferðin mikil og efni, sem til er í sumum héruðum, er þannig að það er engin leið að halda vegunum færum í raun og veru. Þannig er það t. d. á veginum frá Moldhaugnahálsi og út á Dalvík. Þannig er þetta víðar í kringum þéttbýlisstaði. Ég hef farið eftir veginum til Þorlákshafnar og ég hef farið eftir ýmsum öðrum vegarköflum sem ekki eru á hringveginum og ættu einmitt að sitja fyrir frekar en ýmsir aðrir kaflar á hringveginum, t. d. austur yfir sanda eða yfir Möðrudalsöræfi, svo að ég tilgreini eitthvað sérstaklega.

Ég hef ekki heldur sannfæringu fyrir því, að okkur þýði í raun og veru að gera áætlun til margra ára. Við þyrftum að gera áætlun um það, hvað við gerum í þessu efni, t. d. til 3-4 ára í mesta lagi, og taka verkefnin í slíkum áföngum. En að gera áætlun, eins og kom fram hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni og raunar í þessari till. líka, til 10 eða 15 ára, — hvaða tilgangi í sjálfu sér þjónar það? Við erum alltaf að gera áætlanir, — áætlanir sem við þurfum að endurskoða eftir árið eða svo. Í þessum málum eru framfarir svo miklar, að við vitum alls ekki hvort m. a. s. áætlun til þriggja ára sé í sjálfu sér raunhæf, hvað þá til lengri tíma. Ég legg áherslu á það, að sú n. sem fær þessa till. til umfjöllunar, sem mun vera fjvn., athugi hvort ekki sé skynsamlegra að breyta tillgr. á þann veg sem ég nefndi áðan.

Ég átti þess kost að skoða vegakerfi í Færeyjum og á Norðurlöndum s. l. sumar, og það var mér veruleg reynsla, t. d. að Færeyingar skuli vera búnir að leggja bundið slitlag á hér um bil alla vegi sína og gera víða jarðgöng í gegnum fjöll. Það var mér líka reynsla að sjá hvernig Norðmenn eru búnir að byggja upp sitt vegakerfi, en það er auðvitað skýranlegra en framtak Færeyinga. Ég er alveg sammála því, sem kom fram í ræðu hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar, að þarna er verkefni sem við verðum að sinna og verðum að vera samtaka um að reyna að hrinda fram á eins skömmum tíma og mögulegt er. En ég get ekki staðið að því að samþykkja till., sem er orðuð eins og þessi till., vegna þess að röðunin á verkefnunum, eins og hún kemur þarna fram, er röng að mínu mati.

Það vill líka þannig til, að eftir er að byggja upp vegi víða á hringveginum, en búið er á leiðum á milli þéttbýlisstaða að byggja upp vegi, t. d. frá Húsavík og fram í Reykjadal. En eftir þessari till. á þessi partur að vera eftir. Það er búið að byggja upp mestan hluta vegarins frá Akureyri út á Dalvík, eða a. m. k. 2/3, en það er eftir að byggja upp allan veginn fram Þelamörk og fram að botni í Öxnadal. Það er sem sagt víða utan hringvegarins sem er tilbúið að leggja slitlag á. Svo eru menn að koma hér fram með till. um að hringvegurinn eigi að hafa einhvern forgang í þessu tilliti.

Ég vil svo endurtaka það, að ég vona að samkomulag verði um að breyta þessari till. þannig að við getum allir á orðalag hennar fallist. Og það er mér mikil spurning, hvort ekki þarf að breyta henni meira en ég hef getið um. En ég fagna því, að umræða um þessi mál kemur enn upp, vegna þess að það kemur alltaf betur og betur í ljós með hverju árinu sem líður, að við getum ekki annað en hafið framkvæmdir á þessu sviði í stærri stíl en hingað til hefur verið gert.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Ég held að hv. þm. komi það ekki á óvart þó að ég geri nokkrar aths. við þá þáltill. sem hér liggur fyrir, þegar svo mikill ágreiningur virðist ríkja í herbúðum þess flokks sem fyrst og fremst stendur að þessari þáltill. Hefði nú ekki verið nær, ef hv. þm. Stefán Valgeirsson hefði reynt að samræma sjónarmið sín sjónarmiðum hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar áður en þessi till. kom fram? Þá held ég að hefði verið möguleiki að ræða vegamálin á eilítið gáfulegri grundvelli.

Ég vil fyrst taka það fram, að ég er hlynntur því að gert sé átak í vegamálum og vegfarendum verði gert auðveldara um vik að ferðast um landið á sem bestan og hagkvæmastan hátt. Ég vil einnig taka það fram, að ég er ekki á móti áætlunargerð í vegamálum. Ég tel að slíka áætlunargerð mætti efla í framtíðinni.

Það hefur verið einkenni á vegamálapólitík okkar Íslendinga á undanförnum árum, að áhersluþættirnir í vegagerð um landið hafa jafnan flust á milli kjördæma eins og vegamálaráðuneytið eða vegamrh. hefur flust á milli kjördæma. Þegar fyrrv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, var með vegamálin fór mest allt framkvæmdafé í vegagerð í framkvæmdir við Borgarfjarðarbrú í Borgarfirði. Fyrirrennari hans, páv. samgrh. Ingólfur Jónsson, lagði náttúrlega fyrst og fremst áherslu á að eyða framkvæmdafé í vegagerð í eigin kjördæmi, Suðurlandskjördæmi, og hóf þar miklar vegafram-

kvæmdir til að leggja slitlag á veginn til síns heima. Þetta er nú það sem hefur fyrst og fremst einkennt vegapólitík okkar Íslendinga á undanförnum árum. Kannske er því fagnaðarefni þegar vegamálaráðh. er kominn í annan flokk, sem sagt þriðja flokkinn, Alþb., að framsóknarmenn komi fram með till. á þingi um að nú sé æskilegt að gera vegáætlun og binda hana ekki eingöngu við eitt kjördæmi, kjördæmi hæstv. menntmrh., heldur binda hana við hringveginn allan. Þeir eru kannske að koma í veg fyrir að hæstv. menntmrh. leggi fram á Alþ. einhvern næstu daga nýja vegáætlun um að leggja slitlag á veginn frá Borgarnesi og norður í Varmahlíð. En það er nú önnur saga, og við bíðum spenntir eftir því hvort svo verður.

Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn keppast einnig um það, hverjir gætu orðið fljótari að leggja slitlag á allan hringveginn. Fyrir kosningar birtust þau tíðindi hér í landinu, að Sjálfstfl. skyldi geta gert þetta á 15 árum. Nú eftir kosningar býður Framsfl. betur og segist geta gert þetta á 10 árum. En það er aldrei að vita, eftir að sjálfstæðismenn eru búnir að leggja fram þá till., sem þeir leggja fram innan tíðar eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson tjáði þingheimi þegar þetta mál var til umr. um daginn, nema við Alþfl.-menn tökum báðar þessar till. til gaumgæfilegrar athugunar, sjóðum eina till. úr þeim báðum og flytjum hér á Alþ. frv. til l. um 5 ára áætlun. Við gætum þannig einnig orðið þátttakendur í þessari samkeppni.

En að slepptu öllu gamni vil ég benda hv. 1. flm., Vilhjálmi Hjálmarssyni, á að við erum báðir aðilar að aðhaldsríkisstj. Forgangsverkefni þeirrar ríkisstj. er að *berja niður verðbólguna og ná árangri í því að efla kjörin* með því að lækka verðbólguna.Ég hef litið svo á, að öllum frekari aukafjárfestingum á vegum ríkis umfram það sem orðið er á undanförnum árum beri að fresta meðan við tökumst á við þennan meginefnahagsvanda næstu mánuðina — og kannske næstu tvö árin, eftir því hvernig okkur tekst til. Þess vegna vil ég líta svo á, að þessi till. sé fremur tímaskekkja en hitt, að ætlast sé til þess að við stuðningsmenn ríkisstj. tökum hana alvarlega, hvað þá þegar farið er að benda á að hægt sé að fjármagna þetta með enn nýrri útlánapólitík, með því að selja happdrættisskuldabréf, eða eins og framsóknarmenn vilja, að kanadískir aðilar lánuðu fé í þetta, en sjálfstæðismenn vildu gefa út ný happdrættisskuldabréf til þess að fjármagna þetta fyrirtæki. Það er slæmt að hv. þm. Sverrir Hermannsson er ekki hér viðstaddur, en ég hélt að það væri nóg komið af slíku. Væri ekki nær að reyna að borga upp gömlu bréfin, sem gerðu það að verkum á sínum tíma að þessi hringvegur varð að raunveruleika, áður en við förum að gefa út enn ný til þess að koma ríkissjóði á vonarvöl með útgáfu slíkra happdrættisskuldabréfa?

Ég tek undir orð hæstv. fjmrh., sem hann gjarnan viðhefur í þingsölum, að það þarf aðhald í ríkisfjármálunum og það þarf að stefna að því, að ríkissjóður verði rekinn með *einhverjum hagnaði. Ég álít* að svona tillöguflutningur sé ekki þesslegur, að því markmiði verði náð.

Sjálfstæðismenn með hv. þm. Sverri Hermannsson í broddi fylkingar ræddu þessi mál þegar þau komu hér fyrst til umr. Þeim þótti það sýnilega súrt, að framsóknarmenn höfðu boðið aðeins betur og voru fyrri til með till. En það er aftur á móti annað mál. — Það virðist sem svo, að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn ætli sér fyrst og fremst að taka höndum saman um að auka nú enn á fjárfestinguna í landinu og eyða í það miklu fjármagni, meðan við þurfum á öllu okkar átaki að halda í baráttunni gegn verðbólgunni, en ættum að draga saman seglin og reyna að draga úr þenslunni í þjóðfélaginu.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja það, að vissulega er það mál, sem við þurfum hafa á hverjum tíma til athugunar, að fjalla um nauðsynlegar vegaframkvæmdir, en ég er ekki tilbúinn að segja að það sé endilega nauðsynlegt að eyða því framkvæmdafé okkar, sem fyrir er, í að tengja saman hringveginn, heldur sé hitt nauðsyn, að það nýtist þar sem fyrst og fremst er notkunar þörf. Áætlun um umferðarþunga og nýtingu verður að byggjast á því, að arðbært sé að leggja slitlag á vegi. Síðan verður að leggja fram áætlun til nokkurra ára um það, hvernig mætti standa að þessu með tilliti til annarra málaflokka sem við erum að fjalla um, eins og t. d. verðbólgunnar. En eins og ég sagði áðan og vil leggja áherslu á, þá erum við í aðhaldsríkisstj., og ég held að við ættum að fresta svona tillöguflutningi á meðan við erum að ná árangri í því höfuðbaráttumáli sem við eigum við að glíma, en það er verðbólgan. Og þegar hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni ásamt öðrum stuðningsmönnum ríkisstj. hefur tekist að ná árangri í baráttunni við verðbólguna, verða möguleikar til þess að gefa þjóðinni tilefnisgjöf, ég segi ekki 10 ára áætlun, heldur 5 ára áætlun í vegamálum, og á stórfelldu átaki í vegamálum og e. t. v. á öðrum sviðum samgöngumála.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það kemur kannske ekki neitt sérstaklega á óvart þótt þm. þess kjördæmis, sem hefur fengið varanlegt bundið slitlag á alla sína höfuðvegi, vilji skjóta þessu máli nokkuð á frest. En að því er málið sjálft varðar, þá finnst mér þessar umr. vera að nokkru leyti deila um keisarans skegg, því að þetta er mál sem getur ekki verið neinn ágreiningur um. Ég held að það eigi e. t. v. við hér sem Þormóður Kolbrúnarskáld sagði, held ég, þegar hann rauf föstuna í Niðarósi forðum: Ef ekki skilur meira á með okkur Kristi en eitt mörbjúga, þá held ég að við ættum að geta orðið vel ásáttir.

Annars hefur þessi umr. um varanlegt slitlag á vegi borið svolítið kynduglega að á þessu ári. Eins og vikið var að áðan var því slegið upp í Morgunblaðinu hálfum mánuði fyrir kosningar, að nú ætti að leggja varanlegt slitlag á alla landsins vegi. Það var eins og sjálfstæðismenn hefðu uppgötvað það eftir 4 ár í ríkisstj., að þetta væri mál sem e. t. v. væri rétt að athuga aðeins nánar. Hins vegar bar svo við, að á þetta mál var ekkert meira minnst síðan í kosningabaráttunni að heitið gæti, a. m. k. minnist ég þess ekki. Nú er okkur hins vegar sagt að þessi áætlun, sem var til umr. hálfum mánuði fyrir kosningar, sé væntanleg fljótlega.

Auðvitað er ekki nokkur ágreiningur um að það ber að leggja varanlegt slitlag á vegi hér. Það eru tvímælalaust *einhverjar þjóðhagslega hagnýtustu framkvæmdir* sem við getum lagt í. En vandinn er hins vegar að fjármagna þetta — það er ekki „hvort" í þessu sambandi, heldur „hvernig". Það má segja, að á vissum köflum vegakerfisins sé ástandið eins og við værum í rauninni að moka sandi í botnlausa tunnu, því að ofnaíburðurinn stendur þar ekki við og það er endalaust verk að bera ofan í þá vegi. Og um framkvæmdaröðina, þegar að þessu kemur,

hlýtur auðvitað að gilda sú meginregla, að það verði umferðarmagnið sem ráði. Það á ekki að vera á einn eða neinn hátt bundið við hringveginn, hvar hafist er handa, heldur þá vegarkafla þar sem umferðin er mest og þar sem þetta er brýnast. Það hlýtur að verða sú meginregla sem unnið verður eftir. En kjarni þessa máls er að reyna að finna leið til að fjármagna þessa þjóðhagslega nýtu framkvæmd, sem enginn ágreiningur er um, og ég held að þm. ættu að einbeita sér að því fremur en einskisnýtu karpi um aðra þætti málsins.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. lengi. Ég vil þakka ýmsum hv. þm., *sem hafa tekið til máls, fyrir stuðning við þessa till.* Hins vegar hefur margt komið fram í þessum umr. sem ástæða væri til að ræða örlítið nánar. Ég vil undirstrika það sem hv. þm., sem síðast talaði hér, sagði, að það, sem þarf að gera, er auðvitað að einbeita sér að því að gera sér grein fyrir hvernig sé hægt að auka hraða á vegaframkvæmdunum og fjármagna með lánsfé þau verk sem tvímælalaust eru arðgæf að allra manna yfirsýn. Það er megurinn málsins.

Hv. þm. sagði að þessi mál bæri nokkuð undarlega að, nefndi t. d. till. þeirra sjálfstæðismanna, og einnig geri ég ráð fyrir að hann hafi haft í huga þennan tillöguflutning minn og okkar sem flytjum þessa till. En ég get sagt það í hreinskilni fyrir mitt leyti, að ég hef til skamms tíma verið í vafa um hvort menn ættu að gera sérstakt átak í þessu efni á þennan hátt. Ég hef hins vegar, svo lengi sem ég hef unnið að afgreiðslu þessara mála frá því að ég kom fyrst á þing, gert mér ljóst að þetta er brennandi mál fyrir alla þm. og ekki síst þá sem eru utan af landi þar sem samgönguskilyrði eru verst. Það hefur alltaf brunnið á okkur, hve lítið er til skiptanna í hvert sinn, og svo sú hugsun — ekki síst í seinni tíð þegar bílafjöldinn vex meira en *vegagerðin er í raun fær um að mæta — hvernig væri helst* hugsanlegt að fá meiri peninga til vegagerðarinnar. Og það hefur borið að þessum brunni fyrir mér, að mér hefur sýnst að þetta væri helsti möguleikinn: að taka úr afmarkað verkefni, sem tiltölulega auðvelt er að sýna fram á að sé arðgæft. Hugsun mín hefur staðnæmst við þetta að lokum. Og verður svo til þess, að ég á þátt í því að flytja þessa till. núna.

Stefán Valgeirsson og fleiri hafa lagt áherslu á að það verði ekki síður að líta á þá vegarkafla sem nú séu fjölfarnari en hringvegurinn er að hluta. Þetta er allt saman skiljanlegt, og ég kom inn á þetta í framsöguræðu minni, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson minntist á. Við tillögugerðina varð þó ofan á að miða tillgr. við eitt meginverkefnið, þ. e. a. s. hringveginn og lengstu vegina út frá honum, sem þarf til þess að tengja stóra landshluta eins og Vestfirði og Snæfellsnesið. Um það má alltaf deila, hvernig till. á að orða. Mér finnst mjög eðlilegt að þingnefndin gaumgæfi það, ef hún á annað borð vill leggja þessu máli lið hvort ástæða sé til þess að orða þetta öðruvísi. En ég lít á það sem mikið atriði, að vegur umhverfis landið sé góður, líka fáfarnari kaflarnir, vegna þess að hringvegurinn tengir saman byggðir landshlutanna.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson var í dálitlum vafa um að það væri skynsamlegt að gera áætlun um vegaframkvæmdir til margra ára vegna þeirra mörgu óvissuþátta sem þar verða. Menn getur náttúrlega greint á um þetta. Hins vegar held ég, eins og ég kom að í frumræðu, að það gæti verið mikilvægt vegna framkvæmda og vegna hagkvæmni í lagningu slitlagsins að gera áætlanir langt fram í tímann. Ég held líka að það sé auðveldara að gera slíka áætlun til langs tíma einmitt um afmarkað verk eins og lagningu slitlags, því að það er ekki mjög flókið mál. Að vísu er það rétt, sem fram kom hjá hv. þm. og ég vék líka að og lagði áherslu á, að nú er verið að kanna og þreifa sig áfram með mismunandi gerðir af slitlagi, og það getur haft sín áhrif, en ekki í þeirri veru að það torveldi að gera sér framkvæmdaáætlun til langs tíma. Auðvitað yrði það svo um slíka langtímaáætlun eins og allar langtímaáætlanir, að það þarf að endurskoða þær alltaf öðru hverju. En það er skoðun mín að það væri hagkvæmt að gera sér slíka áætlun nú.

Hv. þm. hefur farið eins og mér, þegar ég kom til Færeyja í fyrsta og eina skiptið nú fyrir stuttu, að undrast vegagerð þeirra nokkuð. Þó er það svo, að vegirnir þeirra, sem þeir eru búnir að leggja á slitlagið, eru ekki lengri en ca. 1/4 af vegunum í stærri kjördæmunum á Íslandi. Ég held að þeir séu ekki lengri. Þetta skýrir málið nokkuð og eins hitt, að ég hygg að þeir hafi stuðning frá danska ríkinu til vegagerðar. Ekki þekki ég þetta, en það hygg ég þó að sé.

Hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni leist ekki á þessa till. á aðhaldstímum. Út af fyrir sig get ég vel skilið það. Ég er hins vegar ekki á sama máli. Ég held að þó við stöndum nú í því að reyna að hægja á verðbólguhjólinu og beita aðhaldi á ýmsum sviðum, þá þurfum við samt sem áður, eins og ég vék að í frumræðu, að hugsa fram í tímann, gera okkar áætlanir og undirbúa verk. Við megum ekki sökkva okkur svo niður í viðureignina við verðbólguna, að við horfum ekki neitt lengra fram í tímann og reynum að gera okkur grein fyrir því, hvað fram undan sé, einnig á framkvæmdasviðinu. Allt þarf þetta sinn tíma.

Ég hef ekki trú á því, sem fram kom hjá hv. þm. Sverri *Hermannssyni, að þeir félagar hafi lokið slíkri áætlunar*gerð að þar þurfi ekki framar á að líta. Það væri óvenjulegt miðað við vinnubrögð okkar hér í lýðfrjálsu landi og hér á hv. Alþ., ef við hefðum tilhneigingu til að skoða drög þessi eitthvað nánar. Ég held því, að það þurfi í þetta nokkurn tíma. Og ég legg enn og aftur áherslu á þetta atriði, einmitt út af ummælum hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, að við megum ekki varpa frá okkur og leggja alveg til hliðar verkefni sem tvímælalaust spara útgjöld, en alveg sérstaklega gjaldeyri.

Ég hafði dálítið gaman af því, — þetta er ungur þm., — að honum sýnist að þunginn í vegaframkvæmdum hefði fylgt ráðh. nokkuð. Mig minnir að Ingólfur Jónsson væri lengi samgrh. En hvort sem hann var það lengur eða skemur, þá var þannig komið á þeim árum að slitlagsframkvæmdir hérna í kringum Reykjavík voru orðnar alveg óhjákvæmilegar. Það var búið að draga svo lengi að leggja slitlag á þessa umferðarþyngstu vegi, að það náði engri átt og er kannske eitt það vitlausasta, sem við höfum gert, að draga það svo lengi sem gert var. Ég er eldri en þessi hv. þm. og man eftir færðinni á þessum vegum, t. d. á Keflavíkurveginum eða veginum austur fyrir fjall, svo að þetta kom af sjálfu sér. En vissulega var það rétt hjá honum, að Ingólfur Jónsson var samgrh. þegar byrjað var á þessum framkvæmdum að marki.

Það er auðvitað alveg eins með Borgarfjarðarbrúna, sem menn kalla, en ég vil kalla brú yfir Hvítá að það var búið að ræða hana margsinnis við undirbúning vegáætlunar áður en Halldór E. Sigurðsson varð samgrh. Það

þarf hvorki spekinga eða verkfræðinga til þess að sjá að þá brú, sem byggð er fyrir 50 árum hér á Íslandi, við þau efni sem þá voru og með hliðsjón af þeim ökutækjum sem þá voru í gangi, tveggja og mest fjögurra tonna bílar, búin að endast í 50 ár, er mál til komið að endurbyggja. Það þýðir ekkert að fimbulfamba um það, hvort sem það er nú í gamni eða alvöru, að þetta verkefni hefði mátt bíða. Slíkt tal nær engri átt. Mér er alveg nóg að horfa á vagnalestirnar fara yfir brúna. En svo hef ég frétt um aðra menn sem hafa verið þar neðan undir að kíkja á hvernig brúin ber sig til, og þeir lýsa því ekki fallega. Ég veit ekki hvernig þessi kenning hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar fellur saman við vegagerðina á Skeiðarársandi. Mig minnir að Hannibal Valdimarsson væri samgrh. þegar á því verki var byrjað, svo að þetta er nú svona og svona, enda sagði hv. þm. að þetta væru gamanmál öðrum þræði.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson ræddi nokkuð um þetta mál í fyrsta þætti þessara umr. Hann nefndi tvö atriði, sem mér finnst rétt að víkja að. Hann minnti á það og hnykkti á því, að hlutar hringvegarins væru svo fáfarnir að það væri fráleitt að leggja slitlag á þá áður en slitlag kæmi á umferðarþyngri vegi. Það hafa fleiri komið inn á þetta. Þetta er kannske rétt út af fyrir sig. En hins vegar er það fleira en umferðarþunginn sem kemur til greina þegar um er að ræða ákvörðun um hvort leggja skuli bundið slitlag eða ekki. Það er m. a. það, hvaða efni er fyrir hendi í malarslitlagið sem notað er á vegina, og eins hitt líka, hversu dýrt slitlag yrði notað á þessa fáfarnari kafla. Nú er vitað að á Möðrudalsöræfum og söndunum syðra er það efni, sem hefur verið notað í fína slitlagið, ákaflega endingarlítið og fýkur og veðrast burt fyrr en varir. Veðráttan kemur líka inn í þetta. Á Suðausturlandi er t. d. ákaflega rigningasamt. Þetta þarf að meta.

Nú er ég ekki að slá neinu föstu. Ég er bara að benda á að þessir þættir koma til skoðunar þegar metið er hvað gera skuli. Þetta er ekki svo einfalt að þarna sé eingöngu um umferðarþungann að ræða. T. d. gerðist sú ömurlega saga á Skeiðarársandi að fína slitlagið, sem sett var á þann veg þegar hann var opnaður, eyddist ákaflega fljótt svo að með ólíkindum var. Auðvitað er það ekki nema sýnishorn af því, sem alls staðar er að gerast og við allir þekkjum, að það eru byggðir vegir, vandaðir að undirbyggingu og allt upp að efsta slitlagi, en það tollir ekki stundinni lengur, og það veldur því, að menn velta nú fyrir sér þessum málum sérstaklega. En það er einnig mjög mikill verðmunur á því slitlagi sem nú er notað, og því, sem verið er að reyna. Það, sem er í reynslu núna, er af fleiri en einni gerð og sú ódýrasta, sem e. t. v., — ég segi e. t. v., því að auðvitað veit maður ekki um það fyrr en búið er að skoða þetta og reyna betur, — sem e. t. v. kæmi til greina á fáfarnari hluta hringvegarins, kostar e. t. v. ekki nema helming af því sem það sem algengast er að nota í dag kostar.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson minntist líka á tvær skoðanir: að okkur bæri að leggja alla áherslu á að byggja vegina upp úr snjó, og hins vegar svo aftur hin hugsunin, að hraða sér með slitlagið vegna þess hve það væri arðgæft. En ég vil leggja áherslu á það, og ég skal þá láta það verða mín síðustu orð að þessu sinni, að einmitt með þessum tillöguflutningi vakir það fyrir okkur flm. að sameina þessi sjónarmið að taka út úr slitlagsframkvæmdirnar dýru og arðgæfu og afla til þeirra fjár sérstaklega og létta á almennu áætluninni, þannig að meira fé fáist til þess að sinna uppbyggingunni sem er lífsnauðsynleg, ekki síst fyrir snjóþyngstu byggðarlögin.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er alltaf gaman og líka nauðsyn að velta fyrir sér vegamálunum. Hér er komin til umr. 10 ára áætlun um bundið slitlag á vegum. Í tillgr. sjálfri segir að miðað skuli við að vinna verkið á 10 árum, en dreifa kostnaði á lengri tíma með lántöku. Ég geng út frá því að átt sé við það, að þessi 10 ár verði næstu 10 árin eftir að áætlunin hefur verið gerð. Ég get ekki annað en verið stoltur af stórhug flokksbræðra minna sem lögðu þessa till. fram. Og ég vil taka það fram, bæði vegna hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar og eins hv. þm. Sverris Hermannssonar, að það er aldeilis vonlaust að þeir geti yfirboðið þetta, nema þá fara alveg á fremstu nöf eða jafnvel út í spaug.

Ég sakna af þskj. og hefði þótt prýði á því, ef upplýsingar væru um hvað þessi útfærði hringvegur er langur, þ. e. a. s. hringvegurinn ásamt með vegi um Snæfellsnes og um Vestfirði. Þetta get ég sjálfsagt fundið einhvers staðar í plöggum mínum, en það hefði verið prýði á þskj., og eins ef upplýsingar hefðu legið fyrir um hvað hver km kostaði í sumar af því bundna slitlagi sem lagt var t. d. hjá Kiðafelli.

Það er margt reglulega vel sagt í grg. sem fylgir till., t. d.: „Nú hefur geisað verðbólga og er því þörf aðhaldssamrar stefnu í efnahagsmálum.“ Þessu er ég hjartanlega sammála, líka því að „ófullkomin uppbygging vega í snjóahéruðum og takmarkað burðarþol eldri vega og hrjúft yfirborð malarvega tálmar greiðri umferð.“ Þetta er allt saman hverju orði sannara — líka þessi setning: „Við höfum um hríð notað mikið erlent lánsfé og er þörf aðgæslu á þeim pósti.“ Ég er þessu öllu saman hjartanlega sammála. Hins vegar þykir mér ekki nægilega skýrt til orða tekið þar sem segir: „Vöntun bundins slitlags veldur miklum viðhaldskostnaði á vegunum sjálfum.“ Það hefur komið fram hér hjá a. m. k. sumum ræðumönnum, að þeir hafa verið að tala um varanlegt slitlag og látið eins og bundið slitlag þyrfti ekki á neinu viðhaldi að halda. En því miður er ekki svo „billega“ sloppið. Við erum ekki lausir við viðhaldskostnað á vegum þótt við leggjum á þá bundið slitlag. Að vísu kemur þetta viðhaldsfé, sem til þeirra þarf, í ofurlítið öðruvísi skömmtum en í malarvegina, en samkv. upplýsingum vegamálastjóra er viðhaldsféð einkennilega lítið minna, þegar til lengri tíma er litið, sem þarf á hvern km með bundnu slitlagi en á malarvegi.

Það komu margar réttmætar ábendingar fram í ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Ég vil benda á að ég held að það sé vafasamur fengur að bundnu slitlagi á suma fjallvegi landsins þar sem ísingarhætta er mikil, því að þá verða vegirnir beinlínis stórhættulegir þegar illa viðrar. Ég bendi á hörmuleg dæmi af vegi vestur á fjörðum — veginum milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Þar er mikill slysakafli á vegi með bundnu slitlagi, en allt gekk sæmilega meðan hið hrjúfa yfirborð malarinnar var á veginum.

Ég undirstrika það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði um mikilvægi aukaveganna og vegakafla sem ekki eru endilega á hringveginum. Þeir geta verið lífæðar héraðanna.

Ég vil leyfa mér að mótmæla því, sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði, að megináherslan hafi verið í Vesturlandskjördæmi á s. l. árabili. Að vísu hefur verið

unnið þar að miklu stórvirki í brúargerð, en það hefur verið unnið að miklum verkum víða um land og það á ekki að vera að vanþakka þau. Hins vegar er það alveg rétt, að Borgarfjarðarbrú hefur tekið til sín verulega mikinn hluta af því vegafé sem til ráðstöfunar hefur verið á hverju ári, enda sjálfsagt metin nauðsynleg og góð framkvæmd.

Ég vil benda á að það er hægt að gera vegaframkvæmdir sem eru mikilvægar, aðrar en leggja bundið slitlag. Ég vil nefna af handahófi nokkrar vegaframkvæmdir sem unnar hafa verið í sumar á veginum norður í land, veginum milli Akureyrar og Reykjavíkur. Það hefur verið byggð brú á Öxnadalsheiði og vegakafli við hana. Það hefur verið byggð brú á Víðidalsá. Það hefur verið lagður vegur á Hrútafjarðarhálsi. Það hefur verið lagður vegur um Holtavörðuheiði. Og svo var sett bundið slitlag á dálítinn kafla hjá Kiðafelli. Þessi verk vil ég meta. (**VH:** Var ekki sett slitlag í Húnavatnssýslu líka?) Tilraunaslitlag var lagt hjá Blönduósi og tilraunaslitlag undir Hafnarfjalli. Ég nefni þetta bara af handahófi. Allt eru þetta miklar samgöngubætur og mikilvægar, en ég held að fjórar þær fyrst töldu séu enn þá mikilvægari en nokkurn tíma þetta bundna slitlag hjá Kiðafelli, sem ég er þó ekki að gera lítið úr að sé þýðingarmikið.

Hér hefur verið rætt um mismunandi gerðir slitlags. Ég held að við séum e. t. v. með úrelta gerð af slitlagi. Ég held að sú nýbreytni með þetta tilraunaslitlag, sem nokkuð var sinnt í sumar, gefi manni það góðar vonir eftir þá stuttu reynslu sem af því hefur orðið, að ástæða sé til að binda við hana miklar vonir.

Ég vil undirstrika mikilvægi greiðra samgangna. En ég óttast að ef af framkvæmd þessarar till. yrði, að festa sig við 10 ár í svo stór verkefni, mundi það óhjákvæmilega í efnahagsástandi, sem alltaf ríkir hér á Íslandi, verða til þess að slíkt mundi taka býsna mikinn hluta af tiltæku vegafé landsmanna — kannske of stóran hluta — og það er að sjálfsögðu ekki heppilegt. Ég hygg að greiðar samgöngur byggist ekki einasta á bundnu slitlagi.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Þetta eru orðnar langar umr. og ætla ég ekki að hafa orð mín mörg, enda varla fjórðungur þm. viðstaddur til þess að heyra hvað ég segi.

Ég er á vissan hátt mjög þakklátur fyrir svona þáltill., þó að fram hafi komið hjá hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni, formælanda þessarar till., að hann meinar ekki nema lítið af því sem hann segir í till.: Þetta er nú kannske ekki endilega budnið við hringveginn, þetta er nú kannske ekki endilega bundið við 10 ár og þetta er nú ekki endilega bundið við að afgreiðast svona, heldur á einhvern annan og þá skemmtilegri máta. En ég er í engum vafa um að við getum orðið sammála um mikla þýðingu þessa máls. Mér er hins vegar ekkert undrunarefni þó að þeir hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson og Gunnlaugur Stefánsson séu á ólíku máli um þýðingu þess að efla verulega vegagerð á landinu, þar sem annar býr við besta vegakerfi, sem til er á Íslandi, en hinn við eitt það ömurlegasta.

Um þetta vil ég segja einnig, að það er ekki alveg víst að við eigum að fara að setja bundið slitlag á þjóðvegi landsins eingöngu eftir þeirri reglu hversu fjölfarnir þeir eru. Það eru fleiri þættir sem koma þarna inn í. Vegir eru mismunandi þjóðfélagslega þýðingarmiklir, ekki bara eftir tölu bifreiðanna sem skoppa eftir þeim. T. d. álít ég að það sé verulega þýðingarmikið að halda áfram með slitlagið frá Rangárvallasýslu austur til Austfjarða. Ég held líka að a. m. k. verulegur hluti af vegakerfi Snæfellsness þurfti verulega mikið á bundnu slitlagi að halda. Svona mætti fleira upp telja. En miðað við breytta tækni við lagningu slitlags hef ég það eftir verkfræðingi Vegagerðarinnar að sú aðferð, sem notuð var í sumar við að ég held þrjá kafla: kafla hjá Blönduósi, við Hafnarfjall og á Þingvallavegi, sé það ódýr framkvæmd að hún borgi sig á þremur árum, ef miðað er við meðalviðhald malarvega á Íslandi. Og þá sjáum við hvað bundið slitlag á þennan hátt er geysilega hagkvæmt og ekki afskaplega mikið fyrirtæki.

Ég vil svo aðeins árétta það, að mér finnst að þessi mál þurfi að ræða vandlega og kannske ekki bara með snubbóttum till. Þær eru þó góðra gjalda verðar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru ekki nema örfá orð. — Það er enginn ágreiningur á milli okkar hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar nema bara um áhersluatriði. Ég er t. d. þannig settur, að ég horfi á það að vegur, sem var byggður fyrir örfáum árum, er að fjúka burt. Veðurfar hjá okkur er dálítið öðruvísi en á Suðurlandi t. d. Eins og kom fram í máli hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar er mismunandi hvernig möl er í hinum ýmsu héruðum, hve langt þarf að flytja hana o. s. frv.

Eins og tillgr. er, þá er verið að slá því föstu á hvað á að leggja fyrst og fremst áherslu í þessu efni. Það á að leggja áherslu fyrst og fremst á hringveginn, á veginn um Snæfellsnes og Vestfirði, þegar um bundið slitlag er að ræða. Ég er ekki sammála þessu. Ég vil láta meta þetta, því að í mínum huga eru þessir vegir alls ekki heilagri en aðrir, langt frá því. Og því vil ég ítreka það sem ég sagði áðan, að ég vænti þess, að fjvn. athugi að breyta orðalagi á þessari till. í þá veru sem ég nefndi.

Ég er alveg sannfærður um að ef væri gerð t. d. þriggja eða fimm ára áætlun um að leggja slitlag á 800 eða 1000 km veg, þá mundiu a. m. k. margir bifreiðaeigendur vera fúsir til þess að greiða meira í vegaskatt en þeir gera. Ég er a. m. k. einn af þeim sem eru fúsir til þess, og ég hef rætt við marga kjósendur mína, t. d. í kringum Eyjafjörð, sem mundu vera fúsir til að borga verulega hærri skatt en núna ef þeir byggju við vegi eins og hér á Reykjanesi og í kringum Reykjavík. Það mundu þeir gera að vissu leyti, ef væri búið að tengja þéttbýlisstaðina við Eyjafjörð við Akureyri, að ég tel.

Hv. þm. Vilhjámur Hjálmarsson gat um að lengsti hringvegurinn væri um Snæfellsnes. Ég er ekki tilbúinn að samþykkja það. Það eru auðvitað langir hringvegir annars staðar. Það er langur hringvegur t. d. til Sauðárkróks um Fljót, Ólafsfjörð að Dalvík. Það er líka langur hringvegur og miklu lengri um Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafjörð, Vopnafjörð. Því getur náttúrlega verið álitamál, ef menn fara að skoða þetta og hvaða vegir eru lengstir. Ég held að við, sem erum engir sérfræðingar í þessu, eigum ekki að slá neinu föstu um það, hvað eigi að ganga þarna fyrir, heldur verði það að sýna sig, hvað hinir tæknimenntuðu menn leggja til. Ég vil ekki binda mig við það, að þessir vegir eigi að ganga fyrir öðrum.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það skal verða örstutt. — Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þann áherslumun sem er á afstöðu okkar hv.

þm. Stefáns Valgeirssonar, en ég vil þó árétta það, að ég tel mikið atriði að tengja byggðir landsins með hringvegi, að tengja landshlutana saman.

Út af því, sem hv. þm. Páll Pétursson sagði, vil ég aðeins leiðrétta það, ð það er því miður ekki komið bundið slitlag á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Það hefur verið lagt slitlag á örstuttan spotta milli Ísafjarðar og Hnífsdals, en það gefur ekki neina mynd af því, hvernig er að fara fjallvegi, því að þessi spotti er alveg á sléttu.

Hv. þm. saknaði þess, að það væru ekki vissar upplýsingar í þskj. En ég vil árétta það, að þær upplýsingar, þó í grófum dráttum sé, er að finna í þeirri ræðu sem ég flutti fyrir till. — einmitt þau tvö atriði sem hann nefndi.

Hv. þm. sagði, að aðrar framkvæmdir væru meira virði en slitlag, og nefndi dæmi frá vinnunni í sumar. Um þetta felli ég engan dóm.

Hv. þm. Bragi Níelsson var að tala um að ég hefði mjög sveigjanlegan málflutning hér. En ég vil bara árétta það, að meginatriðið, sem fyrir okkur flm. vakir með þessari till., er spurningin: Hvernig er unnt að fá meira fé í vegagerðina, auðvitað með skynsamlegu móti, það sé ekki verið að gera neina heimskulega hluti í því sambandi? Og svo: hvernig er hægt að koma við meiri framkvæmdahraða án þess að skekkja almennar framkvæmdaáætlanir þjóðarbúsins eða almenna vegáætlun? Hvernig er þetta unnt? Það er spurningin. Við höfum bent þarna á eina leið sem við teljum líklega til þess arna, þ. e. að taka út úr þennan dýra og að flestra dómi arðgæfa þátt og benda á möguleika til þess að fjármagna hann sérstaklega og gera þannig mögulegt að vinna af meiri hraða að öðrum framkvæmdum, sem vitanlega, eins og hv. þm. sagði, eru gífurlega þýðingarmiklar. Ég skal ekkert um það segja, hvaða framkvæmdir hafa mesta þýðingu þá og þá. En vissulega geta það verið aðrar framkvæmdir en slitlagið, þó að hagkvæmt sé talið og arðgæft á umferðarþyngstu vegunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn, 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Félagsmálaskóli alþýðu, frv. (þskj. 54). — Frh. 1. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil strax segja það, að hér er um merkilegt frv. að ræða að mínu áliti. Hér er um að ræða viðfangsefni sem er þess eðlis, að það er rétt að sinna því og fá lausn á því. Í mínum huga orkar það ekki tvímælis, að það sé rétt að verða meðlimum verkalýðsfélaganna úti um ýmsa þekkingu sem varðar starf verkalýðsfélaganna og kaupgjaldsbaráttuna, og ég lýsi mig fullkomlega samþykkan tilgangi þessa frv. Það orkar ekki tvímælis, að eitt af því, sem ræður mestu um framvindu mála í þjóðfélagi okkar, eru samskipti aðila vinnumarkaðarins, launþega og atvinnurekenda.

En þegar talað er um að koma upp fræðslu í þeim tilgangi sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá hlýtur að vakna óhjákvæmilega ein spurning, og hún er sú, með hverjum hætti er best að koma þessari fræðslu fyrir.

Við höfum nú umfangsmikið skólakerfi sem óþarft er að minna á. Í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að til fræðslumálanna sé varið yfir 30 milljörðum kr. Sú spurning vaknar, hvort það geti verið hyggilegri og hagkvæmari leið að koma þessari kennslu fyrir innan skólakerfisins eins og það er, þ. e. a. s. að láta hina almennu skóla annast þessa fræðslu með einum eða öðrum hætti. Þetta er ótvíræð spurning þegar við lítum til fjárhagshliða þessa máls, en mér virðist að þetta sé einnig spurning þegar litið er til þess, hvað sé haldbesta leiðin til þess að ná þeim tilgangi sem frv. gerir ráð fyrir. Það er sem sagt að mínu áliti spurning um það, hvort það geti verið, að það sé hægt að ná tilgangi frv. betur með því að fella þá fræðslu, sem þar um getur, inn í hið almenna skólakerfi heldur en að stofna sérskóla.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir sérskóla og gert er ráð fyrir að það verði ríkisskóli, að ríkið kosti þennan skóla, kosti rekstur skólans. Það væri hægt að hugsa sér að þetta væri ekki ríkisskóli, heldur stæðu t. d. aðilar vinnumarkaðarins að skólanum. Það hefur komið fram hjá 1. flm. þessa frv., að verkalýðsfélögin mundu ekki hafa fjárráð til þess. Ég skal ekki tjá mig um það efni. Ég vil ekki mótmæla því. En verkalýðshreyfingin hefur, að ég ætla, töluverð fjárráð, og það fer þá eftir því, hvað verkalýðshreyfingin metur tilgang þessa frv. mikils, hvort hún vill láta þetta mál kannske að einhverju leyti ganga út á aðrar þarfir sem verkalýðshreyfingin telur að þurfi að sinna og kosta fjármuni. En ef við göngum út frá því, að skólinn sé ríkisskóli, þá vaknar sú spurning, hvort það sé þá ekki eðlilegt að eins fari með þennan skóla og aðra ríkisskóla, þ. e. a. s. að skólinn verði alfarið undir stjórn ríkisins.

Nú er hins vegar gert ráð fyrir því, að það verði sérstök skólanefnd, sem skipuð verði með sérstökum hætti, sem fer með stjórn skólans, ríkið sjálft komi þar ekki við sögu. Mér finnst að þetta sé, svo ekki sé meira sagt, nokkuð vafasamt. Ég held að það sé ákaflega þýðingarmikið að saman fari ábyrgð og skyldur í þessu efni eins og jafnan og spurningin sé þá hvort það sé ekki eðlilegt að ríkið hafi alfarið stjórn skólans. Nú er, eins og ég sagði áður, gert ráð fyrir að svo sé ekki. Ef sá möguleiki er tekinn til athugunar, þá vaknar aftur sú spurning, hvernig skólanefndin eða stjórn skólans skuli skipuð, og þá er ég ekki viss um að þau ákvæði, sem eru núna í frv. um þetta efni og er að finna í 5. gr. frv., séu fullnægjandi. Þar er gert ráð fyrir að ráðh. skipi tvo skólanefndarmenn eftir sameiginlegri tilnefningu Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Alþýðusambands Íslands og einn án tilnefningar.

Ég held, ef á að gefa launþegum aðild að stjórn skólans, að þá þurfi þar að vera um víðtækari aðild að ræða en þarna er gert ráð fyrir. Ég nefni í því sambandi, að það hlýtur að koma til álita hvort ekki sé rétt að fulltrúi frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eigi þarna aðild að. Það hlýtur að koma til álita, hvort fulltrúi frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands komi ekki til greina í þessu sambandi. Þetta er um launþegasamtökin. En samkvæmt eðli frv. og tilgangi og því, sem kveðið er á um námsefni í þessum skóla, finnst mér og eðlilegt að hinn aðili vinnumarkaðarins komi einnig til greina, þ. e. a. s. að þá eigi líka aðild að stjórn skólans fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Þetta eru aðeins almennar hugleiðingar um þetta mál

sem mér þóttu þess eðlis, að það væri rétt að koma fram með þær þegar við 1. umr., þó að mál þetta komi til nefndar sem ég á sæti í.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Sem einn af flm. þessa frv. þarf ég ekki að hafa mörg orð umfram það sem hv. 1. flm. kom inn á í framsöguræðu sinni fyrir frv. Hann rakti þar forsögu þess og eins það, hvernig þetta var á sínum tíma ákveðið sem stjórnarfrumvarp, að mestu leyti óbreytt nú flutt, og um það náðist á þeim tíma fullkomið samkomulag við launþegasamtökin og þau væntu sannarlega góðs hér af. En það tókst ekki að koma því frv. í gegnum Alþ. og síðan frá valdatíma þeirrar ríkisstj. sem þá sat, hefur þessu máli ekki verið hreyft af stjórnvöldum.

Hér var auk þess flutt við umr. á dögunum afburðagóð ræða af hv. þm. Jón G. Sólnes, sem nú er því miður fjarverandi og því ekki rétt að fara út í þau einkennilegu viðhorf sem þar komu fram. Eins og oft vill verða hjá þeim hv. þm., var maður ekki viss hvort í alvöru var talað eða því aðeins slegið fram til þess að stríða flm. og koma af stað aukaumr. um málið. En út í einstök atriði þess er auðvitað ekki hægt að fara þar sem hv. þm. mun nú jafnvel farinn af landi brott.

Varðandi athugasemdir sem hljóta að vakna varðandi þetta frv., þá verður sú auðvitað mest áberandi, hvaða aðilar eigi hér að fara með stjórn. Í frv., eins og það er núna, er óbreytt tilhögun frá því sem var í stjfrv. frá 1973, þ. e. a. s. tveir tilnefndir sameiginlega af Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og Alþýðusambandi Íslands og einn án tilnefningar, sem væri formaður skólanefndarinnar. Hér hafa komið fram nokkrar athugasemdir við það, t. d. um viðbótaraðila í þessum efnum, fjölmenn launþegasamtök sem þarna eiga ekki aðild að. Vissulega ber að skoða það varðandi aðila eins og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna- og fiskimannasambandið, eins og var minnt á af síðasta ræðumanni. Þó hygg ég að svo fjölmenn samtök sem Alþýðusamband Íslands er hljóti að eiga fullan rétt á því, að ríkið stuðli rækilega að sérstökum félagsmálaskóla fyrir það fólk, og þá alveg sérstaklega vegna þess að innan þeirra vébanda er auðvitað mjög mikið enn þá — þó kannske í minnkandi mæli — um ófaglært fólk að ræða sem hefur ekki notið mikillar skólagöngu og þeirrar félagslegu skólunar sem í henni felst og á þess vegna í raun og veru viðbótarrétt til þess að fá skólavist af slíku tagi.

Það er auðvitað rétt, að í 2. gr. kemur fram um fræðsluhlutverkið, hvaða aðalatriði þar eru lögð til grundvallar. Ég veit það af gamalli reynslu, á meðan samningar voru ekki eins flóknir og þeir eru nú og réttindamál ekki eins mörg komin fram og nú er, að fyrir hinn óbreytta mann var hér um allerfitt mál að ræða að átta sig fyllilega á, og í sumum félögum var þessu sinnt, öðrum ekki. Svo er sjálfsagt enn í dag, að auðvitað hvílir viss lágmarkskylda á hverju verkalýðsfélagi að kynna félagsmönnum sínum eins vel og rækilega og mögulegt er þann rétt, sem þeir eiga, og þá samninga, sem eftir er farið hverju sinni.

Það má áreiðanlega með réttu deila á verkalýðsfélög almennt, þó að e. t. v. séu þar og að ég vona góðar undantekningar frá því, að þau stundi ekki sjálf nægja kynningarstarfsemi af þessu tagi. Og þó að menn hafi þetta e. t. v. í þykkum bæklingum fyrir framan sig, um samninga og annan rétt sinn, þá er það hvergi nærri nóg. En einmitt á þessu sviði er nauðsynlegt að fá leiðbeiningar til handa forustumönnum og til handa ýmsum félagsmönnum, hvernig þeir geti best komið þessari fræðslu á framfæri í hinum einstöku félögum sínum.

Það var minnt á það áðan af hv. 5. þm. Vestf., að e. t. v. væri hér um þátt að ræða, sem ætti að koma inn í skólakerfið. Ég get verið honum algjörlega sammála um það, að svo miklu leyti sem það nær þar tilgangi sínum. En auðvitað getur sá þáttur, sem inn í skólana kemur, aldrei notið sín gagnvart ýmsu af því sem þetta frv. lýtur að. Það held ég að sé útilokað. Þetta nægir ekki heldur gagnvart þeim eldri í dag, þeim meðlimum stéttarfélaganna sem í dag þurfa vissulega á því að halda að fá þessa fræðslu og eiga ekki, a. m. k. á meðan fullorðinsfræðsla okkar er ekki komin í betra horf en hún er, þess kost að fá þá þekkingu og fræðslu sem hér er um að ræða.

Hitt er svo rétt, að með grunnskólalögunum var lagður verulega bættur grunnur að því, að hinum félagslega þætti í skólanáminu væri sinnt. Auðvitað er það misjafnt enn í dag, hvernig skólarnir sinna þessum þætti. En með grunnskólalögunum og reglugerðum í framhaldi af þeim er óneitanlega brotið í blað í þeim efnum og hinum smærri skólum t. d. veitt mjög aukið svigrúm til að sinna hinum félagslega þætti. Það hlýtur svo að fara eftir hverjum skóla, að hve miklu leyti hann rækir þennan þátt. En á meðan ég stjórnaði skóla saknaði ég þess sárlega, að svigrúm míns skóla til þessara félagslegu þátta var í raun og veru ekkert nema þá bara í hinum venjulegu kennslustundum, sem vildu þá auðvitað fara í hið hefðbundna námsefni, þannig að hitt varð útundan. Og þó að bæði í mínum skóla og auðvitað í flestum skólum hafi eitthvað verið gert í þessum efnum í sjálfboðaliðsstarfi, þá auðvitað féll það ekki sem eðlilegur þáttur að skólanáminu og var auðvitað misjafnt eftir því, hvernig aðstæður voru og hvernig kennarar voru einnig.

Ég held sem sagt að þrátt fyrir þennan þátt, sem vissulega er ástæða til að minna á og leggja áherslu á að skólarnir ræki enn betur, þ. e. a. s. hinn félagslega þátt, að þeir mennti nemendur sína verulega í félagsstörfum og ýmsu sem lýtur að stjórnun og félagslegu fræðslustarfi, þá nægir það ekki í dag og ekki heldur í náinni framtíð. Ég held að hér dugi ekkert minna en það átak sem hefur auðvitað þegar verið gert að nokkru af launþegasamtökunum sjálfum, en er gert ráð fyrir að færa á víðari grunn og fella betur inn í okkar félagsmálafræðslu almennt.

Ég ætla ekki að fara út í það, hvernig skólanefndum hinna einstöku skóla er skipað hér á landi í skólum sem ríkið kostar orðið nær alfarið eða alfarið, sbr. Verslunarskólann og Samvinnuskólann, svo að dæmi séu nefnd, en því fer auðvitað víðs fjarri, að þar hafi ríkið alla stjórn mála. Mér er nær að halda að ríkið sé aðeins aðili að 1/5 hluta varðandi stjórn þessara skóla, og þá getur hlutfallið 1 á móti 2 þarna vart talist hættulegt. Hins vegar er auðvitað spurningin — og þá spurningu skil ég vel sem varpað hefur verið fram af ýmsum þeim, sem að þessu hafa staðið, varðandi þann Félagsmálaskóla sem nú er og Menningar- og fræðslusamband alþýðu, að þeir vilji kanna þá möguleika, að þeir séu með þennan skóla alfarið í sínum höndum, og við það hef ég vitanlega ekkert að athuga, síður en svo.

Ég ætla aðeins að minna á það, af því að það erindi liggur nú fyrir okkur í fjvn., að til þessara tveggja þátta

eru í frv. til fjárlaga: til Menningar- og fræðslusambands alþýðu og til Félagsmálaskóla alþýðu, 6.5 millj. kr., að ég held rétt. Það er hins vegar glöggt, að þó að þessir aðilar fari mjög vægilega í sakir, þá eru fjárveitingabeiðnir þeirra margfaldar á við þetta og það er auðskilið mál, þó að kostnaði sé eins stillt í hóf og mögulegt er. Ég hygg t. d. að fyrir Félagsmálaskólann sjálfan, sem nú eru ætlaðar aðeins 3 millj. í frv. til fjárlaga, sé mjög hógvær beiðni til fjvn. um 15 millj. kr., þ. e. a. s. fimmfalda þá upphæð sem er í frv. til fjárlaga. Við skulum vona að það lagist í meðförum okkar í fjvn.

Ég minni á þetta vegna þess, að auðvitað hefur verið nokkuð um bætt, eins og hv. 1. flm. kom inn á um fjárstuðning til þessa skóla. Þó er enn víðs fjarri því — eins og kemur fram í óskum og bréfum frá félagsmálaskólanum og frá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu.

Ég vil svo að lokum segja það, að í einu eða öðru formi er nauðsynlegt að koma hér á fastari skipan. Hér kann að vera rétt að kanna ýmsa þætti, bæði varðandi stjórn og annað því um líkt, sem hefur verið minnt á, og ég hygg að við flm. höfum þar ekki neitt á móti. En ég held að það sé höfuðnauðsyn að koma fræðslustarfsemi hjá verkalýðssamtökunum á fastari grunn og öruggari en hefur verið og jafnframt að leggja á það höfuðáherslu — og það var kannske aðalerindi mitt í þennan ræðustól að minna á það — að verkalýðsfélögin sjálf séu svo virk í sínu fræðslustarfi að þau sinni þessum þætti innan sinna vébanda eins og þau mögulega geta, en á það vantar mikið í dag. Einn þátturinn, kannske veigamesti þátturinn í að bæta þetta, er einmitt að koma slíkum skóla í fast form og gera hann að verulega góðum skóla sem geti útskrifað frá sér eftir vissan námstíma fólk sem er fært um það í sínum fagfélögum að veita öðrum fræðslu og greina fólki þar nánar frá rétti sínum en nú er gert, og þó alveg sérstaklega að fólk, eins og komið er að í 1. gr., viti bakgrunn sinnar hreyfingar, eins og hv. 1. flm. kom rækilega inn á, — viti bakgrunn sinnar hreyfingar og skilji eðli hennar. Það er viss nauðsyn til þess og mikil nú á okkar tímum, að fólk þekki þennan bakgrunn, viti um þá baráttu, sem það hefur kostað að ná því fram sem þegar er fengið, og skynji um leið stöðu sína í þjóðfélaginu, þar sem auðstéttin ræður ríkjum að eins miklu leyti og hún mögulega getur.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Hér er vissulega hreyft merku máli, — máli sem ekki er ókunnugt hv. alþm. Bæði hefur frv., sem gengur í líka stefnu, legið fyrir Alþ. og eins fullorðinsfræðslumálin í heild. En þetta mál er vitanlega angi af miklu stærra verkefni sem við höfum kallað fræðslu fullorðinna og við höfum orðið höndum seinni að skipuleggja, — máli sem mikill áhugi er á hér og raunar víðar í veröldinni, sbr. samþykktir ráðherrafunda Norðurlanda og Evrópuþjóða, sem mig minnir ég kynna hér einhvern tíma í þessari hv. d. í sambandi við flutning frv. um fullorðinsfræðslu.

Um fullorðinsfræðslumálin í heild vil ég aðeins rifja það upp, að fyrrum menntmrh., Magnús Torfi Ólafsson, skipaði nefnd á sínum tíma til að athuga þessi mál í heild og gera um þau till. Þessi nefnd skilaði mjög yfirgripsmiklu áliti og tillögum í frumvarpsformi. Þær till. og það frv. voru mjög sniðin eftir fyrirmyndum frá Norðurlöndum og alveg sérstaklega frá Noregi, en Norðmenn höfðu, þegar þetta frv. var samið, mjög nýlega sett lög um fræðslu fullorðinna þar í landi, lög sem þá var að vísu ekki komin mikil reynsla á, en höfðu verið sett að því er virtist að undangengnum nokkuð miklum og vönduðum undirbúningi. Frv. þessarar n. var flutt hér á Alþ. oftar en einu sinni, en Alþ. afgreiddi það ekki, það kom ekki fram nál. um það. Og ég hygg að hv. alþm. muni hafa þótt frv. í heild sinni nokkuð viðamikið og að með því hafi verið stefnt um of að því að aðgreina fullorðinsfræðsluna og setja yfir hana verulega yfirstjórn, — m. ö. o.: mönnum hafi sýnst þetta of fyrirferðarmikið til þess að gerlegt væri að afgreiða það í þeirri mynd sem það var flutt. — Nú get ég auðvitað ekkert um þetta fullyrt, því að það kom aldrei fram nál., eins og ég tók fram, svo að það liggur ekkert fyrir skjalfest um þetta. En eftir viðtölum við hv. alþm. á þessum árum læt ég nú í ljós þetta álit á ástæðunum fyrir því, að málinu var svo tómlega tekið hér á hv. Alþingi.

Ég held að það hafi alls ekki verið vegna þess, að hv. þm. hafi verið út af fyrir sig andvígir því að sinna fullorðinsfræðslunni, þó að svona hafi til tekist með þetta mál. Ég man eftir að síðast þegar þetta frv. var flutt í minni tíð sem menntmrh., þá var því aðeins breytt, sett inn í það bráðabirgðaákvæði um að þær greinar frv., sem fjölluðu um skipulegan stuðning við bréfaskóla og námsflokka, öðluðust gildi þegar í stað, en aðrir þættir frv. í áföngum eftir því sem fé væri veitt til á fjárl., ef ég man rétt hvernig þetta bráðabirgðaákvæði var. En þrátt fyrir þetta náði málið ekki fram að ganga.

Nú má það sýnast svo, að við í menntmrn. höfum á seinni árum síðasta kjörtímabils verið næsta tómlátir um þetta mál, að setja ekki af stað endurskoðun á þessu frv. eða alveg nýja vinnu varðandi fullorðinsfræðsluna. En til þess lágu alveg ákveðnar orsakir, að ekki var meira aðhafst af hálfu menntmrn., og þær orsakir voru að það hillti undir afgreiðslu á nýjum lögum um framhaldsskóla og menn tóku að velta því fyrir sér, hvort ekki væri unnt að leysa fullorðinsfræðslumálin í meira mæli en menn áður höfðu gert ráð fyrir inni í hinu almenna skólakerfi, í framhaldsskólunum, og jafnvel innan háskólans eftir því sem við ætti. Ég veit að menn hafa nú í sumar og í haust, bæði fyrir og eftir stjórnarskipti, velt þessu fyrir sér í þeim starfshópum sem um þessi mál hafa fjallað, og er það áreiðanlega í samræmi við vilja núv. hæstv. menntmrh., því að hann hefur lýst sérstökum áhuga á fullorðinsfræðslumálunum og framgangi framhaldsskólamálsins. En eins og hv. þm. muna hefur tvívegis verið lagt fram á Alþ. frv. um þau mál í heild, var mjög endurskoðað eftir fyrstu gerð, sent fjölmörgum aðilum og mikil vinna í það lögð þá. Síðan var það endurflutt seint á þingi í fyrra, og ég veit að það hefur enn verið í skoðun og að hæstv. menntmrh. hefur eftir stjórnarskiptin sérstaklega hugað að þessu máli.

Það er eitt af meiri háttar markmiðum í frv. um framhaldsskóla, eins og það hefur legið fyrir og eins og það áreiðanlega verður í næstu gerð ekkert síður, að greiða mönnum leið milli námsbrauta og greiða mönnum leið inn í skólakerfið, inn í námsbrautirnar, þegar það hentar hverjum og einum, á ýmsum stigum námsins og á ýmsum aldursstigum líka.

Mér finnst ástæða til að vekja athygli á því hér, af því að það er verið að tala um mál, sem er í sjálfu sér fullorðinsfræðslumál, að með stofnun fjölbrautaskólanna opnast alveg nýir möguleikar í sambandi við fræðslu fullorðinna. Það hafa starfað öldungadeildir við

menntaskóla og hafa verið mikið sóttar, að vísu sem eðlilegt er mest fyrstu árin, á meðan verið var að sinna þeirri eftirspurn sem hafði hlaðist upp og ekki verið hægt að sinna, en alltaf mikið. En þessar öldungadeildir við menntaskólana hafa auðvitað verið eingöngu bundnar við venjulegar menntaskólagreinar, m. ö. o. við bóknám. En aftur með tilkomu fjölbrautaskólanna og sérstaklega þegar búið er að byggja upp aðstöðu til verknáms, þá opnast þarna möguleikar fyrir öldungadeildir, ef ég má nota það orð, einnig á því sviði. Og það er ákaflega þýðingarmikið að nýta þessa möguleika. Kennsluaðstaðan til verkkennslunnar, t. d. í Breiðholtinu, er ágæt og hefur sjálfsagt kostað mikið fé. Þarna koma vissir möguleikar á þessu sviði, og ég nefni þetta aðeins sem eitt dæmi um þá möguleika sem fyrir hendi eru í almenna skólakerfinu.

Ég álít þó og er raunar sannfærður um það, að þetta, sem ég nú var að segja, breytir ekki því, að fleira þarf til að koma og kemur til að fræðsla fullorðinna komist í það horf sem við óskum og viljum hafa og auðvitað hljótum að taka upp smátt og smátt.

Rétt fyrir stjórnarskiptin skipaði menntmrn. nýja n. um þessi mál, fræðslu fullorðinna, og gaf henni fyrirmæli á þessa leið:

„Leggja ber áherslu á sem nánust tengsl við skóla framhalds- og háskólastigs og hlutdeild áhugafélaga, launþegasamtaka og fyrirtækja.“ Þetta gefur til kynna, að þó það komi nýir möguleikar með meiri sveigju í framhaldsskólastiginu, þá er ekki þar með hægt að varpa öllum áhyggjum sínum á skólana að þessu leyti, heldur verður að nýta krafta áhugafólksins í þessu skyni eins og áður og nýta þá betur en áður með því að auka stuðning við þá.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar nánast um það að flýta afgreiðslu á einum tilteknum þætti fullorðinsfræðslunnar og vissulega mjög merkum þætti hennar að mínum dómi. Ég vil láta þá skoðun í ljós, að ég tel sjálfsagt að þetta frv. verði vandlega athugað í hv. d. og þá m. a. gaumgæft, ef það verður ofan á að afgreiða þetta frv., hvort skynsamlegt þyki að flýta um leið með löggjöf aukinni þátttöku ríkisins og skipulegri en áður í einhverjum öðrum þáttum fullorðinsfræðslunnar, og mér koma þá eðlilega fyrst í hug þeir tveir sem lagt var til að taka út úr fullorðinsfræðslufrv.: bréfaskólinn og námsflokkarnir. Ég á við það að flýta þessum þáttum og setja um þá sérstaka löggjöf áður en gengið verður frá heildarlöggjöf um fræðslu fullorðinna.

Í því tilviki, sem þetta frv. fjallar um, eins og mjög víða hafa áhuga- og hagsmunasamtök hlaupið undir bagga og haft forustu um þjónustu sem tvímælalaust er nauðsynleg og a. m. k. mér þykir eðlilegt að hið opinbera styðji að verulegu marki.

Ég skal ekki fara út í það að ræða einstök atriði þessa frv. Það hefur verið nokkuð gert í þeim umr. sem þegar eru orðnar, vikið að einstökum atriðum. Það eru aðeins tvö atriði sem ég vil samt drepa á í því sambandi — rétt nefna þau. Annars vegar er það, að gert er ráð fyrir að þessi lög og framkvæmd þeirra heyri undir félmrn. Ég efast um að það sé skynsamlegt. Ég held að fullorðinsfræðslumálin í heild eigi eðli sínu samkv. að heyra undir menntmrn. eitt. Og ég held að það væri ekki skynsamlegt, samræmis vegna, að taka t. d. þennan þátt út úr og láta hann heyra undir félmrn. Ég held að eðlilegra væri upp á allt samræmi, hugsanlegan stuðning sem þessi fræðsla gæti haft frá skólakerfinu, samvinnu við það o. s. frv., að láta þessa fræðslu heyra undir menntmrn.

Annað, sem ég vil vekja athygli á, er það, að í þessu frv. er lagt til að ríkissjóður greiði að fullu kostnað, bæði allan stofnkostnað og svo rekstrarkostnað. Og það eru eiginlega engin skilyrði sett þarna í frv., sýnist mér, a. m. k. mjög lauslega. Mér kemur í hug varðandi einstaka skóla, sem sett hefur verið um löggjöf, og þá á ég við löggjöf um viðskiptafræðslu, að þar er þessu ekki þannig varið. Ríkið borgar ekki að fullu, en að vísu mikinn meiri hluta kostnaðar. Það borgar t. d. allan rekstrarkostnað, en þó þannig að hann fari ekki fram úr kostnaði við sambærilega skóla ríkisins, svo sem nánar er tilgreint þar. Stofnkostnaður minnir mig að sé greiddur 80%. Kostnaður er ekki greiddur að fullu við þá skóla sem hafa annast viðskiptamenntun lengi og er gert ráð fyrir að geti starfað áfram á vegum þeirra samtaka sem hafa rekið þá. Síðan eru ýmis fleiri skilyrði fyrir því, að ríkið styðji svona mikið fræðslu á vegum þessara aðila. Og ég vil benda á að þó eru þessir skólar nær hinu almenna skólakerfi, nær því að falla alveg inn í hið almenna skólakerfi, nær því að falla alveg inn í hið hefðbundna framhaldsnám en t. d. þessi skóli. Ég er ekki að segja þetta til þess að kasta neinni rýrð á þann skóla sem hér er um að ræða, en þetta er þannig, að það nám, sem fer fram í viðskiptaskólunum, Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólanum, nánast algerlega samræmt viðskiptanámi innan hins almenna skólakerfis. Samt sem áður eru þessi skilyrði sett fyrir greiðslum ríkisins.

Ég vildi vekja athygli á þessu tvennu. En ég árétta það að lokum, að ég tel þetta mál allrar athygli vert. Ég tel hins vegar að það þurfi að athuga það mjög vandlega og gæta samræmis við aðrar ráðstafanir varðandi fullorðinsfræðsluna sem við erum að búa okkur undir að lögbinda. Því fremur tel ég að við þurfum að gæta vel að slíku samræmi, þar sem fullorðinsfræðslan er mjög í mótun eins og er, má segja bókstaflega í sambandi við gerð framhaldskólafrv. Mér er vel kunnugt um þetta og eins að það er starfandi n. í þessu. Í síðasta lagi og ekki síst er eðlilegt að gæta þarna samræmis við aðrar aðgerðir þegar haft er í huga að hæstv. menntmrh. hefur alveg sérstaklega lýst áhuga sínum á þessum þætti og mun flýta meðferð hans eftir föngum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hér í d. hafa orðið nokkrar umr. um það frv. til l. um félagsmálaskóla alþýðu, sem Karl Steinar Guðnason og fleiri flytja, og það frv. hefur í senn orðið tilefni til orðaskipta um afskipti aðila vinnumarkaðarins af fræðslumálum og einnig um fjármögnun og skipulag þessa menntunarþáttar í tengslum við fullorðinsfræðslu í landinu. Með því að flytja frv. á þann hátt sem hér er gert og tengja félagsmálaskóla alþýðu við skólakerfi ríkisins og setja hann undir félmrn. held ég að boðið hafi verið heim þeirri hættu, sem þegar hefur komið fram í þessari umr., að fram yrði sett krafa af hálfu atvinnurekenda, Vinnuveitendasambandsins, að þeir ættu þá um leið aðild að skólanum á einhvern hátt, stjórn hans og námstilhögun, eins og þegar hafa komið fram sjónarmið um í þessari umr. (Gripið fram í.) Já, eins og frv. gerir ráð fyrir. Hér er þess vegna komið að einu kjarnaatriðinu í menntunarmálum verkalýðshreyfingarinnar, að hún þarf í raun og veru að tryggja sjálfstæði þeirra stofnana sem hún felur stéttarlegt, fræðslulegt og faglegt uppeldi meðlima sinna.

Ég held að saga verkalýðshreyfingarinnar sýni það með fjölmörgum dæmum hérlendis og erlendis, að sjálfstætt fræðslustarf verkalýðsfélaganna hefur verið veigamikill þáttur í þeim árangri sem þau hafa náð í baráttunni fyrir þjóðfélagslegum umbótum. Ég óttast að með því að stíga það skref að gera menntastofnun alþýðu að ríkisstofnun verði boðið heim þeirri hættu sem ég gat um áðan, að atvinnurekendur mundu gera tilkall til hlutdeildar í stjórn skólans, starfsháttum hans og námsefni. Ég persónulega treysti ekki ýmsum þeim aðilum, sem farið hafa með félagsmál innan ríkisstj. á undanförnum árum og áratugum, til þess að hagnýta ekki aðstöðu sína í væntanlegri ríkisstj. í framtíðinni og meiri hluta aðstöðu hér á Alþ. til þess að setja samtök vinnuveitenda til jafns við samtök launafólks í stjórn þessa skóla. Ég er alveg viss um að víðs fjarri er að það sé ætlun flm. frv. að svo verði. En ég held að reynsla síðustu áratuga sýni okkur að verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur enga tryggingu fyrir því, að það verði ekki gert. Ég held þess vegna, að það væri réttari stefna af háflu alþýðusamtakanna að halda fast við það, að sá þáttur í fræðslustarfsemi launafólks, sem er helgaður hinu stéttarlega og baráttulega uppeldi í samtökum launafólks, eins og svo skýrt kemur fram í 2. gr. þessa frv., að veita fræðslu um sögu, starf og stjórn stéttarfélaga, baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum alþýðustéttanna, um hagsmunasamtök atvinnurekenda og innra eðli þeirra, starfshætti og markmið, geti aldrei til lengdar, svo að vel sé, verið tryggt í ríkisskóla af því tagi sem hér er gerð tillaga um.

Það er í sjálfu sér skiljanlegt, að forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar, sem hafa lengi sumir hverjir barist fyrir nauðsynlegum úrbótum í menntunarmálum launafólksins í landinu, skuli á síðari árum hafa hneigst til þessarar lausnar, einkum og sér í lagi ef horft er til nágrannalandanna, þar sem annars konar samband hefur verið milli ríkisvaldsins og samtaka launafólks heldur en löngum hefur verið hér á landi. Þar hefur þróast áratugum saman visst bræðrasamband milli stjórnenda ríkisvaldsins og stjórnenda launþegasamtakanna, sem hefur gert það að verkum, að forsvarsmenn samtaka launafólks hafa getað treyst því og talið sig hafa tryggingu fyrir því, að slíkum ríkisskóla yrði ekki einhvern tíma breytt á þann veg að ónýta hann sem baráttutæki launafólks með því að hleypa samtökum atvinnurekenda þar inn. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því alveg skýrt og skorinort, eins og mjög vel kom fram í ágætri framsögðuræðu Karls Steinars Guðnasonar, að félagsmálaskóli alþýðu er ekki aðeins almenn menntastofnun, er ekki aðeins ætlað að vera almennur liður í fræðslukerfi landsins, fullorðinsfræðslu, eins og hv. síðasti ræðumaður, fyrrv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson, fjallaði um, heldur hefur honum hingað til og verður í framtíðinni fyrst og fremst ætlað það hlutverk að vera baráttutæki samtaka launafólks fyrir breyttu þjóðfélagi, fyrst og fremst til þess að manna verkalýðsfélögin á þann veg með þekkingu og þjálfun að þau geti náð betri árangri í baráttu gegn samtökum atvinnurekenda, í baráttu gegn fjandsamlegu ríkisvaldi, heldur en þau hafa náð hingað til. Þess vegna held ég að það sé höfuðatriði fyrir alþýðusamtökin í þessu landi, að þau fari sjálf með óskorað forræði yfir menntunarmálum félaga sinna. Og vissulega er það vilji flm. þessa frv., eins og fram kemur í frv., að reyna að tryggja að svo sé með þeim ákvæðum um stjórn skólans sem í frv. eru. En ég hef þegar lýst ótta mínum um það, að annar meiri hl. á Alþ. en nú situr, önnur stjórn félmrn. en nú er kunni í framtíðinni að verða við þeim hugmyndum eða kröfum sem nú þegar hafa komið upp við 1. umr. þessa máls hér á Alþ., að vinnuveitendasamtökin í samræmi við ýmsar almennar reglur, sem gilda á öðrum sviðum, fái líka helmingaskipti á við verkalýðssamtökin í stjórn þessa skóla. Og þá vitum við það, að á sömu stundu er skólinn ekki lengur það beitta baráttutæki fyrir samtök launafólks sem hann þarf að vera.

Í raun og veru held ég að vandamálið sé ofur einfalt. Vandamálið er að það þarf að tryggja samtökum launafólks í landinu mun meira fjármagn til þess að geta rækt það hlutverk sem er kjarnainnihaldið í þessu frv. Hv. þm. Helgi Seljan, 3. þm. Austurl., gerði að umræðuefni þær fjárhæðir sem nú eru í frv. til fjárl. til fræðslustarfsemi alþýðusamtakanna. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé eitt af þeim verkum sem sá ríkisstjórnarmeirihl., sem nú situr á Alþ., eigi að tryggja við afgreiðslu fjárl., að ekki aðeins tvöfalda, þrefalda eða fimmfalda þá upphæð, eins og kom fram í máli hv. þm. Helga Seljans, heldur komi til greina að gera þarna á stórbreytingu. Ég hef í mínum huga staðnæmst við tölu eins og 100 millj. kr. á næsta ári sem félagssamtökum verkafólks í landinu, Félagsmálaskóla alþýðu, eins og hann er nú rekinn, og Menningar- og fræðslusambandi alþýðu yrðu afhentar til þess að efla og styrkja þá fræðslu- og útgáfustarfsemi sem samtök launafólks vilja sjálf koma á fót. Þannig sé gert tvennt í senn: forræði launþegasamtakanna, stéttasamtaka launafólks, yfir menntunarmálum meðlima sinna óskert sé tryggt áfram eins og það er nú, en stjórn þessara stofnana er kosin í dag á þingi Alþýðusambandsins, og við hér, sem stöndum að meiri hl. þeirrar stjórnar vinnandi stétta, sem á að sitja í landinu, sýnum vilja okkar í verki til þess að efla þessa starfsemi með þáttaskilum sem fælust í því, að á fjárl. fyrir árið 1979 yrðu settar a. m. k. 100 millj. til þessarar fræðslustarfsemi. Ég held að með því verki gæti núv. meiri hl. á Alþingi sýnt hug sinn til nauðsynjar fræðslustarfsemi launafólks í landinu á miklu skýrari og ótvíræðari hátt en með samþykkt frv. af þessu tagi, vegna þess að grundvallarvandamál er að það skortir fjármagn. Það skortir hvorki stjórn né kennslukrafta né jafnvel námsefni, heldur skortir fyrst og fremst fjármagn.

Ég kysi þess vegna að sú stefna yrði ríkjandi í þessum málefnum, að annars vegar yrði unnið að alhliða úrbótum á fullorðinsfræðslu í landinu, líkt og hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson var að lýsa áðan að hefði verið unnið að og væri verið að vinna að í tengslum við frv. um almennan framhaldsskóla og við breytta starfshætti svokallaðra öldungadeilda, og jafnvel hvað snertir opnun Háskóla Íslands, hliðstætt því sem gerst hefur í nágrannalöndum okkar, fyrir alla þá sem eru orðnir t. d. 25 ára og eldri, hvort sem þeir hafa stúdentspróf eða ekki, og þannig yrðu opnaðar fjölmargar brautir til almennrar fullorðinsfræðslu í landinu og til þeirrar endurmenntunarþarfar sem óhjákvæmilega er nauðsynleg í þjóðfélagi síbreytileikans, eins og við búum við nú, en því yrði ekki blandað saman við þau skólamál verkalýðsstéttarinnar í landinu sem eiga fyrst og fremst að vera grundvölluð á því að skerpa baráttustyrk verkalýðsstéttarinnar gegn atvinnurekendavaldinu og gegn því fjandsamlega ríkisvaldi sem löngum hefur ríkt í þessu landi gagnvart samtökum launafólks. Síðari þáttinn eigum við

eingöngu að leysa með myndarlegu fjárframlagi í fjárl. ársins 1979 til Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Félagsmálaskóla alþýðu.

Mér er kunnugt um það, og ég vil láta það koma hér skýrt fram við 1. umr., að í röðum fjölmargra forsvarsmanna verkalýðsfélaganna í landinu ríkir ótti við það, að breyting á Félagsmálaskóla alþýðu í ríkisskóla, miðað við þær þjóðfélagsaðstæður sem hér hafa ríkt, geti í raun og veru ónýtt skólann sem baráttutæki verkalýðshreyfingarinnar. Það eru fjölmargir af helstu forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar í landinu sem áfram kjósa sams konar skipan á þessum efnum og verið hefur hingað til, þ. e. a. s. að verkalýðssamtökin sjálf hafi óskoraðan og algeran yfirráðarétt yfir þessum menntunarmálum sínum, en verkefni ríkisvaldsins og almannavaldsins í landinu verði fyrst og fremst að leggja þar fram fé, líkt og lagt er fram fé á fjárl. til margvíslegrar annarrar starfsemi í landinu, menntunarstarfsemi og annarrar starfsemi sem kemur hagsmunasamtökum og fjöldasamtökum fyrst og fremst til góða.

Þessar aths. vildi ég láta koma skýrt fram þegar við 1. umr. þessa máls. Ég tel að frv. það, sem hér liggur fyrir, þurfi að fá vandlega athugun í n. Það þarf að kanna hvort hér sé verið að stíga spor sem verkalýðshreyfingin á Íslandi er í raun og veru öll sammála um að sé rétt eða ekki og hvort það er ekki hætta á því, að menn teldu það eitt duga til úrbóta í þessum efnum að samþykkja þessa breytingu og koma á lögum af þessu tagi. Menn væru þá að falla í þá gryfju, sem stundum hefur einkennt þjóðfélagsumr. Íslendinga, að þegar vandamál kallar að, sem fyrst og fremst krefst nýs skipulags og fjármagns, þá reyna menn að leysa vandamálið með lagasetningu án þess að útvega fjármagnið, án þess að útvega það sem í raun og veru þarf til þess að framkalla raunverulegar breytingar. Oftrú á lagasetningunni sjálfri er notuð sem afsökun fyrir því að gera ekki það sem í raun og veru þarf til þess að framkalla þáttaskil.

Sú lýsing, sem í frv. kemur fram, á að mínum dómi í alla staði vel við starfshætti þess skóla sem ég sé sem nauðsynlegt baráttutæki verkalýðsstéttarinnar í landinu. Ég vil þess vegna taka það skýrt fram, að þær aths., sem ég hef gert við frv., eru á engan hátt tengdar þeirri efnislýsingu sem fram kemur í frv. á hlutverki skólans. Þær beinast eingöngu að því, hvort rétt sé að stíga það skref að afhenda ríkisvaldinu með lagasetningu forræði yfir þessum skóla án þess að hafa þær baktryggingar, að ríkisvaldið verði áfram jafnhlynnt verkalýðsstéttinni í landinu og það e. t. v. er nú. Saga þjóðfélagsþróunarinnar á Íslandi sýnir að við höfum ekki slíkar baktryggingar. Þar að auki tel ég að það megi ganga of langt á þeirri braut að fella allt menntakerfi þjóðarinnar inn í heildarramma skóla sem samræmdir eru menntakerfi ríkisins algerlega. Ég held að í því margbreytilega þjóðfélagi, sem hefur verið að skapast hér á Íslandi og er nú í mótun, séu margvíslegar röksemdir fyrir því að fela félagssamtökum af ýmsu tagi verulegan þátt í menntun meðlima sinna eftir að hinni almennu skólagöngu lýkur.

Ég vil geta þess til að koma í veg fyrir misskilning, að sú hugsun, sem ég hef hér lýst, beinist ekki að því að verkalýðsstéttin ein eigi að hafa forræði yfir menntunarmálum sínum, heldur geti ýmisleg önnur samtök einnig átt tilkall til almennra fjármuna til þess að annast ýmiss konar sérhæfða menntun starfshópa eða meðlima, sem þeir telja rétt hverju sinni. Það hefur stundum verið haft á orði, að það þyrfti að tryggja starfsgrundvöll svokallaðra „frjálsra félagasamtaka" í þessum efnum. Ég vil ógjarnan nota hugtakið „frjáls félagasamtök", vegna þess að ég veit ekki til þess að það séu nokkur ófrjáls félagasamtök í þessu landi. Á hinn bóginn tel ég að hér séu starfandi fjölmörg samtök áhugafólks og einnig hagsmunasamtök skipulagðra þjóðfélagshópa og starfsstétta, sem geti átt jafnt tilkall til fjármagns úr almennum sjóðum þjóðfélagsins til þess að annast menntun meðlima sinna eins og ég tel að verkalýðsstéttin eigi í þessum efnum, og geti verið viss hætta fólgin í því að færa alla menntunarþætti landsins úr höndum fjöldasamtaka af þessu tagi yfir á skipulagsverk-svið ríkisins. Krafan um það, að Félagsmálaskóli alþýðu og Menningar- og fræðslusambands alþýðu séu enn áfram algerlega undir forræði alþýðusamtakanna, en hljóti eingöngu stóraukið fjármagn af þeirri stærðargráðu, sem ég hef hér lýst, til starfsemi sinnar, er þess vegna sett fram með hliðsjón af þeirri almennu skoðun, að það geti einnig átt við um fjölmörg önnur fjöldasamtök í þessu landi.

Út frá þessum grundvallarsjónarmiðum vil ég gjarnan að þetta frv. fái ítarlega meðferð í n. og verði rækilega kannað, hvort samtök launafólks í landinu kjósa í raun og veru ekki frekar að ganga þá braut að fá t. d. á fjárl. næsta árs fjármagn af þeirri stærðargráðu, sem ég hef hér nefnt til sinnar fræðslustarfsemi, til að mennta meðlimi sína, þjálfa þá í hinni stéttarlegu baráttu í stað þess að koma hér á fót ríkisskóla, sem veitir enga tryggingu fyrir áframhaldandi forræði samtaka launafólks og hefur ekki heldur neinn aukinn fjárhagsgrundvöll í för með sér miðað við það sem nú er.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég hélt satt að segja að þetta frv. gæfi ekki eins mikið tilefni til maraþonræðna og komið hefur fram hér í þau tvö skipti sem frv. hefur verið til umr. En ég verð að lýsa því, að mér var það mikil ánægja þegar 1. flm. þessa frv. bauð mér að vera með í flutningi þess, því að ég hef löngum haft mikinn áhuga á þessu máli eða á fræðslu til félagsmála fyrir verkafólk. Það eru 30 ár síðan ég flutti fyrst tillögu á þingi Alþýðusambands Íslands um bréfaskóla á vegum Alþýðusambandsins, en lengra voru málin ekki komin í þá daga. En nú er málum miklu lengra komið, eins og kom greinilega fram í ræðu frsm., og það kom einnig fram í ræðu frsm., að við Íslendingar stöndum langt að baki nágranna okkar og frænda í öðrum löndum. Við erum að vísu komnir með þess konar alþýðuskóla eða vott af honum sem er beinlínis félagsmálaskóli fyrir verkalýðsstéttirnar, ef ég mætti nota slíkt orð. En mér finnst í einfeldni minni að þetta frv. sé mjög gott, og ég sé ekki ástæðu til verulegra breytinga á því. Hins vegar gæti vel komið fram í n., þegar vel verður farið ofan í sauma á máli þessu, að það fyndust einhverjir annmarkar svo að betur mætti sníða, en engan veginn get ég óskað eftir því, að stjórn skólans yrði önnur en greint er í frv. þessu. Ég vil engan veginn óska eftir aðild atvinnurekenda að stjórn þessa skóla, frekar en mér dytti í hug að ASÍ færi að kássast í stjórn bændaskólanna eða eitthvað þess háttar.

En það eru vitanlega engin lög svo fullkomin að reynsla í framkvæmd gæti ekki breytt þeim lögum seinna. Það kom upp sú hugmynd, að almenna skólakerfið gæti fullnægt þeirri þörf sem hér ræðir um, en það held ég að

komi engan veginn til greina. Þetta er hluti af fullorðinsfræðslunni og vissulega mjög mikilsverður hluti. Það er nefnilega svo, að oft finna ungir menn, hvort sem þeir eru í röðum verkamanna, sjómanna eða iðnaðarmanna eða einhverra annarra, sig ekki félagslega hæfa eða í stakk búna til þess að standa að félagsmálum á unga aldri, einmitt á þeim tíma sem námið er þeim hægast. En síðar á lífsleiðinni koma t. d. sjómenn í land og hætta að stunda sjóinn. Þá er brauðstrit hvers eins verkamanns kannske ekki eins erfitt og þeir gefa sér tíma til að huga að sínum stéttarfarslegu málum, en þá finna þeir sig í þeirri stöðu að þá vantar alla þekkingu á félagsmálum, og það er þarna sem ég held að meginkostur þessa frv. komi fram. Ég held að mennirnir, sem treysta sér til þess seinna að vinna að málefnum stétta sinna, að félagsmálum alþýðunnar í landinu, þurfi að fá þekkingu sem þeir fengu ekki í uppvexti sínum og höfðu ekki tækifæri til að afla sér á þeim árum. En að fara að bíða eftir heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu og að drepa þessum málum á dreif, það finnst mér alveg fráleitt, því að löggjöf um fullorðinsfræðslu er mikið verk og seinunnið og það yrði ekki til neins annars en að tefja þetta góða mál, sem ég álít að sé. Ég óska því eftir að þessi hv. d. sjái sér fært að flýta þessu máli og koma því fljótt heilu í höfn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls sérstaklega um félagsmálaskóla alþýðu. En það var ýmislegt sem kom fram, sérstaklega í máli hv. 3. landsk. þm., sem fékk mig til að standa hér upp og segja nokkur orð um frv., sem hér liggur fyrir, og um þann málflutning sem hafður er í frammi hér á hinu háa Alþ. af sumum mönnum þegar málefni verkalýðshreyfingarinnar ber á góma.

Nú er það svo um mig, að ég þarf ekki að taka það sérstaklega fram, að ég beri hag launafólks fyrir brjósti. Ég hef tekið virkan þátt í starfsemi launþegahreyfingarinnar og þarf ekki, eins og hv. 3. landsk. þm., að taka mér þau orð í munn í annarri hverri setningu, að hagsmunir þessa fólks standi mér nærri hjarta, enda held *ég að mér sé óhætt að segja að ég hef aldrei reynt að lyfta* sjálfum mér á því að nota mér baráttu þessa fólks fyrir betri hag og bættum lífskjörum hér í landinu.

Ég held að það sé nauðsynlegt að rifja það upp í þessu sambandi, að þessi hv. þm. skrifaði um það mikla grein í Þjóðviljann á síðasta ári, með hvaða hætti Alþb. gæti misnotað þessi samtök sér til pólitísks framdráttar. Hann talaði um það í því sambandi, að það væri rétt fyrir Alþb. að leggja hart að sínum verkalýðsleiðtogum að beita verkalýðshreyfingunni gegn ákvörðunum Alþingis, stofna til „alþingis götunnar", eins og hann sjálfur sagði. Það er ástæða til að rifja það einnig upp, að hæstv. viðskrh. hafði það að fyrirsögn í einni af forustugreinum í Þjóðviljanum með hvaða hætti rétt þætti að óvirða þessa æðstu stofnun íslensku þjóðarinnar. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem orðalag og umræður af þessu tagi koma upp hér á landi og ævinlega að undirlagi þeirra manna sem mest og best hafa misnotað verkalýðshreyfinguna sjálfum sér til pólitísks framdráttar, fyrst Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn og nú síðast Alþb.

Ég verð að segja það eins og er, að það hljómar pínulítið undarlega að sú ríkisstj., sem nú situr, eigi að vera einhver sérstök ríkisstj. hinna vinnandi stétta í landinu. Það er ekki einn einasti maður, sem í henni situr, sem hefur, svo að kunnugt sé a. m. k., gegnt trúnaðarstöðum hjá verkalýðshreyfingunni né komist þar á blað, svo að ég sé ekki hvað hún kemur nærri þeim samtökum. (**StJ:** Talar þm. um leiklistarfrv. núna?) Ég tók svo eftir, hæstv. forseti, að því máli hefði verið frestað. (**Forseti:** Til umræðu er 1. mál á dagskrá, félagsmálaskóli.) Ég sé, að hv. 4. þm. Norðurl. e. fylgist ekki vel með því sem fram fer hér í þingsölum. Hins vegar kemur þetta illa við þennan hv. þm., og við skulum þá rifja upp hvernig á því stendur, að þessum hv. þm. *er sérstaklega í nöp við það* að orðaskipti verði milli mín og Alþb. og hv. þingmanna þess út af verkalýðsmálum, út af launamálum og út af því sem borið hefur á góma í því sambandi.

Ég vil þá rifja það upp, að við áttum í kosningaslag á s. l. vori, þar sem hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, lýsti yfir að hann gerði það að algeru skilyrði fyrir því, að hann styddi ríkisstj., að hún kæmi samningunum í gildi. Þetta hefur þessi hv. þm. ekki staðið við, heldur þverbrotið öll fyrirheit sín til kjósenda í því efni, og það sem meira er, mér er ekki kunnugt um að starfsfólk Akureyrarbæjar, sem hann lofaði sérstaklega nokkrum dögum fyrir kosningar að Alþb. mundi sjá um að fengi launahækkanir í samræmi við gildandi samninga, hafi fengið þær. Ég held því að allt það, sem þessi hv. þm. hefur að segja um verkalýðshreyfinguna og afskipti sín af henni sé fyrst og fremst saga um blekkingavef og ósannindi. (**StJ:** Þm. stendur í stólnum og segir ósatt.) Ég legg það undir dóm hv. þdm., hvort þeir trúa mér eða þér þegar um er að ræða að annar hvor segir satt.

Ég vil vekja athygli á því, að hv. 3. landsk. þm. talaði hvað eftir annað um það í ræðu sinni, að félagsmálaskóli alþýðu ætti að hafa stéttarlegt, fræðslulegt og faglegt uppeldi meðlima sinna. Síðar talaði hann um hið beina, stéttarlega og baráttulega uppeldi. Það er stundum pínulítið erfitt að átta sig á því, hvað menn eiga við. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að við séum að setja á fót fræðslustofnanir til þess að móta skoðanir þeirra sem í þessa skóla fara. Við viljum að menn afli sér sjálfir þekkingar með frjálsum hætti, þeir fái að kynnast málunum frá báðum hliðum, en þeir séu ekki mataðir á upplýsingum. *Einmitt sú tortryggni, sem fram hefur komið frá mörgum* mönnum í sambandi við þetta mál, stafar af því, að það er beinlínis fullyrt að ýmsum mönnum, eins og nú síðast af hv. 3. landsk. þm., að þessum skóla hafi verið misbeitt af Alþýðusambandinu og hann hafi ekki gegnt því hlutverki sem honum er ætlað, að vera almenn fræðslustofnun fyrir alþýðu, þegar hann talar um að hlutverk skólans sé að vera baráttutæki fyrir breyttu þjóðfélagi. Öll vitum við hvað breytt þjóðfélag þýðir í munni þessa hv. þm. Við höfum séð ótal yfirlýsingar hans um það, hvernig kamelljónið hefði breyst og orðið rautt, sem það var ekki einu sinni, og vitum hvað hann á sérstaklega við í þessu sambandi.

Annars get ég ekki séð hvernig Alþ. getur sett á stofn skóla sem hafi það að sínu öðru meginmarkmiði að veita fræðslu um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið, án þess að atvinnurekendur, þeir sem í þessum hagsmunasamtökum eru, hafi eitthvað um það að segja, hvernig þessi fræðsla sé, í hvaða formi hún sé, hvernig hún sé matreidd. Ég get ekki skilið að það sé neitt hættulegt við það, að atvinnurekendur hafi eitthvað um það að segja, ef ríkisskóli er stofnaður, með hvaða hætti þeirra eigin hagsmunasamtök, stefna þeirra og starfsemi sé túlkuð í þeim skóla. Ég hélt að við í þessu litla þjóðfélagi — við erum ekki svo margir hér — ættum

að hafa það mikinn skilning og það mikinn trúnað hver gagnvart öðrum, að okkur ætti að vera vorkunnarlaust að vinna saman að svo almennum markmiðum sem hér eru, og ætti að búa svo um hnútana að ekki komi upp ástæðulaus tortryggni um að hér sé verið að fara eitthvað rangt að.

Ég persónulega efast ekki um að hv. 5. þm. Reykn. hafi heilbrigð og eðlileg viðhorf þegar hann flytur þetta frv. Ég sat ekki á þingi þegar hann flutti sína ræðu, en ég efast ekki um að það gekk honum ekki til að vera að fara í einhvern feluleik, að vera að komast hjá því að eðlilega verði staðið að þessari félagsstofnun. Það hvarflar ekki að mér, að nokkuð slíkt hafi vakað fyrir 1. flm. þessa frv. né heldur öðrum þeim, sem að þessari frv.-gerð stóðu. (**Gripið fram í:** Hvað á hv. þm. við með því að standa eðlilega að?) Ég á við það, þegar staðið er eðlilega að þessum skóla, að ef ríkið ætlar að setja á stofn sérstaka fræðslustofnun skiptir ekki máli hvert nafn hennar er. Markmiðið með þessum skóla á að vera í fyrsta lagi fræðsla um sögu, starf og stjórn stéttarfélaga, barátta fyrir bættum lífskjörum alþýðustétta. Þetta hefur verið talið ástæða til þess, að tveir stjórnarmenn af þrem skuli skipaðir einn af Alþýðusambandinu og annar af Menningar- og fræðslusambandi alþýðu. Síðan er sagt með sama hætti að fræða eigi um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið. Það hlýtur að verða eðlilegt. Fyrst talað er um þennan tvíþætta tilgang skólans á hið háa Alþ. ekki að gera þarna upp á milli, heldur veita þessum aðilum báðum sama rétt. Ég vil að þetta komi fram hér alveg umbúðalaust, um leið og ég segi það, að ég er ekki þeirrar skoðunar, að það markmið að bæta lífskjörin í landinu til frambúðar náist eins vel og eins fljótt ef við reynum að halda þannig á málum að fulltrúar ríkisvalds, atvinnurekenda og stéttarfélaga séu í eilífum hnippingum eða stríði hver gegn öðrum. Ég hef ekki þessa trú, enda er ég ekki í hópi þeirra manna, sem beita sér fyrir breyttu þjóðfélagi. Ég er ekki einn þeirra manna, sem trúa á „alþingi götunnar", heldur þvert á móti er ég einn þeirra manna sem vilja styrkja það lýðræði, sem hér er í landinu, og reyna að vinna að því að okkur takist að sigrast á vandamálum okkar í sameiningu með góðum huga og í einlægni.

Það er eftirtektarvert í þessu sambandi einnig, að hv. 3. landsk. þm. gerði langt mál úr því að það gæti ónýtt félagsmálaskóla alþýðu, ef hann yrði gerður að ríkisskóla, þrátt fyrir það að tveir menn af þrem í stjórn skólans yrðu frá launþegasamtökunum. Í þessu felst geysileg vantrú á hæfni fulltrúa Alþýðusambandsins til að gegna skyldum sínum og trú á því, að þeir víki frá sínum málstað, sem ég álít að sé algerlega óverðugt og óverðskuldað og ég get ekki fallist á og get ekki skilið hvernig þessi hv. þm. alveg að ástæðulausu og röklaust getur borið fram fyrir hið háa Alþingi. Kennir þar e. t. v. ókunnugleika hans innan þessara samtaka og að hann gerir sér ekki grein fyrir hvernig þau vinna.

Ég vil vekja athygli á því, að þegar þetta mál kom upp á sínum tíma og var flutt af Birni Jónssyni, sem þá var félmrh., 1973, vakti ég athygli á því, að ekki væri gert ráð fyrir að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ætti aðild að þessum skóla. Ég hef ekki átt viðræður við stjórnarmenn þar nú, en á þeim tíma var áhugi á því að koma inn í þessa stofnun ef henni yrði breytt í ríkisskóla. Ég vænti þess, að sú þd., sem þetta mál tekur til meðferðar, gefi því sérstakan gaum.

Ég vil einnig gera þá aths., að ég tel ekki rétt að Alþýðusamband Íslands og Menningar- og fræðslusamband alþýðu hafi þarna sameiginlega tilnefningu, heldur tel ég rétt að Alþýðusamband Íslands eitt skipi tvo skólanefndarmenn og Menningar- og fræðslusambandi alþýðu sé þar sleppt. Ástæðan fyrir þessu er sú, að hætt er við því, að ef þessi háttur verður á hafður, að hvor þessara aðila um sig ráði tilnefningu eins nm. Ég tel heppilegra að stjórn Alþýðusambandsins skipi báða mennina. Ef upp kæmi ágreiningur um menn mun minni hl. þar hafa meiri rétt en ella. Þetta er í samræmi við þær skoðanir mínar, að ég tel að réttur minni hl. í stéttarfélögum sé ekki tryggður sem skyldi. Minni hl. hefur ekki aðstöðu til að fylgjast með því sem gerist, hvernig fjármununum er ráðstafað og þar fram eftir götunum. Það hefur margt vafasamt komið fyrir í sögu verkalýðshreyfingarinnar að þessu leyti, og ég tel eðlilegt að gefa því gaum, að minni hl. sé veittur meiri réttur í slíkum samtökum en verið hefur um hríð.

Það var eitt sem kom upp í huga minn í sambandi við Félagsmálaskóla alþýðu undir ræðu hv. 3. landsk. þm., og það var hvaða námsefni og hvaða námstilhögun sé í Félagsmálaskóla alþýðu. Ég held að það hljóti að vera óhjákvæmilegt eftir þau ummæli, sem hv. 3. landsk. þm. hafði hér áðan, að þingdeildarnefnd — ætli það sé ekki félmn. — fái gögn um það, hvað sé kennt í Félagsmálaskóla alþýðu, fái þær námsbækur, sem þar eru kenndar, og það námsefni, sem þar er kennt, þannig að þm. gefist kostur á því að kynna sér þetta mál ofan í kjölinn, ekki síst eftir að fram er komin, að vísu í orði, ekki formlega tillaga, en tilmæli um að þessum skóla ásamt Menningar- og fræðslusambandi alþýðu verði afhentar 100 millj. kr. Það er ekki lítið fé og ekki lítið atriði að því verði vel varið. Þótt milljónirnar yrðu ekki nema 15, eins og mig minnir að annar hv. þm. hafi talað um, þá held ég að það yrði afskaplega fróðlegt fyrir þm. að fá þessi gögn í hendurnar, hvað sé kennt í Félagsmálaskóla alþýðu, fá þau erindi og fá þær námsbækur sem þar eru á dagskrá.

Það má tala langt mál almennt um starf verkalýðshreyfingarinnar og þá fræðslustarfsemi og þá málefnalegu umr. sem þar á sér stað. Ég held að þeir, sem þar eru kunnugir, geti verið mér sammála um að oft skortir mikið á að mál séu þannig lögð fyrir í hinum einstöku stéttarfélögum, að menn geti mótað sér sjálfstæðar skoðanir um hvað raunverulega sé á ferðinni. Ég held að það sé afskaplega algengt, að umr. innan stéttarfélaganna séu mjög einhliða og þess ekki gætt sem skyldi að skýra frá mismunandi viðhorfum þó upp komi. Það er líka staðreynd, að úti um land hafa menn ekki haft sömu tök á því og þeir, sem hér búa, að taka þátt í félagsmálaskólanáminu. Menn eiga erfitt með að sækja skólann og komast illa um langan veg til þess að stunda þar nám. Ég vil þess vegna leggja áherslu á það, að almennt fræðslustarf innan stéttarfélaganna er geysilega þýðingarmikið, mjög nauðsynlegt, ekki síst á hinum smærri stöðum, því að eins og þeir vita, sem kunnugir eru þeim málum, hefur oft komið fyrir að erfitt er að fá menn til þess að taka að sér trúnaðarstörf í stéttarfélögunum. Þrátt fyrir það að ýmis landsamtök Alþýðusambands Íslands og fleiri aðilar hafi lagt mikla vinnu í það að örva menn til almennrar þátttöku í stéttarfélögunum hefur það ekki tekist nógu vel. Fundir, jafnvel um hin þýðingarmestu mál, eru oft og raunar oftast fámennir og áhugi á kjarabaráttunni misjafn. Því er ekki að neita, að veruleg-

an þátt í þessu áhugaleysi hins almenna launþega fyrir virku starfi í stéttarfélögunum á sú pólitíska misbeiting sem þar hefur vissulega átt sér stað og einkanlega nú á öndverðu þessu ári.

Umr. frestað.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 106). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í 2. gr. leiklistarlaga segir svo með leyfi forseta:

„Ríkið rekur og kostar Þjóðleikhús og Leiklistarskóla Íslands eftir því sem fyrir er mælt í löggjöf um þessar stofnanir og í fjárlögum.

Alþingi veitir einnig árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi: I. Til Leikfélags Reykjavíkur. II. Til Leikfélags Akureyrar, III. Til Bandalags ísl. leikfélaga. IV. Til almennrar leiklistarstarfsemi. V. Til leiklistarráðs."

IV. liðurinn, sem hér var nefndur, almenn leiklistarstarfsemi, er ætlaður þeim mörgu áhugaleikfélögum sem setja upp leikverk víðs vegar um land, og á fjárl. ársins 1978 voru ætlaðar 11 millj. kr. til þeirrar starfsemi. Upphæðinni er hins vegar skipt í réttu hlutfalli við fjölda leikverka sem sett eru upp, þannig að upphæð er fyrir hvert leikverk og því miður mjög lág upphæð vegna þess hvað heildarfjárhæð skiptist til margra áhugaleikfélaga. Spurningin verður þá sú, hvar eigi heima þeir leikhópar sem telja sig atvinnuleikhópa, en flokkast þó ekki undir Leikfélag Reykjavíkur eða Leikfélag Akureyrar, þá tvo atvinnuleikhópa sem hér eru sérstaklega nefndir. Það er allmikið um atvinnuleikhópa af þessu tagi, en með ströngum skilningi á þessum lögum hafa ýmsir komist að þeirri niðurstöðu, að ekki væri grundvöllur til þess að veita slíkum hópum neinn stuðning. Þeir fá ekki neinn stuðning samkv. III. lið 2. gr. og ekki heldur samkv. IV. lið, þar sem um er að ræða atvinnuleikhópa. Og jafnvel þótt þeir kæmust undir þann lið, þá mundi það engu breyta um fjárhag slíkra hópa vegna þess að þeir setja upp leikverk og sýna á mörgum sýningum, öndvert við það sem gerist þegar um áhugaleikhópa er að ræða, sem venjulega hafa ekki mjög margar sýningar. Þeir kosta miklu meira til, og þær upphæðir, sem hér var um að ræða, mundu draga mjög skammt.

Það er einróma álit þeirra sem til þekkja, að ekki hafi verið ætlunin með frv. til leiklistarlaga að ekki mætti styrkja leikstarfsemi af framangreindu tagi. Menn hafa að vísu deilt fast um það, hvort þetta gæti rúmast innan núgildandi laga eða ekki, og það er einmitt aðaltilgangur þessarar lagabreytingar að taka nú af öll tvímæli um það, að rétt sé og skylt að fjárveitingar Alþingis nái bæði til tiltekinna atvinnuleikhúsa, eins og greinir í lögunum, og einnig til starfsemi áhugaleikfélaga, eins og verið hefur um langa hríð, og þar að auki til sjálfstæðra leikhópa sem ýmist eru skipaðir atvinnuleikurum eða bæði atvinnu- og áhugaleikurum.

Það er tilgangurinn með flutningi þessa frv., að við afgreiðslu fjárl. verði hægt að taka tillit til þessarar lagabreytingar, og þarf því að hafa hraðan á að afgreiða þetta mál ef vilji er fyrir hendi að afgreiða það á annað borð. Ég vil því eindregið skora á hv. menntmn. Ed. að taka þetta mál tafarlaust til meðferðar og skera úr um það fyrir sitt leyti, hvort hún treystir sér til að veita þessu máli brautargengi.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil færa hæstv. menntmrh. þakkir fyrir þetta frv. til l. um breyt. á leiklistarlögum, en frv. um mjög svipaða breytingu flutti ég á þinginu í fyrra, en það varð þá ekki útrætt. Það var til komið af þessari sömu ástæðu sem hæstv. menntmrh. nefndi, að það var vefengt mjög að samkv. núgildandi leiklistarlögum væri t. a. m. fjvn. heimilt að veita atvinnuleikhópum fjárhagslegan stuðning, lögin í raun og veru kæmu í veg fyrir það. Það er rétt sem hæstv. ráðh. kom inn á, að við upphaflega endurskoðun leiklistarlaganna, sem var gerð að till. okkar hv. fyrrv. þm. Karvels Pálmasonar, var alltaf ætlunin í þeirri n. sem að því stóð, að þessi breyting á leiklistarlögunum næði til þessara hópa. Í rn. urðu hins vegar þær breytingar á þessum lagagreinum, að það mátti með nokkrum rétti vefengja rétt þeirra til að hljóta þessar fjárveitingar. Ég var aldrei á þeirri skoðun að þetta væri rétt, en hins vegar varð ég að beygja mig fyrir t. d. meiri hl. í fjvn. í fyrra, sem taldi að sá aðili eða þeir aðilar tveir reyndar, sem þar sóttu á, ættu þarna ekki fyllilega lagalegan rétt. Með samþykkt þessa frv. væri þessu komið á hreint, en eftir sem áður væri það háð ákvörðun fjvn. hverju sinni, hvaða leikhópar fengju fjárhagslegan stuðning og hve mikill sá fjárhagslegi stuðningur yrði. Mér er hins vegar alveg ljóst, að það er ákveðinn hópur starfandi í dag sem fyllilega á skilið að hann sé styrktur af ríkisins hálfu, og ég hef reyndar flutt um það brtt. við fjárlagaafgreiðsluna tvö undanfarin ár. Ég vona að jafnvel þó að þetta frv., sem ég vona að nái fram fyrir áramót, verði ekki að lögum svo snemma, þá takist fjvn. að leiðrétta þau mistök, sem hafa orðið við fjárlagaafgreiðslu síðustu tvö ár, og þessi leikhópur a. m. k. fái stuðning.

Hins vegar get ég í þessu tilfelli ekki stillt mig um samanburð, þótt hann sé alltaf leiðinlegur í þessu efni. Ég kann vel að meta starfsemi Þjóðleikhússins og veit að hún er vissulega mikils virði, alveg sérstaklega mikils virði fyrir þetta svæði hér, Reykjavíkursvæðið. Fyrir okkur landsbyggðarfólk hefur hún vægast sagt takmarkað gildi, svo að ekki sé meira sagt. Ég bendi á að í frv. til fjárl. nú eru ætlaðar til starfsemi Þjóðleikhússins 584 millj. kr. Í fjárl. s. l. árs var þar um að ræða 359 millj. Þessi breyting mun að vísu stafa að hluta til af eðlilegum launabreytingum, en hér er líka um að ræða að þessi ágæta stofnun er alltaf að færa út starfsemi sína. Ég bendi á það, að á sama tíma er fjárstuðningur ríkisins til annarrar leiklistarstarfsemi ákaflega takmarkaður. Leikfélag Reykjavíkur er með 14 millj. á fjárl. þessa árs og með sömu upphæð í frv. til fjárl. Leikfélag Akureyrar er með 11 millj. á fjárl. þessa árs og með sömu upphæð á frv. til fjárl. núna. Og öll áhugaleikstarfsemi í landinu er með 11 millj. einnig, um 60 leiksýningar. Nýbúið er að skipta þeirri upphæð og þar var hæsti styrkur á einstaka sýningu, þ. e. a. s. sýningu á íslensku leikverki, 220 þús. kr., 200 þús. til barnaleikrita, 170 þús. til erlendra leikrita sem teljast til menningarverka og 110 þús. til svokallaðra „farsa". Þetta er sem sagt ríkisstuðningurinn við áhugaleikfélög.

Um leið og ég fagna því, að þetta frv. er komið fram til þess að taka af allan vafa um það, að fjvn. hafi fullt vald til þess að ráðstafa nokkru fé til þeirra atvinnuleikhópa

sem eiga það skilið, þá get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á því, hve fjárvöntun er mikil til almennrar leiklistarstarfsemi í landinu. Ég þykist vita að Reykjavíkurborg sjái þann veg fyrir sínu leikfélagi hér í Reykjavík, að því sé ekki mikil hætta búin. Ég veit að Leikfélagi Akureyrar er geysileg hætta búin í sambandi við fjárveitingu ef hún á að standa óbreytt, ég tala nú ekki um ef hún á að standa óbreytt í krónutölu nú á þessu ári. Og ég sé ekki annað en ef við gerum ekki myndarlegt átak í því að hækka framlög til leiklistarstarfsemi áhugafólks, þá sé beinlínis verið að drepa hana hreinlega niður. Hún verður ekki framkvæmd með góðu móti með þeim fjárstyrk sem nú er, nema þar sem aðstæður eru sérstaklega góðar og menn geta náð til stórs áhorfendahóps og sýningarnar eru sérstaklega vel sóttar.

Ég vil aðeins vekja athygli á þessu hér og um leið vona að fjvn. taki vel á þessu máli. Ég mun a. m. k. beita mínu atfylgi þar til þess að svo verði, að leiklistarstarfsemi almennt í landinu verði stórefld með framlögum í fjárl. næsta árs, og beinlínis til þess — það endurtek ég — að áhugastarfsemin, starfsemi áhugafélaganna hreinlega drabbist ekki niður. Hitt er svo rétt að undirstrika, að það er jafnnauðsynlegt að atvinnuleikhópar af því tagi t. d. sem Alþýðuleikhúsið er eigi tilverurétt og fái stuðning. Það hlýtur auðvitað á engan hátt að draga úr mikilvægi hins, að rétta hlut áhugafélaganna.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil láta þá skoðun í ljós, að eðlilegt sé að flytja þetta frv., og ég mun styðja þetta frv.

Þegar frv. til leiklistarlaga var lagt fram á sínum tíma, mér er kunnugt um það, þá var það nokkuð snöggsoðið frá minni hendi. Þá voru líka ekki mjög áberandi þau samtök sem nú eru að eflast, þ. e. samtök fagfólks í leiklist sem varla heyra undir áhugastarfsemi.

Ég hygg að það sé bæði nauðsynlegt og eðlilegt að setja þetta ákvæði inn í leiklistarlögin. Okkur er vissulega vandi á höndum með stuðning við leiklistarstarfsemina í landinu. Það er kannske ekki sérstaklega eitt form fremur en annað, því það er svo mikil gróska í þessu öllu saman og hefur verið það á undanförnum árum. Áhugaleikfélögin hafa blómstrað, og að mínum dómi er það ótrúlega mikið menningaratriði að slíkur félagsskapur sé starfandi í hinum ýmsu byggðarlögum og hann geti fengið viðunandi skilyrði. Einnig, eins og vikið er að í grg., hefur það gerst með tilkomu Leiklistarskólans, sem raunar starfar í framhaldi af öðrum skólum sem voru starfandi hér áður en hann tók til starfa, að leikurum fjölgar mjög, svo það er hæpið að fólk fái alltaf fulla vinnu í sínu fagi. Látum það liggja á milli hluta. En það er a. m. k. eðlilegt að veita þessu fólki þann stuðning sem við megnum. Hitt er svo, að það verður sjálfsagt seint stutt við bakið á öllum, hvort sem það er fagfólk eða áhugafólk, eins og menn raunar vilja, því að almenningur sýnir þessari starfsemi mikinn áhuga og þess vegna blómstrar hún. Það verður náttúrlega seint gert, því að þarfirnar eru alls staðar miklar. En alveg sérstaklega er kannske erfitt að fást við svona mál, lykta fjárveitingum af þessu tagi, þegar það gerist sem hér hefur gerst, að það verður svona snöggur fjör- og vaxtarkippur í viðkomandi starfsemi.

Ég get ekki stillt mig um að láta það fljóta með þessum orðum, að það hefur verið afskaplega vandræðaleg afgreiðsla á ýmsum menningarfjárveitingum að undanförnu hjá okkur hér á hv. Alþ. Sumar þessara fjárveitinga, þó að enginn vilji út af fyrir sig fella þær niður, hafa staðið í stað í krónutölu árum saman. Ég lét gera lista fyrir einum tveimur árum, held ég, um þessar fjárveitingar, þær eru nokkuð margar á vegum menntmrn., og það var raunar hörmulegt að sjá þá útfærslu á stuðningi til ýmissa ágætra menningarmála sem þar var fjallað um og höfðu kannske fengið verulegan styrk fyrir nokkrum árum, en síðan staðið í stað í krónutölu eða hvergi nærri hækkað í samræmi við verðlag.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka hv. 3. þm. Austurl., Helga Seljan, fyrir ágætar undirtektir hans. Mér kom það sannarlega ekki á óvart, þar sem hann hefur áður vakið máls á þessu *vandamáli í þinginu, þó að sú breyting, sem hann gerði* till. um, næði þá ekki fram að ganga. Ég vil líka þakka hv. 2. þm. Austurl., fyrrv. menntmrh. Vilhjálmi Hjálmarssyni, fyrir ágætar undirtektir. Hann þekkir þessi mál afar vel. Ég er sammála því sem fram kom hjá þeim, að það er afleitt hvað fjárveitingar til leiklistarstarfsemi í landinu hafa rýrnað á undanförnum árum. Úr því verður tvímælalaust að bæta.

En ástæðan til þess að ég stóð hér upp — aðalástæðan skulum við segja — var sú, að ég rak augun í að það hefur slæðst inn í frv. meinleg villa sem ekki átti þar að vera. Hér segir í 1. gr.: Liður IV í 2. gr. laganna orðist svo: Til leiklistarstarfsemi áhugaleikfélaga". Á þessu stigi við undirbúning þessa máls var talið skynsamlegt að orða þetta á þennan veg, að tala um áhugaleikfélög. En við nánari skoðun fannst mönnum miklu eðlilegra að tala hér um áhugafélög, vegna þess að í mörgum tilvikum er um að ræða, að ýmis félög setja upp leiksýningar. Það eru verkalýðsfélög, það eru ungmennafélög og ýmis önnur félög sem setja upp leiksýningar sem eru að öllu leyti sambærilegar við leiksýningar áhugaleikfélaga og eiga því að hljóta styrk og hafa fengið styrk á undanförnum árum. Það er engin ástæða til að breyta þar neinu. Þetta orðalag gæti hins vegar valdið því, að þessi félög væru útilokuð frá að fá styrk. Þess vegna var búið að orða þetta á annan veg. En svona vill það nú vera, að þegar draugur kemst inn í frv., þá er stundum erfitt að kveða hann niður. Einhvern veginn hefur þetta fyrir mistök komist aftur inn í handrit, og ég vil mælast til þess við menntmn. Ed. að hún leiðrétti þessa villu. Það var alls ekki ætlun menntmrn. að málið yrði flutt með þessu orðalagi.

Umr. frestað.

Neðri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 10). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 96). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 47). — Frh. 1. umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Við höfum hér á þskj. 47 gamlan uppvakning. Að vísu er draugur þessi ekki vakinn upp nú af sömu mönnum, en mér sýnist að særingarþulan sé með sama hætti og áður. Við höfum tekist á um þessi mál og þessa skipan mála hér á hinu háa Alþingi um alllanga hríð og um mörg undanfarin ár og hvati þess aðallega verið skrif fjölmiðla og umræður í fjölmiðlum um kaup og kjör alþm.

Það er rétt sem fram kom í umr. hér á dögunum, að alþm. munu ævinlega verða í sviðsljósinu og þess vegna munu verk þeirra háð gagnrýni, svo sem vera ber, og ekki karlmannlegt að víkja sér undan því að einu eða neinu leyti, síst því, sem lýtur að þeim sjálfum.

Ég vil í upphafi, þó ég ætli raunar ekki að hafa hér langt mál um, áminna menn um það sérstaklega að rugla ekki saman, svo sem þeim hættir til og kom skýrlega í ljós hér í umr. fyrir tveimur dögum, beinum launum til hv. alþm. og öðrum kjörum þeirra. Þegar menn ræða nú um að með frv. þessu sé lagt til að vísa ákvörðun um laun alþm. til Kjaradóms, þá er þess að geta að þau eiga þar heima og hafa átt um alllanga hríð og Kjaradómur hefur kveðið upp úrskurð sinn um beinar launagreiðslur alþm. Á annan áratug hefur skipan mála verið sú, að þingfararkaupsnefnd hefur einvörðungu haft með að gera ákvarðanir um önnur kjör þm., svo sem bifreiðastyrk, húsaleigustyrk, fæðispeninga o. s. frv. Þarna þurfa menn að gera skörp skil í milli vegna þess að þann veg er þessu háttað, en ég minnist þess að í umr., sem urðu um þetta mál á s. l. vetri, var því slegið föstu að alþm. hefðu þá tekið ákvörðun um það sjálfir að hækka sig í launum einna mest af öllum þjóðfélagshópum milli ára sem þá voru dæmi finnanleg um eftir þær miklu kauphækkanir sem urðu í þjóðfélaginu. Þessu var slegið föstu og ég gat ekki betur séð en þó skýringar væru gefnar, þá hefði það litla stoð. Menn vildu trúa þessu, að þm. hefðu tekið ákvarðanir um það sjálfir að hækka sjálfa sig hlutfallslega meira en vel flesta aðra.

Þessu var ekki þann veg háttað. Ákvörðunin um kaup okkar fór eftir lögum þar sem segir að þm. skuli launaðir eftir þriðja hæsta launaflokki starfsmanna ríkisins. Að vísu, eins og bent var á, höfðu alþm. á sínum tíma tekið um það ákvörðun að skipa þennan flokk, þannig að auðvitað mátti til sanns vegar færa að með þeirri ákvörðun bæru þeir frumábyrgð á þeim úrslitum sem urðu í þessu máli. En þannig er það raunar um öll mál sem lög ganga um, að auðvitað eiga alþm. í upphafinu frumkvæðið og bera ábyrgðina. Því er það, að enda þótt menn vilji nú axla fram af sér þessari ábyrgð, þá komast þeir aldrei hjá því, að þeir verði kallaðir til ábyrgðar um það hver sem úrslit verða, að hafa þann veg skipað þessum málum. Til hvers mundi augljóslega leiða að við kölluðum til Kjaradóm eða vísuðum okkar málum öllum til meðferðar í þeim ráðum og nefndum sem hafa með skipan þessara mála að gera, og á ég þá sérstaklega við þá þætti sem enn eru í höndum þingfararkaupsnefndar?

Ég held það fari ekkert á milli mála til hvers þetta mundi leiða. Það kemur ekki til nokkurra greina að ætla þeim embættismannanefndum, sem hafa með úrskurði að gera varðandi dagpeninga, bifreiðakostnað og aðra launataxta ríkisstarfsmanna, að þær mundu ákveða þm. önnur kjör en öðrum ríkisstarfsmönnum. Og til hvers mundi það leiða? Ég hef e. t. v. ekki í höndum nýjustu upplýsingar um þetta efni, en þær sem ég hef eru, að nú eru ríkisstarfsmönnum ætlaðar 2.800 kr. til að kaupa sér fyrir gistingu í einn sólarhring og til framfærslu sér að öðru leyti 5.200 kr. Þm. eru nú eftir síðustu ákvörðun þfkn. ætlaðar 4000 kr. til þess að greiða fyrir húsaleigu. Mismunur á því og þeim reglum, sem ríkið hefur sett fyrir aðra starfsmenn sína, er 1200 kr. á dag, 36 000 kr. á mánuði. Og ég vil skjóta því hér inn í, að því sem mál okkar eru afflutt og við verðum undir því að liggja, sbr. það að þegar við gerðum tilraun til þess í fyrra að bera af okkur sakir í þessu efni, þá skrifaði Morgunblaðið í leiðara að slíkt ætti ekki við, að þegar þfkn. tók um það ákvörðun nú á dögunum að hækka þessi kjör þm. ári eftir nokkuð til samræmis við verðlagsþróun í landinu, en þó ekki alveg, þá berast nú lesendabréf til dagblaðanna þess efnis, að nú hafi alþm. tekið upp á því að hækka laun sín um þetta frá 25% til 30 og eitthvað %. Og mér er nær að halda að meginþorri alls almennings standi í þeirri meiningu að þetta hafi verið gert. Þannig hefur málið verið flutt. Og ef menn halda, þó að ýmsir af klárvígustu gagnrýnendum alþm. undanfarin ár hafi nú skroppið inn í Alþ., að það verði ekki einhverjir til þess að taka við af þeim í kolakjallara Dagblaðsins t. d., þá er það líka misskilningur.

En hvað þá um dagpeningana? Þar er úrskurður hinn nýjasti sem ég hef frá 1. maí að vísu. Það kann að vera, að nýr úrskurður hafi verið kveðinn upp um þetta efni 1. okt., en ég vil þó ekkert um það fullyrða. Þar eru ríkisstarfsmönnum ætlaðar 5200 kr. um þetta gat ég. En það var gistingin sem ég ætlaði að víkja að, þar er þetta 2800 kr. á dag eða 84 þús. kr. á mánuði. Nýjasta ákvörðun þfkn. hljóðar upp á 55 þús. kr. þannig að hér er mismunur 29 þús. kr. Ef við leggjum nú þessa tvo þætti saman, fæðispeninga og húsaleigustyrk, þá er mismunur þarna 65 þús. kr.

Nú er það ljóst, að þfkn. hefur ekki á undanförnum árum tekið alfarið tillit til verðlagsþróunar. Hún er ævinlega neðar en sem henni hefur numið, þannig að stofninn nú, þegar hækkað er eftir verðlagsvísitölu, er miklu lægri en hann ætti að vera. En ég er þess fullviss, að yrði þetta frv. samþykkt, þá yrði auðvitað tekin um það ákvörðun að við skyldum njóta sömu kjara og allir aðrir starfsmenn ríkisins.

Menn munu nú e. t. v. spyrja sem svo: Hvernig stendur á því að alþm. fara ekki eftir sömu reglum í þessu efni og ríkið ætlar öllum öðrum starfsmönnum sínum? Því er til að svara, að enda þótt einstaka þm. búi þann veg að þeir ættu skilið að hafa þessi kjör, þá er svo ekki um velflesta, og fyrir því er það að menn hafa farið þennan milliveg. Það er ekki svo um velflesta. Allmargir þm. eiga orðið íbúðir í borginni sem þeir geta búið í og komist þannig miklu betur af en ef þeir þyrftu að leigja sér húsnæði. Enn fremur er þess að gæta, að hér er um dagpeninga til handa ríkisstarfsmönnum að ræða og að öllum líkindum

er dýrara að bregða sér örfáa daga frá heimili sínu. Menn þurfa þá að kaupa dýrari dómum fæði og annað sem tilheyrir heldur en ef menn geta sett sig niður lengri tíma á sama stað, eins og við þingstörf hér í 7-8 mánuði ársins. Þessi er skýringin. En auðvitað getur embættismannanefnd ekki gert þennan stigsmun á, þannig að menn verða að ganga að því með opin augu, að þetta frv., ef að lögum verður, leiðir til stórfelldra kjarabóta þm., og til þess eru máske refarnir skornir. Ekkert skal ég um það segja. Og ef menn halda að af því að alþm. ákveði með lögum að axla þessu fram af sér, þá lækki í þeim röddum sem hafa gagnrýnt þá fyrir of háar aukagreiðslur til að mynda, þá er það alger misskilningur. Okkur hélst ekki einu sinni uppi í vetur er leið að halda því fram, að við hefðum ekki tekið ákvörðun um þessa miklu launahækkun okkar sem varð, af því að við höfum fyrir 15 árum eða svo tekið ákvörðun um að svona skyldi þessum málum skipað og við mundum hafa svo sem séð það fyrir til hvers það mundi leiða okkur til góða.

En þetta er auðvitað ekki meginatriðið í afstöðu minni til þess að ég hef löngum verið því fylgjandi að þm. tækju ákvarðanir um öll laun sín og öll kjör. Þetta, sem ég nú hef rakið, er ekki meginástæða þess. Ég vil nefna það sem dæmi, að það er sannfæring mín að þau laun, sem okkur var gert að fá samkv. kjaradómi sem síðast gekk, mundu ekki hafa verið stimpluð inn í fundargerðabók þfkn. ef okkur hefði verið sjálfrátt í málinu. Ef við hefðum átt að ákveða hver hækkun okkar skyldi verða að gengnum kjaradómi, þá liggur alveg ljóst fyrir að við hefðum athugað um það, hversu mikil hækkun okkar var í samanburði við aðrar stéttir þjóðfélagsins. Þetta gerðum við ekki, því að ekki er á valdi þfkn. að taka um þetta ákvörðun. Það eru lög sem gilda um hvaða laun við skulum taka, og það er samkv. þriðja hæsta flokki í launastiga starfsmanna ríkisins. Þess vegna er það ekki lengur nema bókunaratriði hjá þfkn., hvaða laun þm. taka, því að hún hefur ekkert um það að segja. En þar með rötuðum við í þá ógæfu, sem ég vil kalla, að stimpla hér, þótt eftir kjaradómi væri, laun sem að vísu voru ekki þau hæstu á milli ára sem um gat í þjóðfélaginu, því að vitanlega eru fjölmargir aðrir í sama flokki og við og njóta auk þess ómældrar yfirvinnu, sem þýðir óunna yfirvinnu 20% ofan á sama skala og við erum í, þingmenn. Það fundust auðvitað sambærileg og ögn hærri dæmi. En allt að einu, þá var þetta afar óskapfellilegt, svo að ekki sé meira sagt. Gerðu menn raunar tilraun til þess, þegar þetta lá ljóst fyrir, að ná samkomulagi um að bera fram breytingu á þingfararkaupslögunum, þar sem við tækjum nýja ákvörðun, ákvörðun um annan launaflokk en þennan þriðja hæsta. En ekkert samkomulag varð um það og því hlaut þessi niðurstaða að verða.

Ég er þeirrar skoðunar, að hið háa Alþingi eigi að hafa manndóm í sér til þess að taka þessar ákvarðanir allar sjálft og eiga þær ekkert undir embættismenn að sækja. Hið háa Alþingi tekur vitaskuld örlagaríkustu ákvarðanir sem teknar eru í málefnum allrar þjóðarinnar, og ef alþm. eru ekki menn til þess að standa fyrir máli sínu varðandi eigin hag, kaup og kjör, þá gef ég ekki mikið fyrir þann manndóm.

Eins og hv. þm. Halldór E. Sigurðsson gat um, munum við ævinlega vera í sviðsljósinu og liggja undir harðri gagnrýni. Það er auðvitað misjafnt hvílíkt skaplag menn hafa og með hvaða hætti þeir beita vopnum sínum, eins og ég vil meina að hafi verið gert á nokkuð svo óvæginn máta og jafnvel gagnrýnisverðan, óheiðarlegan næstum að segja, á undanförnum missirum í garð okkar þm. að þessu leyti. En allt að einu, enda þótt menn hafi skapsmuni til þess, þá er að taka því.

Ég legg, án þess að vilja lengja mál mitt miklu meira, höfuðáherslu á það, að samþykki þessa frv. til l. um breyt. á lögum um þingfararkaup alþm. þýðir stórfelldar hækkanir á aukagreiðslum til þm. vegna dagpeninga, vegna húsaleigustyrks og bifreiðastyrks. Það er t. d. þess að geta varðandi bifreiðastyrkinn, að þfkn. hefur ævinlega tekið ákvörðun um það, að þm. skyldu fá á ekinn km. það lægsta sem tíðkast hjá ríkinu, og lægsti taxti hjá því er á olíubornum eða malbikuðum vegum og er nú samkv. þeirra skala 53 kr., á ekinn km. En á öllum öðrum vegum, og í mínu kjördæmi ek ég enga aðra, nema 1.5 km á einum stað eða svo, eru 65 kr. greiddar á km. Þm. t. d. í Austurlandskjördæmi ferðast ekki mikið um ef hann ekur ekki 10 þús. km í kjördæminu á ári. Ég hef einu sinni á 39 daga ferðalagi þar utan kosninga ekið 11 þús. km og það mundi gera mér til handa 650 þús. kr. núna, þegar við höfum nýverið tekið ákvörðun um 500 þús. alls á ári. Ég veit að ýmsir aðrir hafa þessa sögu að segja, og mætti segja mér, að þar sem vegir eru hvað lengstir og veganetið þéttriðnast, eins og á Suðurlandi, ækju menn tvöfalda þessa vegalengd á árinu. Ég efast ekkert um það, en aðrir geta borið um það. Og þá sjá menn að það er ekki lengi gert að taka inn eina millj. kr. eða svo á ári, og það er alveg ástæðulaust að einn eða neinn þm. þurfi að falla í þá freistni að skrá og gefa upp sjálfur, sem yrði að vera í þessu tilfelli, þann kílómetra fjölda, sem hann ekur. Ég er hins vegar viss um að hver og einn mundi skrá það upp á hálfan km. Ég efast ekkert um það. En það er alveg ástæðulaust að vera að beita slíku fyrir menn eða egna, og þess vegna er rétt að hafa þetta ákveðna fjárhæð.

Það kom fram í máli hv. 1. þm. Austurl., Lúðvíks Jósepssonar, að hann endurtók það sem hann hafði áður sagt, að hann væri andstæður því að menn tækju laun nema fyrir eitt fullt starf, eins og fyrir þingmannsstarfið. Auðvitað er þetta skylt þeim umr. sem hér fara fram um það, að þm. eigi ekki að gegna öðrum störfum. Að því ætla ég ekki að víkja nú. En hann nefndi dálítið sérkennilegt dæmi um það, hvort menn væru t. d. reiðubúnir til þess að gjalda einum og sama manninum full læknislaun og prestslaun. Ef einhver sæti nú svona vel að málum að vera þetta hvort tveggja í senn, þá geri ég ráð fyrir að það væri nóg að borga lækninum full laun, því að hann getur þá útvegað hinum slíkar aukatekjur, að ekki þyrfti sérstaklega að hafa föst laun í því efni. En þetta er annað mál, en að vísu þessu skylt.

Að lokum vil ég svo aðeins víkja að atriðinu varðandi skattframtalið, og ég verð að játa að það hefur verið nokkur fleinn í holdi mínu. Að vísu eru alveg skýr ákvæði um það í skattalögum, kostnaður vegna ferðalaga og annars, sem að þessu lýtur, er ekki framtalsskyldur. En það er eins og áður, að við höfum sett þessi skattalög og berum ábyrgð á þeim. Það er líklega alveg rétt líka, að við mundum geta talið fram kostnað með því móti sem lægi yfir þeim greiðslum sem við fáum vegna þessa. En allt að einu, þá er ég þeirrar skoðunar, að þann sið ætti að taka upp að telja allt saman fram. Það er ákaflega óskapfellilegt að draga nokkurn hlut undan sem máli skiptir í skattframtölum, og hér er vissulega um veruleg-

ar fjárhæðir að tefla.

Ég þarf ekki að segja meira, svo að menn megi skilja það á máli mínu, að ég er andstæður þessu frv. Ég hef hins vegar reynt á það á undanförnum þingum, að ekki hefur verið samstaða um það að þm., eins og ég hef viljað, tækju þessi mál alveg í sínar hendur. En það er mér langsamlega skapfelldast, að svo verði og við öxlum alla ábyrgðina. Þm. eiga að bera ábyrgð á sínum launakjörum og vera óhræddir við það. Það er svo annað mál, hvort þann hátt eigi að hafa á um það, að 7 manna n. hafi á þessu alræðisvald. Í raun og veru er svo ekki, því að þá tíð sem ég hef setið í þessari n. hefur ævinlega verið sótt til þingflokkanna og undir þá bornar tillögur til breytinga sem þfkn. hefur verið með milli handanna. En ég legg höfuðáherslu á það, að við mönnum okkur nú upp og berum fram frv. um að slíta allri kjaradómsaðferð og taka málin öll í okkar hendur. Á hinn bóginn er þessi skipan mála, þessi tvískipting í þessu efni, ekki nógu góð, ég skal játa það. Og ef meiri hl. verður fyrir því á hinu háa Alþ., að þessu skuli öllu saman vísað í hendur embættismannanefndar og Kjaradóms og svo þeirra nefnda sem hafa með ákvarðanir um dagpeninga og aðrar aukagreiðslur að gera, þá er auðvitað að taka því. En ég endurtek það enn einu sinni, að með þeirri ákvörðun er beinlínis verið að taka ákvörðun um stórhækkun þessara aukagreiðslna til hv. þm.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Með þessu máli, sem hér er á dagskrá, er togast á um það, hvort þm. sjálfir eigi að ákveða kjör sín eða fela það ákvörðun Kjaradóms. Þeir, sem eru andvígir þessu frv., eru það fyrst og fremst á þeim forsendum, að það sé verið að skerða sjálfstæði þingsins og taka þann sjálfsagða rétt af þinginu að kveða á um það, hvernig kjör þm. skuli vera. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að það sé rétt að breyta þeirri tilhögun, sem nú er, og fela Kjaradómi að taka ákvörðun um kaup og kjör alþm.

Það var því fyrir nokkrum árum, þegar deilur risu enn einu sinni um fyrirkomulag á þessum málum, að við ákváðum það, ég og þáv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, að flytja frv. í þá átt að Kjaradómur hefði þetta með höndum. Það frv. var flutt nokkuð seint á þinginu, var ekki nægilega vel útbúið, en að okkar mati táknrænt og átti að lýsa afstöðu okkar og láta á það reyna, hvernig þingheimi litist á þessa tilhögun. Þetta frv. náði ekki fram að ganga. En aftur á síðasta vetri, þegar deilur risu hátt um kaup og kjör alþm. og ýmsir sérfræðingar úti í bæ, sem töldu sig mest og best vita um Alþ. og hvernig kjörum alþm. ætti að vera háttað, kváðu upp ýmsa sleggjudóma um þessi kjör og þetta fyrirkomulag, þá settist ég niður og samdi frv. í 6 greinum og bauð Gylfa Þ. Gíslasyni að vera meðflm. að þessu frv. Hann tók því boði, en lagði á það áherslu að vera 1. flm., sem ég auðvitað samþykkti góðfúslega.

Nú hefur þetta frv. birst hér í þinginu á nýjan leik, en flm. eru þeir hv. þm. Vilmundur Gylfason og Eiður Guðnason, og mér er auðvitað sönn ánægja að því, að þingflokkur Alþfl. sér ástæðu til þess að taka upp óbreytt frv., sem ég hef samið, og gera að stefnu Alþfl. Hins vegar er það misskilningur, sem fram kemur hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni í blaðagrein nýlega, að við Gylfi Þ. Gíslason séum höfundar þessa frv. að réttu, því að hann ruglar þar saman að sjálfsögðu höfundarrétti og flutningi á málum, og það er auðvitað tvennt óskylt. Eftir stendur að ég áskil mér allan höfundarrétt að þessu frv. Þetta er hins vegar aukatriði, en ég neyðist þó til að geta þess, því að hversu smekkleg sem mönnum finnast þessi vinnubrögð vera hjá hinum nýja þm., þá er það að mínu mati fyrir utan öll velsæmismörk að taka frv. annarra manna og birta með þeim nýja grg. Sannleikurinn er sá, að þetta frv. er flutt hér á allt öðrum forsendum en það frv., sem lagt var hér fram í fyrra.

Í þeirri grg., sem er birt með þessu frv., er haldið fram margvíslegum staðleysum og reyndar ýmsu sem stangast algjörlega á við frv. sjálft. Ég afneita þess vegna öllum heiðri af því að hafa átt þátt í samningu þessarar grg.

Ég vek t. d. athygli á því, að í grg. er fullyrt að frambjóðendur Alþfl. hafi gagnrýnt fyrirkomulag á launakjörum þm. Ekki er að sjá hvort þetta er um launakjörin sjálf eða fyrirkomulagið á því, en gera má ráð fyrir að það eigi við um hvort tveggja. Hins vegar er í þessu frv. haldið algjörlega óbreyttu öllu efnisinnihaldi og einstökum atriðum í kjörum þm. frá núgildandi lögum. Sú eina breyting er gerð, að í staðinn fyrir að þfkn. taki þessa ákvörðun er gert ráð fyrir að Kjaradómur taki hana.

Þá segir í grg.: „Gagnrýnt hefur verið, að ýmis fríðindi þm. hafi ekki verið gefin upp til skatts, sem þó er skylt samkv. íslenskum skattalögum.“ Hins vegar er ekki getið um í frv. sjálfu að breyting eigi að verða varðandi skattframtöl þm. Í þessu sambandi hlýt ég að vekja athygli á því, sem hefur reyndar verið gert fyrr í þessum umr., að hv. 1. flm. frv. ásamt með ýmsum skjólstæðingum og stuðningsmönnum sínum, að mér skilst, hefur haldið blákalt fram að þm. hafi verið skattsvikarar. Ég held að framlagning þessa frv. gefi fullt tilefni til þess að skora á þennan hv. þm. að sanna þessar fullyrðingar sínar, því að það er auðvitað alvörumál þegar skattsvik eru borin á allan þingheim, og ég segi fyrir mig að ég er ekki tilbúinn að sitja undir slíkum fullyrðingum. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt fyrir hv. flm. þessa frv. að lýsa því hér nákvæmlega fyrir þingheimi og fyrir þjóðinni allri, í hverju þessi skattsvik séu fólgin. Ef hann gerir það ekki í þessari umr., þá falla þessi ummæli hans öll dauð og ómerk.

Þá segir í grg.: „Það hlýtur að vera frumskylda að fríðindi bílakostnaður, dvalarkostnaður o. s. frv. sé skilyrðislaust gefið upp á skattskýrslu.“ Um þetta er ekkert í frv.

Síðan segir: „Ætti það að vera regla, að kjaradómur gerði almenningi grein fyrir því á hverjum tíma, ef ástæða þykir til að bæta kjör þm.“ Hins vegar er ekkert um það fjallað í þessu frv., að Kjaradómur birti niðurstöður sínar opinberlega, og engin skylda lögð á Kjaradóm í þeim efnum.

Enn segir í grg.: „Ráðherrar fá há laun, sem bætast við laun þingmanna. Er sú regla vafasöm.“ En í frv. er beinlínis sérstakt ákvæði þar sem segir: „Ráðherra sem er ekki alþm., á rétt á þingfararkaupi og nýtur að öllu leyti þeirra fríðinda, sem alþm. er ákveðin í lögum þessum.“ Síðan er gert ráð fyrir því í frv., eins og fram kemur í öðrum greinum þess, að ráðh. njóti áfram þingfararkaups.

Enn segir í grg: „Þá fá þm., sem búa í næsta nágrenni Reykjavíkur, greiddan dvalarkostnað.“ Gefið er í skyn að þetta sé vafasöm regla líka. Hins vegar er gert ráð fyrir því í frv. sjálfu, að þm. utan Reykjavíkur eða nágrennis, er býr í eigin húsnæði, fái greiddan húsnæðiskostnað eftir mati.

Grg. og frv. stangast því á í mjög mörgum atriðum. *Spurningin er sú, hvort hér sé verið að flytja grg. til laga,* en ekki frv. til laga. Það er mál út af fyrir sig og þá getum við rætt það.

Það var helst að skilja á blaðagrein sem hv. þm. Vilmundur Gylfason birti nýlega, að vegna þess að það kæmu svo mörg atriði fram í grg. væri þetta frv. *alls* ekki sama frv. og var flutt hér í fyrra, og hann gerði ráð fyrir að því yrði breytt í nefnd. Þetta er afskaplega frumleg röksemdafærsla og kannske einhver afsökun fólgin í því að þetta frv. er flutt, en þá er rétt að menn átti sig á þeim vinnubrögðum í framtíðinni.

Varðandi málið efnislega og það frv. sem hér er lagt fram, þá hefur þetta mál snúist nokkuð upp í það að gera að umtalsefni manndóm og hugrekki alþm. Þetta virðist vera spurning um það, að alþm. haldi reisn sinni með því að fá að ákveða launakjör sín sjálfir. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson tók mjög skýrt og skilmerkilega til orða þegar hann sagðist vera algjörlega andvígur þessu frv. vegna þess að hann vildi að alþm. ákvæðu laun sín og launakjör sjálfir. En nú hefur verið bent á það við þessa umr., sem auðvitað er alveg ljóst, að Alþ. ákveður ekki laun, alþm. nema þá með því að setja lög um hvernig það skuli gert. Og það hefur Alþ. gert, sett lög um að alþm. fylgi ákveðnum launaflokki hjá BHM. M. ö. o.: Alþingi tekur ekki ákvörðun um launin frá einum tíma til annars. Það er alveg fastákveðið í lögum, að við fylgjum ákveðnum launaflokki, og þess vegna er þessi fullyrðing og þessi röksemd gegn þessu frv. ákaflega vafasöm og raunar stenst alls ekki.

Því er haldið fram, að menn séu hræddir við að taka þessa ákvörðun sjálfir, þm. vilji sem sagt með framlagningu þessa frv. víkja þessum kaleik frá sér, af því að þeir séu hræddir við að standa undir því að taka ákvarðanir um launakjör sín sjálfir.

Ef við sleppum laununum en tölum hins vegar um fríðindi og ýmsar greiðslur vegna útlagðs kostnaðar þm., þá hefur verið bent á það í þessum umr., að slík kjör liggja langt undir því sem viðgengst hjá opinberum starfsmönnum. Og hvers vegna skyldi það vera? Hvers vegna skyldi þfkn. ekki hafa tekið ákvörðun um að greiða þm. þennan útlagða kostnað í samræmi við þann kostnað sem þeir hafa af ýmsum störfum sínum? Af hverju er ferðakostnaður, húsaleigukostnaður, dagpeningar og annað ekki greitt í samræmi við útgjöldin? Vitaskuld er ástæðan sú, að þfkn. hefur — ja, ég vil ekki segja: hefur ekki haft hugrekki til þess, ég er ekki heldur að segja að hún hafi ekki haft manndóm til þess, en hún hefur ekki haft að sínu mati pólítískt svigrúm til þess, hefur ekki viljað ganga svona langt vegna þess að hún hefur óttast vissa gagnrýni annars staðar frá. Þess vegna hlýt ég að snúa þessum rökum upp á þá menn, sem eru andvígir því fyrirkomulagi sem frv. felur í sér, og halda því fram, að það sé ekki um að ræða neitt hugleysi hjá þeim sem flytja þetta frv., heldur hugleysi hjá þfkn. og málsvörum núverandi fyrirkomulags, að launakjörin séu ekki í samræmi við útgjöldin og séu eðlileg, eins og gildir um alla opinbera starfsmenn. Hvers vegna eiga húsaleigupeningar, ferðapeningar, dagpeningar ekki að vera í samræmi við útgjöldin og í samræmi við það sem viðgengst hjá opinberum starfsmönnum? (**Gripið fram í:** Við erum ekki opinberir starfsmenn.) Ég get ekki séð að það séu mikil rök í sjálfu sér að segja: Við erum ekki *opinberir starfsmenn, vegna* þess að hvort sem við erum opinberir starfsmenn eða alþm. verðum við að leggja út þennan kostnað. Við verðum fyrir þessum útgjöldum. Og þá held ég að það sé manndómur í því að horfast í augu við það og ákveða kjörin í samræmi við það.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson hélt því fram, að *ef* þetta frv. yrði að lögum yrði um stórfelldar kjarabætur að ræða hjá alþm. Ég skal ekkert tjá mig um það. En það er þó athyglisvert að sjá það í grg. — þeirri margumræddu grg. — að flm. frv. halda því fram að launakjörin núna hjá alþm. séu nokkru lakari en þau voru fyrir svo sem fjórum árum. Það er út af fyrir sig athyglisvert að sjá þessi ummæli hjá þeim aðilum sem kannske hafa gengið hvað lengst í því á undanförnum árum að gagnrýna kjör alþm. og telja þau vera hin ríflegustu, að sjá þessa viðurkenningu, að launakjör alþm. séu nokkru lakari en þau voru fyrir fjórum árum. Og þeir draga þá ályktun, að þingið hafi verið feimið við að ganga hart fram í eigin kjaramálum. Það mætti segja mér að nokkuð væri til í því og er þá af sömu ástæðu sem ég var að geta um áðan varðandi önnur kjör.

Ég hef ekki lagt neitt mat á það, hvort laun alþm. mundu lagast mikið við það, þó að Kjaradómur ákveði þessi laun. En það skiptir ekki máli, vegna þess að ég held að aðalatriðið sé að þessi ákvörðun sé tekin af hlutlausum aðila. Ef ástæða þykir til þess að bæta kjör alþm., þá er ekkert við það að athuga, vegna þess að ég held að alþm. séu allt of feimnir við að halda því fram, að þeir eigi að hafa góð laun, og koma fólki í skilning um að þetta starf krefst þess að það sé vel launað á meðan menn sinna því.

Ég held að það sé ekki spurning um manndóm eða hugrekki af hálfu alþm. að taka þá ákvörðun að Kjaradómur ákveði launakjör þeirra. Kjaradómur ákveður launakjör t. d. hæstaréttardómara, og þó að við séum vandir að virðingu okkar hér á þingi og viljum halda sjálfstæði Alþingis sem mestu og þrígreiningu í stjórnsýslunni og stjórnskipuninni, þá hefur engu að síður verið ákveðið t. d., að ákvörðun um kjör hæstaréttardómara, sem eru einn meiðurinn af þessari þrískiptingu, er tekin af Kjaradómi. Erum við alþm. eitthvað merkilegri menn en t. d. hæstaréttardómarar, að þetta megi ekki fela hlutlausum aðilum sem Kjaradómi?

Það, sem mestu máli skiptir, vegna þess að ég geri ekkert úr rökum um það, hvort við höfum þrek eða hugrekki til að taka þessa ákvörðun eða ekki, er að um þessi mál má ekki skapast nein tortryggni og það má ekki rýra álit þingsins vegna karps um það, hvaða kjör alþm. eigi að búa við. Ég held að það væri best að sá kaleikur væri frá okkur tekinn og það væri hlutlaus aðili, eins og Kjaradómur er, sem tæki þessar ákvarðanir.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að þfkn. hafi áfram tillögurétt. Ef þetta fyrirkomulag reynist illa hefur Alþ. auðvitað algjörlega í sinni hendi að breyta lögunum og breyta þessu fyrirkomulagi á nýjan leik. Þess vegna stendur það auðvitað eftir allar þessar umr., að það er Alþ. sem hefur alltaf í sinni hendi að taka endanlegar ákvarðanir með því að setja lög, og það er það sem við erum að gera í þessu máli.

Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að þetta mál hefur verið margrætt, rök hafa komið fram

með og móti og ekki sýnist ástæða til þess að eyða dýrmætum þingtíma í að ræða það miklu lengur. Nú eru að vísu komnir margir nýir þm. á þing, og það er sjálfsagt að láta á það reyna, hvort þetta frv. hefur stuðning eða ekki, en frekari umr. sýnast mér hafa takmarkaðan tilgang.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það hefði kannske verið eðlilegra í dag, að við stjórnarsinnar hefðum notað tímann í þingflokksherbergjum til að rabba eitthvað um efnahagsástandið hjá þjóð okkar, en það gefst kannske tími til þess undir kvöldið, svo að það er ekki ónýtt að hafa þetta efni til að hressa sig á um tíma. Það er e. t. v. tími til kominn fyrir alþm. að eignast forustusveit í kjarabaráttunni, því að jafnvel þótt einhverjir alþm. hafi fengið hugmynd um Kjaradóm og jafnvel sett hana á blað, þá hafa þeir verið slappir og ekki fylgt henni eftir. Raunar koma mér mjög á óvart þetta með höfundarréttinn að frv., þ. e. a. s. að hendurnar hafi verið Esaú þótt röddin væri Jakobs, og ég hef fulla samúð með núv. flm. frv. þó að þeir áttuðu sig ekki á því, hvernig samkomulagi þeirra og samstarfi var háttað, hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar og Ellerts B. Schram. Raunar gildir það mig öldungis einu hver samdi þennan samsetning, og ég er raunar ekkert hissa á því, þó að hv. þm. Ellert B. Schram frábiðji sér að hafa samið grg.

Þingfararkaupsnefnd hefur ekki reynst okkur neinn þrýstihópur, held ég verði að segja. Hún hefur verið ákaflega hógvær og nægjusöm, og meira að segja fyrrv. formaður þfkn., hv. þm. Sverrir Hermannsson, hefur náttúrlega verið fyrirmynd n. bæði í hógværð og nægjusemi. Ég er ekki í vafa um að Kjaradómur, hvernig svo sem hann yrði skipaður, mundi líta á störf okkar með stærri augum heldur en þfkn. hefur gert, bæði núv. þfkn. og jafnframt fyrrv. þfkn. Hann mundi meira að segja fara að bera okkur saman við bankamenn eða blaðamenn eða einhverja aðra pótintáta þjóðfélagsins. Ég sé fram á það að kjör okkar mundu stórbatna við það. Ég tel t. d. alveg víst að Kjaradómur mundi ekki telja sér sæma annað en að ætla okkur t. d. tvær máltíðir á dag. Ég er alveg viss um það, að Kjaradómur mundi ætla okkur utanbæjarþingmönnum betri íbúð en menn fá hér í borginni núna fyrir 55 þús. kr. á mánuði. Ég er sérstaklega viss um það, að Kjaradómur mundi samræma bifreiðakostnað okkar við bifreiðakostnað annarra ríkisstarfsmanna, eins og glöggt hefur komið fram í ræðu hv. fyrrv. formanns þfkn. Við ökum jeppunum okkar út og suður í snjó og aur, en höfum malbikstaxtann til viðmiðunar, en ekki þann taxta sem ríkisstarfsmenn úti á landi búa við. Og þá verður sjálfsagt gaman að lifa og þá mundi líklega enginn kasta að okkur hnútum lengur. Enginn ríkisstarfsmaður, jafnvel í hærri tekjuflokki en þingmenn, mundi kasta að okkur hnútum, og það mundi engum detta í hug að reyna að slá sig til riddara svo ég noti orðalag hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, með því að gagnrýna laun og fríðindi öfundsverðra alþm. Og það yrði hugsanlega farið að verðlauna okkur fyrir yfirvinnu eða næturvinnu, og þá verður dýrmætt að eiga starfsama krata hér í deildinni, sem láta málunum rigna, og þá gætu kvöldin og næturnar t. d. farið í kratana, þó við færum að ræða efnahagsmál á daginn.

Samt sem áður sé ég ekki, ef þessi skipan yrði tekin upp, að þfkn. ætti nokkurn rétt á sér. Það segir reyndar í frv., að sumt skuli ákvarðað að fengnum tillögum þfkn. Ég sé enga ástæðu til þess, að þfkn. sé þá að neinu starfandi. Mér finnst ástæðulaust að hún sé að neinu vikadrengur hjá kerfinu. Ég get illa hugsað mér að hv. góðir félagar okkar í þfkn. fari að taka það hlutverk að sér.

Svo eru menn að tala um kerfiskarla stundum og æsa sig upp út af því, að þeir séu voðalegir menn, þessir kerfiskarlar, en vilja þó auka vald þeirra. Það er náttúrlega verið að hlaða undir þá með þessu frv.

En að athuguðu máli sýnist mér nú að alþm. hafi hér um bil nóg fyrir sig að leggja. Ég held líka að þm. eigi ganga á undan, að öllu gamni slepptu, með góðu fordæmi. Þeir eiga að prísa sín störf af hógværð og lítillæti, og þess vegna sé ég ekki að það sé mjög brýnt að breyta slíku skipulagi, jafnvel þó að illa séu rekin trippin hjá hv. þfkn. Og þfkn. í umboði Alþingis á ekkert að vera að skorast undan því að taka ákvarðanir frekar en Alþ. yfirleitt. Að meginstefnu er ég því mótfallinn, að Alþ. sé að fela sig á bak við einn eða neinn, Kjaradóm eða annað. Ég held að menn verði bara að taka því með jafnaðargeði, þó að einhverjir öfundi þá af því sem þeir hafa og sjái ofsjónum yfir því og ímyndi sér að þeir hafi það sem þeir hafa ekki. Og ég verð bara feginn því, ef einhver getur unnið sér eitthvað til frægðar með því að telja eftir það sem við höfum. Raunar segir í grg.: „Liggur nærri að draga þá ályktun, að þingið hafi verið feimið að ganga hart fram í eigin kjaramálum og sæta þeirri gagnrýni sem slíku hlýtur ævinlega að fylgja.“ Þessi feimni er ástæðulaus.

Ég kannast ekki við það sem mér finnst að hafi bryddað á í þessum umr., að kaup eða kjör okkar alþm. hafi verið einhvern tíma eitthvert leyndarmál. Það hefur ekki verið það síðan ég kom hér. Ég hef iðulega getað glöggvað mig bæði í blöðum og útvarpi og sjónvarpi á því, hver kjör okkar hafa verið. Ég tel að ef þingið hefur ekkert annað að gera en að hlusta á fyrirlestur formanns þfkn. þegar breytingar verða á taxtanum, þá sé það vel. En ég kannast ekki við að þetta hafi verið neitt leyndarmál fram að þessu. Ég hef að vísu aldrei átt sæti í þfkn. og geri ekki ráð fyrir að eiga þar sæti, en mér kemur það á óvart, ef hún hefur verið í einhverju pukri að störfum.

Hér hefur verið rætt um framtalsskyldu og skattamál, og það er best að það komi þá fram í þessari umr. til stuðnings málflutningi hv. þm. Sverris Hermannssonar, að ríkisskattstjóri úrskurðaði í einu tilfelli um það, hvernig þessu skyldi háttað. Skattstjóri á Vestfjörðum áætlaði tveim þm., sem búsettir voru í því kjördæmi, Karvel Pálmasyni og Gunnlaugi Finnssyni, einhverjar aukatekjur fyrir sporslur sem þeir höfðu haft á Alþingi, þ. e. a. s. fyrir þennan útlagða kostnað. Annar þeirra, Gunnlaugur Finnsson, fyrrv. þm., áfrýjaði til ríkisskattstjóra, og úrskurður hans var sá, að þetta þyrfti ekki að telja fram. Hitt er svo annað mál, að ef menn fella sig betur við það fyrirkomulag, þá sé ég ekkert á móti því að þm. geri það. En það er ástæðulaust fyrir þm. að liggja undir því, að þeir séu skattsvikarar á einhvern hátt eða misfari með lög, þó þeir fari eftir því sem ríkisskattstjóri hefur ákvarðað.

Ég held ég hafi heyrt það eftir þingskörungi sem hér var lengi, Einari Olgeirssyni, þegar einhvern tíma var hreyft hugmyndum um einhvers lags kjaradóm um kjör alþm., að hann hafi talið að Alþ. ætti að ráða og menn úti í bæ ættu ekki að setja Alþ., hvorki launalega né með öðrum hætti, stólinn fyrir dyrnar. Og í trausti þess, að þfkn. framtíðarinnar séu hófsamar og lítillátar eins og

þær sem ég hef kynnst síðan ég kom til starfa hér, þá sé ég ekki ástæðu til að styðja þetta frv., jafnvel þó að hver höfuðsnillingurinn eftir annan sé höfundur þess.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég held að þær umr., sem hér hafa farið fram, séu bæði þarfar og nokkuð gagnlegar, þó ekki væri nema fyrir þann hóp sem situr inni í þessum sal og fylgist með. Hins vegar finnst mér að mörgu leyti vanta höfuðkjarnann í þá umr., sem hér fer fram, og hann er einfaldlega þessi, hvort þm. eigi að geta lifað af launum sínum eða hvort þingmennska eigi að vera starf efnamanna. Þetta er kjarninn í því sem ég tel að við eigum að ræða hér varðandi laun þingmanna. Við þurfum ekki að líta langt til að sjá dæmi þess, að menn geta ekki tekið þátt í pólitískri baráttu nema þeir eigi að baki sér sterka bakhjarla peningalega, og er þá skemmst að minnast kosningabaráttu forsetaefna og annarra í Bandaríkjunum. Ég vil leggja höfuðáherslu á þennan þátt málsins í þessari umr. Í öðru lagi tel ég persónulega að léleg laun þm. bjóði heim ýmsum hættum fyrir þm. sem gætu e. t. v. verið veikir á svellinu gagnvart ýmsum peningagreiðslum fyrir tiltekin viðvik, án þess að það hvarfli að mér að halda því fram, að nokkuð slíkt hafi gerst á þessu þingi. Ég vil einnig að menn hugleiði örlítið laun þm. gagnvart launum annarra stétta í þjóðfélaginu. Alþingi er sett yfir stóran hóp embættismanna. Sá hópur ber úr býtum oft á tíðum mun hærri laun en þm. hafa sjálfir, og get ég í því sambandi minnst á t. d. ráðuneytisstjóra og með fyllstu virðingu skrifstofustjóra Alþingis.

Einu atriði í þessu máli vil ég koma að. Það eru þær endurgreiðslur sem þm. fá fyrir útlagðan kostnað, sem oft eru í daglegu nefndar „hlunnindi". Ég tel að þm. eigi að gefa þær greiðslur upp ef skattstofur óska eftir. Dæmi eru um að skattstofur hafi gert það, og þess vegna ber þm. að gera það.

Ég skal ekki lengja mikið þá umr. sem fer fram. Mig langar aðeins til að geta þeirrar mismunandi aðstöðu, sem þm. hafa til þess að njóta launa sinna, ef svo mætti segja. Ég vil t. d. benda á þá aðstöðu sem þm. Reykjavíkur og nágrennis hafa fram yfir þm. sem koma úr dreifbýli. Ég vil minna á að það er talsverður munur á aðstöðu þm. úr dreifbýli þ. e. a. s. þeirra sem hafa fasta búsetu utan Reykjavíkursvæðisins og þeirra sem hafa búsetu í Reykjavík og þurfa að sækja í sitt kjördæmi.

Ég gerði það að gamni mínu vegna þessara umr. að taka saman samkv. nótum eftir kosningabaráttuna fyrir síðustu kosningar þann kostnað sem ég persónulega hafði haft af vikuferðalagi um kjördæmi mitt. Ég held að sá útreikningur allur hafi verið í neðri kantinum. Þess má geta, að ég eyddi ekki nema 5 þús. kr. á dag í fæði og húsnæði. Ferðakostnaður fyrir slíkt ferðalag reyndist mér vera 106 þús. kr. fyrir eina viku. Þætti kannske engum óeðlilegt að þm. færu í kjördæmi sitt fjórum sinnum á ári eða svo og eyddu viku þar, þannig að þarna er liður upp á liðlega 400 þús. kr., lágt reiknað. Eðlilega reiknað tel ég að þessi liður væri um 600 þús. kr., þ. e. a. s. fjórum sinnum vikuferð í kjördæmi að stærð eins og það sem ég er í.

Ef mér skyldi nú detta í hug að taka á leigu húsnæði í þessu kjördæmi sem ég þarf að sinna, þá get ég varla búist við því, að nokkur fari að leigja mér til skemmri tíma en hálfs árs í senn og leigan yrði varla undir 50 þús. kr. á mánuði. Þar er kominn liður upp á 300 þús. kr. ef ég fengi íbúð fyrir þennan skamma tíma. Hiti og rafmagn yrðu vart undir 60 þús., og símakostnaður, sem ég yrði að greiða, þ. e. a. s. innlagning síma, 40 þús. kr. Þessi liður yrði upp á 400 þús. kr. Hins vegar ef ég tæki þessa íbúð á leigu til eins árs yrði þessi liður 760 þús. kr.

Menn geta síðan deilt um það, hvernig þessum greiðslum eigi að haga. En ég verð að segja það hreinskilnislega, að á sama tíma og við þm. erum að óska eftir því, að almennir launþegar í landinu fari að einhverju leyti eftir óskum okkar í sambandi við launagreiðslur, þá getum við fjandakornið ekki farið að ákveða laun okkar sjálfir.

Ég er þess vegna fylgjandi því frv., sem hér liggur fyrir, og vil að aðrir menn en þm. sjálfir taki ákvarðanir um laun þingmanna.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara langt út í deilur um höfundarrétt að þessu frv. við hv. 8. þm. Reykv. Hann hefur þegar kvatt sér hljóðs tvisvar sinnum til að tileinka sér frv., fyrst á síðum Morgunblaðsins og síðan hér í þessari deild. Venjan er hins vegar sú, að það er yfirleitt 1. flm. frv. sem er aðalhöfundur þess. Þetta frv. er flutt óbreytt frá því í fyrra, og þá var Gylfi Þ. Gíslason 1. flm. þess. Ég efast ekkert um réttmæti þeirra orða Ellerts Schram, að hann sé höfundur þessa frv. Mér dettur það ekki í hug. Ég var hins vegar þeirrar skoðunar, að 1. flm. hefði verið höfundur frv. eða þeir í sameiningu. Heiður þeim sem heiður ber, ef um heiður er að ræða í þessu tilviki, og þá er það á hreinu.

Þetta frv., sem mönnum verður ákaflega tíðrætt um, gerir ráð fyrir þeirri meginbreytingu, að Kjaradómur taki að sér að ákveða laun alþm. Það hefur komið hér fram, að þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt, og það hefur mjög verið vikið að þessari gagnrýni í ræðum hv. þm. sem úr þessum stól hafa talað. Áður en mér hlotnaðist sá heiður og sú upphefð að skreppa hér inn fyrir dyr, eins og það var orðað hér áðan, átti ég nokkurn þátt að þessari gagnrýni. Ég geri ráð fyrir að flestum sé það ljóst. Gagnrýni mín beindist einkum og sér í lagi að tveimur atriðum og gerir það raunar enn: í fyrsta lagi því, að alþm. eða Alþ. skuli sjálft hafa ákvörðunarvald um þessi laun, og í öðru lagi að skattahlið þessa máls, þar sem ýmislegt virtist ekki vera alveg á hreinu. En nú hefur komið fram hér í umr. greinilegur vilji manna til að koma því máli á hreint og er það vissulega vel.

Ef mig misminnir ekki, þá var það þannig að laun alþm. voru miðuð við þriðja hæsta flokk opinberra starfsmanna hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Síðan gerðist það, að mig minnir — og leiðréttir það þá einhver ef það reynist rangt, að laun í þriðja efsta flokki Bandalags háskólamanna fóru upp fyrir þriðja efsta flokk hjá BSRB, og þá mun hafa verið tekin um það ákvörðun hér, að þm. tækju allt í einu laun eftir launaflokki Bandalags háskólamanna, sem í þessu tilviki reyndist hærri en þriðji efsti launaflokkurinn hjá BSRB. Að þessu beindist einnig gagnrýnin, og þetta hygg ég að hafi orkað tvímælis, þó vera megi að þetta sé ekki umdeilanlegt beint út frá orðanna hljóðan.

Ég tel það hreint enga minnkun eða neins háttar valdaafsal þó að ákvörðunarvald um laun þm. sé fært til annars aðila, til aðila sem hefur það hlutverk að lögum að ákveða laun ýmissa annarra hópa í þjóðfélaginu. Ég held þvert á móti að þetta yrði til þess, að Alþ. gæfi ekki lengur þann höggstað á sér sem fyrir hendi hefur verið og

hefur óspart verið notaður og kannske ekki að ástæðulausu.

Það hafa margir þeirra, sem hér hafa talað, fullyrt að ef Kjaradómur fjallaði um þessi mál mundi það leiða til verulegrar launahækkunar hjá alþm. og jafnframt hækkunar á kostnaðargreiðslum. Verði reynslan sú, ef þetta frv. nær að verða að lögum, að alþm. ofbjóði örlæti Kjaradóms, sem ég hygg að sé lítil ástæða til að óttast, a. m. k. hygg ég að opinberir starfsmenn yfirleitt hafi ekki þá reynslu af störfum Kjaradóms að hann sé sérstaklega örlátur, — ef mönnum ofbýður þetta og þykja launin og þessar kostnaðargreiðslur ætla að rjúka upp úr öllu valdi, þá er að sjálfsögðu opin leið að breyta þessu í gamla horfið, það horf sem það er nú í, ef breytingin þykir ekki gefast vel. Auðvitað gefur það auga leið.

Hv. 1. þm. Austurl. ræddi hér ýmsa aðra þætti þessa máls, m. a. þá reglu, að þeir, sem gegna öðrum embættum á vegum ríkisins, halda nú 60% af launum sínum. Hann var þeirrar skoðunar, að þessa reglu ætti að afnema og menn ættu ekki að þiggja tvenn laun hjá ríkinu, og ég er í grundvallaratriðum honum sammála. Ég hygg að þetta hafi nokkuð lengi verið svona og auðvitað er starfsorka og starfsvilji manna ákaflega misjöfn og sumir eru sjálfsagt tveggja manna makar og aðrir jafnvel þriggja. En ég held að það eigi við um þetta sem endranær, að það er bágt að þjóna tveimur herrum og bágt er að vera beggja þjónn og báðum trúr. Ég held að það komi óhjákvæmilega niður á öðru starfinu ef menn gegna tveimur stöðum. Það er líka, að ég hygg, tvíeggjað að leyfa mönnum að geyma sér stöður um árabil, um aldur og ævi jafnvel, á meðan þeir sitja á þingi. Það þýðir einfaldlega það, að einhver annar einstaklingur verður að búa við það öryggisleysi að geta hvenær sem er, hvenær sem hinum aðilanum þóknast misst starf sitt og stöðu.

Það var hnyttilega vikið að því áðan, að hv. 1. þm. Austurl. hefði nefnt það dæmi, að ekki gæti sami maðurinn gegnt læknisembætti og prestsembætti. Ég held að við ættum að huga aðeins nánar að þessu, vegna þess að ég held raunar að í þessum efnum verði seint fundin sú regla sem allir geta sætt sig við, alls staðar á við og allir geta unað. Ég held t. d. að það muni vera allalgengt víða um landið, að prestar gegni einnig störfum kennara, kemur til af brýnni nauðsyn og yfirleitt held ég að það sé hreint ekkert við það að athuga.

Hv. 1. þm. Austurl. hefði líka geta nefnt annað dæmi. Sjálfur hefur hann setið í ríkisstj. árum saman. Þá hefur hann gegnt embætti ráðh. og jafnframt verið alþm. Þetta er í rauninni alveg það sama. Ég held að þessa reglu mætti vissulega athuga. Ég held að hún orki tvímælis og í raun réttri held ég, og byggi það á samtölum við ýmsa sem hafa gegnt þessum tveimur embættum samtímis, að vera bæði ráðh. og alþm., að það sé í rauninni hverjum venjulegum manni ofætlun, ef þeir ætla að gegna báðum störfunum vel, og yfirleitt held ég að það verði á kostnað þingmennskunnar og á kostnað fyrst og fremst sambandsins við kjósendur.

Það hefur verið talað um það hér að banna þm. að vinna aukastörf, hverju nafni sem þau nefnast nánast. Þetta er sjálfsagt virðingarverð hugmynd. En gallinn er bara sá, að þetta er útilokað í framkvæmd — gjörsamlega útilokað. Það er auðvitað hægt að meina mönnum að gegna opinberum störfum, en að öðru leyti er ekki hægt að framkvæma þetta. Menn verða að gera sér grein fyrir því, hvað er draumur og hvað er veruleiki í þessum efnum. Í raunveruleikanum yrði aldrei hægt að banna mönnum þetta, vegna þess að það er ekki hægt einu sinni að banna mönnum að hugsa, sem betur fer. En ég get vel tekið undir það, að menn megi ekki taka tvenn laun hjá ríkinu samtímis, það eigi a. m. k. að vera meginregla að svo sé ekki og að það sé þá á hreinu, um leið og menn gefa kost á sér í framboð til Alþingis liggi þetta fyrir klárt og kvitt. En ég held að samþykkt þessa frv. yrði til verulegra bóta. Ég sé ekki að Alþ. mundi á neinn hátt setja niður við það, að þessi ákvörðunarréttur færist annað. Ef það reynist gefa þá slæmu raun, að launin hækki upp úr öllu valdi og menn vilja ekki una því, þá er auðvitað hægt að breyta aftur í hið fyrra horf.

Gunnlaugur Stefánsson: Forseti. Launamál alþm. hafa verið hér til umr. Einnig hefur blandast inn í þessa umr. frv. sem ég flutti fyrr á þessu þingi, þar sem fjallað er um að þm., öðrum en ráðh., verði meinað að taka laun fyrir önnur störf en þingstörf. Ég vil leggja á það áherslu, að þetta frv. fjallaði ekki um að þm. mættu ekki vinna aukastörf, heldur að þeir mættu ekki þiggja laun fyrir önnur störf.

Ég vil sérstaklega taka fram í tilefni af orðræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Eiðs Guðnasonar, að það er mjög auðvelt að setja slík ákvæði sem þessi í lög með því hreinlega að setja þau og treysta þm. til þess að virða þau og fara eftir þeim. Ég held að þm. sé til slíks treystandi.

Ef ég vík þá að því frv., sem hér er til umr. sérstaklega, þá er ég þeirrar skoðunar, að laun alþm. eigi að vera há og góð til þess að tryggja efnalegt sjálfstæði þeirra og til þess að reyna að koma í veg fyrir að óbreyttum lögum að þeir sæki eins stíft út í atvinnulífið og raun ber vitni. Eigi að síður tel ég að launin í dag séu í því hámarki sem þau hafa verið ef við lítum t. d. á 7-8 ára tímabil. Ég tel að það sé ekki rétt, sem fram kemur í þessari grg., að launin séu eitthvað lakari nú en þau voru fyrir 3-4 árum. Ég held að það megi segja sem svo, að við síðustu kjarasamninga og eftir að þm. hurfu frá því að taka mið af þriðja hæsta launaflokki Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fluttu viðmiðun sína yfir í BHM, Bandalag háskólamanna, þá hafi styrkur launanna eflst fram yfir það sem hann hafði verið áður ef við miðum við sömu starfsstéttir fyrr. Þetta held ég að við ættum að athuga öllu nánar. En það, sem við erum fyrst og fremst að ræða hér, er að þm. eru alls ekki þeir tekjuhæstu í þjóðfélaginu. Það eru aðrir aðilar sem eru tekjuhærri í þjóðfélaginu og þm. ýmsum sviðum e. t. v. að finna það, að þeir eru mjög tekjulágir ef tekið er mið af ýmsum starfstéttum. Þetta er annað vandamál sem að nokkru leyti er sök þingsins. Það er þetta svokallaða stóra, hrikalega launabil sem viðgengst hér í landinu, — launabil sem er á bilinu 1-2 millj. Það er algengt að menn hafi fyrir ein og önnur störf í samfélaginu laun á bilinu 700 þús. upp í 1 1/2 millj. kr. eftir því hvar þeir starfa, forstjóralaun og annað í þá veru, og ég get skilið að ýmsum þm. svíði það svolítið að vita af slíku og vita einnig að þetta er að verða nokkuð algengt. Eigi að síður tel ég það ekki hlutverk þingsins að reyna að hækka laun þm. til móts við þetta, heldur að setja lög sem miða að því að lækka laun þessara hátekjumanna í samfélaginu, og það ætti að vera markmið okkar.

Það hefur ekki verið minnst á það í þessum umr., heldur í tveggja manna tali stundum — að þm. ýmsum þyki sárt að vita til þess, að ýmsir embættismenn í

ríkisgeiranum þiggja langtum hærri laun en þm. sjálfir, t. d. ráðuneytisstjórar. Mér skilst t. d. að ráðuneytisstjórar séu ekki í neinum venjulegum launaflokkum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða launaflokkum Bandalags háskólamanna, heldur séu þeir í einhverjum sérstökum stjörnuflokkum og þiggi laun samkvæmt þeim sem eru langtum hærri en almennir kjarasamningar segja til um á hverjum tíma.

Um það, hvort við ættum að fara þá leiðina sem mælt er fyrir í þessu frv., sem sagt að Kjaradómur fjalli um þessi mál og ákvarði þau, þá tel ég það ekki skipta meginmáli hverjir ákveða þetta. Ef Kjaradómur tæki þetta hlutverk að sér, þá gæti þingið alltaf haft lokaorðið um það, hver kjörin ættu að vera, með því að setja hreinlega löggjöf ef þingið og þm. væru óánægðir að einhverju leyti með úrskurð Kjaradóms. Eigi að síður tel ég að það ætti að fara þá leiðina, að Kjaradómur ákvarðaði þetta. Þingið getur alltaf varið sjálfstæði sitt með því að setja löggjöf um þessi efni ef það sættir sig ekki við niðurstöðu Kjaradóms.

Hitt má einnig benda á, að það kannske skýtur dálítið skökku við, að þm. séu að vísa þessum málum frá sér til Kjaradóms á meðan tvisvar til þrisvar og stundum oftar á ári telur þingið sig hæft og náttúrlega hefur rétt til þess að hnika til gerðum kjarasamningum í landinu og stilla svo til friðar og reyna að breyta þeim á einn eða annan hátt og skammta mönnum laun í samræmi við það sem þingið telur réttlátt og skynsamlegt á hverjum tíma. Þetta hefur valdið gagnrýni og deilum þegar það gerist, og veit enginn nema slík lög eigi eftir að sjá dagsins ljós hér á hinu háa Alþ. áður en langt um líður. Og kannske finnst einhverjum dálítið skrýtið að þm. geti ekki ákvarðað eigin laun á meðan þeir keppast við að ákvarða laun allra stétta í landinu. Það eru tvær hliðar á öllum málum. Samt sem áður tel ég að það geti verið jafnskynsamlegt út af fyrir sig, þegar maður horfir á þetta mál sérstaklega, að Kjaradómur fjalli um þetta, en þingið hefur alltaf og getur haft síðasta orðið í þessu efni, ef það sættir sig ekki við þá niðurstöðu sem Kjaradómur ákveður og sérstaklega ef lítur út fyrir að Kjaradómur ætli á einhvern hátt að fara að skerða efnalegt sjáflstæði þm.

Ég vildi að þessi sjónarmið kæmu fram, herra forseti. En að lokum vil ég aðeins koma að því sem hér hefur verið rætt, það snertir kannske ekki fyrst og fremst höfuðtilgang þessa frv., en það eru hlunnindagreiðslur þm. Ég hef átt dálítið erfitt með að skilja ýmislegt í þeim. T. d. hef ég átt dálítið erfitt með að skilja þá skynsemi sem liggur að baki því að borga hv. þm. Austurlands til þess að ferðast um eigið kjördæmi sömu upphæð til ferðalaga í kjördæmi og hv. þm. í Reykjavík. Við hljótum að sjá í þessu mikið ósamræmi og litla skynsemi. Vissulega þarf hv. þm. í Reykjavík að aka nokkrar vegalengdir og sérstaklega ef hann er mjög duglegur að keyra rúntinn, þá náttúrlega getur hann farið hæglega með það að eyða 500 þús. kr. En ég tel að sá, sem ekur Austfjarðaleiðina, eða réttara sagt sá hv. þm., sem er þm. Austurl., þurfi jafnvel á einhverju meiru að halda, ef við teljum að 500 þús. dugi svona rétt sæmilega fyrir þann hv. þm. sem býr í Reykjavík. Þetta er eitt dæmi um þá óraunhæfni sem er í þessum málum og mætti taka til frekari skoðunar.

Hitt hefur mér alltaf fundist dálítið skrýtið, að þm. utan af landi þurfi að borða eitthvað svolítið meira en þm. annars staðar og þess vegna þurfi að greiða þeim einhverja sérstaka dvalarkostnaðarpeninga til þess að hafa ofan í sig og á. Mér hefur alltaf skilist sem svo um þingfararkaupið, sem greitt er alþm., að ætlast sé til þess að þm. noti það til venjulegs framfæris. Þm. fá greidda upphæð til þess að reka íbúð hér í bænum, annaðhvort eigin íbúð eða þá leiguíbúð, mér skilst að það séu 55 þús. kr. á mánuði, en mér hefur alltaf fundist skrýtið að bæta ofan á þetta 4 þús. kr. á dag, sem mér skilst að séu ætlaðar til að fæða þessa hv. þm.

Það er aftur á móti annað mál, sem mætti athuga nánar, með þá þm. sem búa fjarri Reykjavík og þurfa að aka nokkurn spöl, stundum langan spöl. Og þá dettur mér í hug t. d. hv. þm. sem býr í Keflavík og er fjarri heimili sínu allan þingdaginn frá morgni til kvölds. Að því er sannanlegur kostnaður sem rétt er að taka að einhverju leyti tillit til, og það getur verið mjög hár kostnaður. En að greiða þm., sem búa heimilislífi í Reykjavík allan þingtímann, einhverja sérstaka upphæð til þess að fæða sig og klæða vegna þess að þeir eru nefndir utanbæjarþm., það hefur mér alltaf fundist dálítið skrýtið. Þetta hefur líka orðið til þess, að sumum þm. í Reykjavík, sem hafa boðið sig fram í kjördæmi úti á landi, í landsbyggðarkjördæmi, en hafa haft áður búsetu hér, hefur þótt sérlega hagstætt að flytja fljótlega lögheimili sitt í viðkomandi kjördæmi, og hafa stundum gengið sögur um það einmitt, að eyðibýli hafi sérstaklega verið notuð til þess arna á undanförnum árum, til þess að skrá hv. þm. einhvers staðar í viðkomandi kjördæmi, þannig að hann geti notið þessara greiðslna sem í boði eru hér á hinu háa Alþingi. Hvort slíkt gildir nú veit ég ekki, en einhverjar sögur hafa farið um að þetta hafi tíðkast hér áður fyrr.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Þessi umr. hefur flogið vítt og breitt og mér finnst, eins og ég held að ýmsum öðrum sem eru nú að koma inn á þingið í fyrsta sinn, að það sé aldeilis furðulegur siður hér í umr. á hv. Alþ., hvað menn eiga erfitt með að halda sig við dagskrárefnið. Menn telja sér einhvern veginn heimilt að ræða nánast hvað sem er og undir hvaða dagskrárlið sem er. Ég held af minni stuttu reynslu að þetta sé það sem tefur umr. okkar hvað mest, og ég ætla þess vegna að reyna að vera stuttorður og reyna að miða mál mitt við frv., sem hér liggur fyrir, og ekkert annað.

Á síðustu árum hefur verið mikil umr. um það hjá okkur Íslendingum, hve virðing og vald Alþingis hefur farið hnignandi. Menn hafa bent á ýmis dæmi þess, að Alþ. hefur selt vald sitt til aðila annars staðar í þjóðfélaginu, einkum þó í embættismannakerfinu, og menn hafa líka talað um að það sé orðið mjög áberandi hjá okkur, að ýmsar mikilvægar pólitískar ákvarðanir séu teknar í skúmaskotum, þ. e. a. s. um þær er fjallað og þær teknar einhvers staðar í embættismannakerfinu þar sem þjóðin getur ekki fylgst með og getur ekki komið fram neinni pólitískri ábyrgð. Það eru margir menn sem telja þetta mjög slæma þróun og þess virði að vinna nokkuð gegn henni, og það hafa komið fram hér á þingi nú þegar nokkur frv. sem segja má að fari í þessa átt. Og ég verð að segja það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, gengur gegn öllum sjónarmiðum um það að efla virðingu og vald Alþingis og að halda stjórnmálalegum ákvörðunum og stórmálum í dagsljósinu, þannig að fólk geti fylgst með því, hver afstaða þm. sé í þessum stórmálum, því hér er gert ráð fyrir því, eins og menn hafa bent á, að þingið afsali sér rétti sínum til þess að ákveða kaup og kjör þm.

og feli framkvæmdavaldinu þetta vald.

Af grundvallarástæðum er ég mjög andvígur þessu. Ég tel mjög mikilvægt að Alþ. reyni ekki að minnka virðingu sína og völd, heldur þvert á móti að auka hana, og mjög mikilvægt sé að þingið haldi einmitt þessu valdi. Ef Kjaradómur fengi valdið til þess að ákveða laun þm., þá vitum við ekkert í raun og veru hvað gæti komið upp hjá þeim ágætu embættismönnum. Það getur vel verið að þeir komist að þeirri niðurstöðu einn góðan veðurdag, að þingið sé frekar ómerkileg stofnun og það sé lélegt og lítt gagnlegt starf sem hér sé unnið, það eigi að borga það eftir því og lækka þar með kaup niður úr öllu valdi.

Menn hafa verið að velta fyrir sér tilganginum með flutningi þessa frv. Sumir hafa bent á, að þetta kunni að vera viðkvæmni gagnvart fjölmiðlum. Fjölmiðlar, eins og við vitum allir, hafa verið að velta sér upp úr þessu. Þetta er skemmtilegt fréttaefni. Það er auðvelt að gera þetta tortryggilegt og auðvitað mjög freistandi fyrir blaðamenn í fréttaleit að reyna að gera sér bita úr þessu. Sumir halda að það sé kannske rótin að þessu frv., og ég get vel trúað að svo sé.

Ég er nú raunar á þeirri skoðun, að það sé margt varðandi launakjör þm. sem megi taka til endurskoðunar og athuga betur, eins og það efni sem við vorum að ræða hér um daginn, tvöföld laun þm., menn geti haft störf utan þings og fengið jafnframt laun fyrir þau. Það má líka athuga margt varðandi dagpeningagreiðslur og greiðslu ferðakostnaðar. Þetta eru atriði sem ég tel þörf á að athuga. En það er ekkert vikið að þessu í frv. Það er ekkert vikið að gagnrýninni eða þeim atriðum sem þyrfti að endurskoða og vinna betur varðandi ákvörðun launakjara. Hér er einungis fjallað um að flytja til valdið og raunverulega án þess að það sé rökstutt með neinum sérstökum hætti, heldur bara frekar almennu orðalagi. Það kann að vera tilgangurinn með flutningi frv. þessa að menn vilji hækka laun þm. Mér hefur skilist það á sumum. Er þá ekki miklu hreinlegra að leggja fram beinar till. um það hér í þinginu, ef menn vilja hækka laun þm.? Ég tel að það væru miklu opnari og lýðræðislegri vinnubrögð og miklu skynsamlegra.

Það er alveg greinilegt, að Alþ. hefur ekki misnotað vald sitt til að ákvarða launakjörin í gegnum árin, því að menn hafa bent á það með gildum rökum, að laun þm. hafa sennilega yfirleitt verið frekar of lág heldur en of há. Og það er alveg greinilegt, að það aðhald, sem þingið hefur, þ. e. a. s. aðhald kjósenda í því að koma í veg fyrir misnotkun í þessu efni, er alveg fyllilega nægilegt aðhald. Reynslan hefur sýnt það. Það, sem er stefnt að með þessu frv., er í raun og veru að breyta Alþingi í þrýstihóp, að fjölga þrýstihópunum í þjóðfélaginu, vegna þess að með þessum hætti yrði Alþingi eins konar þrýstihópur sem þyrfti þá að þrýsta á Kjaradóm.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þetta er nú farið að verða býsna langt um lítið mál, því ef málið er skoðað kemur í ljós að það er aðeins um eitt atriði, þ. e. að láta ákveðna stofnun í þjóðfélaginu ákveða allar launagreiðslur til þm. í stað þess að hluti þessara ákvarðana hefur verið í höndum þfkn. Um annað er málið ekki. Þess vegna ætti að vera óþarft að eyða löngum tíma og mörgum dögum í að teygja ræður út af þessu máli í allar áttir, því að staðreyndin er sú, að það er aðeins þetta sem á spýtunni hangir. Meira að segja er frv. þannig úr garði gert, að þar er í hverri grein sagt, að þó Kjaradómur eigi að fá til meðferðar að ákveða laun alþm. og svokölluð hlunnindi, eins og þarna er að orði komist, eigi Kjaradómur að gera þetta að fengnum till. þfkn., þannig að í raun og veru trúi ég að útkoman yrði svipuð því og verið hefur. Þfkn. ákveður þetta núna ein út af fyrir sig, svo sem hún á að gera að mínum dómi, en samkv. þessu frv. á Kjaradómur að gera þetta með því að lesa fyrst boðskap þfkn. og till. í þessum efnum. Ekki er málið stærra en þetta. Þess vegna held ég að það taki því ekki að vera að fara um það mörgum orðum.

En ég vil segja það sem mína skoðun, að ég er á móti því að taka þetta vald af þfkn. Hún hefur farið ákaflega vægilega með þetta vald. Hún hefur ekki hagað sér eins og grimmur þrýstihópur, allt tal í þá veru er út í hött og til þess eins fallið að vekja tortryggni, eins og segir í þessari grg. og í ræðum manna um þetta efni, að það væri mikil tortryggni í þjóðfélaginu af öðrum ástæðum, einmitt vegna þess að þm. væru að ákveða þessa hluti sjálfir. Sú tortryggni er að mínum dómi ástæðulaus, því að það er sýnilegt að við höfum ekki verið kröfugerðarmenn.

Mér finnst það vera hálflítilmannlegt að taka svo smáan hlut eins og þennan út úr því öllu, sem þm. þurfa að ákveða, og færa í hendur embættismanna. Alþingi fer með mikla fjármuni. Fjárl. eru yfir 200 000 millj. kr. Alþingi og ríkisstj. og þm. eru að velta til milljörðum í þessu þjóðfélagi. Það er auðvitað hlutverk Alþingis, og ég vona að flestir landsmenn treysti Alþ. til þess. Hví skyldi þá ekki vera hægt að treysta Alþ. fyrir því að fást við svo litlar upphæðir eins og þessar, ekki síst með tilliti til þess, að það hefur gert það á ákaflega hógværan hátt? Þess vegna finnst mér ekki mikið til þessa frv. koma í raun og veru, því að sannleikurinn er sá að það mun litlu breyta. Þetta hefði kannske einhvern tíma verið kallað auglýsingamál, annað er það ekki.

Það, sem vekur þó meiri athygli mína en frv. sjálft, er grg., og ég undrast satt að segja margar setningar og fullyrðingar í þessari grg. Þar er nefnilega einu sinni enn farið með rangt mál. Þar koma fullyrðingar, orð og orðalag sem ekki á við. Hér er talað um að margt virðist vera gagnrýnivert í sambandi við fyrirkomulag á launakjörum þm. Það má vel vera að ýmislegt af því megi athuga. En ég tel alls ekki við hæfi að fullyrða það hér einu sinni enn, að einhver leynd hafi hvílt yfir þessu. Þetta mál hefur alltaf verið opið. Allir þm. í öllum flokkum hafa hvenær sem var og hvenær sem þeim sýndist getað gefið allar upplýsingar í þessum efnum. Það hefur verið rætt um þetta í fjölmiðlum þjóðarinnar af misjafnlega mikilli vandvirkni, en fyrrv. formaður þfkn., Sverrir Hermannsson, var með útskýringu á þessu í sjónvarpi í fyrra, að mig minnir, og þetta hefur alls ekki verið neitt launungamál. Hver sem var gat fengið allar þær upplýsingar sem honum sýndist.

Nú er talað um að Alþ. hafi verið umleikið tortryggni og það hafi brostið trúnað milli þings og þorra fólksins, ekki síst vegna þessara launamála. Allar slíkar fullyrðingar eru hreint út í hött.

Mér finnst einnig rangt að kalla þær greiðslur, sem við vorum að fjalla um um daginn, fríðindi. Þarna er aðeins um það að ræða að greiða kostnað, sem alþm. verða fyrir vegna starfa sinna, og ekki einu sinni að greiða allan þennan kostnað, heldur að greiða hluta af þessum kostnaði. Við þekkjum það, sem höfum verið þm. utan af landi, að það, sem við höfum fengið greitt hér í ýmsa kostnaðarliði, hefur ekki nálægt því dugað. Við höfum

borgað með okkur hundruð þúsunda á ári í fjöldamörg ár, og ég veit ekki til þess að þessi harði þrýstihópur hér hafi kvartað mikið undan því. Við höfum ekki minnst á það einu sinni, ekki fyrr en nú að farið er að vekja þetta mál upp og gera það tortryggilegt að ástæðulausu.

Enn einu sinni kemur sú fullyrðing, að við alþm. séum skattsvikarar og höfum alltaf verið, það sé skylda að gefa þetta upp til skatts. En svo er ekki. Um það hefur úrskurður fallið af réttum aðilum í þjóðfélaginu, af þeim embættismönnum sem sumir þm. hér virðast treysta betur til allra hluta heldur en þm. Sjálfir höfuðbaráttumenn gegn kerfinu og valdi kerfisins eru með þessu frv. að reyna að færa einn bitann til þessa kerfis í viðbót, og fannst þó flestum nóg komið.

Ég vil leyfa mér að halda því fram, að hér hafi þetta alltaf farið fram fyrir opnum tjöldum, þó að það hafi komið fram í framsöguræðu með þessu frv., að hér væri um pukur að ræða. Meira að segja hélt hv. 1. flm. þessa frv. því fram, — og hv. 1. flm. þessa frv. hefur greinilega samið grg., það fer ekkert á milli mála, — en hann hélt því fram, að það hefði verið reynt að koma í veg fyrir að upplýsingar um launakjör þm. kæmust til almennings. Það væri kannske ekki úr vegi að þessi hv. þm. upplýsti það, hvenær, hvernig og hver hefði reynt að liggja á þessum upplýsingum og reynt að hindra, að almenningur fengi þær í hendur. Þetta er auðvitað röng fullyrðing og þessi hv. þm. dregur hana að sjálfsögðu til baka því að hún á ekki við rök að styðjast.

Öll þessi umr. hefur af hálfu gagnrýnenda verið með þeim hætti, að hún hefur vakið tortryggni, og enn síðustu daga hafa verið að birtast slíkar greinar í dagblöðum í borginni, í svokölluðum síðdegisblöðum, en kjallaragreinar þeirra blaða hafa ekki alltaf verið sem nákvæmastar eða þrætt vandlega vegi sannleikans. Meira að segja hefur komið grein eftir grein með sömu fullyrðingunum aftur og aftur, jafnvel þó að sannleikurinn í málinu hafi örugglega komið fram í millitíðinni. Nú fyrir örfáum dögum birtist grein í einu þessara síðdegisblaða, þar sem því er haldið fram, að alþm. hafi nú einu sinni enn verið að hækka kaupið sitt. Það var þegar við færðum kostnaðarliði okkar þm. upp á við í átt til þess sem hefði átt að vera í samræmi við verðþensluna og aðrar hækkanir í landinu. Þær hækkanir voru frá 27 og upp í 38%, en kaup hafði hækkað á sama tímabili, frá því í fyrrahaust, um og yfir 50%. Ég tel að allt tal af þessu tagi og skrif á þessum nótum sé einmitt það sem valdi tortryggni. Menn eru að reyna að lauma því að fólki, að eitthvað grunsanlegt sé á ferðinni þar sem allt er hreint. Þarna er verið að reyna að vekja tortryggni þar sem ekkert á sér stað sem tortryggni getur valdið.

Herra forseti. Ég vil að lokum segja það, að mér finnst rétt að ýmislegt í sambandi við nokkra þá liði, sem heyra undir þfkn., þurfi að athuga betur. Það þarf að endurskoða þar vissa þætti. Á það hefur verið bent, að það sé ekki fullkomið samræmi þar á milli ýmissa atriða, og hefur þegar verið ákveðið í þfkn. að endurskoða þessa þætti. Og það verður gert fyrir opnum tjöldum af fulltrúum allra flokka og upplýst um leið og einhverjar breytingar verða gerðar.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að umbætur á kjaramálum þm. þurfi að vera í þremur skrefum: Í fyrsta lagi að þingið um sinn a. m. k. láti Kjaradóm um það að ákvarða þessi kjör. Fyrir því voru færð rök í framsöguræðu. Í annan stað þurfi að endurskoða rammalöggjöf um kjaramál þm. sem Kjaradómur fari eftir. Og í þriðja lagi þurfi sú meginbreyting að verða, að öll þessi störf, ætíð þegar til hækkunar komi, fari fram, eins og síðasti ræðumaður orðaði það, fyrir opnum tjöldum, um það séu sendar út opinberar tilkynningar og það sé alveg ljóst. Þetta hefur ekki verið gert fyrr en sennilega vegna þeirrar gagnrýni, sem fram hefur komið, að formaður þfkn. kvaddi sér hljóðs hér utan dagskrár ekki alls fyrir löngu á fundi í Sþ. og gerði grein fyrir þeim hækkunum sem orðið hafa. Það er rétt, að þm. hafa vitað um það. Þegar laun þeirra hafa hækkað, en allur almenningur hefur hins vegar ekki vitað um það. Það hefur umvafið þessi mál tortryggni. Sú tortryggni hefur ekki aðeins orðið þinginu til skaða, hún hefur einnig orðið því til vansa. Það er það sem gerst hefur.

Af máli margra ræðumanna, einkum fyrrv. formanns þfkn., hv. þm. Sverris Hermannssonar, mátti skilja að það hafi verið svo undanfarin ár að tveir eða þrír götustrákar hafi vaðið uppi í samfélaginu og ráðist á minni máttar, 60 alþm., af hinum mesta fantaskap og þm. auðvitað ekki getað borið hönd fyrir höfuð sér fyrir þessum rógberum. Rismikill þykir mér þessi málflutningur satt að setja ekki vera.

Það, sem gagnrýnt hefur verið, er margt og m. a. þegar um það var tekin ákvörðun hér innan þingsins að flygja Bandalagi háskólamanna, en ekki Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, svo sem verið hafði, vegna þess að það fól í sér mikla og skyndilega stökkbreytingu og kjarabót.

Hv. þm. Ellert Schram gerði að umræðuefni hér áðan að frv. það, sem hér er flutt, hafi verið tekið traustataki frá frv. — sem hann segist og áreiðanlega með réttu hafa samið — frá því í fyrra. Ég verð að segja það, að í fyrsta lagi var mér grunlaust um að 2. flm. frv. hefði samið það. En ég sé nú ekki betur en með þessu sé verið að gjalda líku líkt, því að þannig var að fyrir tveimur árum var flutt í þessari deild frv. til l. um nákvæmlega sama mál, að vísu aðeins öðruvísi orðað, og flm. að því og höfundur var Gylfi Þ. Gíslason. Ellert stal frá Gylfa og mér þótti sjálfsagt að stela frá Ellert í staðinn, úr því að deilt er um höfundarrétt að þessu máli. Það er alveg rétt, að þetta eru efalítið óviðkunnanleg vinnubrögð og ég skal lofa því að fara ekki aftur að frumkvæði og fordæmi Ellerts B. Schram í þessum efnum.

Þau rök hafa verið hér fram sett, að það er alveg augljóst að Alþ. getur á hverjum tíma ákveðið hvernig þessum málum er fyrir komið. Það gildir um lagasetningu um þessi efni eins og um önnur efni í samfélaginu, að vegna þeirrar umr., sem fram hefur farið, telja flm. þessa frv., að það skynsamlegt sé, eins og nú standa mál, að fela Kjaradómi að annast ákvarðanir um þessar hækkanir. Alþ. getur síðan, ef það þykir ekki gefast vel, hvenær sem er tekið ákvörðun um það annað hvort að taka þessi mál aftur sjálft eða koma þeim fyrir með einhverjum öðrum hætti sem í ljósi breyttra aðstæðna kann að þykja æskilegur. Hér er auðvitað ekki um neitt valdaafsal að ræða, eins og menn hafa sagt og ég hygg af misskilningi, heldur hitt, að um sinn komum við þessu máli nokkuð öðruvísi fyrir.

Auðvitað er það skoðun flm. þessa frv., eins og ég hygg allra sem hér hafa tekið til máls, að eðlilegt sé að þm. hafi góð laun, eins og það er kallað, og umfram allt að þeir séu

efnalega sjálfstæðir. Það segir sig sjálft að slíkt er ævinlega nauðsynlegt. Eins er með þá, sem búsettir eru fyrir utan Stór-Reykjavíkursvæðið og þurfa jafnvel að setja upp annað heimili og hafa mikinn ferðakostnað, að auðvitað er sjálfsagt að þetta sé greitt og menn hafi ekki efnahagslegan skaða af því að sitja á Alþ. Sá, sem býr á Langanesi, á að hafa nákvæmlega sama rétt efnahagslega og að öðru leyti til að sitja á þingi eins og hinn, sem býr kannske rétt hjá þinghúsinu.

En þetta er óvart ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá, að þó að margar af þessum hliðargreiðslum, sem svo hafa verið kallaðar, séu sjálfsagðar, þá eru aðrar sem orka tvímælis. Það orkar t. a. m. tvímælis að menn búsettir í Kópavogi og á Seltjarnarnesi njóti sérstakra dagpeningagreiðslna, eins og hér hefur verið vikið að. Það orkar líka tvímælis að há laun ráðh. bætist ofan á laun þm. Ég er ekki að fella dóm að svo stöddu, ég er að segja það eitt, að þetta orkar tvímælis. Það orkar tvímælis að menn, þó að búsettir séu úti á landi einhvers staðar, en eiga íbúðir í Reykjavík, fái engu að síður greiddan húsaleigukostnað. Svona getum við haldið áfram að telja. Ég er ekki að fella efnisdóma í þessum efnum, ég er aðeins að segja að það er Alþ. fyrir bestu að um þessi mál leiki ekki hin minnsta tortryggni, og það er kjarni málsins.

Hér hafa skattamál þm. verið gerð að umræðuefni. Ég hygg að þegar almennt er um þessi mál fjallað, þá sé ekki leyft í samfélaginu að vinnuveitandi og launamaður komi sér saman um að greiða tiltekna upphæð á mánuði, 600 þús. kannske, helmingur af henni sé laun, sé þess vegna gefið upp til skatts, hinn helmingurinn gangi í kostnað. Með dóm í þessu efni fara skattayfirvöld. Þess ber líka að gæta, að þessar hliðargreiðslur, sem svo hafa verið kallaðar, eru ekki fyrir útlagðan kostnað gegn nótum, heldur eru það fastar greiðslur sem koma með föstu og reglulegu millibili og að því leyti eru þær skyldari launum heldur en útlögðum kostnaði sem kæmi gagnvart nótum. Öll almenn ákvæði um skattamál í landinu hafa verið í þá veru, að slíkt skuli gefa upp til skatts, færa inn og út, en endanlegt ákvörðunarvald sé hjá skattayfirvöldum. Kjarni málsins er einfaldlega sá, að slíkar reglur gilda fyrir Pétur eða Pál. Vinnuveitendur og launþegi geta ekki tveir komið sér saman um þetta, og slíkar reglur ættu einnig að gilda um Alþingi. Gagnrýni hefur beinst að þessu og það hefur verið gagnrýnt með réttu. Það eiga að gilda sömu reglur um alþm. og samskipti þeirra við kannske sjálfa sig, vinnuveitendur sína, eins og gilda um samskipti vinnuveitenda og launþega úti í hinu stóra samfélagi. Á þessari gagnrýni er því hægt að standa fyllilega, og þetta er einnig liður í því, að Alþ. á að vera umfram allt og 100% hafið yfir grun í þessum efnum.

Ég fagna því, að hv. þm. Halldór E. Sigurðsson hefur lýst yfir stuðningi við þetta frv. Hann rakti raunar langa raunasögu um kjaramál þm. Sumt í því er efalítið rétt, annað ekki. Sama gerði hv. þm. Lúðvík Jósepsson sem lýsti sig andvígan þessu frv. Hann rakti langa raunasögu um kjaramál þm. Ég hygg líka að eins sé farið um það, að sumt í því sé rétt, annað ekki, m. a. vegna þess að kjör manna eru mismunandi, líka vegna búsetu. Til þessa hefur ekki nærri nægjanlegt tillit verið tekið í þeim reglum sem hingað til hafa gilt um þessi mál.

Ég endurtek það, sem ég tel að eigi að vera aðalatriði þegar nýskipan þessara mála kemst á, miðað við þá réttmætu gagnrýni sem undanfarin ár hefur verið haldið á lofti um þessi mál. Í fyrsta lagi er eðlilegt að þessi mál verði flutt í Kjaradóm og út á það gengur þetta frv. Í öðru lagi tel ég að setja þurfi ný rammalög sem m. a. taki tillit til margs af því sem fram hefur komið í umr. um þetta frv. En í þriðja lagi, og það tel ég kannske skipta mestu máli, fari þessar ákvarðanir alfarið fram fyrir opnum tjöldum. **Formaður þfkn., hv. þm. Garðar Sigurðsson, spurði hvort svo hefði ekki allt af verið. Svo var ekki. Eg minnist** þess þegar við sem nú erum þm., Eiður Guðnason og ég, vorum með sjónvarpsþátt fyrir þremur árum, að ég hygg, um þessi mál, þá hafði ekki farið fram umr. af því tagi sem þó fór fram þá, enda leynir sér ekki ef flett er í gegnum bók þfkn. og litið í bókun þfkn. um þessi tilmæli sjónvarpsmanna á þeim tíma, þá er augljóst að nm. voru óvanir því að þurfa að gera grein fyrir kjörum sínum á opinberum vettvangi. Og ég man eftir því, að það stóð mikið til og tók langan tíma að koma þessum sjónvarpsþætti á toppinn. Það nánast þurfti að draga svörin með töngum út úr þáv. hv. formanni, Sverri Hermannssyni, og fleirum. Það tókst og um þetta hófst umræða í samfélaginu, umræða um mál sem þá hafði of lengi legið í þagnargildi. Enda sést það ef flett er í gegnum fundargerðarbók þfkn., að kjörin 1974, svo að dæmi séu tekin, voru um margt miklu betri en þau eru í dag. Ég skal nefna eitt dæmi, að 1974, — og vitna til þess sem ég gerði í morgun að fletta í gegnum þessa fundargerðabók, — *fyrir húsaleigu voru þá greiddar 23 þús. kr. á mánuði.* Í dag eru það 55 þús. kr. og þó er nýafstaðin hækkun. Það segir sig sjálft, að ef verðlagi hefði verið fylgt, þá hefði þessi greiðsla hækkað miklu meira.

Nú er ég ekki að leggja á það dóm, hvað sé rétt eða rangt í þessum efnum, hvort talan færð til verðlagsins í dag er réttari 1974 en hún er 1978. Ég er aðeins að segja það, að gagnrýnin hefur augljóslega haft áhrif, að sumu leyti til góðs, þetta hefur verið opnað, — kannske til ills að því leyti, að auðvitað eiga menn að fá greiddan réttan kostnað t. d. fyrir húsnæðismál. En kjarni málsins er sá, að Alþ. á ekki að þurfa að eyða tíma sínum í umr. um þessi mál. Það er bæði einfaldara og sennilega réttlátara líka að sanngjarn og traustverður aðili utan þingsins annist þessi mál. Ef hann misnotar vald sitt með einhverjum hætti, þá getur Alþ. hvenær sem er breytt því aftur. Það er inntak þessa frv. og til þess er það fram lagt.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Mér finnst nokkuð á skorta í þessu frv. sem hér liggur fyrir, að siðbótin, sem ætlað er að frv. leiði af sér, sé ótvíræð, þar sem flm. virðast ætlast til þess að alþm. séu áfram með puttann í kjaramálum sínum. Ég vil hins vegar stíga skrefið til fulls og mun flytja brtt. við allar greinar frv., þ. e. að út falli orðin „að fengnum till. þfkn." úr öllum gr., 1.-4. og mun e. t. v. flytja fleiri brtt. við málið.

Hv. 1 þm. Austurl. gagnrýndi lög um Kjaradóm í ræðu sinni í fyrradag og vildi ekki vísa þessum málum til hans. En í því sambandi spyr ég: Mætti ekki breyta lögum um Kjaradóm þannig, að verkamaður, bóndi og sjómaður bættust við þá sem þar eru fyrir, þannig að það væru ekki eingöngu embættismenn sem ákvæðu embættismönnum laun.

Hér hefur mikið verið talað í dag í þeim dúr, að þm. ættu ekki að vera hræddir við að ákveða eigin laun, þeir ættu að sýna reisn og vera óhræddir við almenningsálit. Undir þetta get ég tekið, þó ég hins vegar vilji taka þennan bikar alfarið frá þm., en ekki með sýndarmennsku. En væri ekki líka rétt fyrir þm. að nota reisn

sína og skörungsskap, sem hefur verið títtnefnt í umr. manna í allan dag, ekki bara til að hækka eigið kaup og fríðindi, heldur líka til að hækka annarra kaup og ekki síst þeirra er minnst mega sín? Ætti það ekki að vera forgangsverkefni?

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég á að fara að eyða tíma deildarinnar í að endurtaka það sem hér hefur verið sagt í dag, því að það er nánast búið að segja allt það sem hægt er að segja um þetta mál. En ég hafði kvatt mér hljóðs áður en fundi var frestað í dag og kann ekki almennilega við að bregðast þdm. þannig að segja ekki nokkur orð, fyrst ég glæptist til þess að biðja um orðið. En ég mun ekki hafa þau orð mörg með hliðsjón af þeim aðstæðum sem hér eru í fundarsalnum í kvöld.

Þetta frv. er ekki nýtt, það er gamall húsgangur hér á Alþ., nokkuð svo, en þó er það nú þannig að ég hef aldrei átt þess kost að segja álit mitt á því. Það hefur nefnilega aldrei komist til þeirrar d. þar sem ég hef átt sæti undanfarin nokkur ár. Þess vegna vil ég gjarnan láta þá skoðun mína koma fram, að ég er þessu frv. ekki samþykkur. Ég tel, að hér sé ekki breytt til bóta. Auðvitað má segja að það geti verið til þæginda fyrir alþm. að víkja þessum kaleik frá sér, eins og var sagt í síðustu ræðu. En það eru ýmsir kaleikar sem þm. verða að súpa á og geta ekki vísað frá sér, og ég sé ekki neina ástæðu til þess að þm. vísi þessu máli til embættismanna frekar en mörgum öðrum sem menn hér verða að takast á við.

Ég er út af fyrir sig sammála síðasta ræðumanni um það að annaðhvort á að gera breytinguna, stíga skrefið til fulls, eða láta það vera. Það, að Kjaradómur eigi að kveða upp úrskurð um laun þm. og aðrar greiðslur til þeirra að fengnum till. þfkn., tel ég næsta furðulega tilhögun. Annaðhvort er þetta kjaradómsmál eða það er mál alþm. sjálfra, en ekki hvort tveggja. Og ég endurtek það, að ég álít að þm. verði að taka afstöðu til þessa máls eins og margra annarra, eins og ég áðan sagði.

Því hefur verið haldið hér fram, að mikil leynd hafi á undanförnum árum hvílt yfir kjörum alþm. Þetta kannast ég alls ekki við. Ég veit ekki betur en ávallt hafi verið birtar fregnir af því í upphafi þings, hvaða ákvarðanir þfkn. hefur tekið í þessum málum. Hitt er svo rétt, að umr. um þessi mál hefur ekki verið ýkjamikil fyrr en nú á síðari árum, af hvaða ástæðum sem það kann að vera. En að þm. eða Alþ. hafi nokkru sinni farið í felur með kjör alþm. á ekki nokkra stoð í raunveruleikanum. Fyrrv. formaður þfkn., hv. þm. Sverrir Hermannsson, hefur margsinnis í sinni formannstíð gert grein fyrir þessum málum, og satt að segja á ég mjög erfitt með að trúa því, að það hafi staðið á honum eða hann hafi verið tregur til að veita tilteknum aðilum upplýsingar um þessi mál. Ég álít að það sé ekkert líkt honum að vera tregur til að segja frá því sem hann er að gera, hvorki í þessu máli né öðrum, og ég kannast ekki við þessa leynd. Ég held að það sé tilbúningur, gerður til þess að rýra álit alþm. eins og ýmislegt fleira af svipuðum toga spunnið, og mál er að því linni.

Það er út af fyrir sig mjög góðra gjalda vert, að núv. hv. formaður þfkn., Garðar Sigurðsson, hv. þm., gerði þessi mál hér að umtalsefni utan dagskrár, eins og minnst hefur verið á. Ég vil út af fyrir sig þakka honum fyrir það. En að það hafi verið brotið í blað í þeim efnum, að menn hafi ekki fengið upplýsingar ef leitað hefur verið eftir, það kannast ég ekki við.

Það hefur líka verið látið að því liggja að við, sem höfum verið hér á þingi, værum eins konar skattsvikarar af því að við hefðum ekki talið fram fríðindi. Í fyrsta lagi vil ég segja það, að auðvelt ætti að vera fyrir skattyfirvöld að fá upplýsingar um það, hver þessi svokölluðu fríðindi þm. eru. Þau hafa ævinlega verið birt, eins og ég áðan sagði, og er ekki erfitt verk að fá upplýsingar um þau, ef það væru lög í landinu að þau ætti að færa á skattaskýrslu, en það er bara ekki, eins og hefur margsinnis verið dregið fram í dag. Ég er út af fyrir sig alveg samþykkur því, að þm. sé gert að færa á skattaskýrslur bæði tekjur og gjöld sem leiðir af þingmannsstarfi þeirra, og ég mundi ekki hafa á móti því, að lögum væri breytt í þá átt. Þá gæti svo farið, eftir því sem mér heyrist, að ýmsir þm. teldu meira fram af gjöldum en af tekjum, og þá kemur til álita hvort slíkur kostnaður á að vera frádráttarbær. Kannske er það þetta sem verið er að leggja til.

Hér hefur verið minnst á það, að þm. Reykjavíkur hefðu sérstaklega góð kjör samanborið við aðra. Það má vel vera. En ég held að það sé gott að alþjóð viti það, að þm. búsettir í Reykjavík hafa engan húsaleigustyrk, þeir hafa enga dagpeninga, en mér finnst stundum eins og sé verið að gefa það í skyn, að við njótum allra þessara hlunninda fyrir að búa heima hjá okkur, borða þar og sofa. Þetta er ekki þannig. Það, sem hér er verið að tala um, er einfaldlega endurgreiðsla á kostnaði sem þm. búsettir annars staðar hafa af því að stunda atvinnu í Reykjavík alveg á sama hátt og aðrir þegnar þjóðfélagsins fá slíkan kostnað uppi borinn. Á því er enginn munur nema þá e. t. v. sá, að alþm. fá kostnaðinn ekki að fullu uppi borinn. Reykjavíkurþm. hafa nokkurn ferðakostnað, og ég tel það ekkert óeðlilegt, því að hver sá, sem ætlar að stunda þingmennsku af heiðarleika og samviskusemi, getur auðvitað ekki haldið til alla daga allan ársins hring í Reykjavík og nágrenni. Það er nauðsyn hverjum þm. að ferðast um landið, að kynnast aðstæðum annars staðar en hér á höfuðborgarsvæðinu, og enginn getur sett sig inn í vandamál þjóðarinnar í heild án þess að kynnast líka aðstæðum í hinum dreifðu byggðum og í sjávarplássum víðs vegar um land, og til þessa höfum við margir hverjir notað þennan ferðastyrk. Ég hygg að það mundi ekki vera til bóta fyrir störf Alþingis ef þessu væri breytt og þm. búsettir í Reykjavík gerðu ekkert að því að ferðast um landið.

Það er ýmislegt fleira sem ég ætlaði að segja hér, en eins og ég sagði, herra forseti, með hliðsjón af þeim aðstæðum, sem nú eru, og með tilliti til þess, að fleiri mál eru á dagskrá sem æskilegt væri að fá umr. um, ætla ég að láta þessum orðum lokið. Þó er eitt sem hefur vakið nokkra eftirtekt hjá mér, og það er deilan um höfundarrétt þessa frv. Mér kemur hún nokkuð spánskt fyrir sjónir, satt að segja. Í fyrra, held ég að hafi verið, var okkur sagt og við trúðum því að faðirinn væri höfundur. Í ár höfum við staðið í þeirri meiningu að sonurinn væri höfundur, en nú hefur komið í ljós að það er einhver þriðji aðili sem er höfundur. Ég býst ekki við að þess sé að vænta, að það sé sá sem mönnum dettur kannske fyrst í hug, enda hygg ég þá að frv. væri með nokkuð öðru sniði ef svo væri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Upplýsingaskylda banka, frv. (þskj. 45). — 1. umr.

Flm (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 45 leyft mér að leggja fram frv. um upplýsingaskyldu banka og annarra lánastofnana. Það er rétt að taka það fram í byrjun, að frv. sama efnis var lagt fram á síðasta Alþ., en varð þá ekki útrætt, og flm. þess var þá núv. hæstv. menntmrh. Ragnar Arnalds.

Frv. er í fjórum greinum, og ég vil leyfa mér að lesa í meginatriðum þessar frv.-greinar. Í 1. gr. segir:

„Tilgangur laga þessara er að tryggja að almenningur eigi þess kost að kynna sér og hafa eftirlit með útlánum lánastofnana."

Í 2. gr. segir:

„Bankar, sparisjóðir, fjárfestingarlánasjóðir og aðrar lánastofnanir skulu birta opinberlega lista yfir öll veðlán, sem veitt hafa verið á liðnu ári, einnig hvers konar útlán, sem nema hærri fjárhæð en 4 millj. kr. og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir, sem skulda við áramót meira en 6 millj. kr. í viðkomandi stofnun.

Upphæðir þær, sem nefndar eru hér í greininni, skulu breytast árlega í réttu hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar 1. jan. 1979."

Og í 3. gr. frv. segir á þessa leið:

„Útlánalistinn skal lagður fram í afgreiðslu stofnunarinnar áður en liðinn er fyrsti mánuður næsta árs og afhentur hverjum sem vill gegn hæfilegri þóknun, sem svarar til kostnaðar við prentun."

Það er ljóst af þeim frvgr., sem ég hef hér lesið, að megintilgangurinn með flutningi þessa frv. er að sjálfsögðu sá að gefa öllum almenningi kost á því að fylgjast með allri meiri háttar útlánastarfsemi í landinu. Ekki er nema eðlilegt að menn spyrja: Er nokkur ástæða til að haga þessu svo? Um það vil ég segja, að í okkar þjóðfélagi, þar sem geisað hefur jafnmikil verðbólga um langt skeið eins og öllum er kunnugt, er óhætt að slá því föstu, að það sé vart finnanleg í þjóðfélaginu eftirsóttari fyrirgreiðsla heldur en einmitt sú að fá í hendur eins mikið lánsfé hjá lánastofnunum og mögulegt er. Þetta á við bæði um fyrirtæki og einnig um einstaklinga.

Það fór hér fram fyrir ekki löngu í þessari hv. d. mikil umr. og löng um vaxtamál. Var vakin athygli á því í þeim umr., hvernig hagnaður verður oft á tíðum til í okkar verðbólguþjóðfélagi, þegar aðilar eiga þess kost að mynda meiri háttar eignir með því að afla til þess lánsfé sem síðan er greitt kannske svo og svo löngu síðar með langtum verðminni krónum. Menn hefur greint á um það, eins og kom fram í umr. um vaxtamálin um daginn, hvort hugmyndir um hækkun vaxta væru líklegar til þess að draga úr verðbólgunni. Þar sýnist sitt hverjum, eins og þá kom fram. Ég hygg hins vegar að tæplega geti verið um það mikill ágreiningur, að ein helsta leiðin í þjóðfélagi okkar til þess að hagnast og mynda meiri háttar eignir sé sú að draga saman lánsfé frá lánastofnunum og nota það síðan til þess að byggja upp eignir sem halda sínu fulla verðgildi á sama tíma og krónan rýrnar. Og það er við þessar þjóðfélagsaðstæður, sem það hlýtur að vera áhugavert að menn eigi þess almennt kost að fá upplýsingar um hverjir njóti lánafyrirgreiðslu í stórum stíl, hvaða aðilar í þjóðfélaginu það séu. Og enda þótt ég vilji leyfa mér að gera ráð fyrir því, að í flestum tilvikum reyni stjórnendur lánastofnana, bankastjórar og aðrir slíkir, að gera það eitt í þessum efnum sem þeir telja rétt og þeirra samviska býður þeim á hverjum tíma varðandi það hverjum þeir veita lán og hverjum ekki, þá er það engu að síður svo, að þarna er um svo mikilvæga fyrirgreiðslu að ræða, að það er full ástæða til að veita stjórnendum lánastofnana af þjóðfélagsins hálfu það aðhald sem í því felst, að þeim sé gert skylt að leggja fram lista yfir allar meiri háttar lánveitingar.

Það segir á einum stað í þeirri grg., sem frv. fylgir, eitthvað á þá leið, að það verði tæplega séð að nokkur einstök lánveiting geti átt rétt á sér nema því aðeins að hún þoli dagsins ljós. Sérstök ástæða er til að minna á það, að þegar Framkvæmdastofnun ríkisins var sett á fót fyrir nokkrum árum, var það leitt í lög, að allar lánveitingar á hennar vegum skyldu vera opinberar. Henni var gert það að skyldu og þeim sjóðum, sem undir Framkvæmdastofnunina heyra, að birta árlega lista yfir allar lánveitingar stofnunarinnar og sjóða hennar á viðkomandi ári. Ég held, að það sé alveg tvímælalaust, að þarna hafi verið stigið jákvætt skref, og ég kannast ekki við að þessu hafi fylgt nein þau óþægindi eða vandkvæði sem ástæða sé til að kvarta yfir, heldur þvert á móti. Og ég sé ekki heldur, að það séu nein gild rök fyrir því, að eitt eigi að gilda í þessum efnum um Framkvæmdastofnun ríkisins og þá sjóði, sem þar er stýrt, en annað um aðra lánastarfsemi í landinu. Mér er að sjálfsögðu kunnugt um það, að ýmsir aðilar í bankakerfinu telja slíka skýrslubirtingu um lánveitingar ekki heppilega og hafa vafalaust eitt og annað fram að færa í þeim efnum. Engu að síður get ég ekki komist að annari niðurstöðu en þeirri, sem kemur fram í þessu frv., að það væri til bóta að hafa þetta opið.

Það er rétt að undirstrika, að samt sem áður er hér ekki verið að gera ráð fyrir að tínd sé til opinberrar birtingar hver einasta smálánveiting, við skulum segja minni háttar víxlar eða vaxtaaukalán sem einstaklingar fá. Slíkt yrði trúlega allmikil skriffinnska og hefur ekki mikið gildi. Hér er miðað við það, að nýjar lánveitingar, sem nái 4 millj. kr., skuli fara á þann lista, sem birtur er, og sömuleiðis skuldir við áramót, sem nema hærri upphæð en 6 millj. kr. Það má að sjálfsögðu um það deila, hvort eigi að miða endilega við þessar tölur eða einhverjar aðrar. Þar er engin ein tala heilög. Hitt þótti mér eftir atvikum eðlilegt, að láta þessar tölur vera með þeim hætti sem frv. ber með sér.

Það er rétt að taka það fram, að samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að sé hins vegar um veðlán að ræða, þá séu birtar upplýsingar um þau öll. Frv. gerir, eins og kom fram þegar ég fór yfir frvgr., ráð fyrir að þær tölur, sem þarna er miðað við, breytist árlega í réttu hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar.

Ekki væri undarlegt að menn íhuguðu það, hvort ástæða kynni að vera til þess kannske ekkert síður að birta hér upplýsingar um bankainnstæður. Um það vil ég aðeins segja það á þessu stigi málsins, að hér á landi er í raun og veru miklu meiri ástæða til að birta upplýsingar um útlánin, vegna þess að þar er, eins og ég nefndi áðan, um að ræða mjög eftirsótta fyrirgreiðslu. Hins vegar tel ég að það sé að sjálfsögðu mjög æskilegt og ég vil segja nauðsynlegt að skattayfirvöld hafi fullan aðgang að upplýsingum um innstæður og vaxtagreiðslur af innstæðum.

Ég tók eftir því fyrir einu ári eða svo, eða rúmlega það,

að í þessum efnum, varðandi upplýsingaskyldu banka og lánastofnana, var gerð nokkur breyting í einu nágrannaríkja okkar, Danmörku. Sú breyting, sem þar var gerð, fól það í sér, að þar voru sett lög sem kváðu á um það, að öllum bönkum og lánastofnunum væri skylt að afhenda skattayfirvöldum upplýsingar um allar bankainnstæður og allar vaxtagreiðslur. Áður mun þetta hafa verið svo þar, að skattayfirvöld gátu haft möguleika á að hafa meiri eða minni aðgang að upplýsingum um þessi efni, ef þau leituðu sérstaklega eftir því í sambandi við mál einhvers einstaks aðila. En breytingin var sú, að þarna var kveðið á um það í lögum, að lánastofnunum væri beinlínis skylt að afhenda skattayfirvöldum lista yfir allar slíkar bankainnstæður og allar vaxtagreiðslur, sem er ærið mikil breyting. Ég læt mér detta í hug, að ef við í okkar þjóðfélagi byggjum við álíka verðbólgustig og Danir, þá mætti segja að það væri eðlilegri byrjun að snúa sér að innstæðunum í þessum efnum, eins og þar var gert. En með tilliti til þess, hvað fast er sótt á um lánveitingar þegar verðbólgan er slík sem hér, þá taldi ég eðlilegra að leggja fremur fram frv. þess efnis sem hér hefur verið kynnt og er nú til umr.

Hins vegar fer það ekki milli mála, að frv. þetta miðar ekki aðeins við það, að skattayfirvöld fái allar upplýsingar, heldur er gert ráð fyrir að allur almenningur eigi kost á að fá vitneskju um lánastarfsemina. Það er nú svo, að sú venja hefur ríkt og af mörgum þótt eðlileg, að ærin leynd ríkti innan lánastofnana, banka og annarra slíkra, og þar hefur verið ráð fyrir því gert, að margvísleg trúnaðarmál væru uppi sem ekki væru á annarra vitorði en stjórnar viðkomandi stofnunar og viðkomandi viðskiptamanns. Ég hygg að ýmislegt megi færa fram því til rökstuðnings, að á þennan hátt þurfi viðskiptin að vera. Sitthvað væri hægt að nefna því til rökstuðnings. En á móti kemur það, hvort ekki sé ástæða til að gera okkar viðskiptalíf almennt og fyrirtækjarekstur opnari, að almenningur hafi að því greiðari aðgang sem þarna fer fram í okkar viðskiptalífi, og að gera bönkum og öðrum lánastofnunum skylt að veita upplýsingar um alla meiri háttar lánastarfsemi, það lít ég á sem lið í slíkri viðleitni. Ég held að viðleitni í þá átt að draga fram sem allra flestar upplýsingar um hreyfingar fjármagnsins í viðskiptalífinu almennt sé jákvæð og eigi fullan rétt á sér.

Ég vil minna á það, áður en ég lýk mínu máli, að fyrir þinginu liggur fsp. til hæstv. viðskrh. frá hv. þm. Stefáni Jónssyni um nafnlausar bankabækur í okkar bankakerfi. Þar er spurt um hve margar slíkar bækur sé að ræða og hversu háar upphæðir. Þarna er um svolítið skylt mál að ræða því sem ég er hér að fjalla um, og þar er einn angi af þeirri hulu sem hvílt hefur yfir einu og öðru í sambandi við okkar bankastarfsemi. Ég hef spurst fyrir um það í sambandi við þessar nafnlausu bankabækur, hvort slíkir siðir tíðkist enn á öðrum Norðurlöndum, og þær upplýsingar, sem ég hef fengið í þeim efnum, eru að svo sé alls ekki, það sé orðið einsdæmi, sé miðað við Norðurlönd, að viðhalda þessum nafnlausu bókum. Ég nefni þetta hér vegna þess að þarna er um mjög skylt mál þessu að ræða. Hvort tveggja lýtur að þeirri svokölluðu bankaleynd sem frv. það, sem ég hef hér gert grein fyrir, miðar að því að draga úr.

Herra forseti. Ég hef lokið mínu máli.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er mikið í tísku um þessar mundir að krefjast upplýsinga um hvað eina, bera þær á torg og fjalla helst um í fjölmiðlum af ýmsu tagi. Sagt er að með þessu móti eigi að gefa almenningi kost á að fylgjast sem best og nákvæmast með öllu sem gerist. Vissulega er fróðleiksfýsnin góðra gjalda verð og nauðsynlegur hvati til hvers konar framfara og þróunar, en forvitnin og hnýsnin hafa á hinn bóginn þótt heldur hvimleiðar kindur hér á landi.

Hér er fjallað um frv. til l. um upplýsingaskyldu banka og annarra lánastofnana, flutt af hv. 3. þm. Vestf. Hann hefur nú rakið efni frv. svo að það er ekki þörf á að fara um það mörgum orðum. Þeim fáu áheyrendum, sem hér eru staddir, hefur gefist kostur á að heyra útskýringar hans að því er efni frv. varðar. En mér skilst að meginmarkmið frv. sé að gefa almenningi kost á að fylgjast með allri meiri háttar útlánastarfsemi í landinu, eins og frsm. tók raunar fram í ræðu sinni sem hann var að ljúka. Ég vek athygli á því, að hér er ekki verið að tala um neina reglu sem eigi að gilda í undantekningartilvikum. Hér er frv. til l. sem hefur það að meginmarkmiði að skapa aðalreglu. Það er verið að setja hér almenna reglu sem á að gilda hvernig sem á stendur.

Það er að vísu svo, að það eru aðeins tiltekin lán, sem á að birta opinberlega lista yfir, og lán, sem nema ákveðinni fjárhæð. En ef maður les frv. yfir og heyrir auk þess útskýringar flm., þá dylst engum að hér er aðeins verið að stíga fyrsta skrefið. Takmarkið er að láta sem allra mest af slíkum upplýsingum liggja fyrir augum almennings. Það má vel vera að útgáfa útlánalista þess, sem rætt er um í 3. gr. frv., verði ekki mjög kostnaðarsöm, því að ég get vel trúað að ýmsir mundu vilja kaupa slíkan lista gegn hæfilegri þóknun, a.m. k. fyrst í stað. Þess vegna vonast flm. til þess, að hægt sé að sleppa vel frá prentkostnaði þess lista.

Ef vikið er ögn að grg. og litið á þetta frv. nánar án þess að fara um það mörgum orðum, þá segir í upphafi grg. að frv. sama efnis hafi verið flutt af Ragnari Arnalds, núv. menntmrh., á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Hæstv. ráðh. virðist vera þetta mál mjög hugleikið, a. m. k. heyrði ég hann síðast minnast á það í sjónvarpi í gærkvöld. Hann virðist því telja mikið áhuhjálparatriði að koma þessu máli fram. Og nú hefur hv. 3. þm. Vestf. borið þetta frv. á borð og tekið við það ástfóstri eins og heyra mátti af ræðu hans.

Ég ætla ekki að rekja grg. í mörgum orðum, þó að það mætti gera. Að mínum dómi er talsvert í henni af firrum og a. m. k. röngum ályktunum. En ég vil víkja hér sérstaklega að einu atriði, og það er það sem nefnt er bankaleynd og virðist fara ákaflega mikið fyrir brjóstið á þessum hv. þm. Hvað er bankaleynd? Ég hygg að í því orði felist fyrst og fremst trúnaðarsamband bankans og forráðamanna hans annars vegar og viðskiptamanna hans hins vegar. Með henni er lögð áhersla á að virða bæði rétt þess, sem leggur inn, sparifjáreigandans, og hins, sem þarf að fá lán, skuldarans. Ég hygg að bankaleynd að einhverju marki tíðkist alls staðar á byggðu bóli þar sem þjóðir eru á annað borð á einhverju menningarstigi.

Frsm. segir að það sé nauðsynlegt að veita stjórnendum lánastofnana aðhald, og vissulega er það rétt, að það er nauðsynlegt. En það er líka reynt með ýmsum ráðum, og þarf ekki annað en virða fyrir sér löggjöf ríkisbankanna til þess að komast að raun um það, að reynt er að búa svo um hnútana að ráðamenn bankanna fari ekki einförum hvað sem það kostar. Bankaráð ríkis-

bankanna eru kjörin af Alþ., og bankarnir eru háðir margs konar eftirliti. Endurskoðendur eru kjörnir af Alþ., ársreikningar bankanna birtir og annað þar fram eftir götunum. Það er að vísu aldrei hægt að búa svo um hnútana, þó að slíkir fyrirvarar séu á hafðir, að ekki geti einhverjir hlaupið út undan sér. Jafnvel þó að endurskoðendur séu settir á endurskoðendur ofan, þá kann alltaf eitthvert misferli að eiga sér stað, sem ég hygg að sé afar erfitt að komast alfarið hjá. En það er reynt á margan hátt og alls staðar í löggjöfinni skín það í gegn, að verið er að fara með málefni manna sem trúnaðarmál. Þeir eiga að geta treyst því, að farið sé með málefni þeirra og viðskipti við bankann sem trúnaðarmál. Þannig er öllum starfsmönnum bankanna skylt að vinna þagnar- og trúnaðarheit áður en þeir hefja störf við banka. Ég er hér með sýnishorn, lög um Búnaðarbanka Íslands, sem samþ. voru á Alþ. 6. maí 1976. Þar segir í 17. gr., að bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn séu bundnir þagnarskyldu um allt það er snertir hag viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þessi regla er talin alveg sjálfsögð.

Það *má svo auðvitað endalaust skrafa og skeggræða* um það, hvaða hluti eigi að birta og hverja ekki. Það má t. d. spyrja um í þessu sambandi, ef aðeins er farið út fyrir þetta svið sem frv. fjallar um, hvort eigi að birta skrá yfir alla þá sem verður það á að gefa út ávísun sem ekki er innistæða til fyrir. Á að birta skrá í dagblöðunum yfir alla þá sem fara yfir á ávísanareikningi sínum í bönkunum? Ef farið er enn þá lengra, þá má spyrja: Á að semja skrá og birta í blöðum yfir alla þá sem fremja lögbrot af einhverju tagi? Þessi regla hefur verið mjög umdeild í refsiréttinum, um nafnbirtingu brotamanna. Þannig mætti lengi áfram telja.

Það er vikið að því í grg. ásamt mörgu öðru, að afnám bankaleyndar í þessum efnum hljóti augljóslega að draga úr þeirri hættu sem annars er fyrir hendi á mismunun og geðþóttaákvörðunum, ekki verði séð að nokkur lánveiting eigi rétt á sér sem þoli ekki dagsins ljós. Það má að vísu vel segja og setja fram þessa reglu. Bankastjóri á auðvitað ekki að lána neitt sem ekki þolir dagsins ljós. Á hinn bóginn er það gömul siðaregla meðal okkar, að margur má sannleikur kyrr liggja, og það á við, hversu sem sannleikurinn er háleitur og dýrmætur. Það á ekki alls staðar við að bera hann fram, hvernig sem á stendur.

Það er minnt á það í grg. og talið mikið til fyrirmyndar, að Framkvæmdastofnun ríkisins og Byggðasjóður birti skrá yfir allar lánveitingar. Ég verð nú að segja að þarna er ekki að öllu leyti saman að jafna. Þarna er ekki um að ræða innlánsstofnun, og fleira mætti telja. Ég lít á þessa reglu sem undantekningarreglu í löggjöfinni sem sannar *aðalregluna um almenna bankaleynd í meðferð mála.*

Það má svo geta þess, að þó að þetta frv. verði ekki að lögum hafa menn, sem eru fróðleiksfúsir á þessu sviði, ýmis ráð til þess að afla sér upplýsinga um inneignir eða skuldir manna. Það eru t. d. gefin út Kaupsýslutíðindi. Skjölum er bæði þinglýst og aflýst, meira að segja meiri háttar lánveitingum. Menn geta mætt á manntalsþingi og hafa mætt á manntalsþingum á undanförandi árum og hlustað þar á lesna skrá yfir allar lánveitingar, bæði þinglýst kjöl og aflýst frá því að manntalsþing var síðast haldið. Það er að vísu svo, að menn eru mjög misjafnlega fíknir í þetta. Mér er sagt t. d. að á manntalsþingi hér í Reykjavík, sem reyndar er aflagt fyrir mörgum árum, hafi gengið svo til mörg síðustu árin sem það var haldið, að þingið sótti einungis einn einasti maður. Síðan geta menn farið og fengið sér veðbókarvottorð í veðmálabókum. Menn geta lesið Lögbirtingablaðið og ýmislegt annað. Á hinn bóginn talar það sínu máli, að löggjöfin hefur frá fornu fari verndað menn fyrir hnýsni og forvitni á vissum sviðum. Svo er t. d. með skattframtöl manna, og engir hafa getað komist í skattanefnd á liðnum árum eða fjallað almennt um skattframtöl manna án þess að undirrita eiðstaf eða drengskaparheit, að ég ætla. Allir þeir, sem vinna á skattstofum eða að slíkum málum. Svo eru og um margháttaðar upplýsingar þar sem löggjöf síðaðra þjóða hefur talið sjálfsagt að vernda persónurétt einstaklingsins. Nýtt í því efni er það, að mönnum er ekki um það gefið, að upplýsingum um þá sé safnað í tölvu t. d.

En af máli flm. kom einnig fram, að hann telur nauðsynlegt og æskilegt að vita um bankainnstæður manna, a. m. k. fyrir skattayfirvöld undir vissum kringumstæðum. Og mér finnst að það megi raunar ráða það af ýmsu sem fram kemur í frv. og grg., að flm. brenna raunar í skinninu að fá að renna augunum yfir bankainnstæður manna. *Það gæti e. t. v. haft einhver áhrif á sparifé og sparimyndun* ef farið væri að skoða innlán nánast af hverjum sem er. En sparifjármyndun er mjög nauðsynleg, a. m. k. fyrir alla þá, sem ætla sér að stjórna löndum og lýðum og láta eitthvað skynsamlegt af sér leiða.

Ég held að ég fari ekki fleiri orðum um þetta frv. á þessu stigi. Það er sagt í grg., að mál þessi séu nú í athugun á vegum viðskrn., en með flutningi þessa frv. sé lögð áhersla á að hér þurfi að taka upp breytta hætti. Ég hygg að starfsmenn viðskrn. komist að raun um það, þegar þeir fara að kryfja þessi mál til mergjar, að þar er æði margt sem athuga þarf. Það þyrfti að umbylta ýmsum meginreglum í íslenskri löggjöf og réttarkerfi. Það mætti segja mér, að þeir gerðu ekki annað á meðan þeir væru að athuga þessi mál og gerbreyta þar um meginreglur.

Við lifum á mikilli upplýsingaöld, sérstaklega að því er varðar kröfugerð til margháttaðara upplýsinga, eins og ég sagði áðan. Það er gott eitt um það að segja, ef slíkt gengur ekki út í öfgar og nýtist einstaklingum og almenningi til góðs. En það er ekki þar með sagt, að víðtæk og almenn upplýsingaskylda eigi við hvar og hvenær sem er, síst af öllu lögboðin, ef aðrir og meiri hagsmunir eru í húfi. Þar kemur til greina réttur einstaklingsins sem virða ber umfram það sem aðrir kunna að vilja vita um hann.

Páll Pétursson: *Herra forseti. Hvar eru nú allir kratarnir?* Ég get nú ekki beinlínis sagt að ég sakni þeirra, en ég tek eftir því og vek á því athygli, að nú eru þeir ekki við. Það er að vissu leyti skaði, því að ég hefði haft *ánægju af því ef þeir heyrðu mál mitt. En allt um það,* ég vil ekki tefja framgang þessa máls og mun nú treysta mér til þess að mæla hér fáein orð þó að þeir séu ekki viðstaddir.

Ég kem hér til þess að lýsa stuðningi mínum við efni þessa frv. Ég get reyndar ekki látið hjá líða að velta vöngum yfir formi þess og uppsetningu. Mér finnst hún ofurlítið óvenjuleg. En það getur skeð að þetta sé þinglegt og falli vel að lögbókinni þegar þar að kemur. En það mætti líka hugsanlega fínpússa í nefnd. Það er einnig smekksatriði við hvaða tölur er miðað í frv. eins og þessu, og ég gæti ímyndað mér að það væri hugsanlegt að nefna einhverjar aðrar tölur, annaðhvort hærri eða lægri, og ná þó fram þeim kostum og því aðhaldi sem þetta frv. felur í

sér. Ég er ekki alveg sáttur við allan tón í grg., en samt sem áður er ég hálfundrandi á neikvæðum móttökum síðasta ræðumanns við frv., hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar, sem einnig er bankaráðsmaður. Mér fannst hann líta svo á að þarna væri verið að birta einhverja sakaskrá eða gera lánþegum eitthvert óskaplegt ógagn, ljóstra upp einhverjum stórkostlegum leyndarmálum sem hættulegt væri fyrir þá að kæmust upp. Ég lít ekki þannig á þetta mál. Ég lít svo á að þetta eigi ekki að vera hinum almenna borgara eða hinum heiðarlega viðskiptamanni að neinu leyti til tjóns. Ég lít svo á að lánveitingar eigi ekkert að vera fremur en önnur viðskipti leyndarmál að einu eða neinu leyti, vegna þess að lánveitingar eru sem betur fer flestallar í okkar þjóðfélagi eðlileg viðskipti. Auk þess mundi birting á yfirliti eins og þarna er gert ráð fyrir verða til þess að slúðurkerlingar þjóðfélagsins hefðu handbær gögn svo að þær gætu farið með rétt mál og yrðu ekki óviljandi til þess að skrökva, og Don Quijotar vorir og sjónumhryggir riddarar þyrftu ekki að berjast við vindmyllur óvart.

Hvað varðar inneignir og skrár yfir þær, þá hygg ég að það kynni í sumum tilfellum e. t. v. að fæla menn frá að safna sparifé ef verið væri að gera sérstakt opinbert veður út af því að þeir ættu innistæður, og eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram er þjóðfélaginu auðvitað mikil nauðsyn að einhverjir fáist til þess að leggja sparifé sitt í banka.

En út af ummælum, sem hér voru viðhöfð, hef ég það fyrir satt, að það sé þannig í þjóðfélagi okkar, að ef skattayfirvöld æskja þess um einhvern tiltekinn mann, að viðskiptastofnanir gefi upp innistæður hans og vaxtagreiðslur, þá sé það gert.

Hvað varðar nafnleynd bankabóka sem hér hefur komið á dagskrá, þá held ég að það ætti að taka fyrir hana. Mér finnst að hún eigi ekki rétt á sér og eigi að vera óþörf. Ég get ímyndað mér að hugsanlegt væri að koma því svo fyrir að gefa mönnum einhvern umþóttunartíma. Það þarf að taka fyrir þetta með löggjöf, en gefa mönnum einhvern umþóttunartíma til þess að koma bókum sínum á nafn og skrá þær eins og eðlilegar bækur. Eftir einhvern ákveðinn tíma mætti hugsa sér að gera innistæðurnar upptækar til ríkissjóðs ef eitthvað stæði eftir.

Ég get ekki sagt að mér finnist þetta þurfa að vera leyndarmál, og ef heiðarlega er í pottinn búið er þetta ekkert leyndarmál.

Það er kannske rétt að rifja það upp hér og nú, að tekjur bænda t. d. í Austur-Húnavatnssýslu eru ekkert leyndarmál. Þeir hafa samþykkt það sjálfir að gefa út skrá á vegum Sölufélags Austur-Húnvetninga þar sem tekið er fram hvað hver bóndi leggur inn til sölumeðferðar af sláturgripum og af mjólk, bæði tölur og magn, jafnframt hvað hann hefur sett á fóður, þannig að menn gefa líka upp opinberlega hvernig þeir fara með skepnur sínar, og af þessu fæst talsvert góð mynd af búskap þeirra. Það vantar að vísu í þessa skrá hvað þeir eyða í þessa gripi, hvað þeir eiga eftir sem nettó-tekjur, enda væri það nokkuð mikil og flókin skrifstofuvinna sem fylgdi því að koma því öllu saman í lista. En okkur finnst sjálfsagt mál að vera ekkert að pukrast með það, hvað við legjgum inn, og vera ekkert að pukrast með það, hvernig bú okkar er fram gengið eða hverjir búskaparhættir okkar eru.

Það verður ekki ofsögum af því sagt hér í d. hvers lags fyrirmyndarstofnun Framkvæmdastjóður er og Byggðarsjóður. Stjórn hans, sem sumir þm. hafa dundað sér við að tala um að væri pólítísk og spillt og stundaði óeðlilegar lánveitingar, hefur alla tíð birt lánveitingar. Sumar hafa verið ofurlítið gagnrýndar, en aðrar ekki. Ef ég ætti að fara yfir þessar lánveitingar Byggðasjóðs og gagnrýna þær í einstökum atriðum, þá man ég ekki eftir nema örfáum sem ég treysti mér til að nefna í gagnrýnisskyni, og hef ég þó lesið nokkuð þessar skrár. Fremur mundi ég gagnrýna það sem ekki hefur verið lánað til. En eins og menn vita hefur hlutur landbúnaðar í Byggðasjóði verið ákaflega lítill, og einn þátturinn í erfiðleikum landbúnaðarins er að hann hefur verið sniðgenginn og ekki átt kost á að fá sinn skerf af því ódýra fjármagni sem Byggðasjóður hefur haft með að gera. Að vísu hefur þetta ofurlítið lagast á seinni árum og miðar hænufet fram lánamálum landbúnaðarins, en raunar allt of skammt. En Byggðasjóði og Framkvæmdasjóði verður þá ekki heldur kennt um offjárfestingu í landbúnaði á Íslandi, eins og sumir vilja slá sig til riddara með því að tala um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 26. fundur.

Fimmtudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kortabók Íslands, þáltill. (þskj. 33). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bundið slitlag á vegum, þáltill. (þskj. 38). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Gjald á veiðileyfi útlendinga, þáltill. (þskj. 18). — Frh. einnar umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. einn og átta frá Alþfl. og Alþb. hafa flutt till. til þál. á þskj. 18 um sérstakt gjald á veiðileyfi útlendinga, sem veiða í íslenskum ám. Umr. um þessa till. hófst fyrir réttum þrem vikum og er umr. því nokkuð slitin í sundur og erfiðara um vik að fella saman í heild svör við ræðu frsm. og aðra þátttöku í umr. heldur en ef hún færi fram samfellt.

Till. þessi kann ýmsum að virðast sakleysisleg og ekki mikils virði við fyrstu sýn. En sé betur að gáð er hún að ýmsu leyti varhugaverð og að mér virðist stefna í ranga átt. Tillagan virðist í fyrsta lagi byggð á nokkuð einhliða og yfirborðslegri athugun þessa máls frá einum sjónarhóli, ímynduðum sjónarhóli veiðimannsins, hins íslenska leigutaka, án þess að hugsað sé um hagsmuni veiðiréttareigenda eða þess gætt, hverjar afleiðingar kynnu að verða fyrir veiðimálin í heild ef till. væri samþykkt. Á

hinn bóginn verður því ekki varist að sá grunur læðist að manni, að till. sé í raun afsprengi þess pólitíska, e. t. v. kratíska hugsunarháttar, sem illa þolir frjálsræði í viðskiptum, og kannske allra síst að þeir fasteignaeigendur, sem hér er um að ræða, veiðiréttareigendur í landinu, geti leigt hlunnindi sín þeim, sem þeim best líkar, og haft af því nokkurn hagnað. Till. ætti e. t. v. að bera yfirskriftina: „Till. til þál. um skattlagningu og takmarkanir á ráðstöfunarrétti veiðiréttareigenda á eignum sínum."

Till. þessi fjallar um tvennt: Í fyrsta lagi um að taka sérstakt gjald eða skatt af veiðileyfum útlendinga sem veiða í íslenskum ám. Þetta er aðalatriði till. og notað sem aðferð til þess að ná megintilgangi hennar, sem virðist vera að reyna að koma í veg fyrir leigu á laxveiðiám og laxveiðileyfum til útlendra manna. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að fjármunum þeim, sem nást með þessari skattlagningu, verði varið til tilrauna í fiskrækt. Þetta virðist vera algert aukaatriði till., vegna þess að ef megintilgangur hennar næst fellur gjaldtakan niður og ekkert fé verður til ráðstöfunar til fiskræktartilrauna. Hér er um að ræða þversögn í þessari till. og hefur verið bent á það í umr. um hana áður.

Í grg. með þessari þáltill. eru settar fram ýmsar fullyrðingar, — fullyrðingar sem hv. 1. flm. málsins reyndi að styðja nokkrum rökum í sinni framsöguræðu. Áður en horfið er að því að ræða þessar fullyrðingar sérstaklega er e. t. v. rétt að reyna að gera sér einhverja grein fyrir því, hvernig við viljum haga samskiptum okkar við útlenda menn. Er það meining okkar Íslendinga að loka landinu fyrir erlendum ferðamönnum? Viljum við draga sem mest úr samskiptum við aðrar þjóðir, lifa einangraðir í landi okkar á sviði ferðamála, á því sviði að nýta hlunnindi eða á annan hátt? Ég skal ekki fara að flækja inn í þetta þeim þætti þessa máls sem snertir viðskipti almennt. Mætti það raunar kallast of langsótt, slíkir hagsmunir sem bundnir eru viðskiptum okkar við aðrar þjóðir.

Ég tel að í samskiptum við útlendinga og við erlendar þjóðir varðandi ferðamál á Íslandi þurfi að ýmsu leyti að hafa nokkra varúð, hafa nokkra gát á. Það er ekki vafamál, að að ýmsu leyti má sumt betur fara í sambandi við ferðamál útlendinga í okkar landi. Ég hygg þó að það sé samdóma álit þeirra, sem til þessara mála þekkja, að þeir erlendir ferðamenn, sem hingað koma til þess að stunda veiðar í íslenskum ám, séu einhver besti hluti þeirra erlendu ferðamanna sem sækja þetta land heim. Þá á ég við besti hlutinn fyrir okkur Íslendinga sjálfa og fer ekki í manngreinarálit hvað þetta snertir að öðru leyti. Hér er um menn að tefla sem skila verulegum tekjum í gjaldeyri til okkar þjóðar. Hér er um menn að tefla sem ekki ganga ósæmilega um íslenska ferðamannastaði eða íslenska náttúru. Yfirleitt er hér um menn að tefla sem umgangast íslenska náttúru, umgangast íslenskar veiðiár með miklum sóma. Vel má vera að undantekningar finnist frá þessari reglu, en ég hygg að þær séu fáar. Ég tel að það sé í sjálfu sér ekki af þessum sökum nein ástæða til þess að torvelda að útlendingar geti veitt í íslenskum veiðiám.

Þá er það aftur hin hlið þessa máls, hvort hér sé um slíka ásókn útlendinga að ræða í íslenskar veiðiár að verði til að hindra það að Íslendingar sjálfir geti nýtt þessi hlunnindi sér til ánægju og hagsbóta eins og vera þyrfti. Þetta atriði málsins kom meir til tals í þeirri umr. sem hófst fyrir þremur vikum og e. t. v. ekki ástæða til að fara langt út í það frekar. Hins vegar kom þar fram, að verulegur hluti af leyfðum stangarveiðidögum í íslenskum veiðiám er ekki notaður. Það kom fram, að af tæplega 33 þús. stangarveiðidögum í íslenskum laxveiðiám, sem Veiðimálastofnunin hefur leyft að notaðir væru, hafa Íslendingar notað um 19 þús. veiðidaga, útlendingar, eftir því sem næst verður komist, um 5 þús. veiðidaga, og ónotaðir eru 8900 veiðidagar, sumpart vegna þess að veiðiréttareigendur sjálfir hafa kosið að friða árnar hluta af þeim tíma sem leyfilegur er. Þessar upplýsingar benda ekki í þá átt sem fullyrt er í grg. með þessari þáltill. og í ræðu hv. 1. flm., Árna Gunnarssonar, að veiðar útlendinga í íslenskum laxveiðiám torveldi mjög eða hindri það að Íslendingar sjálfir geti nýtt þessi hlunnindi í landi sínu.

Það er fullyrt að Íslendingar hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að standast þá samkeppni sem þeir verða fyrir af útlendum veiðimönnum á þessu sviði. Þessar fullyrðingar eru að mínum dómi ákaflega hæpnar og vafasamar. Það byggi ég á því, að ég hef nokkurn kunnugleika á þessum málum af eigin raun. Ég hef átt sæti í stjórn eins veiðifélags í allmörg ár. Ég hef staðið að leigu á veiðiám til útlendra manna, og ég hef staðið að útboðum og síðan ákvörðunum í sambandi við þau boð sem komið hafa. Ég hef orðið vitni að því, að útlendingar hafa verið boðnir frá, en ekki hið gagnstæða, þannig að ég hygg að þarna hallist lítið á. Það er hins vegar rétt, að í ýmsum tilvikum muni útlendingar bjóða hátt í allra bestu veiðidagana, allra besta tíma ársins í sumum bestu veiðiánum. Þó var til þess vitnað hér í umr. fyrir þrem vikum, að Íslendingar sjálfir eru fúsir til þess að greiða háar fjárhæðir fyrir veiði í íslenskum ám, jafnvel allt að 100 þús. kr. fyrir veiðidaginn í bestu veiðiánum, og fá þá daga færri en vilja að því er virðist. Því er ég nákunnugur, þannig að þar virðist enginn hörgull á, þó útlendingar komi hvergi nærri. Fullyrðingar af þessu tagi af hálfu manna, sem ekki þekkja þessi mál af eigin raun, eru því nokkuð mikið út í bláinn.

Nú eru hér enn fullyrðingar um það, að gjaldeyrisskil vegna veiða útlendinga í íslenskum veiðiám séu ekki í lagi. Um þetta vil ég ekki á nokkurn hátt fullyrða, og það er sjálfsagt, ef einhverjar grunsemdir eru um að gjaldeyrisskil séu ekki lögum samkvæmt, að þá sé það rannsakað af réttum yfirvöldum. Fulltrúar veiðiréttareigenda hafa lagt á það mikla áherslu, að engin tortryggni væri í sambandi við þau mál, og hafa ekkert að fela. Þess vegna er það veiðiréttareigendum síður en svo á móti skapi að allt hið rétta sé upplýst í þeim málum og hvað eina í sambandi við gjaldeyriskil af hálfu útlendra veiðimanna sé lögum samkv. og í lagi. Á þetta vil ég leggja áherslu.

Enn er hér að finna dylgjur, bæði í grg. og í ræðu hv. 1. flm., um lögbrot af hálfu íslenskra veiðiréttareigenda, lögbrot í sambandi við samninga við útlendinga. Það var, meira að segja nokkuð nærri mér höggvið í ræðu 1. flm., Árna Gunnarssonar, þar sem hann dylgjar um að það kunni að hafa verið gerður ólöglegur samningur um Vatnsdalsá á sinni tíð. Ég verð nú að segja það, að það hefði verið stórmannlegra af þessum nýju siðbótarmönnum, hv. þm. einum og átta sem flytja þessa till., að höfða mál til þess að fá skorið úr því, hvort um löglegan samning eða ekki væri að ræða, heldur en að dylgja um lögbrot í þskj. eða úr þessum ræðustól. Ég kann því ákaflega illa að slíkar dylgjur séu á borð bornar sem ekki er hægt að fá skorið úr, hvort séu réttar eða réttar ekki, nema fyrir dómstólum. Og ef hv. flm. þessa máls vilja

halda slíku áfram, þá óska ég eftir að það sé gert fyrir dómstólum landsins, en ekki dylgjað um það í þskj. eða úr þessum ræðustól.

Ég átti hlut að þeim samningi sem gerður var við John Ashley Cooper á sínum tíma varðandi Vatnsdalsá, og sá samningur hlaut staðfestingu Stjórnarráðs Íslands. Ég á ekki von á því, að þar hafi verið staðfestur samningur sem hafi strítt gegn íslenskum lögum.

Þótt hér hafi verið vitnað til tiltekinnar grg. eftir einn löglærðan mann, þá er slík grg. engin sönnun í slíku máli þar sem hann lætur liggja að tilteknum hlutum og allsendis óviðeigandi.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að tíunda mikið af því sem sagt var í þessum umr. fyrir þrem vikum. Það er e. t. v. rétt að rifja aðeins upp nokkur atriði af því sem þar kom fram.

Það hefur verið sagt, að gjaldeyristekjur vegna veiða útlendinga í íslenskum veiðiám á síðasta ári muni hafa numið um 700 millj. kr. Það kom þar einnig fram hjá hv. 1. flm., að hann væri ekki viss um að þessi gjaldeyrir hefði allur skilað sér til banka. Eins og ég hef þegar komið að, tel ég eðlilegt að það sé rannsakað. Íslenskir veiðiréttareigendur vilja að hið sanna komi í ljós um það efni, og ég get tekið undir með hv. þm. Árna Gunnarssyni, að það sé athugað betur, og legg áherslu á að hið sanna komi í ljós hvað það snertir.

Það er hins vegar rétt að víkja að því nokkrum orðum, hvort þetta fyrirkomulag um veiðar útlendinga í íslenskum veiðiám hafi orðið til góðs eða ills, hvort það sé til góðs eða ills fyrir veiðimálin í landinu í heild að frjáls samskipti, frjáls leigumáti á þessum hlunnindum sé eða ekki. Mér er engin launung á því, að ég tel miklu varða að þessi hlunnindi séu áfram í eigu og umsjá bændanna sjálfra. Ég skal rökstyðja það nokkrum orðum, en aðeins víkja að því áður, að í ræðu hv. 1. flm. kom fram að hann taldi að eignarform, sem er í Bandaríkjunum og víðar, að ríkið eigi þessar fasteignir alfarið, væri kannske það hagkvæma og eðlilega. Hann hafði í frammi viðvaranir og dulbúnar hótanir í garð veiðiréttareigenda ef þeir yrðu ekki góðu börnin og upp væri tekin sú regla sem hann gerir hér að till. sinni í sambandi við sérstaka skattlagningu á útlendinga. Reynslan hefur sýnt að laxveiði í íslenskum ám hefur farið sívaxandi á undanförnum árum. Í tölum talið sést að á 5 árum, árin 1946-1950, veiddust að meðaltali 17 373 laxar á ári hér á landi. 5 ára meðaltal 1971-1975, 25 árum seinna, er 64 575 laxar, hefur þannig nærri fjórfaldast. Árið 1977 er talið að veiddir laxar í íslenskum ám hafi verið sem næst þessari tölu meðaltalsins 1971-1975, og 1978 er mikill meiri hluti af þessum laxi stangaveiddir laxar, og stangaveiddir laxar eru að verða æ meiri hluti af heildarveiðinni. Þetta sýnir að laxveiðin hefur farið sívaxandi og orðið vaxandi tekjulind fyrir þjóðarheildina, sumpart fyrir veiðiréttareigendur, en þó fyrst og fremst fyrir þjóðarheildina, og að því ber auðvitað að stefna. Þetta sýnir þá um leið, að það skipulag, sem á þessum málum hefur verið, hefur a. m. k. ekki verið með öllu illt. Það hefur haft það í för með sér, að laxveiði hefur farið vaxandi, tekjurnar hafa farið vaxandi. Hvers vegna skyldi þetta hafa gerst? Að mínum dómi hefur það gerst vegna þess að meginhluti af þessum hlunnindum í landinu hefur verið í eigu bændanna sjálfra. Þeir hafa í flestum tilvikum bundist féiagslegum samtökum um hvert vatnasvæði og nýtt það sér til hagsbóta, en þó jafnframt alltaf með það fyrir augum að reyna að bæta það, reyna að auka hlunnindin, bæta þau, auka verðmætin, gera tekjumöguleikana meiri. Þáttur í þessu er það að geta haft verulega samkeppni um laxveiðileyfin, þ. á m. af hálfu útlendinga. Ef sá þáttur væri burt numinn, þá má vera að tekjumöguleikarnir yrðu ekki eins miklir, hagnaðarvonin hyrfi eða stórminnkaði, og þá er mjög hætt við að veiðiréttareigendurnir mundu ekki sinna þessum málum af slíkri kostgæfni, ekki hafa eins mikla hvatningu til þess að auka og bæta þessi verðmæti. Þessa speki eiga kannske þeir hv. siðbótarþm. einn og átta frá Alþfl. og Alþb. erfitt með að skilja, en það verður þá að hafa það. En einhvern veginn fannst mér samt í umr. hér í gær, þegar rætt var um þingfararkaup, að sumir þessara hv. þm., sem höfðu jafnvel sem fréttamenn gagnrýnt kjör þm. og ýmsa kostnaðarliði, sem þeir fá greidda, meðan þeir voru og hétu fréttamenn, væru komnir allt í einu upp í þennan ræðustól og farnir að gerast merkisberar í kjarabaráttu alþm., sem mér hefur virst vera ókunn og ekki hafa sést fyrr á hinu háa Alþ. Kannske kann einhver þeirra skil á því, að hagnaðarvonin getur haft einhverja þýðingu í vissum tilvikum. En hvað um það.

Reynslan hefur sem sé sýnt að þetta fyrirkomulag hefur ekki reynst illa. Það má vera að það hefði mátt betur gera. Nú er það svo, að nokkrum fjárhæðum er varið af opinberri hálfu til fiskræktar í landinu. Þar er ekki um stórar fjárhæðir að tefla og mætti vera meira. En þó skal ég ekki mæla því mót, sem hv. 1. flm. þessa máls gerði að umtalsefni í sínu máli þegar hann flutti framsöguræðu, að veiðiárnar hefðu batnað fyrir tilverknað opinberra aðila, fyrir tilverknað ríkisins. Það er fjarri mér að ég vilji mótmæla slíku. Ýmsar aðgerðir opinberra aðila og stuðningur af hálfu ríkisins hafa orðið til góðs í þessum efnum og mátt í raun og veru vera meiri. Hins vegar tel ég að það, sem bændurnir sjálfir hafa aðhafst í þessum efnum, hafi verið enn þá þýðingarmeira, og þeir hafa sjálfir lagt fram miklu meiri fjármuni til þessara mála heldur en það sem gert hefur verið af hálfu opinberra aðila. Ég er ekki með nákvæmar upplýsingar um það, hve miklu veiðifélögin, þ. e. veiðiréttareigendur, hafa á undanförnum árum varið til fiskræktar í ám í landinu. En ég hef þó fengið hér skrá yfir allmörg veiðifélög, samtals 15, sem tekin eru af handahófi, og það er langt frá að það séu öll þau veiðifélög sem mynduð eru um bestu veiðiárnar. En þessi 15 veiðifélög hafa varið á árinu 1977 einungis til seiðakaupa 7 millj. 948.9 þús. kr. eða nærri 7 millj. 950 þús. kr. Auk þess verja þau til Fiskræktarsjóðs 2% af skírum tekjum sínum. Þetta er í sumum ánum meira en 1/3 af þeim tekjum sem sprottið hafa af leigu veiðiánna og í öðrum er það mjög mikið. Þetta er auðvitað misjafnt eftir einstökum veiðiám og sé ég ekki ástæðu til að fara að rekja það nákvæmlega. Ég get þó sagt t. d., vegna þess að hér situr hv. þm. Norðurl. e., að ein af þessum ám er Laxá í Aðaldal, þar sem á þessu ári var varið 2.2 millj. kr. til ræktunar. (**StJ:** Var þeim seiðum öllum sleppt í ána, í Laxá í Aðaldal?)Ég geri ekki ráð fyrir að stjórn þess veiðifélags hafi étið seiðin sjálf. (**StJ:** Hún seldi töluvert af þeim.) Kannske veit hv. þm. Stefán Jónsson betur um það. (**StJ:** Ég veit bara, að hv. þm. veit ekkert um þetta.) Vel má vera að hv. þm. Stefán Jónsson telji það blaður sem hér er sagt, en það er úr gögnum frá opinberri stofnun, og meðan hann afsannar ekki þau gögn ætti hann að tala í eigin ræðutíma. (**StJ:** Ég skal gera það.)

Ég tel að það, sem ég hef hér sagt, sanni það að veiðiréttareigendur, bændurnir sjálfir, hafi varið verulegum fjármunum til fiskræktar í íslenskum veiðiám á mörgum undanförnum árum, sums staðar, eins og ég sagði, sem svarar 1/3 af þeim tekjum sem af veiðinni spretta. Það er gert til þess að bæta þessi hlunnindi, auka þau og í þeirri von vitaskuld að fá meiri tekjur seinna. Væri nú að því horfið, eins og dulbúnar hótanir leyndust um í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar, að taka þessi hlunnindi af bændum, gera þau að þjóðareign, og það er auðvitað ekkert nýtt þó að hv. þm. Árni Gunnarsson sé að láta liggja að slíku, sem hann gerði raunar ekki mjög ákveðið, því að hv. flokksbræður hans hafa hér á Alþ. ár eftir ár flutt um það sérstakar till. En væri horfið að þeirri niðurstöðu, þá væri auðvitað ekki mikið kappsmál fyrir bændurna sjálfa, þá sem nú eru eigendur þessara verðmæta, að auka þau og bæta. Þar yrðu aðrir aðilar að koma til. Það væri þá flutt í hendur ríkisins og þá færi það væntanlega eftir því, hversu miklar fjárveitingar yrðu ákveðnar hverju sinni. Ég segi það fyrir mitt leyti, að ég hef ekki trú á því, að það yrði gert betur með þeim hætti en nú er.

Hv. þm. Árni Gunnarsson sagði í sinni framsöguræðu, — ég get lesið það hér orðrétt af því að búið er að prenta ræðuna — með leyfi hæstv. forseta:

„Allir, sem hafa áhuga á þessari íþrótt án tillits til efnahags, eiga að geta notið hennar. Það er röng stefna að sprengja upp verð á laxveiðileyfum og gera laxveiðiár að leikvöllum auðmanna. Þetta verða veiðiréttareigendur að skilja. Deila má um rétt þeirra til þessara hlunninda, vart ráða þeir rennsli ánna eða göngu laxins, og þeir hafa að mörgu leyti með stefnu sinni gefið byr undir báða vængi þeirri kröfu, að árnar og laxveiðiréttindin verði þjóðareign."

Þá hafa menn það. Þessar dulbúnu hótanir sem ég hef verið að tala um, eru engin nýlunda í herbúðum hv. þm. Alþfl. En það er meira. Allir eiga að geta notið þessara hlunninda án tillits til efnahags, segir hann. Það þýðir að annaðhvort eiga þessi hlunnindi að verða afhent gefins hverjum sem vill nýta eða þá að vera í svo lágu verði að hver sem er, alveg án tillits til hvernig á stendur fyrir honum í fjármálum í það og það skiptið, geti nýtt þau. Þar með er burt horfin hagnaðarvonin sem ég gerði að nokkru umtalsefni fyrr í þessari ræðu. Þar með er burt numinn sá þáttur sem er uppspretta þess að gefa tekjur af þessum eignum. Og þá er ekki nema um eitt að velja, ef svo á að ganga til, að ríkið taki þetta á sína arma, setji upp sérstaka stjórnarráðsskrifstofu hér í bænum, hvort sem verður að kaupa eitthvert gamalt hús við Laugaveg eða Suðurlandsbraut eða annars staðar til þess að setja þá stofnun upp, og síðar verður úthlutað frá þeirri skrifstofu veiðileyfum vítt og breitt um landið, fyrst til handa sérstökum gæðingum, vinum, venslamönnum o. s. frv., en síðan hverjum öðrum sem hafa vill. Ef það er þetta sem við eigum að keppa að í veiðimálunum, þá vil ég ekki styðja þá hv. þm. einn og átta í þeim aðgerðum.

Ég fullyrði það, að bændum landsins, núv. veiðiréttareigendum, er best treystandi í þessum efnum. Þeir hafa sýnt það á undanförnum árum, að þeir hafa í rauninni unnið stórvirki í því að auka þessi verðmæti, auka tekjumöguleikana og bæta veiðiárnar. Af því hafa notið góðs sumpart þeir sjálfir, að verulegu leyti íslenskir veiðimenn, að nokkru erlendir veiðimenn, en þó umfram allt þjóðin sjálf, þjóðin í heild, og það er það, sem skiptir meginmáli. Þess vegna er ég því andvígur, að horfið sé að því að breyta þar nokkru um í eignarformi eða á annan þann hátt er gæti orðið til að raska þessu.

Þá er spurningin hvort gjaldtaka af veiðileyfum útlendinga hafi þarna eitthvað að segja. Ég hef dregið mjög í efa fullyrðingar hv. þm. Árna Gunnarssonar um það, að útlendir veiðimenn bjóði það hátt að þeir boli Íslendingum úr ánum. Það getur auðvitað borið við. Það er líka öfugt þar sem ég þekki sjálfur dæmi um. Staðreyndin er sú, að nokkuð af þessum réttindum er ónotað, en gjaldtakan mundi strax hafa veruleg áhrif á möguleika á leigu til útlendra manna — aukin áhrif, e. t. v. ekki svo ýkjamikil peningaleg áhrif, vegna þess að gjald þetta yrði kannske ekki mjög hátt. Það hefur raunar ekki komið fram, hvað sé ætlast til að það verði hátt, en ekki er víst að það yrði svo hátt að það hefði veruleg fjármunaleg áhrif á þessa menn. Þó hefur það auðvitað sitt að segja þegar þess er gætt, hve hörð samkeppni er um þessi mál og að stundum munar litlu hver verður ofan á af þeim sem bjóða í tiltekna veiðiá. Hitt hefur miklu meira að segja, að flestum mundi þykja það óeðlilegt ef farið væri að mismuna þannig mönnum sem vilja nýta þessi hlunnindi, og það mundi án efa verða til þess að stór afturkippur kæmi í veiði útlendinga, nema veiðiréttareigendur greiddu gjaldið sjálfir .

Ég skal ekki lengja þetta mikið. Ég tel mig hafa gert grein fyrir skoðun minni á þessu máli. Ég er tillögunni andvígur og tel að með henni sé stefnt í ranga átt. Hún stefnir ekki einungis gegn hagsmunum og vilja veiðiréttar eigenda, heldur mundi samþykkt till. og framkvæmd hennar verða til óheilla fyrir veiðimálin í heild og til niðurdreps á þá tekjumöguleika sem þjóðin hefur af þessum verðmætum sínum, og það er aðalmálið. Yfirborðsleg athugun á þessu máli frá ímynduðum sjónarhóli annars aðilans á ekki að ráða í þessum málum, þó að það sé í sjálfu sér skiljanlega fram sett af hálfu hv. 1. flm., fyrrv. fréttamanns.

Það kom mér nokkuð á óvart í þessum umr. fyrir þrem vikum, að hæstv. landbrh. skyldi finna sér tilefni til þess eða hag í að kalla eftir höfundarrétti á þessu máli. Hann gerði það nú samt, og ég verð að segja að mér þótti miður. Mér hefur fundist margt vel sagt sem hæstv. landbrh. hefur látið frá sér heyra síðan hann kom í það embætti, en mér þótti það nokkuð miður, að hann skyldi telja sig knúinn til þess að kalla eftir höfundarrétti á þessu máli, sem þó auðvitað var nokkuð stíft auglýst eftir af hálfu hv. 1. flm. En raunin er samt sú, að hæstv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, mun hafa flutt frv. til 1. um rannsóknastofnun fiskræktar fyrir nokkrum árum — frv. sem m.a. hefur inni að halda ákvæði er beinast í sömu átt og þessi þáltill. Hæstv. ráðh. virtist þó hafa öðlast meiri yfirsýn en hann væntanlega hefur haft þegar hann flutti þetta frv. sitt, því að hann virtist skilja að sú aðferð, sem þar er stungið upp á og enn er komið á framfæri í till. þeirra hv. þm. sem ég hef leyft mér að kalla hv. þm. einn og átta frá Alþfl. og Alþb., — sú aðferð mundi ekki gegna neinum tilgangi, hún mundi einungis verða til þess að flækja þetta mál, verða átylla fleiri millilliða og því ekki ná þeim tilgangi sem til er ætlast. Mér þótti betur að hæstv. ráðh. skyldi þó hafa sannfærst um þetta, enda þótt svo virtist sem andinn væri hinn sami, viljinn væri í raun og veru hinn sami og þegar hann flutti umgetið frv., aðeins að hann sæi ekki leið til þess að koma þeim vilja sínum fram. Þetta þótti mér miður eins

og ég hef sagt, og ég harma að hæstv. ráðh. skyldi láta skína í það, að hann væri inni á þessari stefnu, vegna þess að það er andstætt hagsmunum þeirra sem hann er í forsvari fyrir í hæstv. ríkisstj. og hér á hinu háa Alþingi. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni. Ég hef hug á að fresta fundi nú kl. 3.) Herra forseti. Ég skal ljúka ræðu minni.

Ég skal ekki segja fleiri orð um afstöðu hæstv. ráðh., enda hann ekki sjálfur viðstaddur. Ég vil aðeins ljúka þessum orðum með því að ítreka það, að sú till., sem hér er flutt, virðist byggð á mjög yfirborðslegri þekkingu á þessu máli, — þekkingu sem virðist þó fengin frá hálfu annars aðilans. Þegar þannig er staðið að málum vill oft fara svo, eins og mér þykir hætt við að mundi gerast í þessu efni ef till. yrði samþykkt, að það yrði öllum til óþurftar og ekki síst þeim sem till. virðist vera flutt til að vernda. Það yrði öllum til óþurftar, veiðiréttareigendum, veiðimönnunum sjálfum, íslensku þjóðinni í heild. Þess vegna er að mínum dómi ekki áhorfsmál að fella þessa tillögu.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Sú þáltill., sem hér hefur verið rædd nokkurn tíma, miðar að því, að sett verði ákvæði í lög er stefni að því að hamla gegn veiði útlendinga í íslenskum laxveiðiám með því að setja sérstakt gjald á veiðileyfi til útlendinga sem síðan yrði notað til þess að efla fiskrækt í sjó og vötnum. Ég get tekið undir með hæstv. landsbrh. þegar hann ræddi þessi mál er málið kom fyrst til umr., að e. t. v. sé of skammt gengið í þessum efnum og þetta gjald muni ekki verða sá hemill á sókn útlendinga í laxveiðiárnar sem æskilegt er. Eins og okkur er kunnugt eru það fyrst og fremst útlenskir auðmenn sem sækjast í okkar laxveiðiár og laxveiðileyfið sem slíkt er oft og tíðum minnsti hlutinn af þeim tilkostnaði sem þeir leggja í þegar út í þessar veiðar er farið.

Laxveiðimálin hafa verið vandamál hér á landi nokkur undanfarin ár. Það er öllum kunnugt að gjaldið fyrir veiðileyfi til þess að veiða í þessum ám er orðið mjög hátt og naumast nokkrum fært að ráða við slíkt nema útlenskum auðmönnum og Íslendingum sem hafa tiltölulega mjög góðar tekjur. Í þessu felst ákveðið misrétti. Í þessu felst það, að forgangur að ánum er bundinn við efnameiri íslenska borgara, á meðan okkur er kunnugt um að fjölmargir Íslendingar af öllum stigum og stéttum hafa áhuga á að stunda þetta sport. Það hlýtur að vera mál sem verður að athuga, hvort ekki sé rétt að gefa öllum kost á því að njóta þessa íslenska réttar að veiða í íslenskum laxveiðiám.

Hv. þm. Páll Pétursson upplýsti hér í umr., að framboðið á laxveiðileyfum sé meira en eftirspurn. Þetta undirstrikaði hv. þm. Pálmi Jónsson og upplýsti einnig, að mikið væri afgangs af laxveiðileyfum sem ekki hefðu selst á undanförnum árum. Auðvitað eru eðlilegar ástæður til þessa. Sú fyrsta er náttúrlega sú, að gjaldið fyrir leyfið er orðið svo hátt, að það er ekki nema á færi fáeinna Íslendinga að ráða við það. Það þarf töluverðar tekjur til þess að ráða við stangveiðidag að upphæð 50-100 þús. kr. og það geta ekki nema þeir sem hafa miklar tekjur. Og þegar framboðið er oðið meira en eftirspurnin, þá virðast það fremur vera hagsmunir bænda að halda þessu í háu verði og fá miklar tekjur fyrir færri veiðileyfi heldur en lækka verðið og koma til móts við óskir velflestra Íslendinga. Hitt er svo málið sem við skulum líka athuga, að þegar talað er um að framboðið sé e. t. v. meira en eftirspurnin, þá eru inni í þessu fjölmargir dagar í laxveiðiám víða um land, sem eru annaðhvort fisklausar eða nánast vatnslausar.

Það er rétt, að ásókn útlendinga í fiskveiðiárnar hefur aukist mikið að undanförnu. Það er einnig ljóst, að útlendingarnir eru í samkeppni við Íslendingana um árnar. Það skiptir útlendingana nánast engu máli hvað veiðileyfið kostar, þeir veiða eigi að síður, og fyrir það þurfa Íslendingar að líða vegna þess að þeir verða undir í samkeppni við þessa auðmenn, sem veiða í ánum. Þess vegna tel ég að málið fjalli um það, á hvern hátt við getum verndað rétt Íslendinga til þess að eiga eðlilegan aðgang að þessum náttúruauðlindum okkar, þannig að við höldum áfram að verja Ísland fyrir Íslendinga á þann hátt, sem við mögulega getum. Ég þekki fjölmarga aðila, sem hafa haft áhuga á veiðiskap um langan tíma, en það er nú svo, að það eru æ fleiri sem verða að láta af þessu sporti vegna þess að þeir ráða ekki við það fjárhagslega. Mér verður hugsað til þessara aðila þegar hér stækkar hópur útlendinga sem stundar þessar veiðar með slíkt fjármagn handa í millum að það skiptir þá nánast engu máli hvað veiðileyfið kostar. Við skulum einnig líta á að það er að verða æ erfiðara fyrir stangveiðifélög hér í landinu að viðhalda gömlum leigusamningum. Það er sagt sem svo, að það séu kannske önnur íslensk stangveiðifélög, sem gangi inn í samningana og bjóði betur. En þá skal minnt á það skipulag sem hefur viðgengist á þessum málum að undanförnu. Það felst í því, að hér hefur verið stofnað hvert leppafélagið af öðru sem tekur ár á leigu nánast í umboði útlendinga. Og þetta er mikilvægt atriði málsins, sem verður að athuga nánar. Þó að nokkrar ár séu eingöngu í leigu útlendinga í landinu og sumar ákveðinn hluta sumarsins, þá skulum við einnig athuga það, að hér hafa sprottið upp félög eða fyrirtæki, sem taka þessar ár á leigu og leigja þær síðan eingöngu út til útlendinga. Það er því ekki síður ástæða til að taka það skipulag, sem hefur viðgengist á sölu á veiðileyfum að undanförnu, til gaumgæfilegrar athugunar og það fyrr en seinna.

Ég er þeirrar skoðunar, að efla þurfi yfirumsjón með þessum málum, setja á nokkurs konar verðlagseftirlit, sem fylgist með því hvernig þessum málum er háttað, og að lögð verði áhersla á að koma upp einhverju nýju skipulagi sem miðar að því að vernda rétt okkar Íslendinga gagnvart ásókn útlendinga í árnar.

Veiðiréttarmál hafa einnig komið inn í þessa umr. Eins og okkur er kunnugt er hér um hagsmunamál bænda að ræða. Það má líta svo á að sjónarmið okkar Alþfl.-manna á undanförnum árum, sem hafa komið fram í till. okkar um landið sem sameign, miði að einhverju leyti að því að skerða réttindi og hagsmuni bænda frá því sem er í dag. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að réttur bænda til þess að taka tekjur af þessum hlunnindum sé óraunhæfur, þó að hann sé til í lögum og verndaður þar. Mér þætti eðlilegra að það skipulag og sú skipan, sem ríkir í þessum málum í Bandaríkjunum, taki einnig gildi hér, þannig að laxveiðiárnar verði sameign okkar Íslendinga sem lúti einni yfirstjórn bæði hvað varðar nýtingu og einnig hvað varðar uppbyggingu.

Ég hef stundum sagt sem svo, að mér þætti það óeðlilegt að bændur þessa lands skuli hafa tekjur af auðlindum sem þjóðin raunverulega á öll saman. Við þekkjum það einnig, að fjölmargar ár eru til í landinu, sem bændur og veiðifélög þeirra hafa lítið sem ekkert lagt í, hvorki

tilkostnað né annan kostnað, heldur hirða einungis tekjurnar af útleigunni. Vissulega mundi það að einhverju leyti skerða kjör bænda frá því sem nú er ef þessi hlunnindi yrðu af þeim tekin. En við skulum taka tillit til þess, að við erum að reyna að miða framtíðarskipulag þjóðarinnar við það sem eðlilegt er, og þá verður að gera einhverjar ráðstafanir, sem bæta þann missi sem bændur verða fyrir af þessum sökum, ef þurfa þykir.

Annað atriði þessa máls vil ég einnig benda á, en það er að okkur er kunnugt um að kirkja og ríki eiga jarðir víða um land sem eru annaðhvort í eyði eða í útleigu. Þessar jarðir liggja sumar hverjar að mörgum okkar bestu laxveiðiám. Það væri t. d. fróðlegt að fá það upplýst, hve miklar tekjur ríkið hefur af laxveiðijörðum sínum, eða fá það upplýst, hvað miklar tekjur leigutakar viðkomandi jarða hafa af þessum hlunnindum, og bera það síðan saman við þau leigukjör sem þeir njóta fyrir þær jarðir sem þeir hafa undir höndum frá ríkinu. Ég gæti trúað því, að hér væri um fróðlegar upplýsingar að ræða, og mundi mörgum malarbúanum koma það vissulega á óvart þegar hann fengi tækifæri að sjá hvernig það mál stæði.

Hv. þm. Páll Pétursson ræddi um það, að þetta gjald, sem rætt er um í þáltill., yrði skattur, nýr skattur á veiðileyfin, og mundi verða til þess að hækka gjaldið á veiðileyfunum. Kann vel að vera að svo verði, vegna þess að það eru bændur og veiðiréttareigendur sem nánast ráða því, hvert verðlag er á laxveiðileyfum, og þeim er náttúrlega í lófa lagið að leggja þennan skatt á, þar sem mér sýnist verðlag á veiðileyfum undanfarin ár hafa farið mjög hækkandi. Hv. þm. Páll Pétursson sagði einnig að það væri greinilegt, að það fyrirfyndust enn þá einhverjir Íslendingar sem hefðu fjárhagslegt bolmagn til þess að kaupa sér veiðileyfi í góðri laxveiðiá. Já, enn þá fyrirfinnast nokkrir Íslendingar, en við skulum átta okkur á því, að ef sama þróun heldur áfram verða þeir orðnir ósköp fáir innan stutts tíma.

Við skulum gæta að því að selja ekki úr landi mikilvægustu og dýrmætustu auðlindir sem við eigum til. Í þessum flokki eru vissulega laxveiðiárnar, og við skulum gæta þess einnig, að við getum nýtt landið í þágu Íslendinga sjálfra í framtíðinni, þannig að um íslenskan forgang verði að ræða gagnvart ánum umfram útlendinga.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg fleiri orð um þessi mál, nema að lokum lýsa yfir undrun minni á orðum hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, sem nú er að vísu fjarverandi, þar sem hann lagði mikla áherslu á hagsmuni veiðiréttareigenda í þessum umræðum og leggur sig fram um að verja hagsmuni þeirra í þessu máli og varar mjög við þeim tilgangi frv. að bola útlendingum, eins og það er orðað í hans máli, burt frá íslenskum veiðiám. Ég hef trú á því, að kjósendur þessa hv. þm. hörmuðu að eiga slíkan málsvara í þessum málum. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé um slík atriði að ræða, að rétt sé að upplýsa kjósendur öllu nánar um það.

Vissulega er það hagsmunamál Íslendinga að bola útlendingum frá íslenskum fiskveiðiám. **(StJ:** Fiskveiðilögsögunni.) Vissulega, þetta er fiskveiðilögsaga, það er okkar hagsmunamál. Tekjur okkar af þessum mönnum kunna að vera einar eða aðrar í erlendu silfri, en það er ekki allt fengið með silfrinu einu saman. Við skulum einnig gæta að ýmsum öðrum mikilvægum þáttum þess máls. Þetta er einn þáttur af því landhelgismáli sem við höfum verið að fjalla um hér í landinu á undanförnum árum. Þið getið rétt ímyndað ykkur hvernig málum væri komið í okkar samfélagi, ef þeirri skipan hefði einhvern tíma verið komið á, að íslenskar sjávarjarðir ættu sér ákveðna eignarlögsögu út frá ströndum landsins. (Gripið fram í.) Ég er að tala um mílur sem skipta fiskveiðar landsmanna máli. (Gripið fram í.) Þjóðareign fiskveiðilögsögunnar var grundvöllur landhelgisbaráttunnar, en öðruvísi hefði farið ef sama skipulag hefði gilt um fiskveiðilögsöguna á hafinu og er nú í eignarréttarmálum laxveiðiánna. Sú samstaða, sem náðist um þá útfærslu á sínum tíma, varð landi og þjóð til mikilla heilla. Þjóðnýting ríkir á hafinu umhverfis þetta land og felst í því, að þjóðin öll á hafið og auðlindir þess kringum landið og hefur jafnan rétt til nýtingar á þeim auðæfum sem þar fyrirfinnast, en það eru stjórnvöld sem stjórna því, hvernig sú nýting fer fram. Ég tel eðlilegt að þeirri skipan verði einnig komið á hvað varðar aðrar auðlindir á þessu landi, og þá á ég fyrst og fremst við hinar ýmsu náttúruauðlindir, eins og heitt vatn og laxveiðiárnar og landið allt í sameign.

Þetta vildi ég láta koma fram hér og að lokum benda hv. þm. á það, að áður en langur tími er liðinn geta þessi mál verið komin í slíkt óefni að vá verði fyrir dyrum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil strax í upphafi máls míns lýsa yfir því, að um það er ég sammála hv. þm. Pálma Jónssyni, að ég tel að yfirráðaréttur yfir veiðiánum okkar sé betur kominn og nær því að vera almannaeign með því að vera í höndum þeirra bænda, sem á árbakkanum búa, heldur en með því móti að safna honum saman undir ráðuneytishatti suður í Reykjavík. Ég er enn fremur þeirrar skoðunar, að lífríki ánna sé í betri vörslu hjá bændunum, sem á árbakkanum búa, heldur en í höndum pólitísks valds, jafnbreytilegt og það kann að vera frá ári til árs. En ég tel aftur á móti að mál það, sem hér er til umr., hafi ekki réttlætt þau harðyrði sem hv. þm. Pálmi Jónsson lét falla í garð flytjanda þess.

Í öllum meginatriðum hygg ég að hér sé um að ræða gott mál. Ég fékk ekki betur heyrt en hv. 1. flm. flytti mál sitt af hógværð, sem í ljós mun koma þegar framsöguræða hans verður lesin í heild. Það er ekki í þessu máli gert ráð fyrir eignaupptöku frá bændum og ekki heldur gert ráð fyrir því að útiloka sölu á veiðileyfum til útlendinga sem veiða vilja í íslensku ánum. Fyrir engu slíku er gert ráð í þáltill. sem þeir félagarnir einn og átta flytja hér. Ef gripnar eru einstakar setningar út úr grg. eða framsöguræðu 1. flm. og lagt út af þeim, þá má vel túlka ákveðin varnaðarorð sem hótun, ef menn það vilja. Það mál, sem hér er, er alls annars eðlis.

Ég vil, áður en ég skil alveg við ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar, biðja hann afsökunar á því, ef vera skyldi að framíkall mitt í ræðu hans hefði lent í þingskjölum. Ef svo er, þá vil ég afturkalla það, því að það var ekki verðugt. Hann fór ekki með blaður. En hann leyfði sér vítaverða ónákvæmni í frásögn sinni. Ég rengi ekki það, að Þingeyingum hafi tekist að skrifa skilmerkilega upplýsingar sínar varðandi fiskræktarstöðina við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. En ég tel að hv. þm. Pálmi Jónsson hafi ekki lesið þær nógu ítarlega upp fyrir okkur. Sannleikurinn er sá, eins og hv. þm. sagði, að klakið er út seiðum í fiskræktarstöðinni og þau alin upp, en þeim er ekki sleppt nema að litlu leyti í Laxá í Þingeyjarsýslu, heldur eru þau til sölu í aðrar ár. Eigi að síður er framtak

þeirra bænda við Laxá að þessu leyti lofsvert, en minnir að dálitlu leyti á það ráð, sem stjórn Stangveiðifélags Reykjavíkur brá á hér um árið, áður en hv. þm. Árni Gunnarsson kom nærri því félagi. Hann ber því enga sök á þeirri ráðsnilld, þegar Stangveiðifélag Reykjavíkur, eins og hv. þm. Páll Pétursson kallaði, forvígisfélag íslenskra stangveiðimanna tók upp á því að leigja Grímsá og bjóða hana síðan erlendum auðmönnum til þess að veiða í henni og hugðist nota ágóðann af veiðibraskinu, eins og sumir íslenskir stangveiðimenn kalla þess háttar vinnubrögð, til þess að borga niður verðið fyrir innlenda veiðimenn, félagsmenn sína. Þetta útboð á ánni varð náttúrlega til þess að verð á henni stórhækkaði, og má segja að þessi aðferð hafi ekki að öllu leyti gefið góða raun, nálgast það e. t. v. að naga skottið á sér. En ég vík að því aftur síðar í ræðu minni, með hvaða hætti innlendir stangveiðimenn voru til þess knúðir að leita örþrifaráða, m. a. og e. t. v. fyrst og fremst sökum þess, að veiðilöggjöf okkar gerði ekki ráð fyrir slíkri þróun sem þá átti sér stað í stangveiðimálum, og léði a. m. k. olnbogarými undir þess háttar starfsemi sem þá átti sér stað.

Ég geri ráð fyrir því að ef við athugum svolítið íslenska veiðilöggjöf að fornu og þróun hennar og breytingar á henni, sem hafa orðið fram á þennan dag, þá munum við rekast á það, að einkaeignarrétturinn og yfirráðarétturinn yfir veiðiánum hafi löngum verið miklu strangari skilyrðum háður en hann er núna, að nokkur réttur alþýðu manna til veiðivatnanna hafi lengst af verið tryggður og að gengið hafi á almannarétt á hinum síðari áratugum hvað þessa löggjöf snertir fremur en hitt. Orsakirnar má aftur á móti rekja til breyttrar nýtingar á þessum gæðum frá þeim tíma þegar verðmætin lágu fyrst og fremst í fiski til ætis sem úr vötnunum mátti fá, yfir til þess sem nú er, að meginverðið liggur í réttinum til sportveiði — til þeirrar skemmtunar sem hafa má af því að veiða þar fisk á stöng.

Ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður, Gunnlaugur Stefánsson, nefndi lítillega um meginorsökina fyrir því, að nokkrir laxveiðidagar — og allmargir raunar í ýmsum ám — seljast ekki upp. Við mundum kætast af því, innlendir stangveiðimenn, ef veiðiréttareigendur tækju sig nú til og seldu nákvæmlega þessa daga erlendum stangveiðimönnum sem hingað til landsins koma til að stunda sportveiði a. m. k. að einhverju leyti. Ástæðan er beinlínis sú, að sumar þeirra laxveiðiáa, sem leigðar eru út til stangveiði, eru ekki beinlínis gjöfular, og sala veiðidaga hefst í mjög mörgum ám, þ. á m. í sumum dágóðum laxveiðiám, í þann mund sem laxinn er að byrja að ganga í árnar. Hann gengur á misjöfnum tíma — misjafnlega snemma — og við ber annað slagið að laxinn er ekki genginn á þeim tíma þegar seld hafa verið veiðileyfi í árnar. Við þessu er ekkert að gera, þetta þekkja allir veiðimenn, en fyrst og fremst í þessu felst skýringin á því, að tiltölulega margir veiðidagar á löglegum veiðitíma seljast ekki til stangveiði.

Ég ítreka það nú sem ég sagði í upphafi máls míns, af því að ég vék að hv. ræðumanni Gunnlaugi Stefánssyni, að ég má ekki til þess hugsa við núverandi aðstæður að veiðirétturinn í veiðivötnunum okkar og ánum verði settur undir hatt ráðuneytisstjóra suður í Reykjavík. Ég vil aftur á móti að þessi réttur verði fenginn í hendur bændunum, sem á árbakkanum búa, eiga þarna hagsmuna að gæta, eru best til þess fallnir og best settir til þess að vernda lífríki ánna. Og ég vil, að þessir bændur fái til umráða þann rétt sem fluttur hefur verið úr sveitunum og til bæjanna á liðnum áratugum, og vildi gjarnan, að hv. þm. Pálmi Jónsson og aðrir þeir, sem ég veit að hafa af greind og góðvilja og yfirsýn fjallað um veiðiréttarmálin, tækju til athugunar hvort ekki væri rétt t. d. að setja löggjöf á þá lund að hlunnindi eyðibýla, þ. á m. veiðiréttur, féllu til sveitarfélaganna á meðan þessi býli eru ekki í byggð og mættu þannig verða til þess að efla sveitarfélögin, efla hreppana, sem ýmsir hverjir, þar sem fólksflutningar hafa átt sér stað, standa illa fjárhagslega, ef verða mætti til þess að auka byggð aftur í þeim sveitarfélögum.

En svo að ég haldi áfram að ræða mál það, er hér liggur fyrir, og það stóra vandamál, sem okkur er nú á höndum í sambandi við útleigu til útlendinga á veiðiánum okkar annars vegar og þörf innlendra veiðimanna fyrir felsi og aðstöðu til þess að stunda þá bráðnauðsynlegu og hollu íþrótt sem það er að veiða á stöng, þá verð ég að segja eins og er, og sakna ég eins og hv. síðasti ræðumaður þess ágæta og skemmtilega skýra þm. Ólafs G. Einarssonar héðan úr salnum, að þótt þeir flm. þáltill., sem hér um ræðir, hafi alls ekki farið með umboð hans sem stangveiðimanns er þeir fluttu þetta mál, þá þótti mér hv. 1. flm. og framsöguræðumaður túlka allvíða í ræðu sinni sjónarmið mín prívat og persónuleg, sem hef átt sumaryndi mitt að verulegu leyti í áratugi í því að veiða á stöng. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. Páll Pétursson hafi fremur átt við flutningsmáta hv. þm. Árna Gunnarssonar en efni ræðu hans, því að ekki er því að neita, að á stöku stað þótti mér hv. þm. dylja nokkuð orð sín þegar hann kvað að. Mér fannst ræða hans ítarleg og góð. Það eina, sem ég kynni að hafa getað sett út á hana í flutningi, var það að mér þótti hann ekki leggja nógu skýra merkingu í útlistun sína á mismuninum á eignaraðild bænda að veiðirétti annars vegar og eignaraðild svokallaðra veiðiréttareigenda hins vegar. Þó kom það fram býsna vel í ræðu hans, að vafasamt getur verið og raunar vafasamur greiði við bændastéttina, ef út í það er farið, að nefna bændur og veiðiréttareigendur í sömu andránni, því að svo margir eru eignaraðilar að dýrustu og bestu laxveiðiánum okkar, sem ekki eru bændur, að þar getur skeikað býsna miklu. Og af því að hv. þm. Pálmi Jónsson bar hv. þm. Árna Gunnarssyni á brýn að hann hefði farið með hótanir í garð bændastéttarinnar í framsöguræðu sinni, þá vil ég, án þess að ég ætli að taka ómakið af hv. þm. Árna Gunnarssyni að svara þessari ræðu, sem ég ætla mér alls ekki, undirstrika þetta atriði, að bændastéttinni kynni að verða vafasamur greiði gerður með því að hamra á rétti veiðibænda til þess að leita hæstu tilboða á heimsmarkaði í þau verðmæti, sem felast í frjóu árvatninu, fiskinum og grænum árbakkanum. Bændastéttinni kynni að verða vafasamur greiði gjör með því að krefjast slíks réttar til þess að leita hæstu tilboða á heimsmarkaðinum í þessa vöru sína, ef af því leiddi t. d. að landleysingjarnir — Íslendingarnir sem vilja ná í þessi gæði — krefðust þá sams konar réttar, t. d. réttar til þess að leita lægstu tilboða í landbúnaðarafurðir sem fáanleg væru á heimsmarkaðnum. Hér megum við ekki ganga á það lagið að etja þessum aðilum saman.

Ég held sem sagt, þegar grannt er skoðað mál frsm., að hv. þm. Árni Gunnarsson verði raunar ekki sakaður um offors í málflutningi sínum. En að einu skulum við gæta og síðan snúa okkur að því að skilgreina þetta viðkvæma mál, sem er deilumálið um veiðirétt, að valdahlutföll,

fyrst fjallað er um þetta mál á Alþ., eru orðin þannig, að ef þeir aðilar, sem nú hafa allan lagalegan rétt á þessum gæðum, eiga ekki frumkvæðið að því að reyna að koma á sáttum í þessu viðkvæma máli, þá eiga þeir yfir höfði sér að umbjóðendur hinna mörgu atkvæðanna kannske gangi í þetta mál og leysi það þá e. t. v. á óheppilegan hátt, e. t. v. án þess að taka eðlilegt tillit til hins aðilans og e. t. v. á þann hátt, sem verða kynni til þess að spilla þessum gæðum sem við allir metum og viljum auka, en ekki rýra.

Hæstv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, kallaði veiðiréttarmálin tilfinningamál er hann tók hér til máls hið fyrra sinnið sem þessi þáltill. var til umr. Sannast sagna eru veiðiréttarmálin ákaflega viðkvæm og má raunar kalla þau tilfinningamál. Það mun vera mála sannast, að löngu áður, þegar í árdaga, milljónum ára áður en maðurinn tók upp á því að temja sér húsdýr eða sá til akurs, þá hafi hann lifað á veiðum, og á þessu langa tímabili, segja mér mannfræðingar, þróaði veiðiskapurinn taugakerfi mannsins, og margur sá kækurinn, sem virðist lítt skiljanlegur og jafnvel broslegur í fari einstaklinga í nútímasamfélagi, þar sem manninum er ætlað hvað eina miklu fremur en það að fá að stunda veiðiskap, á rætur að rekja til þess, að maðurinn fær ekki eðlilega svörun við innbyggðri veiðináttúru sinni. Gæti ég, ef í það færi, nefnt kæki í fari ýmissa hv. þm. sem ég kynni að geta skýrt með þess háttar firringu.

Deilur hafa staðið um veiðirétt á Íslandi þegar frá því á landnámsöld. Landsnámsmenn fluttu með sér til Íslands ákvæði úr Gulaþingslögum, sem hér voru ekki í lög leidd á Íslandi fyrr en löngu síðar, og einmitt skortur á ljósum og sanngjörnum lagaákvæðum mun hafa leitt til eins fyrsta og versta vígs sem vegið var á Íslandi, í heimasýslu þeirra hv. þm. Pálma Jónssonar og Páls Pétursonar, þegar Hrollaugur vó Ingimund gamla eftir áflog um veiðina í Hofshyl í Vatnsdalsá, sem hv. þm. Pálmi Jónsson hefur tekið þátt í að leigja hinum fræga Ashley Cooper, útlendingi, samkv. eigin játningu úr þessum ræðustól fyrir skemmstu. Þegar Hrollaugur vó Ingimund gamla, sagði ég, var það Jökull Ingimundarson sem spjótinu skaut til Hrollaugs, og varð Ingimundur á milli þegar hann ætlaði að koma á sættum í þessu máli. Sumir hafa getið sér þess til og til þess var Ingimundur líklegur að hafa viljað firra þá dalbúa stórvandræðum út af þessari hatrömmu deilu um veiðiréttinn. Þar áttust við þeir aðilar sem samkv. ákvæðum Gulaþingslaga, sem þá voru ekki lögleidd á Íslandi, áttu veiðiréttinn í Vatnsdalsá, og hins vegar aðili, sem ekki átti réttinn, en samkv. sögunni hafði heimild Ingimundar gamla veiðiréttareiganda til þess að veiða sér til matar í ánni eigi að síður. En þannig er þetta með veiðiréttinn og veiðináttúru mannsins, að menn eru frekir til þessa réttar síns og þörfin til þess að veiða umfram það, sem lýtur beint að matföngum, er þess háttar að þeir, sem ekki eiga þennan rétt, gerast frekir til hans eigi að síður.

Enn þá skilst mér að þeim Húnvetningum komi í meðallagi vel saman um veiðiréttarmál. Ekki vil ég halda þeirri firru fram, að enn hefði Ingimundur gamli verið á lífi ef ekki hefði verið þessi óskaplega árátta til illinda um veiðiréttarmál í Húnavatnssýslu. En það herma fornar sagnir, að oft hafi þar flotið blóð á bökkum hinna fengsælu hylja, og stutt er síðan, ef marka má ummæli veiðivarðar þar við Víðidalsá, að haft var í hótunum á regnþrungnu og myrku ágústkvöldi við þennan veiðivörð um það að steypa honum í Hamarshylinn, — því að við erum tveir, sögðu veiðiþjófar, þú ert einn og hylurinn er djúpur. (**Gripið fram í:** Þeir voru nú úr Vatnsdalnum þessir.) Nei, þeir voru ættaðir af Hrútafjarðarhálsi og við nefnum ekki nöfn í því sambandi. En það eitt er víst, að ósanngjörn lagaákvæði eða ósanngjörn framkvæmd lagaákvæða, þar sem annar tekur sér allan rétt við veiðiána og ætlar hinum ekki neinn, munu ekki leiða til sátta í málum eins og þessu.

Ég hef stundum verið sakaður um að ofmeta þau lífsgæði sem felast í réttinum og frelsinu til þess að veiða, og þráfaldlega er ég spurður að því af mönnum, sem ekki hafa sömu áráttu til veiðiskapar og ég, hvort sé náttúrlegt að þurfa að veiða. Ég hafði víst leyft mér einu sinni í deilu að vitna í Karl Marx, sem sagði: Jagen ist notwendig. — Sá sem ég ræddi við, var betur að sér í Karli Marx, og sagði að hann hefði alls ekki sagt þetta, heldur hefði hann sagt: Jagen notwendig ist. — Ég hef verið spurður: Ef þetta er eðli mannsins, erum við þá eitthvað ónáttúrlegir sem ekki finnum hjá okkur þörfina til þess að veiða, sem ekki líður illa að fá ekki að veiða, — erum við þá eitthvað ónáttúrlegri en annað fólk? — Ég hef jafnvel orðið að bera af mér sakir um blóðþorsta og grimmd og drápsfýsn í þessu sambandi. — Nei, ég er ekki þeirrar skoðunar, að þið, hv. þm., sem ekki hafið sérstaka ánægju af veiðiskap, séuð neitt ónáttúrlegri að þessu leyti. Ég held ekki. Það má e. t. v. draga þann vísdóm einan af því, sem ég nú segi, að það hafi ekki bara verið akuryrkjumaðurinn Kain, heldur einnig veiðimaðurinn Abel, sem átti afkvæmi.

Ég fagna sérstaklega yfirlýsingu hæstv. landbrh. um það, að hann hafi ákveðið að gera til þess ráðstafanir að taka veiðilöggjöfina til endurskoðunar. Ég hafði vænst þess, að hæstv. ráðh. gæti orðið viðstaddur er við ræddum þessi mál nú, þannig að hann vildi gera okkur þann greiða að ítreka þessa yfirlýsingu sína, sérstaklega þar sem mér er kunnugt um að hann hefur nú þegar gert ráðstafanir í þessa átt, þ. e. a. s. að reyna að afnema þá agnúa á veiðilöggjöfinni sem nú valda helst slæmum árekstrum á milli veiðiréttareigenda og veiðimanna.

Ég tel að á því sé engin þörf að binda neitt það í lög okkar, sem komi í veg fyrir að erlendir stangveiðimenn fái að kaupa veiðileyfi í ánum okkar. Ég tel þess enga þörf. En ég tel alveg bráðnauðsynlegt að komið verði í veg fyrir að það verði bundið með lögum, að unnt sé að leigja erlendum aðilum einstakar ár, svo sem dæmi eru um hér á landi núna, svo að ég nefni dæmið um Laxá í Dölum, með slíkum skilyrðum að þar fái innlendir veiðimenn hvergi að koma nærri og fái ekki að veiða, eins og þar hefur átt sér stað. Ég er fremur þeirrar skoðunar, að þar hafi veiðibændum orðið á skyssa sem þeir hafi ekki séð fyrir hvernig verka mundi þegar til framkvæmdanna kæmi. Leigusamningar af þessu tagi eru óhæfa. Það má ekki leyfa það, að árbakkarnir séu með þeim hætti seldir til lengri eða skemmri tíma undan fótum okkar, enda álít ég að slíkt sé ekki, þegar til lengdar lætur, í þágu veiðiréttareigenda eða veiðibænda. Ég held að veiðiréttareigendur verði að viðurkenna forgangsrétt landsmanna til þess að fá að stunda þessa íþrótt, og ég hygg að affarasælast sé að veiðimenn viðurkenni aftur þar á móti yfirráðarétt veiðibænda yfir þessum hlunnindum á meðan þeir hlúa að þeim, rækta þau og auka.

Ég vék lítillega að því áðan, til hvaða neyðarráðstaf-

ana, sem illa gáfust, innlendir veiðimenn brugðu á árunum upp úr 1970 til þess að reyna að tryggja rétt sinn til veiði, þegar einstakir stangveiðimenn, sem helst vildu una við þetta sumarlangt, brugðu á það ráð að bjóða í íslenskar laxveiðiár og afla sér síðan ríkra erlendra viðskiptavina til þess að geta af ágóðanum af þeirri iðju tryggt sér ókeypis veiði í þessum sömu ám, — hvernig Stangveiðifélag Reykjavíkur þvældist inn í þess háttar viðskipti á sínum tíma með þeim hörmulegu afleiðingum, að þetta félag, sem átti að standa vörð um hagsmuni veiðimanna, varð til þess að auka enn ásókn útlendinga í árnar okkar. Ég held að þar eigi íslenskir stangveiðimenn nokkra sök, að gera það að keppikefli að reyna að ná góðri veiði í laxveiðiánum fyrir sem allra lægst verð. Sannleikurinn er sá, að góð laxveiðiá mun aldrei verða það sem kalla má ódýr hér á landi. Hún verður aldrei ódýr. Meginástæðan fyrir því er sú, að rökstudd veiðivon í laxi mun aldrei fara niður fyrir það verð sem veiðibóndi, jafnvel þó umboðsmaður allra Íslendinga sem yfirveiðibóndi væri ráðuneytisstjóri í Reykjavík, gæti fengið fyrir kg af laxi eða fyrir laxinn ef hann tæki hann í net og seldi til átu, heldur mun hún verða nokkuð þar fyrir ofan.

Það er rangt, og þar kem ég að ákaflega þýðingarmiklu atriði í ræðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, að laxveiðileyfi á landi hér sem slíkt sé raunverulega yfirleitt dýrara en það var í kringum 1970 eða — við skulum rekja lengra til baka — allar götur til 1962. Það er rangt. Aftur á móti hefur hlaðist mjög mikill kostnaður á þetta sport á árunum síðan sem stafar af útlendingaveiðinni hérna, þar sem eru þær tekjur sem reiknaðar eru í fyrsta lagi af hótellífi útlendinganna á meðan þeir eru við veiðarnar og af fylgdarmönnum, af bílkostnaði og öðru slíku. Sem dæmi um þetta vil ég nefna ykkur það, að Stangveiðifélag Reykjavíkur hefur nú að nýju, sem þakkarvert er, fest leigu á þeirri ágætu veiðiá, Norðurá í Borgarfirði. Mér telst og skilst á þeim Norðurárnefndarmönnum og raunar þeim þeirra sem fróðastur er og lengst hefur verið í þeirri nefnd félagsins, að veiðileyfi á besta tíma í Norðurá á sumri komandi muni verða í kringum 50 þús. kr., dagverð. Þetta er há upphæð. En þetta er, ef nokkuð er, lægra hlutfall, ef miðað er við almennt kaup á Íslandi, heldur en var fyrir 1970. Það er sannleikurinn í málinu. Þarna fylgja ekki með leiðsögumenn, þarna útvega þeir ekki bíla og þarna þurfa menn ekki að lifa við þann mjög dýra hótelkostnað sem reiknaður er inn í veiðileyfin.

Það, sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði um 100 þús. kr. veiðileyfið, er alveg rétt. Það er talsverður fjöldi Íslendinga tilbúinn að borga þá upphæð fyrir veiði í á þar sem er rökstudd von um yfir 20 laxa á dag, og því miður eru í hópi þeirra manna, sem þannig bjóða, menn sem ganga til þessarar íþróttar með allt öðru hugarfari en því að fá fyrst og fremst út úr því yndi veiðidags að ganga með stöngina sína — allt öðruvísi menn. Nei, laxveiði í góðri laxveiðiá verður aldrei ódýrt sport, og ég veit ekki hvort hún á nokkurn tíma að verða það. Ég veit ekki hvort þess háttar veiði á nokkurn tíma að verða annað og meira en svo sem eins og kórónan á veiðigleði hvers sumars.

Ég hef hin síðari árin, og fjöldi kunningja minna og veiðifélaga, lagt æ meiri áherslu á silungsveiði á flugur. Við erum með á landi hér, eftir því sem sérfræðingar segja mér, um 130 þús. ha. frjórra silungsvatna. Talið er að ársframleiðsla þessara silungsvatna muni vera í kring-

um 1300 tonn af silungi, sem mundi þá gera ríflega 1.5 millj. tveggja punda silunga á ári. Það vita náttúrlega ekki aðrir en þeir sem reynt hafa, hvílíka geysilega gleði er hægt að hafa út úr því að veiða silung á flugu, og ekkert minni en að veiða lax ef rétt er að því staðið. Nú er ég ekki að halda því fram, að við eigum að láta erlendum auðmönnum haldast það uppi að kaupa af okkur laxveiðiárnar með þeim rökum að við getum bara farið og veitt silung. En af því að ég leyfði mér nú það hættulega vogunarspil áðan hér úr ræðustól að vitna í Karl Marx varðandi veiðiskap, þá er ekki úr vegi að vitna í skoskan sjálfstæðismann á öldinni sem leið, séra Peter Ross, sem silungsflugan skæðasta um heim allan er nefnd eftir, þar sem hann skilgreindi muninn á því að veiða sér til yndis á flugu og að veiða sér til matar, sem þó ber síst að lasta. Hann lagði út af því á pálmasunnudag, þegar Jesús frá Nazaret kom til þeirra fiskimanna við Genesaretvatn og bað þá að leggja frá sér netin, fylgja sér, hætta að veiða fiska og koma að veiða menn. Þegar þar var komið prédikunni þagnaði hann við og sagði: Og þeir gerðu það. Það merkilega er að þeir gerðu það. En þeir voru ekki heldur fluguveiðimenn, sagði hann.

Ef við ætlum okkur að gera þessa íþrótt, stangveiðina, að almenningsíþrótt á landi hér, þá verðum við að gera til þess ráðstafanir í fyrsta lagi að koma í unga fólkið okkar þeirri dáð, að það nenni að vitja þessara silungsvatna, og kannske að greiða að einhverju leyti umferð til þeirra. Ég er ekki að halda því fram, að við eigum að leggja bílvegi á vatnsbakkana. Ég er fremur þeirrar skoðunar, að enginn eigi að fá að njóta þessarar gleði nema hann nenni að vinna til þess með fótum sínum, misjafnlega fráum. En einnig þessi möguleiki, einnig þessi réttindi, þ. e. a. s. silungsvatnanna, kunna að verða okkur sleip í hendi ef við stuðlum ekki að því að sett verði lög sem séu í fyrsta lagi til þess fallin að tryggja forgangsrétt Íslendinga sjálfra að þessum verðmætum umfram útlendinga og jafnframt til þess fallin að koma á eðlilegri sátt á milli landlausra manna með þörf fyrir veiðiskap og veiðiréttareigenda, og það vildi ég umfram allt að gert yrði.

Ég vænti þess og veit það raunar, að hæstv. landbrh. ætlar sér að standa af fullkomnum drengskap við það fyrirheit sem hann gaf okkur í Sþ. á dögunum að láta taka veiðiréttarlöggjöfina til endurskoðunar í þessu skyni. Mér er raunar kunnugt að hann hefur nú þegar gert ráðstafanir í þá átt. Ég ætla að hann vilji gjarnan miðla þarna málum, og væri þá mikið í húfi að Húnvetningur, handhafi veiðiréttar, gæti þess nú að skjóta hann ekki með spjótinu þar sem hann gengur á milli Hrollauganna og þeirra.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á mjög uppbyggilegar umr. um þessa till. Hv. frsm. fyrir þessari þáltill., hv. þm. Árni Gunnarsson, gat þess í lok framsöguræðu sinnar, að hann væri að ganga frá frv. um sama efni og felst í þessari till., sem hann var þá að tala fyrir og er nú hér til umr., og mundi leggja það fram á Alþ. einhvern næstu daga. Þessi þáltill. er um að fela hæstv. ríkisstj. að láta semja frv. um tiltekin, afmörkuð efnisatriði. En um leið og hv. þm. talar fyrir þessari tillögu getur hann þess, að hann sé búinn að vinna þetta verkefni. Hver er þá tilgangurinn með flutningi tillögunnar?

Ég hef átt sæti á Alþ. í rúman áratug, en ég minnist

þess ekki á þeim tíma að í frammi hafi verið hafður slíkur málatilbúnaður. Ég hygg að lengi megi leita til að finna dæmi þess. Hv. alþm. hafa tvo möguleika á að flytja mál á hinu háa Alþ. — þeir geta flutt þau í ályktunarformi eða frv.-formi. Sé málið flókið og vandasamt, viss atriði sem þarf að rannsaka, álitamál um hvernig að málinu skuli standa til þess að ná þeim markmiðum sem flutningsmaður eða flutningsmenn stefna að, þá er að jafnaði ályktunarleiðin valin. Sé málið á hinn bóginn einfalt er rökrétt að setja málið fram í frv.-formi. En að flytja sama mál eftir báðum þessum leiðum og það næstum samtímis hygg ég að sé einsdæmi, enda sé ég ekki annan tilgang með því en þann að reyna að vera sem mest í sviðsljósinu.

En er það alveg einhlítt, að í öllum tilfellum sé ávinningur að því — eða hafa mál nú að undanförnu þróast á þann veg? A. m. k. sumir hv. þm. eru farnir að trúa því, að það, sem skipti máli í stjórnmálabaráttu, sé að flytja nógu mörg mál, tala og skrifa nógu mikið, hvað sem innihaldinu líður. Er þetta hinn nýi, ferski þytur sem fer um þjóðlífið og á að sögn sumra að þeyta í burtu öllum óheilindum út í hafsauga?

Þessi þáltill. gefur ekki tilefni til mikilla umr. Hún er um það eitt, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um að leggja sérstakt gjald á veiðileyfi sem séu seld útlendingum til veiða í íslenskum laxveiðiám og að gjaldið renni í ríkissjóð. Skal fjármununum sem þannig aflast, varið til tilrauna með fiskrækt í sjó og vötnum. Till. er sem sagt um það eitt, að gjald skuli lagt á veiðileyfi þegar erlendir menn eiga í hlut. En hví ekki sömu reglur um silunginn í ám og vötnum? Hvers á hann að gjalda að dæmast til að verða bráð erlendra manna?

Ekki leyndi sér hvað fyrir hv. flm. vakir með þessari till., ef marka má framsöguræðu þá sem hv. 1. flm. flutti fyrir henni. Það var ekki af umhyggju fyrir landeigendum sem hún er flutt, það kom berlega í ljós hjá hv. flm., og hefur e. t. v. engum komið á óvart. Umhyggjan var fyrir þeim Íslendingum sem þessa íþrótt stunda. Veiðileyfin eru orðin of dýr fyrir þá. Það verður að dómi þessa hv. þm. að gera veiðileyfin svo ódýr að Íslendingar geti, hver sem er, veitt sér þann munað að veiða lax. Framboð og eftirspurn eiga ekki að ráða verðinu á veiðileyfunum t. d. eins og á fjármagninu.

Hv. frsm. talaði um slæm gjaldeyrisskil vegna seldra veiðileyfa og nefndi tölur í því sambandi. Hann ræddi um að þörf væri að láta koma á betri gjaldeyrisskilum. Ég veit ekki betur en það sé hlutverk Seðlabankans að fylgjast með öllum gjaldeyrisskilum. Ég held að hv. þm. ætti að benda Seðlabankanum á þessar grunsemdir, sem hann ber í brjósti, og óska eftir betra eftirliti í þessum efnum.

En mér er mikil forvitni á að vita, hvernig hv. flm. hyggst tryggja að erlendir laxveiðimenn verði látnir borga hinn fyrirhugaða skatt. Mér skilst að það sé hugsað þannig, að ef Íslendingur kaupir veiðileyfi, þá eigi hann að fá það fyrir verulega lægra verð en ef erlendur maður á í hlut. Þessi verðmunur hlýtur að eiga að vera verulegur, þar sem hann á að sögn hv. frsm. að verða til þess að ásókn erlendra manna í laxár okkar minnki til muna frá því sem verið hefur. Og hver á að hafa á hendi sölu á veiðileyfum hér í framtíðinni svo að það verði öruggt að enginn erlendur maður komist í íslenska laxveiðiá nema hafa borgað skattinn hans Árna? Á e. t. v. að setja upp nýja stofnun, sem hefði með að gera sölu á öllum laxveiðileyfum í allar ár á landinu, sem einhver von er að lax gangi í? Og halda hv. flm., að þó að slík skipan kæmist á yrði öruggt að enginn erlendur maður kæmist í lax án þess að borga skattinn? Það er e. t. v. verið að semja nýtt frv. um að setja á stofn nýja sveit lögreglumanna, sem mundi e. t. v. ganga undir nafninu „Laxveiðilögregla ríkisins" og ætti þá að hafa það verkefni að fylgjast með því að enginn erlendur maður renndi fyrir lax nema hafa áður borgað skattinn, — nema þá von sé á einni þáltill. enn þess efnis, að öllum erlendum mönnum sé bannað að koma til Íslands yfir laxveiðitímann nema þeir sýni við komuna til landsins að þeir séu búnir að kaupa laxveiðileyfi með sérstökum skattstimpli, — á laxveiðitímanum komist sem sagt enginn erlendur maður inn í landið nema hann sýni laxveiðivegabréf.

Ég sé ekki aðrar leiðir færar, ef þessi bráðsnjalla hugmynd á að komast til framkvæmda: annaðhvort fjölmenna laxveiðilögreglu eða banna erlendum mönnum aðgang að landinu nema þeim sem hafa laxveiðivegabréf.

Auðvitað eru báðar þessar leiðir áhugaverðar í meira lagi, því að engum getur dottið í hug, og síst hv. frsm., að leiða landa sína í þvílíka freistni að skapa hverjum sem er möguleika á að kaupa veiðileyfi að nafninu til fyrir erlenda laxveiðimenn — vini sína — og bjóða þeim í laxveiði, geta þannig verið í laxveiði sjálfur nokkra daga, fá síðan erlendan gjaldeyri fyrir ómakið, sem engin leið er að gera grein fyrir og því ekki hægt að skila í banka. E. t. v. er sú stund ekki langt undan, að ýmsir landar okkar hafi möguleika á að eyða sumarfríi sínu í laxveiðar án þess að það kosti mikið fyrir þá í krónum talið. Væri það ekki snjallt og göfugt verkefni að koma því í framkvæmd?

Væri það undarlegt, þótt sú spurning væri farin að gerast nokkuð áleitin, hvort hv. alþm. — a. m. k. flestir þeirra — beri ekki meiri virðingu fyrir starfi sínu, sjálfum sér og ekki síst þessari stofnun, Alþingi Íslendinga, en svo að eyða tíma þingsins í umr. um mál af þessu tagi?

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég verð að byrja á því, sem maður á reyndar aldrei að byrja ræðu á, að segja að það er ekki laust við að ég sé hálffeiminn að koma upp í ræðustól eftir að hafa hlustað á svo rómantíska ræðu sem hv. þm. Stefán Jónsson flutti áðan. Það var auðheyrt á öllu, að þar talaði sá sem hafði reynsluna og þekkinguna á málinu, því að það var næstum því sem maður væri farinn að horfa á hann kasta fyrir lax eða silung í ræðustólnum, í svo rómantíska stemningu var hann kominn þegar hann var að ræða um þetta mál áðan. Út af fyrir sig var það ánægjulegt, jafnvel fyrir þá sem ekki eru veiðimenn — eins og ég — og þekkja þar lítið til nema af því sem grannarnir hafa sagt frá.

Út af þessari till., sem er á þskj. 18 og margir eru flm. að, en fyrst og fremst hv. 11. landsk. þm., Árni Gunnarsson, verð ég að segja það eins og er, að mér geðjast ekki að málinu eins og það liggur fyrir. Það féll í minn hlut á síðustu 4 árum að fara með samgöngumál hér á landi sem ráðh. Eitt af þeim verkefnum, sem ég tók við sem slíkur, var frv. um ferðamál, sem var búið að vera að velkjast á tveim eða þrem þingum. Ég taldi brýna nauðsyn bera til að koma þessu máli áfram í gegnum Alþ. til þess að fá betra lag á ferðamál hér á landi og m. a. vinna að því að Íslendingar hefðu tekjur af erlendum ferðamönnum. Eg taldi að þær gjaldeyristekjur, sem Íslendingar hefðu af þeim, væru þeim mikils virði eins og

aðrar gjaldeyristekjur. Ég er enn þeirrar skoðunar, að skipan á þessum málum hafi með þessari löggjöf verið betur komið fyrir og landi og þjóð hafi verið unnið gagn á þann veg sem við eigum að gera með ákvörðunum okkar hér á hv. Alþ. Ég held að það orki ekki tvímælis, að Ísland hefur einnig haft af laxveiði sinni þó nokkrar tekjur í erlendum gjaldeyri og hafi orðið þekktara land vegna þess að erlendir þjóðhöfðingjar hafa sótt eftir því að fá að veiða í íslenskum ám. Ég hef ekki talið að það væri Vopnafirði á neinn hátt til tjóns, nema síður væri, þegar Karl Bretaprins og hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, væru báðir að veiðum í Hofsá. Frá þessu hefur verið sagt held ég bæði hérlendis og erlendis, og það hefur verið eftir þessu tekið. Ég held að það sé þjóð okkar og landi mikils virði, að Bretaprins, sem verður vonandi konungur Bretaveldis, sæki Ísland heim á hverju ári af því að honum þyki mikið varið í að koma hingað og veiða lax. Nú er ég ekki þar með að segja að prinsinn hafi ekki efni á að greiða þennan skatt sem hv. 11. landsk. þm. hugsar sér að greiddur verði. En yrði þetta framkvæmt líst mér ekkert á lögregluna sem vinur minn og flokksbróðir, hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefan Valgeirsson, ætlaði að koma á. Ég held að það hafi verið nóg a. m. k. fyrir hæstv. fjmrh. okkar, að greiða laun annarra lögreglumanna þó þessu væri ekki bætt við. Ég sé ekki að þetta gæti orðið á annan veg, ef raun yrði, heldur en að þetta lenti á þeim, sem veiðileyfin seldu, og þaðan værum við að taka peningana. Ég er á því, að þó að ætti að koma því hér til leiðar að laxveiðimenn kæmust ekki hingað nema eftir alls konar krókaleiðum, þá mundu þeir finna krókaleiðirnar. Þess vegna verð ég að segja eins og er, að ég hef talið að við ættum innan vissra takmarka að nota gæði lands okkar til þess að afla okkur m. a. dýrmæts gjaldeyris, en hans getum við einnig aflað fyrir lax.

Ég vil líka í sambandi við þetta mál taka undir það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að ég er alveg viss um að verðið á laxveiðileyfunum núna er ekki hærra en það var fyrir nokkrum árum, ef verðgildi krónunnar er metið rétt. Ég þekki það ósköp vel, að menn hafa látið eftir sér að fara í laxveiði þó það hafi kostað sitt, af því að þeir hafa haft meiri áhuga á því en fara til Mallorca eða einhverra slíkra staða, og mér finnst það miklu skemmtilegra og eðlilegra. Það var einn ágætisvinur minn í Borgarnesi sem hafði ekki mikil fjárráð. Hann fór alltaf í laxveiði og hann var mjög fengsæll í laxveiðinni. Hún var honum því tvöföld ánægja. Hann kom heim sæll og glaður yfir því að hafa notið þess að vera á þessum stöðum og þess sem er að njóta í sambandi við að lifa úti í hinni frjálsu náttúru, og venjulega með mikla veiði líka. Þetta var því andleg hressing, fyrir utan kannske að hann hafi haft eitthvað upp úr veiðinni, sem ég held að hafi ekki verið mjög mikið.

Hér hefur verið rætt um að vinir mínir og stuðningsmenn í Dölum vestra — og okkar þm. Vesturl. — hafi gert skyssu í sambandi við leiguna á Laxá. Vel má það vera. Og ég tek undir það, að mér finnst ekki nema eðlilegt að Íslendingar hafi a. m. k. jafnan rétt og útlendingar og vel það til að ná laxveiðiánum. En ég vil láta þá borga fyrir. Mér finnst að þar eigi ekki að hlífa neinum miðað við það sem eðlilegt er, og ég tek undir það sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. um Norðurá í Borgarfirði. Áin hefur verið og er mjög eftirsótt, afskaplega skemmtileg og í svo óskaplega fallegu landi að það er hrein rómantík út af fyrir sig að njóta þeirrar fegurðar, þó að menn geri ekki nema halda á stönginni. En hún er leigð Íslendingum og hefur verið svo og verður svo.

Skoðun mín er sem sagt sú, að við hljótum alltaf að leigja útlendingum laxveiðiár — eða veiðirétt vil ég orða það, en ekki leigja laxveiðiárnar. Ég er ekki hlynntur því, að þeir fái árnar í heild, en þeir fái að veiða. Og ég tel að það, sem hafi gerst á síðustu tveim áratugum, sé að tekist hefur að auka laxagengd hér verulega mikið. Ég minnist þess frá fyrsta þingári mínu, að þá var frv. að nýjum laxveiðilögum til meðferðar á hv. Alþ. og rökin fyrir því, að nauðsyn bæri til að setja þá löggjöf, sem var mikið deiluatriði í mínu kjördæmi, sem þá var Mýrasýsla, voru einmitt þau, að löggjöfin mundi auka laxagengdina, veiðina, og þar með tekjurnar. Þetta hefur tekist og það tel ég afskaplega mikils virði.

Ég er líka á þeirri skoðun, að laxveiðiárnar og laxveiðin þar með eigi að fylgja þeim jörðum sem vatnið rennur um. Mér hefur verið illa við leigu á jörðum er laxveiðin hefur verið skilin undan. Þess vegna held ég að það hljóti að fara svo, að ef okkur tekst að auka laxveiðina í mjög ríkum mæli, sem ég vona og við höfum verið að vinna að, — því miður höfum við ekki lagt nógu mikið fjármagn t. d. í eldisstöðina í Kollafirði sem hefur gert mikið gagn og við þurfum að sinna betur, — getum við fullnægt eftirspurn hérlendra manna og hljótum því að selja erlendum mönnum veiðiréttindi líka.

Í sambandi við þessa þáltill. vil ég leyfa mér að vitna í umsögn þeirra manna, sem best þekkja til, ráðamanna veiðimála hér á landi, samtök veiðiréttareigenda. Þeir segja hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Við teljum framboð veiðileyfa nægjanlega mikið til að fullnægja innlendri eftirspurn þrátt fyrir núverandi veiðileyfissölu til erlendra aðila. Til stuðnings þessu sjónarmiði bendum við á, að Veiðimálastofnunin leyfði sölu á 32 936 veiðidögum sumarið 1978. Af þeim er talið að erlendir veiðimenn kaupi 5000 leyfi, íslenskir veiðimenn 19000, en tæpir 9000 veiðidagar séu ónotaðir.“

Nú er ég ekki alls kostar viss um að hér sé um ónotaða veiðidaga að ræða, því að eitthvað af þessu munu eigendur nota sjálfir. Jafnvel þótt þeir hafi þann möguleika að selja þá, þá hefur færst í það horf. Þeir segja enn fremur, með leyfi forseta:

„Við teljum að veiðileyfasalan til útlendinga hafi ekki sprengt verð veiðileyfa upp fyrir greiðslugetu íslenskra veiðimanna. Meðalverð leyfa á innanlandsmarkaði sumarið 1978 var áætlað 17 500 kr. á dag. Meðalaflaverðmæti á sama tíma var 13 000 kr. á dag, svo að ipróttin sjálf virðist ekki mikils metin, ef þessi verðmunur er of hár.“

Verðmæti laxins, sem veiddur var, var sem svaraði 13 000 kr. á dag, en salan 17 500 kr. Ég held því að það sé ekki heldur rétt, að ásóknin af hálfu útlendinga í veiðileyfi hér á landi hafi aukist. Ég held að hún sé í raun og veru minni árið 1978 en hún var 1974. Ég held því, að við þurfum ekki að óttast þó að sókn sé nokkur af hendi erlendra aðila í að kaupa hér veiðileyfi. Í grg. frá Landssambandi veiðifélaga segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. upplýsingum, sem Landssamband ísl. veiðifélaga hefur aflað sér, eru færri veiðileyfi seld til útlendinga sumarið 1978 en var árið 1974, og sjáum við ekki fram á breytingu á þeirri þróun. Við teljum því að ásókn erlendra veiðimanna sé ekki að aukast.“

Þetta vildi ég láta koma fram hér og svo líka minna á að þeir, sem veiðiréttindi selja, greiða nú þegar 2% af veiðitekjum sínum í Fiskræktarsjóð. Ef einhverju ætti að fara að breyta, þá væri það helst fjárframlögum þangað. En mér líst ekki vel á hugmyndina um að fara að hálfloka landinu með því sem þarna er lagt til.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég ætla mér ekki að fara út í umr. um að gjaldeyrisskil og annað séu ekki sem skyldi. Þeirra, sem eiga að sjá um það, er þá handvömmin, því að það liggur alveg ljóst fyrir hverjir hafa árnar og hve mikið af veiðileyfum er selt.

Ég hefði gjarnan viljað að hinir hv. þm. hér á Alþ. drægju ofurlítið úr aðdróttunum, sem mér finnst ég hafa orðið meira var við á hv. Alþ. nú en áður, og tortryggni í garð manna. Síst af öllu finnst mér það eiga við þegar aðdróttanir eru í garð þeirra sem ekki hafa möguleika til þess að verja sig, eins og t. d. í þessu tilfelli er, þó að reyndar væri það svo að í dag talaði maður sem hafði tekið þátt í leigusamningum.

Skoðun mín er sú, að það, sem okkur beri að vinna að, sé að auka laxgengdina hér á landi. Það er eitt af þeim verkefnum sem Alþ. og ríkisstj., fjárveitingavald ríkisins eiga að veita meira fé til en verið hefur og vinna að framgangi þess máls. Það er alveg ljóst, að við getum ekki aukið laxgengdina í landi okkar nema með ræktun. Það er ræktun sem gildir.

Ég tek undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e., að í því sambandi þurfum við einnig að huga að silungsveiði okkar ekki síður en laxveiði, því að hort tveggja á jafnmikinn rétt á sér og er þjóð okkar jafnnauðsynlegt. Ég er alveg á móti því, að þannig sé á málum haldið, að Íslendingar séu útilokaðir frá því að njóta þessa. Eins er ég á móti því, að erlendir menn séu útilokaðir. Ég vil því að hinnar mestu hófsemi sé gætt í meðferð þessara mála.

Ég tel að þetta sé ein af dýrmætustu perlum lands okkar sem notið verði þegar menn hverfa frá hversdagsleikanum, en nota frístundir sínar á skynsamlegan og réttmætan hátt. Og ég hef aldrei skilið það, að betur sé varið þeim tíma, sem menn eyða í Suðurlöndum og *suðrænni sól, en hér uppi á hálendi við fallegar og* skemmtilegar veiðiár. En ég tek undir það, að ég vil engum frá því bægja.

Ég tel að það sé fjarri lagi að laxveiðin sé orðin það dýrt sport, miðað við annað, að verð sé í óhófi. Ég vil líka taka það fram, að ég er algerlega á móti því að aðskilja jarðirnar og árnar til þess að ríkið fari að ráða yfir laxveiðiánum. Það verða aðrir hv. alþm. að leggja því máli lið. Ég mun ekki gera það og berjast gegn þessu meðan ég verð að störfum hér á Alþ., því að þá væri verið að vinna mjög fráleitt verk, ef þetta mál næði fram að ganga.

Ég efast ekkert um að hv. 11. landsk. þm., *Árni Gunn*arsson, hefur meint vel með þessari till. sinni — ég ætla honum ekki annað. En ég tel að honum beri nauðsyn til að athuga málið betur. Hv. Alþ. treysti ég til að láta málið ekki ganga í gegn á þann hátt sem þarna var stefnt að, því að ég tel að þá værum við að vinna annað en við vildum vinna. Ég tel eðlilegt að Ísland verði ferðamannaland að takmörkuðu leyti eða í hófi. Ég tel að þegar sé búið að setja miklu meira eftirlit með ferðamönnum og strangari reglur um að vernda landið og annað, sem við þurfum að sinna í þeim efnum, en góðu hófi gegnir, miðað við að hingað komi ferðamenn og Íslendingar geti notið þess að hafa tekjur af erlendum ferðamönnum. Margar þjóðir hafa byggt afkomu sína verulega á slíku, og við eigum að reyna að hagnýta okkur slíkt svo sem eðlilegt og skynsamlegt er.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér mjög í almennar umr. um þetta mál, sem þegar eru orðnar nokkuð langar. Verð ég þó að segja, að hvorki líkar mér blær sá, sem á till. er, né heldur ýmis orð sem hér hafa fallið af vörum hv. ræðumanna.

Ég skil vel áhuga íslenskra veiði- og útivistarmanna á íslenskum ám og íslenskri náttúru og tel sjálfsagt að það eigi að greiða fyrir þeim eftir föngum þegar þeir ganga á vit íslenskrar náttúru og vilja njóta útivistar. En ég tel á hinn bóginn fjarstæðu að taka svo til orða, eins og ég held að rétt sé haft eftir hv. 4. landsk. þm., að útlendinga eigi að reka úr öllum veiðiám í Íslandi. (**StJ:** Bola þeim burtu.) Eða bola þeim burtu. Ég get aðeins minnst á síðustu ræðuna sem hér var haldin, þar sem hv. 1. þm. Vesturl. benti á hvað yrði um það markmið ýmissa manna að gera Ísland að ferðamannalandi og byggja upp mikilvæga atvinnugrein hér á Íslandi, ef útlendingum yrði bolað burt úr öllum veiðiám.

Það er ýmislegt fleira sem hefur komið fram í máli manna, eins og hin snjalla hugmynd hv. 5. þm. Norðurl. e. að stofna laxalögreglu, sem yrði væntanlega deild í Rannsóknarlögreglu ríkisins á borð við vatnalögreglu í ýmsum öðrum ríkjum. Þá mætti líka fara nokkrum orðum um þá að nokkru leyti ágætu ræðu, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. flutti hér. Honum lágu nú venju fremur sáttarorð á tungu, talaði um að sætta ætti landlausa menn eða landleysingja og veiðiréttareigendur eða handhafa veiðiréttar. Það er auðheyrt að útivist og veiði hafa haft mannbætandi áhrif á þennan hv. þm. og hann hefur eignast margar auðnustundir í veiðiferðum sínum. Hann talaði margt mjög skáldlega, og það má segja að máli hans rann Norðurá fegurst áa lygnum straumi í fögru umhverfi, þó að blóð litaði bakka hylja í Húnaþingi.

En það var aðallega eitt atriði sem fékk mig til að segja fá orð, og raunar skaut þessi hv. ræðumaður því fram í máli sínu. Það er nefnilega í grg. vikið sérstaklega að leigunni á Laxá í Dölum, og hv. 4. þm. Norðurl. e. lét orð falla um þann leigusamning. „Leigusamningar af þessu tagi eru óhæfa," sagði hann. Ég hef ekki séð þennan samning, svo að ég get ekki rökrætt um hann sérstaklega við hv. þm. En þegar þetta mál kom á dagskrá þingsins eða var borið fram, þá fékk ég senda frá vinum mínum í Dölum vestur úrklippu úr blaði, grein sem skrifuð var fyrir einu og hálfu ári eða svo og var svar við annarri blaðagrein Reykvíkings sem fjallaði um leiguna á Laxá í Dölum. Ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa nokkrar setningar úr þessari grein sem mér var send:

„*Þar sem vikið var að Laxá í Dölum get ég ekki látið* hjá líða að svara og skýra hvers vegna Laxá í Dölum er leigð Bandaríkjamönnum. Á árunum fyrir og eftir 1970 og allt til 1974 var Laxá leigð stangveiðifélagi í Reykjavík, en það endurleigði svo stangveiðimanni í Reykjavík besta hluta veiðitímans. Hann leigði svo Bandaríkjamanni sem seldi veiðileyfin á sínum heimaslóðum. Þar með vorum við bændur í Laxárdal orðnir fimmta hjólið í þessari leigu. Á þessu sést að það voru íslenskir stangveiðimenn sem fyrst komu með útlendinga til veiða í Laxá í Dölum. Við tókum því þess vegna fegins hendi er okkur gafst kostur á *því að leigja beint til veiðimannanna* sjálfra og losna þannig við þrjá milliliði."

Ég ætla svo ekki að rekja þessa grein miklu lengra, þó

að hér komi ýmislegt fram sem vekja mætti athygli á. Þannig segir höfundur þessarar greinar eitthvað á þá leið, að greinarhöfundur sá, sem hann er að svara, telji mikla óhæfu að leigja útlendingum íslenskar laxveiðiár. Hann segist vera honum algerlega ósammála, telji eðlilegt að leigja þeim árnar, a. m. k. að einhverju leyti, enda veiti ekki af að fá þann gjaldeyri í þjóðarbúið sem hægt er. Og það má, eins og hv. 1. þm. Vesturl. gerði áðan, vitna í lög um lax- og silungsveiði, nr. 76 frá 1970 14. kafli þeirra laga fjallar um Fiskræktarsjóð og styrkveitingar til fiskræktar. Þegar rætt er um tekjur þessa sjóðs er nefnt 2% gjald af skírum veiðitekjum er innheimtist af veiðifélögum. Það gefur því auga leið, að það skipti miklu máli að hægt sé að leigja árnar fyrir nokkurt fé þannig að meira renni í þennan sjóð svo að auðveldara verði að efla fiskræktina.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, en ljúka þeim á því að vitna aftur í það bréf sem mér barst í hendur. Það verða lokaorð mín að þessu sinni:

„Í Laxárdal hafa bændurnir sjálfir alltaf haft forgöngu um ræktun Laxár, en þar voru fyrst sett seiði fyrir síðustu aldamót og síðan 1934 hafa verið sett seiði í ána á hverju ári, en án þess væri Laxá ekki svo góð veiðiá sem hún nú er. Ég tel eðlilegt að eigendur njóti árangurs erfiðis síns."

Umr. frestað.

Endurskoðun laga um þingsköp Alþingis, þáltill. (þskj. 107). — Fyrri umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég vona að það sæti ekki mikilli gagnrýni þó að ég mæli örfá orð fyrir þáltill. sem að vísu var aftarlega á dagskránni. En hér er um að ræða mál sem algert samkomulag er um, þ. e. a. s. að lagt er til að kosin verði nefnd átta alþm. til þess að endurskoða lög um þingsköp Alþingis.

Eins og kunnugt er er alltaf öðru hverju verið að flytja frv. um ákveðnar breytingar á þingsköpunum, og er í sjálfu sér eðlilegt að þau séu í endurskoðun öðru hverju. Þau þingsköp, sem við búum við í dag, eru frá árinu 1972 og það eru ýmis atriði þar, sem ástæða er til að endurskoða. Þess vegna hefur orðið að samkomulagi að flytja þessa þáltill.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta samkomulagsmál. Ég tel æskilegt að þessi nefnd verði kjörin nú fyrir jólaleyfi þm. Ég tel, að það sé einnig æskilegt að nefndin starfi í vetur, og gott væri það, ef hún gæti skilað starfi sínu fyrir þinglok þannig að endurskoðað frv. um þingsköp lægi fyrir áður en þessu þingi væri slitið, en að því síðan stefnt að afgreiða málið á næsta þingi.

Á það hefur verið bent, að væntanlega verður á næstunni kjörin ný stjórnarskrárnefnd sem m. a. kann að fjalla um málefni eins og deildaskipun Alþ. sem hljóti að hafa áhrif á sínum tíma á ýmis ákvæði þingskapalaga. Ég tel að sú endurskoðun, sem gert er ráð fyrir með þessari þáltill., eigi að fara fram óháð því hvað verður eftir e. t. v. tvö ár eða lengri tíma varðandi deildaskipun Alþingis eða aðrar þær meiri háttar breytingar sem þá kynnu að verða gerðar.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu máli verði nú þegar umr. er frestað vísað til allshn. með ósk um skjóta afgreiðslu þessa máls, sem er samkomulagsmál eins og ég hef áður greint.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 19. fundur

Mánudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Forseti segir af sér.

Forseti (Bragi Sigurjónsson): Hv. þingdeild. Ég hef ákveðið hér og nú að segja af mér forsetastarfi Ed. Alþingis. Ákvörðun minni er ekki beint gegn þd., sem ég þakka af alhug fyrir umburðarlyndi og hjálpsemi í glapsömum forsetastörfum mínum þann stutta tíma sem ég hef sinnt þeim.

Ákvörðun mín er tekin af þeim sökum, að ég vil ekki teljast samstarfstákn í forsetastóli ríkisstjórnarflokka, sem ekki hafa kjark né þrek til að marka og koma sér saman um slíka úrlausnarstefnu í verðbólguvanda þjóðarinnar, að til vafalausra úrbóta horfi, né heldur nýta þann fórnar- og samstarfsvilja, sem ég tel að nú hafi verið fyrir hendi meðal almennings, til að ráðast gegn þeim vágesti.

Ég hef þá sannfæringu, að besta kjarabót, sem nú væri hægt að færa alþjóð manna og þó fyrst og fremst þeim, sem þrengst eiga fyrir dyrum, mundi vera umtalsverð minnkun verðbólgu. Þá minnkun þarf að skapa úr mörgum þáttum. En frv. það, sem nú hefur verið ákveðið í ríkisstj. að bera fram á Alþingi sem vopn gegn verðbólgu, er að mínum dómi bitlaust og auk þess rangsleitið. Það beinist fyrst og fremst að launþegum hvað lagasetningu snertir, þó í leiðinni sé þeim klappað með lausyrtri greinargerð og hálfkveðnum loforðum um úrbætur í lífskjörum, ef þeir eiri vísitöluskerðingu á laun sín.

Þjóðin hefur slæma reynslu af loforðum í ermi og lausatökum. Þau vinnubrögð urðu að minni hyggju fyrrv. ríkisstj. fyrst og fremst að falli, kjark- og úrræðaleysi beit úr henni bakfiskinn.

Ég harma, að ríkisstj., sem ég hefði viljað sjá vaxa og vel dafna, hafi nú lotið að sömu vinnubrögðum og sýnt sams konar kjark- og úrræðaleysi.

Ég harma, að stuðningsflokkar hennar hafa nú lotið að þeim leik að setja tilfundin ágreiningsefni ofar þjóðarþörf á röggsamlegum úrræðum, sem við öll undir niðri óskum eftir.

Ég harma, að stundarhagir flokka séu af flokksforingjum bornir meir fyrir brjósti en alþjóðarheill.

Ég vil ekki vera samstarfstákn slíks leiks og slíkra vinnubragða. Því segi ég af mér forsetastarfi þessarar deildar, en megi hollvættir Íslands leiða forustumenn okkar ágætu þjóðar til réttrar brautar.

Ég bið hv. 6. þm. Suðurl., Jón Helgason, 2. varaforseta deildarinnar, að taka nú við fundarstjórn.

Forseti (Jón Helgason): Hv. þdm. hafa heyrt yfirlýsingu forseta, en í 8. gr. þingskapa stendur: „Þó er hverjum embættismanni þingsins heimilt að leggja niður starf sitt, ef meiri hl. leyfir í þingdeild eða sameinuðu þingi." Það hefur verið borin fram sú ósk við mig, að frekari afgreiðslu þessa máls verði frestað og enn fremur að tekin verði út af dagskrá þau mál sem á dagskrá standa, 1.-8. mál.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Hér hafa gerst merkir atburðir og einstæðir í þingsögunni, hygg ég, a. m. k. á síðari áratugum, að forseti segi af sér störfum til að mótmæla stjfrv. og stjórnarstefnu. Forseti flutti hér svo góða ræðu að ég get þar engu við bætt. Hann sagði allt sem segja þarf um ráðleysi núv. ríkisstj. og þá hörmung sem þetta stjórnarsamstarf þegar er orðið. Hann gaf að vísu ekki nákvæma lýsingu á frv. efnislega né heldur formi frv., en svo gæfusnauð er þessi hæstv. ríkisstj., að hún getur ekki einu sinni komið frv. saman í réttu formi. 1. gr. þessa frv. er gagnslaus, 2. gr. er endaleysa, 3. gr. er endaleysa. Það sér hver einasti maður eða ætti að sjá, þó ekki væri löglærður. Það er ekki einungis að efni þessa frv. sé með þeim hætti sem forseti lýsti, heldur er form þess með þeim hætti að það er ekki sýnandi Alþingi.

Þessir atburðir verða lengi í minnum hafðir, á því er ekki minnsti vafi, og þingstörfin næstu daga verða vandasöm og erfið. Við í stjórnarandstöðunni ætlum ekki að gera vandann meiri en hann er orðinn. Við munum hjálpa til að greiða fyrir framgangi þeirra mála sem til úrbóta gætu orðið, gætu orðið til að bjarga. En það er ekki hægt að komast hjá að vekja athygli á því, að einn stjórnarflokkanna er klofinn. Stóri sigurvegarinn er klofinn vegna þess að samstarfsflokkarnir hafa ekki tekið tillit til eins eða neins í stefnu þess floks. Allt er gert þveröfugt við stefnu Alþfl. Þess vegna er þessi flokkur nú klofinn og þess vegna gerast þessir miklu atburðir.

Ég skal ekki tefja frekar tímann, herra forseti, en vildi vekja athygli á því varðandi frv., að það er líka meingallað að formi til og ekki sýnandi löggjafarsamkundunni.

Sameinað þing, 27. fundur.

Mánudaginn 27. nóv., kl. 2.30 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. nóv. 1978.

Formaður þingflokks framsóknarmanna hefur ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Tómasar Árnasonar, 4. þm. Austurl., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að Halldór Ásgrímsson, fyrrv. alþm., taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Ég vil biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréf Halldórs Ásgrímssonar til rannsóknar og gef 7 mínútna fundarhlé. —[Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Halldórs Ásgrímssonar, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi. Kjörbréfið er gefið út af yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis og undirritað af öllum nm. og er

ekki að orðlengja það, að kjörbréfanefnd leggur til að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Neðri deild, 19. fundur.

Mánudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Upplýsingaskylda banka, frv. (þskj. 45). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 47). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 20. fundur.

Mánudaginn 27. nóv., að loknum 19. fundi.

Ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, frv. (þskj. 117). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram til 1. umr., fjallar um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Þessar ráðstafanir miða fyrst og fremst að því að hamla gegn þeirri verðbólguskriðu, sem fylgt hefði ef 14% launahækkun hefði verið hleypt út í hagkerfið hinn 1. des. n. k., og þeim vanda, sem af henni hefði leitt. Jafnframt ber þó að líta á þetta frv. sem lið í þeirri viðleitni ríkisstj. að ná fram varanlegum breytingum og umbótum á sviði efnahagsmála þegar á næsta ári. Meginverkefnið er að freista þess að ná tökum á verðbólgunni, og að því verki er nú unnið í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Rétt er að leggja áherslu á það, að til þess að árangur náist á þessu sviði þarf að ríkja gagnkvæmur skilningur milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um nauðsyn slíkra aðgerða.

Þær ráðstafanir, sem ríkisstj. varð að grípa til á fyrstu starfsdögum sínum í sept. s. l., fólu í sér tilraun til þess að rjúfa þann vítahring verðlags og launahækkana sem hagkerfið hefur fest í að undanförnu og haft hefur í för með sér slíka rekstrarerfiðleika í undirstöðuatvinnuvegum að horfði til rekstrarstöðvunar og atvinnubrests. Þar var farið inn á þá braut að draga úr verðbólgu með auknum niðurgreiðslum og lækkun söluskatts af nauðsynjum.

Þrátt fyrir þær stórfelldu niðurfærsluaðgerðir, sem fólust í septemberráðstöfununum, var alla tíð ljóst að þær mundu einar sér ekki duga til þess að hemja í einni svipan þá þungu undiröldu verðbólgu sem valt og veltur í hagkerfinu. Þá þegar var vitað að fram undan væri veruleg verð- og launahækkun hinn 1. des. n. k.

Frá því að gripið var til ráðstafananna í sept. s. l. hefur framvinda efnahagsmála orðið nokkru óhagstæðari en búist var við þegar þær voru undirbúnar. Innflutningsverðlag hefur hækkað talsvert meira en ráð var fyrir gert, en verðlag á útflutningsafurðum okkar hefur hins vegar staðið í stað. Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa því versnað talsvert á þessu tímabili, og stafar það fyrst og fremst af lækkun á gengi Bandaríkjadollars sem vegur þungt í okkar útflutningstekjum gagnvart Evrópumyntum sem mestu ráða um verð á innflutningnum. M. a. af þessum sökum er vandinn, sem við er að glíma, nú alvarlegri og stærri í sniðum en ætlað var. Að sama skapi er brýnna að hann verði leystur með skynsamlegum ráðum.

Ríkisstj. er sammála um að brýnasta verkefni hennar sé að móta samræmda stefnu um aðgerðir á öllum sviðum efnahagsmála í því skyni að hamla gegn verðbólgu á næstu missirum. Það þarf að móta og síðan fylgja skarpri aðhaldsstefnu í verðlags- og launamálum, þar sem horft verður til lengri tíma en nokkurra mánaða. En viðnám gegn verðbólgu verður næsta haldlítið ef ekki er jafnframt mótuð samræmd aðhaldsstefna á sviði ríkisfjármála, peningamála, fjárfestingarmála og skattamála. Ríkisstj. hyggst í þessu skyni m. a. beita sér fyrir eftirgreindum aðgerðum:

1. Stefnt verði að því í samráði við aðila vinnumarkaðarins, að verðlag og peningalaun hækki ekki um meira en 5% hinn 1. mars n. k.

2. Leitast verði við að ná svipuðum markmiðum fyrir önnur verðbótatímabil á árinu 1979, þannig að verðbólgan náist niður fyrir 30% í lok ársins.

3. Vísitöluviðmiðun launa verði breytt fyrir 1. mars n. k. að höfðu samráði við fjölmennustu heildarsamtök launafólks. Gert er ráð fyrir því, að vísitölunefnd skili tillögum fyrir 15. febr. n. k. sem unnt verði að byggja á í þessu sambandi. M. a. verður athuguð viðmiðun, viðskiptakjör o. fl. Eins og kunnugt er hefur vísitölunefndin þegar gert ríkisstj. grein fyrir störfum sínum fram til þessa dags og mun hún halda áfram starfi sínu.

4. Vegna þeirra aðgerða, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, verða lögð fram nú fyrir áramót frv. til l. um tekjuöflun, og kemur m. a. þar til athugunar hátekjuskattur og veltuskattur á ýmiss konar rekstur. Einnig kemur til athugunar í þessu skyni fjárfestingarskattur og eignarskattur.

Með samræmdri breytingu þeirra fjármálatækja, sem hér hafa verið nefnd, þ. e. með álagningu sérstaks skatts á verðbólgufjárfestingu og með hækkun eignarskatts, sem stefnir að sama marki, mætti koma traustum böndum á verðbólgugróðann. Ég hygg að menn geti verið sammála um, að slíkar aðgerðir séu fyllilega réttlætanlegar.

Rík áhersla verður lögð á að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum á sama grundvelli og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir árið 1979. Jafnframt verður að því stefnt, að aukinni fjárþörf ríkissjóðs vegna þeirra aðgerða, sem ríkisstj. hefur gripið til, verði mætt að hluta með niðurskurði rekstrarútgjalda ríkisins. Einn liður í þessari viðleitni felst í því að endurskoða allan ríkisrekstur með

aukið aðhald og sparnað í huga. Jafnframt verði skattalög endurskoðuð svo og skattalagaframkvæmd til þess að tryggja aukið réttlæti í skattlagningu og skattamálum. Og beinir skattar af almennum launatekjum, sérstaklega tekjuskattur og sjúkratryggingargjald, verði lækkaðir á næsta ári.

5. Á þessu þingi hyggst ríkisstj. beita sér fyrir breyttri stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins og verða fyrstu frv. um þetta efni lögð fram fyrir næstu áramót. Stefnt verður að því að draga í áföngum úr framleiðslu umfram þarfir, þannig að útflutningsbætur lækki frá því sem nú er.

6. Ríkisstj. mun beita sér fyrir aðhaldssamri stefnu á sviði fjárfestingarmála á næsta ári, og er að því stefnt að heildarfjárfesting á árinu 1979 verði ekki umfram 24-25% af vergri þjóðarframleiðslu. Stefnumörkun á sviði fjárfestingarmála er nú í undirbúningi og er gert ráð fyrir lagafrv. um þau mál innan tíðar. Þar er m. a. gert ráð fyrir því, að fjárfestingum verði beint frá verslunar- og skrifstofubyggingum í tækni- og skipulagsumbætur, m. a. í fiskvinnslu og iðnaði, og að dregið verði úr fjárfestingu í landbúnaði sem leiðir til aukinnar framleiðslu, en áhersla lögð á hagræðingu og uppbyggingu vinnslustöðva landbúnaðarins. Þessari stefnu mun verða fylgt eftir með breytingum á reglum um útlán fjárfestingarlánasjóða og banka.

7. Í 3. gr. þessa frv. eru ákvæði þess efnis, að ríkisstj. muni beita sér fyrir aðgerðum og lagasetningu til ýmissa félagslegra umbóta, sem í kjarabótum jafngildir 3% af verðbótavísitölu þeirri sem gildir fram til 30. nóv. Við undirbúning þeirra mála, sem hér um ræðir og talin eru upp í 7. lið grg., mun ríkisstj. hafa fullt samráð við aðila vinnumarkaðarins, og er lögð áhersla á að aðgerðum og undirbúningi löggjafar verði hraðað svo sem kostur er. Hér er um margvísleg hagsmuna- og réttlætismál að ræða, og má minna á að um mörg af þessum málum er fjallað í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna og meginstefnan í þeim málum er mörkuð þar. Undirbúningur margra þessara mála er þegar hafinn og í sumum tilvikum langt kominn.

Ég mun nú fara örfáum orðum um þær félagslegu umbætur sem hér um ræðir og getið er í grg. frv.

Í fyrsta lagi má telja öryggismál og hollustuhætti á vinnustöðum, en þau mál hafa verið lengi til meðferðar og verið eitt af baráttumálum verkalýðshreyfingarinnar. Í þessum efnum mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að hraðað verði þeirri könnun á ástandi vinnustöðva sem nú stendur yfir til undirbúningsaðgerða og löggjafar á þessu sviði. Mun að því stefnt að hraða samningu löggjafar er taki m. a. til öryggismála, aðbúnaðar og vinnuumhverfis svo og um strangt eftirlit með reglum um öryggismál og hollustuhætti á vinnustöðum. Til þess að tryggja að slík löggjöf skili árangri með skjótum hætti þarf jafnframt að sjá fyrir öflun nokkurs lánsfjár til að gera fyrirtækjum kleift að koma við endurbótum á vinnustöðum til þess að fullnægja kröfum um öryggi og aðbúnað. Mun ríkisstj. beita sér fyrir útvegun fjármagns í þessu skyni, sem lánað yrði til fyrirtækja í samráði við viðkomandi verkalýðsfélög til að framkvæma meiri háttar endurbætur á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi vinnustaða. Þó að vissulega hafi mikið áunnist í þessum efnum á undanförnum árum held ég að við verðum öll að játa að mikið skortir á að þessi mál séu komin á það stig, sem æskilegt er og að þarf að stefna. Ég er þeirrar skoðunar, að umbætur á þessu sviði horfi til sparnaðar, þegar lengra er litið, og muni skila sér aftur í bættu heilbrigðisástandi fólks.

Þau atriði, sem nefnd eru í grg. undir fyrirsögninni: „Veikinda- og slysabætur og uppsagnarákvæði launafólks", má raunar líta á sem hluta vinnuverndarmála í víðari skilningi, eins og gert er í löggjöf hjá ýmsum grannþjóða okkar. Þessi réttindamál hafa hér á landi m. a. verið háð kjarasamningum, en það er augljóst réttlætismál að félagsleg réttindi sem þessi séu skýrt mótuð í löggjöf.

Stjórnarflokkarnir hafa þegar sett fram meginstefnumið sín í húsnæðismálum í samstarfsyfirlýsingunni, en þar segir svo, með leyfi forseta. „Áhersla verði lögð á félagsleg sjónarmið í húsnæðismálum. Sett verði löggjöf um réttindi leigjenda. Löggjöf um verkamannabústaði verði endurskoðuð. Stefnt verði að því að hækka húsnæðislán og létta fjármagnsbyrði með lengingu lánstíma."

Þessi mál eru nú öll í undirbúningi. Má m. a. taka fram að samningu laga um réttindi leigjenda mun ljúka á næstu vikum og stefnir ríkisstj. að setningu löggjafar þar um á þessum vetri. Nefnd sú, er fyrrv. félmrh. skipaði á s. l. ári, til endurskoðunar á löggjöf um verkamannabústaði, hefur nú skilað drögum að frv. og mun á næstu vikum unnið að athugun þeirra tillagna, m. a. í samhengi við þá endurskoðun, sem nú stendur yfir að fyrirlagi þessarar ríkisstj., á starfsemi Húsnæðismálastofnunar og íbúðalánamálum almennt.

Ríkisstj. stefnir að því, að aukin áhersla verði lögð á byggingu verkamannabústaða um allt land, og mun beita sér fyrir nýrri löggjöf á þessu sviði í tengslum við heildarendurskoðun húsnæðislánamála. Hér getur vitaskuld ekki orðið um neina skyndilausn að ræða. Málefni lífeyrissjóða og eftirlaun aldraðra eru meðal helstu forgangsverkefna þessarar ríkisstj. Þess má geta, að á næstu vikum mun ríkisstj. leggja fram frv. til l. um almenn eftirlaun fyrir aldraða, en í því felst að eftirlaunaréttur samkv. lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum verði nú gerður almennur og færður þeim eftirlaunaþegum sem ekki hafa þegar betri lífeyrissjóðsréttindi. Þessi eftirlaun munu fylgja launaþróun í landinu.

Frv. það, sem hér um ræðir, felur í sér bráðabirgðaúrlausn í lífeyrismálum sem unnt er að koma á með skjótum hætti, en ríkisstj. hefur jafnframt beitt sér fyrir því, að áfram verði unnið að undirbúningi heildarlöggjafar um nýtt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Þótt frv. um almenn eftirlaun til aldraðra sé stórt skref í lífeyrismálum, sem færa mun stórum hópi lífeyrisþega mikla réttarbót, er engu að síður nauðsynlegt að tryggja sem best þau lágmarkskjör, sem almannatryggingakerfið færir lífeyrisþegum með almennum lífeyrisbótum og tekjutryggingu. Því er í II. kafla þessa frv. ákvæði um að lífeyrisbætur skuli hækka jafnmikið og lægstu laun og án tafar, en auk þess er tekjutryggingin svo og hin svonefnda heimilisuppbót tekjutryggingarþega hækkuð sérstaklega og umfram hækkun lægstu launa. Þetta er að mati ríkisstj. nauðsynlegt til að tryggja hag þeirra lífeyrisþega sem lakast eru settir.

Mörg félagsleg umbótamál eru þó enn ótalin. Þar má nefna fæðingarorlof, sem ríkisstj. hyggst taka til endurskoðunar m. a. með setningu löggjafar. Þá hyggst ríkisstj. stuðla að eflingu fræðslumála samtaka launafólks í samráði við verkalýðshreyfinguna.

Eitt þeirra umbótamála, sem ríkisstj. mun beita sér fyrir, er bygging dagvistarheimila, en ætlunin er að talsvert átak verði gert í þeim efnum með aukinni fjárveitingu á næsta ári.

Forfallaþjónusta í landbúnaði hefur lengi verið brýnt hagsmunamál bænda og vill ríkisstj. styðja bændasamtökin til úrbóta í þessu máli.

Þá mun ríkisstj. beita sér fyrir endurskoðun á ávöxtun orlofsfjár í því skyni að tryggja ávöxtun þess betur en hingað til. Þetta mál verður að sjálfsögðu undirbúið í samvinnu við samtök launafólks.

Loks er svo í grg. frv., í þessum 7. lið sem ég hef nú rætt, vikið að sérstökum réttindamálum opinberra starfsmanna. Í því sambandi má minna á að í samræmi við fyrirheit í samstarfsyrirlýsingu stjórnarflokkanna standa nú yfir umræður um samningsréttarmál opinberra starfsmanna.

8. Í peningamálum mun ríkisstj. fylgja mjög aðhaldssamri stefnu. Í þeirri stefnu felst að útlánaþök bankanna og bindiskylda Seðlabankans verði ákveðin þannig, að peningamagn í umferð verði í samræmi við stefnuna í launamálum. Ljóst er að takmörkun útlána og hófleg aukning peningamagns er ein af forsendum þess, að unnt reynist að draga úr verðþenslu.

9. Ríkisstj. mun beita ströngu verðlagsaðhaldi og halda áfram eflingu verðlagseftirlits. Í því sambandi munu reglur verðlagseftirlitsins um hámarksálagningu verða endurskoðaðar og fleiri vörutegundir en nú eru settar undir hámarksákvæði. Til að draga úr verðlagsáhrifum launahækkunarinnar 1. des. hefur ríkisstj. ákveðið að þær verðhækkanir, sem heimilaðar verða eftir 1. des., miðist við 4—4.5% kauphækkun hið mesta. Þetta þýðir m. ö. o. að atvinnurekendur taki á sig um 2% í kauphækkun án þess að fá það til baka í verðhækkun, og ber að skoða þetta sem framlag atvinnurekenda til viðnáms gegn verðbólgu.

Ég hef hér farið nokkrum orðum um nánari tildrög og tilgang þeirra aðgerða, sem frv. gerir ráð fyrir, og jafnframt lýst því í stórum dráttum, hvernig ríkisstj. hyggst fylgja þessum málum eftir á næsta ári. Ég vík þá að einstökum köflum í frv. sjálfu.

Í I. kafla frv. er fjallað um niðurgreiðslu vöruverðs, lækkun skatta lágtekjufólks, félagslegar umbætur og verðbótavísitölu. Þessi kafli frv. skýrir sig að mestu leyti sjálfur. Þar er m. a. gert ráð fyrir að niðurgreiðslur verði enn auknar frá því sem nú er. Einnig segir þar, að ríkisstj. muni beita sér fyrir lækkun skatta og gjalda á lágtekjufólki. Enn fremur hyggst ríkisstj. beita sér fyrir aðgerðum til ýmissa félagslegra umbóta, sem metnar verði til kjarabóta launþega, eins og ég hef nokkuð ítarlega rakið hér. Ákvæðin í I. kafla frv. fela þannig í sér, að til þess að ná árangri í viðureigninni við verðbólguna verða kjör launþega bætt sem svarar 8% af 14% hækkun verðbótavísitölu með öðrum hætti en með beinni launahækkun og er megináherslan lögð á að tryggja kjör lágtekjufólks.

Í sambandi við 4. gr. er rétt að taka fram, að í henni felst að við útreikning verðbóta á hverju verðbótatímabili næsta árs verði beitt samsvarandi reglu og 1. mars n. k. Þannig skal t. d. frá 1. júní 1979 greiða verðbætur á laun samkv. þeirri verðbótavísitölu, er gildir frá 1. mars 1979, að viðbættri þeirri stigatölu er verðbótavísitala reiknuð samkv. ákvæðum kjarasamninga hækkar frá 1. mars til 1. júní 1979 og svo á seinni tímabilum með samsvarandi hætti. Þetta gildir nema því aðeins að öðruvísi sé um samið eða lögum breytt, sbr. ákvæði 3. gr. laga um kjaramál frá því í sept. En þar segir einmitt, með leyfi forseta: „Frá 1. des. 1978 og þar til um annað hefur verið samið skulu grunnlaun og tilhögun verðbóta á laun haldast óbreytt eins og ákveðið er frá 1. sept. 1978 samkv. almennum kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, og samkv. lögum þessum."

Í II. kafla frv. eru ákvæði til að tryggja kjör lífeyrisþega og þá sérstaklega hinna tekjulægstu í þeirra hópi með hækkun lífeyrisbóta og sérstakri hækkun tekjutryggingar, eins og ég hef þegar vikið að.

Með tillögum frv. í heild eiga kjör allra hinna lægst launuðu að vera tryggð með viðunandi hætti, jafnframt því sem freistað er viðnáms gegn verðbólgu.

Mér barst í gær bréf frá Verkamannasambandi Íslands um þessa fyrirhuguðu lagasetningu, sem ég get ekki stillt mig um að lesa hér, af því að mér finnst að það verðskuldi að vera geymt í Alþingistíðindum. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Herra forsrh. Ólafur Jóhannesson, Reykjavík.

Á fundi í sambandsstjórn Verkamannasambands Íslands, sem haldinn var hér í Reykjavík í gær, 25. nóv., var hjálögð ályktun samþykkt einróma. Í sambandsstjórn Verkamannasambandsins eiga sæti 19 manns alls staðar að af landinu og enn fremur eru kjörnir 7 varamenn. Til fundarins í gær voru boðaðir bæði aðalmenn og varamenn og sat þorri þeirra fundinn.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Verkamannasamband Íslands.
Þórir Daníelsson."

Ályktunin er svo hljóðandi:

„Sambandsstjórn Verkamannasambands Íslands, komin saman til fundar 25. nóv. 1978, ítrekar fyrri yfirlýsingar verkalýðshreyfingarinnar um að hún hafi ávallt verið og sé reiðubúin að meta ýmsar efnahagsráðstafanir, svo sem niðurgreiðslur til lækkunar verðs nauðsynjavara og lækkun skatta af lægri tekjum, fullkomlega til jafns við kauphækkanir. Fundurinn er þeirrar skoðunar, að fyrsta skilyrðið til þess að ná raunhæfum árangri til aukins kaupmáttar launa verkafólks sé að takast megi að draga svo að um munar úr hinni geigvænlegu dýrtíð í landinu. Fundurinn lýsir því stuðningi við efnahagsráðstafanir ríkisstj. 1. sept. s. l. og fyrirhugaðar ráðstafanir 1. des. n. k., en leggur í því sambandi sérstaka áherslu á hin félagslegu réttindamál sem gert er ráð fyrir að lögfest verði á næstu vikum. Framangreindar ráðstafanir eru bráðabirgðaráðstafanir, en fundurinn telur óhjákvæmilegt að ríkisstj. fái starfsfrið til þess að ná árangri í baráttunni við verðbólguna, og vill Verkamannasamband Íslands veita henni lið í því efni."

Þannig hljóðaði þessi ályktun. Ég verð að segja það, að ég met þann stuðning, sem felst í þessari ályktun, mjög mikils. Það er áreiðanlegt, að þessi ályktun verður ríkisstj. hvati til að vinna af alúð að þeim félagslegu réttindamálum sem frv. gerir ráð fyrir. Hún verður ríkisstj. einnig eggjan sterk að leggja sig alla fram í baráttunni við verðbólguna.

Ef allir landsmenn, ef önnur hagsmunasamtök sýndu

samsvarandi skilning yrði róðurinn léttari. Það þurfa allir að viðurkenna og sýna í verki skilning á því, að þeim ber að leggja fram sinn skerf í glímunni við verðbólgudrauginn.

Sennilega munu ýmsir sakna þess og benda á það, að ekki sé vikið neitt sérstaklega að réttindamálum sjómanna í aths. með frv. Það er rétt, að um þá er ekki fjallað sérstaklega. Þar er ekki fjallað sérstaklega um málefni sjómanna. En að sjálfsögðu tekur ýmislegt í hinum félagslegu umbótum til þeirra.

Ég vil geta þess, að það hefur verið komið á framfæri við ríkisstj. óskum sjómanna um umbætur á tilteknum sviðum og þau mál hafa verið rædd í ríkisstj., og sérstaklega hefur þar verið fjallað um að eftirtalin atriði varðandi réttindamál sjómanna þyrftu umbóta við: 1) Aðbúnaður og öryggismál sjómanna. 2) Slysabætur til sjómanna. 3) Endurskoðun löggjafar um lögskráningu sjómanna. Verða öll þessi mál tekin til umfjöllunar í ríkisstj. á næstunni.

Með þeirri stefnu í launa- og verðlagsmálum, sem mörkuð er í þessu frv., ásamt þeirri samræmdu stefnu á öllum sviðum efnahagsmála, sem nú er í mótun og þegar hefur komið fram í fjárlagafrv. að því er ríkisfjármálin varðar og skýrð er frekar í grg. þessa frv., má telja að jöfnuður náist í viðskiptum við útlönd á næsta ári. Þótt hagvöxtur verði minni en að undanförnu ætti atvinna að vera næg, um leið og tækist að draga úr verðbólgu.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. segir m. a., að vinna skuli að gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar sem marki stefnuna í atvinnumálum, fjárfestingarmálum, tekjuskiptingu og kjaramálum. Jafnframt verði mörkuð stefna um hjöðnun verðbólgu í áföngum og ráðstafanir ákveðnar sem nauðsynlegar eru í þessu skyni, m. a. endurskoðun á vísitölukerfinu, aðgerðir í skattamálum og mótun nýrrar stefnu í fjárfestingar- og lánamálum. Þær ráðstafanir, sem gripið var til 1. sept. s. l., mörkuðu fyrsta áfanga þessa verks. Með ráðstöfunum þeim, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er þessu verki fram haldið og í reynd hafinn annar áfangi á þeirri braut að móta og síðan fylgja samræmdri aðhaldsstefnu í launa- og verðlagsmálum í samhengi við heildarstefnuna í skattamálum og efnahagsmálum almennt.

Ég hygg að fæstum blandist hugur um það, að eigi viðunandi árangur að nást í viðnámi gegn verðbólgu þurfa að koma til aðgerðir sem ekki liggja einungis á sviði launa- og verðlagsmála, heldur einnig á öðrum sviðum kjaramála, ásamt aðgerðum á vettvangi peninga- og lánamála, fjármála ríkisins, verðlagsmála og fjárfestingarmála. Viðnámið gegn verðbólgu verður næsta máttlítið nema því sé fylgt eftir á öllum sviðum efnahagsmála.

Ríkisstj. hefur sett sér það meginmarkmið að vinna að hjöðnun verðbólgu í ákveðnum áföngum, og þær aðgerðir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eru skref á þeirri leið. Sjálfsagt segja sumir, að það sé stutt skref, og vissulega má það til sanns vegar færa. En það, sem meginmáli skiptir, er að það er skref í rétta átt. Það er ekki alltaf heppilegast að taka stór stökk. Það er ekki hyggilegt að ætla sér að stökkva yfir læk sem er svo breiður að maður nær ekki yfir á bakkann hinum megin og dettur ofan í lækinn. Það getur vel verið, að við verðum á næstunni að láta okkur nægja hinu smáu skrefin, stuttu skrefin í varnaraðgerðum gegn verðbólgu. En ég endurtek, að það, sem mestu máli skiptir, er að skrefin gangi í rétta átt. Kjarkmenn stökkva, jafnvel þó þeir nái ekki yfir á bakkann hinum megin og detti ofan í. En ég held að það sé hygginna manna háttur að athuga vel áður en slík heljarstökk eru framkvæmd. Það þýðir ekkert að tala um kjark í þessu sambandi. Kjarkur er ekki nóg. Það þarf að beita skynsemi og það þarf að laða menn til samvinnu um þessi mál. Með því móti og með því móti einu er hugsanlegt að árangur náist í þessum efnum. Að því er stefnt með þessu frv. og þeim ráðstöfunum sem það gerir ráð fyrir.

Ég veit að öllum hv. þm. er ljóst að sú lagasetning, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, kemur ekki að gagni nema hún öðlist gildi fyrir mánaðamót. Þess vegna verð ég að fara fram á það við hv. þm. og vænti þess að þeir taki vel þeirri málaleitan, að afgreiðsla fáist á þessu máli fyrir mánaðamót. Til þess að það verði auðveldara legg ég til að þær nefndir í báðum deildum, sem munu fá þetta frv. til meðferðar, vinni saman að athugun þess til þess að flýta fyrir afgreiðslu þess í síðari deild.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa því yfir, að eins og unnt er munum við sjálfstæðismenn greiða fyrir því, að afgreiðslu þessa frv. verði lokið fyrir mánaðamót, en áskiljum okkur þó allan rétt til þess að fjalla ítarlega um efni frv. og afla þeirra upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til þess að endanleg málefnaleg afstaða verði tekin.

Við þm. höfum nú haft í 3-4 vikur á borðum hjá okkur frv. til l. um kjaramál, sem er frv. til staðfestingar á brbl. sem núv. ríkisstj. setti í byrjun starfsferils síns í byrjun septembermánaðar s. l. Í dag er svo útbýtt á borð okkar frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Það er fróðlegt að bera þessi frv. saman. Frv. til l. um kjaramál, staðfesting á brbl. ríkisstj., var hornsteinn stjórnarsamvinnunnar, endurtekið stefið frá kosningabaráttunni á s. l. ári um „samningana í gildi." Og hvað gerðist samkv. þessum brbl.? Það gerðist í fyrsta lagi, að þeir hæst launuðu fengu 10—12% kauphækkun? Það gerðist í öðru lagi, að þeir, sem unnu t. d. við fiskvinnslu og unnu venjubundinn yfirvinnutíma eða ákvæðisvinnu, fengu 3.5—4% kauphækkun. Það gerðist, að engin hækkun kom til lág- og millitekjufólks samkv. brbl. hæstv. ríkisstj. Þetta var árangurinn af söngnum „samningarnir í gildi". En meðaltalshækkun launakostnaðar í landinu var um 6%. Niðurstaðan, ályktunarorð af brbl., var í sem stystu máli á þann veg, að í raun voru samningarnir ekki settir í gildi, vegna þess að þaki var viðhaldið eftir sem áður, þótt því væri lyft eilítið. Fjármögnunin eða framkvæmdin varðandi launahækkunina átti sér stað í niðurgreiðslum annars vegar sem fjármagnaðar voru með skattlagningu hins vegar sem og hallarekstri ríkissjóðs. Í stuttu máli voru landsmenn sjálfir látnir greiða niður laun sín. Hér var á ferðinni slík svikamylla sem var raunar í rökréttu áframhaldi af glamuryrðum fyrrv. stjórnarandstöðuflokka í kosningabaráttunni. Hér var á ferðinni í raun og veru þegar með setningu þessara brbl. afhjúpun á einhverjum mesta blekkingavef okkar daga í stjórnmálabaráttu landsins. Því skyldi maður ætla að jafnvel slíkar vanefndir hefðu getað staðist, ef marka mátti málflutning fyrrv. stjórnarandstöðu og núv.

stjórnarsinna, en því er ekki að heilsa. Hér er komið nýtt frv. á borð alþm. sem heitir: „Frumvarp til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu". Á það hefur verið minnst, að þetta frv. er undarlegrar gerðar og óvenjulegt að formi og raunar einnig að efni, og að því skal vikið síðar. En kjarni þessa frv. er sá, að ekki skuli greitt kaup samkv. kaupgjaldsvísitölu, það skuli skerða útborgun kaups um 8%. Fram hjá þessu verður ekki vikist. „Samningarnir í gildi" með brbl. í sept. höfðu ekki í för með sér neina kauphækkun til hinna lægst launuðu. Nú á samkv. þessu frv. að lækka kaup hinna lægst launuðu um 8%. Það væri nú athyglisvert að fá skýringu t. d. þeirra hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar og Guðmundar J. Guðmundssonar á þessu. Og það væri fróðlegt að vita í hverju snúningur þeirra er fólginn, þegar klökkt þakkarbréf var lesið upp af hálfu Verkamannasambands Íslands hér áðan. En batnandi mönnum er auðvitað best að lifa, og nú munu hvorki þessir þm. né aðrir stjórnarsinnar, sem voru fyrrv. stjórnarandstæðingar, segja að launakostnaður skipti ekki neinu máli, að það skipti engu máli t. d. hvaða laun eru greidd í fiskvinnslu, það ráði ekki úrslitum í baráttunni gegn verðbólgunni, það ráði ekki úrslitum varðandi rekstrarafkomu atvinnuveganna, það ráði ekki úrslitum til þess að tryggja atvinnuöryggi í landinu. En núna hafa þessir menn söðlað um, og þeir segja með þessu frv., að auðvitað skipti launakostnaður í landinu máli ef við viljum tryggja atvinnuöryggi, ef við viljum tryggja ótruflaðan rekstur atvinnuveganna, ef við viljum berjast gegn verðbólgu.

Það er fróðlegt ekki eingöngu að bera saman þetta frv., sem í dag var borið á borð þm., við brbl. frá því í sept. Við skulum bera þetta lagafrv. og efni þess — meginatriði og kjarna þessa frv. — saman við efnahagsráðstafanirnar í febr. og brbl. í maí, og þá kemur fram mjög athyglisverður munur. Samkv. lögunum í febrúar og enn frekar samkv. lögunum í maí var gert ráð fyrir því, að sérstök láglaunauppbót væri í lög leidd. Full verðbót var tryggð þeim, sem höfðu 88 þús. kr. í mánaðartekjur, miðað við desemberlaun 1977, og skerðingin, sem svarar til hálfrar vísitöluuppbótar, varð ekki að fullu fyrr en launin voru komin í 176 þús. kr. Samkv. maílögunum var full vísitöluuppbót á 115 þús. kr., einnig miðað við desemberlaun 1977, og skerðingin af hálfri vísitöluuppbót varð ekki fyrr en um það bil þegar mánaðarlaunin í dagvinnu voru komin í 240 þús. kr. Er einhver slík ákvæði að finna í þessu frv. sem alþm. sáu í dag? Ekkert einasta ákvæði þess efnis, að sérstaklega skuli hyggja að láglaunafólki, sem þó var bæði í febrúarlögunum og í brbl. í maí.

En hvernig voru viðbrögð fyrrv. stjórnarandstæðinga við þessum lögum? Hvernig voru viðbrögð Verkamannasambands Íslands? Það var hvatt til ólögmætra verkfalla, það var boðað til útflutningsbanns og aðrar ráðstafanir hafðar í frammi til þess að trufla atvinnustarfsemi landsmanna og koma í veg fyrir að þessi lög næðu tilgangi sínum. En værum við nú ekki betur staddir, Íslendingar, ef þessi lög hefðu náð tilgangi sínum? Hvað segir hæstv. forsrh. um tilgang þessa frv., sem hann talaði fyrir rétt áðan, hvað snertir baráttu gegn verðbólgunni? Hvað segja aðrir stjórnarsinnar um tilganginn hvað snertir baráttu gegn verðbólgu? Jú, það er von stjórnarsinna, að unnt verði að koma verðbólgunni niður í 30% með tilkomu þess frv. og eftir verði fylgt með samsvarandi ráðstöfunum varðandi greiðslu vísitölubóta á næsta ári. Sá árangur, sem á að nást, er að verðbólgan sé komin í um það bil 30% í lok 1979. En hefðu febrúarlögin náð yfirlýstum tilgangi sínum og hefðu skemmdarverk ekki ráðið ferðinni og hefði sýndarmennska núv. stjórnar varðandi brbl. í sept. s. l. ekki séð dagsins ljós, sem nú eru þurrkuð út eins og dögg fyrir sólu, þá hefði verðbólgan nú í lok ársins 1978, frá upphafi til loka árs, verið 30%. Ef við erum að tala um baráttu gegn verðbólgu, þá hafa aðgerðir hv. fyrrv. stjórnarandstæðinga og núv. stjórnarsinna seinkað baráttunni um a. m. k. heilt ár með þar af leiðandi tjóni fyrir alla launþega þessa lands, með þar af leiðandi skaða fyrir alla landsmenn.

Það er einnig athyglisvert að íhuga þróun kaupmáttar. Hvað þýddi krafan: samningarnir í gildi? Þegar forvígismenn launþegasamtakanna úr hópi Alþb. og Alþfl., en það voru einkum þeir sem misnotuðu aðstöðu sína innan verkalýðssamtakanna í flokkspólitískum tilgangi, voru inntir eftir því hvað þessi krafa þýddi, þá sögðu þeir að tryggja ætti þann kaupmátt sem stefnt var í með kjarasamningunum 1977. Og hver var sá kaupmáttur sem stefnt var í með þessum kjarasamningum? Ef kaupmáttarstigið er sett 100 í byrjun yfirstandandi árs, þá var það að meðaltali á síðasta ári 92 og þá var með kjarasamningunum 1977 stefnt í að kaupmátturinn væri 112 í lok þessa árs og síðan a. m. k. ekki lægri á næsta ári, enda áttu samningar nú fyrir 1. des. að tryggja það.

Hver verður nú raunin við tilkomu þessara laga? Kaupmáttarstigið hefur kannske með brbl. farið upp í um það bil 108 stig frá 1. sept. til 1. des. En með tilkomu þessara laga hrapar kaupmátturinn um 8% og fellur niður í það sem var í byrjun þessa árs í raun og veru. Og það er boðað meira. Í grg. þessa frv. er sagt að stefnt skuli að því að greiða ekki meiri vísitölubætur á laun 1. mars n. k. en að hámarki 5%. Nú er það kunnugt og upplýst í skýrslu vísitölunefndar, að verðlag mun hækka á bilinu 8-10%. Það á sem sagt enn á ný að láta fella niður 5% af kaupgjaldi. Samtals er þarna um að ræða niðurfellingu á 13% af kaupgjaldi á þriggja mánaða tímabili. Með því að benda á þetta er ég ekki að segja að þetta kunni ekki að vera nauðsynlegt í baráttunni gegn verðbólgu, í baráttunni fyrir atvinnuöryggi og til þess til lengdar að tryggja kaupmátt launa. En ég bendi á þetta sem sönnun og staðfestingu á því, að hv. stjórnarsinnar margir hverjir eru ekki samkvæmir sjálfum sér í stjórnarandstöðu og sem stjórnarsinnar.

Það er rétt að við gerum okkur líka grein fyrir því, hver er afkoma atvinnuveganna með tilkomu þessa frv. Það er talið svo, að fyrir tilkostnaðarhækkun 1. des. séu frystihúsin í landinu rekin jafnvel með halla, en þegar best lætur almennt séð á núlli. Saltfiskverkunin er rekin með miklum halla. Útgerðin er rekin með miklum halla, a. m. k. sumar tegundir útgerðar. Og í kjölfar 6% kauphækkunar nú um mánaðamótin kemur fiskverðsákvörðun um áramótin. Ég er ekki með neinar hrakspár eða að örva menn til kröfugerðar varðandi fiskverðsákvörðun, en ég held að flestum hér inni sé ljóst, að jafnvel þessi takmarkaða kauphækkun nú um mánaðamótin leiðir til frá 6 og upp í 12% fiskverðshækkun. Þegar á það er litið og þá verðlagshækkun sem fram undan er á næsta kaupgreiðsluvísitölutímabili, þá er ljóst að við stefnum í áframhaldandi gengisfellingu.

Ég hef heyrt frá 1. þm. Austurl. í umr. um efnahagsmál, bæði efnahagsráðstafanirnar í febr. og í opinberum

umr. varðandi brbl. í maí sem og það sem af er þessu þingi, að sumir stjórnmálamenn sjái engin ráð og engar lausnir í efnahagsmálum nema gengislækkunarleið. En hvaða ráð sér þessi hv. þm., hvaða ráð sjá Alþb.-menn í efnahagsmálum önnur en gengislækkunarleiðina? Jú, þeir komu með ákveðnar tillögur fyrr á þessu ári, jafnvel fyrir kosningar, ítrekaðar eftir kosningar í stjórnarmyndunarviðræðunum, að gengisfelling væri alveg ónauðsynleg og það væri hægt að leysa það mál með tilflutningi frá hinum ríku til hinna fátæku, frá fyrirtækjunum til launþega. Það reyndist þó svo, að núv. ríkisstj. reyndist nægilega erfitt að skattleggja landsmenn svo að nægði til þess að standa undir niðurfærslu vöruverðs 1. sept. og hingað til, án þess að unnt væri að sýna fram á hvernig ætti að afla tekna til þess einnig að standa undir halla atvinnuveganna og atvinnufyrirtækjanna í landinu. Það dæmi hefur aldrei verið gert upp. Þeir Alþb.-menn hafa aldrei bent á þá tekjustofna í landinu, sem gætu staðið undir því að styrkja aðalatvinnuveg landsmanna, fyrir utan það, hvað það er heimskuleg stefna að grundvallaratvinnuvegur landsmanna eigi ekki að standa undir sér. Auðvitað verður að reka hann með hagnaði. En það er bersýnilega stefna Alþb. að hafa það miðstýrða ríkisvald svo sterkt, að það sé hægt að taka án takmarkana frá einum og láta öðrum í té til þess að styrkja valdakerfi sósíalismans, sem er draumsýn þeirra varðandi þjóðskipulag á Íslandi.

Nú er upplýst, að ríkissjóður verður rekinn með 4.5 milljarða halla á þessu ári, þótt fráfarandi ríkisstj. skildi þannig við, að ríkissjóður mundi verða rekinn með jöfnuði á þessu ári hefði fram verið haldið sem horfði. Það er m. a. verkefni þingsins nú fyrir jól að jafna þennan halla, og ráð framsóknarmanna var, eins og kunnugt er, að lengja árið úr 12 mánuðum í 16 mánuði til þess að ná þessum jöfnuði. En frv. til fjárl., sem liggur fyrir þessu þingi, er þannig útbúið að á skortir um 8 milljarða kr. til þess að jöfnuður náist. Og nú, ef á að fara bókstaflega eftir þeim hjákátlegu greinum sem eru í I. kafla þess frv. sem hér er á dagskrá, þá ættum við, ef við tökum þær bókstaflega, — en það er bara ekki hægt að taka þessar greinar bókstaflega, það sér hver og einn, — en ef við ættum að gera það mundi það kosta um 16 milljarða kr. Kann að vera að ríkissjóður spari nokkur hundruð millj. kr. vegna þess að fjárlagafrv. byggist á að kaup í desember muni hækka um 7.5%, en það mun ekki hækka nema um 6.1%. Við spörum e. t. v. um 700 millj. kr. á ársgrundvelli samkv. þessu. En fjárvöntunin er geysileg, ef við eigum að taka greinarnar í I. kafla þessa frv. alvarlega, sem engan veginn er hægt. Og þá er spurningin sem ósvarað er: Hvernig ætla stjórnarsinnar að afla þessa fjármagns? Ég sé að hæstv. fjmrh. er farinn af þingi. Mér þykir ekki ólíklegt að honum hafi blöskrað hvað er verið að gera og hann hafi beinlínis flúið af hólmi. Ég vona að hann komi sem fyrst aftur endurnýjaður af kjarki og þreki til að fást við þann vanda sem við er að glíma, en hér er stefnt í fullkomna botnleysu.

Varðandi þá kenningu 1. þm. Austurl. og þeirra Alþb.-manna, að hægt sé að komast hjá gengisfellingu, hvernig hafa þeir staðið við þessa kenningu sína nú þegar ráðin eru í þeirra höndum? Ég áfellist þá ekki fyrir 15% gengisfellingu í byrjun sept., það var óhjákvæmilegt. En hvað hefur gerst eftir það? Ætli gengissigið sé ekki til viðbótar þessum 15% orðið nálægt 5%? Hvað þarf til þess að gengissig eigi sér stað? Það eru ekki bara vondu mennirnir í Seðlabankanum sem ráða gengisskráningunni, það þarf annað og meira til. Það þarf leyfi frá hæstv. viðskrh. Og ef ég man rétt frá reynslu fyrri stjórnar, þá var þetta leyfi eða svigrúm Seðlabankans skammtað í um það bil tveim prósentustigum í senn. Nú er hæstv. viðskrh. búinn að gefa út ekki bara eitt, ekki bara tvö, heldur sjálfsagt þrjú slík leyfi, Og annaðhvort þarf hann að halda áfram að gefa út slík leyfi, halda áfram gengislækkunarleiðinni, eða hreinlega fella gengið í einu stökki upp úr áramótum, þegar búið er að ganga frá fiskverði, jafnvel þótt þetta frv. verði samþ. og dregið úr kauphækkunum eins og ráð er fyrir gert í þessu frv. Það er auðveldara um að tala en í að komast fyrir þá Alþb.-menn. Þeir hafa gengið á bak allra sinna stóru orða frá því þeir voru í stjórnarandstöðu.

Ég sagði áðan, að þetta frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu væri hið furðulegasta að allri gerð og innihaldi raunar líka. Í 1. gr. þessa frv. er talað um að ríkisstj. sé heimilt að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá því, sem hún er í nóv. 1978, sem svarar 3% af verðbótavísitölu þeirri sem gildir fram að 1. des. 1978, og eigi síðan að tilkynna kauplagsnefnd ákvarðanir sínar og hún að meta það og gera grein fyrir niðurstöðum sínum. Nú vil ég gjarnan að einhver leiðrétti mig, ef það er ekki rétt að ríkisstj. hefur út af fyrir sig heimild til þess að auka niðurgreiðslur. Hún þarf auðvitað að sjá um fjáröflun, ef hún er ábyrg, en ekki ábyrgðarlaus ein og núv. hæstv. ríkisstj. hefur því miður sýnt sig vera hingað til hvað snertir aukningu niðurgreiðslna á þessu ári. En efni málsins í 1. gr. er auðvitað það, að niðurgreiðslur eða lækkað vöruverð, sem tekur ekki gildi fyrr en eftir 1. des., á að reikna inn í vísitöluna henni til lækkunar, vegna þess að vísitöluútreikningurinn fer fram samkv. vöruverði 1. nóv. Þetta er e. t. v. út af fyrir sig réttlæting á þessari grein í frv. En það er alls ekki þörf á þessari grein. Í 4. gr. segir þetta skýrt og skilmerkilega, að hvað sem líður mati eða útreikningi kauplagsnefndar skuli ekki greiða verðbætur á laun samkv. annarri verðbótavísitölu en 151 stigi. Það er aðalatriði málsins og skiptir engu máli hvað kauplagsnefnd metur niðurgreiðsluna til eða frá. Það á að greiða samkv. kaupgreiðsluvísitölu 151 stig, það á ekki að greiða nema 6.1% kauphækkun í stað 14.1%, sem kaupgreiðsluvísitalan segir til um.

Hvaða fordæmi eru fyrir orðalagi eins og í 2. og 3. gr.? Ég vona að það séu ekki til fordæmi í tíð fyrrv. ríkisstj., og ef þau skyldu vera til, þá bið ég auðmjúklega afsökunar á slíku fordæmi. Í 2. og 3. gr. segir: „Ríkisstj. mun beita sér fyrir lagasetningu“ — og í 3. gr.: „Ríkisstj. mun beita sér fyrir aðgerðum og lagasetningu.“ Ég get ekki skýrt eða skilið tilgang með slíku orðalagi. Annaðhvort leggur ríkisstj. fram frv. til l. eða hún gerir það ekki. Á löggjafarþingið, Alþingi, að segja fyrir hönd ríkisstj., að ríkisstj. muni beita sér fyrir einu eða öðru. Þetta væri kannske skiljanlegt í þáltill., en ég tel það vera fyrir neðan virðingu alþm. að standa að þessu sem lögum frá Alþingi, þó ekki væri nema formsins vegna. Það eru ýmsar spurningar sem koma upp í huga manna þegar þeir lesa þessar greinar, sem bersýnilega eiga að vera einhvers konar plástur á þá Alþb.-menn sérstaklega, e. t. v. Alþfl.-mennina líka. Þetta á e. t. v. að vera einhver dulbúningur hvað snertir raunverulegt efni þessa frv., að það er nauðsynlegt að skerða útborgun kaups samkv. kaupgreiðsluvísitölu. Ef þarna stæði, að ríkisstj. legði

fram lög um lækkun skatta og gjalda af lágtekjum fyrir áramót og efni þeirra skuli metið af kauplagsnefnd, og sama breyting yrði á 3. gr. væru þessar greinar þó skiljanlegar. Af hverju er kauplagsnefnd ekki falið að meta gildi þessa, alveg eins og kauplagsnefnd er falið að meta gildi niðurgreiðslna samkv. 1. gr.? En í raun og veru skiptir þetta ekki höfuðmáli, vegna þess að það er búið að ákveða í 4. gr., að hvað sem líður efndum eða niðurstöðu varðandi þau mál, sem nefnd eru í 1., 2. og 3. gr., þá skuli kaup greitt samkv. ákveðinni kaupgreiðsluvísitölu. Alþb.-menn segja sem svo, og ég veit að hv. þm., sem fyrr á þessu ári stóðu fyrir ólöglegum verkföllum, útflutningsbanni, hrópum og köllum á almannafæri, að um kauprán væri að ræða, en standa nú fyrir alveg nákvæmlega sams konar aðgerðum, nema langtum alvarlegri og án þess að gæta hagsmuna hinna lægst launuðu að einu eða neinu leyti, — þeir munu segja: Jú, jú, vissulega er kaupið lækkað óneitanlega um 8%. En launþegar fá þetta bara allt saman aftur, hverja einustu krónu. — Við skulum athuga þessa röksemd þeirra, ef röksemd skyldi kalla.

Hver er heildarlaunakostnaðurinn í landinu? Hann mun vera um þetta leyti um 300 milljarðar kr. á ári. Ef við bætum tekjum sjómanna og bænda við, þá eru þetta um 340 milljarðar kr. á ári. Ef þessir menn vilja standa við þessa skýringu sína á því, að þeir fallist á kauplækkun um n. k. mánaðamót, þá ættu þeir í raun og veru að geta sýnt fram á það, að 27.5 milljörðum kr., ef ég kann að reikna í flýti, væri varið til þess sem um getur í 1., 2. og 3. gr. Ef þeir geta það ekki er í raun og veru um kjaraskerðingu að ræða hjá almenningi í landinu. Við skulum samt sem áður fara heldur vægar í sakirnar og segja sem svo, að 1., 2. og 3. gr. kosti ríkissjóð: 1. gr., 3% af verðbótavísitölu með 1.7 milljörðum á hvert prósentustig, ætti að kosta 5.1 milljarð. Við getum sagt, að 2. gr., ef miðað er við sjúkratryggingagjaldið þar sem hvert stig kostar 3 milljarða, mundi kosta 6 milljarða. Við getum sagt að 3. gr., sem fjallar um ýmsar félagslegar umbætur og á að þýða 3% af verðbótavísitölu þeirri sem gildir fram að 1. des. 1978,— við skulum fara heldur í lægri kantinn og segja 2 milljarða miðað við hvert prósentustig, og er þá farið bil beggja hvað niðurgreiðslustigið kostar og hvað skattalækkunin kostar, — muni kosta 6 milljarða. Þetta er sem sagt komið upp í 17 milljarða kr. Þarna er viðbótartekjuvandi, sem ég hef fært niður í um 15 milljarða kr., til viðbótar þeim 8 milljörðum sem núv. fjárlagafrv. ber með sér.

Nei, sannleikurinn er sá, að sjónhverfingar eins og þær sem Alþb.-menn hafa einkum gerst boðberar fyrir, að unnt sé að bæta launþegum þá kaupskerðingu sem þarna er á ferðinni, falla um sjálfar sig og finnast ekki í vasa launþega í landinu, í þeim kaupmætti eða þeim kjörum sem Alþb.-menn þykjast vilja stefna að. Hér er sem sagt ljóst, að það verður að greiða fyrir þessar hliðarráðstafanir. Enn hafa þm. ekki séð með hvaða hætti sú fjáröflun á að eiga sér stað.

Í II. kafla þessa frv. er í raun farið troðna slóð og sem betur fer sérstaklega tekið tillit til hagsbóta þeirra sem eingöngu hafa tekjutryggingu við að styðjast.

En óhjákvæmilega hlýt ég að gera nokkuð að umtalsefni innihald grg. frv., sem hæstv. forsrh. las upp í ræðu sinni áðan, vegna þess að séu ákvæði frv. sjálfs óskýr, þá er innihald grg. því fremur þokukennt. Þar er enn á ný sagt í 1. mgr., að verið sé að hugsa um efnahagsvandann 1. des., og hæstv. forsrh. og aðrir ráðh. hafa sagt, að hér sé einungis um bráðabirgðaúrræði að ræða. Þegar ríkisstj. birti samstarfsyfirlýsingu sína og fyrstu ráðstafanir í efnahagsmálum, var þar líka um bráðabirgðaúrræði að ræða. Þá var afsökunin fólgin í því, að vinstri flokkunum svokölluðu hafði ekki unnist tími til í 8 vikna stjórnarmyndunartilraunum sínum að komast niður á nein varanleg úrræði. Nú hefur hæstv. ríkisstj. bætt við þessar 8 vikur a. m. k. 12 öðrum, ef ekki heldur fleiri, og á 20 vikum eða um það bil 5 mánuðum hefur ríkisstj. ekki tekist annað en að koma sér niður á bráðabirgðaúrræði. Það er siglt frá einu kaupgreiðsluvísitölutímabili til annars í fullkominni óvissu um framhaldið. Og í grg. frv. eru nokkur snuð bersýnilega, sem sett eru upp í Alþfl. einkum og sér í lagi.

Það er mjög athyglisvert að lesa í 1. lið að verðlags- og peningalaunahækkanir 1. mars verði ekki meiri en 5%. Ég hef áður fjallað um að verðlagsspáin er um a. m. k. 8% hækkun og líklega yfir 10% hækkun. Það er vitað mál nú í dag. Hins vegar er þarna stefnumörkun, að launahækkunin eigi ekki að vera nema 5%, helmingur af því. Spurningin er: Hvað þýðir þessi grein? Á að greiða niður verðlagið um enn 5% til viðbótar þeim 3%, sem nú eru í þessu frv., og til viðbótar þeim 7.5%, sem voru í ráðstöfununum í sept. s. l., en hér er um verðhækkanir að ræða, sem eru að mestu leyti komnar fram? Hvernig hyggst ríkisstj. standa að þessu?

Þá er talað um að sami háttur verði hafður á við útborgun kaups önnur kaupgjaldsbreytingatímabil. Ég er ekki að fella dóm um það, hvort þetta sé nauðsynlegt. Ég er aðeins að benda á að það er þörf á stefnumörkun af hálfu ríkisstj. hvað þetta snertir. Alþfl. gerði tilraun til að fá slíka stefnumörkun fram, en tókst ekki og koðnaði niður í viðleitni sinni og varð að engu, nema með þessum þýðingarlausu mgr. í 1. og 2. tölul. grg. (**Forseti:** Mig langar að spyrja hv. ræðumann, hvort hann geti hugsað sér að fresta ræðu sinni til kl. 5. Það var ætlunin að halda þingflokksfundi.) Það er velkomið. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég mun hafa verið kominn í ræðu minni að 3. tölul. í aths. við lagafrv., en þar er talað um vísitöluviðmiðun launa og að vísitölunefnd skili tillögum fyrir 15. febr. Ég vil í þessu sambandi minna á að vísitölunefndin átti að skila áliti fyrir 20. nóv. og skilaði þá áliti, a. m. k. fyrsta áliti, og bauðst til þess að starfa áfram. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. forsrh., hvort ekki sé ætlunin að gera þetta álit opinbert, birta það. Ég tel það athyglisvert á margan hátt og tek eftir því, að fulltrúar ASÍ og BSRB og Farmanna- og fiskimannasambandsins hafa tjáð sig fúsa að ræða um þetta mál áfram, m. a. um verðbótaauka, fyrirkomulag skatta í vísitölukerfinu og hvort taka megi tillit til breytinga viðskiptakjara í verðbótavísitölu. Þetta er athyglisvert í tengslum við almennar ábendingar nefndarinnar, sem eru í 8 liðum. Í þeim efnum vil ég sérstaklega vekja athygli á því, að í 2. tölul. þessara ábendinga er svo að orði komist, með leyfi hæstv. forseta: „Breytingar á sköttum og niðurgreiðslum hafa ekki áhrif á verðbótavísitölu."

Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess, að í frv. að efnahagsráðstöfunum, sem fyrrv. ríkisstj. stóð að, var einmitt fram tekið, að þetta skyldi taka gildi nú um næstu áramót, og þá vakti það mikla andstöðu fulltrúa launþegasamtakanna, Alþýðusambands Íslands og BSRB. Ég vonast til að þessi ummæli í sérálíti þeirra fulltrúa í

vísitölunefndinni nú bendi til þess, að þeir líti viðsýnni augum á endurskoðun vísitölukerfisins en þeir hafa hingað til gert, að þeir geri sér frekar grein fyrir staðreyndum efnahagslífsins nú en þeir hafa áður gert og í þessu felist ekki eingöngu afhjúpun eða opinberun á misnotkun þeirra á launþegasamtökunum þannig að þeir hafi aðra afstöðu til mála eftir því hverjir eru í ríkisstj. landsins.

Það eru auðvitað margar aðrar ábendingar sem þarna er um að ræða. Í 1. tölul. er rætt um nýjan grundvöll að vísitölu framfærslukostnaðar á næsta ári og mun undirbúningur þess vera að hefjast. Ég skal ekki rekja þessar ábendingar, en vil mjög eindregið fara þess á leit, að þetta nál., eins og það liggur fyrir nú, verði birt opinberlega. Ég sé ekki neina ástæðu til að það megi ekki gerast.

Þá er og athyglisvert, að viðskiptakjör eru þarna viðmiðun, sem fulltrúar launþega telja mjög koma til greina að taka með í reikninginn. Við sjálfstæðismenn höfum einmitt bent á að ekki væri unnt að binda kaupgjald í landinu við verðlag án tillits til þess, með hvaða hætti verðlag hækkaði, það væri ekki tilefni til kauphækkunar hér innanlands þótt innflutningsverð hækkaði, svo að dæmi sé nefnt. Í þessu efni verður auðvitað að skapa hér skilyrði til nokkurrar frambúðar fyrir því, að unnt sé að berjast gegn verðbólgunni, og einn liður í því er að skera á þau tengsl sem nú eru mjög sterk milli verðlags og launa, skera á þau víxláhrif sem þarna eiga sér stað og gera alla efnahagsstjórn illframkvæmanlega.

Þá er gert ráð fyrir, eins og raunar kemur fram í 4. tölul. athugasemdanna, sérstakri tekjuöflun. Þar er sérstaklega talað um athugun á hátekjuskatti og veltuskatti af ýmiss konar rekstri, enn fremur fjárfestingarskatti og eignarskatti. Hér er ákaflega óljóst að orði komist. Ég vil gera þá fsp.: Er gert ráð fyrir að hátekjuskattur gangi lengra en skattlagning ríkisstj. nú eftir að hún tók við völdum? Með hvaða hætti ætlar ríkisstj. að brúa það bil, sem fyrir hendi er, til þess að markmiði því, sem lýst er í 2. mgr. 4. tölul., verði náð, þ. e. a. s. að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum? Og hvað er átt við með hátekjuskatti að þessu leyti? Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að þegar skattheimta, hvort heldur er í formi beinna skattgreiðslna eða skyldusparnaðar, er komin yfir 70% af jaðartekjum, þá er verið að vinna á móti verðmætasköpun í þjóðfélaginu, verið að draga úr viðleitni einstaklingsins til þess að leggja á sig í þágu þjóðarheildarinnar, þannig að afkoma almennings mun versna ef þeirri stefnu verður framhaldið. Ég hef enn fremur lýst þeirri skoðun minni, að ef jaðarskatturinn er orðinn svo hár sem þarna er um að ræða aukist hættan á því, að menn telji siðferðilega ekkert rangt við það að skjóta tekjum undan skatti, það muni auka við neðanjarðarhagkerfið svokallaða sem sumir spámenn hér inni hafa verið til kvaddir að ráða niðurlögum.

Ég nefni veltuskattinn, sem þarna er festur á blað. Veltuskattur er lagður hér á í formi veltuútsvara, og þar er um tekjustofn sveitarfélaga að ræða. Þegar af þeirri ástæðu er mjög hæpið, ef ekki útilokað að gera þann tekjustofn að tekjustofni ríkissjóðs. Vil ég í því sambandi minna á að afnám söluskatts af matvælum hefur haft í för *með sér tekjumissi fyrir sveitarfélögin í landinu* sem þeim er mjög erfitt við að búa.

Þá vil ég og nefna það, að veltuskattur á fyrirtæki, sem lagður er á án afkomu fyrirtækjanna sjálfra, er auðvitað ákaflega varasamur. Mun óvíða vera til dæmi um slíka skattlagningu annars staðar, enda er ákaflega einkennilegt ef atvinnureksturinn í landinu getur ekki greitt hærri laun, en getur hins vegar greitt hærri skatta. Það er ákaflega merkilegt að heyra talað um það af hæstv. ríkisstj. og einkum og sér í lagi Alþb.-mönnum, að það verði að skattleggja atvinnureksturinn meira en gert er, en hins vegar verði að lækka vaxtakostnað hans. Hér kemur ekkert heim og saman af því sem á orði er haft af hálfu stjórnarsinna með yfirlýsingum, sem aths. við lagafrv. þetta eru.

Þá er og talað um fjárfestingarskatt. Menn geta haft mismunandi skoðanir á hvort fjárfestingarskattur eigi rétt á sér eða ekki. Ég tel að meðan vextir og fjármagnskostnaður, m. a. í fjárfestingarlánum, eru ekki viðurkenndir í samræmi við réttmæta ávöxtun sparifjár eigi fjárfestingarskattur ekki rétt á sér. Fjárfestingarlánakjörin eiga að vera raunhæf og þau á að færa til raunhæfs stigs miðað við verðbólgu áður en gripið er til fjárfestingarskatts. Og ef fjárfestingarskattur er hugsaður sem tekjuöflunarleið, þá býst ég við að um hæpna tekjuöflun sé að ræða, vegna þess að tilgangur hans hlýtur auðvitað að verða að draga úr fjárfestingu og koma í veg fyrir að menn hefji fjárfestingu. Í þeim efnum verður að fara bil beggja og hinn gullna meðalveg, vegna þess að heilbrigð fjárfesting í arðsömum fyrirtækjum er auðvitað nauðsynleg ef við eigum að auka framleiðni í þjóðfélaginu og skapa grundvöll fyrir hækkuðu kaupgjaldi og bættum lífskjörum.

Það er einnig talað hér um eignarskatt. Það er á sömu bókina lært varðandi eignarskatt, að ég tali ekki um hækkun eignarskatts frá þeim eignarskattsauka sem núv. hæstv. ríkisstj. ber ábyrgð á, að hann er til þess fallinn að draga úr eigin fjármagni í atvinnurekstrinum og auka á þrýsting atvinnurekstrarins og þörf hans fyrir aukið lánsfé af almannafé og er því til þess fallinn að gera alla stjórn peningamála erfiðari en ella. Það er auðvitað heilbrigt og æskilegt, að í atvinnurekstrinum, í atvinnufyrirtækjunum myndist eigið fjármagn, eigið áhættufjármagn, sem stjórnendur atvinnufyrirtækjanna beri ábyrgð á, en þeir reki ekki atvinnufyrirtæki sín fyrir almannafé, fyrir lánsfé, og skapi þar með aukna spennu í þjóðfélaginu og lánsfjárskort.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að fjárhag ríkissjóðs er stefnt í voða og gífurlegan halla meðan ekki sést hvaða tekjuöflunarfyrirætlanir hæstv. ríkisstj. hefur á prjónunum. Raunar er skattheimtan í landinu orðin slík, að óheilbrigt væri að auka hana. Aukin skattheimta er á þessu stigi málsins, þegar svo langt er gengið sem raun ber vitni, til þess fallin að auka verðbólguna, en ekki að *draga úr henni, einkum og sér í lagi þegar hverri einustu* krónu, sem þannig er safnað saman frá landsmönnum og atvinnufyrirtækjum landsmanna, er veitt út til mismunandi þarfra hluta.

Þá er sérstaklega talað um lækkun tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds, og er það góðra gjalda vert. Það er spor í rétta átt að lækka beina skatta. En ég vil taka það fram, að auðvitað er matsatriði hvaða gagn það gerir t. d. láglaunafólki, við það bundið að nú eru skattleysismörk, miðað við vísitölu 143, hjá einstaklingum um 1.5 millj. og hjá hjónum um 2.2 millj. kr. Þetta eru ekki háar tekjur. En við þetta má bæta að menn geta haft 25% hærri brúttótekjur til þess, þar sem hér er um skattskyldar tekjur að ræða, að því er ég hygg. En þá er spurning

hvernig 8% í kaupgjaldi verða bætt þeim einstaklingum, sem hafa lægri tekjur á þessu ári en 150 þús. kr. á mánuði, eða þeim hjónum, sem hafa lægri tekjur á mánuði en 220 þús. kr. eða þar um bil.

Ég bendi á að í 5. tölul. er ekkert sagt með hvaða hætti eigi að bregðast við vandamálum landbúnaðarins. Það er að vísu sagt að frv. þess efnis verði lögð fram fyrir áramót, með það fyrir augum að draga úr framleiðslu umfram þarfir þannig að jafnframt dragi úr þörf fyrir útflutningsbætur. Er ætlunin að gera breytingar á framleiðsluráðslögunum? Er ætlunin að gera breytingar á jarðræktarstyrkjum í fjárlagafrv.? Er ætlunin í þessum efnum að gera breytingar á lánakjörum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og færa þau til samræmis við lánakjör annarra fjárfestingarlánasjóða? Hæstv. landbrh. er ekki í salnum, en þetta eru spurningar sem rétt væri að hann svaraði og rétt er að fá svar við áður en afgreiðsla þessa frv. á sér stað.

Í 6. tölul. er talað um að heildarfjárfesting á árinu 1979 verði ekki umfram 24-25% af vergri þjóðarframleiðslu, enda hafði fráfarandi ríkisstj. lækkað þetta hlutfall úr 34% í 27% af þjóðarframleiðsku, og nú ætti róðurinn að vera léttari að því leyti, að fjárfesting í skipakaupum verður mun minni en verið hefur og sömuleiðis er unnt að draga úr orkuframkvæmdum vegna þess hve miklar þær hafa verið á undanförnum árum. Hitt er svo athugunarefni, hvort fjárfesting í verslunar- og skrifstofubyggingum hefur verið svo mikil að úr þeim eigi að draga til þess að geta aukið fjárfestingu í tækni- og skipulagsumbótum. Út af fyrir sig er nauðsynlegt að fjárfestingin eigi sér stað í sem arðbærustum framkvæmdum, og að svo miklu leyti sem fjárfesting í verslunar- og skrifstofuhúsum er ekki arðbær, þá er auðvitað eðlilegt að úr þeim sé dregið. En á að draga úr þeim með fjárfestingarhöftum eða mismunandi fjárfestingarsköttum á tegundum fjárfestinga?

Varðandi fjárfestingarhöft vil ég lýsa mig algerlega andvígan fjárfestingarhöftum. Takmörkun á fjárfestingu einkaaðila og atvinnufyrirtækja á að eiga sér stað með almennum ráðstöfunum, eins og því að þessum aðilum sé gert að greiða réttmætt endurgjald af því fé sem þeir fá að láni. Og að því er snertir fjárfestingarskatta, t. d. mismunandi fjárfestingarskatta af verslunar- og skrifstofubyggingum annars vegar og iðnaðarhúsnæði hins vegar, vil ég benda á þá hættu sem mundi verða á því, að menn færu í kringum slík ákvæði, menn notuðu iðnaðarhúsnæði fyrir skrifstofuhúsnæði, menn notuðu iðnaðaðarhúsnæði fyrir verslunarhúsnæði. Dæmi eru um að þetta hafi verið gert, og það er ósköp auðvelt. Þetta er aðeins ein leið til þess að koma á og auka við neðanjarðarhagkerfið og spillinguna.

Þá er í 7. lið talað um ýmsar félagslegar umbætur, sem engar eru nýjar af nálinni. Þetta eru félagslegar umbætur, sem allar hafa verið á dagskrá mörg undanfarin ár og jafnvel áratugi. Auðvitað skortir margt á þessum sviðum. Auðvitað er þörf úrbóta á þessum sviðum. Um það getum við verið sammála. En í flestum þessum efnum er ekkert þess eðlis, að það sé ástæða fyrir launþegahreyfinguna í landinu að afsala sér samningsbundnum kauphækkunum vegna úrbóta á þessum sviðum, þegar af þeirri ástæðu að úrbætur á þessum sviðum verða ekki í einu vetfangi. Þessar úrbætur verða ekki nema á löngum tíma. Ég get nefnt sem dæmi, að úrbætur varðandi verðtryggðan lífeyri og eftirlaun aldraðra hafa verið lengi á dagskrá og þar hafa stór framfaraspor verið stigin. Hagur lífeyrisþega hefur sem betur fer verið bættur verulega í tíð fráfarandi ríkisstj., og að þeim málum er verið að vinna í nefnd bæði launþega og vinnuveitenda: launþega innan ASÍ og vinnuveitenda sérstaklega, sem og fulltrúa frá öllum lífeyrissjóðum í landinu hins vegar. Þetta starf er mjög flókið og viðurhlutamikið, og hefur ekki borið á því, að fulltrúar launþega hafi rekið á eftir störfum þessarar nefndar umfram það að Guðmundur H. Garðarsson hefur borið hér fram frv. um verðtryggðan lífeyri sem hefur orðið þess valdandi að meiri hreyfing hefur komist á þetta mál en ella. Þetta mál er t. d. á þeim rekspöl, að það er algerlega ástæðulaust þess vegna að telja mönnum trú um að það þurfi að fórna einhverjum prósentustigum í kauphækkunum. Hitt er allt annað mál, að launþegar þurfa að fórna ákveðnum prósentustigum í kauphækkunum vegna afkomu sinnar í bráð og lengd, til þess að tryggja kaupmátt sinn í bráð og lengd, til þess að tryggja afkomu atvinnuveganna og atvinnuöryggið þar með. En þeir þurfa ekki að afsala sér einu eða neinu til þess að kaupa sér umbætur í þeim málum sem þarna eru á dagskrá. Og það væri fróðlegt að fá að heyra og fá að sjá nákvæmari málsútlistun á því, hvernig eigi að meta aðgerðir í þessum efnum til peningverðs eða launaupphæðar. Ég hef áður nefnt það í ræðu minni, að ef einhver sambærni ætti að eiga sér stað, þá væri lágmark í þessum efnum að tala um 2 milljarða fyrir hvert þeirra 3 prósentustiga sem ætlast er til að þessi mál vegi upp á móti kauplækkun. En málin eru ekki þess eðlis, að unnt sé í raun og veru að meta þau til fjár, og þess vegna tilgangslaust að tala hér um ákveðna prósentu í þeim efnum.

Þá er þess getið í 8. tölul., að fylgja skuli aðhaldssamri stefnu í peningamálum, og þar byggt á útlánaþaki bankanna og bindiskyldu Seðlabankans, sem væntanlega á þá að auka. Það er rétt að staðnæmast aðeins við þennan tölulið. Í honum felst að það er algerlega ófullnægjandi að stjórna peningamálum með bindiskyldu og útlánaþaki eingöngu, án þess að nokkurt tillit sé tekið til ávöxtunar sparifjár. Það er fyrsta skilyrðið, að sparifé myndist í landinu, og til þess þarf ávöxtun þess, annaðhvort í formi vaxta eða verðtryggingar eða gengistryggingar, að vera með þeim hætti, að sparnaðarvilji landsmanna sé efldur. Með öðrum hætti myndast ekki sparifé. Reynslan hefur líka sýnt að Seðlabankinn mun nú um áramótin hafa lánað um 10 milljörðum kr. meira í afurðalán heldur en innlán í Seðlabankanum nema sem stafa af bindiskyldu bankanna, og bindiskyldan er komin í lagalegt hámark, 25% af sparifjáraukningunni. Heyrst hefur, að talað sé um að hækka þessa bindiskyldu upp í 35%. Það þýddi að bankarnir yrðu að greiða 40% af innlánssparifjáraukningu í krónutölu til Seðlabankans og mundi þó tæpast nægja til þess að sjá atvinnuvegunum fyrir afurðalánum. Þetta mundi þýða það, að bankastofnanir í landinu yrðu algerlega lokaðar fyrir öðrum lánum, að ég tali ekki um fyrir einstaklinga, og enn strangari lánsfjárskömmtun kæmi í kjölfarið, ef ekki væri fylgt skynsamlegri stefnu í ávöxtunarmálum fjármagns hér á landi en núv. ríkisstj. stefnir að.

Nú eru liðnar nokkrar vikur frá því að Seðlabankinn skilaði tillögum sínum varðandi ávöxtunarkjör til ríkisstj. Ríkisstj. hefur enga afstöðu tekið til þeirra tillagna. Ríkisstj. er stefnulaus í vaxta-, verðtryggingar- og gengistryggingarmálum, — þeim málum sem þó er

grundvallarskilyrði að hugað sé að ef baráttan gegn verðbólgunni á að takast með sigri eða nokkrum ávinningi.

Svo er í 9. tölul. talað um strangt verðlagsaðhald og breyttar reglur varðandi hámarksálagningu. Ég skal ekki segja annað um þennan tölulið en það, að hér er enn haldið fast við þau verðlagsákvæði og það verðmyndunarfyrirkomulag, sem hefur fyrir löngu sýnt að er ekki til neins annars fallið heldur en að hækka vöruverð í landinu, í stað þess að láta koma til framkvæmda 8. gr. í verðlagslöggjöfinni, sem samþ. var á síðasta þingi og hæstv. þáv. viðskrh. og hæstv. núv. forsrh. flutti. Í stað þess að láta þetta ákvæði koma til framkvæmda og láta hendur standa fram úr ermum að koma því fyrirkomulagi á, þá er snúið til baka í úrelt verðlagsfyrirkomulag, sem allar þjóðir hafa sagt skilið við nema við Íslendingar. Afleiðingin verður auðvitað sú, að við höfum ekki það stjórntæki í verðlagsmálum sem best er til þess fallið að halda vöruverði niðri, þ. e. a. s. samkeppni á milli verslunaraðila sem mundi verða til þess að færa húsbóndavaldið í hendur neytenda.

Það er athyglisvert, að þeirri trú, sem menn hafa á því að lækkun álagningarákvæða geti haft í för með sér lækkað vöruverð, er mótmælt af engum frekar en fulltrúum samvinnuverslunarinnar á Íslandi, sem gáfu út fréttatilkynningu um daginn sem var neyðaróp varðandi afkomu verslunar og verslunarfyrirtækja.

Hver er reynsla hæstv. viðskrh. af því að framfylgja verðlagsákvæðum? Við höfum heyrt sagt frá þeirri reynslu í sambandi við verðlagningu smjörlíkis og öls fyrir nokkrum vikum. Hverjir voru hinir raunsæju menn í þeirri verðlagningu nema fulltrúar neytenda, nema fulltrúar launþegasamtakanna í landinu? Þegar hæstv. viðskrh. og hæstv ríkisstj. ætluðu að berja höfðinu við steininn og sinna ekki raunsæjum viðhorfum, þá tóku þessir fulltrúar launþegasamtakanna í taumana og kúguðu ríkisstj. og sérstaklega hæstv. viðskrh. til þess að fallast á hækkunina. Það er hægt að segja fleiri slíkar sögur. En sannleikurinn er sá, að ef menn horfast ekki í augu við verðmyndunina eins og hún er vegna raunverulegra kostnaðarþátta, þá hverfa vörurnar af markaðnum og þá myndast svartur markaður sem er ekki launþegum til hagsbóta nema síður sé.

Ég vil taka það fram, að það er bersýnilega sú trú hjá hv. stjórnarsinnum, að það sé hægt að blekkja fólk til þess að trúa því, að 8% kauplækkun miðað við gerða samninga verði uppi borin með sýndarmennsku, eins og fram kemur í dæmalausu orðalagi 2. og 3. gr. þessa frv. og raunar aukningu niðurgreiðslna vöruverðs í 1. gr. Niðurgreiðsla vöruverðs er þegar komin á það hátt stig, að hún skekkir alla verðmyndun í þjóðfélaginu, og við sjálfstæðismenn teljum nú þegar of langt gengið á þeirri braut, auk þess sem þessi niðurgreiðsla vöruverðs er auðvitað gerð á þeirri forsendu, að það sé ódýrast fyrir ríkissjóð að greiða niður vöruverð vegna þess að það vegur minna í útgjöldum fjölskyldunnar heldur en í kaupgjaldsvísitölunni eða framfærsluvísitölunni. Þarna er þess vegna um beina fölsun að ræða. Það kemur fram í áliti vísitölunefndar, að útgjöld vísitölufjölskyldunnar í framfærsluvísitölunni til matvörukaupa eru nær 30%, en samkv. þjóðhagsreikningum eru þau ekki nema um 20% í einkaneyslunni, þannig að niðurgreiðsla á matvörum er þarna auðvitað stórlega ýkt sem kjarabót fyrir launþega.

Ég vil svo, áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, láta það viðhorf koma hér fram, að hæstv. ríkisstj. segist vilja mjög náið samráð við launþegasamtökin í landinu. Mér er nær að halda að þetta samráð hafi verið af mjög skornum skammti. Mér er nær að halda að ekki hafi verið haldinn meira en einn og hálfur fundur, a. m. k. var það svo, að ekki var búið að halda fleiri fundi fyrir tæpri viku með svokallaðri samráðsnefnd. Það kann að vera, að einhverjir aðrir fundir hafi farið fram. En aðilar vinnumarkaðarins eru fleiri en launþegasamtökin. Það eru t. d. vinnuveitendasamtökin. Hafa fundir verið haldnir með fulltrúum vinnuveitendasamtakanna, og hver eru viðhorf þeirra til þessarar lagasetningar?

Ég held, að í þessum tillögum endurspeglist sú óraunhæfa skoðun núv. ríkisstj. og Alþb. sérstaklega, að það skipti ekki máli, hvort atvinnurekstur sé í landinu ber sig eða ekki, það skipti ekki máli að leggja byrðar á atvinnureksturinn, vegna þess að byrðarnar á atvinnurekstrinum séu ekki byrðar á landsmenn. En auðvitað er hér um byrðar á landsmenn að ræða, vegna þess að því meiri byrðar sem lagðar eru á atvinnureksturinn, því síður er hann þess umkominn að geta bætt rekstrarskilyrði sín, afkomu, tækjakost og framleiðni sem er ein til þess fallin að hækka kaupgjald í landinu.

Þessi neikvæðu viðhorf til atvinnuveganna, til atvinnufyrirtækjanna, til atvinnulífsins í landinu eru til þess fallin að draga úr kjarabótum í framtíðinni og eru til þess fallin að við stöndum í stað og búum hér við lélegri lífskjör, miðað við aðrar þjóðir, í framtíðinni en vera þyrfti. Það er auðvitað ánægjulegt, ef einstök samtök verkalýðshreyfingarinnar hafa séð að sér og sjá eftir afstöðu sinni fyrr á árinu til mildari ráðstafana heldur en nú eru á dagskrá. Það er mjög ánægjulegt, ef samtök verkalýðshreyfingarinnar gera sér grein fyrir nauðsyn þess að vinna gegn verðbólgu og tryggja atvinnuöryggi og það verði ekki komist hjá nokkurri kjaraskerðingu, miðað við mælikvarða kaupmáttar kauptaxta eða kaupmáttar ráðstöfunartekna, ef á að takast að tryggja kaupmáttinn til frambúðar. Allt þetta er út af fyrir sig ákaflega lofsvert, þótt seint hafi fram komið og kjaraskerðingin þurfi nú að vera meiri en hefði þurft hefði verkalýðshreyfingin skilið sinn vitjunartíma fyrr.

Það er ákaflega athyglisvert að gera sér grein fyrir viðhorfum einstakra stjórnarflokka til þróunar mála eftir kosningaósigur Framsfl., sem ég skal ekki fara mörgum orðum um vegna þess að við urðum á þeim tíma fyrir bræðrabyltu að vissu marki. En eftir ósigurinn hefur Framsfl. fyllst slíkri minnimáttarkennd, að formaður hans, hæstv. forsrh., og Framsfl. í heild geta með engu móti slitið sig frá Alþb. og formanni þess, hv. 1. þm. Austurl., hæstv. yfirráðh. allra annarra ráðh. ríkisstjórnarinnar. Allt, sem hann hefur sagt, er nákvæmlega „copierað" af hæstv. forsrh. og Framsfl. og hann hengir hatt sinn á snaga Alþb. Ég verð að segja það, að hæstv. ráðh. og ágætir framsóknarmenn voru langtum raunsærri þegar þeir voru í betri félagsskap.

Það er svo aftur á móti um Alþb. að segja, að það fer í gegnum sig, fyrst við setningu brbl., og svíkur loforðið um samningana í gildi. Og enn fer Alþb. í gegnum sig við framlagningu þessa frv. og ætlar að fleyta sér áfram með sjónhverfingum og sýndarmennsku. Slík er virðing Alþb. fyrir dómgreind kjósenda í landinu. Ég er viss um að kjósendur munu gjalda því verðskulduð málagjöld þegar þeir fá tækifæri til.

Það er svo síðast rétt að víkja nokkrum orðum að

Alþfl. sem hefur haft mörg og stór orð og talað um endurbætur á einu og öðru á mörgum sviðum, þar sem endurbóta er vissulega þörf. En hverjar eru efndirnar? Stóru orðin heyrast jafnvel enn í dag, efndirnar eru engar. Skilyrði eru sett í dag, horfið frá þeim á morgun. *Þeir koðna niður. Alþb. og framsóknarmenn halda sitt í* hvora hönd Alþfl., eins og væri um óþekkan krakka að ræða sem geri smávegis uppsteyt, en með í förinni verða Alþfl.-menn, — með í þeirri för sem þeir telja að leiði til ófarnaðar. Það var þó ákveðin karlmennska sýnd af Alþfl.-manni hér í dag, þegar forseti Ed., Bragi Sigurjónsson, sagði af sér forsetastörfum vegna þess að hann vildi ekki vera kenndur við þá stjórnarstefnu sem þetta frv. m. a. felur í sér. Við skulum vona að aðrir Alþfl.-menn taki hann sér til fyrirmyndar.

Ég held að það sé mjög rétt umsögn um þetta frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir, um frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu, sem Bragi Sigurjónsson, hv. þm., orðaði: bitlaust og rangsleitið.

Ég tel að hér sé ekki tekið á vandanum eins og vera þyrfti. Hér er um enn nýjar bráðabirgðaráðstafanir að ræða, þótt sá tími ætti að vera kominn að ríkisstj. væri búin að gera upp við sig hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til frambúðar til þess að ráða niðurlögum verðbólgunnar, til þess að tryggja atvinnuöryggi og afkomu ríkissjóðs og landsins í heild gagnvart útlöndum. Ríkisstj. hefur ekki lagt fram þá stefnu. Ríkisstj. hefur með aðgerðum sínum, að svo miklu leyti sem fyrri stjórnarandstöðuflokkar eiga þátt að máli, svikið allt það sem lofað var kjósendum fyrir kosningar. En að svo miklu leyti sem þáttur Framsfl. telst í stjórnarstörfum, þá er hann fólginn í því að veita fyrri stjórnarandstöðuflokkum skálkaskjól, reyna að hylma með þeim yfir kosningasvikin. Þess vegna er þessi stjórnarsamvinna dæmd til þess að mistakast.

Núv. ríkisstj. mun ekki leysa vandann sem við blasir. *Reynslan af ferli hennar er eingöngu sú, að hún hefur* aukið á vandann sem við er að glíma. Þess vegna væri eðlilegt að þessi ríkisstj. leystist upp, en hins vegar væru málin lögð að nýju fyrir kjósendur og þeir látnir dæma um loforð og efndir og frammistöðu alþm. sem í síðustu kosningum töldu þjóðinni trú um, að allir gætu fengið allt sem hugurinn girntist, enginn þyrfti að taka tillit til annars, enginn þyrfti hér á Íslandi að taka tillit til viðskiptakjara eða viðskipta við umheiminn, við værum í raun og veru í þeirri stöðu að geta skammtað okkur sjálfum það sem við vildum öðlast. En þannig er lífið því miður ekki. Við þurfum að laga okkur að ytri aðstæðum og við þurfum að skipta upp því, sem aflast, réttlátlega á milli okkar, milli þess, sem við viljum leggja til hliðar til að tryggja lífsafkomuna í framtíðinni, og þess, sem við eyðum á líðandi stund. Það er þessi tekjuskiptingarvandi sem við Íslendingar höfum ekki getað leyst, ekki getað komið okkur saman um, hvernig leysa skuli, í og með vegna þess að vitandi vits reyna þjóðfélagsöfl hér á landi að sá fræjum tortryggni meðal okkar, — tortryggni sem gerir þetta vandamál erfitt úrlausnar. Það eru þau þjóðfélagsöfl sem vilja núverandi þjóðskipulag feigt, — það *þjóðskipulag sem þó bæði hér á landi og annars staðar* hefur veitt mönnum bestar kjarabætur, mest frelsi og er þroskavænlegast fyrir okkur.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hæstv. forsrh. gerði hér áðan grein fyrir helstu forsendum þess frv. sem hér er á dagskrá og til umr. Ég tel þó nauðsynlegt að koma hér á framfæri nokkrum aths. til viðbótar við það sem þar kom fram.

Allt frá því að kjarasamningarnir voru gerðir árið 1977 hafa þær raddir verið býsna háværar í þjóðfélaginu sem hafa talið þá samninga óraunhæfa með öllu. Á þeim *forsendum reisti fráfarandi ríkisstj. stefnu sína s. l. vetur* er hún barðist gegn verkalýðshreyfingunni. Eftir kosningarnar í sumar hafa þessi viðhorf einnig komið mjög berlega í ljós í aths. stjórnarandstæðinga og raunar einnig innan stjórnarflokkanna sjálfra. Hæstv. félmrh. benti einmitt mjög hreinskilnislega á þetta mál í útvarpsþætti í gærkvöld. Hann sagði það viðhorf Alþfl., að allir yrðu að gefa eftir nú, einnig launamenn, ef unnt ætti að vera að vinna bug á verðbólgunni, hins vegar væri Alþb. annarrar skoðunar. Þetta er alveg rétt túlkun hjá hæstv. félmrh. og um þetta snerust deilur innan ríkisstj. síðustu sólarhringana. Alþb. hefur neitað og neitar að fallast á lögbundinn kauplækkunarferil á næsta ári. Sú afstaða flokksins mótast af fyrri yfirlýsingum og hún er í góðu samræmi við afstöðu Alþb. til baráttu verkalýðshreyfingarinnar á undanförnum missirum.

Alþb. telur nauðsynlegt, að nú verði gripið til róttækra, víðtækra efnahagsráðstafana. Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um einn þátt efnahagsmálanna, þ. e. a. s. launamálaþáttinn. Í frv. er gert ráð fyrir því, að um væri að ræða líðlega 6% kauphækkun, en á móti þeim 8%, sem þá vantar á, komi 3 stig í niðurgreiðslum, 2 stig í skattalækkunum og 3 stig í félagslegum ráðstöfunum. Alþb. fagnar því sérstaklega, að svokallað sjúkratryggingagjald verður nú lækkað verulega, en það er einn ranglátasti skattur sem lagður hefur verið á og kemur á alla þá sem hafa greitt útsvar. Er ætlun ríkisstj., að um helmingur skattalækkunarinnar komi fram í sjúkratryggingagjaldinu. Hinn helmingurinn kemur fram í lækkun tekjuskatts af lægri tekjum. Á móti þessari skattalækkun láglaunafólks koma skattahækkanir á hærri tekjur og fyrirtæki, eignir og veltu. Verður útfærsla skattalækkunarinnar að fara fram í samráði við verkalýðssamtökin, og einnig verður að sjálfsögðu að hafa góð samráð um hvernig hinir hækkuðu skattar verða á lagðir. Þegar verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur gengið frá kjarasamningum undanfarna áratugi hefur það margoft gerst, að fallið hefur verið frá kauphækkunarkröfum gegn því að tiltekin félagsleg réttindamál næðu fram að ganga. Í þessu sambandi má minna á Atvinnuleysistryggingasjóð og lífeyrissjóðina. Það er því í fullu samræmi við þessa fyrri stefnu og afstöðu verkalýðshreyfingarinnar, að nú er gert ráð fyrir að þrjú vísitölustig komi á móti tilteknum félagslegum úrræðum.

Hæstv. forsrh. kynnti þessi mál áðan í framsöguræðu sinni. Hér er annars vegar um að ræða málefni sem fyrri ríkisstj. veitti loforð um að framkvæmd yrðu, en stóð ekki við. Hér er átt við húsnæðismála- og lífeyrissjóðamálin. Má vænta þess, að frv. um þessi efni verði tilbúin innan skamms og verði þar í meginatriðum fylgt þeirri stefnu sem samið var um 1977 í sólstöðusamningunum. Í þessum félagslega þætti, sem hér er á dagskrá, er *einnig um að ræða almenn félagsleg málefni.* Þau eru í fyrsta lagi dagvistunarmál, þar sem gert er ráð fyrir verulegri aukningu fjármagns til þess málaflokks frá því sem ætlað er í fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir hv. Alþ. Í öðru lagi er í þessum félagsmálaþætti gert ráð fyrir því, að reglur um fæðingarorlof verði endurskoðaðar og kostnaði af fæðingarorlofi verði létt af Atvinnuleysis-

tryggingasjóði. Loks er í þessum félagslegu ráðstöfunum fjallað um aðbúnað á vinnustöðum, bætta aðstöðu í veikinda- og slysatilfellum o. fl.

Á samráðsfundi með fulltrúum Alþýðusambands Íslands og ríkisstj. s. l. laugardag lagði Alþýðusambandið fram hugmyndir um ýmsa félagslega þætti sem samtökin óska eftir að þegar verði tekin afstaða til. Ég mun nú rekja nokkur þau mál sem fram komu á þessum samráðsfundi með Alþýðusambandi Íslands.

Í fyrsta lagi leggur Alþýðusamband Íslands mjög mikla áherslu á að hraðað verði samningu nýrra og endurbættra laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum svo og könnun þeirri sem nú stendur yfir á ástandi vinnustaða í öllum starfsgreinum, sem lofað var með yfirlýsingu stjórnvalda við lok sólstöðusamninganna 1977. Alþýðusamband Íslands leggur á það mikla áherslu, að í nýrri löggjöf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verði ákvæði um réttindi trúnaðarmanna og vinnueftirlits til að stöðva vinnu þar sem aðbúnaður vinnustaðar er ekki í samræmi við lög og reglugerðir eða hætta er á heilsutjóni eða slysum. Jafnframt leggja samtökin mjög mikla áherslu á það, að þegar í stað verði gerðar ráðstafanir til þess að tryggja að atvinnurekendur, sem vilja bæta aðbúnað á vinnustöðum í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru, fái til þess sérstakt lánsfé.

Í öðru lagi lagði samráðsnefnd Alþýðusambands Íslands á það áherslu, að ríkisstj. gripi til ákveðinna félagslegra ráðstafana varðandi réttindamál sjómannastéttarinnar. Þau mál voru rakin það ítarlega í ræðu hæstv. forsrh. áðan að ég tel ekki ástæðu til að bæta þar við.

Samráðsnefnd Alþýðusambands Íslands og forustumenn þeirra samtaka lögðu mikla áherslu á að fræðslu- og félagsmál verkalýðshreyfingarinnar verði tekin til sérstakrar endurskoðunar. Alþýðusamtökin hafa minnt á að fræðslu- og félagsmálastarf á vegum verkalýðshreyfingarinnar gegni æ mikilvægara hlutverki í eflingu samtakanna og til stuðnings þekkingu, félagsþjálfum og almennri virkni félagsmanna. Hafa samtökin lagt til að verulegu fjármagni verði varið til þess að efla félags- og fræðslumálastarf á vegum verkalýðssamtakanna. Lagði samráðsnefnd Alþýðusambands Íslands fram við ríkisstj. á laugardaginn ákveðnar tillögur um útfærslu þessara þátta, þ. e. a. s. að varið yrði ákveðnum upphæðum, verulega hækkuðum, til Félagsmálaskóla alþýðu, hagdeildar Alþýðusambandsins, hagræðingardeildar Alþýðusambandsins og til byggingar félagsaðstöðu við orlofsheimili verkalýðssamtakanna. Ég hygg að það megi segja, að ríkisstj. allri sé ljóst að nauðsynlegt er að koma til móts við óskir verkalýðssamtakanna í þessum efnum einnig.

Á umræddum samráðsfundi lögðu fulltrúar Alþýðusambandsins fram og kynntu hugmynd, sem verið hefur á dagskrá við kjarasamningagerð undanfarin ár varðandi eftirvinnu. Eins og kunnugt er hefst svokölluð eftirvinna yfirleitt eftir kl. 5 eða eftir 8 dagvinnustundir. Alþýðusambandið var með þá hugmynd í síðustu kjarasamningum, að næturvinna tæki við af dagvinnu á föstudögum. Þessari hugmynd Alþýðusambandsins var þá hafnað, en á fundi með samráðsnefnd Alþýðusambands Íslands á laugardaginn var þessi hugmynd tekin upp og bent á þann möguleika, að það yrði lögfest að öll eftirvinna legðist af í áföngum þannig að 1. jan. 1979 tæki næturvinna við á föstudögum að loknum 8 vinnustundum, en síðan bættist við einn vikudagur á hverju ári þar til eftirvinna væri endanlega fallin niður frá og með 1. jan. 1983.

Einnig lögðu þeir talsmenn Alþýðusambands Íslands mjög mikla áherslu á það, að réttindi verkafólks í veikinda- og vinnuslysatilfellum yrðu bætt frá því sem nú er. Hæstv. forsrh. gerði nokkra grein fyrir því áðan, og til viðbótar við það, sem þar kom fram, vil ég láta þess getið, að samráðsnefnd Alþýðusambandsins var með hugmynd um að í lög yrði fest regla þar að lútandi, að allir verkamenn ættu rétt á sérstakri læknisrannsókn ókeypis á tveggja ára fresti. Ég tel, að hér væri um að ræða mjög verulegt réttindamál verkafólk í þessu landi, og tel ríkisstj. skylt að taka það til sérstakrar skoðunar, jafnframt því sem kannað væri með hvaða hætti lögum nr. 16/1958, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests o. s. frv., yrði breytt.

Samráðsnefnd Alþýðusambands Íslands lagði mjög mikla áherslu á það, að með núverandi orlofskerfi væri það þannig, að verkafólk hefði ekki það sem kallað er verðtryggt orlof, ekki í nærri öllum tilfellum. Þess vegna lögðu þeir Alþýðusambandsmenn á það mikla áherslu að gerðar yrðu sérstakar ráðastafanir til þess að bæta ávöxtun orlofsfjár frá því sem nú er. Var nefndur sá möguleiki, að jafnan verði greiddir á orlofsfé þeir vextir sem samsvari hæstu innlánsvöxtum miðað við 12 mánaða sparisjóðsbækur og skuli þá miða útreikning vaxta við rétta og skilvíslega greiðslu atvinnurekenda, eins og lög og reglugerð kveða á um.

Enn fremur lagði samráðsnefnd Alþýðusambands Íslands fram tillögu um frekari útfærslu að því er varðar innheimtu orlofsfjár, þannig að Pósti og síma, póstgíróí, væri heimilt að leggja dráttarvexti á þá atvinnurekendur, sem verða skuldarar á orlofsfé, og jafnframt að sú skylda yðri lögð á póstgíróstofuna að greiða orlofsþega höfuðstól orlofsfjárins þrátt fyrir vanskil atvinnurekanda.

Loks var af samráðsnefnd Alþýðusambands Íslands lögð fram hugmynd um að núverandi lögum um ríkisábyrgð a launum við gjaldþrot yrði breytt þannig að réttur verkafólks yrði tryggður betur en nú er í þeim efnum. Samkv. lögum og reglugerðum um þessi efni er talið af þeim, sem hafa reynslu af að innheimta laun verkafólks við gjaldþrot atvinnurekenda, að lögin séu í raun og veru ekki nærri nógu skýlaus og þar þurfi mjög úr að bæta. Það er bent á að samkv. 2. gr. reglugerðar nr. 302/1975, um greiðslu á launum úr ríkissjóði við gjaldþrot, nær greiðsluskylda ríkissjóðs aðeins til þeirra launa sem forgangsréttur fylgir samkv. skiptalögum, þ. e. launa sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 6 mánuðum fyrir upphaf skipta. Þeir Alþýðusambandsmenn lögðu þarna fram ákveðna hugmynd og þeir rökstyðja hana með þeim hætti, að til þess að ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot þjóni tilgangi sínum og tryggi launþega nokkurn veginn örugglega gegn því að glata launum sínum verður greiðsluskylda ríkissjóðs að ná til lengra tímabils en 6-7 síðustu mánaða fyrir upphaf skipta. Reynslan sýnir að oftast er mjög tafsamt að staðreyna gjaldþrot atvinnurekenda. Reynslan sýnir einnig að launþegar hafa talsverða biðlund og leita jafnvel ekki réttar síns fyrr en veruleg vanskil eru orðin á launum. Jafnvel láta þeir sér nægja að fá greitt upp í launin hverja vikuna á eftir annarri án fullnaðaruppgjörs. Allt þetta býður upp á þá yfirvofandi hættu, að laun falli utan ríkisábyrgðar. Á

þessum forsendum eru þeir Alþýðusambandsmenn með ákveðna tillögu um breytingu á þessum lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

Ég taldi rétt að gera á þessum fundi nokkra grein fyrir þeim hugmyndum sem þarna komu fram. Ég tel að þær hugmyndir séu ríkisstj. ákaflega mikilvægt veganesti við útfærslu þeirra félagslegu þátta sem gert er ráð fyrir að komi á móti 3% í verðbótavísitölu.

Ég vil einnig láta þess getið, að á laugardaginn var haldinn samráðsfundur með forráðamönnum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þeir lögðu þar einnig fram ítarlegar hugmyndir um félagsleg málefni sem þá snerta sérstaklega. Í fyrsta lagi nefndu þeir rétt opinberra starfsmanna við atvinnuleysi, að þeir þyrftu að fá atvinnuleysistryggingu ekki síður en aðrir. Í öðru lagi nefndu þeir hugmynd sem hefur verið uppi innan þeirra samtaka um að svokallaður biðreikningur verði sameinaður lífeyrissjóðum. Í þriðja lagi ræddu þeir um húsnæðismál og í fjórða lagi um samningsréttarmál opinberra starfsmanna, sem hér eru nú til sérstakrar meðferðar í n. sem ríkisstj. hefur sett á laggirnar.

Ég hef rakið þennan félagsmálaþátt svo ítarlega til þess að undirstrika áherslu Alþb. við afgreiðslu þessa frv. á félagsmálin. Afgreiðsla félagsmálanna er ein meginforsenda afstöðu okkar í þessum efnum, og okkur er kunnugt um að verkalýðshreyfingin, Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, mun leggja mjög mikla áherslu á þessi málefni. Mörg þeirra mála, sem ég nefndi, eru allflókin í útfærslu, önnur ljós, og þeim síðarnefndu þarf að hraða svo sem framast er unnt í framkvæmd. Stuðningsyfirlýsingar Verkamannasambands Íslands og Landssambands vörubifreiðastjóra, sem birst hafa, verða ríkisstj. hvatning til þess að hraða afgreiðslu þeirra mála sem ég hef hér rakið.

Í upphafi minnti ég á að kjaramálin væru aðeins einn þáttur efnahagsmálanna. Ríkisstj. verður nú í samræmi við samstarfsyfirlýsingu sína að halda áfram að móta heildarstefnu í efnahagsmálum. Alþb. hefur skýra stefnu í þessum efnum. Á flokksráðsfundi þess var samþ. nýlega sérstök yfirlýsing um efnahagsmál, og vil ég í tilefni þessarar umr. lesa úr henni stuttan kafla.

„Jafnhliða ákvörðunum um skammtímaráðstafanir verður að ákveða aðgerðir í efnahagsmálum, sem hafa varanlegt gildi, til þess að vinna gegn þeirri verðbólgu sem annars ógnar afkomu launamanna og efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Við slíka stefnumörkun í efnahagsmálum bendir Alþb. á eftirfarandi meginatriði:

1. Ákveðið verði nú þegar að taka upp sterka fjárfestingarstjórn.

2. Gerð verði rækileg úttekt á rekstri ríkisins og ríkisstofnana.

3. Stuðlað verði að verulegum samdrætti í yfirbyggingu og eyðslukerfi þjóðfélagsins.

4. Rannsókn á innflutningsversluninni verði hraðað sem kostur er og gerðar ráðstafanir til að tryggja hagkvæmari innkaup til landsins. Hafist verði handa um rannsókn á útflutningsversluninni, könnuð verði framkvæmd á fjárfestingum á auðmagnsupphleðslu íslenskra stórfyrirtækja og einstaklinga erlendis.

5. Haldið verði ströngu verðlagseftirliti og mótuð stefna í verðlagsmálum til þess að draga úr þeim miklu verðhækkunum sem gerðar eru kröfur um.

6. Vextir verði lækkaðir samhliða því sem dregið verði úr verðbólgu.

7. Stjórn innflutnings- og gjaldeyrismála verði samræmd heildarmarkmiðum í efnahagsmálum.

8. Hamlað verði gegn erlendri skuldasöfnun.

9. Fjármagni verði á skipulegan hátt beint til framleiðslu- og framleiðniaukningar, sérstaklega í fiskvinnslu og iðnaði, og verulega auknu fjármagni verði varið til iðnþróunar.

10. Allt tekjuöflunarkerfi ríkisins verði tekið til endurskoðunar. Leggja ber á veltu- og fjárfestingarskatta. Afnumdar verði óeðlilegar afskrifta- og fyrningarreglur og endurskoða verður reglur um skattfrádrætti.

11. Gerðar verði ráðstafanir til þess að herða skatteftirlit með sérstöku aðhaldi að fyrirtækjum og þeim aðilum sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Leggur flokkurinn áherslu á að á þessu sviði verði gripið til tafarlausra aðgerða.

12. Alþb. krefst þess, að fram fari allsherjar eignakönnun í landinu og verði niðurstöður hennar hagnýttar við ákvarðanatöku í efnahagsmálum.

13. Gerð verði úttekt á umsvifum og áhrifum þeirra fyrirtækja á íslenskt efnahagslíf sem hér blómstra á vegum og í skjóli ameríkskrar hersetu. Sérstök áhersla verði lögð á rannsókn á tengslum hersetunnar og umsvifum íslenskra fyrirtækja í Bandaríkjunum og áhrifasvæði þeirra.

Alþb. minnir á að hér er um að ræða tillögur sem allir vinstri menn ættu að geta sameinast um. Flokkurinn telur að allir ofangreindir þættir þurfi að felast í heildarstefnunni í efnahagsmálum. Verði ekki unnið eftir slíkri samþættri heildaráætlun fer efnahagsstjórnin úrskeiðis.

Alþb. hafnar algerlega þeirri kenningu, að orsakir verðbólgunnar hér á landi séu of há laun vinnandi fólks. Þess vegna er flokkurinn andvígur tillögum um breytingar á vísitölugrundvellinum sem að því miða að draga úr réttmætri verðtryggingu launa og leiða mundu til kjararýrnunar.

Alþb. stendur fast á því grundvallaratriði stjórnarsáttmálans, að ríkisstj. standi vörð um þau lífskjör og þann kaupmátt sem um var samið 1977."

Hæstv. forsrh. fjallaði í framsöguræðu sinni ítarlega um grg. þá sem fylgir frv. sem hér er um að ræða, og hef ég þar ekki miklu við að bæta. Ég vil þó segja það varðandi endurskoðun vísitölunnar, sem er nefnd í grg., að þar vil ég leggja áherslu á þá meginforsendu, að því aðeins verði um að ræða breytingar á verðbótaþáttum launaákvarðana að um það verði fullt samráð og samkomulag við verkalýðshreyfinguna.

Í annan stað vil ég vegna grg. ítreka það, að útfærsla og framkvæmd 7. kaflans er meginforsenda þess, að launafólk megi una við þessar ráðstafanir.

Ég vil vegna kaflans, sem fjallar um tryggingabætur, segja það, að samkv. þeim kafla er gert ráð fyrir að ellilífeyrir, þ. e. a. s. tekjutrygging, hækki um 9%. Þetta mun hafa það í för með sér, að tekjutrygging hjóna verður á mánuði eftir þessa hækkun 178 216 kr. Til samanburðar vil ég nefna það, að 5. taxti Dagsbrúnar eftir þriggja til fjögurra ára starf yrði eftir þá breytingu, sem hér er um að ræða, 176 203 kr.

Ég vil einnig vegna orða hv. 4. þm. Reykv. varðandi kaupmátt launa láta koma hér fram upplýsingar frá Kjararannsóknarnefnd, sem ég aflaði mér áðan. Ef mið-

að er við það, að vísitala meðalkaups verkamanna hafi verið 100 árið 1971 að jafnaði, þá er þessi kaupmáttur að meðaltali 118.8 fyrir septembermánuð s. l., 113.2 fyrir allt árið 1978, 115.8 fyrir októbermánuð, 112.4 í nóvember, en samkv. þeim áætlunum, sem Kjararannsóknarnefnd gerir, þá reiknar hún með að kaupmáttur launa verði, þrátt fyrir þær aðgerðir sem við erum að grípa til núna og gert er ráð fyrir í þessu frv., þá verði kaupmáttur launa í des. 119.3. Til samanburðar skal þess getið, að fyrstu 6 mánuði ársins 1974 er sambærileg tala 116.7 Þessar tölur tel ég nauðsynlegt að láta koma hér fram vegna þeirra ummæla sem fram komu í ræðu hv. 4. þm. Reykv. Og ég vil bæta því við, að samkv. þessum tölum er gert ráð fyrir að kaupmáttur aukist frá því fyrir sólstöðusamninga, eða frá því í maí 1977 til des. 1978, um 25-26%.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að eyða máli mínu í það að svara ítarlega ræðu hv. 4. þm. Reykv. Ræða hans einkenndist öll af sárindum í garð verkalýðshreyfingarinnar og forustumanna hennar. Hann kallaði viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar skemmdarverk, og hann talaði jafnan um stjórnmálin í viðtengingarhætti þátíðar í eins og helmingnum af sinni geysilöngu ræðu. Hann talaði um að verkalýðshreyfingin hefði efnt til skemmdarverka gegn febrúarlögunum og gegn brbl. Verkalýðshreyfingin mótmælti þessari lagasetningu og hún gerði það með fullkomlega lýðræðislegum og eðlilegum hætti. Um það er enginn ágreiningur og getur ekki verið. En ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar hafði hins vegar alla möguleika til þess og gerði það að framkvæma þessi lög, og hún hélt því fram, þegar febrúarlögin voru sett, að þau ættu að verða einn allsherjar Kínalífselixír til þess að bjarga efnahagsástandinu í landinu. Það er því ekki við verkalýðshreyfinguna í landinu að sakast þó að ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar hafi mistekist í þessum efnum eins og ýmsum öðrum.

Hv. 4. þm. Reykv. gerði því skóna, að þær félagslegu umbætur, sem hér væru á dagskrá í sambandi við þetta frv., væru allt saman gamlar kröfur og þær skiptu í raun og veru engu máli í þessu sambandi. Það er auðvitað mikil fjarstæða að halda á málum eins og hann gerði. Auðvitað er það rétt, að margar af þeim kröfum sem eru nefndar fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar í tengslum við þetta frv., eru gamlar og hafa áður sést margoft í baráttu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. Hins vegar hefur það skort, að til væri í landinu sá pólitíski vilji, sem dygði til að koma þessum kröfum í framkvæmd. Kosningaúrslitin s. l. sumar, sem höfnuðu stefnu hv. 4. þm. Reykv., höfðu það í för með sér, að nú á að vera unnt að beita pólitískum vilja til þess að koma fram á Alþingi Íslendinga réttindamálum verkafólks sem hingað til hefur ekki verið svo mikið sem hlustað á. Það er vitaskuld alger fjarstæða að ætla sér að taka þessi réttindamál, sem hér er um að ræða, og bera þau saman við laun á ársgrundvelli, eins og hv. 4. þm. Reykv. reyndi að gera áðan. Hér er um að ræða réttindamál sem hafa mun áhrif á lífskjör launafólks í þessu landi, ekki einasta á árinu 1979, heldur væntanlega um langa framtíð. Á þeim forsendum, að svo verði gert og myndarlega verði staðið að þessu af hálfu ríkisstj., hefur Alþb. tekið þátt í og haft frumkvæðið um að þeirri stefnu væri fylgt sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Hv. 4. þm. Reykv. fær ekki með umr. sínum hér á Alþ. breytt hinum pólitíska vilja sem þjóðin krafðist í kosningunum s. l. sumar. Það verður að bíða annarra kosninga, og ég er ekkert hræddur við þann dóm sem þá verður felldur.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hv. þm. Bragi Sigurjónsson sagði í dag af sér störfum sem forseti Ed. Alþingis. Með þeirri gerð var hv. þm. Bragi Sigurjónsson að lýsa ekki einasta skoðun sinni, heldur vanþókun á þeim efnahagsaðgerðum sem í dag litu dagsins ljós. Ekki kannske fyrst og fremst vegna þess, að þessar aðgerðir séu slæmar í sjálfu sér svo langt sem þær ná, heldur af þeirri einföldu ástæðu að hér eru enn á ný gerðar ráðstafanir sem einasta ná til þriggja mánaða. Hér er enn á ný verið að gera ráðstafanir sem einasta ná til þriggja mánaða. Hér er enn á ný verið að gera ráðstafanir sem aðeins fresta styrjöld. Sams konar átök og fóru fram 1. sept., þegar núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð, fóru enn í hönd 1. des. og fyrirsjáanlegt er, ef að líkum lætur, að enn munu þau fara fram 1. mars. Á bak við allt þetta ástand mun geisa óðaverðbólga og því miður er sennilega fyrirsjáanlegt, að með þessum ráðstöfunum sé verið að lögbinda rúmlega 40% verðbólgu í landinu á næsta ári.

Það segir sig auðvitað sjálft, að þetta eru ekki þau vinnubrögð sem við í Alþfl. vildum viðhafa. Þeir, sem þekkja okkar kosningastefnu, og þjóðin gerir það, vita mætavel að svona vildum við ekki að málum standa. Þetta frv. er hins vegar stutt og verður stutt af mér a. m. k. og fleiri í þeim flokki vegna þess að það er verið að afstýra nýrri holskeflu sem annars hefði dunið yfir samfélagið, og það sem meira er: Ólafur Jóhannesson, hæstv. forsrh., hafði svo sagt og tilkynnt, að ef þetta frv., eins og það kom fram í endanlegri mynd, yrði ekki stutt, þá mundu öll 14% fara út um samfélagið. Mönnum geta fundist slíkir leikir vera snjallir, en það segir sig alveg sjálft, að þó að menn láti undan slíkum hótunum einu sinni, þá gera þeir það ekki tvisvar.

Það kunna að vera skiptar skoðanir um vinnubrögð af þessu tagi, en mér fyrir mína parta líka þau ekki. En þetta frv. verður samt að ná fram til þess þó að afstýra enn meiri áföllum á næsta ári. Samt segir sig sjálft, að þessar ráðstafanir eru gersamlega ónógar. Þær eru ónógar m. a. vegna þess að þær eru aðeins gerðar til þriggja mánaða í senn, og reynsla undanfarinna ára segir okkur það einfaldlega, að ekki er hægt fyrir stjórn að stjórna landinu og ætla að vera í stríði innbyrðis og úti um samfélagið allt á þriggja mánaða fresti.

Í því frv. til l., sem hér var kynnt í dag, er enn ekki gert ráð fyrir neinum heildstæðum ráðstöfunum. Það er kunnugt og það er kunnugt í gegnum fjölmiðla, að við í Alþfl. vildum fara öðruvísi að. Kjartan Jóhannsson, hæstv. sjútvrh., kynnti í ríkisstj. till. sem náðu til ársloka 1979. Þær till. gengu út á það að setja þak á launahækkanir, 4% á þriggja mánaða fresti, sem hefði þýtt leyfilegar kauphækkanir á árinu allt að 20%.

Við höfum aldrei sagt að samfélagið þyrfti ekki að leggja á sig fórnir til þess að vinna bug á því ástandi, sem hér hefur geisað. Hins vegar er það svo, að þetta hefðu ekki verið verulegar fórnir ef ríkisstj. hefði staðið við þau ítrustu markmið sín að koma verðbólgunni niður fyrir 30% á næsta ári. En staðreyndin virðist einfaldlega vera sú, að þrátt fyrir þessar almennu yfirlýsingar í stjórnarmyndunarviðræðum, að ég hygg, í stjórnarsáttmála og nú í grg. fyrir frv., þá virðast a. m. k. margir af stjórnarsinnum — og þar með talinn sjálfur guðfaðir núv.

ríkisstj., hv. 1. þm. Austurl. — ekki trúa orði af því sem þeir eru að segja sjálfir. Og af hverju er þetta? Ég hef ásamt fleiri þm. Alþfl. staðið í deilum hér í þessari hv. d. um vaxtamál, m. a. við guðföður þessarar ríkisstj. og talsmann atvinnurekstrar og neikvæðra vaxta, sama hv. þm. Þar talar hann að jafnaði um — í áróðursskyni að ég hygg — að við raunvaxtamenn, þó að við leggjum til að þetta gerist í tveimur áföngum, séum að tala um 50—60% vexti. Af hverju er þetta? Vegna þess að sami hv. þm. trúir ekki orði af því sem hann er að segja þjóðinni í stjórnarsáttmála eða annars staðar. Hér á að geisa áfram 50—60% verðbólga á næstu árum. Og þegar svona er, þá skilur auðvitað samfélagið allt, að engin furða er þó að þverbrestur sé kominn í stjórnarsamstarfið, sem vissulega og auðvitað er.

Ég er þeirrar skoðunar, að fyrir utan ráðh. Alþfl. sé hæstv. fjmrh., Tómasi Árnasyni, einum alvara í verðbólgumálum. Það er öllu samfélaginu ljóst, hvaða almennt hjal sem menn setja á svið um þessar ráðstafanir, að þurft hefði að gera erfiðar ráðstafanir, en því miður sýnist manni reynslan vera sú, að fyrir utan ráðh. Alþfl. sé það hæstv. *fjmrh. einn sem þó meinar eitthvað af því* sem hann er að segja. Ég hygg að það hafi verið sýnt fram á það með óyggjandi rökum, að sjálflýstur guðfaðir stjórnarinnar, hv. 1. þm. Austurl., meinar minnst af því sem hann hefur um þessi mál sagt.

En hvaða tilgangi þjónar það að vinna með þeim hætti sem hér hefur verið lýst, gera ráðstafanir og leggja alla þá vinnu í þær sem hér hefur verið gert, sem einasta duga til þriggja mánaða?

Það er alveg ljóst, að launþegahreyfingin hefur verið að færa fórnir núna, með hvaða almennum orðum sem menn lýsa þessum fórnum. Og það er líka alveg ljóst, að t. a. m. hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og Eðvarð Sigurðsson, til að tiltaka menn í þessari d., geta með hangandi hendi stutt þetta nú, en ég er stórefins um að þeir muni geta stutt hliðstæðar aðgerðir eða enn erfiðari sem gera þyrfti 1. mars. Ríkisstj. hefði núna getað stigið stærri skref, eins og þær aðgerðir sem Kjartan Jóhannsson hafði lagt til. Þær hefðu verið heildstæðar, þær hefðu náð út árið 1979 og þær hefðu auðvitað verið gerðar með því félagslega ívafi sem hæstv. viðskrh. lýsti áðan. Tímafresturinn hefði verið lengri og það hefði verið möguleiki að stefna að heilbrigðara efnahagslífi á árinu 1980. Núv. ríkisstj. bar því miður ekki gæfu til að fara þessa leið. Þar gerði núv. ríkisstj. að minni hyggju ófyrirgefanleg pólitísk mistök og af því eigum við eftir að súpa seyðið á næstunni.

Við, sem m. a. höfum staðið í stjórnarmyndunarviðræðunum í sumar og þekkjum hvernig þær gengu þá og nú í viðræðunum í kringum þetta, sjáum að nú hafa hálfu erfiðari spor verið stigin. Það segir sig alveg *sjálft hvað gerist þegar næsta skriða skellur yfir.*

Þó að þetta frv. verði stutt, þá verður ekki komist hjá því að lýsa því, hversu óendanlegri óánægju það veldur að svona hafi verið að þessu staðið. Þetta vekur aðrar spurningar, og það eru einfaldlega spurningar eins og þær: Er Alþb. stjórnhæft, þegar erfiðir tímar eru? Ég veit vel að Alþb. gat stjórnað landinu á árunum frá miðju ári 1971 og áfram, enda var þá tiltölulega blómlegt bú. Nú er ekki blómlegt bú í landinu. Nú eru allt aðrir tímar, allt annars konar ráðstafanir sem gera þarf.

Það er í sjálfu sér ekki verið að segja neitt nýtt. Það er ekki verið að segja annað en það sem við jafnaðarmenn sögðum sjálfir fyrir kosningar í vor, að Alþb. t. a. m. boðaði samningana í gildi án þess að hróflað væri, að mér skilst, nokkurn tíma við vísitölukerfinu. Deilur okkar og Alþb. um þessi mál eru kunnar. Alþb. gerði meira. Það átti einfaldá lausn í landbúnaðarmálum, sem var aðeins að auka neysluna innanlands. Þetta eru landsþekktar hugmyndir. Höfundur þeirra, hv. þm. Lúðvík Jósepsson, og Alþb. ætluðu einnig að koma sér vel hjá fyrirtækjaeigendum, það átti að lækka vexti án þess að hreyfa við verðbólgunni að því er séð verður. Svona loforðalista er auðvitað hægt að gefa endalaust.

Við deildum hart við Alþb. fyrir kosningar s. l. vor. Auðvitað vonuðum við, þegar lagt var út í þessa stjórnarsamvinnu, og vissum, að mennirnir mundu vitkast, að mennirnir gátu ekki meint nema brot af þessum loforðum. *Tilraunir til samninga nú undanfarið hafa* leitt í ljós, að þeir hafa afskaplega lítið vitkast. Alþfl. og Alþb. eru auðvitað ekki einn flokkur, þeir eru tveir flokkar. Þeir eru um margt afar ólíkir og m. a. í allri afstöðu til efnahagsmála. Sá listi af loforðaglamri, sem hér hefur verið lesinn eftir Alþb. s. l. vor og fyrir kosningar, er auðvitað allt annars eðlis en það plagg og þau fyrirheit sem við gáfum um gerbreytta efnahagsstefnu. Ég geri ráð fyrir að hv. dm. sé kunnugt um þetta. Og auðvitað er það svo, að þessar ráðstafanir, sem hér hefur verið lýst og eru lagðar fram á grundvelli frv., eru að stórum hluta til þess eins að bjarga andliti Alþb., til að bjarga því út úr loforðaglamrinu sem það gaf fyrir síðustu kosningar.

Vitaskuld er það svo, að rúmlega 14% áttu að fara út í verðlagið. En það fara engin 14% út í verðlagið, það fara rúmlega 6%. Vitaskuld er það líka svo, að það getur verið erfitt að meta félagslegar ráðstafanir beinlínis til fjár, og vitaskuld er það gert meira og minna á ágiskunarformi. Það veit hvert einasta barn í landinu. Það er búið að leiða að því mörg og enn frekari rök. Vitaskuld er það svo, að mikið af þessum ráðstöfunum, sem hér hefur verið lýst, er sjónhverfingar, eins og andstæðingar stjórnarinnar hafa sagt. Og ég hefði haldið að það að vera aðili að ríkisstj. væri til annars en að spila upp í hendurnar á Sjálfstfl. En sjónhverfingar eins og þær, sem hér eru hafðar í frammi, eru til þess eins fallnar að spila upp í hendurnar á Sjálfstfl.

Menn skyldu vera minnugir þess hvernig kosningar fóru að aflokinni síðustu vinstri stjórn og svo mikill vinur Sjálfstfl. er ég ekki, að ég óski eftir öðrum svipuðum kosningaúrslitum. En ef á að standa áfram að efnahagsmálum eins og hér hefur verið gert, þá er það auðvitað Sjálfstfl. einn sem á slíku hagnast.

Við vildum fara öðruvísi að. Við vildum gera heildstæðar áætlanir í efnahagsmálum, sem giltu út árið 1979. Auðvitað er það iðulega svo, að löggjafinn, sem þarf að *setja lög, á ekki nema einn kost og það er að eiga sam*vinnu við sjálft almenningsálitið í landinu, — ekki við foringja þrýstihópa, hversu ágætir sem þeir annars eru, heldur við sjálft almenningsálitið. Og listin að stjórna er og getur iðulega verið í því fólgin að þurfa að leita beint til almennings í landinu og flétta sig fram hjá hagsmunahópunum sem vitaskuld eru til í samfélaginu. Nú hefði þurft að koma til slíkra aðgerða. Það er þegar búið að svíkja orðin um „samningana í gildi“ í bókstaflegri merkingu þeirra orða. Það hefði þurft að koma til frekari ráðstafana, sem miðuðu að því að setja launabak, sem miðuðu að því að stjórna efnahagsmálum, peningamál-

um, skattamálum og ríkisfjármálum skynsamlega að öðru leyti, nota þau tæki til að halda verðbólgunni niðri, halda friði á vinnumarkaði, m. a. með ráðstöfunum í félagsmálum sem Magnús Magnússon er þegar að vinna að og Svavar Gestsson lýsti hér áðan og vissulega munu margar koma til framkvæmda á næsta ári. Þetta hefði verið hægt. Þetta hefði verið vit. En það er ekkert vit í því sem verið er að gera nú.

Þingheimi er efalítið um það kunnugt, að það hafði náðst, m. a. í herbúðum Alþfl. og Framsfl., samkomulag um að einungis 3.6% færu út í verðlagið. Af einhverjum yfirskilvitlegum ástæðum, sem mér er að öðru leyti ekki kunnugt um, skipti hæstv. forsrh. um skoðun á þessu máli og 6% urðu það sem út fór, sem gæti þýtt og jafngilt lögbindingu á 40% verðbólgu hér á næsta ári. Okkur jafnaðarmönnum er og hefur verið alvara í verðbólgumálum. Við röðum þeim markmiðum fremst í forgangsröð, og við segjum nú eins og við höfum sagt áður, að við erum tilbúnir til að fórna öðrum markmiðum af ástæðum sem auðvitað öllum er um kunnugt.

Verðbólga elur á stjórnlausri eignatilfærslu, hún elur á spillingu, hún elur á braski og hún kemur verst við láglaunafólkið í landinu. Af hverju? Af því að það er láglaunafólkið í landinu sem hefur ekki möguleika á því að komast í bankana og verja sig með lánum, eins og þeir gera sem betur mega sín. Þessi sannindi er búið að reyna að berja inn í Alþb.-menn allt frá því að stjórnin var mynduð, en þeir virðast ómögulega geta skilið hvernig verðbólgan leikur láglaunafólkið í þessu landi verst. Það er búið að reyna og gera til þess margar tilraunir, en því miður með ótrúlega litlum árangri.

Þetta vekur enn fleiri spurningar, spurningarnar um þær viðræður sem farið hafa fram um vísitölukerfið, — kerfið sem hér var sett á laggirnar árið 1939 við allt aðrar aðstæður. Við erum talsmenn nýrri og nútímalegri sjónarmiða, sem taka mið af þessu ári og þessum áratug sem við lifum á. Við höfum satt að segja mætt frumstæðum hugmyndum um þessi efni. Þær umr. hafa farið fram fyrir opnum tjöldum og mönnum er auðvitað um það kunnugt.

Eitt vil ég gera hér að umræðuefni enn. Þegar við kynntum till. okkar um heildstæða áætlun í efnahagsmálum fyrir árið 1979, þá vorum við að því spurðir, hvort hér væri ekki um brot á kjarasáttmála að ræða vegna þess að lögð var til lögbinding. Auðvitað þýðir kjarasáttmáli ekki að það fari fram valdaafsal Alþingis til þrýstihópa. Kjarasáttmáli getur aldrei þýtt það. Á alvörustundum getur auðvitað og kemur iðulega upp það ástand, að löggjafinn verður að taka af skarið. Kjarasáttmáli þýðir iðulega að löggjafinn setur rammalöggjöf t. d. í kjaramálum, í skattamálum eða í hverjum þeim öðrum efnum sem til löggjafar heyra, og síðan er um þennan ramma reynt að ná friði á vinnumarkaði og innan hans fara fram umræður, samningar, samráð um félagsmál eða hvað eina sem til slíks getur heyrt.

Svavar Gestsson las áðan yfir þingheimi lesningu sem hann hefur að stórum hluta fengið lánaða uppi í félmrn., að ég hygg. Auðvitað er það svo, að slík félagsmál tilheyra kjarasáttmála og eiga að gera það. En þegar um alvörutíma er að ræða, þegar þarf að taka ákvarðanir, m. a. í verðbólgumálum, þar sem Alþ. hlýtur að vera til þess bærara en einstakir hagsmunahópar — það segir sig sjálft — þá getur svo farið að Alþ. eigi ekki aðeins, heldur sé því beinlínis skylt að grípa fram fyrir hendurnar á öðrum og setja löggjöf af þessu tagi. Og enn fremur vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að ég er sannfærður um að allur þorri fólks úti í hinu stóra samfélagi ætlast beinlínis til þess að Alþ. hagi sér ekki eins og ríkisstj. hefur verið að haga sér, hrekist fyrir verðbólguvindunum, heldur taki Alþ. af skarið og geri það sem gera þarf. Það hefði verið rétt ákvörðun að binda kaupgjald með þeim hætti, sem við höfum lagt til, og leggja aðrar ákvarðanir samkv. frekari lýsingu í hendurnar á ríkisstj., — ríkisstj. sem hefur það markmið að halda verðbólgunni fyrir neðan 30% mörkin. Auðvitað er þarna dæmi sem vel gengur upp, og það sem meira er, árangur hefði náðst í baráttunni við verðbólguna og við, sem meinum eitthvað með þeim orðum, hefðum kunnað að meta slíkt.

Ég óttast að það sé að koma í ljós, að Alþb., vegna þess hvernig það er upp byggt og aðallega vegna þess sem það hefur sagt, sé ófært um að stjórna á erfiðum tímum. Það getur stjórnað þegar það tekur við barmafullum sjóðum, en á erfiðum tímum er erfitt að eiga samleið með Alþb. Ég efast ekki um góðan vilja margra þeirra, sem þar eru, og virðingarverð er t. a. m. sú upptalning sem hæstv. viðskrh. las hér áðan. En þetta er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá, að við forgangsröðun verkefna er það verðbólgan sem skiptir máli, m. a. vegna þess hvernig hún leikur láglaunafólkið í þessu landi. Og þeir, sem skilja þetta ekki, en vilja sveipa sig ljúfum orðum fyrst og fremst, er ég hræddur um að séu lakir talsmenn sinna umbjóðenda. Þetta verður þó að koma í ljós á næstunni. Mikið af þessu hefur verið sagt við þessa menn áður og út á þetta hafa fundir okkar gengið að miklu leyti, en ég verð að segja að það er iðulega klökkt hvað skilningur þessara manna hefur því miður verið lítill.

Við erum að gera tilraun með samstjórn þriggja flokka. Framsfl. hefur ekki virst hafa miklar skoðanir á því, hvað gera skyldi og hér hefur verið lýst. En hitt er rétt, að bæði Alþfl. og Alþb. hafa skoðanir og fulltrúar þessara skoðana hafa verið að takast á. Hv. d. er fullkunnugt um útkomuna að þessu sinni. Hv. d. er líka fullkunnugt um hvaða augum við lítum á þessa útkomu. Ég er þeirrar skoðunar, að Alþb. kunni að vitkast, það sé ekki loku fyrir það skotið enn. En ég er jafnframt þeirrar skoðunar, að Alþb. sé að verulegu leyti þræll gersamlega óraunhæfra kosningaglamuryrða, sem dundu á okkur í vor, og af því séum við að súpa seyðið nú. Hætt er við að samfélagið allt komi til með að súpa seyðið af þessu.

Það er kannske ekkert nýtt þó að ég ausi úr skálum reiði minnar yfir Alþb. Við höfum fyrr mæst, síðast þegar ég mætti til vinnu 1. og 2. mars s. l. vegna þess að ég taldi ekki stætt á því að sá, sem væri að bjóða sig fram til þess að setja landinu lög, gengi jafnframt fram fyrir skjöldu og bryti lög. Og ég fékk af mér myndarlegar myndir í Þjóðviljanum ásamt hóflegu fúkyrðaregni. Mér þykir leitt að geta ekki svarað nema broti af því héðan úr ræðustól að sinni.

Vandinn er og verður þessi: Auðvitað er það svo, að þessi brbl. kveða ekki á um að samningarnir gangi í gildi, og ég fyrir mína parta sé enga ástæðu til þess að taka þátt í því kannske með einhverjum öðrum stjórnarsinnum að flytja hér ræðu sem innifelur allt annað en við vitum að stendur í þessu plaggi, einasta til að bjarga andlitinu á Alþb. 3% félagslegar umbætur er gersamlega ómögulegt að meta til fjár, hvað sem einhverjir launþegaforingjar kunna um það að segja.

Við jafnaðarmenn höfum margháttuð annars konar

áhugamál, sem við viljum að komi hér til. Hér hefur verið talað um neðanjarðarhagkerfi, — það feikilega net skattsvika, sem ofið er utan um og meira og minna inn í stóran hluta af rekstri hér á landi og fólki er auðvitað kunnugt um. Enn hefur gengið erfiðlega í stjórnarsamstarfinu að koma slíkum málum fram. Þar eigum við hins vegar sennilega mesta samleið með Alþb., þegar allt kemur til alls. En það, sem enn og aftur er kjarni málsins, er að ráðstafnir til þriggja mánaða duga skammt, þær duga ekki. Við erum aðeins að safna enn meiri gufu í ketilinn, og sá ketill verður þessari ríkisstj. væntanlega gersamlega óviðráðanlegur að þremur mánuðum liðnum.

Alþb. hefur alltaf lagt áherslu á það, að hér sé aðeins um bráðabirgðastjórn að ræða. Þeir, sem þekkja stjórnarsáttmálann, vita að í honum er síðasta ákvæðið um að hann skuli endurskoða á árinu 1979. Þeir, sem enn betur þekkja til, vita að grg. með þessu frv. er eins konar endurútgefinn stjórnarsáttmáli. Það segir sig alveg sjálft, að ef svona leikur á að endurtaka sig á þriggja mánaða fresti, þá verður þetta ekki stjórn sem nær neinum árangri í verðbólgumálum, enda gerir hv. 1. þm. Austurl. ekki ráð fyrir því í viðfeðmri og langdreginni umfjöllun sinni um vaxtamál hér í deildinni.

Við ætluðum að eiga aðild að stjórn, sem ætlaði sér að vinna bug á verðbólguvanda. Til þess var leikurinn gerður upphaflega. Öllum er kunnugt, og ekki síst Alþb.-mönnum, að þegar stjórnin var mynduð rétt fyrir 1. sept. s. l. voru átök um vísitölumál, þar sem við fengum okkar ekki fram öðruvísi en þannig að bókað var í ríkisstj., að endurskoðun ætti að fara fram fyrir 20. nóv. Við vitum öll að vísitölunefndin sprakk, það varð ekkert úr verkum hennar. Endanlegar tillögur voru nánast tillögur formanns n. eins. Þessi bókun reyndist vera einskis virði. Nú er hér flutt grg. með frv. Í grg. er efni, sem við vildum koma inn í lagagreinarnar sjálfar, en um það náðist ekki samkomulag og þær eru í grg. Ég geri ráð fyrir því, að einhverjir þeirra, sem að þessari grg. standa nú, meini u. þ. b. jafnmikið með henni og þar með öllum liðunum, að 7. lið meðtöldum, og þeir meintu með bókuninni í ríkisstj. á sínum tíma. Ég vona að menn skilji það. Ég hef ekki eytt mörgum vikum í þessum sölum, en ég gerði mér aðrar hugmyndir um samvinnu en þær sem hér hefur verið lýst.

Ég mun greiða þessu frv. atkv. af ástæðum sem ég hef nú lýst, til að afstýra því að enn verri og meiri holskefla gangi yfir þetta þjóðfélag. En mér er nákvæmlega eins farið og hv. þm. í Ed., Braga Sigurjónssyni. Mér er fullljóst, að hér er um hallærisráðstafanir að ræða, — ráðstafanir sem ekkert duga í þeim raunverulegu vandræðum og baráttu í efnahagsmálum sem við eigum við að etja. Mér er raun að því, að talsmenn Alþb. skuli ekki hafa skilið, hvernig þær ráðstafanir, sem við erum að leggja til, annars vegar og hagsmunir láglaunafólks hins vegar fléttast saman. Mér er raun að því, að þessir menn skuli ekki hafa skilið þetta, en svo er ekki að sjá a. m. k. enn þá.

Allt um það. Það kann að fara svo að úr rætist. Það kann að fara svo, að samstarfsaðilar okkar eða sá þeirra sem hefur skoðun, vitkist. En ég óttast að forsendur málsins séu með þeim hætti, að seint verði af því. Ég óttast að loforðaglamrið hafi verið með þeim hætti, að flokkurinn sé mikið til ófær um að stjórna á erfiðleikatímum. Þetta er alvarlegur ótti, vegna þess að við eigum mikla samleið í menningarmálum, félagsmálum og á öðrum slíkum sviðum, og þar er vissulega betra með þeim að vinna en flestum öðrum. En vandinn er sá, að meðan á að vaða reyk í efnahagsmálum, eins og Alþb. gerði fyrir kosningar og eins og það hefur gert nú í tveimur bráðabirgðaráðstöfunum, verður landinu ekki stjórnað, þá veður hér uppi verðbólga með öllum sínum fylgikvillum, spillingu og braski og það er níðst á láglaunafólkinu. Meðan svo er er þungur ábyrgðarhluti að bera ábyrgð á ríkisstj., sem svo háttar um.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það verður ekki sagt að hæstv. ríkisstj. ætli Alþ. ríflegan tíma til þess að fjalla um þetta frv., sem er lagt fram hér í dag, 27. nóv., og er nú lögð rík áhersla á að þessi óskapnaður verði orðinn að lögum 30. nóv., því að annars segir ríkisstj. að allt fari út í verðlagið eins og hún túlkar það. Það verður þá að segja, að margt hefði mátt athuga betur í sambandi við þetta frv. og margar hefðu upplýsingarnar mátt vera betri en fram komu í ræðu hæstv. forsrh., þegar hann fylgdi þessu frv. úr hlaði í dag.

Við þm. þessarar deildar höfum nú heyrt málsvara ríkisstjórnarflokkanna tala hér í dag, fulltrúa allra þessara þriggja bræðraflokka, en þeir hafa talað hver með sínu nefi. Fyrstur reið á vaðið hæstv. forsrh., sem flutti málið, og margt var andstætt í þeim málflutningi við það sem sá ágæti maður sagði fyrr á þessu ári. En það er kannske ekkert nýtt við þann flokk sem hann stýrir, að hann taki nokkrar veltur og það á skemmri tíma en þessum. En svo kom maður hér í ræðustól, hæstv. viðskrh., og hann breiddi úr blómabeði sínu og dreifði rósum um allan sal. Ég vissi að honum var margt til lista lagt og þó sérstaklega að skrifa í Þjóðviljann, en ég hafði ekki hugmynd um það fyrr en nú hvað hann er mikill blómaræktarmaður, fyrr en hann dreifði þessum rósum um allan þingsalinn. Og svo kom loks sá þriðji, en ekki sá slappasti, úr þessu bræðralagi ríkisstjórnarflokkanna. Hann hafði allt á hornum sér og taldi þetta frv. vera ómögulegt í alla staði. Hann byrjaði ræðu sína á því að segja að frv. væri ómögulegt, það næði alls ekki þeim tilgangi sínum að vinna bug á verðbólgunni, sem er alveg satt og rétt hjá honum, og hann byrjaði á því að tilkynna að hann mundi samt greiða þessu frv. atkv. Svo hellti hann úr skálum reiði sinnar, og hér var þá í ræðustólnum mjög reiður ungur maður. Þegar var af honum mesti móðurinn endurtók hann það sem hann byrjaði á, að hann ætlaði að greiða þessum óskapnaði atkv. sitt og leggja blessun sína yfir þessar aðgerðir. Og hann sagði mjög skynsamlega setningu, þegar hann sagði að þverbrestur væri kominn í stjórnarsamstarfið. Þá urðu flestir hissa. Var ekki þverbrestur í stjórnarsamstarfinu þegar það byrjaði? Og eru ekki brestir í því langs og þvers hvar sem á spýtuna er litið? Þetta var ekki nein sérstök frétt fyrir okkur sem höfum fylgst með heimilislífinu á þeim bæ að undanförnu. Og fulltrúi Alþfl. sagði að fjmrh. væri eini ráðh., — mér skildist að hann væri eini ráðh. fyrir utan Alþfl.-ráðh., hann tók það ekki sérstaklega fram, en sennilega hefur hann átt við það, — sem vildi berjast gegn verðbólgunni. Þetta er sennilega rétt hjá honum, að fjmrh. hefur haft töluverða tilburði í þá átt, en hann hefur orðið fyrir miklu áfalli, hann hefur verið sigraður af hinum, rósameistaranum og fleiri, og hann er flúinn úr landi. Það hefur margur yfirgefið Ísland af minna tilefni en því.

Hv. þm. Alþfl. spurði sjálfan sig og bar spurninguna undir þessa hv. þd. hvort Alþb. væri stjórnhæft. Hann sagði, að þetta hefði getað gengið ef allir sjóðir væru fullir, þá hefði verið hægt að vera með Alþb. svolítinn tíma í stjórn. Þetta er alveg rétt. En þegar er borð fyrir báru eða meira í ríkiskassanum, þá er ósköp eðlilegt að þm. spyrji hvort sá flokkur sé stjórnhæfur, hvort þessi rósaflokkur sé hæfur til þess að teljast til stjórnarflokka. Og ég segi bara: Bragð er að þá barnið finnur.

Einn ráðh. sagði í útvarpinu í gærkvöld, að Morgunblaðið hefði viljað þessa stjórn feiga. Ég er auðvitað ekki kominn hér til þess að tala fyrir Morgunblaðið, en mér finnst mjög ósennilegt að Morgunblaðið vilji endilega berjast fyrir því að þessi stjórn hrökklist frá. Morgunblaðið styður Sjálfstfl. einarðlega og Sjálfstfl. er ekkert að leggja stein í götu þessarar ríkisstj. eða aflífa hana. Ég held að það fari langbest á því, að hún verði sjálfdauð. Það tekur að vísu eitthvað lengri tíma, en hann verður ekkert mjög langur. Ég held að það sé afar mikils virði, þó það kosti atvinnulífið mikið og launþega, að þessir flokkar, sem sigruðu í síðustu kosningum, fái að sýna sig enn betur. Þeir eru að sýna töluvert núna þessa tæpu þrjá mánuði, en það er nauðsynlegt að þeir sýni enn betur hringsnúning sinn frá því sem var fyrir kosningar. Kokhreysti þeirra var ekki svo lítil fyrst eftir kosningasigurinn, að það fer afar vel á því að þeir fái að spreyta sig. (**GJG:** Hann kom þó útgerðinni í Vestmannaeyjum af stað.) Já, ég skal koma að því á eftir, hver kom útgerðinni í Vestmannaeyjum af stað og líka á Suðurnesjum. Ég ætla að biðja formann Verkamannasambandsins engu að kvíða. Ég skal koma bráðum að því og skýra hvernig ríkisstj. fór að þessu.

Hæstv. forsrh. minntist ekki á hvernig afla ætti fjár til að standa undir ræktun þessara rósa, sem viðskrh. lýsti og Alþfl.-þm. sagði að viðskrh. hefði stolið öllum frá kratarráðh. á neðri hæðinni í Arnarhvoli. — Ljótt er að heyra þetta, að þeir skuli vera að stela þessum blómum hver frá öðrum. Ég hélt að þetta væri rósarunnur sem þeir ættu sameiginlega og gætu reynt að skipta á milli sín, en fara ekki í kapp á Alþ. um að eigna sér það sem þeir teldu gott, en hinir ættu að eiga það sem miður færi.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. segir, að ríkisstj. leggi áherslu á að komið verði á traustu samstarfi við fulltrúa launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, sem miði m. a. að því að treysta kaupmátt launatekna, jafna lífskjör og tryggja vinnufrið. Og síðan segir í kaflanum um samstarf við aðila vinnumarkaðarins, að jafnframt verði mörkuð stefna um hjöðnun verðbólgu í áföngum og ráðstafanir ákveðnar, sem nauðsynlegar séu í því skyni, m. a. endurskoðun á vísitölukerfinu. Hæstv. forsrh. minntist ekki á samstarf við atvinnurekendur í sambandi við þetta frv. Mér er sagt, að það hafi ekkert verið rætt við samtök atvinnurekenda. Og ósköp hefur farið lítið fyrir þessari samstarfsnefnd fullskipaðri, en er þeir hafa haft flokksþingin í Alþb. og í krataflokknum, þá hafa þeir rætt við sína menn. Þetta er það faglega samstarf sem þessi ríkisstj. ætlar að hafa við launþegahreyfingum.

Hvernig dettur ríkisstj. í hug að byggja samstarfsyfirlýsingu sína á samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og ganga algerlega fram hjá öðrum aðilanum, samtökum atvinnurekenda? Er hægt að búast við því að hægt sé að ná samvinnu og samkomulagi á þann hátt að ræða aðeins við annan aðilann?

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilað að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá því, sem hún er í nóv. 1978, sem svarar 3% af verðbótavísitölu þeirri sem gildir fram að 1. des. n. k. Í fjárlagafrv., sem lagt var fram á fyrstu dögum í þessum mánuði, er niðurgreiðsla á vöruverði áætluð 16.3 milljarðar og áætluð aukning niðurgreiðslna í des. tæpir 3.9 milljarðar, sem samkv. þessu koma til með að hækka um a. m. k. 800 millj. Í aths. við fjárlagafrv. segir: „Áætlað er fyrir auknum niðurgreiðslum í des. n. k. samtals 3873 millj., en skipting þeirra niðurgreiðslna á einstaka vöruflokka er óákveðin.“ — Nú vil ég spyrja: Í dag er 27. nóv. og dagur er að kvöldi. Er ekki búið að gera till. um það, hvernig á að skipta þessum niðurgreiðslum á einstaka vöruflokka landbúnaðarafurða, því að það er komið alveg að því að þessar niðurgreiðslur eigi að liggja fyrir? Að slepptu þessu frv. hlýtur slík till. eða ákvörðun að liggja fyrir samkv. fjárlagafrv.

En það er annað sérkennilegt í fjárlagafrv. Það er gert ráð fyrir sérstakri lækkun niðurgreiðslna á árinu 1979 um hvorki meira né minna en 2800 millj. Nú á að hækka niðurgreiðslurnar 1. des. um 4700 millj. Sennilega er það nær 5000 millj. sem ætti að hækka samkv. því sem liggur fyrir í þessu frv. Og það er talið nauðsynlegt að hækka niðurgreiðslur nú 1. des. Hvernig er þá skýrt þetta fyrirbrigði, að það eigi að lækka niðurgreiðslur á árinu 1979 um 2800 millj.? Sá formaður Verkamannasambandsins þetta ekki í fjárlagafrv. áður en hann skrifaði þakkarbréfið? Á kannske að lækka niðurgreiðslurnar eftir 1. jan. sem nemur 2800 millj. kr.? Þetta kom hæstv. forsrh. ekkert inn á, lét eins og þetta væri ekki til og hann hefði ekki séð það í fjárlagafrv. Má vel vera að hann hafi ekki séð það.

Hv. 4. þm. Reykv. gerði bæði 2. og 3. gr. þessa frv. að umræðuefni og skal ég ekki frekar bæta við það. En mikið er það nú í óvissu, hvað í reynd eigi að gera, þrátt fyrir rósalestur viðskrh. í kvöld. Mikið held ég að margt sé óleyst í sambandi við þessi mál.

Það hefur oft komið fram hjá hæstv. ráðh. í þessari ríkisstj. og einstaka stjórnarþm., að þessi ríkisstj. sé aðhaldsstjórn. Hún ætlar að draga saman í framkvæmdum, hún ætlar að beita sérstöku aðhaldi í rekstri ríkisstofnana og í allri eyðslu í þjóðfélaginu. Þeir hafa keppst um að halda fram þessari stefnu, sérstaklega framsóknarmenn og Alþfl.-menn. Alþb.-menn hafa aftur á móti haft færri orð um þennan þáttinn. En þegar við lítum yfir það, sem gerst hefur frá því að þing kom saman í okt., þá er stuðningslið þessarar stjórnar búið að flytja frv. og þáltill. um útgjöld úr ríkissjóði, ekki upp á nokkur hundruð millj. kr., heldur upp á milljarða. Það er aðhaldið sem á að beita. Og þegar ráðh. í ríkisstj. eru spurðir t. d. á hinni svokölluðu „beinu línu“, þá hefur alltaf verið svarið þegar þegar þeir eru spurðir um hvort ríkisstj. eða viðkomandi ráðh. vilji ekki beita sér fyrir þessari og þessari breytingu, sem einhver hefur áhuga á, — þá er alltaf svarið eins og í gærkvöld og eins og hjá menntmrh. fyrir nokkru: Ja, þetta er nú alveg sjálfsagt. Maður þarf nú að athuga það. Við þurfum nú að athuga þetta. Þetta er í endurskoðun. Það er sem sagt tekið undir hvaða kröfu sem er.

Í gærkvöld reyndi heilbrrh. að veita svolítið viðnám. Það hringdi kona og spurði af hverju tryggingarnar borguðu ekki gleraugu. — Gleraugu, já, sagði hann, það getur nú verið ansi dýrt. En það er borgað fyrir þá sem eru heyrnarskertir, með heyrnartæki og þess háttar. Það

finnst mér nú óréttlátt, sagði konan. Þá sagði heilbrrh.: Ja, það fer nú ekki saman. Það er nú dálítið mótsagnakennt. — En hann lofaði auðvitað að athuga að borga gleraugun. — Og það er margt sem þarf að borga. Bretar höfðu einu sinni heilbrrh., vinstri krata, hét hann ekki Bevan? Hann var alger andstæða við utanrrh. Hann kom á svona kerfi. M. a. voru greiddar í breska tryggingakerfinu gervitennur. Flestir sjómenn, sem fóru til Austurlanda, komu tannlausir til baka því að þeir seldu gervitennurnar alltaf þar, og hann neyddist til þess að taka þetta út úr kerfinu. Og það er kominn tími til að beita aðhaldi líka í þessum „sósíal"-verkefnum. Ef við meinum það, að við ætlum að halda í, þá verðum við að hafa þrek til þess að gera það. Og það er ekki hægt að standa frammi fyrir hverjum manni sem segir: Ég vil fá þetta, ég vil fá hitt, og segja: Elskan mín, ég skal athuga þetta, þetta kemur. Þetta er allt í nefnd núna, en það kemur seinna. — Stjórn sem svarar öllum með þessum hætti, verður ekki kölluð aðhaldsstjórn, síður en svo. Hún er kölluð stjórn ráðleysis á öllum sviðum.

Ef við lítum á 4. gr. í þessu frv., þá er hér um að ræða um 27.2 milljarða sem þetta kostar, ef á að verða við kröfum Verkamannasambandsins, en mér skilst að það sé búið að taka við stjórn í þessu landi. Það, sem þeir fá aftur í hækkun vinnulauna, eru liðlega 20 milljarðar. Það er nú engin smáupphæð. Ég er ekki alveg með á því, hve stór þáttur ríkisins er í því, en ekki er hann yfir 5 milljarða. 15 milljarðar koma á atvinnureksturinn. Og er þá ekki rétt að athuga örlítið nánar atvinnureksturinn, hvernig hann stendur, hvað hann getur tekið á sig?

Þá held ég að verði ekki komist hjá því að minnast á álagninguna samkv. brbl. þessarar hæstv. ríkisstj. á s.l. hausti, en þá er lagt á einstaklinga í þjóðfélaginu ofan á skattana, sem lagðir eru á samkv. skattalögunum, um 1536 millj. og á félög í landinu um 2197 millj. Ég minnist þess, að forustumenn Alþb., og þá er ekki undanskilinn 1. þm. Austurl., töldu að skattalögin, sem í gildi hafa verið, væru ranglát og skattar væru allt of háir í þessu landi og ef Alþb. mætti ráða yrði skattalögunum breytt og það yrðu sóttir skattar í þær holur, sem ekki kæmu tekjum sínum til skila þannig að hægt væri að leggja á þær skatta. Það er ekkert sótt í þessar holur. Það er bara lagt til viðbótar á þá, sem höfðu skilmerkilega tíundað tekjur sínar og fengið þessa ofboðslega háu skatta á sig og eru í óðaönn að borga þá. Annar stjórnarflokkurinn, Alþfl., taldi að það ætti alfarið að leggja niður tekjuskatt á allar launatekjur og helst tekjuskatt alveg, og hafa margar ræður verið haldnar á síðasta kjörtímabili í þeim anda af þeim fáu mönnum sem Alþfl. átti þá á þingi.

Ef við tökum stétt eins og bændastéttina, þá greiða samkv. þessum brbl. 70.5% af heildarfjölda bænda eitthvað af sköttum samkv. IV. kafla brbl. frá s. l. hausti. Eignarskattsviðauka samkv. 8. gr. greiða 34.2% bænda. Meðaltalsskattur á greiðanda er 25 765 kr. Sérstakan skatt samkv. 10. gr. greiða 60.4% bænda, meðaltalsskattur á greiðanda er 39 106 kr. Og sérstakan tekjuskatt samkv. 9. gr. greiða 0.67% bænda, meðaltalsskattur á greiðanda er 80 237 kr. Mér hefur skilist, þegar stjórnarandstæðingar og þá sérstaklega Alþb. hafa talið á síðustu 4 árum að bændastéttin væri sú stétt í þjóðfélaginu, sem ekki væri aflögufær, og væri sú stétt, sem væri hvað verst á vegi stödd, þá væri ástæða til að létta skattbyrðinni af þeirri stétt, en ekki þyngja hana. En þeir voru ekki búnir að vera nema 6 daga í ríkisstj. þegar þeir ásamt Framsfl. og hinum ágæta og mikla bændaflokki, Alþfl., leggja þessa skatta á bændur landsins. Á sjöunda degi tóku þeir sér hvíld. Og nú er talað um að breyta stefnunni í landbúnaðarmálum. Það er ekki alveg nýtt. Maður hefur heyrt áður á þetta minnst. Það er sennilega gert með því að greiða niður landbúnaðarafurðir. Það er eins og hvati sérstaklega fyrir þær búgreinar að auka framleiðslu sína er þær verða svona ódýrar almenningi. Ég veit ekki hvernig hún tekst í framkvæmd, þegar fram líða stundir, sú stefna Alþb. að tvöfalda dilkakjötsframleiðsluna, flytja ekkert úr landi, en láta allt fara í gegnum magann á Íslendingum sjálfum. Kannske tekst þetta eins og fleira hjá þessum duglegu mönnum.

Það hefur lítið verið minnst á sjávarútveginn. Rósa-ræktarmaðurinn sagðist ekki tala um sjávarútveg, því að forsrh. hefði gert það svo ítarlega í framsöguræðu sinni. Forsrh. sagði einar tvær setningar um sjávarútveginn. Og það var að það mundi verða athugað síðar. Það var eitthvað í þá áttina. Og nú kem ég að spurningu formanns Verkamannasambandsins. Hvernig var farið að því að koma útgerðinni í Vestmannaeyjum af stað? Og Suðurnesjamenn, mega þeir ekki fylgja með fyrir Karl Steinar a. m. k., félaga þeirra? (**GJG:** Jú.) Hvað gerði ríkisstj. í því? Fyrrv. ríkisstj. hækkaði viðmiðunarverð Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Eftir að formaður Verkamannasambandsins hafði með góðri aðstoð nokkurra herskárra vina sinna stöðvað útflutning á afurðum landsmanna og beitt bæði löglegum og ólöglegum aðferðum til þess að torvelda framleiðslu Íslendinga snemma á s. l. vori, þá hélt auðvitað verðbólgan áfram að vaxa, svo sem var tilgangur þeirra manna, enda fitnuðu þeir mjög vel á þeim tíma eins og ónefnd persóna á fjósbitanum. Framleiðslan hélt áfram sinn vanagang þrátt fyrir það, og veitt voru hagræðingarlán sem fóru sérstaklega á Reykjanes og á Suðvesturland. Og ég get komið inn á það ef menn vilja. Það var úthlutað á annan milljarð í hagræðingarlán, fyrst af gengisbreytingunni í febr., að mig minnir 353 millj. kr., og svo síðar, þegar var gengið endanlega frá því, 11. eða 12. sept., en búið var að ganga frá úthlutun í gegnum Fiskveiðasjóð. Þessir aðilar vissu hvað þeir mundu fá, og það var fjármagn sem lyfti undir að þessi framleiðsla gat haldið áfram með eðlilegum hætti. Aðgerðir, sem núv. ríkisstj. hefur staðið að í þessum efnum, eru þær, að gengi krónunnar var lækkað og þar með fengu fiskvinnslufyrirtækin, bæði þar og annars staðar, meira fyrir sínar útfluttu afurðir, og svo hitt, að birgðirnar, sem voru í landinu, sem eru sennilega eitthvað að þakka Guðmundi J. Guðmundssyni, ef hv. þm. kannast eitthvað við þann mann, voru miklar og stóðu alveg undir hækkun viðmiðunarverðs Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, sem stóðu alveg undir þessari ábyrgð allt fram að gengisbreytingu. Núv. ríkisstj. átti þar engan hluta að máli. Þetta voru birgðir sem sjávarútvegurinn sjálfur átti, og þegar gengishagnaðurinn af þeim birgðum kom, þá varð hann til þess að standa undir því sem samkv. ákvæðum um ráðstöfun gengishagnaðar fer til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Hann stóð því við allar sínar skuldbindingar, enda var engin hætta fólgin í því að taka á sig slíka ábyrgð í allt sumar, á meðan Alþfl. og Alþb. voru í pókerspilinu um myndun ríkisstj. Þetta var sama og gullforði fyrir þessum ákvörðunum, enda stóð ekkert á því, að fyrrv. ríkisstj. gerði þetta, og hún gerði það shlj. Þetta er það sem kom útgerðinni í Vestmannaeyjum og á Suðurnesj-

um af stað þrátt fyrir góðan vilja formanns Verkamannasambandsins til að stöðva hana.

Við skulum svo líta aðeins á hvernig hagur sjávarútvegsins er. Hefur hann batnað við gengisbreytinguna hvað snertir fiskveiðarnar? Það varð 5% fiskverðshækkun eftir að núv. ríkisstj. tók við, en 17% gengislækkun. Olían hækkaði um rúmlega 10% rétt á eftir. Allur innflutningur hækkar að sama skapi, og fiskiskipaflotinn stendur mun verr að vígi eftir gengisbreytinguna en áður. Og ef við förum eftir því sem sjálf Þjóðhagsstofnunin segir, þá er rekstraráætlun fiskveiða, annarra en loðnuskipa, miðað við verðlag í sept. 1978: Bátar á loðnu bera halla upp á 4 milljarða 218 millj. kr., en endurmetnar afskriftir eru 3913 millj. Það er sem sagt meiri halli en afskriftirnar, eða á fjórða hundrað millj. kr., af bátum á loðnu. En þetta er auðvitað lakasta útkoman í fiskveiðiflotanum. Minni skuttogararnir eru með 209 millj. kr. halla, en þar eru endurmetnar afskriftir tæplega 2600 millj. Stærri skuttogararnir eru með 869 millj. kr. halla, og endurmetnar afskriftir eru enn þá minna eða aðeins 701 millj. Bátar á loðnu eru samkv. þessu yfirliti Þjóðhagsstofnunar með 14.8% halla, minni skuttogararnir með 4% halla og stærri togararnir með 11.2% halla. Samt stóð ekkert á ríkisstj. að bæta sköttum bæði á fiskiskip og fiskvinnslustöðvar, og m. a. s. eru fiskvinnslustöðvar í Vestmannaeyjum og á Reykjanesi ekki undanskildar.

Við skulum líta aðeins á vondu ríkisstj., sem var á undan, sem var alltaf að níðast á verkamönnum og sjómönnum. Frá verði í júní til ágúst 1974 til verðs, sem ákveðið var 1. júní á þessu ári og gilti til 30. sept., var meðalhækkun 287.6%. Þorskurinn hækkaði aðeins minna, eða um 281.2%, og karfi um 328.1%, en mestu máli skiptir meðaltalshækkunin, sem er 287.6%. Kauptaxtar verkamanna á sama tíma hækkuðu um 261.6% og kauptaxtar allra launþega í landinu um 252.2%. Ef við vísum aftur til Þjóðhagsstofnunar, þá er í yfirliti, sem birt er í árlegri úttekt og athugun Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar á skattframtölum kvæntra launþega á öllu landinu og tekur einungis til greiddra launa sem og launatengdra hlunninda, en undanskilur allar aðrar tekjur, birtar tekjur sjómanna í hlutfalli við tekjur verkamanna og iðnaðarmanna, hlutfallstölur. Ég tek t. d. töluna 1972 um sjómenn og verkamenn, hún er 117. 1977 er bráðabirgðatala 142. Áætlun í júní, miðað við óbreytt aflamagn, er 129. En áætlun í sept. að óbreyttu aflamagni er 123. Ef við tökum hlutfallstöluna sjómenn, iðnaðarmenn á sama tíma, þá er hún 101, 120 og svo í sept., miðað við óbreytt aflamagn, 112. Þetta er útkoman sem liggur fyrir í sambandi við fiskverð og tekjur sjómanna. Ég vona að hæstv. ríkisstj. hafi hana í huga þegar hún ætlar að fara að kynna sér málefni sjómanna og sjávarútvegs, sem mér skilst að eigi að verða einhvern tíma á næstunni.

Ef við fjöllum aðeins meira um sjávarútveg, þá hefur hæstv. sjútvrh. haldið því fram, að það komi mjög til álita að beita miklu strangari aðgerðum í sambandi við veiðar, jafnvel setja aflakvóta á hvert skip. Hann hefur líka látið það frá sér fara, að það sé full ástæða til þess að stækka ekki fiskiskipaflotann, því að það sé hægt að nýta miðin með minni flota. Þetta er nokkuð annað en ég hélt fram þann tíma sem ég var sjútvrh. Þá hélt ég því fram mjög ákveðið, að fiskiskipaflotinn væri ekki of stór, en hins vegar þyrfti að gera enn frekari ráðstafanir og það kostaði töluvert átak til þess að breyta sókninni á þann veg að það væri sótt í fleiri fiskstofna og með nokkuð öðrum hætti en gert er, þó að breytingar hafi orðið í þá átt á liðnum árum. Fyrrv. ríkisstj. setti mjög strangar reglur í sambandi við innflutning skipa, en hins vegar taldi hún nauðsynlegt að halda áfram skipasmíðum innanlands til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi í þessari iðngrein, sem mundi kosta offjár fyrir samfélagið. Nú er mér sagt, að þrátt fyrir að sjútvrh. telji að það þurfi að minnka fiskiskipaflotann, þá hafi á þessum skamma tíma þegar verið leigð tvö togskip og annað sé komið til landsins eins og af himnum sent. Það tók ekki langan tíma. Ekkert slíkt erindi lá fyrir hjá fyrrv. ríkisstj., hinsvegar lágu fyrir margar beiðnir víðast hvar af landinu sem var neitað. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh.: Er það ætlun núv. hæstv. ríkisstj. að breyta hér aftur um og samhliða því sem sjútvrh. stjórnarinnar lýsir yfir að flotinn sé of stór og þurfi að minnka hann sé bætt við nýjum skipum? Og á þetta að halda áfram? Ég held að það verði ekki til þess að bæta afkomu sjávarútvegsins í heild, ef taka á upp þessa stefnu.

Ef ég aðeins minnist á iðnaðinn, þá átti iðnaðurinn sterka talsmenn í fyrrv. stjórnarandstöðu, sem töldu að illa væri búið að honum í tíð fyrrv. ríkisstj. og þar væri ekki á bætandi og gera þyrfti stórátak fyrir iðnaðinn á flestum sviðum. Iðnaðurinn ber sig að öllu leyti illa. Margar greinar iðnaðar telja að afturvirkni skatta á s. l. hausti hafi ekki orðið til þess að bæta stöðu iðnaðarins, þó einhverjir stjórnarliðar telji það kannske vera sérstaklega til inntekta fyrir þessa atvinnugrein að fá skatta upp á nokkur hundruð milljóna.

Ég held að ekki verði heldur komist hjá því að minnast örlítið á verslunina. Nú er tilkynnt og látið í veðri vaka að það eigi að draga úr fjárfestingum í verslun og ýmsum öðrum þjónustugreinum og það eigi sannarlega að herða þar ólina. Nú er verslunin bæði í höndum kaupmanna, einkafyrirtækja og samvinnufélaga. Stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga samþykkti ályktun nýlega, þar sem hún vekur athygli yfirvalda á þeim gífurlegu rekstrarerfiðleikum sem verslunin á nú við að búa. Í þessari ályktun stjórnarinnar segir að við fimm gengisfellingar síðan í des. 1972 hafi verslunin orðið fyrir mjög verulegri eignaupptöku sem engin fordæmi séu fyrir annars staðar í þjóðlífinu. Vörubirgðir hafi ekki fengist metnar til endurkaupsverðs og því rýrnað til samræmis við verðminni krónur. Fljótandi gengisskráning hafi einnig rýrt afkomumöguleika atvinnuvegarins, en til viðbótar hafi hinni svokölluðu 30% reglu verið beitt fimm sinnum í kjölfar umræddra gengisbreytinga og það magnað erfiðleika verslunarinnar. Þrívegis hafa leiðréttingar fengist á 30% reglunni, en ávallt mörgum mánuðum síðar. T. d. voru gengisfellingarnar í sept. 1974 og febr. 1975 ekki bættar fyrr en í apríl 1975 og nóv. 1977.

Í nýútkomnu fréttabréfi Sambands ísl. samvinnufélaga, sem heitir Sambandsfréttir, er viðtal við kaupfélagsstjóra Kaupfélags Borgfirðinga, Ólaf Sverrisson. Hann segir að hjá Kaupfélagi Borgfirðinga hafi orðið ákaflega óheppileg þróun í smásöluversluninni, að vísu hafi orðið veruleg söluaukning, sem fyrstu þrjá ársfjórðunga þessa árs næmi 51%, en á hinn bóginn hefði vinnulaunakostnaður hækkað um 67% og færi þó fjarri að verslunarmenn væru of sælir með kjör sín. Og hann segir að á síðasta ári hafi rekstur félagsins skilað 11 millj. kr. tekjuafgangi, en í ár væri spurningin greinilega ekki

um það, hvort tækist að ná endunum saman, heldur einungis um hitt, hvað tapið hjá félaginu yrði mikið.

Förum nú frá Borgarnesi til Sauðárkróks og heyrum hvað kaupfélagsstjórinn í Kaupfélagi Skagfirðinga segir. Í smásöluversluninni hjá félaginu telur hann að brúttótekjurnar nægi ekki nema til þess að borga vinnulaunin, og væru þá eftir allir aðrir kostnaðarliðir, svo sem ljós, hiti, húsnæðiskostnaður, fyrningar, vextir og opinber gjöld.

Ef við förum austur í kjördæmi Lúðvíks Jósepssonar, sem Vilmundur kallar guðföður þessarar ríkisstj., þá segir kaupfélagsstjórinn á Egilsstöðum, að í þeim verslunum félagsins, þar sem eingöngu væru seldar dagvörur, næðu brúttótekjurnar rétt því að duga fyrir launakostnaði og væru þá eftir allir aðrir kostnaðarliðir.

Og ekki má gleyma Suðurlandi. Kaupfélagsstjórinn á Hvolsvelli segir að reikna megi með verulegum rekstrarhalla á þessu ári og ef ekki fengjust fram umbætur í málefnum smásöluverslunarinnar væri ekki annað fram undan hjá félaginu en að loka einhverjum verslunargreinum og minnka þannig þjónustuna við viðskiptamenn. Stóran þátt í þessu ætti það, að álagningin hefði verið lækkuð tvisvar á árinu, eftir gengisfellingarnar í febr. og sept. og nú horfðu menn með kvíða fram á hugmyndir um enn frekari hækkun vaxta, sem ekki væri neinn grundvöllur fyrir atvinnurekstur að bera að óbreyttu ástandi.

M. ö. o.: ef við lítum á verslunina, þá voru á s. l. hausti lagðir á hana skattar til viðbótar við þá skatta sem lagðir voru á fyrr á árinu og allir máttu við búa, og þeir nema töluvert hátt í 900 millj., eða um 877 millj. á verslunina og skyldar greinar til viðbótar öllum öðrum sköttum. Nú er ég ekki að kalla hér fram til vitnis kaupmenn, sem flestir aðdáendur þessarar ríkisstj. hafa sennilega lítið dálæti á, heldur tek ég til vitnis samvinnuhreyfinguna, sem þeir vilja allir styðja af heilum hug, og þegar hún ber sig svo illa, þá hlýtur að vera eitthvað svipað með aðra verslun í landinu. Og ef á að halda svo áfram eins og nú er boðað beint og óbeint, að það eigi að skattleggja atvinnureksturinn áfram enn meira en verið hefur, þá held ég að Ólafur Jóhannesson og Framsfl. ætli að ganga af kaupfélögunum dauðum með aðstoð kommúnista og krata, því að ekki geta þeir það einir.

Það er sitt hvað að tala um nauðsyn þess að gera þetta og hitt fyrir almenning í landinu og vera á sífelldu uppboði að bjóða fram það sem menn hafa ekki ráð á því að bjóða eins og ástandið er í þjóðfélaginu. Og ólíkt væri nú ástandið skárra ef Verkamannasambandið hefði ekki brotið niður þau lög sem sett voru til þess að hamla gegn verðbólgu. Þá þyrftu forsvarsmenn þess og annarra launþega úr hópi kommúnista og krata ekki nú að standa að miklu meiri kjaraskerðingu fyrir umbjóðendur sína, eins og þeir verða nú að gera. En hún tekur út yfir allt, hreysti formanns Verkamannasambandsins, að skrifa sérstakt bréf til þess að lýsa fögnuði sínum yfir því, að það væri verið að rýra kaupmátt launa umbjóðenda sinna og ráðast að verkamönnum í landinu og öðrum launþegum. Og ég hef sjaldan lifað áhrifaríkari stund hér í sölum Alþ. en þegar hæstv. forsrh. las upp þetta bréf innilega hrærður og leit til vinar síns, Guðmundar J. Guðmundssonar — þeir eru alveg nýlega orðnir vinir — og ég sá að það munaði engu að báðir færu að vatna músum. En sá, sem ekki var í ræðustólnum, bjargaði sér á því að grípa til dósanna. **(Gripið fram í:** Það er hátíðleg stund.)

Það verður ekki komist hjá því að minnast nokkuð á síðustu greinina í þessu frv., en það eru bætur almannatrygginga. Bætur almannatrygginga eiga að hækka um það sama sem kaupgjald almennt á að hækka um, rúmlega 6%, en bætur til þeirra, sem tekjutryggingar njóta, eiga að hækka nokkru meira eða um 9%. Ef við lítum á það sem kaupið í raun og veru ætti að hækka um, eða rúmlega 14%, ef við lítum á rósagarð Svavars Gestssonar og berum svo saman hvað gamla fólkið, 67 ára og eldra, nýtur mikillar hlutdeildar í þessari rósarækt, þá nýtur það ekki neitt nálægt því þess sama og þeir sem eru vinnufærir og eru á vinnumarkaðnum. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá því minna út úr því en þeir eiga að fá, það þori ég að fullyrða, þótt það liggi ekki glöggt fyrir enn þá. En þegar það liggur fyrir, þá sjáum við fram á að hér er um meira bil að ræða. Og þó að það sé gengið það langt, að uppbætur til tekjutryggingarhafa verði 9%, þá ná þeir ekki því sem þeir þyrftu að ná miðað við þær aðgerðir sem verið er að lofa og þessir aðilar koma ekki til með að njóta.

Hæstv. forsrh. sagði að það væri betra að taka stutt skref en stökkva í einu stökki. Hann var þá að skýra það, að sennilega væri betra að hafa smáskammtalækningar eins og núv. ríkisstj. tók upp í sept. og ætlar að halda áfram. Það verður gaman að sjá hann fara yfir verðbólgufljótið í sínum stuttu skrefum. Kannske hann trúi því, að hann geti gengið á vatninu.

Þessi ríkisstj. hefur haft þrjá mánuði plús það sem fór í viðræðurnar í sumar til þess að mynda einhverja heildarstefnu. Og það er ekki að ástæðulausu sem elsti þm. Alþfl. er þegar orðinn uppgefinn. Fleiri eru það líka, en þora þó ekki annað en hlýða foringjanum, sem vill halda áfram að taka stuttu skrefin með forsrh. í verðbólguvandanum.

En það er eitt sem ekki hefur verið komið inn á hér. Þegar gengið verður svona nærri atvinnulífinu í landinu, öllum helstu greinum atvinnulífsins, og á að skattleggja það með þessum hætti, eins og nú er haft í huga, þá hlýtur það að ske, að atvinnufyrirtækin fari að dragast saman, fari að segja upp starfsfólki. Það verður samdráttur í atvinnulífinu og það verður atvinnuleysi innan ekki langs tíma. Þá sendir sennilega formaður Verkamannasambandsins eitthvert annað bréf en þakkarbréf. Þegar atvinnuleysi er komið verða kratar sem eru í **Verkamannasambandinu reiðir. Það hefði því verið hyggilegra að láta faglega afstöðu ráða gerðum sínum og** umhyggju fyrir þeim mönnum sem eru innan þessara samtaka, taka á sig fórnir í upphafi og sigrast á þessum vágesti, verðbólgunni, en láta ekki pólitíkina vaða með sig í gönur og fara aðeins eftir því sem kommarnir segja á hverjum tíma, ekki því sem er verkamönnum og öðrum launþegum í landinu fyrir bestu. Það er þetta sem hefði verið affarasælla fyrir forustumenn launþega í landinu, sem tilheyra Alþb. og sumir hverjir tilheyra krötum, að gera í upphafi. Þá væri vandinn kannske minni í ár. Það er engin ástæða til þess, þó að það sitji ríkisstj., sem þessir menn styðja ekki eða við aðrir, að ráðast þannig að málum að spilla fyrir því sem á að geta gengið og á að geta farið vel og er þjóðinni fyrir bestu.

Stjórnmálaflokkar geta barist í kosningum. Þar eru ýmsir ofan á á hverjum tíma, og þó menn verði undir um tíma verða þeir að taka því og bíða eftir betra tækifæri í kosningum, en ekki beita ólöglegum aðgerðum. Þó að ég

sé óánægður og telji siðleysi í afturvirkni skatta, þá ætla ég að reyna að borga þá skilmerkilega og alls ekki standa í neinum málaferlum þess vegna. Það er lögleg stjórn í þessu landi, þó hún sé ómöguleg. Maður vonar þó auðvitað að þetta taki af. En þó að ég vilji gjarnan að ríkisstj. sýni betur að hún geti ekki neitt, þá þýðir ekki að beita ólöglegum aðferðum eins og sumir verkalýðsforingjar gerðu snemma á þessu ári. Þeir mega skammast sín mikið fyrir það og eiga eftir að fá heldur betur á baukinn fyrir það þótt síðar verði.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það er ekki nema sjálfsagt að verða við tilmælum hæstv. forsrh. um að halda ekki uppi löngu málþófi af svo litlu tilefni sem framlagt frv. hæstv. ráðh. óneitanlega er.

Vandinn í íslenskum efnahagsmálum er stór, og það er sjálfum flm. vafalaust ljóst, en þetta frv. er ekki þannig vaxið að það sé líklegt til þess að veita neitt annað en stuttan gálgafrest. Hitt er annað mál, að það er sérstök ástæða til þess að samfagna ríkisstj. með þann árangur sem náðst hefur í viðræðum við suma aðila vinnumarkaðarins, að þeir hafa fengist til þess út á loforð hæstv. ríkisstj. um efndir síðar af afsala sér nú þegar mjög verulegum hluta af samningsbundnu kaupi í krónutölu. Þetta staðfestir, svo að ekki verður um villst, að áhrifamikil öfl innan verkalýðshreyfingarinnar hafa að fenginni reynslu sannfærst um það, að við ríkjandi aðstæður í íslenskum efnahagsmálum er ekki íslenskum launþegum í hag að halda áfram óbreyttu sjálfvirku verðbólgukerfi. Samningsbundin kauphækkun í krónutölu er ekki líkleg til þess við ríkjandi aðstæður að koma íslenskum launþegum til góða, þegar kemur að því að rekja samhengi þeirra hluta áfram. M. ö. o.: það er engin trygging fyrir varðveislu kaupmáttar.

Það verður að segja eins og er, að þessi afstaða verkalýðshreyfingarinnar er, svo langt sem hún nær, ábyrg og hróss verð. Hún felur það í sér, að forsvarsmönnum launþega er ljóst að í hagkerfi, sem búið er að búa jafnlengi við of spenntan og þaninn verðbólguboga, 40—50% verðbólgu, við slíkar kringumstæður má ekkert út af bera í ytri skilyrðum til þess að það atvinnuöryggi, sem er fyrsta frumforsenda varðveislu kaupmáttar og varðveislu lífskjara, og fyrsta mál, sem ábyrgir verkalýðsleiðtogar hljóta að láta sig varða, sé ekki í hættu.

Það þarf ekkert að fara í grafgötur um það, að við þetta ástand er hagur atvinnuvega á Íslandi bágur. Það liggja allar upplýsingar fyrir um það, allt frá því að hæstv. núv. ríkisstj. settist á valdastóla með það sem sitt fyrsta verkefni að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun atvinnuvega. Þeir atvinnuvegir okkar Íslendinga, sem eru samkeppnisatvinnuvegir og byggja á útflutningi, þola ekki það þjóðfélagsástand, sem við búum við í dag, án þess að lenda raunverulega í alvarlegu rekstrar- og greiðsluþroti á fárra mánaða fresti. Það er ekki heldur hægt til lengdar að gera ráð fyrir því, að hægt sé með einhverjum skammtímamillifærslum af hálfu ríkisstj. að fleyta þeim áfram. Í þessum skilningi er hér um að ræða gálgafrest. Þolinmæði þessarar þjóðar er líka algerlega á þrotum gagnvart þeim stjórnmálamönnum, sem hafa ekki til þess — ég segi: kjark, þrátt fyrir ummæli hæstv. forsrh. áðan, að grípa til þeirra aðgerða sem nánast allir án tillits til stjórnmálaskoðana, án tillits til hagsmunaandstæðna eru samdóma um að eru óhjákvæmilegar.

Það er naumast hægt að nefna þann þátt atvinnurekstrar, að hægt sé að segja að hann búi við þau skilyrði að hann sé aflögufær eins og nú er ástatt. Það er að sjálfsögðu ágreiningslaust um okkar undirstöðuatvinnuveg, sjávarútveg og fiskvinnslu. Það er að sjálfsögðu ágreiningslaust um þann vísi að samkeppnisiðnaði, sem til er í landinu. Það er ágreiningslaust um þann hluta íslensks iðnaðar, sem býr við einhverja samkeppni frá þeim þjóðum, sem þróaðri eru og búa við betri hagstjórn en við. Það er ágreiningslaust að því er varðar t. d. smásöluverslun úti um allt land. Þá fer að sneiðast um gróðalindir sem við ættum að geta nefnt og ættu nú að bera uppi þær stórkostlegu fjármunatilfærslur í þjóðfélaginu sem eiga að duga til þess að fleyta undirstöðuatvinnuvegunum. Ætli það séu einhverjar tuskubúðir hér á Laugaveginum eða einhver sá þjónustuiðnaður, sem býr við það í skjóli götóttrar skattalöggjafar, sem stjórnmálamenn hafa ekki fengist til þess að taka föstum tökum enn, að búa við verulega og augsýnilega glæsilega einkaneyslu, — ekki vegna góðrar afkomu fyrirtækja, heldur vegna þess að þeir hafa vanist því á löngum tíma að geta fært sína einkaneyslu, sín bílakaup, sínar villubyggingar, sínar utanlandsferðir á tiltölulega lítt arðbær og jafnvel ekkert allt of snilldarlega vel rekin fyrirtæki?

En þessir hlutir eru m. a. s. þess eðlis, að það er ekki á dagskrá hér eða nú að ræða með hvaða hætti ætti að ná til þeirra einstöku aðila í þjóðfélaginu til þess að ná af þeim upp í hinar stóru millifærslur, þ. e. a. s. þeirra aðila sem fyrst og fremst hafa kannske getað komið ár sinni vel fyrir borð í þessu tiltölulega spillta aðstöðuþjóðfélagi með því að koma sér upp hagkvæmum samböndum að því er varðar pólitískar styrkveitingar sem hér á þessu landi ganga undir nafninu lán, en eru náttúrlega í eðli sínu, eins og öllum má ljóst vera, í raun og veru óafturkræfir styrkir.

Þess vegna ítreka ég það, að óþarfi er að eyða út af fyrir sig tíma hv. Alþ. til þess að fara mörgum orðum um það frv. sem hér liggur fyrir, því að það snertir í raun og veru svo sáralítið þann vanda sem við er að fást. Það er miklu fremur að hér gefist tilefni til ítarlegrar umr. um allt það sem ekki er að finna í þessu frv., en er aftur á móti að finna meira eða minna almennt orðað í grg. með þessu frv. En einmitt þá staðreynd, hina almennu mótun efnahagsstefnu, sem tengd er þessu frv., er ekki að finna í því. Hana er að finna sem óskalista eða loforðalista í grg. Þetta þýðir það, og þá staðreynd hljótum við að játa, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki getað notað þann tíma, sem henni hefur gefist frá því að hún settist á valdastóla í byrjun sept., til þess að koma frá sér þeirri samræmdu efnahagsstefnu sem þjóðin er að bíða eftir. Hinn almenni loforðalisti þýðir líka að sjálfsögðu, að jafnvel þessi sanngjarna og ábyrga afstaða verkalýðshreyfingarinnar að rétta nú ríkisstj. lið og afsala sér gegn aðeins meira eða minna óljósum loforðum kauphækkun í krónutölu, — hún afsalar sér þessu þrátt fyrir þá staðreynd, að ef farið er niður í saumana á þeim loforðum, þá verður náttúrlega að játa það, að engan veginn liggur ljóst fyrir við óbreyttar aðstæður, hvernig að efndum verður staðið. Það liggur ljóst fyrir, að að svo miklu leyti sem um er að ræða verulega auknar niðurgreiðslur og að svo miklu leyti sem um er að ræða verulega aukin ríkisútgjöld, sem hljóta að birtast í fjárl. vegna félagslegra umbóta, sem heitið er, og í þriðja lagi að svo miklu leyti sem lofað er

skattalækkunum, sem hljóta um leið að skerða tekjur ríkissjóðs, þá erum við hér að leggja fram frv., sem raunverulega ræðst ekki um efndir á fyrr en Alþ. fjallar um fjárlög og lánsfjáráætlun og því næst einstök önnur frv., sem hljóta að fylgja og snerta hin veigamestu mál, t. d. framkvæmd breyttrar stefnu í landbúnaðarmálum.

Út af fyrir sig er margt athyglisvert í þessari almennu grg. Það má segja sem svo, að þeir þættir hennar, sem geta talist lýsing á nauðsynlegum aðhaldsaðgerðum, sem stjórnvöld vilja beita sér fyrir gegn verðbólgu, séu sóttir í stefnuskrá Alþfl. í efnahagsmálum. En engu að síður er niðurstaðan sú, að þetta er raunverulega önnur tilraun hæstv. ríkisstj. til þess að orða þá stefnu almennum orðum. Þetta er í raun og veru að mörgu leyti nýr stjórnarsáttmáli til þriggja mánaða, þ. e. a. s. fram að 1. mars n. k.

Hæstv. fyrrv. forsrh., Geir Hallgrímsson, flutti hér mjög ítarlega ræðu áðan og ræddi einstök efnisatriði af mikilli nákvæmni. Hæstv. fyrrv. sjútvrh. var líka ákaflega kokhraustur hér áðan. Hann gerði mikið grín að þessari ráðalausu ríkisstj. Matthías var, eins og Vestfirðingi sómdi, miklum mun skemmtilegri. En ég verð um leið að taka það fram, að hæstv. fyrrv. forsrh. var miklum mun málefnalegri. Hann vék mjög að því, að viðleitni fyrrv. ríkisstj. til þess að ná tökum á verðbólguvandanum hefði í raun og veru strandað á skemmdarverkum verkalýðshreyfingarinnar, og báðir vildu þeir núa fyrrv. stjórnarandstæðingum mjög um nasir að þeir hefðu farið með skrum og blekkingar fyrir kosningar, svo sem hið fræga slagorð um samningana í gildi. Nú er náttúrlega rétt að þeir svari því sem fyrir kosningar fóru með slíkt skrum. Ég mun ekki gera það fyrir þá.

Ég ætla aðeins að rifja það upp fyrir hæstv. fyrrv. sjútvrh., Matthíasi Bjarnasyni, að á kosningafundum fjölmörgum talsins fyrir síðustu kosningar vestur á Fjörðum minnist ég þess ekki að málsvarar Alþfl. hafi farið með loforð eða heitstrengingar um að í því ástandi, sem við blasti að loknum ríkisstjórnarferli hans og samráðh. hans, væri mikið tilefni til skyndilegra kjarabóta eða á nokkurn máta tilefni til þess að gefa slík loforð. Þvert á móti, málflutningur okkar var sá, að úr því sem komið væri yrði sýnilega að grípa til slíkra ráðstafana að komið yrði við kaunin á því sem næst öllum þegnum þessa þjóðfélags. Í mínu minni er það svo, að það hafi fremur vafist fyrir hæstv. fyrrv. sjútvrh. að útskýra hvernig á því stóð, að fráfarandi ríkisstj. mistókst jafnhrapallega og raun bar vitni í glímu sinni við verðbólgudrauginn.

Nú er á það að minna, að á s. l. vetri var að frumkvæði gerði var nákvæmlega það sama og hér liggur fyrir. Það var sett löggjöf sem tók til þessa eina þáttar af öllum þeim sem við er að fást, verðlags- og launamála, og lögbatt þann þátt einan.

Nú er á það að minna, að á s. l. vetri var að frumkvæði fráfarandi ríkisstj. mynduð sérstök verðbólgunefnd. Þar voru kvaddir saman hæfustu sérfræðingar þjóðarinnar til þess að fjalla um þetta vandamál og fulltrúar allra stjórnmálaflokka, og þessi n. sat lengi á rökstólum. Um það er ekki ágreiningur, að samantekt þessarar nefndar, sem er hvað best unnin, samantekt af þessu tagi sem unnin hefur verið um íslensk efnahagsmál og þá úlfakreppu sem við erum í, — það fer ekki milli mála, að niðurstöður þessara sérfræðinga voru þær, að þær voru í raun og veru áfellisdómur yfir efnahagsstefnu fyrrv. ríkisstj. Það er fljótlegt að gera grein fyrir þessu, vegna þess að að sjálfsögðu dettur engum manni í hug að orsaka þeirrar óðaverðbólgu, sem geisar á Íslandi, sé eingöngu að leita til þess eina þáttar sem heitir launamál. Samkv. niðurstöðum þessara sérfræðinga er því haldið fram, að ríkisstj. sjálf hafi látið undir höfuð leggjast að beita þeim aðgerðum sem mönnum, að bestu manna yfirsýn, bar saman um þyrfti að gera að því er varðar stjórn ríkisfjármála, að því er varðar stefnumótun í peninga- og lánsfjármálum, að því er varðar fjárfestingarmál, að því er varðar skattamál, svo aðeins nokkuð sé nefnt. Það kann að vera nokkurt matsatriði, enda er erfitt að meta hver þessara þátta kunni að hafa mest áhrif á það verðbólgustig sem ríkjandi var á tímabili fráfarandi ríkisstj. En það er ekki nokkur vafi á því, að launamálin ein saman koma þar ekki til skýringar nema að sínum hluta.

Það er staðreynd, að fráfarandi ríkisstj. varð að sætta sig við þá niðurstöðu, að henni mistókst gjörsamlega og hrapallega á fjögurra ára ferli sínum að ná þeim markmiðum sem hún þó setti sér í upphafi og lýsti yfir að væru megintakmarkið með stjórnarsamstarfinu. Nú þýðir ekki fyrir sjálfstæðismenn út af fyrir sig að ætla að skýra þessi mistök með því að vísa til þess, að Framsfl. hafi verið mjög ráðríkur í þessu stjórnarsamstarfi. Það er ekki kunnugt að þeir hafi haft tilburði til þess að láta á það reyna. Nú vilja þessir herramenn t. d. mjög halda því fram, að Alþfl.-menn séu undir þá sök seldir að hafa látið undan síga í þessu stjórnarsamstarfi. Þeim er álasað fyrir það kjarkleysi að hafa ekki komið fram þeim stefnumálum sem þeir hins vegar viðurkenna að séu rétt. Ég minnist þess ekki að sjálfstæðismenn hafi í fyrrverandi stjórnarsamstarfi látið á það reyna að koma fram þeim stefnumálum sem þeir viðurkenna í orði kveðnu að eru rétt. Ég minnist þess ekki, að nokkurn tíma hafi komið til slíkra átaka.

Stefna fyrrv. ríkisstj. var röng þegar kemur að ríkisfjármálaþættinum í heild. Þrátt fyrir umskipti til hins betra á seinni hluta stjórnartímabilsins var ríkissjóður rekinn með umtalsverðum halla. Ríkisframkvæmdir og ríkiseyðsla voru fjármögnuð bæði með því að safna og hlaða upp skuldum við Seðlabankann, með því að efna til óhóflegrar útgáfu ríkisskuldabréfa, með því að afnema þær hömlur sem áður höfðu gilt við erlendar lántökur. Í annan stað er alveg ljóst, að fráfarandi ríkisstj. beitti ekki þeim aðhaldsaðgerðum sem sérfræðingar, sem um þetta fjölluðu í verðbólgunefnd, töldu fyrir löngu nauðsynlegar að því er varðaði stjórn peningamála. Hún treysti sér ekki til þess að grípa til raunhæfrar vaxtapólitíkur. Hún treysti sér ekki til þess að afnema það sérkennilega kerfi sem við höfum á bindiskyldu innistæðufjár í Seðlabanka, sem síðan er notað með lágvöxtum til að fjármagna afurðalán atvinnuvega. Henni brást illilega bogalistin að því er varðaði að setja raunverulega og fylgja fram útlánaþaki á lánum viðskiptabanka. Fjárfestingarstefna hennar var því miður öll í molum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að verðbólgumögnunin sjálf, sem við var að glíma, átti að miklu leyti rót sína að rekja til stefnu stjórnvalda. Og því miður er það svo enn.

Það er komið undir pólitísku mati, hversu hyggilegar aðgerðir fyrrv. ríkisstj. voru að því er varðaði samskipti hennar við aðila vinnumarkaðarins og einhliða lagasetningu sem greip inn í gerða kjarasamninga. Ég er þeirrar skoðunar, að ef fyrrv. ríkisstj. hefði getað fært að

því sannfærandi rök, að hún hefði sjálf gert skyldu sína að því er varðaði það sem hún hafði beinlínis á valdi sínu, þ. e. a. s. ef hún hefði sjálf séð til þess, að fjármálastjórn ríkisins væri rekin eins og vera bar og í samræmi við þau yfirlýstu markmið að ná niður verðbólgu, ef fyrrv. ríkisstj. hafði farið eins að í peningamálum, í fjárfestingarmálum og skattamálum, þá hefði hún þar með skapað forsendur fyrir því, að verkalýðshreyfingin hefði tekið betur afskiptum hennar af þeim þætti sem allar ríkisstj. grípa til út úr neyð, ef þeim hefur sjálfum brugðist bogalistin að því er varðar almenna mótun efnahagsmála á öðrum sviðum.

Ég ber ekki blak af þeim mönnum sem segja eitt í stjórnarandstöðu og annað í stjórn. Ég er ekki hér sem málsvari þeirra manna sem héldu því fram, að það væru skilyrði til þess, þegar gengið var til kosninga vorið 1978, að með því einu að skipta um stjórn og menn í stjórnarstólum væri að hægt að fylgja fram þeirri stefnu að samræma stórhækkun, gífurlega prósentuhækkun kaups í krónutölu og raunverulega aðför að verðbólguvandanum. Það verða aðrir menn að gera en ég. En ég held því fram, að það sé stórkostleg einföldun á staðreyndum málsins að halda því fram í alvöru, að fyrrv. ríkisstj. hafi að því leyti verið saklaus í sinni viðleitni og í góðri trú, að það eitt hafi komið í veg fyrir árangur, að verkalýðshreyfingin var henni óþægur ljár í þúfu.

Ég fullyrði m. ö. o. ósköp einfaldlega, og það er mín niðurstaða og ég tel í raun og veru að ég þurfi ekki að byggja hana á mínu persónulega mati, heldur er það raunverulega sú eina niðurstaða sem lesin verður út úr þeirri samantekt sérfræðinga ríkisstj. sjálfrar, sem hver maður má lesa í skýrslu verðbólgunefndar. Það er mér hins vegar geysimikið furðuefni, að flokkur, sem hefur þau yfirlýstu markmið efst á blaði að draga úr óhóflegum ríkisafskiptum og ríkisumsvifum og renna traustum stoðum undir heilbrigðan atvinnurekstur, — að ríkisstj., sem hefur slík markmið efst á blaði, skuli jafnvel ekki heldur hafa haft kjark til þess að grípa til þeirra aðgerða sem allir dómbærir menn þá voru sammála um að væru frumforsendur ef við ætluðum að gera okkur einhverjar vonir um árangur.

Það skal vera niðurstaða þessara orða minna hér, það er ekki út af fyrir sig miklu fleira að segja um það frv. sem hér liggur fyrir en þetta: Það liggur fyrir með frv. loforðalisti þar sem ríkisstj. heitir því stuðningsmönnum sínum og þeim aðilum í verkalýðshreyfingunni, sem nú hafa raunverulega keypt henni gálgafrest með kaupi sínu, að nú skuli loksins verða algjör umskipti, nú sé hún tilbúin að leggja fram á næstunni þá samræmdu stefnu í efnahagsmálum sem snertir þá aðra þætti sem ríkisstj. sjálf hefur beinlínis vald á og ættu að duga til þess, að hún gæti staðið við loforð sín. Það er hverjum manni í sjálfsvald sett, hvernig hann metur þetta, en tíminn er naumur. Við skulum gera okkur ljóst, að tíminn er ekki lengri en fram að í fyrsta lagi afgreiðslu fjárlaga, því þá fyrst reynir á hvort þau loforð og þær skuldbindingar, sem ríkisstj. hér hefur tekið á sig, rúmast innan ramma þeirra fjárlaga sem verður að skila með mjög verulegum tekjuafgangi, þar sem óhjákvæmilegt er að beita mjög harðneskjulegum niðurskurði bæði í verklegum framkvæmdum á vegum ríkisins og í framlögum til ýmissa bráðnauðsynlegra og aðkallandi félagslegra umbótamála. Í annan stað hlýtur það að koma fram þegar kemur að afgreiðslu lánsfjáráætlunar, sem gera ber reyndar áður en og um leið og fjárlög eru unnin. Og þó er þetta aðeins byrjunin. Það lofar ekki góðu, ef málflutningur ýmissa stjórnarsinna nú ætlar að halda áfram að vera í líkingu við Lísu í Undralandi, ef hann á enn að vera af því taginu, að stjórnmálamönnum sé með einhverjum töfrabrögðum gerlegt að lofa almenningi í þessu landi gulli og grænum skógum, batnandi lífskjörum, hækkandi kaupi, stórkostlegum og dýrum félagslegum umbótum, og samræma þetta annars vegar lækkandi skattheimtu, lækkandi skattbyrði, vaxandi kaupmætti, auknum álögum á atvinnurekstur, sem í öðru orðinu er viðurkennt að er verið að bjarga nærri því frá greiðsluþroti.

Samhengið í þessari grútarbræðsluhagfræði er mér enn sem fyrr hulin ráðgáta, og ég endurtek það, að það er alrangt ef því er haldið fram, að hægt sé að venja þessa þjóð af fíknilyfjaneyslu 50% verðbólgu, sem búið er að venja hana á í 6-7 ár, með einum saman töfraformúlum. Við skulum gera okkur það fullkomlega ljóst, að það verður ekki gert nema með mjög harðneskjulegum aðgerðum. Og það er ekki hægt að benda á neinn þann syndahafur í þessu þjóðfélagi sem hægt er að draga út úr og segja: Hér hafið þið braskaralýðinn, hér hafið þið stórgróðalýðinn, sem einn skal bera byrðarnar. — Það hefur hingað til vafist fyrir mönnum að benda á þennan hóp, og því miður hefur málflutningur af því tagi lítil tengsl við raunveruleikann eins og hann er.

Þeir menn, sem í raun og veru vilja gera sér vonir um að þessari ríkisstj. takist betur til en stjórninni þar á undan og betur til nú í upphafi síns ferils heldur en vinstri stjórninni, sem skildi við í 50% verðbólgu 1974, — þeir stjórnarsinnar verða nú næstu dagana, vikurnar og missirin að gera strangar kröfur til sjálfra sín. Og það er alveg rétt, að það hlýtur að vera svo, að hæstv. forsrh. og ráðh. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar sé það vissulega hvatning til þess að gera nú skyldu sína þegar launþegahreyfingin býður þá kosti sem hún hefur boðið. Og það væri mikil smán og skömm öllum þessum aðilum ef þeir kynnu að verða uppvísir að því innan ekki mjög langs tíma, því tíminn er naumur, að hafa ekki getað staðið við skuldbindingar sínar, þegar slíkar fórnir eru færðar af launþegum.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þess frv. sem hér liggur fyrir um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Það má segja, að í því felist að vandinn, sem við blasti 1. des., að hleypa allri launahækkuninni út í verðlagið sé leystur í bili, en því miður með enn einni bráðabirgðalausninni. Það leysir vandann aðeins um tíma. Að því leyti er það okkur Alþfl.-mönnum mikil vonbrigði. En það verður aldrei of oft undirstrikað, að það er auðvitað alrangt að kenna kaupi og kjörum launafólks sífellt um verðbólguvandann og biðja launafólk sífellt að færa fórnir til að hægt sé að leysa hann, ef ekki annað er að gert. Launafólk skilur vandann og er tilbúið að færa fórnir, en það verður þá að sjá og hafa tryggingu fyrir því, að aðhald sé líka á öðrum sviðum og raunverulega sé ásetningur stjórnvalda að takast á við vandann.

Alþfl. hefur reynt til hins ítrasta að ná fram endurskoðun vísitölunnar, þar sem tryggt væri að hamlað væri gegn sífelldum víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, sem er að sjálfsögðu aðeins hluti vandans. Á hitt hefur hann ekki síður lagt áherslu, sem ekki er síður mikilvægt,

að efnahagsstefnan verði sveigð að langtímamarkmiðum. Vísitalan og launastefnan eru auðvitað aðeins hluti verðbólguvandans. Fjárfestingarstefnan, stefnan í skattamálum, verðlagsmálum og ríkisfjármálum eru ekki síður afgerandi þættir í vandanum. Á þessi atriði hefur Alþfl. lagt mikla áherslu ekki síður en á endurskoðun vísitölunnar. En það ber að viðurkenna, að tíminn frá 1. sept. hefur ekki verið notaður sem skyldi til að undirbúa jarðveginn að þeirri breyttu efnahagsstefnu sem við vildum til að koma verðbólgunni niður og tryggja kaupmátt launa. En vissulega ber þó að viðurkenna, að hér hefur verið um mjög stuttan tíma að ræða og kannske of stuttan til að meta hvort ríkisstj. er alvara í því að takast á við efnahagsvandann, þar sem erfiðleikarnir voru miklir er hún tók við 1. sept. s. l.

Á hinn bóginn gefur grg. með frv. viss fyrirheit, sem eru miklu ákveðnari en nokkurn tíma í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna, um að ríkisstj. ætli að grípa til ýmissa stefnumarkandi aðgerða á næstunni sem benda til að stefnuna sé verið að taka í þá átt að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Ég hygg að þetta tækifæri eigi að gefa henni og þessa viðleitni hennar beri að meta á þann hátt, að hún fái tækifæri til að sanna að alvara sé á bak við orð hennar um að ná tökum á efnahagsvandanum. Með þetta í huga mun ég því ekki greiða atkvæði gegn þessu frv.

Á það ber einnig að líta, að samráð og samvinna hefur verið um þessar aðgerðir við verkalýðshreyfinguna, sem er sá hornsteinn sem stjórnarsamstarfið byggir á. Flest launþegasamtökin vilja gefa henni vinnufrið og tækifæri til að sanna að henni sé alvara í því að keyra niður verðbólguna. Að mínu mati sker það úr og verður þolraun þessarar ríkisstj. næstu vikur, hvort hún eigi einhverja lífdaga fram undan eða ekki, að hún hafi dug og kjark til að framkvæma það sem grg. kveður á um. En það verður að gerast á þann hátt, að það verði ekki aðeins biðlað til launafólks um fórnir, heldur verða það að vera afgerandi stefnumarkandi langtímaaðgerðir á öllum sviðum fjárfestingar og ríkisfjármála. Það verður að beita skynsamlegri landbúnaðarstefnu og ekki síst réttlátri og sanngjarnri skattastefnu og tryggja jafna og varanlega kaupmáttaraukningu og launajöfnuð. Þessu bíður þjóðin eftir. Til þessa hafa launþegar nú gefið ríkisstj. tækifæri, og ef hún notar það ekki skynsamlega næstu vikurnar, þá þarf hún ekki að kemba hærurnar.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það hefur komið fram í þessum umr., bæði af hálfu stjórnarandstöðu og stjórnarsinna, að þetta frv. er með sérstökum ólíkindum. Bæði er það svo, að í rauninni skilst ekki hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vakir með flestum greinum þess, en þó stendur það upp úr, að ætlunin er að eyða 8% vísitöluhækkun með ýmsum hætti, sem þýðir það að launþegar eru í rauninni sviptir 27 milljörðum kr. með þessum hætti, ef reiknað er það sem þeir hefðu átt að fá samkv. samningum. Og það er náttúrlega næsta hlálegt, að þetta frv. skuli koma frá þeim aðilum sem heimtuðu samningana í gildi á sínum tíma. Það stendur upp úr líka, að þessar vísitölubætur, sem frv. gerir ráð fyrir, og segir að skuli greiða og verður ekki skilið annað en megi ekki greiða hærri verðlagsbætur á laun en 6.1%, þær mæla verkamanni, sem er með 200 þús. kr. tekjur, 28 þús. kr. verðlagsbætur, en forstjóra með 600 þús. kr. 84 þús. kr. Þannig er nú það réttlæti sem hæstv. ríkisstj. sýnir launþegum með þessu frv., og blöskrar víst mörgum fleirum en mér að hv. þm. Guðmundur J. sem hér situr nú, skuli geta skrifað fyrir hönd Verkamannasambandsins sérstakt þakkarbréf út af þessu frv. til hæstv. ríkisstj.

En það var ekki þetta sem ég vildi ræða hér. Þetta hefur komið fram hér í umr. að einhverju leyti áður. En ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvort þingheimur megi yfirleitt búast við því í framtíðinni, að stjórnarfrumvörp verði þannig úr garði gerð sem þetta frv. Í því er ekki einn einasti stafkrókur um það, hvað þær svífandi hugmyndir, sem koma fram í frv., muni kosta ríkissjóð. Látum nú vera að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. hafi ekki áhyggjur af því, hvernig fer með atvinnuvegina þegar þeir þurfa að borga 6.1% hækkun á laun, eins og ástatt er nú í þjóðfélaginu og eins og aðstaða þeirra er. En hæstv. ríkisstj. leyfir sér að leggja fram frv. sem gerir ráð fyrir gífurlegum útgjöldum úr ríkissjóði á ýmsan hátt, en leggur ekki fram einn einasta stafkrók um það, hvað þetta þýði í fjárhæðum. Ég minnist þess, að það hefur verið mikið um það rætt hér á hinu háa Alþ., að það eigi ekki einu sinni að leggja fram frv. um að gera einhverjar smávægilegar umbótaaðgerðir í þjóðfélaginu, nema ríkisstj., sem vill vera ábyrg, geri grein fyrir hvað það kosti. Hér er frv. upp á milljarða sem á að leggja byrðar á ríkissjóð í einu eða öðru formi eða létta af sköttum, en það er ekki gerð grein fyrir því með einum einasta stafkrók, hvernig þetta eigi að framkvæma, hvað byrðar ríkissjóðs séu miklar vegna þessa frv., og ekki með hvaða hætti eigi þá að létta þeim af ríkissjóði, annaðhvort með niðurskurði eða með öflun skatta. Ég hélt að þetta væri kannske vegna þess, að frv. var samið í miklum flýti, eins og við hv. þm. vitum, að ekki var vikið einu einasta orði að því, hvað þessar greinar frv. kosta: niðurgreiðslur, félagslegar umbætur og lækkun skatta. Ég hélt að það væri vegna tímaskorts að þetta var ekki sett í grg. með frv. En ég hlustaði vendilega á hæstv. forsrh. og hann minntist ekki orði á þetta og þaðan af síður náttúrlega hvað kaupgjald, sem atvinnuvegirnir eiga að bera samkv. frv., þyddu í útgjöldum fyrir þá. En það eru sem sagt um 20 milljarðar fyrir alla launagreiðendur í landinu sem bætast ofan á það sem þeir greiða núna.

Það kom hér fram í umr., að hv. þm. Vilmundur Gylfason nefndi þessar frumvarpsgreinar, sem fela í sér beinar eða óbeinar greiðslur úr ríkissjóði, — hann nefndi þær og frv. í heild sjónhverfingar. Þetta eru orð að sönnu. Ég hef nefnt þetta eina umfangsmestu svikamyllu sem sést hefur í íslenskum stjórnmálum á síðari árum, þ. e. a. s. þetta frv. er framhald að þeirri svikamyllu sem kemur fram í fjárlagafrv. sjálfu. Þar er gert ráð fyrir að auka niðurgreiðslur á vöruverði í beinum niðurgreiðslum og óbeinum um 16 milljarða kr. Þetta kemur þannig fram, að bein aukning niðurgreiðslna á vöruverði samkv. því frv. er 11 milljarðar, en óbein niðurgreiðsla felst í niðurfellingu söluskatts á matvörum, þ. e. a. s. 5.3 milljarðar. Fjár til þess að greiða niður vöruverð um þessa hrikalegu upphæð, 16 milljarða kr., auka niðurgreiðslur um þetta á einu einasta ári, er hugsað að afla með auknum tekjusköttum og eignarsköttum, af því að þeir hafa ekki áhrif á vísitöluna. Þetta er beinlínis tekið fram í grg. með frv. og kom mjög glöggt fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir því frv. En það er ekki nóg með að ætlunin sé að ná þessu með þessum hætti, með auknum tekju- og eignarsköttum, heldur er beinlínis ætlunin að skattleggja aukinn kaupmátt fólks milli ára um 3 milljarða, og það er

gert með því að hækka skattvísitölu einungis um 43% á sama tíma sem laun hækka um 50% milli ára. Persónuafsláttur og skattþrep hækka þá um 43% þegar launin hækka um 50%. Með þessu ætlar hæstv. ríkisstj. að skattleggja kaupmáttaraukningu, sem orðið hefur í landinu, um 3000 millj. kr. Ég vænti þess, að hæstv. viðskrh., sem fór hér með kaupmáttartölur í dag og talaði um taxtakaup, hafi gert sér grein fyrir því, að hann fór með hreint fleipur, vegna þess að í þeim kaupmáttartölum kemur ekki fram aukin skattheimta ríkisvaldsins á kaupmáttaraukninguna. Þar er aðeins um taxtabreytingar að ræða og kemur ekki fram hvort ríkisvaldið á einhverjum tíma eykur tekjuskatta á menn og tekur þannig til baka kaupmáttaraukninguna. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði að með þessu væri hæstv. núv. ríkisstj. að gera tekjuskattinn að meiri launamannaskatti og verri en áður, og ég er honum alveg hjartanlega sammála.

En svikamyllan heldur áfram með þessu frv. Hér er gert ráð fyrir að auka niðurgreiðslur frá því, sem er í fjárlagafrv., um 1/2, þ. e. a. s. greiða niður 1/2% að auki, miðað við forsendur frv., og síðan er þessi sjónhverfing útfærð og aukin með því að taka 3% vísitöluskerðingu með ótilgreindum félagslegum aðgerðum og með ótilgreindum skattalækkunum 2% að auki.

Þarna er sem sagt um það að ræða að auka þessa svikamyllu, að launþegar sjálfir greiði niður eigið kaup, með því að lofa þeim ótilgreindum félagslegum umbótum og skattalækkun sem engin veit hver á að meta til verðs og er í rauninni, eins og kom fram hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, óútreiknanlegt. Hvernig á að meta félagslegar aðgerðir til vísitölubóta eða ekki vísitölubóta? Ég hygg að hv. þm. Vilmundur Gylfason hafi hitt þar naglann á höfuðið, þótt stundum segi hann ýmislegt sem ekki fær staðist.

Það er alveg ljóst, að auðvitað verður einhver, alveg eins og með niðurgreiðslurnar, að borga fyrir félagslegar umbætur. Og hverjir munu borga það á endanum ef það er ekki allur almenningur í landinu? Menn verða því ekki bara látnir borga niður kaup sitt, heldur er með ótilgreindum loforðum um félagslegar umbætur reynt að fara á bak við það að vísitala er skert.

Ég hef reynt aðeins — að vísu hef ég ekki til þess öll gögn — að meta hvað þetta frv. gæti þýtt fyrir ríkissjóð í útgjöldum, ef taka á frv. alvarlega.

Í fyrsta lagi þýðir þetta það, að við 2800 millj. kr. fjárvöntun í fjárlagafrv. sjálfu til niðurgreiðslna bætast 800 millj. kr., vegna þess að það er ætlunin að greiða niður um 3% skv. þessu frv., en gert ráð fyrir 2 1/2% í fjárlagafrv. sjálfu. En það stendur í því frv., að þar skorti á 2 800 millj. kr. Fjárvöntun til niðurgreiðslna skv. þessu frv. og fjárlagafrv. er sem sagt 3 milljarðar og 600 millj. kr.

Það hefur oft verið sagt, að það sé ódýrasta leiðin fyrir ríkissjóð að fara í kringum vísitölukerfið með því að greiða niður vöruverð, greiða niður landbúnaðarvörur. Ef við metum með þessum ódýrasta hætti fyrir ríkissjóð þau loforð sem eru í 2. og 3. gr. frv., eins og um niðurgreiðslur væri að ræða úr ríkissjóði, — við skulum vona að þessi ríkisstj. hugsi sér a. m. k. að standa myndarlega að þessum loforðum til launþega, — þá þýðir þetta: 3% lækkun vísitölu vegna félagslegra umbóta og 2% lækkun vísitölu vegna lækkunar beinna skatta, samtals 8.7 millj. Sem sagt, fjárvöntun vegna þessara loforða, ef taka á þau bókstaflega, er hvorki meira né minna en 12.3 milljarðar kr. Á móti þessu kemur að það er gert ráð fyrir eilítið minni kauphækkun og þess vegna líka minni hækkun almannatrygginga í þessu frv. heldur en í fjárlagafrv. Þar græðir ríkissjóður 1200 millj. kr. Niðurstaðan af þessu er sú, að þetta frv. þýðir, ef á að taka það alvarlega og þetta er metið mjög varlega, metið á þeim grundvelli að ríkissjóður greiði niður þessi vísitölustig, þá er þarna um fjárvöntun að ræða nettó upp á rúma 11 milljarða.

Fyrir utan þetta væri kannske ekki úr vegi að upplýsa hv. þdm. um það, að mörg atriði í fjárlagafrv. eru þess eðlis, að þar eru liðir vanáætlaðir eða ríkisstj. hefur verið að gæla við það að hækka þá og þar fram eftir götunum. Ég skal minna á nokkra.

Landbrh. sagði í ræðu um daginn, að útflutningsbætur væru vanáætlaðar um 1 milljarð. Það hefur stundum verið talað um af stjórnarsinnum, að það þyrfti að hækka verklegar framkvæmdir um 1—2 milljarða frá frv. Og það hefur verið talað um að það þurfi að leiðrétta olíuprósentið, sem kallað er, en eins og hæstv. ríkisstj. gekk frá olíuprósentinu gefur það ríkissjóði 2 500 millj. kr. meiri tekjur en olíustyrkurinn. Byggðasjóður er með sérstökum reikningskúnstum skorinn niður um 1130 millj. kr. Til viðbótar þessu er nauðsynlegt að afgreiða frv. með a. m. k. 3—4 milljarða kr. greiðsluafgangi.

Það eru ótalmargir aðrir liðir sem koma til athugunar fjvn. Ég veit ekki hvað hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar ætlar að taka af þessum liðum til leiðréttingar. En það þarf mikið fjármagn til ef þetta frv. á að taka alvarlega og ef þarf að gera breytingar á fjárlagafrv., eins og t. d. hækkun á verklegum framkvæmdum um 1-2 milljarða o. s. frv., lagfæra eitthvað olíuprósentið og þar fram eftir götunum, ég tala nú ekki um ef á eitthvað að lagfæra að það er skorið niður til félagslegra umbóta í þessu fjárlagafrv. um stórar upphæðir. Þar er skorið niður um 700 millj. kr. af Byggingarsjóði ríkisins, sem dregur úr íbúðarlánum, og þar er skorið niður meira að segja framlag til verkamannabústaða, sem var verið aðýja að hér að ættu að vera ein stærsta rósin í rósagarði ríkisstj. á sviði félagslegra umbóta. Þar eru þessir liðir skornir niður. Auk þess eru líka skornar niður verklegar framkvæmdir að raungildi um 9—10 milljarða kr. fyrir utan allt þetta. Hvernig ætlar ríkisstj. sér að ná saman fjárl. með því að samþ. þetta frv. fyrst, ef taka á loforð þess alvarlega? Ef meta á útgjöld skv. þessu frv. varlega, þá sýnist mér að þarna sé um að ræða svo stórfelldan vanda, að ég veit ekki hvort hv. þdm. gera sér grein fyrir því. Ég get ekki betur séð en að það sé lágmark, að afla þurfi nýrra tekna í ríkissjóð upp undir 15—20 milljarða, ef á að gera þetta allt saman og ná saman fjárl. Og mér er spurn: Hvernig hugsar ríkisstj. sér að framkvæma þetta? Ég dreg mjög í efa að unnt sé að skera meira niður en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Þess vegna þarf að ná þessu fjármagni með nýjum sköttum ofan á það sem hugmyndin er að gera með fjárlagafrv., og er þá reiknað með sköttunum eins og þeir eru þegar sérstöku skattarnir eru reiknaðir með á árinu 1979: sérstakur eignarskattur, sérstakur tekjuskattur og guð veit hvað.

Ég vil nú auglýsa eftir afstöðu Alþfl. sérstaklega, sem hefur skrifað undir þetta frv. án fyrirvara, en skrifar undir frv. til fjárlaga með fyrirvara vegna þess að hann er óánægður með skattheimtuna. Flokkurinn vill lækka tekjuskatta frá því sem er í fjárlagafrv. Hvernig hugsa

menn sér þá að framkvæma þetta, að ná þessu fjármagni? Við skulum segja að þetta sé stórkostlega ýkt mynd hjá mér og þetta sé miklu minna, en það er alveg augljóst, að þarna er um marga milljarða króna að ræða sem verður að afla fjár til með einhverjum hætti. Ég vil nú auglýsa eftir hugmyndum Alþfl. um það, hvernig hann hugsar sér að koma því heim og saman við þá stefnu sem hann hefur þóst hafa í skattamálum, við þann fyrirvara sem hann hefur um fjárlagafrv., og sérstaklega fá svar við því, hvort Alþfl. sé fallinn frá fyrirvaranum um skattahækkun samkv. fjárlagafrv.

Sérstaklega vil ég endurtaka það, að ég óska eftir skýringum hæstv. forsrh. á því, hvernig hann hugsar sér vinnubrögð með stjfrv. í framtíðinni, hvort þetta er það sem hið háa Alþ. má eiga von á frá þessari hæstv. ríkisstj., að það komi ekki stafkrókur um það í frv.,sem hæstv. ríkisstj. ætlar að leggja fram, hvað þau kosti ríkissjóð, hvort þetta sé það sem koma skal. Og ég óska sérstaklega eftir að fá sem fyrst að vita glögglega hvaða mat ríkisstj. leggur á útgjöld úr ríkissjóði, sem frv. hafi í för með sér, og hvernig hún hugsi sér að afla tekna á móti.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það hefur verið athyglisvert að hlýða á hv. þm. sem talað hafa í kvöld við þessa umr. af hálfu stjórnarandstöðunnar. Þeir hv. þm. Sjálfstfl., sem hér hafa tekið þátt í umr., hafa deilt á ríkisstj. fyrir tvennt. Þeir hafa annars vegar deilt á ríkisstj. fyrir að það kaup, sem gert er ráð fyrir að greitt verði eftir 1. des. skv. því frv. sem hér er til umr., sé eiginlega allt of hátt með tilliti til stöðu atvinnuveganna í landinu, sem verið sé að leggja á auknar byrðar, enda þótt atvinnuvegirnir standi að þeirra dómi svo illa, að þeir þoli ekki neina launahækkun. En svo hafa þeir jafnframt deilt á ríkisstj. fyrir það, að hún sé með þessu frv. að klípa af launum launafólksins í landinu, og nefna í þeim efnum jafnvel himinháar tölur. Það væri ákaflega fróðlegt að fá nánari upplýsingar um það, hvort hv. þm. Sjálfstfl. telji að það kaup, sem frv. gerir ráð fyrir að verði borgað eftir 1. des., sé heldur of hátt eða of lágt. Það getur nefnilega varla verið hvort tveggja, eins og mætti skilja af málflutningi þeirra.

Ég hlustaði einnig með athygli á ræðu hv. 7. þm. Reykv., Vilmundar Gylfasonar, og ég hygg að það hefði verið hollt fyrir marga fleiri en þá, sem sitja á hinu háa Alþ., að heyra það sem hann hafði að segja. Í ræðu hans kom ákaflega skýrt fram sitthvað um aðdraganda þessa frv. sem hér er nú til umr., og það kom ákaflega skýrt fram, að enda þótt stuðningsflokkar ríkisstj. standi að frv. nú þá var þeirra á milli býsna mikill ágreiningur um það hvernig ætti að gera þetta frv. úr garði.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason lýsti hér nokkuð þeim till. sem hans flokkur, Alþfl., hafði lagt fram og gert kröfu um að ríkisstj. gerði að sínum till. Hann gat um það meginatriði þessara till. Alþfl., að í frv. skyldi kveðið á um það, að laun mættu ekki hækka á árinu 1979 nema um 4% í verðbætur sem hámark eftir hverja 3 mánuði, þ. e. a. s. í mesta lagi um 17% í krónutölu á næsta ári. Þetta var aðalatriði till. Alþfl., eins og kom skýrt fram hjá hv. 7. þm. Reykv.

Um þetta er það að segja, að ef ríkisstj. sem heild hefði fallist á þessar till. Alþfl., hefði þar verið um að ræða alvarlegri aðför að launakjörum almenns verkafólks og alls láglaunafólks í þessu landi heldur en átti sér stað af hálfu fráfarandi ríkisstj. fyrr á þessu ári. Þetta eru stór orð, en ég bið menn að taka eftir því sem ég segi í þessum efnum, því það eru ekki nema staðreyndir.

Ég hygg að við finnum hvorki í hópi hagfræðinga né stjórnmálamanna neina þá sem halda því fram, að nokkrar líkur séu á að hægt verði á árinu 1979 að koma verðbólgunni lengra niður en í máske 35% eða svo, og væri það vissulega mikill árangur. En það að fara að tillögum hv. þm. Alþfl., sem hv. þm. Vilmundur Gylfason gerði hér að umræðuefni, hefði þýtt, að jafnvel þótt takast kynni að ná verðbólgunni niður í 35% á árinu 1979 átti kaupið — líka hjá lægst launaða fólkinu í landinu — ekki að hækka nema um 17% eða innan við helming af hækkun verðlags.

Það var ekki í þessum till. verið að leggja til að sækja fjármagn til þeirra aðila í þjóðfélaginu sem safnað hafa verðbólgugróða í stórum stíl á undanförnum árum. Það var ekki verið að setja fram rökstuddar till. um að ná fjármagni úr þeim holum sem stundum hefur verið talað um að væri að finna í neðanjarðarhagkerfinu, sem þeir hv. þm. Alþfl. minnast stundum á. Nei, það átti að byrja á einum stað, hjá launafólkinu.

Það kann að vera að það virðist létt verk að ráða niðurlögum verðbólgunnar á Íslandi ef kaupið er bara lækkað nógu mikið. En ég er ekki viss um, að þeir stuðningsmenn Alþfl. í verkalýðshreyfingunni, sem stóðu við hlið annarra þar fyrr á þessu ári í kjaradeilunum, hafi verið eða séu jafnsannfærðir um það, að meginmeinsemdin í okkar þjóðfélagi sé of hátt kaup verkafólks, eins og hv. þm. Alþfl. sumir hverjir a. m. k. virðast vera.

Það er rétt að minnast þess, að í tíð fyrrv. ríkisstj., á síðasta kjörtímabili, átti líka að lækna verðbólguna — og hvernig var farið að því? Með mjög svipuðum hætti og till. Alþfl. fólu í sér. Kaupmáttur almennra launa lágtekjufólks í þessu landi var skertur á fyrstu valdamánuðum ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar um ekki minna en svo sem 20%. Það átti að vera byrjunin í aðförinni að verðbólgunni. Hvernig tókst til? Leiddi þessi launalækkun til lækkunar verðbólgu? Hún gerði það ekki. Það er öllum kunnugt. Og sú ríkisstj., sem hv. þm. Geir Hallgrímsson veitti forstöðu, endaði feril sinn með því, að 50% verðbólga ríkti í þessu landi þegar kjósendur hröktu hana úr valdastólum á s. l. sumri.

Ég hygg að það sé ákaflega mikilvægt, að sem allra flestir gætu gert sér þess nokkuð skýra grein, að það er ekki kaupið hjá almennu verkafólki eða öðrum í hópi lægra launaðs fólks í þessu landi sem veldur verðbólgunni. Þar kemur allt annað til. Þetta kaup er ekki hátt miðað við okkar þjóðartekjur. Í þeim efnum mætti að sjálfsögðu rekja dæmi með samanburði við önnur lönd, sem oft hefur verið gert og ég ætla ekki að eyða í tíma hér nú eða spyrja um hver hafi verið þróun annars vegar kaupmáttar launa og hins vegar þjóðartekna í þessu landi undanfarin ár og áratugi. Hvort heldur sem litið er í þessum efnum til okkar nágrannalanda eða til sögulegrar þróunar hér heima undanfarin ár og áratugi, þá verður niðurstaðan sú ein, að það er með engu móti hægt að leiða að því skynsamlegar líkur, að þetta kaup sé of hátt.

Það er oft talað um að það kynni að vera hægt að ná miklum árangri í baráttunni við verðbólguna með því að tengja launin við — stundum talað um viðskiptakjör, stundum talað um þjóðartekjur í því sambandi, — launin megi ekki hækka nema þjóðartekjurnar hækki og fleira í

þeim dúr.

Ég vil að vísu taka það fram, að ég tek ekki undir þessa kenningu, vegna þess að skoðun mín er sú, að jafnvel þótt þjóðartekjurnar breytist ekki sé ástæða til að skipta þeim með öðrum hætti en gert hefur verið og þá þannig, að það komi þeim til góða sem búa við lág laun. En setjum svo að þessi regla hefði verið hér í gildi á undanförnum árum og verið kveðið á um það með samningum eða með lögum, að kaupmáttur launa skyldi þróast í samræmi við vöxt þjóðartekna. Ég minnist þess, að einn af forustumönnum í hinni faglegu verkalýðshreyfingu, sem jafnframt er miðstjórnarmaður í Sjálfstfl., vakti athygli á því í umr. í sjónvarpi snemma á þessu ári, í aðdraganda kjarasamninganna sem gerðir voru í júní, að ef laun á Íslandi hjá hafnarverkamönnum hefðu hækkað frá stríðslokum að kaupmætti til jafns við hækkun þjóðartekna á mann og þjóðartekjurnar þá mældar á föstu verðlagi, þá hefði kaupið fyrir samningana, sem gerðir voru í júní, hjá þessu láglaunaða fólki hér átt að vera helmingi hærra en það var, þ. e. kaupmátturinn.

Ég fletti sjálfur upp á þessum tölum eftir þessar umr. í sjónvarpinu, og það fór ekkert milli mála að þessi einstaklingur, sem ég þykist muna að þá hafi verið formaður Landssambands verslunarmanna og hygg að hann sé það enn, miðstjórnarmaður í Sjálfstfl. jafnframt, að það var rétt sem hann sagði í þessum efnum.

Þetta eru staðreyndir, sem menn gleyma ærið oft þegar hátt er um það talað, að nú sé hægt að lækna verðbólguna á Íslandi með því að tengja launin við þróun þjóðartekna eða þróun viðskiptakjara. Það er ekki alveg víst, að slík tenging leiddi til lækkunar launa, gæti leitt alveg eins til hækkunar, eins og verið hefði á því tímabili sem ég gat um áðan. Það sér að sjálfsögðu enginn fyrir.

Hv. 7. þm. Reykv., fyrsti talsmaður Alþfl. í þessum umr., vildi kenna okkur í Alþb. um það, að þeir Alþfl.-menn hefðu því miður ekki fengið fram sitt mál varðandi það að lögbinda kaupið út allt næsta ár. Ég vil vona að sem flestir í þessu landi kenni okkur Alþb.-mönnum um að þannig fór, um það að þessi ákvæði standa ekki í því frv., sem við erum að ræða hér í kvöld.

Hv. 7. þm. Reykv. Vilmundur Gylfason, kallaði ófyrirgefanleg pólitísk mistök, að þessar till. skyldu ekki vera samþ. En hann ætlar samt að standa að því að gera þessu ófyrirgefanlegu pólitísku mistök — og látum það svo vera.

Hv. þm. sagði líka orðrétt: Hér var lögð til lögbinding — og var þá að ræða um hvernig ætti að haga launamálunum á næsta ári. Já, það átti skv. þessum till. að binda kaupið fast, hvað sem verðlaginu liði, allt næsta ár og ganga í þeim efnum harðar að almennu verkafólki og launafólki í þessu landi heldur en fráfarandi ríkisstj. hafði gert. Svo er sagt af sama hv. þm., að Alþb. sé ófært um að stjórna á erfiðum tímum. Það gætu komið svo erfiðir tímar í þessu landi, að það væri kannske ekki til margra annarra ráða að grípa en ganga í vasa láglaunafólks í landinu. En það eru ekki nú erfiðir tímar í þessu landi. Það er meira til skipta í okkar þjóðarbúi en nokkru sinni fyrr. Það skulu menn hafa í huga. Okkar þjóðartekjur eru hærri en nokkru sinni fyrr. Spurningin er aðeins um það, hvernig menn ætla að nota það vald sem meiri hl. Alþ. og ríkisstj. hefur til að skipta þessum tekjum.

Hv. 7. þm. Reykv., fyrsti talsmaður Alþfl. í þessum umr., lagði á það þunga áherslu, að verðbólgan léki láglaunafólkið verst. Það er nokkuð til í því. En láglaunafólkið á Íslandi hefur eina vörn gegn verðbólgunni, — vörn sem það hefur tryggt sér í sínum kjarasamningum. Og hver er þessi vörn? Hún er ákvæðin í kjarasamningunum um verðbætur á launin, um það, að ef verðlagið hækkar svo og svo mikið, þá skuli þó kaupið hækka líka, að vísu eftir á. Það er vörnin. En till. þeirra hv. þm. Alþfl. voru um að svipta þessari vörn burt — þessari einu vörn. Það var engin önnur trygging boðin í staðinn — alls engin.

Nú má vel vera að þeir hv. þm. Alþfl. kynnu að halda því fram, að þeir hefðu treyst sér til þess að koma verðbólgunni niður í þessi 16—17% á næsta ári, eins og kaupið átti að fara. En þeir eiga eftir að færa sönnur á það, hvernig þeir ætluðu að fara að því. Það var ekkert um það í þeirra tillögum.

Ég vil segja um það frv., sem hér er til umr., að það hefur að sjálfsögðu aldrei verið krafa verkalýðshreyfingarinnar að launahækkanir, hvort sem væru í sambandi við verðtryggingu launa eða að öðru leyti, væru eini möguleikinn til þess að bæta kjörin. Það liggur ljóst fyrir, að ef gerðar eru ráðstafanir til að lækka verðlag í landinu, þá er það ekki síður kjarabót, og það er ekkert nema gott um það að segja, að þær bætur, sem almennt launafólk á að fá skv. samningum komi í formi lækkaðs verðlags ekki síður en hækkaðra launa.

Og það er einnig svo, að það er ekkert við það að athuga, þó að heimili, sem borgar 2% af sínum launum í sjúkratryggingagjald, sé sleppt við að borga þessi 2% í sjúkratryggingagjaldið, en fái þá ekki samsvarandi launahækkun. Það kemur út á eitt.

En þá kemur að því, að gert er ráð fyrir í þessu frv., að eftir liggi hinn 1. des. 3% af launum sem ekki verði — miðað við það sem vera átti skv. samningum 1. des. — bætt með beinum hætti. Það er nú svo, að auðvitað skipta þau atriði, sem boðuð eru í grg. þessa frv., í 7. lið grg., þar sem talin eru upp 11 atriði sem verkalýðshreyfingin í landinu hefur lagt kapp á að fá fram og öll eru mikilvæg, — auðvitað skipta þau miklu máli. Og enda þótt það sé að mínum dómi svo, að í rauninni ætti að vera hægt að greiða þessi 3% og fá líka ærið mikið fram af þeim atriðum sem talin eru, félagslegum atriðum í 7. lið grg., þá vil ég taka það fram, að eins og allar aðstæður eru þegar þetta frv. er flutt, með tilliti til þess m. a., hversu alvarleg tilraun var gerð innan ríkisstj. til þess að knýja fram langtum alvarlegri skerðingu, þá tel ég að við þetta verði að una. Sú afstaða liggur reyndar fyrir frá ekki veigaminni aðila en Verkamannasambandi Íslands, eins og hæstv. forsrh. kynnti í sinni frumræðu, og ég efast ekki um að sú afstaða liggur fyrir vegna þess að af hálfu Verkamannasambandsins eru þau atriði, sem upp eru talin í 7. lið grg., metin mjög mikils og því þá væntanlega treyst, að hér verði ekki um orðin ein að ræða, heldur verði efndirnar að marki betri en stundum hefur orðið áður hjá fyrri ríkisstj. í sambandi við slík loforð, og þessu vil ég einnig treysta.

Ég vil taka það fram, að mér finnst það mjög slæmt að ekki skuli fylgja frv. nánari grg. um fjáröflun. Það er tæpt á hlutum í þeim efnum. Það er tæpt á hátekjuskatti, veltuskatti á vissa hluta atvinnurekstrar, fjárfestingarskatti, eignarskatti. Ég tel að út af fyrir sig þá geti þessir tekjuliðir allir komið til álita og ýmsir fleiri. En það er óneitanlega nokkur vöntun, að ekki skuli gerð nánari grein fyrir áformum ríkisstj. í þessum efnum í grg. frv.

Það er minnst á að mæta því tekjutapi eða kostnaðarauka, sem ríkissjóður verður fyrir ef frv. verður samþ., að hluta með niðurskurði ríkisútgjalda. Ég vil einnig vænta þess, að hæstv. ríkisstj. verði svo gæfusöm að ná nokkrum árangri í þeim efnum. En hitt vil ég segja, að nokkru leyti vegna ummæla sem hér hafa áður fallið í þessum umr., að ég vil vara við því, að samþykkt frv. verði á nokkurn hátt notuð til þess að draga úr fjármagni við samþykkt fjárl. sem ganga á til hinna margvíslegu aðkallandi verklegu framkvæmda á vegum hins opinbera eða til þeirrar félagslegu þjónustu sem ríkisvaldið heldur uppi í þessu landi. Til þess má ekki koma að mínu viti.

Ég vil síðan að lokum aðeins segja það, að tíminn stendur ekki kyrr hér hjá okkur á hinu háa Alþ. frekar en annars staðar, og þegar liðið er eitt þriggja mánaða tímabil, þá byrjar það næsta. Ég hygg að ýmsir hugsi undir þessum umr., þegar þetta frv. er skoðað, ekki bara til 1. des., heldur einnig til 1. mars. Og ég vil segja það, að eins og hin pólitíska staða er í þessu landi, nú þegar við þekkjum vilja stjórnarandstöðunnar til að skera niður launin í mjög stórum stíl og við þekkjum þá afstöðu sem fram hefur komið innan ríkisstj., þá má heita allvel sloppið í þessum áfanga. En það verður ekki hægt að telja upp aftur þá 11 liði sem eru taldir í 7. tölul. grg. þegar kemur að 1. mars, og það verður ekki heldur hægt 1. mars að skipta í annað sinn á lækkun sjúkratryggingagjalds og beinni kauphækkun. Ég held að það sé rétt, að hv. alþm. geri sér þess grein nú þegar, að Alþb. ætlar sér ekki að standa að því að höggvið verði í kaup láglaunafólksins í landinu, hvorki 1. mars, 1. júní, 1. sept. né 1. des. á næsta ári. Þá staðreynd held ég að menn þurfi að skilja, a. m. k. allir þeir sem vilja líf þessarar ríkisstjórnar.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Umr. um efnahagsmál á Alþ. eru skrýtnar umr. Hér eru haldnar langar og miklar ræður, en í stað þess að leggja fram ráð og nýjar hugmyndir um viðnám gegn verðbólgu, þar sem hv. þm. gerðu sér far um að sameinast í raunhæfum tillöguflutningi til þess að Alþ. gæti náð árangri í því vandamáli sem við er að etja, er deilt um keisarans skegg.

Stjórnarandstæðingar eru undrandi yfir því í þessum ræðustóli, að vandi skuli vera á höndum, að það skuli vera efnahagsvandi á höndum, sem þessi ríkisstj. hefur sett sér að glíma við. E. t. v. kemur þetta okkur Alþfl.-mönnum ekkert á óvart, vegna þess að við sáum síðustu stjórnarflokka, og þá sérstaklega Sjálfstfl., hafa forustu um það að átta sig aldrei á því á fjögurra ára valdatímabili sínu, að vandi var á ferðinni í íslensku samfélagi, þar sem var verðbólguvandinn. Og enn eru Sjálfstfl.-menn undrandi yfir því, að ríkisstj. skuli láta sér detta í hug að segja að hún berjist við vanda í efnahagsmálum. Það er séð að sjálfstæðismenn eru enn við sama heygarðshornið.

Vandinn, sem við er að etja, er ekki nýr vandi. Við erum að takast á við viðskilnað síðustu ríkisstj. Við erum að takast á við þann vanda, sem síðasta ríkisstj. skildi eftir sig í efnahagsmálum, sem gerði það að verkum að stjórnarflokkar síðustu ríkisstj. misstu traust í síðustu kosningum.

Þjóðin gerir kröfur til núv. ríkistj. Hún gerir nýjar kröfur, kröfur um að ríkisstj. taki efnahagsvandann traustum og nýjum tökum og ráði niðurlögum verðbólgunnar. Þetta finnst sjálfstæðismönnum enn skrýtið. Þeim finnst skrýtið að ríkisstj. skuli láta sér detta í hug að leggja fram á Alþ. raunhæfar till. er miði að viðnámi gegn verðbólgu.

En ríkisstj. verður einnig að standast þær kröfur sem gerðar eru til hennar. Hún hefur setið 3 mánuði á valdastóli. Sú gamla sat 4 ár og tókst ekki að koma neinu fram er miðaði að raunhæfum árangri í efnahagsmálum. En þessari ríkisstj. hefur þó á þremur mánuðum tekist það sem þeirri gömlu tókst aldrei, að setja fram drög að stefnumótun, sem a. m. k. lýsir því, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að meðhöndla vandann.

Það frv., sem hér er til umr., fjallar fyrst og fremst um þann vanda, sem upp kemur 1. des. Það gera sér allir grein fyrir því, að ekki hefur gefist svigrúm til þess að koma á framfæri frv. til l. um að lögbinda hugmyndir um öll þau fjölmörgu atriði sem getið er um í grg. með þessu lagafrv. En rétt þykir að gefa þjóðinni og hinu háa Alþingi kost á því að fá upplýsingar nú með góðum fyrirvara, á hvern hátt ríkisstj. ætlar næstu daga og næstu vikur að takast á við efnahagsvandann með viðnámsaðgerðum gegn verðbólgunni.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að verðbólguvandinn verður á engan hátt leystur með því að einblína stöðugt á launaþáttinn. Vissulega verður að móta kjarastefnu til lengri tíma, en kjarastefna eða kjaramálastefna er aðeins einn liður margþættra aðgerða sem ríkisstj. verður að hafa á prjónunum og koma í framkvæmd til þess að ná raunhæfum árangri. Ef ríkisstj. ætlar eingöngu að einblína á launamálaþáttinn og ætlast til þess að launþegar beri þann kostnað, sem þjóðin þarf að bera til þess að komast út úr verðbólgunni, þá er ljóst að við komumst ekki út úr henni. Það, sem gildir, er að leggja byrðar á þjóðina. Það skilja allir. Það kostar sitt að komast út úr verðbólguhringiðunni. En það verður að jafna þessum álögum þannig niður, að stéttir landsins geti tekið á sig þær byrðar sem axla verður til þess að komast út úr vítahringnum.

Í dag erum við að fjalla um það sem snýr að launþegum. En okkur er sýnt fram á loforð um að einnig verði tekið á öðrum þáttum málsins, og er það vel. Það er sýnt fram á ákveðin drög að kjarastefnu, sem þó hefur ekki verið rædd í nákvæmnisatriðum við aðila vinnumarkaðarins. Það hefur ekki verið tekist á um það í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins, hvernig heildarstefnu í kjaramálum verður komið fyrir allt næsta ár, 1979. Þetta þarf að gera. Ríkisstj. getur ekki sett fram stefnu í kjaramálum án samráðs við launþega þessa lands, án samráðs við verkalýðshreyfinguna og án þess að hún hafi þar hönd í bagga. Það er kjarasáttmáli sem gildir og annað ekki. Kjarasáttmáli felur það í sér, að valdhafar leitist eftir nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins um þá stefnu sem þeir óska eftir að ríki í kjaramálum til framtíðar. En verðbólguvandinn verður ekki leystur með bráðabirgðaráðstöfunum. Því styð ég þá stefnu sem hefur verið gerð tilraun til þess að móta: að gera kjaramálastefnu til langs tíma, en undanskil að það verður ekki gert án náins samráðs við aðila vinnumarkaðarins.

Það hefur verið rætt um það í þessum umr., að vandi atvinnurekstrar sé mikill í landinu. Það hefur einnig verið ýjað að því, að ekki sé fært að leggja á atvinnureksturinn einar eða aðrar byrðar. Mér er kunnugt um að greinar atvinnurekstrar eru mjög misjafnlega á vegi staddar. Sumar, eins og t. d. í sjávarútvegi og fiskiðnaði

og þá sérstaklega á ákveðnum byggðasvæðum, eru illa á vegi staddar. En okkur hlýtur einnig að vera kunnugt um að til eru þær greinar atvinnurekstrar sem standa allvel. Þar vil ég nefna t. d. ýmiss konar milliliðastarfsemi, sem hér „grasserar" í þjóðfélaginu og hefur aukist stórlega á undanförnum árum, og síðast en ekki síst innflutningsverslunina. Auk þess hafa ýmsar greinar á sviði þjónustu styrkt stöðu sína mjög umfram það sem almennir launþegar hafa getað gert. Það þarf að gæta að því að leggja byrðarnar réttlátlega á í þjóðfélaginu og einnig að ná til þess verðbólgugróða, sem ýmsar atvinnugreinar, m. a. þær sem ég nefndi, hafa náð undir sig í skjóli ýmissa aðferða.

Ég fagna þeirri stefnu, sem hér kemur fram hvað varðar fjárfestingarmálin, hvað varðar skattamálin, og vil undirstrika það sérstaklega, sem kemur fram í grg., að tekjuskattur verði lækkaður á næsta ári. Ég tel að hér séum við Alþfl.-menn að ná fram einu því baráttumáli sem á brattan hefur verið að sækja innan ríkisstj. og innan stjórnarflokkanna á undanförnum dögum.

Það er ljóst, að áhrif Alþfl. innan þessarar ríkisstj. eru mikil. Áhrifin felast í því að leggja áherslu á mótun samræmdrar efnahagsstefnu til langs tíma, til lengri tíma en þriggja mánaða. Áhrifin felast einnig í því að leggja megináherslu á hin ýmsu og mikilvægu félags- og hagsmunamál launþega. Þetta hefur Alþfl. lagt áherslu á og mun halda áfram að gera.

Viðnám gegn verðbólgu er kjarabót. Launþegar skilja að ef þeir taka á sig ákveðnar byrðar, þá getur það verið fjárfesting til langs og betri tíma. Launþegar vilja einnig sjá það, að álögur verði lagðar á aðra aðila samfélagsins, og þá munu þeir ekki láta sitt eftir liggja.

Herra forseti. Mál er að linni. Ég vildi að afstaða mín til þessa frv. og þeirra mála, sem nú hafa verið ofarlega á baugi, kæmi hér fram. Ég tel að ríkisstj. sé fær um að takast á við efnahagsvandann með árangri, síðast, en ekki síst vegna þess að vá er fyrir dyrum. Önnur verkefni, sem bíða úrlausnar, verða að þoka fyrir lausn verðbólguvandans. Við Alþfl.-menn viljum sjá árangur. Við viljum sjá að það séu gerðar raunhæfar tilraunir til þess að ná árangri. Við erum óþolinmóðir. Við höfum horft upp á það s. l. 4 ár, að hvert tækifærið af öðru hefur verið látið úr greipum ganga. Við getum ekki beðið öllu lengur. Við viljum fara að sjá árangur og við viljum fara að sjá fram á raunhæfar aðgerðir sem miði að þessum árangri. Við komum ekki til með að gefa þeirri ríkisstj., sem nú situr við völd, langan umþóttunartíma. Ég fyrir mitt leyti vil gefa henni eðlilegan umþóttunartíma, ekki allt of langan, en eðlilegan til þess að koma ætlunarverkum sínum í framkvæmd. Ég tel að ríkisstj. hafi viljann til verksins og svo lengi sem annað kemur ekki í ljós tel ég að hún sé stuðnings verð.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Nokkur orð um þetta æðistóra mál.

Ástæðurnar til þeirra ráðstafana, sem frv. þetta fjallar um, eru þær, að verðlag hefur hækkað svo að nemur 14.13% í verðbætur á kaup fyrir s. l. þrjá mánuði. Það er auðvitað öllum ljóst, að ef slík verðlagsþróun fær að halda hömlulaust áfram er okkur áreiðanlega mikill vandi á höndum. Verkalýðshreyfingin vill að sínu leyti taka þátt í viðnámi gegn þessari óheillaþróun. En jafnframt bendir hún mjög staðfastlega á, að það er ekki kaupgjaldið, það er ekki kaup hins almenna verkafólks sem er bölvaldurinn í þessum efnum, eins og allt of margir virðast nú álíta.

Um efnisatriði þessa frv. vil ég aðeins segja það, að niðurgreiðslur á vöruverði hafa ávallt verið metnar til jafns við kaup af verkalýðshreyfingunni. Þetta hefur viðgengist í æðimörg ár og raunar áratugi. Auðvitað þarf fjármagn til þess að standa undir þeim kostnaði, sem ríkissjóður tekur þannig á sig, og auðvitað er okkur ekki sama hvert þetta fjármagn er sótt. Við væntum þess, að það verði tekið af þeim sem hafa mest greiðsluþolið, og í grg. frv. er gert ráð fyrir því.

Annað atriðið er skattalækkun sem nemur 2% í kaupi. Hana er hægt að meta til 2% í kaupi. Það er auðvitað ákaflega mikið undir því komið, hvernig framkvæmd þessara mála verður. Ég vænti þess, að hún verði með þeim hætti, að almennir launþegar geti að fullu metið þennan lið til jafns við kaupið.

Í þriðja lagi er um að ræða það, sem felst í 3. gr. frv. Þar er um að ræða félagslegar umbætur eða félagsleg kjaraatriði, skulum við segja, sem metin væru á borð við 3% í kaupinu. Þennan lið er að sjálfsögðu mjög erfitt að meta og hann verður naumast metinn. Ég þekki ekki þann aðila, sem gæti metið hann út af fyrir sig inn í vísitöluútreikningana, enda hlýtur þetta atriði að snúa mjög misjafnt að launþegum. Það er óhjákvæmilegt annað. En verkalýðshreyfingin hefur mjög oft staðið í samningum um kaupgjald og kjör. Það er þess vegna ekkert nýmæli, að kjaraatriði séu metin til jafns við kaup. Það er venjulega þannig í samningum, að allt er vegið saman að lokum, kaupgjaldið og kjaraatriði, sem um hefur verið deilt. Á sama hátt má segja að nú sé ástatt. Hins vegar mun ég ekki dylja neinn þess, að hér er um eftirákaup að ræða og segja má að verkalýðshreyfingin gefi hér eftir vissan hluta af umsömdu kaupi gegn þessum kjaraatriðum. Þetta verðum við a. m. k. að segja þar til við sjáum hvernig framkvæmdum varðandi þennan mjög svo þýðingarmikla félagslega kjaraatriðaþátt verður háttað. Ég held að það sé rétt að menn kalli hlutina réttum nöfnum.

Það er hins vegar auðvitað algerlega rangt, sem kom fram hér í kvöld hjá hv. 4. þm. Reykv., Geir Hallgrímssyni, að með þessu frv. sé kaupgjald skert um 8%. Ég þarf ekki að hafa um það fleiri orð. Hann veit ósköp vel sjálfur, að svona er málum ekki háttað. Það hefði verið fróðlegt að heyra eitthvert slíkt mat hjá þessum hv. þm., þegar aðgerðirnar í vetur voru á dagskrá.

Grundvallarmarkmið verkalýðshreyfingarinnar í þessum efnum er að sjálfsögðu að tryggja kaupmátt launanna sem allra best og að tryggja atvinnuöryggið. „Fleiri krónur í umslagið" hefur aldrei verið keppikefli verkalýðshreyfingarinnar út af fyrir sig, heldur verðmætið, kaupmáttur þeirra króna sem um er samið. Þess vegna er afstaða verkalýðshreyfingarinnar til þessara mála nú ekkert nýmæli. Svo lengi sem ég man til í þessum efnum hefur verkalýðshreyfingin ávallt boðið ríkisstj., hverju nafni sem þær nefnast, að meta til jafns við kaupið ýmis atriði varðandi efnahagsstjórnun. Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar stóð þetta einnig til boða.

Vegna ræðu hv. 4. þm. Reykv. hér í dag vildi ég gjarnan rifja upp hvernig ríkisstj. hans stóð að kjaramálunum. Ég stikla á ákaflega stóru.

Á árunum 1975 og 1976 lækkaði kaupmáttur almennra launa um 25-30%, en verðbólgan magnaðist samt. Aðgerðir fyrrv. ríkisstj. mörkuðust fyrst og fremst af því sjónarmiði, að kaupgjald verkafólks væri aðal-

verðbólguvaldurinn. Á annað kom hún ekki auga. Samningarnir, sem gerðir voru í júní 1977, voru andsvar verkalýðshreyfingarinnar gegn kjaraskerðingarstefnu fyrrv. ríkisstj. Og þrátt fyrir að þeir samningar væru býsna háir í prósentutölum á kaupið, þá náðu þeir ekki að jafna þá skerðingu sem orðin var á kaupgjaldinu. Þessir samningar hefðu sannarlega átt að kenna fyrrv. ríkisstj. að láta af sífelldri styrjöld gegn verkalýðshreyfingunni. Þá, að júnísamningunum gerðum, hefði átt að taka upp viðnámsaðgerðir, t. d. í þeim dúr sem núv. ríkisstj. er að reyna.

Ekkert í þá átt var gert, kannske heldur það gagnstæða. Styrjöldinni var haldið áfram og með febrúar- eða marsaðgerðunum, þegar sólstöðusamningarnir voru aðeins 7 mánaða gamlir, var enn ráðist gegn kjarasamningunum og þeim rift með lögum hér frá hinu háa Alþingi. Með þeim samningum voru vísitölubætur að mestu skertar um helming. Að vísu var með brbl. í maí aðeins dregið í land, og náttúrlega réð þar einvörðungu hin þróttmikla barátta verkalýðshreyfingarinnar gegn þessum aðgerðum og hræðsla stjórnarflokkanna við komandi kosningar.

En þó að aðeins væri dregið í land með brbl. í maí þá fylgdu hins vegar þær aðgerðir, sem verkuðu eins og olía á eld. Þá var yfirvinnuálagið bæði á eftirvinnu og næturvinnu og ýmis önnur kjaraatriði og kaupgjaldsákvæði skert á þann hátt, að engin vísitala, engar vísitölubætur áttu að koma á þennan hlut. Ef þessu hefði haldið fram eins og páv. ríkisstj. stefndi að, þá væri eftirvinnuálag nú sennilega komið nokkuð niður fyrir 20% í stað 40% í kjarasamningunum og næturvinnuálagið komið sennilega eitthvað niður undir 30-40% í stað 80% í samningunum.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði í dag, að með ráðstöfunum núv. ríkisstj. í sept. hefði láglaunafólkið ekkert fengið í sinn hlut. Þó að maður reikni ekki það sem kom með samningunum, þ. e. a. s. á dagvinnuna, þá er það ekki neitt smáatriði að þetta mjög svo rangláta fyrirkomulag varðandi yfirvinnuna og önnur kaupgjaldsákvæði, sem því fylgdu, var numið úr gildi. Það er atriði sem verkalýðshreyfingin metur.

En hver mundi kaupmátturinn vera, ef fram hefði haldið lögum fyrrv. ríkisstj.? Ekki hef ég það á reiðum höndum. En ekki er nokkur vafi á að hann væri æðimiklu rýrari en hann er í dag. Höfum það einnig í huga að það var mjög ákveðin yfirlýsing ríkisstj. í febr. í fyrra, þegar þau lög voru sett, að þar væri aðeins um byrjun að ræða. Það var miklu meira sem átti að gera. Og sannfærður er ég um að ef páv. stjórnarflokkar hefðu haldið völdum, þá væri nú búið að afnema allar verðbætur á kaup. Það styð ég m. a. þeim rökum, að tillaga Vinnuveitendasambandsins nú fyrir stuttu í vísitölunefndinni var sú, að engar verðbætur yrðu greiddar á kaup 1. des. og áfram. Að vísu var sagt að athuga mætti það mál síðar, — þegar búið væri að vinna bug á verðbólgunni og eitthvað hægðist um í þessum efnum, þá mætti athuga málið á ný. Og þegar maður hefur í huga, að það hefur sjaldnast liðið langt á milli yfirlýstrar stefnu Vinnuveitendasambandsins í kaupgjaldsmálum og stefnu forustuliðs Sjálfstfl., þá er enginn vandi að ályktа sem svo, eins og ég áðan gerði, að ef Sjálfstfl. hefði haldið völdum sínum, þá væri nú búið að afnema allar verðbætur á laun.

Það er nokkuð áliðið kvölds og ég skal ekki hafa mál mitt miklu lengra. En ég vil þó segja það, að ég er ekki fyllilega ánægður, síður en svo, með ýmis atriði í þessu frv. og grg. þess, sem er eins konar stefnuyfirlýsing. Ég vil þar sérstaklega nefna fyrstu þrjá tölul., sem snúa að kaupgjalds- og vísitölumálum. Það er út af fyrir sig ágætt mark til að keppa að því, að verðlags- og peningalaunahækkanir, eins og þar segir, 1. mars verði ekki meiri en 5%. En þetta verður að vera árangur af öðrum aðgerðum en niðurskurði kaups, þá er ekkert nema gott eitt um þetta að segja. Eins er um 2. og 3. tölul. að segja, — má segja að 1. og 2. falli kannske alveg saman. Í 3. tölul. er fram tekið að vísitöluviðmiðun launa verði breytt fyrir 1. mars 1979 að höfðu samráði við fjölmennustu heildarsamtök launafólks. Hér er að vísu rætt um samráð, en engan veginn útilokað, sýnist mér að það gæti ekki gerst þó að það samráð bæri ekki árangur. Vona ég þó að til þess komi ekki. Hins vegar er síðari hluti þessa tölul. sá, að vísitölunefnd er nú enn fengið það verkefni að skila till. fyrir 15. febr., sem unnt væri að byggja á í þessu sambandi, og þar er m. a. minnst á viðmiðunina við viðskiptakjör. Um þetta atriði vil ég aðeins segja það, að verðbótaákvæðin eru mjög stór hluti af kjarasamningum okkar þegar jafnmikil verðbólga er og nú er í raun. Þar af leiðandi hljóta þessi mál að vera ákaflega viðkvæm. Hér er verið að fjalla um einn meginþátt kjarasamninga, og ég álít að það sé rangt að segja vísitölunefnd — en hún á að starfa áfram — undir þann þrýsting sem gert er í 3. tölul. Eins og var markmiðið með 20. nóv. s. l. var rangt, eins álít ég að þetta sé rangt. Ef ná á árangri í þessum efnum verður að fjalla mjög vandlega um þessi mál og ekki beita þeim þrýstingi sem mér sýnist að hér sé stefnt að. Málin vinnast ekki á þann hátt. Ég vil sem sagt vara við því, að þetta verði gert að einhverju aðalatriði í framhaldi þessara mála.

Stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað, vilja gjarnan halda því fram, að um mikla hugarfarsbreytingu sé að ræða hjá forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar. Ég held að það hafi raunar þegar verið gerð grein fyrir því, að svo er ekki. Hins vegar eigum við nú að mæta allt öðrum skilningi hjá þessari ríkisstj. en fyrrv. ríkisstj. í afstöðu til kjaramála verkalýðsstéttarinnar. Það er aðeins þetta sem veldur því að við tökum nú þannig á málunum sem gert er. Okkur hefði farið eins við fyrrv. ríkisstj., ef hún hefði viljað fara þessa leið.

Ég get ekki stillt mig um að koma aðeins að þætti hv. 7. þm. Reykv., talsmanns Alþfl. í þessum umr., og skal gera það í örstuttu máli. Hann ræddi um að Alþfl. hefði viljað fara öðruvísi að og setja þak á launagreiðslur. Það liggur ósköp ljóst fyrir, hvaða hugmyndir Alþfl.-menn voru með. Þær voru, að nú skyldu aðeins 3.6% fara út í kaupgjaldið af þessum rösku 14%, sem samningar mæla fyrir um, og í hæsta lagi 4% á verðbótatímabili næsta árs. Það er augljóst, að ef þessu hefði farið fram hefði kaupmáttarskerðing orðið mjög mikil. Ég held að það sé rétt, sem hér var sagt áðan af hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að þetta mundi sennilega verða mun meiri skerðing en fólst í lögum fyrrv. ríkisstj. frá því í febr. og maí. Að þessu viljum við Alþb.-menn ekki standa.

Hv. þm. taldi að Alþb. væri að reyna að bjarga sér út úr loforðaglamrinu, eins og hann orðaði það, frá því í kosningabaráttunni og fyrr. Ef átt er með þessu við kjörorðið „samningana í gildi", þá man ég nú ekki betur en það kjörorð væri einnig haft á spjöldum Alþfl. fyrir kosningar. Ég hygg nú, að kannske hafi enginn einstaklingur átt meiri þátt í því að móta það kjörorð en

Björn Jónsson forseti Alþýðusambands Íslands, Alþfl.-maðurinn Björn Jónsson.

Hv. þm. minntist á að taka þyrfti upp nútímalegri vísitölu en þá, sem fundin var upp 1939. Mér liggur nú við að segja, að hv. þm. stefni einmitt að svipaðri vísitölu og var tekin upp 1939. Samkv. þeirri vísitölu, ef ég man rétt og bið um leiðréttingu ef rangt skyldi vera, en ég man ekki betur en þá væri með lögum ákveðið að aðeins 3/4 af því, sem verðlag hækkaði um, skyldi bætt með vísitölu á kaupið. Og það er nálægt því og þó kannske öllu meira en manni virðist að þessi hv. þm. vilji stefna að.

Hv. þm. gat þess, taldi það eiginlega sjálfsagt, að á alvörutímum yrði Alþ. að taka af skarið í kjaramálum. Ekki ætla ég að vefengja rétt Alþ. til þess að gera það. En það er augljóst, að þegar hann talaði um að Alþb. væri ekki hæft til að stjórna á erfiðum tímum var hann í raun og veru að miða á það, að Alþb. hefði ekki viljað fallast á þá miklu launaskerðingu sem fólst í till. Alþfl. Það er alveg rétt, slíkt vill Alþb. ekki fallast á. Og það er eins gott að menn hafi það mjög fast í huga, þeir sem vilja líf þessarar ríkisstj. og raunverulega styðja að því að hún geti starfað áfram, að slíkar ráðstafanir verða aldrei gerðar með samþykki verkalýðshreyfingarinnar. Ef á að knýja þær í gegn á Alþ. án þess, þá spyr ég: Hvar er líf þessarar ríkisstj. þá?

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur einhver stjórnarþm. gleymt bibliu sinni hér í ræðustólnum: Verðbólguvandinn. Ég lýsi eftir eigandanum.

Ég vil hefja mál mitt á því að fullvissa hv. síðasta ræðumann um að ég er einn þeirra sem vilja styðja að, kannske ekki langlífi ríkisstj., en alla vega koma í veg fyrir að hún komist í burtu strax eða bráðlega. Ég held að það verði eina ráðið til þess að koma þjóðinni í skilning um það, að kominn er tími til þess að landinu verði ekki stjórnað með samsteypustjórnum. Vonandi verður þess ekki langt að bíða, að þjóðin treysti Sjálfstfl. einum fyrir stjórn landsins, í von um að þá fyrst geti hjólið snúist nokkurn veginn rétt.

Ég hafði hugsað mér að segja nokkur orð um frv. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu sem hér liggur fyrir til umr. Ég er hræddur um að þetta frv. sé ekki sá boðberi góðra tíðinda fyrir þjóðina, sem stjórnarmeirihl. hefur talað um. Launagreiðslur í landinu nema um 300 milljörðum kr. á heilu ári á gildandi verðlagi, eins og kom fram hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni í upphafi umr., en til viðbótar koma svo tekjur sjómanna, sem nema um 20-25 milljörðum kr., og tekjur bænda, sem eru 12-13 milljarðar. Ef 8% launahækkun er afnumin 1. des. er felld niður hækkun peningalauna sem nemur 24 milljörðum. Hvert prósentustig, sem kaup er hækkað um við niðurgreiðslu vöruverðs, kostar því um 1700 millj. kr. á ári á gildandi verðlagi. Ef tekin eru saman þessi 8% og reiknað hvað það gerir í niðurgreiðslum, þá nemur sú fjárupphæð um 14 milljörðum kr. Launþegar verða því af 10 milljörðum kr. í launum. Það er mismunurinn á því, sem má segja að tekið sé af þeim, og því sem þeir fá.

Frv. gerir ráð fyrir 3% lækkun verðbótavísitölu 1. des. 1978. Sú niðurgreiðsla kostar, eins og hér hefur áður komið fram, 5.1 milljarð kr. Þá er ráðgert að lækka skatta um sem nemur 2% af verðbótavísitölunni 1. sept. Ef sú framkvæmd samsvarar að fullu niðurfelldri launalækkun ættu skattar að lækka um 6 milljarða kr. Þá er loks ráðgert að félagslegar umbætur verði metnar til kjarabóta sem nemur 3% af verðbótavísitölu. Ég hef notið aðstoðar manna sem eru vanir að reikna þetta út, og þeir komast að þeirri niðurstöðu, að launaskerðingin eða mismunurinn á því, sem launþegar eru að láta af hendi, og því, sem þeir eru að fá til baka, sé á milli 10 og 12 milljarðar kr.

Þetta er árangurinn af því, að Alþb. komst í stjórnaraðstöðu. Þetta er árangurinn af því, að ráðh. gátu snúið verkalýðsforustunni. Hún gerði háar kaupkröfur og langt fram yfir það sem þjóðarbúið þoldi í síðustu Loftleiðasamningum og bættu ofan á það útflutningsbanni, sem enn er óreiknað hvað hefur kostað þjóðina. Frá sterkri afstöðu er horfið, og ráðh. nota sömu leiðtoga verkalýðshreyfingarinnar til að snúa vopnum hennar gegn sjálfri sér.

Það er gaman að fylgjast með því tali sem hér hefur átt sér stað. T. d. hélt hv. 7. þm. Reykv. ágæta ræðu og át svo allt ofan í sig í lokin með því að segja, að þrátt fyrir allt mundi hann standa með þessum slæmu till. sem hér liggja fyrir.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði alveg réttilega, að Alþfl. gæti ekki komið öllu því fram, sem hann vildi og þar af leiðandi væri frv., sem hér lægi fyrir, ekki gott frv. En ég spyr: Af hverju? Hvað er það sem knýr Alþfl. til þess að greiða atkv. með þessu frv., sem þm. hans tala á móti? Ég skil það ekki. Hvað knýr Alþfl. til þess að taka afstöðu gegn sannfæringu sinni og koma í veg fyrir þessa 14% hækkun? Alþfl. hafði allt annað á stefnuskrá sinni, sem Alþfl. taldi og telur enn miklu betri lausn en það, sem nú liggur fyrir. Af hverju koma Alþfl.-menn ekki með það fram í frv.-formi og vita hvort þeir koma því í gegn, ef það er eitthvað betra? Það væri ekki óhugsandi. Ef við, sem erum í stjórnarandstöðu, fáum eitthvert valfrelsi á milli úrlausna og úr því að afstaða Alþfl. er þessi bara til að koma í veg fyrir enn meiri skaða en þetta frv. leiðir af sér, því það er það sem hv. þm. var að segja, þá vildi ég gjarnan fá að sjá till. þeirra í frv.-formi, og við skulum láta reyna á hvort það kemst í gegn eða ekki. Ég er ekki með þessum orðum að reyna að kljúfa stjórnarliðið, því við verðum á sama tíma að gæta þess að það klofni ekki, annars verða minni líkur til þess, að Sjálfstfl. nái hreinum meiri hl. í næstu kosningum.

Svo ég snúi mér aftur að því, sem ég var nú byrjaður á, að tala um þetta frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, þá er fyrirsögnin eiginlega það besta. — Gert er ráð fyrir auknum niðurgreiðslum samkv. 1. gr. jafnframt því sem lækka á skatta, sbr. 2. gr., og auka útgjöld til félagsmála, sbr. 3. gr., í þeim tilgangi að koma í veg fyrir 8% kauphækkun. 8% hækkun launagreiðslna í landinu gerir um 24 milljarða kr., eins og ég sagði áðan. Ef ríkissjóður hefði keypt alla þessa hækkun af sér með almennum niðurgreiðslum hefði það numið um 14 milljörðum kr. Ekki er ástæða til að ætla, að ódýrari kaup fáist þó farin sé að hluta leið skattalækkana og aukinna félagslegra útgjalda. En ef ríkisstj. væntir þess að eiga kost á slíku væri fróðlegt að fá upplýst að svo sé, því það liggur alveg ljóst fyrir, að hér er verið að taka af launþegum um 10 milljarða kr.

Tilgangur þessa frv. er sagður vera viðnám gegn verðbólgu, en ég fullyrði að áhrif laganna verða þveröfug ef frv. verður samþ. Hér er ekki um tekjutillögur að ræða, það kemur ekkert fram í þessu um neinar sérstakar tekjur, og peningar verða bara prentaðir eins og áður

hefur verið gert. Meginorsök verðbólgu undanfarinna ára er þessi peningaaustur, bæði ríkissjóðs og Seðlabankans, inn í landið. Og ég endurtek að peningar, sem engin verðmæti standa bak við, eru ekkert annað en áprentaður pappír. Hér er verið að ausa stórum fjárfúlgum út úr ríkissjóði, fjárfúlgum sem ekki verða lagðar á fólkið í sköttum, heldur fengnar beint úr prentvélum Seðlabankans.

Ég er alveg sannfærður um að þessir peningar munu valda mjög auknum innflutningi erlendra vara. En við vitum öll að enginn gjaldeyrir er til til þess að auka innflutning. Það liggur ljóst fyrir, ekki nema miklar erlendar lántökur séu fyrirhugaðar til að kasta í þessa eyðslu líka. Það er það eina sem ég get látið mér detta í hug. En það væri fróðlegt ef ríkisstj. gæti upplýst þetta.

Þessir peningar hafa auðvitað keðjuverkandi áhrif. Þeir valda einnig þeirri veltu innanlands sem leiðir af sér aukinn innflutning iðnfyrirtækja á hráefni og aukna samkeppni þar um vinnuaflið. Hér er full atvinna eins og er, eða að ég hélt þangað til í dag eða í kvöld. Ég skal koma að því svolítið seinna. Ég óttast að það geti orðið um yfirboð að ræða á vinnumarkaðinum í iðnaði, ef þessi leið verður farin. Ég er hræddur um að stöðvun verðbótavísitölu með þessum hætti muni ekki stöðva kauphækkanir.

Í aths. við frv. er talað um hátekjuskatta og veltuskatta á rekstur. Hér er um hreina blekkingu að ræða. Hátekjuskattur mun ekki gefa meiri tekjur en áður. Hann bjargar engum miklum vandamálum í þjóðfélaginu. Að veltuskattur leggist á rekstur er líka rangt. Það er mjög rangt. Það ættu verkalýðsforingjarnir að vita. Hann leggst á neytendur með hærra vöruverði og erum við þá ekki komnir að þeim endalokum, sem ætlunin var að forðast? Þetta er allt í sama hringnum allan tímann. Ef fyrirtækin gætu borið þennan veltuskatt væri þá ekki nær að láta launþega njóta þess í launum beint? Hvaða lækning er það að skerða laun á grundvelli þess, að atvinnuvegirnir geti ekki tekið á sig hærri laun án verðhækkana, og ætlast svo til þess að atvinnurekstrinn greiði nýja og aukna skatta í ríkissjóð og það skatt eins og veltuskatt, sem er einna ranglátust skattheimta sem til er?

Ég er sannfærður um að ef þetta frv. verður að lögum, þá hlýtur það að leiða til aukinnar verðbólgu, aukinnar erlendrar lántöku og að lokum tvímælalaust til afnáms verslunarfrelsis í landinu og verði þeim áfanga mjög sennilega náð seint á þessu ári eða þar næsta. Ég held það fari eftir því hve mikið lánstraust Seðlabankinn eða kannske hve mikið lánstraust seðlabankastjórinn persónulega, Jóhannes Nordal, hefur hjá Alþjóðabankanum, hvað við getum haldið lengi áfram eins og við höfum gert.

Ég skal nú rétt til gamans — af því að Ed.-maðurinn, sem greip hér fram í áðan, er nú kominn í salinn aftur — upplýsa hvað ég átti við þegar ég talaði um að fram til þessa dags og jafnvel fram á kvöld hélt ég að hér væri full atvinna. Þegar ég kom heim og opnaði útvarpið var eitt af því fyrsta, sem ég heyrði, það, að ríkisstj. Alþb. með guðföður úr ákveðinni átt hefði látið utanrrh. sinn kalla sendiherra Bandaríkjanna á sinn fund til að biðja hann góðfúslega — líklega á hnjánum — um að vera nú svo góður að hjálpa íslenskum vinnumarkaði með því að taka eins marga og mögulegt væri, segja nú engum upp og láta ekki bandarísk lög yfir erlendar herstöðvar ná til Íslands, þ. e. a. s. að ráða bara einn fyrir hverja fimm sem hægt væri að segja upp. Þegar ég heyrði þetta fannst mér þetta ekkert óeðlilegt, því ríkisstjórn með kommúnista innanborðs hefur ekki þurft eins langan tíma til að koma öllu í kaldakol og þessi ríkisstj. hefur haft.

Ég held að aðgerðirnar, sem þetta frv. miðar að, stefni ekki að lausn efnahagsvandans sem blasir við 1. des., nema síður sé. Ég er afskaplega óánægður með það líka, af því að það er alltaf verið að tala um að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, að það skuli ekki hafa verið haft samráð við atvinnurekendur. Ég hafði talið þá, áður en ég fékk þá skýringu sem í þessu frv. felst, aðila að vinnumarkaðnum. Atvinnurekendur eru ekki þjóðflokkur út af fyrir sig. Þeir hljóta að tilheyra íslensku þjóðinni og þeir eru aðilar að vinnumarkaðnum. En það hefur ekki verið haft samráð við þá og það er mér alveg óskiljanlegt. Það er eitt, sem mér datt í hug, að hinn frjálsi vinnumarkaður væri orðinn svo lítill og hinn þvingaði vinnumarkaður, vinnumarkaðurinn sem ríkisstj. og sveitarfélög ráða yfir, sé orðinn það stór að það þurfi ekki að taka neitt tillit til svokallaðra frjálsra aðila á vinnumarkaðnum. Og þá er mér spurn: Er sósíalisminn kominn það langt í framkvæmd á Íslandi, að frjálst framtak sé það hverfandi að ekki þurfi að taka tillit til þess við gerð samninga? Það getur vel verið. Ég skal ekki um það segja. En það lítur út fyrir að það sé ekki nein sérstök ástæða til þess að taka tillit til þess litla sem eftir er af frjálsum vinnumarkaði. En ég ætla nú samt sem áður, með leyfi forseta, að fara fram á það, að nú verði leitað til þeirra aðila, sem standa fyrir félagasamtökum atvinnurekenda hér, bæði Vinnuveitendasambands Íslands og Verslunarráðs Íslands, og umsagnir þeirra fengnar þegar þessu frv. verður vísað til n., því ég geri ráð fyrir að það komist í gegnum 1. umr. og til nefndar.

Ég var ekki viss um hvenær eiginlega verkalýðsforinginn — ég kalla hann hins vegar verkalýðsrekandann — var í þessum ræðustóli áðan eða hvenær það var þm. sem talaði, þegar hv. 6. þm. Reykv. var hér í stólnum. Hann var ýmist með verkalýðshattinn eða með þm. í sér. Það er dálítið vont þegar menn rugla saman og átta sig ekki á því, á hvaða stöðum þeir eru að tala. Þetta var orðið eins og hjá Alþfl.: fremur kosningaræða en þátttaka í umr. um frv. á Alþingi.

Það kom fram hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni áðan, sem dæmi um ósóma skulum við segja, hvað sumir atvinnurekendur gætu haft það gott og lifað hátt og sett allan kostnað á fyrirtækið, skildist mér. En ég verð að segja alveg eins og er, og það er okkar litla landi og þjóð til hróss, að mér er ekki nokkur leið að sjá nokkurn mun á t. d. mér og verkalýðsforingjanum Guðmundi J. Guðmundssyni. Við búum báðir í einbýlishúsum. Við eigum báðir bíla. Við erum báðir giftir og eigum báðir börn. Við erum sæmilega til fara báðir. Ef það kæmi hér útlendingur í salinn, gæti hann þá sagt um hvor okkar væri verkalýðsforingi og hvor okkar væri þessi arðræningi sem hér á að eiga sér stað? Ég get ekki með nokkru móti ætlast til þess, að ókunnugur maður gæti fundið út hvor okkar væri arðræninginn. Ég held það sé alveg sama hvar við leitum í ríkiskerfinu — og forustumenn Sambands ísl. samvinnufélaga, sem er líka viðskiptaaðili, hafa það allir ágætt og eiga að hafa það gott. Ég vil því mótmæla svona tali.

Ég skal reyna að stytta mál mitt, klukkan er orðin margt, en ég er hræddur um að margt af þessu, sem

kemur fram í aths., sé þess eðlis að það geti ekki náð fram að ganga. Það er alveg útilokað. Ég get t. d. ekki séð hvernig í ósköpunum bankar, peningastofnanir og bankastjórar eiga að starfa ef á að setja lög um hvað þeir eigi að gera, ef þeir eiga ekki að dæma, taka ákvarðanir sjálfstætt þegar viðskiptavinur kemur inn í bankann. Það á að setja þeim takmörk um það, hvernig þeir eigi að haga sér í útlánum. Það á að setja þeim ákveðin útlánaþök, hvernig sem allt veltist. Það er talað um aukna bindiskyldu við Seðlabankann. Ég held að hún sé alveg nógu mikil fyrir, jafnvel allt of mikil Og þetta fé lekur meira og minna út um bakdyrnar inn í ríkissjóð. Og þaðan fer það áfram út á vinnumarkaðinn og skrúfar hann upp og er í samkeppni við hinn frjálsa framkvæmdaaðila í þjóðfélaginu.

Hér segir um útlánaregluna, að það eigi að breyta útlánareglum fyrir fjárfestingarlánasjóði — sem er kannske ekki alvarlegt — og útlánum banka í samræmi við stefnuákvarðanir sem Alþ. tekur. Getið þið ímyndað ykkur að menn geti starfað eftir einhverjum fyrir fram ákveðnum línum? Það er ekki nokkur leið. Það tekur allt frumkvæði af þessum mönnum, sem eru þannig ráðnir að þeir eru sjálfs sín herrar í ríkisbönkum. Þetta er mótsagnakennt og er ekki hægt að bera slíkt á borð.

Í 7. liðnum, síðustu línunni, er talað um sérstök réttindamál opinberra starfsmanna sem eigi að taka til endurskoðunar. Hvaða réttindi hafa þeir ekki? Hverju á að bæta við? Er ekki kominn tími til þess að láta þá vita að þeir eru kontóristar sem eiga að hlýða fyriskipunum þeirra sem eru valdir á Alþ. til að stjórna landinu? Það er ekki nema eðlilegt að alþm. hlæi. Þetta er hlægilegt. Það er stórhlægilegt, að kontóristar hjá ríkinu skuli vera farnir að stjórna ríkisstj. í togstreitu við, eins og ég sagði áður, þrýstihópa. Þá er átt við verkalýðshreyfinguna og orðum beint til Guðmundar J. Guðmundssonar, sem situr á þingi eins og er. (Gripið fram í.) Þú hefur ráðið fram úr annarri eins gátu og þessari: Það hefur auðvitað verið mikill ágreiningur milli okkar.

Í 4. lið er talað um að gera ráðstafanir fyrir áramót og leggja fram frv. til l. um tekjuöflun fyrir áramót. M. a. komi til athugunar hátekjuskattur og veltuskattur á ýmiss konar rekstur. Einnig komi til athugunar í þessu skyni fjárfestingarskattur og eignarskattur. Fjárfestingarskattur ofan á þá háu vexti, sem eru núna, dregur algjörlega úr vilja fólks til að gera nokkurn skapaðan hlut. Og hvað verður þá um skjólstæðinga verkalýðsforingjanna? Er ekki alveg nóg komið af eignarskatti? Er ekki komið miklu meira en nóg af eignarskatti? Nú er brbl. í gildi þar sem 6% eignarskatti var bætt á það sem fyrir var. Ég held að fólkið í landinu mótmæli þessu. Þegar það sér hvað er verið að bjóða því, þá mótmælir það. Þá verður ekki þessi samstaða, hvorki verkalýðshreyfingar né annarra, sem ríkisstj. treystir á.

Það er margt í þessu frv. sem ég hefði viljað gera aths. við. Hæstv. landbrh. hvíslaði að mér áðan að hann mundi svara fsp., sem liggur fyrir frá mér, á morgun. Ég ætla því að bíða með umr. um það mál. En það stendur hér síðast í 5 lið. „Stefnt verður að því að draga í áföngum úr framleiðslu umfram þarfir, þannig að jafnframt dragi úr þörf fyrir úflutningsbætur.“ — Það er hægt að spara mjög mikið á því að draga bara úr umboðslaunum af niðurgreiðslunum. Þannig er margt sem hægt er að athuga í sambandi við þetta frv.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. En ég harma það, að Alþfl. skuli segja eitt í dag og annað á morgun, og fagna því þó, að það er neisti í honum. Það kom fram í dag í Ed. Neisti getur verið nóg til þess að kveikja það bál sem þarf til þess að samræmi komist einhvern tíma á gerðir þeirra.

Ég er sannfærður um að þetta frv., sem hér er lagt fram til samþykktar, er þjóðinni ekki til góðs, heldur frekar hitt. Það leysir engan vanda, — alls engan vanda. Ég er sjálfur sannfærður af eigin reynslu vegna þess að ég hef í langan tíma, eða frá því ég kom aftur til landsins, verið í viðskiptum og hef fundið hvað það þýðir að álagning hringlar til og frá, að sama varan kostar e. t. v. þetta í dag og annað á morgun. Ég get ekki með nokkru móti skilið við t. d. gengislækkanir, hvers vegna 30% reglan, sem viðskiptaheimurinn verður að sætta sig við, er ekki látin ná til ríkisins líka. Mér er ekki nokkur leið að skilja það, þegar gengið er lækkað, við skulum segja um 20%, af hverju tollarnir, vörugjaldið og söluskatturinn haldast í sömu prósentutölu. Af hverju eru ekki þessi 20% tekin af þessum liðum, þannig að ríkið margfaldi ekki það gjald eða þá upphæð sem það tekur. Þetta er keðjuverkandi og fer allt beint út í verðbólguna, fer allt út í allar þær vísitölur sem við höfum haft. Og ef það er hægt að vefja upp á citthvað, þá hlýtur að vera hægt að vefja niður af því. Ég er alveg sannfærður um að ef söluskatturinn, sem er 20%, væri lækkaður um 20% þegar gengislækkun er 20%, og það sama yrði gert við vörugjaldið, þá hlyti minni upphæð að fara út í verðbólguna. Því er ekki eitthvað svona lagað gert? Ég held að við ættum að fara að hugsa um að vefja ofan af, en ekki alltaf að bæta á. Þá getum við aukið verðgildi krónunnar í staðinn fyrir að auka fjölda krónanna sem þarf til að lifa af.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Sameinað þing, 28. fundur.

Þriðjudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Framkvæmdastofnun ríkisins, fsp. (þskj. 48). — Frh. einnar umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er nú orðið alllangt síðan þetta mál var hér á dagskrá og ég hafði þá kvatt mér hljóðs til þess að gera stuttar aths.: annars vegar til þess að leiðrétta nokkuð staðleysur, sem komu fram um afstöðu Sjálfstfl. eða þm. Sjálfstfl. til þessa máls, og svo hins vegar til þess að vekja athygli á áhrifaleysi Alþfl., sem fram kemur í þessari fsp.

Varðandi síðara atriðið er það ekki lengur fréttnæmt og telst ekki til mikilla tíðinda, þar sem það blasir við allri þjóðinni, hversu lítilla áhrifa gætir af hálfu Alþfl. í þessari ríkisstj., en það kemur m. a. fram í þessari fsp., þar sem þeirri spurningu er beint til hæstv. forsrh. hvort ríkisstj. muni beita sér fyrir því að afnema „kommissarakerfið“. Nú er þetta eitt af þeim málum, sem Alþfl. barðist mjög skelegglega fyrir í kosningabaráttunni, að

afnema þetta svokallaða skömmtunarkerfi og „kommissarakerfi". Ég fyrir mitt leyti var algerlega sammála þeim sjónarmiðum, sem fram komu hjá þeim Alþfl.-mönnum fyrir kosningarnar. Maður hefði getað haldið, að þeir hefðu í stjórnarmyndunarviðræðum getað tekið af skarið um það, að breytingar væru gerðar í þá átt sem þeir töluðu um fyrir kosningar. En svo kemur á daginn að þeir hafa engu þar um ráðið og þurfa að bera fram fsp. hér í hv. Sþ., og auðmýking þeirra er alger þegar hæstv. forsrh. svarar þessari spurningu þannig, að málið sé nú til endurskoðunar í nefnd, sem hafi það með höndum að fara yfir lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Öllum er þó ljóst, að breyting á „kommissarakerfinu" ræðst ekki af lagabreytingum. Samkv. ákvæðum þessara laga skal skipa forstjóra þessarar stofnunar af hálfu stjórnar Framkvæmdastofnunar. Ég geri ráð fyrir því, að ef þessi stofnun á að vera áfram, þá sé óhjákvæmilegt að hafa forstjóra við þessa stofnun. Ég held að allir geti verið sammála um það, hvort sem þeim líkar vel við þessa stofnun eða ekki. Siðleysið, sem viðgengst í þessum málum, er hins vegar það, að stjórn þessarar stofnunar hefur ráðið til forstjórastarfa tvo alþm. Það þarf auðvitað enga lagabreytingu til þess að gera breytingu á þessu, heldur einfalda stjórnarákvörðun hjá þessari stofnun, til þess þarf engin lagabreyting að koma.

Sjálfstfl. gagnrýndi á sínum tíma mjög lögin um Framkvæmdastofnun, sem var fyrst og fremst byggt á því, að undir stofnunina var sett hagrannsóknadeild, og svo hinu, að forstjórar þessarar stofnunar skyldu ráðnir af ríkisstj., vera pólitískir „kommissarar" ríkisstj. Þessu hvoru tveggja hefur verið breytt með lögum. Hins vegar skeði það fyrir 2-3 árum, þegar lagabreytingin var gerð, að ég leyfði mér að bera fram brtt. við lögin beinlínis um það, að þm. væri bannað að taka að sér þessi störf. Það fór fram ákaflega söguleg atkvgr. þá, vegna þess að þessi brtt. var felld með 12:11 atkv. Þar réðu úrslitum þeir hv. þm. Sverrir Hermannsson og Tómas Árnason, sem skipa stöður forstjóranna.

Forseti er orðinn óþolinmóður og ég get ekki talað lengur í þessu máli. En ég vil, um leið og ég vek athygli á því, að við þm. Sjálfstfl. höfum margir hverjir beitt okkur einarðlega gegn því að þm. gegndu þessum forstjórastörfum, koma þeirri ábendingu á framfæri við Alþfl., að hér er um einfalda ákvörðun stjórnarinnar að ræða, sem þeir geta beitt sér fyrir í stjórnarliðinu sjálfu, þar sem þeir hafa meiri hl. í þessari stjórn núna. Það er einfalt fyrir þá að byrja á því að segja upp hæstv. fjmrh. Tómasi Árnasyni, sem er annar þessara forstjóra.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það er með því furðulegra, sem hér gerist, að heyra sjálfstæðismenn standa upp og vera að hneykslast á því, að aðrir hafi ekki beitt sér nógu mikið í sambandi við „kommissarakerfið". Saga Sjálfstfl. í því máli er sú, að hann snerist öndverður gegn Framkvæmdastofnuninni, þegar vinstri stjórnin 1971-1974 setti hana upp, og barðist þá með kjafti og klóm. Einstakir þm. hans heimtuðu að stofnunin væri lögð niður.

En svo gerðist það, að þeir komust sjálfir í stjórn og hvað tók þá við? Þá lögðu þeir niður skottið, skriðu inn í stofnunina og settust ánægðir eins og kettir í sæti „kommissars", í sæti formanns stjórnarinnar og í allt „apparatið". Svo standa þessir menn upp og ráðast á aðra fyrir að hafa ekki komið „kommissara"-kerfinu fyrir kattarnef. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm. um Alþfl.? (Gripið fram í.) Ég held að þm. ætti að reyna að stilla skap sitt og muna hvað hann sagði fyrir tveim mínútum.

Sannleikurinn er sá, að ein af þeim höfuðbreytingum, sem stjórn Sjálfstfl. gerði, var að fastráða þessa „kommissara", svo að þeir eru orðnir jafnnaglfastir í stöðum sínum og bankastjórar, og það gerir stórum erfiðara að gera á breytingu. Þar að auki situr stjórnin í stofnuninni í dag óbreytt eins og hún hefur verið frá því að Sjálfstfl. kom til valda. Ég held að þeir ættu að gera þessi mál upp sín á milli og reyna að fylgja einhverri samfelldri stefnu frekar en hegða sér eins og þeir hafa gert í þessu máli, sem er Sjálfstfl. til skammar, en sýnir að þetta er ekki einn flokkur. Þetta er samansafn af hópum manna með mismunandi skoðanir og mismunandi hagsmuni og virðast vera jafngírugir í „kommisarastöður" og formannastöður í peningastofnunum og hverjir aðrir.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, fsp. (þskj. 91). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. félmrh., um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga:

„Hversu mikið skerðist að óbreyttu framlag úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna niðurfellingar söluskatts á matvörur á árunum 1978 og 1979?

Hyggst ríkisstj. bæta sveitarfélögunum þennan tekjumissi og ef svo er með hvaða hætti?"

Þessi fsp. þarfnast ekki mikilla skýringa. Eins og hv. þm. er kunnugt hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga tekjur af söluskatti. Þegar söluskattur var felldur niður af matvöru rýrðust tekjur Jöfnunarsjóðs að nokkru leyti. Það er þannig ástatt með sveitarfélögin, að þau hafa miklu ótryggari tekjustofna en ríkissjóður í verðbólgu eins og hefur verið hjá okkur núna. Sveitarstjórnarmenn segja gjarnan, að 11% útsvar þýði í raun 7% eftirágreitt útsvar, þegar tekið er tillit til verðbólgunnar. Með tilliti til þess, að sveitarfélögin hafa svo ótrygga tekjustofna sem raun ber vitni, hafa sveitarstjórnarmenn að sjálfsögðu áhyggjur af því, að á sama tíma skerðist jöfnunarsjóðsframlagið til þeirra, sem er eitt af því fáa sem er verðtryggt af tekjustofnum þeirra. Ég hef af þessum ástæðum leyft mér að leggja fram þessa fsp.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Hér er spurt, hversu mikið framlög úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skerðist á árunum 1978 og 1979 vegna niðurfellingar söluskatts á matvörum, hvort ríkisstj. hyggist bæta sveitarfélögunum þennan tekjumissi og ef svo er með hvaða hætti.

Samkv. 9. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nemur það framlag ríkisstjóðs, sem hér um ræðir, 8% af söluskatti samkv. lögum nr. 10 frá 1960, um söluskatt. Þessi lög kveða á um 11% söluskatt og er hluti Jöfnunarsjóðs því 8% af þeim söluskattstekjum, en ekki öllum söluskattinum eins og hann er nú orðinn.

Niðurfelling söluskatts á matvörum var einn liður í ráðstöfunum núv. ríkisstj., sem gerðar voru í septemberbyrjun s. l. til að hamla gegn verðbólgunni. Þessi lækkun á útsöluverði matvöru kemur fram í minni lækkun launakostnaðar en ella hefði orðið og veldur því útgjaldalækkun fyrir sveitarfélögin eða öllu heldur minni

útgjaldahækkun en ella hefði orðið.

Rétt mynd af afleiðingum þessara aðgerða á afkomu sveitarfélaganna fæst ekki nema báðar hliðar dæmisins séu skoðaðar. Þjóðhagsstofnunin hefur reiknað út, að rýrnun tekna Jöfnunarsjóðs vegna niðurfellingar söluskatts nemi 100 millj. kr. á þessu ári. Þessi útreikningur byggist á fjárlagatölu 1978, sem var 4 milljarðar 860 millj. Nú er hins vegar ljóst, að framlag ríkisjóðs verður í raun töluvert hærra, því að alls verða tekjur Jöfnunarsjóðs um 6900 millj. á árinu. Þar af eru landsútsvörin um 750 millj. og framlag ríkissjóðs því um 6 milljarðar 150 millj. Miðað við þessar breyttu forsendur gæti því rýrnun tekna Jöfnunarsjóðs orðið allt að 125 millj. kr. á þessu ári.

Nokkru örðugra er að gera sér grein fyrir þeim útgjaldasparnaði, sem leiðir af þessum ráðstöfunum fyrir sveitarfélögin. Þó má í stórum dráttum ætla að rekstrarútgjöld sveitarfélaganna séu á ársgrundvelli um 25-30 milljarðar og þar af séu laun og launatengd gjöld ekki undir 15 milljörðum. Niðurfelling söluskattsins á matvörum kom í veg fyrir 2.9% launahækkun, sem jafngildir þá um 450-500 millj. kr. lækkun rekstrarútgjalda sveitarfélaga á ársgrundvelli frá því sem ella hefði orðið. Er því næsta ljóst, að rekstrarafkoma sveitarfélaganna hefur ekki versnað á árinu vegna þessara aðgerða út af fyrir sig og tekjumissir sveitarfélaganna því í raun og veru þegar bættur. Af hálfu ríkisstj. eru því ekki fyrirhugaðar frekari aðgerðir af þessu tilefni.

Árið 1979 verður rýrnun á tekjum Jöfnunarsjóðs vegna umræddrar niðurfellingar söluskatts um 420 millj. miðað við teknaáætlun fjárlagafrv. fyrir það ár, en í raun eitthvað meiri fari þessar tekjur fram úr áætlun, eins og oftast mun hafa orðið raunin. Tilsvarandi útgjaldalækkun ætti samkv. framansögðu ekki að nema lægri fjárhæð. Hitt er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að þetta er eini tekjustofn sveitarfélaganna, sem er í reynd verðtryggður, og þess vegna mikil eftirsjón að þessum hluta tekna þeirra.

Það væri freistandi að taka fjármál sveitarfélaganna til ítarlegri umr. í tilefni af þessari fsp., en til þess gefst ekki tóm núna. Ég vil þó benda á að verðbólgan hefur sannarlega leikið flest sveitarfélögin harla grátt, því að ljóst er að við ríkjandi aðstæður verða útsvörin þeim engan veginn sú tekjulind sem lögin um tekjustofna þeirra gera ráð fyrir. Baráttan við verðbólguna er því að mínu mati mesta hagsmunamál sveitarfélaganna. Jafnvel þótt heimildinni til hækkunar útsvara úr 10 í 11% sé beitt, verða tekjurnar í raun miklu minni, þar sem ætíð er lagt á tekjur gjaldandans næstliðið almanaksár. Í 40% verðbólgu nema útsvörin í reynd aðeins um 7.8%, og tæpast nema 7.2% þegar verðbólgan kemst upp í 52% á ári.

Þessu vandamáli hef ég hreyft í ríkisstj. og gert grein fyrir tveimur mögulegum leiðum til úrbóta: Annars vegar hækkun álagningarprósentunnar, ef verðbólgan fer yfir ákveðið stig, og hins vegar staðgreiðslukerfi útsvara. En ég tek það skýrt fram, að um þetta hefur engin samþykkt verið gerð í ríkisstj. Þetta eru hugmyndir mínar. Það mætti hugsa sér að heimild til hækkunar í 12% mætti nota, ef verðbólga færi yfir 25% á ársgrundvelli, og kannske upp í 13%, ef hún færi yfir 40%. En ég ítreka það, að þetta eru hugmyndir mínar. Það hefur alls ekki verið samþykkt neitt í þessa átt í ríkisstj. Hinn kosturinn er staðgreiðslukerfi útsvara og sá kostur er að mínu mati miklu betri og er sú leið fær, þótt staðgreiðsla skatta komist ekki í framkvæmd samhliða. Undirbúningur að þessari breytingu mun þó taka lengri tíma en svo, að hún geti komist á um næstu áramót. Hins vegar ætti það að vera auðvelt um áramótin 1979-1980, ef vilji er fyrir hendi. Ég tek að lokum fram, að þótt þessar hugmyndir hafi verið kynntar og ræddar lítillega í ríkisstj. hefur engin ákvörðun verið tekin um þær.

Herra forseti. Ég skil vel þær ástæður, sem liggja að baki fsp. frá hv. fyrirspyrjanda, og ég ítreka það, að það er ekkert einstakt hagsmunamál sveitarfélaganna stærra en það að ráða niðurlögum verðbólgunnar.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, sem voru út af fyrir sig glögg. Ég verð þó að harma að hæstv. ríkisstj. virðist ekki hugsa sér að bæta sveitarfélögum þennan tekjumissi af jöfnunarsjóðsframlagi, en þarna er um að ræða, eins og kom fram hér hjá hæstv. ráðh., eina verðtryggða tekjustofn sveitarfélaganna í dag. Það má vel vera, að það sé hægt að finna aðra leið til þess að hjálpa sveitarfélögunum í þeim vanda, sem þau standa frammi fyrir nú og glöggt kom fram í máli hæstv. ráðh. vegna þeirrar verðbólgu sem ríkir hér hjá okkur, að tekjustofnar þeirra eru ekki verðtryggðir og eftiráinnheimta á tekjum þeirra. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. skoði það mál rækilega. Ég vona að hæstv. ríkisstj. hugsi sér ekki að þrengja að sveitarfélögunum með þessum hætti. Að draga til ríkisvaldsins meiri verkefni frá sveitarfélögunum sýnist mér vera stefna í öfuga átt við það sem ætti að gera. Ég lít svo á, að það ætti að fela sveitarfélögum fleiri verkefni og láta þau hafa meiri tekjustofna til þess að sinna þeim verkefnum, vegna þess að það stjórnvald er nær fólkinu en ríkisvaldið.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins koma hér að smáaths. í sambandi við þetta mál.

Þegar ljóst var að þær ráðstafanir, sem ríkisstj. gerði á s. l. hausti, mundu hafa þær afleiðingar að tekjur sveitarfélaga af söluskatti rýrnuðu, ákvað stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að ganga á fund ráðh. og átti fund með hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. um málið og gerði þeim grein fyrir því, hvernig staða sveitarfélaga eða fjárhagur sveitarfélaga væri um þessar mundir og hvaða afleiðingar þessi ráðstöfun mundi hafa.

Það hefur komið hér fram áður og hefur raunar verið opinbert, að tekjustofn sveitarfélaga, útsvörin, 11%, er að raungildi aðeins 7.3% miðað við verðbólgu sem geisar í landinu. Ég tek það fram, að sveitarfélögin hafa miklar áhyggjur af þessum málum og á fundum og ráðstefnum þeirra hefur verið rætt um það í alvöru, til hvaða ráða mætti grípa til þess að styrkja stöðu þeirra til þess að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin. M. a. hefur það komið fram, sem hæstv. ráðh. minntist á áðan, að sveitarfélögin hafa gjarnan viljað láta athuga það í fullri alvöru, hvort ekki væri möguleiki á því að taka upp staðgreiðslukerfi útsvara án þess að tengja það staðgreiðslukerfi skatta. Þetta er mál, sem sveitarstjórnarmenn hafa mikinn áhuga á, og ef það er framkvæmanlegt, þá verði það undirbúið. Það má segja, að það sé neyðarúrræði að fara inn á þá braut að ákveða 12 eða 13% útsvarsálagningu ef hægt er að grípa til annarra ráða.

Ég vil minna á það einnig í leiðinni, að það hefur verið ósk sveitarfélaga lengi að þau fengju hlutdeild í öllum

söluskattinum, þ. e. a. s. öllum söluskattsstigunum, en svo er ekki í dag. Ef hægt væri að verða við þessu mundi það bæta að vissu marki þetta vandamál sveitarfélaganna.

Ég vil nota tækifærið hér til þess að ítreka það enn, að ég vona að ríkisstj. taki þessi mál til mjög gaumgæfilegrar athugunar þar sem fjárhagur sveitarfélaga er ekki síður þýðingarmikill en fjárhagur ríkisins.

Atvinnumöguleikar ungs fólks, fsp. (þskj. 109). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hinn 6. maí 1978 var samþ. svo hljóðandi þáltill. um atvinnumöguleika ungs fólks, sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta gera athugun á vinnuaflsþörf íslenskra atvinnuvega í nánustu framtíð með sérstöku tilliti til atvinnumöguleika ungs fólks. Við gerð þessarar athugunar verði lögð áhersla á að ganga úr skugga um, hvort æskilegt jafnvægi sé milli menntunar ungs fólks annars vegar og eðlilegra þarfa atvinnuveganna hins vegar í þeim efnum.

Athugun þessari skal lokið fyrir árslok 1978."

Af þessu tilefni leitaði ég mér upplýsinga í félmrn., en þangað var þessi samþykkt Alþ. send. Samkv. upplýsingum í rn. frá Jóni S. Ólafssyni hefur rn. ekki gert neitt í þessu máli. Það þarf tíma til að gera þessar kannanir, eins og hv. þm. hlýtur að vera kunnugt, en hálfnað er verk þá hafið er. Verkið er bara ekki hafið.

Af þessu gefna tilefni hef ég leyft mér að flytja á þskj. 109 svo hljóðandi fsp. til hæstv. félmrh:

„Hvað hefur ríkisstj. gert í könnun þeirri á vinnuaflsþörf íslenskra atvinnuvega í nánustu framtíð, sem samþ. var að gerð skyldi, samkv. þáltill. samþykktri á Alþ. 6. maí 1978, um atvinnumöguleika ungs fólks, þar sem kanna átti jafnvægi milli menntunar ungs fólks annars vegar og eðlilegra þarfa atvinnuveganna hins vegar?"

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Þessari fsp. er fljótsvarað. Það hefur til skamms tíma ekkert verið gert í þessu máli. Aftur á móti hefur áætlanadeild Framkvæmdastofnunar nýlega verið falið að skoða þetta mál í framhaldi af þessari þál., og ég vona að út úr þeirri könnun komi það sem þál. er um efnislega. Ég endurtek: fram undir það síðasta hefur ekkert verið í málinu gert.

Fyrirspyrjandi (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svar,hans. Fsp. þessi er flutt til þess að reka á eftir því, að þessi könnun fari fram hið fyrsta. Ég sé að hún hefur borið tilætlaðan árangur. Fyrir það vil ég þakka hæstv. ráðh.

Sameinað þing, 29. fundur.

Þriðjudaginn 28. nóv., að loknum 28. fundi.

Endurskoðun laga um þingsköp Alþingis, þáltill. (þskj. 107). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn, með 36. shlj. atkv. og umr. frestað.

Aukin nýting í fiskvinnslu, þáltill. (þskj. 113). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Landgræðsla, þáltill. (þskj. 114). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Verksmiðjuframleidd hús, þáltill. (þskj. 116). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að bera fram fsp. til hæstv. utanrrh. Tilefni fsp. er frétt sem lesin var í fréttatíma Ríkisútvarpsins í gær kl. 7 síðdegis, en í fréttinni sagði á þessa leið:

„Töluvert atvinnuleysi er nú í Keflavík og víðar á Suðurnesjum. Hætta er talin á því, að ástandið í þeim efnum kunni enn að versna vegna þeirrar ákvörðunar Bandaríkjastjórnar, að bandaríska hernum skuli óheimilt að ráða nema einn óbreyttan starfsmann fyrir hverja fimm, sem láta af slíkum störfum hjá hernum.

Vegna þessa og ákvæða í varnarsamningnum og viðauka við hann frá 1974, þar sem segir að ekkert skuli gert af bandarískri hálfu sem haft gæti óheppileg áhrif á íslenskt efnahagslíf, kallaði Benedikt Gröndal utanrrh. nýskipaðan sendiherra Bandaríkjanna hér á landi, Richard A. Ericson, á sinn fund í utanrrn. í dag. Utanrrh. óskaði eindregið eftir því í viðtali sínu við sendiherrann, að athugaðir yrðu möguleikar á því að þessari ákvörðun Bandaríkjastjórnar yrði ekki fylgt eftir hér á landi."

Þetta er sú frétt sem lesin var í Ríkisútvarpinu og er tilefni fsp. minnar. Fsp. til hæstv. utanrrh. er á þessa leið:

1. Hefur hæstv. utanrrh. Benedikt Gröndal borið fram þau tilmæli við sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík sem greint er frá í útvarpsfréttinni?

2. Ef svo er, þá er spurt: Hefur verið fjallað um slíka beiðni á fundum hæstv. ríkisstj. og tekin afstaða til málsins þar? Og þá er einnig spurt: Hvaða skýringu vill

utanrrh. gefa á slíkri málaleitan við ríkisstj. Bandaríkjanna?

Ég mun ekki hafa um málið fleiri orð hér áður en utanrrh. hefur átt þess kost að gefa svör við þessum spurningum, en ég vil aðeins láta þess getið strax, að sé svo, mót von minni, að hér sé rétt frá greint, þá tel ég að um sé að ræða hið versta hneyksli.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Svör við spurningum hv. 3. þm. Vestf. eru á þá lund varðandi fyrstu spurninguna, hvort ég hafi borið fram þau tilmæli við sendiherrann, sem getur í frétt útvarpsins, að það er rétt, nema tilmæli mætti eins kalla mótmæli.

Í öðru lagi er spurt: Hefur verið fjallað um þá beiðni í ríkisstj.? Það var fjallað um málið á ríkisstjórnarfundi í morgun, hinum fyrsta eftir að málið kom upp, og Alþb.-menn létu bóka þar mótmæli. Að öðru leyti stendur gerðin óhögguð.

Þriðja spurningin er: Hver er skýringin? Hún er á þá lund, að seinni hluta s. l. viku lét starfsmannastjóri varnarliðsins embættismenn varnarmálaráðuneytisins og menn í varnarmálanefnd vita af því, að varnarliðið hefði fengið frá Bandaríkjunum fyrirskipun þess efnis, að það skyldi fylgja þeirri reglu að fyrir hverja fimm starfsmenn, - þ. e. a. s. að sjálfsögðu aðra en þá sem eru í herþjónustu, sem víkja úr störfum af hvaða tilefni sem er, megi aðeins ráða einn. Þessar reglur munu vera á þá lund, að hlutföllin eru mismunandi eftir því hve viðkomandi stofnanir eru stórar. Ef starfsmenn eru innan við 50, þá er það 1:1, ef þeir eru frá 56 upp í 740, eru þau 2:1, en ef starfsmenn eru yfir 741, þá er hlutfallið 5:1.

Varnarmálanefnd hafði samband við mig um þetta mál og óskaði fundar, sem ég átti með mönnum úr nefndinni fyrir helgina — þeim mönnum sem í áratugi hafa mest fjallað um vinnumál á Keflavíkurflugvelli. Það var einróma skoðun þeirra, að ef þessi fyrirskipun yrði framkvæmd hér gæti hún valdið snöggri og ófyrirsjáanlegri truflun á mannaráðningum hjá varnarliðinu. Nú er það svo, að á Keflavíkurflugvelli öllum starfa að jafnaði um 2500 Íslendingar. Ég giska lauslega á að liðlega þriðjungur þeirra sé eingöngu við millilandaflug, allmargir starfsmenn íslenska ríkisins starfa við hvort tveggja, en í beinni þjónustu varnarliðsins hafa lengi verið rúmlega 1000 manns. Síðustu tölur, sem ég hef um það, eru 986. Það leiðir af líkum, að tilfærslur í svo mörgum störfum geta verið allmargar, jafnvel tugir á mánuði, en eru þó breytilegar eftir ýmsum aðstæðum, árstíðum, störfum, verkefnum og öðru.

Nú er það svo, að það hefur verið samkomulag, sem má kalla hefð og er einnig bundið bæði í viðauka við varnarsamninginn frá 1951 og eins í samkomulaginu frá 1974, að varnarliðið skuli ekki gera ráðstafanir sem hafi óheppileg áhrif á íslenskt efnahagslíf. Við lítum því svo á, að ef ætti að framkvæma þessa reglu, sem sjálfsagt er búin til vestur í Ameríku í þeim tilgangi að skera niður hin risavöxnu skrifstofubákn þar, gæti hún haft mjög óheppileg áhrif, bæði á einstaklinga, sem þarna hafa starfað, og eins á ýmiss konar starfsemi, eins og brunalið, snjómokstur og annað, sem snertir almenna öryggisstarfsemi, þar sem starfsliðið er eingöngu íslenskt. Þess vegna mótmælti ég þessu með tilvísun í hefð, samninginn frá 1951 og samkomulagið frá 1974.

Það er skoðun mín að við eigum sjálfir að ráða þróun atvinnumála á Suðurnesjum og þar bíða okkar mikil verkefni. Skyndilegar ákvarðanir teknar við allt aðrar aðstæður einhvers staðar langt vestur í Ameríku eiga ekki að verða til að valda raski sem geti komið illa við fjölda manns hér á landi. Er það óneitanlega verra þegar um er að ræða svæði eins og Reykjanessvæðið er núna, þar sem atvinnuástand er ekki mjög tryggt. Þess vegna tel ég að þetta hafi verið sjálfsögð framkvæmd á gildandi reglum og venjum og ekki um það að ræða að taka því, að slíkum reglum sé dembt yfir okkur fyrirvaralaust, án þess að við mótmælum því, og ég vona að við fáum því hnekkt.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Fréttin í Ríkisútvarpinu í gærkvöld, sem fyrirspyrjandi gerði að umræðuefni áðan, kom okkur ráðh. Alþb. jafnt á óvart sem flestum öðrum landsmönnum, geri ég ráð fyrir. Í morgun vakti hæstv. utanrrh. máls á þessu máli í ríkisstj. og þar var það rætt. Af því tilefni gerðum við ráðh. Alþb. svofellda bókun:

„Vegna fram kominnar beiðni utanrrh. við bandaríska sendiherrann í gær, þar sem þess var óskað að fyrirhugaðar takmarkanir á endurráðningu starfsmanna í herstöðvum Bandaríkjamanna verði ekki látnar gilda fyrir herstöðina í Keflavík, viljum við ráðh. Alþb. taka fram:

Við erum andvígir vinnubrögðum og stefnu utanrrh. í þessu máli. Í stað þess að fara bónarveg að bandarískum stjórnvöldum teljum við að bregðast eigi við samdrætti í vinnu á vegum hersins á Keflavíkurflugvelli með sérstöku átaki til að tryggja hlutaðeigandi vinnu við þjóðnýt störf með hliðsjón af atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum."

Þetta var bókun okkar og ég ætla ekki að bæta þar miklu við. Það er þó álit mitt að þau fyrirmæli, sem frést hefur um vestan um haf, að Bandaríkjamenn hygðust í herstöðvum sínum draga úr starfsmannahaldi eins og hæstv. utanrrh. hefur greint hér frá, ættu að vera okkur Íslendingum fagnaðarefni og verða til þess að stappa í menn stálinu til að draga úr þeim efnahagslegu áhrifum sem herstöðin í Keflavík hefur á atvinnulíf okkar. Mér sýnist á viðbrögðum hæstv. utanrrh. og þeirra, sem undir hans sjónarmið taka, að það sé annað en varnir landsins, sem haft er í huga í þessu sambandi. Það sé miklu fremur hugsað um efnahagslegan ábata. Kunnugt er að við Alþb.-menn teljum herstöðina í Keflavík ekki varnarstöð og ekki til þess fallna að tryggja öryggi Íslands eða Íslendinga. En burt séð frá því teljum við sérstaklega ámælisvert og raunar fyrirlitlegt það sjónarmið, að okkur beri að hafa þessa herstöð til þess að hagnast á henni svo sem frekast er kostur, en það virðhorf virðist hafa átt fylgi að fagna allt of margra Íslendinga nú hin síðari ár og e. t. v. í vaxandi mæli, enda ýtt undir það af ýmsum stjórnmálamönnum, sem maður hefði kosið að tækju öðruvísi og ábyrgar á þessum málum. Það væri ekki úr vegi, að menn hugleiddu í þessu samhengi spurninguna: Hvar verður komið efnahagslífi og atvinnu á Suðurnesjum, ef sú ákvörðun verður tekin einn góðan veðurdag vestur í Washington að leggja herstöðina í Keflavík niður?

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin, enda þótt efni þeirra hafi verið með þeim hætti að ég telji að það hafi ekki getað lakara verið.

Hæstv. utanrrh. staðfesti hér, að hann hafi í nafni íslenska ríkisins borið fram mótmæli við Bandaríkja-

stjórn gegn því að hér giltu þær almennu reglur, sem Bandaríkjastjórn hefur sett varðandi herstöðvar sínar vítt um heim, að þar yrði fækkað nokkuð starfsmönnum. Ég vil af hálfu okkar stuðningsmanna Alþb. hér bera fram á Alþ. hin hörðustu mótmæli gegn þessari athöfn hæstv. utanrrh.

Því var einu sinni haldið fram af stuðningsmönnum setu Bandaríkjahers hér á landi, að hér sæti þessi erlendi her af illri nauðsyn, eingöngu af illri nauðsyn til að verja landið gegn utanaðkomandi árás. Nú er svo komið, að það þykir sæma að utanrrh. Íslands gangi með betlistaf fyrir sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík og biðji fyrir okkar hönd, eins ríkasta þjóðfélags veraldar og best setta, að þessi erlenda ríkisstj., sem hefur her sinn í landinu, verði til þess að skapa okkur þau atvinnutækifæri sem íslensk stjórnvöld á undanförnum árum *virðast ekki hafa haft dug í sér til að byggja upp og hafa* máske ekki enn.

Það væri ósköp fróðlegt að vita, hversu bænheitur hæstv. utanrrh. kann að hafa verið. Ég vil óska eftir því, að þegar málið kemur hér til framhaldsumr. verði það upplýst, hvaða svör Bandaríkjastjórn hafi gefið við þessum tilmælum.

Hæstv. utanrrh. gerði mikið mál úr því, þegar fram fóru viðræður um myndun núv. ríkisstj., að það færi ekki vel á því, að forsrh. landsins, hver svo sem hann væri, hefði ekki sömu skoðanir í utanríkismálum og meiri hl. innan ríkisstj. Ég hygg að þetta ætti ekki síður að gilda um utanrrh. á hverjum tíma, hver svo sem hann er. Ég vil því að gefnu tilefni og vegna þess að það hefur komið fram, að hæstv. utanrrh. hefur hafið þennan erindrekstur án þess að leggja málið fyrir í ríkisstj. fyrr en að verki loknu, leyfa mér að bera fram þá fsp. til hæstv. forsrh., sem ég vona að hann svari við framhaldsumr., hvort hann telji að það samræmist stefnu ríkisstj. að utanrrh. hennar beri slík tilmæli fram. Og ég vil minna á að hér hafa af ýmsum verið hafðar uppi spár um það, að færi svo að Bandaríkjastjórn ákvæði einn dag að kalla her sinn heim frá Íslandi, þá kynni það að gerast, að íslensk stjórnvöld mundu grátbiðja Bandaríkjastjórn um að láta herinn vera hér kyrran. Ganga hæstv. utanrrh. á fund sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík nú fyrir stuttu bendir því miður til þess, að svo kunni að fara. Ég vil þó vona að þeir menn sitji enn sem flestir hér á hinu háa Alþingi, að menn líti á slíka spá sem illspá. Það er ekki mín spá, en það er ástæða til að bera ugg í brjósti um að sú kunni þróunin að verða þegar slíkir atburðir sem þessir gerast.

Ég vil ljúka máli mínu, herra forseti, með því að segja, að enda þótt risaveldin hafi herstöðvar vítt um heim, sem flestir vilja vera lausir við í þeim þjóðlöndum, sem slíkar herstöðvar sitja uppi, þá er ekki algengt að ríkisstjórn eins ríkis, sem slíkar herstöðvar hefur í landi sínu, fari sérstakan bónarveg að hinu erlenda stórveldi með beiðni um að skapa atvinnutækifæri fyrir þegna landsins. Og það er að mínu viti með öllu ósæmilegt að utanrrh. sjálfstæðs þjóðríkis beri fram slíka beiðni. Ég vil heita á stuðningsmenn og hv. þm. Alþfl. að hugsa sig vel um, áður en þeir hvetja til fleiri slíkra ferðalaga — eða á það kannske að verða einn meginþátturinn í hinni nýju efnahagsstefnu, sem Alþfl. hefur verið að boða, að æ fleiri Íslendingar eigi að eiga afkomu sína undir störfum hjá þeim erlenda her sem í landinu dvelur?

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það var mikið, að hv. Alþb.-menn fengu tækifæri til að koma að þessu áhugamáli sínu. Auðvitað var meðferðin rétt eins og virðing þeirra fyrir sannleika, staðreyndum eða öðru slíku. Það á að heita ritstjóri fyrir einu af stærstu dagblöðunum, eða hefur verið það, sem var að tala áðan, en hann er ekki meiri fréttamaður en svo, að hann talar og æsir sig upp út af því, að ég hafi gengið á fund sendiherrans. Ég gekk ekki á fund hans. Ég kallaði hann í utanrrn. Og ég hafi farið bónarveg eða verið með betlistaf! Ég hef aldrei átt staf á ævinni, hvorki betlistaf né annan. Svona orðbragð er ekki til þess að vekja traust á nokkrum málstað.

Það er hægt að fara út í umr. um varnarmálin almennt hvenær sem er. En það er staðreynd, að það hefur starfað þarna álíka fjöldi manna, sem var fækkað verulega fyrir *allmörgum árum, úr mörgum þúsundum niður í rúmlega* eitt þúsund og hefur verið haldið þar. Ef Alþb.-menn hafa skyndilega áhuga á efnahagslegum þáttum varnarliðsins, ættu þeir að snúa sér að stóru félögunum í staðinn fyrir að höggva að þessu litla fólki á Suðurnesjunum, meira eða minna óbreyttu verkafólki og iðnaðarmönnum, sem eru í þessum hóp sem hér um ræðir. (**Gripið fram í:** Hvaða stóru félögum?) Sameinuðum verktökum t. d. (**Gripið fram í:** Það stendur ekki á okkur, Benedikt.) Stendur ekki á ykkur? (**Gripið fram í:** Það stendur á þér.) Látið þið litla fólkið í friði þangað til þið hafið gert eitthvað í hinum málunum og sýnt eitthvað þar.

Þetta mál er náskylt því í venjulegum verkalýðsmálum, hvernig uppsagnarfresti og öðru slíku er hagað. Og ég tel að við höfum tvímælalausan rétt með okkur í því að vera ekki háðir svo skyndilegum breytingum sem hér er um að ræða. Við ákveðum það sjálfir með uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum, hversu mikið af okkar fólki verður þar og hversu margt af því leitar *til flugvallarins* með okkar leyfi. Því fólki hefur ekki fjölgað síðan ég kom í núverandi starf, en ég tel það skyldu mína að verja það fólk, sem þarna er, fyrir því að verða fyrir skyndilegum atvinnumissi.

Það er furðulegt, þegar ég er að reyna að verja rétt okkar samkv. samningum og samkomulagi fyrir Ameríkumönnum og ágangi þeirra, að þá snýst Alþb. eins og það leggur sig af ofsahita yfir á hinn vænginn, stendur með Ameríkumönnum, heimtar að þeirra fyrirskipanir til íslensks verkafólks fái að standa. Hvað á maður að halda, þegar svona hringsnúningur gerist? Þið standið Ameríkumegin í þessu! Þið viljið, að svona skipanir, sem hér eiga ekkert erindi og geta orðið til vandræða, séu framkvæmdar í skyndi.

Ég vil ítreka það, að þetta er lítið mál, en það getur snert marga einstaklinga og það er lítið fólk. Takið þið grósserana og braskarana, sem eru alltaf að reyna að gera sér Keflavíkurflugvöll að féþúfu, en látið þetta fólk í friði þangað *til ríkisstj., núv. og þær sem á undan hafa* verið og eiga eftir að koma, sjá fyrir atvinnutækjum og atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum, sem er íslensku þjóðinni sæmandi. Þá mun ekki þurfa að standa vörð um að það fólk verði ekki rekið út á klakann um miðjan vetur.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Það er minn skilningur, það er skilningur Alþfl. og ég býst við að það sé skilningur þjóðarinnar,

að Alþb. hafi fórnað kröfunni um brottför hersins á grundvelli stjórnarsamstarfsins. Í stjórnarsáttmálanum segir:

„Þar eð ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki sameiginlega stefnu í utanríkismálum verður í þeim efnum fylgt áfram óbreyttri grundvallarstefnu og verður þar eigi gerð breyting á nema samþykki allra ríkisstjórnarflokkanna komi til."

Þetta segir okkur það, að utanrrn. er leyfilegt og reyndar skylt að halda óbreyttu ástandi á Keflavíkurflugvelli. Það er það sem Benedikt Gröndal er að gera með mótmælum sínum. Ég verð að segja það, að mér finnst það fyrirlitlegt sjónarmið, sem fram kemur hjá hv. fyrri ræðumönnum er hafa gagnrýnt þessa gjörð, að geta þolað það miklu frekar að fólk gangi atvinnulaust á Suðurnesjum heldur en þetta sé gert. Atvinnulíf á Suðurnesjum hefur verið að koðna niður undanfarin ár vegna aðgerða stjórnvalda og hefur því verkafólk á Suðurnesjum þurft að leita atvinnu á Keflavíkurflugvelli. Atvinnulíf á Suðurnesjum var blómlegt. Vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs var reyndar á Suðurnesjum hér áður fyrr. Þá var varnarliðið hér sem nú og miklu fleira fólk var í þjónustu þess en nú er.

Ég vil geta þess, að verkalýðsfélögin í Keflavík styðja þessa aðgerð og voru þess hvetjandi að svo yrði gert. Og ég verð að segja það hiklaust, að það er óþolandi fyrir utanrrh. og utanrrn. að þessir andstæðingar vestrænnar samvinnu og andstæðingar fólksins á Suðurnesjum skuli vera að skipta sér af svona afgreiðslumálum í rn. hans.

Umr. frestað.

Neðri deild, 21. fundur.

Þriðjudaginn 28. nóv., kl. 6 síðdegis.

Ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, frv. (þskj. 117, n. 124 og 125). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 124 leggur meiri hl. fjh.- og viðskn. til að frv. verði samþ. óbreytt. En í nál. segir: „Einstakir nm. áskilja sér rétt til að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í umr."

Fjh.- og viðskn. kom saman á fund í morgun kl. 9 og var á fundi þangað til nokkuð yfir kl. 12. Á þennan fund komu til viðtals við n. forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og fulltrúi hans og fulltrúi frá fjmrn., og þeir svöruðu þar ýmsum spurningum, sem til þeirra var beint, og gáfu ýmsar almennar upplýsingar um þetta mál. Þá mættu einnig á fundum n. fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands og fulltrúi frá Verslunarráði Íslands, fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands. Við þessa aðila ræddi n. um málið og geri ég ráð fyrir að inn í umr. um málið komi fram ýmislegt af því sem fram kom í viðtölum við þessa aðila.

Í rauninni var það svo, að það, sem helst kom fram hjá þessum aðilum, varðaði málið almennt meira en frv. sem slíkt, enda höfðu flestir ekki haft langan tíma til að kynna sér frv., en nokkrir þessara aðila höfðu þó fylgst með gerð þess á ýmsum stigum, en aðrir höfðu hins vegar ekki verið kallaðir þar neitt til samstarfs.

N. klofnaði um afgreiðslu málsins, eins og kemur fram í þessu nál., þar sem um er að ræða meiri hl., en fulltrúar Sjálfstfl., sem skipa minni hl. í n., skila sérstöku áliti og gera að sjálfsögðu grein fyrir því, þegar því verður hér útbýtt.

Af hálfu n. sé ég ekki ástæðu til að hafa hér öllu lengri framsögu, vegna þess að þeir, sem óska eftir því að gera sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni almennt til málsins, munu gera það. Ég mun hins vegar, þegar ég hef lokið þessari skyldu minni að tala hér fyrir hönd meiri hl. og gera grein fyrir því, hvernig málið var afgreitt í n., ræða nokkuð almennt um málið, en það flokkast að sjálfsögðu ekki á neinn hátt undir það, að ég sé að tala fyrir hönd meiri hl., heldur er ég þar eingöngu að ræða um viðhorf mitt til málsins og afstöðu flokks míns almennt séð.

Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er í rauninni tiltölulega mjög einfalt og skýrt. Gerðar eru ráðstafanir í þessu frv. til þess að koma því fyrir á þann hátt, að ekki verði hækkað kaupgjald nú 1. des. nema sem nemur 6.1% af 14.1%, sem kaup hefði átt að hækka um samkv. útreikningi á kaupgjaldsvísitölu. Hins vegar eru gerðar sérstakar ráðstafanir í frv. til þess að ekki þurfi að koma út í kaup sem nemur 8% af þessari hækkun.

Í 1. gr. frv. er um að ræða ákvörðun um að greiða niður vöruverð, sem nemur 3% af þessari hækkun, umfram það sem verið hefur. Þessi niðurgreiðsla ætti ekki að koma neinum á óvart, vegna þess að tilkynnt hafði verið áður, þegar efnahagsmálin voru til umr., að það mundi verða bætt við viðbótarniðurgreiðslu sem næmi 2.5 prósentustigi, en með þessari grein er gert ráð fyrir að niðurgreiðslan verði 3% eða hálfu prósenti meiri en áður hafði verið skýrt frá. Áður hafði verið gerð tekjuöflun sem átti að standa undir kostnaðinum af þessari niðurgreiðslu sem nam 2.5 prósentustigum. Þar var um að ræða tekjuöflun þá sem fólst í brbl. ríkisstj. frá því í septembermánuði.

Þá er gert ráð fyrir í 2. gr. frv. að til komi samkv. lagasetningu síðar lækkun á beinum sköttum sem sérstaklega ætti að verða lágtekjufólki til góða. Er þar tilnefnd sérstaklega lækkun á sjúkratryggingagjaldi, sem nú er 2%, og hækkun á skattvísitölu eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir varðandi tekjuskattinn sem gætu komið lágtekjufólki til góða. Gert er sem sagt ráð fyrir því, að með sérstakri lagasetningu verði þetta ákveðið og eigi þetta að jafngilda 2% í kaupi. Fram hefur komið, að það er hins vegar ekki búið að ganga formlega frá því, í hvaða formi þetta verður, að hve miklu leyti sjúkratryggingagjaldið lækkar og hvernig verður gengið frá lækkun á hinum almenna tekjuskatti.

Í 3. gr. frv. er síðan gert ráð fyrir því, að það komi einnig til lagasetning sem feli í sér ýmiss konar félagslegar umbætur, sem gerð er nokkur grein fyrir í grg. frv. Þar er einnig um að ræða ýmsar aðgerðir sem ekki eru fullmótaðar enn og því ekki í rauninni hægt að ræða nema að litlu leyti, en tími gefst að sjálfsögðu til þess þegar frv. um þetta efni verða lögð fram. En samkv. 3. gr. er gert ráð fyrir að þessar félagslegu aðgerðir skuli metnar sem nemur 3% í kaupi.

Á þennan hátt er kaupgjaldsvísitalan færð niður frá

því, sem hún er nú, um 8 prósentustig, eða öllu heldur hækkuð um 6.1 prósentustig frá því sem hún er nú, og því síðan slegið föstu í 4. gr. frv., að verðbótavísitalan skuli vera 151 stig á næsta ársfjórðungi.

Þetta er í rauninni meginefni frv. Í fylgd með þessu eru svo ákvæði um greiðslu á bótum almannatrygginga og sérstök hækkun á svonefndri tekjutryggingu. Þetta er í rauninni tiltölulega einfalt efni sem hér er um að ræða. Hér er um að ræða sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að almenn kauphækkun í landinu 1. des. verði eins og hún hefði átt að vera ef ekkert hefði verið að gert, 14.1%, - hún verði þá aðeins 6.1%, því að annað er þarna látið koma í staðinn.

Ljóst er, að þessar ráðstafanir munu kosta ríkissjóð nokkurt fé. Það er t. d. ljóst, að þetta hálfa prósentustig, sem bætist við í niðurgreiðslu frá því sem áður hafði verið ákveðið, mun kosta ríkissjóð á ári í kringum 800-900 millj. kr., eftir því hvað varið verður miklu til þess að greiða niður. Eins er það líka ljóst, að ráðstafanirnar samkv. 2. gr. um skattbreytingu munu kosta ríkissjóð sennilega á milli 3 og 4 milljarða kr., eftir því í hvaða formi þessi breyting verður. Og þær félagslegu aðgerðir, sem rætt er um í 3. gr., það er auðvitað afskaplega erfitt að segja um hvað þær muni kosta á næsta ári. Það fer auðvitað eftir því, hvaða félagslegar umbætur verða valdar, því að sumar þeirra geta komið til greiðslu strax á næsta ári, aðrar koma aftur ekki til greiðslu fyrr en nokkru síðar. En það má ætla, að þarna gæti verið um aukin útgjöld að ræða á næsta ári sem gætu numið 1-2 milljörðumkr. Það er því mjög sennilegt að mínu mati, að hér gæti verið um aukin útgjöld að ræða hjá ríkinu á næsta ári í kjölfar þessarar lagasetningar sem gætu numið á heilu ári um 5-6 milljörðum kr. En það liggur ekki heldur fyrir á þessu stigi málsins, hvernig á að afla fjár á móti þessari fjárhæð, nema rætt er, miðað við þær upplýsingar sem fram hafa komið, um svonefndan skyldusparnað, sem hefur verið í gildi á þessu ári. Talið er að ef hann hefði verið framlengdur fyrir næsta ár, skyldusparnaðurinn í óbreyttu formi, mundi hann hafa gefið í tekjur til ríkisins 3 milljarða kr. í innheimtu á næsta ári. Rætt hefur verið um að breyta þessum skyldusparnaði í beinan tekjuskatt á hærri tekjur og sameina hann í rauninni þeim viðbótartekjuskatti sem lagður var á með brbl. Ef þetta yrði sameinað í eitt gæti það gefið á næsta ári um 3 milljarða kr.

Þá hefur einnig verið nefnt að til kæmi nokkur sparnaður í rekstri ríkisins, og einnig eru nefndir aðrir skattar sem geta komið til greina. En um þetta verður að sjálfsögðu að fljytja frv. síðar og ganga frá þeirri tekjuöflun sem augljóslega þarf að koma í kjölfar þessarar lagasetningar.

Þetta er það sem mér sýnist að felist í rauninni í þessu frv. En það er að sjálfsögðu athyglisvert að gera sér grein fyrir því, hvernig á því stendur að hækkun á verðbótavísitölu nemur rúmum 14% á tímabilinu frá 1. sept. til 1. des. Það hefur verið skýrt frá því, að það sé alveg augljóst að rétt í kringum helmingur af þessari hækkun stafar af því sem komið var inn í efnahagskerfið áður en núv. ríkisstj. tók við völdum og má því rekja til eldra tímabils. Ég skal nefna aðeins þrjá liði sem eru mjög greinilegir í þessum efnum, — ekki það að hægt sé að rekja þá alla út af fyrir sig til fyrra tímabilsins, en það eru þeir sem valda þessari miklu hækkun.

Það er tilnefnt af hálfu Hagstofunnar sem upplýsingar um þetta efni, að frá ágústverðlaginu, sem fyrri vísitala var miðuð við, hækkar nú liðurinn vegna hins nýja verðlags á búvörum í septembermánuði, þessi búvöruliður hækkar frá ágústgrundvelli, frá þeim niðurgreidda grundvelli sem þar var, um 24.4%, en það jafngildir 38.1 vísitölustigi í framfærsluvísitölu. Þetta er mesta hækkunin sem þarna er á ferðinni. Allir vita auðvitað að verðákvörðun landbúnaðarvara, sem fer fram eftir ákveðnum lögum og reglum, sú verðákvörðun, sem átti sér stað varðandi septembermánuð, er auðvitað öll til komin vegna hreyfinga sem höfðu átt sér stað áður en núv. ríkisstj. tók við.

Þá er mjög áberandi í vísitöluhækkun á þessu þriggja mánaða tímabili á svonefndri eigin bifreið. Þar er um að ræða hækkun á bensínverði, sem hafði verið tilkynnt áður, og talsverða erlenda verðhækkun. Inn í það koma að sjálfsögðu einnig áhrif af gengisbreytingu á því tímabili. En einnig kemur inn í þessa mynd allveruleg breyting, einkum á verði bifreiðarinnar, vegna þeirra gengisbreytinga sem eru okkur í rauninni óviðráðanlegar, þ. e. a. s. breytinga sem hafa orðið á gengi ýmiss Evrópugjaldeyris gagnvart dollar á þessu tímabili. Þannig hefur innkaupsverð á eigin bifreið hækkað mjög mikið á þessu tímabili af þessum ástæðum. Þessi liður einn, eigin bifreið, hækkar því á þessu tímabili um 20.3 stig.

Þá er liður í vísitölunni, sem hefur hækkað mikið á þessu tímabili líka, og það er liður sem nefndur er blöð. Þar koma inn í dagblöðin, sem frægt er, bækur og annað prentað mál og útvarps- og sjónvarpsgjöld, en þessi liður hækkar um 16 stig á þessu tímabili.

Í þessum þremur liðum, sem ég hef nefnt, er um að ræða hækkun, sem er um 74 stig eða fullur helmingur af allri þeirri hækkun sem veldur því, að kaupgjaldsvísitalan á að hækka um 14.1% nú 1. des. Það mátti vera augljóst, þegar sú staðreynd lá fyrir, að frá 1. ágúst 1977 til 1. ágúst á þessu ári, eða á árstímabili fram að því að núv. stjórn var að taka við, var hækkun vísitölunnar 51.7%. Hér var, eins og oft hefur verið minnst á, um mikla hækkun að ræða á þessu tímabili og var verulega þungur skriður á verðlagshækkunum í landinu. Þessi þungi skriður verður ekki slævður með einu handtaki. Þetta hverfur ekki í einu lagi. Það eru þegar komnar inn í verðmyndurnarkerfið margvíslegar hækkanir og orsakir til margvíslegra hækkana sem eiga eftir að koma fram. Og það er einmitt það, sem hefur verið að gerast núna varðandi útreikning vísitölunnar 1. des.

Frammi fyrir þessum vanda standa menn, og það er gripið til þeirra ráða sem gerð er grein fyrir í þessu frv. Ég tel fyrir mitt leyti að þau úrræði sem hér er gripið til, séu fullkomlega eðlileg og í rauninni þau einu sem völ var á, eins og nú standa sakir, til þess að draga úr þeim vanda sem þarna var um að ræða. Það er gagnslítið fyrir menn að berja höfðinu við steininn og láta semarna hafi ekkert gerst. Þessi vandi lá á borðinu, var að koma til, og það þurfti að mæta þessum vanda sérstaklega.

Í þessum efnum hefur verið allmikið um það rætt af þeim, sem vilja sérstaklega lýsa yfir óánægju sinni með aðgerðir núv. hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, og það er mikið úr því gert, að ráðstafanir hennar, þegar hún kom til valda 1. sept. og svo aftur nú, séu aðeins bráðabirgðaráðstafanir til örstutts tíma. Ég tók eftir því, að m. a. hv. 7 þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, margendurtók í sinni ræðu, að hér væri um efnahagsráðstafanir að ræða aðeins til þriggja mánaða. Svona misskilning verður

auðvitað að leiðrétta. Hér er um algera villu að ræða.

Við skulum aðeins fara yfir það, hvað gert var með bráðabirgðaráðstöfunum ríkisstj. í septembermánuði og hvað er verið að gera nú.

Með bráðabirgðaráðstöfunum í sept. voru gerðar ráðstafanir til þess að draga úr því, að kaup hækkaði um 50.5% eins og það hefði annars gert. Þetta var gert með því að afnema söluskatt á öllum matvörum, um 20%. Var verið að gera það til þriggja mánaða? Nei, það var verið að gera það um miklu lengri tíma, um óákveðinn tíma.

Það var einnig gripið til þess þá að greiða niður verð á öðrum matvælum og þá fyrst og fremst landbúnaðarvörum, þannig að þessar ráðstafanir jafngiltu 5.7% í kaupi. Var verið að gera það til þriggja mánaða? Nei, það var aflað tekna í þessu skyni fyrir heilt ár og reyndar heldur meira en heilt ár, fyrir það sem eftir var ársins 1978 og fyrir allt árið 1979. Hér var því ekki verið að gera ráðstafanir í sambandi við tiltekinn vanda sem aðeins átti að standa í þrjá mánuði, það er rangt.

Það er að sjálfsögðu hægt að deila um það, hvort hefði verið hægt að gera meira í septembermánuði en gert var, og það er líka hægt að deila um það, hvort sú skattlagning, sem þá átti sér stað til þess að standa undir þessum aðgerðum, hafi verið réttlát eða ekki. Ég tel að eftir atvikum hafi sú skattlagning verið sú skásta sem um var að ræða, og hún hafi verið launafólki mjög í hag, sérstaklega láglaunafólki.

Sama er að segja um aðgerðirnar sem felast í þessu frv. Sú niðurgreiðsla, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., 3% til viðbótar því sem fyrir var, er hún gerð aðeins til þriggja mánaða? Nei, hún er gerð út allt næsta ár. Það er verið að ræða um að afla fjár til þeirrar niðurgreiðslu út allt næsta ár, svo að fullyrðingin í þessum efnum er röng.

Hvað er að segja um ákvæði í 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að létta beinum sköttum af launafólki sem nemur í kringum 2% í kaupi? Er verið að gera þá breytingu aðeins til eins árs eða aðeins til þriggja mánaða, eins og sagt er? Ég lít þannig á þá breytingu, að hún sé til miklu lengri tíma, þ. e. a. s. skattbreytingin. Ef sjúkratryggingagjaldið verður fellt niður eða lækkað verulega, þá stendur sú aðgerð nema annað verði ákveðið af Alþ. Ég veit ekki betur en ekki aðeins við Alþb.-menn, heldur einnig allir Alþfl.-menn sem voru á þingi þegar fyrrv. ríkisstj. var að smápota þessu gjaldi á, fyrst sem 1% gjaldi og síðan sem 2% gjaldi, þá greiddum við allir atkv. gegn þessu gjaldi og töldum það sérstaklega óréttlátt og bitna þungt á láglaunafólki. Hér er verið að vinna að því að fella þetta niður.

Hvað er svo að segja um ákvæðin í 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að fella niður úr kaupgjaldsvísitölu 3 prósentustig í staðinn fyrir félagslegar aðgerðir? Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, að það er í rauninni ómögulegt að meta þetta nákvæmlega til jafns við kaup, af því að allar slíkar félagslegar aðgerðir eru þess eðlis, að þær verður að meta á annan hátt. En hér hefur verið á það bent og ég vil undirstrika það líka, að verkalýðshreyfingin í landinu hefur sett þessar tillögu sínar fram í hverjum kjarasamningum og gert samþykktir á sínum þingum um það, að ef launþegahreyfingin fengi framgengt þessum óbeinu kjaramálum, þá mundi hún líta á það eins og um beinar kauphækkanir væru að ræða. Þetta er því ekkert nýtt. Hér er um það að ræða, að launþegahreyfingin í landinu er að reyna að koma fram þýðingarmiklum kjarabótum í óeiginlegri merkingu, sem eiga að koma í staðinn fyrir beina krónutöluútborgun á laun. Það á eftir að koma í ljós, hverjar þessar aðgerðir verða og hvernig þær verða metnar. En auðvitað dettur engum manni í hug að halda því fram, að þessar aðgerðir eigi aðeins að standa í þrjá mánuði. Vonandi standa þessi félagslegu réttindi, sem þarna yrðu sett í lög, ekki aðeins eitt ár, heldur mörg ár.

Ég held því, að hver sá sem skoðar þessar aðgerðir á hlutlægan hátt, það sem gert var í septembermánuði og það sem er verið að gera nú, viðurkenni að það eru í eðli sínu aðgerðir sem geta komið að gagni um langan tíma. En það er rétt, þessar aðgerðir eru til þess að bregðast við sérstöku vandamáli sem er að koma upp núna.

Auðvitað er það svo, að hér hafa verið uppi í langan tíma í rauninni tvær misjafnar till. um það, hvernig eigi að bregðast við vanda eins og þessum. Annars vegar er till. um að skuli fella niður svo og svo mikið af þeirri kauphækkun, sem um hefur verið samið, að launþegar skuli falla frá því sem þeir hafa samið um af sínum kauplið án nokkurra bóta. Þetta var það sem fyrrv. ríkisstj. var að reyna að lemja í gegn. Þetta fólst í febrúarlögum hennar og þetta fólst í brbl. hennar frá því í maí. Um það verður ekki deilt. Fyrrv. ríkisstj. hélt því fram og það er auðvitað skoðun út af fyrir sig, að ekki væri hægt að rísa undir þeim kaupmætti launa, sem um var samið á árinu 1977. Hún taldi nauðsynlegt að færa þennan kaupmátt niður. Hún gerði ráðstafanir í þessa átt. Við, sem þá vorum í stjórnarandstöðu, töldum að þetta væri ekki rétt mat hjá fyrrv. ríkisstj., kaupmáttur launa væri ekki of mikill á Íslandi og það væri hægt að færa sterkar sannanir fyrir því í samanburði við það sem þekktist annars staðar, að miðað við okkar þjóðartekjur og okkar þjóðarframleiðslu væri hlutur launastéttanna hér ekki of mikill borið saman við það sem við þekkjum annars staðar frá.

En fyrrv. ríkisstj. var á annarri skoðun, og hún rak þessa skoðun sína í gegn með þeim afleiðingum sem allir þekkja. Nú heyrist mér á málflutningi hér, að ýmsir og m. a. fulltrúar úr Alþfl. séu á þessari skoðun sem kom upp í fyrrv. ríkisstj. Þeir eru á þeirri skoðun, að það sé óhjákvæmilegt að höggva niður kaupmátt launa. Vegna þess gerir Alþfl. kröfu um það, til þess að hann geti kallað þetta einhverjar efnahagsaðgerðir, að það verði sett þak á launin, það verði ákveðið, að hvað svo sem líður verðlagsþróun hækki útborguð laun á þriggja mánaða fresti ekki nema sem nemur 4%. Þetta kom einkar skýrt fram í máli hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, og þetta liggur auðvitað mjög skýrt fyrir í þeim till., sem Alþfl. lagði fram í ríkisstj. varðandi efnahagsaðgerðir nú. Og það er best að það liggi alveg ljóst fyrir hjá öllum, að það er ágreiningur á milli okkar Alþb.-manna og a. m. k. vissra manna í þingflokki Alþfl. um þetta atriði. Við erum á móti því að ætla að binda í lögum að launin skuli lækka án tillits til þess hvernig fer með verðlag.

Það er augljóst mál, eins og hefur komið fram í þessum umr., að yrði farið að þessum tillögum Alþfl. mundi kaupmáttur launa lækka sennilega um 14-16-18% á næsta ári, ef farið er eftir spám um verðlagsþróun. Við þá útreikninga, sem Þjóðhagsstofnun hefur verið að gera með sínar auðvitað meira og minna vafasömu spár um það, hvernig fara mundi, segir hún t. d., að þó að kaupgjaldshækkanir yrðu ekki nema 5% á þriggja mánaða fresti á næsta ári, þá telur hún líklegt, að verðbólgan

mundi á árinu vera í kringum 35%. Það er því augljóst mál hvernig færi fyrir launþegum á næsta ári með kaupmátt launa, ef ekki ætti að heimila meiri kauphækkanir en sem nemur 4% á þriggja mánaða fresti.

Hin leiðin, sem ég var að minnast á, er sú sem kemur raunverulega fram í þessu frv., þ. e. að reyna að draga úr þeim kauphækkunum, sem fara út í hið almenna verðlag, með ráðstöfunum á móti sem launþegasamtökin í landinu geta fallist á í meginatriðum. Og það er það sem verið er að gera. Það er vissulega táknrænt í sambandi við það, sem nú er að gerast, að t. d. hið stóra, mikla og volduga samband láglaunafólksins í landinu, Verkamannasambandið, mælir beinlínis með þessum aðgerðum. Þeir, sem þar fara fyrir liði, vita hvað þeir eru að tala um. Þeir kunna að meta það, sem hér er boðið á móti því sem á að falla niður í launum. Ég vil því að það sé alveg skýrt, einnig á milli okkar Alþb.-manna og Alþfl.-manna, að það er um þetta sem okkar ágreiningur stendur. Hann stendur um þetta og ekki neitt annað. Við erum ekki tilbúnir til þess að lögbinda kaupið án tillits til þróunar verðlags, og við gætum allra síst kallað það kjarasáttmála á milli hins opinbera og launafólksins í landinu sem þannig yrði til, ákveðinn einhliða með lagasetningu gegn vilja launafólks. Það er vitanlega enginn kjarasáttmáli. Það var enginn kjarasáttmáli sem fólst í till. fyrrv. ríkisstj. Þar var um hreina kjaraskerðingu að ræða.

Það hefur nokkuð verið gert úr því í þessum umr. af hálfu þeirra sem talað hafa hér fyrir hönd Alþfl., að við Alþb.-menn vildum aðeins fást við bráðabirgðaráðstafanir í efnahagsmálum, ráðstafanir til stutts tíma, eins og sagt er, en við vildum ekki taka á hinu eiginlega vandamáli, við vildum ekki gera hér ráðstafanir til langs tíma. Nú vil ég spyrja þessa ágætu menn: Vilja þeir ekki í umr. um efni málsins taka það fram, hvar fram kemur þessi ágreiningur við okkur? Er ágreiningur á milli okkar og þeirra varðandi t. d. nýja stefnu í fjárfestingarmálum? Ég veit ekki til þess. Mér er það ljóst, að sumir Alþfl.-menn hafa margendurtekið það í málflutningi sínum, að þeir legðu til að á næsta ári yrði heildarfjárfestinggin í landinu miðuð við það að fara ekki yfir 24-25% af þjóðarframleiðslu. Ekki höfum við Alþb.-menn staðið á móti þessari till. Við höfum hins vegar allan tímann bent á að það sem máli skiptir í þessum efnum er að átta sig á stefnunni í fjárfestingarmálum. Að skrifa á blað eitthvað eins og að heildarfjárfestingin skuli ekki fara yfir 25% af þjóðarframleiðslu, slíkt segir afskaplega lítið um stefnu í fjárfestingarmálum.

Nú er það svo, að þessi tillaga út af fyrir sig veldur hér engum stórbreytingum. Ef við lítum á fjárfestinguna hér í nokkur ár kemur þetta í ljós: Á árinu 1976 var fjárfestingin miðað við þjóðarframleiðslu 29.6%, og á árinu 1977 var hún 30.3%. Á þessu ári, sem er að líða, er talið að fjárfestingin muni verða 26.5% eða 143 milljarðar kr. af 540 milljarða þjóðarframleiðslu. Ef fjárfestingin á næsta ári yrði miðuð við 25%, sem við Alþb.-menn höfum ekki neina sérstaka aths. við að gera út af fyrir sig, því að hér er ekki um neina stökkbreytingu að ræða, þá mundi fjárfestingin verða í staðinn fyrir 143 milljarða að áliti Þjóðhagsstofnunar 182 milljarðar, hækka rétt í kringum 40 milljarða, fjárfestingin í krónum talið, vegna þess að þjóðarframleiðsluspáin er um 728 milljarða.

Við höfum þegar rætt um það í sambandi við afgreiðslu fjárl. að draga úr fjárfestingu á fjárl. sem næmi í kringum 10-12% af þeim þætti sem þar er að finna, en sá þáttur er aðeins lítill hluti af heildarfjárfestingunni í landinu. Við Alþb.-menn höfum því bent á að það er auðvitað fásinna að ætla sér að breyta heildarfjárfestingunni í landinu með því t. d. að ætla sér að skera niður um 30% framlög til hafna, vegagerðar og skólabygginga í landinu, svo að nokkur dæmi séu tekin, þau stærstu af þeim sem er að finna á fjárl. Það væri alger fjarstæða, því að hér er aðeins um lið að ræða sem er um 20-25 milljarða kr. af 143 milljörðum á þessu ári. Það, sem máli skiptir, er að sjálfsögðu hvernig á að standa að því að draga úr fjárfestingunni í þessum stóru liðum, t. d. eins og í sambandi við framkvæmdirnar á Grundartanga. Þar er um lið að ræða sem verulega munar um. Eða áætlaðar framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun. Ríkisstj. hefur þegar unnið að því að ná samkomulagi við þá, sem vildu fara mjög geyst í þeim efnum, um að draga verulega úr fjárfestingunni á þeim lið.

Ég vil því segja um þennan þýðingarmikla lið, sem snertir fjárfestinguna, að það er algerlega rangt eða kannske er það misskilningur að halda því fram, að það sé einhver ágreiningur á milli okkar Alþb.-manna og Alþfl.-manna um það, hvernig skuli taka á fjárfestingarmálunum í landinu, nema það komi í ljós, að ágreiningurinn sé um hvaða fjárfestingu á að draga saman og hverja á að auka.

Nú er það samt sem áður svo, að það er yfirlýst stefna stjórnarinnar og hefur verið margendurtekið af Alþfl. engu síður en okkur, að við viljum beina fjármagni þjóðarinnar m. a. í okkar atvinnuvegi til þess að auka þar á framleiðni. Þar er ekki heldur um ósamkomulag okkar á milli að ræða.

En látlaust er talað um að taka þurfi tillit til stefnu Alþfl. í efnahagsmálum. Ég lýsi eftir því, hver þessi stefna sé önnur en stefnan um það að vilja lögbinda kaupið, eða þetta dularfulla sem menn tala um, að það verði að taka upp nýja vísitölu. Auðvitað er það, að krafan um að taka upp nýja vísitölu felur ekkert í sér annað en það, að menn vilja fá einhverja vísitölu sem mæli ekki eins mikla kauphækkun. Við höfum sagt það, Alþb.-menn, að við getum vel hugsað okkur breytingar á vísitölugrundvellinum. En við viljum að vísitalan fullnægi því upphaflega hlutverki sínu, að hún verðtryggi sæmilega launin.

Hvar liggur þessi ágreiningur á milli okkar Alþb.-manna og Alþfl. að öðru leyti varðandi langtímastefnu? Alþfl.-menn tala um að breyta kerfinu. Gerum við það ekki líka? Viljum við ekki draga úr yfirbyggingarkostnaði í sambandi við fækkun banka, fækkun vátryggingafélaga, breytingu á olíudreifingarkerfinu, taka ríkiskerfið allt til endurskoðunar? Er ágreiningur á milli okkar í þessum efnum? Ég hélt satt að segja að við værum líka sammála um að taka mætti til hendinni í sambandi við það að draga úr rekstrarkostnaði hjá ríkinu. Ég heyri að þeir tala um það, Alþfl.-menn, í sínum till., að þeir vilji hér strangt verðlagseftirlit.

Mér er ekki kunnugt um það, í hverju þessi ágreiningur felst, annað en að það eru sífelldar upphrópanir eitthvað út í bláinn um að það þurfi að taka hér upp heildstæða stefnu í efnahagsmálum. Sannleikurinn er sá, að að sjálfsögðu þarf að breyta hér um stefnu í efnahagsmálum. Við erum sammála um þetta. En það tekur nokkurn tíma að koma á nýju skipulagi til þess að stjórna fjárfestingunni í landinu, og ég veit ekki betur en það sé starfandi n. á vegum ríkisstj. til þess að ganga frá því,

hvernig stjórn á fjárfestingu skuli háttað.

Nei, það sem er best að komi fram í þessum efnum er að menn nefni hlutina réttum nöfnum, þeir viðurkenni það þá ef það er svo. Ég er ekki farinn að trúa því, að það eigi við um alla Alþfl.-menn, að það sé ágreiningur á milli okkar í Alþb. og ýmissa aðila í Alþfl. um stefnuna í launamálum. Við viljum standa fast á því að vernda þann kaupmátt, sem um var samið á árinu 1977, álítum að það sé hægt. Við tökum ekki undir með íhaldinu, sem segir: Það er ekki hægt. — En ég segi það, að ef Alþfl. er á þeirri skoðun, að það sé ekki hægt að ráða við efnahagsmálin hér á landi nú nema setja lög um kauplækkun, þá á hann að mynda stjórn með Sjálfstfl., þá á hann að þora það. Hann er alltaf að tala um að þora, sýna kjark. En sífellt fjas um að það sé ágreiningur við okkur Alþb.-menn um að taka á verðbólguvandamálinu, gera breytingar í kerfinu sjálfu, er út í bláinn og við skulum hætta því, vegna þess að þetta er ekki rétt.

Ég skal nú fara að stytta mál mitt, þó að ég vildi mjög gjarnan fá tækifæri til þess að víkja að ýmsu því sem hér hefur komið fram, ekki síst víkja nokkuð að þeirri furðulegu ræðu sem formaður Sjálfstfl. flutti hér, eins og t. d. þegar hann hélt því fram að mér virtist án þess að roðna, að með þeim aðgerðum, sem fælust í þessu frv., væri verið að færa niður kaupmátt launa um 8%. Hann endurtók það og sagði: Svo hrapar niður kaupmáttur launa samkv. þessu frv. um 8%. — Það er alveg furðulegt að formaður stærsta stjórnmálaflokksins í landinu skuli leyfa sér málflutning af þessu tagi. Það getur vel verið að Morgunblaðið geti leyft sér að mála þetta upp með stóru letri, En þó vita allir að niðurgreiðsla á vöruverði, sem átti sér stað í tíð fyrrv. ríkisstj., var alltaf metin sem eðlilegur hlutur og á valdi stjórnvalda að lækka verðlag með niðurgreiðslu, enda var til þess gripið þar og engum datt í hug að kalla neitt slíkt kauprán. En nú þegar gerðar eru ráðstafanir til þess að greiða niður vöruverð, þá heitir það kauprán á máli Morgunblaðsins og kjaraskerðing á máli formanns Sjálfstfl. Menn eru orðnir aðþrengdir í málflutningi, þegar þeir grípa til röksemda af þessu tagi.

Það er enginn vafi á því, að þó að menn jafnvel slái um sig með slíkum furðuröksemdum eins og þeim, sem í rauninni ætti ekki að vera boðlegt neinum manni í þessum sal að grípa til, að segja á þennan einfalda hátt: Launaupphæðin öll í landinu er 300 milljarðar kr. og þegar bætt er við það launum bænda og sjómanna, þá er hér um upphæð að ræða upp á 340 milljarða. 8% af þessu eru rúmir 27 milljarðar. Það er verið að taka af launafólkinu í landinu um 27 milljarða, og ef það fær ekki endurgreidda þessa 27 milljarða, þá er verið að hafa þetta af fólkinu. Samkv. þessu hafa niðurgreiðslurnar auðvitað — það sjá allir menn sem líta á þessar tölur — aldrei átt að ná yfir nema helminginn af því sem þær hafa átt að ná yfir á hverjum tíma, því að miðað við 340 milljarða er augljóst mál, að hvert prósentustig mundi þar vera yfir 3 milljarða, en ekki 1.7 milljarðar eins og nú er almennt í niðurgreiðslum. En eins og ég sagði hafa allir verið ásáttir um að niðurgreiðslan jafnaði í þessum efnum. Í þessum málflutningi flokksins er reiknað með brúttólaunatekjum allra í landinu, sem eiga eftir að fara í gegnum allt skattakerfið, bera bæði söluskatt og alla aðra skatta og er auðvitað tekið að hálfu leyti af fólki, það eigi ekkert að taka tillit til þess, menn eigi bara að fá þetta nettó upp borið með því að fá einhverjar bætur á móti, sem sjálfsagt kæmu þá ekki í gegnum skattana. Hér er um svo augljósa villu að ræða, að það er í sjálfu sér ekki boðlegt neinum manni að halda þessu fram. En þetta er röksemd af álíka mikilli skarpskyggni og sú röksemd að segja eins og hv. 4. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, sagði hér: Þjóðin sjálf borgar niður kaupgjaldsvísitöluna. — Já, einmitt það. Það munar ekkert um það. Þjóðin sjálf borgar þetta niður. Ætli þjóðin borgi ekki alla skatta? Til hvers erum við að leggja þetta á þjóðina? Til hvers að vera að taka þetta af henni til þess að láta hana fá það aftur? Auðvitað er útúrsnúningur eins og þetta gersamlega út í hött. Hér er um það að ræða, að uppi er sú skoðun, að það séu til aðilar í landinu, ýmist í formi atvinnurekstrar eða hátekjufólks, sem getur verið réttlátt að láta taka þátt í að greiða til samfélagsins og nota það í ákveðnu skyni. En ætla að afgreiða það með því að segja: Þessir peningar eru teknir af þjóðinni. Til hvers er verið að taka þá a þjóðinni? — slíkar röksemdir fá ekki staðist á neinn hátt.

Það er mikið talað um það í þessu sambandi, að þær ráðstafanir, sem hér er gripið til, muni ekki duga til þess að vinna bug á verðbólgu. Vissulega er mér ljóst að það þarf miklu meira til að koma til þess að hægt eigi að reynast að færa verðbólguna niður á það stig sem okkur er í rauninni nauðsynlegt. En ég hef sagt hér áður, að það verður ekki gert með neinu einu handtaki, það er reginmisskilningur, það mun enginn gera. Jafnvel þeir sem vilja skrúfa kaupið fast, munu reka sig á það, að það tekur langan tíma, þó að menn geri eitthvað slíkt, og reyndar miklu lengri tíma en kaupið fæst til þess að vera kyrrt.

Ég hef gert hér nokkurn útreikning og borið mig þar saman við Þjóðhagsstofnun, enda er dæmið í sjálfu sér afskaplega auðvelt til að gera sér grein fyrir því, hvaða hreyfingar eru í raun og veru á þeirri vísitölu sem menn eru hér að miða allt við. Eins og ég sagði, þá liggur alveg ljóst fyrir, enda gefið út opinberlega af Þjóðhagstofnun, að hraðinn á verðbólgunni áður en núv. stjórn tók við, þ. e. a. s. frá 1. ágúst 1977 til 1. ágúst 1978, var sú, að framfærsluvísitalan fór úr 766 stigum upp í 1162 stig, hækkaði um 51.7%. Um þetta verður ekki deilt. Vísitöluhreyfing á ársgrundvelli segir talsvert. Nú skulum við taka það, hvað er að gerast núna í næstu lotu. Hver var vísitalan 1. nóv. 1977? Það er sem sagt sú vísitala sem við miðum við nú. Þá var hún 840 stig. En sú vísitala, sem nú er búið að birta, ef við drögum frá henni þær aðgerðir sem felast í þessu frv., — mér er það ljóst að sumt af því verður formlega dregið frá henni, þ. e. a. s. niðurgreiðslustigin, en hin tvö stigin, sem eru skipti á skatti, verða ekki formlega sett inn í framfærsluvísitölu, en hafa sitt gildi, — ef þetta er dregið frá, þá yrði vísitalan á þennan hátt 1144 stig. En þá hefði líka vísitalan hreyfst frá 1. nóv. í fyrra til 1. nóv. núna um 36.2%. Ef menn gefa sér það, — en um það liggja fyrir spádómar, ég tek þá ekki mjög alvarlega, — ef menn gefa sér að vísitalan á næsta tímabili hreyfist um 6% fram að 1. mars á næsta ári, — það er nokkru meira en er verið að gera ráð fyrir í þessu frv. að menn þurfi að setja sér sem mark, — ef svo yrði, þá hefði vísitalan hreyfst frá 1. febr. 1978 til 1. febr. 1979 um 29.7%. Þarna er tekið tillit til þeirra ráðstafana, sem er verið að gera, að sumu leyti á óbeinan hátt og fara út fyrir hina formlegu framfærsluvísitölu.

Ég er því ekki í nokkrum vafa um það, að við erum nú á réttri leið í þessum efnum, þó að aðgerðir okkar núna miðist fyrst og fremst við að mæta aðsteðjandi vanda,

sem lá á borðinu 1. sept., og þeim sem hlaut að koma upp á borðið 1. des. Það er því furðuleg villa að mínum dómi að halda því fram, að hér sé um þýðingarlausar ráðstafanir að ræða í okkar efnahagsmálum. Hér er um mjög þýðingarmiklar ráðstafanir að ræða. En þessu þarf að fylgja á eftir með nýrri stefnu í fjárfestingarmálum, m. a. fara inn á þá braut sem við erum sammála um, Alþb.-menn og Alþfl.-menn, að reyna t. d. að halda heildarfjárfestingunni við ca. 25% af þjóðarframleiðslu. En þá skiptir miklu máli í hvað fjárfestingin fer, og þá þarf að fylgja þessu einnig eftir með því að reyna að sjá um að það fjármagn, sem við höfum yfir að ráða, gangi til framleiðniaukningar í landinu, til þess að auka framleiðni í okkar atvinnulífi, og um það erum við líka sammála. Margar aðrar ráðstafanir, sem við höfum verið að greina frá í okkar samþykktum og Alþfl. í sínum, þurfa að sjálfsögðu einnig að koma þarna til.

Ég skal nú ljúka máli mínu, en ég vil aðeins segja það, að ég tel að með þessu frv. sé brugðist við vandanum á þann hátt sem hægt var að bregðast við honum. Það er eins og hæstv. forsrh. sagði, það er auðvitað alltaf hægt að ræða um það, að menn hefðu átt að taka stærri skref. En ég efast um að það hafi verið nokkur aðstaða til þess, og ég sé ekki nokkra ástæðu til þess, að þeir, sem tóku þátt í að gera stjórnarsáttmálann á sínum tíma, þurfi að sýna á sér einhver uppgjafarmerki nú. Ég veit að sumum í því liði varð eitthvað bumbult strax í upphafi þegar samkomulagið var gert, en ég vona að þeir fari að hressast úr þessu og nú getum við haldið áfram á miklu greiðari götu en hingað til.

Frsm. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það vakti athygli mína þegar hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, formaður fjh.- og viðskn. Nd., mælti fyrir meirihlutaáliti n., sem er að vísu ekki nema 4 línur, hversu stuttan tíma hann þurfti til þess að mæla fyrir áliti nm. Hv. 1. þm. Austurl., sem maður veit ekki betur en sé sameiningarkraftur stuðningsmanna þessarar ríkisstj., taldi ekki nauðsynlegt að eyða meiri tíma í það að túlka viðhorf ríkisstj. og stuðningsmanna hennar í þessum málum, en eyddi sýnu lengri tíma í það — mér liggur við að segja að tyfta þá sem maður hélt að hann ætlaði að laða til samstarfs. En það er hans mál hvernig hann hagar sínum vinnubrögðum. Sumir hafa þetta lag, að berja til ásta, þó að það hafi ekki alltaf gefist mönnum vel.

Ég mun nú í örstuttu máli gera grein fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., sem ég að vísu stend einn að vegna fjarveru annars nm. Sjálfstfl. í nefninni. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur haldið einn fund um þetta mál. Hann var haldinn sameiginlega með fjh.- og viðskn. hv. Ed. Nm. urðu ekki sammála um afstöðu til frv., og stöndum við fulltrúar Sjálfstfl., sem vorum á þessum sameiginlega fundi, að því minnihlutaáliti sem er á þskj. 125. Eins og þar kemur fram, komu forsvarsmenn ýmissa samtaka til fundar við nm. Einnig komu til viðræðu við n. forsvarsmenn Þjóðhagsstofnunarinnar og fulltrúi frá fjmrn.

Áður en lengra er haldið vil ég láta það koma hér skýrt fram, að frv., sem við ræðum nú, um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, er að formi til afar nýstárlegt. Ég hygg að um það megi hafa þau orð, sem komu fram í máli forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar á fundi n. í morgun, þar sem hann sagði að sumar greinar frv. væru raunar ekki lagalegs eðlis, heldur væri þar um yfirlýsingar að ræða, en ekki lagafyrirmæli. Ég ætla að um slíka lagasetningu séu ekki fordæmi, og er sá formgalli svo alvarlegur að mínum dómi, að ekki eru neinar líkur til að þær greinar frv., sem svo eru úr garði gerðar, komi til með að hafa gildi í sama mæli og vera ætti um lög frá Alþingi.

Þetta frv. er ekki frambærilegt að þessu leyti og mjög torvelt að taka afstöðu til ákvæða sem í raun eru ekki lögbundin, eins og 2. og 3. gr. þess sanna ljóslega. Þær taka til vissra áforma ríkisstj., sem ekki er þó sammála um hvernig standa skuli að framkvæmd þeirra loforða sem tæpt er á í frvgr., og mátti glöggt heyra það í máli formanns fjh.- og viðskn. Nd. fyrr á þessum fundi. Og sá óþægilegi grunur læðist að mér, að ekki sé neinn vilji fyrir hendi hjá stjórnarflokkunum að fullnægja þeim áformum, sem 2. og 3. gr. fjalla um, þegar af þeirri ástæðu, að talsmenn frv. í fjh.- og viðskn. töldu algerlega óþarft að ætla kauplagsnefnd að meta það, hvort þeim áformum væri náð sem felast í 2. og 3. gr., töldu raunar að mjög væri torvelt og nærri ógerlegt að meta það til nokkurar hlítar, hvort þeirri viðmiðun væri náð sem þarna er gert ráð fyrir að koma á. Ég held satt að segja að lagasetning sem er af þessu tagi, sem er svona reikul og óljós, sé stórlega varasöm, og það tel ég fullvíst, að hinn almenni borgari fái aldrei þá launabót, sem í fljótu bragði lítur út fyrir að 2. og 3. gr. frv. eigi að tryggja honum.

Þetta er makalaust frv., eins og ég hef áður sagt, — frv. sem þyrfti að draga til baka og semja upp og setja í venjulegt form lagafrv. til þess fyrst og fremst að alþm. geti tekið með raunhæfu móti afstöðu til þess, og til þess, sem er kannske ekki síður mikilvægt, að almenningur fái skilið hvert stjórnvöld stefna með þessari lagasetningu og hvers konar kjara almenningur eigi að njóta á næstu mánuðum.

Jafnvel í venjulegum greinum frv., eins og 4. gr., verður þess vart, að þeir, sem hugsa sér að styðja þetta frv., eru alls ekki sammála um hvernig beri að skilja ákvæði þeirrar greinar. Það kom greinilega fram á fundi n. í dag í máli stuðningsmanna stjórnarinnar. 4. gr. hefst með þessum orðum:

„Á tímabilinu 1. des. 1978 til 28. febr. 1979 skal greiða verðbætur á laun samkv. verðbótavísitölu 151 stig, sbr. þó ákvæði 2. gr. laga nr. 96/1978, um kjaramál."

Fulltrúum stjórnarsinna í n. kom alls ekki saman um hvernig bæri að skilja þessa grein. Sumir töldu að það væri heimilt að semja um hærri eða lægri greiðslur til launþega heldur en 151 verðbótavísitölustig. Aðrir töldu að það kæmi ekki til greina að heimild stæði til slíks, töldu að það væri bannað að greiða hærri laun frá 1. des. til 28. febr. en 151 stig. Mér finnst að hér sé um mjög mikilvægt atriði að ræða, og þess vegna sé ég ástæðu til þess að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., og ég vænti þess, að hann sjái sér fært að svara þeirri fsp. við þessa umr.: Hvernig ber að skilja ákvæði fyrri mgr. 4. gr. frv. sem ég hafði hér yfir áðan? Er heimilt að greiða hærri laun heldur en þessi frvgr. gerir ráð fyrir? Ég veit að það eru fleiri en nm. í fjh.- og viðskn. sem eru í vafa um þetta og því mjög mikilvægt að fá úr því skorið, hver er skilningur stjórnvalda í þessu efni, hvernig eigi að túlka þetta ákvæði. Mér er t. d. kunnugt um að Reykjavíkurborg hefur gert um það samþykkt að greiða laun eftir þeim *samningum sem gerðir voru 1977. Ef ekki má greiða* hærri verðbætur en eftir vísitölu 151, þá virðist þetta vera

óheimilt, og mér er kunnugt um að þetta hefur komið til umr. í borgarstjórn Reykjavíkur. Mér skilst að meiri hl. borgarstjórnar telji að honum sé óheimilt að fara lengra en þessi lagagrein tekur til. Ég vænti þess því, að hæstv. forsrh. sjái sér fært að túlka þessa grein fyrir dm. og greina frá því, hvernig beri að skilja þessa grein að mati þeirra manna, sem staðið hafa að því að semja þetta frv. Það er alveg makalaust, að þrátt fyrir það að þessi grein er samin með venjulegum og viðteknum hætti lagafrv., þá skuli hún þó þurfa að vera svo óljós að það geti valdið ágreiningi, hvernig eigi að fara eftir henni. Og hvað þá um hinar greinarnar í frv., sem hafa á sér allt annað snið og geyma ekki nein ákveðin lagafyrirmæli?

Þegar svo er ástatt eins og ég hef nú lýst um frv., þá tel ég að þeim, sem um það vill ræða, sé nokkur vorkunn, þó að hann eigi erfitt með að rekja greinarnar og túlka eftir þeim þá hugsun, sem á bak við er, og þau áhrif, sem lögin, ef frv. verður samþykkt, hafa í þá átt sem þeim er ætlað að hafa. Ég mun því frekar reyna að ræða þetta frv. út frá aths., sem með frv. eru, eftir því sem möguleiki er á, og hafa þá til hliðsjónar þau svör, sem gestir fjh.- og viðskn. á fundinum í dag létu nm. í té við þeim spurningum sem við bárum fram.

Ég vil þá fyrst koma að því, að aths. með frv. hefjast á því, að þar er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðgerðir þær, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, miða fyrst og fremst að lausn þess efnahagsvanda, sem fyrirsjáanlegur er 1. des. n. k. Þó ber að líta á þetta frv. sem lið í þeirri viðleitni ríkisstj. að ná fram varanlegum breytingum í efnahagsmálum, sem komi til framkvæmda þegar á árinu 1979. Að þessu er unnið í samráði við aðila vinnumarkaðarins, enda er árangur óhjákvæmilega mjög undir því kominn, að gagnkvæmur skilningur ríki á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um nauðsyn slíkra aðgerða."

Ég ætla að menn séu sammála um það, að hér sé komið að veigamiklu atriði og það hafi sýnt sig að mikilvægt er að geta náð þeim árangri með samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Vegna þessara ummæla í aths. með frv. leituðu nm. eftir því að fá úr því skorið hjá aðilum vinnumarkaðarins, sem komu til fundar við n., með hverjum hætti hefði verið leitað eftir samstarfi við samtök þeirra. Forseti Alþýðusambands Íslands sagði, að þeir frá Alþýðusambandinu hefðu mætt á þremur reglulegum fundum með fulltrúum ríkisstj. til að ræða þessi mál. Þrátt fyrir það sagði forseti ASÍ, að þeir hjá Alþýðusambandinu teldu að sú tilraun, sem felst í frv. sem hér er til umr., væri misheppnuð ef þyrfti að koma til þeirra í Alþýðusambandinu 1. mars með sams konar beiðni og komið var með til þeirra 1. sept. og nú 1. des. Þó að þeir hafi verið á þremur reglulegum fundum með fulltrúum ríkisvaldsins, þá virðist þó ekki hafa verið komist að nánara samkomulagi en svo, að forseti ASÍ virðist draga mjög í efa árangur af þeirri tilraun sem er gerð með þessu frv.

Formaður Vinnuveitendasambands Íslands lét þess getið, að samráðs hefði verið leitað við Vinnuveitendasambandið með þeim hætti, að þeir voru boðaðir á fyrsta samráðsfund með fulltrúum ríkisstj., sá fundur hefði verið haldinn fyrir rúmlega einum mánuði, en síðan hefðu ekki borist tilmæli um að þeir kæmu til fundar hjá fulltrúum ríkisstj., svo að ekki hefur verið mikið um samráð að ræða á milli þessara aðila.

Formaður BSRB upplýsti, að samstarf við þau samtök hefði verið með þeim hætti, að hann hefði mætt á tveimur fundum með fulltrúum ríkisstj. Hins vegar tók hann það fram, að samtök hans teldu ekki rétt að farið þegar gerðir samningar eru skertir með löggjöf.

Fulltrúi frá Verslunarráði Íslands upplýsti, að ekki hefði verið leitað samráðs við þau samtök.

Þessi fyrsti liður í aths. með frv. hefur því sannarlega verið sniðgenginn verulega og er sannarlega illa farið að svo hefur verið að málum staðið.

Þá vil ég koma að því, að það er öllum vitanlegt sem fengist hafa við starf á Alþ., að sú hefur verið föst venja þegar ríkisstj. leggur fram á Alþ. lagafrv. sem koma til með að hafa veruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs, að þá hafa verið látnar fylgja þeim upplýsingar um það, hversu stór sá fjárhagsvandi er sem af þeim leiðir fyrir ríkissjóð. Engar slíkar upplýsingar fylgja þessu frv. Þó held ég að engum blandist hugur um að hér er stefnt að mjög miklum greiðslum úr ríkissjóði, eins og komið hefur fram í þeim umr. sem orðið hafa um þetta frv., og um leið er gert ráð fyrir því í aths. með frv., að vegna þeirra aðgerða, sem þessu frv. er gert að koma fram, verði ekki hjá því komist að gera ráðstafanir til tekjuöflunar. Ég gat þess áðan, að til okkar í n. hefði komið fulltrúi frá fjmrn. og hann var spurður að því um hve miklar fjárhæðir væri að ræða í sambandi við þetta frv. Hann svaraði því til, að það hefði ekki verið gert upp enn og hann gæti ekki svarað því. Hann var spurður að því, hvort ekki hefðu verið gerðar einhverjar áætlanir um það, með hverjum hætti yrðu lagðir á þeir skattar sem tæpt er á að leggja á í aths. með lagafrv. Gert er ráð fyrir því þar, að lagður verði á eða athugað að leggja á hátekjuskatt, veltuskatt af ýmiss konar rekstri, fjárfestingarskatt og eignarskatt. Ekkert af þessu hefur verið athugað eða ákveðið að hverju verði fyrst beint athyglinni, hvers konar skattlagningu, og hann var spurður að því t. d., hvort það mundi vera ætlunin í sambandi við fjárfestingarskatt, að hann yrði innheimtur í einhvers konar leyfisgjaldi eða lagður á eftir að ráðist hefði verið í framkvæmd. Engar upplýsingar lágu fyrir um þetta, en hann sagðist ekki telja líklegt, að um leyfisgjald yrði að ræða. Nær ákvörðuninni var ekki hægt að komast og nánari vitneskju var ekki að hafa um það, um hversu stórar fjárhæðir væri hér verið að fjalla og hvernig ætti að firra ríkissjóð halla á árinu 1979, því að ég hygg, að það verði reynt að standa við það áform hæstv. fjmrh., sem hann lagði mikla áherslu á við fjárlagaumr., að það skyldi verða rekstrarafgangur hjá ríkissjóði á árinu 1979, og mér þykir ekki líklegt, að það verði horfið frá því, nema svo sé að hæstv. fjmrh. sé horfinn frá sínu starfi, sem ég vænti nú að ekki sé.

En það er fleira en frvgr. sjálfar sem má fullyrða að sé óljóst í þessu frv. sem við fjöllum hér um. Meira að segja aths. eru að sumu leyti þannig, að það getur riðið á æðimiklu hvern skilning er hægt að leggja í orðin sem þar standa. Ég vil í því sambandi minna á 3. lið í aths. með lagafrv., sem er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Vísitöluviðmiðun launa verði breytt fyrir 1. mars 1979 að höfðu samráði við fjölmennustu heildarsamtök launafólks."

Um þennan lið sagði hagfræðingur ASÍ, sem mætti á nefndarfundinum, að hann teldi þetta orðalag mjög klaufalegt, ég held að ég hafi náð alveg orðrétt því sem hann sagði, og að 3. liður, sem ég nú kynnti upphafið að, væri mjög óljós. Hann segir: „Við treystum því að vísi-

töluviðmiðuninni verði ekki breytt nema við samþykkjum. Við skiljum orðalagið „að höfðu samráði" þannig að því verði ekki breytt nema við samþykkjum." Þessu hygg ég að ég hafi náð orðrétt upp frá hans hendi, og ég hygg að það hefði verið hollara fyrir alla aðila að orða þetta á þann veg, að það gæti ekki valdið misskilningi.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort er ástæða til fyrir mig að rekja frv. öllu frekar en ég hef þegar gert. Ég tel þó rétt að benda á það, að í raun og veru virðist 1. gr. frv. vera óþörf, því að ríkisstj. hefur á hverjum tíma haft heimild til að auka niðurgreiðslur án þess að setja um það sérstök lög. Það er því mitt mat og stutt þeim rökum, sem ég hef rakið hér að framan, að 1. gr. sé þarflaus. Ég tel, að 2. og 3. gr. eigi ekki heima í lögum. Um 4. gr. er það að segja, eins og ég hef rakið hér, að stjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um skilning á henni. Upplýsingar hafa ekki fengist um það, með hverjum hætti verði aflað tekna til þeirra hluta sem hér þarf að standa straum af. Í 5. gr. frv. er ákvæði um hækkun bóta almannatrygginganna, en þær eru ekki í samræmi við verðbólguaukninguna, því að þeir aðilar, sem þar er rætt um, munu ekki nema að mjög takmörkuðu leyti njóta þeirra félagslegu umbóta sem látið er í veðri vaka að verði gerðar. Þrátt fyrir allt þetta virðast stuðningsflokkar ríkisstj. ætla sér að knýja málið fram óbreytt.

Niðurstaða mín um þetta frv. er þessi:

Kjarni frv. er sá, að ekki verði greidd laun samkv. kaupgjaldsvísitölu, heldur skuli hún skert um 8%. Verðbótavísitalan þannig skert er lögbundin með þessu frv., og ætla ég að mönnum þyki það ekki vera í samræmi við kosningaloforðin frá í vor um „samningana í gildi." Meðal þeirra frambjóðenda frá því í vor, sem nú styðja þetta skerðingarfrv., sem ég vil svo kalla, eru einmitt þeir sem hæst gólu um kjararán á s. l. vori. Ég vil nú ráða þeim til að koma fram fyrir þjóðina og viðurkenna það hreinskilnislega, að þeir hafi ekki áttað sig á því, hversu bregðast hefði þurft við vanda efnahagsmálanna, og þeim hafi í þeim efnum skjátlast hrapallega, eins og þetta frv. sýnir best. Þannig væri sæmilega heiðarlega að málunum staðið.

Nú hafa stjórnarflokkarnir viðurkennt með þessu frv., að svo miklu leyti sem um lagafrv. er að ræða, að til þess að vinna gegn verðbólgu og til þess að tryggja atvinnuöryggi verði ekki komist hjá nokkurri kjaraskerðingu. Þetta er viðurkennt með þessu frv. Aðeins er rétt að gera sér grein fyrir því, að nú verður sú skerðing meiri og langærri en verið hefði ef ráðstafanir fyrrv. ríkisstj. frá febr. í ár hefðu fengið að njóta sín. Nú er þannig staðið að efnahagsaðgerðunum, að ekki verður séð með neinu öryggi hversu stórfellt kjararán menn mega nú vænta að yfir skelli, svo að orð núv. stjórnarsinna frá í vor séu líka notuð, þar sem þeir kölluðu þetta kjararán þá. Ég hygg að það megi fullyrða, að við sjálfstæðismenn teljum að þetta frv. sé svo gallað, sé svo óljóst, að ekki verði tekin afstaða til margra efnisþátta þess að svo komnu. Þrátt fyrir beiðni okkar um ákveðnar upplýsingar um fyrirkomulag á lækkun skatta, um ýmsar félagslegar umbætur, um mat þessara þátta til kjarabóta, svo og um nýja skattheimtu, hversu þeir skattar verði miklir og í hverju þeir séu fólgnir og fleira þvílíkt, þá hafa ekki fengist svör við þessum afgerandi þáttum efnahagsaðgerðanna. Fyrir því vil ég lýsa andstöðu við þessa málsmeðferð og þetta lagafrv., ef það má kalla svo. Þess vegna tel ég að slík lagasetning geti ekki skilað árangri í baráttunni við verðbólguna. Við sjálfstæðismenn stöndum ekki að slíkri lagagerð. Við berum ekki ábyrgð á þeirri töf sem orðin er á því að rétta við efnahagslíf þjóðarinnar og fjármálavanda ríkissjóðs eins og hann er nú orðinn.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls var beint til mín nokkrum spurningum, sem ég vil nú reyna að svara. Í fyrsta lagi spurði hv. 4. þm. Reykv. að því, hvort ekki væri ætlunin að útbýtt yrði til þm. skýrslu vísitölunefndar. Ég hygg að þessari skýrslu hafi þegar verið útbýtt til þm. og þeir hafi fengið að sjá hana. Ég vil í því sambandi vekja athygli á að þarna er ekki um tillögur að tefla, heldur er það skýrsla formanns vísitölunefndar til mín um störf n. Þess vegna er það ranghermi, sem ég hlustaði á í útvarpi í kvöld, að þar var æ ofan í æ talað um tillögur vísitölunefndar. Það er sjálfsagt að hafa það sem sannara reynist í þessu efni og ég vil undirstrika það, að hér er ekki um tillögur að tefla.

Þá talaði hv. 4. þm. Reykv. einnig um 1. gr. frv. og spurði nokkuð um hana og komst reyndar að sömu niðurstöðu og hv. síðasti ræðumaður, frsm. minni hl., að 1. gr. frv. væri óþörf vegna þess að ríkisstj. hefði heimild til niðurgreiðslna og að auka niðurgreiðslur. Mikið rétt, ríkisstj. getur aukið niðurgreiðslur. En þessi lagagrein er nauðsynleg til þess og vegna þess að ef á að taka tillit til þeirra niðurgreiðslna við verðbótavísitölu 1. des., þá verður að koma lagaheimild til. Það er höfuðatriði, sem er í þessari grein, þ. e. 2. mgr., sem felur kauplagsnefnd að ganga frá þeim málum, meta niðurgreiðslurnar, og sjá til þess að þær jafngildi 3% og birta sínar niðurstöður og gera opinberlega grein fyrir því. Þetta var nauðsynlegt að binda í lögum. Og ákvæðið að öðru leyti miðar að því að reyna að girða fyrir, svo sem kostur er, að nokkur tortryggni komist að í þessu sambandi vegna þess að ég hygg að allir menn, sem til þekkja, viðurkenni að kauplagsnefnd og sérstaklega hagstofustjóra sé treystandi, svo vel treystandi sem nokkrum íslenskum embættismanni, til þess að ganga frá þessum málum þannig að það verði ekki tortryggt, að þar ríki nákvæmni í útreikningum öllum. Þess vegna er þetta ákvæði sett og nauðsynlegt.

Hv. 4. þm. Reykv. spurði — og reyndar komu sömu spurningarnar fram hjá hv. frsm. minni hl. — hvort meiningin væri að setja hátekjuskatt, við hvað ætti að miða hann o. s. frv. nánar um þessa skatta. Þar er sannleikurinn sá, að það er ekki búið að taka ákvörðun um þessa tekjuöflun. Það er sérstök skattalaganefnd starfandi að þeim efnum, en bent er í grg. á nokkur skattform og skatta sem verði tekin alveg sérstaklega til skoðunar í sambandi við tekjuöflunina. Það eitt stendur fast, sem sett er að marki í fjárlagafrv., að þannig verði gengið frá fjármálum ríkisins í fjárlagafrv., eftir því sem dauðlegir menn geta séð fyrir, að það verði jöfnuður þar á, sá jöfnuður sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Þess vegna er ekki á þessu stigi hægt að svara þessu skilmerkilega, af því að eftir er að skoða þetta, og það er sjálfsagt að játa.

Það er fundið að því, að það fylgi ekki með þessu frv. áætlun um hvað þetta muni kosta ríkissjóð, slíkt sé venjulegt um stjfrv. Aðrir menn eru minnugri en ég. Það má vera, að oft hafi slíkt fylgt stjfrv., en misbrestur hygg ég að sé á því að æðimörg dæmi hygg ég að hægt sé að benda á, bæði frá nýrri og eldri tíð, um það, að ítarlegar kostnaðaráætlanir hafi ekki fylgt stjfrv., hvað þá þmfrv., og hefur mönnum þó ekki orðið mörgum hverjum óglatt af því að renna þeim niður. Sjálfsagt skal ég viðurkenna

að það er galli að geta ekki alltaf staðið þannig að málum að láta fylgja skilmerkilega grg. um þessi efni með útgjaldafrv. Og mér dettur ekki í hug að halda þeim vörnum uppi fyrir þetta frv., að það sé enga galla hægt á því að finna. En það er hægt að finna skýringar á því, hvers vegna þetta er ekki hægt að segja með ákveðnari hætti á þessu stigi.

Hv. þm. Matthías Bjarnason, sem er reyndar ekki hér í kvöld, *en naut þess að vera hér í gærkvöld, einkum á* meðan hann var að tala og eftir það, af því að hann var svo ánægður með það, hvernig honum tókst að ræða málið, spurði að því, hvort niðurgreiðslur á einstaka vöruflokka væri búið að ákveða. Þessu er því til að svara, að það er ekki búið að ganga frá því endanlega, en það er búið að gera áætlun um það og Hagstofan og kauplagsnefnd hafa verið að undirbúa það efni og vinna að því. En að sjálfsögðu verður ekki hægt að ganga endanlega frá *því fyrr en þetta frv. hefur verið afgreitt.* Þá verða að koma til aðilar, sem vinna að þessum málum, tiltekin rn., og segja um það sitt orð, á hvaða vörur niðurgreiðslan komi. En það má þó segja, að það verði á landbúnaðarvörur sem niðurgreiðslan verður aukin.

Þá spurði hann að því, hvort ætlunin væri að breyta reglum um innflutning skipa. Þessu er hægt að svara stutt og laggott: Nei, það er ekki ætlunin, það hefur einmitt verið samþykkt á ríkisstjórnarfundi fyrir ekki alllöngu, *að áfram skuli gilda sömu reglur um innflutning skipa* og lán til skipakaupa og áður giltu. En eins og allir hv. þm. vita, er engin regla án undantekninga, og þrátt fyrir þessar ströngu reglur — og það ætti fyrrv. sjútvrh. að vera sérstaklega hugstætt, — hefur stundum orðið að gera undantekningar frá þessum reglum og það hefur reyndar verið gert nú nýlega. Það geta verið slíkar ástæður fyrir hendi, atvinnuleysi á einum stað, ef skip ferst eða því um líkt, og það er nú heimild reyndar til undantekningar frá þessum reglum, ef það sé óhjákvæmilegt að víkja frá þeim. En svarið er að sömu reglur gilda áfram.

Þá spurði hv. frsm. minni hl. að því, hvernig ætti að skilja sérstaklega 4. gr. Hann gerði reyndar nokkuð veður út af því og það var gert hér í gær, að þetta frv. væri ekki í því formi sem venjulegt væri. Náttúrlega eru það engin rök út af fyrir sig, því að alltaf er gott að eitthvað breytist, og ekki þarf endilega lagafrv. fremur en annað að vera alltaf í sama sniðinu og verið hefur áður. Það er alltaf eitthvað að gerast nýtt undir sólinni. Það er t. d. ákaflega óvenjulegt, sumir segja að það sé algert einsdæmi, að forseti í þingi afsali sér sínum stóli eða réttara sagt óski eftir því að deild leysi hann frá störfum. Hvað er við þessu að segja? Ekki nokkurn skapaðan hlut, þó að þetta sé óvenjulegt. Þess vegna er ekki heldur neitt við því að segja þó að frv. sé að einhverju leyti óvenjulegt í sniðum. Það er sagt, að 1. gr. sé óþörf. Það hef ég þegar afsannað. (**Gripið fram í:** Er löggjöfin þá ekki óeðlileg?) Löggjöfin — það er gott að hafa góð lög. En einn vís maður sagði endur fyrir löngu: Góðir embættismenn eru góðum lögum betri. — Það þarf nefnilega að framkvæma lög, og það er ekki sama hvernig á er haldið. Sá hét Vísi-Gísli sem sagði, að góðir embættismenn væru lögum betri.

Það er sagt, að 2. og 3. gr. séu eiginlega ekki lagagr. og það séu engin fordæmi fyrir slíku í íslenskum lögum. Ég held að þeir hv. þm., sem fullyrða slíkt, ættu að fletta lagasafninu og athuga hvort þeir fyndu ekki einhver ákvæði í lögum sem geta verið áþekk þessu. Það er rétt, að þetta eru frekar óvenjuleg lagaákvæði. Það eru ákvæði sem eru kölluð „loforðsparagraf" eða „loforðsgreinar" og eru þekktar, og þær er m. a. að finna í okkar merkustu löggjöf, okkar hátíðlegasta plaggi, sjálfri stjórnarskránni. Þar eru slíkar greinar, þannig að þetta byggist á nokkrum misskilningi, það sem sagt er um 2. og 3. gr. Hitt er rétt, að höfuðgreinin í þessu frv. er auðvitað 4. gr., *þar sem því er slegið föstu eftir hvaða verð*bótavísitölu eigi að greiða laun á tilteknu tímabili. Hv. þm. spurði hvernig ætti að skilja þessa grein. Hana á að skilja þannig, að það er engum skylt að greiða hærri verðbætur á þessu tímabili en segir í þessari grein. Tilvitnunin til 2. gr. í kjaralögunum á að sjálfsögðu við það, að þakið á að gilda áfram. Hins vegar er það einnig svo og í samræmi við tilvitnunina í 1. kafla kjaralaganna, að mönnum er heimilt að semja um það hér eftir að greiða hærri vísitölu, alveg eins og þeim er heimilt að semja um það að greiða hærri grunnlaun. Það stendur í 3. gr. laga um kjaramál. Ég þekki ekki satt að segja neitt dæmi um það í löggjöf, nema í nýlega settum lögum í Noregi, að það sé lögð refsing við því að taka á móti hærri launum en kveðið er á um í lögum. En það er gert þar í lögum, svo ströng eru þau. Okkar lagaákvæði um þessi efni hafa mér vitanlega aldrei verið skilin á þvílíka lund, að launagreiðanda væri ekki heimilt að greiða hærri laun, ef hann gæti, og það væri eitthvað athugavert fyrir launamóttakanda að taka á móti hærri launum, ef hann gæti fengið þau. — Þannig á sem sagt að skilja þessa grein, að það er engum skylt að greiða hærri vísitölu á þessu tímabili en segir í þessari 4. gr. En það er ekkert bann við því, að á þessu tímabili sé samið um hærri vísitölugreiðslur né heldur um hærri laun.

Ég held að orðalagið á 3. tölul. í grg., sem auðvitað er ekki lög frekar en annað það sem stendur í grg., sé svo alþekkt í íslenskum lögum að það verði varla misskilið, þar sem segir að vísitöluviðmiðun launa verði breytt fyrir 1. mars 1979 að höfðu samráði við fjölmennustu heildarsamtökin. Hitt skal ég fúslega viðurkenna, að þetta getur verið klaufalegt orðalag: að tala um fjölmennustu launasamtökin. Það er óákveðið og hefði verið æskilegra að þetta hefði verið almennara, átt er við: að höfðu samráði við launasamtök eftir því sem við verður komið.

Ég held að ég hafi nú svarðað þeim spurningum, sem beint var til mín, og ætti kannske ekki að orðlengja þetta mikið, af því að aðaláhugi minn er að fá mál þetta afgreitt. Ég verð þó að bæta aðeins örfáum orðum við.

Ég varð fyrir dálitlum vonbrigðum með nál. minni hl., þ. e. a. s. niðurstöðuna í því. Ég tók svo eftir, að hv. 4. þm. Reykv. hefði sagt að sjálfstæðismenn mundu verða sjálfum sér samkvæmir í stjórnarandstöðu og í ríkisstj. En nú er niðurstaðan sú, að mér skilst, að vera á móti 1. gr. Það er ekki alveg glöggt, hvort þeir ætla að greiða atkv. á móti frv. í heild eða ekki, en þó mátti helst draga þá ályktun af ræðu hv. frsm., að mér fannst. Hafi ég misskilið það, þá er það gott og þá leiðréttist það.

Mér finnst ekki alveg fullkomið samræmi hjá sjálfstæðismönnum við það sem þeir gerðu og ég tók þátt í að gera með þeim í fyrrv. ríkisstj., ef þeir ætla svo að vera á móti þeim ráðstöfunum sem hér er um að tefla. Vissulega var vandinn stór í febr. s. l. En hitt held ég að engum blandist hugur um, að sá bráði vandi, sem blasir við nú 1. des., er stærri. Ég held að það verði ekki deilt um það, að

við blasir mjög bráður vandi 1. des. n. k. Það blasir við að óbreyttum lögum að 14.13% fara út í kaupgjald — eða ef það hefði verið gert, sem ég tel sjálfsagt og enginn ágreiningur hefur verið um á milli stjórnarflokkanna út af fyrir sig, að standa við fyrirheit stjórnarsáttmála og auka niðurgreiðslur um 2.5%, þá hefðu samt komið út í kaupgjaldið 11.6%. Hvaða afleiðingar hefði slíkt haft? Það þarf ekki að rekja það með mörgum orðum fyrir hv. þm. Það hefði leitt til rekstrarstöðvunar, a. m. k. ef marka má orð atvinnurekenda sem segjast ekki geta greitt nokkurn skapaðan hlut meira en þeir gera nú. Það hefði þýtt rekstrarstöðvun, það hefði þýtt atvinnuleysi, það hefði innan tíðar þýtt gengisfellingu, og allir vita um þá fylgikvilla sem þeirri leið eru samfara.

Ríkisstj. var því vissulega vandi á höndum. Átti hún að horfa aðgerðalaus á að þetta færi út á kaupgjald og verðlag þó að hún beitti því fyrirheiti, sem hún hafði gefið, að greiða niður 2.5%? Eða átti hún að gera tilraun til þess að afstýra eða draga úr þessum bráða voða? Ég tel að það hafi verið skylda ríkisstj. að beita sér fyrir því að gera ráðstafanir sem drægju úr þessum voða. En jafnframt varð hún að gæta þess að ganga ekki svo langt, að það væri fyrir fram vitað að slíkar ráðstafanir yrðu ekki þolaðar af þeim sem í hlut eiga. Þarna varð hún að finna hinn gullna meðalveg sem er vandfundinn. Og hún varð auk þess að finna þá leið sem allir þrír stjórnarflokkarnir gætu sameinast um. Þetta er ekki létt verk, og auðvitað getur enginn sagt um það á þessari stundu, hvort þetta hafi tekist, að því leyti til að það liggur að sjálfsögðu ekki fyrir neitt fyrirheit um það frá hlutaðeigandi stéttum, að þær muni samþykkja þetta. Við trúum því, við treystum því, af því að við teljum að við höfum ekki farið lengra í þessu en brýnasta nauðsyn krafði, og við höfum reynt að koma með þær ráðstafanir og aðgerðir á móti sem þær meta.

Menn segja: Þetta er of lítið. Það hefði þurft að gera meira. — En þrátt fyrir það — og látum það liggja á milli hluta — held ég að ekki verði deilt um það, að vandinn verður þó minni fyrir atvinnuvegina, fyrir þá sem á þessu tímabili þurfa að glíma við það að reyna að leysa verðbólguvandann með varanlegum úrræðum, varanlegri en þetta er. Þetta er bráðabirgðaráðstöfun, það er engin fjöður dregin yfir það, fyrst og fremst bráðabirgðaráðstöfun. Vandinn verður auðleystari fyrir vikið, og er ekki nokkuð gefandi fyrir það að geta afstýrt því, að vandinn velti upp á sig á þessu tímabili og stækki svo í höndunum á okkur að kúlan springi? Það getur enginn sagt um framtíðina, og ég er ekki sá spámaður að ég geti sagt fyrir um það, hvernig þessar ráðstafanir kunni að gefast. En þær eru gerðar í góðri meiningu og til þess að reyna að ráða fram úr þeim mikla vanda sem ógnar allri íslensku þjóðinni, og ég tel að það hefði verið stórkostlega ámælisvert af ríkisstj. að hafast ekkert að þegar svona stóð á. Henni bar skylda til þess að eiga frumkvæði um aðgerðir í þessu efni og leggja þær fyrir Alþ. En það er Alþ. sem hefur síðasta orðið, og það er Alþ. sem ber ábygðina á þeim mótatkv. sem falla gegn þessum ráðstöfunum. Þeir, sem greiða mótatkv. gegn þessum ráðstöfunum, eru þar með að segja að rúmlega 14% eða 11.5% hafi átt að fara út í kaupgjald og verðlag nú. Ég öfunda þá ekki af því hlutskipti. Ég öfunda þá ekki af þeirri ábyrgð. Það er gott ef þeir rísa undir henni.

Það er vissulega svo, og ég hef ekki dregið dul á það í viðtölum mínum við forvígismenn stéttasamtakanna, að það er ekki hægt að gera sumar af þeim félagslegu umbótum, sem þarna er talað um, eins og hendi sé veifað. Það hlýtur að taka nokkurn tíma að koma þeim sumum í kring, og það eru ekki neinar gyllingar og engar blekkingar hafðar í frammi af minni hálfu í því sambandi. Ég hef líka undirstrikað það við þá, að það er vitaskuld ógerningur og það getur enginn látið sér detta það í hug, að hægt sé að mæla það upp á krónu eða eyri eða tug króna að þetta sé nákvæmlega svona, að þetta falli saman. Þetta vil ég líka undirstrika. Ég hef líka undirstrikað það, t. d. í viðræðum við Bandalag háskólamanna, að það er náttúrlega ekki stefnt að því með þessum ráðstöfunum, að þær komi öllum jafnt til góða. Það geta ekki allir notið jafns. Þetta hlýtur mönnum að vera ljóst. En það er einkennilegur hugsunarháttur hjá þeim, sem forsjónin hefur skákað á þann veg í þjóðfélaginu, að þeir hafa betri aðstöðu en aðrir, ef þeir vilja ekki leggja fram að tiltölu við sína getu í baráttu við verðbólguna. Ég held að það ætti öllum að vera ljúft og kært að taka á sig byrðar að tiltölu, færa fórnir að tiltölu, ef menn vilja tala um það í þessu sambandi.

Menn láta gjarnan stór orð falla í svona umr., og það er ekki vert að taka það of hátíðlega. Menn hafa sagt, að þetta væri bitlaust vopn og rangsleitið í baráttunni við verðbólguna. Menn hafa sagt, að þetta frv. væri svikamylla. Ég nota nú lítið orðið siðleysi, en ég veit ekki hvað ég á að kalla siðleysi ef það er ekki siðleysi að viðhafa þessi orð um frv. og ætla svo kannske að gjalda því jáatkv. eða sitja hjá. Það er lítill hugur í þeim mönnum sem ekki vilja berjast með atkv. sínu gegn svikamyllu og því vopni sem þeir telja bitlaust og rangsleitið. Það gerir litla stoð að segja af sér forsetatign í deild.

Það var einu sinni gagnmerkur maður og heiðarlegur hér á Alþ. sem hét Vilmundur Jónsson, landlæknir. Hann kunni að mótmæla. Hann taldi kosningafrestunina 1941 brot á stjórnarskránni. Hann mótmælti með þeim eina heiðarlega og marktæka hætti, sem hægt er að gera á örlagastund. Hann sagði af sér þingmennsku. Það er fordæmi sem getur verið til eftirbreytni fyrir menn í framtíðinni.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason viðhafði nokkuð stór orð í ræðu sinni. En það varðar alltaf mestu, að niðurstaðan sé réttileg fundin, og það sem mestu skiptir var það, að hann komst að réttri niðurstöðu. Að vísu voru forsendurnar kannske dálítið skrýtnar, en það skiptir ekki máli. Sögð er sú þjóðsaga um einn gagnmerkasta dómara í sögu Bandaríkjanna og þann sem hefur haft einna mest áhrif á stjórnskipun þeirra, að hann hafi sagt við annan dómara í hæstarétti: „Þetta á að vera niðurstaðan, þú sérð um forsendurnar.“ Og það var kannske ástæða til að ætla, að niðurstaðan hefði verið aðfengin, en forsendurnar hefðu verið frá eigin brjósti.

En hvað um það, aðalatriðið er að sjá rétt og komast að réttri niðurstöðu, þó að forsendurnar geti verið eitthvað skrýtnar. Og ég met það mikils við þennan hv. þm., að hann hefur hugrekki til þess að vera með þessu máli. Það er nefnilega svo með hugrekki og hugrekki og kjark og kjark. Það kannast náttúrlega allir hv. þm. við hina ágætu smásögu Þóris Bergssonar: „Stökkið“, þegar þurfti að sækja lækni og mönnum á heimilinu varð tíðrætt um að hann mundi líklega ekki koma í þessu óveðri. Jón sýslumannssonur fór að segja sögu af því, að hann efaðist um hugrekki læknisins, hann hefði einu sinni guggnað þegar þeir voru að leik voru að mana hvor annan

að stökkva yfir gjá. Og Brandi vinnumanni, sem hlustaði á, fannst að það væri lítill dugur í þessum lækni og sagði: „Ég held að ég hefði nú stokkið.“ Svo kemur, eins og menn vita, læknirinn inn úr hríðarkófinu, en þarf á fylgdarmanni að halda það sem eftir er leiðarinnar, og þá varð það fyrir húsbódanum að benda á Brand vinnumann, en þá ók Brandur sér í herðum og taldi ófært veður og vildi ekki fara út í hríðina. En það var bót í máli, að sýslumaðurinn átti dóttur og hún var tilbúin til þess að fara í karlmannsföt og fylgja lækninum ef á þyrfti að halda.

Þetta er sígilt dæmi og perla um hugrakkan mann í orði, en hugleysingja og heigul í verki. Þar á ég ekki við hv. þm. Vilmund Gylfason, því að hann hefur einmitt sýnt hugrekki í því, að hann fylgir þessu frv. En það gætu kannske einhverjir aðrir tekið þetta til sín sem hafa haft stór orð og þykjast hafa kjark, en brestur svo kjarkinn til þess að gera ráðstafanirnar þegar á hólminn er komið.

Hitt er annað mál, að ég þarf að gera dálitla aths. við ræðu og þó sérstaklega grein hv. þm. Vilmundar Gylfasonar sem birtist í Dagblaðinu í gær, ég held að hann hafi ýjað eitthvað að því sama í ræðu sinni í gær. Hann talaði svo hratt að það var erfitt að fylgjast með straumnum. Hann segir þar, að ég hafi gert samkomulag við Alþfl. um að það skyldu bara greidd 3.6%. Nú vil ég í allri vinsemd biðja hann að benda mér á þann Alþfl.-mann, einn eða fleiri, sem hafa talað við mig um þetta og geta hermt það upp á mig, að ég hafi gert samkomulag um þetta. Ef hann ekki getur það, þá veit hann hvað svona ummæli heita. Ég vil jafnframt fræða hv. þm. á því, að meðan ég veiti forstöðu þessari ríkisstj. mun ég aldrei — aldrei viðhafa þau vinnubrögð að gera samtök eða samkomulag við annan flokkinn án vitundar hins. Það er ekki hægt að viðhafa slík vinnubrögð í þriggja flokka stjórn, það kemur ekki til greina. Og viðvíkjandi því, að ég hafi farið fram hjá mínum flokksmönnum með þetta, þá er það reyndar skröksaga líka, því að ég gerði grein fyrir því, hvað ég teldi rétt og framkvæmanlegt í þessum efnum, á sameiginlegum fundi í framkvæmdanefnd og þingflokki, og það, sem ég taldi þá rétt og framkvæmanlegt, féll nákvæmlega saman við þær till. sem ég gerði til lausnar á þessum vanda. Um þetta eru náttúrlega margir til vitnisburðar. Og það er ekkert óeðlilegt í sjálfu sér, þó að ég kæmist að þessari niðurstöðu, vegna þess að þegar var verið að mynda ríkisstj. í haust, — já, það má segja að það var komið fram á haust þegar það tókst, — þá var einmitt gert ráð fyrir því af þeim sérfræðingum, sem mest var við talað, að vísitalan eða verðbólgan mundi hækka um 9-10 stig. Hitt er rétt, að hagstofustjóri var með heldur hærri spár. Þá var ákveðið að greiða niður 2.5%, en þó hlutu menn að gera ráð fyrir því, að út í kaupgjald og verðlag gætu 1. des. komið 6.—7%. Þetta er rétt að hafa í huga.

Ég skal svo, herra forseti, ekki fjölyrða frekar um þetta. En ég vil aftur skora á hv. þm. að gera grein fyrir því, og það má vera seinna, hvað hann hefur fyrir sér í því, að ég hafi gert samkomulag, en ég skal nú slaka á því: að ég hafi talað við eða einhver Alþfl.-maður hafi talað við mig um 3.6% bætur, og leiði hann þann Alþfl.-mann fram þótt seinna verði. En þetta eru smámunir í sambandi við þetta mál, og ég mundi sakna þess ákaflega mikið, ef minn ágæti vinur, hv. þm. Vilmundur Gylfason, hætti alveg að gefa mér skot öðru hverju.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Til umr. er hér frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, og það er út af fyrir sig erfitt fyrir varamenn hér á löggjafarsamkundu þjóðarinnar að setja sig nægilega vel inn í slíkt mál sem þetta á þeim stutta tíma sem ég hef hér verið. En þetta mál virðist nú skýrast betur smátt og smátt hér í umr., og einhvern veginn er það nú svo, að þegar betur er að gáð, þá er hér ekki um neitt nýnæmi að ræða. Það er einhvern veginn svo, að það er ýmislegt hér sem menn kannast við frá fyrri tíð, þó menn leiti nokkuð langt aftur.

Að ræða þessi mál, sem tengjast efnahagsmálum þjóðar okkar, er alls ekki auðvelt mál, alveg á sama hátt og það er ekki auðvelt að ræða þá tilveru sem við lifum í. Það hefur ýmsum reynst erfitt og jafnvel sjálfum prestunum. Það er nú svo, að í efnahagsmálum eru alveg sömu vandamálin og í lífinu almennt, að það verður ekki alltaf bæði haldið og sleppt. Það er sama vandamálið, að menn þurfa að velja sér lífsviðhorf og lífsstíl, menn þurfa að velja markmið, og það hefur lengi vafist fyrir mönnum. En við erum nú samt að þessu og við gerum þetta, ekki vegna þess að menn séu alltaf sannfærðir um að það sé verið að gera hið eina rétta og þær einu réttu ráðstafanir sem hægt var að grípa til í því tilfelli, heldur vegna þess að við lifum í efnahagslegum raunveruleika, sem við verðum að mæta, við verðum að skilja og við verðum að hafa áhrif á, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þetta fjallar um að skipta okkar auði, og það hefur aldrei verið auðvelt eða átakalaust og það hefur ekki minnkað í sama hlutfalli og auðurinn hefur vaxið.

Það hefur lengi verið svo, að Íslendingar hafa haft góðan skilning á þörfum náungans, kannske fyrst og fremst vegna innbyrðis tengsla og þekkingar sinnar á lífsbaráttu og fátækt þjóðarinnar í gegnum árin. En það er nú einkvern veginn svo, að þessi skilningur virðist smátt og smátt vera að bresta, og þess hefur gætt á undanförnum árum með vaxandi verðbólgu, að þessi skilningur á okkar málum hefur farið minnkandi. Og það er nú svo, að menn hafa alla tíð lagt mikla áherslu á að byggja upp hér og annars staðar sem fullkomnast hagkerfi. Það er vissulega gott og göfugt markmið, en það verður hins vegar aldrei fullkomin trygging fyrir því, að réttlæti og viðunandi jöfnuður ríki í þessu þjóðfélagi. Það fer ekkert síður eftir heiðarleik og hugsun og góðum hug þeirra sem stjórna og hafa áhrif á skiptingu þessa auðs, og ég efast ekki um háleit markmið þeirra manna, sem nú fara með æðstu völd í þessu landi. Það er einnig svo, að þetta hagkerfi verður aldrei annað og meira en þeir sem standa á bak við það.

Ég ætla ekki að fara að halda neinn fyrirlestur og koma með einhverja nýja speki í þessum efnum, til þess hef ég ekki þekkingu. En einhvern veginn er það nú svo, og einhvern tíma sagði ágætur maður, að það væri alltaf sú hætta fyrir hendi, að fulltrúar hinna ýmsu hagsmunahópa í þjóðfélaginu, hvort sem það eru launþegar, atvinnurekendur, alþm. og aðrir, hefðu meiri metnað til þess að standa vörð um hagsmuni umbjóðenda sinna en þessum sömu umbjóðendum væri fyrir bestu. Ég held að í þessu felist kannske skilgreining á þeim vanda sem við höfum smátt og smátt verið að komast í og hefur farið vaxandi, að menn hafa haft óskaplegan metnað fyrir hönd þessara umbjóðenda sinna, og það hefur á margan hátt skaðað heildina.

Ég sagði áðan, að einhvern veginn væri það nú svo, að

þetta væri kunnuglegt sem hér væri fært á borð hv. alþm. Menn hafa verið að engjast í því á undanförnum árum og áratugum að berjast við verðbólgu, menn hafa margir verið þar miklir bardagamenn og hafa margir fallið í þeim bardaga. Og alltaf er það nú svo, að verðbólgan heldur áfram að aukast. Á áratugnum 1950-1960 var hún innan við 10%, síðan hefur hún smátt og smátt verið að aukast, og það má segja, að mesta ófremdarástandið hafi orðið 1974, þá er hún komin í 43% og fer vaxandi. Og það má segja, að mestallur tími fyrrv. ríkisstj. og Alþ. fór í það að engjast í þessum málum, eftir því sem ég gat best séð. Verðbólgan var um það bil 32% 1977, ég hef ekki nákvæmar tölur um það, en frá nóv. til nóv. var hún 30.2% og í febr. til febr., þ. e. a. s. frá febr. 1977 til febr. 1978, var hún 37.2%. Og þá sáu menn fram á að þetta mundi rjúka upp á við. Menn sáu þar fram á þróun sem enginn gladdist við að horfast í augu við, þ. e. a. s. ef menn fengust til að horfast í augu við þessa þróun.

Upp úr þessum aðstæðum komu hin svokölluðu febrúarlög, og þau áttu sér nokkra forsögu. Ég held að sé óhætt að segja um þau lög út af fyrir sig eða þær aðgerðir, sem þar var gripið til, hvort sem mönnum líkaði það betur eða verr og ef menn töldu að til þeirra þyrfti að grípa, að gripið var til þeirra of seint, eins og oft vill verða. En hvernig stóð á því? Það hefur verið sagt hér í umr., og m. a. held ég að ég muni það rétt, að hv. þm. Eðvarð Sigurðsson hafi sagt það, — ég vona að ég beri ekki á hann röng ummæli, því að það vildi ég síst af öllu gera, — að verkalýðshreyfingin hafi átt afskaplega litla kosti og litla möguleika að hafa áhrif á þær ráðstafanir sem þá voru gerðar. Fyrrv. ríkisstj. skipaði svokallaða verðbólgunefnd, og ég held að fyrrv. ríkisstj. hafi gert sér allt of háar hugmyndir um þessa n. og ætlaðist kannske að nokkru leyti til að þessi n. fyndi lausnir á efnahagsvanda þjóðarinnar og þá um leið fengist sæmileg sátt um þær lausnir. Þess vegna voru skipaðir í nefndina menn frá ýmsum hagsmunahópum og öllum stjórnmálaflokkum. Ég hélt því fram á sínum tíma, að ríkisstj. mætti ekki skipa þessa n. með það í huga að hún ætti að leysa þennan vanda, því að ríkisstj. bar áfram sína ábyrgð á allan hátt. Þessi n. komst ekki að neinni algildri niðurstöðu, en það komu ýmis álit. Það voru ekki góðir kostir. Þar voru menn frá launþegasamtökum þjóðarinnar og vinnuveitendasamtökum, og þeir kusu ekki að hafa þar í frammi ákveðnar ábendingar um aðgerðir sem væru raunhæfar. Ég ætla ekki að fara að lýsa þeim till., sem þar komu fram, og sameiginlegu áliti fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Alþfl., Alþb. og BSRB að miklu leyti, þó að það væru þar nokkur ívöf. En ég leyfði mér á sínum tíma að kalla þá leið, sem þar var sett fram, blekkingaleið, og ég hef í engu breytt skoðun á því, en ætla mér ekki að fara að rekja það hér. Ég hef áður gert það og menn geta séð það í þingtíðindum.

Þegar hér var komið sögu lá það náttúrlega fyrir, að þessir stjórnmálaflokkar, Alþb. og Alþfl., og mikilvægustu verkalýðssamtök þjóðarinnar ætluðu sér að berjast sameiginlega á móti þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar, án þess að hafa í frammi tillögur til úrbóta. Ríkisstj. fór í það að setja fram frv. sem var í nokkrum takt við þessar niðurstöður, og þau lög voru samþykkt og það leiddi til mikilla átaka í þjóðfélaginu sem ekki er ástæða til að rekja hér. En ég vil fullyrða það, að ég held að fulltrúar verkalýðssamtakanna hafi haft tækifæri til þess að hafa þarna nokkur áhrif á, ef hefði verið vilji til þess hjá þeim mönnum sem völdust til þeirra trúnaðarstarfa í þágu þessara samtaka.

Núv. ríkisstj. hefur fengið vandann í arf. Það má lengi tala um það, hvenær menn fá einhvern arf, og ríkisstj. þar á undan hefur sjálfsagt fengið eitthvað í arf frá hinni, og þannig getum við farið nokkuð langt aftur í sögu þjóðarinnar, því að oft er skipt um ríkisstj. Og mér finnst það út af fyrir sig dálítið merkilegt þegar menn eru að deila um hvaðan þetta allt saman sé komið, það sé aðalvandamálið.

Aðgerðir núv. ríkisstj. hafa að því leyti til verið merkilegar að mínum dómi, að hún hefur lagt sig mjög fram um að vinna skilning meðal þjóðarinnar á því sem þyrfti að gera. Það er e. t. v. fyrst og fremst þessi skilningur sem menn þurfa á að halda og menn þurfa á því að halda að fá sæmilega sátt um það, hvernig skuli unnið að þessu. Mér sýnist að það sé að bera nokkurn árangur í þessu efni eða vonast til þess.

Það frv., sem hér liggur fyrir, minnir í sjálfu sér í mörgu á frv. frá í febr. En það, sem skiptir meginmáli, er að menn nái bærilegu samkomulagi um þessi mál. Menn hafa haft í frammi ýmsa útreikninga. Hv. þm. Geir Hallgrímsson talaði um það, hvað hér væri mikið kauprán á ferðinni, og notaði þar reikningsaðferðir fyrrv. stjórnarandstöðu. Ég er alveg sammála hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, þegar hann sagði áðan að það væri náttúrlega hin mesta firra að reikna á þennan hátt, því að þótt laun hækki um 27.5 milljarða, þá fá menn það ekki í vasann, ekki bara vegna þess að menn þurfa að borga skatta af því, heldur vegna þess að þessi laun hafa áhrif til hækkunar á verðbólgu í landinu, til hækkunar á verðlagi á neysluvörum sem tekur þetta að hluta til baka. Þetta kemur ekki til með að auka kaupmáttinn, þannig að að sjálfsögðu er þetta rétt hjá hv. þm. En þetta eru samt reikningsaðferðir sem voru notaðar þegar var verið að reikna út hið svokallaða kauprán fyrr á þessu ári, og er út af fyrir sig sorglegt að menn skuli nota slíkar aðferðir. Það, sem skiptir mestu máli í þessu sambandi og er eina raunhæfa viðmiðunin um það, hvernig launþegar standa, er hvernig tekst að varðveita þann kaupmátt sem launþegar búa við. Það hlýtur að vera hagsmunamál í þjóðfélaginu að sá kaupmáttur verði sem mestur, en samt þannig að það leiði ekki af sér efnahagslegt öngþveiti.

Það er alveg sama hvað menn deila lengi um það, hvort launin skipti einhverju máli í verðbólgunni eða ekki, við komumst ekki fram hjá því, að launin eru stærsti þátturinn í því sem við skiptum með okkur af þjóðartekjum. Þegar lögin í febr. voru sett var gert ráð fyrir því fyrst í till. meiri hl. í verðbólgunefnd, að kaupmátturinn yrði svipaður og hann var. Ráðstöfunartekjur á mann skipta náttúrlega meginmáli í þessu sambandi, vegna þess að þær hliðarráðstafanir, sem alltaf er verið að gera, hafa þarna áhrif. Það eru ekki bara kauptaxtarnir, eins og hefur verið margítrekað hér, heldur það sem menn hafa til ráðstöfunar. Og lögin stefndu að því, að kaupmáttur ráðstöfunartekna yrði 99 miðað við 100 1974. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég fékk í morgun, er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði 102, e. t. v. 103, miðað við 100 1974. Þó er þetta ekki alveg ljóst, vegna þess að það hefur ekki verið frá því gengið, hvernig þeirri skattheimtu verður háttað sem stendur til að flytja frv. um. Ef ekkert hefði verið að gert í febr. 1974 var gert ráð fyrir því, að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann yrði 106 til að byrja með. Svo fer hjólið að

snúast, og hjólið á líka eftir að snúast núna.

Við fengum upplýsingar um það, að ef ekkert verði meira að gert og miðað við það hvernig fjárlagafrv. er úr garði gert, eða ég skildi það svo, og það fjárfestingarhlutfall, sem talað er um í grg., þá megi búast við að verðbólgan verði 40-45% á næsta ári, þannig að menn eru ekki búnir að vinna það stríð að vernda kaupmátt launa. Það verður alltaf eilíft vandamál. En aðalatriðið er að menn séu sæmilega sáttir með það, hvernig þeim launum, sem við höfum til skipta í þessu þjóðfélagi, er skipt.

Ég fagna því, að Verkamannasamband Íslands hefur lýst stuðningi við þetta mál, vegna þess að mér sýnist að þessar aðgerðir, sem hér er verið að fara í og menn voru líka að reyna með febrúarlögunum, miði að því að vernda sem best hagsmuni þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu. Og það er nú svo, að hvorki Verkamannasamband Íslands né aðrir hafa átt marga stuðningsmenn í þessari baráttu, því að það er nú svo, að hagsmunir launþega eru margvíslegir og margir hugsa mest um fjárhæðir án tillits til þess hvað menn hafa mikið til að eyða fyrir sig og sína fjölskyldu. Ég held að menn ættu að temja sér að tala minna um kauprán og alla þessa útreikninga, sem eru ekki alltaf mjög áþreifanlegir, og koma svolítið niður á jörðina í þeim efnahagslega vanda sem við eigum í. Þá færi ýmislegt betur.

Ég ætlaði aðeins að gera það að umtalsefni, hvernig afla skal tekna til þess að standa undir þeim útgjöldum sem ríkissjóður verður hér fyrir og hv. 1. þm. Austurl. upplýsti að mundu vera milli 5 og 6 milljarða, en það kemur ekki fram í grg. frv. Hér er sem sagt um tilraun að ræða til að jafna tekjuskiptinguna í landinu, og að því leyti til gengur þetta frv. lengra en febrúarlögin. Að vísu var gert ráð fyrir því þar að lækka vörugjald og eyða peningum til þess að hækka almannatryggingar og í fleiri hliðarráðstafanir, á sama hátt og hér er gert. Hins vegar var ekki gengið eins langt þar, m. a. vegna þess að þá var nýlega búið að ganga frá fjárl., en nú hins vegar er eftir að ganga hér frá fjárl. og Alþ. hefur alla möguleika á því að velja þar og hafna, draga úr einhverjum útgjöldum, draga úr fjárfestingu til þess að fá fjármagn til þessara hluta.

Það er gert ráð fyrir að leggja á hátekjuskatt. Ég skil það svo, að það sé nánast um það að ræða að breyta skyldusparnaðinum svokallaða í skatt, og ég get út af fyrir sig stutt það. Mér sýnist að áhrif þess verði einfaldlega þau, að skatthlutfallið verður mjög svipað og stefnt er að með því frv. sem á að taka gildi á næsta ári, — mjög svipað ef þessi skattur verður lagður á. En þar verður út af fyrir sig ekki um neina stökkbreytingu að ræða, skyldusparnaður hefur verið undanfarið, þótt ekki sé hægt að líkja algerlega saman skyldusparnaði og skatti.

Einnig er gert ráð fyrir því að hækka eignarskatt. Það kemur vissulega til álita, og þá er rétt að menn hafi það í huga, að frv. það, sem samþ. var hér á s. l. vori um tekjuskatt og eignarskatt og var mjög víðtæk samstaða um hér á Alþ., þótt ágreiningur hafi verið þar um minni háttar atriði, gerir ráð fyrir stórkostlegri hækkun eignarskatts, vegna þess að það á að endurmeta allar eignir í landinu og eignarskattsstofninn verður miklu áþreifanlegri en áður. Og m. a. kemur þetta fyrst og fremst niður á atvinnurekstrinum. Eignarskattur er samkv. núgildandi lögum frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Frv., sem samþ. var hér á s. l. vori, gerir ráð fyrir að fella það niður, þannig að jafnvel þótt eignarskattur verði hækkaður eitthvað, þá hef ég enga trú á því, að það komist nálægt því sem að er stefnt í frv. frá í vor og enginn hefur enn reiknað út. En það frv., sem þá var samþykkt, er að því leyti til gott, að þá verður fyrst góður grundvöllur til þess að breyta þessum eignarskatti í þá veru að skattleggja hinn svokallaða verðbólgugróða.

Hér er einnig minnst á það að leggja á veltuskatt. Ég vil lýsa mig algerlega andvígan slíkum skatti, hann er þess eðlis. Velta fyrirtækja getur aldrei orðið skattstofn sem eitthvert vit er í, og það er langt síðan menn komust að þessari niðurstöðu. Það gerði nú m. a. Alþfl. þegar hann var í ríkisstj. og barðist mjög fyrir því. Og vinstri stjórnin hélt þeirri stefnu áfram að vinna að því að leggja niður hið svokallaða aðstöðugjald. En nú hafa menn tekið upp aftur að leggja á veltuskatt. Á s. l. vetri kom þetta mjög til umr. af hálfu Alþb.-manna, en hins vegar voru þeir alltaf að falla frá ákveðnum atvinnugreinum: sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, mér skildist að þeir hefðu fallið frá því. Þá átti að standa eftir alls konar þjónustustarfsemi, milliliðastarfsemi og annars konar starfsemi. Þjónustustarfsemin er víðtæk, og við vitum nú, það var upplýst hér, að dreifbýlisverslun samvinnufélaganna væri rekin með 500-600 millj. kr. tapi. Þessi dreifbýlisverslun velti á árinu 1977 400 milljörðum og veltir sjálfsagt í ár nálægt 600 milljörðum. Menn hafa verið að tala þarna um 1.2% gjald. 1.2% gjald á 600 milljarða er 720 millj. Hvaðan á að taka þessa peninga? Halda menn að það verði ekki reynt að velta þessu út í verðlagið? Eða hafa menn svo gífurlega trú á verðlagseftirliti, jafnvel þótt um svo gífurlegan taprekstur sé að ræða. Það má sjálfsagt leggja þetta á heildverslunina, og mér skilst að nú tali menn helst um það, en það býður því heim að auka alls konar umboðsviðskipti.

Heildverslun er rekin með tvennum hætti, annars vegar með því að heildverslunin kaupir beint inn og selur smásalanum eða þá smásalinn kaupir beint í gegnum heildverslunina og heildverslunin tekur umboðslaun. Þetta er út af fyrir sig afskaplega áþekk lýsing, nema umboðssalinn tekur bara umboðslaun og hefur lítinn kostnað af og þarf ekki að borga neinn veltuskatt af vörunum sem hann kaupir, þannig að þetta verður allt saman eitt allsherjar sullumall. Satt best að segja var það svo, meðan aðstöðugjaldið var hærra en það er í dag, að þá stóð það hreinlega í vegi fyrir því, að bókhald væri oft og tíðum fært með eðlilegum hætti, vegna þess að menn voru að reyna að komast fram hjá þessu gjaldi með því að stunda meir umboðsviðskipti heldur en hrein og bein viðskipti. Ég vænti þess að menn geri sér grein fyrir þessum annmörkum og þessum vandamálum áður en út í það er farið. Þar að auki hefur veltu fyrirtækja aldrei verið þannig háttað, að það væri hægt að líkja henni við tekjuhugtakið. En menn ætla kannske að gefast upp við að skilgreina það hugtak og leggja þetta gjald bara á einhvern stofn og ná þannig inn einhverjum peningum án tillits til þess á hvað er lagt. Ég ætla ekki að gera þetta frekar að umtalsefni.

Sú skattlagning, sem áður var farið út í, var m. a. skattur á fyrningar, sem ég vonast til að menn taki til endurskoðunar, því að þær eru út af fyrir sig ekki skattstofn. Það er ekki hægt að finna nein rök fyrir þessum skattstofni, það er bókstaflega ekki hægt. Það er hins vegar til í skattalögum svokölluð verðstuðulsfyrning, sem er afskaplega undarlega samansett fyrning og miklu nær

að fella hana hreinlega niður heldur en vera að gera fyrningar að sérstökum skattstofni. Menn geta alveg eins og miklu frekar gert vextina að skattstofni eða ýmsan rekstrarkostnað. Einnig held ég að það verði ekki komist hjá því í framtíðinni að endurskoða ýmsar ákvarðanir sem hafa verið teknar varðandi breytingar á söluskattskerfinu. Allar þær undanþágur, sem þar eru komnar, gera mestu bölvun. Það er út af fyrir sig mjög gott að fella niður söluskatt á matvörum og eykur mjög kaupmátt t. d. lægstu launa. En það er ekki í fyrsta skipti sem menn hafa velt þessu fyrir sér. Menn hafa verið að þessu í löndum í kringum okkur, í Noregi og Danmörku, og hv. þm. geta fundið langar skýrslur um þessi vandamál, þar sem menn velta þessu fyrir sér fram og til baka og langaði greinilega óskaplega mikið til að gera þetta, en gerðu það ekki, vegna þess að menn lögðu ekki í þá framkvæmd sem þetta krafðist. Og ég óttast það, þótt ég hafi ekki rannsakað þetta mál, að menn verði að snúa hér til baka og menn verði að passa sig á því að gera ekki öll þessi kerfi svo flókin að helmingurinn af þjóðinni verði kominn í að vinna við þessi kerfi eftir einn áratug, á sama tíma sem menn eru að tala um að minnka skrifstofubáknið í þjóðfélaginu og við þurfum jafnvel að hafa heilan háskóla til að útskrifa mannskap í þessi störf. Það getur verið út af fyrir sig gott að hafa markmið um að útvega væntanlegum háskólaborgurum þægilega vinnu. En þetta verða menn að varast, og ég tel að það hafi ekki verið gert í nægilegum mæli, hvorki af þessari ríkisstj. né öðrum og ekki heldur af hv. Alþingi.

Ég sagði áðan, að það skipti mestu máli að menn hafi nokkra vissu fyrir því, að það sé sanngjarnlega um mál þeirra fjallað. Hér hefur verið talað um að það standi til að reyna að ná samkomulagi um að breyta vísitölukerfinu, og hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði að menn virtust hafa mestan áhuga á því að finna þá vísitölu sem ekki mæli eins miklar kauphækkanir og sú sem nú er miðað við. En ég vil vekja athygli á því, að núverandi vísitölukerfi hefur á margan hátt úrslitaáhrif á það, hvernig tekjum þjóðarinnar er skipt. Það er t. d. alveg ljóst, að sjómenn eru við annað borð í þessu vísitölukerfi heldur en aðrar stéttir í þjóðfélaginu, aðrir launþegar. Það hefur komið fram, að fiskverð hefur á þessu ári ekki hækkað nema sem svarar kannske helmingi af því, sem verðlag hefur hækkað í þessu landi, þannig að laun sjómanna hafa ekki fylgt þessu verðlagi. Þar að auki hefur orðið verðfall á nokkrum sjávarafurðum, sem hefur einnig áhrif. Ég get t. d. upplýst það, að verð á síld hefur lækkað og sjómenn á síldarbátum hafa kannske 10-12% hærri hlut en fyrir tveimur árum. Vegna hvers er þetta? Það er vegna þess að markaðsverðið hefur lækkað og hlutdeild útgerðar og sjómanna í þessu afurðaverði hefur lækkað, vegna þess að allur tilkostnaður í landi hefur hækkað í samræmi við vísitölukerfið, þannig að þessi stétt manna hefur mátt þola miklu meiri kjaraskerðingu en ýmsar aðrar stéttir. Og menn skyldu vara sig á því að horfa upp á slíkt, vegna þess að ef þróunin verður sú, að laun þessa fólks verði lakari en þeirra sem vinna í landi, þá er ég hræddur um að menn fái fáa menn í þessu landi til að draga fisk úr sjó. Og það er eitt af því sem þarf að vera eftirsóknarvert meðal Íslendinga, því á því byggjum við afkomu okkar að mestu leyti.

Herra forseti. Ég hef verið hér of langorður, þótt ég hefði getað haft lengra mál um ýmislegt sem hér hefur komið fram og ég hef drepið hér á. Það, sem skiptir mestu máli, er að menn haldi áfram að vinna á þeirri braut að ná sæmilegu samkomulagi um aðgerðir í baráttunni gegn verðbólgunni. Ég held að fyrrv. ríkisstj. hafi á margan hátt brennt sig á því að fara út í aðgerðir án þess að hafa neina tryggingu fyrir því, hvernig við þeim yrði brugðist. Hitt er svo annað mál, að ef það tekst ekki og menn ná hér engu samkomulagi, þá hljóta menn að sjá að það er ekkert annað framundan en stórkostleg átök í þjóðfélaginu. Það hlýtur að enda með því, ef ekki er hægt að ná slíku samkomulagi, því að á þessum vanda verður að taka ósleitilega áður en yfir lýkur.

Mér finnst að Alþ. beri þarna mikla ábyrgð. Alþ. og ríkisstj. hljóta að bera ábyrgð á því að leiða þjóðina í þessu máli, og sú umr., sem hefur verið hér á Alþingi Íslendinga um þetta mál, gefur mönnum ekki glæstar vonir um þá leiðsögn. Menn hafa eytt hér miklum tíma í að segja að Alþfl.-menn séu miklu verri menn en Alþb.-menn, og talsmenn Alþfl. hafa talað um hvað þeir í Alþb. séu ábyrgðarlausir. Það hefur allt of mikill tími farið í það, að menn hafi verið að ásaka þennan og hinn. M. a. eyddi hv. 1. þm. Austurl. nokkuð löngu máli í að þylja það upp, hvað mikið af þessu væri komið frá fyrrv. ríkisstj. Það væri hægt að rifja það upp, hverjar till. hans og hans flokks voru á því kjörtímabili til þess að bregðast við þessum vanda. Þær voru stórkostlegar. Það var blekkingaleiðin sem ég nefndi hér áðan. Það var að fella niður næstum því alla tekjustofna ríkisins. Slíkt tal gagnar ekki, og ég er viss um að mönnum eru það mikil vonbrigði almennt í þjóðfélaginu, hvernig sú umr., sem hér hefur farið fram, hjá mörgum þeim sem hér hafa talað, er á afskaplega fánýtu plani, og menn skulu varast að halda áfram að ræða þessi mál eins og óþekkir krakkar, kenna hver öðrum um.

Ég held að það, sem skipti máli, sé að menn setjist niður og reyni að finna lausnir, eins og menn reyndu í verðbólgunefnd. Menn sáu þar, að margt var hægt að gera, þó að stór hluti n. kysi fremur að hlaupa frá því öllu, þegar menn sáu hvað það var skelfilegt sem þurfti að gera. En þetta er það sem menn þurfa að halda áfram að gera, að virða fyrir sér þessi vandamál, finna ákveðnar lausnir, en hlaupa ekki frá þeim.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Heldur þykir mér nú hvimleitt að þurfa að munnhöggvast mikið í sölum hv. d. við þá félaga mína Alþb.-menn, félaga í ríkisstj. vænti ég. En vegna ummæla hv. 1. þm. Austurl. um Alþfl. og þær till., sem hann segir að flokkurinn hafi lagt fram í efnahagsmálum, sé ég mig til neyddan að leiðrétta nokkuð orð hans.

Hv. þm. sagði í ræðu fyrr í dag, að till. Alþfl. hefðu einkum beinst að því að lögbinda launahækkanir á næsta ári sem næmi 4% á ársfjórðungsfresti. Í þeim till., sem Alþfl. lagði síðast fram í ríkisstj. vegna þessa máls, segir orðrétt:

„Lögbundið verði að laun megi ekki hækka nema sem nemur 4% þann 1. mars n. k., nema því aðeins að náðst hafi samkomulag fyrir þann tíma um nýtt vísitölukerfi, er taki mið m. a. af viðskiptakjörum."

Þetta voru þær till., sem Alþfl. kom með fram á þessu sviði.

Úr því að hv. þm. hefur verið að agnúast við Alþfl. fyrir þetta atriði, þá væri kannske rétt að benda þingheimi á atriði í grg., sem fylgir með frv. því, sem við fjöllum hér um, sem hann og flokkur hans hefur vissu-

lega samþ., og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stefnt verði að því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að verðlags- og peningalaunahækkanir 1. mars 1979 verði ekki meiri en 5%."

Það er 1% munur á þeim till., sem Alþfl. gerir þarna, og því, sem Alþb. hefur undirritað í grg. sem fylgir með þessu frv. (Gripið fram í.) Það stendur hér: verðlags- og peningalaunahækkanir.

Í umr. hér á Alþ. um frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu hefur sú skoðun annars komið fram hjá flestum ræðumönnum, að ekki sé nóg að gert. Þetta sjónarmið hefur einnig komið fram í viðtölum við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar. Enginn dregur í efa að hér séu á ferðinni bráðabirgðaráðstafanir, sem ætlað sé að veita ríkisstj. enn þá einu sinni svigrúm til frekari aðgerða.

Í grg., sem frv. fylgir, koma raunar fram flest þau atriði, sem Alþfl. krafðist að yrðu tekin fastari tökum. Þar er greint frá þeim vilja ríkisstj., að verðbólgan verði komin niður fyrir 30% í lok næsta árs. Samt sem áður eru menn stöðugt að tala um verðbólgustig, sem ekki fari niður fyrir 35%. Enn eru þetta þó aðeins orð á pappír, og samþykki Alþfl. er við það miðað að athafnir fylgi í þessu tilviki orðum. Flokkurinn mun herða róðurinn í baráttunni gegn verðbólgunni og hann mun reyna að fá samstarfsflokkana til að viðurkenna í raun, að verðbólgan hafi rýrt og skert launatekjur almennings meira en nokkuð annað tiltekið atriði á efnahagsmálasviðinu.

Það skal engin dul á það dregin, enda hefur það komið skýrt í ljós að undanförnu, að stjórnarflokkarnir eru ekki sammála, og þættu nú engum mikil tíðindi. Alþfl. hefur litið á verðbólguna sem höfuðóvin þjóðfélagsins og haft það efst á verkefnalista sínum að berjast gegn henni. Hann telur að með nánu samráði núv. ríkisstj. við launþegasamtökin hafi skapast óvenjugóður grundvöllur til þeirrar baráttu, sem nú verður að hefjast. Með kröfum Alþfl. um aðgerðir, sem fram koma í grg. frv., reyndist unnt að knýja — að knýja, segi ég, ríkisstj. til ákveðnari afstöðu en ella hefði orðið. Barátta flokksins innan ríkisstj. hefur því borið talsverðan árangur, þótt engum endanlegum markmiðum hafi verið náð að mínu mati. Þessar staðreyndir ollu því m. a., að Alþfl. ákvað að styðja frv. um tímabundnar ráðstafanir. Hann gerir sér fyllilega ljóst, að í þriggja flokka samsteypustjórn er ekki unnt að koma fram öllum málum. Það er afstaða þriggja flokka sem mótar heildarstefnuna að lokum. Hins vegar hafa þm. Alþfl. tekið þá ákvörðun, að verði tímabilið til 1. mars n. k. ekki notað út í hörgul til raunhæfari aðgerða verði þeir í raun lausir allra mála. Næstu vikur og mánuðir geta því orðið afdrifaríkir fyrir núv. stjórnarsamstarf, og þetta gera allir sér ljóst. Það væri hins vegar hörmuleg niðurstaða að mínu mati, bæði fyrir núv. ríkisstj. og verkalýðshreyfinguna í heild, ef tíminn yrði ekki vel notaður og upp úr slitnaði.

Verkalýðshreyfingin getur ekki vænst þess, ef upp úr slitnar í þessari ríkisstj., að önnur svipuð verði mynduð í bráð. Það mundi engum gagna, ef núv. ríkisstj. gæfist upp við að leysa efnahagsvandann, þótt verkalýðshreyfinngin beitti þrýstingi gegn annarri ríkisstj. sem á eftir kæmi. Efnahagsástandið er nú svo með ólíkindum slæmt, að órói á vinnumarkaði, verkföll og vinnudeilur, mundu aðeins sökkva þjóðarskútunni enn dýpra en hún siglir nú, svo vart yrði í mannlegu valdi að koma henni á flot aftur. Það er hins vegar allra hagur, svo ég noti orðalag fyrrv. hæstv. forsrh., að nú takist þjóðarsátt og að ríkisstj. fái frið til að kveða verðbólguna niður og koma á jafnvægi í efnahagsmálum, ef það á annað borð er ætlun hennar. Engin kjaraskerðing yrði verri en sú, að yfir þjóðina dyndi atvinnuleysi og stöðvun atvinnurekstrar. Það eru kannske of fáir Íslendingar, sem muna þá tíma þegar verkalýðshreyfingin háði baráttu við vofu atvinnuleysis, nauðsynjavörur voru skammtaðar og að kreppti á flestum sviðum. Þetta ástand þyrfti allur almenningur í landinu að hafa í huga þegar hann tekur afstöðu til ríkisstj. yfirleitt og baráttu hennar gegn verðbólgunni.

Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Samkv. því er gert ráð fyrir að launahækkanir hinn 1. des. n. k. verði um 6%, en um 8% þeirra launahækkana, sem áttu að koma til útborgunar 1. des. samkv. kjarasamningum, verði bætt upp með ýmsum aðgerðum. Það dregur enginn í efa, að hér eru á ferðinni skammtímalausnir í efnahagsmálum. Í ríkisstj. varð ekki samkomulag um frekari aðgerðir bundnar í lagasetningu. Ég harma það mjög og tel að þessar ráðstafanir séu hvergi nærri fullnægjandi. Ég mun hins vegar greiða þessu frv. atkv. mitt af þeirri einföldu ástæðu, að ég sé enga aðra lausn betri eins og sakir standa.

Alþb. og Framsfl. gátu ekki fallist á till. Alþfl. um aðgerðir út árið 1979. Ástæðurnar fyrir afstöðu flokkanna beggja eru skiljanlegar. Alþb. hafði þá kröfu á oddinum í kosningabaráttunni, að kjarasamningar skyldu áfram vera í gildi. Af þessari ástæðu einni og henni einni getur Alþb. ekki fallist á till. er kynnu að snerta við vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta er ljóst. Framsfl. hefur hins vegar brennt sig illilega á því að skerða samninga með lagaboði og mun vart reyna það í bráð.

Þegar Alþfl. stóð frammi fyrir því, að till. hans um frekari aðgerðir í efnahagsmálum í samráði við launþegahreyfinguna náði ekki fram að ganga, átti hann aðeins um tvo kosti að velja: annaðhvort að hætta þátttöku í ríkisstj. eða að samþ. þessa bráðabirgðalausn. Kostirnir voru ekki fleiri. Alþfl. hefði getað sett úrslitakosti, en hann gaf eftir. Alþfl. gaf eftir í þessu máli, um það verður ekki deilt. En þá er spurningin: Hvers vegna tók hann þennan kost? Hvers vegna valdi hann þennan kost? Honum var og er ljóst, að ef nægur vilji er fyrir hendi, gagnkvæmt traust og heiðarleiki í samstarfi, þá hefur núv. ríkisstj. möguleika til að mjaka þróun efnahagsmála inn á rétta braut. Þar ráða úrslitum tengsl Alþfl. og Alþb. við verkalýðshreyfinguna. Friður í samstarfi og í samvinnu þessara aðila leysir engan vanda í sjálfu sér, en þessi friður getur veitt ráðrúm til að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum breytingum er gætu horft til bóta.

Frumskilyrði þess, að efnahagsráðstafanir beri árangur, er að í endurreisnarstarfinu öllu verði hagsmunir láglaunafólksins í landinu ekki fyrir borð bornir. Alþfl. hefur litið svo á, að verðbólgan hafi á undanförnum árum gert láglaunafólki meiri og stærri skráveifur en nokkuð annað. Verðbólgan hefur skekkt launarammann og valdið gífurlegu óréttlæti og óþolandi launamismun meðal þjóðfélagshópa. Þetta eru staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við. Rangur og að mínu mati úreltur vísitöluútreikningur hefur stórlega hjálpað til í þessari þróun. Þess vegna er það og verður skoðun Alþfl., að besta kjarabót launþega sé jafnvægi í efna-

hagsmálum þar sem verðbólgan hefur að verulegu leyti verið kveðin í kútinn. Þetta eru þær bestu kjarabætur, sem þingið og núv. ríkisstj. geta fært launþegum, og það er á þessum grundvelli sem Alþfl. háir sína baráttu innan ríkisstj., af því hann hefur trú á því og hann treystir því, að með því að kveða verðbólguna niður séum við að tryggja raunverulegar kjarabætur, en ekki launahækkanir í krónutölu sem fara jafnskjótt út í verðlagið.

Menn leggja hins vegar misjafna áherslu á þennan þátt kjaramálanna. Hér hefur því verið haldið fram með réttu, að launaþátturinn í baráttunni við verðbólguna skipti ekki öllu máli. Auðvitað skiptir hann ekki öllu máli. Stefnan á sviði fjárfestingarmála, peningamála og skattamála ræður einnig miklu. Það verður þó ekki fram hjá því gengið, hve stór liður launaþátturinn er í öllu heildardæminu. Alþfl. hefur lagt á það höfuðáherslu, að reynt yrði að beisla verðgólgugróða einstaklinga og fyrirtækja sem verða mætti til tekjujöfnunar. Menn skyldu hafa það í huga, að innan Alþýðusambands Íslands eru stéttir manna, sem hafa haft verulegan hag aff verðbólgunni, og innan ASÍ er munur á tekjum einstaklinga ótrúlega mikill. Það eru fyrst og fremst félagar innan Verkamannasambands Íslands og t. d. félagar Iðju og Sóknar, sem hafa orðið að taka á sig byrðar vegna ráðstafana ríkisstj. Það er þessi hópur launafólks sem okkur ber að vernda. Það er kaupmáttur þeirra launa sem verður að tryggja. Ég hef persónulega minni áhyggjur af öðrum hópum innan Alþýðusambands Íslands.

En hafa ekki allir ræðumenn hér, allir hv. þm., lagt á það áherslu í ræðum sínum, að verðbólgan væri mesti meinvætturin og gegn henni yrði að berjast? Menn greinir bara á um leiðir. En þetta orð er í þessu tilviki býsna stórt. Í því geta falist bæði flokkspólitískir hagsmunir, hugsjónir ýmist um kapítalisma eða kommúnisma og fleira af því tagi. Eru menn í raun og veru að berjast gegn verðbólgunni hér á hinu háa Alþingi eða eru þeir að berjast fyrir fylgisaukningu, áhrifum og völdum og búa sig þar með undir nýjar kosningar? Mjög óttast ég, að hin eiginlega barátta geti snúist um margt annað en verðbólguna. En það er auðvitað á valdi hvers og eins hvort hann tekur þjóðarhagsmuni fram yfir stundarhagsmuni flokks og stefnu.

Það verður oft skálkaskjól stjórnmálamanna í umr. sem þessum að mála skrattann á vegginn þegar rætt er um fyrrv. ríkisstjórn og fyrrv. ríkisstjórnir. Allur vandinn, allt hið illa er frá þeim komið. Þannig eru raunverulega fundnar afsakanir fyrir ráðaleysi eða linku í eigin baráttu. Það hvarflar ekki að mér eitt augnarblik að halda því fram, að nokkur einasta ríkisstj. í þessu landi hafi viljandi reynt að koma þjóðinni í þann vanda sem hún nú er í. En hins vegar speglast í þessum vanda þau stéttaátök þar sem ekkert er gefið eftir, jafnvel ekki þegar þjóðarhagur krefst þess — þá helgar tilgangurinn meðalið.

Nú blasa hins vegar við okkur meiri erfiðleikar en verið hafa með þessari þjóð um áratugaskeið. Sumir vilja að atvinnureksturinn taki á sig vandann, aðrir vilja að launþegar geri það. En hvorugt getur raunverulega án hins verið. Nú er ástandið slíkt, að fara verður með mikilli gát. Undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar mega ekki við miklu og stöðvun þeirra gæti leitt til mjög alvarlegs atvinnuleysis, sem ég óttast mjög að sé skemmra undan en margan grunar, því miður. Kaupmátt láglaunafólks má ekki heldur skerða. Því hljótum við í núv. ríkisstj. að beina spjótum okkar að þeim þjóðfélagshópum sem hafa haft aðstæður til að gera sér mat úr verðbólgunni. Að vísu er hætt við, að verulegur hluti af verðbólgugróðanum sé kominn í steinsteypu og einhver veraldleg tækniundur. En það hefur nákvæmlega ekkert verið gert til þess að kanna hvar fjármagnið liggur, hvar þeir hópar eru, sem geta lagt eitthvað af mörkum. Þessi þáttur í starfi ríkisstj. er gagnrýni verður. Stjórnmálamenn hafa talað um verðbólgugróða, en ekkert hefur verið gert til þess að leita þessara fjármuna eða eigna, sem kannske hafa safnast á fárra manna hendur. Tekjuskatturinn gegnir ekki lengur því tekjujöfnunarhlutverki sem honum var í upphafi ætlað. Hann er launamannaskattur, einfaldlega vegna þess að hann leggast þyngst á þá sem aðeins hafa beinar launatekjur, en hlífir þeim sem aðstöðu hafa til að skammta sér eigin tekjur í formi margs konar hlunninda og færslu á reikninga fyrirtækja. Niðurfelling tekjuskatts af almennum launatekjum er því réttlætismál og hagsmunamál allra launþega. Í þessu frv. er stigið skref í þá átt og er það vel. Aðra þætti þessa frv. mun ég ekki ræða.

Að lokum þetta, herra forseti: Stór hluti íslensku þjóðarinnar hefur lifað langt um efni fram síðustu ár og stjórnvöld hafa gert sig sek um mikla fjármögnun í óarðbærri fjárfestingu. Þetta tvennt hefur hækkað mjög allar erlendar skuldir þjóðarinnar, hækkað skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann og hrundið af stað peningaprentun, þar sem engar tryggingar eru á bak við. Þá er það staðreynd, að of miklar launahækkanir í krónutölu, sem hafa farið beint út í verðlagið, hafa hvað eftir annað ýtt verðbólguskriðunni af stað. Nú er hins vegar komið að skuldaskilum og þau verða ekki umflúin. Það er það undarlega. Þau verða ekki umflúin í þetta sinn. Þau verða ekki sársaukalaus, eins og Alþfl. tók skýrt fram í baráttu sinni fyrir gjörbreyttri efnahagsstefnu, en verði ekki spyrnt við fótum nú þegar, þá verða fórnirnar enn þá meiri 1. mars n. k. Kannske má segja að illu sé best af lokið, þegar rætt er um þessi mál, og þess vegna hafi Alþfl. lagt á það svo mikla áherslu að stærri teigur yrði lagður undir en gert var.

Mönnum hefur orðið tíðrætt í þessum þingsal um hin stóru stökkin og litlu skrefin. Þegar menn vilja komast þurrum fótum yfir læk leita þeir að þeim stað þar sem lækurinn er mjóstur, en þeir fara ekki yfir lækinn í tveimur eða þremur skrefum ef þeir ætla sér að vera þurrir í fæturna hinum meginn á bakkanum. (Gripið fram í.) Þeir stökkva, flestir stökkva. Á þann hátt hafa flestir komist yfir án þess að detta ofan í, það er kjarni málsins, ef menn þá á annað borð ætla að stökkva. Hins vegar er þessi þjóð þegar orðin blaut í fæturna, svo það breytir kannske ekki svo miklu. Það hefur nefnilega alltaf verið reynt að stökkva yfir lækinn þar sem hann er breiðastur og alltaf orðið að snúa til sama lands aftur. Alþfl. hefur reynt að benda á þann stað þar sem lækurinn er mjóstur. Menn hafa þó ekki fallist á skoðanir hans í þeim efnum, en Alþfl. hefur fallist á að lengja aðeins tilhlaupið ef unnt skyldi reynast að stökkva yfir.

Mig langar að leggja á það mikla áherslu í þessu máli mínu, að það fer ekki hjá því að ég hafi um það nokkrar efasemdir, að innan núv. ríkisstj. náist samstaða um það sem gera þarf á næstu mánuðum. Ég óttast að Alþfl. komi ekki fram þeim málum sem hann lagði þunga áherslu á í síðustu kosningum. Ég óttast að einhverjir séu

þeirrar skoðunar, að þeir eigi harma að hefna vegna síðustu kosningaúrslita. Og ég óttast, að samstarfsflokkarnir geti ekki unnt Alþfl. þess, að hann komi málum sínum fram. Úr þessu verður hins vegar reynslan að skera á næstunni. En Alþfl. getur ekki átt aðild að ríkisstj. sem ætlar sér að ganga á svig við erfiðleikana. Það er bjargföst skoðun mín.

Launþegar hafa þegar nú 1. des. tekið á sig nokkra kjaraskerðingu. Því verður ekki á móti mælt, þótt reynt verði að bæta þeim hana upp að einhverju leyti. Ef þeim ráðstöfunum og samstarfsvilja, sem komið hefur fram með hlutleysi og jafnvel stuðningi verkalýðshreyfingarinnar, verður ekki fylgt eftir með aðgerðum til lengri tíma, þá er allt tal um ríkisstj. launþega út í loftið, tómt píp eins og börnin mundu segja.

Fyrrv. forsrh., hv. þm. Geir Hallgrímsson, talaði oft um nauðsyn á þjóðarsátt. Enginn getur verið honum meira sammála en ég í þeim efnum. Það verður því að vænta þess, að þjóðarsáttin eigi eins mikil ítök í huga hv. þm. í stjórn og í stjórnarandstöðu. Hér stendur stríðið um að vernda rétt launþega á erfiðleikatímum. Þetta er aðeins ein orrusta í stríði sem standa mun á komandi árum og áratugum. Ef þing og þjóð fara þessa dagana ekki að þekkja sinn vitjunartíma, þá er verið að bjóða heim ástandi, sem er hreinlega ógn við þann rétt sem Íslendingar hafa til þessa talið hvað helgastan, lýðræðið. Enn frekari óáran í efnahagslífinu hvetur öfl til athafna, sem í eðli sínu eru öfgafull og gera kröfu til valdsins, hvort sem það á nokkuð skylt við þingræðu eða ekki.

Ég tók það fram hér í upphafi, að ég styddi þetta frv. vegna þess að ég væri þeirrar skoðunar að aðrir betri kostir væru ekki fyrir hendi. Ég er enn þeirrar skoðunar og verð svo lengi sem ég sé einhver tákn þess að því verði fylgt eftir með gjörðum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég verð að játa að mér var svolítið ómótt í kvöld þegar ég sat hér undir löngum hrósyrðum hæstv. forsrh. En ég hugga mig aftur við það, að hrósið var vissulega tvírætt. Allt um það, hrósflaumi forsrh. mun ég svara síðar í máli mínu.

Erindi mitt í ræðustól er fyrst og fremst að gera grein fyrir því sem annar af tveimur fulltrúum Alþfl. í fjh.- og viðskn., sem hafði það frv. til meðferðar sem nú er að ganga í gegnum 2. umr. hér í hv. d., að við fulltrúar Alþfl. greiddum, því atkv., en létum bóka svofellt í fundargerðabók fjh.- og viðskn., með leyfi forseta:

„Stuðningur okkar við þetta frv. til l. byggist á því, að ef ekkert hefði verið að gert, þá hefði rúmlega 14% hækkun farið út í kaupgjald og verðlag, sem þýtt hefði mikla fiskverðshækkun og gengisfall í kjölfarið. Okkur er þó ljóst að þessar aðgerðir eru ófullnægjandi bráðabirgðaráðstafanir og auk þess óljósar fjármunatilfærslur. Þó er ekki stætt á öðru en styðja þetta frv. til að koma í veg fyrir enn frekari vandræði, sem orðið hefðu ef ekkert hefði verið að gert."

Undir þetta rita Vilmundur Gylfason og Finnur Torfi Stefánsson.

Að öðru leyti tel ég óþarft að ræða efni þess frv., sem hér liggur fyrir, umfram það sem gert var í gær. Ég vísa að því er sjálfan mig varðar til ræðu sem ég flutti úr þessum stól í d. í gær um þessi efni.

En þó verður ekki hjá því komist að víkja nokkrum orðum m. a. að þeim sem mælti fyrir nál. fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni, en hér reyndi hann eitt kraftaverkið enn í efnahagsmálum, þegar hann reyndi að sannfæra deildina um að hér væri ekki um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, heldur — að mér skildist — einhverjar heilsteyptustu og langstæðustu ráðstafanir sem efnahags- og hagsagan kynni frá að greina. Það segir sig auðvitað alveg sjálft, og þarf ekki annað en vísa í jafnörugga heimild og hæstv. forsrh., að auðvitað er um bráðabirgðaráðstafanir að ræða. Þetta eru að efni og formi ráðstafanir sem standa til þriggja mánaða, og um það hefur ágreiningurinn staðið. Það var hins vegar athyglisvert, að sennilega allt að 3/4 ræðu hv., 1. þm. Austurl. í dag, þar sem hann var að mæla fyrir nál. og tók raunar fram að hann var jafnframt að lýsa sínum persónulegu skoðunum, fóru í úttekt á og árásum á stöðu Alþfl. í þessu máli. Og mér er ekki grunlaust um að einu sinni til tilbreytingar hafi hv. ræðumaður litið út fyrir fjóra veggi þessarar stofnunar og farið að huga að því, hvernig almenningsálitið í landinu kynni að vera innstillt. Hafi hann gert þetta, þá hygg ég að það hafi valdið honum nokkrum áhyggjum, og ég hygg að þessar áhyggjur hafi orðið þess valdandi, að hann taldi ástæðu til þess að eyða nær öllum ræðutíma sínum í árás á samstarfsflokk sinn, Alþfl., á þá hugmynd Alþfl. að vilja standa að heildstæðum ráðstöfunum sem tækju til alls ársins 1979. Sé hv. 1. þm. Austurl. til tilbreytingar að reyna að þreifa á púlsi almenningsálitsins, sem ég er sannfærður um að hann gerir ekki oft, þá skil ég áhyggjur hans af till. Alþfl. í þessum efnum.

Talsmenn Sjálfstfl. í þessum umr. hafa þóst hafa áhyggjur af því, að Alþfl. sé illa leikinn, að hann komi ekki málum sínum fram sem skyldi. Þeir hafa einnig látist hafa áhyggjur af því, að það væri nokkur tvískinnungur falinn í því að gagnrýna frv., svo sem margir okkar gera, en standa þó ekki í vegi fyrir því að það hljóti afgreiðslu hér á nauðsynlegum degi. Við þessa menn verður að segja það, eins og sagði í bókun sem ég kynnti, að valkostirnir eru einvörðungu tveir. Hinn er sá að sleppa lausri 14% hækkun út í kaupgjald, sem strax færi út í verðlag með tilheyrandi eftirleik, fiskverðshækkun, gengisfalli. Þetta eru efnahagslegar staðreyndir, sem bókstaflega allir, hvar sem þeir annars standa á hinum pólitíska „skala", eru sammála um. Og ég segi það fyrir mína parta, og svo mun vera um nærstætt allan þingflokk Alþfl., hvað svo sem mönnum finnst um þetta frv., og um það höfum við rætt, þá er ekki stætt á öðru en samþ. það. Á slíku berum við ekki ábyrgð. Sjálfstfl. getur reynt að bera ábyrgð á slíku, en við gerum það ekki þrátt fyrir allt og erum sjálfum okkur — að ég hygg — fullkomlega samhljóma í þessum efnum. Valkostirnir voru aðeins tveir, það var rétt í máli hæstv. forsrh. hér í kvöld. Það er stundum svo, að menn standa frammi fyrir tveimur kostum, hvorugum góðum. En menn verða að velja. Þetta er í stöðunni ábyrgt val; annað var ekki hægt og annað var ekki sæmilegt að gera.

En við sjálfstæðismenn, sem hafa verið að fjalla um málflutning okkar og haft áhyggjur af, vil ég einnig segja þetta: Við í Alþfl. erum að slást við verðbólguna á fleiri vígstöðvum en fram kemur í þessu frv. Allir þm. Alþfl. í þessari d. hafa flutt frv. um raunvexti, sem er bardagi við verðbólguna á þó nokkuð öðru sviði, þó að það frv. gagni auðvitað ekki nema í sambandi við aðrar og heildstæðari efnahagsráðstafanir. Það liggur alveg ljóst fyrir, að Alþfl. stendur allur sem einn að þessu frv.

Skoðanir Lúðvíks Jósepssonar eru þekktar í þessum

efnum og hann virðist hafa dregið allan sinn stjórnmálaflokk með sér í þessu máli, þó ég efist um að margir hv. þm. Alþb. hafi oft leitt hugann að vaxtamálum. Framsfl. tekur ekki undir með okkur í þessu máli, af hagsmunástæðum fyrst og fremst, að ég hygg. En Sjálfstfl. þykist gera það. Svo sagði hv. 4. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, form. flokksins. Svo er að skilja á leiðurum þess mikla blaðs, Morgunblaðsins. En hvað gerist? Frv. er komið í n. og þar er það á valdi Sjálfstfl. að hleypa þessu frv. áfram. Ríkisstj. hvorki stendur né fellur með þessu frv., en þetta gætum við gert að lögum ef við næðum höndum saman. Sjálfstfl. virðist hins vegar engan veginn vera heill í þessu máli, og mér er nær að ætla að það gildi um fleiri bardagasvið við verðbólguna en vaxtamálin. Sjálfstfl. gæti, ef hann vildi, hjálpað til að gera þetta frv. að lögum. Það strandar á honum í þessum efnum. Ég þykist vita að ástæðan fyrir því sé sú, að þingflokkurinn sé ekki margbrotinn, heldur margklofinn í þessum efnum. Ég hygg að svo sé um fleiri mál sem að svipuðum markmiðum lúta, og er því afskaplega illt á íhaldið að treysta um þessar mundir. Það segi ég sem sögufróður sósíaldemókrati, að ég dáist sögulega að efnahagsráðstöfunum sem Alþfl. stóð að, þá með heilsteyptari Sjálfstfl. en nú virðist vera. Það var á árinu 1959 og næstu árum þar á eftir. Máli mínu til stuðnings vísa ég í ágætt blaðaviðtal við hv. 11. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, sem birtist í Vísi nú um helgina. Ég er alfarið sammála því, sem Gunnar sagði þar um þær efnahagsaðgerðir, sem gripið var til á þessum árum, að þessar ráðstafanir voru um margt til fyrirmyndar. En gallinn er bara sá, að þó að Alþfl. hafi bæði stækkað og um margt efalítið batnað frá þeim tíma, þá hefur íhaldið versnað svo mikið, að það bætir þetta ekki nærri því nægjanlega upp. Þetta er vandinn í þessu máli: Vaxtafrv., herrar mínir, er prófsteinn á það, hvað þið getið og hvað þið þorið. Og áður en þið snúið stóru orðunum að Alþfl. ættuð þið að skoða í eigin barm og kanna ykkar eigin margbrotna þingflokk. (**Gripið fram í:** Þetta kann að lagast.) Það getur vel verið, en aumt er íhaldið nú. (Gripið fram í.) Þetta er ekki tilboð til íhaldsins. Þetta er ósk um það, að það hjálpi til að veita brautargengi í einu tilteknu máli — máli sem ég fyrir mitt leyti er sannfærður um að mun skipta hér sköpum í sambandi við verðbólguþróun. Svo hafa einnig talsmenn Sjálfstfl. talað úr þessum ræðustóli. En þeir guggna þegar á hólminn er komið. — Við höfum ekkert að fela. Við erum að boða sömu vaxtastefnu og við gerðum fyrir kosningar. Við erum ekkert að svíkja eins og þú varst að gera í kjaramálunum núna, Lúðvík.

Það er þetta sem ég held að hv. d. þurfi að velta fyrir sér. Till. okkar eru jafnheildstæðar og þær voru og við erum að berjast á mörgum vígstöðvum. Það frv., sem hér liggur fyrir og er til umr., er ein af þessum vígstöðvum. Vaxtamálin eru einar vígstöðvar. Annars vegar er þar við Alþb. að etja og hins vegar við duglaust íhaldið. Hvorugur kosturinn virðist vera góður. En við stöndum keikir engu að síður.

Gjarnan hafa verið bornar saman þær aðgerðir, sem nú er verið að gera, og febrúarlögin, sem Sjálfstfl. og Framsfl. settu fyrr á þessu ári. Eitt þykir mér þó vanta í þennan samanburð, og það er einfaldlega það, að þegar lögin voru sett í febrúar var verið að setja lög á Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Það var í fyrsta skipti sem opinberir starfsmenn höfðu haft verkfallsrétt. Það var þess vegna í fyrsta skipti sem ríkisvaldið sat öðrum megin við samningaborðið og samningsaðilinn sat hinum megin við samningaborðið eftir venjulegar kjaradeilur. Nú gerðist það, að ríkisvaldið samdi um tiltekna peningalaunaupphæð sem það átti ekki til, sem það gat ekki staðið við. Þessa samninga hefði ríkisvaldið aldrei átt að gera, en það gerði þá og þurfti að rifta þeim að nokkrum mánuðum liðnum. Það hygg ég að fyrst og fremst hafi reitt almenningsálitið svo til reiði — hæstv. forsrh. notaði hér orð sem hann sagðist að vísu ekki nota oft, og það var siðleysi að þessar aðgerðir voru siðleysi af þessum sökum. Þetta hygg ég að fyrst og fremst hafi orðið valdur að því, að febrúarráðstafanirnar voru svo fyrirlitnar sem þær voru vissulega úti um samfélagið. Og hvað sem má segja um þær ráðstafanir sem nú er verið að gera, þá er grundvallarmunur á þessu tvennu.

Það er óþarfi að fara út í frekari samanburð á þessu. Það er ljóst, hvað gerðist í febrúar, og það er einnig ljóst, hvað hér er verið að leggja til. Því má svo bæta við í framhaldi af ræðum alþb.-manna í gærkvöld, t. a. m. hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, — þar var fjallað um till. okkar Alþfl.-manna og sagt að við hefðum verið að leggja til að lögbinda kaupið og á það gæti verkalýðshreyfingin aldrei fallist, — að í þeim till., sem við lögðum fram, og eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, þá var gert ráð fyrir að leyfa að kaupið hækkaði fjórum sinnum um 4% í hvert skipti þangað til nýju vísitölukerfi hefði verið komið á. Það er yfirlýst markmið þessarar ríkisstj., að vísitölukerfinu þurfi að breyta. Með þessum hætti er ríkisvaldið að knýja á um að vísitölukerfinu verði breytt í þá veru sem við teljum skynsamlega, að öðrum kosti séu launin bundin með þeim hætti sem hér er lýst, en síðan muni ríkisstj. með öðrum aðgerðum, sem einnig voru skýrðar í þeim hugmyndum sem þið í Alþb. áreiðanlega þekkið, hvernig fara skuli að því að ná verðbólgunni niður fyrir og helst vel niður fyrir 30% markið að gera kjararýrnunina sem allra minnsta. Og þar var fjallað um peningamál, þar var fjallað um stjórn á fjárfestingarmálum, þar var fjallað um skattamál, þar var fjallað um niðurskurð ríkisútgjalda. Auðvitað er ágreiningur á milli okkar um marga einstaka liði þessara mála. En það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að hér var sett fram heildstæð stefna. Ég er sannfærður um það, hvað svo sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson hefur um það að segja, að um þetta hefði náðst og getur enn náðst samstaða við launþegahreyfinguna. Það hvílir á því eingöngu, að hún hafi traust á þeim ráðstöfunum sem hér er verið að leggja út í. Ég er sannfærður um að launþegahreyfingin hefði gefið vinveittri ríkisstj. frest í eitt ár eða átján mánuði til þess að framkvæma slíkt, vegna þess að auðvitað hlýtur að vera litið svo á að það að ná verðbólgunni niður sé kjarabót af sjálfu sér.

Það er tómt mál að tala um þetta. Þetta hefur svo sem verið reifað. En hvað sem þeir Alþb.-menn reyna hér í stórum stíl að gera úr Alþfl. — ég held þeir kalli hann kaupránsflokk vegna þess að hann lagði áherslu á að binda einnig peningalaunin, þá verðlausu seðla sem annars hefðu hækkað að upphæðum, — þá er það skilningur sem ég vil eindregið mótmæla. Við leggjum á það þunga áherslu, að þetta sé ekki nema einn liðurinn í þeim ráðstöfunum sem þurfi að gera. Hins vegar, eins og síðasti ræðumaður sagði, þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, að peningalaunin eru auðvitað stór þáttur í heildardæminu.

Einn þátt til viðbótar við það, sem við höfum lagt á þunga áherslu, vil ég enn leggja á áherslu, og það er það sem við höfum kallað neðanjarðarhagkerfi, þau gríðarlegu skattsvik sem eiga sér stað úti um samfélagið. Einhvern veginn hefur aldrei náðst um það meirihlutasamstarf á Alþ. að skera upp herör gegn þessum vágesti. Einn og einn flokkur hefur haft þetta á stefnuskrá sinni, ein og ein þáltill. hefur verið flutt, en hvernig sem á því stendur hefur aldrei náðst um það samstarf í ríkisstj. að skera upp herör gegn þessu. Svo er ekki enn þrátt fyrir áherslu okkar á þetta s.l. sumar og áfram. Allt samfélagið veit meira og minna hvernig þetta neðanjarðarhagkerfi vinnur. Það vinnur t. a. m. þannig, að einstaklingar skrifa einkaneyslu sína í stórum stíl á rekstur fyrirtækja, húsin sem byggð eru, bílana sem ekið er í, jafnvel matinn sem étinn er. Af þessu ræðst einhver mesti lífskjaramismunur í landinu. Efnahagsskaðinn er kannske ekki verstur, þó vondur sé, heldur hinn sálræni skaði sem af þessu leiðir, vegna þess að reksturinn hefur ekki það traust sem hann ætti að hafa ef heilbrigt væri að staðið.

Ég er að segja þetta í þessu samhengi vegna þess að í till. þeim, sem við höfum lagt fram og Alþb. hefur reynt að gera lítið úr — af misskilningi auðvitað — er það snar þáttur, að gegn þessum svikum verði ráðist og það verði verkefni samstæðrar ríkisstj. að skera upp herör á þeim sviðum sem hér hefur verið lýst. En einhvern veginn er það svo, að þeir vilja heldur lulla með Lúðvík í þriggja mánaða ráðstöfunum. Það segir sig alveg sjálft, að ef við ætlum að hefja stríð 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des. af því tagi sem við höfum háð nú undanfarna daga, þá verðum við aldrei færir um að ráðast gegn neðanjarðarhagkerfinu eða öðrum ósóma í efnahagslífi okkar. Ef Lúðvík og aðferðir hans fá að ráða, þá er þetta dæmt til að mistakast og skattsvikin munu dafna áfram í þessu samfélagi. Það er þess vegna rangt, sem fram hefur komið í máli talsmanna Alþb. um þessa hluti, að við séum að leggja til kaupbindingu fyrst og fremst. Við erum að leggja til hjöðnunarstefnu, þar sem hjöðnun launa er aðeins einn þátturinn. En vitaskuld eru launin stór þáttur í öllu dæminu.

Hæstv. forsrh. reyndi að hafa í frammi ögranir í máli sínu, reyndi að biðja mig um að nefna þá Alþfl.-menn sem við sig hefðu talað um 3.6, en ekki 6% í sambandi við þær ráðstafanir, sem hér standa fyrir dyrum. Ég ætla auðvitað ekki að taka slíkum ögrunum og nefna þau nöfn í ræðustól hér á Alþ. Það er alveg ljóst, að Ólafur Jóhannesson forsrh. bar upp í sinni eigin ríkisstj. till. frá Framsfl., þar sem gert var ráð fyrir 3.6% launahækkun. Þetta voru till. hliðstæðar þeim sem við í Alþfl. höfðum þegar lagt fram og þingflokkur okkar hafði skrifað upp á. Ráðh. okkar skýrðu okkur frá þessu og var ómögulegt að skilja það öðruvísi en um þetta væri samkomulag. Síðan hélt Alþb. sinn helgarfund, sem allir vita um og ég hygg að allri d. sé um kunnugt. Ólafur Jóhannesson skipti þá um skoðun og gerðist skyndilega maður launafólksins, að hleypa út meiri launahækkun, en því miður af innstæðulausum ávísunum, eins og öllum er auðvitað kunnugt um.

Þrátt fyrir þær ögranir, sem hæstv. forsrh. hafði hér í frammi er hann óskaði eftir því að ég nefndi hvaða vondir jafnaðarmenn hefðu sést á leynifundum með honum til að gera um það samsæri að launafólkið fengi ekki nema 3.6%, þegar hann af sinni gjafmildi vildi heldur að það fengi 6%, — eins og allir vita eru hann og Lúðvík gjafmildir menn — þá sé ég enga ástæður til að nefna nein nöfn. Þetta var aðdragandinn. Um þetta héldum við að væri samkomulag. Það kom okkur og ég veit mörgum flokksbræðrum hæstv. forsrh. á óvart þegar þessi tala hækkaði með þeim hætti sem hér hefur verið lýst.

Þeim öðrum orðum, sem hæstv. forsrh. hafði um þessi mál, vísa ég alfarið á bug. Við vorum tilbúnir að standa að því, að 3.6% færu út. Ég þarf ekki að skammast mín fyrir að hafa gert það. Þetta voru viðnámsráðstafanir gegn verðbólgu. En því miður fór ekki svo, að það kæmu gjafir af himnum ofan til Ólafs Jóhannessonar og Lúðvíks Jósepssonar.

Kjarni alls þessa máls er sá, að við höfum sett á oddinn viðnámið gegn verðbólgunni. Við viljum standa fyrir því, að samfélagið allt færi fórnir í þessu viðnámi. Við viljum vernda hagsmuni þeirra sem lægst hafa launin. En við viljum standa fyrir því, að það séu færðar fórnir. Þetta höfum við sagt mánuðum saman. Þetta sögðum við fyrir kosningar og þetta segjum við enn. Þetta verkefni skiptir meira máli en önnur verkefni, sem þó þarf auðvitað að vinna. Um þetta er almennt samkomulag, en hins vegar brestur á þegar lýsa skal leiðunum. Við leggjum það á okkur að lýsa leiðunum.

Við vitum hins vegar, að það eru settir upp pólitískir leikþættir hér. Ég veit ekki hvernig hæstv. viðskrh. hefur liðið þegar hann hlýddi á hæstv. forsrh. áðan. Viðskrh. kom sem kunnugt er í pontu hér í gær og lýsti þeim félagspakka sem ég veit að hann meinar og vill, ekki dreg ég góðan vilja hans í efa. Hann var að reyna að sannfæra sjálfan sig og þingheim og sennilega allan almenning um það, að vissulega væri hér um raunhæft metnar kjarabætur að ræða. Í kvöld var svolítið annar tónn í forsrh. Hann sagðist ekki hafa verið að blekkja neinn, ekki blekkja launþegahreyfinguna eða neinn, auðvitað væri erfitt og ekki hægt að meta þetta til kjarabóta þegar í stað. Og hvor er að blekkja? Ég er sannfærður um það, að hæstv. viðskrh. telur sig vera að fara með rétt mál. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað. En einkennilegur er leikþátturinn, sem hér er á svið settur. Auðvitað er því sem næst ógerlegt að meta slíka þætti nákvæmlega til fjár. En svona leikþætti eigum við ekki að setja á svið, við eigum að segja satt. Það hefði verið betur ef allar forsendur þessa frv. hefðu verið byggðar á því að ætla sér frá upphafi að segja satt og engan að blekkja.

Ég er sannfærður um það, ég hef raunar þóst vita það, að hv. 1. þm. Austurl., sem vissulega hefur mikil áhrif á þau efnahagsmál sem hér er verið að setja fram veit lítið um hagfræði. En ég hélt hann hefði meiri pólítíska vitsmuni en mér sýnist öll þessi framsetning segja til um. Bæði ræðan, sem hér var flutt um Alþfl. í dag, og það, sem hér hefur farið fram undanfarið, þykir mér bera vott um litla pólítíska vitsmuni. Þetta eru litlir pólítískir vitsmunir, vegna þess að með þessu frv. og með því, sem í kringum það hefur verið sagt, er gert ráð fyrir að allur almenningur í þessu landi sé skynlausar verur, sem hugsi ekki sé einhverjir spýtukarlar á skákborði stjórnmálanna. Almenningur í þessu landi er viti bornari en svo. Hann veit hvenær 14% eru ekki lengur 14%, heldur verða 6%. Allur almenningur veit þetta og hann verður ekki blekktur. En það breytir ekki hinu, og það var kjarni þessa máls og ástæða fyrir því að ég er að gera grein fyrir afstöðu okkar hér enn, að við viljum engan

blekkja með því sem við erum að gera. Við vitum að þetta eru ekki 14%, heldur eru þetta 6%. Og við vitum að fyrir ári voru sömu hlutir kallaðir „kauprán". Það breytir ekki hinu, að ég hef lýst enn af hverju við ætlum að veita þessu frv. brautargengi. Ástæðan er sú, að af tveimur vondum kostum tökum við þennan til að forða þjóðfélaginu frá enn meiri verðbólguskakkaföllum en annars hefðu orðið, í því viljum við taka þátt. En við biðjumst undan því að vera þátttakendur í sjónarspili, að vera þátttakendur í að blekkja fólk, enda er það svo — guði sé lof — að hvað sem þm. segja og hvernig sem reynt er að telja fólki trú um það að 14% og 6% séu eitt og hið sama, þá er fólkið í þessu landi ekki skynlausar verur.

Markmið okkar í verðbólgumálunum verða og eru metin að verðleikum. Ég er enn og aftur sannfærður um að þær ráðstafanir, sem við höfum verið að leggja til, þó að þær heiti „erfiðar" á gamaldags pólítísku máli, eru réttar. Þær hafa vaxandi hljómgrunn meðal þessarar þjóðar. Ég bið ykkur, herrar mínir: Hugsið ykkur vel um áður en þið hafnið leiðum okkar alfarið. Ég endurtek það, og beini því einkum til ykkar í Alþb.: Hugsið ykkur vel um áður en þið hafnið okkar leiðum alfarið. Þið eruð búnir að gera mörg mistök allt frá því í vor. Þið eruð búnir að segja hluti sem þið getið ekki staðið við —allt frá því í vor og fram til þessa dags. Það eru enn möguleikar á því, að með okkur megi takast samvinna. Hugsið ykkur vel um — og einkum og sérstaklega þú, hv. 1. þm. Austurl. Hugsaðu þig vel um áður en þú hafnar leiðum okkar alfarið, því að það er ekki loku fyrir það skotið að samvinna megi takast með okkur.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Mér er sagt af kunnugum mönnum, að það sé ekki ótítt hér á hv. Alþ. að ef varaþm. slysast hér inn um stundarsakir vegna inflúensu, ferðalaga eða t. d. þess að aðalþm. séu að fá sér nýjar tennur, þá komi þessir varaþm. í sínu skásta pússi, fyllist hugljómun og flytji svokallaða jómfrúrræðu um eitthvert mál, sem annaðhvort er þeim hjartfólgið eða þeir hafa fengið lánað hjá flokki sínum eða ættingjum. Mér er einnig tjáð af kunnugum mönnum, að þetta sé ein hamingjusamasta stund í lífi margra varaþm., og jafnvel þótt þeir eigi ekki afturkvæmt á þingbekki fylgi þessar ljúfu minningar sumum allt til æviloka og þeir tali um málið sitt, sem þeir hafi forðum flutt á Alþingi. Það virðast ætla að verða örlög mín að verða sviptur þessari hamingjustund í lífi varaþm.

Í umr. um frv., sem hæstv. ríkisstj. leggur hér fyrir, hafa andstæðingar ríkisstj. eytt drjúgum hluta af málflutningi sínum í að ásaka mig, ótíndan múgamann, fyrir ýmsa mestu erfiðleika sem þjóðin stendur frammi fyrir, að ekki sé nú talað um Verkamannasamband Íslands, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum allar þessar umr. og er helst líkt við Seðlabankavaldið í landinu, en það er það jarðneska vald á Íslandi sem er öllum öðrum ofar.

Ég kemst ekki hjá því að svara nokkrum af þeim ásökunum, sem bornar hafa verið mig og Verkamannasambandið, og mun þó reyna að hafa í huga tilmæli hæstv. forsrh. að teygja ekki umr. um of. Að vísu er sá meðalvegur vandrataður.

Ég hefði gjarnan viljað spjalla töluvert við hv. 1. þm. Vestf. Hann er illa fjarverandi. Ég skal reyna af þeim sökum að vera öllu meinlausari í málflutningi en ég hafði í hyggju. Ég veit ekki hvort ég hef aðstæður til að heilsa upp á hann síðar, en ég held að það sé ekki hægt að komast hjá því að minnast örfáum orðum á málflutning hans.

Hann kvartar undan því að útflutningsbann hafi stöðvað útgerð í Vestmannaeyjum og á Suðurnesjum. Og hann kvartar undan því, að brotin hafi verið niður brbl. ríkisstj. sem hv. þm. sat í. Eins og þar stendur: Um allar sagnir hallaði hann mjög til og ló víða frá. Eins mætti segja um þennan hv. þm., sem ekki er hægt að skattyrðast mikið við hér. En sannleikurinn er sá, að Verkamannasambandinu tókst aldrei að brjóta niður þessi brbl. Þau giltu til enda ráðherraferils þessa hv. þm. Og þrátt fyrir öll þessi bjargráð, þrátt fyrir að brbl. héldu allan þann tíma sem hann var ráðh., þá geisaði verðbólgan af meiri þrótti og brann aldrei glaðar en á meðan.

Það er ekki tími, ekki aðstaða, af ástæðum sem ég hef greint, að fara ítarlega út í það, þó kemst ég ekki hjá að veita því athygli, að þessi ágæti þm. hefur eftir að hann hætti ráðherrastörfum, geislað af hamingju og vellíðan gagnstætt ýmsum flokksbræðrum sínum. Og þótt þessi þm. sé dagfarsglaður, skemmtinn og orðheppinn í besta lagi, þá hef ég sjaldan séð lífshamingju öllu meiri. Það eru bókstaflega sjö sólir á lofti þegar hv. 1. þm. Vestf. mætir í þingsölum og hvar sem er á mannamótum. Hvernig skyldi standa á þessu? Ég satt að segja bjóst við hógværum og hljóðum manni, eins og mannlegt er og eðlilegt er þegar mönnum gengur illa í kosningum. En þessi gleði er að ýmsu leyti skiljanleg. Þegar hann lét af störfum hafði honum tekist það ásamt með samráðh. sínum, sem Verkamannasambandinu tókst aldrei, hann hafði stöðvað útgerð í Vestmannaeyjum, hann hafði stöðvað útgerð á Suðurnesjum, þar sem ekkert útflutningsbann var, og meira en það: hann hafði hótanir hvers og eins einasta frystihúss í landinu um að það yrði lokað, og hann hafði tilkynningar um að hver fiskifleyta á landinu færi ekki á sjó. Þegar hann hringdi í flokksbræður sína í eigin kjördæmi þar sem hann er jafnsterkur og raun ber vitni, og þá svöruðu þeir einungis: Þetta er ekki hægt, Matthías, við lokum. — Ég hef satt að segja í hyggju að leyta til þessa hv. þm. sem ráðgjafa Verkamannasambandsins, ef það þyrfti að fara út í öflugar stöðvunarráðstafanir einhvern tíma, vegna þess að „praktískari" reynslu held ég að fáir menn hafi. Árangurinn er svo firna glæsilegur, að ég efast um að það sé hægt að benda á nokkurn verkalýðsforingja sem hefði staðið frammi fyrir því að ef hann hefði verið viku lengur í ráðherrastól, og er þetta náttúrlega ekki bundið við hann einan persónulega, þá hefði öll útgerð og allur sjávarútvegur í landinu stöðvast. — Síðar er verið að brigsla ótíndum múgamönnum um það, að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur. En ég mundi leita til þessa hv. þm. sem ráðgjafa í stöðvunaraðgerðum, sem vonandi þarf ekki til að koma.

Hins vegar mun ég ekki leita til hans varðandi hitt rn. sem hann gegndi, — ég vil taka það fram að í þessu felst ekki að hv. 1. þm. Vestf. sé eitthvert sérstakt varmenni eða öðrum mönnum verri, — en annar málaflokkur hans var heilbrigðismál. Þar er nú meiri stöðvunartilhneigingin. Hann hefur vart látið af störfum sem ráðh. þegar þjóðin stendur frammi fyrir því, að öllum helstu sjúkrahúsum á landinu á að loka, neyðst er til að loka þeim vegna skuldasöfnunar í tíð þessa hv. fyrrv. ráðh. Ég verð nú að segja það, að mig skal ekki undra þó hann kvarti undan rósagjöfum hæstv. viðskrh. Svona er nú rósagarður hv. 1. þm. Vestf.: Frystihúsin lokuð, sjávarútvegurinn

að stöðvast og sjúkrahúsin líka að stöðvast. Þetta er nú rósarækt í lagi!

Ég sleppi nú því sem ég vildi meira sagt hafa við þennan ágæta kunningja. En ég vil stuðla að áframhaldandi hamingju þessa fyrrv. ráðh. og að hann geisli af hamingju, og ég held að öruggasta ráðið til þess sé að þessi ágæti þm. setjist ekki aftur í ráðherrastól. Er honum þó margt vel persónulega til lista lagt.

Ég ætlaði örlítið að heilsa upp á 1. þm. Reykv., sem ég met mjög mikils. Þeim ágæta þm. er það gefið, að hann er haldinn óbilandi dugnaði og hann hefur ýmsa þá mannkosti sem góða menn mega prýða. Ég vildi gjarnan að ég hefði af flokksbræðrum mínum fleiri, sem væru jafnötulir og hann að ganga um í sínu kjördæmi og rétta fólki hjálparhönd, rétta hag þeirra, sem erfitt eiga, og aðstoða þá í mörgum tilfellum á hinn ótrúlegasta og drengilegasta hátt.

Ræða hans var fyrir ýmissa hluta sakir nokkuð merkileg. Ég hef ekki tíma til að fara langt út í það. Ég tek undir með honum, ég held að það sé ákaflega hættulegt að setja hér á háan fjárfestingarskatt, það verði þá að hyggja mjög vel að, á hvaða fjárfestingar sá skattur væri lagður, og það eru orð í tíma töluð, sem hann sagði, að fjárfestingarskattur sem ekki væri því markvissari, getur stuðlað að atvinnuleysi og verið hættulegur.

Hins vegar ásakaði hann mig fyrir að vilja rýra kaup launþega um 8%. Ekki lági ég honum þann málflutning. En svo kom fram, sem reyndar allir kunningjar og vinir þessa hv. þm. vissu, að hann hefði verið mjög vel hæfur í fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., því vart hafði hann sleppt orðinu við mig um kauprán er hann bauð Alþfl. upp á „kontant"-viðskipti, skulum við segja. Upp á hvað voru þau? Þetta voru viðskipti fyrir opnum tjöldum. Hann bauð kauplækkun, þ. e. a. s. útborgað kaup með vísitölu yrði lægra, og það var ekki annað að heyra, — nú er þm. ekki við til þess að leiðrétta ef rangt er með farið, og ég vil ekki níðast á fjarveru hans, — ekki gat ég annað fundið en að það félli þá niður bótalaust. Sem sagt, fyrst kemur ásökun um að 8% eigi nú að taka af launþegum og 6.12% sé of lítið. Síðan kemur tilboð um viðskipti við Alþfl. um að það verði alls ekki 6%, heldur mun minna og það með öllu bótalaust. Það er dálítið athyglisvert, að jafnglöggur og mætur maður og hv. þm. skuli skora á Alþfl. að standa við skoðanir sínar í þessu efni og telja að Sjálfstfl. muni nú athuga að styðja slíkar tillögur.

Ég held ég sleppi nú öðrum atriðum vegna fjarveru þm. Þó get ég ekki fallist á að það sanni að engin stéttaskipting sé á Íslandi, að við séum báðir bornir og barnfæddir Reykvíkingar, við höfum báðir bílpróf og séum báðir um 100 kg og drekkum kaffi frá Brasilíu. Við spjöllum um það einhvern tíma síðar.

Það er nú ekki talað hér fyrir fjölmennum fundi. Hv. 4. þm. Reykv. virðist vera fjarstaddur líka. Hann hélt hér langa ræðu í gær. Ég skal stytta mál mitt líka gagnvart honum. Það var sama, hann harmaði það kauprán, sem nú væri á ferðinni, og taldi að verkalýðsfélög hefðu misnotað aðstöðu sínu. En þessi hv. þm. er kokvíður. Hann minntist ekkert á allar þær ráðstafanir, sem hann stóð fyrir á seinni hluta árs 1974, árinu 1975, 1976, þegar kaupmáttur almenns verkafólks minnkaði um 25-30% og hann minntist ekki heldur á, — og hefði verið býsna fróðlegt að lesa upp kafla úr ræðum hans þá, — að þegar kaupskerðingin var mest á árinu 1975 var verðbólgan líka mest. Kaupskerðingin og verðbólgan héldust í hendur. Menn skulu því ekki telja hana allra meina bót. Verkalýðsfélögin gerðu samninga 1976 um svokölluð rauð strik, sem átti að vera nokkurs konar millistig í sambandi við vísitölu. Það kom þannig út, að kaupmáttur hélt áfram að lækka. Þetta var ný vísitala, nýtt form á vísitölu, sem þótti á sínum tíma ákaflega merkileg, en kaupmáttur hélt áfram að lækka, þjóðartekjur jukust, framleiðsla óx, en kaupmátturinn minnkaði.

Það er líka athyglisvert, að ríkisstj. og fyrrv. forsrh. var margboðið að gera samkomulag um aukinn kaupmátt með verðlækkunum í staðinn fyrir hærra kaup, og því var margyfirlýst, að allar verðlækkanir yrðu metnar til jafns við kauphækkanir og ef einhver verðlækkun væri kjarabót, þá skyldi hún metin til fulls við kauphækkun. Við lögðum fram a. m. k. ein 14 atriði og buðum jafnframt, að ef ríkisstj. væri með eitthvað annað, þá mundum við taka því. Þessu var öllu hafnað, gjörsamlega, eins og það lagði sig. Verðbólgan hélt áfram að vaxa. Allar till. okkar í þessum efnum voru gjörsamlega hundsaðar. Félagslegar ráðstafanir, það litla sem gert var í því, hafa ekki komist til framkvæmda.

Hv. 4. þm. Reykv. hélt því líka fram, að brbl. hefðu verið brotin niður og við værum betur stödd ef lögin hefðu náð tilgangi sínum. Það er nú það. Lögin stóðu allan þennan tíma. Um hvað er fólk eiginlega að tala hér? Fólk talar eins og lögin hafi verið brotin á bak aftur. Það er nú aldeilis ekki. (Gripið fram í.) Ég kem að því síðar.

En það fór nákvæmlega eins og ég var að lýsa hér áðan í sambandi við 1. þm. Vestf., að verðlagið brunaði áfram og við stóðum frammi fyrir öllum þessum vanda, þó þetta ætti að leysa verðbólguvandann á sínum tíma og ættu ekki að vera neinar bráðabirgðaráðstafanir. Þetta var reynslan af því.

Síðan er sagt hver sé munurinn á þessum ráðstöfunum, sem við erum með núna, og þeim ráðstöfunum, sem eru í þessu frv. Við getum nú farið stutt yfir sögu í sambandi við febrúarlögin. Ríkisstj. gafst sjálf upp á að framfylgja þeim. Þar var náttúrlega tekinn helmingurinn af vísitöluhækkunum bótalaust og ekkert kom í staðinn, og ef einhver eftirvinna var unnin, sem unnin er á Íslandi hjá öllum meginþorra verkafólks, sem vinnur meira en 8 tíma, þá þýddi það að þá fékk það ekki þennan vísitöluhluta. En í brbl. var eftirvinna að vísu tekin með það voru lagfæringar í þeim frá febrúarlögum, og þá hefði eftirvinna, sem er 40% samkv. samningum, orðið nú 1. des. 15%. 1967 eða 1968 gerðum við samninga í atvinnuleysi og erfiðleikum undir þeirri viðreisnarstjórn, sem var raunar lofuð hér rétt áðan, um að við samþ. að kauphækkun kæmi eingöngu á dagvinnu, sem þýddi að álag á yfirvinnu fór úr 50% niður í 40% og á næturvinnu úr 100% niður í 80%. Við höfum ekki getað náð neinni leiðréttingu þar fram, en það hefði þýtt núna 1. des. að óbreyttum brbl., að eftirvinna væri komin niður í 15% úr 40% og næturvinna úr 80% í 30%. Þó liggur fyrir að að meðaltali er röskur þriðjungur af tekjum verkafólks fyrir yfirvinnu.

Það er sjálfsagt kúnst að reikna út hver skerðingin á þessu er. Þó er það mjög auðvelt. Það er mjög mismunandi eftir því náttúrlega, hvernig menn vinna og hver vinnutími manna er. En það er athyglisvert, að í sambandi við þetta voru engar aðrar ráðstafanir gerðar. Í sambandi við febrúarlögin átti að ræða við verkalýðsfélögin. Það endaði á því, að fulltrúar verkalýðsfélaganna, — ég var ekki í þeim hópi sem gekk á fund fyrrv. forsrh.,

— gengu út vegna þess að þeim var stillt upp frammi fyrir afarkostum.

Með brbl. var ekki boðið samkomulag um eitt eða neitt. Það voru tveir valkostir um mismunandi skerðingu.

Sannleikurinn er sá, að fyrrv. forsrh., 4. þm. Reykv., gerði hverjar verðbólguráðstafanirnar eftir aðrar. Hann rýrði kjör verkafólks ár eftir ár, og þó að harðar aðgerðir væru oft og tíðum knúnar fram, sem afstýrðu því versta, og þó svo kjör fólks væru rýrð, þá réð þessi hæstv. forsrh. ekki nokkurn skapaðan hlut við verðbólguna. Hún óx yfirleitt í öfugu hlutfalli. Eftir því sem laun rýrnuðu þaut hún meira upp, og þótt vísitalan væri að fullu tekin af hélt verðbólgan áfram. Sannleikurinn er sá, að ríkisstj. féll m. a. vegna þess að hún hafði engin ráð gegn verðbólgu önnur en niðurskurð á launum.

Það er rætt um að nú sé verið að skerða kjör verkafólks, nú sé verið að misnota aðstöðu o. s. frv., sem ekki þarf upp að telja. Ég skal reyna að stytta mál mitt. Kauphækkunin er 6.12%. Um það þurfum við ekki að deila. Því hefur aldrei verið mótmælt í gegnum árin, að hafa niðurgreiðslur innan ákveðins ramma, það hefur yfirleitt verið á valdi hverrar ríkisstj., eins og fram hefur komið. Það má segja sem svo að um niðurgreiðslur, sem koma á matvæli, að þeir, sem séu á lægstum launum, verji stærri hluta launa sinna til brýnustu lífsnauðsynja og hagnist þá á niðurgreiðslum. Stærri fjölskyldur hagnast á þeim, minni fjölskyldur hins vegar ekki, og þetta er eins og við þekkjum. Þetta er ákaflega persónubundið, en þó er meginreglan sú, að niðurgreiðslur hafa ekki verið af verkalýðshreyfingunni almennt afsagðar, þó það megi færa rök að því, hvernig tekna til þeirra sé aflað.

Beinir skattar á lágtekjufólki eiga að hækka um 2%. Það hefur ár eftir ár verið samið um beina skatta í kjarasamningum, það er ekki nýtt atriði, og það hefur verið samið um miklu stærri hluti en þetta. Það má deila um beina skatta eins og annað, og það er rétt sem Alþfl.-þm. segja: Það er kannske ekki eingöngu að skattarnir séu háir, heldur er misréttið sem viðgengst sem gerir fólk fullt tortryggni yfir að því finnst náunginn og jafnvel heilir þjóðfélagshópar sleppa þar býsna vel. Um þetta þarf ekki að halda langar ræður yfir hv. þm. Það þekkja þeir allt saman vel. Ef þarna er um að ræða sjúkratryggingargjald, sem var hækkað á síðasta ári, upp að einhverju ákveðnu tekjumarki félli það niður, þá náttúrlega gengur það dæmi alveg upp. Það má hugsa sér persónufrádrátt og það má líka hugsa sér skattþrepin önnur. Þetta er eins og annað. Þetta má misnota, en þetta þurfa ekki að vera mjög skuggalegir hlutir. Það eru þessar félagslegu umbætur.

Ég kunni ákaflega illa við það, satt að segja fór um mig hálfgerður hrollur og er ég nú ekki vanur að lesa neinar svona loðmullulegar greinar eða loðmullulegar ræður frá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, en þetta með leikþáttinn kunni ég ákaflega illa við. Okkur er full alvara í því í Verkamannasambandinu, sem lýsir sig reiðubúið til að styðja þessar aðgerðir, og teljum okkur standa á guðs og manna lögum, af því að þessi hv. þm. fór nú að ákalla æðri máttarvöld gagnvart Alþb. Verkamaður, sem unnið hefur t. d. í 25 ár hjá sama atvinnurekandanum, hefur einn mánuð í veikindadaga. Þegar verkalýðshreyfingin á sínum tíma, 1958, var búin að berjast fyrir því ár eftir ár og áður en þessi lög voru sett, þá reyndi Verkamannafélagið Dagsbrún að fá það í gegn, að sá, sem hefði unnið í 10 ár hjá sama atvinnurekanda, fengi 2. daga. Svarið var svart nei. Þetta var 1958.

Í samráði við verkalýðsfélögin beitti þáv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, sér fyrir setningu laga um réttindi verkafólks til uppsagnarfrests og kaups á veikinda- og slysadögum. Síðan hefur tekist að auka nokkuð þennan lið, en við teljum að þarna þurfi lengra að ganga. Lögin frá 1958 hafa staðið og enginn flokkur lagt í að hagga við þeim, en mörgum prósentustigum hefur verið rænt af verkafólki í kaupi og öðru. Hjá okkur er þetta enginn leikþáttur. Þarna eru einföld mannréttindi á ferð. Ég sé enga ástæðu til þess, að maður, sem vinnur hörðum höndum, hvort sem er í frystihúsi eða við verklegar framkvæmdir, sé ekki hálfdrættingur, ef hann verður fyrir veikindum og slysum, á við ýmsa aðra þjóðfélagshópa betur launaða.

Síðan kemur hvert atriðið á fætur öðru, sem ekki er neinn leikþáttur, miklu frekar að það sé rósagarður. Það er ekki einungis um veikindadaga. Það er ákvæði um, að vextir séu eðlilegir af orlofsfé launþega. Það er engin ástæða til þess að vextir yfirleitt lægst launaða verkafólksins, lausráðins fólks, séu 5%. Mér er sagt að þetta sé sú deild hjá Pósti og síma sem best beri sig, því valdi lágir vextir af orlofsfé verkafólks.

Síðan er þátturinn í sambandi við öryggismál og hollustuhætti á vinnustöðum. Það er ekki ætlast til að það sé leikþáttur í því heldur aukin félagsleg réttindi verkafólks. Ég fer ekkert dult með það, að ég hefði viljað fá þann rósagarð sem hæstv. viðskrh. las hér upp. Ég hefði viljað fá hann samhliða þessum lögum. Það má færa að því nokkur rök, að ýmsir þættir þeirra lagabreytinga séu breytingar á fleiri en einum lögum, kalli á keðjuverkandi breytingar. E. t. v. þarf ein breyting að breyta þrennum eða fernum lögum og þarf til þess dálítinn tíma. En forsrh. lýsti yfir í upphafi, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að leggja sig fram um að slík réttinda- og hagsmunamál sem hér hafa áður verið tilkynnt og hafa verið kynnt þingheimi kæmu sem fyrst til framkvæmda.

Hitt er rétt, að hafa það sem satt og rétt er, að hæstv. forsrh. hafði á því nokkurn fyrirvara um hvenær þetta kæmi. Það hefði ég viljað reikna frekar í vikum heldur en mánuðum. Í nokkrum atriðum skal ég fallast á að þarna þarf kannske nokkurrar athugunar við. En í öðrum atriðum tel ég að þarna þurfi ríkisstj. og stuðningsmenn hennar og hæstv. forsrh. að leggja sig fram í því að koma með þessi lagaréttindi sem allra fyrst.

Ég er ósmeykur við að koma fram fyrir mína félaga með þessa réttindalöggjöf. Það er fráleitt að tala þar um einhver 3% fyrir t. d. opinbera starfsmenn. Að vísu var einhver sérstök yfirlýsing í sambandi við það, að meginhlutinn af þessum tillögum er um réttindi sem þeir hafa, og ég sé enga ástæðu til að láta lægst launaða fólkið vera afskipt að því leyti. En þessar félagslegu úrbætur geta í mörgum tilfellum verið miklu meira en 3%. Í öðrum tilfellum geta þær verið minna. Þetta er háð stund og stað. Þetta er háð aðstæðum og viðkomandi réttindum. En einkenni þeirra er það, að mannréttindi þeirra sem skertastir eru að réttindum, eru aukin.

Ég vona að hv. þm. Vilmundi Gylfasyni hafi hlaupið kapp í kinn þegar hann þurfti að spjalla við 1. þm. Austurl. og þá hafi þetta skotist út úr honum, en ég þykist vita að við eigum stuðning hans vísan þegar þessar till. koma í frv. — formi fyrir Alþ. og við eigum líka stuðning hans vísan, ef einhver dráttur verður á því hjá ríkisstj., að

keyra þá sem mest af því í gegn.

Ég ætla ekki að fara í þann leik sem hér hefur verið tíðkaður, að fara að deila við aðra stjórnarþm. innbyrðis. Ég held, þó að okkur Vilmund Gylfason kunni að greina á um ýmsa hluti, þá þurfum við að hafa það dálítið vel í huga, að meginþorrinn af því fólki, sem flokkum okkar fylgir, treystir því og trúir því, að með samstarfi þessara tveggja flokka með 28 þm. og meiri hl. í ríkisstj. og í samstarfi við Framsfl. geti þeir gert varnanlegar breytingar á þessu þjóðfélagi, það verði nýtt þjóðfélag, með félagslegu öryggi, réttlátara þjóðfélag, ekki síst fyrir þá sem lægst hafa laun. Ég held að þeir geri þær kröfur til okkar, að við verðum að reyna að halda saman við að koma þessum fjölmörgu réttindamálum fram.

Ég vil aðeins minna þennan hv. þm. á í sambandi við vísitölu að ég held að eitt erfiðasta ár, sem ég hafi lifað, hafi verið árið 1963. Þá var engin vísitala í gildi, en þá voru þrennir kjarasamningar gerðir á árinu og verkföll í öll skiptin.

Lýst er yfir að ráðstafanirnar séu gersamlega ónógar. Ég býst við að ég mundi vilja hafa þessar aðgerðir töluvert öðruvísi en þær eru, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason. Hins vegar vitum við að það fólk, sem nú býr við almenn laun, þolir ekki mikið, en það er reiðubúið engu að síður til þess að standa að þessum málum.

Vilmundur Gylfason hefur tekið að sér að siðvæða þjóðina, og ekki ætla ég, ósiðvæddur maðurinn, að fara að siðvæða hann. Þó vil ég aðeins segja það, að í þessum efnum ber fleira að varast. Þær hagfræðikenningar vaða uppi, að það sé óframkvæmanlegt að stöðva verðbólgu nema atvinnuleysi sé að einhverju verulegu leyti líka. Þetta eru kenningar sem geta átt við í einhverjum háþróuðum iðnþjóðfélögum. En ef á að koma til atvinnuleysis og ráðstafanir ríkisstj. eiga að valda atvinnuleysi hjá verkafólki, þá er mínum stuðningi lokið við þessa ríkisstj. Atvinnuleysi var ekki tilgangur hennar, og fyrst og fremst og á undan verðbólgu þarf að koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Ég skal ljúka máli mínu. Verkamannasambandið hefur lýst yfir afstöðu sinni. Það er reiðubúið að leggja þessari ríkisstj. lið í baráttu gegn verðbólgu. Það mun leitast við að leggja till. sínar og afstöðu sína fyrir ríkisstj. Það mun leita eftir samstarfi við hana. Það gerir sér grein fyrir því, að það kemur ekki öllum sínum málum fram, fjarri því, en það mun leita eftir því að kynna ríkisstj. till. sínar og afstöðu. Ég held þess vegna að þegar Verkamannasambandið tekur þessa afstöðu, þá sé það að taka þá afstöðu að verið sé að byggja hér upp þjóðfélag sem beri meiri brag af jafnaðarmennsku, þjóðfélagslegu réttlæti heldur en verið hefur, og ég held að okkur verði seint fyrirgefið ef við af hvatvísi eða hótunum förum á fyrstu stigum málsins að slíta frið okkar á milli. Enginn skal ímynda sér að þetta sé neinn dans á rósum. Vel má það vera, að upp úr þessu slitni. Þá liggur fyrir tilboð Alberts Guðmundssonar. Ekki er ég sannfærður um, að gróið Alþfl.-fólk í verkalýðshreyfingunni hafi það tilboð að leiðarljósi. Ekki er ég heldur sannfærður um að það verkafólk sem kaus Alþfl., þó að sjálfsagt kenni margra grasa í þeim stóra hóp, hafi haft viðreisnina að framtíðarsýn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Mér þótti það dálítið athyglisvert í ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, þegar hann þrátt fyrir fyrirvara sína um hagfræðikenningar sagði okkur að verðbólgan hefði vaxið í öfugu hlutfalli við launin, að hans áliti væri þetta það sem gerst hefði. Ef þetta er rétt og ef þetta er kenning sem á við í íslensku efnahagslífi, þá er ég hræddur um að hv. þm. gerði það best í baráttunni við verðbólguna að hækka kaupið miklu meira en gert er ráð fyrir í þessu frv. og ætti þess vegna jafnvel að vera á móti því frv. sem hér liggur fyrir til umr. Hitt er annað mál, að ég veit, eins og ég sagði áðan, að hann hefur ekki mikið álit á hagfræðikenningum.

Undanfarna daga hefur íslenska þjóðin fylgst með því, hvernig taugastrekkingur hefur aukist frá degi til dags meðal stjórnarflokkanna. Það hefur komið fram í þessum umr., að hæstv. fjmrh. hafi í upphafi verið sömu skoðunar og Alþfl. um þau úrræði sem grípa ætti til nú í sambandi við þá bráðabirgðalausn sem gera þyrfti fyrir 1. des. Hann er nú ekki á landinu. Ég er ekki að halda því fram, eins og sumir hafa gert, að hann sé flúinn, en alla vega er hann ekki hér á landi þegar verið er með því frv., sem liggur fyrir, að gerbreyta fjárlagafrv.

Þá hefur það jafnframt gerst, að einn af þm. Alþfl., forseti Ed., Bragi Sigurjónsson, neitar því að vera það sem hann kallar samstarfstákn þessarar ríkisstj. sem hann segir að noti bitlausar og rangsleitnar aðgerðir gagnvart verðbólgunni til að vinna bug á henni.

Við, sem sitjum í þessari hv. d., hlustuðum á ákaflega athyglisverða ræðu hv. 7. þm. Reykv., Vilmundar Gylfasonar, í gær þegar hann reif niður hvert atriðið í frv. af öðru, lið fyrir lið, en endaði svo með því að segja að á þessum forsendum hygðist hann styðja frv. þannig tókst honum í einni og sömu ræðunni að fara algjörlega í gegnum sig. Við heyrðum síðan í umr. í dag, að hv. þm. Kjartan Ólafsson gaf hæstv. utanrrh. utan undir vegna aðgerða hæstv. utanrrh. í sambandi við atvinnu manna á Keflavíkurflugvelli. Það kemur enn fremur í ljós, að sífellt eru gerðar bókanir á ríkisstjórnarfundum, bókun í þessu máli, bókun í næsta máli og bókun í því þriðja. En við skulum hafa það í huga, að slíkar bókanir leysa ekki nokkurn mann undan ábyrgð. Það, sem gert hefur verið í þessum efnum, er á ábyrgð ríkisstj., og bókun er aðeins sýndarmennska sem á að bera á borð fyrir kjósendur fyrir næstu kosningar. Ástandið í herbúðum stjórnarinnar er með þeim hætti, að líkja mætti helst við Valhöll forðum eða kannske öllu fremur spennandi kúrekakvikmynd, þar sem menn rétta hver öðrum hjálparhönd rétt til þess að geta reist þá við og slegið þá niður aftur. Þannig er ástandið í herbúðum stjórnarliða í dag.

Í 1. gr. frv., sem hér er til umr., er fjallað um niðurgreiðslur. Það skal strax tekið fram, að ég er þeirrar skoðunar að óhóflegar niðurgreiðslur geti verið stórvarasamar. Miklar niðurgreiðslur skekkja alla verðmyndun í landinu, hafa áhrif á framleiðsluna og stefna henni inn á óheppilegar og oft arðlausar brautir. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessa grein frv., en vil vísa í því sambandi til minnihluta álits fjh.- og viðskn. sem hv. þm. Steinþór Gestsson gerði grein fyrir í umr. í kvöld.

Það hefur komið fram varðandi 2. og 3. gr. frv., að þær eru ákaflega einkennilegar lagagreinar, og reyndar viðurkenndi hæstv. forsrh. það, þótt hann segði að jafnvel í stjórnarskránni fyndust slíkir „loforðaparagrafar". En það, sem er einkennilegt varðandi þessar tvær greinar, er að þar er verið að lögbinda loforð ríkisstj. Manni verður að spyrja: Hvers vegna var stjórnarsáttmáli ríkisstj. ekki lögbundinn, og af hverju eru ekki lögbundin

loforðin sem koma fram í aths. þessa frv.? Getur verið að þau, sem eru lögbundin, eigi að reyna að efna, en hin eigi að svíkja? Mér er spurn. Og hvers vegna er ekki það sett í lög, að hér á landi skuli ekki vera meira en 30% verðbólga á næsta ári? Það væri álíka gáfulegt og þessar lagagreinar eru.

Tilgangurinn er auðvitað ekki sá hjá hæstv. ríkisstj., að það eigi í framtíðinni að lögbinda allar hugsanir hennar. Tilgangurinn er einungis að slá ryki í augu launþega og annarra kjósenda. Að öðru leyti eru þessar lagagreinar *ákaflega gallaðar efnislega. Það er t. d. ekkert minnst á* það, hvað sé lágtekjufólk skv. skilningi 2. gr. Það er ekkert minnst á það, hvenær þær ívilnandi aðgerðir, sem eru nefndar í þessum greinum, eigi að eiga sér stað. Allt bendir þó til þess, að það eigi að gerast löngu eftir 1. mars. Hæstv. viðskrh. sagði jafnvel í ræðu sinni við 1. umr., að sumar þessar aðgerðir ættu að koma í gagnið árið 1983. Svo skjótvirkar eiga þessar ráðstafanir að verða! Því hefur ekki heldur verið svarað, hver eigi að leggja mat á þau atriði, sem koma fram í 2. og 3. gr. Um *það hefur verið spurt, en engin svör fengist. Þó er ljóst* að það er ekki kauplagsnefnd sem á að meta þetta. Það kom fram í umr. sem áttu sér stað í hv. fjh.- og viðskn.

Varðandi 2. gr. er rétt að koma inn á eitt atriði sem ég er ekki viss um að allir geri sér nægilega vel grein fyrir. Það er nefnilega gert ráð fyrir því í fjárlagafrv., að laun hækki um 50% á milli ára. Hins vegar á skattvísitalan að fylgja framfærsluvísitölunni og hún á að hækka um 43% skv. áætlun. Þannig verður skv. fjárlagafrv. meira tekið af millitekjufólki og láglaunafólki eða launamönnum, sem svo eru kallaðir, og þetta er ekki metið sem kjararýrnun. Takið eftir því. En þegar slaka skal á skattvísitölunni, eins og lagt er til í þessu frv., sem sagt slaka á skattinum, þá á allt í einu að reikna það sem kjarabót. Þannig er farið að því að bæta kjör manna í landinu: Taka fyrst af þeim skatta, það er ekki kjararýrnun, gefa þá síðan til baka, og það er kjarabót.

Eins og fram hefur komið hér í umr., má finna kjarnann í þessu frv. hæstv. ríkisstj. í 4. gr., enda er sú grein um kjaraskerðinguna. Það, sem er ákaflega merkilegt og kom fram í umr. og eftir var tekið, var sú skýring hæstv. forsrh., að heimilt væri þrátt fyrir þessa grein frv. að greiða hærri laun og hærri vísitölubætur en frv. segir til um. Þetta er ákaflega athyglisverð yfirlýsing, því hún stangast á við það sem sumir stjórnarliðar hafa haldið fram, t. d. í nefndarstarfi. Þetta er athyglisvert einkum fyrir þær sakir, að núv. meiri hl. í Reykjavíkurborg sló út slíku tilboði og gerði að sínum reglum á sínum tíma. Það verður fróðlegt að fylgjast með því, hvernig sá meiri hl., sem er sá sami og sá meiri hl. sem styður hæstv. núv. ríkisstj., ætlar að bregðast við í þessum málum.

Um 5. gr. ætla ég ekki að fjalla, enda má segja að hún sé bein afleiðing og eðlileg af því sem gert er ráð fyrir að gerist í hinum greinunum.

En ég vil fjalla örlítið um aths. við lagafrv. þetta. Ég skal ekki hafa um þær mjög mörg orð, en vil þó fyrst víkja að 4. tölulið. Í honum eru nefndar helstu tekjuöflunarleiðirnar. Þar má lesa orð eins og hátekjuskattur, veltuskattur, fjárfestingarskattur, eignarskattur o. s. frv. Hæstv. forsrh. sagði reyndar, að ekki væri búið að ganga frá því, hvaða skatta og í hvaða formi ætti að leggja á í þessu skyni. En gera verður ráð fyrir því, að þessi skattur leggist fyrst og fremst á atvinnureksturinn í landinu. Og þá verður manni að hugsa örlítið um það, til hvers sé verið að þessu öllu saman. Af hverju þolir ekki atvinnureksturinn hærri launakostnað? Það er vegna þess, eins og margoft hefur komið fram, að ef hann þyrfti að bera aukinn kostnað yrði hér atvinnuleysi. En hvernig er hægt að koma því heim og saman, að atvinnureksturinn geti ekki borið hærri kosnað vegna launa, en geti hins vegar að áliti hæstv. ríkisstj. tekið á sig mun hærri kostnað í öðrum myndum, eins og t. d. varðandi hærri skatta. Hv. 1 þm. Austurl. sagði í umr. sem urðu um daginn um vexti, að það væri útilokað fyrir atvinnureksturinn að taka á sig *aukna vaxtabyrði. Ég fæ það ekki heim og saman,* hvernig í ósköpunum sá hinn sami atvinnurekstur getur þá tekið á sig aukna skatta, eins og t. d. veltuskatt. Þetta gerir ráð fyrir töfrabrögðum sem ég kann ekki skil á, nema um algjöran tvískinnung sé að ræða.

Hæstv. forsrh. flutti hér snjallt mál og ágætt að mörgu leyti í kvöld. Hann sagði í ræðu sinni að auðvitað væri ekki hægt að mæla félagslegu umbæturnar beinlínis til verðbótastiga. Hvers vegna er það þá gert í frv.? Þar stendur skýrum stöfum að þetta eigi að meta til 3%. Af *hverju var ekki látið duga að tala um félagslegar aðgerð*ir? Auðvitað verður einhver að leggja á það mat úr því að þetta er svona orðið í frv.

Þá kom hæstv. forsrh. með skemmtilega dæmisögu, talaði í líkingum, eins og menn hafa gjarnan gert í þessum umr., talaði um stór skref og lítil skref og stór stökk og lítil stökk. Hann kom með þá sögu, sem ég þarf ekki að endursegja fyllilega, að á bæ einum hefði verið vinnumaður sem Brandur hét og hann hefði gortað af því að hann gæti stokkið yfir gjá. Nú var von á lækni sem átti leið fram hjá bænum, sagði hæstv. forsrh., og hann bað bóndann á bænum um fylgd til næsta bæjar, og þá fór heldur lítið fyrir Brandi karli. Hann þorði ekki út í hríðarkófið. Með þessu móti var auðvitað hæstv. forsrh. að sneiða að samstarfsmanni sínum, hv. þm. Vilmundi Gylfasyni. En mér sýnist, miðað við þessa líkingu, að það sem gerst hafi í þessu máli sé að hæstv. forsrh. í líki verðbólgulæknisins ber að dyrum hjá Alþfl. og vinnumaðurinn sýnir þann kjark að fara út í hríðarkófið, sem reyndar verðbólgulæknirinn og vinnumaðurinn hafa þyrlað upp í sameiningu. Það verður þess vegna fróðlegt að veita hvernig ferðum þeirra háttar saman og hvort þeir komast einhvern tíma yfir gjána, í einu stökki eða tveimur stökkum, eða hvort þeir lenda í gjánni. Úr því getur tíminn einn skorið.

Það hefur komið fram í þessum umr. margt fróðlegt sem ástæða hefði verið til að minnast á. En ég ætla ekki að gera það, enda er liðið langt fram á nótt, nýr dagur kominn.

Það, sem mér þykir einkar athyglisvert við þessar umr., er í fyrsta lagi það, að í frv. er að verulegu leyti reynt að fela þá staðreynd, að ríkisstj. ætlar að taka 8% af launþegum. Það er gert með því að vefja inn í frv. 2. og 3. gr.

Þá vekur það jafnframt athygli, að Alþfl. er horfinn frá fyrri stefnu sinni um gjörbreytta efnahagsstefnu í raun. Eins og ég sagði áðan, hafa bókanir enga þýðingu í þessu máli. Það er staðreynd, að Alþfl. hefur látið beygja sig, allir nema sá elsti, hv. þm. Bragi Sigurjónsson.

Mér er ekki kunnugt um það frekar en hv. 1. þm. Reykv., að Alþfl. hafi nokkurn tíma reynt að ná þingmeirihl. fyrir tillögum sínum hér á þingi. Ég kannast ekki við það. Alþfl. kemst þess vegna ekki hjá því að bera fulla ábyrgð á þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Hitt er svo annað mál, að hv. þm. Vilmundur Gylfason taldi ekki fýsilegt að eiga vingott við okkur, eins og á stæði, vegna afstöðu sjálfstæðismanna til vaxtafrv. Ég get huggað hv. þm. með því, að við erum að megininntaki til sammála hv. þm. Vilmundi Gylfasyni í raunvaxtamálinu. Hitt er svo annað mál, að við viljum fara aðeins aðrar leiðir, en hugsunin er sú sama.

Það er reyndar alveg ljóst, og um það gat hv. þm. Vilmundur Gylfason í ræðu sinni, að það verður ekki hægt að koma því vaxtafrv. í gegn, sem hann hefur lagt fyrir þingið og er nú í n., og honum er það vel kunnugt sjálfum. — Um tilboð hans til okkar sjálfstæðismanna skal ég ekkert segja. Það getur vel verið að betur standi á einhvern tíma eftir jólin, e. t. v. þegar fer að líða á næsta ár og hann verður orðinn þreyttur á faðmlögum við samherjana í núv. hæstv. ríkisstj., þá verði kominn tími til að tala við hv. þm. Vilmund Gylfason og félaga hans, ef þeir verða þá komnir niður á jörðina.

Það vekur enn fremur athygli í þessum umr., að hér er um bráðabirgðaaðgerðir að ræða. Vandanum er rétt einu sinni ýtt á undan sér í þrjá mánuði. Þótt menn hafi nú á orði, að stjórnarflokkarnir hafi lengt árið upp í 16 mánuði, þá verður að segjast eins og er, að aðgerðatímabil ríkisstj. virðist vera þrír mánuðir í hvert sinn.

Enn fremur hefur borið á því, að síðustu daga hefur óeiningin í stjórnarherbúðunum aukist fremur en hitt, eins og ég lýsti áðan. Þar virðast menn sitja á svikráðum.

Það, sem vekur e. t. v. mesta athygli, er sú gerbreytta stefna launaþegasamtakanna sem hefur verið lýst í þessum umr. þeirri breytingu fagna ég. Hitt er svo annað mál, að vegna afstöðu hv. síðasta ræðumanns um það, að nnú mætti meta félagslegar aðgerðir sem kjarabót, þá verður mér að spyrja, hvort það sé framtíðarstefna sem þarna hafi verið mörkuð. Það væri líka hægt að spyrja að því, hvort inn í þetta dæmi eigi að reikna þau loforð sem voru gefin um bætur í félagslegum málefnum áður en þetta frv. kom fram. Á að reikna t. d. loforð ríkisstj. í stjórnarsáttmálanum inn í þetta dæmi? Um það hefði verið fróðlegt að heyra hv. síðasta ræðumann fjalla, en það gerði hann ekki.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson lýsti því fyrr í umr. með athyglisverðum hætti, hvernig starfið fór fram í svokallaðri verðbólgunefnd sem starfaði á tíma síðustu hæstv. ríkisstj. Nú er komin ný nefnd, vísitölunefnd, sem í raun á að gera það gagn sem hinni nefndinni tókst ekki að gera, þ. e. að finna út aðferð sem allir sætta sig við og hægt er að nota gegn verðbólgunni. Ég minni hv. þm. á það, sem nýlega kom fram í blöðum, haft eftir Jóni Sigurðssyni, að hann teldi alveg óvíst, hvort hægt væri að ljúka störfum vísitölunefndar, svo vel væri, fyrir 1. mars, og hann teldi, að starfið í nefndinni mundi líkjast meira samningaviðræðum heldur en eðlilegu nefndarstarfi í framtíðinni. Á þetta vil ég minna, þannig að við séum ekki að binda of miklar vonir við það starf sem þar verður unnið, þótt merkilegt sé. Við vonum þó að þetta starf komi að fullu gagni.

Hæstv. forsrh. leyfði sér í ræðu sinni í kvöld, að saka okkur stjórnarandstæðinga um ábyrgðarleysi ef við styddum ekki frv. sem hér liggur fyrir til umr. Hann taldi að ef við gerðum það ekki, þá hefði Sjálfstfl. skipt um skoðun. Þannig skildi ég orð hans og verð þá leiðréttur ef ég fer rangt með. Ég vil aðeins minna á það, að þegar Sjálfstfl. sat í stjórn vildi hann harðari aðgerðir, fljótvirkari aðgerðir, skjótvirkari aðgerðir, sem hefðu náð til lausnar á vandamálinu síðla á þessu ári. Það, sem hins vegar gerðist, var að það voru menn í þessu landi, í Alþfl. og Alþb., sem höfðu að kjörorði fyrir kosningarnar: „samningana í gildi", „kjósum gegn kaupránsflokkunum". Og þessir menn sigruðu í kosningunum, við skulum minnast þess, og þeir hafa tekið við völdum á Íslandi og sitja í valdastólunum í dag. Þeir gáfu í september, þeir tóku í nóvember. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur þessum mönnum.

Halldór Sigurðsson: Herra forseti. Það er nú orðið það áliðið, að ég mun ekki að fara að halda hér langa ræðu. Ástæðan til þess, að ég bað um orðið, var það sem fram kom í ræðu hv. 7. þm. Reykv., að hæstv. forsrh. hefði skipt um skoðun í sambandi við þetta frv. Ég vil taka það skýrt fram, svo ekki sé um að villast, að hæstv. forsrh. skýrði frá því á fundi með þingflokki og framkvæmdastjórn Framsfl., að hann teldi að í stjórnarsamningnum hefði verið reiknað með 10% hækkun, sem kæmi fram 1. des., og við mundum mæta því með 2 1/2 % lækkun í auknum niðurgreiðslum, en að öðru leyti yrðu 6-7% að fara út í kaupgjaldið. Þessi yfirlýsing hans á fundinum var afdráttarlaus sem hans viljayfirlýsing, sem hann taldi að yrði að koma í framkvæmd. Það var hins vegar ekki ákvörðun fundarins í þetta skipti að fara að hans ráðum, þó sumir væru á því. En niðurstaða hans var alveg afdráttarlaus, að 6% væru það sem yrði að fara út í verðlagið eða greiða í kauphækkun, hjá því yrði ekki komist. Þetta vil ég taka skýrt fram, vegna þess að hv. 7. þm. Reykv. hafði ekki tekið þetta alveg gilt frá hendi hæstv. forsrh.

Nú er orðið svo liðið á fundartímann, að ég sé ekki ástæðu til að víkja verulega að þeim málum sem hér hafa verið rædd. Þó hef ég nokkra löngun til að ræða við þennan hv. þm. og hv. 11. landsk. þm., sem talaði fyrr í kvöld, en er nú sennilega farinn úr húsinu, svo ég verð að geyma mér það að mestu þar til síðar.

Út af því, sem báðir hv. þm. töluðu um stuttu skrefin og kjarkleysið við að taka ákvarðanir vegna verðbólgunnar, og jafnvel kom fram í ræðum þeirra, að þeir drógu í efa að sumir stjórnarflokkar hefðu hug á því að reyna að ráða við verðbólguna, þá vil ég segja í fyrsta lagi: Af hverju reyndist kjarabótavísitalan hærri nú heldur en reiknað var með þegar ríkisstj. var mynduð? Það er m. a. vegna þess, að viðskiptakjörin hafa versnað vegna falls dollarans. Þó að okkar hæstv. ríkisstj. sé valdamikil, þá ræður hún ekki við forseta Bandaríkjanna, og þó hann hafi gert tilraun til að gera gengi dollarans stöðugra, þá hefur honum ekki tekist það. Þess vegna held að ef nú hefði verið tekin ákvörðun fyrir árið 1979, þó ég efist ekki um að það hefði verið af góðum vilja gert og löngun til þess að fram kæmist, þá hefði ekkert öryggi verið fyrir því, að það hefði náð fram að ganga. Ég vil líka segja það, að ef á að hafa samstarf við aðila vinnumarkaðarins, þá er sú samstaða ekki komin nú, að það hefði verið hægt að taka ákvarðanir fyrir allt árið 1979. Þó að það sé viljayfirlýsing ríkisstj. að stefna að því að halda þessu svo í skefjum að 5% hækkun eftir þrjá mánuði sé það hámark sem hún geti hugsað sér, þá er allt annað vilji eða geta.

Ég vil líka minna á það, að í mjög merkri ræðu, sem Jóhannes Nordal seðlabankastjóri flutti við setningu vetrarfundar Sambands ísl. rafveitna, benti hann á það stökk sem olíuverðið tók fyrir 5 árum, þegar það fjór-

faldaðist með einni ákvörðun. Þessi ákvöruun Arabaríkjanna hafði meiri áhrif á Íslandi en menn vilja nú muna. Og það var einmitt á árunum 1973 og 1974 sem innflutt verðbólga var meiri en verið hafði um langt skeið, e. t. v. sú mesta sem hefur verið á einu ári 1974. Við slíka atburði geta menn ekki ráðið þó þeir vilji vel, sem ég efast ekki um.

Mér finnst hv. 7. þm. Reykv. og hv. 11. landsk. þm., þó þeir vilji nú fara að gera siðabætur á okkur þessum gömlu hér á Alþ., færast allmikið í fang ef þeir ætla að fara að kenna hv. 1. þm. Austurl., sem setið hefur hér á þingi í 36 ár, vinnubrögð í pólitík. Ég held að það mundi reynast þeim erfitt verk þó reynt yrði. Ég held að hv. 1. þm. Austurl. kunni þar nokkuð til verka.

Ég vil segja það, að þau löngu skref, sem hv. þm. tala um að ekki hafi verið farin nú, hefðu kannske verið stökk sem hefðu mistekist og betra sé að fara meeð gætni, en sækja þó ákveðið fram. Ég minnist þess, að hæstv. fyrrv. forsrh., sem ég tek fram að ég met mikils, sagði í sinni fyrstu stefnuræðu, — ég vona að ég muni það alveg rétt, — að hann stefndi að því að lækka verðbólguna niður í 15% á árinu 1975. Ég veit vel að hæstv. forsrh. stefndi að þessu og ætlaði sér þetta, en ríkisstj. þeir ráðunautar, sem voru henni til ráðuneytis, gerðu sér ekki grein fyrir því, að verðbólgan vegna erlendra áhrifa hélt áfram frá árinu 1974-1975, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni áðan. Þessu verða hv. þm. að gera sér grein fyrir og stór orð gagna þar ekki.

Ég ætla ekki að fara hér út í að meta þm., t. d. hvort þm. Alþfl. nú séu betri menn en þeir, sem áður voru hér, og mikilhæfari. Ég met mikils menn eins og Emil Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Gylfa Þ. Gíslason, Eggert G. Þorsteinsson, svo ég nefni aðeins örfáa, og mér þætti vel ef þeir, sem nú eru að störfum í flokknum, færu í þeirra fótspor, þó þeir færu ekki lengra. En ef þeim tekst betur, þá er það vel. En í því sambandi kemur mér í hug það sem Þorsteinn Dalasýslumaður sagði eitt sinn við kjósanda sinn í Dölum vestur, sem spurði hann um Hermann Jónasson, sem þá var forsrh., og sagði við hann: „Er nú ekki Hermann voðalega heimskur?“ Þá var nefnilega siður að tala um það. Þá sagði Þorsteinn: „Það er nú ekki mitt að meta vitsmuni manna, en ef Hermann er heimskur, þá er hann a. m. k. andskoti heppinn.“ Ég vona að þessir hv. þm., sem hér eru að setjast á þingbekki, verði hæfilega heppnir. En um siðfræði þeirra ætla ég ekki að dæma nú. Það verður reynslan að sanna.

Ég sagði áðan að tímans vegna ætlaði ég ekki að fara langt út í umr., þó nokkur ástæða hefði verið til. Það gefst vonandi tími til að hlusta á fleiri siðabótaræður og geta þá rætt um þau mál. Erindi mitt var að taka skýrt fram, að það, sem forsrh. sagði hér áðan, var rétt og satt og engar blekkingar þar í. Og ég vil enda þessi orð mín með því að segja að félagslegar umbætur eru ekki síður umbætur fyrir það fólk, sem verst er sett í þessu þjóðfélagi, heldur en beinar kaupgreiðslur. Af því hef ég nokkur kynni og veit að svo mun verða enn um langa framtíð.

Vilmundur Gylfason: Harra forseti. Ég vil ekki lengja þennan næturfund öllu meira en þegar er orðið, en vil þó segja örfá orð, ekki til leiðréttingar, því það er ekkert að leiðrétta, ekki heldur eftir orð síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Vesturl., heldur öllu heldur til áherslu.

Nú er það auðvitað svo, að ég veit ekki nákvæmlega hvað gerist á lokuðum fundum Framsfl. og mér er mikið til ókunnugt um hans innri mál. Það, sem við höfum sagt hér, ég sagði hér í gær og endurtók enn í kvöld, var að tillögur Framsfl. voru kynntar þannig, að 3.6% skyldu ganga út í kaupgjaldið og mundi velta þaðan yfir í verðlagið. Þær væru kynntar í ríkisstj. og þær gengu nærri till. sem við Alþfl.-menn höfum lagt fram. Síðan voru þær kynntar í okkar þingflokki. Við tókum afstöðu til þeirra. Auðvitað hlutum við að líta svo á, að þetta væru jafnframt till. formanns flokksins og forsrh. og á þeim bæri hann fulla ábyrgð. Það er svo upplýst nú, að þetta hafi verið till. flokksins, en ekki forsrh. Þetta er auðvitað leikur sviðsettur af einhverjum ástæðum sem mér er ekki alls kostar kunnugt um. En ég endurtek það sem hér hefur verið sagt áður, að við vorum tilbúnir til að styðja þessar till. og okkur kom þessi breyting mjög á óvart.

Ég veit auðvitað ekki gjörla hver hafi verið persónuleg afstaða hæstv. forsrh. til þessa máls á sérhverju stigi þess. En þegar till. á þessu stigi eru kynntar sem till. flokks, þá gerum við auðvitað ráð fyrir því, að fyrir þeim standi og á þeim beri ábyrgð formaður flokksins. Hv. þm. Halldór E. Sigurðsson upplýsir að svo hafi ekki verið, að viðkomandi aðili hafi ekki persónulega borið ábyrgð á þessum tillögum. Hvaða leik er hér verið að leika? Ég veit ekki hvort þetta hefur átt að vera eitthvert herbragð til að skilja okkur eftir, kaupránsflokkinn, í 3.6% feninu! Ég ætla þó engum að meina svo illt. Við litum svo á, að þetta væru tillögur flokksins, sem flokkurinn og ráðh. hans stæðu á, og á grundvelli þessara tillagna vorum við tilbúnir að vinna og við hefðum betur gert það. Sérstæðar ástæður formanns flokksins veit ég ekki um, en þetta var leikur sem betur hefði verið óleikinn. Flokkurinn hefði betur staðið heildstæðari að þessum till., og þá værum við með skynsamlegri till. en við nú stöndum að.

Ég ítreka það enn, að skilningur okkar á þessu gat ekki verið annar en hann var, og ég veit að hv. 1. þm. Vesturl. skilur þetta, enda þekkir hann þessi sjónarmið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 22. fundur.

Miðvikudaginn 29. nóv., kl. 2. miðdegis.

Ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, frv. (þskj. 117, n. 124 og 125). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: EG, FTS, GSig, GilsG, GSt, HES, HG, JóhS, SkA, KÓ, LJós, PP, JBH, SV, StH, SvJ, SvG, VG, ÞS, ÁG, BGr, EðS, IG.

nei: EBS, FÞ, FrS, GH, GTh, JÞ, LárJ, MB, SteinG, PJ, SvH, AG, EH.

4 þm. (EÁ, MHM, MÁM, HÁ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Með vísun til nál. á þskj. 125 frá minni hl. fjh.- og viðskn., hv. 9. landsk.

þm., segi ég nei.

2.-4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG, ÞS, ÁG, BGr, EðS, EG, FTS, GSig, GilsG, GSt, HES, HG, JóhS, SkA, KÓ, LJós, PP, JBH, SV, StH, SvJ, SvG, IG.
nei: AG.
EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh, JÞ, LárJ, MB, SteinG, PJ, SvH greiddu ekki atkv.
4 þm. (HÁ, EÁ, MHM, MÁM) fjarstaddir.

Neðri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 29. nóv., að loknum 22. fundi.

Ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, frv. (þskj. 117). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Mál þetta hefur verið þæft allmjög undanfarin dægur og e. t. v. er það að bera í bakkafullan lækinn að hafa fleiri orð um það, a. m. k. fyrir þá sem eru andstæðir því, svo rækilega hefur það verið rifið niður að grunni og þá aðallega af þeim, sem samt sem áður hafa greitt atkv. með samþykkt þess. Auk þess held ég að það sé þýðingarlaust fyrir þá, sem aðallega bera það fyrir brjósti og hafa borið það hér fram, hæstv. ríkisstj., að hafa um það fleiri orð, því að upplýst hefur verið úr stjórnarherbúðunum að þeir trúi ekki einu sinni eigin orðum, hvað þá meir. Á það var lögð alveg sérstök áhersla, að hv. yfirráðherra, hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, tryði engu orði af því sem hann sagði í þessu sambandi. Að vísu er fullmikið sagt, að hann trúi engu orði af því sem hann segir sjálfur, en hins vegar allt of mikið sagt, að hann trúi öllu sem hann segir sjálfur.

Við höfum fengið að hlýða á viðhorf stjórnarsinna til þessa máls, og ef ég hef tekið rétt eftir, þá eru viðhorf þeirra til þess, a. m. k. úr röðum Alþfl., með þeim hætti að með ólíkindum er að þeir skuli eftir sem áður ljá því fylgi sitt. Þeir hafa það að afsökun, að þeir séu nauðbeygðir til, þar sem annað verra yrði í boði ef þetta yrði ekki að lögum gert. Og raunar er það svo, að skelfingaróp þeirra og kveinstafir undir stjórnarokinu skera mann inn að hjartarótum. Það er líka mála sannast, að tæplega — a. m. k. kannast ég ekki við það, á þó að vísu ekki langa þingsögu — hefur svo hræmulegt lagafrv. verið lagt fyrir hið háa Alþingi sem þetta. Það er ekki einu sinni lögformlegt að gerð sinni og langt frá því, þar sem sumar greinar þess innihalda frómar óskir og áform og engum af þeim, sem mæla með þessu frv., hefur tekist að gera grein fyrir í hverju stefnuskráratriði þau, sem þarna birtast, eru fólgin.

Frv. ber með sér að ekki eigi að koma til framkvæmda nema hluti af verðbótavísitölu sem átti að koma til framkvæmda 1. des. Það er í raun og veru hið eina sem er hægt með vissu að ganga úr skugga um að felst í þessu frv. Allt annað eru loforð upp í ermina með óljósum orðum og óskilgreinanlegum. Ég kalla að svo sé, þótt hér sé talað berum orðum um niðurgreiðslur, af því sem ekki er gerð nein tilraun til þess að gera grein fyrir því, með hvaða hætti skuli afla þess fjár sem þarf til niðurgreiðslnanna, þannig að allt er þetta á eina bók lært.

Því var lýst yfir af hv. 7. þm. Reykv., að þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., væru gersamlega ónógar, hér væri á ferðinni stríð á þriggja mánaða fresti, í sept., í des. og svo mundi enn verða í mars, algerar bráðabirgðaráðstafanir, sem og felast beinlínis í frv. og orðanna hljóðan sem þar má lesa, hér væri um engar heildstæðar ráðstafanir að tefla. Ég er honum hjartanlega sammála. Þetta stjfrv., afgreiðsla þess og málsmeðferð, sýnir það sem hv. þm. staðfestir sjálfur, þverbrest í stjórnarsamstarfinu sem hvað gleggst hefur auðvitað komið fram í máli hans og hv. 11. landsk. þm., Árna Gunnarssonar, og ekki hvað síst stórkostlegum mótmælum hæstv. forseta Ed., Braga Sigurjónssonar, þegar hann sagði af sér forsetastörfum. Í því sambandi vil ég aðeins skjóta því inn í, að það fer nú að verða mál til komið fyrir mig að biðja guð að hjálpa mér, ef varaforsetamennska mín í Nd. verður talin eitthvert samstarfstákn fyrir núv. hæstv. ríkisstj. Ég frábið mér slíkar stöðuúthlutanir, ef svo mætti segja. Ég er fulltrúi Sjálfstfl. í þeirri samvinnu, sem hefur tekist um stjórn þingsins, og annað ekki. Ég vona að það sé enginn misskilningur um þetta. En það kann að vera að hæstv. forseti Ed. hafi eitthvert bréf upp á það, að hann sé eitthvert sérstakt samstarfstákn í stjórnarherbúðunum, og þá er auðvitað lífsspursmál fyrir hann að ganga úr því embætti, sem gefur að skilja.

Hæstv. fjmrh., sem er fjarverandi, virðist enn hafa nokkra tiltrú hjá hv. Alþfl.-mönnum, þar sem því var lýst yfir að hann mundi vera hinn eini af hæstv. ráðh. sem meinar eitthvað með því sem hann segir varðandi baráttuna gegn verðbólgunni. Þá hafa menn það! Úr þessu hlýtur hv. þm. að hafa gengið úr skugga um og þreifað á sjálfur í hinum löngu þrætum og deilum sem hafa átt sér stað meðan unnið var að samningu þessa frv.

Því hefur verið lýst yfir af hv. stjórnarsinnum, að núv. ríkisstj. hafi ekki borið gæfu til að fara réttar leiðir í baráttu sinni við verðbólguna, sem vitaskuld er aðalvandamálið og mál málanna, hún hafi gert stórpólitísk mistök, sem eftir er að súpa seyðið af, og ég er hjartanlega sammála um þetta. En það er sjaldgæft á fyrstu vikum — getum við sagt — stjórnar, að slíkur vitnisburður sé fram borinn af hennar eigin stuðningsmönnum. Þessi orð og yfirlýsingar hafa ekki verið hrakin í þeim umr. sem hér hafa farið fram. Það er ekki einvörðungu hv. 7. þm. Reykv. sem hefur þóst hafa gengið úr skugga um þetta, heldur og ýmsir fleiri úr röðum Alþfl.-manna, eins og ég nefndi: hv. 11. landsk., hv. 4. þm. Vestf. og enn fleiri, sem vafalaust eiga eftir að taka til máls um frv., en hefur ekki gefist kostur á því enn, eins og hæstv. forseti Ed., Bragi Sigurjónsson.

Þeirri spurningu veltu menn fyrir sér hér, stjórnarsinnar, hvort Alþb. væri yfirleitt stjórnarhæft, og ef ég tók rétt eftir komust menn eftir vandlega íhugun og glögga rökleiðslu að þeirri niðurstöðu, að svo væri ekki. Þessu er ég líka sammála. En það sem þeir þykjast þurfa

að taka til bragðs, þeir sem fordæma þá aðferð sem hér á að viðhafa, sem er gersamlega gagnslaus — og það er rétt hjá þeim, er að fylgja eftir sem áður þessari lagasetningu. Það er með nokkrum ólíkindum og má raunar telja ganga mjög á svig við sjálft þingræðið, vegna þess að menn hafa og sumir alveg nýverið undirritað eiðstaf þess efnis að fara að samvisku sinni og engu öðru. Ef má marka ræðuhöld þeirra, þá fyrirbýður samviska þeim að greiða atkv. með slíkum ólögum sem þessum. Það er vitaskuld hið eina rétta, sem viðkomandi hv. þm. geta gert, að leita eftir stuðningi annars staðar við það mál sem þeir vilja fylgja fram. Og ég er ekki viss um það, eftir að hafa hlustað vandlega á hv. 7. þm. Reykv., að við t. a. m. stöndum mjög fjarri hvor öðrum í áliti okkar á því, hvernig ætti að snúast við þeim miklu vandamálum sem við er að glíma í dag. Og mér er nær að halda að svo sé um flesta mína samflokksmenn. Hann nefndi sem dæmi að við mundum ekki vera viðræðuhæfir um stjórn landsins eftir að hafa gengið úr skugga um það, að við værum ekki tilbúnir til þess að fylgja fram tillögugerð hans um raunvexti. Á þetta hefur vitanlega ekkert reynt, og það er auðvitað út í hött og sýnir ókunnugleika á þingstörfum, ef hann lætur sér til hugar koma að til þess dragi. Hann ætti aðeins að leiða hugann að því, að formaður fjh.- og viðskn., sem þetta mál hefur trúlega með höndum — mig minnir að búið sé að vísa því til n. — er ekki líklegur til að afgreiða það úr þeirri n. þannig að nokkurn tíma gangi um það atkv. En Sjálfstfl. hafði um það forustu í síðustu ríkisstj. að stórauka verðtryggingar og að amla þó a. m. k. í þá átt sem menn tala um þegar þeir ræða um raunvexti. En ég er ekki viss um að allir hafi gert sér fyllstu grein fyrir því, hvað þeir eiga við þegar þeir ræða um raunvexti. Ég kalla það ekki raunvexti að ætla sér á hverjum tíma að æða upp eftir öllum skölum og á eftir verðbólgunni. Og nú stendur þann veg á a. m. k. í okkar þjóðfélagi, að það er gersamlega út í hött að tala um að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar geti staðið undir vöxtum sem nálgast óðaverðbólguna, og það væri að sætta sig við óðaverðbólguna að ætla sér að haga sér þannig. Ég tel að það sé óraunhæft að tala um raunvexti fyrr en við höfum náð verðbólgunni verulega niður, um 20-25%, en þá þurfum við líka að gæta þess, að ekki snúist þessi mylla öfugt, þannig að við náum þá raunvöxtum, því að það er lífsspursmál vegna sparifjáreigenda í landinu og alls búskapar okkar. En það er óframkvæmanlegt, eins og staða atvinnuveganna er í dag, að vextir verði t. a. m. 55% af fé. Það er gersamlega þýðingarlaust. Til þess þyrfti gerbreytingu á öllum högum aðalatvinnuveganna. (**Gripið fram í:** Þú ert alveg sammála Lúðvík?) Ekki segi ég það nú kannske, að ég sé alveg sammála hv. 1. þm. Austurl., en ég vil að þetta komi fram, vegna þess að ég bið þá um að mér verði sýnt fram á annað. Ég þykist allveg kunnugur því, hvernig háttar hjá aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, eins og t. a. m. frystiiðnaðinum í landinu, og ég get upplýst að hringinn í kringum landið liggur við borð að sá rekstur stöðvist. Ég þekki til í öðrum atvinnurekstri, sem sæmilega hefur gengið, að vextirnir, hinir óraunhæfu vextir sem gilt hafa, eru að sliga þann atvinnurekstur. Auðvitað kemur margt fleira til í því sambandi. En þannig er þessu háttað, og meðan svo er, þá er þýðingarlaust að ætla að greiða fjármagnskostnað af þeim verðbólgustigum sem við búum við í dag. En að stefnu til erum við sammála um að nálgast raunvextina og ná þeim þegar og ef við, sem við væntanlega gerum, náum einhverjum tökum á verðbólgunni. Þá fyrst er hægt að setja sig í þær stellingar.

Það hefur verið sérkennilegt að hlusta á ýmsa þá útreikninga sem hér hafa átt sér stað. Þó er sem jafnan fyrr hv. 1. þm. Austurl. manna tölugleggstur. Ég tók rétt eftir því, að hann áleit, þar sem rætt er um félagslegar umbætur, að þær mundu kosta 1-2 milljarða, en hann bætti því samt við, sem að líkum lætur, að það væri erfitt að segja um þetta, því að það væri ekkert vitað hvað gert yrði. Þetta veit auðvitað enginn. Og ýmislegt af því, sem talið er hér upp, eru umbætur sem þegar hefur verið samið um í frjálsum samningum á vinnumarkaðinum — fjöldinn af þeim. Ég þykist líka hafa gengið úr skugga um það, að niðurgreiðsla á hverju vísitölustigi kostaði 1700 millj. kr., 1.7 milljarða. Hann ætlar að framkvæma hinar félagslegu umbætur, 3%, fyrir 1-2 milljarða. Það getur alveg eins verið að hann eigi við einn eins og tvo þarna. Þessum útreikningum kem ég ekki heim og saman með neinu móti. Og allt annað, sem hann reiknaði út, var vitaskuld út í hött. En hann margtók það fram, að það væri auðvitað undir því komið hvað yrði gert, hvað miklu fé þyrfti að verja til þess arna. Það lætur að líkum.

Hann sagði mjög merkilega setningu sem ég bókaði sérstaklega hjá mér. Hann sagði að þetta frv. fæli í sér þýðingarmiklar kjarabætur í óeiginlegri merkingu. Það er svo sem auðvitað, það getur hver maður séð, að þarna eru engar kjarabætur á ferðinni í eiginlegri merkingu. Ég nenni nú ekki að velta því fyrir mér, hvað hann raunverulega á við, en á enda og kanta var hann raunar að draga úr þýðingu þessa, þótt hann vildi svo sem í hinu orðinu gera mikið úr því.

Ég verð að segja það, að eftir framkomu forustumanna Verkamannasambandsins vegna fyrri ráðstafana fyrrv. hæstv. ríkisstj. er með ólíkindum að þeim skyldi verða það á að skrifa þakkarbréf á borð við það sem hæstv. forsrh. las upp við 1. umr. málsins. Þeir hefðu betur haft vit á að þegja. Það liggur alveg ljóst fyrir, að viðbrögð þeirra við febrúarlögunum voru ólögleg á margra handa máta. En viðsnúningur þeirra, — ég ætla ekkert að lasta út af fyrir sig að verkalýðshreyfingin sé til viðræðu um að bæta ástandið í okkar erfiðu efnahagsmálum, — en viðsnúningur þeirra gersamlegur nú er þeim til sárrar minnkunar og hlýtur að veikja þá mjög í sínum samtökum.

Menn hafa lítið gert að því að velta fyrir sér og rifja upp hina örstuttu sögu óðaverðbólgunnar sem við búum við. Þess hefur varla verið getið hvaða verðbólgustig var hér á landi 1971, þegar vinstri stjórnin fyrri tók við völdum eða sú í miðið. Menn hafa ekkert minnst á það, hver varð niðurstaðan af störfum vinstri stjórnarinnar 1956-1958, a. m. k. ekki svo að ég tæki eftir. Í desembermánuði 1958 gekk þáv. hæstv. forsrh. á fund Alþýðusambandsþings og fór fram á að gefin væru eftir verðbótastig, en fékk neitun og stjórnin sagði af sér undir þeirri yfirlýsingu hæstv. forsrh. þáv., Hermanns Jónassonar, að hann bæðist lausnar þar sem engin samstaða væri um úrræði innan þeirrar ríkisstj. og holskefla óðaverðbólgu væri skollin yfir.

Árið 1971, þegar vinstri stjórnin önnur tók við völdum, var hér um 10% verðbólga, mjög þolanlegt stig verðbólgu, ef miðað er við það sem þekkist í aðalviðskiptalöndum okkar. En þegar hún hraktist frá völdum eftir þrjú ár er verðbólgustigið 43%, og afleiðingar verka hennar fóru yfir 54% fyrir mitt ár 1975. Þetta er saga

sem talar sínu máli og verður ekki hrakin.

Samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. tók ekki nógu föstum tökum á þessum málum, það liggur alveg ljóst fyrir. Það var ekki í tíma tekið aðalráðið, sem er heiftarlegur niðurskurður opinberra framkvæmda, og nú dugar ekkert minna, ef menn vilja í alvöru takast á við verðbólguna, en sársaukafullur niðurskurður allra opinberra framkvæmda og hvar sem því verður við komið. Það liggur ekki allur vandi í launum verkafólks, því fer víðs fjarri, þó að sá þáttur megi ekki eftir liggja heldur. En fyrrv. ríkisstj. tók ekki nógu föstum tökum á þessu. Hjólinu var áfram snúið af allt of miklum hraða, og ég hygg að í ársbyrjun 1977, þegar verkalýðshreyfingin hóf undirbúning að launa- og kjarabaráttunni, hafi þetta verið um seinan. Ég held meira að segja að eftir ófarir núv. ríkisstj. á örskömmum tíma kunni það líka að vera orðið um seinan að hún taki til þeirra ráða sem nauðsynleg eru, vegna þess að fólkið í landinu hefur fyllst vantrú á getu hennar til þess að ráða fram úr vandamálunum, og það er útilokað fyrir eina stjórn í landi að koma nauðsynlegum ráðstöfunum fram nema hafa tiltrú fólksins og velvilja þess að ná þeim fram. En þann veg hefur henni tekist á þessum örskamma tíma, enda staðfest af stjórnarsinnum sjálfum, að það er um seinan og fyrirsjáanlega hefst nýtt stríð innan þriggja mánaða og þá verður vafalaust siglt fyrir öll sker um leið. Það er þegar fjarað undan öllum árum hjá þessari skútu sem ýtt var á flot 1. september.

En játa ber að viðureignin við verðbógluna tókst ekki sem skyldi og er miður fyrir Sjálfstfl., sem margsinnis hafði tekið við slíku búi áður og sýnt að hann er í fullum færum að ráða þar á bót, sbr. sérstaklega eftir vinstri stjórnina fyrri árin 1959 og 1960 og áratuginn þar á eftir. En þó er það svo, að þegar verkalýðshreyfingin hóf kjarabaráttu sína á árinu 1977 stefndi mjög í rétta átt. Þá hafði gífurlegur árangur náðst í baráttunni við verðbólguna og á því ári komst hún um hríð niður í 26%. Ef þá hefðu tekist sættir á vinnumarkaðinum um skynsamlega samninga, þá værum við ekki í þeirri stöðu sem við erum í í dag. En á það vildu þeir ekki hlusta, þeir sem stýrðu pennanum í þakkarbréfinu til hæstv. forsrh. hér á dögunum, enda þótt það liggi ljóst fyrir, að verðbólgan leikur engan grár en hina lægst launuðu. Það var því miður of seint þegar í taumana var tekið með alvarlegum aðgerðum, með febrúarlögunum sem öllum eru í fersku minni. Þó er það svo, að ef það hefði verið haldið við þau ásamt því leyti hvað snerti yfirvinnuna, þá liggur ljóst fyrir að hinn lægst launaði var að kaupmætti til betur settur en hann verður núna eftir að þetta hrófatildur hefur verið sett upp. Og þetta er árangurinn af vasklegri framgöngu þeirra manna sem skrifuðu þakkarbréfið á dögunum!

En það er margt annað sem bæst hefur við af vandamálum. Hinn stórkostlegi vandi, sem velt hefur verið yfir á ríkisstjóð, er allur óleystur. Það liggur alveg ljóst fyrir, að eins og fjárlagafrv. var lagt fram var það með milljarða halla, og það þarf engan spámann til þess að segja fyrir um það, að það verður milljarðahalli á ríkisbúskapnum á næsta ári — og þó þeir lengi árið upp í 16 mánuði.

Þetta ber allt að sama brunni. Ásamt því að gá að kaupmætti hinna lægra launuðu var lífsspursmál að taka gersamlega úr sambandi þá rammvitlausu kaupgjaldsvísitölu sem gildir og bein sjálfvirkni er fólgin í, — sjálfvirkni fyrir vaxandi verðbólgu á hverjum tíma. Auðvitað þurfti að gera þetta, en í leiðinni hafa góðar gætur á því, að ekki hrapaði niður kaupmáttur hinna lægra launuðu, og þetta mátti gera með öðrum aðferðum einnig, eins og í skattamálum.

Nú boðar hæstv. ríkisstj. nýjar skattálögur eftir aðfarir sínar á liðnu hausti með afturvirkni skatta. Það er auðvitað ágætt ráð í verðbólgu og verðþenslu að beita skattpíningu, það er alþekkt ráð, en þó því aðeins að haldið sé utan um það fé, sem þann veg safnast upp, og því ekki ausið jafnóðum út í eyðsluhít, eins og nú á að gera og gert er jafnóðum, vegna þess að með þeim hætti er þetta aðeins olía á verðbólgubálið. Allt stefnir þetta í þá átt.

Í frv. og í grg. þess kemur fram, með leyfi forseta: „Leitast verði við að ná svipuðum markmiðum fyrir önnur kaupgjaldsbreytingatímabil á árinu 1979, þannig að verðbólgan náist niður fyrir 30% í lok ársins.“ Ég heyrði ekki betur en hv. 1. þm. Austurl. væri að þrætast á um það úr sæti sínu, að þetta bæri ekki að skilja svo, að menn stefndu að því að ná, eins og segir í fyrri mgr. þarna, að „stefnt verði að því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að verðlags- og peningalaunahækkanir 1. mars 1979 verði ekki meiri en 5%“. Ég heyrði ekki betur en hv. 1. þm. Austurl. væri að þrætast á um það í sæti sínu, eins og ég sagði, að þetta bæri ekki að skilja svo. Auðvitað er þetta beinlínis boðað hér, stefnuskráratriði, alveg jafngilt og stefnuskráratriðin í sjálfum lagagr., að það eigi að leita til vinnustéttanna með að halda kauphækkun, peningalaunahækkunum, innan við 5% á hverju þriggja mánaða tímabili árið 1979. Nú liggur það alveg ljóst fyrir, að verðbótavísitalan verður ekki 5% og þar fyrir neðan 1. mars n. k. Hún verður 11-12% a. m. k., ef ekki meir, og þá hefur því verið haldið fram af ýmsum hv. þm. héðan úr ræðustól nú, að þýðingarlaust væri að vega á ný í þennan sama knérunn við vinnustéttirnar. Hv. 11. landsk. þm. tók af skarið um það í ræðu sinni hér í gær, að það væri um tómt mál að tala að Alþfl. léti hafa sig til þessara verka á nýjan leik. En við sjáum hvað setur í því efni.

Það er þverbrestur í þessu stjórnarsamstarfi eftir þriggja mánaða stjórnarsetu, og því er lýst yfir af stjórnarsinnum sjálfum að svo sé komið málum, haft í stórkostlegum hótunum, og upp á þetta horfir landslýðurinn, sem gerði sér vonir um það, það sýndu úrslit þingkosninganna á vori liðnu, að ný ríkisstj. og þá þessi mundi taka þeim tökum á vandamálunum að til viðreisnar horfði. Sannanir liggja fyrir um það nú eftir örskamma hríð, að hún tekur alveg öfugt á þeim málum. Við höfum staðfestingu á því, ekki af fullyrðingum okkar og upplýsingum stjórnarandstöðunnar, heldur úr herbúðum þeirra sjálfra, að svo sé komið málum, þann veg hafi verið haldið á málum. Og einvörðungu af því að þeir sjá engin ráð í bili, þá þykjast þeir til þess neyddir að fylgja fram þessari lagasetningu, — af þeim ástæðum einum, af því að þeir finna engin önnur ráð. En þeir hljóta og þeim ber skylda til þess að reyna að leita eftir þeim innan tíðar og þeir geta ekki lengur búið við þetta. Það heyra allir holhljóminn í þeim málflutningi Alþfl.-manna, að þeir eru stórgagnrýnir á þetta í öllum atriðum og telja það óhæfu eina sem hér er verið að gera. En af því að þeir sjá ekki betri úrræði, þá verða þeir að fallast á þetta og falla um leið frá öllum sínum kosningaloforðum og yfirlýsingum frá því í kosningunum í sumar, sem þeir unnu sinn

glæsilega sigur á. Allur almenningur sér og heyrir þennan holhljóm. Þetta er þýðingarlaus spilamennska sem þeir hafa hér í frammi. Ég vil aðeins minna hina ungu menn á það, að Alþfl. hefur unnið með Sjálfstfl. — vann um 12 ára skeið — og allir eru sammála um það, að þá hafi betur tekist til um stjórn þessa lands en á öðrum tímum í sögu þessa lýðveldis. Honum væri nær að athuga það, hvort hann gæti ekki fitjað upp á einhverju slíku stjórnarsamstarfi á nýjan leik sem færi gæti okkur heilbrigðari stjórn í landi en þetta. Að vísu þarf að kjósa til Alþingis einu sinni fyrst, og þá er spurningin hverjar þakkir verða til þessara hv. þm. Alþfl. ef þeir ætla að halda svo frá stefnunni sem raun ber vitni.

Langelsti þingmaður þeirra, hv. þm. Bragi Sigurjónsson, var sá eini sem hafði nokkurn kjark til þess að mótmæla svo undir tók.

Það markar auðvitað enginn málrófssama menn eins og hv. þm. Vilmund Gylfason, þegar hann tætir frv. niður í grunn, en greiðir samt atkv. með því. Það tekur auðvitað enginn mark á slíku, það er ekki hægt, vegna þess að hann ofbýður samvisku sinni að öllu leyti með þeim hætti. Meira að segja er það svo, að það þarf ekkert á atkv. hans að halda til þess að frv. verði að lögum. Þeir, sem hæst hafa talað gegn þessu frv., hefðu þess vegna getað fengið frí frá því að ganga undir þetta jarðarmen, og eins og ég segi, skelfingaróp þeirra undan stjórnarokinu skera mann að hjartarótum. En ef þeir halda að þeir geti blekkt almenning með því, að þeir haldi alveg fram sinni stefnu, eins og þeir lofuðu í kosningunum, þrátt fyrir það að þeir beygja sig undir öll þessi ok, þá er það alger misskilningur. Þá álíta þeir að allur almenningur sé skynlausar skepnur. Það er kannske ástæða til fyrir þá að skrifa ekki skynsemi almennings hátt eftir þau úrslit, sem urðu í kosningunum vor, og allan þann sigur, sem þeir báru úr býtum. Það er a. m. k. vorkunn fyrir mig, en það ætti ekki að vera fyrir þá, heldur ættu þeir að vera fullir af þakklæti og reyna að standa við eitthvað af því sem þeir hafa lofað. Þeir þykjast með þessari afstöðu sinni gera þetta einvörðungu til þess að bjarga andliti Alþb. vegna kosningaloforða þess frá því í vor. Ef refarnir eru til þess skornir af hæstv. forsrh., þá er alveg ljóst að sjálfir hafa þeir þegar í stað tapað andlitinu, glatað því gersamlega. Og eins og ég segi, málróf hér á þingi um að þeir séu heilagir menn sem beri gott skyn á þetta og kunni öll ráðin, en fái ekki að beita þeim, og greiða svo atkv. með þegar til úrslita kemur, slíkt getur ekki orðið nema hin hörmulegasta hneisa sem uppi verður meðan Alþingi stendur.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. um of. Ég þarf að koma hér fram örfáum orðum.

Ég tók eftir því þegar ég las ræðu mína frá fyrri umr., að það hafði komið fram sá misskilningur í máli mínu að ekki væri vísitöluþak í þeirri grein sem fjallar um vísitöluna í frv. sem hér er til umr. Ég sé að svo er, og það er rétt að það komi fram sem sannara reynist. Ég bið velvirðingar á þeirri missögn minni, að svo væri ekki. En það, sem ég ætlaði fyrst og fremst að segja að þessu sinni, var eiginlega að þakka hv. 1. þm. Austurl. — ég sé að hann er því miður ekki í salnum hér núna — þakka honum fyrir að gera þó örlitla tilraun til þess að gera þessari hv. deild grein fyrir því, hvað þetta fv. þýddi að hans mati í útgjöldum ríkissjóðs og þar af leiðandi nauðsyn á nýrri skattheimtu. Hann sagði að niðurgreiðslustigið, hálfa prósentið sem væri ætlunin með þessu frv. að ganga lengra en með fjárlagafrv., mundi kosta ríkissjóð um 800-900 millj. kr. En svo bætti hann við, að 2% skattbreytingarákvæðið, ákvæðið sem lækka á vísitölu um 2% vegna lækkunar skatta á lágtekjur, mundi kosta ríkissjóð í tekjutapi um 2-3 milljarða. Það er út af fyrir sig athyglisvert fyrir þessa hv. d., að ætlunin er að lækka skatta, sem ákveðnir voru í fjárlagafrv., um nokkra upphæð og fá þannig fram vísitölulækkun með lækkun tekjuskatta. Beinir skattar eru ekki í vísitölunni og það mælist ekki í hærri vísitölu þegar tekjuskattar eru hækkaðir. Það er nú einmitt það sem er á bak við allar þessar aðgerðir. Blekkingavefurinn felst í því, að tekjuskattar, sem eru ætlaðir til að standa straum af öllum þessum niðurgreiðslum sem hæstv. ríkisstj. stendur að, eru ekki mældir í vísitölu. Nú á hins vegar að fá fram lækkun á verðbótavísitölu með því að lækka tekjuskatta. Þetta er út af fyrir sig bráðsnjöll leið sem ég vil nú benda hv. þm. á og kannske ekki síst hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni sem hér er inni í deildinni. Ég fæ ekki skilið hvernig verkalýðshreyfingin getur samþykkt svona aðferð. Það er ætlunin með fjárlagafrv. að ná 3000 millj. kr. tekjuskatti með því að láta skattvísitöluna vera 143 á sama tíma sem launin hækka um 50%. Með þessu nást 3000 millj. kr. með lægri persónufrádráttum og skattstigum en ella væri. Nú er ætlunin að slaka á þessu. Þá á það að þýða vísitölulækkun. En þegar þetta var ákveðið þýddi það ekki vísitöluhækkun að leggja slíka aukna skattbyrði á.

Hér er sem sagt fundin alveg bráðsnjöll leið til þess að fá fram lækkun á verðbótavísitölu: bara ákveða tekjuskattana nógu háa og slá svo af þeim, þá kemur það fram í lækkun á verðbótavísitölu þegar skattarnir lækka, en vísitalan stendur í stað þegar þeir hækka. Þetta finnst mér alveg stórkostlega snjöll aðferð. Ég verð að játa að ég verð að gefa hv. l. þm. Austurl. alveg sérstakt hrós fyrir að finna upp svona aðferð til þess að ná niður vísitölunni. (**LJós:** Er það nú víst að ég hafi fundið hana upp?) Það var hann sem mælti fyrir þessu sem formaður fjh.- og viðskn., og hann sagði að ætlunin væri að ná niður vísitölunni um 2% með því að lækka tekjuskatta og sjúkratryggingagjald, tekjuskatta með því að hækka skattvísitölu eilítið meira en í fjárlagafrv. stendur.

Síðan hélt hv. 1. þm. Austurl. áfram. Hann sagði: 3% félagslegar aðgerðir, það er erfitt að meta hvað það þýðir í auknum útgjöldum fyrir ríkissjóð. En hann giskaði á, að á þessu ári mundi það kosta 1-2 milljarða. Þarna er fundin önnur aðferð sem er enn þá ódýrari fyrir ríkissjóð heldur en að greiða niður vísitöluna, eins og oft hefur verið gert, eftir þessum ummælum hv. 1. þm. Austurl. Það kostar ríkissjóð, eins og hann sagði raunar sjálfur, 1700-1800 millj. kr. að greiða niður eitt vísitölustig, 1% verðbótavísitölu. En það á sem sagt að kosta aðeins 1-2 milljarða að greiða 3% niður í félagslegum umbótum.

Það er út af fyrir sig ágætt fyrir ríkisstjórnir komandi tíma, ef þetta góða vísitölukerfi helst, að hafa fordæmi þessarar ágætu ríkisstj. fyrir að greiða niður vísitöluna, eyða vísitölustigum, eins og var sagt hér, með svona stórsnjöllum hætti: í fyrsta lagi með því að lækka tekjuskatta, sem ættu þá að lækka vísitöluna þegar þeir lækka, en standa í stað þegar þeir hækka, og með því að leggja til félagslegar umbætur sem í raun eru þrisvar sinnum ódýrari í niðurgreiðslu vísitölunnar heldur en niðurgreiðsla á vöruverði. Mig undrar satt að segja að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki gera þetta einvörðungu með þessum tvenn-

um hætti, greiða niður vísitöluna með skattalækkun og félagslegum umbótum, fyrst þetta er svona miklu umsvifaminna fyrir ríkissjóð heldur en sú gamla leið að greiða niður vöruverð.

Sannleikurinn er sá, að allt er þetta sami blekkingavefurinn. Og ég virði hreinskilni hv. þm. Vilmundar Gylfasonar þegar hann sagði að við vissum auðvitað allir að þetta væri sama leiðin, þetta væru sömu ráðstafanirnar og kallaðar voru kauprán í vor, því auðvitað kemur þetta í svipaðan stað niður.

Ef við lítum aðeins örstutt á það, hvað hér er í rauninni að gerast, þá er ríkissjóður, eins og ég hef áður bent á, að auka núna niðurgreiðslur á vöruverði um hvorki meira né minna en 17 milljarða kr., og til þess tekur hann tekju- og eignarskatta í staðinn. Það kostar ríkissjóð með þessum hætti 1700 millj. að greiða stigið niður, en það firrir hann útgjöldum um 900 millj. í hækkun kaupgjalds og almannatrygginga, þannig að það kostar ríkissjóð í raun ekki nema 800 millj. að greiða niður vísitölustigið, á sama tíma sem með þessu er eytt 3400 millj. kr. í launum hjá öllum launþegum í landinu. Ég held nú að öllum hv. þm. sé ljóst, að það mundi ekki vera farið út í slíkt fen ef við byggjum ekki við það úrelta vísitölukerfi sem við búum við núna. Aðalgalli þess kerfis er sá, að það eru bara sumir skattar inni í vísitölunni, en aðrir ekki. Þess vegna er eina leiðin, ef menn ætla að leika svona leik með vísitöluna, að leggja á tekjuskatta og greiða síðan niður verðlag.

Að lokum þetta, herra forseti: Það er ljóst samkv. því sem frsm meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. sagði, að þetta frv. leggur að hans mati ekki minna en 5-6 milljarða kr. byrðar á ríkissjóð. Þar að auki er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir sérstakri lækkun niðurgreiðslna á árinu 1979. Það vantar sem sagt 2800 millj. kr. til þess að standa við þá niðurgreiðslu. Ef við bætum því við 5-6 milljarða, þá eru komnir tæpir 9 milljarðar, skulum við segja. Síðan eru ótalmargir aðrir liðir í fjárlagafrv. sem þarf að leiðrétta, upp á marga milljarða kr., og mér er sagt núna að ríkisstj. hafi ákveðið t. d. að auka verklegar framkvæmdir um 2 milljarða. Það er því alveg ljóst, að eins og fjárlagadæmið stendur núna, eftir að þetta frv. hefur verið afgreitt úr þessari hv. d., vantar mikið á annan tug milljarða kr. til þess að endar nái saman. Það er útilokað mál að ná þessu fé með niðurskurði. Það er aðeins einn kostur eftir, og hann er að hækka tekjuskatta frá því sem ákveðið er í fjárlagafrv., ofan á tekjuaukaskatta og eignaraukaskatta og allt það sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur fundið upp.

Ég get ekki skilið samþykki Alþfl. við þetta frv. öðruvísi en hann sé fallinn frá þeim meginfyrirvara sem hann hafði við tekjuöflunardæmi ríkissjóðs, þ. e. a. s. tekjuskattinn, hækkun tekjuskatta. Það sem eftir stendur þá af stefnu Alþfl., sem hann lofaði í kosningunum, er þetta: Hann lofaði nýjum efnahagsúrræðum, það eru sem sagt auknar niðurgreiðslur á landbúnaðarvörur, framleiðniaukandi niðurgreiðslur, og stórhækkun tekjuskatta. Er ekki rétt munað að Alþfl. hafi lofað þessu fyrir kosningar — eða kannske alveg öfugt? En þetta er það sem menn eru að samþykkja núna. Ég spurði við 2. umr. hvort þetta væri ekki réttur skilningur hjá mér, að Alþfl. væri fallinn frá fyrirvörum við fjárlagafrv. með samþykkt þessa frv. Ég vænti þess, að þeir hinir vösku ungu menn, sem hér hafa talað fyrir Alþfl., sitji ekki algerlega klumsa undir þeirri spurningu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vék nokkuð að því í fyrri ræðu minni við umr. um þetta frv., að forvígismenn Alþb. í launþegarsamtökunum hefðu snúist, afstaða þeirra væri önnur nú en hún var til efnahagsráðstafana fyrrv. ríkisstj. í febrúarmánuði s. l. Ég held því fram, að þær efnahagsráðstafanir, sem þetta frv. felur í sér, hafi í för með sér meiri kjaraskerðingu en efnahagsráðstafanirnar frá því í febr., að ég tali nú ekki um að viðbættum brbl. í maí. Efnahagsráðstöfunum fyrrv. ríkisstj. var mætt með ólöglegu verkfalli og löglegum verkföllum og allt gert sem í valdi forvígismanna Alþb. í launþegasamtökunum stóð til þess að koma í veg fyrir að þær bæru árangur og næðu tilgangi sínum að draga úr verðbólgu í landinu og tryggja afkomu atvinnuveganna og atvinnuöryggi fyrir alla launþega í landinu.

Nú, þegar þetta frv. kemur fram, er því mætt með aflátsbréfi Verkamannasambands Íslands, en önnur launþegasamtök hafa að vísu ekki hingað til beygt sig svo í duftið eða snúið svo rækilega frá villu síns vegar, skulum við heldur orða það, vegna þess að ég álít þetta hugarfarsbreytingu til bóta hjá forvígismönnum Verkamannasambands Íslands frá því fyrr á þessu ári. En ein er sú skýring, sem gefin er á þessari breyttu afstöðu hv. 6. þm. Reykv., Eðvarðs Sigurðssonar, og hv. 10. þm. Reykv., Guðmundar J. Guðmundssonar, sem ég sé að því miður er ekki lengur á þingi og hefur forðað sér þaðan áður en til atkvgr. um þetta frv. kom. Sú skýring og afsökun, sem þessir hv. þm. hafa, er að samráð hafi ekki verið haft við verkalýðshreyfinguna í tíð fyrrv. stjórnar, að launþegasamtökin hafi þá verið tilbúin að taka gildar ýmsar ráðstafanir stjórnvalda í stað launahækkana í krónutölu. Nú vil ég þess vegna rekja í eins stuttu máli og mér er unnt þau samráð, sem voru höfð af hálfu fyrrv. ríkisstj. við launþegasamtökin og fulltrúa launþegasamtakanna, og sömuleiðis drepa á nokkrar þær ráðstafanir sem voru gerðar í tíð fyrrv. ríkisstj. til þess einmitt að koma til móts við launþegasamtökin í landinu, þannig að þau gætu metið þær ráðstafanir á móti krónutöluhækkun kaups.

Okkur er öllum í fersku minni, að það var vinstri stjórnin 1971-1974 sem tók vísitöluna alfarið úr sambandi með brbl. eftir þinglok vorið 1974. Á þeirri stjórn báru ábyrgð m. a. þeir tveir hv. þm. sem ég hef sérstaklega nefnt. Alþb. bar ábyrgð á því, að vísitalan var tekin alfarið úr sambandi. Þannig stóðu málin þegar fyrrv. ríkisstj. tók til starfa. Þá voru gefin út brbl. sem fólu í sér sérstakar láglaunabætur til þess að draga úr kjaraskerðingu sem afnám vísitölubindingar vinstri stjórnarinnar hafði haft í för með sér gagnvart láglaunafólki. Þá voru ítarleg samráð höfð við forvígismenn launþegasamtakanna í landinu, m. a. við báða þessa hv. þm., Eðvarð Sigurðsson og Guðmund J. Guðmundsson. Forvígismennirnir gerðu hvorki að játa eða neita. Láglaunabæturnar voru í lög færðar og giltu fram eftir vetri og fram á vor, þegar samningar voru gerðir milli launþega og vinnuveitenda, og brbl. voru síðan aðlöguð þeim samningum af hálfu ríkisstj. og þannig samþ. sem lög frá Alþingi. Síðan áttu sér stað í þrem samningahrotum ítarleg samráð milli vinnuveitenda og launþega á árunum 1975 og aftur 1976 og áttu sér stað margvísleg víxláhrif sem of langt yrði upp að telja að sinni. Þá lögðu stjórnvöld, fyrrv. ríkisstj., sitt af mörkum til að þessir samningar tækjust, fyrst með staðfestingu láglaunabótanna með nokkurri breytingu, síðan með því að miða

verðlagsuppbætur við svokölluð rauð strik. Með þessum hætti náðust hóflegir kjarasamningar sem höfðu í för með sér að verðbólgan var komin niður í 26% á árinu 1977, þegar þá var gengið til kjarasamninga. Einnig þá, áður og meðan í samningaumleitunum stóð vorið 1977, bauðst ríkisstj. til að gera ýmiss konar ráðstafanir. Að vísu skal það játað, að á þessu tímabili bárust óskalistar frá forvígismönnum launþegasamtakanna og Alþýðusambandi Íslands sem voru lengri og víðtækari en ríkisstj. taldi sér kleift að verða við. En ég leyfi mér — með leyfi forseta — að lesa hér upp formála að fréttatilkynningu frá ríkisstj. sem gefin var út í tengslum við samningaumleitanirnar vorið 1977, svo hljóðandi:

„Eftir viðræður ríkisstj. og fulltrúa samtaka launþega og vinnuveitenda hefur ríkisstj. ákveðið að beita sér fyrir ýmsum ráðstöfunum á sviði efnahags- og kjaramála til þess að stuðla að lausn vinnudeilunnar milli ASÍ og vinnuveitenda. Ráðstafanir þessar munu m. a. fela í sér um 2-3% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna almennings. Forsenda ráðstafananna er að samkomulag náist milli deiluaðila um launabreytingar sem ekki stefni að meiri kaupmáttaraukningu milli áranna 1976 og 1977 en 6-7% í heild og ámóta aukningu milli áranna 1977 og 1978 og horfi jafnframt til launajöfnunar."

Hér á eftir fara meginatriði þeirra ráðstafana, sem ræddar höfðu verið, og síðan eru taldar upp ráðstafanir í skattamálum, í lífeyrismálum, í vaxtamálum, í verðlagsmálum, í húsnæðismálum, í vinnuverndarmálum, í dagvistunarmálum, og það fylgdi með, að ráðstafanirnar í skattamálum, sem voru settar í framkvæmd, ráðstafanirnar að nokkru leyti í lífeyrismálum, sem voru framkvæmdar ásamt niðurgreiðslum, þessar ráðstafanir hefðu í för með sér um 2-3% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna almennings á því ári. Okkur datt sannast að segja ekki í hug að fara að meta ráðstafanir í öðrum málaflokkum til lækkunar á kröfum launþegasamtakanna eða til hækkunar á kaupmætti ráðstöfunartekna eða kauptaxta, eins og sýnist vera meiningin með því frv. sem hér er til umr. og forvígismenn launþegasamtakanna virðast taka gott og gilt.

Ég vil bæta því við í sambandi við tilboð ríkisstj. við samningana 1977, að ríkisstj. hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa ekki tekið aftur þetta tilboð þegar samningarnir leiddu að lokum í ljós að grunnkaupshækkun í samningunum hafi orðið milli 27 og 30% og þannig í raun og veru farið út fyrir þann ramma sem fyrirsjáanlegt var að efnahagsgrundvöllur þjóðarinnar leyfði. Ríkisstj. taldi hins vegar of mikinn ábyrgðarhluta að taka þetta tilboð til baka og stofna þá til vinnustöðvunar og verkfalls sem leitt gæti tjón yfir landslýð.

Ég minni á það líka, að áður en febrúarráðstafanirnar voru gerðar fóru fram ítarlegar viðræður við forvígismenn launþegasamtakanna og aðstaða atvinnuveganna, horfur í efnahagsmálum og fyrirætlanir ríkisstj. voru kynntar þeim. Það er rétt, að ekki náðist samkomulag við forvígismenn launþegasamtakanna. Þeir báru þá ekki síst fyrir sig fyrirætlanir um það að taka óbeina skatta og niðurgreislur út úr vísitölunni frá og með næstu áramótum. Þetta er þó eitt af þeim atriðum sem þeir tjá sig nú viljuga til þess að ræða nánar. Að öðru leyti voru ráðstafanirnar með febrúarlögunum að engu leyti frábrugðnar þeim ráðstöfunum sem nú er verið að gera, nema hvað þær voru mildari gagnvart hinum lægst launuðu í þjóðfélaginu. Ég hef áður lýst yfir að samkv. lögunum frá því í febr. s. l. var full verðlagsuppbót ætluð þeim er höfðu 88 þús. í mánaðartekjur í des. 1977. Enn fremur kom það fram að með öðrum hliðarráðstöfunum mundi kaupmáttur vera aukinn um 1.5-2%. Ég gerði grein fyrir þessu í framsöguræðu með þessum ráðstöfunum á þessa leið, með leyfi forseta:

„Í frv. þessu eru gerðar till. um ráðstafanir til að milda áhrif helmingunar verðbóta á kaupmátt og lífskjör almennings og lækka verðlag með nokkurri lækkun skatta og aukningu niðurgreiðslna. Barnabætur eru hækkaðar um 5%, en það léttir skattbyrði barnmargra fjölskyldna, og gert er ráð fyrir lækkun sérstaks vörugjalds úr 18% í 16%. Þá er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki með launum og á sömu dögum, og auk þess er gert ráð fyrir sérstakri hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar umfram launahækkun hinn 1. mars n. k. Loks hyggst ríkisstj. auka niðurgreiðslur vöruverðs um 1300 millj. kr. á ári, en það jafngildir 1% í kaupmætti ráðstöfunartekna. Kaupmáttaráhrif þeirra ráðstafana, sem hér hafa verið nefndar, jafngilda, þegar allt er talið saman, tæplega 1.5% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna frá því sem ella hefði orðið."

Ég vil með þessu undirstrika, að þeir, sem höfðu eingöngu dagvinnutekjur í frystihúsum, fengu með þessum hætti fulla vísitöluppbót á laun sín samkv. verðlagi á hverjum tíma. En í þeim lögum sem nú er verið að tala um, verða þessir launþegar fyrir frádrætti launa sem nemur 8%, og hefði vissulega verið talað um í febr. s. l. af fyrrnefndum þm. að um kauprán væri að ræða af minna tilefni.

Það var efni málsins í febr. s. l., að þá átti kaupgjaldsvísitalan að hækka um 10%. Hálfar verðbætur voru 5%. Skerðingin var þannig engin hjá hinum lægst launuðu í dagvinnu, þegar allt er meðtalið, en fór vaxandi í hálfar verðbætur á launabilinu frá því um og yfir 100 þús. kr. og upp í 170-180 þús. kr. Ég held að það sé engum blöðum um það að fletta, að fyrirhuguð lög, sem nú eru til meðferðar og afgreiðslu hér í hv. d., hafi í för með sér enn frekari skerðingu en febrúarlögin, að ég tali ekki um þegar tekið er tillit til brbl. í maí.

Auðvitað er það aldrei fagnaðarefni að grípa inn í samninga vinnuveitenda og launþega. Það er algert neyðarúrræði. Það var neyðarúrræði í febr. og maí fyrr á þessu ári, og það hlýtur að vera litið á það sem neyðarúrræði nú í nóv. Það var talað um kauprán af núv. stjórnarsinnum fyrr á þessu ári af sama tilefni og nú eru skrifuð bréf til að þakka auðmjúklega fyrir ráðstafanirnar.

Ég endurtek, að ég tel nauðsynlegt að draga úr víxláhrifum verðlags og launa. Ég tel nauðsynlegt að gera ráðstafanir sem ganga í þá átt. Og við getum ekki lokað augunum fyrir því, að um sinn þurfi e. t. v. að draga nokkuð úr þeim kaupmætti, sem að var stefnt með kjarasamningunum vorið 1977, til þess að tryggja betri og stöðugri afkomu og raunar meiri kaupmátt, þegar til lengdar lætur öllum launþegum landsins til handa. Það er efni málsins. Og það er líka efni þessara ráðstafana, sem nú eru gerðar, þótt ófullkomnar séu.

Auðvitað eru þessar ráðstafanir mjög ófullkomnar, ekki eingöngu vegna þess að þær eru bundnar við bráðabirgðaúrræði, eins og hæstv. forsrh. hefur rækilega lagt áherslu á. Þetta eru önnur bráðabirgðaúrræði núv. hæstv. ríkisstj., og þótt ég sé ekki þeirrar skoðunar, að það sé í einu vetfangi unnt að gera efnahagsráðstafanir

sem dugi til allrar framtíðar, þá hefðu menn gert þá kröfu til þessarar hæstv. ríkisstj., að efnahagsráðstafanir hennar væru á traustari grundvelli byggðar og til lengri frambúðar en er samkv. þeirra eigin yfirlýsingu.

Við skulum athuga það, að hér hefur verið gagnrýnt af hálfu þm. Alþb., að það væri ætlun okkar sjálfstæðismanna með fyrri efnahagsaðgerðum og raunar skoðun ýmissa annarra þm., að það yrði ekki hjá einhverri *kaupmáttarskerðingu komist, ef vinna á bug á verð*bólgunni og tryggja atvinnuöryggi í landinu og afkomu atvinnuveganna. En hvað sýna þm. Alþb. með aðild sinni að þessum ráðstöfunum? Hver hefur þróunin orðið? Slagorðið og kosningaloforðið: „samningarnir í gildi" átti að efna með brbl. í sept. Með þeim var kauptilkostnaður í landinu hækkaður um 6½%. Þó bættist ekkert við dagvinnutekjur láglauna- og millitekjufólks, en hinir hærra launuðu fengu upp í 10-12% kauphækkun, og þrátt fyrir skerðinguna á yfirvinnukaupi fengu þeir, sem unnu yfirvinnu í frystihúsum, ekki nema 3-3.5% kauphækkun. Það var öll kjarabótin þeim til handa, sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson gerði mikið úr í ræðu sinni fyrr við umr.

En hvað stóð þessi dýrð lengi? Þeir, sem fengu enga kauphækkun í byrjun sept., og þeir, sem fengu 3 og 3.5% kauphækkun í byrjun sept., vegna þess að þeir höfðu unnið yfirvinnu eða ákvæðisvinnu og hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni finnst mikið til um, eiga núna að fá 8% kauplækkun, og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hrópa húrra og þakka fyrir. Það er ekki að furða þótt ég óski þeim til hamingju með raunsæja afstöðu og skoðanabreytingu.

Ég spurði: Hvað er orðið af loforðinu: „samningarnir í gildi." Ég rifjaði það upp í fyrri ræðu minni, að þegar verkalýðsforingjarnir voru spurðir hvað þeir ættu við með „samningana í gildi", þá sögðu þeir að þeir ætluðu að tryggja þann kaupmátt sem að hefði verið stefnt vorið 1977. Hver var sá kaupmáttur? Sá kaupmáttur var langt fyrir ofan það sem enn hefur orðið eftir brbl. frá því í sept. Sá kaupmáttur er enn lengra fyrir ofan það sem að er stefnt með ráðstöfunum ríkisstj. nú. Með þessu er ég ekki að segja að það sé unnt að tryggja launþegum meiri kaupmátt. Ég held ekki. Ég held einmitt að í þeim ráðstöfunum, sem núv. ríkisstj. er að gera ráð fyrir og ætlast til að samþykktar verði, sé um hámarkskaupmátt að ræða sem við verum að horfast í augu við.

Það hefur verið rætt um að kaupmáttur hafi mjög minnkað á árunum 1975 og 1976, og það er alveg rétt, einkum kaupmáttur kauptaxta. Samkv. skýrslu, sem ég hef, er talið að miðað við ársmeðaltal 100 á árinu 1974 hafi kaupmáttur kauptaxta farið niður í 85 og 81 á árunum 1975-1976, en á þessum árum gliðnar einmitt bilið milli kaupmáttar kauptaxta launþega og kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann minnkaði mun minna eða úr 100 í 89 og 91 *árin* 1975 og 1976. Auðvitað skiptir kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann meira máli en kaupmáttur kauptaxta allra launþega, vegna þess að í kaupmætti ráðstöfunartekna er tekið tillit til skattbyrða. Þótt skýringin sé fólgin m. a. í yfirvinnu, ákvæðisvinnu, auknum tekjum sjómanna miðað við aðra launþega í landinu og *yfirborgunum almennt, þá er vitað að á þessu tímabili* lengdist ekki vinnutími sem máli skipti á viku hverri, þannig að hér var um raunverulegar tekjur að ræða, — tekjur sem menn höfðu til ráðstöfunar. Sem betur fer náði kaupmáttur kauptaxta allra launþega á árinu 1977 90 miðar við 100 árið 1974, og kaupmáttur ráðstöfunartekna fór yfir kaupmáttinn að ársmeðaltali 1974 eða í 101.

Nú skulum við taka það með í reikninginn, að kaupmátturinn 1974 var byggður á sandi, hann var byggður á viðskiptakjörum sem við höfðum notið best þeirra er sagan greinir frá, en fóru hríðversnandi á árunum 1974, 1975 og *langt fram á árið* 1976. Á árunum 1974, 1975 og fyrri hluta árs 1976 versnuðu viðskiptakjörin um 25-30%. Ég hef séð það einhvers staðar í skjölum, að menn vildu taka tillit til 2% rýrnunar kaupmáttar fyrir hönd launþega í landinu, hvað þá heldur er ástæða til að taka tillit til 25-30% rýrnunar viðskiptakjara. Ég held þess *vegna að rýrnun kaupmáttar hafi verið óhjákvæmileg á* þessum árum, bæði af þeirri ástæðu, að boginn hafði verið spenntur of hátt með kjarasamningunum vorið 1974, eins og ráðstafanir vinstri stjórnarinnar þá um vorið, þegar hún tók vísitöluna úr sambandi, staðfestu, og enn fremur vegna þess að viðskiptakjörin fóru versnandi í kjölfarið.

En sem betur fer fór kaupmátturinn vaxandi upp frá því, og það, sem við sjálfstæðismenn sögðum í byrjun þessa árs og fyrir kosningarnar í vor, var að þær efnahagsráðstafanir, sem gerðar hefðu verið, væru við það miðaðar að verndaður væri sá kaupmáttur sem var í byrjun þessa árs og var um 15-17% hærri en fyrir kjarasamningana 1977, og jafnvel væri unnt að bæta hann nokkuð. Jafnframt var stefnt að því að koma verðbólgunni niður í 30% frá ársbyrjun til ársloka.

Hvað er nú hér á ferðinni? Ef við reiknum með að þær *aðgerðir ríkisstj.* verði samþykktar sem hér eru til umr., þá mundi verðbólgan vera á næsta ári milli 40 og 46% og nauðsynlegt að takmarka kaupgjaldshækkanir hvert vísitölutímabil við 5% á næsta ári til þess að ná þeim árangri að koma verðbólgunni niður í eða undir 30%, þ. e. a. s. að ná þeim árangri sem við hefðum getað náð nú þegar á þessu ári. Með þeim hætti væri sterkari grundvöllur til þess að bæta kjör launþega til frambúðar, það væri meira atvinnuöryggi og afkoma atvinnuveganna hefði verið betri og ekki hefðu verið teknar þær kollsteypur sem fylgja þeim gengisbreytingum sem átt hafa sér stað síðari hluta þessa árs.

Ég skal ekki fara fremur út í einstakar greinar þessa frv., sem hér er til umr., en ég hef þegar gert, enda hefur það verið rækilega gert af öðrum ræðumönnum. Ég vil þó að gefnu tilefni ræða nokkuð 4. gr. frv., ekki síst vegna þess ágreinings sem kom fram í fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. og getið er um í nál. minni hl. Þar var ágreiningurinn um það, hvort heimilt væri að greiða hærri verðbætur á laun en 4. gr. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. samkv. kaupgjaldsvísitölu 151. Það var óskað eftir áliti fjh.- og viðskn., en það fékkst ekki. Stjórnarsinnar voru þar á öndverðum meið. Sömuleiðis voru fulltrúar þeirra samtaka aðila vinnumarkaðarins, sem voru á fundinum, mismunandi skoðunar að þessu leyti. Það var því nauðsynlegt af hálfu frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd., hv. 9. landsk. þm., Steinþórs Gestssonar, að spyrja hæstv. forsrh. greinilega um hvernig skilja bæri þessa grein. Og hæstv. forsrh. vékst ekki undan að svara, og vil ég leyfa *mér — með leyfi forseta að sjálfsögðu — að lesa hér upp* samkv. eftirriti af ræðu hæstv. forsrh., hvað hann sagði:

„Hv. þm. spurði að því, hvernig ætti að skilja þessa grein. Hana á að skilja þannig, að það er engum skylt að

greiða hærri verðbætur á þessu tímabili heldur en segir í þessari grein." Enn fremur: „Tilvitnun til 2. gr. í lögunum á að sjálfsögðu við það, að þakið á að gilda áfram. Hins vegar er það einnig svo og í samræmi við tilvitnun í 1. kafla kjaralaganna, að mönnum er heimilt að semja um það hér eftir að greiða hærri vísitölu, alveg eins og þeim er heimilt að semja um það að greiða hærri grunnlaun." Enn fremur: „Lagaákvæði um þessi efni hafa mér vitanlega aldrei verið skilin á þvílíka lund, að launagreiðanda væri ekki heimilt að greiða hærra, ef hann bara gæti, og það væri eitthvað athugavert fyrir launamóttakanda að taka á móti hærri launum." Og enn fremur: „En það er ekkert bann við því, að á þessu tímabili sé samið um hærri vísitölugreiðslur né heldur um hærri laun."

Það er sem sagt alveg ótvírætt, margendurtekið af hæstv. forsrh., að það er heimilt að greiða laun samkv. hærri kaupgjaldsvísitölu en greint er frá í þessu lagafrv., ef launagreiðandi ákveður það eða samningar takast um það milli aðila. Ég vík að þessu sérstaklega vegna þess, að eitt af glamuryrðunum í kosningabaráttunni í vor var bundið við kosningabaráttuna til sveitarstjórna, hér í Reykjavík við borgarstjórnarkosningarnar í maí s. l. Það er mönnum í fersku minni, að kjörorð núv. meiri hl. í borgarstjórn Reykjavíkur var „samningana í gildi". Meiri hl. borgarstjórnar Reykjavíkur gerði í júní s. l. samþykkt um að samningarnir skyldu ganga í gildi í áföngum, eins og kallað var. Það voru að vísu vanefndir á þessu loforði sem var fyrirvaralaust. En frá og með 1. jan. 1979, stóð í þessari samþykkt, skyldu samningarnir ganga fullkomlega í gildi. Og það er hægt að vitna t. d. í núverandi forseta borgarstjórnar, Sigurjón Pétursson, fulltrúa Alþb. í borgarstjórn Reykjavíkur, þar sem hann segir í viðtali við Þjóðviljann: „Að öðru leyti stendur ákvörðunin frá í sumar óbreytt og eftir áramót verður greitt kaup samkv. samningum með fullum verðbótum á öllum launum" — jafnvel ekki með vísitöluþaki á hann við.

Það er sem sagt ekkert vafamál, að það er heimilt borgarstjórn Reykjavíkur að standa við þessa samþykkt sína. Það gæti verið umtalsefni hvort heimilt er samkv. skoðun hæstv. forsrh. að virða ekki þakið, en að öðru leyti er ótvírætt að fullar verðbætur koma á öll laun samkv. samþykkt borgarstjórnar frá því í júní s. l., ef núv. meiri hl. borgarstjórnar, sem er myndaður af stuðningsflokkum núv. hæstv. ríkisstj., stendur við orð sín. Það þarf sérstaka samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur ef þeir ætla að ganga á bak orða sinna. Ég vildi láta þetta koma hér fram, vegna þess að athyglisvert er, að úrskurð í þessu máli, sem að vissu marki hefur verið umræðuefni í borgarráði Reykjavíkur og sitt sýnst hverjum e. t. v., — úrskurð í því máli hefur hæstv. forsrh. kveðið upp varðandi skilning á þessu frv.

Herra forseti. Ég skal fara að stytta mál mitt, en vildi láta það koma hér fram, að allir núv. stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj. hafa farið með mismunandi hætti í gegnum sjálfa sig við umr. um þetta frv. Það vekur athygli, að mestur tími umr. hefur farið í innbyrðis deilur þeirra sjálfra á milli, sem segir sína sögu. En að öðru leyti er það í stuttu máli að segja, að Alþb. og formælendur þess, sem hafa sagt að gengislækkun væri eingöngu til ills og engan veginn nauðsynlegt úrræði til lausnar efnahagsvanda, — Alþb. hefur staðið að 15% gengisfellingu í byrjun sept., nær 5% gengissigi síðan með leyfi hæstv. viðskrh. og stefnir nú með þessum efnahagsráðstöfunum, ef ekkert er að gert í framhaldi þeirra, í líklega 35-40% gengisfellingu eða gengissig á næsta ári. Þetta eru efndir Alþb. á því að koma í veg fyrir gengisfellingu. Efndir Alþb. og Alþfl. á því að koma samningunum í gildi eru að auka launakostnaðinn í landinu með tilstyrk Framsfl. í byrjun sept. um 6.5%, en skerða svo launauppbætur 1. des. um 8%. Skrefið er tekið til baka og meira en það. Það, sem átti að vera efndir loforðsins um „samningana í gildi," er að engu orðið og minna en það.

Alþfl., sem ætlaði að koma verðbólgunni niður með heildstæðum aðgerðum til langs tíma, hefur runnið á stóru orðunum sem að engu eru orðin. Hann stendur nú að aðgerðum, sem fela í sér 40-50% verðbólgu, án þess að hafa neina tryggingu fyrir öðrum aðgerðum í framhaldi sem stemmt geta stigu við verðbólgunni. Hann talar um að kaupgjald skuli ekki hækka á hverju vísitölutímabili um meira en 4%. En jafnvel með 5% kauphækkun á hverju vísitölutímabili á næsta ári mundi verðbólgan vera um 36% á milli ára og um 30% frá ársbyrjun til ársloka. Við mundum standa í sömu sporum og við hefðum staðið ef t. d. Alþfl. hefði staðið með okkur sjálfstæðismönnum í efnahagsráðstöfunum fyrr á þessu ári. En jafnvel við þetta góða fyrirheit er ekki staðið af hálfu Alþfl. Og jafnvel þótt um slíka þróun mála væri að ræða, þá sæjum við fram á það, að gengisbreyting eða gengissig væri um 20-25% þrátt fyrir það að reiknað væri með að útflutningsverð hækkaði um 6-7% á næsta ári.

Framsfl. hefur svo dansað sinn Óla-skans-dans, hækkað kaupið í byrjun september og segir nú ábyrgðarleysi ef sú kauphækkun er ekki tekin aftur og meira til í byrjun desember.

Það er ekki von að unnt sé að treysta þeirri ríkisstj., sem hefur slíkan stuðning og slíka formælendur og sýnir með aðgerðum sínum það andlit sem ég hef nú lýst, og er þó ekki eitt andlit, ekki tvö andlit, heldur þrjú andlit og jafnvel fleiri, vegna þess að menn eru ekki á eitt sáttir jafnvel innan hvers stuðningsflokka ríkisstj. um sig.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er nú verið að ræða hér afar mikilvægt mál og forseti hefur enga löngun til þess að grípa inn í ræðutíma manna. Eigi að síður háttar nú þannig hjá okkur í dag, að það væri mjög þakksamlega þegið ef þeir hv. þdm., sem enn eru á mælendaskrá, vildu stytta mál sitt svo að hægt væri að koma fyrir öllum tæknibúnaði til útvarps frá Alþingi sem verða á í kvöld.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er nú sjálfsagt að taka tillit til óska forseta í þessum efnum. En það hefði kannske verið skiljanlegt, ef hæstv. forseti hefði fyrr óskað eftir því, að menn styttu mál sitt og þá ekki síður stjórnarsinnar, sem hafa haldið uppi málþófi og þrefi um þetta afkvæmi sitt síðan það var lagt fram og kom til 1. umr.

Því miður gat ég ekki verið á fundi deildarinnar í gærkvöld, en mér var sagt að hæstv. forsrh., sem sýnir nú þd. ekki þá virðingu að vera viðstaddur þegar mál sem hann leggur fyrir er rætt, hafi þá beint ýmsum ummælum til mín. Ég man eftir mönnum úr hans flokki sem neituðu að ræða mál ef viðkomandi ráðh. var ekki viðstaddur, stóðu þá jafnvel 20-30 mínútur hér í ræðustól meðan var verið að kalla á viðkomandi ráðh. og það kannske út af smámálum. En hér er ekki um neitt smámál að ræða sem

þessi hæstv. forsrh. sér ekki sóma sinn að vera viðstaddur þegar er rætt.

Hann sagði í gærkvöld, að mér er sagt, að honum hafi fundist ég vera mjög ánægður í ræðustól og líka á eftir. Það er alveg rétt hjá honum, ég var ánægður, og ég er ánægður með að vera ekki bendlaður við frv. eins og þetta sem og aðrar aðgerðir þeirrar ríkisstj. sem nú situr. Hins vegar er ég ekki ánægður með það sem verið er að knýja fram og hve hart þjóðin er leikin af því ráðleysi sem núv. ríkisstj. hefur sett sér að stefnumiði að hafa í öllu og helst ekki að segja hug sinn í nokkru máli, en flytja aðeins úrræði sem eiga að duga nokkrar vikur í einu og kveða hálfkveðna vísu.

Táknrænt fyrir þessa ríkisstj. og þann meiri hl., sem mælir með samþykkt þessa frv. í fjh.- og viðskn., er nál. sjálft. Það er tæpar þrjár línur: „Meiri hl. fjh.- og viðskn. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í umr.“ Svo koma þessi indælu nöfn þarna undir. Þetta er allt nál. Þetta er allt sem fulltrúar þriggja flokka, stjórnarflokkanna, hafa að segja um þetta mál. Það er enginn rökstuðningur fyrir neinu, það eru engar skýringar gefnar, hvorki á einu né öðru. Ástæðan fyrir því er sú, að þeir fimm sálufélagar, sem skrifa undir þetta nál., koma sér ekki saman um neina skýringu, því að þar er hver höndin upp á móti annarri og hnakkrifist frá morgni til kvölds þegar þessir karlar hittast til að ræða það sem þeir hafa tekið að sér að gera, að stjórna landinu. Þetta er skýringin á þessu ómerkilega nál., sem þeir forvígismenn ríkisstjórnarflokkanna, Lúðvík Jósepsson og Vilmundur Gylfason, hafa komið sér saman um að hafa með þessum hætti. Ég er hræddur um að það hefði einhvern tíma sungið í 1. þm. Austurl. ef slíkur málatilbúnaður hefði verið viðhafður af öðrum flokkum. A. m. k. á meðan síðasta ríkisstj. sat að völdum stóð ekki á karli að hafa skoðun á hverju máli og tæta niður allt sem gert var, en nú þorir hann í hvoruga löppina að stíga.

Núv. ríkisstj. ætlar að auka enn niðurgreiðslur á vöruverði. Ég spurði um það í fyrradag, hvernig niðurgreiðslum á vöruverði yrði háttað nú 1. des. Forsrh., maðurinn sem segir, að það sé happadrýgst að taka stutt skref, sagði að það lægi ekkert fyrir um það enn þá. Nú er 29. nóv. í dag og vinnudegi er bráðum að ljúka, og það væri fróðlegt að fá að vita, fyrst forsrh. er ekki við, hvort guðfaðirinn geti eitthvað frætt þdm. um hvort þessar ákvarðanir liggi fyrir. Ég er ekki að spyrja ráðh. sem hafa bílstjórann í aftursætinu sem stýrir ferðinni, ræður gírnum og bensíngjöfinni, því að þeir vita sennilega lítið um það. Það er þá helst guðfaðirinn, sem getur einhverju svarað í þessum efnum, eða ráðsmaður hans, sem er nú fjarverandi.

Það væri líka fróðlegt að fá að vita hvernig á að framkvæma það fyrirheit sem er í fjárlagafrv. og var lengi kennt við fjmrh., sem hefur nú yfirgefið landið af eðlilegum ástæðum, hvernig á að framkvæma lækkun á niðurgreiðslum í byrjun næsta árs um hvorki meira né minna en 2800 millj. kr., eins og segir í aths. við fjárlagafrv. sem lagt var fram fyrstu dagana í nóv. Nú er lagt til að hækka niðurgreiðslurnar samkv. þessum skapnaði sem á að fara að ganga frá hér í þessari deild, en í fjárlagafrv. segir að strax eftir áramót eða snemma á árinu 1979 eigi að lækka niðurgreiðslurnar um 2800 millj. Það skilur enginn hvert á að fara og hvað á að gera.

Í aths. með frv., sem hér liggur fyrir, segir að ríkisstj. muni m. a. beita sér fyrir eftirgreindum aðgerðum, og síðan kemur: „Stefnt verði að því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að verðlags- og peningalaunahækkanir 1. mars 1979 verði ekki meiri en 5%.“ Á annað kauprán að fara fram þá og fá þakkarbréf frá formanni Verkamannasambandsins eða jafnvel fleirum fyrir það kauprán? Á samhliða því að hækka niðurgreiðslur um 2800 millj. kr.? Er til of mikils ætlast að ráðsmaðurinn svari þessu eða yfirmaður ríkisstj.? (Gripið fram í.) Nei, það er ekki búið að svara neinu af þessu, vegna þess að þið vitið ekki neitt hvert þið eruð að fara, hafið ekki hugmynd um það enn. Þess vegna þurfið þið að svara því, hvað á að gera og hvernig þið ætlið að hækka niðurgreiðslur núna í des., lækka þær aftur í byrjun næsta árs um 2800 millj., á sama tíma sem þið farið fram á kauprán 1. mars. Þetta er ekki skiljanlegt frekar en margt annað í efnahagsmálum Alþb. Það er sannleikur málsins, að þegar vinstri stjórn hefur verið við völd er leikinn skollaleikur með vísitöluna meira en nokkru sinni áður. Alltaf á dögum vinstri stjórnar er hann leikinn, og allir vita hver er höfuðreiknimeistarinn í þeim skollaleik, enda berst Alþb. gegn því að gera nokkrar breytingar á vísitölugrundvellinum, sem er þó höfuðmarkmið til að komast hjá þeim skollaleik sem verið er að leika. Og verkalýðsleiðtogar Alþb. taka sannarlega þátt í þessum skollaleik með vísitöluna. Þeirra aðalkeppikefli er að borga niður þær vörur sem eru í vísitölunni, en svo mun ríkisstj. aftur stuðla að því að stórhækka ýmsar aðrar vörur sem teljast til útgjalda hvers heimilis í landinu. Það skiptir ekki máli, um það er aldrei rætt. Kannske hafa forvígismenn verkalýðshreyfingarinnar úr röðum Alþb. ákveðið að verkalýðurinn eigi að hætta að þvo sér. Ekki bendir verðlag á hreinlætisvörum og öðru slíku til þess, að verkamenn finni ekki fyrir þeim ógnarhækkunum sem verða á öllum slíkum vörum. En á það er ekki minnst.

Einkavinur forsrh., sem talaði hér í gærkvöld, er nú horfinn sporlaust af þingi. Ég trúi því ekki að sá þm., sem hann var hér fyrir í veikindaforföllum, hafi verið svo harður að taka sæti á þingi hér í dag, að þessi ágæti forvígismaður verkalýðssamtakanna hafi ekki mátt veita aðstoð til síðustu stundar hér í d. að greiða þessum skapnaði atkv. En kannske hefur honum fundist skárra að vera heldur í dag á „alþingi götunnar“ en hér í alþingishúsinu, enda er hann hagvanari þar.

Þegar við lítum á fjárlagafrv., lítum á þá hálfkveðnu vísu sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá óskiljanlegu hluti marga sem hér er verið að tæpa á, þá er þó eitt víst, og það er að það vantar alveg tvímælalaust á annan tug milljarða í dæmið til þess að endar nái saman í fjárlagafrv. Þetta vita allir, og það hefði ekki verið til of mikils ætlast af ríkisstj. að láta liggja fyrir grg. um það, hvernig hún ætlaði, jafnhliða því að leggja þetta frv. fram, að afgreiða fjárlög hallalaust eins og a. m. k. einn flokkur í ríkisstj. hefur lýst yfir að hann hygðist gera, Framsfl. Ég held að Alþfl. hafi tekið undir það. Annars fer maður nú að hætta að muna hvað Alþfl. segir í dag og hvað hann segir á morgun, því að svo sveiflukenndur er málflutningur þess flokks, eins og greinilega kom fram í ræðu oddvita Alþfl. og nm. í fjh.- og viðskn. Hann byrjaði á því að lýsa andstöðu við frv. þetta og hellti úr skálum reiði sinnar yfir þá vondu menn, sem hann og flokkur hans væru í samvinnu við í ríkisstj., sem væru alltaf að kúga Alþfl. og plaga frá morgni til kvölds, og síðan endaði hann ræðuna á því að með tilliti til þess, sem

hann hefði áður sagt, mundi hann styðja þetta frv. Nú er líka svo komið, að kratar víðs vegar um land eru farnir að ganga með veggjum, sem eðlilegt er, því að þeir hafa sómatilfinningu þó að sumir aðrir hafi hana ekki.

Þegar við lítum yfir það sem gerst hefur á þessu ári og hvernig viðnámi gegn verðbólgu hefur verið tekið og þá sérstaklega af verkalýðsleiðtogum Alþb., sem hafa barið niður allar tilraunir til þess að ná verðbólgunni niður, hafa staðið fyrir skemmdarstarfsemi í þjóðfélaginu hvað eftir annað, skaðað þjóðarheildina með framferði sínu, þá verður ekki hægt að segja annað en að nú í nóvemberlok sé heldur farið að lækka risið á körlum, þegar þeir eru farnir að senda frá sér skriflegt þakkarávarp fyrir kauprán og þá sérstaklega af þeim sem lægst launin hafa. Þessu hlýtur að verða tekið með miklum þökkum af verkamönnum og öðrum almenningi í landinu. Ætli það væri ekki annað ástandið í dag í baráttunni við verðbólguna ef þessir menn og sá flokkur, sem þeir eru að þjóna, en ekki verkalýðshreyfingunni, hefðu tekið upp virka baráttu fyrir því að draga úr verðbólguvandanum og hraða verðbólgunnar? Þá væru ekki eins harðar og erfiðar ráðstafanir sem menn þyrftu að taka á sig.

Ég kom í ræðu minni hér í fyrrakvöld inn á ástand og horfur í aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, og ég lét þá í ljós áhyggjur mínar yfir því, hvernig eigi að ná öllu þessu fjármagni af atvinnurekstrinum til að halda áfram á þessari sömu braut. Ég held að stuttu skrefin, sem forsrh. telur að sé mjög mikilvægt að taka, muni ekki endast til þess að hafa neitt við dýrtíðinni. Ég held að það þurfi að taka myndarlegri skref en hann lýsti þegar hann fylgdi þessu frv. úr hlaði. En þetta er mál ríkisstj. Hvort sem stuðningsflokkum hennar þykir ljúft eða leitt að fylgja þessu máli, þá er þetta sú leið sem ríkisstj. hefur valið. Það er þessi leið, sem hún hefur valið, og verður ekki til þess að draga úr verðbólgunni, en stefnir hiklaust á þá braut, að samdráttur verður í atvinnurekstri í landinu stórlega og það sem ég óttast mest, að atvinnuleysi fari vaxandi þegar líður á veturinn.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Í ræðu minni í fyrrakvöld gerði ég grein fyrir þeim mun, sem væri á viðskiptum þessarar stjórnar við verkalýðshreyfinguna og þeim úrræðum, sem hún hygðist beita, og viðskiptum fyrrv. ríkisstj. Þetta hefur orðið til þess, að hv. 4. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, hefur lagt á það mikla áherslu í langri ræðu nú við 3. umr. málsins að ríkisstj. hans hafi nú aldeilis haft samráð við verkalýðshreyfinguna á valdatíma sínum. Ég ætla með þessum orðum einvörðungu að svara þessum atriðum, en ekki öðru í ræðum stjórnarandstæðinga, sem hér hafa nú talað á þriðja klukkutíma, tel nauðsynlegt að fram komi nokkur andsvör við því sem var haldið fram af hv. þm. Geir Hallgrímssyni.

Hann dró upp nokkur atriði, t. d. að um láglaunabæturnar 1974 hefði verið haft samráð. Það er rétt, að rætt var við fulltrúa verkalýðsfélaganna þá um þau mál. Það var þó fjarri því, að við værum að samþykkja það sem þá var gert. Hins vegar var verið að bæta lítillega um þau mál eins og þá var komið. Ég held að út af fyrir sig hafi þessar viðræður haft áhrif á aðgerðir ríkisstj. — þær hefðu orðið lakari, ef við hefðum ekki komið þar nálægt. En nógu slæmt var það nú samt.

Þá ræddi hann um samningana árin 1975 og 1976 og sagði að margs konar samráð hefðu þá verið höfð, á árunum 1975 og 1976 hefðu náðst hóflegir samningar, eins og hann svo hóflega orðaði það. Það liggur fyrir, að á þessum árum tókst að koma kaupmætti launanna, hinna almennu launa, niður um 25-30% með stöðugum verðhækkunum og banni við verðtryggingu launa. Þetta var árangurinn. Síðan gerum við samningana 1977 og þegar búið er að keyra kaupmáttinn svona niður, sem áreiðanlega var mjög rangt, líka horft frá sjónarmiði ríkisstj., þá var, eins og hér var lesið upp af hv. þm., boðið af ríkisstj. að kauphækkun á árabilinu 1977 -1978 mætti verða 6-7%. Þessa miklu skerðingu átti sem sagt að bæta upp með 6-7%. Það var hið mikla kostaboð. Auðvitað gat verkalýðshreyfingin ekki gengið að því. Hún samdi um álitlega kauphækkun í krónutölu og prósentum. Þó tókst ekki að vinna upp skerðinguna. — En ég get vel játað að út af fyrir sig er slæmt að þurfa að taka svona stór stökk í kaupgjaldsmálum. Að mínu viti og reynslu held ég einmitt að þessi stóru stökk séu eitt það versta sem við búum við. En slík hafa ávallt verið andsvör af hálfu verkalýðshreyfingarinnar við því, hvernig farið var með kaupmáttinn áður.

Þá gat hv. þm. um nokkur atriði sem fylgt hefðu samningunum 1977 og líka árið 1976. Þá var tekjuskatturinn m. a. lækkaður. Hv. þm. Lárus Jónsson þarf ekkert að undrast að slíkt sé gert. Verkalýðshreyfingin metur skattalækkun, enda þótt skattar fari ekki inn í vísitöluna. Slíkt höfum við metið áður. Skattar voru þá lækkaðir. Ég man nú ekki nákvæmlega hvað það var metið í milljörðum, en svo mikið man ég, að hækkun sjúkragjaldsins gerði meira en að kaffæra þá lækkun sem varð á tekjusköttunum.

Hv. þm. minntist á húsnæðismálin. Já, enn einu sinni gaf þessi ríkisstj. yfirlýsingu um húsnæðismál, sem fyrst var gefin 1974, í samningunum þá, af þáv. stjórn. Við höfðum frá 1974 fjármagnað þessi mál sérstaklega með framlögum úr lífeyrissjóðunum, kaupum á verðbréfum, og gerum það enn. En hvar eru þessi mál stödd, hvar voru þau stödd þegar þessi hv. þm. lét af embætti forsrh.? Ég ætla ekki að tefja tímann með löngu máli, en það voru engar framkvæmdir, engar efndir.

Hann nefndi lífeyrismálin. Það er rétt, að það voru mikil umskipti í lífeyrismálum á þessum tíma. Var það fyrir tilstuðlan ríkisstj.? Ónei, svo var ekki. Það voru samningsaðilarnir í vinnudeilunum, sem tóku þessi mál að sér, og það eru lífeyrissjóðirnir, sem fjármagna þær úrbætur sem orðið hafa. Það eina, sem gert var með lögunum, var að hækka frítekjumark almannatrygginganna þannig að þessar verðbætur lífeyrissjóðanna gætu komið að gagni.

Þá gat hv. þm. um það, að þegar febrúarlögin voru sett hefði verið haft samráð við verkalýðshreyfinguna. Jú, það er kannske mörgum enn í minni hvernig þau samráð voru, þegar þáv. forsrh. boðaði forseta Alþýðusambands Íslands til sín einvörðungu til þess að sýna honum orðinn hlut, og það muna kannske ýmsir hver urðu viðbrögð forseta Alþýðusambandsins þá, Björns Jónssonar — hann gekk á dyr.

Þá gerði hv. þm. ýmsar tilraunir til þess að sannfæra menn um að febrúar- og maílögin hefðu verið ákaflega mildar ráðstafanir gagnvart launafólki, það væri eitthvað annað en þessi 8% frádráttur sem nú ætti að ná fram. Ég sagði, í fyrrakvöld, að það væri ekki sæmandi þessum hv. þm., eins og málin liggja nú fyrir, að tala um 8% kauprán. En ef hann vill halda því áfram, þá hann um það. Ég

held að dómur fólksins, sem fram kom í vetur, í vor og í sumar um aðgerðir fyrrv. ríkisstj. með kaupránslögunum, sé sá ótvíræðasti, sem þessi hv. þm. getur litið á sem einmitt dóm um það sem hann er að reyna að fegra hér. Viðbrögð fólksins í vinnudeilunum í vetur og vor og ekki síður kosningaúrslitin sanna að allir launþegar í landinu litu allt öðrum augum á þessar lagasetningar en hv. 4. þm. Reykv. gerir. Og það þýðir ekkert fyrir hann eða aðra úr þeim hópi að reyna að hvítþvo sig núna af þeim gerðum. Þar er dómur sögunnar fyrir hendi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Nokkrir af þm. Sjálfstfl., þ. á m. hv. þm. Sverrir Hermannsson og Matthías Bjarnason, hafa enn gert það að umtalsefni að við þm. Alþfl., sem ætlum að hjálpa til með að gera þetta frv. að lögum, séum sjálfum okkur ósamkvæmir. Það hefur margoft verið útskýrt með hvaða rökum þetta er gert. Stundum er engu líkara en skilningarvitin á þessum mönnum séu öðruvísi en á venjulegu fólki. Þeim hefur verið sagt, að valkostirnir séu tveir: Annar er að styðja þetta frv. og þá fara ekki nema 6% út í kaupgjaldið og það strax í verðlagið. Hinn möguleikinn er sá, að 14% færu út með sama hætti. Þeim möguleika hafa talsmenn Sjálfstfl. sjálfir lýst þannig, og það réttilega, að efnahagslífið mundi verða gersamlega óbærilegt og óstjórnanlegt hér á næsta ári ef af yrði.

Það hefur alltaf verið sagt af okkar hálfu, að af tveimur vondum valkostum er sá skárri valinn. Gagnrýni okkar á þetta frv. og allan málatilbúnaðinn í kringum það byggist á allt öðrum forsendum. Hún byggist á þeim forsendum, að þrátt fyrir það, sem við höfum lagt til og lagt á áherslu, er hér ekki um að ræða heildstæða áætlun sem taki til langs tíma, heldur er hér um að ræða skammtímaráðstafanir sem ná til þriggja mánaða og bjóða sennilega heim enn verri efnahagslegum sprengingum og enn meiri átökum að þremur mánuðum liðnum. Gagnrýni okkar byggist á þessu. Það er að vísu margbúið að reyna að koma þessu til skila úr þessum ræðustól, en það er eins og skilningarvitin á mörgum talsmönnum Sjálfstfl., — þar undanskil ég þó hv. 4. þm. Reykv. því að hann hefur fjallað af meiri hófsemi um þessa hluti, — en það er eins og á mörgum af hans mönnum hafi skilningarvitin gersamlega frosið saman.

Það er alveg ljóst, af hverju við gerum þetta, og ég segi fyrir mig, að hvert einasta orð í gagnrýni minni, ekki aðeins á þetta frv., heldur á allan málatilbúnaðinn í kringum það, stendur. En þegar við stöndum frammi fyrir því ð þurfa að taka ákvörðun, þá erum við ábyrgir: Þetta er þó það skárra, möguleikar eru á að hægt verði að halda áfram efnahagsstjórn út frá þessu frv., — þeir möguleikar eru reifaðir í grg. með því sem vissulega hefur ekki lagagildi, — að öðrum kosti yrði efnahagslífið hér rjúkandi rúst á næsta ári. Auðvitað erum við að taka þátt í því, eins og hér hefur verið margsagt, að reyna að flétta Alþb. út úr loforðaglamrinu fyrir síðustu kosningar. Við drögum enga dul á það, að svona er þetta. Því hefur verið rækilega lýst. Þetta eru hreinskilnislegar umr. sem mér sýnist að talsmenn Sjálfstfl. kunni ekki almennilega skil á. Svona er þetta — og samt sem áður nunum við hjálpa til að gera þetta frv. að lögum.

Sverrir Hermannsson ræddi um stöðu Alþfl. í þessum málum og af hverju hann leitaði ekki á önnur mið með úrræði sín. Það er satt, að það er vont að stjórna með Lúðvík, enn sem komið er a. m. k., en mér sýnist nú satt að segja að valkostirnir séu ekki öllu meiri hinum megin. Ég lýsti því í gær, að hægt væri að berjast gegn verðbólgu á fleiri sviðum en nákvæmlega þeim sem hér eru til umr. Á einu sviði eru vaxtamálin. Í þessari d. liggur frammi frv. stutt af öllum — ég undirstrika: öllum þm. Alþfl. því hefur verið lýst með hverjum hætti sú áætlun á að vinna bug á öðrum þáttum verðbólgunnar. Það kom hins vegar í ljóst í ræðu Sverris Hermannssonar, að hann er ekki stuðningsmaður þess frv. Hann er stuðningsmaður hugmynda Lúðvíks Jósepssonar. Hann vill raunvexti. Hann vill gera það með því að koma verðbólgunni verulega niður. Og hann vill auðvitað halda áfram að sitja uppi í Framkvæmdastofnun og lána með sem allra neikvæðustum vöxtum til að styrkja atvinnulífið í landinu, en skekkja allt efnahagslífið. Nákvæmlega þessi rök hefur Lúðvík Jósepsson flutt hér. Auðvitað segist Lúðvík vera raunvaxtamaður, en hann segir: Ég ætla að koma verðbólgunni niður og þá komi raunvextir. — Samt talar hann um 50-60% vexti hér á næstu 2-3 árum. Ég veit vel að Sverrir Hermannsson, sem gerþekkir útgerðina í landinu, og aðrir slíkir sjálfstæðismenn eru talsmenn neikvæðra vaxta, mér er fullkunnugt um það, hversu mjög sem það gengur á alla heilbrigða efnahagsstefnu. En þarna sýnist mér málið einfaldlega vera það, að það er ekkert lið í íhaldinu, íhaldið er liðónýtt, hvað svo sem Geir Hallgrímsson hefur sagt hér skynsamlegt, hvað svo sem í leiðurum Morgunblaðsins hefur staðið um þessi mál, sem hefur verið skynsamlegt, það er engin stjórn á þingflokki Sjálfstfl. í þessum efnum. Og ég vil segja það til varnar 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni, að það er ekki honum að kenna að þetta frv. hefur nú tafist allnokkuð í fjh.- og viðskn. Við vorum sammála um að koma þessu frv. sem allra fyrst frá. Það voru talsmenn Sjálfstfl. sem báðu um umsagnir um staðreyndir sem allir þekkja. Hér þurfti að taka pólitíska ákvörðun, og þá strandaði ekki á Lúðvík Jósepssyni, það strandaði á öðrum mönnum. Afstaða Sjálfstfl. í þessum vaxtamálum er ný og óljós. Ég efast um að þeir dugi til þess að gera raunvexti hér að veruleika, vegna þess að hagsmunir a. m. k. stórs hluta sjálfstæðismanna eru allt, allt aðrir. Ég efast um að þeir dugi. Og ef þeir duga ekki þarna, hvar duga þeir þá?

Þessir menn hafa notað hér upphrópanir um Alþfl. vegna þess að hann þrátt fyrir allt stendur að ráðstöfunum sem af tveimur slæmum kostum eru sá skárri sem í boði er. Mér sýnist satt að segja að það, sem að baki þessum málflutningi stendur, sé heldur innantómt. Mér sýnist þingflokkur Sjálfstfl. vera svo margbrotinn í allri sinni afstöðu, eins og dæmið um vextina sannar mála best, að á þennan þingflokk sé lítt eða ekki að treysta.

Vitaskuld er það svo, að mikill hluti þeirra umr., sem hér hafa farið fram, hefur farið í innantómt pex um það, hvor hafi framið meira kauprán, íhaldið í febr. eða Alþb. nú. Auðvitað er það satt, að þetta er innantómt pex. Vandi okkar er sá, og það skal endurtekið hér enn og aftur, að þessi ríkisstj. er fangi kosningaglamuryrða Alþb. s. l. vor. Það er kannske núna verið að reyna að flétta sig út úr þessum yfirlýsingum, það er verið að reyna að flétta sig út úr þeim og láta svo heita sem nú séu samningarnir enn í gildi, sem samkv. þeirri skilgreiningu, sem notuð var fyrir kosningar, er auðvitað alls ekki. Þessu hefur verið lýst hér nákvæmlega, það hefur ekkert verið dregið undan, og við höfðum flutt mál okkar af hreinskilni. Við höfum lýst því engu að síður, hvers

vegna við munum styðja þetta frv., þó að það hafi gengið illa að koma því inn fyrir skilningarvitin á hv. þm. Sjálfstfl. Þetta er fullkomlega ábyrg afstaða. Í þessum efnum erum við með vandræðabarn í aftursætinu, ef svo má að orði komast. Auðvitað gerir þetta enn um sinn heilbrigðri efnahagsstefnu erfitt fyrir. Það má þó vera að þeir vitkist. En þetta skulum við segja og þetta skulum við segja hreinskilnislega. Okkar afstaða er samt skýr, og þessu frv. munum við hjálpa til að verða að lögum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Eftir að hv. 7. þm. Reykv. hefur lýst því yfir, að frv. það, sem hér er til afgreiðslu, sé stórpólitískt glapræði, muni leiða okkur áfram út í enn frekari ógöngur og við séum að lögfesta 40-50% verðbólgu með þeim hætti, þá verður hann að hafa mig afsakaðan þó að ég undrist ofurlítið að hann skuli eftir sem áður ætla að greiða þessu frv. atkv., vegna þess að hann getur ekki sýnt mér fram á það, að þetta yrði ekki að lögum þótt hann fengi til þess leyfi að sitja hjá við afgreiðsluna og allir þeir af hv. Alþfl.-mönnum sem hafa tekið til máls um það efni. Þannig er nú þetta.

En kannske er þetta vegna þess að ég er ekki eins samviskuliðugur og hv. þm. virðist vera. Hann dæmir Sjálfstfl. af fyrir eitt atriði sem hann þykist festa hendur á, raunvexti. Á þetta hefur ekkert reynt. Ég býst við því, að Sjálfstfl. hafi verið sá flokkur undanfarin 4 ár, sem hafi barist einarðlega fyrir framgangi slíkrar stefnu. En það er þýðingarlaust að ganga beint framan að mér og spyrja: Hvernig ætlar þú að greiða atkv. frv. sem ég hef flutt um þetta efni? — án þess að gera mér grein fyrir því, hvernig það sé framkvæmanlegt. Ég held að raunvaxtastefnan sé ekki framkvæmanleg nema okkur takist að lækka verðbólguna verulega. Ég er þessarar skoðunar og byggi hana á kunnugleikum mínum af íslensku efnahagslífi.

Ég nenni ekki og hirði ekki að svara fullyrðingum um að ég hafi ráðið neikvæðum vöxtum hjá Framkvæmdastofnun ríkisins og Byggðasjóði. Það getur hv. þm. Vilmundur Gylfason leitað sér upplýsinga um hjá formanni Alþfl., hæstv. utanrrh. sem hefur setið allan tímann í aðalstjórn Framkvæmdastofnunarinnar og getur borið vitni um hvernig tillögur „kommissaranna" hafa gengið fram, sem þeir hafa flutt æ ofan í æ um að hækka vexti til þess að varðveita betur ráðstöfunarfé Byggðasjóðs. Ég nenni ekki að elta ólar við þessar fullyrðingar hans.

En hvar sem borið er niður í málflutningi, þá kemur í ljós að hv. 7. þm. Reykv. og hv. 11. landsk. þm. t. a. m. hafa ekkert séð við þetta frv. annað en það mundi leiða okkur í enn meiri ógöngur en orðið er, — ekkert annað hafa þeir séð. Og hvernig þeir hafa vikið sér að guðföður ríkisstj., hv. 1. þm. Austurl., er með ólíkindum. Þá greinir gersamlega á um öll meginatriði í stjórnarstefnunni. Það liggur alveg ljóst fyrir af málflutningnum. Þó var það sérkennilegt við ræðu hv. 1. þm. Austurl. í gær, að hann vildi fá svör við því hjá Alþfl., í hverju þá greindi á, og bað nú alla krata að koma til og sýna sér það. Það væri þá ekki nema kannske í einhverjum upphrópunum um heildstæða stefnu í efnahagsmálum, sem hann sagði að þeir gætu ekki einu sinni gert grein fyrir, hvað þá meir.

Þegar ég hugsa til hlutverks hv. 1. þm. Austurl. í ríkisstj. 1971-1974 og eins hlutverks hans í þessari ríkisstj., þá dettur mér ævinlega í hug mölur í fataskáp. Það er vegna þess að ég fæ ekki betur séð en viðbrögð hans við ýmsu af því, sem loforð hafa verið gefin um á fundum með hv. kjósendum fyrir kosningar og í stjórnarmyndunum, — þau klæði, sem hæstv. ríkisstj. kastar á sig hverju sinni, komi hann til með að éta upp með afstöðu sinni til ýmissa mikilsverðustu málaflokkanna. Þetta ætla hv. Alþfl.-menn að láta sér lynda.

Ég skil fullvel málflutning hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Ég skil hann fullvel, ef hann gæti fært mér heim sönnur um að atkv. hans sé alveg nauðsynlegt til þess að koma þessum lögum fram. Það getur hann að vísu ekki, og fyrst svo er ekki, þá er það í meira lagi sveigjanleg samviska sem rekur hann til þess arna.

En það, sem við erum í raun og veru fullvissaðir um í allri þessari málafærslu, er það, að Alþfl. hefur ekki ráðið nokkrum sköpuðum hrærandi hlut um stjórnarstefnuna fram til þessa dags, — alls engu. Það verður ekki lesið annað út úr orðum þeirra Alþfl.-manna. Það kemur í ljós, að ekkert af höfuðstefnuskráratriðum þeirra hefur náð fram að ganga. Þetta er höfuðatriði málsins.

Auðvitað læt ég mér í léttu rúmi liggja með hvaða hætti hv. þm. Vilmundur Gylfason stendur að lokaafgreiðslu þessa máls, þótt það sé með algerum ólíkindum. Og ég minnist þess ekki að hafa staðið neinn þm. að því í jafngallharðri andstöðu við mál að fylgja samt því að það verði að lögum. En höfuðatriðið er sem sagt þetta, að engir höfuðþættir í stefnu Alþfl. hafa náð fram að ganga í þessu stjórnarsamstarfi. (Gripið fram í.) Enda þótt svo sé er ekki að sjá neitt fararsnið á þessum hv. þm. þótt þeir séu, eins og þeir lýsa sjálfir, svínbeygðir með þessum hætti.

Varðandi utanríkismálin, eins og hv. þm. skaut hér fram í, þá er svo sem ekkert sérstakt af þeim að segja annað en það, að það er sú stefna sem Sjálfstfl. barði með illu inn í Alþfl. á sínum tíma og Alþfl-menn hafa ekki getað losað sig við síðan. Og þó að ég vilji að vísu ekki vitna til fjarstaddra manna, þá hygg ég að þá barsmíð ætti hv. 7. þm. Reykv. að þekkja alveg sérstaklega af innanhússástæðum, vil ég nefna það, án þess að fara frekar út í þá sálma, þannig að við sjálfstæðismenn eigum allar þakkir skildar fyrir skynsamlega stefnu Alþfl. í utanríkismálum í bráð og lengd. Þannig er nú þetta, svo að það er engin ástæða fyrir mig að lengja orðræður mínar hér þess vegna.

Herra forseti. Ég fellst á það að vera stuttorður. En ég vík því til hæstv. forseta að biðja hann að gá að því hjá sér og sínu liði, hvort það vilji ekki góðfúslega fallast á að hraðað verði málsmeðferðinni svo að ljúka megi málinu í tæka tíð, en gefa ekki stöðugt upp boltann sem stjórnarandstöðumenn sjá sig til knúna að grípa við.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég tek undir tal hv. síðasta ræðumanns um þetta boltaspil.

Ástæðan fyrir því að ég stend hér upp aftur í þessu máli er einfaldlega sú vorkunnsemi sem vaknar í brjósti mínu þegar ég sé hvernig Alþfl.-menn berjast um í þeim böndum sem þeir virðast hafa verið hnýttir í. Hv. 7. þm. Reykv. talar um það í hvert skipti sem hann kemur upp í ræðustól, hvað valkostirnir séu vondir, þegar hann þurfti að gera upp hug sinn um hvorn eigi að velja: annars vegar að 14% verðbólgustig rúm fari út í verðlagið og hins vegar þetta bölvaða frv. sem hann þarf að samþykkja og er búinn að lýsa stuðningi sínum við.

En það barst í tal út frá þeim umr., sem innan ríkisstj. áttu sér stað og innan stjórnarflokkanna, að Alþfl. hefði

haft ákveðnar hugmyndir um aðrar lausnir, sem er þá þriðji valkosturinn. Þær lausnir, eftir því sem ég best veit, voru að setja þak á laun, setja þak á vísitölu, gera ráðstafanir til langs tíma og kannske eitthvað fleira. Ég vil ítreka það úr þessum ræðustól, að ég skora á Alþfl. að leggja fram þennan þriðja valkost og hugmyndir sínar í frv.-formi og láta reyna á það, hvort það er meirihlutastuðningur við þær hugmyndir, sem þeir kæmu þá fram með á hv. Alþ., og vita hvort það er ekki hægt að leysa þá undan þessum kvöðum að velja á milli tveggja svona slæmra úrræða. Mér er spurn og væri gott að fá svar við þeirri spurningu: Hvað neyðir Alþfl.-menn til að hlýða þessu kalli og samþykkja aðgerðir sem þeir sjálfir eru sannfærðir um að koma illa niður á þjóðinni? Ég verð að taka undir það með hv. 1. þm. Vestf., að það er engin furða þó að trúir og tryggir Alþfl.-menn séu farnir að læðast með veggjum. Það kemur engum á óvart, ef þessu heldur áfram.

Hv. 7. þm. Reykv. talar um kosningaglamur Alþb. Guð almáttugur, hann mætti líta sér nær, varðandi vandræðabarnið í aftursætinu. Þvílíkar umr. á stjórnarheimilinu! En það er þeirra mál. En ég ætla að biðja ykkur, stjórnarþingmenn góðir: Í guðanna bænum hættið að rífast. Ég skal segja ykkur, af hverju ég fer fram á það í einlægni, og beini þeirri ósk minni ekki síður til ráðh. eftir þær umr. sem hér fóru fram — að vísu í fjarveru hæstv. forsrh. — á milli ráðh. utan dagskrár. Ég geri það einfaldlega vegna þess, að ég held að það sé slæmt fyrir Sjálfstfl. ef þið talið ykkur upp í stjórnarslit áður en þjóðin gerir sér ljóst að vinstri flokkarnir geta ekki stjórnað landinu og að eina úrræðið er að Sjálfstfl. nái hreinu meirihlutafylgi í næstu kosningum, sem hljóta að vera skammt undan ef þessu rifrildi milli stjórnarliða er haldið áfram miklu lengur. Meira ætla ég ekki að segja. En ég ætla að ítreka, ef það hefur farið fram hjá einhverjum: Hættið að rífast og sitjið svolítið lengur við stjórnartaumana.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að gera nokkrar, en stuttar aths. við ræðu hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar.

Hann talaði um 25-30% rýrnun kaupmáttar á árunum 1975-1976. Ég rakti það, að kaupmátturinn féll úr 100 lengst niður í 81, — 19 er innan við fjórða hluta — af 81 og á þessu tímabili varð rýrnun viðskiptakjaranna 25-30%. Þar að auki var búið að spenna bogann of hátt áður. En málin voru á réttri leið og kaupmátturinn var á uppleið. Það var kaupmáttur kauptaxta sem þm. vitnaði í. Kaupmáttur ráðstöfunartekna féll aldrei nema um 10% á þessu tímabili, þrátt fyrir rýrnun viðskiptakjara um 25-30%, og hann var orðinn hærri en hann hefur nokkru sinni verið áður en fráfarandi ríkisstj. lét af störfum.

Hv. þm. nefndi ýmis þau mál er fráfarandi ríkisstj. beitti sér fyrir, eins og húsnæðismál, skattamál og lífeyrismál. Í húsnæðismálunum státar núv. ríkisstj. af árangri starfa nefndar, sem skipuð var í tíð fráfarandi ríkisstj., og hyggst reyna að koma einhverju af þeim tillögum í framkvæmd. Varðandi skattamál er eins og svart og hvítt þegar borin er saman núv. ríkisstj. og athafnir hennar í skattamálum og fráfarandi ríkisstj. Þegar borin eru saman lífeyrismál, þá eiga sér stað tímamót í lífeyrismálum landsmanna í tíð fráfarandi ríkisstj. þegar upp er hafin sókn til að tryggja öllum landsmönnum verðtryggðan lífeyri. Það er hægt að nefna mýmörg dæmi um það, hversu hagur ellilífeyrisþega, utan opinberra starfsmanna sem hafa verðtryggðan lífeyri, var bættur í tíð fráfarandi ríkisstj. Elli- og örorkulífeyrir að viðbætri tekjutryggingu hækkaði á stjórnartímabili fyrri stjórnar um 345.3%, en tekjutryggingarmark með heimilisuppbót hækkaði um 423%, 345-424% á sama tíma og kauptaxtar verkamanna og allra launþega hækkuðu um 250-260%. Þetta sýnir hvaða átak var gert í tíð fráfarandi stjórnar í lífeyrismálum. Þetta segir hv. þm. að launþegar meti ekki nema óverulega. Hins vegar er verið að segja og gera mikið úr því, að núv. ríkisstj. lofi félagslegum umbótum sem launþegar meti sem svarar 3% í kaupi. En um leið og þetta stendur skrifað í 3. gr. frv. þess sem nú er til umr., þá segir hæstv. forsrh. orðrétt, og ég tek undir orð hans:

„Það er vissulega svo, og ég hef ekki dregið dul á það í viðtölum mínum við forvígismenn stéttasamtakanna, að það er ekki hægt að gera sumar af þeim félagslegu umbótum, sem þarna er talað um, eins og hendi sé veifað. Það hlýtur að taka nokkurn tíma að koma þeim sumum í kring, og það eru ekki neinar gyllingar og engar blekkingar hafðar í frammi af minni hálfu í því sambandi."

Ég get fyllilega tekið undir orð hæstv. forsrh. varðandi efni 3. gr. frv. nú. Þetta hefur líka verið umsögn mín í samskiptum við fulltrúa stéttarfélaganna áður. En mér er spurn: Hvernig stendur á því í lagasmíð sem þessari, þegar allir ræðumenn, allir formælendur stjórnarsinna hafa sagt berum orðum að ekki væri hægt að meta félagslegar umbætur til ákveðinnar kauphækkunar, sé það samt gert? Hvernig stendur þá á slíkri lagasmíð að segja að þær séu metnar til kjarabóta sem nemi 3% af verðbótavísitölu? Þetta er óheiðarlegt. Hér er bersýnilega verið að draga dul á að um kauplækkun er að ræða. Það á að segja heldur, eins og hingað til hefur verið sagt, að ríkisstj. muni beita sér fyrir ákveðnum aðgerðum og umbótum. Menn verða að meta slíkar ráðstafanir eftir atvikum, en það breytir ekki eðli þessa frv. sem felur í sér kauplækkun.

Hv. þm. nefndi, að forseti Alþýðusambands Íslands, Björn Jónsson, hefði gengið af fundi okkar hæstv. núv. forsrh. í febr. s. l. í mótmælaskyni, vegna þess að í frv.-drögum ríkisstj. var ákvæði um að óbeinir skattar skyldu teknir út úr vísitölunni. Það er alveg rétt, að það var þá mjög mikill skoðanamunur á milli okkar hæstv. núv. forsrh. annars vegar og fulltrúa ASÍ og BSRB hins vegar. En við tókum tillit til aths. forvígismanna launþegasamtakanna og ákváðum að láta þetta ákvæði ekki taka gildi fyrr en 1. jan. n. k. Sem betur fer hafa þessir forvígismenn, ég skal ekki nákvæmlega tilgreina hvort Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, hafi skipt um skoðun, en aðrir forvígismenn þessara launþegasamtaka hafa skipt um skoðun. Þeir hafa a. m. k. viljað ræða þessi mál, og það er búið að setja annað tímamark, mig minnir að það sé 15. febr., um niðurstöður varðandi endurskoðun vísitölunnar.

Þá nefndi hv. þm. að ég hefði talað um 8% kauprán. Ég minnist nú ekki að hafa notað orðið „kauprán" frá eigin brjósti. En hafi ég notað það eða að svo miklu leyti sem stjórnarandstæðingar nota orðið „kauprán" varðandi þessi 8%, sem kaup á að vera lægra en kaupgjaldsvísitalan segir til um, þá er það „kauprán" innan gæsalappa, vegna þess að það er notað nákvæmlega sama orð og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson notaði um febrúarlögin og

mailögin og þáv. stjórnarandstæðingar notuðu, vegna þess að hér er út af fyrir sig enginn eðlismunur á. Hér er það sama á ferðinni. Ég hef alltaf haldið þessu fram, að við stöndum frammi fyrir sama vanda nú og þá, en meiri vanda nú vegna þess að núv. hæstv. ríkisstj. hefur aukið á vandann með brbl. í sept. og fyrrv. stjórnarandstæðingar hafa aukið á vandann með kosningaloforðaglamri, eins og hv. 7. þm. Reykv. hefur greint frá í ræðum sínum.

Vissulega hlaut ríkisstj. dóm sinn í kosningunum á s. l. vori og sumri, og ég er í engum vafa um að efnahagsráðstafanirnar í febr. og maí, m. a. ákvæðin varðandi kaup manna og kaupgjaldsvísitölu, hafa ráðið þar töluverðu um og kosningaloforðaglamur stjórnarandstæðinga. En ég er ekki hræddur við dóm kjósenda næst þegar gengið verður til kosninga. Sem betur fer göngum við alþm., stjórnmálamenn og frambjóðendur, fyrir dóm kjósenda með reglulegu millibili, og ég er ekkert smeykur að ganga fyrir dóm kjósenda næst þegar kosið verður, vegna þess að fyrrv. stjórnarandstæðingar, núv. stjórnarsinnar, hafa sannað réttmæti skoðana okkar sjálfstæðismanna. Þeir hafa sannað nauðsyn aðgerða okkar sjálfstæðismanna og kjósendur munu hafa tekið eftir því, að það, sem við sögðum fyrir kosningar, reyndist rétt. Við erum samkvæmir sjálfum okkur fyrir og eftir kosningar, en fyrrv. stjórnarandstæðingar jafnt og framsóknarmenn hafa snúist eftir því hvort þeir voru í stjórn eða stjórnarandstöðu, eftir því hvort ganga átti að kjörborðinu eða búið var að kjósa.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KÓ, LJós, MHM, PP, JBH, SV, StH SvJ, SvG, VG, ÞS, ÁG, EðS, EG, FTS, GSig, GilsG, HES, JóhS, SkA, IG.

nei: JÞ.

MB, SteinG, SvH, AG, EH, FÞ, FrS, GH, GTh greiddu ekki atkv.

9 þm. (LárJ, MÁM, PJ, HÁ, BGr, EÁ, EBS, GSt, HG) fjarstaddir

Frv. afgr. til Ed.

Efri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 29. nóv., kl. 8 síðdegis.

Ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, frv. (þskj. 107). — 1. umr. (útvarpsumr.).

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Umr. fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða 30 mínútur, er skiptast í tvær umferðir, 15-20 mín. í þeirri fyrri og 10-15 í þeirri síðari. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Framsfl., Sjálfstfl., Alþb. og Alþfl. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Framsfl. í fyrri umferð Ólafur Jóhannesson forsrh. og í síðari umferð Steingrímur Hermannsson dómsmrh. Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Þorv. Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestf., og í síðari umferð Eyjólfur K. Jónsson, 5. þm. Norðurl. v. Fyrir Alþb. í fyrri umferð Ragnar Arnalds menntmrh. og Ólafur Ragnar Grímsson, 3. landsk. þm., í síðari umferð. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð Kjartan Jóhannsson sjútvrh. og Bragi Níelsson, 8. landsk. þm., en í síðari umferð Karl Steinar Guðnason, 5. þm. Reykn.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls hæstv. forsrh., Ólafur Jóhannesson.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur þegar verið samþ. án breytinga í hv. Nd. Það fjallar um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Þessar ráðstafanir miða fyrst og fremst að því að hamla gegn þeirri verðbólguskriðu, sem fylgt hefði ef 14% launahækkun hefði verið hleypt út í hagkerfið 1. des. n. k., og þeim atvinnuvanda, sem af henni hefði leitt. Þó verðbótavísitalan hefði verið greidd niður um 2½%, sem ákveðið var í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna, hefði afleiðingin allt að einu orðið sú hin sama: óviðráðanleg verðbólguholskefla. Afleiðingarnar hefðu fljótt birst í rekstrarstöðvun, atvinnuleysi og gengisfellingu innan tíðar, með þeim alkunnu fylgifiskum sem henni fylgja.

Markmið þessa frv. er að afstýra þeim verðbólguvoða sem skella mundi yfir 1. des. að óbreyttum lögum. Þær ráðstafanir eru fyrst og fremst bráðabirgðaráðstafanir, miðaðar við tímabilið 1. des. n. k. til 28. febrúar 1979, yfir það er engin fjöður dregin. En án þessara ráðstafana mundi verðbólgudraugurinn verða enn óviðráðanlegri en áður og allur eftirleikur erfiðari en ella. Þetta hlýtur öllum að vera augljóst mál.

Það er því rangt að gera lítið úr þessum aðgerðum, þó segja megi að hér sé fyrst og fremst um bráðabirgðaaðgerðir að ræða. En þó vissulega sé um tímabundnar viðnámsráðstafanir að tefla ber þó einnig að líta á þetta frv. sem lið í þeirri viðleitni ríkisstj. að ná fram varanlegum breytingum á sviði efnahagsmála þegar á næsta ári.

Meginverkefnið er að freista þess að ná tökum á verðbólgunni, og að því verki er nú unnið í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Rétt er að leggja áherslu á það, að til þess að árangur náist á þessu sviði þarf að ríkja gagnkvæmur skilningur milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um nauðsyn slíkra aðgerða.

Þær ráðstafanir, sem ríkisstj. varð að grípa til á fyrstu starfsdögum sínum í sept. s. l., fólu í sér tilraun til að rjúfa þann vítahring verðlags og launahækkana sem hagkerfið hefur fests í að undanförnu og haft hefur í för með sér slíka rekstrarerfiðleika í undirstöðuatvinnuvegum, að horfði til rekstrarstöðvunar og atvinnuleysis. Þar var farið inn á þá braut að draga úr verðbólgu með auknum niðurgreiðslum og lækkun söluskatts á nauðsynjum.

Þrátt fyrir þær stórtæku niðurfærsluaðgerðir, sem fólust í septemberráðstöfununum var alla tíð ljóst að þær mundu einar sér ekki duga til þess að hemja í einni svipan þá þungu verðbólguöldu sem valt og veltur í hagkerfinu. Þá þegar var vitað að fram undan væri veruleg verð- og launahækkun hinn 1. des. n. k.

Frá því gripið var til ráðstafananna í sept. s. l. hefur framvinda efnahagsmála orðið nokkru óhagstæðari en búist var við þegar þær voru undirbúnar. Innflutningsverðlag hefur hækkað talsvert meira en ráð var fyrir gert, en verðlag á útflutningsafurðum okkar hefur hins vegar

staðið í stað. Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa því versnað talsvert á þessu tímabili, og stafar það fyrst og fremst af lækkun á gengi Bandaríkjadollars sem vegur þungt í okkar útflutningstekjum gagnvart Evrópumyntum sem mestu ráða um verð á innflutningi. M. a. af þessum sökum er vandinn, sem við er að glíma, nú alvarlegri og stærri í sniðum en ætlað var. Að sama skapi er brýnna að hann verði leystur með skynsamlegum ráðum.

Ríkisstj. er sammála um að brýnasta verkefni hennar sé að móta samræmda stefnu um aðgerðir á öllum sviðum efnahagsmála í því skyni að hamla gegn verðbólgu á næstu missirum. Það þarf að móta og síðan fylgja skarpri aðhaldsstefnu í verðlags- og launamálum, þar sem horft verður til lengri tíma en nokkurra mánaða. En viðnám gegn verðbólgu verður næsta haldlítið ef ekki er jafnframt mótuð samræmd aðhaldsstefna á sviði ríkisfjármála, peningamála, fjárfestingarmála og skattamála. Ríkisstj. hyggst í þessu skyni m. a. beita sér fyrir eftirgreindum aðgerðum:

Stefnt verði að því í samráði við aðila vinnumarkaðarins, að verðlag og peningalaun hækki ekki meira en 5% hinn 1. mars n. k. Leitast verði við að ná svipuðum markmiðum fyrir önnur verðbótatímabil á árinu 1979 þannig að verðbólgan náist niður fyrir 30% í lok ársins. Vísitöluviðmiðun launa verði breytt fyrir 1. mars n. k. að höfðu samráði við fjölmennustu heildarsamtök launafólks. Gert er ráð fyrir að vísitölunefnd skili tillögum fyrir 15. febr. n. k. sem unnt verði að byggja á í þessu sambandi. M. a. verður athuguð viðmiðun við viðskiptakjör o. fl.

Eins og kunnugt er hefur vísitölunefnd þegar gert ríkisstj. grein fyrir störfum sínum fram til þessa dags, og mun hún halda áfram starfi sínu. Það er rangt, eins og m. a. hefur verið gert í fjölmiðlum, að tala um tillögur vísitölunefndar. Tillögur frá hennar hendi liggja ekki enn fyrir.

Vegna þeirra aðgerða, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, verða lögð fram nú fyrir áramót frv. til laga um tekjuöflun og kemur þar m. a. til athugunar hátekjuskattur og veltuskattur á ýmiss konar rekstur. Einnig kemur til skoðunar í þessu skyni fjárfestingarskattur og eignarskattur. Þetta er allt í athugun hjá skattalaganefnd.

Með samræmdri beitingu þeirra fjármálatækja, sem hér hafa verið nefnd, þ. e. með álagningu sérstaks skatts á verðbólgufjárfestingu og með hækkun eignarskatts er stefnir að sama marki, mætti koma traustum böndum á verðbólgugróðann. Ég hygg að menn geti verið sammála um að þvílíkar aðgerðir séu fyllilega réttlætanlegar.

Rík áhersla verður lögð á að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum á sama grundvelli og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir árið 1979. Jafnframt verður að því stefnt, að aukinni fjárþörf ríkissjóðs vegna þeirra aðgerða, sem ríkisstj. hefur gripið til, verði mætt að hluta með niðurskurði rekstrarútgjalda ríkisins.

Einn liður í þessari viðleitni felst í því að endurskoða allan ríkisrekstur með aukið aðhald og sparnað í huga. Jafnframt verða skattalögin endurskoðuð svo og skattalagaframkvæmd til þess að tryggja aukið réttlæti í skattlagningu og skattheimtu. Beinir skattar af almennum launatekjum, sérstaklega tekjuskattur og sjúkratryggingagjald, verða lækkaðir á næsta ári.

Á þessu þingi hyggst ríkisstj. beita sér fyrir breyttri stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins og verða fyrstu frv. um þetta efni lögð fram nú fyrir næstu áramót.

Stefnt verður að því að draga í áföngum úr framleiðslu umfram þarfir, þannig að útflutningsbætur geti lækkað frá því sem nú er.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir aðhaldssamri stefnu á sviði fjárfestingarmála á næsta ári og er að því stefnt að heildarfjárfesting á árinu 1979 verði ekki umfram 24-25% af vergri þjóðarframleiðslu.

Stefnumörkun á sviði fjárfestingarmála er nú í undirbúningi og er gert ráð fyrir lagafrv. um þau mál innan tíðar. Þar er m. a. gert ráð fyrir því, að fjárfestingu verði beint frá verslunar- og skrifstofubyggingum í tækni- og skipulagsumbætur, m. a. í fiskvinnslu og iðnaði. Dregið verði úr fjárfestingu í landbúnaði sem leiðir til aukinnar framleiðslu, en áhersla lögð á hagræðingu og uppbyggingu vinnslustöðva landbúnaðarins. Þessari stefnu mun verða fylgt eftir með breytingum á reglum um útlán fjárfestingarlánasjóða og banka.

Í 3. gr. þessa frv. eru ákvæði þess efnis, að ríkisstj. muni beita sér fyrir aðgerðum og lagasetningu til ýmissa félagslegra umbóta sem í kjarabótum megi meta 3% af verðbótavísitölu þeirri sem gildir fram til 30. nóv. Við undirbúning þeirra mála, sem hér um ræðir og talin eru upp í 7. lið grg., mun ríkisstj. hafa fullt samráð við aðila vinnumarkaðarins, og er áhersla lögð á að aðgerðum og undirbúningi löggjafar verði hraðað svo sem kostur er. Hér er um margvísleg hagsmuna- og réttindamál að ræða, og má minna á að um mörg af þessum málum er fjallað í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna og meginstefnan í þessum málum mörkuð þar. Undirbúningur margra þessara mála er þegar hafinn og í sumum tilvikum langt kominn.

Þau mál, sem sérstaklega eru nefnd í grg. frv. eru þessi:

Öryggismál og hollustuhættir á vinnustöðum.
Húsnæðismál.
Leigjendavernd.
Málefni lífeyrissjóða og eftirlaun aldraðra.
Fæðingarorlof.
Fræðslumál samtaka launafólks.
Dagvistunarheimili.
Veikinda- og slysabætur og uppsagnarákvæði launafólks.
Forfallaþjónusta í landbúnaði.
Ávöxtun orlofsfjár.
Sérstök réttindamál opinberra starfsmanna.

Um þessi mál var allítarlega fjallað í framsögu í Nd. og verð ég að vísa til þess hér vegna þeirra tímatakmarkana sem gilda.

Í peningamálum mun ríkisstj. fylgja mjög aðhaldssamri stefnu. Í þeirri stefnu felst að útlánaþök bankanna og bindiskylda Seðlabankans verði ákveðin þannig að peningamagn í umferð verði í samræmi við stefnuna í launamálum. Ljóst er að takmörkun útlána og hófleg aukning peningamagns er ein af forsendum þess að unnt reynist að draga úr verðþenslu.

Ríkisstj. mun beita strangri verðlagsaðhaldi og halda áfram eflingu verðlagseftirlits. Í því sambandi munu reglur verðlagseftirlitsins um hámarksálagningu verða endurskoðaðar og fleiri tegundir en nú er settar undir hámarksákvæði.

Til að draga úr verðlagsáhrifum launahækkunar 1. des. hefur ríkisstj. ákveðið að þær verðhækkanir, sem heimilaðar verða eftir 1. des., miðist við 4-4½% kauphækkun hið mesta. Þetta þýðir m. ö. o. að atvinnurekendur taki á sig um 2% í kauphækkun án þess að fá

það til baka í verðhækkun, og ber að skoða þetta sem framlag atvinnurekenda til viðnáms gegn verðbólgu.

Hér að framan hef ég farið nokkrum orðum um nánari tildrög og tilgang þeirra aðgerða, sem frv. gerir ráð fyrir, og jafnframt lýst því að nokkru, hvernig ríkisstj. hyggst fylgja þessum málum eftir á næsta ári.

Ég vík þá aðeins að einstökum köflum frv. sjálfs.

Í I. kafla frv. er fjallað um niðurgreiðslu vöruverðs, lækkun skatta lágtekjufólks, félagslegar umbætur og verðbótavísitölu. Þessi kafli frv. skýrir sig að mestu leyti sjálfur. Þar er m. a. gert ráð fyrir því, að niðurgreiðslur verði enn auknar frá því sem nú er. Einnig segir þar, að ríkisstj. muni beita sér fyrir lækkun skatta og gjalda á lágtekjufólki. Enn fremur hyggst ríkisstj. beita sér fyrir aðgerðum til ýmissa félagslegra umbóta sem metnar verði til kjarabóta launþega, eins og ég hef áður getið.

Ákvæðin í I. kafla frv. fela þannig í sér, að til þess að ná árangri í viðureigninni við verðbólguna verða kjör launþega bætt sem svarar 8% af 14% hækkun verðbótavísitölu með öðrum hætti en með beinni launahækkun í krónum, og er megináherslan lögð á að tryggja kjör lágtekjufólks. Aðalatriðið er auðvitað kaupmáttur launanna, en ekki krónutalan í launaumslagi.

Þá má segja, að aðallagaákvæðið sé í 4. gr. Skv. henni skal greiða verðbætur á laun á næsta verðbótatímabili skv. verðbótavísitölu 151 stig.

Í II. kafla frv. eru ákvæði til að tryggja kjör lífeyrisþega og þá sérstaklega hinna tekjulægstu í þeirra hópi með hækkun lífeyrisbóta og sérstakri hækkun tekjutryggingar. Sú hækkun er 9% í stað hinnar almennu reglu um aðeins 6% hækkun.

Með tillögum frv. í heild eiga kjör allra hinna lægst launuðu að vera tryggð með viðunandi hætti, jafnframt því sem freistað er að veita viðnám gegn veðbólgu.

Með þeirri stefnu í launa- og verðlagsmálum, sem mörkuð er í þessu frv., ásamt þeirri samræmdu stefnu á öllum sviðum efnahagsmála sem nú er í mótun og þegar hefur komið fram í fjárlagafrv. að því er ríkisfjármálin varðar og skýrð er frekar í grg. þessa frv., má telja að jöfnuður náist í viðskiptum við útlönd á næsta ári. Þótt hagvöxtur verði minni en að undanförnu ætti atvinna að vera næg um leið og tækist að draga úr verðbólgu.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. segir m. a. að unnið skuli að gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar sem marki stefnuna í atvinnumálum, fjárfestingarmálum, tekjuskiptingu og kjaramálum. Jafnframt verði mörkuð stefna um hjöðnun verðbólgu í áföngum og ráðstafanir ákveðnar sem nauðsynlegar eru í þessu skyni, m. a. endurskoðun á vísitölukerfinu, aðgerðir í skattamálum og mótun nýrrar stefnu í fjárfestingar- og lánamálum.

Þær ráðstafanir, sem gripið var til fyrst í sept. s. l., mörkuðu fyrsta áfanga þessa verks. Með ráðstöfunum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er þessu verki haldið áfram og í reynd hafinn annar áfangi á þeirri braut að móta og síðan fylgja samræmdri aðhaldsstefnu í launa- og verðlagsmálum í samhengi við heildarstefnuna í skattamálum og efnahagsmálum almennt.

Ég hygg að fæstum blandist hugur um það, að eigi viðunandi árangur að nást í viðnámi gegn verðbólgu þurfi að koma til aðgerðir sem ekki liggja einungis á sviði launamála og verðlagsmála, heldur einnig á öðrum sviðum kjaramála, ásamt aðgerðum á vettvangi peninga- og lánamála, fjármála ríkisins, verðlagsmála og fjárfestingarmála. Viðnámið gegn verðbólgu verður næsta máttlítið nema því sé fylgt eftir á öllum sviðum efnahagsmála.

Ríkisstj. hefur sett sér það meginmarkmið að vinna að hjöðnun verðbólgu í ákveðnum áföngum, og þær aðgerðir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eru mikilsverð skref á þeirri leið. Ég verð að segja að mér finnst furðulítið samræmi á milli athafna sjálfstæðismanna, þ. e. a. s. stjórnarandstæðinga nú, þegar þeir annars vegar eru í stjórn og hins vegar í stjórnarandstöðu. Þeir settu febrúarlögin, og að því stóð ég og minn flokkur, af því að nauðsyn bar til að okkar dómi. Þá var Sjálfstfl. í stjórn. Nú er Sjálfstfl. andvígur þessum ráðstöfunum. Hann vill að 14% hækkun fari út í kaupgjald og verðlag. Hann vill meira að segja að aukin niðurgreiðsla, hvort heldur er 3% eða 2½%, komi ekki til frádráttar verðbótavísitölu þeirri sem reiknuð hefur verið út og á að taka gildi 1. des., greiddi atkv. beinlínis gegn þeirri grein í hv. Nd. Nú er hann í stjórnarandstöðu. Því hefur verið lýst yfir af talsmönnum hans, að hann mundi sýna ábyrgð í stjórnarandstöðu. Hvar er nú ábyrgðartilfinningin? Nánari tími gefst ekki hér til útlistunar á þessu fyirbæri. Það skýrir sig sjálft og sannar, að sjálfstæðismenn hafa ekkert lært frá því á vordögum 1974.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég held, að hæstv. forsrh. hefði heldur átt að huga að hringsnúningi sínum í afstöðu til efnahagsmálanna heldur en að víkja að Sjálfstfl. með þeim hætti sem hann gerði áðan. Sannleikurinn er sá, að Sjálfstfl. sér slíka meinbugi á því frv., sem hér er til umr., að honum þykir fara best á því að stjórnarsinnar beri einir ábyrgð á slíkri lagasetningu sem hér er lögð til.

Hæstv. forsrh. sagði að frv. það, sem við ræðum hér, miði fyrst og fremst að lausn þess efnahagsvanda sem fyrirsjáanlegur væri 1. des. n. k. Hann sagði enn fremur að líta bæri á þetta frv. sem lið í þeirri viðleitni ríkisstj. að ná fram varanlegum breytingum í efnahagsmálum sem komi til framkvæmda þegar á árinu 1979.

Við skulum athuga frv. lítillega í ljósi þessara fullyrðinga hæstv. forsrh.

Kjarna þessa frv. er að finna í því ákvæði þess, að á tímabilinu 1. des. n. k. til 28. febrúar 1979 skuli greiða verðbætur á laun skv. verðbótavísitölu 151 stig. Hvað þýðir þetta? Það á að skerða verðbætur á laun sem nemur 8 vísitölustigum. Ef ekkert væri að gert hækkaði verðbótavísitalan frá og með 1. des. n. k. úr 145 stigum í 159 stig eða sem nemur 14 stigum. Þessum 14 stigum er skipt þannig, að 8 stigum á að fórna til baráttu gegn verðbólgunni, en 6 stigum á að fórna á altari slagorðanna um samningana í gildi. Það er ekki spurt um það, hvort atvinnuvegirnir þoli nú kauphækkanir, þótt nú sé svo að þeim sorfið að við stöðvun liggi, með þeim afleiðingum fyrir launþega og þjóðarbúið í heild sem blasa við þeim sem sjá vilja. Því er engu skeytt, þó fyrir liggi yfirlýsingar af hálfu atvinnuveganna, studdar óyggjandi staðreyndum, að nú sé ekki tími til kauphækkana. Ekkert er atvinnuvegunum ætlað á móti til að standa undir auknum kostnaði. Ekkert er þeim ætlað nema auknar skattbyrðar.

En hvað um 8 vísitölustigin sem á að fórna til baráttu gegn verðbólgunni. Það kemur í ljós af málflutningi

ríkisstj. að engu á að fórna. Frv. gerir ráð fyrir aðgerðum sem ætlað er að koma á móti þessum 8 stigum sem á að skerða verðbótavísitöluna um. Gert er ráð fyrir að auka niðurgreiðslur vöruverðs frá því sem þær eru í nóvember 1978 sem svarar 3% af verðbótavísitölu þeirri sem gildir fram að 1. des. 1978.

Í rauninni er þetta engin leið af tveimur ástæðum. Annars vegar eru niðurgreiðslur á vöruverði þegar orðnar svo miklar að það skekkir alla verðmyndun í þjóðfélaginu og þar er ekki á bætandi. Hins vegar verða auknar niðurgreiðslur ekki framkvæmdar nema með mjög auknum greiðsluhalla á ríkissjóði eða aukinni skattheimtu og á hvorugt er bætandi af augljósum ástæðum.

Þá gerir frv. ráð fyrir að ríkisstj. beiti sér fyrir aðgerðum og lagasetningu til ýmissa félagslegra umbóta sem metnar eru til kjarabóta sem 3% af verðbótavísitölu þeirri sem gildir fram til 1. des. 1978. Hverjar þessar félagslegu umbætur eru segir lítið. En hverjar sem þær kunna að verða munu þær kosta fé sem rennur út í verðlagið og eykur, þegar til lengdar lætur, þar með á verðbólguna á hliðstæðan hátt og samsvarandi kauphækkun mundi gera, svo ekki sé nú minnst á þau vinnubrögð sem hér á að innleiða með því að reikna alþýðu manna til kauphækkunar almenn umbótamál og framkvæmdir í landinu.

Athygli vekur og að efnahagsráðstafanir skv. þessu frv. eru að því leyti harðari en í febrúarlögunum, að ekki er gert ráð fyrir láglaunauppbót eins og þá.

Þá er hækkun bóta almannatrygginga ekki í samræmi við verðbólguaukninguna, því að þessir aðilar munu ekki nema að mjög takmörkuðu leyti njóta þeirra félagslegu umbóta sem látið er í veðri vaka að verði gerðar.

Í rauninni er það svo, að ríkisstj. segir með þessu frv. við launþega: Við tökum af launum ykkar 8 vísitölustig. En verið óhræddir, við gefum ykkur þetta til baka í auknum niðurgreiðslum á vöruverði, lækkuðum sköttum og félagslegum framförum. — En ef staðið verður við þetta verða ekki einungis launþegar jafnsettir og ef þeir hefðu haldið sínum 8 verðbótavísitölustigum, heldur verða áhrifin af þessu öllu naumast engin til að stuðla að minnkun verðbólgunnar.

Við skulum gera ráð fyrir að stuðningsmenn ríkisstj. trúi á aðgerðirnar til að vega upp á móti 8 vísitölustigunum. En þá geta þeir ekki trúað á lækningamátt þessara aðgerða á verðbólguna, enda sagði einn stuðningsmanna ríkisstj. við 1. umr. um frv. í Nd., að frv. tryggði a. m. k. 40% verðbólgu á næsta ári. Það er því kaldhæðnislegt, að til þess að frv. þetta, ef að lögum verður, hafi tilætluð áhrif til lækkunar á verðbólgunni þarf ríkisstj. að svíkja þau loforð sem launþegum eru gefin. Og þá erum við komin að kjarna þessa máls.

Frv. það, sem hér er til umr., er loddaraleikur ríkisstjórnar sem er stefnulaus og sjálfri sér sundurþykk. Tilburðir hennar til lausnar aðsteðjandi vandamálum verða ekki annað en vanskapnaður sem ætlað er að halda saman stríðandi stjórnarflokkum, sem þó er vonlaust verk.

Þar sem þetta frv. er allsendis ófullnægjandi til að mæta vandanum nú 1. des., ræður af líkum að það hefur ekki mikla þýðingu til þess að koma fram varanlegum breytingum til bóta í efnahagsmálunum, svo sem hæstv. forsrh. talaði um í ræðu sinni áðan. En víkjum nokkru nánar að því máli.

Ef vel ætti að vera þyrfti að hefja það mál á þeim tíma þegar hæstv. forsrh. lagði gjörva hönd á plóginn í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar í viðureigninni við verðbólguna. Það væri ánægjulegt að minnast hvernig þá miðaði í rétta átt í viðureigninni við verðbólguna þar til efnahagsaðgerðirnar í febrúar s. l. voru brotnar niður af misvitrum svokölluðum verkalýðsforingjum og með ólöglegum aðgerðum. Það væri ánægjulegt að minnast hæstv. forsrh. í sameiginlegri baráttu flokks hans og Sjálfstfl. við yfirboð, skrum og ábyrgðarleysi hinna svokölluðu verkalýðsflokka til að leysa verðbólgumálin. En þetta verður að bíða betri tíma. Það verður að horfast í augu við vandamál dagsins í dag, þegar hæstv. forsrh. hefur kastað fyrir róða stefnu sinni til lausnar verðbólguvandanum og er nú týndur og tröllum gefinn.

Hæstv. forsrh. talar um að nú sé mikill vandi á höndum í efnahagsmálum. Ég hef enga tilhneigingu til að draga úr því. Þvert á móti er það forsenda þess, að úr verði bætt, að gera sér grein fyrir vanda þeim sem við stöndum frammi fyrir. Og það verður ekki ráðist gegn þeim vanda nema hafa heildarstefnu sem miðar að því að ráða bót á verðbólgu og jafnvægisleysi þjóðarbúsins. Sú heildarstefna hlýtur að vera fólgin í margháttuðum aðgerðum. Þessar aðgerðir felast annars vegar í skammtímaráðstöfunum og hins vegar í langtímaráðstöfunum. Skammtímaráðstafanirnar eru ekki nema til að afstýra aðsteðjandi vanda og gefa svigrúm til frekari aðgerða. Langtímaráðstafanirnar lúta að þeim frumorsökum verðbólgunnar sem stjórnvöld hafa á valdi sínu að ráða bót á. Langtímaráðstafanir miða að því að ráðast að rótum vandans. Þær miða að kerfisbreytingu til að fjarlægja það sem vandanum veldur. En samt sem áður verður að vera samband milli þess, sem gert er tímabundið, og þess, sem varanlegra á að vera. Skammtímaráðstafanir verða því að vera liður í langtímaráðstöfunum, en til þess að svo megi verða þarf heildarstefna að vera til staðar. Ef það er ekki verða skammtímaráðstafanir ekki annað en kák, fálm út í loftið sem engan vanda leysir, en kallar óðar en varir á nýjar bráðabirgðaaðgerðir meðan stöðugt sígur á ógæfuhliðina.

Ríkisstj. hefur nú setið þrjá mánuði og við höfum nú fengið annan skammtinn af skammtímaráðstöfunum hennar. Fyrst var það 1. sept., nú er það 1. des. og næst verður það 1. mars.

Fyrsta aðgerð ríkisstj. var gengislækkunin í byrjun sept. s. l. Þegar gengislækkanir hafa verið gerðar hefur verið leitast við að gera svonefndar hliðarráðstafanir svo að gengislækkanirnar næðu þeim tilgangi sem bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna og viðskiptastöðu landsins út á við. Þetta hefur verið gert með því að hafa hemil á kaupgjaldi, jafnframt því að sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta hinum lægst launuðu það, og lögð hefur verið áhersla á greiðsluhallalausan ríkisbúskap til þess að koma í veg fyrir að með gengislækkun væri tjaldað til einnar nætur. Annað mál er það, að þetta hefur ekki alltaf tekist sem skyldi. Samt sem áður held ég að flestir viðurkenni með sjálfum sér að slíkar ráðstafanir þurfi að gera til að gengislækkun nái tilgangi sínum. En hvað sem öllu líður, þá er mest um vert að stefnt sé í rétta átt og öll viðleitni beinist að því að ná réttu marki, þótt leiðin kunni að reynast torsótt.

En núv. hæstv. ríkisstj. kastaði fram af sér beislinu og anaði í þveröfuga átt. Um leið og gengið var lækkað hækkaði hún kaupið nema hjá hinum lægst launuðu og

efndi til stófellds greiðsluhalla á ríkisfjármálunum. Ég hygg að slíkar ráðstafanir fyrirfinnist hvergi í raunveruleikanum sem stjórnarstefna, en séu gott skóladæmi um verðbólguaukandi aðgerðir.

Þetta voru fyrstu spor hæstv. ríkisstj. í viðureigninni *við verðbólguna. Nógir voru erfiðleikarnir fyrir en* ríkisstj. byrjaði með því að auka stórum vandann og síðan átti að taka til við að leysa hann. Samfara þessu brá ríkisstj. á leik með kaupgjaldsvísitöluna, svo sem kunnugt er. Stundum hefur verið talað um fölsun vísitölunnar, en allt slíkt tal bliknar í samanburði við það sem nú gerðist. Verð á sumum vörutegundum var lækkað með niðurgreiðslum úr ríkissjóði og afnámi söluskatts. Þessi verðlækkun var látin koma á vörutegundir sem vega þungt í vísitölugrundvellinum og hafa jafnvel lítt verið til á markaðnum. Jafnframt var svo vörugjald hækkað á öðrum vörutegundum, svo sem vörum sem hingað til hafa þótt hinar mestu nauðsynjar fyrir heilbrigði og *menningu þjóðarinnar. Ríkisstj. beit svo höfuðið af* skömminni með því að ætla að afsaka launalækkun hinna lægst launuðu með þessum hráskinnaleik með vísitöluna.

En lengi býr að fyrstu gerð, enda er það, sem nú er að ske, meira og minna afleiðing þess sem gert var í byrjun september. Sést það best á því, hve verðhækkun varð nú miklu meiri en þá var gert ráð fyrir að yrði. Og áfram er haldið á sömu leið. Það sýnir frv. það sem hér er til umr. Það er hvorki til þess fallið að firra aðsteðjandi vanda nú 1. des. né er það í nokkrum tengslum við langtímaráðstafanir er miða að því að vega að rótum verðbólguvandans. Í stað þess gerir þetta frv. ráð fyrir auknum ríkisumsvifum og auknum ríkisafskiptum. Það þarf í *stað þess að ráðast til atlögu við þann höfuðverðbólgu*vald sem þensla ríkisbáknsins er. Slíkar skammtímaráðstafanir er að mínu viti ekki raunhæft að tala um nema með því að ganga hreint til verks og lækka framlög ríkisins til allra málaflokka jafnt um ákveðið hlutfall, bæði rekstrarliði og framkvæmdaliði. Jafnframt því sem með þessu væri vandi ríkissjóðs leystur í bráð mundi þetta færa þjóðinni heim sanninn um það, að ríkisstj., hver sem hún væri, væri alvara í baráttunni gegn verðbólgunni. En í kjölfar slíkra og fleiri skammtímaráðstafana þarf að fylgja stefnumótun og framkvæmd langtímaaðgerða til gagngerrar kerfisbreytingar í ríkisbúskapnum í þeim tilgangi að minnka ríkisumsvifin, *minnka ríkisrekstur*inn, fækka þeim verkefnum sem ríkinu eru fengin í hendur og jafnframt bæta þann rekstur og þjónustu sem ríkið á að hafa með höndum. En ríkisstj. sýnir enga tilburði í þessa átt.

Skammtímaráðstafanir ríkisstj. eru marklausar sem aðgerð til að ráða bót á verðbólguvandanum, hvort heldur það er gengislækkunin í haust, brbl. um kjaramál, fjárlagafrv. eða frv. það sem hér er til umr., en öll þessi mál liggja nú samtímis og óafgreidd fyrir Alþingi.

Rekst þar hvert á annars horn, sem sýnir best ráðleysi og stefnuleysi hæstv. ríkisstj.

Ríkisstj. hefur ekki getað mótað neina heildarstefnu í efnahagsmálunum og virðist engu nær því nú en þegar *hún tók við völdum, nema síður sé. Eftir því sem lengra* líður og meira aðkallandi hlýtur að vera að einhverri heildarstefnu sé fylgt verður augljósara, að stjórnarflokkarnir eru þess ekki umkomnir að móta neina raunhæfa stefnu til að mæta þeim vanda sem við er að fást.

Hæstv. forsrh. hefur látið þau orð falla, að nú eigi menn að láta sér nægja hin smáu skref í aðgerðunum gegn verðbólguvandanum. Það er grundvallarmisskilningur, að einhverjar smáskammtalækningar komi að haldi í viðureigninni við það ferlíki sem verðbólgan er nú orðin. Nú duga engar aðgerðir sem bera svipmót af því, að við stefndum að því að koma verðbólgunni — við skulum segja úr 10% niður í 7-8%. Það er auðvitað alveg gagnslaust að taka þannig á þeim vanda sem nú er við að glíma. Við erum ekki svo vel á vegi stödd að það dugi að miða ráðstafanir við það að lækka dýrtíðina um 2-3%. Við lifum í verðbólgu sem nú hefur náð 50%, og þegar svo er komið verður að beita miklu markvissari og stórtækari aðferðum en ef við byggjum við verðbólgu sem næmi um 10%.

Eitt af því, sem er grundvöllur þess að árangur náist í baráttunni gegn verðbólgunni, er að almenningur í landinu hafi þá skoðun, að raunverulega sé verið að gera eitthvað umtalsvert. Það verður ekki unnið á verðbólgunni nema með samstilltu átaki þjóðarinnar í heild. *En til þess þarf forustu. Og núv. ríkisstj., sem er sjálfri sér* sundurþykk, er ekki fær um að veita þá forustu. Það verður sögulegt hlutverk Sjálfstfl. að veita þá forustu.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Góðir hlustendur. Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur óskað eftir þessum umr. um efnahagsfrv. ríkisstj. Við höfum nú hlýtt á Þorvald Garðar Kristjánsson, helsta talsmann Sjálfstfl. hér í Ed., gera grein fyrir afstöðu flokksins til frv. Og hver er svo afstaða Sjálfstfl.? Er hann samþykkur þessum aðgerðum eða er hann andvígur þeim?

Mörgum vefst líklega tunga um tönn að svara þessari spurningu eftir að hafa hlýtt á Þorvald Garðar *Kristjánsson. En svarið er að hann er hvorugt. Flokkur*inn er hvorki með né á móti. Nær allir þm. flokksins í Nd. sátu hjá við afgreiðslu málsins. Og það sem meira er, ekki einn einasti þm. Sjálfstfl. hefur séð sóma sinn í því að flytja brtt. við frv. eða aðra sjálfstæða till. hér á Alþ. um aðgerðir gegn verðbólguvandanum. Þeir hamast nógu ákaft gegn ríkisstj. og hneggja hátt í ræðu og riti, en taka þó enga afstöðu til málsins, ekki frekar en stóðhross á fjöllum, hvorki með né á móti.

Þetta eru þó mennirnir sem bera fulla ábyrgð á því, hvernig komið er í íslenskum efnahagsmálum, því enginn getur neitað því, að núverandi ástand í efnahagsmálum er arfur frá fyrri stjórn. Þegar hægri stjórnin fór frá völdum voru hjól atvinnulífsins að stöðvast um land allt. Frystihúsin höfðu ákveðið að hætta rekstri um sinn og almennt atvinnuleysi var yfirvofandi í flestum landshlutum. Frystiiðnaðurinn var gerður út á Verðjöfnunarsjóð sem síðan tæmdist í júlíbyrjun, fáeinum dögum eftir kosningar. Einkennileg tilviljun það, — eða hitt þó heldur. Skútan hélst á floti rétt fram yfir kosningar. Síðan maraði hún í hálfu kafi.

Annað var eftir þessu. Flest stærstu þjónustufyrirtæki ríkisins í algerum þrotum: Rafmagnsveitur ríkisins, Póstur og sími, ríkisspítalarnir. Ekkert þessara fyrirtækja vantaði minna en milljarð í kassann til að endar næðu saman þegar hægri stjórnin fór frá. Og verðbólgan í *algeru hámarki, rúmlega 50%.*

Þannig var viðskilnaður fráfarandi stjórnar, og þess vegna eru aukaskattarnir, sem á voru lagðir í haust, almennt kallaðir viðskilnaðarskattar.

Þegar arfur fráfarandi stjórnar berst í tal vantar ekki að talsmenn Sjálfstfl. setji upp englasvip. Þetta er ekki okkur að kenna, segja þeir. Þetta er allt verkalýðshreyf-

ingunni að kenna. Það er baráttan gegn febrúarlögunum sem komið hefur öllu á annan endann. Það eru aðgerðir launafólks, útflutningsbann og ólöglegar aðgerðir sem eiga sök á þessum vanda. — Skyldu ekki flestir hafa heyrt þennan málflutning sem endalaust er þulinn í áróðri Sjálfstfl. seinustu mánuði, stundum kryddaður með hæfilegu nöldri um Guðmund J. og aðra verkalýðsforustumenn Alþb.?

Hvað er nú hæft í þessu? Jú, fram á seinasta dag fyrri stjórnar voru þau lög og tilskipanir í fullu gildi sem stjórnin hafði sjálf sett, m. a. um kjaramál og verðlagsmál. Verkalýðshreyfingunni tókst ekki á s. l. vetri að brjóta niður kaupránslögin frá því í febrúar, eins og reyndar Þorvaldur Garðar Kristjánsson fullyrti áðan. Ríkisstj. hafði öruggan þingmeirihl. allan s. l. vetur og fullkomna aðstöðu til að móta þá stefnu og taka þær ákvarðanir sem hún vildi, allt þar til hún féll í kosningum á miðju sumri. Ríkisstj. gat því engum öðrum kennt um en sjálfri sér að allt var komið í kaldakol þegar hún fór frá. Hún einblíndi á launakjörin og sá engin önnur úrræði en lækka laun hins vinnandi manns. Íhaldsúrræði hennar urðu til einskis og henni mistókst með öllu að tryggja rekstur atvinnuveganna og vinna bug á verðbólgunni. Þess vegna fór hún frá, og söknuðu hennar fáir.

Við Alþb.-menn gerum okkur fullkomlega grein fyrir því, að ekki er minnsta von til þess, að unnt verði að brjótast út úr efnahagsöngþveiti líðandi stundar í einu vetfangi. Undirstraumur 50% verðbólgu, sem hvarvetna gerir vart við sig í þáttum efnahagslífsins, er áfram mjög þungur, og enginn lætur sér til hugar koma að hann verði stöðvaður með fáeinum pennastrikum. Þar er tregðulögmál að verki.

Efnahagsaðgerðir ríkisstj., sem hún verður fyrst um sinn að grípa til aftur og aftur á fárra mánaða fresti, stefna að því marki að ná niður verðbólgunni í nokkrum áföngum, úr 50% verðbólgustigi og niður undir 30% í lok næsta árs.

Nokkrir þm. Alþfl., sem hvað harðast börðust gegn því að mynduð yrði vinstri stjórn, hafa hamast gegn aðgerðum ríkisstj. í ræðu og riti og kallað þær bráðabirgðaúrræði, sem lítinn vanda leysi. Þetta kemur engum á óvart. Málflutningur þessara manna hefur löngum verið nokkuð samhljóða áróðri sjálfstæðismanna. En hver eru þeirra úrræði? Hvað hefðu þeir vilja að gert yrði í staðinn fyrir aðgerðir ríkisstj.?

Áróður þessara manna gengur einfaldlega út á það, að verðbótavísitölu eigi að taka úr sambandi og í mesta lagi eigi að leyfa 3-4% launahækkun á hverju þriggja mánaða tímabili, jafnvel þótt almennar verðhækkanir nemi 10-12%. Þeir vilja sem sagt lögbjóða sjálfvirka kjaraskerðingu, sem mundi lækka launin hlutfallslega um 5-6%, jafnvel 8%, á hverju þriggja mánaða tímabili, eða í hvert sinn sem vísitala væri reiknuð út. Um nokkurt skeið tókst þessum mönnum jafnvel að gera þessar fráleitu hugmyndir að tillögum Alþfl. Eftir að þeim var hafnað láta þeir öllum illum látum. Einn þeirra segir jafnvel af sér forsetastörfum, sem koma þó stjórnarstefnunni ekkert við og hann var kjörinn til að gegna á þessu þingi alveg óháð því hvaða ríkisstj. yrði við völd. Slíkur er ákafinn að koma fram stórfelldri kjaraskerðingu sem fyrst og fremst hefði bitnað á lágtekjumönnum og fólki með meðaltekjur.

Hvaða trygging er svo fyrir því, að 15-20% kjaraskerðing sé það lausnarorð sem öllu mundi breyta. Í fyrstu skýrslu vísitölunefndar, sem dreift hefur verið á borð þm., má á bls. 76 finna spá Þjóðhagsstofnunar um áhrif efnahagsaðgerða nú í nóvemberlok á verðlag og kaupgjald 1. mars n. k. Í þessari spá er áætlað að verði 7% launahækkun nú um næstu mánaðamót, þ. e. a. s. 1% meira en áformað er skv. aðgerðum ríkisstj., muni launahækkanir hinn 1. mars n. k. að öðru óbreyttu og með óbreyttu vísitölukerfi nema 8.5%. Sé hins vegar launahækkunin nú ákveðin aðeins 3% er launahækkunin 1. mars n. k. talin verða tæp 8%. Munurinn á 7% og 3% launahækkun um næstu mánaðamót veldur sem sagt engum teljandi mun á launahækkunum þegar 1. mars rennur upp. Munurinn þá, miðað við þessar ólíku forsendur, verður aðeins 0.6%.

Ekki vil ég þreyta hlustendur með miklum talnalestri, en þessar tölur ættu að sýna mönnum svart á hvítu hversu óralangt er frá því, að unnt sé að ná skjótum árangri í viðureigninni við verðbólguna með því einu að banna eða takmarka verðbætur á laun. Jafnvel þótt engin minnsta launahækkun ætti sér stað 1. des. n. k. er samt sem áður fyrirsjáanlegt að framfærsluvísitala mundi hækka a. m. k. um 6-7% 1. mars n. k. og síðan aftur um a. m. k. 5% í júní á næsta ári. Þá væri orðin um 25% kjaraskerðing í landinu á hálfu ári og þolinmæði launafólks áreiðanlega löngu þrotin.

Þeir þm. Alþfl., sem reyna að slá sig til riddara á kostnað samstarfsflokka sinna með yfirborðslegum orðavaðli um varanlega lausn í viðureigninni við verðbólguna, vita það sjálfir fullvel, að lausnarorð þeirra, *botnlaus kjaraskerðing á fáum mánuðum, er gaspur út í* loftið sem aðeins gerir illt verra. Vandamálin eru þess eðlis, að þau verða ekki leyst með neinum töfrabrögðum og enn síður með styrjöld við verkalýðshreyfinguna.

Holskeflur verðbólgunnar ganga yfir íslenskt efnahagslíf með jöfnu millibili, og þeim verður að mæta með úrræðum sem auðvitað má kalla bráðabirgðaúrræði ef menn vilja, þ. e. a. s. endurtekin óhjákvæmileg úrræði sem auðvelda okkur hægt og þétt og í mörgum áföngum að komast á sléttari sjó. Þetta er eina leiðin út úr vandanum og hana verður að fara í fullkomnu samráði við fjölmennustu stéttasamtök landsmanna.

Fyrstu aðgerðir ríkisstj., daginn sem hún kom til valda, hafa þegar gert mikið gagn. Nú um þessi mánaðamót er önnur lotan, þegar mæta þarf 14% hækkun verðbótavísitölu með aðgerðum sem takmarka launahækkanir við 6% án þess að byrðin sé einhliða lögð á fólk með lágar tekjur. Hluta vandans er mætt með auknum niðurgreiðslum sem kostaðar eru með sköttum á háar tekjur og miklar eignir. Að hluta er vandanum mætt með lækkun skatta af almennum launatekjum og að hluta með margvíslegum félagslegum úrbótum.

Í kjölfar þessara aðgerða fylgja ráðstafanir í fjárfestingarmálum með hóflegum samdrætti í framkvæmdum, bæði einkaaðila og hins opinbera, og með skipulagsbreytingum sem miða að heildarstjórn fjárfestingarmála.

Fjórða viðfangsefni ríkisstj. í efnahagsmálum á næstu mánuðum verða vísitölumálin, endurskoðun verðbótavísitölu. Enginn skyldi þó halda að útlit sé fyrir samkomulag um vísitölukerfi sem feli í sér sjálfkrafa kjaraskerðingu á þriggja mánaða fresti. Það er kominn tími til að menn vakni upp frá slíkum draumum og geri sér ljóst að þvílík áform eru óráðshjal. Hitt er allt annað mál, að verbótum á laun má auðvitað haga með ýmsum

hætti. Með skynsamlegra kerfi er vel hugsanlegt að hægt sé að komast hjá því, að sveiflur á vöruverði erlendis magnist upp fyrir áhrif vísitölukerfisins og verði margfalt stærri hér á landi en í nálægum löndum af völdum víxlverkana í íslensku efnahagskerfi. Að sjálfsögðu er það rökleysa, að mikill meiri hl. landsmanna fái stórfellda launahækkun ef innflutt olía hækkar verulega í verði á erlendum mörkuðum. Hins vegar verður þá að taka með í reikninginn, að erlendar verðhækkanir ná oftast bæði til innflutnings og útflutnings. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í vísitölunefnd hafa lýst sig reiðubúna til að athuga nánar um breytingar á verðbótavísitölu m. a. í þessa átt. En ég legg á það áherslu, að breytingar á vísitöluviðmiðun launa, sem gerðar eru í andstöðu við fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, geta engum tilgangi þjónað öðrum en þeim að sprengja samstarf stjórnarflokkanna og eyðileggja þann árangur sem þegar hefur náðst í efnahagsmálum á síðustu mánuðum.

Talsmenn Sjálfstfl. halda því óspart fram, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. feli í sér hliðstæða kjaraskerðingu og áformuð var á s. l. vetri. Vel kann að vera að þeir blekki sauðtryggustu fylgismenn sína með slíku tali. Öðrum dylst áreiðanlega ekki að þessar aðgerðir eru gjörólíkar. Febrúarlögin alræmdu voru hins vegar nauðalík þeim tillögum sem Alþfl. lagði fram og Alþb. hafnaði í seinustu viku, að því leyti til, að í febrúarlögunum var einnig sjálfvirk kjaraskerðing innbyggð í verðbótavísitölu.

Viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar hafa jafnframt orðið með gjörólíkum hætti. í ályktun 13. þings Landssambands vörubifreiðastjóra, sem þingaði um síðustu helgi, var beinlínis lýst yfir stuðningi við fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir ríkisstj. um leið og lögð var á það áhersla, að félagsleg réttindamál, sem tengjast þessum ráðstöfunum, yrðu lögfest á næstu vikum. Sambandsstjórn Verkamannasambands Íslands hélt einnig fund um síðustu helgi og lýsti beinlínis yfir stuðningi við efnahagsráðstafanir ríkisstj. og bauð fram liðsinni Verkamannasambandsins til að árangur megi nást í baráttunni við verðbólguna. Á báðum þessum fundum var það viðurkennt, að úrbætur í skattamálum og félagsmálum gætu og ættu að koma í staðinn fyrir fulla krónutöluhækkun launa, eins og nú stæðu sakir. Verkalýðshreyfingin hefur reynslu fyrir því, að ýmis mikilsverð réttindamál fást alls ekki fram nema í samstarfi við vinsamlega ríkisstj.

Hér skulu nefnd nokkur mál sem ákvörðun verður tekin um á næstu vikum í samráði við stéttasamtök alþýðu.

Lögum um uppsagnarfrest verkafólks og launaða slysa- og veikindadaga hefur ekki verið breytt síðan þau voru sett í tíð vinstri stjórnar veturinn 1958. Verkalýðshreyfingin metur það mjög mikils, að verulegar endurbætur fáist á þessum lögum.

Lög um hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eru langt á eftir tímanum og brýn þörf á miklum fjárveitingum til að verja menn gegn heilsutjóni eða slysum á vinnustað.

Jafnrétti allra kvenna til fæðingarorlofs er mál sem búið er að þvælast fyrir stjórnvöldum óafgreitt um árabil. Núverandi skipan þessara mála er að sliga Atvinnuleysistryggingasjóð, svo að sjóðurinn er engan veginn fær um að gegna hlutverki sínu ef á reynir. Það er mikið hagsmunamál fyrir verkalýðshreyfinguna að koma þessu máli loksins á hreint, og þá er það ekki síður stórmál fyrir þær mörgu konur sem hingað til hafa ekki átt rétt til fæðingarorlofs, m. a. bændakonur.

Hvað almennt orlof snertir er einnig um talsverða mismunun að ræða. Vegna verðbólgunnar eru menn mjög misjafnlega settir eftir því hvort menn eru fastráðnir á mánaðarkaupi eða lausráðnir og fá orlofsfé. Orlofsfé er á lágum vöxtum og rýrnar verulega á fáum mánuðum, nema það sé ávaxtað með eðlilegum hætti. Þetta er einmitt eitt af mörgum hagsmunamálum verkalýðshreyfingarinnar sem nú fæst fram.

Eins er það stórkostlegt kjara- og réttindamál fyrir tugþúsundir manna, að bæði hjóna geti unnið utan heimilis, a. m. k. að hluta til, og börnin geti átt athvarf í leikskóla hluta úr degi. Nú hefur verið ákveðið í tengslum við þessar aðgerðir, að tvöfalda framlag ríkisins á næsta ári til byggingar dagvistarstofnana.

Efling fræðslustarfs á vegum samtaka launafólks er eitt af mörgu sem gengið hefur allt of hægt og á því sviði erum við nú langt á eftir nálægum þjóðum. En einnig í þessu máli er nú lag sem ber að nota.

Réttindamál opinberra starfsmanna verða sérstaklega tekin til athugunar, bæði atvinnuleysistryggingamál og húsnæðismál, og sama gildir einnig um máleíni leigjenda, lífeyrismál almennt svo og framkvæmd á forfallaþjónustu í þágu bænda.

Auk þessa tel ég afar mikilvægt að tekjutrygging aldraðara og öryrkja verður nú hækkuð meira en nemur almennri launahækkun eða um 9%.

Ég vil einnig skýra hér frá því, að ákveðið hefur verið að aldraðir og öryrkjar, sem búa einir í íbúð og njóta fullrar tekjutryggingar, fái ókeypis afnot af síma að því marki sem fastagjald gerir ráð fyrir. Þessi hlunnindi ná að vísu ekki til aldraðra og öryrkja almennt, heldur einungis til þeirra sem búa einir í íbúð og eru verst settir fjárhagslega, þ. e. a. s. lifa á fullri tekjutryggingu. Þetta er mikilvægt öryggismál sem sennilega snertir 3000-4000 manns.

Öll þessi félagslegu réttindamál verða nánar útfærð á næstu vikum í samráði við heildarsamtök launamanna, sjómanna og bænda.

Ég er sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hl. fólksins í landinu hefur fullan skilning á aðgerðum ríkisstj. og viðurkennir, að lífskjörin mótast ekki einungis af krónutölu útborgaðra launa, heldur engu síður af samneyslu fólksins og félagslegum réttindum. Á hinn bóginn grunar mig einnig að fólk hafi hæfilega samúð með hinum ólánssömu þm. Sjálfstfl. sem vita varla sitt rjúkandi ráð í þessum umr., nýbúnir að sigla þjóðarskútunni í strand og geta nú engan veginn gert upp við sig í hvorn fótinn þeir eiga að stíga og hvort þeir ætla að vera með eða á móti þessum aðgerðum ríkisstj. Eða skyldi vera til sá maður utan þings sem biður um forustu Geirs Hallgrímssonar og Sjálfstfl. til lausnar á aðsteðjandi vanda? Ef hann er einhvers staðar til nefnir hann það tæpast upphátt.

Fólkið í landinu hefur almennt öðlast von um að þessari nýju vinstri stjórn takist þrátt fyrir allt að sigla skútunni milli skers og báru og andæfa hægt og þétt út á lygnari sjó. Það finnur að verkalýðshreyfingin stendur með þessari stjórn og lítur óhýru auga á endurteknar tilraunir hægri aflanna til að sprengja það samstarf í loft upp. Aðgerðir þessa frv. eru aðeins liður í margþættum ráðstöfunum, eins og ég hef þegar rakið. Vissulega þarf

meira til ef verulegur árangur á að nást. Stórfelldar umbætur í skattamálum og árangursrík herferð til að tryggja skil á sköttum, ásamt verulegum samdrætti í yfirbyggingu og eyðslukerfi þjóðfélagsins, eru lykilatriði í viðfangsefnum þessarar stjórnar. Raunverulegar kerfisbreytingar verða að fylgja í kjölfarið. Þá fyrst er þess að vænta að veruleg umskipti verði.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það hefur komið glöggt fram á síðustu dögum hve ríka áherslu Alþfl. hefur viljað leggja á viðureignina við verðbólguna. En hvers vegna, kunna menn að spyrja, leggur Alþfl. svona ríkt við að tekið sé föstum tökum á verðbólgunni? Þær ástæður eru margar, ég ætla bara að nefna þrennt:

1. Verðbólgan dregur úr þjóðartekjum til lengdar og það bitnar fyrst og fremst á hinum lægst launuðu.

2. Stærsta misréttið í þjóðfélaginu er fólgið í aðstöðunni til þess að krækja sér í lán og auðgast þannig á verðbólgunni. Það fólk, sem lökust hefur kjörin, verður enn frekar undir í verðbólgunni því það hefur allra síst aðstöðu til þess að vernda hagsmuni sína með aðgangi að lánsfé. Þess vegna er það kjarabót fyrir láglaunafólkið og þá verst settu að ná verðbólgunni niður.

3. Það þrífst margs konar spilling og siðferðileg upplausn í skjóli verðbólgunnar, og þetta spillir þjóðfélagi okkar.

Alþfl.-menn sögðu fyrir kosningar og við segjum það enn, að til þess að glíman takist verður þjóðin að taka á sig byrðar og hagsmunahópar að láta af ítrustu kröfum sínum.

Í tillögum okkar Alþfl.-manna allt frá því fyrir kosningar og fram á þennan dag hefur verið lögð áhersla á að þörf væri fjölþættra aðgerða. Við höfum í þessu sambandi t. d. bent á fjárfestinguna og nefnt töluleg mörk í því sambandi, sem m. a. má finna í grg. með fyrirliggjandi frv. En við höfum líka sagt, að það þyrfti að breyta fjárfestingunni og beina henni í auknum mæli í arðbærar framkvæmdir, sem auka afköst vinnandi handa í framleiðslunni, í skipulags- og tækniumbætur í fiskvinnslu og iðnaði og úr óarðbærum framkvæmdum, eins og t. d. framleiðsluaukandi fjárfestingu í landbúnaði.

Við höfum líka lagt áherslu á aðgerðir í peningamálum, aðhaldssamar aðgerðir og breytta útlánastjórn til samræmis við markmiðin í fjárfestingarmálum. Við höfum bent á að skattastefnan er liður í viðureigninni við verðbólguna og þá með margvíslegum hætti, m. a. til þess að treysta og auka ráðstöfunartekjur hinna lægst launuðu, eins og með lækkun tekjuskatts.

Hinu höfum við heldur ekki leynt, að það tæki tíma áður en þessar aðgerðir skiluðu árangri. Kerfisbreytingar á rekstri fyrirtækja og ríkisstofnana eru nauðsynlegar, og því aðeins hvetur Alþfl. umbjóðendur sína til stundarfórna, að hann telur nauðsynlegt að svigrúm við hjöðnun verðbólgu verði notað til slíkra kerfisbreytinga sem ásamt stefnunni í fjárfestingarmálum og peningamálum munu smám saman skila árangri til þess að treysta kjörin, jafna aðstöðuna og ná enn frekari tökum á verðbólgunni.

Við höfum enn fremur bent á að verðlagsstefna þurfi að vera með í myndinni og verðlagsaðhald þurfi að vera strangt.

Mörg þessara atriða er að finna í grg. með frv. Þau gefa til kynna þá áherslu sem Alþfl. hefur lagt á samræmda heildarstefnu.

En við höfum líka sagt að marka þyrfti ákveðna stefnu í launamálum. Þeir, sem hins vegar halda því fram, að við Alþfl.-menn sjáum ekkert nema launaliðinn, og tala um kaupránstillögur okkar, fara herfilega villir vegar. Það er einmitt Alþfl. sem flokka mest hefur lagt áherslu á samræmdar aðgerðir á mörgum sviðum.

Hvers vegna höfum við lagt áherslu á samræmdar aðgerðir á mörgum sviðum? Jú, við höfum gert það vegna þess að við höfum árum saman horft á gagnslitlar aðgerðir sem takmörkuðust við launaliðinn einan og renna þess vegna út í sandinn.

Það, sem við blasir, er þetta: Það er lífskjarabót að draga úr verðbólgunni. Það eru lífsgæði í sjálfu sér að draga úr misrétti, og fyrir þetta þarf nokkuð á sig að leggja. Það höfum við Alþfl.-menn sagt undanbragðalaust.

Við höfum líka sagt að við vildum nýtt vísitölukerfi, og við höfum sagt að launastefnan og/eða nýtt vísitölukerfi væri nauðsynlegur þáttur í viðureigninni við verðbólguna, Alþfl. vildi staldra við strax og móta stefnuna og setja fram áfangamarkmið, líka í þessum efnum.

Megináherslu höfum við Alþfl.-menn lagt á endurbætur á vísitölukerfinu. Þess vegna talaði Alþfl. fyrir því, að meðan unnið væri að endurbótum á vísitölukerfinu og til þess að vera spori á þá endurskoðun yrðu settar ákveðnar prósentuhækkanir launa ársfjórðungslega. Í því sambandi höfum við talið að setja ætti tiltekin kaupmáttarmarkmið þannig, að trygging fengist fyrir kaupmætti hinna lægst launuðu.

En er þá launastefnan mikilvæg? kunna menn að spyrja. Sumir segja að verðbólgan hafi ekkert með launin að gera. Þau séu ekki of há. Auðvitað eru launin ekki of há. Þau eru of lág ef við miðum við grannlönd okkar t. d. En þau eru of lág vegna þess að verðbólgan hefur rýrt lífskjörin. Ráðið er að ná verðbólgunni niður.

En það er lýðskrum að launin hafi ekkert með verðbólguna að gera. Launin eru vitaskuld hluti af framleiðslukostnaði og hafa þannig sín áhrif á verðbólguna. Ef menn viðurkenna áhrif annarra þátta í framleiðslunni á verðbólguna, eins og t. d. vaxtanna, þá eru menn um leið að viðurkenna áhrif launa á verðbólguna.

Það á ekki að líta á launin ein, en það á ekki heldur að líta á allt annað en launin. Alþfl. er ekki einn um það, að hafa með einum eða öðrum hætti lagt áherslu á mikilvægi launastefnu í þessu sambandi. Það hafa allir flokkar gert. Allir flokkar hafa staðið að því að hnika til og breyta vísitöluviðmiðun launa af því að nauðsyn krafði. Talsmenn Alþb. töluðu t. d. fyrir slíku vorið 1974. Ég held að einn af talsmönnum Alþb., Lúðvík Jósepsson, hafi þá orðað þetta mjög vel og alveg hárrétt, nefnilega þannig, með leyfi forseta: „Sá vísitölugrundvöllur, sem við búum við í dag, er í eðli sínu ósanngjarn og hann er auk þess stórhættulegur efnahagskerfinu.“ Þetta voru orð hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar.

Þegar Vestmannaeyjagosið dundi yfir var 2% viðlagasjóðsgjaldi sleppt í gegn án þess að það hefði áhrif á laun. Þetta var líka að viðurkenna það, að við vissar aðstæður sé nauðsynlegt að slaka á fastbindingunni við vísitöluviðmiðun launa.

Þannig er það ljóst, að allir flokkar hafa staðið að aðgerðum og lagafrv. sem drógu úr vísitölutengingu launa, og frv., sem nú liggur fyrir, er líka af þessu tagi.

Vestmannaeyjagosið var þjóðarátall, en það er líka þjóðarógæfa ef ekki tekst að ná verðbólgunni niður.

Alþfl. hefur talið að betra væri að taka málið fastari tökum strax og setja fastari áfanga. Honum hefur fundist erfitt að biðja um fórnir sem skila takmörkuðum árangri. Hann taldi betra að biðja um meira strax og eiga árangurinn vissari.

En fyrirliggjandi frv. forðar þjóðinni frá stórkostlegri holskeflu verðbólgunnar. Viðureignin við verðbólguna verður hins vegar að halda áfram og enn þarf mjög á að taka ef góður árangur á að nást. Þess skyldi enginn ganga dulinn.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar hér í hv. Ed. Alþ. er til umr. frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem flutt er af ríkisstj. sem setið hefur að völdum í aðeins þrjá mánuði, þá komumst við ekki hjá því að líta aðeins um öxl og sjá hvernig umhorfs var í efnahagsmálum þjóðarinnar þegar ráðh. síðustu ríkisstj. stigu upp úr stólunum. Þetta var í sem allra stystu máli sagt þannig: Verðbólga yfir 50%, gengisskráning röng um 15%, vaxandi skuldir ríkisins við Seðlabankann, og það sem allra verst var, að fiskvinnslufyrirtækin, sem eru undirstöðuatvinnufyrirtæki þjóðarinnar, höfðu ýmist stöðvast eða voru að stöðvast með tilheyrandi atvinnuleysi í þeim atvinnugreinum og síðan í öllum öðrum greinum. Þetta gerðist þrátt fyrir það að bjargráðalög þeirrar ríkisstj., hin svokölluðu kaupránslög, sem samþykkt voru á Alþ. í febrúarmánuði, höfðu þá verið í gildi í hálft ár og hefðu því átt að vera farin að sanna gildi sitt. Og ég held að það sé alveg rétt, að þau höfðu svo sannarlega sannað gildi sitt, en höfundum þeirra til lítillar sæmdar.

Það var í fyllsta máta eðlilegt, að þau ráð, sem gripið var til í byrjun sept., væru lítið annað en bráðabirgðaráðstafanir. Það þurfti lengri tíma en þá var til umráða til þess að reyna að vinna að kjarasáttmála milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins um frambúðarstefnu í efnahags- og launamálum. Þótt mikill samstarfsvilji og velvilji væri fyrir hendi hjá verkalýðshreyfingunni gagnvart hinni nýju ríkisstj., þá voru málin beinlínis það umfangsmikil að varla var við því að búast að minna dygði til en 2-3 mánuðir í viðbót til að marka þá heildarstefnu sem nægja mundi til að lækna þó ekki væri nema að verulegum hluta það helsjúka efnahagslíf sem við áttum við að búa.

Við Alþfl.-menn sögðum það í kosningabaráttunni á s. l. sumri og segjum það enn, að til þess að lækna þá meginmeinsemd þjóðlífsins, sem verðbólgan vissulega er, verður þjóðin að taka á sig nokkrar fórnir eða eins og stendur í okkar ágæta plaggi um gerbreytta efnhagsstefnu, með leyfi forseta:

„Þjóðin verður að taka á sig nauðsynlegar fórnir, en mest ber að leggja á þá nýju forréttindastétt, sem hefur dregið að sér verðbólgugróðann með aðstöðu í lánastofnunum og sérréttindum."

Við höfum því alltaf gert mönnum grein fyrir því, að það er ekki sársaukalaust að losna við meinvaldinn.

Ég hef hér verið að tala um efnahagslíf, þjóðlíf, mein o. s. frv., og ég leyfi mér þá kannske aðeins að vitna til starfsgeinar minnar. Þegar skorið hefur verið til meins, þá líður sjúklingnum verr en áður, kannske miklu verr ef meinið var slæmt, en þegar frá líður fer honum að líða betur og kannske miklu betur en um langan tíma áður. Svona geta hlutirnir æxlast í þjóðlífinu líka.

Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., veldur okkur Alþfl.-mönnum miklum vonbrigðum, því að í samræmi við efni frv. heiti það:„Frv. til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu", en mörgum gæti þótt svo, að eins gæti það heitið: Frv. til l. um vettlingatök á verðbólgu. Svo linlega virðist hér á málum tekið.

Um sum vinnubrögð við gerð þessa frv. má margt gott segja, en um sumt getum við hins vegar haft hin verstu orð. Til fyrirmyndar er t. d. úrvinnsla mála af hinum færustu mönnum, svo að þm. hefði átt að vera auðvelt að gera sér glögga grein fyrir stöðu mála. Má þar t. d. nefna skjalið frá vísitölunefnd sem útbýtt var hér á þingi í gær. En fyrst og fremst tel ég til fyrirmyndar hve mikil samráð hafa verið höfð við verkalýðshreyfinguna þann tíma sem málið hefur verið í undirbúningi og þá sérstaklega við Verkamannasambandið, en innan þess eru kannske fyrst og fremst þeir aðilar sem helst þarf að vernda gegn þeim fórnum sem þjóðin í heild hlýtur að þurfa að taka á sig. Ég efa það mjög, að nokkur ríkisstj. hafi áður haft svo nána samvinnu við verkalýðshreyfinguna um bráðabirgðaráðstafanir í efnahagsmálum, bæði núna og eins fyrir þremur mánuðum. Hitt er svo annað mál, að ég veit ekki nema þessi sama velviljaða verkalýðshreyfing geti orðið langþreytt ef hún þarf að sjá framan í stöðugar bráðabirgðaráðstafanir á þriggja mánaða fresti, en heildarstefnu sé stöðugt frestað.

Meingallar þessa frv. eru fyrst og fremst tveir að mínu mati. Þeir eru svo stórir að þeir eru varla viðunandi. Fyrri gallinn: Nærri allt, sem minnir á mótun samræmdrar stefnu um aðgerðir á öllum sviðum efnahagsmála sem ráðið geti úrslitum um verðbólguþróun á næstu missirum, eins og skrifað stendur, er sett aftan við frv., í þann kafla sem heitir Athugasemdir við lagafrv. þetta. Þegar þetta frv. verður orðið að lögum verða aths. með aðgerðunum 9 klipptar aftan af, og ég tel mig ekki hafa nægja tryggingu fyrir að sumt af því, sem þarna stendur og helst horfir til bóta, verði annað en pappírsplagg prentað á ljótan pappír og geymt í hirslum Alþingis. Hinn gallinn er linkan og óákveðnin sem skín út úr nærfellt hverri grein í grg. Fimm sinnum er sagt að gert sé ráð fyrir, þrisvar að stefnt sé að, tvisvar að athugað verði og einu sinni að leitast verði við. Er nokkur furða þótt okkur finnist nóg um að hafa í þessum 9 gr. 11 sinnum svona hetjulegar yfirlýsingar? Þetta er eiginlega verra heldur en alvarlegu augun hans Geirs Hallgrímssonar.

Verðbólgan lætur ekki undan neinu hálfkáki. Til þess að sigrast á henni þurfum við að ráðast að öllum hennar þáttum. Við verðum að viðurkenna að launaþátturinn er einn af þessum þáttum, en engan veginn nema einn hluti af heildardæminu, gagnstætt því sem síðasta ríkisstj. virtist halda að væri, að þar væri um algeran aðalbölvald að ræða.

Við Alþfl.-menn munum ekki bregða fæti fyrir þær aðgerðir ríkisstj. sem fram koma í þessu frv. sem hér er til umr., þó að okkur þyki frv. meingallað. Við munum láta reyna á það á næstu vikum, hvort ákvæði grg. eru raunveruleg stefna samstarfsflokka okkar eða hvort þeir ætla að gera þau að marklausum pappírum. En fari svo, sem ég vona að ekki verði, þá eru þeir að segja sig úr lögum við þá sem skópu samstarfsyfirlýsinguna sem aðeins er þriggja mánaða gömul, segja sig úr lögum við Alþfl., og það sem verst er, þeir eru að segja sig úr lögum við þann

stóra hluta íslensku þjóðarinnar sem treysti þessari nýju stjórn til góðra verka.

En að lokum, eins og áður hefur verið sagt á þessum stað: Megi hollvættir Íslands leiða forustumenn okkar ágætu þjóðar til réttrar brautar.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. S. l. mánudag gerðist sá einstæði atburður í þessari deild Alþingis, að forseti deildarinnar, hv. þm. Bragi Sigurjónsson, sagði af sér forsetastörfum. Þessi atburður var vel skjalfestur. Þar voru mættir fréttaritarar og ljósmyndað var í bak og fyrir. Í ræðu sinni lýsti þm. m. a. þeirri skoðun sinni, að kjark- og úrræðaleysi hefði orðið fyrrv. ríkisstj. fyrst og fremst að falli. Síðan sagði hann orðrétt: „Ég harma að ríkisstj., sem ég hefði viljað sjá vaxa og vel dafna, hafi nú lotið að sömu vinnubrögðum og sýnt sams konar kjark- og úrræðaleysi". Þá kvaddi sér hljóðs hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson. Hann lýsti sig svo fullkomlega sammála, að hann kvaðst engu hafa við að bæta ræðu Braga Sigurjónssonar. Manni skildist að þm. væri nánast orðlaus af aðdáun. Þannig lýstu tveir þm. sig hjartanlega sammála í þeirri skoðun sinni, að kjark- og úrræðaleysi hefði orðið ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar að falli og núv. ríkisstj. stefndi að sömu örlögum.

Varla verður um það deilt, að mistök urðu ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar að falli. Sömuleiðis er ljóst, að sú ríkisstj., sem nú situr, verður að læra af þeim mistökum og forðast þau. Ég er sammála þm. um að kjark- og úrræðaleysi átti stóran þátt í falli ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Sérstaklega tel ég að hún hafi oft verið sein að grípa til nauðsynlegra aðgerða, t. d. eftir sólstöðusamningana í fyrra sem tvímælalaust urðu umfram greiðslugetu atvinnuveganna. En mistökin voru að mínu mati fleiri. Örlagaríkast var, að ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar vanrækti eða tókst ekki að ná þeirri samstöðu með aðilum vinnumarkaðarins, fyrst og fremst launþegum, sem nauðsynleg er til þess að stjórna megi þessu landi.

Núv. ríkisstj. vill læra af þessum mistökum. Því byggir hún á því grundvallaratriði, að samráð skuli haft við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í efnahagsmálum. Rétt er að slíkt samráð er oft þungt í vöfum, enda kjaramálin viðkvæm. Það er að mínu mati mikil bjartsýni að ætla að slík samstaða geti náðst á þremur mánuðum.

Til þess að skýra mál mitt betur vil ég nefna að í þeirri till., sem Alþfl.-menn lögðu fram um aðgerðir nú 1. des., þar sem gert var ráð fyrir að endanleg launahækkun yrði aðeins 3.6%, var reiknað með frádrætti vegna versnandi viðskiptakjara 2% og framlagi launþega til viðnáms gegn verðbólgu 3%, hvort tveggja bótalaust. Ég er því sammála, að þetta hefði verið æskilegt. Því ákváðum við framsóknarmenn að láta á það reyna við fulltrúa stærstu launþegasamtakanna. Forsrh. átti við þá viðræður. Í ljós kom að ekki var á þessu stigi samkomulagsgrundvöllur um slíka eftirgjöf af hálfu launþega. Slíka skerðingu hefði því orðið að ákveða með lögum einhliða og án samkomulags. Þar með hefði verið þverbrotin sú grundvallarregla, sem ríkisstj. byggir á, að hafa samráð og leita eftir víðtækri samstöðu við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í efnahagsmálum.

Vel má vera að einhver ásaki ríkisstj. um kjark- og úrræðaleysi af þessum sökum. En hvað er þá orðið um kjarasáttmálahugsjónina t. d. hjá síðasta hv. ræðumanni Alþfl.? Hér mun enn sannast að kapp er best með forsjá. Hinn gullni meðalvegur mun reynast farsælasta leiðin.

Þrátt fyrir þá áherslu sem við framsóknarmenn leggjum á samstöðu með aðilum vinnumarkaðarins um aðgerðir í efnahagsmálum er okkur hins vegar ljóst, að ríkisstj. verður að hafa foustu um mótun slíkrar stefnu. Við þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru nú 1. des., teljum við því rétt að ríkisstj. móti nánar stefnu sína í efnahagsmálum. Því beittum við okkur fyrir því, að í aths. við frv. eru sett fram ákveðin markmið sem að verður stefnt á næstunni. Allir stjórnarflokkarnir eiga að sjálfsögðu stóran þátt í mótun þessarar stefnu. Þess mættu sjálfstæðismenn minnast er þeir hamast nú við að reka fleyg í samstarf stjórnarflokkanna, og þess mætti einnig hv. síðasti ræðumaður minnast.

Þessi markmið eru öll byggð á þeirri efnahagsstefnu sem sett er fram í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna. Fyrst og fremst er um að ræða nánari útfærslu. Í sumum tilfellum er stigið allstórt skref að þessu leyti. Í því kemur jafnframt fram sá skilningur núv. ríkisstj., að ráðast þurfi gegn efnahagsvandanum með víðtækum aðgerðum á fjölmörgum sviðum. Greinir þar einnig á milli starfshátta núv. ríkisstj. og ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Mun ég nú fjalla um nokkur þessi stefnumið.

Í fyrsta lið aths. segir, að að því skuli stefnt að verðlags- og peningalaunahækkanir 1. mars n. k. verði ekki meiri en 5%, og í öðrum lið, að leitast skuli við að ná verðbólgunni niður fyrir 30% í lok ársins 1979. Þetta er í samræmi við fyrsta lið breyttrar efnahagsstefnu í samstarfsyfirlýsingunni. Þar er sagt, að stefnt skuli að hjöðnun verðbólgunnar í áföngum.

Sumum kann að virðast að erfitt muni reynast að halda hækkunum innan við 5% fram til 1. mars n. k. Hins vegar hygg ég að mörgum muni þykja að heldur lítið hafi áunnist ef verðbólgan reynist enn 30% í lok ársins 1979. Þetta tvennt helst þó í hendur. Til þess að verðbólgan verði innan við 30% í lok ársins mega verð- og launahækkanir varla verða meira en 5% ársfjórðungslega á árinu 1979.

Okkur framsóknarmönnum er að sjálfsögðu ljóst að til þess að ná þessum markmiðum mun þurfa að beita víðtækum aðgerðum og ströngu verðlagseftirliti. Okkur er einnig ljóst að með þeirri vísitölubindingu launa, sem nú er búið við, mun þetta markmið alls ekki nást. Víxlhækkanir munu þá reynast meiri og óviðráðanlegar.

Því er í þriðja lið aths. lögð áhersla á að vísitöluviðmiðun launa verði breytt fyrir 1. mars 1979. Sumir fulltrúar launþega hafa sagt að með þessu sé beitt óeðlilegum þrýstingi sem geti spillt fyrir störfum vísitölunefndar. Því á ég bágt með að trúa. Ég er sannfærður um að launþegar í landinu eru fyrir löngu orðnir vissir um það og vita það, að núverandi vísitöluviðmiðun launa er ekki aðeins ófær og verðbólguhvetjandi, heldur mjög skaðleg, fyrst og fremst fyrir þá sem lægst launin hafa.

Fram eru komnar fjölmargar hugmyndir um endurskoðun vísitöluviðmiðunar. Ég fæ t. d. ekki betur séð en að flestir séu sammála um það nú, að ekki muni fært að láta erlendar verðhækkanir leiða til launahækkana hér á landi ef afkoma atvinnuvega okkar batnar á engan máta á sama tíma og jafnvel versnar. Sömuleiðis heyrast mér fáir mæla því bót, að laun beri að hækka þegar reist er sjúkrahús, skóli eða efld önnur þjónusta við þjóðfélagsþegnana og tekna til þess aflað með sköttum. Því

tel ég sannarlega tímabært að ríkisstj. lýsi vilja sínum í þessu mikilvæga máli. Farið er fram á að vísitölunefndin skili tillögum fyrir 15. febrúar. Varla getur það talist til of mikils ætlast.

Í fimmta lið aths. er því lýst, að breytt muni verða um stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins á þessu þingi. Þegar framleiðsluráðslögin voru sett árið 1947 var í landinu skortur á landbúnaðarafurðum. Þá þótti rétt að stuðla að því, að landbúnaðarframleiðslan yrði aukin. Þetta tókst. En því miður var þess ekki gætt að endurskoða þá stefnu tímanlega þegar því markmiði var náð að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir kjöt- og mjólkurvörur. Þá hefði þurft að beina aukinni framleiðslu inn á ný svið og jafnframt styrkja tekjur bænda til samræmis við aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Umframframleiðslan er orðin of mikil og fer vaxandi, og lágt verð og sölutregða erlendis veldur vaxandi erfiðleikum. Því hafa bændur landsins haft forustu um, að breytt verði um stefnu. Í samræmi við tillögur Stéttarsambands bænda mun ég því leggja fram nú eftir helgina frv. til l. um ráðstafanir til þess að draga úr umframframleiðslu í landbúnaði. Hér vinnst ekki tími til þess að ræða þær till. ítarlega. Ég vil þó leggja áherslu á að ég lít á þær aðgerðir, framleiðslugjald og fóðurbætisskatt, sem bráðabirgðaráðstafanir. Mikilvægast er að móta stefnu í landbúnaði til langs tíma. Þar ber að leggja áherslu á þrjú meginatriði:

1. Að tryggja bændum sambærilegar tekjur við tekjur annarra stétta í þjóðfélaginu.

2. Að miða landbúnaðarframleiðsluna fyrst og fremst við okkar eigin þarfir, en gera hana jafnframt fjölbreyttari.

3. Að tengja þróun landbúnaðarins þeirri stefnu sem við fylgjum í byggðamálum.

Því geri ég ráð fyrir að leggja fram á Alþ. eftir áramótin tillögu um slíka stefnumótun í landbúnaði. Verður þá jafnframt lagt fram frv. til l. um beina samninga bænda við ríkisvaldið. Einnig tel ég nauðsynlegt að samræma styrkjakerfi landbúnaðarins og alla aðra starfsemi í hans þágu þeim langtímamarkmiðum sem ákveðin verða. Geri ég ráð fyrir að leggja fram á Alþ. þegar í næstu viku frv. til l. um breyt. á styrkjakerfi jarðræktarlaganna sem að þessu stefnir. Við þessa stefnubreytingu er mikilvægast að nota allar tiltækar leiðir til þess að tryggja bændum sambærilegar tekjur og aðrar stéttir í þjóðfélaginu hafa og koma í veg fyrir kjaraskerðingu við þá stefnubreytingu sem gera verður.

Í 6. lið aths. er mörkuð mjög mikilvæg stefna um fjárfestingu í landinu. Þar er ákveðið sem markmið að heildarfjárfestingin á árinu 1979 verði ekki umfram 24-25% af vergri þjóðarframleiðslu. Þar er um 10-11% samdrátt að ræða. Stefnumótun á þessu sviði er nú í undirbúningi og má vænta tillagna á næstunni. Áhersla verður lögð á að ljúka þeirri fjárfestingu sem er hafin, en forðast að ráðast í nýja um sinn, en leggja hins vegar áherslu á hagræðingu. Þannig verður að kappkosta að treysta grundvöll allra atvinnuvega þjóðarinnar. Ef tekst að ná fjárfestingunni niður eins og að er stefnt og jafnframt að láta hagkvæmnina ráða, en ekki stundarverðbólgugróðasjónarmið, mun það hafa mjög mikil og jákvæð áhrif á þróun verðbólgu á næstu árum.

Í 7. lið aths. eru taldar upp fjölmargar félagslegar umbætur sem nú eru í undirbúningi. Um þær hefur verið ítarlega rætt í þessum umr. og skal ég ekki fjölyrða um þær. Ég hygg að þar sé nokkuð fyrir alla. Launþegar og bændur verða að meta það sjálfir, hvort þeir vilja fremur slíkar félagslegar umbætur eða launahækkun sem endist aðeins í fáeina mánuði, en hverfur síðan í hækkað verðlag og aukna verðbólgu.

Furðulegt er að hlusta á upphrópanir sjálfstæðismanna um kjaraskerðingu í þessu sambandi. Slíkt á ekki við úr þeim herbúðum. Hver hefðu þeirra ráð orðið? Því geta launþegar eflaust svarað sjálfir. Vafalaust hefði meginhluti vísitöluhækkunar verið með lögum niður felldur án þess að nokkuð kæmi í staðinn.

Ég hef nú rakið nokkra meginþætti þeirrar efnahagsstefnu sem mótuð er í aths. við lagafrv. það sem hér er til umr. Ég hef leitast við að sýna að með þeim er stigið allstórt skref frá þeim almennu yfirlýsingum sem felast í samstarfsyfirlýsingunni. Nú reynir á hvort ná má fram þeim stefnumiðum sem þarna eru sett. Fram undan er því mikið starf. Ég tel í því sambandi einna nauðsynlegast að auka mjög allt samráð við aðila vinnumarkaðarins, ekki síst launþega og bændur og þá hópa sem lægstu launin hafa, því leggja verður áherslu á að kaupmáttur lægstu launa verði treystur. Slíkt samráð verður að vera meira en aðeins milli ráðh. og fulltrúa stærstu launþegasamtakanna á fáum fundum. Til þess verður að kveðja fleiri aðila frá báðum hliðum. Fulltrúar launþega og atvinnurekenda verða að vera með í ráðum við alla þætti þeirrar stefnumörkunar sem fram undan er.

Sumum kann að þykja að ríkisstj. leggi með þessu of mikið í annarra hendur. Ekki er það ætlun mín. Ríkisstj. verður að sjálfsögðu að hafa alla forustu um mótun nýrrar stefnu í efnahagsmálunum. Hún verður að hafa kjark og áræði til þess að setja fram ákveðnar till. og beita sér fyrir samkomulagi um þær á breiðum grundvelli. Skoðun mín er jafnframt sú, að í slíkum vinnubrögðum felist meiri kjarkur en með einhliða lögboðinni kjaraskerðingu sem leiða mundi til stórátaka og tjóns fyrir þjóðfélagið allt.

Það er sannfæring mín, að þessu þjóðfélagi verði ekki stjórnað nema við völd sitji ríkisstj. sem nýtur trausts þjóðarinnar. Slagurinn stendur stöðugt um skiptingu þjóðarauðsins. Reynslan hefur sýnt að þar bera launþegar og bændur oft skarðan hlut frá borði. Landsmenn verða að geta treyst því, að ríkisstj. landsins gæti þess að svo fari ekki. Gagnkvæmt traust á milli þjóðfélagsþegna og ríkisvalds er grundvöllur þessa stjórnarsamstarfs. Því trausti má ekki bregðast.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Með sanni má segja að viðburðarríkir dagar séu nú á Alþingi Íslendinga. Lagt var fram frv. um 8% kauprán, svo notað sé það fleyga orð, og milljónatuga skattaálögur á þegnana eru boðaðar beint og óbeint. Deildarforseti, elsti og reyndasti þm. Alþfl., segir af sér forsetastörfum m. a. með þessum orðum: „Ég harma að stundarhagir flokka séu af flokksforingjum bornir meir fyrir brjósti en alþjóðarheill. Ég vil ekki vera sameiningartákn slíks leiks og slíkra vinnubragða". Og foringi yngstu mannanna í Alþýðuflokknum tætir frv. ríkisstj. niður lið fyrir lið, en greiðir því síðan atkv. sitt, og svo er um fleiri eins og hlustendur hafa heyrt hér í kvöld.

Alþb.-menn skamma utanrrh. ríkisstj. sinnar blóðugum skömmum og hann svarar fullum hálsi, svo að samstarfsmönnunum megi ljóst vera að það er hann sem valdið hefur og geti á eindæmi sitt beðið Bandaríkjamenn að þyrma Suðurnesjamönnum þótt ný lög þeirra

kveði á um fækkun manna í opinberri þjónustu. Minnir það raunar nokkuð á þegar önnur vinstri stjórn nældi sér í gjafapeninga úr sérstökum öryggissjóði Bandaríkjanna.

Og forsrh., höfuð stjórnarinnar, tekur hvern þm. stjórnarflokkanna af öðrum á kné sér og lemur óvægilega á milli þess sem hann bregður sér í ham landsföður og bendir mönnum af visku sinni á að stökkva ekki yfir læk sem sé svo breiður að maður nái ekki yfir á bakkann hinum megin.

En enginn er nú verri þótt hann vökni, stendur einhvers staðar. Hitt getur verið skaðsamlegra, að ætla í mörgum stökkum yfir hyldjúpa gjá, jafnvel botnlausa, en það er sú íþrótt sem nú skal stunda undir stjórn landsföðurins. Fyrsta tilhlaup var eins og kunnugt er tekið 1. sept. Nú reyna stjórnarherrarnir á ný að hefja sig til flugs. Því næst á að stökkva 1. mars og síðan á 3 mánaða fresti. Þó er boðað að þau stökkin megi verða öllu styttri en hin fyrri, kannske svona 4-6 stig hvert. Samt gerir enginn ráð fyrir að verðbólgan verði á næsta ári minni en 30-40%.

Þetta er hryggileg mynd, en því miður sönn. Samstarfsmenn í ríkisstj. reyna hver að niðurlægja annan. Hver sem sjá vill hlýtur að sjá þau óhugnalegu hjaðningarvíg sem vegin eru um þessar mundir, þar sem málefni víkja fyrir hatri og hefndarþorsta. Þegar þannig er umhorfs í okkar litla þjóðfélagi er eðlilegt að ugg setji að mönnum. Ég er ekki boðberi þess, við erum það ekki sjálfstæðismenn, að á úlfúðinni sé alið. Þvert á móti er nú tímabært að menn leitist við að slíðra sverðin og reyni sameiginlega að bjarga því á næstu mánuðum og missirum sem bjargað verður.

Við sjálfstæðismenn töldum sjálfsagt og eðlilegt að ný ríkisstj. fengi svigrúm til að gera grein fyrir stefnu sinni og áformum. Við verðum því ekki sakaðir um óheiðarlega stjórnarandstöðu eða tilraunir til að torvelda stjórnarstörf. Hitt er svo annað mál, að væntanlega hefur nú runnið upp fyrir landslýð, hverjir það eru, sem úrræði hafa haft, og hverjir hinir úrræðalausu eru. Vík ég að því nokkrum orðum.

Um það verður ekki deilt, að upphaf óðaverðbólgunnar er að rekja til vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar á árunum 1971-1974, en þegar sú stjórn hrökklaðist frá hafði verðbólgan náð 54%. Þótt við ramman reip væri að draga tókst stjórn Geirs Hallgrímssonar að lækka verðbólguna um helming, en með sólstöðusamningunum 1977 voru knúðar fram kauphækkanir, sem sýnt var að efnahagslífið gat ekki undir staðið. Ríkisstj. stakk þó við fótum, fyrst með aðgerðum í des. á s. l. ári, þá með febrúarlögunum svonefndu og raunar ýmsum aðgerðum öðrum. Fyrrv. stjórnarandstöðuflokkar brutu þessar aðgerðir illu heilli á bak aftur og unnu mikla kosningasigra undir kjörorðinu: „samningana í gildi". Ef rétt kjörin ríkisstj. hefði ráðið og lög Alþingis verið virt væru kjör manna nú betri en þau eru, verðbólgudraugurinn væri á undanhaldi og tugmilljarða álögur á landslýðinn hefðu aldrei séð dagsins ljós. Þetta eru staðreyndir sem fram hjá verður ekki gengið og blasa raunar við hverju mannsbarni.

Auðvitað má segja að ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar hafi á síðasta starfsári sínu mistekist að kljást við verðbólguna, þótt réttara væri að segja að henni hafi ekki tekist að halda í skefjum þeim óheillaöflum sem vísvitandi unnu að því að grafa undan efnahag landsins og lýðræðislegum stjórnarháttum.

En hvað sem um þetta verður sagt, þá var síðasta ríkisstj. merk fyrir margra hluta sakir. Stærstu sigrar í landhelgismálum voru unnir undir ótrauðri forustu Sjálfstfl., og enn er stefnt fram í hafréttarmálunum. Stefna Sjálfstfl. í öryggis- og varnarmálum sigraði svo rækilega að við stjórnarmyndun nú var því beinlínis lýst yfir, að utanríkisstefnan yrði óbreytt, gagnstætt því sem áður hefur verið þegar vinstri stjórnir hafa verið myndaðar. Þetta verður aldrei talinn lítill árangur. Gagnmerka löggjöf skildi þessi ríkisstj. eftir. Merk skattalög voru samþ. á s. l. vori, sem nú er raunar verið að eyðileggja. Löggjöf um verðlagsmál og samkeppnishömlur var einnig afgreidd, en þar er gert ráð fyrir að svipaður háttur verði á verðlagningu hér á landi og í öðrum lýðfrjálsum löndum og leysi af hólmi það fáránlega verðlagningakerfi, sem við höfum í áratugi búið við og meir hefur skaðað þjóðina en flest annað. Gildistöku þessara laga hefur að vísu verið frestað, en þau þó ekki felld úr gildi. Og samhliða er boðað að ganga enn lengra á braut verðlagsvitleysunnar en verið hefur.

Hin merkustu hlutafélagalög voru samþ. með 60-70 brtt. frá þingnefndum Alþingis. Þar er að finna ákvæði sem gjörbreyta munu aðild almennings að hlutafélagarekstri og stórefla íslenskt atvinnulíf ef rétt er að staðið. Stóru hlutafélögin verða þá opin almenningshlutafélög og réttur hluthafanna til áhrifa og eðlilegrar arðtöku tryggður kannske betur en í nokkru þjóðríki öðru.

Sjálfstæðismenn hafa haft forustu um gjörbyltingu í fjármálakerfi landbúnaðarins, þannig að bændur sjálfir fái til umráða þá fjármuni sem þeim eru ætlaðir, og sjálfstæðismenn hafa bent á nauðsyn sparnaðar í fjármálakerfinu og einföldunar á því bákni, því kerfi sem allt er að sliga.

Síðast, en ekki síst er rétt að minna á það, að í marga áratugi hefur þeirri kröfu verið haldið á lofti, að kjör láglaunastétta yrðu bætt án þess að allir aðrir fylgdu í kjölfarið. Þetta hefur aldrei tekist fyrr en á liðnu vori. Og hverjum tókst það? Geir Hallgrímssyni og ríkisstj. hans. Allir vita svo hverjum tókst að brjóta réttlætið á bak aftur í þessu efni.

Þegar litið er á þá fáu málaflokka, sem hér hefur verið á drepið, sést að víða var vel unnið til að tryggja hagsmuni landsins út á við og auka lýðfrelsi og réttlæti inn á við. Það var því sannarlega góður grunnur til að byggja á ef landsmenn hefðu verið svo gæfusamir að fá traustа og heiðarlega ríkisstj. í stað þess óskapnaðar sem Íslendingar nú því miður sjá framan í og m. a. hefur verið lýst hér í kvöld af þm. Alþfl.

En víkjum þá nokkrum orðum að þessari nýju andstæðu heilbrigðs lýðræðislegs stjórnarfars. Hún birtist einmitt í máli því sem hér er nú til umr. Ríkisstj. þóttist ætla að hafa náið samráð við aðila vinnumarkaðarins, eins og það var nefnt, og hefur sjálfsagt ætlað að sýna fram á með þeim hætti, að hún væri sérstök stjórn fólksins. Á fundum fjh.- og viðskn. hefur verið upplýst, að þetta loforð var svo til alfarið svikið eins og annað. Hins vegar er ljóst að náið samstarf hefur verið á milli forustu Framsfl. og áhrifamestu aflanna í kommúnistaflokknum, því að stefnan er mörkuð eftir kennslubókum í sósíalisma, kommúnisma og stefið er þetta, rauði þráðurinn þessi: Fjármunina burt frá fólkinu, burt frá einstaklingunum. Lægri laun, meiri ríkisafskipti, meiri svokallaðar félagslegar umbætur og yfirstjórn sjálfkjörinnar forustu lítillar klíku í launþegasamtökum í nánu sam-

starfi við vinstri sinnaða ríkisstj. — Og stjórn Verkamannasambandsins lýsir því yfir, að hún vilji veita ríkisstj. starfsfrið til að svipta fólkið fjárráðum og færa féð til opinberra og hálfopinberra stofnana sem að sjálfsögðu eiga að vera á valdi svokallaðra vinstri afla. Og valdinu ber að þjappa saman, taka það frá fólkinu og færa til foringjanna. Sósíalismi skal það vera, líklega seigdrepandi sósíalismi.

Kannske er það þetta sem forsrh. átti við þegar hann ræddi um lækinn sinn og sagði að verið gæti að við yrðum á næstunni að láta okkur nægja hin smáu skrefin. En skrefin held ég að séu nú nokkuð stór. Við erum á hraðri leið til sósíalisma og til versnandi lífskjara. Þessu til viðbótar á svo að skattleggja atvinnurekstur inn, m. a. *með veltusköttum, til þess að honum reynist enn torveldara* að greiða sæmileg laun, þótt auðvitað vilji sérhver vinnuveitandi fremur greiða starfsfólki sínu góð laun en stórfé í hítina — eða þá þau 2% sem forsrh. hér skýrði frá að atvinnurekendur ættu að bera vegna skertra verðlagsákvæða.

Og loks á svo að taka endanlega úr sambandi öll lögmál frjáls markaðsbúskapar með enn verri og vitlausari miðstýringu fjármálakerfisins en við höfum nokkru sinni áður kynnst og með því að herða enn verðlagningarákvæði, þannig að útséð sé um að heilbrigð verslun geti þróast og innkaup verði því sem allra óhagstæðust.

Þetta er í stórum dráttum sú mynd sem við blasir ef umbúðunum er svipt af: Kauprán og óðaverðbólga. Stórfelldir fjármagnsflutningar frá fólkinu og atvinnuvegunum yfir til ríkisins og hálfopinberra sósíalískra stofnana sem upp eiga að rísa eins og gorkúlur. Valdið frá fólkinu, fjárráð þess minni, vér skipuleggjum.

„Það var útbreiðslufundur við eldinn niðri," segir Davíð. Já, þeir hafa verið margir fundirnir niðri við eldinn að undanförnu. Boðskapurinn hefur nú verið birtur.

„Og boðskapur þessi var borinn þjóðum
af blíðum sveinum og hjartagóðum,
en vafinn alls konar veiðitáli,
vífilengjum og rósamáli."

En þessu ástandi, sem ég var að drepa hér á, lýsir raunar annar maður miklu kröftuglegri orðum en ég. Formaður þingflokks Alþfl. segir í sumar um tillögur Alþb. við stjórnarmyndun, þær till., sem nú er verið að framkvæma, og afleiðingar þeirra, orðrétt, með leyfi forseta:

„Innan skamms yrði allur atvinnurekstur landsmanna kominn á ríkisjötuna. Honum væri haldið gangandi með styrkjum og uppbótum af almannafé sem pólitísk ráð og kommissaríöt ráðstöfuðu. Menn geta gert sér í hugarlund þá pólitísku og fjármálalegu spillingu sem fylgdi í kjölfarið þegar búið væri að tuttugufalda kommissarastéttina, sem gengi með skattpeninga almennings í öðrum rassvasanum og flokksfélagatalið í hinum og stokkaði svo hvort tveggja rækilega saman í spilaborg burðarása atvinnulífsins. Aðeins eitt ríki vestan járntjalds hefur horfið að þessu uppbótakerfi kommissariata á undanförnum árum, Kúba."

Og hann heldur áfram: „Máltækið „lík börn leika best" á við um efnahagsmál eins og annað. Kúbumenn komust fljótt á snoðir um hversu erfitt var að halda uppi viðskiptum við vestræn lönd, sem byggðu á allt öðrum lögmálum efnahagslífs, og á aðeins þrem árum neyddust Kúbumenn til að snúa sér með viðskipti sín til þeirra landa sem við svipuð efnahagskerfi bjuggu, austantjaldslandanna."

Þetta voru ekki mín orð, heldur orð formanns þingflokks Alþfl., eins aðilans að ríkisstjórnarbandalaginu. En hvað er þá til ráða? Eru allir úrræðalausir? Svo dökkleitt er nú ástandið sem betur fer ekki. Við vitum að ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar var vel á veg komin í glímu við verðbólgu og hafði gert margháttaðar ráðstafanir á sviði löggjafarmála til að treysta grundvöll hagsældarþjóðfélags frjálsra einstaklinga. Sjálfsagt má fara svipað að og hún gerði, þótt ég neiti því ekki, að ég telji heppilegra að reyna að taka ærlegt tilhlaup og stökkva yfir lækinn, svo að enn sé notuð samlíking hæstv. forsrh. Ég held að það séu engin algild hagfræðilögmál sem segja að 50% verðbólgu þurfi endilega að kveða niður í mörgum áföngum, né heldur hafa verið færð að því rök, að sársaukameira væri að stökkva yfir gjána.

Auðvitað þyrfti góðan undirbúning ef svipaður uppskurður yrði framkvæmdur og gert var árið 1960 með þeim ágætum að sjöundi áratugurinn var mesta blómaskeið í íslenskum efnahagsmálum, þrátt fyrir margháttaða erfiðleika sem utan að steðjuðu, enda tókst þá að halda bæði framsókn og kommum utan stjórnar á annan áratug og er það kannske helsta skýringin á því, hve vel var gert þá í okkar stjórnmálum. En á áttunda áratugnum hefur verið uggvænlegasta verðbólguskeið sem um getur.

Eins og að líkum lætur hefur á vegum Sjálfstfl. á undanförnum mánuðum verið unnið að ítarlegri stefnumörkun í efnahagsmálum, og strax við stjórnarmyndunarviðræðurnar í sumar kunngerði forusta Sjálfstfl. leiðtogum annarra flokka ýmis atriði í þessari stefnumörkun sem auðvitað gengur þvert á aðgerða- og úrræðaleysi núv. stjórnarflokka.

Miklar umr. hafa að vonum farið fram um vaxtamál í sambandi við efnahagsvandann og talað hefur verið um raunvexti. Mér hefur fundist þessi umr. að vissu leyti raunaleg, einmitt vegna þess að hún hefur tíðum byggst á tví- eða þrístökkskenningum hæstv. forsrh. Ólafs Jóhannesssonar sem áður voru nefndar. Ég held að við verðum að horfast í augu við það, að fjármálakerfið er hrunið og verðtryggingu fjárskuldbindinga verður að taka upp, því að um vexti getur ekki verið að ræða meðan fjármunir þeir, sem menn eiga í lánastofnunum, minnka. Það stríðir meira að segja gegn máltilfinningu, hvað þá réttri hugsun.

Ég hef bent á það strax á liðnu sumri, hve fáránlegt væri að útflutningsatvinnuvegir endurgreiddu ekki lánsfé það, sem þeir fá til rekstrar, í þeirri sömu mynt sem þeir selja vöruna í, þ. e. a. s. erlendri mynt. Þeir væru þá sama sem að selja hvern fiskkassa þegar hann væri kominn inn í geymsluna. En þótt þeir gerðu þetta, fengju gengistryggða peninga, þyrfti ekki að taka erlend lán þeim til handa, því að leyfa ætti Íslendingum að leggja fé sitt inn á gengisreikninga, þannig að þeir yrðu til ráðstöfunar fyrir atvinnuvegina. Að sjálfsögðu yrði samtímis að breyta skammtímaskuldum í löng lán ef verðtrygging fjárskuldbindinga yrði almenn. En því miður er samt hætt við að þetta eitt sér kæmi ekki að tilætluðum notum og mundi lítt stoða þegar efnahagsstefna að öðru leyti er í brotum — og raunar flest gert öfugt við það sem gera ætti, eins og t. d. að þrengja að versluninni og hækka

þannig vöruverð í stað að heimila innflutningsversluninni að taka erlend vörukaupalán, á eigin ábyrgð að sjálfsögðu, og jafnframt að veita einhvern gjaldfrest á tollum, afnema ákvæði um prósentuálagningu og koma á raunverulegri samkeppni þar sem vöruframboð væri mikið og verslunaraðilar yrðu að selja.

Ljóst er af þeim fáu dráttum, sem hér hafa verið dregnir upp, að skörp skil eru á milli efnahagsstefnu Sjálfstfl. annars vegar og Framsfl. og kommúnista hins vegar, en á milli þeirra virðist hnífurinn ekki ganga um þessar mundir. Ekki er á mínu færi að leggja dóm á efnahagsstefnu Alþfl. Þeir segjast, Alþfl.-menn, fylgja allt annarri stefnu en þeir greiða atkv. með og standa að framkvæmd á. Vonandi segja þeir satt, þótt þeir geri nú rangt, því að svo sannarlega veitir ekki af að sem allra flestir geri sér rétta grein fyrir vandanum og þeim viðbrögðum sem nauðsynleg eru.

Já, það eru skörp skil í íslenskum stjórnmálum og þau hljóta enn að skerpast innan tíðar. Það eru miklir erfiðleikar fram undan og rétt að hver og einn, hvar í flokki sem hann stendur, búi sig undir þá. Sjálfstfl. mun að sjálfsögðu ekkert það aðhafast sem aukið getur á vandann, en stjórnarandstaðan hlýtur að harðna þegar ljóst er orðið að ríkisstj. stígur hvert óheillaskrefið af öðru og eykur með hverri aðgerðinni af annarri á rangsleitni og ofstjórnaræði.

En við Íslendingar byggjum bæði besta og fegursta land í heimi. Við eigum ótæmandi auðsuppsprettur og manndómur er enn þá til. Þess vegna er öll svartsýni, vol og víl ástæðulaust. Svo er það hitt, að fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Kannske verður ólánsferill núv. ríkisstj. til þess að meiri hl. landsmanna, e. t. v. mikill meiri hl., geri sér grein fyrir því, að gjörbreyta verður um stefnu og starfshætti á stjórnarheimilinu. Þá hefur stjórnin ekki til einskis setið. Þá mun sjálfstæðisstefnan ná að ríkja, stefna frelsis og framfara.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Verðbólgan er alvarlegasta meinið í íslensku þjóðfélagi. Hún grefur undan efnahagslegu sjálfstæði. Hún nagar undirstöður atvinnulífsins. Hún er gróðrarstía margvíslegrar spillingar og siðferðilegrar upplausnar. Verðbólgan er sá óvættur, sem með síauknum þunga er að draga dug og mátt úr landsmönnum öllum og gera þjóðina að þrælum erlendra fjármagnsdrottnara.

Sú skoðun gerist æ útbreiddari, að verðbólgan sé einhver óvættur sem við getum ekki ráðið við, getum ekki kveðið í kútinn. Sú skoðun er mikill misskilningur, hættulegur misskilningur. Við, sem nú berum ábyrgð á stjórn landsins og njótum til þess fulltingis launafólksins í landinu, höfum lagt til atlögu við verðbólguna með tvíþætta hernaðaráætlun. Fyrri þáttur þeirrar hernaðaráætlunar er að rjúfa vítahring sjálfvirkninnar sem á undanförnum árum hefur leitt til hverrar gengisfellingarinnar á eftir annarri og sett allan eðlilegan ákvarðanagrundvöll hagkerfisins úr skorðum. Síðari þáttur hernaðaráætlunarinnar er að umskapa framleiðslu- og fjárfestingarkerfi landsins, samhæfa stjórn peningamála, ríkisfjármála og gjaldeyrismála, draga úr eyðslu, en efla afköst í því skyni að gera íslenskar útflutningsatvinnugreinar og almennan samkeppnisiðnað, stjórn þeirra og skipulag svo úr garði að grundvöllur sé fyrir varanlegum lífskjarabótum.

Í tveimur höfuðþáttum í hernaðaráætlun okkar í verðbólgubaráttunni er í raun um samspil margra og flókinna aðgerða að ræða. Óstjórn síðustu ára skaut svo margslungnum rótum undir verðbólguvöxtinn, að orsaka hans er víða að leita. Kenningin um kaupið sem sökudólg verðbólguvandans var helsta skálkaskjól íhaldsstjórnarinnar. Sú stjórn krafðist kjaraskerðinga til að breiða yfir óstjórnina í fjárfestingunni, aumingjaskapinn í ríkisfjármálunum, niðurlæginguna í erlendri skuldasöfnun, slappleikann í peninngamálum, skipulagsleysið í rekstri atvinnuveganna og uppgjöfina gagnvart skattsvikunum. Það er ekki launafólkið á Íslandi sem hefur alið á verðbólgunni. Hér veldur mestu aumingjaskapur og röng stefna þeirra sem hafa verið kjörnir til að stjórna.

Ræður fulltrúa Sjálfstfl. hér í kvöld skipta því í reynd engu máli um lausn vanda þjóðarinnar. Það er ekki verkefni dagsins nú að taka þátt í þeirri flokkslegu sálgæslu sem þm. Sjálfstfl. kappkosta hér í þingsölum milli þess sem þeir reka hnífinn í bakið hver á öðrum á lokuðum fundum þingflokksins. Sjálfstfl. fékk að stjórna landinu í 4 ár. Reynsluna af þeirri stjórn þekkja allir. Það þarf ekki að ræða hana frekar. Þjóðin hefur úrskurðað í almennum kosningum að Sjálfstfl. eigi að fara í endurhæfingu. Við hinir, þm. ríkisstj., höfum hins vegar því verkefni að sinna að leiða þjóðina út úr einhverju mesta efnahagslega fárviðri sem geisað hefur í sögu lýðveldisins, og það erum við að gera.

Það frv., sem hér er til umr., er liður í framkvæmd fyrri þáttar í þeirri hernaðaráætlun, sem ég lýsti áðan almennum orðum, að rjúfa þann vítahring sjálfvirkninnar sem hefur verið frumorsök gengisfellingahríða síðustu ára. Það er því nauðsynlegt að svara nokkrum spurningum sem síðustu daga hafa brunnið á vörum margra og mun ég nú víkja að þeim nokkrum orðum.

Fyrsta spurningin: Hvers vegna eru þessar aðgerðir nauðsynlegar? Þær eru nauðsynlegar vegna þess að 14% hækkun á krónugreiðslu til launafólks í landi hefði leitt til slíkrar hækkunar fiskverðs til útgerðarmanna og sjómanna um áramótin að frystiiðnaðurinn hefði orðið að knýja fram nýja stórfellda gengisfellingu sem haft hefði í för með sér enn eina verðbólguölduna. Vítahringshjólið hefði haldið áfram með ægihraða. Í stað þess stígum við nú á bremsuna og drögum úr hinum keðjuverkandi áhrifum.

Önnur spurning: Er frv. nú ekki sams konar og íhaldsaðgerðirnar í febrúar? Svarið við þessari spurningu er skýrt og afdráttarlaust nei. Það frv., sem hér er til umr., er allt annars eðlis, og það er höfuðatriði að allt launafólk í landinu sjái í gegnum óhróður íhaldsins um efni þess. Í fyrsta lagi koma nú niðurgreiðslur á móti 3% og skattalækkanir — ég endurtek: skattalækkanir á lágtekjufólki og miðlungstekjufólki sem jafngilda 2%. Verkalýðshreyfingin hefur ávallt metið niðurgreiðslur og skattalækkanir sem jafngildi kaups, af því að launafólk hugsar fyrst og fremst um hinn raunverulega kaupmátt ráðstöfunarteknanna. Í öðru lagi eru atvinnurekendur nú einnig látnir bera byrðarnar. Í þriðja lagi eru 3% látin mæta margvíslegum félagslegum framkvæmdum á grundvallarréttindabótum sem ríkisstj. mun lögleiða, en verkalýðshreyfingunni hefur ekki tekist að ná fram í samningum við atvinnurekendur og sum hver eru þannig, að atvinnurekendur mundu líklega aldrei fallast á slík réttindi launafólks í almennum samningum. ASÍ, BSRB og Verkamannasambandið hafa lagt fram frv. og

till. um þessi víðtæku réttindamál: orlofsmál, sjúkradaga, atvinnuöryggi, hollustu og aðbúnað á vinnustöðum, stöðu trúnaðarmanna, rétt verkallýðsfélaga til að fjalla um breytingar á starfsháttum fyrirtækja, húsnæðismál, fræðslumál og margt annað. Það sýnir lítinn skilning á kjörum, vinnuskilyrðum og lífsháttum launafólksins í landinu, að fulltrúar Sjálfstfl. hafa farið fyrirlitningarorðum um þessar fjölþættu réttindabætur. Fulltrúar atvinnurekenda skilja hins vegar hvað hér er að gerast. Í viðtölum við Morgunblaðið í dag lýsa þeir megnri reiði sinni yfir því, að ríkisstj. ætli að hafa forgöngu um þessa réttindaaukningu launafólks. Og Eyjólfur K. Jónsson, þm. Sjálfstfl., lýsti því yfir hér nú rétt áðan, að aðgerðir ríkisstj. undir forustu Alþb. og samráðið við samtök launafólks og réttindabætur alþýðu til handa væru að færa Ísland hröðum skrefum til sósíalismans.

Í febrúar voru engar niðurgreiðslur, engar skattalækkanir, engin réttindi launafólks. Nú eru allir þessir þættir grundvallaratriði sem hafa verið mótuð í náinni samvinnu við samtök launafólks og forustumenn þeirra, bæði í formlegum viðræðum og á flokkslegum vettvangi, einkum innan Alþb. Hér og nú ganga því ríkisstj. og samtök launafólks sameiginlega að verki.

Þriðja spurningin, sem heyrst hefur síðustu daga, er hvort ekki sé einungis um bráðabirgðaaðgerðir að ræða. Slík spurning stafar af misskilningi á eðli baráttunnar gegn verðbólgunni. Sú barátta er, eins og ég hef áður sagt, tvíþætt. Fyrri þátturinn felst í því að byggja einn brúarstólpann af öðrum og þoka okkur þannig yfir straumharðasta hluta verðbólgufljótsins, yfir til þess árbakka þegar langvarandi áhrifa grundvallarstefnubreytingar fer að gæta. Aðgerðirnar nú eru slíkur brúarstólpi. Þær gefa okkur stöðu og tíma til að grunnmúra framkvæmd víðtækari aðgerða.

Fjórða og síðasta spurningin, sem mjög hefur borið á góma síðustu daga, er um þær víðtæku aðgerðir sem beitt verður á næstu mánuðum og missirum. Í þeim efnum hefur og mun Alþb. leggja megináherslu á tólf grundvallarþætti þeirrar breyttu stefnu í efnahagsstjórn Íslendinga sem festa verður í sessi. Þessir tólf þættir Alþb. eru að okkar dómi sú verkefnaskrá sem umfram allt annað verður að hafa forgang í hinni efnahagslegu endurreisn á næstu mánuðum.

Fyrsta atriðið er ný framleiðslustefna og uppstokkun á rekstrarskipulagi atvinnuveganna til að auka afköstin og samkeppnishæfni þeirra á erlendum mörkuðum og gagnvart innflutningi. Kerfi svokallaðra aumingjastyrkja til óarðbærra rekstrareininga verði lagt niður og víðtæk endurskipulagning atvinnulífsins á félagslegum grundvelli sett á oddinn.

Annað atriðið er tafarlaus og sterk heildarstjórn á fjárfestingunni og samræming allra útlána.

Þriðja atriðið er mótun verkefnaáætlana fyrir atvinnuvegina og hið opinbera til næstu tveggja ára.

Fjórða atriðið er umfangsmikil grisjun á þeirri ofvöxnu yfirbyggingu millilíðastarfseminnar sem hindrað hefur að frumkvæðisríkt og hæft vinnuafl leitaði til undirstöðuatvinnuveganna. Fámenn þjóð hefur ekki til lengdar efni á tröllauknu millilíðabákni. Framleiðslustörfin eiga að sitja í fyrirrúmi.

Fimmta atriðið er grimmt aðhald í rekstrarkostnaði ríkisins með gagnrýnni endurskoðun á rekstri fjölmargra ríkisstofnana. Þar fara víða miklir fjármunir í súginn og koma almenningi að engum notum.

Sjötta atriðið er endurskoðun skattakerfisins til að halda áfram því starfi, sem stjórnin hefur þegar hafið, að láta eignamenn og efnaða bera mestu byrðarnar og einnig að nota skattlagninguna á fyrirtækin sem stýritæki í þágu framleiðslustefnunnar.

Sjöunda atriðið er viðtæk herferð gegn skattsvikum og upprætingu þessa þjóðfélagsmeins. Við þm. Alþb. höfum í gær lagt fram hér á Alþ. ítarlega till. í 12 liðum um framkvæmd slíkrar herferðar gegn skttsvikum sem um leið mundi afla verulegs fjár því að ætla má að árlega séu 20-30 milljarðar skattsvikinna króna í umferð í landinu.

Áttunda atriðið er stöðugleiki í gjaldeyrismálum og atriði níu og tíu eru stöðvun á erlendum lántökum og róttækar aðgerðir til að flytja heim þá milljarða sem íslensk fyrirtæki og einstaklingar eiga í erlendum bönkum, m. a. vegna dulinna greiðslna á umboðslaunum og öðrum fjármálatilfærslum í undirheimum viðskiptalífsins sem hafa þrifist hér á undanförnum árum.

Ellefta atriðið er kerfisbundin stjórnunartök á innflutningsstarfseminni til að knýja fram þá hagkvæmni í vöruinnkaupum til landsins sem heildsalastéttinni hefur mistekist að skila almenningi.

Tólfta og síðasta atriðið er úttekt og skipulagsendurbætur á starfsemi þeirra stórfyrirtækja sem hafa á mörgum sviðum afgerandi áhrif á gangverk efnahagslífsins og lífskjör almennings.

Herra forseti. Þau tólf atriði, sem ég hef hér rakið, og mörg önnur, sem eru vegna tímaskorts ótalin, sýna þá grundvallarstefnu sem Alþb. telur nauðsynlegt að næstu áfangar í framkvæmd herferðar okkar gegn verðbólgunni taki mið af. Fyrir röskum mánuði hóf þingflokkur Alþb., framkvæmdastjórn flokksins, verkalýðsmálaráð og loks flokkstjórn Alþb. mótun þeirra tillagna sem hér birtast nú í frv. um viðnám gegn verðbólgu. Frumkvæði og samræmd vinnubrögð Alþb. hafa því skilað góðum árangri í þessum áfanga. Við munum halda áfram að vinna á sama hátt. Við munum viku eftir viku, mánuð eftir mánuð tryggja lið fyrir lið framkvæmd þeirrar grundvallarstefnu í efnahagsmálum sem við mótum í samvinnu við samtök launafólks. Við heitum því á alla launamenn að leggja okkur lið í þessu starfi. Við heitum á alþýðu þessa lands að ganga með okkur til þessa verks. Við skulum ekki láta það neitt á okkur fá, þótt öldurót sé í Alþfl. og þar segi menn af sér forsetaembættum. Við skulum ekki heldur láta það neitt á okkur fá þótt Bragi Níelsson, þm. Alþfl., hneykslist á orðalagi í grg. frv. sem þó er komið frá Alþfl. sjálfum. Við skulum ekki heldur láta það neitt á okkur fá þótt sumir ungliðanna í þingflokki Alþfl. hrópi ókvæðisorð að Alþb. og láti Albert Guðmundsson bjóða sér glottandi til samstarfs. Við skulum fyrirgefa þeim, því líklega vita þeir ekki hvað þeir gera.

Alþb.-menn um allt land og íslenskt launafólk sem vill sigur í baráttunni gegn verðbólgunni: Við skulum halda okkar striki. Alþb. mun áfram sýna sama frumkvæði og við höfum gert til þessa. Við munum standa fast á framkvæmd þeirrar samræmdu hernaðaráætlunar í baráttunni gegn verðbólgunni sem ég hef hér lýst. Við munum vinna okkar verk, enda er mikið í húfi, að öll íslenska þjóðin nái heil í höfn, að við getum öllu launafólki til heilla gengið öruggum, styrkum og markvissum skrefum út úr tortímingarveröld hinnar óðu verðbólgu. — Góða nótt.

Karl Steinar Guðnason: Það mun hafa verið Fouché, sá slægvitri og kaldrifjaði lögreglumálaráðherra Napóleons, sem sagði þegar Napóleon lét myrða hertogann af Enghien og menn voru að óskapast yfir því níðingsverki: Þetta var ekki bara glæpur, þetta var skyssa.

Ég er þess fullviss, að dómur sögunnar verður eitthvað svipaður um þann ósóma, þá rangsleitni og svíðingsverk er fyrrv. ríkisstj. beitti verkalýðshreyfinguna. Á undanförnum árum hefur ríkisvaldið látið einkis ófreistað í baráttu sinni gegn verkafólki og sjómönnum. Verkalýðssamtökin hafa háð nær sífellt varnarstríð, verið sniðgengin og ögrað af valdhöfum. Síðasta kveðja fyrrv. ríkisstj. var einhver sú beittasta kjaraskerðing er þekkst hefur. Í lögunum var m. a. gert ráð fyrir því, að laun fyrir eftir- og næturvinnu verkafólks lækkuðu í áföngum. Hefðu þessi lög gilt áfram hefði íslenskur verkalýður verið dæmdur til að vinna myrkranna á milli án sérstakrar þóknunar fyrir yfirvinnu. Þessi lög hefðu ýtt fátækasta fólkinu, sem mesta þörf hefur fyrir yfirvinnu sér til lífsviðurværis, út í ystu myrkur réttindaleysis.

Verkalýðshreyfingin barðist gegn þessum ráðstöfunum. Þeim varð ekki hrundið, en ríkisstj. hlaut fyrirlitningu launafólks. Það var ekki aðeins að samskipti ríkisvalds og verkalýðshreyfingar væru í rúst, heldur var atvinnulíf allt lamað. Þegar núv. ríkisstj. tók við voru allir hugsanlegir sjóðir tómir. Fiskvinnslunni var haldið gangandi með framlögum úr ríkissjóði, því Verðjöfnunarsjóður, sem stjórnvöld höfðu eyðilagt, var ekki lengur megnugir þess að standa undir eðlilegum greiðslum. Atvinnuleysi var hafið. Frystihúsum á Suðurnesjum hafði verið lokað og fleiri fyrirtæki voru að stöðvun komin. Í ríkisfjármálum ríkti andi uppgjafar og krankleika. Eyðsla í óarðbærar framkvæmdir, sóun og spilling einkenndu stjórnkerfið. Þetta var arfurinn er núv. ríkisstj. tók við.

Það er því sem maður sjái hv. þm. Sjálfstfl. í gervi kameljóns við umr. um það frv. til l. er hér liggur fyrir, frv. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Að kosningum loknum hafði flokkur alþýðunnar, hinn ábyrgi flokkur verkalýðshreyfingarinnar, Alþfl., unnið glæsilegri sigur en þekkst hafði í sögu lýðveldisins. Það hlaut því að koma í hlut Alþfl. að hafa frumkvæði um myndun nýrrar ríkisstj. Það var skoðun okkar, að þeir flokkar, er mest höfðu gagnrýnt eyðimerkurgöngu fyrri ríkisstj., ættu að hafa frumkvæði að viðreisn efnahagslífsins.

Okkur til sárra vonbrigða var það ekki skoðun lukkuriddara og flokkaflækinga Alþb. Þeim var meira virði að sinna ímynduðum flokkshagsmunum, en þeirri hugsjón að mynda breiða, sterka hreyfingu vinstri manna til baráttu við þau afturhaldsöfl er þjóðin hafði hafnað. Það var ekki fyrr en Verkamannasamband Íslands hefði sent frá sér áskorun og hvatningu um að taka á, láta hagsmuni sértrúarvillinga í utanríkismálum þoka fyrir hagsmunum launþega, að þessi ríkisstj. komst á laggirnar. Fyrir þeirri áskorun gafst Alþb. upp.

Nú er viðreisnarstarfið hafið. Nú er verið að takast á við vandann. Nú er ríkisstj. í samráði við launastéttirnar í landinu að reisa efnahagslífið úr rústum. Verkefnið er vandasamt. Það er erfitt og tekur tíma. En verði kjarkurinn í fyrirrúmi, fullvissan um að við stefnum inn í betri framtíð, þá er björninn unninn. Þetta verkefni má ekki mistakast. Það yrði ekki aðeins áfall ef þessi tilraun mistækist. Það mundi riðla röðum vinstri manna meira en nokkuð annað.

Því frv. til l., er hér liggur fyrir, er ætlað að hafa áhrif til lækkunar á verðbólgu. Verðbólgan er fyrirbæri sem hefur tröllriðið íslensku efnahagslífi um árabil. Síðustu árin hefur hraði verðbólgunnar verið geigvænlegri en fyrr og stefnir nú í algert hrun verði ekkert að gert. Menn deila um orsakir verðbólgunnar. Allir þykjast vilja hana feiga, en ekkert gengur glíman við þessa óvætti.

Verkalýðshreyfingin hefur í ályktunum sínum gert tillögur til úrbóta, og engum er það ljósara en hinum almenna launamanni og því fólki, sem á ævikvöldi er bitið af grimmri verðbólgu, að stórvirkasta kjaraskerðingin, illvígasta kaupránið fer fram á báli verðbólgunnar. Verðbólgan er tæki eignatilfærslunnar. Verðbólgan er eftirlæti aðstöðubraskara og eignamanna.

Það er umhugsunarefni, sem reyndar oft er rætt hjá Verkamannasambandi Íslands, að frá árinu 1974 hafa kauptaxtar hækkað um 318,5%, en kaupmáttur verkamannalauna hefur á þessu tímabili aðeins vaxið um 1-2% frá árinu 1974 til dagsins í dag. Þetta segir okkur að krónutöluhækkanir launa segja ekkert til um kaupmáttinn.

Núverandi ástand kallar á aðgerðir og nýjar baráttuaðferðir fyrir auknum kaupmætti. Við sjáum að núverandi ástand er óþolandi. Það er óþolandi fyrir láglaunafólk, fyrir þá sem minnst mega sín, að ekki skuli betur til takast í kjarabaráttunni. Færustu hagfræðingar landsins halda því fram, að verðbólgan éti ofan í sjálfa sig 25% kaupmáttar. Kaupmáttur verkamannalauna eykst því um 25% ef okkur tekst að ná verðbólgunni niður.

Það standa reyndar öll spjót á verkalýðshreyfingunni í dag. Hið eina, sem menn sjá þegar rætt er um verðbólguna, er vísitölubinding launa. Við í verkalýðshreyfingunni teljum að höfuðorsök verðbólgunnar sé stjórnleysi. Vísitala er mælitæki verðlagshækkana. Vísitölunni er ætlað að tryggja umsaminn kaupmátt. Það er umdeilanlegt, hvort vísitalan hafi dugað nógu vel, hvort ástæða sé til breytinga. Það er ekki vilji verkalýðshreyfingarinnar að samningar og vísitala hafi verðbólguhvetjandi áhrif. Okkar vilji er að vernda kaupmáttinn.

Ég tel og reyndar fjölmargir forustumenn Verkamannasambandsins að nú þurfi að brjóta upp á nýjum vinnubrögðum. Verkalýðshreyfingin þarf að taka upp fruvæði í umr. um vísitöluna og vera opin fyrir breytingum á henni, t. d. að taka tillit til viðskiptakjara. En eitt er víst, að kaupmátt lægstu launa verður að tryggja.

Menn hafa deilt hér um tillögur Alþfl. til úrlausnar á þeim efnahagsvanda er við blasir. Þær tillögur hafa þann stóra kost, að þær eru raunhæfar, sem ekki verður sagt um tillögur þeirra Alþb.-manna. Þeirra framlag er því miður skrum og blekkingar sem er einungis til þess fallið að ala á tortryggni milli samstarfsflokkanna. Ef farið yrði eftir tillögum Alþb. mundi það kosta sömu verðbólguna, meira kauprán, enn meiri kjaraskerðingu en áður hefur þekkst.

Við jafnaðarmenn viljum og ætlum okkur að slást við verðbólguna. Það verður ekki gert með því að ræna þá lægst launuðu. Það verður gert með álögum sem snerta alla og mest þá er mest bera úr býtum. Við jafnaðarmenn höfum bent á að laun þeirra lægst launuðu eru ekki orsök verðbólgunnar. Við viljum að gerðar verði róttækar aðgerðir: að dregið verði úr verðhækkunum búvöru í

samræmi við launastefnuna, að tekjuskattar á almennum launatekjum verði lækkaðir, að verðlagsaðhald verði strangt, en stefnt að nýju kerfi þar sem horfið verði frá prósentuálagningu. Verðlagshækkanir fylgi ekki strax í kjölfar launahækkana. Meðal annarra orða, við viljum ekki Coca-Cola-stefnu í verðlagsmálum.

Við viljum að fjárfestingarstefnunni verði gerbreytt og verði ekki umfram 24-25% af vergri þjóðarframleiðslu. Við viljum að fylgt verði aðhaldssamri stefnu í peningamálum.

Verði þessum tillögum framfylgt vinnum við bug á verðbólgunni. Í raun er það hégómi að deila um það hvort kaup á að hækka um 4% eða 6%. Aðalatriðið er að vernda kaupmáttinn og atvinnuöryggið til frambúðar.

Við Alþfl.-menn viljum enga sýndarmennsku og glamuryrði þegar um launakjör fólksins er að ræða, heldur fullvissuna um að það, sem gert er, verði launþegum til hagsbóta. Í samráði við verkalýðshreyfinguna mun ríkisstj. vinna að hinum ýmsu hagsmunamálum verkafólks og sjómanna, ég endurtek: og sjómanna, því það er skylda okkar að auka og treysta réttindi þeirra til jafns við annað verkafólk.

Á flokksþingi Alþfl. gerði verkalýðsmálanefnd ályktun um þær félagslegu umbætur sem nú er rætt um, og var þess jafnframt krafist að þær fengju forgang í komandi ráðstöfunum. Verkalýðshreyfingin hefur og margoft bent á að slíkar úrbætur yrðu metnar til kjarabóta. Í fyrirliggjandi frv. er myndarlegur kafli um slíkar umbætur sem heitið er að framkvæma. Og eitt er víst, að það verður efnt fái Alþfl. ráðið.

Það er bryddað á því, einkum af sjálfstfæðismönnum, að félagslegar úrbætur væru lítils virði sem ekki mætti meta í kaupi. Þær hugrenningar mótast sjálfsagt af því, að í fyrri ríkisstj., sem Sjálfstfl. stýrði, var verkalýðshreyfingin margblekkt til samninga um slík mál sem jafnharðan voru sviknir.

Það frv., en hér liggur fyrir, er áfangi í baráttunni við verðbólguna. Við Alþfl.-menn teljum það ganga of skammt því taka ætti fastara á málum, stýra í beitivind verðbólgunnar. En þessi ríkisstj. hefur aðeins haft þriggja mánaða starfstíma til að reisa úr þeim rústum er hún kom að. Við samþykkjum þetta frv. í von um að næst sjái menn fleira en launamálin, að næst megi betur til takast. Við skulum hafa það í huga, að verði ekkert gert tryllist verðbólgan enn þá meira.

Alþfl. mun því nú sem fyrr taka ábyrga afstöðu. Við stefnum að betra þjóðfélagi, þjóðfélagi réttlætis og jafnaðar, þjóðfélagi betri lífskjara og atvinnuöryggis. Þótt við höfum ekki enn náð því takmarki munum við ótrauðir halda baráttunni áfram, skref fyrir skref þar til sigurinn vinnst. — Góða nótt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 21. fundur.

Fimmtudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Aukin gæði fiskafla, þáltill. (þskj. 119). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Takmörkun loðnuveiða, þáltill. (þskj. 120). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Áður en umr. fer fram um þetta dagskrármál vil ég leyfa mér að spyrjast fyrir um atriði sem ég tel að miklu varði um störf þingsins.

Sá atburður gerðist hér fyrir nokkrum dögum, að forseti þessarar hv. d. sagði af sér störfum. Ég fæ ekki betur séð en verkefni næsta fundar strax á eftir hefði átt að vera í upphafi að kjósa nýjan forseta. Við höfum ágæta varaforseta, *mér er það ljóst, en ég held samt að við komumst* ekki fram hjá því að fullnægja þeirri grein þingskapa sem segir að deild skuli kjósa sér forseta. Aðalforseti á að hafa tvo varaforseta. Hér gegnir allt öðru máli heldur en þegar réttkjörinn aðalforseti deildar hefur forföll. Þá koma að sjálfsögðu sjálfkrafa í hans stað fyrri og annar varaforseti. En þegar svo stendur á sem hér er sýnist mér jafnsjálfsagt að kosinn sé nýr varaforseti. Mér þykir líklegt að stjórnarflokkarnir hafi þurft að ræða sín á milli um þetta mál. En þegar svo afdrifarík ákvörðun er tekin sem hér hefur gerst, þá sýnist mér lágmarksskylda þeirra að hafa í höndum aðra lausn þannig að Alþ. geti starfað með eðlilegum hætti.

Ég beini þessari fsp. til hæstv. forseta. Hafi hann ekki svör við þessari fsp. vil ég biðja hann að leita svara hjá þeim sem e. t. v. kynnu betur um þetta atriði að vita. En mér virðist að eðlilegast hefði verið að þessum fundi væri hreinlega slitið og settur nýr fundur þar sem fyrsta dagskrármál væri kosning forseta deildarinnar. Ég held að deildir Alþingis eigi ekki að starfa án þess að þær hafi rétt kjörinn aðalforseta.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að sjá hv. 5. þm. Reykv. hér í deildinni í dag. Hv. 5. þm. Reykv. hefur ekki sést mikið á fundum þessarar deildar. Það er vissulega athyglisvert, að það skuli vera hennar fyrsta verk að fara að skipta sér af störfum deildarinnar á þann hátt sem hún gerir. Það rifjar upp fyrir manni nafngift sem hv. samflokksmaður þessa þm. hafði af öðru tilefni gefið 5. þm. Reykv., sem alþjóð er kunnugt og birtist í ágætri grein í Morgunblaðinu.

Af hálfu okkar Alþb.-manna vil ég að það komi hér skýrt fram, að við treystum hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni mjög vel til að stýra fundum þessarar deildar á meðan aðrar ákvarðanir hafa ekki verið teknar.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefur sýnt það í störfum sínum hér í þessari deild og reyndar áður fyrr einnig, að hann er traustur og hollur þingræðissinni og rækir forsetaskyldur sínar mjög vel og samkv. allri sanngirni. Við höfum ekkert um störf hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar að kvarta. Forsetastörf hans þurfa ekki á neinn hátt að standa í vegi fyrir eðlilegum störfum þingsins.

Sú ræða, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir flutti hér áðan, stafar e. t. v. af innanflokksátökum í Sjálfstfl. sem hún er að koma á framværi hér á þennan hátt undir því yfirskini að vera að gera aths. við störf deildarinnar. Deildin hefur forseta, meira að segja tvo forseta. Fyrsti forseti deildarinnar nú er Þorv. Garðar Kristjánsson, og við berum fullt traust til þess að hann geti stýrt fundum deildarinnar þar til annað verður ákveðið.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það ber vott um sérkennilegar hugmyndir hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, hv. 3. landsk. þm., um þingræði, um vinnubrögð þm., að honum þykir það einkennilegt og ámælisvert að þm. standi upp og skipti sér af starfi þeirrar þd. sem hann situr í. Þetta finnst mér afar einkennileg aths. Í annan stað finnst mér það líka einkennilegt, að hér kemur fram gagnrýni á fjarvist mína af nokkrum fundum þessarar deildar. Mér þykir að vísu hlýlegt af hv. þm. að láta það koma fram, að hann hefur saknað mín. En ég vil geta þess, ef það skyldi mega lina söknuð hans, að ég hef verið fjarverandi vegna skyldustarfa sem ég er kjörin til af Alþingi og hef ekki verið degi lengur — ekki klukkutíma lengur í þeim erindisferðum en mér var algerlega nauðsynlegt.

Hv. þm. lét í ljós mér til mikillar ánægju mikið traust til hv. 5. þm. Vestf., 1. varaforseta þessarar deildar, og undir þá traustsyfirlýsingu vil ég heils hugar taka. Það er vissulega rétt, að honum er vel trúandi til að stjórna störfum þessarar deildar. Þá skulum við líka kjósa hv. 5. þm. Vestf. aðalforseta.

Hv. 3. landsk. þm. segir. „Þetta er ágætt, við höfum tvo varaforseta.“ Hv. 3. landsk. þm. á að kunna betri skil á þingsköpum. Í 7. gr. þingskapa, þar sem talað er um fyrstu fundi deildar, stendur með leyfi hæstv. forseta:

„Síðan setjast þd. niður, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elsti þm. fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og tveggja skrifara. Um þessar kosningar fer eftir ákvæðum 3. gr. um sams konar kosningu í Sþ.“

Það er ómögulegt að komast fram hjá því, að hvor þd. á að hafa aðalforseta og tvo varaforseta. Þm. geta ekki með hugsunum sínum, hversu hlýlegar sem þær eru í garð varaforseta, breytt þessu þingskapaákvæði. Þetta verðum við að gera, þó að hv. stjórnarflokkar eigi kannske erfitt með að koma sér saman um það.

Ég get fullvissað hv. 3. landsk. þm. um það og ég skil ekki hvernig í ósköpunum er hægt að láta sér detta það í hug, að innanflokksátök sjálfstæðismanna geti legið að baki því, að þm. vilji hafa deildir rétt skipaðar og rétt kjörna embættismenn til starfa. Til þessa liggur einungis sú ástæða, að í Sjálfstfl. eru eindregnar þingræðishugmyndir og við viljum að ákvæðum þingskapa og reglum um rétt störf Alþingis sé fullnægt.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka fram, að ég lít svo á að það sé ekki búið að ganga frá þessu forsetamáli sem hér hefur verið vakið máls á. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur sagt af sér forsetastörfum, en samkv. þingsköpum á að fara þannig með það mál, eins og segir í þingsköpum, að ef embættismaður þingsins segir af sér eða leggur niður starf, þá þarf að koma leyfi þd. fyrir því. Það hefur ekki komið enn þá, og ég lít svo á að formlega sé hv. 3. þm. Norðurl. e. því forseti deildarinnar og það sé ekki rétt að deildin sé forsetalaus.

Það er ekkert óeðlilegt að varaforsetar gegni störfum, ef ástæður eru til, og það er vissulega undir þessum kringumstæðum ástæða til þess að varaforsetar gegni störfum meðan ekki er búið að ganga frá þessu máli. Ég hef gert ráð fyrir að það verði gert á fundi deildarinnar n. k. mánudag. Það hefur ekki verið gert vegna þess að það hefur þurft að hafa samráð við fulltrúa þingflokkanna út af þessu máli. Og ég veit að sums staðar verður þetta tekið fyrir á fundum þingflokkanna. En ég hef gert ráðstafanir til þess að málið verði tilbúið til afgreiðslu á mánudaginn kemur.

Það hafa nokkrir kvatt sér hljóðs út af þessu máli. Ég vil mega mælast til þess, að menn verði stuttorðir um þetta, svo að við getum tekið til við dagskrármálið sem fyrst.

Karl Steinar Guðnason: Mér sýnist að óþarfi sé hjá þdm. að upphefja illgirnislegar aðdróttanir að samþm. sínum þó að gerðar séu athugasemdir um þingsköp. Ég vil taka undir skýringu Þorvalds Garðars á því, hvers vegna ekki er enn búið að kjósa nýjan forseta. Formlega séð erum við með forseta og deildin hefur ekki enn veitt honum lausn. Það verður hins vegar gert þegar þingflokkar stjórnarflokkanna eru búnir að fjalla um málið og þá einkum þingflokkur Alþfl.

Það er nú svo með þau þingsköp sem við störfum eftir, að það segir ekkert um hvernig skuli fara með svona mál. Það segir ekkert um það, að kjósa skuli nýjan mann í stað forseta. Það hefur verið umhugsunarefni fyrir starfsmenn þingsins, hvernig skuli fara með þetta. Ég býst samt við að menn reikni málin þannig, að það skuli gert, og verður það vafalaust gert á næsta fundi deildarinnar á mánudaginn, en þá verður búið að ganga frá þessu máli frá hendi a. m. k. þingflokks Alþfl.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að á dagskrá þessa fundar er frv. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu sem fyrir liggur sérstök beiðni frá ríkisstj. um að verði afgreitt í dag. Ég vil því lýsa undrun minni á því, að hv. 3. landsk. þm., Ólafur Ragnar Grímsson, skuli koma upp í þennan ræðustól með dylgjur og rætnislegar aths. út af réttmætri og eðlilegri fsp. hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildar Helgadóttur, og vil m. a. minna á í því sambandi, að störf þessarar d. hafa orðið fyrir verulegum truflunum vegna þessa forsetamáls. Þannig voru engir fundir haldnir um dagskrármál á venjulegum fundartíma deildarinnar s. l. mánudag og s. l. miðvikudag af þessum ástæðum og því fullkomlega eðlilegt að á eftir því sé rekið, að þetta mál verði afgreitt svo sem þingsköp mæla fyrir um.

Ef hv. stuðningsmenn þessarar ríkisstj. eru þess sinnis nú að hefja almennar stjórnmálaumr. af þessu tilefni, ef við eigum að fara að hefja deilur um það nú, hvort samkomulagið sé betra eða verra á þessum bæ eða hinum, þá skal ég lýsa því yfir strax, að ég er reiðubúinn til þess að taka þátt í þeim umr. af fullum krafti í umræð-

um utan dagskrár.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja eins og er, að mér þótti fsp. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur ekki óeðlileg. Það var tæpast hægt að búast við því, að hún hefði af því ljósar spurnir hvað gerst hefði innan stjórnarflokkanna í þessu máli.

Ég tek undir það hól sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson bar á hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, settan forseta deildarinnar. Við, sem vorum í stjórnarandstöðu síðasta kjörtímabil, höfðum sérstaklega góða reynslu af forsetastörfum hans. Hann sýndi það í hvívetna í raun, að hann skildi starfsreglur þingræðisins, kom fram af hlutlægni, mikilli kurteisi og sýndi í hvívetna mikla verkstjórnarkunnáttu hér í deildinni. Svo sem kunnugt er, og þarf ekki um það að orðlengja, er starf þessa háttsetta embættismanns, aðalforseta Ed., í þágu Alþingis, en ekki ríkisstj.

Það er að vísu gert ráð fyrir því í þingsköpum, ef forseti forfallast eða segir af sér, að annar sé kjörinn í hans stað. En það er ekki sagt að það eigi að gera strax. Um þessi mál þarf að fjalla og þau þarf að íhuga. Það er ávallt gott að gefa sér tíma til umhugsunar ef menn ætla sér að komast að réttri niðurstöðu. Svo sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason gat um áðan, stendur þetta mál fyrst og fremst upp á Alþfl. vegna hefðar um tilhögun þessara mála í samsteypustjórnum. Það er Alþfl. sem hér missti mann fyrir borð. Hann hefur ekki enn þá kallað „maður fyrir borð". Við skulum ætla að það verði gert, og ég efast ekkert um að þetta mál verður til lykta leitt á eðlilegan hátt.

Það er að vísu ekki alveg rétt, sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason gaf í skyn, að deildin hljóti að samþykkja afsögn forseta. Hún hlýtur náttúrlega að vega og meta hans rök, og það mál hlýtur að koma til umr. hér í deildinni. En það er engin ástæða til að ætla að þetta mál verði ekki leitt til lykta á eðlilegan hátt. Ég er sannfærður um að deildin er mjög vel starfhæf enda þótt það dragist fram á mánudag, eins og forseti hefur boðað, og vænti þess, að ákvörðun hv. þm., hæstv. forseta Braga Sigurjónssonar, muni ekki torvelda störf deildarinnar í vetur.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við túlkun hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar á því, hvernig með þetta mál eigi að fara. Mér var reyndar fullkunnugt um áður að hann mundi fara með málið á þennan hátt í fullu samræmi við þau þingsköp sem gildandi eru. Það var m. a. í krafti þess sem ég lýsti furðu minni á málflutningi hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur. Ég hélt að hún hefði aflað sér upplýsinga um það, hvernig hæstv. forseti mundi fara með þetta mál.

Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að störf deildarinnar hafi tafist að einhverju leyti vegna þessa. Það hefur verið felld niður dagskrá í framhaldi af þessu á einum fundi. Síðan hefur ekki verið nema einn fundur í deildinni, og það hefur verið venja hér á þingi, að þann dag, sem útvarpsumr. eru úr þingstofnun, þá sé ekki annar almennur fundur í þeirri þingstofnun og svo var hér í gær. Það voru útvarpsumr. í Ed., *og þá er venja hér í þinginu að ekki séu almenn þingstörf* þann dag. Ég held því að þdm. geti á engan hátt kvartað yfir því, að þetta hafi tafið störf deildarinnar.

Vegna ummæla hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur um þingsköp vil ég nú mælast til þess, fyrst hún er svona önnum kafin við mikil ferðalög til útlanda vegna skyldustarfa sinna, að hún rifji þá upp í þeim ferðalögum þann texta sem í þingsköpum er, svo að það þurfi ekki aftur að koma til túlkunarmismunar á milli hennar og hæstv. forseta, Þorv. Garðars Kristjánssonar, sem er fyllilega og í alla staði rétt.

En það kann að vera að ástæðan fyrir því, að við hér í Ed. erum svona rólegir í málinu, sé sú, að hv. þm. þessarar deildar, sem nú sitja sem stuðningsmenn ríkisstj., hafi haft aðra reynslu af forsetastörfum í þessari deild en hv. þm. Nd. höfðu á síðasta kjörtímabili af forsetastörfum í þeirri deild.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil nú í allri vinsemd mælast til þess við hv. þdm., að þeir séu ekki að eyða tíma í að ræða um þingsköp nú, þar sem annað mál bíður hér afgreiðslu. Það þingskapamál, sem hér er um að tefla, er að mínum dómi ósköp einfalt. Við höfum mörg fordæmi við að styðjast um það, að forseti hefur verið leystur frá störfum að eigin ósk. Oftast nær og kannske alltaf nema í þessu tilfelli hefur það verið vegna þess að forseti hefur orðið ráðherra.

Það er a. m. k. í þremur tilfellum, sem ég man eftir, sem slíkt hefur átt sér stað. Í fyrsta skipti sem það gerðist var þegar Björn Jónsson varð ráðh. 1909. Þá var samþykki deildarinnar veitt, að vísu með afbrigðum, en ekki formlegu leyfi. Annað skiptið var þegar Steingrímur Steinþórsson varð forsrh., hann var forseti Sþ. Misminni mig ekki því meir, þá hygg ég að það hafi dregist í nokkra daga að kjósa forseta í hans stað og var ekki að því fundið. Þriðja tilvikið, sem ég man eftir í svipinn, hygg ég vera það þegar Jóhann Hafstein varð ráðh.

Í þeim tveimur tilfellum, sem ég nefndi síðast, virðist hafa verið litið svo á að það, að maðurinn varð ráðh., hefði þessa afleiðingu, þó að það sé ekki alveg sjálfgefið. En með kosningu nýs forseta hefur verið talið að samþykki hlutaðeigandi deildar eða Sþ. væri veitt, þó að það væri ekki formlega borið undir deildina.

Ég get fullvissað þm. um að það verða engin vandkvæði á að leysa þetta mál. Við höfum tekið upp, og það átti sér fyrst stað í tíð vinstri stjórnarinnar, skynsamlegri og mannlegri — vil ég segja — háttu um skipun forseta, þannig að bæði stjórn og stjórnarandstaða ættu menn í forsetastólnum. Að vísu hefur það hingað til verið svo, að stjórnarandstaða hefur aðeins átt menn í varaforsetastól. En auðvitað er ekkert því til fyrirstöðu og mun þekkjast frá þingum annarra þjóða, að stjórnarandstaða geti líka tekið þátt í aðalforsetastarfi. Þessu er að vísu nokkuð öðruvísi hagað þar sem aðeins er ein málstofa. En ég hygg að þess sé ekki langt að minnast t. d. í Danmörku, að það var ekki *stjórnarstuðningsmaður* sem skipaði aðalforsetastól í danska þinginu.

Ég get fullvissað hv. þdm. um, eins og forseti hefur þegar tekið fram, að frá þessu máli verður gengið á næsta fundi deildarinnar, á mánudag, og það er ekki langur tími eftir því að bíða. Og það er áreiðanlegt, að störf deildarinnar í dag geta gengið með eðlilegum hætti þó að dragist að ganga frá þessu formlega atriði fram á mánudag. Þess vegna vil ég endurtaka beiðni mína til hv. þdm., að þeir séu ekki að eyða *tíma í þetta mál*, sem e. t. v. er í hugum sumra stórt, en annarra ekki.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það skal verða örstutt aths. og meinlaus. Ég vil aðeins þakka hæstv. forseta fyrir þann úrskurð sem nú liggur fyrir. Nú er það ljóst, að hv. þd. hefur þrjá forseta, en ekki tvo, eins og margir hafa haldið og nauðsynlegt var að fá skýran úrskurð um. Hv. 3. landsk. þm. lét það einmitt koma fram í sínu máli, að deildin hefði tvo forseta, en síðan úrskurðaði hæstv. forseti að deildin hefði þrjá, sem rétt er. Hv. 3. landsk. þm. kom svo í ræðustól og sagði úrskurð hæstv. forseta réttan, sem var ágætt og gott þegar menn taka sinnaskiptum á svo skömmum tíma, þegar það er til hins betri og réttari vegar.

Ég vil einnig þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf í þessu sambandi. Ég hef ekki minnstu löngun til að tefja meðferð máls sem hér er á dagskrá. Ég tel það hins vegar skipta miklu máli, að við umgöngumst þau lög, sem þingið starfar eftir, með réttum hætti og tökum hið fyllsta tillit til þeirra, og satt að segja undraði það mig svo, að ég trúði því ekki, að hv. 3. þm. Norðurl., hæstv. forseta, hefði ekki verið sýnd meiri virðing en svo, að afsagnartilkynning hans hefði ekki verið tekin til greina, heldur hefði málið verið látið eiga sig í marga daga.

Eins og hæstv. forsrh. tók fram hefur það tíðkast, að með kosningu nýs forseta hefur verið litið svo á að samþykki væri veitt til afsagnar þess sem áður var kjörinn forseti. Þegar Jóhann Hafstein varð ráðh. á sínum tíma og Sigurður Bjarnason var kjörinn deildarforseti í stað hans, þá gerðist það samdægurs. Þess vegna var það, að ég hlaut að undrast að slíkur háttur hefði ekki verið á hafður nú. En hæstv. forseti hefur skýrt það mjög glöggt og greinilega, að það er rangt sem bæði ég og ég held allur almenningur í þessu landi hefur haldið, að forseti deildarinnar væri búinn að segja af sér. Málið er aftur þannig, að deildin hefur bæði aðalforseta og tvo varaforseta og ég þakka fyrir þá skýringu.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka það fram að forseti hefur sagt af sér, en það á eftir að ganga frá málinu á þinglegan hátt. Ég vil einnig taka það skýrt fram, að ég tel að það hafi engin umtalsverð óþægindi verið af þessu máli fyrir störf deildarinnar, og enn fremur, að það eru dæmi til þess, að t. d. árið 1950, þegar forseti Sþ. verður forsrh., líða 8 dagar þar til gengið er frá því máli. Ef okkur tekst, sem ég efast ekki um, að ganga frá þessu máli n. k. mánudag, þá verður það innan þeirra tímamarka sem dæmi eru til um þetta efni.

Ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, frv. (þskj. 117, n. 129 og 130). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. N. hélt einn fund sameiginlegan með fjh.- og viðskn. Nd. og komu þar fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og fjmrn. og gáfu skýringar við frv. Enn fremur komu til viðtals fulltrúar frá Vinnuveitendasambandinu, Verslunarráði, Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Eins og ekki kom á óvart voru umsagnir þessara aðila nokkuð misjafnar.

Fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja töldu ekki rétt að farið með setningu þessara laga, en lögðu þó áherslu á að þeir yrðu hafðir með í ráðum við setningu laga um þær félagslegu úrbætur sem ríkisstj. mun beita sér fyrir, en á slíkt hefði skort hingað til, að leitað væri til þeirra við slíkar aðstæður. Bentu þeir sérstaklega á að þörf væri breytinga á lögum um lífeyrissjóð þeirra, þar sem nokkur hluti félagsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gæti ekki fengið þar full réttindi. Mestu áherslu lögðu þeir þó á að dregið væri úr fjárfestingu til að halda uppi eðlilegum lífskjörum.

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands töldu það tilraunarinnar vert að fara þá leið sem frv. gerir ráð fyrir, enda hefur verið bent á það, að ýmsar lagasetningar, sem samið hefur verið um milli launþega og ríkisvalds, halda gildi sínu þótt breytingar verði á kjarasamningum.

Fulltrúi Verslunarráðsins sagði að heildarlaunagreiðslur atvinnuveganna yrðu 24-27 milljörðum lægri vegna þeirra ráðstafana sem í frv. felast, en samt sem áður sögðust fulltrúar Vinnuveitendasambandsins enga trú hafa á að þetta plagg sé barátta gegn verðbólgu.

Það er ekki nýtt, að skoðanir séu skiptar um aðgerðir í efnahagsmálum, og það er ekki heldur nýtt, að slíkar aðgerðir þurfi að gera, enda þótt alltaf sé verið að tala um að finna þurfi varanlega lausn. Slík lausn virðist torfundin, og ég er hræddur um að það sé nokkuð mikil óskhyggja að vonast eftir því að finna hana. efnahagsmálin eru þess eðlis, að þau hljóta að þurfa að verða til stöðugrar athugunar. Það, sem skiptir mestu máli við þær aðgerðir sem gerðar eru hverju sinni, er að það stefni í rétta átt. En það er ekki hægt að sannfæra mig um að það sé ekki gert þegar dregið er meira en um helming úr snúningi verðbólgunnar að þessu sinni eða úr 14% launahækkun niður í 6%. Það eru þá a. m. k. haldlitlar fullyrðingar þeirra sem halda því fram, að launahækkun sé stærsti verðbólguvaldurinn, ef svo er ekki.

Að vísu heyrist því ýmist haldið fram, að hér sé um að ræða 8% bótalaust kauprán eða verja eigi svo miklu til þeirra ráðstafana sem samkv. frv. eiga að koma þar á móti, að til þeirra muni þurfa að verja jafnmiklu fjármagni. Hvort tveggja mun þó vera rangt. Í yfirliti frá Þjóðhagsstofnun um kaupmátt kauptaxta og ráðstöfunartekna, sem n. barst, kemur fram að ef ársmeðaltal 1974 er sett 100, þá er kaupmáttur kauptaxta nú 1. des. 101, en ársmeðaltal ráðstöfunartekna ársins 1978 verður 105. Og í spá, sem Þjóðhagsstofnun hefur gert fyrir árið 1979, er talið hægt að draga mjög úr hraða verðbólgunnar á grundvelli aðgerða núv. ríkisstj., enda þótt öllum sé ljóst að til þess að ná því marki þurfi sameiginlegt átak þjóðarinnar allrar. Og þá verður að gæta þess, að kröftunum sé ekki sóað í deilur um leiðir.

Fram undan er afgreiðsla fjárl., en þar hefur markið verið sett um jafnvægi í ríkisbúskapnum fyrstu 16 mánuði starfstíma þessarar ríkisstj. Til þess að ná því hefur m. a. verið ákveðið að draga nokkuð úr fjárfestingu á meðan verið er að ná verðbólgunni niður. Það er sá skattur sem við verðum að greiða verðbólgunni. Vitanlega verður alltaf að gæta fyllstu hagsýni við fjárfestingu, jafnvel þótt aðstæður batni, og þau mistök á því sviði, sem hægt er að benda á, geta orðið okkur þar víti til varnaðar. Hins vegar vil ég vara við að ætla sér að nota slíkan samdrátt í of ríkum mæli til að bæta lífskjör. T. d. má benda á að fyrir það fólk, sem hefur orðið að búa við rafmagnsleysi

annan hvern dag hluta af þessu ári, bætir það áreiðanlega lífskjörin að leggja nokkuð í sameiginlegan sjóð til að koma þeim málum í viðunandi horf, því að fátt er nauðsynlegra en næg og örugg raforka. Þennan samdráttaráróður má því ekki reka af of mikilli þröngsýni. Öfgar eru þar hættulegar eins og í öðrum greinum þjóðfélagsmála.

Hæstv. forsrh. hefur gert svo ítarlega grein fyrir efni og aðdraganda þessa frv., að ég sé ekki ástæðu til að ræða það frekar nú þar sem afgreiða þarf þetta mál nú í dag. En meiri hl. fjh.- og viðskn. mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í umr.

Frsm. minni hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Sá sem les þessa yfirskrift, en ekki efni frv., hlýtur að ímynda sér, að viðnámið verði varanlegt, verðbólgan aftur á móti á hröðu undanhaldi og ráðstafanirnar, sem til er gripið rétt til bráðabirgða, séu tímabundnar, en standi ekki til langframa. En allar þessar ályktanir yrðu rangar.

Hér er gert ráð fyrir því, að verðbólgan haldi sínu striki. Vöxtur hennar 1. febr. er undir ýmsu kominn, ekki síst því, hvernig fer um fiskverðshækkunina, hversu fljótt hinna gífurlegu og fyrirsjáanlegu olíuverðshækkana fer að gæta hér á landi, m. ö. o. hvort unnt reynist að draga óhjákvæmilega gengisfellingu fram yfir 1. febr. og láta gengissig sem svarar 6-10% duga eða ekki. Viðnám gegn verðbólgu er því næsta skrautlegur orðaleppur og meira sannmæli að kenna frv. við gálgafrest á verðbólgu, eins og nánar verða færð rök fyrir síðar í ræðu minni. Loks er talað um tímabundnar ráðstafanir.

Kjarni frv. og það eina, sem raunverulega skiptir máli, er að verðbótavísitalan er skert um 8% og ákveðið að hún skuli vera 151 stig. Í framkvæmdinni munu þrjú þeirra að vísu greidd niður, eða fyrirheit er a. m. k. um það gefið, en hversu svo sem því verður háttað er gengið út frá 8% skerðingu verðbótavísitölunnar. Þessi skerðing gengur svo út yfir bætur almannatrygginga, sbr. 5. gr. Um aðrar ráðstafanir er ekki að ræða, hvorki tímabundnar né ótímabundnar. Kaupskerðingin ein blífur, og svo eru einhvers konar fyrirheit, einhverjar hillingaborgir úti í blámóðu loforðanna sem seiða hug stjórnar Verkamannasambands Íslands og seiða í sólbjartri þrá, svo að henni sýnist lagasproti hæstv. forsrh. hafa opnað himininn blá. Nei, heiti þessa frv., sem hér liggur fyrir, er sannarlega rangnefni og hefði betur verið nefnt: „Frv. til l. um 8% skerðingu verðbótavísitölu til að fá gálgafrest á verðbólgunni."

Í Landnámu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir Flóki sigldu vestur yfir Breiðafjörð og tóku þar land, sem heitir Vatnsfjörður við Barðaströnd. Þá var fjörðurinn fullur af veiðiskap, og gáðu þeir eigi fyrir veiðum að fá heyjanna, og dó allt kvikfé þeirra um veturinn. Vor var heldur kalt. Þá gekk Flóki upp á fjall eitt hátt og sá norður yfir fjöllin fjörð fullan af hafísum; því kölluðu þeir landið Ísland, sem það hefur síðan heitið. Þeir Flóki ætluðu brott um sumarið og urðu búnir litlu fyrir vetur. Þeim beit eigi fyrir Reykjanes, og sleit frá þeim bátinn og þar á Herjólf; hann tók þar sem nú heitir Herjólfshöfn. Flóki var um veturinn í Borgarfirði og fundu þeir Herjólf. Þeir sigldu um sumarið eftir til Noregs. Og er menn spurðu af landinu, þá lét Flóki illa yfir, en Herjólfur sagði kost og löst af landinu, en Þórólfur kvað drjúpa smjör af hverju strái á landinu, því er þeir höfðu fundið; því var hann kallaður Þórólfur smjör."

Í Eiríks sögu hins rauða segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það sumar fór Eiríkur að byggja land það, er hann hafði fundið og hann kallaði Grænland, því að hann kvað það menn mjög mundu fýsa þangað, ef landið héti vel. Svo segir Ari Þorgilsson, að það sumar fór hálfur þriðji tugur skipa til Grænlands úr Breiðafirði og Borgarfirði, en 14 komust út; sum rak aftur, en sum týndust."

Nú kann sumum hv. þm. að þykja það undarlegt, að ég sjái ástæðu til að rifja upp Íslendingasögur af því tilefni að ég hef hér framsögu fyrir minni hl. fjh.- og viðskn. En tilefnið er það, að ekki segir alla sögu hvað hlutirnir eru kallaðir. Meira skiptir hvaða hugarfar liggur á bak við nafngiftina, hvort fyrir þeim, sem hana gefur, vakir að vera sem Herjólfur og segja kost og löst á landinu eða haga sér eins og Eiríkur rauði að skíra því nafni sem helst villir um fyrir mönnum. Það er háttur þeirra manna, sem ekki treysta sér til að vinna málstað sínum fylgis með efnisrökum, að skírskota til eins og annars sem tekið er úr samhengi, festa sig við eitt vísuorð í miklu kvæði. Gott dæmi um þetta var ræða hæstv. viðskrh. í Nd., þegar hann þóttist gera launasamanburð til þess að sanna ágæti og væntumþykju núv. hæstv. ríkisstj. í garð launafólks. Í þeim samanburði tók hann dæmi af maímánuði 1977, eins og krafa verkalýðshreyfingarinnar hefði staðið um það að halda þeim kaupmætti sem gilti áður en sólstöðusamningarnir voru gerðir. Í rauninni þarf ekki meira um þann samanburð að segja, hugarfarið á bak við hann var hið sama og hjá Eiríki rauða með Grænland á vörunum og frammistaðan að öðru leyti var sömu ættar. Þannig vék hann ekki einu orði að aðsteðjandi vanda, þótt hann þættist vera að gera grein fyrir afstöðu Alþb. til þess frv. sem hér liggur fyrir. Menn voru jafnnær og áður um viðskiptakjör þjóðarinnar og horfur í þeim efnum, staða atvinnuveganna var jafnóljós og áður að ekki sé minnst á hag ríkissjóðs. Erindi hæstv. viðskrh. í ræðustól hins háa Alþingis var ekki til þess að skýra frá viðhorfum í þeim efnum. Það var aukatriði, en hitt þótti honum skipta meira máli, að tíunda kröfur Alþýðusambands Íslands til ríkisstj. í ótal liðum.

Þeir, sem á þingi hafa setið, hafa heyrt óskalista lesna upp áður og gera sér grein fyrir að hvorki er mögulegt né til þess ætlast að þeir séu allir framkvæmdir samtímis og fyrirvaralaust. Á hinu lék mönnum þess vegna forvitni, hver viðbrögð ríkisstj. hefðu orðið, hversu miklu fjármagni ríkisstj. hygðist kosta til þess að tryggja það sem kallað er vinnufriður, þótt stöðvun og ólögleg verkföll vofi yfir á þriggja mánaða fresti, jafnvel útflutningsbönn í því skyni gerð að koma sjávarútveginum um koll, eins og við munum dæmin um frá fyrri hluta þessa árs. Sú reynsla kenndi okkur þá lexíu, að ýmsir af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar eru ekki vanda sínum vaxnir, heldur fórna hagsmunum lægst launaða fólksins fyrir flokkspólitíska hagsmuni sjálfra sín, og má með sanni segja að metnaður slíkra manna þrútnar svo skjótt af metorðunum sem lítill lækur af miklu regni.

Í stefnuræðu sinni komst hæstv. forsrh. svo að orði, að það væri sjálf forsenda stjórnarsamstarfsins að komið yrði á traustu samstarfi fulltrúa launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, sem miðaði m. a. að því að treysta kaupmátt launatekna, jafna lífskjör og tryggja vinnufrið. Allt eru þetta falleg orð, skrautblóm á akri íslenskunnar.

En því miður hefur það reynst svo, að alvaran á bak við þau var engin. Hæstv. forsrh. hefur ekki lagt sig fram um samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Þannig hefur hann aðeins haldið einn fund með samstarfsnefnd þessara aðila þar sem vinnuveitendur voru boðaðir, þótt tveir slíkir fundir hafi síðar verið haldnir með fulltrúum Alþýðusambands Íslands sérstaklega. Þessi þróun mála er athyglisverð. Hún sýnir ljóslega að hæstv. forsrh. telur að vinnuveitendur séu minni máttar í því stríði sem að undanförnu hefur farið fram hér á landi um skiptingu þjóðarkökunnar. Því kýs hann að halla sér frekar að launþegum og þá í þeirri þröngu merkingu sem eru þeir pólitísku fulltrúar sem Alþb. og Alþfl. eiga í launþegasamtökunum og beittu sér mest og best fyrir því á öndverðu þessu ári að eyðileggja þær annars heilbrigðu efnahagsráðstafanir, sem núv. hæstv. forsrh. stóð þó að, og spilla árangri þeirra.

Nú erum við aftur komin að því, hvort menn kjósa að nefna hlutina réttum nöfnum. Þegar hæstv. forsrh. lýsti því yfir í stefnuræðu sinni, að hann mundi hafa náið samráð við aðila vinnumarkaðarins, skildi þorri landsmanna það svo, að fyrir honum vekti að samræma ítrustu launakröfur greiðslugetu atvinnuveganna. Öðruvísi varð það ekki skilið. Í því samhengi er svo rétt að líta á það frv. sem hér liggur fyrir, lesa grg. þess vandlega og íhuga hvað að baki hennar liggur. Og þá vekur það strax athygli, að hvergi er gerð grein fyrir stöðu atvinnuveganna. En er það ekki einmitt vegna þess, hversu bág hún er, sem þessar efnahagsráðstafanir eru nauðsynlegar? Liggur ekki einmitt fyrir að atvinnureksturinn í landinu ris ekki undir því sem á hann hefur verið lagt? Ef svo væri ekki væri ekki heldur um neitt vandamál að ræða. Þá gætu verðlagsbæturnar óhindrað gengið yfir án þess að til stöðvunar og atvinnuleysis þyrfti að koma. Að þessu er þó ekki ýjað einu orði. En áberandi er hitt, að hugmyndin er að binda atvinnurekstrinum nýja bagga og ekki litla fyrirferðar. Á hann á að leggja hátekjuskatt og veltuskatt á ýmiss konar rekstur, ásamt sérstökum fasteignaskatti og eignarskatti umfram það sem verið hefur. Gefur þetta sérstakt tilefni til þess að spyrja hæstv. forsrh. á hvaða rökum sú skoðun sé reist, að atvinnurekstrinn geti fremur staðið undir slíkum útgjöldum en umsömdum launagreiðslum. Það gefur líka tilefni til að spyrja hæstv. forsrh. um það, hvað hann reikni með að *hinar auknu álögur á atvinnurekstrinn í landinu nemi* mörgum verðbótavísitölustigum.

Staða atvinnuveganna um þessar mundir er í stuttu máli þannig: Fiskvinnslan er enn rekin með tapi þrátt fyrir gengisfellinguna í byrjun september. Stórfelldar hækkanir 1. des. og væntanlega 1. jan. n. k. munu leiða 3.5-4.5% halla samkv. gögnum Þjóðhagsstofnunar, — gögnum sem aðilar í atvinnugreininni telja að vanmeti um minnst 2%, aðallega vegna vanmetinna vaxtagreiðslna þannig að áætlað tap í janúar yrði því um a. m. k. 6%. Líkur á gengisfellingu í janúar yrðu því mun meiri en nú er.

Staða fiskveiðanna er sem hér segir: Bátar, án loðnu, um 11% tap, smærri skuttogarar um 1% tap, stærri skuttogarar um 8% tap. Þessar tölur eru byggðar á ársreikningum frá 1976, en samkv. upplýsingum aðila í atvinnugreininni varð rekstur útgerðarinnar 1977 mun þyngri en 1976. Því má svo bæta við, að miklar olíuverðshækkanir hafa átt sér stað að undanförnu, en til þeirra hefur ekki verið tekið tillit hér.

Í verksmiðjuiðnaðinum hefur afkoman farið versnandi og hagnaður eftir skatta minnkandi. Ekkert bendir til að þetta sé að breytast. Skattlagning þeirrar ríkisstj., sem þegar er komin til framkvæmda, kostar iðnaðinn milli 400 og 500 millj. kr. Nú er meiningin að auka skattheimtuna enn frekar, og er það gert á sama tíma og tollar af innfluttum iðnaðarvörum eru felldir niður. Afleiðinguna má sjá í hendi sér: Samkeppnisstaða íslenskra iðnaðarvara fer sífellt versnandi, gjaldeyriseyðslan eykst og viðskiptakjörin versna. Allt verður þetta til að ýta áfram undir frekari gengisfellingar.

Í byggingariðnaðinum horfir nú fram á lægð sem miklar líkur eru á að sé mun dýpri en sú venjulega árstíðarsveifla sem þekkist í þessari atvinnugrein. Helsta orsök þessa er stórfelldur fjármagnsskortur, og er því mikil hætta á atvinnuleysi, því að eins og allir vita er þetta atvinnugrein sem skapar mjög atvinnutækifæri.

Um járniðnaðinn er það að segja, að þessi grein er komin algerlega á heljarþröm. Skipasmíðaiðnaður er að leggjast niður og er nú svo komið, að einungis á tveimur stöðum í landinu, Akureyri og Akranesi, hafa skipasmíðastöðvar verkefni til nýsmíða á næsta ári. Skipasmíðastöðin Stálvík í Garðabæ hefur t. d. ekki fengist við nýsmíði í um hálft ár nú. Lítið er nú um viðgerðir, og það, sem framkvæmt er, fæst ekki greitt vegna erfiðleika þeirra atvinnugreina sem járniðnaðurinn þjónar.

Eftirfarandi þróun sýnir vel hvert stefnir í versluninni, ef olíuverslun er tekin undan. Hér skal rakin þróun bruttóhagnaðar verslunar sem hlutfalls af tekjum síðan 1975. Þá var það 2.9%, 1976 2.8%, 1977 3.1%, 1978 1.6%. Þarna er miðað við júlískilyrði, en ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa gengisfellingarinnar í september, en þá var 30% reglunni enn beitt og versnaði staðan enn frekar samkv. því. Þessi vonda staða hefur svo speglast greinilega í yfirlýsingum og ummælum forsvarsmanna Sambands ísl. samvinnufélaga nýverið, þar sem fram kemur að öll kaupfélög landsins eru rekin með halla.

Í stuttu máli: Staða atvinnuveganna er mjög slæm, sérstaklega lausafjárstaðan. Sífelldar breytingar á ytra umhverfi gera alla áætlunargerð úrelta á skömmum tíma, en það leiðir aftur til þess, að erfitt er að byggja upp til að auka framleiðni fyrirtækjanna. En það er eina raunhæfa leiðin til þess að tryggja landsmönnum öllum sambærileg kjör og þekkjast meðal nágrannaþjóða okkar.

Þegar rætt er um kaupmátt launa verða menn að gera sér grein fyrir því, við hvað eigi að miða þennan kaupmátt og hvernig sé eðlilegt að hann þróist. Allir hljóta t. d. að vera sammála um það, að hann þróist í takt við þróun þjóðartekna á hverjum tíma. Ég vil leyfa mér að minna á að áætlanir Þjóðhagsstofnunar í þeim efnum eru ekki allt of bjartar. Aukning þjóðarteknanna var talin nema tæpum 8% á síðasta ári, en um 1% á því næsta, 1979, og er því augljóst að kjör þjóðarinnar eiga eftir að rýrna þar sem afborganir og vextir af erlendum lánum og fólksfjölgunin kalla á um 2.5% aukningu á hverju ári, einungis þessir tveir liðir.

Kjarninn í því frv., sem hér liggur fyrir, er að lögfesta það að kaupgjaldsvísitalan skuli vera 151 stig á tímabilinu frá 1. des. til 1. mars. Guðfaðir hæstv. ríkisstj., hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, lætur í veðri vaka að með þessari skerðingu verðbótavísitölunnar sé í rauninni ekkert tekið frá launþegum, af þeim sé að vísu tekinn digur sjóður, en peningalaun séu ekki allt, það geti komið sér vel fyrir verkamanninn í Norðfirði að upp rísi

dagvistarheimili í Breiðholti, eða svo eiga orð hans að skiljast. Þessi hv. þm. var formaður á fundum fjh.- og viðskn. beggja deilda. Þar var hann inntur eftir því, í hverju hinar félagslegu umbætur væru fólgnar og hafði hann ekki eitt einasta orð um það að segja, ekki vildi hann heldur lýsa því, með hvaða hætti ætti að breyta tekjuskattslögunum í samræmi við 2. gr. Svo virtist sem hann hefði ekki minnstu hugmynd um fyrirætlanir stjórnarinnar í þeim efnum. Verður þá næsta örðugt að sjá hvernig hann getur haft forustu um það, að meiri hl. fjh.- og viðskn. beggja d. hefur nú komist að þeirri niðurstöðu, að þessar fyrirhuguðu ráðstafanir muni nema sem svarar 5 prósentustigum kaupgjaldsvísitölunnar. Hins vegar mættu fulltrúar Alþýðusambands Íslands á þessum fundi, og þeir virtust hafa nóg um þetta mál að segja og buðust meira að segja til að láta minni hl. í té upplýsingar um það, sem ríkisstj. og þeim hefði farið á milli. Var svo að skilja, að þeir vissu meira um þessi mál en hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, því að ekki hvarflar að mér að hann hafi af ásettu ráði leynt þn. upplýsingum sem svo beinlínis vörðuðu það mál sem á dagskrá var sem hinar félagslegu umbætur gerðu í þessu tilviki.

„Eldi heitari
brennur með illum vinum,
friður fimm daga,
en þá slokknar,
er hinn sjötti kemur,
og versnar allur vinskapur."

Enginn er ég spámaður, en ekki get ég að því gert, að það hvarflar stundum að mér þegar ég frétti af þeim nánu samskiptum, af þeirri eldheitu vináttu sem virðist vera milli hæstv. forsrh. og formanns Alþýðusambands Íslands, að vera megi að vinátta þeirra hafi ekki skotið djúpum rótum. Kröfugerð Alþýðusambands Íslands er að mörgu leyti ekki þann veg vaxin að ekki liggi meira undir. Það má því vel fara svo, áður en langt um líður, að hinn sjötti dagur renni upp og allur vinskapur versni, að hæstv. forsrh. þykist sárt leikinn og sjái eftir á hver brögð voru í tafli. Á þeirri stundu reynir á hvern mann hann hefur að geyma, hvort hann hefur þrek til að rísa öndverður gegn því sem hann hopar nú undan.

Eitt höfuðskilyrði fyrir því, að stjórn Alþýðusambands Íslands féllst á að láta kyrrt liggja nú þótt almenn kaunakjör yrðu skert svo mjög sem raun ber vitni, var það, að til Félagsmálaskóla alþýðu skyldu renna þegar á næsta ári 50 millj. kr. og 30 millj. kr. til Menningar- og fræðslusambands alþýðu, að því er heyrst hefur. En eins og fram hefur komið fékk minni hl. engin svör, hvorki til né frá, við flestum spurningum sínum í fjh.- og viðskn., þegar leitað var eftir nánari skýringum á því hvað raunverulega fælist í þessu frv. Nú er það svo um orðið alþýðu í ýmsum samböndum, að það minnir á lýsingarorðið grænn í merkingunni Grænland, þegar það í rauninni merkir ís og hjarn. Þó er orðið grænn eitt út af fyrir sig skylt gróandanum. Eins höfðar orðið alþýða til þess fólks hér á landi sem býr að sínu, gerir skyldu sína, er hrekklaust og umfram allt góður þegn, góður borgari hins íslenska ríkis. Á yfirborðinu virðist það sjálfsagt og eðlilegt, að Félagsmálaskóla alþýðu og Menningar- og fræðslusambandi alþýðu sé ætlað svo og svo mikið af ríkisfé. En málið er ekki svona einfalt. Ekkert félag, engin stofnun er annað og meira en þeir menn sem henni stjórna, ráða ferðinni og hafa í hendi sér hvað fram fer.

Skömmu eftir síðustu mánaðamót hélt verkalýðsmálaráð Alþb. ársfund sinn. Ekki þarf að efa að þar hafi verið mikið um dýrðir og ekkert til sparað að gera hann sem glæsilegastan, enda fer það ekki fram hjá neinum, að Alþb. hefur ekki skort fé til hvers konar fjárfestingar, útbreiðslu- og auglýsingastarfsemi. Mér hefur verið sagt, að það sé misskilningur minn að Alþb. fái fé erlendis frá, heldur sé fjársöfnun þess m. a. í því fólgin, að félagsmenn láti ótaldar fjárhæðir falla í plastfötu þegar fundir eru haldnir, með ólíkindum sé hversu mikið þeir fátækustu gefa, jafnvel ekkjurnar.

Allir muna líka þá miklu auglýsingaherferð sem kostuð var af verkalýðshreyfingunni á öndverðu þessu ári í þeim eina pólitíska tilgangi að klekkja á þeim flokkum sem þá voru í ríkisstj. Í sambandi við málaleitan Alþýðusambands Íslands nú um svo og svo marga tugi eða hundruð milljóna sér til handa af ríkisfé væri fróðlegt að fá upplýsingar um hverju auglýsingareikningar í Ríkisútvarpinu námu á öndverðu þessu ári, hversu miklu fé Alþýðusamband Íslands kostaði til alls konar ferðalaga og risnu í þeim flokkspólitíska tilgangi að hnekkja ríkisstj. Eins og hv. þdm. er kunnugt nema félagsgjöld verkalýðshreyfingarinnar 0.75% og upp í 1% af launum manna, auk sjúkra- og orlofsgjalda, þar sem um þau hefur verið samið. Þegar það er haft í huga, að heildarlaunagreiðslur í landinu, fyrir utan bændur og sjómenn, eru um 300 milljarðar kr. miðað við verðlag í dag, sést að þetta er ekki lítið fé, þótt jafnframt sé hliðsjón af því höfð, að misjafnar reglur gilda um það í hvaða mæli og hvort félagsgjöld skuli greidd af eftirvinnu, ákvæðisvinnu eða þeim yfirborgunum sem sérstaklega er um samið, svo að dæmi séu tekin. Varlega áætlað má þó gera ráð fyrir að stærðargráðan sé 1 milljarður kr. hjá félögum Alþýðusambands Íslands, miðað við það kaupgjald sem nú gildir í landinu, en þar er um 47-48 þús. félagsmenn að tefla. Af þessu fé drýpur drjúgur dropinn til Alþýðusambands Íslands eða um 80 millj. kr. á þessu ári eftir þeim upplýsingum sem ég hef. Svo á að heita að hin almennu stéttarfélög úti um landið eigi að fá svo og svo mikla þjónustu þar á móti, og eflaust er hún einhver. En þó er mikið kvartað undan því, að hún sé ekki borgunarinnar virði. Hitt er sönnu nær, að yfirbygging Alþýðusambands Íslands vaxi með hverju árinu og er tilgangurinn ekki alltaf sá að gefa launþegum sem fyllstar upplýsingar um það hvers sé að vænta, né gæta hagsmuna þeirra, segja kost og löst, svo sem Herjólfur forðum. Í þeim efnum er farið eftir pólitískri yfirstjórn Alþýðusambandsins fremur en faglegri. Hin pólitísku markmið hafa orðið þar ofan á hin síðustu missiri.

Vegna kröfu Sjálfstfl. voru aðilar vinnumarkaðarins kvaddir til fundar hjá fjh.- og viðskn., og fannst þar á ýmsu að allir voru ekki sértaklega hrifnir af því. Þar kom það m. a. fram, að fulltrúi Verslunarráðsins spáði því, að verðbótavísitalan mundi hækka um 11 stig 1. febr. Þegar ég svo spurði hagfræðing Alþýðusambands Íslands um það, hvaða spá hann hefði gert í þessum efnum, fékk ég þau svör, að Alþýðusambandið yrði að bíða eftir 1. febr.

Ég hef ekki við höndina öll þau línurit og dreifibréf sem Alþýðusambandið gaf út á öndverðu þessu ári um verðlagsþróunina, til þess að það yrði lýðum ljóst að óvinir fólksins í landinu sætu þá í ríkisstj. En mér kom í hug sagan af karlssyni, sem átti Lítil og Trítil og fuglana að og var þess vegna umkominn þess að reka fjaðrirnar þrjár upp í nefið á tröllskessunni. Fyrir réttu ári, eða hinn

26. nóv., kom sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands saman og gerði svofellda ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjarasamningarnir frá s. l. vori voru að sjálfsögðu gerðir í trausti þess, að við þá yrði staðið í einu og öllu af ríkisvaldinu og samtökum atvinnurekenda. Bregðist það hafa þessir aðilar fyrirgert því trausti sem til þeirra hefur verið borið sem heiðarlegra viðsemjenda og það því fremur sem engar forsendur samninganna hafa breyst til hins lakara frá því er þeir voru undirritaðir. Ef svo færi hlyti það að leiða til mikilla átaka á vinnumarkaðinum sem mundu magna allan efnahagslegan vanda og auka á verðbólgu. Sambandsstjórnin hlýtur því að vara bæði ríkisvaldið og atvinnurekendur mjög alvarlega við því að hrófla í nokkru við þeim skuldbindingum sem samningarnir fela í sér."

Þessi ályktun var síðan ítrekuð á miðstjórnarfundi Alþýðusambandsins hinn 2. febr. — 8 dögum síðar komst forseti Alþýðusambands Íslands svo að orði í Þjóðviljanum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég gerði forsrh. og öðrum viðstöddum á fundinum grein fyrir því, að í efnahagsráðstöfunum ríkisstj. fælist alger grundvallarbreyting á vísitölukerfinu, ætlun þeirra væri greinilega að svipta verkalýðshreyfinguna frelsi til samninga um þessi mál til frambúðar og í þessum ráðstöfunum fælist meiri kjaraskerðing en nokkurn viti borinn mann hefði getað órað fyrir. Ég álít að þetta hljóti að þýða að verkalýðshreyfingin grípi til harðari aðgerða en ella og þær komi fyrr."

Hinn 23. febr. samþykkti Alþýðusamband Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til ályktunar miðstjórnar 10. febr. s. l., formannaráðstefnu Alþýðusambands Íslands 15. febr. s. l., samráðsfunda samtaka launafólks og þeirra ráðstefna, sem haldnar hafa verið í öllum landshlutum undanfarna daga, samþykkir miðstjórn Alþýðusambands Íslands og 10 manna nefnd þess að skora á öll aðildarsamtök Alþýðusambands Íslands og félagsmenn þeirra að leggja niður vinnu 1. og 2. mars n. k. sem fyrstu aðgerðir til að mótmæla þeirri gífurlegu kjara- og réttindaskerðingu, sem felst í lögum þeim um efnahagsráðstafanir sem meiri hl. Alþ. hefur nýverið samþykkt fyrir forgöngu ríkisstj. Kjörorð baráttunnar er: Samningana í gildi."

Hinn 4. mars er birt í Þjóðviljanum ræða núv. formanns Alþýðusambands Íslands, sem lýkur með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Sameinuð, hönd í hönd, skulum við ganga til þeirrar baráttu, sem fram undan er, undir kjörorðinu: Samningana í gildi."

Í ávarpi útifundar á vegum Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, launamálaráðs Bandalags háskólamanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Iðnnemasambands Íslands á Lækjartorgi 1. mars 1978 segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Áform ríkisstj. um að takmarka samningsrétt með skerðingu á vísitöluákvæðum kjarasamninganna er tilræði við frjálsan samningsrétt launþegasamtakanna á Íslandi. Íslensk alþýða! Sýnum órofa samstöðu, sameinumst öll undir kröfuna: kjarasamningana í gildi."

Í yfirlýsingu Alþýðusambands Íslands frá því í mars segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Bráðabirgðalausn, sem veltir byrði verðbólgunnar á launafólk, leysir ekki vandann, heldur magnar hann. Vísitölukerfið veitir stjórnvöldum nokkurt aðhald í verðlagsmálum."

Og hinn 13. maí segir núv. formaður Alþýðusambands Íslands í Þjóðviljanum, með leyfi hæstv. forseta:

„Við setjum tvö grundvallarskilyrði fyrir einhvers konar samkomulagi: annars vegar að verðbætur komi á kauptaxta og hins vegar að launaleiðréttingar nái til það mikils hluta af félögum Alþýðusambands Íslands að yfirleitt sé nokkur glóra að hvika frá kröfunum um samningana í gildi yfir línuna."

Allar þessar tilvitnanir sýna að á öndverðu þessu ári vakti það fyrst og fremst fyrir forustumönnum Alþýðusambands Íslands að beita sér í þeim flokkspólitíska tilgangi að koma ríkisstj. á kné og ljá ekki máls á neinni lausn þess verðbólguvanda sem yfir vofði. Fyrir þeim vakti að greypa þá mynd af ríkisstj. í hugum fólksins, að þar væru vondir menn sem af illu innræti ættu sér ekki aðra ósk heitari en níðast á hinum almenna launamanni. Að öðrum kosti hefði orðið kauprán ekki orðið þeim jafntungutamt og raun ber vitni. Rán og ribbaldaháttur er gjarnan nefnt í sömu andránni og þykir ekki lýsa þokkalegum mannkostum, allra síst þegar slíkar gripdeildir ganga fyrst og fremst og eingöngu út á það að ræna menn arði vinnu sinnar, en láta hina í friði sem betur mega sín. Nú má vera að sumum hv. þm. þyki slíkar mannlýsingar léttvæg orð, sögð í hita kosninga, að ómerk séu ómagaorðin og að ekki beri að skilja þau eftir merkingu þeirra. En það er þá ekki við þá að sakast sem á hlýða og þýða fyrir sjálfum sér orðanna hljóðan.

Framhaldið kunna allir. Í síðustu alþingiskosningum vannst frægur sigur undir kjörorðinu „samninganna í gildi". Menn skyldu því vænta þess, að hagur Strympu hafi hækkað.

Allir vita að hæstv. ríkisstj. er fjarstýrð frá „kontor" Alþýðusambandsins að Síðumúla. Nú ætti að vera vandalaust að tryggja öllum launþegum refjalaust þann kaupmátt sem fólst í sólstöðusamningunum og þeirri samningagerð sem síðar fór fram. „En ef gullið er ógnægra til en viljinn að gefa, þá láttu eigi ástina minnka þótt fækki gjafirnar. Með fögrum heitum skaltu lokka liðið að þér og efna það er þú heitir þegar föng eru á." Þvílík ráð kenndi Aristóteles Alexander mikla og öll varðveitti hann þau sér í brjósti. Nú girnist hann einskis annars en ryðja sér til ríkis með oddi og eggju, og segir þar, með leyfi hæstv. forseta: „Og það gerir hann sér þegar í hug, að ekki vætta mundi við honum rönd reisa, svo geisar nú og hátt hans ofsi, að hann þykist nú öllum heiminum stýra." Það er fjarri mér að líkja þeim mönnum, sem standa í forsvari fyrir Alþfl., Alþb. eða Alþýðusambandið við þá Aristóteles og Alexander mikla. En stundum er óhjákvæmilegt að lyfta hlutunum upp í annað veldi til þess að þeir séu skýrari fyrir mönnum.

Í þessu samhengi er nauðsynlegt að menn átti sig á hvaða skýringar forustumenn Alþb. gefa á úrslitunum í vor, og vitna ég í þeim efnum til ræðu hæstv. viðskrh. Svavars Gestssonar á ársfundi verkalýðsmálaráðs Alþb. 4. nóv. s. l., en þar sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að stilla saman verkalýðshreyfinguna, flokkinn og blaðið tókst að ná glæsilegum árangri í bæjarstjórna- og þingkosningunum s. l. vor." — Ég endurtek, með leyfi hæstv. forseta: „Með því að stilla saman verkalýðshreyfinguna, flokkinn og blaðið tókst að ná glæsilegum árangri í bæjarstjórna- og þingkosningun-

um s. l. vor.“

Svo mörg voru þau orð og innihaldsrík að því leyti, að ekki þarf héðan af að vera ágreiningur um að verkalýðshreyfingunni hafi verið beitt í pólitísku skyni, a. m. k. að því marki, sem Alþb. hafði afl til. Þarna er berlega sagt, að pólitísk yfirstjórn hafi verið á aðgerðum þessara þriggja aðila: verkalýðshreyfingarinnar, Alþb. og Þjóðviljans. Hin faglega verkalýðsbarátta var látin lönd og leið og skellt skollaeyrum við því, þótt lægst launaða fólkið í landinu yrði og verður enn í dag að sæta verri lífskjörum en ella, eingöngu vegna þessa að það hentar þeim mönnum, sem hafa það að pólitísku markmiði að koma á sósíalistískum búskaparháttum hér á landi.

Það var ljóst strax með efnahagsráðstöfunum ríkisstj. í sept., að þeir menn réðu ferðinni sem höfðu annað að markmiði en að skapa atvinnuvegunum þann rekstrargrundvöll sem einn dugir til þess að tryggja betri kaupmátt í landinu. Þetta lýsir sér enn betur í því frv. sem hér liggur fyrir. Fjandskapurinn í garð hins frjálsa framtaks leynir sér ekki, og óðfluga stefnir í þá átt að grundvallaratvinnuvegir þjóðarinnar verði ekki reknir nema með opinberum styrkjum sem fyrst og fremst munu ganga til þeirra sem eru yfirvöldunum þóknanlegir. Þetta kom m. a. fram á fundi fjh.- og viðskn. í fyrirspurn eins af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. þegar hann spurði formann Landssambands ísl. útvegsmanna að því, hvort það gæti ekki komið útveginum til góða ef opinberar styrkveitingar yrðu veittar honum til handa. Ekki voru gefnar á þessu nánari skýringar, enda komið svo að alþm. frétta það síðastir allra hvað ríkisstj. hyggst fyrir þótt eftir svörum sé leitað.

Nú kynnu menn að spyrja hvort Eyjólfur sé ekki að hressast, hvort forustumenn Alþýðusambands Íslands séu ekki að vitkast og þess megi vænta, að þeir hafi meiri skilning á því en áður að þjóðareining þurfi að nást til þess að vinna bug á verðbólgunni. Þessu er því til að svara, að nú fyrir þessar aðgerðir stóð hvorki á Framsfl. né Alþfl. að marka stefnu í efnahagsmálum til frambúðar, en Alþb. stóð þar í vegi fyrir og samstillti svo krafta verkalýðshreyfingar, flokks og blaðs að því varð ekki um þokað. Bráðabirgðaráðstafanir skyldu það vera.

Í þessu sambandi skulum við gera okkur grein fyrir því, að innan Alþb. og verkalýðsfulltrúa þess eru sterk öfl sem ekki mega til þess hugsa að ríkisvaldið, hvað þá atvinnurekendur, eigi aðild að Félagsmálaskóla alþýðu. Þessir menn líta ekki á þá stofnun sem fræðslustofnun í þeim skilningi, að trúnaðarmenn í stéttarfélögum, hvar sem þeir standa í flokki, geti sótt þangað þá fræðslu sem þeir vilja leita eftir. Þvert á móti er tilgangurinn að annast þar pólitískt uppeldi í því skyni að festa Alþb. í sessi innan verkalýðshreyfingarinnar og í krafti þess að brjóta niður það frjálsa þjóðskipulag sem við höfum búið við hér á landi. Þessi viðhorf Alþb. komu skýrt fram í ræðu hv. 3. landsk. þm., Ólafs Ragnars Grímssonar, hinn 22. nóv. s. l. þegar hann sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því alveg skýrt og skorinort, að Félagsmálaskóli alþýðu er ekki aðeins almenn menntastofnun, er ekki aðeins ætlað að vera almennur liður í fræðslukerfi landsins, fullorðinsfræðslu, eins og hv. síðasti ræðumaður, fyrrv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson, fjallaði um, heldur hefur honum hingað til og verður í framtíðinni fyrst og fremst ætlað það hlutverk að vera baráttutæki samtaka launafólks fyrir breyttu þjóðfélagi, fyrst og fremst til þess að manna verkalýðsfélögin á þann veg með þekkingu og þjálfun að þau geti náð betri árangri í baráttu gegn samtökum atvinnurekenda, í baráttu gegn fjandsamlegu ríkisvaldi, heldur en þau hafa náð hingað til. Þess vegna held ég að það sé höfuðatriði fyrir alþýðusamtökin í þessu landi að þau fari sjálf með óskoraað forræði yfir menntunarmálum sinna meðlima.“

Síðar í ræðu sinni lét þessi hv. þm. í ljós ótta sinn við það, að annar meiri hl. kynni að vera á Alþingi en nú, þannig að það gæti orðið hættulegt fyrir verkalýðssamtökin í landinu að félmrh. skipaði einn stjórnarmann af þremur. Fjölmargir af helstu forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar væru sama sinnis, en sjálfur kvaðst hann hafa staðnæmst við 100 millj. kr. sem hæfilegt framlag ríkissjóðs til handa Félagsmálaskóla alþýðu þó svo ríkisvaldið hefði ekkert um það að segja hvað þar færi fram.

Ég skal ekki að sinni fjölyrða frekar um misbeitingu Alþb. á verkalýðshreyfingunni né heldur þá lítilsvirðingu sem þeir með henni sýna hinum almenna launamanni og þá ekki hvað síst hinum lægst launuðu. Hina miklu verðbólgu hér á landi má þannig að verulegu leyti rekja til þessarar misbeitingar, og tvískinnungshátturinn kemur hvað best fram í samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur frá 15. júní s. l. Ekkert einstakt atvik undirstrikar jafnvel þau orð hæstv. viðskrh. Svavars Gestssonar sem ég áður vitnaði til og skal nú endurtaka, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að stilla saman verkalýðshreyfinguna, flokkinn og blaðið tókst að ná glæsilegum árangri í bæjarstjórna- og þingkosningunum s. l. vor.“

Samþykkt borgarstjórnarfundarins var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af bréfi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 1. mars s. l. og kröfum annarra launþegasamtaka um greiðslu vísitölubóta á laun samþykkir borgarstjórn eftirfarandi:

Frá og með 1. júlí n. k. verði öllu starfsfólki borgarinnar og fyrirtækja borgarinnar, sem hefur 151.700 kr. í mánaðarlaun í dagvinnu eða lægra, greiddar fullar verðbætur samkv. ákvæðum kjarasamninga á öll vinnulaun. Starfsfólki með hærri laun skulu greiddar verðbætur jafnháar í krónutölu og greiðast á ofangreind mörk, þó þannig að þegar verðbætur samkv. lögum nr. 3/1978 nema hærri upphæð, þá skal greiða samkv. þeim. Þann 1. sept. skal með sama hætti greiða öllu starfsfólki borgarinnar og fyrirtækja borgarinnar, sem hefur 170 þús. kr. í mánaðarlaun og lægra, fullar verðbætur og sömu bætur í krónutölu á hærri laun með sama hætti og áður. Þann 1. nóv. hækkar þetta mark í 210 þús. kr. Ofangreindar upphæðir eru miðaðar við laun 1. júní 1978 án verðbótaviðauka. Öllu starfsfólki borgarinnar verði frá og með næstu áramótum greiddar óskertar verðbætur samkv. ákvæðum kjarasamninga.“

Þessi ályktun virðist svo skýlaus að naumast verður á betra kosið í þeim efnum. Eigi að síður liggur nú fyrir að þeir, sem að henni stóðu, vilja nú taka aftur hin stóru orðin og svíkjast þannig aftan að starfsmönnum Reykjavíkurborgar, eða eins og forseti borgarstjórnar Reykjavíkur hefur komist að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Ég sé ekki annað en með þessu móti greiðum við þá vísitölu

að fullu sem eftir stendur, þegar tekið er tillit til laganna."

„Sem eftir stendur þegar tekið er tillit til laganna" eru yfirlætislaus orð, en afhjúpa þó einhver mestu brigðmæli sem um getur í stjórnmálabaráttu hér á landi, minna á fyrirheitið um hið græna land þar sem jökull og hjarn tóku við að leiðarlokum, en þá varð ekki aftur snúið.

Eins og fram hefur komið felst kjarni þess frv., sem hér liggur fyrir, í 4. gr. þess. Þar er verðbótavísitalan ákveðin 151 stig, sem felur í sér 8% skerðingu miðað við gildandi samninga. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni, að hæstv. forsrh. hefur tekið af öll tvímæli um það, að í þessari grein felst ekki bann við því, að greiddar séu hærri verðbætur en þar greinir, t. d. í samræmi við gildandi kjarasamninga. Nauðsynlegt var að sú yfirlýsing kæmi fram við afgreiðslu málsins.

2. og 3. gr. frv. eru nýstárlegar að því leyti, að ekki felast í þeim nein lagafyrirmæli og eru þær því merkingarlausar í lögum. Hæstv. forsrh. hefur komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er rétt, að þetta eru frekar óvenjuleg lagaákvæði, svokölluð loforðsparagraf eða loforðsgreinar, og eru þekktar og þær er m. a. að finna í okkar merkustu löggjöf, okkar hátíðlegasta plaggi, sjálfri stjórnarskránni. Þar eru slíkar greinar, þannig að þetta byggist á nokkrum misskilningi, það sem sagt er um 2. og 3. gr."

Nú gat ég ekki fundið í stjórnarskránni neitt sambærilegt við það sem hér stendur: Ríkisstj. mun beita sér fyrir lagasetningu eða ríkisstj. mun beita sér fyrir aðgerðum og lagasetningu. Á hinn bóginn má kannske breyta 1. gr. stjórnarskrárinnar frá því sem nú er eða úr: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn" í: Íslendingar munu beita sér fyrir að á Íslandi sé lýðveldi með þingbundinni stjórn — eða eitthvað því um líkt. En naumast yrði það talið til bóta né neinnar fyrirmyndar í lagasetningu.

Í 2. gr. er því heitið, að ríkisstj. muni beita sér fyrir lagasetningu til lækkunar skatta og gjalda á lágtekjufólki, sem metnar eru sem 2% af verðbótavísitölu þeirri sem gildir fram að 1. des. Þetta eru hin grænu orð, en hjarnið og jökullinn koma ekki í ljós fyrr en flett er upp í grg., en þar er þessu bætt við, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þeirra aðgerða, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, verði lögð fram fyrir áramót frv. til l. um tekjuöflun. M. a. komi til athugunar hátekjuskattur og veltuskattur á ýmiss konar rekstur. Einnig komi til athugunar í þessu skyni fjárfestingarskattur og eignarskattur."

Ekki hafa fengist neinar skýringar á því, hvað hér er gert ráð fyrir mikilli tekjuöflun, og gefur það ástæðu til að spyrja hæstv. forsrh., hvort við það verði miðað í væntanlegum skattafrv. að álögurnar verði ekki meiri en svo að svari þeim útgjöldum sem þetta frv. leggur ríkissjóði á herðar. Það er mikilvægt að það komi fram, vegna þess að eins og allur aðdragandinn er hlytu frekari skattaálögur að teljast brigð við þau fyrirheit sem hér eru gefin. Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að fyrirheitin í þessu frv. verða ekki skilin öðruvísi en svo, að tekjuskattsgreiðendum eigi að fækka á næsta ári borið saman við það sem nú er, þ. e. launþegahluta tekjuskattsgreiðenda. Þannig er gert ráð fyrir því, að launahækkunin nemi um 51% frá síðasta ári, svo að trauðla getur orðið um það að ræða að skattgjaldsvísitalan verði undir 151 stigi. Allt það, sem þar yrði fram yfir, kæmi þá til með að standa undir fyrirheitum 2. gr. um lækkun tekjuskatta. Ég tel mig þó hafa ástæðu til að ætla að við þetta verði ekki staðið.

Hv. fyrrv. stjórnarandstæðingar og núv. hv. stjórnarsinnar, ekki síst hv. 5. þm. Reykn., Karl Steinar Guðnason, halda því mjög á loft að í efnahagsráðstöfunum fyrri ríkisstj. hafi fullar verðbætur ekki komið á eftir- og næturvinnu né akkorðstaxta. Hafa um þetta verið höfð hin stóru orðin og fyrrv. hæstv. ríkisstj., sérstaklega þó forsrh. hennar, verið brigslað um að í þessum aðgerðum kæmi fram fjandskapur í garð láglaunafólks og sjómanna. Látum það vera. En þá spyr ég hvers vegna þessir sömu menn hafi nú skuldbundið sig til þess að standa að verulegri hækkun tekjuskatts launafólks sem allur kemur á eftir- og næturvinnu og á aflahlut sjómanna. En það er einn munur á vinnubrögðum fyrrv. og núv. stjórnar og hann ekki lítill. Fyrrv. ríkisstj. gekk hreint til verks, sagði kost og löst, en núv. hæstv. ríkisstj. ætlar sér að koma aftan að launþegum í landinu, eins og gert var með skattaukanum í haust. Það mun á sannast, þegar nýju skattafrv. verða lögð fram, og verður þá tilefni til að gera þessum þætti frekari skil. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því, að gert er ráð fyrir að leggja sérstakan veltuskatt á fyrirtæki auk fjárfestingarskatta.

Nú er náttúrlega augljóst að með þessu er freklega farið inn á tekjuöflunarleiðir sveitarfélaga, þar sem aðstöðugjaldið er í raun veltuskattur og fasteignaskattar eru orðnir verulegur hluti af tekjuöflun sveitarfélaganna. Það má því búast við að ýmis sveitarfélög treysti sér ekki til að nýta sér þessa skattstofna í þeim mæli sem þau ella hefðu gert. Í þessu sambandi er enn fremur ástæða til að minna á að sveitarfélögunum hefur ekki verið bættur sá tekjumissir sem þau urðu fyrir með afnámi söluskatts á ýmsum vörutegundum. Hér gægist fram gamli fjandskapurinn í garð sveitarfélaganna sem hefur verið eitt höfuðeinkenni vinstri stjórna hér á landi.

Hæstv. forsrh. hefur látið svo ummælt oftar en einu sinni, að atvinnuvegirnir eigi að taka á sig 2% kauphækkunarinnar, það sé þeirra hlutur í þessum ráðstöfunum til viðnáms gegn verðbólgu. En hvað þá um veltu- og fjárfestingarskattana? Einhvern veginn hefur hefur honum skotist yfir þá í umfjöllun sinni um þetta frv. að þessu leyti.

Um veltuskattinn er það sérstaklega að segja, að hann tekur ekki tillit til afkomu fyrirtækja frekar en aðstöðugjaldið, og verður ekki séð að það breyti neinu fyrir fyrirtækin hvort þau greiði slíka skatta eða laun séu hækkuð að sama skapi. Hér er því um það að ræða að kjaraskerðingin er höfð meiri en ella til þess að afla tekna í ríkissjóð. Hinn væntanlegi veltuskattur verður í raun greiddur af launafólki sjálfu með lækkuðu kaupgjaldi. Í 6. lið aths. segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Heildarfjárfesting á árinu 1979 verður ekki umfram 24-25% af vergri þjóðarframleiðslu. Breytingar í fjárfestingarmálum eru í undirbúningi og er gert ráð fyrir lagafrv. um þau mál innan tíðar. Gert er ráð fyrir því að fjárfestingu verði beint frá verslunar- og skrifstofubyggingum í tækni- og skipulagsumbætur, m. a. í fiskvinnslu og iðnaði. Í landbúnaði verði dregið úr fjárfestingu, sem leiðir til aukinnar framleiðslu, en áhersla lögð á hagræðingu og á uppbyggingu vinnslustöðva landbúnaðarins. Útlánareglum fjárfestingarlánasjóða og útlánum banka verði breytt í samræmi við þessa stefnu."

Greinilegt er af þessu, að hugmyndin er að taka upp skömmtunarstefnu í fjárfestingarmálum og með því að

hverfa tvo áratugi aftur í tímann miðað við okkar sögu, en aftur í gráa forneskju í hugsunarhætti. Það hefur alltaf verið sterk viðleitni hjá vinstri flokkum að gera sig að skömmtunarstjóra yfir fólkinu í landinu, takmarka möguleika þess til að nýta þá fjármuni sem það vinnur sér inn í sveita síns andlits og þröngva því þannig til að ráðstafa peningunum öðruvísi en það hefði kosið, ef það hefði verið sjálfrátt gerða sinna. Með þessu á að innleiða á ný þá gömlu framsóknarsiðvenju, að einhverjir pólitískir pótintátar séu settir upp á stall og útdeili þaðan með leyfum upp á eitt og annað. Þannig þykjast þeir hafa búið sér til pólitíska aðstöðu til að gera fólkinu greiða og hyggjast tryggja sig í sessi um leið.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að draga úr fjárfestingunni. En það verður best gert með því að breyta svo peningakerfi landsins að fólk geti ávaxtað sparifé sitt, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v., Eyjólfur Jónsson, gerði rækilega grein fyrir í ræðu sinni í gærkvöld. Ef þeim hugmyndum yrði hrundið í framkvæmd er ekki vafi á að verulega drægi úr fjárfestingu í landinu þannig að hún kæmist í jafnvægi og miðaðist við arðsemi fyrst og fremst, gagnstætt því sem nú er, þar sem verðbólgan og lágvaxtastefnan hafa í sameiningu valdið því, að hvers konar steinsteypa er í rauninni eini verðtryggði gjaldmiðillinn í landinu. Þetta ástand hefur ekki hvað síst valdið því, að lífskjör hafa ekki batnað í þeim mæli hér á landi sem orðið hefði ef arðsemin hefði ráðið ferðinni í fjárfestingarmálum. Hið sama verður uppi á teningnum, ef pólitískir pótentátar eiga á ný að útdeila leyfum til fjárfestingar, í hvaða formi sem það verður. Hætt er við að annarleg sjónarmið verði þar þung á metunum, en síður gætt að arðseminni, auk þess sem fyrir liggur að stjórnarflokkarnir hafa í orði og verki sýnt hinu frjálsa framtaki ýmist beinan fjandskap eða agnúast út í það, en leynt og ljóst stefnt að opinberri forsjá í flestum efnum. Einstaklingurinn í þjóðfélaginu gengur því ekki að því gruflandi, við hverju hann má búast á næstu missirum ef Rauðka verður uppistandandi.

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því, að ríkisstj. hyggst afnema eða a. m. k. draga verulega úr jarðræktarstyrkjum til bænda, auk þess sem á þá verða lagðar nýjar álögur, svo sem fóðurbætisskattur, eftir því sem næst verður komist. Ráðstafanir af þessu tagi munu að sjálfsögðu fyrst og fremst verka til lækkunar á launalið bóndans, en eins og menn muna var það mjög að orði haft fyrir síðustu kosningar, bæði af þm. Framsfl. og Alþb., að bændur væru launalægsta stétt landsins, og einkanlega lögðu þeir síðarnefndu, frambjóðendur Alþb., áherslu á að við offramleiðsluvandamál væri ekki að stríða í landbúnaði.

Sjálfstæðismenn hafa lýst andstöðu við hinar auknu niðurgreiðslur. Hæstv. forsrh. gefur í skyn, að það sé vegna þess að við viljum fara dýpra ofan í vasa launamannsins en hann, og varð harla glaður við. Hitt á hann erfiðara með að skilja, að fyrir afstöðu okkar liggja efnisrök, nefnilega þau, að of miklar niðurgreiðslur rugla allt verðskyn, ekki síst eins og nú er komið, þegar útsöluverð er orðið verulega miklu lægra en innleggsverð sömu afurða. Þetta minnir á það, þegar 50 kg af kartöflum voru komin niður í 100 kr. fyrir nokkrum árum. Virðingin fyrir þessum matvælum var ekki sérlega mikil meðan það verð stóð.

En hæstv. forsrh. getur ekki afgreitt niðurgreiðslurnar með fúkyrðum í garð sjálfstæðismanna. Ný verðbólguskriða fellur 1. mars — og hvað ætlar hann þá að gera? Er meiningin að hefja þá niðurgreiðslur á smjörlíki og styrkja þannig iðnaðinn í samkeppninni við landbúnaðinn og hið lága smjörverð? Eða stendur kannske til að hefja niðurgreiðslur á erlendum vörum sem þyngst vega í vísitölunni eins og t. a. m. kaffi? Eða telur hæstv. forsrh. að niðurgreiðslurnar séu nú komnar í það mark sem hæfilegt sé?

Hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, kvartaði undan því í Nd., að hækkað verð á blöðum hefði haft óeðlilega mikil áhrif á kaupgjaldsvísitöluna. Kannske er meiningin að greiða niður dagblaða- og bókaverð í landinu. Við þekkjum það frá þeim löndum þar sem hinir marxísku búskaparhættir eru, að stjórnvöld ráða eftirspurninni í landinu með því að ákveða vöruverðið án samhengis við tilkostnaðinn. Hér á landi hafa slík opinber afskipti af vöruverði þótt næsta fáránleg fram að þessu. En vissulega hefur ríkisstj. sýnt viðleitni í þessa átt, bæði með hinum óhóflegu niðurgreiðslum og hátollunum á þær vörutegundir sem hæstv. ríkisstj. telur til óhófsmunaðar, og er lítill ágreiningur um það meðal landsmanna að hún hafi sýnt litla smekkvísi í því vali.

Í 3. gr. frv. er fjallað um margvíslegar félagslegar umbætur sem ógerningur hefur verið að fá skýringar á, þótt á hinn bóginn sé til þess ætlast að menn meti þær til 3% lækkunar á kaupgjaldi. Við fáum ekki einu sinni að vita hversu miklu fjármagni ríkisstj. hyggst verja til þess arna.

Ég skal ekki lengja mál mitt með því að gera allri upptalningunni í 7. lið grg. skil, en nefni húsnæðismálin sérstaklega. Við umr. um stefnuræðu forsrh. komst hæstv. félmrh., Magnús H. Magnússon, m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þeim kafla samstarfsyfirlýsingarinnar, sem fjallað er um húsnæðismál, er vikið að nokkrum mikilsverðum málum sem í minn hlut kemur að hrinda í framkvæmd. Vil ég því gera nokkra grein fyrir því, hvernig þar miðar.

Nú er að ljúka störfum nefndar sem fjallað hefur um endurskoðun laga um byggingu svokallaðra félagslegra íbúða, einkum verkamannabústaða og leiguíbúða á vegum sveitarfélaga. Vænti ég þess, að frv. um þennan mikilsverða þátt í starfsemi Húsnæðismálastofnunar ríkisins geti komið fyrir Alþ. strax í haust. Þá hef ég nú nýlega skipað starfshóp og fengið það hlutverk að endurskoða alla aðra þætti í starfsemi Húsnæðismálastofnunar. Er þessum hópi m. a. ætlað að kanna möguleika á því, að lánum stofnunarinnar verði breytt þannig að þau verði ákveðið hlutfall af byggingarkostnaði nýs húsnæðis, innan hóflegra stærðarmarka þó, og lán til kaupa á eldra húsnæði verði hlutfall fjármagnsþarfar kaupenda. Í því væri fólgin gerbreyting ef hægt væri að efla sjóði Húsnæðismálastofnunar svo, að lán hennar nægðu til að fullnægja að mestu eða öllu eðlilegri lánsþörf húsbyggjenda og að útborgun þess fjár gæti haldist í hendur við framkvæmdahraðann. Eigi slíkt markmið að nást verður að koma til gagnger endurskoðun á teknaöfluninni og ný tengsl við hinn almenna fjármagnsmarkað í landinu, ekki síst lífeyrissjóðina. En þess verður þá jafnframt að gæta, að þessum sjóðum sé ekki sóað á verðbólgubálinu þannig að eilíflega verði að ausa í þá nýju fjármagni. Hér á ég við það, að lánin verði verðtryggð að fullu, en vextir hins vegar færðir mjög niður, verði sennilega aðeins 2-3%. Jafnframt verður svo að varast að fjármagnsbyrðin verði lántakendum ofviða,

svo sem með lengingu lánstímans og sveigjanleika í sambandi við endurgreiðslur, t. d. með takmörkun þeirra við ákveðið hlutfall af ráðstöfunartekjum lántakandans. Koma hér raunar ýmsar aðrar leiðir til greina.

Ég trúi því, að þessar breytingar megi gera í skynsamlegum áföngum og að þær muni í raun koma öllum til góða og — það sem kannske er mest um vert — verða mjög öflugt vopn í baráttunni gegn verðbólgunni. Ég hef í skipunarbréfi til þessa starfshóps óskað eftir athugun á ýmsum fleiri atriðum sem ég tel að betur megi fara. Má þar til nefna stofnun nýs lánaflokks sem ætlað er það hlutverk að veita lán til endurbóta og viðhalds á eldra húsnæði. Hef ég beðið um að gerð verði sérstök athugun á lánveitingum til byggingar húsnæðis fyrir aldraða og fólk með sérþarfir og að kannaðir verði möguleikar á stuðningi við nýjungar í byggingariðnaði, stöðlun húshluta og margvíslega hagræðingu sem horft gæti til lækkunar á byggingarkostnaði. Ég hef lagt fyrir þennan starfshóp að hraða störfum sínum eftir föngum og vænti þess, að hægt verði að kynna hv. alþm. niðurstöður hans fyrir þinglok næsta vor og helst ef tækist að samþykkja lög um þetta efni strax á þessu þingi.

Loks má geta þess undir þessum lið, að nú hefur tekið til starfa nefnd sem ég skipaði til að semja frv. að nýrri löggjöf um leiguhúsnæði. Er mikil þörf orðin á slíkum lögum sem gætu komið fastari skipan á þessi mál en nú er, eytt margvíslegri réttaróvissu og tryggt betur réttarstöðu leigutaka og raunar einnig leigusala. Ég vænti þess, að þessi n. ljúki störfum fyrir n. k. áramót.

Ég hefði viljað ræða hér um heilbrigðismál, sem eru mjög stór og flókinn málaflokkur og um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en til þess vinnst ekki tími að þessu sinni."

Nú er spurningin, hvað felst í fyrirheitum aths. um sérstakar aðgerðir í húsnæðismálum og varðandi leigjendavernd umfram það sem hæstv. félmrh. lýsti þegar hinn 19. okt. Hvað eru launþegar að kaupa í þessum efnum nú sem meta skal þeim til sérstakrar 3% launalækkunar?

Varðandi málefni lífeyrissjóða og eftirlaun aldraðra sagði hæstv. félmrh. í stefnuræðu sinni:

„Ef hægt er að segja að eitthvert eitt mál hafi öðrum fremur skipað öndvegi í stefnumörkun Alþfl., þá eru það almannatryggingarnar. Það er og hefur verið stolt okkar Alþfl.-manna að hafa frá öndverðu skipað forustusveit þeirra sem barist hafa fyrir réttarbótum til handa öldruðum, sjúkum og öryrkjum. Á þessu sviði hafa margir sigrar unnist, þótt hér verði aldrei unninn neinn fullnaðarsigur. Breyttir tímar og breyttar aðstæður kalla sífellt á ný úrræði í þessum efnum. Í dag stöndum við þar, að við búum við tvíþætt lífeyriskerfi: annars vegar almannatryggingar og hins vegar hina svokölluðu frjálsu lífeyrissjóði.

Almannatryggingakerfið veitir vissulega mikilsverð réttindi, ekki síst eftir að lífeyrisgreiðslur þess voru með lögum tengdar kauphækkunum. Stöðugt er í gangi endurskoðun á þeirri löggjöf sem um almannatryggingar fjallar. Er það ætlun mín að þar verði hvorki staðnæmst né hægt á ferðinni. Hinn þáttur lífeyriskerfisins eru frjálsu lífeyrissjóðirnir sem gegna ákaflega mikilsverðu hlutverki við að bæta stöðu þeirra sem verða fyrir fjárhagslegu áfalli ef starfsorka til tekjuöflunar glatast eða fyrirvinna fellur frá. Raunar er þá þýðing þeirra þegar orðin slík, að þeir eru orðnir ómissandi þáttur í þeirri viðleitni að tryggja afkomu öryrkja, aldraðra og sjúkra. Því er hins vegar ekki að neita, að ýmsir ágallar hafa komið fram á þessu kerfi. Er slíkt ekki að undra þegar þess er gætt, að hér á landi er nánast engri löggjöf til að dreifa um starfsemi þeirra. Sjóðirnir, sem eru fjölmargir, hafa þess vegna sjálfir sett sér sín lög og er því að vonum afar mismunandi á hvern hátt þeir tryggja réttindi félagsmanna sinna. Það bil, sem þarna hefur víða myndast, verður að brúa og tryggja öllum lífeyrisþegum ákveðin samræmd lágmarksréttindi, m. a. með því að verðtryggja allan lífeyri og samræma reglur um réttindaöflun og greiðslur, m. ö. o. að búa einnig til innan þessa þáttar lífeyriskerfisins eitt samfellt réttindakerfi sem taki til allra landsmanna. Er í þessu sambandi nauðsynlegt að hafa í huga, að þrátt fyrir mikla fjölgun lífeyrissjóðanna á síðustu árum á þó enn meira en helmingur allra lífeyrisþega enga aðild að lífeyrissjóðum.

Þessu mikla misrétti hefur ríkisstj. sett sér að bæta úr með því að stefna að einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Framkvæmd þessa mikilsverða stefnumáls hefur lent í mínum höndum og mun ég einskis láta ófreistað til að það geti komist sem allra fyrst í höfn. Vonast ég raunar til að geta um næstu mánaðamót lagt fram frv. til l. um almenn eftirlaun til aldraðra. Það frv. nær að vísu ekki því lokamarki sem að er stefnt, enda er málið ákaflega flókið og viðkvæmt. Þetta frv. mun þó rétta verulega hlut sem allra flestra þeirra sem hafa fram til þessa einungis notið óverðtryggðs lífeyris eða verið alveg utan lífeyrissjóða, og verður það því umtalsverður áfangi að þessu lokamarki."

Ástæða er til að spyrja einnig nú, hvaða fyrirheit felist í aths. um sérstakar aðgerðir varðandi málefni lífeyrissjóða og eftirlaun aldraðra umfram það sem hæstv. félmrh. hafði lýst hinn 19. okt. s. l.? Hvað eru launþegar að kaupa í þessum efnum sem nú skal meta þeim til sérstakrar 3% launalækkunar?

Í fyrstu þrem liðum aths. er almenn stefnumörkun ríkisstj. í verðlags- og kjaramálum næstu þrjá mánuði. Þar er m. a. talað um að verðlagshækkanir verði ekki nema 5% 1. mars. Samkv. spám. Þjóðhagsstofnunar mun verðbótavísitalan þó hækka um 8% 1. febr., og með hliðsjón af ástandi efnahagsmála má gera ráð fyrir að þessi áætlun sé of lág. Raunhæfara væri að nefna 11% hækkun verðbótavísitölunnar að ýmissa dómi. Á hinn bóginn eiga ekki nema 5% að koma til hækkunar á peningalaunum, svo að notað sé hið nýja orð Alþb.-manna, sem m. a. var fundið upp í þeim tilgangi að reyna að glepja launamönnum sýn. Hér er því enn gert ráð fyrir 3-6% skerðingu á verðbótavísitölunni. Athygli vekur að í 3. lið er því slegið föstu, að vísitöluviðmiðun launa skuli breytt fyrir 1. mars að höfðu samráði við fjölmennustu heildarsamtök launafólks. Það, sem hæstv. forsrh. kallaði hornstein sjálfs stjórnarsamstarfsins, samráðið við aðila vinnumarkaðarins, er ekki lengur fyrir hendi. Hæstv. forsrh. hefur sett Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasamband samvinnufélaga út í horn og vill ekkert við þau tala, þótt þessir aðilar hafi sýnt fyllsta samstarfsvilja. Svo talar hæstv. forsrh. um að nauðsyn sé á þjóðarsamstöðu, allir þurfi að leggjast á eitt, gagnkvæmur skilningur og virðing þurfi að vera fyrir hendi.

En er það trúverðugt að þetta markmið náist, að um það náist samkomulag við verkalýðshreyfinguna að vísitöluviðmiðun launa verði breytt launþegum í óhag fyrir 1. mars m. a. með því að viðmiðun verði höfð við

viðskiptakjör og fleira? Eftir viðbrögðum fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja á fundi fjh.- og viðskn. er þess ekki að vænta, því miður, að um neina slíka hugarfarsbreytingu sé að ræða. Forseti Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sagðist ósammála liðum 1-3 í aths. frv. og af hálfu BSRB kæmi ekki til greina að fallast á það sem þar væri lýst. Samtökin eru ekki tilbúin til neinna samninga um að lögbinda skerðingu á kjörum, sagði hann. Alþýðusamband Íslands hefur ekki tekið afstöðu til þeirra aðgerða, sem í frv. felast, og fyrir liggur, að um það eru skiptar skoðanir innan stjórnar ASÍ. Forseti Alþýðusambands Íslands lét svo ummælt, að hann teldi að tilraunin hefði misheppnast ef ríkisstj. þyrfti aftur að koma til launþegasamtakanna fyrir 1. mars. Hann var þó jákvæður að því leyti, að stjórn Alþýðusambands Íslands mundi samt meta það, hvað hefði verið gert annars staðar í kerfinu, eins og hann orðaði það. Þá taldi hann að ráðstafanir yrði að gera í sambandi við verðbólguna til þess að tryggja atvinnu í landinu.

Af framansögðu er ljóst að verkalýðshreyfingin mun reynast ósamvinnuþýðari 1. mars en nú, eins og fram hefur komið frá stuðningsmönnum ríkisstj. hér á hinu háa Alþ. Það liggur líka fyrir, að naumast er hægt að tíunda stefnuskrá ríkisstj. í félagsmálum þriðja sinni og fara síðan fram á að launþegar gefi eftir verulegan hluta af umsömdum verðbótum af því tilefni, einungis til þess að leikurinn verði svo enn endurtekinn 1. júní.

Loks er með markvissum hætti vegið að rótum atvinnulífsins í landinu. Miðað við rekstrarstöðu atvinnuveganna eru þeir fjarri því nú að geta tekið á sig nokkrar kostnaðarhækkanir án þess að hleypa þeim umsvifalaust út í verðlagið, hvað þá að þrem mánuðum liðnum. Sá, sem er þrautpíndur fyrir, má ekki við miklu til þess að hann lognist út af.

Ástandið fram undan er því síður en svo glæsilegt. En hæstv. forsrh. lætur það ekki mikið á sig fá. Hann hefur þá sérstöðu að vera eini maðurinn sem setið hefur í ríkisstj. allt það tímabil sem hömlulaus verðbólga hefur geisað hér á landi, eða síðan viðreisnarstjórnin fór frá völdum. Þó telur hann sig hafa ráð á því að tala um að aðrir hafi ekki vitkast, á sama tíma og hann hrökklast nú frá einum ársfjórðungnum til annars, í þetta skipti frá 1. des. til 1. mars, án þess að gera alvarlega tilraun til þess að einhver stefna sé mörkuð í efnahagsmálum til frambúðar. Þar fer hann á sömu sveifina og Alþb., enda var raunar alltaf við því búist, að hann mundi neyta færis ef honum þætti Alþfl. liggja vel við höggi. Það stendur ekki heldur á því nú að Alþfl. sé kallaður kaupránsflokkur af samstarfsmönnum sínum í ríkisstj., og sýnir það eitt út af fyrir sig hvort við því sé að búast, að þeir, sem standa utan hjá og virða þetta fyrir sér úr fjarlægð, hafi á ríkisstj. sérstakt traust eða dálæti.

Við 1. umr. þessa máls komst hæstv. forsrh. svo að orði:

„Ríkisstj. hefur sett sér það meginmarkmið að vinna að hjöðun verðbólgu í ákveðnum áföngum og aðgerðir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eru mikilsverð skref á þeirri leið. Ég verð að segja, að mér finnst furðulítið samræmi á milli athafna sjálfstæðismanna, þ. e. a. s. stjórnarandstæðinga nú, þegar þeir annars vegar eru í stjórn og hins vegar í stjórnarandstöðu. Þeir settu febrúarlögin, og að því stóð ég og minn flokkur af því að nauðsyn bar til að okkar dómi. Þá var Sjálfstfl. í stjórn. Nú er Sjálfstfl. andvígur þessum ráðstöfunum. Hann vill að 14% hækkun fari út í kaupgjald og verðlag. Hann vill meira að segja að aukin niðurgreiðsla, hvort heldur er 3 eða 2.5%, komi ekki til frádráttar verðbótavísitölu þeirri sem reiknuð hefur verið út og á að ganga í gildi 1. des., greiddi atkv. beinlínis gegn þeirri grein í hv. Nd. Nú er hann í stjórnarandstöðu. Því hefur verið lýst yfir af talsmönnum hans, að hann vildi sýna ábyrgð í stjórnarandstöðu. Hvar er nú ábyrgðartilfinningin? Nánari tími gefst ekki til útlistunar á þessu fyrirbæri. Það skýrir sig sjálft og sannar að þeir sjálfstæðismenn hafi ekkert lært frá því á vordögum 1974."

Hæstv. forsrh. ber sig vel að vanda, er drýgindalegur. Mér þykir rétt að reyna að vera það líka og svara fullum hálsi.

Allir vita að það voru vissir menn í verkalýðshreyfingunni, en ekki Ólafur Jóhannesson, sem mynduðu þessa ríkisstj. og fengu svo hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, til þess að gerast guðfaðir að króganum. Við þær aðstæður, sem þá sköpuðust, myndaðist svigrúm til þess að gera varanlegar ráðstafanir gegn verðbólgunni, af því að fólkið í landinu var búið að sjá í gegnum þann lyga- og blekkingavef sem haldið var á lofti fyrir síðustu kosningar. Þetta svigrúm var ekki notað í september, heldur ráðist í bráðabirgðaráðstafanir í flaustri sem kyntu undir verðbólgunni í stað þess að draga úr henni. Þótt þessi mistök hafi veikt trúna á getu vinstri flokkanna til þess að slökkva það verðbólgubál sem þeir sjálfir kveiktu, hélst nokkurt svigrúm fram undir þetta sem hefði verið hægt að nýta til varanlegri ráðstafana en felast í því frv. sem hér er til umr., ef hæstv. forsrh. hefði stutt tillögur Alþfl. og hæstv. fjmrh. í stað þess að glúpna fyrir Alþb.

Hæstv. forsrh. heldur því fram, að Sjálfstfl. hafi viljað láta 14% hækkun fara út í kaupgjald og verðlag. Þetta eru úrslitakostir frá hans hendi, þeir sömu og hann veifaði framan í Alþfl. með þeim árangri að hv. þm. hans, að einum undanskildum, urðu að veimiltítum frammi fyrir alþjóð. Og svo hælist hæstv. forsrh. um eftir á. En upp á hvað bauð forsrh. Sjálfstfl. með því frv. sem hér liggur fyrir? 8% skerðingu á kaupgjaldsvísitölu, stóraukin útgjöld ríkissjóðs, sem engin grein hefur verið gerð fyrir, hvað þá þeim auknu álögum sem leggjast á launþega og atvinnureksturinn í landinu. Ekki var gefinn kostur á því að hafa áhrif til lagfæringar á einu einasta atriði frv. né þeirra fyrirheita sem í aths. eru gefin, enda naumast við því að búast þegar engri spurningu er svarað sem snertir innihald þessa loforðalista, hvorki stórri né smárri. Fyrir liggur að atvinnurekstrinn er rekinn með tapi eða stendur í járnum þegar best lætur, sem þó heyrir til algerra undantekninga. Samt á að halda áfram að vega í þennan sama knérunn. Og svo spyr hæstv. forsrh. Sjálfstfl., en ekki sjálfan sig: Hvar er nú ábyrgðartilfinningin?

Nei, sannleikurinn er sá, að hæstv. forsrh. getur ekki búist við fulltingi Sjálfstfl. til aðgerða sem óhjákvæmilega hljóta að leiða til stöðvunar atvinnurekstrarins til lengri tíma litið, — aðgerða sem beinast gegn einkaframtakinu í landinu og er ætlað að torvelda möguleika einstaklingsins í uppbyggingu nýrra atvinnugreina, — aðgerða sem valda hægari hagvexti og það í þeim mæli að af því leiðir minnkun kaupmáttar. Og svo er það spurning til annarrar jafnlangrar ræðu, hvers konar sjálfsblekking, sjálfssefjun það er, þegar menn gera hvort tveggja í senn að telja sig sérstaka vini verkalýðsins, en

eru þó ófáanlegir til að beita ríkisvaldinu með þeim hætti að frumkvæði þjóðarinnar sjálfrar til góðra verka njóti sín öllum til góðs.

Þegar hinir fyrri stjórnarandstæðingar og núv. stjórnarsinnar, kaupránsflokkarnir tveir, Alþfl. og Alþb. eru að lýsa því nú, að með þessu frv. standi ekki til að skerða lífskjör verkalýðsins, í því felist ekki kauprán, minna þeir óneitanlega á Eirík rauða þegar hann kallaði hið nýfundna land Grænland, af því að hann kvað menn mjög mundu fýsa þangað ef landið héti vel. Á hinn bóginn svipar hæstv. forsrh. til Þórólfs smjörs, þegar hann gerir nú úr því langar ræður að lítil takmörk séu fyrir því hvað atvinnuvegirnir geti borið, að þar drjúpi nú smjör af hverju strái. Við sjálfstæðismenn förum á hinn bóginn að dæmi Herjólfs, segjum kost og löst og minnum á það til viðvörunar, að þeir Hrafna-Flóki gáðu eigi fyrir veiðum að fá heyjanna, og dó allt kvikfé þeirra um veturinn. Í þessu er sú aðvörun fólgin, að á hverjum tíma verður að gæta þess að eyða ekki umfram það sem aflað er, og það sem maður hefur lífsframfæri sitt af krefst endurnýjunar og fyrirhyggju. Sé þessa ekki gætt gengur fljótt á höfuðstólinn og þá vofir hrunið yfir.

Eins og fram kemur í nál. minni hl. og með skírskotun til þess sem ég hef nú sagt telur minni hl. eðlilegt að greiða atkv. gegn 1. gr. frv., en láta stjórnarsinnum eftir að bera ábyrgð á lagasetningunni að öðru leyti.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur gert mjög glögga grein fyrir afstöðu Sjálfstfl. í hinni snjöllu ræðu sinni og ég hef í sjálfu sér ekki neinu efnislegu við það að bæta. Ég vil einungis taka undir efni ræðu hans. En mig langar til að bera fram litla fsp. til hæstv. forsrh. að gefnu tilefni. Ég sé að í dagblaðinu Vísi er á forsíðu í dag rætt um tillögu um skattabreytingar í ríkisstj. Þar er rætt um að lagt verði á borgara landsins sérstakt 10% ríkisgjald. Um það er að ræða samkv. fregnum blaðsins að leggja eigi niður skyldusparnaðinn sem nú er í gildi, en taka í staðinn upp sérstakt 10% gjald, í stað skyldusparnaðarins komi jafnhár skattur. Skyldusparnaðurinn leggst á tiltekið tekjumark núna með vissum frádrætti, en í þessari fregn er talað um að þetta gjald muni leggjast á brúttótekjur. Þar sem hér er ekki um að ræða formlega fregn frá ríkisstj., en hins vegar fjallað um mikið stórmál, þá þykir mér hlýða í sambandi við afgreiðslu þessa máls að hæstv. forsrh. geri þingheimi grein fyrir því, hvað hér er á ferðinni, hvert sé sannleiksgildi þessa máls, hvort leggja eigi á 10% skatt í staðinn fyrir skyldusparnaðinn og þá á hvaða tekjur slíkur skattur eigi að leggjast.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef nú ekki séð eða lesið þessa frétt í Vísi, en það skiptir ekki máli. Hv. ræðumaður gerði grein fyrir því, hvað þar stendur. Út af því vil ég segja það, að öll þessi tekjuöflunarmál eru til umfjöllunar í svokallaðri skattalaganefnd og ríkisstj. hefur ekki enn fengið neinar endanlegar tillögur frá henni. Það liggur því ekki fyrir nein ákvörðun um þá skattheimtu sem hv. þm. gerði að umræðuefni.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Svör hæstv. forsrh. við þessari litlu og einföldu fsp. sanna enn einu sinni hve mjög þetta frv. er allt á sandi reist. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa borgaranna í landinu að þeir viti hvers er að vænta úr þessari átt, hvað er ætlast til að þeir leggi af mörkum af skattpeningum til ríkisins. Þetta er allt í athugun, segir hæstv. forsrh., en getur þess ekki einu sinni hvenær sú niðurstaða muni liggja fyrir. Ég veit að margir hv. stjórnarsinnar eru að vonum óhressir yfir að standa að afgreiðslu frv. með þessum hætti, að hafa sem sé í rauninni ekki minnstu hugmynd um hvernig á að afla þeirra tekna sem þarf til þess að ákvæði frv. standist, því að það er ljóst að sjálfur hæstv. forsrh. hefur ekki einu sinni hugmynd um það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 : 6 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.-6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 22. fundur.

Fimmtudaginn 30. nóv., að loknum 21. fundi.

Ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, frv. (þskj. 117). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 132).

Neðri deild, 24. fundur.

Fimmtudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af sauðfjárafurðum, frv. (þskj. 59, n. 127). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Forseti. Landbn. kvaddi á sinn fund formann Stéttarsambands bænda, Gunnar Guðbjartsson, og framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Svein Tryggvason, og ræddi við þá um málefnið sem frv. fjallar um. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frv. neitt efnislega, það er öllum hv. þm. vel kunnugt, enda munu málefni landbúnaðarins verða rædd hér á næstu dögum og er eðlilegra að ræða þau mál frekar þá en í sambandi við afgreiðslu á þessu frv.

Landbn. varð sammála um að mæla með því að þetta frv. yrði samþ. óbreytt. Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. (þskj. 76). — 1. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Með bréfi, sem er dags. 12. maí 1976, skipaði þáv. landbrh. nefnd til að endurskoða lög nr. 45 frá 16. maí 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, III. kafla, laga nr. 115 frá 7. nóv. 1941, um veðdeild Búnaðarbankans, og lög nr. 68 frá 30. apríl 1973, um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Í nefndinni áttu sæti Stefán Pálsson framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem var jafnframt formaður nefndarinnar, Jón Helgason alþm., Pálmi Jónsson alþm., Helgi F. Seljan alþm., Friðjón Þórðarson alþm., Eiríkur Guðnason deildarstjóri hjá Seðlabanka Íslands og Stefán Valgeirsson alþm. Nefndin skilaði af sér með bréfi til landbrh. 28. febr. 1978, þar sem gerð var grein fyrir frv. um breyt. á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins ásamt grg. Hluti af þeim breytingum gekk fram á síðasta Alþingi sem lög. Þá samdi nefndin síðar frv. að lögum fyrir veðdeild Búnaðarbanka Íslands ásamt grg.

Þetta frv. er sem sagt það frv. sem þessi nefnd sendi landbrh. Hæstv. núv. landbrh. skrifaði landbn. Nd. bréf og óskaði eftir því, að nefndin flytti frv. Var það samþ., en allir nm. áskilja sér þó rétt til að standa að breytingum á frv.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir að III. kafli laga nr. 115 frá 7. nóv. 1941, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, falli niður. Gert er ráð fyrir að heimildir veðdeildarinnar til útlána verði óbreyttar, en frv. felur í sér breytingar á tekjustofnum deildarinnar auk þess sem felld eru niður ákvæði sem ekki hafa þýðingu lengur, heldur snerta sögulegan aðdraganda deildarinnar.

Fjárhag veðdeildar var svo komið í árslok 1977, að hann var öfugur höfuðstóll sem nam um 29 millj. kr. Miðað við núverandi skuldbindingar deildarinnar og óbreytta tekjustofna hefur verið áætlað að í árslok 1985 yrði tapið komið í 361 millj., en þá hafa óhagstæðustu lán veðdeildar verið greidd upp og frekari halli ekki fyrirsjáanlegur. Þessu til viðbótar hefur verið áætlað að greiðsluhalli deildarinnar vegna lánstímamunar tekinna og veittra lána yrði tæplega 300 millj. kr. á næstu 8 árum.

Í 2. gr. frv., sem felur í sér meginbreytinguna frá núgildandi lögum, er lagt til að rekstrarhallinn verði borinn af ríkissjóði og Stofnlánadeild landbúnaðarins, en hins vegar er gert ráð fyrir að Búnaðarbankinn brúi lánstímamuninn með lánum til veðdeildarinnar. Í fjárlögum eru veðdeildinni ætlaðar 11.4 millj. og hefur sú upphæð staðið í stað s. l. þrjú ár. Í frv. er lagt til að ríkissjóður leggi fram 25 millj. kr. árlega, sem yrði svipað að verðgildi og þegar núv. fjárveiting var síðast hækkuð. Ljóst er að veðdeildin mun ekki hafa neitt fjármagn til nýrra útlána, enda er gert ráð fyrir í tillögum um breytingu á lögum, sem nú eru orðnar lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, að jarðakaupalánin verði framvegis veitt úr Stofnlánadeild, eftir að þau lög náðu gildi. Er gert ráð fyrir að fyrsta lánveitingin verði nú í næsta mánuði.

Aðrar greinar þurfa ekki skýringa við. Efnislega eru þær svipaðar og þær sem eru í núgildandi lögum.

Í sambandi við þetta mál má geta þess, að síðan þessir útreikningar voru gerðir hafa t. d. varðandi þau lán, sem veðdeildin hefur tekið á undanförnum árum, orðið meiri breytingar á vísitöluákvæðum. Gengislán, sem hvíla á deildinni, eru um 50 millj., og önnur lán hafa hækkað um 3% miðað við það sem var þegar þetta frv. og þessi grg. var samin.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að ræða þessi mál frekar, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og landbn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. fram yfir það sem hv. frsm. gat um. Þetta er frv. til 1. um veðdeild Búnaðarbanka Íslands og flutt af landbn. Nd.

Lengi voru í gildi lög nr. 115 frá 1941 um Búnaðarbanka Íslands. Þau voru felld úr gildi með lögum sem samþ. voru á Alþ. 6. maí 1976 — nema III. kafli laganna, sem fjalladi um veðdeild bankans. Þá eru, eins og frsm. gat um, í gildi ný lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það er því full þörf á flutningi þessa frv. sem leysir nú af hólmi III. kafla hinna gömlu laga frá 1941, eins og ég gat um.

Það er rétt hjá hv. frsm., að meginbreytingarnar á þessum lögum felast í 1. og 2. grm, sem ég ætla ekki að skýra nánar, en hinar greinarnar, þ. e. a. s. 3.-18. gr., fjalla nánast um almennar reglur um veðdeild, sem þurfa og verða að vera í lögum, en eru aðeins endurskoðaðar með tilliti til breyttra tíma og færðar til nútímamáls, ef svo má segja. Þá eru í frv. ýmsar skýringar á heimildum veðdeildarinnar og skilyrði fyrir lánveitingum.

Ég held að ég þurfi naumast að segja um þetta fleiri orð, en vil lýsa fyllsta stuðningi mínum við þetta frv. og minna á, að það er nauðsynlegt og raunar alveg óhjákvæmilegt að það nái fram að ganga.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta er flutt af þingnefnd, hv. landbn. Nd. Það er þess vegna flutt með venjulegum fyrirvara, þ. e. einstakir nm. áskilja sér fullan rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. við meðferð þess hér á Alþingi.

Ég átti sæti í þeirri stjórnskipuðu nefnd sem samdi þetta frv. og skilaði því til ríkisstj. á s. l. vetri. Frv. er samið á þeim forsendum sem þá giltu í sambandi við fjárhag deildarinnar og að því tilskildu að jarðakaupalánin færðust yfir til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Nú var þetta mál ekki afgreitt á síðasta Alþ. og fjárhagsforsendur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, en frsm. skýrði í ræðu sinni áðan hvernig þær hefðu staðið á síðasta Alþ., kunna að hafa breyst. Hef ég allan fyrirvara um einstaka þætti í þessu frv. í sambandi við slíkar breytingar sem kunna að hafa orðið. Ég tel að þess vegna sé nauðsynlegt að athuga þetta frv. gaumgæfilega í þeirri n. sem fær það til meðferðar að lokinni þessari umr.

Það er ljóst, eins og þegar hefur komið fram, að veðdeild Búnaðarbanka Íslands er í raun og veru gjaldþrota. Höfuðstóll deildarinnar í árslok 1977 var öfugur um 29 millj. kr., og miðað við skuldbindingar deildarinnar frá fyrra ári var talið að tap deildarinnar yrði í árslok komið upp í 361 millj. kr. Það er þess vegna öllum ljóst, að það þarf að verða breyting á. Að því var miðað við samningu þessa frv., og afgreiðsla þess þarf að miðast við það, að fjárhagur deildarinnar komist á réttan grundvöll.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta

frv. Það hefur verið skýrt af þeim ræðumönnum, sem talað hafa. Ég tel þó eðlilegt í sambandi við þetta mál að minna á það, að ég spurðist í upphafi þings fyrir um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. um veitingu jarðakaupalána frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, en þau færast þangað samkv. lögum sem sett voru um Stofnlánadeild landbúnaðarins á síðasta Alþ. Ég fékk þau svör, að þau mál væru öll í athugun og þess væri að vænta að afgreiðsla þessara lána gæti þá hafist innan skamms. Síðan hef ég ekki nægilega mikið af þessu máli heyrt og langar til þess að vita, ef hæstv. landbrh. gæti gefið um það upplýsingar, á hvaða vegi þau mál eru nú.

Er búið að ákveða lánakjör jarðakaupalána, og hvenær getur afgreiðsla þeirra hafist? Hefur hæstv. landbrh. upplýsingar um þau mál í sínum höndum?

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Um mál það, sem hér liggur fyrir, hef ég engu við það að bæta sem hv. frsm. og aðrir hafa sagt. Þetta er fylgifrv. frv. til 1. um Stofnlánadeild landbúnaðarins sem varð að lögum á síðasta þingi. Eðlilegt þótti hins vegar að landbn. flytti þetta frv.

Út af ummælum síðasta hv. ræðumanns vil ég taka það fram, að ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga að grundvöllur málsins verði skoðaður að nýju, því að nokkuð er liðið síðan málið var undirbúið af þeirri nefnd sem frá því gekk.

Varðandi fsp. hans um jarðakaupalánin vil ég segja þetta: Eins og ég hygg að ég hafi upplýst hér, þegar þetta var rætt áður, tókst að útvega lánsfé frá Framkvæmdastofnun ríkisins til þessa lánaflokks. Það fjármagn er allt gengistryggt. Aldrei hefur tíðkast og þykir ófært að lána til jarðakaupa gengistryggt fé. Því gekkst stjórn Stofnlánadeildarinnar fyrir samkomulagi við Lífeyrissjóð bænda um lán til viðbótar þessu fjármagni, 50 millj. kr., sem er með venjulegum fasteignalánavöxtum. Jafnframt, eftir að hafa rætt það mál í ríkisstj., hét ég Stofnlánadeild landbúnaðarins því að gangast fyrir að styrkur yrði veittur til þessa lánaflokks á næsta ári, 50 millj. kr. Ég mun eftir helgina leggja fram frv. til 1. um endurskoðun á ráðstöfun á styrkjum til jarðræktar, þannig að þar verði opnað nokkru meira en nú er og m. a. heimilað að ráðstafa slíku fé að einhverju leyti til þess að tryggja tekjur bænda í þeim erfiðleikum sem fram undan eru á þessu sviði. Mér er ljóst, að fyrst og fremst eru það frumbýlingar sem eiga í erfiðleikum. Það kemur glöggt fram í athugun, sem farið hefur fram á lausaskuldum bænda. Mér sýnist því að allvel athuguðu máli eðlilegt að einmitt þessi þáttur landbúnaðarstarfseminnar, ef ég má nefna það svo, verði að einhverju leyti styrktur. En um þetta mun að sjálfsögðu verða ítarlegar rætt þegar það frv. kemur hér fram.

Ég hef síðan fengið frá Stofnlánadeild landbúnaðarins tillögur um lánakjör á þeim grundvelli, að 120 millj. — hygg ég — verði gengistryggt fé, 50 millj. fjármagn frá Lífeyrissjóði bænda með fasteignalánavöxtum og 50 millj. styrkur sem komi á næsta ári. Þetta hefur verið lagt fram í ríkisstj. Óskað var eftir því, að þessi lánaflokkur yrði framreiknaður þannig að menn sæju hvernig þetta mundi þróast miðað við þau lánakjör sem Stofnlánadeildin leggur til. Þá reikninga hef ég ekki fengið í hendurnar, en geri ráð fyrir að málið verði afgreitt á ríkisstjórnarfundi n. k. þriðjudag.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég þakka upplýsingar hæstv. ráðh. varðandi fsp. mínar. Ég vil þó ítreka, að mér sýnist að afgreiðsla á þessu máli hafi dregist nokkuð, og er ákaflega brýnt að gengið verði frá þeim lánareglum, sem hér er um að tefla, þannig að afgreiðsla þessara lána geti hafist. Ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. gangi frá þessum málum þannig að það takist örugglega að afgreiða þessi lán nú fyrir jólin, því að margir þeir, sem staðið hafa að kaupum eða viðskiptum með jarðir, eru búnir að bíða lengi eftir úrlausn þessara mála.

Um önnur þau atriði, sem fram komu í ræðu hæstv. ráðh., þ. e. fyrirhugaðar breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni, mun ég ræða þegar þau liggja fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 25. fundur.

Fimmtudaginn 30. nóv., að loknum 24. fundi.

Verðjöfnunargjald af sauðfjárafurðum, frv. (þskj. 59). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Biðlaun alþingismanna, frv. (þskj. 102). — 1. umr.

Flm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 102 leyfi ég mér að flytja ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni, Geir Gunnarssyni, Ingvari Gíslasyni, Friðjóni Þórðarsyni og Árna Gunnarssyni frv. til 1. um biðlaun alþm. Eins og hv. þm. geta séð eru flm. þeir, sem ég nefndi áðan, allir í þfkn. Alþ. Þar vantar að vísu einn nm. af þeirri einföldu ástæðu að sá nm. situr í Ed.

Ástæðan til þess, að við í þfkn. flytjum nú þetta mál, er sú, að að undanförnu og þ. á m. á síðasta þingi komu þessi mál nokkuð til umr., hvort alþm. ættu að hafa nokkuð sem gæti kallast uppsagnarfrestur eins og flestir aðrir í þjóðfélaginu — a. m. k. hafa mjög margir launþegar þetta nú þegar í samningum sínum. Á síðasta þingi var þetta rætt í þfkn. og var þar gerð samþykkt um að flytja slíkt frv. og gert að því uppkast. Þar sem það mál var ekki lagt fram og því ekki afgreitt á síðasta þingi voru menn sammála um að koma því áfram á þessu þingi. Þess vegna er þetta mál flutt.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv., það er einfalt að gerð og stutt, en ég vil þó leyfa mér að lesa efnisgr. frv., sem eru tvær.

1. gr. er svo hljóðandi:

„Alþm., sem setið hefur á Alþ. eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum er hann hættir þingmennsku. Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu, en í sex mánuði eftir þingsetu í 10 ár eða lengur.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau einnig um þá sem létu af þingmennsku við síðustu alþingiskosningar."

Fleiri eru greinarnar ekki.

Herra forseti. Mér er skylt að geta þess, að tveir hv. flm. þessa frv. hafa ákveðinn fyrirvara. Sá fyrirvari er ekki um annað en það, að í 1. gr. verði aðeins um þrjá mánuði að ræða og aldrei sex. Um efnisatriði öll önnur eru þeir okkur hinum flm. sammála. Við erum sem sagt sammála um meginefni og tilgang þessa frv., en þeir hafa hins vegar sérstöðu í því, að aðeins verði um þriggja mánaða biðlaun að ræða, en ekki sex, í öllum tilfellum, hvort sem menn hafa setið á þingi lengri eða skemmri tíma.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það hefur farið nú sem oft áður, að það er háð hetjuleg kjarabarátta héðan úr ræðustól á Alþingi. Ég er þeirrar skoðunar, að við þetta frv., eins og það er fram lagt, sé ýmislegt að athuga.

Að því er tekur til 1. gr. er óviturlegt að vera að gera upp á milli manna, hvort þeir hafi setið lengur eða skemur á Alþingi. Það eiga ekki að vera efnahagslegir hagsmunir manna að sitja lengur, en ekki skemur á Alþingi. Ég held að þetta sé óviturleg meginregla. Það á að gilda ein og sama regla.

Í annan stað er það, að þessi lög ein gildi aftur fyrir sig og með því sé verið að færa fjármuni til manna sem auðvitað vissu nákvæmlega að hverju þeir gengu s. l. vor. Ég held að þetta sé ekki viturlegt. Ef Alþ. er þeirrar skoðunar að færa þurfi milljónir kr. til einstaklinga, þá sýnist mér vera ýmsir aðrir í þjóðfélaginu sem þá peninga ættu frekar að fá en fyrrv. þm. Ég veit ekki til þess að neinn þm., sem lét af störfum s. l. vor, búi við nauðþurftarstig eða það an af lakari kjör, svo að ég held að þetta sé óviturleg samtryggingarlöggjöf sem ekki væri þessari deild til sóma að afgreiða eins og hér er lagt til.

Hitt er svo annað mál, að það mun vera svo að alþm. taka laun frá því að þeir eru kosnir, þó að mestu hefjist störf ekki fyrr en undir haustið. Þann tíma eru þeir á fullum launum þó að full vinna a. m. k. hefjist ekki strax. Það er kannske vit í því að láta launagreiðslur ekki byrja fyrr en 1. sept. og gilda í þrjá mánuði eftir að menn hafa látið af störfum. En það þarf að vera eitthvert samræmi í þessu.

Enn annað mál er það, að það er vel hægt að fallast á að menn, sem út af Alþ. falla, hafi einhverja tryggingu í þrjá mánuði eða svo.

Mér er fullkunnugt um að það hefur valdið mönnum miklum erfiðleikum að falla. Mér er fullkunnugt um það líka, að það er svo, einkum fyrir þá sem lengi hafa setið á Alþ., að þeir eru varla færir um að fara út á hinn almenna vinnumarkað. Þetta eru erfiðleikar sem öll lýðræðisþjóðfélög þekkja, og kosningar geta verið grimmur leikur, eins og allir auðvitað vita. En engu að síður hygg ég að í þessa hluti eigi að fara mjög hægt.

Ég áskil mér allan rétt til að flytja við þetta frv. brtt. Í fyrsta lagi held ég að það eigi ekki að gera upp á milli manna eftir því, hversu lengi þeir hafi setið á þingi. Í öðru lagi held ég að það sé rangt að láta þessi lög gilda aftur fyrir sig. Við höfum nóg annað við þá peninga að gera en fara að greiða þá fyrrv. þm. Að öðru leyti segi ég það, að ég áskil mér allan rétt til þess að flytja frekari brtt. við þetta frv. Samfélagið stendur á mjög viðkvæmum mótum að því er tekur til kjaramála úti um samfélagið allt, og mér hefði nú þótt það standa Alþ. nær að haga sér skynsamlegar á öðrum vettvangi en vettvangi sjálfs sín að þessu leyti.

Gunnlaugur Stefánsson: Forseti. Ég vil taka það fyrst fram, að ég lýsi andstöðu minni við þetta frv. eins og það birtist hér.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að kjörtími alþm. er hámark fjögur ár og þar með er þeim kjörtíma lokið. Fyrir þann tíma hafa hv. þm. þegið eðlilegar launagreiðslur. Þeir þurfa að sækja um nýtt umboð til kjósenda ef þeir hafa hug á endurkjöri til Alþingis. Þeir standa í kosningum jafnfætis þeim frambjóðendum, sem þá keppa einnig um sömu þingsæti. Því tel ég óeðlilegt eftir eðlilega lengd kjörtímabils að hv. þm. þiggi biðlaun. Þess vegna boða ég það hér, að við 2. umr. mun ég bera fram brtt. við frv. um að biðlaunin skuli eingöngu miðast við að kjörtímabil standi skemur en fjögur ár, en ekki verði greidd biðlaun að loknu fjögurra ára kjörtímabili, þ.e. þegar þing stendur skemur en fjögur ár geti hv. þm. notið biðlauna a. m. k. þrjá mánuði, en óþarfi að hafa það sex mánuði fyrir þá sem hafa verið eitthvað lengur en aðrir.

Í öðru lagi vil ég lýsa algerri andstöðu minni við 2. gr. frv., að þetta nái til þeirra sem sátu á þingi á síðasta kjörtímabili, en sitja ekki á þingi núna. Ég spyr hv. formann þfkn., sem er 1. flm. þessa frv.: Af hverju er þetta ekki látið ná allt aftur til 1959? Af hverju er þetta endilega látið ná aftur fyrir síðustu kosningar? Er ekki erfitt að draga mörkin um það, hversu langt aftur þetta eigi að ná? Ég tel raunverulega enga skynsemi í því að fara lengra á þeirri braut að leggja fram hér frv. til l. um ýmiss konar afturvirkni. Ég tel að við ættum að reyna að miða gildi laga frá Alþ. jafnan við þann dag sem lögin eru undirrituð, nema um sérstakar aðstæður sé að ræða.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil fyrst gera aths. við það sem fram kom hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni þegar hann greindi frá þeim fyrirvörum sem tveir hv. flm. hafa við flutning þessa máls. Hv. þm. Eiður Guðnason hefur fyrirvara um þrjá mánuði og sex, — hann vill halda sig við að biðlaunin verði aldrei lengur en í þrjá mánuði, — en hv. 11. landsk. þm. hefur aftur á móti fyrirvara um ákvæði um afturvirkni. Ég hygg að ég fari rétt með þessi atriði eftir því sem fram kom í þfkn.

Hjá báðum hv. þm., sem síðast töluðu, kemur fram grundvallarmisskilningur eða vanþekking á því, hvað biðlaun eru í raun og veru. Biðlaun eru ekki kaup. Biðlaun eru til þess greidd, að mönnum gefist kostur á því að fá sér aðra vinnu til þess að framfleyta sér og sínum á. Þetta er eðli biðlauna. Og ég vil aðeins spyrja þá að því, hvort þeir hafi kynnt sér hvernig þessum málum er háttað almennt hjá launþegum þessarar þjóðar og einnig kynnt sér hvað barátta verkalýðshreyfingarinnar almennt snýst um í þessu sambandi.

Það er talað um og þess getið, að hér sé enn á ný háð hetjuleg kjarabarátta þm. Ég bendi þá á það, að fyrir skemmstu var hún háð með þeim hætti að ætla að afhenda öll völd frá Alþ. til embættismanna í þessu skyni,

sem hefði augljóslega — útreiknað í lágmarki — hækkað kjör þm. um 65 þús. kr. á mánuði. En hér er einvörðungu verið af hálfu hins háa Alþingis að aðlaga sig þeim aðstæðum sem eru í þjóðfélaginu og embættismenn og starfsmenn ríkisins njóta í þessu efni og sjálfsagt að alþm. njóti einnig.

Það er talað um að ástæðulaust sé að gera upp á milli þm., hafa það misjafnt eftir starfsárafjölda hvort menn njóta þriggja eða sex mánaða biðlauna. Það er auðskilið eins og málið er hugsað, að þarna hlýtur að mega skilja á milli, þótt ekki sé beinlínis hægt að benda á hvar séu sanngjörnust greinaskilin. Auðvitað er sá þm., sem hefur setið t. a. m. 20 ár á Alþ., við skulum segja frá fertugu til sextugs, í engu álíka fær um að útvega sér aðra vinnu og sá ungi maður sem aðeins hefur setið í fjögur ár, frá fertugu til 44 ára aldurs, enda ekki glatað sambandi sínu við fyrra starf sitt eða starfsgrein í eins miklum mæli og ætla mætti að hinn mundi gera. Að sjálfsögðu er þetta svo, enda geta menn rannsakað það sjálfir, að á þessu er gerður munur og hefur verið gerður frá upphafi eftir starfsárafjölda. Við erum ekki að uppgötva neitt nýtt hérna. Hér erum við að færa okkur til þess horfs sem hefur almennt gilt og telja má sjálfsögð mannréttindi.

En að því er varðar enn fremur afturvirkni þessara laga vil ég geta þess, sem flestum hv. þm. hlýtur að vera kunnugt um að afturvirkni í kjarasamningum er mjög algeng, og einnig þegar samið hefur verið um kjarabætur, sem lög hafa lotið að, þá eru þess mýmörg dæmi. Þegar svo aftur á móti að því kemur að það á að rukka peninga af fólki með lögum, þá má miskunnarlaust beita afturvirkni, en ef slíkt ætti kannske að bæta mönnum að einhverju leyti upp, eins og lagt er til með þessu móti, þá á það að vera bannað. Menn verða að hafa eitthvert samræmi í málflutningi sínum að þessu leyti. Álögur voru lagðar á þjóðina nú nýverið með afturvirkni brbl. En þegar hér á að sýna þm., sem hættu störfum eftir 20 eða jafnvel fleiri ára starfstíma hér, sanngirni með því að beita afturvirkni að þessu leyti, þá á það að vera óheimilt og óeðlilegt. Ég held að mótmæli gegn þessu stafi af vanþekkingu, nema það kunni að vera sú dæmalausa hræsni sem menn eru farnir að tíðka, að því er manni sýnist í von um atkv., að geta gert sig góða í augum kjósenda með þessu háttalagi. (Gripið fram í.) Svo er aftur á móti hægt að taka dæmi af þessu, sem er auðvitað út í bláinn. Við verðum einhvers staðar að taka ákvörðun um þetta. En betra er seint en aldrei. Eins og ég segi hefur oft og tíðum verið samið um afturvirkni í kjarasamningum þegar eitthvert kjaramál hefur náðst fram. En þau ákvæði hafa ekki endilega falið í sér, að það ætti að bæta kjör Jóns heitins Baldvinssonar, þó að hann hafi einhvern tíma verið forseti ASÍ. Svona dæmi, sem eiga að gilda sem einhver rök, eru auðvitað út í bláinn. En betra er seint en aldrei. Ég segi ekki að þeir þm., sem hættu 1959, 1949 eða 1937, hafi ekki átt þetta skilið. En við vorum ekki komnir lengra á veg í þessu þjóðfélagi í sanngirni okkar í launum og biðlaunagreiðslum en þessi dæmi sanna.

Það var nefnt hér og þess látið getið af hv. 7. þm. Reykv., en ekki gerði hann það samt að till. sinni, að þm. hefðu ekki átt að þiggja laun fyrr en þeir hófu starf hér 10. okt. Ég er þessu alveg andvígur. Það er þó áreiðanlega meiri sanngirni í því, að þeir tækju ekki laun fyrr, heldur en að skilja þá eftir biðlaunalausa sem hættu á þingi. En það er auðvitað ekkert vit í þessu. Ég tala nú ekki um að oftast nær fylgja stjórnarskipti nýjum kosningum. Og þá vitum við að allur fjöldi þm. og jafnvel allir eru í enn meira starfi en e. t. v. nokkru sinni fyrr eða síðar í sambandi við stjórnarmyndunartilraunir. Ég trúi ekki öðru en t. a. m. hv. 7. þm. Reykv. hafi haft eitthvert starf með höndum í sumar varðandi stjórnarmyndun, enda þótt þess sjáist ekki stað nú í stjórnarframkvæmdinni að vísu. En að hann hafi ekkert starf lagt af mörkum eða reynt að koma sínum málum að, því skal ég aldrei trúa, og fyrir það á hann auðvitað að fá greidd laun.

En þó kastaði tólfunum þegar hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson taldi að það væri helst hægt að hugsa sér biðlaun til þm. ef kjörtímabilið væri stytt úr fjórum árum, ef það yrði nú kosið eftir ár, þá væri þetta kannske eðlilegt. Þetta er alveg þveröfugt við allar mínar hugmyndir í þessu efni. Ef svo skyldi ske, að kjörtímabilið yrði aðeins eitt ár, þá er þetta það lítil röskun á högum manna varðandi fyrri störf eða tengsl þeirra við það sem þeir áður höfðu með höndum, að þeim mun minni ástæða er til þess að greiða biðlaun. Ég held að allt stafi þetta af því, að menn hafa ekkert velt því fyrir sér hvert eðli biðlauna er.

Þess var getið, að við lifðum á erfiðum tímum — það er nú ekki að vísu í fyrsta skipti — og þeir voru taldir viðkvæmir sérstaklega nú. En ég nenni ekki heldur að ansa slíku hræsnistali. Ef þetta er sanngjarnt og rétt, sem við nú erum að leggja til hér, þá er alltaf réttur tími til að framkvæma það.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. formaður þeirrar n., sem hefur lagt þetta frv. fram, sagði, að fleiri af flm. hefðu gert fyrirvara við 1. gr., þ. e. a. s. greinina um að biðlaun skuli greiða í þrjá mánuði eftir aðeins eins kjörtímabils þingsetu, en í sex mánuði eftir þingsetu í 10 ár eða lengur. Báðir gerðum við fyrirvara um, að þarna yrði um að ræða aðeins þrjá mánuði, hversu lögn sem þingsetan yrði.

Þá gerði ég auk þess fyrirvara um 2. gr., sem ég tel að eigi ekki heima í þessu frv. En ég taldi þó eðlilegt, að allir nm. væru flm. að þessu frv. Með fullri samúð með þeim þm., sem féllu út af þingi í síðustu kosningum og mér er kunnugt um að margir hverjir eiga við erfiðleika að etja vegna peningaskorts og af ýmsum öðrum ástæðum, sem ég mun ekki rekja hér, þá held ég, og það er mín eindregin skoðun, að slík afturvirkni sé óeðlileg, nákvæmlega eins og ég er andsnúinn — og það mun koma fram í umr. hér síðar á þingi — þeim brbl., sem sett voru fyrir nokkru og kveða á um afturvirkni í skattálagningu. Ég tel slíkt óeðlilegt og get ekki verið fylgjandi því.

Ég vona að í þeim umr., sem hér fara fram, og nái þetta frv. fram að ganga, sem í sjálfu sér er ekkki óeðlilegt, og þm. njóti sömu kjara og t. d. opinberir starfsmenn, þá aukist skilningur hv. þm. á ýmsum hagsmunamálum félaga í verkalýðshreyfingunni sem ekki njóta mikilla biðlauna. Er mér þá kannske efst í huga það fólk sem vinnur við fiskvinnslu og hægt er að segja upp með viku fyrirvara og fær vikubiðlaun. Það væri kannske að skilningur deildarinnar og hins háa Alþingis ykist á kjörum þessa fólks við þá umr. sem hér fer fram. Þm. óska eftir því að fá þriggja mánaða biðlaun greidd. Þá er ekki óeðlilegt, að þeir geti tekið tillit til óska verkalýðshreyfingarinnar um eitthvað svipað.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara að þreyta neinar kappræður út af þessu frv., en vil þó segja mína skoðun á því og sérstaklega þeim atriðum sem hér hafa verið nefnd.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að ástæðan til þess, að ég tel að nauðsyn sé á einhverjum biðlaunum þm., er einmitt sú hin sama og hér kom fram við umr. um kaup og kjör þm., að það er nauðsynlegt að Alþ. eigi kost á því að hæfir menn sæki eftir að komast inn á Alþ. En þessir menn verða að taka tillit til aðstæðna, fjölskyldu sinnar og annars þess háttar, sem gerir það að verkum að þeir geta ekki farið út í framboð og þingmennsku umhugsunarlaust.

Mér er t. d. minnisstætt að einn af félögum okkar, sem hefur setið alllengi á Alþ., var áður en hann kom hingað orðinn stýrimaður á farskipum. Það orkaði ekki tvímælis frá sjónarmiði okkar, sem kynntumst manninum, að hann var þegar kominn á þá braut að eiga vísan frama í sinni stétt og verða það, sem hann hefur vafalaust stefnt að, skipstjóri síðar meir. Nú hefur hann fljótlega farið út af Alþ., án þess að það væri ósk hans að svo yrði. — Hér er ég að ræða um Pétur Sigurðsson, svo að það fari ekkert á milli mála. — En sú braut, sem hann fór út af vegna þingmennskunnar, er honum ófær nú. Hann á engan möguleika til þess að komast á skip sem slíkur og taka upp þráðinn þar sem frá var horfið, því að inn á það svið eru svo margir aðrir komnir að það er óhugsandi að hann gæti komist að, og yrði mikill hávaði gerður ef hann nyti *slíkra forréttinda*. — *Nú var það skoðun mín og annarra* hér á hv. Alþ., þó að þessi maður væri ekki minn samflokksmaður, enda tel ég að hv. þm. verði að hafa víðtækara sjónarmið en að líta eingöngu á samherja sína, að mikils virði væri að fá mann úr þessari stétt til starfa á hv. Alþ. Ég álít að þingið verði þeim mun betur skipað sem menn úr fleiri stéttum koma til starfa hér á hv. Alþ. Á þessu þingi er m. a. s. fyrir liggjandi frv. um að menn, sem verða alþm., hætti öllum öðrum störfum og vinni bara sem þm. Þetta gerir það að verkum, að þingmannsstarfið verður ennþá áhættusamara en það hefur áður verið.

Nú vil ég líka geta þess, að á þeim rúmum 20 árum, sem ég hef setið hér á hv. Alþ., hefur orðið allmikil breyting á launakjörum alþm. eins og annarra þegna í þjóðfélaginu. Ég álít að óvissan um setu á Alþ. sé orðin miklu meiri núna en hún var þegar ég kom hér fyrst inn á hv. Alþ. Þá sátu hér menn sem höfðu verið lengi þm., miklu lengur en nú er orðið. Það var meðfram vegna þess að þá var hið svokallaða persónukjör og þegar einmenningskjördæmin voru þurftu menn ekki að fara í gegnum marga hreinsunarelda eins og nú er orðið til þess að berjast fyrir þingsæti sínu, og líka það, að það reyndi þá á þá sjálfa hvort þeir gátu haldið þingsætinu eða ekki. T. d. var það svo með þáv. þm. Borgfirðinga, sem hafði setið á þingi frá 1916, að þó að við þær kosningar, sem ég var kjörinn, væri teflt á móti honum þingmannsefni, sem þá var, en nú er orðinn formaður Alþfl. og utanrrh., er naut stuðnings tveggja flokka, þá var öllum ljóst að Pétur Ottesen mundi halda þingsæti sínu. Slíkt er ekki hægt að ákveða með jafnmikilli vissu nú, m. a. vegna þess að prófkjör og undirbúningur alþingiskosninga getur orðið það mikill eða erfiður að menn eiga þess ekki kost að komast hingað aftur, jafnvel þótt þeir séu á besta aldri, — og sumir eru þeir þá komnir út úr þeim störfum sem þeir hafa áður sinnt.

Í ræðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, sem ég hef mestu mætur á, fannst mér kenna veilu miðað við hans eigið frv., þar sem hann leggur til að þm. hætti öðrum störfum, að þeir, sem t. d. lentu í því að sitja ekki heilt kjörtímabil, ættu að hafa meiri tryggingu en hinir, sem hafa þó setið eitt kjörtímabil eða mörg. Þetta finnst mér ekki falla saman. Ég tel að ég hafi líka heyrt það í ræðu hans, að það gæti verið erfitt fyrir menn, sem væru búnir að sitja hér lengi á þingi, að komast í önnur störf. Það er rétt.

Nú er mér fullkomlega ljóst, að biðlaun skipta í þessu tilfelli ekki meginmáli, t. d. í dæminu sem ég tók hér áðan um Pétur Sigurðsson. Hann ætti að eiga eftir sem áður kost á því að verða stýrimaður eða skipstjóri á millilandaskipi, sem hann hefði haft tækifæri *til* að verða áður. En það gerir það að verkum, að þessir menn fá þó möguleika til þess að vinna tíma til þess að reyna að ná sér í annað starf. Það er þess vegna sem sú regla gildir um aðra opinbera starfsmenn, að ef þeir hætta störfum, þá eigi þeir biðlaun einhvern tíma til þess að hafa vistaskipti án þess að vera í vandræðum. Þetta er grundvallaratriðið í þessu frv., skiptir meginmáli.

Nú vil ég vekja athygli á einu í sambandi við þetta frv. Ef þm. eru komnir á þann aldur að þeir eiga lífeyrisréttindi, en taka biðlaun, þá geta þeir ekki notið lífeyrisréttindanna fyrr en að þeim tíma loknum, ef þeir ættu þá kost á, eða það yrði þá dregið frá biðlaununum. Það skilst mér sé ekki hugsunin, að þeir eigi að hafa hærri laun en ef þeir væru þm. áfram. Þetta er minn skilningur. *Þegar menn eru komnir á þann aldur*, að þeir fá lífeyrisréttindi, verður það dregið frá biðlaunatímanum.

Það er svo, að við erum farnir að taka meira tillit til biðlauna í almennum samningum, og svo hitt, að þau eru almennt hjá ríkinu, og einnig það, að óvissan um þingsetu er orðin miklu meiri en hún var fyrir 20—30 árum, hvað þá áður fyrr, enda fór nú þannig á þeim tíma að þm. féllu út af launum daginn eftir að þingi var hætt. Þetta er breyting, sem á hefur orðið, og þess vegna er framhaldið þetta. Ástæðan fyrir því, að þm., sem áttu hér setu á síðasta þingi, en ekki eru hér nú, eru teknir með, byggist m. a. á því, að þfkn., sem ætlaði að flytja frv. í fyrra, var búin að ákveða þetta þá. Hefði frv. þá verið flutt og orðið að lögum hefði þetta ekki orkað neins tvímælis. Frv. var hins vegar ekki flutt af því að of seint var orðið. Almennt gáfu flokkarnir þá yfirlýsingu, að frv. mundi ná til þeirra sem á þingi voru þá. Ég hygg að það sé í bókun þfkn. Þetta er atriði sem ég tel að þessi afturvirkni byggist á, að ef ekki hefði orðið svo áliðið þings hefði frv. farið í gegnum Alþ. í fyrra. Ég verð að segja eins og er, að ekki fyndist mér nein ánægja að því að fara að njóta biðlauna þegar ég hætti þingsetu, en félagi minn, sem sat hér lengur og var með mér allan tímann sem ég hef verið fram að þessu, *mætti* ekki njóta slíks hins sama. Mér fyndist það í raun og veru fráleitt eða óhugsandi miðað við það, sem hér var um rætt s. l. vor. Mér er náttúrlega ljóst að hv. þm., sem ekki áttu setu hér þá, vita ekki um það, en var það þó tekið fram áðan.

Ég vil svo líka segja það, að þetta er hliðstætt því sem ráðh. njóta. Mér finnst ósköp eðlilegt að þm. njóti einnig biðlauna og séu þau bæði miðuð við hina almennu reglu og svo það, hvað óróleikinn í þessum efnum er *mikill*.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta. Ég tel að hér sé um sanngirnismál að ræða. Ég tel líka að við, sem vorum hér á síðasta Alþ. og stóðum að afgreiðslu innan þingflokka um að svo skyldi með málið farið, værum að bregðast því,

sem við þá gáfum fyrirheit um, ef við létum þetta ekki gilda um þá þm. sem þá sátu hér.

Flm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil ekki nú fremur en áðan hafa neitt sérstaklega hátt um þetta mál. Ég sé ekki ástæðu til þess. Mér finnst þetta vera sanngirnismál miðað við það sem gerist annars staðar í þjóðfélaginu. Og ég er ekkert sérstaklega viðkvæmur fyrir því þó að þetta komi til umr., eins og vikið var að hér áðan, einmitt þá daga sem verið er að afgreiða það mikla frv. sem við höfum verið að glíma við að undanförnu. Það væri ekkert stórmannlegra að vera að draga þetta þangað til einhvern tíma bæri minna á þessu. Það er best að taka þetta þegar að því kemur og standa við það, hvernig sem ástandið er að öðru leyti.

Ég kem hér upp aftur kannske fyrst og fremst vegna þess, að þegar ég gat um fyrirvara tveggja hv. flm. þessa máls, þá vissi ég ekki betur eða hafði ekki tekið eftir öðru en þeir hefðu sams konar fyrirvara, þ. e. a. s. einungis fyrirvara um það báðir að aðeins yrði um þriggja mánaða greiðslu að ræða mest. Ég vil biðja hv. þm. Árna Gunnarsson afsökunar á því að hafa gleymt þessu eða ekki tekið nákvæmlega eftir því, hver fyrirvari hans var. En fyrirvari hans var, auk þessa um þrjá mánuðina, um það, að hann var á móti svokallaðri afturvirkni.

Ég vil benda á það einu sinni enn, að það var shlj. samþykkt fyrrv. þingfararkaupsnefndar á síðasta þingi að þetta væri réttlætismál. Frv. um þetta efni var ekki lagt fram og samþykkt á síðasta þingi, en menn voru sammála um að það yrði gert á næsta þingi. Eins og hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan, þá er ekki nokkur vafi á því, að menn ætluðust til þess að þeir, sem þá sátu á þingi, féllu undir þessi lög, þegar samþykkt væru. Mér finnst afar einkennilegt þegar hv alþm. standa upp og mótmæla sérstaklega þessari svokölluðu afturvirkni. Þeir eru sem sagt tilbúnir að samþykkja frv. af þessu tagi fyrir sig og þá, sem sitja með þeim á þingi, en ekki fyrir þá sem hurfu af því síðast. Mér finnst þetta ekki ýkja stórmannlegt, ekki síst þegar tekið er tillit til þess að hér er ekki um raunverulega afturvirkni að ræða vegna einróma samþykktar þfkn. frá því í fyrra. Þetta ættu þessir ágætu menn að skilja.

Herra forseti. Ég vil þá að lokum leggja til að þessu máli verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 23. fundur.

Mánudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Kosning forseta deildarinnar í stað Braga Sigurjónssonar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ef enginn hefur við það að athuga verður litið svo á að þingdeildin leyfi Braga Sigurjónssyni að leggja niður starf sitt sem forseti deildarinnar með því að kjósa annan í það starf.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mótmæli ekki út af fyrir sig þeirri málsmeðferð sem hér er lögð til. Þó ætla ég að fordæmi þau, sem hæstv. forsrh. gat um er málið var til umr. fyrir skemmstu og hæstv. deildarforseti gerði þá grein fyrir, séu ekki alveg hliðstæð við þessar aðstæður okkar núna og óska því eftir atkvgr. um þessa tillögu forseta um málsmeðferð, m. a. til þess að geta gert grein fyrir atkv. mínu.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég skil það svo, að greidd verði hér atkv. um það, hvort kjósa skuli forseta deildarinnar. Ég tel eðlilegt að atkv. verði greidd um það með eðlilegum hætti og við nafnakall. Ég tel ekki að það sé í sjálfu sér neitt við það að athuga, að málið sé afgreitt með þeim hætti og að deildin taki afstöðu til þess, hvort hún veiti forseta sínum lausn með þessum hætti. Ég er einn hinna mörgu sem telja að forseta vorum hafi orðið á mikil mistök þegar hann blandaði saman forsetastörfum sínum annars vegar og hins vegar pólitískum atburði hér í þinginu. Ég tel að ef hann hefði óskað eftir því að leggja niður störf af einhverjum persónulegum ástæðum, þá hefði enginn þdm. haft neitt við það að athuga, en að fara að nota forsetastarf sitt í pólitískum tilgangi er frá mínu sjónarmiði séð misnotkun á trúnaðarstarfi og hlutur sem forseti deildar eða Sþ. má aldrei láta henda sig.

Ég tel að það sé vissulega erfitt að ætla að neyða nokkurn mann til að vera í forsetastól. Ég treysti mér því ekki til þess að greiða atkv. gegn því að ný kosning fari fram. En með hliðsjón af framansögðu tel ég eðlilegt fyrir mitt leyti að taka ekki þátt í atkvgr.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Það er aðeins út af orðum síðasta ræðumanns að ég vil árétta það, að það getur enginn misskilið það, þegar flokkar taka upp samvinnu um stjórn og síðan kosningu á aðalforsetum, eins og ótvírætt var hér í haust, forseti Sþ. er valinn úr hópi eins flokksins, forseti Nd. úr hópi annars flokksins og forseti Ed. úr hópi þriðja flokksins, — það getur engum leynst að þetta er gert að höfðu því samráði að þessir flokkar mynda ríkisstj. Þess vegna endurtek ég, að vegna mispóknunar minnar á því, að þessir þrír ríkisstjórnarflokkar gátu ekki komið sér saman um betri niðurstöðu en þau lög voru sem hér voru samþ. fyrir fáum dögum, þá sé ég ekki að það sé nokkuð við það að athuga, þegar mín skoðun er þessi, að ég segi við þd.: Ég vil ekki sitja í forsetastól, sem samstarfstákn þessara þriggja flokka.

Fyrst ég er kominn hér upp í stólinn þykir mér rétt að taka fram, að þessi orð mín voru mistúlkuð t. d. í blaðinu Tímanum og sagt að ég vildi ekki vera einingartákn. Ég veit ósköp vel að ég var ekki einingartákn flokkanna, enda getur maður úr einum flokki ekki verið einingartákn fyrir þrjá flokka. En ég var ótvírætt kosinn í þetta starf sem samstarfstákn þessara þriggja flokka, og ég endurtek það, það vil ég ekki vera eftir þessar samþykktir sem ríkisstjórnarflokkarnir stóðu að.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það hefur komið fram ósk um að á undan forsetakjöri fari sérstök atkvgr. fram um það, hvort n. leyfi Braga Sigurjónssyni að leggja niður starf sitt sem forseti deildarinnar.

ATKVGR.

Samþ. með 16 shlj. atkv. að veita Braga Sigurjónssyni leyfi til þess að leggja niður forsetaembætti, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GK, JH, HBI, KSG, EAl, ÓEG, ÓlJ, RH, StJ, VH, BrS, AS, ÁE, BN, EKJ, ÞK.

RA greiddi ekki atkv.

3 þm. (GeirG, HFS, KJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér er ljúft að verða við beiðni hv. þm. Braga Sigurjónssonar og fallast á lausnarbeiðni hans. Ég vil hins vegar vegna fordæma og sögunnar taka það fram, að það er langt því frá að ég fallist á þau rök sem ósk hans er byggð á.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Með skírskotun til grg. hæstv. forseta Braga Sigurjónssonar segi ég já.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Grg. mín fyrir atkv. verður e. t. v. örlítið lengri vegna þeirra umr. sem fóru fram um þingsköp.

Þegar ég frétti það á skotspónum á mánudaginn fyrir viku, að hv. þm. Bragi Sigurjónsson ætlaði að segja af sér forsetaembætti hér í deildinni til þess að andmæla ríkisstjórnarstefnu í efnahagsmálum, þá vildi ég tæpast trúa því, að hann vildi tilgreina slík rök. Það var ætlan mín, að einhver hlyti að geta talið um fyrir honum, vegna þess að það var ljóst mál af hálfu hv. þm. deildarinnar að hann var hér kjörinn til starfa í þágu löggjafarvaldsins og engum kom til hugar að hér væri verið að kjósa annað en forseta deildarinnar og alls ekki neitt samstarfstákn Alþfl., Alþb. og Framsóknar. Og þótt með einhverjum hætti, svo sem verða má um hina bestu menn, hefði hlaupið í kökk hjá honum skilningur hans á tvíeinu hlutverki löggjafarvalds og framkvæmdavalds, e. t. v. með einhverjum óljósum þanka um 48. gr. stjórnarskrár þar sem kveðið er á um sjálfstæði þm. sem slíks, þá hlyti að vera hægt að koma því til leiðar að hann endurskoðaði afstöðu sína í þessu máli og hægt yrði að komast hjá því að minnka hann á nokkurn hátt í sambandi við afgreiðslu þessa máls og taka tillit til þess, að hann hefði tekið forsetakjör hér í deildinni af misskilningi. Þó fór það nú svo, að hann reis hér úr forsetastól og flutti persónulega yfirlýsingu varðandi afstöðu sína í stjórnmálum, — yfirlýsingu sem hefði átt að flytjast úr þeim ræðustóli er ég nú stend í, en eigi úr forsetastóli, þaðan sem stýra á störfum deildarinnar og kveða upp forsetaúrskurði.

Raunar er mér sæmst að játa það, að þar sem ég sá hann nú standa séð úr sæti mínu og bera hér við blakkan skjáinn með útsýnisklakkana sem hrönnuðust upp að baki hans og aðfarandi skammdegi, sem breiddi skikkju

sína yfir gjörvilegar herðar og háls og hið hærumprýdda höfuð, þá fannst mér að hann hefði raunar átt að vera samstarfstákn þeirra stjórnarflokka sem hét því í kosningabaráttunni í sumar að reyna að leysa efnahagsvandræði þjóðarinnar á þann hátt, að ekki bitnaði æ á launafólki. Og svo kom rómurinn, og skýr og mildur og raunar til þess fallinn að mæla fram í hendingum þar sem hljómur orðanna er fremur til þess ætlaður að dýpka tilfinninguna, sem á bak við þau býr, heldur en til þess að orðin sjálf hafi skynsamlega merkingu. „Og þó er engin eftirsjá með þér," kvað skáldið. „Allt orðið hjóm sem var og það sem er. Af fótum rykið þurrkar þú og fer."

Það er eins og Prédikarinn segir, svo maður vitni í hann enn einu sinni, að hvað eina hefur sinn tíma og hér er ekki tími til þess að þakka hv. þm. svo sem vert væri dýrlegan kveðskap hans. Hér gefst ekki heldur tími til þess að skilgreina þá pólitísku hugsun sem liggur á bak við hjá okkur báðum, því það að lofa, eins og við gerðum í sumar, hefur sinn tíma, og það að efna hefur sinn tíma og það að svíkja hefur sinn tíma og það að hefna hefur sinn tíma. En þar sem ég hef komist að þeirri niðurstöðu, að forsetakjör hv. þm. Braga Sigurjónssonar í haust og það að hann skyldi taka því byggðist á misskilningi tvenns konar, bæði á stjórnskipunarlögum lýðveldisins og á hlutverki forseta, þá segi ég já.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut **Þorvaldur Garðar Kristjánsson,** 5. þm. Vestf., með 16 atkv., einn seðill var auður.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Háttvirtir þdm. Ég vil þakka traust það sem þið hafið nú sýnt mér með því að kjósa mig forseta Ed. Alþingis.

Forseti er embættismaður þd. og gegnir hlutverki sínu í umboði hennar. Forseta ber því að rækja störf sín í þágu deildarinnar í heild, en ekki einstakra stjórnmálaflokka, ríkisstj. eða stjórnarandstöðu.

Ég mun leitast við á sama veg og áður að verða þess trausts verður sem hv. Ed. Alþingis hefur nú enn á ný vottað mér. Það er spurt um hvort það eigi að kjósa varaforseta. Ég vil taka það fram, að það er ekki á dagskrá þessa fundar, en verður að sjálfsögðu tekið á dagskrá næsta fundar, því að það var ekki vitað fyrir fram hvernig færi kjör í sæti forseta deildarinnar.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 105). — 1. umr.

Menntamrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á undanförnum árum munu menntmrn. hafa borist öðru hverju samþykktir frá ýmsum félagasamtökum, einkum frá Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og Æðarræktarfélagi Íslands, um að lög um fuglaveiðar og fuglafriðun frá 1966 yrðu tekin til endurskoðunar, einkum með það í huga að auðveldara yrði að fækka svokölluðum vargfuglum, þ. e. svartbaki og hrafni.

Í lok marsmánuðar 1976 boðaði rn. til fundar með fulltrúum nokkurra félagasamtaka samkv. beiðni þeirra, auk þess fuglafriðunarnefnd og formann eiturefnanefndar. Var boðað til þessa fundar til að ræða málin og skiptast á skoðunum, enda vitað að þær væru nokkuð misjafnar. Í framhaldi af þessum fundum mun rn. hafa tekið ákvörðun um að fram færi endurskoðun á lögunum.

Í ársbyrjun 1977 skipaði síðan menntmrn. þrjá menn í n. til að endurskoða lögin: Ásgeir Bjarnason þáv. alþingisforseta, formann Búnaðarfélag Íslands, dr. Arnþór Garðarsson, formann fuglafriðunarnefndar, og Runólf Þórarinsson stjórnarráðsfulltrúa, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Í skipunarbréfi var tekið fram að n. ætti í störfum sínu að hafa samráð við stjórn Æðarræktarfélags Íslands, Dýraverndunarsambands Íslands, Fuglaverndarfélagsins, Hins ísl. náttúrufræðifélags og aðra þá aðila sem hún héldi rétt að ráðgast við. Markmiðið með endurskoðuninni væri fyrst og fremst að leita leiða til þess að tryggja eðlilega vernd fuglalífs í landinu og þá þannig að skynsamlegt hlutfall héldist milli hinna ýmsu tegunda, en eins og kunnugt væri þá hefði sumum mávategundum fjölgað mjög að undanförnu til tjóns fyrir sumar aðrar fuglategundir.

Þessi n. tók síðan til starfa, og þar eð n. taldi sig þurfa að gera mjög verulegar breytingar á lögunum tók hún það ráð að endursemja hin eldri lög frekar en að fara að leggja fram frumvarpsbákn um breytingar á gömlu lögunum.

Nefndarmenn urðu sammála um tiltekin ákvæði frv., og það er það frv. sem hér liggur fyrir.

Frv. þetta skiptist í sex kafla og eru fyrstu tveir kaflarnir hvað mikilvægastir, annars vegar um rétt veiðimanna, en um það fjallar I. kaflinn, og svo aftur II. kafli, sem fjallar um rétt fuglanna, þ. e. friðunarákvæði.

Í 5. gr. er m. a. tekið fram sem stefnuyfirlýsing í 2. tölul., að öllum íslenskum ríkisborgurum séu heimilar fuglaveiðar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Þetta tel ég afar mikilvægt stefnumarkandi ákvæði. Eins er í 3. tölul. tekið skýrt fram, að öllum íslenskum ríkisborgurum séu fuglaveiðar heimilar í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla. Þetta er einnig mikilsvert stefnumarkandi ákvæði.

Í II. kafla frv., sem fjallar um friðunarákvæði, er gengið út frá því sem meginreglu, að allar villtar fuglategundir í landinu séu friðaðar allt árið, en síðan eru gerðar undantekningar frá þessari meginreglu eins og fram kemur í öðrum tölul. greinarinnar. Ég efast ekki um að um þessi ákvæði reynist erfitt að ná fyllsta samkomulagi allra aðila, því að ég hef orðið var við að um þessi mál eru mjög skiptar skoðanir. Og ég efast ekki um að svo verði einnig hér á Alþingi. Alþm. hafa alltaf sýnt fuglum himinsins meiri áhuga en flestum öðrum dýrum og varið til þess drjúgum tíma á þingfundum, og ég efa ekki að svo verður enn.

Ég hef ekki séð ástæðu til þess að gera breytingar á tillögum nefndarinnar. Það táknar að sjálfsögðu ekki að ég þurfi alfarið að vera samþykkur hverju einstöku atriði í frv., en ég hef talið rétt, eins og var reyndar afstaða fyrirrennara míns, þáv. menntmrh. Vilhjálms Hjálmarssonar, að leggja frv. fram óbreytt eins og n. sendi það frá sér. Frv. var sem sagt flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt og er nú endurflutt.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér er frv. þetta lagt fram öðru sinni á þingi, kom undir vorið í fyrra og þá eins og til kynningar. Það virðist mér vera góður háttur þegar um er að ræða lagafrv. af þessu tagi, einmitt að gefa ærið

tóm til þess að þingmenn geti kynnt sér frv. eins og hér um ræðir og einnig leitað álits sérfróðra manna og þeirra sem eiga hag sinn að verulegu leyti undir þeim atriðum sem lögin fjalla um.

Ég er þeirrar skoðunar, að æskilegt sé að frv. þetta til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun verði ekki afgreitt í þeirri mynd sem það nú er, heldur verði enn skipuð n. og með öðrum hætti en hér var gert til þess að fjalla um þessi lö. Ég á ekki sæti í þeirri n. sem fjalla mun um þetta frv., en óska þess við n. að hún taki til ítarlegrar athugunar í fyrsta lagi það, með hvaða hætti staðið er að samningu frv., í öðru lagi þau atriði í frv. sem til þess eru fallin raunverulega að staðfesta í lögum óþolandi ágreiningsatriði sem valdið hafa illdeilum á landi hér árum saman, og í þriðja lagi að hugleiða nú vel hvort ekki sé fremur ástæða til þess að skipa nefnd til þess að semja lagafrv. um skotveiði á Íslandi, þar sem reynt verði að samræma lagaákvæði sem við höfum fyrir og getur að finna í ýmsum lagabálkum, svo sem lögum um skotvopn og sprengiefni, náttúruverndarlögunum, fuglafriðunarlögunum og svo í ýmsum greinum þeirra laga sem lúta að einkaeign á landi.

Í framsöguræðu sinni sagði hæstv. ráðh. frá því, að aðalhvatinn að samningu þessa lagafrv. hefði verið krafa æðarvarpseigenda um það, að eitthvað sérstakt yrði gert til þess að fækka flugvargi eins og svartbak og hrafni, og jafnvel er kjóinn stundum nefndur með. Sem sagt, hvatinn að þessari frv.-smíð er einkaþörf æðarræktarmanna fyrir að vernda eina fuglategund, þar sem æðarfuglinn er, svo honum megi fjölga og arður af honum vaxa, en fækka öðrum fuglategundum sem æðarfuglinum eru hættulegar.

Í þessu frv. virðist mér að alls ekki sé á nokkurn handa máta séð fyrir þörf þeirra manna sem stunda skotveiðar á landi hér sér til yndisauka, skemmtunar og hollustu úti við. Það er að vísu mála sannast, að þegar skipuð var n. til þess að semja þetta frv. voru engin sérstök landssamtök skotveiðimanna starfandi. Síðan gerðst það s. l. vetur, að stofnað var Skotveiðifélag Íslands, félag manna sem áhuga hafa öðru fremur eða a. m. k. jafnframt öðru á þeirri útivistarskemmtun að skjóta þá fugla sem ekki eru friðaðir. Þetta félag setti sér siðgóð lög og siðareglur sem samsvara því sem best gerist meðal siðaðra veiðimanna á Norðurlöndum og þegar eru komnir í þetta félag, að því er ég best veit, u. þ. b. 200 menn hér og þar á landinu.

Ég fékk bréf frá einum hinna áhugasömu skotveiðimanna nú á dögunum úr öðru kjördæmi, og réttlætti sá bréfið til mín með þeirri skoðun sinni, að e. t. v. mundi ég vera einn af sárafáum mönnum á Alþingi sem sjálfur hefði áhuga á því að stunda fuglaveiðar. Þetta bréf vil ég lesa hér, með leyfi forseta, þar sem ég hygg að í flestum greinum komi þar fram aths. íslenskra skotveiðimanna við frv. það sem hér liggur fyrir. Bréfið er svofellt, skrifað í Varmahlíð í Skagafirði 18. f. m.

„Hér með sendi ég nokkrar aths. við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun. Vona ég að viðkomandi lesi bréf þetta og hugleiði efni þess.

Það, sem maður rekur strax augun í við lestur frv. og stingur illilega, er það, að þremenningunum, er endurskoðuðu lögin, er ekki skylt að leita umsagnar veiðimanna, eins það, að í fuglafriðunarnefnd skuli ekki vera gert ráð fyrir neinum fulltrúa veiðimanna, en t. d. fulltrúa úr öfgafélagi því er nefnist Fuglaverndarfélag Íslands, og er það aðallega gert vegna nafns félagsins. Vinnubrögð af þessu tagi eru forkastanleg og sæma ekki hinu háa Alþingi árið 1978. Frv. ber það líka með sér, að þeir, sem mestra hagsmuna eiga að gæta, hafa ekki komið þar nærri.

Sú grein frv., sem ég ætla fyrst og fremst að gera að umræðuefni, er sú 8., en sú grein þarf alvarlegrar endurskoðunar við."

Síðan kemur gagnrýni á 8. gr., a-lið: „Hvers vegna í ósköpunum eru þar ekki hafðir fuglar eins og hettumáfur og fýll," þ. e. a. s. í hópi þeirra sem griðlausir skulu vera? „Hettumáfurinn er alræmdur eggja- og ungaræningi. Hefur honum fjölgað gífurlega hin síðari ár. Hann flæmir kríur frá sínum varplöndum, og ekki mega þær missa neitt af sínu því að þeim hefur fækkað upp á síðkastið og enginn dregur í efa varnarstarf kríunnar við varpið. Fýlnum hefur einnig fjölgað mjög og er hann sífellt að færa sig upp á skaftið. Hann er nú farinn að leggja undir sig heilu fuglabjörgin svo og kletta inn til landsins. Væru þessar tvær fuglategundir færðar í a-lið 8. gr. mundu þeir e. t. v. verða eitthvað meira veiddir, þótt það hefði trúlega ekki áhrif á stofnstærðina."

Um d-lið segir síðan bréfritari: „Eftir frv. að dæma á nú að gera grágæsina friðhelga að mestu, þrátt fyrir það þótt henni hafi fjölgað mjög seinni árin. Að veiða grágæs er talsvert búsílag og hagsmunir margra í veði nái frv. fram að ganga. Bretar hafa mikið reynt að fá Íslendinga til að friða grágæsina sem mest og nú hefur þeim nánast tekist áróðurinn. Hvers vegna eigum við að ala grágæsina fyrir Bretana á okkar litla gróðri. Það er ekki nóg að reka Breta frá ströndum landsins," segir bréfritari. „Hæfilegt er að hefja veiðar 1. sept. eins og reyndar er gert ráð fyrir í frv. Að hafa veiðtímann aðeins til 22. des. er stórfurðulegt. Héðan úr Skagafirði fer grágæsin venjulega um mánaðamótin sept.-okt. og yrði því aðeins hægt að veiða í mánaðartíma og það á þeim tíma sem oftast er mjög erfitt að ná henni. Sunnlendingar geta veitt mánuði lengur og það við betri veiðiskilyrði. Óhætt er að leyfa veiðar á grágæs til 10. maí m. a., vegna þess að fuglar, sem eru að byrja að para sig, halda sig yfirleitt á öðrum stöðum en veitt er á og auk þess auðþekktir.

Það er löngu orðin hefð um allt land að veiða grágæsir á vorin og erfitt mun að rjúfa þá hefð. Heimskulegt er því að setja lög sem ekki yrði farið eftir, því vanvitur lög eru verri en engin lög.

Röksemdafærsla Arnþórs Garðarssonar að mjög fáir hreppar hafi nýtt sér heimild til undanþágu um friðunarákvæði laganna að því er varðar grágæs og því sé ekki ástæða til að lengja veiðitímann, en mjög grunnt hugsuð. Orsökin fyrir því, að ákvæði þessi hafa ekki verið notuð, er einfaldlega sú, að þess hefur ekki verið þörf þar sem vorveiðin er það sterk að veiðar hafa verið stundaðar þrátt fyrir vanvitur lög. Ekki hefur þó verið reynt af valdhöfunum að sporna við veiðum þessum, enda óframkvæmanlegt."

Enn heldur bréfritari áfram og segir: „Mikið hefur verið rætt og ritað um skynsamlega nýtingu rjúpnastofnsins. Undarlegt er að ekki skuli vera rætt um skynsamlega nýtingu fleiri fuglastofna, t. d. gæsa og anda og jafnvel spóa, tjalds og lóu. Vitað er að þessir fuglar eru allir mikið veiddir erlendis. Það er e. t. v. feimnismál að ræða um þá síðast töldu.

„Erfitt á ég með," segir bréfritari, „að skilja það tangarhald sem svokallaðir æðarræktarbændur, sem reyndar er ekki réttnefni, eru búnir að ná á íslenskum stjórn-

völdum. Þeir virðast ná öllu fram sem varðar þeirra hagsmuni. Nú er meiningin að greiða þeim væntanlegt tjón sem haförninn mun e. t. v. valda þeim. Bændur, sem ekki eiga varphólma, mega ekki fá sér æðarfugl í soðið þrátt fyrir það að fuglinn sé e. t. v. alinn upp fyrir þeirra landi og í þeirra fjöru. Þeir mega aðeins ala fuglinn upp fyrir hina fáu útvöldu. Þessu skýt ég hér að til umhugsunar og til að sýna að ekki er aðeins ein hlið á hverju máli."

Síðan segir hann: „Bréf þetta ætla ég að senda þm. kjördæmisins í þeirri von að þeir taki sjónarmið þau, sem þar koma fram, til athugunar."

Bréfritari er ágætur veiðimaður og kennari í Skagafirði, og að ýmsu leyti hygg ég að rök þau, sem hann ber fram, þó ekki verði ég var við kröfu um að menn fái að *skjóta mófuglinn, geti talist túlka sjónarmið* skotveiðimanna.

Ég vil vekja sérstaka athygli á 2. tölul. 5. gr. lagafrv., þar sem segir: „Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra."

Nú er það svo, að einmitt þetta ákvæði, sem fært var í lög 1954 hefur valdið vaxandi deilum hvert einasta haust milli manna, sem telja sig eiga landið þar sem rjúpnaskytturnar ganga til veiða, og veiðimannanna.

Í tilskipun um veiði á Íslandi frá 1894 var breytt Jónsbókarákvæðum, sem vörðuðu rétt til fuglaveiða á landi, á þá lund sem segir í 2. gr. tilskipunarinnar: „Á afréttum, sem fleiri eiga saman, ber veiði þeim mönnum sem afrétt heyrir til. Á almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil."

Ef við berum síðan tilskipunina frá 1849 saman við ákvæði Jónsbókar í Landsleiguþætti, þá komumst við að þeirri niðurstöðu að hin konunglega danska tilskipun, sem m. a. miðar að því að stuðla að æðarrækt á Íslandi, er í ákaflega mörgum greinum sniðin eftir danskri veiðilöggjöf sem miðaði að því að tryggja einkarétt stórra landeigenda og aðalsmanna yfir veiði á lendum sínum og jafnvel að gera þeim kleift að leigja slíkan veiðirétt til einkaafnota af smærri landeigendum.

Þegar lögin um fuglaveiðar og fuglavernd frá 1954 eru sett, er greinilegt að löggjafinn hefur viljað slaka á þessu atriði, og er raunar góðra gjalda vert að þarna er sýnd viðleitni í þá átt til að koma til móts við þörf hins mikla fjölda landleysingja til þess að fá tryggðan almannaeignarréttinn til gæða landsins og vega þannig upp á móti þeirri breytingu á eignarhaldi á landi sem varð við þjóðfélagsbyltinguna á Íslandi.

Þegar lög þau, er frá greinir í Jónsbók, voru sett og raunar síðar, þegar til kemur tilskipunin um veiðar á Íslandi frá 1849, þá er íslenska samfélagið enn þá bændasamfélag. Þá voru Íslendingar ýmist landeigendur ellegar áhangandi landeigendum og áttu hlutdeild í eignarhaldi bænda á landi. Þá er það ljóst af gildandi lögum um veiði á Íslandi, að menn gátu skipst á þessum gagnkvæma rétti. Það gilti einnig um veiði í ám og vötnum, aðar var sameiginlegur réttur. Sá þegn, er um landið fór og þurfti á því að halda að taka fisk úr veiðivatni sér til átu á ferðalagi sínu, átti rétt á slíku. Hið sama gilti að mestu um nytjar annarra matfanga fyrir þann mann er leið átti um landið, að honum var slík taka frjáls, að því tilskildu að hann gengi ekki á hina brýnustu þörf landeiganda eða væri fyrir honum með veiðivélar sínar eða annað slíkt.

Ég er þeirrar skoðunar, að ef við setjum nú enn lög um fuglaveiðar á landi hér og tökumst ekki á við þennan óleysta vanda sem ég gerði grein fyrir að okkur er á höndum í sambandi við 2. tölul. 5. gr., þá vinnum við illa. Ég hygg að við verðum að kveða ljósum orðum á um rétt þegnanna til þess að fara um landið til þess að stunda löglegar fuglaveiðar. Í því sambandi vil ég raunar geta þess, að ég tel að það sé orðið meira en tímabært að við kveðum á ljósum orðum um almannaréttinn til þess að njóta útivistargæða þessa blessaða lands okkar.

Svo ég nefni dæmi um það, með hvaða hætti lögin eru framkvæmd að því leyti sem lýtur að 2. tölul. 5. gr., kom nú á þessu hausti landeigandi nokkur í mínu kjördæmi að tveimur þorpsbúum uppi á háheiði þar sem þeir voru við rjúpnaveiðar, hafði með sér lögregluþjón, tjáði þeim að hann ætti eyðibýli nokkurt þarna á heiðinni, þeir væru í landi þess eyðibýlis og þess vegna væri þeim óheimil þarna rjúpnaveiði. Nú var það svo, að þeir vildu ekki úrtakslaust véfengja orð bónda um það, að þarna ætti hann eyðibýli og jafnvel að þeir væru í landi þess eyðibýlis. En þeir töldu hann ekki geta sannað fyrir sér eignarrétt sinn á eyðibýlinu og enn þá síður landamerki þessa eyðibýlis, og milli þeirra sló í brýnu, þó hóflega, því ekki hef ég heyrt þess getið, að kært hafi verið undan meiðyrðum. En í framkvæmdinni er þetta eigi að síður þannig, að meintur landeigandin getur kvatt með sér lögregluþjón upp á afrétti, heiðar og almenninga til þess að knýja fram sjónarmið sín án dómsúrskurðar upp á það að honum beri þessi réttur.

Ég er ekki tilbúinn á þessu stigi að bera fram neinar till. um það, með hvaða hætti við getum komið á sætt milli þeirra, sem eiga land, og hinna, sem ekki eiga land, um það hvar draga eigi línuna, hvað við eigum að kalla almenninga í þessu tilliti, hvar réttur hins landlausa borgarbúa á að taka við og hvar réttur landeigandans eigi að reisa honum skorður. En ég er efalaus um það, að við verðum að fá skýr og ljós ákvæði um þetta, vegna þess að *ella eigum við á hættu að það hvessi í rimmunni* um þennan rétt milli landeigenda annars vegar og fólksins úr bæjunum hins vegar sem vill stunda fuglaveiðar á hálendinu okkar.

Ég tel að það sé meira en tímabært að við gerum okkur grein fyrir því, að veiðiskapur, eins og hann er stundaður *af mestri kurteisi og mestri tillitssemi og lögum samkv.*, er æskileg íþrótt til þess að fá menn til útivistar til að kynnast landinu. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að þeir menn, sem leita sér í því skemmtunar og heilbrigði að fara um fjalllendi okkar frá miðjum október og fram undir jól, hvernig sem viðrar, í leit að veiðifangi, það eru menn sem kynnast býsna vel landinu okkar, læra að búa sig út í veður þess og fara um það, að mínu viti menn til þess fallnir að þykja vænt um landið sitt, þeir, sem þannig eyða tíma sínum fremur heldur en að leita til suðrænna landa ljúfari skemmtunarforma.

Í frv. eru ákvæði, sem varða alfriðun á fuglum, víða umdeilanleg og einnig ákvæði sem snerta friðunartíma. *Í* aths. með frv. kemur í ljós að óskilgreindur og óskýrður ágreiningur er milli eina sérfræðingsins, líffræðingsins, sem fjallar um þetta lagafrv., og annarra aðila um mikilvæg atriði. Ég er fremur þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé, áður en enn einu sinni er kveðið á um verndun rjúpunnar sem nú er farið að kalla stundum þingrjúpu, að krefja sérfræðinginn Arnþór Garðarsson um skýringu á þeirri staðhæfingu sem hér kemur fram í frv., að rjúp-

unni fækki ekki við það að vera veidd, að rjúpnastofninn sé í engri hættu af skotum veiðimanna. Mér er það ljóst, að fræðilega hefur fuglafræðingurinn rétt fyrir sér, að viðkoma rjúpnastofnsins er slík, að þótt miklu fleiri rjúpur væru skotnar en nú er við eðlilegar aðstæður, þá mundi ekki muna ýkjamikið um það. Eðlilegt er, ef við miðum við jafnvægi í stofninum, að hverjar tvær rjúpur, sem lifa af vetur, jafnt veður sem skotaveiði, verði orðnar að 14-16 rjúpum miðað við eðlilega viðkomu að hausti. Eðlileg afföll stofnsins yrðu þá með þeim hætti, ef þetta blessaða land okkar á ekki beinlínis að vera þakið í rjúpu, að af þessum 14-16 rjúpum, sem þar væru að hausti, féllu 12-14 um veturinn fyrir veðrum eða skotum. En þetta er ekki svona einfalt í raun og veru. Hvað svo sem veldur, og um það standa enn þá deilur, hvort það eru sjúkdómar í stofninum, að hve miklu leyti veður veldur á vorin í rjúpnavarpinu þegar um það er að ræða að ungarnir koma tiltölulega sprækir úr eggjunum, að þeir fái rétta næringu fyrstu dagana eftir að þeir koma úr eggjunum, — hvað sem veldur, þá er það ekki svona. Rjúpnastofninn okkar virðist vera miklu viðkvæmari en stofnar skyldra hænsnfugla á Norðurlöndum, villtra veiðifugla. Meðan svo er ástatt, að rjúpnastofninn virðist jafnvel þurrkast út í sumum héruðum, sums staðar á Norður- og Austurlandi, í tilteknum árum, eða verða a. m. k. mjög lítið af rjúpum þar, þá finnst mér að til greina kæmi að koma friðunarmálunum í það horf að jafnvel væri hægt að setja á skyndifriðun, algera friðun á þessum fuglum í einum landshluta, þó að leyft yrði að veiða þá í öðrum, svo sem nú er ástatt hér á Suðvesturlandi þar sem allmikið virðist vera af rjúpum.

Ég get ekki sætt mig við þá röksemdafærslu fyrir aukinni friðun á ýmsum andategundum, þ. á m. stokkönd, rauðhöfðaönd og urtönd, að ekki sé æskilegt að leyfa veiði á þessum andategundum eftir að rjúpnaveiðitíma lýkur vegna þess að mjög mikið sé skotið af þessum öndum inn til landsins og því hætta á að rjúpa yrði veidd á ólöglegum tíma, í jan., febr. og mars, í blóra við andaveiðina. Eftir því sem ég kemst næst og veit engin dæmi um annað, þó að ég hafi spurt grannt eftir því, þá eru andategundir þessar hvergi veiddar inn til landsins á veturna af þeirri skiljanlegu ástæðu, að þá eru ekki endurnar þar, þá eru þessar endur frammi við sjóinn og taka þar sína næringu þar sem heiðarvötn og mýraflákar, þar sem þær ella ná í grastegundir og rætur, sem þær nærast á, eru þá frosin og endurnar eiga ekki annarra kosta völ en að lifa á fjörugróðri á þeim tíma. Hér er um að ræða eina af fjölmörgum staðhæfingum í fylgiskjölum þessa frv. sem alls ekki fá staðist.

Þar sem bréfritari sá úr Skagafirði, sem ég las upp eftir áðan, víkur að friðun á gæs og gæsategundum vil ég bæta því við, að ég tel að til greina komi að leyfð yrði hér á landi veiði á farfuglum sem hafa hér viðkomu á leið til Grænlands og Jan Mayen, svo sem blesgæsinni, eða Anser albitros, helsingjanum, en þessar tegundir hafa hér viðkomu bæði haust og vor á leið til varpstöðva og frá þeim, en eru síðan veiddar í mjög ríkum mæli á Bretlandseyjum, Suður-Frakklandi, Spáni, Ítalíu og Suður-Þýskalandi að vetrinum til.

Ég ítreka það sem ég áður sagði, að ég vil gjarnan reyna að koma því til leiðar, að það verði látið bíða að lögfesta þetta frv., því verði vísað til ríkisstj. með beiðni um að fulltrúum veiðimanna verði bætt í hóp þeirra sérfræðinga, sem fjalla um samningu frv., og tekið verði ríkara tillit til þeirra og þarfa þeirra heldur en hér er gert.

Þetta frv. virðist mér, eins og hin fyrri frv. sem samþ. hafa verið, fyrst og fremst miða að því að vernda menn og málleysingja fyrir skotóðum mönnum, en alls ekki ætlað neitt rými fyrir rétt þeirra manna sem fara um landið að lögum til eðlilegra fuglaveiða. Ef ekki er tekið tillit til þess, að slíkir menn eru til hér, hafa stofnað með sér öflugt og fjölmennt félag og eru líklegir til þess að stuðla að góðum siðum í sambandi við veiðiskap hér, þá tel ég illa af stað farið. Og ég tel alls ekki fráleitt að við athugum möguleika á því að koma þessum skotveiðimálum fyrir á svipaða lund og gert hefur verið í Danmörku, Finnlandi og Noregi, eftir því sem ég best veit, þar sem leyfi til þess að eiga byssu og kaupa byssu fylgir ekki sjálfvirkt leyfi til þess að stunda veiðiskap með þessum tækjum, heldur verða eigendur þessara skotvopna að gangast undir ákveðin allströng próf sem lúta að því, hvort þeir séu hæfir til þess að stunda veiðar með siðgóðum hætti. Þeir eru auk þess látnir borga til hins opinbera allháa upphæð í veiðileyfi. Fénu, sem inn kemur, er síðan varið til þess að hafa eftirlit með veiðunum og til þess að rannsaka veiðidýrastofnana, þannig að veiðimennirnir eru sjálfir látnir rísa undir þessu. Mætti vel segja mér að slíkt gæti hentað vel á landi hér, samtímis því að með þeim hætti yrði töluverðri ábyrgð komið yfir á veiðimennina, því í þriðja lagi er tekið fé úr þessum sameiginlegan veiðisjóði til þess að stofna svokallaðan tryggingarsjóð veiðimanna. Úr þeim sjóði eru goldnar bætur fyrir þau spjöll, sem veiðimenn kunna að valda, og kostnaður við að hafa uppi á þeim þegar þeir týnast í víðlendum skógum Skandinavíu. Hér verðum við að kosta töluverðu fé til þess að leita uppi rjúpnaskyttur, stundum uppi á öræfunum, og auk þess til þess að hjálpa þeim ef þeir verða fyrir slysum og meiðast við iðju sína.

Ég vil ekki leggja til neitt um það á þessu stigi málsins, að við förum að heimila veiði síðsumars á þeim fuglategundum hér á landi, mófuglunum, sem héðan fljúga til Þýskalands, Frakklands og Bretlandseyja og eru veiddir þar í stórum stíl, svo sem eins og hrossagaukurinn okkar, mýrasnípan, lóan eða spóinn. Sjálfur mundi ég ekki treysta mér til að skjóta þessa fugla, og ég vil að við íhugum það frá hinu siðferðilega sjónarmiði, hvort slíkt væri fært. En hitt er ljóst, að alfriðun hina ýmsu fuglategunda, sem hér um ræðir, er ekki gömul í íslenskri löggjöf.

Ef við víkjum að álftinni t. d., sem sannanlega veldur talsverðu tjóni ekki aðeins á gróðri á köldum vorum, þegar hún leggst á tún og nýgræðing, heldur einnig á veiðivötnum okkar, þar sem þessi hálslangi fugl liggur á því lúalagi að súpa hrogn laxa og silunga á grynningum að haustinu, þá hefur þessi fugl ekki notið friðunar í líkingu við það sem nú gerist hér á landi nema síðan 1918, er fuglinn kolféll frostaveturinn mikla, hefur líklega fengið lungnabólgu eins og selurinn. Svo mikið er víst, að það var ekki eingöngu af fæðuskorti sem fuglinn féll þennan vetur. En nú veldur þessi fugl töluverðu tjóni. Hvort okkur tekst í hugskoti okkar sjálfra eða gagnvart almenningi að höggva nokkuð á hina rómantísku þræði sem vefa honum nú óvígisstakk veit ég ekki, en ég held að við ættum að taka til mjög alvarlegrar athugunar hvort ekki væri rétt að gera ráðstafanir til þess, að þeir menn sem það vildu, fækkuðu þessum fugli nokkuð með eðlilegum hætti. Ég veit að viðhorf manna til fugla eru tilfinningalegs eðlis og ákaflega misjafnt að því er lýtur að álftinni. Roskinn Breiðfirðing þekki ég hér

í bæ sem sagt hefur um álftina: „Ljótur fugl og leiðinlegur álftin, flýgur aftur á bak gargandi og veifar halanum."

En í Jónsbók er gert ráð fyrir því, að fjölmargir þeirra fugla, sem nú eru friðaðir og hafa verið friðaðir kynslóðum saman, séu veiddir. Í 5. kapítula 10. málsgr. þess kafla Jónsbókar sem kveður á um það, hvað veiða má á annars manns jörðu, segir: „En hver annarra, sem fugla veiðir eða tekur egg undan á annars jörðu, bæti fugla eða egg og landnám þeim er á jörðu býr, utan rétt til að veiða á annars jörðu hverjum er vill örnu, hrafna, smyrla, lær, spóa og alla smáfugla, þá er eigi fljóta á vatni, nema rjúpur."

Í tilskipun um veiði á Íslandi er einnig gert ráð fyrir því, að mófugl sé veiddur, utan hvað enn er kveðið á um einkarétt konungs til fálkaveiða eða veiða á völum. Til skilningsauka fyrir hv. þm. skal það tekið fram, að lær, sem leyfilegt er samkv. Jónsbók að veiða á annars manns landi, er fleirtöluorð af fuglsnafninu ló, en svo hét lóa þá. Fleirtölumyndunin verður sem sagt — til enn þá nánari skilgreiningar fyrir alþingismenn — á sama hátt og fló verður flær í fleirtölu, og mætti maður þá gjarnan, svo sem til undirstrikunar máli sínu, viðhafa gömlu fleirtölumyndina þegar kveðið verður á um það, hvað skjóta má á annars manns landi.

Ég vil sem sagt vara við því að samþ. þetta frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun í þeirri mynd sem það nú er og óska þess eindregið að menntmn., er fær þetta mál til meðferðar, velji heldur þann kostinn að seinka málinu dálítið með því að vísa því aftur til ríkisstj. með beiðni um að skipuð verði annars konar nefnd, þar sem m. a. verði kveðið á um það, að þar eigi í sæti sérfræðingar tilnefndir af Skotveiðifélagi Íslands eða öðrum þeim aðilum, sem stunda skotveiði á landi hér, og tekið verði til athugunar hvort ekki sé fremur rétt að setja heildarlöggjöf um skotveiði þar sem þessi mál verði leyst öll í einu. Aðeins í þessu sambandi vil ég geta þess, að Gaukur Jörundsson prófessor hefur gert ítarlegan samanburð á breytingum á löggjöf um friðun veiðidýra á landi hér og er prýðilega til þess bær að veita fræðilega aðstoð um hvað eina það er lýtur að réttinum til veiði í tengslum við eignarréttinn.

Herra forseti. Meira hef ég ekki um þetta mál að segja í bili.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég get nú ekki sagt að það hafi komið mér beinlínis á óvart, en ég tók eftir því, að hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, hafði áhuga á því að drepa ýmsar fuglategundir hér á landi aðrar en vargfugla, og get ég út af fyrir sig skilið það út frá þeim sjónarmiðum öðrum sem hann hefur í ýmsum málum.

En í sambandi við þetta mál vil ég fyrst lýsa þeirri skoðun minni, að ég er ekki að tala um það út frá því sjónarmiði, hvort ýmsum sportveiðimönnum þykir betra eða verra að hér skuli ýmsar fuglategundir friðaðar, og á erfitt með að skilja setningar eins og þær, þegar talað er um veiðiskap á fuglum sem er stundaður af mestri tillitssemi, og a. m. k. frábið mér sjálfum slíkt tillit.

Ég vil víkja beint að efni þessa máls, og það er það, að í 8. gr., 2. tölul. a, er talað um að allt árið skuli vera heimilt að veiða 5 fuglategundir: kjóa, svartbak, silfurmáf, sílamáf, hrafn. Ég hef þrásinnis endranær lýst áhuga mínum á því, að hettumáfur kæmi í þennan hóp a. m. k., og vil taka undir þau orð, sem fram komu í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., að hettumáfurinn er mikill vargur í fuglavörpum. Reynsla er fyrir því frá fjölmörgum stöðum á landinu, að kríuvörp hafa lagst niður vegna ágangs þessa fugls, og augljóst öllum þeim sem fylgst hafa með fuglalífi, að hettumáfurinn er mestur vargur í véum þar sem mófuglinn er annars vegar. Segja má að hann drepi hvað sem fyrir verður, og einkanlega og sér í lagi er lóuungunum hætt fyrir hettumáfinum. Og hann er að því leyti verri vargfugl en t. d. svartbakur, að það er þó ekki nema tiltölulega lítill hluti svartbakanna sem leggur fyrir sig að leggjast í vörp, þar sem svo virðist sem það sé tegundareinkenni á hettumáfinum. Ég vil beina því til þeirrar þingnefndar, sem þetta mál tekur til meðferðar, hvort ekki sé hægt að fallast á að taka hettumáfinn þarna undir a-lið.

Samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, er hettumáfurinn nánast friðaður hér á landi, þar sem einungis má hreyfa við honum frá 1. sept. til 1. mars. Á hinn bóginn vitum við um það, að fjölmargir náttúruunnendur, sem hafa fylgst með atferli þessa fugls, hafa á eigin ábyrgð reynt að útrýma honum í nágrenni sínu og spilla fyrir því að hann kæmi ungum upp. Ég hygg að við svo búið megi ekki lengur standa, að þessi mesti vargur mófuglanna sé lögverndaður að þessu leyti, að mönnum skuli ekki frjálst að leggja til atlögu við hann.

Hettumáfurinn er ekki gamall fugl hér á landi, hann er nýlega til kominn. Ef ég tala um Norðurl. e., þar sem ég er kunnugastur að þessu leyti, þá munu ekki vera nema 30-40 ár síðan hann byrjaði að verpa þar. (**Gripið fram í:** 1936. Þm. var ekki fæddur þá.) Ég geri nú ekki ráð fyrir því, að hv. 4. þm. Norðurl. e. bindi sína fróðleiksfýsn við það, hvenær hann var fæddur, en það má hugsa sér það, ef maður lítur á sjálfan sig sem miðdepil alheimsins, þá miði maður tímatalið við fæðingu manns sjálfs, og get ég út af fyrir sig skilið það þegar svo stendur á. En ég sagðist vera kunnugastur á Norðurl. e. og stend við það og hef haldið þar uppi spurnum um þessi mál. Ég hef rætt þetta mál við náttúruverndarmenn og bændur víða um landið og ber allt að sama brunni í þeim efnum.

Ég vek athygli á því, að í 10. gr. þessa frv. er talað um að eigi megi taka egg hettumáfa nema fyrsta varp. Ég óska mjög eftir því, að það ákvæði verði numið á brott úr þessari grein, en tel ekki eðlilegt að ég flytji um þetta sérstakar brtt. við 1. umr. málsins, þó ég á hinn bóginn geri mér grein fyrir því, að ég verði kominn af þingi þegar þetta mál kemur til 2. umr. og þess vegna örðugra fyrir mig að fylgja því eftir en ella. Ég verð þess vegna að beina tilmælum mínum til þeirrar n. sem þetta mál tekur til meðferðar, að hún athugi um það, hvort hún geti orðið við þeim tilmælum sem ég hér tala um.

Í sambandi við 25. gr., þá er þar veitt undanþága í sambandi við tortímingu fugla með eitri eða svæfandi lyfjum, og er í því sambandi talað um svartbak og hrafn. Er að sjálfsögðu mjög mikilsvert að sú grein haldist, og skil ég orðalagið svo, að þar sé skírskotun til þeirra fuglategunda sem felast í a-lið 2. tölul. 8. gr. Ég kann sögur af því, mjög átakanlegar, hvernig það getur ráðið úrslitum um það að endur komi ungum sínum upp, að eitrað sé fyrir þessa varga og þá ekki síður hrafninn en svartbakinn.

En þegar við ræðum um það, að nauðsynlegt sé að eitra fyrir hrafn, rétt sé að hann sé réttdrepur allt árið um kring til þess með því að forða öðrum fuglategundum frá tortímingu eða til þess að hindra að hrafninn ráðist á unglömb eða folöld þegar við fæðingu, þá er rétt að hafa

það í huga einnig, að til þurfa að koma miklu strangari reglur en nú eru um umgang á sorphaugum og meðferð sorps, ekki síst í kringum ýmis skólahús og aðrar opinberar stofnanir. Þannig held ég að mönnum sé ljóst, svo ég taki dæmi, að það mikla, hrafnager, sem orðið hefur á síðustu árum t. d. í Suður-Þingeyjarsýslu, hefur valdið því, að endur sjást jafnvel ekki á miklum stöðuvötnum vegna þess að þeir eiga sér griðland, hrafnarnir, í þessum sorphaugum og sækja svo að andarungunum eða eggjunum.

Ég held að þetta allt saman þurfi að taka til gagngerrar endurskoðunar og að þetta frv. út af fyrir sig komi ekki að fullu haldi, nema því fylgi annað um meðferð á úrgangi og sorpi.

Hér er talað um að breyta nokkuð veiðitímum á ýmsum fuglum. Ég sé að þarna er talað um að einungis sé heimilt að veiða álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda frá 1. sept. til 19. maí. Ég er ekki viss um að þessi ákvæði séu til bóta, tel að rétt kunni að vera að færa þarna veiðitímann nokkuð fram, eins og ég hygg að sé í gildandi lögum.

Í sambandi við andaveiðar vil ég láta mér nægja að segja það, að ég hef ekki orðið var við að slíkur fjöldi af öndum sé nú orðið hér á landi, að ástæða sé beint til þess að ætla þeim sérstakan veiðitíma, eins og þarna er gert, og mundi vel geta fallist á að endur yrðu a. m. k. um skeið alfriðaðar meðan stofninn væri að ná sér á strik. Ég held að það sé enginn vafi á því, að sumum stofnum andategunda er verulega hætt, og þó að hægt sé að benda þar á einstakar tegundir sem virðast standa sig vel finnst mér að það gefi ekki beint tilefni til þess, að það sé ástæða fyrir okkur að heimila miklar veiðar á þeim. Öndin er nú einu sinni mjög varnarlaus fugl. Henni hefur gengið afskaplega illa að koma ungum sínum upp og því verr sem meira af vargfugli vex upp í kringum mannabústaði, og ég held að við eigum að taka tillit til þess og gefa því gaum, hvað við getum gert til þess að auka á líkindi fyrir því, að endur setji meiri svip á landið en verið hefur um skeið.

Þá er ég kominn að rjúpunni. Ég tek undir það sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að svo lítið er orðið af rjúpu þar sem hennar helstu lönd voru áður að ástæða er til að láta kenningar fuglafræðinga um þann fugl lönd og leið og reyna nú með samverkandi aðgerðum að slá skjaldborg um þennan fugl.

Ég geri ráð fyrir að það kunni að vera erfitt að ná samkomulagi um það, að Alþingi fyrirskipi alfriðun rjúpu um nokkurra ára bil, 3-5 ár eða 10 ár, eftir því sem mönnum kann að sýnast. Verður þá að hörfa í það vígið, að einstökum héruðum sé heimilt að banna rjúpnaveiðar innan sinna lögsagnarumdæma. Ég hef haldið uppi spurnum um það hjá fjallmönnum og gangnamönnum norðanlands og sunnan nú á þessu hausti, hvort þeir hafi séð mikið af rjúpu, og af þeim fjölda sem ég hef spurt, ekki afskaplega margir menn, hefur aðeins einn þeirra orðið var við rjúpu þannig að það sé umtalsvert á löndum þar sem fyrir 10-20 árum var mikill fjöldi af þessum fugli.

Ég átti kost á því á þessu sumri að fara út í Fjörður með fuglafræðingi. Þar greindi hann um 40 fuglategundir, en engin rjúpa var þar á meðal, og segir það sína sögu, einkanlega þegar þess er gætt að þar eru afskaplega mikil og góð rjúpnalönd. Bændur við Reykjaheiði, þar sem mikið hefur verið um rjúpu, hafa sömu sögu að segja, að sumir þeirra sáu enga rjúpu nú í haust. Hefur svo verið um einhver ár, að fleiri eða færri gangnamanna hafa komið heim án þess að sjá þennan fugl, en aðrir séð fáar. Athyglisverð skoðun á þessu, gerð af Héðni Ólafssyni bónda á Fjöllum í Kelduhverfi, þar sem hann hefur skrifað hjá sér á hverju ári í alllangt árabil þann fjölda rjúpnahreiðra sem hann hefur séð frá sínum híbýlum, segir sömu sögu. Þar fækkar rjúpu markvisst frá ári til árs. Það er því óhjákvæmilegt að taka þetta mál til algjörlega nýrrar endurskoðunar, og er ástæða til að fagna því sérstaklega, að meiri hl. þeirrar n., sem samdi þetta frv., skyldi ekki hafa fallist á að færa rjúpnaveiðitímann fram til 1. sept.

Ég tek það satt að segja ekki alvarlega þótt menn séu að gera því skóna, hvort rétt kunni að vera að setja heimildir í lög um að menn megi skjóta spóa, tjald eða — (Gripið fram í.) Hv. þm. minntist á tjald, en það hefur þá verið mismæli. (Gripið fram í.) Ég bið afsökunar ef ég hef misskilið. (Gripið fram í.) Hvort það var í bréfi, ég skal ekki segja um það, en hvernig sem það mál er vaxið, þá tek ég það ekki alvarlega þótt hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi talað um spóa og lóur sem hugsanlega veiðifugla, enda lýsti hann sjálfur yfir að hann mundi ekki hafa gaman af slíkum veiðiskap. Fagna ég þeim ummælum sem lýsa því aftur, að hann muni ekki gerast forgöngumaður þess, að slík heimild verði tekin í lög um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. minntist á það, að til greina gæti komið að leyfa þeim sem það vildu að fækka nokkuð álftum þar sem þær yllu miklu tjóni. Ég hef að vísu mjög takmarkaða samúð með því sjónarmiði þótt álftir valdi nokkru tjóni. Á hinn bóginn er mér kunnugt um það, að í Suður-Þingeyjarsýslu fellur mikill hluti álftastofnsins á hverjum vetri, og telja sumir að það sé af hungri. En hversu svo sem það mál er vaxið, þá er ljóst, að aðeins lítill hluti álftastofnsins kemst upp, en mikill hluti hans fellur á hverju vori, sennilega úr hungri. Af þessum ástæðum má segja að til greina geti komið að taka þarna upp nokkuð svipaðan hátt og verið hefur á um hreindýraveiði, og út frá því sjónarmiði má um þetta mál ræða. En ég er ekki sérlegur hvatamaður þess samt sem áður, og má vera að ég sé of rómantískur til þess að ég geti fengið mig til að ljá því jáyrði að aftur verði heimilaðar veiðar á álftinni.

Þegar rætt er um frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun fer ekki hjá því að maður verði að átelja hið háa Alþ. fyrir það, hversu naumt það hefur verið á fé til útrýmingar á minki og hversu naumt þeim mönnum, sem staðið hafa fyrir útrýmingu hans og hvers konar vargfugla, hefur verið skammtað fé. Það liggur fyrir að fjöldi duglegra og vanra minkaveiðimanna telur sig ekki hafa efni á að halda uppi því eftirliti sem nauðsynlegt er til þess að halda minkastofninum niðri víða um land. Í sumum héruðum er hann verulegur vargur í véum og skiptir þar jafnvel um þegar farið er frá svæði eins minkaveiðimanns yfir til hins næsta. Sums staðar er það svo, að minkurinn veður uppi, að því er virðist án þess að nokkurt alvarlegt átak sé gert til þess að eyða honum, jafnframt því sem einstök dæmi eru til um að bændur líti á mink sem hlunnindi í jörð sinni og séu ófúsir á að leyfa minkaveiðimönnum að fara um þau. Þessum málum verður að gefa betri gaum. Við afgreiðslu fjárl. er nauðsynlegt að ætla verulega aukið fé til útrýmingar minki og vargfuglum og er vonandi að það frumkvæði, sem hæstv. menntmrh. sýnir með því að leggja þetta frv. fram, nái til

hins, að beita sér fyrir auknum fjárveitingum í þessu skyni við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1979.

Ég vil svo að síðustu aðeins drepa á það, að ekki væri síður ástæða til að endurskoða þá löggjöf sem í gildi er um seladráp og setja um það nokkuð fastar reglur, hversu með skuli fara, hvernig heimilt sé að veiða seli. Sumar aðfarir, sem þar hafa verið hafðar í frammi hin síðustu ár, eru ekki mönnum til sóma.

Svo vil ég að síðustu aðeins segja það, að þótt forfeður okkar hafi í sínum lögum haft ýmis ákvæði um það, að heimilt væri að skjóta fleiri fugla en nú er, er þar ekki saman að jafna. Fram undir þetta hefur verið nauðsynlegt fyrir menn að skjóta fugla sér til matar til þess að treina fram lífið. Fuglaveiðar nú eru eingöngu sportveiðiskapur og skipta engu í sambandi í framfærslu að öðru leyti en því, að sennilega munu flestir sportveiðimenn frekar vera verr búnir undir það en áður að framfæra sjálfa sig því þeir munu í fæstum tilfellum veiða fyrir kostnaði. Þess vegna er þar ólíku saman að jafna og ætti að vera okkar metnaður að ganga svo um okkar náttúru, að þeir fuglar, sem okkur eru kærastir, geti óhræddir flogið frá einni búfu til annarrar án þess að óttast að við sitjum þar í leyni og reynum að fækka lífdögum þeirra.

Ég vil sem sagt að lokum aðeins draga þetta saman. Ég óska þess í fyrsta lagi, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki til athugunar að hettumáfur verði settur í sama hóp og kjói, svartbakur, silamáfur, silfurmáfur og hrafn. Og það er það sem ég legg mesta áherslu á. Í öðru lagi þætti mér það mjög horfa til bóta ef á það væri hægt að fallast, að einstök héruð gætu alfriðað rjúpu innan sinna lögsagnarumdæma tímabundinni friðun. Þetta er það sem ég legg mesta áherslu á, en þætti að sjálfsögðu gott ef hitt gæti fylgt með, að endur yrður alfriðaðar.

Stefán Jónsson: Örstutt, herra forseti, þar sem mér er ljóst að slíta þarf fundi fimm mínútum fyrir klukkan fjögur.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Halldór Blöndal, sagði sér ekki koma það á óvart að ég vildi leyfa að drepa fleiri fugla en vargfugla. Ég hef oft heyrt hv. þm. tala langt mál af lítilli vitneskju, en sjaldan eins og nú við umr. um þetta frv. um fuglaveiðar og fuglafriðun. Hann er kannske einn af þeim mönnum sem háma í sig jólarjúpurnar af hvað mestri lyst, en gagnrýna hörðum orðum þá sem veiða rjúpurnar og segist ekkert skilja í slíku, eins og sé auðvelt að fá þær keyptar hjá Tómasi. Hvernig í ósköpunum getur hv. ræðumaður talað um veiði með tilliti til hagsmuna fugla. Það er sannarlega hagsmunamál fuglsins að hann sé drepinn áður en hv. þm. étur hann.

Veiði var stunduð á jörðu hér um milljónatugi áður en akuryrkjumaðurinn varð til, og manninum er raunar fátt eðlilegra af því, sem honum er nú ekki ætlað að gera, en það að veiða. Kynnum við að geta komið inn á það nánar, þegar tími gefst til, í sambandi við það sem kallað er hegðunarfræði manna.

Hv. ræðumaður sagðist hafa orðið þess var, að lítið væri orðið af öndum, og talaði um aðstöðu andarinnar til þess að koma upp ungum sínum fyrir vargfugli. Svo vill til, að ýmsum andartegundum hefur fjölgað á landi hér hinn síðari árin og það einmitt þeim andartegundum sem leyft er að veiða, svo sem stokkönd, rauðhöfðaönd og urtönd. Þeim hefur fjölgað hin síðari árin. Það er ákaflega misjafnlega á komið með aðra andarstofna og er umdeilanlegt hvernig á því stendur. En samúð hans virtist nú helst vera með litlu andarungunum, og hann efaðist um hvaða afstöðu hann tæki til þess, hvort leyfa ætti aftur að veiða álft. Ég get einnig sagt varðandi álftaveiðar, að ég á dálítið erfitt með að ímynda mér ánægju af því sem sportveiði að skjóta þennan hálslanga, andkannalega fugl á hægu flugi. En sé það afsökun fyrir því að taka heiftarlega afstöðu gegn vesalings hettumáfinum, að hann étur smáfuglaunga, og gegn hrafninum og svartbaknum, að þeir éta andarunga, þá getur hv. ræðumaður bætt álftinni við því hún étur einnig andarunga. Og varðandi álftafellinn, að við eigum e. t. v. af mannúðarástæðum að leyfa skotveiði á álft, vegna þess að ella muni hún falla úr hungri, þá mun það eiga við fleiri fugla og þ. á m. einmitt við rjúpuna sem við vorum að ræða um áðan, að dauði rjúpunnar að vetrinum telst vera að ákaflega miklu leyti af fæðuskorti. Þarna kemur úrval náttúrunnar til.

Aftur á móti verð ég aðeins í lokin að koma því hér að, að þrátt fyrir allt eru það viðhorf manna eins og hv. þm. Halldórs Blöndals til skotveiði á fuglum sem ég virði. Það er sjónarmið þeirra manna, sem af tilfinningalegum ástæðum og eðlilegum eru á móti því að láta skjóta fugla, að menn stundi það sem sport, því það er rétt, sem hv. þm. sagði, að það er ekki nauðsyn lengur til framfærslu. Það er virðing fyrir slíkum tilfinningum og slíkum viðhorfum einstaklinga sem ég vil taka tillit til, og mér finnst að þurfi einmitt í lagafrv., sem hér liggur fyrir, að kveða á um rétt einstakra manna, bænda, landeigenda, sem bera ábyrgð á lífríki jarðar sinnar, til þess að banna þar veiðar algjörlega eftir vilja. En aftur á móti ef hvatirnar til þess arna eru aðrar, þá vil ég að réttur þegna til þess að njóta þeirra gæða, við skulum segja í fjalllendi, á afréttum og í almenningum, — að réttur þegnanna verði jafnaður til þess að njóta þessara gæða þar sem slíkt er leyft. En ég ítreka það: viðhorf þeirra manna virði ég, þó það hafi komið í ljós við rannsókn á bréfum Jónasar Hallgrímssonar sem „Óhræsið" orti, að hann gekk býsna hart eftir því við Tómas og fleiri sem hann frétti að komnir væru frá Íslandi og hafði grun um að flutt hefðu til sín rjúpur þaðan til Danmerkur, að þeir afhentu honum þær: „því þú veist það, Tómas, að mér þykja rjúpur góðar."

Herra forseti. Ég hef ekki tíma til þess að ræða þetta lengur núna, en vildi gjarnan, ef hægt væri, að ræðu minni yrði frestað, þar sem ég á enn nokkuð órætt í þessu máli og vildi gjarnan fá að halda því áfram, þar sem ég er nú byrjaður að tala í annað sinn. — [Frh.]

Umr. frestað.

Neðri deild, 26. fundur.

Mánudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 100). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram um breyt. á l. nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, miðar að því að húsnæðismálastjórn verði veitt heimild til að veita sveitarfélögum, launþegasamtökum og öðrum félagslegum að-

ilum lán til byggingar dagvistarheimila fyrir jafnt yngri sem eldri borgara.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að dagvistarheimili hafa setið mjög á hakanum í þjóðfélaginu. Þjóðfélagsþróunin hefur orðið sú, að konur hafa undanfarin ár í vaxandi mæli tekið meiri þátt í atvinnulífinu. Þar kemur einkum tvennt til: Þröngur fjárhagur heimilanna samfara vaxandi dýrtíð og verðbólgu ýtir konunum meira og meira út á vinnumarkaðinn auk þess sem þátttaka kvenna í langskólanámi hefur aukist verulega undanfarin ár og þær hafa því engu minni þörf fyrir að nýta þekkingu sína á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins. En þjóðfélagið hefur ekki að sama skapi komið til móts við að þessi aukna þátttaka kvenna í atvinnulífinu krefst þess einnig, að samhliða verði stóraukin uppbygging dagvistarheimila og leikskóla.

Einnig er það veigamikið atriði, að réttur barnanna verði ekki fyrir borð borinn, því að uppeldi þeirra er vísirinn að farsælu þjóðfélagi. Hagur þeirra og velferð verða því ævinlega að sitja í fyrirrúmi. Enn fremur, þegar minnst er á rétt barnsins, verður að miða uppbyggingu t. d. leikskóla við að ekki eingöngu börn foreldra, sem bæði þurfa að vinna úti, geti notið þeirra, heldur ættu öll börn að eiga þess kost. Það hlýtur að efla bæði persónulegan og félagslegan þroska hvers barns að skapa þeim þau skilyrði, að þau geti verið hluta úr degi á leikskólum og notið leiðbeininga sérmenntaðs starfsliðs í uppeldismálum, og ætti það að vera ótvíræður réttur þeirra.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þá nauðsyn, sem er á uppbyggingu dagvistarheimila, aða þann skýlausa rétt, sem hvert barn ætti að hafa til þess að þjóðfélagið skapi því þá aðstöðu, að það geti hluta úr degi dvalið á dagvistarheimili, sem óumdeilanlega hlýtur að örva þroska þess og gegnir því mikilvægum þætti í uppeldi þess. Ég vil þó í örfáum orðum draga upp mynd af því, hve brýn nauðsyn er hér á stórátaki með tilliti til þess hve mikið vantar á að eftirspurninni eftir dagvistarheimilum og leikskólum sé fullnægt. Þær tölur, sem ég hef, eru þó eingöngu fyrir Reykjavíkurstæðið, en ég tel að þær séu samsvarandi tölum fyrir hin einstöku byggðarlög.

1. des. 1977 voru börn á aldrinum 0-2 ára 3913 og 3-5 ára 4251, eða samtals 8164. Á árinu 1977 voru tæplega 780 börn á dagheimilum og tæplega 1700 á leikskólum eða samtals tæplega 2500 börn, þ. e. a. s. um 30% barna á forskólaaldri. Samkv. upplýsingum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar voru nú í nóv. samtals 345 börn á biðlista á dagvistarheimili, en það gefur þó engan veginn rétta mynd af þörfinni, því að börn, sem tekin eru á dagvistarheimili allan daginn, eru eingöngu börn svokallaðra forgangshópa, þ. e. einstæðra mæðra eða námsfólks. Auk þess eru svo 1200 börn á biðlista á leikskóla. Sú tala um biðlista fyrir leikskóla segir þó ekki nema hálfa sögu um þá miklu auknu þörf, sem er á plássum fyrir börn á forskólaaldri á leikskólum. Fjölmargir foreldrar, sem bæði vinna úti, reyna ekki að sækja um dagvistun fyrir börn sín vegna langra biðlista og reyna því að leysa vandræði sín á annan hátt. Og þá er einnig ótalinn sá hópur barna, sem eru börn heimavinnandi húsmæðra sem vegna uppeldislegs þroska ættu líka að hafa rétt á slíkri dagvistun hluta úr degi.

Þetta frv. gerir einnig ráð fyrir að það fé, sem veitt yrði að láni úr Byggingarsjóði ríkisins, næði einnig til uppbyggingar dagvistarheimila fyrir aldrað fólk. Öldruðu fólki, sem skilað hefur sínu dagsverki, er nauðsyn að geta haft eitthvað fyrir stafni, ef það hefur heilsu til. Slík dagvistarheimili gætu haft aðstöðu fyrir ýmsa tómstundaiðju eða jafnel létta vinnu fyrir aldraða. Vegna fjárskorts ríkissjóðs og sveitarfélaga hefur þessum nauðsynlegu verkefnum verið ýtt til hliðar, en ekki verið sett á bekk með nauðsynlegum forgangsverkefnum í þjóðfélaginu, eins og þau tvímælalaust ættu að vera. Fjárframlög ríkis eða sveitarfélaga hafa hvergi nærri nægt til þess að mæta þeirri brýnu þörf, sem er á uppbyggingu slíkra heimila, og litlar sem engar horfur á að unnt verði að ráðast í byggingu þeirra að einhverju marki nema alger stefnubreyting verði. Þess vegna mun að öllu óbreyttu dragast mjög á langinn að viðunandi lausn fáist þar á verði ekki til annarra ráða gripið.

Með frv. þessu er lagt til að húsnæðismálastjórn fái heimild til þess að veita sveitarfélögum, launþegasamtökum og öðrum félagslegum aðilum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar slíkra heimila. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða, bæði fyrir hið opinbera, atvinnufyrirtækin og síðast en ekki síst launþegana sjálfa. Gert er ráð fyrir, að ekki verði notað það fjármagn, sem Byggingarsjóður hefur nú undir höndum og notar til lánveitinga vegna íbúðabygginga og kaupa á eldri íbúðum, heldur verði notað til þess það fjármagn, sem hann getur aflað sérstaklega í samvinnu við lífeyrissjóðina í landinu með sölu skuldabréfa til þeirra, einkanlega lífeyrissjóði stéttarfélaganna. Ekki er óeðlilegt að slík samvinna gæti tekist því að hér er um mikið hagsmunamál að ræða, bæði fyrir yngri og eldri félaga í hinum ýmsu stéttarfélögum.

Reynslan sýnir að lífeyrissjóðirnir hafa í vaxandi mæli keypt skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, og hafa t. d. á þessu ári keypt skuldabréf af honum langt umfram það sem lánsfjáráætlun ríkisstj. frá því í des. 1977 gerði ráð fyrir. Var þar reiknað með að sjóðurinn fengi að selja lífeyrissjóðunum skuldabréf fyrir 500 millj. kr., er hann notaði í almennar lánveitingar, en nú mun hann hafa selt þeim skuldabréf fyrir 800-900 millj. kr. Er talið að áður en árið er úti hafi hann selt þeim skuldabréf fyrir 1300-1400 millj. kr. Vegna þessara auknu skuldabréfakaupa gæti verið um að ræða fé sem ætla mætti að lífeyrissjóðirnir kynnu vel að meta að notað yrði til þess að komið yrði upp þeim félagslegu byggingum sem dagvistarheimili yngri og eldri borgara eru og eru mjög í þágu þeirra eigin félagsmanna.

Flm. leggja til að í reglugerð verði um þetta settar nánari reglur, og leggja til að m. a. verði Húsnæðismálastofnun ríkisins gert skylt að leggja á það ríka áherslu að fylgjast með og tryggja það, að hönnun og framkvæmd þessara bygginga verði með sem allra hagstæðustum hætti.

Benda má á að gegnum skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna hefur Byggingarsjóði reynst kleift í nokkrum mæli að lána fé til íbúðarbygginga dvalarheimila aldraðra víðs vegar í landinu, sem ella væri ekki komið eins vel á veg. Með sama hætti gæti frv. þetta, ef að lögum verður, orðið sú lyftistöng sem nauðsynleg er til þess að hraða uppbyggingu dagvistarheimila.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum vona að þetta brýna mál hljóti jákvæðar undirtektir þm. og verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Þetta mál er fram komið vegna brýnnar þarfar á byggingu fleiri dagvistarheimila en nú eru til í landinu, og kom þetta raunar fram í máli hv. frsm. þessa frv. Ég vil minna á, að lög um dagvistarheimili frá því 1973 gerðu ráð fyrir því, að ríkið tæki þátt í kostnaði við bæði byggingu og rekstur þessara heimila um land allt. Þessi lög höfðu þau áhrif, að dagvistarheimilum fjölgaði meir en nokkurn tíma áður á jafnskömmum tíma á landinu. Hins vegar var Adam ekki lengi í Paradís, því árið 1976 svipti þáv. ríkisstj. sveitarfélögin aðild ríkisins að rekstrinum, og eru afleiðingar þess nú að koma í ljós þar sem mikill afturkippur hefur orðið í þessum málum. Það er því afskaplega skiljanlegt, að menn leiti leiða til þess að bæta hér úr. Ég lít svo á að þetta frv. sé þess vegna fram komið.

Þetta frv. mun ég styðja. En ég vil þó benda á að ég tel að þessi leið muni ekki veita neina varanlega úrlausn á þessum málum. Ég minni á, að það er m. a. vegna fátæktar sveitarfélaga sem þau hafa kippt að sér hendinni í uppbyggingu þessara mála á allra síðustu árum, og þó þeim verði veitt heimild til þess að taka lán hjá húsnæðismálastjórn eiga þau eftir sem áður eftir að endurgreiða þau lán. Kostnaðarþunginn hvílir því eftir sem áður að öllu leyti á sveitarfélögunum.

Ég minni á að fyrir Alþ. liggur frv. til l. um breyt. á l. um byggingu og rekstur dagvistarheimila, þar sem lagt er til að tekin verði aftur upp sá háttur, sem ákveðinn var með lögum árið 1973. Þetta frv. flytja þrír þm. Alþb. 1. flm. var Soffía Guðmundsdóttir, en meðflm. eru Kjartan Ólafsson og Eðvarð Sigurðsson. Ég bendi á að það, sem þm. Alþb. leggja til í sínu frv., sem er 67. mál, þskj. 73, er að mínu viti eina raunhæfa lausnin, sem gæti varað til frambúðar. Þess vegna legg ég áherslu á að Alþ. beini kröftum sínum að því frv. og þeirri lausn, sem þar er lögð til. Ekki er þar með sagt að ég telji þetta frv., sem hér er til umr., óþarft. Það gæti verið ágætt að hafa slíka heimild sem frv. gerir ráð fyrir í bakhöndinni ef eitthvað gengi úrskeiðis, en ég held að það sé fráleitt að það geti talist varanleg lausn fyrir sveitarfélögin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 110). — 1. umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Söluskattur mun fyrst hafa verið lagður á 1947, en það er ekki fyrr en hann er búinn að vera 28 ár í gildi að í einu skattumdæmi á landinu er lagður söluskattur á rekavið og vinnslu úr rekavið og þá 4 ár aftur í tímann, fyrir árin 1970 til 1974.

Með þessu frv. er lagt til að undanskilja söluskatti alfarið rekavið og vinnslu á rekavið, sem er unnin af eigendum eða rétthafa rekans, og enn fremur er lagt til í ákvæði til bráðabirgða, að fjmrh. sé heimilt að endurgreiða álagðan söluskatt árin 1975 til 1978, að báðum árum meðtöldum, á unnin rekavið til eiganda eða rétthafa rekans ef hann færir sönnur á að kaupandi hafi ekki greitt söluskatt.

Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. er hér um að ræða vinnu sem unnin er við erfið skilyrði. Væri síst minni ástæða til þess að undanþiggja hana alfarið söluskatti en byggingarvinnu á byggingarstað eða aðra mannvirkjagerð. Sömuleiðis er ekki söluskattsskylda á seldu heyi eða öðru því sem bændur vinna og selja. Þess vegna er í samræmi við þetta að fella niður söluskatt af þessari vöru og vinnslu.

Skattumdæmi tekur sig til allt í einu, eftir að söluskattur hefur verið í gildi í 28 ár, og reiknar söluskatt af þessari framleiðslu og stenst það vafalaust lögum samkv. En þetta frv. er flutt til þess að taka af allan vafa og undanskilja þessa starfsemi söluskatti. Sífellt er minna unnið úr rekavið og af færri mönnum en áður. Er sjálfsagt að mínum dómi að undanþiggja þessa starfsemi söluskattskyldu og á þann hátt að nýta það efni, sem rekur á fjörur, og spara gjaldeyri fyrir þjóðfélagið. Því tel ég eðlilegt að þetta sé alfarið undanskilið söluskatti eins og það hefur verið í reynd með þessari einu undantekningu.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það eru ekki stórir né fjölmennir landshlutar, sem bjóða upp á að þar séu nýtt þau hlunnindi sem rekaviður er. Nokkuð víða nýta menn rekaviðinn til eigin nota, en það er ekki á mörgum stöðum sem hann er nýttur til sölu. Fyrst og fremst mun það vera gert í Árneshreppi í Strandasýslu og er þar mikilsverður þáttur þess að haldist byggð. Nokkur rekaviðarvinnsla mun líka vera á Skaga, á Sléttu og á Langanesi. Auk þessara staða er einnig umtalsverð rekaviðarvinnsla í Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, en hún er fyrst og fremst unnin af mönnum sem koma þangað yfir sumarmánuðina til að nýta þessi hlunnindi. Þeir staðir, sem rekaviður er unninn á, eru fyrst og fremst þau svæði, sem eru útverðir byggðar á Íslandi, en einnig sá hluti landsins, sem fallið hefur úr byggð. Nýting rekaviðarins ríður sums staðar baggamuninn að byggð haldist.

Það mun rétt vera, sem fram kemur í grg. þessa frv., að þeim fari fækkandi sem nýta þessi hlunnindi. Tek ég undir það, að síst sé ástæða til þess að skattleggja þá fáu sem gera það sérstaklega. Ég geri ekki ráð fyrir því að þeir Reykjarfjarðarbræður, sem mér finnst að tilvitnunin, sem kemur fram í grg., sé frá komin, né aðrir þeir, sem nýta rekaviðarhlunnindi Hornstranda, kæri sig um styrk frá opinberum aðilum til þess að nýta þessi hlunnindi. Réttara þætti mér að þessir menn væru ekki skattlagðir fyrir að bjarga þarna verðmætum. En það er þó ekki skattlagningin á þessa fáu menn, sem koma yfir sumarmánuðina á Hornstrandir til þess að bjarga þar verðmætum, sem skiptir höfuðmáli í sambandi við framlagningu þessa frv., þótt það frv., sem hér liggur fyrir, beri að samþykkja og um réttmæti þess þurfi ekki að fjölyrða. Það eru önnur atriði sem framlagning þessa frv. minnir á.

Í fyrsta lagi er það túlkun skattstjóra á álagningarreglum. Í grg. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Allt frá þeim tíma sem lög um söluskatt tóku gildi hefur, að því er flm. þessa frv. veit best, ekki verið lagður söluskattur á rekavið, hvorki unninn né óunninn, þar til í des. 1975 var a. m. k. í einu skattumdæmi á landinu lagður söluskattur á þá sem nytjað höfðu rekavið, unnið úr honum og selt."

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að lesa lengra.

En þetta bendir einmitt á það, að svo virðist sem ákveðnir skattstjórar noti vissa geðþóttareglu til þess að leggja á skatta. Geðþóttareglu er svo beitt á hinn furðulegasta hátt. Ekki er henni aðeins beitt til álagningar á því ári er hún er fyrst notuð, heldur 5 ár aftur í tímann. Mér virðist liggja í augum uppi, að ef geðþóttareglum er beitt á einu sviði, þá sé það alveg eins gert á öðru, og ef geðþóttareglum sé beitt við skattálagningu, þá sé stutt í slumpareikninginn.

Eftir lestur þessarar grg. hvarflar að manni, að þetta eða hitt sé gert í a. m. k. einu skattumdæmi, en sé látið vera í öðru. Ég geri ekki ráð fyrir að allir skattstjórar landsins vilji liggja undir því, að þeir vinni þannig að þeir noti heimildir, sem legið hafa ónotaðar í 28 ár, þegar þeirra geð býður þeim það. Ég lít svo á að framlagning margnefndrar grg. sé, um leið og hún er grg. fyrir frv. um breytingu á söluskattslögunum, áskorun til hæstv. fjmrh. um að hann láti kanna hvort skattstjórar beiti mismunandi álagningarreglum hver í sínu umdæmi og hvort þeir beiti þeim þá að eigin geðþótta. Það væri sérstaklega gaman að fá að vita hvort það hefði verið geðþóttaákvörðun skattstjóra Vestfjarðaumdæmis 1975 að leggja söluskatt á sölu rekaviðar eða hvort fjmrn. hefði skipað svo fyrir og þá hvort aðrir skattstjórar hefðu farið að fyrirmælunum eða ekki.

Annað atriði, sem ég vil benda á, er það, að álagning og innheimta söluskatts á rekavið hefur fyrst og fremst bitnað á íbúum Árneshrepps í Strandasýslu. — Ég þekki íbúa þessa hrepps og landkosti þar mjög vel. — Í grg. kemur nefnilega fram, að íbúar þessa hrepps hafi verið sérskattaðir undanfarin 8 ár, án þess að forsvarsmenn þeirra hér á hinu háa Alþingi hafi reynt að reisa þar rönd við.

Árneshreppur er nokkuð þekkt byggð og kemur þar ýmislegt til. Meðan síld og þorskur héldu sig í Húnaflóa og hákarlalýsi var eftirsótt markaðsvara var mikið um að vera í Árneshreppi. Þó urðu umsvifin mest upp úr 1934 og fram undir 1950. Árneshreppur var sá staður á Íslandi áratuginn 1935-1945 þar sem einkaframtakið fékk að njóta sín að fullu. Á þessum árum voru byggðar tvær mjög fullkomnar síldarverksmiðjur eða feitfiskverksmiðjur, eins og nú er sagt í hreppnum, sjálfsagt þær fullkomnustu í víðri veröld á þeim tíma. Eigendur fóru þangað norður tíma og tíma yfir sumarið til að sjá hvernig fjármagnið rentaðist og til að sýna sig. En þetta stóð aðeins rúman áratug. Verksmiðjurnar hættu að snúast og eigendurnir sáust ekki meir. Eftir stóðu breyttir atvinnuhættir. Myndast hafði vísir að þéttbýli, sérstaklega við aðra verksmiðjuna, en atvinnuuppbyggingin var engin önnur en verksmiðjubáknið.

Þeir, sem fara um Arneshrepp, taka gjarnan eftir rekaviðnum og ekki síst eftir því, að á verksmiðjustöðunum, Djúpuvík og Ingólfsfirði, sjást gjarnan stórir staflar af girðingastaurum unnum úr rekavið. Þeir, sem settust að á þessum stöðum með það fyrir augum að hafa framfæri sitt af stórverksmiðjurekstrinum, hafa nú vinnslu rekaviðar sem einn þátt atvinnu sinnar. Að því má færa mikil rök, að ef rekaviður og vinnsla hans væri ekki fyrir hendi væru líkur fyrir því, að byggð, sem helst í Árneshreppi, minnkaði. Þetta snertir jafnt byggðina í öllum hreppnum. Ekki síður er rekinn stuðningur við búskapinn og þá, sem hann stunda, en þá, sem ég nefndi áðan. Það er því sjálfsögð skylda þeirra allra, sem vilja stuðla að því að byggð haldist í Árneshreppi, og það vona ég að allir hv. alþm. vilji, að styðja þetta frv. og hjálpa til við að það komist sem fyrst í gegnum þingið.

Að lokum langar mig til að segja þetta:

Það, að hv. alþm. Vestfjarðakjördæmis hafa látið það eiga sig að fá leiðréttingu þessara mála fyrir Árneshreppsbúa í 3 ár, leiðir hugann að því, að þeir hafa ekki gert mjög mikið fyrir þessa byggð hér á hinu háa Alþingi. Hvernig er með bryggjuna á Norðurfirði? Eru hafnarframkvæmdir og bryggjugerð enn á vegum einstaklingsframtaks á Djúpuvík og á ríkið ekkert að koma nálægt þeim stað? Á sú gamla verstöð Gjögur að líða undir lok vegna þess að þar er ekkert gert til þess að bæta hafnaraðstöðu? Er rétt að láta stóra báta frá fjarlægum stöðum girða grásleppumið Árneshreppsmanna, sem flestir eru á smábátum, svo að grásleppan komist ekki á þeirra mið? Á sama máta og með söluskattsinnheimtunni hafa íbúar Árneshrepps verið beittir rangindum í öllum þeim málum, sem ég nefndi hér að framan. Þeir eiga sama rétt — og jafnvel meiri — til hafnarbóta en aðrir landsmenn, en þær hafa þeir ekki fengið. Þeir eiga rétt á því að fiskimið þeirra verði vernduð fyrir þá sjálfa. Þau eru mörg, rangindin sem fólkið í Árneshreppi verður við að búa önnur en þau, sem ég hef nefnt. En það býr líka við ýmis gæði, sem við njótum ekki. En verði þeir þættir, sem ég hef nefnt, látnir bíða í 3 ár án aðgerða líkt og söluskatturinn á rekaviðarstaurana, þá er ég hræddur um að söluskattsbreytingin, ef að lögum verður, skipti litlu máli. En ég vona að með þessu frv. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar sé aðeins verið að stíga fyrsta skrefið til hagsbóta fyrir íbúa Árneshrepps.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil lýsa fylgi mínu við þetta frv. um afnám söluskatts á rekavið. Ég vil hins vegar segja það, að það er ekki oft sem maður heyrir hv. þm. úr öðrum kjördæmum taka upp hanskann fyrir íbúa Árneshrepps eða íbúa annarra kjördæma. Þó ég geri ráð fyrir því að hv. þm. þekki þar nokkuð til, þá held ég að hann hafi ekki kynnst því sem þar hefur gerst á síðustu árum. A. m. k. þóttu mér ummæli hans ekki bera þess vott.

Það er alveg rétt, að fyrir Árneshrepp mætti vitanlega gera miklu meira en verið hefur, en við þm. Vestf. höfum þó æðioft hugsað til Árneshrepps í þeim opinberu framkvæmdum sem almennt er gengist fyrir. Vil ég nefna t. d. vegamál og Árneshreppsáætlun sem hefur gerbreytt öllum landbúnaði í Árneshreppi. Vil ég benda hv. þm. á að skreppa þangað norður og sjá býlin eins og þau líta nú út. Rafmagn er komið í Árneshrepp, og fleira þess háttar mætti nefna.

Hv. þm. nefndi sérstaklega hafnargerð. Hafnargerð í Norðurfirði er á hafnaáætlun og er að mati heimamanna það hafnarstæði sem þeir vilja helst fá. Ég geri varla ráð fyrir því, að hv. þm. ætlist til þess að þrjár hafnir verði byggðar í Árneshreppi, — ég trúi því varla. (**SkA:** Jú, jú, jú.) Jú, jú, jú, segir hv. þm. Ætli það yrði þá ekki ærið bólgin hafnaáætlun, ef við ætluðum um land allt að byggja þrjár hafnir fyrir 200 íbúa eða jafnvel innan við það? Ég held að Árneshreppsbúar ætlist ekki til slíks og mundu líta á það sem yfirboð.

Ég vil jafnframt upplýsa, að á þingi 1975-1976 flutti ég till. til þál. um samræmingu á álagningu söluskatts og yfirleitt í skattamálum almennt af þeirri ástæðu sem kemur fram í grg. með þessu frv., að mjög er þörf á slíkri samræmingu og ljóst að söluskattur, t. d. á það sem hér

um ræðir, rekavið, er ekki lagður á í ýmsum öðrum kjördæmum landsins. Mér er ekki kunnugt um að slíkur söluskattur sé á lagður t. d. á Norðurlandi eystra.

Ég get hins vegar upplýst að sá söluskattur, sem á var lagður 1975, mun ekki hafa verið innheimtur af neinum krafti, enda um aðgerð að ræða sem áreiðanlega var mjög vafasöm. Ég tel að t. d. hafi ekki í Strandasýslu verið gengið eftir greiðslu söluskatts af rekavið sem lagður var á fyrir 1975. Hins vegar mun ríkisskattstjóri hafa úrskurðað, að söluskatt yrði og ætti að greiða af þessari framleiðslu, rekaviðnum, og hefur hann verið á lagður síðan. En ég tel mjög tímabært að létta þessu af, ekki síst vegna þeirrar samræmingar, sem sjálfsögð er á þessu sviði, en ekki hefur úr orðið þrátt fyrir loforð á þinginu 1975-1976 um breytingar þar á.

Ég vildi láta þetta koma hér fram um leið og ég þakka að vissu leyti umhyggju hv. þm. fyrir Árneshreppsbúum, en mótmæli jafnframt að til þeirra hafi ekki oft verið hugsað og mikið þar gert.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði. Ég vil leiðrétta að það séu liðin svo 3 ár að þm. Vestf. hafi ekkert gert í sambandi við þessa söluskattsálagningu. Framkvæmdin var með þeim hætti, að í árslok 1975 fengu þessir aðilar flestir tilkynningu um þessa söluskattsálagningu. Þessi álagning var svo kærð. Kæran gekk í gegnum hið þunglamalega kerfi okkar, og það er ekki fyrr en á s. l. sumri sem ríkisskattanefnd kveður upp þann úrskurð að þessi söluskattsálagning sé lögum samkv. Þá fyrst grip ég til þess ráðs að flytja hér frv., þar sem fjmrh. sagðist ekki hafa heimild til þess að fella þetta niður nema þá í sérstökum tilfellum. En þá hafði alltaf verið hægt að halda áfram þessari söluskattsálagningu. Því er þetta fyrsta tækifærið sem gefst til þess að fá leiðréttingu.

Að öðru leyti ætla ég að bæta við það sem hv. 2. þm. Vestf. sagði. Margt er ógert í Árneshreppi, það er hárrétt hjá hv. 4. þm. Vesturl. En það hefur líka margt verið gert. Stærsta átakið á síðustu árum er lagning rafmagns frá samveitu. — Það er mikil ánægja fyrir okkur þm. Vestfirðinga að fá jafngóðan liðsauka úr öðrum kjördæmum sem við vissulega metum í baráttunni fyrir þennan afskekkta hrepp sem og aðrar afskekktar byggðir á landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 103). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram um breyt. á 1. nr. 67/1971, um almannatryggingar, og flutt er af meiri hl. hv. heilbr.- og trn. Nd., miðar að því að greiða ferðastyrki til psoriasissjúklinga, sem nauðsynlega þurfa að mati sérfræðinga að njóta loftslagsmeðferðar, sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Psoriasis- og exemsjúklingar eru fjölmargir hér á landi, eða milli 4 og 5 þús., en flestir þeirra eru þó haldnir sjúkdómnum á fremur lágu stigi. Samt sem áður er hluti þeirra, eða 60-70 manns, haldnir húðsjúkdómnum psoriasis á svo háu stigi að þeir þurfa á að halda stöðugri meðferð á sjúkrahúsi. Ekki er vitað af hverju þessi sjúkdómur stafar, og enn hefur ekki fundist nein varanleg lækning við honum, en venjulega þjáist fólk af þessum sjúkdómi allt sitt líf.

Fyrir psoriasissjúklinga hefur það reynst ótrúlega mikil lækning, bæði andlega og líkamlega, að breyta um loftslag, sérstaklega að njóta sólar og sjóbaða, og telja læknar það eitt af því besta sem hægt sé að gera fyrir þá, telja slíka ferð jafnvel betri en þá meðferð sem þeir hljóta á sjúkrahúsi. Þar þurfa þeir að gangast undir tjörumeðferð, sem er óþægileg aðgerð og gefur ekki eins varanlegan bata og ef þeir geta notið sólar og sjóbaða.

Þeir sjúklingar, sem eru með þennan sjúkdóm á háu stigi, standa mjög höllum fæti fjárhagslega, því að sjúkdómurinn veldur verulega skertri starfsorku. Gefur því auga leið að þeim er illmögulegt að fara í slíka lækningameðferð til sólarlanda nema fjárhagsleg aðstoð komi til. Á hinum Norðurlöndunum hefur aukist verulega skilningur á nauðsyn þess hjá hinu opinbera að greiða fyrir slíkum lækningaferðum psoriasissjúklinga og hafa verið samþ. lög þar að lútandi í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Sænsku og norsku psoriasissamtökin hafa einnig leigt stofnun sem annast meðferð slíkra sjúklinga. Nefnist stöð þessi Panorama og er í Puerto del Cammen, en þangað hafa verið ráðnir sænskir og norskir hjúkrunarfræðingar. Psoriasissamtök í öðrum löndum hafa einnig lagt mikið kapp á að koma sjúklingum sínum á þennan stað og er nú verið að byggja við stöðina.

Bæði læknum og sjúklingum kemur saman um að best sé fyrir psoriasissjúklinga að njóta þessarar loftslagsmeðferðar að vetrarlagi, því að á þeim tíma herjar sjúkdómurinn mest á fórnarlömb sín, og fyrir psoriasissjúklinga á Íslandi ætti það ekki síður að vera nauðsyn þar sem okkar stuttu og sólarlitlu sumur gefa þessum sjúklingum lítil tækifæri á nauðsynlegri sólarmeðferð hér á landi.

Í sambandi psoriasis- og exemsjúklinga hér á landi eru 600 manns, en talið er að milli 60 og 70 þeirra séu haldnir þeim sjúkdómi á svo háu stigi að þeir þurfi að vera reglulega í meðferð á húðsjúkdómadeild Landsspítalans. Þessir sjúklingar þurfa að dvelja þar 3-5 vikur í einu og sumir dvelja þar oftar en einu sinni á ári. Daggjald á sjúkrahúsi fyrir þessa sjúklinga er um 30-35 þús. kr. á dag. Má því ætla að hér sé ekki um minni kostnað vegna sjúkrahúsvistar þeirra að ræða en 70-100 millj. kr. á ári.

Samtök psoriasis- og exemsjúklinga hafa lengi barist fyrir því, að þessum sjúklingum yrði veittur ferðastyrkur til lækningaferða til sólarlanda, sem þá leiddi til þess að þeir þyrftu ekki að leggjast inn á sjúkrahús í meðferð.

Gert er ráð fyrir í þessu frv., að tryggingaráð setji nánari reglur um úthlutun styrkja, upphæð ferðastyrks og fjölda styrkþega, auk þess sem styrkirnir væru aðeins fyrir þá, sem annars þyrftu að leggjast inn á sjúkrahús, og samráð haft um það við húðsjúkdómalækna.

Leitað hefur verið álits og umsagnar Félags ísl. húðlækna á umræddri meðferð og mæla þeir eindregið með henni og telja ósennilegt að nokkur þyrfti að fara oftar en einu sinni á ári. Félag húðlækna hefur einnig staðfest, að hér sé aðeins um 60-70 manns að ræða sem árlega þyrftu að njóta þessarar fyrirgreiðslu, og bendir jafnframt á að sú meðferð, sem psoriasissjúklingar fá á sjúkrahúsi, komi ekki að sama gagni fyrir þá og dvöl í sólarlöndum. Auk þess benda þeir á að þetta mundi létta verulega á starfsemi húðlækningadeildarinnar og yrði þá mögulegt að taka inn sjúklinga með aðra húðsjúkdóma en þsor-

iasis, en þeir hafa hingað til oft setið á hakanum.

Ekki er ráð fyrir gert með þessu frv., að greiddur verði allur kostnaður sem af slíkri ferð leiddi, heldur yrði aðeins sú aðstoð veitt sem tryggði að sjúklingum þessum yrði gert kleift að fara slíka ferð, t. d. með því að greidd væru ca. 50% af ferðakostnaði, eða um 150 þús. kr. fyrir hvern sjúkling á ári á núgildandi verðlagi. Er þarna því um að ræða kostnað sem nemur um 10-11 millj. kr. ári, en eins og áður er getið er sjúkrahúsvist þessara sjúklinga margfalt dýrari. Hér yrði því um sparnað að ræða sem nemur tugum millj. á ári, auk þess sem loftslagsmeðferð hlýtur að hafa bæði andlega og líkamlega betri áhrif á psoriasissjúklinga en óþægileg mánaðarmeðferð á sjúkrahúsi.

Herra forseti. Eins og áður sagði stendur meiri hl. hv. heilbr.- og trn. Nd. að þessu frv. Hann væntir að því verði vel tekið af hv. þdm. og því verði síðan að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr og hv. heilbr.- og trn.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til að mæla eindregið með samþykkt þessa frv. Eins og kom fram hjá hv. 1. flm. er um að ræða gjöld upp á 7-8 millj. á ársgrundvelli miðað við þær tölur sem lagðar voru til grundvallar, en sparnaður gæti numið 70-100 millj. kr. fyrir ríkissjóð. Þegar af þeirri ástæðu er rétt að taka þetta mál til mjög gaumgæfilegrar athugunar. Þar við bætist svo auðvitað hitt, sem er aðalatriðið, að fólkinu líður miklu betur.

Þetta mál hefur verið rætt af og til í heilbrrn., og menn hafa verið sammála um að sjálfsagt sé að gera eitthvað í þessa átt, en aftur á móti hafa menn látið í ljós nokkurn ugg um að það mundu kannske fleiri á eftir fylgja, þ. e. a. s. það vanti nokkuð öruggar reglur um það, hverjir fái að fara og hverjir ekki. Forsvarsmenn þessara sjúklinga vilja miða við að enginn fái stuðning nema hann sé það veikur að hann eigi að leggjast inn á sjúkrahús. Einhverja slíka fasta reglu þarf að hafa til þess að þetta verði ekki nisnotað.

Ég endurtek svo fullan stuðning minn við þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Dómari og rannsóknardeild í skattamálum og bókhaldsmálum, frv. (þskj.128). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að kynna frv. til l., á þskj 128, sem ég flyt ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur, hv. 12. þm. Reykv., um sérstakan dómara og rannsóknardeild í skattamálum og bókhaldsmálum.

Ég vil segja það fyrst, að þegar sérstaklega hefur þótt bera við, þá hafa sérdómstólar þótt gefa góða raun, bæði hérlendis og víða annars staðar. Ég vil sérstaklega nefna svokallaðan fíkniefnadómstól, sem hér hefur verið í nærri því áratug. Ég vil vekja athygli á mjög sérstæðu ástandi, sem hafði skapast í fíkniefnamálum, og jafnframt reifa þá sannfæringu mína, að þessi dómstóll hafi unnið mjög fyrirbyggjandi starf í fíkniefnamálum.

Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. er það að mjög verulegu leyti sniðið eftir lögum um fíkniefnadómstól. Ástæðan fyrir því, að þessi tiltekni málaflokkur er tekinn út úr og lagt til að settur sé upp sérdómstóll að því er tekur til skatta- og bókhaldsmála, er auðvitað einfaldlega sú, að á undanförnum árum hefur hið almenna dómskerfi lítt dugað til þess að fást við mál af þessu tagi. Þar kemur auðvitað margt til. Í fyrsta lagi það, að sérhæfðan starfskraft hefur vantað, en einnig hitt, að það er á stundum eins og það hafi, að manni finnst, vantað pólitíska vilja til þess að fylgja þessum málum eftir með þeim hætti og af þeim krafti sem nauðsynlegt hefði verið.

Ég held að það sé ekki sagt neitt leyndarmál þegar það er fullyrt, að skattsvik á Íslandi eru mjög veruleg. Þau eru auðvitað með ýmsum hætti, bæði með hreinum lagabrotum og eins með öðrum hætti sem kalla mætti meiri takmarkatilfelli. Dæmi um hið síðara, sem við höfum stundum nefnt neðanjarðarhagkerfi, er einfaldlega sú aukna tilhneiging sem virðist vera í samfélaginu til þess að þeir, sem fyrir fyrirtækjum ráða, skrái meira eða minna alla einkaneyslu sína, bílana sem ekið er í, húsin sem byggð eru, jafnvel matinn sem er etinn, á rekstrarliði þessara fyrirtækja. Og það segir sig alveg sjálft, að með aukinni verðbólgu, slævðu fjármálalegu siðferði, eins og hefur ævinlega í öllum löndum fylgt slíku ástandi, hafa tilhneigingar í þessa átt mjög aukist. Það er sannfæring mín, að ef sérstakur dómstóll væri settur upp í þessum efnum, sem hefði það beinlínis að verkefni að snúast til varnar gegn þessum efnahagslega vágesti, þá mundi sá dómstóll fá miklu meiru áorkað en verið hefur undanfarin ár.

Annar þáttur þessara mála, sem hér er lagt til að sé settur undir þennan dómstól einnig, er svokölluð bókhaldsbrot eða efnahagsleg afbrot. Ég held að það sé líka ljóst, að það hefur verið aukin tilhneiging í samfélaginu til slíkra brota. Ég nefni aðeins blaðafregnir undanfarnar vikur, þar sem eru fréttir um afbrot þeirra sem stunda viðskipti með bifreiðar. Einhvern veginn er það svo, að hvort sem þetta hefur verið stundað um lengri eða skemmri tíma, þá er eins og skyndilega hafi vaknað skilningur á því að þarna er alvara á ferðum. — Þetta er auðvitað aðeins einn þáttur efnahagslegra afbrota. Íslenskir blaðalesendur vita mætavel, að á undanförnum árum hefur athygli almennings verið vakin mjög rækilega á því, að þetta eru vandamál í samfélaginu, sem okkur ber að snúast gegn af fullri hörku, en þó auðvitað þannig að alls hófs sé gætt.

Það er ekki vilji okkar, sem að frv. þessu stöndum, að dómskerfið fari offari, og það er ekki vilji okkar, að of hart sé fram gengið. En það er vilji okkar, að á afbrotum sé tekið af fullri hörku og að fyrir afbrot sé refsað, því refsingar eiga að vera fyrirbyggjandi, koma í veg fyrir að slík afbrot breiðist út. Ég er þeirrar skoðunar, að á undanförnum árum hafi þessu ekki verið svo farið með skattsvik og með efnahagsleg afbrot. Ég er þeirrar skoðunar, að þeir, sem hafa stundað slíkt, hafi hagnast á því og að dómskerfið hafi hvergi dugað til að snúast gegn þessu.

Enn eitt, sem við leggjum til í þessu frv., er að þessi dómari eða dómstóll og þar með rannsóknardeild í skattamálum eða skattrannsóknastjóri, sem nú er kallaður, verði allt flutt undir einn hatt, flutt undir dómsmrn. Ástæðan fyrir þessu er m. a. sú, að undirstrika þá skoðun stjórnkerfisins að hér sé um afbrot að ræða. Skattsvik eru eins og hvert annað afbrot, eins og hver annar þjófnaður,

og eiga að fá meðhöndlun samkv. því. Slík áherslubreyting stjórnvalda hygg ég að mundi verða mjög til bóta í átt til bæði meira efnahagslegs réttlætis í samfélaginu og í átt til þeirrar einföldu reglu, að þeim skal refsað, sem brjóta leikreglur samfélagsins.

Ég hygg að það sé sögulega svo, að það hefur skort vilja stjórnvalda til þess að snúast gegn efnahagslegum afbrotum, hvort sem um venjuleg fjársvik hefur verið að ræða eða brot á skattalögum. Það hafa verið fluttar hér till.- nú síðast fyrir nokkrum dögum var flutt till. til þál. um það, að gegn þessum málum skuli snúist,- en þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir yfirlýsingar allra stjórnmálaflokka, og a. m. k. þekki ég engan stjórnmálamann eða konu sem ver skattsvik í sjálfu sér, þá einhvern veginn hefur það samt verið svo, að þennan vilja stjórnkerfisins hefur vantað þegar á hefur reynt. Með því að breyta eins og við erum hér að leggja til, þá held ég að sköpuðust forsendur til þess að snúast bæði gegn skattsvikum og gegn efnahagslegum afbrotum, og þjóðfélagið þarf á slíku að halda.

Undanfarin ár er það auðvitað svo, að hér hefur geisað óðaverðbólga, meiri óðaverðbólga en nokkru sinni fyrr samfellt í sögu þjóðarinnar. Skaðsemi þessa þekkja auðvitað allir. Kannske er alvarlegast, að efnahagslegt og fjármálalegt siðferði meðal þjóðarinnar allrar er í stórfelldri hættu. Aukin skattsvik, aukin efnahagsleg afbrot eru nátengd þessu ástandi. Hér er verið að leggja til að snúast með ákveðnum hætti gegn þessari þróun, og ég vænti þess, að þetta frv., kannske að einhverju leyti í breyttri mynd, nái fram að ganga.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og til allshn.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í frv. þessu kemur fram lofsverð viðleitni til þess að taka alvarleg afbrotamál í þjóðfélagi okkar fastari tökum. Við það hef ég sannarlega ekkert að athuga og tek undir það. Ég get einnig tekið undir það, sem kom fram hjá hv. frsm., að skattsvik eru tvímælalaust allt of mikil. Ekki skal ég segja hvort það er rétt tala sem komið hefur fram, að skattsvik séu 27 milljarðar. Ég hef að vísu, eftir að ég heyrði þá tölu, reynt að afla mér upplýsinga um hana, en ekki getað fengið hana staðfesta hjá neinum fróðum manni um þessi mál. Raunar verðum við að hafa í huga, að mikið af því, sem við köllum skattsvik eða óeðlilega skattgreiðslu, má eflaust rekja til skattalaganna, þar sem því miður finnast, þrátt fyrir ítrekaða viðleitni, ýmsar glufur sem ýmsum tekst að sleppa í gegnum að því er virðist. Ég vona því að töluvert af þessari ískyggilegu upphæð sé þannig til komið og megi lagfæra með ítrekaðri athugun á skattalögunum.

Engu að síður eru skattsvik allt of mikil og sérstaklega alvarlegt að iðulega tekur meðferð þeirra nokkuð langan tíma í því kerfi sem við búum við, og auðvelt er að sýna fram á í verðbólguástandi eins og okkar að skattsvik geta jafnvel verið arðvænleg, þ. e. a. s. ef málarekstur tekur langan tíma og sektir eru ekki nógu miklar. Nú er það hins vegar staðreynd, að í þeim lögum, sem koma til framkvæmda eftir áramótin, er tekið miklu harðar á þessu en áður var og skattsvik færð undir svipuð ef ekki sömu refsiákvæði og önnur skyld afbrot. M. a. er í lögunum heimild til fangelsunar eftir ítrekuð brot, ef ég man rétt í allt að 6 ár. Ég hygg því, að segja megi að refsiákvæði séu orðin fullnægjandi eins og þar er gert ráð fyrir.

Núverandi ástand er þannig, að þessi mál fara um hendur skattayfirvalda og skattsektanefnd úrskurðar um refsiákvæði við skattsvikum. Gert er ráð fyrir að leggja hana niður og sameina hana ríkisskattanefnd. Hvort það breytir þessu ástandi eitthvað skal ég ekki um segja. Þó hygg ég að það hljóti að gera það, því að nefndin verður föst stofnun með fast starfslið og á að hafa meiri möguleika til þess að hraða meðferð þeirra mála sem þangað koma. Síðan geta mál að sjálfsögðu farið fyrir dómstóla.

Undan því hefur verið kvartað að mál, sem fara fyrir dómstóla, sem eru mjög fá, — ég bið menn að taka eftir því að þau mál eru mjög fá, sem áfrýjað er til dómstóla, — taki þar langan tíma og skattsvik fái ekki þar þá meðferð sem nauðsynleg er, jafnvel í þessum fáu tilvikum. Þar hygg ég að sé fyrst og fremst um tvennt að ræða. Álag er ákaflega mikið á saksóknara ríkisins sem fær slík mál, og hjá dómstólum, sem fjalla um málin, er ekki sú sérfræðiþekking fyrir hendi, sem nauðsynleg kann að vera í þessu sambandi. Nú er það spurningin, hvernig eigi að ráða bót á þessu.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að setja á fót sérstakan dómstól sem fjalli um rannsókn og dæmi í slíkum málum. Ég hef lýst því áður opinberlega, að ég er mótfallinn því að setja á fót sérstakan dómstól. Ég tel að þetta megi leysa með því að skapa þá sérfræðiþekkingu hjá saksóknara og dómstólum, sem nú eru, að hraða megi meðferð slíkra mála. Ég óttast og reyndar veit að sérstakur dómstóll muni hafa í för með sér miklu meiri kostnað. Það liggur í hlutarins eðli, en þyrfti að skoðast nánar, m. a. í tengslum við þetta frv. Upplýsingar þurfa að koma fram um slíkan kostnað. Sérhver sérstakur dómstóll hefur meiri kostnað í för með sér en efling þeirra dómstóla og stofnana innan ríkiskerfisins sem þegar eru fyrir.

Einnig hefur athygli verið vakin á því, að mál sem þessi eru einnig oft flækt inn í önnur afbrotamál, sem þá mundu ekki falla undir slíkan dómstól. Því yrði málið að vera mál fleiri aðila, kannske fleiri rannsóknaraðila og fleiri aðila í dómsmeðferð, sem að sjálfsögðu mundi verða þyngra í vöfum. Auk þess gengur þessi hugmynd gegn þeirri hugmynd, sem fylgt hefur verið upp á síðkastið, að aðskilja rannsókn og dóm, en um það hefur verið almenn samstaða. Hygg ég að allir, sem að þessum málum starfa nú, séu mjög á þeirri skoðun, að sá aðskilnaður, sem orðinn er á þessu með rannsóknarlögreglu ríkisins nú, sé verulega til bóta og stuðli að hraðari meðferð mála í rannsókn og betri rannsókn þeirra. Ég lýsi því einnig efasemdum mínum um það atriði að sameina beri rannsókn á skattsvikamálum og dómsmeðferð.

Ég vil þó endurtaka að lokum að þessi mál þarf vitanlega að lagfæra og þau þurfa að fá ákveðnari meðferð í kerfinu. Þau eru ekkert betri afbrotamál en hver önnur fjársvik og mér virðist að því miður hafi ekki verið þannig á málin litið í ýmsum tilfellum, a. m. k. bera sektir ekki vott um það, finnst mér. Þetta þarf vitanlega að breytast. Þetta er þjófnaður, engu betri en hver annar þjófnaður í þjóðfélaginu. Því hafa þessi mál nú verið tekin til endurskoðunar.

Frsm. sagði að allir stjórnmálaflokkar hefðu lofað bót og betrun. Ég skal ekkert segja um það, en ég vil leggja á það áherslu, að dómsmrn. er ákveðið því að stuðla að endurbótum á þessu sviði. Fulltrúi þess vinnur með fulltrúum skattyfirvalda og fjmrn. að þessari skoðun nú, og ég geri mér fastlega vonir um að niðurstöður af þeirri

athugun liggi fljótlega fyrir. Getur þá sú n., sem þetta mál fær til meðferðar, að sjálfsögðu fengið aðgang að þeim. Ég geri jafnframt ráð fyrir því að þær niðurstöður leiði til stjfrv. um bætta meðferð á þessum málefnum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka það fram, að ég hef ekki á móti því að sérstakur dómari og rannsóknardeild í skattamálum og bókhaldsmálum verði sett á laggirnar og allt verði gert til þess að koma í veg fyrir afbrot, hvort sem þau eru í skattframtölum eða framin á annan hátt. En það hefur gengið sú alda yfir landið og þjóðina um nokkuð langan tíma, sérstaklega frá ungum mönnum komin, að báknið skuli burt, og það hefur verið kosningamál bæði Alþfl.-manna og sjálfstæðismanna af yngri árgöngum.

Mér þætti gaman að vita hvað flm. gera ráð fyrir að þessi sérstaka rannsóknardeild í skattamálum ætti að verða stór. Kemur hún í staðinn fyrir eitthvað af því, sem er í núgildandi kerfi, og minnkar kostnað? Það er kannske enginn aukakostnaður við þetta, engin stækkun á bákninu.

Við erum í vandræðum með að koma saman fjárlögum. Óskhyggja þessara yngri manna, bæði hér innan Alþ. og utan, og fjárlögin stangast á. Annars vegar vilja þeir báknið burt, en koma svo með hverja till. á fætur annarri, sem saman komnar kosta þjóðfélagið ekki hundruð millj. á fjárl., heldur miklu meira en það.

Auk þess er ýmislegt í grg. þessa frv. sem ég á erfitt með að sætta mig við án frekari skýringa. Þeir segja í 2. mgr.: „Það er skoðun þeirra," sem sagt privatskoðun þeirra „sem þetta mál flytja, að skattsvik og bókhaldsafbrot hafi valdið miklu tjóni á undanförnum árum, bæði efnahagslegu og ekki síður siðferðislegu." — Hvað styður þessa skoðun? Við vitum að það hafa komið upp skattsvikamál og afbrotamál. En hér á að gera þetta að stóru máli, að skattsvikin og þessi siðferðislegu áhrif séu það mikil að það kosti sérstaka deild í ríkiskerfinu! Ég efast um að flm. geti rökstutt þá hugsun sína með tölum, þó auðvelt sé að finna nokkur áberandi og stór dómsmál sem hafa komið upp í okkar litla þjóðfélagi. Síðan er haldið áfram og fullyrt, að dómskerfið „hefur reynst allsendis ófært um að snúast gegn þessum vandamálum, bæði vegna þess að á slík mál hefur ekki verið lögð sérstök áhersla, dómskerfið almennt hefur verið seinvirkt" o. s. frv. — Er það nú rétt? Hefur íslenskt dómskerfi reynst allsendis ófært? Ég held ekki.

Enn er haldið áfram og notað þetta fræga orð: Neðanjarðarhagkerfið, sem svo hefur verið kallað, er umfangsmikið á Íslandi." — Hvaðan hafa flm. þessar upplýsingar? Ég er búinn að vera í viðskiptum frá því 1956 að ég sneri til baka frá útlöndum, og ég verð að segja alveg eins og er að ég þekki ekki þetta neðanjarðarhagkerfi og hef ekki heyrt talað um neðanjarðarhagkerfi fyrr en þetta orð var fundið upp. Og hvað er það, ef komið er sérstakt hagkerfi? Það er þá orðið hagkerfi við hliðina á öðru. Það getur ekki verið neitt neðanjarðarhagkerfi, það er alveg útilokað. Það hlýtur að vera alveg augljóst, að það væri þá tvenns konar stjórnsýsla í landinu. Ég vildi gjarnan fá betri skýringar á þessu. En þeir segja í grg., að þar komi til atriði, sem augljóslega séu brot á skattalögunum, og eins atriði, þar sem óljóst sé, vegna óljósra heimilda, hvort verið sé að brjóta skattalög. Ég hef aldrei orðið var við að það væru einhver óljós mörk þarna á milli. Annaðhvort er verið að brjóta lög eða það er ekki verið að brjóta lög. Ef það er einhver vafi, þá skulum við a. m. k. hafa það eins og hjá siðmenntuðum þjóðum, að ef það sannast ekki á mann glæpur sé hann a. m. k. saklaus þangað til eitthvað sannast á hann.

Síðan heldur áfram: „Má þar til taka hina augljósu tilhneigingu þeirra, sem að rekstri standa, til þess að skrá meira eða minna af einkaneyslu sinni á rekstur fyrirtækjanna." — Ég verð að segja alveg eins og er, að ég er steinhissa á, af hve miklu reynsluleysi og þekkingarleysi á viðskiptum flm. tala. Ég held að skattstofan og þeir, sem vinna að skattamálum hér, séu mjög samviskusamt fólk, og ég veit að niður í smáatriði hafa skattstofurnar gert aths. við skattframtöl bæði smárra og stórra fyrirtækja. Ég held að það sé einmitt mjög mikið leitað eftir því, að ekki sé sett inn í bókhald fyrirtækja eða rekstraraðila það sem ekki á heima þar, svo sem einkaneysla manna. Ég held að það sé miklu meira úr þessu gert heldur en efni standa til, af því að það skal berja það inn í þjóðina, hvort sem hún vill eða vill ekki, að hér séu ekkert annað en skattsvikarar og, eins og ég orðaði það um daginn, „bandítar" sem stunda sjálfstæðan og frjálsan verslunarrekstur eða atvinnurekstur yfir höfuð. Þetta skal niður í hvern einasta mann, hvort sem hann vill gleypa það eða gleypa það ekki. Og það er kominn tími til þess kannske sérstaklega að þeir ungu menn, sem eiga að erfa landið, geri sér það ljóst að þeir geta ekki haldið áfram að berja tortryggni inn í fólk. Það er alveg útilokað. Þessu má ekki halda áfram.

Síðan heldur áfram: „Að því má leiða nokkur rök, að það hefur ekki verið pólitískur vilji þess meiri hl., sem stjórnað hefur samfélaginu á hverjum tíma, að hafast að gegn skattsvikum og bókhaldsafbrotum." — Hvers konar ásakanir eru þetta? Á ég að trúa því, að nokkur þm. eða nokkrir þeir, sem hafa farið með stjórnvöld á Íslandi, vilji leggja þessum skilningi lið, að það hafi ekki verið vilji pólitískra yfirvalda að fara að lögum og vinna gegn þeim sem gera tilraunir til skattsvika eða bókhaldsafbrota? Ég trúi ekki að til séu nein rök hjá flm. sem styðja þessar fullyrðingar.

Ég er alveg sammála því, sem síðar kemur hér fram, að ef það er skortur á aðgerðum gegn skattsvikum hjá stjórnvöldum, þá þarf að eiga sér stað viðhorfsbreyting og þá þurfa þau að viðurkenna að skattsvik og bókhaldsafbrot eru sjúkdómseinkenni á samfélaginu. En ég trúi því ekki að stjórnvöld hafi ekki alltaf álitið það vera sjúkdómseinkenni á þjóðfélaginu eða á einstaklingnum að brjóta lög og svíkja og pretta.

Hér neðst á blaðinu segir svo: „Samspil verðbólgu, aukinna skattsvika og aukinnar tilhneigingar bókhaldsafbrota er vafalaust mikið." — Er það mikið? Er það ekki mikið? Þetta er ágiskun flm. Það hlýtur að vera mikið. Það hlýtur að vera 27 milljarðar, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan. Hann hafði heyrt það einhvers staðar í umr. Það er vafalaust mikið, er sagt hér. Þetta finnst mér ekki hægt að leggja fyrir Alþ. Það verður að vera miklu ákveðnara þegar ásakanir koma á fólk sem er bókhaldsskylt, og það er yfirleitt það fólk sem viðheldur atvinnuvegunum á Íslandi — því sem enn þá er í höndum annarra en opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga.

Ég er ekki að mæla á móti þessu frv. Ég sé ekkert athugavert við það, að rannsókn á skattamálum og bókhaldsmálum sé mikið hert, ef það er hægt. Hvort það er rétt að gera það með nýju bákni skal ég láta ósagt. En af hverju endilega að tiltaka þá sem hafa rekstur? Af hverju

ekki t. d. að taka stéttir eins og stétt l. flm., kennarastéttina. Gefa þeir allt upp? Er það alveg ljóst mál, að þeir gefi upp öll sín laun, aukatekjur af einkatímum o. fl.? Ég vil ekki segja að þeir geri það ekki, en ef það á að fara að rannsaka, þá á að rannsaka hagi fólksins alls, hvar sem það hefur tekjur. Ég skal ekkert segja um það, hvort kennarar, sem skrifa í blöðin, gefa upp tekjur sínar skilvíslega til skatts eða ekki, — það þarf kannske að rannsaka það, — eða þegar þeir blaðra í útvarp eða sjónvarp. Ég sé ekkert minni ástæðu til þess að athuga það en athuga þá aðila sem viðhalda vinnumarkaðinum á Íslandi.

Eins og hv. þm. heyra, hef ég talsvert mikið við grg. að athuga. Hún er full af fullyrðingum, órökstuddum stóryrðum, sem ekkert mark er takandi á. En ég hef ekkert á móti því, að skatteftirlit sé hert og bókhaldseftirlit sé stórhert. *En ég vildi gjarnan fá að vita, af því að það eru* stjórnarþm. sem flytja þetta frv.: Hvað þýðir þetta á fjárl.? Ekki nákvæmlega, heldur nokkurn veginn. Við vitum að ríkisstj. og þá stjórnarflokkarnir eiga í miklum erfiðleikum með að koma saman fjárl. En tvö síðustu mál, sem nú eru á dagskrá hér, — frv. til l. um sérstakan dómara og rannsóknardeild í skattamálum og bókhaldsmálum — er annað þeirra — eru gríðarlega kostnaðarsöm fyrir ríkið. Ég er alveg sannfærður um að það, sem kemur út úr rannsóknunum í auknum greiðslum vegna skattsvikamála, sem upp komast, stendur ekki undir slíku bákni. Það er gersamlega útilokað. Miðað við þá veltu, sem er í þjóðfélaginu, er það útilokað.

Næsta mál hér á undan var um stóraukinn kostnað við psoriasissjúklinga, sem er kannske alveg nauðsynlegt og ég er alls ekki að mæla því á móti, — en hvað kostar það? Er nú rétti tíminn til að flytja slíkt mál? Óska flm. eftir að þessi mál verði samþ. snarlega, þannig að starfsemin, sem þarna er gert ráð fyrir, komi inn á fjárlög núna? Eða er þetta bara sýndarmennska til að fullnægja kosningaloforðum og glamri sem við hefur verið haft?

Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að undirstrika þær aths. sem ég hef gert við grg. En áður en ég treysti mér til að samþykkja þetta frv. vil ég vita af hvaða stærð þetta nýja bákn er og hvaða bákn á að fara í burt í staðinn, vegna þess að það hefur verið prédikun bæði Alþfl.-manna og sjálfstæðismanna, eins og ég tók fram, að báknið skuli burt. En það er auðséð að þeir vilja ekki skilja eftir neina eyðu þegar það bákn fer í burtu, þeir vilja bara að það komi nýtt. Og hvað kostar það um það bil.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er nú kominn upp í mér kappreiðadómarinn. Ég er svo lukkulegur, að mér hefur af góðum félögum mínum í hestamannastétt verið falið um nokkuð langt árabil að vera dómari á ýmsum góðum hestamannamótum. — *Það mátti ekki* skilja vera, að hv. þm. Alþfl. kæmu í mark. Þeir náðu öðru sætinu með sóma. Fyrsta sætið hlaut að þessu sinni hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem flutti á þskj. 123 till. til þál. um herferð stjórnvalda gegn skattsvikum. Þessi till. *er flutt í Sþ. og vonandi gefst okkur tækifæri til* þess að ræða hana seinna og taka til skoðunar, en út á þetta fékk hann fyrsta sætið. Annað sætið fellur sem sagt í hlut hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir frv. til l. á þskj. 128. Það fer nú að liggja eftir hlutur okkar framsóknarmanna. Ég verð að játa það, þó að dómarar á kappreiðum eigi að vera óhlutdrægir, að ég bíð með önd í hálsinum eftir skattafræðingi okkar framsóknarmanna, hv. þm. Jóni Helgasyni. Kemur hann ei senn? Hann er nefnilega formaður þeirrar nefndar, sem ríkisstj. hefur að störfum við endurskoðun skattalaganna. Þessa nefnd skipa — mönnum til upplýsingar ef það vita það ekki allir: Fulltrúi Alþb. hv. þm. *Ólafur Ragnar Grímsson, sem raunar tók forustuna eins* og ég hef áður lýst, annar nm. er hv. þm. Ágúst Einarsson, flokksbróðir þeirra hv. þm. Vilmundar og Jóhönnu, sem eru búin að rétta rækilega hlut hans, en hv. þm. Jón Helgason, og fjmrh. eru seinastir. Ég vil nú geta þess, að *ég geri ráð fyrir því að þeir muni fá knapaverðlaunin, því* að þeir koma nú sennilega fallegast að marki. (Gripið fram í.) Ég á fastlega von á því að þeir nái marki, enda hef ég fyrir því orð dómsmrh. héðan úr ræðustólnum, og hann fer nú ekki með neitt fleipur eins og menn vita.

Ég er efnislega samþykkur því, að skattsvik eru slæmur glæpur og það eru vafalaust mikil brögð að skattsvikum í þessu þjóðfélagi. Hve mikil brögð eru að þeim veit ég ekki, hvort þau eru 27 milljarðar eða eitthvað annað. Ég verð að játa það, að ég þekki ekki þetta neðanjarðarhagkerfi heldur, ég er ekki kunnugur þar. Ég er ekki heldur kunnugur meðal huldufólks eða álfa, sem ég hef líka heyrt sagt að væru til og m. a. s. vildi gjarnan trúa að væru til, en er reyndar ekki alveg viss um.

Í grg. þessari, sem síðasti ræðumaður gerði mjög að umræðuefni, er þó nokkuð þungum steinum kastað, m. a. að starfsmönnum skattstofa. Á þeirri skattstofu þar sem ég þekki til, skattstofunni í Norðurlandskjördæmi vestra, á Siglufirði, vinnur samviskusamt fólk, og ég held að það vinni býsna gott starf.

Það er kastað þungum steinum að dómskerfinu, en það hefur nú verið gert fyrr af sumum hv. þm. og raunar áður en þeir urðu þm. Þetta, að tala um getuleysi dómskerfisins og hvað það sé nú mikið vandræðabarn og hvað óskaplega mörg brot viðgangist nú til og frá um þjóðfélagið, minnir mig á söguna af stráknum — það var smali — sem sat yfir kindum suður í Alpafjöllum, og honum leiddist. Hann var einn og hann langaði til þess að láta á sér bera. Honum datt þá í hug að æpa: „úlfur, úlfur." Þá kom fólk hlaupandi úr þorpinu til þess að hjálpa stráknum og gá að úlfinum. En það var enginn úlfur. Það sneri nú heim og var hálfergilegt yfir þessu. Nokkrum dögum seinna kallar strákurinn aftur: „úlfur, úlfur", og þá koma þó nokkrir hlaupandi, en sneru við því að enginn úlfur var á ferðinni. Í þriðja sinn kom úlfurinn, og ég undirstrika að það getur vel verið að úlfurinn sé á ferðinni, en þá var búið að hvekkja fólkið, það tók enginn mark á stráknum og déskotans úlfurinn át strákinn.

Það eru nokkuð miklar sakfellingar í þessari grg. og komist þannig að orði, að ég er ekki alveg samþykkur *því, T. d. segir hér, með leyfi forseta:* „Jafnljóst er, að stjórnkerfið hefur reynst mikið til ófært um að snúast gegn þessari þróun. Alkunn eru dæmi um að mál af þessari tegund hafa verið á ferðinni fyrir dómstólum á annan áratug. Fjölmörg mál af þessu tagi, sem um hefur verið fjallað í opinberri blaðamennsku samtímans, hafa hins vegar tafist mjög fyrir dómstólum." — Miklir menn erum við, Hrólfur minn, í þessari opinberu blaðamennsku samtímans.

Ég er að nokkru leyti sammála hv. síðasta ræðumanni, Albert Guðmundssyni, um að það sé ósmekklegt að láta að því liggja að skattsvik þrífist hvergi nema hjá at-

vinnurekendum, eins og mér virðist tónninn í þessari grg. gefa nokkurt tilefni til. Það getur vel verið að atvinnurekendur svíki undan skatti, ég er ekki að mótmæla því. En það eru fleiri smugur á skattalögunum en svo, að atvinnurekendur hafi einir möguleika á að hagnýta sér þær. Þess vegna vona ég, þegar þeir flokksbræður mínir koma að marki, að takist að gildra upp í eitthvað af þeim götum.

Ég óska sem sagt hv. flm. þessa máls til hamingju með annað sætið. Ég endurtek andstöðu mína við skattsvikasvínaríið í landinu. En ég vil, með leyfi forseta, fá að fara með eina setningu, sem er merkileg að mínum dómi, úr grg. með till. til þál. á þskj. 123 frá Ólafi Ragnari Grímssyni og fleirum. Þar segir með leyfi forseta: „Aldrei fæst neinn botn í allsherjarupprætingu tiltekinna afbrota." — Ég er dauðhræddur um að svo verði enn um sinn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það hafa ýmsir tekið eftir því í þjóðfélaginu, að stjórnmálamenn hafa verið nokkuð hugmyndaríkir að finna upp ýmis nýyrði. Það var einhver sem sagði við mig fyrir stuttu, að sennilega yrði verðbólguvandinn best leystur með samræmdri notkun á þeim nýyrðum sem stjórnmálamenn hefðu fundið upp, þ. e. a. s. að kasta „verðbólguófreskjunni" á „verðbólgubálið" og kalla svo til „verðbólguholskefluna" til að slökkva í.

Það mál, sem hér er til umr., er frv. til l. um sérstakan dómara og rannsóknardeild í skattamálum og bókhaldsmálum. Ég ætla ekki að gera grg. þessa frv. að umtalsefni, það hafa aðrir gert, en í sambandi við skattamálin almennt, og þetta frv. kemur þar inn í, eru nokkur atriði sem skipta verulegu máli.

Það er náttúrlega í fyrsta lagi löggjöfin sjálf á sviði skattamála. Á hana hafa menn lagt mjög mikla áherslu á undanförnum árum, en hins vegar tiltölulega minni áherslu á framkvæmd þeirrar löggjafar, sem fyrir er. Ég hef því enga fullvissu fyrir því, að það, sem fyrst og fremst vanti á sviði skattamála, sé ný og ný löggjöf. Það eru til mörg dæmi þess, að ný löggjöf hefur beinlínis spillt fyrir eðlilegri framkvæmd skattamála. Má í því sambandi vísa til hinna fjölmörgu undanþáguákvæða sem hafa verið sett af Alþ. Hér var nú fyrir stuttu verið að mæla fyrir einu nýju. Þó að það út af fyrir sig geti verið ágæt réttlætismál, þá hafa þessi undanþáguákvæði í söluskattslöggjöfinni mjög torveldað eðlilega framkvæmd þessara laga, þótt rekaviður á Ströndum sé að sjálfsögðu þar ekkert aðalatriði. En ég er t. d. fullviss um að þau undanþáguákvæði, sem nú nýlega eru komin á, torvelda eðlilega framkvæmd skattalaganna og auðvelda mönnum að svíkja undan skatti. Einnig gerir þetta bókhald þessara aðila miklu flóknara og þar með erfiðara að fylgjast með því. Einnig verðum við að hafa það í huga, að það er verulegur skortur á mönnum í þjóðfélaginu til þess að veita leiðbeiningar og annast þetta bókhald í þjóðfélagi eins og okkar, sem er að mestu leyti byggt upp af smáfyrirtækjum, sem hafa oft og tíðum ekki mikla peninga til þess að hafa starfsmann í fullri vinnu á þessu sviði. Í fyrirtæki vinna kannske 1-2 menn. Það er ljóst, að þetta fyrirtæki hefur ekki fjármuni til þess að kosta til að hafa sérstakan mann í bókhaldinu, hvort sem væri þörf á því eða ekki.

Menn ræða um að setja upp nýjan dómstól til þess að greiða fyrir framkvæmd skattalaga, þ. e. a. s. hér er um að ræða að samþykkja ný lög, sem flm. telja að muni bæta mjög úr í framkvæmd skattalaganna. Um það vil ég ekki fullyrða. Það hefur komið hér fram, að refsiákvæði skattalaganna eru talin fullnægjandi, og ég er þeirrar skoðunar. Hins vegar er ég þess fullviss, að það má bæta mjög um varðandi skipulagningu í framkvæmd skattamála. Það hefur nokkuð verið gert í þessa átt. T. d. var sett hér upp skattalögregla fljótlega eftir 1960, og menn urðu mjög greinilega varir við að það var mikil bót að tilkomu þessarar skattalögreglu í þjóðfélaginu. Ég held að menn hafi almennt, sem unnu að þessum málum eða í kringum þessi mál, orðið greinilega varir við það, hvort sem það hefur verið í skattkerfinu eða hjá endurskoðendum og öðrum aðilum sem koma nálægt þessum málum, og það varð að mestu upphaf að ákveðinni hugarfarsbreytingu, sem ekki hefur samt orðið nægileg. Við þurfum fyrst og fremst hugarfarsbreytingu í þessum málum, þannig að skattsvik séu fyrst og fremst álitin þjófnaður. Ég held að það, sem sé þýðingarmest, ef menn vilja ná sem mestum árangri á þessum sviðum, sé ekki beint dómstigið. Ég er viss um að þar má ýmislegt bæta, en það, sem ég held að sé mikilvægast á þessu sviði, ef menn vilja ná langt, er frumstigið, þ. e. a. s. efling skattstofanna og aukinn starfskraftur á skattstofunum til þess að vera í daglegu eftirliti.

Við höfum orðið vör við það í þessu þjóðfélagi, að orðið hefur gífurleg hugarfarsbreyting varðandi landhelgisbrot. Landhelgisbrot þóttu fyrir nokkrum árum ekki neitt sérstaklega alvarleg brot. Þeir þóttu oft menn með mönnum, sérstaklega stórir menn, sem skruppu oft inn fyrir til þess að ná sér í aukaafla. Það má vel vera að einhverjir skipstjórar í þjóðfélaginu hafi hreinlega verið reknir, vegna þess að einn var duglegur að fiska í landhelgi og varð aflakóngur, en hinn var alltaf utan við línu og fiskaði aldrei neitt. Það má vel vera að einhver skipstjóri hafi orðið fyrir því að vera rekinn fyrir það að fiska aldrei í landhelgi. Á þessu hefur orðið gífurleg breyting. Og vegna hvers er það? Það er vegna þess að Landhelgisgæslan m. a. hefur stóraukið eftirlit, hið daglega eftirlit, og einnig hefur umræðum í þjóðfélaginu verið háttað þannig, að mönnum er miklu betur ljóst en áður hversu takmarkaðar auðlindir okkar eru. Það þykir orðið alvarlegt í augum almennings að fremja landhelgisbrot. Með daglegu eftirliti á flugvélum geta skipstjórnarmenn alltaf átt von á að sjá Landhelgisgæsluna, og það er mjög fátítt, leyfi ég mér að fullyrða, að landhelgisbrot séu framin á Íslandi í dag. Það er kannske þess konar jákvætt eftirlit, — það hefur verið jákvætt eftirlit af hálfu Landhelgisgæslunnar, — sem menn þurfa fyrst og fremst á að halda úti í umdæmunum, að menn komi í fyrirtækin í eftirlitsferðir og leiðbeini þá einnig þeim mönnum sem þar starfa, komi ekki bara með því hugarfari að finna einhvern mann sem þurfi að draga fyrir lög og dóm, heldur til að framfylgja slíku jákvæðu eftirliti. Að sjálfsögðu ber að refsa mönnum, sem brjóta skattalög og framkvæma skattsvik, en þessi framkvæmd skattamálanna, þ. e. a. s. lifandi eftirlit, tel ég að sé það sem menn þurfa fyrst og fremst á að halda. Þess vegna hefði ég haldið að það væri hlutverk þeirrar nefndar, sem var skipuð á vegum stjórnarflokkanna í sambandi við skattamál, að finna leiðir til þess að bæta framkvæmd skattalaganna.

Ég sá í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, að þar er gert ráð fyrir 75 millj. kr. í þessu sambandi, og það er afskaplega

mikilvægt hvernig þessum fjármunum verður varið. Ef menn komast að þeirri niðurstöðu, að þeim verði best varið í nýjan dómstól, þá er sjálfsagt að verja þeim þannig. En við skulum líka hafa í huga, að við höfum dómstól á sviði skattamála sem á að fá viðtækari verkefni nú um næstu áramót, og það er ríkisskattanefnd. Eins og ríkisskattanefnd verður sett upp með nýjum lögum um tekju- og eignarskatt, þá er ríkisskattanefnd mjög keimlík dómstól og verður vart annað en dómstóll, því að mál, sem vísað er til ríkisskattanefndar, eru ekki send til héraðsdóms, heldur fara þaðan beint til Hæstaréttar. Ríkisskattanefnd er þarna það millistig sem héraðsdómurinn er í hinu almenna dómskerfi, þannig að ríkisskattanefnd er ekkert annað en dómstóll á sviði skattamála. Við höfum því þennan dómstól fyrir. Aðeins er spurning um það: Vilja menn breyta þeim dómstól, sem ríkisskattanefnd er? — Ég vildi aðeins benda flm. á að þarna er fyrir hendi dómstóll.

Það er ýmislegt fleira í gangi í þjóðfélaginu varðandi hert eftirlit með bókhaldi fyrirtækja. Það var hér á Alþ. s. l. vetur samþ. mjög ítarleg löggjöf um hlutafélög. Þessi hlutafélög mörg hver, miðað við ákveðna veltu, verða skyldug til þess að skila reikningum sínum árituðum af löggiltum endurskoðanda sem hefur mikla ábyrgð með tilvísun til þeirrar áritunar. Þetta hefur einnig verulega þýðingu.

Það er sem sagt ekki aðalatriðið að koma upp sem mestu eftirliti á vegum ríkisins. Þarna eiga að vera óháðir aðilar sem eiga að framkvæma visst eftirlit sem bæði kemur skattyfirvöldum til góða, hinum almenna hluthafa og þeim sem skipta við þessi félög. Þetta verðum við allt að hafa í huga. Þó að þetta út af fyrir sig komi ekki þessum dómstól við vildi ég aðeins benda á það.

Þá er eitt vandamál varðandi eftirlit skattamála sem er einnig verulegt, og það er að fá til starfa sérhæfða starfskrafta. Þetta hefur verið verulegt vandamál. Jafnvel þótt skattstofur og rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafi til þess heimild að ráða starfsmenn, þá hefur það oft og tíðum reynst þeim erfitt að fá sérhæft starfsfólk til þessara starfa vegna þess að þessum mönnum er oft betur greitt annars staðar í þjóðfélaginu en er á vegum ríkisins. Það er sem sagt ekki nóg að koma upp nýjum og nýjum stofnunum. Það verður einnig að liggja ljóst fyrir, að mögulegt sé að fá þar sérhæft starfsfólk til starfa. Mér hefur verið sagt, að það hafi gengið erfiðlega að fá sérhæft starfsfólk á sviði bókhaldsmála til starfa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þess vegna verður einnig að hyggja að því, að það reynist mögulegt að fá slíkt fólk til starfa við þennan nýja dómstól verði hann settur upp.

Skattsvik eru örugglega nokkur í þjóðfélaginu, og við verðum sennilega aldrei fær um að útiloka þessi svik algerlega, en það hlýtur að vera markmiðið að þau verði eins lítil og mögulegt er. Í þessu sambandi er alltaf spurning hversu langt á að ganga í því að fylgjast með högum manna. Það er hægt að fylgjast miklu nánar með högum manna í þjóðfélaginu en gert er, fylgjast miklu betur með einkaneyslu þeirra. Það er sjálfsagt ekkert vandamál að fara í bókhald þess eina millilandaflugfélags sem er hér á landi, fá lista yfir það, hverjir fara til útlanda, og setja miða um það inn í skattframtal hvers einasta manns. Það er ekkert vandamál að fá lista um það frá gjaldeyrisdeildum bankanna, hverjir fá gjaldeyri til þess að ferðast til útlanda. Það er ýmislegt hægt að gera. En það er sem sagt spurningin: Hvað á að ganga langt í því að fylgjast með högum hvers einasta einstaklings í þessu þjóðfélagi? Það eru takmörk fyrir því, jafnvel þótt við gætum fengið stórbætt skattaeftirlit með því, sem er ekki nokkur vafi.

Menn mega ekki skilja þetta svo, að ég sé að mæla á móti skattaeftirliti. Ég hef oft áður hér á Alþ. lagt á það áherslu að bæta framkvæmd skattamála og bent á, að það væri mönnum betra að leggja meiri áherslu á það en vera alla tíð að breyta löggjöf um skattamál. Hins vegar verðum við að hafa það í huga varðandi þessi mál eins og önnur, að það eru vissulega takmörk fyrir því, hvað við gætum gengið langt í þessum efnum.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Það veldur óneitanlega nokkrum vonbrigðum, að hæstv. dómsmrh. skuli ekki vera samþykkur þeirri hugmynd sem hér er verið að leggja til. Það hefur komið fram, að í sambandi við stjórnarmyndunarviðræðurnar s. l. sumar voru þessi mál einmitt rædd og reifuð, og það er rétt, að það var áherslumunur af því tagi sem hér hefur verið gerður að umræðuefni. Við í mínum flokki vorum þeirrar skoðunar, að þetta væri skynsamleg og fær leið, en í flokki hæstv. dómsmrh. voru menn annarrar skoðunar. En hvað sem því líður er það eðlileg leið að reyna að koma þessu með þinglegum hætti fram.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að þetta mundi verða dýrt. Auðvitað er það rétt. Það hefur orðið samkomulag um að það verði eins og síðasti ræðumaður raunar gat um, 75 millj. kr. varið sérstaklega til aukins skatteftirlits á nýjum fjárlögum sem hér hafa verið til umr. Og þar sem sérstakri fjárveitingu er að þessu sinni varið til þessa verkefnis, þá hygg ég að það væri skynsamlegt ef hægt væri að nota þetta fjármagn, sem þegar hefur verið gerð till. um, til þess að fara nýjar leiðir og byrja á nýjum aðferðum til þess að snúast gegn þessum vágesti. Það er sannfæring mín, að þó að þetta sé auðvitað dýrt — 75 millj. kr. eru miklir fjármunir — sé þetta á hinn bóginn í þessu tilfelli fjármagn sem áreiðanlega mundi margfalt skila sér aftur. Út af fyrir sig hygg ég því, að þetta mundi, þegar fram líða stundir, vera ríkissjóði ábatasamt í beinum peningalegum skilningi. En þar fyrir utan þjónar það markmiðum bæði siðferðis og réttlætis, að svo sé búið um hnútana að því er tekur til skattamála að menn geti ekki stundað það í ábataskyni að svíkja undan skatti, eins og hæstv. dómsmrh. sagði og sagði áreiðanlega réttilega að hér hefði verið gert um langt skeið og er einkenni á þessu samfélagi.

Hæstv. dómsmrh. gat um að það væru margir í dómskerfinu þeirrar skoðunar, að þetta væri ekki skynsamlegt. Um þetta eru skiptar skoðanir. Ég vísa til þess, að í sjónvarpsþætti fyrir tveimur eða þremur vikum var einmitt skattrannsóknastjóri þeirrar skoðunar, að þetta mundi vera viturleg og árangursrík leið. En það er auðvitað rétt, að um þetta eru skiptar skoðanir meðal sérfróðra manna. Sjálfur hef ég rætt um þetta við fjölmarga sem við þessi störf vinna, og annars vegar þykir mér það vera samdóma niðurstaða, hvað þetta er mikið vandamál hér í samfélaginu, og svo hitt, að það verði með einhverjum hætti að snúast gegn þessu eftir öðrum og árangursríkari leiðum en við höfum gert undanfarið.

Hæstv. ráðh. gat um það í umfjöllun sinni um þessi mál, sem annars var afar vinsamleg, að það væri jafnvel verið að leggja til að flækja þetta kerfi. Um það er ég honum ekki sammála, vegna þess að töluvert kjaraatriði

þessa máls er að þessi mál verði öll flutt undir eitt rn., verði flutt undir dómsmrn. Það spor út af fyrir sig held ég að væri til einföldunar og ekki til þess fallið að flækja þessi mál.

Hv. 1. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, fór nokkrum orðum um þetta frv. Hann talaði um að menn hefðu verið að blaðra í útvarpi og sjónvarpi. Ég verð nú að segja eins og er, að það er hægt að blaðra víðar en í útvarpi og sjónvarpi, m. a. í ræðustól á Alþingi, eins og mér þótti mál hans bera rækilegt vitni um.

Það hefur aldrei verið skoðun eða stefna Alþfl., að báknið skyldi fara burt. Við töluðum gjarnan um að bæta báknið, og það er vissulega margt sem þar þarf að bæta. Það er hins vegar misskilningur að þetta sé einhver samciginleg stefna þessa tveggja flokka.

Í framhaldi af því spurði hv. 1. þm. Reykv., hvað gert væri ráð fyrir að þetta væru stórar upphæðir. Í fjárlagafrv., sem legið hefur hér á borðum, er talað um 75 millj. kr. til þessa tiltekna verkefnis. Það eðlilega hangir saman við þessa hugmynd, að ef þetta yrði að lögum, þá geri ég ráð fyrir að þeim fjármunum yrði til þess varið eða mestum hluta þeirra.

Hv. 1. þm. Reykv. *fór nokkrum orðum um þá grg.*, sem þessu frv. fylgir, og þ. á m. með ívitnanir í svokallað neðanjarðarhagkerfi, sem mér skildist að hann þekkti ekki eða vissi ekkert af. Ég held að þeir, sem hafa augu sem sjá og eyru sem heyra í þessu *þjóðfélagi, viti* það mætavel, að úti um samfélagið allt er iðulega hrópandi misræmi á milli uppgefinna tekna fjölmargra einstaklinga annars vegar og hins vegar lifnaðarhátta þessa fólks. Ég verð að segja það alveg eins og er, að þeir, sem ekki þykjast um þetta vita og aldrei hafa um þetta heyrt, eru annaðhvort blindir eða heyrnarlausir — nema hvort tveggja sé. Þetta er svo áberandi einkenni á efnahagslífi í samfélagi okkar, að ég hefði haldið að um það þyrfti ekki að deila að þetta væri til, heldur um hitt, hversu háar upphæðir þetta væru og með hverjum hætti væri skynsamlegast að uppræta þetta. Ég fullyrði það, sem í þessari grg. segir, að þrátt fyrir almennar yfirlýsingar, sem iðulega hafa orðið almennt hjal, hefur ekki verið pólitískur vilji meiri hl. hér til þess að snúast gegn þessu, því að ef svo hefði verið — við skulum segja á s. l. tveimur áratugum eða lengur, þá væri þetta ástand ekki eins alvarlegt og það er. Með þessu frv. er verið að gera alvarlega tilraun til þess að löggjafinn snúist gegn þessu með áþreifanlegum aðferðum. Ef fleiri eru sömu skoðunar og hv. 1. þm. Reykv., að raunverulega sé þetta svo lítið að varla þurfi um það að tala, þá geri ég auðvitað ráð fyrir að umbótaviðleitnin muni ganga hægt.

Hv. 1. þm. Reykv. *fjallaði um það í nokkrum orðum* líka, að í grg. með þessu frv. væri sérstaklega snúist gegn atvinnurekstri. Ég fullyrði að þetta, sem við höfum kallað neðanjarðarhagkerfi og er m. a. það, hvernig einkaneysla er skráð sem *rekstrarkostnaður við fyrirtæki*, er sérstaklega áberandi hjá rekendum fyrirtækja eðli málsins samkvæmt. Og ég endurtek, að það er eðli málsins samkvæmt. Hvort einhverjir kennarar t. a. m. taka aukatíma og gefa ekki upp til skatts, — ég efa ekki að það er eitthvað um það líka, og það er lögbrot alveg sams konar náttúru og það sem hér hefur verið lýst. Ég fullyrði hins vegar að fjárupphæðirnar þar eru miklum mun minni en í því dæmi, sem fyrr var um getið.

Ég verð að segja alveg eins og er, að mér þykja ræður eins og þær, sem hv. 1. þm. Reykv. flutti hér áðan, vera til þess fallnar að draga úr viðleitni eins og þeirri sem hér er verið að reyna að hafa í frammi, og ég dreg enga dul á að mér leiðist að þurfa að sitja undir slíku. Ég hef á tilfinningunni *að verið sé að gera lítið úr þeim vandamálum* sem hér eru, og þar held ég að sé rangt að staðið hjá hv. 1. þm. Reykv.

Hv. þm. Páll Pétursson talaði hér á eftir hv. þm. Albert Guðmundssyni og sagði *alkunna dæmisögu íhaldsmanna* allra tíma, söguna um úlfinn. Þessi saga virðist alltaf vera sögð af náttúrlegum íhaldsmönnum, þegar þeir snúast gegn umbótum af því tagi sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni. En vandinn í sögunni var óvart sá, að úlfurinn var til og það endaði á því að hann át strákinn. Hann er nú búinn að éta u. þ. b. helminginn af stjórnmálaflokki hv. þm. Ég satt að segja sting upp á því við hann í fullri vinsemd, að hann hverfi frá þessari brandaralegu íhaldssemi sinni og fari heldur að snúa sér að alvörumálum.

Það reyndist vera svo, að úlfurinn var til. Það er alveg eins með neðanjarðarhagkerfið: úlfurinn er til. Þó að menn snúist gegn hugmyndum af þessu tagi, eins og þm. raunverulega var að gera, finni þeim allt til foráttu, en segist svo almennt vera samþykkir þeim engu að síður, þá er málflutningur af því tagi ekki fallinn til þess að bæta um í samfélaginu.

Að lokum vil ég segja að ég er sammála hv. þm. *Halldóri Ásgrímssyni þegar hann segir að þrátt fyrir allt* sé kjarni málsins sá, að hér þurfi að koma til hugarfarsbreyting. Þetta er rétt. Ég held að það sé líka rétt hjá honum, að á miðunum að því er tekur til landhelgisbrota hafi verulegur ávinningur orðið á s. l. árum, vegna þess fyrst og fremst að það hefur farið fram hugarfarsbreyting. Til að vitna í alkunn orð: Brot af þessu tagi eru litin alvarlegri augum en gert var fyrir nokkrum árum. Sams konar breyting verður að fara fram í samfélaginu að því er tekur til skattsvika. Hvort sem menn vilja afneita því, að þau séu til, eins og hv. 1. þm. Reykv. var raunar efnislega að gera, eða menn vilja verja þau með fimmaurabröndurum, eins og hv. þm. frá Norðurl. v. gerði, þá sér samfélagið allt að þetta er til og þetta er mikið vandamál. En ég vil samt taka undir með hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, að mikilvægari en allar kerfisbreytingar er sú breyting að það fari fram hugarfarsbreyting í samfélaginu sjálfu, að stjórnvöld hafi um það nánast forgöngu að rækta hugarfarsbreytingu, að rækta þá afstöðu manna, að skattsvik og efnahagsleg afbrot af öðru tagi séu tekin alvarlega, þau séu ekki vægari brot en önnur afbrot. Þetta er ein tegund þjófnaðar og gegn þessum afbrotum ber að snúast sem slíkum. Eigi þessi hugarfarsbreyting sér stað, — það hefur ekki gerst enn, en eigi hún sér stað, — þá verður mikið af vandanum yfirunnið, en aðrar breytingar eru minni háttar miðað við það sem hér hefur verið lýst.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vona að hv. 7. þm. Reykv. eigi eftir að verða fyrir því láni, að hjá honum verði hugarfarsbreyting. Það hlýtur að vera eitthvað að hjá *ungum manni sem gengur um með það sem aðalvopn* á þjóðfélagið og náungann að eitthvað hljóti að vera að hjá öllum öðrum en honum sjálfum. Ég held að það verði okkur öllum í þjóðfélaginu fyrir bestu, að slíkt hugarfar breytist, sérstaklega þegar það getur haft áhrif á gang þjóðmála. Íslenska þjóðin er ekki saman sett af smærri eða stærri glæpamönnum, það verðum við allir að skilja.

Ég er ekki að mæla skattsvikum bót, nema síður sé, og það vona ég að hv. 7. þm. Reykv. hafi ekki skilist á málflutningi mínum, en það skal ég viðurkenna, að oft læðist að mér sú hugsun, hvor sé brotlegri, sá sem reynir að halda að einhverju leyti í lífsviðurværi, eða hvort þjóðfélagið sjálft sé mesti þrjóturinn, þegar til innheimtu skatta er stofnað, því að skattheimta á Íslandi er nú orðið meira og þyngra böl en margan grunar. En það er annað mál.

Áður en ég kem nánar að hv. 7. þm. Reykv. langar mig til þess að þakka hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni. Eins og hann á vanda til ræddi hann mjög málefnalega um skattalagafrv. og þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég er honum sammála um það að miklu leyti, að bæta má skipulagningu á framkvæmd skattalaganna mikið, þannig að hugmyndir eins og í þessu frv. séu óþarfar. Það má efla skattstofurnar og tryggja daglegt eftirlit. Ýmislegt er hægt að gera innan ramma þeirra skattalaga sem við höfum. Ég er ekki að segja að það hafi verið mikil bót að skattrannsóknalögreglunni. Ég held þó að það sé rétt, að hún hafi frekar gert gott en illt. Ég er alveg sannfærður um að eingöngu við tilkomu hennar hafi orðið einhver hugarfarsbreyting hjá þeim sem ætluðu sér að hagnast meira en lög leyfa á atvinnurekstri sínum. Ég skal ekkert um það segja, hvort slíkt sé útilokað. Mér er næst að halda að það sé hægt. En það, sem ég er ákaflega ósammála hv. þm. um, er einmitt það sem er í skattalögum núna og ég harma að Sjálfstfl. skyldi standa að þeim skattalögum eins og þau eru, þar sem ríkisskattstjóra eða ríkisskattanefnd — ég man nú ekki alveg hvaða nafni það kallast, — er heimilt að kalla fyrir sig einstaklinga og yfirheyra þá um hag annarra aðila, ekki þeirra eigin hagi, heldur náungans. Það finnst mér alveg fráleitt að skuli vera komið inn í íslensk lög. Og ég vil vara við þeirri hugsun, sem kom fram hjá honum, að það sé einhver algild eða örugg leið til að finna skattsvikara að fara í skrásetningarskýrslur ferðafélaga eða Flugleiða, — því að það er nú hér um bil einokunaraðstaða, allt að því átthagafjötrar, sem Íslendingar búa við, og þar af leiðandi einokunaraðstaða flugfélaganna að flytja Íslendinga á milli landa, — þá sé hægt að fara í bókanadeild Flugleiða til að sjá hvaða einstaklingar ferðast á milli landa, eða þá í gjaldeyrisdeild bankanna og sjá hverjir hafa fengið ferðagjaldeyri, og hugsa sem svo: Þar náum við skattsvikurunum, því að það hlýtur að vera stöðutákn skattsvikara að ferðast mikið. — Ég held að slíkt væri alveg röng hugsun. En ég vil ítreka það, ef það á að fara að fylgjast með einkaneyslu manna til þess að finna út hverjir lifa hærra en aðrir, að það getur verið að þeir, sem lifa mjög spart, berast lítið á, sem ég reikna með að hafi verið í huga hv. 7. þm. Reykv., hafi miklu meiri tekjur en þeir sem lifa hátt. Einn notar kannske alla sína peninga til þess að búa vel um sig, annar notar þá ekki, hann safnar þeim í sparisjóðsbækur. Þetta er svo einstaklingsbundið að það hefur ekkert með það að gera hver er skattsvikari og hver er ekki skattsvikari.

Ég vil ekki viðurkenna það, að verið sé að fara nýjar leiðir með lagafrv. sem hér liggur fyrir um sérstakan dómara og rannsóknardeild í skattamálum og bókhaldsmálum, eins og kemur fram í grg. Ég gerði grg. að umræðuefni, ekki frv. sjálft. Ég var frekar að tala um hugsunarháttinn sem þarna er á bak við. Það er sagt að þar séu ekki troðnar nýjar slóðir, heldur er bent á að þessi hugmynd sé sniðin eftir lögum um dómstól í ávana- og fíkniefnamálum. Nú veit ég ekki hve margir hv. þm. fylgdust með viðtali sem var haft við forstöðumann fíkniefnadeildar lögreglunnar. Hann taldi að þrátt fyrir góð störf, þrátt fyrir talsverðan kostnað við þessa deild ykist vandamálið sí og æ. Það er því ekki nema eðlilegt að ég spyrji: Hvað er reiknað með að þetta bákn, sem hér er verið að leggja til að verði stofnað, kosti í byrjun? Ég reikna með því, að ef það eru komnar 75 millj. kr. inn á fjárlög núna og það verði till. stjórnarflokkanna, þá séu þær í einhver önnur verkefni ætlaðar en það frv. sem hér liggur fyrir til laga og ekki er búið að samþykkja, nema það sé þegar orðin samstaða innan ríkisstj. um að samþykkja þetta frv. og að 75 millj., sem vitnað er í, eigi að fara til byrjunarframkvæmda í þessa átt. Ég skildi málið ekki þannig. Ég held að það verði að koma einhver fjárhagsáætlun til viðbótar við þær 75 millj. sem eru í fjárlagafrv. Því spurði ég: Hvað kostar þetta bákn?

Eg skal ekki segja, hvor okkar blaðrar meira í ræðustól á Alþ. eða yfirleitt í fjölmiðlum, ég 1. þm. Reykv. eða 7. þm. Reykv. Það verður alþjóð og Alþ. að dæma um. En ég hugsa að það fari hátt í það, að hann hafi talað oftar hér á Alþ. síðan hann kom hér inn fyrir örfáum vikum en ég hef gert frá því að ég kom hér inn fyrir tæpum 5 árum.

Nú er talað um og var upplýst af hæstv. dómsmrh., að skattsvik séu um 27 milljarðar. Hann hafði heyrt það einhvers staðar. Ég hafði heyrt það einhvers staðar áður en hann tók þannig til orða. Það kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv., fyrrv. forsrh., að vandamálið, þ. e. a. s. 8% sem launþegar áttu að fá 1. des., en fá ekki strax, sé 300 milljarðar í almenn laun, 25 milljarðar í laun til sjómannastéttarinnar og ca. 15 milljarðar til bændanna. 8% af þessari upphæð eru 27.5 milljarðar. Er dæmið að ganga þarna upp? Er þetta neðanjarðarhagkerfið sem verið er að tala um? Ætlið þið að leysa efnahagsvandann og vanda ríkissjóðs með þessu? Er þetta neðanjarðarhagkerfið sem þið eruð að tala um? Það passar alveg við vandann sem verið er að glíma við. Ég skal ekki segja hvort þarna er rétt til getið hjá mér.

Ég skal stytta mál mitt, herra forseti. Ég sé að klukkan er orðin 4 og komið að þeim tíma sem þingflokkarnir nota til að halda sína fundi. En ég vil vara við þeirri hugsun sem kemur fram í þessu frv. Ég vil vara við þeirri hugsun sem kemur fram í grg. Hún er stórhættuleg. Ég harma að jafnungur maður og nýr þm. skuli hafa þetta hugarfar, sjá ekkert annað en slæmt í fari manna og fyrirtækja og telja sig þurfa að koma með þrengjandi till., íþyngjandi till. á einstaklinga og fyrirtæki allan tímann, vegna þess að hann sér úlf í öllum áttum. Ég tek að því leyti undir orð hv. 4. þm. Norðurl. v., að úlfurinn hlýtur að éta í þessu tilfelli smaladrenginn.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Hv. frsm. sagði réttilega, að við framsóknarmenn værum ekki hlynntir þessari lausn á þessu vandamáli. Mér fannst koma nokkuð fram í þeim orðum hans að skilja mætti afstöðu okkar svo, að við vildum ekki taka á þessu máli af fullkominni hörku. Ég vil fyrirbyggja slíkan misskilning. Við teljum að á þessu beri að taka af fullkominni hörku. En við teljum að þetta mál þurfi að skoða betur, og það þarf ekki að taka langan tíma að skoða það til þess að komast að því, hvaða leið er farsælust. Ég tek undir það, sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði áðan, að þarna eru ýmsir þættir sem þarf að athuga betur.

Ég hygg sjálfur, að þessum 75 millj. kr. væri betur varið til þess að styrkja frumstig skattamálanna, þ. e. a. s. skattstofurnar, þannig að rannsókn geti hafist þar fyrr, og ekki síður, eins og kom fram í ræðu hv. þm., til að auka leiðbeiningar til framteljenda, sem er áreiðanlega mjög ábótavant nú. Mér virðist einnig koma til greina, og það er nú í athugun, að styrkja skattalögregluna. Ég hef einnig sett fram þá hugmynd, að það kæmi til greina að veita forstöðumanni hennar eða ríkisskattstjóra eða sérstökum manni við þá stofnun ákæruheimild, þannig að þessir aðilar geti farið með skattamálin beint fyrir dómstóla og þau þurfi ekki að fara um hendur saksóknara ríkisins. Þetta eru allt saman atriði, sem þarf að skoða að mínu mati áður en niðurstaða og endanleg lausn er ákveðin.

Ég hlýt einnig að varpa fram þeirri spurningu, ef svona lausn yrði ákveðin, sérstakur dómstóll og rannsóknardeild, hver sé þá ætlun manna um skattalögreglu ríkisins og ríkisskattanefnd, sem eins og hér hefur komið fram er dómstóll í þessum málum. Hvað á að verða um þessa aðila? Það kemur ekki fram í þessu frv. Þetta þyrfti jafnframt að athuga.

Að lokum, eins og ég sagði áðan, er það skoðun mín, að þessu máli megi sinna betur en nú er gert fyrir dómstólum með því að fjölga dómendum í þeim dómstólum, sem fyrir eru, og velja þá menn með sérþekkingu á þessu sviði. Þá væri að verulegu leyti komist fram hjá þeim erfiðleikum, sem drepið er á að ég hygg, í 4. gr. frv., þegar um samtengd mál er að ræða. Þar er gert ráð fyrir því, að saksóknari ríkisins úrskurði í slíkum málum. Þess yrði ekki þörf ef einn dómstóll færi með sakamálin, bæði þessi og önnur.

Ég stend upp aðeins til þess að undirstrika að það er fullur hugur í okkur að taka þessi mál föstum tökum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Að gefnu tilefni og vegna þess að hv. 1. flm. misskildi orð mín kemst ég ekki hjá því að taka til máls.

Hann gerði að umræðuefni söguna um úlfinn, en hann misskildi söguna um úlfinn. Hyggnir búmenn leggja svona sögur á minnið og nota þær ef þeir fá ýtna og hávaðasama smala sem eru að vekja athygli á sér. Úlfarnir eru alls staðar á sveimi og menn geta verið hræddir um smalana, að það verði ekkert tekið mark á þeim þegar þeir loksins sjá úlfana. Þeir eiga nefnilega að passa sig, hafa augun hjá sér, en ef þeir vilja láta taka mark á sér þegar þessir voðalegu úlfar koma, þá mega þeir ekki vera búnir að gera húsbændur sína og samstarfsfólk leitt á þessum upphrópunum.

Ég vil undirstrika það sem hér hefur komið fram, að viðhorf fólks til skattamála þarf að breytast. Menn þurfa að vanda framferði sitt allt og siðgæði. Hæstv. kirkjumrh. hefði getað minnt menn á hið sígilda boðorð: „Þú skalt ekki stela," því að það á við í þessu tilefni. Ég er ekki ánægður með það orðalag sem hér var viðhaft áðan, að stjórnvöld ættu að rækta hugarfarsbreytingu. Þetta minnir mig á innrætingarkenninguna frá í vor. Það er betra, að „kona úr Vesturbænum" heyri ekki svona orðalag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 30. fundur.

Þriðjudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík 4. des. 1978.

Benedikt Gröndal, 3. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 2. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Bragi Jósepsson námsráðgjafi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd.

Til forseta Sþ."

Mér hefur borist kjörbréf Braga Jósepssonar og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til skoðunar. Til þess fær hún 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar til að rannsaka kjörbréf Braga Jósepssonar, Skipasundi 72, Reykjavík, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi. N. leggur til að kjörbréfið verði tekið gilt og kosningin samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Bragi Jósepsson hefur ekki áður setið á Alþingi og ber honum því að undirrita eiðstaf.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þm., Bragi Jósepsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Ég leyfi mér að bjóða hv. alþm. Braga Jósepsson velkominn til þingstarfa.

Atvinnumál aldraðra, fsp. (þskj. 58). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. félmrh., hvað liði framkvæmd þál. frá 14. maí 1975 um atvinnumál aldraðra. Þetta mun vera í þriðja sinn sem ég stend hér upp til þess að spyrjast fyrir um framkvæmd þessa

máls, því það verður að segjast eins og er, að fyrrv. félmrh. virtist því miður engan áhuga hafa á því að hrinda þessu máli í framkvæmd þrátt fyrir góð loforð.

Hér er vissulega um að ræða margþætt og vandasamt mál. Ályktunin, sem hlaut samþykki á sínum tíma á Alþ., var á þá leið, að ríkisstj. skyldi undirbúa í samráði við aðila vinnumarkaðarins frv. til laga um atvinnumál aldraðra og yrði að því stefnt, að allir 67 ára og eldri, sem til þess hefðu þrek og vilja, gætu átt kost á atvinnu við sitt hæfi. Eins og ég sagði er hér um viðamikið mál að ræða, en svo vel vill til, að fyrir liggur ákaflega vel unnin og ítarleg rannsókn Jóns Björnssonar sálfræðings um atvinnuþörf og atvinnumöguleika aldraðs fólks. Þessa skýrslu vann Jón Björnsson á sínum tíma fyrir Reykjavíkurborg. Hún var fullbúin, að því er ég best veit, vorið 1976. Við höfum því ákaflega góðar upplýsingar um hin ýmsu vandamál, sem aldrað fólk á við að stríða og varða atvinnumöguleika þess og afkomu og andlega og líkamlega vellíðan eða vansæld. Í þessari skýrslu sinni leggur Jón Björnsson fram raunhæfar tillögur til úrbóta og leggur áherslu á samræmdar aðgerðir til þess að leysa úr atvinnuvanda aldraðs fólks. Til þess að leysa mörg þessi vandamál þarf að koma til kasta hins opinbera að áliti Jóns Björnssonar. Hér er því miður ekki tóm til að ræða í löngu máli skýrslu hans, en ég læt mér nægja að koma með stutta tilvitnun. Í þessari skýrslu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tillögunum er ekki einasta miðað að því að laga tilboð vinnumarkaðarins að þörfum og getu hinna öldruðu, heldur einnig að því, að hinir öldruðu sjálfir lagi sig að möguleikum þeim sem vinnumarkaðurinn hefur að bjóða þeim á hverju stigi öldrunarinnar. Hér er því um gagnkvæma aðlögun að ræða, en á hvorugan bóginn einhliða. Hlutverk hins opinbera að þessari gagnkvæmu aðlögun hlýtur að mestu leyti að felast í hvatningu, upplýsingaþjónustu og áróðri, einnig því að taka frumkvæði um að opna henni nýjar leiðir, samræma hana og efla á allan veg. Enn fremur hlýtur hið opinbera að vernda rétt hins aldraða til vinnu og tryggja honum sem mest valfrelsi til vinnu áháð andlegu og líkamlegu ástandi hans. Að tillögum þessum er hið opinbera einnig bakhjarl hins aldraða og trygging gegn sveiflum atvinnumarkaðarins, breytingum á kröfum hans og gegn einhliða hagsmunum vinnuveitenda.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar þessarar er vandinn, sem við er að etja, tvenns konar. Annars vegar er um að ræða miðaldra og aldraða einstaklinga við vinnu sem er þeim á einn eða annan veg ofviða og kemur ónauðsynlega fljótt til með að slíta líkamsorku þeirra og binda of bráðan enda á valfrelsi þeirra gagnvart vinnu. Úrbætur á þessum vanda felast í fyrirbyggjandi aðgerðum, sem stuðla að aukinni aðlögun þessa hóps að breyttum forsendum til vinnu. Hins vegar er um að ræða miðaldra og eldra fólk sem þegar hefur hætt atvinnuþátttöku í trássi við eigin langanir og af illri nauðsyn, þar eð engin tilboð vinnumarkaðarins svöruðu til meintrar eða raunverulegrar vinnugetu þeirra."

Ég vil minna á að fyrir þessu þingi liggur einnig till. til þál. flutt af Helga F. Seljan og fleiri þm. Alþb. um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum, þar sem þeir leggja áherslu á að hér væri eitt verkefni sem komið gæti til góða hinum öldruðu í dreifbýlinu, sem ella sætu auðum höndum, og væri hægt með dálítilli atorku og áhuga að leysa úr brýnustu þörfum þeirra til vinnu. Hér er að mínu viti þörf rammalöggjafar, og ég treysti því, að hæstv. félmrh. taki þetta mál föstum tökum til þess að ég þurfi ekki enn að ári að standa upp og spyrjast fyrir um þetta mál.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Þegar þetta mál kom síðast til umr. á Alþingi í mars 1977 var frá því skýrt, að utanrrn. hefði verið beðið að útvega lög og fáanlegar upplýsingar frá Norðurlöndum sem að gagni mættu koma ef til samningar lagafrv. í samræmi við umrædda þál. kæmi. Svör við þessari málaleitan hefðu borist frá sendiráðum Íslands í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Danska félmrn. skýrði frá því, að þar í landi væru engin sérstök ákvæði um atvinnu fólks sem náð hefði ellilífeyrisaldri, sem er 67 ár, en þessum aldursflokki sé vísað á vinnu á sama hátt og öðru vinnandi fólki. Þess var einnig getið, að á vegum vinnumálaráðuneytisins í Danmörku væru tvær ellimálanefndir sem fjalla eiga um vandamál aldraðra í sambandi við atvinnu bæði hjá einkaaðilum og hinu opinbera og með það fyrir augum að halda öldruðu *og miðaldra fólki í vinnu. Nefndirnar sinna þó næstum* eingöngu þeim sem eru yngri en 67 ára.

Í svari frá sendiráðinu í Svíþjóð kom fram að þar í landi séu engin lög sem tryggi öldruðum vinnu eða rétt til vinnu og að engar upplýsingar séu um atvinnumál fyrir hendi þar er hægt væri að styðjast við við samningu umrædds lagafrv.

Í Noregi mun ekki heldur vera um að ræða neina löggjöf um þetta efni, en þaðan hafa borist nokkrar skýrslur um málefni aldraðra, þ. á m. um atvinnumál þeirra.

Félmrn. ræddi í mars 1977 við þá Björn Jónsson forseta Alþýðusambands Íslands og Ólaf Jónsson forstjóra Vinnuveitendasambands Íslands um málið og lagði til að samböndin tilnefndu fulltrúa til þess ásamt fulltrúa frá félmrn. að athuga og gera till. um atvinnumál aldraðra með tilliti til þál. Alþingis 14. maí 1975 og þeirra upplýsinga, sem aflað hefði verið um stöðu þessara mála í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, og með hliðsjón af niðurstöðum og tillögum Jóns Björnssonar sálfræðings í skýrslu þeirri sem hann samdi fyrir Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar um vinnugetu og atvinnumöguleika aldraðra og hv. fyrirspyrjandi minntist á áðan.

Eins og fram kom í svari hæstv. fyrrv. félmrh. á Alþingi um sömu fyrirspurn sem hér er til umr. 15. mars í fyrra, kvað forseti Alþýðusambands Íslands sig vera hlynntan þessari hugmynd og mundi hann hreyfa henni í miðstjórn ASÍ og skýra rn. frá undirtektum þar. Forstjóri Vinnuveitendasambands Íslands tók í sama streng og lofaði að hreyfa fyrrgreindri hugmynd í framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins og skýra rn. frá skoðunum manna þar og undirtektum. Þar sem rn. hafði ekki heyrt neitt frá þessum samtökum um frekari viðbrögð þeirra við fyrrgreindri tillögu rn. hafði það samband við starfandi framkvæmdastjóra ASÍ og forstjóra Vinnuveitendasambands Íslands og fékk hjá þeim þær upplýsingar, að mál þetta hefði lítið verið rætt í miðstjórn ASÍ *og framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands.* Jafnframt tóku þeir fram að viðræður fulltrúa sambandanna um málefni aldraðs fólks hefðu að mestu eða öllu leyti snúist um greiðslu og verðtryggingu lífeyris til þess.

Herra forseti. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um

það, að þetta mál er vandasamt og viðamikið, og ég hef mikinn hug á því að taka þetta mál upp aftur og taka það föstum tökum, eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á. Það á vissulega fullan rétt á sér.

Fyrirspyrjandi (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég hlýt þó að láta þess getið, að þau ollu mér vonbrigðum. Það er auðheyrt að svarið hefur verið sótt í skúffu rn., því efnislega var það nákvæmlega sama svarið og hæstv. fyrrv. félmrh., Gunnar Thoroddsen, gaf mér í fyrra, og hélt ég þó að stjórnarskipti hefðu orðið.

Það er ljóst að hér þarf frumkvæði rn. að koma til. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband hafa lýst áhuga sínum á því að vinna að þessu máli, en ég endurtek: Frumkvæði rn. þarf að koma til, og vænti ég þess, að hæstv. félmrh. geri hið bráðasta gangskör að því að skipa n. með fulltrúum þessara aðila og hrindi þessu máli af stað hið skjótasta.

Vesturlína, fsp. (þskj. 97). — Frh. einnar umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þá umr. sem hér varð um daginn varðandi Vesturlínu, en taldi þó rétt vegna þeirra ummæla, sem hér féllu eftir að ég talaði síðast í málinu að greina í örstuttu máli frá vissum þáttum sem ég hef aflað mér upplýsinga um síðan.

Það liggur fyrir, að 28. ágúst ritaði fjmrn. iðnrn. bréf þar sem svarað var neitandi beiðni iðnrn. um tiltekna fjárveitingu í Vesturlínu þannig að unnt væri að ljúka henni á næsta ári.

Þetta er síðasta gagnið sem snertir þetta mál sem fyrir liggur í iðnrn. Það bárust því engin frekari gögn þar að lútandi frá fyrrv. ríkisstj. Ég hef kannað þetta mál í fjmrn. og fjárlaga- og hagsýslustofnun. Í fjárlaga- og hagsýslustofnun liggja fyrir vinnugögn sem dags. eru 28. ágúst, þar sem byggðalínur eru sýndar ýmist með fjárveitingunni 1953 millj. kr. eða 4533 millj. kr. varðandi fjárveitingu á komandi ári, og hvað hærri upphæðina snertir er vísað neðanmáls til Vesturlínu með 3980 millj. kr. fjárveitingu. Þetta síðara vinnugagn varð til, eftir upplýsingum sem ég hef aflað mér, að kvöldi 31. ágúst, að kallaður var út starfsmaður fjárlaga- og hagsýslustofnunar til þess að ganga frá vinnugagni sem síðan var lagt fyrir ríkisstjórnarfund, síðasta fund fráfarandi ríkisstj., að morgni 1. sept. og um málið var þar bókað:

„Fjmrh. lagði fram yfirlit yfir lánsfjármagnaðar framkvæmdir, dags. 28. ágúst 1978."

Önnur afstaða var ekki tekin af fráfarandi ríkisstj. um þetta og þessari afgreiðslu var ekki komið lengra. Um hana hafa engin gögn borist iðnrn. og ekki heldur til stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins, sem eins og hér var upplýst í umr. um daginn hefur það fyrir venju, að leggja ekki út í efnispantanir nema staðfesting liggi fyrir á fjárhagslegum skuldbindingum þar að lútandi.

Þetta vildi ég að hér kæmi fram, en skal ekki orðlengja þetta frekar.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að upphefja hér umr. efnislega um þá fyrirspurn sem ég bar fram og miklar umr. hafa verið um. Ég vil aðeins í tilefni af orðum hæstv. iðnrh. láta það enn á ný koma skýrt fram, að það var ákvörðun fyrrv. ríkisstj. að ljúka Vesturlínu fyrir árslok 1979. Það hefur verið með skýrum rökum bent á það og sýnt fram á að fyrrv. ríkisstj. var alvara í þessu. Og það var ekkert sem þurfti annað en halda þeirri ákvörðun fram og gera það sem nauðsynlegt var um þær mundir sem núv. ríkisstj. tók við völdum.

Það var aðeins ein leiðrétting sem ég vildi koma fram með í tilefni af ummælum hv. 6. þm. Suðurl. Hann sagði að það hefði komið í ljós, að Orkubú Vestfjarða seldi orku ódýrar en Rafmagnsveitur ríkisins. Mátti skilja það á honum, að af þeim ástæðum hefði verið varhugavert, ef ekki rangt að láta Orkubú Vestfjarða hafa hluta af verðjöfnunargjaldinu. Í þessu sambandi vitnaði hv. þm. í grg. með till. sem Kjartan Ólafsson o. fl. hafa flutt, þar sem eru upplýsingar um taxta yfir heimilisnotkun rafveitna. Auðvitað sagði hv. þm. alveg rétt þegar hann tók fram að samkv. þessum taxta er verð Orkubús Vestfjarða um 3 kr. lægra en verð Rafmagnsveitna ríkisins. En í þessu sama þskj. er annar taxti sem hv. þm. þagði um, þ. e. fyrir vélar, og samkv. honum er taxti Orkubús Vestfjarða milli 3 og 4 kr. hærri en taxti Rafmagnsveitna ríkisins. Auk þess eru tveir aðrir taxtar sem um er að ræða. Annar er fyrir daghitun, og þar er taxti Orkubús Vestfjarða 8 aurum lægri á hverja kwst. Og svo er það taxtinn fyrir næturhitun, og þar er taxti Orkubús Vestfjarða rúmri einni krónu hærri á hverja kwst. Ég vil aðeins láta það koma fram, að það er alveg óruggt, að þegar tekið er meðaltal af þessu er orkuverð Orkubús Vestfjarða ekki lægra en Rafmagnsveitna ríkisins. Orkubúið hefur ekki ráð á slíku. Auk þess vil ég láta það koma fram, að þeir taxtar, sem ég hér vitna í, eru hvað Orkubúið snertir frá 22. sept. s. l., en hvað Rafmagnsveitu ríkisins snertir frá 10. ágúst eða um einum og hálfum mánuði eldri.

Það var ekkert annað, herra forseti, en þetta sem ég vildi að hér kæmi fram. Ég vil ekkert efast um það, að núv. ríkisstj. haldi við það sem nú er í lögum, að Orkubú Vestfjarða fái sinn hluta af verðjöfnunargjaldinu. Ég hef skilið hæstv. iðnrh. á þann veg og ég hef skilið hæstv. fjmrh. á þann veg í orðaskiptum sem urðu milli okkar um þetta efni við 1. umr. fjárlaga.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Síðasti ræðumaður tók af mér ómakið, því að það var þetta sem ég ætlaði að leiðrétta, en síðan er nú liðinn hálfur mánuður. Ég ætla því ekki að nota þennan tíma til þess að gera neinar frekari aths. eða umr., en láta í ljós vanþóknun mína á stjórn Sþ. að taka til umr. fsp. og láta svo líða hálfan mánuð á milli. Ég tel slíkt þinghald ekki til sóma fyrir Alþingi Íslendinga.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég féll frá orðinu áðan, var sú að ég var búinn að gleyma hvað var til umr., en það rifjaðist upp fyrir mér þegar ég hlustaði á hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, 5. þm. Vestfl., hvað það var, nefnilega Orkubú Vestfjarða. Um það hef ég ýmislegt að segja og þá stefnu sem þar var tekin í raforkumálum. Það er auðvitað enginn tími til að fara í umr. um slíkt mál á þeim tíma sem ég hef hér til umráða, svo ég ætla að láta nægja að varpa fram þeirri spurningu til umhugsunar alþm., hvernig þeir haldi að raforkumálum landsins verði komið þegar öll kjördæmin eru komin með sín orkubú, þegar öll kjördæmin eru búin

að fá afskrifaðar skuldir, þegar öll kjördæmin eru búin að fá 20% af verðjöfnunargjaldi, ef það væri hægt að skipta því þannig, og hvernig væri ástatt ef allir ættu skaðabótakröfur vegna þess að þeir fengu ekki rafmagn á þeim tíma sem aðrir hafa fengið það. Ég ætla að þá yrði illa komið raforkumálum landsins.

Af deilum núv. og fyrrv. hæstv. iðnrh. ætla ég ekkert að skipta mér, en ég kannast auðvitað ekki við neinn kvöldfund sem hér var mikið til umr. fyrir hálfum mánuði, enda var hann enginn. Það hefur verið upplýst síðar, og ber að fagna því, að það a. m. k. er þó ekki lengur ásteytingarsteinn.

Raungildi olíustyrks, fsp. (þskj. 109). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 109 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Kjartani Ólafssyni að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. viðskrh.:

„Hver hefur þróun hins svokallaða olíustyrks orðið miðað við raungildi frá árinu 1974 til ársins í ár svo og miðað við fjárlagafrv. 1979? Hvaða hlutfall er hér um að ræða sé annars vegar miðað við olíunotkun og hins vegar við hitaveitu á þessum árum?"

Um þessa fsp. þarf aðeins örfá orð.

Árið 1974, þegar olíuverðshækkunin mikla skall á og 1% í söluskatti var á lagt til jöfnunar fyrir þá sem þessi alda skall á af fullum þunga, var verð lítra af olíu í mars það ár 11.50 kr. og olíustyrkur á einstakling 7200 kr. á ári. Nú er olíulítrinn í u. þ. b. 50 kr. og olíustyrkur á einstakling 10 500 kr. Þessar einföldu tölur segja vitanlega ekki allt um þetta, og því er hér sérstaklega spurt um raungildi þessa styrks og samanburð á annars vegar olíunotkun og hins vegar hitaveitu.

Nú er öllum ljóst að mikil hækkun á olíu er fyrirsjáanleg nú á næstunni, og hún skellur auðvitað af fullum þunga á því fólki sem enn býr við olíukyndingu eina. Enn er óvíst hver áhrif þeirrar hækkunar muni verða. Í ljósi talna í fjárlögum nú og í fjárlagafrv. næsta árs er nauðsyn að fá, áður en þetta mál verður afgreitt, annað hvort frá hæstv. ríkisstj. eða þá úr fjvn. allnákvæma úttekt og upplýsingar um raungildi olíustyrksins.

Í aths. með fjárlagafrv. nú segir svo, með leyfi hæstv. forseta.

„Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar. Styrkur þessi er áætlaður 680 millj. kr. eða 176 millj. kr. lægri en í fjárlögum 1978. Gert er ráð fyrir að styrkþegum fækki úr 64 þús. í 60 þús. og greitt verði 10 500 kr. á mann eins og á árinu 1978. Að öðru leyti skýrist lækkunin með því, að reiknað er með lægri styrk til rafveitna, dísilstöðva og heimavistarskóla sem nemur 34 millj. kr. og enn fremur að á árinu 1978 var gert ráð fyrir 100 millj. kr. lið vegna vanáætlunar 1977".

Um þessa vanáætlun kann ég ekki neina skýringu og veit ekki hvað veldur. En hvert svo sem hið fræðilega útreiknaða svar verður, sem hæstv. viðskrh. mun flytja hér á eftir, án efa frá skýrsluspekingum okkar, þá er ljóst að hér þarf á verulega bragarbót. Ég vil því biðja hæstv. ráðh. að svara því í leiðinni, hverra tillagna hans eða hæstv. ríkisstj. um lagfæringu hér á er að vænta varðandi fjárlög næsta árs eða hvort ætlunin er að fjvn. sjái þar alfarið um einhverja leiðréttingu.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Talið er að olíunotkun til upphitunar íbúðarhúsa sé að meðaltali 12-15 lítrar á ári á hvern rúmmetra húsnæðis. Notkun er misjöfn eftir landssvæðum, veðráttu, aldri og gerð húsa, ketilnýtingu o. fl. Í Reykjavík og nágrenni er meðalnotkun talin 12-13 lítrar á rúmmetra á ári, en víða úti á landi er hún meiri, 14-15 lítrar, og sums staðar miklu meiri eða yfir 20 lítra á rúmmetra. Ekki eru til nákvæmar tölur um meðalstærð íbúða í landinu né um meðalfjölda íbúa á íbúð.

Í eftirfarandi tölum er gengið út frá því, að stærð íbúðar sé 300 rúmmetrar, ca. 100 fermetrar, íbúafjöldi sé hjón með tvö börn og olíunotkun sé 14 lítrar á rúmmetra á ári. Reiknað er með að meðalnotkun á heitu vatni sé 1.9 rúmmetrar á hvern rúmmetra í íbúð á ári.

Miðað við ofangreindar forsendur hefur hlutdeild olíustyrks í kyndingarkostnaði með olíu á ári, miðað við olíuverð í mars ár hvert, verið sem hér segir: 1974 nam þessi hlutdeild 59.6%, 1975 nam hún 37.7%, 1976 nam hún 36.1%, 1977 nam hlutdeildin 31.4%, 1978 25.5% og í sept s. l. 20.1%.

Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um eru tölur um olíustyrk í fjárlagafrv. fyrir árið 1979 miðaðar við sömu fjárhæð og í ár, þ. e. a. s. 10 500 kr. á mann eða alls 42 000 kr. á ári miðað við þá fjölskyldustærð sem hér var reiknað með. Miðað við núverandi olíuverð nemur olíustyrkur því um 20% af þeim meðaltalskyndingarkostnaði sem hér var gerð grein fyrir. Olíuverð til húsakyndingar að frádregnum olíustyrk hefur 8½-faldast frá 1974 til sept. 1978. Á sama tíma hefur olíuverð án olíustyrks rúmlega fjórfaldast. Hitaveituverð í Reykjavík hefur á sama tíma fjórfaldast.

Það er einnig fróðlegt að velta því fyrir sér í þessu sambandi, þó ekki sé um það spurt í fsp., hverju olíustyrkurinn þyrfti að nema árið 1979 til þess að halda hlutföllum af kyndingarkostnaði undanfarandi ára. Miðaðað við verðlag á olíu og olíustyrk í mars ár hvert verða niðurstöðurnar þessar, ef gengið er út frá núgildandi olíuverði á árinu 1979:

Ef olíustyrkurinn ætti að nema því á mann sem hann nam 1974 sem hlutfall af olíuútgjöldum til kyndingar, þá ætti hann að vera 31 140 kr. á mann. Ef hann ætti að halda hlutfallinu fra1975 þyrfti hann að vera 19 700 kr. á mann. Ef hann ætti að halda hlutfallinu frá 1976 þyrfti hann að vera 18 840 kr. á mann. Miðað við árið 1977 þyrfti hann að vera 16 390 kr. á mann. Og miðað við 1978 þyrfti hann að vera 13 330 kr. á mann.

Það er sem sagt alveg augljóst af þessum tölum, sem ég hef hér rakið, að veruleg öfugþróun hefur átt sér stað varðandi hlutfall olíustyrks af kyndingarkostnaði. Þess vegna hefur það verið tekið upp þegar í ríkisstj., að gerð verði nokkur bragarbót á í þessum efnum áður en fjárlög verða afgreidd fyrir árið 1979. Ég kann því miður ekki vegna fsp. hv. fyrirspyrjanda að nefna ákveðnar tölur í því sambandi, en umr. eru í gangi um það mál innan ríkisstj. milli viðskrn. og hæstv. fjmrh.

Í tengslum við þetta vil ég gjarnan koma því á framfæri, sem ekki hefur verið rætt áður á hv. Alþ. nú á þessum haustdögum, að veruleg hækkun hefur átt sér stað á olíu- og bensínvörum á undanförnum mánuðum. Þannig hefur bensín hækkað um 40.86% frá 24. júlí til 1. nóv. 1978. Gasolía hefur á sama tíma hækkað um 34.29% og fuelolía hefur hækkað á sama tíma um 14.8%. Ef menn velta því fyrir sér hvað þessi mikla

hækkun á olíu þýðir í okkar þjóðarbúskap, þá kemur í ljós að þessi hækkun á bensíni, sem ég gat um áðan, hefur í för með sér um 5.7 millj. dollara hækkun á ársgrundvelli og heildarhækkunin á ári fyrir íslenska þjóðarbúið, sem stafar af þessum breytingum á verði á bensíni og olíum, er hvorki meira né minna en 6.3 milljarðar kr. í viðbótarútgjöldum í beinhörðum gjaldeyri. Þetta eru tölur sem er ákaflega nauðsynlegt fyrir alla, sem velta fyrir sér horfum í íslenskum efnahagsmálum, að hafa í huga. Einnig er vert að minna á að búist er við enn frekari hækkun á olíu og bensíni á fyrra missiri næsta árs a. m. k.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. skýr og ljós svör. Ég held að öllum hafi orðið ljóst af þeim tölum, sem hér voru raktar mjög ítarlega, hver þróun þessa styrks hefur verið á undanförnum árum, og ég ætla ekki að fara að rekja í fsp.-tíma, hvernig með hefur verið farið. Þetta söluskattsstig var fyrst lagt á í fullu samráði við verkalýðshreyfinguna til þessa sérstaka verkefnis og til þessa verkefnis eins. Síðan voru tekjur af þessu söluskattsstigi færðar að hluta til Orkusjóðs, til tiltekinna verkefna sem höfðu vissulega réttlætingu nokkra. Síðan fór þetta alfarið inn í almenna skattheimtu til ríkisins, og samkv. fjárlagafrv. nú er hér aðeins um að ræða 1/5 hluta þess sem eitt söluskattsstig gefur af sér.

Það er sem sagt augljóst, að þessi saga hefur verið samfellt á niðurleið varðandi þennan styrk. Hann hefur sífellt verið að rýrna að verðgildi eða raungildi.

Ég fagna yfirlýsingu hæstv. viðskrh. um það, að ríkisstj. skuli hafa tekið þetta verkefni sérstaklega fyrir og ætli sér að gera þarna á nokkra bragarbót, því á því er full þörf, ekki síst í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu hjá hæstv. viðskrh. um hina miklu olíuverðshækkun sem þegar er orðin og á enn eftir að verða. Síðan eiga auðvitað fjvn. og Alþ. síðasta orðið hér um, e. t. v. enn frekar en næst samkomulag um í hæstv. ríkisstj. En hér þarf að vera viðbúið bæði að færa nokkuð til leiðréttingar og eins að mæta þeirri hækkun sem þegar er orðin og jafna þannig þann mismun sem skapast hefur og kom glögglega fram í máli hæstv. ráðh. að ekki þarf framar um að deila.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það voru ákaflega fróðlegar upplýsingar sem fram komu í svari hæstv. viðskrh. við þeirri fsp. sem við hv. 3. þm. Austurl. bárum hér fram varðandi olíustyrkinn.

Eins og þær tölur, sem hæstv. ráðh. gerði hér grein fyrir, bera með sér, hefur þróunin orðið sú, að í stað þess að hlutdeild olíustyrksins nam rétt um 60% á árinu 1974, þá var þessi sama hlutdeild komin niður í aðeins þriðjung þeirrar upphæðar eða um 20% nú í sept. 1978. Þessi þróun á stjórnartímabili fyrri ríkisstj. er vægast sagt átakanleg. Sannleikurinn er sá, að það, hversu kjör manna eru gífurlega mismunandi hvað snertir hitunarkostnað húsnæðis eftir því hvar á landinu fólk er búsett, er með öllu óþolandi. Það verða varla fundin nokkur önnur útgjaldasvið fjölskyldna í landinu þar sem mismunun eftir búsetu er jafngeigvænleg og hvað varðar húshitunarkostnaðinn. Ég hygg að það sé alls ekki of mikið sagt, að það kosti svo sem fimmfalt meira að hita upp húsnæði með olíu annars vegar, sem fólk verður að búa við víða úti um landið, eða að hita það upp með þeim kostnaði sem hér er um að ræða hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Þetta misrétti verður að sjálfsögðu að leiðrétta. Það er trúlega ekki hægt að gera með einu stökki, en ég vil vænta þess, að við fjárlagaafgreiðslu nú eigi sér stað hvað varðar olíustyrkinn mjög veruleg breyting frá því sem tölur fjárlagafrv. gera ráð fyrir. Það er sanngirnismál, og þar dugar ekki nein smávægileg leiðrétting.

Ég vil aðeins minna á það, að eins og hér hefur komið fram samþ. verkalýðshreyfingin á sínum tíma að þetta eina prósentustig í söluskatti, sem upphaflega átti að verja til greiðslu olíustyrks, gengi ekki út í kaupgjald. Verkalýðshreyfingin afsalaði sér réttinum til þess að fá þetta eina prósentustig greitt í kaupi. En á móti var því lofað, að þessi upphæð, sem söluskattsstigið gæfi, rynni í heild til greiðslu á olíustyrknum til að jafna þarna lítillega milli þegna þjóðfélagsins.

En aðalatriði málsins í þessu sambandi er það, að eins og mál standa nú greiðir það fólk, þeir þegnar þjóðfélagsins sem þurfa að kynda hús sín með olíu og þeir eru ekki langt frá að vera þriðjungur þjóðarinnar, — þeir greiða sem slíkir a. m. k. 1/3 af þeim heildartekjum sem inn koma fyrir þetta söluskattsstig. En það er hins vegar orðið minna en 1/3 af þeirri upphæð sem inn kemur fyrir söluskattsstigið sem rennur til greiðslu á olíustyrk. Í raun og veru fær þetta fólk því ekki eina einustu krónu í styrk eins og málið stendur. Þetta fólk borgar í þessu söluskattsstigi sinn hluta, og sú upphæð er hærri en það sem það fær til baka.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það eru fróðlegar upplýsingar sem hér koma fram, þótt þær komi mér á engan hátt á óvart. Ég ætla ekki að fara að efast um þá útreikninga sem hér voru settir fram, sjálfsagt eru þeir endurbættir, en á sínum tíma, þegar var verið að reikna þetta hlutfall, var ávallt miðað við 12 lítra af olíu til þess að kynda upp einn rúmmetra húsnæðis. Í þessum útreikningum var reiknað með 12 — 15 lítrum og munar þar litlu. Einnig var ávallt reiknað með 2.15 tonnum af heitu vatni til þess að kynda einn rúmetra af húsnæði, en nú er það 1.9 tonn, þannig að þarna eru væntanlega einhverjar nýjar niðurstöður sem hafa breikkað þetta bil.

Ég ætla ekki að fjölyrða um olíustyrkinn og þann mismun sem er á kyndingarkostnaði. En það er eitt sem mér finnst vanta í þessar upplýsingar, og það er hvað kostar að kynda tilsvarandi húsnæði með rafmagni. Þess hefur alltaf verið gætt í sambandi við ákvörðun á olíustyrknum, að kyndingarkostnaður með olíu yrði þó ekki lægri en með rafmagni. Og ég held að það sé nauðsynlegt fyrir menn að gera sér nokkra grein fyrir því líka, því að það er mjög margt fólk sem hitar húsnæði sitt upp með rafmagni.

Nú er í gildi og hefur verið lengi, frá 1973 eða 1974, skattur á olíu, innflutningsgjald, sem ég man nú ekki hvað er mikið. Það er einhvers staðar á milli 1 og 2%, og það mun vera samsvarandi því að 10% skattur eða mjög nálægt því væri lagður á sölu á heitu vatni hér í Reykjavík. Hér er fyrst og fremst um að ræða að Alþ. hafi áhuga á að jafna þessa skattheimtu, því einhvers staðar þarf að ná þessum peningum. Ég vil því spyrja hæstv. viðskrh., hvort hann gæti hugsað sér að jafna þetta að nokkru leyti með því að leggja tilsvarandi skatt á heitt vatn og lagður er á olíu með þessu innflutningsgjaldi sem yrði þá til jöfnunar meðal landsmanna.

Eitt atriði, sem hefur einnig að mínum dómi staðið í

vegi fyrir því, að þarna hafi náðst meiri jöfnuður, er okkar vísitölukerfi, því vísitölufjölskyldan býr hér í Reykjavík og kyndir hús sitt með heitu vatni, og vísitalan reiknast út frá því. Þess vegna hefur ávallt verið tilhneiging til þess, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að halda verði á heitu vatni jafnvel innan eðlilegra marka. Það hafa ávallt verið óskir um það hjá Hitaveitu Reykjavíkur að hækka vatnið miklum mun meir en raun ber vitni, en þetta hefur að mínum dómi staðið í vegi fyrir eðlilegri jöfnun, þ. e. a. s. að vísitölufjölskyldan skuli aðeins búa hér í Reykjavík.

Ég vil endurtaka spurningu mína til hæstv. viðskrh., hvort hann telji eðlilegt og réttlætanlegt að a. m. k. samsvarandi skattur sé lagður á heitt vatn og olíu, þó ekki væri lengra gengið til að byrja með.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég held að það væri miklu réttara fyrir þá hv. stjórnarliða, sem hér hafa talað, suma hverja, að spara sér stóru orðin um átakanlega þróun olíustyrksins á skeiði fyrrv. ríkisstj. og láta sjá hver niðurstaðan verður af störfum þeirra í núv. hæstv. ríkisstj. Eins og fram hefur komið, er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að styrkveiting þessi sé jafnhá á mann og var á síðasta ári, eða 10 500 kr., og lækkar það heildarfjármagnið í olíustyrkinn um 176 millj. kr. Það er sem sé lækkun á fjármagni um 176 millj. kr. í því frv. sem fyrir liggur. Ég tel að það sé ástæða til að athuga þetta mál gaumgæfilega og það þurfi vissulega að gera þarna bragarbót á. En það er miklu sæmra fyrir þessa hv. þm. að gera það við fjárlagaafgreiðslu heldur en að vera að hrósa sér af því fyrir fram í hv. sameinuðu alþingi.

Það komu fróðlegar upplýsingar fram í máli hæstv. viðskrh. um samanburð í þessum efnum og um verð á olíu eins og nú standa sakir svo og, sem flestum mun nú kunnugt, að mikil hætta er á því að olíuverð fari mjög hækkandi á næstunni.

Ég skal ekkert dæma um þá útreikninga, sem hér eru lagðir til grundvallar, um 12 — 15 lítra á rúmmetra íbúðarhúsnæðis á ári, en sú tala kemur mér þó ókunnuglega fyrir sjónir. Þar sem ég er kunnugur mun þurfa að jafnaði miklu meira magn til þess að hita upp íbúðarhúsnæði heldur en hér er talið.

Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti, og ekki brjóta þau mörk sem þingsköp setja í þessum umr., aðeins bæta því við, að þessar umr. og önnur þau mál, er þetta snerta, sýna ljóslega hversu mikil þörf er á fyrir okkur Íslendinga að nýta innlenda orkugjafa í vaxandi mæli til heilla fyrir þjóðina alla.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka þær upplýsingar sem hér hafa komið fram um það mikla misrétti sem við þekkjum, sem úti á landi búum, og þar hafa tölurnar talað sínu máli. Ég þarf ekki að undirstrika það frekar, en treysti því, að á þessu fáist leiðrétting við afgreiðslu fjárlaga.

Ég tel hins vegar rétt að rifja það upp í örstuttu máli, að það hafa orðið breytingar á fjárframlögum til fleiri þátta en olíustyrks. Einnig hafa orðið breytingar að því er varðar framlög vegna hitaveiturannsókna og hitaveituframkvæmda sem tengdar voru á sínum tíma þessu 1% söluskattsstigi.

Þau lög, sem sett voru þar um 1974, voru afnumin í árslok 1977, að mig minnir. Á tímabili fráfarandi ríkisstj. var þessu fjárframlagi, sem kom inn fyrir þetta 1% söluskattsstig, skipt á milli olíustyrks og hins vegar skyldi afgangurinn renna til Orkusjóðs til að standa undir hitaveiturannsóknum, hitaveituframkvæmdum og öðrum þáttum sem Orkusjóði er ætlað að styðja. Þegar um þetta mál var fjallað hér á hv. Alþ. í desember 1977 kom það fram í máli þáv. hæstv. fjmrh., að hér væri einungis um formsbreytingu að ræða, en ekki efnislega, það væri ekki hugmyndin að skerða framlög til þessara þátta þrátt fyrir lagabreytinguna. Reyndin hefur því miður orðið önnur. Við höfum fengið tölur um þróun olíustyrksins, en ekki ósvipað hefur gerst varðandi framlög til Orkusjóðs og þannig hefur skapast þar stórfelldur vandi sem fyrir lá við síðustu stjórnarskipti og nemur nú yfir hálfum milljarði kr., um 560 millj. kr. Hefur verið reiknað út af orkuráði og Orkustofnun, að ef þessi lög um 1% söluskattsstigið væri í gildi og hlutfallsskiptin væru þau sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir varðandi olíustyrkinn, þá ætti að koma um 900 millj. kr., að mig minnir, meira til Orkusjóðs en nú er gert ráð fyrir samkv. fjárlagafrv. Þannig sést að um stórskert framlag er að ræða og þarna er vandi á ferðinni einnig að því er Orkusjóð snertir sem leysa verður að *mínu mati nú í tengslum við fjárlagagerð og lánsfjáráætlun.*

Svo vil ég að lokum aðeins geta þess, að það eru ekki aðeins þeir, sem búa við olíukyndingu húsnæðis, sem eru miklum óréttti beittir. Einnig þeir, sem búa við rafhitun húsa á þeim hinum sömu svæðum, borga margfalt meira en þeir sem hafa rafhitun þar sem raforka er hvað ódýrust. Þessi munur er í sambærilegu húsnæði um 220-250%, mismunandi eftir því hvort um einbýlishús eða sambýlishús er að ræða, sem Austfirðingar t. d. og Vestfirðingar þurfa að greiða hærra verð fyrir rafhitun sinna húsa.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Þessar umr. og upplýsingar um olíustyrk eru ein staðreyndin enn í sambandi við erfiðari aðstöðu til búsetu úti á landi en í Reykjavík og nágrenni sem erfitt er að sætta sig við. Ég vil taka undir með hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni um hið háa verð á raforku til húsahitunar sem er staðreynd. Þennan aðstöðumun verður að jafna og væri nauðsynlegt að fyrir lægju skýrar tölur um þetta verð.

Í þessu sambandi vil ég vekja sérstaka athygli á því, að vissulega er þörf á að sameinast um aukna leit og virkjun jarðvarmans og að hefja framkvæmdir við fjarhitun með ódýru rafmagni á þeim svæðum þar sem jarðhiti er ekki fyrir hendi. Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. ríkisstj. og alþm. að taka rösklega til hendi í þessum málum, eins og raunar hefur verið gert í hitaveituframkvæmdum víða til þessa. Ég tel að þarna sé ein besta fjárfestingin í okkar landi og ekki síst til að jafna aðstöðumun og létta af þjóðinni því sem við eigum í vændum, eins og fram hefur komið, í síhækkandi olíuverði.

Störf byggðanefndar, fsp. (þskj.109). — Ein. umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á fundi Sþ. 18. apríl 1973 var kosin nefnd 7 þm. til þess að gera tillögur um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum. Kosningin fór fram að viðhafðri hlutfallskosningu skv. ályktun Alþ. frá 13. apríl 1973 um þn. í byggðamálum. Í n. þessa voru kosnir þáv. hv. alþm. Steingrímur Hermannsson, Lárus Jónsson, Helgi F.

Seljan, Matthías Bjarnason, Ingvar Gíslason, Karvel Pálmason og Pétur Pétursson.

Síðan þetta gerðist er liðinn alllangur tími, og enda þótt hér hafi stundum á hinu háa Alþ. komið fram einstakar, afmarkaðar tillögur í formi þingmála frá þeim hv. þm. sem skipað hafa þessa n., þá hef ég ekki orðið þess var, að n. hafi skilað áliti.

Ekki þarf að rekja hér í löngu máli og ekki ástæða til að rekja umr. um byggðamál á liðnum árum. Þær hafa verið miklar, bæði fyrir þann tíma sem þessi n. var kjörin og eins síðan. Margt hefur verið vel gert í byggðamálum, en margt er þó ógert. Aðstöðumunur fólks, sem býr úti á landsbyggðinni, er mjög mikill í sumum greinum, m. a. að því er snertir þá þætti mála sem hér voru ræddir síðast. Þess vegna er mér og sjálfsagt ýmsum öðrum forvitni á að vita hvort þessi n. hefur skilað áliti og — ef svo er — hverjar séu þá niðurstöður hennar um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum.

Ég kýs ekki að hafa lengri formála að þessari fsp., herra forseti, en ég hef leyft mér að spyrjast fyrir um það, og beini fsp. minni til hæstv. forsrh., hvað líði störfum byggðanefndar sem kosin var af Alþ. 18. apríl 1973:

a) Hefur n. lokið störfum og ef svo er, hvenær má vænta þess, að nál. verði birt?

b) Hver voru laun nm. og hver var annar kostnaður við störf nefndarinnar?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Spurt er: „Hvað líður störfum byggðanefndar, sem kosin var á Alþ. 18. apríl 1973?

a. Hefur n. lokið störfum og ef svo er hvenær má vænta þess að nál. verði birti?

b. Hver voru laun nm. og hver annars kostnaður við störf nefndarinnar?"

Svar: Byggðanefnd hefur ekki enn lokið störfum. Skv. upplýsingum frá formanni nefndarinnar eru drög að lokaskýrslu hennar væntanleg nú í byrjun þessa mánaðar. Fallist nefndin á drögin mundi álit hennar væntanlega liggja fyrir um áramótin.

Ekki hafa verið inntar af hendi neinar greiðslur vegna nefndarstarfanna frá því sem getið er í skýrslunni um stjórnir, nefndir og ráð ríkisins á árinu 1976, sem út var gefin í okt. 1977. Þar kemur fram að 7 nm. hafi samtals verið greidd þóknun sem nemur 325 þús. kr., en sérfræðikostnaður við störf nefndarinnar hafi numið 1 millj. 175 þús. kr. og þóknun og kostnaður því samtals numið 1.5 millj. kr. Hefur Byggðasjóður staðið straum af kostnaði við störf nefndarinnar í samræmi við það sem segir í þál. frá 13. apríl 1973 sem skipan nefndarinnar var byggð á.

Með þessu tel ég mig hafa svarað fsp. hv. þm., en vil jafnframt minna á að 9. des. 1973 svaraði þáv. forsrh. fsp. um störf nefndarinnar og í janúar 1974 var dreift á Alþingi skýrslu um störf hennar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Mér þykir nú miklu miður að formaður n., hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson, skuli ekki vera viðstaddur þessar umr. Ég vil aðeins taka það fram út af þessari fsp., að á vinstristjórnarárunum, þegar þessi n. var sett á laggirnar, þá starfaði hún að mínu viti mjög vel og vann að ýmsum sérmálum sem hún tók út úr sem brýnustu mál og við einstakir nm. fluttum þau hér inn á Alþingi. Eftir að hæstv. fyrrv. ríkisstj. tók við völdum strjáluðust fundir mjög, og fór svo að við nm. vissum í rauninni ekki um það, hvort við vorum í þessari n. eða ekki, enda hafði formaður það við orð, og sú stefna ríkti ekki hér í landi, að áraði til funda af þessu tagi. Í n. hafa vissulega verið nokkrar deilur um verksvið hennar, hvað hún skyldi gera. Sumir okkar nm. vildu flytja meira af brýnustu úrbótamálum og geyma okkur þá frekar þann lið sem laut að hinni almennu stefnumörkun. En þegar kom að hinni almennu stefnumörkun er ekki því að leyna heldur, að þar urðu deildar meiningar um hvaða markmið skyldi setja. Við fengum svo frá formanni n. send frumdrög seinni hluta s. l. vetrar, en á það hefur hins vegar verið bent nokkrum sinnum í n. og reyndar víðar, að svokölluð byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hafi í raun tekið að nokkru leyti þetta ómak af okkur nm. og hafi tekið að sér þau verkefni sem okkur var falið að vinna að. Við höfðum nokkurt samráð við þessa byggðadeild á þeim fáu fundum, sem haldnir voru eftir að hún var stofnuð, einum eða tveimur, að mig minnir. Ég sem sagt harma það, að formaður n. skuli ekki vera hér til þess að svara ásamt okkur hinum til saka fyrir það, hversu hægt hér hefur gengið, og útskýra það, hvers vegna ekkert liggur fyrir enn þá um það, hvenær n. ætlar sér að skila eða hverju n. ætlar að skila af sér.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Það kemur í ljós að n. þessi hefur enn eigi lokið störfum og þar af leiðandi ekki enn skilað áliti. Upplýsingar eru um það, að formaður n. hafi gert drög að lokaskýrslu og ekki vitað hvort n. mundi fallast á þau drög, en e. t. v. styttist þó eitthvað tíminn þangað til n. lýkur störfum sínum.

Út af þessu er kannske ekki margt að segja annað en það, að ég lít á byggðamálin það stórum augum og þýðingarmiklum, að ástæða hefði verið til fyrir þessa n. að vinna nokkru skarpar að þessu verkefni en hér sýnist hafa verið gert. Það er full ástæða til þess, að jafnþýðingarmiklum málaflokki sé sýndur sá sómi af þingkjörinni n., að hún reyni að ljúka störfum á skemmri tíma en hér er um að ræða, sem eru 4½ ár, þannig að ég get naumast annað en átalið það og tel að það sé raunar virðingu Alþingis ekki fyllilega samboðið vegna þess að þessi hv. n. er kjörin af Alþingi.

Nú sagði einn nm., hv. þm. Helgi F. Seljan, að n. hefði starfað vel á fyrsta hluta síns æviskeiðs eða á vinstristjórnarárunum fyrri, eftir stjórnarskiptin hefði dregið mjög úr fundahaldi og dofnað yfir starfi n., og hann hafði eftir formanni nefndarinnar að það væri vegna þess að þá hefði ekki árað fyrir stefnu í byggðamálum. Nú væri e. t. v. ástæða til þess að spyrja hvað hér er verið að segja. Er verið að halda því fram t. d., að hæstv. fyrrv. ríkisstj. undir forsæti Geirs Hallgrímssonar hafi horfið frá byggðastefnunni? Er verið að gefa það í skyn, að sú stjórn og þeir stjórnarflokkar, sem þá voru við völd, hafi ekki viljað styðja byggðastefnu eins og gert var af vinstri stjórninni fyrri? Ég tel að þetta sé rangt, og mér þætti betur að hv. þm. Helgi F. Seljan gerði grein fyrir því í hverju þetta er fólgið. (**HFS:** Ég vitnaði í formann n.) Ef þetta er allt saman rakið til formanns n., hæstv. núv. landbrh., þá skal ekki farið langt út í þá sálma þar sem hann er ekki hér viðstaddur. En ég vil t. d. nefna eitt atriði, fjárveitingar til Byggðasjóðs sem í tíð fyrrv. ríkisstj. voru í fyrstu ákveðnar 2% af útgjöldum fjárlagafrv., höfðu verið 1% í tíð fyrri vinstri stjórnar. Ég vil

nefna það, að í lok síðasta stjórnartímabils var gerð nokkur breyting á þessum lögum, þannig að ráðstöfunartekjur sjóðsins skyldu vera sem svaraði 2% af útgjöldum fjárlagafrv. Fyrsta fjárlagafrv. núv. hæstv. vinstri stjórnar felur það í sér að brjóta þessi lög í raun, enda þótt með talnaleik sé verið að fara í kringum málið og með talnaleik settar tölur í frv. sem eiga að sýnast uppfylla þetta ákvæði. Ég ætla ekki að skýra það frekar, en þegar slíkt sem þetta er sagt, þá er heppilegra að því fylgi einhver rökstuðningur.

Ég skal ekki lengja þetta mál mikið. Ég tel að hér sé um svo þýðingarmikið mál að ræða og enn sé svo mikið óunnið á sviði byggðamála, sem að full ástæða sé til að þessi hv. n., sem kjörin var fyrir 4½ ári, ljúki starfi sínu. Ef hún treystir sér ekki til að ljúka því, þá verði að einhverju leyti skipt um menn í þessari nefnd.

Ég skal ljúka máli mínu, hæstv. forseti, en við, sem búum á landsbyggðinni, þurfum að standa vörð um okkar hagsmuni eins og allir í þessu þjóðfélagi, um leið og við lítum á hagsmuni þjóðfélagsins í heild. En við búum við það í ýmsum greinum að bera meiri kostnað, hafa dýrari þjónustu, minni þjónustu og erfiðari samgöngur en sá hluti þjóðarinnar sem býr í aðalþéttbýlinu. Við eigum því láni að fagna að njóta ýmissa annarra kosta sem hér skulu ekki metnir til verðs. Þess vegna þarf að móta heildstæða stefnu í sambandi við byggðamálin og ljúka því verki sem þessari n. var ætlað fyrir 4½ ári.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram var það eitt af höfuðstefnumálum vinstri stjórnarinnar, sem hér sat 1971-1974, að vinna að eflingu byggðar um allt land. Í þessu skyni voru unnin margvísleg störf á vegum þessarar stjórnar og gerðar ýmsar skipulagsbreytingar. M. a. voru settar upp tvær nefndir sem oft á þessum tíma var rætt um sem eins konar systurnefndir í þessu verki. Önnur er sú n. sem hér er til umr. og ekki hefur enn skilað áliti. Hin var n. sem falið var að fjalla um staðarval ríkisstofnana og að vísu tók nokkuð langan tíma að vinna sitt verk, en skilaði því þó fyrir um það bil þremur árum. Um það verk má að vísu margt segja og deila um margt það sem þar var sagt. En ég held að það fari ekki á milli mála, að þegar höfð er í huga meðferð fyrrv. ríkisstj. á áliti þeirrar n. og því algera aðgerðaleysi í breytingum á staðarvali ríkisstofnana, sem einkenndi valdatíma þeirrar ríkisstj., og jafnframt þau sjónarmið formanns þeirrar byggðanefndar, sem hér hefur verið vitnað til, að á valdatíma hennar hefði ekki árað fyrir byggðamál í landinu, þá held ég að það liggi alveg ljóst fyrir, að störf þeirra tveggja n., sem af vinstri stjórninni 1971-1974 voru settar á laggirnar til þess að efla róttækar breytingar í byggðamálum, hafi setið á hakanum. Núv. hæstv. samgrh. lét n. ekki vinna þetta tímabil að neinu marki, og það álit, sem hin n. skilaði, var að nokkru leyti látið rykfalla í skjalavörslum rn., og þau álit, sem leitað var eftir frá einstökum ríkisstofnunum, var lítið gert með. Það er von mín að með nýrri ríkisstj. verði innleidd hér ný vinnubrögð í þessum efnum, þannig að því mikla starfi, sem hafið var á árunum 1971-1974, verði nú haldið áfram.

Vandamál frystihúsa á Suðurnesjum, fsp. (þskj. 121). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt hefur útgerð og fiskvinnsla á Suðurnesjum og reyndar Suðvesturlandi staðið afar illa að undanförnu. Ástæður fyrir þessum vandamálum eru vafalaust margar og flóknar, en hæst ber minnkandi aflabrögð og einnig að samsetning afla hefur verið mjög óhagstæð. Einnig er það skoðun mín, að stjórnvöld hafi ekki brugðist svo fljótt við vandanum sem þurft hefði. Áður fyrr eða allt til 1971 var atvinnulíf á Suðurnesjum eða Suðvesturlandi afar blómlegt og lagði jafnframt mikið fram í þá sjóði er voru til styrktar þeim landssvæðum er þá áttu við staðbundin vandamál að stríða. Í vor og sumar var hagur fiskvinnslu á Suðurnesjum svo bágborin, að frystihúsin hættu um skeið starfsemi og atvinnuleysi var verulegt af þeim sökum. Þegar ný ríkisstj. tók við völdum fóru hjól atvinnulífsins að snúast á nýjan leik. Vonir manna um betri tíð hafa eflaust átt þátt í því að svo varð.

Skömmu eftir að Kjartan Jóhannsson sjútvrh. tók við störfum skipaði hann starfshóp er átti að gera úttekt á vandamálum frystihúsanna. Að undanförnu hafa borist fréttir um að enn sæki í sama horf og fyrr í atvinnumálum Suðurnesjamanna, og má geta þess, að nú fyrir helgina var á annað hundrað manns sagt upp störfum í frystihúsunum. Því þótti mér brýnt að spyrjast fyrir um það, hvað liði fyrrgreindri úttekt, og jafnframt þurfa að fylgja upplýsingar um tillögur til úrbóta og hve miklu fjármagni verður veitt á svæðið svo að þær tillögur geti orðið að veruleika.

Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Hvað líður úttekt þeirri á vandamálum frystihúsanna á Suðurnesjum sem sérstakur starfshópur vinnur að á vegum sjútvrh.?“

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Fsp., sem hér liggur fyrir, hljóðar þannig: „Hvað líður úttekt þeirri á vandamálum frystihúsanna á Suðurnesjum sem sérstakur starfshópur vinnur að á vegum sjútvrh.?“

Fsp. svipaðs eðlis hefur borist frá hv. þm. Eiríki Alexanderssyni þar sem óskað er skriflegs svars. Ég hef skilað því svari og því verður væntanlega útbýtt.

Það er rétt að minna á aðdraganda þessa máls. Með bréfi, dags. 21. sept. 1978, óskaði sjútvrn. eftir að Þjóðhagsstofnun tilnefndi einn mann og Framkvæmdastofnun 2-3 menn í starfshóp til að gera athugun á stöðu fiskvinnslufyrirtækja, sem búa við svæðisbundin vandamál, og gera tillögur um úrlausn þeirra. Þjóðhagsstofnun tilnefndi einn mann og Framkvæmdastofnun ríkisins tilnefndi tvo. Í erindisbréfi starfshópsins er honum ætlað að hafa samráð við heimamenn svo og hagsmunaaðila og lánastofnanir sjávarútvegsins. Í erindisbréfinu segir enn fremur:

„Starfshópurinn skal skila tillögum um fjárhagslega, tæknilega og stjórnunarlega endurskipulagningu fyrirtækja í sjávarútvegi á hverju svæði. Við athugun og áætlanagerð skal sérstaklega stefnt að því að tryggja atvinnuöryggi, samræmi í uppbyggingu veiða og vinnslu og aukna hagkvæmi og bætta nýtingu í vinnslunni.“

Starfshópurinn tók til starfa í lok. sept. s. l.

Þessi starfshópur var skipaður í framhaldi af setningu reglugerðar um ráðstöfun gengismunar eða samhliða

henni. Tilgangurinn var auðvitað í fyrsta lagi að athuga stöðu fyrirtækjanna og í öðru lagi að skila áliti sem gæti verið til hliðsjónar við stefnumörkun. Það er tekið fram í reglugerðinni að stuðla eigi að bættu skipulagi í veiðum og vinnslu og jafnframt að þar sem rekstur hafi stöðvast skuli fyrirtæki hafa forgang.

Fyrsta verkefni þessa starfshóps var svæðisbundinn vandi frystihúsanna á Suðurnesjum. Ástæður þess, að Suðurnesin voru tekin fyrst, voru einkum tvær. Frystihúsin á Suðurnesjum höfðu þegar stöðvast, og í öðru lagi var vitað fyrir að svæðisbundinn vandi frystihúsanna var mestur á Suðurnesjum. Í því sambandi er rétt að benda á að í sérstakri athugun á afkomu frystihúsa eftir landshlutum, sem Þjóðhagsstofnun gerði í okt. 1977, kom m. a. fram að afkoma frystihúsanna á Suður- og Suðvesturlandi var sýnu lökust. Athugun starfshópsins hefur þannig beinst fyrst og fremst að frystihúsunum á svæðinu frá Grindavík til Voga, en á þessu svæði eru nú 24 frystihús.

Eftirfarandi atriði hafa verið sérstaklega könnuð: Mikilvægi fyrirtækjanna í atvinnulífi á hverjum stað, í annan stað fjárhagsstaða fyrirtækjanna nú, rekstrarárangur þeirra á þessu ári og undanförnum árum og almennt mat á stjórnun fyrirtækjanna, og í þriðja lagi tæknibúnaður fyritækjanna, afkastageta og nýting.

Starfshópurinn hefur skilað fyrstu tillögum sínum og þar kemur m. a. fram, að starfshópurinn telur að af þeim 24 frystihúsum, sem eru á svæðinu, skipti 9-11 höfuðmáli, bæði að því er varðar atvinnulíf og framleiðslu. Fyrirtækin 11 eru með nálægt 80% af freðfisksframleiðslunni á svæðinum, þannig að atvinnulega séð skiptir höfuðmáli að þau séu starfrækt. Séu þau ekki starfrækt er atvinnulífi sérstök hætta búin.

Starfshópurinn hefur kannað fjárhagsstöðu og tæknibúnað áður greindra fyrirtækja, sem talin eru mikilvægust frá atvinnusjónarmiði, og við athugun á fjárhagsstöðu hefur sérstaklega verið kannaður rekstrarárangur og greiðslugeta og greiðsluþol fyrirtækjanna. Þá hefur verið lagt mat á kostnað við brýnustu tæknilegu endurbætur í þessum fyritækjum ásamt nauðsynlegri styrkingu fjárhagsstöðu og settar fram hugmyndir um þetta efni.

Af öðrum tillögum starfshópsins má nefna, að lagt er til að komið verði á fót sameiginlegri fiskmóttöku og fiskmiðlun fyrir togaraafla á svæðinu, þannig að hráefnið berist jafnt að og unnt sé að vinna það nýtt.

Í öðru lagi er lagt til að komið verði á fót á svæðinu sameiginlegri reiknistofu frystihúsanna, sem m. a. fylgdist með hráefnisaukningu og vinnulaunakostnaði frystihúsanna og veitti þeim almenna rekstrarráðgjöf. Hráefni og vinnulaun eru sem kunnugt er að jafnaði um 3/4 hlutar af rekstrarkostnaði hvers frystihúss, og af hálfu starfshópsins er þessi aðgerð hugsuð til þess að stuðla að betri og öruggari stjórnun fyrirtækjanna.

Þá telur starfshópurinn þýðingarmikið að togaraaflinn gegni veigameira hlutverki í hráefnisöflun frystihúsanna en nú er. Togaraútgerð tryggir öruggari og jafnaði hráefnisöflun allt árið en bátaútgerð megnar, og þess vegna verður rekstur frystihúsanna jafnari og öruggari á grundvelli togaraútgerðar heldur en bátaútgerðar að dómi starfshópsins, og sjálfsagt eru fleiri um það álit. Eins og nú er kemur nálægt helmingi þess afla, sem frystihúsin 11 taka á móti í frystingu, söltun og herslu, af togurum.

Í raun er hér um margþætt verkefni að ræða, eins og af þessu má ráða. Í fyrsta lagi er hin fjárhagslega endurskipulagning eða lagfæring á fjárhagsstöðu fyrirtækjanna. Án þess að hún komi til með einum eða öðrum hætti er þess ekki að vænta, að þau verði rekin. Í annan stað þurfa að eiga sér stað vissar tæknilegar úrbætur til þess að fyrirtækin séu betur í stakk búin til þess að skila góðum rekstrarárangri. Í þriðja lagi er um að ræða stjórnunaraðgerðir sem geta verið mikilvægar með tilliti til þess, að reksturinn gangi sem best. Í því sambandi leggur starfshópurinn til að komið verði á reiknistofu. Í fjórða lagi er það hráefnisjöfnun eða miðlun, og þá má tala um það annars vegar út frá því hráefni, sem nú berst á land, og hins vegar, að til lengri tíma litið yrði hráefnisöflun traustari með því að stærri hluti þess afla, sem á land berst, kæmi af togurum. Og það er hugmynd starfshópsins að auka eigi togaraútgerð á kostnað bátaútgerðar á svæðinu.

Nú er unnið að framkvæmd þeirra tillagna starfshópsins sem lúta að styrkingu á fjárhagsstöðu fyrirtækjanna með breytingu á lausaskuldum í lán. Í þessu sambandi standa yfir viðræður við viðskiptabanka fyrirtækjanna og fleiri aðila um þátttöku í lánalengingum. Verður leitast við að hraða framkvæmd málsins eins og kostur er, þannig að þessum þætti verði lokið fyrir áramót. Eftir því sem þurfa þykir verða sett skilyrði fyrir lánveitingum og þá í því skyni að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri og stjórnunarlegum endurbótum.

Nú þegar þessar tillögur liggja fyrir um aðgerðir í málefnum frystiiðnaðarins á Suðurnesjum verða aðrir landshlutar eða landssvæði tekin fyrir. Raunar er þegar hafin athugun á stöðu frystihúsanna á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, og í framhaldi af því koma önnur landssvæði. Í þessu sambandi vil ég minna á, að þegar núv. ríkisstj. tók við var alger rekstrarstöðvun eða að hluta á stórum hlutum af Reykjanesi og Suðvesturlandi. Það er því ómótmælanlegt, að á þessu svæði var við erfiðasta vandann að glíma og þess vegna eðlilegt og sjálfsagt að fyrst yrði tekist á við vandamálin á þessu svæði og þau könnuð sérstaklega.

Ég tel að sá vandi, sem við er að glíma á Suðurnesjum, sé margþættur, og ég held að það sé ljóst, að hann eigi sér langan aðdraganda. Það, sem skiptir meginmáli, er að feta stig af stigi til betra ástands en verið hefur, og eins og ég gat um þarf þar margt til að koma. Annars er ekki að vænta en að nokkurn tíma taki að ná árangri og vinna verði málið lið fyrir lið.

Eiríkur Alexandersson: Herra forseti. Ég verð því miður að lýsa vonbrigðum mínum með svör hæstv. sjútvrh. Mér þykja þessi svör allloðin og eins konar heimspekilegar hugleiðingar um það sem þurfi að gera þegar til lengri tíma er litið, en ekkert beint og bitastætt, hvorki um það, sem verið er að gera eða búið er að gera, né það, sem þarf að gera nú á næstu vikum til þess að bæta úr því alvarlega ástandi sem ríkir nú suður á Suðurnesjum.

Það urðu mér sár vonbrigði þegar ég sá að fsp. mín var ekki á dagskrá í dag. Ég sá hana aftur á móti í vélritaðri dagskrá hér í gærkvöld og átti þess vegna fastlega von á því, að hún kæmi á dagskrá hér um leið og þessi fsp. hv. þm. Karls Steinars, en svo varð ekki. Sú fsp. er miklu ítarlegri og ég hefði viljað sjá þau svör og ég hefði vænst þess, að þau væru miklu ákveðnari, eitthvað sem hægt væri að henda reiður á.

Ég hef ástæðu til að ætla að skýrsla þess starfshóps, sem hæstv. ráðh. gat um og falið var að kanna stöðu fiskiðnaðar á þeim svæðum, sem byggju við sérstök vandamál, og þar með Suðurnesjasvæðinu, — ég hef ástæðu til að ætla að skýrsla þessa starfshóps sé tilbúin. Ég furða mig á því, að þessi skýrsla skuli ekki vera birt, jafnvel þó að það sé áfangaskýrsla, því að það er ákaflega þýðingarmikið að menn fái að vita eitthvað um það sem á að fara að gera. Það er talað um 11 forgangsfrystihús af 24, og það er spurt: Hvað á að gera við hin 13?

Á Suðurnesjum er saltfisks- og skreiðarverkun enn þá meiri en frysting, þannig að sú atvinnugrein er ekki síður þýðingarmikil fyrir Suðurnesjamenn og ástandið hjá þeim fyrirtækjum er ekki síður alvarlegt. En um þau hefur ekki einu sinni verið rætt. Í sjónvarpsviðtali við sjútvrh. í gær, sem ég gat því miður ekki séð, var mér sagt, að ekki hefðu komið nein bein svör heldur, og á fundi með eigendum frystihúsa suður á Suðurnesjum voru heldur engin bitastæð svör gefin.

Hv. þm. Karl Steinar sagði að í tíð síðustu ríkisstj. hefði ástandið suður á Suðurnesjum verið bágborið, og ég skal ekki mótmæla því, enda var ég einn af þeim sem gagnrýndu það sem gert var, eða réttara sagt hvað lítið var gert til þess að ráða bót á því ástandi. En ég get ekki séð að það ætli að batna neitt með tilkomu þessarar nýju ríkisstj. Á jafnlöngum tíma frá því að febrúargengisfellingin var gerð af fyrri ríkisstj. og þessi ríkisstj. hefur nú haft til að sinna þessum málum var úthlutað af gengismunarfé hagræðingarlánum í Reykjaneskjördæmi sem námu 312 millj. kr. af 701 millj. sem var úthlutað í allt. Eins og ég hef sagt nú, fær enginn maður neitt að vita hverjir hafa fengið lán, í hverju fyrirgreiðsla sé fólgin eða hvort fyrirtækin fóru af stað út á vonina eina saman.

Ég verð sem sagt að lýsa vonbrigðum mínum með svar hæstv. ráðh. enn á ný. Mér fannst það næstum því samhljóða skipunarbréfi til starfshópsins. Hér er ekkert sem hægt er að henda reiður á, sem menn geta sett traust sitt á, til þess að þeir geti átt von á betri og bjartari framtíð suður á Suðurnesjum. Ég vona að hæstv. sjútvrh. taki nú rögg á sig og geri betur.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Hv. þm. Eiríkur Alexandersson gaf mér tilefni til þess að koma hér og gera nokkrar aths. og koma á framfæri nokkrum sjónarmiðum í sambandi við þetta mál. Hv. þm. Eiríki Alexanderssyni er það e. t. v. gleymt og grafið, hver sá viðskilnaður var s. l. sumar þegar stjórnun þessara mála fór úr höndum sjálfstæðismanna. Sjálfstfl. hafði haft forustu um fiskveiðimál í sjávarútvegsráðherratíð hv. núv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og um leið þessi mál Suðurnesja. Þegar hæstv. sjútvrh. Kjartan Jóhannsson tekur við sjútvrn. var atvinnuleysi á þessu svæði. Þá höfðu fiskiðnfyrirtækin á Suðurnesjum stöðvast, sagt var: hingað og ekki lengra. Þessi fyrirtæki höfðu verið í fjársvelti nær allan þann tíma, öll þau 4 ár sem þessi mál voru undir forustu sjálfstæðismanna, og niðurstaðan varð sú, að þegar hæstv. fyrrv. sjútvrh. lét af störfum var þar atvinnuleysi á svæðinu og fyrirtækin stöðvuð.

Ég vil aftur á móti þakka hæstv. sjútvrh. hans lofsverða framtak á þessu sviði nú. Það er langt síðan heyrst hefur um slík snarhandtök sem hafa verið höfð á þessu sviði. Það hefur verið bryddað á nýjum vinnubrögðum, — vinnubrögðum sem eiga að miða að því að það fjárfestingarfjármagn nýtist sem fyrir hendi er og á að veita til þess að efla sjávarútveg og fiskvinnslu. Það kom fram í máli hv. þm. Eiríks Alexanderssonar, að fyrr á þessu ári hafi einhverju fjármagni verið veitt til þessara fyrirtækja, en það hefur auðsjáanlega farið fyrir lítið. Þess vegna er það grundvallaratriði, að rekstrarstöðukönnun fari fram á þessu svæði og gerðar verði skipulagsbreytingar þannig að fjármagnið, sem veitt verður, nýtist til hagsbóta í fiskiðnaði og sjávarútvegi og til hagsbóta fyrir fólkið allt á þessu svæði. Það er grundvallaratriði. Og það er séð að hæstv. sjútvrh. er á réttri leið í þessum efnum. Ég trúi því, að niðurstaðan úr þessari könnun og aðgerðir í framhaldi af henni eigi eftir að lyfta þessu byggðasvæði upp úr því ástandi, sem Sjálfstfl. skildi við það við síðustu stjórnarskipti.

Herra forseti. Ég verð ekki miklu langorðari, en ætla að minnast á eitt atriði þessu samtengt. Eins og okkur er kunnugt um er þarna um 6-7 verstöðvar að ræða. Íbúar þessara verstöðva eru háðir fiskveiðum og fiskvinnslu og engu öðru. Slæm fjárhagsstaða þessara fyrirtækja þýðir það, að fjárhagsstaða sveitarfélaganna sem slíkra stendur mjög völtum fótum um þessar mundir. Önnur fyrirtæki starfa í tengslum við sjávarútveg á þessu svæði, og sveitarsjóðir eru vissulega háðir þessum fiskiðnaðarfyrirtækjum, og því gefur að skilja að þegar hart er í ári og hart er í búi, þá er erfitt um aðdrætti. Það er erfitt fyrir sveitarsjóðina að innheimta sín gjöld af fiskiðnfyrirtækjum. Þetta er vandamál sem einnig þarf að horfa á í þessu samhengi. Það þarf vissulega að gera ákveðnar bráðabirgðaráðstafanir til þess að þarna geti haldið áfram að blómgast eitthvert líf, en til lengri tíma verður að gera grundvallarskipulagsbreytingar þannig að til heilla horfi um framtíðina.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér í það flokkspólitíska karp hv. þm. Suðurnesjamanna sem hér hefur nú hafist, hvorki þá lofræðu, sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson flutti um sjútvrh., né heldur það sem Eiríkur Alexandersson sagði. Ég vildi þó láta það koma hér skýrt fram af minni hálfu, að ég verð því miður að segja það, að þau svör, sem voru gefin við þessari fsp., eru ekki nægilega skýr og nægilega tæmandi. Vonandi er það skriflega svar, sem mér skildist á hæstv. ráðh. að væri í undirbúningi, skýrara. Ef svo er ekki, þá er þörf á að þetta mál verði tekið fyrir á þann hátt að það fái betri og ítarlegri efnislega meðferð.

Hér er um að ræða hluta af mjög stóru vandamáli, — vandamáli sem felst fyrst og fremst í því hvort verið er að verja því fé, sem hefur verið markað að eigi að fara til hagræðingar í sjávarútvegi, þannig að sjávarútvegur landsmanna sé betur í stakk búinn til frambúðar. Er verið að verja þessu fé í raun og veru til slíkra framkvæmda? Eða er í reynd verið að verja því fé, sem skapast hefur með gengismun á þessu ári, í það að bjarga vanskilaskuldum, lausaskuldum og ýmsum öðrum atriðum í fjárhagsstöðu fyrirtækjanna hverju sinni, en alls ekki verið að styrkja grundvöllinn þannig til frambúðar að þessi fyrirtæki séu lífvænlegar rekstrareiningar.

Ég verð að segja það, að mér hefur fundist meðferð þessa máls hingað til af hálfu rn. gefa tilefni til þess, að menn vörpuðu fram fleiri spurningum en svör hafa fengist við hingað til um það, hvort þarna væri rétt að verki staðið. Ég vil taka það fram, að í fjh.- og viðskn. Ed. var óskað eftir því fyrir þremur vikum að fá þá áfangaskýrslu

sem hér var gerð að umræðuefni, og ég vona að það verði orðið við þeirri ósk, þótt af hálfu ráðuneytisstjórans væru taldir ýmsir annmarkar á því. Það kom jafnframt fram í n., að könnun á öðrum frystihúsum í öðrum hlutum landsins yrði lokið fyrir 10. þ. m., en nú skilst mér á hæstv. ráðh. að það sé mun lengra í land með það starf. Ég tel það algera forsendu, áður en hægt sé að hefjast handa, eins og ráðh. lýsti hér yfir, að framkvæma tillögur þessa starfshóps hvað snertir að breyta lausaskuldum fyrirtækjanna á Suðurnesjum í föst lán, að þessi heildarúttekt liggi fyrir, vegna þess að ég geri ráð fyrir að sá bakhjarl þeirra fjármagnsráðstafana, sem þarna eru á ferðinni, sé einmitt það hagræðingarfé sem verið er að tjalla um hvernig eigi að ráðstafa. Þessi mál þurfa að liggja miklu skýrar og ljósar fyrir í heild sinni áður en hægt er að byggja umfangsmiklar fjármunaráðstafanir til þessara fyrirtækja sem og annarra á tillögugerð.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það eru örfá orð í sambandi við þær umr. sem hafa orðið vegna fsp. um vandamál frystihúsa á Suðurnesjum.

Ég vil fagna því, að menn hafa verið kvaddir til þess af hálfu sjútvrn. að kanna svæðisbundin vandamál í rekstri frystihúsanna, eins og talað hefur verið um. En ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs er fyrst og fremst sú, að ég vil nota þetta tækifæri til að leggja á það þunga áherslu, að mjög brýn þörf er á því að hraða þessari úttekt, ekki aðeins á Suðurnesjum, heldur einnig á ýmsum öðrum stöðum á landinu. Ég efast ekki um að vandi frystihúsanna á Suðurnesjum hefur verið mjög mikill, og ég ætla ekki að gagnrýna það að starfshópurinn hefur byrjað könnun sína þar. En ég vil vekja á því athygli, að enda þótt svo sé í ýmsum öðrum kjördæmum, t. d. í því kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir, Vestfjarðakjördæmi, að þar finnist ýmis frystihús sem eru í hópi þeirra sem standa einna skást í þessari grein, þá finnast þar einnig byggðarlög þar sem rekstur viðkomandi frystihúss getur engu að síður verið ákaflega illa á vegi staddur og það þannig að jaðri við algera stöðvun atvinnulífs. Ég þekki þetta að sjálfsögðu best á Vestfjörðum og vil vekja á því athygli, að þar er um mjög mikinn mun að ræða innan kjördæmisins.

Ég vil taka sem dæmi stað eins og Bíldudal, þar sem ég tel að sé alveg sérstök ástæða til að hraða úttekt á málum frystihússins þar, og vil vænta þess, að hæstv. ráðh. hafi á því máli fullan skilning. Á Bíldudal er þannig ástatt, að þar hefur örugglega verið meira um atvinnuleysi verkafólks á undanförnum árum heldur en í nokkru byggðarlagi af sambærilegri stærð nokkurs staðar á landinu. Í slíku byggðarlagi hlýtur að vera sérstök ástæða til þess að láta ekki dragast úr hömlu að úttekt í þessum efnum fari fram og að liðsinni verði veitt til þess að tryggja að atvinnulífið geti haldist gangandi.

Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh., að starfshópnum hefur nú verið falið að athuga stöðu þessara mála í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi, og vafalaust er full þörf á því. En ég vil leyfa mér að mælast til þess og tel mig hafa fyrir því fullgild rök, þó að tíminn leyfi ekki að færa þau hér öll fram, að það verði hið allra bráðasta gengið að því verkefni af hálfu þessa starfshóps eða annarra, sem rn. kynni að kveðja til, að skoða þá staði annars staðar á landinu sem allra verst eru settir og þar sem allra mest er aðkallandi að hindra yfirvofandi allsherjaratvinnuleysi, eins og t. d. á þessum stað, Bíldudal, sem ég gat um.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þessi fsp. hefur fengið hér. Það má sjálfsagt deila um hvernig svörin hefðu átt að vera, en ég hygg að sú úttekt, sem nú hefur verið gerð, hafi það í för með sér, að ganga þurfi frá ýmsum samningum og öðru sem gera það að verkum að erfitt er að upplýsa hvernig mál standa nákvæmlega. En ég er ánægður með það, að þessari úttekt skuli þó vera lokið, og ég vil taka undir það sem áður hefur komið fram hér, að það voru rösk vinnubrögð hjá sjútvrh. að skipa n. til að kanna þessi mál. Málefni Suðurnesja gengu þar fyrir, enda hafði allt atvinnulíf kvðnað niður þar í tíð fyrrv. ríkisstj. sem hv. 4. þm. Reykn. er tákn fyrir, þ. e. a. s. þá niðurlægingu sem Suðurnesin hafa mátt þola vegna stjórnarhaldsins á þeim málum.

Ég legg áherslu á að það, sem út úr þessu kemur, verði á þann hátt, að lífvænlegar rekstrareiningar skapist, að mögulegt verði að reisa atvinnulífið úr þeim rústum, sem það var í, og bægja frá því atvinnuleysi, sem hefur verið viðloðandi á Suðurnesjum og er kannske að aukast á ný. Ég hygg að aðrir landshlutar geti beðið nokkuð með úrbætur í þessum efnum, þar sem ástandið er hvað best, afkoman hvað best, — landshlutar þar sem tugir Ástralíumanna eru fengnir til að fylla upp í vinnumarkaðinn. Auðvitað þarf svo að vera, að frystihús alls staðar á landinu séu vel búin og standi vel fjárhagslega, en ég hygg að ástandið sé hvað verst á Suðurnesjum.

Ég vil enn ítreka undrun mína, á því, að þm., sem eru fulltrúar fyrir þá niðurlægingu er suðvesturhorn landsins hefur mátt þola í fiskiðnaði, vanda um við þann ráðh. sem aðeins hefur starfað hér í þrjá mánuði.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. og ætla ekki að fara að ræða hér um afkomu frystihúsanna í landinu, en náttúrlega er aðalatriðið að frystihúsin í landinu almennt hafi bærileg rekstrarskilyrði, og ég býst ekki við að þau breytist mjög ört með nýjum ríkisstj. frekar en — eins og einn hv. þm. hefði kannske orðað það — með gangi himintungla. Þetta er ekki aðalvandamálið og mér finnst undarlegt að vera að karpa út af fyrir sig um það.

En það er aðeins eitt sem ég tók eftir í svari hæstv. sjútvrh. sem mér finnst ástæða til þess að vara nokkuð við. Ef ég hef skilið hann rétt, þá gat hann þess, að þessi starfshópur hefði komist að þeirri niðurstöðu, að það væri rétt að auka togaraútgerðina á Suðurnesjum á kostnað bátaútgerðarinnar. Ég geri ráð fyrir að það muni vera svo víðar um landið, ef menn hafa rekstur frystihúsanna í huga, að þetta væri rétt niðurstaða. En ég vil vara við þessu, vegna þess að hér er um tímabundið vandamál að ræða og gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar varðandi nýtingu fiskstofnanna. Þetta þurfa menn að hafa í huga.

Þessi vandi er m. a. upp kominn vegna þess, að saltfisksframleiðslan stendur mjög höllum fæti og afli bátaflotans á vetrarvertíð fer að miklu leyti í salt, vegna þess að það eru miklir toppar í þeirri vinnslu. En mér finnst ástæða til að vara við því, að staðan eins og hún er í dag á mörkuðunum, leiði til þess að menn fari út í einhverja stökkbreytingu í fiskiskipaflotanum, þ. e. a. s. að leggja niður verulegan hluta af bátaflotanum til þess að geta bætt við togurum. Ég skildi hæstv. ráðh. á þennan hátt, að þetta hefði verið niðurstaða þessa starfshóps. Þetta mun örugglega hafa mjög alvarlegar afleiðingar varð-

andi nýtingu fiskstofnanna við landið og er ekki ástæða til að gera það verra en nú er.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég get nú ekki annað gert en lýsa undrun minni yfir þeirri gagnrýni sem hér hefur komið fram. Ég vil minna á að það var allt saman dautt á Suðurnesjum hinn 1. sept. þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, en fyrirtækin hafa verið starfrækt síðan. Ég held líka að einmitt það starf, sem hefur verið unnið, sé unnið í þeim anda að styrkja grundvöllinn til frambúðar, og það var einmitt í þeim anda og með tilliti til stefnumörkunar sem þessi starfshópur var settur til starfa. Það er ljóst, að til þess að treysta þetta til frambúðar þarf margt til að koma, eins og ég rakti hér á undan, m. a. fjárhagsleg og tæknileg endurskipulagning. Hvort tveggja þetta kemur fram í störfum starfshópsins og að hvoru tveggja þessu hefur verið unnið. Ég gat þess, að nú væri unnið að viðræðum við viðskiptabanka og fleiri aðila um lengingu lána til þess að treysta fjárhagsstöðuna. Ég gat þess líka, að þó að byrjað væri á þessum stað þýddi það ekki að aðrir staðir, sem ættu við sérstök vandamál að glíma, yrðu ekki teknir fyrir, heldur yrði farið yfir landið allt.

Ég get vel tekið undir það með hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að víða sé pottur brotinn og það verður að skoða þá staði sérstaklega sem verst eru settir, enda er það sérstaklega tekið fram í reglugerðinni sem starfað er eftir.

Að því er varðar hugmyndir hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, þá veit ég að það er ábending sem á fullan rétt á sér, enda munu mál af þessu tagi einungis leysast af heimamönnum, hvernig flotinn skuli vera upp byggður, og fyrst og fremst með hliðsjón af mörgum sjónarmiðum. Engu að síður held ég að það sé ljóst, ef litið er á frystinguna eina sér, að togaraútgerð hentar betur til þess að skapa örugga hráefnisöflun og jafna hráefnisöflun til frystingarinnar, svo að það sjónarmið á fullan rétt á sér. Ég tel að með því starfi, sem hér hefur verið unnið, hafi verið stefnt að því að ná fram aðalatriðunum í þessu máli að því er Suðurnesin varðar, fá fram hvað væri mikilvægast með tilliti til þess að treysta atvinnuöryggi á staðnum, hver væru mikilvægustu sjónarmiðin með tilliti til þess, að atvinnulífið stæði þar traustari fótum. Ég tel líka að það hafi verið unnið að því af fullum þrótti að fyrirtækin þarna suður frá gætu skrimt eins og önnur fyrirtæki hér á landi í þessari vinnslugrein, því að afkoman er nú ekki betri en það, að það er ekki hægt að tala um að þau geri meira en að skrimta. Ýmiss konar kröfugerð, sem er uppi um margvíslega hluti hér í þjóðfélaginu, ætti ekki síður að beinast að því að skapa undirstöðuatvinnuvegunum góðan rekstrargrundvöll.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta. Ég tel að þau svör, sem hér hafa verið gefin, svari þeirri fsp. sem fram hefur verið borin. Áfram verður unnið að því að ná fram þeim markmiðum sem eru mikilvægust fyrir Reyknesinga, nefnilega að treysta grundvöll þessarar undirstöðuatvinnugreinar. En jafnframt verður á hverjum tíma að sjá til þess, eftir því sem frekast er unnt, að til atvinnustöðvunar komi ekki. Þetta hvort tveggja hefur þó tekist. Það tókst að koma atvinnulífinu í gang, það er verið að vinna að því að treysta grundvöllinn að því er hina fjárhagslegu stöðu varðar, og það kemur að því að það verður að treysta hana líka skipulagslega séð og að því er tæknibúnað húsanna varðar. En menn skulu gæta að því, að þetta er svæði, sem hefur dregist stórlega aftur út á undanförnum árum, og margra ára vanrækslu verður ekki unnin upp á þremur mánuðum.

Sameinað þing, 31. fundur.

Þriðjudaginn 5. des., að loknum 30. fundi.

Herferð gegn skattsvikum, þáltill. (þskj. 123). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 5. des.

Ráðstöfun gengismunar o. fl.

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Eiríks Alexanderssonar um ráðstöfun gengismunar o. fl., á þskj. 122, afhent þm. 5. des.

Fyrirspurn 1. liðar.

a) Hver er áætlaður heildargengismunur sjávarafurða vegna gengislækkunarinnar í september?
b) Hver er áætlaður gengismunur vegna freðfisks?
c) Hver er áætlaður gengismunur vegna saltfisks?
d) Hver er áætlaður gengismunur vegna skreiðar?

Svar við 1. lið.

a) Heildargengismunur sjávarafurða er talinn um 6 800—6 900 m.kr.
b) Gengismunur vegna freðfisks er áætlaður um 3 600 m.kr.
c) Gengismunur vegna saltfisks er áætlaður um 1 700 m.kr.
d) Gengismunur vegna skreiðar er áætlaður um 950 m.kr.

Fyrirspurn 2. liðar.

Ætlar ríkisstjórnin að hlutast til um að framleiðendum skreiðar verði afreiknuð á gildandi gengi sú skreið, sem framleidd var fyrir gengisbreytinguna í september, eins og gert var af fyrrverandi stjórn við gengisbreytinguna í febrúar s. l., eða á að bæta þeim tjón þeirra vegna sölustöðvunar úr gengismunarsjóði?

Svar við 2. lið.

Með tilvísun til 1. og 2. mgr. 2. gr. svo og 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 95 5. september 1978, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, ákvað ríkisstjórnin í framhaldi af setningu laganna að veita eftirgjöf af gengismunarfé m. a. þannig, að af ufsaskreiðarbirgðum fái eigendur eftirgefin þau 50 % af gengismun, sem renna áttu í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, skv. a-lið 3. gr. laganna.

Að öðru leyti er ekki um að ræða eftirgjöf vegna skreiðarbirgða af gengismun, sem skapast vegna gengisbreytingarinnar í september s. l.

Fyrirspurn 3. liðar.

Verður eftirstöðvum gengismunar af skreið og saltfiski, ef bætt verður beint tjón framleiðenda vegna söluerfiðleika, varið til hagræðingarlána í viðkomandi vinnslugreinum eða verður hann notaður til hagræðingar í öðrum vinnslugreinum?

Svar við 3. lið.

Endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um þau efni, sem liður þessi fjallar um, og þess vegna enn ekki settar neinar reglur um það.

Fyrirspurn 4. liðar.

a) Hvað líður störfum starfshóps, sem sjávarútvegsráðuneytið kvaddi saman til þess að gera athugun á stöðu fiskvinnslufyrirtækja, sem búa við svæðisbundin vandamál?
b) Er byrjað að veita fyrirgreiðslu af gengismun í formi hagræðingarlána svo sem boðað hefur verið?
c) Ef svo er, hvað háar upphæðir hafa verið veittar og hvaða fyrirtækjum?
d) Ef þessi fyrirgreiðsla er hafin, hvaða reglur gilda þá um val þeirra fyrirtækja, sem hennar njóta?

Svar við 4. lið.

a) Með bréfi dagsettu 21. september 1978 óskaði sjávarútvegsráðuneytið eftir, að Þjóðhagsstofnun tilnefndi einn mann og Framkvæmdastofnun ríkisins tvo til þrjá menn í starfshóp til þess að gera athugun á stöðu fiskvinnslufyrirtækja, sem búa við svæðisbundin vandamál, og gera tillögur um úrlausn þeirra. Þjóðhagsstofnun tilnefndi einn mann og Framkvæmdastofnun ríkisins tvo. Í erindisbréfi starfshópsins er honum ætlað að hafa samráð við heimamenn svo og hagsmunaaðila og lánastofnanir sjávarútvegsins. Í erindisbréfinu segir enn fremur: „Starfshópurinn skal skila tillögum um fjárhagslega, tæknilega og stjórnunarlega endurskipulagningu fyrirtækja í sjávarútvegi á hverju svæði. Við athugunina og áætlanagerð skal sérstaklega stefnt að því að tryggja atvinnuöryggi, samræmi í uppbyggingu veiða og vinnslu og aukna hagkvæmni og bætta nýtingu í vinnslunni.“ Starfshópurinn tók til starfa í lok september s. l.

Fyrsta verkefni þessa starfshóps var svæðisbundinn vandi frystihúsanna á Suðurnesjum. Ástæður þess, að Suðurnesin voru tekin fyrst, voru einkum tvær:

1) Frystihúsin á Suðurnesjum höfðu þegar stöðvast vegna greiðsluerfiðleika.
2) Vitað var fyrir, að svæðisbundinn vandi frystihúsanna var mestur á Suðurnesjum.

Í sérstakri athugun á afkomu frystihúsa eftir landshlutum, sem Þjóðhagsstofnun gerði í október 1977, kom meðal annars fram, að afkoma frystihúsanna á Suður- og Suðvesturlandi var sýnu lökust.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að þeim hluta gengismunarins, sem hér er um að ræða, er sérstaklega ætlað að stuðla að atvinnuöryggi og í reglugerð tekið fram að mikilvægustu fyrirtæki vegna atvinnuöryggis skuli hafa forgang að lánsfé, enda hafi rekstur þegar stöðvast eða stöðvun sé yfirvofandi.

Athugun starfshópsins hefur þannig beinst fyrst að frystihúsunum á svæðinu frá Grindavík til Voga, en á þessu svæði eru nú 24 frystihús. Eftirfarandi atriði hafa sérstaklega verið könnuð:

1) Mikilvægi fyrirtækjanna í atvinnulífi á hverjum stað.
2) Fjárhagsstaða fyrirtækjanna nú, rekstrarárangur þeirra á þessu ári og á undanförnum árum og almennt mat á stjórnun fyrirtækjanna.
3) Tæknibúnaður fyrirtækjanna, afkastageta og *nýting*.

Starfshópurinn hefur skilað fyrstu tillögum sínum til sjávarútvegsráðherra og kemur þar m. a. fram, að starfshópurinn telur að af 24 frystihúsum á svæðinu skipti 9—11 þeirra höfuðmáli, bæði að því er varðar atvinnulíf og framleiðslu. En fyrirtækin 11 eru með nálægt 80% af freðfiskframleiðslunni á svæðinu, þannig að atvinnulega séð skiptir höfuðmáli að þau séu starfrækt.

Starfshópurinn hefur kannað fjárhagsstöðu og tæknibúnað áðurgreindra fyrirtkja, sem talin eru mikilvægust út frá atvinnusjónarmiði. Lagt hefur verið mat á kostnað við brýnustu tæknilegu endurbætur á þessum fyrirtækjum og nauðsynlega styrkingu á fjárhagsstöðu þeirra og eru settar fram tillögur um þetta efni.

Af öðrum tillögum starfshópsins má nefna:

1) Lagt er til, að komið verði á fót sameiginlegri fiskmóttöku og fiskmiðlun fyrir togaraafla á svæðinu, þannig að hráefnið berist jafnt að og unnt sé að vinna það nýtt.
2) Lagt er til, að komið verði á fót á svæðinu sameiginlegri reiknistofu frystihúsanna, sem m. a. fylgdist með hráefnisnýtingu og vinnulaunakostnaði frystihúsanna og veitti þeim almenna rekstrarráðgjöf. En hráefni og vinnulaun eru að jafnaði um 3/4 af rekstrarkostnaði hvers frystihúss.

Þá telur starfshópurinn þýðingarmikið, að togaraaflinn gegni veigameira hlutverki í hráefnisöflun frystihúsanna en nú er. En togaraútgerð tryggir öruggari og jafnari hráefnisöflun allt árið en bátaútgerð megnar. Eins og nú er, kemur nálægt helmingi þess afla, sem frystihúsin 11 taka á móti í frystingu, söltun og herslu, af togurum.

Unnið er nú að framkvæmd þeirra tillagna starfshópsins, sem lúta að styrkingu á fjárhagsstöðu fyrirtækjanna með breytingum á lausaskuldum í lán til langs tíma. Í þessu sambandi standa yfir viðræður við viðskiptabanka fyrirtækjanna og fleiri aðila um þátttöku í lánalengingum. Leitast verður við að hraða framkvæmd málsins eins og kostur er, þannig að úrslit mála verði kunn fyrir áramót. Sett verða skilyrði fyrir lánveitingum, eftir því sem þurfa þykir, til þess að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri og stjórnunarlegum endurbótum.

Nú þegar tillögur liggja fyrir um aðgerðir í málefnum frystiiðnaðarins á Suðurnesjum, verða aðrir landshlutar eða landssvæði tekin fyrir. Raunar er þegar hafin athugun á stöðu frystihúsanna á suðurlandi og í Vestmannaeyjum og í framhaldi af því koma önnur landssvæði.

b) Ekki er byrjað að veita fyrirgreiðslu af gengismun í formi hagræðingarlána.
c) Með tilvísun til svars við b-lið, er ekki tilefni til að

veita svör við þessum lið.

d) Þótt hagræðingarlán hafi ekki enn verið veitt, er rétt að víkja að þeim meginsjónarmiðum, sem gilda um úthlutun þeirra og þá vinnu starfshópsins.

Í reglugerð nr. 336 frá 22. september 1978, um ráðstöfun þess hluta gengismunarfjár, sem ætlaður er til hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar í fiskiðnaði, segir m. a. í 3. gr. að „þau frystihús, sem stöðvað hafa rekstur eða þar sem rekstrarstöðvun er yfirvofandi og mikilvæg eru fyrir atvinnuöryggi á viðkomandi stöð, skulu hafa forgang við lánveitingar samkvæmt reglugerð þessari, enda horfi stuðningur við þau til bætts skipulags í veiðum og vinnslu."

Samkvæmt þessu verður leitast við að skoða landssvæði í heild frekar en einstaka staði, og þá m. a. með tilliti til samvinnu milli staða. Forgangsverkefni er enn fremur að athuga stöðu þeirra fyrirtækja, sem stöðvað höfðu rekstur, enda skulu þau njóta forgangs af lánsfé.

Athugun á stöðu frystihúsanna á öðrum landssvæðum verður með svipuðum hætti og athugun sú, sem þegar hefur verið gerð á Suðurnesjum. Við mat á lánshæfni fyrirtækjanna verður könnuð fjárhagsstaða þeirra og mikilvægi í atvinnulífinu, rekstrarárangur þeirra, tæknibúnaður og almennt mat á stjórnun fyrirtækjanna.

Efri deild, 24. fundur.

Miðvikudaginn 6. des., kl. 2. miðdegis.

Kosning fyrri varaforseta deildarinnar.

Gengið var til kosninga um fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut **Jón Helgason, 6. þm. Suðurl.**, með 12 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 105). — Frh. 1. umr.

Stefán Jónsson [frh.]: Herra forseti. Ræðu minni var frestað sökum þingflokksanna er frv. kom til umr. fyrr. Hafði ég þá tekið til máls öðru sinni og vil nú ljúka athugasemdum mínum, í fyrsta lagi við ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals sem nú er því miður af þingi brott, og segi ég þetta ekki vegna þess að ég fagni ekki hv. þm. Jóni Sólnes innilega, heldur segi ég þetta vegna þess, að ég átti enn smávegis vantalað við hv. þm. Halldór Blöndal, enda þótt ég raunar lyki máli mínu þá með því að lýsa yfir skilningi mínum á því tilfinningalega viðhorfi Halldórs Blöndals, að hann vildi ekki láta drepa fugla aðra en þá sem hann væri á móti prívat og persónulega fyrir sig. Þar með voru taldir þeir fuglar sem friðlausum er ætlað að vera í frv. þessu, svo sem hrafnar, svartbakar og kjóar, en hann vildi umfram alla muni bæta við hettumáf, vegna þess að einnig hann væri ákaflega vondur fugl við unga mófuglanna og einnig við andarunga sem hv. þm. af skiljanlegum ástæðum hefur samúð með og ber ugg út af. Það geri ég einnig.

Ég mun nú ekki orðlengja um þessi atriði, en vil þó aðeins minna á það, að fuglar þeir tveir, sem gremja höfunda þessa lagafrv. og hv. þm. Halldórs Blöndals virðist fyrst og fremst beinast að, þar sem eru svartbakurinn og hrafninn, — þessir tveir fuglar, sem vissulega valda tjóni á lífríki landsins og þ. á m. á lífi annarra fugla, vinna þó fyrir okkur ákveðið mjög mikilvægt starf fyrir þjóðarheildina sem við trössum okkur til stórskammar og allt að því heilsutjóns, þar sem þeir eru látnir annast sorphreinsun á landi hér.

Ég hygg að gegn því verði ekki mælt, eins og raunar hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á, að meginorsökin fyrir því, hversu fuglum þessum hefur fjölgað úr hófi fram, er sóðaskapur við fiskiðjuverin okkar og sláturhúsin okkar og í meðferð á sorpi á Íslandi. Gegn þessum sóðaskap vinna fuglar þessir tveir, þeir annast hér sorphreinsun. Gott og vel, ef við ætlum að fækka þessum tveim fuglum sem þjóðin elur upp með þessum hætti, ef við ætlum að koma í veg fyrir að þeir vinni tjón á öðrum og nytsamari fuglategundum, að því er við köllum, þá hljótum við að snúast gegn þeim á þeim vettvangi sem hæfilegur er: með því að setja strangari viðurlög við lagabrotum varðandi meðferð á úrgangsefnum við fiskiðjuverin og sláturhúsin, með því að herða á framkvæmd laga sem falla undir heilbrrn.

Það hefur verið reynt og fullreynt, að þessum fuglategundum verður við núverandi aðstæður ekki fækkað með skotum. Með eitri væri það e. t. v. hægt og þá með þeim afleiðingum að öðrum fuglategundum yrði grandað. Þeir yrðu þá höggnir í leiðinni. Og ef við leyfum okkur enn að ræða um afstöðuna til fugla frá tilfinningalegu sjónarmiði, þá skulum við minnast þess, að einnig þessar tvær tegundir eru lifandi. Hrafninn er að vísu svartur, en hv. þm. mega minnast þess, að hann er rauður að innan.

Ég ásakaði hv. þm. fyrir fávísi þegar hann kvaddi sér hljóðs um þetta mál. Það hefði ég betur ekki gert, vegna þess að höfundar frv., sem hér er um fjallað, — og var þó til þess trúað af ráðh. að semja lagafrv. sem hér var lagt fram í fyrra, — eru bersýnilega alls ekki betur að sér en hv. þm. Halldór Blöndal í því er lýtur að lífi íslenskra fugla eða að möguleikum á því að veiða þá.

Hv. þm. sagði að staða andarinnar væri mjög slæm. Nú er það svo, að endur hér eru ekki einnar tegundar, öndin er ekki ein. Að tala um að illa sé komið fyrir öndinni er svona eins og að segja að illa sé komið fyrir jórturdýrinu og eiga þar við sauðfé, geitur, nautpening, hreindýr og jafnvel hross, því að líffræðilegur munur er ekki öllu minni milli sumra andategunda heldur en á milli hrossa og nautpenings.

Ég vil í sambandi við þessa fullyrðingu mína um það, að frv. þetta til laga sé ekki samið af mikilli þekkingu á raunverulega efninu sem um er fjallað, geta þess, að þar ríkir grómtækur misskilningur á hegðun, lífsháttum og afkomumöguleikum ýmissa fugla og það svo, að maður undrast að fuglafræðingur, vel menntaður, skuli hafa verið með í hópnum sem um frv. fjallaði, þótt það verði skiljanlegra þegar kemur í ljós við lestur fskj. að lítið tillit hefur verið tekið til skoðana hans. Þá eru beinlínis villandi upplýsingar í fskj. frv. sem eiga að rökstyðja og útskýra hinar ýmsu greinar þess. Vafasamar staðhæfingar koma fram m. a. í því sem frá greinir um rjúpuna og afstöðuna til hennar, að maður minnist nú ekki á þá fásinnu, þar sem því er haldið fram að andartegund-

irnar, sem ekki fara frá Íslandi á veturna og leyfilegt er að veiða, þar sem eru stokkönd, urtönd og rauðhöfðaönd, haldi sig til fjalla á veturna innan um rjúpuna.

Ég vil alls ekki hrakyrða á nokkurn hátt þá menn sem fjallað hafa um frv. þetta. En draga mætti þá ályktun af ýmsu í skjali þessu, sem hér hefur verið lagt fyrir hv. Alþ., að öndin ætti ekki bara bágt, að hún hefði aldrei komist úr egginu hvað suma menn varðar.

Ég ítreka enn þá beiðni mína, að hv. menntmn., sem fær þetta frv. til meðferðar, vísi því aftur til ríkisstj. með beiðni um að um það verði fjallað öðru sinni, skipað verði öðruvísi í nefnd til undirbúnings þessu máli, og þó umfram allt að við setningu nýrra laga um málefni þessi, hvort sem þau munu þá enn heita lög um fuglaveiðar og fuglafriðun eða lög um skotveiði á Íslandi, verði þess gætt, að ekki verði skilin eftir þess háttar réttaróvissa sem verið hefur frá setningu laganna 1954 og enn er kveðið á um í 2. málsl. 5. gr. þessa lagafrv. Sú réttaróvissa hefur valdið í vaxandi mæli úlfúð, þar sem allt er laust og annað á huldu um rétt þegnanna til þess að stunda fuglaveiði á landi hér, þar sem einstökum þegnum úr þéttbýlinu er ætlað að bítast um það við einstaka landeigendur upp á reginfjöllum í skammdeginu, hvort þeir hafi leyfi til þess að veiða þar fugla eða ekki. Þetta tel ég alveg óhæfilegt og vænti þess, að hv. Alþ. sjái sóma sinn í því að afgreiða ekki þess háttar lög, sem fremur séu fallin til þess að valda úlfúð meðal þegnanna en kveða ljósum orðum á um rétt þeirra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 106). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 111). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. setti 1. júlí s. l., en í aths. við brbl. sagði m. a., með leyfi forseta: Þetta er „gert í samræmi við ákvörðun ríkisstj. til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum, sem undirritaðir voru þann 22. júlí 1977, þannig að sú hækkun lífeyrisgreiðslna, sem leiðir af því samkomulagi, valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingagreiðslna frá almannatryggingum.“ Um var að ræða nálægt 65% hækkun skerðingarmarka, en eftir 1. des. s. l., þ. e. eftir síðustu mánaðamót, verða skerðingarmörk tekjutryggingarbóta hjá einhleypingi sem býr einn, 149 900—184 100 á mánuði, eftir því hvenær hann byrjar að taka eftirlaun, hvort hann byrjar 67 ára eða 72 ára. Samsvarandi tölur fyrir hjón eru 216 100—277 500, en eins og hv. þm. vita skerðast tekjutryggingarbætur um 55% af því sem umfram er þessar tölur sem ég hér hef nefnt.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 118). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga er flutt til samræmingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins. Í lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins segir að það fyrirtæki skuli greiða landsútsvar, og þetta frv. er eingöngu um að það verði tekið upp í tekjustofnalög sveitarfélaga í upptalningu um fyrirtæki sem skuli greiða landsútsvar.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af sauðfjárafurðum, frv. (þskj. 59). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það til l. um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum, sem er komið til þessarar hv. d., er flutt til að framkvæma það ákvæði í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna að endurgreiða það verðjöfnunargjald, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins ákvað að leggja á sauðfjárafurðir s. l. vor til jöfnunar á útflutningsverði sauðfjárafurða. Áætlað er að gjald þetta muni samtals verða um 1300 millj. kr., eins og fram kemur í grg. með þessu frv.

Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál. Þó vil ég aðeins rekja aðdraganda og sögu útflutningsbóta.

Útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir voru ákveðnar 1961 og var þá ákveðið og sett í lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins, að heimilt skuli vera að greiða úr ríkissjóði til bænda allt að 10% af afurðaverði landbúnaðarafurða sem útflutningsbætur. Þarna er hugsunin að sjálfsögðu sú að tryggja bændum tekjur fyrir framleiðslu, sem er umfram innanlandsþarfir, með greiðslu slíkra útflutningsbóta, og vísast að sjálfsögðu til þess, að útflutningsverð hefur ekki almennt náð því verði sem gert er ráð fyrir í grundvallarverði og samkv. ákvörðun um útsöluverð landbúnaðarafurða. Þessar útflutningsbætur hafa gegnum árin yfirleitt nægt til þess að jafna, eins og ég hef skýrt frá, útflutningsverð, nema tvö síðustu árin, þar sem nokkur munur hefur verið á og farið vaxandi. Árið 1977 vantaði tæplega 500 millj. til þess að fullar útflutningsbætur næðust. Þá náðist samkomulag um það innan ríkisstj., að heimilt var að greiða umfram 10% af uppsöfnuðum útflutningsbótum, getum við sagt, þrjú ár þar á undan. Á s. l. ári var þessi munur hins vegar miklu

meiri. Eins og fram kemur, var þá áætlað að 1300 millj. kr. vanti til þess að jafna útflutninginn að fullu. Var það ástæðan til þess, að bændasamtökin ákváðu að leggja á þetta gjald.

Því miður horfir nú svo, að jafnvel enn muniaukast það bil sem er á milli heimilaðra útflutningsbóta og nauðsynlegs útflutnings. Allt bendir til þess, að nauðsynlegt reynist að flytja út sauðfjárafurðir á yfirstandandi verðlagsári landbúnaðarins sem verði jafnvel um 50% af innanlandsneyslu sauðfjárafurða. Sömuleiðis er umframframleiðslan á mjólkurafurðum mjög mikil eða nálægt 25% af innanlandsneyslunni. Því hefur verið gert átak í markaðsleit. En ekkert bendir til þess að markaður fáist fyrir sauðfjárafurðir sem gefi meira en í besta lagi um 50% af heildsöluverði sauðfjárafurða, og ástandið er enn þá verra með í mjólkurafurðir. Þar má segja að aðeins osturinn og nánast þó ein osttegund, óðalsostur, sé sæmilega seljanlegur og fáist fyrir hann um 50% af kostnaðarverði. Ég ætla ekki að fara að rekja þetta nánar. Þetta er ástand sem um mun verða rætt á þinginu fljótlega. Ég hef boðað að frv. verði lögð fram nú innan örfárra daga. Geri ég ráð fyrir að svo verði, og þá skapast betra tækifæri til að ræða þessi mál.

Í hv. Nd. lagði ég til að þessu frv. yrði vísað til hv. landbn. Vera má, að það hafi verið skakkt, og vera má að frv. hafi átt að fara til fjh.- og viðskn. Þessi varð þó niðurstaðan í hv. Nd. og því leyfi ég mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Sala notaðra lausafjármuna, frv. (þskj. 88). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 88 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um sölu notaðra lausafjármuna. Þetta frv. er endurflutt frá síðasta þingi og ég sé ekki ástæðu til þess nú að flytja um það langa framsöguræðu. Greinar þessa frv. eru 11. Þær skýra sig að mestu leyti sjálfar. Ég vildi aðeins láta fylgja þá grg. inn í þingtíðindin sem hér eru prentuð með.

Þetta frv. er samið af Arnmundi Backmann lögfræðingi og við samningu þessa frv. var einkum stuðst við gildandi reglur í Noregi og alveg sérstaklega í því sambandi stuðst við gögn og ábendingar frá Landssambandi löggiltra bílasala í Noregi.

Hér er vitnað í það, að 1. jan. 1977 hafi gengið í gildi í Noregi reglugerð um sölu notaðra eða gamalla hluta, en reglugerð þessi var sett samkv. heimild í lögum um verslunaratvinnu, en sambærilegum lagaákvæðum er ekki til að dreifa hér á landi.

Í grg. segir svo áfram að verslun og umboðssala með notaða gamla hluti, svo sem sala notaðra bifreiða, bóka, innanstokksmuna eða annars hefur færst mjög í vöxt hér á landi á undanförnum árum, sér í lagi þó sala notaðra bifreiða. Verslun af þessu tagi er sérstaks eðlis. Hún byggist í aðalatriðum á því að endurselja ýmiss konar lausafjármuni sem áður hafa verið í einkaeign. Af þeim sökum verður sölumaður að treysta eignarheimild þess sem hlutinn afhendir til sölu, og sá, sem notaðan hlut kaupir, verður að treysta því, að sú heimild hafi verið fyrir hendi að hann hafi með lögmætum hætti eignast notaðan hlut.

Um eðli fornverslana eða umboðssölu notaðra bifreiða verður ekki farið fleiri orðum í grg. þessari. Sérstaða þeirra í verslunarviðskiptum er augljós. Af þeim sökum telur flm. þessa frv. brýnt að lögfest verði ákvæði sem tryggja ættu sæmilegt réttaröryggi í viðskiptum þessum. Með slíkt í huga er þetta frv. lagt fram.

Þær frvgr., sem hér eru, kunna að vera nokkuð ítarlegar af þeim einföldu ástæðum að þær byggjast mjög á reglugerðarákvæðum í Noregi og er þar kannske nánar út í farið en þörf er á í beinni lagasetningu. Vil ég víkja að því sérstaklega, að varðandi 5. gr. þessa frv. er aftur í 9. gr. heimild lögreglustjóra að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar. Sú grein mundi eflaust þykja nokkuð stíf eftir að fara, þ. e. a. s. að allur varningur, sem lög þessi taka til, skuli geymdur á verslunarstað í a. m. k. 14 daga frá því að honum er veitt móttaka, nema um bifreiðar sé að ræða. Á þeim tíma er óheimilt að selja hann eða afhenda öðrum, farga eða breyta á einn eða annan hátt. Þegar varningi er veitt móttaka til sölu skal hann þegar tölusettur og verðmerktur. Ég hef hins vegar tekið eftir því þar sem ég hef lesið um þetta frá þeim Norðmönnum, að einmitt á þetta atriði leggja þeir áherslu, og þeir eru reyndar einnig með vissan tíma fyrir bifreiðar, sem ég tel ekki ástæðu til að hafa í þessu frv.

Um 6. gr., þ. e. a. s. heimildaskrána um varninginn sem veitt er viðtaka og hvað þar skuli færa, þá þykir mönnum eflaust einnig að þar muni vera um allnákvæma upptalningu að ræða. Þetta er að vísu ekki nákvæmlega eftir reglugerðinni, þeirri norsku, heldur í raun og veru fram tekið í hinum norsku lögum varðandi sölu á notuðum lausafjármunum.

Hins vegar er krafan um, að varningurinn sé geymdur þetta langan tíma, fyrst og fremst sett til öryggis, að eignarheimild seljanda hlutar sé örugg. Sama er að segja um 2. gr., að það verður auðvitað að vera öruggt, en það tel ég ekki vera nú, að leyfi samkv. 1. gr., þ. e. a. s. fyrir þann sem reka vill slíka verslun, verði að fullnægja þeim lögum og reglum og skilyrðum sem sett eru í lögum eða sett kunna að verða í lögum eða reglugerðum til að mega reka þessa starfsemi. Sama er að segja um það, að húsnæði undir þessa starfsemi verður að vera samþykkt af lögreglustjóra og fullnægja bæði ákvæðum reglugerðar um öryggismál og húsnæði vinnustaða, en hér mun nú sums staðar á skorta allnokkuð að eftir þeim sé nægilega farið.

Öllum er kunn sú mikla umræða sem hefur farið fram í fjölmiðlum að undanförnu varðandi bifreiðasölurnar. Um þá hættu, sem þar er fyrir hendi og hefur komið í ljós að hefur reynst á rökum byggð, ætla ég ekki að fara mörgum orðum hér. Farið hefur verið út í svokallaðar raðsölur, og þar eru mál í rannsókn sem rétt er að fullyrða sem minnst um á þessu stigi við hve mikil rök hafi að styðjast og hversu réttmætar séu þær ásakanir sem þar eru uppi. Hins vegar er spurning um það, eins og bent er á í hinum norsku lögum, hvort það sé nægilegt að eitthvert eftirlit sé með þessu haft og hvers konar eftirlit það eigi þá að vera.

Ég geri mér ljóst að í 8. gr., sem er kannske aðalgrein þessa frv. og sú grein sem snertir bílaviðskiptin fyrst og fremst, kann að vera um ófullnægjandi ákvæði að ræða og það þurfi enn frekar að tryggja rétt þeirra, sem kaupa notaðar bifreiðar, heldur en þar er ráð fyrir gert. En þar

er lagt til að seljanda notaðra bifreiða verði gert skylt að sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins eignarheimild sína. Mér er hins vegar sagt í sambandi við þau mál sem nú eru í gangi, að flest, ef ekki öll þeirra hefðu ekki komið til á þann hátt sem þau hafa gert ef þetta ákvæði hefði verið í lögum. Með þessu móti hefði það verið tryggt. Hins vegar efast ég ekki um að í sambandi við það eins og annað, þar sem reynt er að fara í kringum hlutina, þá muni það takast þeim sem nógu slóttugir og klókir eru í viðskiptum. En hér er auðvitað um það dýr tæki að ræða að við verðum með einhverju móti að tryggja að sala á notuðum bifreiðum fari fram með sem eðlilegustum hætti og að hvorugur sé svikinn, seljandi eða kaupandi.

Vegna hinna miklu umræðna, sem um þetta hafa orðið, ætla ég ekki að fara eins náið út í það og ég gerði í framsöguræðu í fyrra fyrir þessu frv. En þar benti ég einmitt á þá misnotkunarhættu eða hættu á hreinum svikum sem nú hafa einmitt komið fram ásakanir um á hendur bílasölum og enn eru í rannsókn. Ég benti þá á að þarna væri mikil hætta á ferðum. Mér kom því á óvart þegar ég sá það í umsögn frá þeim aðilum, sem gleggst áttu um að vita, að þeir töldu að þarna væri nánast um óþarfalöggjöf að ræða hvað þetta snertir, því að misferli í viðskiptum sem þessum væru nær ógerleg samkv. gildandi lögum. Það hefur hins vegar komið mjög glögglega í ljós, að þessir góðu aðilar hafa ekki haft rétt fyrir sér. Þessi umsögn mun hafa verið lögð fyrir þá hv. þn. sem um þetta mál fjallaði.

Sem flm. þessa frv. tek ég vel öllum ábendingum um breytingar og um einföldun þess sem gæti orðið til þess að menn næðu frekar samstöðu um málið. Ég er sannfærður um að mörg þeirra ákvæða, sem eru reyndar beint tekin upp úr hinni norsku reglugerð, má einfalda og setja síðar um þau reglugerð. En ég er ekki í neinum vafa um að við þurfum með lögum og reglugerð að hafa hér hliðstæð ákvæði og grannar okkar, Norðmenn, telja sig þurfa að hafa. Alveg sérstaklega bendi ég á það, að Landssamband löggiltra bílasala í Noregi — það var í raun og veru að frumkvæði þess sem þessi reglugerð var sett — vildi tryggja sig gegn ásökunum um meint misferli í þessum efnum og lagði þess vegna til breytingar á reglugerð svo sem þetta frv. lýtur að.

Ég sem sagt treysti því, að í meðförum þeirrar n., sem fær þetta mál til skoðunar, verði kannað hvaða atriði hér eru óhjákvæmileg lagaatriði, hvaða atriði eru hins vegar þess eðlis að þau megi fara í reglugerð. En ég endurtek, að ég er ekki í neinum vafa um að við þurfum að hafa hér á jafnstrangar gætur og grannar okkar, Norðmenn, í þessum efnum. Ég hygg að það ákvæði, sem hér er sett í 8. gr. varðandi Bifreiðaeftirlit ríkisins og söluna á notuðum bifreiðum, nægi ekki til fulls, miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið um þau mál sem nú eru í gangi. Það mun að vísu vera þar góður varnagli sleginn, en það mun engu að síður ekki nægja til þess að menn geti ekki farið þar í kringum hlutina. Mér væri sannarlega þökk á því, ef hv. þn. gæti fundið þar um eins óbrigðult ráð og finna mætti til þess að slík leiðindamál, sem upp hafa komið, og slík svikamál, sem upp hafa komið í kringum bílasölurnar, eingöngu heyri fortíðinni til að skömmum tíma liðnum.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég fór náið út í þetta mál í framsögu í fyrra, og þá var á það bent hér í þd., að e. t. v. væru til lög hér sem nægðu í þessu sambandi. Ég held að þau orð hafi afsannast að nokkru, en endurtek ósk mína til þn. um að greina rækilega á milli, hvað hún vill taka í lög og hvað í reglugerð, því að vissulega er hér um að ræða mörg þau atriði sem e. t. v. ættu betur heima í reglugerð, þó að ég finni ekki neitt að þeim sem beinum lagaákvæðum.

Ég vil svo óska þess, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr. er að vissu leyti athyglisvert með tilliti til þeirra atburða sem hafa verið að gerast í ýmsum viðskiptum í sambandi við bílasölu, eins og hv. flm. minntist á í ræðu sinni. Þeir atburðir gefa vissulega tilefni til þess, að menn íhugi hvort á einhvern hátt væri hægt að setja einhvern betri varnagla í sambandi við slík viðskipti, þannig að þau gætu farið fram með meira öryggi en nú virðist eiga sér stað. Hins vegar vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að ég held að það sé nokkuð hæpið að fara að setja jafnalmenna löggjöf og hér er lagt til í sambandi við sölu notaðs varnings og þá sérstaklega lausafjár, með umfangsmiklum ákvæðum og þar til heyrandi eftirliti.

Persónulega er mér kunnugt að í því bæjarfélagi, þar sem ég á heimili eru nokkrir aðilar sem hafa að atvinnu að vera slíkir lausafjármiðlarar. Þessir aðilar eru flestir aldraðir menn sem hafa snúið sér að þessari atvinnu. Og ég verð að segja það, að mér finnst að þurfi að hafa mikla gát á því að fara ekki að gera þessa starfsemi slíkra aðila, þar sem í fæstum tilfellum er um að ræða miklar upphæðir eða mikil umsvif, — gera slíka miðlunarstarfsemi það umfangsmikla og margbrotna að henni fari að fylgja ýmiss konar skýrslugerð með tilheyrandi skriffinnsku.

Við höfum allir reynslu af því, að þegar slíkt fyrirkomulag upphefst, þó að hugsað sé í upphafi að það eigi að vera einfalt í framkvæmd og án mikillar fyrirhafnar fyrir hlutaðeigendur, þá er reynslan sú, að það eru alltaf gerðar meiri kröfur um nánari sundurliðun, meiri og gleggri skýrslur og kvaðir og skriffinnsku sem slíkum fyrirmælum tilheyra, ekki síst ef þau koma frá opinberum aðilum. Þess vegna er mér mjög til efs að lagasetning, sem felst í frv. eins og þessu, yrði til eins mikilla bóta og hagræðingar og ég efast ekki um að vakir fyrir hv. flm.

Í grg., sem fylgir þessu frv., verður flm. mjög tíðrætt um að hann hafi kynnt sér hvernig farið er með þessi málefni í Noregi. Hann lagði einnig í framsöguræðu sinni ríka áherslu á það, að hann teldi að það væri hentugt fyrir okkur Íslendinga að fara að fordæmi frænda okkar, Norðmanna, um að hafa lagaákvæði um viðskipti eins og þeir hefðu hjá sér. Ég er hv. flm. sammála um það, að við mættum gjarnan sem slíkir líta til grannþjóða okkar og þá kannske sérstaklega á Norðurlöndum, sem við teljum okkur skyldastar og höfum hvað nánust samskipti við um ýmislegt sem snertir almenn viðskipti. Ég vil í allri vinsemd leyfa mér að fara fram á það við hv. flm. þessa frv., að hann verði til viðtals um annaðhvort að styðja eða vera meðflm. að tillögu eða lagafrv. um það, að við reynum að samhæfa löggjöf okkar Íslendinga í viðskiptum almennt þannig að við kæmumst á svipað „plan“ — ef ég má nota það orð — og gengur og gerist hjá nágrannaþjóðunum. En það er langt frá því að við getum talist jafningjar þeirra að því er þessi mál snertir. Ég vil nefna hvernig háttað er hjá nágrannaþjóðum okkar um verslunarálagningu. Ég vil nefna hvernig háttað er um verðlagseftirlit og verðlagsmál. Verðlagseftirlit er búið

að afnema fyrir löngu á Norðurlöndunum vegna þess að það þykir ekki ná tilgangi sínum. Ég er alveg viss um að við mundum ekki veita launafólki betri kjarabætur til viðbótar við þær miklu kjarabætur, sem er verið að veita launafólki núna, heldur en ef við sýndum rögg og afnæmum verðlagseftirlit með öllu. Ég vil nefna gjaldeyrislöggjöf okkar og meðferð mála í því sambandi. Og að síðustu vil ég nefna ákvæði um almenna vegferð fjármagns í þessu landi. Þessi tvö atriði: gjaldeyrislöggjöfin og almenn vegferð fjármagns í okkar þjóðfélagi, eru með slíkum endemum að menn í nágrannalöndum, á Norðurlöndunum, í Noregi, sem mest er vísað til í grg. þessa frv., hrista hausinn, hvar í flokki sem þeir eru, hvort þeir eru í Verkamannaflokknum eða Sósíalistaflokknum, að ég tali nú ekki um ef þeir eru eitthvað meira til hægri. Þeir hrista bara höfuðið yfir að þessi ósköp geti átt sér stað, að við séum eins fornaldarlegir og við erum í framkvæmd þessara mála hér í okkar ágæta landi.

Herra forseti. Hér tel ég að sé verðugt og mikið verk að vinna, og ég fór í ræðustól í þeim tilgangi að minnast eilítið á þessi mál. Ég held að það væri gott að við þm. reyndum að sameinast um það að hefja eins konar vakningaröldu. Við gætum þá kallað að þetta væri t. a. m. svipað og þegar ungmennafélagshreyfingin náði hingað — kom hún ekki frá Noregi? Ég vonast til að ég, sem er mjög fylgjandi breytingum til hins betra í þeim málum sem ég var að nefna og snerta almenn viðskipti, — að ég og hv. 3. þm. Austurl., flm. þessa frv., getum þá átt gott samstarf. Þegar við leggjum báðir hönd á plóginn í einlægni, þá efast ég ekki um að við munum ná jákvæðum árangri.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við frv. sjálft. Seint hygg ég að við verðum ásáttir um þær kjarabætur sem alþýða manna fær af því að leggja niður verðlagseftirlit og láta það algerlega í hendur hinnar frjálsu samkeppni sem við höfum ekki beint góða reynslu af hér á Íslandi. Við höfum nú hvort tveggja, verðlagseftirlit á sumu og frjálsa samkeppni í öðru, og ég hygg að menn vilji yfirleitt ekki skipta yfir í það sem er þar sem hin frjálsa samkeppni er í algleymingi.

Um þau atriði önnur, sem hv. þm. minntist á varðandi gjaldeyrislöggjöf og almenna vegferð fjármagns, sem hann er allra manna kunnugastur og hefur einmitt flutt um að mínu viti merk frv. sem vissulega ber að skoða, þá er ég ekki svo kunnugur því, að ég þori út í að fara eða skeggræða við hann um þá hluti, enda mun hv. þm. vera nokkurn veginn sérhæfður í þessari almennu vegferð fjármagns, eins og hann kallar svo.

Ég vil aðeins taka það fram, að það er rétt að í sambandi við allt af þessu tagi kemur upp viss hræðsla við að skriffinnska kunni að verða mikil. Ég vil þó aðeins benda á að sú heimildarskrá, sem gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi eigi að færa, er mjög fljótfærð, og þó að þetta sé talið upp í sjö tölul., þá er það ekki erfiðara fyrir þann, sem með þetta á að fara, en það, að hann á að skrá eftir því sem við verður komið þessar upplýsingar: móttökunúmer hlutar, það er fljótgert; móttökudag, það er fljóttgert einnig; lýsingu hlutar, það getur kannske vafist fyrir því eldra fólki, sem þarna er að selja, að lýsa því svo nákvæmlega að vel fari; nafn, stöðu og heimilisfang þess sem hlutinn afhenti, það held ég að sé mjög fljótgert: söludag hlutar: nafn, stöðu og heimili kaupanda hlutar; innkaupsverð, viðgerðarkostnað, ef einhver er, og söluverð hlutar. Þetta er allt og sumt sem heimildarskráin á að innihalda, og ég held að sá, sem treystir sér til að versla með notaða hluti, hljóti einnig að vera fær um það að færa inn í slíka heimildarskrá. Ég held að hér sé ekki um hindrun á starfsemi að ræða sem ég tek fyllilega undir að á rétt á sér, einkum hjá eldra fólki sem fæst við þetta.

Ég vil einnig taka það fram, af því að það kom fram nokkur misskilningur um það í fyrra á Alþ., að hér er auðvitað ekki um neinar hömlur að ræða á sölu sem fer beint fram milli tveggja aðila. Hér er eingöngu um umboðssölu á vörunum að ræða.

Ég segi ekki að við eigum að taka okkur Norðurlönd til fyrirmyndar í öllu. En ég held að það standi, sem ég sagði áðan, ekki síst í ljósi þess sem upp hefur komið varðandi bílasölurnar okkar, að ekki sé minni ástæða til varfærni og varnagla af okkar hálfu í sambandi við þessa verslun heldur en er hjá grönnum okkar. Það er þess vegna sem ég held að við eigum að taka á þessu máli eins vel og hægt er. Ég er ekki að segja að þetta frv. nái fyllilega þeim tilgangi, en ég treysti þá n. til að sjá svo um að þar verði sá varnagli sleginn sem dugi sem allra best.

Ég skal vera til viðtals við hv. þm. um lagafrv. af ýmsu tagi sem samhæfi löggjöf okkar löggjöf Norðurlandaþjóðanna um viðskipti almennt, þó að ég undanskilji nú strax verðlagseftirlitið, af því að á því kann ég svolítil skil, en ekki eins mikil á hinu. Þó tek ég fram að við munum líklega seint verða samferða í áfengismálinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Félagsmálaskóli alþýðu, frv. (þskj. 54). — Frh. 1. umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Þetta mál hefur mikið verið rætt að undanförnu og hafa skoðanir verið skiptar. Við frv. hafa komið ýmsar aths. og þá einkum að því er varðar stjórnaraðildina. Ég hygg að það, sem fram kemur í frv., fari alveg að kröfum alþýðusamtakanna um það, hvernig skuli fara með þessi mál. Ef farið verður að þynna þetta frekar út, þá tel ég það ógæfu, og eins og ég skýrði frá í framsöguræðu minni hafa ýmsir helstu forustumenn alþýðusamtakanna lagt til að þetta yrði eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að BSRB eigi fulltrúa í stjórninni, enda yrði þessi fræðslustarfsemi alveg óháð þeim samtökum og einnig óháð Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að öll fræðslan lúti að því að uppfræða meðlimi Alþýðusambands Íslands, og þar eru sjómenn að sjálfsögðu meðtaldir, en í Sjómannasambandi Íslands eru undirmenn á flotanum.

Ástæðan fyrir því, að við komum með þetta í frv.-formi, er að skólinn, Félagsmálaskóli alþýðu, sem hefur starfað í 3 ár, hefur þurft að vera upp á náð ríkisvaldsins kominn og verið skammtað mjög naumt, þannig að ekki hefur tekist að halda uppi þeirri fræðslu sem þyrfti að vera og við höfum fyrir okkur að á sér stað annars staðar á Norðurlöndum fyrir aðildarsamtök og félaga verkalýðssamtakanna þar.

Það var gert að umræðuefni hér, að deila mætti á verkalýðsfélögin almennt fyrir það, hvað þau væru óvirk að fræða meðlimi sína um hin ýmsu málefni þjóðfélagsins og að því er lýtur að lögum um stéttarfélög, vinnudeilur o. fl. Vissulega er hægt að gera það. En eins og ég rakti í framsöguræðu minni hafa þessi mál mjög horft til betri vegar á undanförnum árum. Nú er fyrst hafið reglubundið fræðslustarf hjá verkalýðsfélögunum, ekki aðeins innan Menningar- og fræðslusambands alþýðu, heldur hjá hinum einstöku verkalýðsfélögum, og ég er sannfærður um að því betur sem að þessum málum er staðið, því betur standa félögin að vígi við að móta ákveðna stefnu við gerð kjarasamninga, hinir einstöku félagar verða virkari í því, og svo líka það, að nauðsynlegt er að félagar stéttarfélaganna fræðist vel um stjórnkerfið og einnig þjóðarbúskapinn. Hitt er annað, að ekki eru allir með þessu. Sumir vilja láta þetta vera eins og það hefur verið, þannig að Alþýðusambandið eða Menningar- og fræðslusamband alþýðu sé alfarið upp á náð ríkisins komið án nokkurra laga er segi til um það, hvernig skólinn á að starfa, án nokkurra laga, er geri það að verkum að hægt verði að hefja reglubundið skólahald, — skólahald sem krefst af ríkisvaldinu ákveðinna fjármuna *er það vart kemst hjá að láta í té.*

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson taldi í ræðu sinni að þetta mætti vera eins og það hefði verið, að því tilskildu að ríkissjóður legði til starfseminnar 100 millj. kr. Ég vil benda á það, að ekki er alltaf í landinu ríkisstj. sem vinveitt er alþýðusamtökunum og örlát að láta stórar fúlgur í slíka starfsemi. Sé ég ekki annað en ef til valda kemur ríkisstj. sem er andstæð þessu verkefni, þá getur hún kippt undan því fótunum miklu fremur en ef sérstök lög eru til að binda hendur ríkisvaldsins.

Hér hafa farið fram heimspekilegar vangaveltur um hvort eigi að kenna í skólanum kommúnisma eða eitthvað í þeim dúr. Ég vil taka það fram, að það er ekki tilgangur flm. að svo verði, heldur verði, eins og segir í grg., að gefa fólki kost á því að vera virkara í stéttarfélögunum. Við trúum því, að því betur sem verði gert í þeim efnum, því betur verði verkalýðshreyfingin í stakk búin til þess að sinna hlutverki sínu þjóðfélaginu. Við skulum gera okkur ljóst að hlutverk stéttarfélagnna, hlutverk alþýðusamtakanna er feikilega mikið í nútímaþjóðfélagi, og við þurfum að gera okkar til þess að það verði rækt á þann veg sem best má verða fyrir þjóðarheildina.

Ég vil svo aðeins svara því, sem hv. þm. Jón G. Sólnes, sem fór burt skömmu eftir að þetta mál kom fyrst til umr., spurði um, hvers vegna gert sé ráð fyrir að nemendur séu fullra 17 ára þegar þeir fara í skólann. Hugsunin að baki þessari grein var sú, að menn hefðu verið einhvern ákveðinn tíma úti á vinnumarkaðnum og þekktu eitthvað til þess veruleika sem þar er.

Ég sé ekki að það sé ástæða til þess að fjölyrða frekar um þetta mál við 1. umr., en heiti á menn að veita frv. góðan framgang. Þeir menn, sem eru því samþykkir að það þurfi að efla styrk verkalýðssamtakanna og gera þau betur í stakk búin til þess að sinna hlutverki sínu, gera hugsuninni um Félagsmálaskóla alþýðu aðeins ógreiða með því að leggjast gegn þessu frv., og þykir mér miður að þeir skuli eiga samleið í þeim efnum, hv. þm. Jón G. Sólnes og Ólafur Ragnar Grímsson. En kannske stendur það til bóta.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það hefur nú verið æðimargt sagt um þetta frv. síðan það var hér fyrst til umr. Ég sagði nokkur orð snemma í umr. um þetta mál og gat þess, að ég væri fylgjandi því, að þetta mál væri athugað mjög gaumgæfilega, bæði þetta frv. út af fyrir sig og jafnframt í tengslum við það sem verið er að gera og fyrirhugað er að gera almennt í fullorðinsfræðslumálum okkar. Ég held að þar sé nauðsynlegt að gæta nokkurs samræmis. Ég er enn þeirrar skoðunar. Hins vegar er því ekki að neita, að atriði í ræðuflutningi þeim, sem hér hefur fram farið í þessu máli, hafa orðið mér töluvert umhugsunarefni. Alveg sérstaklega var það ræða sem hv. 3. landsk. þm., Ólafur Ragnar Grímsson, flutti, sem mér fannst ákaflega eftirtektarverð og út af fyrir sig ærið tilefni fyrir mann með minn þankagang að athuga ráð sitt *að nýju í sambandi við afstöðu til þessa máls. Það er* auðvitað ekki hægt að láta einstakar ræður hafa óeðlilega mikil áhrif á afstöðu sína, og ég mun ekki gera það, en ég get ekki annað en gert nokkrar aths. við þessa ræðu hv. þm.

Hann sagði orðrétt, að skólinn ætti að vera „helgaður hinu stéttarlega og baráttulega uppeldi í samtökum launafólks" og hann ætti m. a. að veita fræðslu um „hagsmunasamtök atvinnurekenda, innra eðli þeirra, starfshætti og markmið." Hv. þm. sagði einnig að skólanum væri „ fyrst og fremst ætlað það hlutverk að vera baráttutæki samtaka launafólks fyrir breyttu þjóðfélagi, fyrst og fremst til þess að manna verkalýðsfélögin á þann veg að þau geti náð betri árangri í baráttu gegn samtökum atvinnurekenda, í baráttu gegn fjandsamlegu ríkisvaldi."

Hv. þm. varaði alvarlega við því, að almennri fullorðinsfræðslu og endurmenntunarþörf sé „blandað saman við þau skólamál verkalýðsstéttarinnar í landinu, sem eiga fyrst og fremst að vera grundvöllur að því að skerpa baráttustyrk verkalýðsstéttarinnar gegn atvinnurekendavaldinu og gegn því fjandsamlega ríkisvaldi sem löngum hefur ríkt hér í þessu landi gagnvart samtökum launafólks". Hvað merkir þetta? Mér kemur í hug tilvitnun í flokksblað hv. þm. fyrr á þessu ári þar sem segir orðrétt: „Alþingi götunnar þarf að sýna hrokagikkjum valdsins við Austurvöll hver það er sem ræður úrslitum um allt efnahagslíf þessa þjóðfélags." Ég get ekki annað en tengt saman þennan málflutning hv. þm. og þessa yfirlýsingu og aðrar svipaðar í flokksblaði hv. þm. við tiltekin tækifæri.

Þegar svona er komið fer maður að spyrja: Á ríkið yfirleitt nokkurs staðar að koma nærri þessum skólarekstri að dómi þessa hv. þm.? Jú, jú, það á að koma nærri honum, og það var ekki neitt hik á því, hvernig það ætti að vera. Um það sagði hv. þm.: „Verkefni ríkisvaldsins og almannavaldsins í landinu verði þar fyrst og fremst að leggja fram fé — en „verkalýðssamtökin sjálf hafi óskoraðan og algeran yfirráðarétt yfir þessum" — ég vek athygli á því — „yfir þessum menntunarmálum sínum," sagði hv. þm. Og það á ekki að vera neitt hálfkák á þessu að hans dómi og ekkert „knífirí með harða brauðið", eins og þar stendur. Hv. þm. sagði að stjórnarliðið á Alþingi, sem ég tók eftir að hann sagði að „ef til vill " væri vinveitt launþegasamtökunum — hann sagði „ef til vill" um það. (Gripið fram í.) Já, hann sagði e. t. v., það fór ekkert á milli mála. Hann sagði að nú eigi að tryggja við afgreiðslu fjárl. „ekki aðeins tvöfalda, þrefalda eða fimmfalda" stuðninginn, sem er 3 millj. kr. í

frv. um Félagsmálaskóla alþýðu, heldur veita a. m. k. „100 millj. kr." til þessarar starfsemi!

Fyrir mér vakna ýmsar spurningar þegar hlýtt er á svona málflutning, því hv. þm. verður að teljast standa nokkuð nærri þessari starfsemi að sumu leyti, a. m. k. ef maður hefur hliðsjón af ræðum og skrifum sumra flokksbræðra hans sem tala um að tengja vandlega saman flokksblaðið og Alþýðusambandið og Alþb. Er þetta hugsanlegt? Ef þessi skóli er í raun svona, að hann er fyrst og fremst baráttutæki gegn ríkisvaldinu, þ. e. a. s. gegn íslenska ríkinu, hvernig í ósköpunum getur þá ríkissjóður styrkt þessa starfsemi?

Ég fyrir mitt leyti vil ekki taka mark á þessum málflutningi hv. þm., prófessors í þjóðfélagsfræðum. Ég vil álíta að Félagsmálaskóla alþýðu sé ætlað að vera hluti af almennri fullorðinsfræðslu í landinu, vitanlega með sérstaka áherslu á félagsmálaþáttinn, á starfshætti launþegasamtakanna o. s. frv., eins og segir í frv. Og ég mun hafa þetta fyrir satt þangað til annað sannast. Ég tel að hv. þm. hafi ekki sannað þetta.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á frétt sem birst hefur núna í blöðum, þar sem einmitt er sagt frá nýloknu námskeiði þessarar fræðslustofnunar, þessa skóla, og rakin þau viðfangsefni sem fjallað hefur verið um á þessu námskeiði. Það er ástæðulaust að vera að rekja það í einstökum atriðum hér, því það hefur birst í velflestum blöðum. Ég hef séð þessa fréttatilkynningu í einum 2—3 blöðum. Fyrst kom hún í Vísi 4. þ. m. og síðan í fleiri blöðum. Og hún bendir ekki til þess, að þessi skóli starfi eins og þessi hv. þm. lýsir því að hann eigi að starfa að hans dómi. Það er kannske fyrst og fremst það sem fólst í ræðu hans fremur en að hann fullyrti að hann starfaði á þennan veg.

Mér fannst það líka ákaflega merkilegt í málflutningi þessa hv. þm., þegar hann sagði að krafan um það, að Félagsmálaskóli alþýðu og Menningar- og fræðslusamband alþýðu væru áfram algerlega undir forræði alþýðusamtakanna, en hljóti til starfsemi sinnar stóraukið fjármagn af þeirri stærðargráðu, sem ég hef hér lýst, væri sett fram með hliðsjón af þeirri almennu skoðun, að það gæti einnig átt við um fjölmörg önnur fjöldasamtök í þessu landi. Þetta gæti orðið kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð miðað við 100 millj. kr. skammtana. En hvað um það, hitt er lakara, sem einnig kemur greinilega fram í ræðu hv. þm., að hann ætlast ekki til þess að almennt sé gætt þarna nokkurs samræmis, heldur fari fjárframlögin eftir því, hvernig ríkisstj. eða sá meiri hl. þings, sem að ríkisstj. stendur, er þá og þá stemmdur, sbr. þá skoðun að núv. ríkisstjórnarmeirihl., sem „e. t. v." er vinveittur launþegasamtökunum að hans dómi, eigi ekki að tvöfalda, þrefalda eða fimmfalda, heldur gera þarna 3 millj. að 100 millj. kr. þá leiðir alveg af sjálfu sér samkv. þessari kenningu, að eðlilegt væri að næsta ríkisstj. sem kynni kannske að vera á annan veg sinnuð, léti skjólstæðinga sína fá einn skammt af þessari sömu „stærðargráðu," eins og hv. þm. komst að orði.

Ég álít að a. m. k. þurfi að reyna að gæta samræmis í þessum málum, samræmis í framlögum til fullorðinsfræðslu í landinu og samræmis í þeim lagaákvæðum sem Alþ. setur um þau efni, en það virðist alls ekki vera skoðun þessa hv. þm., heldur ráði hvernig styrkleikahlutföllin eru á Alþ. þá og þá. Hann virðist ekki sjá neitt athugavert við það, að ríkisvaldið, eins og hann orðaði það, leggi fram mikla fjármuni til þess í þessu tilfelli að manna launþegastéttina til þess að berjast gegn ríkisvaldinu, þegar það er fjandsamlegt henni að hennar dómi, en gegn ríkisvaldinu samt sem áður, og til þess að manna hana til þess að berjast gegn samtökum atvinnurekenda. Ef upp kæmi ríkisstj., sem væri vinveitt atvinnurekendum, mundi hún leggja fram t. d. 200 millj. til þess að styðja þá til að manna sín samtök, sbr. þá kenningu að fjölmörg önnur fjöldasamtök séu í hæsta máta verð slíkrar umbunar.

Ég gat ekki annað, af því að ég var búinn að taka til máls um þetta frv., en vakið athygli á þessum málflutningi og látið í ljós ándstöðu mína við þau sjónarmið sem þar voru sett fram. En ég endurtek það, að ég vil fyrir mitt leyti sem allra minnst mark taka á þessari ræðu, að hún sé stefnumarkandi fyrir Félagsmálaskóla alþýðu. Ég vil ekki trúa því, þrátt fyrir að hv. þm. situr hér á þingi fyrir Alþb. sem á sterk ítök innan félaga Alþýðusambandsins.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri, herra forseti. Ég vil bara árétta skoðun mína enn og aftur, að þetta frv. ber hv. þd. að athuga vandlega og með velvilja og leggja áherslu á að það, sem gert kann að verða í þessu máli nú, falli sem best að þeim aðgerðum öðrum sem verið er að gera og fyrirhugað er að gera í sambandi við fullorðinsfræðsluna í landinu. Þó að ég sé í sjálfu sér hlynntur því að veita aukinn stuðning til þeirra þátta fullorðinsfræðslunnar sem reknir eru með myndarskap nú þegar, eins og til bréfaskóla, námsflokka og Félagsmálaskóla alþýðu, þá álít ég að við hljótum einnig í því efni að leitast við að gæta nokkurs samræmis.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Upphaflega var það ætlun mín, þegar ég bað um orðið á sínum tíma, að fjalla nokkuð um ýmis þau efnisatriði sem Halldór Blöndal, sem þá sat hér sem varamaður Jóns G. Sólness, setti fram í mjög athyglisverðri ræðu. En þar eð hann hefur nú vikið af þingi ætla ég mér ekki að taka langan tíma í þessum umr., en tvær síðustu ræður gefa mér þó tilefni til þess að fara nokkrum orðum um efnisatriði sem þar komu fram.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, að við Jón G. Sólnes eða Halldór Blöndal séum einhverjir bandamenn í þessu máli, og ég veit að hv. þm. er það fyllilega ljóst. Hins vegar er það rétt, að hv. þm. Halldór Blöndal og Jón G. Sólnes voru sönnunargögn í mínu máli, þ. e. a. s. þeir sönnuðu hér í umr. nákvæmlega þá hættu sem ég benti á á sínum tíma, að þegar frv. væri lagt upp á þann veg sem hér er gert, þá kæmi strax fram krafan um að atvinnurekendur ættu jafna aðild að skólanum. Ég vil í því sambandi vekja athygli hv. flm. þessa frv. á ýmsum frv. sem þm. Alþb. fluttu á síðasta áratug um þetta efni, þar sem fyrirkomulagi og stjórnsýslulegri stöðu slíks skóla var ætlað að vera háttað á annan veg.

Félagsmálaskóli alþýðu er ekkert nýtt mál hér í þingsölum. (**Gripið fram í:** Alþb. hefur aldrei flutt mál um þetta.) Ég er að vísu ekki með hér eintök af frv., en ég vil benda hv. þm. á till. sem þm. eins og Björn Jónsson, Alfreð Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Finnbogi Valdimarsson og fleiri þm. Alþb. fluttu. (**KSG:** Þetta er sams konar frv.) Nei, það er ekki rétt hjá hv. þm. að hér sé um nákvæmlega sams konar frv. að ræða. Hann hefur þá ekki farið nógu langt aftur í sögunni til að kynna sér þennan málflutning. En um það skulum við ekki deila

hér, ég úr ræðustól og hann úr sæti sínu. Ég skal einfaldlega láta hann fá eintök af þessum frv. eða hann flettir þeim upp í þskj. til þess að sjá að þarna er þó nokkur munur á.

Hitt finnst mér athyglisvert, að Halldór Blöndal, sem fyrst í sinni ræðu gerði því skóna að hann væri einn af launþegafulltrúum Sjálfstfl., skyldi síðan andmæla ákvæðum í þessum frv., sem þó einn af forsvarsmönnum Sjálfstfl. í hreyfingu launafólks, Guðmundur H. Garðarsson, er flm. að. En nóg um það.

Aðalatriðið, sem ég vildi benda hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni á, er það, að umr. hér, 1. umr. í deildinni, hefur þegar sannað ótta minn sem ég lét í ljós við 1. umr., að upp kæmi mjög sterk krafa um að atvinnurekendur ættu aðild að stjórn þessa skóla, þegar honum væri skipuð stjórnsýsluleg staða á vegum félmrn. Mér er ljóst að verkalýðshreyfingin hlýtur að taka áhættu hverju sinni um það, hvort hún fær fjármagn til starfsemi af þessu tagi. En ég tel að sú áhætta sé minni en við að reyrast með sína menntastofnun inn í stjórnsýslukerfi sem atvinnurekendum yrði e. t. v. veitt aðild að. Og mér er ekki grunlaust um að það kunni að vera ástæða að baki þessarar tryggingar, sem hv. flm. telur sig hafa, að Alþfl. hefur oft og tíðum farið með félmrn. á Íslandi og menn hafa haft tilhneigingu til að líta á þetta sem eitt og hið sama: flokkinn og rn., og þess vegna væri sú trygging þar fengin. En út frá því er ekki hægt að ganga og aðstæður hér á landi eru allt aðrar en annars staðar á Norðurlöndum í þessu efni.

Það hefði svo sem ekki verið tilefni til þess að koma þessu á framfæri hér í ræðustól og standa hér upp ef ekki hefði verið ræða hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar. Mér fannst hún sláandi dæmi um það, hve Framsfl. er langt kominn frá uppruna sínum. Það er löng leiðin frá Brekku í upphafi þessarar aldar til þeirrar ræðu sem hér var flutt áðan. Mér varð hugsað undir þessari ræðu til tímarits sem ég fékk í hendurnar í gær, sem er hefti af Samvinnunni, málgagni samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi, þar sem er fjallað um afmæli Samvinnuskólans, birtar ræður og viðtöl við skólastjóra: Jónas Jónsson frá Hriflu, Guðmund Sveinsson og núv. skólastjóra, nemendur skólans o. fl. Það kom fram í þessu efni tímaritsins, að Samvinnuskólanum hefur alltaf verið ætlað að vera baráttutæki samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi til þess að ala upp starfskrafta hennar, til þess að kynda hugsjónaelda samvinnuhreyfingarinnar. En kannske er ekki lengur þörf á því að kynda þá elda, kannske eru þeir slokknaðir að eilífu í þeim herbúðum. Kannske er hægt að láta bara fullorðinsfræðsluna sjá um að róta í öskunni. Það kann vel að vera.

En Jónas Jónsson frá Hriflu hefði skilið skóla sem baráttutæki fyrir félagsmálahreyfingu. Hann hefði ekki flutt slíka ræðu eins og hér var flutt áðan. Hann hefði skilið að félagsmálahreyfing fólksins í landinu, sem ætlar sér að breyta þjóðfélaginu, gerir aldrei neitt að marki nema hafa sinn skóla, sína uppeldissveit til að koma hugsjónaeldinum frá einni kynslóð til annarrar, til að þjálfa þá baráttusveit sem stendur í eldlínunni allt í kringum landið.

Það er löng leiðin frá Brekku í upphafi þessarar aldar til þessarar ræðu. Og það er löng leiðin frá forustumönnum Framsfl. fyrr á þessari öld til þeirrar forustu sem nú segir að það þurfi enga skóla til þess að kynda hugsjónaelda félagsmálahreyfingar, og virðist beinlínis ekkert botna í málflutningi eins og þeim, að félagsmálahreyfingar fólksins í landinu, sem er ætlað að breyta þjóðfélaginu, eins og samvinnuhreyfingunni og verkalýðshreyfingunni, þurfi á sínum baráttutækjum að halda. Kannske er það einmitt þetta sem hefur skilið á milli mín og hv. síðasta ræðumanns hér áður fyrr, að annar taldi nóg komið af breytingum þjóðfélagsins og nú væri hægt að vísa öllu inn í menntmrn., en við hinir vildum halda áfram að breyta þjóðfélaginu.

Hér er líklegast, ef dæma má af síðustu ræðu, um grundvallarágreining að ræða, — þann grundvallarágreining sem m. a. fólst í því, hvar Framsfl. og samvinnuhreyfingin ættu að skipa sér í íslensku þjóðfélagi, hvort hún ætti að skipa sér í baráttusveit breytinganna eða hvort hún ætti að skipa sér í sveit hinna grunnmúruðu íhaldsafla sem ekki telja lengur þörf á neinum baráttutækjum og engu vilja breyta. Að þessu leyti er ég þakklátur hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni fyrir að sýna svona glögglega í þingtíðindum hvar skilur á milli og hvar skildi á milli áður fyrr.

Þróun íslensks þjóðfélags á þessari öld, þess þjóðfélags sem við búum nú við, er fyrst og fremst árangur þess félagsmálastarfs sem alþýða til sjávar og sveita í gegnum verkalýðshreyfinguna og samvinnuhreyfinguna setti á oddinn, verk þeirra manna sem skólaðir voru í félagsmálasamtökum samvinnuhreyfingarinnar og verkalýðshreyfingarinnar áður fyrr, og ég veit að hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson þekkir þá sögu. Ég þarf ekki að rifja hana upp hér. (**VH:** Hann hefur kannske komið nálægt henni.) Vissulega er það rétt, að hann hefur komið nálægt henni. En eins og ég sagði áðan, það er þá til marks um hverjir telja nóg komið af breytingunum og *hverjir vilja halda áfram að breyta, hverjir telja þörf á* slíkum baráttutækjum áfram og hverjir ekki.

Það segir sig sjálft, að félagsmálahreyfing alþýðu þessa lands þarf á sérstakri skólun að halda fyrir sitt forustufólk. Hún getur aldrei treyst á almenna fullorðinsfræðslu í landinu til þess að annast það. Hún getur ekki sett upp hlutlausar skólastofnanir í þá veru, enda hefur Samvinnuskólinn aldrei verið hlutlaus, og það veit ég að hv. þm. veit. Þar hafa verið fluttar áratugum saman í kennslustundum útlistanir á ágæti samvinnuhreyfingarinnar fram yfir einkaframtakið á Íslandi, og Jónas Jónsson frá Hriflu, eins og kom fram í þessu ágæta afmælisriti og ég veit að hv. þm. þekkir, varði 1-2 klukkustundum hvern dag til þess að brýna fyrir mönnum mismuninn á einkafyrirtækjunum eins og Garðari Gíslasyni og H. Ben. & Co. annars vegar og samvinnufyrirtækjunum hins vegar. Þær kennslustundir, sá áróður varð til þess að skerpa baráttutækin. Og ég er ekki viss um að samvinnuhreyfingin eða Framsfl. hefðu náð eins langt og þau hafa þó náð, ef Jónas Jónsson hefði ekki flutt þann boðskap í því baráttutæki sem Samvinnuskólinn var þá samvinnuhreyfingunni.

Félagsmálaskóli alþýðu, það félagsmálastarf sem hefur verið unnið á vegum alþýðusamtakanna, hefur verið hliðstætt baráttutæki. Og það, sem skilur á milli okkar hv. 2. þm. Austurl., er það, að auðvitað þarf að efla og styrkja fullorðinsfræðsluna í landinu, en henni er ætlað að sinna, eins og öðrum almennum menntastofnunum í landinu frá grunnskóla og upp úr, hinni almennu fræðslu fyrir þegna þessa þjóðfélags og þeirri sérhæfðu menntun sem þetta þjóðfélag telur sig þurfa hverju sinni. En síðan er það verkefni félagsmálahreyfinga og fjöldahreyfinga í

landinu að annast sjálfar þá sérstöku baráttumenntun sem þær telja sig þurfa á að halda. Það eru fjölmörg önnur fjöldasamtök en þau, sem ég hef hér vikið að, sem er fyllilega eðlilegt að annist slíka starfsemi. Mín lýðræðissýn er nú einu sinni fólgin í því, að það eigi ekki bara að vera ríkið sjálft sem annist alla menntun í landinu, sem kannske er skoðun hv. þm., heldur sé líka í okkar lýðræðiskerfi fullt og breitt rúm og fjölþætt fyrir margvíslega menntunarstarfsemi hagsmunasamtaka og fjöldasamtaka sem taka þátt í okkar lýðræðislega veruleika, bæði bændasamtaka, samtaka verslunarinnar, samtaka samvinnuhreyfingarinnar og samtaka verkalýðshreyfingarinnar. Og ég sé ekkert óeðlilegt við það, þótt Alþ. samþykki styrk til slíkra fjöldasamtaka. Alþ. samþykkir styrk til stjórnmálaflokka, og því hefur hv. þm. greitt atkv. Eru stjórnmálaflokkar hluti af menntakerfi? Eru þeir hluti af stjórnsýslubákninu? Nei, þeir eru fjöldasamtök, þeir eru lýðræðisleg samtök, og þeir eru styrktir. Og hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson veit það jafnvel og ég, að Samvinnuskólinn er líka styrktur. Og sú upphæð, sem ég nefndi, 100 millj. kr., og hv. þm. greinilega ofbauð, hvað var hún há? Það vill nú svo til að hún er hin sama og Samvinnuskólinn fær. (**Gripið fram í:** Það eru sérstök lög til um hann.) Það er vissulega rétt. (**VH:** Þetta eru ekkert sambærilegir skólar.) Eru þeir ekki sambærilegir? Vegna hvers eru þeir ekki sambærilegir? Vill hv. þm. svara því, vegna hvers þeir eru ekki sambærilegir? Hann gerir það hér úr ræðustól á eftir. Þeir eru sambærilegir að því leyti, að báðum er ætlað að berjast og skerpa baráttustöðu fyrir þeim þjóðfélagslega grundvelli sem hvor félagsmálahreyfingin um sig stendur á. Það liggur ekkert fyrir um það, hv. þm., að samvinnuhreyfingin á Íslandi sé búin að afnema samvinnufræðsluna í Samvinnuskólanum, þvert á móti. Hún er enn þá virkur þáttur í kennslu þar. Þar eru enn þá kennslustundir þar sem er útlistað ágæti samvinnuframtaksins fram yfir einkaframtakið, og að því leyti er þessi starfsemi vissulega sambærileg. Það kemur greinilega fram í þessu afmælisriti, sem er nýlega út komið um Samvinnuskólann, að forustumenn samvinnuhreyfingarinnar líta enn þá á Samvinnuskólann sem baráttutæki. Fyrrv. samþm. Vilhjálms Hjálmarssonar, Eysteinn Jónsson, sem hér sat á þingi árum saman, var meira að segja fyrir nokkrum mánuðum í sérstökum starfshópi á vegum samvinnuhreyfingarinnar sem lagði fram tillögur um hvernig Samvinnuskólinn gæti gegnt betur sínu hlutverki að vera baráttutæki samvinnuhreyfingarinnar.

Ætli það skilji ekki á milli í afstöðunni til þessa máls, annars vegar þeirra, sem telja nú orðið harla gott með þær breytingar sem gerðar hafa verið á þjóðfélaginu á því sem liðið er af þessari öld og vilja nú setjast í helgan stein og ganga í sveit með íhaldsöflunum, og okkar hinna sem teljum nauðsynlegt að bæði verkalýðshreyfingin og samvinnuhreyfingin haldi áfram með sinni menntastarfsemi að manna svo sína forustusveit að hún geti náð umtalsverðum árangri í því að umskapa íslenskt þjóðfélag á líkan hátt á þeim tíma sem eftir er af þessari öld eins og þeir, sem aldir voru upp í þessum skóla fyrr á þessari öld, umsköpuðu íslenskt þjóðfélag? Halda menn að samvinnuhreyfingin hefði náð jafngóðum árangri í baráttunni gegn Garðari Gíslasyni, H. Ben. & Co. og öðrum ágætisfyrirtækjum í þessu landi, sem Jónas Jónsson frá Hriflu beindi samvinnuhreyfingunni gegn, ef slíkt fræðslustarf hefði ekki komið til? Halda menn að Framsfl. hefði verið — sem að vísu er ekki lengur — næststærsti stjórnmálaflokkur landsins, ef ekki hefði í Samvinnuskólanum farið fram uppeldi á forustusveit Framsfl., mörgum hennar bestu mönnum? Þess vegna vil ég mælast til þess, að þeir menn, sem enn telja sig rótfasta í samvinnuhreyfingu þessa lands og telja sig hluta hennar sögu, eins og kom fram í framítöku hv. þm. áðan, reyni að sjá samhengið á milli Samvinnuskólans og verkalýðsskólans. Okkur getur greint á um form þess skóla, eins og mig greinir nokkuð á við hv. þm. Karl Steinar Guðnason. En það er aukaatriði í þessu máli. Hitt verður aðalatriði, ef það á að vera grundvöllur stuðnings hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar við þetta frv., að slíkur skóli eigi ekki og megi ekki vera baráttutæki alþýðustéttanna í landinu. Alþýðustéttirnar þurfa á slíku baráttutæki að halda, mjög sterku og öflugu baráttutæki, eins og reynsla síðustu fjögurra ára og sérstaklega fyrri hluta þessa árs sýnir glöggt.

Umr. frestað.

Neðri deild, 27. fundur.

Miðvikudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Dómari og rannsóknardeild í skattamálum og bókhaldsmálum, frv. (þskj. 128). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 134). — 1. umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. um breyt. á l. nr. 80 frá 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, ásamt hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, Kjartani Ólafssyni, Páli Péturssyni og Lárusi Jónssyni. Frv. felur í sér þá breytingu á 10. gr. laga um aflatryggingasjóð frá árinu 1971 að í staðinn fyrir að áður var síðasta málsgr. 10. gr. þannig, að stjórn sjóðsins væri heimilt að greiða bætur til báta sem hafa þurft að hætta veiðum á tilteknu svæði, en við það bætist: „eða hafa ekki getað hafið veiðar á tilteknu veiðisvæði, sem hefur verið lokað fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið vegna hrygningar nytjafiska eða hættu á seiðadrápi, með þeim afleiðingum, að eigendur viðkomandi báta hafi ekki getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða veiðisvæði."

Í núgildandi lögum er til viðbótar við þessa 10. gr.: „Má í þessu skyni verja allt að 1 millj. kr. hverju sinni, og í meginatriðum við það miðað, eftir því sem fé hrekkur til, að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar."

Þessi málsgr. var sett inn 1971 vegna þess að er dragnótaveiðar voru heimilaðar í Faxaflóa, þá gerðist það að veiðisvæði báta, sem dragnótaveiðar stunduðu, var lok-

að til að afstýra skemmdum á síldarhrognum, en talið var vitað að síld hefði hrygnt á þessu veiðisvæði. Það var ekki með öllu ljóst, hversu lengi sú lokun þyrfti að standa og vegna óvissu og einnig af öðrum ástæðum var talið torvelt fyrir eigendur þeirra fiskibáta, sem veiðar stunduðu á umræddu svæði, að snúa sér að öðrum veiðum, meðan á lokun kynni að standa, eða stunda dragnótaveiðar á öðrum fjarlægum veiðisvæðum, og því var þetta ákvæði sett.

Nú er slíkt ákvæði löngu orðið úrelt hvað upphæð snertir og ekki ástæða til, finnst okkur flm. þessa frv., að setja hér ákveðna upphæð inn sem heimild fyrir stjórn aflatryggingasjóðs, heldur alfarið að heimila sjóðsstjórninni að greiða samkv. venjum sjóðsins og heimildum bætur til þeirra, sem verða að hætta veiðum, og eins þeirra, sem geta ekki hafið veiðar vegna þess að stjórnvöld hafi bannað af þessum ástæðum að hefja eða halda veiðum áfram. Þess vegna flytjum við þetta frv., og það er gert vegna þeirra báta og sjómanna sem stundað hafa rækjuveiðar á svæðum sem eru lokuð þrátt fyrir að leyfi hafa verið gefin út til veiða af sjútvrn. Á sumum svæðum hefur verið leyft að byrja veiðar, en veiði afturkölluð eftir örstuttan tíma, eins og á Öxarfirði. Þar hófust veiðar, að mig minnir, 5. okt. og hafa, að ég best man, tvisvar sinnum verið stöðvaðar síðan. Á Húnaflóa hófust veiðar einnig með allra síðasta móti, eða 14. nóv. s. l., og þá á afmörkuðum svæðum. En veiðar við Ísafjarðardjúp og við Arnarfjörð hafa ekki hafist enn þá og litlar líkur til að þær muni hefjast á þessu ári. Þetta þýðir það, að 49 bátar frá Arnarfirði, Bolungarvík, Ísafirði og Súðavík hafa ekki getað hafið þessar veiðar og ekki getað snúið sér að öðrum veiðum, vegna þess að þetta eru litlir bátar sem geta ekki ytundað línuútgerð á þessum tíma árs. Því standa þessir menn mjög illa að vígi, og því teljum við að með breytingu laganna um aflatryggingasjóð sé bæði sanngjarnt og eðlilegt að þessir bátar og sjómenn þeirra fái bætur samkv. reglum þeim sem stjórn aflatryggingasjóðs fer eftir og heimilt er í lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta mál. Þetta er mjög einfalt og skýrt mál, og við flm. frv. teljum brýna nauðsyn að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu af þeirri ástæðu sem ég hef þegar nefnt. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Ríkisendurskoðun, frv. (þskj. 131). — 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Ingvari Gíslasyni að flytja frv. til l. um Ríkisendurskoðun, eftirlit og aðhald í ríkisbúskapnum. Frv. samhljóða þessu var flutt af mér á 99. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Ég hef því leyft mér ásamt hv. þm. Ingvari Gíslasyni að endurflytja þetta mál.

Upphaf þessa máls er það, að við afgreiðslu á ríkisreikningi á árinu 1975 vakti ég athygli á því, að hér á Alþ. fylgdu mjög litlar umr. og litlar skýringar ríkisreikningi. Ég gat þess þá, að mér þætti eðlilegt að hér yrði breyting á, þ. e. a. s. að Alþ. fengi meiri skýringar og gleggri upplýsingar um hina raunverulegu framkvæmd fjárlaga.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar umræður í þjóðfélaginu um ríkisreksturinn almennt, hvernig honum skuli háttað og hvernig skuli standa að lagfæringum á því sviði, hvernig skuli standa að eftirliti og aðhaldi. Það hefur verið mikil útþensla í öllum ríkisrekstrinum. Hið opinbera hefur fengið aukin verkefni og stærri og stærri hluti af þjóðartekjum okkar fer til opinberra þarfa og sameiginlegra þarfa. Þegar slíkur vöxtur á sér stað er mjög hætt við því, að það eigi sér stað söun á fjármagni, afköst verði lítil á hinum ýmsum stöðum í ríkiskerfinu og nýting fjármagnsins ekki sem skyldi. Þess vegna er ljóst, sérstaklega þegar ekki er hægt að auka hina opinberu starfsemi og samneyslu óendanlega, eins og öllum í þjóðfélaginu er væntanlega ljóst, að það er mjög mikils um hvert að það fjármagn og þeir fjármunir, sem er eytt til sameiginlegra þarfa, sé skynsamlega nýtt og vel í þágu þjóðarheildar. Ég hef eins og sjálfsagt fleiri sannfæringu fyrir því, að það er orðið verulegt vandamál hversu afköst eru lítil víða í hinu opinbera kerfi, og þegar afköstin minnka hefur maður það oft á tilfinningunni, að úr því sé bætt með því að fjölga fólki. Þessi aðferð verður náttúrlega til þess, að þjóðartekjunum er spillt, og þessi aðferð getur ekki gengið til lengdar í framleiðslustarfseminni í þjóðfélaginu. Það er t. d. ekki hægt að leysa málið á þennan hátt á við skulum segja togara eða fiskibáti. Ef afköst eins eru minni en æskilegt er, þá kemur það niður á öðrum. En það er ósköp hætt við því víða í hinu opinbera kerfi, að minnkandi afköst ákveðinna starfsmanna komi ekki niður á öðrum starfsmönnum, heldur verði til þess að starfsmönnum sé fjölgað.

Í þessum umr. um ríkisstarfsemina hefur ýmislegt borið á góma. Margir hafa viljað ráðast að þessari meinsemd, þ. e. a. s. aukinni hlutdeild samneyslunnar í þjóðartekjum, með því að leggja ýmiss konar starfsemi niður og skera þar algerlega á. Menn hafa einnig talað um að rétt væri að skylda þn. til þess að ganga í alls konar rannsóknir á ýmsum sviðum í ríkiskerfinu og einnig að ganga svo langt að þn. fari út í rannsóknarstarfsemi á fyrirtækjum í landinu og yfirleitt allri starfsemi þjóðfélagsins. Allt þetta er út af fyrir sig innantómt, hvaða skoðun sem menn annars kunna að hafa á því, ef Alþ. hefur ekki neina stofnun og aðstöðu til þess að fylgjast með á sviði ríkisrekstrarins. Allir eru sammála um að eftirlit þurfi að auka, en aðalvandamálið er, hvernig þetta skuli gert og hvernig á því skuli haldið.

Að mínum dómi þarf Alþ. að eiga hér frumkvæðið, axla ábyrgðina af þessu eftirliti og því aðhaldi sem er í ríkisrekstrinum, gagnrýna og leiðbeina og vísa veginn í stað þess, sem oft vill verða, að Alþ. sé áhorfandi sem gefur heimildir, samþ. fjárframlög án þess að fá fullnægjandi skýrslur um ráðstöfun og nytsemi þessa fjármagns. Það er skoðun mín, að Ríkisendurskoðun skuli vera tæki Alþ. í þessu eftirlits- og aðhaldshlutverki þingsins.

Ég sé ekki út af fyrir sig ástæðu til þess að gera grein fyrir þessu frv. í mjög löngu máli, því fylgir löng grg. og skýringar með einstökum greinum, en ég ætla þó að nokkru að gera grein fyrir aðalefni þess.

Það er fyrir í þjóðfélaginu stofnun sem heitir Ríkisendurskoðun. Þannig er ekki um það að ræða hér, að sett verði upp ný stofnun. Hlutverk þessarar stofnunar, þ. e. a. s. Ríkisendurskoðunar, er ákveðið í reglugerð frá 31.

des. 1969. Það er: 1. Endurskoðun reikningsskila embætta, ríkisstofnana og sjóða í vörslu ríkisins. 2. Umsjón og eftirlit með endurskoðun á reikningsskilum ríkisstofnana, en endurskoðendur þeirra eru skipaðir eða kosnir samkv. sérstökum lögum. 3. Eftirlit með opinberum sjóðum samkv. lögum nr. 20/1964. 4. Eftirlit með rekstri ríkisstofnana lögum samkv., sbr. II. kafla laga nr. 61/1931 og 82. gr. laga nr. 52/1966.

Þessi stofnun er hin ágætasta, vinnur mjög þarft verk og hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Hins vegar er ekki til heildarlöggjöf um starfsemi hennar. Það hafa orðið miklar breytingar á reikningsskilum, upplýsingakerfum og öðru þess háttar. Það hafa orðið byltingakenndar breytingar, sem einar kalla á lagasetningu um þessa stofnun, og í öðru lagi lýtur stofnunin fjmrn. og fjmrh. Það er einn aðaltilgangur þessa frv. að breyta þessu fyrirkomulagi og setja þessa stofnun undir stjórn Alþingis. Þess vegna er gert ráð fyrir því í 1. gr. frv., að Ríkisendurskoðun verði stofnun Alþingis sem framkvæmi endurskoðun, eftirlit og aðhald í ríkisbúskapnum í umboði Alþingis. Stofnunin skal því vera óháð ríkisstj., rn. og öðrum stofnunum sem eru háðar eftirliti Ríkisendurskoðunar samkv. þessu frv.

Út af fyrir sig má vel hugsa sér að koma þessu fyrir á mismunandi hátt og með mismunandi móti. Í öðrum löndum er það svo, að yfirleitt er, a. m. k. í hinum vestræna heimi, til stofnun sem ber nafnið „Ríkisendurskoðun" eða eitthvert nafn í líkingu við það. Sums staðar lýtur þessi stofnun framkvæmdavaldinu, eins og er hér á landi. Sums staðar heyrir þessi stofnun beint undir þjóðþing viðkomandi landa eða starfar sem dómstóll, eins og t. d. í Vestur-Þýskalandi, Sviss og Frakklandi. En í þessu frv. er lagt til að stofnunin verði stofnun Alþingis og þjóni Alþingi, svo sem einnig þekkist í öðrum löndum, t. d. í Noregi og Kanada.

Í framhaldi af þessu er lagt til í 2. gr. að stjórn Ríkisendurskoðunar verði skipuð sex mönnum, sem skulu að jafnaði vera alþm. sem eiga sæti í fjvn. og fjárhagsnefndum Alþingis. Formaður stjórnarinnar skal vera ríkisendurskoðandi, sem þessi stjórn skipar.

Ég skal fúslega játa að þessi grein hefur verið mér allmikið vandamál. Út af fyrir sig hef ég enga sannfæringu fyrir því, að það sé rétt skipan mála að stjórnin skuli þannig skipuð. Það er í mínum huga ekkert aðalatriði að stjórn þessarar stofnunar verði skipuð alþm. Hins vegar er það í mínum huga aðalatriði, að tengsl stofnunarinnar við Alþ. verði sem best og mest og tryggt sé að Alþ. geti haft mjög gott samband við þessa stofnun sem heyrir beint undir þingið. Ég skal því gjarnan sætta mig við aðra skipan þessara mála, t. d. þá að Alþ. kjósi þessa stjórn án þess að það verði skilyrði að þm. séu í henni.

Í framhaldi af þessu varð það niðurstaða mín, að ekki væri eðlilegt að ætlast til þess, að alþm. yrði formaður stjórnar í svo mikilli og stórri stofnun. Þess vegna er lagt til að ríkisendurskoðandi sjálfur verði formaður stjórnarinnar, sem er nokkuð óvenjulegt, og gæti einnig komið til athugunar að breyta því. Þessi meðferð mála er einnig í Noregi, þ. e. a. s. ríkisendurskoðun heyrir undir þjóðþingið, en þar kýs þjóðþingið fimm ríkisendurskoðendur — mig minnir þeir séu fimm frekar en fjórir — sem eru jafnframt stjórnendur þessarar stofnunar og vinna í þeirri stofnun að miklu leyti. Gæti því verið athugunarefni að leita eftir reynslu þeirra á því sviði.

Það hefur verið sú þróun á undanförnum árum, að menn hafa viljað mæta því vandamáli, ef vandamál skal kalla, að Alþ. fái betur fylgst með hinum ýmsu sviðum í ríkisrekstrinum og ríkisstofnunum, með því að Alþ. kjósi stjórn þessara stofnana. Ég er þeirrar skoðunar, að við höfum verið á rangri braut hvað þetta snertir, t. d. vegna þess að þessi skipan mála treystir á engan hátt böndin og samskiptin milli þingsins og þessara stofnana og tryggir á engan hátt eftirlit og aðhald þingsins með þessum stofnunum. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að Alþ. eigi fyrst og fremst að efla eftirlits- og aðhaldshlutverk sitt með því að koma sér upp stofnun sem geti sinnt því verkefni, en Alþ. eigi ekki að leggja á það megináherslu að ráða því, hvaða menn stjórni viðkomandi stofnunum, eins og þróunin hefur verið á undanförnum árum. Þess vegna vil ég leggja á þá áherslu, að ég vil með þessu frv. opna leið til þess að komast út úr þeim vítahring sem smátt og smátt verður óþolandi ef Alþ. á meira og minna að stjórna beint öllum stofnunum þjóðfélagsins. Ég held að það sé röng leið. Hins vegar er nauðsynlegt að þingið hafi sem best eftirlit með því, að þessum stofnunum sé vel stjórnað. Alþ. setur þessum stofnunum lög, ákveður hvaða fjármagn þessar stofnanir og ríkisreksturinn almennt skuli fá til umráða. Þess vegna er eðlilegt að Alþ. fylgist með því, á hvern hátt þetta er gert og hvort það sé í samræmi við vilja þingsins og þau lög sem Alþ. setur, en Alþ. hafi ekki beinlínis hönd beint í bagga með stjórn viðkomandi stofnana, það sé hlutverk framkvæmdavaldsins.

Það er einnig mikilvægt hvað skuli endurskoða og hverju þessi stofnun, þ. e. Ríkisendurskoðun, skuli hafa eftirlit með. Það kemur fram í 6. gr. frv., að stofnunin skuli setja sér starfsáætlun fyrir eitt ár í senn, þar sem komi fram í meginatriðum að hvaða verkefnum skuli unnið og á hvern hátt. Það er út af fyrir sig ekki hægt að ganga frá slíkri starfsáætlun í einstökum atriðum, en í þessu sambandi bendi ég á grg. þar sem fjallað er í nokkuð ítarlegu máli um ríkisendurskoðun í Svíþjóð, þar sem er lýst tilhögun þess, hvernig þar er unnið að slíkri starfsáætlun og hvernig innihald hennar gæti verið.

Það kemur einnig fram í 10. gr., að endurskoðun samkv. frv. skuli ná til:

a) ríkisreiknings;

b) stofnana, sjóða og annarra þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkv. fjárlögum eða öðrum tekjum samkv. sérstökum lögum;

c) fyrirtækja eða stofnana, sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á meiri hluta í, þar með talin ríkisbankar og hlutafélög;

d) reikningsskila Alþingis.

Þetta mundi hafa það í för með sér, að þessi stofnun yfirtæki endurskoðun bankanna og hlutafélaga sem ríkissjóður á meiri hluta í, t. d. Járnblendifélagsins, Áburðarverksmiðjunnar og Sementsverksmiðjunnar. Hér er því um að ræða víðtæka endurskoðun á öllu, sem lýtur að ríkisreikningi, eða öllum stofnunum, sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs, og einnig hlutafélögunum sem ég gat um. Þessi endurskoðun á sér stað að meira eða minna leyti í dag. Þó er hún á engan hátt alltaf fullnægjandi, eins og komi hefur í ljós á síðustu árum m. a. í bankakerfinu. Með þessu er stefnt að því, að eftirlitið og endurskoðunin sé sem mest á einni hendi. Hins vegar er heimilt samkv. lögum að ríkisendurskoðandi fái aðra utanaðkomandi aðila til að sinna þessu starfi, a. m. k. til að byrja með,

þannig að hér þyrfti því ekki að verða um algjöra stökkbreytingu að ræða. Þeir aðilar, sem hafa sinnt slíku starfi, gætu sinnt því í umboði Ríkisendurskoðunar.

Í 11. gr. kemur fram, að þeir aðilar, sem þessi endurskoðun nær til, skuli hafa náið samráð við Ríkisendurskoðun í sambandi við bókhaldskerfi, innra eftirlit og rekstur innri endurskoðunardeilda. Ríkisendurskoðunin skal leggja mat á innra eftirlit, rekstur endurskoðunardeilda og ákveða endurskoðunaraðferðir í samræmi við það mat.

Mér er ljóst að í mörgum stofnunum er innri endurskoðun og eftirlit, en hins vegar er þetta eftirlit oft engan veginn fullnægjandi.Ég tel því nauðsynlegt að Ríkisendurskoðunin hafi hönd í bagga með slíkri starfsemi, stofnunin fái með ákveðnum hætti upplýsingar um slík kerfi og breytingar á þeim, svo hægt sé að fylgjast reglubundið með öryggi þeirra sem grundvelli fyrir endurskoðunaraðgerðum og aðferðum, ásamt mati á starfseminni almennt. Hins vegar er ljóst, að það er fyrst og fremst hlutverk viðkomandi rn. og stofnana að koma á því stjórnunarlega eftirliti, sem talið er nauðsynlegt og fjárhagslega verjandi í hverju tilfelli.

Í 12. gr. kemur fram á hvern hátt þessi endurskoðun skuli fyrst og fremst framkvæmd. Gert er ráð fyrir því, að endurskoðunin skuli beinast að því fyrst og fremst, hvort reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góðar venjur, í öðru lagi, hvort þeir gerningar og starfsemi, sem þessi reikningsskil fjalla um, séu í samræmi við heimildir fjárlaga, annarra laga, fyrirmæla og almennar starfsvenjur, — við höfum oft rekist á að undanförnu að slíkt er ekki alltaf í heiðri haft, — og í þriðja lagi, sem er út af fyrir sig hvað mikilvægast og mikilvægasta breytingin sem þarna mundi geta orðið, að *stofnuninni yrði gert skylt að leggja á það mat, hvort* nauðsynleg fjárhagsleg og rekstrarhagfræðileg sjónarmið eru í heiðri höfð við ráðstöfun fjármagns og rekstur þeirra fyrirtækja og stofnana, sem reikningsskilin ná yfir. Að öðru leyti skal endurskoðunin framkvæmd samkv. góðri endurskoðunarvenju á hverjum tíma. Hér er um nýmæli að ræða og með þessu er lögð áhersla á að það sé hlutverk Ríkisendurskoðunar að auka hagkvæmni og árangur í ríkiskerfinu. Það er að vísu grundvallarskylda hvers rn. og stjórnsýslustofnunar að halda uppi hagkvæmu og virku stýrikerfi, en reikningsskilin þurfa, svo vel eigi að vera, að veita upplýsingar um þau afköst og þann árangur sem tengjast þessum útgjöldum.

Ég gat þess hér í upphafi, að lítil afköst í ríkiskerfinu á mörgum sviðum og léleg nýting fjármagns væru orðin verulegt vandamál í þjóðfélaginu. Þess vegna er miklu nauðsynlegra en áður að notuð séu reikningsskilakerfi þar sem veittar séu upplýsingar um þau afköst og þann árangur sem tengjast þessum útgjöldum. Ég vil í þessu sambandi benda á til glöggvunar, og það kemur einnig fram í grg. með frv. þegar fjallað er um ríkisendurskoðun í Bandaríkjunum, að það var strax á árinu 1966, þegar ríkisstjórn Bandaríkjanna þá, sem oft hefur komið fyrir síðan, beitti sér fyrir kostnaðarlækkunaraðgerðum í því landi, setti upp kerfi sem reynst hefur, eftir því sem ég best veit, mjög vel, — kerfi sem átti að mæla framleiðni og skilvirkni í hinu opinbera kerfi. Þetta hefur einnig verið tekið upp og gert í allstórum stíl hjá sænsku ríkisendurskoðuninni. Slík starfsemi er viðhöfð í nokkrum löndum, og af því má mikið læra að mínum dómi. Er því nauðsynlegt fyrir Alþ. að fylgjast með rekstri þessara stofnana og ríkissjóðs yfirleitt. Það er þess vegna að mínum dómi alls ekki að ástæðulausu, að nauðsynlegt sé að slíkt eftirlit og slík kerfi séu tekin upp í ríkari mæli en nú er. Ég vil í því sambandi vísa til þess, sem segir í grg. um þau frávik sem hafa orðið á undanförnum árum milli fjárlaga annars vegar og ríkisreiknings hins vegar. Þessi frávik eru mjög mikil. Ég vænti þess og ég veit að þessi frávik eiga sér eðlilegar skýringar í ýmsum tilfellum. Hins vegar hefur Alþ. alls ekki fengið nægilegar skýringar á þessum frávikum. Þingið eyðir hér næstum því öllu haustinu á hverju ári í það að ræða hvernig fjárlagafrv. skuli úr garði gert. Síðan kemur ríkisreikningurinn með gífurlegum frávikum, kannske 10%. En það fer enginn tími af starfstíma Alþ. til að ræða þetta plagg, sem er *árangurinn sem kemur í ljós af þeim fjárlögum sem* Alþ. samþ. Ég þarf út af fyrir sig ekki að fjölyrða um það.

Gert er ráð fyrir því í þessu frv., að auk þeirrar endurskoðunar, sem ég hef áður getið um, geti Ríkisendurskoðun með aðstoð viðkomandi rn., ef nauðsynlegt r talið, krafist þess að fá reikningsskil frá stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum sem taka á móti fjármagni, t. d. styrkjum, tekjum samkv. sérstökum lögum, svo og reikningsskil þeirra aðila sem njóta ríkisábyrgðar eða annars stuðnings frá ríkissjóði. Ekki er gert ráð fyrir því, að Ríkisendurskoðun endurskoði beint reikninga þessara aðila, en geti ávallt krafist þess að fá þá.

Við vitum að fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu frá styrki og stuðning frá ríkinu, ríkisábyrgð og annan stuðning, t. d. í formi lána. Nauðsynlegt er að þessi stofnun hafi ótvírætt vald til þess að fá þessa reikninga, til þess að ljóst sé að þessar fjárhæðir hafi verið notaðar — í samræmi við upphaflegan tilgang.

Í 14. gr. frv. kemur einnig fram að Ríkisendurskoðun *skuli hafa heimild til að rannsaka þann hluta reikninga* sveitarfélaga sem varðar starfsemi sem er greidd eða rekin af ríkissjóði og sveitarfélagi í sameiningu. Allir vita að þetta er gert á mörgum sviðum og sveitarfélögin taka við verulegu fjármagni í þessu skyni. Þess vegna er ljóst, að það verður að vera til heimild fyrir þessa stofnun að ganga úr skugga um það með einhverju móti að þessum fjármunum sé ráðstafað í samræmi við upphaflegan tilgang, ef menn sjá ástæðu til.

Í 15. gr. er síðan skilgreint að hverju endurskoðunin skuli miða. Hún skal fyrst og fremst miða að því, að reikningsskil séu endurskoðuð á fullnægjandi hátt, að skilyrði fyrir móttöku fjármuna séu uppfyllt og fjármunir notaðir í samræmi við ákvæði laga og annarra fyrirmæla. Í því sambandi, eins og ég hef áður getið, er mikilvægt að tryggt sé að slíkur stuðningur, sem ákveðinn er með fjárlögum, og það fjármagn, sem þar er ráðstafað, sé notað á réttan hátt.

Ég vil aðeins víkja að því, hvernig gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun komi fram gagnvart Alþ., ef svo má segja, þ. e. a. s. skili af sér til Alþingis. Í 21. gr. kemur fram, að stofnunin skuli leggja fyrir Alþ. endurskoðunarskýrslu með A- og B-hluta ríkisreiknings, þar sem fram kemur álit Ríkisendurskoðunar á reikningsskilunum og viðkomandi starfsemi í samræmi við 12. gr., eins og ég hef áður getið. Þá er gert ráð fyrir því, að þegar umræða fer fram um ríkisreikninginn liggi þessi skýrsla til grundvallar þeirri umræðu, þannig að Alþ. geti metið á hvern hátt framkvæmdavaldið hafi staðið að notkun og nýtingu þeirra fjármuna sem því hafa verið fengnir í hendur með samþykki Alþingis.

Þá skal Ríkisendurskoðunin einnig leggja fyrir Alþ. endurskoðunarskýrslu varðandi aðra starfsemi, sem skylt er að endurskoða samkv. þessum lögum. Hér er um að ræða reikninga fyrirtækja og stofnana, sem ekki koma beinlínis til afgreiðslu Alþingis. Hins vegar er nauðsynlegt, að Alþ. geti fylgst með starfsemi þessara stofnana og nýtingu þess fjármagns, og því er eðlilegt að Ríkisendurskoðun leggi skýrslu um þau mál fyrir Alþingi.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að þessi stofnun geti verið og skuli vera fjvn. Alþ. til ráðuneytis við ráðstöfun fjárveitinga, eftir því sem nauðsynlegt er talið að dómi fjvn. Mér er það alveg ljóst, að fjárlaga- og hagsýslustofnun veitir mikilvæga aðstoð í sambandi við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga. Hins vegar ætti það að vera ljóst, að stofnun eins og Ríkisendurskoðun fylgist og á að fylgjast vel með allri starfsemi á vegum ríkisins og þess vegna hlýtur hún að búa yfir mikilli þekkingu um þessa starfsemi. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að nýta þessa þekkingu í þágu fjvn. og þess starfs sem þar er unnið í sambandi við ákvörðunartöku um fjárveitingar. Þetta fer að sjálfsögðu eftir vilja n., en það kemur fram í 16. gr. frv. að þetta skuli vera hlutverk stofnunarinnar.

Ég vil að síðustu fara um það örfáum orðum í samandregnu máli, hver er aðaltilgangur þessa frv., til viðbótar því sem kemur fram í grg.

Í fyrsta lagi miðar þetta frv. að því að auka eftirlits- og aðhaldshlutverk Alþingis yfir stofnunum ríkisins og meðferð fjármuna í ríkiskerfinu og þar með að auka ábyrgð Alþingis. Ég tel að slíkt muni verða til þess að auka virðingu Alþingis í þjóðfélaginu. Þess vegna vil ég leyfa mér að vænta þess, að hv. þm., sem hér starfa, muni leggja þessu máli lið og íhuga það vel, þannig að það gæti komið til framkvæmda á næstunni, því ég er þess fullviss að allir, sem hér starfa, vilja stuðla að því að auka virðingu Alþingis og að hún verði sem mest meðal þjóðarinnar.

Í öðru lagi er stefnt að því með þessu frv. að koma á stofnun, sem geti unnið að bættri nýtingu fjármuna og bættum afköstum í ríkiskerfinu og þar af leiðandi unnið að bættum ríkisrekstri þannig að við getum gert meira fyrir það fjármagn, sem við höfum til ráðstöfunar.

Og í þriðja lagi er stefnt að því með þessu frv., að umræða um ríkisreksturinn og starfsemi ríkisins verði meiri og opnari. Það kemur af sjálfu sér, að ef Ríkisendurskoðun skilar til Alþingis skýrslum, hlutlausum skýrslum um alla starfsemi ríkisins, en þessi stofnun á ekki að vera neinum háð, þá fer fram miklu meiri og opnari umræða um þá starfsemi, sem fer fram á vegum ríkisins, og þar með hlýtur aðhald almennings og þjóðarinnar allrar að verða mun meira í ríkisrekstrinum og ríkisbúskapnum. Það held ég að sé einnig mjög mikilvægt. En það aðhald þarf að vera byggt á hlutlausu mati.

Ég vil einnig geta þess, að með þessu frv. fylgir nokkuð löng grg. um ríkisendurskoðun í öðrum löndum. Hún er út af fyrir sig ekki fullnægjandi, en gefur nokkra innsýn í það, hvernig unnið er að þessum málum í nokkrum öðrum löndum.

Eins og fram kemur í lok grg. um ríkisendurskoðun í öðrum löndum, sem ég hef reynt að kynna mér lítillega, eru það niðurstöður þeirrar athugunar, sem ég hef gert, að um alllangt skeið hafi verið mikill áhugi á því víða um lönd að víkka verksvið þeirra stofnana sem fjalla um þessi mál. Þannig eru í starfsreglum margra ríkisendurskoðunarstofnana ákvæði sem lúta að því, að endurskoðunarstarfið skuli ekki aðeins miða að því að leita uppi skekkjur og misferli og annað því um líkt, heldur beri einnig að kanna skilvirkni og hagkvæmni í stjórnsýslukerfinu og auka það, og að því er stefnt í þessu frv. Fyrirmælum í þessa átt hefur hins vegar almennt reynst nokkuð erfitt að framfylgja, og ég geri mér grein fyrir því, en hér á sér stað mikil þróun og þess vegna held ég að menn séu að komast á nokkuð góða braut, sérstaklega í Bandaríkjunum og Svíþjóð, í sambandi við markvissa þróun endurskoðunarstarfseminnar.

Ég vil einnig geta þess, að á þessu ári, eða seint á síðasta ári mun það sennilega hafa verið, samþykkti kanadíska þjóðþingið ný lög um ríkisendurskoðun, en þau lög gera ráð fyrir því að ríkisendurskoðun í Kanada þjóni þjóðþinginu. Það var talin mjög veruleg framför í því landi. Slík þróun hefur einnig verið í Bandaríkjunum. Bandaríska ríkisendurskoðunin þjónar þinginu þar, þótt hún heyri ekki beint undir þingið. Þessi háttur hefur verið á í Noregi allt frá 1918, og nú um þessar mundir og í nokkur ár hefur verið í undirbúningi ný löggjöf um þessa starfsemi í Noregi. Þar hefur starfað nefnd að því að undirbúa nýja löggjöf, sem ekki er komin fram, en sjálfsagt má einnig læra margt af.

Ég geri mér ljóst, að það hefði á margan hátt verið æskilegt og nauðsynlegt að nefnd manna hefði starfað að undirbúningi þessa máls, sem ég hef leyft mér að flytja, og ég geri mér grein fyrir því, að það muni reynast nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á frv. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það hafi verið nauðsynlegt að færa þetta mál fram í nokkuð heillegum búningi, og þess vegna hef ég gert það. Ég hef starfað að þessu máli um nokkurra ára skeið og hef komist að þeirri niðurstöðu, að sú breytta skipan, sem lagt er til í þessu frv. að taka upp, geti orðið til verulegra bóta í þjóðfélaginu.

Ég vil að öðru leyti vísa til frv., grg. og skýringa sem þar eru og legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. Ég vil mega vænta þess, að hv. n. taki þetta mál til vinsamlegrar athugunar og geri sitt ítrasta til þess að málið megi koma til afgreiðslu eins fljótt og auðið er. Ég geri mér grein fyrir því, að erfitt er að senda mál sem þetta til umsagnar. Það er út af fyrir sig enginn sérstakur aðili sem getur veitt þar umsögn. Hins vegar gæti hv. n. kallað ágæta menn sér til ráðuneytis, t. d. þá menn sem vinna í Ríkisendurskoðun, og leita eftir reynslu þeirra á þessu sviði. Ég mundi telja það eðlilegt við meðferð þessa máls.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hygg að almennt megi segja um þetta frv., að það sé góðra gjalda vert og stefni mjög í rétta átt til aukins eftirlits og aðhalds í ríkisrekstrinum. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fjalla um einstakar greinar þessa frv. En eins og hv. flm. minntist á, hefur mikið verið um það talað að undanförnu, að framlög til opinberrar þjónustu hvers konar fari mjög vaxandi, en ekki vaxi eftirtekjan ætíð að sama skapi eða sú þjónusta sem þar á að koma í staðinn. Þetta er ekkert einsdæmi hér. Þessi umræða hefur átt sér stað hvarvetna í nágrannalöndum okkar. Þá klingja stöðugt í eyrum okkar, einkum nú á þessum haustmánuðum, orðin: „aðhald, sparnaður, ítrasta aðgæsla í rekstri ríkisins“ o. s. frv. Það er góðra gjalda vert, en það virðist vera fremur lítið um það, að efndir fylgi þessum orðum. Það er ekki ný bóla að talað sé um aðhald og ítrustu aðgát í ríkisrekstrinum, en þar virðist hins vegar næsta lítið

breytast.

Víða erlendis hefur ekki verið látið sitja við orðin tóm, en verið fylgt mjög strangum aðhaldsreglum. Það hefur t. d. verið tekið upp á þó nokkrum stöðum, að þegar ríkisstarfsmaður lætur af störfum er ákveðinn tími látinn líða uns ráðið er í starf hans að nýju, nema um sérstakar lykilstöður sé að ræða. Þá er og önnur aðferð eða regla sem beitt hefur verið í Bandaríkjunum að undanförnu, svokölluð „sólseturslöggjöf", sem nokkuð hefur verið til umræðu hér á landi að undanförnu og væri held ég vel þess virði að íhuga hvort ekki ætti að taka upp. Hún horfir mjög í átt til aukins aðhalds. Þessi regla gerir í meginatriðum ráð fyrir því, að þegar nýjum ráðum og stofnunum er komið á laggirnar með löggjöf, og hið sama gildir um framlög úr opinberum sjóðum, þá öðlist slíkt ekki eilíft líf af sjálfu sér, heldur gildi lögin eða fjárveitingin einungis til ákveðins tíma, t. d. 5-6 ára, sem mun vera mjög algengt þar sem þessu er beitt, og síðan sé metið að nýju hvort raunveruleg þörf sé fyrir þessa stofnun eða fyrir umrædda fjárveitingu. Það skyldi þó aldrei vera, að í íslenska ríkiskerfinu fyndist sitthvað af ráðum og stofnunum, sem ekki eru allsendis bráðnauðsynleg í dag og kannske væri hægt að lifa án og reka þjóðfélagið bærilega vel án þess að þau væru til?

Það er líka kunnara en frá þurfi að segja, og raunar kom flm. að því í ræðu sinni, að framfarir hafa orðið í stjórnsýslu og aðferðum til eftirlits í stjórnsýslu, og er sjálfsagt flestum kunnugt, að margt af því er runnið frá hinum fjölþjóðlegu stórfyrirtækjum sumum hverjum, sem hafa, hvað sem um þau má annars segja, yfirleitt fremur góða reglu á þessum hlutum. Hér á landi hefur Stjórnunarfélag Íslands kynnt ýmsar nýjar aðferðir sem verið hafa að ryðja sér til rúms að undanförnu, og á ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir nokkru flutti Björn Friðfinnsson lögfræðingur erindi sem var mjög athyglisvert og fróðlegt, þar sem vikið var m. a. að þessum málum. Hann gat þar um þrjár stjórnunaraðferðir, sem kannske er að einhverju leyti þegar beitt hér á stöku stað, en ég held að færi vel á því, að athugað yrði hvort ekki væri unnt að taka upp í mjög auknum mæli í rekstri íslenska ríkisins, sem er ekkert annað en stórt fyrirtæki. Þar var minnst á markmiðsbundna stjórnun, sem svo er kölluð, og í öðru lagi kerfisbundnar kostnaðarlækkunaraætlanir, þar sem þess er beinlínis krafist af lykilstarfsmönnum, að þeir leggi fram tillögur til sparnaðar í rekstri og þessar till. séu síðan ræddar sameiginlega og sett upp áætlun um markmið sem gildir í ákveðinn tíma, t. d. um að lækka rekstrarkostnað um 3%.

Á síðustu árum hefur líka alveg nýlega verið tekin upp ný aðferð, „núll grunns" áætlanagerð, sem mun einkum vera runnin frá stórfyrirtækinu Texas Instruments, sem hefur vaxið gífurlega á örfáum árum, úr smáfyrirtæki í að vera eitt af stærstu fyrirtækjum í heiminum. Þar er stjórnanda hverrar stofnunar eða deildar gert að réttlæta það, að stofnun hans, deild eða eining yfirleitt þurfi á nokkru fjármagni að halda. Það er sem sagt stöðug sókn hjá þeim sem óska eftir fjárveitingum til sín og sinna þarfa. Þar eru lágmarksþarfir skilgreindar og gerð grein fyrir auknum árangri sem yrði afleiðing af viðbótarfjárfestingu.

Ég held að á þessum sviðum höfum við sérstaklega, og þó áreiðanlega íslenska ríkið, dregist verulega aftur úr. Ég held að þar sé ekki gætt þeirrar hagræðingar og séu ekki hagnýtt þau stjórnunartæki og þær stjórnunaraðferðir sem nú eru tiltækar. Það er sjálfsagt erfitt að segja hvers vegna þetta er, en ég hygg að flestir, sem til þekkja, geti verið sammála um að það sé fremur undantekningin en reglan, að ítrasta sparnaðar og aðhalds sé gætt í ríkisfyrirtækjum. Þar má áreiðanlega fjölmargt betur fara.

Ég hygg sem sagt að þetta frv., sem hér er til umræðu núna, sé spor í rétta átt, en einnig þurfi ýmislegt fleira að koma til, ef það á að takast, sem stöðugt er endurtekið af þeim sem stjórna þessu landi núna, að gætt skuli ítrasta sparnaðar og aðhalds. Ef tal þetta á að reynast meira en orðin tóm, þá verður að taka til höndunum á fleiri en einu sviði og það áreiðanlega fyrr en seinna.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í sambandi við þetta frv. sem hér er til 1. umr.

Ég vil taka undir með flm. og hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Vesturl., að ég er fylgismaður þess arna. Ég hafði nokkur kynni af þessum störfum fyrir tæpum áratug eða svo, og mér er fullkomlega ljóst að hér er geysilega mikið verk að vinna. Við, sem þá tókum þátt í endurskoðuninni fyrir hönd Alþ., náðum ekki verulegum árangri fyrr en tókst gott samstarf okkar við endurskoðunarstofnanir ríkisins undir forustu núv. ríkisendurskoðanda, Halldórs V. Sigurðssonar. Það var mat okkar, að hann ynni þetta verk mjög vel og myndarlega. Það gat auðvitað ekki orðið frá okkar hendi nema mjög takmörkuð endurskoðun, og þá tókum við vissa þætti, sérstaklega þá sem þeir höfðu gert athugasemdir við, og fórum betur yfir þá.

Ég held að það beri brýna nauðsyn til þess að tengja þennan þátt mjög við Alþ., því þarna er einmitt til meðferðar sá þáttur sem Alþ. varðar verulega, hvernig farið er með það fjármagn sem Alþ. hefur ákveðið að nota skuli í ríkisrekstrinn. Ég vil segja það, að þó mönnum þyki ekki nóg hafa verið að gert, sem ég tek undir líka, þá hefur verið unnið verulega mikið að þessum málum nú um nokkurt skeið. Ég efast ekki um að það hefur sótt mjög í rétta átt. En ríkisrekstur okkar er það umsvifamikill að það gerist ekki á einum degi eða svo, á einu ári eða jafnvel einu kjörtímabili að á verði verulegar breytingar.

Ég álít að það hafi verið til mikilla bóta þegar lög voru sett um að ekki væri hægt að fjölga ríkisstarfsmönnum nema með samþykki þeirra aðila sem þar eiga að verki, nefndar sem er m. a. skipuð fulltrúa frá fjmrn. og fulltrúa frá fjvn., sem hefur þá venjulega verið tilnefndur, þegar hefur verið tveggja flokka stjórn, af þeim aðila sem ekki hefur átt fjmrh.

Ég vil líka upplýsa það í sambandi við þessi mál, að sú skipulagsbreyting, sem hefur verið unnið að hjá Pósti og síma, sem er stærsta fyrirtæki í landi okkar, hefur skilað verulega miklum árangri. Það tók ein 2-3 ár að vinna að þessum málum áður en til framkvæmda kom, en síðan búið var að finna þær leiðir, sem mönnum sýndust farsælastar, hefur verið unnið alveg sleitulaust að því að hagnýta og skipuleggja þessa starfsemi betur. Núna á u. þ. b. hálfu öðru ári er búið að fækka hjá Pósti og síma um 100 ársdagsverk vegna þessara skipulagsbreytinga. Svo hefur verið á þessum málum haldið, að það hefur í reynd ekki þurft beint að segja upp fólki, heldur láta það bæði hverfa í ný störf og fella niður störf, sem fólk hætti í, sem hefur verið mikið um hjá þessari stofnun. Yfirstjórn þessara mála hefur líka mjög mikið breyst, og það gerir sitt að verkum, því að nýtingin á því fólki, sem þarna er

að störfum, er miklu betri en áður hefur verið og þess vegna hefur þetta tekist. Hinu verða hv. þm. að gera sér grein fyrir, að tekjur stofnunar eins og Pósts og síma, sem sér að öllu leyti um sína starfsemi, bæði framkvæmdir og annað, hafa þurft að aukast í okkar verðbólgu, þó það hafi verið mun minna en ella vegna skipulagsbreytingarinnar. — Á þetta vil ég minna því stundum gleymist það jákvæða sem gert hefur verið, sem stefnt hefur í rétta átt, eins og t. d. hjá Pósti og síma.

Það þarf að halda áfram á þessari braut. Ég er sannfærður um að með þeirri skipulagsbreytingu, sem lögð er til með þessu lagafrv., er stefnt í rétta átt til að ná árangri í þessari starfsemi. Ég hef enga trú á því, að hægt sé að gera breytingu í ríkiskerfinu með skjótum hætti. Til þess eru mál of flókin. Þeir, sem ætla sér að gera það, hafa ekki áttað sig á því, hvernig þetta er í raun og veru upp byggt og hvað þarf til þess arna. En með markvissu starfi í þessa átt er hægt að ná verulegum árangri. Ég vona að hv. Alþ., sem nú situr að störfum, beri gæfu til þess að láta þetta frv. verða að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Biðlaun alþingismanna, frv. (þskj. 102, n. 136 og 138). — 2. umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. á þskj. 136 hefur fjh.- og viðskn. Nd. fjallað um þetta frv. um biðlaun alþm. N. varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Tveir nm., þeir Kjartan Ólafsson og Vilmundur Gylfason, munu gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins, en aðrir nm., sem mættir voru á þessum fundi, þ. e. a. s. Lúðvík Jósepsson, Halldór E. Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson og Matthías Á. Mathiesen, mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Hér er um mjög einfalt mál að ræða — í rauninni beina ákvörðun Alþingis. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að alþm., sem lætur af störfum eða hættir þingmennsku, skuli njóta svonefndra biðlauna, þar sem um er að ræða launagreiðslu í þrjá mánuði ef þingsetan hefur verið innan við 10 ár, en halda launum í 6 mánuði ef þingsetan hefur varað í 10 ár eða meira.

Þetta mál hefur þegar verið rætt nokkuð ítarlega hér í þinginu, og í rauninni er málið búið að vera miklu lengur á vegum þingflokkanna. Eins og hér hefur komið fram í umr., voru gerðar ákveðnar samþykktir varðandi þetta mál þegar fyrir síðustu alþingiskosningar, eða í aprílmánuði, og ég hygg að þá hafi allmargir a. m. k. reiknað með því, að tekið yrði upp það kerfi sem gert er ráð fyrir í þessu frv. varðandi biðlaun, enda hafi málið þá verið skilið þannig af þeim, sem einna best áttu að vita, að hér gæti jafnvel verið um túlkunaratriði að ræða og það þyrfti ekki að breyta lögum. En síðan hafa menn komist að raun um að óhjákvæmilega þurfti að breyta lögunum ef eigi að taka upp þann hátt sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að taka upp að neinu leyti umr. um málið til viðbótar við það sem áður er sagt. Það er skoðun okkar, sem meiri hl. n. skipum, að hér sé um það að ræða að veita alþm. svipuð réttindi og aðrir njóta, t. d. opinberir starfsmenn. Sumir þeirra munu eflaust njóta meiri réttinda, aðrir kannske minni, ég skal ekki fullyrða um það. En almennast mun vera, þar sem um það er að ræða að aðili lætur af störfum, en hefur verið ráðinn með svipuðum kjörum og þarna er um að ræða, að þá eigi hann nokkurn uppsagnarfrest á fullum launum. Ég held að það sé enginn vafi á því, að ekki sé óeðlilegt að alþm., sem heldur fullum launum fram á kjördag og hverfur þá af þingi af einhverjum ástæðum og kannske algjörlega fyrirvaralaust, eigi rétt á biðlaunum, þegar um slíka snögga breytingu verður að ræða, sem nemur þremur mánuðum eða jafnvel sex mánuðum þegar um er að ræða aðila sem hefur verið lengi á þingi.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að ákvæði þau, sem er að finna í 1. gr. um þessi biðlaun, skuli einnig ná til þeirra alþm. sem létu af störfum við síðustu kosningar. Við erum allir á þeirri skoðun í meiri hl., að eðlilegt sé að hafa ákvæði þessarar greinar á þá lund sem þarna er gert ráð fyrir vegna þess að um þetta mál hafði verið fjallað fyrir síðustu kosningar og það með þeim hætti, að fullkomlega eðlilegt sé að þessi breyting nái einnig yfir þá sem þarna áttu hlut að máli á þeim tíma.

Ég þarf svo ekki að fara um þetta mál fleiri orðum. En ég vil, vegna þess hvernig ástatt er um þetta mál, beina því til hæstv. forseta hvort hann sæi sér ekki fært að taka málið fyrir til 3. umr. nú þegar á nýjum fundi, svo það geti fengið fullnaðarafgreiðslu út úr þessari d., ef það verður samþykkt við 2. umr., þannig að málið geti gengið til Ed. og þar fái á það að reyna hvort það nær fram að ganga, nýtur meiri hl. í Alþ. eða ekki. Starfstími þingsins er orðinn mjög knappur fram að jólaleyfi og mörg og mikil störf fram undan. Er því í rauninni brýn þörf á að greiða fyrir afgreiðslu máls eins og þessa, ef ætlunin er að taka afstöðu til þess á þeim tíma sem í rauninni er þörf á að taka afstöðu til málsins. Ég vil því vænta þess, að hæstv. forseti treysti sér til að setja nýjan fund og taka málið fyrir til 3. umr. og afgreiða það þannig til Ed. í von um að þannig megi takast að afgreiða málið að fullu fyrir jólaleyfi.

Frsm. minni hl. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Austurl., frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., varð ekki samstaða í n. um afgreiðslu á því frv. sem hér er til umræðu, um biðlaun alþm. Við hv. þm. Vilmundur Gylfason, 7. þm. Reykv., skilum minnihlutaáliti sem dreift var á borð manna fyrir fáum mínútum. Þar kemur það fram, að við höfum ekki viljað á það fallast, að þetta frv. næði fram að ganga, og leggjum til að frv. verði fellt.

Ég vil taka það fram, að ég tel að hér sé út af fyrir sig ekki neitt stórmál á ferðinni. Ég er ekki í hópi þeirra manna sem líta á launamál og fríðindamál alþm. sem einhverja höfuðmeinsemd í þessu þjóðfélagi eða tákn um einhverja meiri háttar spillingu. Það er ekki mín skoðun. Það vil ég taka skýrt fram. Ég tel hins vegar að þau kjör, sem alþm. hafa nú hvað varðar laun og fríðindi, séu það góð að ekki sé nein ástæða til að vera að bæta þar við eins og ástatt er í þjóðfélagi okkar.

Ég vil taka það fram, að ég geri ekki stórt mál úr því, verði frv. samþykkt á annað borð, hvort ákvæði frv. nái til þeirra þm. sem sátu á Alþ. síðasta kjörtímabil. Það má

út af fyrir sig leiða nokkuð sterk rök að því, að ef frv. verði samþ., þá nái það til þessara hv. fyrrv. alþm. En afstaða mín kemur hins vegar mjög skýrt og ljóslega fram, og okkar sem að þessu minnihlutaáliti stöndum, í því nál. sem dreift hefur verið og er á þá leið, að þarna eigi ekki nú að gera neina breytingu á yfirleitt.

Ég vil leyfa mér að lesa nál. Það er ekki langt, en er á þessa leið:

„Frv. þetta fjallar um biðlaun alþm., og er í frv. kveðið á um að alþm. skuli greidd biðlaun í ýmist þrjá eða sex mánuði frá því þeir hætta störfum á Alþingi.

Þá er í frv. einnig við það miðað, að ákvæði þess um biðlaun skuli verka aftur fyrir sig og ná til þeirra fyrrv. alþm., sem hættu störfum á Alþ. við alþingiskosningarnar fyrr á þessu ári — bæði þeirra, sem féllu, og hinna, sem ekki voru í kjöri.

Að undanförnu hefur allmikið verið rætt um launakjör og fríðindi alþm. og ýmsar skoðanir uppi í þeim efnum. Við teljum að í heild séu þessi kjör það góð, að ekki sé ástæða til að bæta þau nú með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir.

Rétt er að vekja athygli á því, að hver alþm., sem setið hefur á Alþ. í 10 ár eða lengur, á samkv. frv. að fá greitt nokkuð á þriðju millj. kr. við brotthvarf af þingi, en þeir, sem skemur hafa setið, hálfa þá upphæð. Sýnist þetta nýmæli vera ástæðulaus rausn, ekki síst þegar haft er í huga, að hér er í mörgum tilvikum um að ræða einstaklinga með góðar tekjur af öðrum störfum, m. a. hjá ríkinu. Síst er ástæða til að samþykkja þessa breytingu á kjörum alþm. nú á sama ári og kjarasamningar almenns launafólks hafa ekki fengið að standa óhaggaðir vegna lagasetninga frá Alþ. Verði frv. samþ. felur það í sér viðbótarútgjöld hjá ríkinu strax á þessu ári, sem nema *nokkrum tugum milljóna* kr. *Þeim fjármunum má verja* betur með öðrum hætti.

Þau rök hafa verið færð fram til stuðnings frv., að eðlilegt sé að alþm. njóti í þessum efnum svipaðra réttinda og ýmsir opinberir embættismenn. Þessi rök teljum við ekki gild, en hitt þvert á móti eðlilegt, að lítilfjörleg fjárhagsleg áhætta fylgi stjórnmálastarfi, ekki síst hjá alþm., sem búa við þau launakjör og fríðindi er störfum þeirra fylgja nú.

Ef kjósendur segja alþm. upp í kosningum, eða hann kýs að hætta störfum á Alþ., er það eitt eðlilegt, að hann sjái sér sjálfur farborða þaðan í frá, nema um elli eða örorku sé að ræða, en þá koma að sjálfsögðu til eftirlaunagreiðslur samkv. lögum og reglum, sem um þau efni gilda.

Við leggjum því til að frv. þetta verði fellt."

Þetta er sem sagt það nál. sem við í minni hl. fjh.- og viðskn. höfum leyft okkur að leggja fram. Í sjálfu sér tel ég að allar þær ástæður, sem liggja því til grundvallar að við leggjum til að frv. verði fellt, komi fram í nál. Ég sé því ekki ástæðu til að orðlengja um þetta mál frekar, nema tilefni gefist til, og hef lokið máli mínu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. til l. um biðlaun alþm., sem er á þessa leið með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. orðist svo:

Alþm., sem setið hefur á Alþ. eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum er hann hættir þingmennsku. Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu eða lengri.

2. 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í stórum dráttum beinist þessi brtt. að því að draga úr gildi 1. gr. frv., þ. e. að ekki komi inn í það sú 6 mánaða klásúla sem þar er og einnig að lögin verði ekki afturverkandi.

Ég hef áður gert grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hafði um samþykki mitt á þessu frv., og þetta er staðfesting á þeim fyrirvara. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé alls ekki óeðlilegt að þm. njóti svipaðra kjara og opinberir starfsmenn gera almennt. Þess vegna er ég hlynntur þeim hluta þessa frv. sem gæti samræmst kjörum opinberra starfsmanna. Hins vegar er mér þetta mál ekki mjög fast í hendi persónulega, og náist þessar breytingar ekki fram mun ég ekki greiða frv. atkv. eins og það liggur hér fyrir.

Ég vil minna þingheim á, að með afturvirkni þessa frv. *er verið að stefna í útgjöld sem eru yfir 40 millj.* kr., og ef litið er á það örlitlu nánar, þá kemur í ljós að þm., sem fór af þingi eftir síðustu kosningar og hafði setið lengur en í 10 ár, fær í hendurnar 2.5 millj. kr. Þetta finnst mér mjög óeðlilegt. Ég lít svo á, eins og ég hef áður sagt, að þm. þurfi og eigi að hafa svipuð kjör og opinberir starfsmenn, og m. a. þess vegna hef ég verið hlynntur því, að Kjaradómur ákvæði kjör þm.

Ég vil að endingu segja það sem ég hef sagt hér áður, að ég vænti þess fastlega að verði þetta frv. samþ. í einhverri mynd, þá muni hér á Alþ. skapast meiri og betri skilningur en verið hefur á kjörum launastéttanna í landinu yfirleitt og að þm. gætu þá hugsað sér að stuðla að því, að aðrir launþegar í þjóðfélaginu nytu svipaðra kjara og þm. sjálfir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Eins og fram kom *raunar við 1. umr. þessa máls gerði ég fyrirvara um eitt* atriði í sambandi við það frv. sem hér er nú til umr. um biðlaun til handa alþm. Fyrirvari minn er eingöngu við efnisgrein frv., 1. gr., og ég tel rétt, í ljósi þess, að hér er verið að fara að nokkru inn á nýjar brautir, og með það í huga, sem sífellt er verið að tjá þingheimi, að nú skuli gæta sparnaðar og ítrasta aðhalds, að þessi biðlaun takmarkist við þrjá mánuði.

Ég tel að þriggja mánaða biðlaun séu sanngirnismál, þannig að menn hafi einhvern umþóttunartíma til að leita nýrra starfa. Þar sem þetta mál var einnig til umr. hér í fyrra, þá finnst mér eðlilegt og í senn líka sanngjarnt að þau lög, sem nú kunna að verða samþykkt, taki einnig *til þeirra sem áttu sæti á síðasta þingi, taki ekki aðeins til* okkar sem eigum mislanga setu fyrir höndum á þingi.

Það er auðvitað alla tíð og ævinlega matsatriði, hve lengi og hvort skuli greiða biðlaun. Þar er engin regla einhlít. Alþm. bera gjarnan kjarastöðu sína saman við stöðu opinberra starfsmanna. En hjá íslenska ríkinu eru um þetta fastar reglur, reglur um biðlaun. Það gildir þar í fyrsta lagi um þá sem eru æviráðnir, að ef staða þeirra er t. d. lögð niður, þá njóta þeir biðlauna í 6 mánuði, hafi þeir unnið hjá ríkinu skemur en 15 ár. Hafi þeir unnið hjá ríkinu lengur en 15 ár, þá njóta þeir biðlauna í 12 mánuði. Um s. l. áramót var t. d. lögð niður lóranstöðin á Reynisfjalli við Vík í Mýrdal, og eftir þeim upplýsingum sem ég hef, þá hafa allir starfsmenn þar notið biðlauna í 12 mánuði, enda allir, að mér skilst, unnið þar lengur en 15 ár. Þessi æviráðningarregla getur hins vegar ekki átt við um alþm. Ef menn eru ráðnir með venjulegum hætti *til ríkisins, þ. e. a. s. samkv. samningi, og hafa aðeins*

þriggja mánaða venjulegan uppsagnarfrest, þá er sá uppsagnarfrestur, yfirleitt notaður og kemur því yfirleitt ekki til biðlauna, en í því tilviki að biðlaun væru greidd, þá mundu þau þar vera greidd í þrjá mánuði. Má því segja að það sé hin almenna regla.

Í nokkrar stöður hjá ríkinu er hins vegar ráðið til fjögurra ára, svo sem stöðu þjóðleikhússtjóra og nokkrar aðrar stöður, og á það hefur ekki reynt enn þá, hvort biðlaun skuli greidd í slíkum tilvikum, en skoðun launamáladeildar fjmrn. mun hins vegar sú, að þar skapist að öðru jöfnu ekki réttur til biðlauna. Þá mun það regla, að bæjarstjórar, sem ráðnir eru til fjögurra ára og eiga starf sitt udnir úrslitum kosninga, njóta ýmist biðlauna í þrjá mánuði eða sex, að ég hygg hvarvetna um land. En á öldinni sem leið voru menn ekki að velta fyrir sér þremur eða sex mánuðum, því að þegar Grímur skáld Thomsen kom heim til Íslands eftir að hafa starfað í dönsku utanríkisþjónustunni í 30 ár og gerðist bóndi á Bessastöðum og raunar alþm. líka, þá naut hann biðlauna í 5 ár. Þessu er skotið hér inn meira til gamans. Þetta þætti líklega óþarfa örlæti nú á dögum.

Ég tel sem sagt, herra forseti, að það sé rétt að biðlaun alþm. takmarkist við þrjá mánuði, eins og má segja að sé hin almenna regla hjá ríkinu þegar ekki er um æviráðningu að ræða, og því hef ég leyft mér að flytja brtt. við 1. gr. frv. sem er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþm., sem setið hefur á Alþ. eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum. Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði."

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og fram hefur komið vorum við hv. 3. þm. Vestf., Kjartan Ólafsson, í minni hl. í fjh.- og viðskn. að því er tók til afstöðu til þessa frv. Og eins og hv. 3. þm. Vestf. hefur rækilega gert hér grein fyrir, þá leggjum við til að frv. í þeirri mynd, sem hér liggur frammi, verði fellt.

Ég sagði við 1. umr. um þetta mál, að ég teldi að biðlaun í einhverju formi gætu verið sjálfsagt réttætismál og má hugsa sér margar útgáfur af því, t d. að í þrjá mánuði eftir að menn falla njóti þeir hálfra launa eða eitthvað slíkt. En þegar tekið er tillit til þess mikla örlætis, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., tel ég engan veginn sæmandi að Alþ. fari að samþykkja það. Ég vek athygli á því, sem fram kom í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar, að aðeins afturvirkni þessara laga gerir ráð fyrir útgjöldum ríkissjóðs sem nema einhvers staðar á bilinu 40-50 millj. kr. Ég vek athygli á því, að þeir hv. fyrrv. alþm., sem af einhverjum ástæðum létu af störfum s. l. vor, munu fá, nái þetta frv. fram að ganga, senda ávísun frá ríkissjóði upp á 2.5 millj. kr. Og ég verð að segja það alveg eins og er, að þegar maður heyrir af alls konar sjálfsögðum réttlætismálum, heyrir af því t. d. að Neytendasamtökin í Reykjavík fá litla sem enga fyrirgreiðslu hjá ríkinu, þá þykir mér þetta vera slík ofrausn og í slíku ósamræmi við annað það sem hér er verið að gera, að ég vil enn ítreka þá skoðun okkar Kjartans Ólafssonar og till., að þetta frv. verði fellt.

Báðar þær brtt., sem hér hafa komið fram og raunar hefur verið gerð grein fyrir áður, frá hv. þm. Eiði Guðnasyni og Árna Gunnarssyni, eru auðvitað til bóta í því tilliti, að þær draga úr rausn og örlæti frv. Að því leyti eru þessar till. vissulega til bóta.

Eins og allt þetta mál er fram sett — menn flytja langar samúðarræður um fyrrv. þm., fallna félaga sína, með þeim hætti að manni liggur við að klökkna stund og stund a. m. k. — og þegar það er jafnframt sagt, að ef menn vilja ekki samþykkja frv. aftur á bak, þá sé auðvitað ekki hægt að samþykkja það áfram, tel ég vísast að fara þá leið, sem við Kjartan Ólafsson leggjum til: að fella frv. í heild sinni. Í sjálfu sér tek ég undir það, að ekki væri gott að samþykkja þetta fram á við, en fella sérstaklega allt þau ákvæði sem gilda aftur á bak. En þá ber þess að gæta, að þessi mál voru hér til umr. í þinginu í apríl, en Alþ. af einhverjum ástæðum, sem menn hefur greint á um raunar hverjar séu, sá sér ekki fært að afgreiða málið. Ég hef að vísu ekki langa reynslu af þingstörfum, en hitt veit ég, að öðru eins máli hefur verið flýtt í gegn á skemmri tíma en þarna var um að ræða. Og auðvitað dreg ég þá ályktun, sem ég veit að er rétt, að ástæðan fyrir því, að þetta frv. var ekki samþ. í apríl, var sú, að það voru að koma kosningar og menn vildu ekki vera að setja launamál þm. í sviðsljós. Um það að skirrast við að samþykkja svona lög í apríl, koma svo með frv. í nóv. og segja þá: við skulum samþykkja frv. núna og láta það verka aftur á bak, verð ég að segja alveg eins og er, að mér þykja það svo kostuleg vinnubrögð, að þó ekki væri nema af þessari ástæðu einni, þá ber að ítreka þá till. að þetta frv. verði fellt.

Ég get vel skilið hin almennu sjónarmið þm. og veit að að baki býr gott eitt, að hafa samúð með föllnum félögum sínum, vinum og óvinum í pólitík. En þó held ég nú þrátt fyrir allt, þegar þess er gætt hve háar upphæðir er um að ræða, að hér sé um nokkuð misskilda góðsemi að ræða. Ég held að flestir eða allir okkar föllnu félaga, sem eflaust koma einhverjir inn næst, — við föllum einhverjir í staðinn eins og gengur, þannig er hringrás þessa lífs og þessa leiks, — séu komnir í þokkalegar stöður hjá ríki eða annars staðar. Auðvitað getur það tekið einhvern tíma. Samt sýnist mér við hér vera að samþykkja fjárveitingu til þessa hóps og ég sé enga ástæðu til þess, eins og almennt er ástatt í kjaramálum þjóðarinnar.

Ég vil af þessum ástæðum og ástæðum, sem tíndar voru til við fyrri umr. þessa máls, undirstrika þá skoðun, sem Kjartan Ólafsson hefur á undan mér talað fyrir, að þetta frv. verði fellt og að við förum að sinna öðrum málum en kjaramálum alþm.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Aðeins örfáar aths. í tilefni af því sem hér hefur verið sagt af þeim sem eru andvígir þessu frv.

Það er að mínu mati mikill misskilningur hjá þeim, sem hafa talað á móti þessu frv., að hér sé um einhverjar launabætur að ræða til alþm. Mér er t. d. ekki kunnugt um að mitt kaup hækki nokkurn skapaðan hlut þó að þetta frv. sé samþ. Hér er ekki um það að ræða. Hér er aðeins um það að ræða, hvort Alþ. treysti sér til þess að samþykkja þau launakjör alþm., að þeir njóti hliðstæðra almennra réttinda á við aðra. Ef menn sjá eftir peningunum, þá eru til miklu handhægari og eðlilegri ráð til þess að spara þessa upphæð, þ. e. að flytja till. um að lækka laun alþm., sem eru að tala á móti þessu frv., og lækka laun mín. Ég skal vera til viðtals um það. En hitt þykir mér miklu eðlilegra, að menn þori að standa við það, ef þeir ákveða alþm. ákveðin laun, að þeir skuli hafa svipuð almenn réttindi og aðrir. Menn geta auðvitað slegið sig til riddara á ýmsum hlutum og sagt: Ég vil spara, ég vil ekki vera að sýna svona rausn og eyðslusemi. — En að mínum dómi er þetta heldur smásálarlegur

hugsunarháttur ef á annað borð á að viðurkenna að alþm. eigi að hafa laun og launakjör hliðstæð við það sem nú er gert ráð fyrir í lögum um tiltekna opinbera starfsmenn, en við erum í launaflokki með tilteknum opinberum starfsmönnum.

Ég hef ekki heyrt nein rök færð fram fyrir því, að það sé ekki hin almenna regla að opinberir starfsmenn njóti svipaðra réttinda og hér er um að ræða. Það er eins og ég segi: Það getur auðvitað verið matsatriði, hvort á að hafa þessi biðlaun fyrir alla í þrjá mánuði eða í sex mánuði fyrir þá sem hafa verið alþm. í 10 ár eða lengur. Það hafa verið færð hér fram rök fyrir því, það eru að mínum dómi sterk rök, að þeir,s em hafa verið hér í 10 ár eða lengur, njóti nokkru lengri biðlaunatíma. M. a. er það rökstutt út frá þeirri skoðun, og ég er á því að það geti verið eðlilegt, að alþm., sem kemur gjarnan úr einhverju starfi, haldi sínu fyrra starfi opnu í nokkur ár, eins og mjög tíðkast. Ég tel hins vegar mjög óeðlilegt að alþm. haldi fyrra starfi sínu opnu í 10 ár eða lengur. Slíka siði ætti að leggja niður. Ég held líka að ef opinber starfsmaður — við erum að mæla okkur við opinbera starfsmenn, því miður njóta ekki lausránir verkamenn allra þeirra réttinda sem við njótum, en það er önnur saga — hefur starfað í sama starfi í 10 ár eða lengur og er í eitthvað svipuðum launastiga og alþm. eru muni 6 mánaða reglan vera algengust.

Ég segi því: Hér er frá sjónarmiði okkar margra um réttindamál að ræða. Það er spurning um það, hvaða réttindi fylgja þeim launakjörum sem alþm. hafa. Ég efast t. d. ekki um það, að ef í þessu tilfelli hefði verið farið inn á kjaradómsleiðina, — sem menn eru mjög áhugsamir um sumir, þ. e. a. s. vísa málinu til háttsettra embættismanna og láta þá úrskurða um það, — þá hefði þetta verið ákveðið handa þm. fljótt og greiðlega. Þá hefðu menn auðvitað sloppið við þann vanda að þora að bera ábyrgð á því sjálfir að setja svona reglu. Ég fyrir mitt leyti hef túlkað þá skoðun, að það sé aðeins eðlileg skylda sem hvílir á þm. að þora að standa við það að ákveða launakjör alþm. Við eigum ekki að þurfa að fara neinar óbeinar leiðir til þess, tilnefna fyrst einhverja embættismenn og segja þeim að ákveða laun okkar, heldur eigum við að ákveða þau sjálfir og standa og falla með því sem við gerum. Og við eigum að þora að ákveða, hvaða réttindi eigi að fylgja launum okkar eins og annarra. Ef menn vilja spara, þá er miklu eðlilegra að lækka launin almennt. Auðvitað er lítill vandi að lækka laun alþm. um einn eða tvo launaflokka, og þannig er hægt að ná í þessa upphæð, og halda síðan sömu réttindum og allir aðrir. En ég fellst ekki á fyrir mitt leyti að gera það á þann hátt að strika út ákveðin réttindi.

Ég verð svo að segja það, eins og ég hafði vikið aðeins að áður, að ég tel að það sé vægast sagt óeðlilegt ef þessi breyting, sem hefur verið á ferðinni í þinginu frá því fyrir síðustu kosningar, er ekki látin gilda fyrir alla þá aðila sem þarna áttu hlut að máli. Það var staðreynd að ýmsir þeirra og við mjög margir alþm. töldum, eins og málin lágu fyrir fyrir kosningar, að alþm. ættu þennan rétt og það væri jafnvel um túlkunaratriði að ræða. Síðan hafa menn komist á þá skoðun, að rétt væri að taka af skarið um þetta með lagasetningu.

Þetta mál á að fá hér afgreiðslu, verða fellt, ef menn eru svo kjarkmiklir að velja þá leið, eða þá samþykkt, ef menn hafa kjark til þess. Ég mæli með því fyrir mitt leyti og við í meiri hl., að frv. verði samþ. óbreytt. Ég er á móti báðum þeim till. sem fluttar eru til breytinga á frv.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir, að ég er samþykk því nál. sem liggur fyrir frá minni hl. fjh.- og viðskn.

Laun og launafríðindi alþm. hafa sætt mikilli gagnrýni sem á í mörgum tilfellum rétt á sér, sérstaklega með tilliti til þess að óeðlilegt er að þeir ákveði þau sjálfir, og einnig eru ýmisleg fríðindi, sem þeir hafa, vægast sagt mjög umdeilanleg, eins og t. d., svo að dæmi sé nefnt, að þeir, sem ekki búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þm. búsettir í Kópavogi og Hafnarfirði, fá dagpeninga fyrir utan sín laun. Ég tel óeðlilegt, á meðan þm. eru að biðja launafólk að herða sultarólina og taka tillit til efnahagsástandsins í þjóðfélaginu, að þm. séu að skammta sér aukin hlunnindi. Þótt að því megi færa einhver rök, að opinberir starfsmenn hafi þessi réttindi, þá eru margir aðrir þjóðfélagshópar sem ekki hafa þau, og vil ég þar minna á t. d. fólk í fiskvinnslu. Ég tel þess vegna ekki rétt að þetta frv. verði samþ. Þetta er a. m. k. ekki rétti tíminn til þess, þótt að einhverju leyti megi færa rök fyrr því, að þm. eigi að hafa biðlaun. Þess vegna mun ég ekki greiða þessu frv. atkv.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Það verður ekki annað sagt en hv. þn., fjh.- og viðskn. Nd., hafi tekið hraustlega til starfa, eftir að þetta mál kom fyrst til umr. fyrir nokkrum dögum, og afgreitt það til 2. og 3. umr. Það væri betur ef önnur þjóðþrifamál, sem eru til umr. í sömu n., fengju svipaða afgreiðslu og þetta mál. Það er einnig séð, að viðkomandi hv. þn. er afkastasöm mjög, ef marka má þann hraða sem hún hefur haft á afgreiðslu þessa máls, og vænti ég þess, að sami háttur verði hafður á, ef þess er nokkur kostur, varðandi afgreiðslu annarra mála, þannig að leggja megi áherslu á meiri hraða á afgreiðslu mála í þinginu en nú er.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að bera fram enn eina brtt. Ég verð að biðjast afsökunar á því, að henni hefur ekki enn verið dreift meðal hv. þm. Verður því að leita afbrigða til þess að hún fáist hér rædd og borin undir atkv. En hún hljóðar svo:

„1. 1. gr. orðist svo:

Alþm., sem setið hefur á Alþ. eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum í þrjá mánuði er hann hættir þingmennsku ef síðasta kjörtímabil hans hefur staðið skemur en fjögur ár.

2. 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það þarf, held ég, ekki að hafa fleiri orð um þau rök sem mæla með því, að Alþ. samþykki ekki þá afturvirkni sem lagt er til í frv. að taki gildi. En varðandi þá breytingu, sem ég legg hér til, vil ég hafa eftirfarandi orð:

Ég tel óeðlilegt að þegar kjörtímabil nær fullri tímalengd, eða 4 árum, verði þm. greidd biðlaun, vegna þess að hver einn hv. þm. hlýtur að taka þá áhættu, sem stjórnmálaþátttöku fylgir, að ná endurkjöri eða ekki. Þegar þingrof hefur farið fram að 4 árum liðnum, þá er viðkomandi hv. alþm. á bekk með öðrum frambjóðendum sem þreyta kapp um þingsetu, og tel ég því ekki ástæðu til að hann njóti annarra kjara en aðrir frambjóðendur sem ekki ná kjöri, að kosningum loknum, ef hv. þm. hefur ekki náð endurkjöri. En aftur á móti, þegar kjörtímabil af einhverjum ástæðum nær ekki þessari fjögurra ára lengd, heldur verður styttra, þá tel ég að þar sé um ákveðna röskun að ræða á högum hv. þm., sem

leiði af sér að rétt sé að koma á móts við þessar breyttu aðstæður með því að greiða biðlaun allt að þremur mánuðum, til þess að hv. þm. hafi tækifæri til þess að aðlagast breyttum aðstæðum ef hann nær ekki endurkjöri til Alþingis.

Þetta held ég að gæti orðið eðlileg skipan þessa máls. En eins og frv. liggur hér fyrir í óbreyttri mynd get ég ekki staðið að því og legg því, herra forseti, fram þessa brtt., þrátt fyrir að afbrigða þurfi að leita vegna umr. um hana og afgreiðslu hennar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 141) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 141,1 felld með 20:1 atkv.

Brtt. 139,1 felld með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrJ, EG, SvJ, SvG, VG, ÁG.

nei: EH, EBS, FÞ, GSig, GTh, HES, JóhS, SkA, JÞ, LJós, MB, ÓE, PJ, SV, SvH.
FrS, GSt, KÓ, HÁ greiddu ekki atkv.
15 þm. (EðS, EÁ, FTS, GH, GilsG, HG, IG, LárJ, MHM, MÁM, PP, JBH, StH, ÞS, AG) fjarstaddir.

Brtt. 140 1. gr. samþ. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, EG, EBS, FÞ, GSig, GH, GTh, HES, SkA, JÞ, LJós, MB, ÓE, PP, PJ, SV, StH, SvJ, SvH.

nei: VG, BrJ, GSt, JóhS, KÓ.
HÁ, ÁG, FrS, SvG greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÞS, AG, EðS, EÁ, FTS, GilsG, HG, IG, LárJ, MHM, MÁM, JBH) fjárstaddir.

Brtt. 139, 2 felld með 19:4 atkv.

— 141,2 kom ekki til atkv.

2. gr. samþ. með 20:1 atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 28. fundur.

Miðvikudaginn 6. des., að loknum 27. fundi.

Biðlaun alþingismanna, frv. (þskj. 102). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:3 atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 32. fundur.

Fimmtudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun meiðyrðalöggjafar, þáltill. (þskj. 133). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nefnd þingmanna til að kanna rekstur Flugleiða og Eimskipafélags Íslands með tilliti til einokunaraðstöðu, þáltill. (þskj. 14). — Fyrri umr.

Forseti (Gils Guðmundsson): Áður en ég gef hv. flm. orðið þykir mér rétt að taka þetta fram:

Nokkrir hv. alþm. hafa beint til mín þeirri spurningu, hvort þáltill. þessi, svo og 10. mál þessa fundar, þáltill. á þskj. 55, sem er hliðstæð að formi, séu fluttar á réttan þinglegan hátt. Bent er á í því sambandi að lagt sé til að kosnar verði rannsóknarnefndir, en slíkt megi gera í þd., en ekki í Sþ.

Í 39. gr. stjórnarskrár segir svo:

„Hvor þd. getur skipað nefndir innandeildarþm. til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þd. getur veitt n. þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Að áliti flestra fræðimanna og samkv. venju verða rannsóknarnefndir aðeins kjörnar í þd., en ekki í Sþ. Samkv. sérstakri ályktun getur Sþ. hins vegar kosið mþn. um tiltekið málefni, en slíkri n. verður ekki veitt sérstakt rannsóknavald samkv. síðari hluta 39. gr. stjórnarskrárinnar. Till. sú, sem hér er til umr., er því venjuleg þáltill og nefndarskipun sú, sem hún gerir ráð fyrir, í samræmi við ákvæði 15. gr. laga um þingsköp, sem heimila hvort heldur deild eða Sþ. að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég hef flutt hér í Sþ. till. um nefnd þingmanna til að kanna rekstur, fjárfestingar, farmgjalda- og fargjaldaákvarðanir Flugleiða hf. og Eimskipafélags Íslands hf. með sérstöku tilliti til einokunaraðstöðu og markaðsdrottnunar þessara fyrirtækja. Þessi tillaga hefur þegar skapað allmiklar umr. í fjölmiðlum og víðar utan þings. Ég mun því í framsöguræðu fyrst og fremst beina máli mínu að nokkrum meginþáttum tillöguflutningsins, en hér er um mjög viðamikið og umfangsmikið mál að ræða.

Í fyrsta lagi mun ég rekja hin almennu viðhorf, sem móta tillöguflutninginn. Í öðru lagi mun ég víkja að höfuðatriðum í spurningunum 15 sem nefndin á að leita svara við, en þær fela fyrst og fremst í sér athuganir á vexti og samtengingu fyrirtækjanna, á fargjaldastefnunni og farmgjaldastefnunni og á hinum umfangsmiklu fjárfestingum fyrirtækjanna. Í þriðja lagi mun ég ræða eðli og störf þeirrar n., sem till. er gerð um, og hvers vegna ég hef kosið að flytja till. samkv. 15. gr. þingskapa, en ekki í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar, en að baki þeirri

ákvörðun liggja alveg skýrar og ljósar ástæður, sem ég mun rekja síðar í ræðu minni, einkum og sér í lagi með sérstöku tilliti til túlkunar forseta, sem mér var vissulega ljós og ég er fyllilega sammála. Í fjórða lagi mun ég víkja að almennum markmiðum samgöngumálastefnu þjóðarinnar sem hafa verið í huga við umr. um málefni þessara fyrirtækja.

Það þarf ekki að tíunda það fyrir hv. þm., hve mikilvægur grundvallarþáttur samgöngukerfið er í nútímaþjóðfélagi. Fyrir eyþjóð eins og Íslendinga hefur baráttan um forræðið yfir samgöngutækjunum verið einn af hornsteinum sjálfstæðisbaráttunnar sem þjóðin hefur löngum háð, bæði fyrir og eftir lýðveldisstofnun. Eyþjóð sem er fjarri þeim þjóðum, sem hún kýs helst að hafa samskipti við, í okkar tilfelli frændþjóðum okkar á Norðurlöndum og öðrum þjóðum á Vesturlöndum, og býr þar að auki við landkosti, sem gera byggðina strjálbýla, slík þjóð verður að hyggja vel að skipulagi samgangna og rekstri fyrirtækja á því sviði. Í sérhverju nútímasamfélagi móta samgöngurnar á afgerandi hátt félagsleg samskipti íbúanna, þróunarmöguleika atvinnuvega, tengsl milli byggðarlaga og þjóðarinnar við umheiminn. Samgöngurnar eru ríkur þáttur í almennri hagsæld, í reynd meðal mikilvægustu forsendna raunverulegs sjálfstæðis. Á okkar tímum eru möguleikar til ferðalaga og flutninga, bæði innanlands og til og frá útlöndum, taldir til amennra lýðréttinda og fargjalda- og farmgjaldaákvarðanir hafa afgerandi áhrif á það, hvort og þá hvernig almenningur getur notið slíkra réttinda. Þjóðhagsleg velferð, almenn lýðréttindi, vaxtarmöguleikar atvinnuvega og varðveisla sjálfstæðis eru því meðal þeirra markmiða sem eiga að móta samgöngukerfi þjóðar, og mikilvægi þeirra eykst enn frekar þegar eyþjóð eins og Íslendingar á í hlut. Meðal nágrannaþjóða okkar á Vesturlöndum er samgöngukerfið talið slíkur grundvallarþáttur í allri gerð þjóðfélagsins, að fulltrúum almannavaldsins eru sköpuð margvísleg tækifæri til að hafa eftirlit með starfsemi mikilvægustu fyrirtækjanna á þessu sviði, og slík fyrirtæki eru oft og iðulega tekin til ítarlegrar umræðu og skoðunar á opinberum vettvangi.

Í flestum þessara landa hefur forræði kjörinna fulltrúa þjóðarinnar yfir mikilvægustu greinum samgöngukerfisins verið tryggt á þann hátt, að opinberir aðilar hafa ýmist að öllu leyti eða á afgerandi hátt verið eignaraðilar að mikilvægustu samgöngufyrirtækjunum, og er þannig leitast við að tryggja að samgöngukerfið þjóni hverju sinni almennum þjóðhagssjónarmiðum og velferðarsjónarmiðum fólksins í landinu. Hér á landi hefur hins vegar orðið sú þróun, að öflugust fyrirtækin í samgöngukerfi þjóðarinnar eru einkafyrirtæki, og hefur mikilvægi þessara fyrirtækja aukist til muna á allra síðustu árum.

Eimskipafélag Íslands hf. og Flugleiðir hf. hafa nú náð afgerandi aðstöðu, bæði í samgöngum til og frá landinu og einnig innanlands. Innbyrðis tengsl þessara fyrirtækja hafa orðið margbrotnari, þau hafa teygt starfsemi sína inn á ný svið og einkum Flugleiðir orðið eignaraðilar í fjölmörgum innlendum og erlendum hlutafélögum. Í reynd er hér nú um margslungna fyrirtækjasamsteypu að ræða sem er orðin drottnunaraðili í öllu samgöngukerfi þjóðarinnar og fer með raunverulegt einokunarvald gagnvart ýmsum mikilvægustu greinum þess.

Það er því af mörgum ástæðum nauðsynlegt, að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar skapi sér aðstöðu til þess að gera ítarlega úttekt á starfsemi fyrirtækjanna. Þótt opinberir aðilar hafi með tilnefningu einstakra fulltrúa haft formlega möguleika á að fylgjast með starfsemi fyrirtækjanna, þá sýnir reynslan að störf slíkra fulltrúa eru ekki þess eðlis, að þau feli í sér ítarlegt eftirlit eða reglubundna úttekt á starfsemi fyrirtækjanna, enda viðkomandi einstaklingum á engan hátt sköpuð starfsaðstaða til slíks.

Í ljósi þessa fyrirkomulags og með sérstöku tilliti til síaukinna umsvifa fyrirtækjanna og margvíslegra nýrra upplýsinga, sem komið hafa fram á síðustu mánuðum, jafnvel síðustu vikum og dögum, um fjárfestingar og fargjalda- og farmgjaldaákvarðanir þessara fyrirtækja tel ég nauðsynlegt að Alþ. afli sér af eigin rammleik þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til þess að meta að hve miklu leyti núverandi stefna og rekstur fyrirtækjanna þjónar þeim almennu markmiðum sem eiga að móta samgöngukerfi þjóðarinnar. Hér er um svo ríkan þátt í þróun þjóðarbúsins að ræða, svo mikilvægt atriði í almennri velsæld í landinu, bæði hvað snertir vöruverð og kostnað við ferðalög einstaklinga og hópa og flutninga á vörum og tækjum til og frá landinu, að vilji Alþ. á annað borð gera sig gildandi í stefnumótun á þeim sviðum sem hafa afgerandi áhrif á þróun íslensks þjóðfélags, þá er ekki vansalaust að þetta svið verði látið liggja utangarðs.

Þegar fyrirtæki öðlast raunverulega einokunar- eða markaðsdrottnunaraðstöðu á sviði sem snertir á afgerandi hátt lífskjör almennings í landinu, möguleika fólks til ferðalaga og kostnað við þau, þróunarskilyrði atvinnuvega, bæði á sviði framleiðslu til innlendra nota og útflutnings, snertir öryggi þjóðarinnar á sviði samskipta við umheiminn og á milli landshluta, í reynd þær tryggingar sem nútímaþjóð verður ávallt að hafa fyrir sjálfstæði sínu, þá er nauðsynlegt að Alþ. taki rekstur, fjárfestingar og fargjalda- og farmgjaldastefnu slíkra fyrirtækja til ítarlegrar athugunar. Slík rannsókn er sérstaklega nauðsynleg nú vegna margvíslegrar gagnrýni sem komið hefur fram á rekstur umræddra fyrirtækja, gagnrýni, sem felur í sér ásakanir um að núgildandi farmgjöld og fargjöld valdi þjóðarbúinu og öllum almenningi í landinu árlega auknum kostnaði í milljarða tali og enn fremur að ríkjandi fjárfestingarstefna skapi þjóðinni margvíslega óhagkvæmni og jafnvel hættur á næstu árum, auk óþarfa gjaldeyriseyðslu sem nemi a. m. k. nokkrum þúsundum millj. kr.

Það er vissulega rétt, sem fram hefur komið í umr. utan þings um þessa till. og um málefni Flugleiða og Eimskipafélagsins almennt, að á undanförnum árum og áratugum hafa þessi fyrirtæki stundað margvíslega þjóðþrifastarfsemi í þágu samgangna Íslands við umheiminn. En þótt saga fyrirtækjanna geymi glæst dæmi um árangur starfseminnar, þá er sú saga ein sér ekki nægileg ástæða til að neita því, að málefni fyrirtækjanna séu nú tekin til gaumgæfilegrar skoðunar. Á allra síðustu árum hafa orðið slíkar breytingar í samgöngukerfi nágrannalandanna, að þær ásamt hinni nýju samkeppnisaðstöðu, sem komin er upp í Atlantshafsfluginu, knýja íslensk stjórnvöld til að meta á víðsýnan og ítarlegan hátt, hvers konar samgöngukerfi sé æskilegast að þjóðin byggi á í framtíðinni.

Flugleiðir, sem nú eru einráðar í millilandaflugi Íslendinga og hafa afgerandi stöðu í öllu innanlandsflugi, eru nú þátttakandi í nýrri og gífurlega harðri og áhættusamri samkeppni um flug á Bandaríkjamarkaðnum.

Hinar nýju aðstæður á þeim markaði skapa því gífurlegar hættur fyrir rekstrargrundvöll og jafnvel eignarhald yfir flugflota landsmanna. Allt flugkerfi Íslendinga hefur í reynd verið lagt undir í því samkeppnispili. Tapi Flugleiðir samkeppninni við þau risafélög sem nú bjóða hliðstæð fargjöld, þá kemur tapið fyrst og fremst niður á íslenskum almenningi, og allur flugfloti landsmanna gæti glatast ef um alvarlegt gjaldþrot yrði að ræða. Hér er því djarft spilað um miklar eignir, mikla fjármuni, mikil örlög.

Hin mikla fjárfesting Eimskipafélagsins á síðustu 4 árum, kaup á 13 farmskipum, sem öll eru sömu gerðar, vekur spurningar um, hvort hér hafi ekki í reynd verið fjárfest á rangan hátt miðað við þær nýjungar, sem hafa verið að gerast í farmflutningum, og þær tegundir skipa, sem nú eru almennt taldar hagkvæmar, og hvort afleiðingin kunni að verða sú, að of skyndileg og of einhæf fjárfesting í hinum nýja flota Eimskipafélagsins muni síðan krefjast hárra farmgjalda, fyrst og fremst milli Evrópu og Íslands. Málið blasir því þannig við, að ef sú harða áhættusamkeppni, sem Flugleiðir heyja nú á Bandaríkjamarkaðnum og meginfjárfesting félagsins miðast fyrst og fremst við, og ef þau miklu skipakaup, sem Eimskipafélagið hefur staðið að á síðustu 4 árum, reynast röng rekstrarstefna, þá er drottnun þessara fyrirtækja slík í íslensku samgöngukerfi að það verður í reynd þjóðin, almenningur í landinu, sem borgar brúsann, sem blæðir fyrir tapað spil og ranga fjárfestingu. Slík hætta skapar kjörnum fulltrúum þjóðarinnar þá skyldu að ganga úr skugga um að þau fyrirtæki, sem þjóðin hefur veitt slíka drottnunaraðstöðu í samgöngukerfi landsins, ræki skyldur sínar á réttan hátt. Fyrirtæki af slíkri stærðargráðu geta aldrei verið hafin yfir gagnrýna athugun. Í raun og veru er það því skylda almannavaldsins í landinu að framfylgja fyrir opnum tjöldum reglubundnum og ítarlegum athugunum á allri starfsemi, verðlagsákvörðunum sem og fjárfestingarstefnu slíkra fyrirtækja, — fyrirtækja sem hafa á afgerandi hátt áhrif á þróun atvinnuvega og almennar farsældar í landinu.

Í þessari till. eru settar fram 15 spurningar sem miðast við að veita yfirsýn yfir þá almennu þætti sem ég hef hér gert að umræðuefni. Þeim 15 spurningum, sem hér eru bornar fram, má í stórum dráttum skipta í 4 meginflokka. Sá fyrsti snertir vöxt fyrirtækjanna, tengsl þeirra við dótturfyrirtæki og hlutdeildarfyrirtæki og tengsl þeirra innbyrðis. Annar flokkurinn snertir fargjaldaákvarðanir, einkum og sér í lagi á flugleiðum milli Íslands og annarra landa. Sá þriðji snertir fjárfestingu félaganna á síðustu árum og fjárfestingaráform í náinni framtíð. Sá fjórði snertir þá farmgjaldastefnu sem ríkt hefur á undanförnum árum og á síðustu mánuðum leitt til helmingslækkunar á framlögum fyrir varnarliðið á flutningum frá Bandaríkjunum til Islands, en á sama tíma stórhækkunar á farmgjöldum milli Evrópu og Íslands.

Í framsöguræðu er ekki tími til að fjalla ítarlega um efnisþætti allra spurninganna 15 og mun ég því leitast við að víkja að ýmsum upplýsingum sem fram hafa komið og fela á margvíslegan hátt í sér rökstuðning fyrir nauðsyn þess að kanna ítarlega allt það baksvið sem þessar spurningar beinast að.

Saga Flugleiða er hv. alþm. væntanlega kunn. Fyrir 5 árum höfðu flugfélögin tvö, Flugfélag Íslands og Loftleiðir, verið rekin með tapi um árabil, og stofnaði sá taprekstur öryggi þjóðarinnar í flugmálum og í reynd samgöngukerfi hennar við umheiminn í stórfellda hættu. Það kom því í hlut forsvarsmanna þeirrar vinstri stjórnar, sem sat 1971-1974, að hafa forgöngu um sameiningu þessara tveggja flugfélaga til þess að tryggja rekstrargrundvöll þeirra og öryggi þjóðarinnar í samgöngum við umheiminn. Sú saga er ágætt dæmi um það, á hvern hátt stjórnvöld geta verið knúin til að grípa inn í rekstur veigamikilla einkafyrirtækja til að tryggja framgang þjóðarhagsmuna og leiða fyrirtækin sjálf af rangri braut. Á síðustu árum hefur sameiningin skilað þeim árangri, að Flugleiðir hafa náð nokkrum rekstrarhagnaði og félagið fært út kvíarnar á margvíslegan hátt. Sú samsteypa, sem tilheyrir Flugleiðum nú, er annars vegar mynduð af dótturfyrirtækjunum International Air Bahama, Hekla Holdings, Hótel Esju og ferðaskrifstofunni Úrval, en þar eiga Flugleiðir 80% hlutafjár, en Eimskipafélag Íslands 20%. Auk þessa á Flugleiðasamsteypan að hluta fyrirtækin Cargolux Airlines International, Flugfélag Norðurlands, sem Flugleiðir eiga 35% hlutafjár í, og Flugfélag Austurlands, en þar er eignaraðild Flugleiða 45%, enn fremur Hotel Aerogolf Sheraton í Lúxembúrg, en í því eiga Flugleiðir 23%, og Hótel Húsavík, þar sem Flugleiðir eiga 16.7%, þar að auki Kynnisferðir ferðaskrifstofanna og einnig nú nýlega eina innlenda keppinaut Flugleiða í millilandaflugi, Arnarflug hf., en Flugleiðir keyptu meiri hluta hlutafjár í því félagi fyrir nokkrum vikum, eins og hv. þm. er kunnugt. Með hinum miklu umsvifum Flugleiða í flugi og hótelrekstri og annarri ferðastarfsemi, svo sem rekstri bílaleigu, er þessi fyrirtækjasamsteypa afgerandi rekstraraðili á fjölmörgum sviðum íslenska hagkerfisins. Þessi mikli vöxtur Flugleiða er einkum og sér í lagi tengsl við Air Bahama og Cargolux Airlines, sem er svo aftur eignaraðili í flugfélagi í Urguay, og nú einnig fyrirhugað nýtt flugfélag í Sri Lanka, sem undirbúið hefur verið á undanförnum mánuðum. Í frétt í Morgunblaðinu 23. nóv. s. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningaviðræður hafa staðið yfir undanfarna mánuði milli Flugleiða, Air Canada og Air Ceylon um stofnun nýs flugfélags til að annast farþegaflug á leiðinni Asía — Evrópa — Ameríka. . . . Samningar eru sagðir komnir það langt, að undirskrift er ráðgerð fyrir næstu áramót, og skv. því er ætlunin að hefja þetta flug hinn 1. nóvember á næsta ári með DC-8. Ekki hefur tekist að fá við því ljós svör, hvort það verði notaðar flugvélar frá Flugleiðum eða Air Canada. Hins vegar liggur fyrir að Air Ceylon á að eiga 51% í fyrirtækinu, en Flugleiðir og Air Canada skipta 49%, sem eftir eru jafnt á milli sín.... Með tilkomu slíks flugfélags væru Flugleiðir komnar langleiðina með áætlunarferðir umhverfis hnöttinn."

Það er athyglisvert, að það er þá fyrst sem frá öllu virðist hafa verið gengið við stofnun þessarar nýju viðbótar við Flugleiðasamsteypuna að fréttir berast af þessum aðgerðum á opinberum vettvangi á Íslandi.

Sú alþjóðlega útþensla, sem einkennt hefur vöxt Flugleiða á s. l. árum, gerir það að verkum, að fyrirtækjasamsteypan er nú orðin svo margbrotin að hún skapar verulega möguleika á flutningi rekstrarfjár og eignarmyndunar frá hinum íslensku þáttum rekstrarins og til hinna erlendu þátta í fyrirtækjasamsteypunni.

Með því að eignast meiri hluta í Arnarflugi eru Flugleiðir eina íslenska flugfélagið sem nú annast flugsamgöngur milli Íslands og umheimsins. Það er að vísu rétt, að samkv. alþjóðlegum samningum eiga önnur flugfélög

rétt á að fljúga til og frá Íslandi og ferðaskrifstofur hafa möguleika á að fá leiguvélar til afmarkaðra flutninga. Staðreyndin er hins vegar sú, að smæð íslensku þjóðarinnar gerir það að verkum, að í augum erlendra flugfélaga flokkast flutningar á Íslendingum ekki til þess samkeppnismarkaðar sem setur meginsvip á hinn alþjóðlega flugrekstur. Flugleiðir sitja því í reynd eitt fyrirtækja að flugi milli Íslands og umheimsins að öllum meginhluta og hafa hvað snertir almenna fólksflutninga raunverulega einokunaraðstöðu á flugleiðum milli Íslands og umheimsins. Í umr. um einokunaraðstöðu félagsins verður því að gera greinarmun á formlegum möguleikum annars vegar og hins vegar þeim veruleika sem skapast af því, að Íslandsflugið er vegna smæðar þjóðarinnar ekki samkeppnismarkaður í augum erlendra flugfélaga.

Þessu til stuðnings vil ég minna á ummæli Arnar Ó. Johnsons forstjóra Flugleiða í viðtali við Vísi 14. janúar 1976 þegar aðförin að Air Viking var til umræðu, en væntanlega er sú aðför þm. vel í minni. Örn Ó. Johnson sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekkert launungarmál, að það er okkar skoðun að það sé ekki rúm fyrir tvo aðila, sem stunda áætlunarflug frá Íslandi. Við erum á svo litlum markaði, að við getum ekki leyft okkur þann munað að hafa flugfélögin í samkeppni um hann."

Annar helsti forstjóri Flugleiða kallar slíka samkeppni munað, sem Íslendingar geti ekki leyft sér, og sama skoðun kemur fram hjá hinum forstjóra Flugleiða, Sigurði Helgasyni, en í viðtali við Vísi 22. apríl 1977 sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Við teljum, að markaðurinn hér sé það lítill, að ekki sé grundvöllur fyrir nema eitt félag".

Það er ljóst, að mjög skiptar skoðanir voru um nauðsyn og ágæti kaupa Flugleiða á meirihluta hlutafjár í Arnarflugi hf. Forsvarsmenn Flugleiða hafa rökstutt kaupin með tilvísun til áhuga félagsins á að auka hlutdeild sína í markaði leiguflugs og með því að forsvarsmenn Arnarflugs hafi komist að raun um að félagið var of smá rekstrareining. Það er hins vegar greinilegt, að hluti þeirra, sem stóðu að stofnun Arnarflugs á sínum tíma, þeir áhugamenn sem vildu efla samkeppni í íslenskum flugrekstri, voru og eru á annarri skoðun. Í fréttaskýringu, sem birtist í Morgunblaðinu 1. okt. s. l., er fjallað um sameiningu Arnarflugs og Flugleiða og þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Svo er það minni hlutinn meðal hluthafa Arnarflugs, áhugamennirnir, sem söfnuðu hlutaté og stofnuðu hlutafélag til að koma í veg fyrir einokunaraðstöðu Flugleiða í leiguflugi íslenskra aðila. Þeir hafa ekki fengið neinar upplýsingar um hvað gerðist, en segja þessa framvindu á alvarlegan hátt andstæða upphaflegu markmiði félagsins."

Í viðtali við framkvæmdastjóra Arnarflugs, Magnús Gunnarsson, kemur fram, að Arnarflug hefur að hans dómi á síðustu árum verið raunverulegur vaxtabroddur í íslenskum flugmálum. Samt sem áður var framkvæmdastjórinn þeirrar skoðunar samkv. frásögn Morgunblaðsins, að eins og samkeppninni væri nú háttað innan flugsins væri íslenskt þjóðfélag einfaldlega of lítið til þess að halda úti tveimur flugfélögum sem væru sumpart að bítast um sama markaðinn. Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Arnarflugs sagði, að fyrir þá er aðhylltust frjálsa samkeppni væri þetta kannske beiskur sannleikur, en blákaldur veruleiki engu að síður. Þetta voru hans óbreyttu orð, og ég bið hv. alþm. að hugleiða þennan dóm í fullri alvöru.

Höfundur fréttaskýringa Morgunblaðsins varpar síðan fram þeirri spurningu, hvert verði hlutskipti hins íslenska neytanda eftir samruna þessara tveggja flugfélaga, hvort fargjöld og verð á leiguflugi komi til með að hækka hlutfallslega meira nú milli ára en áður, meðan félögin bitust um markaðinn. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að ég hef frétt það, að verð á leiguflugi á ferðum Íslendinga til sólarlanda hafi hækkað um 50% síðan Flugleiðir tóku yfir reksturinn. Og ég vil einnig í þessu sambandi geta samþykktar sem gerð var á fundi Sambands Íslendingafélaga og námsmannafélaga í Danmörku og Suður-Svíþjóð, en sá fundur var haldinn í húsi Jóns Sigurðssonar 30. sept. Í samþykkt fundarins segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn harmar þá þróun í flugmálum Íslendinga, að Flugleiðir skuli nú hafa náð meiri hluta í Arnarflugi. Bendir fundurinn á að Arnarflugi hafi nýlega tekist að rjúfa einokunaraðstöðu Flugleiða á Norðurlandaflugleiðinni með því að bjóða upp á ódýrar leiguferðir. Fundurinn vekur einnig athygli á því, að Arnarflug hefur að undanförnu verið með lægsta tilboð í leiguferðir, sem Samband Íslendingafélaga og námsmannafélaga í Danmörku og Suður-Svíþjóð hefur staðið fyrir til Íslands um jól og einnig í sumar er leið. Með hliðsjón af þessari þróun flugmála má búast við að Arnarflug keppi nú ekki lengur við Flugleiðir um áðurnefnt leiguflug. Því má reikna með að dýrara verði fyrir félaga í aðildarfélögum sambandsins að fljúga heim í jóla- og sumarfríum."

Þau ummæli, sem hér hafa verið rakin, sýna að því fer víðs fjarri að allir séu á einu máli um ágæti þeirrar sameiningar sem þarna hefur átt sér stað. Hitt kann vel að vera, að það sé rétt, sem Magnús Gunnarsson segir, og einnig það, sem Örn Ó. Johnson segir og Sigurður Helgason segir í fyrrgreindum tilvitnunum, að hinn íslenski markaður sé svo smár að hann beri í raun og veru aðeins einn aðila, þar geti samkeppni ekki þrifist. Ef þessi ummæli eru rétt, sé slíkt markaðsástand fyrir hendi, þá knýr það íslensk stjórnvöld til að fylgjast ítarlega með starfseminni og öllum rekstrinum, fjárfestingu og fargjaldastefnu fyrirtækja, sem öðlast hafa einokunaraðstöðu á svo mikilvægum markaði fyrir landsmenn. Það eru margvíslegir hagsmunir almennings og atvinnulífsins í landinu sem knýja á eftirlit með slíkri raunverulegri einokun, og það vekur satt að segja allmikla furðu, að fyrsta verk Flugleiðaherranna í stjórn Arnarflugs skuli vera að leigja þotu félagsins um þriggja mánaða skeið til flugfélags í Guatemala og áformað er að framlengja þá leigu enn eftir að núverandi samningstímabili er lokið í febr. n. k. Varla skapar sú aðgerð Flugleiðum meiri möguleika til að stunda leiguflug í þágu Íslendinga. Hér eru það því greinilega alþjóðlegir viðskiptahagsmunir, sem mestu ráða, og hin almenna útþenslustefna Flugleiða lögð til grundvallar, en ekki bætt kjör fyrir almenning á Íslandi.

Hvað snertir þróun innanlandsflugsins er hv. þm. væntanlega kunnugt um það, að það voru sjálfstæð smáflugfélög sem fyrr á þessum áratug rufu einokun Flugfélagsins og juku mjög þjónustu við íbúa landsbyggðarinnar. Þau veittu Flugfélagi Íslands nýtt og veigamikið aðhald. Á síðustu missirum hafa Flugleiðir orðið eignaraðilar í tveimur flugfélaganna á landsbyggðinni, og við-

ræður áttu sér nýlega stað milli Vængja og Flugleiða. Þótt þær viðræður leiddu ekki til kaupa Flugleiða á hlutabréfum í Vængjum var greinilegt á þeim rökstuðningi, sem fram kom í tengslum við þetta mál, að þar réðu fyrst og fremst viðskiptasjónarmið til skamms tíma. Samvinna og sameining fyrirtækjanna í framtíðinni var á engan hátt útilokuð. Þær horfur virðast þess vegna einnig blasa við á sviði innanlandsflugsins, að Flugleiðir geti á næstu missirum eða árum eignast þar víðtækari ítök og náð í reynd algerri einokunaraðstöðu eða enn frekari markaðsdrottnun. Ef haft er í huga að flugsamgöngur milli landshlutanna á Íslandi þjóna svipuðu hlutverki og járnbrautakerfið gerir í helstu nágrannalöndum okkar og hve verulegan þátt flugsamgöngur eiga í því, hve lífvænleg byggðin allt í kringum landið getur orðið, bæði í félagslegu og atvinnulegu tilliti, þá er ljóst að stjórnvöld þrfa að gaumgæfa vel þá stefnu sem ríkja skal í innanlandsfluginu. Ef það er ríkjandi stefna Flugleiða að meta flugsamgöngur innanlands fyrst og fremst frá þröngu viðskiptasjónarmiði, blasir við að sá taprekstur, sem verið hefur á þessari tegund flugs, getur hindrað eðlilega þróun samgangna á þessu sviði, — samgangna sem frá þjóðhagslegu sjónarmiði gætu verið fyllilega arðbærar, ef tekið er tillit til mikilvægis einstakra byggðarlaga í framleiðslu þjóðarbúsins, þótt metnar frá þröngu viðskiptasjónarmiði Flugleiða kunni þær að skila halla. Vissulega ber að geta þeirrar skoðunar hér, sem ýmsir hafa haldið fram, að Flugleiðir kjósi að sýna bókhaldslegt tap á innanlandsfluginu með rangri eða vafasamri skiptingu kostnaðarliða til þess að geta knúið enn frekar fram fargjaldahækkanir hjá yfirvöldum. Tilfærsla í hinum flókna rekstri Flugleiðasamsteypunnar og margvíslegar bókhaldsaðgerðir, sem fyrirtækið hefur yfir að ráða, séu notaðar til að framkalla tap á pappírnum. Annað útbreiddasta dagblað á Íslandi sagði í leiðara 16. okt. 1977, með leyfi hæstv. forseta: „Flugleiðir eru komnar í slíka aðstöðu, að þær eru utan seilingarfjarlægðar íslenska ríkisins. Þær geta farið sínu fram að vild, eins og títt er um fjölþjóðafyrirtæki. Við viljum ekki láta plaga okkur með ósannanlegum og óhrekjanlegum fullyrðingum um að tap sé á innanlandsfluginu. Slíkar fullyrðingar tákna ekkert annað en að Flugleiðir hafa ákveðið að skáka á D-4, en ekki á einhverjum öðrum reit hins víðáttumikla skákborðs.“ Hér lýkur tilvitnun í leiðara næstútbreiddasta dagblaðs á Íslandi um fullyrðingar Flugleiða um tap á innanlandsfluginu. Hvort þessar fullyrðingar eru réttar eða ekki, og á það skal ég ekki leggja dóm hér, þá er ljóst að það þarf að samræma stefnu, viðhorf og aðgerðir stjórnvalda annars vegar og rekstrarákvarðanir Flugleiða hins vegar til að tryggja að samgöngukerfið innanlands þjóni þeim almennu byggða- og þjóðhagssjónarmiðum sem járnbrautakerfið er látið þjóna hjá nágrannalöndum okkar.

Þegar Flugleiðasamsteypan er orðin svo risavaxin og margbrotin að rekstur hennar tengist ekki aðeins innanlandsflugi og millilandaflugi milli Íslands og annarra landa, heldur enn fremur fjölbreyttum rekstri alþjóðlegra flugfélaga, eins og International Air Bahama og Cargolux Airlines International sem og flugfélagsins í Uruguay og nú væntanlega einnig flugfélagsins í Sri Lanka, og hótelrekstri hérlendis og erlendis, þá er ljóst að stjórnendur fyrirtækisins hafa svo margvíslega möguleika til að móta þróunarstefnu, fjárfestingu og fargjaldaákvarðanir félagsins í samræmi við þann hluta markaðsins sem vænlegastur er hverju sinni, hvort sem það er hinn alþjóðlegi markaður eða hinn innlendi markaður, að hagsmunir íslensks almennings eru að mjög takmörkuðu leyti ríkjandi sjónarmið í starfsemi fyrirtækisins, þótt það hafi þessa risavöxnu stöðu í samgöngukerfi þjóðarinnar. Þróun fyrirtækisins mótast nú að mestu leyti af alþjóðlegum viðskiptahagsmunum flókinnar fyrirtækjasamsteypu, sem virðist leggja æ meiri áherslu á hinn alþjóðlega samkeppnismarkað, ekki þjónustumarkaðinn við íslenskan almenning.

Hvað Eimskipafélag Íslands snertir gegnir nokkuð öðru máli. Eimskipafélagið hefur að mestu leyti einskorðað starfsemi sína við vöruflutninga til og frá landinu og farþegaflutninga hér áður fyrr. Í þessu skyni hefur félagið lagt höfuðáherslu á fjárfestingu og uppbyggingu farskipaflota og byggingu vöruskemma, bæði í Reykjavík og á helstu höfnum úti um land. Þó hefur borið á því í æ ríkari mæli, að tengsl hafi aukist milli Eimskipafélagsins og Flugleiða. Þessi tengsl birtast ekki aðeins í eignaraðild Eimskipafélagsins að Flugleiðum og setu bæði forstjóra Eimskipafélagsins og stjórnarformanns þess í stjórn Flugleiða og í sameiginlegum rekstri fyrirtækjanna á einni helstu ferðaskrifstofu þessa lands, heldur birtast tengslin einnig á þann hátt, að ýmsir aðrir stjórnarmenn Eimskipafélagsins sitja í stjórnum dótturfyrirtækja Flugleiða í krafti hlutabréfaeignar fjölskyldna og fyrirtækja sem eru hluthafar bæði í Eimskipafélaginu og Flugleiðum. Á þennan margslungna hátt mynda tvö stærstu fyrirtækin í samgöngum landsins fyrirtækjasamsteypu sem víða í þeim löndum, þar sem samkeppnislöggjöf eru mjög ströng, yrði að lúta mjög ítarlegu eftirliti af hálfu stjórnvalda og yrði jafnvel brotin upp í smærri einingar og þar með skilið algerlega á milli gagnkvæmrar stjórnarþátttöku forráðamanna þessara fyrirtækja. Með auknum vöruflutningum Flugleiða, en nýlega hefur verið tilkynnt að Flugleiðir hyggist auka enn frekar hlutdeild sína í vöruflutningum til og frá landinu, styrkjast hinir gagnkvæmu hagsmunir fyrirtækjanna enn frekar.

Innbyrðis tengsl Eimskipafélagsins og Flugleiða bjóða heim þeirri hættu, að forráðamenn fyrirtækjanna skipti flutningamarkaði Íslendinga í ákveðnar deildi, eftir því sem hentar sameiginlegum hagsmunum fyrirtækjanna, og haldi áfram að teygja sig enn frekar inn á önnur svið, svo sem hótelrekstur og ferðaskrifstofustarfsemi, og mynda þannig öflugan og í reynd lokaðan hring, fyrirtækjasamsteypu þar sem aðalfyrirtækin og dóttur- og hliðarfyrirtækin geta í raun og veru boðið upp á fullgilda hringrás vöru- og farþegaflutninga til og frá landinu, þar sem ákvarðanataka um fargjöld og farmgjöld á hverju sviði um sig miðast fyrst og fremst við þrönga viðskiptahagsmuni fyrirtækjanna sjálfra, en ekki þjóðhagsleg grundvallarmarkmið í samgöngukerfi landsmanna.

Annar meginefnisþáttur spurninganna 15 beinist að könnun á ríkjandi fargjaldastefnu á helstu flugleiðum milli Íslands og Evrópu annars vegar og á samkeppnismarkaðnum milli Bandaríkjanna og Evrópu hins vegar. Á hinum síðarnefnda heyja Flugleiðir nú harða baráttu við fjölmörg risavaxin alþjóðleg flugfélög sem á síðustu mánuðum og missirum hafa lækkað mjög fargjöld á þessum leiðum til þess að öðlast aukna markaðshlutdeild í fluginu. Sú fargjaldastefna, sem nú er ríkjandi, felur því í sér að almenn fargjöld milli Íslands og Norðurlanda eru mun dýrari en fargjöld milli Íslands og Bandaríkjanna.

þótt flugleiðin milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar sé helmingi styttri en flugleiðin milli Reykjavíkur og New York. Vissulega er rétt, sem fram hefur komið, að í flugi er mjög flókinn fargjaldamarkaður sem sumir hafa líkt við frumskóg. Hins vegar ber að árétta að á síðustu mánuðum hefur átt sér stað veruleg einföldun á fargjöldum milli Bandaríkjanna og Evrópu, þ. e. á þeim samkeppnisleiðum þar sem Flugleiðir heyja nú harða baráttu. Þótt á þessum fargjaldamarkaði, sem einkum er miðaður við Bandaríkjamenn, hafi átt sér stað veruleg lækkun, hafa fargjöld á þeim leiðum, sem Íslendingar nota mest, þ. e. milli Íslands og Norðurlanda og Íslands og Bretlands, hækkað allverulega á sama tíma, svo að nú er flug til Kaupmannahafnar um helmingi dýrara en flug til New York þótt leiðin sé helmingi styttri.

Í upphafi þings sendu Flugleiðir alþm. áætlun sína fyrir komandi vetur. Þar kom fram samkv. þeim tölum, sem upp eru gefnar í vetraráætluninni, að nú kostar 91 600 kr. að fljúga fram og til baka Reykjavík — New York. Sams konar fargjald fyrir Reykjavík — Kaupmannahöfn er 133 600 kr., fyrir Reykjavík — Osló 122 000 kr., fyrir Reykjavík — Stokkhólmur 152 600 kr. og fyrir Reykjavík — London 118 000 kr. Nánari athugun á fargjöldum leiðir í ljós, að á leiðinni Luxemburg — New York eru nú boðin fargjöld sem eru mun lægri en þau sem hér er getið um, þótt yfir þvert Atlantshafið sé að fara. Með þriggja daga fyrirvara er hægt að panta farseðil fram og til baka á leiðinni Luxembúrg — New York fyrir 112 000 ísl. kr. eða rúmlega 20 þús. kr. ódýrara en Reykjavík — Kaupmannahöfn. Með minnst 14 daga og mest 45 daga dvöl og mánaðarpöntun fyrir fram er hægt að fá enn lægra verð. Svokölluð „high season fargjöld" Lúxembúrg — New York eru u. þ. b. 108 þús. kr. fram og til baka og svokölluð „low season fargjöld" aðeins 86 þús kr. alla leiðina Lúxembúrg — New York fram og til baka. Þessar upphæðir fyrir hina löngu leið, Lúxembúrg — New York, eru ótrúlega lágar samanborið við hin háu fargjöld milli Íslands og Norðurlanda og Íslands og Bretlands. Og fargjöldin Lúxembúrg — New York halda áfram að lækka meðan fargjöldin á helstu flugleiðum Íslendinga til Norðurlanda og Bretlands halda áfram að hækka. Það segir töluvert um þessa fargjaldastefnu, að algengt er að íslenskir námsmenn, sem dvelja á meginlandi Evrópu, kaupi sér farmiða alla leið til New York, þegar þeir hyggjast koma til Íslands í jólaleyfi, þótt þeir fari úr flugvélinni í Reykjavík.

Þessi dæmi, sem hér hafa verið nefnd, gefa vissulega tilefni til þess að kanna rækilega ríkjandi fargjaldastefnu og hvort rétt sé að málum staðið, hvort það sé ætlun þeirra, sem fara með forræði í millilandaflugi þjóðarinnar, að halda áfram að hækka flugfargjöld til þeirra landa sem þjóðin hefur helst kosið að hafa menningarleg, félagsleg og stjórnmálaleg samskipti við, á sama tíma og fargjöld fyrir bandaríska ferðalanga, sem flakka á milli Evrópu og Bandaríkjanna, halda áfram að lækka.

Þessi mismunur á kjörum Íslendinga annars vegar og útlendinga hins vegar kemur einnig fram — og ég bið hv. alþm. að athuga það vel — þegar um sömu flugleiðina er að ræða. Nýlega hafa Flugleiðir boðið Bretum að ferðast frá Glasgow til Reykjavíkur með fjögurra daga dvöl á hóteli félagsins í Reykjavík fyrir aðeins 55 þús. kr. og frá London, sem þó er enn lengra í burtu, er slík ferð enn ódýrari eða um 48 þús. kr., bæði fyrir flugfargjaldið og fjögurra daga dvöl á Hótel Loftleiðum. Samsvarandi ferðalag fyrir Íslendinga kostar nú milli 80 og 90 þús. kr. eða um 75% hærra verð en Bretum er boðið. Sé tekið tillit til hótelkostnaðarins í þeim 48 þús. kr. og 55 þús. kr. fargjöldum sem Bretum eru boðin nú, má ætla að flugfargjaldið sjálft sé hér aðeins tæpar 30 þús. kr. eða ódýrara en það kostar að fljúga frá Reykjavík til Egilsstaða og aðeins 1/3 af því sem hv. þm. og aðrir Íslendingar þyrftu að greiða ef þeir vildu taka sér far með næstu vél Flugleiða til Glasgow og dvelja þar í nokkra daga.

Það mætti lengi telja hér í þingsölum tölur um ríkjandi fargjöld, og sjálfsagt er hv. þm. kunnugt um almennan málflutning Flugleiða þegar þessi mál ber á góma, þótt frægust sé sjálfsagt fullyrðing Sigurðar Helgasonar forstjóra Flugleiða í sjónvarpi nýverið, að ódýrara væri að fljúga á milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar en Reykjavíkur og New York. Sigurður Helgason sagði að meðalfargjaldið Reykjavík — Kaupmannahöfn væri aðeins 26 þús. kr., og sú fullyrðing skapaði algert öngþveiti á skiptiborði Flugleiða dagana á eftir, þar eð furðu lostnir sjónvarpsáhorfendur, sem höfðu borgað nær sexfalda þá upphæð á undanförnum mánuðum, vildu nú fá eitt stykki meðalfargjald til Kaupmannahafnar fyrir aðeins 26 þús. kr. eða fá endurgreiddar þær háu upphæðir sem þeim hafði verið gert að greiða á sínum tíma, þótt fáir hefðu verið eins hyggnir eins og ég, sem sagðist vilja fá ódýrasta fargjaldið, ef meðalfargjaldið væri á 26 þús. kr. Þess ber að geta hins vegar, að hvergi hefur orðið vart við vörn af hálfu Flugleiða fyrir þann mikla mismun sem er á verði sem Bretum er annars vegar boðið og Íslendingum hins vegar og ég rakti hér áðan.

Þær skýringar, sem komið hafa fram af hálfu Flugleiða á ríkjandi fargjaldastefnu, eru því miður hvergi nærri tæmandi. Þær svara alls ekki þeim spurningum sem almenningur í landinu vill fá svör við, — spurningum um nauðsyn þeirrar fargjaldastefnu sem nú er ríkjandi og hvert stefnir í þessum efnum í næstu framtíð. Mun þróunin verða sú, að fargjöldin milli New York og Evrópu haldi áfram að lækka og fargjöldin milli Íslands og nágrannalandanna, þ. e. á hinum styttri flugleiðum, haldi áfram að hækka og verði því enn hærri í framtíðinni samanborðið við fargjöld á Bandaríkjamarkaðinum en þau eru nú? Ýmsir þeir, sem eru kunnugir á alþjóðlegum flugmarkaði, spá því, að vegna aukinnar samkeppni á flugleiðum milli Evrópu og Bandaríkjanna muni fargjöldin á þeim leiðum halda áfram að lækka, en fargjöldin milli Íslands og nágrannalandanna halda áfram að hækka ef Flugleiðir halda uppteknum hætti. Ekkert bendir til þess, að Flugleiðir fyrirhugi fargjaldalækkun á þessum flugleiðum til nágrannalandanna. Fargjaldaþróunin vekur þó einnig spurningar og kannske öllu alvarlegri um áhættuna sem Flugleiðir taka með áframhaldandi þátttöku á hinum nýja alþjóðlega samkeppnismarkaði á Atlantshafsfluginu. Flugleiðir eiga nú í fyrsta sinn í höggi við miklu stærri og umfangsmeiri félög, svo sem Pan American flugfélagið, og nýjar fargjaldaferðir félaga, svo sem hjá Laker-flugfélaginu, sem auka enn frekar þá áhættu að fargjaldastríðið á Atlantshafsfluginu geti í raun og veru leitt mikinn ófarnað yfir flugkerfi landsmanna. Fjölmörg flugfélög, sem tekið hafa þátt í slíkum áhættumarkaði á alþjóðlegum flugleiðum, hafa misst rekstrargrundvöll sinn. Taprekstur getur því hæglega orðið staðreynd á þessum leiðum innan tíðar.

Í viðtali við Morgunblaðið 7. apríl s. l. sagði Sigurður

Helgason forstjóri Flugleiða, með leyfi hæstv. forseta: „Lítið þarf að rugga bátnum til að illa geti horft“ — og átti þar við þróunina í fargjaldamálum í Atlantshafsfluginu. Og í viðtali við sama blað fyrir rösku ári, 1. sept. 1977, þegar verðstríðið var að hefjast, sagði Sigurður Helgason, með leyfi hæstv. forseta: „Mér finnst eðlilegt að líta svo á, að þarna sé um undirboðsfargjöld að ræða og eðlilegur rekstur á þessum fargjöldum er óhugsandi.“

Fyrir rösku ári bjuggust forráðamenn Flugleiða greinilega við því, að þetta mikla verðstríð yrði stutt. En svo hefur ekki orðið. Það stendur enn og er í dag miklu grimmara en það var fyrir ári. Í raun og veru eru engar líkur fyrir því í dag, að Flugleiðamenn muni reynast sannspárri nú um það, að þessu mikla verðstríði kunni að ljúka, en þeir voru fyrir rösku ári þegar það var að hefjast.

Við getum þess vegna ekki slegið því föstu, að hér sé ekki stefnt í allalvarlegan og kannske stórfelldari taprekstur á þessum áhættumarkaði heldur en nokkurn hefur grunað, — taprekstur sem yrði unninn upp með því að láta Íslendinga borga hærri fargjöld á þeim flugleiðum sem þeir fyrst og fremst stunda.

Sú spurning vaknar óneitanlega í hugum þeirra sem vilja meta samgöngukerfi þjóðarinnar og þann flugrekstur, sem Íslendingar stunda, fyrst og fremst frá öryggis- og velferðarsjónarmiðum þjóðarinnar sjálfrar, hvort það sé rétt stefna til lengdar að leggja allt flugkerfi landsins undir í hinu nýja og stórfellda áhættuspili sem nú er háð á hinum alþjóðlega flugmarkaði Atlantshafsflugsins, eftir að Bandaríkjastjórn breytti reglunum um þann samkeppnismarkað fyrir nokkrum missirum. Ef Flugleiðir tapa þeim leik á næstu árum, drekkir það tap ekki aðeins fjárfestingum félagsins í tengslum við þennan samkeppnismarkað, heldur einnig öllum öðrum eignum félagsins. Allt flugkerfi landsins kynni að brenna í því báli. Það er mikil áhætta fyrir íslenska þjóð og stjórnvöld landsins að láta eins og sá möguleiki sé ekki til, að útiloka algjörlega ósigur í verðstríðinu á Atlantshafsleiðinni sem kynni að skilja allt flugkerfi Íslendinga eftir í rúst vegna þeirrar eignarlegu samtengingar alls flugflotans sem ríkjandi er hjá Flugleiðum, bæði þeirra flugvéla, sem notaðar eru á Atlantshafsleiðinni, og hinna, sem notaðar eru milli Íslands og Evrópu og innanlands. Og kann sú hætta ekki að vera einnig fyrir hendi, hv. þm. að undir slíkum kringumstæðum kjósi eigendur Flugleiða vegna þröngra eiginhagsmuna að bjarga sínu sinni með því að flytja áhersluþungann frá flugrekstrinum innanlands og færa eignirnar til hinna alþjóðlegu fyrirtækja Air Bahama og Cargolux og flugfélagsins í Uruguay og kannske einnig í Sri Lanka, til þess að þeir björguðu þó sínum eignum þótt þjóðin sjálf sæti uppi flugflotalaus. Í jafnalþjóðlegri og flókinni fyrirtækjasamsteypu sem Flugleiðir eru nú orðnar er sá möguleiki vissulega fyrir hendi og það væri blinda að útiloka hann með öllu.

Það þarf að svara þeirri spurningu, hvort til lengdar, við hinar nýju aðstæður sem komnar eru upp á Atlantshafsmarkaðnum, eigi allt flugkerfi þjóðarinnar innanlands og við Evrópu að vera tengt við þetta mikla áhættuspil. Og sú spurning verður enn brýnni þegar haft er í huga að meginþunginn á fjárfestingum Flugleiða, svo sem kaupin á DC-10 þotunni, sem nú eru ákveðin og jafngilda að verðmæti nánast heilli Króflufirkjun, og nýleg tilkynning um kaup á annarri DC-10 þotu, auk einnig nýrrar Boeing-flugvélar á næsta ári, hvort þessi markmið, sem félagið kýs að setja á oddinn í sinni fjárfestingarstefnu, eru í raun og veru rétt. Umræðan um fargjaldastefnuna leiðir okkur því að þriðja meginþættinum, sem spurningarnar 15 beinast að, þeirri fjárfestingarstefnu sem ríkjandi hefur verið hjá fyrirtækjunum tveimur á undanförnum árum.

Það var tilkynnt fyrir tveimur mánuðum, að Flugleiðir hefðu ákveðið að kaupa þotu af gerðinni DC-10 til þess að styrkja samkeppnisstöðu sína í Atlantshafsfluginu, og fyrir nokkrum dögum, að aðra slíka ætti að kaupa, auk þeirrar Boeingþotu sem ég vék að áðan. Kaupverð DC-10 þotu með öllu tilheyrandi er um 16 milljarðar ísl. kr. og samsvara því þau heildarkaup, sem hér er um að ræða, næstum því tvöföldu verðmæti Króflufirkjunar. Það vekur sérstaka athygli, að Flugleiðir ákveða að kaupa fyrri þotuna frá Seaboard-flugfélaginu, sem félagið hefur áður skipt við, þótt það fyrirtæki sé eingöngu milliliður í þessum kaupum. Flugleiðir halda sig við þennan millilið sem félagið hefur áður skipt við. Seaboard-félagið fær í sinn hlut eins og áður viðgerðaþjónustu og viðhald á vélinni, en slík tengsl Seaboard og Flugleiða hafa komið í veg fyrir að hér innanlands hafi þróast sú umfangsmikla flugvirkjunarstarfsemi sem Íslendingar hafa bæði mannafla og tæknikunnáttu til að gera að veigamikilli iðngrein, í raun og veru útflutningsiðnaði, sem gæti skilað hundruðum millj., jafnvel þúsundum millj. á hverju ári, ef rétt væri á málum haldið. Viðskiptahagsmunir og tengsl Seaboard-flugfélagsins og Flugleiða hafa því í reynd komið í veg fyrir mjög umfangsmikla þróun á nýrri útflutningsgrein Íslendinga, sem vafalaust gætu tekið að sér vegna tæknikunnáttu sinnar og alþjóðlegs orðstírs á þessu sviði viðgerðir og þjónustu við flugvélar margra annarra flugfélaga.

Þegar haft er í huga hið mikla framboð, sem er á flugvélum í heiminum, og hin harða samkeppni, sem er á sölu flugvéla af þessu tagi, vekur það óneitanlega töluverða athygli, að Flugleiðir skuli hvað eftir annað leita til sama fyrirtækisins sem er eingöngu milliliður á þessu sviði. Þessi kaup vekja enn frekari athygli þegar haft er í huga að í nýlegu kynningarblaði, sem Flugleiðir gáfu út, segir Örn Ó. Johnson, sem eins og kunngt er kemur til Flugleiða frá Flugfélagi Íslands, en ekki Loftleiðum, að þota af gerðinni Boeing 747 væri ódýrust í rekstri miðað við flutningseiningu og hún gæti flutt helmingi meira en þær DC-8 þotur sem Flugleiðir nota nú. Aðrar vélar, sem kæmu til greina, t. d. DC-10, sem nú hefur verið ákveðið að kaupa, og Lockheed Tristar, væru hins vegar að dómi Arnar Ó. Johnsons ekki eins hagstæðar og Boeing 747. Þegar þessi ummæli forsvarsmanns Flugfélags Íslands, Arnar Ó. Johnsons, um vélarnar þrjár eru höfð í huga, þá er athyglisvert að nokkrum vikum síðar skuli Loftleiðaarmur félagsins kjósa að kaupa DC-10 þotu frá fyrrgreindu milliliðafyrirtæki. Þegar um svo afgerandi fjárfestingu er að ræða, — fjárfestingu sem er í sama „klassa“ og hin þekkta og sumir mundu segja illræmda Króflufirkjun landsmanna, þá er eðlilegt að kannaður sé nánar sá veruleiki sem liggur að baki mati og vitnisburði Arnar Ó. Johnsons annars vegar og hins vegar þeim kaupum sem endanlega voru gerð við Seaboard-flugfélagið. Það vekur óneitanlega margvíslegar spurningar, að Flugleiðir skuli sífellt halda sig við sama söluaðilann, — fyrirtæki sem ýmiss konar orð og ekki allt gott fer af í

hinum alþjóðlega viðskiptaheimi. Hvað er það sem knýr Loftleiðaarminn í Flugleiðasamsteypunni til að beina kaupum á þotum sífellt til sama fyrirtækisins? Enn fremur knýja á spurningar um að hve miklu leyti sé æskilegt að fjárfesta í nýjum þotum af þessari gerð, þegar ljóst er að DC-8 vélarnar, sem fyrirtækið notar nú, geta gengið, ef allt gengur að óskum, til ársins 1985. Flugleiðir gætu hagnýtt sér DC-8 vélarnar í 7 ár í viðbót eða á meðan straumarnir í verðstríðinu á Atlantshafsmarkaðinum skýrast enn betur.

Þegar áhættan og sú staðreynd að margir aðrir valkostir eru vissulega fyrir hendi, — þegar þetta er haft í huga, þá er ljóst að hér er verið að leggja í gífurlega fjárfestingu sem vekur allmiklar spurningar og það alvarlegar spurningar.

En það eru ekki aðeins Flugleiðir sem hafa verið að ráðast í miklar fjárfestingar á íslenskan mælikvarða. Eimskipafélagið hefur á s. l. 4 árum keypt 13 ný skip og reist eða er að reisa mjög stórar vöruskemmur, bæði í Reykjavík og úti um land. Þessi gífurlega fjárfesting á mjög skömmum tíma vekur spurningar um hlutfallið á milli fjárfestingarstefnu félagsins annars vegar og farmgjaldastefnu þess hins vegar. Fyrirtækið hefur greinilega kosið á síðustu 4 árum að verja gífurlegum fjármunum til skipakaupa án þess að þau hafi leitt til nokkurrar lækkunar á farmgjöldum milli Íslands og Evrópu. Hins vegar hefur fyrirtækið nú, eins og vikið verður að síðar, lækkað allverulega farmgjöld milli Íslands og Bandaríkjanna fyrir einn helsta viðskiptaaðila sinn, bandaríska herliðið. En það er ekki aðeins magn þessarar fjárfestingar, sem vekur margvíslegar spurningar, heldur einnig hvort hún beinist að réttri tegund skipa, hvort hún hefur ekki verið of einhæf, hvort hún hefur tekið nægileg mið af þeim nýjungum í vöruflutningum sem komið hafa fram í síðustu árum, hvers vegna Eimskipafélagið hefur hafnað í **þessum kaupum svokölluðum „roll-on og roll-of"** skipum, sem annað íslenskt skipafélag og fjölmörg erlend skipafélög leggja nú megináherslu á og flestir kunnáttumenn á þessu sviði telja að séu skip framtíðarinnar. Það væri vissulega óhagstætt fyrir íslenska þjóðarbúið, ef reynslan sýndi að hin miklu skipakaup Eimskipafélagsins á s. l. 4 árum reyndust að mestu leyti vera á skipategundum sem verða taldar mjög óhagkvæmar til flutninga inna örfárra ára, ef þær eru ekki taldar það nú þegar. Nánari athugun á þessum skipakaupum vekur einnig spurningar um það, hvort verðið — ég legg áherslu á það: verðið sem Eimskipafélagið hefur greitt fyrir þessi skip hafi ekki verið óeðlilega hátt, hvort hér hafi ekki verið sólundað jafnvel svo nemur þúsundum millj. í allt of hátt verð fyrir skip sem þar að auki kunna að reynast of einhæf og óhagkvæm í rekstri.

Nýlega var upplýst að Samband ísl. samvinnufélaga hygðist kaupa sams konar skip frá sama aðila, en á mun lægra verði. Sambandið getur nú keypt skip á 480 millj. kr. sem Eimskipafélagið keypti á s. l. ári fyrir um 800 millj. kr. Þótt e. t. v. sé rétt, sem forstjóri Eimskipafélagsins hefur sagt, að skipaverð lækki um 10-15% á ári, þá skýrir það alls ekki muninn á þeim kostum sem Sambandinu bjóðast nú og Eimskipafélagið sagðist hafa orðið að lúta á s. l. ári. Það vekur einnig undrun, að Eimskipafélagið skuli þurfa að greiða svo hátt verð fyrir sín skip, ef það er satt sem forstjóri félagsins hefur sagt, að firðir í öllum löndum hér í kringum okkur séu fullir af skipum sem eru til sölu, svo að vitnað sé orðrétt í ummæli hans. Þá ætti væntanlega að vera hægt að fá skip keypt á mun hagstæðara verði en Eimskipafélagið greiddi. Það er hins vegar ljóst, að þau skipakaup, sem Samband ísl. samvinnufélaga er nú að athuga, vekja a. m. k. upp grunsemdir um að hin mikla fjárfesting Eimskipafélagsins hafi verið kapp án forsjár, að fyrirtækið hafi eytt dýrmætum gjaldeyri í röng skipakaup, að eignamyndunarkappið í fyrirtækinu hafi kostað þjóðarbúið þúsundir millj. í dýrmætum gjaldeyri sem hægt hefði verið að komast hjá.

Frekari rökstuðningur fyrir grunsemdum af þessu tagi — grunsemdum um að hér hafi verið óskynsamlega og jafnvel óeðlilega að fjárfestingu staðið, er viðtal sem nýlega birtist í siglingatímaritinu MacGregor News við forstjóra fyrirtækisins MacCardian, hr. Per Henriksen, sem seldi Eimskipafélaginu skip. Í þessu viðtali hælir hr. Henriksen sér af því, að fyrirtæki hans hafi á s. l. ári selt 4 skip á verði sem væri 30% yfir kostnaðarverði skipanna. Hann fer mörgum orðum um það, hvernig fyrirtæki hans hafi skilað eigendum sínum miklum gróða í krafti þessarar skipasölu og stundum í öðrum tilfellum á undanförnum árum náð sölu allt að 100% yfir kostnaðarverði. Í viðtalinu kemur fram, að fyrirtækið McCardian dregur að sér fjármagnseigendur sem leggja til fé sem varið er til byggingar á skipum sem fyrirtækið síðan selur innan nokkurra ára og reynir að fá sem hagstæðast verð fyrir. Vitnisburður og sjálfshól Per Henriksen, forstjóra um mikinn gróða af skipasölunni setja skipakaup Eimskipafélagsins í enn óhagstæðara ljós en þau kjör sem Sambandinu bjóðast nú. Hafi hr. Henriksen og félagar hans grætt jafnmikið á sölu allra skipanna til Eimskipafélagsins og á þeim sem hann seldi félaginu á s. l. ári, hefur fyrirtæki hans grætt a. m. k. 2-3 milljarða ísl. kr. á forsjárlausu kappi Eimskipafélagsins. Sá möguleiki er því vissulega fyrir hendi, að skipakaup Eimskipafélagsins hafi á s. l. árum kostað þjóðina þó nokkra umframmilljarða í dýrmætum gjaldeyri. Tilboðin til Sambandsins og fullyrðingar Per Henrikssens forstjóra í MacGregor News knýja forráðamenn Eimskipafélagsins til að gera mun ítarlegri grein fyrir skipakaupum félagsins, einkanlega þegar höfð er í huga fullyrðing forstjóra Eimskipafélagsins, að nú séu allir firðir í nágrannalöndum fullir af skipum sem eru til sölu á hagstæðu verði.

Í eigu Eimskipafélags Íslands eru nú 24 skip, þar af 13 keypt til landsins á síðustu 4 árum, og auk þess hefur Eimskipafélagið haft stærsta skip íslenska flotans, Hofsjökul, á leigu frá upphafi og er sú leiga minnisvarði um hið fræga dauðastríð Jökla hf. og aðför Eimskipafélagsins að því fyrirtæki. Samkv. upplýsingum Siglingamálastofnunarinnar eru til viðbótar við þau 25 skip, sem Eimskipafélag Íslands rekur, aðeins 21 skip sem annast almenna vöruflutninga til og frá landinu. 6 af þessum skipum eru í eigu Sambands ísl samvinnufélaga, 5 eru í eigu Hafskips hf., 2 eru í eigu Vikurs hf., 1 í eigu Ísskips hf., 2 í eigu Nesskips hf., eitt í eigu Bifrastar hf. og 4 skip í eigu jafnmargra annarra félaga.

Fjárfestingar Eimskipafélagsins á undanförnum árum hafa styrkt mjög stöðu þess á hinum íslenska markaði. Það gnæfir nú sem risi yfir öll önnur íslensk skipafélög. Það næsta, Samband ísl. samvinnufélaga, er aðeins með 6 skip á móti þeim 25 sem Eimskipafélagið hefur í reynd til umráða, og þar næst kemur Hafskip sem er með 5 skip. Tvö næststærstu félögin í vöruflutningum landsmanna, Sambandið og Hafskip, eru því samtals með

minna en helming þess skipakosts sem Eimskipafélagið hefur til umráða. Öll önnur íslensk félög en Eimskipafélagið, sem eru í hliðstæðum vöruflutningum, hafa aðeins 21 skip á móti þeim 25 sem mynda flota Eimskipafélagsins.

Heildaryfirlit yfir fjárfestingar þessara tveggja fyrirtækja, Eimskipafélagsins og Flugleiða, á umliðnum árum sýnir hve risavaxin starfsemi þeirra er í íslensku samgöngukerfi og hve gífurleg fjárfestingarumsvif félaganna hafa verið. Á sama tíma og þessi tvö fyrirtæki hafa staðið í umræddri fjárfestingu hefur þjóðin verið upptekin við að ræða um hina frægu Kröfluvirkjun. Fáir hafa sjálfsagt hugleitt að samanlögð fjárfesting þessara tveggja fyrirtækja á byggingartíma Kröfluvirkjunar, og sú fjárfesting, sem fyrirtækin virðast nú þegar hafa ákveðið, jafngildi andvirði rösklega þriggja Kröfluvirkjana.

Þegar svo ljóst er að margvíslegar röksemdir má færa fram til að draga í efa hve skynsamlegar þessar fjárfestingar hafi verið, að margvíslegar og áleitnar spurningar vakna hvers vegna Eimskipafélagið kaupir öll sín skip hjá sama aðilanum og Flugleiðir leita æ ofan í æ til Seaboardfyrirtækisins þrátt fyrir gífurlegt framboð á alþjóðlegum markaði á skipum og flugvélum á hagstæðu verði, þá er þörfin á afdráttarlausum svörum forráðamanna fyrirtækjanna orði ærið brýn. Er þjóðin látin blæða með of háum fargjöldum og farmgjöldum fyrir óskynsamlegar og jafnvel óeðlilegar fjárfestingar þessara tveggja fyrirtækja? Þörfin á svörum verður svo að háværum kröfum þegar í ljós kemur að Eimskipafélagið hefur á fáeinum mánuðum lækkað gífurlega farmgjöld sín á flutningum fyrir bandaríska herliðið, en aftur á móti hækkað gífurlega farmgjöld sín á Evrópuflutningum fyrir Íslendinga.

Eimskipafélagið hegðar sér því eins og systurfyrirtækið Flugleiðir, lækkar verð til bandarískra aðila á sama tíma og það hækkar verð til Íslendinga. Útlendingar græða, Íslendingar tapa og eru látnir borga brúsann. Bæði fyrirtækin lækka gífurlega flutningskostnað og ferðalagakostnað á Bandaríkjaleiðum, en hækka að sama skapi flutningskostnað og ferðalagakostnað á leiðum milli Íslands og Evrópu, þeim leiðum sem þjóðin leggur mesta áherslu á. Sú gífurlega fjárfesting, sem félögin hafa ráðist í og eru að ráðast í, virðist því fyrst og fremst koma útlendingum til góða, en ekki íslenskum almenningi eða íslenskum viðskiptaaðilum eða íslenskum atvinnuvegum.

Menn spyrja með réttu. Er hér verið að nota óeðlilega há fargjöld og óeðlilega há farmgjöld á leiðunum milli Íslands og Evrópu til þess að styrkja fjárfestingarþenslu og ódýra flutninga fyrirtækjanna á Bandaríkjamarkaðnum? Þessum spurningum vilja þúsundir Íslendinga að forsvarsmenn Eimskipafélagsins og Flugleiða verði látnir svara afdráttarlaust.

Þegar athyglinni er beint að þeim flokki spurninganna 15 sem snertir farmgjaldaákvarðanir Eimskipafélagsins er rétt að rifja fyrst upp ummæli forstjóra félagsins, Óttars Möllers, sem hann viðhafði í viðtali við Morgunblaðið 18. okt. s. l., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við höfum reynt að byggja eða kaupa okkar skip þannig að þau geti annað þessu hlutverki og þegar við kaupum þessi 13 skip, sem talað er um í till. Ólafs Ragnars Grímssonar, þá er það til þess að bæta þjónustuna."

Það hefur hins vegar vakið athygli alþjóðar, að eini sýnilegi árangurinn af þessari miklu fjárfestingu hvað snertir bætta og ódýrari þjónustu við viðskiptavini Eimskipafélagsins er sú 50% lækkun á farmgjöldum fyrir bandaríska herinn sem mjög hefur verið til umræðu undanfarið. Það vekur óneitanlega margvíslegar spurningar, að þeim leyfum til hækkana á farmgjöldum, sem Eimskipafélagið hefur fengið að undanförnu, hefur öllum verið varið til þess eins að hækka farmgjöld á flutningum íslenskra aðila milli Evrópu og Íslands og þar með leitt til hækkaðs vöruverðs í landinu á nauðsynjum almennings og hækkunar á vörum og tækjum til íslenskrar atvinnustarfsemi. Á sama tíma framkvæmir félagið 50% lækkun á farmgjöldum fyrir bandaríska herinn, en sú lækkun nemur á ársgrundvelli 900-1100 millj. ísl. kr. Því hefur verið haldið fram, að lækkunin sé gerð til þess að drepa keppinaut Eimskipafélagsins, Bifröst hf., sem nýlega hóf flutninga á þessari leið. Á þessu stigi skal ekki lagður neinn dómur á það, hver er hin raunverulega ætlun Eimskipafélagsins með lækkun farmgjaldanna fyrir herinn. Það kann vel að vera að hinn aukni skipakostur og breyttar aðstæður í flutningastarfsemi geri því kleift að lækka svo gífurlega farmgjöld fyrir herinn á sama tíma og það neyðist að eigin sögn til þess að hækka öll önnur farmgjöld. Sé svo, þá er sá rekstrarveruleiki óneitanlega ærið undarlegur.

Hv. þm. til upplýsingar og til að skýra hve gífurlega ólíkar skoðanir eru ríkjandi á þessu afar mikilvæga atriði skal hér vitnað til nokkurra ummæla, annars vegar ummæla forstjóra Eimskipafélagsins og hins vegar ummæla forstöðumanna Bifrastar hf, en þessi ummæli birtust í Morgunblaðinu í viðtali við forstjóra Eimskipafélagsins föstudaginn 27. okt. s. l. og í viðtali við forstöðumenn Bifrastar laugardaginn 28. okt. s.l. þ. e. áður en Eimskipafélagið hóf þá tilraun til yfirtöku á Bifröst sem enn stendur yfir, en sú yfirtökutilraun er skóladæmi um undirheimavinnubrögð Eimskipafélagsins og varpar sérkennilegu ljósi á þær yfirlýsingar forstjóra fyrirtækisins sem verður vikið að hér á eftir.

Í viðtalinu við forstjóra Eimskipafélagsins og raunar einnig forsvarsmenn Bifrastar kemur fram að farmgjöld á flutningum fyrir varnarliðið frá Bandaríkjunum til Íslands hafa á 6 mánuðum lækkað úr 2309 dollurum fyrir hvern 20 feta gám í 1312 dollara. Forstjóri Eimskipafélagsins heldur því fram í viðtali við Morgunblaðið, að þessar lækkanir stafi annars vegar af breyttu fyrirkomulagi flutninganna og hins vegar hættu á samkeppni frá bandarískum skipafélögum, en hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við þessar breytingar sá Eimskipafélagið, að nauðsynlegt var að lækka farmgjöld á gámum, því ella leyndist sú hætta, að amerísk skipafélög yfirtækju þessa flutninga aftur. Félagið ákvað því að lækka farmgjöld á gámum um 25%." Og síðan áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir hálfum mánuði ákvað svo Eimskipafélagið að mæta þessari samkeppni, lækkaði alla vöru frá Bandaríkjunum, lausavöru fyrir varnarliðið og Íslendinga og gámaflutninga um 25%." Rétt er að taka það fram, að hér er um að ræða önnur 25% til viðbótar þeim sem hin fyrri lækkun fól í sér.

Í umræddu viðtali kemur enn fremur fram mjög athyglisverð yfirlýsing forstjóra Eimskipafélagsins, sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé það rétt að farmgjöld Eimskipafélagsins hafi verið óþarflega há, þá hlyti það annað hvort að hafa fullar hendur fjár eða hafa orðið fyrir því óláni, að fé þess hafi

verið sóað með vitlausum fjárfestingum eða óhóflegum rekstrarkostnaði. Nú er það ekkert launungarmál, þó að nokkrar tekjur hafi stundum orðið umfram gjöld og óhjákvæmilegar afskriftir hin síðari ár, að félagið berst fjárhagslega í bökkum."

Forstjórinn segir þarna berum orðum, að annað hvort hafi Eimskipafélagið fullar hendur fjár eða farmgjöld séu óeðlilega há vegna þess — og ég endurtek orð forstjórans: „fé þess hafi verið sóað með vitlausum fjárfestingum eða óhóflegum rekstrarkostnaði." Ég bið hv. alþm. í ljósi þess, sem síðar greinir, að geyma þessa yfirlýsingu forstjóra Eimskipafélagsins sér vel í minni ásamt annarri yfirlýsingu sem hann gaf í viðtali við dagblaðið Vísi 23. okt. s. l., en þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„Besta leiðin til að halda farmgjöldum í lágmarki er að koma á sem mestri hagræðingu í rekstri, endurskipulagningu, endurnýjun tækja og skipa og er þá miðað við aðstæður, flutningaþörf, hafnaraðstöðu og fjármagnsgetu hverju sinni. Þetta hefur Eimskipafélag Íslands leitast við að gera, en vegna óðaverðbólgunnar í landinu og 10-15% hækkunar árlega á erlendum kostnaði hefur ekki verið hægt að komast hjá hækkun þjónustugjalda sem hefði orðið mun hærri án hagræðingar."

Fyrir okkur, sem erum á Alþ., er það vissulega fróðleg innsýn í viðskiptasjónarmið risafyrirtækis í samgöngukerfi Íslendinga, að á sama tíma og það berst að eigin sögn fjárhagslega í bökkum skuli það geta gert tvennt, annars vegar ráðist í kaup á 13 nýjum skipum, sem e. t. v. hafa verið keypt fyrir nokkrum þúsundum millj. kr. of hátt verð, og hins vegar lækkað farmgjöld til eins stærsta viðskiptavinar síns um 900-1100 millj. ísl. kr. á ársgrundvelli. Þetta kalla ég a. m. k. ekki að berjast fjárhagslega í bökkum.

Satt að segja virðist erfitt að koma heim og saman annars vegar tilvitnaðri yfirlýsingu forstjóra Eimskipafélagsins og hins vegar þeim raunveruleika sem við blasir: einhverju mesta fjárfestingartímabili í allri samanlagðri sögu félagsins og einhverri mestu farmgjaldalækkun sem félagið hefur framkvæmt á öllum sínum ferli, einkum og sér í lagi þegar haft er í huga að þessi farmgjaldalækkun, svo stórbrotin sem hún er, kemur fyrst og fremst til góða einum viðskiptavini félagsins, þ. e. bandaríska hernum, þótt í orði sé bent á það, að seinni lækkunin geti einnig náð til Íslendinga. Í því sambandi er þó rétt að hafa í huga, að þegar framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna óskaði eftir því opinberlega fyrir nokkrum vikum að samsvarandi lækkun yrði látin koma til framkvæmda á flutningum íslenskra sjávarafurða fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna til Bandaríkjanna, sem gæti sparað Sölumiðstöðinni tæplega 800 millj. kr. á ársgrundvelli, sem er verulegur hluti þess fjárhagsvanda sem frystiiðnaðurinn átti við að glíma fyrr á þessu ári, — þegar framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna fer fram á tilsvarandi lækkun fyrir stærsta útflutningsfyrirtæki Íslendinga og Eimskipafélgið hefur veitt bandaríska hernum, þá birtir forstjóri Eimskipafélagsins gagnyfirlýsingu, þar sem hann lætur í ljós þá skoðun, að slík lækkun fyrir hið stóra íslenska útflutningsfyrirtæki geti alls ekki komið til greina.

Hér er því eins og oft áður í málefnum Eimskipafélagsins, að spurningarnar eru því miður fleiri en svörin. Eimskipafélagið heldur áfram viðskiptaiðju sinni, sem það á sameiginlega með Flugleiðum, að bjóða erlendum aðilum mun betri kjör en íslenskum aðilum. Enda kemur í ljós, ef marka má viðtal sem birtist í Morgunblaðinu daginn eftir við forsvarsmenn Bifrastar hf., að það hafi aldrei verið ætlun Eimskipafélagsins að láta farmgjaldalækkun á flutningum frá Bandaríkjunum ná til flutninga fyrir Íslendinga, hún hafi eingöngu átt að koma bandarískra hernum til góða.

Alþm. til nánari upplýsinga er rétt að lesa hér nokkrar tilvitnanir úr viðtali við forsvarsmenn Bifrastar, sem eru í senn afar lýsandi fyrir hin andstæðu sjónarmið viðskiptaaðilanna á þessu sviði og verulegur rökstuðningur fyrir nauðsyn á þeirri ítarlegu upplýsingaöflun og ítarlegu rannsókn sem þáltill., sem hér um ræðir, felur í sér. Gef ég nú forsvarsmönnum Bifrastar hf. orðið samkv. viðtali Morgunblaðsins við þá laugardaginn 28. okt., með leyfi hæstv. forseta:

„Þórir Jónsson sagði, að það farmgjaldastríð, sem nú væri hafið á flutningum til og frá Bandaríkjunum, væri í raun til þess gert að reyna að koma Bifröst út af markaðinum. Eimskipafélagið hefði lækkað flutningsgjöld sín gagnvart varnarliðinu. — „Leikurinn er augljóslega gerður til þess að losna við keppinaut, rétt eins og gert var á sínum tíma gagnvart Jöklum hf.," sagði Þórir Jónsson.

Þá sögðu þeir forsvarsmenn Bifrastar, að tap þjóðarbúsins í minnkuðum gjaldeyristekjum vegna þessara farmgjaldalækkana væri ekki um 900 millj. kr., eins og fram hefði komið í fréttum. Tapið í gjaldeyri væri nær 1100 millj. kr. á ári. . . . „Það var ekki ástæða til að lækka úr 2300 dollurum fyrir hvern 20 feta gám, því að það var í raun sanngjarnt verð. Augljóst er, að farmgjöld á leiðinni Ísland Evrópa eiga að niðurgreiða flutninga á milli Bandaríkjanna og Íslands og þau gera það eins og nú er háttað, því að hlutföll farmgjalda á milli Evrópu og Íslands annars vegar og Bandaríkjanna og Íslands hins vegar hafa raskast verulega við þessar breytingar. T. d. kostaði að flytja bandarískan bíl frá Bandaríkjunum 102 þús. kr. árið 1976 og sams konar bíl frá Þýskalandi 51 þús. kr. Í dag kostar þessi sami flutningur frá Bandaríkjum 148 þús. kr., en frá Þýskalandi 135 þús. kr.," sögðu þeir félagar."

Hér fullyrðir Þórir Jónsson, að farmgjöld á flutningum Íslendinga frá Evrópu séu notuð til að greiða niður flutningana fyrir herinn, eða m. ö. o.: almenningur á Íslandi er látinn greiða hærra vöruverð til að þóknast sameiginlegum fjárhagshagsmunum Eimskipafélagsins og bandarískra hersins. Þetta dæmi er afar athyglisvert um þær breytingar sem farmgjaldastefna Eimskipafélagsins hefur haft í för með sér. — En við skulum vitna áfram í fyrrgreint viðtal, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessari spurningu svöruðu þeir félagar með því, að Bifröst hefði aldrei undirboðið Eimskipafélagið. Upphaflega hafi Bifröst verið stofnuð vegna þess að nokkrir aðilar, sem nutu þjónustu Eimskipafélagsins, hefðu verið óánægðir með hana, bæði með meðferð varningsins og eins með farmgjöld, enda engin virk samkeppni og því ekki við góðu að búast. Þeir kváðu það staðreynd, að þjónustan hefði öll batnað mjög við tilkomu Bifrastar, en Eimskipafélagið hefði sjálft riðið á vaðið og lækkað farmgjöld á bifreiðum um 25% og uppskipun um 40%. . . . Hins vegar sögðu þeir það ekki tilviljun, að Eimskip lækkaði rétt í þann mund er fréttist af því að kaupa ætti skip af „ro/ro- gerð." Þetta væri staðreynd, hvað sem liði

endurteknum yfirlýsingum um hið gagnstæða. Síðan hefði það gerst, að frá því í maí s. l. hefðu farmgjöld milli Íslands og Bandaríkjanna lækkað um 50%, úr 2309 dollurum fyrir hvern 20 feta gám í 1750 dollara og síðan nú í 1312.50 dollara, sem þeir félagar töldu allt of lágt verð og mjög hæpið að stæði undir þeim rekstri, sem fylgdi flutningum á milli Bandaríkjanna og Íslands. Þegar Eimskipafélagið lækkaði í 1750 dollara var það aðeins gagnvart varnarliðinu, en ekki gagnvart Íslendingum, sem sendu vöru með félaginu. Svar Bifrastar var að lækka einnig í 1750 dollara. Hins vegar fór Bifröst í þessu tilfelli lengra í ákvörðun sinni, þar sem félagið lækkaði farmgjöld til íslenskra farmflytjenda um 25%.

Morgunblaðið spurði þá félaga í ljósi þess, að þeir fullyrtu, að þeir hefðu aldrei undirboðið Eimskipafélagið í þessu farmgjaldastríði, hvort það væri ekki röng staðhæfing vegna þessa. Undirboð hefði átt sér stað frá hendi Bifrastar á farmgjöldum, er lutu að flutningum fyrir Íslendinga. Ingimundur Sigfússon kvað fráleitt að tala um undirboð í þessu tilfelli. Siðferðilega hefði stjórnendum Bifrastar ekki fundist hægt, að Íslendingar og Bandaríkjamenn sætu ekki við sama borð — ef Bandaríkjamönnum væru boðin ákveðin kjör, yrði einnig að gefa Íslendingum kost á þeim. „Ásakanir Eimskipafélagsins um undirboð Bifrastar eru mjög alvarlegar, ekki síst vegna þess að þær eru endurteknar æ ofan í æ í fjölmiðlum, þrátt fyrir að forráðamenn þess hljóta að gera sér grein fyrir að þeir fari með rangt mál."

Í umræddu viðtali kom einnig fram að að dómi forsvarsmanna Bifrastar hafi erlend samkeppni ekki haft nein áhrif á það sem gerst hafi á þessu sviði, heldur eingöngu verið um einhliða aðgerðir Eimskipafélagsins sjálfs að ræða. Sem svar við staðhæfingum forsvarsmanna Eimskipafélagsins um hættuna á erlendri samkeppni sem rök fyrir lækkuninni á farmgjöldum til varnarliðsins segir í umræddu viðtali við Morgunblaðið laugardaginn 28. okt., og er þar fyrst talað um hækkun Eimskipafélagsins, sem varð áður en Bifröst kom til sögunnar, en í tilvitnuninni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þórir Jónsson svaraði og sagði, að 10% hækkunin, sem áður er vitnað til og gilti fyrir öll farmgjöld, jafnt fyrir Íslendinga sem Bandaríkjamenn, hafi verið talin nauðsynleg. Þá var hækkað úr 2100 dollurum í 2309 dollara. Bifröst var þá ekki komin í spilið og engar raddir bárust um að erlendur samkeppnisaðili hefði áhuga á að flytja vörur fyrir varnarliðið. Raunar fullyrða forráðamenn Bifrastar, að það sé úr lausu lofti gripið, að nokkur hætta hafi verið á erlendri samkeppni, enda hefði farmgjaldahækkunin þá ekki komið til. Eimskipafélagið sat eitt að markaðinum, eins og það segist hafa gert s. l. 25 ár. Bifröst kemur svo í spilið í des. í fyrra og afleiðingin hefur verið 50% lækkun farmgjalda fyrir varnarliðið."

Það er vissulega athyglisvert, eins og sumir hafa bent á, að í ljósi hinnar miklu verðbólgu og rekstrarkostnaðarhækkana, sem átt hafa sér stað á Íslandi á undanförnum árum, og þeirrar þróunar, sem verið hefur í gjaldeyrismálum, skuli Eimskipafélagið treysta sér til að lækka farmgjöldin fyrir herinn um 50%. Sú lækkun, á sama tíma og verulegar hækkanir hafa orðið á farmgjöldum hvað snertir flutninga til og frá Evrópu, veitir ásamt þeim yfirlýsingum, sem hér hafa verið raktar, ærna ástæðu fyrir forsvarsmenn íslensku þjóðarinnar að kanna rækilega allan grundvöll og orsakir þeirrar atburðarásar sem átt hefur sér stað á þessu sviði á undanförnum vikum. Ljóst er, að hér eru að eiga sér stað atburðir sem geta orðið mjög afdrifaríkir fyrir flutningakerfi þjóðarinnar. Þeir gera nú þegar að verkum, að íslenskur almenningur greiðir með hærra vöruverði þá farmgjaldalækkun sem Eimskipafélagið framkvæmdi á flutningum fyrir bandaríska herinn.

Herra forseti. Þannig var sagan af samskiptum Eimskipafélagsins og Bifrastar fram að miðjum nóvember. En þá greip Eimskipafélagið til vinnubragða undirheima fjármálalífsins. Bak við tjöldin var farmgjaldalækkunin notuð til þess að þjarma að keppinautnum og síðan boðist til að kaupa Bifröst í heilu lagi á 400-500 millj. kr. auk hlutabréfa í Eimskipafélaginu sem áttu að fylgja með í kaupunum, samkeppnin yrði úr sögunni og hægt yrði að hækka farmgjöldin á ný. Svo sigurvissir voru Eimskipafélagsforkólfarnir, svo öruggir um að yfirtaka Bifrastar mundi heppnast, að þeir gátu ekki beðið með sigurtáknið og tilkynntu að frá og með 14. des. mundu farmgjöld fyrir hvern gám hækka í 1750 dollara. Í þeirri tilkynningu var þögn um lækkunarröksemdina frá fyrri vikum: gámahagkvæmni og hættuna á dularfullri samkeppni frá einhverjum amerískum skipafélögum sem þá var mjög talað um. Samkv. áætluninni átti Bifröst greinilega að vera yfirtekin og útdauð fyrir miðjan desembermánuð. Hroki hins sterka leyndi sér ekki í þessum viðskiptum .Gefin var út fréttatilkynning 20. nóv. um viðræður milli forsvarsmanna Bifrastar og Eimskipafélagsins, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Félögin og/eða einstaklingar innan þeirra keyptu hlutabréf í hvoru félaginu um sig." Þeir voru sigurvissir, þessir herrar. En þeir höfðu gleymt einum þætti, að þorri hluthafanna í Bifröst hafði ekki verið spurður, en þeir Eimskipafélagsmenn eru greinilega ekki vanir að spyrja hluthafa sína um slíka smámuni eins og að verja hálfum milljarði kr. til þess að kaupa upp keppinaut. Það virðist hins vegar hafa komið strik í reikninginn, og nú er málið greinilega allt í óvissu. Engar opinberar fréttir hafa borist af örlögum málsins, en undirheimafréttir eru að vísu margvíslegar, þótt ég ætli ekki að rekja þær hér. Hins vegar bíður þjóðin í ofvæni eftir því, hvort Eimskipafélaginu tekst fyrir 14. des. að drepa nýjasta keppinaut sinn og sitja síðan áfram eitt að kötlunum í krafti einokunaraðstöðu hins sterka.

Samskipti Eimskipafélagsins og Bifrastar breyttust á fáeinum dögum úr verðstríði í hreina og ómengaða fjárkúgun Eimskipafélagsins gagnvart keppinauti sínum. Skyndileg lækkun er gerð til þess eins að drepa hættulegan keppinaut. Og þegar hann stendur höllum fæti birtist forstjóri Eimskipafélagsins eins og frelsandi engill og segir: Elsku vinur, nú skal ég kaupa þig upp, þú hefur hvort sem er ekki efni á þessu. — Sagan um Jökla er e. t. v. að endurtaka sig.

Yfirvofandi yfirtaka Eimskips á Bifröst minnir óþyrmilega á yfirtöku Flugleiða á Arnarflugi fyrir nokkrum vikum. Risarnir tveir kaupa upp alla keppinauta sína á undanförnum árum: Air Viking, Arnarflug, Jöklar, Bifröst eru athyglisverðar vörður á einokunarleið Eimskipafélagsins og Flugleiða. Við skulum því hafa hljótt, hv. þm., um frjálsa samkeppni í umræðum um risafyrirtækin tvö.

Varðandi farmgjöld Eimskipafélagsins hefur hér fyrst og fremst verið vitnað til þeirrar stórfelldu lækkunar sem átt hefur sér stað á flutningum fyrir varnarliðið á sama

tíma og hækkun hefur átt sér stað á flutningum fyrir íslenska aðila milli Íslands og Evrópu, og vitnað hefur verið til misræmis í afstöðu Eimskipafélagsins gagnvart flutningum fyrir bandaríska herinn annars vegar og hins vegar fyrir helsta útflutningsaðila íslenskra sjávarafurða, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Mörg fleiri dæmi um undarlegar ákvarðanir og óeðlileg farmgjöld mætti taka til upplýsinga fyrir hv. þm. Slík dæmi má taka bæði frá innlendum fyrirtækjum og öðrum viðskiptavinum við Eimskipafélagið og frá reynslu einstaklinga sem hafa reynt veldi félagsins og tengsl þess við stjórnkerfið á annarlegan hátt.

Ég skal aðeins nefna hér að lokum þrjú lítil dæmi til þess að sýna hvernig einstaklingar og einstök fyrirtæki geta orðið fórnarlömb þess samtengda kerfis sem hér er:

Íslendingur einn, sem dvalist hafði erlendis langdvölum, kom til landsins með búslóð sína og bifreið og flutti bifreið sína með Smyrli til Austfjarða frá Noregi og greiddi fyrir flutning bifreiðarinnar 17 þús. kr. Þegar greiða átti innflutningsgjöld af bifreiðinni neituðu yfirvöld að leggja til grundvallar reikninginn frá Smyrli um 17 þús. kr. farmgjald, en kröfðust þess, að farmgjald Eimskipafélagsins fyrir flutning á sömu leið, 90 þús. kr., yrði lagt til grundvallar. Viðkomandi einstaklingur fékk ekki neitt við ráðið. Hann varð að láta sér lynda að hið hærra flutningsgjald, sem hann hafði alls ekki greitt, væri lagt til grundvallar tollákvörðunum, og leiddi það til þess, að hann varð að greiða 200 þús. kr. hærra verð fyrir bifreiðina en hann ella hefði þurft að greiða.

Annað dæmi er um fyrirtæki sem þurfti að flytja járn til landsins. Eimskipafélagið vildi taka 25 dollara fyrir flutningseiningu, en eftir mikið þóf var hægt að koma því niður í 23 dollara, sem þó var af innflytjandanum talið of hátt. Hann leitaði því til hins erlenda seljanda, sem á einum degi leigði skip sem flutti járnið til Íslands á 16 dollara pr. einingu. Sigldi það skip þó tómt til baka, en Eimskipafélagið hefði haft fullt skip báðar leiðir. Eimskipafélagið bauð annars vegar 25 dollara, en hins vegar fengust 16 dollarar. Verð Eimskipafélagsins var um 50% hærra, þótt flutningsaðilinn, sá sem tók að sér flutninginn, hefði aðeins flutninga aðra leiðina.

Þriðja dæmið kemur fram í grein sem Loftur Jónsson skrifar í Morgunblaðið fimmtudaginn 2. nóv. 1978 undir fyrirsögninni: „Óskabarn — dekurbarn", en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem hér er ákveðið spurt, Óttarr, og jafnframt ákveðið svarað, hlýt ég að minna þig á veturinn 1967, þegar þú sást ofsjónum yfir bílainnflutningi fyrirtækis míns, Jóns Loftssonar hf., o.fl., með bílaskipum beint frá framleiðslustöðvum við vatnaleiðina í Bandaríkjunum. Á þeim tíma var flutningskostnaður pr. bíl til New York 85 dollarar og greiddum við sama flutningsgjald frá vötnunum og frá New York. Sparnaður hvers bílkaupanda á þeim tíma var því um 14 þús. kr. og munaði um þá upphæð á þeim tíma. Þessu vildir þú ekki una" — þ. e. a. s. Óttarr Möller — " og í skjóli forréttindaaðstöðu „óskabarnsins" varð fjmrn. við beiðni þinni og lagði fyrir tollstjóra með bréfi sínu frá 20. febr. 1967, að ... „skuli allt að einu reikna með í fob.-verðinu venjulegan flutningskostnað innanlands í framleiðslulandinu, enda þótt bifreiðar séu settar um borð í skip á framleiðslustað og fluttar farmflutningi til Íslands. Er hér með lagt fyrir yður, herra tollstjóri, að innheimta bifreiðagjald á framangreindan hátt." Leggi svo hver út af þessu fyrir sig. Þar með féllu þessir „samkeppnisflutningar" niður.

Ég minni þig einnig á, Óttarr, að ég skrifaði þér á sínum tíma ítarlega grg. vegna þess máls og skoraði á þig að láta afturkalla þessa, að mér fannst, óréttlætanlegu „reglugerð", en án árangurs eða svars. Ekki hef ég borið neinn kala til þín, né geri nú, vegna þessa máls né annarra, enda hef ég sjálfur barist við þau skuggaöfl, sem eru að verki í hinum rangláta mammon og keyra okkur áfram nauðuga viljuga í þeim blindingsleik, sem við erum þátttakendur í. Sá, sem sáir þvælu, uppsker þvælu.

Mér hefur sýnst þetta „óskabarn", sem þú tókst við uppeldinu á, verða að hálfgerðu dekurbarni á þroskagöngu sinni. En nú, er það er að komast í burðarliðinn, óska ég þér alls góðs við að koma því í þá höfn sem framundan er."

Herra forseti. Þegar mikilvægi samgöngukerfisins í þróun nútímaþjóðfélags er haft í huga, er ljóst að Alþingi Íslendinga getur ekki látið afskiptalausa atburðarás og framtíðarþróun á þeim sviðum sem tengja starfsemi þessara tveggja fyrirtækja. Stærðargráða fyrirtækjanna og mikilvægi samgöngukerfisins fyrir alla efnahags- og þjóðfélagsþróun Íslendinga er slík, að Alþingi ber í raun skylda til þess að ödlast ítarlega yfirsýn yfir hvernig málum er í raun og veru komið á þessu sviði. Það er í reynd meginástæða þess, að ég hef flutt hér í Sþ. till. um skipan þeirrar rannsóknarnefndar sem hér er gerð till. um. Í þáltill. er tekið fram, að n. skuli geta krafist skýrslugerðar og vitnisburða, bæði munnlegra og skriflegra, frá hlutaðeigandi aðilum og öðrum fyrirtækjum, embættismönnum og einstaklingum og nefndinni skuli veitt fjármagn til að tryggja sér sérfræðilega aðstoð.

Það hefur vakið nokkra athygli, eins og forseti vék að í upphafi þessa fundar, að till. er flutt í Sþ., en ekki í þeirri deild þingsins, Ed., sem flm. á sæti í. Og í þessu sambandi hefur verið bent á að samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar er deildum þingsins heimilt að kjósa sérstakar rannsóknarnefndir auk þeirra nefnda sem í þinginu eru kosnar samkv. 15. gr. þingskapa. Eins og till. ber með sér er sú nefndarskipun, sem hér um ræðir, ekki grundvölluð á því ákvæði stjórnarskrárinnar sem veitir deildum þingsins slíka heimild. Ástæður þess, að ég hef kosið að flytja till. hér í Sþ., þótt sá flutningur undanskilji nefndina þeim formlegu réttindum, sem getið er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, og geri tilvist hennar eingöngu háða ákvæðum þingskapa, — þessar ástæður eru eftirfarandi:

Þegar ákvæði um skipun sérstakra rannsóknarnefnda voru sett í stjórnarskrána voru deildirnar aðalstarfsvettvangur þingsins. Á síðari árum hefur hins vegar verulegur þungi þinghaldsins færst yfir í sameinað þing, þ. e. almennar tillögur um ályktanir og nefndarskipanir eru nú yfirleitt fluttar í Sþ. Sú deildaskipting, sem nú ríkir, og ákvæði um atkvgr. í þd. hafa í för með sér, að fáeinir þm. í Ed., jafnvel aðeins 6 eða 7, gætu samkv. formlegum ákvæðum stjórnarskrárinnar sett á laggirnar slíka rannsóknarnefnd sem getið er um í ákvæðum stjórnarskrárinnar og í störfum sínum gæti vísað í þann formlega rétt sem þar er tilgreindur. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að n., sem einungis hefði að baki stuðning fáeinna þm. í Ed. þótt lögformlega væri kosin samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, væri mun veikbyggðara tæki til þeirrar upplýsingaöflunar og rannsóknarstarfsemi sem hér þarf með, vegna þess að aðeins lítill hluti þingmannanna 60 stæði að baki samþykktinni, og ekki síður vegna þess, að réttindi rannsóknarnefnda samkv. 39. gr.

stjórnarskrárinnar eru svo óljós, að mikið vafamál er hvort slíkar n. fengju í reynd nokkru meira áorkað heldur en n. sem raunverulegur meiri hl. Alþ. hefði sett á laggirnar samkv. 15. gr. þingskapa. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að n., sem ætlað er að kanna jafnveigamikinn þátt í þjóðfélaginu sem hér um ræðir og ég hef því miður þurft að taka allt of langan tíma af störfum þingsins til þess að fjalla um, — en málið er stórt og viðamikið og hefur valdið miklum deilum í þjóðfélaginu og því hef ég leyft mér að níðast svo á tíma þingsins sem ég hef gert í dag, — að slík n. þyrfti að hafa meiri hl. allra þm. að baki sér til þess að hafa í reynd þann lýðræðislega bakhjarl til þess að geta komið ætlunarverki sínu í framkvæmd. Í sambandi við valdsvið rannsóknarnefnda samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar má minna á að slíkt valdsvið er í reynd mjög óljóst. Samkv. túlkun Ólafs Jóhannessonar prófessors í riti hans um Stjórnskipun Íslands hefur rannsóknarnefnd, þótt kosin sé í deild þingsins samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, ekki sérstök ráð til þess að knýja menn til að svara spurningum sínum ef þeir vilja ekki, rannsóknarnefnd hafi ekki heimild til að eiðfesta menn eða taka af þeim drengskaparheit. Þessi atriði ásamt mörgum öðrum gera það að verkum, að hið raunverulega valdsvið og starfsskilyrði rannsóknarnefnda, sem kosnar væru í deildum þingsins, m. a. vegna skorts á fordæmum í þessum efnum, eru í reynd mjög óljós.

Þegar þetta er haft í huga er það skoðun mín, að n., sem samþykkt væri af meiri hl. þm. í Sþ., hefði í reynd meiri möguleika til þess að ná árangri í starfi heldur en n. sem kosin væri af örfáum þm. í Ed., þótt hún gæti vitnað formlega séð í 39. gr. stjórnarskrárinnar. Hinn lýðræðislegi og pólitíski veruleiki, sem umlykur starfshætti þingsins og samskipti þess við þjóðfélagið, gerir það að verkum, að nefndarskipan sú, sem hér er gerð till. um, þótt grundvöll hennar sé eingöngu að finna í þingsköpum, mun í reynd reynast árangursrík, jafnvel árangursríkari en ef aðeins lítill hluti alls þingheims hefði staðið að baki henni. Hér er því um að ræða val, þar sem annars vegar eru formleg, en mjög óljós réttindaákvæði í stjórnarskrá fyrir nefnd sem hefði aðeins stuðning fáeinna þm. að baki sér, enda yrði hún þá kosin í Ed. samkv. deildarsetu flm., og hins vegar starfsgrundvöllur tryggður í þingsköpum með meiri hl. þingheims alls sem stuðningsaðila. Ég legg ríka áherslu á þann lýðræðislega þrýsting um svör við spurningum Alþingis sem slíkur meirihlutastuðningur hefur komið fram við.

Heiti nefndarinnar í tillögunni — rannsóknarnefnd — vísar því ekki til þeirrar tegundar af nefndum sem getið er um í 39. gr. stjórnarskrárinnar, heldur gefur heitið til kynna eðli þeirra verkefna sem n. er ætlað að sinna.

Á síðustu áratugum hefur það orðið æ brýnna fyrir þjóðþing í stjórnkerfum sömu tegundar og hið íslenska að skapa sér aðstöðu til að kanna starfsemi og stefnumótun á veigamiklum sviðum þjóðfélagsins og rækja á þann hátt nauðsynlegt eftirlitshlutverk með aðgerðum stofnana, stórfyrirtækja og samtaka sem setja æ meiri svip á þróun nútímaþjóðfélaga.

Á undanförnum árum hafa víða um lönd farið fram miklar umr. um beitingu könnunar- og eftirlitsnefnda af þessu tagi, en í umr. hér á landi hafa slíkar n. almennt hlotið heitið rannsóknarnefndir, og því er það heiti notað í þessari tillögu. Með rannsókn af því tagi, sem hér er gerð till. um, væri Alþ. að stíga veigamikið skref til að rækja hið umfangsmikla eftirlitshlutverk sem lýðræðiskerfi þróaðra þjóðfélaga knýr þjóðþingin til að helga sig í æ ríkara mæli, ef hið síaukna vald og aukin umsvif stofnana og stórfyrirtækja eiga ekki að ýta þjóðþingunum að verulegu leyti til hliðar hvað snertir grundvallarstöðu þeirra í mótun þjóðfélagsþróunarinnar. Ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar eru hins vegar sett fyrir röskri öld og í allt öðrum tilgangi.

Á okkar tímum verður þingið fyrst og fremst — og ég legg ríka áherslu á það — að treysta á getu þm. sjálfra og þá starfskrafta, sem þeir hafa yfir að ráða, og á hina almennu ósk þjóðarinnar í lýðræðislegu landi um upplýsingar og opna stjórnunarhætti, á vilja hlutaðeigandi stofnana, stórfyrirtækja og samtaka til að skýra efnisþætti mála og ákvarðanatöku, svo að starfsemi rannsóknarnefnda af þessu tagi skili árangri.

Þessi skoðun mín helgast einnig af því að á opinberum vettvangi hafa forráðamenn Eimskipafélags Íslands og forráðamenn Flugleiða lýst sig reiðubúna að svara öllu því sem spurt verður um. Óttarr Möller forstjóri Eimskipafélagsins sagði m. a. í viðtali við Morgunblaðið, að hann mundi með glöðu geði skýra þm. frá öllum staðreyndum. Sigurður Helgason sagði einnig: „Við höfum ekkert við það að athuga, þótt þessi þáttill. sé komin fram. Við höfum engu að leyna.“ Þess má einnig geta, að forstjóri Sambandsins, Erlendur Einarsson, fagnaði einnig tillögu sem hv. þm. Albert Guðmundsson flutti hér um könnun á starfsemi Sambands ísl. samvinnufélaga.

Herra forseti. Ég bið forláts á þeim langa tíma sem ég hef þurft að taka af störfum þingsins til þess að gera grein fyrir þessari tillögu. En eins og ég sagði áðan, þá hefur þessi tillaga þegar vakið svo miklar umr. í þjóðfélaginu og hér er um svo umfangsmikið mál að ræða, um tvo öflugustu aðilana í samgöngukerfi landsins, sem er grundvallaratriði í þjóðfélagsþróuninni, að ég taldi nauðsynlegt að gera hér í upphafi ítarlega grein fyrir efnum og ástæðum þessa tillöguflutnings sem ég hef beitt mér fyrir.

Sú margbrotna umr., sem fram hefur farið í þjóðfélaginu um málefni þessara tveggja fyrirtækja síðan till. kom fram á Alþ., er enn frekari rökstuðningur fyrir nauðsyn þess, að þingið láti málefni af þessu tagi til sín taka og þingheimur stígi það spor sem hér er gerð till. um, svo að störf þingsins færist enn frekar inn í brennidepil þeirra vandamála sem þjóðin hefur við að glíma hverju sinni. Það er ljóst, að flutningur tillögunnar markar viss þáttaskil í þeim starfsháttum, sem tíðkast hafa hér á Alþ., og endurspeglar þess vegna breyttar kröfur og breyttan hugsunarhátt í þjóðfélaginu um starfshætti sem mundu auka framlag Alþingis til lausnar þeirra vandamála sem þjóðin á við að glíma hverju sinni.

Skipulag og rekstur veigamestu þátta samgöngukerfis þjóða hafa á síðari áratugum í samræmi við breytta þjóðfélags- og atvinnuhætti orðið æ mikilvægara verkefni. Í nágrannalöndum okkar hafa verið gerðar margvíslegar tilraunir til að finna rekstri helstu samgöngufyrirtækjanna sem hagkvæmast form. Samræmd stefnumótun í samgöngum á landi, á sjó og í lofti er því einnig hér í senn viðamikið og knýjandi verkefni. Þrátt fyrir fjölmargar ábendingar um nauðsyn slíkrar samræmdrar stefnumótunar í samgöngumálum á undanförnum árum hefur enn ekki verið hafist handa í því efni. Það er von mín, að störf þeirrar n., sem hér er gerð till. um, geti verið

veigamikið framlag til þeirrar upplýsingaöflunar og þeirrar umr. sem er óhjákvæmilegur undanfari slíkrar stefnumótunar. Því er í lok till. kveðið svo á, að að loknum athugunum sínum skuli n. gefa Alþ. skýrslu og láta í ljós mat á því, hvort og þá að hve miklu leyti eignarform, rekstrarfyrirkomulag, fjárfestingar- og fargjalda- og farmgjaldastefna Flugleiða og Eimskipafélagsins brjóti í bága við eftirfarandi grundvallarmarkmið, sem samgöngukerfi þjóðarinnar beri að þjóna:

Í fyrsta lagi, að öryggi þjóðarinnar á sviði samgangna við umheiminn sé ekki í höndum einokunaraðila sem fyrst og fremst starfi á grundvelli þröngra gróðasjónarmiða.

Í öðru lagi, að ódýrastar flugsamgöngur séu jafnan við þær þjóðir sem Íslendingum eru skyldastar og almenningur vill hafa víðtækust samskipti við hvað snertir menningu, félagslegt starf og persónuleg erindi.

Í þriðja lagi, að skipulag flugsamgangna innanlands þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að tengja saman á fjölþættan hátt hina einstöku landshluta og efla samgöngur innan þeirra.

Og í fjórða lagi, að kostnaður við flutninga á vörum til landsins og innanlands verði í algeru lágmarki og þannig stuðlað að lækkun á vöruverði.

Þessi grundvallarmarkmið ásamt ýmsum öðrum hljóta að móta mjög samræmda stefnu í samgöngumálum þjóðarinnar, — stefnu sem Alþ. ber vissulega að hafa forgöngu um að verði mótuð.

Herra forseti. Að svo mæltu legg ég til að till. verði að lokinni fyrri umr. vísað til allshn.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég þakka fyrir að mér var veitt orðið utan dagskrár. Ég hafði ekki lagt sérstaka áherslu á að fá orðið í upphafi fundar, enda veit ég að það er ekki góður háttur að taka upphafstíma funda frá dagskrármálum til þess að tala utan dagskrár.

Ástæðan til þess, að ég hef kvatt mér hljóðs, er útkoma barnabókar. Má segja að þar kveði við annan tón um umræðuefni heldur en það sem nú var frá horfið. Þar er engu að síður um mikilvægt málefni að ræða.

Nú nýlega hefur komið út á Íslandi barnabók, sem er þess eðlis og þannig til komin á Íslandi, að ég tel að Alþ. geti ekki tekið því þegjandi. Þeir þm., sem eiga sæti í Norðurlandaráði, geta ekki heldur tekið því þegjandi, og ríkisstj. ætti ekki að taka þessu máli þegjandi. Þessi bók, sem heitir Félagi Jesús, er þýdd úr sænsku og gefin út með styrk úr Norræna þýðingarsjóðnum. Þessi bók kemur út á aðalbókavertíð ársins, í desembermánuði, og mun vera ætluð sem jólabók handa börnum. Það kemur fram af niðurlagsorðum þessarar bókar, að hún er ætluð mjög ungum börnum, m. a. s. þeim sem ekki eru enn farin að hefja nám í hinum svonefndu lesgreinum í barnaskólanum. Niðurlagsorð bókarinnar hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ætlum ekki að fara að segja frá svo leiðinlegum hlutum hér. Þú færð áreiðanlega að heyra um það í skólanum, þegar þú byrjar að lesa kristinfræði og mannkynssögu.“

Þessi bók er ætluð smábörnum og fjallar um líf og kenningar Krists með þeim hætti, að það hlýtur að vera fullkomlega óþolandi bæði fyrir þá, sem hafa með höndum málefni kirkju og mennta í þessu landi, og fyrir foreldra ungra barna. Í þessari bók er fjallað um kenningar Krists á þann hátt, að það hlýtur að vekja spurningu, hvort Alþ. og ríkisvald rís undir 62. gr. stjórnarskrárinnar, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hin evangeliska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“

Sú spurning rís, hvort ríkisvaldið bregst þessari skyldu sinni með því að láta það óátalið að veitt sé fé úr sameiginlegum norrænum sjóði til þess að gera auðveldari þýðingu og útgáfu þessarar bókar til handa ungum íslenskum börnum. Sú spurning hlýtur líka að rísa, hvernig útgáfa og efni þessarar bókar kemur heim og saman við 125. gr. hegningarlaganna, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sækta sektum eða varðhaldi. Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.“

Nú er það svo, að margs konar sori og óþrifnaður hellist yfir landslýðinn í prentuðu máli á ýmsum tímum án þess að nokkur hreyfi því einu orði á Alþ. Menn ræða stundum um það sín á milli og menn taka því einhvern veginn. Þeim mun skærar skína þá þær perlur sem kann að glitra á í þeim haugi sem stundum blasir við okkur, illu heilli. En hér virðist ekki hafa verið tínd ein af þessum perlum.

Ég hafði hugsað mér, ef hæstv. dóms.- og kirkjumrh. hefði verið hér viðstaddur eða hæstv. menntmrh., að biðja þá að afla skýrslna um þetta mál. Ég hafði hugsað mér að biðja hæstv. menntmrh. um grg. um hvaða umsóknir frá íslenskum útgáfufyrirtækjum lágu fyrir stjórnarnefnd Norræna þýðingarsjóðsins, þegar styrkur var veittur til þýðingar þessarar bókar og hvaða rök lágu til þess, að styrkur var veittur til þýðingar hennar. Nú er það svo, að vafalaust má deila um ýmsar fleiri útgáfubækur sem styrktar hafa verið úr þessum sjóði, en ég tel mig ekki færa um að gagnrýna það sérstaklega, því að ég hef ekki lesið allar þær bækur. Þessa bók hef ég hins vegar lesið og get fyllilega tekið undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á opinberum vettvangi um hana. (Gripið fram í.) Ég hef þegar lesið eitt dæmi, hv. þm. Ég veit ekki hvort ég á að taka fundartímann í að lesa upp úr bókinni. Ég skal lána hv. þm. bókina ef hann vill. Ég get, ef hæstv. forseti vildi gefa mér eins og tvær mínútur, fundið nokkra staði sem eru þess eðlis að ég held að jafnvel hv. 4. þm. Norðurl. e. mundi vera jafnundrandi og vonsvikinn og ég. — Ég mun, áður en ég fer að tína til þau dæmi, herra forseti, ljúka því sem ég hafði fyrir fram í huga að nefna sérstaklega.

Ég hef orðið þess vör, að þessi styrkveiting hefur orðið til þess að menn hafa alhæft, dregið almennar ályktanir út frá þessu eina dæmi og sagt sem svo: Þarna sjáið þið, það er verið að hella yfir okkur sænskum óþverra. Þetta er dæmi um sænska afkristnun o. s. frv. — Þetta vil ég ekki taka undir. Ég tel að við verðum að varast að alhæfa þannig, þó að við sjáum slíkar fúaspýtur á vegi okkar, sem þarna er um að ræða. Menn hafa jafnvel haft það á orði, að þarna væri hin norræna samvinna lifandi komin. En því stend ég hér upp, að ég vil mótmæla tiltæki sem

þessu, sem ég tel að komi óorði á norræna samvinnu. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að skýra frá því, hvernig starfsemi Norræna þýðingarsjóðsins er skýrð í skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um norrænt menningarsamstarf. Þar segir að Norræni þýðingarsjóðurinn hafi verið stofnaður 1975 samkv. samþykkt sem norræna ráðherranefndin gerði árið 1974. Það var samþ. að koma á laggirnar þessum sjóði til reynslu í 4 ár. Og menn sjá hvílíka áhættu stjórnarmenn í sjóðnum taka með því að beita honum með þessum hætti. Næsta ár er síðasta árið á þessum reynslutíma. Tiltæki eins og þetta getur hreinlega orðið til þess að eyðileggja þá menningarviðleitni sem lá að baki stofnun þessa sjóðs. Stofnun þessa sjóðs er til komin vegna óska norrænna rithöfuna, m. a. íslenskra rithöfunda, og ég hygg að þeir, sem í stjórn þýðingarsjóðsins eru og verja honum með þessum hætti, kunni að eyðileggja þessa viðleitni íslenskra og annarra norrænna rithöfunda. Um leið eru eyðilagðir menningarmöguleikar fyrir litlum málsvæðum á Norðurlöndum, líka svæðum sem eru minni en Ísland. Ég tel því að Alþ. eigi, eftir því sem unnt er, að mótmæla því sem hér hefur gerst. Ég mun, ef ég á sæti í Norðurlandaráði næst þegar þær nefndir, sem kynnu um þetta að fjalla, koma saman til fundar, taka þetta mál upp þar og leggja til að reglum um stjórn þessa sjóðs verði breytt, ef hann fær þá fylgi til að starfa áfram.

Nú er það svo, að stjórn þessa sjóðs er allt að því einráð um það, hvernig peningum úr honum er varið, og stjórnin á sjálf að gefa skýrslu til ráðherranefndarinnar um það, hvernig þýðingarsjóðurinn hefur reynst hlutverki sínu vaxinn. Menn sjá, að með þessu móti er eðlilegu eftirlitshlutverki ekki sinnt, þar eð nefndin lítur eftir starfi sínu sjálf og metur það. Þessum reglum þarf að breyta, þannig að þm. geti betur rækt eftirlit með því, sem þarna er að gerast, og metið hvort sjóðurinn er hlutverki sínu vaxinn.

Í skýrslunni, sem ég gat um áðan og er um norrænt menningarsamstarf á árinu 1977, er birtur listi yfir þær bækur, sem þýddar hafa verið með styrk frá sjóðnum, og þau útgáfufyrirtæki, sem hafa fengið styrk til þess arna. Það vekur athygli í þessari upptalningu, að í þeim lista yfir þær bækur, sem þýddar voru á íslensku, er á tveimur stöðum nefnd sama bókin, þýdd úr sænsku. Sven Wernström: Kamrat Jesus, stendur hér. Það er fyrirtæki í Reykjavík, sem heitir Prenthúsið, sem sækir um þennan styrk og fær. Nokkru neðar á sömu síðu er aftur: — Fra svensk: Sven Wernström: Kamrat Jesus. Mál og menning, Reykjavík. Það eru sem sagt tvö íslensk útgáfufyrirtæki sem samkv. þessu, ef hér er ekki um prentvillu að ræða, hafa fengið styrk til þess að þýða þessa sömu bók. Mikils þurfti við að koma þessu á framfæri við lítil íslensk börn. Það er ljóst. Og þeir, sem þarna sóttu um, höfðu líka erindi sem erfiði.

Vissulega hefur bókin fengið rækilega auglýsingu, og bætist víst lítið á það með þessu tali utan dagskrár því það mun hafa verið að þessu máli vikið á mörgum prédikunarstólum í kirkjum landsins á sunnudaginn var. Margar blaðagreinar hafa um þetta fjallað. En það er ljóst, að hér þarf viðbrögð. Viðeigandi stjórnvöld ákveða til hvaða aðgerða samkv. íslenskum lögum ætti að grípa, og sá sem hefur málefni Norræna þýðingarsjóðsins með höndum fyrir Ísland, þ. e. hæstv. menntmrh. ætti að ákveða í fyrsta lagi að leysa þá frá störfum sem misbeita svo valdi sínu og í öðru lagi að standa að og styðja breytingar á reglum sjóðsins.

Ég þakka, herra forseti, fyrir, að mér var veitt orðið um þetta efni, og bið velvirðingar á því, að ég var lengur en ég hefði viljað vera. En ég tel að málefni eins og þetta skipti mjög miklu máli og sé sjaldnar gaumur gefinn en vert væri á Alþingi.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það vill svo til að ég á sæti í stjórn Máls og menningar sem kom þessari bók á framfæri. Ég get m. a. s. upplýst hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur um það, að ég las þýðinguna í handriti og mælti með útgáfu hennar. Það kemur mér hins vegar ekki á óvart, að jafnhaldssamur þm. og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir er skuli koma upp í ræðustól til þess að krefjast aðgerða til þess að banna nánast að bækur séu gefnar út. Hún fer fram á ritskoðun, jafnvel ritbann, kallar á atfylgi Alþingis, Norðurlandaráðs, ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir þann ósóma að frjáls bókaútgáfa skuli eiga sér stað hér á Íslandi. (Gripið fram í.) Hún hefur eins og margir aðrir þm. Sjálfstfl. býsnast ósköp mikið yfir þeim skorti á ritfrelsi og mannréttindum sem er í sumum löndum, en hún talar hér nákvæmlega sama máli og yfirvöld í þeim löndum þar sem ríkið hefur fulla umsjón með því, hvað megi koma út og hvað ekki.

Það var mjög athyglisvert, að hún lýsti ekki bókinni. Hún sagði bara, að hún væri þess eðlis að það yrði að grípa til aðgerða. (Gripið fram í.) Hef ég orðið, herra forseti?

Hún vitnaði m. a. s. í hegningarlögin. En hún gleymdi að vitna í þá grein stjórnarskrárinnar þar sem segir að ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi megi aldrei í lög leiða. Þetta er, að ég hygg, æðra ákvæði en þau ákvæði sem gera má ráð fyrir að breyta megi með lögum. Vissulega er hin evangeliska lútherska kirkja ríkiskirkja, en það er ekki þar með sagt að hún hafi forræði yfir hugum manna og hugmyndum. Ég held að aldrei verði færð að því rök.

Hún lýsti bókinni ekki, eins og ég sagði, en hún fullyrti að þar væru smánuð trúarbrögð. Mig vantar rök fyrir þessu og sannanir. Það var ekkert, sem kom fram í máli hv. þm., sem benti til að þetta væri gert. Ég hef lesið bókina, alveg eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefur lesið hana, og ég fullyrði að lýsingin á Kristi og samtíma hans dregur alls ekki dár að trúarbrögðum manna eða smánar þau. Hins vegar er þetta söguleg skáldsaga. Og það er kannske ástæða til þess að minna á að hér er um skáldsögu að ræða. Hér er ekki um kennslubók í kristnum fræðum að ræða.

Og þá erum við komin að þeirri spurningu: Hvað má skáldsagnahöfundur leyfa sér, hvað má hann fjalla um og hvernig má hann fjalla um það? Það hafa komið út bækur á Íslandi fyrr sem hafa haft Krist að aðalpersónu. Þær hafa verið skilgreindar sem sögur eða skáldsögur. Íslenskir höfundar hafa skrifað slíkar bækur og þær hafa verið þýddar úr öðrum málum. Það getur út af fyrir sig varla verið saknæmt.

Þá er komið að því að athuga hvernig höfundur sögulegrar skáldsögu eigi að vinna. Á hann að þræða í einu og öllu viðteknar hugmyndir úr sagnfræðinni? Má hann víkja frá þeim, eða má hann yrkja í þær eyður sem sagnfræðin skilur eftir sig? Þá er komið að spurningunni, hvaða skilning við leggjum í sagnfræðina. Er sagnfræðingurinn algerlega óskeikull? Ég held að menn séu nú almennt komnir að þeirri niðurstöðu í bókmenntarann-

sóknum, hvort sem það eru Íslendingasögur eða Biblían eða forngrískar sagnfræðiheimildir, og almennt farnir að gera ráð fyrir því, að sagnfræðingurinn sé mannleg vera og túlki sagnfræðina út frá sínum forsendum, eftir því sem hann hefur sjálfur efni til. Nýjatestamentisfræðingar draga ekki dul á það, að í guðspjöllunum séu ýmsar tegundir bókmennta: helgisögur, spakmæli og ljóð. Sú kristinfræði, sem a. m. k. til skamms tíma hefur verið kennd í skólum sem algerar staðreyndir, er enginn grundvöllur fyrir upplýst mannkyn að vinna eftir. Nýjatestamentisfræðingar, sem mest og best hafa rannsakað þessi fræði, viðurkenna að Kristur verður eingöngu þekktur út frá sinni samtíð. Það, sem segir frá Kristi í Nýja testamentinu, er ekki dagbók hans eða annáll, ekki grg., eins og lesa má í bókinni „Faðir minn", sem gefin er út á Íslandi. Það er því ákaflega hæpið að standa hér upp og fullyrða að bók, sem lýsir sögupersónunni á annan hátt en lesandinn vildi sjálfur hafa, sé smán og andstyggð.

Ef við segjum sem svo, að það sé fullgilt að yrkja eða skrifa um Krist sem sögulega persónu, eins og gert hefur verið, og það ætti þá að byggjast á hefð, þá hlýtur eitthvað í persónulýsingunni í þessari bók að fara afskaplega mikið í taugarnar á hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur. Ég get aðeins giskað á hvað það er, því ekki vildi hún lýsa því sjálf. Sannleikurinn er sá, að í þessari bók er Kristur gæddur mannlegum eiginleikum sem guðspjallahöfundar, sem uppi voru á eftir honum, höfðu annaðhvort ekki áhuga á eða vissu ekki um. Hann var gæddur þeirri áráttu að vilja liðsinna hinum arðrændu. Ef það er andstyggð, þá er bókin auðvitað andstyggð. Ef Kristur er dreginn þannig í þessari bók að valdi andstyggð, þá er kynlífið andstyggð. Ef hann er dreginn þeim dráttum að það valdi andstyggð, þá er mannlegt eðli samkv. skilningi hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur líka andstyggð.

Sannleikurinn er sá, að þessi skáldsagnahöfundur hefur sett atburðina í pólitískt samhengi sem nútímafólk skilur. *Ætli það sé ekki aðallega þetta sem hv. þm.* Ragnhildur Helgadóttir o. fl. „skribentum" Morgunblaðsins og prestum í stól þykir andstyggð?

Ég ætla ekki að fjölyrða hér um Norræna þýðingarsjóðinn. Það var sótsvart afturhald sem réði málflutningi hv. þm. í þeim efnum, og allt ber þar að sama brunni: ákall um ritskoðun og ritbann og að skrúfa fyrir allt það sem óleyfilegt gæti talist samkv. hugmyndafræði íhaldsmanna. Ég vil aðeins minna á það, að frumkvæði að því, hver fær styrk úr Norrænna þýðingarsjóðnum, er í höndum þeirra sem vilja gefa út bækurnar og láta þýða þær.

Ég vil í lokin lýsa andstyggð minni á greinum, sem birst hafa í Morgunblaðinu og Vísi, þar sem þýðandi þeirrar bókar, *sem hér er til umr., er ausinn persónulegum svívirðingum.* Enginn tilraun hefur að mínu mati verið gerð til þess að skrifa um þessa bók á því „plani" sem hún gefur tilefni til. Ég held að menn ættu að láta tilfinningarnar aðeins jafna sig áður en þeir fara að hlaupa upp og hrópa á ritskoðun og ritbann.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég var reyndar næstur á mælendaskrá í öðru máli, sem hér var til umr. fyrr á fundinum. Ég ætla samt ekki að tala um það, en ég ætla að leyfa mér að ræða örlítið um þá fsp. sem hér hefur komið fram, af því tilefni að ég kannast við sögu eftir þennan höfund þar sem hún var á sínum tíma lesin í Ríkisútvarpið.

Það var saga eftir Sven Wernström og hét Max bragðarefur eða Max klækjarefur, ef ég man rétt. Ástæðan fyrir því, að ég tek hér til máls, er að benda á að þessi saga var dálítið sérstök. Reyndar kom í ljós þegar hún hafði verið lesin í útvarpið, að fyrrv. útvarpsráð, þ. e. a. s. útvarpsráð Njarðar P. Njarðvík og Ólafs Ragnars Grímssonar, hafði samþykkt þessa sögu til flutnings í útvarp fyrir börnin á morgnana. Sagan fjallaði um það, að Max þessi klækjarefur notfærði sér gáfur sínar til að hjálpa verstu mönnum þjóðfélagsins, ýmsum milliliðum, heildsölum og slíku óféti, til að níðast á öreigum og verkalýð, þótt auðvitað hafi þeir hlotið makleg málagjöld í lokin. En það sem kannske kastaði tólfunum var í lok sögunnar. Sagan var lesin í ágætri þýðingu og góðum lestri Þórhalls Sigurðssonar leikara. Ég er ekki að kenna þeim um, hvorki þýðanda né lesanda. Verk þeirra voru áreiðanlega góð. En það, sem kastar tólfunum, voru sögulok höfundar, en þar segir hann á þessa leið: Þið skuluð nú, krakkar mínir, trúa því öllu sem ég hef hér sagt. Ég veit að vísu að foreldrarnir eru annarrar skoðunar, en geymið þetta samt í hjarta ykkar, því að þið komist að raun um að það eru foreldrar ykkar sem hafa á röngu að standa.

Þetta varð til þess, að þetta mál var tekið fyrir í útvarpsráði og rætt dálítið þar. Þá komu fram ýmsar gagnmerkar upplýsingar um þennan ágæta höfund. Í fyrsta lagi er það, að hann fer ekki í grafgötur með skoðanir sínar. Þessi maður er, eins og vitað er, *mikill kommúnisti* og hann hefur látið hafa það eftir sér, að hann telji vitatilgangslaust að reyna að innræta fullorðnu fólki slíkar kenningar og þess vegna beri að byrja við tveggja eða þriggja ára aldurinn. Þetta var haft eftir þessum ágæta höfundi sem hér er til umr. Auðvitað voru bókuð mótmæli í útvarpsráði og reyndar samþ. ef ég man rétt. Þess vegna kom mér dálítið á óvart að sjá nú fyrir jólin að þessi bók skyldi koma út. Það hefði svo sem ekkert verið *hægt að segja við því ef Mál og menning hefði gefið* þessa bók út, því að Mál og menning gefur út ýmsar bækur í því skyni, sem þessi bók er ætluð. Það, sem hins vegar veldur manni dálitlum áhyggjum, er að útgáfan er að nokkru kostuð — að því að ég held — af almannafé. Þar liggur hundurinn grafinn.

Við höfum hér í þingsölum ágæta þm., og það, sem kom hér fram hjá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, sem er bæði gift guðfræðingi og dóttir prests, var ákaflega athyglisvert og eins voru skoðanir hennar. Ég vil þakka henni fyrir þá kristinfræðikennslu sem hún veitti okkur úr ræðustólnum. Það er ágætt að vita hvernig hún álítur að slík fræðsla eigi að fara fram.

Ég vil sem sagt ítreka, að hér er ekki verið að ráðast á *það að Mál og menning gefi þetta rit út. Mál og menning* má gefa hvaða sorprit sem er út fyrir mér, það skiptir mig ekki nokkru máli. Það, sem verið er að benda á, er að við skattgreiðendur í þessu landi og skattgreiðendur annarra Norðurlanda verðum að borga brúsann, þannig að Mál og menning þarf ekki að selja þessa bók á jafnháu verði og ella. Þetta er kjarni málsins og um þetta snýst það.

Ég vildi láta þessar upplýsingar koma hér fram þannig að mönnum væri ljóst hvers konar höfundur er hér á ferðinni.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil láta þá skoðun í ljós, að mér þykir Alþingi ekki vera vettvangur

til þess að láta í ljós álit á bókum, hvort þær eru góðar eða slæmar. Til þess eru dagblöð t. d. ætluð. Fólk getur um slíkt skrifað blaðagreinar, en Alþ. er ekki og á ekki að vera vettvangur þess.

Það er með mat á svona bókum, að það getur auðvitað aldrei verið algilt. Hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur getur þótt bók vera góð sem hv. þm. Svövu Jakobsdóttur þykir vera vond — og öfugt. Það er auðvitað enginn algildur dómur um þetta til. Þetta er ævinlega smekksatriði. Það hygg ég að sé kjarni málsins. Satt að segja mislíkaði mér sú tilhneiging, sem mér þótti kenna í máli fyrirspyrjanda um þetta efni, að finnast vera til einhver algildur mælikvarði á það, hvort bækur séu góðar eða slæmar.

Það er skoðun mín satt að segja, að alltaf sé ósmekklegt að nugga sér utan í Krist, hvort sem það er gert úr ræðustól á Alþ. eða annars staðar. Túlkanir af því tagi, sem eru í þessari bók sem Þórarinn Eldjárn hefur þýtt á íslensku og hér er til umr., eru auðvitað ekki nýjar af nálinni, gríski rithöfundurinn Kazantzakis skrifaði t. d. bók fyrir 20 árum eða svo um ævi Krists, sem vakti mikla hneykslun, en aðdáun margra. Efnisþráðurinn gekk m. a. út á það, að Kristur hefði verið mennskur maður, ástfanginn af Maríu Magdalenu og að því kominn að guggna og gefast upp í garðinum Getsemane þegar bjargvættur mannkyns, Júdas Ískaríot, kom og kyssti hann og var þar með valdur að því að Kristur guggnaði ekki, heldur fórnaði sér fyrir mannkynið og heiminn. Söguskoðun Kazantzakis þótti auðvitað mörgum ákaflega ósmekkleg. Aðrir voru fullir aðdáunar. Ég hygg að það hafi gerst með þessa skáldsögu, að hún hafi unnið sér sess meðal sígildra bókmennta. Með þessu er ég að engu að spá um hvað framtíðin kunni að bera í skauti sér um þá bók sem hér er til umr. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttur hefur auðvitað hinn fullsta rétt til að fyllast viðbjóði við að lesa þessa bók, en Svava Jakobsdóttir hefur líka hinn fyllsta rétt til að þykja þetta vera góðar bókmenntir. Þeir, sem að þessari bókaútgáfu standa, hafa hinn fyllsta rétt til að sækja um styrki til menningarstofnana til þess að aðstoða sig við útgáfuna.

Ég verð að segja það líka, að í máli fyrirspyrjanda mislíkaði mér mjög — hvað sem menn vilja kalla það — það sem mér þótti vera ritskoðunartilhneiging sem þarna gætti mjög verulega. Ég er þeirrar skoðunar, að Alþ. eigi ekki að hafa áhyggjur af góðum bókum eða vondum bókum. Góðar bækur lifa og vondar bækur dæma sig sjálfar. Alþ. þarf engar áhyggjur að hafa af því. Ef þetta er vond bók verður henni ekki haldið að börnum, a. m. k. ekki af þeim sem þykir hún vera vond. Ef einhverjum finnst það vera smekklegt, rétt eða fagurt að halda þessari bók að börnum, þá er það þeirra heilagur réttur að gera svo. Það er raunverulega aðeins til einn samnefnari fyrir dómara í málum af þessu tagi, og það er auðvitað ekki hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og ekki heldur hv. þm. Svava Jakobsdóttir. Þessi samnefnari er fólkið og tíminn. Þessi samnefnari einn getur dæmt um það, hvort bækur séu góðar eða vondar, hvort bækur séu smekklegar eða ósmekklegar.

Ég vil endurtaka það, að mér líkaði mjög miður — og ég segi enn: hvað sem menn vilja kalla það — það sem er ritskoðunartilhneiging í máli málshefjanda. Höfundur bókarinnar er vissulega ekki hér til að svara fyrir sig og útskýra, ef þyrfti að spyrja hann. Þýðandi bókarinnar er ekki heldur hér til að útskýra eða svara spurningum. Vettvangur fyrir skoðanaskipti af þessu tagi, sem auðvitað geta þjónað menningarlegum tilgangi, á ekki að vera Alþingi. Vettvangurinn á að vera dagblöð, þar sem hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur er auðvitað frjálst að þykja bækur vondar og hv. þm. Svövu Jakobsdóttur jafnfrjálst að þykja bækur góðar.

Ég endurtek það enn og aftur að tíminn og fólkið samanlagt getur eitt dæmt um gildi bóka, en Alþ. er rangur umræðuvettvangur rétt eftir að bók hefur komið út.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég ræði um notkun á almannafé það á Alþ. ef mér sýnist svo, hvort sem hv. þm. Vilmundi Gylfasyni líkar það betur eða verr. Mér þykir það koma úr hörðustu átt, að hann, sem lætur sér fátt mannlegt óviðkomandi, skuli láta sér detta í hug að finna að því, sem er aðalatriði þessa máls, að hér hefur almannafé verið notað og almennur menningarsjóður verið notaður sem skálkaskjól til þess að halda afkristnunarefni að íslenskum börnum. Ég get ekki séð að alþm. komi þetta minna við en margt það sem hér er rætt á þinginu, að Alþ. komi þetta minna við en jafnvel rannsókn máls Skúla í Laxalóni, sem er ekki heldur á Alþ. fremur en höfundur eða þýðandi þessarar bókar. Aðalatriði þessa máls er þetta: Hér hefur norrænn þýðingarsjóður, sem stofnaður er í sameiginlegum menningartilgangi norrænna þjóða, verið notaður í augljósum pólitískum innrætingartilgangi. Það er aðalatriði málsins. Hitt er rétt, að vitanlega hafa þm. sem aðrir misjafnar skoðanir á því, hvaða bækur eru góðar og hvaða bækur eru vondar. Skárra væri það nú þjóðfélagið, sem við lifum í, ef það væri ekki svo, — það væri ósköp leiðinlegt. En hér er ekki um tilhneigingu til ritskoðunar að ræða. Það er um að ræða tilhneigingu til að hafa skoðanir á því, til hvers megi nota það fé sem er almannafé og á að nota í almennum menningartilgangi, með allri virðingu fyrir prófessor Sveini Skorra Höskuldssyni og hans bókmenntasmekk. Ég tel að reglur sjóðsins séu þannig, að þær skammti honum einum Íslendinga vald yfir því að ákveða hvaða umsóknir hljóti náð fyrir augum þessarar sjóðsstjórnar og hverjar ekki. Það þarf enginn að segja mér að það hafi ekki ýmsum íslenskum umsóknum verið hafnað. Ég veit að það bárust árið 1977 til þessa sjóðs 200 umsóknir. 106 umsóknum var sinnt. Einhvers staðar verður því að velja og hafna, og ég get ekki séð annað en það komi alþm. við rétt eins og hverjum öðrum.

Þegar menn blanda saman fjárhagslegum hagsmunum fyrirtækis, sem þeir eiga stjórnaraðild að, og hinu, hvernig á að nota almannafé, þá er dálítið vandasamt og varhugavert mál á ferð. Hv. 10. þm. Reykv. kom hér í ræðustól og sagðist eiga sæti í stjórn Máls og menningar sem hefur gefið út þessa bók með styrk úr Norræna þýðingarsjóðnum. Þarna er um peningalega hagsmuni að ræða fyrir þetta fyrirtæki, það er ljóst. Og það hefur auglýsingagildi fyrir þetta fyrirtæki að geta prentað það á kápu bókarinnar eða á spjald bókarinnar, að bókin sé gefin út með styrk úr Norræna þýðingarsjóðnum. Það á að vera gæðastimpill, svo að þarna er ekki um litla peningahagsmuni að ræða.

Hitt er svo annað mál, að ræða hv. 10. þm. Reykv. var með þeim hætti, að ég hlýt að harma að áður svo mæt kona sem hún skuli hafa flutt þá ræðu. Hún var svo full af rangfærslum og pólitískri blindu og undarlegri — ekki beinlínis velviljaðri — óskhyggju að undrum sætti. Hv. þm. talaði um að ég hefði krafist ritskoðunar, ég hefði

krafist þess að bækur væru bannaðar og fleira í þeim dúr. Það, sem ég sagði, var þetta: Rétt stjórnvöld eiga að taka ákvarðanir um hvaða viðbrögð á að viðhafa. Ég talaði efnislega um að það ætti að bera saman þessa bók og efni tiltekinnar lagagreinar og efni tiltekinnar stjórnarskrárgreinar. Annað sagði ég ekki um það atriði. Ég sagði aldrei að ætti að banna þessa bók, það er einfaldlega ósatt. (**SvJ:** Mælir þá með að hún verði lesin?) Ég mæli með því að þm. lesi hana, en ég mæli ekki með því, að henni sé haldið að ungum börnum. Og það er smekksatriði. Það getur hv. þm., prestsfrúin, gert ef henni sýnist svo. (**Gripið fram í:** Þm. er að auglýsa bókina.) Víst er það. Hún hefur þegar fengið ærna auglýsingu, ekki kannske af öllum prédikunarstólum borgarinnar, en velflestum. (**Gripið fram í:** Hefur þm. aldrei reynt að lesa fyrir börn?) Þm. hefur, hugsa ég, í lengri tíma og í fleiri ár lesið fyrir börn en hv. þm. sá sem núna spurði. (Gripið fram í.) Einmitt. Og kannske þykir þm. börn vera svo skarpir gagnrýnendur um bækur, að þeim sé ætlandi að gleypa með hrifningu við þeim kenningum, sem hv. þm. hefur fram að færa um þjóðfélagið og eru í þeim barnabókmenntum sem hann hefur staðið að að fluttar yrðu í Ríkisútvarpinu í sínum tíma. Hann um það.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir lýsti viðhorfi sínu til frelsis með athyglisverðum hætti, þeim hætti að menn ættu e. t. v. að hugleiða það með tilliti til örlaga ýmissa mann í veröldinni fyrr og síðar, til hvers menn nota frelsið. Hv. þm. vill hafa óskorað frelsi til þess að ausa hvaða sora sem henni sýnist yfir hvern sem er, hvaða svívirðingum og hvaða sora sem mönnum sýnist að ausa yfir fólk. Það finnst hv. þm. sjálfsagt ef það er í prentuðu máli. Það er prentfrelsisákvæði í stjórnarskránni, en þar og í lögum eru líka önnur ákvæði sem eiga að skapa aðhald til þess að menn misnoti ekki frelsið til þess að fótumtroða það, sem öðrum er heilagt, og æru annars fólks, rétt eins og athafnafrelsi manna má ekki nota til þess að beita aðra ofbeldi. Ef menn hefðu í höndum vopn, sem hægt væri að nota til ofbeldisverka, þá mundi hv. þm. ekki mæla því bót héðan úr ræðustóli að það væri notað með þeim hætti. En þeim, sem hafa hlotið þá náðargáfu að geta notað orðsins list sem vopn, — og ég skal ekkert úr því draga að það getur hv. þm. Svava Jakobsdóttir ef henni sýnist svo, — a. m. k. getur hún notað orðsins list öðrum til gleði þegar svo liggur á henni, e. t. v. ekki sem vopn, — þeim, sem hafa svo mikið vald yfir orðsins list að þeir gætu notað það sem vopn, finnst að þeir megi nota það vopn til illra verka og þeir einir, sem beita því, eigi sjálfir að meta hvaða verk eru ill og hver ekki. Þeir, sem fyrir því verða, eiga ekkert að hafa um þau verk að segja. Þetta er skilningur hv. þm. á þessum þætti athafnafrelsisins. (Gripið fram í.) Hv. þm., ég vil ekki níðast á umburðarlyndi hæstv. forseta með því að fara að lesa heila bók sem er búið að auglýsa jafnrækilega og þessa. Hv. þm. fékk einnig lánaða bókina hjá mér áðan og er þegar búinn að lesa nokkrar síður í henni. (Gripið fram í.) Það eru e. t. v. einhverjir, sem hafa einhverjar „kommissionir" sem þeim kemur illa að eitthvað yrði nartað í ef menn önduðu á þessa bók. Ég veit ekki alveg hvað hv. 3. landsk. þm. á við, en það mætti ætla að hv. 3. landsk. þm., hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 10. þm. Reykv. stæðu sameiginlega á bak við útgáfu þessarar umræddu bókar. Það kemur þá fram í skýrslu hæstv. ráðh. þegar þar að kemur.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti.Ég hef ekki átt lengi sæti á hinu háa Alþingi, en það verð ég að segja, að þetta eru furðulegustu umr. sem hér hafa farið fram þann stutta tíma sem ég hef getað skemmt mér við að sitja undir umr.

Ég hafði eiginlega ekki hugsað mér að taka til máls, en gat þó ekki látið það hjá líða eftir síðari ræðu hv. 5. þm. Reykv. Ég veit ekki hvort ég skil það rétt, að ég sé staddur á Alþingi Íslendinga árið 1978. Ég gæti miklu frekar álitið eftir málflutningi hv. 5. þm. Reykv. að dæma, að þar talaði dómari frá tíma rannsóknaréttarins hjá kaþólsku kirkjunni á 17. öld suður í Evrópu, eða kannske að maður væri staddur í nútímanum, en á allt öðrum stað í heiminum, kannske á fundi hjá Æðsta ráðinu í Moskvu. (**Gripið fram í:** Þar liði þér vel.) Ég hygg, að hvað sem líður skoðunum hv. 5. þm. Vesturl. á því, hvernig mér liði á fundum í Æðsta ráðinu í Moskvu, þá sé enginn vafi á því, að bæði honum og hv. 5. þm. Reykv. liði þar langtum betur, a. m. k. þegar höfð eru í huga þau viðhorf sem fram komu í málflutningi þm. Ragnhildar Helgadóttur áðan.

Það er alkunna, að það eru býsna miklir valdamenn í veröldinni sem kenna sig við kommúnisma, og þeir eru sífellt að vara við hættunni af þeim mönnum sem hafi vald á orðsins list, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir talar um. Þessir menn geti verið svo hættulegir, þeir noti orðsins list til illra verka, eing og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir orðaði þetta áðan. Þetta er nákvæmlega sami málflutningurinn.

Hvaðan kemur hv. þm. vald til þess að leyfa sér að halda því fram héðan úr þessum ræðustól, að hún hafi eitthvert umboð til þess að túlka það, hvort þessi bók eða hin eigi að fá að birtast hér í landi okkar vegna þess að hún innihaldi skoðanir? Mega ekki allar skoðanir koma fram? (**Gripið fram í:** Þetta er ráðstöfun á almannafé.) Ráðstöfun á almannafé, einmitt. Það á sem sagt að setja um það reglur fyrir þessa norrænu þýðingarmiðstöð, að hún megi aðeins veita styrk til útgáfu á bókum sem hafa ákveðnar skoðanir, en henni sé bannað að veita styrk til bóka sem hafa einhverjar aðrar skoðanir. Það á ekki lengur að spyrja um listrænt gildi, heldur á að spyrja um skoðanir.

Hv. þm. Friðrik Sophusson talaði um að þessi höfundur mundi vera kommúnisti. Ég hef ekki hugmynd um það. Ég þekki ekki þennan höfund, hef ekkert eftir hann lesið, hvorki þessa bók né aðrar. En ég vil hins vegar slá því föstu, að ef Alþingi Íslendinga ætlar að fara að gera ráðstafanir í þá átt að segja: Við vitum ekki fé til að bók komi út af því að hún inniheldur þessa eða hina skoðun, af því að í henni er kommúnismi, af því að í henni er kristindómur, af því að í henni er kapítalismi eða af því að í henni er heiðindómur, þá skal hver og einn gæta að sjálfum sér, því að sá, sem kann að hafa vald í dag til að banna slíkt, kann að hafa misst það á morgun og það bitnaði á honum sjálfum. Ég vil vænta þess, að þeim fari fækkandi í þessu landi sem leyfa sér að halda fram kenningum af þessu tagi. Við skulum veita fjármagn, að svo miklu leyti sem við höfum getu til, til hverrar þeirrar bókar sem vel er skrifuð, sem á eitthvert listrænt erindi, hvort sem við persónulega erum sammála þeim skoðunum, sem þar koma fram, eða ekki.

Valdamenn kommúnismans í veröldinni hafa verið að reyna að koma sér upp heilögum mönnum. Það hefur ekki mátt fjalla um þessa menn: Nei, nei, nei, heilagir

menn. Það má ekki skrifa um þá nema eftir ákveðinni forskrift. Á að fara þannig með Jesú Krist, að það sé aðeins ein opinber túlkun eða ef hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur þóknast ekki að kannast við myndina af sögupersónunni Kristi í einhverri bók, þá eigi að banna bókina eða þá megi alls ekki veita til hennar fé? (**RH:** Hver er að tala um að banna?) Ég vil ætlast til þess að það séu leidd rök að því, að bókin sé að einhverju leyti slæm, burt séð frá þeim skoðunum sem koma fram í henni, ef á að halda hér uppi gagnrýni á þessa fjárveitingu. Ég get ekki gert ráð fyrir því, enda þótt ég hafi ekki lesið þessa bók, að þarna sé um eitthvert sorprit að ræða. Ég hef verið þeirrar ánægju aðnjótandi að lesa bækur frá þýðanda þessarar bókar, Þórarni Eldjárn, og það þarf meira en lítið til að sannfæra mig um að jafnágætt og efnilegt ungt skáld og þar er á ferð, sem ég vona að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir geti viðurkennt með mér, fari að eyða tíma sínum í að þýða sorprit. Mér þykir slíkt ekki líklegt. Ég held að það sé harla ólíklegt. Ég óttast a. m. k. ekki, að unglingar á Íslandi bíði tjón á tungu sinni við það að lesa það sem þessi maður lætur frá sér fara á voru máli.

Það er ekki ástæða til að hafa um þetta mörg orð í viðbót, en það er kannske að ýmsu leyti gott af umr. að þessu tagi fari hér fram, þótt maður hefði ekki átt von á því þegar mörgum mikilvægum verkefnum er hér að sinna. En ég verð að segja, að það fer þó ekki hjá því — held ég — að það sé þarft að þeir einstaklingar, hvort sem þeir sitja hér á hinu háa Alþingi eða annars staðar í þjóðfélaginu, sem reynast hafa skoðanir á borð við þær sem fram hafa komið hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, auglýsi þær skoðanir sem rækilegast þannig að menn geti lært að varast þær.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég get tæpast látið hjá líða að lýsa undrun minni á þeim umr. sem hér fara fram. Mér finnst að báðir málsaðilar hafi farið langt út fyrir það verksvið sem hér ætti að vera. Mér finnst það t. a. m. fjarstæða að bera hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur á brýn, að hún sé að mæla fyrir ritskoðun og ritbanni. Það hef ég ekki heyrt í máli hennar. Hún var að gagnrýna fjárveitingu til þessarar útgáfu. Það hlýtur hv. þm. Stefán Jónsson að hafa heyrt eins og ég. En mér finnst ekki að þetta mál eigi að ræða hér með þessum hætti, þó að það kunni að vera skemmtilegt að hlýða á bókmenntalegar skoðanir ýmissa þm., og á kannske eftir að fara enn þá batnandi því að ég veit ekki betur en hv. þm. Stefán Jónsson sé á mælendaskrá og getur þá gert aths. við það sem ég segi hér. (**StJ:** Þm. vill kannske segja okkur hvernig hún á að verða.) Ég ætla að koma að því og það var erindið hingað. Ef hv. þm. getur haft örlitla biðlund, þá mun ég víkja að því sem hann er að tala um.

Hér virðist mér vera um það fjallað, hvaða bækur séu þess verðar að Norræni þýðingarsjóðurinn styrki útgáfu þeirra. Það hlýtur, eins og hér hefur komið fram og viðurkennt er af öllum hv. ræðumönnum, að vera ákaflega mikið matsatriði. Bækur eru sem sagt bæði góðar og vondar. Sama bókin getur verið það eftir því hver les hana og hver það er sem dóminn fellir. Og það getur náttúrlega verið og hlýtur að vera vandaverk fyrir þá menn, sem í sjóðsstjórn sitja og eiga að fella þessa dóma, að gera það. Það verður aldrei við því búist, að þeir geri það svo að öllum líki. Þeir hljóta að verða að styðjast þar við eigin sannfæringu, við eigin könnun á því sem fram er lagt og sótt er um styrk til. Og ég ætla þá að segja hv. þm. Stefáni Jónssyni hvað það er, sem ég tel aðallega ábótavant við þessar umræður.

Ef þetta mál á að koma til kasta Alþingis, þá finnst mér að það eigi að koma til kasta Alþingis með hefðbundnum hætti, alþm. fái tóm til að gera sér hugmynd um það, hvernig þessi bók er gerð og hvort hún sé þess virði að hún sé styrkt. Við getum ekki fellt neinn dóm um það fyrr en við höfum fengið tóm til þess að lesa bókina. Þess vegna álít ég — (**StJ:** Ég var að biðja hann um að lesa bókina.) Já, ég vil gjarnan gera enn þá meira. Ég er ekki alveg viss um að ég sé tilbúinn að dæma bókina eftir upplestri hér, jafnvel þó að væri upplestur hv. þm. Stefáns Jónssonar, sem er allra manna bestur lesari eins og allir vita. Ég held nefnilega að ef þetta mál ætti að verða þingmál, þá ætti það að bera að með venjulegum hætti. Það ætti að dreifa bókinni, það ætti að hafa um hana nokkrar umr., það ætti að senda hana til n., og n. mundi vafalaust senda bókina til umsagnar ýmissa aðila, eins og hér tíðkast venjulega. Þegar þær umsagnir hefðu borist og menn hefðu haft tækifæri til þess að meta bókina sjálfir, þá fyrst gætum við látið í ljós álit okkar á bókinni og starfi þeirra manna sem hafa útdeilt fjármunum til útgáfu hennar.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Um það mál, sem hér er til umr., vildi ég segja þetta: Sýnið kristinni trú og sögu Krists og síðast en ekki síst Alþ. þá virðingu að hefja ekki og halda ekki áfram umr. þessari á þeim grundvelli sem hér hefur verið gert. Þessi umr. öll er Alþingi til vansæmdar. Ég skora á þig, herra forseti, að ljúka umr. hér og nú.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessar umr. mikið, vil aðeins í upphafi máls míns geta mér þess til, að hv. þm. Einar Ágústsson hafi látið þess ógetið að samkv. þeirri málsmeðferð, sem hann lagði til að viðhöfð yrði hér á hv. Alþ. um bókarmál þetta, þá yrði hún að endingu samþ. sem ályktun Alþingis eða hafnað.

Ég get ekki með öllu hneykslast á því þótt hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir risi hér á fætur til þess að ræða um það hjartans mál sitt sem er útgáfa á íslenskum barnabókum. Ég er ákaflega feginn því, að í þeim hópi skuli vera menn, sem annað slagið leyfa sér að hlýða svo hjartans kalli, hvort heldur sem um er að ræða útgáfu á bók eða t. d. meðferð íslenskrar tungu eða friðun rjúpunnar. Ég tel það ákaflega gott, að slík mál skuli enn eiga leið inn í umr. á Alþ.

En hitt má hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir ekki í sömu andránni gera, að neita því að hún hafi fordæmt þessa bók frammi fyrir okkur, í öðru orðinu heitið því að lesa okkur dæmi um svívirðilega túlkun á ævisögu Jesú Krists og svíkja okkur um það síðan. Til þess arna hafði hún ærið tóm í máli sínu áðan. Hún segist ekki hafa krafist þess, að bók þessi væri bönnuð, segir þó að í þessari bók sé fjallað um líf og kenningar Jesú Krists á óþolandi hátt, nefnir í sömu andránni og við hliðina á og sitt hvorum megin við klámritaútgáfu á Íslandi, sorpútgáfu, og segist draga í efa að ríkisvaldið rísi undir því samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar um þjóðkirkju okkar, að hún skuli vera evangelísk lúthersk kirkja, að gera ekkert í þessu máli, skorar á Alþ. að gera sínar ráðstafanir, að vísu í tengslum við þann styrk sem norræni sjóðurinn veitti til þessarar þýðingar. Hvað sagði hv. þm. á sínum tíma um sýningu á kvikmyndinni og síðan leikritinu og plötu-

útgáfunni um Jesus Christ Superstar?

Ég hef ekki enn þá fengið tækifæri til þess að lesa þessa bók, sem hv. þm. léði mér af mikilli vinsemd, nema 3-4 fyrstu síðurnar, þar sem ég fékk ekki betur séð en sagt væri frá því í upphafi með hvaða hætti Jesús Kristur, trésmiðssonurinn frá Nasaret, tók af biðlund þátt í hasarleik með strákum þar í Nasaret.

Ef við ætluðum að ráðast af slíkum hita gegn öllum þeim skáldskap sem skrifaður hefur verið um ævi Jesú Krists frá Nasaret, sennilega að langmestu leyti í mikilli alvöru, þá mundum við lenda í vandræðum t. d. með leikrit eins og The Vigil — Vakan — sem ungverski rithöfundurinn Vladislav Fodor skrifaði á ensku á sínum tíma um krossfestingu Krists, sem kemur nú ekki aldeilis heim og saman við hin hefðbundnu kristnu fræði, en hefur þótt býsna góður kristindómur fram að þessu og ekki beinlínis verið bannað af kaþólsku kirkjunni. Ef mig minnir rétt þá ortu þeir Rupert Brook og Shelley töluvert um ævi Jesú Krists og gengu þar í berhögg við hin klerklegu fræði.

Til þess að taka af allan vafa um að bókin væri vond, þá minnti Friðrik Sophusson á söguna sem lesin var í útvarp um Max bragðaref sem studdi braskarana og svíðingana á kostnað fátæka fólksins, sem sagt: Max bragðarefur rak þá ekki út úr musterinu.

Dæmin eru ótalmörg í íslenskum skáldskap og skandinavískum skáldskap. *Mér kemur nú helst í hug marg*endurtekin útgáfa Norsk Gyldendal á ljóðum Rudolfs Nielsen, sem orti e. t. v. öllum skandinavískum skáldum meir um líf og kenningar Jesú Krists og var kommúnisti. Nú hefur Norsk Gyldendal ekki beinlíinis þótt vera kommúnistaútgáfufyrirtæki, a. m. k. ekki á borð við Mál og menningu, og ég minnist erindis, sem ég man nú ekki hvort Magnús Ásgeirsson eða Steinn Steinarr þýddi, sem gæti kannske komið í stað þeirrar útvarpssögu um Max bragðaref sem studdi braskarana til þess að vega upp á móti þeim svívirðilega og hættulega boðskap sem í þeirri sögu fólst. Ef mig minnir rétt, þá hefst lokaerindi þessa kvæðis á þeim orðum:

„Þeim ríku small svipan með ógnarorð,
í þeim átti vonskan rætur,
en þjófurinn mettist við meistarans borð
og mellan lá við hans fætur,
og rættist undurvel úr honum, takk,
í umgengni við slíkt skítapakk."

Ég tek undir hugmyndina um það, að alþm. gefi sér tóm til þess að ræða útgáfu þessarar bókar nánar, þegar þeir hafa fengið tækifæri til þess að lesa hana. En feginn er ég nú að þýðingin var styrkt, því mér skilst að með þessum styrk kosti bókin á þriðja þús. kr., en hefði orðið dýr ella.

Ólafur Ragnar Grímsson: *Herra forseti. Þótt þessi* umr. utan dagskrár hafi rofið umr. um það mál, sem ég hóf í dag með kannske of langri ræðu, þá vildi ég láta í ljós sérstakt þakklæti mitt til Ragnhildar Helgadóttur fyrir að hafa flutt það mál sem hún flutti í dag. Það er vissulega þakkarvert að hún skuli hafa hreinskilni og djörfung til þess að sýna þjóðinni framan í það miskunnarlausa andlega harðræði sem íslenska íhaldið hefur löngum viljað láta ráða í andlegum efnum.

Þetta er gert undir því yfirskini, að hér sé verið að fara með almannafé. En hvílíkt yfirskin! Alþ. veitir fé til margvíslegra menningarmála. Það veitir styrki til bókaútgáfu. Það veitir styrki til leikhúsa. Það stofnar kvikmyndasjóði. Það starfrækir menningarsjóði. Það styrkir áhugaleikfélög um allt land. En þar skilur á milli okkar hv. þm. í grundvallaratriðum, að hv. þm. telur að þetta fjárframlag af almannafé veiti henni sem þm. forræði yfir andlegum efnum fólksins í landinu, veiti henni rétt til þess að beita Alþ. og ríkisstj., Norðurlandaráði og kannske næst bandaríska hernum, varnarliði þjóðarinnar, til þess að knýja fram þann rétta anda sem á að hennar dómi að ríkja í þeirri listrænu starfsemi sem styrkt er af almannafé. Okkar skilningur er hins vegar sá, að um leið og Alþ. veitir fé úr almannasjóðum til andlegrar starfsemi, þá afsali það sér um leið forræði yfir menningarlegu eða hugmyndalegu innihaldi þeirrar menningarstarfsemi. Hér skilur á milli þess frjálsræðis í menningarmálum, þess lýðræðis í andlegum efnum í þessu landi, sem við annars vegar og hins vegar hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir viljum hafa í hávegum. Þess vegna þakka ég einmitt fyrir það, að þetta skuli hafa gerst hér í dag, því það gerist allt of sjaldan að íslenska íhaldið missi frjálsræðisgrímuna og komi til dyranna eins og það er klætt, *komi til dyranna eins og það hefur gert hér* löngum áður fyrr, t. d. í árásunum á Halldór Laxness, og segi hvað er góð bók og hvað vond, hvað eigi að banna og hvað eigi að leyfa.

Ég tel að þessum tíma þingsins hafi verið vel varið, vegna þess að ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir þjóðina, fyrir alla þá sem unna í reynd andlegu frelsi í þessu landi og lýðræði í menningarefnum, að fá að sjá framan í þá andlegu harðstjórn sem býr að baki kenningunni um að það að veita fé úr almannasjóðum veiti rétt til forræðis yfir andlegu innihaldi þeirra hugverka, hvort sem það eru leikrit, tónverk, plötur, kvikmyndir eða bækur, sem kostuð eru af þessu almannafé. Þar skilur á milli í grundvallaratriðum. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði áðan, að í þessum efnum á hv. þm. lagsbræður með þeim sem beita sínu pólitíska valdi og yfirráðum yfir almannasjóðum í landi sínu til þess að styðja æskilegar bækur og hindra óæskilegar bækur.

Þeim, sem stundum kenna sig við frjálshyggjuna á Íslandi, hefur því miður oft og iðulega tekist að breiða yfir það, að í reynd eru þeir sömu ættar og valdsmenn sögunnar fyrrum og valdsmenn í öðrum löndum á okkar tíma sem vilja nota vald sitt yfir fjármunum þjóðanna, vilja nota vald sitt í stofnunum ríkisins og vilja nota vald sitt í alþjóðlegum stofnunum eins og Norðurlandaráði til þess að segja við rithöfunda og listamenn hvað sé æskilegt og hvað óæskilegt. Ég er ekki að segja að hv. þm. sé í sjálfu sér að fara fram á boð eða bönn, en hún er að setja fram þá kenningu, að Alþingi Íslendinga, hið pólitíska vald í landinu, dómsmrn., ríkisstj. og Norðurlandaráð, eigi að segja listamönnum þessa lands hvað sé styrktar vert og hvað ekki. Hér skilur á milli þess í grundvallaratriðum, sem við hinir teljum að eigi að vera lýðræði á Íslandi, og þess forræðis valdsins, sem hv. þm. og flokksmenn hennar hafa löngum beitt sér fyrir í umr. hér á Alþ. — fyrir mörgum áratugum og einnig á síðari árum. Þess vegna þakka ég fyrir það, að þessar umr. hafa orðið hér í dag, þótt þær hafi gripið hér inn í mál sem ég flutti, að þær minna íslensku þjóðina enn og einu sinni á það, hvar harðstjórana yfir andlegum málefnum þjóðarinnar er að finna, hvar þeir eru sem vilja beita pólitísku valdi sínu yfir almannafé til þess að kveða upp úr með það hvað sé rétt list, hvað sé röng list, hvað séu góðar bók-

menntir, hvað séu vondar bókmenntir.

Bragi Jósepsson: Herra forseti. Mig langar til þess að leggja örfá orð í belg. Mér finnst að þessar umr. hafi verið mjög athyglisverðar, og ég er ekki sammála ýmsum þeim, sem hér hafa talað, um að hér sé um lítið mál að ræða.

Ég hef í sjálfu sér mjög mikla samúð með hv. þm., sem kom fram með þetta mál í upphafi. Það sýnir að þm. hefur áhyggjur af framgangi kristinnar trúar á Íslandi. Það eru fjöldamargir Íslendingar sem hafa gilda ástæðu til þess að óttast um framgang kristilegs siðgæðis í þjóðfélagi okkar. Ég held þess vegna að rótin til þessarar umr. sé ekki sú, sem umr. hafa aðallega snúist um, heldur sé þetta vísbending til okkar þm. og þjóðarinnar í heild um að enn sé til fólk á Íslandi sem hefur áhyggjur af því, að kristið siðgæði sé fótum troðið og það hljóti ekki þá virðingu sem því ber. Þar af leiðandi tel ég að þessar umr. hafi verið gagnlegar.

Þá er það eitt, sem ég fæ út úr þessum umr., og það er vísbending eða ábending til okkar um það hversu illa hefur tekist til um kristindómsfræðslu á Íslandi. Það er kannske hægt að benda á það, og ég geri ráð fyrir að flestir þeir, sem hafa fengist við kennslu, séu mér sammála um að kennslubækur í kristindómi séu einstaklega leiðinlegar bækur, illa gerðar og óárennilegar. Þær hafa verið það alla tíð. Efnið hefur verið sett fram þurrt og leiðinlegt, og það er mjög almennt að börnum í skólum finnist kristinfræði leiðinleg fræði. Það má vel vera að þeir, sem standa að bókagerð á Íslandi, eigi nokkuð mikla sök á hversu til hefur tekist í innprentun kristilegs siðgæðis. Ég held þess vegna að þessar umr. geti e. t. v. vakið okkur til umhugsunar um það, að ástæða sé til þess að vanda betur gerð bóka í kristnum fræðum og e. t. v. séum við farin að dragast nokkuð aftur úr og höfum ekki tekið upp nægilega nútímaleg tjáningarform.

Þar sem ég hef ekki lesið þessa bók, þá get ég ekkert um hana sagt. Hins vegar get ég ekki neitað því, að þessar umr. hafa verið forvitnilegar og bókin er forvitnileg, og ég geri ráð fyrir að ég muni gera það að mínu fyrsta verki á morgun að kaupa þessa bók og lesa hana.

Efri deild, 25. fundur.

Mánudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Kosning annars varaforseta deildarinnar.

Gengið var til kosningar um annan varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut **Bragi Níelsson, 8. landsk. þm.**, með 12 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, frv. (þskj. 146). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að framlengt verði með óbreyttum hætti frá því sem verið hefur svokallað leyfisgjald. Frvgr. segir í raun og veru allt það sem segja þarf. Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 2% leyfisgjald af fjárhæð þeirri sem leyfið hljóðar um.

Leyfisgjöld af innflutnings- og gjaldeyrisleyfum voru fram til 1. jan. 1978 almennt ½%, 1% af ferðagjaldeyri og 0.1% af brennsluolíum. Það sem af er þessu ári hefur leyfisgjaldið numið 154 millj. kr. af ferðagjaldeyrisleyfum, 13.6 millj. kr. af olíum og bensíni og 222.4 millj. kr. af öðrum leyfum.

Þessi grein er, eins og þið sjáið, heimildargrein og er auðvitað gert ráð fyrir að hún verði notuð að fullu. Þó vil ég láta þess getið um gjaldið af olíum og bensíni, sem nú er 0.1% og gefur á þessu ári 13.6 millj. kr., að auðvitað er hugsanlegt, að sá hluti verði tekinn til sérstakrar athugunar í tengslum við þá endurskoðun á verðmyndunarferli á olíum og bensíni sem viðskrn. hefur falið verðlagsskrifstofunni að framkvæma.

Ákvæði um leyfisgjöld af þessu tagi voru fyrst sett í lög nr. 69 1967, 10. gr. þeirra laga, og þau voru aftur breyting á lögunum um innflutnings- og gjaldeyrismál, nr. 30 frá 1960. Síðan var í lögum um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem sett voru í árslok 1977, gert ráð fyrir hækkun á þessu gjaldi. Það voru lög, sem fráfarandi ríkisstj. setti um margvísleg gjöld, skyldusparnað o. fl., og í 6. gr. þeirra var ákvæði á þessa leið: „Ríkisstj. er heimilt að ákveða að á árinu 1978 megi leyfisgjald af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum samkv. 10. gr. laga 30 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., sbr. 6. gr. laga nr. 69 1967, nema allt að 2% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Ríkisstj. ákveður hvernig gjaldi þessu er ráðstafað.“ Á grundvelli þessara laga um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum var síðan sett reglugerð 31. des. 1977 um það, hversu háttað skuli innheimtu þessara leyfisgjalda.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að þriðjungur af tekjum af gjaldi þessu gangi til bankanna, en ⅔ gangi til ríkissjóðs, en þessi hlutföll hafa verið önnur. Þau hafa verið helmingur til bankanna og helmingur til ríkissjóðs. Þykir ljóst að ⅓ af þessu leyfisgjaldi dugi til þess að standa undir kostnaði við gjaldeyrisdeild bankanna, en upphaflega var gjald þetta lagt á annars vegar til þess að standa undir kostnaði við gjaldeyrisdeild bankanna og hins vegar til þess að standa undir kostnaði við verðlagseftirlit á sínum tíma, en síðan var það tekið inn í fjárlög beint og ætluð til þess föst fjárveiting.

Ég hygg, herra forseti, að ástæðulaust sé að fjölyrða frekar um þetta mál, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég hef kvatt mér hljóðs, er að hér er borið fram frv. til l. um breyt. á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Úr því á annað borð er verið að hreyfa breytingum í sambandi við þessi mál, þótti mér hlýða að nota tækifærið til að freista þess að koma á framfæri enn einu sinni hugmyndum mínum í sambandi við hugsanlegar breytingar í sambandi við þessi mál.

Ég veit, herra forseti, að það er vilji ríkisstj. að þetta mál, sem hér er til umr., fái skjóta afgreiðslu. Ég skal ekki hafa langt mál um það núna, en aðeins vil ég nota tækifærið til þess að minna á afskipti mín af þessum málum á undanförnum árum, sem ég get með sanni sagt að hófust við komu mína á hið háa Alþingi. Er ég sat hér sem varamaður í des. 1972, flutti ég þáltill. sem mig langar til að fá að lesa, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela viðskrh. að gera breytingu á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., sem nú er í gildi. Verði breytingin við það miðuð, að öll gjaldeyris- og innflutningsviðskipti verði auðveldari í framkvæmd en nú er, t. d. með því að minnka verulega eyðublaðanotkun, skýrslugerðir og þá umfangsmiklu skriffinnsku, sem nú er samfara afgreiðslu slíkra mála. Áhersla verði lögð á það, að ákvæði um meðferð fjármagns að og frá landinu verði gerð mun auðveldari en nú er. Bent er á sem áfanga í þessu máli, að við væntanlega breytingu á umræddri reglugerð sé við það miðað, að ákvæði um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. verði hér á landi með svipuðum hætti og gerist í nágrannalöndum okkar, t. d. í Danmörku.“

Ég hef nokkrum sinnum flutt þessa tillögu, og lengst hefur þessi tillaga komist, að henni var vísað til ríkisstj. síðla þings 1975. Síðan hefur ekkert um þetta heyrst. En með hliðsjón af því, að við Íslendingar höfum ákaflega náin samskipti við Norðurlandaþjóðirnar og þjóðin hefur verið sammála um það, hún hefur sýnt það í verki með þátttöku sinni í Norðurlandaráði og ýmsum fleiri stofnunum, þá finnst mér ekki óeðlilegt að við reynum að hafa skipan innflutnings- og gjaldeyrismála okkar ekki gerólíka þeim reglum sem gilda um þessi mál hjá nágrannaþjóðum okkar.

Ég persónulega er ekki í nokkrum vafa um það, að hið bága efnahagsástand, sem er hjá okkur, og hina miklu verðbólgu er að miklu leyti hægt að rekja til hinna margbrotnu haftaákvæða sem hafa ríkt hjá okkur allt of lengi í sambandi við þessi mál. Ég vek máls á þessu vegna þess að ég vildi gjarnan leyfa mér að beina því til þeirrar n., sem fær þetta frv. til athugunar, hvort hún mundi ekki af velvilja vilja taka það til gaumgæfilegrar athugunar, um leið og hún skilaði nál. um þetta frv., að hún a. m. k. sæi sér fært að benda á að hyggilegt gæti verið af okkur Íslendingum að taka þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar með það fyrir augum að við gætum haft svipaða tilhögun á þessu og tíðkast í öðrum lýðfrjálsum löndum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 71). — 1. umr.

Eiríkur Alexandersson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er á þskj. 71, um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis. Flm. er hv. 4. þm. Reykn., Oddur Ólafsson. Vegna fjarveru hans kemur í minn hlut að mæla fyrir frv.

Leynilegur kosningarréttur er hluti af grundvallarmannréttindum. Þess vegna er rétt og sjálfsagt að hagnýta þau hjálpargögn sem tiltæk eru, svo að sem flestir geti hagnýtt sér fullkomna leynd. Að því er stefnt með þeim breytingum sem lagðar eru til í 1. og 2. gr. þessa frv. og eiga að gera blindum kleift að kjósa án aðstoðar. 1. gr. hljóðar svo:

„Við 59. gr. laganna bætist:

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti í gegnum gluggann sett kross framan við þann lista, er þeir gefa atkv. sitt, og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar."

Í 2. gr. er til samræmis við þessa breytingu lagt til að síðasti málsl. 1. málsgr. 46. gr. laganna orðist svo:

„Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og hjálpargögn, sé hann blindur (sjá 59. gr.), og skal hann síðan aðstoðarlaust" o. s. frv.

Til þess að hv. þm. skilji betur hvað við er átt hefur hv. flm. látið gera eftirlíkingu af því hjálpargagni sem hér um ræðir, en það lítur svona út. Kjörseðillinn mundi verða eins í laginu og spjaldið, skorið af hægra horninu til þess að hægt sé að snúa hvoru tveggja rétt. Kjörseðlinum er smeygt inn í vasann aftan við og hér eru upphleyptir listabókstafir, blindraletur, og gluggar fyrir framan hvern listabókstaf, þannig að viðkomandi getur þá krossað fyrir framan þann listabókstaf sem hann vill kjósa. Ég tel að hér sé um sjálfsagða og einfalda lausn að ræða, sem tvímælalaust eigi að notfæra sér til hagsbóta fyrir blinda og sjóndapra.

3. gr. þessa frv. er efnislega samhljóða frv. er hv. fyrrv. þm. Pétur Sigurðsson flutti á síðasta þingi og varð þá eigi útrætt. Sú grg., sem hér fylgir, er sú sama og þá. Í henni segir m. a. efnislega á þessa leið:

Langt er síðan flm. þessa frv. vakti athygli á þeim óréttí sem ríkti, er hluta þegnanna væri fyrirmunað að sækja kjörfund á kjördegi, vegna sjúkleika eða öldrunar, að þá væru þeir sviptir um leið þeim grundvallarrétti lýðræðisins að neyta atkvæðisréttar síns í kosningum til Alþingis.

Nokkuð hefur verið gert til að bæta fyrir þetta óréttlæti síðan.

Stærsta skrefið í réttlætisátt hefur þó verið stigið með breytingu sem gerð var með lögum nr. 15 5. apríl 1974, en þá var kjörstjóra við atkvgr. utan kjörfundar hérlendis heimilað að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda væri kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.

Við slíka kosningu, þ. e. á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, gilda að öllu leyti sömu ákvæði laga og um allar atkvgr. utan kjörfundar og að sjálfsögðu ákvæði 2. málsgr. 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óheimilt sé að veita kjósanda aðstoð við sjálfa kosninguna. Kjósendur, sem þurfa að kjósa utan kjörfundar, hafa snöggt um minni rétt en þeir sem geta greitt atkv. á kjörfundi, því í 88. gr. kosningalaganna segir að kjósandi eigi rétt á að fá aðstoð við atkvgr. í kjörklefanum, ef hann skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf. Með ákvæðinu, sem bannar hjálp til handa því fólki, sem vill og þarf að kjósa utankjörfundaratkvgr., eru ótrúlega margir þegnar í þjóðfélagi okkar settir á óæðri bekk og sviptir grundvallarrétti sínum, kosningarrétti.

Með 3. gr. þessa frv., ef samþ. verður, er bættur sá aðstöðumunur, sem hér hefur verið drepið á, og er heimiluð sama hjálp til handa þeim, sem kjósa utan kjörfundar, eins og þeir njóta, sem á kjörfundi kjósa. — Hér lýkur tilvitnun í efni grg.

Í 4. gr. frv. er lagt til, að við 71. gr. nefndra kosningalaga bætist eftirfarandi málsgrein:

„Yfirkjörstjórn á hverju kjörsvæði skal strax að morgni kjördags bera þau utankjörstaðaatkv., er borist hafa, saman við kjörskrá viðkomandi staðar og það, sem ekki finnst þar, skal borið saman við þjóðskrá og atkv. komið á réttan ákvörðunarstað."

Talið er að í hverjum kosningum ónýtist allmörg utankjörstaðaatkv. vegna þess að þau eru of seint athuguð af kjörstjórnunum. Þegar loks kemur í ljós að heimilisfang er skakkt, er orðið um seinan að koma atkv. þessum á réttan ákvörðunarstað. Með þeim vinnubrögðum, sem hér er lagt til að upp verði tekin af hverri yfirkjörstjórn, yrði í flestum tilfellum hægt að koma í veg fyrir að atkv. ónýttust með þessum hætti.

Í 5. gr. er lagt til að 8. tölul. 141. gr. laganna falli brott, en það leiðir af sjálfu sér, ef frv. þetta nær fram að ganga, þar sem undir þeim tölulið er fjallað um sektir ef maður aðstoðar kjósanda við atkvgr. utan kjörfundar eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð.

Herra forseti. Ég veit að flestir hv. þm. eru mér sammála um að lög nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, eru gölluð og beinlínis ranglát á mörgum fleiri sviðum en hér er lagt til að leiðrétta. Það kom raunar greinilega fram í tillöguflutningi á Alþingi í lok síðasta þings. En þar sem ég veit að fyrir hv. flm. þessa frv. vakir að ná fram sjálfsögðum og sanngjörnum breytingum á lögunum nú, sem enginn ágreiningur ætti að þurfa að vera um, leyfi ég mér að vona að frv. þetta fái góðar undirtektir og afgreiðslu hv. þm.

Ég legg að endingu til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Biðlaun alþingismanna, frv. (þskj. 102). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Félagsmálaskóli alþýðu, frv. (þskj. 54). — Frh. 1. umr.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, í samræmi við þingsköp, því að ég hef þegar talað tvisvar, enda er þetta satt að segja að verða eins konar framhaldssaga.

Ég gagnrýndi síðast nokkur atriði í ræðu hv. 3. landsk. þm. sem hann flutti um þetta mál á sínum tíma. Hann hélt því fram, að Félagsmálaskóli alþýðu ætti ekki á nokkurn hátt að tengjast annarri fullorðinsfræðslu, heldur ætti hann að einbeita sér að því að þjálfa meðlimi launþegasamtakanna til baráttu m. a. gegn ríkisvaldinu, en ríkið ætti svo að kosta að fullu þessa starfsemi og þessi ríkisstj. skyldi einbeita sér að því að styðja þennan þátt „fullorðinsfræðslunnar" hjá þessum félagssamtökum og svo væntanlega önnur ríkisstj. aðra þætti hjá sínum skjólstæðingum. Ég gagnrýndi þetta, vegna þess að ég er því algerlega andvígur, er á þveröfugri skoðun. Ég álít að það eigi að efla fullorðinsfræðsluna í mörgum greinum og auka stuðning ríkissjóðs við hana eftir því sem við verður komið á hverjum tíma. En ég tel alveg nauðsynlegt að gæta nokkurs samræmis í fjárstuðningi og í skipulagi, löggjöf um þetta efni o. s. frv. Og auðvitað hljótum við að verða að gæta hófs í greiðslum úr ríkissjóði til þessa eins og annars.

Gagnrýni mín olli nokkru hugarróti hjá hv. þm. Hann er nú ekki við, en hann les það í Alþt. sem ég kann að segja. En það var mjög eftirtektarvert, að í ræðu sinni, sem var eins konar svar til mín, minntist hann ekkert á fyrri staðhæfingar og fyrri tillögur. Ég held að þetta bendi til þess að hann sé eitthvað að sjá að sér að þessu leyti og sjái að það er ekki hægt að bjóða hv. þm. kenningar eins og þær sem þarna voru fram bornar. Það er hins vegar erfitt að komast frá þeim ræðum sem maður hefur flutt hér á hv. Alþ. eftir að segulbandið kom.

Hv. 3. landsk. þm. gerði sig nokkuð ábúðarmikinn og sviðsetti eins konar réttarhald yfir mér gerði úttekt á samvinnuhreyfingunni og Framsfl. og fór vítt um án þess, eins og ég sagði áðan, að víkja nokkuð að fyrri ræðu sinni. Nú orkar vitanlega flest tvímælis þó gert sé. En eitt er víst, að ég mun ekki biðja þennan hv. þm. eða nokkurn annan afsökunar á tilveru minni né heldur því sem mín kynslóð hefur verið að aðhafast á undangengnum áratugum, hvorki það sem unnið hefur verið í atvinnulífinu eða í félagsmálum, að öflun verðmæta eða við uppbyggingarstarf. Ræður á borð við þessa hjá hv. 3. landsk. snerta mig ekki hið minnsta. En mér finnst það hins vegar skiljanlegt, að þegar alls er gætt, þ. á m. mismunandi baksviðs hjá okkur hv. 3. landsk., þó að okkur gangi svolítið illa að skilja hvor annan og komast í takt. Ég nánast komst aldrei inn í skólana. Hv. þm. hefur aldrei komist út úr þeim. Eftir langa og ágæta skólagöngu er hann nú kennari við Háskóla Íslands, rétt skreppur hingað niður eftir til að taka þátt í umr., og sumarleyfin hafa farið í búferlaflutninga milli stjórnmálaflokka árum saman! Þetta getur valdið því, að við eigum erfitt með að komast í takt. En hitt er ég sannfærður um, að við reynum það, og ekki síst eins og nú er ástatt, þegar við höfum svarist í fóstbræðralag um að stjórna landinu ásamt fleiri góðum mönnum.

Ég vil svo aðeins að lokum árétta tvö atriði alveg sérstaklega, — efnisatriði sem hafa komið fram í þessum orðaskiptum mínum við hv. 3. landsk. Annað er varðandi Samvinnuskólann, samanburð á Samvinnuskólanum og Félagsmálaskóla alþýðu. Það eru náttúrlega alveg ósambærilegar stofnanir. Það sést þegar þess er gætt, að í Samvinnuskólanum fer fram samfelld kennsla í marga mánuði, missirum saman raunar. En Félagsmálaskóli alþýðu starfar í námskeiðsformi, þar eru stutt námskeið, yfirleitt hálfsmánaðar námskeið. Þetta er alveg ósambærilegt, því í Félagsmálaskólunum er, eins og kom fram í fréttum nýlega, lögð áhersla á ýmiss konar félagsmálefni, fundarstjórn og fundarreglur, sögu verkalýðshreyfingarinnar o. fl. Samvinnuskólinn er hins vegar fagskóli sem fellur inn í hið almenna skólakerfi. Hann er sérskóli í sinni grein. Þetta er því engan veginn sambærilegt. Í öðrum skólanum er fyrst og fremst unnið eftir hinu almenna fræðslukerfi í landinu, en í hinum er frjálst starf, eins og háttur er í þeim stofnunum líkum, sem ýmis félög reka. Þetta mun þó vera sá sem athafnasamastur er þegar er um alveg frjálst skólastarf að ræða óháð hinu skipulega skólastarfi innan skólakerfisins. Svo er hitt, að mér virtist hv. 3. landsk. gefa það í skyn, að ég vilji ekki styðja fræðslu utan ríkisskólanna, utan skólakerfisins, t. d. hjá einstökum stéttarfélögum, einstökum menningarfélögum, í einstökum atvinnugreinum o. s. frv. Þetta er alls ekki rétt. Ég vil að það sé leitast við að efla stuðning við þessa starfsemi ýmiss konar, sbr. það sem ég tók fram fyrst þegar ég tók til máls í þessu máli. Ég gerði tilraun í sambandi við fullorðinsfræðslufrv. að fá námsflokka og bréfaskóla tekna út úr og flýtt auknum stuðningi ríkisins við þá. En ég árétta það jafnframt, að ég tel alveg nauðsynlegt að reynt sé að gæta samræmis í stuðningi ríkisvaldsins, eftir því sem við verður komið, bæði í löggjöf og í fjárstuðningi. Ég ætlast þó ekki til þess, að menn haldi sér svo fast við slíkt samræmi að þess vegna vilji menn ekki veita stuðning þeim sem eru á undan, þeim sem hafa brotið nýjar leiðir, vegna þess að hliðstætt sé ekki komið yfir alla línuna. Ég er ekki með neinn slíkan einstrengingshátt að þessu leyti. En ég tel alveg nauðsynlegt, að það sé reynt að gæta samræmis. Ég tel því alveg fráleitt að afgreiða þessi mál eftir einhverjum tilfinningalegum leiðum eða eftir því hvernig ríkisstj. er skipuð þá og þá.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Það er víst eins með mig og hv. 2. þm. Austurl., að ég er búinn að tala tvisvar, þannig að ég er víst búinn að tala mig dauðan í þessu máli. Ég vil þó fá tækifæri til þess rétt að gefnu tilefni út af þeim staðhæfingum sem komu fram í ræðu hv. 3. landsk. þm. hér á dögunum þar sem hann — (**Forseti:** Mér virðist að hv. þm. sé ekki búinn að tala nema einu sinni.) Jæja, en þetta verður stutt fyrir því.

Ég vísa til ræðu hv. 3. landsk. þm., þar sem hann tók fram í ræðu um daginn og lagði á það mikla áherslu, þunga áherslu, að hlutverk þess skóla, sem rætt er um í því frv. sem hér er til umr., væri fyrst og fremst að ala upp hóp baráttumanna sem hefðu það að meginstefnu að breyta þjóðfélaginu. Í öðru lagi sagði þessi sami hv. þm. í sömu ræðu að skólinn ætti að vera baráttutæki fyrir verkalýðinn. Að fengnum slíkum yfirlýsingum vil ég leyfa mér að mælast til þess, að menn gætu mætt með skilningi því sjónarmiði, að maður sé frekar tregur til að fara að samþykkja að slíkur skóli sé alfarið kostaður af almannafé, en hins vegar ekki undir stjórn hins veglega menntamálakerfis þjóðarinnar, þó að í stjórn eigi að vera, eins og hér er gert ráð fyrir, menn frá Alþýðusambandi Íslands og Menningar- og fræðslusambandi

alþýðu. Nú hefur það víst einhvern veginn verið þannig, að Alþfl. hefur átt meiri hluta í stjórn Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Nú efast ég ekki um að á einhverju stigi gæti Alþb. hugsað sér að hafa vinsamlegt samband við Alþfl., af því að það gæti brúkað hann til einhverra hluta síðar. En um það, hvernig áframhaldið yrði, hefur reynslan verið ólygnust eftir síðustu alþingiskosningar. Og ég segi fyrir mitt leyti, að hafi ég verið ákveðinn í því að vera á móti þessu ákvæði um stjórn skólans, sem felst í ákvæðum 5. gr., við fyrri aths. mínar í sambandi við þetta frv., þá er ég enn harðari í þeirri andstöðu eftir þau ummæli sem við hlýddum á í ræðu hv. 3. landsk. þm. á dögunum. — Þetta vildi ég láta koma fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 29. fundur.

Mánudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 147). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 147 legg ég fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og er þetta stjfrv. Megintilgangurinn með frv. er að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins heimildir til þess að grípa til ákveðinna aðgerða, sem ég mun ræða nánar síðar, í því skyni að hamla gegn þeirri umframframleiðslu sem ískyggileg er orðin á landbúnaðarafurðum. Frv. þetta byggist efnislega á till. svokallaðrar sjömannanefndar, sem fyrst og fremst var skipuð fulltrúum bænda, og á samþykktum, sem gerðar voru á Stéttarsambandsþingi s. l. haust, en ég mun nánar koma að frv. síðar. Mér þykir hins vegar rétt í upphafi að gera nokkra grein fyrir stöðu þessara mála og m. a. þeirri stefnu, sem ákveðið hefur landbúnaðarframleiðsluna undanfarna áratugi. Er þá rétt að nefna þau lög, sem mest áhrif hafa haft á framleiðslu landbúnaðarafurða.

Ég hygg að óhætt sé að segja, að afurðasölulögin frá 1934 hafi markað tímamót í íslenskri landbúnaðarsögu. Þá var komið föstu skipulagi á afurðamál bænda og lagður grunnur að því söluskipulagi sem enn er búið við á þessu sviði. Árið 1947 voru síðan lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins samþykkt, og hafa þau að stofni til staðið óbreytt frá þeim tíma eða í 31 ár. Hafa verður í huga að þegar þessi lög voru samþykkt var skortur á vissum landbúnaðarafurðum, einkum smjöri sem þá var iðulega flutt inn erlendis frá. Einnig höfðu þá fjárpestirnar herjað og annað slagið var skortur á kindakjöti. Með framleiðsluráðslögunum var komið fastri skipan á verðlagsmál landbúnaðarins og sett ákveðin verðviðmiðun, þ. e. a. s. við tekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna.

Þessi lög ásamt jarðræktarlögunum, sem sett voru 1945, hafa eins og fyrr segir mótað hina raunverulegu landbúnaðarstefnu Íslendinga síðustu áratugina.

Ákvæði þeirra eiga það öll sameiginlegt að vera framleiðsluhvetjandi, og vísa ég til þess sem ég sagði áðan um það ástand sem var í landbúnaðarframleiðslunni þegar þau voru sett. Í þessum lögum er m. ö. o. ekki gert ráð fyrir stjórntækjum sem beita má til hömlunar í landbúnaðarframleiðslu.

Árið 1960 var bætt inn í framleiðsluráðslöggjöfina ákvæði um ábyrgð ríkissjóðs vegna útflutnings landbúnaðarafurða. Nemur sú verðtrygging allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða til framleiðenda. Ákvæðin um útflutningsbætur eru hluti af tekjutryggingu bændastéttarinnar, en þau hafa einnig reynst vera framleiðsluhvetjandi því að jafnhliða þeim var ekki séð fyrir heimildum til framleiðsluhamlandi aðgerða. Þetta hafa forustumenn bænda reyndar fyrir löngu gert sér ljóst og hafa hvatt til þess ítrekað, að lögfest yrðu ákvæði sem heimiluðu hamlandi aðgerðir ef um offramleiðslu yrði að ræða.

Árið 1972 lagði þáv. hæstv. landbrh., Halldór E. Sigurðsson, fram frv. til l. um breyt. á framleiðsluráðslögunum. Gerði það frv. ráð fyrir heimildum til hömlunar gegn umframframleiðslu, m. a. töku fóðurbætisgjalds. Þetta frv. náði sem kunnugt er ekki fram að ganga og hefur ekki síðan verið samstaða um lögfestingu slíkra ákvæða.

Þetta er í stórum dráttum sá lagalegi rammi, sem mest áhrif hefur á þróun landbúnaðarframleiðslunnar og eins og áður sagði hefur mótað landbúnaðarstefnuna undanfarna áratugi.

Mér þykir síðan rétt að gera stuttlega grein fyrir þróun framleiðslunnar og þróun útflutnings landbúnaðarafurða.

Kindakjöt var flutt út árlega í nokkru magni allt frá aldamótum og fram til 1940. Á stríðsárunum var útflutningurinn minni, og á árunum 1948-1956 var hann flest árin lítill og sum engin. Gætti þar áhrifa niðurskurðar af völdum fjárpestanna, sem þá herjuðu á sauðfjárstofninn. Árið 1957 hefst útflutningur kindakjöts aftur að nokkru marki, og voru þá flutt út 2340 tonn eða 28% af heildarframleiðslunni. Útflutningur kindakjöts hefur verið öll árin síðan. Miklar sveiflur hafa þó verið í magni. Árið 1965 voru aðeins flutt út 18% framleiðslunnar, en mestur hefur útflutningurinn orðið 1968, eða 44%. Frá árinu 1970 hefur útflutningur kindakjöts verið nokkuð jafn má segja, 24-29% 1970-1975, en fer eftir það vaxandi, verður 1977 34%, 1978 33% og 1979 er áætlað að útflutningurinn þurfi að verða 35% heildarframleiðslunnar. Rétt er að vekja athygli á því, eins og fram kom í þessum tölum, að útflutningur kindakjöts hefur síðan 1970 og fram til 1975-1976 verið lægra hlutfall af heildarframleiðslu hvers árs en var oft áður, t. d. 1968 eins og ég nefndi. Það er því ekki aukið magn eingöngu, nema síðustu 3-4 árin, sem valdið hefur erfiðleikum með útflutning, heldur einnig verðþróun innanlands og erlendis, eins og nánar verður vikið að síðar.

Um mjólkina er það að segja, að útflutningur mjólkurafurða hefur verið nokkur allt frá 1934, en oft mjög lítill. Árið 1959 var reyndar skortur á mjólkurafurðum og var þá flutt inn nokkurt magn smjörs. Síðan 1961 hafa mjólkurafurðir verið fluttar út á hverju ári, en mjög misjafnlega mikið og ráða árstíðasveiflur þar miklu um. 1977 tekur mjólkurframleiðslan mikið stökk og fer umframmagnið þá úr 6.1% í 18.4%. Má vafalítið rekja

það stökk að hluta til lækkandi kjarnfóðursverðs. Nánari upplýsingar um mjólkurframleiðsluna má að sjálfsögðu finna í skýrslum um þennan útflutning, en ég vil þó geta þess, að flest árin frá 1960 og fram til 1976 hefur mjólkurframleiðsla umfram notkun innanlands verið á bilinu frá 4 upp í 9%, að undanteknum tveimur árum, 1964 og 1965, þegar framleiðslan var á fyrra árinu 14.4% meiri, en á síðara árinu 20% meiri. Hins vegar tekur hún stökk 1977, eins og fyrr er nefnt, og verður þá 18.4%. Líkur eru til þess nú, að umframframleiðsla mjólkurafurða verði um 24%. Að öllum líkindum er þessi umframframleiðsla mjólkurafurða mesta vandamálið sem nú blasir við landbúnaðarframleiðslunni. Veldur þar m. a., að erfitt er að selja sumar mjólkurafurðir — eins og t. d. smjör — úr landi fyrir verð sem viðunandi getur talist. Ég tel rétt að fara nokkrum orðum um þetta mikla vandamál.

Innvegin mjólk á verðlagsárinu 1977-1978 varð 117.8 millj. lítra, en er áætluð á því verðlagsári, sem nú er hafið, 123.6 millj. lítra. Er það 5% aukning. Af þessari framleiðslu verða u. þ. b. 67 millj. lítra að fara í vinnslu. Af því er áætlað að á verðlagsárinu 1978-1979 megi auka nokkuð framleiðslu osta, þannig að vinna megi úr u. þ. b. 24-25 millj. lítra. Afgangs eru þá um 39 millj. lítra sem ekki verður annað við gert en framleiða smjör.

Þetta er mjög alvarlegt mál, þar sem smjörbirgðir í landinu eru nú um 1400 tonn, og það er ársneysla okkar Íslendinga. Líkur eru því til þess að smjörbirgðir, ef ekkert er að gert, vaxi á yfirstandandi verðlagsári og geti orðið allt að 2000 tonn í lok ágúst næsta ár. Þess er svo jafnframt rétt að geta, að smjör, eins og ég sagði og hv. þm. munu þekkja, er illseljanlegt úr landi. Markaður er naumast enginn fyrir það. Skásta verð, sem nefnt hefur verið, er í kringum 300 kr. hvert kg, og er það að sjálfsögðu ekki nema brot af framleiðsluverði, rúml. 10%.

Fram til ársins 1960 voru ekki greiddar bætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Fengu bændur þá aðeins greitt útflutningsverðið fyrir þær afurðir sem fluttar voru út, og útflutningsverðið réð að miklu leyti verðinu innanlands. Á þeim árum var afkoma bænda því mjög ótrygg. Tekjuskerðing þeirra var tilfinnanleg þegar verðfall varð á kjöti erlendis. Með setningu framleiðsluráðslaganna fékkst heimild til þess að jafna slíkan halla eða áföll meðal bænda með töku verðjöfnunargjalds. Útflutningsbæturnar eru öryggisventill eða tekjutrygging fyrir bændastéttina þegar framleiðslan fer fram yfir innlendar þarfir og ekki fæst fullt verð erlendis fyrir útfluttar afurðir. — En útflutningsbætur voru ákveðnar 1960, eins og fyrr segir, og komu til framkvæmda 1961.

Fyrstu árin eftir að ákvæðin um útflutningsbætur tóku gildi námu bæturnar 2-3% heildarverðmætis landbúnaðarafurða, en fóru síðan vaxandi. Þegar kemur fram undir 1964 til 1965 voru þær orðnar um 9.6%, en fara svo í fyrsta sinn fram yfir 10% 1965-1966 og verða 10.2%. Haldast þær síðan nokkurn veginn þannig fram til 1970, eru að vísu nokkru meiri 1969 og 1970, eða 10.5%. Síðan fer þörfin fyrir útflutningsbætur minnkandi þar til á verðlagsárinu 1977-1978, að þörfin fer aftur upp fyrir 10%, og verða þá 11.2%, 1977 og 13.3% 1978, og ef bæta á allan útflutninginn á því verðlagsári, sem nú er hafið, má ætla að þörfin geti orðið 15% á árinu 1979.

Þegar farið hefur verið fram úr 10% hefur það, sem umfram er verið bætt með því að ráðstafa því sem kalla mætti inneign frá fyrri verðlagsárum, þegar ekki var notuð að fullu 10% heimildin. Þannig var það öll árin þar til í ár. Þá var engin slík inneign fyrir hendi. Því ákvað Framleiðsluráð landbúnaðarins á s. l. vori að nota heimild til að leggja á 1300 millj. kr. verðjöfnunargjald. Þetta er að sjálfsögðu gert til þess að jafna þessa byrði á meðal bænda, þannig að þeir beri ekki meiri tekjuskerðingu sem lenda í útflutningi með afurðir sínar. Eins og kunnugt er hefur náðst samkomulag um að endurgreiða að þessu sinni þetta viðbótarverðjöfnunargjald.

Eins og áður er að vikið hefur útflutningur kindakjöts verið mjög sveiflukenndur og byggist á framleiðslu umfram innanlandssölu. Árum saman var Bretland helsti markaður okkar fyrir kindakjöt, en útflutningi þangað er nú með öllu hætt. Einnig var nokkuð af saltkjöti selt til Noregs á fyrri árum.

Með inngöngu Íslands í Fríverslunarbandalagið náðust samningar við Norðmenn og Svía um tollfrjálsan kvóta fyrir dilkakjöt. Í Noregi og Svíþjóð fékkst þessi kvóti með samþykki sölusamtaka bænda, sem hafa á hendi sölu kjötsins. Ekki er því um að ræða samkeppni við þarlenda bændur, heldur aðeins fyllt upp í vöntun. Verð það, sem fæst fyrir kjötið í þessum löndum, er í samræmi við markaðsverð þar. Niðurgreiðslur hafa verið auknar í báðum þessum löndun undanfarin ár, auk þess sem æðiströng verðstöðvun hefur verið. Norðmenn stefna að því að verða sjálfum sér nógir með kindakjöt. Í því skyni greiðir norska ríkið verulegar fjárhæðir með þessari framleiðslu, m. a. með framleiðslustyrkjum. Af þessum ástæðum hefur verð á íslensku kindakjöti ekki hækkað eins mikið og verðlag almennt í þessum löndum.

Þá kaupa Færeyingar töluvert magn af kindakjöti og má heita að við séum einir um innflutning á kjöti þangað.

Útflutningur á kindakjötsframleiðslunni árið 1977 skiptist annars þannig: Til Noregs voru flutt út 2800 tonn, til Færeyja 650, til Svíþjóðar 650 og til Danmerkur 600 tonn, eða samtals 4700 tonn.

Í Danmörku og öðrum Efnahagsbandalagslöndum erum við í harðri samkeppni við Nýsjálendinga, sem flytja þangað um hundraðfalt meira magn af kjöti en við. Þeir eru ráðandi hvað verðlag á frystu kjöti snertir. Gæði íslenska kjötsins er gjarnan borin saman við gæði nýsjálenska kjötsins, en þau eru af mörgum talin svipuð, þótt okkur þyki kannske erfitt að trúa því. Af þessari ástæðu eru litlar líkur til þess, að reikna megi með hærra verði en Nýsjálendingar fá. Þó er talið að með mikilli auglýsinga- og kynningarstarfsemi megi skapa íslenska kjötinu einhverja sérstöðu á takmörkuðum mörkuðum, þannig að nokkru hærra verð kunni að fást fyrir það, m. a. með tilliti til þess, að magnið af íslenska kjötinu er mjög lítið borið saman við það nýsjálenska.

Á árinu 1977 var stofnuð markaðsnefnd landbúnaðarins, þ. e. samstarfsnefnd landbrn., bændasamtakanna og sölusamtaka bænda um markaðskönnun fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir. Nefndin hefur unnið mikið starf og mun bráðlega skila skýrslu. Á s. l. hausti gerði markaðsnefndin tilraun með útflutning á ófrosnu kjöti til nokkurra landa: Frakklands, Þýskalands, Danmerkur og Bandaríkjanna. Af þessum tilraunum hefur fengist mikilvæg reynsla og alls staðar eru gæði kjötsins viðurkennd. Við ýmsa erfiðleika er hins vegar að etja og við ríkjandi aðstæður fæst ekki viðunandi verð á þessum mörkuðum. T. d. er nú um 20% innflutningstollur á öllu

kjöti sem flutt er til Efnahagsbandalagslandanna. Í Frakklandi er auk þess tekinn sérstakur verndartollur, sem er breytilegur og notaður til verndar innlendri framleiðslu. Ég tel þó mikilvægt að markaðsnefndin vinni áfram að athugun þessara mála og reynt verði að fá hagstæðari kjör fyrir íslenska búvöru í þessum löndum. Það er mjög mikilvægt, að sem hagstæðast verð fáist fyrir útflutninginn, þannig að þörfin fyrir útflutningsbætur fari minnkandi. Einnig er að sjálfsögðu nauðsynlegt að leggja rækt við innlendan markað, sem er raunar langmikilvægastur í þessu sambandi.

Hvað mjólkurvörur varðar hefur síðustu árin aðallega verið fluttur út ostur. Fer hann einkum til Bandaríkjanna, Sviþjóðar og Þýskalands. Hagstæðast verð fæst fyrir svonefndan óðalsost, sem fluttur er til Bandaríkjanna, en þó er það verð aðeins 45-50% af heildsöluverðinu innanlands. Framleiðslugeta mjólkurbúanna fyrir þá tegund er takmörkuð enn sem komið er. Úr því bætist væntanlega með byggingu nýs mjólkurbús á Akureyri á þessu og næsta ári.

Frá árinu 1970 hefur verð það, sem fæst erlendis fyrir kindakjöt og mjólkurafurðir, stöðugt farið lækkandi í hlutfalli við verðlag á þessari framleiðslu hér innanlands. Árið 1970 fengust um 89% innlenda heildsöluverðsins fyrir kindakjöt í Sviþjóð, en aðeins um 42% á síðasta ári. Um ostinn er svipaða sögu að segja. Eins og ég nefndi áðan er verðið á óðalsosti um 45% heildsöluverðs. Þó eru bundnar nokkrar vonir við að þetta verð kunni að hækka í Bandaríkjunum.

Rétt er að taka fram, að ástæðan fyrir þessari þróun er ekki sú, að íslensk landbúnaðarframleiðsla þyki lakari en sambærilegar vörur erlendis. Þvert á móti eru gæðin viðurkennd undantekningarlítið og talin fyllilega sambærileg við hliðstæða framleiðslu á erlendum mörkuðum. Þessu ræður, eins og ég sagði áðan, fyrst og fremst óhagstæð verðlagsþróun og sú staðreynd, að erlend ríki greiða mjög niður landbúnaðarafurðir sínar, mörg hver ekki minna en við, og veita bændum ýmiss konar vernd með aðflutningstollum.

Menn hér þekkja að sjálfsögðu þá verðbólguþróun sem verið hefur. Hún á þarna stóran þátt í. Verðlag hér hefur hækkað um 460% frá 1970 til 1977 á sama tíma og hækkun innan Efnahagsbandalagsins hefur orðið um 80% og í Bandaríkjunum um 45%.

Eins og fyrr segir er innlendi markaðurinn fyrir landbúnaðarvörur sá langmikilvægasti og nauðsynlegt að leggja aukna rækt við hann.

Frá árinu 1960 hefur dregið jafnt og þétt úr neyslu nýmjólkur. Mjólkurmagn á íbúa árið 1960 var 338 lítrar, en 247 lítrar á síðasta ári. Neysla ýmissa annarra landbúnaðarafurða er einnig mjög sveiflukennd frá ári til árs og eru áhrif niðurgreiðslna þar greinileg. Áhrif sveiflna í niðurgreiðslum eru mest í smjörneyslunni, en einnig mjög mikil í kindakjötssölu.

Til fróðleiks vil ég geta þess, að niðurgreiðslur á hvern íbúa voru 1966 17800 kr., hækkuðu 1967 upp í 24365 kr., lækka síðan aftur árið eftir í 15000, þá í 12000, síðan í 10800 1970, hækka svo upp í 23900 1971 og eru nokkuð svipaðar fram til 1976, að þær falla að nýju niður og þá í 15800 kr. á hvern íbúa, 1977 í 11344 og 1978 í 12500, en hafa nú aftur verið hækkaðar mjög og eru líklega eftir síðustu hækkun einhvers staðar í kringum 29000 kr. á hvern íbúa. Áberandi er að smjörneyslan hefur nokkuð sveiflast með þessu, en hins vegar virðist sérstaklega eftirtektarvert, að neyslan dregst verulega saman með minnkandi niðurgreiðslum og hún eykst hins vegar ekki að nýju jafnmikið þótt niðurgreiðslur séu auknar og verð lækki. Áreiðanlega er ákaflega mikilvægt fyrir sölu landbúnaðarafurða að niðurgreiðslur séu sæmilega fastar frá ári til árs, en ekki svo sveiflukenndar sem ég hef nú rakið.

Í því frv., sem hér er lagt fram, er m. a. gert ráð fyrir að heimta kjarnfóðurgjald af innfluttu kjarnfóðri. Þykir mér því rétt að gera nokkra grein fyrir notkun kjarnfóðurs hér á landi undanfarin ár. Mjög augljós fylgni er á milli kjarnfóðurverðs og framleiðslumagns mjólkur. Eftir því sem þetta kjarnfóðurverð hefur lækkað sem hlutfall af mjólkurverði hefur kjarnfóðurnotkunin aukist og að sjálfsögðu einnig mjólkurframleiðslan.

Fóðurbætiskaup frá 1971 eru rakin í grg. með frv. Þau hafa aukist frá 1971 úr um tæplega 60 þús. tonnum í rúmlega 71 þús. tonn 1977. Einnig kemur fram í grg., að árið 1951 fékkst fyrir andvirði eins lítra af mjólk 1.1 kg af fóðurbæti, 1961 fæst 1.03 kg af fóðurbæti, 1971 fæst 1.38 kg af fóðurbæti fyrir andvirði eins lítra af mjólk, en 1978 hins vegar 2.11 kg af fóðurbæti fyrir andvirði eins lítra af mjólk. Og þegar þess er gætt, að í vel reknu búi má fá allt að 2½ lítra af mjólk fyrir 1 kg af fóðurbæti, liggur í hlutarins eðli að það er ákaflega eðlilegt fyrir bændur að auka fóðurbætisnotkunina við þessar aðstæður til þess að drýgja tekjur sínar.

Mestur hluti þess kjarnfóðurs, sem flutt er til landsins, kemur frá Danmörku og er frá löndum Efnahagsbandalagsins. Í því sambandi verður að hafa í huga, að niðurgreiðslur og útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir hafa verið mjög miklar og farið vaxandi í löndum Efnahagsbandalagsins á síðustu árum. Í okt. s. l. var verð á kjarnfóðri til danskra bænda frá verksmiðju í Danmörku 1150 danskar kr. tonnið, en útflutningsverð á sama magni var 855 danskar kr., þannig að útflutningsbætur í Danmörku eru 295 danskar kr. á tonnið eða 25.6%. Þetta er að sjálfsögðu einnig umhugsunarefni í sambandi við rekstur grasmjöls- og grasköggla verksmiðja okkar, sem hafa orðið að keppa við þennan innflutta fóðurbæti sem svo mjög er greiddur niður í Efnahagsbandalagslöndunum.

Ég tel engan vafa á því, að auk hagstæðs tíðarfars megi rekja aukna mjólkurframleiðslu að verulega leyti til vaxandi fóðurbætisgjafar á undanförnum árum, því kúafjöldi hefur ekki aukist svo teljandi sé.

Ekki er ákveðið hvaða gjald verður tekið af fóðurbæti, en rætt hefur verið um 30%. Nokkuð er erfitt að gera sér grein fyrir því, hvaða tekjuskerðing hjá bændum fylgir slíku gjaldi, og fer það að sjálfsögðu eftir því, hve mikla mjólk þeir fá fyrir hvert kg af fóðurbæti. Staðreyndin er þó sú, að fóðurbætir er ofnotaður nú á fjölmörgum búum og mjög vafasamt að slíkt gjald hafi þó nokkra teljandi tekjuskerðingu í för með sér, ef þeir bændur draga úr fóðurbætisnotkun.

En til fróðleiks get ég slegið upp annarri hlið af þessari mynd, sem sýnir hve vafasöm slík fóðurbætisgjöf er þegar umframframleiðsla mjólkur fer til smjörvinnslu. Til að framleiða 1 kg af smjöri þarf 21 lítra af mjólk, en ef fóðurbætir er notaður má telja líklegt að a. m. k. þurfi um 10 kg af fóðurbæti til þess að framleiða þá mjólk. Þessi 10 kg kosta nú um 800 kr., en fyrir 1 kg af smjöri fæst í útflutningi í besta lagi um 300 kr. Þótt við gefum nú aðrar 300 kr. fyrir undanrennuna, þá er samt aðeins um 600 kr.

verðmætissköpun að ræða, en fóðurbætirinn einn í þessu skyni kostar um 800 kr. Þá er ekki talinn vinnslukostnaður á smjörinu. Mjög er því vafasamt að bóndinn fengi nokkuð í sinn hlut þótt valinn væri sá kostur að greiða eingöngu afurðaverð fyrir slíka umframframleiðslu.

Ég tel þá rétt að fara nokkrum orðum um frv. sjálft og gera ekki síst grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá tillögum sjömannanefndar.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir auknum verkefnum Framleiðsluráðs, fyrst og fremst í áætlanagerð og stefnumörkun fram í tímann fyrir landbúnaðarframleiðsluna. Þar eru ekki breytingar gerðar á áliti sjömannanefndar, nema hvað í 2. og 5. lið hefur verið bætt inn setningum sem tengja starfsemi Framleiðsluráðs betur en áður var þeirri stefnu um málefni landbúnaðarins sem Alþ. ákveður hverju sinni, eins og segir í 2. lið 1. gr. Svipað orðalag er í 5. lið þessarar greinar. Vísar það til þess, að ég tel nauðsynlegt að Alþ. ákveði stefnu í landbúnaðarmálum, og er undirbúningur að tillögugerð um slíkt þegar hafin. Geri ég ráð fyrir að þáltill. verði lögð fram á Alþ. síðar í vetur.

Aðalefni þessa frv. felst í 2. gr. Þar eru þær heimildir sem farið er fram á að Framleiðsluráðið fái til þess að hamla gegn umframframleiðslu í landbúnaði. Í a-lið er veitt heimild til að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Þarna er bæði um heimild að ræða til þess að ákveða mismunandi útborgun á búvöru og einnig að ákveða mismunandi verð með framleiðslugjaldi á búvöru, eins og sjömannanefndin leggur reyndar til í till. sinni um reglugerð sem byggðist á þessu ákvæði. Eins og fram kemur í fylgiriti með frv., áliti sjömannanefndar, gerir nefndin ráð fyrir að 2% gjald verði tekið af afurðum af 400 ærgilda bústærð og minni, síðan 4% af 401-600 ærgildum, 6% af 601-800 ærgildum og 8% þar yfir, en hjá framleiðendum utan lögbýla verði framleiðslugjaldið hinsvegar 10%.

Í b-lið þessa frv. er farið fram á heimild til að leggja sérstakt gjald á allt innflutt kjarnfóður. Þarna er sú breyting frá till. sjömannanefndar, að fellt er niður ákvæði þess efnis, að þó væri aðeins heimilt að taka slíkt gjald af kjarnfóðri ef áætlanir Framleiðsluráðs sýndu að útflutningsbætur nægðu ekki til verðjöfnunar.

Í c-lið er ákvæði um ráðstöfun fjármagnsins, og er það í samræmi við till. sjömannanefndar. Þó hefur þar verið felld út heimild til að endurgreiða fóðurbætisgjaldið að hluta. Vil ég beina því til hv. landbn., að það þyrfti að athuga. Má vera að rétt sé að hafa slíka heimild þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, t. d. kalár og annað sem getur valdið verulegum vandræðum á ákveðnum svæðum landsins.

Þá vil ég geta þess, að inn í frv., í c-lið, hefur verið sett ákvæði sem segir: „Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á verði búvöru, sem sexmannanefnd ákveður, enda sé fjármagninu ráðstafað að öllu leyti til framleiðenda búvöru.“

Almennt séð gerir c-liður 2. gr. ráð fyrir því, að þeim upphæðum, sem innheimtust, verði ráðstafað til þess: 1) Að koma í veg fyrir óeðlilega tekjuskerðingu af þessum ástæðum, sem vitanlega verður einhver. 2) Að greiða bændum beinlínis fyrir að draga úr framleiðslunni. Tel ég það ákvæði mjög mikilvægt. Sú leið hefur verið farin víða erlendis og reynst vel og tel ég sjálfsagt að reyna hana hér. 3) Að hluta til verðjöfnunar, ef útflutningsbætur hrökkva ekki til, sem tvímælalaust verður fyrstu árin því nokkurn tíma tekur að snúa við þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár í landbúnaðarframleiðslunni. Þá er í þessari grein einnig nefnt að nota megi hluta af fjármagninu til þess að jafna flutningskostnað á fóðurbæti um landið. Það tel ég sanngirnismál, ekki síst þar sem nokkur dráttur mun verða á því að grasköglaverksmiðjur verði reistar norðanlands.

Þá vil ég geta þess, að í till. sjömannanefndar var ákvæði þar sem gert var ráð fyrir að heimild landbrn. þyrfti til búvöruframleiðslu utan lögbýla. Þetta ákvæði hefur verið fellt út úr frv. Hins vegar vil ég leggja áherslu á að það mál þarf að athuga. Ég tel að sporna megi gegn slíkri framleiðslu með því framleiðslugjaldi sem gert er ráð fyrir.

Þetta eru meginatriði þessa frv.

Um áhrif þessara aðgerða hefur verið töluvert rætt og sýnist þar sitt hverjum. Ýmsir telja að fóðurbætisgjald muni ekki ná tilætluðum árangri nógu hratt. Vel má vera að gjaldið þurfi að vera nokkuð hátt til þess að ná tilætluðum árangri. En ég hygg að engum dyljist, að eftir því sem fóðurbætir verður hærri í verði verður óhagkvæmara að nota hann til viðbótarframleiðslu á mjólk, sérstaklega þegar notkunin er orðin jafnmikil og víða er og því afurðir minni en mest er unnt að ná fram. Einnig hafa tölur undanfarinna ára sýnt mjög glöggt, eins og ég nefndi áðan, að ákveðin fylgni er á milli fóðurbætisverðs annars vegar og mjólkurframleiðslunnar hins vegar. Enginn vafi er á því samkv. þeim tölum, að úr fóðurbætisnotkun hefur dregið þegar hlutfallið á milli fóðurbætisverðs og mjólkurverðs hefur orðið óhagstæðara.

Nefndar hafa verið aðrar leiðir, m. a. skömmtun á fóðurbæti. Sú leið var vandlega athuguð af sjömannanefnd, sem taldi að kerfið, sem setja þyrfti á fót til þess að koma á slíkri skömmtun og fylgjast með framkvæmd hennar, yrði mjög viðamikið og væri á ýmsan máta unnt að fara fram hjá því. Ég er þeirrar skoðunar, að æskilegt sé að losna við skömmtun. Þó má vel vera að grípa verði til einhverra innflutningstakmarkana, ef fóðurbætisgjaldið dugar ekki til, en ég tel tvímælalaust að það beri að reyna fyrst. Í þessu sambandi má geta þess, að Norðmenn leyfa ekki frjálsan innflutning á fóðurbæti til Noregs. Þar fer ríkiseinkasala með innflutning á fóðurbæti og verðleggur hann í eðlilegu hlutfalli við mjólkurverðið.

Um framleiðslugjaldið, sem stundum hefur verið nefnt kvótakerfi, skal ég ekki fara mörgum orðum. Ég held að vafalaust sé, að bændur muni hugsa sig um þegar stighækkandi gjald er lagt á framleiðsluna. Þar er ákveðin sú meginstefna, að þeir, sem stærri búin hafa, beri meiri byrðar af þessum samdrætti en hinir, sem hafa minni búin. Um það má að sjálfsögðu deila, en ég vil þó leyfa mér að halda því fram, að annað samræmist ekki þeirri stefnu í byggðamálum, sem við höfum fylgt. Að leggja jafnt gjald á öll búin mundi tvímælalaust leiða til meiri byggðaröskunar. Mér er ljóst að einhver byggðaröskun getur fylgt þeim aðgerðum, sem hér er stefnt að, en með þessu móti er dregið úr þeim áhrifum.

Að lokum vil ég leggja áherslu á að menn verða að minnast þess, að landbúnaðurinn er að sjálfsögðu ekki annað en einn hlekkur í stórri keðju. Fyrir hvern bónda í sveit hygg ég að u. þ. b. þrír aðrir hafi atvinnu, bæði við aðföng landbúnaðarins og að sjálfsögðu ekki síst og raunar fyrst og fremst við þann iðnað, sem á landbún-

aðinum byggist. Sumt af þeim iðnaði er með þeim álitlegasta sem við höfum, eins og t. d. skinnaiðnaðurinn og ullariðnaðurinn, þó skinnaiðnaðurinn beri líklega af eins og nú er. En margt bendir til þess, að íslenska ullin eigi mikla framtíð fyrir sér á ágætum mörkuðum. Vitanlega verður að skoða þetta þegar stefnt er að samdrætti í grundvallarframleiðslunni.

Ég vil jafnframt segja að það, sem hér er lagt til, eru nánast fyrstu aðgerðir til þess að snúa þeirri langtímaþróun við, sem verið hefur undanfarna áratugi. Ég tel þýðingarmest í þessu sambandi að marka hið fyrsta langtímastefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins og reyndar í landbúnaðarmálunum almennt. Ég tel þrjá þætti mikilvægasta í því sambandi:

1. Að tryggja bændum tekjur, sem eru sambærilegar við það sem aðrar stéttir í þjóðfélaginu hafa.
2. Að miða framleiðsluna sem næst við innanlandsþarfir, en taka þá jafnframt tillit til þarfa þess iðnaðar sem á landbúnaðinum byggist, en einnig leggja áherslu á, samfara slíku, að auka fjölbreytni í landbúnaðarframleiðslu.
3. Að tengja landbúnaðarstefnuna þeirri byggðastefnu sem við viljum fylgja.

Ég geri mér grein fyrir því, að erfitt er að ná þessum markmiðum öllum. Hætt er við að slíkum aðgerðum fylgi einhver fækkun í bændastétt, sem reyndar hefur verið undanfarin ár. En þá tel ég að beita verði opinberum aðgerðum til þess að koma í veg fyrir að sú fækkun verði í sumum hinum afskekktu byggðum, þar sem strjálbýli er orðið mikið og byggðin er í hættu og vaxandi hættu við hvert býli sem úr leik fer. Þetta er ekki síður mikið mál fyrir þéttbýliskjarnana á slíkum svæðum, sem byggjast mjög á sveitunum sem í kring eru. Þetta er því margþætt vandamál.

Ég legg áherslu á, að ekki er eðlilegt að bændastéttin ein beri þær byrðar sem þessu fylgja. Í þessu sambandi tel ég jafnframt, að fljótlega þurfti að grípa til annarra aðgerða, sem hamla gegn framleiðsluaukningu. Ýmsar tillögur lútandi að þessu eru í áliti sjömannanefndar, sem fylgir frv., í 8 liðum. Sumar þær tillögur eru þegar í athugun hjá landbrn., eins og t. d. sú fyrsta, að gera úttekt á búskaparaðstöðu um landið, sem sjömannanefnd telur vera grundvallaratriði til þess að skipuleggja megi landbúnaðarframleiðsluna og framkvæma þá langtímastefnu sem ég hef nefnt. Einnig eru þar tillögur um aukna fjölbreytni í landbúnaðarframleiðslunni, sem eru í athugun. Ég mun fljótlega kalla sérfræðinga til að athuga þær. Þá eru þar einnig tillögur um breytingar á styrkjakerfi og lánareglum Stofnlánadeildar.

Þetta er tvímælalaust mjög mikilvægt. Þessa þætti, eins og raunar fjölmarga aðra, t. d. starfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Búnaðarfélags Íslands o. fl., verður að sjálfsögðu að samræma þeirri langtímastefnu sem við viljum hafa á sviði landbúnaðarins. Ég hef því undirbúið frv. um nokkra breytingu á því styrkjakerfi, sem nú er, þar sem farið verður fram á heimild til að nota það fjármagn til að ná markmiðum eins og ég nefndi áðan. Áhersla verður lögð á að draga úr ráðstöfun slíks fjármagns í landbúnaði þar sem um framleiðsluaukningu yrði að ræða.

Það eru því fjölmargar aðgerðir sem þessu verða að fylgja. Þetta er fyrsta viðleitni til að snúa við margra áratuga þróun, eins og ég hef margnefnt. Mjög er mikilvægt, að þessar heimildir fáist skjótt. Ég leyfi mér því að fara fram á það við þá hv. n., landbn., sem fær málið til meðferðar, að hún hraði störfum sínum. Ég legg á það ríka áherslu, að þær heimildir, sem farið er fram á, verði samþ. fyrir áramótin. Kveðja verður saman fulltrúafund Stéttarsambands bænda, og yrði það gert strax eftir áramót, til að ákveða útfærslu og framkvæmd þeirra heimilda, sem hér er farið fram á.

Herra forseti. Eg læt svo lokið þessari framsögu minni fyrir frv. og geri að till. minni, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. að lokinni þessari umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er á dagskrá, mun fara til þeirrar n., sem ég á sæti í, hv. landbn., og kemur þar vitaskuld til nákvæmrar athugunar. Ég mun því ekki ræða þetta mál eins ítarlega nú og ella hefði verið og hafa fyrirvara um afstöðu mína til einstakra þátta þess. Út af meðferð þessa máls vil ég þó taka það fram nú þegar, að ég tel engar líkur til þess, að unnt sé að afgreiða mál sem þetta á þeim dögum sem eftir eru af þessu þingi til jólaleyfis, og raunar hreinan barnaskap að láta sér detta það í hug. Ég tel enda eðlilegt að frv. eins og það, sem hér er á ferðinni, sé rætt ítarlega, ekki einasta hér á Alþ., heldur einnig meðal bænda sem víðast um land. Sú umræða er þegar byrjuð, og ég tel að það sé eðlilegt að niðurstöður þeirrar umræðu meðal bænda um land allt komi til Alþ. áður en frv. er afgreitt. Þetta vil ég taka fram út af meðferð þessa máls og hugsanlegri afgreiðslu þess.

Um þá stefnu, sem ríkt hefur í landbúnaðarmálum undanfarin ár og undanfarna áratugi, hefur hæstv. landbrh. farið nokkrum orðum. Ég skal ekki auka miklu við það. Þar var margt réttilega sagt. E. t. v. má rekja, eins og hann sagði, þá stefnu, sem fylgt hefur verið í framleiðslumálum, til afurðasölulöggjafarinnar. En ýmsar áherslubreytingar hafa orðið á þeirri löggjöf á liðnum áratugum. E. t. v. var síðasta áherslubreytingin, sem verulegu máli skiptir, gerð 1960, þegar gert var samkomulag á milli bændasamtakanna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar undir forustu Ingólfs Jónssonar um að taka upp 10% verðtryggingu á útfluttum landbúnaðarvörum. Til þess tíma höfðu aðrar reglur gilt, þ. e. að bændur höfðu fengið leyfi til að hækka verð á búvörum á innlendum markaði til þess að mæta halla af útflutningi, en sú stefna hafði gengið sér til húðar og hin nýja stefna um útflutningsbætur, sem hæstv. fyrrv. landbrh. Ingólfur Jónsson innleiddi, bætti mjög úr fyrir bændastéttinni, og sú regla hefur gilt síðan. Ég vil taka það fram nú þegar, að ég tel að það sé ekki fært að gera breytingu á þeirri lagareglu, sem tekin var upp að viðhöfðu samkomulagi á milli réttra aðila, án þess að eitthvað nýtt komi þar í staðinn, er tryggi hagsmuni bændastéttarinnar a. m. k. jafnvel og útflutningsbæturnar hafa gert.

Því má svo bæta við, að sú stefna, sem fylgt hefur verið frá 1960 og mótuð var af þáv. ríkisstj., hefur í raun og veru dugað vel og ekki hefði verið um nein vandræði að ræða í framleiðslu- og markaðsmálum landbúnaðarins ef ekki hefðu orðið breytingar í þjóðfélaginu, sem engin sá þá fyrir. Þessar breytingar eru fyrst og fremst þrenns konar:

1) Fólksfjölgun hefur orðið miklu minni en reiknað var með á áratugnum 1950-1960.

2) Enn hefur það gerst nú allra síðustu árin, að neysla landbúnaðarvara hefur dregist saman. — Ef ekki hefði

farið svo sem hér hefur raun á orðið væri sennilega um óverulega umframframleiðslu landbúnaðarvara að ræða í landinu í dag. Hér er vitaskuld ekki við bændur að sakast, þó þeir hafi haldið þeirri stefnu, sem mótuð hefur verið, og fylgt þeirri framleiðslustefnu, sem í upphafi var byggð upp miðað við líklega þróun í innanlandsmálum með fjölda þjóðarinnar og neyslu hennar.

3) Verðlagsþróun í landinu hefur orðið ákaflega neikvæð hvað snertir samanburð við ýmis önnur viðskiptalönd okkar og það orðið til þess, eins og hæstv. ráðh. kom hér nokkuð inn á, að útflutningur búvöru hefur orðið óhagstæðari með ári hverju.

Þessir þrír þættir hafa orðið til þess að raska því, að sú framleiðslustefna, sem fylgt hefur verið og mótuð var um 1960 í landbúnaðarmálum, hefur að nokkru leyti brugðist. Hún hefur brugðist að því leyti, að þjóðinni hefur ekki fjölgað eins og þá var gert ráð fyrir, neysla hefur dregist saman og verðlagsþróunin, miðað við það sem gerist í viðskiptalöndum, hefur orðið mjög neikvæð. Þetta veldur því, að nú er við vanda að etja.

Þessi vandi er vissulega umtalsverður. Hann er e. t. v. fyrst og fremst í mjólkurframleiðslunni, þar sem markaður fyrir mjólkurafurðir er miklum mun takmarkaðri erlendis en þó markaður fyrir sauðfjárframleiðsluna. Nú eru til í landinu birgðir af smjöri sem nema meira en ársneyslu. Er sýnilegt að ef aukning verður á framleiðslu mjólkurafurða, þá mun lítið verða úr því verðmæti, sem þar er geymt, eða einhverjum hluta þess. Þess vegna þarf þarna að spyrna við fótum og grípa til ráða sem hafa hamlandi áhrif á framleiðslu í þessari grein. Ostabirgðir í landinu eru minni en smjörbirgðir, enda þótt ekki beri fyllilega saman þeim heimildum sem ég hef aðgang að, en svokallaður óðalsostur mun þó seljast á Bandaríkjamarkaði fyrir allt að 50% framleiðslukostnaðarverðs, og eru taldar góðar horfur á því að unnt sé að fá hækkandi verð á þeirri vöru erlendis. Þrátt fyrir þetta er því ekki að neita, að verulegur vandi er varðandi mjólkurframleiðsluna og ekki horfur á því, að unnt sé að koma þeirri framleiðslu í lóg sem unnin er í landinu nú í dag, hvað þá meira. Við þessum vanda þarf því að bregðast.

Í sauðfjárframleiðslunni varð dilkakjötsframleiðslan nálægt 15 þús. tonnum á s. l. hausti. Er gert ráð fyrir því, að á innanlandsmarkaði verði neyslan u. þ. b. ⅔ þeirrar framleiðslu. Er þá gert ráð fyrir því, að veruleg neysluaukning verði á dilkakjöti, og tala sumir um allt að 16% aukningu á neyslu. Um hvað þar gerist er auðvitað engu hægt að spá umfram það sem þeir, sem best þekkja til, gera sér vonir um. Birgðir af sauðfjárframleiðslu hafa ekki farið vaxandi og raunar jafnvel fremur hið gagnstæða. Það kom einnig fram í máli hæstv. ráðh. áðan, að útflutningur dilkakjöts hefur síður en svo farið vaxandi hin síðustu árin. Þrátt fyrir það er vert að gera sér grein fyrir því, að miðað við þessa framleiðslu er útflutningsbótaþörf einvörðungu í sauðfjárframleiðslunni sem nemur 3-4 milljörðum kr.

Ég tel að vandamálin í sauðfjárframleiðslunni séu hvergi nærri á sama stigi og í mjólkurframleiðslunni. Það er í rauninni vafasamt, að hægt sé að tala um að í þeirri framleiðslugrein sé um nein veruleg vandamál að tefla. Þær afurðir, sem hér er talað um að þurfi að flytja út, eða 4-5 þús. tonn, gefa í fyrsta lagi af sér verulegt verðmæti, sem er útflutningsverðið, og þeim afurðum fylgja mikilvægar framleiðsluvörur, ull og gærur, sem eru undirstaða mikils og vaxandi iðnaðar hjá þjóðinni. Ef við hugsuðum okkur að draga saman sauðfjárframleiðsluna sem þessu magni næmi, eða sem svaraði 300-400 þús. dilkum á ári, þá mundi einhvers staðar þrengjast fyrir dyrum fólks. Það mundi þrengjast fyrir dyrum þess fólks sem vinnur að iðnaði úr landbúnaðarframleiðslunni, ull og gærum. Það mundi þrengjast fyrir dyrum þess fólks sem vinnur að framleiðslunni beint. Og það mundi þrengjast hjá því fólki sem vinnur að þjónustu við landbúnaðinn og úrvinnslu þessara greina á mörgum sviðum. Það er því langt frá því, að ég geti fallist á að kalla þessa framleiðslu eitthvert þjóðfélagslegt böl. Hitt er svo annað mál, að ef ekki tekst að ná auknum mörkuðum þarf að verða hóf á þessari framleiðslu. Ég vil þó áður en lengra er horfið koma nokkuð að markaðsmálum.

Hæstv. landbrh. gat þess áðan, að skipuð hefði verið markaðsnefnd landbúnaðarins, hún hefði unnið gott starf, sem ég efa ekki. Henni hefði orðið nokkuð ágengt, en hvergi nærri eins og í raun og veru hefði þurft. Það má taka undir þetta allt saman, en samt er það svo, að það er tortryggt af mörgum að enn sé nægilega vel að verki staðið í sambandi við markaðsmál landbúnaðarins, ekki síst að því er snertir markað fyrir sauðfjárframleiðsluna. Ég er ekki með þessum orðum að kasta steini að þeirri nefnd sem hér hefur verið að starfi. Það er langt frá því. En nefnd, sem vinnur að þessum málum á vegum bændasamtakanna og með fulltingi ríkisvalds, hefur ekki jafnmikið áhrifavald og ef mál þetta væri fært í æðstu hendur, fært yfir til hæstv. ráðh. sjálfra. Ég tel að það þurfi að vinna að þessum málum með þeim hætti, að æðstu menn okkar á sviði landbúnaðarmála — þá á ég við hæstv. landbrh. — vinni að þessum málum sjálfir, og e. t. v. hafi landbrh. samvinnu og samráð við hæstv. viðskrh. og jafnvel utanrrh. Þetta er ekkert smámál, sem hér er um að tefla, og það á ekki að láta við það sitja, að aðeins séu sendar nefndir á vegum bændasamtakanna, þó þær séu góðra gjalda verðar, til þess að fást við þessi mál, heldur þurfa æðstu menn á sviði landbúnaðar, viðskipta og utanríkismála að vinna að þessum málum fyrst og fremst.

Við höfum heyrt um það, að Írar hafa t. d. komist inn á markað í Frakklandi. Ef við ætlum að flytja þangað ófrosið kjöt, ferskt kjöt, þá þurfum við fyrst að borga 22% innflutningstoll Efnahagsbandalagsins, en síðan 27% toll sem greiddur er til bændasamtakanna frönsku. Það er verðugt verkefni fyrir þá menn, sem nú leggja fram till. í landbúnaðarmálum, að huga að þessum þætti mála betur en gert hefur verið.

Dilkakjötsframleiðslan íslenska er ekki mikið magn á mælikvarða heimsmarkaðar eða á mælikvarða markaðar í einstökum nágrannalöndum okkar. Umframframleiðsla miðað við það sem neytt er hér innanlands er sem svarar hálfri neyslu þessarar þjóðar, 200 þús. manna, samkv. neysluvenjum Íslendinga sem svarar neyslu 100 þús. manna. Það ætti ekki að vera neitt stórvirki að fá því til leiðar komið að komast fram hjá tollmúrum efnahagsbandalagslanda með slíkt magn. Ég legg nokkuð þunga áherslu á að þess sé freistað til hins ítrasta. Hefði átt að vera búið að kanna þetta fyrr en nú alveg að fullu og þá beita til þess öllum þeim ráðum sem æðstu menn þessarar þjóðar hafa yfir að ráða. Við stöndum í samningum við aðrar þjóðir að því er varðar fisksölumál og annað slíkt á sviði markaðsmála, sem hefur verið meira metið af forráðamönnum okkar. Hér er að vísu ekki um slíkt stórmál að tefla, en hér er þó um þýðingarmikinn

þátt að ræða í framleiðslumálum, í atvinnumálum og í markaðsmálum þessarar þjóðar, þar sem okkur er skylt að gera hið ítrasta til þess að ná fram því sem kostur er. Ég tel því, að það sé hvergi nærri fullreynt, hvort ekki tekst að komast fram hjá þeim innflutningstollum, sem eru á þessari vöru í hugsanlegum viðskiptalöndum okkar. Meðan það er ekki fullreynt er ekki hægt að fullyrða að hér sé um neitt sérstakt vandamál að tefla. Og jafnvel þó svo að þetta takist ekki, þá er það í sjálfu sér ekki ákaflega viðamikið vandamál þessarar þjóðar að tryggja framleiðslu á sauðfjárafurðum og e. t. v. nokkru af osti, sem seldist fyrir 50-60% af framleiðslukostnaðarverði. Þar þarf þó að vera hóf á, eins og ég hef þegar tekið fram.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þennan þátt þessara mála, um stefnu í landbúnaðarmálum, til þess að ræða þetta ekki í of löngu máli. Ég hef ítrekað það, sem ég vildi koma á framfæri í sambandi við markaðsmálin, og bent á að vafasamt er, og þyrfti á því nánari útreikninga en ég hef fengið til þessa, hversu mikinn eða hvort nokkurn verulegan bagga er um að ræða af þeirri framleiðslu sem við höfum þó markaði fyrir í dag í sauðfjárframleiðslunni. Hitt er ljóst að í heild, ef þessi mál eru tekin öll saman, mjólkurframleiðsla og sauðfjárframleiðsla, þá er þar um verulegt og veigamikið vandamál að ræða.

Það frv., sem hér liggur fyrir og hæstv. landbrh. hefur mælt fyrir, er að stofni til samið af svokallaðri sjömannanefnd. Þetta frv. hefur tekið nokkrum breytingum, en þó ekki mjög veigamiklum, í meðferð hæstv. ráðh. áður en það er lagt fram. Frv. felur í sjálfu sér ekki í sér neina sérstaka nýlundu miðað við umr. síðustu ára og ýmsar till., þó í því séu þó nokkur nýmæli.

Í megindráttum byggist þetta frv. á því, að tekið verði upp mishátt framleiðslugjald í stað verðjöfnunargjalds, sem hefur verið flatt verðjöfnunargjald, sem stundum hefur verið tekið hingað til og heimildir eru fyrir í lögum, og tekinn verði upp fóðurbætisskattur, sem oft hefur verið rætt um, en ekki hingað til náð fram að ganga. Enn er hér nýmæli, sem er á þá lund, að heimildir verði til þess að greiða framleiðendum sérstakt fjármagn fyrir að draga framleiðslu sína saman. Ýmis minni háttar nýmæli önnur eru í frv., en þau eru miklu veigaminni.

Í sambandi við þessa liði, sem hér hafa verið taldir, verð ég að segja það, að þær breytingar, sem gerðar voru á frv. af hálfu hæstv. ráðh. áður en það var lagt fram, sýnast mér sumar hverjar vera til bóta, aðrar mjög vafasamar, en í þriðja lagi enn aðrar að mínum dómi til hins verra. Ég skal ekki rekja það nákvæmlega, en e. t. v. víkja að þeim smám saman.

Í fyrsta lagi vil ég segja það í sambandi við 2. gr. frv. sem er aðalgrein þess, að a-liður þeirrar greinar er á þann hátt, að samkv. lagaheimildinni, sem sá liður frv. mundi fela í sér, er búið að opna fyrir mishátt verð á búvöru í allar áttir. Það er ekki að finna í frvgr. neina takmörkun á því, með hvaða hætti mætti beita mismunandi verðlagningu. Þó hér sé rætt um að þetta byggist á till. sjömannanefndar, þá er e. t. v. varasamt að Alþ. ákveði með löggjöf, að það verði heimildir færðar í lög til þess að í allar áttir og á hvaða hátt sem er megi beita misháu verði til framleiðenda. Þessi möguleiki hefur verið opnaður enn frekar í frv. af hálfu hæstv. ráðh. heldur en þó var í frvgr. frá sjömannanefndinni.

Um þetta svokallaða framleiðslugjald eða kvótakerfi vil ég segja það fyrst og fremst, að það er að mínum dómi ein af þeim leiðum sem geta komið til greina, þó því aðeins að um sé að ræða mishátt framleiðslugjald eftir bústærð. En ég er því andvígur, að upp verði tekinn refsiskattur, sem gert er ráð fyrir að heimild sé til í þessum lögum, á þá bændur sem sýna aukinn dugnað, aukna framleiðni, aukna úrræðasemi eða hagkvæmni á búum sínum, ef þeir fari fram úr einhverju meðaltali, annað tveggja meðaltali sjálfra sín síðustu þrjú árin eða landsmeðaltali, þá sé þeim refsað sérstaklega fyrir það með aukinni skattlagningu. Þetta er andstætt mínum hugmyndum og svona ráðslagi er ég algjörlega mótfallinn. Hitt er frekar viðunandi, að ákveða mishátt framleiðslugjald eftir bústærð. Ef við jöfnum þessu til einhverra annarra atvinnugreina, þá er sjávarútvegurinn kannske nærtækastur. Þá væri þetta hliðstætt því, að útvegsmenn fengju annað tveggja mismunandi fyrirgreiðslu hins opinbera, lánafyrirgreiðslu og annað, eftir stærð skipa sinna, eða þeir þyrftu að greiða leyfisgjald til þess að eignast skip, sem væri mishátt eftir stærð skipa. Nú skulum við segja að það væri talið, sem er nú mjög á reiki, að stærstu togarar væru kannske ekki eins hagkvæmir í rekstri og miðlungstogarar, 500-600 brúttólestir, og við vitum að nú er um það rætt, að fiskiskipastóllinn sé nógu stór til að draga þann afla að landi sem fiskifræðingum sýnist óhætt. Þá væri, til þess að hamla gegn mjög mikilli aukningu á skipastólnum, gripið til þess að setja strangari mörk við skipakaup stærstu skipanna en þeirra minni. Þetta er sambærilegt, og hægt er að hugsa sér að þetta væri gert. En ég tel jafnframt fráleitt að það væri sett í lög, að heimildir væru til þess að refsa þeim skipstjórum og þeim skipshöfnum sem sköruðu fram úr jafningjum sínum á næsta skipi. Það er alveg fráleitt að mínum dómi að setja kvóta á aflaverðmæti hvers skips, alger fjarstæða.

Í annan stað gerir þetta frv. ráð fyrir fóðurbætisskatti, og á fóðurbætisskattákvæði sjömannanefndar hefur hæstv. ráðh. gert nokkrar breytingar. Það er í fyrsta lagi að fella niður heimild til endurgreiðslu á fóðurbætisgjaldi. Hæstv. ráðh. hafði fyrirvara um þessa breytingu. Ég tel að þessi breyting sé til hins verra. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í breytingum hæstv. ráðh., að fóðurbætisskatturinn reiknist ekki inn í verðlagsgrundvöll. Þetta sýnist mér vera réttmætt, nema að því er tekur til þess, ef á að nota kjarnfóðurskattinn til annars en að greiða með framleiðslu. Ef á að nota kjarnfóðurskattinn til þess að jafna flutningskostnað eða greiða með grasköggla verksmiðjum t. d., þá eru engin rök fyrir öðru en að þetta komi inn í verðlagsgrundvöll. Þarna er skilsmunur á milli sem hæstv. ráðh. hefði mátt athuga.

Um kjarnfóðurskatt vil ég segja það að öðru leyti, að ég tel að þau ákvæði, sem numin hafa verið burt úr frv., sem gefa heimild til þess að endurgreiða skattinn að hluta eða að meira eða minna leyti, opni leið fyrir það að hafa mishátt verð á kjarnfóðri, sem hæstv. ráðh. taldi ekki eðlilegt áðan. Ég tel sem sé, að best væri ef hægt væri að koma kjarnfóðurskatti fyrir með þeim hætti að tiltekin notkun á búeiningu hvers býlis væri skattfrjáls, það, sem umfram þessa notkun væri, væri skattlagt og það hátt. Þá mundi fóðurbætisskatturinn fyrst verka verulega framleiðsluletjandi. Þó settur væri flatur skattur á kjarnfóður, eins og gert er ráð fyrir með þessu frv., t. d. 25-30%, eins og hæstv. ráðh. orðaði, þá mundu þeir betur stæðu í bændastétt, ekki síst mjólkurframleiðendur, láta það sig engu skipta, því þrátt fyrir

það væri stórkostlegur hagnaður að því að gefa mjólkurkúm kjarnfóðrið. Hins vegar mundi þetta fyrst og fremst hitta þá sem eru í erfiðleikum með rekstrarfjárstöðu sína og geta ekki greitt þessa vöru þegar hún hækkar í verði. Þeir, sem eru lakar stæðir í bændastétt, mundu fyrst og fremst verða fyrir barðinu á þessari skattlagningu, það mundi koma niður á þeirra búrekstri og e. t. v. leiða til þess að þeir kæmust í þrot.

Þetta er mjög hættuleg leið, sem á þó sínar röksemdir og þarf mikillar athugunar við. Við vitum að afkoma bændastéttarinnar er mjög misjöfn. Í röðum bænda eru margir, sem betur fer, sem búa við ágæta afkomu og hafa sæmilega rekstrarfjárstöðu. En þeir eru kannske jafnmargir sem búa við bága afkomu og mjög þrönga rekstrarfjárstöðu. Skattlagning af þessu tagi mundi fyrst og fremst koma niður á þessum mönnum. E. t. v. væri þetta liður í því að skipuleggja fátækt meðal bænda á Íslandi. Það mætti komast fram hjá þessu, ef það þætti fær leið, sem ég skal ekki fullyrða, að taka upp kvótastyrkingu, kvótafyrirkomulag, sem hér er vinsælt orð, í fóðurbætisverði til bænda. Þá væri hægt að komast fram hjá þessum annmörkum sem ég hef lýst, og mundi verða til þess, ef skatturinn kæmi fyrir ofan tiltekin mörk, væri verulega hár, 50% eða meira kannske, mundu flestir reyna að halda sig sem næst innan þeirra marka. Það má vera að séu erfiðleikar á framkvæmd í þessu efni, en það er þó, að ég hygg, leið til að framkvæma þetta með endurgreiðslufyrirkomulagi, svo sem gert er ráð fyrir í áliti sjömannanefndar, en hæstv. ráðh. hefur numið burt úr frv.

Ég tel eðlilegt að þessi ákvæði og mörg fleiri verði athuguð og það gaumgæfilega í þn. Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði fyrr um afgreiðslu þessa máls, að það er fráleitt að stefna að því að afgreiða frv. fyrir jól.

Þriðja leið, sem í raun og veru er sú af þessum þremur leiðum, sem er eitthvert nýmæli, að greiða bændum eftir einhverju fyrirkomulagi bætur fyrir það að draga úr framleiðslu sinni, er e. t. v. að sumu leyti álitlegust að því leyti að hún er kannske áhrifaríkust. Þessa leið hafa ýmsar þjóðir farið, en ég hygg að þær þjóðir hafi ekki mótað þá aðferð með því að byrja á því að skattleggja bændurna til þess að fá fé til þess að greiða þeim síðan til baka til þess að draga úr framleiðslu sinni. Það er mér nýlunda ef það hefur verið gert. Ég er hvergi nærri að mótmæla því, að þessi leið verði farin í einhverjum mæli, en ég tel eðlilegt að fé til þess að koma henni fram verði fengið með öðrum hætti en taka það með framleiðslugjaldi. Þessi leið er annars eðlis. Hún er á þá leið, að þjóðfélagið sjálft taki þátt í því, taki það á sig að greiða mönnum fyrir annaðhvort að leggja niður búskap, — það er sagt berum orðum, þetta þýðir það, — eða draga úr framleiðslu sinni. Þessi leið er þó mjög vandasöm í framkvæmd og má vara sig á henni, ef henni ætti að beita að einhverju verulegu marki. Það er ákaflega erfitt að hugsa sér að sú stefna verði tekin upp í landbúnaðarmálum, að það verði fjárhagslegt keppikefli bænda að draga sem mest saman framleiðslu, að draga saman hver og einn, að fóðra jafnvel búfé sitt svo slaklega að það skili sem minnstum arði og helst drepist nokkuð af bústofninum úr hor, til þess að fá sérstaka umbun þjóðfélagsins fyrir. Það má vara sig á þeirri leið, því að hún getur, ef slíkri leið er beitt að einhverju verulegu marki, orðið það áhrifamikil að ekki verði séð fyrir endann.

Ég hef áður sagt úr þessum ræðustól, að landbúnaðurinn væri atvinnuvegur sérstaks eðlis. Hann er nokkuð svifaseinn í breytingum, og breytingar þurfa að gerast hægfara og fyrir þróun til þess að ekki verði of mikil röskun og breytingunum fylgi ekki of mikill kostnaður. Ef stórkostlegar breytingar ættu að verða í þá átt að draga saman landbúnaðinn, þá mundi því fylgja röskun, sem þýðir í raun stórkostleg fjárútlát fyrir þjóðina. Mannvirki mundu standa ónotuð og mannvirki þyrftu að rísa í staðinn til þess að taka við því fólki sem hyrfi frá landbúnaðinum, fyrir utan alla þá röskun sem verður hjá því fólki sem stundar úrvinnslu landbúnaðarafurða og hefur atvinnu sína af þjónustu við landbúnaðinn. Þess vegna má fara varlega í mjög róttækar breytingar í þessum efnum. En ég vil þó segja um þessa leið, að ég tel eðlilegt að hún verði reynd að einhverju marki og hún verði reynd á þann hátt að greiðsla komi fyrir samdrátt í bústærð, en ekki endilega fyrir samdrátt í framleiðslu. Óhófleg bústærð með lítilli framleiðslu er versta búskaparlag sem til er hér á landi og það kostar mikla fjárfestingu, það kostar mikinn rekstur og mannafla, en skilar sjaldnast arði. Þess vegna er betra að höggva eitthvað í bústærðina, en halda framleiðslunni gangandi eftir þann grip sem bóndinn á. Þessi leið tel ég að geti komið til greina að sé reynd, og skal ég ekki um það segja að hve miklu leyti það skuli gert, en hana má þó taka með sem eina af þeim leiðum sem hugsanlegt er að reyna.

Þetta voru þrír þeir meginliðir sem er að finna í þessu frv. um samdráttaraðgerðir í landbúnaðinum.

Ég sagði í upphafi, að víst væri vandinn mikill og þó fyrst og fremst í mjólkurframleiðslunni, sem því miður er komin út fyrir mörk þess sem er mögulegt að koma í lóg. Ég dreg í efa vandann í sauðfjárframleiðslunni. Ég tel að enn hafi ekki reynt á það til hins ítrasta, hvort við komumst fram hjá þeim viðskiptamúrum fyrir hið litla framleiðslumagn okkar sem sumum öðrum hefur tekist að sleppa við. Við höfum lagt meira kapp á, sem eðlilegt er, að tryggja okkur markaði á sviði sjávarafurða. En þarna má gera betur, og felst í því enginn áfellisdómur um þá nefnd manna sem að þessu hefur starfað. Þar þurfa aðrir menn að koma til. Þess vegna dreg ég það í efa að þarna sé við eins mikinn vanda að etja og stundum er látið í veðri vaka.

En fleiri leiðir eru til í þessum efnum, og þurfa allar leiðir að koma til nákvæmrar athugunar í þn. sem um þetta fjalla. Mér hafa t. d. borist till. um breytingar á þessu frv. frá eyfirskum bændum. Það eru brtt. við a-lið 2. gr. þessa frv., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta — a-liður hljóði svo:

„Að taka upp tvenns konar verð á búvöru. Framleiðendur fái fullt verð fyrir ákveðinn hundraðshluta af framleiðslu sinni, þó þannig að stærri búin njóti hlutfallslega lægri verðtryggingar. Á það, sem framleitt er umfram hið tryggða magn, greiðist einungis útflutningsverð. Söluaðilum landbúnaðarafuðra er skylt að veita upplýsingar eins og nauðsynlegt kann að vera og um er beðið í þessu sambandi. Einnig er söluaðilum skylt að halda eftir af andvirði búvöru þeirri fjárhæð, sem framleiðsluráð ákveður til að standa skil á greiðslum til framleiðenda. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessara heimilda."

Enn er hér lagt til, að b- og c-liður frv. falli niður.

Þá leið, sem hér er bent á, hef ég ekki íhugað mjög mikið, enda fékk ég þetta blað sent nú í morgun. Á það mun þó bent, að það séu vandkvæði á því að framkvæma

slíka leið að því er varðar kjötframleiðslu, bæði í sauðfjárafurðum og nautgripaafurðum, vegna þess að það muni verða mjög aukin tilhneiging til þess að fara fram hjá löglegum aðilum í slátrun og sölu og selja utan við kerfið. Í grg. með þessum till., sem ég ætla ekki að lesa að þessu sinni, er að þessu vikið og bent á að það þurfi að setja reglugerð sem hafi að geyma harðari ákvæði um þetta atriði. Um þetta skal ég ekkert fullyrða á þessu stigi. Mér sýnist þó ljóst, að þessa leið þurfi að taka til athugunar eins og aðrar, sem eru mögulegar. Mér er ekki ljóst, hvort unnt er að nota þessa leið að hluta og aðrar leiðir að hluta, þannig að þessi leið t. d. verði mestmegnis ráðandi í mjólkurframleiðslunni, en aðrar leiðir ráði í kjötframleiðslu. Þetta allt þarf að athuga gaumgæfilega og til þess þarf að gefast nægur tími.

Fleiri leiðir hefur verið bent á, svo sem að taka hluta af fé landbúnaðarins, þ. e. a. s. fyrst og fremst útflutningsuppbætur, en e. t. v. eitthvað meira af því fjármagni sem til landbúnaðarins rennur, og greiða það beint til bænda og láta síðan eitthvað vanta á verðið þegar tilteknu framleiðslumagni er náð á hverju býli. Þessi leið hefur auðvitað sína vankanta eins og aðrar. Henni mundi m. a. fylgja að taka yrði verðjöfnunargjald af bændum til þess að jafna á milli sölusvæða, jafnhátt fé og færi í það að greiða þessar greiðslur beint. Yrði þannig að nokkru leyti um tvöfalt kerfi að ræða. Þessi mál þarf öll að athuga mjög gaumgæfilega og njóta til þess aðstoðar hinna færustu manna á þessu sviði. Ég hef allan fyrirvara á um afstöðu mína til þessara leiða í heild tekið, enda þótt ég hafi tekið af um fylgi mitt við einstaka þætti þeirra.

Um leið og við erum að hugleiða hér leiðir, sem flestar eða kannske allar hafa í för með sér samdrátt á mögulegum bænda til tekjuöflunar, þá höfum við mátt horfa upp á það, að í verðlagsmálum fer æ meiri hluti af heildarverðinu til milliliða og m. a. s. alveg nýverið, síðast þegar verð var ákveðið, var hækkuð verulega álagningarprósenta á landbúnaðarvörur. Smásöluálagning á mjólk var 12.2%, en við síðustu verðákvörðun, nú eftir 1. des., var prósentan hækkuð í 16.2% eða um 33% hækkun til kaupmanna. Á nautakjöti var álagning 11.2%, var hækkuð í 12.8% eða um 13%. Á dilkakjöti var álagning 28%, var hækkuð í 37% eða um 32%. Með þessu er auðvitað enn lagst á þá sveif, að milliliðaþátturinn í heildarverði búvöru vex og það stórkostlega. Það er e. t. v. eftirtektarvert, að áður en hæstv. viðskrh. Svavar Gestsson er búinn að vera 4 mánuði í ráðherrastóli, þá er ákveðin hækkun á álagningarprósentu til kaupmanna á búvöru frá 13-33%. Einhvern tíma hefði þótt ástæða til að birta mynd í Þjóðviljanum af hæstv. viðskrh. af minna tilefni — og kannske verður það gert. En þetta gerist vitaskuld í sama mund sem ekki einasta forráðamenn bændastéttarinnar, heldur hæstv. landbrh. leggja fram tillögur og freista þess að fá afgreidd lög sem hafa í för með sér skerðingu á kjörum bænda.

Þetta er auðvitað ekki beint sagt í þessu frv. og grg. þess og ekki beint sagt í till. sjömannanefndar eða nál. hennar, en það er kannske dálítið annað hvað sagt er á tilteknu þskj. eða það sem um er rætt annars staðar. Ég minnist þess t. d., að hæstv. ráðh. Kjartan Jóhannsson sagði í sjónvarpsviðtali fyrir fáum dögum, að hæstv. landbrh. eða þeir framsóknarmenn, samstarfsmenn hans í ríkisstj., hefðu lofað að koma fram breytingum á landbúnaðarlöggjöfinni sem gengi mjög í átt við þá stefnu sem Alþfl.-menn hafa viðrað í þessum efnum. Og hvað er það sem hv. Alþfl.-menn hafa lengi talið brýnast í sambandi við landbúnaðarmálin? Jú, það er samdráttur framleiðslu, stundum mikil fækkun bænda o. s. frv., o. s. frv., sem óþarft er að tíunda. En þetta er auðvitað ekki sagt á þessu tiltekna þskj. Það er ekki heldur sagt á þskj., sem hæstv. landbrh. hefur viðurkennt annað veifið og í öðru orðinu — m. a. áðan — að vænta mætti að þetta hefði í för með sér samdráttaráhrif í kjörum bændastéttarinnar. Nú er það auðvitað eftirtektarvert, að hæstv. landbrh. Framsfl. leggur fram tillögur sem hafa þetta í för með sér. Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma, enda hef ég viðurkennt að hér er um verulegan vanda að ræða.

Í sambandi við þessi mál eru e. t. v. nokkur atriði sem væri rétt að vekja athygli á strax við 1. umr. Þar á ég t. d. við ríkisbú. Í þessum hugmyndum að kvótafyrirkomulagi eða misháu framleiðslugjaldi, sem hér er um rætt, er gert ráð fyrir að ríkisbú falli undir þetta kerfi sem önnur lögbýli í landinu eða bú einstakra bænda. Ég tel fyrir mitt leyti, að ef þetta verður niðurstaðan, þá eigi ríkisbúin að verða skattlögð með hæstu prósentu. Ég styð þessa skoðun mína með því, að ríkisbúin eiga í raun og veru ekki að verða til þess að þrengja kosti bænda í neinu tilliti. Kannske ættu ríkisbúin einungis að fá verð fyrir sína framleiðslu sem svaraði útflutningsverði, en þó enn þá fremur hitt, að mér er ljóst að ríkisbúin eru óþarflega stór og óþarflega mörg í landinu. Ég tel t. d., að það sé engin þörf á því að vera að halda uppi fjárbúi vestur í Breiðuvík þar sem eru einn, tveir eða þrír drengir eftir atvikum hverju sinni, eins og búskaparháttum þar er lýst. Ég tel að Bændaskóli á Hvanneyri gæti komist af með það við kennslu og önnur störf er sauðfjárrækt varða að notast við Hestsbúið, það sé engin þörf á því að hafa sérstakt fjárbú á Hvanneyri. Þar má vera myndarlegt kúabú, en engin þörf er á fjárbúi þar. Ég tel enga ástæðu til þess, að á meðan verið er að byggja kálfafjós norður á Möðruvöllum, þá sé þar haldið uppi fjárbúi. Það er engin þörf á því, ef menn eru að tala um offramleiðslu. Og það má setja einhverjar skorður við bústofni á ríkisbúunum yfirleitt, t. d. í Gunnarsholti og auðvitað hvar sem er. Í Gunnarsholti var búið að skera niður fjárstofninn mestan part eða alveg, en síðan var flutt þangað Vestmannaeyjafé þegar gosið kom. Það má gjarnan reisa einhverjar skorður við þeim stofni, sem er á þessum búum, sem rekin eru af ríkinu og bændur sem stétt hafa engan hag af. Tilraunum þarf að halda uppi, og til þess þarf stofn með eðlilegum hætti, og kynbótum þarf að halda uppi, og ég tel nauðsynlegt að þeim sé haldið áfram á ríkisbúinu á Hesti, en kynbætur má efla mjög á búum bændanna sjálfra, enda hefur það verið gert og tekist allvel.

Þá vil ég taka það sérstaklega fram, að hér er gert nokkuð mikið úr því sem kallað er skipulagning í landbúnaði. Hæstv. ráðh. talar um það sem eitthvert sérstakt nýmæli, að nú eigi að fara að gera úttekt á hverri jörð, búskaparmöguleikum hverrar jarðar. Þetta er í raun og veru ekkert nýmæli, því að ákvæði, er að þessu lúta, eru búin að vera í lögum síðan 1971, lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám o. fl. Hins vegar hefur skort mannafla og fjármagn til þess að þessu yrði komið fram. Hæstv. fyrrv. landbrh. Halldór E. Sigurðsson tók þetta verkefni að verulegu leyti úr höndum Landnáms ríkisins og færði yfir til svokallaðrar landbúnaðaráætlananefndar. Ég hygg að störf þessarar nefndar og það, sem unnið hefur verið í þessum efnum, hafi að mjög

miklu leyti haft það að markmiði að stuðla að aukinni framleiðslu.

Ef talað er um að hinn almenni bóndi þurfi að draga saman framleiðslu sína og með því skerða kjör sín, þá hygg ég að ríkisvaldið megi ekki haga aðgerðum sínum á þá lund að auka á þennan vanda á öðrum sviðum. Ég vil líka taka það fram, að ef um er að ræða sérstök landssvæði eða byggðir, sem eðlilegt og nauðsynlegt telst að halda í byggð frá þjóðhagslegu sjónarmiði, þá er það hlutverk ríkisvaldsins í heild og þjóðarheildarinnar, ekki einvörðungu hlutverk bændastéttarinnar. Ef t. d. þarf að grípa til sérstakra aðgerða til að halda við byggðum eins og Hólsfjöllum og Efra-Fjalli, svo að eitthvað sé nefnt, sem ég tel mikilvægt frá samgöngulegu sjónarmiði og ýmsum öðrum, þá er það hlutverk ríkisvaldsins, en á ekki að gera það á kostnað bændastéttarinnar með endilega enn aukinni framleiðslu, þegar talað er um að aðrir eigi að draga saman framleiðslu sína. Þetta þarf að hafa í huga þegar talað er um að grípa til slíkra aðgerða sem hér er um rætt.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mál mitt. Ég vil þó draga saman nokkra þætti sem ég vil leggja að lokum áherslu á. Áður en ég geri það, vil ég þó enn segja, að þetta mál allt er þess eðlis að það má ekki hrapa um of að afgreiðslu þess, það þarf að hlusta eftir þeim niðurstöðum, sem orðið hafa og verða á bændafundum víðs vegar um landið, það þarf að gaumgæfa þær hugmyndir, sem fram eru settar, og taka ákvörðun í ljósi þess, hverjar af þeim hugmyndum sýnast bestar. Ég vil ítreka þetta enn, vegna þess að ég tel ekki fært að verða við þeim óskum sem hæstv. ráðh. setti hér fram um afgreiðslu þessa máls nú á örfáum dögum þegar mest er að gera á hv. Alþingi.

Ég vil að lokum leggja áherslu á nokkur atriði, í fyrsta lagi markaðsmálaþáttinn. Ég ítreka að þar sé einskis látið ófreistað af æðstu ráðamönnum okkar Íslendinga að því er varðar landbúnaðarmál, markaðsmál og utanríkismál.

Ég vil ítreka það, að þó að nokkur umframframleiðsla sé í landinu, þá er það ekkert þjóðarböl. Það kann að vera þjóðarböl í hugum þeirra manna, sem tala stundum á þá lund eins og þeir telji að helsta vandamál þessarar þjóðar séu þessir atvinnuvegir, þegar búið sé að losna við atvinnuvegina sé allt í lagi. — En ég geri ekki ráð fyrir að hv. alþm. vilji taka undir þann söng. Þess vegna ítreka ég það, að nokkur umframframleiðsla er ekkert þjóðarböl. Hún hefur í för með sér mikla atvinnu, mikil viðskipti og framfærir nokkurn hluta þjóðarinnar. Þessu þurfa að vera takmörk sett.

Ég ítreka það, að ég tel að fé, sem notað er til þess að greiða fyrir minnkandi framleiðslu, yrði ekki tekið með skattlagningu af bændum sjálfum.

Ég ítreka það, að athugað verði sérstaklega hvort ekki megi koma fóðurbætisskatti þannig við, að ákveðin grunnnotkun kjarnfóðurs miðað við bústofn sé skattfrjáls, síðan komi hár skattur á þá umframnotkun sem verður. Það mundi að mínum dómi verka sterkast á að draga úr óhóflegri notkun kjarnfóðurs og þannig líklegast til að ná þeim tilgangi sínum.

Ég ítreka það, að ég tel að mishátt framleiðslugjald megi aðeins ná til bústærðar, ekki til afkasta einstakra bænda.

Ég tel að ríkisbúunum eigi að halda innan vissra marka, þau séu óþarflega mörg og óþarflega stór.

Ég ítreka það, að ég tel að skipulagsaðgerðir, sem miða að því að tryggja búsetu á einstökum landssvæðum, séu mál þjóðfélagsins í heild, ekki mál bændastéttarinnar, og þeim þurfi að haga þannig, að ekki verði til þess að stórauka framleiðslu meðan verið er að vinna að því að fá bændur á öðrum svæðum til að draga úr framleiðslu sinni.

Þessi atriði öll vil ég leggja áherslu á og vænti þess, að tóm gefist til að taka þau til rækilegrar skoðunar við meðferð málsins.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Þetta er yfirgripsmikið og veigamikið mál. Ég vil lýsa því þegar í upphafi, að þingflokkur Alþfl. hefur tekið jákvæða afstöðu gagnvart meginstefnu þessa frv., sem við teljum að horfi mjög í rétta átt, enda augljóst að engin önnur úrræði eru til þess nú að bæta úr því vandamáli, sem skapast hefur í landbúnaði hér á landi, en að draga úr framleiðslu með einhverjum ráðum. Hins vegar hafa einstakir þm. flokksins áskilið sér þann rétt að flytja hugsanlegar brtt. á milli umr., og kemur það í ljós síðar.

Þetta frv. er mjög í anda þeirrar afstöðu sem Alþfl. hefur fylgt í allri umr. um landbúnaðarmál síðustu 15 árin, ef ekki um lengri tíma. Alþfl. hefur varað við þeirri stefnu, sem fram hefur verið fylgt í landbúnaðarmálum á Íslandi, og varð einna fyrstur flokka — ef ekki sá alfyrsti — til þess að benda á að í hreint óefni stefndi. Fyrir þessa afstöðu sína í landbúnaðarmálum uppskar Alþfl. ýmis sérheiti, sem jafnvel hafa fylgt einstökum þm. hans til dagsins í dag. Ekki ætla ég að rekja þá sögu hér, enda er alþjóð ljóst að Alþfl. benti í tíma á þann vanda sem við blasti í landbúnaðarmálum ef ekki yrði spyrnt við fótum.

Það hefur nú komið í ljós, að samtök bænda um land allt eru samþykk þeim hugmyndum sem Alþfl. hefur látið frá sér fara á undanförnum árum um landbúnaðarmál. Flokkurinn boðaði þá stefnu, að framleiðsla á landbúnaðarafurðum ætti að miðast við innanlandsmarkað, innanlandsneyslu. Þá hefur flokkurinn lagt á það þunga áherslu að reyna ætti að raða búgreinum að nokkru leyti eftir landsháttum þannig að við hefðum þar mjólkurbúskap sem landshættir væru hæfilegir fyrir hann og svo aftur sauðfjárbúskap þar sem t. d. væru góð heiðalönd og annað beitarland. Einnig vil ég minnast á það, að Alþfl. hefur alla tíð lagt á það mikla áherslu, að reynt yrði að skapa meiri skilning á milli þeirra stétta sem hafa vissulega átt í nokkrum átökum undanfarin ár, þ. e. a. s. neytenda, sem kannske væri betra að flokka undir launþega í þéttbýli, og hins vegar bændastéttarinnar. Á milli þessara tveggja hópa hefur bilið sífellt verið að gliðna. Það hefur skapast djúp gjá á milli þessara hópa hér á landi, einfaldlega vegna þess að þær kynslóðir, sem fyrir einum eða tveimur áratugum röktu kannske ættir sínar í báða liði til sveita, eru að hverfa og borgar- og bæjabörnin eru að taka við. Þetta er býsna alvarlegt mál og hefur valdið því, að skilningsleysi á háttum og yfirleitt afkomu og kjörum stétta á báðar hliðar hefur farið vaxandi. Hins vegar er því ekki að leyna, að þetta frv. er samið af bændum fyrir bændur, og þess vegna mætti ætla að þeir, sem um það fjalla, þyrftu að gera einhverjar aths. við það.

Frv. er samið með það fyrir augum einkum og sér í lagi að draga úr fyrirsjáanlegri aukningu á landbúnaðar-

framleiðslu og reyna á næstu árum að koma í veg fyrir að upphleðsla verði á birgðum landbúnaðarafurða hér á landi. Það er hárrétt, sem hæstv. landbrh. sagði, og var ekki of djúpt tekið í árinni þegar hann nefndi það, að ástandið í landbúnaðarmálunum, þ. e. a. s. sú umframframleiðsla sem hefur átt sér stað, væri að verða ískyggilegt vandamál hér á landi. Ég held að það hljóti að vera ískyggilegt vandamál, að í birgðum lágu um síðustu mánaðamót landbúnaðarafurðir: dilkakjöt og mjólkurafurðir, fyrir 22-25 milljarða kr. Það er ekki nokkur vafi á því að gera verður gangskör að því að breyta þessum þáttum. Mig langar að minna á að á síðasta ári var u. þ. b. þriðjungur kindakjötsframleiðslu fluttur út og sjötti hluti framleiddra mjólkurafurða og fyrir þessar afurðir hefur aðeins fengist 25-50% af grundvallarverði. Það er líka orðið mjög alvarlegt mál þegar bændur fá ekki fyrir 1 kg af smjöri andvirði þess fóðurbætis sem fer til þess að framleiða kg. En þetta eru dæmi, sem allir þekkja, og óþarfi að rekja það, enda ætla ég að fara í stuttu máli yfir þá þætti sem ég tel annaðhvort gagnrýni verða eða þá jákvæða, eftir því sem þeir koma fyrir.

Ég lít svo á, að það hefði verið miklu þekkilegra og miklu vænlegri ráðstöfun, ef unnt hefði verið í þessu tilviki að koma á ákveðnu kvótakerfi. Menn tala mikið um kvótakerfi eins og það sé allsherjarlausnin, en í þessu tilviki hefði ég talið að beinn niðurskurður á framleiðslu mjólkurafurða, t. d. sem næmi 10-15% á næsta ári, hefði verið miklu vænlegri til árangurs. Þá hefði auðvitað þurft að koma á móti einhver aðstoð við þá bændur, sem hefðu orðið að draga úr þessari framleiðslu, og framleiðslumörkin hefði orðið að draga við tilteknar bústærðir eða framleiðslumagn búanna. Ég held, og óttast það mjög, að fóðurbætisskatturinn, eins og hann er lagður fram núna, komi ekki til með að verka fyrr en á árinu 1980, einfaldlega vegna þess að ég hef fregnir af því, að efnameiri bændur séu þegar farnir að birgja sig upp af fóðurbæti vegna frétta um þennan skatt og m. a. þess vegna muni vart draga mjög verulega úr mjólkurframleiðslu hjá þeim á næsta ári. Það gefur líka auga leið, að þessi fóðurbætisskattur bitnar að þessu leyti mun harkalegar á efnaminni bændum. Ef efnameiri bændur geta birgt sig upp af fóðurbæti, þá er augljóst að efnaminni bændur geta það hins vegar ekki og verða því mun harkalegar fyrir barðinu á þessum skatti.

Þá er það ein spurning, sem ég vil beina til hæstv. landbrh. Hún er einfaldlega þessi: Hvað gerist þegar um er að ræða mikla magnminnkun á framleiðslu mjólkur? Ég ætla að ef bændum verður gert með þessum fóðurbætisskatti, sem þeim er augljóslega gert, að draga mjög verulega úr mjólkurframleiðslunni, þá sé ekkert vit í því fyrir þá að hafa allar mjólkurkýr sínar á gjöf í vetur. Það er líklega vænlegra að hreyta sama magnið úr fáum kúm en mörgum. Þá spyr ég: Hvað verður um það kjötmagn, það nautgripakjöt sem fyrirsjáanlega kemur á markað vegna þessarar minnkunar mjólkurframleiðslunnar? Það er augljóst að bændur láta varla allar kýr sínar lifa ef þeir verða vegna minnkandi fóðurbætis að draga úr mjólkurframleiðslunni. Er þetta dæmi gert upp þegar talað er um vandamál landbúnaðarins? Verður þetta ekki viðbót við dilkakjötsframleiðsluna?

Ég vil fagna því sérstaklega, að í c-lið 2. gr. þessa frv. er svo hljóðandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á verði búvöru sem Sexmannanefnd ákveður, enda sé fjármagninu ráðstafað að öllu leyti til framleiðenda búvöru.“

Ég hafði af því verulegar áhyggjur, eins og raunar fulltrúar launþegahreyfingarinnar í framleiðsluráðslaganefnd, að fóðurbætisgjaldið kæmi til kostnaðarliða grundvallarbúsins. Ég hefði talið það hreina óhæfu og lögin því mun lakari og vart til þess hæf að þau yrðu samþykkt, ef þetta ákvæði hefði ekki verið með.

Mig langar í þessu sambandi og vegna þeirrar umr., sem hér fer fram, að minna á eitt atriði sem ég held að hv. þm. hafi ekki gefið nægjanlegan gaum þegar talað er um fóðurbætiskostnað í landbúnaði. Mér segja fróðir menn, að hér á Íslandi megi framleiða megnið af þeim fóðurbæti sem notaður er, til falli verulegt magn af fiskúrgangi, einnig sé um að ræða grasmjöl, grasköggla, kalk og fleiri tegundir sem með nokkrum rannsóknum mætti búa til úr mjög góðan fóðurbæti og jafnvel betri en við Íslendingar kaupum fyrir 3 milljarða — að öllum líkindum — á þessu ári. Ég vil skjóta því að hæstv. landbrh., hvort einhverjar athuganir hefðu verið gerðar eða tilmælum beint til þeirra stofnana landbúnaðarins, sem fylgjast með þessum málum, að kanna hugsanlega fóðurbætisframleiðslu hér á landi með það fyrir augum að Íslendingar gætu sparað sér þann gífurlega gjaldeyriskostnað sem þeir verða að bera vegna hinnar miklu fóðurbætisnotkunar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég hef komið til skila þeim atriðum sem skipta Alþfl. máli. — Mér er ekki alveg ljóst af þessu frv. hver verða kjör þeirra bænda, sem nú sinna svína- og alifuglarækt, hvort þeim verður gert að bera þyngri álögur en öðrum bændum í þessu landi. Ef svo er, þá verður ekki annað séð en verið sé að leggja þyngri álögur á þá og beina þannig neyslunni að sauðfjár- og nautgripaafurðum í mun ríkari mæli en nú er gert.

En í fáum orðum sagt: Alþfl. hefur tekið jákvæða afstöðu til þessa máls. Hann telur að þarna sé stigið skref á þeirri braut, sem Alþfl. hefði viljað að gengið hefði verið út á fyrir langalöngu, og fagnar því að þessu leyti þessu frv. Ekki er þó unnt annað en að gera nokkrar aths. og hugleiða, hvort eitthvað mætti koma í staðinn fyrir þann fóðurbætisskatt, sem nú hefur verið settur inn í þetta frv. — eitthvað sem verkar hraðar og verkar betur.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að það frv., sem liggur hér fyrir til umr., er frv. sem bændasamtökin í landinu hafa óskað eftir að yrði flutt og lögfest og hafa lagt ríka áherslu á að yrði lögfest helst fyrir jól.

Mér þykir miður að hv. 2. þm. Norðurl. v. skuli ekki vera hér í fundarsal, vegna þess að ég ætlaði að gera nokkrar aths. við ræðu hans og mun gera það þó að það verði í styttra máli en hefði annars orðið vegna þess að við eigum báðir sæti í þeirri n., sem fær þetta frv. til umfjöllunar.

Hv. þm. sagði að bændur þyrftu að fjalla um þetta mál frekar en orðið er. Ég vil benda á það í því sambandi, að nál. sjömannanefndar, sem þetta frv. er að flestu leyti byggt á, hefur verið rætt nú um nokkurt skeið á bændafundum og þetta álit var samþykkt á Stéttarsambandsfundi í lok ágústmánaðar, sem haldinn var á Akureyri, með flestum atkv., held ég, gegn fjórum. Það ætti því ekki að þurfa að tefja þetta mál af þeirri ástæðu, að bændur séu út af fyrir sig ekki búnir að ræða þetta mál.

Hv. þm. las upp tillögu sem hann sagði að væri tillaga Eyfirðinga. Ég kannast ekki við að þessi till., eins og hún

er orðuð, hafi verið samþykkt á fundi hjá Eyfirðingum. Ég hygg að það sé dálítill misskilningur í þessu, þessi till. hafi verið samþ. annars staðar. En þar sem mér hefur ekki borist till. í hendur vil ég ekki ræða það mál frekar þó ég raunar viti hvaðan hún er. Hins vegar var lesin upp tillaga á fjölmennum fundi, sem haldinn var s. l. miðvikudagskvöld á Hótel KEA á Akureyri, og mun hún vera eitthvað í þessa átt, en henni var vísað frá á þeim fundi vegna þess að fundurinn hefði verið boðaður með þeim fyrirvara að ekki mundu vera samþ. neinar tillögur eða neinar ályktanir gerðar á þeim fundi. En það var tilkynnt þar, að Búnaðarsamband Eyfirðinga mundi halda fund, þegar þetta frv. lægi fyrir Alþ., og mundi þá fjalla um málið.

Hv. þm. Pálmi Jónsson var að tala um ostabirgðirnar, sem væru í landinu. Þær voru um síðustu mánaðamót um 1400 tonn eins og smjörbirgðirnar. En það verður að líta á það varðandi ostabirgðirnar, að þær verða alltaf að vera verulegar, vegna þess að osturinn þarf að bíða meðan hann gerjast. Ég vil því ekki segja hvað þetta er mikið umfram það sem er venjulegt, en ég hygg að það sé ekki óeðlilegt, þó að til séu 500, 600 til 700 tonn, eitthvað á því bili, vegna þess að það tekur dálítinn tíma áður en osturinn er söluhæf vara.

Þm. gat um að aðalvandamálið væri í sambandi við mjólkurframleiðsluna. Það er auðvitað rétt, að það er engin leið að flytja smjör út og selja það, en ég vil benda á það, að við fáum t. d. ekki miklu verra verð fyrir óaðlsost nú heldur en t. d. fyrir kindakjötið á erlendum mörkuðum, og líkur eru fyrir því, eða a. m. k. búa Norðmenn við það verð á Bandaríkjamarkaði, ef við framleiddum nokkurt magn af þessum osti, að við gætum fengið verulega hærra verð en við fáum í dag eða allt upp í 60% af framleiðslukostnaðinum. Ég vil að þetta komi hér fram, vegna þess að það mátti heyra á máli hv. þm. Pálma Jónssonar, að ekki væri hægt að selja þessar vörur með sæmilegum árangri. Miðað við það sem gerist nú á erlendum mörkuðum í sambandi við landbúnaðarvörur yfirleitt er þetta ekki miklu verra.

Frv., sem hér liggur fyrir, er í sjálfu sér einungis rammafrv. Það eru heimildir í 2. gr., sem bændasamtökunum eru gefnar um mismunandi leiðir til þess að hafa áhrif á framleiðsluna. Eins og frv. er úr garði gert, eru það bændasamtökin ein, sem hafa það í höndum sínum, ef þetta frv. verður samþ., hvaða leið verður valin til þess að ná settu marki. Það gefur auga leið, að engin leið, sem til greina kemur, er góð eða þægileg fyrir bændur. Menn verða að athuga það, að sé miðað við að breyta landbúnaðarstefnunni, þá hljóta bændur að verða fyrir verulegum tekjumissi, og enn fremur felst í þessu líka hálfgerð eignaupptaka hjá bændum, ef þeir neyðast til þess að draga verulega úr framleiðslu. Þetta skulu menn athuga. Ég gat ekki skilið annað á ræðum manna um þessi mál, bæði hér og annars staðar, en mönnum sé það ekki ljóst, að t. d. ef mjólkurmagnið minnkar hlýtur framleiðslukostnaðurinn að aukast. Menn þurfa ekki að blekkja sjálfan sig. Það hlýtur að verða.

Þau markmið, sem felast í nál. sjömannanefndar, eru að reyna að draga úr framleiðslu landbúnaðarvaranna með því móti þó að fækka bændum ekki eða lítið og þeir haldi svipuðum tekjum. Ég er nú ákaflega hræddur um að ef þarf að draga verulega úr framleiðslu, þá muni reynslan sýna að erfitt verði að ná hinum markmiðunum.

Það er margt, sem hlýtur að koma í hugann þegar menn standa frammi fyrir því að þurfa að breyta þessari stefnu. Það hlýtur að koma upp í hugann, hvað af því muni leiða. Ég held t. d. að áður en gengið er frá því að breyta landbúnaðarstefnunni þurfi í sjálfu sér að gera úttekt á því, hvernig það mundi koma út fyrir fólk sem hefur vinnu við iðnað og ýmis önnur störf í sambandi við landbúnaðarframleiðsluna. Ég er ekki viss um að mönnum sé það yfirleitt ljóst, enda hefur umr. öll, sem hefur farið fram um þessi mál að undanförnu, verið ákaflega neikvæð fyrir bændur, og eins og menn hafi jafnvel litið fram hjá því, að þarna er ekki verið að ræða eingöngu um hag bænda, heldur allra þeirra sem hafa vinnu í sambandi við þessa framleiðslu. Nú liggur það t. d. fyrir, að það er hægt að gera stóra hluti í sambandi við fataframleiðslu úr skinnum og það er enginn vandi að selja þær vörur. Fyrir þær er nógur markaður. En það vantar fyrst og fremst fjármagn til þess að nýta þá möguleika, sem þarna eru fyrir hendi.

Það er alveg það sama um ullina. Á síðasta ári eða fyrri hluta þessa árs syrti ögn í álinn í sambandi við ullariðnaðinn í bili. Sovétríkin, sem hafa verið stór kaupandi að þessum vörum, drógu að sér höndina, en þá kemur bara í ljós, þegar farið er að kanna þetta annars staðar, að markaðir opnast víða fyrir þessa vöru, m. a. s. betri markaðir, hærra verð. Eftir því sem þessi framleiðsla þróast, eftir því fær ullin okkar meiri og betri umsagnir. Ég var einmitt að frétta það fyrir helgina, að maður, sem var að koma frá Bandaríkjunum og fengist við sölu á þessum vörum, hafði þetta eftir söluaðilum í Bandaríkjunum: Við teljum íslensku ullina ekki í 1. flokki, heldur þar fyrir ofan. Þetta er alveg sérstök vara og þið verðið að passa ykkur á því að blanda hana ekki, a. m. k. ekki um of, og merkja hana sérstaklega til þess að hún haldi þeim sessi sem hún hefur öðlast á markaðinum í Bandaríkjunum. — Þess vegna hlýtur að þurfa, um leið og þessi nýja stefna í landbúnaðarmálum er mótuð, að láta kanna til hvers þetta mundi leiða í sambandi við t. d. iðnaðinn og þá möguleika sem við höfum tengda honum.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði að markaðsnefndin hefði ekki náð umtalsverðum árangri í markaðsleit sinni. Þetta er sjálfsagt alveg rétt. En hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur í raun og veru, að það, sem borið var á Samband ísl. samvinnufélaga í sambandi við markaðsleit, hafi ekki verið á rökum reist. Hins vegar get ég tekið undir það með hv. þm. Pálma Jónssyni, að full ástæða er til þess að gera enn meira í þessum málum. Það hefur verið gert, en má þó sjálfsagt gera meira. Mér er kunnugt um að ráðh. í síðustu ríkisstj. voru að athuga þessi mál, en það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að gera meira en gert hefur verið. Ég vil taka undir það með hv. þm. Pálma Jónssyni, að á meðan við erum í þessari stöðu sé full ástæða til þess að athuga mjög náið hvort ekki er hægt að fá betri markaði fyrir þessar vörur en nú er. Það kom t. d. í ljós í Frakklandi, að ef við hefðum getað komið kjötinu okkar að án þess að borga toll þar, þá hefði verðið orðið betra en við getum fengið fyrir það annars staðar. En við höfum getað komið kjöti t. d. til Noregs án þess að borga toll, þó að það sé ekki hagstætt vegna þess að Norðmenn borga niður eigin framleiðslu og við verðum að keppa við þetta niðurgreidda verð þar.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði að hann væri á móti refsiskatti, en síðar í ræðunni, þegar hann talaði um þessa till. sem hann sagði að væri komin frá Eyfirðingum, að vísu má segja að hann hafi ekki tjáð sig beinlínis um þá

till., kom í ljós að hann vildi a. m. k. kanna hvernig þessi till., sem hann las hér upp, mundi verka. Við erum sammála um eitt, og bændur eru yfirleitt sammála um það, að gera þurfi eitthvað í þessum málum eins og er. En menn eru að vísu ekki sammála um hvað eigi að gera. Það er kannske vegna þess að þegar menn fara að íhuga þessi mál og setja sér einhverjar ákveðnar reglur, þá kemur í ljós að þær koma ákaflega misjafnlega út.

Í þessu sambandi ætla ég að nefna eitt dæmi af ákaflega mörgum, sem hafa komið upp í hugann varðandi þetta. Tvö bú norður í Eyjafirði eru með svipaða framleiðslu, um 1200 ærgilda bú. Á báðum heimilunum vinna fjölskyldurnar við þetta eingöngu. Á öðru búinu hefur það verið þannig mörg ár, að þrír aðilar eru skráðir bændur, — þetta er félagsbú, — en hinum megin er aðeins einn skráður. En ef ætti að fara nákvæmlega eftir útfærslunni miðað við nál. sjömenninganna, þá mundi skatturinn á öðru búinu verða 600 þús., en á hinu 1.5 millj. Þetta kemur svona út vegna þess að rekstrarformið er annað. Þessu og ýmsu öðru eru bændur nú órólegir út af, og auðvitað verður að sníða þessa annmarka af, vegna þess að í sjálfu sér er þarna fjölskyldurekstur og jafnmargir aðilar á báðum búunum. Þannig mun þetta koma út líka ef við förum að athuga þetta á fleiri sviðum. En þarna er framkvæmd sem verður að taka til athugunar, og það fer mjög eftir því, hvernig reglugerðin mun verða og hvernig bændasamtökin sjálf taka á þessum málum um útfærsluna.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að þetta er aðeins rammalöggjöf, en bændurnir sjálfir geta valið um leiðir í þessum efnum. Við getum svo auðvitað deilt um það hér á Alþ., hvort eigi að hafa frv. svona rúmt. Það er hægt að deila um það, og bændurnir hafa deilt um það. En ég hygg að að mjög athuguðu máli muni koma í ljós að skynsamlegt sé að hafa þessar heimildir rúmar, en ekki að Alþ. fari að segja fyrir um þær leiðir eða velja eina leið t. d., sem ætti eingöngu að nota í þessu efni, sem svo e. t. v. bændurnir, þegar upp væri staðið og búið að athuga þetta, gætu ekki komið sér saman um, — eða vilja hv. þm. taka þá ábyrgð á sig?

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði, að útilokað væri að lögfesta þetta eða það gengi í gegnum þingið fyrir jól. Það er auðvitað alveg ljóst, að það er óhugsandi ef þm. eru ekki sammála um að koma málinu fram. En það er ekki óhugsandi, langt í frá, ef þm. eru sammála um að koma málinu fram fyrir jól. Ég vil ekkert fullyrða um það, hvort það skiptir ákaflega miklu máli, ég er ekki dómbær um það, en ég legg áherslu á að bændasamtökunum er mjög í mun að þessu máli sé flýtt.

Hv. þm. Pálmi Jónsson talaði um að það færi alltaf stærri og stærri hluti af verðinu í vinnslu- og dreifingarkostnað. Ég athugaði þessi mál svolítið þegar ég fór um Norðurlönd á s. l. sumri. Það kom í ljós, að íslenskir bændur fá stærri hlut af verðinu en t. d. bændur á Norðurlöndum — og ég tala nú ekki um ef við lítum vestur fyrir haf, þar sem bændurnir fá ekki nema um þriðjung af því verði sem neytandinn verður að gefa fyrir vöruna. En miðað við þetta eins og var í haust, þá fengu bændur t. d. yfir 70% af verði sauðfjárafurða til neytenda. Þó að það hafi verið og sé talað um að þessi kostnaður sé mikill, þá er raunin samt þessi.

Hv. þm. Árni Gunnarsson spurði um það, hvað mundi verða um kjötmagnið t. d. ef bændur færu að ganga á nautgripastofn sinn. Ef verður farið að slátra kúnum í stórum stíl, þá hlýtur það kjöt að koma á markað, það gefur auga leið. Þetta er líka vandamál. Ef bændur þurfa að fara að fækka sínu, bæði kúm og kindum, þá verður miklu meira af kjöti á markaðnum á meðan það gengur yfir, og þá hlýtur samfélagið að verða að taka þátt í því, annars yrðu þessar byrðar óbærilegar.

Ég ætla ekki að hafa þetta meira nú, þar sem þetta frv. kemur, eins og ég sagði, í þá n. sem ég á sæti í. Ég vil bara undirstrika það enn og aftur, að Alþ. er ekki að velja þarna um leiðir, það er bændanna, nema við viljum þrengja þetta frá því sem er í frv. Afstaða manna til þess kemur í ljós við þessa umr. og svo í landbn., en þá kemur það betur í ljós hvernig menn vilja standa að þessum málum. Ég vonast fyrst og fremst til þess að það náist samstaða um aðgerðir, ekki síst vegna þess að þetta er komið frá bændum og þeir óska eftir því að eitthvað sé gert í málinu, en þetta er ekki frv. annarra en þeirra.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hér hefur verið sagt og var sagt af síðasta ræðumanni, að hér er um að ræða frv. sem flutt er að ósk Stéttarsambands bænda, samtaka bændanna í landinu. Það eru þeir sem óska eftir því að fá það vald sem í þessu frv. felst. En ég hugsa að þótt málið liggi þannig fyrir, þá sé nokkurn veginn víst að bændur landsins séu ekki fyllilega sammála um að fara þá leið sem gert er ráð fyrir að farin verði með heimildum þessa frv. Það er sem sagt talsverður ágreiningur í þeirra hópi um það, hvað gera skuli. Og í rauninni þarf enginn að undrast þó að svipaður ágreiningur um það, hvaða leið skuli velja, komi líka upp á hv. Alþ. þegar um slíkt stórmál er að ræða sem það sem hér liggur fyrir. En undir það get ég tekið, að vissulega ber að taka mikið tillit til þess þegar samtök bændanna óska eftir því að fá aðstöðu til þess að skipa málefnum landbúnaðarins með ákveðnum hætti, jafnvel þó að þar sé farið inn á braut sem ég er ekki fyllilega ásáttur með. Taka ber verulegt tillit til þessa.

En það eru nokkur atriði í sambandi við þetta mál sem mig langar til þess að víkja að. Í þessu sambandi er rætt allmikið um þann vanda sem við okkur öllum blasir í landbúnaðarmálum, þar sem framleiðslan er allmiklu meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og þarf að flytja nokkurn hluta framleiðslunnar á erlendan markað, sem ekki gefur það verð sem bændur eiga að fá samkv. því kerfi sem þeir búa við. Af þessu leiðir síðan það, sem við þekkjum og hefur tíðkast hjá okkur um alllangt skeið, að það þarf að greiða sérstakar útflutningsuppbætur, svonefnda styrki, með þessari framleiðslu. Þessar útflutningsuppbætur hafa verið óvenjumiklar nú síðustu árin, þar sem útflutningurinn hefur farið vaxandi, og allar horfur eru á því að vandamál í sambandi við þessa framleiðslu, sem verður að fara á erlendan markað, fari vaxandi. Þetta er sá vandi sem við er að eiga í þessum efnum.

Nú held ég að það sé alveg nauðsynlegt, þegar á að fara að marka stefnu eins og þá sem kemur fram í þessu frv., að menn reyni að gera sér sem allra besta grein fyrir því, hvers eðlis þessi vandi er í raun og veru og hvernig hann er, hversu mikill vandi þetta er. Þegar um það er að ræða að velja þá leið í sambandi við þetta vandamál að stefna að því að draga verulega saman í íslenskum landbúnaði og leysa vandann þannig að framleiðslan verði minni, þá er verið að fara inn á nýja braut. Það er verið að fara inn á braut, sem getur haft miklar afleiðingar. Á því er enginn

vafi.

Í þessum umr. hefur verið sagt af einum hv. alþm., Pálma Jónssyni, að hann teldi að sá vandi, sem fyrir lægi varðandi sauðfjárframleiðsluna, þ. e. a. s. aðallega útflutning á kindakjöti, væri ekki mjög mikill þegar betur væri að gáð. Í rauninni væri ekki miklu meiri vandi í þeim efnum en hefði verið um langan tíma. Ég er á þessari skoðun líka. Ég tel að það, sem sumpart kemur fram í þessu frv. og grg. með því, sé talsvert villandi einmitt varðandi þennan þýðingarmikla þátt í málinu. Þetta frv. verður varla skilið á annan hátt en þann, að nú stöndum við frammi fyrir því að kindakjötsframleiðslan á þessu framleiðsluári verði í kringum 15400 tonn og af því þurfi að flytja úr landi rúmlega 5000 tonn, því að innanlandsneyslan muni verða í kringum 10 þús. tonn, sem sagt fullan þriðja part eða — eins og kom fram í ræðu hæstv. landbrh. — um 35%. Þetta eru atriði sem koma fram í grg. og komu fram í máli hæstv. ráðh. Þetta tel ég fyrir mitt leyti mjög villandi, þegar betur er að gáð hvernig þessi mál liggja.

Í fyrsta lagi er það svo, að það liggur fyrir í skýrslum að á kindakjötsframleiðslunni hafa ekki orðið miklar breytingar í mörg ár. Ein mesta breytingin hefur orðið í slátrun nú á þessu hausti, en hún er líka mjög skýranleg. Það kemur í ljós, þegar litið er á skýrslur, að árið 1973 var kindakjötsframleiðslan 13 355 tonn. Árið 1974 var kindakjötsframleiðslan 13 501 tonn, árið 1975 var hún 14 715 tonn, árið 1976 var hún 13 978 tonn og árið 1977 var hún 13 964 tonn, en talið er að á þessu framleiðsluári muni hún verða um 15 400 tonn. Það má því segja, þegar litið er á þetta tímabil, að árleg framleiðsla á kindakjöti hafi legið mjög nærri því að vera 14 000 tonn á ári, enda er það sú tala sem flestir af forustumönnum bænda hafa talað um opinberlega og miðað við yfirleitt þegar rætt hefur verið um kindakjötsframleiðslu. Það er í rauninni ekkert sem bendir til þess, þegar litið er á þessa framleiðslu, að þarna hafi verið um framleiðsluaukningu að ræða, að búfjárstofninn væri að aukast og þannig mætti búast við verulegri aukningu. Hitt hefur auðvitað alltaf legið fyrir, að það getur verið nokkur munur á því frá ári til árs, hvað fallþunginn verður mikill. Nú vill svo til, að á þessu ári var fallþunginn með mesta móti og vex þessi framleiðsla í kringum 400 tonn eingöngu af því. Einnig kemur í ljós að í þetta skipti er gengið á stofninn, slátrað er meira af fullorðnu fé en hafði verið um nokkurt skeið, 17-18 þús. kindum meira. Það er skýringin á um 400 tonna meiri heildarframleiðslu nú. Það er því alveg augljóst, að á þessu ári er ekki um neina stóra sveiflu að ræða. Hér er því ekki um það að ræða, að við stöndum frammi fyrir einhverju sérstöku vandamáli vegna hratt vaxandi framleiðslu og vaxandi vandamáli af þeim ástæðum.

En það er annað sem hefur verið að gerast hjá okkur nú í nokkur ár. Það hefur dregið úr innanlandsneyslunni á kindakjöti. Hún hefur heldur farið minnkandi. Tölur um það efni eru m. a. á þessa leið: Á árinu 1973 var innanlandssalan 9404 tonn, árið 1974 10 662 tonn, árið 1975 9976 tonn, árið 1976 9601 tonn og árið 1977 9029 tonn. Það er því alveg augljóst mál, að nú í nokkur ár hefur neyslan eða innanlandssalan minnkað. Það eru líka mjög skýranlegar ástæður fyrir því, hvernig á þessu stendur. Þetta hefur m. a. komið fram — ég hef gert það hér að umtalsefni áður — í skýrslu frá Þjóðhagsstofnun, þar sem hún bendir á að einkum og sérstaklega dregur úr innanlandsneyslunni á árunum 1976 og 1977, m. a. vegna þess að bæði var á þessu tímabili um heldur rýrnandi kaupmátt að ræða, allt fram að því að nýir kjarasamningar komu til, og einnig hitt, að verðlagið á þessari vöru hafði breyst í hlutfalli við ýmsar aðrar neysluvörur þessari framleiðslugrein í óhag, af því að niðurgreiðslur á vöruverðinu höfðu farið minnkandi hlutfallslega við söluverð. Nú gerist það, þegar niðurgreiðslur eru verulega auknar á þessu ári, fyrst í tíð fyrrv. ríkisstj. á miðju ári og síðan aftur í haust, að salan vex aftur umtalsvert, og nú er ætlað að salan á þessu ári verði um 10 þús. tonn. Hún fer sem sagt greinilega upp núna miðað við þær tölur sem er helst hægt að miða við. Mér er sagt af þeim, sem fylgjast þarna best með, að það liggi að vísu ekki fyrir tölur enn, sem geti sagt með nokkurri nákvæmni hve mikið salan hefur aukist eftir að niðurgreiðslurnar jukust verulega, en þó sagði formaður Stéttarsambands bænda mér í dag, að hann teldi, eftir athugunum sem gerðar hefðu verið á ýmsum sölustöðum, að hér hefði verið um aukningu að ræða í kringum 10%, nokkuð örugglega um 8-10%, á þessu tímabili. Við tökum líka eftir því, að í því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að greiða niður á næsta ári 10 200 tonn af kindakjöti. Miðað er við það. Ef hins vegar væri reiknað með því, sem kom einnig fram í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar og nokkrum sinnum hefur heyrst, að gerðar væru áætlanir um að á næsta ári mætti jafnvel búast við söluaukningu frá því, sem orðið var, í kringum 16%, þá er alveg augljóst að þá ætti salan á næsta ári að fara allmyndarlega yfir 10 þús. tonn, í 10 500 tonn, kannske 11 þús. tonn, sem væri síður en svo mikið borið saman við það sem hafði verið hér um árabil.

Þegar reynt er að gera sér grein fyrir sölunni og áætla þó varlega, þá sýnist mér allt benda til þess, a. m. k. við þær aðstæður sem við búum við nú, þær niðurgreiðslur sem eru ráðgerðar á næsta ári, að salan innanlands verði örugglega á milli 10 og 11 þús. tonn. Auðvitað er eðlilegt að gera ráð fyrir því, að neyslan á næstu árum komandi 2, 3, 4 árum, fari fremur vaxandi en minnkandi. Ég get því ekki séð, þar sem mestar líkur benda til þess, að árleg framleiðsla á kindakjöti sé um 14 þús. tonn, en nokkuð eðlileg neysla innanlands ætti að vera 10-11 þús. tonn, að um miklu meira vandamál sé að ræða í þessum efnum en það sem við höfum búið við um áraskeið. Útflutningurinn gæti þannig verið 3-4 þús. tonn, sé miðað við þessar tölur sem ég nefndi. En það er rétt, að ef við reiknum með því að eðlileg árssala haldi í sífellu áfram að vera um 9000 tonn, og ég tala nú ekki um ef við reiknum síðan með tiltölulega eða jafnvel óvenjulega hagstæðu ári miðað við allar aðstæður eða miðað við slátrun, þá auðvitað geta menn fengið út að það þurfi að flytja út 5000 tonn eða 5500 tonn, og þykir þá meira en nóg.

Ég held að það sé nauðsynlegt, án þess að ég vilji á nokkurn hátt draga úr því vandamáli sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnum, að samt beri að athuga þetta mál raunhæft. Ef við gerum ráðstafanir til þess og menn ná því marki að draga verulega úr þessari framleiðslu, auðvitað með fækkun bænda, því að þetta gerist ekki með öðrum hætti, — það sjá allir að þeim tilgangi verður ekki náð, sem þetta frv. stefnir að, án þess að bændum fækki, — þá held ég að það sé rétt fyrir okkur að hafa í huga hvernig við stöndum þá varðandi þessa búgrein okkar t. d. eftir 5 eða 10 ár. En ég tel að okkur beri skylda til að meta mál eins og málefni íslensks landbún-

aðar á þann hátt að horfa svolítið fram í tímann, því að það verður, eins og hefur stundum áður verið sagt, ekkert hlaupið að því að snúa fólki úr fjölbýlinu aftur upp í sveitir landsins til þess að taka upp þessa framleiðslu, þegar menn telja hana aftur vera orðna of nauma. Ég verð því að segja, að ég tel, þó að ég játi að hér sé um talsvert vandamál að ræða í svipinn, bæði á því ári, sem er rétt að líða, og á næsta ári, við þurfum að flytja út meira af landbúnaðarvörum en góðu hófi gegnir, að þetta sé frekar tímabundið vandamál en það gefi tilefni til þess að grípa til ráðstafana, sem eru býsna harkalegar og hafa þær afleiðingar í þessari grein sem er vafasamt að verði til hags fyrir þjóðarbúið þegar á allt er litið.

Nú hefur það verið dregið inn í þessar umr. á eðlilegan hátt, að ef um það væri að ræða, sem ég veit að sumir telja ákaflega mikinn vinning, að menn stefndu að því að draga saman sauðfjárframleiðsluna í landinu sem næmi um 1/3, til þess að við þyrftum ekki að vera að basla við útflutning, þá er auðvitað alveg augljóst mál að ekki er hægt að gera það án þess að við sköðum verulega þýðingarmikinn útflutningsiðnað okkar bæði skinnaiðnaðinn og ullariðnaðinn. Mér sýnist á þeim tölum, sem ég hef litið á í þeim efnum, að útflutningsverðmæti skinnavara og ullarvara á þessu ári muni verða um 6 milljarða kr. Það er ekki nokkur vafi á því, að ef farið yrði í samdrátt í þessum efnum, eins og þarna er verið að gefa í skyn, þá yrði verulegt skarð fyrir skildi í sambandi við þessa framleiðslugrein, atvinnu við hana og gjaldeyrisöflun. Að sjálfsögðu má ekki heldur gleyma því, að við fáum þó nokkurt verð fyrir það sem við flytjum út af kindakjöti. Það mun þó alltaf vera um 3 milljarða kr. Ég verð því að segja, að þegar ég legg þessi atriði saman, reyni að gera mér grein fyrir því, hvort verulegar líkur séu til þess, að kindakjötsframleiðslan fari verulega vaxandi á næstu árum, og hvað geti talist eðlilegt í sambandi við innanlandssölu og hvað annað hangir á þessari sömu spýtu í sambandi við þær hliðargreinar sem hér eru tengdar, þá sýnist mér vægast sagt óráðlegt að ætla að grípa til ráðstafana sem gætu þýtt verulegan samdrátt. Ég held að það sé rétt, sem kom fram hjá hæstv. landbrh. og oft hefur verið bent á af ýmsum, að staðreynd er að það hefur farið fram og er að fara fram fækkun í bændastéttinni í landinu. Ýmsar jarðir, sem eru nokkuð aftur úr af ýmsum ástæðum, virðast fara úr ábúð og framleiðslu þar er hætt. Ég held því, að við ættum að fara okkur hægt í því að gera í þessum efnum ráðstafanir sem gætu þýtt verulegar breytingar frá því sem nú er.

Ég játa hins vegar og tek þar undir með hv. þm. Pálma Jónssyni, ég er honum þar alveg sammála, að vandinn í þessum efnum er miklu meiri í sambandi við mjólkurframleiðsluna. Þar er hvort tveggja, að útflutningsverðið, sem við verðum að búa við, er miklum mun óhagstæðara fyrir umframframleiðsluna á mjólk, og mér sýnist líka, þó að í rauninni hafi ekki verið um tiltakanlega framleiðsluaukningu að ræða í innlagðri mjólk til mjólkurbúanna nú í mörg ár, ekki neitt sem er orð á gerandi, af því að þar er alltaf um sveiflur að ræða, fer mjög eftir árferði, — þá sýnist mér að ýmis rök mæli með því, að það geti farið svo, að heildarframleiðslan af mjólk og mjólkurvörum muni fara vaxandi á næstu árum. Þar er greinilega um talsvert meiri framleiðslu að ræða nú en hagstætt er, sem auðvitað veldur vissum vanda. Það er því talsvert meiri ástæða til þess að gera einhverjar ráðstafanir til þess a. m. k. að hamla þar gegn allri aukningu.

Ég skil mætavel að það komi fram tillögur í þá átt sem hér er um að ræða og ætlaðar til þess að draga nokkuð úr mjólkurframleiðslu. En þó er skoðun mín sú, að líka sé gert of mikið úr þessum vanda nú. Í þeim efnum er rétt að hafa í huga þær sveiflur, sem verða í þessari framleiðslu, sem við stöðum frammi fyrir fyrir ekki alllöngu, þar sem það ástand kom upp að við urðum að flytja mjólkurvörur á milli landshluta með ærnum kostnaði vegna þess að óhagstætt árferði gekk yfir á Suðvesturlandi. Það hafði slík áhrif á heildarframleiðsluna hér.

Ég vil þá koma aðeins að þessum tillögum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að beita. Hér er gert ráð fyrir að beita fyrst og fremst fóðurbætisskatti, sem mikið hefur verið rætt um í langan tíma og bændur eru greinilega ekki ásáttir um. Ég er í hópi þeirra sem telja að sá skattur sé mjög óhagkvæmur skattur og sé allvafasamt að beita honum nema þá á nokkuð sérstakan hátt. Ég er t. d. á þeirri skoðun, að miklu betra væri að ná tilætluðum árangri með skatti byggðum á þeim grundvelli sem kom fram í máli hv. þm. Pálma Jónssonar, þ. e. a. s. að skattleggja með verulega háum skatti þann hluta af fóðurbæti sem segja má að sé keyptur til notkunar umfram það sem telja má nokkuð eðlilegt miðað við bústærð. En mér er ljóst, að skattur af þeirri tegund, sem hér er rætt um, mun koma mjög misjafnlega við og fjarri því á réttlátan hátt. Mér er t. d. mjög ógeðfellt að hugsa til slíks skatts, þegar svo fer sem æðioft fer í landi okkar, að árferði reynist mjög óhagstætt í einhverjum landshluta, þar er t. d. rigningatíð eða slík áföll, heyöflun verður lítil og léleg og menn lenda í vissum vanda af þeim ástæðum. Það hefur alltaf sýnt sig að þegar svo ber undir, þá neyðast menn til þess af ýmsum ástæðum að kaupa eitthvað meira af fóðurbæti en þeir höfðu gert allajafna áður. Eftir kerfi eins og þessu mundu aðilar, sem verða fyrir slíkum áföllum, verða sérstakur skattstofn, þá ætti sérstaklega að láta borga sem yrðu fyrir slíku. Ég verð að segja, að þetta er mér ekki geðfellt. Mér sýnist að þetta kæmi mjög illa út. Að vísu sé ég að talað er um að það megi víkja frá reglunum í ýmsum tilfellum, en það er, eins og við vitum, með alla svona skatta, afar erfitt að vera með alls konar undantekningar fram og til baka, ef menn ætla sér að beita svona skatti á annað borð.

Hér hefur einnig verið bent á það, sem ég hygg að sé rétt, að á þeim bændum, sem eru í greiðsluörðugleikum og vantar yfirleitt rekstrarfé, mundi það bitna allharkalega að bæta við sig þessum skatti, á sama tíma sem hinir, sem upp úr standa og hafa miklu rýmri fjárráð, mundu ekki setja skattinn mikið fyrir sig og þannig hefði skatturinn varla tilætluð áhrif hjá þeim. Ég dreg því nokkuð í efa réttmæti þess að fara þessa leið.

Af þessu, sem ég hef verið að segja, má auðvitað draga þá ályktun, sem rétt er, að ég er andvígur þeim leiðum sem lagðar eru til í þessu frv. Ég tel hér vera um neyðarráðstafanir að ræða og af því tagi sem ég get ekki stutt út af fyrir sig. En eins og ég sagði í upphafi míns máls: Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. Mér er ljóst að hér er um talsvert mikinn vanda að ræða, jafnvel þó að hann sé að sumu leyti tímabundinn. Samtök bændanna í landinu koma og biðja um heimildir sér til handa að mega beita ákveðnum ráðstöfunum. Ég treysti mér því ekki til þess að segja nei við þessari beiðni, ég játa það. Ég mun því ekki standa gegn því, að þeir fái þessar heimildir. En ég mun ekki heldur greiða því atkv., af því að ég trúi ekki á þessar ráðstafan-

ir. Satt að segja þætti mér miklu líklegra að þó að bændasamtökin fengju þessar heimildir, þá yrðu þær ekki til mjög mikils í þá átt sem stefnt er að.

En það, sem mér finnst verulega einkenna þessar umr. og ég sætti mig ekki heldur við, er sá málflutningur, sem mjög kemur fram hjá hæstv. landbrh. og reyndar ýmsum þeirra, sem hafa staðið að því að biðja um þær heimildir sem í þessu frv. felast. Þeir segja: Markmiðið er að tryggja tekjur bænda. Þær má ekki skerða. Annað markmið: Það má ekki fækka bændum, m. a. með byggðasjónarmið í huga. — En samt á að ná þeirri útkomu, að um verulegan samdrátt í framleiðslu sé að ræða til þess að leysa vandann. Ég held að það sé enginn vafi á því, sem mér fannst ég heyra í máli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, að þetta dæmi gangi aldrei upp. Ef heimildirnar í þessu frv. verða notaðar og ef menn ná þeim árangri sem að er stefnt með þessu frv., þ. e. a. s. að draga verulega úr framleiðslunni, þannig að útflutningsvandamálið minnki eitthvað verulega, þá verða bændur vitanlega fyrir verulegu tekjufalli, tekjur þeirra minnka, og að einhverju leyti verður þetta auðvitað til þess að bændum fækkar, fleiri gefast upp. Dæmið verður leyst á þann hátt. Þetta leysist auðvitað ekki bara með því að hver og einn bóndi búi miklu skynsamlegar en hann hefur gert. Ég held að það hefði líka verið hægt að ná því fram með öðrum hætti, með allri þeirri leiðbeiningarstarfsemi og ráðunautastarfi, sem við búum við í íslenskum landbúnaði, og þeirri miklu yfirstjórn, sem þar er um að ræða. Það hefði vitanlega verið miklu nær að reyna að leiðbeina mönnum og beina þeim inn á réttari brautir, fremur en vera að eyða peningum í gagnslitla hluti í sambandi við framleiðsluna. Ég held því að menn verði að gera sér ljóst, að ef það frv., sem hér er um að ræða, verður samþ. og gert að lögum og ef menn ætla sér að ná þeim tilgangi, sem hér er að stefnt, þá þýðir þetta að tekjur bænda koma til með að lækka verulega í hlutfalli við aðrar stéttir í landinu, það verður ekki hægt að komast fram hjá því, og þetta þýðir einnig samdrátt í bændastétt um leið og það þýðir samdrátt í framleiðslu landbúnaðarvara.

Ég vil svo einnig segja það, að ég er ekki heldur ásáttur með þær kenningar, sem þessar tillögur eru byggðar á, að það er mjög látið að því liggja að til sé ákveðin bústærð, sem sé heimilisbú, sem sé hæfileg fyrir meðalheimili, það sé fyrst og fremst hagstæðasta búið og eigi að reyna að taka fram fyrir hendur manna í sambandi við það að hafa ekki meiri framleiðslu en sem hæfir þessu búi, eins og orðað er í grg. Það er eins og segir í grg. efst á bls. 4:

„Með heimildarákvæði um mismunandi hátt verð á búvöru er gert ráð fyrir að leggja stighækkandi gjald á framleiðslu umfram það sem hæfir fjöldkyldubúrekstri". Ég er ekki í neinum vafa um að við höfum mörg dæmi um það, að bú, sem skila mjög hagstæðri útkomu, eru mun stærri en það bú, sem hér er lagt til grundvallar í sambandi við þessa skattlagningu. Ég held að það verði ekki til neins góðs í sambandi við frambúðarstefnu í landbúnaðarmálum að ætla sér að marka það að skattleggja skuli alveg sérstaklega bú sem verða eitthvað stærri en það sem hér er lagt til grundvallar. Slíkt held ég að verði að teljast mjög vafasamt. Auðvitað getur komið til mála að taka upp skatt, sem hvert annað neyðarúrræði og skattleggja þá meira stóru búin til hjálpar hinum, en slíkt væri vitanlega tímabundið skattgjald og hugsað á allt annan hátt en skattgjald sem menn ætla að leiði til þess að afmá tiltekna bústærð. Ég er sannfærður um fyrir mitt leyti að því er ranglega haldið fram, að sannað hafi verið að til sé sú eina rétta bústærð.

Það er auðvitað eðlilegt, að í framhaldi af því, sem ég hef sagt, sé um það spurt, hvað ég hefði þá t. d. helst viljað gera við þessum vanda sem við stöndum frammi fyrir. Í fyrsta lagi segi ég: Við höfum staðið frammi fyrir ekki ósvipuðum vanda oft áður í sambandi við landbúnaðarframleiðslu. En ég hef líka sagt það, þegar við höfum verið að ræða um efnahagsmál, að mér finnst alltaf bera sérstaklega mikið á því, að þegar menn eru komnir í strand í efnahagsmálum þurfi að finna einhvern sökudólg: Það er einmitt landbúnaðurinn, það er skipulagsleysið þar, það er útflutningurinn á landbúnaðarafurðum, sem veldur öllum ósköpunum. — Það er að mínum dómi alveg röng kenning. Þó að þarna sé um vandamál að ræða, þá er það slíkt minni háttar vandamál að því er hvergi líkjandi við margt annað, ef við vildum drepa niður annars staðar. Menn eru t. d. að óskapast yfir því, að við skulum borga í útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 4.5 milljarða samkv. því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir. Vissulega er það nokkuð mikil upphæð, þó að talsvert komi þar á móti, eins og ég hef minnst á, og hér sé ekki eingöngu um tapað fé að ræða. En eigum við að nefna aðrar upphæðir annars staðar í þjóðfélaginu? Við skulum t. d. líta á bílainnflutning okkar á þessu ári. Ég sé að nú til októberloka, á 10 mánuðum, erum við búnir að eyða í innflutning á bílum, reyndar eru það bílar af öllum tegundum, 11.4 milljörðum. Ætli það mætti ekki taka þessa eyðslu okkar til endurskoðunar eða leita að einhverri annarri upphæð, sem gæti bjargað efnahag þjóðarinnar, ef það er slík leið sem er á ferðinni? Þetta gætum við auðvitað tekið í ótalmörgum öðrum greinum.

Ég held líka, að jafnvel þó að tækist að fækka allverulega í bændastéttinni, þá yrðum við að standa frammi fyrir því að koma þeim, sem þaðan fara, í einhver hagnýtari störf annars staðar. Það kostar líka fé og það kostar líka tíma. Málið er ekki svo einfalt, að menn skuli halda að jafnvel þó að við gætum gert eitthvað í þessum efnum, sem drægi verulega úr landbúnaðarframleiðslunni, þá leysti það allan vandann. Ég hef lengi verið á þeirri skoðun að við hefðum fyrir löngu átt að taka upp dálítið meiri skipulagningu í landbúnaðarframleiðslu. Mér finnst að þar hafi ríkt mikið skipulagsleysi. Við höfum í rauninni látið þetta þróast næstum að segja eftir hendinni. Ég held að það hefði verið miklu nær hjá okkur að fara að grípa inn í þróunina, fyrst auðvitað með veitingu stofnlána og síðan með ýmsum öðrum ráðum. Þá hefðum við þurft að hafa áhrif á það, hvernig staðið væri að framleiðslunni, þannig að það yrði greinilegur samdráttur t. d. í sauðfjárframleiðslu á vissum svæðum á landinu frá því sem nú er, og það eru mörg rök sem mæla með því að draga úr henni á vissum svæðum. Það sama má segja um mjólkurframleiðsluna. Það má sveigja framleiðsluna frá framleiðsluaukningu á vissum svæðum á landinu, þar sem framleiðslan fer að yfirgæfandi meirihluta í tiltölulega óhagkvæma vinnslu. Við hefðum átt að fara inn á þessa braut fyrir löngu. Það hefði verið meiri ástæða til þess að grípa til þessara ráða núna en þess sem lagt er til í þessu frv.

Ég segi það líka, af því að ég held að það séu nær allir sammála um það, að við Íslendingar verðum að reyna að haga málum okkar þannig, að við eigum nokkuð traustan

og góðan landbúnað, sem geti framleitt þær landbúnaðarvörur sem við þurfum á að halda. Af því þurfum við auðvitað að gæta nokkuð að rekstri landbúnaðar almennt séð. En út frá því segi ég líka, að það er ekki endilega víst að við eigum að láta öll þau hlunnindi, sem við veitum á óbeinan eða beinan hátt og nú ganga til landbúnaðarvöruframleiðslunnar, ganga til allra þeirra sem framleiða landbúnaðarvörur, hvar svo sem þeir eru staddir og hvernig svo sem þeirra atvinnuhættir eru að öðru leyti. Ég hef verið á þeirri skoðun og er á þeirri skoðun enn, að við eigum t. d. ekki að verðlauna þá, sem stunda sauðfjárframleiðslu í kaupstöðum landsins eða stærri þorpum landsins, með því að þeir njóti allra sömu hlunninda og kjara og bændur á lögbýlum. Ég vil ekki banna þessum mönnum, svo lengi sem það grípur ekki inn í rekstur bæjarmála að öðru leyti, að stunda þessa framleiðslu. En þurfum við að hafa skipulagið þannig, að þeir njóti hlunninda af niðurgreiðslum eða þeir njóti hlunninda af útflutningsuppbótum? Ég held ekki. Ég held að það væri full ástæða til þess, enda er þarna um að ræða aðila, sem flestir hafa ágæta atvinnu aðra, hafa aðra möguleika, að gera verulegan greinarmun á þessum aðilum og þeim sem búa í sveitum landsins og stunda einvörðungu landbúnað. Mér sýnist að það hefði verið meiri ástæða til þess að spara eitthvert fé þarna og grípa inn í þetta en gera sumt af því sem lagt er til í þessu frv.

Þá legg ég einnig áherslu á það nú eins og áður, að ég tel að það hefði átt að taka upp fyrir löngu og við ættum ekki að láta standa á okkur í þessari ríkisstj. að taka upp það skipulag, að hafnir séu samningar beint við ríkisvaldið sjálft, ekki aðeins um verðlagningu landbúnaðarvara, eins og nú fer fram í sex manna nefnd, heldur einnig um stefnuna í landbúnaðarmálum, stefnuna í framleiðslumálum landbúnaðarins og um margvísleg hagsmuna- og réttindamál bændastéttarinnar. Ég álít að það verði illa náð tökum á þessum málum fyrr en farið er inn á þessa braut.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. að þessu sinni verulega frá því sem orðið er. Niðurstaða mín er sú, að ég tek undir með þeim, sem hafa sagt að í rauninni sé óráð að reyna að afgreiða þetta stórmál á þeim fáu dögum sem eftir eru sem starfsdagar til jóla. Ég tel það óeðlilegt. Þetta er slíkt stórmál, að það er eðlilegt að það fái góða afgreiðslu á Alþ. og viðbrögð bænda fái að koma fram til viðbótar við það sem þegar hefur komið fram. Ég tel að þó að hér sé vissulega um vandamál að ræða, þá sé það ekki þannig að það ráði úrslitum að þetta frv. verði orðið að lögum fyrir áramót. Ef það t. d. yrði að lögum annað hvort í janúarlok eða febrúarlok, þá tel ég að það skipti ekki öllu máli. Ég tel að hyggilegra væri að standa þannig að málum heldur en ætla sér að reyna að koma þessu fram við þau skilyrði sem við búum nú við. Reyndar hefði ég óskað eftir því, að efni frv. hefði verið verulega á annan veg. En hitt er mér alveg ljóst, að hæstv. landbrh. er að flytja mál eftir beiðni bændasamtakanna, og eflaust er það skoðun hans, að ekki sé rétt að standa gegn því, að bændasamtökin fái það vald sem þau biðja um í þessu frv.

Það verður líka niðurstaða mín, að þó að ég sé engan veginn hlynntur þeim ráðum, sem lagt er til í þessu frv. að viðhafa, þá mun ég ekki greiða atkv. gegn frv., fyrst og fremst vegna þess að bændasamtökin vilja fá þetta vald. Ég treysti mér ekki til þess að segja nei við þau. En ég læt það hiklaust uppi, að ég er á annarri skoðun en þarna kemur fram. Satt að segja undrast ég mjög, að forustumenn í bændasamtökunum í landinu skuli bera fram þessar tillögur. Ég á líka von á því, að þegar betur verður að þessu hugað komi í ljós, að þeir haldi því fram, að þetta séu neyðarráðstafanir sem þeir hafi verið hraktir út í. Ég trúi því ekki að þessi mál liggi raunverulega þannig fyrir, — það hefur ekki reynt á það, hvorki á Alþ. né annars staðar, — að menn þurfi að lúta að slíkum neyðarráðstöfunum, jafnvel þó að hér sé um verulegt vandamál að ræða, vandamál sem þarf að reyna að leysa og það á þann hátt að það sé a. m. k. ekki farið verr með bændastéttina en aðrar stéttir í landinu. Ég held að það væri út af fyrir sig hægt.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að undirstrika það, sem hér hefur komið fram margoft, að þetta frv. er flutt að ósk bændasamtakanna, og fyrir það vil ég sem bóndi þakka ríkisstj.

Bændasamtökin hafa áður haft áhuga á því að framleiðsluráðslögum yrði breytt. 1972 óskuðu þau eftir því, að framleiðsluráðslögum yrði breytt. Því miður var það ekki gert þá, því miður brugðu sumir stuðningsflokkar þáv. ríkisstj. fæti fyrir það, en það væri betra ástand nú ef það hefði verið gert þá. Það væri líka minni vandi á höndum nú, ef við hefðum tekið rögg á okkur í fyrravetur og breytt framleiðsluráðslögum, því að vissulega er vandi fyrir höndum. Ég held að draumarnir frá í fyrravor, sem lukkuriddarar lýstu í atkvæðasmöluninni, um það að hækka kaupið, lækka skattana, auka niðurgreiðslurnar og þá mundi nú allt saman étast upp, eigi ekki rétt á sér við nánari skoðun.

Satt að segja átti ég von á ofurlítið öðrum málflutningi hjá hv. þm. Pálma Jónssyni en hann viðhafði áðan. Mér fannst hann einfalda staðreyndir um of. Mér finnst það vera að stinga höfðinu í sandinn, og mér finnst það ekki skynsamleg aðferð sem strúturinn notar.

Hv. þm. telur að ekki sé um veruleg vandamál í sauðfjárframleiðslu að ræða. Því miður held ég að þetta sé ekki rétt. Það er rétt hjá hv. þm. að í mjólkurframleiðslu eru vandamálin sem stendur meiri, en útflutningur á dilkakjöti er óhagkvæmur og því miður eru ekki horfur á öðru en hann verði fremur óhagkvæmur á næstu árum, a. m. k. ef sú verður þróunin að verðbólga vex hraðar á Íslandi en í viðskiptalöndum okkar. Ég vona að stjórnvöldum takist að snúa við á þeirri braut sem farin hefur verið, en fram að þessu hefur verðbólgan vaxið hraðar hér en í viðskiptalöndunum og þar með samkeppnisaðstaða okkar farið síversnandi.

Mér finnst ástæðulaust að vera að tortryggja það starf, sem unnið hefur verið að markaðsmálum. Það er kannske aldrei fullreynt, en markaðsnefnd, sem nýlega hefur skilað áliti eða er um það bil að gera það, hefur ekki getað gert betur en áður hefur verið gert. Hennar vonir náðu ekki fram að ganga. En mér finnst efamál að ástæða sé til að halda því fram, að hér hafi ekki verið nógu vel að verki staðið. Auðvitað þarf að hafa þetta mál í stöðugri endurskoðun og auðvitað þarf að halda áfram að leita markaða. Hv. þm. Pálmi Jónsson stakk upp á því, að ráðh. færu að blanda sér í málið fremur en orðið er. Hann vitnaði til Íra og sölu þeirra á kjöti til Frakklands. Aðstaða Íra er bara allt önnur en okkar. Írar eru í fyrsta lagi í Efnahagsbandalagi Evrópu. Það er 27% tollur í Frakklandi. Írar sömdu um fríðindi í landhelgi sinni til þess að koma þessu kjöti fram hjá tollinum. Ég veit ég

þarf ekki að vara hæstv. ríkisstj. við því að fara að semja um fríðindi eða ívilnanir handa öðrum þjóðum í landhelgi. Ég veit að hæstv. ráðh. dettur slíkt ekki í hug. Hv. þm. Pálmi Jónsson nefndi þetta refsiskatta á aukna framleiðslu, og það nokkuð með réttu, og taldi að þetta þekktist ekki í öðrum atvinnuvegum. Þetta er einmitt gert í sjávarútvegi t. d. Við höfum áþreifanlega orðið varir við það, við hv. þm. Pálmi Jónsson, að rækjan er háð magnleyfum, síldin er háð magnleyfum og ef farið er fram yfir ákveðinn kvóta er aflinn einfaldlega gerður upptækur. Það er nú ekkert annað. Svona má sjálfsagt lengi telja.

Hv. þm. virtist aðhyllast fremur tiltekinn kjarnfóðurkvóta á grip. En á honum eru verulegir gallar eins og því fyrirkomulagi sem stungið er upp á í þessu frv. Ég hygg að sú lausn, sem fundin er í frv., sé illskárri en að leggja þennan tiltekna kvóta á búeiningu.

Það er gleðilegt, sem maður gat reyndar sagt sér sjálfur, sem fram kom hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, að Alþfl. fylgir þessu frv. Það er viðkunnanlegri hljómur í ræðu hv. þm., sem ég þakka honum mjög vel fyrir, heldur en er í frv. til l. um breyt. á l. um framleiðsluráð á þskj. 75, en flm. eru hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson og Eiður Guðnason. Þar er gerð einhliða tilraun til þess að koma í veg fyrir að verulegur hluti af útflutningsbótunum verði greiddur með sama hætti og undanfarið hefur verið gert. — Það gefst síðar tækifærið til þess að ræða það mál og ég mun ekki gera það að þessu sinni.

Hv. þm. óttaðist að fóðurbæti yrði hamstrað stórlega ef menn ættu von á kjarfóðurskatti. Það getur vel verið að það verði einhver brögð að því og eitthvað greiðari sala meðan þetta mál er að velkjast hér í þinginu, en ég hygg að það verði skammgóður vermir fyrir bændur að hamstra fóðurbæti. Það er líka dýrt að taka fóðurbæti út í skuld og geyma hann lengi. Þetta getur verið eftir ástæðum, en a. m. k. er ég ekki mjög hræddur um að verulegt hamstur verði ofan á.

Mér kemur það hins vegar mjög á óvart, að hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, ætlar ekki að greiða þessu stjfrv. atkv. sitt. Hann segist vera andvígur þeim leiðum sem farnar eru í frv. Ég hefði talið eðlilegra að hv. þm. hefði gert ríkisstj. grein fyrir því fyrr að svo væri.

Hv. þm. ræddi nokkuð um neyslu landbúnaðarafurða. Hann hefur haldið þeirri skoðun fram fyrr, að kindakjötsframleiðsla væri síst of mikil í landinu, og haft á því ýmsar lausnir, eins og menn vita, og las hér fróðlegar tölur, sem voru réttar í sjálfu sér og ég ætla ekki að draga í efa, um bæði framleiðslu og neyslu. En á þessum tíma hafa aðstæður breyst. Nautakjötsframleiðsla hefur aukist stórkostlega í landinu á þessum tíma. Alikálfaræktin, sem hófst upp úr 1970, bættist inn á mettaðan markað. Menn hættu að slátra kálfunum ungum og mikill fjöldi kálfanna er alinn í þrjú missiri. Þetta er gert m. a. til þess að koma til móts við óskir neytenda, sem óskuðu eftir meira nautakjöti, en þetta dregur að sjálfsögðu úr neyslu dilkakjöts að sama skapi. Það var farið að greiða niður. Þetta kjöt var því ekki samkeppnisfært um verð og með því dró enn fremur úr neyslu kindakjöts. Svo hefur hænsnaát færst í aukana í landinu og neysla svínakjöts.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson nefndi það, að auðvitað kæmi það niður á framleiðslu ullar og skinna ef sauðfé fækkaði. Það er alveg rétt. En við þurfum að vinna mjög bráðan bug að því að reyna að vinna ull og gærur meira innanlands. Við flytjum enn út pæklaðar gærur, og það er ekki gott. Við flytjum meira að segja út band, og það er það an af verra. Þar eigum við óunnið verk. Við þurfum því ekki að mínum dómi að hafa verulegar áhyggjur af samdrætti í sauðfjárframleiðslu að þessu leyti.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson minntist á það, að fóðurbætisskattur gæti komið sér illa þegar harðæri gengi yfir og erfiðleikar væru með heyöflun. Það er auðvitað einfalt að lækka eða fella niður fóðurbætisskattinn ef horfur eru á of miklum samdrætti í framleiðslunni.

Hv. þm. fékk ekki dæmið til að ganga upp, að tekjur bænda mætti ekki skerða og bændum mætti ekki fækka. Ég fæ þetta til að ganga upp með því móti, að mér finnst að þessar heimildir stefni að því að færa tekjur á milli bænda og hagræða í íslenskum landbúnaði. Þetta eru ekki peningar sem á að flytja frá stéttinni. Ég skil frv. þannig, að þetta séu ekki peningar sem séu teknir af bændastéttinni, heldur peningar sem eru fluttir á milli bænda.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson taldi skipulagningu í landbúnaði ekki hafa verið næga. Ég er honum sammála um það. En þetta frv. er tilraun til skipulagningar að mínum dómi. Hann undraðist, að bændur skyldu hafa beðið um þetta frv., og átti von á því að þeir mundu við nánari athugun komast á aðra skoðun og sjá eftir því að hafa beðið um þetta frv. Ég held að íslensk bændastétt sé búin að velta þessu máli mikið fyrir sér. Í fyrravetur gerðist sú ógæfa, að bændur tóku illa hugmyndum aukafundar Stéttarsambands bænda um kjarnfóðurgjald. Fjölmargir fundir voru haldnir og niðurstaða ýmissa þeirra var sú að mótmæla þessu hugsanlega kjarnfóðurgjaldi í ákveðnum orðum. Nú var unnið öðruvísi að málinu. Í sjömannanefnd áttu sæti sumir af þeim mönnum sem harðast gengu fram á móti hugmyndinni um kjarnfóðurgjald og þótti hún ógeðfeldust á s. l. vetri. Þeir komust að raun um við skoðun á málinu að þetta yrði skásta leiðin. — Það liggur æðimikil vinna í því — mér er kunnugt um það — hjá bændasamtökunum að semja þetta frv., sem hæstv. landbrh. leggur hér fram, — æðimikil vinna og vandasöm. Menn hafa legið yfir þessu, skoðað ótölulegan grúa af ályktunum og hugmyndum.

Þetta er ekki algott frv. Það hygg ég að enginn nm. í sjömannanefnd beri sér í munn, og ég ætla ekki að gera það. En lausn þessarar sjömannanefndar er sú eina leið sem ég í fljótu bragði get séð að breið samstaða megi nást um, bæði meðal bænda og stjórnmálamanna. Hins vegar get ég ekki leynt vonbrigðum mínum með það, að hv. þm. Pálmi Jónsson og Lúðvík Jósepsson skuli ekki hafa meiri áhuga á framgangi málsins en þeir virðast hafa. Það er þá á þeirra ábyrgð ef þessi ósk bændasamtakanna nær ekki fram að ganga.

Það er nokkuð góð samstaða meðal bænda um þessar leiðir. Ég átti þess kost að sækja þrjá bændafundi í s. l. viku, þar sem saman voru komnir líklega samtals um 400 bændur úr Norðurlandskjördæmi vestra og þinguðu um málið. Það voru nokkuð skiptar skoðanir um frv., en þorri bænda var á þeirri skoðun, að þetta væri þegar allt kæmi til alls skásta leiðin. Á sumum þessara funda voru samþykktar tillögur og gerðar ályktanir, öðrum ekki. Þær ályktanir, sem gerðar voru, gengu í þá átt að styðja málið.

Sú offramleiðsla, sem við eigum við að stríða núna, er sköpuð í góðæri. Þetta góðæri nýtist ekki eins vel til framleiðsluaukningar ef frv. verður að lögum en ég

endurtek: Það er skoðun mín og ég tel flestra þeirra bænda, sem ég heyrði í s. l. viku, að þetta sé sársaukaminnsta leiðin fyrir bændur og almenning í landinu. Hins vegar er ég ekkert viss um að leið þessa frv. dugi til þess að draga úr framleiðslunni þannig að 10% útflutningsbótaréttur nægi, en reynslan verður að skera úr um það mál.

Ljóst er að brúttótekjur margra bænda koma til með að rýrna ef þetta frv. verður að lögum, en því verður að mæta með því að huga fremur að nettótekjunum. Það er alveg vafalaust, þrátt fyrir að hv. 1. þm. Austurl. dragi það í efa, að bændur geta æðimargir þróað hjá sér hagkvæmari búrekstur og munu gera það þegar hagkvæmara verður að fóðra á eigin heyafla en verið hefur um sinn og treysta minna á innflutt kjarnfóður. 4 500 bændur eru í landinu eða þar um bil og ég undirstrika það, að ég tel að þeim megi ekki fækka. En samt er það þannig, að samdrátturinn í framleiðslunni verður einkum að koma fram á stærri búunum. Og þá komum við að mjög athyglisverðum þætti í málinu, að fóðurbætir á einingu, fóðurbætir á kú, er miklu meira notaður á stærri búum en á smærri búum, enda hefur það komið í ljós samkv. búreikningum, að meðalstór bú eru miklu hagkvæmari rekstrareiningar en stærstu búin. Að vísu er þetta, eins og flest í lífinu, háð ýmsum mismunandi forsendum, en þetta eru þó það sem menn lesa út úr búreikningum og búreikningar, sem kannske orka að vísu eitthvað tvímælis, eru sú leiðbeining sem við verðum að reyna að fara eftir.

Ég er alveg sannfærður um að verðjöfnunargjald, eins og innheimt var á sauðfjárafurðir illu heilli á s. l. vori og ríkisstj. hefur nú — svo er henni fyrir þakkandi — beitt sér fyrir að verði endurgreitt bændum, var miklu verri skattur. Verðjöfnunargjaldið er ákaflega óréttlát aðferð og miklu óréttlátari og verri leið en sá kostur sem hér er valinn. Þar með þykir mér alveg ljóst, að versti valkosturinn, sem við gætum tekið, væri að gera ekkert í málinu, og þess vegna vil ég treysta því, að hv. þm. gangi nú ekki í það að tefja þetta mál.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Enda þótt ég sé í þeirri n. í hv. d. sem fær mál þetta til skoðunar, þá vildi ég eigi að síður segja örfá orð við 1. umr.

Það mun einsdæmi í því kröfugerðarþjóðfélagi, sem við lifum í, að ákveðin stétt manna kjósi yfir sig skatta og skyldur eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, ef að lögum verður, en frv. þetta er flutt samkv. ósk bændasamtakanna, eins og segir í grg. Þetta er út af fyrir sig fallegt og mættu fleiri gera, einkum hálaunahópar, en sýnir að bændur viðurkenna vissan vanda offramleiðslu. Ég vil þó draga í efa að bændur almennt styðji þessar tillögur, enda leysa höfuðatriði þeirra, sem aðallega er mænt á, ekki þann vanda sem við er að etja.

Það er vissulega dálítið hart að bændur, sem hafa haft miklu minni tekjur en viðmiðunarstéttir á undanförnum árum, þurfi að ganga á undan að skattleggja sjálfa sig. Þeir, sem framleiðslustörfin vinna til sjós og lands, eru þó undirstaðan undir því, að við getum lifað í þessu landi. Miklu eðlilegra hefði verið að á undan þessari tillögu hefði í dag verið rætt um lækkun á kaupi okkar hv. alþm. um 20-30%, en ef á því væri byrjað gætu fleiri á eftir komið. — En verst er að þetta frv., sem hér liggur fyrir, leysir ekki þann vanda sem því er ætlað að leysa. Ég er því í meginatriðum andsnúinn frv., en mun gera tilraun til að hið jákvæða í tillögunum nái fram að ganga.

Það er uppgjöf að snúast við vandanum eins og hér er gert með því að gera bara eitthvað. Það er ekki leiðin. Frv. dregur ekki úr framleiðslunni. Hin stærri bú og betur settu munu auka við sig til að borga skattinn og fóðurbætisskatturinn verður aldrei það hár að hann dragi neitt verulega úr framleiðslunni.

Það, sem mest ber á í frv. og mest er hampað, er að allt á að færast í viðjar skatts- og skipulagsstefnu. Þó ber að viðurkenna vissa þörf á skipulagningu. Allt á að færa í meðalmennsku. Arðsemisjónarmið víki til hliðar. Mönnum er refsað fyrir dugnað. Það liggur við að maður segi að skipuleggja eigi fátækt meðal bænda á Íslandi. Bændastéttin og þjóðfélagið í heild þurfa að gera sér þess grein, að búskapur og búseta eru ekki sama. Þjóðin vill halda byggð um allt landið, en það má ekki verða á kostnað einnar stéttar, heldur þarf þjóðin öll að taka þátt í því.

Fellt hefur verið úr frv., frá því sem sjömannanefndin gerði tillögur um varðandi fóðurbætisskattinn, að miða við ákveðið magn á búfjáreiningu. Það hefði mátt— og má athuga — hafa þá nógu mikinn skatt á umframmagn. En í a-lið 2. gr. frv. er að finna einu leiðina í þessu máli sem hefur áhrif án þess að drepa allt í dróma. Þar stendur:

„Á sama hátt er Framleiðsluráði heimilt að ákveða framleiðendum sérstakar verðbætur ef þeir draga úr framleiðslu sinni um ákveðinn hundraðshluta."

Þetta þýðir m.ö.o. að ef sett væri í gang 10-15% framleiðslurýrnun með því að nota útflutningsuppbæturnar til að greiða mönnum fyrir ákveðinn samdrátt t. d. fengi maður bætur fyrir að minnka framleiðslu mjólkur um 15 þús. kg, hann fengi 7 500 kr. borgaðar. Þetta er bandarísk reglan. Með henni væri hægt að leysa vandann á stuttum tíma. Þetta ætti að gilda í 3-5 ár, fer eftir tíðarfari og ýmsu. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að bændur munu að sjálfsögðu ekki gefa eftir 10% regluna. Á stuttum tíma mætti með þessum hætti stórdraga úr útflutningsuppbótum, en meðan á breytingatíma stendur munu þær að sjálfsögðu verða óbreyttar og veitir ekki af til að bændur haldi sínu kaupi. Og meira þarf til á breytingatíma. Ríkið þyrfti að koma til móts við þær birgðir sem til eru þegar þetta kerfi yrði sett í gang, ef af yrði. Aðalatriðið er að það fé, sem til landbúnaðarins fer, sé notað með sem skynsamlegustum hætti til að draga úr offramleiðslu jafnframt því sem gætt sé hagsmuna bænda.

Ég er sannfærður um að með því að setja í gang 10-15% framleiðslusamdráttaráætlun, sem allir tækju þátt í, mætti leysa vandann á mjög stuttum tíma og með minnstri skerðingu fyrir bændastéttina, elstu stétt landsins, sem um aldaraðir hefur varðveitt menningu og sögu þessarar þjóðar, tungu hennar og frelsi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki hlýtt á ræðu hæstv. landbrh., þegar hann fylgdi frv. þessu úr hlaði, né heldur þeirra sem næstir honum töluðu, en ég hef hlýtt á nokkra hv. þm. sem rætt hafa þetta mál síðdegis og nú í kvöld. Ég kem ekki upp í þennan ræðustól með fangið fullt af úrbótum frekar en þeir. Mér hefur skilist á máli þeirra, að þeir hafi ekki lausn þessara mála á reiðum höndum. Ég lái þeim það ekki. Þeir hafa margir hverjir slegið úr og í. Það þótti að vísu áður fyrr oft háttur dugmikilla sláttumanna að slá úr og í á góðu

engi, en hér er víst ekki um slíkt engi að ræða að þessi samlíking hæfi.

Það er öllum ljóst, að mikill vandi steðjar að íslenskum landbúnaði vegna framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða umfram það sem ekki selst á innanlandsmarkaði. Mönnum er því ljóst, að eitthvað verður að taka til bragðs. Það er brýnt að grípa til einhverra aðgerða, sem ekki eru of harkalegar, og haga þeim á þann veg, eins og raunar grg. bendir á, að þær raski ekki byggðinni frá því sem hún er, því að ég hygg að við viljum flestir að byggð haldist um allt land þar sem búsældarlegt er að eiga heima.

Ég sagði að hv. þm. hefðu slegið úr og í. Hv. 1. þm. Austurl. taldi að sumu leyti of mikið gert úr þessum vanda, það yrði að varast að gera harkalegar aðgerðir. Hv. 4. þm. Norðurl. v., sem hér lauk nýlega máli sínu, benti á að samstaða væri nokkuð góð um þetta mál og að þorri bænda styddi málið, eins og hann komst að orði.

En þá er að athuga í örstuttu máli við 1. umr. þessa máls, hvað frv. hefur að geyma. Það er ekki nema þrjár greinar. Þó að ég hafi ekki skoðað það rækilega niður í kjölinn, þá hefur það að mínum dómi fyrst og fremst að geyma heimildir til þess að setja mikilvægar reglur. Og þegar um slíka löggjöf er að ræða er eðlilegt að menn séu ekki á eitt sáttir. Þá hugsa flestir, sem eitthvað horfa fram í tímann á annað borð, sem svo: Hvernig verður þessi heimild notuð þegar til kastanna kemur? Þetta finnst mér ofur eðlilegt og hygginna manna háttur. Af þessu leiðir að menn eru ekki sáttir við þær leiðir, sem hér eru nefndar í þessu frv., né heldur fleiri leiðir, sem borið hefur á góma. Ég hygg að það verði seint að menn vilji allir stefna í eina átt, — eða hvenær er það, þegar raunverulegt vandamál ber að höndum, að allir vilji horfa til einnar og sömu áttar? Ég hygg að það sé fremur fátítt.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. minntist á verðjöfnunargjaldið, sem hann taldi ákaflega óréttlátt. Aðrir ræða um og gagnrýna kvótakerfið og kjarnfóðurskattinn sem hér er að vikið.

Í grg. með 1. og 2. gr. frv. sjáum við einmitt það staðfest, sem ég nefndi áðan, að hér er fyrst og fremst um heimildir að ræða sem nota má til að grípa til hinna og annarra aðgerða. Þar segir að nýmæli felist í frv. sem öll hníga að því að koma betra skipulagi á framleiðslu landbúnaðarafurða og auka hagkvæmni hennar. Um 2. gr. er einnig sagt, að hún sé nýmæli og ætlast til að heimildum, sem hún veitir, verði beitt í því skyni að samræma meira en verið hefur landbúnaðarframleiðslu og innlendar þarfir. Svona mætti lengi áfram halda. Ég skil vel að menn óttist að landbúnaðurinn sem atvinnugrein verði reyrður í of mikla skipulagsfjötra. Á hinn bóginn verðum við þó að viðurkenna að nauðsynlegt er að hafa eitthvert heildarskipulag á öllum hlutum.

Ég sá í grg., að jafnvel í landi þar sem óvenjumikið jafnvægi er í öllum greinum, í Sviss, hefur nýlega verið lagt innflutningsgjald á fiskimjöl með nánari skýringum er þarna eru greindar. Þannig er sjáanlegt að öll lönd, allar þjóðir verða að vera á verði í ýmsum efnum af þessu tagi, jafnvel þó þar ríki ládeyða á yfirborðinu og allt virðist leika í lyndi, eins og hjá Svisslendingum.

Þá hefur verið bent á það, að frv. þetta sé mjög rækilega undirbúið, og verður ekki annað sagt en svo sé. Frv. er byggt á tillögum sjömannanefndarinnar svokölluðu. Ef maður les og kynnir sér um hendur hverra þær tillögur hafa farið síðan nefndin skilaði áliti 28. sept., þá sýnir það sig að þær hafa farið um hendur bændasamtaka og forustumanna bænda á ýmsum stigum sem yfirleitt — að því er sé verður — hneigjast í þá átt að styðja þetta frv.

Þá er hér sagt um sjömannanefnd, að hún hafi m. a. skoðað vandlega samþykktir bændafunda og búnaðarsambanda frá s. l. vetri. Þessar samþykktir hafa allar legið fyrir nefndinni og verið mjög rækilega athugaðar. Ég ætla ekki á þessu stigi að fara að gefa hástemmdar yfirlýsingar um það, hvort ég styð þetta frv. eða ekki. Ég hef yfirleitt þann hátt á að kynna mér málin áður en ég gef slíkar yfirlýsingar. Og hér er um mál að ræða, sem vissulega er mjög margbrotið, fjölþætt og erfitt viðureignar.

Ég sé að sjömannanefnd og fleiri aðilar hafa kannað eða a. m. k. horft á þessi mál frá ýmsum hliðum, og það er vissulega eitt og annað athyglisvert sem getur að líta á þessum blöðum. Við vitum að það er mikið vandamál, þegar horft er yfir landbúnaðinn sem heild, að tekjur bænda eru mjög misjafnar miklu rýrari sums staðar á landinu en annars staðar. Líka er bent á það hér, og ástæða til að nefna það sérstaklega, að það er hægt að benda á ýmsar leiðir sem athuga má til úrbóta, en þeim er flestum svo varið, að þær leysa ekki vandann nema að einhverju leyti og ekki nema á löngum tíma. T. d. er bent hér á að auka mætti tekjur margra bænda með aukinni fiskrækt, fiskeldi og meiri stuðningi við nýtingu vatna í byggðum og óbyggðum. Einnig er nefnd hér loðdýrarækt o. fl.

Það er vikið hér að fjárfestingum bænda. Sumum hefur þótt nóg um, hvað bændur hafa fengið mikið lánsfé á undanförnum árum, og rætt mikið um það, að þarna hafi verið um nánast sjálfvirka afgreiðslu lána að ræða. Ég held að mörg orð, sem sögð hafa verið í þessu efni, hafi verið mælt af mikilli fákunnáttu. Við vitum það, sem þykjumst nokkuð þekkja til þessara mála, að í mjög mörgum tilvikum hefur bóndinn verið að búa í haginn á heimili sínu án þess að fjölga bústofni. Við verðum að viðurkenna það. Við verðum að líta á aðbúnað bænda á vinnustað eins og hverra annarra. Það er mikið rætt um það meðal þeirra, sem segjast vera talsmenn verkalýðsstéttarinnar, að það þurfi að huga að aðbúð og öryggi á vinnustað. Margar þær framkvæmdir í byggingum, sem bændur hafa verið að vinna að á undanförnum árum, hafa einmitt verið gerðar til þess að þeir þyrftu ekki að halda áfram svo að segja að skríða eftir þröngum geilum og göngum, eins og gert var hér áður fyrr. Þær hafa verið unnar í þá átt að búa þeim mannsæmandi skilyrði á vinnustað, eins og hverjum öðrum þegnum þjóðfélagsins.

Mér er fyllilega ljóst, að það má margt mæla gegn t. d. kjarnfóðurskattinum. Hv. 1. þm. Austurl. sagði áðan, að þar væri um mjög ónákvæman skatt að ræða. Ég get vel fallist á þetta. En þá er eins og í öllum öðrum efnum rétt að fara þess á leit við hv. alþm., að þeir bendi á aðrar leiðir sem tiltækar eru og aðgengilegri.

Þá get ég ósköp vel tekið undir það, að vinna þurfi markvisst að vörukynningu og markaðsöflun innanlands og utan. Ég þykist viss um að á þessu sviði sé margur akurinn óplægður. Þarna þarf að vinna mikið verk í viðbót við það sem gert hefur verið. Ég er líka alveg viss um það, þó ég sé ekki spámaður frekar en aðrir hv. alþm. hér inni, að landbúnaður á Íslandi á mikla framtíð fyrir sér.

Ég ætla að fara að stytta mál mitt, en víkja í örfáum

orðum að þremur atriðum sem ég vil benda á og mér þykja athyglisverð.

Það er rætt um mikinn vanda bændastéttarinnar. En við skulum athuga það, að líka er rætt um vanda annarra stétta. Það eru til menn sem segja að það þurfi að fækka fiskiskipunum um helming, og margir mæla svo, að iðnaðurinn horfi fram á miklar ógöngur og úrræðaleysi í nánustu framtíð. Ég tel að vandi bændastéttarinnar og búskaparins í landinu sé samtvinnaður hinum almenna þjóðarvanda sem við höfum allir við að glíma, þ. e. hinum mikla verðbólguvanda. Þið hafið kannske heyrt í bóndanum sem verið var að ræða við í útvarpinu áðan, líklega um hálfátta leytið. Hann gat þess, að hann hefði neyðst til þess að fjölga bústofni sínum svo og svo mikið árlega til þess að hafa við þeim síhækkandi útgjöldum sem bú hans yrði að bera. Hann gerði þetta ekki vegna þess að hann ætlaði sér að hleypa búinu upp eða fjölga búpeningi mjög mikið, heldur til þess að reyna með þessu móti að takast á við hinn almenna verðbólguvanda sem tröllríður íslensku þjóðfélagi um þessar mundir og við stöndum allir í harðri baráttu við.

Þá hefur einnig verið bent á að iðnaður sé nátengdur búskap. Og það var laukrétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að ef farið yrði að fækka bændum allt að helmingi, eins og ýmsir hv. þm. hafa tæpt á, þá mundu ýmsir fleiri en bændur finna fyrir því. Það þarf ekki annað en nefna skinna- og ullariðnaðinn í því sambandi.

Ég veit að þetta frv. er síður en svo algott, og eins og ég sagði í upphafi, þá hefur það að geyma heimildir sem jafnan eru óneitanlega talsvert varhugaverðar og geta horft til hins verra ef þeim er beitt á þann veg. En þarna verðum við þó að horfa á það, sem ýmsir hafa hér gert að umtalsefni, að bændur sjálfir eða talsmenn þeirra hafa óskað eftir því, að þessu máli yrði hreyft, — það yrði borið fram á Alþingi. Þarna tel ég að bændur hafi sýnt hyggindi að því leyti, að þeir viðurkenna sjálfir vandann. Þeir hafa þurft við mörg vandamál að glíma á umliðnum öldum, og það er held ég þeirra háttur að hyggja að og viðurkenna þann vanda sem að höndum ber hverju sinni. Þessi vandi verður ekki leystur í öllum greinum, síst á svipstundu. Það getur tekið langan tíma, ekki síður en glíman við verðbólguna sjálfa. En skilningur bændanna sjálfra er mikils virði. Ábendingar þeirra og tillögur verður að íhuga vandlega. Þá fyrst er von til þess að finna ráð sem ætla má að eitthvað dugi til úrbóta.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Ég ætla með nokkrum orðum að gera grein fyrir einum þætti í frv. sem hér liggur fyrir til umr.

Mér er ljóst að ekki verður hjá því komist að gera eitthvað til þess að draga úr þeirri miklu framleiðslu sem hefur verið nú að undanförnu á landbúnaðarafurðum, og þess vegna er ég sammála því, að það þurfi að finna leiðir til þess að draga úr henni. Frv., sem hér liggur fyrir til umræðu, er fyrst og fremst ætlað að gera það. Ég vil þó minnast hér á einn þátt sem ég er ekki að öllu leyti sammála um og vil að komi fram við þessa umr. Væntanlega kemur þetta frv. til landbn. Nd., þar sem ég á sæti, og verður þá gerð betur grein fyrir því þar.

Eins og ég áður tók fram, er hér um að ræða að draga úr þeirri offramleiðslu sem hefur verið um nokkurt skeið í vissum búgreinum í landbúnaðarframleiðslunni. Þar á ég fyrst og fremst við kindakjötsframleiðsluna og mjólkurframleiðsluna. Það hefur verið svo núna að undanförnu, að allmiklu meira hefur verið framleitt en hægt hefur verið að nýta hér innanlands eða fá viðunandi verð fyrir á erlendum mörkuðum, eins og öllum er kunnugt. En svo hafa líka verið aðrar búgreinar, sem eru reknar hér í landi, t. d. eins og eggjaframleiðsla og svínakjötsframleiðsla, sem hefur verið svo ástatt um nú á síðasta ári, að þessar vörur hefur vantað á markaðinn. Þess vegna er það ekki alfarið, að alls staðar sé um að ræða offramleiðslu í landbúnaði. Mun það m. a. vera af því, að neysluvenjur þjóðarinnar eru að breytast og hafa breyst eins og margra annarra þjóða á þessa leið.

Ég vil því fyrst og fremst spjalla smávegis um þann þátt — eggjaframleiðsluna — þar sem ég hef verið nú um nokkurra ára skeið formaður í Sambandi eggjaframleiðenda. Þar hefur verið við ýmsa erfiðleika að etja, eins og t. d. skipulagi á þeirri búgrein er háttað. Ég get ekki látið hjá líða að mótmæla t. d. þeim fóðurbætisskatti, sem er gert ráð fyrir að leggja á kjarnfóður, og þá fyrst og fremst vegna þess að það kemur mjög hart niður á eggjaframleiðslunni. Lauslega reiknast mér svo til, að þessi skattur geti kostað eggjaframleiðendur um 270 millj. kr. á ári verði hann lagður á eins og gert er ráð fyrir í frv. að hægt sé að gera. Þetta þýðir það, að þessi skattur kæmi annaðhvort fram í hækkuðu verði á eggjum til neytenda eða þá að það mundi leggjast niður öll framleiðsla á eggjum. Er það ekki æskileg þróun að hvorugu leyti til. Þess vegna verð ég sem einn af eggjaframleiðendum að mótmæla því, að þessi skattur sé lagður á þar sem hann kemur svo hart niður á þessari búgrein.

Ég get sömuleiðis sagt það að nú er notað svo mikið af svínakjöti í ýmiss konar vinnsluvörur, að ég held að það mundi verða mjög erfitt að framleiða hér góðar kjötvinnsluvörur ef svínakjötið yrði tekið út úr. Þess vegna held ég að það megi ekki láta skatt þennan skella á þessum búgreinum. Ég vil þess vegna undirstrika það, að mér finnst óeðlilegt að hann komi svo þungt niður á þeim. Það hlyti þá að velta út í verðlagið og koma niður á neytandanum. Ég vil þess vegna hafa fyrirvara um þennan þátt í 2. gr. þessa frv.

Það eru ýmsir fleiri þættir sem hér væri e. t. v. ástæða til að gera að umræðuefni. En þar sem ég hef verið fjarverandi í dag og ekki heyrt þær umr., sem hér hafa farið fram, þá ætla ég ekki að fara frekar út í það, en vildi fyrst og fremst koma þessu á framfæri. Núna nýverið hafa eggjaframleiðendur og reyndar svínakjötsframleiðendur líka haldið fund, og ég veit að það koma hörð mótmæli gegn þessum fóðurbætisskatti sem ég hef nú þegar minnst á.

Ég hef þessi orð þá ekki fleiri nú. Eins og ég sagði áður kemur þetta frv. væntanlega til landbn., og ég mun þá gera frekari aths. við það í n. eftir því sem tilefni gefst til.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þó ég sé hvorki óðalsbóndi né eggjaframleiðandi, eins og þeir sem hafa talað hér næst á undan, þá ætla ég samt að leyfa mér að leggja nokkur orð í belg um þetta frv. til 1. um breyt. á 1. um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Ég hygg að það megi segja með nokkrum sanni, að hér sé á ýmsan hátt um tímamótafrv. að ræða. Það er það a. m. k. að mínum dómi, því hér er sá vandi, sem við er að etja í íslenskum landbúnaði, að hluta viðurkenndur, en á það hefur verulega skort að sú viðurkenning hafi áður verið til staðar. Þeir flokkar tveir, sem lengst af hafa farið með stjórn landbúnaðarmála, hafa ekki viðurkennt

þennan vanda. Aldrei léð máls á því. Þvert á móti hefur sú landbúnaðarstefna, sem þeir hafa fylgt, komið þessum málum í óhöndulegan keng og algjört óefni á ýmsum sviðum, en nú hafa bændur með nokkrum hætti tekið af þeim ráðin og hefði kannske fyrr mátt vera.

Eins og hér hefur komið fram, er um flókið mál og margbrotið að ræða, og eins og ýmsir af þeim, sem hér hafa komið í þennan ræðustól í dag og kvöld, hafa lagt áherslu á, þá er ekki um eina eða einfalda eða auðvelda lausn að ræða. Þetta frv. er hins vegar skref í þá átt að beina þessum málum inn á skynsamlegri brautir.

Það var á ýmsan hátt mjög athyglisvert að hlusta á 1. þm. Austurl. halda, eins og hans var von og vísa, mjög langa og ítarlega ræðu um þetta. Hann gerði ekki mikið úr því, að það færi verulegt fjármagn í að greiða útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir. Ég hygg að flestir séu á því samt, að það sé of mikið. Hann nefndi til samanburðar, að við hefðum flutt inn bíla fyrir 11 milljarða fyrstu 9 eða 10 mánuði þessa árs. Ég hygg að þarna sé nokkuð ólíku saman að jafna. Það skyldi þó aldrei vera að það yrði skarð fyrir skildi hjá ríkissjóði ef verulega yrði dregið úr bílainnflutningi, því ég veit ekki betur en ríkissjóður fái sennilega 2 kr. af hverjum þremur sem eru greiddar fyrir bíla í þessu landi.

1. þm. Austurl. gerði ekki heldur mikið úr þeim vanda, að við þyrftum að flytja út 5 400 tonn af lambakjöti. Honum fannst það svo sem ekkert verulegt vandamál. En ég hygg að ýmsir þm. muni vera á öðru máli. Hann vildi nánast halda því fram, að hér væri ekki um neina eða um mjög óverulega framleiðsluaukningu að ræða, en nefndi síðan ýmsar tölur um neyslu kindakjöts. Auðvitað er það verðið, sem ræður neyslu kindakjöts hér að mjög verulegu leyti, og þá ekki hvað síst niðurgreiðslurnar. Ég er ansi hræddur um að ef kjötið væri ekki niðurgreitt mundi neyslan ekki vera mikil. Svo er margt fleira sem hefur komið til, eins og hér hefur raunar verið vikið að, þ. e. breyttar neysluvenjur og meira framboð af öðrum kjöttegundum. Það er af sú tíð sem áður var, þegar þetta var svo gott sem eina kjöttegundin sem hér var á boðstólum. En um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum.

Það er ekkert furðulegt að Alþb.-menn skuli gera lítið úr þessum vanda sem við er að etja, því á s. l. vori biðluðu þeir býsna mikið til bænda. Ég minnist þess, og gera áreiðanlega fleiri hv. þm., að Alþb.-menn riðu eins og hetjur um héruð í vor og héldu fundi með bændum. Þeir sögðu í stuttu máli: Þið skuluð bara framleiða meira. Við skulum sjá um að neyslan aukist. — Þetta er auðvitað fáránlegt, því áreiðanlegt er að neysla dilkakjöts hér er í því hámarki að hún verður ekki öllu meiri nema Alþb. stígi þá skrefið til fulls, sem manni skilst að gæti verið á næstu grösum, að lögbjóða að menn borði kindakjöt a. m. k. fjórum til fimm sinnum í viku. Það er sjálfsagt eina ráðið, sem þeir gætu gripið til til að standa við loforð sín gagnvart bændum frá því í vor þegar þeir sögðu að það væri aðeins hlutverk bændanna að framleiða meira, þeir skyldu sjá um að kjötið yrði étið.

En á eitt í þessu sambandi er ástæða til að minnast á sérstaklega, að ríkið sjálft skuli vera verulegur framleiðandi á kjöti. Ég held að það sé með öllu ástæðulaust fyrir ríkið að halda uppi jafnumfangsmiklum búrekstri og það gerir nú á tilraunabúunum. Þær tilraunir, sem þar fara fram, gætu mætavel átt sér stað á góðum búum undir umsjón og eftirliti bænda og sérfræðinga. Ég tel algjörlega ástæðulaust að ríkið sé umfangsmikill rekstraraðili og kjötframleiðandi á þessu sviði. Þetta er rekstur sem ég held að ætti að leggja niður hið fyrsta, og er þá fundin ein leið af mörgum, þó ekki sé hún kannske stór eða áhrifamikil, til að spara í ríkisrekstrinum.

Hv. þm. Eggert Haukdal tók svo til orða, að þetta frv. miðaði að því að skipuleggja fátækt hjá bændum. Ég held nú að þetta hafi frekar verið sagt í hita augnabliksins en að hv. þm. hafi meint þetta, því varla get ég ímyndað mér það. Svo skulum við líka hafa það í huga, að þessar tillögur eru komnar frá bændum.

Frá mínum sjónarhóli er kjarni þessa máls að vissu leyti sá, að bændur hafa viðurkennt þennan vanda. Þetta er vandi sem Alþfl. hefur bent á margítrekað. Það hefur verið tekið sem fjandskapur við bændur og gert mikið úr því að það væri fjandskapur við bændur. En það hefur verið fjandskapur við þá stefnu sem fylgt hefur verið í landbúnaðarmálum, og það er svolítið annað.

Ég held að þetta frv. geti orðið til bóta. Reynslan á eftir að skera úr um það. Alla vega er sá andi, sem í því er, í rétta átt, og þetta er tilraun til að koma þessu inn á skynsamlegri brautir en verið hefur. Þar held ég að við séum á réttri leið.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þætti vænt um að hafa hér þá þm. sem mestar aths. hafa gert við þetta frv. Ég held þeir gætu sýnt þá viðleitni. Væri rétt að biðja hæstv. forseta að athuga hvort þeir eru við. Er það ekki unnt? (**Forseti:** Ég skal verða við því.) Ég bíð á meðan, fæ mér sæti. (**Forseti:** Ég vil geta þess við hæstv. ráðh., að ég hef gert ráðstafanir til þess að þeir hv. þm., sem hér hafa talað, verði við.) Ég þakka fyrir.

Já, herra forseti. Mér skilst að hv. 1. þm. Austurl. muni vera farinn og verð ég að lýsa furðu minni á því eftir þá ræðu sem hann flutti áðan, sem ég hefði gjarnan viljað fjalla allmikið um, ekki síst þar sem hv. þm. hafði tjáð mér að þingflokkur Alþb. hefði samþ. að standa að þessu frv. sem stjfrv., þótt þeir gerðu kannske einhverjar aths. við einstakar greinar þess.

Ég sé, að hv. 2. þm. Norðurl. v. er kominn. Hann flutti hér ítarlega ræðu. Skal ég reyna að fara um hana nokkrum orðum. Þó vil ég í upphafi undirstrika það, sem hefur reyndar komið fram oft, að þetta frv. er flutt að beiðni samtaka bænda. Ég gæti sjálfur hugsað mér ýmis atriði þar á annan veg. En mér er ljóst að n., sem bændur hafa átt mikinn meiri hluta í, og samtök þeirra hafa skoðað þetta mál mjög vandlega, ekki aðeins á s. l. ári, heldur miklu lengur. Ég hef því talið rétt að verða við þessari ósk og flytja frv. í megindráttum eins og farið var fram á. Þær breytingar einar, sem voru gerðar og ég mun koma að hér á eftir, eru gerðar vegna þess að samstaða náðist ekki um frv. á annan veg. Ég vil einnig geta þess, að eftir að svokölluð sjömannanefnd hafði skilað frv. fékk ég bréf frá stjórn Stéttarsambands bænda þar sem eindregið var óskað eftir því, að frv. yrði flutt í þessa veru og því hraðað. Á sama veg hefur stjórn Búnaðarfélags Íslands ályktað og sömuleiðis Framleiðsluráð landbúnaðarins. Ég get einnig getið þess, að um þetta frv. var fjallað á fundi Stéttarsambands bænda s. l. haust á Akureyri og var það samþ. þar með öllum atkv. gegn fjórum. Fimm ábendingar komu fram á þeim fundi um breytingar og voru fjórar þeirra teknar til greina.

Ég vil hins vegar strax leiðrétta hv. 3. þm. Vesturl. Hann sagði að þeir flokkar, sem mesta ábyrgð hafa borið

á landbúnaðarstefnunni, hefðu ekki gert sér grein fyrir þessum vanda og ekki viðurkennt hann. Þetta er misskilningur. Fyrrv. hæstv. landbrh. lagði fram frv. 1972 sem gerði ráð fyrir svipuðum heimildum og nú er farið fram á fyrir hönd bændasamtakanna. Þá náðist ekki samstaða um frv. Þetta var reynt aftur á síðustu árum, en því miður hefur ekki tekist að ná samstöðu um slíkar heimildir. Ég tek undir það, sem kom fram hjá að ég hygg hv. 4. þm. Norðurl. e., að vafalaust væri vandinn stórum minni ef þá hefði verið fallist á að veita umbeðnar heimildir.

Hér hefur verið töluvert um það rætt, að vandinn væri ekki mikill, og þá hefur reyndar fyrst og fremst verið rætt um sauðfjárafurðir. Ég tek undir það, að varðandi sauðfjárafurðir er vandinn ekki mjög mikill. Þó er myndin ekki dregin upp rétt, sýnist mér. T. d. benti hv. 1. þm. Austurl., sem er ekki viðstaddur, réttilega á það, að vel má vera að neyslan aukist eitthvað á þessu ári og kannske séu það engin ósköp þó að flytja þurfi út u. þ. b. þriðjung af framleiðslunni. Hins vegar er það staðreynd, að útflutningsþörfin allt fram til 1976 var innan við eða um 26% af heildarframleiðslunni eða minna, en er nú orðin 35%, sem er náttúrlega nokkur aukning. En þetta er ekki aðalatriðið. Fyrir nokkrum árum fékkst erlendis yfir 80% af heildsöluverði kindakjötsins, en nú á síðustu árum — t. d. í Svíþjóð — aðeins 42%. Að sjálfsögðu er öllum ljóst að þetta eykur vandann stórlega. Útflutningsbætur, sem eru ákveðnar 10% af heildarframleiðsluverðmætinu, hrökkva þá miklu skemur en í fyrra tilfellinu, þegar hærra útflutningsverð fæst. Þetta er stór þáttur í þessum vanda.

Engu að síður tek ég undir það, að vandinn á sviði sauðfjárframleiðslunar er langtum minni en á sviði mjólkurframleiðslunar. Þar er vandinn mjög mikill og þar knýr fyrst og fremst á einhverjar aðgerðir, enda er það fyrst og fremst með tilliti til umframframleiðslu mjólkurafurða sem samtök bænda fara fram á að Framleiðsluráði landbúnaðarins verði veitt aukin heimild. Og hver er þá þessi vandi? Hann er nokkurn veginn fólginn í því, að bændur munu þurfa um 3 milljörðum hærra í útflutningsbótum á árinu 1979 en heimilt er samkv. framleiðsluráðslögum. Vitanlega er ljóst að ef bændur fá þetta ekki þýðir það tekjuskerðingu hjá þeim. Þá fá þeir ekki nema brot af því verði, sem lagt er til grundvallar við tekjuákvörðun bænda, fyrir verulegan hluta af því sem flytja þarf út. Þetta þýðir tekjuskerðingu. Annaðhvort þýðir það gífurlega tekjuskerðingu hjá þeim bændum sem lenda með afurðir sínar í útflutningnum, ef við getum orðað það svo, sem ekki fá losnað við framleiðslu sína á innlendum markaði, eða Framleiðsluráð landbúnaðarins verður að leggja á verðjöfnunargjald, eins og það ákvað á s. l. vori, og jafna þessar byrðar meðal bænda. Þetta er náttúrlega tekjuskerðing.

Hvað er því í raun og veru um að ræða í því frv. sem hér er flutt? Í þessu frv. er fyrst og fremst um það að ræða að bændasamtökum fara fram á heimild til þess að innheimta þetta verðjöfnunargjald á annan veg en nú er leyft, þ. e. a. s. ekki með jöfnu gjaldi á framleiðsluna, heldur með gjaldi, sem lendir þyngra á þeim sem stærri eru og e. t. v. hafa breiðari bökin sumir hverjir, og sömuleiðis með fóðurbætisskatti, en hvort tveggja er þá ályktað að dragi úr framleiðslunni. Með fóðurbætisskatti er að sjálfsögðu verið að innheimta þetta verðjöfnunargjald fyrir fram samkv. ákvörðun bænda sjálfra. Því á síðan að ráðstafa aftur til bænda. Ég leyfi mér því að fullyrða að ef þessi heimild fæst ekki muni bændasamtökin finna sig knúin til þess að leggja á verðjöfnunargjald.

Ég sagði áðan að ég gæti hugsað mér aðrar leiðir. T. d. teldi ég það stórum æskilegri leið, ef unnt væri að marka nú langtímastefnu í landbúnaðarframleiðslunni sem gerði ráð fyrir á síðari hluta þess tímabils, sem gæti verið 5 eða e. t. v. 10 ár því það tekur langan tíma að snúa við þeirri þróun sem verið hefur — minni útflutningsbótaþörf en þessi 10% leyfa. Þá yrðum við að fá á fyrra hluta þessa tímabils verulega auknar útflutningsbætur, ef við ætlum að tryggja bændum þær tekjur sem um er samið í Sexmannanefnd. Eru hv. þm. reiðubúnir að gera það? Er hv. 1. þm. Austurl. reiðubúinn að bæta 3 milljörðum við útflutningsbætur? Hann er ekki hér staddur til þess að svara því. En þetta vildi ég gjarnan fá upplýst. Ég er sannfærður um að bændur mundu langtum frekar vilja fara þá leið og þá leggja á sig að vinna að því að útflutningsbótaþörfin yrði minni á síðari árum áætlunartímabilsins.

Ég vil segja það, að langtum heldur kysi ég að fara þá leið að fá verulega fjárveitingu á fjárlögum svo hægt væri að greiða bændum fyrir að draga saman. Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Suðurl., að þessi leið er mjög æskileg. En þá spyr ég aftur: Treysta hv. þm. sér til að standa að því að veita verulega fjárveitingu í því skyni? Vera kann að mitt mat á afstöðunni hér á Alþ. sé rangt, og verð ég þá leiðréttur, en ég hef ekki metið stöðuna svo, að unnt yrði að ná fram slíkri lausn. Það, sem bændasamtökin eru m. a. að fara fram á með þessum gjöldum, er að fá heimild til að nota eigið fjármagn til að ráðstafa í þessu skyni. Eins og kemur fram í frv. er ætlunin að ráðstafa nokkrum hluta af þessu fjármagni til þess að greiða bændum fyrir að draga saman. Þarna eru því tvær leiðir sem vel koma til greina og ég er sannfærður um að bændastéttin mundi grípa feginshendi.

Hér var sagt áðan, að bændur hefðu ekki stillt sér í hóp þeirra kröfugerðarmanna sem hæst hafa í þjóðfélaginu. Ég tel að bændastéttin hafi með þeim tillögum, sem hér eru lagðar fram, tekið á mjög ábyrgan hátt á sínu vandamáli, — á sérstaklega ábyrgan hátt, — og mættu aðrar stéttir taka hana sér til fyrirmyndar. Hér hafa komið fram ýmsar hugmyndir sagði hv. 2. þm. Norðurl. v., að þetta mál þyrfti að ræða mikið, halda fundi með bændum o. s. frv. Ég tek undir það með honum, enda var það eitt mitt fyrsta verk í því starfi, sem ég nú gegni sem landbrh., að hvetja til slíkra funda. Ég var að slá tölu á þann fjölda sem hefur verið á þeim fundum sem haldnir hafa verið þegar, og er það nálægt 800 manns. Þeir fundir hafa verið mjög jákvæðir, verð ég að segja. Ég var ákveðinn í því að kanna viðhorf bænda áður en ég flytti þetta frv. Ég leyfi mér að segja að undantekningarnar eru örfáar frá því viðhorfi, að það versta, sem gert sé, sé að gera ekki neitt, eitthvað beri að gera strax. — Sömuleiðis hefur yfirgnæfandi meiri hluti lýst því, að réttast muni vera að fara að þessum tillögum sjömannanefndar, sem hafa verið mikið ræddar og ítarlega unnar. Það var að fengnum þessum farareyri, ef ég má orða það svo, að ég ákvað að flytja tillögur bænda eða sjömannanefndar Stéttarsambandsins hingað inn á hið háa Alþingi. Ég tel því að um þetta mál sé sannarlega vel fjallað. Ég hefði gjarnan viljað flytja þetta mál fyrr á þinginu, en það tafðist einmitt af þeim sökum að ég vildi áður geta haldið allmarga fundi

með bændum um málið.

Ég vil undirstrika það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl.v. Hann talaði um að ýmsir litu svo á, að offramleiðslan á dilkakjöti væri þjóðfélagslegt böl. Ég tek undir það, að svo er alls ekki. Rétt er að undirstrika það, enda nota ég aldrei neitt slíkt orð. Ég vona að hann hafi ekki verið að vísa til ræðu minnar þegar hann ávítaði menn fyrir þá skoðun.

Hann ræddi töluvert um útflutninginn. Ég gæti vel fallist á að þeytast eitthvað um heiminn og reyna að selja íslenskt dilkakjöt, en ég held að aðrir séu betur færir um það, satt að segja. Hins vegar get ég upplýst að þegar er hafinn undirbúningur að því að fylgja þeim vísbendingum sem markaðsnefndin kom með, m. a. bæði í Frakklandi og í Bandaríkjunum. Hafinn er undirbúningur, og ef sýnt þykir að landbrh. geti haft þar einhver áhrif, þá mun alls ekki standa á mér. Hins vegar er það mál ekki nærri því eins auðvelt og kannske mætti ætla. Hv. þm. nefndi Íra. Hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur reyndar þegar svarað því. Þar er um allt annað mál að ræða, kannske getum við sagt því miður, en við kusum þó að gerast ekki fullir aðilar að Efnahagsbandalaginu og því erum við í annarri stöðu. Mér er tjáð við fyrstu eftirgrenslan, að útilokað muni vera á fá felldan niður 20% tollinn hjá Efnahagsbandalaginu. Hins vegar hefur mér verið sagt að reynandi sé að fá lækkaðan a. m. k. verndartollinn sem Frakkar leggja á. En jafnvel þótt við fengjum hann felldan niður, þá er hinn tollurinn því miður það hár og flutningskostnaður á fersku kjöti til Frakklands svo mikill, að verðið er ekki glæsilegt sem við fáum í okkar hlut, t. d. stórum lægra en norska verðið. Ég vil ekki fara með tölur nú, ég hef ekki fengið skýrslu markaðsnefndar, en mig grunar að það verði ekki með 20% tollinum yfir 30% af heildsöluverði. Þetta er því miður staðreynd. Sama má raunar segja um Bandaríkin. Kostnaður við að flytja þangað ferskt kjöt er mikill. Hins vegar virðist vera möguleiki á því að losna við eitthvert magn þar á haustin af ófrosnu kjöti fyrir verð sem yrði kannske í kringum 40% af heildsöluverði okkar.

Hv. þm. sagði að þetta opnaði fyrir mismunandi verð á búvöru í allar áttir. Reyndar hygg ég að hv. 2. þm. Vesturl. hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann sagði að hér væri um að ræða víðtækar heimildir. Það er nefnilega alveg rétt. Ég hef metið málið svo, að æskilegt væri að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins víðtækar heimildir til þess að sporna gegn þeirri umframframleiðslu sem nú er. Ég treysti samtökum bænda fyllilega til að nota þær heimildir á skynsamlegan hátt. Ég treysti þeim betur til að ákveða skynsamlega leið í þessu en okkur hér á hinu háa Alþingi. Ég verð að segja það í fullri hreinskilni. Þess vegna tel ég eðlilegt að heimildirnar séu víðtækar.

Hv. þm. kom nokkuð að því, að æskileg leið væri að heimta toll, skatt eða gjald eða hvað menn vilja kalla það af fóðurbæti umfram ákveðna notkun. Ég get fallist á þetta, enda sagði ég í framsögu minni, að mér sýndist koma til greina að breyta umræddu ákvæði. En eins og það var og er í tillögum sjömannanefndar er aðeins gert ráð fyrir heimild til þess að endurgreiða fóðurbætisskatt að hluta á nautgripa- og sauðfjárafurðir. Ekki sýndist mér vera samstaða um slíka heimild. Því var hún felld út. Ég hef sagt að sjálfsagt sé að landbn. taki þetta til endurskoðunar, en þá er það skoðun mín að þessi heimild verði að vera víðtækari og ná til allrar búvöru, þ. e. a. s. heimild til að endurgreiða að hluta fóðurbætisgjald á alla búvöru. Þá yrði kannske hv. fulltrúi eggjaframleiðenda, sem talaði áðan, ánægður.

Ég vil ekki fara að rekja einstök atriði þess sem hér hefur komið fram. Ég get tekið undir það, sem hefur komið fram hjá ýmsum, að ríkisbúin eru óþarflega stór, enda mun það verða tekið til athugunar. Ég skal ekki segja um hvort leggja á niður sauðfjárbú á Breiðuvík, Hvanneyri, Möðruvöllum og Gunnarsholti. Það þarf að athuga. Vel kemur það til greina. En ég tek undir að fækka má á þessum búum. Það verður athugað.

Hv. 11. landsk. þm. lýsti stuðningi þeirra Alþfl.-manna við málið sem þeirri skástu lausn sem fram hefur komið. Sömuleiðis kom það fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. Ég þakka þeim það út af fyrir sig, þótt bændum þyki það e. t. v. ekki af góðum hvötum komið. Ég skal þó ekki segja um það.

Hv. 11. landsk. þm. varpaði fram nokkrum spurningum sem að hluta hefur að vísu verið svarað. Hann spurði t. d., hvort ekki væri betri leið að fyrirskipa beinlínis magnminnkun í framleiðslu mjólkur um 10% eða 15%. Þetta mundi að sjálfsögðu leiða til þess að bændur yrðu að draga úr fóðurbætisgjöf eða skera kýrnar og þá eykst kjöt á markaðnum. Þó er ég ekki viss um að menn mundu glaðir leggja sér til munns kjöt af elstu kúnum. Ég hygg að það yrði heldur seigt undir tönn. (Gripið fram í.) Jú, það má kannske finna leið til að losna við það. En þetta er ein leið sem kemur vitanlega til greina. Í raun og veru hafa bændasamtökin þetta í hendi sér samkv. ákvæðinu í a-lið. Þau geta sagt: Við greiðum fyrir svo og svo mikið af búvöruframleiðslunni og ekkert fyrir það sem eftir er. — Þau geta boðið það, að þau kaupi af hverjum bónda 90% af framleiðslu hans undanfarin 2-3 ár. Það er því rétt, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vesturl., að heimildir eru víðtækar.

Það hefur tvímælalaust þann kost í för með sér að innheimta fóðurbætisgjald og framleiðslugjald, að þá fá bændasamtökin, Framleiðsluráð og Stéttarsambandið, visst fjármagn milli handa sem má ráðstafa til að létta þessar byrðar sem munu koma mjög ójafnt niður á mönnum. Það er vafalaust að þeir, sem hafa lagt í miklar fjárfestingar á undanförnum árum, eiga afar erfitt með að draga úr framleiðslunni. Ég sé þann kost við innheimtu þessara upphæða, að þær má nota einmitt til þess að hlaupa undir bagga með slíkum einstaklingum. Því sýnist mér sú leið, sem nefndin leggur til, að ýmsu leyti æskilegri en að fyrirskipa beinlínis samdrátt í framleiðslunni þó að það komi til greina ef hitt dugar ekki.

Ég sagði áðan að það væri til lítils að svara hv. 1. þm. Austurl., sem kom að vísu víða við, og hefði verið gaman að fjalla um sumt sem hann sagði. Þó vil ég nú leiðrétta örfá atriði.

Í fyrsta lagi hef ég margundirstrikað, að mér sýnist koma til greina að heimila endurgreiðslu á hluta af fóðurbætisskatti, sem leiðir til mismunandi hás fóðurbætisskatts. Ég hef rætt vandlega um vandann í dilkakjötsframleiðslunni og þarf ekki að endurtaka það. Ég vil hins vegar undirstrika, að mér finnst menn gleyma þeim mikla vanda sem er í mjólkurframleiðslunni. Hvað á til dæmis að gera við 2000 tonn af smjöri? Það kostar 600 kr. á ári að geyma hvert kg af smjöri. Ársneysla okkar er um 1400 tonn, ef hún nær því, og hún hefur ekki aukist þrátt fyrir miklar niðurgreiðslur. Alveg ljóst er að bændur munu verða fyrir mjög mikilli tekjuskerðingu ef ekki verður gripið í taumana. Ég held sömuleiðis að ekki sé

hægt að segja að við höfum staðið frammi fyrir svipuðum vanda fyrr. Í raun og veru hefur þessi vandi speglast í því, hvernig útflutningsbætur hafa nýst. Þær hafa yfirleitt verið undir 10% leyfilegu hámarki öll árin fram til 1977, að vísu 2-3 ár farið upp í 10.1% og 10.5% eitt árið. En það var auðveldlega leyst með svokallaðri inneign af útflutningsbótum frá fyrri árum. Það er ekki fyrr en 1977 að þörfin fer upp í 11.2%. Þá er málið einnig leyst með inneign. En síðan rýkur þörfin upp í 13.3% 1978 og er áætluð 15% 1979. Þetta kalla ég töluvert meiri vanda, þessa 50% aukningu á útflutningsbótaþörf, heldur en við höfum áður horfst í augu við. Ég vil gjarnan að þetta komi hér fram. Ég vil hins vegar taka undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. að vitanlega er rétta leiðin að skipuleggja þessa framleiðslu, og rétt er hjá honum að víða má draga saman miklu fremur en á öðrum svæðum.

Ég vil leiðrétta það, að ég hafi sagt að ekki mætti fækka bændum. Ég hef aldrei sagt það. Það vill svo til að ég er búinn að fá þá ræðu sem ég flutti fyrr í dag, ég vil að vísu ekki fara að lesa hana hér því hv. þm. er farinn. Þar tek ég greinilega fram, að þessum aðgerðum muni fylgja einhver fækkun í bændastétt, en ég legg áherslu á það, að hún megi ekki verða á þeim svæðum þar sem strjábýli er mest, þar þurfi að grípa til opinberra aðgerða, sem bændastéttin eigi ekki að bera kostnað af, til þess að koma í veg fyrir að byggðir fari í eyði. Þetta má gjarnan koma fram.

Ég vil svo segja að lokum, að mér er ljóst að hér er töluverð andstaða gegn því að þetta frv. verði afgreitt fyrir jólafrí þm. Sumir segja að skaðinn sé minnstur gerður með því. Það er að vísu tveggja mánaða töf a. m. k. Tveir mánuðir muna töluverðu í framleiðslu mjólkurafurða. Ég tel hverja viku mikilvæga í sambandi við þær aðgerðir sem hér er gert er ráð fyrir. En það er fjarri mér að leggja einhverja höfuðáherslu á að koma þessum málum fram ef þm. geta ekki sameinast um það. Ég vil hins vegar að það komi skýrt fram, að það eru þessir sömu þm. sem ekki treysta sér til þess að verða við tilmælum bændastéttarinnar um að fá þessar heimildir samþ. fyrir jólafrí þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 33. fundur.

Þriðjudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna.

Forseti (Gils Guðmundsson): Við upphaf þessa fundar þykir mér hlýða að minnast með nokkrum orðum þess, að nú eru liðin 30 ár frá því að birt var mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, en það afmæli bar upp á s. l. sunnudag, hinn 10. des., og er þetta því fyrsti fundur Sþ. eftir afmælið.

Yfirlýsing þessi í 30 greinum má segja að verið hafi helsta undirstaða þess sem unnist hefur á sviði mannréttinda frá þeirri niðurlægingu mannkyns sem víða blasti við í lok síðari heimsstyrjaldar. Vernd mannréttinda var mikið rædd við undirbúning að stofnun samtaka Hinna sameinuðu þjóða 1945, og litlu síðar hófst markviss undirbúningur mannréttindayfirlýsingar, sem 48 ríki samþykktu á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í París 10. des. 1948, og var Ísland í þeirra hópi. Í yfirlýsingunni er áréttað, að hver maður sé borinn frjáls og jafn öðrum að virðingu og réttindum og að mönnum beri að breyta bróðurlega hverjum við annan. Þar eru tilgreind hin margvíslegu réttindi, borgaraleg, stjórnmálaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg, sem tryggja og vernda ber.

Við Íslendingar getum góðu heilli glaðst yfir því, að virðing fyrir mannréttindum er rík í landi okkar og vernd þeirra vel skipað. En sama máli gegnir um mannréttindi og sjálfstæði þjóða, að þau verða ekki tryggð í eitt skipti fyrir öll, heldur þarf jafnan árvekni þeim til viðhalds og styrktar. Þar getur mannréttindayfirlýsing Hinna sameinuðu þjóða gegnt þörfu hlutverki til hvatningar og aukins skilnings.

Ég vil á 30 ára afmæli mannréttindayfirlýsingarinnar bera fram þá einlægu ósk, að yfirlýsingin megi á ókomnum árum í enn ríkara mæli en hingað til verða þjóðum heims leiðarljós í viðleitni til verndar mannhelgi og mannréttindum og skin hennar vaxa hvarvetna þar sem nú hvíla skuggar yfir.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 34. fundur.

Þriðjudaginn 12. des., að loknum 33. fundi.

Beinar greiðslur til bænda, þáltill. (þskj. 16). — Frh. einnar umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það mun hafa verið 9. nóv. s.l. sem þetta mál var til umr. hér í hv. Sþ. Ég kvaddi mér þá hljóðs til að gera aths. við þá till. sem hér er til umr., og kann að vera, þar sem langt er um liðið, að eitthvað af þeim atriðum, sem ég ætlaði að taka til meðferðar, hafi fallið mér úr minni. Mun ég þá reyna að bæta úr því síðar í umr.

Í því mikla kapphlaupi um að flytja sem allra flest mál, eins og verið hefur það sem af er þessu þingi, má e. t. v. segja að það ætti ekki að vera undrunarefni neinum þó að fljótaskrift sé á sumum málum og þau ekki mikið grunduð, ekki síst þegar reynslulitlir þm. eiga í hlut. Hitt er öllu lakara, þegar margreyndir þm. láta sig henda að flytja mál og margendurflytja það, eins og það sem hér er til umr., og láta standa sig að því að hafa hvorki þekkingu né skilning á því máli sem þeir taka sér fyrir hendur að flytja á Alþ., því ég vil ekki ætla hv. flm. þessarar þáltill. að þeir séu að reyna að villa um fyrir öðrum vitandi vits. Ekki hefur farið leynt, að hv. frsm. og 1. flm., Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur ekki neinn sérstakan áhuga á að flytja eða fylgja máli sem yrði til þess að efla samvinnufélögin í landinu. Áhugi hv. þm. fyrir samvinnuhreyfingunni virðist nú vera annars eðlis. Þó kom mér mest á óvart þegar svo er komið, að þvílíkur kappi sem hv. þm. Páll Pétursson er fórnar höndum í þessum ræðustól og hrópar til þjóðarinnar: Ég er sigraður. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur sigrað í þessu máli. — Mér er spurn: Hvað hefur komið fyrir hv. þm. Pál

Pétursson þegar hann gefst upp fyrir þvílíkum málflutningi sem hér er hafður í frammi? Einhvern tíma hefði mönnum dottið í hug að hv. þm. hafi verið beittur göldrum.

Ég vil ekki trúa því að óreyndu, að meiri hl. hv. þm. greiði atkv. með nokkurri till., sem snertir bændastéttina, þegar fyrir liggur að bændastéttin er á móti þeirri breytingu sem í till. felst. Það væri mikið óþurftarverk ef löggjafinn færi að grípa inn í þá samhjálp, sem bændur hafa komið á hjá sér í frjálsum opnum félögum þar sem hinir efnameiri styðja hina efnaminni, og brjóta þessa samhjálp niður eins og lagt er til með þessari tillögu.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gaf í skyn að umsagnaraðilar um þessa till. á síðasta þingi hefðu ekki allir verið henni mótfallnir. Ég veit ekki betur en allir — bókstaflega allir umsagnaraðilarnir hafi verið það, umsagnirnar hafi verið á einn veg: enginn mælti með því að hún yrði samþ. Ég mun koma að því betur síðar.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda í sumar var samþ. eftirfarandi till., með leyfi forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda, haldinn á Akureyri 29.-31. ágúst 1978, telur ekki æskilegt að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er, að afgreiða afurðalán og rekstrarlán landbúnaðarins til sölufélaga bænda."

Aðeins tveir fulltrúar greiddu atkv. gegn þessari tillögu. Það liggur því ótvírætt fyrir, hver afstaða bænda er til þessarar till., og því liggur á borðinu að hún er ekki flutt í þágu þeirra, heldur einhverra annarra.

Hv. frsm. sagði að það væri eitt mesta hagsmunamál bænda, að rekstrar- og afurðalán færu að ganga beint til bænda og söluaðilar hættu að valsa með þessa fjármuni, eins og hv. þm. komst svo smekklega að orði. Þarna snýr hv. þm. staðreyndum algjörlega við. Sannleikurinn er nefnilega sá, að ef það fyrirkomuleg yrði upp tekið, sem í till. felst, og ef þessi lán yrðu sama hlutfall af verði afurðanna og verið hefur, þá yrði þessi breyting til stórtjóns fyrir bændur, eins og ég mun sýna fram á síðar. Það eina raunhæfa, sem að gagni mundi koma fyrir bændastéttina, er að rekstrar- og afurðalánin verði hækkuð frá því sem verið hefur. Allar aðrar breytingar munu reynast neikvæðar fyrir bændastéttina, og það er yfirleitt öllum bændum ljóst.

Hv. þm. sagði í framsöguræðu sinni, með leyfi forseta: „Alkunna er að fjármunir þessir eru notaðir í almennum rekstri ýmissa verslunarfyrirtækja." — Ég vil spyrja hv. þm.: Hvaða verslunarfyrirtæki eru það sem hann á við? (**Gripið fram í:** Veist þú ekki um það?) Nei.

Ennfremur sagði hv. þm., með leyfi forseta:

„Áður en vinstri stjórnin tók við völdum var gert ráð fyrir að útflutningsbætur og niðurgreiðslur losuðu á þessu ári 11 milljarða kr. sem til bænda eiga að renna. Þetta þýðir að meðaltali um 2.5 millj. á hvern bónda, því bændur eru taldir vera nálægt 4 500, a. m. k. ekki fleiri. Þessa fjármuni teldi ég eðlilegt að greiða t. d. mánaðarlega, þannig að meðalgreiðsla til hvers bónda væri um 200 þús. á mánuði. Væri þá hægt að fara að tala um að bændur fengju laun sín greidd á sama hátt og aðrar stéttir, enda fengju þeir þá líka yfirráð yfir því lánsfjármagni sem til landbúnaðar á að renna eins og áður getur.

Samkv. stefnu núv. ríkisstj. og fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að greiðslur þessar tvöfaldist rúmlega og verði a. m. k. 22-23 milljarðar, eða 5 millj. á meðalbú á ári, ef þær verða þá ekki enn hækkaðar til muna eins og margt bendir til. Þar við bætast svo lánin. Þannig næmu heildargreiðslur úr bankakerfinu og ríkissjóði nærri 8 millj. kr. á meðalbú á ári, — 8 millj. kr., sem bændur ættu auðvitað að fá beint, en ekki að ganga í gegnum verslunarfyrirtækin. Auðvitað dylst engum að taka þarf til hendinni þegar breytingar eins og þessar eru gerðar. En hitt er alveg ljóst að mínu mati, að fyrirkomulagið verður allt miklu einfaldara eftir en áður, gagnstætt því sem kerfið heldur nú fram. Enginn efi er á því, að breytingar í þessa átt eru eitthvert mesta hagsmunamál bændastéttarinnar, og því þarf Alþ. að taka af skarið í þessu efni fyrr en síðar.

Eins og ég gat um áðan er allt það kerfi, sem fjárstreymi í landbúnaði lýtur, með þeim ósköpum að ógerningur er að fá upplýsingar um ferðalag þessara gífurlegu fjármuna, hversu lengi aðrir en bændur ráðskast með það og hversu mikið vaxtatapið er meðan upphæðir þessar, sem eru vaxtalausar hjá þeim sem hafa þær undir höndum, eru á leiðinni til réttra móttakenda, en þar er auðvitað um stórfjárhæðir að ræða. Mig grunar raunar," heldur hv. frsm. áfram, „að hér sé að finna meginvanda landbúnaðarins, ekki síst á miklum verðbólgutímum, og ef þessi vandi væri leystur færi margt betur."

Þar sem svo langt er liðið síðan hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti þessa ræðu taldi ég rétt að rifja upp þennan kafla úr henni, enda var allur málflutningur hans í sambandi við þetta mál með þeim hætti að furðu sætir og þó ekki síst sá kafli sem ég nú las.

Hv. þm. talar um að ef greiðslurnar gengju beint til bænda, t. d. niðurgreiðslur og útflutningsbætur, þá væri hægt að fara að tala um að bændur fengju laun sín greidd á sama hátt og aðrar stéttir fá. Veit ekki hv. þm. að flestallir bændur í landinu vita og skilja að þeir eru í flestum tilfellum búnir að fá þessa fjármuni í hendur áður en verslunarfyrirtækin fá þessa fjármuni greidda? Hv. þm. virðist leggja saman rekstrarlán og afurðalán, svo leggur hann útflutningsbætur og niðurgreiðslur við þessa tölu, og þá sýnir reikningsstokkurinn hans að verslunarfyrirtækin séu búin að fá í hendur um 8 millj. á meðalbú. Með þessa fjármuni segir hann að þau valsi að meira eða minna leyti.

Hv. þm. eru að verða ýmsu vanir síðustu mánuði, en þó hygg ég að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hafi þarna komist lengra frá raunveruleikanum en öðrum hefur tekist, sé methafi að þessu leyti, og hafa þó ýmsir hv. þm. farið frjálslega með staðreyndir að undanförnu, svo ekki sé meira sagt. Hv. þm. segir að afurðalánin hafi orðið hæst í des. 1977 12.7 milljarðar, en rekstrarlánin í okt. sama árs 3.3 milljarðar. Nú hef ég ekki sannreynt þessar tölur, en ég geng út frá því að þær séu réttar. Þó er ljóst að hv. þm. telur til rekstrarlána endurkeypta víxla vegna áburðarkaupa og uppgjörs lána sem eru í eðli sínu lán út á kjötbirgðir sem þjóðin þarf til neyslu frá því í aprílmánuði hvert ár og fram til næstu sláturtíðar, en látum svo vera. Hv. þm. segir, að ógjörningur sé að fá upplýsingar um ferðalag þessara gífurlegu fjármuna, hversu lengi aðrir en bændur ráðskast með þá. Það er engin launung með neitt í þessu sambandi, en menn verða að nenna að grafast fyrir um þessa hluti eins og aðra, þá er vandalaust að skilja og segja þessa ferðasögu.

Afurðalán á sauðfjárafurðir 1977 — því miður hef ég ekki tölurnar í ár — miðað við dilk, sem vegur 15 kg, eru þessi: 15 kg kjöts kosta 749 kr., eru niðurgreidd um 210 kr., en gæran á meðaldilk er niðurgreidd um 397 kr.,

kostar 1250 kr., slátur 1 067 kr. Lán endurkeypt af Seðlabankanum út á kjöt af 15 kg dilk er 532 sinnum 15, eða 7 980 kr. Gæran var endurkeypt fyrir 730 kr., en aðeins lifrin úr slátrinu, sem er 420 g á 184 kr. Samtals voru lánin frá Seðlabankanum út á dilk þetta ár 8 894 kr. eða 53.25% af heildsölukostnaði. Frá viðskiptabanka eru þau 30% eða 2 668, samtals 11 562 eða 69.20% af verðmæti dilksins. Að vísu segir Seðlabankinn að hann láni út á kjötið 58.5%, gæruna 56.7% og lifrina 56.75%, en það er vegna þess að hann miðar aðeins við 95% af verðinu og tekur ekki sjóðagjöldin þar inn í. Enn fremur, eins og ég sagði áðan, lánar hann ekki út á slátrið nema út á lifrina eina. Þess vegna kemur sá munur sem er á tölum Seðlabankans og þeim sem ég er með.

Afurðalánin frá Seðlabankanum eru afgreidd síðast í nóvembermánuði og um leið eru öll rekstrarlán greidd upp. Viðskiptabankarnir hafa greitt lán sín yfirleitt þannig, að helmingurinn hefur verið greiddur í lok nóvembermánaðar og hinn hlutinn í lok desember, þar til nú, að öll þessi lán munu hafa verið greidd um mánaðamótin nóv.-des. Hins vegar færa a. m. k. kaupfélögin 80% af haustverðinu, flestöll 85% og sum þar yfir, inn í reikning bænda um mánaðamótin nóv.-des., þó þau hafi ekki fengið fram að þessu nema um 60% af verðinu í afurðalán. Sum bæta við 1. jan., svo að greiðslan sé þá komin í 90%, þó heildarlánin séu ekki nema rúm 69%, eins og áður segir.

Á fundi, sem var haldinn á Kjalarnesi fyrir skömmu, þar sem þessi mál voru rædd, spurði formaður Sláturfélags Suðurlands, Gísli bóndi á Hálsi, að því, hvernig kaupfélögin færu að því að greiða bændum þetta miklu meira en næmi afurðalánunum. Hann fékk þau svör, að skýringin á því mundi vera sú, að fyrir utan eigið fé félaganna ættu bændur og ýmsir aðrir félagsmenn inni í reikningum í kaupfélögunum, sem yrði til þess að þessar greiðslur reyndust framkvæmanlegar. Á þessum fundi kom fram, að Sláturfélagið greiðir bændum þá prósentu sem þeir fá hverju sinni út á afurðirnar, og því greiðir það bændum a. m. k. 15% minna en kaupfélögin gera fyrir áramót. Það er einmitt þetta sem hv. flm. þessarar till. eru í raun og veru að berjast fyrir — það er sú kjarabót sem þeir ætlast til að bændur verði aðnjótandi ef þeir fá að ráða.

Það næsta, sem hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson gerir, er að leggja niðurgreiðslur og útflutningsbætur við afurðalánin og ekki er hægt að skilja annað af máli hans en að hann standi í þeirri trú, að söluaðilarnir fái í hendur þessar greiðslur áður en þeir greiða afurðalánin. Hann segir að þessar greiðslur séu samtals um 8 millj. á meðalbú, sem eftir hans útreikningi ætti að vera um 36 milljarðar í heild á sauðfjárafurðirnar þar sem hann telur að bændur séu 4 500 talsins. Hv. þm. virðist ekki skilja að niðurgreiðslur og útflutningsbætur eru hluti af verðinu og fara alltaf til að greiða niður afurðalánin, og oft hafa söluaðilar orðið að greiða þau nokkru fyrr er niðurgreiðslurnar berast þeim í hendur. Um hver mánaðamót verður hver söluaðili að gefa viðskiptabanka sínum birgðaskýrslu og hann verður að greiða niður afurðalánin miðað við sölu liðins mánaðar. Það væri hagur að því fyrir söluaðilann að þessar vörur væru ekki niðurgreiddar, því þá fengi hann allt verðið borgað um leið og hann afhendir vöruna og þá væri hann ekki í neinum vandræðum að borga afurðalánin sem mánaðarsölunni nemur. Í þess stað má hann borga lánin og bíða síðan eftir því að fá þann hluta verðsins er niðurgreiðslunni nemur hverju sinni. Og hver skyldi vera hagnaður hans af þessum niðurgreiðslum, sem hv. þm. ræðir um? Það er vaxtatapið sem hann verður fyrir frá því að hann selur vöruna þar til niðurgreiðslurnar berast honum í hendur. Það er á þennan hátt, hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson, sem söluaðilarnir verða að líða fyrir þessar niðurgreiðslur. Það er ekki á einu sviði, heldur öllum, sem staðreyndunum er bókstaflega snúið við. Oft hefur dregist að ríkissjóður hafi innt þessar greiðslur af hendi, þó að þær hafi síðustu mánuði verið greiddar á tilskildum tíma.

Þegar um útflutning er að ræða verður útflutningsaðilinn að greiða niður afurðalánin sem söluverðmætinu nemur. Þegar greiðslan berst erlendis frá til gjaldeyrisbanka útflutningsaðilans og þegar ríkissjóður innir útflutningsbæturnar af hendi er lánið svo greitt upp að því marki sem út var flutt í hvert sinn. Söluaðilinn fær því útflutningsbæturnar aldrei í hendur. Þær fara sjálfkrafa til að greiða afurðalánin niður. Hins vegar hafa greiðslur á útflutningsbótum oft dregist verulega, allt frá 2 mánuðum upp í 3½ mánuð frá því að reikningur um útflutning hefur verið sendur. Hefur þessi dráttur á greiðslum verið mjög bagalegur fyrir söluaðila og af honum hefur verið verulegt vaxtatap. T. d. var vaxtatapið árið 1974 15 millj. 673 þús. kr. af þessum ástæðum, árið 1975 51 millj., árið 1976 102 millj. 960 þús. Framleiðsluráð greiddi þá af þessari upphæð 75 millj. og komu því á söluaðilana 27 millj. 960 þús. Þetta er sá hagnaður í reynd sem söluaðilarnir hafa haft af þessu fjármagni.

Í sambandi við mjólkurframleiðslu eru engin rekstrarlán veitt nema að því leyti sem greiðslufrestur er á áburðarkaupum, sem kemur til góða allri landbúnaðarframleiðslunni. Afurðalán eru veitt út á birgðir eins og þær eru á hverjum tíma, sama hlutfall af verðmætinu og út á sauðfjárafurðir. Mjólkurvinnslustöðvarnar borga bændum í öllum tilfellum verulega meira en sem nemur afurðalánunum.

Hv. þm. fullyrti að hægt væri að lækka sláturkostnaðinn, sem hann kallar svo, um 100 kr. á hvert kg eða fast að ⅓. En um hvað er hv. þm. að tala. Í umr. um kostnað vegna slátrunar hefur nær alltaf verið blandað saman kostnaði vegna slátrunar og heildsölukostnaði. Ef maður athugar þessi mál skiptist þessi liður, sem er kallaður slátur- og heildsölukostnaður, þannig: Í haust ákvað Sexmannanefnd, að slátur- og heildsölukostnaður skyldi vera 303 kr. á hvert kg af kindakjöti. Ef kostnaði væri skipt mætti skrifa á sjálfa slátrunina um 159 kr. á hvert kg kjöts, þar af eru laun, launatengd gjöld og fæðiskostnaður starfsfólks 99.90 kr. Rafmagn, olía, hiti er reiknað á 7.60 kr., kjötskoðun og stimplun á hvert kg. 2.80 kr., umbúðir á ýmsar rekstrarvörur um 17 kr. á kg. Viðhald sláturhúsa, afskriftir og húsaleiga er reiknað á 16.40 kr. Eftir er tæp 21 kr., sem fer til greiðslu á opinberum gjöldum og skrifstofukostnaði. Áætlaður kostnaður við frystingu kjötsins er 27 kr. á kg. Rýrnun er áætluð 19 kr. á kg. Verðjöfnunargjald er reiknað 8.30 kr., en það er vegna flutningskostnaðar annars en hins venjulega flutningskostnaðar á milli dreifiaðila, sem er 11.30 kr. Sjálfur heildsölukostnaðurinn er reiknaður 43.60 kr. Kostnaður, sem fellur á hvert kg kjöts frá framleiðanda til smásalans, var í fyrra 200 kr. á kg. Nú er þessi kostnaður, eins og áður segir, 303 kr. Ef Sexmannanefnd áætlaði kostnaðinn minni en hann raunverulega yrði, þá mundi það koma fram í lægra útborg-

unarverði til bænda og þeir fengju ekki grundvallarverð fyrir kjötið vegna þess að kjötreikningurinn er alveg gerður upp, a. m. k. hjá þeim kaupfélögum sem ég þekki til.

Hv. þm. Albert Guðmundsson spurði um umboðslaun af þessari framleiðslu og deildi á það, að umboðslaun væru reiknuð á heildsöluverðið eins og það er reiknað á hverju hausti, t. d. á það sem út er flutt. Hv. þm. taldi að eðlilegra væri að umboðslaun væru reiknuð af því verði, sem fyrir vöruna fengist hverju sinni, en miða þessa greiðslu við heildsöluverð. Um það má deila, hvaða regla sé eðlilegust í þessu sambandi. En ég hygg þó að ýmis rök mæli með þeirri reglu, sem gilt hefur í þessu efni, þegar málið er nánar skoðað. Frá sumum sláturhúsum er verulegt magn flutt út, frá öðrum ekkert. Mjög misjafnt verð fæst t. d. fyrir dilkakjöt erlendis, og það er nánast tilviljun ein sem ræður því, til hvaða lands kjöt fer frá hverjum stað. Þegar fyrirhöfnin er minnst við söluna, eins og að selja til Noregs, er verðið hæst. Þar sem fyrirhöfnin var langmest var verðið minnst, eins og í Frakklandi. Það er full verðjöfnun, eins og hv. þm. vita, á milli bænda innbyrðis fyrir þessa framleiðslu alla. Því er ekki óeðlilegt að umboðslaunin séu þau sömu frá öllum. Þar sem umboðslaunin eru miðuð við haustverð voru þau reiknuð 2%, en reyndust vera af verðmæti þessara vara fyrir verðlagsárið 1977 1.67% miðað við heildsöluverð á árinu. Við skulum athuga þetta ögn nánar.

Áður en Osta- og smjörsalan var stofnuð voru heildsalarnir að verulegu leyti dreifingaraðilar fyrir kaupfélögin úti um land. Umboðslaunin, sem þessar heildverslanir tóku fyrir þessa þjónustu, voru 12% af smjöri og ostum. Á ýmsu gekk með greiðslur frá sumum þessum fyrirtækjum til vinnslustöðvanna. Eftir að Osta- og smjörsalan tók til starfa hefur kostnaður við rekstur hennar reynst vera um 3%, en mjólkurvinnslustöðvarnar greiða jafnmikið fyrir þessa þjónustu og kostnaðurinn er í reynd hvert ár. Osta- og smjörsalan hefur tekið 4-5% af þeim söluvörum sem hún fær til dreifingar, en endurgreiðir síðan til vinnsluaðilanna eftir því hvernig reksturinn kemur út ár hvert. Þó þessi kostnaður hafi ekki reynst vera nema um 3%, þá annast Osta- og smjörsalan eftirlit með öllum mjólkurvinnslustöðvunum og rekur rannsóknarstofu til þess að fylgjast með framleiðslu þessara vara, en við það er verulegur kostnaður sem að líkum lætur. Eins og sést af þessu, hafa orðið mikil umskipti með tilkomu Osta- og smjörsölunnar. Ég hygg að bændur hafi enga löngun til að hverfa aftur til þess tíma, að heildsalar höfðu dreifinguna á hendi, enda er kostnaður við hana í reynd ekki nema 1/4 af þeim kostnaði sem áður var þegar tillit er tekið til rekstrar rannsóknastofunnar og eftirlitsins með mjólkurbúunum.

Ég tel að þessar tölur sýni einnig að umboðslaunum Sambands ísl. samvinnufélaga, sem reyndust, eins og áður sagði, 1.67% á síðasta ári, sé það í hóf stillt að ekki sé hugsanlegt að sú tala lækki frá því sem hún er, hvaða aðferð sem notuð yrði til að ákvarða þessi umboðslaun.

Það hefur oft komið fram, að vinnslu- og sölukostnaður á landbúnaðarvörum er minni hér en í nokkru landi sem ég þekki til eða hef heyrt um. T. d. fá bændur í Bandaríkjunum 1/3 af verðinu, eða u. þ. b., sem neytandinn verður að gefa fyrir þessar vörur. Í sumar fengu bændur í Svíþjóð um 59% af verði mjólkurinnar. En hér fengu bændur þegar ég athugaði þetta fyrir mánuði, t. d. um 73% af verði kjötsins. Þetta segir sína sögu um það, hvernig að þessum málum hefur verið staðið.

Til enn frekari áréttingar því, er ég hef sagt um þessa till., vil ég vitna í umsagnir nokkurra aðila. Ég vil þá fyrst koma með umsögn sem hefur borist frá samstarfsnefnd búvörudeildar SÍS, en formaður hennar er Ólafur Sverrisson kaupfélagsstjóri í Borgarnesi, með leyfi forseta:

„Eins og greint var frá í síðasta hefti kaupfélagsritsins hefur KB nú í sumar greitt þau rekstrarlán, sem Seðlabanki Íslands hefur veitt út á væntanlegt innlegg dilka í haust, inn á viðskiptareikning bænda hjá kaupfélaginu. Var þessi háttur tekinn upp án þess um það væri beðið af bændum. Telja verður þessa aðferð við greiðslu rekstrarlánanna hina réttu, þó að þetta breyti litlu fyrir þorra bænda, m. a. miðað við fyrri aðferðina, þ. e. a. s. að sláturfjárreikningurinn taki lánið. Þó hefur þetta þann ótvíræða kost, að bændur sjá glöggt hver rekstrarlánin raunverulegu eru, en nú eru þau 995 kr. á dilkinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Hnappadalssýslu, þ. e. a. s. þar sem er aðalmjólkurframleiðsla, en 1490 út á dilkinn úr Snæfellsnessýslu.“ — Ég vil bæta við þetta, að þar sem eru talin sauðfjárhéruð eingöngu eru þetta tæpar 2000 kr. sem greiðast á mánuðunum frá mars í jöfnum greiðslum fram undir sláturtíð. — „Rekstrarlánin verða bakfærð í októbermánuði þegar Kaupfélag Borgfirðinga greiðir út á sláturfjárinnleggið.

Hugmyndir manna á Alþ. um að afurðalán, útflutningsbætur og jafnvel niðurgreiðslur verði af ríkinu greiddar beint til bænda virðast tæplega framkvæmanlegar, enda hafa menn, sem til þessara mála þekkja, ekki fengist til stuðnings þessum hugmyndum. Skýringar á því, hvernig framkvæma ætti slíkar greiðslur beint til framleiðenda, liggja ekki heldur á lausu. En hætt er við því, að byrgja þyrfti upp mikið skrifstofubákn til þess að annast þessi viðskipti. Afla yrði upplýsinga um framleiðslu hvers einasta bónda, ekki aðeins á liðnu ári eða mánuðum, heldur einnig að fá áætlun um væntanlega framleiðslu. Hver bóndi þyrfti auðvitað að hafa sinn viðskiptareikning hjá þessari stofnun. Síðan yrðu söluaðilarnir, kaupfélögin og aðrir, að greiða mánaðarlega inn í reikning bænda hjá stofnuninni, sem væntanlega yrði í Reykjavík. Þeim greiðslum mundu að sjálfsögðu þurfa að fylgja skilagreinar um selt afurðamagn og óseldar birgðir afurða hvers bónda. Til þess að annast alla þessa skriffinnsku mundi þurfa mikinn fjölda starfsliðs. Augljóslega mundi slíkt kerfi sem þarna þarf að koma upp verða dýrara og seinvirkara heldur en núverandi fyrirkomulag, mundi auk þess stuðla að því að færa þjónustu við bændur frá landsbyggðinni til Reykjavíkur.

Því hefur verið dróttað að samvinnufélögunum, að þau valsi með fjármuni bænda í lengri eða skemmri tíma meira og minna eftirlitslaust, en svo segir í grg. með till. til þál. um beinar greiðslur til bænda, sem nú liggur fyrir Alþ. Með þessum orðum gefa flm. í skyn að afurðasölufélög bænda liggi á fjármunum bændanna, skili afurðalánum, niðurgreiðslu- og útflutningsbótafé of seint. Ekki telja flm. sig þurfa að rökstyðja þetta hið minnsta. Hvað Kaupfélag Borgfirðinga snertir er það svo, að félagið leggur á haustin til verulegt fjármagn af rekstrarfé sínu til þess að rísa undir útborgun til bænda á innlagðar sláturfjárafurðir. Nú hefur t. d. verið ákveðið að greiða út til bænda 82.8% af verðlagsgrundvallarverði, auk þess sem

kaupfélagið leggur út fyrir flutningskostnaði á sláturfé að sláturhúsi. Þar að auki verður félagið auðvitað að greiða allan kostnað við slátrun o. fl. Hætt er því við að útlagt fé þess vegna muni nema miklu hærri upphæðum en afurðalánin verða, en hækki þau verulega verður útborgun Kaupfélags Borgfirðinga að sjálfsögðu endurskoðuð.

Í árslok 1977 hafði Kaupfélag Borgfirðinga greitt 160 millj. út á búvörur að viðbættum útlögðum kostnaði umfram það sem inn hefði komið í sölu eða fengist í afurðalán. Þar fyrir utan er fjárfesting í fasteignum o. fl. Þá er það alkunna, að kaupfélögin veita bændum rekstrarlán í stórum stíl til búrekstrar síns einkum þó tímabilið frá seinni parti vetrar og fram á haust. Þetta er gert af illri nauðsyn vegna þess hvað rekstrarlán bankakerfisins til landbúnaðarins eru lág. T. d. voru skuldir viðskiptavina KB utan Borgarness — og því nær eingöngu bænda — í lok ágústmánaðar 550 millj. kr. Þó höfðu rekstrarlánin frá Seðlabankanum verið færð inn í reikning hvers þeirra. Gjaldfrestur á áburði á þeim tíma, 130 millj. kr., kemur að vísu nokkuð þarna upp í, en þó er heildarskuldin fyrir utan það hjá þessum bændum 420 millj. kr.

Hér verður látið staðar numið að sinni," segir kaupfélagsstjórinn, „þótt margt megi segja um þessi mál. Raunar er engin ástæða til að kvarta undan umræðum um þau, en gagnrýni, sem ekki er byggð á þekkingu og velvilja, er gagnslaus og ekki marktæk. Viðskipti Kaupfélags Borgfirðinga við bændur, þá sem eru félagsmenn og aðra sem við það skipta, eru góð og ekki annars orðið vart en að í þeim viðskiptum ríki gagnkvæmt traust. Það er því næsta ólíklegt að bændur hér um slóðir treysti opinberri stofnun betur til þess að annast innheimtu niðurgreiðslna, útflutningsbóta og útvegun afurðalána heldur en sínu kaupfélagi."

Ég gæti lesið upp miklu fleiri bréf frá ýmsum aðilum og einnig frá bændum, en næst ætla ég að lesa upp umsögn sem barst frá Búnaðarbankanum og Magnús Jónsson fyrrv. fjmrh. og bankastjóri skrifar undir. Ég efast ekki um að flestir hv. þm. telji Magnús Jónsson hafa þekkingu á þessu málefni. (Gripið fram í.) Með leyfi forseta ætla ég að lesa þetta:

„Með bréfi dagsettu 21. febr. hafið þér sent bankanum til umsagnar till. til þál. um greiðslu rekstrar- og afurðalána til bænda. Það er vafalaust ætlunin að fá fyrst og fremst skoðun bankastjórnarinnar á hinni tæknilegu hlið þessa máls, því að tilhögun á greiðslu lána þessara er að öðru leyti stjórnmálaleg ákvörðun.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir samhengi þessara lána, þótt þau séu mismunandi að eðli. Rekstrarlánin eru veitt að vorinu og fyrri hluta sumars án veðsetningar afurða. En lánin eru síðan greidd með afurðalánum að haustinu og því óhjákvæmilegt samhengi á milli lánanna. Upphaflega var ætlunin að rekstrarlánin gengju beint til bænda til að auðvelda þeim kaup áburðar og fleiri nauðsynja, en í reynd varð framkvæmdin strax í upphafi sú, að viðkomandi sláturleyfishafar öfluðu sér framsals bænda á rekstrarlánum og veittu þá aftur aðstoð við áburðarkaup o. fl. Varð því veiting lánanna til bænda aldrei raunhæf og hafa sláturleyfishafar tekið lánin og ábyrgst þau gagnvart viðskiptabönkunum.

Þótt látin séu liggja milli hluta vandkvæði bankanna að lána hverjum einstökum bónda er rétt að benda á að þessi aðferð gæti valdið bændum, sem erfitt eiga um tryggingar, verulegum erfiðleikum. Afurðalán bænda er veitt gegn tryggingu í afurðum á sama hátt og afurðalán í sjávarútvegi, og endurgreiðsla þeirra er tengd sölu afurðanna. Bændum er ógerlegt að tryggja afurðalánin á þennan hátt eftir að þeir hafa afhent afurðirnar. Það er því ekki sjáanleg leið til að framkvæma núverandi afurðalánakerfi, ef greiða ætti lánin beint til bænda án milligöngu þeirra fyrirtækja sem hafa afurðirnar í sinni vörslu og annast sölu þeirra."

Ég tel ekki að það þjóni miklum tilgangi að lesa meira úr þessari umsögn Magnúsar Jónssonar og Þórhalls Tryggvasonar. Komið hefur skýrt fram álit þeirra á þessari breytingu.

Ég tel rétt að inn í Alþt. komist enn fremur það sem Samband ísl. samvinnufélaga hafði um þessi mál að segja, með leyfi forseta:

„Vegna þess að umræður um þessi mál hafa verið mjög almenns eðlis og stundum yfirborðskenndar, er nauðsynlegt að menn fái rétta mynd af afurða- og rekstrarlánum landbúnaðarins. Þess vegna verður þetta álit nokkru lengra en ella.

Afurðalánin: Reglur Seðlabankans miðast við það, að hann endurkaupi afurðalánavíxla frá viðskiptabönkunum að hámarki 52% af heildsöluverði búvara og eru birgðir í mánaðarlok lagðar til grundvallar. Ofan á þessa upphæð lána viðskiptabankarnir 15.6% af heildsöluverði, þannig að afurðalánin eru samtals um 67.6% af heildsöluverði. Afurðalánin eru veitt sláturleyfishöfum og mjólkursamlögum út á birgðir og bera þessir aðilar ábyrgð á því að skila bönkunum niðurgreiðslu á lánunum af söluandvirði.

Hvað varðar samvinnufélögin, þá hafa þau greitt afurðalánin beint til bænda og annarra innleggjenda og í svo til öllum tilvikum hafa þau sjálf bætt við bankalánin með því að greiða frá 75% upp í 85% af innleggi í lok sláturtíðar og eftirstöðvar þegar afurðir eru seldar. Kaupfélögin hafa greitt þessar upphæðir inn í viðskiptareikninga innleggjenda, sem er hliðstætt því að fjárhæðirnar hefðu verið greiddar í bankareikninga viðkomandi aðila. Kaupfélögin eru hluti af bankakerfinu og staðfestir Seðlabankinn þann skilning með því að gera innlánsdeildum skylt að greiða í Seðlabanka bindingu af spariinnlánum. Ekki virðist ástæða til þess að gera greinarmun á reikningsinnstæðum í sambandskaupfélögunum, sem nú annast slátrun, og innstæðum í viðskiptabanka. Þáltill. er því óþörf hvað varðar afurðalán sambandskaupfélaganna.

En það er annað atriði, sem snertir afurðalánin, sem ástæða er til að leggja áherslu á, þ. e. að taka undir ályktanir bændafundanna um að afurðalánin verði hækkuð úr sem svarar 67.6% í a. m. k. 90%. Það er þetta atriði sem bændur leggja höfuðáherslu á. Fyrirkomulag greiðslnanna hefur ekki, svo vitað sé, verið ágreiningsatriði á bændafundum.

Rekstrarlánin: Kaupfélögin hafa lengst af, frá því að fyrsta kaupfélagið var stofnað árið 1882, verið aðalbankastofnanir bænda. Kaupfélögin hafa haft þá reglu í nær heila öld að gefa bændum kost á að fá lán út á væntanlegt haustinnlegg. Rekstrarmál bænda hefðu vart orðið leyst á annan veg. Kaupfélögin hafa einnig veitt bændum lán til uppbyggingar, og er ekki ofsagt að félagsmenn kaupfélaganna hafi beitt félögunum fyrir uppbyggingu í sveitunum eftir því sem kostur var á í hverju félagi. Þessi bankastarfsemi kaupfélaganna var félagsmönnum ekki aðeins nauðsynleg, heldur einnig mjög

hagstæð samanborið við aðra möguleika.

Á seinni áratugum hafa orðið miklar breytingar í landbúnaði hér á landi. Vélar hafa leyst handafl af hólmi, rekstrarvörur, svo sem áburður og kjarnfóður, hafa orðið æ þýðingarmeiri þættir í landbúnaðinum og landbúnaðurinn í dag er rekinn sem fjármagnsbúskapur. Það er ekki síst sauðfjárbúskapurinn sem þarf mikið rekstrarfé, vegna þess m. a. hve langan tíma tekur að fá afurðir frá búrekstrinum. Í þessu sambandi má bregða upp mynd er skýrir þetta betur.

Bóndi kaupir áburð á tún sitt nú í vor, heyjar túnið í sumar og gefur búfénu heyið ásamt kjarnfóðri veturinn 1978-1979. Í maí 1979 fæðast lömbin fyrst og afurðir þeirra eiga að greiða allan rekstrarkostnað við sauðfjárbúskapinn. Þá koma aftur áburðarkaup og heyöflun til næsta vetrar. Í sept. og okt. 1979 er dilkunum slátrað og verið er að selja afurðirnar til haustsins 1980. Þannig líða nær tvö ár frá því að byrjað er að eyða verulegu fjármagni í rekstrarkostnað, sem er margþættur, þar til afurðaverðið skilar sér endanlega.

Hér verður líka að vekja athygli á hinum mikla fjármagnskostnaði, en vextir hér í verðbólgunni eru bændum mjög þungir í skauti og auka á misræmi í framleiðslukostnaði hér miðað við samkeppnislöndin. Á árunum 1955-1956 byrjaði bankakerfið að veita sérstök rekstrarlán vegna sauðfjárframleiðslu. Má segja að með þessu hafi verið greitt fyrir því, að samvinnufélögin og aðrir sláturleyfishafar gætu haldið áfram að veita bændum lán út á haustinnlegg sitt. Á árinu 1958 voru rekstrarlánin, sem Seðlabankinn veitti, 53.8% af heildsöluverði sauðfjárafurða og voru lánin veitt á tímabilinu mars-ágúst. Þessi lán fóru lækkandi næstu árin og árið 1977 voru þau 17.5% af heildsöluverði miðað við árið 1977. Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess, að til viðbótar hafa komið lán út á áburð frá Áburðarverksmiðjunni. Þrátt fyrir að rekstrarlánin fóru hlutfallslega svo mjög lækkandi reyndu kaupfélögin að halda hinni áratugagömlu reglu að veita bændum lán út á haustinnlegg sitt. Þetta hefur þó orðið kaupfélögunum ofraun. Sveiflan í fjármagnsstöðunni frá mars til nóv. hefur verið meiri en kaupfélögin gætu ráðið við. Til þess að útskýra þetta nánar er rétt að nefna dæmi.

Á árinu 1976 — tölur frá 1977 liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifað — kom í ljós að skuldir viðskiptamanna sambands kaupfélaga að frátöldum innstæðum hækka frá 1. jan. til 31. ágúst 1976 um 4.1 milljarð kr., en lækka svo aftur þegar haustafurðir koma til skila. Staðan er jákvæð yfirleitt um áramót. Til frádráttar á þessari sveiflu koma svo rekstrarlánin til landbúnaðarins sem veitt voru frá Seðlabankanum, þar með lán til áburðarkaupa, á tímabilinu frá mars til ágúst, 1.1 milljarður. Sveiflan frá jan. til ágúst er því 3 milljarðar. Þessa upphæð þurfa kaupfélögin að fjármagna. Að sjálfsögðu gátu kaupfélögin ekki axlað þessa byrði án þess að fá til þess aðstoð. Sambandið hefur á undanförnum áratugum komið inn í myndina, og árið 1976 er talið að af 3 milljörðum hafi lent á Sambandinu 1.3 milljarðar. Mismunurinn, 1.7 milljarðar, lenti á kaupfélögunum sjálfum. Það gefur auga leið, að auðvitað þurfa kaupfélögin og Sambandið að leita til bankanna til þess að geta axlað þessa byrði. En þrátt fyrir nokkra fyrirgreiðslu þaðan var staðreyndin sú, að það varð kaupfélögunum og Sambandinu ofraun að veita hina miklu lánafyrirgreiðslu til landbúnaðarins á s. l. ári, eins og reyndar undanfarin ár, og óhagstæð lausafjárstaða hjá flestum félaganna og Sambandinu varð dragbítur á rekstri þeirra."

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því, að það hefur komið í hlut kaupfélaganna að leysa að stærstum hluta rekstrarlán landúnaðarins vegna sauðfjárbúskaparins. Frá sjónarhóli samvinnuhreyfingarinnar yrði það mjög hagstætt ef bændum yrði með fyrirgreiðslu úr bankakerfinu gert kleift að staðgreiða kostnaðinn við búreksturinn. Slíkt mundi leysa stóran fjárhagsvanda samvinnufélaganna og losa þau við þá klemmu sem þau hafa lent í vegna rekstrarlána bænda.

En þessi mál eru kannske ekki svo einföld í framkvæmd. Fyrsta spurningin verður sú, hvort bankakerfið sé reiðubúið að taka að sér að leysa rekstrarlánin, sem mundi þýða margföldun lánanna frá því sem nú er. Yrði þá lágmarkið að vera það, að bændur ættu kost á rekstrarlánum sem svaraði 65% af heildsöluverði sauðfjárafurðanna og væru þau lán veitt á tímabilinu mars-sept. Afurðalánin yrðu þá einnig að hækka mjög verulega. Önnur spurning er trygging til viðskiptabankanna. Þriðja spurningin er stóraukinn kostnaður fyrir bændur vegna breytts fyrirkomulags. Lánafyrirgreiðsla kaupfélaganna til bænda hefur verið ódýr. Að henni hefur verið tímasparnaður fyrir bændur. Þeir hafa verið í flestum tilfellum leystir undan því að sitja í biðstofum til lánsútvegunar og þeir hafa ekki þurft að greiða lántökukostnað. Fjórða spurningin hlýtur þó að vega mest. Vilja bændur sjálfir gera á þessu breytingu, treysta á að bankakerfið leysi rekstrarlánin, en kaupfélögin hætti að lána út á haustinnlegg? Þessi lánamál landbúnaðarins eru afar þýðingarmikil og vandasöm viðfangsefni og þurfa að athugast öll í samhengi. (**Forseti:** Ég verð senn að biðja hv. ræðumann að gera hlé á máli sínu vegna þingflokksfunda.) Það er sjálfsagt. (**Forseti:** Þegar honum hentar í ræðu sinni.) Ég get gert það hvenær sem er. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég mun halda áfram máli mínu þar sem frá var horfið. Ég tel mig hafa sýnt fram á að sú till., sem hér er til umr., mundi ekki leysa nein vandamál í landbúnaði ef samþykkt væri, heldur hið gagnstæða. Ef sú breyting, sem till. felur í sér, kæmist til framkvæmda mundi hún bitna fyrst og fremst á efnaminni bændum, eins og kom fram í því sem ég las upp áðan úr umsögn bankastjóra Búnaðarbankans og frá fleiri aðilum. Samhjálpin yrði þar með brotin niður. Hver bóndi yrði þar á eftir að fá öll sín rekstrarlán í banka. Hvernig það mundi ganga fyrir hvern og einn geta menn deilt um. En ekki eru bankaútibú í öllum héruðum og því er vafasamt hagræði að slíkri breytingu, svo að ekki sé meira sagt. Þetta skilja bændur yfirleitt, enda leggjast þeir hart á móti því, að þessi breyting nái fram að ganga. Bankarnir telja þessa breytingu bæði óæskilega og ekki framkvæmanlega nema með verulega aukinni skriffinnsku, sem mundi hafa verulega aukinn kostnað í för með sér, ekki síst fyrir bændur. Þar við bætist að afgreiðslan yrði seinvirkari.

Ég hef komið fram með það í skýrum dæmum, að það sé hreinn misskilningur að sölufélögin haldi fjármunum fyrir bændum. Þau gera það hvorki að því er varðar rekstrarlán, afurðalán, niðurgreiðslur né útflutningsbætur, a. m. k. ekki þar sem kaupfélögin eiga í hlut. Í öllum tilvikum hafa kaupfélögin greitt bændum meira en rekstrar- og afurðalán nema, og þar er um að ræða

umtalsverðar upphæðir. Eins og fram kom fyrr í ræðu minni borgar t. d. Kaupfélag Borgfirðinga rekstrarlánin inn í reikninga bænda jafnóðum og þau eru afgreidd, og það gera miklu fleiri kaupfélög. Það koma t. d. greinilega fram í ræðum manna á aðalfundi Stéttarsambands bænda um mánaðamótin ágúst og sept. í sumar. En þó að það væri gert hjá Kaupfélagi Borgfirðinga að borga rekstrarlánin beint, þá voru skuldir bænda í byrjun sláturtíðar samt 420 millj. fyrir utan 130 millj. sem Kaupfélagið var ábyrgt fyrir vegna áburðarkaupa. Á sama hátt hafa mjólkurvinnslustöðvarnar orðið að fjármagna birgðir í mjólkurafurðum umfram afurðalán og eftirstöðvar af mjólkurverði til bænda sem nemur verulegum fjárhæðum.

Ég hef sýnt fram á að hv. frummælandi hafi misskilið hvers eðlis niðurgreiðslur og útflutningsbætur eru. Hv. þm. leggur saman rekstrarlán og afurðalán og bætir hann við niðurgreiðslum og útflutningsbótum. Það virðist sem hann viti ekki eða a. m. k. þykist ekki vita að rekstrarlánin eru gerð upp þegar afurðalánin eru afgreidd í lok nóvembermánaðar. Veit ekki hv. þm. að niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur eru hluti af verðinu, eða ef honum er það ljóst, hvers vegna lagði hann saman þessar tölur og sagði síðan að söluaðilarnir hefðu undir höndum 8 millj. miðað við meðalbú og það væri óljóst hve lengi söluaðilarnir völsuðu með þetta fjármagn?

Herra forseti. Ég vil að endingu endurtaka það, að mér er með öllu óskiljanlegt hvernig á því getur staðið, að svona till. er flutt á hinu háa Alþingi og það af hv. þm. sem ætti að hafa talsverð tengsl við bændur og viðskiptalífið í heild. Með ólíkindum er hve lítið hann virðist þekkja þessi mál, ef dæma má af öllum þessum málatilbúnaði. Þessi mál eru síður en svo torskilin séu þau á annað borð skoðuð. Allur þessi málflutningur, bókstaflega í öllum atriðum þessa máls, er hrein öfugmæli og minnir óneitanlega á gömlu öfugmælavísurnar. Að hv. 1. flm. skuli vera fulltrúi fyrir dreifbýliskjördæmi á hinu háa Alþingi er mál út af fyrir sig sem full ástæða væri að íhuga nánar hvernig á stendur. Þar sem bændur leggjast mjög eindregið á móti því, að til framkvæmda komi sú breyting, sem í þessari þáltill. felst, og málið snertir þá eina og félagsskap þeirra, væri það hreint tillitsleysi við bændastéttina ef till. af þessu tagi yrði samþykkt. Á sama hátt tel ég að ef bændur væru þeirrar skoðunar og það lægi fyrir, það væri þeirra hagsmunamál og þeirra vilji að slík breyting væri gerð, þá ætti Alþ. að taka fullt tillit til þess og samþykkja slíka breytingu, vegna þess að þessi till. snertir bændur eina en aðra ekki.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Landbúnaðarmál hafa tekið verulegan tíma af störfum Alþingis að undanförnu, og sýnir það og segir þá sögu, hversu stór vandi blasir við í landbúnaðarmálunum, þó kannske megi segja að vandamálin séu að nokkru leyti í öfugu hlutfalli við áhuga þm. á þeim málefnum sem hér hefur verið fjallað um. Vil ég minna á fund í Nd. í gærkvöld, sem örfáir menn sátu og fylgdust með málflutningi, svo og þennan fund sem nú stendur.

Ég verð nú að segja þá skoðun mína, að hv. síðasti ræðumaður, Stefán Valgeirsson, hefur áður lýst undrun sinni yfir flutningi ýmissa þáltill. hér á þingi, svo að ekki kemur mér á óvart það sem hann hefur sagt um þá till. sem hér liggur fyrir um beinar greiðslur til bænda.

Ég er algerlega sammála þeirri hugsun sem felst í till. hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar um beinar greiðslur til bænda. Auðvitað ber bændum að fá greidd laun sín eins og öðrum stéttum, öðrum launþegum, ef þeir vilja kalla sig svo, í þjóðfélaginu. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að bændur verði nú hvað úr hverju að fara að gera það upp við sig, hvort þeir eru atvinnurekendur eða launþegar. Þetta er mál sem hefur verið erfitt að fá skorið úr á undanförnum árum. Sjálfir hafa þeir ekki viljað gefa það upp, hvort þeir væru launþegar eða atvinnurekendur og má segja að það hafi farið nokkuð eftir því, hvernig staðið hefur í bólið hjá þeim.

Ég lít hins vegar svo á, að vegna ýmislegra tæknilegra atriða geti verið erfitt að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd. Eitt ráðið væri það, nefnt til gamans, að leggja niður bæði kaupfélög og sláturhús í þeirri mynd sem þau eru, bændur seldu vörur sínar á opnum markaði og fengu þannig greitt beint. En þetta er víst ekki hægt. Þess vegna er það mín skoðun, að aðferðin hljóti að verða sú að reyna að hraða afurða- og rekstrarlánagreiðslum til bænda. Ég vil að það komi fram í þessar umr., að nefnd, sem landbrh. skipaði nýlega, hefur skilað till. til landbrn. um hvernig haga megi greiðslum á afurðalánum til bænda, sem eru hinar eiginlegu kaupgreiðslur sem bændur fá.

Það er öllum ljóst, hvernig verðbólgan hefur farið með bændur í samfélagi okkar á undanförnum árum, þegar þeir fá ekki nema hluta af tekjum sínum greiddan eftir dúk og disk, en tekjurnar eru þá orðnar að litlu þegar þær koma í vasa eða pyngju bænda.

Ég hefði í þessari umr. viljað leggja mikla áherslu á annað atriði, sem ég tel að sé mjög athugunarvert. Það er hinn mikli milliliðakostnaður sem bændur verða að þola, vil ég segja, kannske innan gæsalappa. Ef við lítum á sláturkostnað á þessu ári, þá tel ég að hann sé svo ótrúlega hár að það hljóti að vera hægt að koma þar við einhverjum lagfæringum. Sláturkostnaður í ár er 303 kr. á hvert einasta kg af dilkakjöti, þ. e. slátur-, sölu- og dreifingarkostnaður plús umbúðakostnaður (Gripið fram í.) Ef hv. þm. hefur einhverja aðra aths. fram að færa væri gott að fá hana strax. — Af þessum kostnaði eru laun og launatengd gjöld 91.50 kr. í sláturkostnaðinum beint, en þegar kemur að öðrum kostnaði á kg þá er launakostnaður 22.50 kr. — launakostnaður er kominn vel yfir 100 kr. vegna slátrunar á dilkum. Þetta held ég að sé óeðlilega hár liður. Hér kemur einnig fram, að heildsölukostnaður er 43.60 kr. á hvert kg og aðeins kostnaður eins og frysting er 27 kr. á hvert kg. Ég hefði talið að það mætti aðeins líta á þessar tölur og fleiri milliliði í sambandi við landbúnaðarafurðir og vil í þeim efnum nefna t. d. hvernig umboðsmenn, umbjóðendur landbúnaðarins á þéttbýlisstöðum, hafa notað það fjármagn sem þeir óneitanlega hafa fengið í hendur vegna þeirra miklu umsvifa sem bændastéttin hefur skapað þeim. Ég vil t. d. spyrja þá menn, sem eru hörðustu stuðningsmenn Sambands ísl. samvinnufélaga, stofnunar sem ég hef ekkert á móti og vil allt hið besta, en tel að hafi farið örlítið út af sporinu: Hvaða tilgangi þjónar það að reisa suður í Reykjavík fyrir fjármuni bænda kexverksmiðju, sem framleiðir eða getur framleitt 2-3 tegundir af kexi sem mundi nægja fyrir alla Svíþjóð? Ég spyr líka: Hvaða tilgangi þjónar það, að Sláturfélag Suðurlands leggi í mjög verulegan kostnað til þess að reisa verslunarhallir í Reykjavík? Þetta eru spurningar sem menn ættu að velta fyrir sér. Þetta er hluti af þeim milli-

liðakostnaði sem við höfum verið að tala um og við höfum verið að gagnrýna. Á þessu kunna að vera skýringar, en þær liggja ekki á lausu. Þess vegna hefði ég viljað að menn beindu athyglinni í þessari umr. t. d. að milliliðakostnaðinum, hvað fer í hann, hvers bændur fara á mis vegna milliliðakostnaðarins.

En í stuttu máli sagt: Ég held að tæknilega sé erfitt að koma þessari vel meintu hugmynd í framkvæmd, og ég tel að lausnin á þessu máli hljóti að vera sú, að lögð verði á það höfuðáhersla að flýta eins og mögulegt er afurða- og rekstrarlánagreiðslum til bænda. Þar held ég að vandinn liggi. Þessum greiðslum verður að flýta eftir mætti. Æskilegast væri að bændur fengju 100% greiðslur, að sú þróun gæti orðið, og það verði þær beinu greiðslur sem þeir njóti. Kerfið býður raunverulega ekki upp á annað.

Umr. frestað.

Nefnd þingmanna til að kanna rekstur Flugleiða og Eimskipafélags Íslands með tilliti til einokunaraðstöðu, þáltill. (þskj. 14). — Frh. fyrri umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Eins og hv. þm. muna gerðist það í upphafi þess fundar sem fyrst fjallaði um fyrirliggjandi mál, að forseti Sþ. sá sig knúinn til að gera aths. þess efnis að sú rannsóknarnefnd, sem till. gerir ráð fyrir að kosin verði, sé alls ekki rannsóknarnefnd, heldur venjuleg lausanefnd í skilningi 15. gr. þingskapalaga. Þetta er þeim mun athyglisverðara sem á bls. 2 á því þskj., sem hér er til umr., segir að nefndin, sem gert er ráð fyrir að kosin verði, skuli hafa rétt til að krefjast skýrslugerða og vitnisburða, bæði munnlega og skriflega, hjá hlutaðeigandi aðilum og öðrum fyrirtækjum, embættismönnum og einstaklingum. Þessum orðum virðist eiga að fylgja sá kraftur, að n. hafi meira vald en aðrar þn. til að kalla til sín menn og heimta skýrslur.

Þegar þess er þannig gætt, að n. er kölluð rannsóknarnefnd á þskj., mætti ætla að hér væri verið að gera till. um rannsóknarnefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Að vísu hélt hv. flm. því fram, að það hafi aldrei verið ætlun sín að gera tillögu um rannsóknarnefnd samkv. 39. gr. stjskr., og með mikilli orðaleikfimi kemst hann að því, að slík n. hafi ekki í raun meiri völd en venjulegar þn. Af þessu tilefni vil ég lesa nokkur orð um rannsóknarnefndir stjórnarskrárinnar, með leyfi forseta.

Í bókinni Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson, núv. hæstv. forsrh., segir svo á bls. 264-265 orðrétt:

„Í 39. gr. stjskr. er fjallað um þingkjörnar rannsóknarnefndir. Þar segir: „Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þd. getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Tilsvarandi ákvæði voru í eldri stjórnarskrám, sbr. 22. gr. stjskr. 1874 og 35. gr. stjskr. 1920. Samkv. stjskr. frá 1874 gátu þó nefndir þessar aðeins starfað á meðan þing stóð yfir, en því var breytt með stjórnarskránni 1920.

Ákvæði þetta á við sérstakar nefndir, sem kjörnar eru til að rannsaka einhver mikilvæg mál, sem almenning varða, án þess að fyrir Alþ. þurfi að liggja nokkur sérstök tillaga eða ályktun um þau málefni, svo sem skattamál, launamál, starfrækslu einhverra stofnana, aðgerðir ríkisstj. o. s. frv. Þessum nefndum getur ýmist verið ætlað að gefa þinginu skýrslu um málið, gefa út um það opinbera skýrslu eða undirbúa um það löggjöf. Þd. getur veitt nefndum þessum sérstakt vald til þess að stefna fyrir sig bæði embættismönnum og einstökum mönnum. Tekur ákvæðið út af fyrir sig bæði til rannsóknarnefnda með og án þessa sérstaka valds. Hins vegar á það ekki við venjulegar þingnefndir, svo sem áður er sagt. Á þessa lund hefur þetta stjórnarskrárákvæði almennt verið skýrt, enda liggur sú skýring næst orðanna hljóðan og er í samræmi við skilning á hliðstæðu ákvæði í grundvallarlögum Dana, sem íslenska stjórnarskrárákvæðið upphaflega var sniðið eftir. Gegn því stoðar eigi að vitna til þess, að orðalag íslenska ákvæðisins sé öðruvísi en á hinni dönsku fyrirmynd þess, því að hvergi er að því vikið, hvorki í grg. né umr., að slík efnisbreyting sé höfð í huga.

Þessar rannsóknarnefndir verða aðeins kjörnar í þd., en ekki í Sþ. Samkv. sérstakri ályktun getur Sþ. að sjálfsögðu kosið mþn., t. d. til að undirbúa löggjöf um eitthvert málefni, en slíkri n. verður ekki veitt sérstakt rannsóknarvald samkv. síðari hluta 39. gr. stjskr."

Hv. flm. sagði í framsöguræðu sinni orðrétt, með leyfi forseta:

„Í sambandi við valdsvið rannsóknarnefnda samkv. 39. gr. stjskr. má minna á að slíkt valdsvið er í reynd mjög óljóst. Samkv. túlkun prófessors Ólafs Jóhannessonar í riti hans um stjórnskipun Íslands hefur rannsóknarnefnd, þótt kosin sé í deildum þingsins samkv. 39. gr. stjskr., ekki sérstök ráð til þess að knýja menn til þess að svara spurningum sínum ef þeir vilja ekki, rannsóknarnefnd hafi ekki heimild til að eiðfesta menn eða taka af þeim drengskaparheit."

Með þessum orðum er hv. flm. að gefa í skyn, að enginn munur sé á rannsóknarnefndum og lausanefndum. Með leyfi forseta langar mig til að halda lestrinum úr bókinni Stjórnskipun Íslands örlítið áfram, en þar segir í beinu framhaldi af því sem ég las áður:

„Hafi rannsóknarnefnd verið veitt vald samkv. niðurlagi 39. gr., eru bæði embættismenn og einstakir menn skyldugir til að gefa henni skýrslu, hvort heldur er munnlega eða bréflega. Sú skylda þeirra mundi þó ekki ná lengra en vitnaskylda í opinberu máli. Rannsóknarnefnd hefur ekki sérstök ráð til þess að knýja menn til að svara spurningum hennar, ef þeir ekki vilja. En vafalaust gæti hún hlutast til um, að þeir, sem tregðu sýndu, væru kvaddir fyrir rétt, og mætti þá beita öllum venjulegum viðurlögum til þess að knýja þá til að gefa skýrslu. Sennilega yrði og opinber starfsmaður sekur um brot gegn 140. gr. almennra hegningarlaga ef hann sinnti eigi skipun yfirmanna sinna um að mæta fyrir rannsóknarnefnd. Rannsóknarnefnd hefur eigi heimild til að eiðfesta mann eða taka af honum drengskaparheit. Sá, er ranga skýrslu gefur, bakar sér refsingu samkv. 146. gr. almennra hegningarlaga. Löggjafinn getur vafalaust sett nánari fyrirmæli um starfsháttu rannsóknarnefndar og gæti sennilega veitt henni meira vald en að framan greinir, t. d. heimilað henni að stefna fyrir sig mönnum að viðlögðum viðurlögum, eiðfesta mann o. s. frv." — Hér með lýkur tilvitnun í rit hæstv. núv. forsrh. Ólafs Jóhannessonar.

Hér kemur greinilega fram hver er réttur rannsóknarnefnda, og jafnframt er með þessari tilvitnun varpað ljósi á þá staðreynd, að hv. flm. velur eina setningu úr sam-

hengi og reynir þannig að villa fyrir þeim sem á hlýddu. Og fyrst hv. flm. leiddi höfund bókarinnar Stjórnskipun Íslands til vitnis sínum málstað er ekki úr vegi að vitna til þess, sem bókin segir um rétt venjulegra þn., til samanburðar. Á bls. 264 segir, með leyfi forseta: „Venjulegar þingnefndir geta ekki stefnt mönnum á sinn fund að viðlögðum neinum viðurlögum.“ Og neðar á sömu bls. er sagt að lausanefndir séu aðeins kjörnar ef einhver óvenjuleg mál séu á ferðinni.

Af því, sem nú hefur verið lesið, er augljóst að sú nefndarskipan, sem ráðgerð er í till., er ekki samkv. 39. gr. stjskr., heldur verður að telja hana vera lausanefnd samkv. 15. gr. þingskapalaga, en þeim er ætlað að íhuga einstök mál. Slíkar nefndir hafa ekki rannsóknarvald í þeim anda sem till. hv. flm. gerir ráð fyrir, þannig að þegar af þeirri ástæðu virðist undirbúningi málsins vera áfátt, nema málinu hafi aldrei verið ætlað annað hlutverk en að auglýsa hv. flm.

Á þessu þingi hefur mikið verið rætt um rannsóknir og eftirlit þingsins. Þannig hefur hv. þm. Vilmundur Gylfason lagt fram frv. á þskj. um eftirlitshlutverk þm. Í umr. um það mál í hv. Nd. komu fram mörg athyglisverð sjónarmið um eftirlitshlutverk þingsins. Ég er því sammála að auka eigi möguleika þingsins til að hafa eftirlit með framkvæmdavaldinu, þótt ég telji frv. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar ganga í sumum greinum fulllangt. Ég hef ásamt hv. þm. Ellert B. Schram leyft mér að flytja þáltill. um að enn á ný verði flutt hér á hv. Alþ. frv. um umboðsmann Alþingis, en slíkt frv. dagaði uppi á þinginu fyrir nokkrum árum. Með stofnun slíks embættis mun að mínu mati vera gengið inn á þá braut að fylgjast með framkvæmd laga á þann hátt sem best hefur gefist í nálægum löndum.

Til viðbótar þessu má enn fremur minna á lagafrv., sem legið hefur frammi um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en slík löggjöf var sett á sínum tíma annars staðar á Norðurlöndum. Eftir sem áður á Alþ. auðvitað að fylgjast með framkvæmd laganna og störfum framkvæmdavaldsins. Á þetta minni ég í sambandi við þessa till., sem hér er til umr., vegna þess að það hefur verið hægur vandi að snúa sér til viðeigandi rn. og afla upplýsinga um viðkomandi fyrirtæki, en eins og allir vita á íslenska ríkið hlut að stjórnarnefnd í báðum fyrirtækjunum. Með fsp. til hæstv. samgrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh. hefði hv. flm. getað fengið umbeðnar upplýsingar.

Sú spurning hlýtur að vakna, hvort ekki sé kominn tími til að taka til athugunar á hvern hátt eðlilegt sé að fulltrúar ríkisins starfi í stjórnum fyrirtækja, bæði hluta- og sameignarfyrirtækja, sem ríkið á aðild að. Á því hef ég ákveðnar skoðanir sem ég ætla þó ekki að tíunda í þessum umr., en fæ vonandi tækifæri til síðar. Þetta er þó ekki sagt fulltrúum í þessum fyrirtækjum til hnjóðs, því að þessi tvö fyrirtæki eru með opnustu fyrirtækjum í landinu og birta árlega reikninga sína fyrir alþjóð. Það er hins vegar fyllilega tímabært, að fulltrúum ríkisins í stjórn slíkra félaga sé gert að sinna sínum störfum samkv. þeirri stefnu sem viðkomandi rn. markar í þeim rekstri sem um er að ræða hverju sinni.

Þegar sú till., sem hér er til umr., er lesin koma nokkuð oft fyrir orðin „markaðsdrottnun“ og „einokunaraðstaða.“ Maður gæti því ætlað, að hv. flm. væri efst í huga að standa vörð um frjálsa samkeppni í samgöngumálum þjóðarinnar. En þegar málið er skoðað betur kemur annað í ljós.

Í fyrsta lagi sýnist manni það vera tilgangurinn að koma hv. flm. á framfæri við fjölmiðla og virðist það hafa tekist nokkuð vel. Mér segir svo hugur um, að hv. flm., sem er sjálfkjörinn fulltrúi öreiganna í þessu landi, sé að vinna sig í álit flokksmanna í þeim flokki sem hann hefur heiðrað með félagsskap sínum nú um stundarsakir.

Í öðru lagi virðist það vera tilgangur flm. að koma höggi á einkareksturinn í landinu með því að gera rekstur Flugleiða og Eimskips tortryggilegan. Öllum hlýtur að vera ljóst, hvaða áhrif það getur haft á erlenda viðskiptaaðila þessara fyrirtækja ef það fréttist að þau séu til rannsóknar á þjóðþingi Íslendinga.

Í þriðja lagi er það augljós tilgangur hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að þjóðnýta þessi fyrirtæki. Í því sambandi vil ég, með leyfi forseta, vitna til ummæla hv. þm. í dagblaðinu Vísi hinn 23. okt. s. l.

Þar spyr blaðamaður: „Áttu við þjóðnýtingu með orðunum: „aukinni eignaraðild“? „Og hv. flm. svarar orðrétt: „Ef svipast er um í löndunum í kringum okkur, þá eru mikilvægustu samgöngutækin í öllum þessum löndum þjóðnýtt, og við getum alveg eins notað það orð. Það hefur ekkert ríki í Vestur-Evrópu treyst sér til að byggja samgöngur sínar eingöngu á einkareknum fyrirtækjum.“ Og enn spyr blaðamaður: „Hvernig ætti slík þjóðnýting að fara fram?“ Hv. flm svarar, með leyfi forseta: „Fyrsta skrefið í þeim efnum gæti verið að skilja á milli þeirra flugsamgangna sem ég tel að séu nauðsynlegar fyrir öryggi landsins og þjóðarhag. Þar á ég bæði við flugsamgöngur innanlands og utan sem yrðu þá reknar af opinberum aðilum, en einkaaðilunum yrði látið eftir áhættuflugið, ef þeir vilja frekar það flug áfram.“

Í þessari tilvitnun kemur mjög skýrt fram, hvert hv. flm. er að fara með tillögugerðinni. Það hefði því að mínu áliti verið hreinlegra að flytja um það beina till. hér á Alþ., að þessi fyrirtæki skuli þjóðnýta. Hér er að sjálfsögðu komið að kviku stjórnarinnar, þ. e. a. s. spurningunni um hvort menn vilji fremur opinberan rekstur eða einkarekstur, og skilst þá betur tillöguflutningur hv. þm. Ólafs Ragnars Grímsonar.

Starfsemi þeirra félaga, sem hér eiga hlut að máli, byggist ekki á einokun eða sérleyfum nema á sviði innanlandsflugsins. Því sérleyfi fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á ákveðna staði á landinu, en jafnframt — og það ber að undirstrika — skylda til að sinna flutningsþörf að mati rn. Það er svo annað mál, að slíkt eftirlit er varla fyrir hendi hjá rn., en það þyrfti að vera virkt, enda skapar sérleyfi löggilta einokunaraðstöðu. Það sama gildir að sjálfsögðu um aðra þá sem hafa sérleyfi samgrn., svo sem áætlunarbifreiðar og leigubílastöðvar.

Á þetta bendi ég hér, því að vissulega er þörf á því fyrir fólkið í landinu að slíkum sérleyfum fylgi ákveðin skylda sem tryggi ákveðið lágmark á gæðum þjónustunnar. En til þess að rn. geti annað þessu verkefni verður að fjölga starfsfólki.

Lagaákvæðin um sérleyfin eru skýr og er að finna annars vegar í 3. gr. laga um stjórn flugmála frá 1950 og hins vegar í VII. kafla loftferðalaganna frá 1964. Þrátt fyrir að telja megi eftirlit með flutningsskyldu innanlands aðfinnsluvert skal það tekið fram, að það snertir á engan hátt öryggiseftirlitið, sem er í höndum annarra aðila.

Það er athyglisvert í till. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að hann gefur sér ætíð niðurstöðurnar og svörin. Satt að segja finnst manni slík vinnubrögð heldur

óvísindaleg, ekki síst þegar í hlut á einn af vísindamönnum við æðstu menntastofnun þjóðarinnar. Manni verður á að spyrja sig, hvort verið gæti að slík vinnubrögð séu notuð í vísindaiðkunum hv. þm. Ólafs R. Grímssonar í Háskóla Íslands.

Þótt till. sé komin fram á rangan hátt og tilgangurinn sé annar en að fá efnislega lausn hér á þinginu, tel ég eigi að síður ástæðu til að fjalla efnislega um nokkrar þeirra spurninga sem koma fram í tillögunni.

Í fyrsta lið er spurt: „Hvers vegna hafa Flugleiðir hf. sóst eftir einokunaraðstöðu í farþegaflugi milli Íslands og annarra landa?" Ég veit ekki til þess að Flugleiðir hafi sóst eftir einokunaraðstöðu í farþegaflugi milli Íslands og annarra landa. Flugumferð landa á milli lýtur gagnkvæmum loftferðasamningum, en þeir fela í sér að samningasaðilar veita hvorir öðrum sanngjarna og jafna aðstöðu til að fljúga á þeim leiðum sem kveðið er á um í viðkomandi loftferðasamningi. Hvor aðili um sig áskilur sér rétt til að fresta eða afturkalla réttindi samkv. samningunum, ef ákvæðum laga og reglugerða viðkomandi ríkis eða samningsins er ekki fullnægt. Fargjöld og flutningsgjöld skulu ákveðin á sanngjarnan hátt með sérstakri hliðsjón af réttlætanlegum sparnaði í rekstri, eðlilegum ágóða og þeim aðstæðum, sem sérstaklega eiga við á hverri leið, t. d. hraða og aðbúnaði. Við ákvörðun gjaldanna skal tekið tillit til tillagna Alþjóðaloftflutningasambandsins, IATA. Gjöldin skulu háð samþykki flugmálastjórna beggja landa. Ísland er aðili að loftferðasamningi við eftirtalin lönd: Danmörk, Noreg, Finnland, Svíþjóð, Holland, Lúxembúrg, Bretland, Þýskaland, Thailand og Bandaríkin.

Enginn tók sér í munn einokun er Flugfélag Íslands rauf einangrun landsins með fyrstu áætlunarflugferðinni til Evrópu árið 1945 eða þegar Loftleiðir eignuðust fyrstu eiginlegu millilandavélina, Heklu, og flugu jómfrúrflug til Kaupmannahafnar á þjóðhátíðardag Íslendinga 17. júní 1947.

Annáll íslenskra flugmála er orðinn býsna langur, en í gegnum þann annál ganga eins og rauður þráður fyrst og fremst tvær merkilegar staðreyndir. Í fyrsta lagi: Flug til og frá Íslandi hefur í þau tæpu 40 ár, sem flug hefur verið starfrækt hérlendis, verið svo til algerlega í höndum Íslendinga sjálfra þrátt fyrir gagnkvæmissamninga um annað. Og í öðru lagi: Flugrekstur hefur frá upphafi verið í höndum einstaklingsframtaks og einkarekstrar, og standa vonir til að svo megi verða áfram þrátt fyrir tilöguflutning eins og þann sem hér er til umr.

Íslenskur flugrekstur hefur ekki farið varhluta af samkeppni, bæði við erlend flugfélög í krafti gagnkvæmissamninga og innbyrðis. Gagnkvæmir samningar fela í sér að viðkomandi ríkisstj., samgrn. eða loftferðayfirvöld tilnefna eitthvert tiltekið flugfélag til að fljúga milli viðkomandi landa og er þá um heimingarétt að ræða, þ. e. félögin skipta með sér til jafns ferðafjölda, ferðatíðni eða framboðnu sætamagni. Allnokkur erlend flugfélög hafa fært sér í nyt hina gagnkvæmu loftferðasamninga sem Ísland er aðili að. Þar má t. d. nefna bandaríska flugfélagið American Overseas Airlines, sem flaug um Ísland til m. a. Norðurlandanna á árunum rétt eftir síðustu heimsstyrjöld. Pan American Airlines keypti síðan áðurnefnt flugfélag og hélt það uppi reglulegu flugi um Ísland í 24 ár eða frá 1950-1974, að verulegu leyti í beinni samkeppni við íslenska flugfélagið Loftleiðir, en hætti síðan flugi hingað fyrir rúmum 4 árum, þar sem flugleiðin var ekki talin arðbær.

Í áratug elduðu Loftleiðir og SAS grátt silfur. Sá slagur stóð ekki um flugréttindi norrænu frændþjóðanna, heldur hitt, hvort Loftleiðir mættu bjóða norrænum ferðalöngum lægra verð til Bandaríkjanna en IATA-reglur hljóðuðu upp á. Í framhaldi af því, sem að framan er sagt, hefur SAS að sjálfsögðu hnífjafnan rétt og íslensku flugfélögin, en einungis eftir geðþótta og hentisemi. Félagið hefur um nokkur ár haft opna skrifstofu í Reykjavík, en um reglubundið flug hefur fyrst og fremst verið að ræða á sumrum og þá einnig flogið til Grænlands. Það er ekkert vafamál, að þegar SAS opnaði skrifstofu hér ætlaði félagið sér til verulegs hreyfings, ætlaði hreint og beint út í harða og illvíga samkeppni við íslensku félögin, en dró síðan klærnar inn áður en til slíks kæmi þar sem markaðsathuganir leiddu í ljós að markaðurinn þyldi ekki tvö til þrjú flugfélög í harðri samkeppni um tiltölulega fáa farþega, þar sem íslensku flugfélögin hefðu algera yfirburði gagnvart Íslendingum sjálfum og ferðamannaflutningar frá Norðurlöndum væru hverfandi.

Breska flugfélagið British European Airways, síðar British Airways, BEA, færði sér í nyt gagnkvæmissamninginn á árunum 1971-1973. Þótt forráðamenn þess félags vissu að Íslendingar mundu eftir sem áður halda hollustu sinni við íslensku félögin, létu forsvarsmenn þess í veðri vaka að sölukerfi breska ljónsins um víða veröld mundi sjá til þess að þeir fylltu vélar sínar ferðalöngum, sem Íslendingar mundu ella aldrei ná til. Hver urðu síðan afdrif þessa flugrekstrar? Árið 1973 lokaði British Airways skrifstofu sinni, hætti flugi, því að það var ekki arðbært, m. ö. o.: þetta var misheppnuð tilraun. Í krafti gildandi samninga geta þessi félög, SAS, British Airways, Pan Am, Lufthansa, KLM o.fl., hafið áætlunarflug, hvenær sem þeim svo býður við að hverfa, til og frá Íslandi, og munu eflaust gera það telji þau markaðinn hagstæðan, svo að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson getur alveg sofið rólegur fyrir því, að að því kann að draga að Íslendingar fái að kenna fyrir kólfunum í SAS og British Airways, sem stjórnað er af kjörnum fulltrúum fólksins eftir því sem flm. telur.

Í fyrstu spurningunni er fullyrt að Flugleiðir hafi sóst eftir einokunaraðstöðu í farþegaflugi milli Íslands og annarra landa. Fullyrðing þessi fær ekki staðist. Ekkert bendir til þess að félagið hafi sóst eftir gerð einhliða loftferðasamninga, sem vissulega mætti líkja við einokun, og væri fróðlegt ef núv. hæstv. samgrh. eða hæstv. utanrrh. vildu upplýsa þingheim og þjóðina um hvort Flugleiðir hefðu farið fram á slíkt og þannig vanvirt allar hefðir hins alþjóðlega flugréttar.

Það eru því ærnar markaðslegar ástæður fyrir því, að íslensku flugfélögin sitja svo til ein að flugsamgöngum til og frá Íslandi, og fremur en núa þeim um nasir einokun má líta á það, hvernig þeim hafi tekist og hvaða horfur munu vera á því að þeim muni takast að fullnægja þörf landsmanna fyrir eðlilegar samgöngur milli landa á hæfilegu verði,

Ekki verður fram hjá því litið, að íslensku flugfélögin, Flugfélag Íslands og Loftleiðir, kepptu um tveggja áratuga skeið á flugleiðum milli Íslands og annars vegar Norðurlanda og hins vegar Stóra-Bretlands. Félögin voru sameinuð árið 1973, en allt frá sameiningu félaganna hefur verið haldið uppi látlausum áróðri gegn Flugleiðum. Um einokunargrýluna fórust aðalforstjóra Flugleiða svo orð að gefnu tilefni, — herra forseti, ég fer

fram á að mega tilfæra þessi orð, því að í þeim er gerð grein fyrir þætti samgönguyfirvalda í málinu, þar segir orðrétt:

„Allt frá stofnun Flugleiða hefur margvíslegum áróðri verið uppi haldið gegn Flugleiðum. Kennir þar margra grasa, en að ýmsum dylgjum slepptum, sem ekki geta talist svaraverðar, má greina eftirfarandi tvö meginatriði áróðursins:

1) að fargjöld á áætlanaleiðum innanlands og milli landa séu óeðlilega há og hið sama gildi um verð Kanaríeyjaferða;

2) að með sameiningu flugfélaganna hafi þau náð einokunaraðstöðu, sem hættuleg sé og leiða muni til hærri fargjalda til tjóns fyrir allan almenning, því beri að heimila samkeppni á áætlunarleiðum af hálfu innlendra aðila.

Hér er komið að þeim þætti áróðursins gegn Flugleiðum", segir forstjóri Flugleiða, „sem telja verður þann skaðlegasta og jafnframt þann hættulegasta, sé stefnt að því, sem hlýtur að vera þjóðinni kappsmál, að samgöngurnar við landið séu sem mest í höndum landsmanna sjálfra. Það getur hins vegar aldrei orðið ef leyft verður að vega að þeim aðila, sem tilnefndur hefur verið til að halda uppi áætlunarflugi til og frá landinu, með óeðlilegri og skaðlegri samkeppni. Aðeins með sterku íslensku flugfélagi getum við eygt einhverja von um að geta sjálfir að mestu annast flugsamgöngur okkar. Samkeppnin mun örugglega koma utan frá og það mun þurfa styrk til að mæta henni.

Þá er og þess að minnast í sambandi við sameiningu flugfélaganna, að til hennar var stofnað af yfirvöldum landsins, fyrrv. samgrh. og fjmrh., með vitund og samþykki þáv. ríkisstj. Allur flugrekstur er háður leyfum yfirvalda og gagnkvæmum millirikjasamningum. Hann er ekki frjáls eins og siglingar á sjó. Viðkomandi yfirvöldum ber því að annast stefnumótun í þessum málum eða a. m. k. að taka ábyrgan þátt í henni. Það var það sem fyrrv. ríkisstj. (þ. e. a. s. vinstri stjórnin 1971-1974, svo að ég skjóti þar inn í) gerði og sýndi þá að mínu mati stjórnvisku og framsýni, sem ætla má að verði þjóðinni til góðs um langa framtíð, verði málum fylgt eftir svo sem til var stofnað. En ýmsir eru ókunnugir sögu þessa máls og aðrir, sem kunnugri eru, kunna að hafa gleymt ýmsum þáttum hennar. Ástæða er því til að rifja hana upp mönnum til fróðleiks og skilnings.

Þá eins og nú héldu íslensku flugfélögin, Flugfélag Íslands og Loftleiðir, uppi áætlunarferðum milli Íslands og nágrannalandanna, þá í samkeppni hvort við annað, nú í samstarfi. Það skeði þá dag nokkurn í vetrarbyrjun, nánar tiltekið þann 3. nóv. 1972, að báðum flugfélögunum barst samhljóða bréf frá páv. samgrh., svo hljóðandi:

„Flugmálastjóri hefur skýrt rn. frá fyrirætlun Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf. um flug flugfélaganna á flugleiðinni milli Íslands og Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar á þessum vetri. Hefur flugmálastjóri varað við hinni hörðu samkeppni félaganna, sem stofni rekstraröryggi þeirra í hættu. Flugráð hefur fjallað um málið og fylgir bráðabirgðaálit flugráðs hjálagt, dags. 26. f. m. Rn. er sammála flugráði um, að nauðsynlegt sé af þjóðhagslegum orsökum að draga úr innbyrðis samkeppni íslensku flugfélaganna. Vill rn. beina því til beggja flugfélaganna, að þau taki nú þegar upp viðræður um ráðstafanir til að draga úr samkeppni sinni á Norðurlandaleiðunum.

Hafi ekkert komið fram um næstu mánaðamót um sameiginlegar aðgerðir félaganna til að draga verulega úr samkeppni á téðum flugleiðum mun rn. óska tillagna flugráðs um skiptingu umræddra flugleiða milli félaganna samkvæmt því sem segir í niðurlagi bréfs flugráðs."

Eftir nokkra yfirvegun málsins ákváðu flugfélögin að taka upp viðræður sín á milli til að draga úr samkeppni sinni á Norðurlandaleiðunum, eins og það var orðað, og fóru þess á leit við samgrh., að ríkisstj.tilnefndi hlutlausan aðila til að veita hugsanlega aðstoð við viðræður félaganna. Þann 24. s. m. barst svo flugfélögunum samhljóða svarbréf frá páv. fjmrh., ritað í samráði við og með samþykki samgrn., svo hljóðandi:

„Rn. hefur að undanförnu að gefnu tilefni tekið til íhugunar rekstrarafkomu íslensku flugfélaganna, m. a. vegna samkeppnisflugs þeirra á flugleiðum til og frá Íslandi til annarra Evrópulanda. Er það viðhorf rn. byggt á fyrirliggjandi upplýsingum, að núverandi skipan þessara mála sé áhyggjuefni, stefni rekstri beggja aðila í hættu og sé þjóðhagslega óhagkvæm. Rn vill með þessu bréfi staðfesta þetta viðhorf sitt, sem það hefur áður látið í ljós munnlega við báða aðila, og leggur mikla áherslu á að flugfélögin gangi til samninga um samvinnu um flutninga, eða „cool" samninga, á þeim flugleiðum, sem félögin bæði þjóna, svo og samninga um viðhaldsþjónustu og skrifstofuhald á þeim stöðum erlendis þar sem bæði félögin hafa starfsemi. Jafnframt er lögð áhersla á að samhliða geri félögin áætlun þar sem stefnt verði að nánari samvinnu og samruna félaganna innan tiltekins árafjölda, ef það telst hagkvæmt við athugun málsins. Í samræmi við fram komnar óskir flugfélaganna beggja eru rn. fjármála og samgangna sameiginlega reiðubúin til að tilnefna fulltrúa til þess að leiða umræður vegna áðurnefndrar samvinnu og hefur samgrh. falið Brynjólfi Ingólfssyni ráðuneytisstjóra það starf af sinni hálfu. Jafnframt eru starfandi fulltrúar þessa rn., samgrn., og Seðlabankans um þessi mál Hörður Sigurgestsson sérfræðingur, Ólafur S. Valdimarsson skrifstofustjóri og Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri. Munu þeir verða Brynjólfi Ingólfssyni til aðstoðar vegna þessa máls og er þess óskað að þeir sitji sameiginlega fundi með félögunum eftir því sem ástæða þykir til."

Flestir þekkja svo framhald málsins, en það fólst í víðtækum og viðamiklum samningaviðræðum flugfélaganna með aðstoð tilnefndra fulltrúa ríkisstj., sem stóðu það sem eftir var vetrar 1972-1973 og lyktaði með samkomulagi þeirra í apríl 1973 um sameiningu. Var samkomulagsgrundvöllurinn síðan samþykktur á aðalfundi beggja félaganna þann 28. júní 1973 og Flugleiðir tóku til starfa þann 1. ágúst sama ár. Áður en málið kom fyrir aðalfund félaganna þótti rétt að fá þann skilning flugfélaganna staðfestan af samgrn., að eftir sameiningu þeirra yrði þeim veitt einkaleyfi á áætlunarflugi til útlanda. Í svarbréfi samgrh., dags. 25. júní 1973, segir svo um þetta atriði:

„Rn. minnir á að Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf. hafa annað hvort eða bæði allt frá því fyrsta verið tilnefnd af Íslands hálfu til að njóta þeirra réttinda, sem Ísland hefur haft samkv. loftferðasamningum við önnur ríki, hafi félögin viljað starfrækja flug á viðkomandi flugleiðum. Telur rn. ekki neina ástæðu til að gera ráð fyrir að breyting verði á þessari stefnu þótt yfirstjórn félaganna verði sameinuð, nema síður sé. Rn. minnir á

að opinber stjórnvöld hafa átt frumkvæði að sameiningartilraunum flugfélaganna, og hlýtur rökrétt afleiðing þeirrar stefnu að vera sú, að sameinað flugfélag eða núverandi flugfélög, sem verða undir þess yfirstjórn, verði tilnefnd til að njóta allra þeirra réttinda til reglubundins áætlunarflugs á erlendum flugleiðum sem Ísland hefur samkv. loftferðasamningnum og það eða þau vilja nýta."

Ég hef gerst svo bíræfinn, herra forseti, að lesa þennan langa kafla úr ræðu forstjórans vegna þess að í honum kemur glögglega fram hvernig sameining flugfélaganna átti sér stað. Þar kemur einnig skýrt fram, að hvergi í Evrópu gildir það kerfi að tvö flugfélög frá sama landi stundi áætlunarflug til sömu borga. Enn fremur varpa þessi tilfærðu orð ljósi á stefnu fyrrv. hæstv. samgrh. í sameiningarmálinu, en þessi hæstv. samgrh. var Hannibal Valdimarsson, formaður þess flokks sem hv. flm. var þá stundina félagi í.

Í annarri spurningunni spyr hv. flm. um sameiningu Arnarflugs og Flugleiða. Með leyfi forseta vil ég lesa úr málgagni þm., sem átti viðtal við framkvæmdastjóra Arnarflugs hinn 21. sept. s. l. Þar segir orðrétt:

„Rekstur Arnarflugs hefur yfirleitt gengið vel og geysileg aukning verið í honum. Veltan hefur nær tífaldast á tveimur árum og fyrstu sex mánuði þessa árs fluttum við hvorki meira né minna en 120 þús. farþega. Við höfum því horft fram á það með nokkru stolti, að félagið hefur verið vaxtarbroddurinn í íslenskum flugmálum að undanförnu. Mikil áhætta fylgir hins vegar svo smárri rekstrareiningu sem okkar, og á þessu ári urðum við fyrir óhöppum sem bökuðu okkur fjárhagstjón. Okkur var þá betur ljóst en áður hversu lítið mátti út af bera til að illa færi. Þess vegna var farið út í samninga við Flugleiðir um sameiningu þessara tveggja flugfélaga."

Þessi orð mælti Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Arnarflugs í samtali við Þjóðviljann um rekstur félagsins og ástæður fyrir sameiningunni.

Síðar í sama viðtali spyr blaðamaður: „Úr því að reksturinn hefur gengið þetta vel, hvers vegna sameinist þið þá Flugleiðum?" Og framkvæmdastjórinn svarar: „Flugrekstur inn nú til dags er gífurlega dýr og rekstrareining okkar er svo lítil á alþjóðamælikvarða, að hún er ekki hagkvæm. Eins og áður sagði urðu okkur fyrst fyrir alvöru ljósir þessir annmarkar á þessu ári, þegar við urðum fyrir óhöppum með vélar okkar. Nefhjólið á annarri vélinni brotnaði við lendingu í London, sem tók hana úr umferð í tvo mánuði, og næstu 8 vikur eftir að hún komst í gagnið urðu tvívegis bilandir í hreyflum. Þetta getur alltaf komið fyrir, en við máttum illa við þessum skakkaföllum og undirstrikuðu þau hinn mikla áhættuþátt í rekstri okkar."

Síðan segir í beinu framhaldi: „Frá upphafi höfum við haft ýmiss konar samráð við Flugleiðir, t. d. um afgreiðslu í Keflavík, viðhald o.fl. Eftir þessi óhöpp hjá okkur þróuðust frekari umræður milli félaganna, sem leiddu síðan til þessa samruna. Þetta er sama þróun og er að gerast víða erlendis. Það er mikil og hörð samkeppni á þessum markaði og forsendan fyrir góðum árangri er skipulag og samtök. Flugfélög erlendis eru oft í samstarfi við leiguflugfélög til að nýta tækifæri sem þar koma upp, og ég reikna með að Flugleiðir hafi m. a. þess vegna séð sé hag í að kaupa meiri hluta hlutabréfa í Arnarflugi."

Síðar í sama viðtali spyr blaðamaðurinn: „Nú eruð þið eini aðilinn hér á landi sem veitt hefur Flugleiðum einhverja samkeppni. Verður samruninn ekki til að hækka verð á fargjöldum?" Og Magnús Gunnarsson svarar: „Aðalforsendan fyrir sameiningunni er sú, að verið sé að styrkja íslenskan aðila á alþjóðlegum markaði. Til að gera rekstur Arnarflugs öruggari hefði félagið þurft að auka starfsemina á sviði leiguflugs út fyrir alla skynsemi úr því að ekki var grundvöllur fyrir áætlunarflug. Forsenda fyrir lágum fargjöldum byggist á hagkvæmni í rekstri og hagkvæmari vélum. Þar er um að ræða skipulag, t. d. til þess að geta nýtt réttar vélar á réttum tímum. Ég held því að þessi samruni geti orðið almennum neytanda frekar til hagsbóta en hitt."

Þetta er úr viðtali við Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóra Arnarflugs, en það var birt í Þjóðviljanum 21. sept. Er óþarfi að fara frekari orðum um þetta mál.

Í þriðju spurningunni heldur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson því fram, að Atlandshafsflugið sé baggi á Flugleiðum og að ferðalangar til Evrópu borgi Ameríkuflugið niður. Þessari spurningu hefur reyndar verið svarað opinberlega, en vegna þess að hv. flm. hefur þrástagast á þessu vil ég benda á eftirfarandi atriði:

Aðstæður til flugrekstrar á hinum ýmsu flugleiðum Flugleiða eru mjög misjafnar og kostnaður eftir því. Þar er rekstur Atlantshafsflugs tiltölulega hagkvæmastur, en ástæður fyrir því eru margvíslegar og langt mál að gera þeim sæmileg skil. Þó skal drepið á þær helstu:

1. Í Atlantshafsflugi eru flognar lengri vegalengdir, sem gefur betri nýtingu á eldsneyti og hlutfallslega færri lendingar og þar með lendingar- og afgreiðslugjöld að sjálfsögðu miðað við flogna vegalengd.

2. Hagkvæm flugvélategund DC-8-63 er enn þá ein hagkvæmust flugvélategund sem völ er á til langflugs.

3. Betri nýting flugvéla. Meðalnýting árið 1977 á DC-8 vélum Flugleiða var 11.4 tímar á sólarhring, sem er með því besta sem gerist á þessum vélum. Meðalnýting á Boeing 727 s. l. ár var hins vegar 7.1 tímar á sólarhring.

4. Benda má á það, að í Bandaríkjunum er lægra verð á ýmsum mikilvægum rekstrarliðum, svo sem eldsneyti, lendingarkostnaði, flugleiðsögugjaldi o. s. frv.

Niðurstaðan er tiltölulega lítill rekstrarkostnaður á DC-8 eða aðeins 61% af kostnaði við Boeing 727 fyrir hvern floginn sætiskm. Verðið á Evrópuleiðunum er bundið við samþykkt IATA, á meðan verðið á Ameríkufluginu er mun sveigjanlegra. Þó má minnast á það, að meðalfargjöld til Evrópu eru þó nokkuð lægri. Það, sem skiptir máli fyrir okkur, er að með Ameríkufluginu er lagður grundvöllur að Evrópufluginu. Þetta þýðir, að ef Ameríkuflugið legðist niður mundi ferðum til Evrópu fækka og verð hvers miða hækka, jafnframt því sem tölvuþjónusta mundi verða óhagkvæm, en hún hefur á undanförnum árum stórbætt þjónustu Flugleiða og íslenskra ferðaskrifstofa við ferðamenn.

Ef þetta er ekki nægilega skýrt fyrir hv. þm. með þessum orðum skal ég taka annað raunverulegt dæmi, sem ég þekki af eigin raun, og lýsa sams konar úrlausn.

Þegar Almenna bókafélagið gaf á sínum tíma út Surtseyjarbókina kom til greina að framleiða hana aðeins fyrir innlendan markað og var þá miðað við 5000 eintök, sem er stórt upplag miðað við íslenskar bækur. Gerð var markaðskönnun erlendis og kom þá í ljós, að bókin var söluhæf ef verðið væri talsvert lægra en áætlað var að það yrði hér á landi. Með því að framleiða 20 þús. eintök og selja 15 þús. eintök á erlendum markaði fyrir markaðs-

verð þar reyndist þó mögulegt að lækka verðið hér einnig talsvert. Auðvitað mun hv. þm. halda því fram, að innlendir kaupendur hefðu þarna greitt niður verðið fyrir þá erlendu. En að mínu áliti ber að taka með í reikninginn, að hefði bókin eingöngu verið á hérlendum markaði hefði hún verið dýrari fyrir Íslendinga og þess vegna högnuðust þeir. Á sama hátt nýtast íslensku flugvélarnar betur og í boði er ódýrari og betri þjónusta vegna Atlantshafsflugsins.

Í 4. spurningu segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Á hvaða hátt mun núgildandi fargjaldastefna veikja margþætt menningar-, stjórnsýslu- og viðskiptatengsl við nágrannalöndin í Evrópu og binda þjóðina þess í stað enn sterkari böndum við mikilvægasta markaðssvæði Flugleiða hf., Bandaríkin?“

Þessi spurning lýsir því kannske betur en aðrar, hvert hv. flm. er að fara. Það fer sem sagt í taugarnar á honum, að tiltölulega ódýrt sé að ferðast til Bandaríkjanna. En þó eru Íslendingar og fólk af íslensku bergi brotið búsett þar í miklum mæli. Eins og margoft hefur komið fram geta norræn flugfélög, bæði leigufélög og áætlunarfélög, flogið hingað þegar þeim þóknast. Spyrja má: Ef íslenska ríkið hefur skyldur til að niðurgreiða flugferðir þangað, ættu aðrar Norðurlandaþjóðir þá ekki að hafa sömu skyldur gagnvart okkur? Sú stefna, sem hv. flm. er að boða, er að verð á farmiðum eigi að mótast af skyldleika og þörf til að reka persónuleg erindi. Ef þetta er hugsað út í hörgul ætti ég að fá sérstök fargjöld norður í Húnavatnssýslu, því að þaðan er ég ættaður og þar á ég skyldfólk. (Gripið fram í.) Kannske ættu sumir að fá ferð austur fyrir jarntjald — a. m. k. aðra leiðina — fyrir litla upphæð, vegna andlegs skyldleika.

Í 5. og 6. spurningu er fjallað um innanlandsflugið af sömu hlutlægninni og hógværðinni og fyrr. Í því sambandi er ástæða til að benda á nokkur atriði um þróun innanlandsflugs Flugleiða.

Allt áætlunarflug Flugleiða innanlands er í dag flogið af flugvélum af gerðinni Fokker Friendship og eru nú 5 vélar af þeirri gerð starfræktar af félaginu. Þessar vélar hafa reynst mjög vel við þær aðstæður, sem eru hér á landi, og þó nokkuð sé liðið síðan þessar vélar voru fyrst teknar í notkun eru þær enn þá í framleiðslu. Þegar endurnýjun flugvélaflotans hófst var augljóst að breyta þurfti verulega þeim áætlunum, sem flogið hafði verið eftir til þess tíma, og fækka viðkomustöðum. Sú stefna var mörkuð, að reglubundnu áætlunarflugi skyldi haldið uppi til færri flugvalla, en hins vegar, til að tryggja að smærri staðir slitnuðu ekki úr tengslum við áætlunarflugið, skyldi komið á föstum áætlunarferðum með bifreiðum frá aðalflugvelli til nálægra byggðarlaga. Það var álit þeirra, sem um þetta fjölluðu, að slíkar ferðir með bifreiðum mundu jafnframt tryggja samgöngur innan landsfjórðunganna. Þessu samgöngukerfi var komið á með stuðningi umferðardeildar Pósts og síma og hefur frá upphafi verið fjárhagslega styrkt, fyrst af Flugfélagi Íslands og síðar af Flugleiðum. Sem dæmi um þetta má nefna, að frá Egilsstaðaflugvelli var komið reglubundnum ferðum til Seyðisfjarðar, Norðfjarðar, Eskifjarðar, Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar, Breiðdalsvíkur og Borgarfjarðar. Allar þessar ferðir voru settar upp í beinum tengslum við áætlunarflugið frá Reykjavík, en auk þess gerðu þær mönnum kleift að komast á milli fjarða með því að nota Egilsstaði sem miðstöð og skipta þar um bíl.

Eins og áður er tekið fram hafa verulegar fjárhæðir runnið til þessara samgangna á undanförnum árum. Má í þessu sambandi nefna að á árinu 1979 er í rekstraráætlun Flugleiða gert ráð fyrir að greiðslur til þeirra bifreiða, er halda uppi samgöngum til og frá ýmsum flugvöllum, nemi um 26.7 millj. kr. Ljóst var frá upphafi að meginókostir þessa fyrirkomulags var ófærð á vegum á vetrum, sem oft og tíðum varð þess valdandi að þessar samgöngur fóru úr skorðum og lögðust jafnvel niður um lengri eða skemmri tíma. Hefur því verið nokkuð brugðið út frá þessari meginreglu og hafið beint flug til nokkurra staða, sem fyrirhugað var að tengja með bílsamgöngum, þótt fyrirsjáanlegt væri að tap yrði á slíku áætlunarflugi. Má í því sambandi nefna Norðfjörð og Þingeyri.

Samhliða því, sem að framan er sagt, hófst rekstur lítilla flugvéla til áætlunar- og leiguflugs innan fjórðunganna. Fljótlega kom að því, að sumir þeirra aðila, er hófu þennan rekstur, óskuðu eftir hlutdeild Flugleiða í þessari starfsemi, sem leiddi til stofnunar Flugfélags Norðurlands hf. 1. maí 1975, þar sem Flugleiðir eiga 35% hlutafjár, og Flugfélags Austurlands hf. 1. júlí 1977, þar sem Flugleiðir eiga 45% hlutafjárins, eða minni hlutann í báðum félögunum. Flugfélag Norðurlands hf. flýgur reglubundið áætlunarflug til staða á Norður- og Norðausturlandi í beinum tengslum við áætlunarflug Flugleiða til Akureyrar. Einnig tengir það félag Norðlendingafjórðung við Vestfirði og Austurland með reglubundnu flugi frá Akureyri til Ísafjarðar og Egilsstaða. Flugvélakostur þessa félags hefur algerlega verið endurnýjaður á síðustu tveimur árum og starfrækir það nú nýtísku vélar, sem henta mjög vel til þeirrar starfsemi sem það félag hefur með höndum. Flugfélag Austurlands hf. hefur reglubundið áætlunarflug í tengslum við áætlunarflug Flugleiða milli Reykjavíkur og Egilsstaða og til ýmissa staða á Austurlandi og hefur auk þess sjálfstætt áætlunarflug milli Egilsstaða og Hornafjarðar. Flugvélakostur þess félags hefur einnig verið endurnýjaður. Bæði þessi félög annast, auk þess sem að framan greinir, alls konar leiguflug og sjúkraflug.

Ég hef hér rakið þessi atriði um innanlandsflugið vegna þess að hv. flm. talar sérstaklega um þröng viðskiptasjónarmið, þar sem ekkert tillit sé tekið til almennra þjóðhags- og byggðasjónarmiða. Ég leyfi mér í þessu sambandi að minna hv. þm. á skýrslu flugmálastjórnans, sem nýlega var dreift meðal þm., en þar kemur fram að aðeins eru þrír sæmilegir flugvellir til í landinu. Enn fremur væri æskilegt, að þm. Norðurl. e. og Austurl. kæmu hér í ræðustól og segðu álit sitt á þröngum viðskiptasjónarmiðum Flugleiða í samskiptum við Flugfélag Norðurlands og Flugfélag Austurlands, en þau hafa hingað til verið talin til samgöngubóta í viðkomandi landshlutum.

Í 7. og 8. spurningu fjallar hv. flm. um dótturfyrirtækin og hlutdeildarfyrirtækin. Fyrirtækjum þeim, sem tengd eru Flugleiðum hf., má skipta í tvo flokka: dótturfyrirtæki og hlutdeildarfyrirtæki. Skiptingin er í samræmi við bókhaldshefð, sem nú á sér stoð í nýjum hlutafélagalögum, að dótturfyrirtæki skuli teljast þau fyrirtæki þar sem eignarhlutdeild er 50% eða meira.

Dótturfyrirtæki Flugleiða eru þessi, og er um leið getið um veltu þeirra árið 1977: International Air Bahama og Hekla Holdings Ltd. 3000 millj. kr. Hótel Esja 510 millj. kr. Úrval hf. 248 millj. kr. Arnarflug hf. 848 millj. kr. Velta þessara fyrirtækja var 28.3% af veltu Flugleiða hf.

árið 1977. Þar til viðbótar er fyrirtækið Mikromiðill, sem stofnað var á þessu ári með Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar og er sameignarfélag þessara aðila að jöfnu. Velta þess á þessu ári er áætluð 35 millj. kr.

Hlutdeildarfyrirtækin eru: Cargolux, Hótel Aerogolf Sheraton, Flugfélag Norðurlands hf., Flugfélag Austurlands hf., Hótel Húsavík hf. og Kynnisferðir ferðaskrifstofanna sf. Öll fást þessi fyrirtæki við flutningsstarfsemi eða starfsemi tengda ferðamannaiðnaði utan það yngsta, sem er Mikromiðill.

Varðandi verksvið flugfélaga almennt er rétt í þessu sambandi að rifja upp skilgreininguna á ferðamannaiðnaði, en klassísk skilgreining hans er þessi: Ferðamannaþjónusta er starfsemi sem felst í því að flytja fólk til staða annarra en þeirra, sem það býr eða starfar á, og veita því þá þjónustu sem það óskar eftir meðan það dvelur þar.

Í samræmi við þann skilning og þá þróun, sem felst í þessari skilgreiningu, hafa flest flugfélög austan hafs og vestan haslað sér völl á víðtækara sviði en í flutningum einum saman og bjóða viðskiptavinum sínum samhæfða ferðamannaþjónustu. Oft hafa þau haft frumkvæði um nýjungar í þessum efnum sem opnað hafa nýjar dyr fyrir ferðamenn, og oft hefur enginn annar verið til að byggja upp það sem til þessarar starfsemi þarf. Má í þessu sambandi minna á hótelrekstur og ýmsan annan skyldan rekstur félaga eins og SAS, Finnair, Lufthansa, British Airways, United Airways og Transworld Airways. Hefur það farið eftir ýmsum atvikum hvort þessir aðilar hafa annast þessa þjónustu innan upphafslegs fyrirtækis, með dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum. Sömu sögu er að segja af þessari starfsemi hér á landi.

Það er óþarfi að fjölyrða um 9. spurninguna, enda hafa því efni verið gerð rækileg skil í fjölmiðlum.

Enn fremur er ljóst, að 10. spurningin hlýtur að vera byggð á misskilningi því að um samkeppni er að ræða á milli félaganna um vöruflutninganna. Hlutur Flugleiða er hins vegar svo smár og sértækur, að ekki verður samkeppni um stærsta hlutann.

11. spurningin er dæmigerð fyrir vinnubrögð hv. flm. Nú eru það flutningafyrirtækin sem valda dýrtíðinni hér á landi. Í þessu sambandi er rétt að drepa á þátt verðlagseftirlits í öllu dæminu. Það er ekki vafi á því, að vitlaust og úrelt verðlagseftirlit hefur gert það að verkum, að verð hefur brenglast í flutningsstarfsemi, bæði póst- og vöruflutningum. Hér eins og annars staðar í verðmyndunarkerfi okkar er það vísitalan sem er nafli efnahagslífsins. Allt snýst um hana og útkoman verður sú, að sú þjónusta, sem ekki er bundin verðlagsákvæðum, er látin borga hina niður. Mín skoðun er, að úrelt verðlagslöggjöf hafi miklu fremur rýrt kjörin í landinu en haldið þeim uppi, auk þess sem hún hefur skekkt alla verðmyndun og dregið úr verðskyni almennings.

Ég mun nú fara hratt yfir næstu spurningar sem fjalla um Eimskipafélag Íslands, en ræða þó efnislega örfá atriði.

Í fyrsta lagi má benda á að það er ekkert óeðlilegt við það, að samkeppnisaðilar Eimskipafélags Íslands hafi getað boðið lægri farmgjöld á sumum sviðum. Það væri mjög óeðlilegt ef svo væri ekki. Sum skip henta vel í ákveðna flutninga, og það hefur komið fyrir að flutningaverkefni eru þannig, að önnur skipafélög en Eimskip hafi hagkvæmari skip til slíkra flutninga. Einnig getur komið upp tímabundið verkefnaleysi hjá ákveðnum skipafélögum og þá er undirboðið til að fá flutninginn svo að skip liggi ekki verkefnalaust, en slíkt er að sjálfsögðu mjög kostnaðarsamt. Fjöldi skipa segir ekki neitt um starf eða stöðu skipafélags. Eimskipafélagið hefði getað keypt helmingi færri skip á síðustu fjórum árum, en samt lagt margfalt meira fjármagn í þá fjárfestingu. Eimskip hefur ekki keypt nýtt skip s. l. sjö ár, eða frá því að Mánafoss var afhentur árið 1971. Félagið hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að láta smíða nýtt skip, en hefur keypt tiltölulega nýlegt skip í staðinn. Þessi skipakaup, sem átt hafa sér stað undanfarin fjögur ár, eru því væntanlega ekki meiri fjárfesting en var hjá félaginu 1970-1972, þegar keypt voru 5 skip: Dettifoss, Goðafoss, Mánafoss, Írafoss og Múlafoss — þar af lét Eimskipafélag Íslands sjálft smíða systurskipin Dettifoss, Goðafoss og Mánafoss.

Meðalaldur skipa Eimskipafélagsins hefur farið hækkandi ef litið er á árin 1960, 1970 og 1978. Árið 1960 var meðalaldur skipanna 8.67 ár, árið 1970 er meðalaldurinn kominn upp í 9.75 ár og árið 1978 í 11.01 ár. Hér er rætt um vegið meðaltal, þ. e. a. s. meðalaldur á brúttótonn. Það er frekar alvarleg þróun þegar meðalaldur skipa hækkar mikið, ekki síst þegar um miklar tækniframfarir er að ræða eins og undanfarin ár. Vegna mikillar verðbólgu hefur orðið sífellt erfiðara og erfiðara að láta smíða ný og fullkomin skip, t. d. frystiskip í stað Selfoss og Brúarfoss, sem nú eru um 20 ára gamlir.

Þegar rætt er um samband fjárfestinga og flutningsgjalda er óhætt að slá því föstu, að í óðaverðbólguþjóðfélagi sem á Íslandi er lítil von til þess að flutningsgjöld lækki. Hagkvæm fjárfesting getur því í besta falli dregið úr verðhækkunum. Engum dettur t. d. í hug, að þótt Strætisvagnar Reykjavíkur kaupi nýja strætisvagna lækki fargjöld. Öll flutningatæki þarf að endurnýja, og ef fyrirtæki eru til neydd að nota gömul og e. t. v. úrelt flutningatæki kemur það niður á þjónustunni auk þess sem fyrirtækið verður ekki samkeppnisfært.

Eignamyndun Eimskipafélagsins hefur mest verið í sambandi við vörugeymslur félagsins. Samkv. upplýsingum fyrirtækisins er það gert af brýnni þörf vegna þess, hve algengt er að innflytjendur leysi vörur seint út, þ. e. þeir noti geymslur Eimskipafélagsins sem pakkhús. Eimskipafélag Íslands hefur ekki fengið að hækka pakkhúsleigu og upp- og útskipunargjöld sem skyldi og er því vöruafgreiðslan rekin með stórfelldu tapi, sem verður væntanlega hátt á annað hundrað millj. kr. á árinu 1978, þótt ekki sé tekið tillit til afskrifta. Slíkt bitnar á vöruverði eins og annar kostnaður.

Ég hef nú rætt nokkuð um Eimskipafélagið, en um það gilda talsvert önnur sjónarmið en um Flugleiðir, því að flutningar á sjó til og frá Íslandi eru í frjálsri samkeppni innlendra aðila. Að mínu mati er nauðsynlegt að leitast við að tryggja að frjáls samkeppni geti skilað sem mestum árangri fyrir Íslendinga í framtíðinni. Í því sambandi tel ég rétt að benda á að Samband ísl. samvinnufélaga rekur eigin skip sem flytja eigin vörur, og mætti því ætla að samkeppni þess við einkareksturinn tryggði lágt vöruverð. Ég tel hins vegar þess virði, að kannað sé með eftirgrennslan viðkomandi rn. hvernig opinberar stofnanir stýra viðskiptum sínum til skipafélaganna, því að margar þeirra eru með stærstu innflytjendum landsins. Mér er að vísu ljóst að Innkaupastofnun ríkisins verslar við flutningafyrirtæki á útboðsgrundvelli. En full ástæða er til að kanna hvort þau ríkisfyrirtæki, sem ekki fara

með innflutning sinn í gegnum ríkiskaup, reyna að ná hagstæðustu samningum sem bjóðast. Má þar nefna Póst og síma og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Að sjálfsögðu þarf enga rannsóknarnefnd til að gera slíka úttekt, því að hana geta viðkomandi ráðh. gert án slíkrar nefndarskipunar að sjálfsögðu. Vonast ég til að slík úttekt verði gerð þegar þetta mál verður skoðað í allshn. Sþ.

Það, sem mér finnst kannske hvað athyglisverðast þegar rennt er í gegnum spurningarnar í þskj., eru hin neikvæðu viðhorf flm. gagnvart viðkomandi fyrirtækjum. Ekkert er minnst á það t. d., hvort ástæða sé til að kanna hvaða gagn hafi hlotist af því að innlendir aðilar stunda flutningsstarfsemina til og frá landinu. Ekkert er spurt um mikilvægi þessara fyrirtækja í markaðssetningu og viðskiptatengslum við aðrar þjóðir. Ekkert er reynt að meta hið óbeina gagn sem fyrirtækin hafa gert með landkynningu erlendis. Í þessu sambandi langar mig til að minnast á slíka úttekt sem gerð var á vegum SAS fyrir nokkrum árum.

Knut Hagerup, fyrrv. forstjóri SAS, skrifaði árið 1975 bókina „Flyet i fare". Í þessari bók greinir hann frá því, að þegar SAS var 25 ára hafi fyrirtækið fengið þrjá vísindamenn frá Noregi, Svíþjóð og Danmörku til að meta mikilvægi SAS fyrir skandinavísku þjóðirnar þrjár. Allir eru þeir prófessorar og að því er ég best veit áreiðanlegir vísindamenn og virtir í sínum heimahögum. Niðurstöður rannsókna þeirra þremenninga birtust í bókinni „Skandinavisk gemenskap verden över." Bókin er í þremur köflum. Fyrsti kaflinn er um álit annarra þjóða á Skandinövum, annar um upplýsingamiðlun frá Norðurlöndum og þriðji um hlut flugsins í viðskiptamálum Skandinava. Í bókinni kemur fram, að vísindamennirnir hafi komist að því, að SAS hafi haft verulegu hlutverki að gegna til að útbreiða þekkingu um Norðurlöndin í heiminum, auk þess sem starfsemi félagsins hafi haft ómælda þýðingu við að afla viðskiptatengsla. Upplýsingastarfsemin um Norðurlöndin í heild sinni er nánast eingöngu stunduð af SAS. Þar með eru taldar upplýsingar um náttúrufar, menningu, lífskjör og lífshætti ásamt kynningu á framleiðslustarfsemi og ferðamannastöðum. Í bókinni er slegið föstu, að líklega sé nafn SAS jafnoft nefnt með tilvísun til Skandinavíu og öll önnur norræn fyrirtæki samanlagt. Þegar þessir þrír vísindamenn athuguðu fjölda fyrirspurna um ferðamöguleika til Norðurlanda og verslunarsambönd þar, kom fram, að markaðsgreiningin sýndi að SAS eitt sér hafi lagt meira af mörkum í þessum efnum en allar aðrar stofnanir og félög samanlagt, þ. e. a. s. þær sem fást við þess konar verkefni. Það kom einnig fram, að í Bandaríkjunum var SAS í algerum sérflokki sem mikilvægasta tækið til útvegunar upplýsinga um Norðurlönd. Fram kom, að SAS hefur á sinni hendi u. þ. b. 80% af allri upplýsingamiðlun og u. þ. b. 50% allra fyrirspurna, sem fjalla um verslun og viðskipti, koma í gegnum SAS. Þetta er markaðsþjónusta sem er afar mikilvæg fyrir millilandaviðskipti landanna. Stærð og áhrif SAS hafa einnig út á við verulegt þjóðhagslegt og viðskiptalegt gildi fyrir þjóðirnar þrjár.

Sú spurning hlýtur að vakna: Af hverju á ekki að reyna að meta þessa óbeinu þýðingu Flugleiða, þetta mikilvæga starf, sem hvergi er hægt að lesa úr reikningum, en hefur mikla þýðingu fyrir alla okkar utanríkisverslun? Reyndar eru Flugleiðir ekki stórt fyrirtæki á norrænan mælikvarða — u. þ. b. 500 fyrirtæki munu vera stærri á Norðurlöndunum, — en að sjálfsögðu er fyrirtækið stórt á íslenskan mælikvarða. Þetta er rifjað upp hér til að undirstrika muninn á viðhorfum hv. þm. Ólafs Ragnars gagnvart flutningsstarfsemi Flugleiða og hins vegar kollega hans þriggja sem gerðu þessa úttekt á SAS.

Það er ekki ný bóla, að ráðist sé á stórfyrirtæki hér á landi sem eru í einkaeign. Einkarekstur er í beinum sumra algert eitur. Hv. flm. virðist vera einn af þeim. Hann klæðir reyndar árás sína í fagran brúning og þykist vera riddari frjálsrar samkeppni. En þegar betur er að gætt er aðaltilgangurinn að undirbúa þjóðnýtingu á þessum margumtöluðu fyrirtækjum. Maður var satt að segja farinn að halda, að slíkur kreppuárakommúnismi væri horfinn hér á landi. En nú hafa þau undur gerst, að einn af vísindamönnum þjóðarinnar hefur tekið upp hanskann og hafið baráttuna að nýju.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um yfirburði einkarekstrar í samanburði við ríkisrekstur, sem sumir halda að sé töframeðal til að halda uppi góðum lífskjörum. Sem betur fer er séreignarrétturinn enn lögvarinn í stjórnarskránni. Að mínu áliti eiga þau tvö fyrirtæki, sem hér hafa verið til umr., áfram að vera rekin af einstaklingum. Og reyndar er ég þeirrar skoðunar, að betur væri ef sum þeirra fyrirtækja, sem hið opinbera rekur nú, væru í einkaeign, enda er það skoðun flestra, að einkarekstrarformið sé helsta ástæðan fyrir því, að rekstur einkafyrirtækja er bæði skilvirkari og árangursríkari en rekstur ríkisfyrirtækja. Á þessa skoðun fallast flestir frjálslyndir sósíalistar einnig nú á dögum. Andstaða þeirra byggist hins vegar á því, að þeir telja sérstöðu og sérþarfir einkafyrirtækjanna brjóta í bága við hagsmuni heildarinnar. Þótt ég fallist ekki á þau sjónarmið vil ég samt benda á að í þessum margumræddu fyrirtækjum á ríkið stjórnarmenn sem að sjálfsögðu eiga að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna. Þeir hafa að sjálfsögðu tillögu- og eftirlitsrétt eins og fulltrúar annarra hluthafa í stjórnum fyrirtækjanna.

Næst mun ég víkja nokkrum orðum að framsöguræðu hv. flm., en hann gerði í tveggja stunda langri ræðu grein fyrir sjónarmiðum sínum. Í stuttu máli má segja, að ræðan hafi byggst á því að sá fræjum tortryggni og efa, ýmist með hálfkveðnum vísum eða ásökunum undir rós og í ýmsum tilfellum vafasömum fullyrðingum.

Hv. flm. Ólafi Ragnari Grímssyni varð tíðrætt um þá hættu sem þátttaka í Norður-Atlantshafsfluginu skapaði, jafnvel gæti allur flugfloti landsmanna glatast ef um alvarlegt gjaldþrot yrði að ræða.

Það er staðreynd, að samkeppni á Norður-Atlantshafi er nú mun harðari en áður. Það merkir hins vegar ekki að nauðsynlegt sé að gefast upp fyrir erfiðleikunum, heldur sýnist mér meiri mannsbragur að því að yfirvinna þá með því m. a. að breyta um aðferðir við markaðsöflun og afla nýrra tækja til þess að halda sínum hlut í harðri samkeppni. Svo virðist sem hv. flm. stefni að því, að við Íslendingar ættum að hætta þátttöku í Norður-Atlantshafsflugi vegna þess að þar er nú hörð samkeppni. Þar með yrðu mörg hundruð íslenskir fagmenn atvinnulausir: flugmenn, flugvirkjar, flugfreyjur og starfsfólk sem vinnur að markaðsmálum og öðru. Ef ráðum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar yrði fylgt mundu mörg hundruð fagmenn úr fluginu ganga hér um atvinnulausir.

Í öðru lagi mundi gjaldeyrisöflun sú, sem Norður-Atlantshafsflugleiðin hefur skapað, að sjálfsögðu hverfa og tíðni flugferða milli Íslands og Ameríku stórlega minnka.

Við verðum að vera minnugir þess, að starfsemi Flugleiða er ekkert annað en útflutningur á þjónustu sem gefur okkur fé í aðra hönd. Það er nánast einstakt fyrirbæri að ekki þurfi að ríkisstyrkja flugfélög, en við höfum blessunarlega sloppið við það hingað til.

Þegar hv. flm. ræðir um sameiningu Flugfélags Íslands og Loftleiða með stofnun Flugleiða, kemur í ljós að með sameiningunni hafa Flugleiðir náð nokkrum rekstrarhagnaði og félagið fært út kvíarnar á margvíslegan hátt. Flugleiðir hafa m. a. gerst eignaraðilar í Flugfélagi Norðurlands með 35% hlutafjár, eins og áður hefur komið fram, og eru aðilar að Flugfélagi Austurlands og Hótel Húsavík. Allt styrkir þetta samgöngur og atvinnuuppbyggingu í hinum dreifðu byggðum, þar sem þessi fyrirtæki fá með hlutdeildinni aðgang að vel þróaðri markaðsstarfsemi Flugleiða. Sem sagt: sameining félaganna tveggja, Flugfélags Íslands og Loftleiða, var til góðs, þar sem Íslendingar höfðu ekki ráð á að hafa fleiri en eitt flugfélag starfandi.

Þegar hv. flm. kemur að kaupum Flugleiða á hlutafé í Arnarflugi verður hins vegar allt annað uppi á teningnum, og eru þó yfirlýstar bæði af hálfu Arnarflugs og Flugleiða augljósar ástæður fyrir þeirri ráðstöfun. Þá segir hv. flm. orðrétt, með leyfi forseta:

„Með því að eignast meiri hluta í Arnarflugi eru Flugleiðir eina íslenska flugfélagið sem nú annast flugsamgöngur milli Íslands og umheimsins. Það er að vísu rétt, að samkv. alþjóðlegum samningum eiga önnur flugfélög rétt á að fljúga til og frá Íslandi og ferðaskrifstofur hafa möguleika á að fá leiguflugvélar til afmarkaðra flutninga. Staðreyndin er hins vegar sú, að smæð íslensku þjóðarinnar gerir það að verkum, að í augum erlendra flugfélaga flokkast flutningar á Íslendingum ekki til samkeppnismarkaða sem setji meginsvip á hinn alþjóðlega flugrekstur."

Síðan segir hann: „Íslandsflugið er vegna smæðar þjóðarinnar ekki samkeppnismarkaður í augum erlendra flugfélaga." M. ö. o.: ef Flugleiðir sinna ekki flugi milli Íslands og annarra landa, þá koma ekki aðrir til. Erlend flugfélög líta ekki á Ísland sem nógu stóran markað til þess að þangað sé hægt að starfrækja áætlunarflug með þeim árangri sem þau telja æskilegan. Af þessu er vart hægt að draga aðra ályktun en þá, að tilgangurinn sé einungis að þjóðnýta starfsemi Flugleiða í núverandi formi, a. m. k. í því formi sem hún er nú, og koma á fót ríkisreknu flugfélagi, sem lifa skuli á skattfé almennings. Í þessu sambandi er rétt að ítreka, að öll uppbygging flugs milli Íslands og annarra landa og innanlands á Íslandi er einkaframtak. Öll sú landkynning, sem flugfélögin hafa um hönd haft, er borguð af þeirra eigin fé og þáttur hins opinbera hverfandi lítill í því máli.

Hv. flm. eyddi löngu máli í að gera flugvélakaup Flugleiða tortryggileg. Helst var á hv. þm. að skilja, að fjárfest væri í of nýjum útbúnaði hjá Flugleiðum, en í of gömlum hjá Eimskip, og var báðum aðilum legið á hálsi fyrir að hafa ekki sömu skoðanir í þessu efni og hv. flm.

Í sambandi við flugvélakaup Flugleiða er það að vísu rétt hjá flm., að þotur af gerðinni DC-8-63 eru góðar vélar og geta enst lengi enn. Þær hafa hins vegar ekki sama aðdráttarafl fyrir farþega og breiðþotur af gerðinni DC-10, Boeing 747 eða Lockheed 1011, öðru nafni „Tri-star". Þar að auki eru þotur af gerðinni Boeing og DC-8-63 ekki fáanlegar.

Strax eftir hið hryggilega flugslys á Sri Lanka, þar sem Flugleiðir misstu eina þotu sína af þessari gerð, hófst félagið handa um útvegun annarrar vélar sömu tegundar. Sú leit bar ekki árangur að öðru leyti en því, að fréttist að svissneskt flugfélag, SATA, hefði eina slíka vél til sölu. Forráðamenn Flugleiða höfðu strax samband við söluaðila, og er skemmst frá því að segja, að um þessa einu þotu kepptu 20 flugfélög og hún var seld fyrir eitt hæsta verð sem um getur fyrir slíka flugvél, þ. e. a. s. 12.7 millj. dollara, ásamt nokkru af varahlutum. Þessar flugvélar eru því ekki á markaðnum. Flugvélar, sem fáanlegar eru nú, eru flestar óhagkvæmar í rekstri og sú er ástæðan fyrir því að flugfélög vilja selja þær. Sem dæmi um flugvélaþörfina nú má geta þess, að hjá Boeing-verksmiðjunum einum liggja nú um 500 óafgreiddar pantanir á þotum af öllum gerðum sem þar eru framleiddar og verða framleiddar á næstu árum.

Þá reyndi hv. flm. að gera viðskipti Flugleiða við Seaboard World Airlines tortryggileg. Seaboard hefur um árabil haft góða samvinnu við Loftleiðir og síðar við Flugleiðir. Flugleiðir kaupir DC-10 af þessu félagi vegna þess að hún fæst á góðu verði og góðum kjörum. Í framhaldi af þessu segir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, að Seaboard World fái í sinn hlut viðgerðarþjónustu og viðhald á vélinni og komi slíkt í veg fyrir að hér innanlands hafi þróast sú umfangsmikla flugvirkjastarfsemi sem Íslendingar hafi bæði mannafla og tæknikunnáttu til að gera að veigamikilli iðngrein. Hið sanna er, að aðstöðuleysi á Keflavíkurflugvelli kemur í veg fyrir að hægt sé að framkvæma ýmsar skoðanir á flugvélum hér innanlands. En spyrja má í þessu sambandi: Hvað yrði um alla hina færu og ágætu flugvirkja ef til fjöldauppsagnar kæmi hjá Flugleiðum, ef félagið færi að ráðum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og hætti þátttöku í Norður-Atlantshafsfluginu?

Í sambandi við fargjaldamál er röksemd hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar þannig: Hann stillir upp lægsta fargjaldi, þ. e. a. s. vetrarfargjaldi, til New York, en á móti hæsta fargjaldi til Kaupmannahafnar. Á þennan hátt fær hv. þm. út, að mun hagstæðara sé að fljúga til New York en til Norðurlanda. Hér er að sjálfsögðu um varhugaverða röksemdafærslu að ræða, svo að ekki sé meira sagt. Sé þessu snúið við og tekin hæsta fargjaldaskrá til New York, þá kostar ferð þangað frá Reykjavík 130 þús kr., en almennt sérfargjald frá Reykjavík til Kaupmannahafnar 90 400 kr. Þetta dæmi verður enn þá hagstæðara fyrir þá sem fljúga til Skandinavíu vegna þess að þangað gilda fjölskyldufargjöld, en engir slíkir afslættir gilda til New York.

Hv. flm. varð í ræðu sinni tíðrætt um fullyrðingu Sigurðar Helgasonar forstjóra Flugleiða í sjónvarpsþætti, að ódýrara væri að fljúga milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar en Reykjavíkur og New York. Sigurður nefndi meðalfargjald sem milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar væri 26 þús. kr., og var þar rætt um fargjald sem gilti í júlí s. l. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fullyrti í ræðu sinni, að fargjald milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar væri sexfalt meðalfargjald. Hér er um fölsun að ræða, vegna þess að annarra miða fargjald var þá 55 550, sem er liðlega tvisvar sinnum hærra en meðalfargjaldið, en ekki sex sinnum hærra eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hélt fram. Á þessum tíma, þ. e. a. s. í júlí s. l., flugu aðeins 10% farþega til Kaupmannahafnar á aðalfargjaldinu. Hins vegar flugu um 30% farþega á sérfargjöldum sem voru þá mun lægri en

fargjöld til New York. M. ö. o.: sérfargjöld Keflavík-Kaupmannahöfn-Keflavík kosta þá 75 100 kr., en fargjald Keflavík-New York-Keflavík 93 400 kr. Þar að auki er í gildi fjölskylduafsláttur til Norðurlanda og Bretlands, þannig að ef t. d. hjón hefðu ferðast saman til Kaupmannahafnar á þessu fargjaldi, þá borgaði annað þeirra 75 100 kr., en hitt aðeins helming eða 37 550. Fjölskyldufargjaldið er hins vegar ekki í gildi til Bandaríkjanna. Ef við höldum dæminu áfram með hjónin, þá hefði New York-ferð þeirra kostað 186 800 kr., en ferð hjónanna til Kaupmannahafnar 112 650 kr. Mismunurinn verður því 74 150 kr., hvað það kostaði hjónin meira að ferðast til New York en til Kaupmannahafnar. Þetta tek ég sem dæmi um það hvernig leika má sér með alls konar talnareikning og hvernig hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði sig sekan um það.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson virðist í málflutningi sínum mjög áhyggjufullur yfir vaxandi samskiptum Íslendinga og Bandaríkjamanna. En honum kann að vera nokkur sárabót í því að á árunum 1974-1978 fækkaði komum Bandaríkjamanna til Íslands um 15%, en komum Norðurlandabúa til Íslands fjölgaði um 13%. Á sama tíma fjölgaði ferðum Íslendinga til útlanda um 49%. Þessar upplýsingar eru samkv. skýrslum útlendingaeftirlitsins.

Þá fullyrðir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson að Íslendingum sé mismunað í sambandi við helgarferðir til Glasgow og London, m. ö. o. að útlendingar fái þar mun ódýrari fyrirgreiðslu. Frá London og Glasgow eru í gildi helgarferðir til Íslands, þ. e. þrír dagar, og kostar ferðin frá Glasgow 50 þús. kr., m. ö. o. 16 300 kr. á dag. Til Glasgow eru í gildi svipaðar ferðir, nema þær eru 5 daga, og er lægsta gjald 76 100 kr., þ. e. 15 200 kr. á dag, sem er heldur ódýrara en það sem Skotar borga fyrir ferð til Íslands. Frá London eru sömuleiðis þriggja daga ferðir til Íslands fyrir 50 þús. kr., 16 300 kr. á dag. Til London eru ferðir héðan sem kosta 82 800 kr. og standa í 5 daga. Daggjald er þá 16 500 kr. Hér er því nánast um sömu verðlagningu að ræða í báðum tilfellum. Því er fullyrðing þm. um að Íslendingum sé mismunað með þessum ferðum algerlega röng.

Hv. þm. vitnaði í ræðu sinni til ummæla Arnar Ó. Johnsons í kynningarblaði Flugleiða um afkastagetu Boeing 747 og reyndi í því sambandi að gera kaup félagsins á DC-10 tortryggileg. Allir, sem þekkja til flugsamgangna, vita að rétt val á flugvélategund er undirstaða þess, að sú flugleið, sem hún á að fljúga á, geti orðið arðbær. Með leyfi forseta skal ég lesa ummælin orðrétt, því að þau skýra málið:

„Nýjar flugvélar," segir Örn Ó. Johnson, „kosta á núverandi verðlagi 40-60 millj. dollara eftir gerð og búnaði. Boeing 747 er ódýrust í rekstri miðað við flutningseiningu. Hins vegar getur hún flutt helmingi meira en DC-8 flugvélarnar og því þarf mikill markaður að vera tryggður. Hinar tvær eru minni og taka um 350 farþega, eða 100 manns fleira en hver af núverandi flugvélum Flugleiða á Atlantshafsleiðinni. Þær eru ekki eins hagkvæmar, en ákvarðanir um þetta verða að byggjast á mati á markaði í framtíðinni."

Hv. flm. velti sér lengi upp úr því, að Flugleiðir sýndu bókhaldslegt tap á innanlandsfluginu með vafasömum bókhaldslegum aðgerðum. Þótt ekkert kæmi fram í máli hv. flm. þessu til sönnunar er rétt að vekja athygli á þeirri staðreynd, að verð á innanlandsflugleiðum er háð verðlagseftirliti og það verð fæst ekki hækkað nema samkv. tillögum verðlagsyfirvalda sem hafa aðgang að gögnum félagsins. Nýlega hækkaði flokksbróðir hv. flm., hv. gosdrykkja- og smjörlíkismálaráðherra Svavar Gestsson, verð á farmiðum innanlands samkv. tillögum verðlagsráðs, eins og frægt er orðið. Það væri sannarlega fróðlegt að fá upplýsingar um það, á hvern hátt bókhaldssvindl er notað til að blekkja hæstv. ráðh., og mælist ég til þess, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson standi þar fyrir máli sínu.

Hv. flm. staðhæfir í ræðu sinni að þau 13 farmskip, sem Eimskipafélag Íslands hafi keypt á s. l. 4 árum, séu öll sömu gerðar. Staðreyndin er sú, að skipin eru a. m. k. af 4 gerðum, þ. e. a. s. þrjú frystiskip, eitt gámaskip og Mercandia-skipin, sem eru af tveimur gerðum.

Hv. þm. fór mörgum orðum um kaupverð þeirra skipa, sem Eimskipafélagið hefur keypt frá Mercandia í Danmörku, og telur að Eimskipafélag Íslands hafi verið hlunnfarið í viðskiptum. Þessu til staðfestingar vitnar hv. flm. til viðtals við Per Henriksen í septemberblað McGregor News. Ég hef lesið þessa grein og jafnframt fengið upplýsingar frá Danmörku og Noregi um þessi mál. Byggt er á þeirri staðhæfingu, að Mercandia hafi grætt 30% á sölu fjögurra skipa sem Eimskipafélagið keypti árið 1977. Þessar staðhæfingar eru marklausar. Hin tilvitnuðu ummæli forstjóra Mercandia um þetta eru ranglega túlkuð. Forstjóri Mercandia hefur staðhæft, trúlega með réttu, að söluverð skipanna fjögurra hafi verið 30% hærra en byggingarkostnaður þeirra. Við mat á þessum mismun ber að hafa í huga, að skipin eru byggð á árunum 1974 og 1975, en vafalaust hefur verið samið um smíði þeirra a. m. k. tveim árum fyrir afhendingu og þá á föstu verði. Áhrifa olíukreppunnar til hækkunar á byggingarverði skipa var þá ekki farið að gæta, en vegna hennar verða samningarnir um smíði skipanna kaupanda þeirra síðar mjög hagstæðir. Það leiðir aftur til þess, að þegar hann ákveður að selja tekst honum árið 1975 að fá 100% hærra verð en nam upprunalegum byggingarkostnaði. Þegar Eimskip kaupir hins vegar sín skip árið 1977 er verð þeirra komið niður í 30% yfir upprunalegum byggingarkostnaði. Þegar Eimskip kaupir áðurnefnd fjögur skip árið 1977 er byggingarkostnaður sams konar skipa kominn upp í 20 millj. danskra kr. á skip. Kaupverðið að frádregnum kostnaði við endurbætur var 12.7 millj. á skip, sem er um 37% undir þáverandi byggingarkostnaði á sams konar skipum. Það skal tekið fram, að hér er að sjálfsögðu um danskar krónur að ræða. Á sama tíma og Eimskip keypti skipin fjögur árið 1977 var sambærilegt skip, en einu ári eldra, selt fyrir 14.5 millj. danskar, en það var 14% hærra verð en Eimskip greiddi.

Í sambandi við þetta má geta þess, að í Danmörku hefur Mercandia sætt ámæli fyrir að hafa selt Eimskip umrædd fjögur skip undir markaðsverði á þeim tíma. Það skal tekið fram, að áður en Eimskip festi kaup á skipunum fjórum höfðu félaginu borist fjölmörg önnur tilboð frá ýmsum öðrum. Við nákvæma könnun reyndist tilboð Mercandia hagstæðast. Hitt er svo annað mál, að verð á notuðum skipum hefur farið verulega lækkandi síðan Eimskipafélagið keypti skipin fjögur, en það var að sjálfsögðu ekki séð fyrir þegar kaupin voru gerð. Auk þess má minna á, að á fyrri hluta ársins 1977 þurfti Eimskip að leigja fjölmörg erlend skip til að anna flutningum og var félaginu því nauðsynlegt að bæta þá við eigin skipum.

Að því er snertir „roll-on-roll-of"-skip er þess að geta, að Eimskipafélag Íslands hefur lengi fylgst með þróun í notkun þeirra skipa og hafði, áður en kaup á umræddum fjórum skipum frá Mercandia voru afráðin, látið teikna slík skip, hentug fyrir Íslandssiglingar, og fengið tilboð um smíði þeirra frá fjölmörgum skipasmíðastöðvum í Evrópu. En þar sem verð þeirra reyndist vera tvöfalt hærra en Mercandia-skipanna, sem voru af svipaðri stærð, var horfið frá að láta byggja slík „roll-on-roll-off"-skip. Í sambandi við þetta er kannske þess að geta til upplýsingar fyrir hv. flm., að mynd fylgir þessari grein, sem hann vitnaði til svo fjálglega, og á þeirri mynd er mynd af slíku, „ro-ro-skipi", en þau eru kölluð svo, og það kostar 50 millj. d. kr. Hann getur haft það til samanburðar. Hagkvæmni slíkra „ro-ro-skipa" í Íslandssiglingum samanborið við aðrar tegundir skipa, þar með talin gámaskip, má enn telja mjög tvísýna. Hins vegar verður áfram að fylgjast með þróun slíkra skip, sem og öðrum tæknilegum framförum í flutningsmálum.

Til að magna frásögn sína færði hv. þm. fram þrjú dæmi um það, hvernig einstaklingar og einstök félög geta orðið fórnarlömb þessa hraðilega kerfis, sem notað er af Eimskip.

Í fyrsta dæminu var minnst á þann mun, sem kæmi fram við flutning á bílum annars vegar með Eimskip og hins vegar með Smyrli, og tollútreikninga tollyfirvalda í því sambandi. Rétt er að taka fram, að verðlagsyfirvöld ákvarða hámarksgjöld vegna flutninga á bifreiðum til Íslands eins og á annarri stykkjavöru. Tollyfirvöld taka ákvarðanir um greiðslu tolla vegna innflutnings bifreiða eins og annars varnings. Við þá ákvörðun er tekið mið af almennum flutningsgjöldum. Gjöld vegna flutninga á bifreiðum með farþegaskipum eru oft miklu lægri en venjuleg flutningsgjöld. Má minna á, að meðan Gullfoss var í förum voru bifreiðar farþega fluttar á gjöldum sem voru verulega lægri en venjuleg farmgjöld. Um ferjuna Smyril gegnir sama máli. Tollyfirvöld leggja almenna flutningsgjaldið jafnan til grundvallar, enda væri ógerningur að þeirra áliti að sannreyna réttmæti margra ólíkra flutningsgjalda fyrir sömu vöru. Hvort reikna eigi tollinn með öðrum hætti skal ósagt látið, en hugsanlegt er að skattaleitunarnefnd hæstv. ríkisstj. kunni svar við því.

Ég las, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, með athygli grein Lofts Jónssonar á sínum tíma í Morgunblaðinu. Niðurstaðan er svipuð og í fyrra dæminu. Tollyfirvöld hér á landi taka ekkert tillit til afsláttar á flutningsgjöldum innanlands í framleiðslulandinu. Sé hins vegar rétt sú fullyrðing, að Eimskipafélag Íslands ráði slíkum reglum alfarið, þá ætti hv. flm. að vera fyrir löngu búinn að kynna sér slíkt hjá hæstv. fjmrh. þeirrar ríkisstj., sem nú situr, og láta leiðrétta slíkan ósóma. Þangað til er hann ómerkur orða sinna.

Þriðja dæmi flm. var um flutning á járni. Ekki hef ég upplýsingar um áreiðanleik þeirra talna sem nefndar hafa verið um þennan flutning á járni. Hins vegar má minna á, að stundum bjóða erlendir aðilar óvenjulega lág gjöld í flutninga. Til dæmis um það má nefna, að eigi fyrir alllöngu voru boð gerð í flutning á járnvarningi til Íslands. Erlent skipafélag bauð miklu lægra verð en Eimskipafélagið. Þegar búið var að flytja fyrri skipsfarminn af tveimur, sem um var samið, treysti hið erlenda félag sér ekki til þess að flytja þann síðari fyrir sama verð. Innflytjandinn leitaði þá til Eimskipafélagsins um að flytja þann farm á því verði sem Eimskip hafði boðið upphaflega, og tókust samningar um það.

Ég hef nú rakið nokkur atriði í ræðu hv. flm. til að skýra fyrir hv. þm. hvernig vinnubrögð hans eru. Mér er vel ljóst, að það er hægara að spyrja en að skýra. Það er auðveldara að breiða út og sá tortryggni en að uppræta hana. Hv. flm. telur það vera til marks um hve sjálfsögð rannsókn sem þessi sé, að forstjórar Eimskips, Flugleiða og SÍS hafi sagt að þeir hafi ekkert að fela. Að mínu áliti eru þetta engin rök til rannsóknar. Ég veit um fjölmörg fyrirtæki og marga einstaklinga sem segjast ekkert hafa að fela, en ég get ekki séð að þess vegna þurfi að rannsaka þá. Þótt hv. flm. segðist ekkert hafa að fela, en einhver beiddist rannsóknar á heimili hans, mundi ég ekki greiða atkv. með slíku, nema sérstakar mikilvægar ástæður væru fyrir hendi.

Í því máli, sem hér er til umfjöllunar, er hægt að fá allar upplýsingar án nokkurrar rannsóknar, enda er till. ekki flutt í þeim tilgangi að bæta samgöngumál þjóðarinnar, heldur er hún liður í niðurrifsstarfi róttæklinga í menntamannastétt. Það sést líka á áhuga flm., sem hefur verið hér eins og vofa í dyrum salarins í dag og varla sést. Þannig er áhugi hans á þessu máli.

Ég reikna með að flestir hv. þm. kannist við Northcote Parkinson, sem er heimsfrægur fyrir svokallað „Parkinsonslögmál". Hann flutti ræðu í október s. l. og sagði þá m. a., með leyfi forseta:

„Nánast alls staðar búa atvinnurekendur við andstætt almenningsálit, þar sem sjónvarp og dagblöð draga upp dapurlega mynd af atvinnurekstri. Þetta á kannske ekki að öllu leyti við í Bandaríkjunum, en í Evrópu, þar sem ríkisstj. eru annaðhvort sósíalískar eða undir sterkum sósialískum áhrifum, er þetta nánast viðtekin venja. Hvarvetna er gengið út frá því, að kjörnir stjórnmálamenn og launaðir embættismenn hafi tiltölulega háleitar hugsanir og vinni að almannaheill. Jafnsterk er hin trúin, að atvinnurekendur hafi aðeins eitt leiðarljós: eigin hagnað. Viðtekin vinstri sinnuð þjóðfélagsskoðun byggir á því, að atvinnurekendur séu ógnun sem haldið sé í skefjum að nokkru leyti af prófessorum, blaðamönnum og sjónvarpsskýrendum með háleit markmið.

Fjölþjóðafyrirtæki eru oft eftirlætisskotmark skammanna vegna þess að við hina vondu hagnaðarleið bæti þau þeim glæp að horfa út fyrir ríkjalandamæri og sjá heiminn sem eina heild. Prófessorar skýra fyrir stúdentum eigingjörn markmið atvinnurekstrar, stúdentarnir verða kennarar sem skýra sömu kenningu fyrir nemendum sínum. Unglingar hverfa úr skóla án snefils vitundar um gang atvinnulífsins. Þeim finnst að þjóðfélagið muni hugsa um þá og hafa enga raunverulega þörf fyrir að hugsa um sig sjálfir. Þeir hafa fastmótaðar hugmyndir um réttindi sín, en aðeins óljósan grun um skyldurnar. Kenningar um efnahagsmál þekkja þeir lítið og atvinnurekstrarveruleika alls ekki. Að þessu fólki beina vinstri hugmyndafræðingar hlutdrægum boðskap sínum."

Kannast kannske einhverjir hv. þm. við þessa lýsingu Parkinsons? Parkinson er þekktur fyrir að hitta naglann á höfuðið. Það gerði hann enn einu sinni í þessari ræðu, og naglinn er hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og hans líkar.

Ég hef nú flutt alllanga og ítarlega ræðu um það mál, sem hér liggur fyrir, og vona að mér verði ekki legið á hálsi fyrir að spilla tíma þingsins þegar forsaga málsins og

aðdragandi eru höfð í huga. Niðurstöður mínar eru þessar:

1. Mér er ljóst að finna verður nýjar leiðir til að hv. Alþ. geti sinnt eftirlitsskyldu sinni gagnvart framkvæmdavaldinu. Slíkar tillögur eru í meðferð í þingnefndum, og fram hefur komið að frumtillögur þingskapanefndar eigi að liggja fyrir áður en þingi lýkur. Þess vegna má vænta að úr rætist nú í vetur.
2. Ég hef bent á nauðsyn nýrra viðhorfa gagnvart hlutverki þeirra manna sem veljast í stjórnir þeirra hlutafélaga sem ríkið á í. Það er eðlilegt, að þeim sé gert að rækja störf sín með þeim hætti sem almenningi kemur að sem bestum notum og fylgt sé stefnu umbjóðenda í hvívetna.
3. Ég ræddi um það hvernig verðlagseftirlit og eltingaleikur við gallaða vísitölu getur skekkt allan grundvöll atvinnustarfseminnar og leitt til hærra vöruverðs þegar til lengdar lætur.
4. Það þarf að tryggja, að eftirlit með þeim aðilum, sem hafa sérleyfi, sé virkt á hverjum tíma. Það er ekki nóg að veita sérleyfi, nema gæði þjónustunnar séu yfir því lágmarki sem eðlilegt er.
5. Ég hef bent á að tilgangur flm. er ekki að tryggja frjálsa samkeppni, heldur að þjóðnýta þau einkafyrirtæki sem stunda flutningsstarfsemi í landinu og til annarra landa. Ekkert hefur komið fram um það, að ríkisrekstur sé hagkvæmari eða veiti betri þjónustu í þessum efnum.
6. Mér virðist einsýnt, að till. sé rangt fram komin ef um rannsóknarnefnd á að vera að ræða í skilningi stjórnarskrárinnar. Orðaflaumur breytir engu þar um. Till. er full af rósamáli og dylgjum, sem ætlað er það hlutverk að veikja tiltrú á einkarekstri í þessum greinum og skapa hljómgrunn fyrir þjóðnýtingaráform.
7. Ég hef bent á að eðlilegt sé að ráðh. kanni hjá ríkisstofnunum, sem stunda innflutning, hvort leitað sé lægstu boða þegar gerðir eru samningar um farmflutning til landsins.

Herra forseti. Hér á hv. Alþ. hafa komið fram allskyns tillögur um rannsóknarnefndir, og sjálfsagt eiga margar eftir að bætast við ef að líkum lætur. Ég tel að í vissum tilvikum eigi slíkar tillögur fullan rétt á sér, enda séu þær þá fram komnar á réttan hátt og til þess gerðar að skila eftirsóknarverðum niðurstöðum til þingsins. Því miður sýnist mér á því fordómafulla orðalagi, sem birtist í þessari till. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að tilgangurinn sé sá einn að kynda undir óvild í garð viðkomandi einkafyrirtækja, sem eru rekin með rekstrarformi sem hv. flm. mislíkar af pólitískum ástæðum. Þess vegna er það von mín að till. fái ósköp venjulega meðferð í fastanefnd, þ. e. a. s. allshn., sem afli sér upplýsinga um þessi fyrirtæki og rekstur þeirra hjá viðkomandi rn., sem skipa menn í stjórnir og eiga að annast eftirlit með starfsemi þeirra. Þannig ættu nægilegar upplýsingar að fást fram um þessi mál.

Hitt er svo annað mál, að virða má mikinn áhuga hv. flm. á samgöngumálum einkum þegar þess er gætt að hann er mesti förumaður á milli stjórnmálaflokka sem nú situr á þingi.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það verður ekki ofsögum af því sagt, að þessi till., sem hér liggur fyrir, er nokkur nýjung í sögu Alþingis. Ég hygg að Alþ. hafi aldrei tekið sig fram um jafnyfirgripsmikla rannsókn og þessi till. felur í sér og því síður jafnyfirgripsmiklar rannsóknir og þær fela í sér til samans — allar þær till. sem nú þegar eru fram komnar um svipað efni. Þegar svona er ástatt finnst mér mjög eðlilegt að þessi tillöguflutningur veki nokkra athygli og að um hann verði verulegar umr. hér á Alþ., því hér er óumdeilanlega um að ræða nýjung í starfi þingsins ef það ætti nú að venda sér inn á þessar brautir.

Það koma upp ýmsar spurningar í sambandi við þennan málflutning. Er eðlilegt að Alþ. taki sig nú fram um breytta starfshætti að þessu leyti? Er æskilegt að þingið geri það? Og fyrst og fremst kannske: Er það nauðsynlegt og hvað fylgir því, ef þessi háttur verður upp tekinn? Fylgir því kannske nýtt skriffinnskubákn, en við höfum mikið talað um að við þyrftum að draga úr skriffinnsku í þjóðfélaginu? Og er líklegt að slík starfsemi á vegum þjóðþingsins — eins og fjallað er um í þessum till. — muni örva ellegar er líklegt að hún muni lama framkvæmdavilja og framtak fólksins í landinu ef upp væri tekin í svo stórum mæli sem hér er um að ræða? — Ég mun fara nokkrum orðum um þetta í tilefni af flutningi þessarar till. hv. 3. landsk. þm.

Framsöguræða hans var athyglisverð. Hann gaf þar ýmsar upplýsingar, sem svo áttu að heita, en í raun og veru voru mestallar — mér liggur nú við að segja allar — grófar ásakanir eða getsakir. Það var allt saman neikvætt sem kom fram í framsöguræðu hv. þm. um þessi tvö stóru og miklu fyrirtæki, Eimskipafélag Íslands, sem er jafngamalt mér, og Flugleiðir, sem er nokkuð yngra, en þó stórkostlega voldugt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Það var rétt eins og þessi tvö stórfyrirtæki hefðu ekki gert nokkurn skapaðan hlut á þessum árum annað en að vera til ills og bölvunar í þjóðfélaginu, þau hefðu engin jákvæð áhrif haft. Það var a. m. k. ekki hægt að ráða það af málflutningi hv. þm. Þetta var sem sagt einhliða niðurrifsmálflutningur. Þegar maður er búinn að hlýða á slíkan málflutning, þá fara þegar af þeirri ástæðu, til viðbótar við að hafa lesið þskj., að vakna ýmsar miður skemmtilegar hugmyndir. Það segir í Njálu um málflutning Gunnars Lambasonar, að „um allar sagnir hallaði hann mjög til og ló frá víða". Ég er nú ekki grunlaus um að fyrri hlutinn af þessari lýsingu eigi við ræðu hv. flm. þessarar tillögu.

Ég ætla að ræða till. almennt og mun láta það nægja að þessu sinni og ekki fara frekar út í framsöguræðu hv. þm. En ég vil vekja athygli á aðdraganda þessarar umr., sem nú fer hér fram.

Þessi till. var flutt strax í þingbyrjun, þetta er 14. mál. Þegar till. er flutt er eðlilega getið um hana í fjölmiðlum: í útvarpi, sjónvarpi og í blöðum. Nokkrir dagar fara í þetta. Till. og flm. verða þannig í sviðsljósi með eðlilegum hætti. Þetta þekkjum við allir sem störfum á Alþ. og flytjum till. hér. Þetta er allt saman venjulegt. En auk þess arna gerist það, að till. er tekin til meðferðar í „Kastljósi" áður en hún kemur til umr. hér á hv. Alþ. Þó var hv. flm. nýbúinn að vera í þeim þætti. En nú var talið nauðsynlegt að taka þessa till. strax til umr. í „Kastljósi" í sjónvarpinu. Þar mætir hv. flm. með sínar 15 spurningar og jafnmargar ásakanir, því ásökun felst í hverri einustu spurningu, og hefur sinn tíma til að útlista þær í þættinum eins og gengur, og mér virtist fyrirspyrjandi hjálpa honum til fremur en hitt. Svo mæta þarna forstjórar þessara tveggja stórfyrirtækja. Og þegar allar fsp. voru komnar

fram, þá áttu þeir að gera grein fyrir og sundurliða nánast allan rekstur og alla starfsemi þessara tveggja fyrirtækja á 5-10 mín. hvor. Þessi þáttur fór því fram eins og til var stofnað. Það er auðvitað útilokað að ræða af viti svona yfirgripsmikið mál og þá því síður þegar þau eru svona uppfærð í slíkum þætti. Jæja, en þetta var náttúrlega heilmikil auglýsing. Og eins og alltaf þegar við alþm. komumst í sjónvarp, þá þykjumst við góðu bættir að landsmenn hafi nú fengið að sjá okkur! En þetta var ekki nóg, því nú tekur Ríkisútvarpið einkaþátt með hv. flm. þar sem hann getur útskýrt nákvæmlega þær fyrirmyndir sem fyrir honum vaka. Ég hlýddi á þennan þátt og þótti mér hann mjög merkilegur. Það var einhver starfsmaður sem ræddi þar við hv. flm., sem kynnti þarna sérstaklega fyrirmyndir sínar, sem voru frá Bandaríkjunum teknar. Eitthvað var hann að tala um Breta, að þeir væru skammt komnir í þessu, skildist mér, og er þeirra þing þó nokkuð við aldur, að ég hélt. En það kom sérstaklega fram í þessum þætti, að þeir vestra hefðu næstum ótakmarkað fé í sínar rannsóknir, þjóðþingið hefði tugi sérfræðinga, ef ekki hundruð sérfræðinga. Hv. þm. lýsti í þessum þætti, að ef þjóðþing ætluðu nú á dögum að halda sóma sínum yrðu þau að hafa sjálfstæðar sérfræðingastofnanir, því annars yrðu þau undirokuð af sérfræðingum stórra stofnana í þjóðfélaginu, mér skildist bæði rn. og einkastofnunum o. s. frv. Þetta er því dálítið óvenjulegur aðdragandi að þessari umræðu. Maður getur ekki annað en hugsað sem svo, að kannske sé það nú æðimikill þáttur í þessum tillöguflutningi að auglýsa sig.

Nú er, eins og hér hefur verið minnst á, bæði af hv. flm. þegar hann talaði fyrir till., og einnig var mjög að því vikið af hálfu hv. síðasta ræðumanns, í 39. gr. stjskr. ákvæði um rannsóknarnefndir, þar sem segir að „hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildarþingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þd. getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.“ Þrátt fyrir þetta ákvæði í stjskr., svo gamalt sem það er nú orðið þar, hefur meginhlutverk Alþingis til þessa verið löggjafarstarf. Rannsóknir samkv. þessu tilvitnaða ákvæði stjskr. eða aðrar rannsóknir, rannsóknir yfirleitt á vegum Alþingis, hafa verið næsta sjaldgæfar. En nú lítur sem sagt út fyrir að ýmsir hv. þm., eða nokkrir a. m. k., hafi hug á því að snúa þessu við þannig að rannsóknir og eftirlit með athöfnum borgaranna verði gildur þáttur í störfum Alþingis Íslendinga eftirleiðis. Þetta sjónarmið hefur komið nokkuð mikið fram síðustu missiri, bæði utan þings og innan, og nú síðast í tillöguflutningi hér á Alþ. þar sem mælt er fyrir um umfangsmiklar rannsóknir á nokkrum gamalgrónum og fyrirferðarmiklum félögum og fyrirtækjum landsmanna. Það hefur komið alveg greinilega fram, sérstaklega í þeim útvarpsþætti sem ég nefndi, að hér er stuðst við erlendar fyrirmyndir.

Það finnst mér einkennilegt og eiginlega skjóta dálítið skökku við, að þær till., sem hér hafa komið fram um rannsóknir, eru fluttar í Sþ., en ekki í deildum samkv. ákvæðum stjskr. Þess vegna getur hér ekki verið um að ræða „rannsóknarnefndir“ samkv. nefnd ákvæði í stjskr. Mér hefði þótt miklu eðlilegra að forma allar þessar rannsóknarnefndir í samræmi við stjórnarskrárákvæðið, og ég skil ekki rökstuðning hv. flm. fyrir því, að hann gerir það ekki. Mér fannst sá rökstuðningur vera ákaflega vandræðalegur. Mér satt að segja býður í grun að hv. þm. hafi hreinlega ekki athugað þetta form þegar hann samdi tillöguna. Ég skal ekki fara frekar út í það, en það verð ég að segja, að það álít ég ólíkt sterkari aðstöðu fyrir n., sem á að starfa að rannsóknum, umfangsmiklum eins og þessum, nákvæmum rannsóknum, eins og flm. hefur gert grein fyrir, að hafa til þess bakstyrk í beinhörðu stjórnarskrárákvæði heldur en eitthvert tiltekið atkvæðamagn á bak við samþykkt tillögu. Ég skil þetta ekki, mér finnst þetta nánast óeðlilegt.

Nú mun ég ekki gerast talsmaður þess, að niður verði fellt úr stjskr. þetta ákvæði um rannsóknir á vegum Alþingis, né heldur mæli ég gegn því, að rannsóknir á vegum Alþ. fari fram undir einstökum kringumstæðum. En skoðun mín er sú, að þessu ákvæði beri að beita með ákaflega mikilli gát og það þegar af þeirri ástæðu, að opinber rannsókn af hálfu Alþ. er ekki til þess fallin að vekja traust á viðkomandi fyrirtæki. Þvert á móti er hún stimpill og mér liggur við að segja brennimark og gefur til kynna mjög alvarlega tortryggni af hálfu löggjafarsamkomunnar. Slík aðgerð hlýtur að vekja ákveðnar grunsemdir meðal almennings. Þegar þess er svo enn fremur gætt, hversu auðvelt er að sá tortryggni og að sama skapi örðugt og oft með öllu ómögulegt að uppræta hana, þá held ég að öllum hljóti að vera ljóst að hér er um alvarlegar aðgerðir að ræða ef farið er út í þessa sálma. Það verður að gera kröfu til þess, að alþm. athugi sinn gang vandlega áður en þeir hefjast handa um rannsóknir á athöfnum einstaklinga eða fyrirtækja, hvort heldur það er samkv. 39. gr. stjskr. eða með öðrum hætti formað, en þó á vegum Alþingis.

Í útvarpsþættinum með hv. flm. þessarar till. var réttilega tekið fram, að einmitt svona væri þessu varið hér á landi, að almenningur teldi eitthvað í meira lagi gruggugt við þær stofnanir sem t. d. Alþ. tæki fyrir til að rannsaka. Það er þess vegna alveg ljóst, að hv. flm. veit þetta, honum er þetta ljóst. Hins vegar hélt hann því fram, að þessu væri á annan veg farið með öðrum þjóðum, og mér skildist að það þyrfti þá að venja Íslendinga við að taka slíkum aðgerðum með jafnaðargeði. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvernig þetta er með öðrum þjóðum, en mér þykir það þó ákaflega ólíklegt, að hörkurannsókn á vegum þjóðþinga sé þar talin til vegsauka. Mér þykir það ákaflega ólíklegt, því hörkurannsókn er eins og hv. þm. lýsti í útvarpsþættinum að þar sé að farið, og þangað er fyrirmyndin sótt.

Mér finnst ástæða til þess í tilefni af flutningi þessarar till. hér á Alþ. og umr. um hana að rifja það upp, að íslensk stjórnmál hafa á allra síðustu missirum tekið að hluta til nýja stefnu, vinnan í stjórnmálunum, og nokkuð óvænta að margra hyggju. Ég man eftir því, þegar ég fór fyrst að fylgjast með stjórnmálaumr. fyrir hálfri öld eða svo, að þá voru þær einatt ákaflega hvassar og illvígar og stundum persónulegar í hæsta máta. Blöðin birtu kannske grein eftir grein sem helst mátti ætla að væru beinlínis skrifaðar í þeim tilgangi að brjóta pólitískan andstæðing niður persónulega. Almenningur las þessi skrif, en ég held að þau hafi ekki fengið góðan hljómgrunn og alls ekki þegar til lengdar lét, og smátt og smátt eins og dofnaði yfir þeim. — Ég held það sé óhætt að fullyrða þetta. Það sést ef maður lítur í Alþt. eða flettir gömlum blöðum frá þessu tímaskeiði, síðustu áratugunum. Þá kemur greinilega í ljós þróun frá grófyrðum og einkum persónulegu níði til málefnalegri umræðu. Og það var svo komið, að mér virtist að sá þótti vargur í

véum í almenningsáliti sem gerði sig beran að persónulegum rógburði. Að sama skapi dró úr æsiskrifum um einstök fyrirtæki og stofnanir.

Ég er alveg sannfærður um að við flestir, sem í raun höfum lifað þessa þróun, höfum talið hana af hinu góða og litið svo til, að hún væri síður en svo háskaleg, heldur spor til manneskjulegri sambúðarhátta. Á þessu hefur nú aftur orðið augljós breyting. Meira og minna rætin skrif í æsistíl hafa skotið upp kolli og magnast ört. Sjónvarpið hefur ítrekað flutt viðtöl sem eru að hluta svo ruddaleg að öllu venjulegu fólki hefur komið í stans. Ég get ekki betur séð en stundum a. m. k. — því miður — sé um að ræða viðleitni til þess að troða skóinn niður af pólitískum andstæðingum persónulega og svo í annan tíma ráðist að fyrirtækjum og stofnunum, einkum þeim sem mikið kveður að í atvinnumálum og í viðskiptalífi. Það gæti verið freistandi fyrir niðurrifsöfl, sem standa fyrir slíkum aðgerðum, að nota rannsóknarleiðina til þess arna, til þess að koma höggi á þá sem þeim þykir standa í vegi fyrir sér, til þess að vekja grunsemdir, sem síðan yrðu seint kveðnar niður, og ala þannig á hvers konar tortryggni meðal almennings á lögverndaðan, jafnvel á lögbundinn hátt, ef menn vinda sér í það að taka upp rannsóknir samkv. stjskr., sem að vísu er ekki um að ræða hér.

En hvað sem því líður vona ég einlæglega að ekkert *slíkt vaki fyrir þeim hv. alþm. sem nú vilja snúa* um starfsháttum Alþ. og þoka til hliðar að vissu marki löggjafarstörfum, sem hafa setið í fyrirrúmi síðan Alþ. var endurreist, en gera þess í stað stofnunina að eins konar rannsóknarrétti. Ég þykist þess raunar alveg fullviss, að fyrir öllum hv. þm. vaki það eitt að bjarga landi og þjóð frá því sem þeir, hver og einn, telja háskasamlegt, þó að aðrir hafi þar á aðra skoðun, t. d. að bjarga okkur frá að þeirra dómi allt of öflugri útgerð kaupskipa, allt of athafnasömu flugfélagi, sem keppir á heimsmarkaði, og óhugnanlega sterkum almannasamtökum, sem víða um land eiga gildan þátt í atvinnuuppbyggingu og verslunarrekstri, svo dæmi séu nefnd um þá sem nú skal stefna fyrir þennan rannsóknarrétt samkv. þessum tillöguflutningi. Ég treysti því, að ótti þeirra við þessa þróun, sem ég tel ekki háskalega, en þeir telja háskalega, ráði ferðinni og annað ekki. En ég get ekki neitað því samt að þegar ég virði fyrir mér þennan málatilbúnað allan kemur aftur og aftur í hugann frásögnin í Gerplu, fyrirmælin um það hvernig að skyldi fara ef menn rækjust á eitthvað bitastætt: Hlöðu, látið upp ganga, kvernhús, veltið því um koll, brú, brjótið hana, brunn, mígið í hann, því þér eruð frelsunarmenn Noregs. — Og svo: Góðir menn, förum nú til og brennum Noreg í eldi, og þá er við höfum hann brenndan og sviðinn og eyddan mun ég nefna stafnbúa mína og fá mönnum óðul og nafnbætur þeim er mest hafa fram gengið í þessu starfi, sem vér munum nú upphefja í sólarroð. — Þetta segir í Gerplu. Og það er alveg sama þó ég viti að hér á hv. Alþ. vaki það fyrir okkur öllum saman að gera gagn landi okkar og samfélagi, þá leita þessi tilfærðu orð stöðugt á huga minn og því meir sem fjölgar væntanlegum viðfangsefnum „rannsóknarréttarins", sem er þá enginn annar en Alþingi sjálft. Svo vafasamur þykir mér allur þessi málatilbúnaður.

Ég sem sagt lít svo á, að það sé æskilegt og óhjákvæmilegt að Alþ. noti með gát bæði ákvæði stjskr. um *rannsóknir þn. sem* og aðrar rannsóknaraðgerðir. Ég benti á að slík rannsókn hlyti að skapa tortryggni almennings í garð þeirra sem rannsóknin beinist að þá og þá, og það er út af fyrir sig ærin ástæða til þess að hefja ekki slíkar aðgerðir nema að vel yfirveguðu ráði. Það *getur orðið fyrirtækjum í harðri samkeppni mikið áfall* að vera þannig leidd fyrir rétt þó að ekkert misjafnt sannaðist á þau. Það getur hreinlega truflað eðlilega þróun fyrirtækja og það ekki síður þegar eiga í hlut íslensk fyrirtæki, sem eiga í harðri samkeppni á erlendum mörkuðum. Ég hef enga trú á því, að víðtæk opinber rannsókn sé traustvekjandi á þeim slóðum, hvað sem hv. flm. segir um það. Þetta væri nú út af fyrir sig ef ætlunin væri að lama viðkomandi fyrirtæki og torvelda þeim slaginn. En ekki kemur til mála að það vaki fyrir nokkrum þm., það getur hreinlega ekki verið, og þess vegna held ég að þetta sé mjög misráðið. Ég verð að draga í efa að hv. flm. þessarar till. hafi í alvöru hugleitt þessa hlið.

En svo er á fleira að líta. Ég vil aðeins drepa á nokkur atriði, t. d. þetta: Eru alþm. sérstaklega vel í stakk búnir til þess að framkvæma marktæka rannsókn í þessu eða hinu tilvikinu? Er skynsamlegt að verja miklum hluta af starfstíma alþm. til rannsóknarstarfa af þeim toga sem hér er ætlað að setja af stað? Er líklegt að Alþ. sé réttur eða heppilegur aðili til þess að leiðbeina t. d. um faglega uppbyggingu og rekstur stærstu atvinnufyrirtækja landsmanna? Er það yfirleitt hugsanlegt að fólk hafi hitt á að kjósa *hingað menn sem passa í það*? Allt þetta dreg ég stórlega í efa. Ég vil láta það koma fram strax við 1. umr. þessarar till. Mér er auðvitað ljóst að aðrir þm. eru á allt annarri skoðun, sbr. flutning till., og við því er út af fyrir sig ekkert að segja. En það er hins vegar eftirtektarvert, að a. m. k. sumir þeirra, sem flytja hér rannsóknartillögur, eru úr hópi yngri þm. Ég hef nú verið við hús í þessari stofnun í næstum því 30 ár, þó ekki hafi verið um óslitna þingsetu að ræða. Ég hef að vísu löngum, og einkum framan af, jafnframt þingsetu tekið verulegan þátt í atvinnulífinu og í félagsmálastörfum utan þingsins, eins og við hljótum allir að gera meira eða minna. En reynsla mín er líka sú, að löggjafarstarfið og það að halda uppi nokkrum tengslum við atvinnulífið og svo eðlilegu sambandi við kjósendur sé svo tímafrekt að það megi kalla útilokað að sinna jafnframt umfangsmiklum rannsóknarstörfum á umsvifamestu atvinnufyrirtækjum landsmanna, eins og nú er lagt til að gert sé, og svo auðvitað fjölmörgum öðrum í framhaldi af því, því ekki kemur til mála að það hafi verið gerð tæmandi upptalning á því sem þarf að rannsaka ef á að fara út á þessa braut. Hér er þess vegna ekki um að ræða að mínum dómi að nýta lausan tíma alþm., heldur verður að velja og hafna. Ef Alþ. hyggst snúa sér að rannsóknarstarfsemi í þeim mæli sem hér er um að ræða, þá hlýtur það að koma niður á eða draga úr þeirri vinnu sem innt er af höndum við þingstörfin, sem ég kalla svo, við löggjafarstarfið og til þess að efla tengsl við fólkið, m. a. með því að leggja lið viðleitni þess til framfara og sjálfsbjargar heima í kjördæmunum og auðvitað víðs vegar í þjóðfélaginu. Ég teldi slíkt almennt séð mjög óheppilega þróun, og þá hef ég vitanlega í huga ríkjandi stjórnarform þar sem framkvæmdavald og dómsvald gegna mikilvægum hlutverkum við hliðina á löggjafanum og í umboði Alþingis.

Sú tillaga, sem hér liggur fyrir, og raunar fleiri tillögur af sama toga fjalla um rannsóknir á mjög umfangsmiklum atvinnurekstri, sem að hluta til er áreiðanlega mjög tæknilega uppbyggður eins og nú háttar og starfar að

hluta í harðri samkeppni á fjölþjóðlegum markaði. Það er þess vegna ekki auðvelt verk að brjóta þar til mergjar einstaka þætti og fella síðan rökstudda dóma. Mér sýnist eðlilegt að þm. stingi hendinni í eigin barm og leitist við að meta hæfni sína hver og einn og svo hæfni sinna þingbræðra til slíkra rannsóknarstarfa. Mér er enginn launung á því, að ég finn sjálfan mig mjög vanbúinn til þess að takast slík verk á hendur. Ég get vel látið mér skiljast að aðrir þm. séu hæfari til þess, kannske löglærðir menn, kannske prófessorar í þjóðfélagsfræðum. „Nú kom þessi nýi forkur/að neyta til þess sinnar orku," segir Grímur Thomsen.

En þá verður tilefnið að vera nægilegt, og það er einmitt það sem ég dreg í efa að sé hér. Aðalatriðið, og um leið ádeilduefni í þessum málatilbúnaði öllum ef maður lítur á till. og grg. í heild, er að Eimskip og Flugleiðir hafi einokunaraðstöðu og þau nýti sér hana á óheppilegan hátt, það sé ósamræmi í töxtum fyrirtækjanna t. d., fjárfesting of mikil og illa að henni staðið — mjög illa. Það var gefið í skyn í frumræðu, að það væri nánast um ósæmilegt athæfi að ræða.

Ég gat ekki annað skilið þó það væri ekki sagt beint.

Það er fróðlegt að athuga hvernig hv. þm. byggir till. sína upp. Hún inniheldur 15 spurningar, og í nálega hverri einustu spurningu, ef ekki í hverri einustu, felst fullyrðing af hálfu þm., misjafnlega vel grunduð, vægast sagt, og ekki sérlega góðgirnisleg. Þannig er þetta byggt upp. Það gengur eins og rauður þráður í gegnum allt plaggið, till. og grg., að þessi tvö fyrirtæki séu orðin allt of stór, megi ekki vera svona stór og að þau hafi fengið einokunaraðstöðu og hafi beitt henni herfilega.

Í aðfararorðum, eins konar inngangi að töluliðunum, segir að sjö þm. skuli rannsaka rekstur, fjárfestingar, fargjalda — og farmgjaldaákvarðanir Flugleiða og Eimskipafélags Íslands, m.ö.o. alla starfsemi þessara fyrirtækja eins og hún leggur sig, að mér skilst. Rannsóknarnefndin á svo að yfirheyra, taka skýrslur, ekki aðeins af hlutaðeigandi aðilum, heldur — eins og þar segir — hjá öðrum fyrirtækjum, embættismönnum og einstaklingum, hvernig sem þetta getur nú gengið þegar ekki er um að ræða samþykkt samkv. stjskr. En þetta er alveg í samræmi við það sem hv. flm. Ólafur Ragnar Grímsson upplýsti í útvarpsþættinum að beitt væri í Bandaríkjunum. Hann nefndi þar sem dæmi um vinnubrögð þeirra yfirheyrslur og vísindalegar rannsóknir sérfræðinga í mörgum greinum. Svo nefndi hann uppljóstranir, og mér skildist að þá væri um njósnastarfsemi að ræða að baki slíkra uppljóstrana. Þetta yrði m. ö. o. algert stríð. Og þá er að verða spurningin um stríðskostnaðinn. Hver á að greiða hann? Jú, hann á að greiðast úr ríkissjóði, því í till. segir einfaldlega að n. skuli fá peninga handa þeim sérfræðingum sem hún telji að þurfi að ráða til aðstoðar. Og þá er ég einnig með í huga skýringarnar á fyrirmyndinni í útvarpsþættinum, því að eins og ég sagði áðan var sérstaklega tekið fram, að vestra hefðu þeir tugi og hundruð sérfræðinga í sinni þjónustu og að Alþ. þyrfti að koma sér upp eigin sérfræðingum. Það væri ástæða til þess, áður en mjög langt gengur fram meðferð þessa máls að panta kostnaðaráætlun hjá hv. þm. og óska þess að hún yrði borin undir fjárlaga- og hagsýslustofnun til öryggis, og væri þá hægt að nota hana í sambandi við fjárlagagerð eða kannske gerð lánsfjáráætlunar. Ég gæti trúað að þetta yrðu svimandi upphæðir.

En ég spyr í fyllstu alvöru: Eru hv. alþm. reiðubúnir að stofna þennan „rannsóknarrétt" hv. 3. landsk. þm. og síðar hv. 1. þm. Reykv. því hann er með eins uppbyggða till. um að stofna slíkan rannsóknarrétt með tilheyrandi sérfræðingum, sbr. fyrirmyndina? Og hver yrði þá í raun hlutur alþm. í þessum rannsóknarrétti? Hver yrði hans hlutur í þessu fyrirtæki þegar búið væri að ráða viðunandi „stabb" sérfræðinga í mörgum greinum, því að rannsóknin yrði umfangsmikil?

Ég neita því ekki, að mér finnst sumar einstakar spurningar æðikyndugar og ég ætla að taka dæmi, án þess að fara út í þær allar. T. d. tek ég 5. og 6. spurningu. Þar segir: „Hvers vegna hafa fjárfestingar Flugleiða hf. fyrst og fremst beinst að samkeppnisflugi á Bandaríkjamarkaði og lítil áhersla verið lögð á afgerandi nýjungar á sviði flugsamgangna innanlands og við nágrannalönd?" „Hvaða afleiðingar hefur það fyrir eðlilega þróun flugsamgangna innanlands, einkum milli landshluta innbyrðis og smærri byggðarlaga við Reykjavík, að Flugleiðir hf. meta slíkar flugsamgöngur fyrst og fremst út frá þröngum viðskiptasjónarmiðum, en taka lítið tillit til almennra þjóðhags- og byggðasjónarmiða?" — Þetta er glöggt dæmi um uppbyggingu á till., fullyrðingar og sleggjudóma hv. flm., því það, sem segir í þessum spurningum, eru klárir sleggjudómar og ekki neitt annað. Hér innanlands eru fyrsta flokks flugvélar í notkun — vélar sem hafa reynst hér og annars staðar ágætavel, svo yfir því er ekki að kvarta. Ég er nokkuð kunnugur þjónustu hjá þessum fyrirtækjum, því ég ferðast mikið innanlands. Mín reynsla er sú, að þjónustan sé ágæt og fyrirgreiðsla yfirleitt. Ég hef ekki yfir því að kvarta. Ég þekki það áreiðanlega ekki síður en hver annar. Ég hef notið þessarar þjónustu áratugum saman, og það þarf ekki að bera því við, að ég sé að vitna í það tímabil sem ég gegndi störfum ráðh. og hafi þá haft einhverja sérstaka fyrirgreiðslu, heldur hef ég langa samfellda reynslu.

Það er vitað mál, að innanlandsflug á Íslandi er yfirleitt ekki arðgæft miðað við núverandi aðstæður, ekki sérstaklega hagstætt að fljúga hér innanlands, það hlýtur hver maður að skilja þegar við gerum okkur grein fyrir því, hversu fáir menn eru að baki á hinum ýmsu stöðum sem flogið er til. Samvinnan við smærri félögin er ákaflega lofsverð, en einmitt hana gerir hv. flm að sérstöku gagnrýnisatriði, samvinnu Flugleiða við smærri félögin: Flugfélag Norðurlands og Flugfélag Austurlands. En sannleikurinn er sá, að með tilkomu þessara litlu véla og alveg sérstaklega með meira og nánara samstarfi stóra félagsins og litlu félaganna hefur orðið hrein bylting í samgöngum, og alveg sérstaklega er mér kunnugt um það á Austurlandi og Norðurlandi. Staðhæfingarnar, sem eru settar fram í þessum greinum, eru að mínum dómi alveg fráleitar.

Ég ætla aðeins að nefna tvær aðrar spurningar, án þess að fara svo frekar út í það, þ.e. 14. og 15. spurninguna. „Hvaða skýringar eru á því að gífurleg fjárfesting Eimskipafélags Íslands hf. í nýjum skipum hefur ekki leitt til hlutfallslegrar farmgjaldalækkunar?" „Hvers vegna hefur Eimskipafélag Íslands hf. kosið að nota markaðsdrottnun sína frekar til eignamyndunar í stað þess að veita almenningi í landinu ódýrari þjónustu?" Ég sé ekki betur en hér séu nákvæmlega sömu sleggjudómarnir á ferðinni. Það er ekki á færi hv. flm. eða einhvers þm. hér á Alþ. að segja til um það, hvaða fjárfesting hjá skipafélagi er arðgæf og hvernig hún verkar á farmgjöld

og hvernig hefði orðið ef ekki hefðu verið keypt þessi skip eða hin. Það er náttúrlega hægt að bollaleggja um þetta, en hv. þm. brestur öll rök til þess að sanna þær staðhæfingar sem fram eru settar í þessum spurningum. Það mætti alveg eins spyrja að því, hvers vegna verslun, sem hefði komið upp nýju húsnæði, hefði ekki lækkað vöruverðið um leið. Svona er ekki hægt að setja hlutina upp. Þetta hlýtur að vera matsatriði hverju sinni. Og þetta er alveg dæmigert um þau tilvik sem verða að metast af þeim sem vinna verkin, starfa í fyrirtækjunum, en ekki af einhverjum utanaðkomandi mönnum, t. d. hv. alþm. En umfram allt finnst mér ákaflega fráleitt að slá fram svona fullyrðingum í þskj, og þá líka fullyrðingum sem jafnframt fela í sér beinar ásakanir, eins og ég hef áður nefnt.

Ég skal ekki frekar taka dæmi um þennan málflutning. En ég vil segja það, að ekkert af þessu, sem fram kemur í þskj. og í málflutningi hv. þm., þykir mér vera næg ástæða til þess að Alþ. hefjist handa um rannsókn. Ég byggi þá afstöðu mína á nokkrum almennum og að ég tel augljósum staðreyndum.

Það eru ekki bornar fram og því síður rökstuddar beinar ásakanir um misferli eða brot á landslögum, að mér virðist, þrátt fyrir þær ásakanir sem ég hef gert að umtalsefni.

Með stofnun Eimskipafélags Íslands var stigið gifturíkt spor í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Það trúðu því allir þá, að það væri einn af hornsteinum sjálfstæðis og velmegunar, á eylandi ekki síst, að eignast eigin skipaflota. Erlend skipafélög reyndu á sínum tíma að undirbjóða Eimskip og kæfa hið unga félag í fæðingu. Það tókst ekki vegna þess að þjóðin stóð saman um að nota sín eigin skip, þó að hinir byðu betur, undirbyðu. En þá og ætíð síðan hefur þetta félag orðið að keppa á frjálsum markaði. Það hefur ekki nein einkaleyfi. Það varð hins vegar fljótlega mjög sterkur aðili á Íslandsmarkaðnum, en hefur ekki notið lögboðinna sérréttinda í einu eða öðru formi.

Um einstaka þætti í rekstri Eimskipafélagsins felli ég auðvitað enga dóma hér. Eg hef engar forsendur til þess, fremur en hv. flm., sem þó fellir slíka dóma án þess að hafa nokkrar frambærilegar forsendur. En mér sýnist ljóst að Eimskipafélagið hljóti að taka þátt í þeim sviptingum sem jafnan eiga sér stað í harðri samkeppni á opnum markaði, innan þeirra marka sem lög og reglur mæla fyrir. Heima fyrir er þetta fyrirtæki sem önnur háð allströngum verðlagsákvæðum, og það verður auðvitað að lúta þeim. En það er klárt, það er óvefengjanlegt, að Íslendingar hafa enn sem fyrr fulla þörf fyrir öflugan kaupskipaflota í eigu Íslendinga sjálfra. Og það væri ekki til að lasta það þó að okkar skipafélag gæti beitt sér meira en nú er á alþjóðlegum markaði. Nú er Íslendingum að vaxa fiskur um hrygg í fleiri greinum en t. d. siglingum og flugi. Íslenskir verktakar hafa tekið að sér verk erlendis, íslenskir hönnuðir sömuleiðis, og það er vel. Og það kemur fram í fréttabréfi, sem nýlega hefur komið frá Félagi ísl. vinnuvélaeigenda, að þeir hafa mikinn áhuga á að efla svo samtök sín að þeir geti í vaxandi mæli tekið þátt í útboðum erlendis. Þetta er tvímælalaust af hinu góða. En hitt er annað mál, að það ber auðvitað að veita skipafélögum eins og öðrum rekstri allt eðlilegt aðhald. Ég tel raunar að það sé gert á ýmsan hátt, og ég kem að því örlítið nánar síðar. En að taka fyrirtækin undir rannsókn og stimpla þau grunsamleg fyrir það eitt að þau séu stór á íslenskan mælikvarða, það tel ég alveg fráleitt.

Vitanlega gildir sama um flug og siglingar, að það er lífsnauðsyn, ekki síst eyþjóð, að ráða yfir eigin flugþota — og auðvitað er það nauðsyn fyrir sérhverja þjóð. Í fluginu er sennilega enn þá æskilegra og nauðsynlegra að rekstrareiningar séu stórar. Ég held að þetta fari ekki á milli mála, það er höfuðnauðsyn í fluginu. Samkeppnin er ákaflega hörð í flugi á milli landa. Innanlands eru flugfélögin svo aftur háð verðlagseftirliti, og samningar milli þjóða grípa auðvitað inn í millilandaflugið á ýmsan hátt. Nýlega tókst, m. a. fyrir atbeina ríkisvaldsins, að sameina tvö meginflugfélög Íslendinga. Og þá voru allir á einu máli um það — ekki varð ég var við annað — að þetta væri nauðsynleg og gagnleg aðgerð, í raun og veru óhjákvæmileg aðgerð, og að það hafi verið heillaspor að þetta tókst. Nú vill flm. þessarar till. snúa þessu við aftur. En mér sýnist það í meira lagi hæpið og raunar alveg fráleitt að fara að efna til rannsókna af hálfu Alþ. hér og nú vegna þess nánast að Flugleiðir séu of stórt fyrirtæki og of aðsópsmikið, einmitt þegar við erum nýbúin að vinna að því hér, koma því svo fyrir að félögin sameinuðust.

Varðandi þátt flugsins í þessari tillögusmíð hv. þm. vil ég enn leggja áherslu á að það er Íslendingum mjög hagkvæmt og það eykur þætti í fremur fábreytt atvinnulíf að hér sé starfandi sterkt flugfélag sem veitt getur mörgu fólki trausta atvinnu. En til þess verður það að starfa bæði innanlands og utan, annars verður það ekki stórt félag, getur ekki haft þann styrkleika sem það hefur í dag. Og það er jafnframt ómetanlegt frá sjónarmiði samgangnanna innanlands og milli landa, líka okkar eigin samgangna, að til sé sterkur aðili sem annast þessa þjónustu. Stórrekstur í flugi, jafnvel aðeins á borð við rekstur Flugleiða, sem er lítið fyrirtæki jafnvel á mælikvarða Norðurlandaþjóða, getur ekki átt sér stað nema ryðja sér til rúms á fjölþjóðlegum markaði. Ég held að það sé öllum ljóst, að samkeppni á þessum sviðum, og það á auðvitað líka við siglingarnar, er ákaflega hörð og þar verður að beita kjafti og klóm, ef svo mætti segja. Breytileg far- og farmgjöld eftir eðli leiða og tegund viðskipta verða áreiðanlega aldrei umflúin. Undirboð á þessum vettvangi er auðvitað algengt og margþekkt. Þessar gífurlegu sveiflur í verðlagningunni eru oft alveg óhjákvæmilegar undir þeim kringumstæðum sem við er starfað. Og ég endurtek það, að stórrekstur einn getur gert sig gildandi þarna. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir þessu. Ef aftur stjórnmálamenn á borð við okkur hv. flm. t. d. ættu að fara að segja fyrir um rekstur Flugleiða í einstökum atriðum, sbr. aðfinnslur hans út af töxtum, flugvélakaupum o. s. frv., færi félagið vitanlega á hausinn með sama! Ég veit að hv. flm. viðurkennir þetta í hjarta sínu, þó að hann kunni að halda öðru fram hér á eftir. Við höfum ekkert vit á þessu, ekki neitt, og þó að við förum að fá okkur einhverja „prívat"-sérfræðinga eða sérfræðinga á vegum Alþ. til þess að vinna að þessu, þá höfum við enga tryggingu fyrir því, að þeir væru neitt betri en þeir sérfræðingar sem félögin sjálf ráða sér. Mér sýnist þetta því allt ein hringavitleysa.

Ég minntist áðan á fordæmingar flm. á aðild Flugleiða að flugfélögum á Norður- og Austurlandi. Ég á erfitt með að koma því úr huga mínum, því að það er svo afspyrnufáránlegt að mínum dómi. En ég skal þó sleppa því að mestu. Eins og ég hef vikið að hefur flug hér innanlands ekki reynst gróðavegur og ekki fremur reks-

ur litlu landshlutafélaganna, sem eru svæðisbundin, heldur en hinna. En hagræðið af því, að þessi félög starfi saman, er náttúrlega margvíslegt. Fyrir Flugleiðir líka, stóra félagið, hefur það mjög mikla þýðingu, því með náinni samvinnu við félögin í landshlutunum greiðir stóra félagið fyrir farþegum sínum alla leið heim og heiman, og það gerir það reyndar líka með þátttöku í rekstri bifreiða, eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Ef leitað væri álits forsvarsmanna byggðarlaganna á þessum svæðum, sem nú njóta flugsins frá litlu félögunum, þá held ég að það yrði einróma að það væri síður en svo ástæða til þess að taka Flugleiðir undir opinbera rannsókn vegna þess samstarfs, heldur þvert á móti að það sé æskilegt, enda eftir því leitað af heimamönnum.

Nú er einnig fram komin till. um að taka Samband ísl. samvinnufélaga og kaupfélögin undir rannsókn. Ég held *nú að hv. flm. þeirrar till. hafi sett hana fram mest til þess* að fá „system" í þetta allt saman. En hvað um það, við skulum láta það liggja á milli hluta. En satt er það, að Sambandið er líka stórt fyrirtæki, og ef það telst nægilegt tilefni, þá er samræmi í því að rannsaka það einnig.

Eins og ég hef margtekið fram, þá ræði ég þetta mál fyrst og fremst út frá því, hvort skynsamlegt sé að Alþ. snúi sér að slíkum rannsóknarverkefnum. Ég mun því hvorki leitast við að gera úttekt á starfsemi þessara félaga, *sem till. fjallar um, né heldur ræða sérstaklega þá* gagnrýni sem kom fram í frumræðunni, ekki umfram það sem ég hef þegar gert í framhjáhlaupi. En ég vil ekki liggja á því, að ég er alfarið andvígur þessari till., þessum nýju starfsháttum. Ég álít ekki tilefnið nægilegt og ég vefengi hæfni þm. til raunhæfra rannsóknarstarfa og tel auk þess að tíma þeirra sé miklu betur varið til annarra verka og þá fyrst og fremst til jákvæðari athafna en standa í þessu, líkt og ég tel að Alþ. hafi verið að gera *undanfarið. Ég vísa til þeirrar uppbyggingar sem orðið* hefur í þjóðlífinu á síðustu áratugum, því til sönnunar, að menn hafa ekki verið að rífa niður, heldur að reyna að stuðla að því að byggja upp. Þar með er ég ekki að slá því föstu, og það hef ég þegar tekið fram, að það sé óþarft að fylgjast með rekstri stórfyrirtækja, síður en svo. Nálega alls staðar í okkar þjóðlífi er þörf aðhalds og eftirlits, og er langt síðan það var viðurkennt. Og vel að merkja: íslenskur atvinnurekstur t. d. er ekki eftirlitslaus í dag: *Ég ætla aðeins að nefna dæmi um það.*

Ég nefni það fyrst, að í hvert sinn sem fyrirtæki þurfa á lánafyrirgreiðslu að halda — og það er oft — kanna hagdeildir lánastofnana stöðu þeirra og krefjast margvíslegra upplýsinga. Stjórnir ríkisbankanna eru þingkjörnar og þannig hefur Alþ. einmitt möguleika til áhrifa á þessu sviði. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að þegar Flugleiðir hafa fengið ríkisábyrgðir fyrir lánum, sem reynst hefur óhjákvæmilegt á stundum, hefur farið *fram alveg sérstök könnun á stöðunni.*

Ég nefni það enn, að skattyfirvöld fylgjast með rekstri og efna til rannsókna, ef nokkur ástæða þykir til — og vald skattarannsóknanna er nokkuð mikið — samkv. lögum frá Alþingi auðvitað.

Við höfum lög um verðlagningu á vöru og þjónustu og varnir gegn einokun og óréttmætum viðskiptaháttum, eins og ég held að það sé orðað. Og verðlagning er háð eftirliti, eins og ég hef áður aðeins vikið að. Nefnd manna, *sem er valin á nokkuð breiðum grundvelli,* ákveður verð margra þátta í þjónustu þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir eins og í annarri þjónustu. Úrskurðir þessarar nefndar eru nánast hæstaréttardómar, nema í þeim tilvikum og á þeim tímum sem ríkisstj. grípur inn í. Fyrirtækin eru skyld að gefa verðlagseftirlitinu og skattinum allar upplýsingar og auðvitað bönkunum líka, og þau verða að gera það samkv. eðli málsins.

Ýmsir aðrir þættir í starfsemi íslenskra fyrirtækja eru líka undir eftirliti, svo sem öryggismál ýmiss konar, starfsmenntun áhafna, öryggi farkosta og búnaður, vinnustaðir o. s. frv.

Þá má enn geta þess, sem raunar kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að ríkið á hlut í þessum félögum báðum. Það hefur sinn mann þar í stjórn, og þar hefur Alþ. enn aðgang að upplýsingum frá félögunum. Þannig er nú þetta, íslensk fyrirtæki yfirleitt og þessi t. d. eru þegar undir margvíslegu eftirliti, sem getur snúist í rannsókn þegar það á við að dómi þeirra sem með fara og *oft eru til þess ráðnir af Alþ. beint eða óbeint. Hér við* bætist svo það, að flestir eða allir fjölmiðlar eru fúsir og jafnvel sækjast eftir því að birta hvers konar gagnrýni fólksins. Þetta þekkjum við mætavel. Og ég vil taka undir það: Við skulum veita aðhald, gagnrýna með rökum og framfylgja löggjöf okkar t. d. um verðlag, skatta, bankamál o. s. frv. En ég held að við ættum að láta bíða ögn að stofna nýtt bákn, eins konar rannsóknarrétt Alþingis, með sérfræðingastofnun að bandarískri fyrirmynd, sbr. till. hv. 3. landsk. þm. og skýringar hans í útvarpsþættinum margnefnda.

Það er ekki öll sagan sögð enn varðandi þennan samgönguþátt og sérstaklega samgöngur á sjó, því í samstarfsyfirlýsingu núv. ríkisstj. segir orðrétt: „Úttekt verði gerð á rekstri skipafélaga í því skyni að lækka flutningskostnað." Sem sagt, auk alls þess sem ég í fyrstu drap á, þá kemur svo þetta að ærið eftirlit og umsjón af hálfu hins opinbera er þegar fyrir hendi, þótt ekki sé nú settur *rannsóknarréttur af hálfu Alþingis ofan á það allt saman* sem við höfum fyrir. Það væri að mínum dómi alveg tvímælalaust að bera í bakkafullan lækinn.

Það, sem ég hef hér sagt, er nánst eingöngu um það, hvort skynsamlegt sé að brjóta nú blað í sögu Alþingis og hefja á þess vegum umfangsmikla og flókna rannsóknarstarfsemi og ráða til sérstaka sérfræðinga, koma upp sérfræðingastofnun, ef ég hef skilið hv. flm. rétt. Ég hef nálega ekkert fjallað um rekstur þessara fyrirtækja, *sem till. fjallar um, en minni á hæpnar fullyrðingar hv.* flm. um einokun þeirra rétt sem dæmi um málflutninginn. En ég hef bent á það t. d., að Alþ. og alþm. hafa fullt að gera nú þegar við hin hefðbundnu störf, að þm. eru margir sjálfir áreiðanlega ekkert sérstaklega til þess hæfir að taka að sér slíkar rannsóknir, að það hlyti að verða mjög mikill kostnaður við sérstaka rannsóknarstofnun á vegum Alþingis við að ráða að bandarískri fyrirmynd sérfræðinga í ýmsum greinum til þess að vinna þetta verk fyrir eða undir eftirliti þm. Ég hef bent á það, að þm. hafa aðgang að sérfræðingum ríkisstofnananna sem margar hafa einmitt það hlutverk að beita eftirliti á þessum stöðum. Ég benti á það í byrjun, að ég tel að slíkri rannsókn fylgi hætta, hætta á því að krenkja þau fyrirtæki sem fyrir rannsókn yrðu. Og ég vil enn benda á, að það er auðvitað viss hætta á pólitískri misnotkun ef Alþ. á annað borð færi að taka upp slíkar rannsóknir og verulega heitt yrði í kolunum. Og síðast, *en ekki síst drap ég á það margháttaða eftirlit, sem nú* þegar er fyrir hendi, minnti á sérstaka athugun ríkisstj.

samkv. stjórnarsáttmála. Niðurstaða mín er því neikvæð. Ég er andvígur því, að Alþ. helli sér út í víðtæka rannsóknarstarfsemi á þeim grundvelli sem lagður er í till. Vilji Alþ. auka eftirlit með framkvæmdavaldinu og með ýmsum athöfnum þegnanna, ég er ekki talsmaður þess sérstaklega, en vilji þingið það, þá verður að forma það á annan hátt en með svona tillöguflutningi. Það verður þá að finna því skynsamlegt form og taka sér tíma í það, en ekki þjösnast áfram á þann hátt sem ég tel að sé gert með þessum tillöguflutningi.

Mér er vitanlega ókunnugt um afstöðu annarra alþm. yfirleitt til þessarar þáltill. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, og ég skal engu spá um afgreiðslu hennar hér á Alþ. En setjum svo, að þessi till. yrði nú samþ., og setjum svo, að það tækist síðan að lama nokkuð nefnd fyrirtæki, a. m. k. rjúfa „einokunaraðstöðu" þeirra margnefnda, t. d. kljúfa þau upp í tvö eða fleiri fyrirtæki, svo þau geti barist innbyrðis. Þá vaknar í huga mínum áleitin spurning og hún er einfaldlega þessi: Verður hv. þm., flm. þessarar till., þess umkominn að tryggja jafngóðan eða betri atvinnurekstur eða byggja upp í staðinn annan atvinnurekstur á sviði samgöngumála, sem hefur meira þjóðhagslegt gildi en þau tvö fyrirtæki, sem hér er fjallað um og vegið að, Eimskip og Flugleiðir? Er hann fær um t. d. að tryggja betri þjónustu, meiri atvinnumöguleika og öryggari rekstur? Ég skal að sjálfsögðu ekkert fullyrða um þetta. En það læðist að mér sá grunur, að þá mundi rætast bókastaflega það, sem Grímur Thomsen kvað forðum, að „gildari virðist, unglingar, / til ofanveltu ykkar kraftur / en til þess að byggja upp aftur."

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hjó að þeim rannsóknartill., eins og hann orðaði það, sem lagðar hafa verið fram, og fór um þær niðrandi orðum. Ég vil ekki með þeim fáu orðum, sem ég kem til með að segja, mæla með þeirri till. sem nú er á dagskrá, heldur vil ég vegna orða fyrrv. hæstv. menntmrh. um, að ekki væri rétt né hægt að rannsaka fyrirtæki eða stofnanir á þann hátt sem farið er fram á í þeim till. — hann talaði almennt um þær till. sem fram hafa komið, ekki sérstaklega þá sem hér er á dagskrá — aðeins benda á að ekkert er því til fyrirstöðu að slíkar rannsóknarnefndir séu settar á laggirnar. Ég leyfi mér að benda á 94. gr. skattalaga, sem samþ. voru í ráðherratíð hv. þm. Þar er gert ráð fyrir að slíkum rannsóknaraðilum sé hleypt á einstaklinga og fyrirtæki í þjóðfélaginu. Þar á ég við skattyfirvöld sem starfa eiga sem rannsóknarnefndir, þótt ekki sé um þingmannanefndir að ræða. Með leyfi forseta vil ég lesa upphaf 94. gr. skattalaganna um upplýsingaskyldu og eftirlitsheimildir. Það undirstrikar að hér er um rannsóknarnefndir að ræða, eins og gert er ráð fyrir í þeim till. sem liggja fyrir þinginu, þó ég tali ekki sérstaklega um þá till. sem er á dagskrá. Upphaf 94. gr. hljóðar svo: „Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi, hvort upplýsingarnar varða þann aðila, sem beiðnin er beint til, eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um."

Svo langt er gengið í rannsóknarnefndum og störfum þeirra stofnana sem Alþ. hefur þegar sett á laggirnar. Þetta eru skattalög þau, sem síðast voru samþ. — ég held ég megi segja 6. maí 1978 og eiga að taka gildi 1. jan. 1979. Einstaklingum er skylt samkv. þeim lögum að gefa upplýsingar um þriðja aðila.

Það er mesti misskilningur ef hv. þm. heldur að hér sé verið að setja á laggirnar nefnd þm. sem eigi að segja til um hvernig reka eigi fyrirtæki. Þeir skulu ekki rannsaka sjálfir, heldur mundu þessar rannsóknarnefndir, ef á laggirnar kæmust, nota, eins og fram kom hjá hv. þm. sérfræðikunnáttu þeirra manna sem færastir eru til að veita nefndunum allar þær upplýsingar sem um yrði beðið. Hér er ekki verið að tala um að rannsaka fyrirtækin vegna stærðar, heldur vegna þess að hér er um auðhringi að ræða eða óeðlileg samkeppni á sér stað, sem aðrir hafa ekki aðgang að.

Umr. frestað.

Efri deild, 26. fundur.

Miðvikudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 149). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var ákveðið að gera ráðstafanir til þess að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna um sem svarar 2-3% í afkomu þeirra. Ríkisstj. hefur að heita má frá því að hún var mynduð unnið að þessum málum og haft þau til athugunar. Hafa þegar verið nýttar heimildir sem svarar til bættrar afkomu útflutningsatvinnuveganna um 0,5%, en með þeirri lækkun vaxta, sem gert er ráð fyrir að taki gildi um áramót, mundi afkoma atvinnuveganna batna um 2% að auki, þannig að þegar þessar heildaraðgerðir væru komnar til framkvæmda hefði það í för með sér hlutfall sem samsvarar um 10% í launagreiðslum frystiiðnaðarins, sem nemur um fjórðungi útgjalda þeirra.

Með því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að lán til framleiðslunnar verði á gjaldeyrisgrundvelli. Birgðalán til útflutningsgreina eru veitt í viðskiptabönkum, og er verulegur hluti slíkra lána nú endurseldur Seðlabankanum. Samkv. gildandi lögum getur bankinn endurlánað óráðstafaðan hlut erlendra skuldbindinga sinna. Slíkt mótvægi til endurlána er hins vegar að sjálfsögðu mjög breytilegt á hverjum tíma, og fer það bæði eftir gjaldeyrisstöðu og því, hversu mikið fé er ætlað öðrum aðilum með mótvægi í erlendum skuldbindingum bankans. Því er þess vegna ekki að treysta, að óráðstafað erlent mótvægi sé alltaf nægilegt. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Auk afurðalánanna er gert ráð fyrir sérstökum útflutningslánum, sem veitt verði í erlendum gjaldeyri. Þegar sölusamningar liggja fyrir eða útskipun fer fram verða þau lán ýmist veitt af Seðlabanka fyrir milligöngu viðskiptabanka hérlendis eða þau verða veitt beint af erlendum bönkum, líkt og tíðkast hefur um árabil. Frv. þetta gengur út frá þeirri forsendu, að lántakendur — þ. e. framleiðendur og útflytjendur — skipti við innlánsstofnun eða viðskiptabanka. Síðan verði lánin endurseld í Seðlabankanum samkv. afurðalánareglum hans á ábyrgð viðskiptabankans. Útborgun lánsins verður jafnan í íslenskum krónum enda þótt skuldbindingin verði

greind í erlendum gjaldeyri á lánsskjali.

Á þessu mikla verðbólguári, sem nú er að líða, hefur mjög sigið á ógæfuhlið að því er varðar endurkaupamál Seðlabanka Íslands. Hafa endurkaupin í nóvembermánuði farið mjög verulega fram úr bundnu fé í bankanum, eða allt upp undir 9 milljarða kr. Af þessari ástæðu er nauðsynlegt að gera annað tveggja, að lækka endurkaupahlutföll Seðlabankans um 4% eða svo frá næstu áramótum eða að auka bindiskylduna í Seðlabankanum talsvert frá því sem nú er. Bankastjórn Seðlabankans hefur í sérstakri skýrslu til ríkisstj. bent á að veruleg vandkvæði séu á þeirri leið að auka bindiskylduna, hugsanlegt væri e. t. v. í þessum efnum að fara bil beggja, og standa nú yfir viðræður milli ríkisstj. og Seðlabankans um þau mál. Ég er þeirrar skoðunar, að verulega aukin bindiskylda skerði svigrúm viðskiptabankanna um of, en hvor leiðin sem farin verður er augljóst að bankakerfið rís ekki undir henni nema gerðar séu samhliða aðrar ráðstafanir. Því hefur verið um það rætt að undanförnu að fella niður lánveitingu bankanna til Framkvæmdasjóðs, en hún hefur numið 5% af innstæðuaukningu á þessu ári, 1978, en þetta hlutfall var löngum áður 10%, eins og þm. er kunnugt. Falli þetta niður er ljóst að möguleikar viðskiptabankanna til þess að taka aukinn þátt í afurðalánum vaxa að sama skapi.

Frá stofnun Seðlabanka Íslands árið 1961 hafa endurkaup afurða- og rekstrarlána verið einn fyrirferðarmesti þátturinn í fjárráðstöfunum bankans. Áður hafði Landsbankinn og Landsbanki og Seðlabanki síðar annast þetta hlutverk. Þegar hér var komið sögu var yfirleitt um það að ræða, að endurkaupin voru ákveðinn hundraðshluti af afurðaverðmæti, og tiltölulega snemma nam það hlutfall 55%, en til viðbótar veittu viðskiptabankarnir lán sem hækkaði þetta lágmarkshlutfall í 75% alls. Hlutfall endurkaupanna hefur verið nokkrum breytingum háð í gegnum árin, en að jafnaði hefur verið reynt að sjá svo til að heildarhlutfallið héldist. Hefur þetta átt við um lán út á útflutningsafurðir, en um aðrar afurðir hafa gilt lægri hlutföll svo numið hefur 2-3 prósentustigum. Fram til ársins 1965 miðuðust endurkaupin eingöngu við sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir, en árið 1966 hefjast endurkaup á rekstrarlánum til iðnaðar og 1972 eru tekin upp regluleg framleiðslulán iðnaðar.

Afurðalán endurkeypt af Seðlabankanum hafa farið mjög hækkandi, bæði vegna hækkandi afurðaverðs og einnig vegna þess, að fleiri og fleiri afurðir hafa notið þessa kerfis. Á árinu 1978 hefur Seðlabankinn endurkeypt rekstrar- og afurðalán af alls 411 aðilum hér á landi. Þeir skiptast þannig, að 237 eru í sjávarútvegi, 62 í landbúnaði og 112 í iðnaði. Yfirgnæfandi stærstur hluti þeirra, sem hér um ræðir, er á Suðvesturlandi, eða 105. Á Vesturlandi eru aðilarnir 27, á Vestfjörðum 24, á Norðurlandi 55 og Austfjörðum 26, eða samtals, eins og áður segir, 237 í sjávarútvegi. Þeir, sem fengið hafa afurða- eða rekstrarlán endurkeypt af Seðlabankanum á árinu 1978 út á landbúnaðarvörur, eru alls 62. Þar af eru 28 á Suðvesturlandi, 6 á Vesturlandi, 2 á Vestfjörðum, 16 á Norðurlandi, 10 á Austurlandi eða alls 62, eins og ég sagði. Fjöldi þeirra, sem hafa fengið afurða- eða rekstrarlán út á iðnaðarvörur í Seðlabankanum á þessu ári, er 112. Þar af eru 85 á Suðvesturlandi, 5 á Vesturlandi, enginn á Vestfjörðum, 19 á Norðurlandi, 3 á Austurlandi, eða samtals 112 eins og ég gat um. Alls eru lántakendur í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði 218 á Suðvesturlandi, 38 á Vesturlandi, 26 á Vestfjörðum, 90 á Norðurlandi og 39 á Austfjörðum.

Til þess að átta sig á því, hverju þeir fjármunir nema, sem hér er um að ræða, bað ég Seðlabankann um að taka saman meðaltöl endurkeyptra afurða- og rekstrarlána Seðlabankans fyrir árin 1977 og 1978 og gera spá um það, hversu miklum fjármunum þyrfti að verja í þessu skyni á árinu 1979. Á árinu 1977 var varið með þessum hætti 5780 millj. kr. til landbúnaðar. Á árinu 1978 er gert ráð fyrir að meðaltalið til landbúnaðar verði 9500 millj. kr. Og á árinu 1979 er ráðgert að til landbúnaðarins verði afurða- og rekstrarlán að meðaltali 14.3 milljarðar kr. Að því er sjávarútveginn varðar námu þessi lán að meðaltali 12.4 milljörðum á árinu 1977. Gert er ráð fyrir að þau nemi 18.1 milljarði á árinu 1978, og ráðgert er að þau nemi með óbreyttu fyrirkomulagi til sjávarútvegsins 28.6 milljörðum á árinu 1979. Að því er iðnaðinn varðar voru meðaltölin 2.4 milljarðar árið 1977. Á árinu 1978 er gert ráð fyrir því að meðaltöl endurkeyptra afurða- og rekstrarlána Seðlabankans til iðnaðar nemi 3.5 milljörðum, og því er spáð að talan fyrir árið 1979 verði 5.1 milljarður kr. Alls námu meðaltöl endurkeyptra afurða- og rekstrarlána Seðlabankans árið 1977 20.9 milljörðum kr. Árið 1978 námu þessi lán að meðaltali 31 milljarði kr., og þá verður auðvitað að áætla það sem eftir er ársins. Og á árinu 1979 er gert ráð fyrir að meðaltöl endurkeyptra afurða- og rekstrarlána Seðlabankans nemi 48.5 milljörðum kr. Af þessum tölum sést hvílík geysileg umsvif er um að ræða í þessari þjónustu Seðlabankans við íslenska atvinnuvegi. Þau rekstrarlán, sem hér er um að ræða og nefnd hafa verið um leið og afurðalánin, eru til landbúnaðarins, eins og kunnugt er, og að nokkru leyti til iðnaðarins, en hvort tveggja er mjög lítill hluti af heildarlánunum. Afurðalánin eru þarna yfirgnæfandi.

Afurðalánin hafa haft þá sérstöðu í bankakerfinu, að segja má að um sjálfvirkar lánveitingar hafi verið að ræða, þar sem allir þeir, sem uppfyllt hafa viss skilyrði, hafa átt rétt á lánum. Það eru fyrst og fremst allir þeir, sem framleiða afurðir til útflutnings, og þeir, sem framleiða landbúnaðarafurðir til sölu á innlendum markaði, og svo þeir, sem framleiða iðnaðarvörur sem lítið eða ekkert eru tollverndaðar. Eftir því sem tollvernd iðnaðarins hefur minnkað samkv. samningum þar um hafa fleiri afurðir iðnaðar komið hér undir þegar því verður við komið, svo sem þegar um birgðahald er að ræða.

Þá er þess að geta, að vextir af endurkeyptum afurðalánum hafa þrátt fyrir allt verið nokkru lægri en af almennum lánum hér á landi. Þannig eru vextir af endurkeyptum afurðalánum nú 18% til viðskiptabanka, en á sama tíma eru almennir víxilvextir 23½% og vextir af vaxtaaukalánum eru 33%. Þar sem um er að ræða samkeppni við framleiðsluatvinnuvegi annarra ríkja er hins vegar augljóst að svo háir vextir valda mjög verulegum erfiðleikum í íslensku atvinnulífi.

Það var á þeim forsendum að ríkisstj. ákvað að beita sér fyrir þeirri breytingu, sem ég gat um í upphafi máls míns og nú er gert ráð fyrir að til framkvæmda komi um næstu áramót. Sú framkvæmd er allflókin þar sem gera þarf nýja framleiðslulánasamninga við öll fiskvinnslufyrirtæki, og er stefnt að því að nýja kerfið taki gildi frá og með næstu mánaðamótum, 1. jan. Nauðsynlegt er talið að sú lagabreyting, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, eigi sér stað og taki þannig af öll tvímæli um að slík

lán séu lögleg, þótt ekki standi alltaf að fullu á móti þeim erlendar skuldbindingar Seðlabankans. Með þessu móti er gert ráð fyrir því, að vextir af lánum til útflutningsframleiðslunnar verði 8½% til viðskiptabanka, og er þá miðað við að það erlenda fé, sem yrði mótvirði afurðalánanna, væri lánsfé frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þar sem vextir af því fé eru nú mun lægri en almennir erlendir skammtímavextir sem eru 11-12% ef um er að ræða dollara, en væntanlega yrði að meginhluta til um dollaraviðmiðun að ræða þar sem meiri hluti útflutningsins er seldur í þeim gjaldeyri. Verði breyting á þeim lánskjörum hins vegar, sem Seðlabankinn nýtur erlendis, frá því, sem nú er, yrði að endurskoða afurðalánavextina með hliðsjón af því.

Þær skuldir, sem Seðlabanki Íslands hefur stofnað til við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á undanförnum árum, hafa að verulegu leyti verið endurlánaðar ríkissjóði samkv. samningum þar um. Þyrfti þá, um leið og sú breyting gerist sem ég er að tala hér fyrir, að breyta lánssamningum milli ríkissjóðs og Seðlabankans þannig að þau lán yrðu innlend á sama tíma og afurðalánin flytjast yfir á erlent mótvægi.

Ég gat um það áðan, að margir teldu að á því væru verulegir annmarkar að auka bindiskyldu bankanna hjá Seðlabankanum. Vil ég nú fara um það nokkrum orðum.

Talið er að ef aukningin ætti að eiga sér stað nú þannig að dygði fyrir endurkaupum, þá þyrfti að auka hana úr 25% í 35% af heildarinnstæðum. Með þessari leið væri stærri hluta af fjármögnun afurðalánanna að vísu dreift jafnt á allar lánastofnanir. Á hinn bóginn hefur þessi leið að mínu mati einnig mjög alvarlega ókosti. Hún stefnir ekki eingöngu að því að viðhalda, heldur beinlínis að því að auka sjálfvirkni í útlánastarfsemi bankakerfisins, en reynslan sýnir að í því felst í rauninni veruleg mismunun í hinum hefðbundnu atvinnuvegum, landbúnaði og sjávarútvegi í vil, en á kostnað iðnaðarins og ýmiss konar þjónustustarfsemi. Er hætt við því, að slík leið leiddi til enn frekari innlánsbindingar í framtíðinni, þar sem aðrar greinar munu leita mjög fast eftir jafnræði og auknum aðgangi að endurkaupafyrirgreiðslu með sama hætti og hinir hefðbundnu atvinnuvegir. Þannig mundi smám saman draga úr sveigjanleika bankakerfisins til að miðla lánsfé með venjulegum hætti til atvinnuvega og fyrirtækja sem mestan vaxtarmátt hafa á hverjum tíma. Innan bankakerfisins mundi þessi leið bæta greiðslustöðu ríkisbankanna, sem hafa með höndum langmestan hluta allrar lánastarfseminnar, en rýra að sama skapi greiðslustöðu einkabankanna svo og sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaganna. Þrátt fyrir þetta mun þessi leið eiga mjög takmörkuðu fylgi að fagna hjá forráðamönnum ríkisbankanna.

Hin leiðin, sem ég nefndi fyrr í ræðu minni, þ. e. a. s. lækkun endurkaupa og samsvarandi hækkun viðbótarlána viðskiptabankanna, hefur þá kosti að viðhalda meiri sveigjanleika í útlánastarfsemi bankanna. Hins vegar veldur þessi leið því, að fjármögnun afurðalána höfuðatvinnuveganna dreifist enn ójafnar en verið hefur á milli innlánsstofnana. Þegar vandamál endurkaupastarfseminnar voru til umr. á s. l. ári varð þó niðurstaðan sú, að þessi leið væri heppilegri en aukin innlánsbinding. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 var gert ráð fyrir fyrstu skrefum í þá átt að draga úr endurkaupum Seðlabankans. Það var framkvæmt með þeim hætti, að lánveitingar viðskiptabankanna til Framkvæmdasjóðs voru lækkaðar úr 10% í 5% af innstæðuaukningu á árinu 1978, en á móti voru viðbótarlán viðskiptabankanna aukin og afurðalán Seðlabankans lækkuð að sama skapi. Fyrsta skrefið í þessa átt var lækkun endurkaupalána Seðlabankans á þessu ári um 2 prósentustig, þ. e. a. s. úr 58.5% í 56.5% af útflutningsframleiðslu, en hækkun viðbótarlána viðskiptabankanna úr 16.5 í 18.5%. Reynslan sýnir þó, að viðunandi jafnvægi í þessum efnum verður ekki komið á nema með róttækari ráðstöfunum. Virðist því nauðsynlegt, eins og ég sagði áðan, að fella niður með öllu lánveitingar bankanna til Framkvæmdasjóðs, nota allt svigrúmið, sem skapaðist, til að auka þátttöku viðskiptabankanna í afurðalánum, en lækka endurkaup Seðlabankans. Hvernig því máli verður fyrir komið er enn ekki endanlega ljóst.

Það, sem einkum hefur skapað erfiðleika hjá Seðlabankanum við að standa undir þeim skuldbindingum sem bankinn hefur tekið á sig varðandi afurðalánin, er hin gífurlega skuldasöfnun ríkissjóðs s. l. 5 ár. Á þessu árabili hefur nettóskuld ríkissjóðs sjálfs við Seðlabankann vaxið um rúma 20 milljarða kr. Hefði sú þróun leitt til samsvarandi rýrnunar á gjaldeyrisforða þjóðarinnar ef ekki hefði verið gripið til þess ráðs að taka lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og endurlána það síðan ríkissjóði. Skuldin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn nam í septemberlok 19.8 milljörðum kr., eða svipaðri fjárhæð og umsamdar skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann.

Sú vaxtabreyting, sem nú er gert ráð fyrir að eigi sér stað frá og með næstu áramótum, mun hafa í för með sér mjög verulega bætta stöðu útflutningsatvinnuveganna.

Til þess að myndin sé skýr er nauðsynlegt að hafa í huga, að einnig er ætlunin að taka upp svokölluð útflutningslán. Eins og nú er háttað skilar andvirði útflutnings sér ekki heim í gjaldeyri fyrr en liðinn er nokkur tími frá afskipun. Er þetta nokkuð misjafnt eftir framleiðslugreinum og tegundum, en algengt mun vera u. þ. b. einn mánuður. Mundi það þýðingarmikið fyrir útflutningsframleiðsluna, ef unnt væri að flýta gjaldeyrisskilum og greiðslu á andvirði vörunnar þannig að það fengist sem næst greitt að fullu u. þ. b. á þeim tíma sem varan fer úr landi. Er því fyrirhugað að sá þáttur verði tekinn upp að fjármagna heildarverðmæti útflutningsfarma með töku útflutningslána, sem viðskiptabankarnir mundu veita með aðstoð erlendra banka. Eru ekki talin neinn vandkvæði á slíkri fjármögnun og er hún raunar algeng í milliríkjaviðskiptum. Vextir af þessum útflutningslánum yrðu að miðast við lánakostnað erlendis á hverjum tíma, en hann er óvenjuhár um þessar mundir vegna erfiðleika og óstöðugleika á gjaldeyrismörkuðum. Reynsla undanfarinna ára sýnir þó, að vextir á slíkum lánum eru yfirleitt á bilinu 8-10% ef um dollara er að ræða, en lægri í sumum öðrum gjaldeyri, t. d. þýskum mörkum, þar sem gengisáhættan er meiri. Hvor tveggja sú breyting, sem hér er fyrirhuguð á fyrirkomulagi afurðalána til útflutnings, hefur áhrif til lækkunar á fjármagnskostnað fiskiðnaðarins og útflutningsatvinnuveganna. Reiknað hefur verið út, að samanlagt muni þessar ráðstafanir hafa í för með sér lækkun á heildarkostnaði í útgjöldum sjávarútvegsins sem svarar rúmlega 2% í afkomu þeirra. Jafnframt munu útflutningslánin bæta verulega greiðslustöðu þeirra fyrirtækja sem um er að ræða, og mun ekki vanþörf á því.

Eins og ljóst er af því sem hér hefur verið sagt, nær þessi breyting afurðalánanna eingöngu til útflutnings,

svo sem eðlilegt er, þar sem þær afurðir seljast í erlendum gjaldeyri. Að því er varðar afurðalán út á vörur, sem seldar eru á innlendum markaði, er fyrirhugað að þar verði breyting á er leiði til nokkru léttari greiðslubyrði. Ég bað hagfræðideild Seðlabankans að gera úttekt á því, hvaða áhrif sú breyting, sem ég hef hér mælt fyrir, hefði á afkomu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins. Svarið var á þessa leið:

Í heildarreikningum frystingar samkv. skýrslum Þjóðhagsstofnunar, miðað við verðlag í okt. 1978, eru heildargjöld frystihúsanna 62 milljarðar 829 millj. kr. Reiknað hefur verið út að breyting afurðalánanna til hins nýja fyrirkomulags jafngildi rúmlega 2% lækkun kostnaðar hjá vinnslunni, en það samsvarar 1 256 000 kr. Í þessum reikningum er vaxtakostnaður að mati Þjóðhagsstofnunar talinn alls núna að óbreyttu 3453 millj. kr. Í heildarreikningum söltunarinnar eru gjöldin talin á þessu ári 23 milljarðar 425 millj. kr. Kostnaðarlækkunin í söltun með þeim breytingum, sem hér er gert ráð fyrir, yrði 468 millj. kr., en vaxtakostnaður þar er nú talinn — samkv. sömu áætlun og með sömu fyrirvörum af minni hálfu þar um og áður — 1 milljarður 575 millj. kr. Í heildarreikningum skreiðarverkunarinnar eru gjöld talin 3360 millj. kr. Kostnaðarlækkunin yrði þar um 66 millj. kr. Það er ævinlega erfitt að átta sig á því, hvað er miðlungsfyrirtæki í þessum greinum, þar sem framleiðsla er oftast blönduð. Þó mætti telja frystihús, sem framleiðir fyrir um 700 millj. kr., ekki alllangt frá meðalstærð. Samkv. ofansögðu yrði lækkun kostnaðar hjá þessu frystihúsi sem svarar um 15 millj. kr.

Það er enginn vafi á því, að framleiðendur í sjávarútvegi reikna með því, að við þessa breytingu gerist það, að gengismunur, þegar hann myndast, gangi til framleiðendanna sjálfra, þ. e. eigenda birgðanna, enda er vart annað framkvæmanlegt þegar verulegur hluti afurðaandvirðisins er í skuld sem bundin er breytingu á gengi. Menn spyrja í sambandi við þá breytingu á afurðalánum, sem hér er um að ræða, hvort þetta þýði ekki í rauninni sömu vaxtabyrði fyrir sjávarútveginn þegar til lengdar lætur og þar er um að ræða núna. Framleiðendur í sjávarútvegi telja hins vegar að með þessari breytingu muni þeir njóta meira öryggis en áður hefur verið, og þeir meta það mikils. Reynslan verður auðvitað að skera úr um það, hvernig þetta fyrirkomulag gefst, og að ári liðnu eða svo er sjálfsagt að taka þessa hluti til endurmats. Von mín er þó sú, að áður en mörg ár líða verði verðþróun á Íslandi orðin með þeim hætti, að unnt sé að taka upp eðlilega viðmiðun afurðalána sjávarútvegsins, þ. e. a. s. eingöngu miðað við íslenskar kr. á hverjum tíma, og á það ber að leggja áherslu, að það er mín skoðun að hér eigi ekki að stíga skref í þá áttina að auka erlendar skuldbindingar okkar, heldur sé hér einungis um fyrirkomulagsatriði að ræða, eins konar bráðabirgðafyrirkomulag meðan þjóðin er að vinna sig út úr þeirri miklu verðbólgu sem hér geisar. Það er alveg augljóst, að við þær aðstæður, sem nú ríkja í efnahagsmálum Íslendinga, er útilokað fyrir útflutningsatvinnuvegi okkar að greiða svo háa vexti sem taldir eru nauðsynlegir til þess að halda sparifé inni í bönkunum.

Herra forseti. Ég hef nú í nokkru máli gert grein fyrir afurðalánum bankakerfis okkar og þeim útflutningslánum sem ætlunin er að taka upp hér á landi frá og með næstu áramótum. Mér er kunnugt um að þeir aðilar, sem stunda framleiðslu í sjávarútvegi, telja að í þessum breytingum felist mjög verulegur ávinningur þeim í vil. Þó að þetta frv. sé nú fyrst borið upp til umr. hinn 13. des., þá vænti ég þess, að hv. þd. afgreiði það með skjótum hætti, því að lögin þarf að staðfesta fyrir áramót.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., er vissulega stórmál, þó að lítið fari kannske fyrir frv. sem þm. hafa fengið að sjá. Hins vegar hefur hæstv. viðskrh. flutt ítarlega ræðu um málið og skýrt ýmislegt af því sem nauðsynlegt er að þm. fái skýringar á áður en þeir geta afgreitt svo mikið mál sem hér um ræðir. Menn mundu kannske halda að ég vildi þegar í stað lýsa yfir fyllsta stuðningi við þetta frv., vegna þess að sumum þm. a. m. k. mun kunnugt um að um alllangt skeið hef ég talið að öll afurðalán útflutningsframleiðslunnar ættu að vera gengistryggð með þeim hætti einmitt sem lagt er til í þessu frv. Á s. l. sumri ritaði ég smágrein um þetta mál og ýmsar fleiri hugleiðingar um hvernig hugsanlegt væri að glíma við þann mikla vanda, sem við Íslendingar höfum átt við að stríða, og benti þá á þessa leið og nokkrar aðrar. Ég tók einmitt fram, að þetta væri til hugleiðingar fyrir hverja þá sem ríkisstj. kynnu að mynda, og að því leyti til gleðst ég auðvitað yfir því, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur skoðað þetta mál og gert það að hluta til að sínu.

En sá er þó hængurinn á, að annan lið þessa máls vantar í þetta frv. Till. mínar o. fl., sem um þetta hafa fjallað, voru þær, að samhliða því sem afurðalánin yrðu gengistryggð yrði aflað gengistryggðs fjár innanlands, þ. e. a. s. að fólkið í landinu fengi að leggja inn á reikninga sína peninga tryggða í erlendri mynt og mundi með þeim hætti fjármagna útflutningsatvinnuvegina. Hér er hins vegar lagt til að taka ýmist erlend lán til að fjármagna útflutningsatvinnuvegina eða nota svokallað erlent mótvægi, sem mætti kannske orða skýrar eins og ýmislegt annað í skjölum sem koma frá hinum margháttuðu stofnunum, en þar vill nú oft svo fara að málalengingar eru og ýmiss konar ívaf. Ég held samt að ég skilji hvað erlent mótvægi sé, og reyndar reyndi hæstv. ráðh. að útskýra hvað það væri, þ. e. a. s. það á að nota yfirdráttarheimildir og lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í þessum tilgangi. Að vísu upplýsti hæstv. ráðh. mér til mikillar gleði, að hugmyndin væri að í staðinn mundi lán ríkissjóðs við Seðlabankann verða í innlendum peningum, án þess að upplýst sé hvernig þess fjár eigi að afla. Ég veit ekki hvar það á að taka. En vissulega væri æskilegt, ef erlendar lánsheimildir og erlend lán yrðu notuð í þessum tilgangi, að þá tækist að afla innlends lánsfjár til allra ríkisframkvæmda og til að borga skuld ríkissjóðs við Seðlabankann. Tel ég raunar að það sé nánast forsenda þess, að þetta mál beri tilætlaðan árangur, og forsenda þess, að það verði ekki til bölvunar beinlínis. Ef nú verða tekin erlend tugmilljarða lán til þess að fjármagna rekstur íslenskra atvinnuvega, þá hlýtur það að leiða til þess, að enn þá meir verður kynt undir verðbólguna. Þá þarf ekki sömu bindingu, þá verður meira sett af fjármagni í umferð, þá er enn þrýst á verðbólguna og verðbólguhjólinu snúið hraðar. Þetta mun þó áreiðanlega allt saman skýrast þegar þm. fá ræðu hæstv. ráðh. til frekari yfirvegunar og geta spurt yfirvöld fjármagnsmála á Íslandi nánar um þetta efni. Skal ég þess vegna ekki leggja á það fullnaðardóm, en vildi vekja á því athygli, að það er

mikill munur á þeim till., sem ég o. fl. höfum sett fram, og því, sem hér er um að ræða, að þessu leyti. Það átti að afla innlends lánsfjár eftir okkar hugmyndum og það átti að gefa fólkinu kost á því að fá nýtt sparnaðarform, að geta látið peninga sína sem fulltryggt fé í íslenska banka og nota fjármunina í ríkari mæli til sparnaðar fremur en til þess að byggja steinkumbalda, flytja inn endalaust sjónvörp, bíla og ýmiss konar óþarfa að auki. Þennan lið vantar því miður í till., en kannske er þetta upphaf að því sem koma skal. En fyrst og síðast þurfum við að gæta þess, að þetta verði ekki til þess að auka enn á verðbólguna með því að taka erlend lán í stað þeirra innlendu, sem nú eru notuð, og dengja þeim út í efnahagslífið, því að þá fyrst yrði hér allt óviðráðanlegt. Þetta mun verða skoðað í fjh.- og viðskn., sem ég á sæti í.

Ég fagna því svo sannarlega, að þessu máli skuli hreyft á Alþ., því að af því ætti gott að geta leitt. Hins vegar er ég ekki alveg eins bjartsýnn og hæstv. ráðh. þegar hann heldur því fram að þessi aðgerð muni bæta heildarhag útvegsins um 2%. Ég hefði haldið að þegar fram í sækti mundi hagur útvegsins að vísu batna vegna þess að hann gæti fengið meiri lán og fyrr en áður og auðvitað á lægri vöxtum, en hann tekur á sig gengistrygginguna í staðinn. Og jafnvel þótt beinn hagur hans yrði ekki mikill, kannske enginn fyrst í stað, þá væri áreiðanlega rétt að fara út á þessa braut ef peningarnir væru innlendir.

Því er raunar haldið fram hér líka, að staða útvegsins hafi þegar verið bætt um önnur 2 eða jafnvel 3%. Þetta orkar meira en tvímælis allt saman, en út í þá sálma skal ég ekki fara öllu lengra. Það er hægt að tala um vaxtalækkun, og vissulega er þetta vaxtalækkun, en eins og ég sagði kemur gengistryggingin að sjálfsögðu í staðinn, og þá er þetta fyrst í stað kannske ekki útgjaldalækkun í þeim skilningi sem hér er haldið fram, þó að áreiðanlega verði svo þegar fram í sækir ef heilbrigt fjármálakerfi kemst á í þessu landi, sem er frumforsenda þess að það þýði yfirleitt fyrir okkur að vera að tala um að kljást við verðbólgu, enda öll þessi viðnámsfrv. gegn verðbólgu endaleysa eins og menn vita og m. a. s. ekki hægt að koma þeim saman í réttu lagalegu formi, eins og hér hefur verið rætt um áður.

Hæstv. ráðh. upplýsti, að endurkaup Seðlabankans umfram bindiskyldu væru nú orðin hvorki meira né minna en 9 milljarðar kr. og það þyrfti að auka bindiskylduna úr 25 í 35% til að leysa hinn brýnasta vanda. Við vitum að ef bindiskyldan yrði nú aukin úr 25 í 35%, þá mætti í bókstaflegri merkingu loka bönkunum. Ég er dálítið smeykur um það, og vil láta það koma fram hér strax, að það, sem hér sé á ferðinni, sé í aðra röndina tilraun til að bjarga til mjög skamms tíma þessari hæstv. ríkisstj. með því móti að taka nú erlend lán og jafnvel að lina á bindiskyldunni, þannig að bankarnir hafi þó eitthvert fé milli handa. Ég vona, eins og ég sagði áðan, að þetta sé rangt hjá mér, að það sé hugmyndin að afla innlends fjár í staðinn með öðrum hætti en þeim sem ég hef gert till. um, að fá féð lánað beint frá fólkinu — ég vona að það takist og það verður væntanlega upplýst, með hvaða hætti það skuli gert, þegar málið kemur til umr. í n. En ef það er ekki gert, þá er hér um enn eina skammtímalausn að ræða og þá allra verstu, vegna þess að það magnar auðvitað allan vanda ef nú ætti að dengja nýjum 10 eða 20 milljörðum út í kerfið til viðbótar öðru. Þetta held ég að allir hljóti að skilja ef þeir skoða það niður í kjölinn, enda gat hæstv. ráðh. þess réttilega, að það væru mikil vandkvæði því samfara að ætla að auka bindiskylduna núna, vegna þess að bankarnir eru í miklum vandkvæðum. Ég hef reyndar orðað það þannig úr þessum ræðustól, að bankakerfið væri hrunið, — það er það, og eins gott að þjóðin og þingið horfist í augu við að það þarf á því algeran uppskurð, en þetta gæti verið liður í slíkum uppskurði.

Ég veit ekki hvort ég þarf að ræða þetta miklu meira. Við munum í fjh.- og viðskn. að sjálfsögðu skoða rækilega ræðu hæstv. ráðh. Ég leyfi mér að óska eftir því, að við fáum hana í fjölriti strax til athugunar, vegna þess að vissulega vil ég fyrir mína parta, og ég tala þar áreiðanlega fyrir hönd okkar beggja í stjórnarandstöðunni, gera allt sem í okkar valdi stendur til að greiða fyrir því, að þetta mál fái mjög rækilega skoðun og því verði fram hrundið, ef við komumst að raun um að samhliða þessu verði ekki aukið á vandann með þeim hætti sem ég áður hef lýst. Og raunar sagði hæstv. ráðh. hér líka — ég held orðrétt — að það ætti ekki að auka að hans mati — mér skildist að það væri hans persónulega mat — erlendar skuldbindingar. Ég er innilega sammála honum um að það eigi ekki að auka erlendar skuldbindingar. En eins og málið lítur út, þá er verið að auka erlendar skuldbindingar bæði beint og óbeint. Það verður að koma á móti eitthvert innlent fé, annaðhvort með þeim hætti sem hér er boðað, án þess að nokkur skýring sé á því, hvernig það eigi að framkvæma, þ. e. a. s. að ríkissjóður greiði upp skuldir sínar með innlendum peningum, eða þá með því að þeir verði fengnir beint frá almenningi í framtíðinni.

Herra forseti. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál á þessu stigi.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Það er ástæða til að rifja upp í sambandi við þetta frv. það sem stendur í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., að stefnt skuli að því að lækka rekstrarkostnað útflutningsatvinnuveganna um 2%. Hins vegar vil ég benda á það, að við síðustu fiskverðsákvörðun, 1. okt. s. l., var gengið út frá því af hálfu fiskkaupenda, að þessi vaxtalækkun kæmi til framkvæmda og þá sem svaraði u. þ. b. 2%, að meðtöldum öðrum aðgerðum sem hafa þegar verið framkvæmdar, en það er niðurfelling á söluskatti á vélum til fiskiðnaðar.

Fiskiðnaðurinn gengur út frá því, að þessi lækkun, sem var lofað, reyndist verða sú lækkun, sem um er talað og hæstv. viðskrh. vék að áðan. Aftur á móti má benda á að það tímabil, sem um var talað, frá 1. okt., þ. e. fiskverðstímabilið, rennur út nú um áramótin og ný fiskverðshækkun, sem enginn veit hvað verður mikil, tekur við. Ég óttast að þessi gengistryggingarleið, þó svo hér hafi verið nefndar tölur, leiði mjög líklega til hærri vaxta en nú er vegna gengissigs.

Vextir af afurðalánum eru, eins og hæstv. viðskrh. nefndi, 18% á Seðlabankalánunum og 23½% á svokölluðum viðbótarlánum, en meðaltalsvextir um 20%. Þetta eru lægstu vextir sem sjávarútvegur á Íslandi greiðir. En það er ekki þeir vextir sem eru til umr. þegar talsmenn sjávarútvegsins eru að tala um háa vexti. Það eru miklu frekar þau lán sem eru tryggð með byggingarvísitölu, sem eru talin vera óhagstæðustu lán sem til eru, enda óeðlileg viðmiðun í sjávarútvegi. Hins vegar er hægt að færa rök að því að miða vaxtaprósentu í sjávarútvegi og vaxtakostnað við erlent gengi, vegna þess að sjávarútvegur er gengistryggður atvinnuvegur. Lán og

endurgreiðslur eru núna víða í íslenskum sjávarútvegi bundinn við gengi, og gengistryggð lán eru í íslenskum sjávarútvegi ekki nú sem stendur talin óhagstæð lán. Hins vegar má benda á í sambandi við prósentureikninga, sem voru nefndir í ræðu hæstv. viðskrh., en hann vitnaði í Þjóðhagsstofnun, sem gengur út frá vaxtabyrði frystingar um 5%, að þetta mat Þjóðhagsstofnunar er eins og oft áður of lágt. Það eru algengustu vextir í frystingu, er liggja á bilinu 6-7% upp í 9%. Til eru fyrirtæki sem greiða um 12% af veltu í vexti.

Hins vegar er ekki gert ráð fyrir í þessu frv. að komi til hækkun á afurðalánum. Það er að mínu mati nauðsynlegt að næsta skref, sem verður stigið í þessu máli, verði í þá átt, því að það er orðið aðkallandi, þó að væri ekki nema aðeins til þess að geta staðið í skilum með kaupgreiðslur til sjómanna, en eins og kunnugt er gera samningar ráð fyrir því, að kaup til sjómanna sé greitt mánaðarlega, og þeir, sem standa í sjávarútvegi, þekkja erfiðleikana á því að greiða hráefni, sem leiðir til þess að útgerðin getur ekki staðið í skilum við sjómenn. Einnig má benda á það, að mikið fé er bundið í birgðum í sjávarútvegi, sem er æ erfiðara fyrir íslensk fiskvinnslufyrirtæki að fjármagna vegna þeirrar verðbólgu sem hér geisar.

Nú er það að mínu mati ekki aðalástæðan, hvort vextirnir eru háir eða lágir, í sambandi við rekstrarafkomu sjávarútvegs, heldur hefur rekstrargrundvöllur í íslenskum sjávarútvegi verið reiknaður niður á það sem við köllum í þessari atvinnugrein núll og yfirleitt fyrir neðan það, því að eins og ég vék að áðan eru spár Þjóðhagsstofnunar yfirleitt of bjartsýnar. T. a. m. má nefna að í öllum spám Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir 6-7% hækkun í erlendri mynt, það var gert ráð fyrir því í fyrra, og það má benda á að fiskur á okkar helstu mörkuðum hefur sáralítið hækkað síðustu ár, en þetta er enn þá inni í spá fyrir næsta ár. Sú bjartsýni, sem þar ríkir, hefur því fært núllið neðar, eins og við sjáum á stöðu þessa undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar nú, að hann er fyrir neðan núll.

Það er mjög jákvætt sem segir í frv. um útflutningslán sem verða greidd strax við afskipanir. Ég fagna því, að þetta skuli vera gert. Það hefur skapað mikla erfiðleika í íslenskum sjávarútvegi að þurfa að bíða eftir greiðslum eftir afskipanir, eins og hæstv. viðskrh. vék að. Sú bið getur farið upp fyrir mánuð, er oft skemmri tími, en þetta er til mikilla bóta og ber að fagna því. Hins vegar lít ég svo á að þetta frv. sé einungis spor, að vísu í rétta átt, en þetta sé spor sem gefi fyrirheit um frekari aðgerðir af hálfu ríkisstj. til að viðunandi rekstrarskilyrði sjávarútvegsins séu tryggð. Í þessu sambandi langar mig að spyrja hæstv. viðskrh. að því, hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér, að með því að taka upp gengistryggingu á afurðalánum sé úr sögunni hinn svokallaði gengismunarsjóður sem myndast við gengisfellingar. Og hins vegar langar mig að spyrja hæstv. viðskrh. í þessu sambandi, hvort til standi að hækka afurðalán útflutningsatvinnuveganna, en ég hef leitt að því rök að það sé nauðsynlegt. Ég vil aftur á móti taka undir það með hæstv. viðskrh., að svigrúm viðskiptabankanna til að taka á sig frekari lánastarfsemi, í stað þess að Seðlabankinn geri það, sé ekki til eins og staða viðskiptabankanna er núna. Við vitum að a. m. k. annar aðalviðskiptabanki sjávarútvegsins á í mjög miklum erfiðleikum og ekki eru líkindi til þess að hann geti veitt frekari lán. Hins vegar tel ég að leið sú, sem hæstv. viðskrh. nefndi í sambandi við að skera niður framkvæmdasjóðsframlagið gegn því að hækka þetta upp, gæti vel komið til álita, og ég vona það. Það tengist þeirri spurningu, sem ég spurði áðan, hvort það leiðir til hækkunar á þessum lánum.

Ég vil að lokum ítreka að það er eðlileg þróun í sjávarútvegi, sem er gengistryggður atvinnuvegur, að miða lán hans og kjör við það verðlag sem hann er að selja á. Það er eðlilegra en tilbúnar vísitölur hér innanlands. Það má ímynda sér hvort það megi ekki stíga skrefið lengra og leyfa þá jafnvel viðskiptabönkunum að útvega þetta erlenda lán eða jafnvel gera það í gegnum sölusamtökin, sem eru mjög sterk og öflug til þess, og mundi létta á lánakerfinu. Það er líka hugsanleg leið í frekari útfærslu á þessu atriði. Það er rétt sem hæstv. viðskrh. segir, að þetta er gert til reynslu, og hann talaði um að þetta yrði endurskoðað. Það, sem sjávarútvegurinn leggur áherslu á, er að þessi lækkun vaxta verði raunveruleg lækkun vaxta. Það var ekki samið um það, að vextir yrðu lækkaðir um ákveðið prósent, gegn því að þeir hækkuðu annars staðar. Ég vona að þessi ríkisstj. beri gæfu til að halda genginu sæmilega stöðugu og þurfi ekki að grípa til sigs og gengisfellinga, og ég vænti þess, að þó að á móti blási verði það ekki íslenskur sjávarútvegur sem verði látinn gjalda þess eins og oft áður.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil strax lýsa viðurkenningu minni á þeirri jákvæðu stefnu sem kemur fram í frv. því sem hér er til umr., sem felst í því að létta vaxtabyrði höfuðatvinnuvega þjóðarinnar. Það er vissulega mál sem hefur verið mikið áhyggjuefni hjá okkur undanfarið og hefur gert allan rekstur erfiðan, að ég tali ekki um þau vandræði sem skapast hafa af því, hve fjármagnsskorturinn er geigvænlegur.

Við höfum búið við það, þessi þjóð, um margra árabil, jafnvel áratuga, að hvergi hefur verið meiri miðstýring í peningamálum en hjá okkur. Frá mínum bæjardyrum séð hafa afleiðingarnar af þessari ofstjórn á peningamálum komið fram í nokkrum atriðum, sem ég vil hér greina.

Við búum við einhvern lélegasta gjaldmiðil sem þekkist á meðal a. m. k. vestrænna þjóða, sem við kjósum að hafa náin samskipti við. Hjá okkur ríkir einhver mesta og geigvænlegasta verðbólga sem þekkist hjá sams konar þjóðum. Óstöðugleiki og órói á vinnumarkaði hefur verið hér mun meiri og geysilega mikið fjármagn og verðmæti hefur farið forgörðum vegna þess arna í framleiðslu þjóðarinnar. Við höfum orðið að sætta okkur við það, að almennt kaupgjald er hér mun lægra í almennri dagvinnu en þekkist hjá nágrannaþjóðum. Við höfum einnig orðið að búa við það að mun minni framleiðni er í mörgum grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar en gerist. Þá kem ég að því, sem e. t. v. er líka mjög þýðingarmikið, að það hefur verið stöðugt minnkandi almennur sparnaður í innlánsstofnunum og fjárhagskerfi þjóðarinnar.

Ég hygg að það, sem ég nú hef verið að telja, megi að meginstofni til rekja til hinnar miklu miðstýringar í peningamálum þjóðarinnar, öllum þeim miklu hömlum sem hafa verið í gildi, þannig að þarna verði ekki einstaklingar eða fyrirtæki sökuð um hvernig komið er. Það hefur oft verið bent á það af mér og öðrum, að rétt væri að reyna að losa um þetta og reyna að dreifa þessu valdi, afnema ráðin og nefndirnar, minnka vald miðstýringarkerfisins í þessum málum og reyna að gera hlut einstaklinga og fyrirtækja öllu meiri en verið hefur. Ég held

að flutningur þess frv., sem hér er til umr., sé að vissu leyti viðurkenning á því sem ég hef verið að segja hér, því að nú er viðurkennt að sú staðreynd blasi við, að almennur sparnaður þjóðarinnar sé orðinn það lítill, að þrátt fyrir verulega háa bindiskyldu bankakerfisins dugi hún engan veginn til þess að seðlabanki þjóðarinnar geti veitt höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar nauðsynleg afurðalán. Þetta er meginforsenda fyrir því, að þetta frv. er borið fram, næst því að reyna að létta hinn geigvænlega fjármagnskostnað sem hvílir á atvinnuvegunum.

En mér finnst að sagan sé ekki öll sögð með þessu. Ég held að það þurfi að gefa því mjög mikinn gaum að reyna að gera það meira aðlaðandi en hefur verið og er orðið, að almenningur auki sparnað. Það er rótgróið í eðli íslensks almennings að vilja spara fé, hann vill eiga sparifé. En það er jafnrótgróið í eðli þjóðarinnar, að menn vilja að það sé fullur trúnaður á milli þeirrar stofnunar, sem spariféð er geymt í, og þess sem á féð. Og í öðru lagi er það líka nauðsynlegt, en hefur bara ekki verið tekið nógu mikið með í reikninginn, að fólkið, sem innir af hendi sparnaðinn og þar með skapar þjóðfélaginu öllu um leið ódýrast rekstrarfjármagn, á ekki alltaf að vera snuðað af verðbólgunni. Það á að tryggja þetta fjármagn.

Ég er innilega sammála hv. 5. þm. Norðurl. v. um það sem hann tók fram í ræðu sinni, að úr því að við á annað borð ætlum að fara þá leið að veita atvinnuvegunum rekstrarfé sem sé á þann veg, að höfuðstóllinn sé gengistryggður, þá skulum við umfram allt freista þess eins og frekast er unnt að reyna að ná þessu fjármagni frá þjóðinni sjálfri, gefa íbúum landsins sjálfum tækifæri til þess að inna þetta fé af hendi og lofa þeim að ávaxta fé sitt á þennan hátt. Þess vegna kemur það fyllilega til greina, finnst mér, úr því að þessi leið er opnuð, hvort ekki væri eðlilegt að gera þessa heimild um gengistryggingu fjárskuldbindinga viðtækari og hún nái til fleiri og almennari aðila en bara til Seðlabankans. Hjá okkur hefur um árabil verið í gildi ákvæði, sem leggja bann við verðtryggingu almennra fjárskuldbindinga. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að það bann, sem búið er að vera í gildi nokkuð lengi, er ekki minnsta ástæðan til hinnar miklu og stöðugu verðbólgu í þessu þjóðfélagi. Þetta bann hefur verið geysilegur verðbólguhvati að mínu mati. Ég held að við ættum, úr því að við erum að breyta ákvæðum í lögum Seðlabankans á þann veg sem ég tel að sé mjög skynsamlegt, að taka mjög til athugunar að setjast niður og skoða hvort við ættum ekki að gera þessa breytingu almennt viðtækari en gert er ráð fyrir í 1. gr. þessa frv. En ég vil um leið taka það fram, eins og raunar var tekið fram af hv. 5. þm. Norðurl. v., að ég og *hann, sem eigum setu í fjh.- og viðskn. þessarar d.*, munum ekki tefja fyrir framgangi þessa frv. Ég vildi einungis skjóta þessu fram, að ég tel að það væri ekki óeðlilegt að þetta yrði tekið til nákvæmrar yfirvegunar.

Út af einu atriði, sem kom fram í ræðu hæstv. viðskrh. þegar hann mælti fyrir frv., þar sem hann ræddi um að í ráði væri að afnema með öllu þá skyldu bankanna að lána Framkvæmdastofnun ríkisins 5% af innlánaaukningu eins og verið hefur, vil ég segja það, að þar sem sú stofnun fær þetta fé til umráða og hefur það að höfuðhlutverki að fjármagna ýmsa lánasjóði og þá sérstaklega stofnlánasjóði sem ætlað er að standa undir framkvæmdum í hinum dreifðu byggðum landsins, þá held ég að við verðum að skoða það mjög alvarlega hvort stefnt er í rétta átt ef minnkaður væri eða strikaður algerlega út þessi möguleiki. Ég held að sú ráðstöfun gæti komið mjög illa við hinar strjálu byggðir og byggðarlög sem hafa notið þeirra hlunninda að fá fjármagn á þennan hátt. Mér er kunnugt um að það hefur orðið í mörgum tilfellum mjög mikil lyftistöng og kannske riðið baggamuninn í sumum tilfellum um vöxt og viðgang margra sjávarþorpa úti í dreifbýlinu. Á þetta vildi ég benda og vildi gjarnan að það mál yrði skoðað betur áður en slík ákvörðun yrði tekin. Að öðru leyti mun ég skýra frekar afstöðu mína til þessa máls í þeirri n. sem fær málið til meðferðar og ég á sæti í.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í máli hv. 5. þm. Norðurl. v., Eyjólfs Konráðs Jónssonar, var sérstaklega vikið að því atriði sem hér er nefnt í sambandi við hið svokallaða erlenda mótvægi á móti þessum gengistryggðu lánum. Ég vil í þessum efnum vísa til þess sem ég sagði í framsöguræðu minni. Einnig vil ég fara fram á það við hv. fjh.- og viðskn., að hún ræði þessi mál mjög vandlega við þá sérfræðinga og forráðamenn Seðlabankans sem væntanlega verða kvaddir til fundar við n. En í þriðja lagi vil ég vísa til setninga í grg. með frv., sem eru á þessa leið:

„Slíkt mótvægi til endurlána er mjög breytilegt frá einum tíma til annars og fer m. a. mjög eftir gjaldeyrisstöðu og því, að hvaða marki hann endurlánar erlent fé til annarra aðila. Gera má ráð fyrir, að óráðstafað erlent mótvægi verði ekki ætíð nægilegt frá bankanum til þess að standa á móti ráðgerðum lánum."

Til þessara setninga vil ég vísa í þessum efnum. Ég vil einnig segja það og játa það, að ein ástæðan til þess, að þetta frv. kemur að sumu leyti seint fram hér af minni hálfu, er sú, að ég var mjög áhyggjufullur út af þessu máli og taldi að hugsanlegt væri að hér væri verið að leggja út á varasama braut. Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt, að sá vilji löggjafans liggi fyrir, að með þessu skrefi eigi ekki að auka erlendar lánsskuldbindingar landsmanna. Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt að þetta þýði ekki sjálfvirkar erlendar lántökur, heldur verði þær eftir sem áður að lúta þeim lögmálum sem um er að ræða í íslensku efnahagslífi og sett kunna að verða á hverjum tíma. Ég er þeirrar skoðunar, að okkar erlendu lántökur séu ákaflega alvarlegt mál, í fyrsta lagi vegna þess, sem oft hefur verið nefnt, að þær geta stefnt efnahagslegu sjálfstæði okkar í hættu, en í öðru lagi líka vegna þess, að erlend lánsfjárinnspýting þýðir vitaskuld ekkert annað en aukna verðbólgu og verður þáttur í því að auka peningamagn í umferð og gera málin þar af leiðandi erfiðari viðfangs en ella væri.

Ég vil einnig varðandi ummæli hv. 5. þm. Norðurl. v. láta það koma fram, að hafi ég tekið svo til orða, að áður hafi sjávarútveginum verið bætt afkoma um 2% með öðrum ráðstöfunum en hér er um að ræða, þá hefur það verið mismæli af minni hálfu. Það, sem ég vildi sagt hafa, er þetta: Með sérstökum ráðstöfunum varðandi niðurfellingu tolla og fleiri gjalda í sambandi við sjávarútveginn átti að bæta afkomu hans um sem svarar 0.5%. Síðan er þessi ráðstöfun. Hún á að bæta afkomu hans um 2%.

Það er rétt sem hv. þm. Ágúst Einarsson spurði um áðan: Auðvitað er gert ráð fyrir því, að með því að gengistengja afurðalánin falli myndun gengismunarsjóðs úr sögunni í raun og veru. Gert er ráð fyrir að birgðir til útflytjenda verði afreiknaðar á dagsgengi,

hvert sem það er á hverjum tíma, jafnvel þó að gengisfelling eigi sér stað, enda er, eins og ég sagði í framsöguræðu minni áðan, vandséð hvernig hægt væri að koma málum öðruvísi fyrir.

Hv. þm. lagði á það áherslu, að þetta yrði að hafa í för með sér raunverulega lækkun vaxta. Raunveruleg lækkun vaxta verður þetta auðvitað því aðeins að okkur takist að hafa mjög traustan hemil á verðbólgunni. Ef við getum það ekki höfum við ekki hemil á gengisþróuninni. Hins vegar telja forráðamenn í sjávarútvegi, eins og hv. þm. Ágúst Einarssyni er ábyggilega mjög vel kunnugt, að þessi breyting, jafnvel þó að um sé að ræða þessa gengis- og verðbólguáhættu sem menn óhjákvæmilega taka, sé veruleg bót frá því sem nú er, vegna þess að menn fái birgðirnar á hverjum tíma reiknaðar á því gengi sem skráð er á söludegi.

Hv. þm. Ágúst Einarsson, 1. landsk. þm., spurði að því, hvort á döfinni væri að hækka afurðalán til sjávarútvegsins. Það hefur ekki verið rætt sérstaklega. Þm. benti réttilega á að svigrúm viðskiptabankanna í því skyni er ákaflega takmarkað nema um leið séu gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir. Ég nefndi þann möguleika áðan, að dregið yrði úr framlögum viðskiptabankanna til Framkvæmdasjóðs, sem ég hygg að væri óhjákvæmilegt. Þau framlög fara ekki þá leið sem ég var að ræða um áðan. Það er hins vegar alveg laukrétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., Jóni Sólnes, að með fjármuni Framkvæmdasjóðs verður að fara með varúð, og það verður auðvitað að tryggja að hann geti staðið við skuldbindingar sínar og nauðsynleg verkefni í atvinnuvegum okkar á næsta ári. En það er alveg augljóst mál, að þar verður þröngt fyrir dyrum, m. a. vegna þess að ríkisstj. hefur áhuga á því að reyna að draga úr aukningu erlendra skulda og hún hefur áhuga á því að reyna að draga úr aukningu peningamagns í umferð, sem hefur verið stór þáttur í verðþenslu og verðbólgu undanfarinna ára.

Að lokum, vegna þess að hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi sparnaðinn áðan og hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði að bankakerfið hjá okkur væri hrunið, þá langar mig aðeins til þess að segja það sem mína skoðun, að ég tel að íslenska bankakerfið eigi við mjög alvarlega erfiðleika að stríða. Hér í þjóðfélaginu mjög víða er um að ræða stórfellda lánsfjárkreppu, sem við, sem gegnum ráðherrastörfum, verðum varir við á hverjum einasta degi. Þetta stafar þó ekki fyrst og fremst af því, að fólkið í landinu sé hætt að leggja inn peninga og spara. Það er fróðlegt fyrir okkur alla að fletta t. d. upp í desemberhefti af Hagtölum mánaðarins, sem ég hafði fyrir tilviljun á borðinu hjá mér áðan. Þar kemur í ljós, að innstæðufé í okt. s. l. er 125.6 milljarðar kr., en var í okt. í fyrra 86.9 milljarðar kr. Aukningin er 38.7 milljarðar kr. Vitanlega eru þetta ekki sambærilegar krónur og hægt að leiða að því ýmis rök. En vegna þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað, hefur þrengt að bankakerfinu. Ég hygg hins vegar að það stafi ekki fyrst og fremst af því að vöxtum hafi verið haldið niðri, heldur held ég að þetta stafi fyrst og fremst af því að samkeppnin um sparifé landsmanna er vitaskuld miklu harðari nú en hún hefur áður verið. Þessi þróun, sem hér er um að ræða í sparifé, er nákvæmlega sú sama og á sér stað t. d. í grannríkjum okkar. Nýlega kannaði ég tölur um þetta frá Noregi, þar sem það kom í ljós að frá árinu 1970 til ársins 1977 hafði sparifé í bankakerfi alls landsins minnkað um helming miðað við fastar þjóðhagsstærðir á sama tíma. Þetta er auðvitað útskýrt með því, að samkeppnin um spariféð, eyðslumöguleikarnir, eru vitaskuld vaxandi og miklu meiri en áður hafa verið.

Ég þakka svo hv. þm. fyrir góðar undirtektir við þetta frv. Ég mun fara þess á leit við viðskrn., að á fundi hv. fjh.- og viðskn. í fyrramálið liggi fyrir öll þau gögn sem nauðsynlegt er að menn hafi í höndunum í þessum efnum. Þar er aðallega um að ræða tvær skýrslur frá Seðlabankanum ásamt töflum af ýmsu tagi, sem ég hygg að sé eðlilegra að menn hafi í höndunum og heppilegra og skýrara en menn fari einungis að miða við ræðu mína sem ég flutti áðan, sem var samtíningur upp úr skýrslum frekar en þar væri um að ræða þá heildarmynd sem nauðsynlegt er að hv. fjh.- og viðskn. hafi þegar hún afgreiðir jafnmikilvægt mál og þetta.

Ég vil segja það að síðustu, að ég vona að þó að þetta skref sé stigið, sem hér er um að ræða, þá verði það ekki inn á þá braut sem hv. 2. þm. Norðurl. e. nefndi hér áðan, sem sé þá braut að tengja Íslendinga fastari böndum en verið hefur við alþjóðlega fjármagnsmarkaði. Til þess er þetta skref ekki stigið af hálfu núv. ríkisstj.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs eingöngu til þess að þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann gaf mér, og sérstaklega fyrir það, hvað hann undirstrikaði rækilega, eins og ég gerði hér áður, að þetta skref mætti ekki leiða til þess að aukið yrði á erlendar skuldbindingar. Í frumræðu sinni gat hann þess raunar, að hugmyndin væri sú, að ríkið greiddi upp skuldir sínar við Seðlabankann með innlendum peningum í staðinn fyrir þær skuldbindingar sem þarna yrðu millifærðar. Auðvitað er það ágætisleið, ef ríkið hefur þá peninga undir höndum, og önnur leið er auðvitað til. (**Viðskrh.:** Bindiskyldan yrði notuð sem mótvægi á móti ríkissjóði). Já, já, ég held að ég skilji þetta rétt. T. d. gæti ríkið aukið sparibréfaútgáfu sína o. s. frv. og náð peningum til sín. En ég fer ekki ofan af því, að hið eina heilbrigða í þessi er auðvitað að fólkið fái sjálft að spara eftir sömu reglum og aftur er lánað út.

Ég er auðvitað sammála hæstv. ráðh. um það, að við eigum ekki um aldur og ævi að binda fjármálakerfi okkar við eitthvert alþjóðlegt fjármálakerfi með þeim hætti að við höfum ekki einhverja mynt. En við skulum horfast í augu við það, að myntkerfi okkar og fjármálakerfi er, svo að ég endurtaki það, hrunið. Við verðum að gera ráðstafanir til að reyna að rétta það við. Ég tel eðlilegast að þegar við höfum komist yfir þennan ólgusjó, sem vonandi verður fyrr en síðar, þá tækjum við upp íslenska mynt og íslenskt myntheiti, tækjum upp gömlu mörkina og aura, vegna þess að við höfum ekkert með neina kóngapeninga að gera. Það er eðlilegt að Danir, Norðmenn og Svíar hafi sínar kórónur, en við eigum auðvitað að hafa okkar gamla myntheiti ef út í myntbreytingu er á annað borð farið. En það er síðari tíma mál.

Aðalatriðið er að það er eðlilegt, eins og nú háttar og hefur kannske verið það um langt skeið, að útvegurinn hafi sitt fjármagn í þeirri mynt sem hann selur sínar vörur í. Það er engum hollt og síst útflutningsframleiðslunni, að þannig sé á málum haldið að afurðalán séu í óraunhæfum peningum og síðan er knúin fram gengisfelling og peningunum þá skipt upp, kannske eftir algerlega óeðlilegum reglum. Ég tek auðvitað undir það, sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði, að þá væri auðvitað gengismunarsjóður og allt slíkt úr sögunni. Ef gengisbreyting

eða gengissig er, þá fær auðvitað útflytjandinn hið nýja gengi þegar hann flytur vöru sína út. Það er hið eina eðlilega og heilbrigða í þessu efni.

Þó að ég geti ekki á þessari stundu lýst endanlega stuðningi við þetta frv., af því að ég þarf að fá miklu frekari skýringar, þá held ég að þetta sé örugglega rétt braut. Ég þakka sérstaklega fyrir það, að við, sem erum í fjh.- og viðskn., fáum strax í fyrramálið mjög rækilegar upplýsingar. Ég vona að þær nægi til að sannfæra mig um það, að hér eigi ekki að íþyngja okkur með auknum erlendum skuldbindingum, hvorki beint né óbeint. En ég vil hafa allan fyrirvara á um það og fá skýrar yfirlýsingar Seðlabanka í því efni, t. d. með hliðsjón af því að þegar ég skrifaði grein mína í sumar, sem ég minntist á áðan, þá fékk ég kveðju frá einum aðalspekingi Seðlabankans á þá leið, að þetta væru ekki sérlega gáfulegar hugmyndir sem fram væru bornar. En Seðlabankinn virðist ætla að gera þær að sínum núna, og ég vil þá fá að vita að það sé verið að gera hlutina með þeim hætti að ekki sé til að auka á verðbólgu og erfiðleika, heldur að peningarnir komi innanlands frá og þá auðvitað helst beint frá fólkinu — því fólki sem vill spara í verðtryggðri mynt. Ef mönnum er mjög illa við að reikningarnir séu gengistryggðir, þá mættu þeir auðvitað vera verðtryggðir með einhverjum öðrum hætti, en eðlilegast er auðvitað að þeir séu í sömu myntinni og útvegurinn svo aftur borgar þegar þar að kemur. — En ég fagna þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 160). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Á þskj. 160 er frv. til 1. um breyt. á 1. nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald.

Eins og hv. þm. mun kunnugt var Styrktarsjóður fatlaðra stofnaður með lögum nr. 25 frá 1962 um aðstoð við fatlaða. Sjóður þessi er í vörslu félmrn. og var upphaflegt hlutverk hans að standa straum af kostnaði við að reisa og reka vinnustofnanir fyrir fatlað fólk. Með lögum nr. 95 frá 1965 var sú breyting hins vegar gerð á verkefnum sjóðsins að hluta af fé því, sem aflaðist með fyrrnefndum lögum, skyldi sérstaklega varið til aðstoðar við blint fólk. Tekjur þessa sjóðs voru ákveðnar til 10 ára og voru í fyrstu ákveðið gjald af innlendri framleiðslu á sælgæti sem gjaldskylt var samkv. lögum nr. 60 frá 1939, um gjald af innlendum tollvörutegunum. Fyrstu þrjú árin var gjaldið 3 kr. af hverju kg sælgætis, en árið 1965 var það hækkað í 4 kr., jafnframt því sem ákveðið var að 3/4 hlutum þess skyldi varið til aðstoðar við blinda, eins og áður sagði. Með samþykkt laga nr. 97 frá 1971, um vörugjald, var ákveðið að Styrktarsjóður fatlaðra skyldi halda tekjum sínum af innlendri sælgætisgerð óskertum til aprílloka 1972. Jafnframt var þá ákveðið með lögum þessum, að horfið skyldi frá skipan þessari um sérstakan markaðan tekjustofn til handa Styrktarsjóði fatlaðra. Í þess stað skyldi fjárþörfum sjóðsins mætt með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum hverju sinni og þá með tilliti til rekstrarkostnaðar viðkomandi vinnustofnana og þeirra framkvæmda sem ákvarðanir í þessum efnum eru teknar um á hverjum tíma. Í samræmi við stefnumörkun þessa var sérstök fjárveiting til sjóðsins tekin upp í fjárlög í fyrsta sinn árið 1972 og hefur svo verið ætíð síðan. Ég hygg að í fjárlagafrv. fyrir 1979 hafi verið gert ráð fyrir 7 millj. í þessu skyni.

Styrktarsjóður vangefinna, sem frv. þetta snertir fyrst og fremst, var stofnaður nokkru fyrr eða með lögum nr. 43 frá 1958, um aðstoð við vangefið fólk. Sjóður þessi er eins og Styrktarsjóður fatlaðra í vörslu félmrn. og er hlutverk hans að standa straum af kostnaði við að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk. Frá upphafi hafa tekjur sjóðsins verið ákveðið gjald sem lagt hefur verið á gosdrykki og öl sem framleitt er hér á landi. Fyrstu 5 árin var þetta gjald 10 aurar á hverja flösku gosdrykkja og öls sem seld var eða afhent. Árið 1962 var tappagjaldið hækkað í 30 aura og árið 1966 í 60 aura. Lög um aðstoð við vangefið fólk voru síðan afnumin með áðurnefndum lögum nr. 97 frá 1971, um vörugjald, en með ákvæðum 12. gr. þeirra laga voru Styrktarsjóði vangefinna tryggðar tekjur með gjaldi af gosdrykkjum og öli til loka júní 1976, og var það 1.95 kr. af hverjum lítra. Frá sama tíma var fyrirhugað að fjárþörfum sjóðsins yrði mætt með fjárveitingum úr ríkissjóði á fjárlögum hverju sinni á sama hátt og gilti um Styrktarsjóð fatlaðra. Framlagið var hins vegar hækkað í 7 kr. af hverjum lítra með lögum nr. 118 frá 1976 og þá jafnframt ákveðið að það skyldi haldast til ársloka 1977.

Í tengslum við framlengingu framlags til sjóðsins var fyrirhugað að endurskoðun á vörugjaldslögum færi fram. Þar sem endurskoðun þessi dróst nokkuð á langinn var framlagið enn á ný framlengt með lögum nr. 83 frá 1977 til ársloka 1978, jafnframt því sem það var hækkað í 10 kr. til þess að nægilegt fé fengist til rekstrar viðkomandi stofnana og þeirra framkvæmda sem þá stóðu yfir — eða fyrirhugaðar voru.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur aðallega í sér tvær breytingar á lögum nr. 97 frá 1971, um vörugjald.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða þá breytingu, að horfið skuli frá því að framlengja árlega framlag til Styrktarsjóðs vangefinna með vörugjaldslögum og þar með sérstakri mörkun vörugjaldstekjustofnsins, eins og gert var ráð fyrir í upphafi með setningu vörugjaldslaga, eins og ég hef rakið áður. Breyting þessi er í samræmi við stefnu þá sem boðuð var með framlagningu frv. til fjárl. fyrir árið 1979, en í grg. þess er gert ráð fyrir að ákvæði um framlag til Styrktarsjóðs vangefinna verði fellt niður. Framvegis er gert ráð fyrir að framlög til sjóðsins verði ákveðið með sérstakri fjárveitingu á sama hátt og gildir um flest önnur framlög til félags- og líknarmála. Í fjárlagafrv. hefur því í samræmi við þessa stefnumörkun verið lagt til að fjárveiting til sjóðsins verði 150 millj. kr.

Tekjuáætlun fjárlagafrv. vegna álagningar á innlenda framleiðslu og innflutning á vörugjaldsskyldum vörum er byggð á óbreyttri gjaldskrá. Í samræmi við það er lagt til samkv. frv. að gjaldskráin haldist óbreytt, en gildistími hennar verði hins vegar ótímabundinn. Eins og þm. er kunnugt er gjaldið magngjald. Eftirlit með álagningu slíks gjalds getur verið ýmsum erfiðleikum bundið. Ég tel því rétt að það verði kannað, hvort ekki yrði farsælla að tekjustofn þessi yrði í framtíðinni miðaður við verðmæti viðkomandi vara í stað þunga og allt eftirlit, þ. á m. bókhaldslegt eftirlit, þar með gert tryggara.

Samkv. 1. gr. núgildandi vörugjaldslaga er fjárhæð fyrir útgáfu leyfisbréfs, er heimilar vörugjald, sérstak-

lega ákveðin í lögunum. Leyfisbréf þetta kemur í stað iðjuleyfis, nú iðnaðarleyfis samkv. iðnaðarlögum nr. 42 frá 1978, en gjald fyrir iðnaðarleyfi ýmiss konar er ákveðið af ráðh. samkv. ákvæðum laga nr. 79 frá 1975, um aukatekjur ríkissjóðs. Lagt er til að um gjald fyrir útgáfu leyfisbréfs til tollvörugerðar verði látnar gilda sömu reglur og gilda almennt um önnur iðnaðarleyfi.

Ég hygg að þetta frv. hafi verið kynnt í þingflokkum, og ég vonast til að það fái greiða leið í gegnum þingið. Ég vil benda á að núgildandi gjaldskrá fellur úr gildi um áramótin og er því nauðsynlegt að það takist að fá frv. þetta samþykkt áður en þing fer í jólaleyfi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hér er spurning um hvernig með á að fara framlög til byggingar heimila fyrir það fólk sem hefur notið góðs af þessum sérmerkta stofni. Ég tel að það sé ekki afgerandi að fá til þess markaðan tekjustofn ef — og á það legg ég áherslu — eðlilega er að málinu staðið í fjárveitingum. Ótti minn er einmitt bundinn því, að það verði ekki staðið eðlilega að fjárveitingum í þessum efnum, ef dæma má eftir ýmsum þeim sjóðum sem áður hafa haft markaða tekjustofna og hafa síðan misst þá og verið teknir beint inn í fjárlög. Það var áðan minnst á Styrktarsjóð fatlaðra. Ég vil aðeins upplýsa það, að samkv. fjárlögum var framlag til Styrktarsjóðs fatlaðra á árinu 1973, þ. e. a. s. árið eftir að þetta gjald var afnumið sem sérstakur tekjustofn, 3 millj. 250 þús. Í fjárl. þessa árs, 6 árum síðar, með þeirri þróun sem allir þekkja í verðlagsmálum, er þetta framlag 7 millj. kr., þ. e. a. s. Styrktarsjóður fatlaðra hefur aðeins rúmlega tvöfaldast frá því að þessi fasti tekjustofn til hans var felldur niður. Það er þessi þróun sem ég óttast að verði varðandi þann sjóð sem við ræðum um hér, Styrktarstjóð vangefinna.

Nú er það svo, að þótt margt hafi verið aðhafst í þessum efnum, þá eru mörg verkefni sem bíða. Ég bendi á það, að 1976, þegar upphæðin var 35 millj. í fjárl. eftir þessum markaða tekjustofni, var Styrktarsjóður vangefinna kominn í algert þrot. Það var útilokað að byrja á nokkurri nýrri framkvæmd fyrir vangefna á því ári. Hins vegar var gert mikið átak í sambandi við eflingu þess sjóðs á árinu 1977 með hækkun hins markaða tekjustofns, þannig að upphæðin hækkaði úr 35 millj. í 105 millj., og fyrir það ber sannarlega að þakka hæstv. síðustu ríkisstj., sem ég þakka annars ekki mjög margt. Síðan var það aftur á árinu 1978, að þá var enn betur gert. Þá var upphæðin hækkuð úr 105 millj. í 150 millj. Ég vek athygli á því, að nú, þegar þessu er breytt og upphæðin ákveðin í fjárl., er upphæðin sú sama. Hún er ákveðin núna í frv. 150 millj. Það má segja að okkar í fjvn. sé að breyta, en við höfum líka fyrirmæli um það að breyta sem allra minnst frá fjárlagafrv. og hljótum að taka nokkurt tillit til þess.

Nú halda menn kannske að þegar þetta átak var gert 1977 og aftur 1978, þá hafi það nægt til þess að eðlilegt væri að hægja á núna, en það er sannarlega ekki. Ég ætla aðeins að benda á það, að ef ég notaði raungildisregluna og miðaði við þá almennu stefnu fjárl., sem boðuð er í frv., þ. e. a. s. 12% niðurskurð verklegra framkvæmda, því að hér er eingöngu um verklegar framkvæmdir að ræða, þá ætti upphæðin í fjárlagafrv. núna að vera í kringum 175 millj. kr. minnst, en er 150 millj.

Ég vil þá rétt aðeins fara yfir það, — ekki að það sé gert vegna þess að fólk viti ekki almennt um það, heldur til hollrar upprifjunar fyrir fólk, — hvað er í gangi og hvað þarf að gera í þessum efnum. Ég veit að hæstv. fjmrh. er þetta mál mætavel kunnugt, svo vel hafa aðilar honum tengdir staðið að þessu máli og reyndar höfðu forustu og frumkvæði um það í upphafi. En ég bendi á nokkur dæmi.

Ég er alfarið á móti því að stækka Kópavogshælið. Það á ekki að stækka það, það á ekki að fjölga vistmönnum þar, það á að stefna að fækkun vistmanna þar. Hins vegar þarf að bæta aðstöðu þar mikið. Þar vantar mikið á að aðstaða sé enn þá nægilega góð. Til þess átti að verja nokkrum milljónatugum á þessu ári. Það var hins vegar ekki ráðist í það. Með velvilja hæstv. félmrh. fengum við austur á land nokkra upphæð af því óráðstafaða fé sem þar var núna, en það hlýtur að koma niður á okkur á næsta ári. Í Tjaldanesi þarf að gera átak nú. Það er alveg óumflýjanlegt á næsta ári að gera þar visst átak sem kostar töluverðar upphæðir, þó að ég hafi ekki um það nákvæma áætlun. Sama er að segja um Skálatún. Þó að þar væri bætt úr brýnustu þörf í fyrra með vissum bráðabirgðaaðgerðum þarf þar viðbót og bætta aðstöðu einnig. Um Sólheima í Grímsnesi ræði ég ekki. Um það er mikil spurning hvað þar á við að gera, en ef menn ætla að reka þar áfram heimili af svipaðri stærð og nú er, þá er ljóst að til þurfa að koma miklar endurbætur á því húsnæði, sem þar er, og viðbót einnig.

Ég bendi á það í leiðinni, að úr Styrktarsjóði vangefinna fór allmikið fé á sínum tíma til byggingarinnar í Lyngási og Bjarkarási. Nú er sem betur fer þannig komið að skólahúsnæðið í Lyngási er á fjárlögum undir liðnum skólaframkvæmdir fyrir þroskahömluð börn. Til þeirrar framkvæmdar verður varið á næsta ári, að ég vona, allsæmilegri upphæð, þannig að unnt sé að fara þar allmyndarlega af stað.

En þegar suðvesturhorninu er sleppt, þá er landsbyggðin — utan þessa horns — öll eftir. Á sínum tíma gleymdist hún viljandi, því að þá var uppi sú kenning á landi hér, að öllu þessu fólki ætti að safna á eitt hæli. Til þess fengu menn danskan sérfræðing, sem fann það út að þetta land væri svo lítið og þjóðin það fámenn að eitt hæli ætti hér að gilda. Það var ekki fyrr en fyrir fáum árum að þessari kenningu var endanlega hnekkt, menn hættu að trúa á þessa kenningu. Undantekning var gerð með Sólborg á Akureyri. Sólborgarmenn rufu þennan vítahring, sá danski gat víst fallist á að eitt lítið heimili mætti vera þar. Það var svo ekki fyrr en með tillöguflutningi okkar hv. 2. þm. Austurl., Vilhjálms Hjálmarssonar, að farið var að athuga fyrir alvöru með vistheimili fyrir vangefna í öðrum landshlutum.

Af því að ég minntist á Sólborg á Akureyri, þá er viðbótin þar nú á lokastigi á næsta ári, en nokkra milljónatugi þarf til þess að sú bygging komist í það horf sem hún þarf í að vera til að fullnægja kröfum fyrir þá vistmenn sem þar eru nú. Þar er ekki um neina fjölgun að ræða frá því sem nú er.

Austur á Egilsstöðum er verið að byggja heimili. Það verður að tryggja starfrækslu þess á árinu 1980. Ef það ætti að takast, þá þyrftum við á næsta ári að fá nærfellt heildarupphæðinni núna til þess að það væri alveg tryggt. Sú bygging er það dýr. Ég vil benda á varðandi það heimili sem þar er verið að reisa að þar er þó farið næst

þeim nútímahugmyndum sem nú eru efstar á baugi með öðrum þjóðum um það, hvernig slík heimili skuli upp byggð, og við fögnum því að geta fært þetta í það horf sem menn telja nú að sé rétt, að hælastefnan, innilokunarstefnan sé sem sagt á undanhaldi, en heimilastefnan og viss tengsl við heimili þessa fólks og viss tengsl þeirra við umhverfið, bæði í sambandi við skóla og vinnustaði, komi í staðinn fyrir þá innilokunarstefnu sem hér ríkti.

Ég tel alveg óhjákvæmilegt samkv. þeim undirbúningi, sem Vestfirðingar hafa og séra Gunnar Björnsson fræðir mig um að þurfi að gera þar á næsta ári, að þá þurfi að fara af stað þar.

Á Suðurlandi hefur verið tekin upp bráðabirgðalausn í þessum efnum.

Á Vesturlandi er málið enn í undirbúningi, en ljóst að þar þarf visst átak að gera.

Ég veit að allt snertir þetta spurninguna um heildarstefnu í þessum málum. Ég skal ekki orðlengja um það frekar hér eða tefja umr. um þetta mál í heild. Ég veit að n. er í þessu máli. Hún starfar vel og vinnur að því að ný heildarlög verði sett um þetta. Ég vildi einungis vekja athygli á þessu máli, að hér er um mikla fjárþörf að ræða sem ég ber vissan ótta í brjósti um að verði ekki sinnt nægilega vel ef þessi markaði tekjustofn verður felldur niður. Ég bendi á það í sambandi við þetta, að í Nd. er nú til umr og umfjöllunar frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja, flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þar sem einmitt er farið inn á markaða tekjustofna. Hér er auðvitað ekki samræmi í. Fyrir það, sem þar er ráð fyrir gert, er full þörf — svo sannarlega, en þessi mál þarf þá að skoða öll í heild og ákveða hvernig með á að fara. Ég vil skora á hæstv. fjmrh. í sambandi við þetta að beita sér fyrir því, að í öllum þeim þrengingum, sem við erum nú í fjvn., höfum við a. m. k. heimild til þess að halda raungildi þessa markaða tekjustofns í fjárlagafrv. Auðvitað förum við okkar fram að dálitlu leyti án þess að spyrja hann leyfis, það er annað mál. En það er ákaflega gott og æskilegt veganesti fyrir fjvn., ef hæstv. fjmrh. lýsir því yfir að í þessu efni styðji hann þá stefnu sem ég aðhyllist að þessu leyti og ég veit að fjvn.-menn yfirleitt eru meðmæltir, að hér þurfi í raun og veru a. m. k. að vera sama upphæð að raungildi og var á næsta ári og sé það þó ekkert of í lagt. Þetta fólk heimtar ekkert sjálft, aðrir verða að sækja rétt þess, og það er þeim mun meiri skylda sem á okkur hvílir varðandi þetta fólk. Því vona ég að það, sem verið er að gera núna með þessu, verði ekki til þess að lækka framlög til þessara mála í framtíðinni, miklu fremur til þess að hinn félagslegi skilningur okkar á jafnrétti þessa fólks við aðra aukist svo verulega að við sjáum til þess, að ekki bara raungildið haldist, heldur að við aukum framlög til þessara mála nægilega vel til þess að þetta fólk þurfi ekki lengur að vera á þeim útigangi sem það hefur lengst af verið á Íslandi.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess eins að taka undir málflutning hv. 3. þm. Austurl. um það mál sem hér er á dagskrá. Mér þóttu mjög tímabær varnaðarorð hans sem fram komu í þessu sambandi og voru raunar það sem ég hugleiddi er hæstv. fjmrh. flutti ræðu sína. Ég skil vel þá stefnu hæstv. fjmrh. — og hann er ekki einn um þá skoðun — að það beri sem mest að vinna gegn hinum mörkuðu tekjustofnum. Sú var stefnan einnig í síðustu ríkisstj. Það er í sjálfu sér skiljanlegt. En hitt er annað mál, og það höfum við séð á öðrum sviðum, að þegar úr lögum hafa verið numdir markaðir tekjustofnar hefur tilhneigingin einmitt verið sú, sem hv. 3. þm. Austurl. benti á, að hætt er við að sá málaflokkur, sem átti að sinna með hinum markaða tekjustofni, fái ekki eins góðan stuðning og meðan lögin giltu um hinn markaða tekjustofn.

Ég vil, að því er varðar þann hóp manna sem í hlut á sérstaklega í þessu máli, sérstaklega undirstrika þá þörf sem hv. síðasti ræðumaður benti á og er á því, að betur verði búið að Kópavogshæli. Það hafa ekki borist háværar kröfur, en þar er full þörf á að betur verði sinnt aðbúnaði vistmanna. Þar hafa vissulega verið gerðar mjög miklar og góðar endurbætur á vissum deildum á síðustu árum, en þar þarf enn betur að gera að því er varðar aðra hópa vistmanna. Og því stóð ég hér upp, að ég vil sérstaklega vekja athygli á tvennu í þessu sambandi. Annað er það, að þeim aðilum, sem nú sinna málefnum vangefinna, verði gert betur kleift en nú er að leiðbeina og aðstoða þá foreldra, sem hafa sína vangefnu einstaklinga í heimahúsum. Ég leyfði mér að vekja athygli á því og flytja um það þáltill. fyrir nokkrum árum, að ríkisvaldið hefði forgöngu um að sérstök aðstoð væri veitt slíku fólki. Þarna er um hóp manna að ræða, sem vill sinna og hjúkra heima þeim einstaklingum sem í hlut eiga, hinum vangefnu einstaklingum, vangefnu börnum, eins og manni hættir til að kalla þau þó að þau séu e. t. v. orðin jafngömul að árum og við mörg hinna. En þeir foreldrar, sem hafa slíka einstaklinga í heimahúsum, eru að því leyti til öðruvísi settir en margir aðrir í þjóðfélaginu, að þeir geta aldrei tekið sér frí, þeir geta aldrei farið frá og notið þeirrar hvíldar sem hverjum manni er nauðsynleg. Það er ekki einfalt mál að kalla í barnfóstru eða einhvern sem tiltækur er til að sitja hjá einstaklingi sem illa er settur á þessu sviði. Sumum vangefnum einstaklingum kann að vera svo farið, að þeir þurfa aðhlynningu fólks sem bæði kann sérstaklega að umgangast viðkomandi og er í sérstökum tengslum við hann. Ég er þess fullviss, að það skortir enn nokkuð á að komið sé til móts við þá foreldra, sem ekki hafa viljað vista sín vangefnu börn á stofnunum, vegna þess að þeir geta í sjálfu sér annast þau heima, sinna e. t. v. þeirra tilfinningalegu þörfum best með því móti. En það getur að því rekið, að margir þessara foreldra hreinlega brotni vegna skorts á aðstoð annars staðar frá, og það er illa farið þegar svo stendur á sem hér um ræðir. Þeir foreldrar, sem þetta gera, gera bæði þjóðfélaginu gagn, ef ég má orða það svo, með því að létta á þeirri byrði sem annars mundi hvíla á stofnunum, um leið og þeir sinna eðlilegu og nauðsynlegu hlutverki. En vitanlega er það ekki nærri alltaf sem högum er svo háttað að þessi lausn sé fær.

Hitt atriðið, sem ég vildi sérstaklega minna á að þurfi enn frekar að sinna en nú er, er sá hópur vangefinna, sem er með ýmsu öðru móti um leið svo illa settur, sem er svo fjölfatlaður, eins og það er kallað nú, að hann á ekki heima á neinni tiltekinni sérhæfðri stofnun. Það hafa því miður verið þess dæmi, að fólk hefur lent jafnvel utan við kerfið hjá okkur af þeim sökum, að erfitt hefur verið að flokka viðkomandi einstakling í einhvern ákveðinn hóp, sem passaði inn í sérhæfða stofnun. Hjúkrunarpláss fyrir slíka einstaklinga þurfa að vera til fleiri en nú er, þannig að allir einstaklingar geti fengið þá umönnun sem þeir þurfa þótt illa séu settir.

Ég hafði, herra forseti, ekki ætlað að fara neitt nákvæmlega út í þessi mál, en mér fannst tilvalið tækifæri

að minna á að þessum tveimur hópum, sem ég sérstaklega nefndi, er þörf á að sinna enn betur. Auk þess vil ég taka undir ábendingar hv. 3. þm. Austurl. Það er ekki á hverjum degi sem maður getur svo heils hugar tekið undir ábendingar hv. þm. úr þeim flokki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 154). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á 1. nr. 8 frá 27. febr. 1976 um flugvallagjald.

Samkv. lögum nr. 8 frá 1976, um flugvallagjald, er gjald vegna utanfarar 1500 kr. fyrir þá sem eru eldri en 12 ára og 750 kr. fyrir börn á aldrinum 2-12 ára, sbr. 2. gr. laganna. Samkv. sömu lögum er einnig innheimt flugvallagjald vegna flugferða innanlands og er það 200 kr. fyrir þá sem eru 12 ára og eldri, en 100 kr. fyrir börn á aldrinum 2-12 ára. Samkv. 5. gr. laga nr. 77 frá 1977, um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum, var lagt 100% álag á flugvallagjald vegna utanferða á árinu 1978, þannig að það varð 3000 kr. fyrir fullorðna og 1500 kr. fyrir börn. Þessi hækkun er tímabundin því að hún gildir aðeins til ársloka 1978. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er hins vegar gert ráð fyrir að innheimta flugvallagjalds verði óbreytt frá því sem verið hefur á þessu ári.

Eins og ég sagði áður rennur heimildin til 100% álags á flugvallagjald út um næstu áramót. Ef tekjuáætlun fjárlagafrv. á að standast er því nauðsynlegt að halda áfram að innheimta umrætt gjald með 100% álagi á næsta ári líkt og gert hefur verið á þessu ári. Er því lagt til í þessu frv. að við lögin um flugvallagjald bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða á þá leið, að gjöld samkv. 1. mgr. 2. gr. laganna skuli innheimt með 100% álagi á árinu 1979. Hér er því ekki um hækkun að ræða á umræddu gjaldi, heldur einungis lagt til að sama gjald verði innheimt á árinu 1979 og gert hefur verið á þessu ári. Það er talið að tekjur af flugvallagjaldinu á árinu 1978 verði um 450 millj. kr., en samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1979 eru tekjur af því áætlaðar 470 millj.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv., heldur vísa ég til grg. þeirrar, sem því fylgir, og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 30. fundur.

Miðvikudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 147). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, frv. (þskj 142). — 1. umr.

Flm. (Bragi Jósepsson): Herra forseti. Með lögum um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda frá 10. apríl 1968 og nánar í auglýsingu um skipulagsbreytingu frá 7. maí 1971 var fræðslumálaskrifstofan gerð að deild í menntmrn. Með samþykkt þessara laga voru felld úr gildi lög um fræðslumálastjórn frá 1930. Í 2. gr. þeirra laga segir svo:

„Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu- og skólamálum. Hann sér um að gildandi lögum og fyrirmælum um fræðslumál sé hlýtt og heimtar allar nauðsynlegar skýrslur um skólahald í landinu." — Þá segir einnig, að álits fræðslumálastjóra skuli leitað um öll skólamál, er undir rn. heyra, og rn. geti falið fræðslumálastjóra fullnaðarafgreiðslu einstakra mála.

Í gær skaut einn hv. þm. því að mér í sambandi við þetta frv., að rétt væri að líta á umr. sem fram hefðu farið um þetta mál á sínum tíma. Þar kemur fram, að mjög miklar umr. urðu um frv. Það sem þó vakti athygli mína enn meira var það, að fjölmargir hv. þm. voru mjög andvígir 7. gr. frv., sem er þannig:

„Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntmrn., og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta."

Það væri fróðlegt að lofa hv. þm. að heyra eitt og annað sem sagt var um þetta mál á þessum tíma, en ég ætla ekki að tefja umr. með því. Þó langar mig til þess að vitna í örfáa hv. þm., m. a. langar mig til þess að grípa niður í ræðu hv. þáv. þm. og núv. forsrh. Ólafs Jóhannessonar. Hann segir:

„Þetta frv. heitir: „Frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda", og það er að langmestu leyti að sjálfsögðu um að lækka ríkisútgjöld. Í raun og veru mætti heldur segja, að réttasta heitið á þessum lögum hefði verið: Frv. um breytingu á fjárlögum, því það er fyrst og fremst um að lækka tiltekin ríkisútgjöld á þessu ári — á þeim tíma, sem þessi fjárl. eiga að gilda. Það er ekkert við því að segja. Það form hefur áður þekkst, að frestað væri um sinn framkvæmd ýmissa laga til þess að spara ríkisútgjöld, en svo kemur bara þessi 7. gr. eins og skrattinn úr sauðarleggnum — verður maður að segja — inn í þetta frv. og fjallar ekki um neina lækkun á ríkisútgjöldum, heldur um gerbreytta skipan á stjórn fræðslu- og skólamála. Nú er það kerfi, sem þarna á að breyta, ekki neinn unglingur, ef svo má segja, vegna þess að fræðslumálastjóraembættið er orðið líklega 60 ára gamalt. Því hefur að vísu verið eitthvað breytt, en skipan þeirra mála á því

tímabili og þau lög, sem um það fjalla nú, eru, eins og þarna segir, frá 1930."

Síðan segir núv. hæstv. forsrh.:

„Það er ekkert óeðlilegt við það, þó að það þurfi að gera breytingu á skipun á stjórn fræðslumála, og það væri ekkert óeðlilegt við það, þó þessi lagasetning, sem er orðin nær 40 ára að aldri, þyrfti einhverra breytinga við."

Í niðurlagi segir núv. hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta:

„En ég vil segja það, að athugun á því máli á að fara venjulega þinglega leið áður en horfið er að þeirri skipan. Það frv. á ekki fjmrh. að bera fram, og hann á ekki að mæla fyrir því frv. Fyrir því frv. á menntmrh. að mæla. Hann á að flytja þau rök, sem liggja til þvílíkrar skipulagsbreytingar á æðstu stjórn menntamálanna."

Þetta voru orð núv. hæstv. forsrh. við umr. sem leiddu til þess að lög voru samþ. um að fræðslumálaskrifstofan skyldi lögð niður og sameinuð menntmrn.

Eins og fram kemur í ræðu hæstv. núv. forsrh. var það hæstv. fjmrh., sem þá var Magnús Jónsson, sem flutti þetta frv. Magnús Jónsson segir um þetta:

„Vitanlega geta það verið margvísleg álitamál, sem koma upp í sambandi við það, hvernig eigi svo að skipa þessum málum í framtíðinni. Það er alveg rétt, sem hv. þm. hafa bent á, að fræðslumálastjórnin lætur mörg svið skólamála til sín taka; vitanlega þarf að endurskoða og athuga þau lög og með hvaða hætti þessum málum verður fyrir komið í þessu nýja skipulagi. Hins vegar er ekki í þessu frv. beinlínis gerð nein till. um að breyta hlutverki fræðslumálastjóraembættisins sem slíks. Það er aðeins gert að deild í rn. í stað þess, að það er nú embætti, sem vitanlega heyrir undir rn. eins og öll slík embætti, þannig að á því á ekki að þurfa að verða veruleg skipulagsbreyting. Ég get í rauninni ekki svarað spurningunni á annan veg en þann, að mér er ekki kunnugt um, að á þessu stigi málsins sé það ætlun hæstv. menntmrh. að breyta í einu né neinu því starfi, sem fræðslumálastjóri hefur unnið."

Og hvað sagði svo hæstv. menntmrh. um þetta mál? Það er líka athyglisvert. Hann segir, og það er Gylfi Þ. Gíslason:

„Í tilefni af ummælum hv. 4. þm. Reykv. vil ég láta það koma alveg skýrt fram, að það er ekki tilætlunin, að neinar breytingar verði á raunverulegu starfsmannahaldi í menntmrn. eða á vegum þess eða í stöðum einstakra starfsmanna innan rn. eða í tenglsum við það í framhaldi af þeirri lagabreytingu, sem hér er um að ræða." — Og síðan: „Eftir sem áður mun fræðslumálastjórinn heita fræðslumálastjóri og gegna nákvæmlega sams konar störfum í þágu íslenskra skólamála og hann gegnir nú í dag."

Þetta voru orð hæstv. þáv. menntmrh.

Síðan voru lögin samþ. og fræðslumálaskrifstofan var gerð að deild í menntmrn., og nú eru liðin 10 ár og heitir fræðslumálaskrifstofan nú fræðslumáladeild og síðan grunnskóladeild. Þessi deild, sem áður fyrr var áhrifamesta stofnun um framgang íslenskra skólamála, er nú minnsta og fáskipaðasta deild innan menntmrn. og áhrifaminnsta þrátt fyrir úrvalsstarfsmenn sem þar eru.

Lögin um fræðslumálastjórn voru samin í anda þeirrar skólastefnu, sem mörkuð var hér á landi með lögum um embætti fræðslumálastjóra frá 1907, og í anda þess starfs, sem fræðslumálastjórarnir, hver eftir annan, höfðu forustu um innan fræðslumálaskrifstofunnar. Eftir 1930, næstu fjóra áratugina, var íslensku skólastarfi stjórnað í anda þessarar stefnu, sem að vísu var ekki alltaf nútímaleg, en þó ævinlega áhrifamikil og heilsteypt. Með sparnaðarlögunum sem svo voru nefnd, þ. e. lögunum sem ég var að vísa til áðan frá 1968, var klippt á afar viðkvæman streng í sögulegu tilliti að því er varðar uppbyggingu og þróun skólamála á Íslandi. Með þessari lagasetningu var bundinn endir á það forustuhlutverk sem fræðslumálastjóri hafði gegnt í rúma sex áratugi. Þetta forustuhlutverk er síðan fært yfir til Stjórnarráðsins í hendur ráðuneytisstjóra menntmrn.

Skipulagsbreyting 1968 og 1971 var hugsuð sem liður í ráðstöfunum til lækkunar ríkisútgjalda, eins og áður hefur komið fram. Flestir, sem til þekkja, munu þó sammála um að breyting hafi verið afdrifaríkari á öðrum sviðum en þeim að lækka útgjöld og auka hagræðingu. Auk þess hefði mátt ætla að meiri háttar skipulagsbreyting sem þessi hefði verið kynnt og flutt á Alþ. sem sjálfstætt frv., en ekki laumað inn í sparnaðarfrv. eins og raun varð á. Þessi þáttur kom mjög við sögu í umr. um frv. á þeim tíma.

Síðasti áratugur hefur verið tímabil mikillar útþenslu, ekki síst hér á Íslandi. Þessa þróun má greinilega merkja í útþenslu hinna ýmsu stofnana þjóðfélagsins, bankakerfinu, heilbrigðisþjónustunni og samgöngukerfi, svo nokkuð sé nefnt. Innan menntakerfisins er sömu sögu að segja. Deildir menntmrn. eru nú orðnar níu talsins og öll starfsemi rn. hefur þanist út jafnt og þétt. Þessi þróun er því að vissu leyti eðlileg ef litið er á þjóðfélagið og þjóðfélagsþróunina í heild. Flm. er þó þeirrar skoðunar að uppbygging menntmrn. síðasta áratuginn og rúmlega það hafi markast af stjórnunarlegri óreiðu. Fjölgun starfsdeilda hefur verið handahófskennd og vinnutilhögun og starfshættir innan rn. hafa verið með þeim hætti að furðu gegnir að ekki skuli búið að taka í taumana fyrir löngu. Mun ég víkja nánar að þessum þætti á eftir.

Með þessu frv. er lagt til að skólamál og uppeldismál verði tekin út úr menntmrn. og færð til fræðslumálaskrifstofunnar að nýju, sem þá yrði sjálfstæð stjórnardeild undir yfirstjórn menntmrh. Yfirmaður rn. yrði áfram ráðuneytisstjóri, en yfirmaður fræðslumálaskrifstofunnar yrði fræðslumálastjóri samkv. þessu frv. Samkv. þessu frv. færi menntmrn. með stjórn hinna ýmsu menningarmála, lista, vísinda og alþjóðlegra samskipta á sviði menningarmála. Fræðslumálaskrifstofan færi með uppeldismál og skólamál almennt.

Það er skoðun flm., að með þessari skipulagsbreytingu megi koma á margvíslegri hagræðingu og mjög tímabærum lagfæringum. Deildum mætti fækka og verkaskipting verða hagkvæmari en nú er. Þannig mætti gera ráð fyrir tveimur deildum í menntmrn. og fjórum í fræðslumálaskrifstofunni. Jafnhliða þessu væri æskilegt að láta framkvæma ýmsar breytingar á umfangi og verkefnum deildanna og gera þær sjálfstæðari starfseiningar. Það er t. d. orðið tímabært að gera fjölmiðlakennslu hærra undir höfði en nú er og víkka út starfsemi þeirrar deildar, sem nefnd er skólarannsóknadeild, og færa þar inn bæði fræðslumyndasafn ríkisins og ríkisútgáfu námsbóka.

Það er skoðun flm., að með því að aðskilja menningarmálin og skólamálin innan stjórnkerfisins sé lagður grundvöllur að áhrifameiri og virkari stjórnun og um leið skapaður möguleiki til þess að endurskipuleggja starfshætti þessara stofnana og laga þjónustuna að nýjum og

breyttum þörfum þjóðfélagsins.

Það er skoðun mín, að starfshættir menntmrn. hafi stórlega versnað við það, að fræðslumálaskrifstofan var gerð að deild í rn. Breytingin hafði truflandi áhrif á þau störf sem þar höfðu verið unnin, og auk þess reyndist menntmrn. ekki fært um að veita það forustuhlutverk í skólamálum sem fræðslumálaskrifstofan hafði veitt á sínum tíma. Þetta dæmi, breyting á fræðslumálaskrifstofunni í kjölfar sparnaðarlaganna 1968, sýnir að skipulag stjórnkerfisins getur haft afdrifaríkar afleiðingar um framkvæmd mála. Rekstur menntmrn. frá því skólamálin komu þar inn hefur verið einn allsherjarharmleikur, endalaus mistök, áframhaldandi mistök. Ég tel því að orðið sé tímabært að spyrna við fæti og gera tilraun til að endurheimta það jákvæða og heillaríka samband sem ríkti milli yfirstjórnar fræðslumála og kennarastéttarinnar þann tíma sem fræðslumálaskrifstofan var og hét.

Eins og þessum málum er háttað í dag ríkir algert neyðarástand í skólamálum þjóðarinnar. Forustan um uppbyggingu þessa undirstöðuþáttar í fræðslu- og menningarlífi þjóðarinnar er í rúst. Þar gilda sjónarmið valdsins og óttans ofar öllu. Þar hefur fasisminn í raun og veru verið innleiddur innan íslenska stjórnkerfisins.

Skal ég þá víkja nokkrum orðum að þeirri stjórnunarlegu óreiðu sem nú er innan menntmrn. og hefur verið síðustu árin. Ég held það sé gott að hv. þm. fái að heyra þetta frá manni sem hefur verið þarna fyrir innan dyr. Skal ég þá fyrst víkja að þeirri furðulegu og einstöku ritsmíð sem ráðuneytisstjórinn samdi sjálfur og nefnist: „Menntmrn. verkefni, skipulag og starfsreglur." Þetta er reglugerðin sem rn. hefur starfað eftir og starfar eftir enn í dag. Ritsmíðin er fyrir margra hluta sakir athyglisverð. Hún ber þess greinilega vott, að höfundurinn hefur lagt á það megináherslu að tryggja sér sjálfum vald sem er margfalt áhrifameira en þekkist í öðrum rn. stjórnarráðsins. Þessi valdagræðgi embættismannsins gekk það langt, að hann hirti ekki um að gæta þess að plaggið væri efnislega í samræmi við þau lög sem það átti að byggjast á, nefnilega lögin um Stjórnarráð Íslands frá 1969. Embættismaðurinn vílaði því ekki fyrir sér að leggja fyrir þáv. hæstv. menntmrh. plagg til undirskriftar sem í raun gekk í berhögg við lögin. Skal ég skýra það nánar.

Í 7. gr. laga um Stjórnarráð Íslands segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðherra kveður á um skiptingu rn. í starfsdeildir eftir verkefnum." — Hvergi í þessum lögum er nokkurt ákvæði að finna, er heimili ráðuneytisstjóra að ákveða skiptingu verkefna milli starfsdeilda rn. Það vald, samkv. 7. gr., er einungis í höndum ráðh. Valdssvið ráðuneytisstjórans samkv. lögunum er að stýra rn. undir yfirstjórn ráðh., sbr. 10. gr. Í 11. gr. segir: „Starfsdeild rn., sbr. 7. gr., stýrir deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra." — Í reglugerðinni, sem embættismaðurinn samdi, segir þó á bls. 6, um valdssvið ráðuneytisstjóra, með leyfi hæstv. forseta, — þarna kemur það sem hann vill að sé lög, — hann segir: „Hann getur fært verkefni milli deilda og fjölgað eða fækkað verkefnum einstakra deilda og starfsmanna eftir því sem hentar og sjálfur annast að einhverju eða öllu leyti hver þau verkefni sem hann ákveður." — Það er sem sagt ráðuneytisstjórinn sem ákveður þessa verkaskiptingu, sem skýrt er tekið fram í lögum um Stjórnarráð að sé í hendi ráðh. og einskis annars.

Með þessu ákvæði reglugerðarinnar er vald ráðh. samkv. 7. gr. laganna fært yfir til ráðuneytisstjórans. Það er algerlega í andstöðu við laganna hljóðan, að ráðh. geti með því að undirskrifa reglugerð afsalað sér í eitt skipti fyrir öll því valdi og þeirri ábyrgð sem honum er falin með ákvæðum laganna, og ekki aðeins honum heldur einnig falin þeim ráðh. sem á eftir koma og þurfa þá að taka við þessu valdaafsali. Hér er eitt dæmi til að byrja með.

Lögin um Stjórnarráð Íslands kveða á um það, að rn. skuli skiptast í starfsdeildir eftir verkefnum. Í algerri andstöðu við þetta lagaákvæði má lesa á bls. 6 í reglugerð ráðuneytisstjórans eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Starfslið rn. vinnur að verkefnum allra hinna ýmsu deilda eftir þörfum, auk þeirra sérverkefna sem hverri deild eru ætluð, eftir því sem hentar heildarstarfinu og ráðuneytisstjóri ákveður."

Með þessu reglugerðarákvæði er enn á ný verið að sniðganga lögin sem skýrt og greinilega kveða á um að rn. skuli skiptast í starfsdeildir eftir verkefnum. Ég held að allir hv. þm. hljóti að gera sér ljóst, að með þessari verkefnaskiptingu er átt við verkefnaflokka, þ. e. a. s. skyld verkefni, en ekki verkefni sem ráðuneytisstjóranum þóknast í það og það skiptið að afhenda þessum eða hinum embættismanninum. Þetta er brot af því sem ég kalla stjórnunarlega óreiðu, lítið brot. Það á mikið eftir að koma enn.

Þrátt fyrir þessi furðulegu ákvæði reglugerðarinnar, sem að sjálfsögðu stangast á við öll meginlögmál um stjórnun og skipulag stofnana, er í reglugerðinni að finna skrá yfir þá málaflokka sem hver deild um sig á að annast. Samkv. því eintaki af reglugerð, sem rn. hefur nú til útdeilingar, þ. e. a. s. sérprentun nr. 70. A. með síðustu breytingu samkv. neðanmálsskýringu frá 22. ágúst 1974, segir m. a., og skulum við aðeins grípa niður í þetta, að verkefni A-deildar, sem heitir safna-, lista- og æskulýðsmáladeild, séu: höfundarréttur, lögfræðilegar álitsgerðir, barnaverndarmál, skemmtanaskattur, launakjara- og réttindamál, mannanöfn, náttúruverndarmál, fuglafriðun og fuglaveiðar, dýravernd, friðun hreindýra, eftirlit með þeim, Íþróttakennaraskóli Íslands og íþróttamál. Þessi upptalning er ekki tæmandi, en sýnir þó að þarna er málaflokkum fleygt inn fyrir dyrnar af algjöru virðingarleysi og án nokkurs tillits til skynsamlegrar flokkunar á verkefnum, enda er þessi flokkun samkv. áður tilgreindum ákvæðum reglugerðarinnar fótum troðin eftir því sem embættismönnunum þykir henta hverju sinni. Mér þykir ótrúlegt, að hv. alþm. geti skilið hvers vegna lögfræðilegar álitsgerðir eiga heima í safna-, lista- og æskulýðsmáladeild, eða fuglafriðun og eftirlit með hreindýrum. Að vísu hefur þessari deild nú verið skipt í tvennt og íþróttamálin sett undir sjálfstæðan deildarstjóra, og má vera að það hafi eitthvað hreinsað til í skranhrúgu rn.

Samkv. verkaskiptingu reglugerðarinnar fer fræðslumáladeild, sem nú heitir grunnskóladeild, með málefni er varða skyldunámsskóla. En þó þessi gamla og nú fátæklega deild, sem einu sinni hét fræðslumálaskrifstofa, eigi að fara með, eins og segir í reglugerðinni, „málefni er varða skyldunámsskóla," þ. e. málefni grunnskóla, þá er það allt önnur deild sem fer með gerð stundaskráa, skipun í bekkjadeildir, lengd námsstunda, fjölda nemenda í bekkjum, og síðast en ekki síst heyrir það ekki undir fræðslumáladeild að annast hvaðeina er lýtur að hinu innra starfi skólanna. M. ö. o.: sú deild sem

fer með málefni grunnskóla á ekki að koma nærri neinu af því er lýtur að hinu innra starfi þessara skóla. Hafið þið heyrt annað eins? — Ég ætla að endurtaka þetta: Sú deild, sem fer með málefni grunnskóla, á ekki að koma nærri neinu því er lýtur að hinu innra starfi þessara skóla. Kannske málningunni á þakinu eða gluggunum! Það er kannske verkefni þessarar deildar.

Það verkefni, sem sagt innra starfið, á að vera í höndum allt annarra manna, það á að heyra undir skólarannsóknadeild. Ég fæ ekki með nokkru móti skilið hvernig hv. þm., sem fengist hafa við kennslu, ekki síst barnakennslu, geta réttlætt annað eins hugsanabrengl. Skólarannsóknadeildin á samkv. reglugerðinni að vinna að tilraunastarfsemi í kennslumálum og rannsóknum á námi og kennslu. Við þetta er ekkert að athuga. Hins vegar sýnir það nokkuð glöggt hversu handahófskennt hefur verið unnið að hlutunum, að deild, sem á að hafa með höndum rannsóknastörf, skuli einnig fá í hendur námseftirlit og námsmat. Og þó að námsmat heyri undir skólarannsóknadeild, þá heyra prófverkefni undir fræðslumáladeild. Sérkennsla heyrir undir skólarannsóknadeild, en Heyrnleysingjaskólinn og blindrakennsla og kennsla afbrigðilegra nemenda, eins og það heitir í reglugerðinni, heyra undir fræðslumáladeild. Fyrir þá, sem ekki vita, er kennsla blindra og heyrnarskertra það sem nefnt er sérkennsla og þar með einnig kennsla afbrigðilegra nemenda, sem er efnislega það sama. Ég get ekki séð, hvernig menn sjá nokkra glóru í svona samsetningu. Þarna er annars vegar talað um að sérkennsla eigi að heyra undir skólarannsóknadeild, en hins vegar eru taldir upp þættir, sem eru það sama og sérkennsla, sem heyra undir aðra deild. Heildaryfirlitið á að vera í einni deildinni, en svo á hver flokkur um sig að heyra undir aðra deild. Það er engu líkara en sumir menn, sem hafa samið þetta, viti raunverulega ekkert hvað þeir eru að tala um. Það þyrfti að láta útbúa orðabók handa þessu fólki!

Að lokum skal tekið eitt atriði til viðbótar af þessu taginu. Eins og áður segir heyra barnaverndarmálin undir safna-, lista- og æskulýðsmáladeild og það er út af fyrir sig í lagi, það getur fallið undir æskulýðsmál. En þótt furðulegt megi teljast heyra forskólar undir fræðslumáladeild. Svo, til að kóróna meistaraverkið, eru dagvistarheimili sett undir verk- og tæknimenntunardeild. Dagvistarstofnanir heyra undir verk- og tæknimenntunardeild! Það getur verið að það þurfi að leggja mikla áherslu á tæknilega þekkingu litlu barnanna við að raða saman lego-kubbum, en ég býst þó við að þetta sé algert heimsmet í handahófskenndri niðurröðun í stjórnkerfinu. Maður hefur það oft á tilfinningunni að verið sé að gera grín að ráðh., sem með þetta fer, og jafnvel hv. þm., ég tala nú ekki um alla hina sem vinna í skólakerfinu, sem sagt kennarana.

Ég held að það fari ekki á milli mála, að það þarf meira en lítið hugmyndaflug til að setja saman aðra eins endileysu. Dagsetning reglugerðarinnar, sem ég hef nú eytt nokkuð miklum tíma á, er 7. maí 1971. Þó er augljóst af neðanmálsskýringu, eins og ég hef bent á áður, að reglugerðin hefur verið endurprentuð einhvern tíma eftir 28. águst 1974. Ætla hefði mátt að embættismaðurinn og jafnvel hæstv. þáv. menntmrh. hefði beitt sér fyrir endurskoðun á reglugerðinni. Svo var þó ekki. Þvert á móti notaði ráðuneytisstjórinn þetta tækifæri til að hnykkja enn betur á þeirri opinberu yfirlýsingu, að það sé hann, embættismaðurinn, en ekki ráðh., sem ráði á þessum bæ. Breytingin, sem þarna er smeygt inn í reglugerðina, er á bls. 7 og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Fræðslustjórar, samkv. grunnskólalögum nr. 63/1974, heyra beint undir ráðuneytisstjóra, en ekki neina sérstaka deild."

Í grunnskólalögunum, sem höfðu verið samþykkt þrem mánuðum áður, er ekkert ákvæði að finna sem segir eða gefur í skyn að fræðslustjórarnir eigi að heyra undir ráðuneytisstjóra, hvað þá heldur beint undir ráðuneytisstjóra. Í 13. gr. grunnskólalaganna segir: „Menntmrn. setur eða skipar fræðslustjóra að fengnum tillögum hlutaaðeigandi fræðsluráðs." Og í 14. gr. laganna segir, með leyfi hæstv. forseta: „Fræðslustjóri er fulltrúi menntmrn. og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu." Þá fer að verða erfitt að sjá hvernig hann á að heyra beint undir ráðuneytisstjóra. Og síðan segir: „Hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs." Ákvæðið í reglugerðinni er því hrein skjalafölsun, þar sem hvergi í grunnskólalögunum segir að fræðslustjórar eigi að heyra beint undir ráðuneytisstjóra. Þetta ákvæði fer einnig í berhögg við lög um Stjórnarráð Íslands, t. d. 10. gr., þar sem segir að ráðuneytisstjórar stýri rn. undir yfirstjórn ráðh., 11. gr., þar sem segir að deildarstjórar stýri starfsdeildum undir yfirumsjón ráðuneytisstjóra, og sömu grein þar sem segir að ráðh. setji yfirmönnum rn. erindisbréf þar sem kveðið er á um starfssvið þeirra og starfsskyldur. Það fer því ekki á milli mála, að þetta vald, sem ráðuneytistjórinn hefur tekið sér og hæstv. fyrrv. menntmrh. afsalað sér, á ekki stoð í lögunum.

Ef hv. þm. halda í alvöru að þetta sé eitthvert grínmál, þá hlýt ég brátt að fara að sannfærast um að hv. þm. hafa engan áhuga á því að kynna sér þá botnlausu óreiðu og glannaskap sem viðgengst í ákvarðanatöku innan stjórnkerfisins rétt framan við nefið á hæstv. ráðh. Það er orðið tímabært, að hv. alþm. fari að fylgjast með því, hvernig lögum og reglugerðum er framfylgt og hvernig reglugerðir eru samdar. Þar er menntmrn. í algerri sérstöðu. Ég fullyrði og get sýnt fram á það með rökum og mun gera það hér á eftir til viðbótar því sem ég hef þegar sagt, að stjórnun þess rn., sem hér um ræðir, er botnlaust hneyksli. Kaupin á Víðishúsinu og mistökin í Krýsuvík eru bara smámunir hjá mörgu öðru sem fjölmargir skólamenn og aðrir áhuga- og valdamenn um fræðslumál vita, en hafa ekki þor til að viðurkenna.

Fyrrv. formaður fræðsluráðs Reykjanesumdæmis lýsti þessu ástandi í Dagblaðinu hinn 26. okt. 1976. Niðurstaða þáv. formanns fræðsluráðs var á þá leið, að fræðsluráðsmenn væru undir þrýstingi frá menntmrn. á þann veg, að þeir þyrðu ekki að taka sjálfstæðar ákvarðanir af ótta við refsiaðgerðir frá rn. Hliðstæðar skoðanir hef ég heyrt frá öðrum fræðsluráðsmönnum og starfsmönnum í menntmrn., kennurum og skólastjórum. Það eru því fleiri hliðar á þessu máli en það sem ég hef nefnt stjórnunarlega óreiðu. Þarna er einnig á ferðinni valdníðsla sem vonandi á sér fáar hliðstæður hér á landi. Þar sem valdníðslu er beitt er ekki von á heilladrjúgu eða áhrifaríku starfi. Skal ég nú víkja nokkuð að þessum þætti.

Hinn 10. okt. 1974, þegar flm. þessa frv. var deildarstjóri í menntmrn., skrifaði hann bréf til þáv. hæstv. menntmrh. og núv. hv. 2. þm. Austurl., þar sem þess er óskað að gerð verði rannsókn á starfsháttum menntmrn.,

þannig að fyrir liggi hvort ásakanir deildarstjórans eigi við rök að styðjast eða ekki, eins og segir í niðurlagi bréfsins. Í þessu bréfi segir á öðrum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þau tæp tvö ár sem ég hef starfað í menntmrn. hef ég reynt að benda á það uggvænlega ástand, sem þar hefur þróast, með það fyrir augum að koma á einhverjum lagfæringum. Þetta hefur ekki tekist. Ég tel nú að þetta ástand sé svo alvarlegt að nauðsyn beri til að krefjast opinberrar rannsóknar á störfum og starfsháttum menntmrn."

Hér er það yfirmaður fræðslumáladeildar sem talar um uggvænlegt ástand og fer fram á að málið verði kannað. Þetta er sem sagt yfirmaður fjölmennustu og áhrifamestu deildarinnar í rn. á þeim tíma. Deildin hefur reyndar verið möluð niður síðan, eins og ég hef bent á áður. Síðan er í 28 liðum vikið að einstökum atriðum sem deildarstjóri óskaði eftir að yrðu þá könnuð, og ég mun víkja að þeim liðum síðar.

Við skulum halda áfram með atburðarásina. Sem sagt, deildarstjórinn er þarna búinn að senda inn ósk um að þetta uggvænlega ástand verði kannað. Viðbrögð hæstv. þáv. menntmrh. við þessu erindi frá 10. okt. 1974 voru óvenjulega snögg, því 16. okt., aðeins 6 dögum síðar, felur hann ráðuneytisstjóranum að meta efni bréfsins, þ. e. a. s. þessa ósk um rannsókn. Og ráðuneytisstjórinn lætur ekki á sér standa, því að sama dag, 16. okt., skrifar hann ráðh. um hæl þar sem hann vísar á bug öllum ásökunum deildarstjórans. Ráðuneytisstjórinn var þar með gerður að dómara í eigin máli. Ráðh. sá enga ástæðu til þess að fara að leita eitthvað annað til þess að athuga hvort ásakanirnar, sem beint var til yfirmanns rn., væru á rökum reistar eða hvort þær væru svo alvarlegar að ástæða væri til að taka þær til afgreiðslu. Nei, það er sakborningurinn sjálfur, eða sá sem á að standa fyrir máli sínu, sem er beðinn um að gefa ráðh. embættislegar ábendingar um það, hvernig á málinu skuli tekið. — Svo kemur þráðurinn áfram. Upphafsorð bréfs ráðuneytisstjórans eru þessi, með leyfi hæstv. forseta, þ. e. bréfsins sem ráðuneytisstjóri skrifaði strax samdægurs, — hann segir:

„Þér hafið, hæstv. menntmrh., í dag beiðst umsagnar minnar um bréf dr. Braga Jósepssonar deildarstjóra fræðslumáladeildar menntmrn. til yðar, dags. 10. þ. m., þar sem hann segir m. a. að nauðsyn beri til að krefjast opinberrar rannsóknar á störfum og starfsháttum menntmrn."

Eins og áður segir vísaði ráðuneytisstjórinn á bug öllum ásökunum deildarstjórans. Hann segir þær sprottnar af illum hvötum, en bendir á að deildarstjórinn hafi hins vegar skrifað grein í tímaritið Heimili og skóli og sent í heimildarleysi út úr rn. skýrslur um hjálparkennslu í skólum. Niðurlagsorð bréfsins eru svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég álít að bréfið frá 10. okt., meðferðin á fyrrnefndri skýrslu dr. Arnórs Hannibalssonar og grein í Heimili og skóli sæmi ekki manni sem gegnir ábyrgðarstöðu í rn.

Virðingarfyllst.

Birgir Thorlacius.

M. ö. o.: deildarstjórinn fer fram á það við viðkomandi ráðh., að gerð verð könnun á stjórnunarlegri óreiðu hjá tilteknum ráðuneytisstjóra. Ráðh. felur ráðuneytisstjóranum að gefa sér embættislega ábendingu um hvernig bregðast skuli við. Ráðuneytisstjórinn telur ásakanirnar ekki eiga við rök að styrðjast, en segir að deildarstjórinn geri sér litla grein fyrir starfsskyldum sínum og sé lítt til ábyrgðarstarfs fallinn, eins og segir í bréfinu. Þessa staðhæfingu rökstyður ráðuneytisstjórinn síðan með þrem ábendingum: 1. Bréfið frá 10. okt. er vítavert. 2. Útsendingarnar á skýrslu Arnórs Hannibalssonar eru vítaverðar. 3. Greinin í Heimili og skóli er vítaverð. Þar með var þáv. hæstv. menntmrh. búinn að fá í hendur hina embættislegu ábendingu um það, hvort leyfa skyldi rannsókn á störfum og starfsháttum menntmrn. Þetta er eitt dæmið um embættisleg vinnubrögð rn.

Ósk deildarstjórans um að athuga málið er svarað með ákæru. Það er kjarni málsins. Á grundvelli þessarar embættislegu ábendingar tók hæstv. menntmrh. síðan ákvörðun í málinu. Þessi ákvörðun birtist í bréfi til deildarstjórans, dags. 6. des. 1974. Bréfið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem menntmrh. hefur skýrt yður frá, hefur yður verið veitt lausn frá deildarstjórastarfi í fræðslumáladeild menntmrn. frá 9. þ. m. að telja."

Síðan skulu menn taka eftir á hverju þetta byggist. Ég held áfram að vitna í bréfið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvörðun þessi er byggð á því, að ýmsar athafnir yðar og framkoma hafi verið óhæfa og ósamrýmanlegt starfi yðar sem deildarstjóri í rn. Má í því sambandi nefna ritgerð yðar í tímaritinu Heimili og skóli, 1. tbl. 1974, formála, fjölritun og dreifingu á skýrslu dr. Arnórs Hannibalssonar um hjálparkennslu í skyldunámsskólum án vitundar ráðh. og ráðuneytisstjóra svo og ákærubréf yðar til menntmrh. 10. okt." — Það var sem sagt bréfið, þar sem farið var fram á rannsóknina. — „Hins vegar hefur þess verið beiðst, að fjmrn. greiði yður fjárhæð mánaðarlega næstu 6 mánuði, þ. e. til 1. júlí 1975, sem svarar til hinna föstu launa deildarstjóra. Ber yður að sjá um að lyklar, skjöl og önnur embættisgögn, sem þér hafið undir höndum sem deildarstjóri, verði nú þegar afhent fulltrúunum Sigurði Helgasyni og séra Sigurði K. G. Sigurðssyni.

Lausnarbréf yðar fylgir hér með.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius."

Það hlýtur að vekja sérstaka athygli, að brottrekstrarsökin er í öllum atriðum byggð á ábendingum ráðuneytisstjórans við bréfinu um rannsókn frá 10. okt. Til viðbótar má benda á, að sá brottrekni fékk ekki að sjá bréf ráðuneytisstjórans frá 16. okt. fyrr en löngu eftir að honum hafði verið vikið úr starfi og þurfti þá að leita aðstoðar þáv. hæstv. forsrh., Geirs Hallgrímssonar. Ráðuneytisstjórinn sá sem sagt ástæðu til þess að leyna umsögn sinni, þar sem hann er beðinn um álit á því, hvort eigi að láta rannsaka þessa stjórnunarlegu óreiðu eða ekki. Hann stingur því bréfi undir stól, menntmrh. afgreiðir málið síðan á sinn hátt, og þegar hinn brottrekni fer fram á að fá að sjá þetta bréf, þá fær hann það ekki og það kostar það að leita þarf til forsrh., sem síðan boðsendi plaggið til hins brottrekna. Það þarf hörku til þess að standa í svona málum. Á þennan hátt afgreiðir menntmrn. menn sem vilja opinbera hið raunverulega

ástand sem ríkir innan þessa stjórnkerfis.

Eins og ýmsir muna, hefur þessi brottvikning nú verið dæmd ólögmæt af dómstólum landsins og ríkissjóður hefur þurft að greiða út sekt af fjármunum skattborgaranna. Þrátt fyrir það verður ekki séð að sú niðurstaða hafi raskað mikið ró embættismannsins í menntmrn. Þar gengur allt sinn vanagang, sama stjórnunarlega óreiðan sem fyrr, sama valdníðslan, sama embættislega ögrunin gagnvart hv. Alþ. og þeim hæstv. ráðh. sem fer með stjórn menntamála.

Mig langar til að grípa niður í ræðu um þetta efni, sem flutt var hér í hv. d. af Jóni Baldvin Hannibalssyni í febr. 1975, með leyfi hæstv. forseta. Jón Baldvin segir:

„Því verður ekki af efnislegum ástæðum trúað, að brottrekstrarsök umrædds starfsmanns hafi verið sú, að hann skrifaði grein í blað eða hann dreifði skýrslu til skólastjóra. Hér býr eitthvað annað að baki, og ég harma, að svo skuli vera, og á erfitt með að trúa því, að hér sé um annað að ræða en misráðnar aðgerðir sem raunverulega byggjast ekki á nægilegri íhugun á því raunverulega hvað í þeim felst. Hugsanlega er einmitt hér um það að ræða að stjórnmálamönnum á Íslandi, sem skyndilega taka að sér forstöðu fyrir viðamiklum stofnunum og ráðuneytum, hætti til þess að hafa einmitt ekki nægilegt sjálfstæði gagnvart því kerfi sem þeir koma til með að starfa í. Þeir eiga ekki að vera fangar þess, þeir eiga að stýra því."

Þetta voru orð Jóns Baldvins Hannibalssonar hér á hv. Alþ. Ég held að það sé orðið tímabært, að hv. alþ., og hæstv. ráðh. fari að gera sér grein fyrir því, að valdaaðstaða íslenskra embættismanna er nú orðin slík, t. d. að því er varðar menntmrn., að það skiptir nánast engu hvernig hv. þm. þóknast að orða lögin sem hér er verið að samþykkja. Embættismennirnir ráða þessu að verulegu leyti í framkvæmd, ef þeir hafa minnsta áhuga á því. Að vísu má segja að mörgum embættismanninum fari þetta býsna vel úr hendi. Öðrum tekst hins vegar miður vel og enn aðrir komast upp með háttsemi sem hefur lamandi áhrif og niðurdrepandi á alla þá starfsemi sem þeir bera ábyrgð á. Þannig er ástandið í menntmrn.

Skal ég þá víkja að ábendingunum, sem deildarstjórinn tilgreindi og áður er vitnað til, í bréfinu þar sem farið var fram á rannsókn á störfum og starfsháttum menntmrn. Hv. þm. skulu hafa það í huga, að þarna talar yfirmaður stærstu deildar ráðuneytisins, eins og ég sagði áður. Í þessum 28 liðum voru tilgreind atriði sem hér skal greint frá, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkaskipting innan rn. er svo óljós, að fáir starfsmenn, þar með taldir deildarstjórar og fulltrúar, vita í raun og veru hvaða málefnum þeim ber að sinna."

Það þykir nú nauðsynlegt að menn viti hvað þeir eiga að gera þegar þeir koma til vinnu sinnar. Þarna fullyrðir yfirmaður deildarinnar, sem á að stjórna rekstri þessarar deildar, að menn viti ekkert hvað þeir eru að gera, fái ekki að vita hvað þeir eru að gera vegna vitlausrar reglugerðar. Og þarna má líka skjóta öðru atriði inn í, að þegar embættismaðurinn, deildarstjórinn, fór fram á að fá erindisbréf, sem honum ber að fá samkv. lögum, þá var því hafnað. Þetta er skjalfest. Ég held áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Einstök verkefni hafa fyrirvaralaust verið tekin úr höndum einnar deildar og falin annarri deild. Einstökum starfsmönnum, fulltrúum eða riturum hafa verið falin tiltekin verkefni án samráðs við viðkomandi deildarstjóra." — Þarna kemur reglugerðin til. — „Einstök mál og erindi hafa verið í afgreiðslu hjá tveimur eða fleiri aðilum samtímis án þess að einn aðilinn vissi um hinn. Þetta hefur yfirleitt haft í för með sér meiri háttar árekstra." — Þarna er einnig reglugerðin í gangi. — „Hálfunnin verkefni eru tekin frá einstökum starfsmönnum og falin öðrum án þess að þeir fái um það að vita." — Reglugerðin aftur. Hér er ekki verið að tala út í bláinn. Við höfum skriflegar sannanir fyrir hverjum einasta lið sem hægt er að leggja fram, og menn þurfa reyndar ekki annað en fara niður í borgardóm og fletta upp í dómsskjölum í þessu máli, þar sem þetta liggur allt saman opið og verður stór þáttur í skólasögu Íslands og mjög merkilegur. Síðan held ég áfram: „Mál, sem heyra undir eina deild, eru oft afgreidd án nokkurs samráðs við viðkomandi deildarstjóra." — Það þætti nú ekki gott hér. — „Einstakar nefndir eru oft skipaðar til að undirbúa og gera tillögur um mál án samráðs við viðkomandi deildarstjóra. Margt bendir til þess, að menntmrn. sé óeðlilega háð fjmrn. miðað við tengsl annarra rn. við rn. fjármála." — Ég verð nú að viðurkenna það, að eftir að ég er búinn að kynnast meira stjórnmálum, þá hallast ég að þeirri skoðun að þar komi fleira til, — þetta eigi kannske við önnur fagráðuneyti og það sé fjmrn. sem ráði þarna nokkuð miklu. — „Fulltrúar og skrifstofustúlkur hafa fyrirvaralaust verið tekin úr einstökum deildum og færð í aðrar." — Það þykir slæmt ef deildarstjóri eða yfirmaður deildarinnar fær ekki einu sinni að vita það, að einn daginn, þegar hann kemur til vinnu, er skrifstofustúlkan farin eða einhver annar starfsmaður farinn kannske allt annar kominn í staðinn. Ég veit ekki hvort það yrði talið mjög gott hér.

„Fræðslumáladeild var fyrirvaralaust skipt í tvær deildir án samráðs við viðkomandi deildarstjóra og einn af fulltrúum hans síðan fyrirvaralaust gerður að deildarstjóra." — Þetta er brot á 11. gr. laga um Stjórnarráð, þar sem segir að deildarstjórar stýri starfsdeildum rn. Það þætti nokkuð slæmt í ríkisstj., ef forsrh. væri búinn að skipta einu rn. í tvennt þegar ráðuneytisstjórinn kæmi þar til starfa eða skipta störfum ráðh. til einhvers annars. Ég er hræddur um að þá færi að syngja í tálknunum á einhverjum. — Ég bið menn að afsaka orðbragðið.

„Skýrslusöfnun og skýrslugerð er í algeru lágmarki og það, sem er, er ekki í samræmi við kröfur nútíma skýrslugerðar." — Hér er náttúrlega um það að ræða, að stjórnkerfið hefur verið svolítið seint að taka upp nýjungar og við erum 10, 20 eða 30 árum á eftir nágrannaþjóðum okkar í ýmsu af þessu tagi. Það má kannske segja að þarna hafi skort peninga í sambandi við skýrslusöfnun og skýrslugerð.

„Uppeldislegar forsendur eru ekki teknar hátíðlega þegar rætt er um fjárveitingar til skólamála. Þar ráða fyrst og fremst formúlur og reglur sem oft eiga enga stoð í veruleikanum og voru jafnvel í algerri andstöðu við raunverulega þörf." — Þarna talar líka yfirmaður fræðsludeildarinnar sem átti að hafa einhverja þekkingu á því sem hann var að gera — væntanlega. Við getum talað við fjölmarga skólamenn í dag, skólastjóra og yfirmenn skólanna, og spurt þá hvort það sé tekið mikið mark á uppeldislegum forsendum. Það er brosað að slíku. Það mætti alveg eins nota þessi hús sem sláturhús eða reka þar svínabú, mörg hver.

„Áætlanagerð rn. um framtíðarskipulag og skólabyggingar er yfirborðsleg og byggist ekki á raunhæfri

athugun á sérstöðu hinna einstöku byggðarlaga. Fjárhagsáætlun rn. er eitt allsherjar handahófsverk og tillögur rn. til fjárl. því oft í litlu samræmi við raunverulega þörf." — Þetta er atriði sem ég hafði sérstakt yndi að vinna að og sérstaklega að lesa eftir á. — „Samskipti rn. við fræðslustofnanir og þátttaka í erlendum ráðstefnum er handahófskennd. Samskipti við erlenda aðila og stofnanir eru því ekki nýtt eins og efni standa til." — Ég verð þó að viðurkenna að á þessu sviði hefur ýmislegt gagnlegt og mjög gott verið framkvæmt, það ber að undirstrika og það skal virða, enda koma þar ýmsir úrvalsmenn til skjalanna. En það er ekki rn. að þakka.

„Deildarstjórar og fulltrúar rn. hafa oft verið ráðnir án þess að viðkomandi stöður hafi verið auglýstar til umsóknar. Eftir að þessir menn hafa síðan starfað í eitt ár eru stöðurnar auglýstar og aðrar umsóknir virtar að vettugi." — Þetta er hluti af valdníðsluprógramminu. — „Ráðning bókara og ritara miðast fyrst og fremst við það að hafa sem jafnastan hóp starfsmanna í deildunum án þess að nokkurt tillit sé tekið til ólíkra viðfangsefna og raunverulegrar starfsmannaþarfar." — Þetta hefur að vísu breyst nokkuð, en ég veit ekki hvort það hefur breyst í rétta átt. Ég held að það hafi jafnvel versnað. — „Fjöldi bókara og ritara er í algeru lágmarki, enda liggja ósunnin verkefni í haugum og óafgreidd fylgiskjöl safnast fyrir svo mánuðum skiptir." — Einn skólamaður og hv. þm. sagði mér sína reynslu um þessi mál, að það væri nú svo leiðis með rn., að þar gætu menn ekki afgreitt erindi, sem þeim bærust, önnur heldur en bara „rútínuvinnu" Ef það kæmi eitthvað sem væri örlítið fyrir utan „rútínuna," þá væri hægt að ganga út frá því vísu að það yrði ekki afgreitt, vegna þess að þeir gætu ekki afgreitt það, þeir kynnu ekki að afgreiða það eða vildu ekki afgreiða það sem þeir kynnu. — Þetta sagði einn hv. þm. mér í gær. Sem sagt: ósunnin verkefni liggja í haugum og óafgreidd fylgiskjöl safnast fyrir svo mánuðum skiptir.

„Öll almenn upplýsingaþjónusta um kennslu- og skólamál er ófullnægjandi. Kennarar, skólastjórar og skólanefndarmenn vita oft ekki til hverra ber að leita í rn. um afgreiðslu einstakra mála, enda vita ráðuneytismenn það oft ekki sjálfir." — Þarna kemur inn á sama atriði og reyndar áður. „Fjöldi mála og erinda, sem rn. berst á hverju ári, fær enga afgreiðslu og oft er það svo, að einstök mál hreinlega týnast. Húsnæði rn. er óhentugt og starfsaðstaða deildanna ekki í samræmi við hin ólíku störf sem þær hafa með höndum. Véla- og tækjakostur rn. er ekki í samræmi við kröfur tímans. Skjalasafn, kennaraskrá, heimildasafn rn. er í niðurníðslu og megnið af þessum heimildum er geymt í kössum og óaðgengilegum hirslum í öðru húsnæði fjarri rn. Öll almenn vinnuaðstaða er með því versta sem þekkist miðað við opinberar stofnanir eða verslunar- og iðnaðarfyrirtæki hér á landi, svo að ekki sé miðað við starfsaðstöðu samsvarandi rn. eða fræðslumálaskrifstofa erlendis." — Og svo kemur síðasta atriðið: „Engin aðstaða er til að nýta á eðlilegan hátt skýrslur og heimildir, sem safnað hefur verið í rn."

Þetta voru atriðin sem deildarstjórinn óskaði eftir að yrðu könnuð, og það fannst ráðuneytisstjóranum ekki ástæða til að gera. En þess í stað fannst honum ástæða til, af því tilefni að deildarstjórinn skyldi fara að skrifa svona langt og formlegt bréf, að gera eitthvað fyrir hann, og benda þar hæstv. ráðh. á að deildarstjórinn hefði skrifað ljótt um skólamenn og skólastjórnina í virðulegt tímarit, Heimili og skóli, en í öðru lagi hefði þessi maður — í heimildarleysi — sent út skýrslu um verkefni sem fyrrv. menntmrh., Magnús Torfi Ólafsson, hafði falið deildarstjóranum að vinna að í samráði við Arnór Hannibalsson. Það var þess vegna talin brottrekstrarsök, að deildarstjórinn skyldi leyfa sér að senda þessa skýrslu, *sem var nú reyndar bara vinnuplagg, til skólastjóra.* Og svo í þriðja lagi var sjálft bréfið með þessum 28 ásökunum álitið einn þáttur í hinni raunverulegu brottrekstrarsök. Þar með var búið að sparka þessum embættismanni og þessum starfsmanni og ráðuneytisstjórinn var búinn að tryggja að slíkar raddir heyrðust ekki frekar og undirstrika það við alla starfandi skólamenn á Íslandi, að það væri vissara fyrir þá að halda sig á mottunni, ella gæti farið verr.

Meðferðin á fræðslumáladeildinni sýnir nokkuð þessa þróun. Eins og ég benti á áður var þetta deildin sem hét upphaflega fræðslumálaskrifstofa. Í umr. um þetta mál, þegar það var upphaflega rætt sagði þáv. menntmrh. og fullyrti að það hefði ekki verið meiningin með þessum lögum að breyta störfum þáv. fræðslumálastjóra, heldur yrði fræðslumálaskrifstofan aðeins gerð að deild í menntmrn. Svo kemur ráðuneytisstjórinn og tekur völdin, og síðan hefur málið þróast í samræmi við það.

Þá ætla ég að lokum — þetta er nú orðið lengra en ég hafði ætlað — að víkja að nokkrum almennum atriðum í framkvæmd skólastarfsins í landinu, sem ég tel að ráðuneytisstjórinn og rn. beri mjög mikla ábyrgð á og ég tel að það sé vísbending um að æskilegt og tímabært sé að skipta menntmrn. að nýju, láta menningarmálin verða áfram í rn. og setja á laggirnar fræðslumálaskrifstofu sem verði sjálfstæð stjórnardeild sem heyri beint undir menntmrh.

Skólakerfið hefur á síðustu árum verið undir lagt af tilraunastarfsemi um námsefni og kennsluaðferðir sem aðrar þjóðir hafa fullreynt fyrir áratugum. Það væri hægt að ræða um þetta mál sérstaklega og styðja, með ýmsum dæmum það sem hér er um að ræða. Ég tel að það sé mjög æskilegt að veita fjármunum í námsefnisathuganir, en ég tel að stjórnun á þessu máli sé í algerri ringulreið og þarna sé sóað fjármunum af miklu handahófi. Skólabyggingar eru hannaðar á grundvelli arkitektasjónarmiða einna og kemst þar lítið inn af sjónarmiðum skólamanna. Hér er um að ræða mistök og stjórnleysi sem skiptir skattgreiðendur hundruð millj. Áður hefur verið vikið að tillögugerð menntmrn. til fjárl. Ég fæ ekki séð að þar hafi verið tekin upp nútímalegri vinnubrögð en giltu árin 1973 og 1974. Af þeim sökum held ég að hv. þm. þurfi ekki að vera feimnir við að beita fallöxinni af handahófi við niðurskurð fjárl., því að allt er þetta slumpareikningur í rn. sem á ekkert skylt við örugga stjórnsemi og skipulag í áætlanagerð.

Ef litið er á ráðningar kennara og skólastjóra blasir við heldur ófögur sjón. Að vísu mun það ekki gerast, að skipuðum skólastjórum eða kennurum sé vikið úr starfi, en að því er varðar þá starfsmenn, sem settir eru til eins árs í senn, er það að segja, að þeir eru látnir fjúka og jafnvel fyrirvaralaust, þótt þeir hafi *full réttindi,* og aðrir, jafnvel réttindalausir, ráðnir í staðinn. Ég get bent á allnokkur dæmi þessu til stuðnings.

Það er staðreynd, að stéttarfélög kennara hafa verið gagnslaus fyrir þá kennara sem hafa verið beittir óréttlæti af kerfinu. Ég hef að vissu leyti samúð með kennurum. Þeir þurfa að geta séð sér farborða efnalega og þess vegna er

e. t. v. tryggara að hafa hljótt um sig þegar menntmrn. á í hlut. Um ofsóknir rn. gegn einstökum kennurum, skólastjórum og öðrum starfsmönnum hef ég mýmörg dæmi. Áður er vikið að ummælum þáverandi formanns fræðsluráðs Reykjanesumdæmis, þar sem hann fullyrðir að fræðsluráðsmenn séu beittir þvingunum af menntmrn. En það er ekki nóg með það, að fræðsluráðsmenn séu beittir þvingunum, heldur má einnig finna dæmi þess, að menntmrn. hefur skrifað upp á og staðfest lögbrot og valdníðslu sem fræðsluráðin sjálf standa að. Gott kennslubókardæmi um þetta atriði er að finna þegar fræðsluráð Vesturlands mælti einróma með eina réttindalausa umsækjandanum í stöðu fræðslustjóra Vesturlands. Og hvers vegna skyldi menntmrn. vera að gera aths. við slíkt? Ekki aldeilis!

Þegar frsm. þessa frv. og þáv. deildarstjóri í menntmrn. lagði til að tiltekið fræðsluráð gerði grein fyrir þeirri ákvörðun sinni — þetta var í Kópavogi — að mæla ekki með þeim umsækjandanum sem mesta hafði menntun og lengstan starfstíma, þá var ákvörðun ráðuneytisstjórans sú, að slíkra upplýsinga væri ekki þörf, enda rn. óviðkomandi, valdið væri hjá fræðsluráðinu. Og þar með var málið afgreitt. Ráðuneytisstjórinn sá sem sagt enga ástæðu til þess að beina þessari spurningu til fræðsluráðsins: Viljið þið lofa mér að heyra, hvers vegna þið mælið ekki með manni sem hefur meiri starfsreynslu og meiri menntun, heldur mælið þið með öðrum? — Það geta út af fyrir sig verið til rök, en mig langar að heyra þessi rök og þá skulum við afgreiða málið. — En þegar deildarstjóri fræðslumáladeildar óskar eftir því að þetta skuli athugað, þá segir ráðuneytisstjóri stopp. Okkar er valdið. Við förum eftir ákveðnum reglum. Við hringjum þá heldur til einhverra manna og fáum úr því skorið, hvað eigi að gera. Embættismennirnir hafa sem sagt margir hverjir sínar aðferðir við að stjórna þessu landi.

Herra forseti. Hér hafa verið tínd til ýmis dæmi um stjórnleysi og mistök í starfsemi eins stærsta og viðkvæmasta rn. stjórnarráðsins. Þessi mistök byrjuðu fyrst og fremst eftir að fræðslumálaskrifstofan var gerð að deild í menntmrn., eins og ég hef bent á. Það, sem hér liggur fyrir, er frv. til l. sem gengur út á það að endurskipuleggja yfirstjórn fræðslu- og menningarmála. Ég er þeirrar skoðunar, að mistökin, sem hafa verið gerð til þessa, verði ekki lagfærð nema skipulagsbreyting komi fyrst til. Ég held að það sé tímabært einmitt nú að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og allshn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þegar ákveðið var að leggja niður fræðslumálaskrifstofuna á sínum tíma, eins og hv. flm. þessa máls ræddi hér um ítarlega, þá var það gert, eins og hann gat réttilega um, í sparnaðarskyni. Það var talið að mun ódýrara væri að leggja niður fræðslumálaskrifstofuna og færa hana undir menntmrn. Á þeim grundvelli hygg ég að mér sé óhætt að fullyrða að Alþ. hafi samþykkt þessa nýskipan mála.

Nú er liðinn langur tími og ég vil láta það koma fram strax við 1. umr. þessa máls, að ég tel að þessi breyting hafi ekki í framkvæmd orðið til góðs hvað snertir peningalegan sparnað, því síður hvað snertir stjórnarfarslega breytingu. Ég hygg að hið gamla góða embætti fræðslumálastjóra hafi verið náinn og mikilvægur tengiliður á milli kennarastéttarinnar og skólanna annars vegar og rn. hins vegar. Ég fyrir mitt leyti tel að það sé ekki rétt að stækka svo verulega rn. sem gert var með þessari breytingu og mörgum öðrum, — sérstaklega hvað snertir menntmrn. sem er orðið alstærsta rn. Ég hygg að hitt sé mun eðlilegra, að þarna sé tengiliður á milli skólanna og rn., eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég tel að á margan hátt mætti ganga jafnvel lengra en þetta frv. gerir ráð fyrir með því að gera fræðslumálaskrifstofuna að sjálfstæðri stofnun aftur, sem auðvitað væri undir stjórn menntmrh.

Efnislega er ég mjög hlynntur því sem þetta frv. gerir ráð fyrir, en frv. fjallar um breyt. á lögum um Stjórnarráð Íslands. En margt fleira er í lögum um Stjórnarráðið sem væri eðlilegt að breyta frá því að þau voru sett í maí 1969 og þá gagnvart fleiri rn. en þessu eina.

Ég ætla ekki að koma inn á annað það sem hv. flm. ræddi, og síst af öllu vil ég ræða samskipti þessa hv. þm. við menntmrn. og þá sérstaklega ráðuneytisstjórann þar. Ég tel, að það mál hafi verið rætt á öðrum vettvangi og ég tel ekki ástæðu til þess fyrir menn, sem eru illa að sér í því, að ræða það ítarlega í sambandi við flutning þessa frv. Hinu er ekki að leyna, að í ræðu hv. þm. felast mjög ákveðnar ásakanir á hendur menntmrn. um valdníðslu er hann telur að þar hafi átt sér stað á undanförnum árum. Hann var mjög þungorður í sambandi við þessi mál, en ég vil aðeins taka undir eitt af því sem hann sagði, að ég tel mjög hæpið að ákveðnir starfsmenn í ákveðnum rn. heyri undir viðkomandi ráðuneytisstjóra. Til þess ætlast löggjafinn ekki. Ég held að það sé alveg tvímælalaust, að ráðh. hljóti að hafa þar æðsta vald og vera húsbóndi þessara starfsmanna sem annarra þar. Það er einnig mjög athyglisvert — margt hefur verið rannsakað sem síður skyldi en það — ef reglugerðir, sem gefnar eru út, stangast á við lög í þessum efnum. Það fær ekki staðist að einn embættismaður geti farið með meira vald en ráðh., nema löggjöfin geri ráð fyrir því, sem hún gerir ekki.

Ég ætla ekki efnislega að ræða þetta frv. frekar. En ég tel að hér sé hreyft athyglisverðu máli og það eigi að fá vandlega yfirvegun í n. og þá jafnframt að n. yfirfari lögin um Stjórnarráð Íslands, sem þarf að breyta og hefur staðið til að breyta á undanförnum árum, en ekki orðið úr því. Sömuleiðis finnst mér ástæða til að það berist einhver svör við þeim þungu ásökunum sem flm. þessa frv. bar á hendur ráðuneytisstjóra menntmrn. og í raun og veru á menntmrh. sem verið hafa á liðnum s. l. árum, allt frá árinu 1971.

Umr. frestað.

Söluskattur, frv. (þskj. 110, n. 148). — 2. umr.

Frsm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. Málið, sem um ræðir, er flutt af hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, og lýtur að breytingu á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960, um söluskatt. Efni frv. er að undanþiggja greiðslu á söluskatti vinnslu og sölu á rekavið. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. og hefur skilað nál. í samræmi við það. Þeir, sem undirrita nál., eru auk mín nm. Lúðvík Jósepsson, Halldór E. Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson og Vilmundur Gylfason, en fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Matthías Á. Mathiesen og Finnur Torfi Stefánsson.

Það er rétt að minna á það, sem reyndar kom fram í

framsöguræðu hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, við 1. umr. þessa máls, að forsaga þess er sú, að í nær 30 ár eftir að lög voru sett um söluskatt var aldrei lagður söluskattur á starfsemi þeirra örfáu manna sem fást við að nytja þau landsgæði sem hér um ræðir. Það var fyrst árið 1975 að hafist var handa af skattyfirvöldum í a. m. k. einu skattumdæmi á landinu um að leggja söluskatt á þessa starfsemi og á þá aðila sem þessi landsgæði höfðu nytjað. Hins vegar var þá lagt á menn í allmörg ár aftur í tímann — það munu hafa verið 5 ár — og kom slíkt viðkomandi aðilum mjög í opna skjöldu þar sem þeir höfðu staðið í þeirri trú, að á þeim hvíldi engin greiðslukvöð í þessum efnum þá frekar en áður. Það er ekki deilt um það út af fyrir sig, að miðað við núgildandi lög stendur réttur ríkisvaldsins til þess að leggja á söluskatt í þeim tilvikum sem hér um ræðir. En einmitt vegna þess að svo er hefur verið lagt til að lögunum væri breytt og n. að athuguðu máli komist að þeirri niðurstöðu að mæla með því.

Það er rétt að minna á það einnig, að í frv. er ákvæði til bráðabirgða, þar sem segir á þessa leið með leyfi forseta:

„Fjmrh. er heimilt að endurgreiða álagðan söluskatt árin 1975 til 1978 að báðum árum meðtöldum á unninn rekavið til eigenda eða rétthafa rekans ef hann færir sönnur á að kaupandi hafi ekki greitt söluskatt."

Þetta er ákvæði til bráðabirgða eins og það er í frv. Það þarf vart að taka það fram, að þeir menn, sem þessa starfsemi hafa stundað, en þeir eru mjög fáir, höfðu ekki reiknað með því, að þeir væru skyldir að greiða söluskatt af þessari starfsemi, og hafa þar af leiðandi að sjálfsögðu á undanförnum árum ekki hækkað verð á þessari framleiðsluvöru til kaupenda með tilliti til söluskattsgreiðslu. Ef þeir fá ekki leiðréttingu sinna mála, þá verða þeir að greiða þessa upphæð úr eigin vasa, en ekki að það sé kaupandinn sem það gerir.

Ég vil einnig minna á það, að það er því miður allt of lítið um að þau landsgæði, sem hér um ræðir, séu nytjuð svo sem vert væri. Það kemur m. a. til af því, að víða á þeim landssvæðum, þar sem reki er hvað mestur, er byggð orðin mjög grisjuð og jafnvel aleydd. Dæmi eru um það, að bændur, sem fluttir eru burt af jörðum sínum og hafa þar ekki lengur ársdvöl nytji þessi litlu hlunnindi viðkomandi jarða þó að nokkru með því að dveljast á þeim bújörðum, þar sem þeir áður bjuggu, að sumarlagi. Það er ósköp hætt við því, að ef ríkisvaldið héldi því til streitu að fara að eltast við þær litlu tekjur sem þeir þannig geta skapað sér, leiddi það til þess, að þessi starfsemi félli þá jafnvel algerlega niður. Þá væri það ekki aðeins að viðkomandi jarðir, sem sumar eru þær einu í heilum sveitarfélögum þar sem um einhverja mannvist er að ræða hluta úr ári, væru mannlausar að vetrinum, heldur einnig að sumarlagi.

Ég vil svo, herra forseti, að lokum taka undir það, sem segir í grg. flm. með frv., að mjög eðlilegt virðist að líta á þessa starfsemi sem hliðstæða við sölu heyja sem á sér stað í ýmsum tilvikum og fyrir liggur að ekki er söluskattsskyld, og þar sýnist fyrir hendi viðbótarrökstuðningur fyrir því, að þetta frv. verði samþ. og þessi starfsemi, sem um ræðir í frv., undanþegin greiðslu á söluskatti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.-3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 40). — 1. umr.

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Á síðustu árum hefur rannsókn sakamála vakið mjög mikla athygli meðal almennings og verið mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum og manna á meðal. Í tengslum við þetta hefur athygli manna beinst að starfsemi dómstóla og rannsóknaraðila í landinu. Hefur margt komið í ljós sem menn hafa talið þörf á að breyta, enda hafa komið fram á Alþ. ýmis lagafrv. að þessum efnum lútandi og sum hafa þegar verið gerð að lögum.

Það er athyglisvert, að það, sem hingað til hefur verið gert varðandi þessi mál, lýtur fyrst og fremst að starfsemi rannsóknaraðila. Hins vegar hefur minni athygli verið beint að stöðu sakborninganna í íslenskum rétti. En satt að segja er engu síður tilefni til þess að gaumgæfa hvort íslenskum lögum sé ekki í ýmsum hlutum ábótavant hvað varðar réttarstöðu sakbornings við rannsókn sakamála. Það hefur vakið athygli margra manna, að gæsluvarðhaldi er hér beitt mjög ótæpilega. Það eru ýmis dæmi um að menn, sem síðan reyndust saklausir, hafa verið dæmdir í gæsluvarðhald og látnir sitja inni langan tíma. Það eru líka dæmi um það, að menn hafa setið í gæsluvarðhaldi í langan tíma eftir að þeir höfðu játað sakir. Það hefur líka vakið athygli margra, að réttargæslumenn virðast um margt eiga dálítið örðugt uppdráttar með að sinna störfum sínum og hlutverki sínu fyrir skjólstæðinga sína.

Nú er það auðvitað grundvallarregla í íslenskum rétti, að grunaður maður er saklaus þangað til annað sannast, og meðferð hans meðan á rannsókn máls stendur á auðvitað við það að miðast, að hann er saklaus og á ekki að þurfa að sæta mjög miklum réttarskerðingum fyrir það eitt að vera grunaður.

Þetta frv., sem ég hef leyft mér að flytja, lýtur að þrem meginefnisatriðum sem varða þessi mál, þ. e. a. s. réttarstöðu sakbornings. Í fyrsta lagi er um það að tefla að þrengja heimildir dómstóla til þess að dæma menn í gæsluvarðhald. Í öðru lagi er frv. ætlað að gera grunuðum mönnum kleift að hagnýta sér þjónustu löglærðra réttargæslumanna án tillits til efnahags, þ. e. a. s. menn þurfi ekki að fara á mis við slíka þjónustu jafnvel þótt efnahagur þeirra kunni að vera bágur. Í þriðja lagi er hér fjallað um að þjónusta hins löglærða réttargæslumanns nýtist sakborningi til hins ítrasta — hann hafi fullt gagn af þeirri þjónustu. Ég ætla nú að fjalla um þessi þrjú efnisatriði hvert á eftir öðru.

Í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 frá 1974, er í 1. tölul. 67. gr. ákvæði um að gæsluvarðhaldi skuli að jafnaði beita ef ætla má að sökunautur muni torvelda rannsókn málsins ef hann hefur óskert frelsi sitt, svo sem með því að afmá merki eftir brotið eða merki er í sambandi við það standa, skjóta undan munum eða öðrum gögnum, er brotið varða, hafa áhrif á vitni eða samseka. Það má sjá af þessari heimild, að hún er ákaflega víðtæk. Það er nánast unnt að fullyrða að samkv. þessari heimild er hægt að setja hvern þann mann, sem grunur fellur á, í gæsluvarðhald um lengri eða skemmri tíma. Heimildin er svo víðtæk, að segja má, að litlar eða engar hömlur séu á

notkun hennar. Það eitt þarf að liggja fyrir, að maðurinn sé grunaður.

Það eru ekki til neinar tölulegar upplýsingar um tíðni gæsluvarðhaldsúrskurða eða um lengd þeirra, en kunnugir menn vita að gæsluvarðhaldi er beitt og hefur verið beitt í mjög ríkum mæli af íslenskum dómstólum. Og þess eru mörg dæmi, eins og ég nefndi fyrr, að menn, sem síðar reyndust saklausir, þurftu að sitja inni í gæsluvarðhaldi við frekar harðan kost, en aðbúnaður gæsluvarðhaldsfanga er lélegur hér — þeir eru einangraðir og oft við lélegar aðstæður. Það hefur, eins og ég gat um áður, líka iðulega gerst, að sakborningar hafa játað á sig sök, en þurft að sitja áfram í gæsluvarðhaldi eftir sem áður. Gefur auga leið, að mjög mikil freisting er fyrir rannsóknaraðila og dómara að nota gæsluvarðhaldið í raun sem tæki til þess að knýja fram játningu. Strangar kröfur eru gerðar af íslenskum dómstólum þegar á að fara að dæma menn, að fyrir liggi nokkuð skýrt sannað að um sök sé að ræða, og mjög mikið lagt upp úr því að fá játningu. Þetta síðastnefnda er auðvitað einkenni rannsóknarréttarins gamla, enda er réttarfar okkar mjög mótað af sjónarmiðum rannsóknarréttar og mikið lagt upp úr játningunni. Mörgum er alls ekki grunlaust um að á Íslandi sé gæsluvarðhaldinu beitt sem tæki til þess að knýja fram játningu.

Í raun og veru skapar þetta ástand ákaflega mikla réttaróvissu fyrir hinn almenna borgara í landinu, því að það er vel hugsanlegt, og raunar eru um það dæmi, að menn beri óvini sína af illfýsi sökum og komi þeim þar með í gæsluvarðhald, þar sem þeim er kannske haldið mánuðum saman. Það eru nýleg dæmi um að þetta hafi gerst, þar sem óréttmætar sakargiftir leiddu til þess, að mönnum var haldið langtímum saman í gæsluvarðhaldi. Það er skoðun mín, að þessi skipan mála sé í raun og veru alls ósæmandi þeim grundvallarsjónarmiðum um mannréttindi og stöðu borgaranna gagnvart lögunum sem við fylgjum öll. Það er við þetta að bæta að mjög orkar tvímælis að gæsluvarðhaldsvist, sérstaklega löng gæsluvarðhaldsvist, þjóni raunverulegum rannsóknarsjónarmiðum. Það er margsannað, að sakborningur, sem haldið hefur verið lengi í einangrun í gæsluvarðhaldsvist, missir smátt og smátt allt þrek og innan ótrúlega skamms tíma gerist hann fús til þess að játa á sig ýmsa hluti og segja ýmislegt sem hann mundi alls ekki segja ef hann hefði fulla heilsu og full skilyrði til þess að vanda framburð sinn. Það er alls ekki óalgengt að gæsluvarðhaldsfangar játi á sig sakir sem þeir hafa aldrei komið nálægt, til þess eins að sleppa úr gæsluvarðhaldi. Þar með er gæsluvarðhaldið farið að vinna gegn sjónarmiðum rannsóknarinnar. Þá er gæsluvarðhaldsvistin farin að hafa þær afleiðingar, að rannsóknin fer á villigötur og stríðir gegn þeim markmiðum sem allir eru auðvitað að reyna að ná í málinu, sem er að leiða hið sanna fram.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða mikið um þetta. Ég hygg að allur þingheimur hljóti að vera mér sammála um að það er brýn nauðsyn að taka á þessu máli og þrengja heimildir dómstóla til að beita gæsluvarðhaldi. Í þessu frv. er sú leið farin að leggja til að felld verði niður sú hin almenna heimild til að úrskurða gæsluvarðhaldsvist, sem er í 1. tölul. 67. gr. laganna frá 1974. Eftir sem áður eru í þessari grein ýmis önnur ákvæði sem heimila gæsluvarðhaldsvistina. Þá upptalningu sé ég ekki ástæðu til þess að þylja upp, en ég lít svo á að í þeirri upptalningu og í þeim liðum, öðrum töluliðum þessarar greinar, séu í rauninni alveg fullnægjandi heimildir fyrir dómstóla til þess að hagnýta sér gæsluvarðhaldsúrskurði í rannsóknarskyni. Ég tel að dómstólar þurfi ekki á meira að halda í þessu efni.

Í annan stað, eins og ég gat um áðan, fjallar þetta frv. um hagnýtingu sakborninga á þjónustu löglærðra réttargæslumanna. Samkv. lögum nr. 74 frá 1974, 3. mgr. 81. gr., er sakborningi ætíð heimilt að ráða sér réttargæslumenn á eigin kostnað. Það er hið almenna ákvæði. Í ákveðnum tilvikum á hann einnig rétt á að fá sér skipaðan réttargæslumann, en í skipuninni felst að kostnaður við réttargæslumanninn er greiddur úr opinberum sjóði. Það er aðalþýðing skipunarinnar. Ef réttargæslumaður er skipaður sakborningi, þá greiðir ríkissjóður kostnaðinn, að öðrum kosti verður sakborningur að gera það sjálfur. Samkv. 1. tölul. 2. mgr. 80. gr. laganna frá 1974 skal skipa sökunaut réttargæslumann eftir ósk hans meðan hann situr í gæsluvarðhaldi. Það er við þetta að athuga, að þessi réttur verður ekki virkur fyrr en við uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurðar. Meðan á rannsókn málsins stendur fram að því að gæsluvarðhald er úrskurðað kemur þessi heimild ekki til. Þann tíma, sem er oft mjög mikilvægur tími í rannsókn málsins, á sakborningur ekki rétt á að fá sér skipaðan réttargæslumann. Þó er ákvæði í 4. mgr. 80. gr. laga nr. 74 frá 1974, sbr. 14. gr. laga nr. 107 frá 1976, þar sem er heimilað að skipa sakborningi réttargæslumann við rannsókn málsins, á sakborningur ekki rétt á að fá sér skipaðan réttargæslumann. Þó er ákvæði í 4. mgr. laga nr. 107 frá 1976, þar sem er heimilað að skipa sakborningi réttargæslumann við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu, þ. e. a. s. áður en úrskurður um gæsluvarðhald er kveðinn upp, og þetta byggist á mati dómarans á þörfum sakbornings. Þessi breyting í lögum nr. 107 frá 1976 var skref í rétta átt, en náði of skammt vegna þess að þar er aðeins um heimild að ræða og veltur á mati dómarans hvort á að nota heimildina. Á þessu er sá ókostur, að mjög mikið veltur á því, hvort dómara berist í raun og veru beiðni eða upplýsingar frá sökunautnum um að hann telji sig hafa þörf á réttargæslumanni. Þetta er sérstaklega bagalegt þegar er um handtekna menn að ræða sem ekki geta gætt þess sjálfir að dómara berist slíkar upplýsingar eða slík beiðni.

Það, sem ég legg til í þessu frv., er að taka algerlega hreina línu í þessu frv., er að taka algerlega hreina línu í þessu máli, sem er sú, að sakborningur eigi alltaf frá því að hann er handtekinn rétt á skipuðum réttargæslumanni og þurfi ekki að koma til neitt mat dómara í því efni — þessi réttur hans verði algerlega skýr og ótvíræður. Um þetta fjallar 1. gr. frv. Ég leyfi mér að lesa hana. Hún hljóðar svo:

„Við 61. gr. laga nr. 74 1974 bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Handtekinn maður á rétt á skipuðum réttargæslumanni þegar eftir handtöku og ber þeim, er handtöku framkvæmir, að skýra honum frá þessum rétti. Réttargæslumaður ber skyldur og réttindi sem verjandi eftir 86. gr. Handteknum manni er heimilt eftir handtöku að hafa samband við ættingja eða aðra vandamenn, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins."

Hér er lagt til að upp verði tekið alveg skýrt ákvæði um það, að handtekinn maður eigi ávallt rétt á þessum skipaða réttargæslumanni. Enn fremur er þess getið sérstak-

lega, að þeim, sem handtöku framkvæmir, sé skylt að upplýsa viðkomandi um þennan rétt, þannig að þar fari ekkert á milli mála. Það er enn fremur í þessu ákvæði tekið fram, sem ekki hefur verið ótvírætt hingað til og er ekki ótvírætt nú, að handteknum manni sé heimilt eftir handtöku að hafa samband við ættingja og vini og aðra vandamenn, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins. Þetta er sjálfsagt. Það er aldeilis sjálfsagt að handtekinn maður geti látið vini sína og vandamenn vita, hvernig mál hans standa, og þurfi ekki að halda ættingjum sínum í óvissu.

Í þriðja lagi er um það að ræða í frv. að breyta réttarstöðu verjenda eða réttargæslumanna. Það er auðvitað grundvallaratriði til þess að sakborningur geti haft gagn af réttargæslumanni sínum, að hann geti rætt við hann í einrúmi. Hann á að hafa ótvíræðan rétt til þess. Þetta er raunar meginreglan samkv. núgildandi lögum, en það eru takmarkanir á þeirri meginreglu sem draga mjög úr gildi hennar. Samkv. 3. mgr. 86. gr. laga nr. 74 frá 1974 getur dómari meinað sakborningi í gæsluvarðhaldi og verjanda hans að ræða saman einslega, ef hann telur hættu á að rannsókn torveldist fyrir það. Hvenær sem dómari telur hættu á að rannsókn torveldist við það, að sakborningur ræði einslega við réttargæslumann sinn, getur hann bannað slíkt. Þetta er ákaflega víðtæk heimild í raun og veru, dómari getur nánast bannað það hvenær sem honum sýnist. Og á sömu forsendu getur dómari neitað verjanda um að vera viðstaddur prófun sökunauts, þ. e. a. s. þegar sökunautur er tekinn fyrir rétt eða yfirheyrður. Þessar takmarkanir eru það víðtækar, að þær geta auðveldlega komið alveg í veg fyrir að sakborningur hafi gagn af réttargæslumanni sínum. Þess vegna er í þessu frv. lagt til að þessu verði breytt. Greinin hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„3. málsl. 1. mgr. 86. gr. laga nr. 74 1974 orðist svo: Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari hafi sérstakt tilefni til að telja hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það.

Í 4. málsl. sömu mgr. falli niður orðin: „enda þyki dómara það hættulaust vegna rannsóknar málsins“.“

Hér er gert ráð fyrir því að til þess að dómari geti meinað sakborningi að ræða einslega við réttargæslumann sinn þurfi hann að tilgreina sérstakt tilefni til þess. Það er sem sagt lagt til að þrengja hina víðtæku heimild. Dómarinn getur átt kost á því að meina þetta samráð, en hann þarf að tilgreina sérstakt tilefni til þess. Þá er enn fremur lagt til að verjandi, sem skipaður er áður en rannsókn er lokið, hafi ávallt rétt til að vera viðstaddur prófun sökunauts. Það er ekki hægt að hugsa sér nein tilvik þar sem dómari getur haft ástæðu til þess að meina verjanda að vera viðstaddur yfirheyrslur og prófun á sökunaut, þar eru þó alltaf einhverjir viðstaddir. Þess vegna er lagt til að þetta verði fellt niður.

Ég tel að það, sem er mikilvægast í þessu frv., sé breytingin á ákvæðunum um gæsluvarðhald, en auðvitað tengist þetta allt saman. Tilgangurinn er sá, eins og ég gat um í upphafi, að reyna að koma fram nokkrum bótum á réttarstöðu sakborninga, en því miður hafa verið brotalamir á því hingað til.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég tek undir það með hv. flm. þessa frv., að hér er hreyft mjög mikilvægu máli. Að sjálfsögðu ber okkur skylda til að gæta réttar sakborningsins, og rétt er það sem hann sagði, að sérhver er saklaus þangað til sekt hans er sönnuð. Hins vegar er hér einnig um viðkvæmt mál að ræða að því leyti, að þess verður að gæta að hindra ekki skjóta meðferð slíkra mála sem þessara.

Ég vil vekja athygli á því, að gæsluvarðhald er ávallt háð úrskurði dómara — dómari verður að heimila slíkt. Við verðum að ætla að dómari sé hlutlaus aðili í þessu sambandi. Einnig má vekja athygli á því, að dómarar hafa iðulega hafnað óskum um gæsluvarðhald, t. d. alveg nýlega.

Flm. minntist réttilega á það, að stundum hafa sakborningar setið í gæsluvarðhaldi lengur en e. t. v. má þykja eðlilegt með tilliti til þess að þeir hafi játað sekt sína. Að sjálfsögðu er það þá í tengslum við víðtækari rannsókn málsins. Dómari hefur þá komist að þeirri niðurstöðu, að það gæti torveldað slíka rannsókn ef sakborningur gengi laus.

Annars ætla ég alls ekki að ræða málið efnislega. Ég nefni aðeins stuttlega kosti og galla þess að þrengja það form sem nú er. Mér finnst alveg sjálfsagt að athuga málið. Ég vil því fyrst og fremst fara þess á leit, að frv. fái meðferð hjá réttarfarsnefnd, sem er fastanefnd á vegum dómsmrn.

Umr. frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 135). — 1. umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 135 er prentað frv. til l. um breyt. á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Þetta frv. er flutt af 7 þm. auk mín, þeim hv. þm. Albert Guðmundssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Einari Ágústssyni, Gils Guðmundssyni, Ingvari Gíslasyni og Gunnlaugi Stefánssyni.

Efnislega gengur frv. út á það að létta þungaskattsgreiðslum af almenningsvögnum sem eingöngu eru notaðir á götum í þéttbýli.

Þetta mál er ekki flókið og ég þarf því ekki að hafa langa framsögu. Það er vitað mál, að strætisvagnar eða almenningsvagnar fara aldrei út fyrir gatnakerfi þéttbýlis og aka svo til einvörðungu á götum sem viðkomandi borgar- eða bæjarsjóður kostar að öllu leyti, bæði lagningu þeirra og viðhald. Að vísu má benda á að um nokkrar undantekningar er að ræða, t. d. á leiðinni frá Kópavogi til Reykjavíkur. Þar mun ekið einhvern spotta eftir þjóðvegi. En ég tel að það ætti ekki að koma í veg fyrir að þetta mál nái fram að ganga, enda höfum við notað orðið „þéttbýli“, en ekki bæjargötur eða eitthvað álíka.

Það er vitað mál, að strætisvagnar eru reknir með miklum halla víðast hvar, t. d. eru Strætisvagnar Reykjavíkur reknir með um það bil 500 millj. kr. halla á þessu ári, eftir því sem áætlað er, og það segir sig sjálft, að sú kvöð, sem á rekstraraðila strætisvagnanna er lögð með greiðslu þungaskatts, sem nemur 25 millj. á þessu ári samkv. áætlun, er mjög þungur baggi.

Almenningsvagnar af því tagi sem hér er um ræðir eru eingöngu ætlaðir til þjónustu við almenning, og þess vegna þykir ekki kleift að hafa fargjöld mjög há. Það er því engan veginn hægt að ganga út frá því að reksturinn standi undir sér. Við teljum því að í þessum tilvikum sé um óeðlilega kvöð að ræða á rekstraraðila slíkra vagna, hvort sem er hér í Reykjavík eða annars staðar á landinu í þéttbýli, og teljum sanngjarnt að vagnarnir séu undan-

þegnir þessum skatti.

Ég vil leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn. Ég vil leggja á það áherslu að n. afgreiði þetta mál sem fyrst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 35. fundur.

Fimmtudaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Beinar greiðslur til bænda, þáltill. (þskj. 16). — Frh. einnar umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Það er nú liðið nokkuð á annan mánuð síðan umr. þessi hófst. Þetta eru auðvitað algerlega óhæfileg vinnubrögð, en ég vil taka sérstaklega fram, að það er ekki forseta að kenna að þetta hefur æxlast á þennan veg, þvert á móti hefur hann sýnt mikinn velvilja, og vil ég þakka honum sérstaklega fyrir að taka mál þetta nú á dagskrá þegar annir eru jafnmiklar og raun ber vitni. Mun þess verða freistað, að málið gangi til n. og þessari umr. ljúki. Með hliðsjón af þessu mun ég reyna að stytta mál mitt eins og nokkur kostur er og reyna að blanda ekki nýjum atriðum inn í þessa umr., en jafnframt að forðast alla áreitni, sem er þó tilefni til að kannske heyrðist af vörum mínum miðað við sumar þær ræður sem hér hafa verið fluttar.

Ég vil hefja mál mitt á því að víkja örlítið að ræðu hæstv. dómsmrh. um þetta mál 9. nóv. s. l. Hann upplýsti þá, að nefnd sú, sem hann hefði skipað til að fjalla um afurðalánin, ætti að skila áliti í tveim áföngum: fyrst að ganga frá tillögum um afurðalán þau, sem veitt voru um s. l. mánaðamót eða nokkuð fyrir þau, og síðan að halda áfram störfum og gera tillögur um það, með hvaða hætti unnt væri að koma fjármunum bænda fyrr til þeirra, þannig að segja mætti að þeir fengju laun sín greidd eins og aðrar stéttir. Mig langar að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort nefndin hafi hafið störf að hinum síðari áfanga, og ef svo er, hvort nokkrar upplýsingar sé hægt að gefa um það, hvernig því hafi miðað áfram — og loks hvenær vænta megi lokaniðurstöðu nefndarinnar og álits, því að hér er um að ræða sama málið meira og minna og það sem er til umr. og þess vegna væri mjög gott að fá þessar upplýsingar nú.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. sérstaklega fyrir það, að hann lofaði að beita sér fyrir því, að upplýsingar fengjust um það sem hér var nefnt ferðasaga fjármunanna, þ. e. a. s. hvernig þessir milljarðar á milljarða ofan ferðast frá ríkinu og bönkunum og til bænda, að svo miklu leyti sem þeir fá nokkurn tíma að komast á leiðarenda. En á þessu stigi langar mig til að biðja hæstv. ráðh. einungis að upplýsa um allar greiðslur ríkissjóðs 1977 til landbúnaðarins, þ. e. a. s. niðurgreiðslur og útflutningsbætur, með dagsetningum, því næst allar greiðslur framleiðsluráðs til fyrirtækja, einnig með dagsetningum, og loks að reyna að afla skilagreinar frá stærstu afurðasölufyrirtækjunum um það, hvenær peningarnir hafi komið inn á reikninga bænda. Hygg ég þó, að þetta síðasta sé sjálfsagt einna erfiðast. En hv. þm. Stefán Valgeirsson upplýsti þó hér s. l. þriðjudag að t. d. Kaupfélag Borgfirðinga, sem mun vera eitt best rekna kaupfélag landsins og eitt hið sterkasta, vildi mjög gjarnan gefa nákvæmar upplýsingar og mætti t. d. byrja á því að fá að kíkja svolítið í bókhaldið í því ágæta fyrirtæki. Ég er sem sagt þakklátur ráðh. fyrir að ætla að hjálpa til við að leitast við að upplýsa þessi mál.

Ráðh. sagði að með því kerfi, sem núna væri, væri unnt að miðla á milli bænda, það mætti veita einstökum bændum fyrirgreiðslu af fé annarra og þá þannig að þeir, sem meira mættu sín, styddu þá sem minni máttar væru. Þetta höfum við heyrt margsinnis áður og heyrðum raunar í ræðum allra þeirra framsóknarmanna sem hér tóku til máls. En ég er ekki viss um að þessu sé nákvæmlega svona háttað. Ég er ekki viss um að hinum efnameiri bændum gangi verr að ná út peningum sínum hjá kaupfélögunum en hinum efnaminni. Ég held að það sé miklu fremur á hinn veginn, að þeir, sem aðstöðuna hafa, t. d. þm. og aðrir slíkir, fái peninga sína nokkuð greiðlega, en það geti orðið erfiðara fyrir þá sem minni máttar eru. En þetta er nú sjálfsagt hægt að skoða í hverju héraði um sig. Við, sem þekkjum til úti um land, höfum okkar ákveðnu skoðanir á því. Mínar skoðanir fara ekki saman við skoðanir þeirra hv. þm. Framsfl. sem hér halda því fram, að hinir fjársterku greiði fyrir því að fátækir bændur fái sína fjármuni fyrr. Ég held að það sé á hinn veginn. Hitt er svo annað mál, að auðvitað hafa samvinnufélögin mjög mikið fjármagn undir höndum frá bankakerfinu fyrir utan það fé sem við erum hér að ræða um, og þess vegna er rekin lánapólitík. Og það er auðvitað ekkert sem bannar það, þótt þessi till. verði samþ. og framkvæmd, að menn megi áfram stunda lánsviðskipti ef þeim sýnist svo.

Því er haldið fram, að verið sé að sundra samtökum bænda með þessum hætti. Ég get ekki á það fallist. Það er einungis verið að koma á heilbrigðum peningaviðskiptum í ríkara mæli en verið hefur. Og ég hef orðið þess var, að menn hafi talið að ég bæri einhverja óvild í garð samvinnuhreyfingarinnar. Ég mótmæli því alfarið. Ég held að það sé hvergi hægt að finna í einu eða neinu af því sem ég hef sagt eða skrifað, að ég sé andvígur samvinnuhreyfingu sem slíkri. Meira að segja er hún mjög skyld því félagaformi sem ég hef um langt skeið barist fyrir, þ. e. a. s. almenningshlutafélögum, og þyrfti ekki nema tiltölulega litlar breytingar á skipulagi samvinnufélaga til að þau gætu á ný orðið heilbrigðar stofnanir. Hitt er svo allt annað mál, að Samband ísl. samvinnufélaga svo nefnt er alls ekki samvinnufélag, þó að tími gefist ekki til að rökstyðja það nú.

Ég vík þá örfáum orðum að ræðu Páls Péturssonar. Hann sagði í upphafi máls síns orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég hef verið andstæðingur þessarar hugmyndar, en ég nenni ekki að standa í deilum um hana lengur og get verið stuttorður. Ég sé nefnilega fram á það, að vinur minn, hv. 5. þm. Norðurl. v., Eyjólfur K. Jónsson, er að vinna sigur í málinu, og þess vegna er ég ekkert að berja höfðinu við steininn með það og verð að óska honum til lukku með þann árangur sem hann hefur þar með náð."

Þetta er drengilega mælt. Það er þó ekki rétt, að ég sé að vinna neinn sigur í þessu máli. Það er heilbrigð skynsemi, sem er að sigra, og það er réttlætið, sem er að sigra. (Gripið fram í.) Það fer oft saman, jú, heilbrigð skynsemi og sú persóna sem hér stendur. Mér fannst það hins vegar ekki drengilegt af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að ráðast að flokksbróður sínum og segja að hann hefði lýst því yfir

að hann væri sigraður, taldi jafnvel að hann hefði verið beittur göldrum og eitthvað fleira í þeim dúrnum. Það fannst mér nokkuð langt gengið.

En að því er varða þetta eilífa tal um að verið sé að brjóta niður samvinnuhreyfinguna með þessu, þá finnst mér það nánast óverjandi áfellisdómur um samvinnuhreyfinguna, að hún muni ekki geta lifað ef bændur fá fjármuni sína í hendur beint. Mér finnst þetta vera rógur um samvinnuhreyfinguna. Auðvitað getur hún lifað í frjálsri samkeppni og jafnvel endurlífgast við breytingar.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson var að tala um að ég ætti að flytja frekar eitthvert mál sem væri til hagsbóta fyrir samvinnuhreyfinguna. Ég vildi mjög gjarnan flytja með honum t. d. till. til þál. um að lög um samvinnufélög yrðu endurskoðuð, nákvæmlega á sama hátt og lög um hlutafélög voru endurskoðuð á þinginu í fyrra, og ég skyldi með glöðu geði eyða miklum tíma í n. við að vinna að því máli, eins og við gerðum að því er varðaði hlutafélagalögin, þar sem n. flutti á milli 60 og 70 brtt. til að koma þeim lögum í nútímalegt horf sem á eftir að gerbreyta rekstri hlutafélaga. Auðvitað eru þessi gömlu samvinnufélagalög ekki við hæfi nú, og auðvitað ættu þeir, sem kalla sig öðrum meiri samvinnumenn, að hafa um það forustu, að þessari löggjöf yrði breytt og nýju lífi hleypt í þetta félagsform.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson hélt því fram, að bændur væru yfirleitt búnir að fá fjármunina áður en þeir kæmu til félaganna frá lánasjóðum o. s. frv. og vitnaði þar sérstaklega til Kaupfélags Borgfirðinga, — þetta væri nánast þannig, að það væru öfugmæli, staðreyndum væri snúið við, sagði hann, þegar sagt væri að afurðasölufélögin völsuðu með peninga bænda, sem sagt: það væru bændur sem völsuðu með peninga samvinnufélaganna. Ef þetta er svo, hvers vegna í ósköpunum berjast félögin þá eins og ólm séu fyrir því að viðhalda þessu kerfi sem leikur þau svona skelfilega grátt? Ég skil ekki annað en það ætti þá að vera hagur þeirra að breyta þessu í þá átt sem hér er um rætt.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson talaði um að það væri ekkert óeðlilegt að SÍS tæki umboðslaun af útflutningsbótum. Mér finnst það meira en lítið óeðlilegt. Hann réttlætti allt sem gert er í þessu efni. Þetta var nokkurs konar varnarræða fyrir SÍS eða ástaróður — eða hvað menn vilja kalla það. En að því er samhjálpina varðar, þá er bókstaflega ekkert í þessum till. sem bannar hana. Hver einasti bóndi getur tilkynnt að fjármunir hans eigi að renna inn í viðkomandi kaupfélag. Það þarf ekkert annað en að tilkynna, að í staðinn fyrir að senda það heim á Hól eða Hvol skuli það fara í kaupfélagið hans. Það er ekkert sem bannar þessa samhjálp.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson taldi að ég hefði falsað staðreyndir þegar ég talaði um að fjármunirnir, sem samanlagt kæmu árlega frá ríkinu og bankakerfinu, næmu um 8 millj. á meðalbú, — sem raunar er víst að nálgast 9 millj. nú eftir síðustu aðgerðir — og ég skildi ekki að lánið þyrfti að borga og tvíteldi peninga. Auðvitað kom það hvergi fram í máli mínu. Auðvitað skil ég það, að lánin eru borguð, en þetta er heildarvelta sem frá ríkinu og bankakerfinu ætti að koma til hvers bónda.

Hv. þm. Árni Gunnarsson sagðist auðvitað vera algerlega sammála meginefni till. og þeirri hugsun sem í henni fælist, en hann hélt að það væri tæknilega erfitt að framkvæma þetta. Það er mesti misskilningur. Staðhæfingar bankanna um þetta og kerfisins alls eru algerlega út í bláinn, og það sem meira er: bankarnir staðhæfa vísvitandi annað en rétt er. Bæði lögfræðingar bankanna og bankastjórarnir vita fullvel að það er algerlega óheimilt og ólöglegt hvernig þeir taka veð í afurðunum. Sannleikurinn er sá, að það hefur enginn banki veð í einu einasta kjötkg. Það er allt saman ólöglegt eins og það er framkvæmt. Hins vegar er veðsetning lögleg eins og ég legg til að hún sé framkvæmd, vegna þess að í lögum hafa bændur heimild til þess að veðsetja jafnvel fé á fæti. En þessar veðsetningar eru allar ólöglegar eins og þær leggja sig. Bankarnir vita það og þeir staðhæfa rangt í bréfum til Alþingis. En það er svo sem ekkert nýtt að kerfið standi saman. Bankarnir og SÍS standa saman eins og klettur.

Ég get svo sem bætt því við, að þetta er framkvæmt án allra erfiðleika t. d. fyrir Sláturfélag Skagfirðinga á Sauðárkróki. Bankastjórinn þar, Ragnar Pálsson, hefur leyft mér að hafa það eftir sér, að þetta sé ekki nokkur vandi. Þetta er bara fært beint inn á bankareikninga bændanna í staðinn fyrir inn í félögin. Hvað er einfaldara? Miklu minni skriffinnska! Og ég get líka gjarnan upplýst það hér, af því að verið er að tala um að það sé eitthvað frábært að sum afurðasölufélög ætli að greiða núna 80% eða jafnvel 85% eða jafnvel 90% — heyrist sagt — af grundvallarverði. Sláturfélag Skagfirðinga borgar auðvitað 100% og á peninga eftir, þó að það hafi verið leikið svo grátt að það fékk ekki stofnlán fyrr en það var tekið með töngum nú fyrir nokkrum dögum, vegna þess að það áttu auðvitað ekki sömu lög að gilda um það félag og fínu félögin.

Eins og ég sagði, þá ætla ég ekki að stofna hér til mikilla og víðtækra umr., vona að málið komist til n., en ég vil þó spyrja hæstv. landbr. hvort hann hafi hugleitt það í sambandi við þann gífurlega vanda, sem nú steðjar að landbúnaði, hvort það kvótakerfi, sem væri einfaldast og réttlátast, væri ekki einmitt það að greiða öllum bændum beint heim þessa fjárhæð, kannske ekki alla, við skulum segja að hámark væri 7-8 millj., eitthvað slíkt, á bú, enginn fengi meira, einhverju yrði haldið eftir til að jafna út á milli svæða og héraða o. s. frv. Síðan væri auðvitað afurðaverðið, þegar bændur legðu inn, þeim mun lægra sem þessum upphæðum næmi, en allir mættu framleiða eins og þá lysti, það fengi bara enginn meira í uppbótum og niðurgreiðslum heldur en einhverja ákveðna upphæð. Þetta er langsamlega einfaldasta lausnin. Þetta er lykillinn að málinu. Þá þarf ekkert frekar vitnanna við. Ef menn á annað borð vilja kvótakerfi og úr því að ríkið styrkir landbúnað að sumu leyti og neytendur að öðru, — auðvitað er þetta hagstjórnartæki úr því að það gerir það, — hví þá ekki að hafa málið einfalt, koma peningunum beint til bændanna, en enginn fengi þó meira en þessa ákveðnu upphæð? Svo mega allir framleiða eins og þeim sýnist, en afurðaverðið er auðvitað þeim mun lægra þegar lagt er inn til afurðasölufyrirtækja.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ef ég ætti að svara öllum þeim spurningum sem komu fram hjá hv. frsm. nú, þá fer þetta mál varla til n. í dag, en mér skilst að á það sé lögð rík áhersla. Ég held því að sumu af því, sem hann varpaði fram, eins og t. d. dagsetningum á greiðslum ríkissjóðs 1977 og öllu því sem þar fylgir, m. a. hvenær við hafi verið tekið og hvenær greitt, sé réttara að svara skriflega, í svari við

skriflegri fsp. um það. Í fyrsta lagi er ég ekki með slíkt hér þannig sundurliðað og eins og ég sagði áðan: það mundi taka vel daginn að fara í gegnum það, held ég. (**Gripið fram í:** Eftir áramótin.) Áramótin, já, kalla saman hv. Alþingi eftir áramótin til að fjalla um þetta.

Hins vegar vil ég upplýsa um störf þeirrar nefndar sem um var spurt, að nefndin skilaði áliti fyrir nokkru um leiðir til þess að auka greiðslur til bænda upp í 90% fyrir áramót. Þær leiðir sýnast mér vera vel aðgengilegar að mörgu leyti. Þær felast einkum í þrennu: í fyrsta lagi að flýta greiðslu útflutningsbóta frá ríkissjóði, í öðru lagi að flýta greiðslu á niðurgreiðslum frá ríkissjóði og í þriðja lagi að flýta hluta af svokölluðum uppgjörslánum frá Seðlabankanum og sumu að þessu jafnvel yfir áramót. Menn verða að gæta þess, að t. d. útflutningsbætur á nýju verðlagsári landbúnaðarins, sem hefst 1. sept., eru fallnar í gjalddaga fyrir áramót, líklega allt að 1700 millj. kr. í þessum mánuði sem er að líða. Þetta sýnast samt vera till. sem eru vel aðgengilegar og þurfi ekki út af fyrir sig að kosta mikið, heldur fyrst og fremst nánara samstarf Seðlabanka og ríkissjóðs. En hins vegar verður að segja eins og er, að það, sem stendur þar fyrst og fremst í vegi, er það mikla vandamál vegna birgðasöfnunar sem landbúnaðurinn á við að stríða nú. Endurkaup Seðlabankans í ár hafa orðið langtum meiri en áætlað var, þannig að hlutfallið á milli endurkaupa og bindiskyldu er orðið ákaflega óhagstætt. Þetta blandast að sjálfsögðu inn í þetta mál svo og miklar smjörbirgðir, sem mikið hefur verið nefnt hér á hinu háa Alþingi síðustu dagana. Að sjálfsögðu vakna upp spurningar um það, hvað er í raun og veru veðhæft í birgðum sem endast e. t. v. töluvert fram á annað ár. Þetta er nú í endurskoðun. Er von mín að á þessu fáist lausn nú alveg næstu daga.

Um seinni þáttinn í störfum nefndarinnar er það að segja, að þegar nefndin hafði skilað þessum tillögum ákváðu nm. að taka sér hlé fram yfir áramótin, enda annir miklar hér á þingi. Nefndin hefur unnið prýðilega vel að þessum hluta, en mun hefjast handa að nýju strax eftir áramót, enda er seinni þátturinn með greiðslur til bænda mjög háður því, hver lausn fæst á afurða- og rekstrarlánum. Það þarf helst að liggja fyrir áður en nefndin getur haldið áfram störfum sínum. — En ég geri mér vonir um að hún muni vinna rösklega að þessum seinni hluta sem að þeim fyrri, þannig að tillögur liggi fljótlega fyrir.

Þá vil ég segja að ég hef í höndum skýrslu frá Seðlabanka Íslands um endurkaup Seðlabanka Íslands á landbúnaðarlánum, sem er mikið skjal og ég held að ekki sé rétt að fara að lesa upp hér. Þarna er mikill fróðleikur, bæði um afurðalánin og rekstrarlánin. Ég skal afhenda hv. þm. þetta skjal. Ég held að það sé betri leið en að þylja upp úr því, sem mundi taka góðan hluta af deginum. Þar eru vandlega rakin lánin, m. a. kemur fram, hvað þetta er orðið margþætt, sérstaklega rekstrarlánin, mjög margþætt. Sannarlega sýnist mér ástæða til að einfalda það kerfi. Rekstrarlánin skiptast í eina 5 eða 6 mismunandi flokka og þyrfti að samræma slíkt.

Þá vil ég að lokum nefna, að frsm. ræddi um að við fyrri hluta þessarar framsögu að æskilegt væri að fá nokkrar hugmyndir um hvernig þetta fjármagn streymir frá bönkum og ríkissjóði til bænda. Mér datt í hug, að e. t. v. væri eitt einstakt dæmi fróðlegast í þessu sambandi. Aflaði ég mér upplýsinga frá Kaupfélagi Eyfirðinga um stöðu mála þar. Hjá Kaupfélagi Eyfirðinga eru núna í birgðum mjólkurafurðir að andvirði 2 milljarðar 724 millj. kr. Út á þessar birgðir hafa fengist afurðalán, samtals 1625 millj. Mismunurinn er 1100 millj. Af honum hefur kaupfélagið greitt bændum 700 millj., af þessum 1100 millj. mismun sem hefur ekki fengist lán út á. Bændur eiga inni 350-370 millj. kr. Borgað hefur verið út 89-90% af afurðum við móttöku. En þarna kemur fram, að greiðsla kaupfélagsins til bænda er 700 millj. umfram það sem það hefur tekið við í afurðalánum, og því er náttúrlega ekki að neita, eins og ástatt er þar nú, að þarna er móttaka á landbúnaðarafurðum nánast að stöðvast. Þarna eru um 600 tonn í smjörbirgðum, sem eins og menn vita eru nánast óseljanlegar, — seljanlegar úr landi fyrir e. t. v. um 15% af heildsöluverði. Ég dreg mjög í efa að bændum hefði almennt tekist að ná þessum 700 millj. út úr bankakerfinu í gegnum eigin reikninga þar. Vel má vera að einstökum efnuðum bændum, sem hafa eitthvað gott að veðsetja o. s. frv., hefði gengið að fá slíkt. En hræddur er ég um að margur efnaminni bóndinn hefði fengið heldur kaldar móttökur í sókn sinni eftir þessu viðbótarfjármagni.

Að sjálfsögðu koma inn niðurgreiðslur og útflutningsbætur þegar selt er: niðurgreiðslur ef selt er á innanlandsmarkaði og útflutningsbætur ef selt er úr landi. Þær renna að sjálfsögðu til að endurgreiða bönkunum afurðalán, sem eru um 68% af heildsöluverðmæti, þegar dreginn hefur verið frá viss kostnaður. Í fyrsta lagi eru afurðalánin endurgreidd og síðan greitt bændum það sem þeir eiga inni.

Rekstrarlán koma að sjálfsögðu líka inn í þetta. Rekstrarlán hafa verið afgreidd og eru afgreidd frá Seðlabankanum í mismunandi formi, eins og ég nefndi lauslega áðan. Byrjað er að greiða rekstrarlánin í marsmánuði. Þau renna til viðkomandi sölustofnana og eru þar hjá æðimörgum nú orðið færð beint inn á reikning viðkomandi bónda, sem getur þá að sjálfsögðu dregið fjármagnið út ef hann óskar, eins og það væri í banka, en getur einnig, og flestir munu gera það, tekið áburð, fóðurbæti og fjölmargt annað út á þessi rekstrarlán. Staðreyndin er náttúrlega sú, að þau eru það lítil að bændur eru flestir ef ekki allir komnir í verulega skuld við viðkomandi kaupfélag eða sölustofnun — eða hver það er — þegar að slátrun kemur á haustin, ef um sauðfjárafurðir er að ræða. Náttúrlega er dálítill greinarmunur gerður þarna á mjólkurframleiðendum og kjötframleiðendum, því að mjólkin er, eins og menn gera sér grein fyrir, í stöðugri veltu og gert upp jafnt og þétt með afurðalánum, þannig að þar er ekki um sams konar rekstrarlán að ræða. Þetta á því fyrst og fremst við um sauðfjárafurðirnar, þar sem rekstrarlánin er farið að afgreiða í mars, en síðan koma afurðalánin að stórum hluta í lok ársins.

Ég held að engum dyljist, þegar aðeins er um 68% af afurðaverði í afurðalánum að ræða og rekstrarlán hafa farið stöðugt minnkandi og eru núna líklega einhvers staðar í kringum 31-32%, að náttúrlega bætist við mjög mikið fjármagn í lánum, sem sölustofnanir hafa náð í hjá bönkum að sjálfsögðu og kannske eitthvað út úr rekstri sínum, þó að þar sé ekki mikið aflögu eins og nú er ástatt. Mér sýnist að í raun og veru sé spurningin sú: Mundi bændum ganga greiðar að ná í það fjármagn beint frá bönkunum? Þetta er nánast spurningin.

Ég vil segja það sem ég sagði áður, að ég lít ekki á þetta út af fyrir sig sem neina árás á sölustofnanir bænda.

Vitanlega mundi létta mjög af þeim, eins og Kaupfélagi Eyfirðinga, ef kaupfélagið hefði enga slíka fjárútvegun með höndum fyrir bændur í Eyjafirðinum. Þá tækju þeir afurðir eingöngu í umboðssölu. Þá vaknar vitanlega sú spurning: Hver á þá að greiða vinnslukostnaðinn, ef þetta er umboðssala? Yrði það fjármagnað með afurðalánum strax eða ætti sölustofnunin að bera það? Alla vega þyrfti að greiða vinnslukostnaðinn og geymslukostnað, ef þetta liggur lengi í geymslu. Væri ástæða til að leggja þá kvöð á sölustofnunina?

Ég held að þetta sé mál sem þurfi að skoða mjög vandlega. Mér sýnist í fljótu bragði, að þetta mundi létta mikið af sölustofnunum. Þær mundu losna við alla þá gífurlegu fjármögnun, sem þær standa í og hlytu að gera þá kröfu, að bændur greiddu áfallinn kostnað við meðferð þessarar vöru.

Búið er að ræða þessi mál mikið upp á síðkastið og fyrir liggja ítarlegar umsagnir frá því í fyrra. Sagt var hér, að SÍS og bankarnir væru ein klíka eða kerfi. Þetta eru stór orð sem erfitt er að standa við, hygg ég. En einnig liggja fyrir umsagnir frá t. d. Stéttarsambandi bænda. Og hér kallaði hv. frsm. fram í í gær og spurði, hvort engar umsagnir væru til frá bændum. Er ekki Stéttarsamband bænda sá aðili bændasamtakanna sem verður að treysta í þessu sambandi? (**EKJ:** Það er talað um bréf frá bændum.) Bréf frá Stéttarsambandi bænda. Auðvelt er að panta bréf með eða móti frá bændum um allt land. En bændur eru félagslega sinnaðir menn sem hafa kosið sín samtök. Þeir eru með sitt stéttarsamband og ég veit ekki betur en það hafi fjallað um svona mál, þarf að sjálfsögðu að fá það til meðferðar.

Ég vara eindregið við því, að með slíkri breytingu sem hér er gert ráð fyrir sé farið úr öskunni í eldinn í þessum mjög viðkvæmu málum bændastéttarinnar. Ég held að menn hljóti að fara þar fyrst og fremst eftir umsögn þeirra fulltrúa, sem bændur hafa sjálfir kjörið til að fjalla um svona mál, en ekki að drífa þau fram í einhverju offorsi. Ég legg fyrst og fremst áherslu á það að fulltrúar bændastéttarinnar fái að fjalla um slíkt ítarlega. Menn geta deilt um það, hvort bankarnir eru reiðubúnir til þess að taka á sig reikningshald fyrir hvern einstakan bónda og allt, sem því fylgir, og menn geta kannske vantreyst Sambandi ísl. samvinnufélaga og kaupfélögunum. Menn hafa um það ýmsa fordóma, veit ég. En ég held að menn verði hins vegar að treysta fulltrúum bænda sjálfra til þess að veita umsögn um svona mál, sem við getum byggt á, og legg ég á það ríka áherslu, að þetta mál fái slíka meðferð.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur komið fram í umr. um þetta mál og ráðh. hefur staðfest við mig persónulega, þó ég hafi ekki heyrt hann segja það hér úr ræðustól, að útflytjendur á landbúnaðarafurðum hafi ávallt tekið umboðslaun af þeim hluta í útflutningi landbúnaðarafurða sem er niðurgreiðsla til bænda, en ekki einvörðungu af því verði sem fæst fyrir vöruna frá kaupanda. Samband ísl. samvinnufélaga hefur því umboðslaun af skattpeningum þjóðarinnar. Hve lengi hefur Samband ísl. samvinnufélaga tekið slíka umboðslaunaþóknun af niðurgreiðsluupphæðinni? Hvað hefur Sambandið fengið háa upphæð í slíkum aukagreiðslum, sem annars hefðu lækkað verð vörunnar eða hækkað verð til bænda? Og hvað á þetta að ganga lengi? Næst má spyrja: Hvað heitir svona þóknun á máli hreinsunardeildar Alþfl.? Þessi auðgunaraðferð Sambandsins er varin af þeim þm. hér á hv. Alþ. sem telja sig talsmenn bænda. En ég verð að segja alveg eins og er, að mér finnst koma betur og betur í ljós að þessi svokölluðu talsmenn bænda eru það alls ekki, heldur talsmenn þess auðhrings sem heitir Samband ísl. samvinnufélaga.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég bið hv. 1. þm. Reykv. afsökunar. Ég ætlaði nú að svara þessu og var með það í höndunum, en láðist að koma að því.

Hv. þm. spurði hvernig sölulaun væru reiknuð af útflutningi. Sölulaun af útflutningi hafa í u. þ. b. 15 ár verið reiknuð sem 2% af heildsöluverðinu innanlands. Heildsöluverð, sem lagt hefur verið til grundvallar, hefur verið það verð sem ákveðið er að hausti, þannig að t. d. á s. l. ári urðu þetta 1.67% af meðalverði s. l. árs. (**ÁG:** Til bænda?) Heildsöluverðið innanlands er það sem lagt er til grundvallar við meðferð bæði í heildsölu til útflutnings og í heildsölu til sölu hér innanlands. Þessi ákvörðun var, eins og ég sagði, tekin af landbrh. fyrir æðimörgum árum, skömmu eftir að útflutningsbætur voru ákveðnar. Hún mun hafa verið byggð á því, að að sjálfsögðu selja sumar sölustofnanir úr landi og aðrar ekki og óeðlilegt þótti að reikna annan hundraðshluta hjá þeim, sem selja úr landi, heldur en hinum, sem selja innanlands, því að bændasamtökin, Framleiðsluráð, hefur lagt á það mikla áherslu að kostnaði sé jafnað milli bænda, þeir sem flytja framleiðslu sína úr landi þurfi ekki að bera skarðari hlut frá borði miðað við hina sem selja innanlands. Því var ákveðið að hafa þetta sömu sölulaun hvort sem um væri að ræða.

Ég skil hv. þm. mætavel, þegar hann gagnrýnir að þarna eru inni útflutningsbætur, og mér sýnist vel koma til greina, og hef reyndar hafið viðæður við söluaðila um að breyta þessu þannig að eingöngu verði tekin prósenta eða umboðslaun af markaðsverðinu erlendis. Þessu fylgir hins vegar, vil ég leyfa mér að fullyrða, töluvert hærri hundraðshluti en hér er um að ræða. Ég hef kynnt mér lauslega afkomu í þessu sambandi, og ég leyfi mér að fullyrða að síður en svo sé um óeðlilega krónutölu að ræða. Verulegur kostnaður fylgir að sjálfsögðu meðferð þessara afurða, bæði kostnaður hér heima, eins og stimpilkostnaður og fleira af lánum, sem eru tekin, og sömuleiðis kostnaður við að koma þessu á markað. Hefur verið lögð töluverð vinna í að finna nýja markaði fyrir þessar afurðir. Hins vegar er ég sammála því, að eðlilegra kann að vera að taka eingöngu sölulaun af viðkomandi markaðsverði, þótt það þýði flóknara kerfi um tilfærslu á milli aðila sem selja úr landi annars vegar og selja innanlands hins vegar, eins og ég nefndi áðan.

Menn geta að sjálfsögðu lengi haft skiptar skoðanir á þessum sölulaunum. Ég vil t. d. geta þess til fróðleiks, að sjávarafurðir eru fluttar úr landi með 2% söluþóknun. Ég veit ekki hver ákvað það, en ég spurðist fyrir um það og það mun vera svo. Aðalreglan er að reikna 2% af söluverðmæti. Sölustofnun lagmetisiðnaðarins reiknar sölulaun 3%, en getur við sérstaklega stóra samninga farið niður í 2%. Ég kynnti mér þetta, því að mér þótti ástæða til að athuga hvort þarna væri um óeðlilega prósentu að ræða, sem er 1.67%. Ég get ekki séð að um það sé að ræða út af fyrir sig, en hins vegar kemur vel til greina, eins og ég sagði áðan, að breyta þeirri reglu sem gilt hefur öll þessi ár.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Fyrir hönd hreinsunardeildar Alþfl. vil ég leggja nokkur orð í belg, enda hefur hv. 1. þm. Reykv. beinlínis til þess hvatt.

Ég er sammála þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni, að auðvitað er það hreint hneyksli að söluverð skuli vera reiknað af útflutningsbótum. Auðvitað er þetta ekkert annað en gróf tilfærsla á fjármunum frá skattgreiðendum í þessu landi og þá ekki síst til hins stóra og mikla Sambands ísl. samvinnufélaga. Og ég vil ganga lengra í þessum efnum og vildi gjarnan hafa um það samvinnu við hv. 1. þm. Reykv., að það sé kannað til hlítar hve mikil þessi fjármunatilfærsla hefur verið og hvað þetta eru miklar upphæðir. Þetta ber auðvitað að stöðva sem allra fyrst. Og það segir sig sjálft, að þetta er meira en fjármunatilfærsla. Þetta dregur úr hvatanum til að leita að hagstæðari mörkuðum og er óskynsamlegt í alla staði. En kjarni málsins er þó sá, að svona á ekki að fara að.

M. ö. o.: hreinsunardeildin tekur undir það með hv. 1. þm. Reykv., að þetta er hreint hneyksli og þessu á að breyta. Og ég ítreka það, að ég vil gjarnan eiga um það samvinnu við hv. 1. þm. Reykv. að þrýsta á um úrlausnir í þessum efnum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. En ég vil að það komi fram, að sú prósentutala, sem hann minntist hér á, 1.67% í umboðslaun, er ekki óeðlilega lág prósenta þegar um stórar upphæðir er að ræða í inn- eða útflutningi. Ég sé þó enga ástæðu til þess að breyta því fyrirkomulagi sem nú er á þann hátt að prósentutala umboðslauna til útflytjenda á landbúnaðarafurðum verði hækkuð og nemi sömu upphæð og hún nemur nú þegar umboðslaun eru lögð á kostnaðarverðið eða heildsöluverð eins og það er til bænda. Það er leikaraskapur einn. Ég held að það hafi komið nægjanlega skýrt fram, að hér á sér stað óeðlileg greiðsla á umboðslaunaþóknun.

Ég tek undir það með hv. 7. þm. Reykv., að hér þarf að ráða bót á og lagfæra, og ítreka, að nauðsynlegt er að vita hvað hér er um stórar upphæðir að ræða, hvað þetta hefur gengið í langan tíma. Ég tek að öðru leyti undir tal hans, þó að ég ætli ekki að sækja um inngöngu í þá hreinsunardeild sem Alþfl. hefur teflt fram. En ég vil gjarnan hafa samstarf við hann og alla aðra þm. sem vilja skoða þetta mál niður í kjölinn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, því að því miður var ég bundinn á fundi úti í bæ og heyrði ekki þá umr. sem hér hefur farið fram.

Út af ummælum hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, að þetta fyrirkomulag, sem ríkir í þessum efnum, sé hreint hneyksli, vil ég benda hv. þm. á að þetta fyrirkomulag var upp tekið í tíð viðreisnarstjórnarinnar svokölluðu, og þá var landbrh. Ingólfur Jónsson og viðskrh. Gylfi Þ. Gíslason.

Ég held að það sé nýlunda fyrir Alþ. að verða þess nú vitni að það er ekki hreinsunardeild Alþfl. sem er hér að verki, heldur má kalla hreinsunardeild Alþingis, þar sem hv. 1. þm. Reykv. virðist vera á góðri leið að ganga í þessa deild.

Ég vil svo í þessu sambandi segja það, að það, sem skiptir höfuðmáli, er hvort sölulaun, sem tekin eru af þessari framleiðslu, eru óeðlilega há eða ekki. Það verður þá að meta það og hvernig á að koma því fyrir svo gott þyki. Hæstv. landbrh. er búinn að svara því, hvernig þetta er, og ég ætla ekki að endurtaka það. Hins vegar ætla ég að endurtaka það sem ég sagði hér þegar síðast var rætt um þetta mál, að áður en Osta- og smjörsalan t. d. tók til starfa var dreifingin fyrir sum kaupfélögin í höndum heildsala hér í Reykjavík og þá tóku þeir í sölulaun 12% af verðinu fyrir að dreifa vörunni. Það þarf að athuga öll þessi mál í samhengi.

Ég vil óska þeim þm. til hamingju með hlutskipti sitt, sem fyrst og fremst vilja beina spjótum sínum að félagsverslun og félagsrekstri í þessu landi. En við munum ræða það á öðrum vettvangi.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Vegna ræðu hv. 7. þm. Reykv., þar sem hann tók það sérstaklega fram að hann talaði í nafni hreinsunardeildar Alþfl. og það hefur valdið ýmsum, m. a. ráðh. í þessari ríkisstj., sbr. blaðaviðtöl við hæstv. landbrh., nokkrum heilabrotum, hvernig þessi þingflokkur væri skiptur, þá vil ég beina þeirri ósk til hv. þm., hvort hann gæti ekki upplýst þm. um það, hvaða aðrar deildir séu starfandi í þingflokki Alþfl., hverjir séu talsmenn þeirra, og hver séu skilin á milli þessarar hreinsunardeildar í þingflokki Alþfl. og annarra deilda í þingflokki Alþfl. og hvort hafi að einhverju leyti verið skert umboð formanns þingflokks Alþfl., fyrst hv. 7. þm. Reykv. hefur sérstaklega verið útnefndur til þess að tala í nafni hreinsunardeildarinnar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Afstaða mín til þessa máls hefur komið fram í þessum umr. og ég get verið stuttorður. Hún hefur orðið nokkrum hv. þm. umræðuefni. Ég get ekki varist því að endurtaka það, að ég hef ekki breytt um skoðun á málinu, þó að ég taki mér nú litla hvíld frá því að ræða það við hv. flm. Ég held að heppilegra sé að kappar eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson taki á móti honum í þetta skiptið heldur en ég sé að streða í því, enda höfum við hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson nóg tækifæri til þess að tala saman.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson vill vera nýtur þm. fyrir Norðurl. v. En ég fæ ekki varist þeirri hugsun, að hann gæti stundum varið kröftum sínum, fjöri og áhuga betur en hann gerir. Ég hef ekki breytt neitt um þá skoðun mína, að samvinnufélögin eru lífakkeri þeirra byggða sem við erum fulltrúar fyrir, og mér leiðist satt að segja og það tekur mig mjög sárt að heyra þennan ágæta vin minn hafa uppi stór orð og ill um þennan félagsskap. Ég var hálfhissa á honum, af því að ég veit að maðurinn er bæði greindur og gætinn, að hann skyldi staðhæfa hér úr ræðustól, ekki einu sinni, heldur hefur hann gert það reyndar áður, að athæfi bankanna við afgreiðslu afurðalána sé ólöglegt. Ég fæ ekki varist því að vekja athygli á þessu, mér finnst þetta óviðeigandi tal.

Hv. þm. hrósaði sér af því að vera nú búinn með töngum, eða líklega glóandi töngum, að toga fram stofnlán út á sláturhús Slátursamlags Skagfirðinga. Mér þykir nú farið aftan að siðunum þá, ef það hefur fengið stofnlán yfirleitt, vegna þess að undirbúningsvinnu að byggingunni var ekki háttað samkv. reglum. Þar með þykir mér óeðlilegt að það fái stofnlán.

Hv. 1. þm. Reykv. hneykslaðist á þeim mönnum sem teldu sig vera talsmenn bænda hér á þingi. Ég verð nú að

viðurkenna það, að ég hef aldrei litið á mig sem neinn sérstakan talsmann bænda. Ég hef litið á mig sem talsmann fólksins í Norðurl. v. Það getur vel verið að bændur kjósi heldur að hafa menn eins og hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1 flm. þess arna fyrir talsmenn sína en mig og mína líka, og þá þeir um það, en kjörum bænda var ekki betur háttað meðan kaupmannavaldið í landinu hafði á þeim kverkatak en eftir að þeir komu sér upp samvinnufélögum.

Hvað varðar þetta hreinsunartal og út af fsp. stjórnmálafræðingsins hér áðan, þá efast ég um að það sé til neitt sem hægt sé að kalla hreinsunardeild í Alþfl. Ég á ekki von á því, að þeir hreinsi neins staðar til. Hins vegar gæti vel verið að þar væri hægt að finna eitthvað sem kalla mætti órólegu deildina.

En að lokum þetta: Ef þessi þáltill. verður samþ., þá held ég að unnið sé illt verk, og ég tek fram, að það er ekki á ábyrgð mína. Það er á ábyrgð flokka flm. till., Sjálfstfl., Alþb. og Alþfl., ef svo fer að þetta verður samþykkt.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að beina því til þeirrar n., sem fær þessa þáltill. til meðferðar, að n. flýti afgreiðslu till. Bendi ég á í því sambandi, að eðlilegt er að afgreiðsla þessarar þáltill. verði ekki seinna á ferðinni en afgreiðsla þess frv. til l. um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem um getur á þskj. 147 og hæstv. landbrh. hefur flutt sem stjfrv.

Það kom fram í máli 1. flm. þáltill., hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar, að umr. um þessa þáltill. hefðu lengi staðið, nokkuð á annan mánuð, og því fremur er ástæða til þess að flýta nefndarstörfunum. En því til viðbótar vil ég rifja upp niðurlagsorð í ræðu hv. 1. flm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, þar sem hann einmitt flutti rök að því, að þessi mál tengdust mjög saman.

Á þessum fundi hafa enn fremur hv. flm. og aðrir ræðumenn bent á að auðvitað skiptir það máli til þess að leysa vandamál landbúnaðarins, hvernig háttað er fyrirkomulagi á vinnslu, dreifingu og sölu landbúnaðarafurða. Og það er vissulega margt, sem hér hefur verið bent á, sem leiðir hugann að því, að endurbætur í þeim málaþáttum verði mjög til þess að leysa vandamálið í heild þannig að bæði hag framleiðenda og neytenda sé betur borgið en nú.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr., en vil þó leggja á það áherslu, að skoðun mín er sú, að það sé engin trygging fyrir bændur þótt samvinnuform sé á þeirri verslun sem hefur það verkefni að sjá um vinnslu, dreifingu og sölu afurða þeirra innanlands eða erlendis. Því miður getur samvinnufyrirtæki, eins og hvert annað fyrirtæki, stirðnað ef það nærist ekki af þeim jarðvegi sem skapast í samkeppni og með samanburði við aðra hliðstæða starfsemi. Það eiga hvorki kaupmenn né samvinnufyrirtæki að hafa kverkatak á bændum, eins og hv. þm. Páll Pétursson komst að orði. Það eiga engir að hafa kverkatak á bændum. Það eiga engir aðilar hér á Íslandi að hafa kverkatak á neinum hópi landsmanna.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna spurninga hv. þm. prófessors Ólafs Ragnars Grímssonar sem hann bar fram héðan úr ræðustól. Hann spurði að því, hver væri hreinsunardeild Alþfl. Eins og hv. þm. auðvitað veit, þá bar hv. þm. Albert Guðmundsson fram spurningar til okkar áðan og þetta var skilgreining Alberts Guðmundssonar, sem hann auðvitað ber fram í sínum fyllsta rétti. Ég er ekki viss um að Albert Guðmundsson sé lakari stjórnmálafræðingur en ýmsir aðrir hér í salnum, mundi t. d. ekki sóma sér verr við kennslu í Háskóla Íslands en ýmsir aðrir hér í salnum. Þetta var skilgreining Alberts og Albert var auðvitað í sínum fulla rétti til þess að skilgreina svo.

Stjórnmálafræðingurinn prófessor Ólafur Ragnar Grímsson, hv. þm., lagði einnig út af ummælum landbrh. í dagblaði í gær um það, að Alþfl. væri ekki þingflokkur, heldur 14 þingflokkar. Af því hafði hæstv. ráðh. dregið ályktanir, og prófessorinn í stjórnmálafræðum dró auðvitað sínar ályktanir líka af ummælum ráðh., svo sem honum ber skylda til. En kjarninn er samt sá, að í Alþfl. fór fram fyrir nokkrum árum nánast það sem kalla mætti félagslega byltingu. Flokknum var breytt úr tiltölulega litlu samfélagi fárra einstaklinga, þar sem fáir tóku ákvarðanir, í fjöldasamtök þúsunda, þar sem þúsundir taka ákvarðanir, m. a. um framboð til Alþingis. Um þetta mætti prófessorinn í stjórnmálafræðum, hv. þm., gjarnan skrifa bók og ekki síður draga af nokkra lærdóma. Þetta þýðir það t. a. m., að okkur, sem erum þm. fyrir Alþfl., ber að standa á sannfæringu okkar vegna þeirra skyldna sem við höfum við það fólk sem okkur veitti brautargengi. Við eigum t. d. afskaplega erfitt með að koma til fólks og segja því að 14% séu það sama og 6%, eins og þið voruð að gera hér, hv. þm. Alþb., 1. des. og áfram. Okkar skyldur við umbjóðendur okkar eru með öðrum hætti en var vegna breytinga sem við höfum gert á flokki okkar.

Stjórnmálafræðingurinn, hv. þm., spurði ítrekað um hver þessi hreinsunardeild væri. Alþfl. vann kosningasigur sinn s. l. vor af mörgum samtvinnuðum ástæðum, en m. a., að ég hygg, vegna þess hvernig við skilgreindum kerfið og báknið sem hér er, vegna þess hvernig við skilgreindum verðbólguna og samfélagslegar afleiðingar hennar. Við erum að vinna starf okkar hér í fullkomnu framhaldi af því sem við þá gerðum. Og þá er ég kominn að kjarna þessa máls: að hv. 1. þm. Reykv. Albert Guðmundsson hefur komið með skynsamlegar ábendingar um útreikning á söluverði á landbúnaðarafurðum og hvernig söluverð er þar lagt á. Ég tel að það sé fyrir neðan allar hellur hvernig þetta er gert núna. Þessar ábendingar þm. á að taka til nákvæmrar athugunar. Það á að taka fyllsta tillit til þeirra og það á að breyta kerfinu í þá veru sem hann hefur m. a. lagt til. Það á ekki að reikna söluverð af útgjöldum ríkissjóðs með þeim hætti sem nú er gert. Og þrátt fyrir innskot hv. þm. prófessors Ólafs Ragnars Grímssonar, sem ég í sjálfu sér sé ekki að komi málinu við, þá er þetta kjarni málsins. Það er eðlilegt að þeir, sem eru kosnir á þeim forsendum sem við vorum, taki undir mál hv. þm. Alberts Guðmundssonar að þessu leyti. Það er samhengi í hlutunum þá.

Ég ætla ekki að taka meira af tíma þingsins að þessu sinni til að ræða þetta mál, en vil gjarnan bjóða prófessornum í þinginu að taka hann í kennslustund um lýðræði.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er leitt að hafa ekki fengið nánari útlistanir á deildaskiptingunni í Alþfl. hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni. Hann flutti hins vegar fróðlegan fyrirlestur um það, hvað gerst hefði í Alþfl. Ég reikna með að það sé jafnrétt sagnfræði og

menntaskólakennarinn og sagnfræðingurinn kennir í MR fyrir hádegi. Hún fólst í því, að þegar Gylfi Þ. Gíslason lét af formennsku í Alþfl. hefði átt sér stað félagsleg bylting. Ég vil hins vegar láta það koma fram hér, að ég hef ekki séð miklar breytingar á málflutningi ýmissa þm. Alþfl. á þessu kjörtímabili frá því sem var síðast. Það hefur vakið athygli mína, að hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur tekið upp í stórum dráttum ýmsar þær till. sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason barðist hér fyrir áður, þannig að sú breyting, sem virðist hafa gerst, hefur í raun og veru ekki haft neitt annað í för með sér en það, að komin er örlítil „poppuð" útgáfa af Gylfa Þ. Gíslasyni hér í þingsalina. (**ÁG:** Þetta er nú fyrir neðan beltið, Ólafur.) Ef þetta er fyrir neðan belti, þá er ég viss um að hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur slíka æfingu í að taka og gefa þannig högg, að hann þurfi varla að kvarta undan þessu.

Mér leiðist dálítið þessi goðsögn um nýja Alþfl., vegna þess að hún er ein af þeim goðsögnum sem þessir ágætu áróðursmeistarar halda fram — áróðursmeistarar sem fyrst og fremst virðast skoða það sem verkefni sitt að setja fram einfaldar og allt of ódýrar tillögur um lausn þjóðfélagsmála. Það kemur m. a. fram í því, að hv. þm. Vilmundur Gylfason skrifar dag eftir dag leiðara þar sem hann kallar samstarfsflokka sína í ríkisstj. verðbólguflokka, án þess að hafa sjálfur haft nokkra aðra afstöðu til mála í atkvgr. hér á Alþ. en við aðrir stuðningsmenn þessarar ríkisstj. Ef hv. þm. ætlar að fara að láta orð sín þýða annað en hávaða, þá er tími til kominn að hann fari að láta verkin tala hér í þingsölum.

Forseti (Gils Guðmundsson): Það hefur orðið að samkomulagi við deildaforseta, að fundur í Sþ. verði ekki öllu lengri. Ef þessar umr., þar sem málefnið er beinar greiðslur til bænda, en ekki innviðir Alþfl., dragast verulega á langinn, verð ég enn að fresta þeim. En ég vona að svo verði nú ekki.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera þessa stuttu aths. Hún er vegna orða hv. þm. Geirs Hallgrímssonar um það samband sem ætti að vera á milli þessarar till. og frv. til l. um Framleiðsluráð. Það kann vel að vera, — ég hef reyndar ekki hugleitt þá hlið málsins, en það getur vel verið að þetta sé ekki verra ráð en hvað annað, fyrirkomulagið sem þessi till. gerir ráð fyrir, til þess að draga úr framleiðslu landbúnaðarafurða á Íslandi, og það getur vel verið að rétt sé að skoða það í þeirri n. sem það fær til umr.

Hér hefur orðið ofurlítil umr. um innviði Alþfl. að gefnu tilefni. Ég vissi nú ekki að það væri svona flókið stjórnkerfi fyrir Alþfl.-apparatinu, en það kann að vera að það sé eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur lýst, að þarna þurfi þúsundir að ráða og grípa um taumana. Það er að sjálfsögðu nokkuð seinvirk aðferð, en það getur vel verið að hún sé góð. Raunar segir í máltækinu, að því verr gefist heimskra manna ráð sem fleiri komi saman.

Um þessa félagslegu byltingu vil ég segja það, að þarna eru að sjálfsögðu komnir nýir menn til stjórnar, og þetta eru margir ágætir menn og ég óska þeim hins mesta velfarnaðar og þeir verði nýtir alþm. og landsfeður. En að þetta sé einhver félagsleg bylting, — hún er þá í því fólgin, að þó að þessir menn séu flestir komnir af Krötum hugsa sumir þeirra því miður eins og Heimdellingar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 27. fundur.

Fimmtudaginn 14. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Sparnaður í fjármálakerfinu, þáltill. (þskj. 166). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, frv. (þskj. 146, n. 159). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fengið frv. til l. um breyt. á l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála til meðferðar.

Frv. þetta gerir ráð fyrir ótímabundinni framlengingu ákvæðis 6. gr. laga nr. 77/1977 um leyfisgjöld af innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Sú breyting er þó gerð, að fram að þessu hefur helmingurinn af tekjum af leyfisgjöldum runnið til gjaldeyrisbankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfanna, en samkv. þessu frv. verður það nú 1/3, þar sem það er talið nægja til að standa undir þessum kostnaði. Ástæðan fyrir því er einkum sú, að með hækkuðum ferðamannagjaldeyri hafa tekjur af leyfisgjöldum af honum stórhækkað, en þar er leyfisgjaldið langhæst eða 1.75%. Þess má einnig geta, að nú er samkv. beiðni hæstv. viðskrh. verið að athuga hagræðingu í vinnubrögðum við úthlutun þessara leyfa og væri vissulega vonandi að sú athugun bæri þann árangur að hægt yrði að lækka þennan útgjaldalið.

Fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt, en þeir Eyjólfur Konráð Jónsson og Jón G. Sólnes skrifa undir nál. með fyrirvara. Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2 gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af sauðfjárafurðum, frv. (þskj. 59, n. 163). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Landbn. hv. Ed. fjallaði um frv. þetta til l. um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum á einum fundi og er ekki að orðlengja það, að n. varð sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Bragi Níelsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 7, n. 157 og 164). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hélt nokkra fundi um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu. Á fund n. kom Jón Arnalds ráðuneytisstjóri og gaf upplýsingar um ráðstöfun á fé úr gengismunarsjóði. Einnig komu á fund n. þeir Sverrir Júlíusson forstjóri Fiskveiðasjóðs og Davíð Ólafsson stjórnarformaður sjóðsins og gáfu þeir ýmsar upplýsingar um síðasta gengismunarsjóð og fyrirkomulag á úthlutun hagræðingarlána. Fram kom að hagræðingarlán af gengismunarfé frá febrúar 1978 voru samtals 353 millj. til 46 aðila um land allt.

Nm. spurðu Jón Arnalds sérstaklega um álit starfshóps er skipaður var til að gera úttekt á vandamálum frystihúsa á Suðurnesjum. Í svari hans kom fram að úttektarnefndin leggur til að 8 frystihús á Suðurnesjum fái 235 millj. kr. til brýnustu framkvæmda, en til fjárhagslegrar endurskipulagningar fái 5 frystihús 68,5 millj. kr., eða samtals 303.5 millj. af þeim 1200 millj. sem í hagræðingarsjóði munu vera.

Talið er, að alls nemi gengismunarsjóður 6.9 milljörðum kr., en eins og segir í frv. skiptist hann á þann hátt, að 50% fara í Verðjöfnunarsjóð, í hverja deild fyrir sig 25%, til að greiða gengistöp útgerðarinnar svo og til að aðstoða menn til að hætta rekstri óarðbærra skipa. Eins og áður getur fara síðan 1200 millj. í hagræðingarsjóð, sem er um 20% af heildarupphæðinni. — Rétt er að geta þess, að vegna sérstaklega langrar geymslu á saltfiski og ufsaskreið hefur sú ákvörðun verið tekin að þeir þættir fiskvinnslunnar verði utan gengismunarsjóðs.

Fjh.- og viðskn. varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu frv. Í nál. meiri hl. segir svo, með leyfi forseta:

„N. hefur rætt málið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ., en Eyjólfur K. Jónsson og Jón G. Sólnes munu skila sérálíti. Ólafur Ragnar Grímsson skrifar undir nál. meiri hl. með fyrirvara. Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins."

Frsm. minni hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Eins og kom fram í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. óskuðum við hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson og ég að skila sérstöku nál. í sambandi við þetta mál.

Minni hl. er samþykkur ráðstöfun 50% gengismunar til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, úr því að sú leið er enn einu sinni farin að láta ekki gengismismun ganga óskertan beint til útflytjenda, eins og gert er að því er útflutningsaðila iðnaðarins varðar. Hins vegar finnst okkur allt hæpnara um ráðstöfun fjár samkv. b-lið 3. gr. frv., enda hefur gengið erfiðlega að fá fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd þessara ákvæða. En þess ber að gæta, að það getur valdið fyrirtækjum og einstaklingum miklum erfiðleikum ef ákvörðun um ráðstöfun þessa fjár bregst, og vill minni hl. n. því ekki verða valdur að slíkum drætti og mun því ekki torvelda framgang málsins, þrátt fyrir ýmsa annmarka sem við teljum að séu á málinu.

Minni hl. leggur áherslu á að það fjármagn, sem ætlað er til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, verði afgreitt af stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands, og telur eðlilegt að það fari gegnum þá deild sem stofnuð var með reglugerð frá 8. júní s. l. og ætluð er til hagræðingar í fiskiðnaði.

Eðlilegt er, eins og oft hefur verið gert áður, að létta stofnkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra fjárskuldbindinga, en við teljum þó að teflt sé á tæpasta vað með hlutdeild útgerðarinnar sjálfrar í gengishagnaðinum. Við teljum eðlilegt að það fjármagn, sem ætlað er til að hætta rekstri úreltra og gamalla skipa, verði afgreitt í gegnum Aldurslagasjóð fiskiskipa, sbr. lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og eðlilegt að stjórn þess sjóðs fjalli endanlega um úthlutun þessa fjármagns.

Með tilvísun til 2. gr. frv., þar sem segir að ríkisstj. kveði nánar á um til hvaða aðila fjármunir úr gengismunarsjóði skuli renna, viljum við benda á að skreiðarframleiðendur og í sumum tilfellum saltfiskframleiðendur stóðu fyrir gengisbreytinguna höllum fótum og kæmi því að okkar dómi mjög til álita, að hluti framleiðslu þeirra verði greiddur útflytjendum á hinu nýja gengi.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég stóð að áliti meiri hl. n. með fyrirvara. Mér þykir rétt við 2. umr. þessa máls að gera örlitla grein fyrir því, í hverju sá fyrirvari er fólginn. Ég ætla hins vegar að hafa mál mitt stutt, þótt vissulega væri tilefni til þess að ræða ítarlega um þær umr. sem fram fóru í n., og þær athuganir sem þar voru gerðar á ákvarðanatöku í því efni að ráðstafa því fé sem hér er til umr.

Því miður bárust n. ekki þær upplýsingar sem hún óskaði eftir. Fljótlega í meðferð n. um þetta mál hét ráðuneytisstjóri sjútvrn. að kanna möguleika á því, að n. fengi til skoðunar þá áfangaskýrslu um frystihús á Suðurnesjum sem er fyrsta skrefið til grundvallar úthlutun fjár sem hér er til umr. Þegar það gekk ekki eftir var gefið fyrirheit um það, að útdrætti úr þessari skýrslu yrði komið til n., en það var ekki heldur gert. Við höfum því ekki upplýsingar um það, á hvaða forsendum sá starfshópur, sem sjútvrn. skipaði til þess að gera úttekt á frystihúsunum, byggir starf sitt, einkum og sér í lagi að hve miklu leyti þar er um að ræða það sem ég vil kalla rekstrarlegar forsendur sem miða að því að skapa varanlegan grundvöll fyrir því, að þessi frystihús séu þannig úr garði gerð að þau séu hagkvæmari rekstrareiningar í tæknilegu og framleiðslulegu tilliti ekki síður en í rekstrarlegu tilliti. Jafnframt var það mjög óljóst í n., hvernig miðaði úttekt á frystihúsum í öðrum landshlutum en á Suðurnesjum. Það kom fram í n. í nóvembermánuði, að þeirri úttekt mundi verða lokið fyrri hluta desembermánaðar, en það hefur ekki verið gert.

Ég er ekki að átelja það, að úttektin taki langan tíma. Hins vegar finnst mér nauðsynlegt að Alþ. fái í hendur þær skýrslur sem úthlutun þessa fjár grundvallast á. Samkv. þeim upplýsingum, sem fram komu í n., er það

fyrst og fremst vinna starfshópsins, sem rn. skipaði, sem verður lögð til grundvallar ákvarðanatöku Fiskveiðasjóðs. Ég hef þó ekki viljað tefja meðferð málsins í þessari d., þótt ég hefði kosið að fjh.- og viðskn. d. hefði fengið þau gögn, sem lofað var að afhenda, og við hefðum fengið ítarlegra og betra yfirlit um hvers konar ákvarðanatöku er þarna í raun og veru að ræða.

Ég held að það kerfi, sem beitt hefur verið í þessum efnum, hafi leitt til þess, að tilflutningur verulegra fjármuna hafi átt sér stað frá þeim frystihúsum, sem betur eru rekin og betur standa í rekstrarlegu tilliti og þjóðhagslega séð væri jafnvel hagkvæmara að efla enn frekar, til frystihúsa sem í sjálfu sér eru vonlausar eða vonlitlar rekstrareiningar af margvíslegum ástæðum. Þótt frystiiðnaður á Suðurnesjum eða í öðrum landshlutum sé allra góðra gjalda verður hlýtur það að vera höfuðmarkmið fjármagnsráðstafana af þessu tagi að koma frystiiðnaðinum, hvar sem hann er á landinu, í það skipulega og tæknivædda form að hann skili arði án slíks fjármagnstilflutnings hvað eftir annað sem hefur orðið mjög tíður í kjölfar þeirra tíðu gengisfellinga sem hér hafa átt sér stað. Ég hef því margvíslegar efasemdir um það, að hér séum við á réttri braut, þótt það kunni að vera rétt, að tæknilega betur sé staðið að keyrslunni á þessari braut nú en áður.

Ég vil við afgreiðslu þessa máls lýsa þeim fyrirvara mínum, að áður en málið sé endanlega afgreitt frá þinginu liggi miklu skýrar og ljósar fyrir það mat á frystihúsunum sem nú er verið að framkvæma, hvers eðlis það sé *og hver er grundvöllur þess. Í trausti þess, að Nd. muni* halda áfram því starfi sem hafið var í fjh.- og viðskn. þessarar d., og mér er fullkunnugt um að nm. í Nd. hafa fullan áhuga á því, hef ég ekki viljað leggjast gegn því, að málið væri afgreitt héðan, þótt ég hefði kosið að fjh.- og viðskn. hefði gefið sér lengri tíma og fengið upplýsingar um hina raunverulegu ákvarðanatöku sem liggur að baki ráðstöfun þessara fjármuna svo sem okkur var lofað.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Fjh.- og viðskn., sem hafði þetta mál til umfjöllunar, kannaði það mjög ítarlega, eins og kom fram í ræðum frsm. svo og í ræðu hv. 3. landsk. þm. Það eru einungis tvö til þrjú atriði sem ég vildi benda á.

Annað er út af ummælum hv. 2. þm. Norðurl. e., Jóns G. Sólness, varðandi saltfiskframleiðendur og skreiðarframleiðendur, hvað þeir ættu að fá. Í áliti minni hl. segir með leyfi hæstv. forseta: „kæmi því að okkar dómi mjög til álita, að hluti framleiðslu þeirra verði greiddur útflytjendum á hinu nýja gengi.“ Það er einmitt það sem er gert ráð fyrir í reglugerðinni. Í sambandi við saltfiskinn verður tekinn hluti af því sem átti að fara í gengismunarsjóðinn og greiddur beint til útflytjenda vegna óvanalega langs geymslutíma. Var upplýst í n. að þessi upphæð mundi nema u. þ. b. 240 millj. Hvað varðar skreiðina reiknar Þjóðhagsstofun það út, að vegna geymslu á þorskskreið væri ekki ástæða til að veita sérstakar ívilnanir, hins vegar væri um að ræða halla vegna geymslu á ufsaskreið. Er gert ráð fyrir því í reglugerðinni, að um 120 millj. fari til skreiðarframleiðenda. Það er einnig beint til að standa undir óeðlilegum geymslukostnaði sem varð bæði hjá saltfisksframleiðendum út af ástandinu í Portúgal og hjá skreiðarframleiðendum út af Nígeríumálinu.

Varðandi ummæli hv. 3. landsk. þm. er óhætt að ítreka það, eins og hann drap reyndar á, að könnunin, sem þessi starfshópur vinnur að, hefur aldrei verið eins ítarleg né slíkt verið eins vel unnið og nú er gert og ber að fagna því. Þessi könnun liggur ekki strax fyrir, þar sem eftir er að taka út aðra landshluta. Það er einungis búið að taka út Suðurnesin og þó sennilega á þessari stundu Suðurland, því það ætti að vera búið. Síðan var hugsunin að farið yrði hringinn í kringum landið og þá yrði heildarskýrslan birt. Þessi skýrsla kemur til með að hafa áhrif á úthlutunina, þar sem hún verður lögð fram í Fiskveiðasjóði, en það er stjórn Fiskveiðasjóðs sem úthlutar þessum lánum. Ég held að það sé — og það var ekki í n. umdeilanlegt — rétti vettvangurinn, þó menn, þ. á m. ég, efuðust margir um að þar yrði staðið að málunum þannig að tekið yrði nógu mikið tillit til þessarar könnunar.

Varðandi Suðurnesjaáætlunina, sem hefur aðallega verið einblínt á í sambandi við þessa könnun, var eðlilegt að byrja þar, þar sem vandræðin eru mest þar. En það má hins vegar líka benda á að þessa könnun, eins og hún virðist vera byggð upp, er hægt að túlka sem lið í ákveðinni Suðurnesjaáætlun eða lið í endurreisn fiskiðnaðar á Suðurnesjum, þar sem gert er ráð fyrir að einungis þau hús, sem talin eru lífvænleg, og fyrst og fremst var hugsað um atvinnusjónarmið, fái fyrirgreiðslur úr þessum sjóði, og mundi þetta vafalaust verða til þess að eitthvað betra *skipulag kæmi á. Einnig má nefna fleiri till.* n. *sem hefur* verið skýrt frá í blöðum, eins og sameiginlega móttöku, þó þar sé meira um að ræða skrifborðshugmynd úr Framkvæmdastofnun og mjög erfiða í framkvæmd.

Hins vegar má það *ekki gleymast*, að þessi upphæð, sem um er talað, er 1200 millj., sem er sáralítið fé í íslenskum sjávarútvegi, fyrir utan það að sjávarútvegurinn á nú þennan milljarð. Það er verið að færa þarna á milli peninga, eins og kom fram í máli hv. 3. landsk. þm. Ef peningunum er vel varið mun ekki gæta neinnar gremju hjá þeim sem peningarnir eru teknir af. Það er einungis ósk, held ég, allra nm., að þessir peningar fari í það sem til er ætlast, að þeir fari í hagræðingu. Þeir eiga ekki að fara til að standa undir rekstri húsa sem væru e. t. v. betur komin að vera ekki í rekstri.

Það er von mín, að framkvæmd þessarar úthlutunar verði í anda þess sem ég hef verið að skýra hér. Það hefur oft verið úthlutað áður úr svona sjóðum. Það er reglubundið að mynda svona sjóði við gengisfellingu, og yfirleitt hafa mönnum verið mislagðar hendur varðandi úthlutun og þar hefur áhrifavald bankanna og bankastjóra, sem sitja allir í stjórn Fiskveiðasjóðs, gætt meira en góðu hófi gegnir. Það er von mín, eins og er staðið að þessu máli í byrjun með þessari ítarlegu könnun, að þarna sé kominn heilbrigðari grundvöllur en hefur verið við fyrri úthlutanir af þessu tagi.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér þykir ákaflega leitt að heyra, ef ég hef skilið það rétt, að hv. n., sem hefur haft mál þetta til meðferðar, hafi ekki fengið umbeðnar upplýsingar. Ég tel sjálfsagt að hún fái allar upplýsingar um þetta mál sem hún óskar eftir, bæði um ráðstöfun hins fyrri gengismunarsjóðs, sem á auðvitað að vera auðvelt að veita upplýsingar um, svo og væntanlega ráðstöfun á þeim gengismunarsjóði sem myndast hefur og er að myndast vegna síðustu gengisfellingar. Hæstv. sjútvrh. er ekki hér viðstaddur, en ég dreg ekki í efa að hann mundi taka undir þessi orð sem ég segi hér, að það er sjálfsagt að þm. fái allar upplýsingar um þetta

efni.

Ég vil taka það fram, þar sem það var ég sem lagði þetta mál fram á sínum tíma, að ekki hefur verið óskað eftir því við mig, að ég hlutaðist til um að upplýsingar væru fram lagðar, en ég lýsi því yfir, að ég skal beita mér fyrir því þegar málið kemur til meðferðar hjá hv. Nd., að sú n., sem fær málið þar til meðferðar, fái allar upplýsingar um þetta mál. Yfir þessu á ekki að hvíla nein leynd.

Jón Helgason: Herra forseti. Vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram um störf fjh.- og viðskn., vil ég taka það fram, eins og kom fram í máli frsm., að á fundum n. voru framkvæmdastjóri og formaður Fiskveiðasjóðs og þar gáfu þeir upplýsingar um ráðstöfun gengishagnaðar frá tveimur fyrri gengisfellingum og lista yfir það, hverjum hefði verið úthlutað og hverjir hefðu sótt þau lán sem þeim hefði verið lofað. Ég held að þær upplýsingar hefðu ekki getað verið ítarlegri, enda var ekki undan því kvartað hér.

En það, sem var hins vegar um að ræða hjá hv. 3. landsk. þm., var áfangaskýrslan sem sá vinnuhópur samdi, er sjútvrh. skipaði eftir tilnefningu Þjóðhagsstofnunar og Framkvæmdastofnunar. Þessa áfangaskýrslu þeirra um stöðuna á Suðurnesjum fengum við ekki í hendur. Ástæðan fyrir því eða rökin gegn því voru þau, að þarna væri um að ræða stöðu einstakra fyrirtækja á Suðurnesjum, stöðu þeirra gagnvart lánastofnunum og annað slíkt, og þar sem þarna væri um áfangaskýrslu að ræða, þá væri okkur ekki afhent hún. Hins vegar yrði unnin upp úr henni önnur skýrsla, sem ekki lá fyrir þegar n. afgreiddi málið, en sú skýrsla mundi standa okkur til boða.

Það er rétt að það var þessi áfangaskýrsla vinnuhópsins, sem óskað var eftir, en n. fékk hana ekki í hendur.

Frsm. meiri hl. (Karl Steinar Guðnason): Í tilefni af þessum umr. vil ég segja það, að ég hygg að við höfum fengið þær upplýsingar er hafa lotið að þessu frv. Við fengum ekki áfangaskýrsluna, og hv. þm. Jón Helgason gerði grein fyrir því hvaða rök voru nefnd gegn því. Okkur var sagt hverjar væru till. nefndarinnar varðandi ráðstöfun gengismunarsjóðar, till. nefndarinnar varðandi húsin á Suðurnesjum, en aðrar till. um ráðstöfun hans liggja ekki fyrir.

Ég vil jafnframt segja það, að ég hygg að það hafi verið sérstaklega vel að staðið hjá sjútvrh. að skipa þessa úttektarnefnd til að gera könnun á stöðu frystihúsanna. Staða þeirra hefur verið slæm að undanförnu, ástæður fyrir því eru margvíslegar, og ég hygg að staðan sé verst á Suðurnesjum eða hafi verið það undanfarin ár.

Okkur var sagt frá því að í skýrslunni væri talað um 11 hús, sem væru talin lífvænlegar rekstrareiningar, og að þau hús væru með um 80% af freðfisksframleiðslunni á svæðinu á sínum snærum. Það kvað vera meiningin að styrkja þessi hús sérstaklega og koma málum þannig fyrir að hagræðing verði sem mest og best. Verður ekki annað sagt en að rétt sé að setja fram ákveðna stefnu í því, hvort öll frystihús eigi að lifa eða aðeins þau sem hagkvæm eru sem rekstrareining.

Ráðstöfun úr gengismunarsjóði verður sjálfsagt alltaf deilumál, en fróðlegt hefði mér þótt að fá vitneskju um það, hvaðan það fé kemur sem deilt er út, þ. e. a. s. hvað kæmi frá hverjum landshluta. Mér er kunnugt um að þeir, sem reka stöðvarnar á Suðurnesjum, telja að það muni litlu á því sem þeir láta og því sem þeir fá.

Þær upplýsingar, sem á skortir eða deilt hefur verið á að hafi ekki verið gefnar, eru í áfangaskýrslunni sjálfri. Væntanlega verður hún gefin út bráðlega. En ég hygg að það skipti litlu fyrir afgreiðslu þessa máls, hvort n. fengi að sjá hana nú eða ekki.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. orð hans hér og þær yfirlýsingar, að fjh.- og viðskn. Nd. muni fá öll gögn í þessu máli sem hún kann að biðja um, sem að öllum líkindum verða þau sömu og beðið hefur verið um í hliðstæðri n. í þessari deild.

Mér finnst einstaka ræðumenn hér, eins og hv. síðasti ræðumaður, gera frekar lítið úr þessari áfangaskýrslu og telja að í henni felist atriði um viðskipti fyrirtækja við banka sem ekki megi bera á borð fyrir n. þingsins. Það kann vel að vera. Þó eru þetta allt saman opinberir bankar og hér er um ráðstöfun opinberra fjármuna að ræða. Það eru til ýmsar leiðir til að klæða skýrsluna þannig, að það ætti ekki að brjóta í bága við þá leynd sem einhverjir kynnu að telja að ætti að hvíla á slíku, enda stendur deilan ekki um það.

Fyrirspurnir okkar beindust að því að fá ítarlega og nákvæma lýsingu á því, á hvaða grundvelli matið sjálft væri framkvæmt, tillit til hvaða stærða og þátta væri tekið í mati á hinum einstöku frystihúsum og þó einkum og sér í lagi hvert væri hlutfallið í matinu, annars vegar á milli rekstrarlegrar stöðu frystihússins, skulda þess gagnvart bankakerfi og öðrum opinberum aðilum og annað fleira, sem við getum kallað bókhaldslega þáttinn, og hvaða atriði væru það síðan í tæknilegum búnaði og öðrum framkvæmdalegum búnaði frystihúsanna sjálfra sem færu inn í matið á því, hvort þau væru, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, lífvænlegar rekstrareiningar. Þar sem hér er ekki aðeins um að ræða úttekt á Suðurnesjum, heldur beinlínis frystiiðnaðinum öllum í landinu, þá er mjög mikilvægt að það liggi alveg ljóst fyrir, hverjar eru hinar fjárhagslegu og hverjar eru hinar framkvæmdalegu forsendur slíkrar matsgerðar. Það er alveg ljóst, að niðurstöður starfshópsins, þótt eingöngu sé um fagmenn að ræða, það kom fram í störfum n., munu verða lagðar og hafa þegar verið lagðar til grundvallar úthlutunum eða vilyrðum um úthlutanir á þessum fjármunum.

Þegar þetta barst fyrst í tal, þá urðu um það ítarlegar umr. í n. og við margir nm., bæði úr aðildarflokkum þessarar ríkisstj. og eins stjórnarandstöðu, lýstum þeirri skoðun okkar, að það væri veruleg hætta á því, eins og oft hefði áður brunnið við, að hér væri eingöngu verið að nota svokallað hagræðingarfé til þess að bjarga stöðu frystihúsanna gagnvart bönkunum. Það mætti ekki fara svo í þetta sinn eins og hefði gerst oft áður, að í nafni hagræðingar væri eingöngu verið að bjarga skuldasúpu hinna verst settu frystihúsa gagnvart bankakerfinu. Það væri hins vegar mikilvægt verkefni í íslenskum frystiiðnaði að koma þar á hagræðingu, ekki aðeins hjá þeim sem verst eru settir, heldur líka þeim sem vel standa sig, svo þjóðin sem heild fengi meira út úr frystiiðnaði sínum en hún gerir nú. Það er fyllilega mögulegt, ef það er stefnan, að þjóðin sem heild fái meira út úr frystiiðnaði sínum en hún gerir nú. Það getur verið réttlætanlegt að verja hagræðingarfénu að verulegu leyti, jafnvel fyrst og fremst, til þeirra frystihúsa sem bókhaldslega séð standa

mjög vel, frekar en eins og okkur býður í grun að verði gert nú, að því verði fyrst og fremst varið til þeirra sem bókhaldslega séð og gagnvart bankakerfinu standa mjög illa.

Það var tilraun n. að skoða hvort það væri ekki hægt að brjótast út úr vítahring, sem við margir hverjir töldum að hefði verið dragbítur á ráðstöfun á þessu fé. Það stóð að baki tilraunum okkar til þess að fá allar upplýsingar um hinar tæknilegu, efnahagslegu og rekstrarlegu forsendur þessarar mjög svo mikilvægu úttektar sem verið er að gera á frystiiðnaði landsmanna. Ég er alls ekkert að lasta hana á einn eða neinn hátt, vil taka það alveg skýrt fram, en ég tel hins vegar að hér sé um svo þýðingarmikið atriði að ræða að hún verði að liggja fyrir.

Það var í n. talað um tvær skýrslur, og mér fannst síðasti hv. ræðumaður rugla þeim saman. Annars vegar er um frumskýrsluna sjálfa að ræða, sem við fengum boð um að n. gæti ekki fengið að sjá, og svo hins vegar útdrátt úr þessari skýrslu sem n. fengi að sjá, þótt það stæði á því að sá útdráttur kæmi til n. Hér er þess vegna í raun og veru um tvær skýrslur að ræða: annars vegar heildarskýrsluna, sem niðurstaðan var að við fengjum ekki, og hins vegar útdrátt úr henni.

Ég vil undirstrika það hér enn og aftur, að ég tel að þegar farið er af stað með úttekt af þessu tagi, sem ég tel fyllilega virðingarvert og allra góðra gjalda vert, þá megi ekki fara með þá vinnu með jafnmikilli leynd og a. m. k. mér og ég veit ýmsum öðrum nm. í þessari n. fannst vera.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það hefur verið rætt um hraðfrystihúsin á Suðurnesjum hér í hv. Alþ. áður og komið fram það sem er rætt hér núna, komið fram reyndar oft áður, að þau væru ekki jafnvel í stakk búin og önnur frystihús í landinu til þess að sinna hlutverki sínu. Ég vildi segja fyrst og fremst það, að þetta á sér eðlilegar orsakir. Fyrir allmörgum árum var sett af stað svonefnd hraðfrystihúsaáætlun. Þessi hraðfrystihúsaáætlun var síðan framkvæmd um allt land, en þegar komið var að Reykjavíkursvæðinu, a. m. k. Reykjaneskjördæmi, stöðvaðist framkvæmd áætlunarinnar. Það er í raun og veru þetta sem veldur því, hve illa frystihúsin á Suðurnesjum eru útbúin, að fjármagn frá Fiskveiðasjóði og frá öðrum sjóðum, sem til þessa hafa lagt fjármagn, fór til þess að sinna þessum verkefnum úti á landi. Þegar átti svo að taka Reykjanessvæðið fyrir allmörgum árum var fjármagnið þrotið. Einnig gerðist það, að skuttogarakaup voru hafin í stórum stíl og Fiskveiðasjóður orðinn fjárvana. Þegar tekið var svo til og átti að fara að skipuleggja aðgerðir þarna, þá skeði tvennt: bæði var fjármagnið á þrotum, eins og ég sagði, og þar að auki var prósentan lækkuð þannig að þeir, sem áttu að fá þetta fjármagn, fengu minna hlutfall af því, sem framkvæmdirnar kostuðu, en áður hafði verið.

Allt þetta veldur svo því, að þarna er um sérstakar aðstæður að ræða. Þetta er búið að þvælast á milli opinberra aðila nú í fjöldamörg ár með mjög litlum árangri, og þótt oft hafi verið á þetta minnst hér á Alþ. hefur það oftast endað með því, að skipuð hefur verið ný nefnd eða nýir aðilar frá Framkvæmdastofnun ríkisins eða Byggðasjóði tekið á verkefninu með mjög vafasömum eða litlum árangri. Mér þykir því vænt um að heyra það, að n. hefur viljað kynna sér þetta mál gaumgæfilega. Ég held að hún gæti fengið mjög viðamiklar upplýsingar um þetta mál hjá Framkvæmdastofnun ríkisins, hjá hagdeild Seðlabankans, hjá hagdeild Útvegsbankans og hagdeild Landsbankans. Allir þessir aðilar munu hafa rannsakað þetta mál mjög vel, jafnvel þó sú áfangaskýrsla, sem nú er í gangi, hafi ekki komið fram.

En ég vil leggja áherslu á það, að fjármagnsskorturinn á undanförnum árum á að mínu viti mestan þátt í því, hvernig ástatt er þar syðra núna. Þar að auki bætist það við, að talsvert mikil breyting hefur orðið á samsetningu afla, sem hefur valdið frystihúsunum alveg sérstökum erfiðleikum og ýmislegt fleira hefur komið til. Þetta er því flókið mál og vandasamt og má ekki afgreiða með því að segja að þeir þarna suður frá séu ekki færir um að reka frystihúsin.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Því miður var ég kallaður annað meðan þessi umr. stóð yfir, en vegna þess, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, vil ég láta koma fram, að nú fyrir fáum dögum voru fulltrúar úr sjútvn. Alþ. ásamt þm. Suðurnesja kallaðir á fund hæstv. sjútvrh. þar sem hann var að gera grein fyrir þeim málum sem hér er um rætt, þ. e. a. s. úttekt á stöðu fiskiðnaðarins, sérstaklega á Suðurnesjum, og þeim ráðstöfunum sem nú á að gera í sambandi við gengishagnaðarsjóð. Það, sem vakti athygli mína á þessum fundi, var að mér fannst að þarna væri um sams konar aðgerðir að ræða og höfðu áður farið fram, eftir þeim upplýsingum sem fyrrv. sjútvrh. og sjútvrh. þar áður gáfu á þessum fundi, en tiltölulega stutt er síðan helmingurinn af gengishagnaði, sem varð um 700 millj. kr., var varið til aðila á Suðurnesjum.Okkur virtist nokkrum þarna að ekki væri nógu skýrt afmarkað hvernig þessu fjármagni yrði varið, þannig að það væri hægt að eygja möguleika á því að það kæmi að því gagni sem allir virðast sammála um að þurfi að vera. En það, sem ég vildi koma að, er að það verði að vera alveg ákveðin áætlun um þetta, þannig að úttektin nái yfir alla hluta landsins að því er varðar fiskiðnaðinn. Þó ástandið sé slæmt á Suðurnesjum, að sjálfsögðu er ég ekki að vefengja það, eru víðar í landinu fiskvinnslustöðvar sem gegna jafnvel enn þá þýðingarmeira hlutverki en sumar fiskvinnslustöðvarnar þarna suður frá, og þurfa vissulega á aðstoð að halda. Vil ég undirstrika að ég tel að það verði að leggja á það þunga áherslu að þessar aðgerðir og þessi athugun, sem fram fer, sem ber að fagna, nái yfir alla landshluta.

Hitt vil ég segja, að það kemur mér á óvart ef eftir hraðfrystihúsaáætluninni, þ. e. endurbyggingu og uppbyggingu hraðfrystihúsanna í landinu, hefur ekki verið unnið á Suðurnesjum. Ég hef aldrei heyrt það fyrr en nú, að fiskvinnslustöðvar á Suðurnesjum hafi ekki átt aðgang að þessari áætlun og því fjármagni sem hefur verið veitt. Það hlýtur að vera einhver misskilningur ef svo hefur verið. Alla vega er ég sammála því, ekki má misskilja það, að það sé fyrst lagt til atlögu við það að koma frystihúsunum eða fiskiðnaði á Suðurnesjum í betra ástand. En ég vek athygli á því enn, að það er illa ástatt víðar, m. a. hefur komið fram núna að svo er í Vestmannaeyjum, og sjálfsagt eiga margir landshlutar við þetta sama vandamál að glíma, eins og nefnt hefur verið í þessum umr.

Frsm. meiri hl. (Karl Steinar Guðnason): Ég tók það fram áðan, að ég teldi eðlilegt að Suðurnesin yrðu sérstaklega tekin fyrir þegar athugaður yrði rekstur frystihúsa. Ég vil jafnframt bæta við, og þá í tilefni af þeim

umr. sem hér hafa orðið, að mér þætti ekki mikið þó allt það fé sem í gengismunarsjóði er eða kemur, færi til Suðurnesja og Vestmannaeyja, því útgerðin á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum hefur verið að koðna niður nú undanfarin ár og goldið þess, hvernig valdhafar hafa stýrt málum. Það má segja, að bátaflotinn á Suðurnesjum sé nokkurs konar elliheimili bátaflotans á landinu og skuttogarar eru þar allt of fáir. Reyndar er *ástandið þannig og hefur verið um nokkra hríð*, að atvinnulífið hefur átt í mjög miklum erfiðleikum, sem aftur hefur framkallað verulegt atvinnuleysi. Nú er svo að segja stöðugt atvinnuleysi á Suðurnesjum, það er alltaf einhver atvinnulaus, og um þessar mundir eða um áramótin má reikna með að um 200 manns verði atvinnulausir á Suðurnesjum vegna þess að húsin eru hvert á fætur öðru að segja upp starfsfólki vegna þess að frystihúsin eiga erfitt uppdráttar. Það er ekki aðeins vegna þess að *frystihúsin eru illa stödd fjárhagslega*, heldur vegna þess líka að hráefni skortir mjög tilfinnanlega.

Þegar við ræðum um þetta væri fróðlegt að hafa það fyrir sér, hvernig Framkvæmdastofnun t. d. hefur úthlutað fé um landið. Fróðlegt væri að sjá samanburð milli Suðurnesja og annarra landshluta. Staðreyndin er sú, að til Suðurnesja hefur svo til ekkert fé komið. Að vísu fékkst ein lánveiting sem má telja að hafi verið sæmilega stór og var til þess að kaupa togara til Sandgerðis. Það fé, *sem í þau kaup fékkst, fór til skipasmíðastöðvar á Akureyri*. Togarinn var í nokkra mánuði á Suðurnesjum, en vegna fjárhagserfiðleika varð að selja hann nokkru seinna. Þannig má segja að féð hafi lítið stöðvast á Suðurnesjum.

Svona er þetta á fleiri sviðum. Suðurnesin hafa verið afskipt hvað fjármagnsfyrirgreiðslu snertir og reyndar litið á þau sem ljóta barnið af Framkvæmdastofnun ríkisins.

Það voru merkilegar upplýsingar, sem hv. 4. þm. Reykn. gaf áðan um hraðfrystihúsaáætlunina, að hún hefði strandað er kom til Suðurnesja. Ég trúi því fyllilega að svo hafi verið, enda sjást þess merki á Suðurnesjum.

Ég vil leggja á það áherslu, að mikil þörf er á því, að vandamál þessa landshluta séu tekin föstum tökum, vegna þess að fram undan er mikið atvinnuleysi og fyrirtækin stöðvast nú hvert af öðru.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er stutt aths. vegna orða hv. 5. þm. Vesturl. Hann taldi algera nauðsyn og sjálfsagt að þessu fé yrði úthlutað um allt landið, en ekki bundið við sérstök landssvæði. Það er einmitt þetta atriði sem við höfum átt við að stríða upp á síðkastið. Það er engin vitleysa, sem ég var að segja, að hraðfrystihúsaáætlunin hafi ekki verið framkvæmd á Suðurnesjum. Það er ein meginástæðan fyrir því, að þar er nú meiri þörf aðstoðar en annars staðar.

Það er hins vegar ekki alveg rétt, að af þessum 700 millj., sem úthlutað var á sínum tíma, hafi 300 millj. farið til Suðurnesja. Við héldum það jafnvel lengi, við þm. hérna, en það er algjör misskilningur. (Gripið fram í.) Eða 350. (Gripið fram í.) En það er bara ekki átt við Suðurnesin. Það er allt annað landssvæði sem þá er átt við.

En sem sagt, reynslan er þessi: Fjármagnið hefur farið annað. Þess vegna er ástandið svona slæmt. Á sama tíma hefur svo skeð það sem ég sagði áðan að samsetning aflans hefur breyst frystihúsunum gífurlega í óhag þannig að þau verða e. t. v. að skipta fimm sinnum um stillingar á vélum o. þ. h. á hverjum degi. Þetta allt veldur því, að þau eru í sérstökum erfiðleikum, sem þarf að bæta úr með sérstökum hætti, en ekki með einhverjum þeim hætti sem gildir fyrir allt landið — líka þar sem búið er að koma lagi á hlutina. Verði það ekki gert, þá endurtekur sig sama sagan og áður, að hagræðingarféð fer í skuldagreiðslur og þeir sitja uppi með hin ófullkomnu hús. Eftir því sem ég veit best hefur Byggðasjóður núna tvo menn að störfum og er búinn að vera kannske í eitt ár að undirbúa að taka hraðfrystihúsaáætlunina upp á Suðurnesjum, en ef ég þekki rétt mun það taka allmörg ár að framkvæma áætlun þessa þar.

Guðmundur Karlsson: Forseti. Ég er satt að segja svolítið undrandi á öllum þeim umr. sem átt hafa sér stað um þessa skýrslugerð og úttekt, sem fram fer á frystihúsunum í landinu, því það er ekkert nýtt að sveiflur og breytingar verði í íslenskum sjávarútvegi. Þetta er nokkuð sem við, sem höfum lifað í sjávarútveginum, höfum alltaf orðið að búa við og eigum alla tíð eftir að búa við. Skýrslugerð og úttektir breyta engu þar um. Ég efast þó ekkert um að þeir menn, sem vinna að þessari skýrslu núna, vinna samviskusamlega og gera till. samkv. eigin áliti um það, hvað nauðsynlegt sé að gera.

Mér finnst oft koma fram í máli manna, að Sunnlendingar séu orðnir þvílíkir amlóðar að þeir *geti ekki rekið* orðið fiskvinnslu eða sjávarútveg. Þetta hafa þeir þó gert frá fyrstu tíð. Það eru fyrst og fremst breytingar, sem eru að gerast í náttúrunni, sem hefur þessi áhrif. Vertíðarfiskurinn gengur ekki lengur á hin gömlu hefðbundnu vertíðarmið. Því fáum við Sunnlendingar ekki það hráefni sem við þurfum til vinnslunnar. Við höfum í flestum tilvikum byggt fyrirtæki okkar bæði í útgerð og í vinnslu, á því að geta notið þessarar vertíðarsveiflu og síðan haldið okkur á floti, má segja, *það sem eftir er ársins*.

Ef við lítum á afkomuskýrslur sjávarútvegs, bæði fiskvinnslu og útgerðar, fram til 1970 og fram yfir það, til 1972, þá kemur þar fram að það er Suðurlandið, Reykjanesið og Vestmannaeyjar, sem skilar langbestri afkomu. Síðan fer þetta að breytast úr því, eftir að uppbygging skuttogaraflotans hefst og sú snarvitlausa verðlagning á fiski sem átt hefur sér stað eftir það, þegar farið er að hafa smáfiskinn miklu ódýrari en stórfiskinn. Það er það sem orsakar þessa miklu breytingu í afkomu sjávarútvegsins og að sjávarútvegsfyrirtæki í öðrum landshlutum eru farin að skila miklu betri afkomu en hér.

Ég vil vekja athygli á því, að nokkur umræða hefur farið fram hjá þeim stjórnendum fyrirtækja á Suðurnesjum, sem stjórna fyrirtækjum sem talin eru lífvænleg, um það hve mikils virði þessi fyrirgreiðsla, sem þeir eiga að fá nú, er. Ég átti tal við þá nokkra nú fyrir tveimur dögum og þeir töldu að sú fyrirgreiðsla, sem þeir fengju í fjármagni, næmi svo sem einnar viku vinnulaunum og hreint ekki meira. Ef ekki verður meiri árangur af þessari skýrslugerð en sá, að menn fái fyrirgreiðslu sem nemur einnar viku vinnulaunum, þá er heldur mikið úr þessu gert.

Mér finnst satt að segja ekki skipta öllu máli að fá þessa skýrslu, heldur hitt, hvað á eftir kemur. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að ef á að taka íslenskum sjávarútvegi það tak sem þarf að gera í dag, þá dugir þessi gengismunarsjóður ansi skammt. Það þarf eitthvað meira á eftir að fylgja en hann einn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að það sé ekki tímabært að við ræðum í tengslum við það þingmál, sem hér liggur fyrir nú, skýrslugerðina sem hér hefur mest borið á góma — niðurstöðu rannsóknar á stöðu sjávarútvegs á Suðurnesjum og á Suðurlandi og raunar víðar á landi hér, en að steðjar nú sérstakur vandi í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Ég vil vitna til þess viðtals við hæstv. sjútvrh. sem hv. þm. Alexander Stefánsson drap á í ræðu sinni áðan, þar sem farið var inn á þessi mál sem varða skiptingu úr gengismunarsjóði núna í tenglsum við þá athugun, sem enn þá er aðeins lausleg athugun á stöðu fiskiðnaðarins á Suðurnesjum. Vil ég vænta þess, að við fáum tóm til þess síðar hér í d. að ræða vandamál fiskiðnaðarins á Suðurnesjum, Suðurlandi og víðar á landi hér á grundvelli þessara skýrslna, er þessari athugun hefur verið lokið og hún hefur verið gerð ítarlegri en raun ber vitni um núna.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason gaukaði að mér áðan í sæti mínu skýrslublaði sem sýnir ljóslega að þær 350 millj., sem áður hefur verið minnst á að úthlutað var fyrr af 700 millj. úr gengismunarsjóði, fóru svo sannarlega ekki allar á Suðurnesin, heldur var þessari upphæð dreift mjög víða um landið, þó hitt muni samt mála sannast, að verulegur hluti hafi á Suðurnesin farið.

Vandamál fiskvinnslunnar á Suðurnesjum eru vissulega sérstaks eðlis, og ég hygg að það sé ekki rétt af okkur að nefna þau í sömu andránni, þrátt fyrir allt, og vandamál sjávarútvegsins í Vestmannaeyjum.

Ég er minnugur þess, að hv. þm. Oddur Ólafsson bar fram í Sþ. í fyrra þáltill. um að látin yrði fara fram sérstök rannsókn á áhrifum herstöðvarinnar á Suðurnesjum á stöðu þjóðlegra atvinnuvega þar syðra. Það fer varla á milli mála, hvern hug svo sem menn kunna að bera til herstöðvarinnar út af fyrir sig, að þá er það staðreynd að sjávarútvegurinn á Suðurnesjum og fiskvinnslan hafa orðið að keppa við ákaflega stóran og þróttmikinn vinnuveitanda í umdæmi sínu um áraskeið og tæpast að efa að sú samkeppni hefur komið niður á sjávarútveginum og fiskvinnslunni á Suðurnesjum að einhverju leyti. — Ég man nú ekki hverja afgreiðslu þessi þáltill. hv. þm. Odds Ólafssonar fékk á þinginu í fyrra, þó mun hún hafa verið samþ., og væri kannske æskilegt að fara fram á að Alþ. fengi nú skýrslu um það, hvernig því máli hefði vegnað og hver niðurstaða af þeirri athugun hefði orðið, ef einhver hefur verið gerð, eða a. m. k. að ganga á eftir því að hún verði gerð. Ég tel ekki ástæðu til í þessu sambandi að fara út í það mál, en vil aðeins rifja það upp, að hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur nýlega gert í stuttu máli í Sþ. grein fyrir hættu sem hann telur á því, að samdráttur í framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli eða fækkun í íslensku starfsliði í herstöðinni kynni að hafa mjög alvarleg áhrif á atvinnuástand á Suðurnesjum í heild. En einnig það mál kemur til umr. seinna og í tenglsum við þetta vandamál þeirra Suðurnesjamanna.

Ég tel að við megum passa okkur á því, þegar rætt verður um lausn á sérstökum vandamálum fiskiðnaðarins og útgerðarinnar á Suðurnesjum, að ekki verði við umhugsun um þau mál og bollaleggingar gengið fram hjá ýmsum sérstökum aðstæðum sem eru hér við Faxaflóa og gerðu það að verkum á sínum tíma, að fiskverkunarfyrirtæki, — ég vil ekki nefna eingöngu hraðfrystihúsin vegna þess að hér var mjög blómleg saltfisksverkun og skreiðarverkun á sínum tíma, — fiskiðnaðurinn hér við Faxaflóa þróaðist á þann hátt sem varð. Við sitjum uppi með fyrirtæki hér við Faxaflóa sem miðuð voru við það að fá meginhráefni sitt á vertíðinni í stórum skömmtum, að koma ákaflega miklum afla í lóg á skömmum tíma og þá að verulegu leyti með aðfengnu vinnuafli sem fékkst til starfa hér við Faxaflóa á vetrarvertíðinni vegna þess að atvinnuhættir við sjóinn fyrir vestan, norðan og austan voru þá með þeim hætti, að hagstætt var fyrir fólkið við þær aðstæður að sækja vinnu á vertíð á Suðurlandi, og hið sama gilti raunar um Vestmannaeyjar. En ég vil vara við því að einblínt verði, þegar ráðgerð verður endanleg lausn á vandamálum fiskiðnaðarins á þessum slóðum, um of á þær fyrirmyndir sem gefist hafa að vísu mjög vel annars staðar, en við ólíkar aðstæður, svo sem á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi, þar sem eingöngu hefur verið veðjað á hraðfrystingu, svo til eingöngu á hráefni frá skuttogurunum og að reka þessi stóru og ágætu frystihús nánast að fyrirmynd erlends verksmiðjuiðnaðar. Sannleikurinn er sá, að sum af litlu fiskvinnslufyrirtækjunum hér við Faxaflóa og þá fyrst og fremst á Suðurnesjum hafa staðið sig með prýði og gefið ágætisraun. Við eigum dæmi hér við Faxaflóa um það, að fiskverkun er rekin nánast sem heimilisiðnaður á þessu svæði á grundvelli fornra hefða, og er gert enn í dag með ágætisárangri. Ég vildi gjarnan undirstrika það, að ég tel að við eigum alls ekki við lausn á heildarvandamálunum að gera neinar þær ráðstafanir sem útiloki að fiskverkun af þessu tagi geti haldið þarna áfram.

En aðeins þetta: Við hljótum að ætla lengri tíma en hæstv. núv. sjútvrh. hefur fengið til þess að stjórna könnun og rannsókn á þessum sérstöku vandamálum sjávarútvegsins á Suðurnesjum, sömuleiðis í Vestmannaeyjum, heldur en hefur gefist til þess að gera endanlegar tillögur til úrbóta.

Annars staðar á landinu blasa við svæðisbundin sérstök og mjög alvarleg vandamál. Ég vil nefna útgerðina á Þórshöfn á Langanesi í þessu sambandi. Og af því að það hefur nú verið fært í tal, að Suðurnesin hafi algjörlega verið sniðgengin í sambandi við fjárveitingar og lánveitingar í gegnum Framkvæmdastofnun, þá vil ég geta þess að mjög svo gefnu tilefni, að togara nokkrum, sem Suðurnes hét, sem ráðstafað var norður á Þórshöfn, fylgdi mjög myndarlegt gengistryggt lán útvegað af Framkvæmdastofnun til fyrrverandi eiganda skipsins, sem, eins og fyrrverandi nafn þess bendir til, átti lögheimili á Suðurnesjum. — En á Þórshöfn höfum við við að glíma ákaflega alvarlegt útgerðar- og fiskvinnsluvandamál sem á rætur sínar á Suðurnesjum og er þess eðlis, að fjalla verður um það sérstaklega og með mjög skjótum hætti vegna þess að algjör vá er fyrir dyrum í byggðarlaginu af þeim sökum.

Þingmál það, sem hér um ræðir, hljótum við að afgreiða löngu, löngu áður en við fáum skynsamlegar niðurstöður af þeim athugunum sem nú er verið að gera í sambandi við fiskvinnslu og sjávarútveg á Suðurnesjum, og þau mál fáum við tækifæri til að ræða aftur síðar. — Ég mæli nú skilyrðislaust og án nokkurs bakþanka með samþykkt þess frv. sem við fjöllum um hér í dag.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Í þessari umr. hefur verið fjallað að mínu mati einum of mikið um Suðurnesin í sambandi við þá könnun sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er markmið þessarar könnunar að byrja á Suður-

nesjunum, en síðan verður allt landið í heild tekið. Það verður ekki fyrr en því starfi er lokið að endanleg úthlutun fer fram á þessu fé. Þannig er ekki búið að eyrnamerkja þessar 1200 millj. allar Suðurnesjamönnum. Það kom fram í máli hv. frsm. meirihlutanál., að í þessari skýrslu eða till. n. er gert ráð fyrir að lánaðar yrðu til fyrirtækja á Suðurnesjum, til að mig minnir 8 frystihúsa, hagræðingarlán upp á 230 millj. og síðan veitt fjárhagsleg aðstoð upp á 70 millj. Þetta eru einungis till. n. sem stjórn Fiskveiðasjóðs tekur síðan endanlega afstöðu til.

Eins og hér hefur verið drepið á eru fleiri staðir í erfiðleikum en Suðurnesin og alveg óþarfi að gera lítið úr erfiðleikum þeim sem við er að etja í Vestmannaeyjum, þar sem helmingur af bátaflotanum hefur verið auglýstur til sölu í blöðunum. Ég vil nefna þá erfiðleika, sem þorpin á Suðurlandi eiga við að glíma, Eyrarbakki og Stokkseyri, sem hafa mjög lítið hráefni. Hvort þorpið um sig á 1/3 í einum togara og bátaútgerð er mjög lítil þaðan. Þar er líka atvinnuleysi. Það er ekki einungis á Suðurnesjum. Það eru aðrir staðir sem eiga í erfiðleikum á þessu svæði, það má nefna Reykjavík, það má nefna Akranes og Snæfellsnes, enda tel ég rangt að það sé verið að tala um sérstakan vanda Suðurnesja. Það er sérstakur vandi Suðvesturlands sem er réttara að tala um.

Aðalorsökin fyrir þessum mikla vanda er að mínu mati ekki hraðfrystihúsaáætlunin, heldur einfaldlega sú, að afli hefur farið stórminnkandi hér undanfarin ár og vertíðir eru ekki þær sem þær voru áður fyrr. Það er bátaaflinn sem hefur dregist saman. Það má sjálfsagt ræða það í allan dag af hverju þessi bátaafli hafi dregist saman, en það er þetta sem er meginorsökin, að aflinn er minni á þesum hefðbundnu veiðislóðum bátaútgerðar á Suðvesturlandi. Svo koma í viðbót við þetta áhrif saltfisksverkunar. Hún hefur verið mjög blómleg. Hv. þm. Stefán Jónsson nefndi hér t. d. heimilisiðnað sem er og var í miklum blóma á Suðurnesjum. Þetta var aðallega saltfiskverkun. Það var í þá tíð að hagstætt var að verka saltfisk og hengja upp fisk. Nú bendir margt til þess, að sá tími sé liðinn. Það hafa verið mjög miklir erfiðleikar einmitt varðandi saltfisk og skreið, það er ekki að batna aftur og það má síst af öllu vanmeta þau áhrif. Það er einnig réttileg ábending frá hv. þm. Stefáni Jónssyni um áhrif herliðsins þarna suður frá á atvinnulíf. Hersetan hefur mikil áhrif á atvinnulífið.

Það var nefnt hér áðan af hv. þm. Guðmundi Karlssyni að samkv. upplýsingum, sem hann hafði úr samtölum við forráðamenn frystihúsa á Suðurnesjum, þá dygði þetta, sem þeir vissu um að ætti að úthluta, þeim í ein vikulaun. Þarna er að mínu mati verið að skjóta yfir markið. Það eru, eins og sést á þessum tölum, um 300 millj. til 10 fyrirtækja. Þá er um að ræða meira en ein vikulaun, enda er ekki markmiðið — ég vil koma að því að lokum — með þesu frv. og með þessari sjóðamyndun að þessir peningar fari upp í skuldagreiðslur. Þetta var það sem við lögðum aðaláherslu á í fjh.- og viðskn., að þessir peningar færu í það sem kallað er hagræðing og þetta nýttist fyrirtækjunum sem best, en ekki að bankarnir, Framkvæmdastofnun eða Fiskveiðasjóður tækju féð upp í gömul vanskil. Það vill n. ekki. Ég held að menn geti verið sammála um það líka, að þeir aðilar á Suðurnesjum, sem koma til með að fá þessi lán, vilja sjálfsagt fá þessa peninga þannig að þeir geti nýst þeim, ekkert sérstaklega í vinnulaun. Það er allt annað mál, hvernig á að borga vinnulaun. Það er tengt rekstrargrundvellinum. Við erum ekki að ræða um hann hér. Við getum haft aðra umr. um það.

Frsm. meiri hl. (Karl Steinar Guðnason): Þær umr., sem hér hafa farið fram, gefa til kynna að menn séu ekki á eitt sáttir um það, hvert þetta fé eigi að fara sem í gengismunarsjóði er. Ég ítreka það aftur, að mér fyndist ekki mikið þó það færi allt til Suðvesturlands í þetta sinn, og þó það færi allt þangað þá mundi það ekki verða til þess að hjálpa til svo sem vera þyrfti. Við heyrum sagnir af því, að einstök lítil byggðarlög fá allverulegar fjárhæðir, sem eru langtum meira en það sem verið er að tala um að láta á Suðurnesin. Það er því ekki undarlegt þó að við, sem á þeim stöðum búum, gerum sömu kröfu.

Ég tel að þegar verið er að blanda saman herstöðinni á Keflavíkurflugvelli og stöðu frystihúsanna á Suðurnesjum, þá fari menn villir vega, því varla er það herstöðinni að kenna að fjöldi manns gengur nú atvinnulaus á Suðurnesjum. Varla er það herstöðinni að kenna að afli hefur rýrnað frá því sem hann var. Ég held að í kringum 1971 hafi aflinn verið 80 þús. tonn. 1973 var hann kominn niður í 40 þús. tonn, og nú mun aðeins aflast hluti af því — nú á síðustu vertíð barst aðeins hluti af þeim afla á land á Suðurnesjum.

Svo er það og þáttur í þessum erfiðleikum, að verðlagning á fiski er snarvitlaus, eins og hv. 5. þm. Suðurl. sagði áðan. Það borgar sig að vinna smáfiskinn. Það borgar sig að drepa þann fisk sem ætti hvað síst að drepa, smáfiskinn, en á þessu svæði, þar sem veiðifloti Suðurnesjamanna og Vestmannaeyja veiðir, er það einkum stærri þorskur sem veiðist. Smáfiskurinn aflast annars staðar á landinu. Svo er samsetning aflans sú, að miklu meira af öðrum fisktegundum en þorski berst á land þar um slóðir. Þetta hjálpast allt að við að gera ástandið svo slæmt sem það hefur verið.

Jafnframt tel ég að stefna stjórnvalda hafi orðið til þess, að ástandið er komið í það horf sem nú er. Það er ekki einleikið að lánveitingar út Byggðasjóði skuli vera á þann veg, að klippt er alveg á Suðvesturland. Maður hefði haldið að Byggðasjóður væri til þess ætlaður að efla byggð þar sem hún væri í hættu, en það hefur ekki gilt varðandi Suðurnesin. Þessu þarf að breyta, og vona ég að það verði gert nú á næstunni.

Það var rætt um þáltill. er hv. þm. Oddur Ólafsson fékk samþ. á síðasta þingi. Mér er kunnugt um að athugun er að fara fram samkv. till., en lítið hefur gengið.

Í tilefni af því, sem rætt hefur verið um starfshópinn er gerði úttektina, þá mun honum hafa verið falið í fyrsta lagi að kanna mikilvægi hvers fyrirtækis í atvinnulífi á hverjum stað, í öðru lagi að athuga fjárhagsstöðu fyrirtækjanna og rekstrarárangur þeirra á þessu ári og undanförnum árum og viðhafa almennt mat á stjórnun fyrirtækjanna og í þriðja lagi að athuga með tæknibúnað fyrirtækjanna.

Ég vona að þær till., sem n. gerði, verði að veruleika. Það er svo, að þótt aðeins séu nefnd 11-13 frystihús í þessari skýrslu, þá er nú reiknað með að önnur lifi einnig — fyrirtæki sem eru ágætlega stödd og þurfa ekki á sérstakri fyrirgreiðslu að halda. Ég vil líka geta þess, af því að það var talað um saltfiskinn hér áðan, að samkv. nýjustu fréttum, sem mér hafa borist, er staðan á saltfisksmörkuðum að batna allverulega og vona ég að það komi til góða heimilisiðnaðinum, sem talað var um áðan,

og reyndar allri saltfisksframleiðslunni.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta, en ítreka að það, sem á að veita úr gengismunarsjóði á þetta svæði, er allt of lítið. Það yrði sæmilegt ef gengismunarsjóður allur kæmi á Suðurnesin, þ. e. a. s. sú upphæð sem er í gengismunarsjóði núna, fari þangað. En það, sem áætlað er að fari til Suðurnesja, verður til lítillar hjálpar. Það er þörf margra aðgerða annarra, m. a. þarf að auka við bátaflotann og gera mönnum kleift að stunda útgerð af sama þrótti og gert var áður fyrr á Suðurnesjum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Niðurfærsla vöruverðs, frv. (þskj. 8, n. 158 og 165). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978, sem flutt er til staðfestingar á brbl. sem sett voru 1. sept. s. l.

Efni brbl. er ákvæði um að sú aukning niðurgreiðslu, sem ákveðin var í byrjun september, skuli koma til frádráttar verðlagi í byrjun ágúst þegar kauplagsnefnd reiknaði verðbótavísitölu. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. forsrh. er slík lagasetning ekki nýmæli. Allt frá árinu 1970, þegar ríkisstj. Jóhanns Hafstein beitti sér fyrir slíkum lögum, hefur þetta átt sér stað.

Á fund n. kom Jón Sigurðsson forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og svaraði spurningum um það, hvernig líklegast væri að þróun verðlags og kaupgjalds hefði orðið ef lög nr. 3/1978, um efnahagsráðstafanir, hefðu haldið gildu sínu óbreytt, og öðrum spurningum sem fram voru bornar.

N. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. skilar séráliti. Geir Gunnarsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Brbl. þau, sem hér eru til staðfestingar, hafa verið framkvæmd á ábyrgð ríkisstj. Þetta er fyrsta löggjöf þeirrar stjórnar, en engu síður er talið nauðsynlegt að þau öðlist nú staðfestingu. Minni hl. n. telur eðlilegt að stjórnarliðar einir standi að staðfestingu þessara laga og mun ekki greiða atkv. við þá atkvgr. sem fram undan er, enda er varla hægt til þess að ætlast af okkur. Þó við höfum leitast við að greiða fyrir þingstörfum eins og nokkur kostur er, bæði í þessari hv. d. og eins í n., og munum halda því áfram þannig að þingstörf gangi eðlilega, er naumast hægt að ætlast til þess, að við förum að greiða atkv. með þessum lögum, sem eru upphafið að endalokum hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 111, n. 170). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bragi Níelsson): Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 1971, um almannatryggingar, var til umfjöllunar á einum fundi heilbr.- og trn. og voru þar allir á einu máli um að mæla með samþykkt frv. Við mælum því með að þetta frv. verði samþ. Fjarstaddir á fundi n. voru Bragi Sigurjónsson, Geir Gunnarsson og Oddur Ólafsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 28. fundur.

Fimmtudaginn 14. des., að loknum 27. fundi.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 7). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Niðurfærsla vöruverðs, frv. (þskj. 8). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, frv. (þskj. 146). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðjöfnunargjald af sauðfjárafurðum, frv. (þskj. 59). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 182).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 111). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 108). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Árið 1974 voru sett lög um ríkisábyrgð á launakröfum á hendur vinnuveitenda sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota. Að fenginni reynslu hafa komið fram margvíslegir annmarkar bæði á formlegum búningi þessara laga og eins á framkvæmd þeirra. Reynslan hefur sýnt að þau almennu réttindi, sem grundvallarhugsun þessara laga byggist á, eru takmarkaðri en eðlilegt má teljast.

Á þskj. 108 hef ég flutt frv. til laga sem felur í sér að leiðrétta einn þeirra þátta sem er ábótavant í frv. Það er sá þáttur, að við gjaldþrot glatast þær innstæður sem makar eða börn eiga hjá viðkomandi atvinnurekanda vegna dauðsfalls fyrirvinnu heimilisins eða einstaklingar eiga vegna bóta sem skylt hefur verið að greiða vegna örorku. Það eru ýmis tilvik sem sýna að túlkun gildandi laga felur það í sér, að þótt ríkið ábyrgist greiðslu á almennum vinnulaunum við gjaldþrot þá glatast örorkubætur hafi viðkomandi rekstraraðila verið dæmt að greiða þær, eða bætur vegna dauðsfalls. Ég held að slíkur búningur laganna sé fyllilega óeðlilegur, miðað við þá almennu velferðar- og réttindahugsun sem að baki þessum lögum var á sínum tíma. Ég hef þess vegna leyft mér að flytja frv. til laga sem felur einfaldlega í sér að þessi þáttur laganna verði leiðréttur.

Eftir að þetta frv. var flutt hafa hins vegar í viðræðum samtaka launafólks og ríkisstj. komið fram óskir af hálfu samtaka launafólks um víðtækari leiðréttingu á lögunum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot en þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég tel því sjálfsagt að skoðun á þessum breytingum, sem ég hér legg til, verði í tengslum við umfjöllun um þær hugmyndir eða það frv. sem samtök launafólks hafa kynnt fyrir stjórnvöldum og ég held að sé nú til meðferðar — eða vona a. m. k. að sé nú til meðferðar á vettvangi ríkisstj.

Í raun og veru held ég að ekki sé þörf á því að fara mörgum orðum um þetta frv. Hér er að mínum dómi um tiltölulega einfalda og ekki mjög kostnaðarsama breytingu að ræða, — breytingu sem er hins vegar nauðsynleg ef við ætlum að láta þá almennu réttinda- og velferðarhyggju, sem mótaði hin upphaflegu lög, einnig ná til bóta sem eru sprottnar vegna slysa, sem valdið hafa örorku, eða slysa, sem valdið hafa dauðsfalli. Með vaxandi tíðni vinnuslysa og þeirri óvissu, sem einkennir rekstrargrundvöll fjölmargra fyrirtækja, eru líkur á því, að sá galli núgildandi laga, sem ég hef gert hér að umræðuefni, kunni e. t. v. að verka enn frekar í þá veru að fjölskyldur, makar og börn, glati verulegum fjármunum eða réttindum við gjaldþrot fyrirtækja, sem þau eiga þó samkv. öllum almennum skilningi að eiga jafnan rétt til og þeir sem vinna hjá fyrirtækinu og eiga þar inni laun ógreidd þegar til gjaldþrots kemur. Ég tel, eins og ég hef sagt, að ekki sé nokkur ástæða til þess að gera greinarmun á almennum launagreiðslum og þeim örorku- og dánarbótum sem vinnuveitanda hefur áður verið gert skylt að greiða, en kunna að nokkru leyti að vera ógreiddar þegar til gjaldþrotsins kemur. Það er þess vegna von mín að þetta mál fái jákvæðar undirtektir.

Mér er kunnugt um að þessi breyting og reyndar aðrar, eins og ég vék að áðan, eiga viðtæfan stuðning hjá samtökum launafólks. Ég vil þess vegna mælast til þess, að að lokinni 1. umr. verði þessu máli vísað til félmn. væntanlega, þótt það kunni önnur n. að koma til greina, — ég tel að það mál þurfi aðeins skoðunar við, en ég vil á þessu stigi gera till. um félmn, — og verði síðan skoðað í samhengi við þær breytingar sem ríkisstj. vonandi gerir á þessum lögum að öðru leyti.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins upplýsa að það hefur þegar verið samþ. í ríkisstj. að leggja fram frv. um ábyrgð á þeim kröfum í sambandi við gjaldþrotaskipti sem þetta frv. fjallar um. Ég hygg að upp í það frv. séu tekin efnislega öll þau atriði sem eru í þessu frv. Enn fremur hefur ríkisstj. samþ. að leggja fram frv. viðvíkjandi skiptum á dánar- og félagsbúum.

Ég geri ráð fyrir því, að þessi frv. verði lögð fram alveg næstu daga, er óhætt að segja, e. t. v. á morgun. — Þetta vildi ég einungis láta koma fram.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., var flutt fyrr á þinginu, þegar ekki var vitað hvað var í „félagsmálapakkanum", eins og oft er sagt nú, en eins og hæstv. forsrh. skýrði frá hefur þetta verið tekið inn í pakkann. Ég vil þó geta þess, að í verkalýðshreyfingunni er það mjög mikils metið að þessu skuli vera breytt og líka öðrum atriðum er fjalla um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Lögin, sem gilt hafa, hafa verið mjög takmörkuð. Hafi liðið meira en 6 mánuðir frá gjalddaga krafna, þegar gjaldþrotaúrskurður var kveðinn upp, þá misstu menn rétt sinn, glötuðu rétti sínum. Var það mjög algengt og er, að menn tapa stórum fjárhæðum einmitt vegna þessa formgalla.

Ég vil aðeins ítreka að það er mjög mikils metið af verkalýðshreyfingunni, að þessu skuli vera breytt, og reyndar er það svo, að sé allt til tekið, sem nú á að koma til framkvæmda í svokölluðum „félagsmálapakka", þá met ég það og við fleiri miklu meira en 3% í launum — þau 3% sem verið er almennt að ræða um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn.

með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 29. fundur.

Fimmtudaginn 14. des., að loknum 28. fundi.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þar sem fjmrh. er ekki viðlátinn vil ég hlaupa í skarðið fyrir hann og fylgja þessu frv. úr hlaði með örfáum orðum.

Þetta frv. er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 1. júní 1978. Efni frv. er samræming á upptalningu tollskrárnúmera vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um tollskrá. Frv. hefur gengið í gegnum hv. Nd. og verið samþ. þar ágreiningslaust.

Ég vil leyfa mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 110). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11. shlj. atkv.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 143). — 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur, þm. Alþfl. þessari d., að flytja frv. til 1. um breyt. á 1. nr. 11 frá 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

Í áliti nefndarinnar, sem undirbjó lög nr. 11 1973, er að því vikið að nefndin hygðist semja sérstakt frv. til 1. um fjárhæð bóta vegna eignarnáms fasteigna eða sameina slíkt því frv. til 1. sem nefndin samdi. Af þessu hefur þó ekki orðið og er ætlunin sú með þessu frv. að bæta úr þessu.

Í áðurgreindu nefndaráliti voru talin ýmis vandkvæði á því að taka í lög ákvæði um fjárhæð eignarnámsbóta. Stafi það m. a. af því, að ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um „fullt verð" setji slíkri löggjöf vissar óhagganlegar skorður. Þá sé ákvörðun eignarnámsbóta margþætt og flókið viðfangsefni sem naumast verði settar tæmandi reglur um, eða a. m. k. ekki reglur sem leiði sjálfkrafa til afdráttarlausrar niðurstöðu. Því virðist varla annað og meira koma til greina en að lögfesta vissar meginreglur um fjárhæð eignarnámsbóta. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til að svo verði gert varðandi ákvörðun eignarnámsbóta þegar fasteign er tekin eignarnámi.

Við framkvæmd eignarnáms hér á landi hefur lengi gætt mikils misræmis varðandi túlkun ákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar um „fullt verð". Í lögum nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms, voru ákvæði þess efnis, að verð eignar skyldi miðast við gangverð, sem eignin hefði í kaupum og sölum. Í núgildandi lögum, nr. 11 1973, er hins vegar enga slíka viðmiðunarreglu að finna. Gamla reglan þótti orka tvímælis og var túlkun ákvæða um eiganrnámsbætur á ýmsan veg í úrskurðum dómkvaddra matsmanna og er svo enn.

Eitt umdeildasta atriðið í sambandi við eignarnámsbætur er það, hvort taka skuli tillit til fyrirhugaðra nota lands, eftir að eignarnám hefur farið fram og eftir að eignarnemi hefur með skipulagi og síðari framkvæmdum breytt möguleikum til nýtingar þess. Margir eru þeirrar skoðunar, að eðlilegast sé að miða eignarnámsbætur við þá raunverulegu eða eðlilegu nýtingu sem eigandi hefur af landinu þegar til eignarnáms kemur.

Á móti þessu eru borin fram þau rök, að eigandi fasteignar, sem verður að þola eignarnám, verði lakar settur en nágranni hans, sem eigi land utan þess svæðis, en njóti hagræðis, t. d. af lagningu hraðbrautar, í hækkun verðs á landi sínu. Skattfrelsi ávinnings af slíkri verðhækkun lands, sem ekki stafar af aðgerðum eiganda, hefur styrkt þessa skoðun, það er skoðun flm. frv. þessa að lögfesta beri verðaukaskatt sem skattleggi ávinninginn í þessu tilviki til ríkissjóðs. Flm. telja ekki rétt að eigandi lands njóti ávinnings vegna framkvæmda, sem ætlunin er að ráðast í eftir að land hans hefur verið tekið eignarnámi, eða ávinnings vegna framkvæmda opinberra aðila í nágrenni við hann, án þess að hann hafi átt þar nokkurn hlut að máli.

Bent hefur verið á dæmi um óeðlilega niðurstöðu matsmanna við mat á verðmæti lands, t. d. í sambandi við þarfir sveitarfélaga vegna nauðsynlegrar vegagerðar, orkuvinnslu o. s. frv. Sveitarfélögin hafa m. a. talið á sig hallað í ýmsum tilvikum með úrskurðum matsmanna á eignarnámsbótum. Má um þetta atriði vísa til niðurlags grg., sem núv. formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jón G. Tómasson, samdi að tilhlutan sambandsins og send var með tillögum þess til stjskrn. Alþingis hinn 29. jan. 1975.

Ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa kafla úr þessari grg. Jóns G. Tómassonar, þar eð ég tel að hún rökstyðji mjög vel þá nauðsyn að þetta frv. er borið fram. Hann segir svo m. a.

„67. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um að við eignarnám skuli koma fullt verð fyrir. Ekki er þetta hugtak skýrt nánar í stjórnarskrá né heldur í lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11/1973. Í lögunum eru ekki heldur settar fram neinar leiðbeiningarreglur um hvernig meta skuli fjárhæð eignarnámsbóta. Í eldri lögum frá 1917 var hins vegar ákvæði þess efnis, að matsverð eignar skyldi miðast við gangverð sem eignin hefði í kaupum og sölum. Meðal fræðimanna var þetta ákvæði umdeilt, og var bent á að gangverð eignar þyrfti ekki alltaf að vera sama og fullt verð og lagareglan því tæpast í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Nefndarmenn eru þeirrar skoðunar, að við eignarnám eigi eignarnámsþoli ekki að eiga tilkall til endurgreiðslu sem er miðuð við væntaleg

eða fyrirhuguð not lands eftir að sveitarfélag hefur með skipulagi og síðari framkvæmdum breytt möguleikum til nýtingar þess, en þetta viðhorf hefur verið þungt á metum við verðlagningu samkv. matsgerðum. Nefndin telur hins vegar að miða beri eignarnámsbætur við þá raunverulegu eða eðlilegu nýtingu eiganda sem eigandi hefur af landinu þegar til eignarnáms kemur. Nauðsyn er að um þetta verði sett skýr löggjöf, og vekur nefndin þá athygli á að orðalag stjórnarskrár megi ekki útiloka að metnar verði sanngjarnar bætur og eftir þeim sjónarmiðum sem nú var lýst.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að norsk lög frá 26. jan. 1973 kveða á um bætur fyrir eignarnámstöku á fasteignum. Lögin setja fram eftirfarandi meginreglur til viðmiðunar:

1) Verðlagning miðast við notkun fasteignar þegar beiðni um eignarnám kemur fram.

2) Taka ber tillit til breytinga á notkun eignar, sem eðlilegt er að reikna með eftir aðstæðum á staðnum, en með hliðsjón af þeirri starfsemi eða þeim tilgangi sem notkun eignarinnar hefur verið tengd.

3) Ekki ber að taka tillit til möguleika á verðhækkun eignar í framtíðinni.

4) Ekki ber heldur að taka tillit til þess, þótt eignarnemi hefði viljað kaupa eignina hærra verði vegna sérstakra þarfa hans, ef eignarnámsheimild hefði ekki verið fyrir hendi.

5) Ekki ber að meta verðbreytingar, sem leiðir af tilgangi eða markmiði eignarnámstökunnar né heldur af framkvæmdum eða starfsemi, hvorki þegar gerðum eða fyrirhuguðum, sem eru í tengslum við eignarnámstökuna.

6) Heimilt er að taka tillit til þess, ef framangreindar reglur leiða til verulega lægra matsverðs á eign en almennt gildir um hliðstæðar eignir í héraðinu, og þá miðað við venjulega notkun þeirra með hliðsjón að reglum 1.-5. tölul. hér að framan. Í slíku tilviki ber ekki að taka tillit til verðhækkana sem stafa af framkvæmdum eða fyrirhuguðum áformum hins opinbera um notkun lands.

Með þeim takmörkunum, sem nú hefur verið greint frá, skulu eignarnámsbætur miðaðar við söluverðmæti eða notkunarverðmæti eignar. Í stjórnarskrá Noregs, 105. gr., er ákvæði um „fullt verð" hliðstætt því sem er í 67. gr. stjórnarskrár Íslands. Mjög hefur því verið umdeilt í Noregi, hvort framangreindar reglur eignarnámslaganna frá 1973 séu í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar, en ekki er vitað að á gildi laganna hafi enn reynt fyrir dómstólum."

Síðan þessi grein var rituð hefur það gerst, að Hæstiréttur Noregs hefur fjallað um þetta mál, eins og segir í aths. við 1. gr. frv.:

„Þess skal getið, að Hæstiréttur Noregs hefur skorið úr því, að áðurnefnd lagaákvæði fari ekki í bága við ákvæði norsku stjórnarskrárinnar."

Eins og menn munu sjá, sem lesa frv. og bera það saman við það sem ég hef nú sagt, er það smiðið mjög eftir norskum lögum um þetta atriði sem nú hefur reynt á fyrir dómstólum Noregs að samræmast 105. gr. stjórnarskrár þeirra, sem er nær eða alveg shlj. 67. gr. stjórnarskrár okkar. Það ætti þannig að vera nokkuð ljóst og öruggt, að hér er ekki verið að flytja frv. sem rekst að neinu leyti á 67. gr. stjórnarskrárinnar, en er flutt til þess að matsmenn og síðar dómendur hafi gleggri og skipulegri ákvæði eftir að fara í sambandi við mat á eignum, sem þarf að taka eignarnámi.

Ég vil geta þess fyrir þá n., sem kynni að skoða þetta mál vel, að ég hef í höndum ljósrit af héraðsdómi og síðar hæstaréttardómi Noregs um þetta mál og er fús til að ljá viðkomandi n. þau gögn til athugunar um leið og sú n., sem málið gengur til, fjallaði um það milli umr.

Ég hef ekki lengra mál um þetta frv., en legg til að að lokinni umr. verði því vísað til félmn., sem ég hygg að sé eðlilegt þar sem þetta mál hlýtur að snerta mjög mikið málefni sveitarfélaga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Takmörkun loðnuveiða, þáltill. (þskj. 120). — Ein umr.

Flm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 120 svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir að loðnuveiðar verði takmarkaðar á sumar- og haustvertíð vegna aukinnar slysahættu. Einkum verði afla- og hleðslutakmörkunum beitt á loðnuveiðiskip."

Ég vil rökstyðja þessa tillögu í nokkrum orðum.

Öryggismál sjómanna hafa verið mjög til umræðu í fjölmiðlum nú að undanförnu. Má þar minna á nýútkomna skýrslu sjóslysanefndar varðandi rek gúmbjörgunarbáta og þær umræður sem hafa spunnist um það mál. Einnig er ástæða til að nefna ályktanir sjómannasamtakanna nú síðustu daga um öryggis- og heilbrigðismál sjómanna um borð í skipum. Kröfur sjómannasamtakanna um öryggismál skiptast að meginefni í 4 þætti: Í fyrsta lagi er gerð krafa um að í öllum gúmbjörgunarbátum verði komið fyrir örbylgjusendum, sem mundi stórauka líkindi á björgun manna úr sjávarháska. Í öðru lagi eru gerðar sérstakar kröfur um öryggisloka við línu- og netavindur. Í þriðja lagi, að sérstakur öryggisútbúnaður verði við skut skipa til að afstýra því að sjómenn falli útbyrðis. Þess má geta, að eftir hörmulegt slys um borð í skuttogara fyrir nokkrum árum er skylda að sérstakur útbúnaður sé við hliðið fyrir ofan skutrennu á öllum nýsmíðum. Í fjórða lagi er gerð krafa af hálfu sjómannasamtakanna um bætta veðurþjónustu.

Undir þessa tillögu sjómannasamtakanna ber að taka. Þetta eru sjálfsagðar kröfur þeirra manna sem hætta lífi sínu við atvinnu sína.

Ég held að allir hv. deildarþm., sem unnið hafa á sjó, hafi oft undrast hversu fá slys eiga sér stað á fiskiskipaflotanum. Það er vart hægt að hugsa sér hættulegri vinnustað en um borð í fiskveiðiskipi. En sjómenn okkar eru best þjálfaða starfstétt landsins og kemur það einnig fram í slysatíðni á sjó.

En tilefni þessarar þáltill. eru öryggismál loðnuveiðisjómanna. Það er mat sjómanna, Siglingamálastofnunar svo og útgerðarmanna loðnuveiðiskipa, að það þurfi að grípa í taumana með bættri reglugerð varðandi sumar- og haustvertíð. Þó að talað sé í daglegu máli um sumar- og haustvertíð, þá er það nokkuð villandi. Það er ekkert sumar þar sem loðnuveiðiskipin eru á veiðum. Veiðisvæðið er norður í höfum, milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands. Þetta er íshaf, kaldur sjór, mikið ísrek og mikil hætta á ísingu. Hefur oft áður verið

bent á þá slysahættu sem skapast við þessar veiðar.

Mér þykir sérstök ástæða til að vekja athygli hér á hinu háa Alþingi á þætti Hjálmars R. Bárðarsonar siglingamálastjóra í þessum málum. Hann hefur í áraraðir barist ötullega fyrir öryggismálum fiskveiðiflotans. Hjálmar ritaði fyrir skömmu grein um þessi mál, um hleðslu loðnuveiðiskipa, þar sem hann bendir á ýmis atriði. Þar segir hann m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Reynslan sýnir, að á loðnuveiðum nú eru skip hlaðin meira en gert er ráð fyrir við útreikninga á stöðugleika skipanna í hlöðnu ástandi. Ástæðan er að sjálfsögðu sú, að vegna samkeppninnar um aflamagn taka skipstjórnarmenn meiri áhættu en talin er hófleg af þeim sem meta stöðugleika. Þarna er um að ræða þrýsting sem hvílir á skipstjórnarmönnum að standa sig vel frá veiðisjónarmiði. Þótt það kunni að vera illa þokkað af sumum, þá er mér ekki grunlaust um að mörgum skipstjórnarmanni væri kært að þessum þrýstingi yrði að einhverju leyti létt af þeim með því að ákveðið væri með valdboði viss hámarkshleðsla hvers skips."

Mér er einnig sérstök ánægja að geta þess hér, að Farmanna- og fiskimannasambandið hefur nýlega skipað þrjá menn, valinkunna skipstjórnarmenn, í nefnd til viðræðna við Siglingamálastofnun um bætt skipulag í þessum efnum. Vert er að geta þess hér, að hleðslutakmarkanir þær, sem í gildi eru, gilda vitanlega einnig fyrir loðnuveiðiflotann. Í reglugerð, sem er reyndar frá árinu 1963, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Eigi má lesta skip dýpra en að efri brún þilfars við skipshlið."

Nú er það svo, að reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að það hefur gengið illa að framfylgja reglum um hleðslutakmarkanir skipa, og þá liggur beinast við að leita að öðrum leiðum til að ná þessu markmiði, sem ég tel að allir séu sammála um, að hleðsluhættunni verði takmörk sett.

Það er að mínu mati ekki óeðlilegt, að það verði unnið að því að ákvarða þann hámarksafla sem hvert skip megi koma með að landi. Einnig kemur í því sambandi vel til álita, að þessum takmörkunum verði beitt á ákveðnum tímum og ákveðnum svæðum. Það mætti hugsa sér að beita þessu á þeim tíma þegar veður eru hvað verst, og svæðaskipting hefur einnig marga kosti, þar sem kuldaskil í sjónum eru á ákveðnum svæðum og þegar komið er í heitari sjó hér norðvestur af landinu er ekki eins mikil hætta á ísingu, sem er það hættulegasta við þessar veiðar.

Einnig er vert að vekja athygli á hleðslu loðnuveiðiskipa hvað varðar hleðslu framan í skipum, sérstaklega þegar mannaíbúðir eru frammí, þá getur verið mikið hættuspil að hlaða skipin mikið fram úr. Að mínu áliti kæmi einnig til greina að kanna hvort setja eigi loðnuveiðibann á smæstu skip á hættulegustu tímum og svæðum. Nú er það svo, að á sumar- og haustvertíð og reyndar á vetrarvertíð líka eru smærri bátar allt niður í 200-300 tonna báta, á þessum veiðum, og gæti komið til álita að setja einhverjar stærðartakmarkanir á báta, a. m. k. þá sem veiða á sumar- og haustvertíð. Á vetrarvertíð er hættan mun minni, þar sem veiðisvæðið er nær landi, a. m. k. þegar komið er fram í byrjun febrúarmánaðar. Þó álít ég að farsælast yrði að takmarka afla á hvert skip í hverri veiðiferð fyrir sig. Það yrði tiltölulega auðvelt að hafa eftirlit með því. Ef sú leið yrði farin, þá yrði að kanna hvert skip fyrir sig og ákvarða hámarkshleðslu út frá því. Það þarf varla að nefna það hér, að óyfirbyggð skip hafa ýmsa sérstöðu sem taka verður tillit til, en það

Ég hef það eftir sjómönnum, sem hafa stundað haust- og sumarveiðarnar þarna norður frá, að bátarnir séu yfirleitt, þegar afla gefur, hlaðnir langt umfram það sem hæfilegt er. Má hver sem vill lá aflaskipstjórunum okkar það eða ásaka sjómennina fyrir það að hlaða vel þegar afla gefur. Það hefur alltaf fylgt þessu starfi, í fyrsta lagi mun vera almennt mat, að yfirbyggð skip eru betur í stakk búin að stunda veiðar við erfið skilyrði.

Varðandi þá tillögu að setja hámarksafla á hvert skip í hverri veiðiferð, þá kemur aðvitað alltaf fyrir að einhver umframafli komi óviljandi og jafnvel viljandi, sem yrði gerður upptækur, eins og við þekkjum dæmi um í sambandi við fyrri þorskveiðibönn og síldveiðibönn og fleiri veiðitakmarkanir. Í sambandi við þennan upptekna afla þykir mér sérstök ástæða að vekja athygli á hugmynd Hjálmars R. Bárðarsonar um að aflaverðmæti þess umframafla, sem að landi berist og yrði gerður upptækur, rynni í Ekknasjóð drukknaðra sjómanna. Ég álít að þessi hugmynd sé mjög góð, og ef sú leið yrði farin, sem ég er að rekja, mundi ég mæla með því, að þessi leið yrði farin, frekar en það sem nú er gert, að aflaverðmæti upptæks afla er látið renna í ríkissjóð, einmitt að láta þennan umframafla renna í Ekknasjóð drukknaðra sjómanna. Það tengir þetta mál því markmiði, sem við erum að reyna að ná með þessum takmörkunum, að bjarga mannslífum.

Mér þykir einnig ástæða til að vekja athygli á nauðsyn þess, að varðskip sé haft hjá loðnuveiðiflotanum þegar skilyrði veiðanna eru vægast sagt mjög erfið. Þetta er mjög mikilvægt atriði sem tengist bæði öryggissjónarmiðum og almennri þjónustu við loðnuveiðiflotann. Það er að mínu mati ekki óeðlilegt, að þarna sé varðskip tímabundið eða eftir því sem best á við bundið við loðnuveiðiflotann. Satt að segja höfum við á undanförnum árum verið mjög aftarlega í þeirri þróun að láta stærri skip fylgja fiskveiðiflota okkar. Þar sem loðnuflotinn eða togaraflotinn veiðir yfirleitt á sömu slóðum og mörg skip eru í hnapp yrði þetta til mikilla bóta fyrir sjómenn og útgerð landsmanna, ef af yrði.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að það er raunhæfur möguleiki að það komi snöggleg ísing, sem er algeng við veiðar í norðurhöfum þar sem loðnuveiðibátarnir eru að veiðum, og þá er mikil hætta á því, að ekki einn, heldur fleiri loðnuveiðibátar farist á einni nóttu. Þetta þýddi stórslys sem gæti kostað tugi manna lífið. Við skulum ekki bíða eftir slíkum stórslysum. Það er því von mín, að allir aðilar sem hér eiga hlut að máli, sjómenn, Siglingamálastofnun, útgerðarmenn og hv. alþm., beri gæfu til þess að stuðla að minnkun þessarar miklu slysahættu sem ég hef hér lýst.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, leyfa mér að gera tillögu um að þessari þáltill. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Að minni vitund er það vafalaust að þakka ber hv. þm. Ágúst Einarssyni fyrir það mál sem hann hefur hér reifað og lagt fram. Að vísu er ég ekki persónulega kunnugur loðnuveiðunum þarna á norðurslóð, þar sem við nú stundum þær á haust- og sumarvertíð, en nógu kunnugur þó persónulega síldveiðunum og hleðslu síldarbátanna frá því í gamla daga, og hér er um samsvarandi tæknilegt vandamál að ræða í sambandi við fermingu eða hleðslu þessara veiðiskipa okkar.

ákveðin gleði, ákveðið kapp, sem gerir það að verkum að menn taka það sem báturinn ber, og svo eru ákaflega mikil verðmæti í húfi. En hér er um svo langa siglingarleið að ræða frá hinum nyrstu miðum og til hafnar á Íslandi, að gert getur mörg veður slæm á þeirri siglingu, og eins og hv. flm. og frsm. sagði, þá er sjórinn þarna kaldur, ekki bara að haustinu, heldur einnig að sumrinu, þannig að dæmi eru um ísingu á þessari fiskislóð að sumri til. Ég hef það eftir fiskiskipstjóra, sem þarna hefur stundað veiðar nú í þrjú ár, að skip hans hafi ísað undir ágústlok á siglingu frá Jan Mayen-slóðinni og upp til Siglufjarðar með fullfermi.

Ég hygg að hv. flm. hafi alls ekki ýkt hættuna sem sjómenn okkar eru í á þessum slóðum, þar sem vissulega er hugsanlegt að farist geti fleiri skip en eitt og fleiri en tvö og allur sá floti sem við höfum þarna úti í slæmu veðri á þessari slóð er í hættu með áhöfnum. Ég felli mig vel við hugmyndina um það, að gefið verði formlegt leyfi á hvert skip fyrir því sem því er leyfilegt að flytja til hafnar á veiðunum þarna norður frá. Væri þá hugsanlegt að heimildirnar eða leyfin, sem út yrðu gefin, yrðu miðuð við svæði hverju sinni þannig að annað gildi á vetrarveiðunum þegar loðnan er komin upp á grunnslóð fyrir Austfjörðunum og hér fyrir Suðurlandinu og stutt til hafnar þannig að hættan, sem liggur í því, hversu langt er til hafnar, sé þó a. m. k. miklu minni með tilliti til þess, hvernig veðurspárnar eru hjá okkur.

Ég tók nú til máls um þessa till. til þál. e. t. v. fyrst og fremst vegna þess, að mig langaði að rifja upp till. sem fram kom af hálfu íslensks hugvitsmanns og áhugamanns um þessi mál í lok síðasta stóra síldveiðitímabilsins hjá okkur í kringum 1962, þegar Gísli heitinn Halldórsson verkfræðingur hafði teiknað og raunar látið hanna nælonhvali, sem hann kallaði, sem hann ætlaðist til að síldveiðiskipin hefðu með þarna norður eftir og dældu í aflanum og síðan yrðu dráttarbátar látnir draga þá til lands. Þá voru skipin smærri en nú tíðkast og farmar smærri sem fluttir voru til lands. Mig minnir að þessar nælonslöngur í hvalslíki, sem hann hafði falið Du Pont-verksmiðjununum amerísku að útbúa í tilraunaskyni, hafi átt að taka frá 300 og upp í 1500 tonn af síld. Ætlunin var síðan að síldveiðiskipin okkar eða veiðiskipin okkar, sem hann sagði að væru allt of dýr tæki til þess að standa í „transporti" á fiski norðan úr höfum, hefðu þessi ílát með sér merkt hverju skipi og verksmiðjurnar önnuðust síðan að safna þeim saman og koma til lands á sína ábyrgð, en keyptu úti á miðunum.

Það var nú svo með þessa hugmynd Gísla heitins Halldórssonar, að henni var tekið fagnandi, man ég var, af hálfu útgerðarmanna sem ræddu hana glaðlega sín í milli, en flestir létu það þó fylgja með, að þessu yrði náttúrlega aldrei í verk komið. Þó man ég eftir því, að einn íslenskur útgerðarmaður spáði öðruvísi fyrir þessari hugmynd Gísla. Það var Einar Sigurðsson. Hann lagði að mönnum að taka þessa hugmynd til alvarlegrar athugunar, vegna þess að hér yrði e. t. v. hægt að leysa á einfaldan hátt mjög svo þýðingarmikið efnahagslegt atriði í sambandi við afla á bræðslufiski af fjarlægum miðum.

Ég er næstum því alveg viss um að við munum ekki geta fengið til fiskveiða þarna á norðurslóð svo stór skip eða svo sterk að þeim geti ekki orðið hætta búin í vondum veðrum á siglingu til hafnar á Íslandi og að það er full nauðsyn að kveða á um það í lögum, hvaða öryggisráðstafanir skuli viðhafðar í sambandi við veiðar á loðnu þarna norður frá.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að ræða þetta mál frekar, en endurtek aðeins þakklæti mitt til hv. þm. Ágústs Einarssonar fyrir að hafa reifað þetta mál hér á þingi.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins standa hér upp og taka undir með síðasta ræðumanni og þakka flm. fyrir þessa till. til þál. Hér er hreyft máli sem hefur verið mikið til umr. meðal manna og allir virðast sammála um að eitthvað þurfi að gera. Þess vegna tek ég undir það, að hér er hreyft máli á réttan hátt, og ég vonast til að það verði til þess, að eitthvað verði farið að gera raunhæft í þessu þýðingarmikla öryggismáli fyrir sjómannastéttina.

Ég vil einnig taka undir þá hugmynd, sem kom fram í framsögu hv. flm., að sá afli, sem yrði gerður upptækur miðað við ákveðnar reglur, yrði lagður í sérstakan sjóð til styrktar ekkjum sjómanna. Þetta er mjög athyglisverð hugmynd sem ég vil taka undir og vænti að yrði fylgt eftir þegar að því kæmi, að settar yrðu reglur um það, svo að þessi hugmynd gæti orðið að veruleika, þó við náttúrlega viljum allir að þessar aðgerðir verði til þess, að ekki þurfi að gera upptækan afla.

En sem sagt, ég endurtek: Ég virði þessa till. og styð hana.

Flm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. Ég vil einungis þakka hv. alþm. góðar undirtektir undir þetta mál. — Varðandi hugmynd Gísla Halldórssonar, sem hv. þm. Stefán Jónsson nefndi, má til gamans geta þess, að þessi hugmynd er núna eiginlega framkvæmd hjá Dönum við veiðar á kolmunna. Þeir láta sérstakt skip hirða pokana þegar búið er að losa þá frá vörpunni. Þetta er sjálfsagt mál sem gæti átt framtíð fyrir sér hér, sérstaklega í sambandi við tveggja-báta-vörpuveiðarnar á kolmunna.

Ég vil einungis ítreka þakkir mínar fyrir góðar undirtektir, og það er von mín að það mál, sem þessi þáltill. fjallar um, fái farsæla lausn.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 31. fundur.

Fimmtudaginn 14. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 135). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 32. fundur.

Fimmtudaginn 14. des., að loknum 31. fundi.

Söluskattur, frv. (þskj. 110). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 40). — Frh. 1. umr.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja umr. um þetta mál úr hófi fram.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að lýsa eindregnum stuðningi mínum við þetta frv. Ég held að hér sé gott og þarft mál á ferðinni. Það er alveg hárrétt, sem kom fram hjá hv. 1. flm., að löggjöf okkar má bæta í þá átt að gæta betur réttarstöðu sakbornings. Ég minni á það, vegna þess að hv. frsm. nefndi lagasetninguna um Rannsóknarlögreglu ríkisins, að í sambandi við það frv. og breytingar, sem óhjákvæmilega fylgdu þar í kjölfarið, flutti ég brtt. um það, að skylt væri að skipa sökunaut réttargæslumann við rannsókn máls hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, taldi sem sagt þær heimildir, sem frv. gerði ráð fyrir, ekki nægilegar. Því miður náði brtt. mín ekki fram að ganga. En nú hefur hv. 1. flm. þessa frv. tekið það mál upp og mér er það vissulega ánægjuefni.

Ég held að öll þau atriði, sem hann tekur fyrir í frv. sínu, séu til bóta og mun fyrir mitt leyti sem nm. í allshn. stuðla að framgangi þessa máls.

Umr. frestað.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 169). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Við það frv., sem hér er til umr., er litlu að bæta umfram það sem segir í aths. frv.

Með frv. er gert ráð fyrir að ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 41 frá 1978, um Iðntæknistofnun Íslands, þess efnis, að iðnaðargjald, sem samkv. lögum nr. 64/1965 skal renna til stofnunarinnar, verði framlengt um eitt ár. Hefur iðnaðargjaldið verið 2‰ af kaupi verkafólks og fagmanna hjá iðnfyrirtækjum. Er gert ráð fyrir að það verði óbreytt frá því sem verið hefur.

Ráð hafði verið fyrir því gert, að í stað gjaldtöku iðnaðargjalds frá og með næstu áramótum kæmi bein fjárveiting í fjárlögum. Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs er í fjárlagafrv. fyrir árið 1979 hins vegar ekki gert ráð fyrir því, heldur er tekjum af jöfnunargjaldi samkv. lögum nr. 83 1978 ætlað að standa undir niðurfellingu iðnaðargjaldsins auk kostnaðarhækkana að hluta við rekstur stofnunarinnar milli ára. Segja verður, að sú var aldrei ætlunin með jöfnunargjaldinu, þótt gert hafi verið ráð fyrir að Iðntæknistofnunin kynni að njóta tekna af því til nýrra viðfangsefna. Til þess að koma í veg fyrir að áhrif jöfnunargjaldsins til eflingar iðnþróunar verði þannig stórlega skert með því að það sé notað til þess að borga niður fyrir ríkissjóð kostnað af starfsemi sem þegar er í gangi, er óhjákvæmilegt að mínu mati að framlengja ákvæði 45. gr. laga nr. 64/1965 um eitt ár.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar og er það till. mín, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 23, n. 155). — 2. umr.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 1. júní í sumar. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til athugunar og er öll sammála um að frv. verði samþ., eins og fram kemur í nál. á þskj. 155.

Hér er um að ræða mjög einfalt mál sem allir hv. alþm. kannast vel við, að í rauninni kemur þetta mál á nýjan leik til frekari umr. í sambandi við annað mál sem er einnig á þessari dagskrá svo að ég sé ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð.

Fjh.- og viðskn. mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.-6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Kjaramál, frv. (þskj. 42, n. 161 og 172, 52, 53, 57, 162). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til staðfestingar á brbl. Fjh.- og viðskn. Nd. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Álit meiri hl. er á þskj. 161, og brtt., sem sá meiri hl. flytur við frv., er hins vegar að finna á þskj. 162.

Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. sem sett voru rétt eftir að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum í septembermánuði. Hér er á ferðinni löggjöf sem grípur inn á allmörg svið. Fyrstu þrír kaflar þessa frv. fjalla um kjarasamninga, greiðslur verðbóta á laun, bætur almannatrygginga og niðurfærslu verðlags og nokkuð um verðlagseftirlit. Þessir þrír kaflar frv. hafa í rauninni allir þegar verið í framkvæmd og um þá hafa þegar staðið hér á hv. Alþ. allmiklar umr. Ég sé nú ekki þörf á því að auka við þá umr. varðandi þessa þrjá kafla, enda flytur meiri hl. n. engar brtt. við þessa kafla.

IV. kafli frv. fjallar hins vegar um nýja skattlagningu og við þann kafla höfðu komið fram nokkrar brtt. Meiri hl. n. gerir brtt. við þann kafla. Það er því rétt að skýra nokkru nánar frá því, hvaða breytingar hér eru á ferðinni og hvaða upplýsingar hafa komið fram í fjh.- og viðskn. varðandi þennan kafla frv. sem snýr að þessari skatt-

lagningu.

Í fyrsta lagi er um að ræða skattgjald samkv. 8. gr. frv., en þar er um svonefndan eignarskattsauka að ræða. Hann var þannig, að ákveðið var að leggja á eignarskatt einstaklinga 50% viðbótargjald og á eignarskatt félaga 100% viðbótargjald. Till. höfðu komið fram um að gera þá breytingu á þessari skattlagningu að létta þessi gjöld eða afnema þau með öllu á þeim einstaklingum sem eru komnir á ellilaunaaldur.

Hv. þm. Matthías Bjarnason flutti á þskj. 52 till. til breytinga á þessari grein og lagði þar til að þessi eignarskattsviðauki skyldi ekki innheimtur af þeim sem væru orðnir 67 ára gamlir fyrir 1. jan. 1978. Þær upplýsingar komu fram í n., að samþykkt á þessari till. mundi jafngilda því að 2006 einstaklingar slyppu við að greiða þennan skatt og skattalækkunin samkv. till. næmi þá fyrir þá, sem eru orðnir 67 ára að aldri eða meir, 84.8 millj. kr.

Þá hafði einnig komið fram brtt. við þessa gömu grein frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Sú brtt. er á þskj. 57. Þar er gert ráð fyrir að þessi eignarskattsauki sé lækkaður á þeim sem eru með lágar tekjur. Sem sagt, eignarskatturinn er í því tilfelli tengdur við framtaldar tekjur viðkomandi aðila. Þær upplýsingar, sem fram komu í n. varðandi þessa till., voru þær, að þessi eignarskattsauki mundi í reynd lækka við samþykkt hennar um 41.1 millj. kr. og skiptast þannig, að lækkunin væri 15.5 millj. á hjón og 25.6 millj. á einstaklinga, lækkunin samtals 41.1 millj. Þær upplýsingar voru einnig gefnar, að með samþykkt þessarar till. mundi eignarskattsaukinn lækka um u. þ. b. 17.9 millj. kr. á þeim sem væru 67 ára og eldri, vegna þess að þessi till. var ekki einvörðungu miðuð við þá, sem eru 67 ára og eldri, heldur alla þá, sem eru tekjulágir.

Þá hafði einnig komið fram brtt., sem snertir þessa grein, frá hv. þm. Albert Guðmundssyni, en brtt. hans er á þskj. 53. Sú brtt. er allmiklu víðtækari en hinar, því að hún gerir í rauninni ráð fyrir að þeim sköttum, sem hér er um að ræða, ekki aðeins í 8. gr., heldur öðrum greinum frv., verði öllum breytt í skyldusparnað og verði í formi skyldusparnaðar. Á þessa till. gat meiri hl. n. ekki fallist.

Þá kom fram í n. till., sem n. barst í rauninni frá fjmrh. varðandi þessa grein, um að svonefnd skattleysismörk varðandi eignarskattinn, sem eru nú þannig að einstaklingur má eiga 8 millj. kr. skuldlausar áður en hann kemur til með að borga eignarskatt og hjón mega eiga 12 millj. kr. skuldlaust áður en kemur til skattlagningar, yrðu hækkuð sem nemur 50%, eða að einstaklingurinn mætti eiga sem skuldlausa eign 12 millj. kr. og hjón 18 millj. kr. Það var upplýst, að samþykkt slíkrar till. mundi leiða til lækkunar á þessum skatti sem næmi í kringum 35 millj. kr., ef þessi skattalækkun væri einvörðungu bundin við þá sem eru orðnir 67 ára eða eldri og öryrkja. Meiri hl. n. tók upp þessa till. og hana er að finna sem fyrstu till. meiri hl. n. á þskj. 162. En sú till. er þannig:

„Við 8. gr. frv. bætist ný mgr. er verði 2. mgr. og orðist svo:

Hjá þeim mönnum, sem náð höfðu 67 ára aldri fyrir 1. jan. 1978 eða áttu rétt til örorkulífeyris á árinu 1977, skal álagður eignarskattsauki samkv. a-lið 1. mgr. lækkaður um 16 þús. kr. hjá einstakling og um 24 þús. kr. hjá hjónum."

Þetta jafngildir því sem ég var að lýsa, að skattleysismörkin væru færð upp varðandi eign. Samþykkt þessarar till. mundi þýða það, að þessi eignarskattsauki lækkaði sem sagt um 35 millj. kr. hjá þessum aðilum. En alls er skatturinn hjá þeim, sem eru orðnir 67 ára og eldri, 84.8 millj. kr. Það ber að geta þess, að upplýsingar voru gefnar um það, að af þessum skatti þeirra, sem orðnir eru 67 ára og eldri, er allmikill hluti hjá þeim sem eiga allmiklar eignir og hafa býsna drjúgar tekjur, þó að þeir séu orðnir 67 ára eða eldri. Þannig vorum við upplýstir um, að af þessum 2006 aðilum greiddu 155 einstaklingar 35.7 millj. af heildarskattinum, 84.8 millj.

Með þessu hef ég gert grein fyrir því, hvaða afstöðu meiri hl. n. tók varðandi skattlagningu samkv. 8. gr., um eignarskattsaukann. N. leggur sem sagt til að gerð verði nokkur breyting á greininni í samræmi við það sem ég hef hér lýst, þ. e. a. s. skatturinn verði lækkaður hjá þeim sem eru komnir á eftir- og ellilaunaaldur eða eru öryrkjar.

Þá er í þessum kafla frv. einnig um skattlagningu að ræða, þar sem er hækkun á tekjuskatti á hærri tekjum einstaklinga og einnig hækkun á tekjuskatti í atvinnurekstri. Það er samkv. 9. og 10. gr. frv. Þar gerir n. till. um nokkrar breytingar. Þær breytingar, sem er að finna á þskj. 162 frá n. varðandi 9. gr. og eins varðandi 10. gr., eru fyrst og fremst um að færa orðalag laganna til fulls samræmis við það sem ákveðið hafði verið í reglugerð við setningu brbl. Í rauninni er þarna ekki um efnisbreytingu að ræða frá því sem framkvæmt hefur verið varðandi þessa skattlagningu, heldur á að taka þarna af allan vafa um það, að lögin og reglugerðin fari saman í þessum efnum.

Eina efnisbreytingu gerir þó n. varðandi 10. gr. frv., en þar leggur n. til að ákveðið verði að fella niður skatt samkv. þessari grein sé skatturinn undir 15 þús. kr. Þar er fyrst og fremst um að ræða hinn svonefnda fyrningarskatt, þar sem fyrningarupphæðum á framtali er breytt og þær reiknaðar síðan sem tekjur til viðbótar við áður framtaldar tekjur. Þær hafa leitt til þess, að ýmsir aðilar, sem virðast ekki hafa ýkjamiklar tekjur, lenda í talsverðum skatti. Það er t. d. mjög áberandi, að bændur landsins lenda í þessum skatti mjög margir. Þegar fyrningarnar eru teknar út af rekstrarframtölum þeirra, þá hækka tekjur einstaklinganna allverulega og þeir lenda því allmargir í þessum skatti. Sama er að segja um bifreiðarstjóra. Þeir njóta einnig allmikilla fyrningarafskrifta, og þegar tekjur þeirra hafa verið hækkaðar í samræmi við þessi brbl. sem fyrningunum nemur, þá er það mjög áberandi hvað skatturinn leggst mikið á bifreiðarstjóra eða eigendur bifreiða. N. vildi mæta þeim aths., sem fram höfðu komið varðandi þetta atriði, með þessari breytingu, sem er um að fella niður skatt samkv. þessari grein sem er undir 15 þús. kr. Talið er að þetta leiði til þess að skattur samkv. þessari grein muni lækka um u. þ. b. 23 millj. kr., en hins vegar falli út úr skattgreiðslunni um 2400 aðilar. Ég tel mjög líklegt að það yrði allmikið um að þeir, sem þarna ættu hlut að máli, væru bændur og eins bifreiðaeigendur, en fleiri geta vissulega fallið undir þetta ákvæði.

Aðrar efnisbreytingar er í rauninni ekki að finna í till. meiri hl. fjh.- og viðskn. Þessar eru þær helstu sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að taka upp almennar umr. um þessi mál, þau hafa öll verið rædd svo mikið áður. Það væri þá kannske aðeins að gera grein fyrir því til frekari skýringar, vegna þess að það er einkum skatthluti þessa frv. sem hefur verið til umr., að samkv. þessari skatttöku má gera ráð fyrir að verði þessi skattur innheimtur á

næsta ári í því formi sem hér er gert ráð fyrir, þá muni eignarskattsaukinn með 50% álagi hjá einstaklingum nema í kringum 630 millj. kr. og eignarskattsviðaukinn hjá félögum sem er 100%, um 1250 millj. kr. Sérstakur skattur á háar tekjur einstaklinga er talið að muni nema um 600 millj. kr. og hinn svonefndi fyrningarskattur mundi nema á heilu ári um 1700 millj. kr. Breytingarnar á hinu tímabundna vörugjaldi, sú breyting að hækka vörugjaldið upp í 30% á þar tilgreindum vöruflokkum, mundi gefa um 1700 millj. kr. á heilu ári. Þá er gert ráð fyrir að gjald vegna ferðalaga til útlanda samkv. 17. gr. frv. mundi gefa á næsta ári, ef framlengt yrði, um 1600 millj. kr. Þau nýju gjöld, sem felast í þessu frv., og hér er um gjald á heilu ári að ræða, mundu nema um 7480 millj. kr. En þó ég hafi nefnt þessi gjöld á ársgrundvelli fela þessi brbl. ekki í sér ákvörðun um að öll þessi gjöld verði framlengd allt næsta ár, þó að um það hafi verið rætt að það verði gert eða jafngildi þess, e. t. v. í öðru formi.

Ég hef þá gert grein fyrir afstöðu meiri hl. fjh.- og viðskn. til frv. Hún mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir og meiri hl. n. flytur á þskj. 162.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég geri grein fyrir afstöðu minni hl. fjh.- og viðskn. Því miður hefur nál. ekki verið útbýtt í hv. þd., en ég vona að það komi ekki að sök. Ég mun þá reyna að gera ítarlegri grein fyrir afstöðu minni hl., fulltrúa Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn., en ella.

Þetta frv. er flutt til staðfestingar á shlj. brbl. frá 8. sept. s. l. Eins og fram hefur komið varð n. ekki sammála um afgreiðslu frv. Fulltrúar stjórnarflokkanna leggja til að frv. verði samþ. með smávægilegum breytingum, en við fulltrúar Sjálfstfl. leggjum til að frv. verði fellt.

Aðaleinkenni þessara brbl. og frv. er að það, sem rétt er með annarri hendinni, er tekið aftur með hinni. Með því telur ríkisstj. að stuðlað sé að tekjujöfnun í þjóðfélaginu og efnahagsvandinn leystur í bráð. Að vissu marki má á þetta fallast. Tekjujöfnunin er þó mest sjónhverfing, leikur með vísitölu, þar sem beitt er vafasömum aðferðum, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Sá árangur, sem kann að nást í baráttunni við verðbólguna til áramóta, veldur auknum vanda þegar til lengri tíma er litið. Neysla er örvuð á kostnað sparnaðar, dregið er úr vinnuvilja með hækkun tekjuskatts, siðferði látið fyrir róða með afturvirkum álögum. Niðurgreiðslur eru auknar á nokkrum landbúnaðarafurðum, það brenglar enn framleiðslutilhögun milli búgreina og gagnvart öðrum atvinnuvegum og hvetur til enn meiri umframframleiðslu í landbúnaði. Vísir er kominn að margföldu gengi.

Með ákvæðum fyrsta kafla frv. telur ríkisstj. að kjarasamningar frá 1977 hafi tekið gildi. Ýmsir fylgjendur stjórnarinnar í verkalýðshreyfingunni virðast trúa þessu líka, og þeir reyna að telja umbjóðendum sínum trú um það sama. Verðbætur á laun eru þó beinlínis skertar með ákvæðum 2. gr. frv. og skerðingin getur orðið meiri en samkv. fyrri lögum. Ekki er heldur unnt að segja að kjarasamningar séu látnir gilda til fulls, þar sem kauphækkunin nær ekki aftur til 1. mars s. l. Hópur launþega lendir bæði í skertum verðbótum og tekjuskattsauka. Aðgerðir sem þessar fela að sjálfsögðu í sér afskipti af launasamningum þar sem um kaup og kjör er samið með hliðsjón af gildandi skattareglum.

Afnám sölugjalds á ýmsum matvörum er vissulega áhrifarík leið til lækkunar verðs á vísitöluvörum, en hún er kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð. Með þessu móti má hamla gegn verðhækkunum um skeið, einkum þegar svo er staðið að verki sem hér er gert, að þær vörur sumar hverjar, sem í vísitölunni eru, fást ekki við því verði sem þar er skráð. Þetta á ekki einungis við hið fræga „kjarabótakjöt". Í þessu sambandi verður að leggja áherslu á að allir sérfræðingar í skattamálum hafa varað við auknum undanþágum í söluskatti vegna erfiðleika á framkvæmd og innheimtu og vaxandi hættu á undanskoti frá greiðslu.

Í grg. um virðisaukaskatt, sem unnin var á vegum fyrrv. ríkisstj., er rækilega tekið fram, að nauðsyn beri til að fækka undanþágum ef virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Aukningu undanþága verður því að túlka á þann veg, að virðisaukaskattur sé enn fjarlægari en áður og núv. ríkisstj. hafi ekki áhuga á að taka hann upp eða hafi ekki í hyggju að gera það.

Hækkun eignarskatts lendir fyrst og fremst á þeim sem eiga skuldlausar eða skuldlitlar fasteignir, því að eignarmyndun hér á landi er mest í mynd fasteigna. Af því leiðir jafnframt að eignarskattsaukinn lendir þungt á eldra fólki sem á skuldlausar fasteignir. Einnig lendir þessi eignarskattsauki með miklum þunga á þeim sem þurfa að eiga miklar fasteignir og vélar við framleiðslu sína.

Samkv. ákvæðum frv. er lagður helmingi hærri eignarskattsauki á félög en einstaklinga, en það hefur í för með sér stórfellda mismunun eftir rekstrarformi fyrirtækja. Fráleitt er að fyrirtæki greiði mismunandi skatt eftir því hvort þau eru skráð sem hlutafélög eða eru á nafni einstaklinga.

Á síðasta þingi voru samþykkt ný skattalög. Þar var haft að leiðarljósi, að ekki yrði um afturvirkni skattlagningar að ræða. Með athöfnum núv. ríkisstj. er hins vegar snúið við blaði. Úr því verður skorið, hvort lagasetning sem þessi fær staðist. Það verður fróðlegt að fylgjast með hversu ljúflega einstakir þm. stjórnarflokkanna rétta upp hendur með þessum ákvæðum frv.

Sérstakur 6% skattur er lagður á atvinnurekstur með því að skerða afskriftir. Þessi skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum. Hann kemur því eins út fyrir fyrirtæki og lagður væri sérstakur skattur á vörunotkun og vinnuaflsnotkun. Frá afkomusjónarmiði fyrirtækisins skiptir ekki máli hver af þessum leiðum er farin. Skatturinn ræðst af því, hvernig fyrirtæki hafa talið fram, þar sem nýting afskriftaheimilda ræðst iðulega af afkomu fyrirtækjanna.

Með því að tvískipta vörugjaldi er í reynd gerð tilraun til að flokka vöru eftir því hvort um munaðarvöru er að ræða eða nauðsynjavarning. Þetta er eitt af því varhugaverðasta í afskiptum stjórnmálamanna af frjálsu neysluvali einstaklinga, þ. e. að segja þeim hvað sé nauðsynjavara og hvað munaðarvara. Ríkisstj. tekur sér vald til að segja hvað sé gott og hvað sé slæmt. Árangurinn lýsir sér m. a. í því, að skriffæri, hreinlætisvörur ýmsar og tæki til tónlistariðkana eru talin munaður. Á sama tíma er ríkisvaldið að efla tónmennt og greiða tannviðgerðir barna af almannafé. En þetta á víst að bæta lífskjörin. Ríkisstj. gæti eins sagt: Hættið að leika á hljóðfæri og hættið að skrifa, borðið meira kjöt og smjör og þá munu lífskjörin batna.

Tekið er upp tvöfalt gengi með 10% gjaldi á andvirði yfirfærslu fyrir dvalarkostnaði erlendis. Þetta er gert í blóra við yfirlýsingar gagnvart alþjóðastofnunum.

Ákvæðið um hið tvöfalda gengi á að gilda til ársloka 1979.

Afgreiðsla þessa frv. hefur dregist nægilega lengi til þess að sönnun hefur fengist fyrir því, að brbl., sem nú er leitað staðfestingar á, bættu enn á efnahagsvandann. Þetta sýnir þróunin, sem varð til 1. des. s. l., og þær ráðstafanir, sem þegar hefur verið gripið til. Ég hygg að segja megi að undrun ríkisstj. hafi orðið meiri en annarra, hve verðbólgan varð miklu meiri í nóv. en reiknað hafði verið með. Það segir einnig sína sögu um úrræðaleysi ríkisstj., að um leið og rætt er þetta frv. og frv. til fjárl. fyrir árið 1979 hafa verið samþ. lög um ráðstafanir 1. des. s. l. þar sem eitt rekur sig á annars horn í forsendum um þróun kaupgjalds og verðlags.

Brtt. meiri hl. n. skipta í sjálfu sér engu máli. Þær eru lítilvægar, en þó til bóta. Við leggjum til í minni hl., að brtt. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar á þskj. 52 verði samþ. Verði svo gert mun eignarskattsauki á þá, sem orðnir eru 67 ára, lækka um tæpar 85 millj. kr., eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. Till. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um breytingu á sömu grein gengur of skammt. Sú till. er tengd við tekjur manna og þá ekki eingöngu þeirra sem orðnir eru 67 ára. Till. felur í sér lækkun eignarskattsauka um rúmlega 41 millj. kr., eftir því sem upplýsingar bárust n., en aðeins 18 millj. af því eru hjá þeim sem orðnir eru 67 ára. Till. meiri hl. um breytingu á 8. gr. þýðir hins vegar lækkun um 35 millj. Við tökum fram í minni hl. n., að ef meiri hl. er fyrir því í hv. þd. að afla þeirra tekna, sem hér er stofnað til, þá sé skynsamlegra að gera það með skyldusparnaði, og þess vegna mælum við með að till. á þskj. 53. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni verði samþykkt.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta mál. Hin óraunhæfu kosningaloforð stjórnarflokkanna frá s. l. vori eru ein meginorsök þess vanda sem nú er glímt við. Það fer best á því, að stjórnarflokkarnir leysi sjálfir þá hnúta sem þeir hafa bundið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Frsm. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur nú mælt með samþykkt þessa frv. til l. um kjaramál lítið breytt frá því að það var lagt fram af hæstv. ríkisstj. Ég hef flutt brtt. við þetta slæma frv., sem meiri hl. hv. n. hefur ekki séð sér fært að taka til greina, en brtt. mínar voru tilraun til þess að breyta eignarskattsauka og tekjuskattsauka í skyldusparnað, hætta við þá tekju- og eignaupptöku sem frv. gerir ráð fyrir. Þessi ríkisstj. hefur þegar hlotið nafn meðal þjóðarinnar og kallast „skattpíningarstjórn," svo að engum skyldi bregða þótt tilraun mín til að koma í veg fyrir upptöku eigna og tekna fólks nái ekki fram að ganga — tekna sem fólk hafði þegar gert ráð fyrir að hafa til ráðstöfunar eftir að hafa goldið sitt til sameiginlegra þarfa í þjóðfélaginu. Samþykkt á brtt. minni hefði þýtt viðurkenningu fólks á tímabundinni fjárþörf ríkissjóðs og fólk hefði þá af þegnskap, þegnskyldu, ekki haft á móti því að hjálpa ríkisstj. út úr þessum tímabundna vanda hennar, en hún hefur sjálf ætlað sér tveggja ára tímabil til þess að rétta hag ríkissjóðs.

Ég harma þessa árás á eignir fólks, bæði fasteignir og ráðstöfunarfé. En við hverju átti þjóðin að búast? Þetta er vinstri stjórn undir forustu komma. Takmark þeirra er að brjóta niður sjálfstæði einstaklingsins. Þeir vita að það gera þeir best með því að ráðast á eignir einstaklinga í þjóðfélaginu. En ég vil lýsa furðu minni á því, að þeir skuli hafa til þess stuðning hinna samstarfsflokkanna í ríkisstj.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Með brtt. frá fjh.- og viðskn. er vissulega stigið skrefi nær því sem réttlátt er varðandi álagningu eignarskattsauka samkv. frv. um kjaramál á þskj. 42. En hún nær of skammt hvað varðar láglaunafólk. Þarna er að einhverju leyti komið til móts við ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega, en óháð því, sem mestri gagnrýni hefur sætt, að þetta getur lagst þungt á þá sem hafa kannske ekki úr öðru að spila en almannatryggingabótum og litlum öðrum tekjum, en eiga þó einhverjar eignir. Ég vil benda á að samkv. brtt. hv. fjh.- og viðskn. lækkar eignarskattsaukinn um 16. þús. hjá einstaklingum og 24 þús. hjá hjónum óháð tekjum. En samkv. upplýsingum frá fjmrn. eru í hópi ellilífeyrisþega hálaunamenn, og eru það á annað hundrað manns sem hafa yfir 5 millj. í tekjur á árinu 1977, þar af 30 yfir 6 millj. og 30 yfir 7 millj. Til þeirra hálaunamanna mundi þessi afsláttur á eignarskattsaukanum ná einnig samkv. till. fjh.- og viðskn., meðan eignarskattsaukinn kemur af fullum þunga á láglaunafólk undir 67 ára.

Ég hef lagt fram brtt. við kaflann um eignarskattsaukann sem miðar að því, að niðurfelling og lækkun tekjuskattsauka fari eftir tekjuhæð. Ef sú till. yrði samþ. mundi skattalækkun einnig ná til mjög fjölmenns hóps undir 67 ára sem hefur litlar aðrar tekjur en almannatryggingabætur, og mundu þeir sleppa við eignarskatt samtals að upphæð 24-25 millj. kr. Til þessa hóps nær brtt. fjh.- og viðskn. ekki, þótt þetta sé mjög tekjulítill hópur og einnig sá hópur sem gagnrýnt hefur verið að fengi viðbót á eignarskatt, fyrir utan ellilífeyrisþega. Aftur á móti nær till. fjh.- og viðskn. m. a. til þess hóps manna sem ég nefndi áðan og er yfir 67 ára, en hefur engu að síður mjög háar tekjur, eins og kom fram fyrr í máli mínu. Ég held að það geti engum blandast hugur um að frá réttlætissjónarmiði séð hljóti þeir frekar að eiga skilið að fá lækkun eða undanþágu sem tekjulágir eru en tekjuháir. Lækkunin mun tvímælalaust ná til tekjulágra samkv. till. minni. en margra tekjuhárra samkv. till. fjh.- og viðskn.

Ég vil geta þess, að þetta mundi ná til um 1700-1800 manns samkv. till. minni og mundi tekjutap ríkissjóðs verða um 41 millj. kr.

Ég vil að lokum undirstrika það, að till. mín nær til þeirra sem mjög nauðsynlega þurfa á þessari lækkun eða niðurfellingu að halda vegna mjög lítilla tekna, þar sem aftur till. fjh.- og viðskn. nær ekki til allra þeirra, en tekur aftur á móti til mjög tekjuhárra manna. Þess vegna vona ég að till. mín fái stuðning þm. Það hlýtur að vera gagnrýnisvert að samþykkja hér ívilnanir til hátekjumanna meðan eignarskattsaukinn kemur af fullum þunga á lágtekjufólk.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 33. fundur.

Fimmtudaginn 14. des., að loknum 32. fundi.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 23). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 134, n. 174). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Sjútvn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. á þskj. 134 um breyt. á l. nr. 80 frá 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Flm. frv. eru hv. þm. Matthías Bjarnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Ólafsson, Páll Pétursson og Lárus Jónsson. N. leitaði umsagnar framkvæmdastjóra Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins um þetta mál, og þar kemur fram að hann er persónulega meðmæltur því, að þetta frv. verði afgreitt og sú breyting gerð á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins sem þar er lagt til, að gerð verði.

Sjútvn. leggur til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Efri deild, 30. fundur.

Föstudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Aukin gæði fiskafla, þáltill. (þskj. 119). — Ein umr.

Flm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 119 svohljóðandi þáltill. um aukin gæði fiskafla:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir í samstarfi við hagsmunaaðila sjávarútvegsins að gæði fiskafla verði bætt til muna og þá sérstaklega með ísun í kassa eða samsvarandi geymsluaðferðum."

Það ætti öllum að vera ljóst, að samhliða veiðitakmörkunum, eins og nú eiga sér stað í verulegum mæli, ber einnig að leggja ríka áherslu á að sá afli, er berst að landi, sé nýttur eins vel og kostur er á. Nú er það svo, að meiri gæðakröfur eru gerðar til hráefnis, sem fara skal í frystingu, heldur en ef um söltun eða herslu er að ræða. Með tilliti til þess óvissuástands, sem nú ríkir á mörkuðum Íslendinga fyrir hertan fisk, svo og vegna þeirrar sölutregðu á saltfiski, sem átt hefur sér stað í Portúgal, ber að mati mínu að leggja aukna áherslu á frystingu sjávarafla. Nú er það einnig svo, að fiskur, er fer til herslu til Nígeríu, er af lægri gæðaflokkum heldur en sú skreið sem fer t. a. m. til Ítalíu. Sama gildir um saltfiskmarkað okkar í Portúgal, en hann er einkum ætlaður fyrir lægri gæðaflokka saltfisks. Ber því að leggja ríka áherslu á að gæði fiskafla séu slík, allt frá því að fiskurinn er veiddur til þess að hann er tekinn í vinnslu og í vinnslunni sjálfri, að hann fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til góðs saltfisks eða góðrar skreiðar en þó sérstaklega til frystingar.

Að mínu mati er árangursríkasta aðferðin til að ná þessu markmiði að kassa fisk um borð í veiðiskipi, en sú vinnslu- og geymsluaðferð hefur rutt sér til rúms í fiskvinnslunni hérlendis. Nú eru það einungis tiltölulega fá skip sem eru sérstaklega hönnuð með kössun á fiski í huga. Er þar einkum um að ræða hina minni skuttogara. Einungis lítill hluti bátaflotans er þannig útbúinn að koma megi við kössun með góðu móti. Einnig má nefna að hinir stóru skuttogarar svonefndu voru fæstir miðaðir við notkun kassa er þeir voru byggðir. Þó eru til undantekningar frá því, og fjölmörgum þeirra hefur verið breytt í þá átt, að þeir geti einnig kassað fiskinn um borð. Það er ekkert vafaatriði, að kassavæðing skipaflotans muni skila sér mjög fljótt aftur í auknum gjaldeyristekjum. Má nefna fjölmarga kosti varðandi þetta atriði og vil ég nefna hér nokkra.

Við kössun á fiski á hafi úti reynist gæðamat fisksins vera mun betra en ef um lausan fisk er að ræða. Nefna má að einungis eru greiddar svokallaðar kassauppbætur þegar fiskurinn er metinn í 1. flokk. Jafnframt má ekki setja meira í fiskkassa en ákveðið hámarksmagn. Einnig má nefna það, að fyrir vinnsluna skiptir miklu máli að fá fiskinn án þess að greiða fyrir ís í afla, en tekin er meðalvigt úr tíunda hverjum kassa til þess að fá út aflamagn. Þegar um lausan fisk er að ræða reynist oft, sérstaklega hjá bátaflotanum, vera töluvert ísmagn í afla. Einnig skilar kassafiskur mun betri árangri í flökun og er það stórt atriði í nýtingu hráefnis. Jafnframt hefur kassafiskur meira geymsluþol en laus fiskur sé hann rétt meðhöndlaður í frystihúsi. Sömuleiðis má geta þess, að hlutfall neytendapakkninga í vinnslu eykst til muna sé unnið úr kassafiski, en þessar neytendapakkningar skila að öðru jöfnu betri útborgunarverði en blokk. Einnig má benda á að við löndun úr skipi, ef aflinn er í kössum, skapast margs konar hagræði sem vert er að drepa á. Bæði er um að ræða einfaldari og erfiðisminni vinnu við löndunina sjálfa svo og við flutninga frá bryggju til vinnsluhúss. Þessir flutningar eru mun auðveldari og fara mun betur með fiskinn heldur en ef um lausan fisk er að ræða. Vinnslurásin með lausan fisk er sú, eins og hv. alþm. þekkja vafalaust, að honum er landað í málum, sturtað á vörubíl, 8-9 tonn á hvern vörubíl, keyrt upp í hús, sturtað þar á gólfið og ísað yfir og síðan pikkaður upp á færibönd til flökunar og frekari vinnslu. Þarf ekki að hafa mörg orð um það, að slík meðferð á hráefni bætir

það ekki þegar kemur að úrvinnslu fisksins.

Mig langar til að víkja nokkuð að aðstöðu um borð í skipum með tilliti til kössunar. Ég nefndi fyrr að litlir skuttogarar væru yfirleitt þannig útbúnir að kassa megi afla að verulegu leyti. En iðulega er talið að ekki megi koma með kassafisk að landi sé veiðiferð lengri en 10-11 daga. Því er það algengt á skuttogurunum, sem eru lengri tíma úti, að afli fyrstu tveggja daganna er hafður laus og eftir fyrstu tvo, þrjá dagana er kassað. Þetta gefur betri árangur en að kassa frá upphafi veiðiferðar. Hins vegar má nefna það, að víðs vegar um landið eru minni skuttogarar einungis viku til tíu daga á veiðum og þá kemur ekki upp það vandamál er ég drap á áðan. Hins vegar er um vandamál að ræða í sambandi við bátaflotann sem þarf að bæta úr. Það þarf að gera margvíslegar breytingar á bátum til að þeir geti kassað aflann með góðu móti. En vert er að geta þess, að miðað við kössun nýtist rúm í skipum mun verr en ella. Má þar til nefna um síldveiðarnar, sem hafa stóraukist undanfarin ár, að ekki hefur tekist að fá menn til að kassa síldina, þótt ekkert vafaatriði sé að slíkt mundi bæta verulega hráefnið, þ. e. síldina. Geta má þess í þessu sambandi, að við verðlagningu síldar eru ekki greiddar kassauppbætur, en gert ráð fyrir að síldin sé í kössum, en slíkt þekkist varla, þannig að þar er um að ræða misbrest í verðlagningu.

Einnig má nefna sem kost varðandi kassavæðingu að koma má upp kældum geymslum, jafnvel við bryggjur, sem gætu nýst húsunum sameiginlega, en stórt atriði í kassavæðingunni, er að ekki einungis er nóg að koma kössum um borð í skip, heldur verður að útbúa aðstöðuna í landi þannig að sem best nýting fáist, og höfuðatriðið í því sambandi er að komið verði upp sem víðast kældum hráefnisgeymslum. Það eru dýrar framkvæmdir, og eins og staðan er núna hjá fiskvinnslufyrirtækjum er mjög erfitt að koma kældum hráefnisgeymslum upp.

Einnig má nefna það, að húsrými í frystihúsum hérlendis er oft takmarkað. Í tengslum við kælingu og geymslu á kassafiski í húsum þarf að koma upp þvottavél fyrir kassana svo og geymslu fyrir tóma kassa. En kassar taka mjög mikið pláss í frystihúsum og víða horfir til mikilla vandræða með húsrýmið. Er því sérstök ástæða til að vekja athygli á þeirri hugmynd að sameinast verði í einstökum byggðarlögum um a. m. k. geymslur fyrir tóma kassa við bryggju þess byggðarlags. Hitt málið, að koma upp sameiginlegri kældri geymslu fyrir stærri byggðarlög, það er stærra mál og erfiðara í framkvæmd en geymsla fyrir tóma kassa, þó að vissulega beri að stefna að því að menn geti nýtt sameiginlega stærri einingar. Jafnframt má benda á það, að með kassanotkun er hægt að auka sjálfvirkni að miklum mun, bæði við löndun, eins og fyrr var á drepið, svo og í húsunum sjálfum. Á ég hér við sérstök færibönd sem losa kassana sjálfkrafa, þeir renna sjálfkrafa inn í þvottavél þegar búið er að tæma þá og fiskurinn gengur áfram í vinnslurásina. Mér er kunnugt um að hugvitsmenn í Vestmannaeyjum hjá vélsmiðjunni Völundi eru að hanna slíkt kerfi um þessar mundir, og ber að lofa framtak þeirra í þessum málum hér á hinu háa Alþingi. En eins og mönnum er kunnugt um stóðu bræðurnir Halldór og Gunnlaugur Axelssynir fyrir þróun og smíði hinna svokölluðu fiskflokkunarvéla sem reynst hafa vel í mörgum frystihúsum hérlendis og eru orðnar útflutningsvara frá Íslandi.

Mig langar að víkja nokkrum orðum að kostnaði varðandi kassavæðingu. Fiskkassar eru dýrir, kosta u. þ. b. 400-500 kr. kassinn. Engin kassaverksmiðja er hérlendis sem getur smíðað þessa kassa og eru kassarnir yfirleitt keyptir frá Noregi, en þó eitthvað frá Frakklandi. Ekki er ólíklegt að gera ráð fyrir að bátur, sem bera ætti 30-40 tonn, yrði að fjárfesta sem svaraði 5-6 millj. kr. í kössum, einungis í kössunum einum. Fyrir togara, sem verið væri að kassavæða, þyrfti að kaupa kassa fyrir u. þ. b. 25 millj. kr. Gera verður ráð fyrir að fjöldi kassanna sé slíkur, að eitt og hálft til tvöfalt gengi sé til af þeim.

Vert er að geta þess í sambandi við kassa, að það er grátlegt, ef þessi geymsluaðferð á að vera til frambúðar, að við höfum ekki manndóm í okkur til að koma upp verksmiðju sem geti framleitt slíka kassa hérlendis. En það er mitt mat, og fer ég þar reyndar örlítið út fyrir það efni sem ég er að ræða um, að við þyrftum að auka iðnað í tengslum við sjávarútveg, því að það er iðngrein sem við kunnum.

Varðandi breytingar á lestum og aðstöðu um borð í skipum er stórt verkefni fram undan og mjög kostnaðasamt.

Þess má líka geta í sambandi við kassa, sem ég hef nú gert að miklu umræðuefni, að eitt bretti fyrir kassa, sem ber um 8 kassa, kostar 40-50 þús. og það þarf hunduð af þeim. Menn geta því reiknað út að verulegar upphæðir eru bundnar við þessa þróun. Nú hefur sú venja komist á við kassakaup á undanförnum árum, að skipið fjármagni helming og vinnslustöðin helming, enda er um að ræða kosti fyrir báða aðila. Fiskveiðasjóður lánar út á kassakaup, en að mínu mati er ekki nóg gert til að stuðla að þessari þróun sem ég tel vera mjög jákvæða. Að mínu mati er nauðsynlegt að veitt verði hagstæð lán til kaupa á kössum og til breytinga á skipum svo og til að koma upp kæligeymslum í einstökum vinnsluhúsum.

Það er mitt mat, að gera beri sérstaka áætlun með því markmiði að kassavæða togara — og bátaflotann en eins og áður er vikið að mun slík fjárfesting skila sér mjög fljótlega aftur.

Varðandi vertíðarafla báta má taka fram, að vertíðir eru ekki lengur þar sem þær voru. Er full ástæða til að taka mið af því í þessu samhengi, að þeir toppar, sem áður fyrr voru á vertíð, eru ekki lengur fyrir hendi. Þau vinnubrögð að koma með óslægðan netafisk, tveggja nátta eða svo, eru varhugaverð og ekki nauðsynleg. Það er vitað mál, að netafiskur er ekki í sama gæðaflokki og annar fiskur, og ef hann er orðinn eldri en góðu hófi gegnir kemur það einungis niður á verði til sjómanna í gegnum gæðamatið svo og í erfiðari vinnslu, þannig að fiskurinn fer í lægri gæðaflokka í saltfiski og skreið.

Mér þykir vert að geta þess hér, að einn bátur frá Hafnarfirði, Pétur Jónsson, var á síðustu vertíð á netaveiðum. Þetta er stór bátur og er við loðnuveiðar. Þegar hann fór á net á vertíðinni í vetur slægðu þeir fiskinn um borð, kössuðu hann og tóku netin upp í hvert skipti sem báturinn fór í land. Þessi tilraun, — ef má kalla það svo, þetta hefur sjálfsagt verið gert oft áður, — kom mjög vel út og ég held að það verði mun almennara, að þetta verði gert á næstu árum. (Gripið fram í.)

Kassavæðing bátaflotans þýðir að bátar geta ekki komið með jafnmikið magn að landi og áður var. Það álít ég ekki sérstaklega stórvægileg rök gegn kassavæðingu, þar sem orðið er býsna sjaldgæft að bátar komi með fullfermi að landi þó að á vertíð sé.

Varðandi þá hugmynd, sem ég drap á fyrr, að komið

verði upp sameiginlegri kassamóttöku eða kassageymslu fyrir frystihús, má geta þess, að vísir átti að vera kominn að því hér í Reykjavík, þar sem ég þekki vel til fiskvinnslu, en líklegt er að það mál strandi á peningaleysi. Ég álít reyndar að það sé ekkert höfuðatriði, hvort fiskurinn sé geymdur í húsunum sjálfum, ef pláss er fyrir hann, eða í sameiginlegri móttöku. Það er svo með flesta, sem eru að vinna úr fiski í frystihúsum, að þeir vilja gjarnan hafa fiskinn hjá sér, vilja e. t. v. ekki sækja hann jafnóðum eftir hendinni. Hins vegar er óhætt að vekja athygli á því, að með tilkomu kassa verða skipti á fiski, sem eru bráðnauðsynleg til að jafna hráefnisöflun, auðveldari en nú er. Þróun þessa skiptimarkaðar er komin lengst hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þar sem er einstaklega góð samvinna meðal allra frystihúsanna í Reykjavík og Hafnarfirði um skiptingu á hráefni. Það er sama hvaða skip er inni, menn ganga í það, borga aftur í fiski þegar annað skip kemur, og væri ástæða til að fleiri landshlutar tækju sér það samstarf til fyrirmyndar.

Þó að mér hafi orðið tíðrætt um kassa, þá er það ekki svo, að það sé eini hluturinn í heiminum til þess að geta bætt gæði hráefnis. Það eru til aðrar aðferðir, og má nefna fisktanka í frystihúsunum sjálfum, en við þekkjum dæmi slíks hér á landi á Húsavík. Þar er laus fiskur settur í tank sem er fylltur með vatni. Það er stöðugt rennsli á vatninu, og þetta eykur geymsluþol fisksins verulega. Hafa verið gerðar miklar tilraunir á þessu sviði í Noregi og þetta er orðið algengt þar. Einnig má nefna þá þróun, að tankar séu hafðir um borð í skipum. Við þekkjum reyndar lítið af því hérlendis, en það er í sambandi við bræðslufisk, loðnu eða kolmunna. Varðandi tankskip hér man ég ekki eftir nema einu dæmi. Hins vegar er þetta mjög útbreitt í Noregi og talið mjög jákvætt í þeirra bræðslufisksútgerð. Það er ekki að efa að fiskur, sem geymdur er í rennandi vatni eða sjó, geymist mun betur ísaður fiskur, hvort sem hann er laus eða í kössum. Hins vegar eru vandamál í sambandi við losun á fiski úr tönkum sem eru um borð í skipum, og þá er ég að tala um bolfisk. Það eru vitanlega engin vandræði að losa bræðslufisk úr tönkum þar sem dælt er. Það eru til og verið að þróa nánar í Noregi sérstakar dælur fyrir bolfisk. Þetta hefur reyndar verið reynt í Kanada líka og að ég best veit notað þar verulega.

Varðandi tanka held ég að það sé þróun sem stefni rétt, en ekki sé tímabært að ganga út frá þeim í þau skip sem við eigum núna og ég hef lagt aðaláherslu á í þessu máli varðandi kössun. Við erum að ljúka núna norsku byltingunni. Hátindurinn er nýi Júlíus Geirmundsson, sem er mjög reyndar svipaður og allir Vestfjarðatogararnir voru. Það eru skip sem er kynslóð út af fyrir sig. Næst þegar við kaupum togara, en það verður innan tveggja, þriggja ára, verður þetta tekið strax upp við byggingu skipanna. Hins vegar er mjög erfitt varðandi bátaflotann að breyta skipum þannig að tankar komist í þau. Ég álít að það sé dýrara en að setja kassa um borð.

Einnig langar mig til að geta um hugmynd sem hefur verið prófuð í tilraunaskyni. Það er að setja fisk í gáma um borð í fiskiskipum. Það eru gámar sem rúma eitt tonn, tvö tonn og upp í tuttugu tonn. Þá er fiskurinn einfaldlega settur í gám sem er fylltur af sjó þannig að ekkert loftrúm myndast. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef frá Birni Dagbjartssyni sem hefur mikinn áhuga á þessu máli, hefur þetta reynst mjög vel og ég veit að hann hefur persónulega mjög mikla trú á þessu máli. Þá er það hugsað þannig við löndunina, að gámarnir eru einfaldlega teknir úr skipunum, eins og þegar verið er að losa flutningaskip, og fluttir á bílum upp í vinnslustöð, þar sem gámarnir eru síðan geymdir þar til fiskinum hefur verið dælt úr þeim eða runnið úr þeim. Þetta er athyglisverð þróun og ég er nokkuð hrifinn af þessu. Þetta leysir mörg vandamál, t. a. m. við losun og geymslu í frystihúsum, að geta staflað fiski upp í gámum. Við verðum að fylgjast vel með þessum atriðum. Þessi gámamál eru hins vegar líka atriði sem koma í næstu kynslóð skipa okkar, og við höfum hingað til fylgst með öllu því sem er að gerast á markaðnum varðandi nýjar aðferðir við fiskveiðar. Hins vegar getur verið að þessi gámageymsla henti mun betur fyrir heitari lönd, svo að kostur við þetta væri e. t. v. takmarkaðri hér en þar. Samt sem áður er rétt að fylgjast mjög vel með þessum málum.

Ég nefni í grg. eitt atriði sem ég tel vera mjög stórt í sambandi við þetta, og það er að sjómenn njóti verulega aukinna gæða aflans. Eru fordæmi fyrir því í kassaprósentunni, sem er núna 12% fyrir 1. flokks fisk í kassa. Þessi kassauppbót ætti að mínu mati að vera hærri og það á að vera miklu meiri munur á 1. og 2. flokki og ég tala nú ekki um 3. flokks fisk, sem sést nú orðið sjaldan til allrar hamingju. Þessi munur ætti að vera meiri því að fiskurinn er takmarkaður í sjónum og það er aðalatriðið hjá okkur að fá sem mest út úr honum. Það er ótrúlegt fé sem liggur í 1% af fiski.

Mig langar til að nefna líka varðandi kössunina, — ég hef gert smávegis tilraunir með það, — að sennilega er einn aðalkosturinn við kassa sá, að fiskurinn rýrnar sáralítið í þeim. Hins vegar laus fiskur, sem liggur á gólfi móttöku, það er ótrúlega mikið sem sígur úr honum á nokkrum dögum. Það er svo hjá flestum húsum, að þau verða að taka inn afla til nokkurra daga, og þá er oft á síðasta degi orðið lítið eftir af fiskinum nema í blokkarvinnslu.

Að lokum langar mig að geta þess, að það er von mín að þetta mál fái framgang. Ég tel að ég hafi fært ýmisleg rök að því, að hægt sé að bæta sjávarafla, og bent á ýmsar leiðir í því sambandi, og ég legg þar höfuðáherslu á fjármagnshliðina. Ég held að þeir, sem eru við sjávarútveg, geri sér grein fyrir, bæði sjómenn og aðrir, að þetta er stórt atriði og skilar sér mjög fljótt. En þar verður að koma til, að það verður að vera tryggt að menn geti gert þetta fjárhagslega séð.

Ég lít á þetta mál sem einn lið, kannske lítinn þátt í þeirri viðleitni að gera þá stóriðju okkar Íslendinga, sem sjávarútvegurinn er, enn fullkomnari og betri til að kljást við erlendar þjóðir á heimsmörkuðum. Og ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að þessari till. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. sjútvn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hv. þm. Ágúst Einarsson flytur hér og leggur til að Alþ. feli ríkisstj. að hafa forgang um, varðandi það að stuðlað verði að auknum gæðum fiskafla og þá sérstaklega með ísun í kassa, er vissulega þess virði að Alþ. fjalli um hana. Það mun nefnilega mála sannast, að einmitt á leiðinni frá því fiskur kemur inn yfir borðstokkinn og þangað til hann kemur á vinnsluborð í frystihúsi getur verðmæti afla rýrnað ákaflega mikið. Mér segja sérfræðingar að með tiltölulega ódýrum aðgerðum væri hægt að auka stórlega verðmæti þessa afla frá því sem það yfirleitt er núna. Aftur á móti, eins og hv. flm. má vera vel kunnugt,

er ekki með öllu ljóst á þessari stundu til hvaða ríkisstj. eða hvers konar máli þessu yrði vikið. En þau mál eru nú rædd annars staðar.

Mér þótti hv. þm. gera þessu máli góð skil í ræðu sinni, enda er hér um að ræða sérgrein hans, og ég er honum þakklátur fyrir þá fræðslu sem hann veitti okkur hér í d. um grundvallaratriði í þessu sambandi. Því fer að vísu víðs fjarri, að ég geti stært mig af því að hafa það sem kalla mætti brúklegt vit prívat og persónulega á þessum málum. Þó var það svo, að þegar ég vann á fréttastofu ríkisútvarpsins, þá hafði ég það aukastarf í ein fjögur ár í samvinnu við fisksölusamtökin að vinna að fræðslu um þessi mál í útvarpi, þ. e. a. s. meðferð á ferskum fiski upp úr sjó, og er minnisstætt að einmitt árið 1963 lágu fyrir upplýsingar um það, sem taldar voru áreiðanlegar, að verðmæti vertíðarafla upp úr lest hér sunnanlands á hávertíðinni var talið rýrna um 18% vegna illrar eða ófullkominnar meðferðar á fiskinum frá bátshlið og á vinnsluborð í frystihúsi. Samkv. upplýsingum hv. flm. mun að langmestu leyti hafa tekist að sneiða hjá skemmdum af þessu tagi við það að tekin var upp ísun í kassa um borð í fiskiskipum, þar sem síðan þarf ekki að hrófla við aflanum fyrr en hann er beinlínis tekinn til vinnslu á borði í frystihúsi.

Ef ég man rétt hófst fyrsta tilraunin, sem gerð var með annars konar kælingu og geymslu á fiski um borð í skipi, raunverulega 1963 með tilkomu Héðins frá Húsavík, sem Jón Ármann Héðinsson og bræður hans stóðu að því að láta byggja úti í Noregi. Þetta skip var þá, ef svo má segja, framúrstefnuskip á ýmsa lund að útbúnaði, ákaflega vandað, enda vel undirbúin smíði þess, en skipið var búið tanklest til þess að geyma í afla, og þá var fyrst og fremst hugsað til síldarinnar, til þess að geyma fisk í kældum sjó.

Hér kem ég einmitt að því, sem gerir það að verkum að ég leyfi mér að efast um það hól sem hv. frsm. og flm. bar á *íslenska útvegsmenn fyrir það að fylgjast vel með nýjungum* í fiskiskipasmíði erlendis. Reyndin varð sú með Héðin, að tanklestin góða kom aldrei að gagni vegna þess að þeir eigendur og útgerðarmenn stóðu einir að þessu geymsluformi og síldarmatið neitaði að taka við síld, sem geymd var í kældum sjó til söltunar, á þeirri forsendu að það hefði fækkað, eins og var komist að orði, — ekki skemmst hreistur, heldur fækkað hreistrum, eins og ég las í bréfi, á síldunum sem geymdar voru í þessum tanki, enda þótt það væri efalaust, að vikugömul síld geymd í þessum kælda sjó var jafngóð og síld veidd fyrir nokkrum klukkustundum. Vegna þess að þeir stóðu einir að þessu, þá fékkst ekki neinn þrýstingur til þess að knýja fram að það yrði þó gerð tilraun með að salta þessa síld og ganga úr skugga um hvort hún þætti ekki betri verslunarvara fyrir bragðið.

Við skulum hrósa íslenskum útvegsmönnum og skipstjórnarmönnum og fiskimönnum fyrir ótalmargt annað en það, að þeir hafi fylgst vel með nýjungum og verið fljótir að tileinka sér nýjungar í gerð fiskiskipa erlendis. Þeir eru duglegir, þeir eru áræðnir, þeir kunna öllum mönnum betur að standa að verki um borð í þeim skipum sem við gerum út, en þeir eru sannarlega oft og tíðum seinir til að tileinka sér nýjungar, sem m. a. sést á því, að þeir skuli ekki einu sinni hafa fengist til þess að gera tilraun til þess að gera út færeysku maritimetýpuna af bátum hérna, þ. e. a. s. samsteypuskipin, línuskip, skuttogara og netaveiðiskip, eins og Færeyingar hafa gert þessi skip út með ágætum árangri nú í 8 ár frá upphafi.

Ég vil taka heils hugar undir þá skoðun hv. flm. þessarar till., Ágústs Einarssonar, að *nauðsynlegt sé að við* verðlaunum fremur en við nú gerum sérstaklega góða meðferð á sjávarafla um borð í bátunum. Það tek ég undir heilshugar. Á þetta atriði var einmitt lögð ákaflega mikil áhersla undir lokin á síðustu góðu vetrarvertíðunum hér við land, frá 1961 og fram til 1965, einmitt á þeim árum þegar landburður var af vænum þorski sunnanlands og hér við Faxaflóa, á árunum þegar stóri þorskurinn, Grænlandsþorskurinn, var tekinn í nót og bátarnir komu með upp í 110 tonn af þessum þorski, svo sannarlega glænýjum, veturinn þegar allt í einu vantaði salt til þess að verka þennan stórfallega þorsk og varð að senda hann nýjan í gúanó hér á Faxaflóahöfnunum vegna þess að það vantaði salt til þess að verka hann. Á þeim vetri var af skiljanlegum ástæðum hengt upp ákaflega mikið af fiski, þó í óvissu væri að verka hann í skreið, og jafnt úrvalsfiskur í því formi sem hann kom í land sem netamorkur og svokallaður draslfiskur. Þá var ágætur markaður, þá var ágætt verð fyrir Afríkuskreiðina okkar, prýðisverð. Mér er það minnisstætt þegar forsvarsmenn fiskkaupenda voru að kvarta undan því, að morkurnar væru keyptar svo háu verði til þess að hengja þær upp, að slagaði hátt upp í það verð sem borgað var fyrir úrvalshráefni. Þá voru svörin af hálfu Sambands skreiðarframleiðenda einfaldlega þau, að svona gott verð fengist fyrir „beinin," eins og þessi vara var kölluð, í Afríku.

Enn liggur sú ástæða til grundvallar fyrir tiltölulega litlum verðmun á úrvalsfiskinum og annars flokks fiski. Hv. frsm. prísaði raunverulega guð fyrir það, að þriðja flokks fiskurinn skyldi h. u. b. vera horfinn. Það er miklu minna um hann núna en áður var. Ástæðan fyrir því, hvað verðmismunurinn er lítill, er beinlínis sú, að það fæst tiltölulega gott verð fyrir þessa vöru enn í dag á markaðnum og menn fást þá ekki til þess að hugsa út í það, að ástæðan fyrir því, að við getum selt annars flokks fisk á tiltölulega háu verði, er sú, hvað við getum boðið fram mikið af fyrsta flokks fiski. Ég hygg að það sé nefnilega rétt, að þetta dæmi hafi ekki verið reiknað til enda. Ég hygg að einnig beri að þakka það, að við losnum nú við tveggja og þriggja nátta fiskinn úr þorskanetunum hér sunnanlands. Það ber að þakka, þótt ástæðan sé nú *efalítið sú hryggilega staðreynd, hvað fiskigengd hefur* minnkað hérna á fiskislóðinni, því það er satt, það veit ég, að þær reglur um takmarkanir, sem settar voru við netafjölda á fiskislóðinni hérna, bæði á miðum Eyjabáta og á Selvogsbankanum, voru þverbrotnar.

Dæmið, sem hv. þm. Ágúst Einarsson nefndi um útgerðina á Pétri Jónssyni á netavertíðinni í fyrravetur, er merkilegt vegna þess að þar kom í ljós ekki aðeins að verðmæti afla, þrátt fyrir þennan tiltölulega litla verðmun á úrvalsvörunni og annars flokks vörunni, jókst stórlega við þessa aðferð, heldur stórminnkaði veiðarfærakostnaður með því að standa þannig að veiðunum að taka netin um borð. Ég geri ráð fyrir að ýmsir þeir útgerðarmenn, sem hafa til þess skip, því sannleikurinn mun vera sá, að þetta er ekki auðvelt nema á tiltölulega stóru netaskipi, það er ekki auðvelt að standa að veiðum á þennan hátt nema á tiltölulega stóru netaskipi, en ég hef ástæðu til þess að ætla að fleiri útgerðarmenn muni nú fara út á þessa braut, því það er ljóst mál að við getum, ef rétt er að staðið, fengið afbragðsvöru úr netunum. Við fáum fullt eins góðan fisk til vinnslu úr netunum og við

fáum af línu ef þannig er að málunum staðið.

Það er efalaust rétt, sem hv. flm. sagði, að við eigum óhægt um vik að breyta a. m. k. sumum hverjum af þeim togurum sem ekki voru hannaðir með kassanotkun í huga svo það verði skip framtíðarinnar. Ég tek undir ósk hans um að þetta muni einmitt gerast á næstu 3-4 árum, að við förum að fá hin nýju skip. Hafi nokkur vitleysa verið étin upp af manni eftir mann í óhófi í stjórnmálaumr. hér á landi síðustu árin, þá er það sú, að við þurfum ekki að halda áfram að bæta við okkur nýjum skipum.

Ég geri ráð fyrir að skipin, sem hönnuð verða fyrir okkur á næstu tveimur árum og við fáum í not á næstu 3-4 árum, verði þannig úr garði gerð að við getum náð hinni bestu geymslu á aflanum um borð, og þá vildi ég gjarnan að við huguðum að því hvort ekki væri rétt að ætla þar einnig pláss undir slóg, sem nú er öllu hent í sjóinn, og undir þann smáfisk sem drepst í vörpunni hjá okkur og lendir um borð í skipunum. Honum er nú fleygt af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi vegna þess að ekki er geymsla um borð til þess að flytja þessi verðmæti í land til mjölvinnslu og úrvinnslu — fyrst og fremst af þeim sökum, en einnig til þess að fela hinn ótrúlega og ólögmæta feng aftur undir voðum Ægis konungs. Það er nefnilega orðið mjög aðkallandi að við festum í lög að hvert einasti uggi, hvert snifsi af lífrænum efnum, sem úr sjónum kemur um borð í skipin, verði flutt til lands, fyrst og fremst til þess að nýta fenginn til verðmætasköpunar og í öðru lagi til að auðvelda það að fylgst sé með því hvernig að veiðunum er staðið.

Ég ítreka það, að mér finnst gott að mál þessarar tegundar skuli koma til umr. inni á hinu háa Alþingi, þótt ég sé þeirrar skoðunar, að e. t. v. hefði verið rétt að búa þetta á þá lund, að sjútvrn. og stofnunum þess yrðu falin ákveðin sérstök verkefni til að standa að í þessu sambandi og þá ætlaðir til þeirra starfa fjármunir.

Það er ákaflega margt sem lýtur að meðferð aflans í landi fyrir utan frystinguna sem verða mætti til þess að auka verðmæti hans. Meginástæðan fyrir því, að okkur hefur ekki tekist eins og Norður-Norðmönnum í skreiðarverkun, sem þurrka fisk til sölu á Ítalíumarkaði, markaði í Grikklandi, og í Norður-Evrópu, er ekki sú, að við höfum ekki jafngott hráefni til þess að herða í þessu skyni og kunnum ekki til þeirra verka. Meginástæðan er verðráttan hjá okkur, þar sem við hengjum upp skreið okkar, harðfisk okkar á vetrarvertíð eða síðari hluta vetrar og eigum hann undir frostum. Fiskurinn má ekki frjósa, þá verður hann að svartri skreið sem ekki er nógu góð til þess að selja á hina dýru markaði. Mér er kunnugt um það, að einstakir framtakssamir hugvitsmenn hafa gert tilraun með það að herða fisk á þessum tíma með þeim hætti, að frostinu er bægt frá honum. Það hefur verið sett plastrjáfur yfir hjallana og hitað undir lítils háttar, þannig að ekki hefur frosið fiskurinn á meðan hann er að harðna. Þetta hefur verið ákaflega kostnaðarsamt með þessum frumstæðu aðferðum sem þeir hafa notað, þannig að vonlítið er e. t. v. að þurrka á þann hátt mikið magn af fiski á vetrarvertíð. En fullkomin ástæða er til þess að ætla að hægt væri að gera þetta á hagstæðari hátt, sérstaklega þó þar sem nóg er af heitu vatni og þyrfti ekki beinlínis að kynda með olíu undir slíkum hjöllum.

Við komum sannarlega allmiklum fiski í dágott verð sem svartri Afríkuskreið á sínum tíma og gátum tínt úr stundum, þar sem vel tókst til og vel viðraði — eins og í Grindavík, að mig minnir 1956. Þá tókst að tína úr 15% af því, sem upp var hengt um veturinn, og selja á Ítalíumarkað fiska sem ekki höfðu frosið og fékkst fyrir ágætisverð. En yfirleitt miðuðum við skreiðarframleiðslu okkar við það að framleiða 3. og 4. flokks vöru og stóðum að þessu af ómyndarskap og stundum af óskaplegum sóðaskap. Mér er það minnisstætt einn veturinn af þessum sem ég fyrr tilgreindi, að ég vann á vegum sölusamtakanna að þessum fræðslumálum um meðferð á fiski, að við sáum fisktegund í stórum hjöllum hér sunnalands, — staðinn vil ég ekki nafngreina, því þar býr gott fólk, — þar sem þorraufsinn var orðinn ýmist rauður eða grænn á litinn. Ég man eftir stórum keiluförmum í Sandgerði sem komu að landi um miðjan janúar, en voru hengdir upp í marsbyrjun úr kösinni þar sem þeir höfðu legið fram að þeim tíma, — þá barst þar á land mikill afli og var lítið um vinnuafl, — og þegar eigendur þessa fisks voru spurðir að því, hvort úr þessu yrði nokkurn tíma matvara, þá var svarið það: Keilan er þannig gerð, væni minn, að það er svo sterkt á henni roðið. Hún heldur þessu. — Við höfum vafalaust spillt miklu fyrir okkur með göslarahætti og skeytingarleysi einmitt í meðferð þess afla sem við höfðum ekki vinnuafl eða afköst í frystihúsunum til að koma í verðmæta vöru, en mynduðumst þó við að verka úr eitthvað sem hægt væri að kalla matvæli til sölu. Við höfum vafalaust spillt stórlega fyrir okkur á erlendum mörkuðum með þessum hætti og einnig spillt viðhorfi fólks, sem að þessari matvælaframleiðslu vann, með því að setja það í að vinna á þennan hátt. Það er geysilega mikilsvert atriði fyrir okkur að brýna það fyrir vaxandi fjölda fólks, sem vinnur í fiskiðnaðinum, að það er að framleiða matvæli, það er að framleiða mat sem á að bjóða öðru fólki að borða. Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði í sambandi við vöruvöndun, að þeir einstaklingar, sem við þetta vinna, geri sér grein fyrir þessu. Enginn góður maður vill láta það um sig spyrjast, að hann gefi manni slæman fisk í soðið — hvað þá selji honum hann. Og ég efast ekki um að ákaflega þýðingarmikið atriði í sambandi við það mál, sem hv. þm. Ágúst Einarsson reifar hér, sé einnig þetta: að veita fólkinu okkar tilsögn í meðferð á þessu hráefni og vekja hjá því metnað til þess að framleiða góðar vörur.

Herra forseti. Ég ítreka það, að ég tel þetta gott mál og ákaflega þýðingarmikið atriði fyrir þm. þessarar hv. d. að sérfræðingur á þessu sviði, sem þarna hefur reynsluna, Ágúst Einarsson, skyldi flytja þetta mál hér og gera grein fyrir því á þann hátt sem hann gerði.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 1. landsk þm., Ágúst Einarssyni, fyrir að flytja þessa till. hér á þingi. Það er vel þess virði að ræða hér um nauðsyn á að auka gæði fiskaflans nú þegar hann minnkar stöðugt ár frá ári.

Mér finnst ekki úr vegi að skýra nokkuð frá því, sem mönnum er kannske ekki kunnugt hér, sem áður hefur gerst í þessum efnum, t. d. á þeim tíma sem við í Vestmannaeyjum höfðum sæmilega rúm fjárráð og gátum, má segja, gert það sem við töldum nauðsyn á. Þá voru þar uppi allskemmtilegar hugmyndir um kassavæðingu einmitt fyrir bátaflotann. Þetta var á árunum 1971 og 1972. Við komumst í samband við ágætt danskt fyrirtæki, og það vann með okkur að tillögum og skipulagi að algjörri

breytingu og nýjung við löndun á fiskinum og meðhöndlun hans í fiskvinnslufyrirtækjunum. Þetta mátti heita að vera komið á framkvæmdastig í lok ársins 1972. En því miður breyttust aðstæður okkar mikið í upphafi árs 1973, þegar eldgosið varð, svo að ekki varð meira af framkvæmdum. Því miður voru engir aðrir á Íslandi, sem höfðu frekari áhuga á þessu, en við. Þetta starf, sem þarna hafði farið fram og var komið í rauninni á framkvæmdastig, fór því yfir til Færeyja. Og það er það sem gerðist í Færeyjum, að þeir tóku við þessu sem búið var að vinna hér, framkvæmdu það. Það er það sem Íslendingar og aðrir hafa streymt til að skoða í Færeyjum, þ. e. þetta starf sem hér var búið að vinna, og þar er það í framkvæmd. Þetta er einnig komið til Grænlands og reyndar að nokkru til Kanada. En engir aðrir en við höfðum áhuga á þessu á sínum tíma á Íslandi. Það er kannske ekki ástæða til að skýra frá því, að út úr þessu kom 500 lítra gerviefniskassi sem fyrirtæki í Noregi framleiddi og fór reyndar á hausinn á að framleiða, svo þetta, sem við vorum byrjaðir á hafði ýmis áhrif sem menn gerðu sér ekki grein fyrir í upphafi.

Það er enginn vafi að kassavæðing hefur í sjálfu sér haft mjög mikil áhrif í togaraflotanum. En ég held að það verði ákaflega erfitt fyrir okkur að koma við kassavæðingu á bátaflotanum okkar, vertíðarflotanum. Þess vegna þurfum við að fara aðrar leiðir á meðan við notum hann, en ég sé nú ekki fram á annað en að það verði gert. Ég held að það megi alveg eins ná sama árangri með aukinni hillulagningu og auknum kröfum um meðferð aflans um borð í bátunum. Það er einnig margt sem hefur áhrif á gæði hráefnisins. Það er útivera skipanna sem er allt of löng orðið hjá okkur, það er togtími togskipanna, það er fjöldi veiðarfæra, fjöldi neta og reyndar hve lengi þau liggja í sjó hjá netaveiðibátunum og ýmislegt annað. Til þess að bæta þetta þarf náttúrlega að auka áróður og kannske setja strangari reglur en nú gilda. Ég tel t. d. ekki útilokað að við settum reglur um útivist veiðiskipa okkar, nákvæmlega eins og Færeyingar hafa gert. Þeir eru t. d. með hámarkstímann fjóra sólarhringa fyrir minni veiðiskip sín, eftir því sem mér er sagt.

Á þessum tíma sem við vorum að vinna að þessu í Vestmannaeyjum, þá höfðum við líka fullan hug á því að byggja sameiginlega fiskmóttöku, sameiginlega ísframleiðslu og annað sem að gagni mætti koma. Því miður hafa aðstæður okkar breyst svo mikið nú á síðustu árunum, að við höfum ekki haft fjármagn til eins eða neins og orðið að berjast fyrir lífinu, eins og aðrir Sunnlendingar sem í þessum atvinnuvegi starfa.

Ágúst benti á það, að toppar hefðu minnkað. Það er nú ekki alveg að topparnir séu gengnir yfir, því á hverri vertíð fáum við ansi erfiða toppa, a. m. k. hér sunnanlands

Það er ekki allra álit að tankvæðing sé það sem koma skal. Héðinn kom hér fyrstur með hana. Síðan var settur tankur í Dagrúnu, skuttogara Bolvíkinga. Því miður tókst mjög illa til um notkun hans og þeir áttu í miklum erfiðleikum með að leysa þau vandamál. Hvort þeim hefur tekist það enn þá er mér ekki kunnugt um. (Gripið fram í.) Þeir eiga sem sagt ómögulegt með að ná fiskinum úr tönkunum. Ég veit að Kanadamenn hafa einnig unnið mikið að tilraunum í sambandi við tankvæðingu skipa sinna og fiskvinnslu og hafa átt í miklum erfiðleikum. Það er því ekki einhlítt að þetta sé rétta leiðin, en vafalaust er nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast með því sem þar gerist.

Ég held að við getum vafalaust haft mikil áhrif á aukin gæði fiskaflans með auknum upplýsingum til fólksins sem í þessum atvinnuvegi starfar, bæði sjómanna og fiskvinnslufólks, og með áróðri, bæði meðal þess og annarra. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að við búum í mjög breyttu samfélagi frá því sem áður var, þegar allir uxu upp við það að fara strax — a. m. k. þeir sem voru við sjávarsíðuna — að kynnast sjávarfanginu og meðhöndlun þess frá fyrstu tíð og frá blautu barnsbeini. Nú er hér allt annað samfélag. Unglingarnir vita ekki mun á haus og sporði þegar þeir koma til starfa, því miður. Það er sú breyting orðin á.

Ég held líka að stofnun eins og Fiskvinnsluskólinn gæti unnið þarna þarft starf, t. d. með endurmenntun fiskvinnslufólks, og Framleiðslueftirlit sjávarafurða gæti vafalaust orðið þarna að góðu liði með því að efla það og gera það virkara en það nú er.

Það er full þörf á því að hækka vinnslustig sjávarafurða okkar, en hvað sem í því verður gert útheimtir það fjármagn. Ég held að það sé það fyrsta sem þarf að hyggja að, hvar á að taka það fjármagn og á hvern hátt á að nota það.

Flm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. Ég vil einungis þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls um þetta atriði. Það væri hægt að ræða það lengur, en tíminn er orðinn naumur. Ég vil einungis taka heils hugar undir þær ábendingar og till. er komu fram í máli þeirra hv. þm., er töluðu, og vænti þess, að við eigum eftir að ræða þetta mál nánar, þar sem við sitjum allir í þeirri n. sem þetta mál fer til. Ég vil þakka þeim góðar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 14 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 31. fundur.

Föstudaginn 15. des., að loknum 30. fundi.

Vörugjald, frv. (þskj. 160, n. 185, 186). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til 1. um breyt. á 1. um vörugjald. Hér er um að ræða framlengingu á vörugjaldi sem nú er í gildi.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að hluti af vörugjaldinu renni í Styrktarsjóð vangefinna, en þetta frv. gerir ráð fyrir að það ákvæði falli niður. Við 1. umr. málsins voru gerðar aths. við þetta og bent á að þetta gæti leitt til þess að framlög til Styrktarsjóðsins kynnu að lækka, enda þótt flestir muni vera sammála um þá þörf sem er á fjárveitingum til þeirra hluta. Þetta gjald hefur verið framlengt til eins árs í hvert sinn og þess vegna var fjh.- og viðskn. sammála um að koma til móts við þessar óskir með því að setja inn bráðabirgðaákvæði, sem flutt er sem brtt. á þskj. 186, á þá leið, að á árinu 1979 skuli greiða framlag til Styrktarsjóðs vangefinna er nemur 10

kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu af ákveðnum tollskrárnúmerum, sem þar eru tilgreind.

Með þessari breyt. var n. sammála um að mæla með samþykkt frv. Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.-8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 186 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 110, n. 184). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. Hér er um að ræða litla upphæð sem niður falli söluskattur af. Málið hefur þegar verið afgreitt í hv. Nd. Nefndin leggur sem sagt til að málið verði samþ.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Þar sem ég skrifaði undir nál. með fyrirvara þykir mér rétt að gera í örfáum orðum grein fyrir þessum fyrirvara

Þarna er um að ræða að veita undanþágu frá söluskatti. Málið liggur reyndar í augum uppi. Þarna er um að ræða rekaviðarmál af Vestfjörðum. Röksemdir mæla með að það verði felldur niður söluskattur af þessu efni, og er jafnvel gert ráð fyrir að undanþágan verði látin verka aftur fyrir sig. Hins vegar hef ég þá grundvallarafstöðu, að mér er ekki vel við að söluskattslöggjöfin sé gerð götugri en hún er. Þó sé ég töluvert réttmæti þessa máls.

Þetta var fyrirvari minn, að söluskattslöggjöfin sé ekki með sífelldum undanþágum gerð enn slitnari en hún er og þyrfti að vera.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.-3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 23, n. 183 og 194, 181). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út hinn 1. júní s.l. um sérstakt tímabundið vörugjald.

Fjh.- og viðskn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. lagði fram brtt. við það, sem er á þá leið að frá 1. jan. 1979 til 31. des. það ár skuli vörugjald af vörum, sem taldar eru upp í a-lið þessa frv., hækka úr 16% í 18%. Með þessari hækkun er gert ráð fyrir að ríkissjóði verði að nokkru bættur sá tekjumissir sem hann verður fyrir vegna þeirra tollalækkana sem ganga í gildi nú um n. k. áramót, eða um hálfa þá upphæð.

Ég vil taka það fram, að núgildandi ákvæði um vörugjald er einnig að finna í brbl. frá því í byrjun sept. þessa árs og þau eru í frv. til 1. um kjaramál, sem mun verið af afgreiða frá hv. Nd. En það leiðir af þeirri breyt., sem felst í brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar d., að V. kafli kjaramálalaganna verður felldur brott ef þessi brtt. verður samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Geir Gunnarsson.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Hér er á ferðinni stórfelld ný skattlagning og skattlagning af því tagi sem einna skaðvænlegust er á verðbólgutímum, þ. e. a. s. leiðir til beinnar hækkunar vöruverðs þegar í stað, og kyndir þess vegna undir verðbólgubálið. Að sjálfsögðu mun stjórnarandstaðan greiða atkv. gegn þessum brtt., en verði þær hins vegar samþ. munum við sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins, en greiða því atkv. ef brtt. verða felldar.

Ég ætla ekki að hefja almenna umr. um skattamál. Eins og þm. vita voru lögð fram nú fyrir skömmu þrjú frv. um víðtæka skattheimtu. Það mun fara fram almenn umr. um skattamálin í heild í Nd. á mánudag og þriðjudag og síðan fá tækifæri til að ræða málin hér frekar.

Ég vil gjarnan fyrir mitt leyti greiða fyrir því, að þingstörf geti gengið sem best á þessum erfiðleikatímum hjá þjóðinni allri, og þó kannske einna mestum hjá stjórnarliðum hér í þessu húsi, og við munum þess vegna ekki torvelda störfin og ekki upp hefja — eða ekki ég a. m. k. — almenna umr um skattamál, þó vissulega sé hér stórt mál á ferðinni og illt mál.

Við leggjum sem sagt til að brtt. verði felld.

ATKVGR.

Brtt. 181,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9:4 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 181,2 (ný 3. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 181,3 samþ. með 10:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 181,4 (ný 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 149, n. 187). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til 1. um breyt. á 1. um Seðlabanka Íslands. Eins og fram kom við 1. umr. málsins hér í d. er um það að ræða að veita Seðlabankanum heimild til þess að lána afurðalán til útflutningsatvinnuveganna með gengisáhættu eða gengistryggingu og þá lægri vöxtum, enda þótt fullnægjandi mótvægi sé ekki fyrir hendi hjá bankanum í erlendum lánum, en eins og nú er er ekki

heimild fyrir hann að lána hærri upphæð en slíkt mótvægi er fyrir.

N. varð sammála um, eftir að hafa rætt málið og fengið á sinn fund Davíð Ólafsson bankastjóra Seðlabankans, að mæla með samþykkt frv. Undir nál. skrifa með fyrirvara Eyjólfur K. Jónsson og Jón G. Sólnes, en Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu formanns fjh.- og viðskn. mælir n. einróma með því, að frv. þetta verði samþ., en við Jón G. Sólnes gerum fyrirvara. Hann byggist á því, að ekki hafa fengist fullnægjandi upplýsingar um það, með hverjum hætti þetta mál verði framkvæmt, þ. e. a. s. hvort fjármuna verði aflað innanlands að einhverju leyti með gengistryggingu til þess að standa undir afurðalánum. Það er till. sjálfstæðismanna að slíkt verði gert, enda höfum við þegar flutt frv. til l. um breyt. á seðlabankalögunum annars vegar og hins vegar að nema úr gildi lög um bann við verðtryggingu fjárskuldbindinga frá 1966. Mun það væntanlega koma til umr nú næstu daga og við þá gera nánari grein fyrir heildarstefnu Sjálfstfl. í peningamálum og fjármagnsmálum.

Frv. sem slíkt fjallar ekki um annað en gengistryggingu afurðalánanna. Því erum við hlynntir, hins vegar ekki þeirri stefnu, sem hæstv. viðskrh. boðaði, eða þeim skýringum, sem við höfum fengið frá Seðlabanka og ráðh., teljum þær allsendis ófullnægjandi og munum leggja á það áherslu, að teknir verði upp gengistryggðir reikningar þannig að innlent fé verði notað, en ekki erlent, í þessum tilgangi. En frv. sem slíkt styðjum við, því að það er skref í rétta átt.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við frv. þetta. Ég tel að þetta sé mjög góður áfangi. Þetta er einmitt mál sem við framleiðendur höfum lengi barist fyrir. Ég tel að þarna sé stigið skref í rétta átt.

En jafnframt vil ég nota tækifærið til þess að vekja athygli á því, að við hefðum gjarnan viljað sjá frekari útlistun á því, hver framkvæmdin verður. Við teljum að nú sem stendur þurfi lán út á afurðir að vera um 85%. Gjarnan hefði ég viljað sjá það ákvæði í frv. Við teljum að „kontant"-greiðslur okkar, vinnulaun, hráefni, umbúðir, nemi um 81% af skilaverði, og síðan koma vextir, rafmagn og ýmsar fleiri greiðslur sem þarf að greiða mjög fljótlega, en veltuhraði vörunnar er um 3-4 mánuðir, svo að við þurfum að geta útvegað fé til þess að greiða þessi gjöld.

Eins hefði ég gjarnan viljað sjá það, að viðskiptabankarnir hefðu getað framkvæmt þetta, tekið þessi lán og endurlánað okkur undir eftirliti Seðlabankans, því ég hefði talið að það yrði einfaldara og um leið skilvirkara en þetta verður.

Ég tel að það sé engin áhætta í þessu með frystar afurðir og saltfisksafurðir. Í sjálfu sér er þarna ákveðin áhætta í sambandi við loðnu, mjöl og lýsi, því það eru vörur sem mikil verðsveifla er á.

Það, sem máli skiptir, er náttúrlega að kjör framleiðenda á Íslandi séu þau sömu og keppinauta okkar erlendis. En ég vil jafnframt vekja athygli á því, að ég sé algjöra nauðsyn á því að breyta reglum Verðjöfnunarsjóðs um leið og þetta er gert og viðmiðunarverð hans verði ákveðið í erlendri mynt. Það mundi algjörlega koma í veg fyrir að hann yrði notaður til annars en hann er ætlaður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Landmælingar, frv. (þskj. 151). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég flyt hér frv. til l. um landmælingar. Landmælingar Íslands hafa nú starfað í rúma tvo áratugi, en þessi stofnun varð ekki til sem sjálfstæð stofnun fyrr en 1956, eða einum og hálfum áratug eftir fullnaðarskilnað við Dani. Fram til þess tíma höfðu Danir séð um allar kortlagningar af landinu, en þær hófust upp úr aldamótunum 1800. Aðalmælingastörfum Dana og kortagerð mun hafa verið lokið árið 1939. Eftir stríð var haldið áfram við kortagerðina á vegum Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn, en Íslendingar kostuðu aðeins hluta af því starfi, þ. e. endurskoðun kortanna. Landmælingar Íslands fengu samkv. sérstökum samningi öll gögn varðandi mælingar á Íslandi frá hinni dönsku stofnun og einkarétt á notkun þeirra. Nú starfa hjá Landmælingum Íslands um 20 manns og er mestur hluti starfsliðsins sérhæft fólk á sviði mælinga, loftmyndatöku og kortagerðar.

Landmælingar Íslands hafa stöðugt haldið áfram því verki sem Danir unnu að, haldið áfram grundvallarmælingum á landinu, unnið að endurskoðun korta og kortaútgáfu, loftmyndatöku af landinu vegna mælinga og kortagerðar og eru eini aðilinn sem hefur á hendi slíka myndatöku. Einnig hafa Landmælingar Íslands veitt aðstoð og tæknilega þjónustu við gerð gróður- og jarðakorta sem unnið er að af Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Með bréfi, dags. 16. okt. 1975, skipaði samgrn. 5 manna nefnd til að semja frv. til l. um landmælingastjórn. Skyldi með frv. stefnt að því, að undir landmælingastjórn heyrði stjórnun þríhyrningamælinga á Íslandi og hæðamerkjakerfisins, kortamælingar og kortaútgáfa ríkisstofnana, lóða-, landa- og jarðamarkamælingar. Með skipunarbréfi nefndarinnar fylgdi ályktun Alþingis sem gerð var 7. maí 1975 um landmælingastjórn.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er flutt óbreytt frá till. nefndarinnar. Þessi nefnd vann raunar að gerð þriggja frv. um þessi mál, frv. til l. um landmælingar, sem hér liggur fyrir, frv. til l. um mælingu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða, en það er mál sem einnig hefur verið lagt fyrir hv. d. og er næsta mál á dagskrá, og svo einnig frv. til l. um breyt. á landskiptalögum, nr. 46/1941, en það hefur einnig verið lagt fyrir d. og verður tekið til meðferðar hér á eftir.

N. sú, sem rn. skipaði, kynnti sér fyrirkomulag landmælinga á Íslandi með því að ræða við þá sem gerst þekkja þessi mál hér á landi, og bárust tvær skriflegar grg. frá forstjóra Landmælinga Íslands, Ágúst Böðvarssyni. Þá skrifaði nefndin bréf til stofnana og aðila sem upp eru taldir í grg., bað um álit þeirra á viðfangsefninu og sendi þeim spurningalista varðandi þörf stofnunar-

innar fyrir landmælingar, kortagerð og annað það er varðar viðfangsefni nefndarinnar. Ávöxturinn af þessum samræðum er það frv. sem hér liggur fyrir.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. þessu vísað til hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Landskiptalög, frv. (þskj. 152). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég flyt hér frv. til l. um breyt. á landskiptalögum, nr. 46/1941.

Ef marka má efni þessa frv. liggur beinast við að telja að frv. þetta heyri undir landbrh., og efni þess er ótvírætt nátengt landbúnaðarmálum. En ástæða þess, að frv. þetta er flutt af samgrh., er sú, að hér er um að ræða fylgifrv. með því frv. sem áðan var til umr. um landmælingastjórn.

Þær breytingar á landskiptalögum, sem felast í frv., eru gerðar til samræmis við frv. til l. um landmælingar, og er gert ráð fyrir því, að við landskipti sé ekki öðrum falið að gera uppdrætti en þeim sem til þess hafa fengið löggildingu, sbr. 2. málsgr. 11. gr. frv. til landmælingalaga. Enn fremur er í þessu frv. gert ráð fyrir skilum til Landmælinga Íslands á uppdráttum og landamerkjaskrám, en að um frekari meðferð gagnanna fari síðan eftir 18. gr. nefnds frv.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Mæling og skrásetning lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða, frv. (þskj. 154). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég flyt hér frv. til l. um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða.

Hið sama gildir um þetta frv. og það sem var til umr. á undan, að það er samið af nefnd sem samgrh. skipaði 1975 til að semja frv. til l. um landmælingastjórn samkv. þál., sem samþ. var á Alþ. 7. maí 1975. Nefndin samdi þá frv. til l. um landmælingar, sem nú hefur verið vísað til hv. samgn., en þetta frv. er fylgifrv. þess.

Í III. kafla frv. til landmælingalaga er mælt fyrir um eignamælingar utan lögsagnarumdæma kaupstaða og skipulagðra svæða, en ekki þótti fært að hafa að öllu leyti sömu reglur um eignamælingar og gerð uppdrátta innan og utan þessara landssvæða.

Þetta frv. er samið með hliðsjón af lögum nr. 35/1914 og 16/1951, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum Reykjavíkur og Akureyrar, og gert ráð fyrir að þau lög falli úr gildi við gildistöku þessara laga. Að öðru leyti er frv. þetta samið með hliðsjón af ákvæðum frv. til l. um landmælingar.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Sparnaður í fjármálakerfinu, þáltill. (þskj. 166). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Mál þetta skýrir sig að mestu sjálft. Ég held að allir viti hvað fyrir flm. vakir, þ. e. a. s. að reyna að koma á samræmingu í fjármálakerfinu og draga úr miklum kostnaði og tvíverknaði, sem allir vita að er í fjármálakerfinu eins og það hefur hér hrannast upp um langt skeið, og að tilraun verði gerð af Alþingis hálfu til þess að taka í taumana.

Till. er flutt af öllum fjh.- og viðskn.-mönnum þessarar hv. d. og þess vegna sé ég ekki ástæðu til að gera till. um að vísa henni til n., því það liggur fyrir afstaða allra nm., heldur að till. verði beinlínis afgreidd hér og nú á þessum fundi, því að ég á von á að allir hv. dm. séu henni sammála.

Ég tel skylt að geta þess, að till. svipaðs eðlis var flutt á síðasta þingi og meðflm. þá var Pétur Sigurðsson, sem þá sat á þingi. Ég held að það sé rétt og skylt að það komi fram, og ég leyfi mér raunar að lesa upp till. og grg. eins og hún var þá — hún er lítillega breytt — svo hún sé hér með í umr., verði prentuð, en till. hljóðaði svo í fyrra, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu. Skal stjórnin, að loknu jólaleyfi alþm., leggja fram tillögur um fækkun starfsmanna ríkisbanka, Framkvæmdastofnunar ríkisins og opinberra sjóða um allt að tíunda hluta og samræmdar aðgerðir til sparnaðar og hagkvæmari rekstrar, þ. á m. um sameiningu lánastofnana, skorður við óhóflegum byggingum og fækkun afgreiðslustöðva.“

Og greinargerð:

„Alþjóð er ljóst, að nú er þörf aðhaldsaðgerða í fjármálum. Sú kaldhæðnislega staðreynd blasir þó við, að fjármálastofnanir hafa þanist einna mest út allra ríkisfyrirtækja á sama tíma sem sparifjármyndun minnkar. Leiðir hér sem oftar óstjórn af ofstjórn. Við þetta verður ekki unað.

Tillögumönnum er ljóst, að meðal stjórnenda bankamála eru ýmsir hæfileikamestu menn þessarar þjóðar. Flutningur þessa máls er ekki aðför að þeim, heldur liðveisla við þá, enda engum ljósara en þeim, hvar skórinn kreppir. Þó bendir flest til þess, að aðgerðir á borð við þær, sem hér er lagt til að ríkisstj. hafi forustu um, séu nauðsynlegar, ef úr úlfakreppunni á að brjótast.

Eftirspurn lánsfjár er ótakmörkuð við ríkjandi lánskjör. Bankar hafa einn og sama verðmæli, óraunhæfan verðmæli. Samkeppni þeirra verður því um það eitt að ná til sín stærri hlutdeild sparifjárins. Herkostnaðurinn í stríðinu við að afla auranna vex, verðmætaaukning er engin, en kostnaðaraukning mikil. Hagur viðskiptamanna versnar við þá andhverfu heilbrigðrar samkeppni sem hér er á ferðinni, og aðstaða skömmtunarstjóra nútímans er ekki aðlaðandi.

Sjóðakerfið og hagstjórnarbáknið í heild þarf líka að taka til gagngerðrar endurskoðunar, enda enginn efi á því, að þann frumskóg má grisja, engum til meins, en öllum til góðs. Þessi aðgerð þyrfti að spanna allt sviðið frá Þjóðhagsstofnun til minnsta sjóðsins.

Játað skal að hægara er hér um að tala en í að komast. Tilraunina ber þó að gera. Kannske ber hún takmarkaðan árangur — þá er að taka því. En enginn héraðsbrestur yrði þó markmiðunum, sem till. miðar að, yrði að fullu náð."

Það er auðvitað alveg ljóst, að á fleiri sviðum í þjóðlífi okkar þyrfti slíkra aðgerða við, tilrauna til þess að draga úr ofvexti, og má nefna þar til margar ríkisstofnanir, einkum þær sem alls ekki fá skoðun í fjvn., sem þó reynir að beita aðhaldi gagnvart ýmsum greinum ríkisfjármála, en þessar stofnanir, eins og kunnugt er, ganga margar hverjar nokkurn veginn sjálfala. En einhvers staðar verður að byrja og ég held að kannske sé ástandið einna verst í fjármálakerfinu, og þess vegna er það vissulega ánægjulegt ef stjórn og stjórnarandstaða geta tekið höndum saman um að reyna að bæta hér um og starfa saman, — hvaða ríkisstj. sem er, þá reyni alþm. allir sameiginlega að starfa að slíku þjóðþrifamáli. Þess vegna á ég von á því, að till. geti orðið samþ. einróma.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 32. fundur.

Föstudaginn 15. des., að loknum 31. fundi.

Vörugjald, frv. (þskj. 202 (sbr. 160)). — 3. umr.

Of skammt liðið var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Mér þykir rétt að það komi fram áður en þessari umr. lýkur, að í þessu frv., sem fjallar um hækkun vörugjalds á ýmsum vörutegundum, eru m. a. ákvæði um hækkun vörugjalds á hljóðfærum. Þetta hefur nokkuð verið gagnrýnt og á það bent, að ekki væri eðlilegt að slíkir munir væru í hæsta vörugjaldsflokki. Ég er þessu sammála. Ég tel að þessu þyrfti að breyta, og ég vænti þess, að þetta verði tekið til athugunar þótt síðar verði. Í 5. gr. frv. er ráðh. heimilað að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þetta mál hefur verið rætt í ríkisstj. og ég held að menn séu þar sammála um að vörugjaldið þurfi að taka til nánari athugunar. (**Forseti:** Má ég vekja athygli á því, að það, sem hæstv. ráðh. talar um, er tilheyrandi öðru dagskrármáli.) En var ekki vörugjaldið fyrsta mál á dagskrá? (**Forseti:** Jú, en það er tímabundið vörugjald — er það ekki? — sem þetta á við.) Já, það er nefnilega það. Það eru tvö vörugjaldsmál. En það breytir ekki hinu, að þessi vörugjaldsmál þurfa nánari athugunar við.

Auðvitað er það ákaflega óaðgengilegt fyrir hv. þm. að fá í hendur frv. þar sem taldir eru upp tollvöruliðir í stórum stíl án þess að hægt sé að átta sér á því hvaða innihald stendur á bak við hvert númer. Þar af leiðir að þegar ríkisstj. afgreiða slík mál eða í n. fer e. t. v. ekki fram nægilega glögg og góð athugun á því, hvort hver einstakur liður á réttilega heima í slíkri upptalningu. Í tilvikum sem þessum vill það gerast, að embættismenn fái meira vald en góðu hófi gegnir að því leyti, að þeir, sem hina pólítísku ábyrgð bera, gefa sér kannske ekki nægilegan tíma til þess að kanna málin til hlítar. Ég tel að þessi vörugjaldsmál þurfi að taka til nánari skoðunar, hvort sem þar er um að ræða hið almenna vörugjald eða hið tímabundna vörugjald.

Það er rétt ábending, sem kom fram hjá forseta, að þegar um hljóðfæri er að ræða, þá mun það ekki vera nákvæmlega þetta dagskrármál sem þar um ræðir, heldur annað, en það breytir ekki því, að aths. er jafngild engu að síður. Þessi mál þarf að taka til nánari skoðunar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Söluskattur, frv. (þskj. 110). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 205).

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 203). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

(Frsm. minni hl. Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. dm. er kunnugt höfum við í stjórnarandstöðunni lagt okkur fram um það að greiða fyrir því, að þingstörf gætu gengið með eðlilegum hætti miðað við óeðlilegar aðstæður, sem menn vita að hér eru, og veit ég að t. d. formaður fjh.- og viðskn. mun staðfesta að við, sem höfum starfað með honum þar, höfum síður en svo talið eftir okkur að vinna seint og snemma og greiða fyrir framgangi mála. Nú kemur það í ljós hér, að einn af ráðh. hefur ekki hugmynd um hvað felst í brtt. hæstv. ríkisstj. um skattlagningu, — hefur ekki hugmynd um það. Hvernig á að una við svona vinnubrögð? Ef þessi hæstv. ráðh. kemur fram undir réttum dagskrárlið og ætlar að gagnrýna skattlagningu sem hann sjálfur stendur að, þá er auðvitað ljóst mál að við hljótum að flytja brtt., og ég ætla mér að flytja brtt. einmitt í þá átt að fella niður vörugjald af hljóðfærum. Ég vona þá að ráðh. standi með mér í því að koma henni hér í gegn við 3. umr., en til þess þarf svigrúm. Ég játa að ég þekki ekki svo þessi númer í tollskrá að ég geti hér og nú á stundinni flutt slíka brtt., en ég geri ráð fyrir að allir skilji það, að þegar svona vinnubrögð eru hljótum við að óska eftir frestun þessa máls og flytja brtt. okkar á mánudaginn kemur. Ég er þess raunar fullviss, að formaður fjh.- og viðskn. mun

styðja mig í því, að þessu máli verði nú frestað svo að svigrúm gefist. Drátturinn er ekki sök stjórnarandstöðu, heldur eins ráðh., sem hefur ekki hugmynd um hvaða mál hann er að flytja.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég skil ekki aths. hv. þm. Er hann að óska eftir því, að málinu sé frestað vegna þess að ég hafi farið á mis við það sem stóð í dagskránni? Er það þess vegna sem hann er að óska eftir frestuninni? (Gripið fram í). Ég tók það fram áðan, að ég væri sannfærður um að við nánari athugun gætu menn verið sammála um að ákveðnir liðir í vörugjaldi gætu hugsanlega verið á annan veg. Þ. á m. eru hljóðfærin, sem ég tel að beri nú allt of hátt vörugjald. (Gripið fram í.) Ég tók það hins vegar fram, að vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur bersýnilega heimild til þess í lögum að gera þar breytingu á og þá breytingu verður að undirbúa og ekki hefur enn gefist ráðrúm til þess, þá sjái ég ekki ástæðu til þess að vera að flaustra því af á þessum dögum, meðan verið er að afgreiða öll þessi mál, og treysti hæstv. fjmrh. til að standa fyrir þeirri breytingu og endurskoðun sem þörf er á að gera.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég gleðst yfir þeirri hugmynd, sem ég heyri að hér hefur komið fram hjá hæstv. menntmrh. í þessu tilfelli, þar eð hann lýsir yfir að hann vilji gjarnan lækka vörugjald á hljóðfærum. Það er sannarlega mjög tímabær till. því svo dýrt er orðið að kaupa hljóðfæri fyrir þá sem gjarnan vilja flytja tónlist sjálfir á heimilum sínum. Það má segja að það sé alls ekki fyrir fólk með venjulegan fjárhag, svo dýrt er orðið að kaupa hljóðfæri, sérstaklega stór hljóðfæri, eins og t. d. píanó.

En það var ekki af þessu tilefni sem ég kvaddi mér hljóðs, herra forseti. Það var vegna þess að í sambandi við þetta mál hef ég séð ástæðu til þess að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. Mér þykir, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v., rétt að fresta afgreiðslu þessa máls til að koma til móts við hugmynd hæstv. menntmrh. Mér finnst afar skynsamlegt að fresta málinu af þeim sökum.

Hitt er annað mál, að það liggur fyrir, að ástæðan til flutnings þessa máls, til hækkunar hins tímabundna vörugjalds, er sú, að bæta á ríkissjóði upp tekjumissi vegna tollalækkana sem munu verða nú um áramótin. Í því sambandi vaknar ein mikilvæg spurning og hún er þessi: Til hvaða aðgerða ætlar ríkisstj. að grípa til þess að vega á móti tollalækkun á innfluttum iðnaðarvörum? Ríkisstj. hefur boðað að hún muni grípa til aðgerða af þessum sökum. Nú eru ekki margir dagar til áramóta og ekkert hefur heyrst um hvað það er sem hæstv. ríkisstj. ætlar að gera. Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna var þegar tekið fram, að samkeppnisaðstaða iðnaðarins yrði tekin til endurskoðunar og spornað yrði, eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta, með opinberum aðgerðum gegn óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, m. a. með frestun tollalækkana. Síðar hefur komið fram, eins og alþjóð er kunnugt, að tollalækkunum verður ekki frestað, en þess í stað hefur ríkisstj. lýst því yfir, að hún mun sækja um framlengingu á samningi um EFTA- aðild og samningi við Efnahagsbandalagið þegar samningurinn á að renna út. Þetta kemur m. a. fram í aths. við fjárlagafrv. Þar er vísað til samstarfssamningsins með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta.

„Í frv. er gert ráð fyrir lækkun aðflutningsgjalda í samræmi við samning um aðild Íslands að EFTA og samning við EBE. Í samstarfssamningi stjórnarflokkanna er gert ráð fyrir, „að samkeppnisstaða íslensks iðnaðar verði tekin til endurskoðunar og spornað með opinberum aðgerðum gegn óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, m. a. með frestun tollalækkana." Ekki er fullráðið með hvaða hætti þetta verður gert. Sérstök nefnd þriggja rn. hefur málið til athugunar."

Ég spyr nú, herra forseti: Er ástæða til þess fyrir mig að halda áfram rökstuðningi fyrir þessari fsp. minni, ef hæstv. iðnrh. hefur ekki tök á því að vera hér í salnum? Eða vill hæstv. forseti skjóta málinu á frest þangað til hæstv. ráðh. getur verið hér inni til að upplýsa þetta mál? Ég skil það mætavel, að hæstv. ráðherrar séu önnum kafnir. Hæstv. iðnrh. er sjálfsagt í Nd. að svara fsp. um verðjöfnun raforku. Það er mikilvægt mál, en þetta er líka mjög mikilvægt og eðlilegt að fjöldi manna spyrji um þetta. (**Forseti:** Ég geri ráð fyrir að það verði tækifæri til þess að ræða þetta síðar þannig að ráðh. heyri.) Má ég þá, herra forseti, gera hlé á ræðu minni, hún er að vísu ekki löng, en fá að ljúka henni þegar hæstv. ráðh. hefur tök á því að vera við. (**Forseti:** Ég geng ekki út frá því sem vísu, að hæstv. ráðh. geti verið við í dag. — **Gripið fram í:** Verður ekki málinu frestað? — **Forseti:** Við tökum ákvörðun um hvað við gerum í þessu.) Ég vil þá leyfa mér að fara þess á leit, að umr. verði ekki lokið nema tækifæri verði til þess að fara örlítið nánar út í þetta atriði sem ég hef vakið athygli á.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Eins og hv. þdm. hafa heyrt, hefur komið fram ósk um að þessu máli verði frestað þannig að fjh.- og viðskn. geti skoðað málið aftur áður en það verður afgreitt frá d. Ég tel rétt að fara fram á það við forseta að hann verði við þessari ósk.

Umr. frestað.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 110). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 154, n. 191 og 193, 192). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til 1. um breyt. á 1. um flugvallagjald. Frv. gerir ráð fyrir framlengingu á því bráðabirgðaákvæði sem gilt hefur á þessu ári, að flugvallagjald skuli innheimt á næsta ári með 100% álagi, þ. e. a. s. vera 3000 kr.

N. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls, þar

sem meiri hl. lagði til að frv. yrði breytt og flytur um það brtt. á sérstöku þskj. Í þessari brtt. felst breyting á 1. gr. núgildandi laga, þar sem kveðið er á um að greiða skuli sérstakt flugvallagjald sem renni til ríkissjóðs Íslands, og breytingin er á þá leið, að frá og með 1. jan. 1980 skuli tekjum af þessu gjaldi varið til eflingar flugmála. Er það þá sambærilegt við það sem nú gildir í vegamálum, þar sem ákveðin gjöld af umferð á landi renna í vegasjóð. Síðan koma tvær nýjar greinar sem kveða á um það, að í stað þess að gjaldið verði 3000 kr. á næsta ári í utanlandsflugi, þá verði það 5500 kr. fyrir hvern farþega, en helmingi lægra fyrir farþega á aldrinum 2-12 ára.

Eins og fram kemur í aths. við lagafrv. var flugvallagjaldið fyrst lagt á í utanlandsferðum árið 1975. Þá var það 2510 kr., síðan var það lækkað í 1500 kr., en svo hækkað aftur á þessu ári. Gjaldið 5500 kr. mun því ekki verða hærra miðað við verðlag en það var þegar það var fyrst ákveðið, og má því segja að það sé í samræmi við aðrar verðhækkanir í þjóðfélagi okkar. Um innanlandsflug gildir hins vegar, að það verði 400 kr. á hvern farþega og nái það einnig til farþega sem fljúga til Grænlands og Færeyja.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. með þessum breytingum. Geir Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Hér er enn um að ræða eitt af skattlagningarfrv. ríkisstj. Gildir sama um þetta mál og önnur, að við í minni hl. n. leggjum til að málið verði fellt. Það er flutt brtt., sem ég á von á að verði samþ. þar sem er um stjfrv. að ræða, en við munum að sjálfsögðu greiða atkv. gegn henni og síðan frv. í heild verði brtt. samþ.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Flugvallagjald hefur verið innheimt nú um nokkurra ára skeið, bæði í utanlandsflugi og innanlandsflugi. Frá því að þetta gjald var fyrst lagt á hefur mér fundist og mörgum öðrum hv. þm., að eðlilegt og sjálfsagt væri að flugvallagjald rynni til uppbyggingar flugvalla á Íslandi og til að bæta og auka öryggi í flugmálum og aðstöðu fyrir farþega. Við höfum oft gagnrýnt að gjaldið skuli látið renna til almennra nota. Nú hefur verið ákveðið að framlengja þetta gjald og jafnframt hækka það nokkuð.

Í fjárlagafrv., sem lagt var fram í haust, var gert ráð fyrir tekjum fyrir ríkissjóð af flugvallagjaldi sem næmu 470 millj. kr. Nú er með brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn., sem er í fullu samræmi við það samkomulag sem ríkisstjórnarflokkarnir þrír hafa gert með sér, lagt til að flugvallagjaldið verði enn hækkað og nemi 5 500 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, en 2 750 fyrir farþega á aldrinum 2-12 ára. Þessi hækkun mun auka tekjur ríkissjóðs af þessu gjaldi um 350 millj. kr. En jafnframt er ákveðið í 1. málsgr. 1. gr., og á því vil ég vekja sérstaka athygli því ég tel að hún sé mjög mikilvæg, að frá og með 1. janúar 1980 skuli tekjum af gjaldi þessu varið til eflingar flugmála. Ég tel að með þessu sé mikilvægum áfanga náð. Flugmál á Íslandi hafa þar með eignast fastan tekjustofn sem nemur á árinu 1979 820 millj. og mun að sjálfsögðu nema talsvert hærri fjárhæð árið 1980 ef að líkum lætur.

Nú er það svo, að fjárveitingar til flugmála á árinu 1979 munu nema 800 millj. Það er álíka upphæð og ríkissjóður fær inn af flugvallagjaldi á því ári. Ég skil þetta samkomulag svo, að áfram verði lagt fé til flugmála úr ríkissjóði ellegar veittar heimildir til vörukaupalána í þágu flugmála, eins og nú nýlega hefur verið áformað og mun væntanlega verða lagt til í sambandi við afgreiðslu lánsfjáráætlunar, áfram verði veittar slíkar heimildir til lántöku. Með það í huga efast ég ekki um að sú breyting, sem hér er gerð á ákvæðum um flugvallagjald, eigi eftir að verða til þess að stórauka framlög til flugmála í landinu og þar með stórbæta aðstöðu farþega á hinum ýmsum flugvöllum landsins.

Fyrir fáum árum var gerð áætlun um framkvæmdir í flugmálum hér á landi og komust menn að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að verja u. þ. b. 1800 millj. kr. á verðlagi þessa árs til flugmála í landinu, en fjárveitingar á næsta ári verða væntanlega samanlagt u. þ. b. 800 millj. kr. Af þessu sjá menn að mikið vantar á að fjárveitingar til flugmála séu enn orðnar nægar.

Ég vil sem sagt leyfa mér að vænta þess, að því samkomulagi, sem gert var í ríkisstj. um þessi mál, og þeirri breytingu, sem nú er lagt til að gera á lögum um flugvallagjald, muni fylgja stórauknar framkvæmdir og framfarir í íslenskum flugmálum.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Eins og menn heyrðu er hæstv. samgrh. hinn montnasti yfir þessu máli. Hann talar um að mikilvægum áfanga sé náð þegar verið er að leggja gífurlegar byrðar á fólkið sem þarf að ferðast,- og auðvitað kemur það verst við fátæka fólkið sem þarf að ferðast bæði innanlands og sem betur fer geta margir ferðast til útlanda líka. Hann segir að verði aðstaða farþeganna stórbætt fyrir það að þetta gjald skuli á lagt. Það er auðvitað rétt, að þetta á að renna til flugmála. Hvers vegna er þetta nauðsynlegt til flugmálanna nema vegna þess að hæstv. ráðh. hefur ekki getað fengið fjárveitingar á fjárl. sem nægðu?

Það er eins með þetta og með vegamálin. Ég hef nú boðið þessum hæstv. ráðh. með lagafrv. að reyna sjá honum fyrir eins og 2 milljörðum. Hann er ekki enn farinn að þiggja það í vegina, einfaldlega vegna þess að þegar það mál var hér upphaflega flutt, þá gat hann ekki stutt það eins og flestir eða allir aðrir þm., af því að ég var 1. flm., þvældist fyrir því á síðasta degi þingsins í þessari hv. d., ætlaði að halda uppi málþófi, þannig að ekki væri hægt að ljúka þingi. Það var þá fyrir tilstuðlan þess ágæta forseta, sem d. nú hefur kosið sem aðalforseta, að honum var gert það ljóst að þó að hann talaði alla nóttina, þá mundi málið ganga til atkv.

Svo kemur hann hingað og er montinn af öllu saman: Þetta er stórkostlegur áfangi! Ekkert orð um það, að þetta íþyngi eitthvað fluginu og flugstarfseminni. Það veit hæstv. ráðh. bókstaflega ekki nokkurn skapaðan hlut um. Og svo segir hann: Ég skil þetta samkomulag svo og svo, samkomulag sem stjórnarflokkarnir hafa gert sín á milli. — Hann skilur það svo og svo. Ekki er hann nú viss um það. Hann bætir svo við: Ég vænti þess, að þetta verði svona og svona. — Hann hefur ekki einu sinni nokkra minnstu vissu fyrir því að fá fé á fjárl. Það er ekki búið að ganga frá því enn þá. Mér skilst það m. a. s., að fjvn. sé nú að klofna, stjórnarflokkarnir þar, og allt sé í hreinustu óvissu.

Nei, þetta er nokkuð langt gengið, þessi kokhreysti. Og ég endurtek, að ef ráðh. ætla að hefja almennar umr. með þessum hætti, þá er ég til í að taka þátt í þeim í alla nótt um ótal málefni, bæði skattamál og annað slíkt, og ef

þessi hæstv. ráðh. ætlar að koma hér í þriðja sinn upp í pontuna til að hælast um og mikla sjálfan sig á kostnað samráðh. sinna, þá skal ég tala við hann í alla nótt.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það var aðeins til þess að bera á móti þeirri þjóðsögu sem hv. þm. Eyjólfur Konráð hefur verið að bera út um kjördæmi okkar beggja nú um nokkurra ára skeið og er nú að flytja hér inn á Alþ., að ég hafi haldið uppi málþófi á Alþ. á sínum tíma. Við skulum bara kíkja í Alþt. og vita hvað við erum að tala um. Ef menn kíkja í þau, þá sjá þeir þar, að ég hélt mjög hóflega langar ræður um þetta mál og síður en svo að ég héldi uppi neinu málþófi.

En ég benti á það á sínum tíma, að happdrættislán í þágu Vegasjóðs væri heldur óhyggilegt fyrirkomulag, það væri eðlilegra og sjálfsagðara að ríkissjóður tæki lán með hagstæðari kjörum en fælust í þessum lánum. Ég þarf ekki að minna þá hv. þm. á það, sem voru viðstaddir þessa umr., að ég var ekki einn um þessa skoðun, heldur voru ýmsir aðrir dm. á sama máli. Ég var hins vegar þeirrar skoðunar, að varanlegt slitlag ætti að leggja á veginn norður til Akureyrar og reyndar hringveginn allan og það beri að gera það hið fyrsta, og hef aldrei skorast undan því að taka þátt í fjáröflun til þess. Skoðun mín á því máli er óbreytt, og ég er sannarlega reiðubúinn til þess að þiggja stuðning þessa ágæta samþingismanns míns úr Norðurl. v. Ef hann vill aðstoða mig við að gera Vegasjóð digrari en hann er nú, þá stendur ekki á mér. En hitt er annað mál, að vel getur verið að okkur greini nú sem fyrr á um fyrirkomulag tekjuöflunar, og má kannske líta á það meira sem tæknilega hlið málsins sem við auðvitað hljótum og verðum að koma okkur saman um, því hitt er aðalatriðið að meira fé fáist til vegagerðar.

En varðandi hitt atriðið, að ég hafi verið að hrósa happi yfir því, að sú breyting sé gerð á flugvallagjaldi, sem hér er til umr., þá vil ég staðfesta að það er rétt. Ég tel að þessi breyting sé mjög til hins betra og hún eigi eftir að verða íslenskum flugmálum til mikillar gæfu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að blanda mér í þessar umr., en ég vil taka undir það sem hér hefur fram komið hjá hæstv. ráðh., að ég tel sjálfsagt að stefna að því, að þær tekjur, sem koma af flugvallagjaldi og öðru slíku, sem er í tengslum við flugið, renni framvegis til þess að reyna að lagfæra þann stórkostlega vanda sem blasir við öllum í sambandi við flugvelli og öryggi á íslenskum flugvöllum, sem er varla hægt að kalla því nafni suma hverja. Þess vegna vil ég undirstrika það hér, að ég tel það alveg hárrétta stefnu að þær tekjur, sem verða til í sambandi við flugið, fari beint til þess að laga þetta ástand, bæði að því er varðar byggingu flugvalla og þá fyrst og fremst öryggismál í sambandi við flugvelli og einnig aðstöðu fyrir farþega. Það kemur að sjálfsögðu til greina að mynda sérstakan sjóð í sambandi við þessi mál, álíka og hefur verið gert í sambandi við Vegasjóðinn. Ég vil nota þetta tækifæri vegna þessara umr. og leggja áherslu á að Alþ. sinni þessu atriði betur en hefur verið gert til þessa. Þarna er fyrsta tækifærið.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Aðeins til að fagna því að hæstv. samgrh. kom með framrétta hönd og lagði til að við reyndum að sætt°st á útvegun þessa fjár. Það er ekkert kappsmál mitt að þetta sé endilega verðtryggt með einhverjum ákveðnum hætti, eins og er í núgildandi lögum. Það má gjarnan hugsa sér t. d. gengistryggingu eða eitthvert annað fyrirkomulag á happdrættislánunum. Ég vona að við náum saman um að koma þessu máli fram. því alveg er áreiðanlegt að það verður ekki hægt að koma saman vegáætlun, nema þetta fé fáist, og ég held að enginn okkar geti sýnt sig í kjördæmunum ef ekki kemur meira fé en nú er gert ráð fyrir. Þarna er áreiðanlega heppilegasta leiðin til fjáröflunar. Fólkið vill vegina. Það vill leggja eitthvað af mörkum til þess, það vill lána fé til þess. Og þetta er einhver besta fjárfesting sem hugsanleg er. Ég tel að þetta form, happdrættislán, eigi að verða varanlegt, að það eigi að gera þetta að alvöruhappdrætti, þannig að dregið sé t. d. mánaðarlega, fólk hafi gaman af að fylgjast með framkvæmdinni og fá að vita hvaða vegaspotta á næst að leggja o. s. frv. Við getum sameinast um að koma þessu máli fram. Ég, eins og ég sagði þegar ég fylgdi málinu úr hlaði, vildi m. a. s. mjög gjarnan að upphæðirnar í frv. yrðu hækkaðar, það yrðu meira en 2 milljarðar árlega sem þannig yrði boðið út, gætu verið 3-4 og kannske svo árlega hækkandi. Ég fagna því sérstaklega, að ráðh. vill ræða það við mig og aðra að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi þannig að féð náist.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð, enda væri ekki verðugt að fara að hella sér yfir hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson þegar hann hefur talað sig dauðan í málinu og mun ég ekki gera það. Við erum hér að ræða um flugvallagjaldið, og ég lái honum að vísu ekki þótt hann víki máli sínu yfir að öflun happdrættisfjár til vegagerðar, sem hann beitti sér fyrir á sínum tíma af miklum dugnaði. Ég hlýt þó eigi að síður að vekja athygli á því, að eins og það mál var upprunalega afgreitt, þá var til þess ætlast að hér kæmi til aukasjóður til þess að flýta fyrir því, að við fengjum gott vegasamband kringum landið, austur um og norður um, milli Reykjavíkur og Akureyrar. En síðan var mynduð ríkisstj. sem hélt þannig á vegamálunum að þennan sjóð varð að taka til almennrar vegagerðar og vegaviðhalds og hann hvarf. (**Menntmrh:** Hann týndist í Borgarfirði.) Hann týndist m. a. uppi í Borgarfirði. (Gripið fram í.) Vonlítill er ég um það, ef við skyldum öðru sinni gera sams konar ráðstafanir til fjáröflunar til vegagerðar með happdrættislánum og fengjum síðan álíka stjórn til þess að ráðskast með það fé, að það fé mundi leiða til frekari vegaframkvæmda hér á landi.

Nú vil ég víkja að því máli, sem hér er til umr. fyrst og fremst, sem er flugvallagjaldið.

Fyrir tveimur dögum var tilkynnt að 18 af flugvöllum landsins hefði verið lokað vegna þess að þeir uppfylltu ekki lágmarkskröfur um öryggi. Á hverju einasta þingi í 30 ár hafa verið lögð fram skjöl frá flugmálastjóra upp á það, að lífi og limum íslenskra flugfarþega væri stofnað í óafsakanlega hættu vegna þess að ekki væri séð fyrir fjármunum til þess að koma upp nauðsynlegum öryggistækjum á flugvöllunum okkar. Og með tilliti til þess að Sjálfstfl. mun nú hafa allar götur frá stríðslokum, að embætti flugmálastjóra var stofnað, verið við stjórn — að einum tæpum 6 árum undanskildum, minnir mig — þá mætti til sanns vegar færa að tími sé kominn til þess, eins og það er kallað á nútíma stofnanaíslensku að „eyrnamarka" sérstaka fjáröflun beint til flugvallanna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta frekar, en fannst ég ekki geta vikið mér undan því að minna aðeins

á þetta atriði sem lýtur að ástandi öryggismála á flugvöllum.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því að hafa ekki munað eftir því áðan, en að sjálfsögðu er það rétt að það er einhver trygging í því að féð eigi að renna beint til flugmála. Við erum auðvitað ekki mótfallin því og getum greitt atkv. með þeirri breytingu, þó við greiðum atkv. gegn frv. í heild þegar væntanlega verður búið að samþ. brtt. um hina stórfelldu hækkun.

ATKVGR.

Brtt. 192,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 192,2 (tvær nýjar gr., verða 2.-3. gr.) samþ. með 7:4 atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 10:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv.

Efri deild, 33. fundur.

Föstudaginn 15. des., að loknum 32. fundi.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 206). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 34. fundur.

Föstudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár í þeim tilgangi að spyrja hæstv. forsrh. hverjar fyrirætlanir ríkisstj. séu varðandi afgreiðslu þeirra mála, sem ríkisstj. hefur flutt hér á Alþ., og varðandi fyrirkomulag á störfum Alþ. fram til hátíða, en nú er aðeins ein vika til Þorláksmessu.

Það er ekki að ófyrirsynju að þessi fsp. er fram borin. Fréttir hafa borist um að flokksstjórn eins stuðningsflokks ríkisstj., Alþfl., hafi gert samþykkt á fundi sínum í gærkvöld, þar sem skilyrtur er stuðningur Alþfl.-manna við afgreiðslu fjárlagafrv. ríkisstj. Það hefur enn fremur borist mönnum til eyrna eftir hádegisfréttir Ríkisútvarpsins nú í dag, að að afloknum ríkisstjórnarfundi mundu tekjuöflunarfrv. þau, sem ríkisstj. hafði í smíðum, verða lögð fram á hv. Alþ. Ráðgert mun hafa verið að 2. umr. um fjárlagafrv. færi fram á morgun, en þótt þangað til séu ekki nema 23 klukkutímar, þá hefur a. m. k. stjórnarandstöðunni ekki borist nein vitneskja um innihald þeirra fjáröflunarfrv. sem verið hafa í smíðum. Og ekki hefur fremur borist vitneskja um innihald lánsfjáráætlunar, sem góðu heilli hefur undanfarin ár fylgt afgreiðslu fjárlagafrv., en í fyrra tókst einmitt að láta lánsfjáráætlunina fylgja 2. umr. fjárlagafrv. Ekkert hefur borist þm. varðandi efni og innihald þeirrar áætlunar frekar en stjórnarandstöðunni hefur borist vitneskja um fjáröflunarfrv.

Ég hygg því, herra forseti, að það sé ekki að ófyrirsynju og teljist ekki til tafa á þingstörfum að þessi fsp. er fram komin sem ég hér hef flutt og vonast til að hæstv. forsrh. svari.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér er ljúft að verða við tilmælum hv. 4. þm. Reykv. og gera grein fyrir því, hver háttur mun verða hafður á afgreiðslu þingmála á næstunni.

Það er stefnt að því að afgreiða fjárlög fyrir jól. Það er stefnt að því, að 2. umr. um fjárlagafrv. fari fram á morgun. Tekjuöflunarfrv. verður, að ég ætla, útbýtt hér á þingi innan tíðar og þá meina ég í dag. Mér þykir það nú í raun og veru miður, að stjórnarandstöðuformaður hefur ekki fengið að sjá handrit þeirra, en ég skal reyna að sjá til þess, að hann fái þau svo fljótt sem kostur er. Það er ætlunin að afgreiða þessi tekjuöflunarfrv. fyrir jól eða í síðasta lagi fyrir nýár, ef afgreiðsla fjárl. skyldi dragast þangað til á milli jóla og nýárs. Jafnframt er gert ráð fyrir að lögð verði fram frv. þau nokkur um félagslegar umbætur, sem rætt hefur verið um og haft hefur verið samráð um við launþegasamtökin, og þau afgreidd ef kostur verður.

Ég veit að með þessu er stefnt að miklu vinnuálagi á hv. alþm., en þeir eru því vanir fyrir jól að snör handtök séu höfð við afgreiðslu þingmála. Ég vænti þess vegna þess, að það vinnuálag, sem á þá verður lagt, ofbjóði ekki kröftum þeirra og okkur takist að afgreiða fjárlög og þau tekjuöflunarfrv., sem tilheyra, svo og frv. um félagslegar umbætur.

Það er auðvitað rétt, að það er æskilegt og hefur stundum tekist að láta lánsfjáráætlun fylgja afgreiðslu fjárl. Skýrsla um lánsfjáráætlun er í vinnslu og ég þori ekki á þessu stigi að fullyrða um það, hvort tekst að leggja fram á Alþ. á þeim skamma tíma, sem er til umráða. Að því er þó stefnt. Hins vegar hefur það auðvitað oft átt sér stað, að lánsfjáráætlun hefur ekki verið afgreidd fyrr en síðar. Ég hygg að þau tilvik séu miklu fleiri en þau, að tekist hefur að láta hana verða samferða fjárl., sem ég játa að er æskilegt og í raun og veru sjálfsagt. Ef ekki tekst að leggja fram skýrslu um lánsfjáráætlunina, sem ekki fer til samþykktar hér á Alþ. eins og menn vita, fyrir jólin, heldur aðeins þau lög sem veita heimild til lántöku, sem nauðsynleg er vegna lánsfjáráætlunar, þá mun stefnt að því, að frv. um nauðsynlegar lánsheimildir verði lögð fram nú fyrir jólin.

Þessir afgreiðsluhættir, sem ég hef gert grein fyrir, eru sammæli allra ráðh. ríkisstj. Ég vænti þess, að okkur takist þetta erfiða verk og að við fáum samþykkt fjárlög fyrir jól eða í síðasta lagi fyrir gamlárskvöld.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vildi þakka hæstv. forsrh. svör hans við fsp. minni. Það er rökrétt og eðlilegt, að í framhaldi af svörum hæstv. forsrh. sé þeirri fsp. beint til formanns Alþfl., hæstv. utanrrh., eða for-

manns þingflokks Alþfl., hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, 4. þm. Vestf., hvort þeir fallist á þá málsmeðferð sem hér hefur verið lýst af hálfu hæstv. forsrh. Ég sé að hæstv. utanrrh. er ekki í þingsalnum, svo að ég beini orðum mínum til hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að gefnu þessu tilefni.

Ég vil þó segja þegar að gefnu tilefni hæstv. forsrh., að bersýnilega kemur fram að verkstjórn af hálfu hæstv. ríkisstj. er léleg, svo að ekki sé meira sagt, að svo miklu leyti sem verkstjórnar er af ríkisstj. krafist varðandi störf þings. Slíkri kröfu hlýtur að vera beint að ríkisstj. hvað snertir flutning og undirbúning þeirra mála sem ríkisstj. og ráðh. er skylt að búa í hendur Alþingis. Ég hygg að stjórnarandstaðan hafi á þessu þingi sýnt málum ríkisstj. fyllstu tillitssemi og fyrirgreiðslu og stuðlað að því, að málin fengju afgreiðslu með málefnalegum hætti. Stjórnarandstaðan verður ekki sökuð um að hafa tafið afgreiðslu mála, þótt hún hafi að sjálfsögðu flutt efnislega gagnrýni og eigin stefnumótun til úrlausnar þeirra vandamála sem við hefur verið að glíma.

Eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. eru nú, þegar vika er til jóla, ekki komin fram fjáröflunarfrv. sem fylgja eiga fjárlagaafgreiðslu — skattheimtufrv. sem hljóða væntanlega upp á milljarða kr. aukna skattheimtu á allan almenning í landinu — og horfið er frá þeim skynsamlegu og sjálfsögðu vinnubrögðum, að lánsfjáráætlunin og framkvæmdaáætlunin liggi fyrir við afgreiðslu fjárl. Í hvoru tveggja þessu hefur hæstv. ríkisstj. algerlega brugðist. Það er raunar til allmikils ætlast ef afgreiða á slík skattheimtufrv. á svo skömmum tíma sem raun ber vitni — a. m. k. frv. sem þm. stjórnarandstöðunnar hafa ekki séð. Því meiri furðu vekur þessi framkoma hæstv. ríkisstj. þegar þess er gætt, að aðstandendur hennar, þeir þrír stuðningsflokkar sem mynduðu hana, hafa haft fyrst 8 vikur í stjórnarmyndunarviðræðum á s. l. sumri til þess að koma sér saman um hvernig halda skyldi á málum og síðan starfað saman í ríkisstj. í 3½ mánuð, en engin tillaga um lausn hefur fundist af hálfu aðildarflokka ríkisstj., heldur hefur verið stiklað af einum steini til annars í smáum skrefum og raunar á þann veg að vandinn, sem upphaflega var til úrlausnar, hefur verið stóraukinn með aðgerðunum fyrst í sept. og síðan nú í des., svo að nú er vandinn, sem við blasir, miklum mun meiri og alvarlegri en nokkru sinni var þegar þessi ríkisstj. var mynduð. Það fer ekki fram hjá neinum, að það er brotalöm í þessu samstarfi. Þessi hæstv. ríkisstj. ber feigðarmerkin utan á sér.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég ætla ekki að svara fyrir hæstv. utanrrh., formann Alþfl., hann er ekki viðstaddur, en ég stend upp aftur vegna þess að mér láðist að víkja að atriði sem hv. fyrirspyrjandi vék að í frumræðu sinni, sem sé þeim efnahagstillögum sem samþ. voru á fundi hjá flokksstjórn Alþfl. s. l. nótt og sagt hefur verið frá í fréttum. Spurning hans var eitthvað á þá lund, hvort þær mundu hafa einhver áhrif á fyrirhugaða afgreiðslu mála í þingi.

Ég vil af þessu tilefni upplýsa það, að ráðh. Alþfl. lögðu fram á fundi ríkisstj. nú í morgun þær till. sem hér er um að tefla, sem eru í frv.-formi, ásamt ályktun sem þessi fundur gerði um þessi mál. Þeir kynntu þar þetta mál fyrir samráðh. sínum í ríkisstj. Að sjálfsögðu gafst öðrum ráðh. ekki tóm til þess á ríkisstjórnarfundi í morgun að lesa þetta frv. nægilega gaumgæfilega til þess að þeir gætu tekið afstöðu til þess. Þess vegna tóku þeir það til skoðunar og um það verður nánar fjallað í ríkisstj. þegar ráðh. hafa kynnt sér það. Þetta frv. er samið af vinnuhóp sem Alþfl. hefur sett. Í fljótu bragði virðist það — að sumu leyti a. m. k. — vera úrvinnsla á þeim stefnuatriðum sem sett voru fram í grg. með lagafrv. um viðnámsaðgerðir gegn verðbólgu og samþ. voru og afgreidd hér á Alþ. um s. l. mánaðamót. Það hefur verið ætlun ríkisstj., að þau stefnumál, sem þar er vikið að og gerð er grein fyrir í grg. með frv. sem ég minntist á, verði tekin til rækilegrar meðferðar og úrvinnslu strax upp úr áramótum. Það er ekki nokkur vafi á því, að hvernig sem þetta frv., sem Alþfl. hefur lagt fram til sýnis í ríkisstj., verður afgreitt, þá verður sú vinna, sem í það hefur verið lögð, til mikils gagns við úrvinnslu málsins eftir áramótin og kemur að notum þó að verði ekki talið við eiga að afgreiða það frv. óbreytt, enda kunna að vera í því ákvæði sem allir samstarfsflokkarnir geta ekki fallist á. Auðvitað verður í þessu efni eins og öðru að byggja á málamiðlun þegar þrír flokkar vinna saman. En það frumkvæði, sem Alþfl. hefur átt í þessu máli, getur vissulega komið að góðu gagni, þó að það séu ekki venjuleg vinnubrögð að samstarfsflokkar hagi sér á þessa lund. En allt getur snúist til hins betri vegar, ef rétt er á haldið. Þess vegna vil ég aðeins endurtaka að þetta mál, sem lagt hefur verið fram af hálfu Alþfl. í ríkisstj., mun fá fulla skoðun og meðferð þar. En ég tel algerlega vonlaust að ætla að fresta afgreiðslu fjárl. með tilliti til þess máls, vegna þess að það er engin von til þess, að við getum afgreitt það, fjárlög og þau tekjuöflunarfrv. sem þarf að afgreiða, allt í senn.

Það má vissulega segja að það standi öðrum nær en mér að ræða um og gera grein fyrir þessum tillögum sem Alþfl. hefur lagt fram, en ég vildi aðeins, vegna þess að utanrrh. er ekki viðstaddur, láta koma skýrt fram hér á þinginu, að hann lagði þetta fram og gerði grein fyrir því, þannig að það fari ekki á milli mála að þetta mál er til athugunar hjá ríkisstj.

Það er auðvitað alltaf álitamál, hvað er góð verkstjórn og hvað ekki. Auðvitað verður ríkisstj. að láta sér lynda það, að henni sé sagt til syndanna og verkstjórnin sé heldur slæm. En þegar meta á hvort verkstjórnin er góð eða slæm, þá þarf að líta á allar aðstæður og meta verkstjórnina út frá því.

Hv. síðasti ræðumaður sagði að þessi ríkisstj. bæri feigðarmerkin utan á sér. Ég skal ekki segja um það. Þeir lifa stundum lengst sem með orðum eru vegnir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Á vegum þingflokks Alþfl. hefur á undanförnum vikum verið unnið að samningu frv. til l. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og um samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu. Frv. þetta er nú fullgert með grg. og aths. Við samningu þess hefur verið haft náið samráð við verkalýðsmálanefnd Alþfl., og fulltrúar frá verkalýðsmálanefnd Alþfl. hafa unnið með fulltrúum þingflokks Alþfl. að samningu frv.

Frv. er byggt á þeirri stefnumörkun um þjóðhagsstærðir, sem fólst í grg. frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem hæstv. ríkisstj. flutti í tengslum við 1. des. s. l., en grg. hafði verið samþykkt í ríkisstj. sem almenn stefna hennar í efnahagsmálum á árinu 1979 og ber að sjálfsögðu að skoðast þannig, enda grg. með stjfrv. Frv. okkar Alþfl.-manna um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og um samræmdar

aðgerðir gegn verðbólgu er því samið í beinu framhaldi af þessari stefnumörkun ríkisstj. og til þess gert að festa í framkvæmd þau maginatriði í stefnu hennar, að verulegur árangur náist í baráttu gegn verðbólgu á næsta ári jafnframt því sem tryggð verði örugg atvinna fyrir alla, verndun rauntekna láglaunafólks og jafnvægi í efnahagsmálum.

Er umfjöllun um þetta frv. var að mestu lokið í þingflokki Alþfl. skýrðu ráðh. Alþfl. frá því í ríkisstj. og sögðu jafnframt að það kynni að hafa áhrif á afgreiðslu fjárl. Flokksstjórn Alþfl. fjallaði um frv. þetta á fundi sínum í gærkvöld og í nótt. Flokksstjórnin gerði svofellda ályktun:

„Flokksstjórn Alþfl., sem kom saman til fundar 14. des. 1978, lýsir fullum stuðningi við frv. til l. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og um samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu. Flokksstjórnin leggur áherslu á að núv. stjórnarflokkar afgreiði frv. þessa efnis áður en fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun verða afgreidd og að fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun verði síðan sniðin að þessu frv. Flokksstjórnin hafnar alfarið eilífum skammtímaráðstöfunum í efnahagsmálum og ítrekar þá skoðun sína, að nauðsynlegt er að marka stefnu í efnahagsmálum til tveggja ára, þar sem fullt tillit er tekið til allra meginþátta þeirra mála. Ríkisvaldið verður að hafa frumkvæði til þess að ná árangri í baráttu gegn verðbólgu. Þess vegna verði ekki gengið frá fjárl. og lánsfjáráætlun fyrr en þessi stefna hefur verið mörkuð." — Þar með lýkur ályktun þeirri sem flokksstjórn Alþfl. gerði á fundi sínum í gærkvöld og nótt.

Á fundi ríkisstj. í morgun kynntu ráðh. Alþfl. samráðh. sínum frv. og samþykktina sem ég las áðan. Mér er ekki kunnugt um annað en efnisatriði frv. hafi fengið jákvæðar viðtökur við fyrstu sýn, þótt samstarfsflokkarnir taki sér eðlilega tíma til að skoða málið. Ég vil taka það fram, að að fyrirlagi formanns Alþfl. verður í dag sent til allra blaða og fréttastofnana frv. ásamt grg. og aths. og samþykkt þeirri frá flokksstjórn Alþfl. sem ég las áðan.

Þm. Alþfl. munu að sjálfsögðu haga sér í samræmi við þá ályktun flokksstjórnar Alþfl., sem grein hefur verið gerð fyrir, og við þm. Alþfl. höfum á þessu stigi engu við þetta að bæta.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Svör hæstv. forsrh. hafa valdið mér talsverðum vonbrigðum, vegna þess að ekkert ákveðið svar fólst í orðum hans. Það er stefnt að hinu og það er stefnt að þessu, en stuttur tími er til að vinna það verk sem liggur fyrir að vinna þarf fyrir jól eða fyrir áramót. Það eina, sem fram hefur komið, er það, að ríkisstj. hefur með samþykki ráðh. Alþfl. lagt fram frv. sem öll stefna í þá skattpíningarátt sem er stefnan á Alþ. og í borgarstjórn Reykjavíkur og heldur áfram. Alþfl. virðist þó hafa tekið fjörkipp og vitkast eitthvað og vill milda þessa skattpíningaröldu sem nú gengur yfir. Sem sagt, ríkisstj. leggur fram frv. með samþykki ráðh. Alþfl., og Alþfl. með þm. í broddi fylkingar leggur fram annað frv.

Þetta er að sjálfsögðu alvarlegt mál. Ég vil taka undir þau orð, sem hæstv. landbrh. lét frá sér fara fyrir nokkrum dögum, að að ríkisstj. standi 16 flokkar, þ. e. 14 Alþfl. og tveir til viðbótar. Það er hörmulegt til þess að vita að stjórnin í landinu skuli vera í slíkri upplausn. En ég vil segja það, að þjóðin þarf að fylgjast vel með störfum ríkisstj., og það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., það þarf að meta aðstæður til verkstjórnar, það þarf að meta aðstæðurnar til samstarfs innan ríkisstj. og það þarf að gera sér grein fyrir því — og hér á ég við að þjóðin þarf að gera sér grein fyrir því — að það er ekki grundvöllur fyrir vinstri sambræðslu til að stjórna Íslandi. Það er ekki nokkur grundvöllur fyrir vinstra samstarfi til að stjórna landinu, jafnvel — ég undirstrika það — þótt hæfur maður leiði hópinn.

Svar hæstv. forsrh. staðfestir einungis þá óvissu og þá óeiningu sem ríkir í stjórnarherbúðunum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Aðeins stutt aths. Hæstv. forsrh. og formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hafa svarað fsp. mínum. Ég vil að það komi skýrt fram, áður en þessum umr. utan dagskrár lýkur, að af svörum þeirra má ráða sitt hvað. Hæstv. forsrh. segir: Frv. Alþfl. um jafnvægi í efnahagsmálum verður ekki afgreitt áður en gengið er frá samþykkt fjárlagafrv. — Af orðum formanns þingflokks Alþfl. má ráða: Alþfl. stendur ekki að samþykkt fjárlagafrv. nema samhliða sé afgreitt hans eigið frv. — Nú skulum við hv. þm. fylgjast með hver framvindan verður. En á meðan hrannast vandamálin óleyst upp án þess að stjórnvöld hafi nokkurt ráð þeim til lausnar.

Kjaramál, frv. (þskj. 42, n. 161 og 172, 52, 53, 57, 162). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, TÁ, VG, ÞS, ÁG, BrJ, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GilsG, GSt, HES, HG, JóhS, SkA, KÓ, LJós, PP, SighB, SV, StH, SvJ, IG.

nei: SvH, AG, EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh, JÞ, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ.

Einn þm. (MHM) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 24:11 atkv.

3. gr. samþ. með 23:13 atkv.

4. gr. samþ. með 24:12 atkv.

5. gr. samþ. með 23:13 atkv.

6. gr. samþ. með 22:11 atkv.

Brtt. 53, 1 felld með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, SvH, AG, EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh.

nei: HES, HG, JóhS, SkA, KÓ, LJós, PP, SighB, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VG, ÞS, ÁG, BrJ, EðS, EG, EÁ, FTS. GSig, GilsG, GSt, IG.

Einn þm. (MHM) fjarstaddur.

7. gr. samþ. með 24:12 atkv.

Brtt. 57 felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, EG, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh, JóhS, JÞ, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, SvH, AG.

nei: EÁ, FTS, GSig, GilsG, HES, HG, SkA, KÓ, LJós, PP, SighB, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VG, ÞS, EðS, IG.

GSt, ÁG, BrJ greiddu ekki atkv.
Einn þm. (MHM) fjarstaddur.
Brtt. 53, 2—3 felld með 23:14 atkv.
— 52 felld með 21:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AG, EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh, JÞ, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, SvH.
nei: VG, ÞS, BrJ, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GilsG, GSt, HES, HG, SkA, KÓ, LJós, PP, SV, StH, SvJ, SvG, IG.
ÁG, JóhS greiddu ekki atkv.
3 þm. (TÁ, MHM, SighB) fjarstaddir.
Brtt. 162,1. samþ. með 21 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 19:13 atkv.
Brtt. 162,2 (ný 9. gr.) samþ. með 20:4 atkv.
— 53 kom ekki til atkv.
Brtt. 162,3 (ný 10. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 53,5 kom ekki til atkv.
— 53,6 kom ekki til atkv.
11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 53,7 tekin aftur.
12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
13.-21. gr. samþ. með 23:12 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:10 atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 5. sept. s. l.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. sagði: „Til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna verði þegar í stað framkvæmd 15% gengislækkun, enda verði áhrif hennar á verðlag greidd niður.“ — Í samræmi við þessa stefnu ákvað Seðlabanki Íslands 15% lækkun á gengi krónunnar til þess að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna og viðskiptastöðu landsins út á við. Vegna þeirrar ákvörðunar voru þessi brbl. frá 5. sept. út gefin.

Um efni frv. get ég verið stuttorður. Það er shlj. lögum þeim sem jafnan eru samþ. við lækkun á gengi krónunnar. Ég nefni þó sérstaklega 3. gr. frv., þar sem mælt var fyrir um ráðstöfun gengismunarsjóðs. Þar segir að 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skuli renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsíldar skuli vera stofnfé deildar fyrir saltsíld.

Í lögum frá 9. febr. 1978 um sama efni var ákveðið að 65% af því, sem kæmi í gengismunarsjóð af andvirði þessara afurða, skyldi renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs á móti 50%.

Þá ber þess að geta, að 19. sept. s. l. var gefin út reglugerð fyrir Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, þar sem stofnuð er deild fyrir saltsíldarafurðir innan hans. Í 2. lið 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að af þeim helmingi af andvirði fyrrgreindra sjávarafurða, sem rennur til Verðjöfnunarsjóðs úr gengismunarsjóði, auk andvirðis annarra sjávarafurða, skuli 50% verða varið til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og 50% verða varið til að létta stofnkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa samkv. nánari reglum. Þær reglur voru settar með reglugerðum útgefnum af sjútvrh. 22. sept. s. l. Samkv. lögum um sama efni frá því í febr. s. l. var 35% af umræddu gengismunarfé varið til hagræðingar í fiskiðnaði og til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa á móti 50% nú. Sýnir þetta þá áherslu sem lögð er á það, að undirstöðuatvinnuvegirnir geti gengið snurðulaust.

Þetta frv. hefur verið til meðferðar í hv. Ed. og verið afgreitt þar. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Niðurfærsla vöruverðs, frv. (þskj. 8). — 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem ég mæli fyrir nú, er flutt til staðfestingar á brbl. um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í sept. 1978, sem út voru gefin 1. sept. s. l. Þessi brbl. voru gefin út á fyrsta starfsdegi ríkisstj. í þeim tilgangi að gefa ríkisstj. svigrúm til þess að undirbúa ráðstafanir um kjaramál og önnur efnahagsmál. Í lögunum er kveðið á um tilhögun verðbótagreiðslna í septembermánuði bæði fyrir og eftir gildistöku þeirra laga um kjaramál, sem þá voru í undirbúningi og sett voru 8. sept. s. l., en í þeim lögum var endanlega ákveðið um tilhögun verðbóta í septembermánuði.

Um tilefni þessara brbl. er óþarft að fara mörgum orðum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á þessum tíma ríkti mikil óvissa um tilhögun verðbótagreiðslna á laun og því var nauðsynlegt að ákveða skipan þessara mála með lögum. Í aðfararorðum brbl. segir m. a., að ákveðnar hafi verið ráðstafanir til niðurfærslu vöruverðs sem komi til framkvæmda einhvern næstu daga til þess að hamla gegn verðhækkunum. Eðlilegt og sanngjarnt þyki að tillit verði tekið til þessa við greiðslu verðbóta á laun frá sama tíma og því beri brýna nauðsyn til að ákveða þessa skipan mála með lögum. Þetta er kjarni málsins.

Lagasetning af þessu tagi er ekki nýmæli. Á síðustu árum hefur nokkrum sinnum verið ákveðið með lögum að meta niðurgreiðsluaukningu til lækkunar á verðbótavísitölu, þó að niðurgreiðsluaukningin verði ekki fyrr en í þann mund að laun eiga að taka verðbótum. Þetta er í alla staði eðlilegt, því að niðurgreiðslurnar koma í stað launa.

Þetta frv. hefur verið afgreitt, eins og það frv. sem ég mælti fyrir nú áðan, í hv. Ed. Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, frv. (þskj. 146). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er flutt, er um framlengingu á gjaldtöku af innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, 2% leyfisgjald, að þriðjungur fjárhæðarinnar, eftir nánari ákvörðun ríkisstj., gangi til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti renni gjaldið í ríkissjóð.

Um þetta frv. er ekki margt að segja frekar. Hv. Ed. hefur þegar afgreitt frv. shlj.

2% leyfisgjald var fyrst lagt á eftir lögum nr. 77 frá 1977 um ýmsar ráðstafanir í efnahagsmálum. Það sem af er þessu ári, eða til 30. nóv., hefur leyfisgjald þetta numið 390 millj. kr. Þar af er stærstur hlutinn af almennum leyfum, 222 millj., af ferðagjaldeyrisleyfum 154 millj. og af olíum og bensíni 13.6 millj. Hér er um að ræða heimildarákvæði í lögum, en það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að þessi heimild verði nýtt í þeim fjáröflunaráformum sem ríkisstj. hefur fyrir árið 1979. Þó er þess að geta, að verðlagningarmál á olíum og bensíni eru núna til sérstakrar athugunar í ríkisstj. og hjá verðlagsstjóra, þannig að hugsanlegt er að sú heimild, sem hér er gefin varðandi leyfisgjöld af olíum og bensíni, verði tekin til sérstakrar athugunar.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 171). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Verðjöfnunargjald af raforku hefur verið lögbundið síðan á árinu 1974. Hafa lögin jafnan verið framlengd til eins árs í senn og er það enn lagt til með þessu frv. Tilgangur verðjöfnunargjaldsins hefur verið sá að draga úr rekstrarhalla Rafmagnsveitna ríkisins, og er svo enn. Á s. l. ári voru gerðar þær breytingar á lögunum, að verðjöfnunargjaldinu var skipt milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, þannig að Rafmagnsveiturnar fengu 80% gjaldsins og Orkubúið 20%, en Orkubúið tók til starfa 1. jan. 1978. Í frv. er lagt til að skipting gjaldsins verði óbreytt.

Efnisbreyting þessa frv., miðað við gildandi lög, er sú, að lagt er til að verðjöfnunargjaldið verði hækkað úr 13% í 19%. Ástæða þess er sú, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa átt við vaxandi fjárhagsörðugleika að stríða. Rekstrarhalli þeirra hefur aukist ár frá ári þannig að verðjöfnunargjaldið hefur ekki nægt til að standa undir honum. Mismunurinn hefur æ ofan í æ verið brúaður með óhagstæðum lánum sem viðskiptavinir Rafmagnsveitnanna hafa verið látnir standa undir með gjaldskrárhækkunum umfram eðlilegar kostnaðarhækkanir. Þannig hefur skapast slíkur ójöfnuður í raforkuverði, að ekki verður lengur við unað.

Viðskiptaaðilar Rafmagnsveitnanna eru sem kunnugt er íbúar hinna dreifðu byggða og miðað við höfðatölu þeirra, sem Rafmagnsveiturnar sjá fyrir raforku, búa 48% í sveitum, 37% í kauptúnum og 15% í kaupstöðum. Í þessum tölum endurspeglast það viðfangsefni og sá erfiði markaður sem þessu ríkisfyrirtæki er ætlað að sinna, og það þarf enga spekinga til að sjá að viðfangsefnið er annað og kostnaðarsamara en gerist hjá rafveitum sem nær einvörðungu dreifa raforku um þéttbýli. En orkuöflunarþáttur Rafmagnsveitnanna hefur ekki síður verið erfiður. Þannig liggur fyrir, að á árinu 1977 var um 74% af orkusölutekjum Rafmagnsveitnanna, að verðjöfnunargjaldi meðtöldu, varið til orkukaupa, en sama hlutfall hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nam t. d. aðeins 38%. Það er mönnum einnig kunnugt, að þjónustusvæði Rafmagnsveitnanna falla að miklum hluta saman við hin svokölluðu „köldu svæði“ með tilliti til jarðvarma og íbúar þeirra svæða þurfa að hita híbýli sín og vinnustaði með rafmagni eða olíu, sem kemur nokkurn veginn út á eitt kostnaðarlega séð þar eð verðlagning á raforku til húshitunar hefur verið látin haldast nokkurn veginn í hendur við kyndingarkostnað með olíu. Þannig fellur saman hátt raforkuverð til almennra heimilisnota, lýsingar og eldunar, sem er nálægt 90% hærra en hjá íbúum flestra stærstu þéttbýlisstaðanna og um 250% hærri kostnaður við húshitun. Aðstaða atvinnurekstrar á þessum svæðum er að sama skapi afleit með tilliti til orkukostnaðar.

Það er mikið talað um samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar gagnvart erlendum iðnaði einnig þessa daga. En menn mættu jafnframt hafa í huga þann gífurlega aðstöðumun sem atvinnurekstri er búinn hérlendis vegna mismunar á orkuverði og þá ekki síst eftir landshlutum. Þeir, sem í alvöru tala um það sem æskilegt markmið að halda landinu í byggð sem víðast, hljóta að átta sig á að leiðrétta verður þann óverjandi mun sem einstaklingum og atvinnurekstri er búinn í orkuverði.

Ég hef orðið var við sívaxandi óróa fólks víða um land á undanförnum missirum vegna öfugþróunar í þessum efnum, og veit ég að aðrir hv. alþm. hafa einnig tekið eftir þessu. Sem ráðh. orkumála hef ég fengið mörg bréf og tilmæli um að beita mér fyrir leiðréttingu. Sú ríkisstj., sem ég er fulltrúi fyrir, hefur líka einsett sér að vinna að jöfnun raforkuverðs. Hingað komu í alþingishúsið í gær þrír Rangæingar og höfðu meðferðis undirskriftalista með nöfnum 1318 sýslunga sinna sem gera kröfu um leiðréttingu á orkuverði. Ég tel rétt að vitna í formála þessa undirskriftaskjals sem fyrir 100 árum hefði verið kallað bænaskrá og á fjórtánda hundrað manns í þessari sýslu hafa ritað nöfn sín undir. Ég tek þetta sem dæmi, því að fleiri slíkir listar hafa borist iðnrn. á síðustu mánuðum, m. a. frá minni heimabyggð, Neskaupstað. Orðsending Rangæinganna er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir íbúar í Rangárvallasýslu mótmælum harðlega því óheyrilega háa raforkuverði sem nú er að ofbjóða gjaldþoli fjölmargra viðskiptavina Rafmagnsveitna ríkisins. Nú er svo komið, að þar sem t. d. ein fyrirvinna er fyrir fjölskyldu og hitað er upp með raforku neyðist fólk til þess að flytja í burtu, þar sem hitakostnaðurinn er algerlega óviðráðanlegur og ekkert í líkingu við það sem annars staðar þekkist, og þetta gerist þrátt fyrir það að menn eru hvattir til þess að nota þessa innlendu orku, enda er raforkan orðin verulega dýrari heldur en olía sem flutt er inn langt utan úr heimi á

uppsprengdu verði, en raforkan er framleidd í héraðinu og flutt um stuttan veg.

Sá óheyrilegi verðmunur, sem er á raforku eftir því hvar menn búa á landinu, er með öllu óþolandi. Í því sambandi er rétt að benda á að allar meiri háttar rafveitur eru reistar fyrir framlög úr sameiginlegum sjóðum landsmanna eða með erlendum lántökum sem öll þjóðin er ábyrg fyrir. Með hvaða rétti er þá þegnunum mismunað? Jafnframt er rétt að benda á að þeir aðilar, sem eru að reyna að halda uppi iðnaði og annarri starfsemi, verða algerlega ósamkeppnisfærir og hljóta að gefast upp fyrr en síðar, en það leiðir til fólksflótta og stórkostlegrar byggðaröskunar.

Þetta ástand er með öllu óþolandi. Það er því krafa okkar, að þegar í stað verði gerðar ráðstafanir til úrbóta."

Við þessum aðstæðum, sem eru tilefni þessarar orðsendingar, hefur verið rætt í ríkisstj. að bregðast með tvennum hætti: annars vegar með beinu fjárframlagi ríkisins til Rafmagnsveitnanna, sem a. m. k. nemi 600 millj. kr. og iðnrn. hefur gert till. um í tengslum við lánsfjáráætlun, og hins vegar með framlengingu og þeirri hækkun verðjöfnunargjaldsins sem lögð er til með þessu frv. Breytt skipulag raforkuiðnaðarins, sem ríkisstj. stefnir að, verður væntanlega spor í sömu átt, en leysir engan veginn allan vanda. Orkusparnaður og bætt orkunýting, sem unnið verður að á vegum iðnrn., bygging fjarvarmaveitna og aðrar nýjungar í orkumálum geta einnig hjálpað til, en þær varða auðvitað marga fleiri en þá sem nú búa við mest misrétti um raforkuverð.

Aðalatriðið við meðferð þessa máls nú er að sjálfsögðu það að ná fram nokkurri leiðréttingu eða a. m. k. að tryggja að ekki þurfi að auka mismun á raforkuverði frá því sem nú er, en í það stefnir ef ekki er andæft með þeim aðgerðum sem ég hef hér gert grein fyrir.

Áætlað er að þau 6%, sem gjaldið á að hækka um samkv. þessu frv., gefi um 700 millj. kr. í viðbótartekjur, en gera má ráð fyrir að óbreytt verðjöfnunargjald gefi um 1500 millj. kr. Með þessum auknu tekjum er stefnt að því, að Rafmagnsveiturnar geti dregið úr annars fyrirsjáanlegum gjaldskrárhækkunum vegna aukins tilkostnaðar á árinu 1979 og þannig verði minnkað bilið sem nú er á gjaldskrá RARIK og annarra rafveitna í landinu.

Varðandi Orkubú Vestfjarða hefur það við hliðstæða örðugleika að etja, enda gjaldskrá Orkubúsins svipuð og gjaldskrá RARIK. Ekki er þó gert ráð fyrir að Orkubúið fái beint fjárframlag frá ríkissjóði, enda er lánabyrði þess léttari en hjá Rafmagnsveitunum. Má minna á að við stofnun Orkubúsins yfirtók ríkissjóður um 3/4 af áhvílandi skuldum Rafmagnsveitnanna á Vestfjörðum. Hins vegar mun á næstu árum vaxa mjög olíukostnaður Orkubúsins, eða allt þar til Vesturlína verður tengd, en iðnrn. hefur lagt til að það verði gert síðla árs 1980.

Ég treysti á stuðning hv. alþm. við þetta frv. þótt ég geri mér fulla grein fyrir að margir hefðu kosið aðrar leiðir og aðrir viljað stíga stærra skref til verðjöfnunar en hér er að stefnt sem áfanga að marki.

Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni umr. hér í hv. þd. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Mér er ljóst, að starfstími Alþ. er nú óðum að styttast fram að jólaleyfi, ef það verður þá nokkurt jólaleyfi gefið, en það virðist leika nokkur vafi á því eins og sakir standa. Ég hef ekki heldur lagt það í vana minn að halda hér langar ræður og allra síst nú í seinni tíð, reynt að stytta mál mitt eftir föngum. En ég kemst ekki hjá því að gera grein fyrir þeirri afstöðu minni til þess frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku sem hér er til umr., að ég get ekki verið því samþykkur.

Ég skal ekki hafa um þetta langt mál, af þeim ástæðum sem ég áðan nefndi. En ég tel að enda þótt það sé virðingarverð og áreiðanlega rétt stefna að vinna að því að tryggja landsmönnum öllum sem jafnast raforkuverð og næga raforku, þá sé ekki réttlætanlegt að leggja svo hátt verðjöfnunargjald á þá sem á þessu svæði búa þar sem við nú erum stödd, og fyrir það svæði tel ég mig fulltrúa öðrum landshlutum fremur — ekki kannske endilega öðrum mönnum fremur. Ég viðurkenni að hafa látið kyrrt liggja að þetta verðjöfnunargjald væri lagt á undanfarin 5 ár, en þegar á að halda áfram að höggva í þennan sama knérunn og það svo myndarlega að hækka gjaldið úr 13% í 19%, þá tel ég að of langt sé gengið og að við getum ekki staðið að því, sem erum fulltrúar þess landshluta sem ég er nú að ræða sérstaklega um.

Mér hefur verið tjáð að borgarráð Reykjavíkur hafi í dag einróma samþykkt að andmæla þessu gjaldi. Mér hefur nú borist afrit af bréfi, sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, en það er bréf til hæstv. iðnrh., Hjörleifs Guttormssonar, og þar segir svo:

„Eftirfarandi ályktun var samþ. með shlj. atkv. á fundi borgarráðs í dag:

Borgarráð Reykjavíkur mótmælir þeim fyrirætlunum, sem felast í frv. er nú hefur verið lagt fram á Alþ., að hækka verðjöfnunargjald af raforku úr 13% í 19%. Í því sambandi bendir borgarráð á að Rafmagnsveita Reykjavíkur á við fjárhagsvanda að stríða, þar sem stjórnvöld hafa undanfarin ár ekki leyft umbeðnar hækkanir á rafmagnsverði í Reykjavík. Af þeim sökum hefur Rafmagnsveita Reykjavíkur neyðst til að taka erlend lán sem íþyngja nú rekstri fyrirtækisins. Sú fyrirætlan að leggja nú á aukið verðjöfnunargjald mundi þýða 300 millj. kr. aukagjald á notendur Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Borgarráð óskar því eindregið eftir því, að mál þetta verði tekið til endurskoðunar og athugunar að nýju."

Undirskriftin er Egill Skúli Ingibergsson, sem eins og allir hv. þm. vita er borgarstjóri hér í Reykjavík.

Það er auðvitað alveg laukrétt hjá hæstv. iðnrh., að það er mikill munur á aðstöðu manna eftir því hvar þeir búa að því er rafmagnsverði viðkemur, síst skal ég bera á móti því, og það er fyllsta ástæða til þess að ráða bót á þeim mismun. En ég tel að það sé ekki sanngjarnt, að rafmagnsnotendur hér séu sífellt og í auknum mæli látnir bera uppi einir að mestu leyti þá verðjöfnun, sem á rafmagni er látin fara fram og eins og ég áðan sagði á talsverðan rétt á sér. Það er ævinlega þannig, að gæðum er misskipt. Ég vil segja að Reykjavíkurborg hafi sýnt lofsverða framtakssemi með því að virkja vatnsföll hér í grennd á þeim tíma sem það var gert til hagsbóta fyrir íbúa borgarfélagsins og með fjármunum þeirra. Þessa eiga reykvískir íbúar að njóta. Þau raforkuvirki, sem Reykjavíkurborg hafði reist á sínum tíma, voru lögð fram sem hlutur Reykjavíkurborgar í fyrirtækinu Landsvirkjun þegar það var stofnað. Þannig hefur Reykjavíkurborg alla tíð verið helmingseigandi að Landsvirkjun. Ég tel að þeir, sem hér búa, eins og ég áðan sagði, eigi að njóta þeirrar framsýni sem sýnd var, þeir hljóti að eiga

rétt á því að nýta þau orkufyrirtæki, sem hér um teflir, fyrst og fremst til eigin þarfa.

Ég er samþykkur því, eins og ég áðan sagði, að áfram verði unnið að jöfnun á raforkuverði, en það má gera með ýmsum öðrum hætti en þeim að leggja gjald á þá raforkuneytendur sem á þessu svæði búa. Og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, fá að vitna í samþykkt stjórnar raforkufyrirtækja sem birtist í Morgunblaðinu í dag og er gerð af tilefni þessa máls. Með leyfi hæstv. forseta er hún á þessa leið:

„Samband ísl. rafveitna hefur í bréfi til orkumálaráðh. mótmælt þeim hugmyndum sem fram hafa komið um framlengingu laga um verðjöfnunargjald og hækkun þess úr 13% í 19%, en frv. þessa efnis var lagt fram á Alþ. í gær. Í bréfinu er bent á að gjald af þessu tagi gangi beint inn í raforkuverð í landinu og leiði til hækkunar framfærsluvísitölu og rekstrarkostnaðar atvinnufyrirtækja.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga við mikinn fjárhagsvanda að stríða, og mun stjórn fyrirtækisins hafa lagt til að ríkissjóður yfirtæki hluta af skuldunum og veiti einnig óafturkræf framlög til hins félagslega þáttar framkvæmda. Í tillögum RARIK er ekki gert ráð fyrir hækkun verðjöfnunargjaldsins.

Í bréfi Sambands rafveitnanna segir að ef þessar tvær leiðir væru valdar og þeirri þriðju bætt við, þ. e. að stöðva aukningu á sölu RARIK til rafhitunar á of lágu verði og marktaxtar væru leiðréttir, mætti koma fjárhagsstöðu fyrirtækisins á réttan kjöl, en jafnframt að fella hið óréttláta verðjöfnunargjald niður.

Á næsta ári mun áætlað að verðjöfnunargjald mundi nema nálægt 1500 millj. kr. með óbreyttu orkuverði. Af því kæmu um 1200 millj. í hlut Rafmagnsveitna ríkisins, en 300 millj. í hlut Orkubús Vestfjarða. Hækkun úr 13% í 19% mundi auka gjaldið úr 1500 millj. í tæpar 2200 millj. kr., eða um 700 millj. Af þeirri upphæð kæmu um 560 millj. í hlut Rafmagnsveitna ríkisins.

Í bréfi Sambands ísl. rafveitna er bent á að sala á orku samkv. heimilistaxta hefur aðeins vaxið um 26% á s. l. 10 árum og vélataxta um 136%, en sala samkv. marktaxta jókst um 962% og hitunartaxta um 1023% á sama tímabili. Til rökstuðnings fyrir hækkun verðjöfnunargjalds RARIK var einmitt bent á heimilistaxta og vélataxta og bent á að þeir væru 80-90% hærri hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur en RARIK. Þessar tölur væru réttar, segir í bréfi rafveitnanna, en gæfu ranga mynd og staðfestu of lágt verð á orkusölu samkv. marktaxta og hitunartaxta sem ætti sinn þátt í sívaxandi erfiðleikum fyrirtækisins á s. l. árum."

Hér lýkur þeirri tilvitnun í Morgunblaðið í dag, sem ég las upp með leyfi hæstv. forseta og sýnir m. a. að hæstv. iðnrh. hefur fengið nokkru fleiri bréf en hann las upp áðan og annars efnis.

Um Orkubú Vestfjarða mætti endurtaka margt af því sem ég hef áður sagt úr þessum ræðustól, en ég held að það sé einhver alvitlausasta framkvæmd sem ráðist hafi verið í hér á Íslandi, og er þá mikið sagt því að margar hafa þær mislánast eins og kunnugt er. Ég hef áður varpað fram þeirri spurningu, og skal ekki eyða að því mörgum orðum, hvernig menn ímynda sér að fyrirkomulag á rafmagnssölu yrði hér ef öll kjördæmi landsins væru búin að koma sér upp slíku orkubúi, er öll fyrirtæki landsins væru búin að fá að flytja skuldir sínar til Rafmagnsveitna ríkisins af viðkomandi landshluta, ef öll rafmagnsfyrirtæki væru búin að fá hluta af verðjöfnunargjaldi, 20% getur það nú ekki orðið, það gengur ekki upp. Svo er nú fyrir nokkrum dögum á hv. Alþ. farið fram á að Vestfirðingar fái sérstakar skaðabætur fyrir það að byggingu á línu þar seinkar um eitt ár. Ef allir gerðu viðlíka kröfur er hætt við að verðjöfnunargjaldið yrði orðið býsna hátt sem Reykvíkingum og öðrum íbúum Suðvesturlands væri gert að greiða.

Ég lýsi enn og aftur yfir algerri andstöðu við þessa stefnu. Ég er yfir höfuð á móti því að metast um það, hvar hlutirnir séu framleiddir. Raforkuna á að framleiða þar sem það er hagkvæmast og flytja hana þangað sem á að nota hana. Þetta á við um fjölmörg önnur svið þjóðlífsins, sem ég hirði ekki um að nefna hér.

En ég lofaði því, herra forseti, að verða ekki langorður í þetta sinn, og ég skal standa við það. Þess vegna mun ég nú slá botn í þessu fáu orð með því að endurtaka þá yfirlýsingu, sem ég gaf hér í upphafi, að ég get ekki staðið að samþykkt þessa frv. Ég brýt þó engan trúnað við hæstv. ríkisstj., því að ég hef aldrei fallist á að greiða því atkv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um tvennt. Í fyrsta lagi um framlengingu verðjöfnunargjaldsins af raforku til eins árs, og er það í samræmi við venjubundna afgreiðslu á frv. um verðjöfnunargjald af raforku á undanförnum árum, en það hefur verið framlengt til eins árs í senn. Í öðru lagi fjallar frv. um hækkun verðjöfnunargjaldsins úr 13% í 19%. Segja má að þetta sé efnisbreyting, en þó er það fyrst og fremst stigsmunur á því hversu hátt þetta gjald skuli vera.

Deila má um það, hvort hér sé um heppilega leið að ræða í þá átt að draga úr misjöfnu orkuverði hér á landi. Áður en út í það er farið að meta þann þátt málsins er rétt að rifja upp, að í byrjun þessa árs hafði stjórnskipuð nefnd, sem í áttu sæti þáv. formaður stjórnar RARIK, Helgi Bergs, lagt fram tillögur til ríkisstj. um ráð til þess að mæta fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Meðal þeirra till., sem þessi stjórnskipaða nefnd gerði, var hækkun verðjöfnunargjalds af raforku úr 13% í 20%. Sumir þættir úr þeim till. voru afgreiddir, en hækkun verðjöfnunargjaldsins náði ekki fram að ganga.

Sú stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, sem nú situr, hefur ekki tekið upp till. um hækkun verðjöfnunargjaldsins. Ástæðan til þess er sú, að stjórn RARIK er ljóst að á þeirri leið eru ýmsir annmarkar, og við í stjórn RARIK höfum talið aðrar leiðir betri. Þessir annmarkar eru fyrst og fremst þeir, að verðjöfnunargjaldið í óbreyttu formi, eins og það birtist í þessu frv., leggst þyngst á þá notendur raforku sem erfiðastan hlut eiga fyrir, þ. e. þá sem þurfa að kaupa raforkuna hæstu verði. Enn fremur hefur verið ljóst, og hefur þegar orðið ljóst í byrjun þessarar umr., að pólitísk og hagsmunaleg togstreita á milli landssvæða kann að verða mikil um þessa leið. Ef sýnt er fram á á hvaða hátt verðjöfnunargjaldið sem slíkt kemur niður á notendum raforku hjá Rafmagnsveitum ríkisins, þá sést að t. d. raforka, sem seld er til heimilisnota, er skattlögð á svæði Rafmagnsveitna ríkisins með verðjöfnunargjaldi um 3.64 kr. á kwst. og með söluskatti um 5.60 kr. á kwst. eða samtals um 9.24 kr. Sambærileg skattlagning til ríkisins af heimilistaxta hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur er með jöfnunargjaldi 1.94 kr. og með söluskatti 2.98 kr., eða samtals 4.92 kr. á móti 9.24 kr. á RARIK-svæðum. (Gripið fram í.) Á sama taxta. Þessar tölur eru

miðaðar við verðjöfnunargjaldið eins og það gildir í dag, eða 13%. Þetta sýnir að gjaldheimta til ríkisins með verðjöfnunargjaldi og söluskatti er mun meiri á RARIK-svæðum en t. d. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur á sambærilegum taxta. Hv. 1. þm. Reykv. getur talað úr ræðustól, en ekki rætt við mig utan úr sal.

Ef veruleg hækkun, eins og hér er gert ráð fyrir, verður á verðjöfnunargjaldinu, þá vex þessi mismunur enn á gjaldtöku ríkisins af raforksölu á RARIK-svæðum annars vegar og hjá ýmsum sveitarfélagarafveitum hins vegar, þ. á m. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þetta er rétt að benda á að er einn stærsti ókostur þessarar leiðar í þá átt að jafna verð raforku í landinu, því að þrátt fyrir þennan mismun, sem kemur á gjaldheimtu til ríkisins, er þetta þó leið til þess að draga nokkuð úr því misrétti sem gildir í raforkumálum í landinu.

Hinn þátt þessa máls, hinn pólitíska eða svæðisbundna þátt, ætla ég ekki að ræða hér.

Rafmagnsveitur ríkisins eiga mikilvægu hlutverki að gegna. Þetta hlutverk er þó að ýmsu leyti býsna erfitt. Rafmagnsveitum ríkisins hefur verið falið það hlutverk að annast öflun raforku og raforkusölu á þeim svæðum landsins þar sem einstakar afmarkaðar rafveitur sveitarfélaga starfa ekki. Afmarkaðar rafveitur sveitarfélaga eru fyrst og fremst í aðalþéttbýli landsins og á nokkrum þéttbýlisstöðum öðrum, þar sem á undangengnum árum og áratugum hefur hvað auðveldast verið að afla orku. Þessar rafveitur hafa reynst hagkvæmar í rekstri yfirleitt, enda búa þær margar þannig, að þær eiga yfir að ráða mjög afskrifuðum orkuverum.

Nýbreytni varð á þessu sviðið í byrjun þessa árs þegar Orkubú Vestfjarða tók til starfa. Þá gerðist það einnig, sem hér hefur verið lýst, að ríkissjóður yfirtók um 75% af þeim fjármagnsbyrðum sem á rafveitukerfi Vestfjarða hvíldi. Þetta var gert til þess að ætla mætti að þetta orkufyrirtæki, Orkubú Vestfjarða, fengi staðist það að selja raforku á sínu svæði með nokkurn veginn sambærilegu verði og gerist og gengur annars staðar á landinu.

Augljóst er að miklar fjarlægðir í þessu landi, strjálbýli og fámenni á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins valda því að leggja þarf í kostnaðarsamar framkvæmdir til þess að unnt sé að halda þjónustu gangandi, því að eins og ég hef raunar þegar komið að, þá er svæði Rafmagnsveitna ríkisins fyrst og fremst nálega allar sveitir í landinu og margir þeir þéttbýlisstaðir, sem eru í strjálbýli, þeir staðir sem gjarnan liggja verst við orkuöflun og eru afskekktir. Þarf því engum að koma á óvart, að hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins er erfitt ef þær ætla sér að halda uppi eðlilegri þjónustu á þessum svæðum öllum. Þetta hlutverk hafa Rafmagnsveitur ríkisins leitast við að rækja m. a. með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með því að reyna að halda innan þeirra fjármagnsmarka, sem stofnuninni eru búin hverju sinni, bæði því er snertir framkvæmdir og rekstur. Þetta hefur ekki alltaf tekist að fullu, enda hefur á stundum orðið umtalsverður halli á rekstri fyrirtækisins og eru horfur svo nú, að halli fyrirtækisins fari vaxandi. Í annan stað hafa Rafmagnsveitur ríkisins leitast við að láta viðskiptamenn fyrirtækisins njóta jafnréttis, þannig að þeir hafi sem jafnastan rétt til þess að fá raforku keypta frá fyrirtækinu. Þetta teljum við, sem erum forráðamenn þessa fyrirtækisins, eðlilegt og nauðsynlega forsendu í störfum þessa fyrirtækis, sem er þjónustustofnun á vegum ríkisins, en það er skoðun mín að sem flestir eða allir, innan að vísu skynsamlegra marka, eigi að hafa jafnan rétt til að njóta þjónustu frá þeim stofnunum sem ríkið rekur.

Nú er það svo að þessi meginmarkmið í störfum stofnunarinnar hafa ekki alltaf legið saman, og því miður er það svo, að eftir því sem raforkunotkun vex í landinu og framkvæmdir verða dýrari breikkar bilið á milli fjárhagslegrar hagkvæmni annars vegar og þar með e. t. v. þeirra fjármagnsmarka, sem stofnuninni eru áskilin, og þjónustuhlutverks stofnunarinnar hins vegar, og sýnilegt er að ekki einasta á þessu ári, heldur einnig á komandi árum, breikkar bilið á milli þessara markmiða. Þetta veldur því, að þurft hefur að grípa til ráðstafana til þess að mæta fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins, bæði nú og stundum áður. Þetta hefur aðallega verið gert með því að leggja á svokallað verðjöfnunargjald sem hér er til umr. að hækka.

Á öndverðu þessu ári, eða um það leyti sem meiri hl. fyrrv. stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins sagði af sér, hófu forráðamenn þessarar stofnunar ásamt starfsmönnum hennar að móta nýjar till. og nýja stefnu til þess að mæta þessum vanda. Þessi stefna er í því fólgin að berjast fyrir því að þjóðarheildin, ríkið, taki á sig að mæta verulegum hluta af þeim vanda, sem á herðum þessa fyrirtækis hvílir vegna svokallaðra félagslegra framkvæmda — vegna framkvæmda sem stofnunin er nauðbeygð til þess að ráðast í ef hún ætlar að sinna þeim þætti í hlutverki sínu sem er að halda uppi eðlilegri þjónustu. Iðulega hefur stofnunin þurft að ráðast í framkvæmdir sem skila mjög litlum tekjum og langt í frá að skili arði í gegnum orkusölu. Enn fremur skal í framtíðinni greint á milli í framkvæmdaáætlun Rafmagnsveitna ríkisins á þann hátt, að með lánsfé verði fjármagnaðar framkvæmdir, sem sýnast vera arðbærar, en ríki, helst ríkissjóður beint, leggi fram fjármagn að meira eða minna leyti til þess að standa undir framkvæmdum sem eru félagslegs eðlis og ekki skila arði.

Stofnunin hefur mótað till. um þetta efni og ráðist hefur verið í mikla útreikninga til þess að styðja þær till. eðlilegum rökum. Í till. Rafmagnsveitna ríkisins til iðnrn. á þessu ári hefur stofnunin lagt til að ríkissjóður taki fjármagnsbyrðar á sínar herðar sem nema á næsta ári 800 millj. kr. og að ríkið taki einnig á sig að fjármagna framkvæmdir á næsta ári sem verður nokkuð misjafnt eftir einstökum þáttum framkvæmda, en í heild tekið um 700 millj. kr. Við hjá Rafmagnsveitum ríkisins teljum að þetta sé heppilegasta leiðin sem unnt er að koma auga á til þess að mæta eðlilegum þörfum þessarar stofnunar í fjármagnsuppbyggingu hennar til þess að hægt verði að draga úr því misrétti sem viðskiptamenn stofnunarinnar verða að sæta í raforkuverði miðað við önnur orkusölufyrirtæki í landinu.

Hæstv. iðnrh. hefur tekið vel undir þessa stefnu. Hann hefur skýrt frá því hér, að í lánsfjáráætlun fyrir næsta ár, sem við í minni hl. fjvn. höfum ekki séð stafkrók úr þótt ekki sé vika til jóla, muni verða lagt til að í þessu skyni verði varið eigi minna en 600 millj. kr. Ég tel að þó að ekki sé um meira fjármagn að tefla en þarna er frá greint, þá sé það mjög mikilsvert spor í þá átt að ná fram eðlilegu jafnræði í þessu skyni. Það er mikilsvert spor, sem dugar að vísu skammt nú fyrsta kastið, en er þó byrjun á því að ná fram nokkru réttlæti.

Svo virðist sem hæstv. ríkisstj. hafi talið heppilegra að fara í átt að því marki, sem hér hefur verið um rætt, að

jafna aðstöðu þess fólks, sem kaupir raforku í landinu, með tvenns konar hætti: annars vegar með sérstöku framlagi samkv. lánsfjáráætlun og hins vegar með því að hækka verðjöfnunargjald. Ég hef lýst því, að ég tel verðjöfnunargjaldið óheppilegri leið, en ég get jafnframt lýst því yfir, að ég snýst ekki á móti þeirri leið að þeim hluta sem hún er hér lögð til. Og ef þau mál eru skoðuð í samhengi og jafnframt verður lagt til framlag samkv. lánsfjáráætlun, þá mun ég styðja að því, að hvort tveggja nái fram að ganga.

Ég þyrfti kannske ekki að lengja mál mitt fram yfir það sem hér hefur verið sagt. En ég vil taka það fram alveg skýrt og skorinort að það misrétti, sem þjóðin á við að búa í raforkumálum, er óþolandi. Það er misrétti, að þeir, sem eru viðskiptamenn Rafmagnsveitna ríkisins, þurfi að greiða 80-90% hærra verð fyrir raforku en sumir aðrir landsmenn sem versla við ýmis önnur orkusölufyrirtæki sem hafa að ýmsu leyti betri aðstöðu, hafa búið að framsýni manna með hagkvæmar virkjanir, en búa þá jafnframt að því að eiga raforkufyrirtæki sem eru meira og minna afskrifuð og eru rekin í þéttbýli, þar sem dreifing raforkunnar er miklu auðveldari og ódýrari en er í hinum strjálu byggðum landsins. Þetta misrétti, sem hér hefur verið lýst, er gersamlega óþolandi, og það ástand, sem orðið hefur í þessum málum á yfirstandandi ári, verður að líta á sem bráðabirgðaástand.

Við í stjórn RARIK höfum litið á þetta sem bráðabirgðaástand meðan við værum að móta og koma fram hinum nýju till., þeirri nýju stefnu um fjármögnun til þessara verkefna sem ég hef hér lýst. Það bráðabirgðaástand getur ekki varað áfram. Ef ekki væri aðhafst í þessum málum, ef ekki væri að unnið til þess að tryggja nýtt fjármagn til Rafmagnsveitna ríkisins, bæði til rekstrar, vegna fjármagnsbyrða af félagslegum framkvæmdum og hins vegar til fjárfestingar í þeim þáttum, þá er ekki nema tvennt til: annað tveggja yrði stofnunin að hverfa frá því markmiði sínu að láta viðskiptamenn njóta jafnréttis eða þá áfram héldi að vaxa sá mikli munur sem er á orkuverðinu til notenda rafmagns frá Rafmagnsveitum ríkisins annars vegar og öðrum orkusölufyrirtækjum hins vegar. Þessi leið er að mínum dómi ófær og óviðunandi — algerlega ófær. Því hefur verið lýst hér, að svo stór þáttur í lífsháttum fólks, í stöðu fyrirtækja, atvinnuvega, lífi þjóðarinnar sem raforkumálin eru, þá mundi slíkur verðmunur á raforku hafa í för með sér ómældar afleiðingar í byggðasögu þjóðarinnar, það er alveg ljóst, bæði að því er snertir einstaklinga og fyrirtæki.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mikið. Í umr. um þessi mál hefur það stundum borið við, að bornar væru birgður á að nokkurt misrétti ríkti í þessum efnum. Það var gert á hv. Alþ. á s. l. vetri og það hefur aðeins bryddað á því nú þegar við þessa umr. Röksemdir af því tagi eru fundnar út með því að leggja í einn pott alla orkusölu RARIK annars vegar og orkusölu annarra rafveitna hins vegar og fá út meðalverð. Þá kemur í ljós að meðalverð á allri seldri orku frá RARIK er lægra en t. d. frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þetta á sér sínar eðlilegu orsakir, sem þeir, sem halda á þessum tölum, virðast stundum ekki vilja skilja. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins er verð á raforku til hitunar 7.64 kr., en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur 4.44 kr. Í þessum taxta eins og öðrum er um mikinn mismun að ræða Rafmagnsveitu Reykjavíkur í vil. En Rafmagnsveita Reykjavíkur selur lítið á þessum taxta, vegna þess að sú er gæfa Reykvíkinga að hér er jarðhiti skammt undan. Híbýli manna og atvinnuhúsnæði er hitað að mestum hluta upp með jarðvarma. Á RARIK-svæðum í strjálbýli, sem ég hef lýst, njóta menn ekki þessara gæða alls staðar, hvergi nærri allst staðar. Þess vegna er mikill hluti af raforkusölu RARIK til hitunar, bæði eftir venjulegum hitunartaxta og eftir svokölluðum marktaxta, sem mér heyrðist hv. 1. þm. Reykv. nefna hér áðan. Það veldur því, að í heildardæminu vega hitunartaxtar RARIK þungt, en t. d. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur vega þeir lítið, og þó að hitunartaxti RARIK sé 72% hærri en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, þá verður hann til þess að draga niður verðið, sé það sett allt saman í eitt, vegna þess að hitunartaxtar hjá RARIK eru yfir helmingur okusölunnar, 50-55%. Þannig er hægt að fá það út, að í heild sé orkusala frá RARIK ódýrari en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og ýmsum öðrum orkusölufyrirtækjum. (**AG:** Er það ekki afgangsorka, sem er seld á fullu verði?) Þetta er ekki afgangsorka. Þetta er forgangsorka.

Ég skal svo ekki lengja þetta mikið. En það hefur verið gagnrýnt, að of mikið hafi verið selt af raforku til hitunar í landinu. Vel má vera að það sé rétt. Við hefðum e. t. v. átt að banna alfarið sölu á raforku til hitunar. En ég minnist þess nú, að ýmsir ráðamenn þjóðarinnar í orkumálum hafa tekið það á stefnuskrá sína að selja raforku til hitunar. Ég tel að við eigum ekki að una því, að við getum ekki nýtt þá orkugjafa, sem finnast í landinu sjálfu, okkur sjálfum til hagsbóta, því að hætt er við að ekki líði langur tími þangað til olíuverð hækkar svo mikið í heiminum að það verði frágangssök að nota það til upphitunar húsa. Þess vegna tel ég þetta ekki vera frambærilega röksemd.

Hv. þm. Einar Ágústsson lýsti yfir andstöðu við þetta frv. Hann sagði að Reykvíkingar og þeir, sem búa hér á þéttbýlissvæðinu, bæru einir verðjöfnunargjald. Þetta er auðvitað mikill misskilningur, eins og ég hef þegar sýnt fram á.

Hv. þm. vitnaði til þess, að Samband ísl. rafveitna hefði gert ályktun um þetta mál. Þar er vitnað í till. Rafmagnsveitna ríkisins sem ég hef hér lýst. Ég endurtek það að lokum, að sú leið, sem þar er bent á, er að mínum dómi sú eðlilegasta og hyggilegasta og um þá leið mundi verða mestur friður. Ég hlýt að lýsa því, að ég er ekki fyllilega ánægður með að sú leið skyldi ekki alfarið verða ofan á hjá hæstv. ríkisstj. Ég hlýt að lýsa nokkurri óánægju minni með það, vegna þess að ég tel að hún sé miklu heppilegri. Þrátt fyrir það mun ég ekki snúast gegn þessu frv. Með frv. er stigið spor í þá átt að leysa hluta af fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins, og sé það spor í samhengi við þá yfirlýsingu hæstv. ráðh., að fram verði þó lagðar eigi minna en 600 millj. kr. beint til þessa fyrirtækis úr ríkissjóði, þá vil ég lýsa stuðningi við það.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku, og felur frv. í sér að framlengja það verðjöfnunargjald sem verið hefur nú um nokkurra ára skeið, en jafnframt felur það í sér verulega hækkun á þessu sama gjaldi. Ég held að það fari ekki á milli mála, að allir fallist á að vandi Rafmagnsveitna ríkisins er mikill og ljóst er að einhvern veginn þarf að bregðast við þeim vanda. Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins hefur lagt fram till. um vissar úrbætur. Það er athyglisvert, að í þeim till. er ekki gert ráð fyrir því að

verðjöfnunargjaldið sé hækkað, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Með þessu frv. er áfram haldið þeirri stefnu, sem tekin var upp fyrir nokkrum árum, að jafna út mismun á rafmagnsverði í hinum ýmsu landshlutum og leysa vanda Rafmagnsveitna ríkisins með styrkjum og verðjöfnun. Það er skoðun mín að þetta sé röng stefna. Hún felur það í sér að leggja skatt á þá sem búa við hagkvæm raforkufyrirtæki, á þá sem hafa byggt upp arðsöm og hagkvæm fyrirtæki um langan tíma, og gerir jafnframt ráð fyrir því að leggja skatt hlutfallslega á þá sem njóta orkunnar. Vegna þessarar hlutfallsreglu leggst þessi skattur þyngst á þá sem eru bestu viðskiptavinir viðkomandi fyrirtækja. M. ö. o.: það er verið að refsa þeim annars vegar, sem hafa byggt upp hagkvæm fyrirtæki, og svo hins vegar þeim, sem mestu viðskiptin hafa við raforkufyrirtækin.

Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi að leita annarra ráða til þess að leysa þann vanda sem blasir við núna.

Ég held að það sé hægt að bæta rekstur Rafmagnsveitna ríkisins mjög verulega frá því sem nú er.

Það þarf að breyta þeim gjaldskrárákvæðum, sem nú eru í gildi og eru mjög röng að mínu mati.

Það þarf í þriðja lagi að breyta þeirri grundvallarstefnu sem ríkt hefur í raforkumálum. Og ef um það er að ræða að ríkisvaldið og fjárveitingavaldið þurfi að hlaupa undir bagga og leiðrétta einhvern mismun sem stafar af óviðráðanlegum ástæðum, þá tel ég réttast að það sé gert með beinum styrkjum úr ríkissjóði sem skoðast aðstoð vegna félagslegra aðstæðna.

Þau lög, sem hér er stuðst við, verðjöfnunarlögin, voru tekin í gildi árið 1965. Frá þeim tíma hefur gjaldið verið hækkað allverulega nokkrum sinnum og 1974 voru lögð 13% á smásöluverð. Nú er lagt til að þetta gjald verði hækkað upp í 19% og það á að gefa samkv. grg. frv. 700 millj. Þessi lög byggjast á þeirri stefnu að efla skuli rafhitun húsa, og gjaldskráin, sem stuðst er við, felur þessa stefnu í sér með þeim hætti að rafhitun húsa er langt undir kostnaðarverði og er nánast mjög niðurgreidd. Þessi lög og þessar gjaldskrár þurfa að mínu mati rækilegrar endurskoðunar við.

Þegar talað er um mikið misrétti á þessum vettvangi og, eins og síðasti ræðumaður talaði um, að það misrétti sé gersamlega óþolandi, þá er hægt að fallast á það út af fyrir sig, að það er ekki við það unandi um langan tíma að sumir landsmenn þurfi að greiða margfalt raforkuverð á við aðra eftir því hvar þeir búa á landinu. Á þetta get ég fyrir mitt leyti fallist. Ég held líka að þeir, sem mæla gegn þessu frv., hafi skilning á þessu vandamáli og túlki ekki sín sjónarmið einvörðungu vegna þess að þeir njóti þess að búa á því svæði á landinu þar sem raforkan er seld með hagkvæmum kjörum. Ég held að þau sjónarmið stafi af þeirri meginskoðun, að þeir, sem hafa byggt upp fyrirtæki sín um langan tíma og njóta ákveðinna skilyrða, skuli ekki gjalda fyrir það með ákveðnum refsisköttum. Ég held að það sjónarmið sé líka ríkjandi, að vanda Rafmagnsveitna ríkisins verði að leysa frá hinum endanum — í stað þess að leggja sífellt skatta á þá sem lægsta gjaldið greiða, þá þurfi að reyna að reka Rafmagnsveiturnar betur og breyta gjaldskrá þeirra þannig að verðið lækki hjá neytendum sem búa nú við hærra raforkuverð.

Í þessu sambandi er sífellt talað um heimilistaxta. Með þessu frv. er birt skrá sem er dæmi um raforkuverð vegna heimilisnotkunar annars vegar og vélanotkunar hins vegar. Þessi skrá er þó mjög villandi.

Í gildi eru fjórir mismunandi taxtar. Þar er um að ræða heimilistaxta, vélataxta, svokallaðan marktaxta og í fjórða lagi er um að ræða svokallaðan hitunartaxta. Sannleikurinn er sá, að tveir þeir síðastnefndu, þ. e. a. s. marktaxtar og hitunartaxtar, eru þeir taxtar sem Rafmagnsveitur ríkisins styðjast fyrst og fremst við og selja samkv. þeim taxta rúmlega 60% orku sinnar. Og það kemur fram í upplýsingum frá Sambandi ísl. rafveitna, sem þm. flestum hverjum munu hafa borist, að á síðustu 10 árum hefur sala samkv. heimilistaxta aðeins vaxið um 26% og vélataxta um 136%, en sala samkv. marktaxta jókst um 962% og hitunartaxta um 1023% á þessu sama tímabili. Marktaxtarnir, sem eru þeir taxtar sem Rafmagnsveitur ríkisins nota að mjög verulegu leyti, fela í sér raforku til sveitabýla og þeir fela líka í sér notkun vegna súgþurrkunar og annarrar rafhitunar. Þessir taxtar eru þess vegna í raun og veru miklu frekar til viðmiðunar þegar talað er um heimilisnotkun bæði hér í Reykjavík og annars staðar. Ef allir þessir taxtar eru teknir saman og meðaltal þeirra fundið út, þá kemur í ljós að raforkuverð t. d. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur er 12.32 kr. á hverja kwst. á meðan taxtar t. d. á Reykjanesi eru 8.76 kr. á kwst., á Hellissandi 11.44 kr., á Grundarfirði 10.38 kr., á Vestfjörðum 10.40 kr. á Norðurlandi vestra 10.96 kr., og svona mætti áfram telja. M. ö. o.: ef gerður er hér sanngjarn samanburður og teknir þeir taxtar allir, sem í notkun eru hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitum ríkisins og rafmagnsveitum yfirleitt, þá er þessi samanburður ekki eins óhagkvæmur og gefið er í skyn, bæði af ræðumönnum, sem hér hafa tekið til máls og mælt með þessu frv., sem og í grg.

Í Reykjavík einni er fyrst og fremst stuðst við heimilistaxtana og vélataxtana. Ef þeir tveir eru teknir út úr sérstaklega, þá er um nokkurn mun að ræða. En eins og fyrr segir er þetta ekki réttur samanburður vegna þess að Rafmagnsveitur ríkisins styðjast við hinn svonefnda marktaxta. Hann er sá taxti sem tekur langsamlega stærstan hluta af heildarsölu Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að verðjöfnunargjaldið sé hlutfallslega lagt á raforkuverð sem neytendur greiða. Þetta skapar að sjálfsögðu mikið ranglæti auk þess að hafa þær afleiðingar, eins og hér hefur reyndar verið bent á í umr., að það gjald er reiknað inn í vísitölu og hefur veruleg áhrif á framfærslukostnað. Sú stefna hefur verið rekin af Rafmagnsveitum ríkisins, vitaskuld samkv. fyrirmælum og ákvörðunum ríkisstj., að greiða niður rafhitun. Fyrir vikið er töxtum til rafhitunar húsa haldið niðri. Sannleikurinn er sá, að bæði marktaxtar og hitunartaxtar eru langt undir því sem skynsamlegt er. Ég held að þess vegna eigi ein lausnin í þessu máli tvímælalaust að vera sú að endurskoða þessar gjaldskrár og hækka þessa taxta, marktaxtann og hitunartaxtann.

Þetta frv. leysir að sjálfsögðu engan vanda. Þarna er verið að færa til fé í þjóðfélaginu, ein millifærslan enn, og áfram stendur það misræmi sem í gjaldskránni felst eins og hún er núna — a. m. k. í augnablikinu. Allar líkur eru á því, að ef þessari stefnu yrði haldið áfram mundi vandinn aukast og sífellt þurfa að hækka þetta verðjöfnunargjald ár frá ári öllum til óhagræðis. Og það hefur annað verra í för með sér, að það dregur úr allri viðleitni hjá Rafmagnsveitum ríkisins og hjá hinum ýmsu rafveitum til þess að haga rekstri sínum skynsamlega og með hagkvæmum hætti. Ef ekkert er litið til kostnaðar af rekstri

þessara fyrirtækja og ekki leitað hagkvæmari leiða til að byggja þau upp, þá líta menn einfaldlega til þess, að verðjöfnunargjaldið komi til aðstoðar og hversu hár sem kostnaðurinn sé, þá verði bara verðjöfnunargjaldið hækkað og vandinn leystur hjá viðkomandi aðilum. Þess vegna er þetta engin lausn til frambúðar og ég vara mjög við henni, ég tel hana hvorki skynsamlega né sanngjarna, og ég er algerlega andvígur þessu frv.

Ég treysti því, að hæstv. iðnrh. taki tillit til þessara sjónarmiða, sem ég hef sett fram, til hagsmuna og viðhorfa þeirra sem búa t. d. í Reykjavík og eru andvígir þessu frv. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur einróma samþykkt mótmæli við þessu frv. Samband ísl. rafveitna er því einnig algerlega andvígt þó að það komi um skamman tíma til hjálpar einstökum landshlutum, þá er það ekki nein lausn til langframa og kemur aftur hingað sem vandamál áður en langt um líður.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil geta þess, að það var ætlun forseta að reyna að ljúka umr. um þetta mál. Enn eru þó nokkuð margir á mælendaskrá. Til þess að forðast kvöldfund ætla ég að leyfa mér að fara fram á það við þá, sem eiga eftir að tala, að þeir tali ekki ýkjalengi, þannig við getum lokið þessari umr. á skaplegum tíma.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég get því miður ekki orðið við tilmælunum um að verða mjög stuttorður. Hæstv. orkumálaráðh. sá ástæðu til þess að lesa eingöngu upp erindi frá einum þrýstihóp, en fleiri erindi hafa borist um þessi raforkumál. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa upp grg., sem borist hefur frá Sambandi ísl. rafveitna, og þau drög, sem hæstv. ráðh. hafa borist og hann hefði gjarnan getað lesið upp samtímis.

En áður en ég les grg. þessa vil ég taka undir með hv. 9. þm. Reykv., sem mótmælir því sem rangri stefnu að halda áfram með verðjöfnunargjald á rafmagni og mótmælir því enn þá hörkulegar að hækka gjaldið úr 13% í 19%, eins og hér hefur verið lagt til. Ég vil einnig taka undir með hv. síðasta ræðumanni, 8. þm. Reykv., og samsinna málflutningi hans öllum. Hv. 9. þm. Reykv. komst þannig að orði, að það væri rangt að rafmagnsnotendur í Reykjavík væru látnir gjalda hagsýni og forustu í raforkumálum. Ég vil undirstrika þessi orð hans.

Með leyfi forseta ætla ég því að byrja á lestri þessara bréfa, sem hæstv. ráðh. hefði gjarnan mátt lesa upp með þeim áskorunum sem hann hafði tekið á móti frá fólki í Rangárvallasýslu. Fyrsta bréfið, sem ég leyfi mér að lesa upp, er þá svo hljóðandi, það er dags. 14. des., til hr. iðnrh., Hjörleifs Guttormssonar, Arnarhvoli:

„Verðjöfnunargjald af raforku.

Þar eð þér, herra ráðh., hafið lýst því yfir, að til athugunar sé að hækka svonefnt verðjöfnunargjald af raforku og nefnd hefur verið hækkunartalan úr 13% í 19% vill Sambands ísl. rafveitna vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

Vér höfum frá upphafi talið álögur þessar á rafveitur sveitarfélaga óréttlátar og misráðnar og vísum til fyrri aths., bæði til iðnrn. og iðnn. Alþ., þar sem þetta álit er rökstutt. Frekari skýringar koma fram í meðfylgjandi grg. Það er skoðun Sambands ísl. rafveitna, að hækkun á núverandi 33% opinberu álagi á raforku, hugsanlega upp í 39%, sé orðin svo fjarri öllum skynsamlegum mörkum að lausnar á fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins hljóti að verða að leita með öðrum ráðum en aukaálögum á raforkunotendur sveitarfélaga, svo sem bent er á í áðurnefndri grg.

Virðingarfyllst."

Þetta er undirskrifað af Aðalsteini Guðjohnsen, formanni Sambands ísl. rafveitna, og Örlygi Þórðarsyni framkvæmdastjóra. Þetta var einnig sent til iðnn. Alþ. Hér lýkur þessu bréfi frá 12. okt. til hæstv. ráðh. En grg., sem er dagsett sama dag, hljóðar svo. Hún er frá Sambandi ísl. rafveitna.

„Verðjöfnunargjald á raforku.

Greinargerð:

Allt frá því að lög um verðjöfunargjald á raforku voru fyrst sett, lög nr. 96/1965, hefur Samband ísl. rafveitna mótmælt þeim, en gjaldið var tvöfaldað með lögum nr. 17/1970 og stórhækkað, í 13% á smásöluverð, með lögum nr. 83/1974. Það fyrirheit var þá gefið, að skipulag og rekstur Rafmagnsveitna ríkisins yrði endurskoðað fyrir árslok 1975, en lögin giltu aðeins til þess tíma. Síðan hafa þau þrívegis verið framlengd til eins árs í senn og ganga því úr gildi í árslok 1978.

Frá fyrstu tíð hefur gjald þetta runnið óskipt til Rafmagnsveitna ríkisins, en við stofnun Orkubús Vestfjarða var ákveðið að 1/5 hluti þess skyldi renna til Orkubúsins. Sú breyting gaf ótvírætt til kynna, að fremur ætti að festa gjald þetta í sessi en að afnema það, sem þó var gefið í skyn í upphafi svo og æ síðan með því að setja lögin til aðeins eins árs.

Þá er álagning gjaldsins í prósentum ofan á tekjur af raforkusölu óeðlileg aðferð, enda lendir gjaldið þannig þyngst á þeim rafveitum sem hafa hæsta verðið fyrir. Á Norðurlöndum, þar sem settir hafa verið raforkuskattar, en þeir eru þar alls staðar mun lægri en hér á landi, eru skattarnir alls staðar settir í peningaeiningum á selda kwst., en ekki í prósentum á orkusölutekjur.

Sambandinu er kunnugt um að tillögur Rafmagnsveitna ríkisins nú til lausnar fjárhagsvanda fyrirtækisins eru fólgnar í því, að eigandi fyrirtækisins, ríkissjóður, yfirtaki hluta af skuldum og veiti einnig óafturkræf framlög til hins félagslega þáttar framkvæmda. Tillögur fyrirtækisins gera hins vegar ekki ráð fyrir hækkun verðjöfnunargjalds. Ef tvær fyrrnefndar leiðir eru valdar og þeirri þriðju bætt við, þ. e. að stöðva hina gegndarlausu aukningu á sölu Rafmagnsveitna ríkisins til rafhitunar á of lágu verði og leiðrétta stórgallaðan marktaxta, mætti koma fjárhagsstöðu fyrirtækisins á réttan kjöl og fella hið óréttláta verðjöfnunargjald niður.

Til rökstuðnings hækkunar verðjöfnunargjaldsins og annarra aðgerða til aðstoðar Rafmagnsveitum ríkisins hefur verið birtur samanburður á raforkuverði hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og öðrum rafveitum sveitarfélaga. Er þar aðeins minnst á tvo taxta, heimilistaxta og vélataxta, og bent á að þeir séu 70-80% hærri hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Þetta er rétt, en gefur ákaflega ranga og villandi mynd og staðfestir fyrst og fremst ranga gjaldskrársetningu og verðstefnu fyrirtækisins, sem á veigamikinn þátt í sívaxandi erfiðleikum fyrirtækisins á síðustu árum. Þessu til skýringar má nefna, að sala samkv. umræddum tveim töxtum nam á s. l. ári 108 gígawattstundum eða 36% af heildarsölu. Í samanburðinum er ekkert getið um sölu samkv. marktaxta og hitunartaxta með rofi, sem nam samtals 182 gígawattstundum, eða 61% af heildarsölu. Þess má einnig geta, að á s. l. 10 árum hefur sala samkv. heimilistaxta aðeins vaxið um

26% og vélataxta um 136%, en sala samkv. marktaxta jókst um 962% og um hitunartaxta um 1023% á sama tímabili. Þess er rétt að geta, að gjaldskrá Orkubús Vestfjarða er — enn a. m. k. — mjög svipuð gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins. Hins vegar hefur það fyrirtæki hafið ákveðna takmörkun á rafhitun. Það hafa Rafmagnsveitur ríkisins ekki gert.

Á næsta ári mun áætlað að verðjöfnunargjald muni nema nálægt 1500 millj. kr. með óbreyttu orkuverði. Af því kæmu 1200 millj. kr. í hlut Rafmagnsveitna ríkisins, en um 300 millj. kr. í hlut Orkubús Vestfjarða. Hækkun úr 13% í 19% mundi auka gjaldið úr 1500 millj. kr. í tæpar 2200 millj. kr., eða um 700 millj. kr. Af því kæmi 560 millj. kr. í hlut Rafmagnsveitna ríkisins. Ekkert tillit er þá tekið til verðhækkana á raforku á næsta ári, en þær geta hækkað verðjöfnunargjaldið verulega.

Af ástæðum þeim, sem hér hafa verið raktar, ítrekar Samband ísl. rafveitna mótmæli sín gegn þeim hugmyndum sem fram hafa komið um framlengingu laga um verðjöfnunargjald af raforku og hækkun þess að auki. Á það er og bent, að gjald af þessu tagi, sem gengur beint inn í raforkuverð í landinu, leiðir til hækkunar framfærsluvísitölu og rekstrarkostnaðar atvinnufyrirtækja."

Ég vil benda á það, vegna þess að ég kallaði fram í fyrir formanni stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins, að með þeim hækkunartillögum, sem hann hefur nú mælt með og eru liður í skattpíningarstefnu núv. stjórnvalda, er ekki mælt af Rafmagnsveitum ríkisins. Ég vil enn fremur benda hv. þm. á að kynna sér vel það plagg sem Samband ísl. rafveitna hefur látið gera og hv. 8. þm. Reykv. minntist á og vitnaði til áðan, en þar kemur fram útreiknað meðalverð seldrar raforku hjá RARIK samkv. skýrslu um bókfærða raforkusölu 1977, og hætta svo að tala um mismun á raforkuverði því sem greitt er í Reykjavík og annars staðar.

En ég vil aðeins koma að því, að ég tel eðlilegt að þeir, sem hafa forustu um að koma hér á landi á nýjungum á ýmsu sviði, njóti þess. Með þeim hugsunarhætti, sem verið hefur hér ríkjandi, þá held ég að við byggjum enn þá við kertaljós eða olíuljós í lýsingu húsa, en notuðum kol til húsahitunar, ef sú stefna hefði verið uppi fyrr á árum að skattleggja þá hagræðingu sem skapast af því að duglegir menn taka höndum saman og samtakamáttur fólksins kemur til leiðar ýmsum nýjum framkvæmdum.

Ég vil aðeins ítreka það sem ég hef gert áður hér úr ræðustól, að Reykjavík má ekki verða eins konar skattland þjóðarinnar. Ég held að það sé kominn tími til þess, að við berjumst á móti þeim hugsunarhætti. Það, sem unnið er til hagsbóta fyrir fólkið í þéttbýli almennt og þá í þessum landshluta með samtakamætti, má alls ekki verða skattstofn strjálbýlisfólks. Til þess að fábýl héruð njóti til fulls sömu hlunninda og kjara og þéttbýlið verður að hlaupa undir bagga með strjálbýlisstöðum með fjárveitingum á fjárl. eða úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar, t. d. Byggðasjóði, kannske öðrum sjóðum, en bæta ekki sífellt álögum á Reykvíkinga eða aðra þéttbýliskjarna. Þessi aukagjöld eru skattar til viðbótar annarri skattheimtu sem leggst misþungt á einstaklinginn eftir því hvar hann er búsettur, ef svona heldur áfram. Þetta verður að koma í veg fyrir. Sá skilningur verður að vera fyrir hendi, að það er ekki hægt að auka álögur á þéttbýlisbúa umfram aðra þjóðfélagsþegna, heldur láta sameiginlega sjóði standa undir þeim nýjungum sem koma fram á hverjum stað, en ekki að skattpína einstaklinginn á þeim stöðum.

Ég vil koma að ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar. Hann talar um, eins og kemur reyndar fram í grg. frá Sambandi ísl rafveitna, að það sé orðin árleg venja að framlengja gildistíma þessa verðjöfnunargjalds í staðinn fyrir að láta það falla niður eins og til stóð. En í þetta skipti á að hækka það úr 13% í 19%. Ég hefði fyrir fram talið óeðlilegt og jafnvel óhugsanlegt, þrátt fyrir þátttöku hv. þm. í stjórn RARIK, að hann yrði þátttakandi í þeirri skattpíningarstefnu sem kemur í ljós með þessari hugsun og þessa frv. Ég vil líka minna á það, að þegar fyrrv. formaður RARIK, Helgi Bergs, kom á fundi hjá iðnn. hv. Ed. s. l. ár, þegar ég átti þar sæti, þá varaði hann við þeirri stefnu, sem fólst í verðjöfnunargjaldtökunni, og taldi að aðrar tekjulindir væru eðlilegri, að farið væri frekar eftir þeim hugmyndum, sem ég gat um áðan, að eigandi fyrirtækisins, ríkissjóður, sæi fyrirtækinu fyrir tekjum á annan hátt, sem jöfnuðust niður á landsmenn alla réttlátar en verður með þessu verðjöfnunargjaldi. En hann var líka mjög á móti þeim hugmyndum sem þá voru uppi um Orkubú Vestfjarða, og ég gæti trúað að einmitt tilkoma Orkubús Vestfjarða hafi orðið til þess að sá góði maður sagði af sér stöðu formanns í þeirri nefnd sem þá mælti með Orkubúi Vestfjarða. Ég er alveg viss um að fleiri hefðu fylgt honum hefði það þá legið fyrir, að til stóð að taka 20% af verðjöfnunargjaldinu eingöngu fyrir þann landshluta.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Nú get ég farið að stytta mál mitt, eins og hæstv. forseti óskaði í upphafi. En ég sem borgarráðsmaður minni hl. undirstrika það, vil leyfa mér að ljúka þessu máli mínu með því að lesa upp, eins og áður hefur verið gert í kvöld, þá samþykkt sem ég stóð að með meiri hl. og borgarráð var algerlega sammála um í dag. Borgarráð skrifaði hæstv. iðnrh. bréf, sem er dags. 15. des., og ég ætla að leyfa mér að lesa það, ef hæstv. forseti veitir mér leyfi til, en það hljóðar svo:

„Hr. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Eftirfarandi ályktun var samþ. með shlj. atkv. á fundi borgarráðs í dag:

Borgarráð Reykjavíkur mótmælir þeim fyrirætlunum, sem felast í frv. er nú hefur verið lagt fram á Alþ., að hækka verðjöfnunargjald af raforku úr 13% í 19%. Í því sambandi bendir borgarráð á að Rafmagnsveita Reykjavíkur á við fjárhagsvanda að stríða, þar sem stjórnvöld hafa undanfarin ár ekki leyft umbeðnar hækkanir á rafmagnsverði í Reykjavík. Af þeim sökum hefur Rafmagnsveita Reykjavíkur neyðst til að taka erlend lán sem íþyngja nú rekstri fyrirtækisins. Sú fyrirætlan að leggja nú á aukið verðjöfnunargjald mundi þýða 300 millj. kr. aukagjald á notendur Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Borgarráð óskar því eindregið eftir því að mál þetta verði tekið til endurskoðunar og athugunar að nýju.

Virðingarfyllst.
Egill Skúli Ingibergsson,
borgarstjórinn í Reykjavík."

Ég vil taka undir þessa samþykkt borgarráðs hér á hv. Alþ. og skora á þm. að kynna sér vel, kynna sér miklu

betur hvað hér er á seyði áður en Rafmagnsveitu Reykjavíkur eða íbúum hér í fjölbýliskjarna á suðurodda landsins er íþyngt á þann hátt sem nú er lagt til á þessu sviði, og það er ekki bara á þessu sviði, heldur á margan annan hátt, sem vakið hefur furðu mína og furðu almennings hér í þessum þéttbýliskjörnum, því að sama gildir um bæði síma, útvarp, sjónvarp, litsjónvarp, hitaveitu og nú rafmagn með enn auknum álögum. Þessu vil ég mótmæla.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Um það mál, sem hér er til umr., frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku, munu vera skiptar skoðanir í öllum stjórnmálaflokkunum og svo er einnig um okkar flokk, Alþfl.

Ég hygg að þm. Reykv., fyrir því sé allnokkur hefð, hafi ekki verið mjög harðir talsmenn síns byggðarlags og kannske að annars staðar hafi verið meiri harka í þeim efnum. En hins vegar er það svo með það frv., sem hér liggur fyrir, að hér er auðvitað efnislega um að ræða aukinn skatt á suðvesturhornið til frekari framkvæmda annars staðar á landinu. Þetta er efnislega kjarni málsins. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki rétt að standa að þessu með þessum hætti. Þar sem ekki er um neina almenna stefnubreytingu í raforkumálum að ræða. Ég mun því standa gegn þessu frv. og geri það vegna þess að ég tel óréttmætt að vera að skattleggja suðvesturhornið með þeim sérstaka hætti sem hér er lagt til. Jöfnuður á raforkuverði er réttlætismál út af fyrir sig, en slíkum markmiðum eigum við að ná með öðrum hætti — ná með því að beita sameiginlegum sjóðum landsmanna allra. Hér hefur verið gerð grein fyrir ályktun borgarráðs Reykjavíkur um þetta og hún skýrir sig auðvitað sjálf, en ég fyrir mitt leyti er andvígur þessari tegund af skattheimtu að þessu sinni.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta og reyna að vera stuttorð og lýsa afstöðu minni í fáum orðum. Ég ætti kannske að orða það svo, að ég gæti lýst andstöðu minni við þetta frv. í fáum orðum.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt hafa lög um verðjöfnunargjald verið framlengd frá ári til árs og með því móti hefur verið ætlunin að undirstrika bráðabirgðayfirbragð þessara laga. Á þeim grundvelli held ég að þm. Reykv. hafi sætt sig við þetta gjald í von um betri tíð, enda fylgdu — a. m. k. árið 1974 — loforð um að búið yrði að endurskoða rekstur Rafmagnsveitna ríkisins í árslok 1975, ef ég man rétt. Ekki er við núv. iðnrh. að sakast að það var ekki gert, en við sitjum uppi með þetta gjald og er nú svo komið að það á samkv. þessu frv. að hækka það úr 13% upp í 19%. Þetta þýðir 300 millj. kr. aukagjald á notendur Rafmagnsveitu Reykjavíkur, eins og kemur fram í bréfi borgarstjóra Reykjavíkur sem lesið hefur verið tvívegis úr ræðustól, og mun ég því sleppa því að vitna í það.

Andstaða mín byggist fyrst og fremst á því að hér er um hreinan neysluskatt að ræða, og mætti færa að því rök að hann legðist á eftir búsetu, en ekki efnum og ástæðum manna. Þó að ætlunin með þessu sé sú að leiðrétta misrétti milli byggðarlaga, þá felur sjálfur gjaldstofninn það í sér, að unnið er gegn tekjujöfnun einstaklinga, og það er það alhættulegasta í þessu máli að mínu viti. Ég hefði því eins og fleiri, sem talað hafa hér á undan mér, talið réttara að jafna þetta misrétti milli landshluta með greiðslum úr ríkissjóði og fjármögnun fengist því með skatti sem tæki tillit til efnahags manna og getu til að greiða hann.

Ég bendi á að á fyrri þingum hafa jafnvel komið fram till. um að fara nokkurn veginn eins að með hitaveituna, þ. e. a. s. að leggja aukaskatt á Reykvíkinga vegna hitaveituframkvæmda úti á landi. Að vísu hafa þær till. ekki náð fram að ganga, en hér hefur skapast fordæmi sem gæti orðið til þess að við lentum í ógöngum fyrr en varir. Stefnan sjálf er röng. Því hlýt ég að lýsa því yfir hér, að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég kem hingað í ræðustólinn til þess að segja það í fyrsta lagi, að mér falla þessar umr. vel, því að nærri því hver einasti ræðumaður tekur undir þá stefnu, sem mótuð hefur verið af Rafmagnsveitum ríkisins, að fjármagna félagslega þætti í framkvæmdum fyrirtækisins og nokkurn hluta af skuldabyrðum þess með framlögum úr ríkissjóði. Þetta er gleðilegur ávinningur fyrir þá stefnu sem mótuð hefur verið hjá þessari stofnun. Þess vegna vil ég beina því til hæstv. ríkisstj. að ganga á lagið og skipta á þessu frv. um 700 millj. verðjöfnunargjald og svo sem 500-550 millj. framlagi úr ríkissjóði. Það mundi koma sér betur eða a. m. k. jafnvel fyrir RARIK og Orkubú Vestfjarða og vera, eins og ég hef lýst í fyrri ræðu minni, til muna heppilegri og betri leið.

Annað vil ég taka fram, að ég vil allt gott segja um Helga Bergs fyrrv. formann Rafmagnsveitna ríkisins og vænti þess að svo verði alla tíð framvegis. En út af því sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að hann hefði varað við gjaldtöku með verðjöfnunargjaldi, þá lagði nefndin, sem Helgi Bergs sat í fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins, til á s. l. vetri að verðjöfnunargjaldið yrði hækkað upp í 20%.

Í þriðja lagi vildi ég með örfáum orðum skýra marktaxtann, sem hér hefur verið gagnrýndur og talinn allt of lágur. Marktaxti er byggður upp á þann hátt, að hægt sé að sameina alla almenna notkun á sveitabýli á einn orkumæli, þ. e. raforku til heimilisnota, súgþurrkunar og hitunar. Við margendurskoðun á samsetningu notkunar hans kemur í ljós, að sé reiknað með heimilisnotkun á heimilistaxta, súgþurrkun á súgþurrkunartaxta og afgangurinn af notkuninni fari til hitunar, þá er verðið til hitunar ca. 7-8% lægra en á almennum hitunartaxta. Hagkvæmni Rafmagnsveitnanna að selja samkv. marktaxtanum er hins vegar margföld miðað við þennan mismun vegna hagkvæmari nýtingartíma og þar af leiðandi hagstæðari innkaupa á raforkunni í heildsölu, fækkun orkumæla hjá notanda, einfaldara dreifikerfis hjá notanda o. fl., o. fl. Með þessu móti, sem felur í sér að vísu 7-8% mun á einum þætti marktaxtans notandanum í vil, er verið að vinna að hagkvæmni ekki einasta fyrir notandann, heldur einnig fyrir Rafmagnsveitur ríkisins sem fyrirtæki og fyrir þjóðarheildina. — Þessu taldi ég nauðsynlegt að koma á framfæri.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Það er álit mitt á þessu frv., að það sé í áttina, en að mínum dómi ekki nærri því nógu langt gengið. Það er skoðun mín, að það hefði átt að fella niður verðjöfnunargjald af raforku hjá viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og hækka verðjöfnunargjaldið hjá viðskiptavinum Landsvirkjunar meira en lagt er til hér. Sannleikur málsins er sá, að ríkið

og ríkisstofnanir selja vöru og þjónustu — þarna rafmagn — til landsbúa á mjög mismunandi verði, þannig að viðskiptavinir Rafmagnsveitna ríkisins þurfa að borga allt að því og yfir helmingi hærra verð fyrir orkuna en þeir sem búa á Landsvirkjunarsvæðinu. Þetta er ójöfnuður af versta tagi. Ég undrast að menn, sem vilja kalla sig jafnaðarmenn, svo að ég tali nú ekki um þá sem þykjast vera í orði stundum heldur róttækari, eru að verja slíkan ójöfnuð út af hlutum sem eru svona smáir eins og hér hefur raunverulega verið bent á og m. a. s. af þessum ræðumönnum sjálfum.

Þeir hv. þm. Reykv., sem talað hafa hérna, hafa látið sér margt ákaflega óskynsamlegt um munn fara og það er margar rósir hægt að tína út úr ræðum þeirra, eins og þegar hv. þm. Ellert Schram segir að þetta hafi veruleg áhrif á framfærslukostnað — veruleg áhrif. Og hver eru nú þessi áhrif?

Það vildi svo til, að ég var að fá rafmagnsreikninginn minn í hendurnar, og eyði ég ábyggilega talsvert miklu rafmagni miðað við það sem gerist hér á heimilum. Það þarf mikið að þvo o. fl. þess háttar hjá mönnum sem eiga jafnmikið af krökkum og ég. Og ég sá það á þessum rafmagnsreikningi, þegar ég var að skoða hann áðan, að af yfir 9000 kr. rafmagnsreikningi þurfti ég að borga 793 kr. í verðjöfnunargjald. Það er háskalegt! Þetta eru 13%. 6%, sem eiga að bætast við, mundu verða 360 kr. á tveimur mánuðum. Þetta, sem hefur svona mikil áhrif á framfærslukostnaðinn, er 180 kr. á mánuði og er að setja íbúa Reykjavíkur gersamlega á hausinn. Á sama tíma borga viðskiptavinir Rafmagnsveitna ríkisins hvorki meira né minna en 37 kr. og þar yfir fyrir hverja kwst. Það er ótrúlegt að fólk skuli geta komið hér upp svona háalvarlegt og reyna að fá kjósendur til fylgis við sig út af þessu hneyksli að reyna að jafna raforkuverð í landinu með því að hækka verðjöfnunargjald um 180 kr. á mánuði hjá nokkuð stórum heimilisneytanda. Venjuleg heimili sem eyða minna rafmagni, eins og gerist hér í Reykjavík, borga einn hundraðkarl á mánuði til viðbótar, ef þetta gjald yrði samþykkt. Og um þetta rífast þau hv. þm. Albert Guðmundsson, hv. þm. Svava Jakobsdóttir og aðrir úr þeim flokki, flokki ójafnaðarmanna. Þegar ríki og ríkisstofnanir eru að selja vöru og þjónustu til landsmanna, þá ber skylda til að selja öllum landsmönnum sömu þjónustuna og sömu vöruna á sama verði, annað er hrópandi ranglæti.

Þegar hv. 1. þm. Reykv., sem oft flytur mjög skemmtilegar og eftirtektarverðar ræður, segir hér að það megi ekki gera Reykjavík að skattlandi þjóðarinnar, þá blöskrar manni. Allir vita að Reykjavík fær sinn skerf af öllum vörum sem koma til landsins og allir landsmenn neyta. Verð á öllum vörum er miklu hærra að sjálfsögðu úti á landsbyggðinni vegna mikils flutningskostnaðar. Reykjavík tekur sinn skammt af því og hefur atvinnu af því, tugir þúsunda manna í Reykjavík hafa atvinnu af því. Sannleikurinn er sá, að það, sem Reykvíkingar borga og aðrir á Suðvesturlandinu fyrir rafmagnið, er eins og ég sagði áðan, helmingi lægra en hinir borga úti á landi. En víða úti á landi borgum við ekki aðeins allar vörur dýrara verði en Reykvíkingar, heldur er orkukostnaður landsbyggðarinnar miklu hærri en hér gerist. Ég vil benda á það, að við úti á landi, sem kyndum með olíu, borgum fyrir þá orku 5-7 sinnum hærra verð en gengur hér. Það þýðir að fólkið úti á landi er með 5-10% lægra kaup en gerist hér í Reykjavík.

Ég minnist þess, að hitareikningur fyrir blokkaríbúð, sem ég bjó í hér í fyrra, var innan við 50 þús. kr. fyrir allt árið. Það er sami peningur og menn borga í olíukyndingu úti á landi fyrir hálfan annan til tvo mánuði. Og þá sjá menn hver ójöfnuðurinn er þar. Sama er náttúrlega að segja um þá sem kynda hús sín með rafmagni úti á landi á þessum óheyrilegu prísum. Og hv. þm. Ellert Schram leyfði sér að stinga upp á því að þessa taxta ætti að hækka! Skyldi hann vera gráðugur í það og verða fljótur til að leggja þá till. fram í þinginu að hækka taxta Hitaveitu Reykjavíkur á kyndingarkostnaði hér í Reykjavík, þannig að hann yrði jafnmikill og hjá þeim sem kynda með raforku úti á landi? Það mundi hann að sjálfsögðu aldrei gera, því að það er hundrað sinnum stærra mál en hér er á ferðinni.

Herra forseti. Ég lofaði að tala ekki lengi og skal nú senn ljúka máli mínu. En ég undrast að fólk úr þessum ójafnaðarmannahópi leyfir sér að gera mikið veður út af þessum smámunum, sem þó geta orðið til þess að jafna aðeins raforkuverðið í landinu, ganga skref, þó að lítið sé að þessu sinni, í jafnaðarátt. Ég vona að sem flestir hv. alþm. átti sig á því að hér er gott mál, jafnréttismál á ferðinni. Ég vona einnig, að hæstv. ríkisstj. eða þær aðrar ríkisstj., sem eiga að koma til valda, líti á þetta mál sem aðeins fyrsta skref til þess að leiðrétta það misræmi sem hér er verið að fjalla um.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það mætti vissulega margt segja um þau orð, sem fallið hafa í þessari umr., en ég ætla ekki að fara ítarlega út í einstök atriði. Mér sýnist að umr. beri vott um það, að þeir ágætu hv. þm. Reykv., sem hér hafa talað, styðji eindregið þá stefnu að afla tekna til Rafmagnsveitna ríkisins og annarra fyrirtækja, sem sinna félagslegum þörfum og erfiðum markaði, með beinni skattlagningu eða fjármagna þau með beinum framlögum úr ríkissjóði. Það er vissulega ánægjuefni að fá einhlítan stuðning við slíka stefnu, að það verði gert, og rétt að hafa það í huga í framtíðinni. Ég get alveg tekið undir það, að mér hefði hugnast sú leið á margan hátt betur en fara þá leið sem hér er lögð til ásamt hinni að vísu. Það er verið að leggja til að fara báðar þessar leiðir, annars vegar að leggja Rafmagnsveitum ríkisins til í fyrsta sinn um a. m. k. langt skeið beint eigandaframlag, beint framlag úr ríkissjóði til þess að standa undir kostnaði við rekstur og framkvæmdir og að auki að ná nokkru eftir verðjöfnunarleiðinni og hlutfallslega nokkru meira en áður. Ástæðan fyrir því, að báðar þessar leiðir eru hér farnar og lagt er til af ríkisstj. að það sé gert, er sú, að okkur er ljóst að ekki er viðunandi að ætla þeim, sem skipta við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, að standa lengur undir þeim mikla kostnaði sem á þá er lagður við raforkukaup.

Ég vil svara nokkrum atriðum úr máli manna. Til að byrja með ætla ég að upplýsa hvað það er í krónum talið eða aurum á kwst. sem hér er verið að leggja á með því að bæta 6% ofan á verðjöfnunargjaldið frá því sem áður hefur verið.

Núverandi gjald á kwst. samkv. heimilistaxta í Reykjavík mun vera 19.82 kr. og það hækkar upp í 20.71 kr. samkv. þessu frv. Þetta þýðir að viðbótarkostnaðurinn er 0.89 kr. eða 89 aurar á kwst. Hækkunin nemur 4.5%. Viðskiptavinir Rafmagnsveitna ríkisins greiða hins vegar 1.68 kr. til viðbótar á kwst., eða u. þ. b. tvöfalda upphæð miðað við Reykvíkinga og marga fleiri

sem búa við álíka hagstætt orkuverð. Það er því mikið öfugmæli þegar talað er um að verið sé að leggja þarna skatt fyrst og fremst á Reykvíkinga. Þetta bætist ofan á kostnað þeirra sem þegar greiða hæsta verðið fyrir, og það er ekki sísti ókosturinn við þá leið sem hér er þó farin, og ég get tekið undir það með hv. þm. Garðari Sigurðssyni, að vissulega hefði verið æskilegt að breyta þessu prósentuhlutfalli og jafnvel afnema það á þeim sem hæst raforkuverðið greiða. En við töldum það ekki skynsamlegt. Ég býst við að þá hefðu þyngri orð fallið hér um þetta en verið hefur.

Það hefur verið minnst á það af hv. þm. Einari Ágústssyni o. fl., og vitnað þá til grg. Sambands ísl. rafveitna, að hér sé farið mjög inn á ranga braut í ýmsum efnum. Ég hef fengið erindi og álitsgerð frá Sambandi ísl. rafveitna sem stjórnarformaður þeirra og framkvæmdastjóri sendu frá sér í nafni Sambandsins. Ég skal ekkert um það segja, hvort þeir tala þar fyrir munn allra rafveitna í landinu, ég dreg það mjög í efa, og ég vil minna á að Rafmagnsveitur ríkisins eru aðili að Sambandi ísl. rafveitna og eru einn besti gjaldandi til þess sambands. Álit mitt er það, að margt af því, sem fram kemur í grg. Sambands ísl. rafveitna og mér barst í gær, sé afar villandi og nánast ekki sæmandi sambandi sem þessu að bera slíkt fram og rugla hv. alþm. í ríminu í sambandi við ýmsa þætti málsins.

Það er ofur eðlilegt að menn vitni í þetta málsgagn, sem komið er frá þessari stofnun, flutt í nafni hennar. En þar gætir bæði vissra rangfærslna og misskilnings að mínu mati. Eitt af því, sem fram var tekið og sótt í þessa grg. Sambands ísl. rafveitna, er að þetta hafi mikil áhrif á framfærsluvísitölu. Það er rétt að upplýsa það, að áhrifin á verðbótavísitölu vegna hækkunar verðjöfnunargjaldsins eru 0.06%, og getur það ekki talist mikið.

Vikið hefur verið að því af nokkrum hv. þm., sem hér hafa talað, að það væri ósanngjarnt að skattleggja Reykvíkinga og rafveitur annarra sveitarfélaga sem hafi komið upp hjá sér raforkuvirkjum og þannig tryggt sér hagstætt raforkuverð. Ég vil minna á að það eru margir fleiri sem lagt hafa í þau raforkuver, sem meginhluti landsmanna nýtur góðs af, þ. á m. ríkissjóður, bæði sem eigandi, núverandi eigandi að hálfu á móti Reykjavíkurborg í Landsvirkjun og ríkissjóður með því að tryggja því myndarlega orkuöflunarfyrirtæki hagstæð lán og það margfalt hagstæðari lán en Rafmagnsveitur ríkisins hafa notið, enda má ekki síst rekja vanda þeirra til þess, að hvorki hafa verið lögð fram eigendaframlög né heldur tryggð eðlileg lánakjör í sambandi við nauðsynlega uppbyggingu fyrirtækisins.

Verulegur þáttur í gagnrýni manna á verðjöfnunargjaldið og hækkun þess felst í að benda á ranga taxta, sem menn nefna svo, hjá Rafmagnsveitum ríkisins og ranga verðlagningu í tengslum við þessa taxta. Þarna gætir mjög mikils misskilnings og hann á rót sína að rekja, hygg ég, til þeirrar grg. sem komin er frá Sambandi ísl. rafveitna, þar sem þessu sjónarmiði er hampað. Það eru ekki síst villandi upplýsingar um þetta atriði sem ég tel ekki sæmilegt að bornar séu fram í nafni Sambands ísl. rafveitna.

Hv. þm. Pálmi Jónsson, sem þekkir mjög vel til málefna Rafmagnsveitna ríkisins og er nú stjórnarformaður þess fyrirtækis, tók af mér ómakið að útskýra samsetningu hins svokallaða marktaxta sem mjög hefur verið vitnað til og mikið hefur verið gagnrýndur af hv. þm. hér og sagt að væri ranglega uppbyggður og ætti að hækka stórlega. Þessi taxti er fyrst og fremst notaður af bændum landsins og hann er miðaður við það að reyna að draga úr þeim afltoppi sem Rafmagnsveiturnar nota í samningum um orkukaup. Um 3/4 hlutar af orkukaupum Rafmagnsveitna ríkisins eru bundnir toppgjaldi sem tengist afli, en aðeins um 1/4 hluti snertir kwst.- gjöld, og því er það fyrirtækinu mjög mikið í hag að þessi afltoppur hækki ekki. Marktaxtinn er notaður á sveitabýlum fyrst og fremst, en þó mun hann víðar notaður. Alls var það 2781 aðili sem í marsmánuði s. l. keypti samkv. þessum taxta af um 12 þús. viðskiptavinum Rafmagnsveitnanna. Þessi marktaxti hvetur til þess að menn reyni að jafna raforkunotkun sína í tíma yfir daginn, og það er hagkvæmt í senn fyrir notandann og það er hagkvæmt fyrir Rafmagnsveiturnar einnig. Ef ætti að hverfa frá þessum marktaxta og fara að verðleggja hvern notkunarþátt, þá kostaði það í fyrsta lagi margfalt mælakerfi, það kostaði flókið innheimtukerfi og það þýddi það, að menn hættu að hugsa um að spara í aflnotkun og þessi afltoppur yrði miklu hærri en ella og það kallaði á aukið og styrkara dreifikerfi. Er það þó nógu bágt í sveitum landsins. Þetta kallaði einnig fyrr en ella á virkjanir, svo að það er með öllu óréttmætt að vera að gagnrýna þennan taxta og telja að hann sé óhagstæður og honum eigi að breyta. Ég vil þó ekki þar með fullyrða að þar megi engu breyta eða í sambandi við samsetningu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins. Það er einmitt fyrirhugað að fara ofan í saumana á þeim til þess að reyna að finna þar enn betri leiðir en tekist hefur, og það standa yfir samningar milli Rafmagnsveitna ríkisins og Raunvísindastofnunar háskólans nú, að Raunvísindastofnun gangi í þetta verkefni, hún mun geta talist hlutlaus aðili, og að því verður unnið. En ég á ekki von á að það leiði til neinna verulegra breytinga á hagkvæmni hjá Rafmagnsveitunum, þó að ástæða sé þó til að vona að það geti orðið í einhverjum efnum.

Hitunartaxtinn, sem einnig hefur verið gagnrýndur, og líklega eru það 2700 notendur sem greiða samkv. húshitunartaxtanum, er miðaður við olíuverð. Það er vissulega pólitísk ákvörðun, hvort á að hækka gjald fyrir rafhitun langt fram úr því sem það kostar að kynda með olíu. Það hefur ekki verið metið réttmætt hingað til, enda yrði það til að auka enn frekar á óréttlætið.

Ég hef getið þess oftar en einu sinni hér í hv. þd., að mismunurinn á hitunarkostnaði húsa hér á Reykjavíkursvæðinu hjá þeim, sem búa við hagstæðar hitaveitur, og hins vegar hjá þeim, sem kaupa orku til húshitunar, ýmist með olíu eða samkv. húshitunartaxta, sem er á sambærilegu verði, er um 250%. Hann er margfaldur á við þann mun sem er á raforkuverðinu miðað við heimilistaxta, svo að ég held að menn ættu að hugsa sig um áður en þeir fara að leggja til að þessum hlutföllum verði breytt. Hitt er vissulega annað mál, hvort það er í öllum tilvikum skynsamleg stefna að fara út í beina rafhitun á svæðum þar sem ekki er von til þess að fá jarðvarma. Þau mál eru í gaumgæfilegri athugun nú, m. a. á vegum Rafmagnsveitna ríkisins og iðnrn., og hafa verið það um skeið. Þar eru menn að athuga, hvort ekki séu hagkvæmari kostir að stefna að fjarvarmaveitum í þéttbýli, þar sem takmörkuð von er um jarðvarma, og hverfa frá þeirri stefnu, sem hefur verið í gildi og hefur verið framfylgt víða um landið þar sem ekki eru komnar hitaveitur og lítil von er talin á þeim, að miða við beina rafhitun.

Þetta dæmi hefur enn ekki verið gert upp í heild sinni, en menn eru að færast nær því að geta markað stefnu um þetta, hvort ekki sé réttmætt, og ég hef frekar trú á því að sú verði niðurstaðan að koma upp fjarvarmaveitum á þéttbýlisstöðum, þótt þeir eigi ekki von á jarðvarma til að leysa sín húshitunarmál. Athugun varðandi þetta mun verða hraðað eftir föngum þannig að ekki sé haldið lengra á braut beinnar rafhitunar án þess að þetta dæmi sé gert upp.

Það hefur verið fullyrt hér, að mikill meiri hluti af viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins sé á þessum töxtum og greiði hvað snertir meðalverð á kwst. miklu lægra en hér hafa verið rakin dæmi um og getið er um í fskj. með frv. Þetta er misskilningur. Það er hins vegar rétt, að meiri hlutinn af orkukaupunum fer fram samkv. húshitunartaxta og marktaxta. En ef við lítum á fjölda viðskiptavina Rafmagnsveitnanna, sem er um 12 þús., þá voru það ekki færri í marsmánuði s. l. en 9792 sem kaupa samkv. húshitunartaxtanum, sem er 88% hærri nú hjá Rafmagnsveitunum en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Af þessu vænti ég að menn sjái hvílíkt hagsmunamál hér er á ferðinni fyrir fjölda heimila í landinu og hversu rangt það er að bera fram þau rök, að mikill meiri hluti viðskiptavina Rafmagnsveitnanna sé á einhverjum allt öðrum og hagkvæmari töxtum.

Ég held að mjög margt í málflutningi þeirra hv. þm., sem gagnrýnt hafa þetta frv., sé á misskilningi byggt hvað snertir ýmis efnisatriði, og ég vænti þess, að þeir komist að annarri niðurstöðu varðandi ýmislegt, sem þeir hafa hér sagt, við nánari skoðun. Það er ekkert óeðlilegt að slíks misskilnings gæti, vegna þess að menn hafa fengið og verið fóðraðir á röngum upplýsingum af aðilum sem betur ættu að vita. Vissulega eru þessi mál nokkuð flókin, samsetning á þessum gjaldskrám og þessum töxtum, og það er tiltölulega auðunnið verk að rugla menn þar í ríminu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. En ég vænti þess eindregið, að það fái stuðning mikils meiri hl. hv. þm. og menn reynist það miklir jafnaðarmenn og réttlætissinnar, að þó að þeir séu ekki að fullu ánægðir með þá leið, sem hér er valin til að bæta úr því sára misrétti sem margir landsmenn búa við hvað snertir orkuverð, þá verði þeir þó reiðubúnir til þess að stuðla að framgangi þessa máls hér. Það er aðeins stefnt að því að lögfesta þetta í eitt ár í viðbót, og ég tek undir það, að sjálfsagt er að leita annarra leiða, ef færar þykja, en hér er lögð til og mörkuð hefur verið. Ég get vel stutt það sjónarmið, að það sé réttmætt að stefna að því að ná inn jöfnuði í raforkuverði meira með þeim hætti að leggja fram bein framlög úr opinberum sjóðum til Rafmagnsveitnanna og svo að sjálfsögðu að reyna að tryggja sem bestan rekstur, orkusparnað og góða orkunýtingu og betra skipulag á raforkumálum landsmanna en tekist hefur að ná fram til þessa, en að þeim málum er unnið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Vegna ræðu þeirrar, sem hv. 3. þm. Suðurl. flutti sem framlag til þessara umr. og gerði lítið úr þeirri krónutöluhækkun sem hér væri um að ræða, þá er ég hræddur um að hann hafi misreiknað sig þegar hann vitnaði í hækkun á eigin rafmagnsreikningi. 6% til viðbótar við 19% er mikil hækkun. Þar sem við eigum báðir sæti í flugráði, þá vil ég benda honum á að upphæð sú, sem nú á að taka af landsmönnum með 19% álagi samkv. þessu frv. og er umfram það sem 13% hefðu gefið, er rúmlega sú upphæð sem lagt er til að fari til flugmála samtals á næsta fjárhagsári. Til flugmála er gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 600 millj. kr. til framkvæmda, þá á ég við fyrir utan lánsfjáráætlun.

Þá vil ég einnig harma þá fullyrðingu hæstv. iðnrh., að ekki sé mark takandi á grg. Sambands ísl. rafveitna og þar með samþykkt borgarráðs Reykjavíkur frá því í dag. Og ég verð að segja að ég tel það ábyrgðarleysi af ráðh. að taka svona til orða. Hjá Sambandi ísl. rafveitna vinna samviskusamir fagmenn, sem eru þekktir að vönduðum vinnubrögðum. Ég mun óska eftir frekari grg. frá Sambandi ísl. rafveitna vegna ummæla hæstv. orkumálaráðh.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 36. fundur.

Laugardaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun laga um þingsköp Alþingis, þáltill. (þskj. 107, n. 195). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. Sþ. fékk til athugunar till. til þál. á þskj. 107 um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis. Flm. þessarar till. eru hæstv. forsetar Gils Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Bragi Sigurjónsson og Friðjón Þórðarson. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd 8 alþm., tveggja frá hverjum þingflokki, til að endurskoða gildandi lög um þingsköp Alþingis. Skal n. leggja niðurstöður sínar fyrir Alþingi svo fljótt sem við verður komið."

Þessu fylgdi örstutt grg. sem mig langar til að lesa með leyfi forseta:

„Á undanförnum þingum, svo og á þessu þingi, hafa verið flutt frv. um breytingar á þingskapalögum. Þá segir og í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., að hún muni beita sér fyrir því að fram fari endurskoðun á þingsköpum Alþingis.

Heildarendurskoðun á þingsköpum var síðast framkvæmd af mþn. sem kosin var af Sþ. 1966. Gildandi þingskapalög voru síðan samþykkt 1972.

Samkomulag hefur orðið um það milli forseta Alþingis og formanna þingflokkanna að leggja til að n. alþm., tveggja frá hverjum þingflokki, verði falið að endurskoða gildandi lög um þingsköp. Er þess vænst, að sú endurskoðun þurfi ekki að taka langan tíma."

Á þskj. 195 liggur fyrir nál. frá allshn., svo hljóðandi:

„N. hefur athugað till. á fundum sínum og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 15. des. 1978."

Og undir þetta skrifa nm. Páll Pétursson, Vilmundur Gylfason, Ólafur Ragnar Grímsson, Skúli Alexandersson, Ellert B. Schram, Lárus Jónsson og Gunnlaugur Stefánsson.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 214).

Fjárlög 1979, frv. (þskj. 60, n. 201 og 204, 168, 180). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Það er jafnan svo, að þegar stjórnarskipti fylgja í kjölfar alþingiskosninga reynist aðstaða fjvn. til starfa að öðru jöfnu erfiðari en við venjulegan aðdraganda fjárlagafrv. Þegar svo háttar sem nú hefur fyrrv. stjórn unnið að undirbúningi fjárlagafrv., en sú, sem við tekur, breytt því í einstökum atriðum í átt við stefnu sína, en ætlunin að frekari breytingar vinnist á starfstíma nefndarinnar.

Fjárlagafrv. var vegna stjórnarskiptanna ekki lagt fram fyrr en um mánaðamótin okt.-nóv. Til þess að vinna tíma hóf n. þó störf strax og hún hafði verið kosin og hefur haldið 39 fundi auk þess sem undirnefndir, sem vinna að einstökum málaflokkum, hafa haldið fjölmarga fundi. Til n. hafa borist erindi í hundraðatali og mjög margir aðilar hafa komið til viðtals við n. eða undirnefndir.

Enda þótt sú sé niðurstaðan eins og jafnan, að fulltrúar stjórnarflokkanna og stjórnarandstaðan skili sitt hvoru nál., hefur samstarfið í n. verið með ágætum. Ég færi meðnm. þakklæti mitt fyrir samstarfið. Á ég þá ekki síður við fulltrúa stjórnarandstöðunnar, sem hafa unnið störf sín af alúð og af drengskap sem ég met og virði að verðleikum. Þá flyt ég hagsýslustjóra og öðru starfsliði fjárlaga- og hagsýslustofnunar þakkir fyrir ágæt störf og þá ekki síst starfsmanni n., Magnúsi Ólafssyni, fyrir mjög gott framlag. Eg tel að sú reynsla, sem fengist hefur af störfum hans, sýni að það var rétt ráðið þegar sú stefna var tekin upp, að fjvn. fengi fastan starfsmann sem væri starfsmaður fjárlaga- og hagsýslustofnunar utan starfstíma fjvn. Með þessari tilhögun hafa náðst beinni tengsl milli þessara aðila og meiri þjálfun og festa í störfum starfsmanns n. en við var að búast þegar einungis var um að ræða starf í þágu fjvn. í sambandi við fjárlagaafgreiðslu og því æðioft skipti á mönnum.

Mikill tími hefur farið í það hjá fjvn. að ræða við forstöðumenn ríkisstofnana og sveitarfélaga og ýmsa aðra aðila um beiðnir þeirra um fjárveitingar. Óskum um slík viðtöl virðist fjölga með ári hverju og ávallt er sú hætta fyrir hendi, að of lítill tími verði til þess að sinna öðrum nauðsynlegum störfum: athugunum, mati og afgreiðslum, og oft hefur svo farið að tími til þeirra verka hefur orðið æðilítill. N. tók því upp þann hátt að þessu sinni að auglýsa að beiðnir um viðtöl þyrftu að vera komnar fram fyrir 15. nóv., ella væri óvíst að unnt yrði að sinna þeim. Ég held að þessi ákvörðun hafi verið til bóta, og viðtölum lauk fyrr en oft áður. Flestir, sem til þekkja, munu þeirrar skoðunar, að þessi viðtöl séu nauðsynleg til að tryggja tengsl nefndarmanna við þá, sem fjárveitingarnar varða mestu, og til að tryggja að n. einangrist ekki frá þeim mönnum víðs vegar um landið sem í umboði samborgara sinna reyna að koma fram þeim hagsmunamálum sem brýnust eru í hverju byggðarlagi. Jafnnauðsynlegt er á hinn bóginn að tryggja að þessi viðtöl gangi ekki út yfir þann tíma sem n. verður að hafa til að vinna sín verk að öðru leyti. Því er það skoðun mín, að að því beri að stefna að fjvn. hefji viðtöl áður en þing er sett og hafi a. m. k. lokið öllum viðtölum við sveitarstjórnarmenn þegar þing hefst. Sveitarstjórnarmenn vinna hvort sem er ekkert við það að bíða fjárlagafrv., því að fjárhæðir til einstakra framkvæmda sveitarfélaga eru ekki sérgreindar í fjárlagafrv., heldur eru fjárlagaliðir til hvers einstaks framkvæmdaþáttar birtir í einni tölu í frv. Við það að hafa lokið þessum viðtölum við sveitarstjórnarmenn og fleiri aðila þegar þing hefst ynnist dýrmætur tími til afgreiðslu frv. Það gerir fjvn. einnig mjög erfitt fyrir störfum, hve mörg erindi berast seint, allt fram að lokaafgreiðslu, venjulegast algerlega að óþörfu, þótt einstöku sinnum geti gildar orsakir legið að baki. Naumast verður talið að þær þarfir hafi brunnið lengi á mönnum sem fyrst er komið á framfæri í lok nóvember eða jafnvel í desember.

Flestar stofnanir, sem úthluta fjármagni, húsnæðismálastjórn og aðrir lánasjóðir, hafa ákveðinn umsóknarfrest sem er virtur og látinn gilda. Sama regla þarf að komast á varðandi erindi til fjvn. Öruggasta ráðið til þess að koma þeirri reglu á, að erindi berist ekki svo seint sem nú á sér stað, er að sjálfsögðu að sinna þeim erindum alls ekki sem berast eftir tiltekinn tíma nema alveg sérstaklega standi á.

Ég er þeirrar skoðunar, að starfsaðstaða n. yrði öll önnur en nú, ef viðtölum við sveitarstjórnarmenn yrði að verulegu leyti lokið þegar fjárlagafrv. kemur fram og viðtölum við aðra svo til að öllu leyti lokið fyrir mánaðamótin okt.-nóv. og tryggt yrði um leið að erindum héldi ekki áfram að rigna yfir n. þegar hún þarf að nota tímann til allt annarra verka en að kynna sér ný erindi. Auðvitað verður ekki síður að ætlast til þess, að sú ríkisstj., sem hverju sinni situr að völdum, marki í tíma stefnu sína varðandi afgreiðslu fjárlagafrv. og taki þær stjórnmálalegu ákvarðanir, sem afgreiðsla fjárl. á að byggjast á, svo tímanlega, að niðurstöður liggi fyrir áður en 2. umr. fer fram, og svo snemma, að 2. umr. geti farið fram fyrr en á sér stað að þessu sinni og verið hefur hin síðustu ár. Því aðeins að slíkar ákvarðanir liggi fyrir nægilega snemma fyrir 2. umr. til þess að fjárlagafrv. sé við þá umr. í meginatriðum í þeirri mynd sem á að afgreiða það getur nál. haft það gildi sem því er ætlað.

Það eru að vísu nokkuð sérstæðar aðstæður fyrir hendi nú þegar stjórnarskipti hafa nýlega orðið og staðan í efnahagsmálum, ekki síst í ríkisfjármálum, á allan hátt hin erfiðasta við stjórnarskiptin. Þrátt fyrir þessar aðstæður hafði ég vonast til þess, að ákvarðanir og tillögur stjórnarflokkanna varðandi tekjuhlið frv. gætu legið fyrir í tíma áður en 2. umr. færi fram, svo að unnt væri að afgreiða tekjuhlið frv. Ég lýsi óánægju minni yfir því, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkunum skyldi ekki vinnast tími til þess að ljúka sínum ákvörðunum fyrr en raun hefur orðið á. Það er að vísu svo, að frv., sem ætlað er að verða grundvöllur að tekjuhlið frv., hafa verið lögð fyrir Alþ. degi áður en 2. umr. fer fram, og það er að vísu meira en sagt verður um fjárlagaafgreiðslu oft og tíðum á undanförnum árum. En að því ber að stefna — og gildir einu hvaða flokkar eru í ríkisstj. — að á annan veg verði unnt að standa að afgreiðslu fjárl., og mér er fullkomlega ljóst að fulltrúar minni hl., sem hafa lagt sig fram um að störf gætu gengið sem greiðast í fjvn., hafa gilda ástæðu

til að átelja þessa niðurstöðu og ég ætla ekki á neinn hátt að réttlæta hana með því, að þetta hafi lengst af svona verið. Þetta er ekki viðunandi, hver sem í hlut á.

Eins og ég vék að áðan, taka viðtöl of mikinn hluta af tíma fjvn. eftir að fjárlagafrv. er lagt fram og á því þarf að verða breyting. Það fer því svo, að tími fjvn. er of naumur til að meta till. í fjárlagafrv. varðandi einstakar stofnanir ríkisins í þeim tilgangi að kanna hvort ekki væri unnt að skera niður rekstrarútgjöld eins og hugur allra nm. stendur til. Ef einungis á að koma til tíminn frá þingsetningu til afgreiðslu fjárl. og verulegur hluti hans að fara í viðtöl við ýmsa aðra en forstöðumenn þessara stofnana og sífellt á að sinna nýjum erindum allt til þess að frv. er endanlega afgreitt, þá gefst ekki ráðrúm til að sinna þessu hlutverki sem skyldi, það hefur reynslan ávallt sýnt. Raunhæfur árangur næst ekki að mínum dómi með því að ákveða lækkun til tiltekinna fjárveitinga án nauðsynlegrar undirbyggingar. Það er ekki vænlegast í þessu efni frekar en öðrum að byrja á niðurstöðunni. Eðlilegri aðferð er að kryfja málin fyrst, en til þess þarf tíma og þann tíma þarf að verulegu leyti að fá utan annarra venjulegra og óhjákvæmilegra starfa við afgreiðslu fjárl. Það er því nauðsynlegt að fjvn. eða undirnefnd fjvn. starfi meir en verið hefur milli þinga að slíkum hagræðingarmálum og eftirliti með ráðstöfun fjárveitinga og e. t. v. skipti með sér verkefnum og njóti fulltingis sérfræðinga þegar á þarf að halda í þessum störfum. Á þetta verkefni þarf að leggja ríka áherslu og taka til gagngerðar skoðunar ýmsa þætti ríkisrekstrarins. Ég nefni heilbrigðismál, skólamál, löggæslu, landhelgisgæslu og annan skiparekstur ríkisins, Póst og síma, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkustofnun, Framleiðslueftirlit sjávarafurða og rannsóknastofnanir ýmsar. Um þetta hefur verið rætt í fjvn. nú við afgreiðslu fjárl. og áhugi allra nm. er án efa jafnmikill á því, að af átaki í þessu efni geti orðið. Ég tel að það verði ekki lengur við það unað, að fjárveitingar til þessara stofnana og annarra hækki einfaldlega með hverju nýju fjárlagafrv. í samræmi við verðlagsbreytingar, þegar þá er ekki jafnvel til viðbótar um útþenslu að ræða, heldur verði að grandskoða útgjaldaþörfina frá grunni, en til þess þarf tíma og mannafla, og að því leyti sem fjvn. væri ætlað að vinna að þessu verki og að eftirliti með notkun fjárveitinga þarf n. að vinna slík störf að verulegu leyti utan þingtímans eða a. m. k. sérstaklega utan þess tíma þegar afgreiðsla fjárlagafrv. stendur yfir. En nokkur einstök atriði eru þó í athugun nú fyrir 3. umr.

Þá verður einnig að koma til meiri festa um framgang ákvarðana fjvn. og tryggja að í einhverju sé eftir því farið sem hún ákveður. S. l. vor fól fyrrv. fjmrh. fjvn. að taka til skoðunar og gera till. um hvað gert skyldi með óheimilaðar stöður hjá ríkisstofnunum. N. vann þetta verk og heimilaði nokkrar stöður, en lagði til að mörgum yrði hafnað. Gallinn er sá, að síðan virðist lítið hafa verið gert með þessar niðurstöður. Besta dæmið um það er að stofnun ein sem var með þrjár óheimilaðar stöður sem fjvn. lagði til að yrðu lagðar niður. Þegar viðkomandi forstöðumaður kom til viðtals nú í haust voru óheimilaðar stöður ekki lengur þrjár, heldur fjórar, og að sjálfsögðu var erindi forstöðumannsins að sækja um fjölgun á stöðum. Þetta sýnir að það er ekki nóg að fjvn. sé fús að vinna nauðsynleg störf varðandi sparnað í ríkisrekstrinum, það verður líka að sjá um að eitthvert tillit sé tekið til niðurstöðu hennar, en ekki sé farið þveröfugt að.

Auk þess að rækilega þarf að fara ofan í rekstur einstakra stofnana eru án efa skoðunarverðir og áhugaverðir til samanburðar ýmsir útgjaldaþættir sem eru sameiginlegir með flestum stofnunum. Það hefur t. d. komið fram í skriflegu svari hæstv. fjmrh. við fsp. hér á Alþ., að utanlandsferðir ríkisstarfsmanna kostuðu nær 300 millj. kr. á árinu 1977. Það svarar til þess, að kostnaður á næsta ári, 1979, gæti numið um 600 millj. kr. eða ámóta upphæð og beint framlag ríkisins til framkvæmda við alla flugvelli í landinu.

Margt er athyglisvert um þann kostnað sem tilgreindur var í svari hæstv. ráðh. Það var núv. ráðh. sem kom með svarið, þó að upphaflegu fsp. hafi verið beint til hins fyrri. Hjá tveimur bönkum er um að ræða um 50 utanlandsferðir hjá hvorum um sig, þar sem hjá öðrum bankanum er um að ræða að dvalist hafi verið samanlagt 200 daga í bankaheimsóknum í Englandi, á Norðurlöndum, Tyrklandi og Grikklandi, og alls er dvöl erlendis um 550 dagar hjá þeim banka. Hjá enn öðrum banka er á hinn bóginn ekki um eina einustu utanlandsferð að ræða. Forstöðumenn veigamikilla stofnana ríkisins hafa dvalist erlendis í samtals 2-3 mánuði á ári og aðrir æðstu yfirmenn í þrjá mánuði, og býsna algengt er að menn sæki fundi til nálægra landa og séu 15 daga í ferðinni. Ég er þeirrar skoðunar, að takmarka eigi þennan kostnað með þeim hætti að sækja þurfi fyrir fram og sérstaklega til fjmrn. um greiðslur og kostnaður við utanlandsferðir greiddur af sérstökum lið hjá því rn.

Það er vissulega ávallt nauðsynlegt að gæta sparnaðar og hagsýni í ríkisrekstrinum, en sérstaka kröfu verður að gera í því efni nú þegar ástand efnahagsmála og ríkisfjármála er með þeim hætti, sem raun ber vitni og þegar í átaki til að rétta við hag ríkissjóðs verður að grípa til þess að skera niður brýnustu samfélagslegu framkvæmdir sem miklu skipta almenning hvarvetna í landinu. Fjárhæðir í fjárlagafrv. til verklegra framkvæmda jafngiltu því, að framkvæmdir á næsta ári yrðu um 16% minni að raungildi en í ár. Till. um fjárveitingar til hinna einstöku framkvæmdaþátta á þskj. 168 fela í sér 2000 millj. kr. hækkun framkvæmdafjár frá fjárlagafrv. og svarar framkvæmdaféð þá til 12% lækkunar á raungildi miðað við núgildandi fjárlög.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n. töldu að þegar þessi ákvörðun um auknar fjárveitingar til framkvæmda var tekin hafi ekki verið sýnt fram á, hvernig þeim útgjöldum yrði mætt, og tóku því ekki afstöðu til till. um heildarhækkunina, en áttu, eins og venja er, aðild að skiptingu fjárveitinga á einstakar framkvæmdir.

Þó að meginreglan í n. hafi verið að standa gegn ásókn í hækkun útgjaldaliða, þá er það aldrei svo að unnt sé að komast hjá því að sinna ýmsum óskum, og var nú einkum reynt að mæta brýnustu þörfum á því, að framlög til félagslegra málefna rýrnuðu ekki að verðgildi.

Í fjárlagafrv. var miðað við að verðlagsgrundvöllur væri desemberverðlag, og þá gert ráð fyrir 7.5% hækkun verðbótavísitölu 1. des. Sú hækkun nemur í reynd 6.12% og eru launaliðir í frv. því um 700 millj. kr. hærri og útgjöld almannatrygginga um 100 millj. kr. hærri en verðlagsgrundvöllur í desember gefur tilefni til, en ekki er gerð till. um, að verðviðmiðun í fjárlagafrv. verði breytt.

Miðað við óbreytta tekjustofna fjárlagafrv. er talið við endurskoðun á forsendum tekjuliðar að tekjurnar séu ofmetnar um 1500 millj. kr. í frv., að mestu vegna þess að

nú er gert ráð fyrir að tekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins muni reynast lægri en áætlað er í fjárlagafrv.

Til þess að mæta útgjaldaaukningu sem fram kemur í till. fjvn. á þskj. 168, samtals um 3300 millj. kr., og þeim ráðstöfunum, sem tengdar eru setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu frá því 30. nóv., hefur ríkisstj. nú lagt fram frv. sem miða að því að sjá fyrir þessum útgjaldaþörfum og eiga jafnframt að tryggja að ríkissjóður verði rekinn hallalaust 16 mánuði eftir að núv. stjórn tók við völdum og að skuld við Seðlabankann verði verulega greidd niður, en stefnt er að því að það verði niðurstaðan við lokaafgreiðslu fjárlaga.

Í þeim efnahagsráðstöfunum, sem gerðar voru um s. l. mánaðamót, fólst ákvörðun um lækkun beinna skatta sem jafngilti 2% af verðbótavísitölu og jafnframt að 3% af verðbótavísitölu yrði mætt með ýmsum félagslegum ráðstöfunum sem gert er ráð fyrir að komi að nokkru leyti til útgjalda hjá ríkissjóði á fjárl. fyrir næsta ár.

Í till. fjvn. á þskj. 168 nú fyrir 2. umr. er um að ræða 130 millj. kr. hækkun fjárveitingar til framkvæmda í dagvistunarmálum, sem er hluti af því viðbótarfjármagni sem veitt verður á fjárl. til félagslegra ráðstafana í sambandi við lög um efnahagsráðstafanir. Enn fremur var ákveðið að hækka niðurgreiðslur um ½% af verðbótavísitölu, og er nú flutt till. um það við 2. umr. fjárl.

Þau frv., sem nú hafa verið flutt til að tryggja framgang þessara atriða og tryggja jafnframt það markmið fjárlagaafgreiðslunnar, sem ég áðan nefndi, um hallalausan rekstur ríkissjóðs og endurgreiðslu skulda, verða lögð til grundvallar till. meiri hl. fjvn. við tekjuhlið frv. við 3. umr. Mun í n. verða milli 2. og 3. umr. gerð sérstök grein fyrir áætlunum um breytingar á einstökum tekjuliðum í samræmi við ákvæði fyrrnefndra frv. og á almennum þjóðhagsforsendum varðandi tekjur ríkissjóðs á næsta ári.

Af útgjaldaliðum frv. bíða 3. umr. málefni Orkusjóðs, sem mjög tengjast lánsfjáráætlun, svo og málefni Rafmagnsveitna ríkisins og annarra B-hluta fyrirtækja, enn fremur ýmsar útgjaldaákvarðanir varðandi félagslegar aðgerðir í sambandi við þær efnahagsráðstafanir sem gerðar voru um síðustu mánaðamót. Einnig bíða 3. umr. málefni Lánasjóðs námsmanna, styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar, liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun svo og ýmis einstök erindi.

Kem ég þá að þeim brtt. sem n. flytur á þskj. 168.

Fyrst eru till. varðandi menntmrn.

Framlag til Gjafar Jóns Sigurðssonar hækkar um 1 millj. 283 þús. kr. og verður 5 millj. 72 þús. kr. Er þetta til samræmis við þá ákvörðun Alþingis í sérstakri þál., að þessi fjárhæð skuli jafnan jafngilda launum prófessors.

Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, eðlisfræðistofa, hefur sótt um fjárveitingu til að sinna því verkefni að þróa til framleiðslu rafeindatæki sem vonir standa til að geti bætt mjög rekstur frystihúsa, fiskmjölsverksmiðja og ýmissa annarra atvinnugreina, en hjá stofnuninni er nú vísir að hönnun þessara tækja. Fjvn. leggur til á þskj. 168 að Alþ. sinni þessu máli með því að veita á fjárl. til viðbótar við þær fjárhæðir, sem í fjárlagafrv. eru, 15.6 millj. kr. í tækjakaup og 4 millj. 253 þús. kr. til að greiða laun sérfræðings. Þess er að vænta, að fjárveitingin geti stuðlað að því að slík rafeindatæki verði hönnuð og framleidd hér á landi og með þeim hætti geti orðið til nýr atvinnuþáttur jafnframt því sem þær lausnir fáist sem henta sérstaklega okkar aðstæðum. Fjvn. vill með till. sinni bæta aðstöðu Raunvísindastofnunar háskólans til þess að standa að verulegu átaki í þessum efnum, en ætla má að það ráðist af því sem nú yrði gert eða látið ógert í þessu efni, hvort það verkefni að framleiða eða hanna slík rafeindatæki verði í höndum Íslendinga sjálfra eða ekki. Ýmsir aðilar væru færir um að sinna slíkri framleiðslu ef Raunvísindastofnun háskólans yrði nú efld til að tryggja verulegt átak í hönnun tækjanna, en vænn vísir er að þessu starfi hjá stofnuninni eins og ég áðan nefndi.

Þá hefur verið sótt um það til fjvn., að verkfræðistofnun Háskóla Íslands verði veitt viðbótarfé til þess að sinna ýmsum rannsóknarstörfum í tengslum við atvinnulífið og nýta betur en til þessa hefur verið unnt þann tíma sem kennurum er ætlaður til rannsóknarstarfa. Þó að fjvn. geri ekki till. um fjárveitingu í þessu skyni nú telur n. að þessu verkefni þurfi að sinna sérstaklega og er í athugun hjá n. hvernig þetta mál verði leyst.

Þá er lagt til að hækkuð verði fjárveiting til Orðabókar háskólans um 2 millj. kr. til að taka myndir af gögnum Orðabókarinnar á mikrófilmur til öryggis um varðveislu þess mikla verks sem unnið hefur verið hjá stofnuninni.

Till. er gerð um að veittar verði 10 millj. kr. í gjaldfærðan stofnkostnað hjá Íþróttakennaraskóla Íslands, en unnið hefur verið að hönnun íþróttahúss skólans.

Langt er til að framlag til stofnkostnaðar þriggja fjölbrautaskóla verði hækkað, þar af til Flensborgarskóla 2 millj., Fjölbrautaskóla Suðurnesja 23 millj., sem er skuldagreiðsla, og til Fjölbrautaskóla Akraness 15 millj. Þá er lagt til að launakostnaður við Fjölbrautaskólann á Suðurnesjum verði hækkaður um 8 millj. kr. vegna kostnaðar við öldungadeild sem þar hefur verið starfrækt, en fé hefur ekki verið veitt til á fjárlögum.

Fjvn. leggur til að framlag til tækjakaupa hjá Vélskóla Íslands verði hækkað um 5 millj. kr., en skólinn er vanbúinn tækjum og þarf enn á næstu árum að huga að úrbótum í því efni til viðbótar því sem nú er lagt til.

Till. er gerð um að fjárveiting til stofnkostnaðar iðnskóla hækki um 40 millj. og nemi þá 103 millj., eins og fram kemur á þskj. 168, þar sem sundurliðun er á einstakar framkvæmdir. — Enn fremur hækki framlag til stofnkostnaðar héraðsskóla um 13 millj. í 182 millj., sem sundurliðast á þskj. 168.

Lagt er til að veittar verði 3 millj. kr. vegna stofnkostnaðar við Skálholtsskóla og framlag til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækki um 335.5 millj. og nemi 1979.5 millj. kr., en sundurliðun á einstakar skólaframkvæmdir kemur fram á þskj. 168. Innifaldar í þessari upphæð eru 14.7 millj. kr. til hönnunar 49 nýrra skólabygginga.

Framlag til byggingar skóla fyrir þroskahömluð börn er hækkað um 60 millj. kr. og verður 90 millj. og skiptist á þrjá skóla sem tilgreindir eru á þskj. 168. — Launaliður við stofnanir afbrigðilegra barna er hækkaður um 2.5 millj., en þar er um að ræða laun tveggja kennara við skólann að Dalbraut í Reykjavík frá næsta hausti. — Fjvn. leggur fram till. um að framlag til stofnkostnaðar Heyrnleysingjaskólans hækki um 5 millj. kr. vegna tækjakaupa.

Lagt er til að fjárveiting til byggingar dagvistarheimila hækki um 130 millj. kr. í 360 millj. og er það þáttur í framlagi ríkissjóðs til úrbóta í félagslegum efnum í samræmi við efnahagsaðgerðir um síðustu mánaðamót. Sundurliðun á einstakar framkvæmdir kemur fram á

þskj. 168.

Á liðnum Náms- og fræðimenn er lagt til að framlag til Félagsstofnunar stúdenta hækki um 10 millj. kr. í 29 millj., og er þá við það miðað að veitt hefur verið fé umfram fjárveitingar á fjárl. þessa árs til þeirrar stofnunar.

Þá er lagt til að framlag til Þjóðminjasafns, yfirfærslur til sveitarfélaga, sem varið er til byggðasafna og varðveislu gamalla húsa, hækki um 3 millj. 450 þús. og verði 20 millj. 450 þús. kr. Hefur n. ákveðið skiptingu á þessum lið í samráði við þjóðminjavörð. Í þeirri upphæð er m. a. gert ráð fyrir framlagi til varðveislu gamals verslunarhúss á Flateyri, og er þá lagt til að sérstök fjárveiting í fjárlagafrv. í því skyni falli niður.

Liðurinn: Listir, framlög hækkar samkv. till. fjvn. um 40 millj. 150 þús. kr. og verður þá alls 281 millj. 541 þús. kr. Er lagt til að þær fjárveitingar, sem hér um ræðir, hækki að nokkru leyti til samræmis við verðlagsbreytingar, en upphæðirnar eru óbreyttar í fjárlagafrv. frá núgildandi fjárl. Þar er um að ræða framlag til Leikfélags Reykjavíkur sem hækkar um 7 millj. kr. í 21 millj., til Leikfélags Akureyrar um 5.5 millj. í 16.5 millj., til leiklistarstarfsemi úr 11 millj. í 22 millj. og er þar haft í huga frv. sem nýlega hefur verið flutt um þessa starfsemi hér á Alþ. Bandalag ísl. leikfélaga hækki um 1 millj. í 2.5, til höfundamiðstöðvar um 600 þús. í 800 þús., til lúðrasveita um 250 þús. í 1.5 millj., til annarrar tónlistarstarfsemi um 1 millj. í 4 millj., styrkir til myndlistarskóla um 1.2 millj. í 3.5, til listasafna um 0.5 millj. í 4 millj., til myndlistarsýninga um 100 þús. kr. í 600 þús., til listiðnaðarmála um 50 þús. í 450 þús., heiðurslaun listamanna hækki um 3 millj. í 12 millj., listamannalaun um 7 millj. í 34 millj., framlag til listkynningar um 200 þús. í 1.2 millj., til Bandalags ísl. listamanna um 50 þús. í 300 þús. og til lista og menningarmála almennt um 1.7 millj. í 8 millj., en þessum lið mun verða skipt af fjvn. í samvinnu við menntmrn.

Þá er lagt til að liðurinn Jöklarannsóknir og mælingar hækki um 200 þús. kr. og verði 400 þús. kr.

Rekstrarstyrkir Íþróttasjóðs hækka um 6 millj. í 25 millj. og framlag til byggingar íþróttamannvirkja hækkar um 75 millj. og verður 322 millj. 640 þús. kr., en skrá um framlög til þeirra 189 íþróttamannvirkja, sem áður hafa hlotið styrki á fjárl., kemur fram á þskj. 168 svo og skrá um þau 20 íþróttamannvirki sem hljóta byrjunarframlag.

Framlög á liðnum Æskulýðsmál hækka yfirleitt sem nemur verðlagsbreytingum, en tekið er upp sérstakt framlag, 1.5 millj., til Æskulýðssambands Íslands, sem áður hefur hlotið styrk af fjárveitingu Æskulýðsráðs ríkisins, en Æskulýðsráð ríkisins hækkar um 2 millj. í 7.5 millj., Ungmennafélag Íslands um 9 millj. í 27 millj., Bandalag ísl. skáta um 1 millj. í 6 millj. og Bandalag ísl. skáta vegna framkvæmda við Úlfljótsvatn um ½ millj. í 1.5 millj., Íslenskir ungtemplarar um 850 þús. kr. í 2.2 millj., KFUM og K um ½ millj. í 1.5 millj. og vegna starfsemi KFUM og KFUK í Vatnaskógi um 300 þús. í 900 þús. og í Vindáshlíð um 250 þús. í 750 þús.

Fjvn. leggur til að framlag til Íþróttasambands Íslands hækki um 30 millj. í 90 millj. kr. og framlag til íþróttamála fatlaðra um 1.5 millj. í 4.5 millj., og er gert ráð fyrir að það skiptist á hin ýmsu félög fatlaðra.

Á liðnum Ýmislegt hjá menntmrn. er lagt til að framlag til Matthíasarsafns á Akureyri hækki um 150 þús. í 250 þús., til náttúrugripasafns á Akureyri um 100 þús. í 700 þús., til náttúrugripasafns á Neskaupstað um 100 þús. í 550 og í Borgarnesi úr 100 þús. í 550. Framlag til Zontaklúbbs Akureyrar vegna Nonnahúss hækkar um 50 þús. í 200, til viðhalds gamla rjómabúsins á Baugsstöðum hækkar um 25 þús. í 75 þús. kr., framlag til húss Guðmundar Böðvarssonar hækkar um 250 þús. kr. í 400 og framlag til minnisvarða Jóns Eiríkssonar hækkar um 100 þús. kr. í 300 og áréttað er að hér sé um lokagreiðslu að ræða. Þá er lagt til að breytt verði texta liðsins Til íslensks dýrasafns og liðurinn orðist svo: Til dýrasafns á Selfossi, en fjárhæðin verði óbreytt, en sem kunnugt er keypti dýrasafnið á Selfossi að verulegu leyti muni Íslenska dýrasafnsins.

Framlög til safnahúsa á Blönduósi, Sauðárkróki, Húsavík og til héraðssafnsins á Egilsstöðum hækka hvert fyrir sig um 100 þús. kr. í 500 þús., og tekinn er upp nýr liður, 200 þús. kr., til safnahúss í Borgarnesi. Lagt er til, að fjárveiting til sögusafns verkalýðsfélaganna hækki um 50 þús. kr. í 300 þús og framlag til Bandalags ísl. skáta, hjálparsveita, hækki um 1 millj. í 3 millj. Framlag til Kvenfélagasambands Íslands hækkar um 1 millj. í 5 millj. og til Kvenréttindafélags Íslands um 100 þús. í 400 þús. kr., til Þjóðdansafélagsins um 50 þús. kr. í 150 og til Hagsmunasamtaka einstæðra foreldra um 100 þús. kr. í 300.

Lagt er til að rekstrarstyrkur til Landakotskóla hækki um 1250 þús. kr. í 3 millj. 750 þús. og styrkur til Hlíðarskóla um 1.6 millj. í 4.8.

Framlag til Sambands ísl. karlakóra hækkar um 150 þús. í 300 þús. kr. og styrkur til náms í talkennslu fyrir vangefin börn um 150 þús. kr. í 650 þús. Þá er lagt til að styrkur til hjúkrunarkennaranáms á Norðurlöndum hækki um 150 þús. kr. í 600 þús. og styrkur til fyrrverandi barnakennara um 40 þús. kr. í 200 þús.

Þá er fjárveiting til greiðslu kostnaðar við hreindýraeftirlit hækkað um 400 þús. kr. í 1400 þús. og fjárveiting til greiðslu kostnaðar við eyðingu vargfugls um 300 þús. kr. í 1 millj.

Lagt er til að liðurinn Ýmis framlög hjá menntmrn. hækki um 2 millj. kr. í 16 millj., en fjvn. og menntmrn. veita styrki af þessum lið. — Þá gerir fjvn. till. um að í stað textans Íslenska brúðuleikhúsið komi: Brúðuleikhús, en fjárveitingin verði óbreytt, 600 þús. kr.

Þá er lokið till. varðandi menntmrn.

Ein till. fjvn. varðar utanrrn., en lagt er til að framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar lækki um 200 millj. 250 þús. kr., en þar er um að ræða leiðréttingu, þar sem framlagið á að ákvarðast í íslenskum kr. og tekur því ekki breytingum samkv. gengisskráningu eins og virðist hafa verið gert ráð fyrir við fjárlagagerð.

1. till. fjvn. varðandi landbrn. er þess efnis, að framlag til Landnáms ríkisins hækki um 25 millj. kr. vegna skuldagreiðslna grænfóðurverksmiðja, en það er hluti af umsömdum greiðslum.

Lagt er til að styrkur til fyrirhleðslna hækki um 12.3 millj. kr. í 53 millj. og kemur sundurliðun á einstakar framkvæmdir fram á þskj. 168.

Styrkur til landþurrkunar hækkar samkv. till. fjvn. um 2.7 millj. í 3.8 millj. og er sundurliðun tilgreind á þskj. 138. — Þá er lagt til að styrkur til félagssamtakanna Landverndar hækki um 350 þús. kr. í 1.2 millj. — Þá leggur n. til að framlag til Bændaskólans á Hólum, viðhaldskostnaður, hækki um 7.5 millj. í 12.8 millj., en á

móti falli niður framlag til fyrirhugaðs bændaskóla í Odda, 5 millj. kr.

Koma þá næst till. varðandi sjútvrn. N. leggur til að leiðrétt verði vanáætlun um önnur rekstrargjöld hjá aðalskrifstofu sjútvrn. og liðurinn hækki um 3 millj. kr., enn fremur verði 3 millj. veittar til gjaldfærðs stofnkostnaðar til kaupa á húsbúnaði í nýtt húsnæði sem rn. hefur fengið til afnota.

Þá leggur fjvn. til að hækkað verði framlag til sjóvinnunámskeiða um 1.3 millj. í 4.5 millj. kr. og til skólabáta um 1.5 millj. kr. í 2.5, og lagt er til að 2.5 millj. kr. verði veittar til að halda námskeið í meðferð og stillingu fiskvinnsluvéla.

Tvær till. fjvn. varða dóms- og kirkjumálarn. Hin fyrri er þess efnis að hækka áætlaðan launakostnað við sýslumannsembættið í Borgarnesi um 4 millj. 352 þús. kr. vegna fulltrúa sem starfað hefur við embættið og bindandi fyrirheit munu hafa verið gefin um af yfirvöldum á miðju þessu ári um að fengist fastráðinn. Síðari till. fjvn. varðandi þetta rn. er um 500 þús. kr. hækkun á fjárveitingu til dómprófastsembættisins í Reykjavík til að launa lausráðinn aðstoðarmann, m. a. vegna starfa sem tengjast manntalsskráningu í Reykjavík og Kjalarnesprófastsdæmi.

Er þá komið að till. varðandi félmrn. Er þar fyrst till. um að á liðnum Húsnæðismálastofnun ríkisins verði tekið upp nýtt viðfangsefni: framlag til Byggingarþjónustu Arkitektafélags Íslands 3 millj. kr. Arkitektafélag Íslands hefur rekið byggingarþjónustu fyrir almenning í mörg ár. Þess konar þjónustu er í lögum gert ráð fyrir að Húsnæðismálastofnun ríkisins veiti, og er hér lagt til að veitt verði framlag frá stofnuninni til viðbótar við framlag frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins til greiðslu stofnkostnaðar, en gert er ráð fyrir að ekki verði um rekstrarstyrki að ræða.

Þá er lagt til að framlag til embættis ríkissáttasemjara, sem er nýtt í fjárlagafrv., verði lækkað um samtals 12 millj. 819 þús. kr., þ. e. a. s. laun um 10 millj. 872 þús. og önnur rekstrargjöld um 1 millj. 947 þús. kr. Verður þá horfið frá því að gera ráð fyrir ráðningu skrifstofumanns og fulltrúa, og einnig er gert ráð fyrir að laun ríkissáttasemjara verði ekki greidd fyrr en frá miðju næsta ári. Þessar breytingar eru gerðar í fullu samráði við ríkissáttasemjara og var talið rétt að láta reynsluna skera úr um þörfina áður en fastráðið er nokkurt starfsfólk til aðstoðar ríkissáttasemjara.

Á liðnum Ýmis framlög hækka framlög til félagsins Heyrnarhjálpar um 500 þús. kr. í 1.5 millj., til mæðrastyrksnefnda um 270 þús. kr. í 500 þús., til Slysavarnafélags Íslands um 10 millj. í 35 millj. og til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra úr 3 millj. í 10.5 millj., en á hinn bóginn er lagt til að niður falli annar liður til sama félags, 2.4 millj. kr., sem merktar eru eldspýtnagjaldi, og leggur n. þá einnig til að ákvæði í heimildagr. varðandi eldspýtnagjald til félagsins falli niður og styrkur til þess verði eftirleiðis ákveðinn í fjárl. Tekjur félagsins af þessu gjaldi hafa farið lækkandi í krónutölu og eru t. d. 4 millj. á núgildandi fjárl., en eins og áður sagði 2.4 millj. í fjárlagafrv. nú. Heildarfjárveiting til félagsins hækkar því frá frv. samkv. þessum till. úr 5.4 millj. í 10.5 millj.

Framlag til Neytendasamtakanna hækkar um ½ millj. kr. í 1.5 millj. — Lagt er til að Leigjendasamtökunum verði veittur 200 þús. kr. starfsstyrkur, það er nýr liður. — Framlag til sjómannastofa hækkar um 1.5 millj. kr. samkv. till. n. í 4 millj., framlag til Öryrkjabandalags Íslands um 700 þús. kr. í 2 millj. 200 þús. kr. — Framlag til Ferlinefndar fatlaðra hækkar um 300 þús. kr. í 500 þús. kr., til Blindrafélagsins um 1.5 millj. kr. í 4 millj. og til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, byggingarstyrkur, hækkar um 3.5 millj. í 10.5 millj. Þessi till. féll niður á þskj. 168, en hefur nú verið flutt á þskj. 180.

Framlag til landssamtakanna Þroskahjálpar hækkar um 500 þús. kr. í 1.5 millj. Enn fremur leggur n. til að Styrktarfélag vangefinna fái 600 þús. kr. styrk vegna norræns móts á Íslandi á næsta ári. — Framlag til Foreldra samtaka barna með sérþarfir hækkar um 200 þús. kr. í 500 þús., og lagt er til að félaginu Íslensk réttarvernd verði veittur 500 þús. kr. starfsstyrkur, það er nýr liður.

Er þá komið að till. varðandi heilbr.- og trmrn. Er þar fyrst till. um hækkun framlags til gjaldfærðs stofnkostnaðar við Geðdeild Landsspítalans um 168 millj. kr., en sú viðbótarfjárveiting er nauðsynleg til að staðið verði við gildandi verksamning. Nemur þá framlag til þessarar byggingar 399.5 millj. kr. á næsta ári.

Lagt er til að framlag til byggingar sjúkrahúsa heilsugæslustöðva og læknabústaða annarra en ríkissjúkrahúsa hækki um 387 millj. kr. í 1 milljarð 845 millj. og kemur sundurliðun fram á þskj. 168. Í sambandi við þessar fjárveitingar hefur sérstaklega verið leitast við að tryggja að örugglega verði séð fyrir því, að fjárveitingar séu fyrir hendi í samræmi við gerða verksamninga, en á því varð nokkur misbrestur við síðustu fjárlagaafgreiðslu og námu aukafjárveitingar af þeim sökum nokkuð á annað hundrað millj. kr. á þessu ári, en bundnar eru nú með verksamningum á næsta ári um 435 millj. kr.

Í fjárlagafrv. er sérstakur liður til Grensásdeildar Borgarspítalans til byggingar endurhæfingarsundlaugar gegn jafnháum framlögum annars staðar að. Fjvn. leggur til að þessi liður falli niður, en í till. n. um framlög til byggingar sjúkrahúsa er gert ráð fyrir 30 millj. kr. fjárveitingu til þessarar framkvæmdar með sama hætti og til annarra heilbrigðisstofnana, þ. e. a. s. án skilyrða um jafnhátt framlag annars staðar að.

Fjvn. leggur til að styrkur til Hjartaverndar hækki um 10 millj. í 30 millj. kr. og til Krabbameinsfélags Íslands um 12.5 millj. kr. í 37.5.

Þá er lagt til að áætlun um kostnað samkv. farsóttar- og sóttvarnarlögum hækki um 20 millj. í 24 millj. 730 þús. kr. vegna laga sem sett voru á Alþ. s. l. vor um stóraukna þátttöku ríkisins í þessum greiðslum. Er það jafnvel hald ýmissa aðila að þessi liður þyrfti að vera verulega hærri en hér er lagt til.

Framlag til sjúkraflugs er lagt til að hækki um 4.5 millj. kr. og verði 12 millj. kr. Fjvn. mun skipta þessum lið á milli þeirra aðila sem sjúkraflug annast. Þá leggur n. til að tekinn verði upp að nýju og hækkaður verði um 550 þús. kr. í 2.5 millj. liðurinn starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar læknis, en sá liður var felldur niður í frv.

Lagt er til að liðurinn Áfengisvarnir hækki um 2.5 millj. kr. í 23 millj. 510 þús. kr. og framlag til Stórstúku Íslands hækki um 1.5 millj. kr. í 4.5, en niður falli byggingarstyrkur vegna Templarahallar.

Tvær till. n. varða fjmrn. Fyrri till. er um að liðurinn Lífeyrissjóður bænda hækki um 70 millj. kr. og verði 192.5 millj., en á hliðstæðan hátt hækkar einnig hjá viðskrn. framlag í sambandi við niðurgreiðslur á vöruverði vegna mótframlags í Lífeyrissjóð bænda um 115 millj. 900 þús. kr. En við fjárlagagerð hefur m. a. ekki

verið tekið tillit til hækkunar lífeyris um 41.4%.

Síðari till. varðandi fjmrn. er þess efnis, að í stað textans Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga komi: Til eftirlauna aldraðra félaga í stéttarfélögum samkv. lögum nr. 63/1971, og fjárveiting hækki um 51.5 millj. kr. í 163 millj. Er það í samræmi við fjárhagsáætlun Atvinnuleysistryggingasjóðs um hlut ríkissjóðs í þessum greiðslum, en ríkissjóður greiðir 1/4 útgjalda, en Atvinnuleysistryggingasjóður 3/4.

Kemur þá að till. varðandi samgrn.

Lagt er til að gjaldfærður stofnkostnaður Vegagerðar hækki um 327 millj. kr. Er þá við það miðað að framkvæmdakostnaður vegna nýrra framkvæmda á næsta ári, þ. e. a. s. framkvæmdir við vegi og brýr, geti numið 5 milljörðum 89 millj. kr. og að um verði að ræða ríkisframlag til vegagerðar sem nemur þessari hækkun, 327 millj. kr., en ekki var gert ráð fyrir ríkisframlagi í fjárlagafrv.

Þá leggur fjvn. til að framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækki um 372.4 millj. kr. og nemi þá alls 1 milljarði 528 millj. 400 þús. kr., en sundurliðun á fjárveitingum til einstakra hafnarframkvæmda kemur fram á þskj. 168.

Þá er lagt til að liðurinn Ferjubryggjur hækki um 8.9 millj. kr. í 36.9 og kemur sundurliðun á einstakar framkvæmdir fram á þskj. 168, og framlag til sjóvarnargarða hækki um 18.7 millj. í 89 millj., sundurliðun kemur fram á þskj. 168. Þess ber að geta, að í upphæðinni til Eyrarbakka og Stokkseyrar, 45 millj. kr., mun 41 millj. kr. vera vegna skuldagreiðslna.

Framlag til Hafnabótasjóðs hækkar um 138.7 millj. vegna hækkunar framlags til hafnargerða, í samræmi við ákvæði laga um að fjárveiting til Hafnabótasjóðs skuli nema 12% af fjárveitingum til hafnarmannvirkja og lendingarbóta.

Þá leggur fjvn. til að styrkur til flugbjörgunarsveita hækki um 400 þús. kr. í 1.1 millj. kr.

Tvær till. fjvn. varða iðnrn. Lagt er til að Iðntæknistofnun fái heimild til að fjölga starfsmönnum um þrjá og launaútgjöld verði hækkuð um 15 millj. 781 þús. kr. Er þar um að ræða framkvæmdastjóra, deildarstjóra og verkfræðing í almennri tækni- og rekstrarráðgjöf.

Fjvn. gerir till. um að fjárveiting til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins verði hækkuð um 3 millj. og viðbótinni varið til að greiða hluta af stofnkostnaði Byggingarþjónustu Arkitektafélags Íslands, á hliðstæðan hátt og lagt var til með till. varðandi Húsnæðismálastofnun sem áðan var á minnst.

Ein till. fjvn. varðar viðskrn. Lagt er til að liðurinn Niðurgreiðslur á vöruverði hækki um 865.9 millj. kr. í 18 milljarða 902.9 millj. kr. Er þar annars vegar um að ræða 115.9 millj. kr. vegna mótframlags til Lífeyrissjóðs bænda, en væri ekki um mótframlagið að ræða mundi búvöruverð hækka að sama skapi. Hins vegar er um að ræða 750 millj. kr. hækkun á niðurgreiðslum til samræmis við ákvarðanir við setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu um aukningu niðurgreiðslna sem nemur hálfu prósentustigi af verðbótavísitölu.

Ein till. n. er um framlag til Hagstofu Íslands. Er lagt til að launaliður hækki um 20 millj. kr. vegna ákvörðunar um endurskoðun á vísitölugrundvelli.

Þá er lagt til að framlög til fjárfestinga í flugmálum hækki um 200 millj. kr. frá till. í fjárlagafrv., en gert er ráð fyrir, að hér sé um að ræða tækjakaupalán, en ekki hækkun beinnar fjárveitingar úr ríkissjóði. Sundurliðun á þessum 800 millj., sem til ráðstöfunar verða til fjárfestingar í flugmálum, kemur fram á þskj. 168, en auk þess hefur fjvn. skipt á einstakar framkvæmdir eftirstöðvum af fjárveitingu til sjúkraflugvalla á fjárl. þessa árs.

Á síðustu till. n. hef ég áður minnst, en hún er við 6. gr. og samkv. henni er lagt til að niður falli heimild Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til að greiða allt að 20 aurum af hverjum seldum eldspýtnastokk til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Þetta gjald hefur lækkað í krónutölu undanfarin ár og er því lagt til að félagið fái fjárstyrk sinn með beinu framlagi á fjárl. Þessi ákvörðun er tekin í samráði við framkvæmdastjóra samtakanna.

Ég hef þá lokið við að rekja till. fjvn. við þessa umr. Verði þær allar samþykktar hækkar útgjaldahlið fjárlagafrv. um 3 milljarða 324 millj. 66 þús. kr.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. 2. umr. fjárlagafrv. fer nú fram á hinu háa Alþingi á seinasta degi sem til greina kemur ef ljúka á afgreiðslu fjárl. fyrir jól. Fjárlagavandinn er mikill. Marga milljarða skortir á að endar náist saman. Það eitt er víst þótt upplýsingar séu óljósar enn um tekjuhliðina. Við þessar aðstæður gerðist sá einstæði atburður, að einn samstarfsflokkurinn í ríkisstj., Alþfl., setti hinum ríkisstjórnarflokkunum nánast úrslitakosti þvert ofan í samþykkt ráðh. hans í ríkisstj. Hann samþykkti að leggja fram í ríkisstj. einum degi áður en 2. umr. átti að fara fram frv. um efnahagsmál, sem hann vissi að mikill ágreiningur er um innan stjórnarflokkanna, og krafðist þess, að afstaða til þess frv. yrði tekin samhliða fjárlagafrv. Þetta er enn eitt dæmið um þau lögmál frumskógarins sem virðast gilda í samstarfi stjórnarflokkanna. Þjóðin hefur orðið vitni að þessum átökum, þar sem sá þykist hólpinn sem best getur vegið að samstarfsflokki sínum. Þetta stjórnarsamstarf er því þjóðinni þeim mun meiri ráðgáta sem lengur líður á valdaferil núv. hæstv. ríkisstj.

Þetta tiltæki Alþfl. varð til þess, að enginn vissi í gær hér á hinu háa Alþ. hvort þessi umr. færi fram í dag eða einhvern tíma síðar eða samstarf stjórnarflokkanna splundraðist. Af þessu tilefni óskuðum við fulltrúar minni hl. fjvn. eftir skyndifundi í gærkvöld í fjvn. Ætlun okkar var að fá úr því skorið hvernig stjórnarflokkarnir hygðust standa að fjárlagaafgreiðslunni. Örugg vissa hafði borist um að fulltrúar Alþfl. höfðu neitað að skrifa undir nál. með meiri hl. Á fundinum fengust engin svör. En þegar Alþfl. var ljóst að Alþb. og Framsfl. mundu standa án hans að nál. og láta umr. fara fram engu að síður beygðu Alþfl. sig einu sinni enn í þessu stjórnarsamstarfi, eins og hann gerði 1. des., og er orðinn að algeru viðundri fyrir að fylgja þveröfugri stefnu í ríkisstj. við það sem hann lofaði í kosningum.

Við sjálfstæðismenn, fulltrúar minni hl. fjvn., erum algerlega andvígir þeirri meginstefnu sem fram kemur í frv. til fjárl. og efnahagsráðstöfunum hæstv. ríkisstj. sem kenndar eru við 1. sept. og 1. des. Við álítum að gegndarlaus skattheimta, sem er kjarni þessarar stefnu, lami framtaksþrótt einstaklinga og frjálsra félagssamtaka og dragi þannig úr þeim heildaraflafeng sem er til skipta á þjóðarskútunni. Sérstaklega á þetta við um tekju- og eignarskatta, en ríkisstj. stefnir að tvöföldun þeirra á

næsta ári miðað við fjárlög í ár, og hún stefnir að því, að nær 70 kr. af hverjum 100, sem launþegar vinna sér inn, fari í opinber gjöld þegar hæsta skattþrepi er náð. Við lítum svo á, að slík ofsköttun leiði til þess að auka ópersónulegt miðstjórnarvald ríkiskerfisins á kostnað einstaklinganna í þjóðfélaginu og til aukinna undanbragða á framtölum til skatts. Við teljum einnig að gífurlegar niðurgreiðslur landbúnaðarvara og matvæla í einu eða öðru formi leysi ekki verðbólguvandann. Aftur á móti skekkja þær ráðstafanir alla verðmyndun í landinu, trufla allt verðskyn fólks og skaða þannig bæði neytendur og framleiðendur, um leið og þær fara í kringum eða falsa vísitölun, svo sem er höfuðtilgangur þeirra.

Þetta frv. og fjárlagaafgreiðslan í heild hefur eftirfarandi megineinkenni:

Hlutfall útgjalda ríkissjóðs miðað við þjóðarframleiðslu stóreykst. Fjármagnstilfærslur, einkum í formi niðurgreiðslna, fara út fyrir öll eðlileg mörk. Skattheimta eykst gífurlega. Verklegar framkvæmdir eru skornar niður. Ríkisbáknið stækkar enn og frv. gerir ráð fyrir fjölmörgum nýjum stöðum hjá ríkinu. Tekjuhalli er fyrirsjáanlegur nema með enn nýjum skattaálögum fram yfir þá nýju skatta sem nú rignir yfir menn hér á hinu háa Alþ. Ljóst er að þessi fjárlög verða því verðbólgufjárlög ef fram fer sem horfir.

Ríkisbáknið þenst út, ef tekið er mið af hlutfalli ríkisútgjalda og þjóðarframleiðslu. Í riti Þjóðhagsstofnunar, Úr þjóðarbúskapnum, er sagt að ríkisútgjöldin verði 29% af þjóðarframleiðslunni árið 1978 og 30% 1979. Það er hækkun úr 27-28% síðustu tvö árin. Þetta eru afleiðingar efnahagsráðstafana ríkisstj. í sept. og des. að sögn Þjóðhagsstofnunarinnar. Þessi niðurstaða þarf ekki að koma neinum á óvart. Vinstri stefna felst einmitt í því að auka afskipti miðstjórnarvalds ríkisins og þrengja að fjárhagslegu svigrúmi einstaklinga og sveitarfélaga í þjóðfélaginu.

Segja má að hvorki meiri hl. né minni hl. fjvn. hafi átt auðvelt með að leggja fram nál. við núverandi aðstæður. Öll hin stærri mál frv. og ríkisfjármálanna eru í algerri óvissu. Ríkisstj. hefur ýmist lofað eða boðað margvísleg útgjöld án þess að séð sé fyrir tekjum. Ýmis dæmi má nefna þessu til áréttingar.

Ríkisstj. ákvað að verja 2 milljörðum kr. til viðbótar til verklegra framkvæmda. Enn vantar a. m. k. 1 milljarð til þess að mæta þeim útgjöldum. Ríkisstj. hefur lofað að lækka tekjuskatta um allt að 3 milljörðum kr. Þeirri skattalækkun á að mæta með því að hækka aðra skatta til jafns við lækkunina. Ríkisstj. lofaði félagslegum umbótum gegn því að launþegar afsöluðu sér 3 verðbótastigum, en það jafngildir 5 milljarða kr. útgjöldum úr ríkissjóði miðað við fyrri aðferðir við niðurgreiðslur. Þetta mun verða efnt með eins milljarðs kr. hækkun á fjárl. Engar upplýsingar liggja þó fyrir um hvernig eigi að verja þeim milljarði, að undanskildum 130 millj. kr. til dagvistarheimila. Ríkisstj. er kunnugt um, að tekjuáætlun frv. er vanáætluð um 1.5 milljarða kr. Ekkert liggur fyrir um tekjuöflun þar á móti. Ríkisstj. er kunnugt um þá staðreynd, að laun opinberra starfsmanna hækka um 3% 1. mars n. k. Fjárveitingu til þess, 1300 millj. kr., er vísvitandi sleppt. Enn er óafgreidd tekjuöflun vegna ýmissa hækkana sem orðið hafa við meðferð fjvn. og nú þegar nema 1300-1400 millj. kr., auk hækkana til framkvæmda. Allt er óráðið með fjárveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, ráðstöfun jöfnunargjalds, skerðingu framlaga ríkissjóðs til Byggðasjóðs, afleiðingar tollalækkunar vegna ákvæða EFTA-aðildar og samnings við EBE. Þessi mál verða því að bíða 3. umr., enn fremur málefni Pósts og síma, Rafmagnsveitna ríkisins, Orkusjóðs, skipting fjárveitinga til menntaskóla, eftirlaunagreiðslur og ýmis erindi, þ. á m. ráðstöfun á olíuprósentu og ákvörðun um olíustyrk. Lánsfjáráætlun, sem átti að leggja fram í nóv., hefur ekki séð dagsins ljós.

Óvissuþættir þessarar fjárlagaafgreiðslu eru því mýmargir. Við fulltrúar minni hl. í fjvn. teljum fjölmargt fleira aðfinnsluvert og gagnstætt okkar stefnu í ráðstöfunum ríkisstj. við þessa fjárlagaafgreiðslu og mun ég ræða sumt af því nokkru nánar síðar.

Allt um þetta, þá höfum við í minni hl. fjvn. lagt okkur fram um að hafa jákvæð áhrif á þá þætti fjárlagaafgreiðslunnar sem við höfum haft möguleika til og í samræmi við það flytjum við sameiginlega brtt. á þskj. 168 með meiri hl., en áskiljum okkur rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma. Í þessu starfi höfum við haft ágæta samvinnu við fulltrúa meiri hl. Ég vil fyrir hönd okkar þakka þessa samvinnu sem er ánægjuleg, og í þessu sambandi vil ég sérstaklega þakka formanni n., hv. þm. Geir Gunnarssyni, fyrir lipurð, umburðarlyndi og réttsýna verkstjórn í n. Sannleikurinn er sá, að samvinna þm. í nefndum er Alþ., að ég hygg, til mikils sóma. Þetta á ekki síst við um fjvn., þótt stundum hlaupi snurða á þráðinn, svo sem eðlilegt er í mannlegum samskiptum. Hvað sem því líður gera fjvn.-menn sér ljóst, hvort sem þeir eru í meiri hl. eða minni hl. hverju sinni, að þeir eru að fjalla um fjármuni almennings þegar ákvarðanir eru teknar um útgjöld úr ríkissjóði. Peningar í ríkiskassanum eru komnir frá fólkinu í landinu þegar öllu er á botninn hvolft. Auðvitað ber að fara með fullri gát þegar þessum takmörkuðu fjármunum er ráðstafað. Um þetta er samstaða og samvinna meðal fulltrúa allra pólitískra flokka í fjvn. á mikilvægum sviðum ríkisbúskaparins. T. d. á þetta við um rekstur rn. og ríkisstofnana, þótt pólitískur ágreiningur sé mikill um hversu langt eigi að ganga í ríkisrekstri og afskiptum ríkisins af athöfnum einstaklinga og félaga. Ég fullyrði að það er vilji allra fjvn.-manna, óháð pólitískum skoðunum, að í þeim ríkisrekstri, sem stofnað er til, sé alls sparnaðar og hagsýni gætt. Um þetta er og hefur verið ágæt samvinna, bæði í undirnefnd fjvn., sem annast mikilvægt eftirlit með því að fjárl. sé fylgt í ríkisrekstrinum og framkvæmdum, og einnig í fjvn. Mér er raunar ekki grunlaust um að almenningur á Íslandi mundi líta störf þm. og Alþ. öðrum augum en nú virðist vera ef fólk fengi gleggri fréttir og upplýsingar um gífurlegt starf og heiðarlega samvinnu þm. á mikilvægum sviðum löggjafar þrátt fyrir pólitískan ágreining að öðru leyti.

Á síðasta kjörtímabili hafði páv. fjmrh., hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, forgöngu um að bæta ríkisbókhald og skrá mannafla hjá ríkinu o. s. frv. Ég fullyrði að þetta starf hefur gerbreytt allri fjármálastjórn í ríkiskerfinu til hins betra og traustari tök eru nú á mannahaldi og fjárreiðum ríkissjóðs og ríkisstofnana en áður. Þetta hefur sparað hundruð millj. kr. af almannafé. Mér er engu að síður ljóst, að þessi nýju tæki, greiðsluáætlanir og starfsmannaskráningu, má hagnýta enn betur en gert er. Undirnefnd fjvn., sem starfað hefur yfir sumartímann að eftirliti með framkvæmd fjárl. síðan Magnús Jónsson var fjmrh., ef ég man rétt, veitir mikið aðhald í þessu efni. Meiri árangri mætti ná ef fjvn. væri öll kosin til kjörtíma-

bils hverju sinni og undirnefndum fjölgað, þannig að allir fjvn.-menn hefðu eftirlit með fjárreiðum ríkisstofnana. Einnig þarf að veita til þess fé á fjárl. að gera uppskurð á ákveðnum þáttum eftir ábendingum fjvn.-manna í samráði við ríkisendurskoðun og fjárlaga- og hagsýslustofnun. Slík fjárveiting verður e. t. v. tekin í fjárlög í ár, og ég vona að það geti orðið upphaf að því að störfum fjvn. verði breytt á þann hátt sem ég hef lagt hér til að framan, þannig að þetta eftirlit verði eflt og hagræðing aukin í ríkisrekstrinum eftir því sem unnt er.

Núv. hæstv. ríkisstj., sem tók við völdum að loknum kosningum eftir mikið og langt samningaþóf í sumar og ákall Verkamannasambands Íslands, hóf feril sinn með 15% gengisfellingu, álagningu ýmissa skatta, m. a. eignarskatts og tekjuskattsauka, og hækkun sérstaks vörugjalds úr 16% í 30% á „lúxusvarningi", eins og t. d. sápu og hreinlætisvörum. Þá stórhækkaði hún skatta á atvinnuvegina. Þetta var ekki beinlínis það sem þeir stjórnarflokkar, sem sigruðu í kosningunum, Alþfl. og Alþb., lofuðu kjósendum sínum fyrir kosningar. Kosningaloforð krata um nýja, gerbreytta efnahagsstefnu bjuggust fáir við að yrði þannig í framkvæmd. Alþb. hafði lofað því að skapa svigrúm fyrir atvinnuvegina svo að gengislækkunarleiðin yrði óþörf. Báðir þessir flokkar lofuðu launafólki að sólstöðusamningarnir frá 1977 skyldu ganga að fullu í gildi. Þetta var, eins og menn muna, krafa og kosningaloforð sem yfirskyggði öll önnur landsmál, jafnvel sjálfstæðismál þjóðarinnar, sigra í landhelgismálinu og öryggi landsins. Þetta loforð var svikið. Í riti Þjóðhagsstofnunar, Þjóðarbúskapnum, segir að laun allra launþega á árinu 1978 hafi hækkað um 33% í sept. eftir ráðstafanir ríkisstj. á því ári, en hefðu átt að hækka um 43% ef samningarnir væru að fullu í gildi. Þótt gífurlegum fjárhæðum hafi verið varið úr ríkissjóði í niðurgreiðslur og lækkun vísitölu 1. sept. og 1. des., eða svo mjög að hallarekstur verður á árinu 1978 af þeim sökum, sennilega 4-5 milljarðar, þurfti enn að grípa til nýrra og nýstárlegri aðferða til þess að eyða umsömdum vísitölustigum hinn 1. des. s. l. 3% í kaupi var þá eytt með loforði um félagslegar aðgerðir sem eiga að kosta ríkissjóð einn milljarð kr. eða fimm sinnum minna en kostar að greiða vísitöluna niður eftir gamla laginu. Þá skyldu launþegar gefa eftir 2% í kauphækkun vegna lækkunar tekjuskatta. Þetta er enn þá frumlegri aðferð til eyðingar vísitölustiga og lækkunar kaups. Tekjuskattar hafa ekki áhrif á vísitöluna samkv. núgildandi kerfi. Þess vegna hækkar ekki vísitalan neitt þótt frv. til fjárl. fyrir árið 1979 geri ráð fyrir tvöföldun tekjuskatts á næsta ári. Í stuttu máli á vísitalan að standa í stað þegar tekjuskattar hækka, en lækka þegar örlítið er gefið til baka af skattalögum. Sannast sagna eru þessir hringleikar með vísitöluna af hálfu núv. ríkisstj. með ólíkindum, enda sagði einn stjórnarsinna í umr. á Alþ. að auðvitað væri hér um að ræða hliðstæðar aðgerðir og í vor hefðu verið nefndar kauprán.

Hversu haldgóðar eru svo þessar aðgerðir? Það er athyglisvert, að þrátt fyrir að varið yrði 20 milljörðum kr. í auknar niðurgreiðslur í einu eða öðru formi á árinu 1979 og þar að auki eytt 5% kauphækkun 1. des. s. l. með hæpnum ráðum, tvöfaldaðir séu tekju- og eignarskattar og stóraukin skattheimta á öllum sviðum í ríkissjóð, niðurskurður framkvæmda sé verulegur o. s. frv., o. s. frv., er samt svo, að verðbólgan fer naumast niður úr 40% á næsta ári nema með lögþvingun. Hver er ástæðan? Ástæðan fyrir aukinni verðbólgu er auðvitað margþætt, en frumorsaka þess verðbólgustigs, sem er milli 40 og 50%, er að leita til ársins 1974, þegar fyrri vinstri stjórn undir forsæti Ólafs Jóhannessonar hrökklaðist frá völdum.

Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, sem fékk 1974 yfir 54% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka í arf frá vinstri stjórninni, hafði náð þeim árangri að verðbólga var undir 26% á miðju ári 1977. Á þeim tíma voru gerðir kjarasamningar, svonefndir sólstöðusamningar. Þá var samið um miklar grunnkaupshækkanir í heild og nýja útreikningsaðferð vísitölu. Hvort tveggja hlaut að leiða til mikils skrúfugangs verðlags og launa, þótt hinir lægst launuðu fengju síst ofmældan hlut. Spyrja mætti hverjir hvöttu til slíkra kjarasamninga. Svarið er einfalt. Þar voru fyrst og fremst að verki forustumenn Alþb. og Alþfl. innan launþegasamtakanna og utan.

Þegar sýnt var, að þessir kjarasamningar mundu valda slíkum víxlhækkunum launa og verðlags, að launþegar fengju einungis fleiri verðlausar krónur í sinn hlut, gerði ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar ráðstafanir til þess að stöðva eða draga úr þessari óheillaþróun. Samþykkt voru lög frá Alþingi um takmörkun vísitöluskrúfunnar, skattalækkun og niðurskurð ríkisútgjalda í febr. s. l. Þessum lögum var ekki vel tekið, eins og kunnugt er. Fremstir í flokki þeirra, sem brutu þessi lög niður og aðrar viðnámsaðgerðir fyrri ríkisstj. gegn verðbólgu, voru forustumenn Alþb. og Alþfl., bæði innan launþegasamtakanna og á pólitískum vettvangi. Óraunhæf kosningaloforð þeirra um samningana í gildi hafa að vísu fært launþegum fleiri, en jafnframt verðminni krónur í vasann, og verðbólgan hefur magnast. Nú glíma þeir við verðbólgudraug, sem þeir áttu drýgstan þátt í að vekja upp sjálfir, og hafa nú brugið á það ráð að fara í kringum vísitöluákvæði kjarasamninga til þess að taka aftur af launþegum það litla sem þeir þóttust bæta þeim upp með efndum að hluta á loforðinu um samningana í gildi.

Allt frá því að núverandi stjórnarsamstarf hófst hafa farið fram hatrammar deilur milli stjórnarflokkanna innbyrðis. Í raun og veru virðist þeim fyrirmunað að ná samkomulagi í nokkru máli nema eftir yfirlýsingar í ræðum eða dagblöðum, sérstökunum bókunum í þn. eða beinum hótunum. Ræður formanna þingflokka Alþfl. og Alþb. við 1. umr. fjárl. báru þess glöggt vitni. Till. og umr. um skattamál, vaxtamál og landbúnaðarmál, svo að eitthvað sé nefnt, eru með sama marki brenndar. Fjárlagafrv. var ekki lagt fram fyrr en löngu eftir þingbyrjun. Við 1. umr. kom fram að verulegur ágreiningur um gerð frv. hafði tafið framlagningu þess. Í grg. með frv. komu fram fyrirvarar í 9 liðum og talsmenn stjórnarflokkanna boðuðu enn fleiri. Jafnvel hæstv. fjmrh. sjálfur hafði fyrirvara um ýmis atriði frv. Þeir fyrirvarar, sem taldir voru í grg., voru eftirfarandi:

1. Aðferð við skattheimtu. Heildarupphæð skatta skyldi þó ekki vera lægri en allir samanlagðir þeir skattstofnar, sem fyrir voru, mundu gefa af sér og auk þess skattauka-, sértekju- og eignarskattar og lúxusskattar, m. a. á hreinlætisvöru, sem lagðir voru á í sept., eftir að núv. ríkisstj. kom til valda. Um þennan fyrirvara hefur staðið illvígur styrr milli stjórnarflokkanna allt fram á þennan dag, og virðist ekki samkomulag um neitt nema þá stefnu að þyngja enn skattbyrðina á fólki.

2. Lögð skyldi sérstök áhersla á að lækka rekstrarkostnað ríkisins um 1 milljarð frá útgjaldaáformum

samkv. frv. Ekkert hefur bólað á mótuðum till. í þessu efni þótt samstaða sé um aðhald og sparnað á þessu sviði í fjvn.

3. Fyrirvari var um lækkun tolla samkv. samningum við EFTA og Efnahagsbandalagið. Þessi tollalækkun hefur í för með sér tekjutap ríkissjóðs að upphæð 2 milljarðar kr. samkv. nýrri áætlun, en var metin 1350 millj. kr. í frv. Óljóst er enn hvort þessi tollalækkun verður framkvæmd.

4. Stefnt var að 20% magnminnkun verklegra framkvæmda í frv. Svigrúm var talið til þess að hækka fjárveitingar um 2 milljarða. Þetta var gert löngu áður en sást hvernig heildardæmi ríkissjóðs kæmi út, og verður niðurskurðurinn 12% að magni til samkv. því í A-hluta fjárl. á sviði verklegra framkvæmda.

5. fyrirvari var um ráðstöfun jöfnunargjalds, en 1/3 þess, 333 millj. kr., á samkv. frv. að renna í ríkissjóð, en ekki til stuðnings iðnaði. Að auki renna 91 millj. kr. til þess að standa undir venjulegum útgjöldum ríkissjóðs. Gjaldið á að gefa 1000 millj. kr. í tekjur og greiðist uppsafnaður söluskattur af því, samtals 500 millj. kr. Einungis 76 millj. kr. af þessu gjaldi ættu þá að fara til iðnþróunar. Ekki liggur fyrir enn hvort þessi ráðstöfun verður endurskoðuð af stjórnarflokkunum.

6. fyrirvari er um lánsfjáröflun til orkumála. Lánsfjáráætlun er ekki komin fram og ekkert vitað um stefnuna á þessu sviði og í raun ekki vitað hvort þessi áætlun kemur fram fyrir þinglok nú í jólaleyfi.

7. fyrirvari er um niðurgreiðslur á vöruverði. Nú hafa niðurgreiðslur verið auknar um sem svarar 1/2% til vísitölulækkunar. Áætlað er að þetta kosti 750 millj. kr. umfram það sem ákveðið er í frv., og er þetta komið inn í till. fjvn. Samkv. frv. er ákveðið að lækka niðurgreiðslur á móti á næsta ári og létta þannig útgjöldum af ríkissjóðinum 2800 millj. kr. Engar upplýsingar fást um hvenær þetta verður gert og ekki heldur hvernig né hvaða áhrif þetta hafi á verðlag.

8. fyrirvari er um styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins. Fyrirheit er í frv. um endurskoðun á styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins, en ekkert bólar á till. í þessu efni.

9. fyrirvari er um hversu há skattvísitala skuli vera á næsta ári. Samkv. frv. átti hún að hækka um 43% frá árinu 1978. Laun hækka samkv. aths. frv. um 50-51% á sama tíma. Með þessari breytingu skattvísitölu hefði álagning orðið 3700 millj. kr. hærri á næsta ári. Innheimta þessa sérstaka skatts af kaupmáttaraukningu launþega hefði numið 3 milljörðum á árinu 1979. Ef hverfa á að því að láta skattvísitöluna hækka jafnt og launatekjur hækka milli áranna þýðir það þriggja milljarða kr. tekjutap á tekjuhlið fjárlagafrv.

Þegar þannig er staðið að framlagningu fjárlagafrv. og ákvörðunum um grundvallaratriði við fjárlagaafgreiðsluna af hálfu ríkisstj. er örðugt, svo að ekki sé meira sagt, fyrir fjvn.-menn, bæði í meiri og minni hl., að vinna að afgreiðslu málsins á þinglegan hátt. Slík vinnubrögð eru ósamboðin Alþ. og má raunar segja að þau séu óþingræðisleg.

Með fjárlagafrv. er stefnt að hrikalegri hækkun skatta, einkum tekju- og eignarskatta. Áætlaðar tekjur af þessum sköttum í sjálfu frv. hækka sem hér segir miðað við fjárlög í ár: Eignarskattur einstaklinga úr 920 millj. í 1 milljarð 733 millj. eða um 93.9%, tekjuskattur einstaklinga úr 11 milljörðum 950 millj. í 23 milljarða 265 millj. eða um 94.7%. Eignarskattur á félög hækkar úr 980 millj. upp í 2286 millj. eða um 133.3%, og tekjuskattur á félög hækkar úr 3.1 milljarði í 6 milljarða eða um 93.5%. Í þingræðum hafa svo komið fram fyrirætlanir stjónarflokkanna um að gera skyldusparnaðinn að hátekjuskatti og er, að mér skilst, frv. um þetta þegar komið fram. Þetta þýðir að nálægt 70 kr. af hverjum 100 eru teknar af tekjum manna til sveitarfélaga og ríkis þegar komið er í hæsta skattþrep. Augljóst er að svo gífurleg skattheimta á tekjur dregur úr sjálfsbjargarviðleitni manna til vinnu og hvetur mjög til að finna ráð til þess að komast undan svo gegndarlausri skattheimtu. Þótt unnt sé að benda á dæmi þess erlendis, að slíkir jaðarskattar séu til, þá er á það að benda, að þar er um að ræða miklu hærri tekjur, sem skattlagðar eru með þeim hætti, en ætlunin er að gera hér á landi.

Öll kurl eru þó ekki komin til grafar í skattaæði ríkisstj. Í grg. með efnahagsfrv. hennar 1. des. segir að ríkisstj. sé að athuga veltuskatta á ýmiss konar rekstur, fjárfestingarskatt og aukinn eignarskatt. Samt segir svo um stöðu atvinnuveganna í aths. sjálfs fjárlagafrv.:

„Vegna slakrar afkomu fyrirtækja í mörgum atvinnugreinum að undanförnu er reiknað með að álagning tekjuskatts félaga aukist töluvert minna en sem nemur áætlaðri almennri veltubreytingu milli áranna 1977 og 1978."

Spyrja mætti því í samræmi við þetta, hvort ríkisstj. stefni vísvitandi að stöðvun fyrirtækja og atvinnuleysi með gegndarlausum álögum á atvinnurekstrinn sem hún hefur þegar ýmiss beitt sér fyrir eða virðist stefna að. Hvort tveggja ofsköttun einstaklinga og atvinnurekstrar leiðir til minnkandi framtaks og atvinnu, minni þjóðartekna og versnandi lífskjara.

Ein af forsendum fjárlagafrv. var 20% magnminnkun verklegra framkvæmda í höfnum, skólabyggingum, heilsugæslustöðvum, nýbyggingum vega o. s. frv. Í framkvæmd guggnuðu stjórnarflokkarnir á svo miklum niðurskurði. Niðurskurðurinn varð þó að magni til 12%, eins og ég sagði áðan, miðað við fjárlög 1978, en sennilegra er að hann verði enn meiri í raun, þar sem verðbólgan er lágt áætluð í þeim útreikningum. Engin tilraun er gerð til niðurskurðar í rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og ríkisstofnana þrátt fyrir frómar óskir í aths. frv. um 1 milljarð í niðurskurð, sem þó væri einungis 0.6% af rekstrargjöldum frv. og 0.7% ef frá eru dregnar niðurgreiðslur.

Þetta er merkileg niðurskurðarstefna, þegar höfð er í huga gagnrýni fulltrúa Alþfl. og Alþb. í fjvn. á fyrra kjörtímabili. Þá sagði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson við afgreiðslu fjárl. 1978: „Allt, sem ríkisbáknið þarf til framfærslu, er látið ósnert." Og þegar hann ræddi um framkvæmdir í skólabyggingum, höfnum, sjúkrahúsum o. s. frv. sagði hann: „M. ö. o.: niðurskurðarstefnan, sem talað er um að sé fólgin í þessu frv., er fyrst og fremst á þessum sviðum. Það eru skornar niður framkvæmdir og sú þjónusta þar sem fólkið fær áþreifanlega sönnun fyrir því, að fjármunir, sem það leggur til sameiginlegra þarfa, komi að gagni."

Sömu hugsun má finna í öllum sameiginlegum nál. fulltrúa þessara flokka um fjárlagafrv. hvert einasta ár á fyrra kjörtímabili. Þetta segir sína sögu um pólitíska ábyrgð í stjórn og stjórnarandstöðu. Ljóst er að ákvarðanir þessara flokka um niðurskurð á fjármagni til verklegra framkvæmda nú sanna að þeir hafa ákveðið að

ganga lengra á þeirri braut en áður hefur verið gert og gera þannig fyrri gagnrýni sína um þessi efni að algerri markleysu.

Mjög athyglisvert er að fyrir fjvn. liggur till. frá meiri hl. um að skerða framkvæmdamagn í nýbyggingum vega og brúa um 12% frá fyrra ári. Þetta er gert á sama tíma sem skattar á umferðina eru hækkaðir langt umfram verðbólgu og bensíngjald í Vegasjóð á að hækka um tæplega 68% eða rúmlega 3 milljarða kr. Framlag ríkissjóðs til Vegasjóðs, sem í fjárl. 1978 er 1305 millj., er *skorið niður um tæplega 1 milljarð á sama tíma.* En áfram er haldið stórauknum álögum á umferðina í ríkissjóð.

Beint framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs í frv. er skorið niður um þriðjung, ef mið er tekið af heildarútgjöldum frv. í fyrra og fjárlagafrv. nú. Lög sjóðsins eru beinlínis brotin og ráðstöfunarfé hans skorið niður um 1130 millj. kr., þótt reynt sé að klóra í bakkann með bókhaldskúnstum.

Það er athyglisverð byggðastefna sem fram kemur í þessum niðurskurði á öllum framangreindum sviðum: verklegum framkvæmdum í höfnum, skólum og sjúkrahúsum, vegagerð og framlögum til Byggðasjóðs. Í því *sambandi má minna á að fyrrv. ríkisstj. stóreflði* Byggðasjóð og hefur hann reynst mikil lyftistöng atvinnulífs í byggðum landsins.

Rekstrarliðir ríkisbáknsins þenjast stöðugt út á kostnað fjárfestingarþáttanna. Þetta er auðvitað nokkuð mismunandi á milli einstakra stofnana. Lengst virðist gengið í hækkun rekstrarútgjalda á skrifstofum ráðh. sjálfra, aðalskrifstofum rn., eða allt upp í 116% á einni skrifstofunni. Rekstur ríkisspítalanna hækkar um 75.4% eða 4760 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir að velta sem svarar 940 millj. kr. af lyfjakostnaði og sérfræðiþjónustu yfir á herðar sjúklinganna sjálfra. Enn hefur ekki að fullu verið gert upp dæmið um fjölgun starfsmanna í þessum stofnunum.

Fleiri dæmi verða ekki nefnd hér um þenslu ríkisútgjalda hjá einstökum stofnunum. Er þó af nógu að taka.

Sérstök ástæða er til að minna á málefni Íþróttasjóðs. Íþróttasjóður hefur tvíþættu hlutverki að gegna: annars vegar að standa undir stofnkostnaðarhluta ríkissjóðs við byggingu íþróttamannvirkja og hins vegar að úthluta kennslustyrkjum til íþróttafélaga eins og sjóðurinn hefur fé til í samræmi við starfsskýrslur íþróttafélaganna. Samkv. frv. er fjárveiting til Íþróttasjóðs óbreytt eða 247 millj. Þegar ákveðið var af ríkisstj. að verja 2 milljörðum kr. til viðbótar til verklegra framkvæmda ákvað meiri hl. fjvn. að 75 millj. kr. skyldu ganga til Íþróttasjóðs. Enn fremur hefur fjvn. gert till. um 5 millj. kr. þar til viðbótar, þannig að samtals nemur hækkun framlaga til Íþróttasjóðs um 30% frá fjárl. þessa árs. Þar af eiga 24 millj. kr. að ganga til kennslustyrkja. Hér er vitaskuld um svo lága upphæð að ræða þegar þess er gætt, að fjárþörf sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar nemur um 600 millj. kr. þrátt fyrir verulegan niðurskurð á ýmsum nýjum framkvæmdum, að nánast er hlægilegt. Kennslustyrkir verða svo lágir í hlut hvers íþróttafélags, að spurning fer að verða um hvort það taki því að deila þeim út. Þessi afgreiðsla er því dapurlegri þar sem fjmrh. fór um það sérstökum orðum í fjárlagaræðu sinni að efla *þyrfti og styrkja íþróttastarfið í landinu.*

Í fjárlagafrv. er ákveðið að framlög ríkissjóðs til fjárfestingarsjóða séu skorin niður um 10% eða 993 millj. kr. Í veigamiklum atriðum þýðir þetta að lagðir eru nýir skattar á atvinnuvegina. Í ríkissjóð renna þannig 620 millj. af launaskatti í stað þess að launaskattur á að renna til Byggingarsjóðs ríkisins. Lánamöguleikar húsnæðismálastjórnar minnka, en ríkissjóður fær nýjan tekjustofn. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna er einnig skert í samræmi við þessar reglur, og er það í annað skipti sem þessi vinstri stjórn hefur skorið niður framlög til sjóðsins á nokkurra mánaða valdatíma sínum. Á sama tíma eru fluttar ótal ræður af hálfu óbreyttra þm. í stuðningsliði ríkisstj. um nauðsyn þess að efla Byggingarsjóð verkamanna.

Athygli vekur að enn hafa ekki sést lagafrv., hvað þá að samþykkt hafi verið lög sem kveða á um þennan niðurskurð, en framlög til ýmissa af þessum sjóðum eru lögbundin. Hlutverki þeirra er því í vaxandi mæli velt yfir á herðar einstaklinga og sveitarfélaga.

Ráðstöfun þess hluta söluskatts, 1% af 20, sem lagt var á til þess að draga úr upphitunarkostnaði þeirra sem kynda hús sín með olíu og til þess að hraða nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar, hefur oft verið harðlega gagnrýnd af talsmönnum Alþb. og Alþfl. Tekjur af þessu *olíugjaldi, sem svo hefur verið nefnt,* eru áætlaðar 3200 millj. kr. Samkv. frv. er ætlunin að greiða einungis 680 millj. kr. í olíustyrk og hafa styrkinn óbreyttan í krónutölu til hvers íbúa, sem býr í olíuupphitaðri íbúð, 10500 kr. á mann. Fram hefur komið í fjvn. hugmynd um að hækka þetta um 230 millj. kr. eða um 33%, sem auðvitað nær ekki verðlagshækkun. Þótt það yrði samþykkt yrði heildarupphæð olíustyrks einungis 910 millj. kr. Áætlað er að verja 700 millj. kr. í jarðhitaleit og hitaveituframkvæmdir af þessum tekjum. Eftir standa 1590 millj. kr. af olíugjaldinu sem renna til ríkissjóðs ef þessi verður niðurstaðan.

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur gert nákvæma grein fyrir því, að fjárþörf sjóðsins til þess að hann geti veitt lán til þess að brúa 85% af umframfjárþörf námsmanna er 700 millj. kr. hærri en framlög samtals í fjárlagafrv. nema. Í útgjöldum frv. er gert ráð fyrir rúmlega 2230 millj. kr. í þessu skyni, auk lántöku að upphæð 400 millj. kr. Ef farið væri að fyrri till. núv. hæstv. menntmrh. Ragnars Arnalds um að fullnægja 100% umframfjárþörf yrði fjárvöntunin um 1200 millj. kr. Námsmenn leggja einnig mikla áherslu á að tekið sé tillit til framfærslukostnaðar barna sem þeir hafa á framfæri, en til þess þyrfti að auka fjárveitingu um 200 millj. kr. Samkv. þeim upplýsingum, sem fram hafa komið í fjvn., er einungis ætlunin að auka framlag til Lánasjóðsins með því að ábyrgjast honum 700 millj. kr. lán í viðbót við þá lánsheimild sem fyrir er í frv. Lántökur til sjóðsins yrðu því 33.3% af heildarframlögum, sem er meira en tvöfalt hærra hlutfall en áður. Ekki verður veitt fé til þess að hægt sé að taka tillit til barna á framfæri og þaðan af síður farið eftir till. hæstv. núv. menntmrh. á Alþ. þegar hann var í stjórnarandstöðu, ef afgreiðsla þessa máls verður með þessum hætti.

Framangreind dæmi um óraunsæi og vanáætlun í útgjöldum og tilhneigingu ríkisstj. til þess að krækja í einn milljarð þar og einn hér sýna hvert er stefnt með þessari fjárlagaafgreiðslu. Auk ofsköttunar á almenning og atvinnurekstur er seilst í skatta sem áður gengu til ýmissa félagslegra verkefna, eins og t. d. íbúðabygginga. Þannig er þrengt að einstaklingum og sveitarfélögum, bæði með

beinni skerðingu skattstofna og með því að ofbjóða gjaldþoli þegnanna með sköttum í ríkissjóð.

Sömu óraunsæju vinnubrögðin eru viðhöfð við undirbúning og afgreiðslu þessara fjárl. og 1974, en þá var vinstri stjórn við völd. Þá var ákveðið við fjárlagaafgreiðslu að lækka niðurgreiðslur á árinu 1974 um 500 millj. kr. og þannig skilinn eftir óleystur vandi sem frestað var að leysa við fjárlagaafgreiðsluna. Enn fremur voru þá umsamdar launahækkanir á fjárlagaárinu ekki teknar með til útgjalda. Nú er hið sama uppi á teningnum. Frestað er þeim vanda til næsta árs að lækka útgjöld til niðurgreiðslna um 2800 millj. Betur að ekki fari eins og á árinu 1974, en þá ákvað ríkisstj. að hækka niðurgreiðslur í stað þess að lækka þær.

Í gildandi fjárl. var áætlað fyrir samningsbundnum launahækkunum og verðbótahækkunum að auki miðað við ákveðnar forsendur. Þetta er nauðsynleg forsenda þess, að hægt sé með góðu móti að hafa eftirlit með þessum greiðslum og nota fjárl. þannig sem eftirlits- og stjórnunartæki. Þessu er ekki að heilsa nú. Meira að segja er ekki ætlað fyrir 1300 millj. kr. útgjöldum vegna samningsbundinnar 3% launahækkunar ríkisstarfsmanna 1. mars, eins og ég sagði áðan. Samtals er hér í raun um vanáætlun útgjalda að ræða um 4.2 milljarða, ef raunsætt væri staðið að fjárlagaafgreiðslunni. Ef fara ætti hliðstætt að um fjárlagaafgreiðslu fyrir 1979 eins og gert var fyrir yfirstandandi ár ætti einnig að áætla fyrir útgjöldum sem verða á árinu 1979 vegna ákvæða vísitölubindingar launa og bóta almannatrygginga. Sú upphæð nemur rúmlega 9 milljörðum kr. ef verðlag hækkar um 5% á þriggja mánaða fresti, eins og gengið er út frá í grg. með frv. ríkisstj. að 1. des. ráðstöfununum.

Undanfarin ár hefur náðst sá árangur í bættum vinnubrögðum í fjárlagagerð þrátt fyrir mikla verðbólgu, að minnkað hefur það bil sem er milli ríkisreiknings og fjárlaga. Hækkun útgjalda ríkissjóðs reyndist þannig miðað við niðurstöður ríkisreiknings frá fjárl. í prósentum. 1974 reyndist hækkunin frá fjárl. til ríkisreiknings 37.1%, 1975 21.6%, 1976 16.1% og 1977 10.2%. Sú heildarmynd kemur út úr þessu dæmi, að það hefur tekist að færa fjárlagagerðina í raunsæjara horf á undanförnum árum miðað við raunveruleg ríkisútgjöld. Því miður eru horfur á að nú sæki í fyrra horf að þessu leyti og fjárl. verði því verra tæki til þess að stjórna ríkisfjármálum en verið hefur.

Öll er meðferð og afgreiðsla þessa fjárlagafrv. með endemum. Óvissa hefur verið um það fram á síðustu stundu, hvort eða hvenær 2. umr. færi fram. Umr. er að lokum ákveðin á síðustu stundu með fárra klukkustunda fyrirvara. Einn stjórnarflokkanna hefur allsherjarfyrirvara um stuðning við frv. Í þessu sambandi vil ég gjarnan taka það fram, að mér er næsta óskiljanlegt hvernig hv. Alþfl.-menn standa að fyrirvara sínum við meirihlutaálit hv. fjvn. Í fyrirvara Alþfl. segir:

„Hins vegar er ljóst, að sumar þær afgreiðslur, sem till. hefur verið gerð um, þarfnast endurskoðunar varðandi meðferð till. Alþfl. um ríkisfjármál o. fl. sem eru til meðferðar í ríkisstj."

Sem sagt, þær till., sem fjvn. hefur gert sameiginlega og hv. fulltrúar Alþfl. hafa staðið að í fjvn., þarfnast endurskoðunar samkv. þessu, og um það gerir Alþfl. till., að það verði leiðrétt sem hann er búinn að gera í tillögugerð til 2. umr. við afgreiðslu þessa máls, eftir því sem ég skil þennan fyrirvara. Ég lít svo á sem þetta sé enn furðulegri fyrirvari heldur en hér hefur áður komið fram um afstöðu þessara hv. þm. við fjárlagaafgreiðsluna.

Tekjufrv., sem fylgja áttu frv. til fjárl., hafa ekki sést fyrr en nú í gær. Stefnt er að gífurlegri skattheimtu. Engin tilraun er gerð til þess að draga úr ríkisbákninu, og mýmörgum viðamiklum útgjaldaliðum er slegið á frest vegna ósamkomulags innan ríkisstj. Enginn veit því hver örlög þessa fjárlagafrv. verða, en frv. og meðferð þess á þingi verður óbrotgjarn minnisvarði um stjórnarsamstarf sem þjóðinni verður því meiri ráðgáta sem lengri tími líður.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil í stuttu máli gera grein fyrir fyrirvara fulltrúa Alþfl. í fjvn. með nál. meiri hl. fjvn. og þeirri afstöðu sem þingflokkur Alþfl. hefur tekið til fjárlagafrv. og meðferðar þess nú við 2. umr.

Eins og segir í fyrirvara okkar, sem prentaður er í nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 201, höfum við Bragi Sigurjónsson, hv. þm., sem eigum sæti í fjvn. af hálfu Alþfl., tekið fullan þátt í störfum n. og öllum undirbúningi tillögugerðar n. til 2. umr. og erum að sjálfsögðu aðilar að þeim ákvörðunum sem n. hefur tekið í því sambandi. Við erum einnig aðilar að því meirihlutasamstarfi, sem er í fjvn., höfum setið alla meirihlutafundi og berum jafna ábyrgð öðrum meirihlutamönnum í fjvn. á þeim ákvörðunum sem meiri hl. hefur lagt til að teknar yrðu.

Eins og fram hefur komið hér á hinu háa Alþ. hefur Alþfl. nú alveg nýverið kynnt ríkisstj. till. sínar í frv. til l. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og um samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu. Í samþykkt flokksstjórnar Alþfl. um frv. segir að flokksstjórnin leggi áherslu á að núv. stjórnarflokkar afgreiði þær till., sem í frv. felast, áður en fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun verða endanlega afgreidd. Þessi mál eru nú til umfjöllunar í ríkisstj. En till. Alþfl. í umræddu frv. eru byggðar á grg. með frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu sem ríkisstj. bar fram á Alþ. nú í haust. Sú grg. er væntanlega samþ. af ríkisstjórnarflokkunum öllum, allténd af öllum ráðh. ríkisstj., enda grg. með stjfrv., og ber því að skoða hana sem almenna stefnumörkun ríkisstj. í efnahagsmálum á næsta ári.

Við fulltrúar Alþfl. í fjvn. og þingflokkur Alþfl. hefðum kosið að unnt hefði verið að geyma 2. umr. um fjárlagafrv. um skeið á meðan ríkisstj. og flokkar hennar fjalla um till. okkar í efnahagsmálum, þannig að afgreiðsla ríkisstj. á þeim hefði getað mótað fjárlagagerðina þegar við 2. umr. Á hitt er að líta, að áður en samþykkt flokksstjórnar Alþfl. var gerð hafði fjvn. lokið tillögugerð sinni til 2. umr. Fyrir okkur hafði verið lagt nál. meiri hl., við höfum samþ. það efnislega og 2. umr. fjárlagafrv. að öllu leyti verið undirbúin og þeim undirbúningi lokið af hálfu fjvn. Það er ekki kostur sökum tímaskorts að fresta þessari umr., og fulltrúar Alþfl. í fjvn. vilja ekki standa í vegi fyrir því, að 2. umr. geti farið fram, og koma þannig í veg fyrir að þær till. fjvn., sem öll n. hefur samþykkt, geti fengið þinglega meðferð. Við viljum ekki koma þannig í veg fyrir þinglega meðferð till. sem fjvn., sem skipuð er fulltrúum bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, hefur afgreitt fyrir allnokkru.

Hins vegar er það alveg ljóst, að sumar þær afgreiðslur, sem till. er nú gerð um af n. allri, kunna að þarfnast endurskoðunar varðandi meðferð till. Alþfl. um ríkisfjármál o. fl. sem eru til meðferðar í ríkisstj. En það

er líka jafnljóst, að ef svo er að endurskoða þarf slíkar till. og þær ákvarðanir sem hér eru teknar, þá gefst að sjálfsögðu tími til þess að koma þeirri endurskoðun fram áður en 3. umr. hefst og afgreiðslu frv. lýkur.

Afstaða sú sem við þm. Alþfl. höfum mótað er eftirfarandi:

Við hv. þm. Bragi Sigurjónsson, sem stöndum með öðrum fulltrúum í fjvn. að till. fjvn. sem hér hafa verið fram lagðar á sérstöku þskj., munum að sjálfsögðu fylgja þeim till. við atkvgr. við lok 2. umr. Þm. Alþfl. hafa fjallað um sumar þessar till. í kjördæmahópum og bera hver og einn í sínum kjördæmisþingmannahópi ábyrgð á þeirri afgreiðslu sem þar hefur verið gerð. Þeir munu að sjálfsögðu standa við þá afstöðu sína í atkvgr. hér í þinginu þegar þær till. verða bornar upp. Að öðru leyti munu þm. Alþfl. láta afgreiðslu málsins fram hjá sér fara.

Það er því ljóst, að við þm. Alþfl. munum standa við þær ákvarðanir sem við höfum þegar tekið og bundið okkur til að fylgja. Hins vegar er það ljóst, eins og ég tók fram áðan, að vera kann að eftir þá meðferð, sem till. okkar kunna að fá í ríkisstj., þarfnist þær afgreiðslur, sem gerðar verða eftir 2. umr., endurskoðunar áður en frv. til fjárl. er afgreitt.

Sama máli gegnir að sjálfsögðu um þau tekjuöflunarfrv. sem fylgja fjárlagaafgreiðslunni. Við munum ekki standa í vegi fyrir því, að þau fái eðlilega þinglega meðferð, en endanlega afstöðu munum við að sjálfsögðu taka til þeirra tekjuöflunarfrv. og fjárlagadæmisins í heild eftir því hvaða niðurstaða verður í hæstv. ríkisstj. varðandi þær till. sem við höfum þar lagt fram. Við viljum gefa hæstv. ríkisstj. og samstarfsflokkum okkar þann tíma sem ríkisstj. og samstarfsflokkar okkar þurfa til þess að skoða þessi mál. Á meðan munum við ekki standa gegn því, að þingleg vinnubrögð verði viðhöfð hér í þinginu, enda væri það óeðlilegt. En endanleg afgreiðsla af okkar hálfu mun ekki fara fram fyrr en niðurstaða liggur fyrir af þeim athugunum sem væntanlega eiga sér stað hjá samstarfsflokkum okkar og í hæstv. ríkisstj. á þessum till. Náist ekki samkomulag er þannig ljóst að það yrði vegna efniságreinings, en ekki af þeim völdum að við Alþfl.-menn ætluðum með einum eða öðrum hætti að standa gegn eðlilegri þinglegri afgreiðslu og meðferð mála hér í þinginu.

Herra forseti. Baráttan gegn verðbólgunni, trygging atvinnu og verndun kaupmáttar láglaunafólks er meginviðfangsefni þessarar hæstv. ríkisstj. Þau mál hafa m. a. verið leyst, þ. e. a. s. fyrst og fremst verðbólgumálin, til skamms tíma með ýmsum aðgerðum, þ. á m. með samkomulagsaðgerðum við verkalýðshreyfinguna um að hún gefi nokkuð eftir. En það þarf að sýna meira en óskir til verkalýðshreyfingarinnar um eftirgjöf af kaupi. Ríkisvaldið verður líka að sýna vilja sinn og getu til þess að mæta fólkinu a. m. k. á miðri leið. Það verður að koma fram í afgreiðslu á ríkisfjármálum fyrir næsta ár og þeirri stefnumörkun sem þar er ákveðin um þjóðhagsstærðir á árinu 1979. Ríkisstj. verður að sjálfsögðu undir slíkum kringumstæðum að vera við því búin að beita aðhaldi, m. a. að fórna framkvæmdasjónarmiðum. Ráðh. verða þar að beita sjálfa sig aga. Ef það er ekki gert er hætt við því, að verðbólguvandinn verði annaðhvort ekki leystur eða leystur svo til alfarið á kostnað launþega.

Við Alþfl.-menn erum algerlega andvígir því, að slík staða komi upp. En vera kann að menn eigi aðeins um þetta að velja og hver orrusta, sem tapist í þessum málum, sé ekki töpuð fyrir stjórnmálaflokk eða stjórnmálamenn, heldur fyrst og fremst fyrir launafólkið í þessu landi. Við erum andvígir því, að verðbólgan verði alfarið leyst hér eftir, eins og oft hefur verið, fyrst og fremst á kostnað launastéttanna í landinu. Við viljum að ríkisvaldið og Alþ. gangi á undan með góðu fordæmi.

Herra forseti. Það á ekki að skipta þm. mestu máli hversu lengi þeim gefst kostur á að gegna þingmannsstörfum, heldur hitt, hvernig þeir haga viðleitni sinni hér á Alþ. svo lengi sem þjóðin sýnir þeim trúnað til þeirra starfa. „Að skiljast við ævinnar æðsta verk í annars hönd, það er dauðasökin," segir í kvæðinu Einræður Starkaðar eftir Einar Benediktsson. Í kosningabaráttunni í vor hétum við frambjóðendur og nú þm. Alþfl. því að beita okkur af öllum mætti í baráttunni gegn verðbólgu. Það má segja að það sé okkar æðsta verk hér í þingsölum, og við viljum ekki, herra forseti, skilja við það í annars hönd, a. m. k. ekki að óreyndu.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna stendur hér í aths. með lagafrv. þetta: „Er lögð á það rík áhersla, að höfuðverkefni stjórnarinnar á næstu missirum sé að ráða fram úr þeim mikla vanda sem blasir við í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Í því skyni mun ríkisstj. leggja áherslu á að draga markvisst úr verðbólgunni með því að lækka verðlag og tilkostnað, draga úr víxlhækkunum verðlags og launa og halda heildarumsvifum í þjóðarbúskapnum innan hæfilegra marka. Þá mun hún leitast við að koma í veg fyrir auðsöfnun í skjóli verðbólgu."

Eins og ég sagði áðan, hefjast aths. við lagafrv. þetta á þessum orðum. Ég tel að hæstv. fjmrh. hafi sniðið frv. til fjárl. eftir þessari reglu, og ég tel líka að okkar ágæti formaður í fjvn., hv. þm. Geir Gunnarsson, hafi freistað þess eftir fremsta megni að standa við þessa stefnumörkun.

Samt sem áður gerðist það, að þetta var ekki nema takmarkað hægt. Og ástæðan var ein sú t. d., að því miður voru ekki allar áætlanir í þessu fjárlagafrv. réttar. Okkur bárust tilkynningar, þegar farið var að vinna úr þessu, um ýmsar vanáætlanir til stofnana og í launum, og þannig fór, þegar upp var staðið, að frv. hafði hækkað allmikið, eins og þið heyrðuð í ræðu hv. formanns. Annað kom líka til, að í fjárlagafrv. var sagt að svigrúm væri til þess að slaka út einum milljarði, og einnig var seinna upplýst að hugsanlega og áreiðanlega væri annar milljarður til sem hægt væri að slaka út, hvað og var gert af hálfu fjvn. En undir lokin bárust þær upplýsingar, að vissir hlutir í tekjuáætlun væru líka ofáætlaðir, og bar þar hæst kannske að þjóðin keypti ekki nógu mikið af brennivíninu. Þannig kom þetta út, að vegna vanáætlana á tekjum og vegna of mikillar bjartsýni um það, hvað mætti leggja í ýmsar atvinnugreinar, og í þriðja lagi vegna þess að það voru ekki rétt áætluð ýmis útgjöld, gerðist það að í raun og veru mátti aldrei slaka út þessum tveimur milljörðum. M. a. vegna þess, að mér sýnist ekki hafa verið staðið við upphafsorð aths. við lagafrv. þetta, er á bak við þetta sú hugsun, sem kemur fram í fyrirvara okkar tvímenninganna í Alþfl., að e. t. v. verði að skoða á nýjan leik ýmsa útgjaldaliði og við áskiljum okkur rétt til þess að líta á og jafnvel standa að ýmsum lækkunum sem kynnu að verða nauðsynlegar.

Annað, sem ég vil taka hér fram, er það, að í þessu fjárlagafrv. er ekkert komið til móts við þær óskir Alþfl.

eða öllu heldur stefnu Alþfl., að það verði að lækka ýmiss konar framlög til landbúnaðarins sem eru hvetjandi til aukinnar framleiðslu. Ég vil t. d. vekja athygli hv. þm. á því, að jarðræktarframlög, sem að vissu marki eru fyrst og fremst hvetjandi til aukinnar framleiðslu í landbúnaðinum, eru 1.1 milljarður í þessu fjárlagafrv.

En það er við ýmisleg vandamál að etja þegar verið er að semja fjárlög. Einn er sá háttur sem viðhafður hefur verið árum saman og ég tel mjög varhugaverðan við fjárlagagerð, og það er að í raun og veru fær fjvn. aldrei að vita fyrr en eftir dúk og disk hverjar þær tekjur eru sem ríkið hefur úr að spila. Þess vegna verður niðurstaðan alltaf sú, að fyrst er litið á útgjaldahliðina og síðan er komið á eftir og athugað hvernig hægt sé að fylla í dæmið með tekjum. Niðurstaðan verður sú — þetta er engin undantekning nú — að það verður að afla meiri tekna en í upphafi var ráðgert.

Annar hluti eða öllu heldur tveir hlutar í fjárlagagerð okkar eru erfiðir viðfangs. Það eru menntamálin, sem útna út dálítið sjálfkrafa án þess að hægt sé að setja punktinn nákvæmlega þar sem fjvn. þó vildi setja hann. Þetta gerist m. a. af því, að kennurum fjölgar ekki samkvæmt leyfum frá bremsunefnd eða launaákvörðunarnefnd, heldur vegna þess að það fer eftir fjölda nemenda í skólunum hve marga kennara þarf að taka þar inn. Annað dæmi mætti nefna og það er í sambandi við sjúkrahús. Þar er ekki heldur hægt að segja fyrir fram hver þörfin er. Þar koma inn í dæmið ýmsir þættir, sem fjvn. getur ekki haft nægilegar hömlur á eins og æskilegt væri.

Ég er einn þeirra manna sem telja að ekkert væri íslenskri þjóð nú eins hagkvæmt og nauðsynlegt og það, að hægt væri að draga verulega úr verðbólgunni, og af þeim sökum er ég ekki ánægður með þær horfur sem nú eru á fjárlagafrv. því sem hér liggur fyrir. Ég tel að okkur hafi ekki tekist ýmissa hluta vegna að halda svo í taumana að verulega markandi sé um lækkun verðbólgu, en einmitt þessi þáttur, fjárlagagerðin, hefur þar úrslitaþýðingu. Það var ætlun okkar og það var auðvitað ætlun fjmrh. að lækka skuldir við Seðlabankann. Ég vona að það verði hægt. Það var ætlun okkar, sem að þessari ríkisstj. stöndum, að draga úr ýmsum útgjöldum. Það hygg ég að takist miður. Og í þriðja lagi var ætlun okkar að skila hallalausum fjárl. og ég óttast að það takist ekki.

Ýmislegt er það sem þó mætti ugglaust taka til athugunar og lækka frá því sem nú er. Þar á meðal mætti nefna að fjvn. hefur verið að athuga lækkun varðandi útgjöld við landhelgisgæsluna og hugsanlega lækkun við Hafrannsóknastofnunina. Persónulega tel ég að hægt væri að endurskoða ýmsa þætti útgjalda fjárl., t. d. að athuga mætti hvort ekki ætti að leggja niður Fasteignamat ríkisins, Bifreiðaeftirlit og jafnvel fleiri þætti. Ég veit að mér yrði svarað því, að þetta kostaði lagabreytingar og við gætum ekki sett þá menn, sem þarna eru á launum, út á kaldan klaka allt í einu. En hugsanlegt væri að þetta væri lagt niður á miðju ári, því að yfirleitt eru ríkisstarfsmenn, margir hverjir a. m. k., ráðnir þannig að sgja má þeim upp með sex mánaða fyrirvara.

Ég veit vel að sennilega fengist ekki samstaða um það hér á Alþ. að lækka verulega framlög, jarðræktarframlögin t. d. En þar er ég einn í hópi sem hefði áhuga á að það væri gert, ekki vegna þess að ég sé fjandmaður bændanna, heldur tel ég að þarna sé mikil sjálfvirkni á ferðinni sem hvetji til meiri og meiri framleiðslu á þeim vörum sem við höfum yfirdrifið af og getum ekki selt á góðu verði.

Það var ekki ætlun mín að hafa hér langt mál um þessa fjárlagagerð. En ég vildi skýra þá afstöðu mína og þann ótta minn sem er á bak við m. a. þann fyrirvara sem mér skildist á hv. þm. Lárusi Jónssyni að hann skildi ekki vel, að við vildum endurskoða sumt af því sem við værum þó búnir að standa að. Sú hugsun er á bak við hjá mér, að ég tel ef þetta fjárlagafrv. verður ekki þannig úr garði gert að út komi hallalaus búskapur ríkisins og það í raunverulegum tölum reiknað, þá verði að taka það fyrir á nýjan leik og lækka ýmis útgjöld, því að ég vil ekki standa að því, að ekki verði staðið við upphafsgreinina, sem stendur í aths. við frv. þetta og ég las í upphafi.

Mig langar að lokum að víkja að ræðu Lárusar Jónssonar, af því að ég hef heyrt hann oft segja það, að við þm. Alþfl., frambjóðendur sem vorum í vor, höfum alltaf haldið því fram, að við vildum taka samningana í gildi. Við börðumst á móti þeirri breytingu sem var gerð á kaupsamningum verkafólks eins og fyrrv. ríkisstj. stóð að málum. M. a. var í mínum huga að það væri ranglátt á ýmsa lund gagnvart því fólki sem verður og varð að vinna fyrir daglegu brauði sínu með 10, 12 og upp í 14 tíma vinnu, á móti mörgum okkar hinna sem þurfum ekki að vinna nema 6-8 tíma og jafnvel sumir minna. En við sögðum aldrei við fólkið sem hlustaði á okkur, og það bið ég Lárus Jónsson að muna nú og framvegis því að hann er búinn að endurtaka þetta óþarflega oft, — við sögðum alltaf við hlustendur okkar: Við viljum að það sé tekin upp gerbreytt efnahagsstefna, en við leynum engu um að það kostar þjóðina fórnir. — Og ég er enn þeirrar skoðunar. Að taka upp gerbreytta efnahagsstefnu kostar þjóðina fórnir, og ég er sannfærður um að ef við höfum manndáð hér á þessu háa Alþ. til að fylgja fram slíkri stefnu, þá höfum við þjóðina á bak við okkur. Og það er þetta sem ég vil að reyni á með þessu fjárlagafrv., að við stöndum við það, eins og stendur hér í upphafi aths., að þetta frv., þegar það er orðið að lögum verði vopn gegn verðbólgunni. Það er þetta, sem við Alþfl.-menn erum að berjast fyrir og biðja okkar ágætu samstarfsflokka að standa með okkur í. Þá þurfa þeir ekkert að óttast að við séum að reka í þá olnbogana.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að taka örlítinn þátt í þessari umr. um fjárlagafrv., og ég geri það í þeirri trú að hér sé raunverulega verið að tefla um fjárlagafrv., en ekki eitthvert millistig, eins og mér virðist að sumir hv. stjórnarþm. telji að hér sé um að tefla, — millistig sem eigi eftir að taka óteljandi breytingum, kannske svo miklum breytingum að lítið standi eftir af því sem hér er til umr., og má þá segja að til lítils sé að ræða þau mál.

Ég verð að segja það, að ég varð býsna undrandi á ræðu hv. 4. þm. Vestf., Sighvats Björgvinssonar, og skildi ekki alls kostar hvað hann var að fara. Má vera að það sé mér að kenna, að ég sé ekki nógu skarpur til þess að skilja þessa afstöðu, sem sé þá að samþykkja til bráðabirgða fjárlagafrv. við 2. umr., en með öllum fyrirvörum um að það, sem búið er að skrifa undir, sé þó til athugunar framvegis eins og endurskoðunarmenn ríkisreikninga gjarnan segja.

Það, sem ég ætlaði að minnast á, eru aðeins tvö atriði og ég kem að þeim síðar. En ég vil fyrst segja það, að auðvitað er ég ekkert himinlifandi yfir því fjárlagafrv.

sem hér er til umr. Auðvitað þykir mér alls ekki ákjósanlegt að þurfa að leggja á þvílík gjöld eins og hér stendur til að leggja á fólk. En mér virðist að það vanti í málflutning þeirra, sem mæla þessum skattaálögum í gegn, ábendingar um það, með hvaða hætti þeir vilja mæta þeim útgjöldum sem fyrirsjáanleg eru á næsta ári. Og nú hafa hv. fjvn.- menn setið nánast dag og nótt yfir fjárlagafrv., yfir útgjaldatill. hinna einstöku rn., og þeim hefur ekki tekist, úr hvaða flokki sem þeir eru, að benda á neinar verulegar lækkanir á útgjöldum og engar nýjar tekjuöflunarleiðir aðrar en þær sem frv. eru nú komin fram um. Meðan þannig er ástatt sýnist mér eins og löngum áður, að það sé ekki annars úrkosta en að ganga með til þessa leiks einu sinni enn og auka þá álögur á þjóðina.

Hér er talað um það, að skattaprósenta til ríkis og sveitarfélaga sé óheyrilega há. Það má vel til sanns vegar færa, að þegar skattgjöld eru komin upp í 70% af tekjum verði menn að fara að gæta sín, þá vakni freistingar til að stinga undan sköttum kannske frekar en ella mundi vera og það kunni að draga úr vilja fólks til að vinna og afla sér og þjóðfélaginu þar með aukinna tekna. En ég vil benda á það, að það er í sjálfu sér ekkert úrskurðaratriði hver skattaprósentan er. Það, sem hlýtur að ráða úrslitum að mínu mati, er hverju menn halda eftir, hvað það er sem menn hafa til þess að lifa af þegar skattar hafa verið dregnir frá. Og ég fæ ekki betur séð en í þeim skattafrv., sem hér hafa verið lögð fram, sé þó gerð tilraun til þess að leggja skattinn fremur á þá sem betur mega sín þannig að þeir hafi þó nægilegt eftir til lífsframfæris, og dregið úr skattheimtu á þá sem sjáanlega geta ekki greitt gjöldin af sínum tekjum.

Ég vil gjarnan taka það fram, að ég sé ekki ofsjónum yfir því, þó menn hafi góðar tekjur, og tel mjög æskilegt að það geti verið í sem flestum starfsgreinum. En meðan svo hagar til að í landinu er fólk sem ekki hefur nægilegar tekjur, mannsæmandi tekjur eins og stundum hefur verið að orði komist, þá sé ég ekki aðra leið skárri heldur en jafna á milli, taka af þeim, sem meira hafa, og færa yfir til þeirra, sem minna hafa. Og það sýnist mér að verið sé að reyna að gera mð því fjárlagafrv., sem hér er til umr., og þeim fylgifrv., sem því eru samfara.

En það, sem ég ætlaði að víkja að í örstuttu máli, er annars vegar lítið mál, en mér nokkuð skylt. Við fluttum hér fyrir nokkrum þingum fjórir þm. tillögu um fjárhagslegan stuðning við sundlaugarbyggingu við Grensássjúkrahúsið, og ég vil færa fram viðurkenningu og þakklæti til höfunda fjárlagafrv. að þessu sinni fyrir það, að þeir hafa nú fallist á það sjálfsagða sjónarmið, að sundlaug við þetta sjúkrahús sé eðlilegur og sjálfsagður þáttur þess, þannig að kostnaðarskipting til sundlaugarbyggingar lúti sömu reglum og til sjúkrahúsa að öðru leyti. Ég er sá eini af flm. þessarar tillögu sem enn á sæti hér á hv. Alþ. Þess vegna fannst mér ekki óviðeigandi að ég léti þessi orð koma fram, um leið og ég auðvitað treysti því, að það framlag, sem er á fjárl. þessa árs og óeytt er, sé geymt fé og til ráðstöfunar til þessarar byggingar.

Þessi sundlaugarbygging er höfuðnauðsyn. Það er viðurkennt af öllum sem nálægt heilbrigðismálum koma hér í borginni. Auðvitað vitum við að þessa aðstöðu vantar miklu víðar. Hana vantar við Landsspítalann og hana vantar við Öryrkjabandalagshúsin við Hátún, eins og við höfum séð rækilega minnst á í blaðagreinum að undanförnu, og á ég þó einkum þar við grein sem María Skagan skrifaði í blöðin ekki alls fyrir löngu. Ég geri mér vonir um að þjóðfélagið verði fljótlega svo efnum búið og svo velviljað í garð þess fólks sem orðið hefur að lúta þessum örlögum að fjármagn verði einnig veitt til þessara framkvæmda áður en langt um líður. En ef maður hugsar ævinlega þannig, að það þurfi að gera allt í einu, þá gerist ekki neitt. Sé tekinn einn sérstakur afmarkaður þáttur úr þessum málaflokki, þá er von til þess, að honum verði komið í framkvæmd, og sú von tel ég nú að sé að rætast við endurhæfingarstöðina við Grensásveg hér í borg og ég fagna því.

Hitt atriðið, sem mig langar að minnast á, herra forseti, er framlag Íslands til aðstoðar við þróunarlöndin eða þróunaraðstoðin sem svo er kölluð. Síðast þegar ég flutti hv. Alþingi skýrslu um utanríkismál, það var í vor, minntist ég nokkuð á þessa þróunaraðstoð og þá sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt bráðabirgðayfirliti, sem tekið var saman á s. l. ári, námu áætluð framlög hins opinbera til aðstoðar þróunarlöndum á árinu 1977 samtals 205.2 millj. kr. eða tæplega 0.07% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Þetta er því miður ekki nema um það bil 1/10 hluti af því hlutfalli þjóðarframleiðslu sem ætlast er til að iðnvædd ríki leggi fram. Þarf því að huga vandlega að möguleikum á að gera hér á umtalsverða bragarbót á allra næstu árum, ekki síst þar sem grannríki okkar, er búa við svipaða velsæld og við, leggja mun meira af mörkum. Raunar má sem betur fer segja að stefnt hafi í rétta átt upp á síðkastið, því að framlögin á fjárl. til stofnunarinnar Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin hafa aukist verulega undanfarin 3 ár, eða úr 12.5 millj. kr. 1976 í 25 millj. kr. 1977 og 40 millj. kr. á þessu ári."

Á skrá, sem hv. fjvn. hefur undir höndum og e. t. v. fleiri hv. alþm., er tafla um hlutfall af þjóðarframleiðslu viðkomandi árs. Og hún er svona: Árið 1973 0.032, 1974 0.029, 1975 0.044, 1976 0.030, en svo koma þessi ár, sem ég var áðan að minnast á: 1977 0.056, 1978 0.058. En á fjárlfrv. þessa árs er prósentan aftur lækkuð og nú í 0.043. Þetta er víðs fjarri því markmiði, sem Íslendingar hafa sett sér og felst í löggjöf frá 1971 um að 0.7% þjóðartekna gangi til þróunaraðstoðar í einni eða annarri mynd, að við svo búið getur ekki staðið. Við getum ekki að mínu mati samþ. fjárl. sem svona eru úr garði gerð.

Til stofnunarinnar Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin eru nú samkv. fjárlagafrv. aðeins ætlaðar 40 millj. kr. En í till. utanrrn., sem lagðar voru fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnun á þessu hausti, var farið fram á 71 millj. kr. fjárveitingu. Það, sem skorið hefur verið niður, er fyrst og fremst aðstoð við Grænhöfðaeyjar eða Kap Verde upp á 25 millj. kr., sem langt var komið í land með að veita og undirbúið hefur verið að öllu leyti og ekkert vantar til annað en þessar 25 millj. kr. Enn fremur hafði utanrrn. og hefur áreiðanlega enn hug á því að taka þátt í norrænu samstarfi sem stuðli að uppbyggingu fjölmiðlastarfsemi í Afríku. Hlutur Íslands í því samstarfi er ekki hár, hann er 2 millj. kr., og þetta hefur einnig verið skorið niður. Þetta tel ég einnig að þurfi að lagfæra, og ég vil í fullri vinsemd beina því til hv. fjvn. nú á milli umr., hvort hún sjái sér ekki fært að taka þessa lagfæringu til greina. Hér er um sáralitla fjárveitingu að ræða í öllum þeim aragrúa fjármuna sem veittir eru til eins og annars, en ég tel að sómi Íslands á erlendum vettvangi liggi við.

Ég sé það mér til ánægju, að hv. fjvn. hefur tekið upp nýjan lið frá frv. í upphaflegri mynd sem heitir: Framlag til háskóla Sameinuðu þjóðanna og nemur 33 millj. 200 þús. kr. Þessari breytingu hlýt ég að fagna, því að svo mikil áhersla hefur verið lögð á það af íslenskum stjórnmálamönnum og háskólamönnum og menntamönnum að deild háskóla Sameinuðu þjóðanna fengi starfsaðstöðu hér á landi, og voru þá einkum hafðar í huga jarðhitarannsóknir og annað slíkt sem þykir henta einkar vel hér á landi. Ég hefði talið það mjög miður farið ef Alþingi Íslendinga hefði ekki séð sér fært að veita þessa fjármuni.

Til þess að undirstrika það, að hér er um alvarlegt mál að ræða, langar mig að lokum, herra forseti, að vitna til fréttabréfs frá Aðstoð Íslands við þróunarlöndin, 5. tbl., sem öllum alþm. hefur nú verið sent. Ég ætla ekki að tefja tíma þingsins með því að lesa þetta bréf þar sem það er í hvers þingmanns höndum og þeir geta lesið það hver um sig og hafa vafalaust gert, en aðeins vitna til þessara orða:

„Það hlýtur að koma að því einn góðan veðurdag, að Aðstoð Íslands við þróunarlöndin hrökkvi upp af vegna fjársveltis. Það fer því að verða fullkomin ástæða til þess að spyrja hvers vegna í ósköpunum hæstv. Alþingi var að samþ. lög um þessa stofnun fyrir rúmum 7 árum. En það er líkast til tilgangslaust að koma með svona spurningu, það fæst víst enginn til að svara henni."

Mín ósk og tillaga er sú, að við látum þessi orð ekki rætast, heldur svörum við þessari spurningu á jákvæðan hátt með því að auka fjárframlög til þessarar mikilsverðu stofnunar, því að það er ekki vansalaust fyrir okkur, þó að við eigum kannske við einhverja tímabundna erfiðleika að ræða, að skorast undan því að aðstoða þær þjóðir sem enn verr eru settar heldur en við. Við höfum sannarlega vel efni á því, ef okkur tekst að ráða eigin málum til lykta og leggja af það sundurlyndi sem nú einkennir störf Alþingis allt of mikið.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég hafði talað fyrir og mælt með allnokkrum breytingum í niðurskurðarátt á því frv. til fjárlaga sem hér er verið að ræða. En þar sem ég lít svo á, að meginþungi þeirra umr. muni fara fram við 3. umr. um þetta frv., tel ég nægjanlegt að vinna að þessum till. á milli 2. og 3. umr. og flytja þær að öðru leyti þá.

Sighvatur Björgvinsson, hv. þm., formaður þingflokks Alþfl., hefur lýst afstöðu þingflokks okkar að því er tekur til afstöðu til þessarar umr. Eins og öllum þingheimi er um kunnugt, hefur flokksstjórn Alþfl. samþ. frv. til l. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu og jafnframt hefur flokksstjórnin ályktað að ríkisstjórnarflokkarnir taki afstöðu til þessa frv., móti afstöðu til þess og samþ. frv. þessa efnis áður en afgreiðslu fjárlaga sé lokið eða fyrir 3. umr. fjárlaganna. Ég geri ráð fyrir að í það verði lögð vinna nú á milli 2. og 3. umr. þessa fjárlagafrv. að vinna slíkt frv., leggja það fram og marka þar með efnahagsstefnu til næstu tveggja ára. Jafnframt er augljóst að nái þessi vinnubrögð fram að ganga, þá verður ríkisstj. að standa fyrir allverulegum breytingum á fjárlagafrv. í niðurskurðarátt og þar með skattalækkunarátt, til þess að stefna í verðbólgumálum sé mörkuð nokkuð önnur en nú hefur verið gert um sinn.

Ég vil sérstaklega þakka hæstv. forsrh. mjög vinsamleg ummæli og mjög vinsamlegar undirtektir sem frumvarpsdrög okkar jafnaðarmanna fengu í ræðu hans hér á Alþ. í gær. Einnig vegna þess er auðvitað fullkomlega ástæðulaust annað en að láta umr. fjárl., sem er tæknilegs eðlis fyrst og fremst, fara fram, en hinar veigamiklu ákvarðanir um framhald efnahagsstefnunnar verði síðan teknar á milli 2. og 3. umr. Mér þótti hæstv. forsrh. taka ákaflega viturlega á þessum málum í gær, og það er augljóst að hann hefur á því fullan skilning af hverju við leggjum til að þessi leið sé farin. Ég vil samt fara um það nokkrum orðum, af hverju við leggjum til að þessi leið sé farin.

Það er alveg ljóst, að við í Alþfl. höfum lagt þunga áherslu á að verðbólguvandinn sitji í fyrirrúmi og jafnvel að öðrum markmiðum sé fórnað að hluta a. m. k. til þess að ná markmiði í verðbólgumálum. Það er líka ljóst, að það hefur orðið nokkur uppsöfnun í fjárlagafrv. nú á allra síðustu dögum og í endanlegri mynd eru ríkisfjármálin engan veginn fullnægjandi og eiginlega langt frá því að því er tekur til að ná verulegum árangri í verðbólgumálum. Hins vegar er alveg nauðsynlegt að stefnan í verðbólgumálum verði mörkuð frá og með gerð fjárlaganna, því að ef það er ekki gert eiga stjórnvöld ekki nema einn kost, — ef þessi stefna er ekki mörkuð með ríkisfjármálum, fjárfestingarmálum og í peningamálum, þá eiga stjórnvöld ekki nema einn kost, og það er að koma til launafólks dagana fyrir 1. mars og biðja launafólk enn að gefa eftir án þess að sjáanlegur árangur hafi náðst á öðrum sviðum sem ríkisvaldið ræður betur við. Og engin ríkisstj. og allra síst ríkisstjórn sem byggir tilveru sína að mjög verulegu leyti á náinni samvinnu við og stuðningi frá samtökum launafólks getur farið svona að, að biðja samtök launafólks enn um tilslökun án þess að nokkurt sjáanlegt fordæmi ríkisvaldsins sjálfs sé til.

Það er af þessum ástæðum sem við í Alþfl. höfum gert frumvarpsdrög um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu. Við viljum að stefnan á öllum meginsviðum efnahagsmála sé mörkuð fyrst með ríkisfjármálunum, að launafólkið í landinu hafi á eitthvað að treysta, hafi að treysta á frumkvæði ríkisvaldsins sjálfs þegar frekari samningar þurfa að fara fram á næsta ári um aðra þætti þessa máls, þar með talin peningalaun. Við teljum að það væri gersamlega ábyrgðarlaust af ríkisvaldinu að ganga ekki á undan með neinu fordæmi í verðbólgumálum, við vitum hvað slík spenna mundi þýða á næsta ári, en ætla síðan að koma til launafólks á dögunum fyrir 1. mars og biðja það eitt um tilslökun. Launþegahreyfingin hefur reynt slík vinnubrögð, og það hafa allir af slíkum vinnubrögðum slæma reynslu. Þess vegna förum við svona að. Við viljum að framkvæmd sé stefna okkar og stjórnarinnar allrar, sem hún raunar setti fram í grg. með frv. fyrir 1. des., að tekin væri um það ákvörðun fyrir lokaafgreiðslu fjárl. og fjárl. síðan sniðin eftir slíkum hugmyndum og jafnframt verði í lögum fundnar aðrar meginbreytingar á umgjörð efnahagsmálanna fyrir árin 1979 og 1980. Ég er þeirrar skoðunar, að einungis sé þetta gert svona geti ríkisvaldið komið til samtaka launafólks og haft til þess raunverulega ástæðu að biðja um nána samvinnu um efnahagsmál, og ég þykist vita og heyrði það raunar í gær, að alla vega hæstv. forsrh. líkar þessi vinnubrögð, hvernig að þessu er staðið, og ég marka svo undirtektir hans hér í gær.

Það er alveg augljóst af hverju við viljum fara svona að. Það er alveg augljóst hvern ofurþunga við leggjum á

árangur í verðbólgumálum af ástæðum sem varla þarf að minna á. Ég minni þó aðeins á eitt, að enga leikur óðaverðbólga eins illa og láglaunafólkið í þessu landi. Af hverju er þetta svo? Þetta er m. a. svo vegna þess, að það er einmitt fólkið sem lægst hefur launin sem síst eða ekki getur bjargað sér á flótta undan verðbólguskriðunni með því að fá lán í bönkum, fá ódýr lán undir kostnaðarverði í bönkum. Verðbólgumarkmiðin hafa af þessum ástæðum ekki síst forgang. Ríkisvaldið ræður yfir stýritækjum til þess að ná árangri í verðbólgumálum. Eitt af helstu stýritækjunum er einmitt til umr. hér, það er frv. til fjárlaga. Ríkisvaldinu ber beinlínis siðferðileg skylda til þess að ganga á undan með þessi verðbólgumarkmið að leiðarljósi. Af þessari ástæðu höfum við lagt til að svona verði farið að: 2. umr. fari fram, en hins vegar áður en 3. umr. og endanleg afgreiðsla gerist, þá vitum við, vonum og treystum að samstarfsflokkar okkar í ríkisstj. hafi tekið jákvæða afstöðu til almennrar stefnumörkunar sem taki til allra meginþátta íslenskra efnahagsmála. Með því að gera svo sniðum við fjárlagafrv. í þessa veru, í þessa átt, eins og þarna er lagt til, og höldum síðan inn í betri tíð með sterkari hagstjórn á árunum 1979 og 1980, og ekki eitt augnablik er ég í vafa um að samtök launafólks í landinu muni verða fyrst til þess að hafa nána samvinnu við ríkisvald sem svona fer að. Það skiptir miklu máli í þessu samhengi, ég endurtek það enn, hversu vinsamlegum orðum hæstv. forsrh. fór um þessar hugmyndir og þessar aðferðir héðan úr ræðustól í gær. Við munum ekki standa í vegi fyrir að 2. umr. um fjárl. eigi sér stað. Ég veit að samstarfsflokkar okkar munu ekki heldur standa í vegi fyrir því, að á milli 2. og 3. umr. verði slík heildarstefna mörkuð sem hér er verið að leggja til. Þá verður brautin og ekki síst samvinnubrautin við samtök launafólks greiðari og markaðri fyrir næsta ár, og þetta hygg ég að sé viturlegasta leið sem núv. ríkisstj. getur farið. Með því mun hún ekki aðeins lengja og tryggja eigin lífdaga, heldur ráðast til atlögu við hin raunverulegu vandamál í íslenskum efnahagsmálum.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það eru örstuttar aths. við hugmyndir sem komu fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. áðan. Hv. þm. skýrði frá hugmyndum um sparnað, m. a. með niðurskurði á framlögum til landbúnaðarins.

Ég vil að fram komi að skorið er niður framlag til Stofnlánadeildar og jarðræktar um 10% frá því sem lög gera ráð fyrir, þannig að þarna er þegar um niðurskurð að ræða.

Í öðru lagi vil ég upplýsa að ég er með í undirbúningi frv. til l. um breyt. á ráðstöfun jarðræktarstyrkja sem geti orðið til þess að draga úr framleiðslu fremur en að auka hana og beina styrkjunum meira að aukinni hagkvæmni í heyverkun og þess háttar, sem eykur þá tekjur bænda sem ekki mun af veita við þann samdrátt sem fram undan er.

Þá minntist hv. þm. á þá hugmynd að leggja niður Bifreiðaeftirlit ríkisins. Þetta hefur verið fyrr rætt. Þetta út af fyrir sig mun ekki leiða til neins sparnaðar á fjárl., því að eins og fram kemur í grg. með frv. standa gjöld eins og skráningargjöld bifreiða, skoðanagjöld, prófgjöld og aðrar tekjur að öllu leyti undir rekstri Bifreiðaeftirlits ríkisins. Einnig vil ég vekja athygli á því, að þarna fer fram fleira en bara skoðun bifreiða. T. d. er skráning allra bifreiða mjög veigamikill þáttur sem ekki yrði lagður niður, og sömuleiðis eru bifreiðapróf tekin þarna. Ég held að leiðin í þessu sé sú að gera Bifreiðaeftirlitinu kleift, a. m. k. hér á höfuðborgarsvæðinu, að stunda slíkar skoðanir árið um kring og fá aðstöðu til þess inni. Það mun leiða til sparnaðar. Ég vil geta þess, að sérfræðingar, sem hafa fengið það verkefni að meta hvort yrði ódýrari fyrir bifreiðaeigandann slík skoðun eða skoðun á verkstæðum, hafa komist að þeirri niðurstöðu, að fyrir bifreiðaeigandann yrði skoðun á verkstæði milljónatugum dýrari en ársskoðun hjá Bifreiðaeftirliti hér í Reykjavík. Hins vegar kemur vel til greina að athuga slíkt á landsbyggðinni þar sem ekki er um skoðun að ræða árið um kring. Einnig get ég getið þess að erlendis hefur verið reynt að fara með skoðun inn á verkstæði, en frá því horfið.

Þessar aths. vildi ég láta koma fram.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja eina brtt. við 4. gr. frv., 109. tölul. ásamt hv. 3. þm. Vestf. og 5. þm. Vestf. Brtt. er þess efnis, að framlag til Hólmavíkur hækki úr 3 millj. í 15 millj. vegna heilsugæslustöðvar.

Okkur er ljóst að það eru miklir erfiðleikar á að skipta því fjármagni sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir og yfirleitt hafa menn sætt sig við þá skiptingu fjvn. Og ég vil gjarnan að það komi hér fram, að þetta er í fyrsta skipti sem ég flyt brtt. við fjárl. hér í þingi um hækkun framlags í það kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir. Hún er heldur ekki stór, heldur er fyrst og fremst verið með þessu að reyna að ná um það samkomulagi, að það megi fara á stað með framkvæmd á þessum stað, með sökkul og plötu. Það er mikill áhugi á því og var á s. l. ári sömuleiðis, því að þá var tekið inn smávegis framlag til endurbóta og síðan til undirbúnings að þessari heilsugæslustöð. Fólki á þessu svæði, sem er jafnafskekkt í þessum efnum sem öðrum, finnst vera nægir fjármunir fyrir hendi þegar lögð eru fram stór framlög, upp á marga tugi millj., til heilsugæslustöðva þar sem eru aðeins örfáir km á milli. Er því eðlilegt að þetta fólk segi: Er nú ekki röðin komin að okkur að fara af stað með þessar framkvæmdir?

Ég fyrir mitt leyti er eftir atvikum fyllilega sáttur um skiptingu fjvn. á fjármagni bæði í þennan lið og ýmsa aðra í fjárlagafrv. og tel að n. hafi, eftir því sem hún frekast getur, sýnt sanngirni. En við lögðum á það áherslu, að þetta yrði tekið inn, þó krafa heimamanna hafi verið um 45 millj., þannig að þetta fólk finni að það eigi a. m. k. eitthvað að fara af stað með þessar framkvæmdir. Því flytjum við þessa till. í trausti þess, að hæstv. fjmrh. og stjórnarflokkarnir vilji athuga þetta mál betur áður en til atkvgr. um till. kemur.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni áðan að hann hefði ekki skilið til hlítar ræðu hv. 4. þm. Vestf., og það er auðvitað leitt til þess að vita þegar stjórnarþm. skilja ekki hverjir aðra, hvað þeir eru að fara. Mér kom þó enn meira á óvart ræða hv. 7. þm. Reykv. áðan, þar sem hann vitnaði til hæstv. forsrh. og sagði að forsrh. væri eiginlega yfir sig hrifinn af frv. sem Alþfl. hafi lagt fram til úrlausnar í efnahagsmálum. Mér hefur skilist aftur á forsrh. að hann legði mjög mikla áherslu á að afgreiða fjárlagafrv. nú fyrir jólin, og sýnist mér að þá sé mörkuð — a. m. k. á það að heita svo — einhver stefna í fjármálum ríkisins fyrir árið 1979. Forsrh. sagði hér í gær, að ekki ynnist tími til að taka þetta frv. Alþfl. til efnislegrar meðferðar fyrr en eftir áramót eða í janúarmánuði, að mér skildist.

Er það þá ætlun þeirra og eru þeir sammála, hv. 7. þm. Reykv. og hæstv. forsrh., ef þeir eru báðir svona hrifnir af þessu frv., að það eigi að gerbreyta stefnunni um miðjan janúarmánuð. Til hvers erum við þá að pæla í þessu fjárlagafrv.? Þetta finnst mér vera ákaflega óglöggt og miklu ógleggra það sem hv. 3. þm. Vestf. sagði og hv. 9. þm. Reykv. skildi ekki.

Ég tek undir margt af því sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan varðandi sparnað og varðandi niðurskurð. Við getum auðvitað ekki skorið niður fyrirvaralaust, hvorki ákveðnar stofnanir né ákveðna málaflokka. Til þess þarf auðvitað töluverðan aðdraganda. En ég vil benda mönnum á það, að þeir flokkar, sem standa að núv. ríkisstj., hafa marglýst yfir að þessi ríkisstj. sé aðhaldsstjórn sem vilji vinna að samdrætti — markvisst ætlaði hún að vinna að samdrætti og sparnaði í ríkiskerfinu. Ef menn tækju sig til nú í miðri jólaösinni og færu í gegnum bunkann á borðinu hjá sér um allar samdráttaraðgerðirnar sem stjórnarþm. hafa flutt frá því Alþ. kom saman í haust, þá er þar ekki um samdrátt að ræða, heldur aukaútgjöld — ekki upp á nokkur hundruð millj., heldur upp á milljarða. Mér finnst að þetta tal um aðhald, sparsemi og samdrátt sé ekki hægt að taka neitt alvarlega á meðan þessum frv. rignir hér yfir okkur þm. (**Gripið fram í:** Ég hef ekki flutt neitt slíkt.) Nei, ég veit það. Það er aðallega um eignarnám. Það er annars eðlis.

Hæstv. landbrh. sagði að nú hefði verið dregið um 10% úr jarðræktarstyrkjum. Það er verið að stórauka niðurgreiðslur á vöruverði. Það er verið að borga matinn ofan í marga núna. Er það ekki komið núna hátt í 1800 kr. sem samfélagið borgar með hverju smjörkílói? Það er eitthvað til þess að fólk fari að halda í við sig í smjörátinu — eða hitt þó heldur. Þessi stefna er auðvitað eins snarvitlaus og nokkur stefna getur verið. Og hvað er gert í því að draga úr búskap ríkisins? Þurfum við allar þessar tilraunastöðvar og þurfum við þetta tilraunaeldi? Hvað ætli séu mörg þúsund fjár á fóðrum hjá ríkinu sem kjötið af er síðan greitt niður? Er þetta allt bráðnauðsynlegt vísindanna vegna? Er ekki kominn tími til að draga þarna verulega úr? Væri ekki hægt að spara þarna allmarga milljónatugi sem víða annars staðar?

Við vitum það og erum sammála um að það er offramleiðsla á landbúnaðarvörum. Ég sé ekki minnstu ástæðu til þess, að ríkið standi í harðri samkeppni við bændur að framleiða meira af vöru sem er offramleiðsla á, til þess svo að borga hana aftur niður. (Gripið fram í.) Hv. þm. segir að það verði að sitja jarðirnar. Það verða líka einhverjir að vera til innan tíðar sem geta staðið í því að borga þessi ósköp öll. Menn lifa ekki á því að sitja bara jarðir eða sitja í sínum húsum.

Ég vildi mjög gjarnan koma lítillega inn á eitt alvarlegt mál í fjárlagafrv., verulegan niðurskurð á framlagi ríkissjóðs til Byggðasjóðs í þeirri mynd, að til þess að ríkið leggi fram framlag sitt til Byggðasjóðs gerir hæstv. fjmrh. ráð fyrir að Byggðasjóður taki sjálfur lán upp á 1130 millj. kr., og síðan er gert ráð fyrir að Byggðasjóður taki að sér að greiða vexti og afborganir af byggðalínum fyrir þessa sömu upphæð. Ég tel að hér sé um lækkun á fjárframlagi ríkissjóðs að ræða um 1130 millj. kr. Ég er ekki ósammála fjmrh. um að það verði að grípa til einhverrar lækkunar á framlagi til Byggðasjóðs, en ég held að það sé miklu hreinna og eðlilegra að vera ekki að blanda þessu nýja verkefni saman við Byggðasjóð, heldur breyta þá lögum um framlag til Byggðasjóðs.

Ég vil þó minna á það, að svona mikill niðurskurður hlýtur að koma niður á atvinnuvegunum og öllum þeim fjölda aðila, sem sækja um lán og fyrirgreiðslu til Byggðasjóðs, þegar er um svona mikinn niðurskurð að ræða. Ég flutti ásamt Jóni G. Sólnes á stjórnarfundi Framkvæmdastofnunar ríkisins í gær till. sem þar var samþ. Að vísu voru þar mættir tveir ráðh. sem eiga sæti í stjórninni, en þurftu að fara áður en sú till. kom til afgreiðslu og atkvgr. Hún er á þá leið, að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins fer þess á leit við hæstv. ríkisstj., að hún endurskoði ákvörðun sína um skerðingu á ráðstöfunarfé Byggðasjóðs árið 1979 svo sem fram kemur í frv. til fjárl. sem nú liggur fyrir Alþ. Stjórnin telur að svo mikill niðurskurður á ráðstöfunarfé sjóðsins muni verða honum alvarlegur fjötur um fót að sinna nauðsynlegri fyrirgreiðslu til eflingar atvinnuvegunum í landinu. Þá vill stjórn Framkvæmdastofnunar vekja athygli á 32. gr. laga stofnunarinnar, þar sem lántökuheimild Byggðasjóðs er takmörkuð við lántöku að hámarki 600 millj. kr. á ári, en skv. frv. til fjárl. er sjóðnum ætlað að taka lán að fjárhæð 1130 millj. Enn fremur fer stjórnin fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún endurskoði þá áætlun sína að skerða framlag sitt til Byggðasjóðs á þessu ári um 75 millj. Slíkur niðurskurður svo seint á ári gerir sjóðnum erfitt um vik að standa við skuldbindingar sínar.

Hér er um að ræða tilmæli til ríkisstj., aðallega þau að skerða ekki svo mjög framlagið til Byggðasjóðs, því skv. þessu orðalagi teljum við, sem flytjum þessa till., og vafalaust einnig þeir, sem greiddu henni atkv., ekki óeðlilegt að einhver niðurskurður eigi sér stað, og þess vegna mun ég ekki setja mig upp á móti því eins og ástand og horfur eru.

Hitt atriðið, varðandi niðurskurðinn á framlaginu á þessu ári um 75 millj., kemur svo seint á árinu að það er, eins og hæstv. fjmrh. er manna best kunnugt, búið að ráðstafa miklu af ráðstöfunarfé sjóðsins þegar sú ákvörðun er tekin, sem var auðvitað ekki hægt að taka fyrr af núv. hæstv. ríkisstj. en hún gerði.

Þriðja atriðið í sambandi við þessa ályktun er þess efnis að benda á 32. gr. laga varðandi lántökuheimild, en sú túlkun er m. a. höfð uppi, að þar sem stofnunin hafi ekki notað þessa lántökuheimild á undanförnum árum þurfi ekki lagabreytingu til. Ef það stenst og ef það er álit lögfróðra manna, þá er þessi ábending óþörf. En ef það er eitthvert vafamál að dómi lögfræðinga, þá auðvitað þarf að fá lagaheimild.

Þetta vildi ég aðeins gera hér að umræðuefni í trausti þess, að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að svara því, hvort hann álíti einhverjar breytingar komi þarna til greina frá því sem nú er.

Þá vil ég vekja athygli á framkvæmdum í símamálum, að þær eru skornar mjög niður. Till. þeirrar stofnunar eru verulega skornar niður af rn. og fjvn., sem bitnar á framkvæmdum þessarar stofnunar. Vitaskuld er það hárrétt að skera eins og hægt er niður framkvæmdir, bæði hjá þessari stofnun og öðrum. Ég ætla ekki að vera með neinar ádeilur í þeim efnum. En það eru auðvitað til framkvæmdir sem ekki þola bið. Síminn er það mikilvægt tæki að það getur ekki gengið að hundruð manna, eins og hér á þéttbýlissvæðunum, bíði eftir síma mánuðum og jafnvel árum saman. Og nauðsynlegar framkvæmdir, sem verður að ráðast í vegna þess að símasamband er mjög stopult víða úti um land, þola ekki bið.

Það kemur því að mínum dómi mjög til athugunar, hvort ekki sé ekki hægt að breyta tollum og söluskatti á innfluttu efni til símans til þess að hægt sé að fara í frekari framkvæmdir en nú er gert ráð fyrir. Ef ríkisstj. heldur sér við þennan niðurskurð, þá fær auðvitað ríkið ekki tolltekjur af því sem ekki verður framkvæmt. En tollur, vörugjald og söluskattur af símaefni eru gífurlega há upphæð, t. d. af öllum símabúnaði fer hann upp í 122%, af radíóbúnaði í 114%, einangrunarvír í 77% og í jarðstrengjum 91%. Ég er mjög hræddur um að ef verður haldið við þessa áætlun algjörlega, þá verði víða bágt ástand í símamálum. Hins vegar verður auðvitað að meta og vega hvað er hægt að láta bíða og hvað er ekki hægt að láta bíða, en ekki skera niður framkvæmdir sem er ekki nokkur leið að láta bíða í heilt ár eða lengur. Á þetta vildi ég leggja áherslu, þó ég taki undir þá stefnu og þá viðleitni að framkvæmdum sé öllum mjög stillt í hóf.

Ég ætla ekki að ræða fjárlagafrv. ítarlega, það hefur verið gert ítarlega af frsm. minni hl., hv. þm. Lárusi Jónssyni, og mér finnst vænt um að heyra það sem gamall fjvn.-maður, að sama góða samvinnan ríkir innan þeirrar n., enda hefur þar aldrei borið skugga á árum saman. Það er sú n. sem mest vinnur að öllum þn. öðrum ólöstuðum, og við vitum að það er vandamál fyrir menn að stýra þeirri n. og þó alveg sérstaklega þegar litlu er að skipta eins og nú er í sambandi við fjárlög.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara að tala um tekjuhlið fjárlagafrv. Það verður vafalaust gert við 3. umr. fjárlagafrv. og sömuleiðis við þær umr. sem fram fara næstu daga varðandi þau frv. sem ríkisstj. hefur lagt fram til þess að jafna fjárl. Þó vil ég aðeins segja það, að ósköp finnst mér það dapurleg niðurstaða sem hæstv. ríkisstj. hefur komist að með þeim hætti sem hún leggur til að hafður sé á, og ég er hræddur um að skattþegnum þessa þjóðfélags hafi þótt byrðarnar æðiþungar fyrir, þó ekki sé bætt jafnmiklu á og þessi frv. gera ráð fyrir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Um fjárlagafrv. sjálft, meðferð þess hér á hv. Alþ. og afgreiðslu þá sem nú hillir undir, mætti segja mörg orð. Allt virðist enn á huldu um tekjuöflunarfrv. þau sem loks hafa verið lögð fram af ráðandi öflum í ríkisstj. og Alþingi. Þó hefur einn hluti af meiri hl. fjvn. látið liggja að því, að hann muni ekki bregða fæti fyrir hin svokölluðu tekjuöflunarfrv. að því er snertir hina þinglegu meðferð þeirra mála. Þegar þar við bætist, að þm. hafa orðið vitni að margháttuðum sviptingum og sundurlyndi á stjórnarheimilinu undanfarin dægur, er síst að furða þó margir séu nú óvenjulega uggandi um afdrif þessara mála á síðustu dögum fyrir jól. Enginn virðist enn geta gert sér grein fyrir því, hvernig fjárlagafrv. kann að hallast um það er lýkur, né heldur hvernig frv. það um jafnvægi í efnahagsmálum verður sem boðað hefur verið af hálfu eins stjórnarflokkanna, hvað þá hvernig því muni reiða af þegar þar að kemur.

Það er því ekki ofsögum sagt af þeirri óvissu sem nú ríkir á vettvangi opinberra mála og efnahagsframvindu allri á Íslandi nú í skammdeginu. En ég mun ekki ræða fjárlagafrv. ítarlega lið fyrir lið, en víkja nokkrum orðum að brtt. þeim sem ég hef leyft mér að flytja, annaðhvort einn eða ásamt öðrum á þskj. 210.

Um fyrstu brtt., sem ég flyt ásamt hv. 7. landsk. þm., er það að segja, að hann mun gera grein fyrir því máli, en ég mun víkja nokkrum orðum að rómverskum liðum III og IV á þskj. 210.

Undir rómverskum lið III er till. sem ég flyt ásamt hv. 7. landsk. þm. og snertir sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi. Þar er gert ráð fyrir að byggingarstyrkur sá, er í fjárlagafrv. greinir og nemur 5 millj. kr., verði hækkaður upp í 10 millj. kr. St. Franciscusystur byggðu 1934 sjúkrahús í Stykkishólmi sem þær hafa rekið síðan með miklum myndarbrag. Að sjálfsögðu hafa þær með þessari starfsemi veitt íbúum Breiðafjarðarbyggða og fleiri héraða ómetanlega þjónustu, enda hafa þær verið studdar í þessu mikilvæga starfi af viðkomandi sveitar- og sýslufélögum svo og hinu opinbera og sjálfar hafa þær lagt mjög mikið af mörkum, bæði í vinnu og fjárframlögum.

Fyrir nokkrum árum var ákveðið að í Stykkishólmi skyldi stofnsetja heilsugæslustöð 2. Samkv. lögum á að reisa slíkar stöðvar við sjúkrahús þar sem þau eru fyrir hendi. Svo verður og gert á þessum stað. Systurnar hafa sýnt mikinn áhuga á að hrinda þessu máli í framkvæmd sem allra fyrst í samvinnu við þá aðila heima fyrir sem boðið er að vinna að þessum málum, sveitarfélög, og svo að sjálfsögðu ríkisvald.

Nú er svo komið að heilsugæslustöð þessi hefur fengið grænt ljós, ef svo má segja, fékk það raunar á fjárl. 1978. Allir heimamenn eru sammála um allt sem máli skiptir varðandi þessa framkvæmd, en smátt er féð skammtað til þessa verkefnis í fjárlagafrv., aðeins 10 millj. kr.

Til heilsugæslustöðvar í Ólafsvík er veitt svipuð fjárhæð. Ber að þakka þessar væntanlegu fjárveitingar, þó ekki séu þær háar. Af mörgum heimamönnum hefur jafnan verið lögð áhersla á að þessar tvær stöðvar yrðu látnar fylgjast að í byggingu, enda þessi tvö verkefni óleyst á þessu sviði í Vesturlandskjördæmi utan Akraness.

Ekki mun að vænta árangurs á þessu þingi þó till. yrðu fluttar til hækkunar á þessum fjárlagafrumvarpsliðum. En ég leyfi mér að vænta þess, að hv. alþm. sjái ástæðu til að hækka nokkuð þann fjárstyrk, sem systurnar hafa notið á fjárl., með hliðsjón af því mikla starfi sem þær inna af hendi í þágu lands og lýðs á sviði heilbrigðis- og mannúðarmála og hafa greinilega sýnt í verki á umliðnum árum.

Þá er það liður nr. IV á þskj. 210. Það er brtt. frá mér þess efnis, að við fjárlagaliðinn Hafnarmannvirki og lendingarbætur, í þeirri upptalningu, sem þar greinir, komi nýr liður: Stykkishólmur 65 millj. Samtala liðarins breytist skv. því.

Um þetta mál er það að segja, að hér er um verkefni að ræða sem hafnamálastjóri og verkfræðingar hans töldu nauðsynlegt, að unnið væri á næsta ári að hafnarframkvæmdum í Stykkishólmi. Þar eru hafnarskilyrði góð, en höfnin sjálf svo gömul og léleg að brýna nauðsyn ber til að ráða þar bót á sem allra fyrst svo að neyðarástand skapist ekki á þeim stað. Í þessu efni er því alveg farið að till. þeirra sérfræðinga sem fjvn. hafði samvinnu við í þessum málum. En ekki náði þessi till. þó fram að ganga, a. m. k. ekki til þessa.

Mér er fyllilega ljóst, að aðhald og aðgæslu verður að sýna við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. svo sem oft áður. Þó er það svo, að mjög margar fleiri aths. mætti gera við frv. og gagnrýna eitt og annað, bæði að því er lýtur að undirbúningi þess og allri gerð, en þessi atriði læt ég nægja að sinni.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 2. þm. Vesturl. flutt brtt. á þskj. 210 er varðar Fjölbrautaskólann á Akranesi. Fjölbrautaskólinn á Akranesi er ung stofnun, tók til starfa haustið 1977, og þessi skóli er hugsaður sem aðalframhaldsskóli fyrir allt Vesturlandskjördæmi. Það er því ákaflega nauðsynlegt að vel sé að þessum skóla búið þegar í upphafi, því ella er veruleg hætta á að hann koðni niður þegar á fyrstu missirum og nái ekki þeim tilgangi sem að er stefnt.

Bæjarstjórn Akraness hefur sent fjvn. erindi um fjárveitingar til þessarar stofnunar, samtals að fjárhæð 127 millj. 606 þús. kr. Um undirtektir er það helst að segja, að í fjárlagafrv., eins og það var lagt fram, var gert ráð fyrir aðeins 15 millj. kr. fjárveitingu til stofnkostnaðar í þennan skóla, en fjvn. hefur síðan gert till. um að þessi upphæð hækki í 30 millj. kr.

Hér er að vísu komið eilítið til móts við þær beiðnir sem fyrir lágu, en þó með algjörlega ófullnægjandi hætti. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að það er ákaflega örðugt um allar fjárveitingar eins og á stendur í þjóðfélaginu, en hitt er ljóst, að tillögugerð af þessu tagi nær allt of skammt og mikil nauðsyn á því, að reynt verði að auka við ef nokkur kostur er. Þess vegna höfum við leyft okkur að flytja till. um að þessi fjárveiting til stofnkostnaðar vegna Fjölbrautaskólans á Akranesi verði 50 millj. kr.

Ég vil leggja áherslu á það, að Fjölbrautaskólinn á Akranesi er hugsaður sem fjölbrautaskóli fyrir allt Vesturland, og hefur verið unnið að uppbyggingu þessa skóla í náinni samvinnu við aðra skóla á Vesturlandi og í náinni samvinnu við fræðsluráð Vesturlands, sem gerði einróma á fundi sínum hinn 23. maí s. l. ályktun um þetta mál þar sem m. a. segir:

„Fundur fræðsluráðs Vesturlands leggur áherslu á að framhaldsdeildum verði gert kleift að starfa í héraðinu að loknu grunnskólanámi. Fræðsluráð telur eðlilegt að fjölbrautaskóli verði starfræktur fyrir allt héraðið á Akranesi í fyrstu. Þó telur ráðið sjálfsagt að staðsetja einstakar námsbrautir framhaldsskóla við fjölmennustu skólana annars staðar í héraðinu þar sem hagkvæmt þykir, t. d. í Reykholti, Borgarnesi og í þorpunum á Snæfellsnesi og e. t. v. víðar."

Hér er sem sagt að því stefnt, að meðal allra meiri háttar skóla á Vesturlandi verði tekin upp samvinna um námsefni, um próf og annað sem að þessum málum lýtur, en það nám, sem ekki er hægt að stunda í heimabyggð, verði svo stundað í Fjölbrautaskólanum á Akranesi. Það er því ákaflega brýnt að komið verði til móts við þær fjárveitingabeiðnir, sem skólinn sendir frá sér, eins og nokkur kostur er. Þetta er ekki eingöngu málefni fyrir Akranes. Þetta er málefni sem allt Vesturland stendur að.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Í nál. minni hl. fjvn. á þskj. 204 og í ræðu hv. frsm. minni hl., 6. þm. Norðurl. e., er gerð ítarleg grein fyrir afstöðu minni hl. fjvn. til fjárlagafrv. Það er því engin ástæða til þess, að ég hefji að ræða það í stórum dráttum eða í heild. Það hefur verið rækilega gerð grein fyrir afstöðu okkar til þess. Þó vil ég minnast á örfá atriði sem sumpart hafa komið fram, en þó einnig örfá til viðbótar sem ekki hefur verið minnst á hér.

Fjárlagaafgreiðslan nú fer fram við mjög sérkennileg-

ar aðstæður. Þessar aðstæður eru þess háttar, að undanfarin dægur, undanfarnar vikur höfum við hv. alþm. naumast vitað hvort það stjórnarsamstarf, sem ræður ríkjum hér um þessar mundir, mundi endast lengur eða skemur. Stundum var það svo, að við vissum ekki hvort það mundi standa klukkutímanum lengur eða skemur. Þetta ástand hefur orðið til þess að torvelda mjög öll störf fjvn., bæði fyrir meiri hl. n. og minni hl. Það hefur einnig torveldað mjög störf n., eins og hér hefur komið fram, að tekjuöflunarfrv. hafa ekki komið fram fyrr en í gær og stórt gat er í tekjuhlið frv.

Ég vil ítreka þetta hér og lýsa alveg sérstakri undrun minni yfir því ráðslagi sem verið hefur hjá hv. meirihlutaflokkum að því er þetta snertir. Þar á ég auðvitað sérstaklega við að einn stjórnarflokkurinn, Alþfl., hefur að því er virðist verið tvístígandi dag og nótt undanfarnar vikur um það, hvort hann ætti að halda áfram að styðja ríkisstj. eða rjúfa stjórnarsamstarfið. Enn er allt á huldu um framhaldið, ef marka má það sem hér hefur komið fram í dag, bæði í nál. hv. meiri hl. fjvn. og í yfirlýsingu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Það fyrsta er að fulltrúar Alþfl. í fjvn. undirrita nál. með fyrirvara. Ég minnist þess ekki að hafa séð slíkt fyrr, en auðvitað er mín þingsaga ekki löng. En ég hygg að þessa séu ekki mörg dæmi um þá flokka sem mynda meirihlutasamstarf á Alþ.

Enn kemur svo hv. formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, annar fulltrúa flokksins í fjvn., hér í dag og flytur ræðu sem er mikil nýlunda, að ég hygg, í sögu Alþingis. Þessi hv. þm., sem er eins og ég sagði formaður þingflokks Alþfl. og annar fulltrúa flokksins í fjvn., hefur ræðu sína á því að lýsa yfir að fulltrúar flokksins í fjvn. muni styðja brtt. n. sem útbýtt hefur verið og n. stendur sameiginlega að. Fyrr mætti nú vera ef hv. þm. ætlaði ekki að styðja þær till. sem n. öll stendur að. En hv. þm. bætir við: að öðru leyti mun hann eða jafnvel flokkurinn í heild láta afgreiðslu málsins fram hjá sér fara. (**Gripið fram í:** Hv. þm. hefur misst af heilmiklu þarna.) Ég játa að það getur verið dálítið erfitt að henda reiður á merkingu þess sem felst í orðum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, og vel má vera, þó að maður leggi í þau orð skilning eftir orðanna hljóðan, að þá geti þau táknað allt annað eftir eina klst. eða svo, hvað þá á morgun eða hinn daginn þegar kemur til atkvgr. um þessi mál. Þá má vel vera að þessi orð verði talin tákna allt annað en þau fela í sér, ef maður skilur þau eins og mælt mál. En ef þetta væri skilið eins og mælt mál, þá þýddi það að Alþfl. eða a. m. k. hv. formaður þingflokks Alþfl. ætlaði sér að sitja hjá við afgreiðslu fjárlagafrv. til 3. umr. „Að öðru leyti láta afgreiðslu málsins fram hjá sér fara," það þýðir, eftir því sem mælt mál er, að sitja hjá. Það er mjög sérkennilegt ástand í stjórnarherbúðunum sem hér kemur fram. Eftir þessu að dæma er Alþfl. ekki nema að hálfu leyti inni í þessu stjórnarsamstarfi en að hálfu leyti utan dyra. Það vegur salt.

Enn komu fleiri yfirlýsingar frá þessum hv. þm. sem ég bókaði eftir honum jafnharðan og hann talaði, á þá lund, að Alþfl. mundi ekki standa í vegi fyrir þinglegri afgreiðslu tekjuáætlunarfrv. ríkisstj. eða fjárlagafrv., sem sé, Alþfl. mundi ekki taka upp málþóf eða aðrar aðgerðir til þess að tefja þinglega meðferð þessara mála. Ég er alveg hissa á því, að stjórnarflokkur skuli þurfa að gefa yfirlýsingar um svona hluti. Það er orðið eitthvað einkennilegt og mikil nýlunda að þess skuli þörf.

En það fylgir meira á spýtunni. Afstaða okkar, sagði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, mun að öðru leyti ekki koma fram fyrr en ljóst er hvaða stuðningur fæst við efnahagsmálafrv. Alþfl. í ríkisstj. Og þar kemur endapunkturinn. Það er sem sé hótun um það, að ef ekki fæst nægur stuðningur við efnahagsmálafrv. Alþfl. hjá ríkisstjórnarflokkunum, þá er gefið í skyn a. m. k., að ekki sé að treysta á Alþfl. til stuðnings við fjárlagaafgreiðsluna eða við afgreiðslu þeirra tekjuöflunarfrv. sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram.

Þessi saga held ég að hljóti að vera einsdæmi á Alþ. og ég ætla ekki að útmála hana meir. Ég er auðvitað ekki fróður um sögu Alþ. til langs tíma, en þetta er mjög svo sérkennileg staða. Þetta er svo sérkennileg staða, að mér finnst að það sé í raun og veru ekki með nokkru móti hægt að fá sig til þess að fara að deila harkalega á ríkisstj. sem er slíkt hrófatildur sem hér kemur fram og hangir á hálmstrái hvort hún lifir eða deyr. Miklu nær væri að aumka þessa ríkisstj. og þá ágætu menn ýmsra sem þurfa að standa að því að reyna að tjasla henni saman dag frá degi, ef ekki á klukkutímafresti. Þess vegna ætla ég ekki að láta hér fylgja nein ádeiluorð. En þessar yfirlýsingar, sem hér hafa komið fram, og þetta ástand allt er með þeim hætti að ég get ekki orða bundist.

Við þessa 2. umr. um fjárlagafrv. liggur tekjuhlið frv. ekki fyrir. Þrátt fyrir það er sýnilegt að innheimtur ríkissjóðs í einu eða öðru formi á næsta fjárlagaári muni verða sem næst 1 millj. kr. á mann — 1 millj. á hvert mannsbarn þjóðarinnar. Þetta eru orðnar háar tölur og er ærin ástæða til að freista þess að spyrna við fótum. Ég lít svo á að það sé hægt að gera á marga lund. Hér hefur verið rætt í dag, bæði af hálfu hv. formanns fjvn. — sem ég þakka fyrir samstarf og góð kynni frá því leiðir okkar lágu saman að störfum hér á hv. Alþ. — og eins af hálfu frsm. minni hl., að það er fullur vilji hjá n. í heild að huga að þessum verkefnum. Þess vegna ætla ég ekki að ræða einstök atriði sem þar er nauðsyn að gefa sérstakan gaum að þessu sinni. En hin mikla útgjaldaaukning, sem sýnilega verður hjá ríkissjóði, og að enn er ekki séð fyrir endann á tekjuhlið frv. né hvort um greiðsluafgang verður að ræða hefur það í för með sér, að við fulltrúar minni hl. í fjvn. flytjum engar sameiginlegar brtt. við þessa umr. Ég hygg að við sem einstakir alþm. munum ekki heldur flytja við þessa umr. sérstakar brtt. þó að við höfum ekki talað um það sérstaklega. En það er ljóst að enn sem komið er eru brtt. fáar. Þetta er þó ekki fyrir það, að við séum ánægðir með allt og teljum nægilega vel gert í ýmsum þeim útgjaldaþáttum sem við höfum þurft að fást við. Það er auðvitað hvergi nærri. Það er á fjölmörgum sviðum sem við teljum að betur þyrfti að gera, og við áskiljum okkur auðvitað allan rétt til þess að koma sjónarmiðum okkar á framfæri um það efni við 3. umr. betur en verður gert í dag.

Ég vil t. d. segja það, að hvað snertir mitt kjördæmi, sem ég flyt hér enga brtt. um við þessa umr., er mjög vangert, að ég tel, ekki síst í skólamálum. Ég skal ekki nefna nein dæmi um það sérstaklega, en það blasir við að þetta kjördæmi, Norðurl. v., er lægst með fjárveitingar til grunnskóla. Það eru tæpar 140 millj. kr. í heild. Það er tæpum 30 millj. hærra en var á fjárl. 1975 í þetta kjördæmi. Ég fagna því auðvitað að hæstv. menntmrh. er þm. fyrir þetta kjördæmi. En ég efast um að það dugi til þess að koma áfram mannvirkjum í skólamálum. Ég hygg að einnig þurfi að sjá fyrir fjárveitingu.

Hæstv. menntmrh. hefur mjög oft flutt mikla gagnrýni hér á Alþ. að því er snertir fjárveitingar til okkar kjördæmis. Ég ætla ekki að fara að rifja það upp eða nudda honum upp úr því, en ég læt það hér í ljós, að ég tel að í þessum þætti sérstaklega sé mjög vangert hvað þetta kjördæmi snertir, þrátt fyrir það að hv. þm. Ragnar Arnalds sé nú hæstv. menntmrh. og flokksbróðir hans, hv. þm. Helgi Seljan, hafi verið formaður þeirrar undirnefndar sem um þennan málaflokk fjallaði.

Þá vil ég geta þess, að ég hef miklar áhyggjur af þeirri fjárveitingu sem ákveðin er til Bændaskólans á Hólum, miðað við þá niðurstöðu sem enn er fengin. Í frv. er gert ráð fyrir, að gjaldfærður stofnkostnaður Bændaskólans á Hólum verði 18 350 þús. kr. eða aðeins 250 þús. kr. hærri fjárhæð en var í fjárl. yfirstandandi árs.

Það hefur starfað stjórnskipuð n. að því að gera áætlun um uppbyggingu Hólastaðar., og sú n. hefur skilað áliti og tillögum til landbrh. Ef þetta á að vera svarið við þeim tillögum, þá líkar mér það svar ekki. Ég hef rætt um þetta mál bæði við hv. formann fjvn. og hæstv. landbrh. Hef ég kynnt þeim að ég muni ekki flytja brtt. við þennan fjárlagalið við þessa umr., en ég get sagt frá því hér, að ég treysti mér ekki til þess að láta 3. umr. líða svo að ég komi ekki brtt. á framfæri verði þessi fjárlagaliður ekki lagfærður.

Skylt er að geta þess, að nú fyrir 2. umr. hafa verið lagðar fram till. af hálfu fjvn. um hækkun rekstrarliðar skólans um 7.5 millj. Ég get fært fram þakklæti fyrir það. En það bætir ekki úr þeim fjárfestingaráætlunum sem þarna eru á ferðinni og ég tel nauðsynlegar ef við ætlum ekki að horfa á það, að þessi menntastofnun hrynji.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni. Þarna eru, eins og ég hef sagt, fjárfestingaráætlanir á ferðinni, og þarna er nú á döfinni að ráðast í hitaveitu sem kostar verulegt fé. Þeim framkvæmdum verður ekki mætt með þeim 18.3 millj. sem í frv. eru. Ekki fleiri orð um það.

Það hefur verið um það rætt hér, að lánsfjáráætlun er ekki komin fram. Ég skal ekki gagnrýna það umfram það sem komið er, en þó lýsa því með hógværum orðum, að það er mjög bagalegt fyrir fjvn., að ekki skuli vera komin fram lánsfjáráætlun þegar 2. umr. fer fram, þannig að hægt sé að gera sér einhverja grein fyrir því, hvernig þeir þættir, sem á lánsfjáráætlun eiga að vera, koma út. Vel má vera að hv. meiri hl. fjvn. hafi séð drög að þessari áætlun, og held ég að svo hljóti að vera, en við í minni hl. n. höfum ekki séð stafkrók af þessu plaggi.

Að því er lánsfjáráætlun varðar, þá munu þar koma inn ýmsir helstu þættir orkumála t. d. Þar er um stórmál að ræða sem áætlanir fjárlagafrv. gera hvergi nærri ráð fyrir að fullnægja svo að viðunandi sé. Upplýsingar hafa komið fram um ákveðna hluti í þessu sambandi, en þó ekki nema mjög óverulega. Ég vil t. d. taka það fram, að í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir neinu fé til sveitarafvæðingar að þessu sinni. Það er gert ráð fyrir 150 millj. kr. til styrkingar sveitaveitna, sem er 10 millj. kr. hærri fjárhæð en var í fjárl. yfirstandandi árs — og var þá of lág, og er í frv., sem hér liggur fyrir, langtum of lágt.

Línur í strjálbýli eru sums staðar svo yfirhlaðnar að þær eru að því komnar að hrynja eða geta ekki flutt það rafmagn sem þarf. Ekki síst á þetta við á Suðurlandsundirlendi þar sem ástandið hefur verið í rauninni mjög alvarlegt í sumum sveitum og sumum byggðarlögum að undanförnu. Það er þó ekkert einsdæmi þar, því að víðar um land er ástandið mjög alvarlegt og þarf úr að bæta ef á

að halda þeirri þjónustu gangandi að gera fólki kleift að fá raforku. Ég hygg að allir séu sammála um að þeirri þjónustu verði að halda áfram, og þá verður að horfast í augu við það að mæta því með því fé sem mögulegt er að komast af með, en ekki langt fyrir neðan það.

Eins og ég tók fram í upphafi kem ég ekki hingað til þess að ræða fjárlagafrv. eða þær horfur, sem eru á afgreiðslu þess nú við 2. umr., í neinni heild. Það hefur verið gert skilmerkilega af frsm. minni hl. og engu orði þarf að bæta við það. Ég gat hins vegar ekki stillt mig um að minnast hér á þessi örfáu atriði, sem ég hef farið hér fáum orðum um, og enn fremur að lýsa því sérkennilega ástandi sem ríkt hefur undanfarna daga og undanfarnar vikur að því er virst hefur í stjórnarsamstarfinu og hvernig það ástand hefur birst okkur hér á hv. Alþ. í dag eftir yfirlýsingar hv. formanns þingflokks Alþfl. Það var með slíkum eindæmum að ég gat ekki orða bundist.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 210 og 211, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 43 shlj. atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði gert mér vonir um að enginn úr minni hl. hér á Alþ. mundi flytja nokkra brtt. við það fjárlagafrv. sem fram hefur verið lagt og þar með gera ríkisstj. og meirihlutaflokkana eina ábyrga fyrir þessu frv. til fjárl. Það hefur komið fram hjá talsmönnum Alþfl. við þessa umr. um frv. til fjárl., að þeir hafa ákveðið að bíða með að fella þetta frv. til fjárl. þar til við 3. umr., nema á milli 2. og 3. umr. breyti samstarfsflokkarnir stefnu sinni í efnahagsmálum og taki upp þá efnahagsstefnu sem Alþfl. hefur kynnt eða ætlar að kynna að verulegu leyti. Ég vil segja að þetta séu úrslitakostir, það fer ekkert á milli mála. Hér hefur Alþfl. sett samstarfsflokkum sínum hreina úrslitakosti með orðum sínum og athöfnum.

Hv. 7. þm. Reykv. taldi að verðbólgan léki láglaunafólk illa, og ég tek undir það að verðbólgan leikur láglaunafólk mjög illa. Verðbólgan leikur allt fólk illa, ekki bara láglaunafólk, og verðbólgan leikur líka atvinnureksturinn illa. Allur atvinnurekstur hefur orðið fyrir barðinu á hinni þungu holskeflu verðbólgunnar. Fé í atvinnurekstri hefur brunnið upp á nákvæmlega sama hátt og sparifé landsmanna, enda eru atvinnurekendur ekki neitt sérstakur þjóðflokkur. Þeir eru líka sparifjáreigendur. Atvinnurekstrinn þarf ávallt fleiri og verðlausari krónur til að endurnýja hráefni og vörubirgðir til að halda atvinnuvegunum gangandi og nota til þess dýrari rekstrarlán frá einum degi til annars. Atvinnurekstrinn og þeir einstaklingar, sem enn þá eru sjálfstæðir atvinnurekendur, hafa ekki þau breiðu bök sem tekjuöflunarfrv. ríkisstj. gera nú ráð fyrir að skattpína enn frekar en orðið er. Skrifstofu- og verslunarhúsnæði er ekki lúxusliður í tilvist og rekstri þjóðarheildarinnar. Till. ríkisstj. til tekjuöflunar eru allar skattpíningartillögur og til þess eins fallnar að draga úr athafnaþrá einstaklinga og félaga og auka þörfina á auknum umsvifum ríkisins til þess að halda uppi vinnumarkaði þjóðarinnar.

Stefna ríkisstj. er því röng og hlýtur að draga úr vilja þjóðarinnar til samstarfs við stjórnvöld þegar farið er út af þeirri framfarabraut á sviði atvinnuskapandi tækifæra sem hingað til hefur verið farin. Í frv., sem liggur fyrir á þskj. 188 um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, er skattur sem lagður er á til viðbótar því sem sveitarfélögin nú eru að leggja á, en það er 42% hækkun fasteignamats milli ára plús 13% hækkun á álagningarprósentunni. Svo ætlar Alþ. að fara samþ. til viðbótar nýjan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, rétt eins og hér væri sá skilningur fyrir hendi að atvinnuhúsnæði sé einhver lúxusliður í rekstri fyrirtækja. Sama má segja um tekjuöflunarfrv. á þskj. 189, þar sem fjallað er um sérstakt nýbyggingagjald.

Mér er ekki ljóst hvaða samdráttur er hugsaður hjá ríkisrekstrinum, í stofnunum eða annars staðar. En það er augljóst í mínum augum, að hönd dauðans færist yfir atvinnuvegina með þessari skattpiningarstefnu ríkisstj. Árið 1979 verður þungt skattaár fyrir fólk, hvar sem það stendur í launastigum eða annars staðar í þjóðfélaginu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég lofaði því að vera mjög stuttorður og skal gjarnan vera það. Ástæðan fyrir því að ég kem hér í ræðustólinn er að spyrjast fyrir um ákveðið mál. Ég veit að hæstv. fjmrh. kemur til með að tala hér á eftir og væri þess vegna æskilegt að fá um það upplýsingar sem nú verður spurt.

Þannig er að í fyrirliggjandi fjárlagafrv., í aths. á bls. 193, er sagt frá liðnum um Lánasjóð ísl. námsmanna, og þar kemur fram að gert er ráð fyrir 2.2 milljörðum, en til viðbótar því er gert ráð fyrir lántökuheimild að upphæð 400 millj. Nú hefur komið í ljós og er viðurkennt af öllum aðilum, að til þess að hægt verði að lána námsmönnum með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár, þ. e. a. s. brúa um 85% af umframfjárþörf námsfólks með sömu reglum og áður hafa verið notaðar, þá vanti 700 millj. til þess að dæmið geti gengið upp. Til viðbótar þessu hafa námsmenn lagt á það áherslu, að reglum um úthlutun úr þessum sjóði verði breytt þannig að tekið verði tillit til barnafjölda námsmanna við úthlutunina. Það mundi þýða að mati þeirra sem gerst vita, að um 200 millj. þyrfti til viðbótar.

Á námsmannafundi, sem var mjög fjölmennur og haldinn var um daginn, þar sem m. a. mættu hæstv. fjmrh. og sérstakur fulltrúi hæstv. menntmrh., hv. þm. Kjartan Ólafsson, var hæstv. fjmrh. spurður að því, líklega fjórum sinnum og gaf jafnoft svör við þeirri spurningu, hvað hann hygðist gera í þessu máli. Hæstv. ráðh. svaraði ávallt á sömu leið: hann mundi sjá til þess, að hægt væri að brúa 85% umframfjárþarfarinnar. Hins vegar nefndi hann aldrei hvaða upphæð hann ætlaði sér að leggja til, en auðvitað er það sitt hver upphæðin eftir því hvernig úthlutunarreglurnar eru.

Ég vek athygli á þessu máli vegna þess að hæstv. núv. menntmrh. hefur á undanförnum árum sýnt námsmönnum ákaflega mikinn áhuga í þessum málum og m. a. flutt um það till. hér á þingi og sagt frá því, að hann stefndi að því sem allra fyrst að það ætti ekki aðeins að brúa 85%, heldur ætti að fara upp í 100%. (**Menntmrh.:** Það gera líka lögin.) Lögin gera það, en ráðherra hefur sagt frá því, þ. á m. í stúdentablaði, að hann muni berjast fyrir því. Nú situr hann í valdastól. Nú er hann maðurinn sem hefur reglugerðarvaldið. Með einu pennastriki á einni mínútu getur hæstv. menntmrh. breytt reglugerð um úthlutunarreglur sjóðsins. Hann hefur völdin í dag, og nú reynir á það, hvort hann hyggst standa við fyrri ummæli sín. Þess vegna langaði mig til að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig staða málsins sé í dag, hvað ríkisstj. hyggðist gera í þessu máli.

Ég lýsti því yfir á þessum fundi, sem ég hef nefnt áður, að ef till. kæmi fram hér um að hækka fjárveitinguna um þessar 200 millj. kr., þá skyldi ég greiða atkv. með slíkri till. Hins vegar sagði ég á þeim fundi, að ég mundi aldrei gera það sem aðrir menn hafa gert í stjórnarandstöðu, þeir menn sem stundum telja sig ábyrga, en eru kannske óábyrgastir, að leggja til að útgjöld verði aukin í þessu skyni, vegna þess að þeir tímar geta komið að maður sjálfur verður að bera ábyrgð á eigin orðum.

Ég minnist á þetta núna vegna þess að mér þætti vænt um að fá að vita hvernig þetta mál stendur. Ég minni jafnframt á í þessu sambandi, að reglum um úthlutun námslána hefur verið breytt og var breytt fyrir nokkrum árum á þann veg, að nú eru endurgreiðslurnar með verðbótum þannig að þær skila sér mun betur en verið hafði um mörg undanfarin ár, þegar þessi lán voru nánast styrkur til námsmanna vegna þess að þau brunnu upp í verðbólgubálinu. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geri þingheimi og jafnframt þúsundum námsmanna, sem bíða eftir svari, grein fyrir því, hvað það þýðir þegar talað er um að brúa 85%. Miðast það við það, að tekið sé tillit til barnafjölda námsmanna eða ekki? Miðast það við að það séu 700 millj. sem eigi að koma til viðbótar eða 900 millj., eins og þyrfti að koma ef stefna hæstv. menntmrh., þegar hann var utan stjórnar, ætti að ná fram að ganga. En ég get því miður ekki ábyrgst hver stefna hans er í þessu máli í dag.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég tel að þær umr., sem hafa farið fram um fjárlögin við 2. umr., hafi verið efnislegar og fróðlegar. Það er ljóst öllum hv. þm., að við núverandi aðstæður í efnahags- og fjármálum er mikið vandaverk fyrir Alþ. og ríkisstj. að vinna að fjárlagagerð þar sem svo margir þættir þeirra mála og framvinda eru í óvissu.

Að venju mun ég gera grein fyrir því við 3. umr. fjárl., hvernig heildarstefna þeirra verður, og mun ekki við þessa umr. ræða það nánar. Ég vil aðeins láta það koma fram, að það er stefnt að því af hálfu ríkisstj. að endanleg afgreiðsla fjárlagafrv. verði í öllum aðalatriðum í samræmi við þá meginstefnu, sem kemur fram í 1. gr. fjárlagafrv.

Þó eru nokkur atriði sem ég vil aðeins minnast á og þó raunar fyrst og fremst tvö. Í fyrsta lagi er Byggðasjóður sem hv. þm. Matthías Bjarnason minntist á. Það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv., að framlag til Byggðasjóðs nemi um 2 milljörðum 458 millj. kr. Ég hygg að ekki sé fjarri lagi að gera ráð fyrir því, að þegar eigið ráðstöfunarfé Byggðasjóðs bætist við þessa upphæð muni ráðstöfunarfé sjóðsins á næsta ári verða einhvers staðar á milli 2.9 milljarða og 3 milljarða. Nú er það svo, að byggðalínurnar vestur og austur frá aðalraforkukerfi þjóðarinnar til þeirra landshluta, sem afskekktastir eru, eru mikið vandamál vegna þess að enginn aðili hefur tekið að sér rekstur þeirra. En við höfum fleiri vandamál á sviði orkumála og á ég þar sérstaklega við Kröflumálið, þar sem nú verður að taka á fjárl. alveg nýjan útgjaldalið, stóran útgjaldalið, sem kemur til með að nema, að því er ég hygg, einhvers staðar á milli 2.4 og 2.5 milljarða kr. Það er því of á lagt ríkissjóð á einu ári að hann geti í raun og veru staðið undir frekari framlögum á þessu sviði, vegna þess að þau eru óvenjuleg. Þess vegna hefur ríkisstj. markað þá stefnu, að að þessu sinni verði Byggðasjóði heimilað að taka lán sem ekki er alveg nákvæmlega tiltekið hvað sé mikið. Það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv., að það verði 1130 millj. kr., en það gæti orðið eitthvað hærra, vegna þess að gengið hefur breyst síðan endanlega var gengið frá fjárlagafrv., en það var horfið að því ráði, að Byggðasjóður tæki lán og endurlánaði það til Orkusjóðs og það yrði síðan greitt til baka þegar ábyrgur aðili hefur tekið við rekstri byggðalínanna. Að sjálfsögðu hlýtur það að verða framtíðin, að byggðalínurnar verði hluti af raforkukerfinu og neytendur raforkunnar greiði kostnað af rekstri þeirra og byggingu.

Það er auðvitað álitamál í þessum efnum, hvort sú stefna, sem hér hefur verið mörkuð, sé æskileg. Hún er nauðsynleg eins og á stendur. Ég minni á að það kom fram till. af hálfu Sjálfstfl. fyrir kosningarnar í vor um að Byggðasjóður legði fram sérstakt framlag til vegamála, 1 milljarð, ef ég man rétt. Auðvitað má um það deila, hvort eru meiri byggðamál, vegamál eða orkumál. Um það getum við sjálfsagt deilt fram og til baka. (**Gripið fram í:** Er ekki hér um að ræða yfirstandandi skuldir?) Hér er um að ræða að standa undir kostnaði, afborgunum og vöxtum við þessar byggðalínur til Vesturlands og Austurlands.

Varðandi heimild Byggðasjóðs til lántöku þá vildi ég upplýsa það, að frá því að Byggðasjóður tók til starfa hefur það verið skoðun ráðamanna, að sjóðurinn hefði heimild til þess að safna saman frá ári til árs heimildum til lántöku, þó að það sé orðað svo í lögum, að heimildin sé miðuð við ákveðna upphæð á ári 600 millj. í 5 ár. Til þess að taka af allan vafa í þessu efni er gert ráð fyrir því, að í frv., sem mun fylgja lánsfjáráætluninni, þ. e. a. s. þar sem um er að ræða heimild til lántöku, verði sérstakt heimildarákvæði í þessu skyni, til þess að taka af allan vafa um lögmæti þessa atriðis.

Hv. þm. Friðrik Sophusson gerði fsp. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Lánasjóður ísl. námsmanna er að verða stór stofnun. Gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. að leggja fram til hans á næsta ári af ríkisfé 2 milljarða 234 millj. 861 þús. kr. Enn fremur er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv., að heimilt sé að taka að láni 400 millj. til viðbótar. Til viðbótar við þetta er svo fyrirhugað að inn á lánsfjáráætlun ríkisstj. komi 700 millj. kr. heimild til lántöku, þannig að á næsta ári nemi framlög úr ríkissjóði til Lánasjóðs ísl. námsmanna 2 milljörðum 234 millj. kr. en sjóðnum verði aflað lánsfjár að upphæð 1100 millj. Það er augljóst mál, að Lánasjóðurinn er, eins og ég sagði áðan, orðin svo stór stofnun að hann verður að starfa sem hver annar lánasjóður. Það verður því ákvörðunaratriði hverju sinni með tilliti til stöðu sjóðsins hversu mikið Alþ. telur ástæðu til að leggja fram til sjóðsins árlega. Hann verður að hafa bolmagn til þess að taka lán, vegna þess að hann lánar út eins og hver annar lánasjóður sem gerir ráð fyrir að fá til baka lánin eftir tilteknum reglum. Ég álít að það þurfi að fara fram sams konar athugun á rekstri Lánasjóðs ísl. námsmanna eins og hjá hverjum öðrum lánasjóði, Fiskveiðasjóði, Stofnlánadeild landbúnaðarins o. s. frv. Það fer fram rækileg athugun á því á hverju ári, hvernig þessir sjóðir standa og hvernig þeir koma til með að standa um talsvert langa framtíð. Sama verður að eiga sér stað með Lánasjóð ísl. námsmanna, vegna þess að um miklar upphæðir er að tefla. Sú stefna, sem kemur fram í fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun ríkisstj. varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna, er um það, að staðið verði við þessa svokölluðu 85% reglu.

Ég vil svo að lokum flytja fjvn. þakkir fyrir störf hennar fram að þessu, sem hafa verið unnin af kostgæfni á stuttum tíma, og vil vonast til þess, að Alþ. auðnist að afgreiða fjárl. fyrir jólin og það tímanlega að menn hafi svigrúm til þess að gleðjast heima hjá sér um jólahátíðina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 34. fundur.

Mánudaginn 18. des., kl. 10 árdegis.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 106, n. 175 og 178, 179, 212). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 175, höfum við í menntmn. lagt til að frv. á þskj. 106, um breyt. á leiklistarlögum, verði samþ., en eins og fram kemur í því nál. frá meiri hl. þá mun hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir skila séráliti.

Á þessu frv. hafði orðið nokkur formgalli, en við bættum úr því með því að flytja brtt. á þskj. 212 um að við frv. bættist ný grein, sem yrði 2. gr., þ. e. a. s. að lög þessi öðlist þegar gildi, en það hafði fallið niður í frv. eins og það lá fyrir okkur.

Ég vil spara tíma með því að fjalla um þær brtt. sem lagðar hafa verið fram af hv. minni hl. nefndarinnar.

Ég vil taka það fram, að þessi lög fengu á sínum tíma mikla umfjöllun í nefnd og síðar í rn. Það var haft samráð við flesta þá aðila, sem þessi mál varða, og ýmislegt var fært til þess vegar sem helst náðist þá samkomulag um. Ég vil taka það fram, að frá því að ég kom nálægt þessu frv. í nefndarstarfi tók það miklum breytingum í meðförum nýrrar nefndar og eins í meðförum rn. Einmitt í þessum meðförum, þegar haft var samband við hina mörgu aðila, þá kom leiklistarráðið upp sem umræðuhópur um leiklist almennt. Þetta leiklistarráð er og á að vera ólaunað. Það hefur heldur enga fjárveitingu fengið enn þá á fjárl. og það hefur engin ástæða verið fyrir því reyndar, því að leiklistarráðið er tiltölulega nýskipað. Ég álít einnig að það þarfnist ekki mikillar fjárveitingar, þó að framkvæmdaráðið verði virkt. Talið var að hér væri kominn kjörinn samstarfs- og samráðsvettvangur fyrir þá aðila sem að þessum málum starfa. Þetta leiklistarráð hefur sem sagt verið skipað, en það hefur ekki enn komið saman. Ég vil sjá hvernig það reynist áður en við förum að fella það niður. Ég óttast ekki kostnað sem neinu nemur af þessu, því að ráðinu sjálfu, eins og ég sagði, er ætlað að starfa ólaunuðu og framkvæmdastjórnin á ekki að koma það oft saman að ég álíti að þarna verði mikill kostnaður af, en hins vegar mikið gagn ef vel tekst til.

Aðaltilgangurinn með þessu leiklistarráði var af hálfu okkar, sem höfum starfað í áhugaleikfélögunum, að skapa nánari tengsl milli áhugafélaga og atvinnuleikhúsa. Það er mjög brýnt að koma því samstarfi á. Ég sé kannske ekki annan heppilegri vettvang til slíks. A. m. k. var þetta leiklistarráð til þess hugsað beint. Fyrstu till. nefndarinnar voru um fámennara leiklistarráð, en miklu valdameira en það leiklistarráð sem nú er í lögum. M. a. átti það að gera till. og í raun og veru ráða úthlutun alls þess fjár sem til leiklistar rynni. Þá var ætlunin sú, að fjvn. setti aðeins eina upphæð á fjárlög til leiklistarstarfsemi og leiklistarráðið úthlutaði svo þessu fé til hinna einstöku aðila. Frá þessu var horfið og ég tel til rétttara horfs, þess sem nú gildir. Ég vil þess vegna ekki og get ekki mælt með því á þessu stigi, hvað sem síðar verður lagt til, að þetta leiklistarráð verði fellt niður meðan engin reynsla er á það komin.

Ég veit að um það urðu nokkrar deilur á sínum tíma, hvað við væri átt með þessari stenfumótun. Þegar um málið var rætt upphaflega kom það alveg glögglega í ljós. Ég vil skýra frá því hér, hvað þessu olli.

Það var ekki ætlunin að reyra stefnuna í neina fjötra, eins og raddir heyrðust um. Því síður var um neina pólitíska markandi stefnumótun að ræða. Hugmyndin var í raun og veru komin frá áhugaleikfélögunum og ástæðan var sú, að við, sem vorum þá í forsvari fyrir áhugaleikfélögunum, vildum beina leikstarfsemi þeirra frá þeim þörfum og um margt lélegu leikritum, sem valin voru áður, að betri verkum og vandaðri. Ég vil greina frá því hér, að þannig var frumhugsunin að þessari stefnumótun, sem hér er: „stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma", sú var frumhugsunin, og þetta er sem sagt komið frá áhugaleikfélögunum á sínum tíma til þess að reyna að beina leikstarfseminni í annan farveg.

Þessi stefnumótun var reyndar þegar komin fram í afstöðu áhugafélaganna til úthlutunar styrkja og mismunun þar. Ég vil greina frá því einnig, að þegar ég átti sæti í þessari úthlutunarnefnd ásamt þeim Knúti Hallssyni fulltrúa í menntmrn. og Sveini Einarssyni þjóðleikhússtjóra, þá beitti ég mér fyrir verulegri breytingu á úthlutun þessara styrkja, og ýmsir kunnu þessu illa og kunna þessu illa enn. Þessari stefnumótun var þann veg farið, að nú eru íslensk leikverk styrkt mest, þá koma barnaleikrit, þá erlend leikrit, sem í er veigur, og síðast farsarnir svokölluðu eða „kassastykkin", sem hafa nú aðeins um 50% styrk á borð við íslensk verk. Og mér til mikillar ánægju a. m. k., hvað sem aðrir vilja um það segja, hefur stefnubreytingin hjá áhugafélögunum orðið gífurleg í þessu efni. Á síðasta ári voru íslensk leikverk í meiri hluta hjá áhugaleikfélögum í fyrsta skipti í sögu þeirra og sýningar barnaleikrita höfðu þá fjórfaldast frá því sem þær voru þegar þessari stefnumótun var á komið. Auðvitað eiga farsarnir sinn rétt, en þeir eru þó á hröðu undanhaldi. Ég hef ekkert á móti þeim sem slíkum, en ég vil engu að síður að það sé alveg ljóst, að hverju þessi stefnumótun beindist.

Um þetta orð stefnumótunina, má að vísu endalaust deila. En ég óttast ekki þetta ákvæði, og miðað við þá fjölbreyttu skipan, sem er í leiklistarráði í dag, tel ég alla vá í þessu efni nær óhugsandi, svo mörg mismunandi stjónarmið eru þar uppi. Ég vil a. m. k. lýsa því hér yfir, ef menn hafa einhvern ótta af þessu, að þrátt fyrir pólitískan áhuga minn í þessum efnum, þrátt fyrir það að ég hafi vissan áhuga fyrir þjóðfélagsverkum fram yfir önnur verk sem tekin eru til sýningar, þá mun ég a. m. k. beita áhrifum mínum í leiklistarráðinu, til þess, ef það fær að starfa áfram eða fær að starfa réttara sagt, að í enga einstefnu verði farið, þó að það fari auðvitað ekki á milli mála að ég setji íslensk leikverk efst á blað. Ég tel þess vegna þessa stefnumótun hafa verið mjög mikilvæga, þó að hún hafi ekki einu sinni kommist í framkvæmd, nema í þessari úthlutun fyrir áhugafélögin.

Þetta vil ég að komi skýrt fram út af þessum brtt.: Ég vil sjá hvernig leiklistarráðið starfar. Ég óttast ekki þessa stefnumótun á þann hátt sem var rætt hér við setningu leiklistarlaganna. Hún er eingöngu til orðin vegna áhuga félaganna og stefnumótunar að því marki að þau sýni vandaðri verk, að þau sýni íslensk verk umfram önnur.

Ég vil hins vegar í sambandi við b-liðinn í fyrri brtt. frá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, þ. e. a. s. að við 2. gr. laganna bætist nýr liður: Til óperustarfsemi, lýsa því yfir, að ég mun fylgja þeim nýja lið, enda var þessi liður á einu stigi í sambandi við umfjöllum þessara leiklistarlaga inni og ég studdi hann þá. Úr því að hann er kominn í brtt.

mun ég styðja hann, þó að ég efist hins vegar um að við í fjvn. eða þeir, sem þar eiga eftir að starfa, verði örlátir á fé til þessa liðar. Þeir hafa t. d. ekki lagt krónu enn til þessa margfræga leiklistarráðs og ég óttast að við verðum ekki frekar en í sambandi við leiklistina yfirleitt, fyrr en þá rétt núna á tveim síðustu árum, örlátir á styrki til þessarar starfsemi, sem á sannarlega rétt á sér. Ég lýsi sem sagt hér með yfir stuðningi við þá brtt.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil fyrst skýra það, að ég skuli skila séráliti. Þetta sérálit mitt þýðir ekki að ég sé andstæð frv., sem fyrir liggur, í sjálfu sér. Hins vegar eru þær brtt., sem ég flyt, svo gagngerar að efni til að rétt þótti að ég skilaði sérstöku nál. þeirra vegna.

Hv. frsm. meiri hl., hv. 3. þm. Austurl., eyddi talsverðum tíma og þó nokkrum rökum að sinni hyggju til þess að mæla gegn a-lið í fyrri brtt. minni. Þessi a-liður fjallar um að leiklistarráð skuli lagt niður. Ég mun fjalla nánar um það atriði er ég hef gert grein fyrir þeirri brtt. sem felst í b-lið, sem nýmæli í þessum lögum, að sérstaklega sé tekið fram í lögunum að stuðningur samkv. leiklistarlögum nái einnig til óperustarfsemi.

Stuðningur samkv. leiklistarlögum á að felast í því, að Alþ. veiti árlega fé til: 1) Leikfélags Reykjavíkur. 2) Leikfélags Akureyrar. 3) Bandalags ísl. leikfélaga. 4) Til almennrar leiklistarstarfsemi. 5) Til leiklistarráðs. Það er ljóst, að óperustarfsemin er vissulega listgrein sem sameinar hinn venjulega þátt leiklistar, söng listina og danslistina. Viðurkenning á þessu sést m. a. í hinum nýju þjóðleikhúslögum. Þar er sérstaklega tekið fram, að ráðnir skuli leikarar, söngvarar og dansarar að Þjóðleikhúsinu. Þar er einnig tekið fram, að skylt skuli að flytja eina óperu a. m. k., árlega við Þjóðleikhúsið. Því síðastnefnda skilyrði er fullnægt, en enn hefur ekki verið fastráðinn söngvari að Þjóðleikhúsinu.

Nú vita það allir að nám þeirra listamanna okkar, sem stunda söng og hafa gert garðinn frægan víða um heim, er mjög langt og tímafrekt og krefst mikillar elju. Í söng listinni er mjög ströng samkeppni víða um heim og hafa söngvarar okkar ekki reynst eftirbátar á því sviði. Þeim mun sérkennilegra er það og leiðinlegra að ekki skuli vera meira tillit til þeirra tekið þegar um það er fjallað að styrkja leiklist af almannafé. Nú er það svo, að í haust var stofnað nýtt félag íslenskra söngvara í þeim tilgangi að setja upp og flytja óperur. Þetta fólk hefur unnið af frábærum dugnaði í sjálfboðastarfi að undirbúningi þessa verks og hefur nú fullæfða óperu, eitt af snilldarverkum þeirrar listgreinar, „Il Pagliacci", sem mun tilbúin til flutnings nú innan skamms. Þessi hópur söngvara hefur orðið að taka Háskólabíó á leigu og hafa þar miðnætursýningu til að geta sýnt almenningi þessa list sína. Það mætti spyrja, þegar menn ræða um það af einskærum stuðningi við það sem framleitt er á Íslandi, því í fyrsta sæti skuli í öllum tilfellum vera íslensk leikverk. Það er ágætt að styðja við bakið á íslenskum leikritahöfundum, en ég er hins vegar ekki alveg viss um að það sé alltaf í þágu sjálfrar menningarinnar að taka þau leikrit, sem framleidd eru eða samin af íslenskum höfundum, fram yfir ýmis snilldarverk leikbókmenntanna fyrr og síðar, þ. á m. söngleikina.

Það var fyrir mörgum árum, að hópur íslenskra snilldargóðra söngvara flutti í konsertuppfærslu óperu á sviði Austurbæjarbíós, og þá komu upp þær hugmyndir, að sannarlega væri tilefni til þess að setja á laggirnar vísi að íslenskri óperu og þá ekki endilega í þeim stórkostlega mæli, sem ýmsir hefðu e. t. v. látið sér detta í hug þegar það nafn væri nefnt, ekki með því móti að byggja sérstakt óperuhús og hafa sérstaka óperuhljómsveit o. s. frv. heldur einfaldlega var farið fram á það hér á Alþ. að gefin yrði heimild til þess að fastráða við Þjóðleikhúsið nokkra einsöngvara. Þá hlaut sú till. ekki stuðning. Nú er þetta sem betur fer komið inn í lög, þótt ekki séu framkvæmd enn. Það er fyllilega tímabært að vekja athygli á þessu, vekja menn til skilnings á því, að þarna er hópur listamanna sem á mikið erindi til landsfólksins og við eigum að gera kleift ekki síður en öðrum listamönnum að flytja list sína til aukinnar menningar okkur öllum.

Ég heyri mér til ánægju að hv. 3. þm. Austurl., frsm. meiri hl. n., lýsir stuðningi sínum við þessa brtt. mína. Ég vona að aðrir hv. þdm. taki undir það sjónarmið hans. En hitt þótti mér lakara að heyra, að hv. þm. sagði í sama orðinu að hann óttaðist að þeir í fjvn. mundu ekki verða sérlega örlátir á fé til þessarar starfsemi. Mér fannst eins og gæta örlítillar lítilsvirðingar í þessum orðum hv. þm. En ég vona að það sé ekki rétt til getið hjá mér. Það kemur sem betur fer fyrir að maður misskilur orð hv. þm., og þá er gott ef það er skýrt á hinn betri og jákvæðari veg. Hv. þm. segir nú: Þetta er reynslan. — Það er rétt. Þetta er reynslan og einmitt þess vegna er þessi till. flutt. Ég vona nú að hann ásamt öðrum þm. ljái atfylgi sitt til þess, að þessi reynsla verði á annan veg hér eftir og hér eftir sýni menn skilning og veiti stuðning því stórmerka listastarfi sem einsöngvarar okkar vinna.

Að því er varðar hinn hluta till. minnar, a-liðinn, um að leiklistarráð verði ekki lögbundið, þá talaði hv. talsmaður meiri hl. að því er mér virtist af enn þá meiri sannfæringu en nokkurn tíma um þennan lið, sem á þó að gera menningu okkar fjölbreyttari. Hv. þm. vill sem sagt fyrir engan mun að stofnun, sem kölluð er leiklistarráð og hefur raunar aldrei tekið til starfa enn, sé lögð niður. Mér finnst aftur á móti að nema eigi úr lögum ákvæði um stofnun sem reynsla er komin á að geti ekki starfað og hefur reyndar ekkert sérstakt tilefni til að starfa. Lög okkar eru nógu margorð og löng þó að við séum ekki að binda í lög að stofna eigi einhver félög, sem svo ekki einu sinni sjá tilefni til að koma saman til funda. Til þess að stuðla að því, að þetta lögbundna félag starfi, er sérstaklega bundið í lög að Alþ. veiti til þess fé á fjárl. Hv. þm. sagði: Leiklistarráð á að vera ólaunað. — Þó það væri! En með nokkrum hætti á þó leiklistarráð að vera launað. Til einhvers á að nota það ríkisfé sem gert er ráð fyrir í þessum sömu lögum að það fái. Og ef við rifjum upp hvað stóð í grg. þess frv. til leiklistarlaga sem hv. núv. 2. þm. Austurl. lagði fyrir Alþ. í sinni menntmrh.-tíð, þá er þess m. a. getið, að leiklistarráð skyldi fá greiddan ferðakostnað úr ríkissjóði og ýmsan kostnað við að kynna sér leiklistina í landinu. En mér skilst helst að leiklistarráð eigi að hittast stöku sinnum og spjalla saman um leiklistarmál í landinu og fylgjast svo með framvindu leiklistarinnar víðs vegar um landið, þ. e. a. s. ferðast á milli staða og fara í leikhús. Og ég get ekki að því gert, að mér finnst afar skringilegt að binda það í lögum, að hópur manna, sem ráðinn er til þess að fara í leikhús hér og þar í landinu, eigi að fá kostnað við það greiddan úr ríkissjóði. Og hver er svo tilgangurinn með því? Hann er sá, að þessi hópur manna marki stefnu í leiklistarmálum þjóðarinnar. Mér finnst tilgangurinn sjálfur vera svo ger-

samlega andstæður öllu frelsi í menningarmálum, að sjálfsagt sé að fella þetta burt úr lögum. Ég hef óljósan grun um það, að ástæðan til þess, að þetta leiklistarráð er komið inn í lög, sé annars vegar sú, að svo margir aðilar *hafa átt hlut að undirbúningi frv. á sinni tíð, enginn hafi* verið almennilega ánægður og til þess að sýna þeim einhvern sóma hafi verið sett um það ákvæði, að þeir skyldu skipa fína stofnun sem héti leiklistarráð. Þetta er önnur ástæðan að ég held. Hin virðist sú, og jafnvel enn þá greinilegri, að án þessara ákvæða um leiklistarráð hefðu lögin orðið svo stutt og lítilfjörleg að mönnum hefði ekki fundist taka því að kalla þetta sérstakan lagabálk. En allt um það, þá sýnist mér þarna vera um algerlega óþarfa silkihúfu að ræða sem einungis getur haft í för með sér opinberan kostnað og þegar af þeirri ástæðu vera sjálfsagt að nema þetta burt úr lögum.

Hins vegar er aðalatriðið, sem ég raunar tek fram í varatill., að orðin „og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma" falli niður úr greininni sem fjallar um hlutverk leiklistarráðs. Þessi orð eru mestur þyrnir í augum. Til þess að þetta sé enn betur ljóst vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þær lagagreinar, sem fjalla um leiklistarráð: Þær hljóða svo, þ. e. fyrst 4. gr. laganna:

„Hlutverk leiklistarráðs er:

I. Að vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma.

II. Að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðuneytið, sveitarfélög og leiklistarstofnanir þær sem taldar eru upp í 2. gr.

III. Að stuðla að ritun og útgáfu leikrita.

IV. Að sinna öðrum verkefnum í þágu leiklistar í samráði við menntmrn."

Svo kemur greinin um það, hverjir skipi leiklistarráð, þ. e. 5. gr., og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrn. skipar leiklistarráð, einn fulltrúa án tilnefningar, en aðra ráðsmenn og jafnmarga til vara tilnefna eftirtaldir aðilar:

Bandalag ísl. leikfélaga einn fulltrúa fyrir hvern tug félaga sem eru fullgildir aðilar að bandalaginu.

Félag ísl. leikara þrjá fulltrúa.

Eftirtaldir aðilar tilnefna einn hver: Ríkisútvarp, einn frá hljóðvarpi og annan frá sjónvarpi. Félag leikstjóra. Félag leikritahöfunda. Samtök félagsheimila. Leikfélag Akureyrar. Leikfélag Reykjavíkur. Tónskáldafélag Íslands. Samband ísl. sveitarfélaga. Þjóðleikhúsráð.

Ráðh. er heimilt að veita öðrum, er fjalla með nokkrum hætti um leiklistarmál, aðild að leiklistarráði, að fenginni umsögn ráðsins. Skipunartími ráðsmanna er 3 ár í senn. Ráðið kýs sér sjálft formann og varaformann."

Þetta var, herra forseti, um það, hvaða aðilar skipa leiklistarráð. Ég held að það sé alveg ljóst, að þarna er um heilt félag að ræða sem ákveðið er í lögum hverjir séu í og engir nýir menn megi koma í nema ráðið sjálft heimili.

6. gr., sem fjallar um leiklistarráð og mig langar til að fá að lesa einnig, fjallar um hvenær það skuli koma saman til starfa. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Leiklistarráð kemur saman til fundar einu sinni á ári, nema sérstök ástæða sé til fleiri funda. Skylt er að boða fund, ef 5 ráðsmenn hið fæsta óska þess bréflega og tilgreina umræðuefni.

Framkvæmdastjórn þriggja manna fer með málefni leiklistarráðs milli funda. Leiklistarráð kýs 2 menn í framkvæmdastjórn, en formaður ráðsins er sjálfkjörinn.

Leiklistarráð er ólaunað, en greiða skal þóknun fyrir stjórnarstörf og ferða- og dvalarkostnað utanbæjarmanna vegna fundarsetu."

Eins og hæstv. forseti sér, þá er það ekki í raun og veru rétt, sem stendur í sjálfri lagagr., að ráðið sé að öllu leyti ólaunað — eða seinni hluti greinarinnar öllu heldur tekur aftur það sem fyrir hlutinn segir. Hér stendur að ráðið sé ólaunað, en menn geta gert sér í hugarlund kostnaðinn þegar þetta félag manna ferðast á milli og fær ferðakostnaðinn og dvalarkostnaðinn greiddan á milli leiksýninganna, — „utanbæjarmanna" stendur hér, þ. e. a. s. þeirra sem búa utan Reykjavíkur eða farið er í leikhús við skulum segja á Seyðisfirði eða Eskifirði, svo að nefndir séu staðir í kjördæmi hv. 3. þm. Austurl., þá á að greiða ferða- og dvalarkostnað alls hópsins þangað.

Ég ítreka það, að tilgangurinn með starfi þessa leiklistarráðs er þess eðlis, að það er í raun fráleitt að hafa slíkt bundið í lögum. Nú veit ég að þetta er viðkvæmt mál fyrir hv. 3. þm. Austurl., talsmann meiri hl. menntmn., því að ég hef það fyrir sagt, að hann eigi sæti í þessu umrædda ráði. Það leiðréttist þá ef það er rangt hjá mér. (*Gripið fram í.*) Hv. þm. staðfestir, að hann hafi einmitt sjálfur upplýst að hann eigi sæti í þessu ráði, og vill greinilega fyrir hvern mun að það sé lögbundið að ráðið starfi og hann og aðrir ráðsmenn njóti þeirra hlunninda sem í lagaheimildinni felst.

Þó að greinarnar um leiklistarráð hafi ekki enn komið til framkvæmda er samt engin ástæða til að fullyrða að svo verði í framtíðinni og þess vegna verði þetta gersamlega kostnaðarlaust. Of ef það eru rök, að ákvæðin eigi að standa í lögum vegna þess að leiklistarráð hafi ekki starfað, þá eru sömu rök fyrir því að fella ákvæðin gersamlega burt. Það er sama hvar drepið er niður, það ber allt að sama brunni. Ákvæði um lögbundið leiklistarráð, sem séu sett á blað jafnfætis leikfélögunum sjálfum og almennri leiklistarstarfsemi um ríkisstuðning, eru auðvitað fráleit. Og ég ítreka það sem ég segi í grg. fyrir minnihluta nál., að þeim peningum, sem í þetta yrði varið, væri vitanlega miklum mun betur varið til þess að efla þá list sem lögunum er ætlað að styðja, leiklistina í *landinu í víðri merkingu.* Og þá undirstrika ég að hinn nýi liður, sem ég vona að hér verði samþykktur, um stuðning til óperustarfsemi, njóti a. m. k., jafnmikils örlætis — ef hægt er að tala um örlæti af hálfu fjvn. — og aðrir liðir samkv. þessum lögum.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru örfá orð í tilefni af brtt. hv. 5. þm. Reykv. Þessi atriði voru nú ekki rædd á stuttum nefndarfundi, sem var haldinn um þetta mál, en ég vil láta koma í ljós afstöðu mína til þessara brtt. eigi að síður.

Annars vegar er brtt. um afnám leiklistarráðs. Ég er vitanlega algerlega andvígur þeirri hugmynd. Þetta ráð var tekið í lög 1977, seint á þingi þá. Það er ekki nein reynsla fengin af þessu lagaákvæði. Ráðið hafði ekki komið saman til fundar þegar ég fór úr menntmrn. Ég hef svo ekki nákvæmlega fylgst með hvað gerst hefur síðan. Ég tel þess vegna allt of snemmt að fara að afnema þetta ákvæði og eins að breyta því á nokkurn hátt. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess.

Þetta sérstaka atriði, að ráðið skuli stuðla að stefnumótun í leiklist, var töluvert rætt á þingi þegar frv. var hér

til meðferðar. Hv. 3. þm. Austurl. tók sem dæmi um stefnumótun það atriði að stuðla að því, að flutt séu vandaðri leikhúsverk, bæði íslensk verk og vandaðri verk eftir erlenda höfunda. Það var dálítið rætt um það, þegar málið var hér til meðferðar fyrst, hvort þarna væri um að ræða að hafa áhrif á leikritun, á það hvernig höfundar skrifuðu leikverk. Það var náttúrlega alls ekki ætlunin. Ég fyrir mitt leyti tel alveg fráleitt að fara að breyta þessu ákvæði laganna. Og mér fannst nú satt að segja, þegar ég hlýddi á tal hv. 5. þm. Reykv. um þetta atriði, að þm. gerði sér ekki alveg grein fyrir því, hvað ætlast væri fyrir með störfum ráðsins, og hafði þó þm. lögin fyrir framan sig og hefði vel átt að geta gert sér grein fyrir því. En þetta sló mig nú þannig.

Bollaleggingar þessa hv. þm. um kostnaðarhlið og að það væri óeðlilegt að taka ráðið með á listann yfir þá aðila sem styrkja á, samhliða öðrum stærri aðilum, er á misskilningi byggt. Það er rétt, að um ólíka starfsemi er að ræða í þessari upptalningu. En það þótti hins vegar nauðsynlegt að hafa sérstakan lið fyrir leiklistarráð. Það hefur komið upp nú, að mönnum þykir nauðsynlegt að hafa þessa sérliði fleiri. Ráðh. eða ríkisstj. í sínu frv. — stjfrv. er þetta — leggur til að taka skuli upp nýjan lið fyrir leikstarfsemi fagfólksins — þess sem þó starfar ekki í hinum föstu leikhúsum. Og hv. 5. þm. Reykv. telur líka nauðsynlegt að taka þarna upp sérstakan lið fyrir hugsanlega óperu, sem vissulega er einn þáttur leiklistarstarfsemi. Þetta skýrir það að rétt þótti að hafa sérstakan lið fyrir leiklistarráð, því það féll ekki beint undir aðra liði í upptalningunni.

Ég vil ekki á nokkurn hátt bregða fæti fyrir till. hv. þm. um að skjóta óperunum inn í lögin. Nú er það að vísu svo, að óperu er í þjóðleikhúslögunum ætlaður hlutur í Þjóðleikhúsinu. En ég tel eftir atvikum rétt að opna einnig þann möguleika sem hér er um að ræða. Svo fer það náttúrlega eftir fjárveitingum, eins og bent hefur verið á, hvort það lagaákvæði yrði raunhæft, yrði notað. Ég áleit á sínum tíma og álít enn að það sé kannske ekki alveg nauðsynlegt að taka upp sérliði fyrir leikhús fagfólksins og fyrir óperuna, það væri hægt að styrkja þá aðila án þess. Hins vegar held ég að þetta sé greinilegra að það sé til bóta að taka upp þessa liði báða þá. Og hvað snertir óperustarfsemina, þá er það gefið að þetta er ein grein leiklistarstarfsemi, sem fram fer á leiksviði, þó sungið sé það orð sem flutt er, og þess vegna ekkert óeðlilegt þó hún komi inn í þessi lög.

Ég vildi láta þessa afstöðu mína koma fram, að ég er algerlega andvígur till. um að fella niður leiklistarráðið eða breyta ákvæðunum um það, af því að ég tel að það sé ekki komin á það nein reynsla, og ég tel að það hafi verið rétt hugsun að mynda þennan umræðuvettvang og á þennan hátt. En aftur á móti styð ég brtt. um óperuna.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hv. menntmn. Ed. fyrir stuðning n. við þetta stjfrv. og það að hraða afgreiðslu málsins. Eins og fram kom við 1. umr. er meginefni frv. að staðfesta tilverurétt sjálfstæðra leikhópa í lögunum sjálfum, þannig að tekin séu af öll tvímæli um að aðrir sjálfstæðir atvinnuleikhópar en Leikfélag Akureyrar og Leikfélag Reykjavíkur geti fengið sérstakar fjárveitingar á fjárl. Nú hefur hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, flutt till. um að einnig væri þar bætt við lið sem héti: Til óperustarfsemi. Ég verð að segja að mér finnst það nokkuð góð ábending. Ég held að mál sönglistarinnar í landinu séu á svo frumstæðu stigi hjá okkur að ekki veiti af að veita þeim þann stuðning sem í þessari brtt. felst. Ég er því reiðubúinn að gjalda henni jákvæði og tel að það yrði tvímælalaust til bóta að Alþ. veitti hverju sinni einhverja upphæð sérstaklega til óperustarfsemi, vegna þess að staðreyndin er sú, að þó að við viljum gjarnan reyna að láta Þjóðleikhúsið annast slíka starfsemi, þá er því um megn að sinna því hlutverki sínu sem skyldi.

Ég verð hins vegar að segja það, að mér finnst langar orðræður hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur um leiklistarráð vera af minna tilefni. Mér finnst að þar sé ekki verið að flytja stórmál. Ég held að allt tal um hugsanlegt ófrelsi af völdum þessa leiklistarráðs sé nokkuð úr hófi fram. Ég held að ekki sé nokkur minnsta hætta á ferðum þó að þetta ráð fái að starfa og frelsi í íslenskri menningu verði engu minna eftir sem áður. Það kemur skýrt fram í lögunum, að leiklistarráði er ætlað að vera vettvangur skoðanaskipta og ráðgefandi aðili um leiklistarmál, ætlað að stuðla að útgáfu og ritun leikrita og almennt fjalla um hagsmunamál þessarar greinar íslenskrar menningar. Og þó að það sé tekið fram, að leiklistarráð eigi að stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma, þá dettur auðvitað engum manni í hug að leiklistarráð eigi að fara að ákveða hvaða listastefnu skuli fylgja eða hvaða stefnu skuli fylgt í ritun leikrita. Það er ekki það sem átt er við. Ég er sannfærður um að þeim, sem sömdu frv. til leiklistarlaga á sínum tíma, fannst ekki taka því að vera að orða það á þann veg að afstýrt gæti misskilningi með þessum hætti, því að þeim hefur ekki dottið í hug að nokkur gæti túlkað orðalagið í þessa átt. Auðvitað er átt við það, að leiklistarráð stuðli að stefnumótun á þessu sviði hvað snertir aðgerðir ríkisvaldsins og stuðning við þessa starfsemi, að leiklistarráð fjalli um það á hverjum tíma hvað þurfi að lagfæra í aðgerðum og stuðningsviðleitni ríkisvaldsins á hverjum tíma til þess að bæta úr þeim ágöllum sem fram koma á þessu sviði. Við höfum mörg ráð af þessu tagi, við höfum Rannsóknaráð ríkisins, sem er líka ráðgefandi aðili af þessu tagi á einu ákveðnu sviði menningar okkar. Einnig í atvinnulífinu höfum við ráð af þessu tagi, svo sem Fiskiþing er eða Búnaðarþing, þar sem menn koma saman, fjalla um hagsmunamál viðkomandi atvinnugreinar og gera tillögur til úrbóta. Það er nákvæmlega þetta sem leiklistarráðinu er ætlað að gera.

Ég vil að lokum taka undir orð hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar, fyrrv. menntmrh., sem hann lét falla áðan, að þetta ráð hefði ekki starfað svo lengi að ástæða væri til þess að fara að afnema það strax, það væri réttara að fá einhverja reynslu af störfum þess. Ég tel að við ættum alls ekki að gera neina breytingu hvað þetta atriði snertir og það sé síður en svo nokkur minnsta hætta á ferðum þó að ráð af þessu tagi fái að koma saman árlega til skoðanaskipta um leiklist og menningarmál.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er eins og hæstv. menntmrh. og hv. 2. þm. Austurl., menntmrh. núv. og fyrrv., séu alveg í vandræðum með þennan óboðna gest sem hefur eins og sloppið inn á milli stafs og hurðar í leiklistarlögin og vill með engu móti frá þeim fara.

Hv. 2. þm. Austurl. segir að það sé einkennilegt að ég virðist ekki gera mér grein fyrir hlutverki leiklistarráðs og hafi ég þó lögin fyrir framan mig. Það var nú einmitt

það sem gerðist þegar lögin voru sett á sínum tíma. Við höfðum nákvæmlega þessar skýringar fyrir framan okkur og enginn skildi samt í hverju þetta hlutverk eiginlega fólst, þrátt fyrir orðalag lagagr. Ég efast um að hv. 2. þm. Austurl., þáv. hæstv. menntmrh., hafi í raun og veru skilið það alveg sjálfur — svo mikið var víst að menn höfðu ekki við að geta í eyðurnar, geta sér þess til, að þetta hlyti að vera svona hugsað og svona hugsað. Ég nefni dæmi um nokkrar tilgátur: Það hlýtur að vera hugsað á þann veg, að ekki sé meiningin að fara að hafa áhrif á leikritun eða stefnu í sjálfum leikritunum. Þetta er einungis umræðuhópur. Hví skyldi ekki hópur manna mega hittast og tala saman um leiklist? Ég segi líka: Hví skyldi ekki hópur manna mega hittast og tala saman um leiklist, ekki er verið að tala um að banna það? Það er einungis verið að tala um að nema það úr lögum að kosta menn til að hittast og spjalla saman um leiklist. Það er það sem við viljum ekki. Við viljum ekki heldur lögskipa slíkar samræður.

Sannleikurinn er sá, að á sínum tíma voru engar pólitískar línur í afstöðu til þessa máls. Þetta ákvæði var jafnmikill þyrnir í augum þm. úr öllum flokkum. Hér stendur í dyrunum einn hv. þm. úr Alþb. sem einmitt barðist gegn þessu ákvæði af nákvæmlega sömu ástæðum. Ég skil því ekki hvers vegna hv. fyrrv. og hæstv. núv. menntmrh. er svona afskaplega annt um þetta vandræðalega leiklistarráð sem ekki hefur einu sinni starfað nokkurn skapaðan hlut. Við skulum sem fyrst nema ákvæði um þetta úr lögunum til að koma í veg fyrir að nokkur hætta geti af því stafað að einhver kynni að skilja þessi ákvæði eftir orðanna hljóðan. Þessar lagagr. eru ekki nægilega skýrar til þess að hægt sé að fara eftir þeim. Þetta eru ákvæði sem ráðh. hugsa að hafi verið svo og svo meint, án þess að þeir séu einu sinni vissir um hvað þau þýða.

Rétt er að fara nokkrum orðum um meginbreytinguna í þessu frv. sem fram hefur komið, að gerð sé till. um að viðurkenna starf annarra sjálfstæðra atvinnuleikhópa en Leikfélags Reykjavíkur og Leikfélags Akureyrar. Hv. frsm. meiri hl. n. gerði það raunar ekki. Það, sem hér er um að ræða, er í raun og veru sama frv. og hv. 3. þm. Austurl. flutti á áliðnu síðasta þingi og var sérstaklega hugsað til þess að styðja starfsemi Alþýðuleikhússins. Nú er það svo, að Alþýðuleikhúsið hefur flutt — eða flutti a. m. k. fyrir nokkrum árum — fyrst og fremst svonefnda þjóðfélagslega leiklist, eins og hv. 3. þm. Austurl. kallar það og hv. þm. segir sjálfur að skipi í sínum huga fyrsta sæti í leiklistinni. Ef það, sem hv. þm. *úr flokki hans eru hrifnastir af, er á sviði þjóðfélagslegrar* leiklistar, ég tala nú ekki um ef það er svokölluð þjóðfélagslega meðvituð leiklist, þá verð ég að segja að flest slík leikrit þykja mér og ákaflega mörgum fleiri afskaplega leiðinleg, ósköp óskemmtileg. (Gripið fram í.) Rétt er það, en slíkt er ekki til umr. hér. Vitanlega á fólk að fá að horfa á leiðinleg leikrit sér til sálubótar, ef því sýnist svo og ef þau eru sótt — mikil ósköp. En sannleikurinn er sá, að það, sem fyrst og fremst skiptir máli í þessu sambandi, er meginreglan sem felst í þessu ákvæði frv. um viðurkenningu annarra sjálfstæðra atvinnuleikhópa. Vitanlega á sjálfstæður atvinnuleikhópur, hvort sem það er Alþýðuleikhúsið eða einhver annar sjálfstæður leikhópur, rétt á því að starfa í samkeppni við aðra aðila í sinni grein. Það fer þá eftir viðtökum áhorfenda, hversu lífvænleg sú listgrein er. Það er alveg ljóst. Það, sem skiptir máli, er fyrst og fremst það atriði, en ekki hitt, hvort um er að ræða það sem kallað er þjóðfélagsleg list eða eitthvað annað, hvort um er að ræða sorgarleiki, gleðileiki, söngleiki eða hvaða aðrar greinar leiklistar sem er. Allt á þetta vissulega tilverurétt í höndum hæfra og vel menntaðra listamanna og sjálfsagt að slíkir hópar hljóti sams konar stuðning án þess að þeim sé mörkuð stefna ofan frá af hálfu ríkisskipaðs og ríkiskostaðs hóps.

Frsm. meiri hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það þurfa ekki að vera mörg orð. Hér er verið að gera mikið mál úr litlu. Ég fagnaði því svo sannarlega að fá konu hér inn í karlaveldið hjá okkur í Ed., en það hryggir mig að sá einhugur, sem í d. var um þetta mál á sínum tíma, skuli einmitt vera rofinn af þessu fagnaðarefni mínu.

Þannig var mál með vexti í sambandi við þetta á sínum tíma, að Ed. var algerlega sammála um þetta mál og um þetta leiklistarráð urðu ekki þær geysilegu vangaveltur sem ég viðurkenni að voru auðvitað í fleiri flokkum en í flokki hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, í mínum flokki einnig, um þá ógn og vá sem gæti stafað af t. d. orðunum: „og stuðla að stefnumótun á því sviði."

Ég vil taka það fram, af því að ég var að tala um að ég óttaðist nokkuð um fjárveitingar til óperustarfseminnar, að það geri ég einfaldlega vegna þess að styrkurinn til áhugaleikfélaganna, þ. e. a. s. á þessu ári, er 220 þús. kr. í hámarki. Ég stórefa að styrkur til flutnings verks eins og hv. þm. er að fara fram á í sambandi við óperustarfsemina yrði mjög til þess að hjálpa þeim sem þar að stæðu. En þetta er hámarksstyrkurinn sem áhugaleikfélögin fá í dag.

Ég vil taka það fram í sambandi við ráðið og það, sem hefur verið rætt um það, að reiknað er með því að framkvæmdaráð þessa leiklistarráðs, þessi þriggja manna stjórn, fái þóknun, ekki leiklistarráðið sjálft. Það er stjórn þess aðeins sem laun skal taka. Það kom mjög skýrt fram þegar lögin voru sett.

Reykvíkingar óttast alltaf þegar utanbæjarmenn fá einhvern dvalarkostnað greiddan ef þeir koma til Reykjavíkur, vegna þess að þeir þurfa að sækja yfirleitt allar ráðstefnur hingað, og það verður sjálfsagt eins með þetta leiklistarráð. Vegna þess að í ráðinu eiga sæti Reykvíkingar að öðru leyti en því að þar sitja þrír utan af landsbyggðinni, og þar tel ég mig m. a. s. með, sem er nú í Reykjavík nokkurn veginn meiri hlutann af árinu, þá held ég að þar verði ekki um stóran bagga að ræða af þessum tveimur hinum sem utan af landi eru í þessu leiklistarráði nú. Ég held að það verði ekki þungur fjárhagslegur baggi af þeim. Og *stjórnarmennirnir í framkvæmdastjórninni*, sem eiga að fá einhverja þóknun, ég hef ekki heldur áhyggjur af þeim þrem mönnum sem þar eru.

Það er rétt, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er að efni sama frv. og ég flutti í fyrra, og ég tók fram við 1. umr. málsins, en hv. þm. hefur e. t. v. ekki verið viðstödd þá, að væri það hið sama. Hins vegar held ég að ég hafi, þó að ég hafi nefnt Alþýðuleikhúsið í framsögu minni fyrir því máli þá og eins við 1. umr. nú, nefnt einnig aðra hópa, t. d. þá hópa sem kynnu að verða myndaðir af hálfu þess fólks sem er að koma út úr Leiklistarskóla ríkisins, og ég nefndi einnig leikhús sem hér hefur starfað, Ferðaleikhúsið, þannig að þetta var ekki við Alþýðuleikhúsið eitt einskorðað.

Það er alveg rétt, að mér er þjóðfélagsleg leiklist að

skapi. Hins vegar vona ég að það hafi ekki farið fram hjá hv. þm., að ég sagði að þrátt fyrir það mundi ég beita mér fyrir því innan leiklistarráðsins að engin ein stefna yrði þar ofan á, við færum sérstaklega að styrkja þá leiklist annarri fremur, þó að við hefðum til þess vissa löngun, enda hefur leiklistarráðið enga möguleika til þess. Og ég endurtek að leiklistarráðið er komið inn samkv. ábendingu áhugaleikfélaganna, sem óskuðu eftir því á sínum tíma að fá vettvang til að ræða við atvinnumennina. Við vildum gjarnan fá það lögfest, að við hefðum slíkan viðræðuvettvang m. a. og þá fyrst og fremst til þess að knýja á atvinnuleikhúsin, og þá Þjóðleikhúsið alveg sérstaklega, að veita áhugaleikfélögunum þann ótvíræða stuðning sem Þjóðleikhúsið á að gera, en hefur ekki gert *nema að mjög litlu leyti enn í dag*. Þetta átti þess vegna að vera vettvangur til þess að reyna að knýja það fram, að Þjóðleikhúsið styddi í raun áhugastarfsemina, en ekki með þeim vettlingatökum sem það hefur gert hingað til. Sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir öll ákvæði í lögunum varðandi Þjóðleikhúsið er það svo, að ef til Þjóðleikhússins er leitað um leikara eða leikstjóra, þá hefur það hingað til bæst ofan á sem aukakostnaður áhugaleikfélaganna, en ekki það, að Þjóðleikhúsið léði þessum áhugaleikfélögum starfskrafta sína, eins og það ætti í raun og veru að gera, öðruvísi en með þeim aukakostnaði sem því fylgir að fara ú á landsbyggðina og setja þar upp leikrit. Það var af þessari ástæðu fyrst og fremst, til þess lágu engar pólitískar ástæður að neinu leyti, að þessari stefnumótun var að komið. Ég skýrði það áðan. Þetta átti að vera vettvangur og ég vona að það verði það.

Ástæðan til þess, að þetta ráð hefur ekki komið saman, er ekki sú, að áhugaleikfélögin hafi ekki tilnefnt sína aðila. Þau gerðu það strax og þeim var það heimilt. En ýmsir aðrir aðilar, sem hafa auðvitað minni áhuga á þessu, hafa ekki tilnefnt sína aðila, ég held jafnvel ekki enn þá, og það er af þeirri ástæðu einni sem leiklistarráð hefur ekki verið kallað saman. Við viljum fá það fullskipað áður en það er kallað saman. Þessir aðilar hafa vitanlega ekki mikinn áhuga á því að fara að ræða við okkur áhugamennina í þessu efni, a. m. k. ekki sumir hverjir, um það, hvernig þeir geti liðsinnt okkur í menningarstarfsemi okkar víðs vegar úti um landsbyggðina.

ATKVGR.

Brtt. 179, 1. a felld með 9:6 atkv.
— 179, 1. b samþ. með 13:4 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 179, 2 felld með 8:5 atkv.
— 179,2 til vara felld með 9:6 atkv.
— 212 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 213). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég þakka forseta og þessari hv. d. fyrir að samþykkja að það lagafrv., sem hér er til umr., skuli tekið á dagskrá þótt ekki hafi unnist tími til þess að dreifa því fyrr en nú í byrjun fundar. En það er nauðsynlegt að afgreiða það samtímis öðrum lögum um tekjur ríkissjóðs fyrir árið 1979.

Í frv. til fjárl. fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir því, að á því ári verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var árið 1978 á grundvelli laga nr. 70 frá 1977. Er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir að álagt gjald nemi 6 milljörðum 350 millj. kr. og gefi 5.6 milljarða kr. í innheimtar tekjur ríkissjóðs.

Með 2. gr. laga nr. 103 frá 1978 lofaði ríkisstj. að lækka skatta lágtekjufólks um sem næmi 2% af verðbótavísitölu þeirri sem gilti fram að 1. des. s. l. og þá miðað við skattalækkun frá forsendum fjárlagafrv. Till. ríkisstj. um skattalækkun eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að skattvísitala hækki frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlagafrv., en hins vegar er lagt til að sjúkratryggingagjald lækki, og felst sú lækkun í lagafrv. þessu. Til að tryggja að lækkun sjúkratryggingagjalds komi lágtekjufólki og þeim, er hafa lágar miðlungstekjur, fyrst og fremst til góða er lagt til að sjúkratryggingagjald verði stighækkandi, þannig að 1.5% leggist á gjaldstofn hjá einstaklingum allt að 3 millj. 450 þús. kr., en á gjaldstofn hjóna allt að 4.6 millj. kr. Af gjaldstofni umfram fyrrgreind mörk verði gjaldið 2%, en hingað til hefur það numið 2% af öllum gjaldstofninum. Enn fremur er lagt til að frádráttur elli- og örorkulífeyrisþega umfram það að undanþiggja sjálfan elli- og örorkustyrkinn þessu gjaldi skuli hækka úr 300 þús. í 450 þús. hjá einstaklingum og úr 500 þús. í 750 þús. kr. hjá hjónum. Auk þess er lagt til í frv. til 1. um breytingu á tekjuskattslögum, sem lagt er fram samhliða frv. þessu, að ónýttur persónuafsláttur gangi til greiðslu sjúkratryggingagjalds áður en hann gengur til greiðslu útsvars, en það ákvæði er nýmæli í lögum.

Ætla má að þessar breytingar ýri innheimtar tekjur ríkissjóðs af sjúkratryggingagjaldi um 1450 millj. kr. frá því sem áætlað er í fjárlagafrv., þannig að tekjur ríkissjóðs af gjaldinu verði 4 milljarðar 150 millj. kr. í stað 5.6 milljarða kr. sem áætlað var. Af þessum 1450 millj. kr. ganga 1250 millj. kr. til lækkunar gjaldhlutfalls á lágtekjur, en 200 millj. kr. ganga til þess að láta ónýttan persónuafslátt mæta sjúkratryggingagjaldi.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 203, 220). — Frh. 3. umr.

Afbrigði um brtt. 220, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs, er þessi brtt. og ummæli hæstv. menntmrh. í þessari hv. d. nú fyrir helgina. Leyfi ég mér að spyrja forseta, hvort hann vilji ekki hlutast til um að ráðh. sé viðstaddur umr., en hann gekk úr salnum. (**Forseti:** Ráðh. gengur í salinn.)

Eins og hv. dm. er kunnugt, vakti hæstv. menntmrh. á því athygli við umr. fyrir helgina, að óeðlilegt væri að leggja svo há gjöld á ýmis hljóðfæri. Af því tilefni höfum við þm. Sjálfstfl. flutt brtt. um það, að vörugjald leggist ekki á hljóðfæri, og veitti forseti frest til þess að vinna þessa till., en það þurfti að finna þessi númer. Hef ég notið aðstoðar sérfræðinga í fjmrn. við það og óskaði eftir því að þeir fyndu út öll hljóðfæri, allt frá flyglum og niður í hrossabrest. Ég er ekki alveg viss um að hrossabresturinn sé hér með, en ég held að tekin séu hljóðfærin nokkurn veginn í heild. En mér er sagt að þetta muni skerða tekjur ríkissjóðs nálægt 100 millj. kr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 1. flm. þessarar brtt. á þskj. 220, hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, að ég vakti athygli á því á fundi d. á föstudaginn var, að nauðsynlegt væri að endurskoða þau tollskrárnúmer, sem ættu að falla undir þetta sérstaka tímabundna vörugjald, og eðlilegt væri að hljóðfæri væru með öllu undanþegin þessum gjöldum. Ég hef rætt þetta mál við fjmrh. og vakið athygli á þessu í ríkisstj., og ég veit að það er fullur skilningur á því að þessu verði breytt. Ég benti jafnframt á það, að í frv., eins og það liggur fyrir, er heimild fyrir fjmrh. til þess að undanþiggja ákveðnar vörur gjaldinu. Ég sagðist reiðubúinn að samþykkja frv. í trausti þess að hæstv. fjmrh. tæki vörugjaldið til endurskoðunar í samræmi við þessa heimild og breytti því þannig að hljóðfæri yrðu almennt undanþegin þessu gjaldi.

Ég lýsti því yfir, að ég teldi að við hefðum ekki aðstöðu eða tíma til þess að framkvæma þá heildarendurskoðun á þessum löngu listum yfir tollvöruflokka sem þörf er á að gera. Ég er viss um að það eru fleiri atriði hér, sem lagfæra þarf, en þau sem snerta hljóðfærin. Ég hef enga tryggingu fyrir því, að þau númer, sem hv. flm. þessarar till. hafa fært hér á blað, séu nákvæmlega hin réttu. Ég tel að þetta mál þurfi að endurskoða í betra tómi og ég treysti hæstv. fjmrh. fullkomlega til þess að standa fyrir þeirri endurskoðun. (Gripið fram í.) Þess vegna mun ég ekki standa að samþykkt þessarar brtt.

Ég vil alveg sérstaklega vekja á því athygli, að hv. flm. létu sér ekki til hugar koma að flytja brtt. af þessu tagi fyrr en ég vakti athygli á þessu atriði. Þeir höfðu þó tækifæri til þess við 2. umr. málsins og afgreiðslu úr n. að koma með brtt. af þessu tagi. En þeim kom ekki til hugar að gera það fyrr en vakin var athygli á þessu. Það er því bersýnilegt, að till. þessi er einungis flutt í því skyni að reyna að tefja afgreiðslu þessa máls og reyna að valda því að um það þurfi að fjalla nú á næstu dögum. Þá gæti afleiðingin hugsanlega orðið sú, vegna þess hve skammt er nú þar til gert verður jólahlé, að frv. næði ekki fram að ganga. Ég tel að ef hv. flm. hefðu raunverulega haft áhuga á því að fá fram breytingar á þessu sérstaka tímabundna vörugjaldi hvað snertir þetta atriði og fleiri atriði sem þarf að endurskoða og athuga, þá hefðu þeir að sjálfsögðu gert till. um það við 2. umr. málsins í framhaldi af afgreiðslu málsins úr fjh.- og viðskn. En það gera þeir ekki. Þeir koma fyrst með þessa till. þegar ég vek á því athygli, að það þurfi að endurskoða þessa tollvöruflokka sem nefndir eru í þessu frv., og óska eftir því, að sú endurskoðun fari nú fram á næstu vikum. Og ég tel að þessi síðbúna till. bendi eindregið til þess, að ekki hafi fylgt allt of mikill eða góður hugur máli, heldur sé hún flutt fyrst og fremst til þess að valda pólitískum vanda. Ég mun því ekki treysta mér til þess að styðja till., en lýsi því enn einu sinni yfir, að ég treysti hæstv. fjmrh. fullkomlega til þess að standa fyrir athugun á þessum tollvöruflokkum — athugun sem þarf vafalaust að snerta fleiri vöruflokka en hljóðfæri- og treysti því, að sú athugun fari fram á næstu vikum.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. sem nú fer fram í Nd. um frv. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, hvaða mál það væru sem lægju fyrir þinginu í sambandi við og í tengslum við fjárlagafrv. Þ. á m. er þetta mál sem hér er til umr. Ég lýsti því yfir þar og mun gera það hér þegar þessi mál koma hingað, að ákveðið er að fram fari á næsta ári endurskoðun á þeim tollvöruflokkum sem um er að ræða í þeirri upptalningu sem greinir um það, á hvaða vörur og flokka hið sérstaka tímabundna vörugjald leggst.

Ég vil ekki á þessu stigi málsins gefa neinar yfirlýsingar um það, hvernig þessi endurskoðun verður. Hún fer fram og ég álít að það þurfi að gera á þessu lagfæringar og við það mun verða staðið. En ég hef ekki aðstöðu til þess nú að gefa neinar yfirlýsingar um einstök atriði í þessu sambandi þar sem þetta snertir allt saman tekjuöflunarmöguleika ríkissjóðs.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vek athygli á að hér er komin fram brtt. sem hv. fjh.- og viðskn. hefur ekki haft tækifæri til þess að fjalla um, en í ljós hefur komið að t. d. hæstv. menntmrh. virðist meðmæltur þessari till., en telur sig þó ekki að svo stöddu geta fylgt henni. Ugglaust kunna að vera fleiri menn hér í d. sem ekki eru búnir að gera upp hug sinn varðandi þessa till. Í öllu falli fyndist mér æskilegt að viðkomandi n. gæfist tími til þess að líta á till., ekki síst eftir þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að hann telji margt í þessu frv. þurfa endurskoðunar við og vera kunni að þetta verði endurskoðað en þó gaf hann engar upplýsingar um það eða bindandi loforð hvort svo yrði eða ekki.

Það eru því tilmæli mín við d. og forseta, að þessi till. gangi til fjh.- og viðskn. til athugunar áður en d. taki afstöðu til hennar.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Það kom fram sú ósk á fundinum á laugardaginn, að þessu máli yrði þá frestað til þess að hægt væri að athuga það aftur hjá fjh.- og viðskn. N. kom saman á fund í morgun og meiri hl. gat ekki fallist á að samþykkja þá brtt. sem hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur nú kynnt og þm. Sjálfstfl. hafa flutt. Meiri hl. hélt við fyrra nál. sitt, að málið yrði afgreitt með þeirri breytingu sem hann lagði til og samþ. var hér við 2. umr. Það er af þeim ástæðum sem hér hafa komið fram hjá hæstv. ráðh., að þetta mál þurfi víðtækari skoðunar við og geti verið að þar þurfi ýmsu að breyta eða hægt sé að lagfæra ýmislegt sem menn kjósa, — þá fleira en þau atriði sem eru í þessari till. Af þeim sökum taldi meiri hl. sér ekki fært að styðja þá brtt. sem hér er komin fram.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Hæstv. menntmrh. dró í efa að þetta væri nægilega vel unnið mál. Ég vil upplýsa það hér, að ég hafði samráð við ráðuneytisstjóra og fulltrúa í fjmrn. í morgun og bað þá að hjálpa mér til þess að ganga þannig frá þessu að öll hljóðfæri yrðu upp talin, eins og ég raunar upplýsti strax

áðan. Þess vegna er ekki hægt að skjóta sér á bak við það, að málið sé ekki rétt fram borið.

Að við í stjórnarandstöðunni hyggjumst tefja þingstörf eða höfum sýnt að við höfum gert það undanfarna daga, það tel ég vera ódrengilega mælt. Það vita allir hér, að við höfum ekki verið að tefja þingstörf eða verið að gera stjórninni og stjórnarflokkunum erfitt fyrir að starfa í þessari hv. deild.

Um það atriði, að við hefðum getað borið þessa brtt. fram við 2. umr. málsins, má segja út af fyrir sig að það sé rétt. En við vissum ekki þá um þennan eindregna stuðning hæstv. menntmrh. Og við gerum okkur vonir um að hann sé ekki einn um þetta af stjórnarliðunum. Þess vegna var tilefnið augljóst. Við treystum því, að hann mundi beita áhrifum sínum til þess að það bættust við 4 eða 5 þm. til þess að samþykkja þetta mál. Og að við séum að valda einhverjum pólitískum vanda með því! Ef vandinn væri nú ekki meiri í stjórnarherbúðunum en að gera upp hug sinn í þessu efni, þá horfði nú betur fyrir ríkisstj.

Hæstv. menntmrh. hljóp héðan út þegar umr. byrjaði, að mér skildist til þess að leita að fjmrh. og fá hann til að koma hingað og gefa yfirlýsingar. Hann sagði að það væru til undanþáguheimildir, sem fjmrh. gæti notað, og hann mundi, að mér skildist, beita sér fyrir því að þær yrðu notaðar. Hæstv. fjmrh. gerði sér lítið fyrir og stakk sér í stólinn og sagði afdráttarlaust að hann gæfi engar yfirlýsingar í þessa átt. Á þessu stigi gef ég engar yfirlýsingar um einstök atriði, sagði hæstv. fjmrh. sem svar við beiðni hæstv. menntmrh. um að hann gæfi þá yfirlýsingu sem nægja mundi. Það er þess vegna alveg ljóst að þessi gjöld verða áfram á hljóðfærunum, ef þessi hv. d. samþykkir ekki þessa brtt., og hæstv. fjmrh. var ekkert að skera utan af því. Hann vildi láta alla vita það. Það var augljóst þegar hann stóð hér í stólnum, að hann ætlaði ekki að ansa beiðni hæstv. menntmrh. Menntmrh. á þess vegna engra kosta völ annarra en þeirra að greiða atkv. með tillögunni.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að við munum vera býsna margir þm. í þessari hv. d. sem undanskilja vildum ýmsa vöruflokka sem nú er ráðgert að innheimta vörugjald af. Ég vildi gjarnan sjá um það, að ekki yrði innheimt vörugjald af hljóðfærum. Það sama gildir um ýmis tæki til íþróttaiðkana sem nú er lagt á vörugjald og verða mun á næsta ári.

Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson upplýsti okkur um það áðan, að hann hefði með aðstoð ráðuneytisstjóra og starfsmanna fjmrn. gengið úr skugga um að hér yrði náð til allra tegunda hljóðfæra. — Hljóðfæri eru mörg, og hér er um að ræða vörur sem gilda mundu 100 millj. kr. í heild í vörugjaldi. Spurningin er þá hvort hv. þm. gæti ekki hugsað sér að nú yrði stigið fyrsta skrefið í þessa átt, þessu yrði náð í áföngum, við gætum fengið hér samþykkt sem yrði stefnumarkandi.

Af hinum mörgu tegundum hljóðfæra, sem hér um ræðir, tilgreindi hv. þm. hrossabrestinn einan. Þá er spurningin hvort hann mundi ekki sætta sig við að hið fyrsta skref yrði það, að niður yrði fellt vörugjald af þessu hljóðfæri hjarta hans, sem mundi þá e. t. v. ekki muna ríkissjóð ákaflega miklu, en gæti þó heitið að þar væri mörkuð stefna til framtíðar, að í þá átt yrði miðað að niður yrði fellt vörugjald af hljóðfærum yfirleitt.

Ég vil beina þessari spurningu til hv. þm. hvort hann mundi ekki geta sætt sig við að þetta yrði byrjunin, og í því mundi ég styðja hann, en greiða atkv. gegn till. í heild að öðrum kosti.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Mér fannst nokkuð djarft af hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni að rangtúlka orð hæstv. fjmrh. örfáum mínútum eftir að hann kom í stólinn. Hæstv. fjmrh., Tómas Árnason, lýsti því yfir áðan, að vörugjaldið yrði tekið til endurskoðunar á næstunni og hann væri reiðubúinn til þess að standa að slíkri endurskoðun. Hitt er allt annað mál, að hann var ekki reiðubúinn til þess, eins og hann sagði hér, að lýsa því yfir hvaða einstakir vöruflokkar yrðu þar teknir til meðferðar. Hann lýsti því yfir, að þessi endurskoðun mundi fara fram, og hafði þá vafalaust í huga að fleiri vöruflokkar gætu komið þarna til álita en hljóðfærin ein, það mætti ekki skoða þau ein sér, heldur yrði að líta á gjaldið allt. Og það er einmitt í trausti þessarar yfirlýsingar, að málið í heild verði endurskoðað á næstu vikum, sem ég tel að ekki sé tímabært að gjalda jáyrði við till. sem hér er flutt, enda er hún greinilega búin til í skjótræði og engin trygging fyrir því fyrir dm. að hún fullnægi þeim óskum sem hér hafa verið uppi.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég er fylgjandi því, að innflutningsgjöld af hljóðfærum séu lækkuð eða felld niður. Hins vegar vil ég benda á þá staðreynd, að það eru vissulega ýmsir þýðingarmiklir vöruflokkar hátollaðir í innflutningi til landsins sem þörf væri á að lækka. En það, sem ég tel að sé kjarni mála og staðreynd, er að okkur skortir fjármagn til nauðsynlegustu verkefna og erum einmitt núna þessa dagana að leggja mikla skatta á skattborgara til að bjarga atvinnuvegunum frá hruni. Þess vegna verður eins ágætt mál og við erum að ræða um hér að mínu mati að bíða betri tíma og nánari skoðunar og því mun ég greiða atkv. gegn þessari brtt.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vildi óska þess að hv. 5. þm. Vesturl. hefði endað ræðu sína á því að segja einungis að þetta mál þyrfti að bíða betri tíma. Ég skil það á málflutningi hans og annarra hv. stjórnarsinna, að tími þeirra sé svo erfiður nú að þeir geti ekki einu sinni fylgt jafnsjálfsögðum menningarmálum og því sem hér er um fjallað og stjórnarandstæðingar fluttu till. um með góðum hug. Þegar stjórnarandstæðingar heyrðu að um stuðning væri að ræða af hálfu sjálfs menntmrh., þá var auðvitað sjálfsagt að gefa honum kost á að styðja slíka till. Við skiljum það ósköp vel, að hæstv. ráðh. er sjálfur í þeirri aðstöðu að það væri erfitt fyrir hann gagnvart meðráðh. sínum að fara að taka slíkt mál eitt út úr og flytja um það till. En vegna þess að hlýhugur kom fram í máli hans til þessara efna, þá þótti sjálfsagt að flytja þessa tillögu.

En það er rétt, eins og hv. 5. þm. Vesturl. sagði, og ég er tilbúin að skilja það sem röksemd af hálfu hv. stjórnarsinna, að það er slæmur tími. En athugun málsins þarf hins vegar ekki að bíða, henni er lokið. (**Gripið fram í:** Henni er lofað.) Henni er lofað, en till. liggur fyrir fullundirbúin, athuguð af sérfræðingum sjálfrar ríkisstj., svo að ég sé ekki að málið þurfi frekari athugunar við, ekki að því er varðar þennan málaflokk. Hitt er rétt, sem kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e., að auðvitað eru fjölmargir málaflokkar eða fjölmargir vöruflokkar sem við vildum hafa lægra gjald á til aukinnar menningar í

landinu og ekki síst til aukins hreinlætis — svo dýrt er orðið að halda húsum sínum og sjálfum sér hreinum nú til dags, eftir að hæstv. ríkisstj. lagði ýmis gjöld á þær vörur sem við nútímafólk erum farin að trúa að teljist allt að því nauðsynlegar. Það virðist teljast til munaðar að halda sér hreinum, að ég tali ekki um sæmilega snyrtum fyrir utan grundvallarhreinlæti. Ég nefni nú ekki ýmiss konar krem og krukkur, púlver og pómaði og slíkt, sem er náttúrlega þvílíkur lúxus að maður má ekki um það tala — og allra síst kvenmaður, þá þykir það auðvitað sérdeilis hégómlegt. (Gripið fram í.) En ég er ósköp fegin því, að hæstv. ríkisstj. ætlar nú að taka til gaumgæfilegrar athugunar bæði menninguna og hreinlætið á útmánuðum.

Að því er varðar þessa sérstöku till. um hljóðfærin, þá held ég að hún sé alveg í því standi að hægt sé að samþykkja hana strax.

Annars var annað mál, mjög stórt, sem tilefni er til að spyrja um áður en afgreiðslu þessa máls er lokið.

Ástæðan til þess, að við fjöllum hér um frv. um sérstakt vörugjald, er, að því er talsmaður hæstv. ríkisstj. segir og að því er við öll vitum, ekki síst sú, að ríkið verður af allmiklum tekjum nú um áramótin vegna niðurfellingar tolla á EFTA-vörum. Það lá að vísu fyrir sérstök yfirlýsing í stjórnarsamningnum um að stefnt væri að því að fresta þessari tollalækkun. Ekki hefur orðið úr því. Ég gagnrýni það út af fyrir sig ekki. Mér er mætavel ljóst, að á því hefðu orðið mikil vandkvæði, og ég tel að við hefðum legið undir ámæli fyrir að ganga á svig við gerða samninga ef við hefðum gripið til einhliða aðgerða um frestun tollalækkanna. Ef um það hefði átt að semja, eins og nú er komið, hefði öll framkvæmd ýmissa mála og samninga, sem við höfum hagsmuni af, frestast mjög og við orðið að leggja það fyrir þjóðþing allra EFTA-landanna, hvort breyta ætti grundvallarsamningum að þessu leyti eða ekki vegna efnahagsörðugleika Íslendinga.

Hins vegar er þetta mál sem séð var fyrir fyrir mörgum árum og ýmsar aðgerðir voru í frammi hafðar, m. a. fjárhagsstuðningur, til þess að búa okkur undir þessa breytingu. Þær aðgerðir miðuðust ekki við ríkissjóð fyrst og fremst, heldur þá atvinnugrein sem hér er fyrst og fremst um að tefla, iðnaðinn í landinu. En nú bregður svo við, þegar til kastanna kemur, að það er einungis ríkissjóður sem menn hafa í huga. Víst skal það ekki vanmetið, ríkissjóði veitir auðvitað ekki af öllu því fé sem hann hefur til umráða og meira til, en það heyrist náttúrlega oft, bæði nú og fyrr og síðar, að ekki er okkur sama til hvaða ráða er gripið í því skyni að afla fjár fyrir ríkissjóð. Þegar hér er um það að ræða að tollalækkanir tiltekinna vara bitna á ríkissjóði, þá grípur ríkisstj. til þess ráðs að leggja á nýtt gjald til þess að fá í hirslur ríkisins þá peninga sem þar tapast, án þess að grípa um leið til aðgerða til þess að styðja þá atvinnugrein sem vissulega á enn erfiðara af þessum sökum nú en áður, og var þó orðið ærið fyrir því miður. Hér er um atvinnugrein að ræða þar sem 16.3% þjóðarinnar vinna, og það er því heldur ekki lítið atvinnuspursmál fyrir Íslendinga að sæmilega sé frá þessum málum gengið.

Nú keyra úr öllu hófi ýmiss konar álögur á atvinnurekstur í landinu, hverju nafni sem nefnist, og þá ekki síst iðnaðinn vegna ýmiss konar fjárfestinga sem hann hefur þurft að standa í. Allar þær álögur koma mjög illa við þessa atvinnugrein. — Þess vegna var eðlilegt að þingheimur fengi að vita nú til hvaða aðgerða ríkisstj. ætlaði að grípa till þess að vinna gegn áhrifum tollalækkana á innfluttum iðnaðarvörum, — aðgerða sem hljóta að verða að koma til framkvæmda núna um áramótin. Það segir sig sjálft, að þar verður enn þá erfiðara um að fjalla ef það er látið bíða fram yfir þann tíma, en eðlilegustu tímamörkin væru nú um áramótin. Í aths. við fjárlagafrv. sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. er gert ráð fyrir lækkun aðflutningsgjalda í samræmi við samning um aðild Íslands að EFTA og samning við EBE. Í samstarfssamningi stjórnarflokkanna er gert ráð fyrir „að samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar verði tekin til endurskoðunar og spornað með opinberum aðgerðum gegn óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, m. a. með frestun tollalækkana.“ Ekki er fullráðið með hvaða hætti þetta verður gert. Sérstök nefnd þriggja rn. hefur málið til athugunar.“

Það er eðlilegt að spurt sé: Hvað verður gert í framhaldi af starfi þessarar sérstöku nefndar? Það er ekki vitað einu sinni hvað þessi sérstaka nefnd lagði til. Sagt er að hún hefði helst í huga innflutningsgjald á sælgæti og sérstakt gjald á innflutt húsgögn. Ekki veit ég hvað rétt er í því, en það hefur verið mjög gagnrýnt af hálfu þeirra, sem að iðnaðinum standa, að taka út úr tvær tilteknar greinar iðnaðarins án þess að rök séu færð fram fyrir því, hvort þær fremur en aðrar hafi orðið fyrir barðinu á óeðlilegri samkeppni erlendis frá.

Hinn 1. nóv. s. l., þegar fjárlagafrv. var lagt fram, birti málgagn hæstv. iðnrh. viðtal við formann Alþb. um fjárlagafrv., þar sem hann sagði m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Loforð hefur hins vegar verið gefið um það, að við afgreiðslu frv. verði tekinn upp nýr tekjuliður sem samsvarar þessari tollalækkun og sem mundi þjóna því að vernda íslenskan iðnað í samkeppni við innfluttar vörur.“ — Þetta undirstrikar þá nauðsyn sem er á því að fá að vita hvað þarna er um að ræða.

Það er kannske rétt að minna á það einnig í þessu sambandi, að Félag ísl. iðnrekenda ritaði hæstv. forsrh., Ólafi Jóhannessyni, bréf 1. nóv., þar sem stjórn félagsins óskaði eftir sérstökum fundi með forsrh. og öðrum ráðh. úr ríkisstj. sem fjalla um málefni tengd iðnaði, þar sem rætt verði um hvernig ríkisstj. hyggst standa við það ákvæði samstarfsyfirlýsingar sinnar sem ég hef vitnað í í ræðu minni. Og formaður Félags ísl. iðnrekenda hefur upplýst að ríkisstj. hafi hvorki talað við Félag ísl. iðnrekenda út af þessu máli né svarað bréfinu. Það er nú langt um liðið frá því er iðnrekendur óskuðu viðræðna við ríkisstj. til þess að fá upplýst hvaða ráðstafanir yrðu gerðar nú fyrir áramót. Hér er um að ræða mikið grundvallaratriði fyrir tilveru og þróunarmöguleika íslensks framleiðsluiðnaðar þar sem mikill fjöldi Íslendinga starfar. Í framleiðsluiðnaðinum munu starfa um 12 þús. manns.

Ég hef, herra forseti, fært rök fyrir því, af hverju ég tel nauðsynlegt að því sé svarað af hálfu hæstv. ríkisstj., um leið og fjallað er um þetta mál, til hvaða aðgerða til stuðnings iðnaðinum í landinu ríkisstj. hyggst grípa. Hér fjöllum við um frv., sem á að vinna upp um helming af tekjutapi ríkisins, ef að lögum verður. En hvað á að gera til þess að styðja þessa mikilvægu atvinnugrein í landinu, sem við öll viljum að vaxi og verði fjölbreyttari og eflist svo að hún geti orðið megnugri þess að afla gjaldeyris og spara gjaldeyri?

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er ljúft og skylt að greina hv. þd. og hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur frá því í aðalatriðum, hvernig staðið hefur verið að því máli sem hún spyr um, til hvaða aðgerða ríkisstj. hafi hugsað sér að grípa til verndar íslenskum iðnaði nú þegar samkeppnisaðstaða hans versnar frá því sem verið hefur við lækkun tolla, næstsíðasta þrep tollalækkana samkv. samningum við EFTA og EBE.

Ég vil, áður en ég vík að þessu, minna á það, að fyrrv. ríkisstj. hafði ekki uppi, svo að mér sé kunnugt, nein áform um að ná fram frestun tollalækkana við þessi bandalög sem Ísland hefur gert samninga við og er að hluta aðili að. Hins vegar var á það knúið við myndun núv. ríkisstj., að tekið yrði til athugunar að fresta tollalækkunum, sem koma áttu til framkvæmda um næstu áramót, og Alþb. tók mjög undir þá stefnu, en iðnrekendur og samtök þeirra höfðu knúið á um það á undanförnum mánuðum og reyndar um lengri tíma að þetta mál yrði tekið til endurskoðunar og frestað yrði tollalækkunum um næstu áramót. Óskir iðnrekenda að þessu leyti voru rökstuddar fyrst og fremst með því að ekki hefði tekist að búa iðnaðinn í landinu sem skyldi undir harðnandi samkeppni á þeim mörkuðum sem hér er um að ræða, harðnandi samkeppni við innfluttan iðnvarning. Fyrrv. ríkisstj. hafði að mínu mati ekki staðið sem skyldi í ístaðinu í sambandi við iðnþróunaraðgerðir til þess að auðvelda íslenskum iðnaði þessa vaxandi samkeppni, og gagnrýni iðnrekenda beindist því ekki síst að skorti á aðgerðum að þessu leyti. Nú er ekki um það að sakast lengur, eða það er tilgangslaust að sakast um það, hvað ekki var gert á undanförnum árum, og eðlilegt að að því sé spurt, hvað núv. ríkisstj. hyggist gera í þessum efnum.

Hv. þm. vita hvaða meðferð fyrirhuguð frestun tollalækkana fékk í ríkisstj. Þar náðist ekki samstaða um þetta atriði. Ráðh. Alþb. stóðu einir fast við þá stefnumörkun að fresta ætti tollalækkunum, en ráðh. samstarfsflokka okkar tveggja töldu ekki fært að standa við þá stefnu og því var frá henni horfið. Því var hins vegar jafnframt heitið, þegar þetta mál var til meðferðar í ríkisstj., að gripið skyldi til aðgerða, ríkisstj. mundi beita sér fyrir aðgerðum sem vægju upp á móti harðnandi samkeppni og versnandi samkeppnisaðstöðu iðnaðarins vegna þeirrar stefnubreytingar sem í þessu fólst. Og það var jafnframt samþykkt af ríkisstj. að stefna að því að taka upp samninga við EFTA og EBE um að fá fram frestun á síðasta þrepi tollalækkunar í ársbyrjun 1980.

Eins og hér hefur komið fram hefur verið starfandi sérstök nefnd eða starfshópur á vegum rn. til þess að fjalla um það og gera um það till. til ríkisstj., hvaða aðgerðir helst komi til greina til verndunar iðnaðinum. Nokkuð er umliðið síðan þessi starfshópur skilaði áliti sínu og það hefur verið til athugunar á vegum ríkisstj. Þar er um að ræða hugmyndir, bæði almenns eðlis, sem varða iðnaðinn í heild, en einnig ábendingar um vissar sértækar aðgerðir til stuðnings einstökum iðngreinum sem eiga í erfiðleikum að mati manna, og hvort tveggja er til athugunar.

Þegar fjallað var um tekjuöflun fyrir ríkissjóð í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrv. kom vissulega til athugunar hvort tengja ætti þessa tekjuöflun við álögur, sem verkuðu til verndar iðnaðinum um leið, t. d. hvort fara ætti út í það að hækka jöfnunargjald það sem lögleitt var á s. l. vori, sem leggst á ýmsar iðnaðarvörur, tiltekinn innflutning, og hefði vissulega í því falist ákveðin vernd fyrir samkeppnisiðnað okkar. Það varð hins vegar ekki að ráði að tengja tekjuöflun þá, sem grípa þurfti til, við þetta, heldur að leggja til hækkun á vörugjaldi, en það gjald snertir að mjög litlu leyti innfluttar iðnaðarvörur frá þeim löndum, sem eru í EFTA og EBE, og sneiðir einmitt hjá varningi sem þaðan kemur.

Það mun hafa komið fram í umr. um þetta mál fyrir helgi hér í hv. þd., að ríkisstj. hafi hugsað sér að grípa til annarra aðgerða til verndar iðnaðinum. Það er rétt. Ég hef sem iðnrh. talið mér skylt að ýta á eftir þessu máli innan ríkisstj., og ég vænti þess, að nú fyrir áramótin verði tekin afstaða til tiltekinna till. sem þar liggja fyrir. Félag ísl. iðnrekenda hefur lagt fram sínar óskir og sínar till. fyrir nokkru og einnig óskað viðræðna um það mál. Ég hef átt viðræður við forustumenn úr Félagi ísl. iðnrekenda og frá fleiri samtökum iðnaðarins, en ríkisstj. í heild hefur ekki fram til þessa átt sérstakar viðræður við þá um hugmyndir þeirra.

Hugmyndir Félags ísl. iðnrekenda fela það fyrst og fremst í sér að hækkað verði jöfnunargjald það, sem lögleitt var á þessu ári, úr 3% í 9.1%, en að auki verði lagt á sömu tollskrárnúmer og þetta gjald varðar sérstakt innflutningsgjald upp á 6%. Í þessum till. er nánast um það að ræða að hækka jöfnunargjaldið, eða gjald sem svarar til þess, um hvorki meira né minna en rösk 12%.

Ég þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm. hvaða áhrif álag af þessu tagi hefði á verðlagsþróun í landinu. Reiknað hefur verið út af Hagstofu Íslands, að hvert prósent í þessu jöfnunargjaldi svari til um 0.1% í verðbótavísitölu, þannig að gjaldtaka að þessu marki hefði veruleg áhrif á vísitölu og til hækkunar á vöruverði. Ég vil einnig minna á það, þó að ég sé engan veginn að kveða upp dóm um að þær leiðir, sem Félag ísl. iðnrekenda er hér að leggja til, séu ófærar, að eftir að jöfnunargjaldið hafði verið lögleitt s. l. vor af hv. Alþ., þá var að því fundið af EFTA, en alveg sérstaklega þó af Efnahagsbandalagi Evrópu, að það skyldi á lagt, þó að ekki væri gripið þar til neinna aðgerða gegn Íslendingum vegna þessa og látið sitja við mótmælin ein. Þetta hljótum við að hafa í huga þegar um þessi mál er fjallað.

Ég tel hins vegar að það komi vel til álita, og það hefur verið til athugunar og er til athugunar, að hækka að einhverju marki umrætt jöfnunargjald og að þær tekjur, sem af því fengjust, rynnu til iðnþróunaraðgerða, til framleiðniaukandi aðgerða og til markaðseflandi aðgerða og annarra þátta sem mættu verða iðnaði okkar til stuðnings. Þetta er eitt af þeim atriðum sem nú er verið að líta á og með hvaða rökum hægt sé að lyfta þessu gjaldi að einhverju marki, þannig að við það verði unað af þeim aðilum sem við erum bundnir samningum við í sambandi við fríverslun.

Ýmsir fleiri þættir eru til athugunar hjá ríkisstj. og þeir snerta almennar aðgerðir, eins og ég vék að áðan, þ. á m. lánamál iðnaðarins, stefnu opinberra aðila um innkaup á iðnvarningi og fleira af því tagi, en einnig einstakar iðngreinar, eins og eitthvað hefur komið fram um í fjölmiðlum að undanförnu.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gagnrýndi það hér, að til tals hefði komið að taka út úr sérstakar greinar og grípa til sérstakra verndaraðgerða hvað þær snertir, þ. á m. sælgætisiðnað og kexiðnað í landinu, húsgagnaiðnað o. fl. sem nefnt hefur verið í þessu sambandi. Ég get ekki tekið undir gagnrýni af þessu tagi. Ég tel að jafnframt því

sem hafa beri iðnrekstur okkar almennt í huga og samkeppnisiðnaðinn alveg sérstaklega, þá hljótum við að gera úttekt á einstökum iðngreinum, kanna stöðu þeirra og grípa til nauðsynlegra aðgerða, — aðgerða sem réttmætar eru taldar til að vernda tilteknar iðngreinar tímabundið og stuðla að bættri framleiðni og bættu skipulagi í þessum iðngreinum, þannig að þær geti innan ekki mjög langs tíma tekið á móti vaxandi samkeppni.

Hvað snertir umr. um sérstakt innflutningsgjald á sælgæti og brauðvörum, þá hafa engar ákvarðanir verið teknar um það. Hugmyndir, sem fram hafa komið um þetta, ganga út frá því, að innflutningur á þessum vörum verði gefinn frjáls. Ef til sérstaks innflutningsgjalds kæmi, þá yrði þessi innflutningur jafnhliða gefinn frjáls og hætt yrði niðurgreiðslum á aðföngum þessa iðnaðar hér innanlands, sem yrði þá sparnaður fyrir ríkissjóð, þó að það yrði þá jafnhliða að vera tryggt að þessar iðngreinar fái aðföng sín sem næst á heimsmarkaðsverði eða hliðstæðu verði, þannig að þeir, sem að þeim standa, búi við svipaða aðstöðu hvað þetta snertir eftir sem áður.

Ég held að það sé ekki ástæða til að fara miklu fleiri orðum um þetta nú. En eins og ég hef greint frá, er þetta til meðferðar á vettvangi ríkisstj., og ég vænti þess að hægt verði að greina frá ákveðnum aðgerðum til verndar íslenskum samkeppnisiðnaði fyrir áramótin, því að ekki er óeðlilegt að á það sé knúið af þeim, sem bera hag iðnaðarins fyrir brjósti, að fá úr því skorið, hvert ríkisstj. hyggst stefna í þessum efnum. Ýmislegt mun þó óhjákvæmilega bíða fram á næsta ár og er auk þess þannig vaxið að það mun taka nokkurn tíma að koma því í höfn. Þar nefni ég m. a. lánamál iðnaðarins, opinber innkaup og aðgerðir af því tagi sem unnið verður að í áföngum.

Umr. frestað.

Neðri deild, 35. fundur.

Mánudaginn 18. des., kl. 10 árdegis.

Sparnaður í fjármálakerfinu, þáltill. (þskj. 166). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kjaramál, frv. (þskj. 198 (sbr. 42)). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál kom fram brtt. við 8. gr. frv. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þar sem gert var ráð fyrir því, að eignarskattsauki yrði nokkuð lækkaður á þeim sem lágar höfðu haft tekjur. Við atkvgr. var ekki fallist á þessa till., heldur var önnur till. samþ. til breytinga á þessari grein, þar sem gert var ráð fyrir að þessi eignarskattsaukalækkun næði eingöngu til gamals fólks og öryrkja. Það hefur verið til athugunar í n., hvort hægt væri að mæta því sjónarmiði að nokkru leyti sem fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, og nú flytur meiri hl. fjh.- og viðskn. brtt. í þá átt. Þessari brtt. hefur ekki enn þá verið útbýtt, hún mun koma á borð hv. þm. innan stundar, en ég legg hana hér með fram og vil lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta. Brtt. er þannig:

„Við 8. gr. Við 2. mgr. bætist:

Eignarskattsauki samkv. þessari grein skal einnig lækkaður um sömu fjárhæð hjá þeim einstaklingum, sem á skattárinu 1977 höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 1 400 000 kr. miðað við einstakling og 1 800 000 kr. miðað við samsköttuð hjón, eða sambúðarfólk, enda hafi skattþegn ekki átt yfir 12 millj. kr. skuldlausa eign, ef um einstakling er að ræða, eða 18 millj. kr. skuldlausa eign, ef um samsköttuð hjón eða sambúðarfólk er að ræða."

Efni þessarar till. er því það, að þessi skattlækkun, sem samþ. var í sambandi við eignarskattsaukann að skyldi ná til gamals fólks og öryrkja, nær einnig samkv. þessu til tekjulágra aðila, enda eru þá sett sömu eignarmörk hjá báðum aðilum, þ. e. a. s. að þessum lágtekjuhópum. Er þá gert ráð fyrir því, að einstaklingurinn eigi ekki meira en 12 millj. kr. skuldlausa eign, og ef um hjón er að ræða, þá eigi þau ekki meira en 18 millj. kr. skuldlausa eign, ef þau eiga að njóta þessarar skattlækkunar sem samþ. var við 2. umr. að ætti að ná til gamals fólks. En af því að þessi brtt. kemur þetta seint fram, þá verður að óska eftir afbrigðum um hana, og vil ég afhenda hæstv. forseta þessa tillögu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 217) samþ. með 25 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. til staðfestingar á brbl. er nú búið að liggja alllengi fyrir Alþ., svo að stjórnarflokkarnir hefðu þess vegna haft nægan tíma til þess að marka stefnu sína í þessu máli eftir að hafa markað hana fyrir útgáfu brbl. Og mér finnst að þessi till., sem hv. 1. þm. Austurl. var að lesa upp núna og stjórnarþm. í n. flytja við 3. umr., sé ekkert stórfellt skref fyrir láglaunafólkið í landinu. En af því að ég veit að hv. 1. þm. Austurl. er mjög reikningsglöggur maður og fljótur að reikna, þá langar mig til þess að spyrja hann að því, hvað þetta valdi ríkissjóði miklu tekjutapi, þessi stórkostlega till. sem hann var að lýsa.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Í þingflokki Alþfl. hef ég marglýst því yfir og einu sinni í umr. hér á þingi, að ég væri andvígur afturvirkni í álagningu skatta. Ég tel slíka afturvirkni óeðlilega og óskynsamlega eins og hún kemur fram í 8. og 9. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir. Það má vera að það megi finna þess stað í lögum að slíkar álögur séu ekki lagabrot, en um það atriði eru skiptar skoðanir og lögfróðir menn hafa um það deilt. Allur almenningur gerir ráðstafanir og skipuleggur fjármál sín

eftir að hafa fengið álagningarseðla skatta í hendur. Það er því minn skilningur að slíkir bakreikningar eins og hér um ræðir séu brot í samskiptum ríkisvaldsins við almenning. Ljóst er að skattgreiðendur eiga í erfiðleikum með að greiða þann skattauka sem brbl. kveða á um. Það sannfærir mig enn betur um óréttmæti þessarar skattaálagningar sem kom skattgreiðendum í opna skjöldu.

Þá er ég einnig þeirrar skoðunar, að samþykkt þessarar afturvirkni í skattalögum sé hættulegt fordæmi er geti haft afdrifaríkar afleiðingar. Samkv. þessu fordæmi getur ríkisvaldið á hverjum tíma lagt á skattauka aftur í tímann ef fjármagn skortir og erfiðleikar steðja að. Á þessu er því meiri hætta þegar frágangur fjárl. er ekki nægilega vandaður. Ég mun því sitja hjá við atkvgr. um þetta mál.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það var aðeins til þess að reyna að svara fsp. frá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni. Ég get ekki sagt nákvæmlega til um hvað þessi breyting mundi þýða mikla viðbótarskattalækkun. Hér voru gefnar upplýsingar um það, að fyrri till., sem hér var samþ., þar sem gert var ráð fyrir tiltekinni skattalækkun hjá þeim, sem eru 67 ára og eldri og öryrkjum, mundi lækka skattinn um 35 millj. kr. Talið var að ef till. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur yrði samþ. til viðbótar við þá till. mundi skattalækkunin verða í kringum 25-30 millj. þar að auki. Var því talið mjög líklegt þar sem þessir aðilar falla nokkuð saman, þessir lágtekjuhópar, að hér gæti verið um skattalækkun til viðbótar að ræða sem gæti verið 10-15, kannske upp í 20 millj. kr. En útreikningar liggja ekki fyrir um það og ekki auðvelt að sjá af þeim athugunum, sem fram hafa farið, hvað þarna væri um mikið að ræða. Þessir lágtekjuhópar falla skiljanlega talsvert mikið saman, þ. e. a. s. þeir, sem eru orðnir 67 ára og eldri, og þeir, sem eru í þessum tekjuflokki, sem tilgreindur er í tillögunni. Líklegt er talið að hér gæti verið um að ræða á milli 10 og 20 millj. kr. viðbótarlækkun við þær 35 millj. sem áður höfðu falist í lækkunartillögum nefndarinnar.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lá fyrir á þskj. 57 brtt. frá Jóhönnu Sigurðardóttur. Efni hennar var að draga nokkuð úr þessum nýju álögum, eignarskattsauka, á lágtekjufólk. Stjórnarliðið treystist ekki til að samþykkja þessa till. Þm. Sjálfstfl. greiddu henni atkv. og töldu leiðréttingu sem væri nokkurs virði. Svo fór um þingflokk Alþfl., að hann kom ekki fram í þessu máli sem 9 þingflokkar, það munu vera 9 þm. Alþfl. sem eiga sæti hér, hann skiptist aðeins í 4 hluta í þessu máli. Það voru tveir þm. Alþfl., einn auk flm., sem greiddu brtt. atkv., nokkrir sögðu nei, einhverjir greiddu ekki atkv. og einhverjir voru fjarstaddir, að því er fróðir menn töldu af því að þeir höfðu ekki áhuga á að vera viðstaddir afgreiðslu þessarar tillögu.

Einhverja bakþanka hafa menn fengið af þessari afgreiðslu, e. t. v. samviskubit. Ég skal ekkert um það segja, hvað gerst hefur hið innra með þeim, nema niðurstaðan varð sú, að mikill meiri hl. Alþfl. tók þátt í því ásamt hinum stjórnarflokkunum að fella svo sjálfsagða leiðréttingu fyrir lágtekjufólkið sem í þessari till. fólst. Sú till., sem nú hefur verið lýst, frá meiri hl. fjhn. er nokkuð í áttina við það sem till. Jóhönnu Sigurðardóttur fól í sér, gengur þó engan veginn eins langt, en má segja að hún sé til nokkurra bóta.

Ég mun ekki, vegna þess hve mál þetta hefur verið rætt hér ítarlega áður, ræða það frekar, en aðeins undirstrika það, að með þessu frv. er um verulegar nýjar skattaálögur að ræða með afturverkun í ríkara mæli en þekkst hefur áður hér á landi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Vegna ummæla síðasta ræðumanns um það, að í tilteknu máli greiði ekki allir þm. Alþfl. atkv. á sama veg, vil ég aðeins lýsa því, að brtt. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hér var til umr., átti verulegan hljómgrunn í þingflokki Alþfl. svo sem eðlilegt er og vera ber. Við eigum aðild að stjórnarsamstarfi og þar þarf að ná samkomulagi. Við höfðum reynt að þrýsta á svo sem mögulegt er og hnika málum til réttrar áttar, og nú milli 2. og 3. umr. hefur komið til sérstakur og ágætur samstarfsvilji hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, þar sem hann hefur sýnt þessu máli mikinn skilning og því ber auðvitað að fagna. En fjarri fer að það sé eitthvað sérstakt þó að þm. Alþfl., að því er tekur til brtt. af þessu tagi, greiði ekki allir atkv. á sama veg. Auðvitað er hér ekki um neitt sérstakt að ræða. Ég minni á það, að fyrir þessari d. liggur einnig frv. um verðjöfnunargjald, þar sem þingflokkur Sjálfstfl. er ekki einasta klofinn, eins og um fleiri mál, heldur fara fram beiskar deilur og framíköll héðan úr pontu á milli hv. þm. Pálma Jónssonar og hv. þm. Alberts Guðmundssonar. En við í Alþfl. berum þó ekki sorgir okkar á torg með þessum hætti. Ég minni einnig á það, að því er tekur til afstöðu til vaxtafrv. sem fyrir þessari d. liggur, að þingflokkur Sjálfstfl. er svo rótklofinn að — **(Gripið fram í:** Vill þm. lýsa því nánar?) Ég hef lýst því hér áður. Það er tiltekið frv. sem við þm. Alþfl. höfum flutt, og kom í ljós að það voru alfarið tvær skoðanir uppi í þingflokki Sjálfstfl. Og í þriðja stað, að því er tekur til hv. þm. Alberts Guðmundssonar virðist þingflokkur Sjálfstfl. vera rótklofinn, 19 á móti honum og 1 með honum, svo að þetta sem Gunnar Thoroddsen er að reyna að gera að einhverju sérmáli Alþfl. er bæði rangt og ósanngjarnt. Hér er um að ræða brtt., sem ekki fjallar um miklar upphæðir, við þetta stóra frv. Það er rétt, að við greiddum ekki öll atkv. eins, en það er hins vegar smámál hjá því sem hjá öðrum flokkum gerist hér í þessu húsi.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er ákaflega athyglisvert að hlýða á mál hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Hér er um að ræða till. frá einum þm. Alþfl. um mannúðarmál, þ. e. a. s. að lækka nokkuð þessar nýju skattaálögur á fátæku fólki eða því tekjuminnsta í þjóðfélaginu. Alþfl. bar ekki gæfu til þess að styðja þarna við lágtekjufólkið og þá sem erfiðast eiga í þjóðfélaginu, heldur var hann í fjórum pörtum. Svar hv. þm. við þessu er annars vegar lofræða um Lúðvík Jósepsson til viðbótar þeirri lofræðu sem hann flutti um hæstv. forsrh. á laugardaginn og enn fremur að Sjálfstfl. sé klofinn bæði um verðjöfnunargjald af raforku og vaxtapólitík í landinu. (**VG:** Og Albert Guðmundsson.) Og Albert Guðmundsson já. M. ö. o.: fyrst ágreiningur er í Sjálfstfl. um Albert Guðmundsson, raunvaxtastefnu og verðjöfnunargjald af raforku, þá er það ósköp eðlilegt að Alþfl. geti ekki stutt tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

ATKVGR.

Brtt. 217 samþ. með 25 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu.

já: SvG, TÁ, VG, ÞS, BrJ, EðS, EG, GSig, GilsG, GSt, HES, HG, SkA, KÓ, LJós, MHM, PP, SighB, SV, StH, SvJ, IG.

nei: SvH, AG, EH, EBS, FÞ, FrS, GTh, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ.

ÁG greiddi ekki atkv.

5 þm. (EÁ, FTS, GH, JóhS, JÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 134). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 190). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Áður en ég ræði nánar um frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, þskj. 190, vil ég gefa stutt yfirlit yfir þau mál sem lögð eru fram hér á hv. Alþ. í tengslum við afgreiðslu fjárl. Þau eru ýmist lagafrv. eða brtt. við lög.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald, að lægri gjaldflokkur hækki úr 16% upp í 18%. Þetta eykur tekjur ríkissjóðs um 1150 millj. kr. á næsta ári. 30% gjaldflokkurinn verður óbreyttur, en málið í heild tekið til endurskoðunar á næsta ári. Þetta mál verður flutt af meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed.

Breyting á frv. til l. um kjaramál um það að V. kafli, um sérstakt tímabundið vörugjald, falli brott, en sá kafli fjallar um 16% gjaldið. Verður þetta mál, eins og ég sagði áður, flutt af meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed.

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 frá 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sem fjallar um það, að gjaldið hækki úr 3000 kr. í 5500 kr. fyrir fullorðna og úr 1500 kr. í 2750 kr. fyrir börn. Þetta mál verður einnig flutt af meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed.

Frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er á dagskrá þessarar hv. d., og mun ég gera nánar grein fyrir því síðar.

Fjvn. mun flytja brtt. um skattvísitöluna, að hún hækki úr 143 upp í 150 stig. Þetta þýðir um 2500 millj. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóð á næsta ári og verður flutt af meiri hl. fjvn. eða e. t. v. af allri nefndinni.

Frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt er það mál sem hér er á dagskrá og kem ég að því hér á eftir.

Frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar. Breyting verður á sjúkratryggingagjaldi sem nú er 2% af gjaldstofni útsvara. Verður gjaldið 1.5% á gjaldstofn af fyrstu 3 millj. 450 þús. kr. tekjum hjá einstaklingum og 2% af því sem umfram er. Hjá samsköttuðum hjónum verður gjaldið 1.5% á gjaldstofn af fyrstu 4.6 millj. kr. og 2% af því sem umfram er. Þetta skerðir tekjur ríkissjóðs um 1450 millj. kr. Málið verður flutt af hæstv. félmrh. í Ed.

Frv. til l. um nýbyggingagjald er á dagskrá þessarar hv. d. og kemur nánar að því síðar.

Herra forseti. Frv. því til breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er lagt fram til 1. umr. á þskj. 190, er ætlað að vera liður í þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. beitir sér fyrir til að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum á árinu 1979. Er megintilgangur þess að afla ríkissjóði aukinna tekna til að standa undir þeirri niðurfærslu verðlags, sem fólst í ráðstöfunum ríkisstj. í sept. s. l., og til að jafna það tekjutap, sem ríkissjóður verður fyrir vegna lækkunar skatta lágtekjufólks í framhaldi af fyrirheitum um það efni í 2. gr. laga nr. 103 frá 1978. Þar að auki felast í frv. þessu till. um nokkra skattalækkun til handa þeim er minnst mega sín í þjóðfélaginu í formi hækkunar skattfrelsismarka eignarskatts elli- og örorkulífeyrisþega og nýtingu ónýtts persónuafsláttar upp í sjúkratryggingagjald.

Við setningu brbl. nr. 96 frá 1978 voru lagðir tímabundnir skattar á eignir og tekjur, og í fjárlagafrv. fyrir árið 1979 var gert ráð fyrir ígildi þeirra á næsta ári. Það var hins vegar ljóst, að þeir yrðu vart lagðir á í óbreyttu formi á næsta ári, enda gafst svigrúm til að fella ígildi þeirrar skattlagningar inn í hið almenna skattakerfi.

Hinn 29. sept. s. l. skipaði ég n. þriggja þm. til að endurskoða tekjuskattslögin, og var lögð á það áhersla af minni hálfu að það yrði að vera meginverkefni n. í upphafi að gera till. um tekjuöflun til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum. Enn fremur fólst í erindisbréfi n. að þau markmið yrðu sett, að herða skuli skatteftirlit, þyngja skuli viðurlög við skattsvikum, gera verði sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að einkaneysla sé færð á reikning fyrirtækja og að skattleggja skuli gróða af sölu lands, sem ekki stafi af aðgerðum eiganda. Enn fremur verði stefnt að því, að sérstakur verðbólguskattur verði lagður á í þeim tilgangi að jafna tekju- og eignaskiptinguna í þjóðfélaginu. N. þessi vann ágætt starf á skömmum tíma og skilaði áfangaskýrslu hinn 11. des. s. l. Voru í þeirri skýrslu gerðar till. um ýmsar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs, og má segja að frv. þetta sé að verulegu leyti í samræmi við till. n. að því er varðar þau markmið að ná jafnvægi í ríkisfjármálum.

Skýrsla skattalaganefndar er dags. hinn 11. des. s. l. Hefur því ekki unnist tími til þess að vinna úr fjölmörgum hugmyndum og till., sem fram koma í þessari skýrslu um aukið skattaeftirlit og skilvirkni í rannsókn og dómsmeðferð skattaafbrota, framkvæmd skattalaga, áhrif skattalaga á hagstjórn, hagræðingu og sparnað í ríkisrekstri og margt fleira sem fram kemur í skýrslunni. Ég vil flytja nm. þakkir fyrir störf þeirra og vonast til að hægt verði að halda áfram undirbúningi að bættri og betri skattalöggjöf, en framkvæmd skattalaganna er e. t. v. það sem mest ríður á.

Með frv. þessu er að því stefnt, að tekjuþörf ríkissjóðs vegna lækkunar skatta lágtekjufólks og vegna niðurfærslu verðlags verði mætt með álögum á þá aðila sem mesta greiðslugetu hafa í þjóðfélaginu. Greiðslubyrði þessara aðila þó ekki aukin verulega í reynd frá því sem nú er, þar eð álögum í frv. þessu er fyrst og fremst ætlað að koma í stað aðgerða í skattamálum á síðasta ári, þó að þær komi nú fram í öðru formi. Þannig kemur skerðing á fyrningarheimildum í stað skatts á hreinar tekjur og fyrningar í atvinnurekstri samkv. 10. gr. brbl. nr. 96 frá 1978. Nýtt 50% skattþrep einstaklinga og hækkun skatthlutfalls félaga kemur í stað skyldusparnaðar sem

lagður var á svipaðan stofn á árinu 1978. Hækkun eignarskattshlutfalls kemur í stað eignarskattsauka í 8. gr. brbl. nr. 96 frá 1978. Þá er þess gætt, að aukin skattbyrði lendi einungis á þeim sem mesta greiðslugetu hafa. Skerðing á fyrningarheimildum og hækkun tekjuskattshlutfalls félaga eykur þannig einungis greiðslugetu þeirra rekstraraðila er besta afkomu hafa, og hið nýja 50% skattþrep leggst einungis á hátekjur. Skattbyrði almenns launafólks mun hins vegar verða mun minni en orðið hefði samkv. þeirri tekjuöflun sem ráðgerð var í fjárlagafrv., og munar þar mest um hækkun skattvísitölu og lækkun sjúkratryggingagjalds, en ákvæði 4. og 6. gr. frv. um lækkaðan útsvarsstofn og léttari eignarskatt á elli- og örorkulífeyrisþegum stefna í sömu átt.

Með 1. og 2. gr. er lagt til að fyrningarheimildir atvinnurekstrar verði skertar allverulega frá því sem nú er. Með 1. gr. er lagt til að heimild til verðstuðulsfyrningar verði felld niður. Heimild til verðstuðulsfyrningar, sem lögfest var 1972, var ætlað að stuðla að því, að afskriftir héldust nær raungildi hins upphaflega kostnaðarverðs fyrnanlegra eigna í verðbólgu. Að margra mati náði þessi heimild ekki tilgangi sínum, þar sem verðstuðulsfyrningin reiknast sem hlutfall af öðrum fyrningum og er því hæst á þeim árum sem reglulegar fyrningar eru næst því að vera á raungildi kostnaðarverðs, en fer lækkandi að raungildi eftir því sem eignir eldast og reglulegar afskriftir verða fjær raungildi. Þá er það verulegur galli á þessari fyrningu, að hún hefur engin áhrif á fyrningarstofn eigna og skerðir því ekki heimildir til fyrninga í framtíðinni eða hefur nein áhrif á útreikning söluhagnaðar.

Á árinu 1978 námu verðstuðulsfyrningar félaga samtals tæpum 4 millj. kr., en þar af voru verðstuðulsfyrningar félaga, er sýndu hreinar tekjur af atvinnurekstri, aðeins tæplega 1.5 milljarðar kr. Einstaklingar í atvinnurekstri notuðu samtals tæpar 900 millj. kr. til verðstuðulsfyrningar, og gera má ráð fyrir að hærra hlutfall þeirra hafi gengið á móti hreinum tekjum hjá einstaklingum en félögum. Miðað við þessar forsendur má ætla lauslega að niðurfelling verðstuðulsfyrningarheimildar gefi ríkissjóði um 1300 millj. kr. í auknar tekjur í formi hækkaðs tekjuskatts af atvinnurekstri á árinu 1979.

Með 2. gr. frv. er lagt til að heimild til flýtifyrningar verði með öllu felld niður að því er mannvirki varðar, en flýtifyrningarheimildin varðandi aðrar eignir, sem fyrna hefur mátt flýtifyrningu, lækki úr 30% í 10%, þannig að aldrei megi þó nota meira en 2% flýtifyrningu á einu ári. Heildarupphæð flýtifyrningar félaga nam á árinu 1968 tæpum 2 milljörðum 78 millj. kr., en hjá einstaklingum í atvinnurekstri nam hún rúmlega 810 millj. kr. Þar sem ekki má mynda rekstrarhalla með flýtifyrningu eða nota hana til frestunar yfirfærslutapa frá fyrra ári nýtist öll lækkun þessarar heimildar ríkissjóði til tekjuauka. Sú skerðing flýtifyrningar, sem lögð er til í 2. gr. frv., mun að líkindum færa ríkissjóði um 1060 millj. í auknar tekjur á árinu 1979, þannig að samtals ættu skerðingar fyrningarheimilda að leiða til hækkunar á tekjuskatti atvinnurekstrar um 2360 millj. kr. á næsta ári eða 400 millj. umfram þá tekjuöflun sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. sem ígildi 10. gr. brbl. nr. 96 frá 1978.

Í 3. gr. frv. er lögð til tekjuöflun í stað þess 10% skyldusparnaðar sem lagður var á á þessu ári. Eins og kunnugt er á skyldusparnaðurinn að falla niður við n. k. áramót. Samkv. þessu bætist nýtt skattþrep við tekjuskattsstigann og er það 50% sem leggst á skattgjaldstekjur einhleypinga yfir 3 millj. 848 þús. kr., en á skattgjaldstekjur hjóna yfir 5 millj. 63 þús. kr. Miðað við meðaltalsnýtingu frádráttarheimilda felst í þessu að hið nýja skattþrep leggst að meðaltali á einhleypinga, sem hafa yfir 4 millj. 527 þús kr. í brúttótekjur, og á hjón, sem hafa yfir 6 millj. 751 þús. kr. í brúttótekjur. Er þá miðað við að skattgjaldstekjur einhleypinga séu að meðaltali 85% af brúttótekjum, en skattgjaldstekjur hjóna 75% af brúttótekjum. Í hinu nýja skattþrepi verða því einungis þeir sem betur mega sín í þjóðfélaginu. Er áætlað að tekjuauki ríkissjóðs af þessari breytingu verði um það bil 1850 millj. kr. á árinu 1979.

Í 4. gr. frv. er lagt til að ónýttur persónuafsláttur gangi til greiðslu sjúkratryggingagjalds áður en hann gengur til greiðslu útsvars. Þetta þýðir í reynd að sjúkratryggingagjald hinna allra tekjulægstu fellur niður. Þess ber þó að geta, að samkv. úrskurði ríkisskattanefndar nú í haust skyldi sjúkratryggingagjald ekki lagt á þá sem ríkissjóður greiðir útsvar að fullu fyrir með ónýttum persónuafslætti, og hefur sá úrskurður, sem reyndar er mjög umdeildur, svipaða þýðingu og þetta ákvæði.

Í forsendum fjárlagafrv. var við það miðað, að sjúkratryggingagjald yrði lagt á alla þá sem útsvar er lagt á, og frá þeim forsendum kostar þessi breyting ríkissjóð um 200 millj. kr. á næsta ári. Á árinu 1978 var lagður 10% skyldusparnaður á skattgjaldstekjur félaga að viðbættum varasjóðstillögum. Í 5. gr. frv. þessa er lagt til að í stað þessa skyldusparnaðar verði skatthlutfall félaga hækkað um 12%, eða úr 53% í 65%, en þar sem félögum yrði samkv. þessum till. heimilt að draga varasjóðstillag frá hreinum tekjum áður en skatturinn er reiknaður, felst ekki í þessari breytingu aukin greiðslubyrði félaga frá því sem var við reglulega álagningu á s. l. sumri. Ef tekið er tillit til heimildar félaga til að leggja 25% af hreinum tekjum í varasjóð, felst í þessari breytingu að virkt skatthlutfall félaga hækkar úr 39.75% í 48.75%. Er áætlað að tekjuauki ríkissjóðs af þessari breytingu verði 1200 millj. kr. á árinu 1979.

Í 6. gr. frv. er lagt til að skattfrelsismörk eignarskatts hækki sem samsvarar hækkun fasteignamats. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að eignarskattsauki 8. gr. brbl. nr. 96/1978 verði sameinaður reglulegum eignarskatti og eignarskattsálagning á árinu 1979 verði hliðstæð því sem var í heild á þessu ári, en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir þessari tekjuöflun.

Loks er lagt til, að skattfrelsismörk elli- og örorkulífeyrisþega verði 50% hærri en annarra gjaldenda eignarskatts, þannig að hjá einhleypingum verði þau 17.1 millj. kr., en hjá hjónum 25 millj. 650 þús. kr. Ætti með þessu að vera tryggt að gamalt fólk lendi ekki í eignarskatti ef það býr ekki í óhóflega stóru eða íburðarmiklu húsnæði.

Í bráðabirgðaákvæði frv. er tekinn af vafi um það, hvaða lagaákvæði varðandi framkvæmd skattlagningar og innheimtu gildi á næsta ári. Gildistökuákvæði laga nr. 40 frá 1978 miðaðist við upptöku staðgreiðslukerfis á árinu 1979, en staðgreiðslufrv., sem fyrir þinginu lá í vor, varð ekki að lögum eins og kunnugt er.

Það er samdóma álit þeirra aðila, sem að skattframkvæmd vinna og leitað hefur verið til, að ekki sé ráðlegt að miða gildistöku framkvæmdakafla laga nr. 40 frá 1978 við 1. jan. n. k., þar sem slík breyting krefst meiri

undirbúnings en unnt er að koma við á svo skömmum tíma. Hins vegar er æskilegt að marka stöðu skattrannsóknastjóra skýrar en nú er gert og fá honum svipaða stöðu við rannsókn skattafbrota og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur við rannsókn almennra brota. Er að því stefnt, að frv. um þetta atriði ásamt nokkrum öðrum nauðsynlegum breytingum á framkvæmdakafla tekjuskattslaganna verði flutt á næsta ári.

Hér eru einnig á dagskrá tvö frv. um tekjuöflun, mál nr. 5 og mál nr. 6. Ég ætla að leyfa mér að ræða nokkuð um þessi mál bæði, en mun hafa mjög stutta framsögu um þau þegar þau verða rædd.

Vil ég víkja fyrst að frv. til l. um nýbyggingagjald á þskj. 189. Með því frv. er ætlað að leggja sérstakt gjald, nýbyggingagjald, á mannvirki sem meta skal fasteignamati samkv. lögum. Íbúðarhúsnæði er þó undanþegið gjaldskyldu. Svo og er ráðh. heimilað að undanþiggja ákveðnar tegundir mannvirkja gjaldskyldu. Tilgangur lagafrv. þessa er, eins og segir í aths. með því, tvíþættur. Í fyrsta lagi að afla tekna í ríkissjóð sem eru áætlaðar 300 millj. kr. á næsta ári. Í öðru lagi er að því stefnt að hamla gegn fjárfestingu í nýbyggingum og draga þar með úr þeim verðþensluáhrifum sem fylgja óheftri fjárfestingu. Í þessu sambandi er rétt að leggja áherslu á að það er stefna ríkisstj. að draga úr fjárfestingu á árinu 1979 og setja heildarfjármunamynduninni ákveðin takmörk. Það er nauðsynlegt, ef ná á árangri gegn verðbólgunni og tryggja jafnframt viðunandi lífskjör almennings, að draga úr þeirri geysilegu fjárfestingu og spennu sem hér hefur ríkt á undanförnum árum.

Lánsfjáráætlun ríkisstj., sem enn er til meðferðar, gerir ráð fyrir heildarfjármunamyndun á árinu 1979 sem nemur um 24.5% af þjóðartekjum.

Ég vil þá leyfa mér, herra forseti, að fara nokkrum orðum um 5. mál á dagskránni sem fjallar um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Frv. þetta, sem er lagt fram á þskj. 188, er eitt af þeim mörgu málum sem flutt eru í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrv. Með frv. er lagt til að á árinu 1979 verði lagður sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði er nemi 1.4% af fasteignamatsverði þessa húsnæðis, og er áætlað að tekjur ríkissjóðs af þessari skattlagningu nemi 550 millj. kr. á næsta ári.

Þegar núv. ríkisstj. tók við stjórnartaumum í sept. s. l. blasti við stórkostlegur vandi í efnahags- og atvinnumálum. Eitt af meginstefnumálum ríkisstj. í því sambandi var að marka breytta fjárfestingarstefnu. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. er því lýst yfir, að fjárfestingunni skuli beint í tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðfélagslega arðbærum atvinnurekstri. Sú gegndarlausa fjárfesting í skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, hefur ekki uppfyllt þessi markmið. Úr þessari fjárfestingu er þörf að draga. Sérstök skattlagning á verslunar- og skrifstofuhúsnæði mun að einhverju leyti sporna við þeirri þróun að menn verðtryggi fé sitt í slíkri fjárfestingu í stað þess að beina því í fjárfestingu hjá framleiðsluatvinnuvegunum. Að sjálfsögðu þurfa atvinnufyrirtækin á einhverri skrifstofuaðstöðu að halda. Þess vegna er í frv. gert ráð fyrir því, að sé sama eignin notuð undir skrifstofu eða verslun en einnig aðra starfsemi skuli hún einnig undanþegin þessum sérstaka skatti, ef 75% eða meira af rúmmáli hennar er notað undir aðra starfsemi en skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Stjórnarandstaðan hefur undanfarið lýst sig andsnúna hvers konar skattlagningu og sér þar á að hún þarf ekki að sjá fyrir fjármagni til að mæta nauðsynlegum ríkisútgjöldum á næsta ári. Þá hefur stjórnarandstaðan kvartað undan of lágum fjárveitingum til ýmiss konar þjónustu og framkvæmda. Ég hef marglýst því yfir, að ég vil ekki standa að því, að ríkissjóður verði rekinn með halla á næsta ári. En til þess að það markmið náist verður að afla tekna til að mæta útgjöldunum. Sú skattlagning, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er því nauðsynleg m. a. af þessari ástæðu og hefur auk þess þá þjóðhagslegu kosti að stuðla að því, að menn beini fjármagni til uppbyggingar til nauðsynlegustu og þýðingarmestu framleiðslugreinanna.

Tölur um fasteignamat benda til þess, að gjaldstofn sé nálægt 50 eða 60 millj. kr., en 1.4% gjald mundi þá nema rúmlega 750 millj. kr. á ársgrundvelli. Ástæða er til að ætla að innheimta næsta árs gæti numið 550 millj. kr., eins og ég hef áður tekið fram.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að leggja til að frv. um breytingar á tekju- og eignarskatti verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég mun eins og hæstv. fjmrh. ræða við þessa umr. öll tekjuöflunarfrv. sem hér eru til meðferðar, og þegar kemur til afgreiðslu þeirra, sem hér eru á dagskrá í dag, víkja að þeim við 1. umr. nánast með örstuttri tilvísan til þess sem ég segi í umr. um þetta frv.

Þau tekjuöflunarfrv., sem hér eru til umr., eru afleiðing og framhald af stefnu hæstv. ríkisstj. og þeirra ráðstafana sem hún beitti sér fyrir í september og nóvembermánuði s. l. Síðan ríkisstj. tók við völdum hafa orðið mikil umskipti á sviði skattamála. Þau umskipti eru fólgin í stóraukinni skattheimtu á öllum sviðum skattamálanna, fyrst með brbl. í haust og nú með hverju frv. á fætur öðru um nýja skatta, hærri skatta en nokkru sinni fyrr. Meginefni þessara frv., sem hér eru til umr., er að auka skattaálögur, hvort heldur er á atvinnureksturinn í landinu, borgarana, svo og að þrengja að sveitarfélögunum og fara inn á tekjuöflunarleiðir er sveitarfélögin hafa haft. Er nú svo komið að á næsta ári sýnist skattheimtan geta numið nærri 70% af þeim tekjum sem skattborgararnir afla sér.

Skattheimtan með þessum frv. er sögð munu auka tekjur ríkissjóðs um 6.5 milljarða, en talið er að hér geti verið um að ræða allt að 8 milljarða kr. aukna skattheimtu til viðbótar við þá gífurlegu skattheimtu sem vinstri meiri hluti Reykjavíkurborgar hefur beitt sér fyrir og áformað, og munu þær upphæðir nema tæpum 2 milljörðum kr., þannig að skattheimta vinstri flokkanna á næsta ári til viðbótar við það, sem gilt hefur að undanförnu, mun nema tæpum 10 milljörðum. Af þessu sést hver eru úrræði vinstri stjórnar í efnahagsmálum, enda hefur Alþb. tekist að ráða ferðinni og lýðræðissinnuðu stjórnarflokkarnir, Alþfl. og Framsfl., virðast ekki hafa annað hlutverk en að samykkja stefnumið Alþb., enda þótt setið sé langt fram á nætur við að semja óskalista um æskileg markmið.

Það, sem sérstaka athygli vekur þó, er sú aðför sem ríkisstj. gerir nú að atvinnurekstrinum í landinu. Á sama tíma og atvinnureksturinn berst í bökkum og liggur við stöðvun í sumum greinum, eru lagðir á nýir skattar sem hljóta að auka enn á erfiðleikana. Á sama tíma og ríkis-

stjórnir nágrannaþjóðanna reyna að styðja atvinnureksturinn með öllum tiltækum ráðum til þess að auka atvinnutækin og bæta lífskjörin ræðst íslenska ríkisstj. að atvinnurekstrinum eins og hann sé af hinu illa. Menn verða að gera sé grein fyrir því, að heilbrigður, arðbær atvinnurekstur í landinu er forsenda þess, að við lifum hér menningarlífi. Hann er forsenda þeirra lífskjara sem við búum við í nútíð og framtíð.

Með þeirri stefnu ríkisstj. í skattamálum, sem kemur fram í þeim frv., sem hér eru til umr., er veist harkalega að atvinnurekstrinum. Stefnt er að stórhækkun tekjuskatts, hækkun eignarskatts um 100%, auk álagningar sérstaks eignarskatts, sem í raun er fasteignaskattur, og álagningar sérstaks nýbyggingagjalds. Á sama tíma hefur meiri hl. borgarstjórar Reykjavíkur boðað hækkun fasteignaskatta og stórhækkun aðstöðugjalds. Hér er um skipulega aðför að ræða sem er undirbúin í herbúðum Alþb.-manna í öllum atriðum, enda gengur þessi stefna *þvert á áður yfirlýsta stefnu bæði Alþfl. og Framsfl.* í skattamálum. Ég vil við þetta tækifæri hvetja þm. lýðræðisflokkanna, sem standa að ríkisstj., til þess að íhuga vandlega hvað er í raun og veru að gerast og í hvaða hættu atvinnulífinu og rekstri fyrirtækja er stefnt.

Það var ljóst að ráðstafanir ríkisstj. í sept. og nóv. fólu í sér að stærstum vanda efnahagsmálanna var velt yfir á ríkissjóð með auknum útgjöldum, á sama tíma og sett voru stefnumiðin hallalaus ríkisbúskapur og samdráttur í útgjöldum ríkisins. Það er öllum ljóst, að vanda ríkissjóðs verða borgararnir að bera fyrr eða síðar, og það var *öllum ljóst, að til urðu að koma auknar álögur að því leyti* sem samdráttur í ríkisútgjöldunum nægði ekki til þess að mæta þeim vanda sem yfir á ríkissjóð var velt. Nú liggur hins vegar fyrir að ekkert hefur verið aðhafst til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, og má búast við því, að ríkisútgjöldin á næsta ári aukist um 2-3% af þjóðarframleiðslunni, sem í tölum talið er á milli 15 og 20 milljarða kr. Í stað þess að draga úr ríkisútgjöldum eru álögur auknar í formi beinna skatta, auðvitað til þess að vísitalan hnekki ekki vegna skattheimtunnar, og fyrirsjáanlegt þrátt fyrir góðan vilja ríkisstj. í skattheimtu að henni tekst ekki að afgreiða raunhæf hallalaus fjárlög 1979, heldur mun skorta milljarða, e. t. v. heilan tug milljarða, þegar upp verður staðið og 16 mánaða markmiðið þar með úr sögunni.

Við 1. umr. fjárlagafrv. vöktum við sjálfstæðismenn athygli á því, að þar skorti veigamiklar ákvarðanir um útgjöld ríkisfjármála sem námu mörgum milljörðum kr. Við 2. umr. fjárl. hefur enn ekki bólað á því, að stjórnarflokkarnir séu nær því að geta komið sér saman, og það einsdæmi skeði í sögu Alþingis, að einn stjórnarflokkanna undirritar nál. meiri hl. fjvn. með fyrirvara, enda er það í samræmi við fyrirvara frv., og spyrja nú margir hvort þeir Alþfl.-menn muni samþykkja fjárl. með fyrirvara.

Ég vil vara hv. þm. við slíkri afgreiðslu mála, að aftur verði tekin upp þau vinnubrögð sem einkenndu afgreiðslu fjárl. í tíð fyrri vinstri stjórnar, en eins og hv. frsm. minni hl. fjvn., hv. 6. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, benti á, kom mjög fram í tíð vinstri stjórnarinnar hversu mikið frávik var frá fjárl. til ríkisreiknings vegna óraunhæfs mats Alþingis á þróun efnahagsmála. Slík afgreiðsla fjárl. leiðir til þess, að fjárl. verða aðeins pappírsgagn, en ekki stjórnunartæki ríkisfjármálanna.

Þegar komið er að umr. um tekjuöflunarfrv. ríkisstj. og dæmi ríkissjóðs eða fjárlagafrv.-dæmið er gert upp, þá liggur ljóst fyrir að sá fjögurra milljarða tekjuafgangur, sem hæstv. fjmrh. hefur sagt að væri stefnumið frv., er orðinn næsta lítill. Það kemur fram í nál. meiri hl. fjvn., að tekjuáætlunin er ofmetin um 1.5 milljarða kr. Till. fjvn., sem lagðar hafa verið fram við 2. umr. frv., eru upp á 3.4 milljarða kr., og þar sem talið er að þau frv., sem í gangi eru í þessari hv. d. og í hv. Ed., muni gefa ríkissjóði auknar tekjur upp á 2 milljarða, þá sjáum við að sá tekjuafgangur, sem fjárlagafrv. er látið sýna, en í reynd er óraunhæfur, er orðinn næsta lítill, e. t. v. um 1 milljarð. Þá er eftir að taka tillit til, að mér er tjáð, tillagna og atriða í fjvn. sem gætu numið tæpum 5 milljörðum. Mér er ekki ljóst hvernig hæstv. fjmrh. og hvernig ríkisstj. hyggst ná endum saman í því sem boðað hefur verið, hallalausum fjárl., þegar auk þess er vitað að tekjuafgangur fjárlagafrv., 4 milljarðar, er óraunhæfur, einfaldlega vegna þess að það eru strikaðar út stórar tölur og sagt: Við ætlum að breyta niðurgreiðslum á næsta ári, við ætlum að lækka þær um 2.8 milljarða kr. svo að þess vegna er óþarfi að taka tillit til þeirra eins og þær eru nú. — Þetta hefur áður heyrst í sölum Alþ. Ég minni á afgreiðslu fjárl. 1974 þegar ekki tókst að koma fjárl. saman. Þá var aðeins dregið frá þeirri tölu, sem gert var ráð fyrir til niðurgreiðslna, og sagt: Við ætlum að lækka niðurgreiðslur á næsta ári. — Raunin varð allt, allt önnur. Niðurgreiðslurnar voru hækkaðar á því ári um 2 milljarða 150 millj. kr. Verði hins vegar niðurgreiðslurnar lækkaðar þegar kemur fram á árið 1979, við skulum *segja fram á mitt ár, þá sjáum við hvað gerist í* sambandi við verðbólguna. Við sjáum hvaða stökk vísitalan þá tekur, og við sjáum þá þann árangur sem ríkisstj. telur sig vera að vinna að í sambandi við verðbólguna hér á landi.

Þau frv., sem hér eru til meðferðar, eru, eins og ég sagði áðan, öll með sama sniðinu. Hér er um að ræða auknar álögur, — álögur sem aldrei hafa þekkst áður. Það er ekki aðeins að sett séu lög um nýja skatta, heldur er haldið áfram afturvirkni skatta, eins og kom fram í brbl. í sept. og talið er mjög vafasamt að stæðist, og ýmsir þeirra, *sem gerst þekkja til í þessum málum, telja að* stangist beinlínis á við þær réttarreglur sem gilt hafa í landi okkar.

Frv. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt felur í sér í 1., 2. og í 5. gr. breytingar á tekjuskattlagningu fyrirtækja. Í fyrsta lagi er felld niðurstuðulfyrning sem vinstri stjórnin setti á 1972 og taldi sér þá til mikils ágætis og var það vissulega. Hins vegar var gert ráð fyrir því, að með breyttum fyrningum og breyttum fyrningarákvæðum þeirra skattalaga, sem taka gildi 1. jan., yrði gerð á þessu breyting. En við erum hér að ræða *skattlagningu ársins 1978 og þá hefði að öllu óbreyttu* stuðulfyrningin gilt. Þá er enn fremur í 2. gr. frv. breytt flýtifyrningu, hún færð úr 30% í 20%. Í þriðja lagi er tekjuskattur félaga með 5. gr. frv. færður úr 53% í 65%.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir verulegri lækkun á fyrningarheimildum atvinnufyrirtækja með niðurfellingu verðstuðulsfyrninganna og verulegri lækkun flýtifyrninganna. Það er athyglisvert hve vel Alþb.-ráðh. hefur gengið að koma því inn hjá samstarfsmönnum sínum í ríkisstj., að fyrningar séu einhver sérstök hlunnindi sem atvinnureksturinn hafi og þurfi þess vegna heldst að fella alveg niður. Það var raunar gert við álagningu hins sérstaka tekjuskatts samkv. brbl. í haust, og nú er stefnt í

sömu átt. Hins vegar er hægt að sýna fram á að fyrningar eru allt of lágar við þær verðbólguaðstæður sem við búum við og höfum búið við á undanförnum árum, og af þeim sökum hafa fyrirtæki orðið að greiða skatt af of háum tekjum, — tekjum sem í raun og veru voru ekki tekjur, heldur tölulegur útreikningur á niðurstöðu sem tekur ekki mið af verðbólgunni. Afleiðing þessa er m. a. sú, að eigið fé fyrirtækja hefur rýrnað og mikill fjöldi fyrirtækja býr nú við alvarlegan fjármagnsskort.

En lítum örlítið nánar á fyrningar. Með fyrningum er verið að færa til gjalda hjá fyrirtækjum útgjöld sem þau verða að leggja út og standa undir, en fá ekki að færa til frádráttar tekjum á því ári sem til útgjaldanna er stofnað, heldur er frádrættinum dreift á nokkur ár. Í verðbólgunni rýrnar gildi fyrninganna og fyrirtækin fá ekki að draga þessi útgjöld frá á réttu verði á hverjum tíma samkv. þeim skattalögum sem enn gilda. Afleiðingin verður of há skattlagning á tekjur sem ekki eru raunverulegar. Í hinum nýju skattalögum, nr. 40 frá 1978, sem fyrrv. ríkisstj. beitti sér fyrir, er tekið á þessu máli m. a. með fyrningum af eldra matsverði atvinnurekstrartækja. Þar er mótuð heilsteypt og heilbrigð stefna um skattlagningu atvinnurekstrarins sem er af allt öðrum toga en þær óraunhæfu skattaálögur sem núv. ríkisstj. er að boða þessa daga á atvinnurekstrinn í landinu.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að bæta við nýju skattþrepi með 50% skattprósentu. Hér er um að ræða að um það bil 12 þúsund skattborgarar fá jólagjöf frá ríkisstj. Það er um það bil 12 þús. skattþegnar sem koma til með að greiða þennan viðbótarskatt og í grg. frv. er gert ráð fyrir tekjuauka ríkissjóðs upp á 1850 millj. kr. Mér er nær að halda að sá tekjuauki sé þar vanmetinn og verði þessi grein samþ. óbreytt, muni það geta gefið ríkissjóði eitthvað á fjórða milljarð í staðinn fyrir 1850 millj. kr. sem gert er ráð fyrir hér. Vissulega veitir ríkissjóði ekki af á næsta ári, það er mér fullkomlega ljóst. En ég held að ástæða sé til þess í þeirri n., þ. e. a. s. hv. fjh.- og viðskn., sem fær þessi frv. til athugunar, að athuga þetta gaumgæfilega, því að ef ætlunin er að afla 1850 millj. kr. tekna verður það að gerast með réttri prósentu, en ekki að prósentan sé ákveðin og síðan sé reiknað út og útkoman látin vera önnur. Reynist rétt sem í grg. stendur, þá leiðréttist það að sjálfsögðu, en ég mun í fjh.- og viðskn. fara eindregið fram á að á þessu verði gerð sérstök athugun.

Þá er í þessu frv. gert ráð fyrir hækkun eignarskatts, og með öðrum frv. er enn aukið á eignarskatta og þar farið inn á svið sveitarfélaganna, svo sem ég mun koma að hér á eftir. Samkv. nýjum fasteignamatslögum er fasteignamat endurmetið einu sinni á ári og því breytist stofn fasteignamatsins og sá stofn sem er lagður til grundvallar eignarskatti. Það láta menn sér ekki nægja í dag, heldur er eignarskatturinn aukinn og það verulega. Þær eignir, sem menn hafa keypt fyrir þær tekjur sem menn hafa borgað skatta af, eru nú skattlagðar í miklu ríkari mæli en nokkurn tíma hefur verið gert áður.

Í sambandi við þetta frv. verður ekki hjá því komist að víkja að því máli sem hv. 11. landsk. þm., Árni Gunnarsson, ræddi um, en hann vék að afturvirkni laganna. Það, sem hér er verið að gera, er að afturvirknin er látin gilda. Ráðstafanir í fjármálum, sem menn í upphafi þessa árs gerðu í trausti þess að gildandi lög ríktu, breytast við þessar álögur og þeir hafa að sjálfsögðu ekkert tækifæri til þess að breyta gerðum sínum enda þótt þeir e. t. v. hefðu alls ekki staðið að þeim miðað við öll þau frv. sem hér eru til umr.

Afturvirkni íþyngjandi laga er andstæð réttarvitund manna. Við setningu þeirra skattalaga, sem eiga að taka gildi eftir áramótin, gerði ég grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fráfarandi ríkisstj. hafði í þeim málum. Þar var ekki einu sinni um að ræða setningu skattalaga sem giltu frá og með lögfestingardegi, heldur taldi ég eðlilegt að aðlögunartími væri hjá þeim aðilum sem við skattalög þurfa að búa, en það er hver einasti borgari landsins, og þegar þau voru samþ. á vorþinginu var ákveðið að þau tækju ekki gildi fyrr en 1. jan. á næsta ári.

Vegna þess, sem gerðist í sept., og vegna þeirrar stefnu, sem núv. ríkisstj. hefur í þessum málum, höfum við hv. 4. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, flutt frv. til l. um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, þar sem allur vafi er tekinn af með því að banna afturvirkni íþyngjandi skattalaga.

Á þskj. 133, 138. mál, er frv. til l. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hér er enn einn þátturinn í sambandi við aðför núv. ríkisstj. að atvinnurekstrinum í landinu, og það sem meira er, hér er faið inn á tekjustofna sveitarfélaganna. Það hefur verið talað um að þyrfti að koma á skýrari verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en ég fæ ekki betur séð en verið sé að gera þá hluti alla erfiðari með slíkri skattheimtu sem þessari. Þau gjöld, sem lögð eru á fasteignir, eru þjónustugjöld sveitarfélaganna og eiga að vera það, og skoðun mín er sú, að þar eigi sveitarfélagið sjálft að hafa ákvörðunarréttinn um það hversu há þjónustugjöld þau setja, því að vissulega getur það verið mismunandi hverja þjónustu sveitarfélögin veita.

Mér er fullkomlega ljóst að sveitarfélögin eru andstæð þessu. Samband ísl. sveitarfélaga hefur gert samþykkt á fundi sínum og mér er tjáð að þar hafi enginn skorið sig úr, allir hafi verið sammála. Ég vil — með leyfi forseta — lesa hér upp skoðanir Sambands ísl. sveitarfélaga á því sem núv. ríkisstj. er að gera í þessum efnum:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ítrekar samþykktir landsþings síns frá 6. sept. s. l. þess efnis, að tryggja verði sveitarfélögum rauntekjur af útsvörum og aðstöðugjöldum, sem að var stefnt með setningu laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8/1972, og jafnframt að sveitarfélögum verði bætt tekjuskerðing við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna niðurfellingar söluskatts á ýmsum vörutegundum, sbr. lög um kjaramál frá 8. sept. s. l., með því að veita Jöfnunarsjóði hlutdeild í öllum söluskattsstigunum 20 í stað 18 eins og nú er. Stjórnin mælir eindregið gegn því, að ríkisvaldið seilist til tekjuöflunar með álögum á þá tekjustofna sem sveitarfélögunum eru ætlaðir samkv. lögum nr. 8/1972, en fram hefur komið í fjölmiðlum að undanförnu að í athugun sé að ríkissjóður leggi á sérstaka fasteignaskatta, veltuskatta og bráttóskatta á tekjur. Í þessu sambandi bendir stjórn Sambandsins á að tekjustofnar sveitarfélaga eru ekki verðtryggðir nema að óverulegu leyti, en því er ólíkt farið með tekjustofna ríkissjóðs. Af þessum sökum og af völdum verðbólgunnar er fjárhagur flestra sveitarfélaga nú mjög erfiður og tekjuöflun þeirra þröngur stakkur skorinn. Stjórinin leggur því áherslu á að sveitarfélögunum verði veitt aukið svigrúm til tekjuöflunar og skerðing á tekjum Jöfnunarsjóðs verði bætt, en skattaálögur til ríkissjóðs af sömu tekjustofnum verði ekki

auknar.“

Þetta var ályktun stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og ég hef engu við hana að bæta.

Það leynir sér ekki hver tilgangurinn er með frv. til l. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um einstakar greinar þess, en vísa til þeirra sjónarmiða sem fram koma í samþykkt stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Á þskj. 184, þingmál 139, er frv. um enn eitt nýtt gjaldið. Hér er um að ræða nýbyggingargjald. Lýsir ríkisstj. yfir að þetta sé tæki til stjórnunar fjárfestingar í landinu, upphaf að fjárfestingarstjórn, fjárfestingarhöftum sem við höfum áður þekkt. Og mönnum fannst eins og þeir gætu átt von á því, þegar septemberlöggjöfin var sett, að eitthvað slíkt kæmi til.

Ég er þeirrar skoðunar, að við eigum að fara allt aðrar leiðir í sambandi við fjárfestinguna í landinu. Ég er sammála um að við þurfum að hafa þar hemil á og haga fjárfestingu með tilliti til þess efnahagsástands sem er í landinu. En boð og bönn eru ekki sú leið sem ég mæli með að farin sé.

Við tölum um að skattamál okkar séu flókin, þau þurfi að einfalda, og við segjum að sjálfsögðu að það megi ekki íþyngja skattborgurunum og það megi ekki íþyngja atvinnurekstrinum. En þeir, sem tala svo, geta ekki í sama orðinu talað fyrir ótal nýjum sköttum, fyrir ótrúlega mikilli skattahækkun og sagt samhliða því að skattar séu einfaldaðir og skattbyrðinni í hóf stillt, hvort heldur það er fyrir einstaklinga eða fyrir atvinnurekstrinn í landinu.

Það er ljóst mál og hefur enginn gert betur grein fyrir því hér á Alþ. en formaður þingflokks Alþfl., hversu gífurlega skattabyrðin vex á næsta ári. Samanburðartölur í þeim efnum eru með þeim hætti, að hlutfall á greiðsluári verður 13.9% miðað við skattvísitölu 150 stig, en á álgningarári 19.2 stig. Það er aðeins eitt ár, sem slær út þessa prósentu, árið 1978, en þá verður álagningarársprósentan 19.4, en á greiðsluári 13.9. Svo hátt hefur þetta hlutfall aldrei komist áður.

Í þeirri ringulreið, sem einkennir efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, er þó einn rauður þráður sem sjá má, ég hef vakið athygli á og fram kemur í frv. sem hér eru til umr., en hann er ásetningur Alþb. að ganga af öllum sjálfstæðum atvinnurekstri dauðum í landinu og enn fremur að tryggja að þeir einstaklingar, sem hafa með mikilli vinnu og dugnaði aflað sér sæmilegra tekna, sjái nú ekki annan kost betri, ef þær skattaálögur sem eru boðaðar í þessum frv. verða að veruleika, en að hverfa til þeirrar meðalmennsku sem einkennir allt þjóðlíf þeirra ríkja sem Alþb. sækir fyrirmyndir sínar til.

Annað veigamikið atriði, sem er afleiðing þeirrar veislu sem núv. ríkisstj. taldi sig bjóða til þegar hún tók við stjórn þjóðarskútunnar, er að nú blasir við að mörg atvinnufyrirtæki, ekki síst í útflutningsatvinnuvegunum, munu ekki geta starfað áfram ef sú skattheimta, sem felst í þessum frv., næst fram. Þá munu mörg þeirra hætta rekstri. Ef slíkt gerist stöndum við Íslendingar frammi fyrir þeim bölvaldi sem hrjáð hefur margar nágrannaþjóðir okkar, því að þá mun atvinnuleysið hefja innreið sína hér á landi. Fyrrv. ríkisstj. hafði það að meginmarkmiði og tókst að bægja frá atvinnuleysi. Það skyldi þó aldrei vera rétt, að Alþb. óskaði eftir að slíkt ástand skapaðist hér á landi og fengi til fulltingis við sig í þeim efnum samstarfsflokka sína, Framsfl. og Alþfl.? Það er það hörmulega við þetta, að þessir tveir lýðræðisflokkar, sem mynda núv. ríkisstj. ásamt Alþb., virðast ekki gera sér grein fyrir hvert stefni. Sú fyrirferð, sem er í þingliði Alþfl. á hv. Alþingi nú síðustu dagana, skiptir hér sáralitlu máli. Ég er hræddur um að það muni nú sem hingað til sitja undir og samþykkja stefnumið Alþb. Það lengsta, sem Alþfl.-þm. geta látið sér detta í hug að ná fram, er að þeir sjálfir skrifi aths. við efnahagsfrv. hæstv. ríkisstj. um æskileg markmið Alþfl.

Framsfl. virðist ekki hafa nokkra stefnu í efnahagsmálunum, þar sem hann var algerlega utan gátta. Það virðist ekki skipta nokkru máli hvað hæstv. fjmrh. segir hver skuli vera stefna ríkisstj. í ríkisfjármálunum, því að hæstv. forsrh. gengur að kröfum Alþb., eins og dæmin sanna. Þetta er sú mynd sem nú blasir við þjóðinni undir forustu hæstv. ríkisstj. og þeirra flokka sem unnu glæsilegan sigur í síðustu kosningum. Við sjálfstæðismenn erum andvígir þessari stefnu. Við viljum efla atvinnulíf landsmanna þeim til hagsældar. Vil viljum efla og styðja einstaklingana til athafna, ekki draga úr kjarki þeirra og þrótti með slíkri skattaáþján sem nú er fyrirhuguð. Við viljum efla sveitarfélögin, en ekki draga úr sjálfsákvörðunarrétti þeirra og gera þau veikari. Þess vegna munum við greiða atkv. gegn þessum frumvörpum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þau frv. til l., sem hér hafa verið kynnt, eru auðvitað í tengslum við fjárlagafrv. Alþfl. vill ekki tefja þinglega meðferð þessara mála. Hins vegar er ljóst að við höfum kynnt samstarfsflokkum okkar í ríkisstj. svo og öllum almenningi frv. til 1. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu. Flokksstjórn Alþfl. hefur samþykkt að fjárlagafrv. verði ekki afgreitt fyrr en frv. þessa efnis hafi verið samþ. Þm. Alþfl. mælast því til þess, að þessi tekjuöflunarfrv. verði ekki tekin til endanlegrar afgreiðslu fyrr en stefnan í efnahagsmálum til tveggja næstu ára hefur verið mörkuð og við höfum ákveðna stefnu og heildarmynd fyrir framan okkur.

Í frv. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu er gert ráð fyrir allnokkurri hjöðnun fjárl. Það er stefna, sem er svo þekkt að vart þarf að lýsa, og vilji okkar er að allverulega verði dregið úr skattheimtu. Af þessum ástæðum m. a. og af ástæðum, sem oft hefur verið lýst og óþarfi er að tíunda, mælumst við til við samstarfsflokka okkar að þessi málsmeðferð verði viðhöfð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 188). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Eins og ég greindi frá í framsögu fyrir frv. um breyt. á 1. um tekju- og eignarskatt, þá gerði ég grein fyrir þessu máli sem hér er á dagskrá. Vil ég leyfa mér að vísa til þeirrar ræðu og mun ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni nema tilefni gefist til þess.

Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls vísa ég til þeirrar ræðu sem ég flutti áðan við umr. um frv. til 1. um breytingu á tekjuskattslögunum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Í framhaldi af þeim upplýsingum sem fram komu hjá hv. 7. þm. Reykv. um að einn af stuðningsflokkum stjórnarinnar óski eftir því, að afgreiðslu á fjárl. verði frestað og frekari umr. þangað til hinir stjórnarflokkarnir hafa tekið afstöðu til samþykktar flokksþings Alþfl., þá vil ég taka undir þann málflutning hv. 7. þm. Reykv. Ég sé ekki að hægt sé að komast að nokkrum niðurstöðum um fjárlög fyrr en afstaðan er ljós til samþykktar flokksstjórnar Alþfl. og allar umr. um fjárl. óþarfar þar til sú niðurstaða liggur fyrir.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Að því er tekur til þessa frv. sem hæstv. fjmrh. hefur nú kynnt, þá endurtek ég þá afstöðu Alþfl. sem lýst var í fyrri ræðu minni og vísa að öðru leyti til hennar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka aftur undir óskir þeirra Alþfl.-manna sem koma fram í málflutningi hv. 7. þm. Reykv., að umr. verði frestað þangað til niðurstöður liggja fyrir um samþykktir flokksstjórnar Alþfl.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og hv. 7. þm. Reykv. hefur tekið skýrt fram, munum við Alþfl.-menn ekki standa í vegi fyrir því, að þessi mál fái eðlilega þinglega meðferð og fari til athugunar í nefnd, en að sjálfsögðu tengist þetta við endanlega afgreiðslu fjárl. En við höfum mælst til þess, að þessi mál verði ekki endanlega afgreidd frá Alþ. eða frá þessari hv. d. fyrr en niðurstaða liggur fyrir í þeim málum. Sem sé, við munum ekki tefja þinglega meðferð þessara mála á einn eða neinn hátt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er sýnilegt að frv. Alþfl. um jafnvægisstefnu kemur inn í umr. um mörg mikilvæg mál og hefur áhrif á gang tekjuöflunarmála og fjárl. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fsp. til formanns þingflokks Alþfl., hvort við þm. eigum ekki von á því, að þm. Alþfl. flytji þetta frv. nú þegar á Alþ. eða hvort Alþfl. ætlar að bíða eftir leyfi frá Framsfl. og Alþb. til að mega flytja það.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og hv. 11. þm. Reykv. veit, sem er langreyndur í þingstörfum og stjórnarsetu, hefur bæði lengi átt aðild að ríkisstjórnum og enn fremur lengi verið andstæðingur ríkisstjórna, þá eru það sjálfsögð, eðlileg og kurteisleg vinnubrögð þegar menn eiga samvinnu við aðra flokka í ríkisstj. um stjórn landsins, að ef menn hafa ákveðnar till. fram að færa sem menn vilja að nái fram, þá auðvitað byrja menn á því að sýna samstarfsmönnum sínum þær till. og óska eftir því, að þeir taki afstöðu til þeirra og fjalli um þær. Það höfum við Alþfl.-menn gert. Við höfum enn enga ástæðu til þess að efast um að samstarfsaðilar okkar taki jákvætt í þennan tillöguflutning okkar, vegna þeirrar einföldu ástæðu að frv. okkar Alþfl.-manna er byggt á grg. með stjfrv. sem að sjálfsögðu er samþ. sem grg. af stjórnarliðinu, væntanlega öllu, og því er um að ræða nákvæmari útfærslu en þar er á efnahagsstefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur þegar samþykkt. Við teljum sem sagt enga ástæðu til þess að ætla annað en að samstarfsflokkar okkar taki jákvætt í þessa málaleitan, og það er sjálfsögð kurteisisskylda okkar í samstarfi við þá að sýna þeim slíkt mál og óska eftir afstöðu þeirra, en leggja það ekki fram á þingi án þess að sú afstaða þeirra liggi fyrir.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það kemur þingheimi og þjóðinni ekkert á óvart þó að hv. þm. upplýsi að Alþfl. vilji temja sér og halda áfram að sýna samstarfsflokkunum alveg sérstaka kurteisi og háttvísi. Þetta veit auðvitað þjóðin öll. En ég fékk ekki svar við spurningu minni um það, hvort Alþfl. mundi leggja frv. fram á Alþ. Það er á honum að skilja að fyrst verði samstarfsflokkarnir að taka afstöðu til frv. Hér er nefnilega um að ræða gátu sem mönnum gengur dálítið erfiðlega að ráða, hvort Alþfl. ætlar að sýna þann manndóm að leggja frv. fram hér á Alþ. og freista þess hvort hann geti fengið það lögfest eða hvort hann ætlar að bíða um ótiltekinn tíma eftir afstöðu hinna stjórnarflokkanna. Í því sambandi má geta þess, að svo var að skilja á hæstv. forsrh. fyrir helgi, að ríkisstj. mundi ekki geta fjallað um þessi mál eða athugað þetta að nokkru ráði fyrr en eftir áramót. Það er þetta dæmi sem stendur dálítið óskýrt fyrir þjóðinni, að ég ætla.

Það eru sett þau skilyrði, að fyrir liggi afstaða stjórnarflokkanna til þessa frv. Alþfl. áður en fjárlög og tekjuöflunarfrv. verði afgreidd. Það er ætlun hinna tveggja stjórnarflokkanna að afgreiða þessi mál nú fyrir jól, en frv. verður ekki athugað í alvöru fyrr en eftir áramót að sögn hæstv. forsrh. Hvernig gengur þetta dæmi upp? Gæti ekki hv. þm., formaður þingflokks Alþfl., hjálpað mönnum til að ráða þessa gátu?

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Sá mæti maður Hannibal Valdimarsson sagði einhvern tíma að það væri stór kostur á andstæðingi ef honum dytti aldrei neitt í hug. Það má segja um þá hv. sjálfstæðismenn, að það er eins og þeim geti ekki dottið nokkur skapaður hlutur í hug sjálfum og þurfi alltaf að leita svara hjá öðrum. En það verður að ætlast til þess, að þingreyndur maður eins og hv. síðasti ræðumaður sé nú orðinn þess umkominn að detta sjálfur í hug svör við spurningum sínum af þessu tagi og þurfi ekki að leita svara við þeim á Alþingi.

En á hitt er að líta, að við Alþfl.-menn viljum að sjálfsögðu þrautreyna samkomulag við samstarfsflokka okkar um þessi mál. Við lítum svo á að sú tilraun sem við höfum gert nú í desembermánuði, á elleftu stundu, ég skal fúslega viðurkenna það, sé tilraun til að bjarga þessari ríkisstj. til að koma því í framkvæmd að hún geti starfað ekki út árið 1979, heldur allt kjörtímabilið og náð árangri. Og við hættum ekki við þennan björgunarleiðangur á miðri leið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil ítreka það sem hefur komið fram hjá hv. þm. Alþfl., að þeir munu ekki samþykkja það frv. til fjárl., sem nú liggur fyrir, nema samstarfsflokkarnir samþykki verulegar breytingar á því í þá átt sem birtist í stefnumótun flokksstjórnar Alþfl. Það þýðir einfaldlega, að augljóst er að það er ekki meiri hl. á Alþ. fyrir samþykkt fjárl. eins og þau liggja fyrir. Fyrr en það liggur ljóst fyrir, hvort stjórnarflokkarnir koma sér saman um fjárlög sem þeir treysta

sér til að koma í gegn með atkvæðamagni sem á bak við þá er ef þeir standa saman, er tilgangslaust að ræða fjárlagafrv., því að það er ekki nokkur leið að vita hvaða fjárlagafrv. við erum að ræða. Hér liggur fyrir fjárlagafrv. kynnt af ríkisstj. sem hefur ekki meiri hl. þm. að baki. Ég get ekki séð annað en það sé tilgangslaust að eyða tíma í frekari umr. fyrr en flokkarnir allir, sem standa að hæstv. ríkisstj., leggja fram nýtt fjárlagafrv. sem þm. standa að, stuðningsmenn þessarar ríkisstj., en ekki bara ráðh. Þess vegna tek ég undir ósk hv. 7. þm. Reykv. um að fresta þessum umr. Ég gat ekki betur skilið en hann væri að fara þess á leit að umr. yrði frestað, því að það er ekkert til að afgreiða fyrr en vitað er hver niðurstaðan verður milli þm. stuðningsflokka ríkisstj., þingflokkanna í heild. Ég ítreka þessa ósk mína um að umr. um fjárl. verði frestað þangað til fyrir liggur einhver sameiginleg niðurstaða þess meiri hl. sem stendur að myndun núv. ríkisstj.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það hefur verið fróðlegt á marga vísu að fylgjast með háttalagi hv. þm. Alþfl. undanfarin dægur. En það hefur verið heldur óskemmtilegt, ég verð að játa það, raunar að mörgu leyti gróflega dapurlegt. Þessi hráskinnaleikur er með þeim endemum, að hann er ekki til þess fallinn að mínum dómi að auka veg og virðingu Alþingis, eins og mér skildist og hefur löngum skilist að væri aðalerindi flestra þessara hv. þm. inn á hið háa Alþingi.

Nú fer að líða að því, að menn botni hvorki upp né niður, og þess vegna spyrja menn og krefjast svara. En það verður fátt um þau. Eftir því sem ég skildi nú síðast á hv. 4. þm. Vestf., þá vildi hann engu svara til um það, hvort við ættum von á því, stjórnarandstaðan, að fá að kynnast innihaldi þessa mikilvæga frv. sem þeir bíða nú svara hjá samstarfsflokkum sínum um hvort þeir vilji fallast á. En mér sýnist á öllum tilburðum þeirra hv. Alþfl.-manna að spurning sé hversu lengi þeir hafi þolinmæði, hinir stjórnarflokkarnir, til þess að vera handkurrur þeirra og hankatrog, eins og þeir hafa verið a. m. k. síðustu viku eða rúmlega það.

Þegar hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, lýsir yfir að samþykki Alþfl.-manna — hann undanskildi engan og talaði þar í nafni flokksins — við tekjuöflunarfrv. sem hér hefur verið til umr., og þau bæði tvö, sé háð því skilyrði, að fallist verði fyrst á eða frá gengið frv. því, sem þeir hafi lagt fyrir samstarfsflokka sína, og um það samið, að a. m. k. meginþættir þess nái fram að ganga, þá vil ég spyrja beint og án vafninga: Þýðir þetta það, að ef ekki hafa gengið saman samningar um þessi atriði, kröfuatriði Alþfl., þá muni þeir greiða atkv. gegn þessum tekjuöflunarfrv. sem eru undirstaða afgreiðslu fjárl.? Þýðir það það? Sjálfstfl. hefur nefnilega lýst yfir andstöðu sinni við þessi frv. og hann hefur 20 þm. á hinu háa Alþ. og Alþfl. 14, og það er ærið nóg til þess að sjálfsögðu að kolfella öll þessi frv. Sem sagt, er það alveg í gadda slegið, að verði þeim hv. Alþfl.-mönnum ekki gert til hæfis og kröfum þeirra mætt, þá muni þeir fella þessi frv., sem nú liggja fyrir og eru forsenda fjárlaganna?

Nú þarf engar vífilengjur eða útúrsnúninga til þess að svara þessu. Hv. Alþfl.-menn ættu að geta verið búnir að ná vopnum sínum því að til þess hafa þeir fengið ærið ráðrúm. (Gripið fram í.) Hitt er annað mál, að ekki eru öll prumphænsnin vígaleg. Það er svo sem út af fyrir sig á löngum þingfundum að menn geri að gamni sínu, en mér er síður en svo hlátur í hug. Ég veit ekki hvar í ósköpunum þetta ætlar að lenda. Mér er nær að halda að annað tveggja sé til: Hið fyrra að Alþfl.-menn ætli alls ekki að halda áfram að vinna í þessari ríkisstj. sem þeir hafa myndað. Þetta er annað og kannske það líklegra. Eða þá hitt, að þeir eru með öllu æði sínu að reyna að telja þjóðinni trú um að þeir séu andstæðir lagafrv. sem þeir telja að e. t. v. kunni að vera óvinsæl í augum þjóðarinnar. Þá er skörin farin að færast upp í bekkinn og frammistaðan ekki merkileg. En ég verð að játa að ég hef orðið þess var, að fólk, sem ekki þekkir nógu vel til, álítur að þeir standi sig bara nokkuð vel, þessir piltar. Að vísu eru það fáir enn þá sem eru þeirrar skoðunar, að þeir hafi náð fram aðalkosningahugsjónamálum sínum: „samningana í gildi". Þeir eru að vísu ekki margir, en þó eru þeir til, því að þetta er margþættur og margslunginn flokkur. En ég held að sá dagur hljóti að renna innan tíðar að menn heyri holhljóminn í þessum málflutningi og sjái í gegnum þessa tilburði. Ef það er innihaldið að reyna að telja fólki trú um að þeir séu andstæðir þeirri skattpíningarstefnu, sem nú er höfð í frammi, og þeir halda að þeim haldist það uppi alveg til loka, enda þótt þeir greiði þessu atkv., því að nauðsynlegt er að þeir geri það til þess að lögum verði, þá held ég, ef þeir trúa þessu, að þeir treysti um of á dómgreindarleysi alls almennings.

Ég het að vísu ekki jafnlanga þingsögu að baki og t. d. hv. 11. þm. Reykv., þannig að ég er ekki jafnmörgu vanur og hann, en ég sé að honum ofbýður. Hann hefur aldrei séð dæmi slíks og þvílíks eins og við höfum hér fyrir augum dagsdaglega í háttalagi þeirra hv. Alþfl.-manna. Ég svo sem skipti mér ekkert af því. Það liggur hver eins og hann hefur lund til eða eins og hann hefur um sig búið í þessu stjórnarsamstarfi. En ég verð að segja það, að ég ber þungann niðri vegna Alþingis og virðingar þess. Mér er nær að halda að hér sé unnið með allt öðrum hætti og þveröfugum á við það sem menn hafa lagt áherslu á að þyrfti að gera, af því sem Alþingi hefði sett niður á undanförnum árum að þeirra dómi, nýjabrumsmanna og upphlaupsmanna og þeirra sem ætluðu að hreinsa til í þjóðfélaginu.

Ég vil nú biðja hæstv. forseta að gá að því hjá sér, hvort hann þarf ekki að taka sér umhugsunarfrest á meðan við þm. snæðum, upp á það til að gera hvernig hann hyggst standa að atkvgr. varðandi þau frv. sem nú er verið að ljúka umr. um. Ég ætla a. m. k. að vænta þess, að hann kalli mig ekki til þess að leysa sig af hólmi ef til þess kemur, því að það hlýtur að liggja við borð að hæstv. forseti axli sín skinn og fresti að leita atkv., því að ella á hann stjórnarsinninn sjálfur, á hættu að þessi frv. verði felld frá 2. umr. og n. En við þessu þarf ég að fá svar: Merkja yfirlýsingar hv. 7. þm. Reykv. þetta, því að ella er hann ekki öruggur um framhaldið nema hann stemmi á að ósi þegar í stað?

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Fyrst örfá orð vegna þess sem hv. 1. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, sagði.

Það, sem við höfum sagt, er þetta: Við höfum mælst til þess við hæstv. fjmrh., eins og þessi mál eru öll í pottinn búin, að það fari ekki fram endanleg afgreiðsla um tekjuöflunarfrv. ríkisstj. fyrr en afstaða hefur verið tekin til frv. til 1. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu sem við höfum kynnt samstarfsflokkum okkar í ríkisstj. Það segir sig

sjálft, að þau frv., sem hér eru til umr., tengjast mjög öllu fjárlagadæminu og þess vegna er ekki hægt að taka tillit til heildarmyndarinnar fyrr en við höfum fyrir framan okkur hvernig þessi pakki lítur út í heild sinni.

Alþfl. er í stjórnarsamstarfi við Framsfl. og Alþb. Það er bæði eðlileg og sjálfsögð kurteisi að þrautreyna við núverandi samstarfsflokka okkar, hvort þeir fallist ekki á það sem maður við fyrstu sýn mundi telja að væri sjálfsagt, þ. e. að lögbinda stefnuna og stefnumörkunina í efnahagsmálum til næstu tveggja ára áður en gengið er frá fjárlagadæminu í heild sinni. Nú kynni þetta að hafa verið ókurteislegt ef hér væri verið að kynna eitthvað nýtt, en svo er ekki. Þetta eru hugmyndir sem við höfum á löngum og ströngum fundum allt frá því um mitt sumar rætt við samningaaðila okkar. Það er varla stafkrókur í þessu frv. sem í sjálfu sér kemur á óvart. Þess vegna er minnstur vandi að aðhafast skjótlega, ganga frá þessu áður en gengið er frá tekjuöflun og fjárlagadæminu í heild sinni.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson og Albert Guðmundsson töluðu um að það kynni að verða meiri hl. á móti fjárl. og á móti tekjuöflunarfrv. ríkisstj. á Alþ. Ég er ekki viss um þetta. Flokkarnir, aðrir en Alþfl., Sjálfstfl., Framsfl. og Alþb., hafa staðið að alls konar vafasömum ævintýrum á undanförnum árum. Ég minni aðeins á eitt, Kröfluvirkjun. Í því fjárlagadæmi, sem við erum nú að ganga endanlega frá, er fjármagnskostnaðurinn einn vegna Kröfluvirkjunar 2.5 milljarðar kr. sem skattborgararnir eiga að borga. Krafla veitir engum birtu og yl, en hún yljar kannske einhverjum undir uggum, sem er sitt hvað. Þessir þrír flokkar, ævintýra- og verðbólguflokkar sem hér er um að ræða, hafa staðið saman að Kröflu. Þeir hafa skipt með sér framkvæmdastjórastöðum í Framkvæmdastofnun og dreift þar ódýru lánsfé, svo að ég er ekki viss um nema meiri hl. sé með öðrum hætti í þinginu en hv. þm. Albert Guðmundsson og Sverrir Hermannsson gáfu í skyn.

Kjarni málsins er einfaldlega þessi: Það, sem Alþfl. hefur verið að gera og undirbúa allt frá 1. des., er einasta alvarlega tilraunin sem gerð hefur verið í íslenskum efnahagsmálum nú um margra ára skeið til þess að koma efnahagsmálunum á rétta kjöl á ný. Við getum ekki haldið því áfram að semja okkur áfram viku eftir viku og mánuð eftir mánuð. Við getum ekki leyft okkur þann munað að ganga frá fjárlagadæmi án þess að vita hvað næsta vika og næsti mánuður ber í skauti sér. Þessar leiðir erum við að þrautreyna við núverandi samstarfsflokka okkar, Framsfl. og Alþb. Og ég þykist viss um að þeir muni bera gæfu til og hafa til þess vit, þor og þrek að ganga að þessum till. okkar, ganga frá fjárlagadæminu með hliðsjón af því sem þeir hafa sjálfir lagt til í grg. með frv. 1. des., og þegar við afgreiðum þetta dæmi í heild sinni, þá höfum við fyrir framan okkur markaða stefnuna til tveggja næstu ára í öllum meginþáttum efnahagsmála. Talsmenn Sjálfstfl. hér þykjast ekki skilja upp né niður í þessum vinnubrögðum. Sér er nú hvert skilningsleysið satt að segja, því að ég fæ ekki betur séð en þetta sé bæði hið sjálfsagða og eðlilega framhald af aðgerðunum sem framkvæmdar voru 1. des. og þeim ágreiningi um vinnuaðferðir sem þá var uppi og var lýst í smáatriðum í þessari hv. d. Þetta er allt hið sjáfsagða og eðlilega framhald. Það er hvergi verið að koma aftan að neinum og allra síst samstarfsflokkum okkar í ríkisstj., vegna þess að hér er um að ræða útfærða grg. með frv. sem við allir þrír stóðum að 1. des. Það er aðeins spurning um það, að þetta sé útfært til tveggja ára og frá gengið með tryggingum. Ef ekki er svo staðið að, þá þykjumst við vita og vitum öll hér inni í hvert óefni mundi stefna á launamarkaði og annars staðar.

Allt þetta hygg ég að sé svo skýrt, að það lætur nærri að ætla að þeir sjálfstæðismenn, sem lítt þykjast skilja í hvað hér er að gerast, geri sér upp slíkt skilningsleysi. Ég veit að vísu að það hefur margt vafist fyrir þeim góðu herrum. En engu að síður hygg ég að þetta séu svo einföld mál að jafnvel talsmenn Sjálfstfl. skilji til hlítar. Hér er verið að reyna að setja efnahagsstefnu til tveggja ára. Það er snúið sér til samstarfsflokka okkar í ríkisstj. Þetta er framhald af því sem fyrirheit hafa verið gefin um. Þetta er svo sjálfsagt og eðlilegt, þetta eru svo sjálfsögð vinnubrögð og svo eðlileg að engin spurning þarf um það að vera út af fyrir sig. Hitt er aftur rétt, að það reynir á kjark og þrek og þor þeirra sem með okkur hafa starfað. Við vonum vissulega að það samstarf muni halda áfram eftir þeim fyrirheitum sem þegar hafa verið gefin. Til þess er þessi leikur gerður. Þjóðin á það beinlínis skilið, að með þessum hætti sé leikið og fram haldið, og þá mun horfa til betri vegar.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef engu við það að bæta sem hæstv. forsrh. lýsti yfir við 2. umr. fjárl. um þau málefni sem hér hafa nú verið rædd seinast. Það er stefnt að því að afgreiða fjárl. fyrir jólin í samræmi við þær samþykktir sem ríkisstj. hefur gert um sjálft fjárlagafrv. og þau tekjuöflunarfrv. sem eru í tengslum við það. Mér sýnist að stefnan í fjárlagafrv. sé í aðalatriðum í samræmi við þá stefnu sem Alþfl. leggur áherslu á. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Nýbyggingagjald, frv. (þskj. 189). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Þegar ég í morgun gerði grein fyrir frv. um breyt. á 1. um tekju- og eignarskatt, þá gerði ég þetta frv. einnig að umræðuefni almennt séð. Ég vil þó leyfa mér að bæta hér við örfáum orðum og fara fáum orðum um einstakar greinar þessa frv. til 1. um nýbyggingagjald.

Um 1. gr. er það að segja, að þar er gjaldskylda miðuð við skilgreiningu laga nr. 91 frá 1976, um skráningu og mat fasteigna, á þeim mannvirkjum sem meta skal fasteignamati, sbr. einnig reglugerðir sem settar hafa verið samkv. þeim lögum.

Í 2. gr. er fjmrh. heimilað með reglugerð að undanþiggja ákveðnar tegundir fasteigna gjaldskyldu. Sérstaklega skal tekið fram að gjaldið leggist ekki á sumarbústaði og bifreiðageymslur.

Um 3. gr. Samkv. 3. og 4. mgr. er Fasteignamati ríkisins ætlað það verkefni að áætla byggingarkostnað þeirra mannvirkja sem eru svo sérstæð að ekki verði miðað við þær meðaltalsreglur er greinir í 2. mgr. Á þetta m. a. við um öll mannvirki sem eru þess eðlis að rúmmetramáli verður ekki við komið, auk ýmiss konar annarra mannvirkja.

Um 4. gr. vil ég aðeins segja það, að eindagi gjaldsins miðast við útgáfu byggingarleyfis eða upphaf framkvæmda. Gert er ráð fyrir að teikningar að mannvirkjum verði lagðar fyrir innheimtumann ríkissjóðs vegna ákvörðunar gjaldsins auk annarra upplýsinga sem hann kann að telja nauðsynlegar í þessu skyni.

Heildarframkvæmdir við húsbyggingar eru áætlaðar um það bil 78.2 milljarðar á árinu 1979. Þar af eru íbúðarhús 43.6 milljarðar, en aðrar byggingar um 35 milljarðar. Erfitt er að áætla gjaldstofn nýbyggingagjalds út frá þessum heildartölum, en ætla má að stofninn sé 17-18 milljarðar kr. og mundi þá 2% gjaldtaka af þessari upphæð nema 350 millj. kr., og er áætlað að 300 millj. innheimtist á næsta ári.

Þar sem hér er um að ræða nýjan skatt er ástæða til að nefna það, að ekkert einsdæmi er að svona skattar séu lagðir á. Þeir hafa verið lagðir á í ýmsum löndum. Þeir hafa verið lagðir á svæðisbundið sums staðar, eins og t.d. í Bretlandi og e. t. v. víðar, þannig að þetta er ekki neitt einsdæmi, að lagður sé á sérstakur skattur þegar um er að ræða að reisa nýbyggingar.

Eins og ég tók fram í morgun, er annar höfuðtilgangur þessarar ákvörðunar að stuðla að því, að hægt verði á fjárfestingu í þeim tilgangi að draga úr þeirri miklu spennu sem hefur ríkt í þjóðfélaginu vegna of mikilla framkvæmda þegar á heildina er litið.

Ég legg svo til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það hefur nú rignt yfir okkur í hv. Nd. að undanförnu ýmsum frv. frá ríkisstj. sem eiga það sameiginlegt, að þar er enn verið að herða skattaálögur á allan almenning í þessu landi. Ríkisstj. stendur nú frammi fyrir því, að gjafmildi hennar og loforðalistar kosta að sjálfsögðu fjármagn og það fjármagn skapar ekki hæstv. ríkisstj. Hún verður að sjálfsögðu að leita í vasa skattborgaranna og láta þá borga brúsann.

Hér er um að ræða, eins og fram hefur komið hjá ræðumönnum stjórnarandstöðunnar fyrr í dag, stórkostlega skattpíningu, þar sem leitað er í hverri smugu að einhverju verðmæti sem hægt er að gera að gjaldstofni, þannig að öruggt sé að ekkert leynist í þessu landi, hvorki kvikt né dautt, sem ekki er hægt að koma höndum yfir með einhverjum hætti af hæstv. ríkisstj.

Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur lýst afstöðu Sjálfstfl. til þeirra frumvarpa sem hér liggja fyrir, og ég get bætt því við, að að sjálfsögðu er Sjálfstfl. andvígur því gjaldi sem gert er ráð fyrir í þskj. 189 að leggist á nýbyggingar. Það virðist vera dálítið sérstakt fyrir þessi gjöld, að nú er það atvinnureksturinn sem á að standa undir auknum álögum, sá hinn sami atvinnurekstur sem í haust, þegar þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, mátti ekki við neinum nýjum álögum að því er bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar héldu fram. Þetta er sami atvinnureksturinn og ekki þolir að greiða hærri vexti, en þolir allt í einu núna að greiða hærri gjöld til ríkisins.

Það er einkar athyglisvert, að hér er ráðist að húsnæði fyrir skrifstofu- og verslunarrekstur, og ástæðan er, eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh., gegndarlaus fjárfesting í slíku húsnæði. Það væri út af fyrir sig athyglisvert að kanna hvernig stendur á þessu, þ. e. a. s. ef gert er ráð fyrir að hæstv. fjmrh. fari með rétt mál í þessu sambandi. Ég held að svarið við þessu sé ákaflega einfalt, og margir hafa reyndar bent á það hér í þd. þegar umr. áttu sér stað um önnur mál og þá á ég sérstaklega við vaxtamálin. Þar kom greinilega fram að einmitt vegna rangrar vaxtastefnu undanfarin ár hefur það gerst, að menn hafa orðið að verðtryggja eignir sínar með þeim hætti að festa þær í steinsteypu. Þetta hefur að sjálfsögðu leitt til þess, að fjármagnið hefur farið á ákaflega óarðsamar brautir, verið tekið úr rekstri og lagt í járn og steinsteypu.

Ég held að nær hefði verið, ef bregðast átti við þessum vanda, að breyta vaxtastefnunni annars vegar og verðmyndunarkerfinu hins vegar. Nú liggur það samt sem áður fyrir, að ríkisstj. hefur engan áhuga á tillögum Alþfl. eða tillögum Sjálfstfl. um breytingar á vaxtastefnunni annars vegar, og hins vegar hefur verið samþ. hér á Alþ. að fresta um sinn gildistöku laga um verðmyndun. Það væri út af fyrir sig athugunarefni fyrir hæstv. ríkisstj., sem nú situr og leitar með logandi ljósi að alls konar sköttum sem hægt sé að leggja á í þessu þjóðfélagi, hvort ekki sé kominn tími til að leggja skatt á skuldir manna. Sjálfsagt verður það næst, og ég efast ekki um að það verður hægt að finna rök fyrir slíku með nákvæmlega sama hætti og hæstv. fjmrh. færði rök fyrir máli sínu áðan.

Ég vil, herra forseti, fara aðeins örfáum orðum um það frv. sem hér liggur fyrir til umr., þótt ég hafi í og með rætt um önnur frv. sem telja má að hljóti að verða þessu frv. samferða í gegnum þd.

Ég hef lýst því yfir, að við sjálfstæðismenn erum andvígir þessu frv., en gerum ráð fyrir því samt sem áður að stjórnarflokkarnir hafi nú þegar náð samstöðu í málinu og leggi frv. þess vegna fram í sameiningu, en ekki með alls konar fyrirvörum, eins og mikið hefur borið á upp á síðkastið í röðum stjórnarinnar og stjórnarliðanna. En varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, held ég að ástæða sé til þess að rekja örfá atriði og fá þá væntanlega skýringar hjá hæstv. fjmrh. á þeim hér á eftir.

Ég vil í fyrsta lagi benda á það, að í 4. gr. frv. er sagt að eindagi nýbyggingagjaldsins miðist við útgáfu byggingarleyfis, og í 6. gr., 2. mgr. og 3. mgr., er sagt frá því, hvernig innheimtan eigi að fara fram og hvenær dráttarvextir leggist á viðkomandi gjöld. Ég bendi á þetta hér vegna þess, að ég tel ákaflega óeðlilegt að gjald sé lagt á eignir sem ekki eru til í landinu, heldur eignir sem eiga eftir að verða til. Það er þess vegna spurning, sem hægt er að vísa til viðkomandi n., hvort ekki sé ástæða til þess, að þetta gjald greiðist ekki áður en byggingarframkvæmdir hefjast, heldur kannske miðist gjaldtakan við visst byggingarstig, t. d. þegar grunnur hafi verið gerður eða hús er fokhelt, en það mundi að sjálfsögðu koma miklu betur út fyrir gjaldþolana.

Þá er ástæða til að benda á að gjaldstofninn er hér auðvitað áætlað verð á húseignum sem eru gjaldstofnar, og það stríðir auðvitað gegn allri réttlætiskennd þess vegna. Þetta ýtir undir það, að menn reyni að komast hjá því að gefa upp fyrirhugaðar framkvæmdir, og ýtir undir það, sem í þessum þingsölum hefur verið kallað neðanjarðarhagkerfi. Þessi lög eru ágætt skóladæmi um það, hvernig á að setja lög til þess að efla neðanjarðarhagkerfið, svo að ég noti hugtak sem aðrir menn en ég eru þekktir fyrir að nota í umr. á Alþ. og í dagblöðum þjóðarinnar.

Í 2. gr. þessa frv. segir, með leyfi forseta:

„Íbúðarhúsnæði er undanþegið gjaldskyldu samkv. lögum þessum. Heimilt er ráðh. að undanþiggja ákveðn-

ar tegundir mannvirkja gjaldskyldu."

Ég vil nú leyfa mér að biðja um nákvæmari upplýsingar en þær sem komu fram hjá hæstv. ráðh. áðan um það, hvernig hann hyggst beita þessari reglugerð. Það hefur margoft verið ásökunarefni af hálfu einstakra hv. þm., að Alþ., sem fer með löggjafar- og fjárveitingavaldið, afhendi slíkt ákvörðunarvald eins og reglugerðarvald í þessu máli til handhafa framkvæmdavaldsins, í þessu sambandi hæstv. fjmrh., þannig að hann fær þar ótiltekin völd til þess að setja reglugerð þar sem alls konar undantekningar geta komið fram. Þess vegna er ástæða til að spyrja hvort hæstv. ráðh. hyggist leggja nýbyggingagjald á þær fasteignir sem eru undanþegnar fasteignaskatti samkv. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga frá 22. mars 1972. Ég held að það væri ástæða til að fá þessar upplýsingar fram nú þegar. Ef það reynist ekki vera sé ég ástæðu til að vinna að gerð brtt. sem annaðhvort kæmi þá fram í n. eða við 2. umr. málsins. Í þeirri von, að hæstv. ráðh. gefi skýr svör um hvernig hann hyggst fara með þessi mál, læt ég máli mínu lokið.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það hefur verið rætt nokkuð um skattheimtuna, og er rétt að ég geri í örfáum orðum grein fyrir þeim breytingum sem gerst hafa í sambandi við nýja skatta með þeim till. sem nú liggja fyrir.

Varðandi beina skatta er þetta þannig, að áður en brbl. ríkisstj. frá því í sept. voru sett voru þeir 40% tekjuskattur, 11% útsvar, 2% sjúkratryggingagjald, samtals 53%, og síðan var skyldusparnaðurinn, sem ekki er skattur, til viðbótar á þessu ári, þannig að greiðsluskyldan var samtals 63%. Síðan kom hátekjuskatturinn samkv. brbl. í sept., þannig að alls er greiðslubyrðin á hæstu jarðarsköttum því 69% á þessu ári.

Nú er gert ráð fyrir að fella niður hátekjuskattinn, 6%, en innleiða skyldusparnaðarstofninn sem skatt í staðinn, þannig að þetta lítur þá þannig út, að það verður 50% hæsti tekjuskattur, 11% útsvar og 2% sjúkratryggingagjald, samtals 63%. Nú er þess að gæta, að þetta nýja skattþrep, 10%, leggst á mjög háar tekjur. Það leggst á tekjur einhleypinga brúttó, ef meðaltal er dregið, um 4.5 millj. kr. og á tekjur hjóna, ef einnig er miðað við meðaltal, 6 millj. 751 þús. kr. Hér er því raunverulega um að ræða hátekjuskatt eins og tekjum er háttað hér á landi.

Ég gerði í umr. hér í haust talsverðan samanburð á skattþunga hér á landi og í ýmsum öðrum löndum og gerði grein fyrir því þá, að skattþungi hér á Íslandi er miklu minni en hann er hjá öllum þeim þjóðum sem við gjarnan viljum bera okkur saman við. Ég gerði t. d. grein fyrir hlutfalli beinna skatta af þjóðarframleiðslu, ef miðað er við árið 1976, og þeir eru ekki nema 7.3% hér á Íslandi, í Noregi 16.6%, í Bretlandi 16.1%, í Finnlandi 20.6%, í Svíþjóð 23.7%, í Danmörku 26.5%, Bandaríkjunum 14%. Hér er á geysilega mikill munur eins og öllum hlýtur að vera ljóst.

Varðandi hlutfall beinna skatta af brúttótekjum heimila hér á Íslandi var þetta hlutfall árið 1977 10.6%, en í Noregi 33.9%. Hlutfall beinna skatta heimilanna samkv. fjárlagafrv. verður um 14.3%, en er í Noregi um 34%. Eitthvað hækkar þetta, en þó lítið, þannig að það er ljóst að þrátt fyrir þá skattlagningu, sem nú er verið að efna til, er hlutfall beinna skatta af brúttótekjum heimila hér á Íslandi miklu lægra en í þeim löndum sem við gjarnan berum okkur saman við. Í Danmörku er þetta hlutfall 29.3%, í Svíþjóð 35.6%, í Noregi um 34%, Finnlandi 30%, Bretlandi 24% og í Bandaríkjunum yfir 20%, en hjá okkur sennilega í kringum 15% þegar sá skattþungi bætist við sem nú er verið að leggja á, og er ég þá að tala um beina skatta.

Ég geri mér auðvitað grein fyrir því, að það er ekki sanngjarnt að bera þetta alfarið saman, og ég ætlast auðvitað ekki til þess, að mál mitt sé skilið þannig, að þetta sé einhlítur samanburður, vegna þess að það kemur margt fleira inn í þessa mynd. Eigi að síður eru þetta staðreyndir, miðað við þær upplýsingar sem komið hafa fram við athugun í Þjóðhagsstofnuninni og gerð hefur verið grein fyrir opinberlega af starfsmanni hennar.

Það mætti benda á það, að á þeim árum þegar Sjálfstfl. var kannske hvað valdamestur um langa hríð á viðreisnarárunum, þá fóru toppskattarnir, hæstu jaðarskattar, upp milli 62-63%. Ég held að það hafi verið 1968.

Ég sé ekki ástæðu til að efna til deilna um þetta, en vil aðeins taka fram í tilefni af þeim umr., sem urðu hér á fundi í morgun, að þegar tekið er tillit til samdráttaráforma ríkisstj., endurskoðaðrar tekjuáætlunar sem er að berast, en eins og kunnugt er er jafnan höfð við tekjuáætlun næsta árs hliðsjón af tekjuinnstreymi til ríkissjóðs á allra seinustu mánuðum viðkomandi árs, og nú er að berast nýjasta og endanleg tekjuáætlun fjárlagafrv. á næsta ári, endurskoðuð, — þegar þetta er haft í huga, þá geri ég ráð fyrir að þeirri meginstefnu, sem kemur fram í 1. gr. fjárlagafrv., verði náð. Þar er gert ráð fyrir 7.2 milljörðum í tekjuafgang. Að vísu koma fram í 1. gr. 8 milljarðar 200 millj. kr., en gert er ráð fyrir að ráðstafa einum milljarði til framkvæmda, þannig að sú stefna, sem fjárlagafrv. boðar, er tekjuafgangur upp á 7.2 milljarða. Ég geri ráð fyrir því, eins og ég sagði, þegar höfð er hliðsjón af þeim samþykktum sem gerðar eru í ríkisstj. um heildarafgreiðslu fjárl., tekjuöflun í sambandi við þau, þá verði þessari stefnu náð í öllum megindráttum.

Hv. þm. Friðrik Sophusson beindi til mín spurningum varðandi 5. gr. í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Ég vil aðeins upplýsa í þessu sambandi, að það er að sjálfsögðu ætlunin að sett verði reglugerð um þessi mál öll og ég vil ekki gefa nú neinar yfirlýsingar um hvað verður undanþegið í þessum efnum. En ég geri ráð fyrir því, að það verði tekið eðlilegt og sanngjarnt tillit til stofnana eins og kirkna, sjúkrahúsa og fleiri stofnana af því tagi, eins og tilhneiging hefur verið til og venja í sambandi við lagasetningar um mál sem ber að eins og þetta mál.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nokkrum sinnum haft orð á því, að beinir skattar væru lægri á Íslandi en í nágrannalöndum okkar, og vitnað í því efni til skýrslna frá Þjóðhagsstofnun, og skal ég út af fyrir sig ekki rengja það. En ég vil rifja það upp, að þessi þróun hefur hér á landi átt sér stað vegna þess að stjórnvöld hafa markað þá stefnu að draga úr tekjuöflun hins opinbera á grundvelli beinna skatta og talið hagkvæmara og heilbrigðara að auka hlutdeild óbeinna skatta að þessu leyti. Ég held ég megi segja að uppi hafi verið raddir um þessa stefnu í öllum stjórnmálaflokkum nema Alþb. Sjálfstfl. hefur alltaf verið þessarar skoðunar og Alþfl. hefur síðan hneigst inn á þessa braut, m. a. fyrir mjög heilbrigð og heppileg áhrif frá þáv. fjmrh. Noregs sem síðar varð forsrh. Noregs, Bratteli. Framsfl hefur

einnig sveigst inn á þessa braut, að draga úr beinni skattheimtu og taka fremur óbeina skattheimtu upp í staðinn.

Spurningin er þess vegna ekki sú, hvort beinir skattar séu hærri eða lægri hér en í nágrannalöndum sem við viljum bera okkur saman við, heldur hvort við höfum verið að marka rétta stefnu á undanförnum árum eða hvort við höfum verið á rangri braut. Eini stjórnmálaflokkurinn, sem hefur talið þessa braut ranga, að lækka hlutdeild beinna skatta í tekjuöflun hins opinbera, er Alþb. og nú þegar horfið er frá því að draga úr beinni skattheimtu og þess í stað er hún aukin svo að um munar, þá er ljóst hverjir ráða ferðinni. Það er Alþb. sem ræður ferðinni í skattastefnu ríkisstj. eins og á öðrum sviðum stjórnarsamstarfsins.

Auðvitað skiptir það mestu máli, hver skattheimta hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, er í heild sinni, og það er ómótmælanleg staðreynd, að þessi skattheimta fór lækkandi í tíð fráfarandi ríkisstj. Það er talið að skattheimta ríkisins hafi lækkað úr 31% af þjóðarframleiðslu í 27-28% — við skulum segja 28% af þjóðarframleiðslu. Nú hefur hæstv. fjmrh. sagst vera ánægður ef unnt væri að halda sig við 30% skattheimtu til ríkisins af þjóðarframleiðslu. Ég spái því, að þessir pinklar, sem nú er verið að kynna okkur þm. og allir landsmenn verða síðan að bera, muni nema hærri hlutfallstölu en 30% af þjóðarframleiðslu. En þar með er ekki öll sagan sögð, vegna þess að skattheimta sveitarfélaga eykst líka hlutfallslega.

Það fréttist á hverjum degi um hækkun skatta, bæði til ríkis og sveitarfélaga. Við höfum hér í dag þrjú frv. til l. sem boða hækkandi skatta. Við höfum rætt hér á þingi þessa dagana þessu til viðbótar hækkunartillögur varðandi vörugjald, hækkunartillögur varðandi verðjöfnunargjald á raforku. Við vitum að borgarstjórn Reykjavíkur undir forustu nýs vinstri meiri hl. hefur þegar samþykkt stórhækkun lóðaleigu, stórhækkun fasteignagjalda, stórhækkun aðstöðugjalda, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Verið er að hefja þá mestu skattkúgun sem í marga áratugi hefur verið þekkt hér á landi. Sem betur fer var horfið frá slíkri stefnu fyrir áratug og ekki að ófyrirsynju, vegna þess að sú stefna dregur úr framtaki og hagvexti, dregur úr möguleikum þjóðarinnar til þess að bæta kjör sín og dregur, þegar til lengdar lætur, úr möguleikum hins opinbera einnig, ríkis og sveitarfélaga, til þess að sjá landsmönnum og umbjóðendum sínum fyrir viðunandi þjónustu og framkvæmdum.

Það er þessi skammsýni sem er einkenni á skattastefnu núv. ríkisstj. Þessi skammsýni er aðeins skýranleg með einum hætti, þeim að Alþb., sem ræður ferðinni, vill heilbrigt atvinnulíf á grundvelli einkarekstrar eða félagsframtaks feigt og tekur ekki sárt þótt frjáls atvinnurekstur verði ekki þess umkominn að sinna hlutverki sínu í þjóðfélaginu, vill með því ryðja brautina fyrir því þjóðskipulagi sem Alþb.-menn hafa barist fyrir, bæði hérlendis og einnig skoðanabræður þeirra erlendis.

Aðalatriði málsins er skattheimtan í heild sinni, og þegar nú fer saman stóraukin skattheimta af hálfu ríkisins annars vegar og af hálfu sveitarfélaga hins vegar, þá er ljóst að það er verið að skerða umráðarétt einstaklinga og fyrirtækja þeirra yfir aflafé sínu í svo stórum stíl að slíks eru ekki áður dæmi hér á landi. Við erum þarna komin inn á hættulega braut sem okkur ber að hverfa af.

Það er einnig athyglisvert, að handahóf og hentistefna einkennir að miklu leyti einstakar leiðir sem ríkisstj. vill fara í skattheimtu. Ég hef skilið orð hæstv. fjmrh. þannig, að hann vilji helst ekki hækka beina skatta, en það sé óhjákvæmilegt vegna þess að hækkun beinna skatta komi ekki fram í vísitölu og þess vegna sé hæstv. ríkisstj. sá einn kostur mögulegur að hækka beina skatta. Það á að nota þessa hækkun beinna skatta til þess að lækka vöruverð, til þess að lækka kaupgjald í landinu. Það á sem sagt að auka skattaálögur á allan almenning í formi beinna skatta til þess að geta lækkað kaup þess sama almennings. Hér er vegið aftan að landsmönnum með svo ósvífnum hætti að fá stjórnvöld, ef nokkur, hafa leyft sér annað eins og því líkt.

En jafnvel þessi stefna er að ganga sér til húðar hjá hæstv. ríkisstj. Þörf ríkisstj. fyrir nýja skatta og nýjar tekjur vegna óráðsíu stjórnvalda og vegna þess að stjórnvöld gættu ekki að því, að þau reistu sér hurðarás um öxl þegar með brbl. í sept. s. l., — fjáröflunarþörf stjórnvalda er orðin svo mikil að stjórnvöld verða einnig að hverfa inn á braut aukinnar skattheimtu óbeinna skatta. Við sjáum það í hækkunartillögum varðandi vörugjaldið, það á að fara að hækka það aftur. Við sjáum það í hækkunartillögum stjórnarvalda varðandi verðjöfnunargjald af raforku. Sú hækkun, 6% hækkun á verðjöfnunargjaldi, um 45% hækkun á því gjaldi sem nú er fyrir eða þar um bil, á að koma ofan á þá hækkun sem fyrirsjáanleg er á raforkuverði hér á landi á næstunni. Það er ljóst mál, að jafnvel þar sem talið er að raforkuverð sé lægst, eins og hér í Reykjavík, þarf það að hækka um 34-40% og þessi 6% koma ofan á þá hækkun. Nú hljóta tekjur af verðjöfnunargjaldi raforku auðvitað að fara vaxandi með hækkuðu raforkugjaldi almennt í landinu. Í því efni er þessi tekjustofn Rafmagnsveitna ríkisins mjög vel verðtryggður og þess vegna er enn gagnrýnisverðara þegar hækka á stofn slíks gjalds.

Við sjáum hér í dag og höfum rætt um tilhneigingu stjórnvalda sem vilja vera með afskiptasemi af öllum mögulegum athöfnum einstaklinga og félagssamtaka þeirra. Við sjáum hugvitssemi sem slík stjórnvöld hafa til þess að bera niður á sem flestum sviðum. Við höfum rætt hér um frv. til l. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og ræðum nú um nýbyggingagjald. Hvort tveggja sýnir að hér er farið inn á nýja braut. Menn spyrja sjálfa sig: Hvaða ástæða er til að leggja sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði? Er ekki þörf á því, að atvinnurekstur almennt sé vel skipulagður, að stjórn hans sé í lagi. Til þess að svo megi verða þarf stjórn hans að hafa skrifstofur. Erum við ekki sammála um það, að verslunin sé jafnmikilvægur atvinnurekstur og hver önnur atvinnugrein í landinu? Er það ekki svo, að aukin hagkvæm innkaup eða lægra verð til neytenda er okkur jafnmikils virði og aukinn afli úr sjó eða hærra verð á afurðum okkar á erlendum markaði? Ég held að þarna sé um mismunun að ræða á milli atvinnugreina sem þegar til lengdar lætur verði til þess fallin að draga úr hagvexti og aukinni hagkvæmni í rekstri þjóðarbúsins.

Við tölum um nýbyggingagjald. Ég er sammála hv. þm. Friðrik Sophussyni þar sem hann gagnrýndi þetta gjald og taldi almennar ráðstafanir, eins og t. d. breytta vaxtastefnu, líklegri til þess að ná árangri á þessum sviðum, ef menn telja fjárfestingu of mikla eða hana ekki falla í hagkvæmasta farvegi.

Við höfum talað um tekjuskattsfrv. fyrr í dag. Ég vil að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh. gera mikinn mun á skyldusparnaði annars vegar og beinni skattheimtu hins

vegar. Skyldusparnað fá menn endurgreiddan eftir tiltölulega stutt tímabil og þá með fullri verðtryggingu. Við höfum gripið til skyldusparnaðar þegar mikið hefur þótt við liggja, og sem betur fer hefur reynslan sýnt að skyldusparnaður er ekki fastur í sessi þótt til hans sé gripið þegar þjóðarbúið verður fyrir áföllum. Þess vegna var ekki ástæða til að ætla að slíkur skyldusparnaður yrði til frambúðar. En nú er búið að kveða svo á að hann verði til frambúðar í formi skatts, þannig að skattheimtan er komin milli 60 og 70% af jaðartekjum. Þessi nýi skattur, sem nú á að lögleiða, snertir langtum fleiri en hæstv. fjmrh. vill vera láta, þegar af þeirri ástæðu að tekjur heimilanna hafa hækkað við það að bæði hjóna vinna úti. Þar sem svo stendur á mun þessi skattur verða sérstaklega þungbær og enn fremur þar sem sjómenn eiga í hlut.

Ég skal ekki orðlengja um þessi mál, en vil þó leggja á það áherslu að lokum, að skattalöggjöf verður að vera þannig úr garði gerð, að hún sé sem almennust og sem einföldust. Á móti þessu er nú algerlega brotið. Hér er um margbrotna löggjöf að ræða þar sem reynt er að ná inn í hverja kytru og hvert horn til þess að afla aukinna tekna. Það er mikilsvirði að skattheimtan sé einnig á þann veg, að hún dragi ekki úr framtaki og vinnuvilja fólksins í landinu og þar með úr verðmætasköpuninni. Þegar beinir skattar, jaðarskattar, eru komnir upp í 60-70% verka þeir lamandi á framtak manna og vinnuvilja og vinnugleði. Það er einmitt vegna þess að við sjálfstæðismenn viljum efla og örva verðmætasköpunina í landinu, að við erum á móti beinum sköttum og viljum sjá fyrir tekjuþörf hins opinbera í formi óbeinna skatta, skatta á eyðslu. Við viljum ekki skattleggja verðmætasköpunina í svo ríkum mæli sem nú liggja fyrir till. um. Við viljum fremur skattleggja eyðsluna.

Meginatriðið er þó umfram allt að heildarskattheimta hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, verði takmörkuð og ekki gengið áfram á þeirri braut, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur markað, að auka skattheimtuna svo að bæði verði til þess að draga úr verðmætasköpun í þjóðfélaginu og vinnuvilja manna og auka alveg áreiðanlega á það neðanjarðarhagkerfi sem gagnrýnt hefur verið með réttu, auka á undanskot frá skattgreiðslum til hins opinbera og verða til þess að spilling vaxi í þjóðfélaginu. En það er víst og öruggt, að nái þessi frv. fram að ganga, þá munu þau einmitt hafa þau áhrif sem ég nú hef lýst og ég vil ekki trúa að t. d. hæstv. fjmrh. vilji vitandi vits stefna að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 171). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29. shlj. atkv. og til iðnn. með 29 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, frv. (þskj. 142). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 202 (sbr. 160)). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Á þskj. 202 er frv. til l. um breyt. á 1. nr. 97 frá 28. des. 1971, um vörugjald. Eins og hv. þm. mun kunnugt var Styrktarsjóður fatlaðra stofnaður með lögum nr. 25 frá 1962, um aðstoð til fatlaðra. Sjóður þessi er í vörslu félmrn. og var upphaflegt hlutverk hans að standa straum af kostnaði við að reisa og reka vinnustofnanir fyrir fatlað fólk. Með lögum nr. 95 frá 1965 var sú breyting hins vegar gerð á verkefnum sjóðsins, að hluta af fé því, sem aflaðist með fyrrnefndum lögum, skyldi sérstaklega varið til aðstoðar við blint fólk. Tekjur þessa sjóðs voru ákveðnar til 10 ára, og voru í fyrstu ákveðið gjald af innlendri framleiðslu á sælgæti sem gjaldskylt var samkv. lögum nr. 60 frá 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum. Fyrstu þrjú árin var gjaldið 3 kr. af hverju kg sælgætis, en árið 1965 var það hækkað í 4 kr., jafnframt því sem ákveðið var að 3/4 hlutum þess skyldi varið til aðstoðar við blinda, eins og áður sagði. Með samþykkt laga nr. 97 frá 1971, um vörugjald, var ákveðið að Styrktarsjóður fatlaðra skyldi halda tekjum sínum af innlendri sælgætisgerð óskertum til aprílloka 1972, og jafnframt var þá ákveðið með lögum þessum, að horfið skyldi frá skipan þessari um sérstakan markaðan tekjustofn til handa Styrktarsjóði fatlaðra. Í þess stað skyldi fjárþörfum sjóðsins mætt með sérstakri fjárveitingu á fjárl. hverju sinni og þá með tilliti til rekstrarkostnaðar viðkomandi vinnustofnana og þeirra framkvæmda sem ákvarðanir í þessum efnum yrðu teknar um á hverjum tíma. Í samræmi við stefnumörkun þessa var sérstök fjárveiting til sjóðsins tekin upp í fjárlög í fyrsta sinn árið 1972. Hefur svo verið ætíð síðan.

Styrktarsjóður vangefinna, sem frv. þetta snertir fyrst og fremst, var stofnaður nokkru fyrr eða með lögum nr. 43 frá 1958, um aðstoð við vangefið fólk. Sjóður þessi er eins og Styrktarsjóður fatlaðra í vörslu félmrn. og er hlutverk hans að standa straum af kostnaði við að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk. Frá upphafi hafa tekjur sjóðsins verið ákveðið gjald sem lagt hefur verið á gosdrykki og öl sem framleitt er hér á landi. Fyrstu 5 árin var þetta gjald 10 aurar á hverja flösku gosdrykkja og öls sem seld var eða afhent. Árið 1962 var tappagjaldið hækkað í 30 aura og árið 1966 í 60 aura.

Lög um aðstoð við vangefið fólk voru síðan afnumin með áðurnefndum lögum nr. 97 frá 1971, um vörugjald, en með ákvæðum 12. gr. þeirra laga voru Styrktarsjóði vangefinna tryggðar tekjur með gjaldi af gosdrykkjum og öli til loka júní 1976 og var það 1.95 kr. af hverjum lítra. Á sama tíma var fyrirhugað að fjárþörfum sjóðsins yrði mætt með fjárveitingum úr ríkissjóði á fjárl. hverju sinni á sama hátt og gilti um Styrktarsjóð fatlaðra. Framlagið var hins vegar hækkað í 7 kr. af hverjum lítra

með lögum nr. 118 frá 1976 og þá jafnframt ákveðið að það skyldi haldast til ársloka 1977. Í tengslum við framlengingu framlags til sjóðsins var fyrirhugað að endurskoðun á vörugjaldslögum færi fram. Þar sem endurskoðun þessi dróst nokkuð á langinn var framlagið enn á ný framlengt með lögum nr. 83 frá 1977 til ársloka 1978 jafnframt því sem það var hækkað í 10 kr. til þess að nægilegt fé fengist til rekstrar viðkomandi stofnana og þeirra framkvæmda sem þá stóðu yfir eða voru fyrirhugaðar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur aðallega í sér tvær breytingar á lögum nr. 97 frá 1971, um vörugjald. Í fyrsta lagi er hér um að ræða þá breytingu, að horfið skuli frá því að framlengja árlega framlag til Styrktarsjóðs vangefinna með vörugjaldslögum og þar með sérstakri mörkun vörugjaldstekjustofnsins, eins og gert var ráð fyrir í upphafi með setningu vörugjaldslaga og ég rakti áðan. Breyting þessi er í samræmi við stefnu þá sem boðuð var við framlagningu frv. til fjárl. fyrir árið 1979, en í grg. þess er gert ráð fyrir að ákvæði um framlag til Styrktarsjóðs vangefinna verði fellt niður. Framvegis er gert ráð fyrir að framlag til sjóðsins verði ákveðið með sérstakri fjárveitingu á sama hátt og gildir um flest önnur framlög til félags- og heilbrigðismála. Í nefndu fjárlagafrv. hefur því í sambandi við þessa stefnumörkun verið lagt til að fjárveiting til sjóðsins verði 150 millj. kr.

Tekjuáætlun fjárlagafrv. vegna álagningar á innlenda framleiðslu og innflutning á vörugjaldsskyldum vörum er byggð á óbreyttri gjaldskrá. Í samræmi við það er lagt til samkv. frv. að gjaldskráin haldist óbreytt, en gildistími hennar verði hins vegar ótímabundinn. Eins og hv. þm. er kunnugt er gjaldið magngjald. Eftirlit með álagningu slíks gjalds getur verið ýmsum erfiðleikum bundið. Tel ég því rétt að kannað verði hvort ekki væri farsælla að tekjustofn þessi yrði í framtíðinni miðaður við verðmæti viðkomandi vara í stað þunga og allt eftirlit, þ. á m. bókhaldslegt eftirlit, þar með gert tryggara.

Samkv. 1. gr. núgildandi vörugjaldslaga er fjárhæð fyrir útgáfu leyfisbréfs, er heimilar vörugjald, sérstaklega ákveðin í lögum. Leyfisbréf þetta kemur í stað iðjuleyfis, nú iðnaðarleyfis, samkv. iðnaðarlögum nr. 42 frá 1978, en gjald fyrir iðnaðarleyfi ýmiss konar er ákveðið af ráðh. samkv. ákvæðum laga nr. 79 frá 1975, um aukatekjur ríkissjóðs. Lagt er til að um gjald fyrir útgáfu leyfisbréfs til tollvörugerðar verði látnar gilda sömu reglur og gilda almennt um önnur iðnaðarleyfi.

Þar sem þetta frv. hefur verið kynnt þingflokkunum á ég ekki von á að hér verði um fyrirstöðu að ræða á framgangi málsins. Það var kynnt þingflokkunum á síðasta þingi, að ég hygg, og síðan hefur ekki verið ágreiningur um þetta mál stefnulega séð. Ég vil benda á að núgildandi gjaldskrá fellur úr gildi um áramótin og er því nauðsynlegt að það takist að fá frv. þetta samþ. áður en þing fer í jólaleyfi.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 149). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir af hálfu ríkisstj., fjallar um það að heimila að skrá afurðalán í lánskjörum í erlendum gjaldeyri þó lánið verði afgreitt í íslenskum krónum. Gert er ráð fyrir að lánin séu gengistryggð, eins og það er kallað, og vextir verði 8.5% frá áramótum af þessum lánum, en vextir af afurðalánum eru núna um 18%. Þessu mun fylgja það, að gert er ráð fyrir að hlutur Seðlabankans í afurðalánum verði nokkru minni en nú er, en hlutur viðskiptabanka aukinn að sama skapi. Um leið og það gerðist þyrfti að styrkja stöðu viðskiptabankanna, og hefur verið rætt um að draga úr kaupum þeirra á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs, en ákvarðanir í þeim efnum liggja ekki fyrir. Auk þessa er gert ráð fyrir að framleiðslufyrirtæki í sjávarútvegi fái útflutningslán við útskipun þar til varan er greidd erlendis. Þessi lán yrðu að sjálfsögðu í erlendri mynt og hefði það í för með sér verulegan bata í lausafjárstöðu fyrirtækjanna, um upphæð sem áætluð hefur verið um einn milljarð kr.

Frv. er flutt til þess að taka af öll tvímæla um að Seðlabankinn hafi heimild til þess að veita lán með þeim kjörum sem hér um ræðir, og þetta fyrirkomulag á að gilda frá áramótum. Til þess að þetta fyrirkomulag komist í framkvæmd þarf allviðamiklar og flóknar tæknilegar breytingar og undirbúning af hálfu bankakerfisins, og sá undirbúningur stendur nú, þannig að það á að vera hægt að koma þessu í framkvæmd frá áramótum og þar með á að vera staðið við það fyrirheit, sem gefið var í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna, að bæta með sérstökum ráðstöfunum í vaxtamálum og fleiru kjör útflutningsatvinnuveganna sem svarar um 2.5% í afkomu þeirra.

Forráðamenn fyrirtækja í sjávarútvegi leggja mjög mikla áherslu á að þetta mál nái fram að ganga. Þeir telja verulegar hagsbætur í því fólgnar. Einkum leggja þeir áherslu á öryggissjónarmið í þessu efni, því að auðvitað er gert ráð fyrir að birgðir verði afreiknaðar á dagsgengi, þannig að svokallaðir gengismunarsjóðir falli ekki til með sama hætti og verið hefur, heldur gangi það til framleiðendanna og útflytjendanna hverju sinni sem þeim tilheyrir, jafnvel þó að um gengisbreytingar sé að ræða.

Það er ljóst og viðurkennt af öllum sem starfa við framleiðsluatvinnuvegina á Íslandi, að vextir eru þar mjög háir og erfiður þáttur í rekstrarkostnaði þeirra, og hér er gerð tilraun til að lækka vaxtakostnaðinn nokkuð. Auðvitað er það þannig, að því aðeins verður hér um raunverulega vaxtalækkun að ræða að okkur takist að hafa hemil á verðbólgu og gengi á næsta ári. Takist það ekki segir það sig sjálft, að erfitt mun verða fyrir fyrirtækin að standa undir þeim kostnaði sem til fellur af lækkandi gengisskráningu íslensku krónunnar. Engu að síður leggja forráðamenn fyrirtækja í sjávarútvegi mjög mikla áherslu á að þessu verði komið í framkvæmd, leggja þar áherslu á öryggisatriðið.

Ég flutti allítarlegt mál fyrir þessu frv. í hv. Ed., sem hefur lokið umfjöllun málsins og afgreitt það samhljóða. Með tilliti til þess knappa tíma, sem hér er í öllum umr. á Alþ. nú, ætlaði ég ekki að flytja langt mál í framsögu fyrir þessu máli að sinni. Ég vænti þess, að þeir menn, sem hafa haft forustu um undirbúning þessa máls í Seðlabanka, einkum Davíð Ólafsson bankastjóri, verði reiðubúnir til þess að veita hv. fjh.- og viðskn. d. allar þær

upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að verða. En ég ætla að lokum að lesa, með leyfi hæstv. forseta, útdrátt úr bréfi sem bankastjórinn skrifaði formanni fjh.- og viðskn. Ed. út af þessu máli, þar sem bankastjórinn svaraði fsp. sem fram höfðu komið varðandi endurkaup Seðlabankans á afurðalánum og áhrif þeirra á efnahagskerfið. Í þessu bréfi Seðlabankans segir á þessa leið:

„Á fundi með n. í dag, þar sem rætt var um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. l. nr. 10 13. maí 1964, komu fram tvö atriði sem óskað var frekari greinargerðar um.

Hið fyrra var varðandi það atriði, hverjar ráðstafanir væru nauðsynlegar til þess að leiðrétta það misvægi sem skapast hefði milli endurkaupa Seðlabankans annars vegar og bundinna innstæðna innlánsstofnana í bankanum hins vegar.“

Í þessu bréfi er þessu næst vísað til alllangrar grg. um þróun endurkaupa bundins fjár og viðhorfa í þeim efnum sem nýlega hefur verið samin í Seðlabankanum. Í ljósi þess, sem fram kemur í þessari grg., hefur bankastjórn Seðlabankans gert till. til ríkisstj. í skýrslu, dags. 5. nóv. s. l., um eftirfarandi aðgerðir til þess að draga úr aukningu endurkaupa umfram bundið fé:

Gerðar verði breytingar á verkaskiptingu Seðlabankans og viðskiptabankanna á sviði afurðalána í þá átt að draga úr aukningu til endurkaupa, svo að þau komist í framtíðinni niður fyrir upphæð bundins fjár í Seðlabankanum. Þessu marki verði einkum náð með eftirtöldum ráðstöfunum:

a. Viðskiptabankarnir verði leystir undan öllum kvöðum um að lána hluta árlegrar innstæðuaukningar til Framkvæmdasjóðs. — Endanleg ákvörðun um þetta atriði hefur ekki verið tekin og verður auðvitað að takast í tengslum við lánsfjáráætlun.

b. Það svigrúm sem þannig skapast verði notað til þess, að viðskiptabankarnir geti tekið að sér stærri hluta af fjármögnun afurðalána, einkum lána út á framleiðslu til sölu á innlendum markaði.

c. Líklega er óhjákvæmilegt að gera þessa breytingu á 2-3 árum, en verulegt skref þarf að taka þegar á næsta ári. — Síðan er birt hér tafla um valkosti í þessum efnum, þar sem m. a. er gert fyrir því, að sá hluti afurðalána, sem kemur í hlut Seðlabankans, verði 51% eða 53.5%, en hlutur viðbótarlánanna yrði þá þar á móti 24% eða 21.5% að því er varðar sjávarútveg og útflutningsiðnað.

Ég endurtek það, að ákvarðanir um þessi efni liggja ekki fyrir og verða að takast samhliða öðrum ákvörðunum um peningamálastefnuna á árinu 1979. Eins og hv. þm. er vel kunnugt hafa verið mjög veruleg vandkvæði í bankakerfinu á undanförnum árum vegna þess að endurkaup hafa farið langt fram úr bundnu fé og hefur þetta komist upp í 9 milljarða í eitt skipti á síðustu mánuðum. Þarna er um verulegar þrengingar að ræða og vandamál og mikla og vaxandi ásókn atvinnuveganna í aukna lánsfyrirgreiðslu sem bankakerfið hefur ekki verið fært um að sinna.

Í tengslum við þær hugmyndir, sem ræddar hafa verið í ríkisstj. um lánsfjáráætlun á árinu 1979, hefur verið rætt um peningamálastefnuna almennt á því ári, og ég tel að það sé alveg augljóst mál, að þar verði jafnframt að taka á því, hvernig bankakerfið geti séð atvinnuvegunum fyrir nauðsynlegum rekstrar- og afurðalánum þannig að ekki komi til stöðvunar af þeim orsökum.

Ég legg á það áherslu, herra forseti, að talið er af þeim aðilum, sem eru í fyrirsvari í sjávarútvegi, að hér sé stigið nokkurt skref til að bæta afkomu útflutningsatvinnuveganna. Ég legg því til að málið fái hér skjóta meðferð með svipuðum hætti og í hv. Ed., því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður um þessa till., sem hæstv. viðskrh. lýsti, en ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á þessu máli, ekki síst vegna ummæla hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, sem fyrr á þinginu, þegar rætt var um vaxtamálin, taldi að verðbætur og gengistryggingar kæmu ekki til greina. Það hefur verið reiknað út, að séu lán bundin við gengi t. d. þýska marksins, þá hefur þýska markið hækkað miðað við íslensku krónuna á síðustu þremur árum nákvæmlega jafnmikið og byggingarvísitala hér á landi, þannig að sem raunvaxtamaður vil ég fagna þessari hugarfarsbreytingu sem á sér stað. Vonandi er um það að ræða að Alþb.-mennirnir hafi vitkast eitthvað frá því í haust. Ég vil þess vegna lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. og segi: Batnandi mönnum er best að lifa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 111). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. setti 1. júlí s. l. Í aths. við brbl. sagði m. a., með leyfi forseta, að þetta sé „gert í samræmi við ákvörðun ríkisstj. til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum, sem undirritaðir voru þann 22. júní 1977, þannig að sú hækkun lífeyrisgreiðslna, sem leiðir af því samkomulagi, valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingargreiðslna frá almannatryggingum.“

Hér var um að ræða nálega 65% hækkun skerðingarmarka. Eftir s. l. mánaðamót verða skerðingarmörk tekjutryggingarbóta hjá einhleypingi, sem býr einn, 149 900 kr. á mánuði til 184 100 kr. á mánuði, eftir því hvenær hann byrjar að taka ellistyrk. Samsvarandi tölur fyrir hjón eru 216 100 til 277 500 kr. á mánuði. Eins og hv. þm. vita skerðast tekjutryggingarbætur um 55% af því sem umfram er.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 200). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 200 flyt ég frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Frv. þetta er byggt á þeim umsóknum sem borist hafa dómsmrn. og eru þar taldar fullnægja skilyrð-

um sem sett hafa verið af allshn. beggja þd., sbr. nál. á þskj. 830 á 99. löggjafarþingi, 2. maí 1978.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 206). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 frá 27. febr. 1976, um flugvallagjald. Samkv. lögum nr. 8 frá 1976, um flugvallagjald, er gjald vegna utanfarar 1500 kr. fyrir þá sem eru eldri en 12 ára, 750 kr. fyrir börn á aldrinum 2-12 ára, sbr. 2. gr. laganna. Samkv. 3. gr. sömu laga er einnig innheimt flugvallagjald vegna flugferða innanlands, og er það 200 kr. fyrir þá sem eru 12 ára og eldri, en 100 kr. fyrir börn á aldrinum 2-12 ára. Samkv. 5. gr. laga nr. 77 frá 1977, um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum, var lagt 100% álag á flugvallagjald vegna utanlandsferða á árinu 1978, þannig að það varð 3000 kr. fyrir fullorðna og 1500 kr. fyrir börn. Þessi hækkun er tímabundin, því að hún gildir aðeins til árslok 1978. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1979 er hins vegar gert ráð fyrir að innheimta flugvallagjalds verði óbreytt frá því sem verið hefur á þessu ári.

Eins og ég sagði áðan rennur heimildin til 100% álags á flugvallagjald út um næstu áramót. Ef tekjuáætlun fjárlagafrv. á að standast er því nauðsynlegt að halda áfram að innheimta umrætt gjald með 100% álagi á næsta ári eins og gert hefur verið á árinu 1978. Er því lagt til í þessu frv., að við lög um flugvallagjald bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða á þá leið, að gjöld samkv. 1. mgr. 2. gr. laganna skuli innheimt með 100% álagi á árinu 1979, Hér er því ekki um hækkun að ræða á umræddu gjaldi, heldur er einungis lagt til að sama gjald verði innheimt á árinu 1979 og gert hefur verið á þessu ári.

Talið er að tekjur af flugvallagjaldi á árinu 1978 verði um 450 millj. kr., en samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1979 er áætlað að tekjur af því verði 470 millj.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða nánar um frv., heldur vísa ég til grg. þeirrar, sem því fylgir, og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, frv. (þskj. 146, n. 209). — 2. umr.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem er komið frá Ed. Fjh.- og viðskn. þessarar d. hefur fjallað um málið og varð sammála um að mæla með samþykkt frv. Tveir nm., þeir hv. þm. Ólafur G. Einarsson og Matthías Á. Mathiesen, skrifa þó undir nál. með fyrirvara.

Í þessu frv. felst það, að verið er að framlengja sérstakt gjald af gjaldeyrisleyfum sem í gildi hefur verið, en það er þó framlengt nú með þeim hætti, að það er til óákveðins tíma, en áður hafði gjaldið verið framlengt til takmarkaðs tíma, eins og reyndar þessi löggjöf sjálf ber vitni um.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa hér frekari ræðuhöld um þetta gjald, því að hér hefur verið rætt um það margsinnis áður. Hér er sem sagt um framlengingu að ræða á gjaldi sem tekið hefur verið áður og gert er ráð fyrir í sambandi við afgreiðslu fjárl. að ríkissjóður njóti sömu tekna af þessu gjaldi og hann hefur notið til þessa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Niðurfærsla vöruverðs, frv. (þskj. 8, n. 207 og 208). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til athugunar. Nál. hennar er á þskj. 207 og þar kemur fram, að meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en tveir nm. skila séráliti sem fram kemur á þskj. 208.

Í rauninni er hér um frv. að ræða til staðfestingar á brbl. og hefur efni þess í rauninni þegar komið til framkvæmda, svo að hér er um að ræða staðfestingu á brbl. sem í gildi hafa verið og eru í rauninni búin að skila því sem þau áttu að skila, því að sá tími er raunverulega liðinn sem efni frv. tekur til.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Það er í sjálfu sér tilgangslaust að halda uppi málflutningi í þessu máli. Eins og segir í áliti minni hl., okkar fulltrúa Sjálfstfl. í hv. fjh.- og viðskn., álit okkar er á þskj. 208, þá hafa ákvæði frv. þegar verið framkvæmd á ábyrgð ríkisstj. og þess vegna við hæfi að stjórnarflokkarnir standi einir að staðfestingu brbl. sem þetta frv. er flutt til staðfestingar á.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:5 atkv.
2. gr. samþ. með 20:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Sameinað þing, 37. fundur.

Mánudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1979, frv. (þskj. 60, n. 201 og 204, 168, 180, 210, 211). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 168., 1-6 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 210, I tekin aftur
— 168, 7-11 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 168, 12-16 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 168, 17-36. a samþ. með 41 shlj. atkv.
— 180,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 168, 36. b-c samþ. með 40 shlj. atkv.
— 168, 37-80 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 168, 81. a-b. 20 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 210, II samþ. með 42 shlj. atkv.
— 168,81. b. 21-82 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 168,83 -84 samþ. með 36 shlj. atkv.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Fjvn. flytur á þskj. 168 hvorki meira né minna en 132 brtt., sumar með fjölda undirliða. Þegar komin er fram ósk um að bíða með atkvgr. um einn einasta lið til 3. umr., þá finnst mér að fjvn. geti ákaflega vel fallist á það og þurfi ekki að sækja það fast að atkvgr. fari fram nú. Ég vil eindregið beina því til fjvn.-manna að sýna þá sanngirni að fallast á þessa frestun.

Brtt. 168,85 samþ. með 37:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, StJ, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VH, VG, ÞS, AS, BGr, ÁG, BrJ, BrS, EðS, EBS, FTS, GSig, GeirG, GSt, HES, HFS, IG, JóhS, JH, SkA, KSG, KÓ, LárJ, LJós, ÓRG, ÓlJ, PP, PJ, RA, GilsG.

nei: AG, EH, GK, GTh, MB, OÓ.

RH, SvH, ÞK, ÁE, BN, EG, EKJ, FÞ, FrS, GH, JGS, JÞ, MHM, MÁM, ÓE greiddu ekki atkv.

2 þm. (EÁ, KJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þegar þessi brtt. var borin upp í fjvn., þá stóð ég í þeirri meiningu að um það hefði orðið samkomulag hjá þm. Suðurl. að gera þessa breytingu á þeim till. sem lágu fyrir í frv. Þessi till. var borin fram af meiri hl. og hún er hér flutt af hálfu fjvn. og þ. á m. mér, þannig að ég segi já. Hins vegar hefði ég talið að þetta mál hefði verið hægt að taka upp í n. og sjá til þess, að það yrði rætt þar á fundum seinna í vikunni.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Með vísun til fyrirvara hv. þm. Ellerts B. Schram segi ég já.

Brtt. 168, 86-103 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 180,2 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 168, 104-108 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 211 tekin aftur.
— 168, 109 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 210, III tekin aftur.
— 168, 110-121 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 210, IV tekin aftur.
— 168, 122-124 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 168, 125-130 samþ. með 38 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 39:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞS, AS, ÁG, BrJ, ÁE, BN, BrS, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GeirG, GSt, HES, HFS, HG, IG, JóhS, JH, SkA, KSG, KÓ, LJós, HM, ÓRG, ÓlJ, PP, RA, SighB, StJ, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VH, VG, GilsG.

nei: AG.

EH, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GH, GK, GTh, JGS, JÞ, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, SvH, ÞK greiddu ekki atkv.

2. þm. (KJ, RH) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og fram kom í fyrirvara þeim sem við fulltrúar Alþfl. í fjvn. gerðum, kann svo að fara að þær till., sem nú er verið að afgreiða, þarfnist endurskoðunar varðandi skoðun þess frv. til l. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum o. fl. sem Alþfl. hefur lagt fram í ríkisstj., en hluti þess frv. fjallar um ríkisfjármálin. Þm. Alþfl. taka allir undir þann fyrirvara við þessa atkvgr. Afstaða þeirra til afgreiðslu 4. gr. fjárl. svo og annarra greina frv., sem afgreiddar verða nú í lok 2. umr., er með hliðsjón af þesum fyrirvara. Ég ítreka þetta sjónarmið okkar Alþfl.-manna og segi já.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er þokkalegt að þurfa að styðjast við atfylgi svona kóna. Ég segi já.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Með vísan til grg. samstarfsmannanna, hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og Stefáns Jónssonar, sé ég engan tilgang í að skipta mér af þessu og Sverrir Hermannsson greiðir ekki atkv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég lít svo á, að ég hafi ekki verið kosinn á þing til þess eins að styðja Stefán Jónsson til þeirra verka sem hann kann að vilja vinna. Ég segi já með sama fyrirvara og Sighvatur Björgvinsson.

Brtt. 168,131 samþ. með 44 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ., eð 43 shlj. atkv.
Brtt. 168, 132 samþ. með 42 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Meðferð frv. til fjárl. fyrir árið 1979 er á marga lund með alveg óvenjulegum hætti. Fulltrúar eins stjórnarflokksins, Alþfl., í fjvn. skrifuðu undir nál. með fyrirvara. Alþfl. hefur lýst yfir að þm. hans vilji ekki að fjárlagafrv. og tekjuöflunarfrv., sem eru því nátengd, verði afgreidd fyrr en Alþb. og Framsfl. hafi tekið afstöðu til till. Alþfl. um jafnvægisstefnu o. fl. Það liggur því ekki fyrir á þessari stundu, hvort fjárlagafrv. nýtur stuðnings meiri hl. alþm. Þm. Sjálfstfl. telja skylt að vekja athygli á þessum einstæðu vinnubrögðum stjórnarflokkanna og munu ekki taka þátt í atkvgr. um að vísa frv. til 3. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið óskaði Alþfl. eftir því, að 2. umr. færi ekki fram að svo stöddu, á meðan fjallað væri um frv. til l. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum o. fl. Á hinn bóginn er á það að líta, að umr. hafði að öllu leyti verið undirbúin, þ. á m. með þátttöku okkar fulltrúa, og er aðeins fólgin í þinglegri meðferð á afgreiðslum fjvn. sem samkomulag hafði orðið um. Alþfl. vildi ekki koma í veg fyrir að þingstörf gætu gengið eðlilega og beitti sér því ekki gegn því, að umr. gæti farið fram og till. fjvn. fengið eðlilega

þingmeðferð.

Ég ítreka nú við 2. umr., að hér fer ekki fram endanleg afstaða til fjárlagafrv. Við Alþfl.-menn munum standa við þá afstöðu okkar að greiða frv. veg þannig að það fái þinglega meðferð, m. a. að koma því til 3. umr. Við atkvgr. í lok 3. umr. verður hins vegar tekin endanleg afstaða til málsins.

Herra forseti. Ég hafði óskað eftir nafnakalli um að vísa frv. til 3 umr. til að gera grein fyrir þessari afstöðu þingflokks Alþfl., en ég fell frá þeirri ósk.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, KSG, KÓ, LJós, MHM, ÓRG, ÓlJ, PP, RA, SighB, StJ, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VH, VG, ÞS, AS, ÁG, BrJ, ÁE, BN, BrS, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GeirG, GSt, HES, HFS, HG, IG, JóhS, JH, GilsG.

JÞ, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, RH, SvH, ÞK, AG, EH, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GH, GK, GTh, JGS greiddu ekki atkv.

1. þm. (KJ) fjarstaddur.

Efri deild, 35. fundur.

Mánudaginn 18. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kjaramál, frv. (þskj. 221 (sbr. 42)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á brbl. um kjaramál sem út voru gefin 8. sept. s. l. Frv. hefur gengið í gegnum hv. Nd. og hefur tekið þar tveimur meginbreytingum, sýnist mér. Koma þær brtt. fram á þskj. 221, ef það þskj. er borið saman við upphaflega frv. Sé ég ekki ástæðu til þess að víkja að þeim brtt. sérstaklega nema þá um leið og að þeim kemur.

Það er öllum kunnugt, að þegar núv. ríkisstj. var mynduð um mánaðamótin ágúst-sept., þá blasti við fjölþættur vandi í efnahags- og atvinnumálum sem dregist hafði að leysa þar sem stjórn sat hér við völd sem þegar hafði sagt af sér og aðeins gat sinnt nauðsynlegum afgreiðslustörfum, en ekki markað pólitíska stefnu. Rekstri og afkomu fyrirtækja, einkum í sjávarútvegi, var ógnað og hafa mörg þeirra þegar stöðvað rekstur og sagt upp starfsfólki, en önnur hugðust leggja niður rekstur í lok ágústmánaðar. Þannig blasti við stöðvun atvinnurekstrar og atvinnuleysi hafði þegar gert vart við sig og var þannig vegið að undirstöðum þjóðarbúsins. Samtímis var ókyrrð á vinnumarkaði. Bar því brýna nauðsyn til að ríkisstj. gripi þegar í stað til ráðstafana er tryggt gætu áframhaldandi rekstur atvinnuvega, atvinnuöryggi og frið á vinnumarkaði. Jafnframt var nauðsynlegt að fyrstu aðgerðir stjórnvalda á sviði efnahags- og kjaramála veittu nokkurt svigrúm til að hrinda í framkvæmd nýrri efnahagsstefnu og öðrum langtímamarkmiðum ríkisstj., eins og gert var ráð fyrir í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj.

Fyrsta skrefið var stigið með útgáfu brbl. 1. sept. um tilhögun verðbótagreiðslna á laun í septembermánuði, til þess að ríkisstj. hefði ráðrúm til þess að undirbúa frekari ráðstafanir í efnahagsmálum. Hefur hv. d. þegar fjallað um það mál. Hinn 5. sept. var síðan tekin ákvörðun um nýja gengisskráningu, ráðstöfun gengishagnaðar o. fl. Hefur hv. d. sömuleiðis afgreitt það mál. Síðasta skrefið í þessum fyrsta áfanga var svo stigið með útgáfu brbl. um kjaramál 8. sept. s. l., en í þeim lögum er að finna flestar þeirra ráðstafana sem getið var um í samstarfsyfirlýsingu flokkanna þriggja og töldust til fyrstu og brýnustu aðgerða ríkisstj.

Þessar ráðstafanir, sem ríkisstj. varð að grípa til á fyrstu starfsdögum sínum, verður vitaskuld fyrst og fremst að líta á sem bráðabirgðaráðstafanir til þess ætlaðar að mæta bráðum vanda í atvinnumálum þjóðarinnar. Með þessum aðgerðum hefur skapast tóm til undirbúnings nýrrar stefnu í efnahagsmálum, þar sem horft er til lengri tíma í senn en fárra mánaða. Ríkisstj. hefur frá upphafi lagt á það ríka áherslu að hafa náið samráð við aðila vinnumarkaðarins um skipun launa- og kjaramála, og brbl. um kjaramál voru einmitt sett eftir að slíkt samráð hafði átt sér stað.

Í stuttu máli er meginefni þeirra brbl., sem hér er leitað staðfestingar á, eftirfarandi: Í I. kafla laganna eru kaupgjaldsákvæði laga um ráðstafanir í efnahagsmálum frá í febr. og brbl. frá í maí 1978 felld niður, en í lögum þessum var greiðsla verðbóta á laun almennra launþega skert. Brbl. kveða hins vegar á um að greiða skuli fullar verðbætur samkv. kjarasamningum á þau mánaðarlaun sem námu allt að 200 þús. kr. í des. 1978, en það svarar til u. þ. b. 235 þús. kr. í ágúst s. l. Á mánaðarlaun, sem eru hærri, komi síðan sama krónutala og á 235 þús kr. launin. Með þessum ákvæðum taka kjarasamningar að nýju gildi fyrir allan þorra launþega, en það þýðir m. a. að umsamin hlutföll yfirvinnu og dagvinnu, bónusgreiðslna, kauptaxta o. fl. taka yfirleitt aftur gildi.

Í I. kafla laganna er loks ákvæði um að grunnkaup og tilhögun verðbóta skuli haldast óbreytt eins og það er nú ákveðið frá 1. sept. þar til um annað verður samið. Ríkisstj. hefur í hyggju að leita eftir samkomulagi við samtök launafólks um skipan launamála fram til 1. des. 1979 á þeim grundvelli að samningarnir frá 1977 verði framlengdir til þess tíma án breytinga á grunnkaupi og í því sambandi verði samningsréttur opinberra starfsmanna tekinn til endurskoðunar. Að þessu hefur verið unnið, en ekki er hægt að segja að nein ákvörðun liggi enn fyrir í þessu efni.

Áhrif brbl. á hækkun launa 1. sept. voru þau, að eftir að allri hækkun verðbótavísitölu frá 1. júní hafði verið eytt með niðurgreiðslu vöruverðs og niðurfellingu söluskatts á matvælum hækkuðu laun að meðaltali um 9-9.5%. Þar af stafa 3-3.5% af grunnkaupshækkun, en um 6% stafa af gildistöku nýju samninganna. Þessi hækkun er nokkuð misjöfn og meiri til þeirra, sem höfðu meiri skerðingu verðbóta fyrir. Meðalhækkunin 1. sept. var svipuð í krónum og verið hefði samkv. brbl. sem fyrri ríkisstj. setti í maí, en hér munar því, að auk launahækkunar í krónum hefur verð á nauðsynjum nú verið greitt niður og söluskattur felldur niður af matvörum sem svarar 7.5% í verðbótavísitölu og kemur því

launþegum til góða í lækkuðu vöruverði.

Í II. kafla laganna er ákveðið að bætur almannatrygginga skuli hækka í sama mæli og um leið og laun verkamanna í sept. og des. Hér er verið að tryggja að lífeyrisþegar njóti tafarlaust sömu hækkana á framfærslueyri og verkamenn hafa þegar samningar þeirra taka gildi að nýju.

Í III. kafla eru ákvæði um niðurfærslu og verðlagseftirlit. Ákvæði þessa kafl veita ríkisstj. heimild til aukningar niðurgreiðslna um 4.9% af verðbótavísitölu eins og hún var fyrir gildistöku laganna. Þessi heimild var þegar notuð. Áætlað er að þessi aukning niðurgreiðslna svo og auknar niðurgreiðslur 1. des. s. l. muni kosta ríkissjóð um 3 milljarða og 350 millj. kr. fram að áramótum og að öllu óbreyttu um 12 800 millj. kr. á næsta ári. Hér er, eins og menn vita, fyrst og fremst um að ræða auknar niðurgreiðslur á helstu nauðsynjavörum heimilanna, þ. e. á mjólk, kjöti, smjöri og fleiri landbúnaðarafurðum. Auk þessarar aukningar niðurgreiðslna er fjmrn. veitt heimild til niðurfellingar sölugjalds á matvælum, og var þessi heimild notuð, svo sem kunnugt er, og kom til framkvæmda 15. sept. s. l. Má heita nú að öll matvæli, að undanteknu sælgæti og gosdrykkjum, séu undanþegin sölugjaldi.

Niðurfelling sú, sem ákveðin var á sölugjaldi af matvælum, svarar til 2.6% lækkunar verðbótavísitölu og var talið að hún mundi kosta ríkissjóð um 1400 millj. kr. tekjutap til áramóta. Með þeirri niðurfærslu verðlags, sem lögin ákváðu, var verðbótavísitalan lækkuð til sama stigs og hún var í júní s. l.

Í þessum kafla laganna eru loks sett ákvæði um verðstöðvun og lagt bann við því, að verð vöru, þjónustu og leigu sé hækkað frá því sem það var 9. sept. s. l. nema samkv. leyfi verðlagsyfirvalda og sérstöku samþykki ríkisstj. Þetta ákvæði tekur jafnt til einkaaðila og opinberra aðila. Þá var og hundraðshluti verslunarálagningar lækkaður frá og með 11. sept. s. l. sem svarar því, að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofns sem leiddi af gengisbreytingunni 5. sept. s. l. Þessari reglu, þ. e. „30% reglunni", hefur oft verið beitt áður við gengisbreytingar á undanförnum árum, enda þykir óeðlilegt að álagning kaupmanna í krónum aukist sjálfkrafa sem nemur allri gengislækkuninni.

Svo er í IV. kafla ákvæði um eignarskattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri til þess að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs samkv. III. kafla. Þessi ákvæði skýra sig nú nokkuð sjálf og ég sé ekki ástæðu til að fara mjög mörgum orðum um þau, en vil undirstrika að þessi álagning er aðeins gerð til þess að mæta og standa undir kostnaði til næstu áramóta af auknum niðurgreiðslum vöruverðs og tekjumissi vegna niðurfellingar söluskattsins.

Skattarnir eru sem sagt í fyrsta lagi eignarskattsauki, sem lagður er á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978, og nemur hann 50% af eignarskatti einstaklinga, en 100% af eignarskatti innlendra félaga og erlendra. Við tekjuskattsálagningu er eignarskattsaukinn frádráttarbær frá tekjuskatti félaga eins og eignarskattur, m. a. þess vegna þótti rétt að hafa hann hálfu hærri á félög en einstaklinga.

Í öðru lagi er svo sérstakur hátekjuskattur lagður á einstaklinga. Skattur þessi leggst á þær skattgjaldstekjur manna af öðru en atvinnurekstri sem eru umfram ákveðin mörk, en þau eru mismunandi eftir fjölskyldustærð. Skatturinn er 6% af tekjum fyrir ofan þau mörk sem í lögunum greinir.

Í þriðja lagi er svo sérstakur skattur lagður á tekjur af atvinnurekstri. Skattur þessi er 6% eins og hátekjuskatturinn og leggst á hreinar tekjur af atvinnurekstri áður en fyrningar eru dregnar frá. Hafi skattaðili orðið fyrir rekstrartapi á liðnum árum, sem heimilt er að draga frá tekjum við álagningu á þessu ári, skal það tap einnig koma til frádráttar þessum tekjustofni. Tekjur af atvinnurekstri eru þannig skilgreindar í reglugerð, að sanngjarnt mat á eigin vinnu atvinnurekenda er fært til gjalda áður en skattur þessi er reiknaður. — Ég hygg að sú breyting hafi verið gerð á þessari grein við meðferð málsins í Nd., að tekjuskattur, sem nær ekki samkv. þessum tölul. laganna 15 þús. kr., fellur niður.

Um innheimtu þessara nýju skatta gilda að sjálfsögðu almennar reglur. Um álagningu og innheimtu skattanna, kærur og því um líkt, gilda sömu reglur og annars samkv. lögum um tekju- og eignarskatt.

Í V. kafla laganna eru ákvæði um breytingu á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald.

Allt frá árinu 1975 hefur verið innheimt sérstakt tímabundið vörugjald af ýmsum vörum. Vörugjald þetta hefur verið mismunandi hátt frá einu tímabili til annars, lægst 12%, hæst 18%. Við gildistöku þessara brbl. var það 16%. Sú breyting er gerð með brbl. þessum, að vörugjaldinu er skipt í tvo gjaldflokka, annars vegar 16% eins og verið hefur að undanförnu og hins vegar 30% á nokkrum vörutegundum, og tók sú hækkun gildi þann 9. sept. s. l. Hér er í raun og veru ekki um nýtt gjald að ræða, heldur breytingu á gjaldi sem þegar hefur verið til. Eins og hv. þdm. vita, hefur verið gerð till. um breyt. á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald, þar sem gert er ráð fyrir að almenna reglan, ef svo má segja, verði 18% í staðinn fyrir 16%. Mun sú breyting vera til meðferðar hér í deildinni.

Þegar lög þessi voru sett voru á kreiki ýmsar sögusagnir um það, á hvaða vörur þetta 30% gjald væri lagt. Þær hafa verið leiðréttar síðan. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fara að gera grein fyrir því, að það var byggt á misskilningi að gjaldið legðist á sumar tilteknar vörur.

Í VI. kafla er um að ræða að það er lagt 10% gjald á ferðagjaldeyri, en jafnframt því var hámark ferðagjaldeyris hækkað til muna. Gjald þetta er ekki lagt á yfirfærslur námsmanna, sjúklinga eða áhafnagjaldeyri. Þessi skattlagning hefur nokkuð verið gagnrýnd, en ég sé ekki ástæðu til þess að fara að svara þeirri gagnrýni, a. m. k. ekki fyrir fram.

Svo er loks í VII. kafla ákvæði um heimild til lækkunar ríkisútgjalda 1978. Er heimilað að lækka þau um allt að 2 milljörðum. Það var fyrir heimild í lögum að lækka þau um 1 milljarð, en í lögum þessum var bætt við 1 milljarði. Hitt er svo annað mál, hvort þessi lækkunarheimild nýtist eða ekki. Ég hygg að ekki muni vera hægt að gera ráð fyrir því, að hún geti komið til framkvæmda á þessu ári, þar sem svo var langt liðið á árið þegar hún kom til greina og búið að ákveða framkvæmdir, gera samninga og annað því um líkt. Ég býst við því, að það verði af þeim sökum erfitt að ná þeirri fjárhæð sem þarna er þó veitt heimild til. En um það skal ég ekki fullyrða á þessu stigi, það mun koma í ljós síðar.

Í lokakaflanum, VIII. kaflanum, eru ákvæði um gildistöku o. fl. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. sjálft, enda hafa lög þessi verið allmikið rædd opinberlega manna á milli og flestum mun ljóst efni

þeirra. Ég skal ekki hafa þessa framsögu lengri, herra forseti, en mælist til þess, að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Erindi mín hér í ræðustól eru tvö.

Hið fyrra er óneitanlega dálítið sérkennilegt og það á ég persónulega við hæstv. forsrh. Mig langar til þess að biðja hann að brýna dálítið raustina úr þessum ræðustól þegar hann útlistar fyrir okkur mál. Ég veit vel að hæstv. forsrh. er skýr í framsetningu, en þó ekki svo skýr að a. m. k. ég skilji mál hans, því að ómögulegt er að heyra hvað hann segir. Hef ég ekki þjáðst af heyrnarleysi, en vera má að það hafi gerst nú þessa dagana. (Gripið fram í.) Ég bið hæstv. forseta að taka þetta til athugunar. Það er þá eitthvað að hljómburði í þessari hv. deild.

Ég þykist vita að við í Ed. höfum fengið eitthvað viðlíka útlistun á málinu og hv. Nd. Mig langar sérstaklega að beina spurningu til hæstv. forsrh. í sambandi við þetta mál, sem er hið raunverulega sameiningartákn hæstv. ríkisstj. Það er þetta mál, sem við höfum í höndum, sem er sameiningartákn hæstv. ríkisstj. Þess vegna er tilefni til þess nú að spyrja hvað líði samstöðu hæstv. ríkisstj. Ástæðan fyrir því, að mér finnst ég knúin til að spyrja þessarar spurningar, er sú, að ég uni því afskaplega illa að hér sé 20 manna stjórnarandstöðuflokki haldið við störf frá morgni til kvölds í hv. Alþ. út af málum hæstv. ríkisstj., sem enginn veit þó hvaða lyktir fá, ekki einu sinni hv. stjórnarflokkar sjálfir. Mér sýnist ljóst að það sé alveg á huldu hver verði afdrif sameiningartákns ríkisstj.

Okkur hefur verið sagt af þeim stjórnarflokki, sem vill gjarnan láta taka mark á sér sem þeim flokki sem fylgi meginreglum í afstöðu til mála, þ. e. a. s. Alþfl., að við skulum aðeins bíða róleg, um þetta fáum við að vita trúlega á Þorláksmessu. En við skulum vinna að málunum, þótt enginn viti hvert stefnir, á meðan hv. Alþfl. er að hugsa ráð sitt. Það liggur ekkert fyrir um það í dag, hvert ríkisstj. raunverulega stefnir sem heild. Það er sanngjörn lágmarkskrafa stjórnarandstöðu, að við förum að fá að vita þetta. Það hlýtur að verða gert jólahlé á störfum Alþ. um næstu helgi, því að samkv. almanakinu er sjálfur aðfangadagur á sunnudaginn. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. forsrh. kunni að leika eins mikil forvitni á því og mér og öðrum þm. Sjálfstfl. að vita hver verður endanleg niðurstaða Alþfl. Spurning mín er þessi: Vill hæstv. forsrh. skýra okkur frá því, hver hugsunin er, hver verður afstaða ríkisstj. og þeirra flokka allra, sem hana styðja, til þessa sameiningartákns? — Þó að ég bendi með hendinni til hv. þm. Braga Sigurjónssonar, þá á ég ekki við hann, heldur það plagg sem ég hef hér í hendinni. Hver verður afstaða stjórnarflokkanna til þessa frv., sem nú er sameiningartákn ríkisstj., og hvernig verður afstaða ríkisstj. og allra stjórnarflokkanna til sjálfs fjárlagafrv.? Mér finnst það ekki nema réttmætt tillit til stjórnarandstöðuþm. að þetta fái þeir að vita. Málin líta svo út í dag, að allar þessar aðgerðir, er Alþfl. hefur haft í frammi, minna töluvert á eitthvað sem gæti verið allstór loftbóla eða í hæsta máta og besta falli einhvers konar flugeldasýning rétt fyrir áramótin, til þess ætluð að gera hávaða og sjást, en ekki til þess í raun og veru að fylgja fram meginmálum.

Um þetta vildi ég gjarnan fá upplýsingar hæstv. forsrh., ef hann gæti látið okkur þær í té. Ef hann getur það ekki, þá þætti mér vænt um að fá það staðfest af hans munni.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er auðvitað langt frá því, að það sé rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að það frv., sem hér er til meðferðar, sé eina sameiningartákn stjórnarflokkanna — þeirra flokka sem standa að núv. ríkisstj. Þeir flokkar eiga sér mörg sameiningartákn og eru tengdir traustum böndum. Þeir hafa skrifað undir mikla samstarfsyfirlýsingu, sem þeir ætla sér að koma í framkvæmd. Þeir hafa raunar þegar komið öllum þeim bráðabirgðaaðgerðum, sem um er talað í þessari samstarfsyfirlýsingu, í framkvæmd. En jafnframt er í þessari ítarlegu samstarfsyfirlýsingu gert ráð fyrir því, að upp verði tekin breytt efnahagsstefna. Það var fullt samkomulag um það í sambandi við afgreiðslu á lögum um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu að setja fram og undirstrika aftur þau meginmarkmið sem stefnt yrði að með þeirri breyttu efnahagsstefnu, og það gefur auga leið og er eðlilegt að hver og einn stjórnarflokkanna hafi hugleitt þessi mál að undanförnu. Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við það og góðra gjalda vert að einn þeirra hafi verið svo duglegur að semja beinlínis frv. um þetta. Það frv. er og verður auðvitað til skoðunar hjá hinum samstarfsflokkunum.

Við í Framsfl. höfum hugleitt þessi mál mikið. Við höfum starfandi sérstaka efnahagsnefnd t. d. Auðvitað tekur hún þetta frv., sem hefur komið frá Alþfl., til ítarlegrar skoðunar. Eftir áramótin verða öll þessi mál tekin til úrvinnslu, auðvitað í samræmi við það grundvallaratriði samstarfsyfirlýsingarinnar að haft skuli samráð við aðila vinnumarkaðarins. Það dettur því engum í hug, að ég ætla í stjórnarflokkunum að frv. um efnahagsmál, sem inniheldur kjarnaatriði efnahagsmálanna, verði lagt fyrir hv. Alþ. og afgreitt þar af þessum flokkum án þess að aðilum vinnumarkaðarins hafi gefist kostur á að sjá það, tjá sig um það, lýsa skoðun sinni á því. Hitt höfum við að vísu aldrei sagt, að við mundum ekki gera neitt nema þessir aðilar samþykktu það. En við höfum lofað því að hafa samráð við þá og auðvitað stöndum við við það fyrirheit. Þess vegna er ekki hægt að fresta afgreiðslu fjárl. með tilliti til þess frv. sem flokksstjórn Alþfl. hefur samþykkt, enda hefur það ekki verið lagt þannig fram í ríkisstj. né heldur verið túlkað á neinn hátt í mín eyru að það væri á nokkurn hátt úrslitakostir. En hitt er það, að það er margt — ekki alveg allt kannske — í þessu frv. sem er í samræmi við það sem sagt er í grg. frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir gegn verðbólgu.

Auðvitað er það svo, að t. d. ég hef lagt fram vissar till. í ríkisstj. varðandi framtíðina, og það er ekki víst að sumar till. í frv. Alþfl. gangi eins langt í sumum efnum og mín hugsun og mín bókun. En ég hef ekki þann sið að segja frá bókunum á ríkisstjórnarfundum vegna þess sem þar fer fram. Það er trúnaðarmál.

Ég held að ég geti svalað náttúrlegri kvenlegri forvitni hv. síðasta ræðumanns með því að segja, að mér sýnist núna allt vera í besta lagi með samstöðuna. Ég varð ekki annars var en fjárlagafrv. rynni ljúflega í gegn við 2. umr., og ég á ekki von á því, að því mæti óyfirstíganlegur þröskuldur fyrir 3. umr., enda er skammur tími til stefnu. Ég hef skilið og skil Alþfl. svo, að hann muni fylgja þessu fjárlagafrv. og muni ekki fara að efna til stjórnarslita út af ágreiningi um það, enda væri slíkt heldur óheillavæn-

legt, því að hvað sem að öðru leyti má segja um þessa stjórn, þá hefur hún haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, og það má segja að eftir það samráð hafi hún sett löggjöfina um tímabundið viðnám gegn verðbólgu þar sem verðbótavísitala var færð niður mjög verulega. Það átti ekki að vera bótalaust. Launþegar áttu að fá bætur fyrir það. Þeir hafa fengið þær sumar, en þeir hafa ekki enn fengið þær allar. Það væri bjarnargreiði, vil ég segja, ef einhver af samstarfsflokkunum ætlaði sér að fara frá málinu hálfkláruðu, eftir að hafa þannig fengið launþegasamtökin til þess að þola þá skerðingu sem þau hafa þolað. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að slíkir menn finnist innan stjórnarflokkanna, því að það vil ég segja, að það jaðraði við blekkingu gagnvart þeim samtökum sem við hefur verið talað.

Mér sýnist ekki vera nein ástæða til þess að halda að það sé brotalöm á þessu samstarfi eins og stendur. Hitt veit hv. síðasti ræðumaður mætavel, að mey skal að morgni lofa, en veður að kvöldi, og auðvitað getur alltaf viljað til að veður breytist fljótt. En eins og er siglum við áfram hraðbyri og gerum ráð fyrir því að ljúka þingstörfum fyrir jólin, í síðasta lagi á Þorláksmessu, kannske fyrr ef allt leikur í lyndi, sem ég vona að verði. Ég held þess vegna að hv. síðasti ræðumaður þurfi ekki að hafa sérstakar áhyggjur af því að það komi nein uppstytta í þetta stjórnarsamstarf að svo stöddu.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að tefja meðferð þessa frv. við þessa umr., en mig langar þó til þess við 1. umr. að láta koma fram nokkrar aths.

Meginmál þessa frv. felst í 1. gr., þar sem felld eru úr gildi lög um efnahagsráðstafanir frá því í febrúar. Til þess að létta störf fjh.- og viðskn., sem fær væntanlega þetta mál til meðferðar og ég á sæti í, vildi ég gjarnan beina þeim tilmælum til hæstv. forsrh., að okkur í fjh.- og viðskn. yrðu útveguð einhver gögn um það, hvernig þessi mál stæðu hjá þjóðinni ef sú stefna hefði fengið að ráða sem sett var í febrúarlögunum og breytt var með brbl. frá því í maí. Ég er nefnilega enn þeirrar skoðunar, að með þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru, þeim tvennum lögum sem ég hef minnst á, hafi verið framkvæmdar mildustu aðgerðir gagnvart launþegum landsins, en um leið árangursríkustu, til þess að bæta efnahagsástand þjóðarinnar og þá umfram allt til þess að stemma stigu við hinni ógnlegu verðbólgu. Ég er þeirrar skoðunar, að ef þessum ráðstöfunum, sem gerðar voru af fyrrv. stjórn, hefði verið mætt með jafnmiklum skilningi og jafnmikilli velvild og stjórnir launþegasamtakanna hafa tekið þeim ráðstöfunum sem gerðar voru af núv. hæstv. ríkisstj., þá hefði málið litið allt öðruvísi út.

Það er margt sem ástæða er til að gera að umræðuefni, sem vekur tortryggni og vekur efasemdir hjá manni um að verði til góðs í sambandi við þau margvíslegu ákvæði sem felast í þessu frv. Ég vil ekki tefja tíma hv. d. með því að fara nánar út í það. En það eru margir ágætir aðilar, sem eru þess umkomnir, vel umkomnir af fræðilegum ástæðum að láta í ljós álit sitt á þessum málum, sem hafa fundið ákvæðum þessa frv. margt til foráttu. Ég vil í þessu sambandi benda á að einn hæfasti fulltrúi Framsfl. í þessu máli hefur nú t. a. m. farið þeim orðum um eitt ákvæðið í væntanlegum aðgerðum ríkisstj. í skattamálum, að hann kallaði það „sullumall". Ég held að það sé margt fleira þess háttar sem felist í þessu frv. og komi einnig til með að fljóta með í þeim frv. sem búið er að boða og leggja fram um fjáröflun til að standa undir þeim mismunandi aðgerðum sem þurft hefur að gera af hálfu ríkissjóðs í sambandi við niðurgreiðslurnar, og ég efast ekki um að við hefðum gjarnan þurft að athuga þessi mál betur.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur mjög hælt sér af því, hversu náið samráð hafi verið haft við aðila vinnumarkaðarins. Ég vil í tilefni af þeim margendurteknu ummælum og skoðunum, sem komið hafa fram, geta þess, að fyrrv. ríkisstj. hafði vissulega samráð við aðila vinnumarkaðarins. Ég vonast til að hæstv. núv. forsrh., sem átti sæti í fyrrv. ríkisstj., sé mér sammála um að gerð hafi verið mjög einlæg og heiðarleg tilraun af ríkisvaldsins hálfu, fyrrv. ríkisstj., til að hafa samráð við launþegasamtökin. Hitt er svo annað mál, að sú hugsun kemur mjög ofarlega í huga manns, að mismunur á fyrrv. og núv. ríkisstj. sé kannske sá, að núv. ríkisstj. hefur aðgang að þeim öflum sem geta haft í frammi pólitíska misnotkun á launþegasamtökunum. Það er kannske það sem núv. ríkisstj. hefur fram yfir hina fyrri, að það er nærri því sama hvað hún býður launþegasamtökunum, þá þykir þeim það ágætt af því að það fellur einhvern veginn í kramið hjá forustumönnum launþegasamtakanna, af því að þessi stjórn eigi að heita vinveitt launþegasamtökunum, þá megi hún nærri því bjóða fólki hvað sem er.

Herra forseti. Eins og ég tók fram í upphafi máls míns mun ég ekki verða til þess að tefja fyrir framgangi eða afgreiðslu þessa máls. En ég vil eindregið mælast til þess að okkur verði útveguð skýrsla eða skilagrein um það, hvernig þessi mál hefðu staðið hjá þjóðinni ef lögin og ráðstafanirnar, sem fólust í febrúar- og maílögunum, hefðu fengið að halda gildi sínu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við tilmælum síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóns Sólness, og ég mun reyna að sjá til þess, að embættismenn þeir, sem gerst vita um þessi mál og gætu helst reiknað út þetta dæmi sem hann var með, komi á fund fjh.- og viðskn. þegar hún fjallar um málið. En sjálfsagt getur verið dálítið erfitt að reikna þetta út, m. a. af þeim ástæðum sem hann vék nú nokkuð að, að ráðstöfunum frá í febr. og maí var ekki tekið með sama hætti og þeim sem nú hafa verið gerðar. Þar höfðu sínar afleiðingar truflanir á vinnumarkaði, sem sjálfsagt höfðu í för með sér tjón og var ekki lokið — síður en svo — þegar núv. ríkisstj. tók við. Það verður sjálfsagt að taka það atriði inn í dæmið þegar reynt er að meta þetta. En ég skal reyna að sjá til þess, að allar upplýsingar, sem mögulegt er að veita, verði látnar í té.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú, að mér þótti nokkurs misræmis gæta milli orða hæstv. forsrh. og þess skilnings sem ég hef lagt í þá afgreiðslu sem nú er orðin á fjárlagafrv. Eins og allir, sem hér eru inni staddir, muna las hv. þm. Sighvatur Björgvinsson upp fyrirvara okkar Alþfl.-manna fyrir samþykkt okkar á frv. til 3. umr. Sá fyrirvari byggist á því, að nú fyrir eigi löngu fór fram í flokksstjórn Alþfl. umr. um þessi mál og svokallað frv. til jafnvægis í kjaramálum og efnahagsmálum, og þar var samþykkt till. sem tekur af allan vafa um það, hvað fyrir flokksstjórninni vakir. Í þessari till. og samþykkt er m. a. sagt svo:

„Flokksstjórnin leggur áherslu á að núverandi stjórnarflokkar afgreiði frv. þessa efnis áður en fjárlagafrv. verður afgreitt og að fjárlagafrv. verði síðan sniðið að þessu frv.“

Þessi samþykkt er alveg ótvíræð, eins og hv. þdm. heyra, að það er ósk flokksstjórnar Alþfl. að samstarfsflokkar Alþfl. í ríkisstj. og á Alþ. taki afstöðu til þessara mála og láti Alþfl. vita hver afstaða þeirra er, áður en fjárlagafrv. verði endanlega afgreitt. Við höfum ekki viljað tefja frv. til 2. umr., eins og allir vita og nú er komið á daginn, en afstaða okkar við 3. umr. hlýtur að markast af því sem var áðan lesið.

Persónulega finnst mér, en það geta verið deildar skoðanir um það, að ekki sé endilega nauðsynlegt að leggja kapp á það að afgreiða fjárlög fyrir jól. Fjárlög eru í raun og veru ekkert annað en fjárhagsáætlun ríkisins fyrir næsta ár á svipaðan hátt og fjárhagsáætlanir bæjarfélaga eru hjá þeim. Við þekkjum það, sem við bæjarstjórnarmál höfum fengist, að raunar er afar sjaldan að bæjarstjórnir afgreiði fjárhagsáætlun sína fyrr en í janúar. Þess vegna finnst mér persónulega, að það væri skynsamlegt fyrir ríkisstjórnarflokkana að láta nú við svo búið sitja í afgreiðslu fjárlagafrv., fresta henni fram í janúar, þessi mál verði athuguð fram eftir janúar og þá lægi fyrir hvort samkomulag væri um ákveðnari, röggsamari og nákvæmari meðferð á fjármálum ríkisins og fleiri slíkum efnahagsmálum. Þetta þarf ekki að boða, eins og sumir vilja telja, neinn sérstakan ágreining. Það er eðlilegt að þrír flokkar, sem vilja ná sem bestum árangri um samstarf, ræði þessi mál sín í milli og reyni eftir samkomulagsleiðum að ná sem bestum árangri. En allir þekkja það, að ef á að hespa slíkt af í annríki rétt fyrir jól, þá er það ekki auðvelt.

Hér var verið að tala um það áðan, að í till. Alþfl. væri ekki gert ráð — eða ég skildi orðin þannig — fyrir samstarfi við verkalýðshreyfinguna um þessi mál. Því vil ég leyfa mér að lesa upp hluta úr frv. því sem ég var áðan að vitna til. III. kafli frv., með leyfi hæstv. forseta, hljóðar svo: Fyrirsögnin er „Kjarasáttmáli.“ 12. gr. í frv. fjallar einmitt um það og segir svo:

„Ríkisstj. skal þegar í stað hefja viðræður við samtök launafólks um kjarasáttmála. M. a. skal leitað eftir samningum um að samkomulag geti tekist um eftirfarandi aðgerðir í launa- og kjaramálum:

Að peningalaunahækkanir verði ekki meiri en 5% í lok fyrsta ársfjórðungs 1979 og 4% í lok hvers síðari ársfjórðunga það ár, þó þannig, að ef verðbótavísitala mælir meiri hækkun en sem nemur ofangreindum hundraðshlutum á lægstu laun skal þeim mismun mætt með sérstökum kaupauka á lægstu laun.“

Eins og hv. þd. heyrir, á að leita samkomulags við samtök launafólks um þessi atriði. Og í 13. gr. heldur svo áfram:

„Ríkisstj. er skylt að leita eftir kerfisbundnu samstarfi ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins er tryggi að allar fáanlegar upplýsingar um hagþróun, afkomu þjóðarbús og fyrirtækja og kaupmátt launa liggi fyrir með rúmum fyrirvara við gerð kjarasamninga. Þar að auki skal innan þessarar samstarfsstofnunar fjalla um aðra þætti kjarasáttmála, svo sem aðgerðir í verðlags- og félagsmálum, skattamálum og öðrum réttindamálum. Þessi stofnun beitir sér fyrir samkomulagi um heildarendurskoðun á gerð kjarasamninga í því skyni að einfalda það kerfi og samræma.“

Hér er greinilega lagt til að hafa fullt samstarf við launþegasamtök og aðra aðila vinnumarkaðarins um ýmis þessi mál, svo að ekki er hægt að bera því við að hér sé ekki gengin eða ætlast til að hér sé gengin sú gata.

Ég vildi að þetta kæmi fram. Raunar fannst mér að fyrirvari okkar Alþfl.-manna fyrir því að greiða fyrir því, að fjárlagafrv. fengi þinglega meðferð fram til 3. umr., væri svo ótvíræður að ekki þyrfti eftir því að spyrja. En ég vil þó endurtaka þetta og árétta, að samkv. flokksstjórnarsamþykkt, sem ég var að lesa áðan, eru það eindregið tilmæli Alþfl. við samstarfsflokka sína í ríkisstj. að þeir taki sér tíma, áður en gengið er endanlega frá fjárl., til að athuga þessi mál. Það er skoðun okkar, að með því móti væri hægt að gera samstarfið á milli flokkanna traustara og betra.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur tamið sér í seinni tíð að tala í orðskviðum. Hann gat þess að vísu ekki, að á skammri stund skipast veður í lofti, en það er a. m. k. mjög ljóst, ef rétt er það sem hæstv. forsrh. sagði sem ég hef vitaskuld ekki ástæðu til að efa, að stjórnarflokkarnir hafi mörg sameiningartákn og séu tengdir traustum böndum. Að vísu er ekki þar með sagt að sambúðin sé mjög góð eða þessi bönd veiti mikla hamingju, því að — svo að ég tali í stíl hæstv. forsrh.: „Sá bindur hlekkur harðast, er höndin frjáls sér bjó.“ Hæstv. forsrh. gekk ekki tilneyddur til þessa leiks, en samt finnst mér nú af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. að það muni líka vera rétt sem segir, að „guð mun ráða hvar við dönsum næstu jól“. Ég mun nú láta þessum orðskviðum og tilvitnunum lokið í bili, en hins vegar vitna til nokkurra atriða sem hæstv. forsrh. gat um í ræðu sinni.

Hæstv. forsrh. gat þess, að þessi ríkisstj. boðaði breytta efnahagsstefnu, í till. Alþfl. væri boðuð breytt efnahagsstefna, Framsfl. hefði efnahagsnefnd og þar mundi frv. Alþfl.-manna verða athugað. Ég verð að segja það, að mér finnst umfjöllun þessa frv. vera einstaklega furðuleg. Um frv. er að ræða sem hefur verið gert opinbert fyrir landslýð, en þó ekki lagt fram á Alþ. Það hefur verið lagt fram í Alþýðublaðinu og síðan er því vísað til nefndar í Framsfl. Og svo kemur hv. 3. þm. Norðurl. e. og segist bíða eftir að stjórnarflokkarnir skýri frá því, hver afstaða þeirra sé. Ég hélt að það þyrfti ekki að kenna selnum að synda — mig langar svo mikið til að nota einhver „orðsprok“ í ræðu minni. Ég hélt ekki að það þyrfti að segja hv. Alþfl.-þm. að einfaldasta leiðin til að komast að raun um þetta allt saman er einungis að leggja frv. fram á Alþ. Þeir hljóta að geta komið frv. fram sem mikilvægur flokkur í stjórnarstuðningi — í stjórnarandstöðu reyndar líka ef svo heldur sem horfir. Þeir hljóta að geta komið því fram, að frv. verði rætt og því vísað til n. Þingnefnd verður þá að taka afstöðu og stjórnarflokkarnir komast ekki hjá því að gera afstöðu sína opinbera. Þetta er hin einfalda og þinglega meðferð. En miklu seinlegra er að leggja frv. fram í Alþýðublaðinu, vísa því til nefndar í Framsfl. og sitja svo hér og bíða fram yfir jól eftir að einhver afstaða kunni að koma fram frá hinum flokkunum.

Það er að vísu önnur ástæða fyrir þessu, fólgin í því sem allir stjórnarflokkarnir eiga greinilega sammerkt. Það gekk fram af ræðu hæstv. forsrh., að stjórnarflokkunum finnst ekki aðeins óeðlileg aðferð, heldur algerlega óviðeigandi að leggja sum lagafrv. fram á Alþ. áður en aðrir fjalla um þau. Þannig er nú stjórnarfarinu komið í

landi okkar. Hæstv. forsrh. sagði, þegar hann fór orðum um samráð ríkisstjórnarflokkanna um aðild vinnumarkaðarins, að enginn skyldi láta sér detta í hug að þessir flokkar færu að leggja frv. um kjarnaatriði efnahagsmálanna fyrir Alþingi, án þess að það yrði lagt fyrir aðila vinnumarkaðarins fyrst. Það er ágætt að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, sjálfsagt og gott, en þegar hæstv. forsrh. landsins talar um það eins og hverja aðra fjarstæðu að láta sér detta í hug að leggja fyrir Alþ. fyrst allra aðila frv. um kjarnaatriði efnahagsmálanna, þá finnst mér að við verðum að staldra dálítið við og hugsa um stöðu Alþingis í ríkinu, hvaða hlutverk er Alþingi ætlað.

Hitt er svo annað mál, að það, sem hæstv. forsrh. sagði um samráð við aðila vinnumarkaðarins, er þess eðlis að ekki munu allir þeir, sem teljast til aðila vinnumarkaðarins eða eru forvígismenn launþega, geta á það fallist að við þá hafi verið haft samráð. Ég man ekki betur en það hafi komið fram, að mikilvægur aðili vinnumarkaðarins hafi aðeins einu sinni setið fund samstarfsnefndar ríkisstj. Sá fundur fjallaði eingöngu um það, hvernig þessu margnefnda samráði skyldi hagað. Þessi aðili var Vinnuveitendasamband Íslands. Nú nýlega má segja að þetta samráð hafi verið með nokkrum hætti framkvæmt, því að þá voru fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna boðaðir á fund hæstv. félmrh. Þar voru þeim afhent sex frv. um félagslegar umbætur sem búið var að kynna í ríkisstj. Ég veit ekki hvort þetta er almennt í samræmi við þær hugmyndir sem hv. stjórnarflokkar hafa um samráð við aðila vinnumarkaðarins, en ég efast um að sá sé skilningurinn í þeim hópum.

Ég hlýt að segja það annars um mál hæstv. forsrh., að það var ágætt að heyra það skýrt og skorinort af hans munni, að það væri mikil eindrægni og ákveðin stefna innan hæstv. ríkisstj. og ákveðið alveg hvernig yrði að málum staðið nú á næstunni. Enn fremur var gott að heyra að þingi yrði ekki frestað seinna en á Þorláksmessu. Má þó segja að síðast talda atriðið sé í samræmi við það sem við bjuggumst við. Alla vega er ljóst að hæstv. forsrh. hefur náð saman hópnum sínum, svo sundurleitur sem hann er, og það má teljast afrek út af fyrir sig. Og það er ágætt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni a. m. k. að vita um það. Þá vitum við nokkurn veginn hvað Alþ. er að fara með störfum sínum þessa dagana, en það var ekki ljóst í upphafi fundar og þess vegna spurði ég.

Hins vegar virðist dálítið annað uppi á teningnum eftir ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. Hann hafði skilið það, sem fram hafði komið hjá Alþfl., með sama hætti og ég og ýmsir fleiri, hafði nánar tiltekið skilið þessa afstöðu þeirra gagnvart fjárlagafrv. núna annars vegar og spurningar þeirra um afstöðu samstarfsflokka þeirra til tillagna — ég kann ekki við að kalla það frv., — tillagna Alþfl. um efnahagsmál. Hann hafði í raun skilið þessar tillögur sem úrslitakosti að því er varðaði fylgi við fjárlagafrv. Ljóst er því, að það var mjög mikil þörf á skýringu hæstv. forsrh., og það er í raun og veru þörf enn frekari skýringar, virðist mér, eftir mál hv. 3. þm. Norðurl. e. En það kann að vera misskilningur. Um það segja auðvitað Alþfl.-menn sjálfir fremur en ég. Hitt er svo annað mál, að ég get ekki annað en tekið undir visst sjónarmið sem hv. 3. þm. Norðurl. e. setti fram, og ég tek fram eins og hann, að þar er vissulega um persónulegt sjónarmið að ræða og kann vel að vera að aðrir séu á allt annarri skoðun. En ég tel eins og hann að það væri miklu skikkanlegri máti á þingstörfum að reyna að ná betur saman þeim endum, sem menn virðast vera ráðnir í að hafa lausa fram yfir jól, og koma sér saman um ákveðnari og röggsamari afgreiðslu mála, þótt ekki yrði fyrr en í janúar. Mér sýnist af orðum hv. 3. þm. Norðurl. e., að það sé í raun svo að ógert sé ýmislegt sem er alveg nauðsynlegt til þess að geta með sæmilegu móti staðið að afgreiðslu fjárl. hér á Alþ. og annarra mikilvægra efnahagsmála eins og nú stendur. Fyrir mitt leyti tel ég ekki ámælisvert, eins og á stendur, þótt afgreiðslan dragist fram yfir áramót. Við eðlilegar aðstæður er það ámælisvert, en ég tel það skiljanlegt nú og þó heldur skárra en það sem við horfum fram á.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vildi láta það koma hér fram, að mér finnast þessi mál alls ekki vera jafnflókin og hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildi Helgadóttur, virtist. Eins og kom fram í svari hæstv. forsrh., liggja þessi mál mjög ljóst og skýrt fyrir. Þess vegna er ekki nauðsynlegt að fara um þau mörgum orðum. En vegna þess að það er sjálfsagt að hjálpa til að skýra þessa stöðu, ef hún er óljós fyrir hv. þm., vil ég segja hér örfá orð.

Hvað það snertir, hvernig mál blasa við gagnvart Alþb., hefur komið fram í störfum okkar hér á Alþ. og sjálfsagt einnig í ríkisstj. og í þingflokknum, að full samstaða er í ríkisstj. um afgreiðslu þeirra mála sem ríkisstj. stendur að hér á Alþ., bæði afgreiðslu fjárl. og eins þeirra tekjuöflunarfrv. sem unnið hefur verið að. Mér er ekki kunnugt um að það hafi neins staðar komið fram á þeim vettvangi þar sem ákvarðanir eru teknar um aðgerðir ríkisstj., að neinir fyrirvarar hafi verið hafðir á um afgreiðslu þeirra mála. A. m. k. er okkur þm. Alþb. ekki kunnugt um það. Ég held að það hljóti að liggja alveg ljóst fyrir, að ríkisstj. stendur jafneinhuga og hæstv. forsrh. lýsti að þeim málatilbúnaði sem hún hefur lagt grundvöllinn að hér á þingi með flutningi þessara frv. Ég held að það sé einnig rétt, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að aðildarflokkar þessarar ríkisstj., bæði hér á Alþ. og eins eftir þeirri vinnuaðferð sem þeir hafa tamið sér, þ. e. a. s. samráði við samtök launafólks, hafi gefið þessum samtökum fyrirheit um afgreiðslu ákveðinna mála, bæði í formi frv. og eins í formi breytinga á fjárlagafrv. sem við munum standa við. Ég hef ekki trú á því að nokkur aðildarflokkur þessarar ríkisstj. muni hlaupast undan merkjum þessa loforðs við samtök launafólks á grundvelli skilyrða sem alls ekki voru sett fram þegar þau loforð voru gefin. Í því samkomulagi, sem ríkisstjórnarflokkarnir gerðu á víðtækan hátt við samtök launafólks og samtök launafólks hafa síðan stutt með yfirlýsingum, eins og komið hafa fram frá Verkamannasambandi Íslands, þá er ljóst að ríkisstjórnarmeirihlutinn hér á Alþ. mun standa að samþykkt tekjuöflunarfrv. og mun standa að afgreiðslu fjárl. á þeim grundvelli sem lá fyrir þegar þetta samkomulag við samtök launafólks var gert. Ég sé ekki að í þeim efnum hafi neitt það gerst sem kunni að draga í efa að svo verði. Við þm. Alþb. höfum a. m. k. ekki haft neinar þær fréttir af vettvangi ríkisstj., og mér er ekki kunnugt um að þær hafi birst neins staðar, hvorki hér á Alþ. né neins staðar annars staðar, sem gefa tilefni til að draga það í efa. Síðast í dag voru að birtast í blöðum viðtöl við forráðamenn ríkisstjórnarflokkanna

þar sem þessi skilningur minn er staðfestur, svo að af því tilefni held ég að það sé ástæðulaust að bera þennan ótta í brjósti.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að innan ríkisstj. er samstaða um öll þessi frv. Innan ríkisstj. er staðfest fyrirheit um að afgreiða þessi mál, og við, sem styðjum þessa ríkisstj., fögnum því, að svo sé, og því, að hún ætli sér að standa við þau fyrirheit sem hún gaf samtökum launafólks. Hitt er svo alveg rétt, sem komið hefur fram hér, að í fjölmiðlum hefur birst skjal frá Alþfl. sem ber heitið frv., en er á þessu stigi frekar hugverk heldur en formlegt frv. Þeir Alþfl.-menn hafa lýst því sjálfir með almennum orðum á þingi, að þeir hafi lagt mikla vinnu í þetta hugverk sitt og þetta sé harla gott. Hv. þm. Vilmundur Gylfason lýsti því yfir í Nd. í morgun að þetta væri eina heilsteypta tilraunin til þess að koma einhverju viti í efnahagsstefnu þjóðarinnar, og það ber ekki að lasta að aðildarflokkur ríkisstj. leggi slíka vinnu í hugverk af þessu tagi.

Hitt held ég að hljóti líka að liggja alveg ljóst fyrir, að ef þetta hugverk er svo mikið að vöxtum sem þeir hafa sagt sem að því standa, þá þurfa samstarfsflokkarnir í ríkisstj. eðlilega tíma til þess að skoða það. Ég sagði við einn af þm. Alþfl. á laugardag, nefndan Vilmund Gylfason, að mér hefði ekki borist þetta svokallaða frv. enn þá. Hann vísaði mér í Alþýðublaðið þar sem ég gæti kynnt mér það. Ég hef síðan orðið mér úti um Alþýðublaðið og mun kynna mér þetta vel. En það segir sig sjálft að flokkur eins og Alþb., sem hefur í þessari ríkisstj. grundvallað allt sitt starf á mjög ítarlegum umr. innan flokks um þá stefnumótun, sem er gerð á vettvangi ríkisstj., og með ítarlegu samstarfi við þá fulltrúa í hreyfingum launafólks, sem Alþb. styðja og fylgja að málum, — slíkur flokkur og slík hreyfing þarf mikinn tíma til þess að skoða jafnumfangsmikið hugverk og hér virðist vera um að ræða. Stofnanir flokksins, m. a. miðstjórn, sem er skipuð fulltrúum af öllu landinu, verkalýðsmálaráð og aðrar slíkar stofnanir þurfa eðlilega sinn tíma til þess að kynna sér þetta mál. Ef höfundar þessara hugmynda Alþfl. vilja að þær fái jafnvandaða flokkslega og málefnalega meðferð sem mér virðist full ástæða til að gefa þeim, þá er alveg ljóst að okkur tekur það verk a. m. k. nokkrar vikur. Ég held þess vegna að það sé alveg réttur skilningur hjá hæstv. forsrh., að þess er ekki að vænta fyrr en einhvern tíma í janúarmánuði að þetta mál hafi fengið eðlilega flokkslega meðferð og nægilega ítarlega málefnalega meðferð, a. m. k. hjá okkur.

Enn fremur held ég að það sé rétt sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að áður en ríkisstjórnarflokkarnir kæmust að þessari niðurstöðu þyrftu þeir, ef þeir ætluðu ekki að fara að brjóta þær vinnureglur sem þeir hafa sett sér, hvað svo sem hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur finnst um þær vinnureglur, — en ég vænti þess varla að Alþfl. né aðrir stuðningsflokkar þessarar ríkisstj. vilji eingöngu fylgja þeim vinnureglum sem Ragnhildur Helgadóttir var að lýsa hér áðan, en vilji halda áfram þeim vinnureglum sem við höfum haft í þessari ríkisstj., — að taka þessi mál einnig ítarlega til umræðu í samráðsnefndum ríkisstj. við samtök launafólks. Þær samráðsnefndir þurfa síðan að bera upp þessi málefni í samtökum sínum og ræða þau á félagslegum vettvangi. Það er alveg ljóst að á síðustu dögum nú fyrir jól eða milli jóla og nýárs verður, ef að líkum lætur, ekki tími eða aðstaða til þess að þær félagslegu hreyfingar, sem þessi ríkisstj. byggir tilvist sína á, hafi tíma eða aðstöðu til þess að fjalla ítarlega um þetta mál, þannig að ef á að taka þessa tillögugerð alvarlega, sem ég reikna með að höfundar þessa hugverks vilji láta gera, þá er alveg ljóst að sú félagslega og málefnalega meðferð, sem það þarf að fá, bæði í stuðningsflokkum ríkisstj. og eins í verkalýðshreyfingunni og öðrum samtökum launafólks, tekur a. m. k. nokkrar vikur.

Það er að vísu rétt, að í þessari prentun eða útgáfu á þessu hugverki, sem ég las í Alþýðublaðinu, var að sjá *ýmsar hugmyndir sem eru sjálfsagðir hlutir og enginn* getur út af fyrir sig gert aths. við og kannske ekki er mikil ástæða til þess að blása í lúðra út af. Ýmis atriði í efnahagsmálum, sem við erum aliir sammála um, er út af fyrir sig ágætt að Alþfl. festi á blað. En hitt er svo annað mál, að í þessu frv., sem svo er kallað þó ekki hafi það fengið þann formlega stimpil, eru ýmis atriði sem mér er fyllilega kunnugt um að hreyfingar launafólks munu gera aths. við ef það ætti að verða stefna þessarar ríkisstj. Ég held að hreyfingar launafólks séu t. d. ekki í stakk búnar í dag að samþykkja bindingu á kaupi fyrir allt næsta ár, sem virðist þó vera nokkuð veigamikill þáttur í þessu frv., og þannig mætti fleira telja. En ég ber engan ótta í brjósti um þessi efni. Ég tel að þetta sé virðingarvert framtak, sem þarna hafi átt sér stað, og það muni koma að góðum notum. Þar eru, eins og ég segi, ýmsar sjálfsagðar hugmyndir, en aðrar sem þurfa nánari skoðunar við. Þetta þarf allt að taka til umr. hjá okkur hinum á jafnítarlegan hátt og Alþfl. hefur rætt það í sínum flokki, í þingflokki Alþb., framkvæmdastjórn þess, miðstjórn þess, verkalýðsmálaráði og svo í landstjórnum þeirra hreyfinga launafólks sem ríkisstj. vill hafa samstöðu með. Og ef við viljum taka þau orð gild, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason lét sér um munn fara í Nd. í morgun, að hér sé a. m. k. gerð tilraun til einhverrar ítarlegustu stefnumótunar í efnahagsmálum sem gerð hafi verið hér á síðari árum, þá finnst mér sjálfsagt að sýna þeirri tilraun a. m. k. þá virðingu að við tökum okkur góðan tíma til þess að skoða hana og gerum þá ítarlega grein fyrir afstöðu okkar.

Ég verð hins vegar að segja það, að ég hef upp á síðkastið gerst æ bjartsýnni um framtíð þessarar ríkisstj. Ég er alls ekki í hópi þeirra manna sem telja að atburðir síðustu daga, sem svo hafa verið kallaðir, séu tilefni til þess að varpa fram hugmyndum um að þetta ríkisstjórnarsamstarf sé að bresta. Þvert á móti held ég að atburðir síðustu vikna, bæði aðdragandinn að 1. des. og það sem hefur verið að gerast núna undanfarið, geri ríkisstjórnarflokkana að mörgu leyti miklu betur í stakk búna til þess að fylgja fram raunhæfri, skynsamlegri stefnu í efnahagsmálum á næsta ári. Sá öldugangur, sem hér hefur verið gerður af ýmsum og sjálfstæðismenn m. a. sérstaklega kynt undir, ef svo mætti orða um öldugang, a. m. k. blásið á hafið til þess að reyna að sjá hvort einhverjar öldur mynduðust, er ekki tilefni til þess að hafa af miklar áhyggjur.

Ég er sannfærður um að í kjölfar þeirrar umr., sem mun fara fram innan ríkisstjórnarflokkanna, mun okkur þoka áfram skref fyrir skref, mánuð eftir mánuð á næsta ári til þess að færa þjóðina niður úr þeirri miklu verðbólguhæð sem síðasta ríkisstj. skildi eftir sig. Við höfum unnið að þessum málum eftir tvenns konar brautum. Annars vegar höfum við gripið til aðgerða sem hafa miðað að því að ryðja verstu hindrununum úr vegi á allra

fyrstu mánuðunum. Hins vegar hefur verið unnið eftir hernaðaráætlun, sem felur í sér ýmsar hugmyndir um varanlegri aðgerðir í efnahagsmálum. Ég kynnti ýmsar af þeim hugmyndum Alþb. í útvarpsumr. sem fram fóru í þessari d. fyrir nokkrum vikum. Í samþykkt flokksstjórnar Alþb., sem gerð var í lok síðasta mánaðar, voru þessar hugmyndir enn fremur reifaðar. Þó að við séum ekki með sérstaka nefnd eins og Framsfl. til þess að velta þessum málum fyrir sér, þá eru allar stofnanir Alþb. að fjalla um þessi mál. Ég held þess vegna að við, sem styðjum þessa ríkisstj. og viljum að tilvera hennar verði sem lengst, getum verið fullvissir um það, að á næstu vikum og mánuðum muni atburðarásin ganga þannig fyrir sig að við munum afgreiða þessi frv. hér á Alþ. fyrir jól, í síðasta lagi milli jóla og nýárs, og upp úr áramótum verði tekin afstaða til ýmissa þeirra hugmynda um stefnuna í efnahagsmálum á næsta ári sem allir ríkisstjórnarflokkarnir eru með uppi. Það verður gert í samráði við hreyfingar launafólks sem er hornsteinninn að þessu stjórnarsamstarfi. Það mun verða löng bið á því, að Sjálfstfl. þurfi að hafa nokkrar áhyggjur af því, að landið sé að verða stjórnlaust.

Hitt er kannske skiljanlegt, að ýmsir af þeim, sem hafa vanist þeim vinnuaðferðum sem Sjálfstfl. hefur tíðkað hér og barist fyrir um áratugaraðir, eigi erfitt með að átta sig á þeirri opnu umr. og þeim aðferðum sem ýmsir aðildarflokkar þessarar ríkisstj. og einstakir þm. beita í þessu ríkisstjórnarsamstarfi. En það er alveg ljóst, að hæstv. forsrh. hefur áttað sig á þessum vinnuaðferðum og ber engan kvíðboga í brjósti frekar en við hinir.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Í upphafi vil ég víkja að spurningu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur um kjaramálafrv. það sem liggur hér fyrir. Hún spurði beinnar spurningar, hvaða afstöðu Alþfl. hefði til þess, og nefndi þetta eitt af sameiningartáknum þessarar ríkisstj. Þessi ríkisstj. hefur, eins og hæstv. forsrh. benti á, mörg sameiningartákn og Alþfl. mun sjá til þess, að þetta frv. fái eins fljóta afgreiðslu og unnt er.

Hins vegar kvartaði hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir yfir því, að frv. Alþfl. til l. um jafnvægisstefnu hefði ekki verið lagt fram á Alþ., og furðaði sig á því. Það er óþarfi að furða sig á því. Við erum aðilar að ríkisstj. og það eru sjálfsögð vinnubrögð og sjálfsögð kurteisi við samstarfsflokka okkar að gefa þeim tækifæri til að kynna sér hugmyndir okkar í efnahagsmálum. Við stöndum með þessari ríkisstj. og styðjum hana. Það frv., sem hér hefur orðið tíðrætt um, er lagt fram innan ríkisstj. til að hinir flokkarnir geti tekið afstöðu til þess og út úr því komi sameiginleg heildarstefna.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson nefndi áðan að hann tryði því ekki, að flokkarnir mundu ekki standa við gefin loforð gagnvart verkalýðsforustunni. Ég get fullvissað hv. þm. um að Alþfl. stendur við sín loforð. Einnig má geta þess, að ekki er ágreiningur um tekjuöflunarfrv., eins og hann réttilega benti á. Hins vegar, og það er aðalatriðið í þessu máli, liggja ekki fyrir nein loforð frá hæstv. ríkisstj. um að afgreiða fjárl. fyrir jól.

Hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson tók vel í þetta frv. okkar Alþfl.-manna, drap á nokkur atriði, en sagði, eins og við vissum fyrir, að þetta þyrfti að kanna ítarlega af hinum flokkunum áður en af yrði.

Fjárl. eru ekki aðalatriðið hjá okkur í þessu máli. Það hefur verið drepið á það hér í þingsölum, að unnt væri að aðlaga fjárl. þessum svokallaða „pakka" okkar og með því mundi Alþfl. gera sig ánægðan með þetta og samþykkja fjárl. fyrir jól. Það eru hins vegar ekki fjárl. sem skipta höfuðmáli. Það, sem við erum að fara fram á, er að það verði mótuð heildarstefna í fleiri málum. Þar eru mörg atriði, sem skipta máli, eins og fjárfestingar, peningamál og kjaramál.

Þessi ríkisstj. hefur tvívegis áður í efnahagsaðgerðum sínum verið í miklu tímahraki. 1. sept. vofði atvinnuleysi yfir og það varð að taka mjög skjótar ákvarðanir. 1. des. voru stórfelldar verðlagshækkanir fram undan og þá þurfti líka að taka skjótar ákvarðanir, svo að ekki vannst þá tími til að leggja þá grundvallarstefnu sem við höfum reyndar verið að tala um frá því í sumar. Það, sem við höfum gert, er að við unnum upp úr grg. með frv. frá 1. des. og leggjum niðurstöðurnar fram innan ríkisstj. í þeirri von og í þeirri fullvissu, að það komi heilsteypt stefna út úr þessu, því að við setjum ekki fram þetta frv. sem neina úrslitakosti.

Efni frv. þarf að fara, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson benti á, gegnum margar stofnanir innan flokks hans. Hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson gat þess, að sérstök nefnd væri að fjalla um þetta mál innan Framsfl., og það er vel. Við vonum að það verði hafin strax viðræða við Alþfl. og þessir þrír flokkar komi saman og ræði um þessi mál á grundvelli þessa frv. Það er mat okkar, að þetta frv. okkar sé góður grundvöllur fyrir þessa ríkisstj.

Ég vil benda á það, og sagði það reyndar áðan, að það er ekki heilagt boðorð, að fjárlög verði afgreidd fyrir jól, enda hefur enginn úr hæstv. ríkisstj., að ég held, sagt berum orðum á Alþ. að fjárlög ætti að afgreiða fyrir jól. Hæstv. forsrh. nefndi áðan að við mundum ljúka þingstörfum fyrir jól, en hann sagði ekki að fjárlög ætti að afgreiða fyrir jól, enda eru mörg dæmi þess að fjárlög séu afgreidd eftir jól.

Í sambandi við fjárl. má einnig nefna það, að lánsfjáráætlunin er ekki tilbúin og stendur hvort sem er ekki til að afgreiða hana fyrr en eftir jól, þannig að það eru nokkuð margir endar enn þá lausir í því efni.

Það, sem við erum að fara fram á, er að þessi ríkisstj. taki sér tíma í þrjár vikur, — það er ekki mikið sem við erum að fara fram á, — taki sér tíma í 3-4 vikur til að ræða efnahagsmálin á breiðum grundvelli með því markmiði að geta komið fram með stefnumörkun þegar þing kemur saman að loknu jólaleyfi.

Alþfl. stendur heils hugar í þessu samstarfi og það er hann að sýna með þessum aðgerðum. Þó svo að sjálfstæðismenn telji, að við séum kannske að hlaupa út undan okkur, og langi til að koma til hinna, þá fer því víðs fjarri. Við teljum að við séum að styrkja þessa ríkisstj. með þessum aðgerðum okkar, þær séu liður í því, að þessi ríkisstj. verði við völd vonandi nokkuð mörg ár í viðbót.

Það, sem við förum fram á með þessu frv., er að leggja góðan grundvöll að samstarfi um þessa stefnu. Það er ósk okkar að jólaleyfið verði notað til þess. Það tekur 3-4 vikur að fjalla um þetta í öllum stofnunum innan flokkanna. Eins og hæstv. forsrh. hefur bent á, eru fjölmörg atriði sem framsóknarmenn hafa við þetta frv. að athuga, finnst í einhverjum atriðum ekki gengið nógu langt. Þetta eru atriði sem sjálfsagt þarf að ræða milli allra flokkanna. En það er skoðun okkar, að að loknu jólaleyfi gefist tækifæri til að afgreiða fjárlög við 3. umr. samhliða stefnumótun fyrir árið 1979 og lengur. Við vonum að sú

leið verði farin nú síðustu dagana fyrir jól. Þessi ríkisstj. er ekki undir sömu tímapressunni og hún var 1. sept. og 1. des. Það er skoðun okkar, að við getum tekið okkur eilítið meiri tíma en áður til ráðagerða. Það hefur komið fyrir, að fjárlög hafi ekki verið afgreidd fyrir jól. Við mundum telja það æskilegt í þessari stöðu.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það kemur mjög á óvart þegar Alþb.-menn koma hér upp og þykjast ekkert vita um þær till. er við Alþfl.-menn höfum lagt fram til úrlausnar á þeim efnahagsvandamálum sem steðja að þjóðinni, — till. sem lúta að því að leysa vandann til langs tíma. Við töldum að við hefðum kynnt málið rækilega, bæði fyrir ráðh. í ríkisstj. og einnig í fjölmiðlum. Það má segja að þetta frv. hafi verið lagt fram í Alþýðublaðinu eftir að hafa gengið í gegnum umr. í flokksstjórn Alþfl. En síðan hefur það verið rætt í nefnd og sú nefnd er ríkisstj. sjálf. Annað eru vissulega undirnefndir sem vonandi geta fjallað um það á þann hátt að þær geti samþykkt málið. En því er ekki að leyna, að þetta frv. hlýtur að vera afskaplega tengt samþykkt fjárlagafrv., og því er það að við höfum ákveðið að svo verði að svo miklu leyti sem unnt er.

Í I. kafla frv. segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. skal skylt að skera niður rekstrargjöld allra ríkisstofnana sem svarar 3% frá því sem þau verða ákveðin í fjárl. 1979. Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal að höfðu samráði við stofnanir og rn. skila till. um, hvernig lækkun þessari skuli hagað. Ákvörðun liggi fyrir eigi síðar en 15. febr. 1979."

Og í 2. gr. segir:

„Fjárveitingar á fjárl. á árinu 1979 til opinberra framkvæmda og önnur fjárfestingarframlög, þar með talin þau sem ákveðin eru með sérstökum lögum svo og útlánaáætlanir opinberra sjóða og lántökuheimildir til opinberra framkvæmda í lánsfjáráætlun fyrir árið 1979, skulu miða að því að dregið verði úr opinberri fjárfestingu sem svarar 10% frá því sem gilti í fjárfestingarheimildum ríkisins og ríkisstofnana á árinu 1978."

Menn sjá á þessum upplestri, að frv. er vissulega tengt afgreiðslu fjárl. og því ekki óeðlilegt að við teljum að svo þurfi að vera.

Tilefni þess, að Alþfl. — eða flokksstjórn hans — hefur gert þessa samþykkt, ákveðið að kynna þetta frv. í ríkisstj., er ótti Alþfl. við verðbólguna. Því er ekki að leyna, að við stöndum frammi fyrir óðaverðbólgu. Við viljum berjast gegn þeim vágesti. Við teljum að ef ekki verði brugðist hart við sé hætta á enn meiri verðbólgu en nokkru sinni fyrr.

Það er ljóst, að 1. sept. og 1. des. gerðum við bráðabirgðaráðstafanir — ráðstafanir sem voru gerðar í skyndingu til þess að leysa bráðasta vandann. En við ákváðum jafnframt, er við mynduðum þessa ríkisstj., að vinna tíma til þess að gera skynsamlegar ráðstafanir. Þær hafa því miður ekki enn verið gerðar, og við viljum leggja okkar lóð á vogarskálina. Það er vissulega vilji okkar að „félagsmálapakkinn" svokallaður og annað, er við höfum heitið verkalýðssamtökunum, nái fram að ganga, og við munum beita okkur fyrir því. En við teljum að það sé hægt að afgreiða þá hluti jafnframt því sem tekin verður afstaða til þessa frv.

Ég vil minna á að þegar við ákváðum að gera þessar till., þá fóru fram víðtækar viðræður við forustumenn verkalýðssamtakanna um ýmsa þætti þessa frv. Mér er kunnugt um að það er mikill vilji til þess innan verkalýðssamtakanna að mótuð verði stefna er dugi til lengri tíma. Í lok samþykktar Alþfl. um þessi mál segir, með leyfi forseta:

„Flokksstjórnin hafnar alfarið eilífum skammtímaráðstöfunum í efnahagsmálum og ítrekar þá skoðun sína, að nauðsynlegt er að marka stefnu í efnahagsmálum til tveggja ára þar sem fullt tillit er tekið til allra meginþátta efnahagsmála. Ríkisvaldið verður að hafa frumkvæði til þess að ná árangri í verðbólgumálum. Þess vegna verði ekki gengið frá fjárl. fyrr en þessi stefna hefur verið mörkuð."

Ef litið er á það frv., sem við höfum hér kynnt, sem hugsmíð er Alþb. komi ekkert við, þá boðar það ekkert gott, kannske það sem einlægir stjórnarsinnar síst vildu.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það gerist stundum að mikill reykur stígur upp af litlum eldi — ég veit ekki hvort það er ímyndun eða hvort fleiri hv. þm. hafa fundið dularfulla lykt hér inni í salnum. Hún var einna líkust lykt af sprunginni hvellhettu eða púðurkerlingu. En mér er sagt að einhver hv. þm. úr Nd. hafi púað pípu af svona miklum móð inni í hliðarherbergi. Ekki veit ég hvort er réttara. En svo mikið er víst, að niðurstaða þessara umr. virðist vera sú, að öll sú fyrirhöfn, sem Alþfl. hafði af smíði hugverksins umræddа, virðist eiginlega vera unnin fyrir gýg eða a. m. k. ekki ná þeim tilgangi sem fram gengur af ræðum Alþfl.-manna sumum að fyrir þeim hafi vakað, og þá hlýtur manni að detta í hug að Alþfl.-mönnum sé farið eins og fjöllunum sem tóku jóðsótt með alkunnum árangri.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði í ræðu sinni áðan, að afgreiðsla frv. þessa efnis hlyti að vera krafa Alþfl. og Alþfl. biði eftir því, að stjórnarflokkarnir tækju afstöðu og létu vita áður en fjárlagafrv. væri afgreitt. M. ö. o.: ef afstaða til þessa frv. eða hugverks Alþfl.-manna liggur ekki fyrir, þá verður engin fjárlagafrumvarpsafgreiðsla. Mér sýnist þetta liggja í augum uppi af orðum þess hv. þm.

Ég verð nú, þótt það sé einkennilegt hlutskipti, að taka að mér að bera sáttarorð á milli hv. 3. landsk. þm., Ólafs Ragnars Grímssonar, og hv. 5. þm. Reykn., Karls Steinars Guðnasonar, því að ég skildi orð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar alls ekki svo, að hann teldi þetta hugverk ekki koma sér neitt við eða kæmi það alveg í opna skjöldu, heldur þvert á móti sagði hann, eins og góðum, grandvörum og íhaldssömum borgara sæmdi: Við verðum auðvitað að sýna þessu hugverki þá virðingu að það fái ítarlega, grandgæfilega skoðun. Það gæti tekið margar vikur. — Og það gæti vel verið að athugun á því liggi fyrir einhvern tíma á árinu 1980, ég veit það ekki. (**ÓRG:** Skilningur hv. þm. er réttur, en forsendurnar rangar.) En niðurstaðan og inntakið í ræðu hv. 3. landsk. þm. var hið sama og í orðum frægs bónda hér á fyrri tíð sem sagði: Allt orkar tvímælis þá gert er. — Og það var fyrst og fremst þetta sem hv. þm. þótti um hugverk þeirra Alþfl.-manna. Hann vildi láta það fá grandgæfilega skoðun og öllu grandgæfilegri en þau frv. sem hann vill sem óðast afgreiða frá Alþ. fyrir jól. Hefur e. t. v. gefist skemmri tími til að athuga þau sum hver en hann ætlar til athugunar á frv. Alþfl.-manna. Ég get því miður ekki fjallað um það mál, enda hef ég ekki þskj. í höndum, það fer svo mikið fyrir Alþýðublaðsmöppunni, svo að um það tel ég ekki fært að fjalla málefnalega.

Hins vegar tel ég að það hefði fyllilega verið viðeigandi þegar rætt er um stjfrv. um þessi mál, — frv. sem snertir allan efnahagspakkann — að ræða líka um þessar till. Alþfl. Ég er þeirrar skoðunar, að margt sé í þeim mjög nýtilegt og skynsamlegt. Ég hef hins vegar ekki haft forsendur til þess fremur en stjórnarstuðningsmenn að skoða þetta nægilega gaumgæfileg til þess að geta tekið afstöðu alfarið með því eða alfarið móti því. En vissulega er þetta svo samanslungið allt saman, að mér þykir ekki ósanngjarnt að þetta geti fengið skoðun samtímis.

Fyrst eindrægnin er svona mikil í stjórnarliðinu, þá skil ég ekki hvers vegna einn stjórnarflokkurinn er settur í þessa erfiðu aðstöðu. Þeir hafa með skringilegum hætti og ærinni fyrirhöfn birt þetta frv. alþjóð, en að þurfa svo að kingja því öllu saman í heilu lagi svona rétt fyrir jólin — það finnst mér ill meðferð á samstarfsflokki. Að öllu samanlögðu er þó a. m. k. ljóst, að nú veit stjórnarandstaðan hve fast stjórnarflokkarnir standa saman og að á þeim er greinilega enginn bilbugur og næstum enginn skoðanamismunur í liði þeirra.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Úr því að hér hafa orðið nokkrar umr. um drög Alþfl.-manna að frv. til l. um jafnvægisstefnu og í þær umr. hafa blandast vangaveltur manna um það, hvort fjárlagafrv. verði afgreitt fyrir jól eða ekki, þá langar mig til að leggja örfá orð til viðbótar í þann belg.

Ég vil segja það um frv. Alþfl., sem ég hef ekki haft langan tíma til að skoða, að ég tel þar vera nokkrar tvímælalaust jákvæðar hugmyndir frá sjónarmiði okkar Alþb.-manna og að það megi tvímælalaust segja um sumar þær hugmyndir, sem þar koma fram, að um þær ætti að geta orðið samstaða milli þessara tveggja flokka. Ég nefni sem dæmi hugmyndina um eignakönnun. Það er ein af mörgum hugmyndum, sem þarna koma fram, sem á fyllsta rétt á sér.

Aftur á móti er það alveg ljóst, og þarf ekki að telja það til neinna tíðinda, að ákveðnar hugmyndir, sem fram koma í þessu frv. Alþfl., eru í andstöðu við yfirlýsta stefnu okkar Alþb.-manna. Ef ég á að nefna dæmi, þá er það sú yfirlýsta lögboðna hávaxtastefna sem þar kemur skýrt fram. Við erum margbúnir að neita að fallast á slíka stefnu. Við erum að sjálfsögðu ekkert líklegri til þess að fallast á hana þó að haft sé í hótunum um að líf stjórnarinnar liggi við að menn beygi sig fyrir slíkum kröfum.

Í þriðja lagi má segja að sumt sé hvorki jákvætt né neikvætt í þessu frv. frá okkar sjónarmiði. Sumt er gersamlega óskiljanlegt og verður þar af leiðandi að skoða vandlega. Dæmi um þetta er 2. gr. frv., sem er gersamlega óskiljanleg öllum þeim sem reyna að átta sig á hvað í henni stendur. Ég skal lesa hana fyrir þá sem hafa kannske ekki haft tækifæri til þess að leggjast djúpt og átta sig á henni, en hún er svona:

„Fjárveitingar í fjárl. á árinu 1979 til opinberra framkvæmda og önnur fjárfestingarframlög, þar með talin þau sem ákveðin eru með sérstökum lögum, svo og útlánaáætlanir opinberra sjóða og lántökuheimildir til opinberra framkvæmda í lánsfjáráætlun fyrir árið 1979, skulu miða að því að dregið verði úr opinberri fjárfestingu sem svarar 10% frá því sem gilti í fjárfestingarheimildum ríkisins og ríkisstofnana á árinu 1979."

Ég vona að menn átti sig á því, að þetta er gersamlega óskiljanlegt. Hér hlýtur að vera einhver prentvilla á ferðinni. Ég hef verið að geta mér til að það sé ákveðin prentvilla sem raski meiningunni allverulega, hef spurt marga að því, sem lesið hafa þessa grein, hvort þarna sé prentvilla eða ekki prentvilla. Sumir hafa sagt að þarna sé prentvilla, aðrir segja að svo sé ekki. Og þannig er greinin birt í Alþýðublaðinu s. l. föstudag. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fá nánari skýringar á þessu atriði og fleiri atriðum sem mér eru algerlega óskiljanleg í þessu frv. áður en hægt er að leggjast djúpt og reyna að átta sig á því, hvort menn eru sammála því eða ekki.

Eins og menn vita, eru ekki í gildi neinar fjárfestingarheimildir fyrir ríki eða ríkisstofnanir á árinu 1979. Þess vegna er ekki hægt að tala um þá hluti í þátíð. Þetta er hins vegar grundvallaratriði, því að þegar ég sá þetta frv. fyrst sýndist mér að við Alþb.-menn hlytum að hafa einmitt mjög sterka andstöðu við þetta ákvæði, ef um það væri að ræða að skera niður um 10% þau fjárfestingaráform sem uppi hafa verið um árið 1979. Þannig skildi ég greinina fyrst og hef svo sem ekki fengið neina opinbera leiðréttingu á því. Ég veit ekki til þess, að þessi setning hafi verið opinberlega leiðrétt neins staðar. En ef aftur á móti á að snúa þessu upp í það, að um sé að ræða að verið sé að skera niður um 10% frá því sem gilti í fjárfestingarheimildum ríkis og ríkisstofnana árið 1978, sem er í raun og veru sá skilningur sem beinast liggur við, og mér er næst að halda að þarna hljóti að vera prentvilla á ferðinni, þá er ég ekki viss um að þetta sé neitt annað en það, sem við erum nú að framkvæma, og þetta sé í raun ekki nokkur minnsta breyting frá því sem er. Hins vegar þarf að reikna þetta betur út og átta sig á því. Hætt er við að það verði ekki gert á örstuttum tíma að átta sig á því, hvernig þetta kemur út.

Ég hef sagt hér, að sumir þættir þessa frv. séu bersýnilega jákvæðir meðan aðrir eru bersýnilega mjög neikvæðir frá sjónarmiði okkar Alþb.-manna og enn aðrir óskiljanlegir. En ég verð að bæta því við, að meginhluti þessa frv. fjallar um sjálfsagða hluti, sem ég er viss um að allir þm. eru í sjálfu sér innilega sammála um og hefði þar af leiðandi ekki endilega þurft að klæða í frv.-búning. Ég tel að í þessu sambandi sé það ekki efni frv. sem mestu máli skiptir, heldur séu það vinnubrögðin sem fram koma í sambandi við framlagningu þess. Frv. þetta er sem sé sent samstarfsflokkum á seinustu dögum þings fyrir jól og ætlast til þess, þó að ekki sé það að vísu gert að skilyrði, en ætlast til þess berum orðum að tekin sé afstaða til þess á örfáum dögum. Þar að auki er tilraun gerð til þess að stöðva afgreiðslu fjárl. fyrir jól. Ég held að öllum eigi að vera það ljóst, að fleiri aðilar en Alþfl. geta komið fram með hugmyndir sínar og sett þær að skilyrði fyrir afgreiðslu fjárl. Slíkt geta fleiri gert en Alþfl.-menn, ef mönnum sýnist að slík vinnubrögð séu við hæfi. Við Alþb.-menn höfum nýverið lagt fram till. okkar í 14 liðum. Auðvitað væri afskaplega handhægt fyrir okkur Alþb.-menn að leggja þessar till. okkar fyrir samstarfsflokkana og segja: Við ætlumst til þess, að þessar till. séu afgreiddar og frv. samþ. fyrir jól, annars látum við afgreiðslu fjárl. bíða. — Nei, auðvitað eru þetta vinnubrögð sem ég reikna með að öllum sé ljóst að geta aldrei gengið. Þannig verður ekki á málum tekið milli samstarfsaðila.

Ég held að það geti ekki neinum dulist, að till. Alþfl. eru ekki síður settar fram fyrir fjölmiðla en samstarfsflokkana og að þarna er á ferðinni fjölmiðlapólitík sem getið hefur sér góðan orðstír og vissulega skilað nokkrum árangri.

Menn eru að velta því fyrir sér, hvort fjárlög verði afgreidd fyrir jól eða ekki. Ég verð að segja það, að ég tel ekki nokkurn minnsta vafa á því, hvert svarið verður við þessari spurningu. Auðvitað verða fjárlög afgreidd fyrir jól. Auðvitað er leitun að þeim þm. sem eru reiðubúnir að standa að því ábyrgðarleysi að draga afgreiðslu fjárl. fram á fjárlagaárið. Fjárlög fjalla um fjárhag allra helstu ríkisstofnana á næsta ári, og þessar stofnanir þurfa að vita hvaða stöður eru heimilar og hvernig þær eiga að haga fjármálum sínum þegar í ársbyrjun, því er ekki hægt að fresta, og þess vegna held ég að það sé alveg ljóst, að við komumst ekki undan því að afgreiða fjárlög nú fyrir jól. Allt annað væri algert ábyrgðarleysi, sem við gætum ekki verið þekktir fyrir, hvort heldur við erum aðilar að þessari ríkisstj. eða í stjórnarandstöðu.

Hitt er allt annað mál, að fjárl. fjalla ekki um alla þætti ríkisfjármálanna. Veigamiklir þættir ríkisfjármálanna eru fólgnir í lánsfjáráætlun ríkisstj. Þar er heildarframkvæmdaramminn settur upp, enda er lánsfjáráætlunin nokkurs konar viðbótarfjárlög. Öll hin meiri háttar verk, sem ríkið stendur að, eru sett inn á lánsfjáráætlun vegna þess að ekki er talið að auðvelt sé að koma þeim fram án lánsfjár. Og ég tel að það liggi nokkuð beint við og eðlilegt sé undir ríkjandi kringumstæðum að lánsfjáráætlunin bíði, enda þótt vissulega hefði verið æskilegt og eðlilegt að hún yrði afgreidd fyrir jól, þá séu ekki aðstæður til þess og fullkomlega rökrétt og eðlilegt við ríkjandi kringumstæður að hún bíði eitthvað fram yfir áramótin, jafnvel eitthvað fram í janúarmánuð.

Það er lánsfjáráætlunin sem endanlega sker úr um það, hvert er hlutfall framkvæmda miðað við þjóðartekjur, en það er eitt af því sem Alþfl. hefur lagt mjög þunga áherslu á, að þar verði skorður reistar og menn bindi sig við ákveðin hámarkshlutföll. Í því sambandi hefur verið talað um að hlutföll framkvæmda miðað við þjóðartekjur fari ekki upp fyrir 25%. Það hefur verið talað um heildarsamdrátt, eins og ýjað er að í 2. gr. frv. sem Alþfl. hefur sent samstarfsflokkum sínum, heildarframkvæmdir ríkis og ríkisstofnana ásamt útlánaáætlunum opinberra sjóða og lántökuheimildum til opinberra framkvæmda, verði skornar niður um 10% miðað við framkvæmdastigið á s. l. ári. Ég tel að mál standi nú þannig, að þetta sé mjög nærri lagi. Vissulega gefst tækifæri til þess í sambandi við afgreiðslu lánsfjáráætlunar að stemma þetta þannig af, að allir samstarfsflokkar að þessu ríkisstjórnarsamstarfi megi vel við una og telji það fullnægjandi miðað við viðhorf sín og stefnu. Ég tel að það eigi ekki að vera neinn verulegur vandi á ferðum hvað þetta snertir, þetta eigi að geta tekist. Þannig ætti Alþfl. að geta vel unað við það, að þessar mikilvægu ákvarðanir, sem hann hefur lagt þunga áherslu á, bíði fram yfir áramót. En fjárl. verður að sjálfsögðu að afgreiða fyrir jól. Ekkert annað kemur til greina. Við munum síðan gefa okkur góðan tíma til þess að skoða þær hugmyndir sem Alþfl. hefur lagt fram. Við þurfum að fá þar ýmislegt betur skýrt. Við þurfum að fá tækifæri til þess að ræða þær í flokki okkar, við þurfum að fá tækifæri til að ræða þær við aðila vinnumarkaðarins og þá alveg sérstaklega við verkalýðshreyfinguna, og þá mun fyrst koma í ljós hvort ekki skapast góð samstaða um það, sem gera verður, nú eins og fram að þessu.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Nokkrar örstuttar aths. út af ræðu hæstv. menntmrh. Það er prentvilla í 2. gr. Þar á að standa „1978" og er eiginlega augljóst, þannig að við þurfum ekki að ræða mikið um það. Það er talað um í þeirri grein að skera framkvæmdafé niður um 10% miðað við árið á undan. Eins og dæmið lítur út núna þyrftum við að strekkja aðeins á lánsfjáráætluninni til að ná þessu markmiði.

Hins vegar er það ekki alveg rétt, sem kom fram í máli hæstv. ráðh., að Alþfl. heimti af samstarfsflokkum sínum að þeir taki afstöðu til þessa veigamikla pakka okkar á örfáum dögum fyrir jól. Það hefur ekki verið hugsað þannig, heldur að við gefum samstarfsflokkum okkar auðvitað eins langan tíma og þeir vilja. Það kom fram í umr. áðan, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson áætlaði að þetta færi í gegnum stofnanir í flokki hans á 4-5 vikum. Það er alveg eftir okkar hugmyndum líka. Það tekur þessa málsmeðferð svo langan tíma að fara í gegnum marga flokka. Sjálfsagt kæmu þessir 14 punktar Alþb., sem hæstv. ráðh. drap á, inn í þá mynd, þegar rætt er um heildarstefnuna.

En ég vil benda á í sambandi við fjárl. og lánsfjáráætlun, að á fjárl. eru ákveðnar framkvæmdir upp á 17 milljarða, en í lánsfjáráætlun eru ákveðnar framkvæmdir upp á 25 milljarða. Enn þá hafa þm. ekki fengið að kanna lánsfjáráætlunina almennilega. Þannig er full ástæða til þess að þessi tvö atriði, lánsfjáráætlun og fjárlagafrv., fari saman og þá í víðara samhengi. Þetta er það sem við leggjum til með því að afgreiða fjárlög ekki í hasti rétt fyrir jólin. Hæstv. menntmrh. er það skynsamur maður, að hann er ekki að bíta í sig heilög boðorð eins og að fjárl. verði að afgreiða fyrir jól. Þau hafa, eins og ég benti áðan á, oft verið afgreidd seinna. Það segja mér þingreyndari menn hér, að komið hafi fyrir að slíkt hafi dregist fram í apríl í eitt skipti. (**RA:** Hvenær var það?) Ég hef ekki ártalið, en mér var sagt í hliðarherbergjum hússins að svo hafi verið eitt árið. En ég sel það ekki dýrara en ég keypti það, úr því að það koma fram mótmæli. Hins vegar breytir það ekki því, að það er ekkert höfuðatriði hvort fjárl. eru afgreidd núna síðustu vikurnar fyrir jól, þótt okkur langi öll í jólafrí, eða hvort það dragist fram yfir áramót, á meðan við erum að ná samstæðri stefnu, sem ég efast ekki um eftir undirtektum við einstök atriði, bæði hjá hæstv. forsrh. og einnig hæstv. menntmrh., þó að við vitanlega gerum okkur ljóst að þarna eru fjölmörg atriði sem við þurfum að ræða nánar um og við erum reiðubúnir til þess hvenær sem er.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að lýsa furðu minni yfir þeim umr. sem hér hafa farið fram í dag. Hvernig er hægt að ræða í þessari hv. d. um mál sem þm. hafa ekki fengið í hendur á hv. Alþ.? Ég skil ekki svona vinnubrögð. Við sitjum í dag í þessari d. til að koma til afgreiðslu þýðingarmiklum málum sem búið er að ákveða og lofa í sambandi við ráðstafanir sem gerðar voru 1. des. s. l. Ég kann ekki að meta svona vinnubrögð. Ég tel mig sitja á Alþ. til að vinna að afgreiðslu mála, og eins og ástatt er nú í þjóðmálum hef ég þá skoðun, að þýðingarmeira sé fyrir okkur þm. að snúa okkur í alvöru að afgreiðslu mála í stað þess að karpa um mál sem ekki eru hér á borðum.

Ég tel svo sjálfsagt mál að ekki þurfi raunar að ræða það hér, að samstarfsflokkar þessarar ríkisstj. móti þá framtíðarstefnu sem þeir hafa tekið að sér að gera og staðfest hefur verið í stjórnarsamningi og í ráðstöfunum 1. des. Ég get ekki komið auga á neina röksemd gegn því,

að slík vinna sé hafin og verði mótuð áður en þing kemur saman 1979. Við framsóknarmenn erum þegar með þessi mál í skoðun og við erum tilbúnir í þessa stefnumótun. En ég endurtek, að ég tel að við hv. þm. þurfum að vinna öðruvísi að þessum málum sem við erum með hér á borðunum. Tíminn líður hratt, en öll þessi mál eru á því stigi að þau þurfa afgreiðslu við.

Ég gat ekki stillt mig um að láta þessa aths. koma fram.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði, að menn ættu að snúa sér í alvöru að því að afgreiða málin. Það er þess vegna sem við Alþfl.-menn höfum lagt fram till. okkar. Við viljum í alvöru taka á efnahagsmálum. Frv. okkar eða drög að frv. eru þáttur í því. Ég og félagar mínir teljum að frestur til þess að taka afstöðu til þessara till., sem ráðh. hafa nú þegar fengið í hendur og allir geta átt aðgang að sem vilja, sá frestur, sem menn hafa fengið, sé nægur. Reyndar eru till. aðeins útfærsla á þeirri grg. er fylgdi því er samþ. var í sambandi við aðgerðirnar 1. des.

Það, að menntmrh. skuli standa upp og setja nokkurs konar úrslitakosti um það, að fjárlög verði afgreidd hvað sem hver segir, skoða ég sem hótun og það verður að meta sem slíkt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 134). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 36. fundur.

Mánudaginn 18. des., að loknum 35. fundi.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 222). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Biðlaun alþingismanna, frv. (þskj. 102, n. 215, 216 og 218, 219). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um biðlaun alþm. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við Geir Gunnarsson og Jón G. Sólnes, sem skipum 1. minni hl. n., leggjum til að frv. verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. munu skila séráliti og gera grein fyrir áliti sínu.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að greidd verði laun óbreytt eftir að kjörtímabili lýkur, þannig að þeir, sem þá hætta þingstörfum, fái einhvern umþóttunartíma til þess að leita sér nýrra starfa, eins og yfirleitt gildir nú orðið í þjóðfélagi okkar.

Frsm. 2. minni hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið klofnaði n. við afgreiðslu þessa máls. Við leggjum til þrír nm., að frv. þetta verði fellt.

Þegar mikil breyting varð á launakjörum alþm. árið 1971 urðu miklar deilur í þingsölum um það mál. Því miður voru þeir, sem andvígir voru því að hækka laun þm. gífurlega, fáir, en engu að síður var haldið uppi vörn fyrir þeim málstað, að þing ætti að vera með svipuðum hætti og áður hafði verið og ekki ætti að lengja þingtíma né heldur gera alla 60 þm. að nokkurs konar atvinnupólitíkusum með föstum árslaunum og síhækkandi launum.

Ég var þá varaþm. og tók þátt í þessum umr. og barðist gegn þessari stefnu. Það urðu þar miklar og langar umr. Í fyrravetur var þetta mál aftur rætt ítarlega hér á þingi. Það er hægt að vitna til þeirra umr. og ástæðulaust að tefja þm. á þessum annadögum með löngum ræðum, en rökin eru öll til fyrir þeim sjónarmiðum sem ég hef haldið fram og fleiri, og þetta hefur verið til umr. hér í þinginu a. m. k. síðasta áratuginn. Það urðu hér miklar umr. fyrir alllöngu, þar sem Bjarni Benediktsson og Eysteinn Jónsson deildu um þetta, hvort þm. ættu að vera með full árslaun og full mánaðarlaun eða hvort þeir ættu að sinna einhverjum öðrum störfum.

Ég held að það sé mjög óheillavænleg stefna, að allir þm. eigi að vera eingöngu við þingstörfin. Það væri miklu heppilegra og eðlilegra að menn sinntu öðrum störfum eins og hálft árið og þinghaldi væri hraðað og vinnubrögð betri en þau eru hér á hinu háa Alþingi. Það hefur allt frá 1971 verið stanslaust bætt við smápinklum til handa þm. Menn kalla það að bæta aðstöðu þeirra. Menn mega kalla það mín vegna hvað sem er. Ég hef reynt að berjast gegn því öllu. Nú er svo komið, að það á að fullkomna þennan leik með því einmitt að undirstrika að þm. séu svo bundnir við þingstörf og eigi að vera svo bundir við þingstörf að þeir hljóti að verða atvinnulausir ef þeir falla eða hætta við þingmennsku, það eigi að bæta þeim það með launum þrjá og allt upp í sex mánuði vegna þess að þeir séu komnir út úr hinum þjóðnýtu störfum á hinum ýmsu sviðum í þjóðfélaginu. Þessi stefna er að mínu mati alröng. Ég er knúinn til að halda fast við þá sannfæringu mína og berjast gegn þessu frv. eins og þeim öðrum sem að þessu hafa miðað.

Þar að auki er þess að gæta, að það er núna verið æ

ofan í æ að stórskerða kjör þjóðarinnar, en á sama tíma ætla þm. að bæta aðstöðu sína með þeim hætti sem hér um ræðir. Það tel ég einnig óverjandi.

Frsm. 3. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það hefur komið hér fram, eins og flutningur þriggja álita úr n. ber með sér, að hún hefur klofnað í afstöðunni til þessa máls.

Það hefði vissulega verið æskilegra með tilliti til þeirrar gagnrýni, sem víða verður vart við, bæði utan og innan þings, á kjörum þm. og samanburði á þeim við kjör annars staðar í þjóðfélaginu, að þetta mál hefði verið betur undirbúið. Það má færa að því ýmis rök, að það hefði kannske verið annar tími betur til þess kjörinn að gera þessar breytingar heldur en þessi. Það eru í sjálfu sér ekki sérstakar ástæður nú til þess að gera í þessu efni breytingar. Hins vegar mun þetta mál hafa verið rætt innan þings á síðasta kjörtímabili, a. m. k. í þfkn., og þar myndast sá skilningur sem að nokkru leyti mótar þetta frv. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að í þessu frv., eins og það liggur fyrir, sé of langt gengið. Ég tel að sú sex mánaða regla, sem þar er sett fram, sé óeðlileg, bæði í sjálfu sér og kannske einkum og sér í lagi í samanburði við þær reglur sem gilda annars staðar í þjóðfélaginu. Jafnframt tel ég að sá formgalli sé á frv., að þar er ekki tekið skýrt fram, að greiðsla þessara biðlauna eigi að miðast við reglur um þingfararkaup. Það væri hugsanlegt að leggja þann skilning í frv., eins og það liggur nú fyrir, að menn gætu fengið laun greidd annars staðar, eins og ýmsir fyrrv. þm. fá nú, og jafnframt fengið greitt fullt þingfararkaup. Ég tel aftur á móti eðlilegt og rétt í alla staði, að ef biðlaun eru á annað borð greidd, þá sé tekið tillit til þess, líkt og gert er nú, hvort þm. eru í öðrum launuðum störfum, þótt það sé nú látið í hlut þeirra sem greiða þau laun, — þannig sé komið í veg fyrir þann möguleika að menn geti verið á fullum tvöföldum launum við það að fá biðlaunin.

Ég ætla ekki að ræða þær skoðanir sem hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson setti fram. Það er hvorki staður né stund til þess að ræða þær hér. Ég tel þó að ekki megi vera sú skipan á þessum málum að útilokað sé að menn helgi sig þingstörfum eingöngu. Það má ekki setja þessi mál þannig upp, að þeir menn, sem kjósa að helga sig þingstörfum eingöngu, geti ekki gert það og hafi til þess launakjör að geta framfylgt þeirri ákvörðun sinni. Ég tel hins vegar eðlilegt að mönnum sé veitt viss aðstaða til þess að nýta þann umþóttunartíma, sem hæstv. fyrrv. forsrh. Bjarni Benediktsson kallaði svo, þegar menn láta af þingstörfum og áður en þeir taka til fullra starfa á öðrum vettvangi. Ég hef þess vegna kosið að flytja brtt. sem taki mið af þessum tveimur sjónarmiðum sem ég hef lýst, brtt. á þskj. 219, sem annars vegar kveður á um að biðlaunin skuli miðast við 3 mánuði eingöngu, en jafnframt miðist þau við almennar reglur um þingfararkaup.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég leggst gegn biðlaunum til alþm., er sú, að mér finnst óviðeigandi að á sama tíma og alþm. og ríkisstj. fara þess á leit við launþegasamtökin að samningar verði óbreyttir og horfið verði frá hugsanlegum grunnkaupshækkunum standi alþm. í kjarabaráttu og samþykki aukin fríðindi til handa sjálfum sér í formi endurhæfingarfjár.

Þá vil ég minna á að nú þegar rætt er um aukin fríðindi til manna, sem vissulega eru sæmilega vel haldnir í launum, þá er það staðreynd að verkafólk í landinu hefur aðeins eins mánaðar uppsagnarfrest eftir eins árs starf og kvenfólk, sem starfar í fiskiðnaði, jafnvel aðeins einnar viku uppsagnarfrest. Eru þess dæmi, að það fólk fái vikulega afhent uppsagnarbréf.

Það er skoðun mín, að stjórnmálamenn eigi að taka þá áhættu að verða ekki endurkjörnir. Þeir eru ráðnir tímabundinni ráðningu og því ekki óeðlilegt að halda sama hætti og verið hefur. Því legg ég til að þetta frv. verði fellt.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Ég hef staðið í hv. fjh.- og viðskn. að nál. ásamt hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni og Karli Steinari Guðnasyni, þar sem lagt er til að frv. þetta verði fellt. Mér þykir því rétt að greina í örstuttu máli frá afstöðu minni.

Í fyrsta lagi álít ég óeðlilegt að biðlaunin nái til þeirra er hættu þingmennsku að loknum síðustu kosningum. Fjölmargir þeirra voru ekki einu sinni í framboði. Mér finnst óeðlilegt að einstakir aðilar fái upp undir 2.5 millj. fyrir það eitt að hafa hætt þingmennsku, en hafa nú þegar önnur störf og hafa jafnvel haft þau lengur.

Í öðru lagi álít ég óeðlilegt að þm., sem eru kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, njóti réttinda eins og ráðnir starfsmenn ríkisins. Þetta er eftirsótt starf og menn leggja svo sem ýmislegt á sig til þess að geta setið hér. Það er viss áhætta bundin við þingmennsku og svo á að vera að mínu mati.

Í þriðja lagi vil ég benda á að við sitjum núna 100. löggjafarþing þjóðarinnar. Ég vil persónulega ekki taka þátt í því, að eftir 99 þing verði ákveðin svona mikil fríðindi til handa alþm. Ætli forverar okkar í þessu húsi hefðu ekki breytt launafyrirkomulaginu, ef það hefði verið svona mikið réttlætismál?

Bragi Níelsson: Herra forseti. Eitthvert óbragð finnst mér alltaf af því þegar þm. eru, á hverju þingi næstum því, að ræða um hvernig þeir skuli skammta sér laun. Mér finnst að þm. eigi að vísu að vera vel launaðir menn í starfi, þetta er ábyrgðarmikið starf, og þeir eigi ekki að þurfa að hafa fjárhagslegan baga af því að gegna þessum einum af veigamestu störfum í þjóðfélaginu. En hitt er svo allt annað mál, að þegar menn eru einráðir um að skammta sér kaup, þá finnst mér óbragð að hlutunum.

Það má kannske segja að einhver laun geti verið eðlileg eftir að mönnum er sagt upp starfi. En það þekki ég ekki, að neitt eðlilegt sé við að menn séu á fullum launum í hálft ár eftir að þeir hafa e. t. v. sjálfir óskað eftir því að hætta starfi. Þrír mánuðir gætu kannske komið til greina, ef þeir væru bókstaflega ráðnir til þessara starfa, en ekki annarra. Hins vegar mun það í flestum tilfellum svo, að menn eru ráðnir til annarra starfa og bíða þau störf eftir þeim þangað til þeir fara af þingi. Þeir ganga því í flestum tilfellum til sinna fyrri starfa. Það eru aðeins örfáar undantekningar, held ég, frá þessu og má ekki miða neina almenna reglu út frá þeim undantekningartilfellum. En það verður sjálfsagt erfitt að skilja á milli sauða og hafra hvað þetta snertir.

Hitt er svo einnig á að líta: Eiga menn, sem hætta fríviljugir störfum, að fá svona biðlaun? Eiga hinir, sem eru á framboðslistum, að fá biðlaun, séu þeir í svokölluðum baráttusætum? Og hvað eru baráttusæti? Eða eiga hinir líka að fá biðlaun sem eru neðst á lista, í svokölluðum heiðurssætum? Þetta ber líka á að líta.

Ég skal útskýra þetta. Það mætti hugsa sem svo, að þeir, sem væru í framboði, skyldu fá biðlaun ef þeir féllu. Það væri nokkurs konar falltrygging. (Gripið fram í.) Já, það mætti skilja svo. En hinir, sem hættu bókstaflega viljugir og væru alls ekki í framboði, fengju ekkert. En það gerist stundum, að menn skreyta listana með fallegum nöfnum sínum og eru þá raunverulega í framboði, en alls ekki ætlast til þess, að þeir sitji þing. Þarna komum við sjálfsagt að einu vandamálinu enn og réttlætismálið verður aðeins gagnvart þessum örfáu mönnum sem hafa ekki starf sem bíður eftir þeim. Störfin eru afskaplega margvísleg, það eru embættisstörf, bændur fara til búa sinna, sjálfstæðir atvinnurekendur eru sumir o. s. frv., o. s. frv.

Afturvirkni laga er afskaplega leiðinleg, það vitum við þó að við komumst ekki hjá henni oft og tíðum, það skal viðurkennt. En ef afturvirkni eins og er í þessu frv. á að gilda, þá finnst mér hún ekkert réttlætismál. Þeir, sem voru búnir að sitja síðustu 4 ár á þingi, áttu að geta séð þetta í hendi sinni, að sumir þeirra a. m. k. mundu falla í næstu kosningum og féllu sumir í prófkjörum áður en til kosninga kæmi. Aðrir ætluðu sér alls ekki að sitja lengur. Örfáir þeirra féllu óviljugir og gengu þá flestallir til sinna fyrri starfa. Ég sé því, þegar allt er lagt saman, ekki ástæðu til þess að styðja þetta frv.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða stuttorður um þetta mál, en hér tek ég til máls vegna þess að ég á sæti í þfkn., þar sem um þetta mál var fyrst fjallað sem vér fjöllum nú um. Því er ekki að leyna, að þar varð samkomulag með ákveðnum fyrirvörum um að mæla með því við formenn þingflokkanna, að þeir flyttu sameiginlega frv. það er hér liggur frammi núna. Að vísu voru — og gætið að því, hv. þm., að ekki er ætlast til þess að fundargerðir þfkn. séu upp lesnar — fyrirvarar af hálfu fulltrúa þar á þá lund, að 6 mánaða biðlaunatíminn væri of langur, æskilegra væri að hafa hann 3 mánuði.

Við umr. um þetta mál komu einmitt fram ýmis atriði í líka veru og þá sem hv. þm. Bragi Níelsson kom inn á áðan, að e. t. v. væri ekki rétt að hafa undir sama hatti alla þá sem hættu, tækju þá ákvörðun að hætta þingmennsku með ærnum fyrirvara og hefðu þar af leiðandi nokkurn tíma til þess að útvega sér annað starf eða hagræða fjárhag sínum á þann hátt að það væri þeim auðvelt að hætta. Kom til álita hvort eðlilegt væri að hafa þá undir sama hatti og hina, sem féllu skyndilega og e. t. v. óvænt fyrir atkvæðabrandinum hvassa eða fyrir tönnunum miður hollu sem notaðar eru t. d. í prófkjörum, sem sumir menn ættu að kannast við.

Ég hygg að það sé ekki algild regla, að þm. hafi önnur embætti, þiggi fyrir hluta embættislauna og eigi embættin bíðandi eftir sér þegar og ef sú stund rennur upp að þeir láta af þingmennsku — af frjálsum vilja eða grátandi. Þetta hygg ég að sé ekki algild regla. Eftir því sem ég veit best, þá þiggur enginn þm. Alþb. laun af hinu opinbera eða laun fyrir önnur störf. Svo var a. m. k. eigi s. l. kjörtímabil. Þeir, sem á slíku áttu rétt, eins og kennararnir í okkar hópi, afsöluðu sér því. Aftur á móti veit ég að þm., sem hafa haft uppi allstór orð um það, hversu hátt þingfararkaupið væri og hversu vel þm. væru haldnir, hafa þegar nær var að gáð reynst hafa langt til jafnhá laun úr vasa hins opinbera fyrir önnur störf sem þeir fyrrum gegndu, en gegndu nú ekki lengur — a. m. k. ekki nema að ákaflega óverulegu leyti.

Hér er um að ræða atriði, sem vissulega kemur til álita þegar rætt er um kjör þm. Að minni hyggju eru launakjör alþm. nógu góð. Um launakjör alþm. mega ekki fjalla af mjög miklum alvöruþunga eða siðferðilegum fordæmingarþrótti alþm. sem taka síðan annars staðar, samtímis því sem þeir taka þingfararkaup, álíka eða langt til jafnháa upphæð úr ríkiskassanum fyrir störf sem þeir hljóta að vinna a. m. k. ekki af jafnmiklu þreki á meðan þeir gegna þingmennsku. Mín skoðun er sú, stafar e. t. v. af því að ég hef sjálfur aldrei verið ofurmenni til starfa, að það sé fullt starf röskum meðalmanni að gegna þingmennskunni sæmilega. En fyrir hitt er ekki að synja og er sennilegt, að við eigum afreksmenn í hópi vorum, alþm. Þó hygg ég að þeir muni vera færri í hópi hv. alþm. sem leika sér að því að sinna störfum alþm. vel með aðra hönd bundna fyrir aftan bak heldur en hinir, sem ekki taka laun annars staðar og ekki eiga störf sín bíðandi við lok þessa tímabils. Það er ég næstum alveg viss um.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, að ég tel alveg bráðnauðsynlegt að hv. alþm. haldi tengslum við atvinnulífið, eigi sér önnur hugðarefni, og ef hugðarefnið er sérstaklega það — og það segi ég ekki í fordæmingartón — að vinna sér inn tekjur annars staðar jafnframt, þá finnst mér það allt í lagi. Ég sé ekkert athugavert við það út af fyrir sig. En þegar á heildina er litið, þá hygg ég að þetta verði nú svo, að þeir finnist fleiri amlóðarnir en ég sem ekki hafa til þess dugnað eða þrek að gegna tvennum störfum vel, þannig að vert sé að taka fyrir þau laun, og muni sitja uppi með þingmannslaunin ein og jafnvel ekki eiga sér atvinnuvon annars staðar um það er lýkur. Ég tel ákaflega mikinn feng í því að eiga í röðum alþm. einstaklinga, sem jafnframt reka fyrirtæki, þjóðnýt fyrirtæki, framleiðslufyrirtæki, og auðnast að gera það með þingstörfunum með því að hagræða vel fyrir sér, því að einnig það er verkkunnátta sem lofa ber. Ég tel ákaflega þýðingarmikið að hv. þm. séu efnahagslega sjálfstæðir. Ég sé ekkert á móti því, að inn á þingið komi einmitt menn sem búið hafa í haginn fyrir sig og eiga tekjur annars staðar en hér innan sala þinghússins. Þetta finnst mér ekki óeðlilegt. En á hitt legg ég áherslu, að ég tel ákaflega þýðingarmikið að þannig verði búið að alþm. hvað laun snertir að þeir séu ekki á vonarvöl.

Ég skil sjónarmið hv. þm. Ágústs Einarssonar er hann ræddi um forvera okkar sem hér hafa unnið lengst af í húsinu — 99 þing — og verr var búið að hvað kjör snertir heldur en að þeim þm. sem nú hér sitja, enda hef ég heyrt það af munni sannorðra manna, sem hér unnu fyrr meir, hversu að þeim var þrengt fjárhagslega á meðan þeir unnu hérna. Og ég þori að staðhæfa það, að það hafi verið af fátæktar sökum sem ekki var miklu fyrr að því staðið að bæta launakjör þm. og að margir þeirra, sem hér unnu, hefðu kannske enst betur og unnið nýtara starf í löggjafarsamkundunni ef þeir hefðu ekki þurft að hafa þess háttar áhyggjur af framfærslu sinni og sinna.

Ég tel að aths. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar við frv. í þeirri mynd sem það er sé þörf, að æskilegt væri að það kæmi ljósar fram, að hér er ætlast til þess, að hið sama gildi um biðlaun og um þingfararkaupið sjálft, enda hef ég það fyrir satt, að einmitt þetta vaki fyrir flm., að hið sama gildi þarna, að sama haft eigi að gilda varðandi önnur opinber laun, varðandi eftirlaunin eða biðlaunin, og þingfararkaupið sjálft.

Ég fellst ekki á skoðanir þeirra hv. þm. sem gagnrýnt hafa afturvirkni laganna, en gæti hins vegar verið til

viðtals um og jafnvel samþykkt að þessi regla skuli gilda framvegis um biðlaunin. Í hópi þeirra alþm., sem fremur hefðu reiknað með því að sitja framvegis á þingi, en gerðu það ekki, og á það jafnt við um þá sem féllu í prófkjörum sem sjálfu kjöri til Alþ., voru menn sem höfðu setið hér mjög lengi og áttu ekki í vís störf að ganga. Þá þm. brysti rök sem samþykkja vildu þetta skipulag biðlaunanna framvegis, en vildu synja þeim um afturvirknina sem hurfu brott í síðustu kosningum, hvort sem það var með vilja eða gegn vilja sínum, því að þar á tel ég ekki vera neinn siðferðilegan mun, og kynnu þá þeir þm. að vera sakaðir um að vera að kaupa sér falltryggingu sem þeir hefðu synjað um þeim sem frá fóru.

Óviðkunnanlegt er, sagði hv. þm. Bragi Níelsson, að þm. úrskurði sjálfir laun sín. Ég viðurkenni fúslega að um sinn — eða þrjú fyrstu árin af þeim fjórum sem ég hef setið á þingi — hneigðist ég til fylgis við skoðun þeirra kjaradómsmanna. Mér fannst þetta — hafði þá að vísu ekki rætt málið mikið eða hugleitt það mikið — eins og hv. þm. Bragi Níelssyni allt að því óviðkunnanlegt. En ég játa það, og skammast mín ekkert fyrir það, að mér snerist hugur við umr. sem urðu hér á hv. Alþ. um þessi mál í fyrravetur, þar sem ég fékk tóm og tækifæri til þess að hlýða á rök manna í málinu. Það blasti við mér, að ef við alþm. legðum launamál okkar í Kjaradóm, þá lægi það á borðinu að laun okkar yrðu stórhækkuð, og það blasti *við mér að við værum þá ekkert annað en undir* e. t. v. mismunandi miklum hjúp yfirdrepsskapar að koma af okkur þeirri ábyrgð sem við ættum þó að rísa undir — þeirri ábyrgð að ákveða laun okkar og kjör sjálfir, að ákveða þau sjálfir þannig að við gætum staðið uppréttir gagnvart fólkinu í landinu. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að ef við værum ekki menn til þess að gera þetta, þá kæmi kannske til álita hvort við værum menn til þess að fjalla um önnur þau mál sem á hendi okkar hvíla á hv. Alþingi.

Ég mun greiða atkv. með frv., sem hér liggur fyrir um biðlaun alþm., en með því fororði þó, að ég tel nauðsynlegt að alþm. fjalli ærlega um kjaramál sín, taki um þau ákvörðun, siðgóða ákvörðun. Þá kemur til álita hvort ekki beri að knýja á um það, að alþm., sem vinna hér á fullum launum og eiga að vinna hér fullt starf, taki ekki laun úr vasa hins opinbera annars staðar á meðan. En hvað eina bíður síns tíma, og ég hafði vænst þess að þessi mál kæmu upp á þinginu nú í vetur.

Herra forseti. Ég hef þegar talað, eins og mér hættir stundum til, lengur en ég lofaði og læt þetta nægja í bili.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég þarf ekki miklu við það að bæta sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég vil aðeins taka það fram í sambandi við þá afturvirkni, sem hér hefur verið talað um, að í þfkn. voru þessi mál mjög á dagskrá í fyrra. Þá var ákveðið í raun og veru að flytja frv. svipað þessu. Ég stóð þá að samþykkt í þfkn. um það atriði. *Í öllu því fjaðrafoki, sem þá varð um kaup og kjör* alþm., guggnuðu menn hreinlega á því að flytja þetta, af þeirri einföldu ástæðu að þá sögðu þeir, sem þar að stóðu, að þarna væri um óviðkunnanlegt mál að ræða, nú væru þeir sumir hverjir að standa að því að ákveða sér laun alveg sérstaklega af því að kosningar væru fram undan, og þeir vildu því síður standa að afgreiðslunni þá. Alveg sami ótti kemur fram hjá alþm. nú, því að ég held að þarna sé fyrst og fremst um ótta að ræða, en ekki skoðun um það, hvernig við almennt erum dæmdir af almenningsálitinu.

Ég nefni sem dæmi um það, að það er ekki langt síðan ég las grein eftir ágætan mann úti í Vestmannaeyjum, að ég held hann sé, Harald Guðnason, þar sem hann sagði það orðrétt, held ég, að á meðan verkafólkinu væru skömmtuð 6% værum við alþm. nýbúnir að skammta sjálfum okkur 33% launahækkun. Ja, skýst þótt skýrir séu. Það er ekki nema von þó mörg lesendabréfin um kaup og kjör alþm. séu vitlaus og röng þegar annar eins heiðursmaður og þessi fer með önnur eins rakalaus ósannindi. Og þetta er ekkert einsdæmi, því miður.

Ég harma það, ef við þm. tökum undir það hér inni að við séum með óeðlileg fríðindi. Ég þekki a. m. k. ekki þessi fríðindi. Hingað til hafa þær greiðslur, sem ég hef fengið umfram þingfararkaup mitt, ekki nægt mér til þess að ná endum saman varðandi þann kostnað sem ég hef haft af þessu starfi. Og ég harma það, ef menn eru svo ókunnugir þessu starfi, t. d. okkar kjördæmisþm. sem búum í stórum kjördæmum, að þeir taki undir þennan almenningssöng um þessi miklu fríðindi. Ég tel að það sé hárrétt, sem kom fram hjá hv. þm. Karli Steinari, að við þyrftum að hyggja betur að réttindum verkafólksins í sambandi við uppsagnarfrest þess, og að því skal ég fúslega vinna með honum. En allur samanburður í þessu efni er afstæður. Ég gæti nefnt þá eitthvað annað fyrir ofan okkur, sem við getum líka haft til samanburðar og þyrftum þá kannske líka að taka af um leið. Ég held nefnilega að allur samanburður í þessu efni hæfi okkur ekki nógu vel.

Ég viðurkenni að það er umdeilt, hvort menn eiga að gegna öðrum störfum en þingmannsstörfum. Ég er alveg sami amlóðinn og hv. síðasti ræðumaður. Mér hefur reynst þetta þingstarf fullkomlega nægilegt. Reyndar þætti mér stórskemmtilegt að sjá menn vera með fullt starf, hvort sem það væri í eigin atvinnurekstri eða í opinberu starfi, en sætu á þingi og t. d. í fjvn. Mér þætti stórgaman að sjá menn sinna þeim störfum öllum jafnvel. Og ég veit að t. d. í nefndarstörfum hér á Alþ. kemur það óneitanlega niður á störfum margra að þeir gegna jafnvel þó ekki sé nema hálfu starfi. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn, en ég þekki dæmi um einn samviskusamasta þm. sem hér hefur setið, sem taldi sig þurfa að vera í hálfu starfi. Það olli því, að hann gat aldrei mætt á nefndarfundi fyrir hádegi, eins og þeir eru þó alltaf haldnir nema þá sérstakar ástæður séu til, og hann taldi sér óhjákvæmilegt að taka sér frí úr hinni vinnunni.

Ég hef flutt um það till. á Alþ. áður, að menn eigi ekki að gegna — a. m. k. ekki í opinberri þjónustu — störfum ásamt þingmennskunni. Ég var einn þeirra manna sem beittu sér fyrir því, að kennarar t. d., sem var nú fjarstæðukenndast alls þess sem er í þingfararkaupslögunum, afsöluðu sér kennaralaunum. Ég afsalaði mér því kaupi sem kennarar eiga þó rétt á að þriðja parti meðan þeir sitja á Alþ., þó að þeir komi vitanlega vegna starfa síns á Alþ. aldrei nálægt kennarastarfi.

Ég hlýt auðvitað að standa við ákvörðun mína frá í fyrra — ákvörðun í þfkn. þá. Ég viðurkenni að þarna er um deiluatriði að ræða, 3 mánuðina eða 6 mánuðina, og skal ekki fara nánar út í þau sjónarmið sem ég setti fram í þfkn. þá. En ég bið þm. um að taka ekki undir þennan són, sem heyrist alls staðar frá um þessa skömmtun á fríðindum okkur til handa. Ég ætla að biðja þá um leið að tíunda þau fríðindi fyrir okkur og segja alþjóð frá því hreint út sagt, hvaða geysilegu hlunnindi það eru

umfram, meira og minna falin eins og fólk segir, sem þeir hafa. Ég þekki þau ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 38. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 19. des. 1978.

Formaður þingflokks Alþfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Kjartans Jóhannssonar, 2. þm. Reykn., sem vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér samkv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Ólafur Björnsson útgerðarmaður í Keflavík, taki sæti á Alþingi í forföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

Hér liggur fyrir kjörbréf Ólafs Björnssonar. Ég óska þess nú að kjörbréfanefnd taki það til athugunar og gef 7 mínútna fundahlé meðan rannsókn kjörbréfs fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf Ólafs Björnssonar útgerðarmanns í Keflavík. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið, og því mælir kjörbréfanefnd með því að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þm., Ólafur Björnsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Efri deild, 37. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Biðlaun alþingismanna, frv. (þskj. 102, n. 215, 216 og 218, 219). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 219 felld með 13:4 atkv.
1. gr. samþ. með 13:6 atkv.
2. gr. samþ. með 13:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:6 atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 203, 181, 220). — Frh. 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vildi aðeins að það kæmi skýrt fram, að mál það, sem við erum að ræða hér, er staðfesting á brbl. um tímabundið vörugjald sem fyrrv. ríkisstj. gaf út 1. júní s. l. Hins vegar hefur með öðrum brbl. verið breytt upphæð vörugjaldsins. Sú brtt., sem hér liggur fyrir frá 5. þm. Norðurl. o. fl., fjallar um að fella algerlega niður vörugjald af ákveðnum númerum í tollskránni og þar með að breyta einnig ákvæðum brbl., sem gefin voru út 1. júní s. l., þar sem þessi tollskrárnúmer báru 16% vörugjald. Hér er sem sagt ekki aðeins um að ræða brtt. við brbl. og till., sem fram hafa komið frá núv. hæstv. ríkisstj., heldur einnig breytingu á þeim lögum sem fyrrv. ríkisstj. gaf út.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það er auðvitað ljóst, þrátt fyrir orð hv. 6. þm. Suðurl., að það er ekkert því til fyrirstöðu að unnt sé að samþ. þá brtt. sem þm. Sjálfstfl. hafa borið fram við þetta frv.

Ég hafði, herra forseti, kvatt mér hljóðs í sambandi við tilgang þessa máls þegar það var til umr. fyrst fyrir helgina, en eins og kunnugt er, þá er tilgangurinn með þessari fjáröflun að vega upp á móti þeim tekjumissi sem ríkið verður fyrir vegna niðurfellingar tolla af vörum frá EFTA-ríkjum. Í því sambandi er alveg ljóst að lausn verður líka að liggja fyrir á þeim vanda sem þessi breyting skapar íslenskum iðnaði, ekki síst íslenskum útflutningsiðnaði. Þess vegna spurði ég um það, og líka að gefnu tilefni í sjálfum samstarfssamningi ríkisstj. að gefnu tilefni í yfirlýsingum ýmissa ráðh. og að gefnu tilefni í yfirlýsingu formanns Alþb.: Hverjar eru þær aðgerðir sem ríkisstj. ætlaði samkv. þessum yfirlýsingum að grípa til til þess að leysa þann vanda sem nú hlýtur að rísa fyrir íslenskan iðnað til viðbótar þeim vanda sem aukist hefur vegna stóraukinnar álagningar skatta á hinar ýmsu atvinnugreinar í þjóðlífinu?

Hæstv. iðnrh. svaraði þessari fsp. minni, eða öllu heldur ég vonaðist til að hann svaraði fsp. minni, en efnislega fólst í raun og veru ekki svar við spurningu minni í ræðu hans. Hæstv. ráðh. skýrði á ýmsan hátt umfjöllun um þetta mál í vetur. Hann gat þess m. a., að sú nefnd manna á vegum þriggja rn., sem skipuð hefði verið til þess að gera till. til lausnar þessu máli, hefði nú skilað tillögum. Hæstv. ráðh. gat þess hins vegar ekki hverjar þær tillögur

væru. Nú er kominn 19. desember. Ljóst er að til aðgerða hlýtur að verða að grípa fyrir áramót eða samhliða og samtímis því sem það gerist að þessi áfangi í tollaniðurfellingu á EFTA-vörum kemur til framkvæmda.

Það hefur verið ljóst, að ekki hafa allir verið á einu máli innan hæstv. ríkisstj. um það, með hverjum hætti skuli staðið að lausn þessa vanda. Sumir hæstv. ráðh. voru eindregið þeirrar skoðunar, að fresta bæri tollalækkuninni. Ég skil vel að ekki gátu allir innan ríkisstj. fallist á þá lausn. Hún er hvorki eins einföld né æskileg og ætla mætti við fljótlega athugun, gæti jafnvel orðið þeim til skaða sem henni væri ætlað að styðja. Þess vegna var það mjög skiljanlegt að fram kæmi hjá stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., og raunar hverjum öðrum þm. sem væri, að æskilegra væri að láta koma til framkvæmda einhvers konar ígildi þessara núverandi tolla — eða öllu heldur það sem styddi iðnaðinn með nokkrum hætti að því marki sem þessir tollar óneitanlega gerðu. Nú er það svo, að hvorki er ég né aðrir þm. í Sjálfstfl. talsmenn verndartolla almennt. Hitt er annað mál, að svo rækilega hefur verið saumað að ekki síst iðnaðinum í þessu landi sem og ýmsum öðrum atvinnurekstri, að honum hefur ekki gefist það tækifæri, sem ætlunin var að hann fengi þegar við gengum í EFTA, til að laga sig að breyttum aðstæðum sem vænst var þá og æskilegt hefði verið. Þess vegna er það ómótmælanlega verkefni ríkisvaldsins nú að koma til móts við iðnreksturinn í landinu til þess að leysa þennan vanda. Þar er líka um mikið atvinnuspursmál að ræða. 12 þús. manns vinna í framleiðsluiðnaðinum. 16.3% þjóðarinnar starfa við iðnað í landinu. Þetta er ekki síst mikill vandi hér á þéttbýlissvæðinu, og því er það ekki neitt hégómamál að fá að vita, nú þegar við afgreiðum þetta mál, hver er ætlunin á næstu dögum.

Hæstv. ráðh. hefur sagt að það megi vænta aðgerða í þessum efnum fyrir áramót. Það hlýtur þá annaðhvort að mega vænta þess að nú í dag eða á morgun verði lagt á borð okkar frv. þessa efnis, — eða hugsar ríkisstj. sér að leysa þetta mál með brbl. eða hvernig er ætlunin að standa að þessu máli?

Í ræðu hæstv. iðnrh. kom fram, að hann hefði áhyggjur af verðhækkunaráhrifum sem hækkun jöfnunargjaldsins, sem rætt hefur verið um, hefði í för með sér. Ráðh. vék að því, að hvert prósentustig í hækkun jöfnunargjalds iðnaðar samsvaraði 0.1% í verðbótavísitölu. Hins vegar minntist hæstv. ráðh. ekki á það, hvaða áhrif á almennt verðlag í landinu slíkar aðgerðir sem eru ætlaðar til fjáröflunar fyrir ríkissjóð, hafa. Þessara verðhækkunaráhrifa, sem hæstv. ráðh. gat um, gætir hins vegar ekki ef til aðgerða er gripið samtímis því sem tollalækkunin kemur til framkvæmda.

Hugleiðingar hafa komið fram um það, að hugsanlegt væri að fresta síðasta þrepi tollalækkunarinnar. Á það er að líta, að þá er svo lítill hluti eftir af allri tollalækkuninni, sem hefur komið fram í áföngum, og sú breyting og sú frestun yrði svo flókin aðgerð að það má telja mjög vafasamt og raunar ekki ráðlegt að fara þá leið. Miklu einfaldara er að grípa til þeirra aðgerða sem viðurkennt er að eru heimilar innan EFTA-samningsins. Það eru vissar aðgerðir sem eru heimilar til stuðnings atvinnugreinum og atvinnujöfnun í landinu. Eins og slíkt telst heimilt vegna röskunar á byggðajafnvægi t. d. og er óspart notað af ýmsum löndum innan EFTA, þá hlýtur slíkt einnig að vera heimilt þegar um er að ræða að atvinnuröskun verði mjög mikil í þjóðlífinu, er vinnuafl kynni annars að flytjast frá einni fjölmennustu atvinnugrein landsins og ýmsir hreinlega missa vinnu sína. Það, sem mestum deilum hefur e. t. v. valdið, er hvort grípa skuli til sérstaks innflutningsgjalds, hvað sem það yrði kallað, sem einungis legðist á tilteknar vörur frá greinum er taldar hafa átt erfitt uppdráttar. Við því er það að segja, að í slíkum aðgerðum felst ekki mat á aðstöðunni sem hægt er að segja að raunverulega komi við áhrifunum frá EFTA-ríkjum sérstaklega. Ef um væri að ræða sérstaka aðstoð við iðngreinar, sem fyrir liggur samkv. athugunum fagmanna að mjög hafi orðið fyrir barðinu á ólögmætri samkeppni annars staðar frá, þá kæmu slíkar aðgerðir til greina. Þegar slíkir útreikningar liggja ekki fyrir er ekki hægt að fallast á að það séu skynsamlegar aðgerðir að taka eina eða tvær greinar iðnaðarins út úr og veita þeim sérstakan stuðning af ríkisins hálfu. Það kann að verða sagt, að það sé erfitt að finna út hvaða greinar sérstaklega það ættu þá að vera sem ættu að njóta stuðnings, ef til þess kæmi að það væri vefengt að erfiðleikarnir bitnuðu ekki á öllum iðnaðinum almennt. En þá mætti aftur spyrja hvort Íslendingar hafi í raun og veru notfært sér sem skyldi þá möguleika sem þeir hafa innan stofnana eins og EFTA og OECD til þess að færa sér í nyt þá fagþekkingu sem þar stendur til boða. Ég hef orð embættismanna á þessum stöðum fyrir því, að þar séu menn tilbúnir til þess og hafi aðstöðu til þess að rannsaka þessi mál sérstaklega, þannig að Íslendingar stæðu fyllilega þannig að vígi að ekki væri unnt að segja að þeir hefðu á nokkurn hátt gengið á svig við samningana sem við höfum gert við EFTA og EBE, hvað þá að þeir brytu þá samninga.

Heyrst hefur, þótt það sé einungis á skotspónum. að þær hugleiðingar, sem nú séu uppi af hálfu ríkisstj., séu sérstakt innborgunargjald á húsgögn og sérstakt innflutningsgjald á sælgæti. Ég veit ekki hvað rétt er í þessu, en þetta ber óneitanlega svip af afar gamaldags haftakerfi sem við höfum prísað okkur sæl fyrir að vera löngu laus við. Ég vona að þessar „skotspónafregnir" séu ekki neitt í samræmi við það sem koma skal. Þess vegna ítreka ég þessar tvær fsp., sem eru eðlilegar í framhaldi af ræðu hæstv. iðnrh., og með því að ég sé að hæstv. iðnrh. er ekki hér í d. og ég hef ekki tilhneigingu til að tefja afgreiðslu málsins frekar með því að biðja um að frestað verði og beðið eftir nærveru hans, þá leyfi ég mér að æskja þess, að hæstv. forsrh. gefi þær upplýsingar sem hér er um beðið og snerta óneitanlega bæði eina mikilvægustu og vaxandi atvinnugrein hér í landinu svo og fjölda manna sem hafa atvinnu sína og lífsframfæri af þeirri atvinnugrein. Ég vona að hæstv. forsrh. misvirði ekki forvitni mína þótt ég beri fram þessar spurningar, en svo að ég ítreki þær, þá voru þær: Hvert er þetta ígildi tollalækkana sem gert var ráð fyrir að gripið yrði til íslenskum iðnaði til stuðnings? Ef gripið verður til ráðstafana, verður það þá fyrir áramótin nú? Og loks: Verða aðgerðirnar fólgnar í innborgunargjaldi á tilteknar greinar?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur haldið langa ræðu. Hún getur gefið tilefni til þess að ræða þessi mál nokkuð almennt, m. a. líta nokkuð aftur í tímann og athuga hverjir það voru sem stóðu fyrir aðild Íslands að EFTA og hverjir þá voru hreyknir og sögðu að allt væri í lagi og að iðnaðurinn væri þannig staddur á vegi að hann mundi þola þessa EFTA-

aðild. Þá voru aðrir menn hér á þingi sem vöruðu við og sögðu að það mundi þurfa að gera sérstakar ráðstafanir fyrir iðnaðinn til þess að hann gæti mætt þeirri samkeppni sem búast mætti við. En á það var ekki hlustað þá. Þetta ætti hv. þm. að hafa í huga þegar hann er að ræða þessi mál nú og þykist bera hag iðnaðarins alveg sérstaklega fyrir brjósti.

Það stóðu samningar til þess að fella niður tolla og það verður gert. Við það eitt að tollar eru felldir niður má segja að samkeppnisaðstaða iðnaðarins versni, en það er ekki annað en það sem hann hefur mátt búast við og er samkv. samningum. Nú hefur verið ákveðið að standa við samninga og fella niður tollana, og þá er það að vörugjaldið, sem hér er til umr., þegar litið er til þarfa ríkissjóðs, vegur upp á móti því tapi sem hann verður fyrir vegna þess að þessir tollar eru felldir niður. Jafnframt ætti vöruverð almennt verðlagslega séð að standa nokkuð í stað og vera hið sama. Niðurfelling tollanna hefur í för með sér lækkun vöruverðs, en á móti kemur svo það, að þetta vörugjald er hækkað, svo að því leyti til stöndum við nokkuð í stað. Ef hefði verið horfið að því ráði að fresta þessari tollalækkun, má segja, eins og ég nefndi áðan, að iðnaðurinn hefði að vísu haft eitthvað betri samkeppnisaðstöðu, en það hefðu ekki af þeirri ástæðu runnið neinir sérstakir peningar til iðnaðarins til styrktaraðgerða. Það er allt annað mál. Það er það mál sem er til íhugunar og verður til íhugunar. Þau vandræði hefðu í rauninni átt við hvað sem ákveðið hefði verið varðandi EFTA-aðildina.

Auðvitað eiga vissar greinar innan iðnaðarins í sérstökum vandræðum vegna samkeppni, og það er ekkert óeðlilegt. Sú leið hefur verið farin í mörgum löndum að einmitt hafa verið styrktar þannig sérstakar greinar iðnaðarins, sem hefur verið talið að hafi orðið fyrir sérstökum búsifjum og standist ekki samkeppni. Það hefur verið gert með mismunandi hætti. Það hefur t. d. verið gert með þessu gamla, úrelta innborgunarkerfi, sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, jafnvel í löndum sem ekki standa okkur neitt fjarri. Til ýmiss konar aðgerða hefur verið gripið þegar þannig stendur á. Það er einmitt það sem er talið heimilt eftir EFTA-samningnum, þ. e. að nota svokallaðar „selektívar" aðgerðir ef það eru sérstakar greinar, sem eiga alveg sérstaklega erfitt með að mæta samkeppni, eða t. d. það eru greinar, sem af einhverjum ástæðum, t. d. öryggisástæðum eða öðrum ástæðum, þykja alveg sérstaklega nauðsynlegar í landinu sjálfu og þess vegna megi ekki falla niður.

Eins og ég sagði áðan, þá væri í sjálfu sér freistandi að ræða þessi mál almennt í tilefni af hinni löngu ræðu hv. síðasta ræðumann. En ég skal ekki gera það af því að forseti hyggst frestą fundi. Út af þeim spurningum, sem hún bar kannske fram sérstaklega með tilliti til þeirra áhorfenda sem hér eru á pöllunum, vil ég segja það, að þessi mál eru í athugun. Ég get ekki hér og nú gefið yfirlýsingu um það, í hverju þessar aðgerðir verða fólgnar, en það er verið að íhuga sérstakar styrktaraðgerðir til handa iðnaðinum. Hv. þm. verður enn um sinn að hafa biðlund og fær ekki ákveðið svar hjá mér — verður þá að beina fsp. til hæstv. iðnrh.

Ég geri hvorki að játa né neita því, að það geti komið til ráðstafana í formi innborgunargjalds. Það er vissulega ein þeirra aðferða sem geta komið til greina. Ég geri heldur hvorki að játa né neita því, að komið geti til greina að hækka jöfnunargjald og nota það fé, sem þar kæmi inn, til styrktar iðnaðinum. Það eru ýmsar mótbárur hafðar uppi af þeim mönnum, sem vel þekkja til, gegn þeirri leið. Þessi mál eru á engan hátt einföld.

Ég undirstrika enn og aftur, að það á ekki hið sama við um allan iðnað. Það verður að meta greinarnar eftir því, hvernig aðstaða þeirra er í samkeppni við innfluttar erlendar iðnaðarvörur. Þess vegna held ég að það geti einmitt sérstaklega komið til athugunar aðgerðir til stuðnings einstökum greinum.

En allt þetta og öll þessi vandkvæði, sem iðnaðurinn telur á því — og sjálfsagt með réttu í mörgum tilfellum — að mæta samkeppni frá erlendri innfluttri iðnaðarvöru, mátti sjá fyrir þegar Ísland gekk í EFTA, af því að það var þá vanþróað land á sviði iðnaðar. Sjálfsagt mundu sumir segja sem svo, að a. m. k. í sumum tilfellum væri það það enn og á engan hátt samkeppnisfært við hin háþróuðu iðnaðarríki sem eru innan EFTA. Samt sem áður má ekki gleyma því, að við höfum haft margvíslegt hagræði af því að taka þátt í EFTA, og við viljum þar vera og standa við skuldbindingar okkar gagnvart því.

En málið er ekki eins einfalt og hv. síðasti ræðumaður vildi vera láta. Kannske er gallinn sá, að innan núv. ríkisstj. Íslands sitja ekki jafnráðsnjallir menn og hv. síðasti ræðumaður. Vera má að ef hann sæti þar mundi skjótar brugðið við og tekið í spottann og lagfært það sem aflaga þykir fara. En það er nú einu sinni svo, að stundum er hægara að vera í stjórnarandstöðu og geta deilt á en að vera í stjórn og bera ábyrgð. Þessi hv. þm. sat á þingi, ef ég man rétt, þó skal ég ekki fullyrða það, þegar ákveðin var EFTA-aðildin. Þá hefði átt að taka þetta með í reikninginn og gera þá strax sérstakar ráðstafanir til þess að hjálpa iðnaðinum á legg þannig að hann stæðist þá samkeppni sem fyrirsjáanleg var.

Herra forseti. Ég skal ekki níðast á því að ég fékk að segja hér nokkur orð. Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi hafi fengið nokkurt svar við fsp. sinni. Kjarninn er sá, að málin eru á dagskrá og eru í athugun, en það liggja ekki fyrir ákvarðanir.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil standa við það sem ég sagði, að ég ætla mér ekki að nota þessa fsp. um mikilvægt mál til þess að tefja þingstörf eða tefja afgreiðslu þessa máls. Þess vegna tók ég það fram, að ég óskaði ekki eftir sérstökum fresti þótt hæstv. iðnrh. væri fjarstaddur.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að svara. Ég tel þó ástæðulaust af hæstv. ráðh. að bregðast svo hart og næstum því illa við fsp. um jafnmikilvægt efni. Ég spyr einmitt vegna þess að mér er ljóst, rétt eins og hann tók fram, að hér er um vandasamt og flókið mál að ræða. Þess vegna er ég að spyrja: Ef þetta væri einfalt mál væri hægt að krefjast svara strax og krefjast aðgerða. Það hefði þá auðvitað legið á borðinu fyrir löngu, það er ljóst.

Ég vil í fáum orðum fá að svara því, herra forseti, að hæstv. forsrh. bar saman fsp. mína og afstöðu míns flokks þegar gengið var í EFTA á sínum tíma og gagnrýndi að þá hefðum við ekki rætt um þetta mál. Ég vil ítreka það, að Sjálfstfl. og við öll, sjálfstæðismenn, styðjum heils hugar EFTA-aðild. Okkur var nákvæmlega ljóst í hverju hún var fólgin. Hitt er rangt hjá hæstv. forsrh., að við höfum séð fyrir þá, að vinstri stjórnin mundi koma verðbóglunni upp í um það bil 50% á sínum tíma. Erfitt hefur verið að koma efnahagsmálum þessa lands á réttan kjöl síðan. Það sér hver maður, að atvinnugrein, sem þarf að

aðlaga sig nýjum aðstæðum, á auðvitað óeðlilega erfitt uppdráttar við þessi skilyrði. Það er þetta sem gerir að verkum fyrst og fremst, að nú þykir standa upp á ríkisvaldið að gera nýjar ráðstafanir.

Ég er alls ekki talsmaður þess að fresta eigi þeim tollalækkunum sem við höfum þegar samið um. Ég gerði grein fyrir því líka í fyrri ræðu minni og ég ítreka það hér. Við eigum að sjálfsögðu að standa við gerða samninga, sem hafa einmitt orðið okkur mjög til góðs og líka iðnaðinum. Ég tel að EFTA-aðildin hafði orðið það, því að það liggur fyrir að framleiðni í iðnaði batnaði mjög á vissu tímabili. Talið er að þetta megi ekki síst rekja til þess, að menn hafi aukið hagræðingu og bætt ýmis atriði í iðnrekstri sínum einmitt vegna EFTA-aðildar, í aðildinni hafi falist visst aðhald sem íslenskur iðnaður hafi haft gott af. En þetta aðhald getur hins vegar núna orðið iðnaðinum um megn vegna efnahagsástandsins hér innanlands. Það er efni málsins.

Hæstv. ráðh. talaði um að mjög kæmu til greina hinar svonefndu „selektívu" stuðningsaðgerðir eða aðgerðir til hjálpar einstökum greinum. Ég vil ítreka það, að aðgerðir til stuðnings einstökum greinum iðnaðar geta verið skynsamlegar ef ástæðurnar liggja ljósar fyrir. Það liggur ljóst fyrir, að þá koma einungis til greina ástæður vegna erfiðleika af völdum ólögmætrar eða óréttmætrar samkeppni við sams konar vörur frá EFTA-löndum. Það er allt annað en að rétta einungis einstakar greinar við efnahagslega. Ef rekstur er erfiður hjá einhverju fyrirtæki þarf það alls ekki að vera af slíkum utanaðkomandi áhrifum. Fullnægjandi rannsókn á slíkum áhrifum á íslenskar iðngreinar liggur ekki fyrir, að því er ég best veit, *en þegar hún liggur fyrir gætu slíkar aðgerðir verið* skynsamlegar að því er við teljum mörg, sjálfstæðismenn. Hæstv. forsrh. upplýsti að mál þessi væru enn í athugun. Ég veit að hæstv. ríkisstj. á erfitt vegna erfiðs samkomulags um ýmis efni, og má rétt vera að ekki sé á þá erfiðleika bætandi, en engu að síður er ljóst að hér þarf að hafa hraðan á.

Ég þakka fyrir orðið, herra forseti, og ég vona að meðferð málsins í dag hafi ekki tafist meira af þessum ástæðum en af ýmsum ræðum hv. stjórnarstuðningsmanna.

ATKVGR.

Brtt. 220 felld með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÓÓ, RH, EKJ, GK, JGS, ÞK.

nei: ÓRG, ÓlJ, RA, StJ, VH, AS, ÁE, BN, GeirG, HFS, JH, KSG, ÓB:

BrS greiddi ekki atkv.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Með *tilliti til* þess, að því hefur margoft verið lýst yfir, bæði hér í d. og annars staðar, að skipting einstakra vörutegunda í flokka verði tekin til endurskoðunar og rétt sé að hafa hliðsjón af þeirri endurskoðun þegar ákvarðanir eins og þessi eru teknar, þá segi ég nei.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það vill svo til að þessi till. hefði ekki komið fram ef ég hefði ekki vakið sérstaklega athygli á því, að hljóðfæri væru í háum tollflokki. Þegar ég vakti athygli á þessu lét ég þess jafnframt getið, að ég treysti hæstv. fjmrh. til þess að beita heimildum í lögum til þess að lagfæra og betrumbæta skipan á vörum í vöruflokka samkv. þessum lögum. Um leið og ég ítreka þessa afstöðu mína segi ég nei.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. neitaði úr þessum stól að gefa neinar yfirlýsingar um að þetta gjald yrði niður fellt. Hann sagði, að hann mundi ekki á þessu stigi gefa neinar yfirlýsingar um einstök efnisatriði. Eina leiðin til þess að vera öruggur um að þessi gjöld falli niður er þess vegna að sjálfsögðu að samþ. brtt. og því segi ég já.

Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 213, n. 224). — 2. umr.

Frsm. (Bragi Níelsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. kom saman á einn fund í gær og fjallaði um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, 145. mál, stjfrv. á þskj. 213 sem felur í sér lækkun á sjúkratryggingagjaldi. N. *mælir með samþykkt frv., en tveir nm.*, Ragnhildur Helgadóttir og Oddur Ólafsson, skrifuðu undir nál. með fyrirvara.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Við tveir nm. skrifuðum undir nál. með fyrirvara, eins og fram kom í ræðu frsm. n. Ég vil með örfáum orðum skýra þann fyrirvara. Hann felst í því, að sú tekjutilfærsla, sem á sér stað með þessari ráðstöfun ásamt öðrum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj., er ekki þess eðlis að við getum fallist á hana, þ. e. við getum ekki fallist á þær tekjuöflunarleiðir sem farnar eru til þess að bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi sem verður að því að lækka sjúkratryggingagjaldið.

Það kemur fram í grg. fyrir frv., að það eru 1450 millj. sem ríkissjóður verður af sökum lækkunar sjúkratryggingagjaldsins. Það kemur einnig fram, að af þeim verði 1250 millj. kr. lækkun á gjöldum tekjulágs fólks og enn fremur nýtist ónýttur persónuafsláttur sem svarar 200 millj. Hins er aftur á móti ekki getið, hvaðan peningarnir koma sem vega eiga upp þennan tekjumissi. Á það má benda, að gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv. nú, að gjald sjúklinga af meðulum og sérfræðilæknishjálp hækki í þeim mæli að samtals nemi það 960 millj. kr. Menn sjá því að álögurnar, sem ríkisvaldið segist létta af almenningi, eða þær tekjur sem skattarnir lækka enn *með þessu formi, eru að þessu leyti til teknar af sjúklingunum*. Ég fæ ekki betur séð en að þarna séu liðlega 2/3 af þessum tekjum innheimtir beint af sjúklingum.

Ég get ekki fallist á að það sé nein sérstök lausn í þessu fólgin, það liggur ekki sérstaklega fyrir, og mér er ekki alveg ljóst hvaðan hinar 500 millj. koma. En aðalatriðið er, að þó að við hv. 4. þm. Reykn. viljum ekki ganga gegn samþykkt þessa frv., þá viljum við ekki fallast á þær leiðir sem farnar eru til tekjuöflunar í staðinn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 38. fundur

Þriðjudaginn 19. des., að loknum 37. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 213). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil sérstaklega draga það fram og vekja athygli á því, að sú fjáröflun til sjúkratrygginga, sem felst í hækkun lyfja og sérfræðilæknishjálpar, vegur hlutfallslega mjög þungt í vísitölu, þannig að sú aðgerð hlýtur að valda almennri verðlagshækkun auk þess óhagræðis sem hún felur í sér fyrir sjúklinga. Þetta skiptir auðvitað töluvert miklu í þessum málapakka. Hækkun lyfjanna og sérfræðilæknisaðstoðarinnar lætur tiltölulega lítið yfir sér í hinu stóra fjárlagafrv., en aftur á móti getur hún haft ýmis áhrif sem eru ekki alveg augljós í fyrstu. Réttara hefði verið að fyrir lægju nákvæmir útreikningar um það, hver áhrif þessi breyting hefði á verðlagið.

Frsm. (Bragi Níelsson): Herra forseti. Ég vil gjarnan vekja athygli á því, að í þessu frv. kemur alls ekki fram nokkur skapaður hlutur um öflun tekna, hvorki af lyfjakostnaði né sérfræðilæknishjálp. Það er að vísu nokkuð langt síðan verðbreytingar hafa orðið á því tvennu og er sjálfsagt tími til kominn að endurskoða það. Ég álít að svo sé, því það hefur ekki fylgt öðrum liðum. T. d. hækkaði gjald sjúklinga til almennra lækna á s. l. vori úr 150 upp í 250 kr., en hinir liðirnir héldust báðir óbreyttir og hafa gert það um nokkuð langan tíma. En ég vil vekja athygli á því, að þetta er alls ekki til umr. núna.

Hitt er svo, að mér finnst nokkuð furðulegt að það skuli vera haldið uppi hér heldur leiðinlegu málþófi um þetta frv., sem mér finnst vera til verulegra bóta, þó mér finnist það engan veginn eins gott og ég vildi að það væri, því að þessi bruttóskattur, sem sjúkratryggingagjaldið hefur verið, hefur að sjálfsögðu komið verst niður á tekjulágu fólki. Hér er verið að sníða nokkurn agnúa af því, en því miður ekki gengið nógu langt að mínu áliti. Ég býst við að þess vegna hafi ekki verið höfð nein mótmæli gegn frv. í n., að viðkomandi ágætir þm. hafi eiginlega verið ljómandi ánægðir með þetta frv. eins og það er.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það skal vera örstutt. Það getur ekki heyrt undir málþóf þó að haldnar séu tveggja mínútna ræður um þetta mál.

Ég vil ítreka í hverju fyrirvari okkar sjálfstæðismanna í n. fólst. Það liggur auðvitað fyrir, að þessi tekjulækkun ríkissjóðs er ekki einhliða greiðasemi við skattborgarana í landinu. Það sýna önnur mál sem við höfum til meðferðar nú þessa dagana. Sú lækkun, sem af þessu stafar, kallar á fjáröflun sem við erum ekki samþykk. Það er samhengi í þessu. Þess vegna er fyrirvari okkar. Þegar ég talaði um lyfjahækkunina og hækkunina á sérfræðiaðstoð, þá var það sérstaklega til að draga fram að það er með nokkrum hætti blekking að segja að þarna sé verið að létta útgjöldum á hinum tekjulágu, því að um leið eru útgjöld þeirra hækkuð af ríkisins hálfu á mörgum öðrum sviðum. Og vegna þess að nú hef ég í höndunum það minnisblað sem ég hafði ekki meðferðis við fyrri umr., vil ég láta tölurnar koma réttar fram, en þær eru sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta: Við innlend lyfjakaup var gjald sjúklinga 325 kr., hækkað í 600, við erlend lyf 650 og hækkar í 1000, sérfræðiaðstoð hækkar úr 600 kr. í 1500. — Þessar aðgerðir, að hækka gjald sjúklingsins við hverja afgreiðslu lyfja og hverja sérfræðiaðgerð, létta 950 millj. kr. af ríkissjóði. M. ö. o.: þessir sjúklingar borga þessar 950 millj., en ríkisvaldið talar um leið um að þetta frv. um lækkun á sjúkratryggingagjaldinu ívilni þessu sama fólki.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Það er rétt, sem hv. þm. Bragi Níelsson sagði áðan, að við ættum öll að fagna í hjarta okkar yfir því, að þarna hefur þessi leiðrétting fengist, þó að hún sé langt frá því að vera nægileg miðað við það sem þurft hefði. Sannleikurinn er auðvitað sá, að hér var um mjög umdeildan tekjustofn að ræða sem var og er sjúkratryggingagjaldið, sem er bruttóskattur án alls frádráttar nema í einstaka tilfellum. Hann var auðvitað gagnrýndur mjög af stjórnarandstöðunni á sínum tíma þegar fyrrv. ríkisstj. setti þetta gjald á og tvöfaldaði það síðan.

Ég tek undir það með hv. þm. Braga Níelssyni, að gjarnan hefði ég kosið að álögur þessar hefðu færst enn neðar, a. m. k. hjá þeim tekjulægstu, við hefðum jafnvel fellt sjúkratryggingagjald þeirra niður með öllu, en haldið því aftur í hámarki eins og það er á hæstu tekjunum til þess að jafna á milli. Hins vegar er það staðreynd, að hér er ekki einungis um að ræða að lækka gjaldið úr 2 í 1.5%, heldur er þarna einnig heimild til þess að nýta þetta í sambandi við persónuafsláttinn. Það er mjög mikils virði fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar.

Ég vil taka það fram út af þeim athugasemdum í þessum efnum, sem án efa eru réttmætar, frá hv. 5. þm. Reykv., að auðvitað getum við endalaust deilt um hvernig við eigum að færa til tekjuöflunina í þjóðfélagi okkar. Við, sem stöndum að tekjutilfærslunni núna í sambandi við sjúkratryggingagjaldið t. d. annars vegar og skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hins vegar, teljum að við séum þarna að framkvæma góða hluti, réttláta hluti í þágu almennings í landinu, í þágu launafólksins alveg sérstaklega. Aðrir geta svo verið á öðru máli um það og e. t. v. talið að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði komi jafnvel verr niður á launamönnum almennt en niðurfellingin eða lækkunin á sjúkratryggingagjaldinu. Um þetta getum við sjálfsagt deilt endalaust, hvaða skattaaðferðir við eigum að taka upp. Ég sem sagt fagna þessu, þó ég taki það fram að ég hefði viljað ganga lengra.

En út af lyfjahækkuninni og sérfræðiþjónustuhækkuninni vil ég aðeins segja þetta: Það er auðvitað alveg rétt, að þessar hækkanir koma býsna hart niður á fólki. En ég vil benda hv. þm. á það, að jafnhliða hækkun sjúkratryggingagjalds á fólk stóð fyrrv. hæstv. ríkisstj. einnig að hækkun þessara sömu gjaldskráa og sló þannig tvær flugur í einu höggi gagnvart því fólki.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kjaramál, frv. (þskj. 221 (sbr. 42), n. 230 og 232, 231). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Frv. til laga um kjaramál, sem hér er til umr., er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út hinn 8. sept. s. l.

Í grg. fyrir þessu frv. er rakinn aðdragandi þessara laga sem öllum mun vera í fersku minni.

Í byrjun sept. var ástandið þannig í þjóðfélaginu að sjávarútvegurinn var að stöðvast og augljóst var að þá mundi fleira þar eftir fylgja. Það var því ekki spurning um það, hvort ríkisvaldið þyrfti að gera einhverjar ráðstafanir, um það munu allir hafa verið sammála. Það hafði hins vegar dregist lengur en æskilegt hafði verið, þar sem þá voru liðnir tveir mánuðir frá því fráfarandi ríkisstj. hafði beðist lausnar og sat aðeins til bráðabirgða frá þeim tíma. Hún hafði því ekki talið sér fært að gera miklar ráðstafanir í þessum efnum, aðeins það sem var algjörlega óhjákvæmilegt. Má þar benda á auknar greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, en þær ráðstafanir juku enn á þann vanda, sem við var að eiga í septemberbyrjun, þar sem fjármagnsútvegun hafði verið látin bíða.

Ég minni aðeins á þetta hér vegna þess að mér finnst nauðsynlegt að þetta sé ríkulega haft í huga þegar við ræðum um það mál sem frv. fjallar um.

Í I. kafla laganna er fjallað um kjarasamninga og greiðslu verðbóta á laun. Samkv. ákvæðunum í þessum brbl. var breytt nokkuð ákvæðum laga nr. 3/1978, um ráðstafanir í efnahagsmálum, og síðari breyt. sem á þeim höfðu verið gerðar með lögum nr. 63/1978.

N. fékk á sinn fund þá Jón Sigurðsson forstöðumann Þjóðhagsstofnunar og Ólaf Davíðsson starfsmann hennar til að gefa upplýsingar um þróun kaupgjalds og verðlags á þessu ári. Samkv. þeim upplýsingum, sem þeir gáfu, hefur framfærsluvísitalan hækkað um 135.3 stig frá ársbyrjun til 1. nóv. s.l. Þeir voru einnig beðnir um að reyna að meta hvað framfærsluvísitalan hefði hækkað mikið ef lögin frá því í febr. s. l. um efnahagsráðstafanir — febrúarlögin svokölluðu, — hefðu verið í gildi óbreytt til þess tíma. Þá gerðu þeir ráð fyrir að vísitalan hefði hækkað um 137.9 stig, eða 2.6 stigum meira. Kaupmáttur var hinn 1. des. talinn vera 105 miðað við 100 í ársbyrjun, og er þá ekki tekið tillit til þeirra skattbreytinga og félagslegra umbóta, sem gert er ráð fyrir í 2. og 3. gr. laga nr. 103 frá því í nóvembermánuði s. l. Hins vegar hefði kaupmátturinn verið 95 hinn 1. des. s. l. ef febrúarlögin hefðu gilt. Ársmeðaltal kaupmáttar í reynd er talið munu vera um 99, en hefði orðið 94-95 ef febrúarlögin hefðu gilt.

Það er augljóst að vandi ríkissjóðs verður meiri vegna þeirra ráðstafana sem ríkisstj. hefur gert til þess að draga úr verðhækkunum og hækkun á framfærsluvísitölu. Þar er vitanlega um allháar upphæðir að ræða. Um það er einmitt fjallað í IV. kafla þessara laga, þ. e. a. s. tekjuöflunina til þess að vega á móti þessum útgjaldaráðstöfunum.

Í III. kaflanum er fjallað um niðurfærslu vöruverðs og verðlagseftirlit. I 6. gr. er ríkisstj. veitt heimild til að fella niður sölugjald af einstökum matvörum eða matvöruflokkum. Sú upphæð er talin munu nema um 1.4 milljörðum það sem eftir er þessa árs frá 1. sept., en reiknað með að hún nemi um 5.8 milljörðum á næsta ári. Hér er því um allmikla skattalækkun að ræða sem verður að hafa í huga þegar talað er um skattahækkanir í þessu sambandi.

Eins og ég sagði, þá er í IV. kaflanum fjallað um tekjuöflun, þ. e. a. s. um eignarskattsauka, þar sem er 50% hækkun á eignarskatti. Þessi leið var m. a. farin vegna þess að talið er að samkv. eignarskattsákvæðum hinna nýju skattalaga, sem samþ. voru á s. l. vori og eiga að ganga í gildi um næstu áramót og lagt verður á eftir árið 1980, muni eignarskatturinn hækka sem þessu svarar, þó það verði vitanlega nokkuð misjafnt. Í hv. Nd. voru gerðar breytingar á þessari grein á þá leið, að eignarskattsleysismörk þess fólks, sem fékk elli- og örorkulífeyri eða átti rétt á honum á árinu 1977, skuli hækka um 50% eða sem því svarar, þannig að álagður eignarskattsauki lækkar, enn fremur skuli eignarskattsauki lækkaður hjá þeim sem hafa lægstar tekjur.

Í sambandi við þessa síðasttöldu breytingu flytur meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. brtt., sem eingöngu er orðalagsbreyting, en ekki efnisbreyting. Í greininni, eins og hún kom frá hv. Nd., er talað um „samsköttuð hjón eða sambúðarfólk." Er þetta fellt niður þar sem það er framkvæmdaatriði eða hefð við framkvæmd skattalaga að það sambúðarfólk, sem óskar eftir samsköttun eins og hjón, hlýtur sömu skattalegu meðferð. Er því talinn óþarfi að taka þetta sérstaklega fram. Enn fremur er gerð sú breyt., að í staðinn fyrir „skuldlausa eign" er talað um skattgjaldseign, sem er í samræmi við það sem raunverulega er í framkvæmd.

Við 9. gr. brbl. voru gerðar þær breyt. í hv. Nd., að inn í hana voru tekin ákvæði reglugerðar sem gefin var út um framkvæmd brbl., um hvernig ætti að fara með tekjur manna sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur. Það snertir einnig 10. gr. Ef ekki hefði verið farið eftir þessum ákvæðum reglugerðarinnar, hefði skattur samkv. 10. gr. orðið miklu hærri. Enn fremur var í Nd. sett inn í 10. gr. ákvæði um að fella skuli niður skatt samkv. 1. tölul. nái hann ekki 15 þús. kr. Það ætti að koma til góða þeim sem verst eru settir.

V. kafli frv. fjallar um breyt. á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald frá 1. júní 1978. Við vorum nú að afgr. þau brbl. frá þessari hv. d. Inn í þau brbl. voru teknar þær breytingar, sem felast í þessum kafla, ásamt fleiri sem voru fluttar af meiri hl. fjh.- og viðskn. Þessi kafli er því orðinn óþarfur. Þess vegna er lagt til að hann falli brott með þeim breytingum sem það hefur á kaflafyrirsagnir og númer á lagagreinum í því sambandi.

Í VI. kafla frv. er fjallað um gjald á ferðalög til útlanda, sem tekið var upp, en á móti var hámarksupphæð ferðagjaldeyris tvöfölduð þannig að það var rýmkað um þann gjaldeyri sem ferðamönnum gafst kostur á að fá. Mun það hafa mælst vel fyrir hjá þeim sem á því þurftu að halda.

Ég vil taka það fram í sambandi við umr., sem urðu áðan um sjúkratryggingagjaldið, og þá ábendingu sem þar kom fram, að það væri ekki eðlilegt að ræða þá tekjuöflun í sambandi við þetta mál. Þetta frv. fjallar eingöngu um tekjuöflun á þessu ári, en ekki tekjuöflun á næsta ári. Um hana fjalla þau frv. sem nú eru til umr. í hv. Nd. Ég tel því eðlilegra að umr. um það, skattamálin almennt á næsta ári og tekjuöflun ríkissjóðs þá, bíði þangað til við fáum þau frv. til umr. hingað í deildina.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. nú, en meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. með þeim breyt. sem ég hef gert grein fyrir.

Frsm. minni hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Við, sem skipum minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., skiluðum sérstöku nál., en vegna annríkis skrifstofu þingsins hefur það ekki birst hér enn. Ég vil geta þess, að við lýstum okkur í meginatriðum sammála því sjónarmiði sem kom fram í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. í sambandi við þetta mál. Jafnframt tókum við fram, að við mundum að öðru leyti gera nánari grein fyrir afstöðu okkar við afgreiðslu málsins í þessari hv. deild.

Eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, kom forstjóri Þjóðhagsstofnunar ásamt fulltrúa sínum á fund fjh.- og viðskn. í morgun og gaf margar mikilsverðar upplýsingar sem þeim ber að þakka.

Það kemur óneitanlega margt einkennilegt fram þegar maður fer að skoða þessi mál öll ofan í kjölinn. Fyrst og fremst beinir maður þá huganum að því mikla ölduróti sem varð í íslensku þjóðfélagi við þær efnahagsaðgerðir sem voru gerðar af hálfu fyrrv. ríkisstj. með febrúarlögunum svokölluðu og síðari breytingum með brbl. í maí. Eins og okkur er öllum kunnugt, hv. alþm., þá var kannske aðalmál hinna tvennu kosninga sem fóru fram hér á landi á yfirstandandi ári, bæði sveitarstjórnar- og alþingiskosninganna, andstaðan gegn þessum ráðstöfunum. Aðalvígorðin voru þau og herhvötin að stimpla fyrrv. ríkisstjórnarflokka sem kaupránsflokka og stimpla þær nauðsynlegu varnarráðstafanir, sem óneitanlega fólust í febrúarlögunum, sem óþokkabragð gagnvart öllum launþegum landsins. Og þessir ágætu andstæðingar ríkisstj. höfðu sannarlega ríkulegan árangur af erfiði sínu. Þess bera merki úrslitin í þessum tvennum kosningum. En nú þegar öldurnar hefur lægt og menn geta sýnt yfirvegun er þeir fara í gegnum þessi mál, þá kemur dálítið einkennilegt á daginn.

Samkv. því plaggi, sem við fengum frá fulltrúum Þjóðhagsstofnunar í morgun, kemur í ljós að kaupmáttur launa, ef miðað er við að febrúarlögin hefðu gilt áfram, hefði yfirleitt haldist, miðað við töluna 100 1. jan. 1978. Ársmeðaltalið, þrátt fyrir þessi gífuryrði um hið óskaplega kauprán, hefði orðið, ef þessi lög hefðu fengið að vera í friði, að maður tali nú ekki um ef þau hefðu mætt jafnmiklum velvilja og skilningi af hálfu stjórnenda launþegasamtakanna og ráðstafanir núv. hæstv. ríkisstj. hafa notið, ársmeðaltal kaupmáttar samkv. þessum illræmdu svokölluðu kaupránslögum er 94-95 stig á móti ársmeðaltalinu um 99 stig 1. des. 1978 miðað við núverandi aðgerðir. Ég vil benda á, þegar við miðum við það kaupgjaldsstig eða það kaupgjaldsákvæði, að samkv. ákvæðum laga um efnahagsráðstafanir frá því í febr. var gert ráð fyrir því að þau lög skyldu ekki gilda lengur en til 1. des., svo að þá hefðu verið að öðru óbreyttu greiddar fullar vísitölubætur. Þetta styrkir þá skoðun okkar, sem vorum stuðningsmenn fyrrv. ríkisstj., stóðum að febrúarlögunum og studdum þær nauðsynlegu varúðarráðstafanir sem fólust í efnahagsaðgerðunum í febr.-maí, að lögin fóru strax að bera jákvæðan árangur. Eins og ég sagði áðan: ef þeim hefði verið mætt af þeim skilningi og velvild sem síðar varð um ráðstafanir nýrrar ríkisstj., þá er ekki nokkur vafi á því, að okkur hefði orðið það ágengt í baráttunni við verðbólguna — öll rök hníga að því — að fullar vísitölubætur á a. m. k. laun hinna lægst launuðu og smátt og smátt ofar í launaþrepunum hefðu gengið að fullu í gildi miklu fyrr en menn höfðu áætlað.

Við skulum svo athuga hvernig þetta aukna hlutfall í kaupmættinum, ef er miðað við 1. des. 1978, er fengið og hvað þær ráðstafanir, sem urðu til þeirrar kaupmáttaraukningar, hafa kostað þjóðina.

Til þess að ná þessum að mínu mati lítilfjörlega og veikburða árangri þurfti að leggja alveg sérstaka skatta á þjóðina — skatta sem deilt er um hvort séu löglegir af því að þeir voru afturverkandi. Það þurfti að hækka eignarskattinn. Það þurfti að taka upp í fyrsta skipti þá skattvenju í íslensku þjóðfélagi að fara að gera fyrningar að skattstofni. Það var ekki nóg með að sérstakt vörugjald, sem hafði mætt óskaplegri mótstöðu af hálfu aðalstuðningsflokka núv. ríkisstj., Alþb. og Alþfl., væri framlengt, heldur var það í mörgum tilfellum hækkað allt upp í 30%, fyrir utan svo í lokin að stofnað var til tvöfaldrar gengisskráningar í þjóðfélaginu fyrir utan verulega gengislækkun. Þessum árangri hæla núverandi stjórnvöld sér mikið af, en allir viðurkenna að hann er þó engan veginn fullnæging á því loforði sem gefið var fyrir kosningarnar um að samningarnir skyldu verða að öllu leyti í fullu gildi. Það var framkvæmt með gífurlegum álögum á ríkissjóð, það þungum að þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar og voru gerðar í haust, valda því, að til viðtækari skattheimtu þarf að grípa en þekkst hefur hjá þjóðinni um langan tíma.

Slík skattbyrðastefna sem nú er stefnt óðfluga að og snertir hvern einasta lið fjármálakerfisins í landinu og allar atvinnugreinar hlýtur að hafa í för með sér að rekstri og afkomumöguleikum grundvallaratvinnuvega þjóðarinnar er teflt í stórhættu, að ekki sé meira sagt, og engan veginn séð fyrir um afleiðingar af þeim ráðstöfunum öllum. Eitt vitum við þó, sem blasir við, að nú er atvinnuörygginu, sem var þó grundvallaratriði í stefnu fyrrv. ríkisstj. og henni tókst að viðhalda með miklum ágætum allan tímann, er vægt að orði komist teflt í mikla hættu.

Það kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. 6. þm. Suðurl., þegar hann var að skýra frá tölum, að ekki hefði verið reiknað með þeim kjarabótum sem fælust í hinum svokölluðu „félagslegu umbótum". Það er einn liðurinn í þeirri ríkjandi velvildarstefnu forráðamanna launþegasamtakanna, sem í þetta skipti sjá ástæðu til þess að styðja hverja þá aðgerð sem framkvæmd er af núv. stjórnvöldum, að hafa sitt mat á hlutunum. Þegar metnar eru almennar kjarabætur í þjóðfélaginu hefur verið mikið haft á orði að svokallaðar „félagslegar ráðstafanir" hafa verið metnar, ef ég man rétt, jafngildi þriggja kaupgreiðsluvísitölustiga. Ekki hefur almenningi verið skýrt frá því, hvernig þessi niðurstaða sé fengin eða á hvern hátt sé háttað útreikningi þessara launabóta. En í sambandi við þessa umbun, þessa þóknun eða þessar bætur, sem eiga að koma í staðinn fyrir beinar kaupgreiðslur, hlýtur að vakna hjá manni sú spurning, hvort slíkar félagslegar umbætur muni hafa mikla þýðingu fyrir afkomu verkamanna t. a. m. austur á Stöðvarfirði, Borgarfirði eystra, Vopnafirði, Raufarhöfn, Þórshöfn, vestur á Ströndum eða Skaga eða í öðrum afskekktum héruðum. Ekki er ég í nokkrum vafa um að þetta muni menn telja mikið vafamál.

Af því, sem ég hef nú sagt hér, kemur það bersýnilega fram, að miðað við allt það brambolt og þann óskaplega hernað, sem hafður var í frammi í sambandi við efna-

hagsaðgerðir fyrrv. ríkisstj., megi segja að árangurinn sé sá að aldrei hafi í íslensku þjóðlífi í kosningabaráttu, nokkru sinni fyrr eða síðar, tekist í jafnríkum mæli að gjörblekkja jafnmarga kjósendur á jafnskömmum tíma. Það var einhvern tíma sagt, það er gamalt máltæki: Fjöllin tóku jóðsótt og það fæddist lítil mús. — Og svo eftir að búið er að framkvæma allar þær gífurlegu skattbyrðaraukningar og þær efnahagsráðstafanir sem eiga eftir kannske að grípa inn í grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar — þeir munu kannske ekki bera þess bætur um langan tíma — þá er uppskeran ekki meiri en svo, að á meðaltalinu af kaupmætti launa yfir árið munar tæpum 4 stigum.

Og hvað er svo með framhaldið? Með stefnu núv. hæstv. ríkisstj. í atvinnu-, launa- og skattamálum er búið að leggja slíkar byrðar á fjárhagskerfi ríkissjóðs, að honum er ætlað að standa undir 19 milljarða niðurgreiðslum fyrir utan ýmsar aðrar greiðslur í sambandi við ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum. Þó er mikill vafi á og hefur verið getið í aths. við fjárlagafrv., að mjög vafasamt sé að áætlað sé nægilegt fé til þess að standa straum af niðurgreiðslum í sambandi við kaupgjaldsvísitöluna svo að dugi út allt næsta ár. En til þess að einhver von sé til þess að afla ríkissjóði einhverra tekna til að létta þær gríðarlegu byrðar sem honum er ætlað að axla, hefur verið lagður á borð þm. bunki af frv. sem innihalda, ef lögfest verða, ákvæði um frekari skattheimtu sem nemur mörgum milljörðum. Eftir því sem ég hef frétt munu væntanleg skattaákvæði fela í sér að því er atvinnuvegina snertir 6 milljarða kr. aukna skattbyrði — fyrir atvinnuvegi sem allir ábyrgir aðilar viðurkenna að berjast í bökkum. Ég held að það sé réttmæli, að öllum hugsandi hv. alþm. sé *mjög til efs hvort við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu* sé öruggt um að ekki verði um stórfelldan samdrátt í atvinnumálum þjóðarinnar að ræða á næstkomandi árum. Alla vega held ég að mikil bjartsýni fylgi því að halda að undirstöðuatvinnuvegir, sem hafa fengið slíkar kveðjur og slíkar álögur á sig sem fólust í ákvæðum brbl., sem verið er að staðfesta með þessu frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu um kjaramál, þoli beinlínis þær álögur sem þeim er ætlað að bera samkv. þeim frv. sem hér hafa verið lögð fram og okkur hefur verið tjáð að eigi að lögfesta hið allra bráðasta.

Þrátt fyrir að þessar álögur yrðu samþ. kemur öllum þeim, sem best þekkja til málanna, öllum efnahagssérfræðingum og þeim, sem ættu að hafa besta kunnáttu og þekkingu á þessum málum, saman um að teflt sé á ystu nöf um afkomu ríkissjóðs og ríkisbúskaparins.

Því ber allt að sama brunni, að því betur sem þessi mál eru athuguð komast menn að raun um að efnahagsráðstafanir hæstv. fyrrv. ríkisstj., sem gerðar voru í febr. s. l., voru nauðsynlegar varúðarráðstafanir í þjóðfélagi þar sem verðbólgan var að verða óviðráðanleg. Og þessar ráðstafanir voru þannig framkvæmdar, að fyrst og fremst voru byrðarnar þannig á lagðar, að reynt var að hlífa þeim sem minnsta höfðu getuna og minnstar höfðu tekjurnar, en aftur á móti lagt meira á hina, sem voru þess betur umkomnir að bera byrðarnar. Það var því um jákvæða stefnu að ræða í viðureigninni við verðbólguna. Það er enginn vafi á því, að ef þeim ráðstöfunum hefði verið tekið af jafnmiklum skilningi og velvild og öllum þeim boðorðum og öllum þeim ákvæðum og reglugerðum sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið að setja og alltaf hefur verið túlkað af forráðamönnum hinna stærstu launþegasamtaka að væri ekkert við að segja, þetta væri allt saman ágætt af því að nú væri við stýrið stjórn sem væri vinveitt verkalýðnum, ef þessar febrúaraðgerðir hefðu fengið jafnvelviljaðar móttökur, þá er enginn vafi á því, að við hefðum nú verið búin að ná stórfelldum jákvæðum árangri í viðureigninni við verðbólguna og allt það illa sem af henni stafar. Við hefðum þá ekki staðið andspænis því 1. des. að leggja á nýja skatta. Við hefðum ekki þurft að leggja á einhverja lúxusskatta og hafa þannig ríkisforsjá með neysluvenjum þjóðarinnar. Við hefðum getað lofað henni að hafa sín hljómflutningstæki og annað slíkt án frekari innflutningskostnaðar. Og við hefðum ekki þurft að fara að leggja lúxusskatt á hreinsiefni, tannkrem og þess háttar. En við hefðum þrátt fyrir þetta getað bætt kjör manna þannig að við hefðum verið þess megnugir að greiða mjög stórum hópi launþega fullar vísitölubætur.

Þetta er hinn mikli munur á því, hvernig hefði farið ef viturlegar varúðarráðstafanir fyrrv. stjórnvalda hefðu fengið að njóta sín, ef óábyrgir lýðskrumarar hefðu ekki komist upp með það að brengla svo dómhæfni kjósenda þessa lands að þeir gátu ekki séð muninn á réttu og röngu.

Það er eins og það sé jafnvel ófrávíkjanlegt lögmál, ef svokölluð vinstri stjórn nær völdum hér á landi, að hún þurfi alltaf að senda þjóðinni leiðinlegar jólagjafir. En af öllum þeim litlu og lélegu jólagjöfum sem vinstri stjórnir hafa sent þessu þjóðfélagi, þá held ég að þær jólagjafir, sem á að gefa þjóðinni núna, séu hvað lélegastar. Stórkostlega eru auknar skattbyrðar á öllum almenningi, ég endurtek: á öllum almenningi. Komið hefur fram í umr. um önnur mál hér, að þar er enginn undanskilinn. Ég sá það best þegar var verið að tala áðan um breyt. á lögum um almannatryggingar. Og um leið fylgir slíkum álögum og framkvæmdum mjög skert atvinnuöryggi að ekki sé meira sagt. Allar eru þessar framkvæmdir og þessi lagasetning mótuð af sundurlyndi, fálmi, úrræðaleysi og stundum algerri upplausn í starfi stjórnarflokkanna, sem best hefur komið fram á hinu háa Alþingi fyrr í dag. Það er því miður og verður að segjast, að nú þegar hv. Alþ. tekur sér jólafrí hefur kannske aldrei verið meira réttyrði sem sagt er, að hér kúri hnípin þjóð í miklum vanda.

Svo leggjum við til, herra forseti, minni hl. fjh.- og viðskn. Ed., að þetta frv. verði fellt.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það kemur mér á óvart að hv. 2. þm. Norðurl. e skuli viðhafa annað eins lýðskrum og hér átti sér stað úr þessum stól áðan. Þykir mér miður að slíkt skuli ástundað nú þegar við erum að reyna að koma í gegn svo þýðingarmiklum frv. sem hér verður að afgreiða.

Við skulum gera okkur það ljóst, að efnahagserfiðleikar hafa hrjáð þjóðina undanfarin ár. Það skal hafa í huga, að verkalýðshreyfingin gaf síðustu ríkisstj. mikinn umþóttunartíma og langan til þess að gera vitrænar ráðstafanir í efnahagsmálum, en þann tíma lét hún líða án þess að gera nokkurn skapaðan hlut. Og tíminn leið, verðbólgan jókst, varð meiri og meiri og var orðin svo óþolandi síðustu mánuðina að við sjáum nú að hún er illviðráðanleg. Það er viðskilnaður fyrri ríkisstj. sem gerir það að verkum að þessi frv. þarf að afgreiða. Ég vil minna á að þegar febrúarlögin voru sett, þá voru þau lög þannig gerð að þau skekktu og skældu alla kjarasamninga, gerðu það að verkum að lægst launaða fólkið, sem

mikið þarf að vinna yfirvinnu til að hafa ofan í sig og á, var dæmt til þess að verða af þessari vinnu á þann veg að eftir- og næturvinna var lækkuð í áföngum. Ef því kerfi hefði verið haldið áfram, sem sjálfsagt hefur verið ætlunin, þá hefði verkafólkið í dag eða á næstu mánuðum þurft að starfa í yfir- og næturvinnu á dagvinnukaupi. Það skal hins vegar metið, að vísitala var greidd á allra lægstu laun eftir að verkalýðshreyfingin hafði gert vart við sig, eftir að verkalýðshreyfingin hafði mótmælt allkröftuglega, en það var ekki fyrr. Og það sem verst var við þau lög, að ríkisstj. gerði sér ekki ljóst að verkalýðshreyfingin gat alls ekki við þau unað, og því fór sem fór. Það skal haft í huga, að þessi lög voru í gildi alveg þar til núv. ríkisstj. kom til valda. Jafnframt var ástandið þannig í landinu, að atvinnuleysi var verulegt, atvinnuöryggi var ekki tryggt, — öfugt að það sem ræðumaður hélt fram áðan, — atvinnuvegirnir voru að stöðvast og það var bókstaflega allt í kaldakoli, því að þrátt fyrir aðgerðir frá hendi verkalýðshreyfingarinnar varð febrúarlögunum ekki hnekkt.

Ég vil aftur á móti segja að ég er ekki fyllilega ánægður með það sem gert er nú. Okkur Alþfl.-mönnum finnst að það þurfi að hugsa betur fyrir efnahagsaðgerðum til langframa. Það hefur því miður ekki náðst samstaða um að gera það, en væntanlega næst sú samstaða innan tíðar. En það, sem þó hefur verið gert, hefur verið gert í friði við verkalýðshreyfinguna, með samþykki hennar og stuðningi.

Ég vil taka það sérstaklega fram, að þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið í félagsmálum nú og sumir gera lítið úr, eru miklu meira virði fyrir launafólkið í landinu en sem nemur þeim 3% sem oft er talað um. Það kemur mönnum alls staðar til góða, hvernig málum verður komið fyrir varðandi eftirvinnu, hvort hún er á föstudögum eða eigi. Það kemur öllum mönnum til góða, að verið er að lögfesta fleiri veikindadaga og slysadaga og annað í þeim dúr. Ég hygg að ef menn skoða málið grannt verði ljóst að það, sem nú er verið að gera, eru stórkostlegar réttarbætur til handa vinnandi fólki.

Ég vil ekki gera lítið úr því, að efnahagserfiðleikarnir eru miklir og þeir eru vandleystir. Við þurfum á öðru að halda nú en því að reyna að rífa það niður sem þó er verið að reyna að gera. Við þurfum að sameinast í því að leysa þau stóru vandamál sem fyrri ríkisstj. skildi eftir sig. Það væri engin gósentími í dag þótt lögin, sem voru sett í febr., væru í gildi. Það væri félagsleg örbirgð og atvinnuleysi í landinu. Og það er ekki aðeins að verðbólgunni hafi verið haldið áfram, verið kynt undir henni á allan hátt, bæði með Kröfluævintýri og öðru, heldur hafði fólk í landinu megna vantrú á þeirri ríkisstj., sem fyrir var, og trúði því bókstaflega af fenginni reynslu að hún réði ekki við neitt. Því var hún rekin frá völdum. Við skulum vona að önnur eins öfl og þar stýrðu og komu efnahagslífinu og launakjörum almennings í landinu á vonarvöl komist ekki til valda aftur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv.
2.-7. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 231,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 12:4 atkv.
9.-12. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Brtt. 231,2 (13.-16. gr. falli niður) samþ. með 14 shlj. atkv.
17.-21. gr. (verða 13.-17. gr.) samþ. með 11:4 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:5 atkv.

• *Orlof, frv. (þskj. 227). — 1. umr.*

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. þetta er eitt af nokkuð mörgum frv. sem flutt verða í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstj. gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 103 30. nóv. 1978.

Það hefur viljað brenna við, að þegar launþegi ætlar að fara í sumarfrí, þá fær hann ekki útborgað orlofsfé sitt vegna þess að vinnuveitandi hans hefur ekki gert skil á því til Póstgíróstofunnar. Þetta er sem betur fer ekki algengt, en ákaflega hvimleitt og óþægilegt fyrir þá sem í slíku lenda. Með breytingu, sem gerð er á reglugerð um orlof, er algerlega sett undir þennan leka. Nú verður skylt að greiða launþeganum út orlofsfé hans þegar hann hyggst taka sér frí, jafnvel þótt launagreiðandi hafi ekki skilað því til Póstgíróstofunnar.

Auk þessarar reglugerðarbreytingar er svo gerð breyting á lögum um orlof sem nauðsynlegt er að ráðast í samhliða. Þar er Póstgíróstofunni eða öðrum innheimtuaðila orlofsfjár veitt heimild til að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum launagreiðanda, ef slíkt er nauðsynlegt til að staðreyna upplýsingar um greitt eða vangreitt orlofsfé.

Loks eru svo að því er orlofsmálin varðar hafnar viðræður við Póstgíróstofuna annars vegar og Seðlabankann hins vegar um hækkun þeirra vaxta sem greiðast af orlofsfé. Þeir hafa fram að þessu verið aðeins 5%, sem dugir skammt í þeirri verðbólgu sem við höfum búið við. Í þessum viðræðum hefur þegar komið fram, að nettóvextir, þegar búið er að draga frá rekstrarkostnað Póstgíróstofunnar, munu rúmlega tvöfaldast a. m. k. og hugsanlegt að hægt sé að ná þar einhverju meira fram.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn. þessarar hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 228). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Þetta er annað frv. í röð þeirra frv. sem ég ræddi um áðan, sem eru efndir á því fyrirheiti sem ríkisstj. gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 103 frá 30. nóv. s. l.

Með breytingum sem gerðar eru á tvennum lögum — lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot og skiptalögum — er þeirri ábyrgð, sem ríkissjóður tók á sig árið 1974 á launum og fleiri kröfum launþega þegar kaupgreiðandi verður gjaldþrota, verulega breytt. Í raun

og veru hafa þessi lög aldrei komið fullkomlega að tilætluðum notum vegna þess að þau náðu einungis til þeirra launa og annarra krafna sem til hafði stofnast á síðustu 6 mánuðum fyrir upphaf gjaldþrotaskipta. Oft er það hins vegar svo, að miklu lengri tími líður frá því að fyrirtæki kemst í greiðsluþrot og þar til úrskurður um gjaldþrot gengur en þessir 6 mánuðir. Voru kröfurnar því oft glataðar að hluta eða öllu leyti þegar til ríkisábyrgðarinnar átti að taka. Nú er þessi frestur hins vegar lengdur í 18 mánuði. Ætti með því að vera tryggt að lögin komi launþegum að því gagni sem efni stóðu til.

Auk þessa eru svo þær breytingar gerðar á ríkisábyrgðinni að hún nær til örorkubóta, sem launþeginn á hjá fyrirtækjum, og einnig þeirra bóta, sem maki og börn eiga tilkall til vegna dauðsfalls fyrirvinnu af völdum vinnuslyss. Tæpast þarf að ræða svo sjálfsagt mál sem það er, að þessar bætur séu ekki látnar fara forgörðum þótt fyrirtæki, sem þær átti að greiða, verði gjaldþrota. Slíkt er auðvitað algjört réttlætismál.

Svo er í þessu frv. nýmæli þess efnis, að hafi launþegi orðið fyrir kostnaði vegna tilrauna til að innheimta kröfu sína hjá launagreiðanda skuli sá kostnaður einnig rúmast innan ríkisábyrgðarinnar.

Loks er með breytingu á reglugerð aukinn réttur launþega til vaxta af þeim greiðslum sem falla undir ríkisábyrgðina.

Herra forseti. Ég leyfi mér einnig að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. þessarar hv. d. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 39. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., að loknum 38. fundi.

Kjaramál, frv. (þskj. 258). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og endursent Nd.

Biðlaun alþingismanna, frv. (þskj. 102). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 259).

Neðri deild, 36. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Niðurfærsla vöruverðs, frv. (þskj. 8). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 255).

Skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, frv. (þskj. 146). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 256).

Heimild til lántöku vegna lánsfjáráætlunar 1978, frv. (þskj. 223). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar yfirstandandi árs. Undir lok ársins þarf nú sem oft raunar áður að líta til ýmissa atriða er eigi hafa alls kostar gengið fram eins og áætlað hafði verið við lok seinasta árs, þegar þessi mál voru samþ. og skýrsla gefin um þau hér á hv. Alþ., og frv. þetta, sem ég mæli nú fyrir, er flutt í því skyni að afla nauðsynlegra heimilda til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1968 og til veitingar ábyrgða er til þarf svo að hagstæðra lána verði aflað.

1. gr. frv. fjallar um það, að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs verði heimilað að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán er Akureyrarbær tekur, að fjárhæð allt að 4800 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á hitaveituframkvæmdum. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem fjmrh. ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana og vaxta og annars kostnaðar.

Eins og kunnugt er, hefur Akureyrarbær staðið í stórframkvæmdum við lagningu hitaveitu um tveggja ára skeið. Þessar framkvæmdir hafa verið fjármagnaðar með skammtímalánum og beðið rétts tíma til þess að breyta þeim í lán til lengri tíma. Fyrir milligöngu Landsbanka Íslands er nú slík lántaka fáanleg. Rétt er að geta þess, að ríkissjóður hefur áður ábyrgst lán til hitaveituframkvæmda og má þar geta t. d. Hitaveitu Suðurnesja.

2. gr. frv. fjallar um að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs verði heimilað að ábyrgjast allt að 230 millj. kr. lán fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna á árinu 1978. Heimild þessi komi til viðbótar ábyrgðarheimild í lið LXXV í 6. gr.

fjárl. fyrir árið 1978.

Við afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár var því lýst yfir, að Lánasjóði ísl. námsmanna yrði séð fyrir fé svo að unnt yrði að veita lán er svaraði til 85% af svonefndri umframfjárþörf námsmanna. Til að tryggja að þetta markmið næðist var sett heimild í fjárl. 1978 til 270 millj. kr. lántöku. Breytingar á gengi og verðlagsþróun á árinu hafa orðið mjög á annan veg en ráð var fyrir gert. Vantar því heimild til lántöku að upphæð 230 millj. til viðbótar fjárlagaheimild.

3. gr. fjallar um það, að ríkissjóði verði heimilað að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978, er nemi allt að 4000 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Lántökur innanlands á árinu 1978 verða verulega minni en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun og febrúarlögunum um ráðstafanir í efnahagsmálum. Kemur þar aðallega tvennt til. Annars vegar hefur ekki verið markaður fyrir öll þau innlendu spariskírteini, sem áformað var að gefa út, og vantar um 1500 millj. kr. upp á það fé sem afla átti með sölu spariskírteinanna. Hins vegar munu kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs verða um 1000 millj. kr. minni í ár en áætlað hafði verið. Auk áðurnefndrar upphæðar hefur 1241 millj. kr. verið varið til ýmissa raforkuframkvæmda og rekstrar Rafmagnsveitna ríkisins svo og 90 millj. kr. til grænfóðursverksmiðja ríkisins vegna rekstrarerfiðleika þeirra. Ég mun gera nánari grein fyrir framkvæmd lánsfjáráætlunar 1978 þegar skýrsla um lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár verður lögð fram á Alþ. og skýrsla gefin um hana og umr. í framhaldi af henni.

Ég vil taka það fram, að það er fullt samkomulag um það við stjórnarandstöðuna að leggja fram þetta mál, og vona ég því að það fái greiða leið í gegnum Alþ. áður en þm. fara í jólaleyfi, en það er nauðsynlegt til þess að þessi mál geti gengið fram eins og ætlast er til.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Sparnaður í fjármálakerfinu, þáltill. (þskj. 166). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv. og umr. frestað.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 222). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. það til leiklistarlaga, sem lagt hefur verið fyrir Alþ., er lítið frv. og lætur ekki mikið yfir sér, en meginefni þess er að tryggja tilverurétt þeirra leikhópa sem hafa leiklistarstarfsemi að aðalatvinnu og eru ekki viðloðandi Leikfélag Reykjavíkur eða Leikfélag Akureyrar, en það eru einu leikhóparnir sem teljast atvinnuleikhús og hafa hlotið fasta fjárstyrki á fjárlögum.

Um það hefur verið deilt, eftir að lög um leiklistarstarfsemi voru samþ. fyrir nokkrum árum, hvort heimild væri til þess að veita öðrum atvinnuleikhúsum fjárveitingar á fjárl. en Leikfélagi Akureyrar og Leikfélagi Reykjavíkur. Þetta frv. er flutt fyrst og fremst til þess að taka af allan vafa um þetta atriði.

Leiklistarstarfsemi hefur verið í örum vexti hér á landi á liðnum árum. Kemur þar til starfsemi leikskóla, sem hefur fjölgað verulega leikurum, og ánægjuleg afleiðing þessa hefur orðið mikil gróska í leiklistarstarfsemi og tilkoma ýmissa sjálfstæðra leikhópa sem gera kröfu til þess að nokkurt tillit sé til þeirra tekið, og er ekki nema eðlilegt, að það sé gert með breytingum á leiklistarlögum.

Við meðferð þessa máls í Ed. var gerð sú breyting, að bætt var inn í frv. orðum sem leiða til þess, að einnig er heimilt að veita óperustarfsemi sérstakan stuðning. Ég held að þeir, sem mest hafa um þessi mál fjallað, geri sér fyllilega grein fyrir því, að þessi starfsemi hefur verið nokkuð vanrækt á liðnum árum og full ástæða til að sýna henni meiri sóma en gert hefur verið, og ég held að það hafi verið vel ráðið af hv. Ed. að betrumbæta frv. með þessum hætti.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. menntmn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 37. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., að loknum 36. fundi.

Vitamál, frv. (þskj. 150). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 150 hefur verið lagt fram stjfrv. um vitamál. Forsaga þessa máls er sú, að þáv. samgrh. skipaði í okt. 1974 þrjá menn í n. til að endurskoða lög frá 1933 um stjórn vitamála og vitabygginga og semja nýtt lagafrv. um þau efni. Fyrir fáum dögum, eða nánar tiltekið 1. des. s. l., voru 100 ár liðin síðan kveikt var á fyrsta vita hér við land og fer því vel á því, að á 100 ára afmælinu sé sett ný löggjöf um vitamál. Elstu lög um vitamál, sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1899, lög um afhendingu lóða til vitabyggingar o. fl. Síðan hafa verið sett mörg lög og reglugerðir um vitamálefni og eru flest þeirra orðin úrelt og samsvara ekki breyttum tímum og viðhorfum. Er því ekki seinna vænna að endurskoða vitalögin.

Í áðurgreindum lögum frá 1933 fjallar I. kafli þeirra um stjórn vitamálanna. Kafli þessi er að verulegu leyti úreltur. Meginuppistaða laganna var upptalning á þeim vitum sem skyldi byggja. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan, hafa flestir þeir vitar verið byggðir eða aðrir á nálægum stöðum sem taldir voru heppilegri. Ýmsar breytingar á útgerðarþáttum og tækni hafa auk þess komið til á tímabilinu og er því þessi meginkafli laganna bersýnilega úreltur.

Í gildandi lögum og reglum eru ýmis ákvæði óljós um hlutverkaskiptingu og ábyrgð við gerð og rekstur vita og sjómerkja. Í frv. þessu er reynt að gera þeim málum slík skil, að ljóst sé hver skuli annast og bera ábyrgð á hinum ýmsu tegundum sjómerkja.

Um vitagjald hafa gilt sérstök lög, nú lög nr. 61 frá árinu 1972. Þegar gjald þetta var sett á var það verulegur tekjustofn, og er óhætt að fullyrða að mikill hluti vitakerfisins hafi verið byggður upp fyrir fjármuni sem þannig var aflað. Á seinni árum, með vaxandi verðbólgu, hefur ekki tekist að halda í horfinu þannig að vitagjald gæfi eðlilegar tekjur, og hafa vitabyggingar m. a. af þeim orsökum dregist mjög saman. Því er gert ráð fyrir því í frv., að vitagjald verði að nokkru breytt, þannig að það komi jafnar niður á alla notendur vitakerfisins, og auk þess sé það ákveðið með reglugerð í stað laga, sem ætti að gera auðveldara að halda gjaldinu eðlilegu. Gert er ráð fyrir að vitagjaldinu sé einvörðungu varið til rekstrar og endurbóta á vitakerfinu og með tilliti til þess komið á fót n. vitamálastjórninni og rn. til ráðleggingar um það, hvernig vitagjaldinu skuli varið. Aðilar að n. þessari, vitanefnd, skulu vera notendur vitanna og þá jafnframt greiðendur vitagjaldsins. Með því að veita þannig greiðendum þess aðgang að ákvarðanatöku varðandi notkun þeirra fjármuna er þeir leggja til vitakerfisins ætti að vera tryggt að fénu yrði varið á sem hagkvæmastan hátt.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 190, n. 234 og 244, 235). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til athugunar. N. varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. skilar áliti á þskj. 234, en minni hl., fulltrúar Sjálfstfl., skilar séráliti.

Eins og fram kemur á nál. á þskj. 234, eru í meiri hl. fulltrúar Alþfl., þeir hv. þm. Vilmundur Gylfason og Finnur Torfi Stefánsson, sem skrifa undir nál. með fyrirvara, og þeir munu gera grein fyrir fyrirvara sínum við umr. málsins.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ., en vill þó gera eina minni háttar breytingu á 6. gr. frv. og kem ég að þeirri brtt. síðar.

Þetta frv., sem hér er um að ræða, er eitt af mörgum frv. sem eru á dagskrá þessa fundar og öll eru tekjuöflunarfrv. ríkisstj. og að flestu leyti í samræmi við þá viðbótartekjuöflun fyrir ríkissjóð sem gefnar hafa verið yfirlýsingar um af hálfu stjórnarinnar áður að mundi verða leitað fyrir næsta ár. Til viðbótar eru svo ný skattgjaldsatriði, eins og frv. til l. um nýbyggingagjald og frv. til l. um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, en þessi frv. eiga það öll sammerkt, að þau eru flutt til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Langsamlega þýðingarmest af þessum frv. er að sjálfsögðu það frv. sem hér er nú til umr., frv. til l. um breytingar á gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þar er þó ekki um verulegar breytingar að ræða á skattheimtu frá því sem verið hefur nú síðari hluta þessa árs eða ákveðið var með brbl. núv. hæstv. ríkisstj. sem gefin voru út í septembermánuði. Þó er gerð með þessu frv. nokkur breyting á þessari skattheimtu.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að svonefnd verðstuðulsfyrning falli niður, og þær upplýsingar eru gefnar í sambandi við frv., að frádráttur félaga vegna þessarar verðstuðulsfyrningar hafi verið á yfirstandandi ári 3883 millj. kr. hjá félögum og hjá einstaklingum hafi þessi verðstuðulsfyrning numið 885 millj. kr. Talið er að það ákvæði að fella niður reglurnar um verðstuðulsfyrningu muni gefa ríkissjóði um 1300 millj. kr. auknar tekjur.

Í 2. gr. frv. er síðan gert ráð fyrir því, að heimild til svonefndrar flýtifyrningar verði einnig felld niður hvað mannvirki áhrærir, en á öðrum eignum skuli færa flýtifyrninguna niður úr 30% í 10% og að ekki sé heimilt að nota þessi 10% meira en sem nemur 2% á ári.

Það kemur einnig fram í upplýsingum með þessu máli, að á þessu ári hafi félög notfært sér flýtifyrningarreglur sem nemur 2078 millj. kr., en einstaklingar hafi notfært sér flýtifyrningu sem nemur 810 millj. kr.

Áætlað er að tekjur ríkisins sem fengjust vegna þessara breytinga, mundu nema um 1060 millj. kr. Þarna er um nokkra hækkun að ræða á tekjum ríkisins frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlagafrv. því sem lagt var fyrir þingið. Sú breyting er einna veigamest frá þeirri skatttöku sem verið hefur, að í stað þeirra reglna, sem giltu með hinni sérstöku skattlagningu samkv. lögum um kjaramál, þar sem lagður var á hinn svonefndi fyrningarskattur, þá er þeim reglum breytt samkv. þessu frv. í þá átt sem ég hef nú verið að lýsa, en gert er ráð fyrir svipaðri skatttöku samkv. þessari leið, þó nokkru hærri, en samkv. hinni leiðinni, sem farin var samkv. brbl. frá því í sept.

Þá er í 3. gr. frv. gert ráð fyrir að breyta nokkuð tekjuskattinum af hærri tekjum, þannig að þar er bætt við nýju skattþrepi, 50%. Þessi hækkun á tekjuskattinum kemur í rauninni á einstaklinga í staðinn fyrir lög um skyldusparnað sem voru í gildi á þessu ári. Er talið að hækkun á tekjuskatti einstaklinga samkv. þessu mundi nema um 1850 millj. kr. á næsta ári. Rétt er að taka það fram, að hér er haldið sömu reglu og gilti varðandi skyldusparnaðinn, að þessi hækkaði skattur kemur aðeins á tiltölulega háar tekjur eða — eins og fram kemur í upplýsingum með þessu frv. — á einstaklinga sem hafa 3 millj. 848 þús. kr. í skattgjaldstekjur, sem talið er að mundi jafngilda vergum tekjum á framtali að upphæð 4 millj. 527 þús. kr. Hjá hjónum mundi þessi skattur lenda á tekjum sem eru fyrir ofan 5 millj. 63 þús. kr. skattgjaldstekjur eða sem jafngildir í vergum tekjum 6 millj. 751 þús. M. ö. o.: þessi aukni skattþungi lendir aðeins á tekjum sem eru fyrir ofan 6.7 millj. kr. hjá hjónum.

Í 4. gr. frv. eru ný ákvæði um það, að ónotaður persónuafsláttur geti gengið til greiðslu á sjúkratryggingagjaldi.

Þá er í 5. gr. frv. gert ráð fyrir því, að skattstiganum við skattlagningu á félög verði breytt þannig, að skattprósentan verði færð úr 53% í 65%. Hér er einnig um þá breytingu eina að ræða frá því sem verið hefur í gildi, að hér er skyldusparnaðurinn, sem lagður var á, sameinaður

tekjuskattinum hjá félögum og gerður að föstum skatti í staðinn fyrir skyldusparnaðinn. Hins vegar ekki um aðra breytingu að ræða sem felst í þessu, en með því er gert ráð fyrir að ríkissjóður fái auknar tekjur um 1200 millj. kr. á næsta ári.

Í 6. gr. frv. er um eignarskattinn að ræða, en eins og kunnugt er fólst í brbl. frá því í sept. hækkun á eignarskatti bæði einstaklinga og félaga. Nú eru þau ákvæði tekin upp í öðru formi, þ. e. a. s. skattgjaldsprósentan, sem var á einstaklingum 0.8% er færð upp í 1.2% eða sem nemur 50%, og skattgjaldsprósentan, sem var á félögum 0.8%, er tvöfölduð og verður þá 1.6%. Skattfrelsismörkin eru síðan hækkuð í samræmi við breytt eignarmat. Til viðbótar við þetta koma svo ákvæði um að létta þennan skatt nokkuð á þeim sem eru orðnir 67 ára og eldri eða eru öryrkjar, og er það til samræmis við þá afgreiðslu sem þegar hefur orðið í sambandi við hliðstæða skatttöku eftir ákvæðum brbl.

Það er við þessa grein sem við í meiri hl. fjh.- og viðskn. flytjum sérstaka brtt. þar sem við leggjum til að hafður verði á sami háttur í meginatriðum varðandi þetta ákvæði og hér hefur áður verið samþ. varðandi brbl. um kjaramál, en brtt. okkar um þetta efni er á þskj. 235 og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Við síðustu mgr. 1. tölul. 6. gr. bætist nýr málsl., er orðist svo:

Hjá öðrum mönnum, sem höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 2.1 millj. kr., ef um einstaklinga er að ræða, en lægri vergar tekjur til skatts en 2.7 millj. kr., ef hjón eiga í hlut, skal eignarskattur, sem ekki nær 68 400 kr. hjá einstaklingi, en 102 600 kr. hjá hjónum, lækkaður um 20%."

Hér er sem sagt ekki farin nákvæmlega sama leið og hafði áður verið samþ. um sama efni varðandi brbl. um kjaramál, en reynt að ná því sama sem þar var verið að reyna að ná, þ. e. að veita þeim nokkra ívilnun frá þessum skatti sem eru tekjulágir. Með þessu ákvæði er gert ráð fyrir að þeir aðilar, sem þannig stendur á um, beri ekki jafnháan eignarskatt og hinir, sem hafa hærri tekjur.

Um önnur efnisatriði þessa frv. þarf ég ekki að hafa mörg orð. Það hefur þegar verið rætt við 1. umr. málsins, og í rauninni er þetta mál öllum hv. þm. svo vel kunnugt að ekki er þörf á því, eins og nú er ástatt um tíma þingsins, að hafa um þetta langt mál. Sú skattheimta, sem felst í þessu frv., er í rauninni sú sama sem fram kom í brbl. ríkisstj. frá því í septembermánuði, með þeim minni háttar breytingum sem ég hef gert grein fyrir. Og vegna þess að þau frv., sem ég minntist á í leiðinni, þ. e. a. s. frv. til l. um nýbyggingagjald og frv. til l. um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, þessi frv. eru öll samhangandi í sambandi við tekjuöflun þá sem unnið er að nú að koma fram í sambandi við afgreiðslu fjárl., mun ég hafa fá orð um þau frv. þegar að þeim kemur, en bendi aðeins á að þessi frv. eru liður í því sama verki, þ. e. a. s. að afla ríkissjóði nægilegra tekna til þess að hægt sé að afgreiða fjárlög á þann hátt, sem ríkisstj. hefur gert grein fyrir og fram hefur komið í umr. um fjárlagafrv.

Það er till. meiri hl. fjh.- og viðskn., að frv. verði afgreitt á þann hátt sem ég hef lýst, með þeirri einu brtt. sem fram kemur af hálfu meiri hl. n. á þskj. 235.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram varð fjh.- og viðskn. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég geri hér grein fyrir áliti minni hl. sem leggur til að frv. verði fellt.

Þetta frv. er eitt af mörgum skattpíningarfrv. sem ríkisstj. hyggst hespa af nú fyrir jólin. Jólaglaðningurinn til atvinnurekstrarins er í stórum dráttum þessi samkv. frv.: Verðstuðulsfyrningin, sem fyrri vinstri stjórn leiddi í lög árið 1972, er felld brott og þar koma 1300 millj. til ríkissjóðs. Flýtifyrningin er lækkuð úr 30% í 10% og felld niður á mannvirkjum og þar koma 1060 millj. til ríkissjóðs. Tekjuskattur félaga er hækkaður úr 53% í 65%, þar koma 1200 millj. í ríkissjóð. Eignarskattur á félög er tvöfaldaður. Svona mætti lengur telja, en samtals eru auknar álögur á atvinnurekstrinn um 6000 millj. kr.

Á fund n. í morgun komu fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Þeir vöruðu eindregið við þeirri skattheimtu sem felst í þessu frv. og reyndar öðrum þeim tekjuöflunarfrv. sem hér eru til meðferðar á hv. Alþ. Þessi skattlagning hefur þær afleiðingar, að atvinnuöryggi í framleiðslugreinum er mjög skert, þar sem svo óhófleg skattlagning sem með þessu frv. sem öðrum er boðuð leiðir til rekstrarstöðvunar hjá fjölmörgum fyrirtækjum sem áttu í nægum erfiðleikum fyrir.

Einstaklingar fara ekki varhluta af þessu skattlagningaræði ríkisstj. Eignarskattar eru stórhækkaðir og 50% skattþrep er tekið upp, kallað hátekjuskattur, en spurning er hvað verða nefndar hátekjur í framtölum næsta árs.

Allar þessar aðgerðir, sem ég hef hér nefnt og ákvæði eru um í þessum frv., lama frumkvæði einstaklinganna, þær draga úr vinnuvilja og skerða þar með lífskjörin. En þetta er stefna Alþb. í framkvæmd, — stefna sem ríkisstj. hefur gert að sinni stefnu.

Að vísu er þessi stefna í dálitlu ósamræmi við stefnu eins af stjórnarflokkunum fyrir kosningar, en fram hjá óþægindum má sigla með því að samþykkja þetta frv. með fyrirvara, sem í sjálfu sér kostar ekkert, og það má flytja talsvert langar ræður um slíka fyrirvara og verður sjálfsagt gert hér á eftir. En með þessum hætti leggur meiri hl. sem sagt til, fulltrúar stjórnarflokkanna, að frv. verði samþ., en við fulltrúar Sjálfstfl. leggjum til að frv. verði fellt.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara mörgum fleiri orðum um þetta mál, það hefur þegar verið rætt við 1. umr., en aðeins nokkur orð þó til viðbótar.

Ég hef í sjálfu sér lítið að segja um þá brtt. sem hér var gerð grein fyrir, ekki annað en það, að hér er enn verið að blanda saman eignarskatti og tekjum manna, reynt að draga úr óréttlæti, sem slík gífurleg skattlagning hefur í för með sér, með því að draga úr skattlagningunni hjá þeim sem hafa lægstar tekjur.

Hér er sem sagt fyrst og fremst verið að skattleggja atvinnurekstrinn, og er satt að segja furðulegt að a. m. k. sumir stjórnarflokkanna skuli sýna þennan áhuga. Það er fróðlegt að vita hvort þetta er í raun og veru t. d. sérstakt áhugamál Framsfl., að ganga svona að atvinnurekstrinum. Afleiðingarnar hljóta að verða, eins og ég sagði áðan, atvinnuleysi. Atvinnurekstrinn borgar of háa skatta í verðbólgunni, það eru staðreyndir. Hann fær ekki að draga frá útgjöld á réttu verði. Afskriftir eru ekkert annað en útgjöld, — útgjöld sem dreift er á mörg ár, og sá frádráttur verður á röngu verði í slíkri verðbólgu, sem hér er.

Um einstakar greinar skal ég ekki fara mörgum orðum.

5. gr., sem hækkar tekjuskatt félaga úr 53% í 65%, er

afsökuð með því núna, að hún jafngildi skyldusparnaðinum sem lagður var á í fyrra, en þar er að sjálfsögðu ólíku saman jafnað. Við fengum álit fulltrúa Vinnuveitendasambandsins í morgun á þessari gr., og einn gesta okkar á fundinum komst svo að orði, að hér væri um að ræða „ökonomískt brjálæði", og ég geri þau orð að mínum.

Með 6. gr. er svo aðeins verið að festa eignarskattsaukann í skattkerfinu eins og hann var í brbl. ríkisstj. frá í sept.

Þetta frv. er eitt af fleirum og raunar löngum slóða sem hæstv. ríkisstj. dregur nú á eftir sér. Ég vænti þess, að hæstv. forseti hafi ekkert á móti því, að ég ræði um hin tekjuöflunarfrv., sem eru á dagskrá, nú í leiðinni, það styttir þá framsögu mína fyrir hinum nál.

Við höfum hér einnig frv. um sérstakan skatt á verslunarhúsnæði. Þar er um að ræða mismunun í skattlagningu eftir tegundum eigna. Slík mismunun hefur að vísu viðgengist í tekjustofnalögunum að því er fasteignir varðar, en það réttlætir ekki að ríkissjóður fari nú út í slíka mismunun eins og þar hefur tíðkast. Þessi sérstaki skattur er talinn gefa ríkissjóði 550 millj. kr. á næsta ári. Mismunun í skattlagningu eins og hér er ráðgert á ekki að eiga sér stað. Ef slík mismunun á að koma fram verður það að vera í fasteignamatinu, en sami skattstigi ætti að vera á fasteignir, hverju nafni sem þær nefnast. Eins og ég sagði áðan hefur þessi mismunun tíðkast í tekjustofnalögunum, og með því að taka þetta ákvæði upp í lög um tekju- og eignarskatt eykst þessi mismunun enn og gerir atvinnurekstrinum enn erfiðara fyrir. Hér er í raun um enn nýjan fasteignaskatt að ræða.

Þá höfum við einnig til meðferðar frv. til l. um nýbyggingagjald, 139. mál. Það sýnist mér vera eitt allra versta málið af mörgum slæmum sem hæstv. ríkisstj. er nú með á dagskrá. Þetta er angi af fjárfestingarhöftum sem virðast vera óskadraumur stjórnarflokkanna að koma á. Og þótt hér sé í sjálfu sér ekki um stórt mál að ræða eða það gefi ekki ríkissjóði mjög miklar tekjur, 300 millj. kr. á næsta ári, áætlað, þá er hér þó um að ræða eitt afmarkað svið sem ríkisstj. velur sér sem byrjun á fjárfestingarhöftunum. Það virðist sem sagt vera svo, að skattpíning sé eina úrræðið sem hæstv. ríkisstj. hefur til þess að stjórna efnahagsmálunum.

Þetta frv. um nýbyggingagjaldið sýnir alveg sérstaka ósvífni gagnvart sveitarstjórnum í landinu. Þar er ákveði um það, að sveitarstjórn er óheimilt að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirkjum sem gjaldskyld eru sé gjaldið ekki greitt, og sé þessa ekki gætt er sveitarstjórnin sjálf ábyrg. Það er ekki gengið að sveitarsjóði, heldur er gengið að sveitarstjórninni sjálfri. Það verður fróðlegt að sjá þá á bak við rimlana, nýja meiri hl. í borgarstjórn Reykjavíkur, ef þeim skyldi nú verða það á hjá byggingarfulltrúanum að gefa út byggingarleyfi án þess að sýnd verði kvittun fyrir þessum ósköpum sem hér er um að ræða.

Gert er ráð fyrir samkv. 3. gr. frv. að leggja á 2% gjald af gjaldstofni sem raunverulega er ekki til. Það eru engar framkvæmdir hafnar þegar þetta gjald á að leggja á samkv. áætluðu kostnaðarverði.

2. gr. er sérlega óljós. Þar er að vísu sagt að íbúðarhúsnæði sé undanþegið gjaldskyldu, en síðan kemur heimildarákvæði til ráðh. eins og segir í greininni. „Heimilt er ráðh. að undanþiggja ákveðnar tegundir mannvirkja gjaldskyldu." Nauðsynlegt er að fá upplýst hvernig hæstv. ráðh. hyggst notfæra sér þessar heimildir, hvaða eignir það verða sem verða undanþegnar ákvæðum þessara laga. (**Gripið fram í:** Kirkjur.) Já, kirkjur verða það kannske, en það eru ýmis fleiri mannvirki sem forvitnilegt er að vita hvort lagt verði á, eins og t. d. íþróttamannvirki. Það verður sjálfsagt áhugamál þessarar ríkisstj. að koma í veg fyrir að íþróttamannvirki verði byggð, og þá er náttúrlega upplagt að leggja þetta gjald á þau. En það væri æskilegt að fá einhverja vitneskju um þetta hjá hæstv. ráðh.

Um mál þessi í heild má segja að þau geri margt illt af sér, en þó fyrst og fremst að þau flækja skattakerfið enn meir á sama tíma og menn eru í óðaönn að tala um einföldun skattakerfisins. Það er komið með nýja skatta sem engin fordæmi eru fyrir í íslenskri löggjöf. Þessir nýju skattar valda óvissu í álagningu. Það stýritæki, sem þessi löggjöf á að vera, er tilgangslaust. Þetta er aðeins til þess að gera erfiðara fyrir þar sem nægir erfiðleikar eru. E. t. v. er tilgangurinn sá að gera þetta allt svo flókið að enginn botni neitt í neinu og jafnvel svo að allt skattkerfið hrynji til grunna. Það er e. t. v. ætlunin, og þá verða væntanlega engir skattar lagðir á og Alþfl.-menn geta losnað við að vera með sífellda fyrirvara um samþykki við öllum þessum tekjuöflunarfrv. En það sýnist nú samt svo, að stjórnin ætli fram með alla þessa súpu sína, sem er fremur þunn og bragðvond þótt margt sé sett út í hana.

Það er e. t. v. táknrænt fyrir allan afgreiðslumátann, að meðan fulltrúar Vinnuveitendasambandsins voru á fundi fjh.- og viðskn. í morgun, og voru þar að mótmæla þessum álögum og bera fram sín aðvörunarorð, þá sat ritari n. við að ganga frá bókun þess efnis, að meiri hl. n. mælti með samþykkt frv., auðvitað með hinum sígilda fyrirvara fulltrúa Alþfl., — fyrirvara sem er orðinn að aðhlátursefni félaga þeirra í svokölluðum samstarfsflokkum, — fyrirvara sem þeir gera náttúrlega ekkert með, en eru búnir að læra og færa óafvitandi til bókar.

Þessum frv. má annars líkja við það, — mér dettur það í hug þegar ég sé einn hv. þm. hér í hliðarherbergi, — að ríkisstj. sé í eins konar pólitískum berjamó, eins og sá hv. þm. sagði hér fyrir nokkrum árum, að vísu af allt öðru tilefni, en það átti þó að nokkru við hæstv. núv. fjmrh. En málið er bara það, að farið hefur verið yfir landið áður og allt lesið af lynginu. Samt skal ekki látið staðar numið, heldur lyngið slitið upp líka. Þannig verður ekkert eftir og þessir herrar skilja eftir sig sviðna jörð.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. lýsti áðan skrifuðum við fulltrúar Alþfl. undir nál. þetta með þeim skilmála sem ég vil nú lýsa.

Frv. þetta er eitt af tekjuöflunarfrv. ríkisstj. sem flutt eru í tengslum við gerð fjárl. Við Alþfl.-menn höfum áður á Alþ. lýst þeim fyrirvara við endanlega afstöðu okkar til fjárlagagerðar, að hún muni ráðast af viðbrögðum ríkisstj. við frv. okkar um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu og þar með einnig því, hverjar heildarniðurstöður fjárl. verða. Þessi fyrirvari okkar gildir einnig um afstöðu okkar til þessa frv. sem hér er til umr. Þar sem við viljum ekki hindra eðlilega þinglega meðferð málsins munum við greiða atkv. með því við 2. umr., en hins vegar áskiljum við okkur rétt til að greiða atkv. með því eða á móti við 3. umr. með tilvísun til þess sem ég hef áður sagt. Enn fremur væntum við þess, að 3. umr. fari ekki fram fyrr en

afstaða ríkisstj. til frv. okkar um jafnvægisstefnu o. fl. liggur fyrir.

Þessi fyrirvari gildir um öll þau tekjuöflunarfrv., sem hér eru til umr., þ. e. a. s. frv. sem er 138. mál, á þskj. 188, um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. um nýbyggingagjald á þskj. 189, 139. mál, og það frv. sem hér er til umr. um tekjuskatt og eignarskatt, sem er á þskj. 190, og enn fremur frv. um flugvallagjald á þskj. 206. Ég held að ég geti leyft mér að gera grein fyrir þessum fyrirvara við öll málin í einu, svo að ég þurfi ekki að koma miklu oftar í ræðustól að þessu sinni.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það verður ekki hjá því komist að vekja athygli á því enn á ný í umr. um þetta frv., að samfara stórauknum skattaálagningum af hálfu ríkisvaldsins eru samhliða á ferðinni mjög stórauknar álögur af hálfu sveitarfélaga, eins og fram hefur komið í fyrirrætlunum borgarstjórnar Reykjavíkur undir forustu meiri hl. sem er myndaður af sömu stjórnmálaflokkum og standa að núv. hæstv. ríkisstj.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson, frsm. minni hl. fjh.- og viðskn., gerði grein fyrir því, í hverju auknar álögur fælust vegna þessara skattafrv. af hálfu ríkisins. Ég tel að það sé rétt að það komi hér fram, að eingöngu hér í Reykjavík mun hækkun fasteignaskatta og lóðarleigu og aðstöðugjalda hafa í för með sér um það bil 1400 millj. kr. aukningu skatta á atvinnurekstur í borginni, þannig að hér er um milljarða kr. aukna skatta að ræða á atvinnuvegi landsmanna í heild.

Nú er það öllum ljóst, að vandi atvinnuveganna er mikill, og mér er minnisstætt, að bæði á síðasta vetri og á liðnu sumri í stjórnarmyndunarviðræðum var það stefna Alþb. að unnt væri að gera hvort tveggja í senn, að jafna halla atvinnuveganna og greiða niður vöruverð í landinu án þess að breyta gengi íslensku krónunnar, en beita tilfærslu fjármuna í þjóðfélaginu. Alþb. hefur að vísu ráðið ferðinni í þessu stjórnarsamstarfi, eins og öllum hv. þm. og reyndar öllum landsmönnum er kunnugt. En að einu leyti hefur stefnan þó sýnst vera óframkvæmanleg, að því leyti er snýr að afkomu útflutningsatvinnuveganna, vegna þess að þegar á fyrsta starfstímabili ríkisstj. var gengislækkun beitt og síðan hefur æ ofan í æ verið beitt gengissigi í framhaldi af því og fyrirsjáanlegt er annað tveggja: áframhaldandi gengissig eða hrein og bein gengislækkun, allt undir leiðsögu Alþb. og forustu þess, þar sem hæstv. viðskrh. skrifar upp á gengissigið og hæstv. ríkisstj. skrifar upp á gengislækkun.

Það er rétt að leggja áherslu á að stefna Alþb. hefur að þessu leyti ekki reynst framkvæmanleg, vegna þess, eins og þessi skattafrv. sýna, að leitað er allra fanga, mögulegra og ómögulegra, til aukningar á skattálögum á landsmenn og atvinnuvegi þeirra til þess eingöngu að hafa upp í niðurgreiðslur vöruverðs sem þannig eru fölsun á vísitölu og þar með kaupmætti fólksins í landinu. Þessar skattaálögur nægja þó ekki til þessarar útgjaldaaukningar af ríkisvaldsins hálfu né heldur nægja þessar auknu skattaálögur til að standa undir stórauknum útgjöldum ríkissjóðs að öðru leyti undir forustu núv. ríkisstjórnarflokka umfram það sem verðbólguþróun réttlætir.

Það er því full ástæða til að spyrjast fyrir um það, hvernig á því standi, að saman geti farið að skoðun hæstv. ríkisstj. að atvinnufyrirtækin og atvinnuvegirnir í landinu geti ekki borgað kaupgjald það sem fólst í gildandi samningum og kjörorði stjórnarflokkanna tveggja a. m. k. um samningana í gildi, hvers vegna þurft hafi að rifta kaupgjaldsvísitölu t. d. um síðustu mánaðamót með þeirri röksemd, að atvinnuvegirnir stæðu ekki undir hærra kaupgjaldi, sem ég út af fyrir sig er sammála, en aftur á móti gætu atvinnuvegirnir staðið undir svo auknum skattaálögum sem þarna er um að ræða. Það er ekki að ófyrirsynju, að stjórn Vinnuveitendasambands Íslands, en innan þeirra samtaka eru fulltrúar allra atvinnugreina, hefur mótmælt harðlega þessum nýju álögum stjórnvalda á atvinnulífið í landinu og varað við að með þeim sé atvinnuöryggi landsmanna stefnt í bráða hættu.

Ég vil í tengslum við þessi mál, sem hér eru til umr., spyrjast fyrir um það hjá hæstv. félmrh. eða hæstv. fjmrh., — ég sé að hæstv. félmrh. er í salnum, en ekki hæstv. fjmrh. svo að ég beini fsp. minni til hans, — hvernig ætlunin sé af hálfu hæstv. ríkisstj. að standa að lagaheimildum til handa sveitarfélögum í landinu hvað snertir útvarsálagningu. Eins og kunnugt er er heimild sveitarfélaga nú bundin við 10% útsvars með 10% álagi eða 11% í heild og þarf sérstaka heimild félmrn. og ríkisstj. til þess að ellefta prósentið sé nýtt. En heyrst hefur, að ríkisstj. eða hæstv. félmrh. hafi gefið grænt ljós í viðræðum við fulltrúa sveitarfélaga að hækka þessa hlutfallstölu í 12% á komandi sumri, en lagaheimildar til þess ekki aflað fyrr en þessi skattahrina er gengin hjá. Það er full ástæða til að upplýsa þetta atriði nú þegar.

Þá er rétt að spyrjast fyrir um það, með hvaða hætti sveitarfélögum verði bættur sá missir tekjustofns sem minnkandi tekjur í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hafa í för með sér, þar sem afnám söluskatts af matvörum rýrir tekjur Jöfnunarsjóðs. Skiptir þetta allmiklu máli. Ef séð væri fyrir tekjuöflun til sveitarfélaga að þessu leyti gæti það komið í veg fyrir þá óheillaþróun í öðrum sveitarfélögum sem hafin er hér í Reykjavík með stórauknum álögum á borgarbúa og atvinnurekstur þeirra.

Síðan held ég að að lokum sé rétt að undirstrika það, að þessar stórauknu álögur á atvinnufyrirtækin og atvinnuvegina eru auðvitað til þess fallnar að grafa undan atvinnuöryggi og grafa undan framþróun í atvinnuvegunum, — framleiðniaukningu sem ein getur staðið undir bættum lífskjörum í framtíðinni og hækkandi kaupgjaldi í landinu. En þessar skattaálögur á landsmenn sem heild og einstaklinga eru samhliða til þess fallnar að draga úr framtaki, vinnuvilja og verðmætasköpun manna, en um leið einnig til þess fallnar að örva menn til undandráttar á skattgreiðslum og skapa þannig því miður skilyrði fyrir versnandi siðferði á þessu sviði, þar sem frekar var þörf á endurbótum en að skattakerfið sjálft yrði gróðrarstía spillingar eins og nú horfir við.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Við höfum hlýtt á það undanfarin dægur, að einn stjórnarflokkanna hefur gert fyrirvara um öll mál sem máli skipta í sambandi við afgreiðslu fjárl. Hér eru til umr. frv. til l. sem manni skilst, ef að lögum verða, að hljóti að vera undirstaða fjárl., og enn á ný er gerður strangur fyrirvari um það af hálfu eins stjórnarflokksins að þau nái fram að ganga.

Nú er það góður siður, sem ég mæli eindregið með að viðhaldið sé, að milli stjórnar og stjórnarandstöðu takist að jafnaði góð samvinna um afgreiðslu þingmála, og svo er enn. Á annatímum gera þessir aðilar með sér sam-

komulag um að greiða fyrir málum, þó þannig vitanlega að stjórnarandstaðan komi að sjónarmiðum sínum. Þessi háttur er á hafður enn og við erum nú á síðustu annadögum þings fyrir jólahlé, en samt er það svo að stjórnarandstaðan hefur ekki hugmynd um hvað upp eða niður snýr í sambandi við þessi vinnubrögð hæstv. ríkisstj. Ég vil vara alvarlega við því, að stjórnarandstaðan hljóti að slíta allri samvinnu og öllu samkomulagi um afgreiðslu mála ef þessu heldur fram sem horfir. Það er alveg gersamlega útilokað að taka afstöðu til þessara örlagaríku mála með þeim hætti, að enginn veit hvort yfirleitt á að afgreiða nokkur fjárlög eða ekki. Það breytir mjög viðhorfinu, ef svo fer fram sem virtist horfa í gær í umr. í Ed. sem ég var áheyrandi að, að einn stjórnaraðstöðuflokkurinn getur ráðið því að sínu leyti, a. m. k. ef stjórnarandstaðan fylkir liði með honum, fengið því framgengt að fjárlög verði ekki afgreidd fyrir jól, heldur þegar þing kemur saman á nýjan leik.

Ég sem sagt vil nota þetta tækifæri, gefið tækifæri, til þess að vara við því, að stjórnarandstaðan þoli ekki þessi vinnubrögð og slíti því samkomulagi sem sjálfsagt er að gera um þessa hluti, ef svo heldur fram sem horfir. Ég veit að hæstv. ríkisstj. gerir sér fyllstu grein fyrir því, til hvaða ráða við getum gripið í því sambandi, og t. a. m. get ég orðið liðtækur í þeim efnum.

Þessu vildi ég koma á framfæri, þannig að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkarnir reyni ekki um of á þolinmæði stjórnarandstöðunnar, því að með þessu háttalagi, sem er líka til vanvirðu við hið háa Alþingi, hlýtur að draga til þess, að við endurskoðum afstöðu okkar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:11 atkv.
2.-5. gr. samþ. með 23:11 atkv.
Brtt. 235 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 23:11 atkv.
7. gr. samþ. með 23:11 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 188, n. 239 og 242). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég gat þess þegar ég talaði fyrir hönd meiri hl. fyrir því máli sem rætt var áðan, að það tekjuöflunarfrv. væri í fylgd með öðrum, og ræddi þá jafnframt um leið nokkuð um það frv. sem nú er á dagskrá, þ. e. a. s. frv. til 1. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál. Hún varð ekki sammála um afgreiðsluna, eins og kemur fram í nál. meiri hl. á þskj. 239. Fulltrúar Sjálfstfl. í n. skila séráliti.

Með tilvísan til þess, sem ég hafði sagt áður um þessi mál, þar sem ég ræddi nokkuð um þau öll í einu, sé ég ekki þörf á því að hefja hér miklar almennar umr. um þetta frv., en vil þó rétt aðeins í leiðinni svara örlitlu af því sem hefur komið fram í ræðum hv. þm. Sjálfstfl. sem gert hafa að umtalsefni þessar nýju skattaálögur.

Ég vil segja það, að þeir njóta þess að það er ekki langur tími hér til umr. Þeir njóta þess, að við höfum ekki tíma til þess að fara að rifja upp fyrir þeim hvað þeir hafa sjálfir gert í þessum efnum. Þeir tala um að núv. hæstv. ríkisstj. hafi sýnt alveg sérstakt frumkvæði í því að leggja á ný skattgjöld. Kannske ég minnist aðeins á í leiðinni nokkur ný gjöld sem fyrrv. ríkisstj. fann upp.

Hún lagði á svonefnt olíugjald með þeim hætti, að þegar búið var að leggja á ákveðið gjald til þess að styðja við bakið á þeim sem þurftu að kynda hús sín með notkun á olíu sem fór ört hækkandi í verði, þá hrifsaði ríkisstj. þetta gjald í ríkissjóð og gerði að föstum tekjustofni. Þetta var mjög frumlegt á sínum tíma.

Það var fyrrv. ríkisstj. sem fann upp skyldusparnaðarskattinn. Það var hún sem fann upp flugvallaskattinn. Það var hún sem fann upp að leggja sérstakan skatt á gjaldeyrisleyfi. Það var hún sem fann upp sjúkratryggingagjaldið sem nemur, eins og komið var, um 6 milljörðum kr. á almenning í landinu. Það var hún sem fann upp tímabundið vörugjald. Það var hún sem margsinnis hækkaði söluskattsprósentuna. Og það voru einmitt þeir, sem voru í þeirri stjórn, sem fundu upp launaskattinn á sínum tíma.

Þetta er ekki nema lítið brot af því sem ég gæti talið upp, enda var það svo, að í tíð fyrrv. ríkisstj. voru fjárl. um 40 milljarðar kr., en voru auðvitað komin hátt í 200 milljarða kr., þegar hún fór frá, sem sýnir að hún hafði sig allvel í frammi í sambandi við skatttöku. En eins og allir vita er auðvitað ekki tími til þess nú að fara út í almennar umr. um hvorki fjármálastjórnina í landinu né efnahagsmálin, það verður ekki gert við þessa umr.

En ég verð að segja það, að mér þykja endurtekin ummæli hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, formanns Sjálfstfl., um eitt atriði varðandi aðgerðir í efnahagsmálum svo athyglisverð, að ég hlýt að minnast á þau. Hann endurtók það nú í ræðu sinni, en hefur margsinnis sagt það að undanförnu, að núv. ríkisstj. hafi greitt niður verð á matvælum, greitt niður vísitöluna og, eins og hann sagði nú, þar með falsað vísitöluna. Formaður Sjálfstfl. er farinn að gera þetta að föstu viðlagi í ræðum sínum, að sú aðgerð að greiða niður verðlag, sem auðvitað hefur áhrif nú eins og alltaf áður á vísitöluútreikning, þýði fölsun vísitölunnar. Það er býsna athyglisvert, að hann skuli halda þessu fram. Ég vil nú minna hann á að síðast þegar hann greip til þess að auka niðurgreiðslur, nokkru áður en hann fór frá völdum, þá minntist enginn á að þær auknu niðurgreiðslur þýddu fölsun á vísitölu, af því að það hefur verið viðurkennt allan tímann, að niðurgreiðslur á nauðsynjavarningi kæmu þeim til góða sem þurfa að kaupa þennan varning og nota hann. En hv. þm. formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, munar ekki mikið um að reyna að fleyta sér áfram á fullyrðingum eins og þessum.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni, þá get ég að vísu tekið undir það með honum, að það fer illa á því, þegar tími er naumur til afgreiðslu á málum á Alþ., að það skuli ekki geta legið sem skýrast fyrir, hvernig ætlunin er að standa að afgreiðslu þeirra mála sem afgreiða þarf á tiltölulega skömmum tíma, t. d. fyrir jólaleyfi. En ég hlýt að benda honum á það, að hæstv. forsrh. hefur gefið hér yfirlýsingar um það ítrekað, hvaða mál það séu sem hann stefni að að láta afgreiða hér fyrir jólaleyfi, og auðvitað er það fjárlagafrv. Ég tel því að það eina, sem hægt er að styðjast við í þeim efnum,

séu þessar yfirlýsingar forsrh. fyrir hönd ríkisstj., og við það eitt verður auðvitað að miða.

Hvort ríkisstj. hefur svo endanlega nægilegan styrk á Alþ. til þess að koma fram þessum málum, úr því verður vitanlega aldrei skorið fyrr en atkvgr. fer fram um málin. Þá reynir auðvitað á það, hvort sá fyrirvari, sem Alþfl.-menn hafa í sambandi við þessi mál, leiðir til þess, að þeir snúist gegn afgreiðslu fjárl. og tekjuöflunarfrv. ríkisstj. sem þeir hafa fyrirvara um, eða hvort þeir telja að þeir geti stutt afgreiðslu þessara mála, svo að tal um þessi mál hefur auðvitað ekki mikið gildi við þær aðstæður sem við búum við.

Vegna þess að mér er ljóst að hér er um lítinn tíma að ræða, þá skal ég ekki fara út í frekari umr. um málið, en segi, að meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur yfirfarið þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Hér er um viðbótarskattlagningu að ræða á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem áætlað er að muni gefa ríkissjóði í auknar tekjur um 550 millj. kr.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Það er kannske ástæða til að þakka hv. þm. Lúðvík Jósepssyni hvað hann fer mildum höndum um okkur stjórnarandstæðinga, að við njótum þess að það sé ekki tími til að ræða hér málin. Mér sýnist við hafa nógan tíma. Við hljótum að hafa tíma a. m. k. þangað til hæstv. ríkisstj. hefur svarað þessum fyrirvörum Alþfl. Það verður ekkert afgreitt hér fyrr en þeim fyrirvörum hefur verið svarað, og meðan þeim er ekki svarað sé ég ekki annað en við getum rabbað saman um þessi mál. Ég er alveg til. En kannske er ekkert að marka þetta allt saman og þessa fyrirvara.

Hv. þm. taldi upp ýmsa skatta sem fyrrv. ríkisstj. hafði fundið upp. Ég spyr nú bara: Af hverju notar núv. ríkisstj. ekki tækifærið til þess að afnema þessi ósköp? Hún gerir það ekki, heldur þvert á móti finnur hún upp nýja. Af hverju ætli hún geri það? Það er vegna þess að hún er nefnilega í brýnni þörf fyrir tekjur í ríkissjóð og þessi þörf er miklu, miklu brýnni en hún hefur nokkru sinni fyrr verið og ástæðan er einfaldlega allar þær millifærslukúnstir sem núv. hæstv. ríkisstj. stendur í. Til þess þarf hún peninga.

Ég skal ekki hafa um þetta miklu fleiri orð. Í sjálfu sér gaf ræða hv. frsm. meiri hl. ekki neitt sérstakt tilefni til þess að ræða þetta sérstaka mál frekar en ég gerði í ræðu minni áðan. Ég ítreka það aðeins, að hér er raunverulega um að ræða nýjan fasteignaskatt og hann á eingöngu að leggjast á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þetta er til viðbótar öllu öðru sem fyrir er í löggjöfinni. Það er fasteignaskattur til sveitarfélaga sem er eðlilegur tekjustofn þeirra og ríkið á ekki að ásælast fasteignir á nokkurn hátt sem skattandlag. En fyrir utan fasteignaskattinn til sveitarfélaga er eignarskatturinn. Það er eignarskattsaukinn sem verið er að lögfesta núna áfram, það er þessi sérstaki skattur á verslunarhúsnæði og það er nýbyggingagjaldið sem við erum hér einnig með til meðferðar. Annars er álit minni hl. það, að þetta frv. beri að fella.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða mörgum orðum, ég ætlaði einungis að taka það fram, að sá fyrirvari, sem ég gerði grein fyrir áður, þegar við ræddum 140. mál, á einnig við um þetta mál.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það var mér sérstök ánægja að falla frá orðinu til þess að hleypa hv. 2. landsk. þm., Finni Torfa Stefánssyni, að til að gera grein fyrir áliti eins nefndarbrots stjórnarflokkanna. Að öðru leyti gefur hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., ef meiri hl. á að kalla, mér tilefni til að segja hér nokkur orð. Ég held að hann þurfi ekkert að hlífa okkur við löngum ræðum. Við erum alveg tilbúnir til þess að hlusta á langar ræður og flytja langar ræður ef svo býður við að horfa. En ef hann sem stjórnarsinni óskar eftir að mál nái fram, þá væri betra fyrir hann að byrja ekki á slíkum ræðuhöldum sem hann hljóp til nú rétt áðan.

Hv. þm. var stórhneykslaður á því, að ég teldi niðurgreiðslur núv. ríkisstj. falsa vísitöluna. Þetta er samt staðreynd sem fólgin er annars vegar í því, að inn í vísitöluna er tekið verð á vörum sem ekki eru til, sbr. verð á gamla kjötinu nú í haust, og í öðru lagi með því að vísitölutímabilið er í raun og veru stytt. Í stað þess að miða við vöruverð í byrjun ágúst var miðað við vöruverð í miðjum sept. og í stað þess að miða við vöruverð 1. nóv. er miðað við vöruverð fram í miðjan des., allt til þess að falsa vísitöluna og draga úr kaupmætti launa. Þetta er ekkert ný starfsaðferð hjá fulltrúum Alþb. í ríkisstj. eða hjá hæstv. yfirráðh. núv. ríkisstj., hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Þegar hann var í ríkisstj. á árinu 1973 var kaupgjaldsvísitalan reiknuð út fjórum sinnum. Fjórum sinnum var ýmist gert að auka niðurgreiðslur eða fjölskyldubætur fyrir útreikningsdag kaupgreiðsluvísitölu til þess svo aftur að draga úr niðurgreiðslum eða fjölskyldubótum eftir útreikningsdag, — ráðstafanir sem voru eingöngu til þess fallnar að falsa vísitöluna og draga úr kaupgjaldi, fara á bak við launþega í landinu í stað þess að segja landsmönnum hreinskilnislega hvaða ráðstafanir væru nauðsynlegar til þess að atvinnuvegirnir gætu greitt það kaupgjald sem væri í samræmi við afkomu þeirra. Og hvað er það annað en tilraun til fölsunar á vísitölu, hvað er það annað en að fara á bak við landsmenn þegar í fjárlagafrv. núna er ekki gert ráð fyrir fullum kostnaði, árskostnaði, við niðurgreiðslu kaupgjaldsvísitölunnar um 10.5%, eins og er staðreynd og margupplýst hér í umr. um fjárlagafrv.? Hvað þýðir þetta í raun og veru, að það vantar á milli 2.8 milljarða og jafnvel upp í 4 milljarða að fjárveitingar samkv. fjárlagafrv. standi undir niðurgreiðslum er dugi til þess að lækka kaupgjald um 10.5%? Það þýðir það, að annað tveggja á sér stað á næsta ári, að ríkissjóður verður rekinn með halla, sá halli eykur á verðbólguna, eða hitt, að stórlækka verður niðurgreiðslurnar þegar líður á árið, sem gerir það að verkum, að allt vöruverð hækkar þeim mun meir. Ef við miðum við 2.8 milljarða, þá gæti ég trúað því, að í stað þess að niðurgreiðslan nemi 10.5% mundi hún nema um það bil 7%.

Þetta eru starfsaðferðir Alþb. þegar Alþb. er í ríkisstj., og fulltrúar Alþfl. og Framsfl. eru leiðitamir. Það á að blekkja fólkið og telja því trú um annað en það sem staðreyndir málsins segja til um. Það er þess vegna auðvelt að færa rök að þeirri staðhæfingu minni, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur bæði falsað vísitöluna, falsað kaupmátt launa og ætlar að halda uppteknum hætti á næsta ári.

Þá nefndi hv. yfirráðh., hv. 1. þm. Austurl., að fyrrv. ríkisstj. sem og aðrar ríkisstj. hefðu viðurkennt niðurgreiðsluaðferðina sem hagstjórnartæki, og það er alveg rétt. En það er allmikill munur á því, hvort niðurgreiðsl-

urnar eru orðnar svo háar, að það skekki alla verðmyndun í landinu og framleiðsluþætti í þjóðarbúinu, eða hvort hóflega er með þetta hagstjórnartæki farið. Það er auðvitað að stjórnvöld hafa gripið til niðurgreiðslna vegna þess að unnt er að greiða niður kaupgjald í landinu með ódýrara hætti á þann veg en með því að greiða það í beinhörðum peningum af hálfu atvinnuveganna. Þetta liggur í því m. a., að framfærsluvísitalan vegur ekki með réttum hætti útgjaldaþætti hinnar almennu fjölskyldu í landinu. M. a. er þetta skýringin á þessu misvægi. Þess vegna eru niðurgreiðslur vandmeðfarnar og það er ekki eingöngu stigsmunur, heldur eðlismunur á því, hvort til þeirra er varið mörgum tugum milljarða eða nokkrum milljörðum.

Þá nefndi hv. þm. ýmsa skatta er hann taldi fyrrv. ríkisstj. hafa sett á. Ég skal ekki rekja í einstökum atriðum þessa skatta, en sumir eru þess eðlis, að ekki er um skatta að ræða, eins og skyldusparnaður. Það er allmikill munur á því, hvort skattþegnar eiga von á að fá endurgreitt það sem innheimt er hjá þeim og endurgreiðslan sé þar að auki ýmist með fullri verðtryggingu eða bæði fullri verðtryggingu og vöxtum, eins og var um skyldusparnað þann sem lagður var á landsmenn í tíð fráfarnadi ríkisstj., eða að slík greiðsla sé innheimt óafturkræft hjá landsmönnum, eins og er um skattafrv. þau sem við erum nú að ræða um.

Það er líka athyglisvert, að núv. ríkisstj. hrósar sér af því sjálfsagt að gera tilhlaup að lækka sjúkratryggingagjaldið, sem fyrrv. stjórnarandstaða, hv. þm. Lúðvík Jósepsson, gagnrýndi sem óréttlátan skatt. Hann treystir sér ekki til að afnema þennan óréttláta skatt eða breyta honum í annað skattform nema að mjög litlu leyti. Og hvernig breytir hann þá þessum skatti í annað skattform? Jú, með því að gefa ákaflega litla lækkun á sjúkratryggingagjaldinu sjálfu á mjög takmörkuðu tekjubili, þar sem tiltölulega fáir njóta þess, en hækkar um leið þau gjöld sem tekin eru af sjúklingunum sjálfum og hljóta kannske að bitna mest á fólki á þessu tekjubili, a. m. k. ekki síður en á öðrum tekjubilum. Hér er því allt á sömu bókina lært. Það, sem menn hrósa sér af að gefa, er tekið aftur með hinni hendinni.

Það má nefna tímabundna vörugjaldið sem sætti mikilli andstöðu og átti að vera tímabundinn skattur. Hvað hefur núv. ríkisstj. gert? Farið í hámark þess skatts og hækkað vörugjaldið að hluta til upp í 30%. En í drögum að fjárlagafrv., sem fráfarandi ríkisstj. eða fráfarandi fjmrh. hafði undirbúið, var gert ráð fyrir því, að skref væri stigið til þess að lækka vörugjaldið almennt niður í 13 prósentustig, en samkv. fjárlagafrv. núna eru það ýmist 18 prósentustig eða 30 prósentustig.

Ekki er lækkaður einn einasti skattur af þeim sem hv. þm. gagnrýndi og taldi fráfarandi ríkisstj. hafa tekið upp. Öllum þessum sköttum er viðhaldið og við þá aukið, en þessu til viðbótar höfum við þm. dæmi um nýjar skattatillögur, nýjar skattaleiðir, þar sem öllum ráðum er beitt og allar leiðir farnar til þess að ná sem mestu af einstaklingum og atvinnufyrirtækjum í landinu. Þetta stingur vissulega í stúf við það sem átti sér stað á tímabili fráfarandi stjórnar.

Það, sem mestu máli skiptir, er auðvitað hver heildarskattheimtan er, og af ríkisins hálfu lækkaði heildarskattheimtan úr 31% miðað við þjóðarframleiðslu niður í 27-28% af þjóðarframleiðslu í tíð fráfarandi ríkisstj. Nú boðar hæstv. ríkisstj. að þetta hlutfall hækki í 30%, og spá mín er sú, að þegar fjárlagafrv. verður endanlega afgreitt og skattar samkv. því endanlega innheimtir, þá verði þetta hlutfall orðið umtalsvert hærra.

Þá skiptir það og máli, eins og hér hefur verið bent á, í hvaða formi sú skattheimta á sér stað, sem nauðsynlegt er að hið opinbera standi fyrir. Í tíð fráfarandi ríkisstj. var hlutfall beinna skatta lækkað úr 22% í 18% af heildarskattheimtu ríkisins. Nú er stefnt að hækkun hlutfalls beinna skatta yfir 20% a. m. k., og bendir allt til þess að það hlutfall muni enn hækka. Þarna sjá menn svart á hvítu muninn á skattastefnu fráfarandi ríkisstj. og núv. ríkisstj., og það mun víst og öruggt, að landsmenn munu kveða upp sinn dóm í fyllingu tímans um hvorri skattastefnunni þeir vilja fylgja

Varðandi sérstaklega það skattafrv. sem hér liggur fyrir um aukaskatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, þá vil ég endurtaka það sem ég sagði við 1. umr. um þessi frv., að það eru ekki rök til þess að gera mun á mismunandi notkun húsnæðis. Í fyrsta lagi er það til þess fallið, að farið sé á bak við hið opinbera í þessum efnum, og eykur þannig á spillingu í þjóðfélaginu, en í öðru lagi — og það er veigameira — er verslunar- og skrifstofuhúsnæði út af fyrir sig ekki ónauðsynlegra húsnæði en hvað annað húsnæði annarra atvinnugreina, því verslun og stjórnun fyrirtækja, sem fram fer á skrifstofu, er alveg eins fallin og annar atvinnurekstur til þess að auka framleiðni og afköst í þjóðfélaginu og bæta lífskjör landsmanna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:11 atkv.
2.-9. gr. samþ. með 24:11 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Nýbyggingagjald, frv. (þskj. 189, n. 240 og 243). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og ég hef þegar tekið fram, er þetta eitt með fleiri frv. sem eiga nokkuð saman í sambandi við nýja tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur skilað nál. um þetta frv. á þskj. 240 og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. En um þetta gildir sami fyrirvari og hefur verið gerð grein fyrir áður af hálfu þeirra Vilmundar Gylfasonar og Finns Torfa Stefánssonar, fulltrúa Alþfl. í nefndinni.

Hér er um tiltölulega mjög einfalt mál að ræða sem þegar hefur verið gerð grein fyrir við 1. umr. Ég sé því ekki ástæðu til að orðlengja það frekar. Hér er um nýtt skattgjald að ræða á öll mannvirki, sem lúta reglum um fasteignamat. Gert er ráð fyrir sérstöku 2% skattgjaldi, en þó er ráðh. veitt heimild til þess í 2. gr. að undanþiggja ýmsar byggingar þessu.

Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég skal ekki setja á lengri tölu um þetta mál en ég hef

þegar gert, en geri hér aðeins grein fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. Álit minni hl. er á þskj. 243 og þar leggjum við til að þetta frv. verði fellt.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það vekur reyndar athygli, að þetta er fyrsta frv. af þessum þremur, sem hér liggja fyrir um aukna skattáþján þjóðarinnar, sem Alþfl. gerir ekki fyrirvara um eða setur skilmála fyrir, og er það vissulega athyglisvert. Eitthvað hlýtur að vera að gerjast í þeim herbúðum þessa stundina.

Alþfl. lýsti miklum áhyggjum sínum fyrir síðustu kosningar um skattaáþján og skattpíningu þjóðarinnar. Þá var talað mikið um gerbreytta efnahagsstefnu og skattalækkun. Nú heyrist ekkert nema fyrirvarar og skilmálar. Það er jafnframt athyglisvert, að fsp., sem hv. þm. Geir Hallgrímsson varpaði hér fram til fjmrh. eða í fjarveru hans til hæstv. félmrh., sem var þá staddur í salnum, um hvað yrði gert við útsvörin, því að auðvitað hangir þetta allt saman: útsvör, skattar til sveitarfélaga, annars vegar og skattar til ríkisins hins vegar, en engin svör fengust við því, ekki einu sinni svör með fyrirvörum.

Nú er hér til umr. eitt af þremur skattafrv. sem hafa verið til umr. í dag. Hafa farið fram talsverðar umr. um þessi mál og ég skal ekki orðlengja þær mjög. Ég tek það strax fram, að ég hef sömu skoðun á þessum málum og hér hefur verið lýst af hv. frsm. minni hl. fjh.- og viðskn., og enn fremur er ég sammála þeim viðhorfum, sem komu fram hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni, og um málsmeðferð alla hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni. Það er augljóst, að ef það er tilgangur löggjafans að koma í veg fyrir að fjárfesting renni í arðsama farvegi, þannig að komi sé í veg fyrir gegndarlausa fjárfestingu í landinu, þá er þetta ekki aðferðin til þess. Á það hefur verið bent margoft hér á hv. Alþ., að aðrar leiðir eru heppilegri, og þær umr. fóru fram þegar rætt var um frv. til breytinga á seðlabankalögunum eða um raunvaxtamálin, þar sem þetta mál bar mjög á góma í þeim umr. Að sjálfsögðu er ekki aðaltilgangurinn að koma í veg fyrir gegnarlausa fjárfestingu, þótt áhrifin verði eflaust þau. Aðaltilgangurinn er auðvitað að ná meiri peningum í ríkissjóð vegna þess að hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hefur smíðað sér þau axarsköft nú þegar að til þess þarf ærið fjármagn að leysa þann vanda sem hún sjálf hefur skapað.

Í þessum umr. hefur komið fram hjá hv. 1. þm. Austurl., að fyrr hefðu setið ríkisstj. á Íslandi sem fundið hefðu upp ýmsa skatta og ég skal gjarnan taka undir þau sjónarmið. En ég held að það sé öllum ljóst núna, að hv. yfirráðh. þessarar ríkisstj., 1. þm. Austurl., á núverandi Íslandsmet í þessum efnum, og ég á satt að segja ekki von á því, að það verði slegið á næstu árum.

Það er athyglisvert í umr. öllum hér á Alþ., að þegar skattar eru hækkaðir er aldrei minnst á kjararýrnun, en þegar skattar eru lækkaðir, eins og t. d. var getið um varðandi aðgerðirnar 1. des. s. l., þá var talað um kjarabót í formi skattalækkana. Ég fæ þetta ekki heim og saman í kollinum á mér, en eflaust fást á þessu einhverjar skýringar síðar.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. sem hér er til umr. Það er brtt. við 2. gr. og henni hefur þegar verið dreift og ég óska eftir afbrigðum, þannig að hún geti komið til atkvgr. nú við 2. umr. málsins. Í 2. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Íbúðarhúsnæði er undanþegið gjaldskyldu samkv. lögum þessum. Heimilt er ráðh. að undanþiggja ákveðnar tegundir mannvirkja gjaldskyldu."

Og í aths. við frv. segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er fjmrh. með reglugerð að undanþiggja ákveðnar tegundir fasteigna gjaldskyldu, sbr. einnig heimild í 10. tölul. 16. gr. laga nr. 94 frá 1976."

Ef litið er á þessa lagagr., kemur í ljós að þarna er um að ræða mannvirki sem undanþegin eru fasteignamati í 16. gr. Það eru vegir og götur. Það eru einnig auð svæði, rafveitur, vatnsveitur, dýpkanir, flugbrautir, fjarskiptavirki, greftrunarstaðir og vitar, en 10. tölul. fjallar um það, að ráðh. geti í reglugerð undanþegið ákveðnar fasteignir eða tegundir fasteigna fasteignamati. Í þeirri till., sem hér liggur frammi til breytinga á frv., geri ég ráð fyrir því, að enn fremur verði undanþegnar gjaldskyldu samkv. 2. gr. þær nýbyggingar sem um getur í 5. gr. tekjustofnalaga sveitarfélaga, þ. e. a. s. sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, félagsheimili og samkomuhús sem ekki eru rekin í ágóðaskyni o. s. frv. Mér þykir það afar óeðlilegt, að ríkisvaldið, sem nú fer inn á þessa skattheimtubraut, fái að taka gjöld af byggingum, sem sveitarfélögin fá síðan ekki að taka gjöld af. Þess vegna flyt ég þessa tillögu.

Í ræðu hæstv. fjmrh. kom fram, að ríkisstj. gerði ráð fyrir að í ríkissjóð kæmu 300 millj. með þessu gjaldi, sem mun þýða að gjaldstofninn sé um 15 milljarðar. Ég hef því miður ekki gert úttekt á því, hvað þetta þýðir í raun, hvort sé ráðgert að í reglugerð hæstv. fjmrh. verði þau mannvirki, sem ég hef talið upp og um getur í 5. gr. tekjustofnalaganna, undanþegin þessu gjaldi. Komi það hins vegar fram úr ræðustól hjá hæstv. fjmrh., að ætlunin sé að svo verði gert, þá mun ég að sjálfsögðu draga till. mínar til baka. En meðan ekki fást skýrari svör en þau sem hæstv. fjmrh. gaf í umr., þ. e. að eflaust mætti hugsanlega kanna hvort leggja skyldi gjöld á fyrirhugaðar kirkjubyggingar, skólabyggingar o. s. frv., þá tel ég ástæðu til þess að binda hendur handhafa framkvæmdavaldsins þannig að Alþ. fái um þessi mál ráðið. Það skal tekið fram, að flestöll mannvirki, sem hér getur, eru byggð með þeim hætti að lagt er fram fé á móti ríkisvaldinu, annaðhvort frá einstaklingum, félögum þeirra eða sveitarfélögum. Ég tel þess vegna vera óeðlilegt að byrja á því, áður en hafist er handa um byggingarframkvæmdir, að leggja skatt á þessa aðila sem geri það jafnvel að verkum að ekki verði hægt að hefjast handa. Hugsanlega er þó tilgangurinn sá að koma í veg fyrir að umsóknir úr t. d. félagsheimilasjóði og öðrum slíkum sjóðum komi fram á næsta ári, en það auðvitað sparar ríkinu heilmiklar upphæðir. Um það vil ég gjarnan fá skýr svör.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að koma í ræðustól og segja skýrt og skorinort hvernig sú reglugerð verður sem hann hyggst setja í þessu máli, en að öðrum kosti skora ég á hv. þdm. að samþykkja þá brtt. sem ég hef lagt fram.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. almennt um skattamálin, en aðeins undirstrika þá meginstefnu sem kemur fram í þessum frv. öllum. Hún er sú að lækka skatta á lágtekjufólki í landinu, en hækka skatta á þeim sem hafa hærri tekjur.

Varðandi það atriði, sem hv. þm. Friðrik Sophusson ræddi um, sem snertir 2. gr. frv. til l. um nýbygginga-

gjald, þá er auðvitað ljóst að heimildarákvæðið um að undanþiggja ákveðnar tegundir mannvirkja gjaldskyldu er að sjálfsögðu í frv. af ákveðnum ástæðum og þeim ástæðum fyrst og fremst að undanþiggja ýmis af þeim mannvirkjum sem hv. þm. ræddi um. Ég geri ráð fyrir því, án þess að ég vilji lýsa neinu ákveðnu yfir í því efni án þess að athuga það nánar, að með reglugerðarheimild verði fylgt svipaðri stefnu og kemur fram í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8 frá 1972. Ég geri ráð fyrir því, en vil ekki á þessu stigi málsins segja meira um það mál.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 247, sem var of seint fram komin, samþ. með 31 shlj. atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um það meistarastykki stjórnarliða sem gengur undir nafninu: Frv. til 1. um nýbyggingagjald, og bið þá hv. þm., sem kunna að hafa áhuga á sveitarstjórnarmálum, að hlusta augnablik. Um þetta nýbyggingagjald, sem er 2% og á að gefa 300 millj. kr. tekjur í ríkissjóð, segir svo, með leyfi forseta, og þá ætla ég að leyfa mér að lesa upp 6. gr.:

„Taka má gjald samkv. lögum þessum lögtaki hjá byggingarleyfishafa eða eiganda mannvirkis. Nýbyggingagjaldinu fylgir lögveð í mannvirki því sem gjaldið er lagt á og skal ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef mannvirki eyðileggst eftir að gjaldið er fallið í eindaga er sami lögveðréttur fyrir því í tryggingaupphæðum þess.

Sveitarstjórn er óheimilt að gefa út byggingaleyfi fyrir mannvirkjum, sem gjaldskyld eru samkv. lögum þessum, nema fyrir liggi sönnun þess að gjaldið hafi verið að fullu greitt. Sé þessa ekki gætt er sveitarstjórn ábyrg fyrir greiðslu gjalds af viðkomandi eign og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið beint að sveitarstjórn við innheimtu þess." — Ég ætla að endurtaka þetta: „Sé þessa ekki gætt er sveitarstjórn ábyrg fyrir greiðslu gjalds af viðkomandi eign og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið beint að sveitarstjórn við innheimtu þess."

Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa þessa grein frekar, en með leyfi forseta hljóðar 7. gr. svo:

„Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum allt að 7 millj. kr., sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála."

Ég vil aðeins draga athygli þeirra, sem eiga þennan króga, á því, að hér er verið að gera sveitarstjórnir ábyrgar fyrir þessari gjaldtöku eða skilum á þessu nýbyggingagjaldi.

Í 5. gr., sem snertir Reykjavík, segir svo, með leyfi forseta:

„Gjald samkv. lögum þessum skal lagt á og innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra."

Ég sé ekki heldur ástæðu til þess að lesa alla 5. gr. Ég hef haldið að tollstjóraembættið væri alveg nógu upptekið embætti við þau verkefni sem það hefur á hendi að vinna. Það sýnir biðtíminn eftir einföldustu afgreiðslum þar, hvort sem er um skattgreiðslur að ræða eða tollafgreiðslur. Og ég tel alveg fráleitt að bæta meiri vinnu á tollstjóraembættið en gert er, eins og ég tel fráleitt að innheimta það gjald sem hér er lagt til að verði innheimt.

Hvernig á svo að standa að þessu? Það er ekkert ákveðið. Það er eins og það sé eftir geðþótta annars vegar Hagstofunnar og hins vegar Fasteignamats ríkisins hvað þetta gjald á að vera og það á að vera á mati einstakra embættismanna, hvers konar álagning á sér stað. Getur það verið, ef tvö hús eru afskaplega lík, annað er byggt á stórri súlu til að halda uppi viðkomandi byggingu, en hitt er ekki á súlum, að það eigi að hafa áhrif á gjaldtökuna? Hér segir, með leyfi forseta, og grípég þá inn í 3. gr.:

„Skal byggingarkostnaður í þessu sambandi miðast við rúmmetratölu mannvirkis og áætlaðan byggingarkostnað á þeim tíma er sú áætlun fer fram. Skal Hagstofa Íslands gefa út skrá um áætlaðan byggingarkostnað á rúmmetra í hinum ýmsu tegundum mannvirkja og skal gjaldstofn miðaður við þá áætlun. Skrár þessar skulu gefnar út í desembermánuði og júnímánuði ár hvert og skal gjaldtaka miðuð við þær næstu sex mánuði miðað við 1. jan. og 1. júlí ár hvert."

Sem sagt: í öllum venjulegum byggingum utan íbúðabygginga. Liggur við að þm. stjórnarandstöðunnar ættu að standa upp hver á fætur öðrum og þakka hæstv. ríkisstj. fyrir þá manngæsku, að hún skuli sleppa íbúðabyggingum við þennan skatt. Það er Hagstofa Íslands sem á að meta á hverjum tíma þetta gjald. Og eftir þessu á áætlun í upphafi byggingarframkvæmda eða þegar byggingarleyfi er gefið út að vera hið endanlega skattverð sem goldið er. En svolítið neðar í 3. gr. segir:

„Heimilt er að ákveða með reglugerð að skrár Hagstofu Íslands samkv. 2. mgr. skuli ekki taka til ákveðinna tegunda mannvirkja."

Hvaða tegundir mannvirkja eru það? Það er ekki nokkur leið að fá þá hugsun, sem liggur bak við þessa lagagerð, fram hjá hæstv. ríkisstj. Á þetta að vera geðþóttaákvörðun hverju sinni? Hver á að meta hvað hátt gjald skuli taka? Er það Hagstofan eða Fasteignamat ríkisins? Og hver á svo að innheimta þetta? Við vitum að það á að falla á tollstjórann í Reykjavík.

Ég verð að segja alveg eins og er, að ef hreinsunardeild Alþfl. *lætur sér stundum detta í hug líkingar eins og* t. d. kálgarðsráðh., þá verð ég að segja alveg eins og er, að þegar ég horfi á sumt af því sem kemur frá hæstv. ríkisstj. lítur það út eins og brotajárnshaugur, og það er ekki góð samlíking. Vildi ég þá heldur halda mig við kálgarðinn.

Að sveitarstjórnir skuli vera gerðar ábyrgar fyrir innheimtu á opinberum gjöldum er nákvæmlega það sama og öll verslunarstéttin eins og hún leggur sig er hneppt í fjötra í sambandi við innheimtu á söluskattinum. Verður öll verslunarstéttin og þeir sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur og fyrirtæki einstaklinga að vinna kauplaust fyrir ríkissjóð sem innheimtumenn ríkissjóðs. Og nú á að „móbilisera" — ef ég má nota það orð — allar sveitarstjórnir á landinu sem innheimtuaðila fyrir ríkissjóð. Er ekki komið nóg af svona lögum og þvingunar- og þrælahaldi á vegum ríkisstj.? Það er ekki nóg að hver og einn einasti einstaklingur og fyrirtæki eru orðin fyrirvinna ríkisstj. að því marki, að tæplega er nóg eftir fyrir rekstri atvinnufyrirtækjanna og heimilanna, heldur á að taka það sem eftir er og gera sveitarstjórnirnar sjálfar að hálfgerðum þrælum og innheimtumönnum ríkissjóðs.

Ég vil aftur benda á það atriði, að sveitarstjórnirnar eru hér gerðar ábyrgar fyrir skattheimtu til ríkissjóðs. Þarna er verið að skipta á milli annars vegar Hagstofunnar og hins vegar Fasteignamats ríkisins að ákveða hvaða gjald skuli tekið af viðkomandi mannvirkjum án

þess að skilgreina hvað á að vera hlutverk Hagstofunnar að meta og hvað á að vera hlutverk Fasteignamats ríkisins. Fyrir utan að mótmæla þessu, taka undir öll þau mótmæli sem hafa komið gegn þessum nýbyggingaskatti, vil ég líka benda á það, að það fer ekkert á milli mála, að auðvitað dregur þetta úr byggingarframkvæmdum, auðvitað er þetta ein tilraun til viðbótar til að draga úr vinnumarkaðinum. Það fer ekkert á milli mála, að ríkisstj. stefnir að því að skapa hér minnkandi eftirspurn eftir vinnuafli, sem getur leitt til atvinnuleysis, og líklega hugsar hún sem svo: Það vantar svolítið atvinnuleysi til þess að við getum pínt fólk áfram og ráðið betur við það. Fólki vegnar of vel, það er orðið of auðvelt að vinna fyrir sér á Íslandi. — Ég vil vara við þessu hættulega frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSt, HES, HG, SkA, KÓ, LJós, MHM, PP, SighB, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VG, ÞS, ÁG, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GilsG, IG.

nei: JÞ, LárJ, MB, MÁM, ÓE, SvH, AG, EBS, FÞ, FrS, GH.

5 þm. (JóhS, PJ, BGr, EH, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 247 tekin aftur.

2. gr. samþ. með 24:8 atkv.
3. gr. samþ. með 23:10 atkv.
4. gr. samþ. með 24:10 atkv.
5. gr. samþ. með 22:7 atkv.
6.-9. gr. samþ. með 24:11 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23:11 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 202 (sbr. 160), n. 238)). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um málið og voru allir nm. sammála um að mæla með samþykkt frv. í því formi sem það er þegar það kemur frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27:1 atkv.
2.-8. gr. samþ. með 26:1 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 149, n. 236). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta er einnig komið frá Ed. og hefur fengið afgreiðslu þar. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál og mælir með því, að frv. verði samþ. Tveir nm., þeir hv. þm. Ólafur G. Einarsson og Matthías Á. Mathiesen, skrifa undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 206, n. 237 og 248). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur einnig hlotið afgreiðslu í Ed. og tók þar allmiklum breytingum. Hér er um að ræða gjald sem hefur verið í gildi, en nú er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á þessu gjaldi og einnig gert ráð fyrir því, að eftir að það hefur runnið í ríkissjóð á komandi ári eigi gjaldið áfram að renna til framkvæmda í flugmálum.

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um málið og meiri hl. n. mælir með að það verði samþykkt, en tveir af þeim sem skrifa undir nál. á þskj. 237, þeir Vilmundur Gylfason og Finnur Torfi Stefánsson, skrifa undir nál. með fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Matthías Á Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. munu sjálfstæðismenn ekki taka þátt í þeirri skattaáþján sem nú ríður yfir þjóðina, og því leggjum við til að þetta frv. verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:12 atkv.
2. gr. samþ. með 23:11 atkv.
3. gr. samþ. með 23:5 atkv.
4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 38. fundur.

Þriðjudaginn 19. des., kl. 9 síðdegis.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 188). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýbyggingagjald, frv. (þskj. 189). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 260 (sbr. 190)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vörugjald, frv. (þskj. 202 (sbr. 160)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er athyglisvert að nú í kvöld skuli fara fram 3. umr. í þeim málaflokkum sem liggja fyrir þessum fundi, ekki síst þegar menn hafa nú beðið hér á Alþingi í nokkra daga eftir því að fá einhvern botn í það, hvernig mál standa innan stjórnarflokkanna. Ég held að það, sem hafi gerst núna, sé að þm. Alþfl. ætli að loka þessu máli og þar með loka öllum leiðum í þessari d. til þess að hafa áhrif á þessi frv., jafnvel þótt ekki verði komið að neinu leyti til móts við þá í þeim tillögum sem þeir berjast fyrir og kallast stundum tillögur um jafnvægisdans á rósum, svo að ég noti orðalag eins ráðh. í ríkisstj.

Áður en þetta mál, sem hér er til umr., verður afgreitt úr þessari d., tel ég að kominn sé tími til þess, að einhver af hæstv. ráðh. sem hér eru staddir, — ég sé að þeir eru hér a. m. k. þrír, mér dettur í hug að hæstv. iðnrh. væri kannske best til þess kjörinn, — komi hér í ræðustól og geri þingheimi grein fyrir því, hvað hann hyggst gera í sambandi við þau mál sem enn eru óleyst vegna tollalækkana hjá iðnaðinum. Ég held að það sé kominn tími til þess jafnframt, að það fáist botn í þessi mál eins og fleiri mál hér á hv. Alþ. Mér finnst líka fara vel á því, að þetta mál upplýsist um leið og fjallað er hér um auknar skattaálögur. Þess vegna óska ég eindregið eftir því, að okkur í stjórnarandstöðunni og öðrum þeim þm. sem fá ekki að fylgjast jafnmikið með og þeir sem eru í innsta hring þeirra sem hér á Alþ. eru að búa til fréttir og halda að hv. Alþ. sé einhvers konar „sensasjón-fréttablað", — *ég held að kominn sé tími til þess, að okkur sé gerð grein* fyrir því, hvað ríkisstj. hyggst gera í þessu máli. Það hafa verið gefnar út alls konar yfirlýsingar um málið, þær helstar þó, að í staðinn eigi að koma einhvers konar ígildi þess sem er í dag.

Ég mælist til þess, að hæstv. ráðh. komi hér í ræðustól og skýri þingheimi frá þessu. Ef hann fæst ekki til þess, þá vil ég að hæstv. yfirráðh. ríkisstj., sem um þessi mál hefur fjallað í fjölmiðlum m. a. í haust, komi hingað og geri grein fyrir máli sínu, því að senn líður að þingfrestun *þar sem kratarnir hafa nú gefið eftir í þessu máli* og ætla sér að loka umr. hér í hv. Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 261).

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 149). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 262).

Flugvallagjald, frv. (þskj. 206). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 213). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir þessu frv. á þskj. 213 um breyt. á l. nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 1971, með síðari breytingum. Hæstv. heilbr.- og trmrh. er ekki viðstaddur og ég hleyp í skarðið og mæli fyrir þessu frv. sem kemur frá Ed.

Þetta frv. er eitt af mörgum frv., sem eru fylgifrv. með fjárlagafrv., og fjallar um breytingar á sjúkratryggingagjaldi sem nú er 2% af gjaldstofni útsvara. Breytingin er fólgin í því, að gjaldið verður 1.5% á gjaldstofninn af fyrstu 3 millj. 450 þús. kr. tekjum hjá einstaklingum og 2% af því sem er umfram. Hjá samsköttuðum hjónum verður gjaldið 1.5% af gjaldstofni af fyrstu 4.6 millj. kr. og 2% af því sem umfram er. Er áætlað að þessi breyting rýri tekjur ríkissjóðs um 1450 millj. kr. á næsta ári.

1. gr. þessa frv. fjallar um álagningu gjaldsins og að gjaldstofninn skuli vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1979 samkv. 1., 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 8 18. maí 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, þó að frádregnum bótum samkv. II. og IV. kafla laga nr. 67 frá 20. apríl 1971, með síðari breytingum, námsfrádrætti er skattstjóri ákveður vegna þeirra er stunda nám í a. m. k. 6 mánuði á hverju ári, lækkunum

skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkv. 52. gr. laga nr. 68 1971, með síðari breytingum, og í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkv. a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1978, 450 þús. kr. hjá einstaklingum og hjá hjónum 750 þús. kr.

Eins og ég gat um áður skal gjaldið vera um 1.5% samkv. 3. tölul. 1. gr. af fyrstu 3 millj. 450 þús. af gjaldstofni, en 2% af því sem umfram er hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi. Hjá hjónum, sem samsköttuð eru, skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 4 millj. 600 þús. af gjaldstofni, en 2% af því sem umfram er.

Þessi lög eiga að öðlast gildi 1. jan. 1979.

Í frv. til fjárl. fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir því, að á árinu 1979 verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 70 frá 1977 á árinu 1978, og er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir að álagt gjald muni nema um 6 milljörðum 350 millj. kr., er gæfi 5 milljarða og 600 millj. í innheimtar tekjur ríkissjóðs á næsta ári.

Með 2. gr. laga nr. 103 frá 1978, þ. e. a. s. ráðstöfunum sem gerðar voru 1. des., er gefið vilyrði um að ríkisstj. muni beita sér fyrir lagasetningu er feli í sér lækkun skatta og gjalda á lágtekjufólki sem metin sé 2% af verðbótavísitölu þeirri sem gildir fram að 1. des. 1978 og þá miðað við skattalækkun frá forsendum fjárlagafrv. Till. ríkisstj. um skattalækkun þessa eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að skattvísitala hækki frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlagafrv., en hins vegar er lagt til að sjúkratryggingagjald lækki, og felst sú lækkun í þessu lagafrv. Til að tryggja að lækkun sjúkratryggingagjalds komi lágtekjufólki og þeim, er hafa lágar miðlungstekjur, fyrst og fremst til góða er lagt til að sjúkratryggingagjaldið verði stighækkandi, eins og ég hef gert grein fyrir áður og kemur fram í frvgr.

Eins og ég gat um í upphafi kemur þetta frv. frá Ed. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um það, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 111, n. 245). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. d. hefur tekið til meðferðar mál um almannatryggingar og leggur einróma til að frv. verði samþykkt. Hér er um staðfestingu á brbl. að ræða sem allir hv. nm. hafa fallist á að mæla með.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 169, n. 252). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um það frv. sem hér er til umr., en frv. er á þskj. 169. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv., eins og fram kemur í nál., en 2 nm., þeir Gunnar Thoroddsen, hv. 11. þm. Reykv., og Jósef H. Þorgeirsson, hv. 7. landsk. þm., skrifa undir nál. með fyrirvara.

Frv. þetta fjallar um það að framlengja í eitt ár lagaákvæði um lítið gjald sem kallað hefur verið iðnaðargjald og rennur til Iðntæknistofnunar Íslands. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa hér kafla úr aths. með frv. hv. þm. hér í d. til glöggvunar, en þar segir á þessa leið:

„Í 45. gr. laga nr. 64 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, eru ákvæði um að greiða skuli gjald til Rannsóknastofnunar iðnaðarins er nemi 2‰ af kaupi verkafólks og fagmanna hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum. Í bráðabirgðaákvæðinu var ákvæði um að gjaldið skuli innheimt til loka ársins 1978 og renna til Iðntæknistofnunar Íslands.

Með þessum lögum“ — þ. e. a. s. ef frv., sem hér er verið að fjalla um, verður að lögum — „er ákvæðið framlengt um eitt ár.“

Þess skal getið, að iðnn. leitaði umsagnar hjá stjórn Iðntæknistofnunar Íslands varðandi efni þessa frv. og frá Iðntæknistofnuninni barst okkur bréf sem hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Formaður iðnn. hefur í dag óskað eftir umsögn stjórnar Iðntæknistofnunar um ofangreint frv.

Þar sem óskað er eftir svari samdægurs gefst ekki tækifæri til að boða til fundar stjórnar af þessu tilefni. Þess má hins vegar geta, að frv. þetta var kynnt stjórninni á fundi 14. des. s. l. og er umsögn nú látin í té í samráði við formann stjórnar, hr. Braga Hannesson.

Í stuttu máli telur Iðntæknistofnun ekki ástæðu til að gera aths. við frv. Rétt er hins vegar að láta þess getið, að það er skilningur vor, að 91 millj. kr. af jöfnunargjaldi komi óskipt í hlut stofnunarinnar til skilgreindra iðnþróunarverkefna, sem Iðntæknistofnun gerir tillögur um til iðnrn.

F. h. Iðntæknistofnunar Íslands.
Sveinn Björnsson,
forstjóri.“

Þetta er tilvitnunin í umsögn Iðntæknistofnunar. Þeir tala hér í sinni umsögn um það sem sinn skilning, að 91 millj. kr. af jöfnunargjaldi komi óskipt í hlut Iðntæknistofnunar. En um þau efni segir í aths. með því frv., sem hér er til umr., það sem nú skal greint, þar segir á þessa leið:

„Í 9. gr. laganna um Iðntæknistofnun Íslands segir í b-málslið, að hluti af jöfnunargjaldi skuli frá og með 1979 vera einn af tekjustofnum.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að 91 millj. kr. af jöfnunargjaldi skuli varið til Iðntæknistofnunar Íslands án þess þó að nokkur aukning komi til á starfsemi stofnunarinnar. Þessi fjárhæð af

jöfnunargjaldi er því fyrst og fremst vegna launahækkana og verðhækkana milli ára og til þess að bæta upp tekjumissi af iðnaðargjaldi. Þetta veldur því hins vegar, að ófullnægjandi fjárhæð af jöfnunargjaldi getur runnið til brýnna iðnþróunarverkefna, svo sem til starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins o. fl."

Síðan segir áfram í aths. með því lagafrv. sem við erum að ræða í kvöld:

„Til þess að koma í veg fyrir, að áhrif jöfnunargjaldsins til eflingar iðnþróunar verði stórkostlega skert, er talið eðlilegt að ákvæðið um iðnaðargjaldið verði framlengt um eitt ár." — Það er einmitt efni þessa frv. að þetta verði gert. Síðan er tekið fram að áætluð fjárhæð iðnaðargjaldsins árið 1979 sé um 70 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta dagskrármál. Það liggur sem sagt fyrir, að það er samkomulag nm. í iðnn. að mæla með samþykkt þess, og það liggur einnig fyrir, að Iðntæknistofnunin, sem hefur látið umsögn í té, sér ekki ástæðu til að gera neinar aths. við efni frv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Vegna heldur ógreiðra svara hæstv. ráðh. áðan við spurningum mínum, ég geri ráð fyrir að það hafi helst verið vegna þess að ekkert var um iðnaðarmál á dagskrá þá, leyfi ég mér að ítreka spurningar mínar. Það þarf ekki að endurtaka þær frá orði til orðs, ég veit að menn misstu ekki af þeim áðan, en ég leyfi mér að ítreka þær.

Í nál. er fskj. þar sem minnst er á jöfnunargjald, og það gefur þm. væntanlega ástæðu til að spyrjast fyrir um það, hvað ríkisstj. hyggist gera í málefnum iðnaðarins vegna væntanlegrar tollalækkunar á næsta ári. Það mál tengist jafnvel hugsanlega jöfnunargjaldinu og ég vil leyfa mér hér, vegna þess að það er verið að keyra mál hér í gegn fyrir jólin, að óska nú eftir því, að hv. þm. í þessari d. verði nú svarað hvernig þetta mál stendur. Það er kominn tími til þess að menn fái að vita hvernig mál standa sem mikið hefur verið rætt um í fjölmiðlum, eða eigum við kannske að lesa það á milli jóla og nýárs eða fyrstu dagana í janúar að sett hafi verið brbl. um þessi mál. Því æski ég þess, að það verði komið til móts við okkur í þessu máli og okkur verði tjáð hvernig þetta mál standi, ella lít ég svo á að ríkisstj. hafi enga stefnu í þessum málum.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil í sambandi við þær fsp., sem hér hafa komið fram frá hv. þm. Friðrik Sophussyni, geta þess, að það, sem hann spyr um, er til meðferðar í ríkisstj. þessa dagana og hefur raunar verið til undirbúnings þar á undanförnum mánuðum og vikum, en ákvarðanir hafa ekki verið teknar um aðgerðir í sambandi við stuðning við iðnaðinn sem fyrirheit hafa verið gefin um.

Mér þykir ekki vera mikil ástæða til þess fyrir hv. stjórnarandstæðinga að býsnast mikið yfir því, þó að ekki hafi verið gripið til sérstakra aðgerða vegna fyrirhugaðra tollalækkana gagnvart EFTA og EBE, þar sem mér er ekki kunnugt um að þeir hafi, á meðan þeir réðu nokkru um stjórn landsins, haft neinar fyrirætlanir uppi í sambandi við samningsbundin tollaákvæði og þeir hafa ekki sýnt stuðning við þau áform, sem ríkisstj. sýndi lit á í málefnasamningi sínum, að veita iðnaðinum stuðning með því að fresta tollalækkunum sem koma eiga til framkvæmda um áramótin.

Nú er það sem sagt til athugunar, til hvaða ráða skuli gripið, og ég vænti þess, að þau mál skýrist að nokkru á næstu dögum. Þarna er ýmislegt sem kemur til álita, t. d. tekjuöflun til stuðnings við iðnþróunaraðgerðir umfram það fjármagn sem til ráðstöfunar er í því skyni af jöfnunargjaldi sem lögleitt var á síðasta vori.

Ég gerði nokkra grein fyrir þessu máli, að mig minnir, í gær í Ed., og hefur verið getið í fjölmiðlum nokkurra atriða sem þar komu fram.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta á þessum fundi nú, en geri ráð fyrir að þessi mál skýrist alveg á næstu dögum að því er varðar tilteknar aðgerðir, m. a. til fjáröflunar til stuðnings iðnþróunaraðgerðum. Fleiri mál eru á dagskrá sem snertir þetta og taka lengri tíma og eru til meðferðar m. a. í mínu rn., og ég vænti að þar þoki einnig nokkuð áfram á næstunni.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. landsk. þm. fyrir þessa fsp. Satt að segja kom mér svar hæstv. ráðh. ekkert á óvart. Fyrirspyrjandi spurði hvort ríkisstj. hefði einhverja stefnu í iðnaðarmálum. Hann hefði náttúrlega ekki þurft að spyrja, vegna þess að hæstv. ríkisstj. sýnist vera stefnulaus, ekki aðeins í þessum málum, heldur yfirleitt í öllum málum, ein ringulreið ríkir á því heimili. En ég fagna svari hæstv. ráðh., því að hann sagði að málið væri til meðferðar í ríkisstj., og mér finnst það vera framfaramerki. Ég vona að það séu fleiri slík stefnumarkandi mál til athugunar í ríkisstj. og ekki líði langt þangað til myndist einhver stefna í iðnaðarmálum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Sameinað þing, 39. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 241). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, þáltill. (þskj. 197). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. þessi er um að heimila að fullgiltur verði fyrir Íslands hönd samningur sem undirritaður var 24. okt. s. l. um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Hafa nýlega borist mjög eindregnar óskir frá öðrum aðilum um að samningur þessi verði fullgiltur fyrir áramót, og er það ástæðan fyrir því að þetta mál er seint á ferð. Hefur málinu raunar verið skipt í tvennt. Annars vegar er till. til þál. sem hér er til umr. og er eingöngu um staðfestingu. Hins vegar er frv. til l.

varðandi samning þennan, 141. mál, sem ekki þarf að afgreiða fyrr en síðar, en með frv. er texti samningsins í heild.

Samningur þessi á að koma í staðinn fyrir samning frá 8. febr. 1949, um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, en þann samning fullgiltu Íslendingar í febrúar 1950 og gekk hann í gildi þá um sumarið.

Við útfærslu fiskveiðilögsögu strandríkja við Norðvestur-Atlantshaf gjörbreyttist skipan fiskveiðimála á því svæði. Hafist var handa um gerð nýs samnings sem tæki mið af hinu breytta ástandi. Endanlega var gengið frá þessum samningi á ráðstefnu í Ottawa 11.-21. okt. 1977 og á fundi sérfræðinga í maí á þessu ári. Samningurinn var undirritaður í Ottawa 24. okt. s. l. af fulltrúum Danmerkur (vegna Færeyja), Íslands, Kanada, Noregs, Portúgals, Rúmeníu, Sovétríkjanna, Þýska alþýðulýðveldisins og Efnahagsbandalags Evrópu. Samningurinn mun öðlast gildi hinn 1. janúar næstan eftir að sex ríki hafa fullgilt hann, þ. á m. að minnsta kosti eitt strandríkjanna er fiskveiðilögsögu hafa á samningssvæðinu.

Samningurinn gerir ráð fyrir að komið verði á fót nýrri stofnun, Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðistofnuninni, er taki við af fiskveiðinefnd þeirri sem starfandi er skv. samningnum frá 1949. Í tengslum við stofnunina munu starfa vísindaráð og fiskveiðinefnd. Vísindaráðinu er ætlað það hlutverk m. a. að verða vettvangur samvinnu um rannsóknir varðandi fiskveiðar á samningssvæðinu og að safna tölfræðilegum upplýsingum. Fiskveiðinefndin skal hins vegar vera ábyrg fyrir stjórnun og verndun fiskstofna sem liggja utan fiskveiðilögsögu strandríkja á samningssvæðinu. Er hlutverk og valdssvið n. í fullu samræmi við löggjöf strandríkja við Norðvestur-Atlantshaf.

Herra forseti. Ég vænti þess, að þingið vísi till. til hv. utanrmn., en hún hefur fyrirhugað fund í fyrramálið, þannig að unnt ætti að vera, ef enginn ágreiningur rís, sem ég á ekki von á, að afgreiða till. áður en þingi lýkur fyrir jól og án þess að það taki nema lítið af starfstíma þingsins.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til utanrmn. með 42 shlj. atkv.

Gjald á veiðileyfi útlendinga, þáltill. (þskj. 18). — Frh. einnar umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Það kann að skjóta nokkuð skökku við að hefja umr. um þetta mál núna mitt í jólaönnunum. Hins vegar á þetta mál nokkuð sammerkt með þeim umr. sem hafa farið hér fram undanfarna daga. Það fjallar um gjaldtöku, það fjallar um skatt. Í þessu tilviki er þó nokkuð jákvæður skattur að því leyti, að ætlunin er að taka hann af útlendingum, en ekki Íslendingum.

Það eru tæpir tveir mánuðir frá því að þetta mál kom á dagskrá hér á hinu háa Alþingi, og þetta er þriðja tilraunin sem gerð er til þess að ljúka 1. umr. málsins. Þetta segir mér þá sögu, að hér hafi raunverulega verið meiri hagsmunir í húfi en ég bjóst við þegar ég gekk frá þessu máli til flutnings hér í Sþ., bæði peningalegir og persónulegir hagsmunir sem eru þarna í húfi, enda margir rætt málið og margir á mælendaskrá enn þá.

Ég vil taka það fram strax, að í máli manna hér um þá þáltill., sem ég er 1. flm. að, hafa ekki komið fram neinar staðreyndir sem hagga á nokkurn hátt þeim tölulegu staðreyndum og upplýsingum sem ég kom á framværi við framsögu í þessu máli.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég lít ekki svo á, að þessari þáltill. eða afgreiðslu hennar sé beint gegn bændum, eins og hér hefur verið sagt æ ofan í æ. Hún er ekki til þess að koma í veg fyrir veiðar erlendra manna á Íslandi. Hún er eingöngu til þess að reyna að jafna hlut Íslendinga og útlendinga við laxveiðar á Íslandi. Hún er ekki lögð fram til þess að rýra tekjur bænda, það er ekki efni hennar. Og hún er ekki lögð fram til þess að svipta veiðiréttareigendur rétti sínum. Allar þessar fullyrðingar hafa verið bornar hér fram og eru að mínu mati úr lausu lofti gripnar.

Þetta mál er í grundvallaratriðum það að leggja gjald á erlenda laxveiðimenn er renni til fiskræktar á Íslandi og geti örvað fiskbúskap, m. a. fiskbúskap bænda og fiskbúskap í sjó. Það er verið að leita þarna að tekjulið sem gæti runnið til þessara mála. Þetta er einnig gert til þess að reyna að jafna hlut Íslendinga og útlendinga í samkeppninni um íslenskar laxveiðiár, enda hafði framlagning þessa máls þau áhrif, að í gang fóru þegar í stað samningaumleitanir og undirritanir á samningum við útlendinga um góðar laxveiðiár hér á landi. Menn vildu flýta sér áður en gjaldið yrði lagt á.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um helstu atriðin, þau sem ég tel svaraverð, sem komið hafa fram í ræðum hv. þm. við umr. um þetta mál.

Ég vil byrja á því að þakka hæstv. landbrh. góðar undirtektir við þessa till. Hann kvaðst vera sammála báðum höfuðsjónarmiðunum sem fram komu í þáltill., þ. e. a. s. gjaldtökunni og fiskræktarsjónarmiðinu.

Ráðh. efaðist um að þessi till., ef fram næði að ganga, mundi hamla eða draga úr veiðum útlendinga hér á landi. Þetta kemur þvert á skoðun veiðiréttareigenda, sem túlkuð hefur verið rækilega hér á hinu háa Alþ., og fulltrúa þeirra, sem hér hafa talað.

Hv. þm. Páll Pétursson gerði að umtalsefni að útlendingar hefðu haft hér á síðasta ári 5 þús. veiðidaga, Íslendingar 19 þús. og 8900 hefðu verið óseldir, og hann spurði: Hvers vegna nýta Íslendingar ekki þessa 8900 veiðidaga? Ástæðan er afskaplega einföld. Þessir 8900 veiðidagar, sem þarna eru afgangs, eru ýmist í vatnslitlum eða laxlausum ám. Það mætti t. d. kanna hvort það yrði ekki bylting til hins betra ef verðið yrði lækkað á þeim ám sem Íslendingum standa til boða. Nýtingin gæti þá orðið eitthvað skárri en kemur fram í þessum tölum.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði að seljendur veiðileyfa, þ. e. veiðiréttareigendur eða umboðsmenn þeirra yrðu að taka þetta gjald á sig. Þetta er alls ekki rökrétt. Þetta gjald kæmi á veiðileyfin og kaupendur þeirra greiddu það nákvæmlega eins og menn greiða söluskatt af bíómiðum og öðrum aðgöngumiðum að danshúsum eða skemmtistöðum hér.

Páll Pétursson, hv. þm., sagði að ef þetta yrði nú að veruleika, þetta mál, þessi till., þá mundu bændur snúa sér að netaveiði í laxveiðiám. Þetta er lítt dulbúin og heldur ógeðfelld hótun sem ég kann ekki alls kostar við.

Þá tók Páll Pétursson Miðfjarðará sem dæmi um á þar sem arðskipting væri sérstaklega góð, eðlileg og væri á

þann hátt, að allir veiðiréttareigendur gætu vel við unað. Það er von að hv. þm. taki þetta dæmi. Miðfjarðará er þekkt einmitt fyrir þetta og hún er bara undantekningin sem sannar regluna. Þess vegna nefndi hv. þm. þetta dæmi.

Hann lét að því liggja eins og margir aðrir, að nú ætti að fara að hirða eignarréttinn af bændum. Ég hef tekið það skýrt fram í máli mínu og gerði það í framsöguræðu, að þessi þáltill. snerist ekki um það, og ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þann þátt málsins.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson talaði þannig, að ég held að ég mundi kjósa að hann yrði einhvers konar farandræðumaður Alþfl. eða á hans vegum, þannig að hann sneri mönnum frá villu síns vegar og til réttrar trúar, þ. e. a. s. til sósíaldemókratisma. Ég held að það væri eitt besta ráðið sem þeir, sem kenna sig við sósíalisma, gætu fengið, að láta landslýð hlusta á ræður eins og hv. þm. flutti hér. (Gripið fram í.) Til sósíalisma, einmitt. Ég hirði ekki um að fara mörgum orðum um þessa ræðu hv. þm. Hann lét að því liggja, að 1. flm. þessarar þáltill. gengi erinda Landssambands stangveiðifélaga. Í fyrsta lagi er 1. flm. ekki í neinu stangveiðifélagi, og þetta er heldur ósmekkleg aðdróttun. Ég gæti með nákvæmlega sama rétti sagt, að hv. þm. Ólafur G. Einarsson væri í þessu máli málpípa erlendra auðmanna. Þetta gæti ég sagt með nákvæmlega sama rétti og hann lætur að því liggja hér, að 1. flm. gangi erinda Landssambands stangveiðifélaga.

Hv. þm. Pálmi Jónsson flutti óvenjulega skörulega ræðu að því leyti, að hann tók í strákinn Tuma og sagði honum til syndanna á þann hátt sem mér skilst að hv. þm. sé ekki tamt að gera í þingræðum hér á þingi, hann sé hógværari en það, að hann taki svo til orða sem hann gerði í ræðu sinni. Ég ætla ekki að deila við hann.

Þá vil ég aðeins að lokum til þess að lengja ekki þessa umr., sem ég tel að sé orðin fulllöng og einum of löng, leiðrétta mjög leiðan misskilning sem kom fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, sem hafði mörg orð um það og náttúrlega hefur haft í huga reynsluleysi ungra þm., að þau fáheyrðu tíðindi hefðu gerst hér á Alþ., að 1. flm. þessa máls hefði talað fyrir þáltill. og síðan boðað í lok máls síns að hann mundi flytja frv. um nákvæmlega sama mál. Hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur líklega ekki verið í þingsalnum eða ekki hlustað á ræðu mína eða lesið útskrift úr henni, því það, sem ég segi orðrétt í lok ræðu minnar um þetta atriði, er, með leyfi hæstv. forseta:

„1. flm. þessarar till. mun innan skamms fylgja henni eftir með tillögu um nýskipan fiskræktar í sjó og vötnum og um nýtt átak á því sviði.“

1. flm. var ekki að boða frv. um þetta sama mál, heldur um allt annað mál, og hæstv. landbrh. tók það fram í ræðu sinni, því hann skildi mig, að hann væri einmitt að láta athuga þessi atriði öll í sambandi við fiskræktina, sem er eitt af merkustu málum sem hafa komið upp á síðustu árum og gæti stórbætt bæði búskaparhorfur bændastéttarinnar, sem hefur verið næsta lánlaus að því leyti að hafa ekki gefið þessum málum meiri gaum en hún hefur gert, og einnig gæti þetta orðið stórmál í sambandi við fiskrækt í sjó. Menn hafa látið sig dreyma um það, að hægt væri að rækta uppi á landi eða í eldiskerum í sjó keilu-, þorsk- og ýsustofnana, og mér virðist að þjóðinni veitti ekki af því, ef það reyndist unnt að gera það. A. m. k. skaðaði ekki að gera tilraunir og undirbúa málið þannig að menn gætu farið að gera eitthvað verklegt.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins í örstuttu máli gera nánari grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Það mátti e. t. v. misskilja aðeins ummæli hv. frsm. Það er rétt sem kom fram hjá hv. frsm., að ég er mjög hlynntur því markmiði þessara tillögu að auka rannsóknir á fiskeldi og fiskrækt. Ég tel að við höfum vanrækt það, ekki sinnt því eins og skyldi. Mér sýnist í því sambandi einnig mjög æskilegt að efla Fiskræktarsjóð með öðrum tekjum en framlagi t. d. á fjárl. Að vísu hefur Fiskræktarsjóður nokkrar tekjur, m. a. frá rafveitum, en ég tel að við þær þurfi tvímælalaust að bæta. Mér hefur því sýnst vel koma til greina að veiðimenn greiði fyrir veiðileyfi, eins og víða tíðkast, eitthvert gjald, bæði innlendir og erlendir, og þá tel ég eðlilegt, eins og t. d. er í Bandaríkjunum og Noregi, að erlendir veiðimenn greiði eitthvað hærra gjald. Hins vegar spurðist ég einnig fyrir um það, hvað flm. væru með háar upphæðir í huga, og ég vil láta það koma fram, að stuðningur minn við þetta mál fer mjög eftir því.

Ég get getið þess, að við hv. þm. Stefán Jónsson fluttum, eins og reyndar hefur komið fram áður, till. í Ed. fyrir nokkrum árum svipaðs eðlis, um aukna rannsóknarstarfsemi á þessu sviði fyrst og fremst, og gerðum ráð fyrir tekjum af slíkum leyfum. Við vorum þá með í huga, ef ég man rétt, eitthvað í kringum 1000 kr. af innlendum veiðimanni og 5000 kr. af erlendum, og hygg ég að það sé hlutfall sem sé nokkuð algengt víða um heim þar sem þessi tekjustofn er notaður í þessu skyni.

Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki vænst þess, að þetta mál kæmi til umr. hér í dag, 20. des. Segir það sína sögu um það ástand sem ríkir í herbúðum stjórnarflokkanna, að mál af þessu tagi skuli gert að aðalumræðuefni dagsins í dag. Ég tel að það væri fremur ástæða til að hraða meir störfum í sambandi við afgreiðslu fjárl. og afgreiðslu þeirra mála, sem hæstv. ríkisstj. hefur í hyggju að koma fram á hinu háa Alþingi áður en það verður sent heim í jólaleyfi, heldur en ræða það mál sem er nú á dagskrá.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þá ræðu sem hv. 1. flm. þessa máls flutti áðan. Hann komst svo að orði, að hann ætlaði ekki að deila við mig um þetta mál. Ég held að hann hafi sagt að ég hafi flutt óvenjulega skörulega ræðu fyrr í umr. Það sýnir e. t. v., að þær röksemdir, sem ég bar fram í þeirri ræðu, hafi verið með þeim hætti, að hv. 1. flm. á ekki við að fetta mikið fingur út í hana. Nokkur atriði vil ég samt árétta við þessa umr.

Í fyrsta lagi vil ég segja það út af orðum hæstv. landbrh., þar sem hann lýsti því, að hann teldi að gjaldtaka væri eðlileg af veiðileyfum og þá bæði af veiðileyfum til Íslendinga og útlendinga, að um það er ég ekki sammála. Ég tel að ef við viljum auka framlög frá veiðimálunum í heild til opinberra aðgerða í fiskrækt sé eðlilegt að hækka framlög til Fiskræktarsjóðs sem nú eru 2% af skírum tekjum veiðifélaga. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hafi ekki með þessum orðum verið að gera of lítið úr þeim miklu framlögum sem veiðiréttareigendur sjálfir hafa lagt til þessara mála með félagslegum aðgerðum. Þau framlög eru mikil, eins og ég rakti að nokkru í ræðu minni fyrir nokkrum vikum og skal ekki

endurtaka. Afleiðingar af því starfi og enn fremur af aðgerðum opinberra aðila í fiskræktarmálum hafa orðið þær, að laxveiði í landinu hefur margfaldast á liðnum áratugum, eða nær fjórfaldast frá árunum 1946-1950 til áranna kringum 1975. Þetta segir sína sögu um það, að verulega hefur áunnist í þessum þýðingarmiklu málum. Ég skal síst gera of lítið úr því, að þar megi betur gera. Er þá eðlilegt, ef lögð verði meiri gjöld á veiðiréttareigendur og veiðifélögin til þessara mála, að jafnframt komi aukinn opinber stuðningur á móti. Þetta vildi ég láta koma hér fram og vænti þess, að með þessum orðum hafi hæstv. ráðh. ekki verið að gera lítið úr því mikla framlagi sem bændurnir sjálfir, veiðiréttareigendur sjálfir, hafa lagt til þessara mála, sem sannast einnig að hefur tekist allsæmilega vegna þess árangurs sem orðið hefur í veiðimálunum í landinu í heild á nokkrum tíma. Sá árangur hefur skilað arði sem þjóðin í heild nýtur góðs af.

Hv. 1. flm. þessa máls gerði nokkuð að umtalsefni í framsöguræðu sinni og minntist á það aftur hér áðan, að skipting á veiðiarði milli veiðiréttareigenda væri með nokkrum ólíkindum og ákaflega misjöfn, og í framhaldi af því komst hann að þeirri niðurstöðu, að veiðitekjur skiptu í raun engu umtalsverðu máli fyrir bændurna í landinu eða afkomu þeirra. Þetta er auðvitað hinn mesti misskilningur eins og ýmislegt fleira í máli þessa hv. þm. Sá arður, sem af þessu sprettur, hefur að mínu mati veigamikil áhrif á afkomu þeirra manna sem búa við það að eiga hlut í þessum hlunnindum.

Hitt er svo annað mál, að þessum arði er vissulega misskipt, og svo hlýtur alltaf að verða ef menn vilja viðurkenna þau lögmál eignarréttarins, að einn geti átt meira en annar, að mismunandi mikil hlunnindi fylgi t. d. jörð. Þeir, sem ekki vilja viðurkenna að slíkt sjónarmið eigi rétt á sér, tala auðvitað um að það þurfi að má út eignarréttinn eða dreifa honum jafnt til allra þegna þjóðfélagsins. Þarna rekast auðvitað á sjónarmið okkar hv. þm. Árna Gunnarssonar. Eg vil þó segja það, að ég tel að það mætti e. t. v. breyta þeim matsreglum, sem farið hefur verið eftir við arðsskrármat, og leggja landlengd hvers veiðiréttareiganda meðfram laxveiðiá að meira leyti til grundvallar en gert hefur verið. Þetta er þó allt saman matsatriði og hvernig sem með væri farið hlyti alltaf að verða nokkur munur á hlunnindaeign hvers eiganda.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði ýmislegt athyglisvert í ræðu sinni einhvern tíma fyrr í þessum umr. Hann jafnaði eignarrétti á veiði í ám við eignarrétt þeirra jarða, sem liggja að sjó, til sjávarins. Hann sagði að hann ætti ekki við þá eign sjávarjarðar, sem er áskilin í lögum, að hverri jörð, sem liggur að sjó, fylgi belti sem nemur 115 metrum frá stórstraumsfjöruborði. Og hann spurði, hvernig hefði orðið ef bændur, sem ættu land að sjó, hefðu átt svo sem 50-100 mílur á haf út, það væri nokkuð sambærilegt við það að jarðir, sem liggja að veiðiá báðum megin, ættu ána. Þetta vildi hv. þm. nota sem röksemdir fyrir því að afnema þessa eign. Þessi málflutningur er auðvitað mjög svo athyglisverður og að mér sýnist eiginlega hlálegur misskilningur og vanþekking sem í þessu birtist, að jafna því, að menn eigi bakka á einu vatnsfalli, einni veiðiá, og eigi ána út til miðs hvor um sig, við það, að landeigandi, sem á land að sjó, ætti 50-100 mílur á haf út eða hálfa leið til Grænlands eða eitthvað þess háttar frá Vestfjörðum. Þetta er auðvitað alveg út í loftið.

Ég sé nú ekki ástæðu til að ég sé að bæta miklu við það sem ég hef sagt um þetta mál fyrr. Ég kom hingað í ræðustólinn aðallega til þess að vekja á því athygli, að mál af þesu tagi skuli vera tekið hér til umr., — mál þar sem vitað er að margir eru á mælendaskrá, — og gert að eins konar aðalmáli dagsins 20. des. Það sýnist mér forkostuleg stjórn á Alþingi af hálfu hæstv. ríkisstj., eins og nú er komið. Það hlýtur að vera eitthvað meira en lítið bogið við það að reyna að komast fram hjá fyrirvörum hv. þm. Alþfl. af hálfu hinna stjórnarflokkanna, ef þarf að grípa til þeirra ráða að eyða tíma Alþingis í að ræða mál eins og þetta, sem allir vita að verður sjálfsagt ekki afgreitt á þessu þingi, að grípa þá þennan dag til að eyða tímanum í að ræða svona mál. Þess vegna vil ég, af því að mér er annt um að komast heim í jólaleyfi, beina því til hæstv. forseta og hæstv. ríkisstj., að þeir reyndu nú að taka þau mál á dagskrá sem máli skipta í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og það, hvenær unnt verður að veita jólaleyfi á Alþ., í stað þess að taka fyrir mál af þessu tagi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég gerði ítarlega grein fyrir skoðun minni á þessu máli þegar það kom hér fyrst á dagskrá og þarf ekki að hafa mjög mörg orð um það nú. En vegna þeirra ummæla, sem hv. flm. hafði um að málið hefði verið tafið, þá held ég að við vitum það báðir að þessar tafir eru allar saman eðlilegar og þær skipta ekki miklu máli um framgang málsins. Það skiptir ekki öllu hvort málið kemst til n. hálfum mánuði fyrr eða síðar, en vönduð meðferð málsins skiptir máli og ég mundi í hans sporum vera mjög ánægður að fá svo miklar umr. um mál sem ég flytti. Okkur hefur þótt það yfirleitt eftirsóknarvert, að einhverjir taki eftir því sem við höfum verið að brasa við, jafnvel þó að allir væru ekki hjartanlega sammála. En ég vil biðja menn í öllum bænum að varðveita jafnvægi sitt og vera sem allra glaðastir.

Hv. þm. fór um það nokkuð snörpum orðum, — ekki veit ég hvort einhverjar duldar meiningar voru þar að baki, — að málflutningur okkar, sem höfum ekki verið alveg sammála honum í þessu máli, stafaði af því, að þarna væru peningalegir hagsmunir í veði og kannske peningalegir hagsmunir okkar sjálfra. Ég get upplýst hv. þm. um það, að peningalegir hagsmunir mínir af veiðirétti eru þeir, að ég fékk nú um daginn ávísun upp á 22 þús. kr. fyrir veiðirétt minn sem er leigður. Ég er ekki stór aðili að veiðirétti og þetta skiptir ekki mjög miklu máli fyrir mig. En þegar nokkuð margir eru með um upphæðirnar skipta þær máli. Ég á hér í fórum mínum nokkuð sem heitir veiðivatnaskrá árið 1977. Hún er gefin út af veiðimálastjóra eða tekin saman á vegum hans, og þetta er skrá yfir fjölda veiðifélaga og jarðafjölda í þeim. Ég man ekki hvort það hefur komið fram í þessum umr., en ég bið afsökunar ef ég er að endurtaka það, en jarðirnar, sem aðild eiga að veiðifélögum, eru samtals 3 993, svo að menn sjá að þetta skiptir töluverðu máli. Það eru að vísu ekki stórir hlutir allra fremur en minn, en þetta eru þó hagsmunir sem sjálfsagt er að gefa gaum að, og m. a. í þeirri trú hef ég staðið á fætur til að tala í þessu máli.

Hv. þm., bæði Stefán Jónsson og Árni Gunnarsson, hafa verið með fullyrðingar um það, að þessi nær þriðjungur af veiðileyfum, sem ekki selst á Íslandi á hverju sumri, sé í vatnslitlu, vatnslausum eða laxlausum ám. Þetta vil ég bera til baka. Þetta er kannske ekki í allra bestu ánum eða á allra besta tímanum, í góðum ám og á

góðum tíma, en þau eru þá verðlögð eftir því. Sumir tala mikið um yndi sitt af að ganga með stöng úti í blessaðri náttúrunni og að veiðin sé kannske ekkert atriði, en það er nú eins og það skipti samt einhverju máli. Raunar harma ég það, ef þeir hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum, hv. þm., þar sem þeir hafa farið til laxveiða, ef þeir hafa hitt fyrir árnar þurrar eða gjörsamlega laxlausar eða þá að þeir hafa verið fiskifælur. En þeir verða að taka það sem hverja aðra óheppni og mega ekki mikla það fyrir sér. Það má helst ekki segja frá því, höfundur Hávamála hefði ekki gert það, því hann sagði: „Sjaldan hittir leiður í lið." Ég vona að veiðilukkan snúist með þeim, enda veit ég að þeir hafa iðulega verið heppnir.

Hv. flm. vildi meina að þetta gjald kæmi ekki á bændur. Ég fullyrði hins vegar að þetta gjald hlýtur að koma á bændur, því að ef rýmkast um Íslendingana á markaðnum, útlendingarnir hyrfu, þá gerist annað af tvennu, að menn kaupa ekki öll þau veiðileyfi sem þeir hafa keypt eða þá að verð fellur á veiðileyfum, sem ég tel miklu sennilegra. Mér finnst að þetta sé ákaflega einfalt atriði, að framboð helst í hendur við eftirspurn og gjaldtöku, þannig að ég get ómögulega fengið mig til þess að skilja annað en að veiðileyfin lækki í verði.

Hv. þm. taldi ósmekklega hótun mína um að bændur færu að veiða meira í net. Það má vel vera að hún sé ósmekkleg. En ef bændur geta ekki selt laxinn á því verði sem hann leggur sig, sem reyndar munar ekki miklu stundum og í sumum ám, þá er sjálfsagt að taka þessi landsgæði og hagnýta þau til manneldis með netaveiði.

Hv. þm. Árni Gunnarsson vildi meina að hann væri ekki að taka eignarrétt af bændum með því að flytja þetta mál. En það eru ekki allir flm. á sama máli um það. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði í ræðu sinni: „Ég hef verið þeirrar skoðunar, að réttur bænda til þess að taka tekjur af þessum hlunnindum sé óraunhæfur, þó að hann sé til í lögum og verndaður þar. Mér þætti eðlilegra að það skipulag og sú skipan, sem ríkir í þessum málum í Bandaríkjunum, tæki einnig gildi hér, þannig að laxveiðiárnar verði sameign okkar Íslendinga sem lúti einni yfirstjórn bæði hvað varðar nýtingu og einnig hvað varðar uppbyggingu."

Þeir eru ekki sammála, flm. málsins. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er einn af flm., og þeir líta ekki nákvæmlega sömu augum á þetta atriði. Ég held að það sé alls ekki til fyrirmyndar um laxveiði að leita til Bandaríkjamanna því þeir hafa farið illa með sínar ár, a. m. k. margar hverjar, og þetta hefur gefist illa. Mér skilst að þar sé laxveiði í mikilli niðurlægingu og ekki nema svipur hjá sjón hjá því sem hún var. En hér er aftur allt á uppleið og þess vegna held ég að skipulag okkar sé betra.

Miðfjarðará tók ég sem fyrirmynd og nefndi ekki sem neina undantekningu. Mér er þessi á vel kunn og ég tel að það fyrirkomulag, sem þar er haft á veiðileyfum útlendinga, sé mjög til fyrirmyndar, þar sem Miðfirðingar selja veiðileyfin beint í útlöndum og milliliðir eru engir og gjaldeyrisskil einföld og engin hætta á að þetta verði leppað eða þarna komist óæskilegir milliliðir inn.

Hv. þm. Stefán Jónsson, er ekki hér í salnum og sakna ég hans mjög, því ég átti ýmislegt vantalað við hann. Hann flutti góða ræðu — og þó reyndar slæma — hér í umr. Ég held ég verði alveg að sleppa því að deila á hann í bili, úr því að hann er ekki í salnum.

Hv. flm. nefndi áðan að bændastéttin hefði verið lánlaus að sinna ekki fiskrækt. Mér finnst að þetta séu ekki réttileg ummæli, vegna þess að íslensk bændastétt hefur ræktað upp fjölda laxveiðiáa. Þetta er gert á félagslegum grundvelli — ekki sem einstaklingsframtak, heldur á félagslegum grundvelli, og þar hefur verið unnið mikið og gott starf, eins hefur verið undirstrikað áður. Venjulega hafa það verið bændur, sem hafa ræktað upp, en ekki veiðimennirnir. Veiðimennirnir hafa stundum borgað hluta af leigunni með seiðum eða lagt fé beint til fiskræktar, en þeir hafa þá borgað bændum þeim mun minna fyrir veiðileyfin.

Ég held að það séu þrjú atriði sem endilega þarf að hafa í huga við skipulagningu þessa máls og úrbætur á þessu máli. Ég er hjartanlega sammála flm. um það eða flutningsmönnum, að það þarf að koma bættri skipan á þessi mál og þess vegna sé ég ekkert athugavert við það að hreyfa þessu máli, og ég fagna þeim hugmyndum landbrh. að hafa málið í athugun. Það þarf að gæta betur en nú er umhverfisverndar. Það þarf að sjá til þess, að fisksjúkdómar berist ekki með erlendum veiðimönnum eða búnaði þeirra. Það þarf alltaf að ganga þannig frá, að landsréttindi Íslendinga yfir íslenskum ám og veiðivötnum séu í höndum Íslendinga sjálfra. Ég held að bein veiðileyfasala, sala einstakra veiðileyfa á erlendum markaði, eigi fullkominn rétt á sér, ef hún er rekinn á félagslegum grundvelli. En ég er heldur á móti því, að menn séu að taka ár á leigu, einstaklingar eða samtök stangveiðimanna, til þess að framleigja útlendingum eða leppa með einhverjum hætti fyrir þá. Jafnframt þarf auðvitað að fylgjast stranglega með gjaldeyrisskilum, að þau séu í besta lagi.

Hv. þm. Pálmi Jónsson hneykslaðist mjög á því, að þetta mál skuli vera hér til umr. þegar ekki er annað að gera hér á hv. Alþ. Það kann að vera að honum komi þetta nokkuð nýstárlega fyrir sjónir, og það er sjálfsagt rétt hjá honum, að undanfarin þing hefur tíminn í kringum 20. des. verið notaður til annars en þessa. En því var skotið að mér í morgun, að hv. þm. Alþfl. hefðu lofað talsvert mörgu fyrir kostningarnar og þeir hefðu meira að segja ekki haft á því fyrirvara. Eitt af því, sem þeir lofuðu þjóðinni hvað ákafast að gera, var að koma nýrri skipan og nýjum starfsháttum á Alþingi. Kannske hafa þeir efnt það kosningaloforð með þeim starfsháttum sem hér eru viðhafðir og ekki við aðra að sakast en þá?

Umr. frestað.

Efri deild, 40. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lögræði, frv. (þskj. 199). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 199 flyt ég frv. til 1. um breyt. á 1. um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, sbr. lög 75/1967, um breyt. á þeim lögum.

Frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir að lögræðisaldur lækki úr 20 árum í 18 ár. Þessi breyting er að vísu ekki fyrirferðarmikil, en þarfnast þó nokkurra skýringa.

Síðast var lögræðisaldri breytt hér á landi árið 1967,

þegar aldurinn var lækkaður úr 21 ári í 20 ár. Sú breyting var gerð í tengslum við lækkun kosningaaldurs. Þá þótti óeðlilegt að kosningaaldur væri lækkaður án þess að lögræðisaldur lækkaði að sama skapi. Aftur á móti er ekki eins sjálfgefið að lækkun kosningaaldurs fylgi lækkun lögræðisaldurs. Vel er hægt að hugsa sér að maður sé lögráða þótt hann njóti ekki kosningarréttar né kjörgengis. Líklegt er hins vegar að kosningaaldur verði lækkaður hér á landi, eins og gert hefur verið í flestum nágrannalöndum okkar Íslendinga. Er þá eðlilegt að lögræðisaldur hafi áður verið færður niður, enda er sennilegt að það eitt ýti á eftir lækkun kosningaaldurs í 18 ár.

Til skamms tíma hafa litlar umræður verið um breytingar á lögræðisaldri. Nú um nokkurt skeið hefur lækkun lögræðisaldurs aftur á móti verið meira í sviðsljósinu en áður. Ástæður þessa eru fyrst og fremst þessar:

Á árinu 1972 samþykkti Evrópuráðið ályktun þar sem mælt var með því, að aðildarríki Evrópuráðsins lækkuðu lögræðisaldur í 18 ár. Ýmis Vestur-Evrópuríki hafa þegar farið að tillögum ráðsins, svo sem England, Vestur-Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Lúxemborg. Árið 1974 var lögræðisaldur lækkaður í 18 ár í Svíþjóð og það sama gerðist í Danmörku og Finnlandi tveimur árum síðar. Lögræðisaldri í Noregi hefur hins vegar ekki verið breytt enn þá og er hann því enn 20 ár eins og hér á landi.

Á fundi ríkisstj. í okt. s. l. hreyfði ég því, að lögræðisaldur yrði lækkaður í 18 ár og lagafrv. þess efnis lagt fyrir Alþingi hið fyrsta. Var á þessa málaleitan mína fallist.

Á fundi dómsmrh. Norðurlanda, sem haldinn var í Helsingfors í nóvemberbyrjun, var spurst fyrir um það, hvort við Íslendingar og Norðmenn hygðumst breyta lögræðisaldri til samræmis við fyrrgreinda ályktun Evrópuráðsins. Á þessum fundi kom fram að Norðmenn búast við að lagafrv. þessa efnis verði lagt fyrir Stórþingið á þessum vetri. Einnig greindi ég frá því, að ég mundi leggja fram slíkt frv. nú í vetur.

Við höfum reyndar ekki verið neinir eftirbátar Norðurlandaþjóðanna á þessu sviði ef litið er nokkru víðar. Sjálfræðisaldur hefur á Íslandi frá ómunatíð verið 16 ár og lægri hér en á öðrum Norðurlöndum þar sem hann er 18 ár. Ég sé ekki nein rök fyrir því, að sjálfræðisaldur verði hækkaður hér á landi, enda mælir þróun síðustu ára og áratuga á móti því.

Sú skoðun er ótvíræð, að með aukinni menntun og lengri skólagöngu samfara aukinni velmegun hafi æskufólk náð skjótari þroska en áður fyrr, eðlilegt sé því, að yngra fólk fái fyrr forráð eigin mála en nú tíðkast. Þá má og nefna að fjárráð ungs fólks, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, hafa aukist til mikilla muna og þeim fylgja að sjálfsögðu meiri umsvif á sviði eigna og fjársýslu en áður þekktust. Fólk virðist einnig stofna fyrr til fjölskyldu og heimilis, enda var hjúskaparaldur alfarið lækkaður í 18 ár á árinu 1972.

Lögræðisaldur hefur að sjálfsögðu þýðingu á mörgum sviðum löggjafar. Ljóst er að breyta verður aldursmörkum í lögum eins og hjúskaparlögum og ættleiðingarlögum, en aftur á móti er spurning hvort breyta eigi aldursmörkum í öðrum lögum. Er rétt að láta slíkt bíða uns séð verður hvort frv. það, sem hér er til umr., nær fram að ganga eða ekki.

Herra forseti. Ég vænti þess, að hv. alþm. taki frv. þessu vel, þótt mér sé fullljóst að það þurfi vandlegrar athugunar við. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 249). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 249 flyt ég stjfrv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, sbr. lög nr. 32 29. apríl 1967, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frv. þetta er, eins og frv. til l. um breyt. á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., flutt í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstj. gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum launþega samfara setningu laga um viðnám gegn verðbólgu í lok nóvember s. l.

Frv. gerir ráð fyrir þeirri breyt. á lögum um lögtak o. fl., að lögtaksréttur taki ekki aðeins til umsamdra greiðslna atvinnurekanda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaga, heldur nái þessi réttur einnig til umsamdra greiðslna í orlofssjóði svo og til greiðslna iðngjalda í lífeyrissjóði.

Eindregnar óskir hafa komið fram um það frá fulltrúum launþega, að þessi breyting verði gerð. Þykir rétt að verða við þeim vegna hins sérstaka eðlis þessara framlaga, sem telja verður að séu í raun og veru hluti af hinum eiginlegu launum starfsmannsins.

Nái frv. þetta fram að ganga þarf ekki að staðfesta fyrrnefndar greiðslur í dómstóli áður en aðfarar er beiðst í eignum atvinnurekanda, heldur er hægt að ganga beint að eignunum.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 250). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 250 flyt ég stjfrv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

Þetta frv. er flutt í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstj. gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum launþega samfara setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu sem samþ. voru á Alþ. í nóvemberlok. Frv. er því hluti af hinum félagslega pakka, sem svo hefur verið nefndur, sem ætlað er að mæta 3% af hækkun verðbótavísitölu á tímabilinu frá því í ágúst þar til í nóv. s. l.

Frv. er flutt samhliða öðru frv. um breyt. á lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot sem félmrh. hefur þegar mælt fyrir. Skv. því frv. tekur ríkisábyrgð aðeins til þeirra vinnulauna eða annarra skuldbindinga atvinnurekenda sem forgangsréttur fylgir skv. lögum um skipti á

dánarbúum og félagsbúum o. fl., en þau lög hafa að geyma reglur um það, í hvaða röð kröfur skuli greiddar við gjaldþrotaskipti.

Í frv. því, sem hér er til umr., er gert ráð fyrir þeim breyt. á núgildandi lögum um skipti á dánarbúum, félagsbúum o. fl., að forgangsréttur launakröfu svo og annarra þeirra krafna, sem ríkisábyrgð tekur til við gjaldþrot, er lengdur úr 6 mánuðum í 18 mánuði. Slík breyting er nauðsynleg vegna þess að oft líður langur tími frá því, að fyrirtæki komast í gjaldþrot og þar til gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp. Þessi dráttur hefur valdið því, að kröfur um laun eða aðrar lögmætar greiðslur hjá þrotabúi hafa glatast, ýmist algjörlega eða þá að hluta til. Réttur launþega á hendur ríkissjóði hefur þá jafnframt fallið niður þar sem ríkisábyrgðin takmarkast við þær kröfur sem forgangsréttur fylgir.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að nú um áramót taka gildi ný gjaldþrotalög. Með gildistöku þeirra er stefnt að því að hraða gjaldþrotameðferð, en það ætti að koma til góða launþegum sem og öðrum þeim sem kröfur eiga á hendur þrotabúi.

Loks er að finna í frv. það nýmæli, að örorku- og dánarbótum til launþega, maka þeirra og barna er veittur tilsvarandi forgangsréttur og launakröfum. Með frv. um breyt. á lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot er lagt til að ríkisábyrgðin nái einnig til þessara bóta. Dæmi munu til þess, að makar og börn hafa glatað lögmætum dánarbótum við gjaldþrot atvinnurekenda þótt launakröfur fengjust greiddar og hlýtur slíkt að teljast óviðunandi.

Að lokinni þessari umr., herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 41. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum 40. fundi.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 169). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. um Iðntæknistofnun Íslands. Frv. gerir ráð fyrir því, að ákveði um svonefnt iðnaðargjald, sem verið hefur í gildi um alllangt skeið, en fellur að óbreyttu niður við lok þessa árs, verði framlengt fyrir næsta ár, árið 1979. Þetta iðnaðargjald er greitt til Iðntæknistofnunar Íslands fram að lokum þessa árs skv. gildandi lögum, og það nemur 2‰ af kaupi tiltekinna aðila, sem rakið er í grg., þ. á m. verkafólks og fagmanna hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum. Gert er ráð fyrir að gjald þetta nemi um 70 millj. kr. á næsta ári og renni óskipt til Iðntæknistofnunar Íslands.

Gert er ráð fyrir að hluti af tekjum af jöfnunargjaldi, sem lögfest var fyrr á þessu ári og ætlað var að rynni til Iðntæknistofnunar, að upphæð 91 millj. kr., ráðstöfun á þessu gjaldi til Iðntæknistofnunar lækki sem þessu nemur og það verði fært á lið á fjárl. til iðnþróunaraðgerða, sem hækki að sama skapi. Gert er ráð fyrir að Iðntæknistofnunin njóti eftir sem áður góðs af þessu iðnþróunargjaldi til sérstakra verkefna eftir nánari ákvörðunum rn. og í samráði við stjórn stofnunarinnar.

Ég tel mjög mikilsvert að hægt sé að verja hærri upphæðum en verið hefur til iðnþróunaraðgerða, og tillagan um framlengingu þessa iðnaðargjalds stefnir að því marki.

Ég treysti því, að þetta frv. hljóti góðan hljómgrunn hjá hv. þd. og verði samþ. nú fyrir jólin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 42. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum 41. fundi.

Tollskrá o. fl. (þskj. 265). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. l. nr. 24 10. maí 1977 og l. nr. 83 1. júní 1978, um breyt. á þeim lögum. Þetta frv. er á þskj. 265.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. er ákveði þess efnis, að reynt verði með opinberum aðgerðum að sporna við óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, m. a. með tollalækkunum. Hér var fyrst og fremst átt við frestun á tollalækkun á iðnaðarvörum skv. samningum Íslands við EFTA og EBE. Ekki hefur reynst unnt að ná fram á þessu stigi samkomulagi um frestun þessara tollalækkana, eins og kunnugt er.

Í 1. gr. gildandi tollskrárlaga, nr. 120 frá 1976, er hins vegar ákveðin lækkun tolla á ýmsum vörum sem ekki er samningsbundið að eigi sér stað. Hér er fyrst og fremst um að ræða svokallaða ytri tolla, þ. e. tolla af vörum frá löndum sem eru utan EFTA og utan EBE, enn fremur tollalækkanir á ýmsum fjárfestingarvörum svo og hátollavörum. Ljóst er að innlendur iðnaður er einnig í samkeppni við vörur frá löndum utan EFTA og Efnahagsbandalagsins og er þar fyrst og fremst um að ræða fatnað frá löndum í Asíu, en verulegur innflutningur á fatnaði á sér stað þaðan. Ekki sýnist eðlilegt að lækka tolla á þessum vörum þótt samningar knýi til lækkunar tolla á sömu vörum frá löndum innan EFTA og EBE. Sömu sögu er að segja um skófatnað, en innlendur skóiðnaður á nú mjög erfitt uppdráttar.

Verði heimild frv. notuð að fullu er tekjuauki ríkissjóðs af frestum ytri tollalækkana af fatnaði og skóm í hinum tilgreindu köflum tollskrárinnar áætlaður 150 millj. kr. á árinu 1979, og um leið er í þeirri ráðstöfun fólgin nokkur vernd fyrir innlendan fata- og skóiðnað.

Eins og hv. þdm. sjá á þessu, er hér um að ræða

heimildarákvæði, en ekki beina lagasetningu, — heimildarákvæði sem ekki verður notað nema að athuguðu máli í samráði við þá aðila sem um er að tefla. Það vandamál, sem hér er um að ræða, er fyrst og fremst tengt ýmsum greinum iðnaðar, í þessu tilfelli sérstaklega fataiðnaði og skóiðnaði, en þar vinnur mjög margt fólk, og ýmsir hafa áhyggjur af því, að slíkur iðnaður bíði of mikinn hnekki af óheftum innflutningi slíkra vara, sérstaklega frá Asíu-löndum. Flestar þjóðir í Vestur-Evrópu hafa gripið til þess að gera ráðstafanir til þess að vernda hliðstæðan iðnað hjá sér, og þegar af þeirri ástæðu sýnist eðlilegt að við höfum a. m. k. opna leið til þess að gera ráðstafanir í því efni.

Ég leyfi mér svo að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 19 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 118, n. 268). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á fundi sínum í dag hafði félmn. d. til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga. Í aths. við frv. er tekið fram, að lagabreyting þessi sé gerð vegna þess ákvæðis í 13. gr. laga nr. 60 31. mars 1976, um skipulag ferðamála, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli greiða landsútsvar. Eins og allir hv. alþm. vita er landsútsvar vaxandi þáttur í tekjustofnum sveitarfélaga. Ég hef hér fyrir framan mig upplýsingar um álagningu landsútsvars 1978 sem er 980.4 millj. kr. Þetta landsútsvar skiptist þannig, að Áburðarverksmiðja ríkisins greiðir 38.7 millj., ÁTVR 412.9 millj., Landssmiðjan 1.6 millj., Sementsverksmiðja ríkisins 44.5 millj., Síldarverksmiðjur ríkisins 63.9 millj., Sölunefnd varnarliðseigna 5.1 millj., Olíufélagið hf. 155.3 millj., Olíuverslun Íslands hf. 92.8 millj., og Skeljungur hf. 107 millj. kr., samtals 922.1 millj., og ríkisbankarnir greiða til samans 58.3 millj. Þetta er talsvert mikil hækkun frá árinu 1977, en þá voru heildarlandsútsvör 672.9, og mesta breytingin milli ára er frá Síldarverksmiðjum ríkisins sem greiddu á árinu 1977 1.7 millj., en greiða nú 63.9 millj.

Nefndin ræddi þetta frv. og taldi ekki ástæðu til þess að senda það til umsagnar þar sem að málið væri einfalt og ljóst og eðlilegt að Ferðaskrifstofa ríkisins greiddi landsútsvar. Var n. sammála um það að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 43. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum 42. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 118). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 39. fundur.

Miðvikudaginn 20. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 169). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 171, n. 246 og 251). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. um verðjöfnunargjald af raforku, sem felur í sér að framlengja verðjöfnunargjaldið um eitt ár og hækka það um leið úr 13 upp í 19%, var í gær til umr. í iðnn. Nd. Nm. urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins, en meiri hl. n., þeir Jósef H. Þorgeirsson, Eðvarð Sigurðsson og Gunnlaugur Stefánsson auk mín, hefur þá afstöðu, eins og kemur fram í nál. á þskj. 251, að fallast á að framlengja gjaldið óbreytt næsta ár, þ. e. a. s. það sé 13% eins og verið hefur nokkur ár að undanförnu, en eru andvígir því að hækka gjaldið og flytja því till. á sama þskj. um að í staðinn fyrir 19% komi 13%.

Hér hefur verið rætt svo ítarlega við 1. umr. um vandamál Rafmagnsveitna ríkisins að ég þarf ekki að fara út í þau vandamál hér. Ég vil aðeins undirstrika það sem fram hefur komið bæði í umr. og gögnum málsins, að þessi leið, sem hér er farið fram á að samþ. verði, hækkun verðjöfnunargjalds, er ekki gerð að tillögu stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins.

Það er auðvitað öllum ljóst, að fjárhagsvandamál Rafmagnsveitnanna stafa fyrst og fremst af því, að um fjölda ára eða jafnvel áratugi, er hægt að segja, hefur ríkissjóður vanrækt að gera það sem nauðsynlegt var í sambandi við starfsemi þessa fyrirtækis, að leggja fram árlega sem óafturkræft framlag nokkurt fé til þessarar stofnunar, vegna þess að annars vegar hefur hún orðið að taka að sér margvísleg verkefni, virkjanir og rekstur þeirra, sem vonlítið var um að gætu borið sig, og um leið

hafa henni verið falin margvísleg félagsleg verkefni sem að sjálfsögðu verða ekki framkvæmd nema með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði. Um þetta er ekki hægt að saka einn eða annan. Þetta hefur gengið þannig til um áratugi og nú verður að staldra við og breyta um stefnu.

Það hefur verið kannað rækilega á þessu ári, hversu hátt ætti að meta hinn félagslega þátt í starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins. Liggja fyrir ákveðnar tillögur um það eftir könnun kunnáttumanna, og stjórn Rafmagnsveitna ríkisins hefur gert sínar tillögur í því efni. Vitanlega verður ríkissjóður að standa straum af því sem telst vera kostnaður við hinn félagslega þátt málsins. Varðandi þá fjármagnsbyrði, sem á fyrirtækinu hvílir, hefur stjórn Rafmagnsveitnanna lagt til að ríkissjóður axli þá byrði. Það þarf auðvitað ekki að vera með mjög stórum fjárframlögum nú þegar, en það getur orðið sumpart með þeim hætti að breyta lánum, fá lán til lengri tíma og afborgunarlægri hin fyrstu ár en þau að mörgu leyti óhagstæðu lán ýmis sem á rafmagnsveitunum hvíla. Hinn mikli fjármagnskostnaður, sem Rafmagnsveiturnar verða nú að standa undir, verður að einhverju leyti að færast yfir á herðar ríkissjóðs.

Það liggur því fyrir, að stjórn Rafmagnsveitnanna telur annars vegar gjaldskrá Rafmagnsveitnanna orðna svo háa að hún geti ekki mælt með hækkun hennar og hún hefur ekki gert heldur tillögur um hækkun verðjöfnunargjaldsins. Ég vil taka það fram, að snemma á þessu ári, þegar einu sinni sem oftar var glímt við fjárhagsvandamál RARIK, lagði þriggja manna nefnd, sem í voru þáv. formaður stjórnar RARIK, Helgi Bergs bankastjóri, og tveir embættismenn, fram tillögur í þessu efni eða hugmyndir, og ein þeirra hugmynda var sú að hækka verðjöfnunargjaldið um svipaða upphæð og hér er gert ráð fyrir. En því var alfarið hafnað af fyrrv. ríkisstj. að leggja það til.

Það er enn óbreytt skoðun mín, að ekki sé rétt né fært að hækka verðjöfnunargjaldið frá því sem það hefur verið. Hins vegar verður um sinn að styðjast við það eins og verið hefur og þess vegna styð ég þá till. að framlengja það óbreytt, en tel ekki mögulegt að hækka það.

Í sambandi við þær röksemdir, sem heyrst hafa og stafa að sumu leyti af misskilningi á þessu gjaldi vegna heitis þess, verðjöfnunargjald, er ljóst að þessi hækkun verðjöfnunargjaldsins bitnar harðast á þeim sem búa við hæst raforkuverð fyrir, því að þeir, sem borga tvöfalt hærra raforkuverð nú en aðrir, verða að borga tvöfalt hærri krónutölu líka við þessa hækkun raforkuverðsins vegna þess að þetta er hlutfalls- eða prósentugjald, en ekki ákveðin krónutala.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en aðeins undirstrika það, að meiri hl. iðnn. leggur til að gjaldið verði framlengt fyrir næsta ár eins og það er nú, 13%, en leggur til að hafnað sé að hækka það upp í 19%.

Frsm. minni hl. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá minni hl. iðnn. um það mál sem hér er á dagskrá, en að þessu minnihlutaáliti standa auk mín tveir aðrir nm., hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, og hv. 11. landsk. þm., Árni Gunnarsson, sem hefur þó fyrirvara varðandi stuðning sinn, eins og fram kemur í hinu prentaða nál. Við í minni hl. iðnn. leggjum til að frv. um verðjöfnunargjald af raforku verði samþykkt.

Hér er um að ræða till. um að verðjöfnunargjaldið verði hækkað úr 13% í 19%. Tilgangurinn með þessu frv. er að sjálfsögðu 1) að fyrirbyggja að sá gífurlegi mismunur á raforkuverði, sem nú er, fari enn vaxandi og 2) að stuðla að því, að úr þessum mikla mismun verði dregið. Það er auðvitað öllum hv. þdm. ljóst að eins og þessi mál standa nú er munurinn á raforkuverðinu, miðað við þá notkun sem öllum almenningi er skýr, heimilistaxtann svokallaða, hvorki meira né minna en yfir 100%, ef miðað er við annars vegar þær rafveitur, sem lægsta taxta hafa, og hins vegar þær, sem hæsta taxta hafa. Í fskj. með frv. sjálfu kemur fram að sú rafveita, sem selur rafmagn til heimilisnota á lægstu verði, Rafveita Akraness, hefur selt kwst. á 17.05 kr. í októbermánuði s. l., Rafmagnsveita Reykjavíkur á aðeins hærra verði, eða 19.82 kr., en þeir aðilar, sem ætlað er að njóta verðjöfnunargjaldsins, þ. e. a. s. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, hafa selt kwst. til heimilisnota á sama tíma: Orkubú Vestfjarða á 34.20 kr. og Rafmagnsveitur ríkisins á 37.25 kr. Það er sem sagt um meira en helmingi hærra verð að ræða á kwst. til heimilisnota hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá þeirri rafveitu sem lægst hefur verðið. Þessi mismunur er auðvitað með þeim hætti að gjörsamlega verður að teljast óviðunandi. Það hlýtur að vera alvarlegt réttlætismál að úr honum verði verulega dregið. Frv. um verðjöfnunargjald er aðeins lítið skref í þá átt.

Í fskj. með frv. ekki aðeins birt skrá yfir verð á rafmagnssölu til heimilisnota, heldur einnig hinn svokallaði vélataxti og sýnir sá taxti eða sú tafla, sem um hann er birt, mjög svipaða niðurstöðu, að þar er einnig um meira en helmingsmismun að ræða á verði raforkunnar eftir byggðarlögum í landinu.

Talað hefur verið um það í þessum umr., þ. e. a. s. við 1. umr. málsins, að þær upplýsingar, sem fram koma í fskj. með frv. hvað verð orkunnar snertir, gefi ekki fyllilega rétta mynd, og því verið haldið fram, að hér bæri einnig að líta á aðra taxta, þ. e. a. s. verð á raforku til húsahitunar og hinn svokallaða marktaxta, sem fyrst og fremst nær yfir raforkunotkun á sveitabýlum. Um þessi atriði vil ég taka það fram og biðja menn að muna það vel, að raforka til húsahitunar er seld nú hjá Rafmagnsveitum ríkisins á sambærilegu verði við olíu til húsahitunar, þ. e. a. s. miðað er við verð á olíu til húsahitunar. Ég hygg að það sé vart finnanlegur sá þm. hér á hinu háa Alþingi sem gæti látið sér detta í hug að skynsamlegt væri að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins með því að ætla að selja raforku til húsahitunar á enn þá hærra verði en það kostar að kynda híbýli manna með olíu, því þá færi skörin að færast upp í bekkinn. Ærinn er munurinn fyrir á annars vegar þeim kostnaði, sem er við að kynda hús með heitu vatni t. d. hér í höfuðborginni, og því, sem fólk þarf að borga fyrir olíukyndingu eða rafhitun híbýla sinna víða úti um landið.

Um marktaxtann, sem hér hefur verið allmikið rætt um, vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að kynna hvað rafmagnsveitustjóri ríkisins hefur að segja í bréfi frá 17. þ. m., sem hann hefur sent öllum hv. alþm. vegna umr. um þetta frv. Hann segir á þessa leið:

„Um hinn stórgallaða „marktaxta" skal eftirfarandi tekið fram:

Taxtinn er byggður upp á þann hátt að hægt sé að sameina alla almenna notkun á sveitabýli um einn orkumæli, þ. e. raforku til heimilisnota, súgþurrkunar og hitunar. Sambærilegur taxti er eðli málsins samkv. ekki til hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Við ítrekaða athugun á samsetningu notkunar hans kemur í ljós, að sé

reiknað með heimilisnotkun á heimilistaxta, súgþurrkun á súgþurrkunartaxta og afgangurinn af notkuninni fari til húsahitunar, þá er verðið til hitunar ca. 7-8% lægra en á almennum hitunartaxta. Hagkvæmni Rafmagnsveitnanna við að selja samkv. marktaxtanum er hins vegar margföld." Ég bið menn að taka eftir þessum orðum Kristjáns Jónssonar rafmagnsveitustjóra. Hann segir: „Hagkvæmni Rafmagnsveitnanna við að selja samkv. marktaxtanum er hins vegar margföld miðað við þennan mismun vegna hagkvæmari nýtingartíma og þar af leiðandi hagstæðari innkaupa á raforkunni í heildsölu, betri nýtingar dreifikerfa í sveitum, fækkunar orkumæla hjá notanda, einfaldara kerfis hjá notanda o. fl."

Ég hef ekki heyrt neinar röksemdir, hvorki hér í þessari hv. d. við 1. umr. né annars staðar, sem nálgast að sýna fram á að í bréfi rafmagnsveitustjóra sé hallað svo réttu máli að einhverjar líkur séu á því, að hægt væri að draga úr þeim mikla mun, sem nú er á raforkusölu til heimilisnotkunar eftir byggðarlögum, með því að breyta þessum marktaxta til hækkunar. Það virðist ekki vera opin leið, og fyrir því hafa engin rök komið fram. Það er vert að vekja athygli á því, að í þeirri umsögn, sem Samband ísl. rafveitna sendi frá sér 15. þ. m. og öllum hv. alþm. hefur borist, er lögð áhersla á að það sé einmitt uppbygging þessa marktaxta og verðlagningin á raforku til húsahitunar sem skekki verulega þá mynd af hinu mismunandi orkuverði sem fram kemur í fskj. með frv. En þarna virðist vera um ákaflega hæpinn rökstuðning að ræða. Það er satt að segja mjög furðulegt til þess að vita, að þetta bréf skuli vera sent út í nafni Sambands ísl. rafveitna án þess að stjórn þess sambands hafi nokkru sinni um efni þess fjallað, en það hefur hún aldrei gert, eins og fram kemur í bréfi því sem ég vitnaði til áðan frá rafmagnsveitustjóra ríkisins. Hann tekur það fram í bréfi sínu, og ég vil vitna í það aftur, með leyfi forseta:

„Vegna dreifibréfs," segir þar, „sem formaður og framkvæmdastjóri Sambands ísl. rafveitna hafa sent ofangreindum aðilum," þ. e. a. s. alþm., fjölmiðlum og félagsmönnum SÍR, „þá vilja Rafmagnsveitur ríkisins taka fram eftirfarandi: 1) Fyrrgreint dreifibréf var ekki borið undir stjórnarfund Sambands ísl. rafveitna, en Rafmagnsveitur ríkisins eiga fulltrúa í stjórninni."

Ég get látið þessari tilvitnun lokið. Þetta nægir til staðfestingar þeim orðum mínum, að um þetta mál hefur alls ekki verið fjallað í stjórn Sambands ísl. rafveitna og bréfið þess vegna á ábyrgð þeirra manna einna sem undir það hafa skrifað.

Hv. þm. Gunnar Thoroddsen, 11. þm. Reykv. og frsm. meiri hl. n., sagði í ræðu sinni áðan að fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins stöfuðu fyrst og fremst af því, að ríkisvaldið hefði á undanförnum árum vanrækt að leggja fé til þessarar ríkisstofnunar. Ég vil sannarlega taka undir þau ummæli. Það er alveg hárrétt, að þarna hefur verið um mjög alvarlega vanrækslu að ræða, ekki síst á síðasta kjörtímabili þegar hv. þm. Gunnar Thoroddsen var sjálfur iðnrh. Það fer ekkert á milli mála, að sá mikli fjármálalegi vandi sem Rafmagnsveitur ríkisins standa frammi fyrir nú, á að verulegu leyti rætur að rekja til þessarar vanrækslu. En það er full ástæða til að undirstrika það, að í þessum efnum er þó von á nokkurri breytingu til batnaðar nú. Núv. hæstv. iðnrh., Hjörleifur Guttormsson, lýsti yfir við 1. umr. þessa máls að það væri eindregin tillaga iðnrn. við undirbúning að gerð lánsfjáráætlunar næsta árs, að tryggt yrði á lánsfjáráætlun framlag til Rafmagnsveitna ríkisins sem næmi a. m. k. 600 millj. kr. Ég vil segja það, að ég tel að hér sé um mjög brýna fjárveitingu að ræða sem ekki megi bregðast. Ég bendi á að ef sambærileg upphæð hefði verið lögð til Rafmagnsveitna ríkisins á undanförnum árum árlega, þá væri málum þar kannske ekki jafnilla komið og nú er og þá væntanlega ekki jafnbrýn þörf á að hækka nokkuð verðjöfnunargjaldið, eins og nú blasir við. En það er auðvitað svo, að þegar um er að ræða aðila eins og Rafmgnsveitur ríkisins og nú frá síðustu áramótum einnig Orkubú Vestfjarða, hvort tveggja fyrirtæki sem ætlað er að tryggja raforkuöflun í þeim hlutum landsins þar sem slíkri orkuöflun hlýtur af landfræðilegum ástæðum að fylgja mun meiri kostnaður á íbúa en á þéttbýlissvæðinu, þá er ekki hægt að reikna með því að slík fyrirtæki geti staðið undir þessum rekstri með því að verðleggja orkuna til notenda sinna svo hátt að það eitt dugi til, heldur hlýtur sú krafa að vera gerð, að á þessa orkuöflun sé litið sem sameiginlegt verkefni allra landsmanna og til þess verkefnis sé lagt beint fé af hálfu ríkisvaldsins.

Hv. frsm. meiri hl. iðnn., Gunnar Thoroddsen, tók fram að hækkun verðjöfnunargjaldsins væri ekki lögð til nú samkv. óskum stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins. Þetta er út af fyrir sig rétt, að Rafmagnsveitur ríkisins — eða stjórn þeirra — hafa farið fram á að ríkið legði til vegna rekstrar fyrirtækisins á næsta ári um 1500 millj. kr. í beinu framlagi. En hugmyndin, sem er hins vegar að baki þessu frv. og þeirri lausn sem fyrirhuguð er á málinu af hálfu iðnrn., er sú, að skipta þessari upphæð þannig að hún komi að hluta með hækkun verðjöfnunargjalds, en að hluta með beinu framlagi sem nemur 600 millj. kr. Ljóst er að Rafmagnsveitur ríkisins telja þá lausn eftir atvikum eðlilega, því í bréfi rafmagnsveitustjóra kemur það fram. Hann segir þar, með leyfi forseta:

„Ljóst er að ekki verður við það unað, að fjárhagsvandi Rafmagnsveitnanna verði leystur með sífelldum gjaldskrárhækkunum. Stofnunin hefur því gert tillögur um óendurkræf framlög úr ríkissjóði til að mæta þessum vanda og treystir því, að það verði gert að nokkru á þann hátt, sbr. yfirlýsingu iðnrh. á Alþingi 15. des. s. l.

Meðan verið er að afla þessari stefnu nægilegs skilnings verður að líta á hækkun verðjöfnunargjaldsins sem tímabundna ráðstöfun til að brúa þetta bil að hluta."

Á þessa leið segir í bréfi Kristjáns Jónssonar rafmagnsveitustjóra sem hann sendi okkur 17. þ. m. Það er vert að minna á það einnig, að stjórnskipuð nefnd, sem m. a. páv. formaður stjórnar Rafmagnsveitnanna átti sæti í og skilaði tillögum í mars á þessu ári vegna vanda Rafmagnsveitnanna, lagði til hækkun verðjöfnunargjaldsins upp í 20%, — ekki 19%, heldur 20%, — en nú er till. um 19%. Hér segir enn í bréfi rafmagnsveitustjóra, í framhaldi af því, að hann minnir okkur á að þessari till. var þá hafnað, með leyfi forseta: „Í stað þess var gripið til aukinnar erlendrar lántöku sem enn jók fjárhagsvanda stofnunarinnar." — Það er sem sagt enginn fögnuður hjá Rafmagnsveitunum yfir því, að hækkun verðjöfnunargjaldsins skuli hafa verið hafnað fyrr á þessu ári, því í staðinn kom aukin erlend lántaka sem enn jók fjárhagsvanda stofnunarinnar.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, benda á að ég tel að til þeirra hv. þm., sem mæla gegn því að þessi leið verði farin til þess að hindra enn frekari mismunun í raforkuverði milli landshluta, verði að gera þá kröfu, að þeir

komi þá með tillögur um hvernig því markmiði að jafna í þessum efnum milli byggðarlaga verði náð eftir öðrum leiðum. Ég hygg að fáir muni leggja til að vandinn verði leystur með enn aukinni erlendri lántöku. Það getur aðeins orðið til að flækja málið enn frekar, ef það ætti að vera eina lausn á þessum vanda, og ef það væru lán af svipuðu tagi og Rafmagnsveiturnar hafa átt kost á hingað til, þá hlyti það að auka þennan vanda enn frekar.

Það er vissulega hægt að segja sem svo, að það eigi að verða við ósk stjórnar Rafmagnsveitnanna um að ríkisframlagið verði ekki bara 600 millj., heldur 1500 millj. kr. Gott og vel, þá kemur að því, að menn þurfa að gera grein fyrir því, hvernig þeir ætla að afla þeirra viðbótartekna. Ég get ímyndað mér að till., sem þá kæmu upp, hlytu að verða um eina eða aðra skattlagningu sem ýmsum þykir nú víst nóg um, og einhverjir yrðu að borga þá skatta. Það kynni sannarlega svo að fara, að þeir hv. þm., sem búa nú við hvað hagstæðast raforkuverð til al*mennra nota, en eru sumir hverjir engu að síður tregir til* að stíga þetta litla skref til jöfnunar, fengju þá að reyna að umbjóðendur þeirra, sem þeir telja sig vera að vernda þegar þeir standa gegn hækkun verðjöfnunargjaldsins, yrðu engu að síður að leggja í þennan sjóð með greiðslu á einum eða öðrum sköttum sem til þessara þarfa gengju.

Við tökum það fram í nál. okkar, minni hl., að við getum hugsað okkur að standa að einhverjum brtt. sem fram kynnu að koma. Það er sjálfsagt að athuga þær. Það er rétt að minna á það næst, sem fram kemur í minnihlutaáliti okkar, að út af fyrir sig teljum við að þessi leið sé ekkert sérstaklega æskileg, heldur þvert á móti mjög gölluð. Og hverjir ætli þessir gallar séu? Fyrst og fremst þeir, að gjaldið er lagt á sem prósentugjald. Það þýðir auðvitað að þeir notendur, sem borga hæst rafmagnsverð nú, verða að borga þeim mun meira hver og einn af verðjöfnunargjaldinu sem þessu svarar vegna þess að gjaldið er prósentugjald. Ég tek það fram, að það er skoðun mín að miklu eðlilegra hefði verið að gjaldið væri annaðhvort lagt á sem föst krónutala, sem væri þá hin sama í öllum byggðarlögum, ellegar hitt, að þeir aðilar, sem nú greiða hæst raforkuverð, þyrftu ekki að borga þetta gjald, þeir væru undanþegnir því, eða þriðji möguleikinn, að þeir borguðu lægra gjald ef þeir væru ekki alveg undanþegnir því.

En hver er ástæðan fyrir því, að við í minni hl. n. gerum þó ekki brtt. í þessa átt? Ástæðan fyrir því er sú, að væru þessar leiðir valdar, sem ég talaði um nú og lýsti sem heppilegri leiðum að mínum dómi en þeirri prósentuleið *sem fram kemur í frv., býst ég við að þeir hv. þm., sem* ekki hafa viljað fallast á þetta litla skref í átt til jöfnunar vegna þess að þeir telja sig vera að verja hagsmuni umbjóðenda sinna í þeim byggðarlögum þar sem raforkuverðið er þó lægst, teldu enn freklegar á hlut umbjóðenda sinna gengið, því óneitanlega yrði þá byrðin þyngri á þeim sem við hagstæðast orkuverð búa nú. Þar með væru minni líkur á því, að hægt væri að afla tillögunum meiri hluta hér á hinu háa Alþingi. Þess vegna er þessi leið farin, sem í frv. kemur fram, í von um að sæmilegt samkomulag geti tekist um málið, sem þó virðist borin von eftir að iðnn. klofnaði í málinu með þeim hætti sem orðið er.

Ég vil taka það fram, áður en ég hverf úr ræðustól, að ég legg á það mjög þunga áherslu, að sú upphæð, sem innheimt verður í þessu formi ef frv. verður samþ., verði notuð til þess að öllu leyti að draga úr þeim mun á raforkuverðinu sem nú er. Ég vil vænta þess, að þannig verði haldið á málum, og það er í trausti þess sem ég legg þessu frv. lið að sú upphæð, sem inn kemur fyrir verðjöfnunargjaldið, verði — ekki bara í orði, heldur á borði — notuð til þess að draga úr þeim gífurlega mismun á raforkuverði eftir byggðarlögum sem nú er fyrir hendi, en fari ekki í það kannske eingöngu að greiða einhvern hluta af skuldahala Rafmagnssveitnanna eða rekstri Orkubús Vestfjarða án þess að um raunverulega verðjöfnun sé að ræða. Ég vil beina því alveg sérstaklega til hæstv. iðnrh., að hann leitist við að tryggja að þannig verði þetta.

Það er ekki öllu meira sem ég sé ástæðu til að segja um þetta mál að sinni. Ég vil þó minna á það, sem fram kom í framsöguræðu hæstv. iðnrh., að þessi hækkun verðjöfnunargjaldsins er svo smávægileg, svo lítið skref í átt til jöfnunar, að verði frv. samþ. felur það aðeins í sér — ekki 0.6% hækkun á framfærsluvísitölu, heldur 0.06% *hækkun á framfærsluvísitölu samkv. útreikningum Hag*stofunnar.

Ég gerði það til gamans, að ég aflaði mér orkureiknings frá heimili hér í höfuðborginni tvo síðustu mánuði, okt. og nóv. sem trúlega mega teljast miðlungsmánuðir, og sé skoðað hvað þetta heimili þyrfti að borga umfram það sem það gerði október- og nóvembermánuð s. l., hvað það þyrfti að borga til viðbótar yrði frv. samþ., þá reyndist sú tala ekki vera ýkjahá. Það reyndist vera um að ræða 400 kr. á mánuði eða 50 kr. á hvert nef heimilismanna. Það voru nú öll ósköpin. Og ef menn geta ekki horfst í augu við það, að ósæmilegt sé að rafmagn — við skulum segja rafmagn til heimilisnota til venjulegra alþýðuheimila — sé selt helmingi hærra í einu byggðarlagi en öðru, og ef menn telja eftir sér að leggja fram 50 kr. á nef til að stíga örlítið skref í jafnaðarátt þegar svona er ástatt, þá eiga þeir, sem neita að stíga þetta litla skref, afstaða þeirra í þessu máli bendir ekki til þess, ekki skilið að heita jafnaðarmenn. Ég segi: Afstaða þeirra í þessu máli bendir ekki til þess. Afstaða þeirra í ýmsum öðrum málum getur að sjálfsögðu verið með þeim hætti að hún bæti þetta upp, vegna þess að málið er ekki það stórt. En ég tel að hér sé um svo sjálfsagða kröfu í átt til jöfnunar að ræða að það sé sjálfsagt mál, að þetta frv. beri að samþ., annaðhvort eins og það er nú — í óbreyttri mynd — eða, ef menn sjá leiðir til þess, með þeim breytingum sem ganga lengra en frv. gerir í átt til jöfnunar.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Ég vona að ég þurfi ekki að hafa jafnmörg orð um þetta mál, sem hér er til umr., og hv. síðasti ræðumaður, sem eyddi u. þ. b. 45-50 mínútum í að ræða þetta mál, þrátt fyrir að afstaða hans var í meginatriðum orðin skýr til málsins og búið að lýsa öllum meginefnisatriðum á fyrstu 15 mín. Þess vegna vona ég, herra forseti, að mér takist að hætta áður en langur tími er liðinn.

Ég vil í fáeinum orðum lýsa afstöðu minni til þess máls sem hér er til umr., um hækkun á verðjöfnunargjaldi af raforku úr 13% í 19%. Ég er aðili að meirihlutaáliti sem leggur til að sú grein frv., er kveður á um hækkunina, verði felld. Ég er andvígur því að verðjöfnunargjald verði hækkað úr 13% í 19%. Ég get að svo stöddu samþ. að 13% gjaldið verði framlengt um eitt ár og sá tími verði nýttur til að mál RARIK, skipulag og rekstur, verði endurskoðuð þannig að tímabundið verðjöfnunargjald

verði afnumið að ári liðnu. Ég er þeirra skoðunar, að samhliða ofangreindri endurskoðun á starfsemi RARIK verði að leita annarra ráða til jöfnunar verðlags á raforku í landinu en að fara eilíft þá leið, sem einu sinni var valin, tímabundin leið, að leggja á verðjöfnunargjald og hækka það síðan eftir þörfum.

Prósentuhækkun á raforkuverði er að mínu viti ekki ráðleg aðferð til jöfnunar á raforkukostnaði, sem miðar að því að andvirði jöfnunargjaldsins renni í Orkusjóð sem síðan í þessu tilfelli skilst mér að eigi að nota fyrst og fremst til þess að grynnka að einhverju leyti á skuldum RARIK, þannig að RARIK geti haldið áfram á sama grundvelli og fyrr og safnað meiri skuldum. Því legg ég áherslu á að skipulag þessarar stofnunar, rekstur þessa fyrirtækis verði tekinn til nánari endurskoðunar og athugunar þannig að það fjármagn, sem í þessa stofnun verður eytt, nýtist að einhverju leyti til bættrar skipunarmála. Fremur væri ráðlegt að breytingar yrðu gerðar á taxtafyrirkomulagi og verðmati á töxtum raforkusölunnar í landinu. Ljóst er að fjármál RARIK eru komin í óefni, en þau verður að leysa eftir öðrum leiðum.

Hækkun verðjöfnunargjalds kemur sýnilega harðast niður á íbúum og atvinnurekstri á Reykjanesi og í Reykjavík. Í Reykjaneskjördæmi er málum nú svo komið, og þá sérstaklega á Suðurnesjum, að atvinnurekstur þar, en hann byggist nánast eingöngu á sjávarútvegi og fiskiðnaði, stendur mjög höllum fæti og atvinnuleysi þegar orðið umtalsvert. Fiskiðnfyrirtæki á þessu svæði og útgerð standa mjög höllum fæti. Atvinnufyrirtæki á Suðurnesjum hafa verið í fjársvelti á undanförnum árum, þannig að ekki hefur verið um að ræða þar þá endurnýjun og enduruppbyggingu í fiskiðnaði og útgerð sem fram hefur farið víða annars staðar um land með fjárframlögum úr fjárfestingarsjóðum hins opinbera. Síðasta olíuverðshækkun kom sérstaklega illa við atvinnulífið á Suðurnesjum, og ef enn ný orkuverðshækkun kæmi til, þ. e. a. s. hækkun á raforkugjaldi eða jöfnunargjaldi, þá eru atvinnulífið og neytendur á þessu svæði ekki í stakk búin til að bera þær álögur. Þann aðstöðumun, sem atvinnulíf á Suðurnesjum hefur orðið að þola gagnvart ýmsum öðrum landshlutum á undanförnum árum, verður að leiðrétta tafarlaust. Á meðan svo hefur ekki verið gert, verður það ekki réttlætt að leggja nýjar álögur á atvinnulífið á þessu svæði til þess að rétta hag einstakra landsbyggðarhluta í raforkukaupum með álagningu hækkaðs jöfnunargjalds á raforku, sem kæmi vissulega hart niður á atvinnulífinu á Suðurnesjum. Þess skal einnig getið, að mörg atvinnufyrirtæki á Suðurnesjum eru nú þegar vafin vanskilaskuldum gagnvart orkusölum á þessu svæði. Það er því að bera í bakkafullan lækinn að íþyngja þessum fyrirtækjum með hækkuðu rafmagnsverði sem frv. það, sem hér er til umr., felur í sér.

Herra forseti. Ég vil að lokum vekja athygli á samþykkt sem gerð var á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 19. þ. m., þar sem þessi mál voru m. a. til umr. Sú samþykkt hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar mótmælir þeim fyrirætlunum, sem felast í frv. er nú hefur verið lagt fram á Alþ., að hækka verðjöfnunargjald á raforku úr 13% í 19%. Skattheimta af rafmagnssölu er nú þegar 33%, en mundi verða 39% við umrædda breytingu.

Fyrir notendur Rafveitu Hafnarfjarðar þýðir þetta aukin útgjöld sem nema 25-30 millj. kr. við núgildandi verðlag. Telja verður eðlilegra að leita annarra ráða til að leysa vandamál RARIK en frekari skattlagningar á þegar háskattaða nauðsynjavöru svo sem rafmagnið er og hlýtur að koma illa við hinn almenna notanda. Slík endurtekin skattlagning til lausnar vanda RARIK virðist ekki leiða til þeirrar sjálfsögðu ráðstöfunar að reyna að gæta fyllstu hagkvæmni í fjárfestingu, rekstri og eða notkun eðlilegra taxta fyrir veitta þjónustu."

Það er ljóst af þessari samþykkt og einnig því sem fram hefur komið í fyrri orðum mínum, að það er tvennt sem fyrst og fremst þarf að athuga varðandi RARIK, þ. e. að endurskoða þarf taxtafyrirkomulagið og verðmatið, sem því tengist, og gera uppskurð á því skipulagi, sem þar hefur viðgengist á undanförnum árum, þannig að aukinni hagkvæmni megi beita fremur en gert hefur verið á undanförnum árum, sem leitt hefur til þessara vanskilaskulda sem fyrirtækið er vafið.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil gera nokkra grein fyrir einum af þeim frægu fyrirvörum, sem við Alþfl.-menn höfum á málum okkar þessa dagana, og bókun, sem fylgir áliti því sem komið hefur frá minni hl. iðnn. vegna frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku. Bókun þessi hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Óljós er nauðsyn þess að hækka prósentu gjalds þessa um 46%, þ. e. úr 13 í 19%, þar eð rafveitur sveitarfélaga og Landsvirkjun hafa ýmist farið fram á eða hafa í undirbúningi beiðnir um miklar gjaldskrárhækkanir frá 1. febr. n. k.

Eðlilegra er, áður en ákveðin er hækkun jöfnunargjalds, að samræma taxta Rafmagnsveitna ríkisins til jafns við taxta annarra veitna, þ. e. að fækka töxtum og jafna þá.

Þá er nauðsynlegt að taka „marktaxta" búrekstrar til endurskoðunar með tilliti til hækkunar olíuverðs og einnig að hækka refsitaxta, ef farið er fram úr tilteknu afli.

Verði hækkun jöfnunargjalds raforku samþ. er sá fyrirvari hafður á, að frestað verði um a. m. k. eitt ár fyrirhuguðu framlagi á lánsfjáráætlun til Bessastaðaárvirkjunar. — 800 til 900 millj. kr. framlag til þeirrar virkjunar eykur eðlilega álögur á rafmagnsnotendur, þótt ekki komi þær fram þegar í stað.

Þm. Alþfl., eins og raunar annarra flokka, eru óbundnir í afstöðu sinni um málið, enda skoðanir mjög skiptar um ágæti þess."

Eg vil fara um þessa bókun örfáum orðum.

Ég tel að allur rekstur Rafmagnsveitna ríkisins á síðustu árum hafi verið óeðlilega slæmur, svo ekki sé tekið dýpra í árinni. Ég tel að taxtar þeir, sem þetta fyrirtæki hefur notað, séu óréttlátir og þá þurfi að jafna og þeim þurfi að breyta. Mér er ljóst að hæstv. iðnrh. hefur fullan hug á því, að þessir taxtar verði endurskoðaðir, þeim breytt og þeir samræmdir innbyrðis.

Ég vil láta þess getið, að þegar litið er á tölur um rafmagnsverð í hinum ýmsu kjördæmum og þær síðan lagðar saman og meðaltal tekið, þá kemur í ljós að meðalrafmagnsverð í hinum ýmsum kjördæmum er mjög jafnt. Hins vegar er eitt atriði sem sker sig úr, og það er að þar greiðir Reykjavík, þótt undarlegt kunni að virðast, hæst verðið. Innbyrðis innan kjördæmanna eru taxtarnir hins vegar mjög misjafnir og er allt að 20 kr. verðmunur þegar litið er á þá. Það er einnig alveg ljóst, að hækkun á þessu verðjöfnunargjaldi kemur verst við

þá sem hæst greiða raforkuverðið, einfaldlega vegna þess að hér er um prosentuhækkun að ræða, en ekki krónutöluhækkun. Þess vegna er allt tal um jöfnuð eða jafnaðarmennsku í þessum efnum æði tvírætt, svo ekki sé meira sagt. Hins vegar skal ég játa það, að hér er gerð tilraun til þess að aðstoða þau byggðarlög sem verst hafa orðið úti vegna óeðlilega hás rafmagnsverðs. Það er þessi þáttur málsins sem ég get tekið undir og sætt mig við í þessu frv.

Ég vil einnig láta það koma fram, að meiri hl. þingflokks Alþfl. samþ. að flytja þetta frv. sem stjfrv. og ég hef viljað standa við það loforð flokksins að það næði fram að ganga, enda væri það nánast — ja, ekki einstæður atburður kannske, en óvenjulegur, ef slíkt stjfrv. yrði fellt á hæstv. Alþingi.

Ég vil láta það koma skýrt fram, að sá fyrirvari, sem ég hef á þessu máli og vil þá sérstaklega beina orðum mínum til hæstv. iðnrh., er m. a. fólginn í því, að ég vil ekki gangast undir það, ef rétt er, að á lánsfjáráætlun, sem við höfum ekki enn þá fengið að sjá, verði 800-900 millj. kr. framlag til Bessastaðaárvirkjunar á sama tíma og verið er að leggja auknar álögur á rafmagnsnotendur með þessu jöfnunargjaldi. Hvað sem hver segir um það, að ekki sé hægt að tengja þessi tvö mál saman, þá eru þau tengd órjúfanlegum böndum, einfaldlega vegna þess að framkvæmdir og framkvæmdafé til Bessastaðaárvirkjunar er tekið af almenningi í landinu, þó það heiti lán í byrjun, og þessar 800-900 millj., sem ætlaðar eru eða einhverjir munu hafa hug á að komist í lánsfjáráætlun, verða auknar byrðar á almenning í landinu, rafmagnsnotendur, og þar með viðbót við það jöfnunargjald sem hér er um rætt. Það hefði kannske verið eðlilegra að hugsa sér að reyna að leysa fjárhagsvandamál RARIK með þeirri fjárupphæð sem hugsuð er á lánsfjáráætlun til Bessastaðaárvirkjunar eða er hugsunin sú, að þetta jöfnunargjald verði óbeint undirstaðan undir Bessastaðaárvirkjun? Þessari spurningu skulu menn velta fyrir sér. —

[Fundarhlé.]

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson tengdi þessa nýju skattlagningu fyrirhuguðum áformum um virkjun Bessastaðaár eystra þegar hann ræddi það verðjöfnunargjald, sem hér er til umr., í ræðu sinni fyrr í dag. Ég hygg að þessi samtenging hv. þm. eigi allnokkurn rétt á sér — alla vega er hér um svipaðar upphæðir að ræða, það sem innheimtast á í skatti þeim, sem hér er verið að leggja til, og það sem gert er ráð fyrir í þessum fyrsta áfanga Bessastaðaárvirkjunar. Það er líka jafnljóst, að þetta verðjöfnunargjald, þó svo að markmiðið sé heilbrigt og fagurt út af fyrir sig, er einn skatturinn til. Mín sannfæring er sú, að þegar á líður árið 1979 verði fólkið í landinu lítt hrifið af öllum þessum smásköttum, sem á það eru að falla einn og einn, og m. a. af þeirri ástæðu hygg ég að sé ljóst af hverju menn hafa verið andvígir þessu tiltekna gjaldi þegar það er skoðað í þessu samhengi.

Við Alþfl.-menn höfum á undanförnum árum barist fyrir nýrri stefnu í orkumálum landsmanna. Við höfum barist gegn ævintýrum Kröfluflokkanna í orkumálum, en þess í stað lagt áherslu á stefnu sem byggi á hámarksarðsemi þeirrar fjárfestingar sem gerð er í þessum mikilvæga málaflokki. Með flutningi þáltill. um orkusparnað, sem nú liggur í þriðja sinn fyrir Sþ., hafa Alþfl.-menn einnig lagt áherslu á það, að þjóðin fari skynsamlega með þá orku sem hér er unnin eða flutt er til landsins.

Við myndun núv. ríkisstj. batt ég verulegar vonir við það, að nýr og vaskur maður tæki við stjórn orkumálanna. Ég hélt að hann mundi verða fær um að vinna að mótun framtíðarstefnu í orkumálum, jafnvel þótt hann kæmi úr röðum þeirra sem fylgt hafa Kröflustefnunni hvað dyggilegast fram. En satt að segja er ég farinn að hafa nokkrar efasemdir um að þessar vonir mínar muni rætast. Að vísu hefur nú verið hafið starf að sameiningu meginfyrirtækjanna í raforkuvinnslunni, starf að undirbúningi útvíkkaðrar Landsvirkjunar, og því ber auðvitað að fagna. En í samræmi við það er allfurðulegt að hæstv. iðnrh. skuli berjast við að setja af stað nýja virkjun austur á landi, svokallaða Bessastaðaárvirkjun, sem væri dæmigerð Krófluvirkjun eða Krófluákvörðun, tekin án samhengis við orkumál landsins í heild, án samhengis við arðsemisjónarmið og í þeim tilgangi einum, að því er séð verður, að fullnægja hrepparígstilfinningum í kjördæmi hæstv. ráðh.

Tilgangurinn með stofnun útvíkkaðrar Landsvirkjunar er einmitt að þar komi aðili sem hafi yfirsýn yfir orkuþörfina í samtengdu landskerfi, aðili sem gæti borið saman hina ýmsu valkosti til að fullnægja vaxandi þörf eða til þess að draga úr henni, aðili sem væri fjárhagslega ábyrgur fyrir þeim framkvæmdum sem hann réðist í. En hæstv. ráðh. berst nú fyrir því að binda hendur þessa væntanlega samræmingaraðila með því að afhenda honum framkvæmd á ákvörðun sinni um virkjun Bessastaðaár. Það væri viturlegra að mínu mati, að þeirri ákvörðun yrði frestað og virkjunin yrði ekki sett af stað fyrr en um hana hefði verið fjallað af væntanlegri Landsvirkjun sem nái til landsins alls.

Það hefur komið opinberlega fram, að Bessastaðaárvirkjun er ekki í röð hagkvæmustu virkjunarvalkosta. En sjálfsagt má kanna það nánar og þá bera þessa virkjun saman við nýja virkjun í Þjórsá, virkjun Blöndu, virkjun Jökulsánna í Skagafirði og möguleika á orkuvinnslu í Kröflu, ásamt virkjun Jökulsár í Fljótsdal, sem í fljótu bragði sýnist hagkvæmari virkjunarkostur austanlands en virkjun Bessastaðaár. Hér verða óháðir sérfræðingar að fjalla um og síðan stjórn sem getur haft heildaryfirsýn um orkumál landsins.

Ég sé satt að segja ekki ástæðu til þess að taka a. m. k. fullt tillit til sjónarmiða, sem augljóslega mótast óhæfilega af hrepparíg, eða til verkhönnuða, sem augljóslega eiga gífurlegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta að því er varðar virkjunaráform af því tagi sem hér hafa verið gerð að umræðuefni. Og ég hygg að umfjöllun um Bessastaðaárvirkjun, þegar við erum að ræða um skatt af raforku eins og hér er verið að leggja til, eigi fullan rétt á sér og að betra hefði verið að sams konar umr. hefðu farið fram um Kröflu á sínum tíma — í tíma og áður en hafist var handa með þeim hætti og þeim skelfilegu afleiðingum sem öllum þingheimi er væntanlega nú fullkunnugt um.

Iðnrh. mun nú fara fram á verulega fjármuni til þess að bora nokkrar holur við Kröflu, og 150 millj. kr. á að verja á næsta ári til þess að hafa stöðina fullbúna að starfsliði. Ég vek athygli þingheims á því einu, að í því frv. til fjárlaga, sem nú vefst allverulega fyrir þingheimi að afgreiða, eru einasta 2.2 milljarðar kr. í fjármagnskostnað af þessari virkjun norður í landi, og þrátt fyrir loforð Kröfluflokkanna um birtu og yl, sem átti að

streyma um landið allt frá þessari virkjun, sést hvorki merki birtunnar né ylsins. En 2.2 milljarðar fara í fjármagnskostnað einan í sambandi við þessa virkjun.

Í framhaldi af þessu hygg ég að rétt sé að gera sér rækilega og sérfræðilega grein fyrir hvaða ævintýri er verið að hefja í sambandi við Bessastaðaárvirkjun. Nokkurt upphaf þess hygg ég vera þá skattheimtu sem hér er gerð að umræðuefni.

En allt um þetta, þá á samt að halda Kröflustefnunni áfram og um það þarf ekki að hafa ýkjamörg orð. Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi að ráða tvo vaktmenn til þess að gæta stöðvarhúss og annarra verðmæta við Kröflu og spara þannig óþörf rekstrargjöld í bili, en að öðru leyti ætti að loka stöðinni um sinn. Það má kannske bora eina rannsóknarholu eða svo til að ganga úr skugga um hvort gufa finnist á nýju svæði við virkjunina, en annars er vafasamt að eyða nokkru viðbótarfé þarna á meðan landið rís og sígur á víxl og eldgos er stöðugt yfirvofandi.

Með lagningu Austurlínu er raforkuvandi samtengisvæðis Austurlands leystur í bili, og með því að nýta orkuna skynsamlega og hamla gegn bruðli með það afl, sem línan getur flutt, þarf ekki að setja nýja virkjun inn á kerfið norðan og austan Holtavörðuheiðar fyrr en á árunum 1985-1986. Í júní s. l. kom út orkuspá sem samin er af fulltrúum ýmissa hagsmunaaðila í raforkuiðnaðinum. Þessa spá verður að taka með miklum fyrirvara, þar eð forsendur hennar eru m. a. þær, að dreifikerfi raforku geti jafnan látið notendum í té ótakmarkað rafmagn. Þá er önnur forsendan sú, að heimilisnotkun á raforku muni þrefaldast á hvern landsmann fram til aldamóta frá því sem nú er. Þarna er gert ráð fyrir að orkuþörf til rafhitunar á Austurlandi fimmfaldist á 10 árum, frá árinu 1976 til 1985, á meðan orkuþörf til heimilisnotkunar 1.8-faldast, til þjónustugreina 1.75 - faldast og til iðnaðar 1.78 - faldast. Auðvitað er hægt að stýra eftirspurninni eftir raforku til hitunar með gjaldskrá og með leyfisveitingu. Nú eru í undirbúningi fjarvarmaveitur í þéttbýlisstöðum Austfjarða, og munu þær létta verulega á aflþörf raforkukerfisins þegar þær eru fullgerðar.

Sú rafhitasala, sem orkuspáin gerir ráð fyrir á Austurlandi, kallar ekki eingönu á virkjanir. Hún kallar einnig á gífurlegar fjárfestingar í dreifikerfi, sem Rafmagnsveitur ríkisins geta engan veginn staðið undir án þess að fá mikla fjármuni frá ríkissjóði eða öðrum. Ég tel því að taka eigi raforkumál þessa landshluta til nýrrar endurskoðunar og síðan verði markvisst unnið að því að ná hámarksnýtingu þeirrar raforku sem fyrir er á svæðinu og unnt er að flytja þangað um Austurlínu. Svo er hægt að fara að ræða um virkjun, enda verður þá nýja Landsvirkjunin komin á fót.

Frv. það, sem hér er til 2. umr., er enn eitt dæmið um tryggð hæstv. iðnrh. við Kröflustefnuna, sem ég hef leyft mér svo að nefna. Hér er haldið áfram á þeirri óheillabraut sem fyrirrennarar hans hafa á síðustu árum leitt yfir Rafmagnsveitur ríkisins. Fyrirtækið hefur staðið í mjög mikilli fjárfestingu, sem fjármögnuð hefur verið með lánum er hún hefur eigi getað staðið undir. Fjárfestingarvalið er að sumu leyti byggt á því að fullnægja nær óslökkvandi þorsta eftir raforku til hitunar húsa, sem aftur byggist á því að sú raforka hefur verið seld langt undir kostnaðarverði. Þá hefur fyrirtækið þurft að sinna fjárfestingu sem gerð er í félagslegu skyni og til að fylgja þar byggðastefnu, og þessari fjárfestingu hefur það staðið undir með ónógum tekjum og skattlagningu á raforkusölu annarra. Ég tel að hér hafi verið rangt að staðið. Sem dæmi við ég nefna að fyrir nokkrum árum fengu Rafmagnsveitur ríkisins lán hjá ríkinu Abu Dhabi til þess m. a. að kosta lagningu raflínu frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar. Í Mjóafirði býr m. a. víðkunnur höfðingi sem hér stendur beint á móti mér, hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson, og það er vafalaust vilji Alþingis og allrar þjóðarinnar að hann búi þar sem allra lengst. En þeir Mjófirðingar nota ekki mikið rafmagn og þeir hafa fengið það ódýrt. Á s. l. ári var meðalverð marktaxtans svokallaða, sem er ríkjandi sölutaxti raforku í sveitum, 5.63 kr. Það verð er út af fyrir sig langt undir framleiðslukostnaði, og auk þess þarf að greiða Aröbunum í Abu Dhabi vexti af láni þeirra, greiða þeim afborganir, og það þarf að halda við línunni, sem liggur yfir erfiðan fjallveg. Af þessu verður mikið tap. Því er velt yfir á Rafmagnsveitur ríkisins og síðar í verðjöfnunargjaldi yfir á konuna í Reykjavík sem rekur rafknúna saumavél þegar hún er að sauma flíkur á fjölskyldu sína fyrir jólin.

Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé röng aðferð. Ríkissjóður og Byggðasjóður eiga að standa undir félags- og byggðastefnu með stofnframlögum til slíkra framkvæmda eins og ég hef hér nefnt dæmi um. Almennir raforkunotendur í þéttbýli eiga ekki að vera skattlagðir sérstaklega til þess að greiða niður húshitun með raforku í dreifbýlinu.

Í grg. þessa frv. eru bornir saman rafsölutaxtar á milli RARIK annars vegar og annarra rafveitna hins vegar. Hér hygg ég að sé um villandi samanburð að ræða að því leyti, að ekki er tekið tillit til þess, hvar þungi raforkusölunnar liggur hjá hverjum aðila um sig, og ekki tekið tillit til annarra ákvæða í gjaldskrá sem geta haft bæði þyngjandi og ívilnandi áhrif eftir atvikum. Viðskiptavinir RARIK eiga t. d. miklu auðveldari aðgang að raforkukaupum eftir amp-mælingu en viðskiptavinir Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Það er líka allt önnur aðstaða fyrir rafmagnsveitu á hitaveitusvæði að selja raforku utan topptíma á lágu verði en fyrir RARIK, sem nú munu selja um 60% af raforku sinni til hitunar húsa.

Eg hef kynnt mér lauslega yfirlit yfir meðalverð á raforku annars vegar frá RARIK og hins vegar frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þar kemur í ljós að meðalverð RARIK fyrir landið í heild er mun lægra en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Því veldur að sjálfsögðu rafhitasalan og sala á svokölluðum marktaxta. Þótt RARIK hækki síðan aðra taxta verulega upp fyrir taxta Rafmagnsveitu Reykjavíkur, þá dugir það ekki til að lyfta meðalverðinu nema í 9.38 kr. á síðasta ári, þegar meðalverðið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur var 12.32 kr. Jafnvel þótt skattlagning sé tekin út úr dæminu — það er mismunandi skattlagning á raforku til hitunar og annarrar notkunar — þá verður meðalverðið hærra í Reykjavík.

Það er væntanlega einkamál RARIK, hvort þær selja einum notendahópi svo ódýrt rafmagn að háir taxtar á lýsingu og þvílíku nægja ekki til þess að lyfta meðalsöluverði upp í kostnaðarverð raforkunnar. En þegar fyrirtækið ætlar að bæta sér það upp með því að skattleggja viðskiptavini annarra rafveitna sem reka aðra verðstefnu, þá er það ekki þeirra mál lengur.

Nú er það svo, að við höfum víða á landinu komið okkur upp hitaveitum sem selt geta ódýra orku til upp-

hitunar. Þegar rætt er um raforkutaxta til hitunar kemur upp það sjónarmið, að óeðlilegt sé að rafhitun sé miklu dýrari en jarðvarmahitun. Samt er miklu meiri kostnaður við vinnslu raforku og notkun hennar til hitunar, ekki síst þar sem eins er staðið að málum og gert er hér á landi.

Ég held að við munum ekki geta náð því að lækka kostnað við rafhitun húsa þannig að hann verði í raun sambærilegur við notkun annarra orkugjafa, nema með því að halda aflþörf hitunarinnar niðri eins og framast er kostur. Til þess þarf að haga þannig gjaldskrá og stýringu á rafhitun hjá RARIK að í því felist mikil hvatning til að nota eins lítið afl og mögulegt er. Þetta getur svo þýtt það, að menn noti ýmiss konar búnað til þess að geyma varma er framleiddur er með raforku á þeim tímum sólarhringsins þegar almenn notkun er minnst. Það getur einnig þýtt það, að menn hafi ýmiss konar brennsluofna til þess að grípa til í kuldaköstum og bæta við rafhitunina. Með slíkri stefnu mundi sparast gífurleg fjárfesting í virkjunum og dreifikerfi. Þess má geta, að í Noregi, þaðan sem fyrirmyndin að marktaxta RARIK er fengin, lenda menn í háum refsitaxta ef þeir fara yfir aflmörk sín, fimm- eða tíföldun á raforkuverði. Hér fara menn bara á heimilistaxta. Það verkar ekki beinlínis hvetjandi til sparnaðar þegar kólnar í veðri. Um allt land setja menn þá rafhitunina á fullt og því myndast samanlagður aflтoppur sem búa þarf kerfið undir með stórkostlegri fjárfestingu.

Önnur leið er svo að veita íbúum dreifbýlisins sérstakan húshitunarstyrkt til þess að mæta að einhverjum hluta þeim kostnaði sem þeir hafa umfram íbúa þéttbýlisins, eftir að þeir hafa sjálfir gert ráðstafanir til að spara rafaflið við húshitunina. Nú mun einhver húshitunarstyrkur vera greiddur beint til RARIK, en hann hverfur þar í hítina. Hér kæmi til greina að greiða notendum styrk á svipaðan hátt og olíustyrkinn, en allir slíkir styrkir mega þó ekki draga úr hvatningunni til þess að leita sem ódýrastra lausna á upphitun húsa. Þær lausnir felast bæði í orkutegund þeirri, sem notuð er, í nýtni upphitunartækja og í orkusparandi aðgerðum, eins og bættri einangrun húsa svo dæmi sé nefnt.

Allur samanburður við raforkutaxta Rafmagnsveitu Reykjavíkur er ósanngjarn að því leyti, að vísitölufjölskyldan býr í Reykjavík eins og kunnugt er. Því hafa verðlagsyfirvöld lengi verið á varðbergi gagnvart hvers konar hækkunum á rafmagnsverði í Reykjavík. Fyrir nokkrum árum var fyrirtækinu alfarið neitað um nauðsynlegar hækkanir á gjaldskrá og sagt að taka erlend lán í staðinn. Það skuldar nú milljónir Bandaríkjadala og hefur á síðustu árum ekki fengið að hækka gjaldskrá sína til þess að greiða þá skuld niður. Það hefur því orðið að taka sífellt ný lán til þess að framlengja gömul lán. Hins vegar hafa vextir og gengistöp orðið til þess að kostnaður af raforku til íbúa á höfuðborgarsvæðinu er miklu hærri en hann þyrfti að vera.

Með því að hækka verðjöfnunargjaldið úr 13% í 19%, eins og lagt er til í því frv. sem hér er til umr., er hundraðshlutinn raunverulega hækkaður um 46. Það segir þó ekki alla söguna, þótt svo sé látið í því frv. sem hér er til umr. Rafveitur sveitarfélaganna þarfnast nú verulegra hækkana á gjaldskrám sínum vegna verðbólgunnar að undanförnu, og má reikna með beiðnum um hækkanir sem nema á bilinu 20-40%. Því til viðbótar hefur Landsvirkjun óskað eftir 35% hækkun á heildsölugjaldskrá sinni frá 1. febr. n. k. og 30% hækkun frá 1. ágúst n. k., en við það mun verð til notenda hækka um 14-17% 1. febr. og einhvers staðar á bilinu 12-15% 1. ágúst, ef þessi beiðni Landsvirkjunar verður samþykkt. Hækkun verðjöfnunargjaldsins, sem lögð er til í þessu frv., mun því væntanlega gefa RARIK og Orkubúi Vestfjarða allmiklu meiri tekjur en frv. gerir ráð fyrir.

Þá er óeðlilegt að svona gjald sé lagt á í hundraðshlutum á raforkuverð. Með því greiða þeir hæst gjald sem hæsta verðið borga fyrir, eins og komið hefur raunar fram hjá fyrri ræðumönnum sem talað hafa gegn þessu frv. Annars staðar, þar sem svona skattur er lagður á orkuverð í tengslum við ákveðna orkustefnu, er lagt fast gjald á hverja orkueiningu, svo og svo margir aurar á kwst. eða samsvarandi orkueiningu í olíu, kolum eða hvað sem hér er um að ræða.

Herra forseti. Ég vil ekki lengja mál mitt öllu meira en ég hef þegar gert. Þó kemst ég auðvitað ekki hjá því að minnast á það, sem kannske er ekkert meginatriði í þessu máli, en það er þó staðreynd, að með þessu gjaldi er auðvitað fyrst og fremst verið að leggja sérstakan skatt á suðvesturhornið. Ég held að með hverjum hætti sem sú tenging fari fram, þá sé ekki hjá því að líta að hér er gert ráð fyrir, á þessu stigi málsins a. m. k., svipuðum upphæðum og aftur fara í lítt undirbúna og að ég hygg enn sem komið er vanhugsaða virkjunaráætlun í öðrum landshluta. Ég vil minna hv. d. á það, að hér fór fram of lítil undirbúningsvinna síðast þegar tekin var ákvörðun af þessu tagi, og þar á ég auðvitað við Kröfluvirkjun norður. Ég held að ráðlegt sé að rasa ekki um ráð fram í þessum efnum. Alþingi hefur þegar gert alvarleg mistök í þessum efnum. Þess vegna getum við auðveldlega slegið tvær flugur í einu höggi, frestað skattlagningu á skattpínda þegna þessa lands og farið okkur hægar og forðast með því mistök sem ég hygg að öllum væri fyrir bestu, ekki síst í ljósi þeirrar reynslu sem ég vona og vænti að hv. þingheimur hafi nú fengið af þeim virkjunarákvörðunum sem teknar voru fyrir norðan og betur hefðu ekki verið teknar.

Ég hef í ræðu minni lýst andstöðu við Kröflustefnu, sem ég hef leyft mér að nefna svo, hæstv. iðnrh., jafnt við Kröflu, Bessastaðaá og í fjármálum Rafmagnsveitna ríkisins. Ég hygg að skynsamlegra væri að orkustefna þessarar þjóðar yrði tekin til endurskoðunar með tilliti til arðsemifjárfestingar og hagkvæmni í orkunotkun. Ég hygg að skynsamlegra væri að húshitunarstefna yrði alveg sérstaklega athuguð í ljósi þess, að allt að 86% landsmanna gætu hugsanlega átt aðgang að hitaveitum, 6% að fjarvarmaveitum og vandamál þeirra 8%, sem þá eru eftir, leyst annað hvort með rafmagnshitun eða brennsluvarma. Ég hygg enn fremur að skynsamlegra væri að fara að reka hér orkusparnaðarstefnu, bæði að því er tekur til notkunar innlendrar og innfluttrar orku. Ég vek athygli á því, að slík orkusparnaðarstefna hefur verið rekin með árangri í nágrannalöndum okkar, í Danmörku og í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og hefur skilað allverulegum árangri meðan ríkisvaldið hér hefur aldrei átt frumkvæði að því, að þegnarnir hegðuðu sér meira orkusparandi, ef svo má að orði komast. Ég hygg enn fremur að skynsamlegt væri að sjónarmiðum, ef ég má svo að orði komast, útnesjamennsku og atkvæðaveiða yrði úthýst við ákvörðun um næstu stórvirkjun Íslendinga og að Rafmagnsveitum ríkisins verði alfarið stjórnað af skynsemi, en ekki eftir duttlungum. Ég skora

þess vegna á hæstv. iðnrh. að gera rækilegan uppskurð á Kröflustefnunni í orkumálum. Sá stjórnmálaflokkur á Alþ., sem ekki telst til Kröfluflokkanna, mun a. m. k. áreiðanlega veita honum brautargengi í þeim efnum. Þegar því er lokið, þá skulum við sjá hvað mikið af vanda Rafmagnsveitna ríkisins stendur eftir. Þegar orkustefnan liggur á borðinu, þá er hægt að hugsa sér margháttaðar aðferðir í átt til verðjöfnunar á raforku.

Mér er það ljóst að veikleiki röksemda minna er sá, að jafnframt þessum almennu rökum er ég að fjalla um hagsmuni byggðarlags míns, og mér er alveg ljóst að leiða má að því neikvæð rök, að slíkt búi á bak við, og við verðum að taka því. Ég get auðvitað ekki dregið á það dul, að ég er Reykvíkingur og þar að auki þm. fyrir þetta kjördæmi. Þetta væri skattur sem með allmiklum þunga mundi leggjast á fólkið hér. Ég held að á hinum enda skattheimtunnar, þ. e. a. s. hvernig eigi að nota þennan skatt, sé of margt óljóst til þess að viturlegt væri að fara þessa leið. Ég mun því greiða atkv. gegn frv. sem hér er til umr. Ég hygg að öll þessi mál þurfi frekar að skoða í heild sinni áður en við stígum fleiri skref. Ég minni á að fyrir 4-5-6 árum var önnur ákvörðun tekin hér. Það var dýrkeypt reynsla. Gætum okkar því vel og tökum ekki aðra slíka ákvörðun. Léttum heldur skattbyrðunum af fólkinu í landinu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka þann stuðning sem komið hefur fram hér í hv. þd. og hjá hluta iðnn. við það frv. sem er til umr., en ég get vissulega ekki neitað því, að ég vildi gjarnan hafa séð þennan stuðning meiri á þessum skammdegisdögum. Bjartsýni mín hefur hins vegar aukist nokkuð um góðan framgang þessa frv. eftir þá ræðu, sem flutt var áðan af hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, því að ég er ekki í vafa um að hann hefur snúið nokkrum hv. þm. til fylgis við það réttlætismál sem hér er til umr. Ég ætla ekki að verja tíma mínum eða tefja þennan fund í hv. d. með því að fara að svara einstökum atriðum úr máli hans. Ég býst hins vegar við að það þyki út af fyrir sig tíðindi, að ég sé orðinn einn af ötulustu stuðningsmönnum Kröflustefnunnar svokölluðu, en ég ætla ekki að fara að ræða það mál hér. Hins vegar minntist hv. þm. á að það væri ástæða til að hafa gæslumenn — ég held tvo — þar norður í landi, og ég hef þegar látið mér detta í hug umsækjendur um það verkefni.

Síðan rætt var um þetta mál síðast við 1. umr. í hv. d. hefur þm. borist erindi frá Rafmagnsveitum ríkisins, dags. 17. des., sem er eins konar svar við þeim upplýsingum sem dreift var í hv. d. í nafni Sambands ísl. rafveitna. Í þessu erindi eru rakin á skilmerkilegan hátt ýmis þau atriði, sem ranglega var um fjallað í erindi frá formanni Sambands ísl. rafveitna, og staðfest að um er að ræða villandi upplýsingar um ýmsa þætti sem þar komu fram og sumir hv. þm. hafa gleypt óþarflega gagnrýnilaust, e. t. v. til þess að friða samvisku sína í sambandi við andstöðu við þetta mál sem hér er til umr.

Hv. þm. Gunnar Thoroddsen gat þess í máli sínu, að stjórn Rafmagnsveitna ríkisins hefði ekki gert tillögu um þá hækkun á verðjöfnunargjaldi sem hér er lögð til, og það er út af fyrir sig rétt, að þegar stjórnin fjallaði um vanda sinn benti hún á aðra leið sem ákjósanlegri, þ. e. a. s. bein framlög úr ríkissjóði eða frá ríkinu til Rafmagnsveitnanna til þess að létta á rekstri þeirra. Það hefur verið upplýst að sú leið verði væntanlega farin að hluta og upp tekin þar ný stefna sem hv. þm. Gunnar Thoroddsen tók undir. Ég treysti á stuðning hans og annarra góðra manna við þá stefnubreytingu, þó að hann hafi á sínum tíma ekki komið henni fram, á þeim árum sem hann var iðnrh.

Ég vil einnig minna á það, að stjórnarformaður Rafmagnsveitnanna, hv. þm. Pálmi Jónsson, hefur tekið undir það frv., sem hér liggur fyrir, og talið að það væri eðlileg leið til þess að bæta úr brýnni þörf og koma á lágmarksleiðréttingu. Sú viðbót á verðjöfnunargjaldi, sem hér er lögð til, er nauðsynleg til þess að koma við lágmarksleiðréttingu. Henni verður varið til þess að minnka það mikla bil sem er á almennum töxtum hjá raforkunotendum Rafmagnsveitnanna og Orkubús Vestfjarða og þeirra sem búa við hagstæðast verð. Það stendur til að fara yfir verðlagningu samkv. marktaxta og húshitunartaxta hjá Rafmagnsveitunum í ljósi þeirra breytinga á olíuverði sem orðið hafa að undanförnu, þannig að menn þurfa ekki að kvíða því sérstaklega, að það, sem inn kemur fyrir þetta verðjöfnunargjald hverfi inn í þá taxta. Það verður reynt að tryggja að þeirri viðmiðun við olíuverð, sem hefur verið stefnan í sambandi við marktaxta og húshitunartaxta, verði fylgt áfram og þannig komi það fjármagn, sem inn kemur með hækkun verðjöfnunargjalds, til góða í sambandi við verðlagningu á hinum almennu töxtum.

Væntanlegt beint framlag frá ríkinu mun ganga langt í þá átt að standa undir kostnaði við hinar svokölluðu félagslegu framkvæmdir, sem mér heyrist af máli hv. þm. að flestir séu sammála um að eðlilegt sé framvegis að fjármagna með beinum framlögum frá eiganda Rafmagnsveitnanna, þ. e. a. s. ríkinu.

Það hefur komið fram margháttaður misskilningur í sambandi við taxta og verðlagningu hjá Rafmagnsveitunum. Ég ætla ekki hér að elta frekar ólar við það, en kemst þó ekki hjá að nefna það, sem kom fram í fyrirvara hv. þm. Árna Gunnarssonar í sambandi við þessa taxta, þar sem hann er að tala um nauðsyn á sérstökum refsitaxta fyrir þá sem kaupa raforku eftir marktaxta. Það hefur farið fram athugun á því, hversu mikið sé um að menn fari fram yfir þann afltopp sem um er samið samkv. marktaxta, og hefur komið fram við þá athugun að það er afar óverulegt sem notendur marktaxta fara fram yfir í kwst. talið, að aðeins um 1% af viðskiptum þeirra sem kaupa orku eftir þeim taxta. Ekki sýnist því sérstök ástæða til aðgerða í því sambandi, þó að sjálfsagt sé að veita þar aðhald.

Inn í þessar umr. hefur verið blandað óskyldum efnum, eins og fjárveitingum til virkjanaframkvæmda, og mér dettur ekki í hug að fara að ræða þau efni. Ég vil aðeins benda á hversu fjarstæðukennt er að vera að blanda slíku inn í umr. um þetta mál og telja að fjárveitingar til tiltekinna virkjana skipti máli í sambandi við þá verðlagningu á raforku sem við erum að fjalla um fyrir næsta ár. Menn geta eytt tíma Alþingis í að karpa um hvað sé réttmætt í sambandi við ákvarðanir um virkjanir. Þar mun eflaust sýnast sitt hverjum, eins og oft hefur verið. Ég tel að ákvarðanir af því tagi þurfi að vera vel undirbúnar og aðeins teknar að vel athuguðu máli. Mér finnst það vera langsótt að fara að upphefja andróður gegn tiltekinni virkjun í sambandi við þetta mál. Það mætti eflaust með sömu röksemdafærslu gagnrýna fjárveitingar sem til þessara mála renna nú, til einstakra virkjana, t. d. stórvirkjana hér á Suðurlandi, ef menn

vildu viðhafa slíkan málflutning og slíka röksemdafærslu. Ég treysti því, að hv. þm. almennt falli ekki í þá gryfju að fara að rugla þannig saman atriðum sem eru óskyld því sem hér er til umr.

Ég vil að lokum segja það, að ég trúi ekki öðru en að þm. sendi viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins betri kveðju en fram hefur komið í máli þeirra sem andæfa þessu frv., að menn sendi betri jólakveðju út í hinar dreifðu byggðir landsins en þá að ætla að stemma stigu við framgangi þessa frv. sem er lítið skref í réttlætisátt í sambandi við aðstöðu fólks í þessu landi. Ég tel vera þörf á því og það mikla þörf, að reynt verði að efla samstöðu meðal forustumanna þjóðarinnar um viss meginlífshagsmunamál landsmanna, og að þar geti menn horft út yfir þrengstu sjónarmið einstakra landshluta og kjördæma.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja örfá orð um þetta mál áður en það fer héðan úr d. Ég vildi út af orðum næstsíðasta ræðumanns, sem hér talaði, Vilmundar Gylfasonar, segja það, að hann talaði mikið um hreppasjónarmið, en í lok máls síns henti það hann sjálfan, hinn mikla mælskumann, að „það, sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann."

Hæstv. ráðh., sem síðast lauk máli sínu í þessu máli, talaði mikið um jólagjafir sem dreifbýlisþm. væru að senda þjóðinni. Ég er ekki á því að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé skemmtileg jólagjöf. Það er mjög langt frá því.

Svo sem kunnugt er fór nýlega fram undirskriftasöfnun í Rangárvallasýslu, þar sem mótmælt er hinu háa raforkuverði sem héraðsbúar sem og aðrir viðskiptavinir RARIK búa við. Meginhluti orkunnar, sem notuð er í landinu, er framleidd í Rangárvallasýslu eða á sýslumörkunum, þannig a. m. k. af þeirri ástæðu er í hæsta máta óeðlilegt að við skulum búa við eitt hæsta orkuverð sem þekkist. Rafmagnsnotendur í Rangárvallasýslu munu vera um 1000, þar af nota 70% hina venjulegu taxta RARIK. Eftir því sem ég hef dæmi um mun gjaldið fyrir raforkuna vera allt upp í 45 kr. á kwst. á ársgrundvelli, svo dæmi sé tekið af hjónum í einu kauptúnanna í sýslunni. 30% nota hins vegar marktaxta, en flestir þeirra eru með meiri eða minni yfirnotkun að auki vegna sveiflna milli árstíða. Í þessu sambandi er rétt að benda á hið háa fastagjald sem fylgir þar töxtum RARIK, en er hverfandi lágt hjá öðrum rafveitum.

Ég leyfi mér að vitna til eftirfarandi úr bréfi frá RARIK, sem lagt hefur verið á borð þm.:

Samkvæmt þeim upplýsingum stafar fjárhagsvandi þeirra aðallega af miklum kostnaði við orkuöflun, mjög erfiðum markaði í hinum dreifðu byggðum landsins og þeirri staðreynd, að fjár til félagslegra og óarðbærra framkvæmda hefur verið aflað með óhagkvæmum erlendum lánum og vísitölutryggðum lánum sem auka fjármagnskostnað stofnunarinnar óeðlilega. Tillögur RARIK hafa verið þær, að leysa bæri þennan fjárhagsvanda fremur með þeim hætti að eigandinn, þ. e. ríkissjóður, yfirtæki þennan hluta fjármagnskostnaðar en að hækka í sífellu smásölugjaldskrá sem leitt hefur til þeirrar miklu mismununar á raforkuverði sem er í dag. Samkvæmt síðustu tillögum Rafmagnsveitnanna var lagt til að ríkissjóður legði fram á fjárlögum ársins 1979 til frambúðarlausnar fjárhagsvandans 800 millj. kr. til þess að vega upp á móti hinum mikla fyrirsjáanlega halla 1979 og veitti enn fremur 680 millj. vegna hinna félagslegu þátta framkvæmda ársins 1979.

Í lok bréfsins treystir RARIK á óendurkræf framlög á fjárlögum, en tekur þó undir hækkun verðjöfnunargjalds sem tímabundna ráðstöfun. En er eftir nokkru að bíða í þessum efnum? Þennan vanda ber Alþ. og ríkisstj. að leysa án þess að bæta við á lævíslegan hátt einum skattinum enn á landsmenn alla og atvinnuvegina og mismununin óleyst eftir sem áður. Ég segi lævíslega, vegna þess að skatturinn er kallaður verðjöfnunargjald, en er það sannarlega ekki, því hann leggst þyngst á þá, sem mest greiða fyrir, og eykur þannig á óréttlætið. Með því að hækka þetta gjald í hlutfallslega er aukið á vanda notenda í dreifbýlinu. Frekar hefði átt að nota sömu peningaupphæð á selda kwst. Með núverandi fjárhæð verðjöfnunargjalds og söluskatti er þessi upphæð, svo dæmi sé tekið, t. d. í Reykjavík 5.92 kr. á kwst., en verður 6.81 kr. með samþykkt frv. óbreytts. Hjá RARIK er hún hins vegar nú 9.24 á kwst., en yrði 10.92 með samþykkt frv. Þarna er miðað við heimilistaxta.

Þótt þetta frv. leysi að einhverju leyti fjárhagsvanda RARIK, þá hefur það í för með sér enn þá meiri öfugþróun í jöfnun raforkuverðs og þótti flestum nóg komið áður, sbr. mótmælaskjal það er ég minntist á í upphafi. Eina leiðin í þessu máli er að fara að tillögum RARIK og fá óendurkræft framlag á fjárlögum. Það eitt er raunhæf byggðastefna. Það má í raun teljast furðuleg till. að vekja upp ágreiningsefni milli dreifbýlis og þéttbýlis í þessu máli í stað þess að veita fé á fjárlögum til þessa. Nóg er um ágreiningsefnin fyrir því og tímaleysi hér á Alþ. þessa dagana. Það var því í hæsta máta óeðlilegt að henda þessu máli hér inn, að öðru leyti en að framlengja óbreytt gjald.

Í viðtali við fjmrh. í blaði í gær kom fram að tekjuafgangur í fjárlagafrv. mundi verða 7-8 milljarðar. Er ekki leið til enn þá, áður en fjárlög verða afgreidd, að leysa þetta mál á þann eina hátt sem Alþ. sæmir, þ. e. að auka ekki á þann ójöfnuð sem nú er, heldur stefna þvert á móti að raunhæfri jöfnun raforkuverðs á sem allra stystum tíma?

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. Kjartan Ólafsson, 3. þm. Vestf., taldi að hér væri um lítið mál að ræða, aðeins 6% hækkun, lítið skref. Þetta er þó 700 millj. kr. skref. Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. þm., að ekki er þetta stórt skref þegar tekið er inn í heildarmynd þeirrar skattheimtu sem nú á sér stað umfram það sem reiknað var með að eðlilegt væri, og á ég þá bæði við stjórnunaraðgerðir þeirra háu herra, sem stjórna höfuðborginni, og eins þeirra sömu flokka, sem stjórna ríkinu.

Þessi smáu skref þýða um 1400 millj. kr. viðbótarskatta á höfuðborgarbúa frá borgarstjórn Reykjavíkur við ýmis önnur gjöld, sem ég nefni ekki, eins og álag á kvöldsöluleyfi, sem hækkar um 380%, o. s. frv. Það eru margir slíkir minni liðir. Af þessum hækkunarliðum má geta þess, að álagður eignarskattur hækkar um 650 millj., tekjuskatturinn er áætlað að hækki um 1200 millj. og flýtifyrningin, sem á að breyta úr 30% niður í 10%, þýðir um 1100 millj. Eignarskattshækkun á félög er um 1200 millj. og sérstakur fasteignaskattur er áætlað að gefi a. m. k. 550 millj. Flugvallagjaldið er um 400 millj., nýbyggingagjaldið um 300 millj., vörugjaldið, sem var hér á dagskrá áðan, 1150 millj. og svo mætti lengi telja. Það er af mörgu fleira að taka, en ég ætla ekki að telja

það upp. Litlu skrefin eru orðin ansi mörg.

Tilefni þess, að ég kem hér upp, eru ummæli hæstv. iðnrh. við 1. umr. þessa máls, en þá harmaði ég þá fullyrðingu hæstv. ráðh. að ekkert mark væri takandi á grg. Sambands ísl. rafveitna og þar með þá um leið á einróma samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur. Ég taldi það ábyrgðarleysi af ráðh. að taka svona til orða og sagði þá, að ég mundi leita frekari upplýsinga hjá Sambandi ísl. rafveitna um þetta mál, biðja það um að yfirfara fullyrðingar sínar og fá staðfest ef í þeim fyndust einhverjar villur. En svo var ekki.

Áður en ég les upp þær aths., sem Samband ísl. rafveitna hafði við ræðu hæstv. ráðh. að gera, vil ég taka það fram, að bréf það og grg., sem barst frá Sambandi ísl. rafveitna, er skrifað af formanni Sambands ísl. rafveitna í samráði við stjórnarmenn, en bréf það, sem hæstv. ráðh. og fleiri hv. þm. hafa vitnað til frá Rafmagnsveitum ríkisins, er bréf framkvæmdastjórans og hefur ekki verið borið undir stjórn Rafmagnsveitna ríkisins. (**Gripið fram í:** Hann átti sæti í stjórn SÍR.) Ég endurtek, eins og hv. þm. geta lesið sjálfir: Það bréf Rafmagnsveitna ríkisins er undirritað af Kristjáni Jónssyni, og formaður stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins vissi af þessu bréfi þegar það var skrifað, en neitaði að skrifa undir það vegna þess að það hafði ekki verið lagt fyrir stjórnina. Þetta eru hans eigin orð í samtölum hér frammi á ganginum áðan. Ég leitaði mér sérstakra upplýsinga um þetta mál til þess að geta farið rétt með það sem ég er nú að segja hér í ræðustól. En í aths., sem komu frá Sambandi ísl. rafveitna, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna ummæla iðnrh. við 1. umr. um frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku, sem fram fór 15. 12. 1978, viljum vér taka þetta fram:

1) Ráðh. kvaðst draga í efa, að í bréfi og grg. Sambands ísl. rafveitna (SÍR) til hans hafi verið talað fyrir munn allra rafveitna í landinu, og nefndi hann Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, í því sambandi. Við leyfum oss að benda á að í SIR eru allar rafveitur og virkjanir á landinu. Í lögum Sambandsins segir m. a. að markmið þess sé „að gæta hagsmuna aðildarfélaga og koma fram fyrir þeirra hönd í þeim málum sem æskilegt er að þeir standi að sem einn aðili". Enn fremur segir um markmið Sambandsins, að það sé „að veita yfirvöldum upplýsingar og umsagnir".

2) Á það er lögð áhersla, að gagnrýni SÍR á lagasetningu um verðjöfnunargjald af raforku beinist fyrst og fremst að þeirri aðferð, sem með gjaldtöku þessari er notuð, fremur en að RARIK sem fyrirtæki og allra síst að stjórnendum þess og starfsmönnum. Ljóst er að fyrirtækið, sem er í eigu ríkisins, og stjórnendur þess hafa að sjálfsögðu þurft að hlíta ýmsum pólitískum ákvörðunum um framkvæmdir og gjaldskrársetningar, sem hafa haft áhrif á fjárhagsstöðu þess. Það eru sameiginlegir hagsmunir allrar þjóðarinnar, að raforkufyrirtækin í landinu standi traustum fótum og geti sinnt hlutverki sínu á þann hátt sem ætlast er til af hinum almenna notanda. Óviðunandi er að fyrirtæki þessi búi við sífellda fjárhagsörðugleika sem oft leiða til meiri tilkostnaðar en þörf er á vegna bráðabirgðaúrlausna á ýmsum sviðum. Eins og SÍR hefur áður bent á verður fjárhagsvandi RARIK ekki leystur með sífelldri framlengingu á lögum um verðjöfnunargjald og hækkun þess gjalds með nokkurra ára millibili.

3) Í fyrrgreindri ræðu sinni á Alþingi segir iðnrh., að í grg. Sambands ísl. rafveitna komi margt fram sem hann telji „afar villandi og nánast ekki sæmandi " og rugli hv. alþm. í ríminu í sambandi við ýmsa þætti málsins, enda gæti þar „bæði vissra rangfærslna og misskilnings" að sínu mati. Vegna þessara ummæla skal það tekið fram, að ekkert hefur komið í ljós sem bendir til að þau hafi við nokkur rök að styðjast. Þá sagði hann að eitt af því, sem sótt hafi verið í grg. þessa, væri að þetta hefði mikil áhrif á framfærsluvísitöluna. Af þessu tilefni er rétt að tilgreina síðustu málsgr. grg., en hún er þannig orðrétt: „Á það er og bent, að gjald af þessu tagi, sem gengur beint inn í raforkuverð í landinu, leiðir til hækkunar framfærsluvísitölu og rekstrarkostnaðar atvinnufyrirtækja." Í grg. SÍR er enginn dómur lagður á það, hvort áhrifin séu mikil eða lítil. Hins vegar er lagður dómur á aðferðina sem slíka.

4) Iðnrh. segir að í grg. SÍR sé hampað villandi upplýsingum um taxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins og rangri verðlagningu í tengslum við þá, fælist verulegur þáttur í gagnrýni manna á verðjöfnunargjaldið og hækkun þess í því að benda á þetta sjónarmið. Í gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hafa lengi verið ákvæði um að raforkuverð til hitunar sé miðað við söluverð olíu til olíukyndingar. Fyrir allmörgum árum tóku hitataxtarnir að dragast aftur úr þessu marki vegna tregðu stjórnvalda til að heimila hækkanir á þeim til samræms við olíuverð. Leiddi þetta til stórkostlegrar aukningar á raforkusölu til hitunar, svo sem bent er á í grg. SÍR. Er það fyrst nú á þessu ári sem fyrra marki er náð, þannig að verðlagning fyrirtækisins á raforku til hitunar nálgast kostnað við upphitun með olíu. Dugar þetta þó ekki til og ætti því alls ekki að leyfa frekari aukningu á sölu raforku til hitunar meðan þannig er ástatt.

5) Athyglisverð eru þau ummæli iðnrh., að hann vilji ekki fullyrða að marktöxtunum mætti í engu breyta eða gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og samsetningu hennar. Í undirbúningi munu nú vera viðræður við Verkfræðistofnun Háskóla Íslands varðandi einföldun og endurskipulagningu á gjaldskrá RARIK.

6) Þeim ummælum ráðh. ber að fagna, er hann dregur í efa að það sé í öllum atvikum skynsamleg stefna að fara út í beina rafhitun á svæðum, þar sem ekki er talin von til þess að fá jarðvarma. Sagði hann þau mál í gaumgæfilegri athugun nú og yrði henni hraðað eftir föngum, þannig að ekki yrði haldið lengra á braut beinnar rafhitunar án þess að dæmið yrði fyrst gert upp."

Því leyfi ég mér að lesa þetta, að ég taldi rétt að Samband ísl. rafveitna fengi, þó það eigi ekki fulltrúa hér á Alþ., beint tækifæri til þess að svara því sem ég taldi furðuleg ummæli hæstv. ráðh. um grg. þeirra.

Ég vil þakka hv. 7. þm. Reykv. fyrir mjög góða ræðu sem hann hélt hér, ágæta ræðu sem hann hefur eflaust lagt talsverða vinnu í. Hann hefur líklega leitað sér upplýsinga hjá borgaryfirvöldum og eins Rafmagnsveitu Reykjavíkur, því hann fór nákvæmlega með þær tölur sem hafa verið til umr. í borgarstjórn Reykjavíkur og þá af mönnum sem njóta e. t. v. meira trausts hjá hæstv. ríkisstj. en þeir sem mæla gegn þessari 6% verðhækkun, því þeir eru þó félagar í sömu flokkum og þar ráða. Ég tek undir með hv. 7. þm. Reykv. og vona að það verði frestun á frekari skattpíningu þegna þessa lands og því las ég upp þær upphæðir sem nú hafa verið heimtar inn í smáskömmtum til viðbótar við það sem annars hefði verið eðlilegt að leggja á þjóðina. Ég vona að frekari

skattpíningu verði ekki haldið áfram og þetta verðjöfnunargjald verði fellt, því að þjóðin er búin að fá meira en nóg og þarf nú að fara að huga að því, að eitthvað verði eftir til jólanna. Jólaglaðningur ríkisstj. er ekki í því falinn að leggja 6% skattinn á. Það er mesti misskilningur hjá hæstv. iðnrh. Hann hlýtur að hafa hlustað á ræðu hv. 7. þm. Reykv. með daufa eyranu.

Það er nú búið að vitna svo oft í þetta bréf Rafmagnsveitna ríkisins, að ég sé ekki ástæðu til þess að gera það að neinu sérstöku umræðuefni. En það er alveg augljóst að í þessu bréfi, sem ég vil kalla bréf framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins, kemur mjög ljóst fram, að Rafmagnsveitur ríkisins eru líka á móti þessu verðjöfnunargjaldi. Það fer ekkert á milli mála. Það segir á fleiri en einum stað, hvað þeir vilja fá í staðinn. Eftir að embættismannanefnd hafði gert tillögur um að þetta verðjöfnunargjald skyldi hækkað í 20% og sú till. hafði verið felld, þá kemur fram í bréfinu að síðustu tillögur, sem Rafmagnsveitur ríkisins gerðu, hljóða svo, með leyfi forseta, og les ég þá upp af annarri síðu þessa bréfs:

„Síðustu tillögur Rafmagnsveitnanna gerðu hins vegar ráð fyrir óendurkræfum framlögum úr ríkissjóði á fjárlögum 1979 til frambúðarlausnar fjárhagsvandans, 800 millj. kr. til þess að vega upp á móti fyrirsjáanlegum rekstrarhalla 1979 og 680 millj. kr. vegna hins félagslega þáttar framkvæmda árið 1979."

Þessar tillögur stofnunarinnar hafa verið mótaðar á grundvelli útreikninga á hinum félagslega þætti í framkvæmdum rafveitnanna. Er þessi félagslegi þáttur í framkvæmdum rafveitnanna einn hluti af þessum 8% sem felld voru niður 1. des? Á að velta því að mestu yfir á fólkið sem býr hér á suðvesturhorni landsins? Ef það er hluti af hinum félagslegu umbótum væri gott að fá það upplýst.

Á þriðju síðu þessa sama bréfs, sem virðist vera eins og hálfgerð biblía hæstv. iðnrh., stendur efst á bls. með leyfi forseta: „Ljóst er, að ekki verður við það unað að fjárhagsvandi Rafmagnsveitnanna verði leystur með sífelldum gjaldskrárhækkunum. Stofnunin hefur því gert tillögur um óendurkræf framlög úr ríkissjóði til að mæta þessum vanda og treystir því, að það verði gert að nokkru á þann hátt, sbr. yfirlýsingu iðnrh. á Alþ. 15. des. s. l.

Meðan verið er að afla þessari stefnu nægilegs skilnings, verður að líta á hækkun verðjöfnunargjaldsins sem tímabundna ráðstöfun til að brúa þetta bil að hluta."

Ég verð að segja alveg eins og er, að ef það er ekki nóg, sem meiri hl. hv. iðnn. hefur samþ., að viðhalda þessu 13% verðjöfnunargjaldi, sem er búið að vera tímabundið í mörg ár, — ef það er ekki nóg að halda þessu 13% álagningargjaldi óbreyttu miðað við stórhækkaðan álagningarstofn, þá er það í mínum augum ekkert annað en að hluta af þessum 8% félagslegu umbótum, sem ríkisstj. hefur lofað, er nú velt yfir á rafmagnsnotendur. Eins og komið hefur fram í umr. um þetta mál, lendir það þyngst á þeim sem greiða hæsta raforkuverðið. Svo skulum við ekkert vera að deila um hverjir það eru sem greiða hæsta verðið fyrir raforkuna. Þessi 6% viðbót hlýtur að gera meira í krónutölu hjá þeim sem greiða hæst fyrir rafmagnið. Það held ég að sé öllum ljóst.

Ég vil undirstrika það, að mér er ekki nokkur leið að skilja hæstv. iðnrh. þegar hann talar um að bjartsýni hans hafi aukist við ræðu hv. 7. þm. Reykv. Hann hefur þá hlustað á hana með allt öðru hugarfari en mér er næst að segja allir aðrir þm. En ég held að það sé kominn tími til, það er alveg rétt hjá hæstv. iðnrh., að stjórnarherrarnir fari nú að hugsa til þess, að jólin eru að nálgast, og þeir geri það nú, svona til þess að breyta út af venju sinni, að gefa þjóðinni smájólagjöf með því að ýta ekki fast eftir þessari hækkun á verðjöfnunargjaldinu úr 13% í 19%. Það út af fyrir sig væri — ja, hvað á maður að segja? — smájólagjöf í öllu því skattpíningarflóði sem nú dynur yfir þjóðina. Og ég vil ítreka það, sem ég hef áður sagt úr þessum ræðustól, að árið 1979 verður alveg hryllilegt skattpíningarár fyrir alla aðila, ekki eingöngu fyrir atvinnureksturinn, heldur fyrir alla.

Umr. frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 111). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 270).

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 203 (sbr. 23). — Ein umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. 8. og 9. mál á dagskránni eru að vissu leyti sama málið, þar sem þau mál fjalla bæði um hið sérstaka tímabundna vörugjald að mestu leyti.

Þetta frv., sem nú er til umr., um sérstakt tímabundið vörugjald, er flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 1. júní s. l. Tilefni þeirra var breyt. á lögum um tollskrá o. fl. sem samþ. var á seinustu starfsdögum Alþ. á s. l. vori og fól í sér breytingar á tollskrárnúmerum. Í Ed. — þetta mál kemur þaðan — var hins vegar samþ. breyting á þessu frv. og þurfti það því að koma aftur til þessarar deildar. Þessi breyting er annars vegar fólgin í hækkun 16% vörugjalds í 18%. Hins vegar voru tekin inn í frv. ákvæði V. kafla brbl. um kjaramál frá 8. sept. s. l. um hækkun sérstaks tímabundins vörugjalds úr 16% í 30% á þar til greindum tollskrárnúmerum. Hefur því V. kafli þeirra laga verið felldur niður í Ed.

Ég vil leyfa mér, af því að þessi mál eru í beinu samhengi, að tala fyrir 9. máli, og leyfi mér að vísa til þess þegar það verður tekið á dagskrá, en sum atriði þess máls, sem hér verður til umr., fjalla einnig um tímabundið vörugjald.

Eins og ég gat um áður, felldi Ed. niður V. kafla laganna um kjaramál, en hann fjallaði um breytingu á sérstöku tímabundnu vörugjaldi, og setti öll ákvæði um það inn í lögin um sérstakt tímabundið vörugjald, sem er 23. mál, sem ég er nú að tala fyrir. Enn fremur breytti Ed. 8. gr. frv. til laga um kjaramál á þann veg að fella niður að taka sérstaklega fram um skattlagningu sambúðarfólks, þar sem um skattlagningu þess gilda við framkvæmd skattalaga sömu reglur og um hjón, æski þau eftir samsköttun. Enn fremur hefur orðunum „skuldlaus eign" verið breytt í: skattgjaldseign, þar sem það orð er notað um þetta hugtak í skattalögum.

Það hefur verið tröppugangur á þessu tímabundna vörugjaldi. Það er nokkuð lífseigt, var í byrjun ársins

18%, en var breytt með brbl. 1. júní í 16%. Með lögunum um kjaramál frá því í sept. var hluta gjaldsins breytt úr 16% í 30% varðandi vörur sem ekki eru taldar eins nauðsynlegar og hinar, sem skildar voru eftir í 16% flokknum, og nú er breytingin í þá átt, að 16% flokkurinn hækki upp í 18%. Ef þessar breytingar verða samþ. hér á hv. Alþ. verður tímabundna vörugjaldið 18% og 30%.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði samþ.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég tel eðlilegt að þessari umr. verði frestað og hv. fjh.- og viðskn. gefist færi á að athuga hvað hér er um að ræða. Ég tel að málinu sé ekki stefnt í hættu, því að hér er um að ræða síðustu umr. málsins. Það er hluti af þeim stóra pakka, sem ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa flutt inn á Alþ. síðustu dagana, og þess vegna ástæða til að n. þessarar hv. d. fái tækifæri til athugunar á þessu máli.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég fellst á þessa till. hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen, að málið verði athugað í n. Það er einfalt og ætti að vera tiltölulega fljótlegt að fjalla um það.

Umr. frestað.

Kjaramál, frv. (þskj. 258). — Ein umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Eins og ég tók fram í framsögu minni fyrir frv. um tímabundið vörugjald eru þessi mál nátengd. Ég gerði grein fyrir því áður, í hverju væru fólgnar þær breytingar, sem hér er lagt til að gera, og sé ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð. En mér finnst eðlilegt að það mál fari einnig til n. og verði athugað jafnhliða hinu, þar sem þessi mál tengjast svo mjög saman.

Umr. frestað.

Efri deild, 44. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., kl. 10 árdegis.

Iðnaðarlög, frv. (þskj. 267). — 1. umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér eru í frammi höfð. Mér skilst helst að það eigi að gefa jólahlé á morgun jafnvel. Búið var að semja um það milli stjórnar og stjórnarandstöðu að reyna að hafa samstarf um afgreiðslu mála eftir því sem hægt er vegna efnislegs meiningarmunar. Menn hafa staðið við það. Menn hafa yfirleitt greitt atkv. með afbrigðum þótt mikill hraði sé á afgreiðslu mála, eins og raunar oft er fyrir jól. Það er út af fyrir sig ekkert einsdæmi. En samt er það svo, að meðferð mála hér á Alþ. nú er með alveg einstæðum hætti og þá sérstaklega vegna þeirra tilburða sem hafa verið hjá einum stjórnarflokknum nú nýlega. Það hefur auðvitað tafið afgreiðslu mála alveg gífurlega, og í gær gerðist það, að á fundi í Sþ. voru menn að ræða fram og aftur um mál sem hefur tekið geysilegan tíma og er fjarri því að vera þess eðlis, að það þurfi að afgreiða fyrir jól. Það var um gjald fyrir laxveiðiheimildir útlendinga og það er eins konar rjúpumál. Um þetta voru menn að ræða í gær. Síðan gerist það, að hér eru settir nýir fundir síðdegis, m. a. er settur einn fundur, sem enginn vissi hvað ætti að hafa á dagskrá sinni, fyrr en skjali um það var útbýtt um leið og fundurinn var settur og leitað afbrigða fyrir málum. Þá kom í ljós, að rétt samstundis stóð hæstv. fjmrh. hér í ræðustól og mælti fyrir máli sem enginn hafði heyrt minnst á og enginn hafði haft ráðrúm til að kynna sér, a. m. k. ekki í stjórnarandstöðunni, sem þó hafði verið beðin um að greiða fyrir afgreiðslu mála. Þetta gerist tveim dögum fyrir þinghlé. Og nú gerist það, að leitað er afbrigða fyrir máli, sem ekki hefur heldur heyrst um og ekki var einu sinni komið á borð þm.

Ég vil fyrir mitt leyti sem þm. úr stjórnarandstöðuflokknum eindregið mótmæla þessum vinnubrögðum og sé ekki ástæðu til þess að taka þátt í því að flýta fyrir afgreiðslu mála.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka fram, að eins og öllum er ljóst hefur verið mikill hraði á afgreiðslu mála nú fyrir jólaleyfið. Ég hygg að það sé hliðstætt því sem verið hefur.

Varðandi það mál, sem er nr. 3 á dagskránni, hef ég leyft mér að leita afbrigða um það af tveim ástæðum.

Í fyrsta lagi er það eina málið á dagskránni sem við getum tekið fyrir. Það verður ekki mælt fyrir málum sem eru nr. 1 og 2 á dagskrá. Ráðh. hafa ákveðið að mæla ekki fyrir þeim fyrir jól, þannig að ef við tækjum ekki þriðja málið á dagskrá yrðum við að fresta fundi.

Hin ástæðan fyrir því, að ég leyfi mér að leita afbrigða, er sú, að það hefur verið viðtekin venja, þegar varamenn sitja á þingi og hafa flutt mál, að gefa þeim tækifæri til þess að flytja framsögu fyrir málinu. Nú er svo ástatt, að 1. flm. að þessu máli er 2. þm. Reykn., Ólafur Björnsson, sem nú situr til bráðabirgða á þingi, og eina tækifærið til þess, að hann geti mælt fyrir málinu, er að hann geri það núna. Ég vænti þess, að hv. d. taki tillit til þessara aðstæðna samkv. venju, frv. hefur nú verið útbýtt, og ég leyfi mér að leita afbrigða fyrir því að taka málið á dagskrá.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég vona að ég tefji ykkur ekki mikið. Þetta frv. gildir kannske ekki stórt miðað við það sem verið er að fást við þessa dagana. Það er aðeins örlítil tilraun til að tryggja, að því er mér finnst, rétt þeirra, sem hafa verið á sjó, að þegar þeir fullorðnast og koma í land eigi þeir rétt á að vinna við það sem hefur kannske verið meginstarf þeirra árum saman, en svo er ekki nú. Þetta er breyting á 8. gr. iðnaðarlaga. Það, sem ég vil bæta við greinina um rétt til iðnaðarstarfa, er þetta: „Þá hafa þeir, sem gegnt hafa netamannsstarfi eða hliðstæðu starfi á sjó í 10 ár eða lengur, rétt til að annast viðhald veiðarfæra í landi.“ Það er sem sagt eina breytingin sem lögð er til.

Netamenn og yfirmenn á fiskiskipum eru yfirleitt búnir að fá langa reynslu í að vinna við veiðarfæri, en það er nú svo í dag, að það varðar nánast sektum ef þeir vinna

í landi við þessi störf sem þeir hafa unnið við úti á sjó árum saman. Ef þeir vinna við þau í landi, þá er það ekki löglegt. Þetta er það sem mér finnst réttlæti að breyta, og ég vona að það sé ekki svo stórt mál að það þurfi að tefja ykkur mikið. Þessu máli mun eiga að vísa til iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 45. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 44. fundi.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 169, n. 272). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt. Tveir nm., Þorv. Garðar Kristjánsson og Ragnhildur Helgadóttir, skrifa undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11. shlj. atkv.

Neðri deild, 40. fundur.

Fimmtudaginn 21. des. kl. 10 árdegis.

Umræður utan dagskrár.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrir viku gerði flokksstjórn Alþfl. samþykkt, sem varðaði mjög afgreiðslu fjárl. og stefnu í efnahagsmálum og hefur verið til umr. bæði hér á þingi og annars staðar síðan. Í gærkvöld kom flokksstjórn Alþfl. saman á nýjan fund og gerði þar ályktun um þessi mál sem ég tel rétt að kynna þinginu. Ályktunin hljóðar svo:

„Síðan flokksstjórn Alþfl. ræddi og gerði ályktun um frv. til 1. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu hefur eftirfarandi gerst:

1. Ríkisstj. hefur ákveðið að fresta afgreiðslu lánsfjáráætlunar eins og Alþfl. krafðist.

2. Unnið er á þeim grundvelli, að heildarfjárfesting verði ekki meiri en 24.5% af þjóðarframleiðslu.

3. Við 2. umr. fjárlaga hefur verið ákveðinn 1840 millj. kr. niðurskurður á útgjöldum ríkisins til viðbótar fyrri niðurskurði.

4. Greiðslujöfnuður fjárlaga verður um 3 milljarðar kr.

5. Rekstrarafgangur fjárlaga verður tæplega 8 milljarðar og skuldir ríkisins hjá Seðlabanka verða lækkaðar um 5 milljarða.

6. Fjárlögin verða innan 30% af þjóðarframleiðslu, eins og 3. gr. frv. Alþfl. gerir ráð fyrir.

7. Eftir þessar breytingar eru fjárlög í samræmi við grg. laga um ráðstafanir 1. des. og þau markmið sem þar voru sett.

8. Samstarfsflokkarnir eru reiðubúnir til að kjósa n. þriggja ráðh. til að kanna rækilega frv. Alþfl. og tillögur hinna flokkanna. Skal hún leggja fram fyrir 1. febr. efnahagstillögur er taki til tveggja næstu ára.

Með tilliti til alls þessa telur flokksstjórnin rétt, að flokkurinn afgreiði fjárlög með ofangreindum breytingum. Lánsfjáráætlun verði afgreidd í samræmi við þá stefnu sem Alþfl. hefur mótað til viðnáms verðbólgu næstu tvö ár. Áframhaldandi stjórnarsamstarf Alþfl. er bundið því, að eigi síðar en 1. febr. hafi ríkisstj. lokið gerð lagafrv. um samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu til a. m. k. tveggja ára. Það frv. verði lagt fyrir flokksstjórn Alþfl. er þá tekur ákvörðun um framhald stjórnarsamstarfsins. Flokksstjórnin telur að efnahagsástandið fram undan sé svo viðsjárvert að framkvæmd samræmdrar langtímastefnu þoli ekki lengri bið."

Þannig er þessi samþykkt og hún var gerð með 50 shlj. atkv. á fundinum.

Lárus Jónsson: *Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af* þessari yfirlýsingu hæstv. utanrrh. Við minnihlutamenn í fjvn. höfum ekki enn fengið upplýsingar um þann niðurskurð sem fram kemur í þessu máli. Hér er talið að við 2. umr. hafi verið skornar niður 1800 millj. af ríkisútgjöldum (**Gripið fram í:** Eftir 2. umr.) Við 2. umr., sagði hæstv. utanrrh. Eftir 2. umr. voru skornar niður 800 millj. eftir því sem við fengum upplýsingar um í fjvn. í gær. (Gripið fram í.) Það leiðréttist þá ef þetta er ekki rétt. Það voru 500 millj. sem voru skornar þann veg niður, að hæstv. ráðh. voru látnir skera niður 100 millj. hver, 5 samtals, og það gerir 500 millj. og síðan voru skornar nokkur hundruð millj. (**Gripið fram í:** Eru þeir ekki 9, ráðh.?) Jú, þeir eru 9, en þeir voru bara látnir skera niður 5 og síðan voru skornar niður 200-300 millj. í viðbót. Þetta eru þær upplýsingar sem við höfum í minni hl. fjvn. En það verður fundur í dag í fjvn., að mér skilst, og fjárlagaumr. á að fara fram í kvöld. Það kann að vera að hæstv. ráðh. hafi fundið einn milljarð í viðbót til þess að skera niður. Þó er mér það til efs, nema þá e. t. v. þann veg, að þeir hugsi sér að draga úr niðurgreiðslum um einn milljarð í viðbót við það sem frv. gerir ráð fyrir að þeir geri, en þar er gert ráð fyrir að draga úr niðurgreiðslum um 2800 millj.

En það, sem ég vildi upplýsa hér, var að það er alrangt, sem kemur fram í máli hæstv. utanrrh., að það sé stefnt að því, að ríkisútgjöldin verði innan við 30% af þjóðarframleiðslu á næsta ári. Þjóðhagsstjóri kom á fund fjvn. á mánudagskvöld og þá upplýsti hann, að tekjur þær, sem innheimtar yrðu af fólki, yrðu 31.5% af þjóðarframleiðslu, hvort tveggja metið á sama verðlagi, þ. e. a. s. þjóðarframleiðslan er 663 milljarðar kr. metin á desemberverðlagi, og það munu vera 31.5% af þeim tekjum sem ætlað er að ná í ríkissjóð. Hins vegar er hægt að halda því fram, að útgjöldin séu á pappírnum minni en tekjurnar, en svo er ekki og auðvelt að sýna fram á að greiðsluhalli mun verða á fjárl. fyrir árið 1979 eins og

dæmið stendur nú. Það er þess vegna um að ræða að verið er að þenja út ríkiskerfið, úr því að það voru 27-28% af þjóðarframleiðslu fyrir tveimur árum en hækkar nú í 31.5%.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Í tilefni af þessum umr. verð ég að skýra frá því, að það var gerð samþykkt í ríkisstj. um lækkun á ríkisútgjöldum. Ég sé ástæðu til að lesa þessa samþykkt. Hún er á þessa leið:

„Ríkisstj. samþykkir að lækka ríkisútgjöld á árinu 1979 um allt að 1 milljarð kr. til þess að endanleg framkvæmd fjárl. verði í samræmi við þau markmið sem sett eru fram í 1. gr. fjárlagafrv. Ákvarðanir um framkvæmd þessarar samþykktar verði teknar þegar að loknu jólaleyfi."

Ég vil taka það fram í tilefni af þessari samþykkt, að ég mun ganga mjög ríkt eftir því, að hún verði framkvæmd, og ég mun gera Alþ. grein fyrir því, hvernig sú framkvæmd verður, væntanlega þegar það kemur saman að loknu jólaleyfi.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., steig hér í stólinn áðan, eins og menn heyrðu og sáu, og hann er vissulega boðinn velkominn til að taka þátt í störfum Alþingis. Alþingi og þjóðin öll hefur á undanförnum dögum orðið að hlusta á málflutning og heyra hvernig Alþ. hefur hagað störfum sínum, og vissulega hefur það ekki verið til þess að auka virðingu og veg Alþingis með hvaða hætti það hefur verið gert. Störf Alþ. hafa á undanförnum vikum, eða frá því að Alþ. var sett í haust, verið með mjög óvenjulegum hætti, sem birst hefur skýrast í athöfnum og vinnubrögðum stjórnarliðsins við afgreiðslu fjárlagafrv., sem hefur verið til umr., svo og fylgifrv. við fjárlagafrv.

Ósamstaða stjórnarflokkanna og reyndar stefnuleysi ríkisstj. hefur komið glögglega í ljós. Hér hafa forustumenn stjórnarflokkanna dag eftir dag verið með yfirlýsingar sem þeir hafa gefið til þess að kynna mikinn skoðanaágreining um lausn mála, og langtímum saman hefur verið beðið eftir ákvarðanatöku og afgreiðslu hér á Alþ. Þegar svo loksins eitthvað hefur heyrst frá þessum ágætu mönnum, þá hefur það ýmist verið í formi fyrirvara eða hótana. Allur málfutningur og afstaða Alþfl. hafa þó verið einna fálmkenndust. Hefur það komið fram í flóði þeirra fyrirvara sem rignt hefur yfir Alþ., sem sjálfsagt hefur verið ætlað það hlutverk að sýnast og láta þjóðina halda að um sérstöðu þeirra til afgreiðslu mála sé hér að ræða. Þeim hefur sumum hverjum verið ljóst, að þeir hafa hrakist fyrir vindi í þessu stjórnarsamstarfi og engu fengið framgengt af sínum stefnumálum eða kosningaloforðum þrátt fyrir það að að sögn formanns Alþfl. séu mörg orð úr stefnu Alþfl. í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Meira að segja sagði einn hv. þm. Alþfl. í Ed. fyrir tveimur dögum að hingað til hefði ekkert verið gert af viti. (Gripið fram í.) Hv. þm. Karl Steinar Guðnason situr í Ed., ef formaður þingflokks Alþfl. veit það ekki, en þetta voru hans orð í umr. í hv. Ed. fyrir tveimur dögum. Þessi vitnisburður hv. þm. er lýsing þeirra á störfum núv. ríkisstj. og stjórnarflokka það sem af er þessu þingi. Þetta kemur þeim, sem til þekkja og horfa á, ekkert á óvart, og á það hefur verið bent, að Framsfl. hefur látið Alþb. með hv. 1. þm. Austurl. í fararbroddi ráða algerlega ferðinni og hefur Alþfl. setið undir því öllu saman.

Þrátt fyrir alla þessa fyrirvara og yfirlýsingar síðustu daga, sem hafa stórlega truflað störf Alþingis, liggur nú ljóst fyrir eftir yfirlýsingu formanns Alþfl., að enn einu sinni verður Alþfl. að sætta sig við það, að ekkert tillit sé tekið til stefnumála hans og háttalag Alþfl.-manna hér á Alþ. er sjónarspil eitt. Það er ljóst af því, sem fram hefur komið, að þeir hyggjast standa að fjárl., sem í reynd munu leiða til halla á ríkisbúskapnum á næsta ári þrátt fyrir stefnumið og þrátt fyrir þær miklu skattaálögur sem núv. stjórnarliðar í óðaönn samþykkja þessa dagana. Og því miður er ljóst, að áfram verður hér mikil verðbólga í landinu á næsta ári, og þau fjárlög, sem nú er hugsað að afgreiða, munu ekki draga úr henni nema síður sé.

Ég vildi vekja athygli á þessu í tilefni af yfirlýsingu hæstv. utanrrh., formanns Alþfl., og tel rétt að þjóðin fái að vita það og gera sér grein fyrir því, hvert sjónarspil Alþfl. hefur verið að leika hér á Alþ. og annars staðar allt frá því í kosningunum í sumar.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Í sambandi við þá yfirlýsingu, sem hér hefur verið gefin af hálfu formanns Alþfl. um afstöðu flokksins til afgreiðslu fjárl., þykir mér rétt að gera nokkrar aths. af hálfu okkar Alþb.-manna.

Ég fagna út af fyrir sig þeirri samþykkt sem Alþfl. hefur gert um það að vilja standa áfram að afgreiðslu fjárl. á þeim grundvelli sem hér hefur verið markaður. Það er augljóst, að flokkurinn hefur komist að raun um við nánari athugun að afgreiðsla fjárl. er í öllum meginatriðum á þeim grundvelli sem stjórnarflokkarnir höfðu margsinnis áður yfir að þeir ætluðu sér að hafa í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Ég vil líka taka það fram, að það hefur legið ljóst fyrir að Alþb. hefur verið reiðubúið allan tímann og er reiðubúið áfram til þess að ræða við aðra samstarfsflokka sína um ráðstafanir í efnahagsmálum gegn verðbólguvandanum til bæði skemmri og lengri tíma. En í sambandi við slíkar ráðstafanir leggjum við Alþb.-menn megináherslu á nokkur grundvallaratriði. Þar segjum við, að um leið og gerðar eru ráðstafanir í efnahagsmálum verði að tryggja fulla atvinnu í landinu. Það er í samræmi við samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna. Í öðru lagi, að í þeim efnahagsráðstöfunum, sem gripið er til, verði að tryggja þann kaupmátt launa sem lágmark sem um var samið í kaupgjaldssamningunum á árinu 1977. Í þriðja lagi, að haga þurfi efnahagsstefnunni þannig að unnið sé að því að efla íslenska atvinnuvegi. Og í fjórða lagi, að þær ráðstafanir, sem gerðar verða í efnahagsmálum, verði að byggjast á fullu samkomulagi við samtök launafólks.

Í sambandi við þá yfirlýsingu, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. um samþykkt í ríkisstj. þess efnis, að við það væri miðað að unnið yrði að því að lækka ríkisútgjöld á næsta ári frá því, sem beinlínis er gert ráð fyrir í fjárl., um sem næmi 1 milljarði þar til viðbótar, vil ég segja það, að við Alþb.-menn höfum allan tímann lagt áherslu á að unnið væri að því að draga úr almennum rekstrarútgjöldum ríkis og ríkisstofnana. Við munum vinna að slíku áfram. En við erum andvígir því og teljum að þar sé brugðið frá gerðu samkomulagi, ef ætlunin er að hverfa frá þeim fjárveitingum sem samið er um til félagslegra og verklegra framkvæmda og búið er að ákveða af Alþ. og skipta, eða í sambandi við þær niðurgreiðslur sem eru í samræmi við markaða stefnu ríkisstj. og samstarfssamning hennar. Við teljum auðvelt að færa niður

rekstrarútgjöld ríkisins sem nemur 1 milljarði kr. og þó meira væri og beri að vinna að því.

Ég vil því segja í sambandi við það, sem hér hefur komið fram, að mér sýnist að hér geti verið um fulla samstöðu að ræða hjá stjórnarflokkunum um afgreiðslu fjárl. á þeim grundvelli sem markaður hefur verið, bæði varðandi tekjur og gjöld, og að það megi ná þeim árangri, að fjárlagaafgreiðslan hafi nokkur áhrif til viðnáms gegn verðbólgu. Og ég held að við,sem stöndum að stjórninni, eigum að láta okkur það í léttu rúmi liggja þó að það fari einhver smávegis hrollur um stjórnarandstöðuna í sambandi við lok þessa máls.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það virðist sem hugir alþm. hafi farið svolítið úr jafnvægi þessa morgunstund. Það er óheppilegt, því að ég veit að við erum allir sammála um að Alþ. geti lokið fyrir jól eins og ætlast hefur verið til. Á hinn bóginn skil ég vel að hv. stjórnarandstæðingar séu ekki alls kostar ánægðir með þau vinnubrögð sem við hefur þurft að hafa á Alþ., og ég er fyrir mitt leyti reiðubúinn til þess að biðja þá afsökunar á því. En ég skírskota til þess, að þeir eru flestir þingvanir og vita að það verður oft að láta skynsemina ráða þegar um vinnubrögð er að tefla. Þess vegna vil ég nú vinsamlegast fara fram á það, að þeir fallist á að þau tekjuöflunarfrv., sem bíða atkvgr. hér í d., fái afgreiðslu, þannig að hv. Ed. gæti fengið þau til meðferðar og hún geti haft eðlilegan tíma til að fjalla um þau.

Það er auðvitað fjarri mér að vilja leggja nokkurt haft á málfrelsi þm. og stjórnarandstöðunnar, og mér sýnist, að ef þeir fallast á þessi vinsamlegu tilmæli mín, þá sé í lófa lagið að halda áfram þessum umr. utan dagskrár eftir að atkvgr. hefur farið fram. Ég veit að vísu að hæstv. forseti Nd. hefur þetta í hendi sér, en ég tel ekki rétt að hann neyti neins forsetavalds í þessum efnum, heldur er það, sem ég er að fara fram á, að með góðu samþykki megi hafa þennan hátt á afgreiðslu málanna, en síðan geti menn talað að vild sinni. Og eins og ég hef sagt áður, þá er mér ekkert að vanbúnaði að sitja hér milli jóla og nýárs. Þessi mál, sem um er að ræða, verða afgreidd hér, hvort sem menn tala lengur eða skemur. En ég vil nú vænta þess, að hv. leiðtogi stjórnarandstöðunnar, vegna fyrri kynna minna af sanngirni hans, geti fallist á þessi tilmæli mín.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs, átti ekki von á að fá orðið svona fljótt, en er þakklátur forseta fyrir það út af fyrir sig.

Hæstv. forsrh. beindi hér tilmælum til stjórnarandstöðunnar og mín sérstaklega sem leiðtoga stjórnarandstöðunnar. Ég minni hæstv. forsrh. á það, að þessar umr., sem nú fara fram, voru ekki hafnar af stjórnarandstöðunni. Þær voru hafnar af hæstv. utanrrh., af stjórnarsinnum. Og svo lengi höfum við í stjórnarandstöðunni þurft að bíða eftir afgreiðslu mála hér á Alþ., svo lengi höfum við í stjórnarandstöðunni sýnt þolinmæði varðandi algerlega óþolandi starfsfyrirkomulag nú síðustu dagana á Alþ., að ég tel rétt að þeir, sem eru nú á mælendaskrá og fengu tilefni til að kveðja sér hljóðs, fái tækifæri til að ljúka máli sínu, en mun mæla með því við aðra stjórnarandstöðuþm., að þeir bíði með að kveðja sér hljóðs, hafi þeir ætlað það, þar til þeir, sem nú eru á mælendaskrá, hafa lokið máli sínu. Ég vil taka það fram, að ég hef kvatt mér hljóðs og vil efnislega leggja minn þátt í þessar umr., en tel, vegna þess að hæstv. forsrh. beindi til mín fsp. og hæstv. forseti gaf mér orðið á undan minni röð á mælendaskrá, að réttara sé að bíða þar til röðin kemur að mér.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er rétt til getið hjá hv. 4. þm. Reykv., að ég gaf honum orðið nú að gefnu tilefni, og ég vil minna hv. þdm. á það, að forseti hefur það á valdi sínu að raða á mælendaskrá eftir því sem honum þykir hyggilegt og eðlilegt. Ég vil líka taka það fram, að það eru mjög margir menn á mælendaskrá utan dagskrá. Það eru engar hömlur á því af forseta hálfu að menn fái að tala, það eru engar hömlur á því, og ég set engin tímamörk í því sambandi.

Hitt er annað mál, að hér liggur fyrir dagskrá sem ég hygg að allir viðurkenni að forseti hafi líka á valdi sínu að rædd verði. M. a. eru hér a. m. k. fjögur mál sem brýnt er að komist frá d. og hafa legið nokkuð lengi fyrir d. Hæstv. forsrh. hefur komið með mjög eðlileg og kurteisleg tilmæli um að atkvgr. um þessi mál fari fram áður en haldið verður áfram þeim sýnilega löngu umr. utan dagskrár sem hér verða. Ég mun því einnig vinsamlegast leyfa mér að fara fram á það við hv. þdm., að þeir verði við þessum tilmælum hæstv. forsrh. sem ég geri jafnframt að mínum tilmælum og ósk til d. En ég mun fyrst gefa hv. 5. þm. Austurl. orðið.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það liggur auðvitað ljóst fyrir, að stjórnarandstaðan ber enga ábyrgð á þeim seinagangi sem verið hefur á starfi þessarar hv. d. Það eru auðvitað stjórnarflokkarnir sjálfir sem þar bera á alla ábyrgð. En ég hlýt að meta það mikils og ég skildi orð hæstv. forsrh. þann veg, að hann bæði afsökunar á þeim vinnubrögðum sem höfð hefðu verið í frammi af hálfu stjórnarflokkanna undanfarna daga. Þetta met ég mjög mikils og með vísun til þess vil ég fyrir mitt leyti verða við hans vinsamlegu og kurteislegu beiðni um að greiða fyrir þeim brýnu málum sem þurfa að afgreiðast hér í deildinni.

En úr því sem ég er kominn í ræðustólinn vil ég aðeins fara örfáum orðum um upphaf þessa máls, þar sem hæstv. utanrrh. hóf umr. utan dagskrár og las upp samþykkt sem minnti mig óþyrmilega á samþykkt víðkunna sem nefnd hefur verið Egilsstaðasamþykkt. Þar var gerð sú samþykkt og með shlj. atkv. eins og hjá Alþfl. á sínum tíma, að ríkissjóður væri skuldlaus. Nú les hann upp samþykktir um greiðsluafganga, shlj. samþykkt hjá Alþfl., sem verða muni, og eins og ég segi, allt samþ. shlj. eins og í „den tid" á Egilsstöðum.

En það alvarlegasta í þessu sambandi er það, að hið háa Alþ. skuli sitja hér aðgerðalaust meðan beðið er eftir einhverjum innanflokks- og utanþingssamkundum Alþfl., að bera þar undir menn hvernig eiðsvarnir þm. og fulltrúar þjóðarinnar, hv. þm. Alþfl., eigi að haga sér hér á hinu háa Alþingi. Það er hart undir því að búa, og það er ekki nema von að hæstv. forsrh. biðjist afsökunar.

En svo að lokum, af því að ég vil fallast á þessi tilmæli, þá má ég til með að koma einu orði að hv. 1. þm. Austurl. Hann lýsti yfir að Alþb. væri tilbúið að ræða ráðstafanir til lausnar verðbólgunni. Maður hlýtur að fagna sérstaklega slíkri yfirlýsingu. Hvenær á að hefja það af þess hálfu? En skilyrðin voru fjögur. Í fyrsta lagi, að full atvinna yrði tryggð. Nú er uppi sú stefna, að það á að hundelta fyrirtækin með skattpíningu þannig að við borð

liggur og augsýnilegt virðist vera að þau stöðvist. Ætli það verði til þess að auka atvinnuna? Hann segir í öðru lagi, að tryggður verði kaupmáttur launa. Hvernig hefur þeim gengið að standa við yfirlýsingar sínar og dýru kosningaloforðin í því efni í sambandi við „samningana í gildi"? Hann segir í þriðja lagi, að Alþb. setji það að skilyrði að efla atvinnuvegina. Það er helst að tillögur þeirra hér á hinu háa Alþ. hafi orðið til þess að efla atvinnuvegina að undanförnu. Mér skilst að aðaltillögugerð þeirra gangi í þá átt að koma þeim bak við lás og slá, þeim stærstu og veigamestu af atvinnurekendum. Og svo er loks það, að fullt samráð verði haft við Gvend jaka, það var síðasta skilyrðið.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég læt í ljós fyllstu óánægju mína með það, að hér er hleypt af stað umr. utan dagskrár með frétt frá flokksfundi eins stjórnmálaflokks sem hver og einn þm. getur lesið um í dagblöðum eða heyrt í útvarpi, er þessi flokkur sendir frá sér *fréttatilkynningu, og þar af leiðandi algerlega ástæðulaust* að hefja þessar umr. hér. En fyrst forseti hleypir formanni Alþfl. utan dagskrár með frétt frá flokksfundi þess flokks og síðan koma tveir aðrir ráðh. í ræðustól og margir þm. hafa beðið um orðið, þá er það skylda forseta að mismuna ekki þm. og ég krefst þess, að hann fari eftir þeim algildu reglum sem hafa verið viðhafðar hér á Alþ. af öðrum forsetum, að þessar umr. haldi áfram. Það er ekki sök okkar, sem erum á mælendaskrá, að þau frv., sem bíða hér, eru ekki þegar afgreidd. Það er sök stjórnarliðsins sjálfs. Við höfum ekki þvælst hér fyrir í umr. utan dagskrár. Það eru stjórnarliðar sjálfir sem halda fyrst og fremst uppi málþófi á þessu þingi. Og ég skírskota aftur til hæstv. forseta, að hann sýni þá sjálfsögðu sanngirni og kurteisi, að þeir menn, sem biðja í upphafi þessara umr. um orðið, fái að tala, en ráðh. njóti ekki forgangs. Í þingsköpum segir, að ráðh. geti talað og forseti geti breytt niðurröðun á mælendaskrá, en þá hefur það yfirleitt verið á þann veg, að ráðh. hefur þennan rétt þegar fjallað er um mál sem heyrir undir hann sem ráðh., en ekki að allir ráðh. geti haft forréttindi í umr. *þannig að þegar umr. byrja geti 9 ráðh. sett sig á mælendaskrá* og talað allir hver á fætur öðrum. Þetta er ekki það sem við er átt í þingsköpum, og ég vænti þess, að hæstv. forseti endurskoði þessa afstöðu sína til þess að hafa samstarf og samvinnu við þdm. eins og forsetum ber að gera.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessum ummælum hv. 1. þm. Vestf. vil ég taka það fram, að ég hef ekki gert annað en taka undir eðlileg og sjálfsögð tilmæli um meðferð þingmála sem hæstv. forsrh. bar hér fram. Ég gerði þessi tilmæli hans að ósk minni til dm. og ég tók skýrt fram að þessar umr. mundu fara hér fram án þess að nokkur tímatakmörkun yrði gerð á ræðum manna. Og ég vil þakka hv. þm. Sverri Hermannssyni fyrir að hafa tekið undir þessi tilmæli. En ef það er svo, að það þurfi að leiða til einhverra erfiðleika hér í sambúð við þd., þá mun ég freista þess að halda þessum umr. utan dagskrár áfram í trausti þess, að hv. þdm. misnoti ekki þann tíma sem til ráðstöfunar er.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa furðu minni fyrst og fremst á yfirlýsingu hæstv. utanrrh. og síðan ekki síst furðu minni á ósk hæstv. forsrh. eftir að yfirlýsing hæstv. utanrrh. var tekin til umr. Fyrst og fremst er það vegna þess, að það var ekki nokkur þörf fyrir stjórnarflokkana eða hæstv. forseta að hleypa hæstv. utanrrh. í ræðustól með yfirlýsingu frá flokksfundi Alþfl. sem gerði ekkert annað en lítillækka hæstv. ríkisstj. með því að staðfesta að það þarf að sækja ákvörðun út í bæ til þess að störf Alþingis geti haldið áfram á eðlilegan hátt við afgreiðslu fjármála. Þetta eru alveg furðuleg vinnubrögð og við þessi vinnubrögð höfum við þurft að búa undanfarna daga og þar með störf Alþ. verið heft. En ég skil vel afsökunarbeiðni hæstv. forsrh. á þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð. Hana skil ég vel. Og ég skil hana þannig, að hann hafi um leið verið að hirta samstarfsflokk sinn. Það var full ástæða fyrir oddvita ríkisstj. til að biðja afsökunar á þeim vinnubrögðum sem við hafa verið höfð af þeim hluta ríkisstj. sem þarf að sækja ákvarðanir út í bæ til þess að Alþingi Íslendinga geti starfað áfram á eðlilegan hátt frá degi til dags.

En ég vil undirstrika það, að það er ekkert sem komið hefur fram frá stjórnarandstöðunni sem hefur tafið þingstörf. Það var hæstv. utanrrh. sem hóf þennan málflutning, og ég verð að taka undir það sem hér hefur verið sagt, að það er óeðlilegt ef þessum umr. verður slitið án þess að menn fái að tala út.

Ég vil fyrst koma að ummælum 1. þm. Austurl., þar sem hann talaði um að Alþb. vildi tryggja fulla atvinnu í lengstu lög, og benda hv. þm. á þá staðreynd, að þeir stjórnarflokkar, sem mynda þessa hæstv. ríkisstj., og þeir stjórnarflokkar, sem mynda meiri hl. í borgarstjórn Reykjavíkur, hafa lagt á atvinnureksturinn í Reykjavík hvorki meira né minna í fasteignasköttum og aðstöðugjöldum en um 1400 millj. kr. til viðbótar við það sem ráðgert var í upphafi, og ríkisvaldið hefur boðað um 6000 millj. kr. aukningu skatta á atvinnuvegina, bæði með hækkun tekju- og eignarskatts og álagningu nýrra skatta. Ekki er þó langt liðið síðan stjórnvöld álitu að atvinnuvegirnir væru ófærir um að greiða umsamið kaup. Svo er talað um að tryggja vinnumarkaðinn, tryggja fulla atvinnu. Hvað langt haldið þið að sé hægt að ganga í *blekkingum*?

Það er ekkert því til fyrirstöðu að staðið verði við samningana frá því í haust, eins og hv. 1. þm. Austurl. gat um að væri á stefnuskrá Alþb. Það er meira að segja samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur, að staðið skuli við 14.13% launagreiðslu til starfsmanna borgarinnar, og ber skylda til að gera það. En þeir svíkja það og brjóta þar með samþykktir borgarstjórnar Reykjavíkur á eigin ábyrgð.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson telur að það megi nú liggja í léttu rúmi þó að hrollur fari um stjórnarandstöðuna. Það fer enginn hrollur um stjórnarandstöðuna við að sjá framan í þá hv. herra sem hér taka ákvarðanir. Það fer hrollur um alla menn, sem eitthvað hugsa um framtíð þessarar þjóðar, þegar þeir sjá vinnubrögðin og árangurinn af störfum þeirra, bæði hér og annars staðar. Og það er full ástæða til þess, að það fari hrollur um fólk. Ég ítreka það, að komandi ár verður líklega eitt þyngsta skattár sem þjóðin hefur lifað.

Hæstv. utanrrh. gaf yfirlýsingu sem að mínu mati kom Alþingi Íslendinga ekki nokkurn skapaðan hlut við. Alþfl.-þm. eiga að vera færir um að taka ákvörðun sína án þess að sækja hana frá degi til dags út í bæ. En þessi yfirlýsing Alþfl. er einhver sú mesta sjálfsblekking sem

nokkurn tíma hefur verið viðhöfð, ef Alþfl.-menn halda það eitt augnablik að þjóðin sjái ekki jafnvel í gegnum vinnubrögð eins og við aðrir hv. alþm. gerum. Þetta er yfirklór formanns flokksins, kattarþvottur til að bakka út úr úrslitakostum sem Alþfl. var búinn að setja þessari ríkisstj. Og þjóðin hlær að þessum vinnubrögðum. Það er ekki hægt að gera neitt annað. Þetta eru hreinlega hlægileg vinnubrögð. En ég ætla að leyfa mér að vona það, að úr því að loksins er komin yfirlýsing um að Alþfl. megi halda áfram sínum eðlilegu störfum, þátttöku í störfum Alþingis frá degi til dags, að ekki þurfi að boða til nýs flokksstjórnarfundar í Alþfl. til þess að ljúka þingstörfum fyrir jól. Við erum búnir að bíða eftir tveimur eða þremur flokksstjórnarfundum undanfarið.

Ég óska ríkisstj. til hamingju með að hún hefur fundið nýjan samstarfsgrundvöll sem loksins hefur skapast á milli þeirra stjórnmálaflokka sem standa að þessari ríkisstj. Við höfum vitað að ráðh. hafa verið nokkuð sammála, en þetta er í fyrsta skipti sem við vitum að stuðningsflokkarnir fylgja ráðh. sínum, og ég vona að það haldist fram yfir jól. En ég vil lýsa því yfir, að ég er reiðubúinn ekkert síður en forsrh. til að vinna hér áfram og taka ekkert jólafrí. Hann er ekki einn um það. En mér skilst að það sé kappsmál a. m. k. ráðh. Alþfl., að hann hlaupi ekki til Bessastaða alveg strax, þó að leiðin sé ekki löng. — Þetta eru furðuleg vinnubrögð.

Þessi samstarfsgrundvöllur er eins og ýmislegt annað, sem hefur komið fram frá Alþfl.-mönnum, ekkert loforð um neitt varanlegt samstarf. Þeir ætla að hafa stjórn og þing eins og í teygjubandi. Þeir lofa að vera góðir strákar fram til 1. febr.— 1. febr. á leikurinn að byrja aftur og þjóðin á að fá að hlæja meira. Hvar á þetta að enda? En það verður ágætt jólafrí fyrir ríkisstj. fram að 1. febr. — Þetta eru furðuleg vinnubrögð.

Annars vil ég segja það um stefnu Alþfl., þessa sem á að bjarga þjóðinni út úr öllum hennar vandamálum, eins og hún birtist í Alþýðublaðinu, að ég gafst upp á að lesa skýringarnar við hana. Mér fannst stefnan ekki vera það góð að þjóðin fagnaði henni að einu eða neinu leyti og kannske öllum fyrir bestu að forsrh. og meðráðh. taka ekkert mark á Alþfl. í stefnumótun. Það er alveg augljóst af þeim ummælum, sem ég hef lesið eftir hæstv. forsrh. í blöðunum, að hann hefur verið alveg rólegur þrátt fyrir þetta brölt Alþfl. til og frá, enda kemur í ljós að það breytti engu, ekki nokkrum sköpuðum hlut, og stjórnin heldur áfram alveg eins og forsrh. var ljóst allan tímann.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni, en vona að þessi vinnubrögð upphefjist nú ekki aftur 1. febr., þannig að þjóðin fái að hlæja að einhverju öðru en Alþfl. hér eftir.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta það að hafa tekið þannig á þessum málum, að þessar umr. fari fram með eðlilegum hætti, og stofna ekki til óþarfaleiðinda í þd. Ég skal jafnframt verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að stytta mál mitt, því að ég skil vel, að nú er mjög knappur tími til afgreiðslu mála. En ég endurtek það sem ég sagði áðan, að mér fannst alger óþarfi hjá utanrrh. að fara af stað með slíka tilkynningu sem þessa til þess að efna hér til umr. Og það er ekki óeðlilegt að stjórnarandstaðan, sem hefur sýnt einstaka þolinmæði og samstarfsvilja við ríkisstj. um að standa ekki í vegi fyrir afgreiðslu mála, sé orðin þreytt á því verklagi sem verið hefur hér undanfarnar vikur. Hæstv. forsrh. sagði að alþm. hefðu farið úr jafnvægi við þessa tilkynningu utanrrh. Það er hreinn misskilningur hjá hæstv. forsrh., að nokkur þm. hafi farið úr jafnvægi þó að Benedikt Gröndal hafi lesið hér upp tilkynningu frá flokksstjórnarfundi Alþfl. Hins vegar er þeim þm., stjórnarandstæðinga sem stjórnarsinna, á þrotum út af þeim vinnubrögðum sem hér hafa átt sér stað.

Ég held að þetta sé 17. þingið sem ég sit, og mér hefur alltaf fallið vel að sitja á Alþ. og liðið vel. En mér hafa fundist þessir haustdagar leiðinlegir í alla staði og þetta alleiðinlegasta þing sem ég hef setið, það sem af er, það á kannske eftir að batna eitthvað. Ríkisstj. er nú við völd, sem er ósamstæð — eða réttara sagt stjórnarflokkarnir — eins og raun ber vitni. Þegar flokkar semja um samstarf í ríkisstj. leggja þeir yfirleitt til hliðar önnur ágreiningsefni og vinna saman á meðan á því samstarfi stendur. Þetta er farið að fara í skapið á flestum þm. og í skapið á þjóðinni í heild.

Mér finnst furðulegt að koma hér fram með samþykkt um að einn stjórnarflokkurinn geri kröfu til niðurskurðar á útgjöldum og framkvæmdum umfram aðra flokka og hann vilji láta líta svo á, að hann sé svona fullur ábyrgðar og sá eini sem vill ganga til þess að skera niður útgjöldin. Þetta væri allt gott og blessað ef sá flokkur, sem þetta segir, eða talsmenn hans væru sjálfum sér samkvæmir. En ef við lítum yfir þskj. og sjáum málin sem þm. þessa flokks hafa lagt fram upp á ný milljarðaútgjöld, þá er ekki hægt að segja að sé um niðurskurðarmenn að ræða eða aðhaldsmenn eða aðhaldsflokk. Það hefur gengið svo langt, að ráðh. í ríkisstj. hafa staðið upp við umr. um stærstu útgjaldatillögur og lýst yfir fullum stuðningi við aukin útgjöld úr ríkissjóði. Ætlast þessi flokkur til þess, að nokkur Íslendingur trúi honum? Það er ekki hægt að flytja annan daginn frv. sem menn halda að séu vinsæl, kitli ákveðinn hóp manna, en standa svo upp hinn daginn og berja sér á brjóst og segja: Nú verðum við að spara, nú verðum við að skera niður. — Þetta er orðið að skrípi, þessi vinnubrögð.

Á sama tíma standa þessir flokkar að því að leggja svo óhæfilega skatta á atvinnurekstur og einstaklinga í þjóðfélaginu að aldrei hefur setið við völd á Íslandi önnur eins skattpíningarstjórn og ríkisstj., sem nú situr. Ég er ekki einn eða við sjálfstæðismenn um þá skoðun. Fólk í öllum flokkum, sem styðja núv. ríkisstj., viðurkennir að þetta sé sannkölluð skattpíningarstjórn.

Arkitekt kosningasigurs Alþfl., sem hér á sæti á Alþ., hefur miklast af sigri sínum. En ég held að þessi arkitektúr hafi aðeins verið í áróðursskyni fyrir þennan flokk hans, en þegar kemur til kasta að fara að stjórna og bera ábyrgð, þá eru öll loforð, sem þjóðinni voru gefin fyrir kosningar, svikin. Er hægt að hugsa sér aumlegri frammistöðu sigurvegara eða eins stjórnmálaflokks en að segja fólkinu í landinu: Við berjumst gegn beinum sköttum, við berjumst fyrir því að afnema tekjuskatt á allar almennar launatekjur, — en standa svo að því að íþyngja fólki, stórhækka tekjuskattinn á almennar launatekjur samkv. því frv. sem liggur fyrir? Þeir byrjuðu um leið og þeir voru orðnir aðilar að stjórnarsamstarfi á afturvirkni skatta, sem er siðlaus skattaaðferð. Svo ætla þessir menn að halda því fram, að þeir séu menn sem fólk eigi og geti trúað. Þetta eru menn sem ættu ekkert annað skilið en að fá svo eftirminnilega rassskellingu hjá þjóðinni, að það ætti enginn þeirra möguleika á því að eiga sæti á Alþ. eftir svona sviksemi gagnvart kjósendum

sínum.

Og Alþb., drottinn minn dýri, það er nú varla eiginlega hægt að nefna þann flokk. Hér kemur 1. þm. Austurl., hann hefur löngum talað tungum tveim. Hann vill tryggja fulla atvinnu í landinu á sama tíma og hann vinnur orðið mestallan sólarhringinn að því að koma hér í gegn skattafrv. sem eiga að lama atvinnurekstur í landinu og drepa velflest fyrirtæki. Það verður helst tryggð atvinna með þeim hætti!

Þessi ríkisstj. ætlaði að hafa samvinnu og samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Hvernig hefur það tekist? Það hefur aldrei verið talað við annan aðilann, en talað við einstaka menn sem hafa verið með flokksskírteini í Alþb., eins og Gvend jaka, sem er búinn að fara nokkrar kollsteypur síðan þessi ríkisstj. var mynduð og er þó margur betri í laginu til þess að fara kollsteypur en hann.

Alþb. ætlar að tryggja kaupmátt launa. Hann verður sennilega best tryggður með því, að atvinnufyrirtækin og þjónustufyrirtækin í þessu landi segi fólki upp störfum, vegna þess að þau eru lömuð af skattpíningarstefnu ríkisstj. Þá verður fyrst hægt að tryggja atvinnu í landinu og kaupmátt launa. Nei, þessir herrar töluðu töluvert öðruvísi fyrir kosningar.

Hvað með niðurgreiðslur á vöruverði? Það kemur engin skýring á því. Á að draga úr þeim aftur? Það voru auknar niðurgreiðslur fyrir 1. des. Það átti samkv. fjárlagafrv. að draga úr þeim aftur í byrjun næsta árs. Hvað verður nú? Hvað kemur nú upp hjá stjórnarliðinu? Það er eitt í dag og annað á morgun.

Ég lofaði hæstv. forseta því að vera stuttorður og ég skal því ljúka máli mínu. En út af því, sem hv. 1. þm. Austurl. sagði, að það væri hrollur í stjórnarandstöðunni, ætla ég að segja honum að það er hrollur í íslensku þjóðinni. Það er hrollur í henni og það mikill hrollur að hafa jafnauma og vesæla ríkisstj. við völd í landinu og nú situr, — stjórn sem enginn getur treyst, hvar sem hann er í flokki.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Á síðasta kjörtímabili voru þær raddir mjög háværar meðal ýmissa, sem á áttu ekki sæti hér á Alþ., að gera þyrfti miklar breytingar á störfum Alþingis og breyta þyrfti stjórnmálaumr. í landinu til betri vegar. Það voru fyrst og fremst siðgæðispostular Alþfl. sem höfðu hátt um þessi sjónarmið og töldu fyrst og fremst að auka yrði virðingu Alþingis með betri störfum í þeirri samkomu.

Nú hafa ýmsir þessara siðferðispostula tekið sæti hér á hinu háa Alþingi og við höfum fylgst með störfum þeirra með vaxandi undrun frá degi til dags. Störf þingsins hafa gengið með þeim hætti, að ríkisstj. hefur ekki náð fram málum sínum með eðlilegum hætti. Þeir hafa sett fram hótanir, fyrirvara og hvers kyns yfirlýsingar, og þeir gera samþykktir í sínum þingflokki um að neita ríkisstj. um það, að mál fái eðlilegan gang hér í þinginu, hvað þá að þau geti flust milli deilda. Nú síðast er svo komið, að Alþ. verður að bíða eftir því, hvaða ákvarðanir eru teknar á flokksstjórnarfundum Alþfl. einhvers staðar úti í bæ á síðkvöldum.

Þessi einstæðu vinnubrögð hafa auðvitað sett mark sitt á störf þingsins, og það þarf engum að koma á óvart þó að við, sem nú sitjum í stjórnarandstöðu, teljum ástæðu til þess að gera veður út af þessum vinnubrögðum. Og það er ekki við okkur að sakast þó að störfum þingsins sé nú svo komið, að tímatakmörk séu á öllum umr. og að óvíst sé um framgang mikilvægra mála sem ríkisstj. þarf að fá samþykkt fyrir áramót.

Síðasta samþykkt flokksstjórnar Alþfl., sem hér var flutt áðan, kórónar kannske hámark þeirrar vitleysu sem fram hefur farið hér undanfarna daga. Við höfum fylgst með því héðan úr þessum ræðustól, að þm. Alþfl. hver á fætur öðrum hafa staðið hér upp og flutt mjög skilmerkilegar yfirlýsingar um það, að fjárlagafrv. fengist ekki samþykkt fyrr en búið væri að samþykkja efnahagsfrv. það sem Alþfl. hefur verið með í smíðum og kynnt. Þessar yfirlýsingar hafa verið mjög afdráttarlausar, enda er það ljóst við lestur á þessu jafnvægisfrv. Alþfl., að það gengur auðvitað þvert á mörg meginsjónarmiðin sem liggja að baki fjárlagafrv. Það er öllum ljóst við lestur á því frv., efnahagsfrv., að það er útilokað að samþykkja hvort tveggja, bæði fjárl. eins og þau liggja fyrir svo og það frv. sem Alþfl. hefur smíðað. Menn bíða að vísu með nokkurri athygli eftir því, hvaða útgönguleið Alþfl. hefði út úr þessu máli, því að auðvitað vissu allir þm. og flestir þeir sem fylgjast með störfum þingsins, að Alþfl. mundi renna á rassinn með þetta mál eins og flest annað sem hann hefur gert frá því að hann tók þátt í þessari ríkisstj.

Sú yfirlýsing, sem var lesin og samþ. mun hafa verið á flokkstjórnarfundi Alþfl. í gær, er í 8 liðum.:

Tekið er fram, að ríkisstj. hafi ákveðið að fresta afgreiðslu lánsfjáráætlunar eins og Alþfl. krafðist. Það eru vinnubrögð í lagi — eða hitt þó heldur — að gera kröfu til þess, að fjárlagaafgreiðsla fari fram án þess að lánsfjáráætlun sé samþ. líka. Þetta er ekki beint til fyrirmyndar og ekki hægt að gefa Alþfl. góða einkunn fyrir þessa merkilegu niðurstöðu.

Í öðru lagi er tekið fram, að unnið sé á þeim grundvelli, að heildarfjárfesting verði ekki meiri en 24.5% af þjóðarframleiðslu. Þetta hefur ekki nokkur maður hugmynd um og getur ekki fest hendur á, einfaldlega vegna þess að lánsfjáráætlun liggur ekki fyrir og verður ekki samþ. núna jafnhliða fjárlagafrv.

Þá segir í 3. lið: Við 2. umr. fjárl. hefur verið ákveðinn 1840 millj. kr. niðurskurður á útgjöldum ríkisins til viðbótar fyrri niðurskurði. — Þetta eru fréttir fyrir okkur sem sitjum í fjvn. Haldinn var fundur í fjvn. í gærkvöld. Það gekk að vísu erfiðlega að halda þar fund vegna þess að fulltrúar Alþfl. voru sífellt á hlaupum til þess að geta rétt upp hendurnar með þeirri samþykkt, sem hér var lesin, á flokksstjórnarfundinum sem haldinn var í næsta húsi. En á þessum nefndarfundi fjvn. í gærkvöld var ekki aldeilis um það að ræða að tilkynna 1840 millj. kr. niðurskurð, heldur voru lesnar þar upp margar, margar tölur, bæði til hækkunar og lækkunar, og niðurstaðan var sú, að fjárl. hækka um rúmar 300 millj., og þar er þó meðtalinn sá niðurskurður sem gerður hefur verið í 5—6 rn. upp á samtals 500 millj. (**Gripið fram í:** Er það frá 2. umr.?) Það er frá 2. umr. Þær niðurskurðartill., sem frá rn. koma, eru kapítuli út af fyrir sig, vegna þess hversu vitlausar þær eru, en það gefst vonandi tími til að fjalla um þær við fjárlagaafgreiðsluna fyrir jólin. M. ö. o., það hefur ekkert bólað á þessum 1840 millj. kr. niðurskurði sem hér er talað um, heldur er þvert á móti búið að tilkynna fjvn. þær ákvarðanir, að fjárl. verði milli 2. og 3. umr. hækkuð um 300 millj. Það má vera, að fjvn. og hæstv. fjmrh. og Alþfl. lumi á þarna rúmlega tveggja milljarða kr. lækkun, en hún er ekki komin í ljós enn þá.

Þá er talað um í 4. lið, að greiðslujöfnuður fjárl. verði

um 3 milljarðar, og í 5. lið, að rekstrarafgangur verði tæplega 8 milljarðar. Það liggur auðvitað ekkert fyrir um þetta. Það má vel vera að hægt sé að sýna það með einhverjum hundakúnstum og bókhaldskúnstum að þessar verði niðurstöðutölur varðandi greiðslujöfnuð og rekstrarafgang. Það liggur þó fyrir nú þegar, að ríkisstj. hefur ekki hugsað sér að taka með inn í fjárlagadæmið t. d. niðurgreiðslurnar, sem eru taldar a. m. k. 3. milljarðar, sem verða að koma til á næsta ári. Hún hefur ekki tekið með þá hækkun sem verður 1. mars á launum opinberra starfsmanna og talin er um 1300 millj. Og það er hvergi minnst á það í þeim fjárlagaafgreiðslum, sem liggja fyrir í dag, hvernig eigi að fara með þær félagslegu umbætur, sem búið er að lofa, ca. 5 milljarða, ef það á að standast heföbundna og venjulega útreikninga. Það hefur verið rætt um það í n., að varið yrði til félagslegra umbóta núna 1 milljarði, og það er að vísu búið að geta um nokkra liði til hækkunar, sem nema nokkrum tugum millj. En að minnst sé á þennan milljarð, hvað þá 5 milljarða varðandi félagslegar umbætur, það er af og frá. Allar þessar stóru tölur eru óafgeiddar og eiga greinilega ekki að afgreiðast nú við fjárlagaafgeiðslu. Og það er ekki beint hægt að segja að það sé ábyrg fjárlagaafgreiðsla þegar svona er að staðið. Það er auðvitað fráleitt að halda því fram, að greiðslujöfnuður verði 3 milljarðar og rekstrarafgangur fjárl. verði tæpir 8 milljarðar þegar svona er staðið að málum. Það er alveg útilokað. Og þessar tölur, sem nefndar eru þarna og greinilega hefur verið stungið upp í Alþfl., eru algerlega út í hött.

Varðandi 6. liðinn: fjárlög verða innan við 30% af þjóðarframleiðslu, þá er þegar búið að svara því við þessa umr. og ég vík ekki frekar að því. En niðurstaðan er sem sagt sú, að þetta stenst ekki.

Síðan er sagt í 7. lið: Eftir þessar breytingar eru fjárl. í samræmi við grg. laga um ráðstafanir 1. des. og þau markmið, sem þar voru sett. Það þarf mikinn heilaþvott til að komast að þessari niðurstöðu.

Ég hef ekki lagt á mig að lesa mjög ítarlega þetta jafnvægisfrv. Alþfl., en ég minnist þó þess, að ég held að það hafi verið í 1. eða 2. gr. þess frv. talað um að skera skuli niður 3% af öllum rekstrargjöldum hins opinbera. Þar er náttúrlega um að ræða milljarðaniðurskurð, ef þetta á að framkvæma. Hvernig getur Alþfl. haldið því fram, á sama tíma sem hann leggur fram þetta frv. og ætlar að gera það að lagaákvæði að 3% af opinberum gjöldum séu skorin niður, að það sé í samræmi við þetta frv. að afgreiða fjárlagafrv. núna?

Í 8. og síðasta lagi segir svo: Samstarfsflokkarnir eru reiðubúnir til að kjósa n. þriggja ráðh. til að kanna rækilega frv. Alþfl. og till. hinna flokkanna. Skal hún leggja fram fyrir 1. febr. efnahagstillögur er taki til tveggja næstu ára. — Þetta var alveg sérstakur árangur hjá Alþfl., að ná þessu fram — alveg sérstaklega athyglisverður árangur.

Herra forseti. Ég skal ekki vera mjög langorður. Ég vil aðeins í lokin minna á það, að það gekk ekki lítið á þegar Alþfl. gekk til þessarar stjórnarþátttöku og hafði uppi mörg fyrirheit um að breyta um efnahagsstefnu. Og hér hefur verið minnst á það, hvernig hann hefur rækilega svikið það allt saman.

Stjórnarflokkarnir gengu til bráðabirgðaráðstafana 1. sept. á þeirri forsendu, að þar væri um neyðarráðstafanir að ræða sem yrði að endurskoða. Þeir fengu loforð um það, eftir því sem einstakir þm. þess flokks sögðu frá í fjölmiðlum, að tekið yrði tillit til efnahagsstefnu þeirra síðar. Þetta var nú gott og blessað. En svo kemur 1. des. Allir, sem sitja hér á þingi, urðu vitni að þeim átökum, sem þá áttu sér stað, og öllum þeim upphlaupum, sem áttu sér stað hjá Alþfl. Það endaði með því, að auðvitað voru samþykktar þær till. sem komu frá Alþb. og Framsfl., fyrst og fremst frá forrsrh., sem gengu auðvitað þvert á þá stefnu sem Alþfl. hefur verið að boða í efnahagsmálum. Alþfl. náði þó þeim merkilega árangri, að hann fékk inn í grg. með frv. ýmsar yfirlýsingar og var því fagnað ákaft af þeim Alþfl.-mönnum, enda hélt maður á stundum, þegar þau mál voru hér á dagskrá, að verið væri að greiða atkv. um grg., en ekki frv. sjálft.

Enn var öllum málum skotið á frest af hálfu þeirra Alþfl.-manna. Og nú átti heldur betur að láta á það reyna, hvort ríkisstj. mundi ekki fara að taka til hendinni gagnvart þeim ráðstöfunum og þeirri stefnu sem Alþfl. hefur boðað í efnahagsmálum. Alþfl.-menn gripu til þess ráðs að semja sérstakt frv. og komu hér síðan og lýstu því yfir, að þeir mundu ekki standa að fjárlagaafgreiðslunni nema væri búið að samþykkja þeirra frv. fyrst eða jafnhliða. Það var algerlega skýrt og klárt fyrir öllum þeim sem hér sátu, það fór ekkert á milli mála. En núna sem sagt renna þeir á rassinn með þetta, vegna þess að ríkisstj. er búin að lofa því að skipa n. í málinu til þess að endurskoða stefnu sína og taka tillit til þess sem stendur í grg.

Ég veit ekki hvort þetta eiga að kallast ný vinnubrögð og til fyrirmyndar. En ef þeir Alþfl.-menn halda að þeir skapi sér traust og auki virðingu Alþingis með þessum vinnubrögðum, þá þeir um það. Um það verður þjóðin sjálf að dæma. En allt er þetta ósköp fánýtt og auðvitað kemur ekki nokkurt mál við þá samstarfsmenn Alþfl. þó að svona ályktanir og samþykktir séu gerðar einhvers staðar úti í bæ á flokksstjórnarfundum í Alþfl., vegna þess að sannleikurinn er sá, að alltaf hefur staðið til frá upphafi að fara þessa leið. Í stjórnarsáttmála ríkisstj., sem gerður var 31. ágúst 1978, í lokaákvæði þessa sáttmála, segir:

„Stjórnarflokkarnir eru sammála um að endurskoða samstarfsyfirlýsingu þessa á árinu 1979."

Og hvar stendur Alþfl. núna með allar sínar greinargerðir, alla sína fyrirvara og allar sínar flokksstjórnarsamþykktir? Nákvæmlega í sömu sporunum og 1. sept.

Ég vildi vekja athygli á þessum örfáu staðreyndum sem eru öllum ljósar, en óska Alþfl. hjartanlega til hamingju.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal fara að tilmælum hæstv. forseta og vera stuttorður. Ég taldi ekki rétt, þegar forseti veitti mér orðið utan raðar á mælendaskrá, að fara efnislega í máið, en vildi samt sem áður koma að ákveðnum atriðum og málaþáttum sem rétt er að hafa í huga við þessar umr. utan dagskrár.

Það er í fyrsta lagi skylda Alþingis og alþm. að starfa sjálfstætt að úrlausn mála, og alþm. eru samkv. stjórnarskránni eingöngu bundnir við sannfæringu sína. Vitaskuld er það skylda alþm. að hafa samráð við umbjóðendur sína og þá þau stjórnmálasamtök sem þeir hafa boðið sig fram fyrir til starfa á Alþingi. Hins vegar er það algerlega óviðunandi, að þau samráð séu með þeim hætti sem raun ber vitni hvað Alþfl. snertir á undanförnum vikum. Það er algerlega óviðunandi að störf Alþ. séu trufluð með þeim hætti sem ljóst er af atburðarás

undanfarandi daga.

Hæstv. forsrh. beindi þeim tilmælum til mín sem leiðtoga stjórnarandstöðunnar, að ég féllist á að umr. utan dagskrár hér og nú yrði frestað og atkvgr. um tiltekin frv., sem eru hér til afgreiðslu við 3. umr., færi fram, svo að Ed. fengi þau til meðferðar. Þessi málaleitun var borin fram í gærmorgun og þá til samstarfsflokksins, Alþfl.—Alþfl. hafnaði þessum tilmælum hæstv. forsrh., og því ekki að undra þótt við, stjórnarandstaðan í Nd., tækjum svo sem nokkrar mínútur af fundartímanum til þess að svara þeim fullyrðingum sem fram koma í ræðum hæstv. ráðh. í umr. utan dagskrár sem þeir sjálfir eiga frumkvæði að. Það er algerlega óviðunandi og setur virðingu Alþingis og alþm. niður þegar slík vinnubrögð eru viðhöfð sem stjórnarflokkarnir hafa gert sig seka um nú á þessu þingi.

Í öðru lagi vil ég leggja áherslu á að það sjónarspil, sem hófst með frumkvæði hæstv. utanrrh., formanns Alþfl., í þessum umr. utan dagskrár, sýnir í fyrsta lagi að það var enginn samstarfsgrundvöllur fyrir núv. ríkisstj. og ríkisstjórnarflokka þegar ríkisstj. var mynduð 1. sept. s. l. Þessir flokkar höfðu hver um sig borið fram ákveðna kosningastefnuskrá og talið sig hafa ráð á hverjum fingri fyrir kosningar s. l. vor. Eftir átta vikna samningaþóf var stjórnin mynduð. En í ljós kom að eingöngu var um bráðabirgðaráðstafanir að ræða í efnahagsmálum og því borið við, að tími hefði ekki verið nægur til þess að koma sér niður á ráðstafanir til lengri tíma. Menn bjuggust þess vegna við að næstu þrír mánuðir yrðu notaðir til þessa. En hvað kemur í ljós fyrir og um 1. des. s. l.? Sama úrræðaleysið, sama stefnuleysið, og stjórnarflokkarnir bera enn fyrir sig að þeir þurfi lengri tíma til þess að gera till. er dugi eitthvað í efnahagsmálum, en þeir skuli bæta ráð sitt fyrir fjárlagaafgreiðslu, og vísað er til grg. með 1. desemberlögunum.

Við fjárlagaafgreiðslu kemur enn í ljós sama úrræðaleysið, sama stefnuleysið, og nú fáum við að heyra af hálfu hæstv. utanrrh., að enn sé tekinn frestur og nú er fresturinn til 1. febr. Það er alveg ljóst, að ekki er byggjandi frekar á þessum fresti en öðrum þeim frestum sem stjórnarflokkarnir hafa tekið sér og eingöngu hafa verið notaðir til þess að efla og auka ýfingar með samstarfsflokkum í ríkisstj. vegna þess að þeir hafa engin sameiginleg úrræði og raunar heldur engin úrræði hver flokkanna fyrir sig.

Í þriðja lagi vil ég leggja á það áherslu, herra forseti, að eftirtektarverðar eru yfirlýsingar hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og hæstv. yfirráðh., hv. 1. þm. Austurl. Sá síðastnefndi segir: Alþb. er nú reiðubúið að ræða við samstarfsflokka okkar í ríkisstj. um lausn verðbólguvandans til skemmri eða lengri tíma. — Hvílík yfirlýsing! Eftir nær fjögurra mánaða stjórnarsetu er Alþb. nú reiðubúið til þessa. Og hver um sig þessara ágætu manna stígur á stokk og strengir þess heit, að hvað sem fyrri svikum líður, þá skuli nú gert eitthvað, sem mark er á takandi, fyrir 1. febr. En fyrirlýsing Alþfl. og afsökun fyrir því að hverfa frá fyrri skilmálum sínum gagnvart samstarfsflokkunum er á þá lund sem hv. þm. Sverrir Hermannsson lýsti sem Egilsstaðasamþykkt. Þar sem talað er um greiðslujöfnuð og rekstrarafgang fjárl. og lækkun skulda ríkisins hjá Seðlabanka um tilteknar fjárhæðir er eins líklegt, að greiðsluhallinn og rekstrarhallinn og skuldaaukningin hjá Seðlabanka verði jafnhá upphæð og jákvæðar tölur eru sagðar munu vera.

Það er ekki efni til þess eða tími að fara í þessi mál nákvæmlega að sinni, en auðvitað verður fylgst með því, hvernig að þessum yfirlýsingum verður staðið, eins og öðrum þeim yfirlýsingum sem hafa verið einskis nýt pappírsgögn eða orð út í loftið, sem hingað til hafa verið sögð.

Það er í fjórða lagi athyglisvert, að Alþfl. setur þó eða myndast við að setja ákveðin skilyrði, — skilyrði sem hv. þm. vita auðvitað, að verður fallið frá þegar á hólminn er komið samkv. fyrri reynslu.

Alþb. setur líka skilyrði, en þau skilyrði, sem það setur fyrir lausn málsins fyrir 1. febr., hafa raunar þegar að ýmsu leyti verið brotin. Það er talað um að efla íslenska atvinnuvegi. Hér hefur komið fram í umr., að rekstrargrundvöllur þeirra er brostinn. Það er talað um fulla atvinnu. Það er ljóst, að atvinnuleysi er á næsta leiti þegar rekstrargrundvöllur atvinnuveganna er brostinn. Og það er talað um að tryggja þann kaupmátt launa, sem að var stefnt með kjarasamningum 1977. Kaupmáttur launa er ekki sá sem að var stefnt með kjarasamningunum 1977. Kaupmáttur launa er langtum rýrari og ekki í námunda við það sem að var stefnt með samningunum 1977. Hann er mjög sambærilegur við það sem hefði verið hefðu febrúar- og maíráðstafanirnar fengið að njóta sín. Þetta eru þau skilyrði sem Alþb. segist munu setja. Þetta eru þau skilyrði sem þegar hafa verið brotin og verður ekki fullnægt frekar fyrir 1. febr. en stjórnarflokkarnir hafa getað fullnægt þeim hingað til.

Það er talað um að Alþb. vilji standa að niðurskurði á fjárl., sem Alþfl. gerir að skilyrði, en er efnt með þeim hætti sem hv. þm. Ellert Schram greindi frá áðan, en það eigi ekki að skera niður félagslegar framkvæmdir og þjónustu annars vegar og niðurgreiðslur hins vegar. Það er búið að skera niðurgreiðslur niður. Það var krafa hæstv. yfirráðh. áðan, að niðurgreiðslur væru þær sem stjórnarsáttmálinn segði til um, þ. e. á því stigi, að framfærsluvísitalan sé 10.5% lægri en ella mundi verða. Fjárveitingar í fjárl. nægja alls ekki til að halda þessu niðurgreiðslustigi á næsta ári, þar skortir milli 3 og 5 milljarða til þessa.

Það er allt á sömu bókina lært, að þeim skilyrðum, sem Alþfl. og Alþb. hafa sett, er ekki fullnægt. En athygli vekur, að það er einn flokkur sem ekki setur nein skilyrði, og það er Framsfl. Hann setur bara þau skilyrði að fá að vera í ríkisstj.

Í fimmta lagi vil ég svo að lokum vekja athygli á því, að það er rétt vika síðan ég hóf hér umr. utan dagskrár í tilefni af samþykkt flokksstjórnarfundar Alþfl. þá daginn áður eins og nú. Þau svör, sem ég fékk, voru frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, formanni þingflokks Alþfl., að Alþfl. mundi ekki standa að afgreiðslu fjárl. nema áður eða samhliða væri tekin afstaða til efnahagsmálafrv. Alþfl. Þau svör, sem ég fékk frá hæstv. forsrh. voru þau, að ekki væri unnt að taka afstöðu til efnahagsmálafrv. Alþfl. fyrir afgreiðslu fjárl. og fjárlög mundu verða afgreidd áður. Ég sagði ekki annað þá en að þm. skyldu fylgjast með framvindu málsins. Framvindan er nú komin á það stig, að Alþfl. hefur koðnað niður, orð hans og fyrirætlanir eru að engu orðin. Alþfl. var hinn mikli sigurvegari kosninganna s. l. vor. Hann koðnaði fyrst niður þegar hann gekk undir jarðarmen núv. stjórnarsáttmála með þátttöku sinni í ríkisstj. 1. sept. án þess að samið væri um nokkurn skapaðan hlut, eins og komið hefur fram undanfarna mánuði. Hann koðnaði enn frek-

ar niður þegar hann stóð að brbl. 1. des. s. l. Og hann hélt áfram í þriðja sinn að minnka með því að koðna niður nú við afgreiðslu fjárl. Ef svo heldur fram sem horfir verður hann að engu orðinn í lok næsta mánaðar.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 188). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, VG, ÞS, ÁG, BGr, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GilsG, GSt, HES, HG, JóhS, SkA, KÓ, LJós, MHM, PP, SighB, SV, StH, SvJ, IG.

nei: SvH, AG, EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh, JÞ, LárJ, MB, MÁM, ÓE.

2 þm. (SvG, PJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Nýbyggingagjald, frv. (þskj. 189). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég lagði fram brtt. við 2. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir til endanlegrar afgreiðslu úr þessari hv. d. Ég hef ákveðið að flytja ekki þessa brtt. nú við 3. umr. vegna þeirra ummæla hæstv. fjmrh. sem komu fram í ræðu hans við 2. umr. málsins, þar sem hann sagði, að komið yrði til móts við sjónarmið mín í þeirri reglugerð sem ráðh. hefur heimild til að setja um framkvæmd þessara mála. Ég ákvað þess vegna að leggja þessa till. mína ekki fram hér við 3. umr., en hef leitað liðsinnis meðal ýmissa stjórnarliða, þannig að ef þetta kemur ekki fram í viðkomandi reglugerð, þá sýnist mér vera hægt að koma fram með brtt. eða frv. síðar á þinginu.

Frv. samþ. með 25:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSig, GilsG, GSt, HES, HG, JóhS, SkA, KÓ, LJós, MHM, PP, SighB, SV, StH, SvJ, TÁ, VG, ÞS, ÁG, BGr, EðS, EG, EÁ, FTS, IG.

nei: FÞ, FrS, GH, GTh, JÞ, LárJ, MB, MÁM, ÓE, SvH, AG, EH, EBS.

2 þm. (PJ, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 260 (sbr. 190)). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GilsG, GSt, HES, HG, SkA, KÓ, LJós, MHM, PP, SighB, SV, StH, SvJ, TÁ, VG, ÞS, ÁG, BGr, IG.

nei: EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh, JÞ, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PJ, SvH, AG.

JóhS greiddi ekki atkv.

1 þm. (SvG) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þar sem mér finnst ekki hafa verið komið nægilega til móts við sjónarmið Alþfl. í því að lækka tekjuskatt á almennar launatekjur get ég ekki greitt þessu frv. atkv. mitt og þess vegna, herra forseti, greiði ég ekki atkv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil gera í örstuttu máli grein fyrir atkv. mínu. Ríkisstj. hóf 1. sept. efnahagsaðgerðir sem reistar voru á afar veikum grunni. Nú er verið að afla tekna m. a. til þess að mæta þeim útgjöldum sem stofnað hefur verið til. Skattabyrði á íslenska þegna verður þung á næsta ári. Ríkisstj. hefur enn ekki markað neina heildarstefnu í efnahagsmálum og er þess vegna enn á rangri braut að því er þetta varðar, hvað sem verða kann í janúarmánuði. Þetta vil ég að komi fram og þetta vil ég rækilega undirstrika, um leið og ég stend með flokki mínum engu að síður og segi já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Með sömu rökum og komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 7. þm. Reykv., segi ég nei.

Frv. afgr. til Ed.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 206). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 277).

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 171, n. 246 og 251). — Frh. 2. umr.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég get nú að mestu látið nægja að vísa til ræðu þeirrar sem ég hélt við 1. umr., og satt að segja hélt ég að þingstörfum ætti að hraða fremur en draga þau. Í gær átti sér það þó stað, að talsmenn þessa frv. héldu hér uppi, að mér fannst, æðilöngu málþófi, þannig að ég veit ekki hvort ég fer að biðja afsökunar á því þó ég segi hér örfá orð. Ég held að ég geri það ekki.

Ég mun eins og aðrir, sem talað hafa gegn þessu frv., sætta mig við að svo stöddu, að verðjöfnunargjaldið verði óbreytt, 13%, og er tilbúinn til þess að greiða atkv. með því enda þótt ég telji að það sé hæpin ráðstöfun. En ég get ekki fellt mig við að hækka þetta verðjöfnunargjald svo gífurlega mikið sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er sjálfsagt að Rafmagnsveitur ríkisins vilja fá auknar tekjur, og það er ástæðulaust að marglesa bréf frá þeim þess efnis. Það hljóta allir að gera sér ljóst. Og víst er um það, að þarna er við vandamál að glíma sem þarf að leysa. En ég tel, að þetta sé eitt af þeim samfélagslegu vandamálum sem beri að leysa með þátttöku ríkissjóðs, en ekki með auknu gjaldi á rafmagnsnotendur annars staðar og þá einkum á því svæði þar sem við erum nú stödd.

Ég vil líka leyfa mér að minna á að borgarráð Reykjavíkur, sem er skipað mönnum úr öllum þingflokkum,

samþykkti einróma mótmæli gegn þessu frv., þannig að hér er ekki um flokkspólitískt mál að tefla, enda hefur raunar sýnt sig hér að svo er ekki, því að menn skiptast hér eftir öðrum aðstæðum en stjórnmálaskoðunum sínum.

Ég fagna því út af fyrir sig sem segir í málefnasamningi ríkisstj. eða samstarfsyfirlýsingu, eins og það heitir víst, að til standi að koma betri skipan á raforkumál landsmanna en nú gildir og hefur gilt. En mér finnst sú leið, sem hér er valin, ekki sú rétta og ég vil því enn á ný mótmæla henni.

Hér hefur verið rætt nokkuð um rafmagnsverð Landsvirkjunar og óskir þeirrar stofnunar um hækkun á rafmagnsgjaldi. Mér finnst ekki óeðlilegt að Landsvirkjun fari fram á auknar tekjur með hliðsjón af þeirri verðbólgu sem við búum við. Eins og allir hv. þm. vita er það skilyrði fyrir þeim lántökum, sem teknar voru til Landsvirkjunar, að það fyrirtæki skili tilteknum arði, nánar tiltekið 8%. Og ég verð að segja að mér finnst það eðlileg og sjálfsögð regla, að slík fyrirtæki séu rekin með hæfilegum arði, því að að öðrum kosti verður að taka svo gífurleg lán til allra framhaldsnýbygginga að tæpast verður undir því risið.

Hæstv. iðnrh. fór þess á leit við stjórn Landsvirkjunar að hún drægi úr fjárgreiðslum sínum á næsta ári, og var orðið við þeim tilmælum og á þann veg fyrst og fremst að fresta rafmagnslínu sem ráðgerð var frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði. Auðvitað er öllum, sem til þekkja, ljóst að hér er teflt á tæpasta vað að hafa ekki nema eina línu. En við verðum að vona að veðráttan verði okkur það hliðholl, að við getum komist af með þessa einu línu og í trausti þess og trú á það samþykki stjórn Landsvirkjunar þessa málaleitan. En ég vil undirstrika það hér, þó að það sé kannske ekki til umr. beinlínis, að þessi frestun á framkvæmdum hjá Landsvirkjun var til þess gerð að draga úr fjárfestingu, en ekki undir nokkrum kringumstæðum til þess að leggja í fjárfestingu annars staðar á landinu. Ef sú verður raunin mun ég enn fremur verða því mjög mótfallinn og greiða atkv. gegn því. Ég get vel skilið að í slíku árferði, sem hér er nú búið við, og við þær kringumstæður, sem við lifum við, sé óskað eftir því, að stór fyrirtæki eins og Landsvirkjun dragi úr framkvæmdum, og því er ég út af fyrir sig meðmæltur þó að mér sé ljós áhættan. En ef það er gert til þess að leggja í fjárfestingu annars staðar, þá snýr málið frá minni hálfu allt öðruvísi við og þá mun ég verða alfarið á móti því, eins og ég er á móti þeirri hækkun vörugjalds sem hér er til umr.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð til að skýra afstöðu mína til þessa máls. Ég ætla ekki að tefja tímann með alls konar tilvitnunum í þau fjölmörgu skjöl sem þm. hafa fengið í hendur varðandi þessi mál. Ég er hins vegar einn af fjórum nm. í meiri hl. iðnn. sem erum mótfallnir því að hækka verðjöfnunargjald á raforku úr 13% í 19%, en getum eftir atvikum fallist á að framlengja lögin óbreytt í eitt ár.

Það ætti að vera ljóst fyrir öllum hv. dm. um hvað er deilt í þessu máli nú eins og ávallt áður og því óþarfi að blanda í þessar umr. lítt skyldum málum. Eins finnst mér ekki viðurkvæmilegt að fullyrða að þeir, sem eru andvígir hækkuninni, séu að telja eftir hreina smámuni, svo sem eins og 50 kr. nefskatt á mánuði. Þetta er ekki mergurinn málsins. Með slíkri fullyrðingu er horft fram hjá aðalatriði málsins, sem varðar grundvallarstefnumörkun. Það er höfuðatriðið.

Hér er deilt um með hvaða hætti leysa eigi fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Það er ekki deilt um að þetta fyrirtæki eigi við fjárhagsvanda að stríða. Það er ekki heldur deilt um að landsmenn sitji ekki við sama borð hvað raforkuverð varðar. Ég hef fylgst með þessum málum á Alþ. nokkuð lengi. Ég hef ávallt verið andvígur hinu svo kallaða verðjöfnunargjaldi — og ég endurtek: hinu svo kallaða verðjöfnunargjaldi á raforku. Í reynd er hér ekki um jöfnunargjald að ræða. Það hefur ávallt verið mín skoðun, að það sé röng stefna að leysa vanda Rafmagnsveitna ríkisins með neytendaskatti eins og hér er nú fjallað um og gert hefur verið í æðimörg ár, en nú á enn einu sinni að hækka. Ég var eindregið andvígur þeirri breytingu sem gerð var þegar föstu krónugjaldi var breytt í prósentugjald. Því var þá mjög hátíðlega lýst yfir, að það gjald ætti að standa aðeins í eitt ár, vera til bráðabirgða, eins og enn er sagt, en allir vita hver reynslan hefur orðið af þessu loforði.

Ég vil endurtaka það sem hér er margbúið að segja við þessa umr., að þessi hækkun kemur þyngst niður á notendum Rafmagnsveitna ríkisins eða þeim, sem eru með hæstu rafmagnstaxtana í landinu. Það er þess vegna síður en svo að þessi aðferð að hækka verðjöfnunargjaldið dragi úr þeim ójöfnuði sem nú er. Það, sem hér þarf til, er alger stefnubreyting. Sameiginlegur sjóður allra landsmanna, ríkissjóður, verður að axla fjárhagsvanda þessa fyrirtækis síns í miklu ríkari mæli en hingað til, jafnframt því að stjórnun þessara mála og þessa fyrirtækis verði rækilega endurskoðuð. Ég virði þá viðleitni sem kemur fram hjá núv. hæstv. iðnrh. í þessa átt og raunar er í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. En hækkun á verðjöfnunargjaldi nú tefur fyrir þessari nauðsynlegu stefnubreytingu og þess vegna m. a. er ég andvígur hækkun á verðjöfnunargjaldinu.

Þá er í þessari umr. lýst eftir hugmyndum frá þeim, sem stæðu gegn þessari hækkun, um einhver ráð til þess að jafna raforkuverðið í landinu. Í þessu sambandi vil ég minna á að ríkissjóður skattleggur alla raforkusölu í landinu og skattleggur þá mest sem hæsta greiða taxtana. Ég vil nú varpa fram þeirri hugmynd, sem ég og raunar gerði í iðnn., hvort ekki væri ráðlegt, um leið og taxtar RARIK væru endurskoðaðir eins og lýst hefur verið yfir, að einnig yrði skoðað að ríkissjóður gæfi eftir söluskatt a. m. k. á heimilistöxtum RARIK. Í því fælist vissulega verulegur jöfnuður á raforkuverði og þá um leið gætu þeir, sem hræddir eru um að missa jafnaðarmannsnafn sitt nema þeir framfylgi þessari hækkunarkröfu á hinu svo kallaða verðjöfnunargjaldi, máske einnig fundið frið í sálu sinni.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. um hækkun á verðjöfnunargjaldi af raforku hefur verið allmikið rætt í þessari hv. þd. og hafa flokkafylkingar riðlast í sambandi við afstöðu til þessa máls.

Mér finnst athyglisvert, að í aths. við þetta lagafrv. er vitnað í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna, þar sem segir m. a., að mörkuð verði ný stefna í orkumálum með það að markmiði að tryggja öllum landsmönnum næga og örugga raforku á sambærilegu verði. Ég er alveg sammála þessari mörkuðu stefnu, að tryggja raforku á sambærilegu verði. Það er e. t. v. erfitt að hafa sama verð á raforku um allt land, en aðalatriðið er að það bil minnki

verulega frá því sem nú er og hefur verið. Hitt er svo einnig ekki síður kappsmál víða úti um land, að hafa nægа raforku, en búa ekki við skort, eins og gerist í ákveðnum landshlutum því að þar fæst ekki raforka til húshitunar nema að mjög takmörkuðu leyti vegna skorts á raforku.

Um þetta fyrirkomulag um verðjöfnunargjald á raforku má auðvitað deila. *En ósköp finnst mér* leiðinlegt að heyra í þessum umr. og þá alveg sérstaklega hjá 7. þm. Reykv. í gær, að það sé verið að leggja skatt á Reykvíkinga. Það er ekki verið að leggja skatt á Reykvíkinga umfram aðra landsmenn. Það er verið að leggja með þessu verðjöfnunargjaldi skatt á alla rafmagnsnotendur í landinu hvar sem þeir búa. En því hærra sem rafmagnsverðið er víða úti á landi, þeim mun hærri verður þessi skattur á þeim rafmagnsnotendum en á þeim sem búa við betri kjör á raforkunni. Hér er því alveg rangt frá sagt í þessum efnum og alltaf verið að reyna að koma því inn, að verið sé að skattleggja einhverja ákveðna hópa. Hitt er svo annað mál, að þegar verðjöfnunargjaldið rennur í verðjöfnunarsjóð, þá nýtur landsbyggðin auðvitað tekjuöflunarinnar á þennan hátt. Það er höfuðatriði þessa máls varðandi landsbyggðina. En landsbyggðarfólk verður jafnt að borga þessa skatta sem fólkið hér á þéttbýlissvæðinu, að öðru leyti en því, að það borgar yfirleitt mun hærri skatt vegna hærra raforkuverðs.

Í tillögum Rafmagnsveitnanna segir að þar hafi verið miðað við að leysa bæri fjárhagsvanda RARIK fremur með því, að ríkissjóður, sem er eigandi stofnunarinnar, yfirtæki hluta af fjármagnskostnaði, en að hækka í sífellu smásölugjaldskrá Rafmagnsveitnanna, sem leitt hefur til hins mikla mismunar á raforkuverði hjá notendum Rafmagnsveitnanna annars vegar og notendum sveitarfélagarafveitna hins vegar. Ég tek alveg undir þessa skoðun og hefði talið æskilegt að fyrri ríkisstjórn eða fyrri ríkisstjórnir — þetta er nú orðið gamalt og erfitt vandamál — hefðu frekar farið inn á þá braut að styrkja Rafmagnsveiturnar að því er lýtur að félagslegri hlið á starfsemi þeirra. Það er ekki hægt að líta á starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins sem viðskiptafyrirtækis eingöngu, því að á þeim hvílir sú skylda að leggja mikið fjármagn í raflínur sem fyrir fram er vitað að borgi sig engan veginn. Það köllum við félagslega hlið þessa máls. Því hefði mátt létta byrðum af Rafmagnsveitum ríkisins af þessari ástæðu einni saman. Það má gera með ýmsu móti. Það má gera með því móti að ríkissjóður taki hluta af lánum Rafmagnsveitna ríkisins á sig. Það má líka hugsa sér að breyta þeim lánum eitthvað, þannig að ekki kæmi til mikillar útborgunar hjá ríkissjóði á næsta ári vegna þeirra erfiðleika sem nú eru í efnahagsmálum. Þessa leið hefði verið að mínum dómi langæskilegast að fara, því að með verðjöfnunargjaldinu er verið að breikka bilið á milli þeirra, sem njóta bestra kjara, og hinna, sem verða að búa við lakari kjör. Og við megum ekki heldur líta eingöngu á raforkuna í þessu sambandi, heldur verðum við einnig að líta á hitunarkostnaðinn, þann *gífurlega mun sem er á kostnaði við húshitun á* stöðum, sem hafa hitaveitu, og öðrum, sem annaðhvort búa við rafmagn eða verða að hita upp með olíu, sem sífellt fer hækkandi — og enn er von á góðu í þeim efnum eins og öllum er ljóst af atburðum og fréttum að undanförnu frá olíuframleiðsluríkjum.

Það er ekki óeðlilegt, þegar mál eins og þetta er til umr., að okkur, sem erum umboðsmenn fyrir kjördæmi úti á landi sem eiga við mikla erfiðleika að stríða í þessum efnum, verði hugsað til þess, hvernig gangi með þær framkvæmdir sem verið er að berjast fyrir á sama tíma og talað er um að skera allt niður. Það eru takmörk fyrir því, hvað má skera niður, hvað er hægt að láta bíða. Sumar framkvæmdir er hægt að láta bíða í nokkur ár, aðrar framkvæmdir er sumar hægt að láta bíða og sumar engan veginn.

Meðal þess, sem ég tel að þurfi að hraða, er hin svokallaða Vesturlína. Um það urðu nokkuð snarpar umr. í Sþ. fyrr á þessum vetri. Lánsfjáráætlun ríkisstj. er ekki komin fram, en ég hef heyrt að í stað þess, sem hæstv. iðnrh. sagði við þær umr. sem ég vitnaði í áðan, að hann legði á það höfuðáherslu að þessari framkvæmd yrði lokið á næstu tveimur árum eða haustið 1980, þá sé enn búið að skera fjárveitinguna niður á þann veg að þetta verði þriggja ára framkvæmd. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. að því, hvort þetta sé rétt eða hvort það standi sem hann sagðist mundu leggja áherslu á í haust, að raforka verði komin, þannig að tryggt verði að hægt verði að tengja byggðalínuna við Þverárvirkjun og rafmagn komist a. m. k. á í þéttbýlustu hreppum Vestur-Barðastrandarsýslu og með tengingu við Þverárvirkjun í Strandasýslu. Ég er hræddur um að það verði erfitt fyrir starfsemi Orkubús Vestfjarða ef þessi bráðnauðsynlega framkvæmd dregst lengur.

Ég hefði kosið að fara þá leið til þess að leysa úr fjárhagsvandræðum Rafmagnsveitna ríkisins sem ég lýsti hér áðan. Ég vil ennfremur spyrja hæstv. iðnrh. að því, hvort hann telji ekki möguleika á því að fá samstöðu um það í ríkisstj. og innan stjórnarliðsins og jafnvel víðtæka samstöðu við stjórnarandstöðuna að leysa vandamál Rafmagnsveitnanna með þessum hætti. Ennfremur er vandi Orkubús Vestfjarða að sama skapi mjög mikill. Ef allt þetta þrýtur og ef þetta er ekki hægt að gera, sem ég tel nú að verði frekar til sátta á milli þm., sérstaklega þeirra sem mælt hafa gegn þessu frv., þá auðvitað sér maður að ef ríkisstj. eða stuðningslið hennar vill ekki gera neitt í þessum efnum, þá verður ekki hjá því komist að auka tekjur Rafmagnsveitna ríkisins og þar með Orkubús Vestfjarða, þó að það sé sjálfstætt fyrirtæki. Þegar þetta liggur fyrir verður auðvitað að láta sjá hvort þetta frv. nær fram að ganga, ef hin leiðin er talin ófær, sem að mínum dómi er miklu æskilegri. Og ég hygg að flestir þm. mundu sætta sig miklu frekar við þá leið og þá þyrftu ekki flokkafylkingar að riðlast um þetta mál, því að þetta verðjöfnunargjald hefur löngum verið mjög umdeilt hér á hv. Alþingi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en óska eftir að hæstv. iðnrh. gefi svör við þessum spurningum.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég ræddi þetta mál við 1. umr. og kom afstaða mín til þess þar fram og er ekki þörf á að endurtaka það.

Það, sem veldur því að ég kem hér upp í ræðustólinn, er einungis að í gærkvöld vitnaði hv. 1. þm. Reykv. til *samtals við mig út af bréfi rafmagnsveitustjóra til alþm.* og fjölmiðla og var a. m. k. nokkur blæmunur á því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði í ræðustólnum, og því, er ég sagði honum í samtali okkar. Þetta bréf, sem undirritað er af rafmagnsveitustjóra, var tilefni þessara orða. Hv. 1. þm. Reykv. viðhafði þau orð, að ég hefði vitað um efni bréfsins, en neitað að skrifa undir það. Hið rétta er, að ég átti hlut að samningu þessa bréfs, en vegna þess að ekki

vannst tími til þess að kalla saman stjórnarfund, þá töldum við rafmagnsveitustjóri réttara að rafmagnsveitustjóri skrifaði einn undir bréfið.

Bréf frá Sambandi ísl. rafveitna, sem hér hefur einnig komið til umr., er undirritað af formanni SÍR, Aðalsteini Guðjohnsen, og framkvæmdastjóra þess fyrirtækis. Það bréf var ekki borið undir stjórnarfund í Sambandi ísl. rafveitna og er hér nokkur munur á vinnubrögðum. Ég taldi sem sagt ekki eðlilegt, að ég sem formaður stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins undirritaði bréf sem ekki væri borið undir stjórn fyrirtækisins. En formaður stjórnar Sambands ísl. rafveitna hefur sennilega aðrar starfsaðferðir. Þó er hann einnig stjórnarmaður í Rafmagnsveitum ríkisins.

Það var aðeins þessi leiðrétting, sem ég vildi koma á framfæri og er í sjálfu sér ekki stórt mál. Slíkur blæbrigðamunur í frásögnum af samtölum manna getur vitaskuld iðulega komið fram og er ekkert við því að segja. Ég taldi þó nauðsynlegt að það kæmi hér fram sem réttara er, að það er auðvitað fjarri lagi að ég hafi neitað að skrifa undir þetta bréf. Það var samkomulagsatriði milli okkar Kristjáns Jónssonar rafmagnsveitustjóra að hafa þennan hátt á.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tel rétt að svara með örfáum orðum fsp. og ábendingum frá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni.

Hann kom með fsp. sem tengjast væntanlegri lánsfjáráætlun fyrir næsta ár. Ég vil segja í því sambandi, að vinnu að lánsfjáráætlun er enn ekki lokið. Að henni er unnið á vegum ríkisstj. og þar er eftir að taka stefnumarkandi á einstökum þáttum varðandi tilteknar framkvæmdir, þ. á m. að því er varðar Vesturlínu. Iðnrn. hefur gert það að tillögu sinni, að lokið verði við þessa framkvæmd á næstu tveimur árum, og ég hef sama áhuga á því og fram kom í umr. fyrr í vetur að þetta nái fram að ganga.

Þá vék hv. þm. að því, hvort ekki væri hægt að finna aðrar leiðir en lagt er til í því frv., sem hér er til umr., til að ná sömu markmiðum, m. a. með yfirtöku eða framlengingu lána. Ég get út af fyrir sig fallist á að það séu fleiri leiðir til en hér er fram haldið, fyrir utan það að ríkið leggi bein framlög til Rafmagnsveitnanna í þeim mæli sem þarf til þess að þær geti haldið uppi starfsemi sinni og verði sem sé sambærilegt við það sem annars staðar gerist. En þessi leið var valin og ég tel að nú sé ekki ráðrúm til þess að athuga um aðrar leiðir, þó að sjálfsagt sé að taka það með við athugun þessara mála á næsta ári. Hér er aðeins verið að leggja til framlengingu á gjaldi, sem verið hefur í gildi um nokkur ár, og nokkra viðbót við það. Ég tel að það sé nauðsynlegt að hafa þessi mál í athugun hverju sinni og reyna að finna á þeim sem besta lausn.

Varðandi það, sem fram kom hjá hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni og komið hefur fram hjá fleiri hv. þm., að hér sé raunar ekki um verðjöfnunargjald að ræða, þá vil ég að það komi fram, að ég tel að með þessu gjaldi megi ná fram nokkurri verðjöfnun, þó að það sé alveg rétt, að sem prósentugjald leiðir það til hærri gjalda á kwst. hjá þeim sem hæst gjald greiða fyrir. En vegna þess að mikill meiri hluti raforkukaupenda greiðir þetta gjald, þá er hægt að beita því til verðjöfnunar, og það er það sem skiptir máli, hvernig á þessu gjaldi er haldið. Ég mun beita mér fyrir því, að það verði notað til þess að lækka verð eða halda niðri, eftir því sem fært er, hækkunum á hinum almennu gjaldtöxtum Rafmagnsveitnanna.

Umr. frestað.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 203 (sbr. 23)). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem er komið til d. aftur frá Ed., en þar tók þetta mál nokkurri breytingu frá því sem samþ. hafði verið hér í þessari d. áður. Sú breyting, sem gerð var í Ed., er fyrst og fremst um að hið almenna vörugjald hækki úr 16% í 18%, en till. hafa verið gerðar um það hér áður og það er öllum hv. alþm. kunnugt.

Fjh.- og viðskn. hefur athugað þessa breytingu, sem gerð hefur verið í Ed. á frv., og meiri hl. n. fellst á þessa breytingu. En ljóst er, að minni hl n., fulltrúar Sjálfstfl., eru andvígir þessari breytingu. Það er í samræmi við það sem komið hefur fram hjá þeim áður í sambandi við umr. um þetta mál.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Áður en frv. um tímabundið vörugjald er borið undir atkv. vil ég aðeins benda hv. þm. á það, að þó að prósentutala hækkunarinnar sé ekki há, aðeins 2%, eykur gjaldið í þeim vöruflokkum, sem greitt hafa 16% gjald, en hækkar í 18% frá 1. jan. 1979 verði þetta frv. að lögum, tekjur ríkissjóðs um 1115 millj. kr. Hv. þm. skulu gera sér grein fyrir því, hvaða aukagjald þeir eru hér að samþykkja, þótt prósentutalan sé ekki há.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:12 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 290).

Kjaramál, frv. (þskj. 258). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það stendur eins á um þetta mál og það sem var á dagskránni á undan. Hér er um að ræða mál sem komið er frá Ed. og tók þar minni háttar breytingum, fyrst og fremst í sambandi við þá breytingu sem ég var að gera grein fyrir áðan, en aðrar breytingar eru minni háttar.

Fjh.- og viðskn. hefur litið á frv. í þeim búningi sem það er nú, og meiri hl. n. fellst á þessa breytingu. En eftir sem áður stendur það, að minni hl. fjh.- og viðskn., fulltrúar Sjálfstfl., er andvígur þessu máli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:11 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 291).

Heimild til lántöku vegna lánsfjáráætlunar 1978, frv. (þskj. 223, n. 264). — 2. umr.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál og gefið út nál. á þskj. 264, þar sem n. mælir einróma með því að frv. verði samþ. og þá óbreytt. Eftir að n. hafði fjallað um málið

kom í ljós, að óskað var eftir því af hálfu fjmrn. að gerð yrði breyting á frv., þ. e. a. s. bætt yrði við einni nýrri grein í frv. N. hefur nú haft þessa beiðni til athugunar og fallist á að flytja sérstaka brtt. sem ekki hefur unnist tími til þess að útbýta, en verður gert innan skamms. Ég legg þessa brtt. fram sem skriflega till. sem verður að leita afbrigða fyrir, en till. er á þessa leið:

„Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

Fjmrh. f. h. ríkissjóðs eða Póst- og símamálastofnunarinnar er heimilt að taka lán til byggingar jarðstöðvar og sjálfvirkrar millilandasímstöðvar er nemi allt að 1550 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt."

Af þessari brtt. leiðir að núv. 4. gr. frv. verði 5. gr. og hljóði þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það hefur sem sagt komið í ljós, að það skortir á heimildir til lántöku í sambandi við þann samning sem gerður hefur verið, þær skuldbindingar sem þegar hefur verið gengist undir í sambandi við þessa framkvæmd, sem öllum hv. alþm. er kunnugt um. N. var gerð grein fyrir hvernig mál stæðu. Það er augljóst að hér er um að ræða að veita sams konar heimild og þær aðrar sem eru fyrir í þessu frv., þar sem heimild skortir til þess að standa við þá samninga sem gerðir hafa verið, svo að hægt sé að ganga formlega frá þeim lánum sem þar er um að ræða.

Einn nm., hv. þm. Kjartan Ólafsson, hefur fyrirvara á um afstöðu til þessarar till., en að öðru leyti stendur öll n. að brtt. sem ég var að lesa og væntanlega verður útbýtt innan skamms.

Það er sem sagt till. fjh.- og viðskn., að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 278) samþ. með 21 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hér er um að ræða till. um mikla hækkun á erlendum lántökum sem mér hefur skilist, að sumir stjórnarflokkar hafi talið ærið nógar fyrir. Ég minnist þess sérstaklega, að Alþfl. hefur talið að það yrði að stemma stigu við frekari erlendum lántökum. Margir leiðarar voru skrifaðir um það í Alþýðublaðið, hvað Gulla litla skuldaði þegar hún fæddist og það væri lagt á bak barns að standa undir nokkrum millj. kr. um leið og það kæmi í þennan heim.

Ég vil spyrja hv. frsm. n. að því, hvort þessi till. hafi verið borin undir flokksstjórn Alþfl., hvort við getum gengið frá þessari samþykkt hérna, hvort það sé óhætt, því að það gæti raskað þingstörfum og þau jafnvel dregist fram á jóladag eða aðfangadagskvöld ef flokksstjórnarfundur Alþfl. leyfir ekki. Af því að ég veit að það er ákaflega vel gengt á milli þessara tveggja heimila, Alþb. og Alþfl., og má segja að ekki megi á milli sjá hvor sé hvor, þá veit ég að hv. frsm. fjh.- og viðskn. getur auðveldlega svarað þessari spurningu, hvort þetta sé undir eigandi hvað snertir samstarfsflokkinn og vini hans í Alþfl.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Austurl., frsm. fyrir fjh.- og viðskn., tók ég það fram af minni hálfu á fundi n. og vil láta það koma fram hér, að ég stend ekki að till. um að veita heimild til 1550 millj. kr. lántöku til jarðstöðvar. Ég vil taka það fram, að mér er ljóst að samningar hafa verið gerðir um þetta mál og þeim verður sjálfsagt ekki breytt með einu handtaki. En ástæðan fyrir því, að ég vil ekki standa að þessari till., er sú, að ég tel að þarna sé um framkvæmd að ræða sem skynsamlegt hefði verið að geyma til síðari tíma. Ég tel engan veginn gott að á sama tíma og fjárveitingar til margvíslegra mjög brýnna og nauðsynlegra framkvæmda í landinu og margvíslegra félagslegra nauðsynjamála eru jafnnaumt skammtaðar og raun ber vitni, þá skuli varið svo stórri fjárhæð í að koma upp þeirri jarðstöð sem hér um ræðir. Sú framkvæmd hefði miklu frekar átt að bíða enn um sinn að mínum dómi. — Þetta vil ég að komi fram.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil í stuttu máli lýsa stuðningi við þá till. sem hér er um að ræða í sambandi við byggingu jarðstöðvar. Ég tel rétt að það komi fram hér, eins og þm. sjálfsagt vita, að undanfarnar vikur hefur þetta land verið meira og minna sambandslaust við umheiminn, eftir því sem sæsímastrengirnir hafa slitnað á víxl í austur og vestur. Ég vil líka minna á í þessu sambandi, að þegar svo hefur staðið á, þá hefur varnarliðið hlaupið undir bagga með Pósti og síma og léð okkur fjarskiptarásir. Það er sjálfsagt vilji hv. þm. Kjartans Ólafssonar að svo verði áfram. Ég held hins vegar að hér sé um hið nytsamasta mál að ræða. Við erum raunar samningsbundnir um þetta mál og þetta er hluti þess, að við erum að taka fjarskiptin við umheiminn í eigin hendur og afnema það nýlendufyrirkomulag sem samningurinn við Mikla norræna ritsímafélagið hafði í för með sér. Það hefur verið vel að þessu máli staðið, skynsamlega að því unnið, og þetta er gott mál.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni láta það koma skýrt fram, sem ég hélt að hefði komið skýrt fram í máli mínu áðan, að þær heimildir, sem er verið að veita með þessu frv., eru til þess að standa við samninga sem búið er að gera. Með því erum við út af fyrir sig ekki að taka neina afstöðu til þess, hvort við vorum með því á sínum tíma að þessar ákvarðanir voru teknar. Ég tel hins vegar eðlilegt að þm. láti í ljós skoðun sína, hvort þeir séu samþykkir viðkomandi verki eða ekki. En það er annað mál.

Þegar ég styð þetta frv. sem heild með þeirri heimild, sem felst í þessari brtt., og heimildum í öðrum greinum frv., þá er það fyrst og fremst til þess að standa við það, sem búið er að semja um að gera, og veita nauðsynlegar heimildir í því skyni, og ég hef ekki heyrt neinn ágreining hafðan uppi um það. Það skal hins vegar tekið fram, að á þeim skamma tíma, sem fjh.- og viðskn. hafði til ráðstöfunar í sambandi við afgreiðslu þessa máls, var ekki mættur þar á fundinum hv. þm. Vilmundur Gylfason og hinn fulltrúi Alþfl. gat aðeins setið stuttan tíma á þeim fundi. Ég varð þó ekki var við að það yrði neinn ágreiningur um, að till. væri flutt í nafni n., nema aðeins að þess var óskað af einum þm., hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að það kæmi fram, að hann vildi hafa óbundnar hendur um afstöðu til tillögunnar.

Aðalatriðið er að sjálfsögðu það, að frv., sem hér er um að ræða, og þá einnig sú brtt., sem hér liggur fyrir, eru um að veita heimildir til að ganga lögformlega frá því sem búið er að samningsbinda og ákveða. Ég treysti mér ekki til þess að neita um neitt slíkt, hvað svo sem líður afstöðu til þeirra mála sem um er að ræða.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. að þessu sinni frekar en ég hef gert á þessu þingi sem nú stendur yfir. En ég vil segja um þetta mál það sama og hv. 1. þm. Austurl. sagði, að það er ekki nema eðlilegt að standa að því sem þegar er búið að ákveða og skuldbinda sig til að gera — því verður meiri hl. þings jafnan að standa að, hvernig sem honum sýnist málin vera. Og það væri óskynsamlegt, bæði í þessu máli og öðrum, ef ætti að hætta við hálfnað verk.

En um málið vil ég segja það sama og hv. 3. þm. Vesturl. sagði áðan, sem ég vil þakka því að þar var talað af skilningi, að land okkar getur ekki verið lengi sambandslaust við umheiminn, eins og það hefur verið nú um skeið. Það hefur tekið marga klukkutíma að ná sambandi við aðrar þjóðir, því að Skotlandsstrengurinn hefur verið bilaður, er kominn í lag fyrir nokkrum dögum, en hinn, sem hafði bilað áður, er alvarlega bilaður nú, þ. e. strengurinn til vesturs.

Ég tek líka undir það, að þetta mál er eitt af lokaþáttum í sjálfstæðisbaráttu okkar, því að við höfum ekki haft full yfirráð yfir fjarskiptum okkar fyrr en við náum þeim nú.

Ég vil í sambandi við málið segja einnig, að það var samstaða í fyrrv. ríkisstj. um þetta mál og þáv. hæstv. fjmrh., sem fór með fjármálin, studdi þetta mál vel og drengilega og ber að meta það og virða. Ég er því ekkert hræddur um að fyrir þessu máli sé ekki mikill meiri hl. á hv. Alþ., enda hefur málið tvær hliðar sér til stuðnings: þetta sem hv. 1. þm. Austurl. sagði um eðlilega afgreiðslu þingmeirihl. hverju sinni á verkum sem þegar er verið að vinna, og svo er málið gott í eðli sínu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Mig langar til þess, í fyllstu vinsemd auðvitað, að fara þess á leit við jafnágætan mann og hv. þm. Lúðvík Jósepsson, sem er formaður í fjh.- og viðskn., að næst þegar hann flytur nál. fyrir hönd n. sé það borið undir nm. Þannig var, það er eins og oft vill vera, að boðaður var fundur í n. í mikilli skyndingu og við fulltrúar Alþfl. vorum uppteknir á öðrum fundi og gátum ekki með hálftíma fyrirvara setið þennan fund. Í þessari n. hefur verið ákaflega góð samvinna og formaður n. er áreiðanlega í fremstu röð að því er tekur til starfshátta í þeirri n. sem hann veitir forstöðu, svo að ég vil mælast til þess í allra fyllstu vinsemd, að næsta till., sem fram er borin af fjh.- og viðskn., sé borin undir nm.

Ég veit að hér er um afskaplega smávægileg mistök að ræða og sem óþarfi er að hafa um fleiri orð. En ég vil af þessum ástæðum, herra forseti, óska eftir örstuttum fresti á atkvgr. um þetta mál. Ég vil fá að bera það undir samstarfsmenn mína og þá sérfræðinga, sem ég hef leitað til undir slíkum kringumstæðum. Eins og þetta er í pottinn búið hygg ég, að þetta sé sanngjörn beiðni.

Hv. þm. Matthías Bjarnason fór um þetta nokkrum orðum og gerði auðvitað Alþfl. að umræðuefni, enda er það vinsælt umræðuefni. Og hv. þm. taldi sér sæma að gera gys að Gullu litlu, barninu sem við erum að hlaða á skuldaböggum. Ég verð nú að segja það, að ég veit að hv. þm. er gamansamur maður, en Gulla litla, sem við erum að hlaða á skuldunum, þykir mér satt að segja vera hæpið gamanmál og vil enn fremur í fyllstu vinsemd mælast til þess við þennan ágæta og hv. þm., að hann velji sér annan gamanvettvang en börnin, sem við erum að hlaða á hinum erlendu skuldum. Ég nefni, að ef hann vill finna kímnigáfu sinni útrás, þá er Alþfl. miklu hentugri en Gulla litla eða önnur börn í þessu samfélagi.

Allt um það, vegna þess hvernig þetta er í pottinn búið, er mér fullljóst að í frv. er aðeins um að ræða heimild, en ég óska eftir örstuttum fresti til að fá að bera þetta undir þá menn sem ég treysti til að ráða heilt í þessum efnum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, 7. þm. Reykv., þar sem hann fer fram á að afgreiðslu á þessu máli verði frestað til þess að þeir geti náð sambandi sín á milli sem sitja í fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., alla vega Vilmundarmenn, og vona að hv. yfirráðh., eins og hann er kallaður hér, hafi hér eftir betra samband við undirmenn sína í n., þannig að meiri hl. þurfi ekki að tefja þingstörf frekar en orðið er.

Ég vil aðeins segja það, að þar sem ég hafði hugsað mér að styðja yfirlýsta stefnu Alþfl., sem er andvígur auknum erlendum lántökum, mun ég ekki standa að þessu frv. Ég mun greiða atkv. gegn þessari till. um aukningu á erlendum lánum. Og ég verð að segja alveg eins og er, að ég reikna með því, að þm. Alþfl. standi með mér að þessu stefnumáli þeirra. Annað væri óhugsandi miðað við allt sem hefur verið sagt hér á hv. Alþ. og skrifað í dagblöð og komið á framfæri við þjóðina í ríkisfjölmiðlum.

Ég vil líka á sama tíma harma það, að þótt hér sé um nytsamt mál að ræða, eins og hv. 3. þm. Vesturl. komst að orði, þá skuli vera hlaupið á síðustu stundu, má segja, til aðgerða í ýmsum nýtískulegum tæknilegum málum, eins og t. d. í samskiptum á milli landa, af Íslands hálfu hverju sinni í staðinn fyrir að reikna með að verk eins og þessi, sem eru mikil og dýr í framkvæmd, séu unnin á þaulöngum tíma að Ísland hafi a. m. k. möguleika á að fjármagna það mikið af framkvæmdinni smátt og smátt að við þurfum ekki að líða fyrir það sem þjóð með stórum erlendum lántökum. Það er ekki talið vit í því fyrir einstakling og þess vegna ekki fyrir þjóð heldur að taka að láni umfram 30-35%, kannske 40%, af þeirri upphæð sem þarf að eyða í hverja framkvæmd um sig. Lán, sem nemur allt að því 100% af framkvæmdaupphæð á þungum vöxtum með dýrum erlendum lántökum, er ekki talið góður viðskiptamáti. En ég vil aðeins upplýsa það, ef ég man rétt, að við erum ekki að þurrka Mikla norræna ritsímafélagið út úr þessu, við losnum við það endanlega á mörgum árum, og ég get ekki séð að sæstrengir þeir, sem hafa að vísu bilað undanfarið, mundu ekki duga okkur í nokkuð mörg ár enn þá. Hitt er líka staðreynd, að jafnvel þó að við fengjum nýja fjarskiptastöð á borð við þá sem hér er til umr., getur hún líka bilað hvenær sem er. Þannig eru þetta engin rök í málinu. Þegar svona nýjungar eiga sér stað eigum við að vera það forsjálir, að við getum hafið framkvæmdir með það miklum fyrirvara að við getum smátt og smátt lagt eigið fé upp að ákveðnu marki í framkvæmdina og tekið svo erlent lán til viðbótar til að ljúka henni. Það er talið meira vit í slíkum framkvæmdum en hlaupa til og taka stórlán og framkvæma á mjög skömmum tíma það sem á að gera á löngum tíma.

En sem sagt, ég skora nú á Alþfl.-menn að standa að eigin stefnumálum sínum með mér.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það er í sambandi við það sem hv. 7. þm. Reykv. sagði.

Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því, að nál. fjh.- og viðskn. liggur fyrir á þskj. 264 og er undirskrifað af þeim sem þar voru mættir. N. hafði því afgreitt frv. eins og það lá fyrir. Hér var aðeins um það að ræða, að það var beðið um að flutt yrði brtt. við frv. til viðbótar við skilað nál. Það var haldinn fundur í n. og n. féllst á að gera þetta af því að það þótti eðlilegt og í fullu samræmi við fyrri afgreiðslu í n. En það er rétt, og það hafði ég þegar tekið fram áður, að hv. þm. Vilmundur Gylfason var ekki mættur á fundinum og hinn fulltrúi Alþfl. átti aðeins setu stuttan tíma á fundinum. Hér er því ekki um það að ræða að farið væri með nál. án þess að nm. væri gefinn kostur á að fylgjast með. En það er rétt, að n. samþykkti á fundi sínum í dag að flytja þessa brtt.

Nú hefur komið fram ósk um að veittur verði nokkur frestur á atkvgr. í málinu til þess að nm. geti frekar skoðað þetta mál. Ég hef ekkert við það að athuga, ég tel ósköp eðlilegt að málinu sé frestað um nokkurn tíma. En ég tel að það sé þörf á því að flýta þessu eins og öðrum málum sem hér liggja fyrir og að sá frestur þyrfti þá að vera sem stystur. Mér sýnist að hvað svo sem líður ágreiningi manna um það verk sem hér er um að ræða, sé alveg augljóst af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að við eigum þarna um tvo kosti að velja: annaðhvort að búa að þeim bráðabirgðalánum, sem tekin hafa verið, eða að veita heimild til þess að ganga frá formlegu láni í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið. Ég sé því ekki að það sé margra kosta völ í þessum efnum úr því sem komið er.

Ég get fallist á það fyrir mitt leyti, að veittur sé frestur samkv. þeirri beiðni, sem hér hefur komið fram, til þess að menn geti athugað betur þessa tillögu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., frv. til l. um ábyrgðarheimildir og um heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978, er flutt í framhaldi af ákveðnum samþykktum fyrrv. ríkisstj. til þess að greiða fyrir og ljúka þeim ákvörðunum varðandi lánsfjáröflun erlendis sem sú hæstv. ríkisstj. tók. Í 1. gr. kemur þannig fram, að ákveðið hafði verið af fyrrv. ríkisstj. að heimila Akureyrarbæ að fjármagna hitaveituframkvæmdir með erlendum lánum til skamms tíma og að þeim lánum yrði síðan breytt í langtímalán. Það er verið að óska þess við hv. Alþ., að Alþ. staðfesti nú ákvörðun sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. tók. Ef það er ósk sjálfstæðismanna, að Alþ. neiti að staðfesta ákvarðanir þeirra eigin ríkisstj., þá er náttúrlega komin upp ný staða í málinu.

Um 2. gr. er það að segja, að það, sem þar er gert ráð fyrir að taka af erlendum lánum, var ákveðið í árslok 1977 af fráfarandi ríkisstj. Þá var því lýst yfir, að Lánasjóði ísl. námsmanna yrði séð fyrir fé með lánsfjáröflun þannig að lán úr lánasjóðnum gætu samsvarað 85% af umframfjárþörf. Síðan áætlaði hæstv. fyrrv. ríkisstj. hvað hún þyrfti að taka af lánum til þess að standa við þetta fyrirheit sitt. Sú áætlun þeirrar ríkisstj. stóðst að sjálfsögðu ekki frekar en allar eða a. m. k. flestar aðrar áætlanir hennar. Nú er um það að ræða að Alþ. staðfesti þá ákvörðun sem tekin var fyrir ári að tilmælum hæstv. fyrrv. ríkisstj. Ef ráðh. þeirrar ríkisstj., sem samþykktu þessi tilmæli til Alþ. og fengu þau samþykkt, óska nú eftir að Alþ. hafni samþykkt sem gerð var fyrir einu ári að þeirra eigin hvötum, þá er að sjálfsögðu komin ný staða upp í málinu.

Um 3. gr. er það að segja, að á miðju s. l. ári komst hæstv. ríkisstj. að raun um að ýmsar framkvæmdir, sem hún hafði ráðgert og heimilað, höfðu farið langt fram úr áætluðum kostnaði og ýmsar framkvæmdir, sem hún í upphafi ársins hafði ekki gert Alþ. viðvart um að hún ætlaði sér að fara út í, höfðu verið ráðgerðar af einstökum ráðh. Um mitt s. l. ár ákvað því fyrrv. hæstv. ríkisstj. að afla viðbótarlánsfjár sem samsvaraði 2110 millj. kr. Hæstv. þáv. ríkisstj. lagði m. a. fyrir fulltrúa stjórnarandstöðunnar í fjvn. hugmyndir sínar um hvernig ætti að afla þessa fjár. Þær hugmyndir náðu að sjálfsögðu ekki fram að ganga og stóðust hvergi fremur en aðrar afgreiðslur þeirrar hæstv. ríkisstj. Ef þeir ráðh., sem stóðu að þessum óskum og þessari aukalánsfjáráætlun fyrir nokkrum mánuðum, óska nú eftir að þeirri ákvörðun og þeirri beiðni þeirra verði hnekkt af Alþ., þá er að sjálfsögðu komin upp ný staða í þessu máli.

Það er líka ljóst, eins og hv. 1. þm. Austurl. hefur tekið fram, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. gerði samkomulag og samning um byggingu jarðstöðvar og sjálfvirkrar millilandasímstöðvar. Þessi ákvörðun fyrrv. ríkisstj. var tilkynnt með pompi og prakt í blöðum þegar hún var tekin og hlaut margra dálka fyrirsögn í Morgunblaðinu, ef ég man rétt, og þá þótti Morgunblaðinu þetta mikil og góð framkvæmd og ráðh. fyrrv. ríkisstj. sérstakir ábyrgðarmenn fyrir þær sakir sem þar var frá skýrt. Nú er um það að ræða, að Alþ. staðfesti þessa ráðstöfun. Þá kemur hv. þm. Matthías Bjarnason upp, fyrrv. ráðh., og raunverulega fer þess á leit að Alþ. hnekki nú ákvörðun sem hann tók sjálfur í ráðherraembætti fyrir nokkrum mánuðum. Þeir ráðh., sem réðu þessum málum fyrir nokkrum mánuðum, koma nú til Alþ. og biðja Alþ. um að hnekkja þeim ákvörðunum, sem þeir sjálfir hafa tekið, og gera þá þar með að samningsrofum. Þeir óska eftir því, þessir menn, að Alþ. leiðrétti þeirra eigin mistök og láti núv. hæstv. ríkisstj. svíkja samninga, gerast samningsrofa gagnvart samkomulagi sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. gekk frá.

Flokksstjórn Alþfl. fjallaði ekki um það, hvort hv. 1. þm. Vestf. gæti farið heim til sín í jólaleyfi degi fyrr eða síðar. Það voru ýmis þýðingarmeiri mál en það rædd á flokksstjórnarfundi Alþfl. í gær. En ég er alveg sannfærður um að flokksstjórn Alþfl. hefur ekkert við það að athuga þó að hv. 1. þm. Vestf. fari í jólaleyfi strax.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. þm., sem var að ljúka máli sínu áðan, er leiðtogi Alþfl. á þingi. Það er eins og hann hafi ekkert skilið og ekkert lært frekar en flokkurinn, því að hann er jafnvilluráfandi í öllum málum og þegar þing byrjaði í haust. Það er auðvitað ekki að búast við góðu frá flokki sem nýtur andlegrar forustu manns eins og þessa þm. Hverju leyfði ég mér að biðja menn að vera á móti? Það, sem ég spurði um, var: Hvar eru áform Alþfl.? Vill Alþfl. taka frekari erlend lán? Hann hefur marglýst yfir að ekkert mundi breyta þeirri afstöðu sinni. — En ég er ekkert hræddur um þetta mál, hvar það lendir, þó að þessi hv. þm. greiði atkv. á móti því. Hann má það fyrir mér. Og ég ætla ekki heldur að spyrja hann hvort ég fari burt af þingi. Ég ætla að rækja þingskyldur mínar hvað sem þessi ruglukollur segir.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég reyndi, eins og flestir vita, á sínum tíma að komast í fjh.- og viðskn. — og komst ekki. Þar af leiðandi hef ég ekki aðgang að henni til þess að leita mér þeirra upplýsinga sem ég tel mig þurfa til ákvörðunar í þessari hv. d. Aðrir, sem komust í n., mæta ekki á fundum og þurfa aukafund til þess að ná saman. Ég vildi að þessu gefna tilefni beina þeirri fsp. til hv. frsm. n., — ég tek fram að ég stóð ekki að síðustu ríkisstj., eins og hv. þm. veit, þannig að ég tel mig ekki ábyrgan fyrir þeirri ákvörðun sem hér er á dagskrá, — hvort ekki sé rétt munað hjá mér, að þetta verk hafi verið boðið út á alþjóðamarkaði og verktakinn, sem vinnur verkið, sé erlendur verktaki sem vinni það náttúrlega samkv. ákveðnum tilboðsupphæðum. Er verktakinn kominn fram úr áætlun eða er um aðrar ástæður að ræða? Er búið að framkvæma meira á staðnum en Alþ. eða ríkisstj. hefur gefið leyfi til að framkvæma? Hvað er verið að fjármagna með þeirri upphæð sem hér er farið fram á, 1550 millj. kr.? Spurningarnar eru: Er verið að borga hér umframkostnað við verkið eins og það var upphaflega hugsað, eða er um að ræða umframkostnað vegna þess að framkvæmdir eru komnar lengra en samþykkt hefur verið að framkvæma á þessu verkstigi?

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég get því miður ekki upplýst hv. 1. þm. Reykv. um hvernig þessu tiltekna verki líður, hvað búið er að moka miklu þarna og hvað mikið á eftir að moka. Það veit ég ekki um. Það er miklu nær að spyrja þá sem hafa séð um þetta fram að þessu. Ég get ekki svarað þessu.

Hitt get ég upplýst hann um, að það, sem hér er um að ræða, er að verið er að afla heimilda til lántöku umfram þær heimildir sem Alþ. hafði gefið í fyrri lánsfjáráætlun. Það var heimild til ákveðinnar lántöku til verksins, en það er þegar búið að gera samninga sem fara út fyrir þau heimildarmörk. Hvort tveggja er, að til kemur gengisbreyting á þessum tíma sem breytir þeim upphæðum sem gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun, og auk þess er þetta í sambandi við samninga varðandi verkið. Ég get því ekki heldur svarað því, hvort þessar heimildir eru nákvæmlega til þess að greiða það, sem búið er að vinna af verkinu, eða það, sem kann að vera eftir af verkinu, en þetta eru heimildir til þess að ganga frá lánum í sambandi við skuldbindingar sem búið er að gera um verkið — heimildir sem eru umfram fyrri heimild Alþ. á lánsfjáráætlun.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af því máli, sem hér er til umr., vil ég upplýsa það, að allar þær heimildir og öll þau lagaákvæði, sem þurfti um þetta mál, voru fengin á réttum tíma. Verk þetta var svo boðið út á alþjóðamarkaði. Sjö fyrirtæki sóttu um að vinna verkið og tekið var því tilboði sem lægst var, frá þekktu bandarísku fyrirtæki. Svo voru gerðir samningar um hraða verksins, en gert er ráð fyrir að ljúka verkinu í lok árs 1979.

Verkið hefur gengið samkv. áætlun um hraða og heldur betur. Eins og hv. 1. þm. Austurl. sagði, hefur gengislækkun haft áhrif á verðmætið. Lánsheimildin nægir þess vegna ekki. Hún var í lágmarki. En verkið hefur gengið svo vel sem raun ber vitni um og eitthvað mun vera komið meira af efni til þess en gert var ráð fyrir. Hér er því aðeins sótt um langtímalán í staðinn fyrir þau bráðabirgðalán sem þegar er búið að taka í sambandi við verkið sem er unnið samkv. samningum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Samkv. þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram, sýnist mér vera fyllsta ástæða til þess að staldra ögn við og hugsa sig um áður en hv. d. fer að rjúka í það að samþykkja málið sem hér liggur fyrir. Af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði og enn hefur komið fram, sýnist mér í fljótu bragði málið vera það, að ákveðið er að framkvæma tiltekinn hlut og til þess veitt fé. Nú er framkvæmdin komin fram yfir það sem samþykkt var, og er verið að fara eftir á fram á fjármagn. Hv. síðasti ræðumaður sagði að gengisfelling skipti hér máli. Mér sýnist að lánið sé í erlendri mynt, svo að ég sé ekki að gengisfellingar út af fyrir sig skipti máli. En allt um það er kjarnaatriðið í þessu, hvort Alþ. á að samþykkja, a. m. k. án umhugsunar, að framkvæmdaaðilar framkvæmi meira en þeim er heimilt, komi síðan eftir á og biðji um peninga fyrir því sem þeir virðast hafa framkvæmt og það í heimildarleysi. Þetta held ég alla vega að þurfi að skýra betur og frekar en að rasa um ráð fram í svona efnum. Þetta eru einmitt mál sem þarfnast betri skoðunar áður en þau eru ákveðin. Ég beini því enn til hæstv. forseta, sem var gert áður, að þessu máli verði frestað um nokkra stund a. m. k.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths., sem ég vil að komi hér fram. Menn verða í umr. eins og þessum að greina á milli áætlana um lánsfjártöku, sem þegar hafa verið bundnar af fyrrv. ríkisstj., og þeirra sem e. t. v. eru fyrirhugaðar. Álit mitt á þessu máli er einfaldlega það, að hafi fyrrv. ríkisstj. tekið ákvörðun í þessu máli, þá beri þinginu að standa við þá ákvörðun. Svo einfalt er málið í mínum huga. Hér er ekki um að ræða lántökur til nýrra framkvæmda. Það eru þau atriði sem Alþfl. hefur gagnrýnt og verið á móti og mun verða á móti. Ég vil nefna sem dæmi, að ég mun standa grimmilega gegn því, að tekið verði lán t. d. til nýrra framkvæmda eins og Bessastaðaárvirkjunar. En þetta mál er þess eðlis, að það er ekki nokkur leið fyrir hv. Alþ. að fara að breyta ákvörðunum sem fyrrv. ráðh. og ríkisstj. hefur tekið og búið er að gera samninga um. Við mundum gera okkur að athlægi í augum þeirra manna, sem við höfum gert samninga við, og þess vegna ber okkur að samþykkja þessa lántökuheimild alveg hiklaust.

Ég vil líka, áður en ég lýk máli mínu, á þessari stundu segja það, að mér finnst orðið býsna undarlegt hvernig hv. sjálfstæðismönnum hér í d. tekst að blanda Alþfl. inn í allar umr. Það getur vel verið að það sé gaman að þessu einu sinni eða tvisvar, en þegar það er orðið 4-5 sinnum, þá er það leiðinlegt. Og þær umr., sem hér hafa farið fram um tafir Alþfl. á þingstörfum, eru marklausar, því að þessar tafir eru ekki meiri en það, að gærdagurinn nægði ekki einu sinni til þess að ræða um verðjöfnunargjald af raforku. Það varð að fresta þeirri umr. Fram eru að koma tafir af hálfu þm. Sjálfstfl. á þingstörfum vegna þess að þeir hafa ekki getað komið sér saman um skipun manna í nefndir og ráð. Það verður þingflokksfundur í dag hjá Sjálfstfl. og verður að fresta þingfundum þess vegna. Og ég vil taka það fram, að þessi umr. er að mínu mati fyrir neðan virðingu þessarar deildar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Eins og ég hef þegar sagt, þá verða nefndarstörf mín að fara fram í hv. d., og ég tel mig verða að þakka a. m. k. fyrir svör sem ég fæ þegar ég bið um þau.

En út af því, sem hv. síðasti ræðumaður kom að, hv. 11. landsk. þm., vil ég benda honum á að það, sem samþ. var af Alþ. og framkvæma átti af síðustu ríkisstj. í þessu máli, hefur verið framkvæmt. Við erum að tala um lántöku til þess að standa undir framkvæmdum sem ekki hefur fengist samþykkt fyrir, og það er dálítið annað mál.

Ég vil þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir upplýsingar, sem hann gaf við fsp. mínum, og eins hv. 1. þm. Vesturl., sem staðfesti grun minn.

Ég vil þá ítreka það, að ég á samleið með yfirlýstri stefnu Alþfl. varðandi erlendar lántökur og geri ráð fyrir að Alþfl. standi sem einn maður með mér gegn þessari erlendu lántöku.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leiðrétta þann misskilning sem kom fram í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar.

Á dagskrá Sþ. í dag kl. 2 voru kosningar í nefndir, ráð og stjórnir, sem raunar hafa einnig áður verið á dagskrá Sþ. Ástæðurnar til þess, að hæstv. forseti Sþ. frestaði þessum málum, og mér skilst að kosningarnar fari fram á morgun, voru þær, að deildir Alþ. þyrftu á þessum starfstíma að halda. Það er líka ljóst, að svo er a. m. k. um þessa hv. d. og einnig um hv. Ed., sem að vísu hefur tekið sér fundarhlé nú til þess að n. á hennar vegum gætu athugað stjfrv. sem þar liggja fyrir. M. ö. o.: það er alls ekki eftir kröfu eða ósk Sjálfstfl. sem kosningarnar fara ekki fram í dag, heldur af þessum þinglegu ástæðum. Hitt er svo annað mál, að Sjálfstfl. ætlar í kaffihléi kl. 4 að halda þingflokksfund, m. a. og ekki síst til þess að ræða um fjárl. sem verða til 3. umr. í kvöld. — Ég vildi leyfa mér að leiðrétta þennan miskilning.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég óskaði að taka til máls, var að skýra frá því, að farið var með rangt mál áðan úr ræðustól varðandi afstöðu sjálfstæðismanna til málsins, sem sagt um það, hvort þeir væru að tefja störf þessarar d., en það hefur hv. þm. Gunnar Thoroddsen, formaður þingflokks Sjálfstfl., þegar útskýrt. Ég vil hins vegar leyfa mér að nota tækifærið til þess að tala um það mál sem hér er á dagskrá, a. m. k. meðan hv. þm. Vilmundur Gylfason ráðgast við sérfræðinga sína, sem mér sýnist hann vera að gera hér í þd. Hann hefur aðallega talað við þá hv. þm. Albert Guðmundsson og Halldór E. Sigurðsson, og eflaust á hann eftir að fara fram og hringja í Gullu litlu, sem var til umr. fyrr, til að spyrja hana hvort hún þoli frekari klyfjar og pinkla til þess að binda á sig.

Ég skil vel að maður, sem hefur lýst því yfir aftur og aftur að samningar séu siðspilltir, sjái sóma í því, að hér á Alþ. verði efnt til samningsrofa um ýmsar aðgerðir sem hér hefur verið ákveðið að framkvæma. En ég á samt erfitt með að skilja það, hvernig á því getur staðið að hann kemur hér upp og segir að það hafi verið farið langt út fyrir þær heimildir, sem viðkomandi aðilar höfðu til þess að stunda umrætt verk áfram, á þeim forsendum að þetta lán hafi verið fengið erlendis frá. Til að átta sig á þessu þarf ósköp lítinn skilning. Upphæðin er ákveðin í íslenskum kr. í upphafi. Það er það sem skiptir máli. Síðan er tekið lán erlendis, en það breytir ekki íslenskum upphæðum. Það er þetta sem gerir muninn.

Þar að auki kom það mjög skýrt fram hjá hæstv. fyrrv. ráðh., sem fór með þessi mál, að verkið hefur unnist betur en efni og horfur stóðu til og þess vegna þarf nú á þessum fjármunum að halda. Á þetta þarf að benda.

Það, sem skiptir samt fyrst og fremst máli í þessu sambandi, kom fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, þegar hann sagði að í þessu máli væri verið að færa hingað til landsins völdin í fjarskiptamálum Íslendinga. Það er kominn tími til þess, að við skiljum það, Íslendingar, að við erum háðir stóru erlendu fyrirtæki í þessum málum — fyrirtæki sem getur ekki tækninnar vegna komið í veg fyrir að Ísland verður við og við sambandslaust við umheiminn, vegna þess að sæsímastrengir slitna, eins og við höfum áþreifanleg dæmi um upp á síðkastið. Það er þess vegna sem fyrrv. ríkisstj. með hjálp góðra og framsýnna manna lét boð út ganga um að nú þyrfti stefnan að breytast í þessum málum. Þar að auki hefur þetta stórkostlega þýðingu fyrir Íslands hönd varðandi beinan fréttaflutning frá útlöndum, því að nota má jarðstöðina til þess að sýna beint í íslensku sjónvarpi erlenda atburði þegar þeir gerast. Þess vegna held ég að þetta sé eitt af betri málum sem að hefur verið staðið, og ef við á annað borð eigum að sækjast eftir erlendum lánum, þá sé a. m. k. ástæða til þess að við notum þau til slíkra hluta, en þurfum ekki að vera upp á aðra komnir í þessum málum.

Ég vil því fyrir mitt leyti ljá stuðning þessari brtt., auk þess sem sjálfsagt er að standa að frv. í heild. Ég minni á það, sem hér hefur reyndar komið fram í umr., þegar verið er að velta sjálfstæðismönnum upp úr því að þeir vilji ekki standa við fyrri samninga, að hv. þm. Albert Guðmundsson, eins og hann réttilega sagði sjálfur, var ekki stuðningsmaður fyrrv. ríkisstj. í þessum málum og var m. a. á móti því, að hún tæki lán erlendis til þessara og annarra hluta. Þetta kom réttilega fram hjá honum og það verðum við að hafa í huga.

En að koma hér upp í ræðustól og rugla saman íslenskum krónum og erlendum gjaldeyri og biðja síðan um umhugsunarfrest, nota frestinn til einskis, en kenna síðan öðrum mönnum um það, að þeir séu að tefja þingstörf, er ekki verjandi. Ég skil orðið ekki neitt í þeim flokki sem hagar sér svona.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 278 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 31:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, FTS, FÞ, FrS, GH, GilsG, GTh, GSt, HES, HG, JóhS, SkA, JÞ, LárJ, LJós, MHM, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, SV, StH, SvH, TÁ, ÞS, ÁG, BGr, EH, EG, IG.

nei: KÓ, SvJ, VG, AG.

EBS, GSig, SighB, EðS greiddu ekki atkv.

1 þm. (SvG) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Einar Ágústsson: Herra forseti. Hér er um að ræða ákvörðun fyrri ríkisstj. Ég tel höfuðnauðsyn á því, að Ísland komist í eðlilegt og öruggt samband við umheiminn, sem ekki verður gert með öðru móti en þessu svo að betur megi fara, og segi því já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hér er eins og fram hefur komið, um að ræða staðfestingu á ákvörðun sem þegar hefur verið tekin af fyrrv. hæstv. ríkisstj. Ég tel að sú ákvörðun hafi á sínum tíma orkað tvímælis, ekki með tilliti til þarfarinnar á þeirri framkvæmd, sem hér var ráðist í, heldur með tilliti til efnahagsviðhorfa með þjóðinni. Um það er hins vegar ekki að ræða nú á þessu stigi málsins að greiða atkv. gegn því að við þessa ákvörðun verði staðið og þá samninga sem gerðir hafa verið, en ég hef hins vegar ekki afskipti af þessu máli og greiði ekki atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil undirstrika það, að hér er ekki um að ræða ákvörðun fyrri ríkisstj. um framkvæmdir, þær framkvæmdir hafa þegar verið unnar, heldur umframframkvæmdir sem framkvæmdar eru samkv. ákvörðun embættismanna án heimilda, samkv. upplýsingum sem fram hafa komið í umr. um málið í dag. Ég segi því nei.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 41. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 40. fundi.

Sparnaður í fjármálakerfinu, þáltill. (þskj. 166, n. 263). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt þessa till. til þál., sem flutt var í hv. Ed. og samþ. þar shlj. Álit fjh.- og viðskn. er á þskj. 263. Leggur n. einróma til að tillagan verði samþ. Hv. þm. Vilmundur Gylfason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 301).

Heimild til lántöku vegna lánsfjáráætlunar 1978, frv. (þskj. 289). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í framhaldi af þeirri umr., sem fram fór við 2. umr. þessa máls, og í framhaldi af þeim fyrirvara, sem hv. 1. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, viðhafði þegar hann sagði nei, vil ég enn vekja athygli d. á því, um hvað brtt., sem á síðustu stundu var fram borin eða kynnt af fjh.- og viðskn., fjallar. Ég tek það fram, að ég er að tala um „prinsipið" sem hér er um að ræða, en ekki um málið sjálft. Ágreiningur um það er af allt öðru tagi en það sem ég er hér að lýsa. Það, sem gerst hefur, er einfaldlega þetta:

Það hefur verið framkvæmt meira en lagaleg heimild stóð til. Þegar búið er að framkvæma meira en lagaleg heimild stóð til er komið til Alþ. og það beðið um að staðfesta lánsheimild eftir á. Það, sem hér er auðvitað um að ræða, er það, að þetta er aldeilis afleitt fordæmi vegna þess að þetta er ákvörðun sem Alþ. á að taka fyrst og síðan á að framkvæma. Alþ. á ekki að vera afgreiðslustofnun sem afgreiðir eftir á hluti sem gerst hafa. Þetta kom ákaflega skýrt fram í máli hv. 1. þm. Reykv., og á þetta vil ég enn leggja þunga áherslu. Það er afleitt fordæmi og gersamlega óþolandi, að Alþ. sé afgreiðslustofnun embættismanna af því tagi sem ljóst er að er í þessu máli a. m. k.

Þetta mál bar að vísu mjög skjótt að, en eftir að hafa leitað mér upplýsinga um hvernig þetta mál stóð, þá vil ég leggja þunga áherslu á að svona á ekki að vinna að málum. Ég er sannfærður um að 3/4 hlutar d., sem greiddu þessu atkv. áðan, höfðu ekki hugmynd um hvað þeir voru að samþykkja. Svona á ekki að standa að málum, og því vek ég enn athygli á þessu við 3. umr. til þess að reyna að koma í veg fyrir að svona verði að málum staðið í framtíðinni. Það er Alþ. sem á að taka leiðandi ákvarðanir af þessu tagi, en ekki embættismenn sem síðan fleygja málunum inn til staðfestingar á Alþ. Það er Alþ. sem á að vera leiðandi að því er svona mál varðar, en ekki embættismannakerfið í landinu. Ég hygg að þau 4, sem greiddu atkv. á móti þessu í dag, hafi gert það af þessum ástæðum. Alla vega kom það mjög skýrt fram í þeim fyrirvara, sem hv. þm. Albert Guðmundsson flutti þegar hann talaði fyrir atkvæði sínu.

Þó að það sé fyrst að renna núna upp fyrir einhverjum hv. dm. hvað þeir voru að samþykkja, þá geri ég varla ráð fyrir því, að menn skipti um skoðun á þessu milli 2. og 3. umr., en hinu er skylt að vekja rækilega athygli á, hvers konar vinnubrögð hér er verið að viðhafa. Svona á ekki að fara að. Það er Alþ. sem á að leiða ákvarðanir af þessu tagi, og það er verk embættismanna að vinna í framhaldi af því sem Alþ. hefur samþykkt, en ekki öfugt. Ég ítreka enn mótmæli mín við þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið höfð í frammi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 118). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 171, n. 246 og 251). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem fram hafa komið í umr. um þetta mál nú, sem ég tel óhjákvæmilegt að gera að umræðuefni og leiðrétta sum.

Í hinni löngu framsöguræðu hv. frsm. minni hl. iðnn.,

hv. 3. þm. Vestf., Kjartans Ólafssonar, mátti skilja svo af orðum hans, að fjárhagsvandi Rafmagnsveitna ríkisins stafaði fyrst og fremst frá tíma síðustu ríkisstj. Ég hafði í stuttri framsöguræðu gert grein fyrir því, að hér væri um að ræða fjárhagsvanda, sem safnast hefði saman á áratugum, og rakti ástæðurnar til þess. Aths. hv. frsm. minni hl. gefa ekki rétta mynd af þessu máli og vil ég aðeins til viðbótar því, sem ég sagði áður, taka þetta fram:

Það er óvefengjanlegt, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa átt við fjárhagsleg vandamál að stríða áratugum saman. Það er líka rétt, að það stafar af því, að Rafmagnsveitunum hafa verið falin verkefni, sem eru félagslegs eðlis, sem ekki hafa getað staðið undir sér að því er kostnað snertir, og fengin í hendur ýmis virkjunarmál þar sem ekki hefur verið um jafnhagkvæma virkjunarkosti að ræða og önnur virkjunarfyrirtæki hafa haft. Samhliða þessu hafa ríkisstj. hver eftir aðra vanrækt — og ég tek alls ekki undan síðustu ríkisstj. — að sjá Rafmagnsveitum ríkisins fyrir nauðsynlegum óafturkræfum fjárframlögum í fjárlögum.

Það er villandi hjá hv. þm. að kenna þetta aðallega síðustu ríkisstj. Ég vil benda á það, að í vinstri stjórninni sem sat 1971-1974, þar sem Alþb. hafði iðnrh., Magnús Kjartansson, var þessi vandi, í lok ráðherratíðar hans, í rauninni stærri en sá vandi sem nú blasir við.

Það mun hafa verið í októbermánuði 1973 sem iðnrh. Magnús Kjartansson skipaði nefnd manna til þess að kanna fjárhagsörðugleika Rafmagnsveitna ríkisins og gera tillögur til úrbóta. Í nál. kom fram að vandinn væri mjög mikill: samansafnaður rekstrarhalli áranna 1972 og 1973 og fyrirsjáanlegur 1974. Í tillögum þessarar nefndar, sem iðnrh. Magnús Kjartansson byggði síðan á frv. sem hann lagði fyrir Alþ., er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að gefa eftir í verulegum mæli lán sem ríkissjóður hafði veitt Rafmagnsveitunum, að ríkissjóður þyrfti enn fremur að endurgreiða bráðabirgðalán frá Seðlabankanum til Rafmagnsveitnanna. Enn fremur þyrfti að breyta lánum, sem Orkusjóður hafði veitt Rafmagnsveitunum, og fallast á að þau lán Rafmagnsveitnanna skyldi endurgreiða með þeim kjörum sem ríkisstj. teldi Rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir, það þyrfti ekki að greiða vexti og afborganir fyrr en Rafmagnsveitur ríkisins hefðu fjárhagslegt bolmagn til þess. Til viðbótar öllum þessum eftirgjöfum var lagt til að taka upp verðjöfnunargjald, 13%, það sem verið hefur í gildi undanfarin ár.

Þessar till. nefndarinnar, sem iðnrh. skipaði, báru vott um að halli og fjárhagsvandi Rafmagnsveitnanna á árinu 1974 var orðinn gífurlegur og hlutfallslega miklu stærri en hann er nú.

Iðnrh. Magnús Kjartansson lagði vorið 1974 fram frv. til l. um að leggja á það 13% verðjöfnunargjald sem nú hefur verið um hríð í lögum. Vegna þingrofsins vorið 1974 náði þetta frv. ekki fram að ganga, en á aukaþingi, sem haldið var þetta sumar, lagði iðnrh., sá hinn sami, fram þetta frv. að nýju. Nú urðu stjórnarskipti áður en því máli yrði lokið, og það féll í hlut viðtakandi iðnrh. að koma málinu í gegnum þingið svo til óbreyttu að þessu leyti. En sem sagt, tillögur um þetta 13% verðjöfnunargjald urðu til 1973-1974 og frv. var flutt fyrir Alþ. tvívegis af iðnrh. Alþb.

Ég nefni þetta ekki í því skyni að gagnrýna eða deila á nokkurn hátt á þennan iðnrh., heldur þvert á móti til þess að benda á þann mikla vanda sem alltaf annað veifið hefur komið upp hjá Rafmagnsveitum ríkisins af þeim ástæðum sem ég hef greint áður, en um leið til þess að afsanna það, sem hv. frsm. minni hl. Kjartan Ólafsson gaf í skyn, að þessi vandi Rafmagnsveitnanna hefði fyrst og fremst orðið til í tíð síðustu ríkisstj.

Menn spyrja kannske: Hvernig stendur á því að þeir, sem hafa átt þátt í því að lögfesta þessa 13% gjaldtöku, skuli vera á móti því að bæta þar örlitlu við, þ. e. a. s. hækka það úr 13% upp í 19%? Þá er því til að svara í fyrsta lagi, að mönnum hefur verið ljóst að þessi 13% skattur hefur ýmsa alvarlega annmarka. Kemur það m. a. fram í því, að menn hafa aldrei treyst sér til að lögfesta hann nema til eins árs í senn í von um að finna aðrar hagkvæmari leiðir.

Þessi rafmagnsskattur er náttúrlega í rauninni ekki rétt nefndur verðjöfnunargjald, en það er það heiti sem nefnd Magnúsar Kjartanssonar valdi þessu gjaldi. Auðvitað er það ekki rétt heiti vegna þess að þetta miðar ekki fyrst og fremst að verðjöfnun. Komið hefur greinilega fram í þessum umr., að einmitt þeir, sem búa við erfiðust kjör og þurfa að borga hæst gjald fyrir rafmagnið, þurfa að borga í krónutölu líka langtum meira en aðrir sem búa við hagstæðari kjör, þannig að í stað þess að nú þurfa sumir notendur á vegum Rafmagnsveitna ríkisins að greiða tvöfalt heimilistaxtagjald á móts við það sem er í þéttbýlinu, þá þurfa þeir eftir þessa hækkun á verðjöfnunargjaldinu um 6% að greiða tvöfalt fleiri krónur fyrir hverja kwst. en þeir, sem í þéttbýlinu búa og búa við hagstæðust kjör. Að því leyti verkar þetta ekki til verðjöfnunar, heldur þvert á móti til að auka í krónutölu misréttið.

Önnur ástæða til þess, að ekki er hægt að fallast á þessa hækkun, er sú, að skattar hins opinbera eru það háir á raforkunotkuninni að lengra verður ekki með góðu móti gengið, því að það er ekki aðeins þetta 13% verðjöfnunargjald og till. um að hækka það upp í 19%, heldur auk þess 20% söluskattur. Þegar þessi opinberu gjöld á hvern rafmagnsreikning eru komin upp undir eða um 40%, þá er það auðvitað óhæfilegt.

Nú spyrja menn að sjálfsögðu: Hvaða leiðir á að fara til þess að leysa þennan vanda bæði Rafmagnsveitna ríkisins og sömuleiðis Orkubús Vestfjarða, sem ætlað er að fái 20% af hækkuninni eins og það fær af verðjöfnunargjaldinu sem nú er? Hefur verið rætt hér ítarlega, að það koma ýmsar aðrar leiðir til greina, en fyrst og fremst hefur það verið tillaga stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins, að ríkissjóður yrði fyrst og fremst að axla þessa byrði með einum eða öðrum hætti. Ég skal ekki fara frekar út í það hér, en bendi á eitt.

Ég held að ég hafi rætt það hér áður, að ein af þeim leiðum, sem nauðsynlegt er að fara, er að létta fjármagnskostnaði af Rafmagnsveitunum vegna hinna miklu lána — og sumra óhagstæðra — sem á þeim hvíla. Mér er kunnugt um að rafmagnsveitustjóri ríkisins hefur haft uppi tillögur um og farið beinlínis fram á að fá heimild til þess að leita hagkvæmra lána til þess að greiða önnur óhagstæðari lán og létta þar með verulegri greiðslubyrði af Rafmagnsveitunum, sumpart með því að fá lán til lengri tíma, sumpart leita eftir lánum með lægri vöxtum og sumpart þá að sjálfsögðu með það í huga, að meðan mestir eru erfiðleikarnir hjá fyrirtækinu verði afborganir engar eða litlar. M. ö. o.: þessar hugmyndir um að leita hagkvæmari lána, umbreyta þeim eða „konvertera" hafa vissulega verið uppi bæði í iðnrn. undanfarin ár og hjá stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, og

nú ekki alls fyrir löngu mun rafmagnsveitustjóri ríkisins hafa viljað gera úr þessu alvöru og leita eftir slíku. En það undarlega skeði, að hann fékk ekki leyfi til þess hjá fjmrn. eða fjárlaga- og hagsýslustofnun, þar sem hún taldi það vera sitt verkefni, en ekki í verkahring RARIK. En hvað sem líður verkaskiptingu er þetta ein af þeim leiðum sem er óhjákvæmilegt að fara, að reyna að breyta lánum — eins og raunar hefur verið gert áður.

Ég endurtek, að 1974 lagði Magnús Kjartansson fram tillögur um að ríkissjóður greiddi lán, sem á RARIK hvíldu og höfðu verið veitt af Seðlabankanum, og að breytt yrði lánum Orkusjóðs til Rafmagnsveitnanna þannig að þau þyrfti ekki að greiða nema þegar Rafmagnsveiturnar gætu staðið undir því. Það er nokkuð hliðstætt með hin víkjandi lán sem Landsvirkjun hefur fengið til sumra framkvæmda sinna.

Ég endurtek því, að ég tel ákaflega óheppilega leið að ætla nú að leysa vandann með því að hækka þetta verðjöfnunargjald, sem er miklum annmörkum háð og hefur alvarlega ágalla eins og ég hef áður minnst á. En ég vil að lokum skýra frá því í framhaldi af því sem við höfum áður sagt, að Sjálfstfl. telur að við afgreiðslu fjárl. sé hægt að leysa þetta mál. Þessi 6% hækkun á verðjöfnunargjaldinu er talið að gefi um 700 millj. kr., en ljóst er að það er ekki öll sú upphæð sem mundi innheimtast og greiðast til RARIK og Orkubúsins á árinu 1979, þannig að miðað við greiðslustöðu ættu um 500 millj. — eða kannske liðlega 500 millj. — að nægja í fjárl. til þess að báðir þessir aðilar fengju svipaða fyrirgreiðslu og 700 millj. af verðjöfnunargjaldi á næsta ári eru. Sjálfstfl. leggur til, og ég vil beina því til þess fulltrúa hæstv. ríkisstj. sem hér er, hæstv. iðnrh., að það verði tekið til athugunar að taka slíka fjárhæð — um 500 millj. — inn í fjárl. Sjálfstfl. er reiðubúinn til að standa að lækkunartillögum um sömu upphæð á móti í fjárlögum.

Ég vil að lokum taka það fram, að mér sýnist, þar sem það er ljóst hversu alvarlegur og djúpstæður ágreiningur er um þetta mál hér á Alþ. og kann að muna ákaflega mjóu á hvorn veginn atkvgr. fara um þetta mál, að hæstv. ríkisstj. ætti að taka alvarlega til athugunar að leita annarra leiða og þá fyrst og fremst þeirra sem ég hef bent á.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að það sé komið að lokum þessarar umr. um þetta frv. um verðjöfnunargjald, og ég vil því stikla á því helsta, sem fram hefur komið í þessum umr., til frekari áréttingar á því sem ég hef reyndar sagt áður.

Ég vil þá byrja á því að minnast á þau ummæli einhverra ræðumanna, að það bréf, sem barst þm. frá Sambandi ísl. rafveitna, hafi ekki verið sent út í umboði þeirrar stjórnar, og geta þess að ég hef aflað mér upplýsinga um það hjá formanni Sambands ísl. rafveitna að þetta bréf varð til með þeim hætti, að haft var samband við alla stjórnarmenn sambandsins, áður en það var sent út, nema einn. Þetta er ekki óalgengur háttur á vinnubrögðum þegar um það er að ræða að afgreiða frá sér ályktanir með stuttum fyrirvara og þarf ekki að koma á óvart. Þær aths. og þær skoðanir, sem fram komu í bréfi Sambands ísl. rafveitna, voru samþykktar af öllum þeim, sem til náðist. Þess hefur verið getið að fulltrúa RARIK í stjórn Sambands ísl. rafveitna hafi ekki verið kunnugt um þessa ályktun, en um það er það að segja, að til hans náðist ekki, en haft var samband við hann síðar og þá upplýsti hann að hann hefði gert ýmsar aths. við þessa ályktun og einhverjar breytingar á grg., ef honum hefði unnist tími til þess. Þessum upplýsingum vil ég koma á framfæri, svo að það valdi ekki frekari misskilningi, að þetta bréf frá Sambandi ísl. rafveitna var sent í fullu umboði stjórnar sambandsins og sambandsins sjálfs.

Það er athyglisvert við þessar umr., að nánast allir ræðumenn hafa látið í ljós þá skoðun, að það verðjöfnunargjald, sem hér er til umr., sé mjög gallað. Menn hafa lýst skoðunum sínum á því að rétt væri að fara aðrar leiðir til þess að leysa vanda Rafmagnsveitna ríkisins. Síðast þegar hæstv. iðnrh. talaði féllst hann a. m. k. óbeint á að leita mætti og leita bæri annarra leiða, en mér skildist á honum að þar sem lítill tími væri til stefnu, þá væri ekki unnt að víkja frá þessu frv. sem hér er nú lagt fram. Hins vegar hefur hæstv. iðnrh. lýst því yfir hér í umr., að hann væri með í athugun ýmsar aðrar leiðir til lausnar á vandanum, og ég tel, eins og reyndar áður hefur komið fram í máli mínu, að þeirra lausna skuli leitað og hvað sem verður um þetta frv., þá sé mjög brýnt að fjárhagsvandi Rafmagnsveitna ríkisins sé leystur með öðrum hætti en þeim að hækka sífellt verðjöfnunargjald frá ári til árs.

Frsm. minni hl., hv. þm. Kjartan Ólafsson, flutti langa framsögu. Það kom og fram í máli hans, enda þótt hann styddi frv. eins og það liggur fyrir, að hann taldi að stefna sú, sem í þessu frv. fælist, væri mjög gölluð. Enn fremur kemur í ljós við lestur á ýmsum grg., sem borist hafa frá Rafmagnsveitum ríkisins, og við lestur á ummælum rafmagnsstjóra, að hann og Rafmagnsveitur ríkisins hafa lagt fram tillögur um aðrar lausnir en þetta frv. felur í sér. Ég hef áður bent á það, að nú síðast þegar Rafmagnsveitur ríkisins lögðu fram tillögur sínar var ekki gert ráð fyrir að verðjöfnunargjald væri hækkað. Tillaga RARIK hefur verið sú, að brúa það vandamál, sem nú er fyrir hendi, með óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði og yfirtöku á fjármagnskostnaði. Ég er enn sannfærður um það við þessar umr. og við að kynna mér þetta mál betur þessa dagana, að þær leiðir eru miklu skynsamlegri en hækkun á verðjöfnunargjaldi og áframhald á notkun þess.

Einn nm. þeirrar n., sem um þetta fjallaði í þinginu, hv. þm. Árni Gunnarsson, hefur skrifað undir meirihlutaálit með fyrirvara. Mér hefur láðst að taka það nál. með mér, en það er athyglisvert að í þeirri bókun, sem hv. þm. hefur látið fylgja nál., hníga öll rök að því, hversu óefnilegt og óhagkvæmt þetta gjald sé. Hann tekur fram, að það sé óljós nauðsyn þess að hækka prósentugjald um tiltekna prósentu. Hann telur eðlilegra að áður en ákveðin sé hækkun jöfnunargjalds þurfi að samræma taxta Rafmagnsveitna ríkisins, og hann telur að nauðsynlegt sé að taka marktaxta búrekstrar til endurskoðunar. Öll þessi rök, sem eiga rétt á sér, mæla gegn því, að þetta frv. verði samþykkt, og ég vil enn leyfa mér að vona það, að þrátt fyrir að hv. þm. Árni Gunnarsson skrifi undir það álit minni hl., að þetta frv. verði samþykkt, þá fylgi hann þeim rökum, sem hann hefur sett fram, og greiði atkv. gegn því á þeim forsendum sem hann hefur sjálfur tíundað í bókun sinni. Þetta allt, ummæli ráðh., ummæli rafmagnsstjóra, sjónarmið þeirra, sem skrifa undir minnihlutaálitið, og svo síðast sú bókun, sem ég var hér að vísa til, staðfesta það sem hér hefur komið fram hjá andmælendum þessa frv., að hér er farið út á ranga braut. Hér er verið að leggja til að hækka gjald, sem er að stofni til alrangt og eykur á það misræmi,

sem nú er fyrir hendi. Það kemur fram í því, eins og hér hefur verið margtekið fram, að verðjöfnunargjaldið er lagt á hlutfallslega. Það gerir ráð fyrir prósentuhækkun og felur það í sér, að þeir borga hærra verðjöfnunargjald sem eru stærri notendur raforkunnar. Þetta frv. hefur ekki heldur gert ráð fyrir því, að raforkuverð muni óhjákvæmilega hækka nú á næstu vikum eða mánuðum, en till. liggja fyrir um það t. d. frá Rafmagnsveitum ríkisins að gjaldskrá verði hækkuð um 22%. Miðað við frv., eins og það er lagt fram núna, er gert ráð fyrir að það gefi um 700 millj., en það má gera ráð fyrir að við hækkun á gjaldskrá um 22% muni þessar tekjur aukast enn um a. m. k. 300 millj. Ekki er gert ráð fyrir því í frv., að þessar tekjur komi inn, né heldur er fjallað nokkuð um það, hvaða áhrif þetta hefur á notkun, hvað þá á það misrétti sem nú ríkir og eins og bent hefur verið á mun ekki minnka við enn þá hækkaða gjaldskrá og aukið verðjöfnunargjald.

Þetta gjald mun að sjálfsögðu verða mjög íþyngjandi fyrir allan atvinnurekstur og er þó vart á það bætandi eftir þær skattaálögur, sem yfir hafa dunið að undanförnu, og þá erfiðleika, sem atvinnureksturinn á almennt í.

Þá hefur nokkuð verið fjallað hér um hina einstöku taxta og gerður samanburður á ýmist heimilistaxtanum eða marktaxtanum eða öðrum töxtum. Nú hefur verið upplýst, sem reyndar flestir vissu, að marktaxtarnir myndast af þrenns konar notkun rafmagns, þ. e. a. s. heimilisnotkuninni, raforku til súgþurrkunar og til upphitunar húsa. Í þessum þáttum, sem marktaxtarnir byggjast á, er ákaflega mikið misvægi. Þannig er miðað við gjaldskrá 1977 taxtinn á rafhitunina 2.70 kr. meðan taxtinn á heimilisnotkun er 12 kr. og taxtinn til súgþurrkunar um 20 kr. Til þess hefur verið vísað hér í umr., að ekki væri skynsamlegt og ekki væri sanngjarnt að hækka marktaxtann vegna þess að einn þáttur hans væri miðaður við upphitun með olíu. En þá er á það að benda, að sú viðmiðun er gerð eftir að olíuhitun hefur verið greidd niður með olíustyrkjum. M. ö. o.: eftir því sem Alþ. eykur olíustyrkinn, því lægri eru marktaxtarnir. Með því að greiða niður olíunotkun vegna upphitunar húsa erum við jafnframt að halda niðri marktaxtanum — þeim taxta sem er áberandi vitlausastur af þeim töxtum sem hér eru til umr. Það liggur alveg ljóst fyrir, að sá taxti er langt undir kostnaðarverði. Ég er ekki að ásaka stjórn Rafmagnsveitna ríkisins fyrir þá gjaldskrá sem um þennan marktaxta gildir, en sú stefna, sem fram kemur í þeirri gjaldskrá, hefur verið ákveðin af stjórnvöldum, af ríkisstj., og ég held að við endurskoðun og athugun á þessum málum sé alveg nauðsynlegt að taka sérstaklega til athugunar gjaldskrá marktaxtans. Ég tók reyndar eftir því í ræðu hæstv. ráðh., að hann gat þess, að einmitt þessi taxti skyldi verða endurskoðaður. Ég geri ráð fyrir því, að þetta hafi verið tekið fram vegna þess að honum sé ljóst að hann er vitlaust uppbyggður. Það er alveg útilokað að reka Rafmagnsveitur ríkisins á töxtum sem eru langt undir kostnaðarverði. Og það er alveg útilokað að ætlast til þess, að landsmenn borgi niður raforku, sem seld er hjá RARIK, vegna þess að taxtarnir séu svona rangir. Meðan taxtar eru ekki meira í samræmi við kostnað og eru jafnranglega uppbyggðir og raun ber vitni varðandi þennan ákveðna taxta, þá er ekki hægt að fara fram á það, að alþm. eða þjóðin samþykki orðalaust að hækka verðjöfnunargjaldið svo mikið sem hér er gert ráð fyrir.

Þá er rétt að víkja lítillega að þeirri verðjöfnun sem hér er sífellt verið að tala um. Þetta gjald heitir verðjöfnunargjald og maður skyldi halda að það gjald væri lagt á til þess að jafna verðið, til þess að greiða ákveðinn taxta niður, til þess að jafna þann mun sem á er. En þetta er alrangt. Það hefur reyndar verið bent á það hér í umr. margoft, að þó að þetta gjald, verðjöfnunargjaldið, yrði hækkað núna úr 13% í 19%, þá mundi það ekki hafa nein áhrif á þá taxta sem hæstir eru. Og reynslan hefur sýnt okkur það, að þrátt fyrir að verðjöfnunargjaldið hafi verið í gildi um nokkurn tíma, þá hefur það ekki verið notað til þess að jafna þann mun sem á er. Þó að maður geti út af fyrir sig tekið undir það, að illt sé við það að una að t. d. heimilistaxtar séu afskaplega mismunandi eftir því hvar fólk býr á landinu, þá er ekki hægt að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem sett eru fram helst til stuðnings því að þetta gjald sé hækkað núna, þeirra sjónarmiða sem segja að þetta sé gersamlega óþolandi, vegna þess að þetta verður ekki notað til þess að jafna þennan mun sem nú er. (**Gripið fram í:** Það er búið að gefa yfirlýsingar um það.) Það hafa verið gefnar ýmsar yfirlýsingar um þetta áður, hv. þm., m. a. þegar þetta gjald var sett á. Reyndar ber heitið það með sér, að hér eigi að vera um verðjöfnun að ræða, en því miður hefur reynslan sýnt allt annað. Og ef við lítum á dæmið eins og það er í dag, þá er um það að ræða, að 800 millj. kr. halli er hjá Rafmagnsveitum ríkisins og til viðbótar eru um 650 millj. kr. framkvæmdaáætlun. Það er alveg ljóst, að þetta gjald, sem nú er verið að taka, þ. e. a. s. hækkunin sem nú á að koma til, mun renna til þess að greiða niður þennan halla og til þessara framkvæmda, eins og gert hefur verið allt fram að þessu. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að fara í samræður við hv. þm. úr ræðustólnum, en þessi hv. þm., sem grípur hér fram í, vill gjarnan að þessu sé breytt, og ég held að það væri til nokkurs ávinnings og væri kannske málinu til framdráttar að einhverjar slíkar breytingar verði þá gerðar á þessum lögum til þess að tryggja að það gjald, sem hér er um að ræða, þetta verðjöfnunargjald og hugsanlegar hækkanir af því, renni til þess að jafna verðið, en ekki til þess að standa undir skuldum og til frekari framkvæmda. Það er full ástæða fyrir mig að taka þetta fram og gera það hér að umtalsefni, vegna þess að allt fram að þessu hefur þessi háttur verið hafður á í stað þess að nota þetta fé til þess að jafna þann mun sem hér er.

Ég vil einangra þetta vandamál, sem hér er á dagskrá um mismun á töxtum, við annars vegar þá, sem kaupa raforku sína frá hinum ýmsu rafveitum, og svo hins vegar við þá, sem búa í kauptúnum, í þéttbýli, á þéttbýlli stöðum í dreifbýli, sem kaupa ekki raforku frá sveitarafveitum. Ég hef ekki fengið nákvæmar upplýsingar um það, hversu mikill fjöldi notenda þetta er, en mér er sagt, að þeir séu um 20 þús. Ég held að þegar þessi munur er leystur með einum eða öðrum hætti, þá eigi að einangra það vandamál við þetta fólk og þessa staði og reyna að greiða niður þá taxta, en ekki alla þá taxta sem RARIK styðst við, eins og t. d. hitunartaxtana eða marktaxtana.

Ég geri mér fulla grein fyrir því, að hér er verið að leggja skatt á alla landsmenn. Það hefur verið talað um það hér í umr., að þessi skattur legðist fyrst og fremst á þá sem hér væru á höfuðborgarsvæðinu. En það er ekki rétt að því leyti til, að þessi skattur, þetta verðjöfnunargjald, leggst að sjálfsögðu á alla landsmenn — þá sem á annað borð kaupa raforku. En hins vegar leggst þessi skattur

auðvitað þyngst á höfuðborgarsvæðið einfaldlega vegna þess að þar eru flestir notendur. Og menn verða að skilja það og verða að fallast á þau rök, að það er erfitt fyrir t. d. Reykvíkinga að sætta sig við sífellt hækkað verðjöfnunargjald, sætta sig við að gjöld hins opinbera séu orðin hartnær 40%, ef þetta frv. verður að lögum, á sama tíma og ekki er gerð nein alvarleg tilraun að öðru leyti til þess að leysa vanda Rafmagnsveitna ríkisins.

Hér hefur verið bent á það, að Rafmagnsveiturnar sjálfar og rafmagnsstjóri hafi gert tillögur um að breyta skuldum eða yfirtaka skuldir með óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði og með því að yfirtaka fjármagnskostnað. Mér hefur heyrst í þessum umr., að þingheimur sé fús til að leita þessara ráða og samþykkja þessar aðferðir. Nú síðast tjáði formaður þingflokks Sjálfstfl., formaður þingflokks stjórnarandstöðunnar, þingheimi og hæstv. ráðh. að Sjálfstfl. væri tilbúinn til þess að athuga það mál í sambandi við afgreiðslu fjárl. Ég vil eindregið mælast til þess, að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. taki það til athugunar að leysa þennan vanda, sem nú blasir við, eftir öðrum leiðum en hækkun á verðjöfnunargjaldinu. Það er enn þá tími til þess og það er vilji til þess hjá þingheimi. Ég mælist eindregið til þess að þetta sé gert í staðinn fyrir að knýja á um að þetta frv. verði samþ. hér gegn mjög háværum og eindregnum mótmælum frá fjölda þm. Allar líkur eru á því, að ef þetta frv. verður samþ., sem ég reyndar veit ekkert um, þá verði ákaflega mjótt á mununum og í mikilli andstöðu við næstum helming alþm.

Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. ráðh., að hann taldi að þeir, sem mæltu gegn samþykkt þessa frv., væru að senda landsmönnum kaldar jólakveðjur. Ég veit ekki hvaða landsmenn hann hefur í huga. Ég geri mér grein fyrir því, að margt fólk býr við háa taxta miðað við það sem gerist annars staðar. En það yrðu sannarlega kaldar jólakveðjur sem þeir fengju sem þyrftu að greiða þetta hækkaða verðjöfnunargjald sem núna er gerð till. um. Ég á von á því, að hæstv. ráðh. taki tillit til þeirra röksemda, sem fram hafa komið í máli mínu og margra annarra, og skilji að þetta mál verður að leysa til frambúðar með öðrum hætti en sífellt auknu verðjöfnunargjaldi. Ég held að nú þegar sé kominn tími til þess og það séu enn þá möguleikar á því, enn þá tími til þess að ganga í það að leysa vandamálið á þann hátt sem hér er verið að gera till. um af einstökum þm.

Umr. frestað.

Neðri deild, 42. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 41. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 213, n. 285). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur athugað frv. það sem hér er til umr., 145. mál, um breytingu á lögum nr. 70 31. des. 1977 o. s. frv., um breyting á lögum um almannatryggingar, og mælir einróma með samþykkt þess. Tveir hv. nm., Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., og Jósef H. Þorgeirsson, 7. landsk. þm., skrifa undir álitið með fyrirvara.

Hér er um það að tefla að breyta álagningarstofni sjúkratryggingagjalds til lækkunar. Er málið komið frá Ed. og hlaut þar einróma staðfestingu. Ég sem sagt endurtek það, að n. mælir með samþykkt frv. með þeim fyrirvörum sem síðar verður gerð grein fyrir.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. heilbr.- og trn. skrifum við Jósef H. Þorgeirsson undir nál. með fyrirvara. Við erum sammála um þá lækkun sem þetta frv. felur í sér. Er talið í aths. að ætla megi að breytingar frá núgildandi lögum rýri innheimtar tekjur ríkissjóðs af sjúkratryggingagjaldi um 1450 millj. kr. frá því sem áætlað var í fjárlagafrv. Hins vegar kemur hér ekki fram það sem er í fjárlagafrv., að ætlunin er að hækka þau gjöld sem sjúklingar greiða sérfræðingum fyrir þjónustu þeirra, sömuleiðis aukin þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði og röntgenmyndun. Er áætlað í fjárlagafrv. að þessi gjöld séu um 940 millj., svo að hér er ekki um mikla lækkun að ræða ef við lítum á málið í heild. Ég vildi að þetta kæmi fram. Að öðru leyti er ég samþykkur þessu frv. og við tveir, sem skrifum undir nál. með fyrirvara, en vildum gjarnan að þetta kæmi fram.

Jafnframt vil ég lýsa yfir ánægju minni með þau snöggu umskipti sem tveir flokkar hafa tekið í afstöðu sinni til þessa máls, en það eru bræðraflokkarnir Alþb. og Alþfl. sem hafa barist mjög hart gegn þessu gjaldi á undanförnum tveimur árum og hafa talið það í alla staði ranglátt og haft um það stór orð og stundum dálítið ljót í leiðinni. En nú hafa þeir skipt um skoðun og telja að þessi fjáröflun sé eðlileg og sjálfsögð. Ég fagna því, að þeir hafa tekið sinnaskiptum og séð að það er ekkert óeðlilegt við það í landi, þar sem samfélagið greiðir til heilbrigðis- og tryggingamála jafnmikið og raun ber vitni, að þeir, sem þurfa á sérfræðingum, lyfjum og öðru að halda, greiði lítið brot af kostnaði við það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 118, n. 295). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Félmn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga. N. mælir einróma með að það verði samþ. óbreytt.

Lagabreyting þessi er gerð vegna þess ákvæðis í 13. gr. laga nr. 60 31. mars 1976, um skipulag ferðamála, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli greiða landsútsvar. C-liður 10. gr. orðist því svo: „Síldarverksmiðjur ríkisins, Landssmiðjan, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og Ferðaskrifstofa ríkisins."

Undir nál. skrifa Jóhanna Sigurðardóttir, Eðvarð Sigurðsson, Páll Pétursson, Gunnlaugur Stefánsson, Stefán

Valgeirsson, Gunnar Thoroddsen og Eggert Haukdal.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Neðri deild, 43. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 42. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 213). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 306).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 118). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 307).

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 171, n. 246 og 251). — Frh. 2. umr.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Í framhaldi af ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssonar, vil ég leyfa mér að hefja mál mitt nú með því að biðja hv. þm. Pálma Jónsson afsökunar á því að hafa tekið of djúpt í árinni þegar ég hafði eftir honum að hann hefði neitað að skrifa undir bréf framkvæmdastjóra RARIK. Rétt er að hv. þm., sem er formaður stjórnar RARIK, taldi ekki rétt að skrifa undir umrætt bréf, eins og kom fram í hans máli fyrr í dag, vegna þess að innihald þess hefði ekki verið lagt fyrir stjórn fyrirtækisins, stjórn Rafmagnsveitna ríkisins. En eftir stendur óhaggað, að þetta bréf, sem hæstv. ráðh. taldi vera bréf frá stjórn RARIK, er bréf frá starfsmanni RARIK, framkvæmdastjóranum eingöngu. Bréf Sambands ísl. rafveitna er hins vegar frá stjórnanda þess sambands og er þar af leiðandi stjórnarbréf, enda hefur það komið fram hjá öðrum hv. ræðumanni hér, hv. 8. þm. Reykv., að hann hafi borið það bréf undir alla stjórnina nema einn stjórnarmeðlim. Bæði þessi bréf hafa verið lesin hér, og til þess að koma nú að sameiginlegu bréfi, sem báðir hafa undirritað, formaður Sambands ísl. rafveitna og rafmagnsveitustjóri ríkisins, Kristján Jónsson, þá ætla ég — með leyfi hæstv. forseta — að lesa það bréf, þótt allir þm. hafi fengið það á borðið til sín, en það hljóðar svo.

„Vegna umræðna og frétta í fjölmiðlum um verðjöfnunargjald af raforku vilja Samband ísl. rafveitna og Rafmagnsveitur ríkisins taka fram eftirfarandi:

Þegar grg. Sambands ísl. rafveitna, dags. 15. 12. 1978, var send alþm. og fjölmiðlum, var haft samband við þá stjórnarmenn Sambands ísl. rafveitna, sem til náðist, og hún efnislega borin undir þá. M. a. tókst ekki að ná til rafmagnsveitustjóra ríkisins, sem á sæti í stjórn Sambands ísl. rafveitna, þar sem hann var staddur utanbæjar. Ef rafmagnsveiturstjóra hefði gefist kostur á að sjá grg. Sambands ísl. rafveitna hefði hann gert grein fyrir afstöðu Rafmagnsveitna ríkisins til málsins og óskað eftir breytingu á ýmsum köflum í grg. Sambands ísl. rafveitna í samræmi við það sem fram kemur í grg. Rafmagnsveitna ríkisins um sama efni, dags. 17. 12. 1978. Samband ísl. rafveitna er og kunnugt um að Orkubú Vestfjarða treystir sér ekki til að mótmæla hækkun verðjöfnunargjalds meðan ekki er fundin önnur leið til að leysa fjárhagsvanda þess fyrirtækis. Samband ísl. rafveitna og Rafmagnsveitur ríkisins telja að í fyrrgreindum greinargerðum hafi sjónarmiðum hvors aðila verið gerð full skil."

Undir þetta skrifa, eins og ég tók fram, Aðalsteinn Guðjohnsen, formaður Sambands ísl. rafveitna, og Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins. Hér hafa sem sagt báðir aðilar orðið sammála, og ég verð að segja alveg eins og er, að sjónarmið beggja er það sama. Ætla ég ekki að vitna frekar í bréf Sambands ísl. rafveitna, en aðeins að rifja hér upp, að í bréfi Rafmagnsveitna ríkisins segir á 3. bls., með leyfi forseta:

„Stofnunin hefur því gert tillögu um óendurkræf framlög úr ríkissjóði til að mæta þessum vanda og treystir því, að það verði gert að nokkru á þann hátt, sbr. yfirlýsingu iðnrh. á Alþ. 15. des. s. l. Meðan verið er að afla þessari stefnu nægilegs skilnings verður að líta á hækkun verðjöfnunargjalds sem tímabundna ráðstöfun til að brúa þetta bil að hluta."

Sem sagt, það er til vara, en ósk Rafmagnsveitna ríkisins og Sambands ísl. rafveitna er að verðjöfnunargjaldið falli þá frekar niður en að vera hækkað og komi óendurkræft framlag úr ríkissjóði til þess að lækna þann mikla fjárhagsvanda sem Rafmagnsveitur ríkisins eru í. Þar með vil ég svara því innskoti, sem kom frá hv. 1. þm. Austurl. áðan þegar hv. 8. þm. Reykv. var að tala, en hann taldi að þetta verðjöfnunargjald ætti ekki að fara til þess að mæta þeim rekstrarhalla og þeim skuldum sem á Rafmagnsveitum ríkisins hvíla. Að sjálfsögðu er það svo, og kemur skýrt fram í bréfi Rafmagnsveitna ríkisins að svo á að vera. Ef hæstv. ríkisstj. hefur í huga að verðjafna raforkuna á þann hátt sem hv. 1. þm. Austurl. gat um, af hverju er þá verið að leggja þetta verðjöfnunargjald á þá sem greiða hæsta raforkuverðið? Af hverju þá ekki að gera till. um að þeir, sem greiða lægsta verðið, standi einir undir þessu verðjöfnunargjaldi? Ég er ekki að leggja þetta til, en mér fyndist þetta réttlátari aðferð, þannig að það væri þá með lögum tryggt að þetta verðjöfnunargjald færi til fólksins sem greiðir hæsta gjaldið, en ekki til að standa undir rekstrarhalla eða offjárfestingu ríkisfyrirtækis eins og Rafmagnsveitna ríkisins. Ég

er ekki að leggja þetta til, ég tek það fram.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál miklu meira en ég hef gert. En ég legg eindregið til að þessi 6% hækkun á verðjöfnunargjaldinu, sem lögð er nú til, verði ekki samþykkt. Ég ítreka að það er alveg nóg hækkun í krónutölu sem Rafmagnsveiturnar fá með því að það virðist vera stuðningur hér á hv. Alþ. fyrir því, að 13% gjaldið haldi sér a. m. k. í bili, og það er lagt á hærri gjaldstofn en áður. Sú hækkun í krónutölu ætti að nægja Rafmagnsveitum ríkisins það starfsár sem fram undan er og eins til að hlaupa undir bagga í þeim miklu fjárhagsvandræðum sem það fyrirtæki er í.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það hafa komið til þm. ótal erindi út af því máli sem hér er til umr., og ég mun ekki nota tækifærið til að lesa upp úr þeim bréfum sem þm. hafa borist, enda geri ég ráð fyrir að flestir þeirra séu sæmilega læsir. Ég mun ekki heldur fjalla hér um einstaka þætti raforkuverðsins, en leyfa mér samt af ákveðnum tilefnum að ræða þetta mál sem virðist ætla að kljúfa alla þingflokkana á Alþ. Ástæðan fyrir því, að þessi klofningur verður í öllum flokkum, er að sjálfsögðu auðsær þegar tekið er tillit til þess, að ekki einn einasti stjórnmálaflokkur hefur ákveðna og skýra byggðastefnu til að styðjast við og Alþ. hefur aldrei nokkurn tíma tekist að koma saman raunverulegri byggðastefnu.

Við verðum að átta okkur á því, að það mál, sem hér er til umr., er hluti af jafnvægismálum byggða hér á landi ásamt öðru, svo sem samgöngumálum, jafnvel símamálum og fleiri þáttum sem skipta mönnum í hópa eftir búsetu, þannig að fólk, sem býr í vissum landshlutum, greiðir eins og er lægra verð en þeir sem búa annars staðar. Ég tel að það verði að fara varlega inn á þá braut að jafna verð hér og þar án þess að menn hafi yfirsýn yfir þetta. Við verðum — og það er löngu kominn tími til þess — að átta okkur á því þegar rætt er um jafnvægi í byggð landsins og rætt er um þessa hluti, að jafna verð hér og þar, að finna út hvaða áhrif þetta hefur þegar allt er skoðað í senn.

Það er nú einu sinni þannig, að hlunnindum er misskipt hér á landi og því verður ekki breytt. Þótt auðvitað megi jafna margt með verðjöfnun, þá færum við t. d. ekki fiskimið til, við breytum ekki rekanum, svo að minnst sé á mál sem var hér til umr. fyrr, og á vissum stöðum á landinu er hagstæðara að virkja fallvötn en á öðrum. Sums staðar er jarðhiti, annars staðar ekki o. s. frv. Við verðum að átta okkur á því, að það, sem veldur m. a. búsetu manna hér á landi, eru einmitt þessi skilyrði og með því að fikta of mikið í einum þætti getum við haft óheppileg áhrif sem síðar leiði til þess að búseta manna verður ekki eins og best verður á kosið.

Með þessum orðum er ég alls ekki að segja, að ekki megi með nokkrum hætti hafa áhrif á búsetu manna, slíkt er sjálfsagt og eðlilegt undir vissum kringumstæðum og liggja til þess ýmis rök, þ. á m. félagsleg rök, svo að ég nefni einn þátt þeirra mála. Það, sem um er að ræða, er fyrst og fremst það, að við séum ekki blint að fikta í einu atriði án þess að vita hvaða áhrif það hefur á önnur.

Það mál, sem hér er til umr., er eitt af þeim málum sem allir stjórnmálaflokkar hafa ýtt á undan sér um margra ára og jafnvel áratuga skeið með þeim afleiðingum að við stöndum nú í því að fá enn einu sinni framlengt verðjöfnunargjald sem í gildi hefur verið, auk þess sem lagt er til viðbótar á sama stofn.

Ég vil taka undir mál manna sem hér hafa talað, þ. á m. hv. þm. Ellert B. Schram, sem hefur bent á að það er kominn tími til að við reynum að einanga sérstaklega það sem við getum kallað félagslegt og byggðalegt hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins. Við verðum að viðurkenna þann vanda, sem til úrlausnar er, og reyna að ráða bót á honum með eðlilegum hætti. Ég er nærri því viss um að ef það hefði verið gert einhvern tíma, þá hefði ekki verið valin sú leið sem við stöndum frammi fyrir. Ég leyfi mér að efast um, að sú leið hefði þá verið valin að skattleggja þannig að þeir, sem í dag verða að greiða hæst raforkuverð, verða að greiða mest, eins og nú er um að ræða.

Þá finnst mér mjög athyglisvert og það vil ég undirstrika sérstaklega, að formaður þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Gunnar Thoroddsen, lagði til í ræðu sinni, að vandinn yrði leystur með því að hæstv. ráðh. og þm. reyndu að ná samkomulagi í þessu máli, þannig að hægt væri að greiða úr vandamálum Rafmagnsveitna ríkisins með beinu framlagi úr ríkissjóði. Hann lýsti því jafnframt yfir, að hann væri tilbúinn til þess ásamt þingflokki Sjálfstfl. að skera niður að sama skapi í fjárl. Ég held að hér sé um það merkilegt tilboð að ræða, að fyllsta ástæða sé til að kanna hvort hæstv. ráðh. hafi ekki svör við því, hvort hann vill ganga til samstarfs um þetta mál, og hvort hæstv. forseti d. getur ekki séð af einhverjum tíma til þess að þm. nái einhvers konar samkomulagi í þessu máli. Ég er sannfærður um það, að þeir, sem búa á svæðum eins og hér í Reykjavík og njóta þess vegna þéttbýlis og þeirrar aðstöðu sinnar, að framleiða rafmagn með ódýrari hætti en aðrir landsmenn, — ég er sannfærður um að þeir eru tilbúnir til þess að leggja sitt fram af almennu skattfé á meðan reynt verður að leysa þetta mál með öðrum og farsælli hætti en við höfum gert hingað til.

Ég vil þess vegna ítreka áskorun mína til hæstv. ráðh. um að koma hér í ræðustól og tjá sig um það, hvort hann sjái sér ekki fært að verða við þessu tilboði sem hefur komið frá formanni stjórnarandstöðunnar, og ég veit að langflestir, ef ekki allir þm. Sjálfstfl. eru tilbúnir að taka undir þá áskorun.

ATKVGR.

Brtt. 251 felld með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, FrS, GH, GTh, GSt, JóhS, JÞ, LárJ, MÁM, ÓE, SvJ, SvH, VG, AG, EðS, EH, EÁ, EBS.

nei: GSig, HES, HG, SkA, KÓ, LJós, MHM, MB, PP, PJ, SighB, SV, StH, TÁ, ÞS, BGr, EG, FTS, IG, ÁG greiddi ekki atkv.

2 þm. (GilsG, SvG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Þar sem ekki hafa komið fram nein vilyrði frá hæstv. ríkisstj. um að verða við tilmælum formanns þingflokks stjórnarandstöðunnar, Gunnars Thoroddsens, um framlag úr ríkissjóði í stað verðjöfnunargjalds, segi ég nei.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Í fullu trausti þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að ganga til móts við boð stjórnarandstöðunnar um að fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins verði borgið með beinum framlögum á fjárl., segi ég já.

1. gr. samþ. með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,

og sögðu
já: BGr, EG, FTS, GSig, HES, HG, SkA, KÓ, LJós, MHM, MB, PP, PJ, SighB, SV, StH, TÁ, ÞS, IG.
nei: AG, EðS, EH, EÁ, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh, JóhS, JÞ, LárJ, MÁM, ÓE, SvJ, VG.
ÁG, SVH greiddu ekki atkv.
3 þm. (GilsG, GSt, SvG) fjarstaddir.
2.-3. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:5 atkv.

Umræður utan dagskrár.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. forseta um að hann mundi setja nýjan fund ef umr. yrðu ekki langar um það mál sem hann ætlar að taka á dagskrá til 3. umr., þá má gera ráð fyrir að það verði talsverðar umr. um það og vonlaust að þeim verði lokið áður en fundur hefst í sameinuðu þingi.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af ummælum hv. 11. þm. Reykv., þá er það enn ákvörðun forseta að vísu að halda fundinn og setja hann sem fyrst. Þennan fund verður að halda, e. t. v. að loknum fundi í Sþ. í kvöld, því að við erum þannig sett að þetta mál á eftir að ganga til Ed. og þarf að ræða þar. Er því mjög nauðsynlegt að geta nú haldið fund um þetta mál. Ég mun freista þess að setja fund að nýju þótt honum verði að fresta.

Neðri deild, 44. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 43. fundi.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 171). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26:1 atkv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Eins og ég hafði spáð, var mjög naumt á mununum í atkvgr. við 2. umr. um þetta mál og ljóst er að um þetta er verulegur ágreiningur og sá ágreiningur nær langt inn í raðir allra þingflokkanna. Á þessu vek ég athygli til þess að undirstrika það sem ég sagði áðan, að það er afar vafasamt og hæpið að knýja á um afgreiðslu þessa máls í ljósi þess, að þetta verðjöfnunargjald og sú hækkun, sem þar er gert ráð fyrir, orkar mjög tvímælis. Á það hefur verið bent með mjög þungum rökum við þær umr. sem fram hafa farið, að þetta gjald er að mörgu leyti ákaflega ranglátt og það nær alls ekki tilgangi sínum eins og heiti gjaldsins segir til um.

Ég hélt því fram áðan í ræðu minni við 2. umr., að verðjöfnunargjaldið leiddi ekki til verðjöfnunar. Ég hélt því fram, að þetta gjald legðist á þá taxta, sem fyrir væru, og væri til þess eins að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, greiða niður skuldahalann og verja þessu fé til frekari framkvæmda. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson greip fram í fyrir mér í þeirri ræðu og hélt því fram, að mér skildist, að þetta væri rangt með farið, og vitnaði til þess, að um það hefði verið gefin yfirlýsing, að þessu fjármagni yrði beitt með öðrum hætti. Nú hef ég að vísu misst af þeirri yfirlýsingu, en ég met það nokkurs ef hún hefur verið gefin og ef um *einhverja stefnubreytingu er að ræða hjá núv. iðnrh. í* þeim efnum að verja þessu fé alfarið til þess að jafna verðið, til þess að greiða niður þá taxta sem hæstir eru.

Ef nú verður haldið áfram með þetta mál og knúið á um afgreiðslu þess í ljósi þeirrar atkvgr., sem fram fór áðan, með þeim nauma meiri hl., sem fylgir þessu frv., og með því að algerlega er hafnað tilboði stjórnarandstöðunnar um að leita annarra ráða í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna um lausn á þessu máli, þá sýnist mér nauðsynlegt að gera breytingar á frv. til þess að leggja áherslu á að því fé, sem aflað er með hækkun verðjöfnunargjaldsins, verði varið til þess að jafna verðið, til þess að lækka þá taxta sem verst eru settir. Þess vegna mun ég leyfa mér, herra forseti, að bera hér fram skriflega brtt. við 1. gr. frv. Sú brtt. *mundi hljóða eitthvað á* þá leið, að í stað 2. mgr. frv., eins og hún hljóðar nú, kæmi eftirfarandi:

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að greiða niður heimilistaxta hjá viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

Þessa till. leyfi ég mér að bera hér fram til undirstrikunar á því, að ef á annað borð er verið að setja slíkt verðjöfnunargjald, þá á að verja því til þess að lækka þá taxta sem verst eru settir, en ekki til þess að greiða skuldahala og standa undir frekari framkvæmdum.

Ég vek athygli á því, að í 2. mgr. frv., sem ég geri till. um að breytt verði, þá segir: „Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.“ Með þessu er auðvitað beinlínis sagt að þessu fé skuli varið til þess að bæta fjárhaginn, eins og hann er, til þess að greiða niður skuldir o. s. frv., en alls ekki tekið sérstaklega fram, að því skuli varið til verðjöfnunar. Alla vega er ljóst, að með þessu orðalagi, eins og frv. hljóðar nú, er það algerlega opið og frjálst fyrir þá, sem eiga að framkvæma þessi lög, að ráðstafa þessu fé nokkurn veginn að vild til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða án tillits til þess sjónarmiðs sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Ég geri mér grein fyrir því, að þessi till. er of seint fram komin og ég óska eftir afbrigðum um að hún verði tekin á dagskrá og fáist hér rædd.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 302) samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að minnast hér fyrst á nokkuð óvenjuleg vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð af hálfu hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. iðnrh. Við 2. umr. þessa máls í dag var skýrt frá því, að Sjálfstfl. teldi aðra leið æskilegri til að leysa vandamál RARIK og Orkubús Vestfjarða heldur en þá að hækka verðjöfnunargjald úr 13 í 19%. Var stungið upp á því og boðið til samkomulags að taka í staðinn fyrir þessa hækkun inn í fjárlög upphæð sem næmi um 500 millj. kr.,

en það mundi samsvara því sem inn kæmi á næsta ári af þessu 6% verðjöfnunargjaldi, og að Sjálfstfl. væri reiðubúinn að ganga til samstarfs um lækkun á útgjöldum fjárlaga sem þessu næmi. Ég verð að lýsa furðu minni á því, að hæstv. iðnrh. skuli ekki einu sinni virða þetta tilboð eða þessa fsp. svars. Það gerði hann ekki, heldur tók ekki til máls, sagði ekki eitt einasta orð eftir að þetta tilboð eða þessi fsp. var fram borin af stjórnarandstöðinni. Þetta eru ákaflega óvenjuleg vinnubrögð og ég minnist þess varla að slíkt hafi komið fyrir. Þó að hæstv. iðnrh. sitji nú í fyrsta sinn á þingi ætti þó háttvísi hans að benda honum til þess, að slík vinnubrögð eiga ekki við.

Hæstv. ráðh. hefur flutt brtt. við þetta frv. Hún er á þá leið, að hækkun gjaldsins um 6% — þetta er að vísu ekki rétt orðalag því að gjaldið er ekki hækkað um 6%, heldur miklu meira, en það er hægt að skilja við hvað er átt — skuli varið til að ná fram verðjöfnun á töxtum til heimilisnotkunar og iðnaðar hjá þessum aðilum.

Sannleikurinn er sá, að bæði í grg. frv. og í umr. kennir nokkurs tvískinnungs í því, hvað átt er við og hver tilgangurinn er með þessum 6% viðauka. Annars vegar er þetta rökstutt með því, að gjaldið verði að nota til þess að greiða halla Rafmagnsveitna ríkisins. Fjárþörf Rafmagnsveitnanna er skilgreind þannig í grg. frv., að annars vegar sé beinn fyrirsjáanlegur rekstrarhalli og hins vegar fjármagnskostnaður vegna félagslegra framkvæmda. Ætlunin er að taka inn í lánsfjáráætlun nokkurn hluta af þessu, en hinn hlutann er ætlað að brúa með þessu hækkaða verðjöfnunargjaldi. Hins vegar er gefið í skyn í grg. frv. að þetta eigi að nota til þess að lækka gjaldskrár Rafmagnsveitnanna og þar með að jafna verð eða minnka bilið milli taxta Rafmagnsveitnanna, sem eru mjög háir, og hinna, sem greiða lægra verð fyrir raforkuna. Vissulega er ekki hægt að samrýma þetta að fullu, og nú er gert ráð fyrir í brtt. hæstv. iðnrh., að hækkun gjaldsins skuli varið til að ná fram verðjöfnun á töxtum til heimilisnotkunar og iðnaðar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvað hann eigi við með þessu. Beinast liggur við að skilja það svo, að þessa fjárhæð, sem er áætluð á ársgrundvelli 700 millj., þar af líklega um 500 millj. sem koma inn á næsta ári, eigi að nota til þess að lækka gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, þannig að þessi fjárhæð komi þá viðskiptavinum RARIK til góða. Ef þessi skilningur er réttur, sem er næstur orðalaginu, þá er ekkert afgangs til þess að mæta umræddum halla RARIK. Eða er ætlunin þrátt fyrir þessa till. og þetta orðalag að nota þetta fé til þess að greiða halla RARIK? Þetta finnst mér að þurfi að fá skýrt fram, því að það er ekki hægt að halda áfram þeim tvískinnungi í málflutningi, að það eigi að nota þessar sömu fjárhæðir til hvors tveggja. Ef ætlun hæstv. ráðh. er að nota þetta til að greiða rekstrarhalla og fjármagnskostnað RARIK og halda því svo fram, að þetta muni verða til þsss að gjaldskrárhækkanir í framtíðinni verði þess vegna minni en ella hefði verið, þá er líka rétt að það komi fram. Ég vil að það komi skýrt fram og alþm. og þjóðin eiga heimtingu á að vita hver er tilgangurinn.

Mér þykir miður farið að hæstv. ráðh. og ríkisstj. skuli gersamlega hundsa það tilboð sem hér hefur verið boðið um samkomulag í þessu viðkvæma deilumáli. Þessi mál hafa staðið þannig, að einu atkv. munaði í þessari hv. d. um það, hvort þetta 6% gjald yrði samþ. En hæstv. iðnrh. verður auðvitað að ráða því sjálfur, hvaða vinnubrögð hann hefur, þó að mér hafi fundist skorta nokkuð á eðlileg vinnubrögð og háttvísi, miðað við þær venjur sem gilt hafa hér á þingi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 308) samþ. með 26 shlj. atkv.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér þykir fyrir því ef ég hef sært menn með þögn minni hér fyrr í dag. Ástæðan fyrir því, að ég tók ekki til máls við lok 2. umr., var sú, að ég taldi að ég hefði áður fjallað um þá leið, sem hv. þm. Gunnar Thoroddsen mælti með í ræðu sinni fyrir hönd flokks síns, og talið að það væri ekki ráðrúm til þess að fara hana þó að hugur ýmissa alþm. stæði til þess. Við erum á þessum sólarhring að ljúka afgreiðslu fjárlaga og ég tel óraunsæi að reikna með því, að hægt sé að taka þau mál upp þannig að sættir mættu takast um beint framlag á fjárl. sem næmi þeirri upphæð sem hv. þm. lagði til.

Ég vil þakka þann stuðning sem fram hefur komið hjá hv. alþm. og þá ekki síst nokkrum þm. stjórnarandstöðunnar við frv. sem hér liggur fyrir. Ég met það mikils og ég vil að það komi hér fram, að þau viðhorf, sem hafa komið fram í umr. um þetta mál, verða tekin til athugunar. Ég fagna því, hversu almennur stuðningur hefur komið fram við það viðhorf hjá mjög mörgum hv. þm., að réttmætt sé að breyta verulega um stefnu í fjárveitingum og fjármögnun Rafmagnsveitna ríkisins í framtíðinni, að ætla bein fjárframlög frá eiganda til þessa fyrirtækis til þess að standa undir félagslegum þætti framkvæmda á þess vegum og tryggja á þann hátt viðunandi jöfnuð í raforkuverði. Ég mun, eftir því sem aðstæður leyfa og ef ég gegni á næsta ári starfi iðnrh., beita mér fyrir því, að lengra verði gengið en von er til að fram náist í þessum efnum nú, og treysti ég á góðan stuðning hv. alþm. við þá stefnu.

Ég vil að það komi hér fram, að mér hefur komið á óvart sú verulega andstaða sem hefur verið við þá blönduðu leið, sem ég vil kalla svo, sem hér er farin til þess að ná fram vissri leiðréttingu á því mikla óréttlæti sem viðskiptavinir Rafmagnsveitnanna og Orkubús Vestfjarða eru beittir, ef nota mætti það orðalag í sambandi við raforkuverð. Ég átti satt að segja von á því, að sú stefna, sem mörkuð er í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. um jöfnun á raforkuverði, ætti meiri hljómgrunn innan stjórnarflokkanna, sem höfðu tjáð sig samþykka því að frv. þetta væri flutt, hún ætti meira fylgi en raun hefur á orðið. Og ég harma að fleiri skuli ekki hafa treyst sér til að styðja þetta mál. Ég hef áður sagt að ýmsir vegir eru vissulega færir og komi til álita í sambandi við þetta mál, og það er áhorfsmál hver kunni að vera réttasta og farsælasta leiðin. En sú gata, sem hér er troðin, er gamalþekkt og innheimta verðjöfnunargjalds á sér sína sögu. Ástæðan fyrir því, að ég taldi rétt að beita mér fyrir hækkun þess, var fyrst og fremst sú að ná fram réttlátari stefnu í gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins en ella væri unnt.

Og þá skal ég aðeins koma að því, sem hv. þm. Gunnar Thoroddsen spurðist hér fyrir um, þ. e. á hvern hátt rafmagnsveiturnar mundu notfæra sér þá viðbót verðjöfnunargjalds sem lögð er til í frv. og sérstaklega með orðalagi brtt. sem ég hef hér flutt. Ég vil fyrst geta þess, að hvatinn til þess, að ég hef lagt fram brtt. sem heimiluð

hefur verið til umr., hefur komið úr máli hv. þm. hér í d. og þá ekki síst þeirri brtt. sem hv. þm. Ellert B.Schram lagði fram í kvöld og mælti fyrir nokkrum orðum. Ég tel að það sé réttmætt að verða við þeim mörgu ábendingum frá hv. þm. sem fram hafa komið þess efnis, að tryggja beri með vissum hætti að þær tekjur, sem inn koma við hækkun á verðjöfnunargjaldinu, renni til þess sérstaklega að ná fram nokkrum jöfnuði í hinum almennu töxtum hjá Rafmagnsveitum ríkisins, heimilistaxta og iðnaðartöxtum eða vélataxta. Sú breyting, sem ég hef lagt til að gerð verði á frv., miðar að þessu. Hvernig að því verði staðið er að nokkru mál Rafmagnsveitna ríkisins og stjórnar þess fyrirtækis, en iðnrn, mun vinna að því, að þetta gjald nýtist í því skyni sem hér er lagt til.

Eins og fram hefur komið og raunar er gerð grein fyrir í grg. með frv. er unnt að ná fram verðjöfnun með því að sporna við frekari gjaldskrárhækkunum á tilteknum töxtum hjá Rafmagnsveitunum, og þetta er leið sem ég tel sjálfsagt að fara. Við erum enn á tímabili allörrar verðbólgu og beiðnir um gjaldskrárhækkanir berast að, og verður eflaust óhjákvæmilegt að verða við hækkunarbeiðnum hjá rafveitum á næstu mánuðum að einhverju marki, þótt eflaust verði reynt að sporna einnig þar við eftir því sem fært þykir, en þá tel ég sjálfsagt að ekki verði um að ræða hækkanir á þeim töxtum sem hér eru sérstaklega tilgreindir. Hvort réttmætt þykir og vænlegt að fara að greiða þessa taxta niður með því sem innheimtist, það tel ég orka tvímælis, hvort réttmætt sé að ráðast í það og hvort þetta gjald skilar það miklu, en þó er sjálfsagt að athuga það. Sú athugun hefur ekki verið gerð af minni hálfu en ég tel réttmætt að einnig verði athugað hvort að sú leið sé fær.

Hv. þm. Gunnar Thoroddsen spurði hvort ætti að nota þetta fjármagn í tvenns konar skyni, þ. e. a. s. til þess að greiða niður eða létta á skuldabyrðum Rafmagnsveitnanna í leiðinni. Ég tel að þess þurfi að gæta, að þessum tekjum verði ekki varið í að greiða niður vaxandi rekstrarhalla, að leita verði þá annarra leiða til þess að bæta þar úr þannig að þessi viðbót á verðjöfnunargjaldinu, ef samþ. verður, nýtist fyrst og fremst að því markmiði sem brtt. mín og óskir margra hv. þm., sem hér hafa talað, standa til.

Ég vænti þess, að menn geti látið sér þessi svör nægja, þótt ýmsir hefðu e. t. v. kosið að sjá þessa reikninga nánar útfærða en ég hef séð mér fært að gera með orðum mínum hér.

Það hefur komið fram áður í máli mínu í fyrri umr. um þetta efni, að til stæði að fara yfir taxta Rafmagnsveitnanna og væri í undirbúningi endurskoðun á verðlagningu skv. marktaxta og rafhitunartaxta með tilliti til viðmiðunar við olíuverð. Rafmagnsveitustjóri hefur tjáð mér að undirbúningur sé í gangi að þessu leyti og muni berast til míns rn. innan skamms tillögur varðandi þetta atriði.

Ég vil taka fram, að það er fullur vilji af minni hálfu og í mínu rn. til þess að fara yfir málefni Rafmagnsveitna ríkisins, bæði rekstur þeirra með tilliti til hagkvæmni og fjármögnun þess fyrirtækis, hvernig að henni skuli best staðið. Og ég vil taka það fram, að kynni mín af núv. rafmagnsveitustjóra hafa verið hin bestu. Ég tel að þar sé starfsmaður sem hægt sé að bera fullt traust til og hafi hug á að bæta um rekstur sinnar stofnunar og standa í hvívetna sem best að málum. Ég tel að þær grg., sem hv. þm. hafa fengið frá stofnun hans í tengslum við þetta mál, beri þess vitni að þar er ekki flanað að neinu, þar er fram haldið skýrum rökum í máli, það geti orðið mönnum nokkuð til upplýsingar um málefni fyrirtækisins og beri vott um að forusta þess er trausts verð.

Verðjöfnun á raforku er markmið ríkisstj., og það frv., sem hér liggur fyrir, er leið að því marki. Nokkrir hv. þm. hafa dregið í efa að það væri röksamhengi í þessari leið, en ég held að menn geti við nánari skoðun á það fallist, að það er hægt að ná fram verðjöfnun eftir henni og að því leyti sé heitið á þessu frv. ekki rangnefni. Það gjald, sem inn kemur, og hækkun þess, sem hér er lögð til, lýtur að þessu markmiði þótt sannarlega sé það í of litlum mæli.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, greip fram í fyrir hv. 8. þm. Reykv., þegar hann var hér í ræðustól fyrr í dag, til þess að koma því á framfæri að verðjöfnunargjaldið yrði ekki notað til að greiða hallarekstur RARIK, heldur til verðjöfnunar á raforku. Ég vil gjarnan að hv. 1. þm. Austurl. heyri það sem ég sagði. (Gripið fram í.) Má ég endurtaka það sem ég sagði til þess að vera sá sem hefur orðið hér í salnum, herra forseti? Það, sem ég var búinn að segja og ég vonast til að hv. 1. þm. Austurl. hlusti á, var að hann hefði gripið fram í fyrir hv. 8. þm. Reykv., þegar hann var hér í ræðustól fyrr í dag, til þess að koma því á framfæri að verðjöfnunargjaldið yrði ekki notað til að greiða hallarekstur RARIK, heldur til jöfnunar á raforkuverði. Nú hefur hæstv. iðnrh. hins vegar staðfest með tillöguflutningi sínum, að verðjöfnunargjaldið fer a. m. k. að hluta í rekstrarhít RARIK. Ef hv. 1. þm. Austurl., sem er formaður hv. fjh.- og viðskn., hefur byggt afstöðu sína til þessa verðjöfnunargjalds á þeim forsendum, að heildarinnheimta þessa gjalds færi til verðjöfnunar, en veit nú betur, er hann þá ekki reiðubúinn til að breyta um afstöðu til þessarar nýju skattheimtu? Eða er að koma í ljós að hér á sér stað enn ein innheimtan fyrir ríkissjóð til að fjármagna taprekstur stofnunar í fjárhagsvanda? Ef svo er, þá á sér stað skattheimta á fölskum forsendum a. m. k. að hluta. Ég vil því leyfa mér að óska eftir upplýsingum og þá enn þá einu sinni, hæstv. forseti, á þeim forsendum, að ég er ekki í fjh.- og viðskn. eða neinum nefndum, þetta er mín nefnd, Alþingi sjálft: Hvað innheimtist samtals í krónum miðað við nýjan álagningargrunn? Nú er vitað mál, að Landsvirkjun hefur farið fram á hækkun á raforkuverði. Það er vitað mál, að Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur farið fram á hækkun. Og það er alveg útilokað að fjh.- og viðskn. þessarar deildar Alþingis leggi fram ákveðna tölu án þess að geta svarað því á stundinni hvernig hún er til komin og rökin fyrir því, að þessi tala er lögð til. Ég hef áður getið þess í umr., að þau 19%, sem kunna að verða samþ. hér sem álagningarprósenta, leggjast á hærri grunn en 13% voru lögð á. En sem sagt, hvað mundu 13% óbreytt gefa af hinu væntanlega nýja raforkuverði og ég undirstrika að í vændum er bæði hækkun í heildsölu og eins í smásölu? Og hvað mundu 19% gefa? Ég bið ekki um svar við því sem þegar er í grg., að 6%, miðað við sama álagningargrunn og er, eiga að gefa 700 millj.

Annað, sem ég vildi gjarnan fá að vita er, hvað mikið af því sem innheimtist fer til niðurgreiðslu á rafmagnsverði til viðskiptavina RARIK?

Í þriðja lagi spyr ég, og þá er ég með nýframkomna till. hæstv. ráðh. í huga: Hvað fer há upphæð til greiðslu á

skuldahala RARIK? Ég spyr um þetta í beinu framhaldi af því sem ráðh. sagði hér áðan, að ekki færi neitt af þessu verðjöfnunargjaldi til að standa undir rekstrarhalla fyrirtækisins í framtíðinni, og þá skil ég það svo, að hæstv. ráðh. eigi við að frá þeim degi, sem þetta nýja gjald er samþ., fari ekkert af þeirri upphæð, sem innheimtist, til að standa undir rekstrarhalla fyrirtækisins.

Þetta eru þrjár litlar spurningar sem ég vildi gjarnan fá svar við. Ef ekki er til svar við þessum spurningum, álít ég að málið sé svo illa undirbúið að alveg útilokað sé fyrir Alþingi að viðhafa þau vinnubrögð að samþ. álagningu þessa gjalds án rökstuðnings. Ég leyfi mér að bíða eftir svari.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Við þessa umr. um frv. til l. um verðjöfnunargjald hefur umrætt gjald verið gagnrýnt á margan hátt. Ein af þeim röksemdum, sem settar hafa verið fram gegn gjaldinu og hækkuninni nú, er að verðjöfnunargjaldið renni ekki til verðjöfnunar. Það eru að vísu mörg önnur rök sem mæla gegn þessu gjaldi og hækkuninni, en ég fer ekki orðum um þau hér, en ræði eingöngu þetta atriði sem till., sem hér hafa verið lagðar fram, snúast um.

Þegar atkvgr. hafði farið fram við 2. umr. og ljóst var að frv. mundi ná fram að ganga, þó að með naumum meiri hl. væri, leyfði ég mér í upphafi 3. umr. að leggja fram brtt. sem skyldi taka af allan vafa um að verðjöfnunargjaldið rynni til þess að greiða niður þá taxta sem hæstir væru hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Þetta var gert vegna þess að fram hafði komið — ekki kannske úr ræðustól, en að einhverju leyti þó frá hæstv. ráðh. og m. a. frá þm. utan úr sal, að þessi röksemd mín væri á misskilningi byggð, verðjöfnunargjaldið væri sannarlega til þess að greiða niður hæstu taxta. Að vísu stangaðist það á við það sem reynslan segir okkur. Ég tók hins vegar fullt tillit til þessara upplýsinga og þessara sjónarmiða og vildi sem sagt taka af allan vafa um að þarna væri rétt með farið og þessi leið yrði farin.

Það skal játað, að sú till., sem ég lagði fram, var hripuð í flýti milli umr. og á örfáum mínútum og má vera að hún hafi á sér einhverja galla, enda fór svo að hæstv. iðnrh. gerði tilraun til þess að lagfæra þá till. mína — og ekkert nema gott um það að segja — og hefur nú lagt fram nýja brtt. Hún hnígur í sömu átt og till. sú sem ég lagði fram, en á þessum tveimur till. er þó nokkur munur. Í till. hæstv. ráðh. er talað um að verðjöfnunargjaldinu skuli varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, en þessa setningu hafði ég tekið út, og síðan segir að hækkun gjaldsins skuli varið til að ná fram verðjöfnun á töxtum til heimilisnotkunar og iðnaðar hjá þessum aðilum, og get ég vel fallist á að það sé eðlilegt að bæta iðnaðartaxtanum við. En það var fullkomlega eðlilegt að hv. þm. Gunnar Thoroddsen spyrðist fyrir um það, hvernig skilja bæri þessa tillögu. Hann vildi fá úr því skorið í svörum hæstv. ráðh., hvort þessu fé skyldi varið til að ná fram þessari verðjöfnun með niðurgreiðslu á hæstu töxtunum eða til að greiða þann skuldahala sem liggur fyrir hjá RARIK núna og að einhverju leyti til frekari framkvæmda. Ég gerði mér vonir um að hæstv. ráðh. tæki af skarið um það, að hækkun gjaldsins núna skyldi einvörðungu ganga til þess að lækka hæstu taxta. Það urðu mér því nokkur vonbrigði þegar hann svaraði þessari fsp. frá hv. þm. Gunnari Thoroddsen, vegna þess að svar hans var alls ekki nægilega ljóst. Hann tók að vísu fram að leitast yrði við að jafna taxtana, en tók enn fremur fram að það orkaði þó nokkurs tvímælis að greiða beinlínis niður taxta. Hann tók síðan fram að þessu fé yrði ekki varið til að mæta vaxandi rekstrarhalla hjá Rafmagnsveitum ríkisins í framtíðinni, en hafði engin orð um hvernig með þann vanda skyldi farið sem nú liggur fyrir. Þess vegna finnst mér alls ekki nægilega svarað þessari spurningu sem var sett fram og skiptir öllu máli.

Nú vil ég mælast til þess, hæstv. forseti, með hliðsjón af þessum umr. núna og þar sem mér hefur verið tjáð að ætlunin sé að ljúka þessari umr. klukkan 2 á morgun, að 3. umr. verði nú frestað og mælendaskrá ekki lokað, þannig að tími gefist til að athuga þessar tillögur öllu betur og átta sig á því, hvort möguleiki sé á því fyrir mig t. d. að draga till. mína til baka eða hvort að ég geti gert á henni breytingu. Ég held að það þjóni hagsmunum allra aðila að þessi vinnubrögð séu viðhöfð, og ég á ekki von á að það þurfi út af fyrir sig að tefja þessar umr. mjög mikið þó að þessi háttur verði hafður á. Ég geri ráð fyrir að þetta mál fáist afgr. út úr þessari d. engu að síður á tiltölulega skömmum tíma á morgun, ef fundur verður haldinn hér kl. 2, þó að ég geti að sjálfsögðu engu lofað um það varðandi aðra þm. En alla vega liggur ljóst fyrir að ég er búinn að tala mig dauðan að mestu leyti í þessari umr. Hugmynd mín er að fá frestun á umr. og mælendaskrá sé ekki lokað, þannig að ég geti eftir atvikum komið fram með breytingu á brtt. minni eða lagfæringar á henni eða þá hafa frekari samráð við ráðh., eftir því sem atvik segja til um.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þrátt fyrir það að mikil áhersla sé lögð á að þetta mál gangi fram, þá vil ég verða við þeirri ósk sem fram hefur komið frá hv. 8. þm. Reykv. sem flutt hefur brtt. sem er til umr., og þar sem ljóst er að máli þessu getur ekki lokið fyrr en í fyrramálið eða eftir hádegið, þá vil ég verða við þeirri ósk, að mælendaskrá sé ekki lokað. Í trausti þess, að ekki verði ýkjalangar umr. um þetta mál þegar þar að kemur, mun ég nú fresta þessari umr., en ég vil jafnframt minna á það, að fundur í d. er boðaður þannig, að hann á að hefjast að loknum fundi í Sþ. Nú veit ég að vísu ekki hvenær þeim fundi lýkur, en ég geri ráð fyrir að varla komi til að við getum hafið umr. að nýju fyrr en um tvöleytið. Þó má ekki taka þessi orð allt of bókstaflega. Ef fundi í Sþ. kynni að ljúka fyrr, þá er auðvitað eðlilegt að við tækjum til við að ræða þetta mál aftur. Þessari umr. er frestað.

Umr. frestað.

Efri deild, 46. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., kl. 2.12 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 260 (sbr. 190)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt

og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla 1. nr. 10 22. mars 1974, II. kafla 1. nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla 1. nr. 20 5. maí 1976, lög nr. 32 12. maí 1977, lög nr. 63 28. des. 1977 og III. kafla 1. nr. 3 17. febr. 1978, um breyting á þeim lögum.

Með þessu frv. er að því stefnt, að tekjuþörf ríkissjóðs vegna lækkunar skatta lágtekjufólks vegna niðurfærslu verðlags verði mætt með álögum á þá aðila í þjóðfélaginu sem mesta greiðslugetu hafa. Í reynd er greiðslubyrði þessara aðila þó ekki aukin verulega frá því sem nú er, þar eð skattaálögum í þessu frv. er fyrst og fremst ætlað að koma í stað aðgerða í skattamálum á síðasta ári, þó að þær komi nú fram í öðru formi. Þannig kemur skerðing á fyrningarheimildum í stað skatts á hreinar tekjur og fyrningar í atvinnurekstri samkv. 10. gr. brbl. nr. 96 frá 1978, um kjaramál. Nýtt 50% skattþrep einstaklinga og hækkun skatthlutfalls félaga kemur í stað skyldusparnaðar, sem lagður var á svipaðan stofn á árinu 1978. Hækkun eignarskattshlutfalls kemur í stað eignarskattsauka 8. gr. brbl. frá því í sept. Þá er þess gætt, að aukin skattbyrði lendi einungis á þeim sem mesta greiðslugetu hafa. Skerðing á fyrningarheimildum og hækkun tekjuskattshlutfalls félaga eykur þannig einungis greiðslugetu þeirra rekstraraðila, er besta afkomu hafa, og hið nýja 50% skattþrep leggst einungis á hátekjur. Skattbyrði almenns launafólks mun hins vegar verða mun minni en orðið hefði samkv. þeirri tekjuöflun sem ráðgerð var í fjárlagafrv., og munar þar mestu um hækkun skattvísitölu og lækkun sjúkratryggingagjalds, en ákvæði 4. og 6. gr. frv. þessa um lækkaðan útsvarsstofn og léttari eignarskatta á elli- og örorkulífeyrisþegum stefna í sömu átt.

Þetta frv., sem hér er til umr., er í sjö greinum og síðan er ákvæði til bráðabirgða.

1. gr. frv. fjallar um að fella niður svokallaða verðstuðulsfyrningu. Þetta eykur tekjur ríkissjóðs um 1300 millj. kr. á árinu 1979 samkv. áætlun sem þó er erfitt að henda fullkomlega reiður á. Tilfellið er að verðstuðulsfyrningarheimildin hefur ekki reynst eins vel og menn ætluðu í fyrstu, og m. a. af þeirri ástæðu er ekki ástæða til að halda henni áfram.

2. gr. frv. skerðir svokallaða flýtifyrningu úr 30% í 10%. Eru líkur á að þessi breyting muni færa ríkissjóði um 1060 millj. kr. í auknar tekjur á árinu 1979.

Þótt þessar breytingar séu gerðar á verðstuðulsfyrningum og flýtifyrningum, þá er að sjálfsögðu ekkert hróflað við almennum fyrningum tekju- og eignarskattslaganna.

Samkv. 3. gr. fellur skyldusparnaðurinn niður, — hann átti lögum samkv. að falla niður um n. k. áramót, — en í stað hans kemur nýtt skattþrep við tekjuskattsstigann og er það 50%. Miðað við meðalnýtingu frádráttarheimilda leggst þessi viðbótarskattur að meðaltali á einhleypinga, sem hafa yfir 4 millj. 527 þús. kr. í brúttótekjur, og á hjón, sem hafa yfir 6 millj. 751 þús. kr. í brúttótekjur.

4. gr. fjallar um það, að ónýttur persónuafsláttur verði nýttur til greiðslu sjúkratryggingagjalds áður en hann gengur til greiðslu útsvars. Þessi breyting mun rýra tekjur ríkissjóðs um 200 millj. kr.

5. gr. frv. fjallar um að skyldusparnaður félaga falli niður. Í stað þess hækkar tekjuhlutfall félaga úr 53% í 65%. Áætlað er að tekjuauki ríkissjóðs af þessari breytingu verði 1200 millj. kr. á árinu 1979.

6. gr. frv. fjallar um eignarskattinn. Eignarskattur einstaklinga hækkar um 50% og eignarskattur félaga um 100%. Skattfrelsismörk elli- og örorkulífeyrisþega verða 50% hærri en annarra gjaldenda. Hjá slíkum verða mörkin um 17.1 millj. kr. hjá einhleypingum og 25 millj. 650 þús. kr. hjá samsköttuðum hjónum.

Með þeim breytingum, sem nú er verið að leggja til að gerðar verði á skattalögum, verða hæstu beinir skattar samtals 63% af skattgjaldstekjum. Seinustu 10% leggjast á tekjur einhleypinga, eins og ég gat um áður, sem eru yfir 4 millj. 527 þús. kr., og tekjur hjóna, sem eru samsköttuð, yfir 6 millj. 751 þús. kr.

Ef þessar breytingar verða að lögum, verða hámarksskattar á hæstu tekjur 50% tekjuskattur, 11% útsvar og 2% sjúkratryggingagjald eða samtals 63%. Á þessu ári eru þessir hæstu skattar 40% tekjuskattur, 11% útsvar, 2% sjúkratryggingagjald og 6% hátekjuskattur, sem lagður var á samkv. brbl. frá því í sept., eða samtals 59%. Til viðbótar kemur svo á þessu ári skyldusparnaðurinn, sem auðvitað er ekki skattur, en er 10%, þannig að hámarksskattaálagningin ásamt skyldusparnaðinum á þessu ári er 69%. Á næsta ári lækkar hún því niður í 63%. Áður en brbl. komu til frá seinasta hausti var þetta þannig, að hámarkið var 53% og skyldusparnaðurinn til viðbótar 10%.

Ef þessi mörk eru borin saman við þau þjóðlönd sem við berum okkur venjulega saman við í ýmsum efnum, þá eru þessi mörk miklu lægri en t. d. hjá Norðurlandaþjóðunum, þar sem mörkin eru milli 70 og 80% og í Bretlandi 83%, Vestur-Þýskalandi 56%. En þess er að gæta og það verður að hafa í huga í sambandi við þessi málefni, að við greiðum okkar skatta af tekjum næsta árs. Við greiðum skatta okkar eftir á og við verðbólguaðstæður, eins og við búum nú við og komum áreiðanlega til með að búa við á næsta ári, lækkar auðvitað þessi prósenta talsvert verulega þegar borið er saman við önnur lönd. Ég nefni þetta hér af því að mér finnst ástæða til þess. Það hefur ekki verið gerð úttekt á þessum málum og mér er auðvitað fullljóst að þessi samanburður er engan veginn tæmandi, en þetta eru staðreyndir sem ástæða er til að nefna þegar rætt er um þessi málefni.

7. gr. fjallar um gildistöku og síðan er ákvæði til bráðabirgða sem leiðir af þeim miklu breytingum sem verið er að gera á þessum málum. Ég sé ekki ástæðu til að fara um það neinum sérstökum orðum, það skýrir sig sjálft.

Í Nd. flutti ég nokkurt mál um aðdragandann að þessari lagasetningu. Það var skipuð sérstök nefnd þm. til þess að undirbúa hana, og þær till., sem hér koma fram, ásamt fleiri till., sem koma fram í öðrum lagafrv., eru í meginatriðum í samræmi við niðurstöður skattalaganefndarinnar. Ég vil endurtaka það hér, sem ég sagði í Nd., að ég þakka skattalaganefndinni fyrir störf hennar. Hún hafði takmarkaðan tíma og vann ágætt starf.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Í samræmi við þá ákvörðun Sjálfstfl. að tefja ekki fyrir afgreiðslu þeirra mála, sem hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að fái afgreiðslu á hv. Alþ. nú fyrir þinghlé, vil ég gefa þá yfirlýsingu, að við fulltrúar flokksins í fjh.- og viðskn. munum ekki við 1. umr. þessa máls taka frekar til máls eða hefja umr. um málið. Afstaða flokks okkar mun koma fram þegar málið

verður til meðferðar í fjh.- og viðskn. og verða frekar skýrð í væntanlegu nál.

Þessi ummæli mín eiga einnig við að því er snertir afgreiðslu annarra mála sem eru á dagskrá hv. þd. í dag, 3. og 4. dagskrárliðs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 188). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil flytja hv. stjórnarandstæðingum þakkir fyrir það, hversu greiðlega þeir vinna að því að koma þessum málum fram. Skil ég vel að þar er aðeins um afstöðu til vinnuaðferðar að ræða, en ekki efnisafstöðu til málanna, það liggur í augum uppi.

Ég mæli nú fyrir frv. til l. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Frv. þetta, sem lagt er fram á þskj. 188, er eitt af þeim mörgu málum sem flutt eru í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrv. Með frv. er lagt til að á árinu 1979 verði lagður sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði er nemi 1.4% af fasteignamatsverði þessa húsnæðis. Er áætlað að tekjur ríkissjóðs af þessari skattlagningu nemi 550 millj. kr. á næsta ári.

Þegar núv. ríkisstj. tók við stjórnartaumum í sept. s. l. blasti við stórkostlegur vandi í efnahags- og atvinnumálum. Eitt af meginstefnumálum ríkisstj. í því sambandi var að marka breytta fjárfestingarstefnu. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. er því lýst yfir, að fjárfestingunni skuli beina í tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðhagslega arðbærum atvinnurekstri. Sú gegndarlausa fjárfesting í skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, hefur ekki að mati ríkisstj. uppfyllt þessi markmið. Úr þessari fjárfestingu er þörf að draga. Sérstök skattlagning á verslunar- og skrifstofuhúsnæði mun að einhverju leyti sporna við þeirri þróun, að menn verðtryggi fé sitt í slíkri fjárfestingu í stað þess að beina því í fjárfestingu hjá framleiðsluatvinnuvegunum.

Að sjálfsögðu þurfa atvinnufyrirtækin á skrifstofuaðstöðu að halda. Þess vegna er í frv. gert ráð fyrir því, að sé sama eignin notuð undir skrifstofu eða verslun, en einnig aðra starfsemi, skuli eignin undanþegin þessum sérstaka skatti, ef 75% eða meira af rúmmáli hennar er notað undir aðra starfsemi en fyrir skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða einstakar greinar frv. Ég hef rætt meginatriði þess. Þau eru augljós og auðskilin. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Nýbyggingagjald, frv. (þskj. 189). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um nýbyggingagjald á þskj. 189. Frv. þetta fjallar um að leggja á sérstakt gjald, svokallað nýbyggingagjald, að upphæð 2% af áætluðum byggingarkostnaði mannvirkis, að undanteknu íbúðarhúsnæði. Lauslega er gjaldið áætlað um 350 millj. kr. í viðbótartekjur til ríkissjóðs á næsta ári og talið að innheimst gætu af því um 300 millj. kr.

Það var spurt um það við umr. málsins í Nd., hvernig hugsað væri að nota heimild, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. laganna: „Heimilt er ráðh. að undanþiggja ákveðnar tegundir mannvirkja gjaldskyldu.“ Ég gaf ekki tæmandi yfirlýsingu í því sambandi, en gat þess, að hugmyndin væri að nota þessa heimild í anda þeirrar stefnu sem kemur fram í lögum nr. 8 frá 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, 1. mgr. 5. gr. þeirra laga.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, en vil leggja til að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 169). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 281).

Efri deild, 47. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., kl. 5.30 síðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 260 (sbr. 190). n. 284 og 288). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. fékk til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Frv. þetta er hluti af efnahagsráðstöfunum þeim sem gerðar voru 1. sept. s. l. og 1. des. til þess að koma í veg fyrir þá stöðvun atvinnuveganna sem þá vofði yfir.

Fjármagni þjóðfélagsins er ráðstafað til einkaneyslu, félagslegrar þjónustu og fjárfestingar í því sambandi og

fjárfestingar einkaaðila. Hafa verið uppi háværar raddir um samdrátt í fjárfestingu, einkum ríkisins, og ég hef áður bent á að ég tel vafasamt að ganga of langt í þá átt, enda þótt óhjákvæmilegt hafi verið að gera það nokkuð í sambandi við afgreiðslu fjárl. að þessu sinni. Þessar raddir hygg ég að komi einkum frá þeim sem best hafa skilyrðin til að njóta þeirrar félagslegu þjónustu sem þegar er hægt að fá, en aðstaðan er mjög misjöfn til að njóta hennar og það getur ekki gengið til lengdar að sá mismunur haldist.

En það, sem hér er einkum til umr., er hitt, hvernig ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa gengið til móts við þær óskir að auka einkaneyslu. Stjórnarandstaðan hefur haldið því mjög fram, að þessi ríkisstj. sé stjórn skattpíningar og hún sé að draga fjármagnið frá einstaklingunum í þjóðfélaginu. Það var rakið í sambandi við umr. um frv. um kjaramál, hvernig ráðstafanir ríkisstj. hafa orðið til þess að auka kaupmátt launþega verulega.

Hér er á ferðinni frv. til 1. um tekju- og eignarskatt. Samkv. því frv. og öðrum þeim, sem ríkisstj. hefur flutt, hækka skattar hjá einstaklingum þannig: Gert er ráð fyrir að eignarskattur hækki á næsta ári um 630 millj., tekjuskattur vegna hins nýja 50% skattþreps, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, hækki um 1850 millj., skattur á ferðamannagjaldeyri verði 1600 millj. og flugvallagjald, en frv. um það er einnig á dagskrá þessa fundar, 350 millj. Samtals eru þetta 4430 millj.

Það hefur minna verið minnst á skattalækkun ríkisstj. og aðrar ráðstafanir sem draga úr kostnaði einstaklinga, og þar vil ég sérstaklega nefna lækkun á sölugjaldi á matvörum sem talin er munu vera um 5 milljarðar á næsta ári og gera því meira en það eitt að vega á móti þeirri skattahækkun sem talað er um. Enn fremur er skyldusparnaður felldur niður, en hann hefði verið með sömu reglum 1850 millj. á næsta ári. Þá hafa niðurgreiðslur verið auknar, sem dregur úr rekstrarútgjöldum einstaklinga, og það er talið munu nema 13500 millj. á næsta ári. Þarna er því um margfaldar upphæðir að ræða miðað við þá skatthækkun sem hér er fjallað um. Það er því algert rangnefni að segja að hér sé um skattpíningu að ræða.

Einnig er sagt að ríkisstj. sé að leggja svo þungar byrðar á atvinnureksturinn að hann sé að sligast, og m. a. var okkur í dag afhent bréf um það efni, sem kemur fram í nál. hv. minni hl.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir lækkun fyrninga atvinnurekstrar með því að afnema verðstuðulsfyrningu og draga verulega úr flýtifyrningu. Í sambandi við 10% ákvæði um flýtifyrningarheimild, sem er í þessu frv., vil ég sérstaklega taka það fram, að 10% fyrningarákvæðið á að koma í stað 30% flýtifyrningarheimildarinnar áður, þannig að þeir, sem þegar hafa notað meira en 10% flýtifyrningu, geta ekki flýtifyrnt samkv. ákvæðum þessara laga, en þeir, sem hafa nýtt flýtifyrningu innan við 10%, geta haldið áfram þangað til þeir ná 10%, um 2% á ári. En vitanlega þurfa þeir, sem þegar hafa flýtifyrnt meira, ekki að bakfæra það sem þegar hefur verið gert. Gert er ráð fyrir að heildarlækkun fyrninganna valdi tekjuskattshækkun hjá atvinnurekstrinum upp á 2360 millj. á næsta ári.

Tekjuskattur fyrirtækja er hækkaður, prósentan, úr 53% upp í 65%, sem veldur 1200 millj. kr. skattahækkun að því er talið er, en þar á móti er skyldusparnaðarákvæðið fellt niður, þannig að það jafnar sig út. Eignarskattur er hækkaður. Þar er talið að nokkuð sé gengið í svipaða átt og gert er ráð fyrir í lögum þeim um tekju- og eignarskatt sem samþ. voru á síðasta vori og í gildi eiga að ganga nú um áramótin og koma til framkvæmda við skattlagningu 1980. Þessi upphæð er sem sagt 1200 millj. Síðan kemur sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði að upphæð 550 millj. og nýbyggingagjald að upphæð 300 millj. Samtals er þessi upphæð því 5610 millj., en þar frá dregst raunverulega 1200 millj. kr. skyldusparnaður, ef miða skal við árið í ár.

Það hefur komið fram, að ef 8% hækkun á kaupi, sem orðið hefði 1. des. samkv. kjarasamningum ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar, hefði komið að fullu til framkvæmda, þá hefði það þýtt 24-27 milljarða kr. útgjaldaaukningu fyrir atvinnureksturinn í landinu. Hinn 1. sept. var einnig dregið úr kauphækkunum miðað við þá kjarasaminga, sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu gert, um álíka mikla upphæð. Þarna mun því vera um 50 milljarða kr. upphæð að ræða. Úr þessu var dregið vegna ráðstafana núv. ríkisstj. Mér finnst það því koma úr hörðustu átt þegar atvinnurekendur segja að þessi ríkisstj. sé einhver sérstakur óvinur atvinnurekstrarins í landinu vegna þess að þarna komi á móti um 5 milljarða kr. skattahækkun til þess að ná þeim markmiðum að draga úr útgjaldaaukningu sem annars hefði orðið samkv. þeim kjarasamningum sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu.

Ég gleymdi að geta þess í sambandi við skatta einstaklinga, að nú hefur verið ákveðið að skattvísitalan hækki að mestu leyti í samræmi við kaupgjald, þ. e. a. s. verði 150 stig. Hún hefði átt að vera 151, ef að fullu hefði verið í samræmi við hækkun kaupgjalds, en á þessu ári gilti það, að hún hækkaði í samræmi við verðlag við álagningu þessa árs. Ef þeirri reglu hefði verið fylgt nú, hefði skattvísitalan aðeins átt að hækka í 143 stig. Þarna munar vitanlega mjög miklu. Er talið að muni um 500 millj. fyrir hvert stig, þannig að þarna er um að ræða 3500 millj. kr. skattalækkun einstaklinga miðað við að reglu fyrrv. ríkisstj. hefði verið fylgt.

Ég vil því leggja áherslu á að talið um skattpíningu og skattahækkun gagnvart einstaklingum og um óvild þessarar ríkisstj. gagnvart atvinnuvegunum er alrangt, enda vitum við að atvinnureksturinn í sjávarútvegi var að stöðvast í byrjun sept., en hélt þá áfram vegna þeirra aðgerða sem þá var gripið til.

Ég skal svo ekki að sinni fara frekar út í þetta mál. Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. mun skila séráliti. Geir Gunnarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Það var í upphafi gert samkomulag um það milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu, að meginumr. um skattamálin færu fram í hv. Nd. Hins vegar hafði engan óraði fyrir því, að Ed. yrði ætlaður svo skammur tími til þessara umr. sem raun er á orðin. Engu að síður höfum við enn sem fyrr reynt að teygja okkur til að auðvelda störf Alþ. við þær aðstæður sem nú hafa ríkt og eru auðvitað með endemum. Við höfum orðið að bíða hér dögum saman horfandi á þá Alþfl.-menn eyða tíma sínum í að reyna að fullnægja sjálfsblekkingarhvöt sinni, sem þeim hefur bærilega tekist að mér sýnist.

Ég hafði ekki hugsað mér að taka upp almenna póli-

tíska umræðu á þessum fundi, enda mundi þá skammt komast áfram ef við upphæfum miklar almennar umr. um efnahagsmálin. En að gefnu tilefni frá frsm. meiri hl. kemst ég þó ekki hjá að eyða örfáum mínútum að því efni.

Hann sagði að ríkisstj. hefði tekist að auka kaupmátt launþega verulega. Ég get á það fallist, að e. t. v. sé rétt að kaupmáttur sé örlítið hærri þessa dagana en hann mundi hafa orðið ef febrúarlögin hefðu fengið að halda gildi sínu. En ég fellst hins vegar ekki á að það sé neitt sem vera muni til frambúðar. Þá ályktun dró ég af upplýsingum sem t. d. forustumenn Þjóðhagsstofnunar gáfu á fundi hv. fjh.- og viðskn., að það væri verið að reyna nú að halda kaupmætti 4-5% hærri en hann hefði orðið samkv. febrúarlögunum, en það væri engin vissa fyrir því, að það mundi takast. Þessi 4-5% kosta allar þær gífurlegu álögur og tilfærslur í þjóðfélaginu sem við höfum séð, bæði í sept. og svo aftur í des. Skoðun mín er sú, að því miður muni kaupmátturinn verða miklu, miklu lakari fyrir þær aðgerðir, sem búið er að gera og verið er að gera, en hann hefði getað orðið ef ekkert af þessu hefði verið gert, heldur eingöngu búið við aðstæður eins og þær voru á liðnu vori.

Ef hér upphefjast almennar umr. um þetta, þá hljótum við stjórnarandstæðingar auðvitað að taka þátt í þeim og hrekja gersamlega órökstuddar staðhæfingar eins og þær sem hv. þm. Jón Helgason hélt fram áðan. Hann talaði um að það væri rangnefni að hér væri um skattpíningu að ræða. Mér er næst að halda að þessi hv. þm. sé eini maðurinn á landinu sem blygðunarlaust heldur slíku fram. Það veit landslýður allur, að hér er um meiri skattpíningu að ræða en við Íslendingar höfum áður þekkt, og um það þarf ekkert að deila. En svo kemur hann með þá skýringu, að „kaupránið", sem svo hefur verið nefnt, annars vegar 1. des. og hins vegar 1. sept., hafi ekki verið neinir smámunir, því að 8%, sem tekin hafi verið af launþegum, hafi létt af atvinnuvegunum 24 milljörðum kr. í launagreiðslum, og viðbótaraðgerðirnar í sept. og þær. sem er verið að gera núna, — mér skildist að allt þetta mundi vera hvorki meira né minna en 50 milljarða kr. kauprán. Það er ekkert smáræði. Og svo bætast allir skattarnir í ofanálag. Þetta eru ekki orð mín, ég bið hv. dm. að taka rækilega eftir því, þetta eru ekki mínar skoðanir, mínar fullyrðingar, — þetta eru fullyrðingar hv. frsm. meiri hl. Hann sagði þetta hér, að aðgerðirnar í des. — 8% — hefðu þýtt það, að atvinnuvegunum hefðu — (**JH:** Fulltrúi Verslunarráðsins sagði það.) Fulltrúi Verslunarráðsins, nú jæja, við skulum segja að þeir eigi það sammerkt að halda þessu fram, en 50 milljarðana nefndi þó formaður fjh.- og viðskn., en ekki fulltrúi Verslunarráðsins. (**JH:** Út frá þeirri tölu.) Út frá þeirri tölu. Hann sem sagt fullyrti að „kaupránið" svonefnda — við skulum hafa það í gæsalöppum — hafi numið 50 milljörðum kr. Það er þó alla vega fullyrðing frsm. meiri hl. og formanns fjh.- og viðskn., því að „út frá þeirri tölu", segir hann, það var hans fullyrðing, en ekki tala neins manns annars. Og hann sagði: Af þessu mega menn sjá, að það er engin óvild gagnvart atvinnuvegunum. Það er alröng staðhæfing, sagði hann. Þessi ríkisstj. hefur ekki haft minnstu óvild gagnvart atvinnuvegunum. — Og það rökstuddi hann með þessum tölum. Þetta er staðfest og þeir, sem hér voru inni að hlusta á hann, vita þetta allir. Það er ekki hægt að mótmæla þessu. Ég mundi ekki halda því fram, að kaupránið hafi verið svona mikið. En ef út í svona umr. á að fara, þá höldum við auðvitað áfram til kvölds. Þegar gripnar eru gersamlega úr lausu lofti staðhæfingar um að hér sé verið að létta af sköttum og annað í þeim dúrnum og verið að stórauka kaupmátt, þá förum við auðvitað út í tölurnar og efnislegar umr. um þetta allt saman, og þá verður engu þingi frestað á morgun, ég sé ekki fram á það.

En ég var búinn að fallast á að byrja ekki á að upphefja slíkar umr. og mun ekki gera það. Ég mun standa við orð mín þrátt fyrir þessi ummæli. Ég held að það hafi nú kannske ekki verið hugsun þessa ágæta formanns fjh.- og viðskn. að upphefja slíkar umr. Þessi tvö atriði hafa kannske dottið út úr honum. Samstarfið í þessari n. og þessari d. hefur verið með slíkum ágætum að við þurfum kannske ekki að fara mjög mikið að munnhöggvast, en ég komst ekki hjá að svara þessu.

Í einu orði má kannske segja að þessi stefna, sem ríkisstj. hefur markað og við frsm. höfum verið að lýsa — og það er reynt að réttlæta hana með því að nauðsynlegt sé að gera þetta og hitt til þess að veita verðbólgu viðnám, eins og það er kallað — sé svo tvíátta og fálmkennd að verðbólgan muni æða áfram með meiri hraða kannske en áður samhliða minnkandi framkvæmdum, atvinnuleysi og versnandi lífskjörum. Það er sú raunverulega staðreynd sem við sjáum fram á. Og því miður er það sannfæring mín, að svo muni þetta fara, og ég hefði auðvitað mjög gjarnan viljað forða þjóðinni og líka hæstv. ríkisstj. frá því að bera ábyrgð á slíkum ósköpum.

Aðvaranir fyrirsvarsmanna atvinnuveganna, sem hv. frsm. meiri hl. vildi gera lítið úr og taldi nánast að væru út í bláinn, eru ekkert smáar í sniðum. Það kom nefnilega inn á fundinn til okkar bréf frá Sambandi fiskvinnslustöðvanna, sem mun ná til allra greina fiskvinnslunnar á landinu, og meiri hl. vildi yfirleitt ekkert hafa með þá aðvörun að gera frekar en aðra. En þar sem þetta er nýtt skjal og hv. dm. hafa sjálfsagt ekki heyrt það og þjóðin þekkir það sjálfsagt ekki, þó að hún fái það kannske í blöðunum á morgun, þá ætla ég að leyfa mér — með leyfi forseta — að lesa upp þessa síðustu aðvörun til stjórnarinnar, þó að ég viti raunar að það muni lítinn árangur bera, hún muni berja höfðinu við steininn. En bréf þetta, sem er dags. í dag, hljóðar svo:

„Samband fiskvinnslustöðvanna vill hér með leyfa sér að vekja athygli yðar" — þetta er stílað til alþm. — á þeirri erfiðu rekstrarstöðu sem fiskvinnslufyrirtæki búa við um þessar mundir.

Samkv. athugun sem Samband fiskvinnslustöðvanna hefur gert, mun tap fiskvinnslunnar í okt. s. l. ekki hafa numið 0.8% af tekjum, eins og opinber gögn greina, heldur milli 3 og 4%. Veldur hér mestu að mati sambandsins hversu fjármagnskostnaður hefur verið vanmetinn. Með launahækkunum þeim, er urðu 1. des. s. l., jókst þetta tap upp í 5-6% af tekjum. Ef að líkum lætur mun fiskverð hækka verulega í janúar n. k., en útgjöld vegna hráefniskaupa eru um helmingur allra útgjalda greinarinnar, og skiptir því miklu hvernig að fiskverðsákvörðun er staðið. Sú mikla verðhækkun sjávarafurða, sem nú hefur orðið í Bandaríkjunum, mun því vart ná að halda í horfinu eða m. ö. o., mun tap fiskvinnslunnar áfram verða milli 5 og 6% þrátt fyrir áætlaða aukningu tekna frystingarinnar um rúm 4%. Vandi saltfisks- og skreiðarframleiðenda yrði mun meiri.

Langvarandi taprekstur fiskvinnslufyrirtækja hefur leitt til sífellt versnandi lausafjárstöðu þeirra og því er

afar mikilvægt að allar ákvarðanir, er snerta hag fiskvinnslunnar, verði til að bæta hag greinarinnar, en ekki öfugt.

Rétt er að taka fram, að stjórnvöld hafa nú orðið að hluta við kröfum Sambands fiskvinnslustöðvanna um niðurfellingu aðflutningsgjalda af rekstrarvörum til fiskvinnslunnar. Hins vegar hafa sömu stjórnvöld lagt fyrir Alþ. frumvörp til laga þar sem gert er ráð fyrir að skattar á atvinnufyrirtæki verði stórlega auknir, sérstaklega á framleiðslufyrirtæki.

Með tilvísun til framanritaðs vill Samband fiskvinnslustöðvanna leyfa sér að mótmæla innihaldi tekjuöflunarfrv. ríkisstj. og væntir stuðnings yðar í því máli, þar sem gildistaka þeirra mun hindra eðlilega endurnýjun í atvinnugreininni og þar með nauðsynlega framleiðniaukningu." — Síðan er þetta undirskrifað.

Þetta bréf talar auðvitað fyrir sig sjálft. Þetta er meginatvinnuvegur okkar, sem telur að sér sé sérstaklega íþyngt með þessum ráðstöfunum. Þetta er sá atvinnuvegur sem svo annað veifið er sagt að eigi að styrkja með einum hætti og öðrum. En það er eins og ég sagði áðan, að allt er þetta svo fálmkennt og tvíátta að það getur ekki leitt til eins eða neins góðs.

En sem sagt, herra forseti, ég ætla að gera tilraun til þess að umr. falli í það form að við förum ekki út í mjög langa fundi og læt máli mínu lokið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:6 atkv.
2.-7. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 11:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:6 atkv.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 188, n. 282 og 286). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði áðan, að við höfum skamman tíma til umráða og því ekki hægt að fara út í miklar rökræður um þessi mál nú. Ég vil þó aðeins, vegna þess að hér er á ferðinni annað frv. til tekjuöflunar, leyfa mér að leiðrétta það hjá honum, að það þurfi endilega að vera, þegar verið er að reyna að berjast gegn verðbólgunni, að hver taki frá öðrum. Ég held að þetta sýni miklu frekar það, hvernig allir geta grætt á því að reyna að halda verðbólgunni niðri. Hygg ég að þar séum við hv. 5. þm. Norðurl. v. algerlega sammála, að það, sem allir eða flestir muni græða á, sé að reyna að draga úr verðbólgunni.

Hins vegar er það óneitanlegt, að sumir hafa grætt á verðbólgunni í þjóðfélagi okkar og þegar hún verður varanleg, þá læra ýmsir að græða á henni. Sérstaklega eru það þó þeir sem fá lán til þess að leggja í miklar framkvæmdir sem verðbólgan greiðir síðan niður fyrir þá. Það er m. a. af þeim ástæðum að farið hefur verið inn á þá leið að flytja frv. til l. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem hér er til umr. og fjh.- og viðskn. hefur fjallað um.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Vegna þess, sem stendur í 1. gr. frv., vil ég sérstaklega taka það fram, að til mun vera í lögum að bankar séu undanþegnir skattskyldu, en ætlast er til að þessi lög taki slíka skattskyldu af.

Meiri hl. n. leggur sem sagt til að frv. sé samþ. óbreytt, en minni hl. skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. sem hér er til umr. Meiri hl., fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að frv. verði samþ., en minni hl., fulltrúar Sjálfstfl., leggur til að frv. verði fellt.

Frv. þetta er einn liður í hinni óstjórnlegu skattheimtustefnu núv. stjórnarflokka, en þessi skattáþjánarstefna þeirra er fyrir löngu komin langt fram yfir þau mörk sem eðlileg og sanngjörn skattheimta í lýðfrjálsu landi á að byggjast á. Ef svo heldur áfram sem nú horfir í skattaálögum núv. ríkisstj. verður ekki um eðlilega skattheimtu að ræða, heldur almenna eignaupptöku.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:6 atkv.
2.-9. gr. samþ. með 12:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:5 atkv.

Nýbyggingagjald, frv. (þskj. 189, n. 283 og 287). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um nýbyggingagjald sem kveður á um að leggja skuli sérstakt gjald á nýbyggingar, öll mannvirki önnur en íbúðarhúsnæði. N. varð ekki sammála um þetta frv. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., fulltrúar Sjálfstfl., leggur til að þetta frv. verði fellt. Í þessu sambandi viljum við benda á að almennt óttast menn að atvinna við byggingarframkvæmdir í landinu muni fara mjög minnkandi á næstunni. Veldur slíku almennur fjárskortur og sívaxandi rekstrarerfiðleikar atvinnuveganna. Með slíkar aðstæður fyrir sjónum nær það engri átt að af hálfu hins opinbera sé verið að stofna til nýrrar áður óþekktrar skattheimtu, sem vitað er, að hefur þær einar afleiðingar að skerða stórlega atvinnumöguleika almennings.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:6 atkv.
2.-9. gr. samþ. með 12:6 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:6 atkv.

Efri deild, 48. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., að loknum 47. fundi.

Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, frv. (þskj. 188). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 299).

Nýbyggingagjald, frv. (þskj. 189). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 300).

Heimild til lántöku vegna lánsfjáráætlunar 1978, frv. (þskj. 289). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978, en þetta frv. kemur frá Nd.

Í raun og veru er hér fyrst og fremst um að ræða ákvarðanir í sambandi við lánsfjáráætlun þessa árs, — að mestu ákvarðanir sem fyrrv. ríkisstj. tók á sínum tíma og nauðsynlegt er að gangi fram.

1. gr. frv. fjallar um það, að fjmrh. f. h. ríkissjóðs sé heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán er Akureyrarbær tekur að fjárhæð allt að 4.8 milljörðum kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á hitaveituframkvæmdum. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem fjmrh. ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana og vaxta og annars kostnaðar.

Þessar framkvæmdir á Akureyri, sem hafa staðið lengi yfir, eins og hv. þdm. er kunnugt um, hafa verið fjármagnaðar með bráðabirgðalánum fyrir milligöngu Landsbanka Íslands, og menn hafa beðið eftir hentugu tækifæri til þess að ganga frá langtímaláni í sambandi við þessa framkvæmd. Þetta tækifæri hefur nú boðist og Landsbankinn mun að líkindum sjá um þessa lántöku. Hér er leitað heimildar til þess að ríkissjóður ábyrgist með sjálfskuldarábyrgð þessa fyrirhuguðu lántöku. Þetta er ekki nýlunda að neinu leyti, að ríkissjóður ábyrgist slíkar lántökur. Það hefur verið gert áður, t. d. í sambandi við Hitaveitu Suðurnesja, og fleiri dæmi mætti nefna í því sambandi. Ekki þarf að hafa mörg orð um það, að hitaveituframkvæmdirnar eru í raun og veru forgangsframkvæmdir hjá okkur í kapphlaupinu við olíukreppuna og hækkun á orkuverði.

2. gr. fjallar um það, að fjmrh. sé f. h. ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast allt að 230 millj. kr. lán fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna á árinu 1978, og er þetta viðbótarheimild. Málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna hafa fram að þessu verið fjármögnuð með greiðslum úr ríkissjóði í samræmi við þær fyrirætlanir sem samþykktar voru við seinustu fjárlagaafgreiðslu, og þessi heimild, sem hér er sótt um lögfestingu á, allt að 230 millj. kr. lán, er til þess að ganga endanlega frá þessu máli.

3. gr. fjallar um það, að fjmrh. sé f. h. ríkissjóðs heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 er nemi allt að 4000 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Í lögum um heimild til erlendrar lántöku fyrir árið 1978 nam erlend lántaka alls 4 milljörðum 866 millj. kr. Þessa heimild er nauðsynlegt að hækka um 4000 millj. kr. vegna þess að lántökur innanlands verða 2.5 milljörðum kr. minni en áætlað var svo og vegna meiri umsvifa á árinu en ráðgerð voru.

Á miðju ári 1978 var lánsfjáráætlun ríkisstj. endurskoðuð. Sú endurskoðun fól m. a. í sér 2110 millj. kr. hækkun lánsfjármagnaðra framkvæmda. Hækkun þessa var áformað að fjármagna með útgáfu ríkisskuldabréfa til sölu innanlands að fjárhæð 1500 millj. kr., 500 millj. kr. erlendri lántöku og 110 millj. kr. lántöku hjá Framkvæmdasjóði Íslands vegna hönnunar Bessastaðaárvirkjunar. Á árinu 1978 yfirtók Fiskveiðasjóður lántökuheimild ríkissjóðs að upphæð 1 milljarður kr. Ætlast var til að ríkissjóður fengi á móti sömu fjárhæð af sölu skuldabréfa Framkvæmdasjóðs til lífeyrissjóðanna. Kaup lífeyrissjóðanna hafa hins vegar ekki gengið fram svo sem áætlað var og þar af leiðir nauðsyn á lántökuheimild. Þá er að geta lántökuheimilda í tengslum við Rafmagnsveitur ríkisins, alls 631 millj. kr., en sú fjárhæð greiðist þannig:

Skuld byggðalína við RARIK 259 millj. kr., skuld Orkusjóðs við RARIK vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum 77 millj. kr. og almennur rekstrarhalli fyrirtækisins að upphæð 295 millj. kr. Loks er að geta láns að upphæð 90 millj. kr. vegna grasköglaverksmiðja.

Í Nd. kom inn viðbót við 3. gr. á þá leið, að fjmrh. f. h. ríkissjóðs eða Póst- og símamálastofnunarinnar væri heimilt að taka lán til byggingar jarðstöðvar og sjálfvirkrar millilandasímstöðvar er nemi allt að 1550 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Í upphaflegri lánsfjáráætlun voru Pósti og síma ætlaðar 370 millj. kr., eða um 1.7 millj. dollarar, vegna jarðstöðvar á árinu 1978. Kostnaðaráætlun er hins vegar sem hér segir fyrir framkvæmdirnar í heild, bæði á þessu og næsta ári: Jarðstöð við Úlfarsfell 5.1 milljarður, hluti Mikla norræna ritsímafélagsins 1.8, mismunur 3.3 milljarðar. Millilandasímstöð við Suðurlandsbraut 2.4 milljarðar, húshluti Suðurlandsbraut 0.9 milljarðar. Samtals eru þetta 6.6 milljarðar. Lánsheimild, sem þegar er til í

lögum, er 1.7 milljarðar, og þess vegna verður þörf á viðbótarlánsfjárheimild nálægt 1550 millj. kr. Þessi framkvæmd hefur sem sé gengið fram á annan veg en ætlast var til þegar lánsfjáráætlun var gerð fyrir yfirstandandi ár. En í þessum efnum standa menn frammi fyrir gerðum hlutum og ekki um annað að ræða en ganga þannig frá þessum málum, að hægt verði að standa við samninga sem þegar hafa verið gerðir í sambandi við þessa framkvæmd.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Sameinað þing, 40. fundur.

Fimmtudaginn 21. des., kl. 2 miðdegis.

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 241). — Ein umr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég þarf eiginlega engin orð að hafa um þessa þáltill., hún skýrir sig sjálf. Hún er að öllu leyti í samræmi við hliðstæðar þáltill. á fyrri þingum. Það er ekki venja og hefur ekki verið venja að vísa till. sem þessari til nefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 280).

Fundi frestað til kl. 9.30 síðdegis.

Fjárlög 1979, frv. (þskj. 226, n. 253, 254, 269, 271, 279, 292, 293).

Afbrigði um brtt. 269, 271, 279, 292 og 293, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Síðan 2. umr. um fjárlagafrv. lauk hefur fjvn. haft frv. til umfjöllunar og rætt á nokkrum fundum þau málefni sem látin voru bíða 3. umr. Eins og kunnugt er hafa verið til afgreiðslu hér á hv. Alþ. frv. sem varða teknahlið fjárlagafrv., og á fund fjvn. s. l. mánudagskvöld kom forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og fulltrúi hans og gerðu n. grein fyrir endurskoðun tekjuáætlunar fjárlagafrv. fyrir árið 1979, þar sem lögð eru til grundvallar þau frv. til tekjuöflunar sem verið hafa til meðferðar á Alþ. og meiri hl. fjvn. tók fram í nál. fyrir 2. umr. að lögð verði til grundvallar till. hans við 3. umr. um tekjuhlið væntanlegra fjárl. fyrir næsta ár. En í grg. Þjóðhagsstofnunar segir m. a. svo um þjóðhagsforsendur 1979, með leyfi hæstv. forseta:

„Forsendur um vöxt þjóðarframleiðslu og tekna og breytingar þjóðarútgjalda á næsta ári eru í aðalatriðum óbreyttar frá fjárlagafrv. Um nánari atriði í þessum efnum vísast til rits Þjóðhagsstofnunar, Úr Þjóðarbúskapnum, nr. 9 5. des. 1978, en þar kemur fram, að reiknað er með 1-1.5% aukningu þjóðarframleiðslu og tekna á árinu 1979, en um 1% aukningu almennra þjóðarútgjalda og svipaðri aukningu innflutnings að magni. Á þessum forsendum yrði ekki halli á viðskiptum við útlönd á næsta ári."

Breytingar á tekjuhlið fjárlagafrv. vegna lögfestingar þeirra frv., sem varða tekjuhlið fjárlagafrv. og til umr. hafa verið hér á hv. Alþ., eru í stórum dráttum þessar:

Í stað eignarskattsauka í brbl. hækkar eignarskattshlutfall einstaklinga úr 0.8% í 1.2% og félaga úr 0.8% í 1.6% og verða ekki breytingar á tekjum ríkissjóðs af þessum sökum.

Í stað atvinnurekstrarskatts í 10. gr. brbl. kemur afnám verðstuðulsfyrninga, afnám flýtifyrningar á fasteignum og lækkun flýtifyrningahlutfalls úr 30% í 10%. Þessar ráðstafanir auka tekjur ríkissjóðs um 400 millj.

Hátekjuskattur samkv. 9. gr. brbl. fellur niður, en tekjur af honum voru áætlaðar 600 millj. kr.

Skattvísitala hækkar úr 143 stigum í 150 stig miðað við 100 stig 1978. Skattalækkun af þeim ástæðum miðað við fjárlagafrv. nemur 2500 millj.

Sjúkratryggingagjald, 2%, breytist í tvö þrep, 1.5% og 2% auk þess sem heimilað verður að ónotaður persónuafsláttur megi ganga til greiðslu sjúkratryggingagjalds. Þessar breytingar varðandi sjúkratryggingagjald valda lækkun þess á næsta ári um 1450 millj. kr.

Í sjötta lagi er skyldusparnaði einstaklinga breytt í 50% skattþrep, en það eykur tekjur ríkissjóðs um 1850 millj.

Í sjöunda lagi kemur hækkun skattahlutfalls félaga úr 53% í 65% í stað skyldusparnaðar félaga sem fellur niður. Tekjuskattsauki ríkissjóðs nemur 1200 millj. kr.

Í áttunda lagi eykur hækkun á mati á eigin húsaleigu til tekjuskatts tekjur ríkissjóðs um 800 millj. kr.

Í níunda lagi er vörugjald hækkað úr 16% í 18% og nemur hækkun tekna ríkissjóðs af þessari breytingu 1150 millj. kr.

Í tíunda lagi er lagt sérstakt nýbyggingagjald á húsbyggingar aðrar en íbúðarhúsnæði. Sá skattur nemur 300 millj. kr.

Í ellefta lagi er skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, 1.4% af fasteignamati, sem eykur tekjur ríkissjóðs á næsta ári um 550 millj. kr.

Í tólfta lagi nemur hækkun flugvallagjalds 350 millj. kr.

Heildarhækkun á tekjuhlið fjárlagafrv. af þessum ákvörðunum nemur 2050 millj. kr.

Á grundvelli þeirra breytinga, sem felast í þeim frumvörpum sem fyrir Alþ. hafa legið og varða tekjuhlið frv., svo og með hliðsjón af áætlun Þjóðhagsstofnunar um aðra tekjuliði flytur meiri hl. n. á þskj. 271 brtt. við tekjuhlið frv. Auk þess sem hér hefur verið getið og varðar breytingar á beinum sköttum er þess að geta, að í brtt. um tekjuhlið frv. er gert ráð fyrir lækkun innheimtra gjalda af innflutningi um 1113 millj. kr. frá áætlun í fjárlagafrv., en um þessa breytingu segir m. a. svo í forsendum Þjóðhagsstofnunar fyrir endurskoðun tekju-

áætlunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Endurskoðuð áætlun fyrir árið 1979 skilar hins vegar minni tekjum en gert var ráð fyrir í frv. þrátt fyrir nokkru hærra verð á erlendum gjaldeyri. Þetta stafar fyrst og fremst af því, að áhrif tollabreytinga um áramót eru nú talin meiri en áður í samræmi við nýja athugun á líklegum áhrifum þeirra á næsta ári og áhrifum tollbreytinga undangengin ár. Í heild er tollhlutfall innflutnings án bíla og olíu talið lækka úr 12.5% í ár í 11% á næsta ári, en það hefur í för með sér 2.5 milljarða kr. tekjutap á desemberverðlagi, þar af e. t. v. um 400-500 millj. kr. vegna tollalækkana gagnvart löndum utan EFTA og EBE. Í áætlun fjárlagafrv. var samsvarandi tolltekjutap ríkissjóðs vegna lækkunar tollhlutfalls 1979 talið 1600-1700 millj. kr. Þá má nefna sem skýringu á lækkun aðflutningsgjalda í áætlun, að nú er reiknað með töluvert meiri olíuinnflutningi en áður og stofn almennra aðflutningsgjalda er því lægri sem þessu nemur. Loks má nefna að með hliðsjón af bílainnflutningi á þessu ári og hugmyndum um næsta ár er reiknað með að hlutfall tolla og leyfisgjalda af innflutningi bíla lækki heldur, og raunar hefur leyfisgjaldahlutfall farið lækkandi að undanförnu, sem stafar af breytingu á samsetningu bílainnflutnings.

Innheimta almennra aðflutningsgjalda er nú áætluð 29.3 milljarðar kr. eða einum milljarði minni en í frv.-áætlun. Við áætlun um innheimtu bensíngjalds og gúmmígjalds er gert ráð fyrir að frá 1. jan. 1979 verði bensíngjald hækkað úr 48.40 kr. í 59 kr. samkv. gildandi heimildum, en síðan er ekki gert ráð fyrir frekari hækkun. Innflutningsgjald af bílum hefur við endurskoðun tekjuáætlunar verið lækkað um 100 millj. kr. vegna lækkandi gjaldhlutfalls. Tekjur af jöfnunargjaldi eru áætlaðar um 1000 millj. kr. á næsta ári. Heildarinnheimta gjalda af innflutningi er nú áætluð 42.5 milljarðar samanborið við 43.6 milljarða í frv. og nemur lækkunin 1113 millj. kr."

Til þess að mæta útgjaldaaukningu vegna þeirra brtt. fjvn., sem samþykktar voru við 2. umr., og þeirra útgjaldatill., sem meiri hl. fjvn. flytur við þessa umr., en tryggja jafnframt það markmið fjárlagaafgreiðslunnar, að ríkissjóður verði rekinn greiðsluhallalaust í 16 mánuði frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum, jafnframt því sem væntanlega verður verulega greidd niður skuld ríkissjóðs við Seðlabankann, flytur meiri hl. fjvn. á þskj. 271 ýmsar till. um lækkun útgjaldahliðar svo og till. um heimildarákvæði í 6. gr., þar sem ríkisstj. verður heimilað að lækka ríkisútgjöld á árinu 1979 um allt að 1000 millj. kr. Brtt. meiri hl. n. til lækkunar útgjaldaliða eru þessar:

Lagt er til að liðurinn Uppbætur á lífeyri lækki úr 3 milljörðum 585 millj. 39 þús. kr. í 3 milljarða 351 millj. 39 þús. eða um 234 millj. kr., en eins og fram kemur í grg. fjárlagafrv. er í heildarútgjaldatölunni innifalin greiðsla á eftirstöðvum af uppbótum á lífeyri 468 millj. 545 þús. kr. Er með till. þessari gert ráð fyrir að greiðslu eftirstöðvanna verði skipt á tvö ár.

Þá er á sama hátt lagt til að greiðsla á halla Vátryggingasjóðs fiskiskipa eftir eldra kerfi verði skipt á tvö ár í stað þess að greiða hann allan á næsta ári, eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., og þá lækki liðurinn Vátryggingarsjóður fiskiskipa um 68 millj. kr. Enn fremur er á þskj. 271 lagt til, að liðurinn Verðuppbætur á línufisk lækki úr 80 millj. kr. í 40 millj.

Hjá menntmrn. er lagt til að liðurinn grunnskólar almennt, viðfangsefni: Laun kennara sem orlof fá, lækki um 60 millj. kr. Þessi laun verða þá greidd af skólunum sjálfum, en ætlunin er að spara á öðrum liðum skólahalds um 5-10 millj. kr. í hverju fræðsluumdæmi, ámóta upphæð og orlof kennara í viðkomandi fræðsluumdæmi nemur og fjárhæðir vegna orlofsins verði þá ekki lengur greiddar af liðnum Grunnskólar, eins og verið hefur, að því er nemur þessum 60 millj.

Hjá sjútvrn. er lagt til að fjárlagaliðurinn Hafrannsóknastofnun, Baldur, rannsóknaskip, lækki um 100 millj. kr. í 222 millj. 530 þús., þ. e. a. s. laun um 20 millj., önnur rekstrargjöld um 60 millj. og viðhald um 20 millj., en þetta skip hefur ekki enn þá verið tekið í notkun.

Hjá dóms- og kirkjumálarn. er lagt til að lækkaðir verði eftirtaldir liðir hjá Landhelgisgæslu: Ægir lækki um 16 millj., Óðinn um 15 millj., Þór um 14 millj. og Árvakur um 85 millj. Er þá gert ráð fyrir að kostnaður vegna þriggja fyrst töldu skipanna lækki með þeim hætti, að ekki verði ráðnar skiptiáhafnir vegna fría, en enn meir verði dregið úr rekstri hjá Árvakri. Þessar lækkanir hjá Landhelgisgæslu nema samtals 130 millj. kr. Á hinn bóginn er gerð till. um að hjá dómsmrn. hækki liðurinn Bygging lögreglustöðvar um 10 millj. kr. vegna innréttingar á matstofu, svo að unnt verði að uppfylla ákvæði í kjarasamningum starfsmanna um mötuneytisþjónustu. Einnig er lagt til að framlag til Rannsóknarlögreglu ríkisins hækki um 10 millj. kr. vegna aukinna starfa við bókhaldsrannsóknir.

Þá er gerð till. um að liðurinn Ýmis löggæslukostnaður, lögreglubifreiðar, hækki um 10 millj. kr., en þó verði ekki um greiðslu þessarar upphæðar að ræða fyrr en séð verði í árslok, að um fyrirhugaðan sparnað hafi verið að ræða í samræmi við það sem hér er lagt til.

Hjá heilbr.- og trmrn. er lagt til að útgjöld til lífeyristrygginga almannatrygginga lækki um 100 millj. kr. Er það í samræmi við breyttan verðgrundvöll frá því sem áætlað var í fjárlagafrv., en þar var gert ráð fyrir að hækkun verðbótavísitölu 1. des. yrði 7½% í stað 6.12% sem raun varð á.

Hjá samgrn. er lagt til að liðurinn Ferðamál, þ. e. a. s. Ferðamálaráð, lækki um 28 millj. 840 þús., þ. e. a. s. laun um 22 millj. 619 þús. og önnur rekstrargjöld um 6 millj. 221 þús. Á hinn bóginn er svo lagt til að í B-hluta komi Ferðamálaráð sem sérstakur liður og tekjur þess frá Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli verði skertar um 15.4 millj., þ. e. a. s. um 10%, á árinu 1979.

Hjá forsrn. er lagt til að útgjöld hjá embætti Húsameistara ríkisins verði lækkuð um 20 millj. 275 þús. kr. Annars vegar er um að ræða tvær stöður sem felld er niður fjárveiting til, en þær hafa ekki verið setnar, og hins vegar er um að ræða leiðréttingu á vanáætlun tekna um 12.5 millj. kr.

Hjá iðnrn. er lagt til að eftirtaldir fjárlagaliðir lækki: Hjá Iðntæknistofnun Íslands, önnur rekstrargjöld um 10 millj. og gjaldfærður stofnkostnaður um 5 millj. Hjá Orkustofnun er gert ráð fyrir sparnaði á öðrum rekstrargjöldum um 50 millj. Hjá Rafmagnseftirliti ríkisins lækki önnur rekstrargjöld um 10 millj. og gjaldfærður stofnkostnaður um 5 millj. Og hjá Orkusjóði lækki lán til hitaveituframkvæmda um 20 millj. kr.

Kem ég þá að till. meiri hl. fjvn. um hækkanir á útgjaldaliðum.

Lagt er til, að liðurinn Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd hækki um 4 millj. 250 þús. kr. Er í fyrsta lagi um að ræða leiðréttingu frá frv. um 3 millj. og hækkun á framlagi til líffræðirannsókna í Þingvallavatni um 2.5 millj., en sá kostnaður er að hálfu leyti endurgreiddur frá Landsvirkjun. Verður heildarhækkun liðarins þá 4 millj. 250 þús. kr.

Þá var einnig eftir að afgreiða framlög ríkisins til stofnkostnaðar menntaskóla og er lagt til að framlag til Menntaskólans á Ísafirði hækki um 40 millj. kr. og til Menntaskóla á Austurlandi um 40 millj. Till. er gerð um hækkun liðarins Jöfnun námskostnaðar um 15 millj. kr. Gerð er till. um að liðurinn Fullorðinsfræðsla, Bréfaskólinn, hækki um 2 millj. kr.

Þá er á þskj. 271 till. um að verja 12 millj. kr. til að koma fyrir lyftu í Þjóðminjasafni. Er þar fyrst og fremst um að ræða bætta aðstöðu fyrir fatlaða.

Lagt er til að framlag til listasafna hækki úr 4 millj. kr. í 6 millj. Er sú hækkun ætluð Listasafni Alþýðusambands Íslands.

Þá gerir meiri hl. fjvn. till. um 3 millj. kr. framlag til þess að tryggja forseta FIDE húsnæði og aðstöðu vegna embættis síns.

Enn fremur leggur meiri hl. fjvn. til að liðurinn Aðstoð við þróunarlönd hækki um 31 millj. kr., þar af 11 millj. vegna Grænhöfðaeyja, og nemur þá Aðstoð við þróunarlöndin alls 71 millj. kr.

Flutt er till. um stofnkostnaðarframlag til fjögurra tónlistarskóla, samtals 2 millj.: Hellissandur 400 þús., Seyðisfjörður 400 þús., Eskifjörður og Reyðarfjörður sameiginlega 800 þús. og Garðabær 400 þús. kr.

Einnig flytur meiri hl. fjvn. till. um að til eftirmenntunar réttindalausra kennara verði varið 10 millj. kr.

Þá er lagt til að útgjöld til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækki um 4 millj. 43 þús. kr. vegna launa starfsmanns við fæðurannsóknir.

Þá flytur meiri hl. n. till. um að liðurinn Stofnanir afbrigðilegra barna hækki um 34 millj. kr., en hér er um að ræða launagreiðslur til starfsfólks sem þegar starfar við þessar stofnanir.

Lagt er til að liðurinn Styrktarsjóður fatlaðra hækki úr 3.5 millj. kr. í 7 millj. kr. í samræmi við þegar samþykktar till. um breytingar á framlögum til hliðstæðra aðila. Enn fremur hækki liðurinn Vegna tjóns á náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu um 3.5 millj. kr. í 12 millj.

Á þskj. 271 eru fluttar till. um breytingar á liðnum Vinnumál og eru þær eftirfarandi: Stuðningur við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi hækki um 20 millj., en niður falli sem sérstakur liður Kaupmannasamtökin vegna hagræðingarstarfsemi 3 millj. kr. Liðurinn Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna hækki um 38 millj. kr. í 48 millj. Liðurinn til Alþýðusambands Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu hækki um 16.5 millj. í 20 millj. Liðurinn Til Félagsmálaskóla alþýðu heiti: Til Félagsmálaskóla alþýðu, BSRB og fræðslumála sjómanna og hækki um 27 millj. kr. í 30 millj. Þá er lagt til að við liðinn Hagdeildir Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna bætist í texta: BSRB og BHM og framlag hækki um 22 millj. kr. í 27 millj. Og gerð er till. um að við bætist nýr liður: Til Alþýðusambands Íslands vegna orlofsmála 5 millj. kr.

Þá leggur meiri hl. n. til að 20 millj. kr. verði veittar vegna kostnaðar við heyrnar- og talmeinastöð, en samkv. lögum, sem sett voru á síðasta Alþ., á ríkissjóður að kosta þessa starfsemi.

Þá leggur meiri hl. n. til að styrkur til Samtaka áhugamanna um áfengisbölið verði hækkaður um 3 millj. kr. í 6 millj.

Þá er till. um að framlag til Hjartaverndar hækki um 15 millj. kr., en þar er um að ræða framlag til þess að stofnunin geti annast sérstaklega skoðanir á ákveðnum starfsstéttum sem sérstök þörf er talin á að fái slíka skoðun sem þátt í heilsufarseftirliti.

Þá er lagt til, að liðurinn Til blaðanna samkv. nánari ákvörðun ríkisstj. að fengnum till. stjórnskipaðrar nefndar hækki um 20 millj. kr.

Þá leggur meiri hl. fjvn. til að á liðnum Vegagerð hækki undirliðurinn Til einstaklinga og samtaka um 1 millj. í 6 millj., en fjvn. hefur skipt þessum lið sem er styrkur til aðila til að halda uppi gistingu og byggð.

Lagt er til að liðurinn Landshöfn Keflavík-Njarðvík, framkvæmdir, hækki um 50 millj. í 100 millj., en hér er um lánsfjármagnaða framkvæmd að ræða eins og í frv. er gert ráð fyrir varðandi þá upphæð sem veitt er.

Þá leggur meiri hl. fjvn. til að liðurinn Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar hækki um 230 millj. kr. í 910 millj. og liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun hækki úr 34 millj. 420 þús. í 48 millj. 460 þús., en sundurliðun fylgir í sérstöku yfirliti á þskj. 271.

Við 6. gr. frv. flytur meiri hl. fjvn. á þskj. 292 till. um eftirfarandi nýja liði, þ. e. heimildir ríkisstj.: Að lækka ríkisútgjöld á árinu 1979 um allt að 1000 millj. kr. — Að breyta fjárhæðum til rekstrar- og fjárfestingarútgjalda sem fjármagnaðar eru með lánsfé í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1979, þegar hún hefur verið afgreidd af Alþingi. — Að fresta ákvörðun um heimild til erlendrar lántöku og ríkisábyrgða þar til lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 hefur verið afgreidd. — Að selja 3., 4. og 5. hæð húseignarinnar nr. 166 við Laugaveg. — Að kaupa húsnæði fyrir starfsemi menntmrn. — Að selja hluta ríkissjóðs í húseigninni Blátún, Eyrarbakka. — Að selja húseignina nr. 2 við Merkurstein, Eyrarbakka. — Að festa kaup á húsnæði fyrir borgardómara- og borgarfógetaembættið í Reykjavík. — Að kaupa að hluta hlutafjáreign Steindórs Jónssonar í flóabátnum Drangi hf. í réttu hlutfalli við núverandi hlutafjáreign í félaginu. — Að taka lán allt að 50 millj. kr. til þess að greiða undirbúningskostnað vegna smíði strandferðaskipa. — Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af tækjum og búnaði fyrir tilraunaverksmiðjur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. — Að endurgreiða söluskatt af kirkjuorgeli sem keypt hefur verið fyrir Kálfholtskirkju í Kirkjuhvolssókn og Egilsstaðakirkju. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til dísilstöðvar, aðveitustöðvar og orkuflutningsveitu fyrir Vestmannaeyjakaupstað. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld af snjóbifreið, sem Seyðisfjarðarkaupstaður hefur fest kaup á. — Að ábyrgjast lán vegna Hríseyjarferju allt að 19 millj. kr. — Að bæta tjón og greiða kostnað við varnir vegna búfjársjúkdóma og taka til þess nauðsynleg lán. — Að greiða kostnað við störf n. sem skipuð verður til framkvæmda því ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. „að afla gagna og eiga viðræður við erlenda og innlenda aðila til undirbúnings álitsgerðar um öryggismál íslenska lýðveldisins." — Að festa kaup á

þeim hluta Nesstofu, sem er í einkaeign, ásamt hæfilegri lóð. — Að festa kaup á fasteigninni Lyngás 7-9 í Garðakaupstað til skólahalds. — Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, vélum og tækjum til mengunarvarna, sem sett eru upp að kröfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Fjmrn. setur nánari reglur um framkvæmd undanþágu þessarar.

Þá flytur meiri hl. n. brtt. við 7. gr. frv., svo hljóðandi: Skattvísitala árið 1979 skal vera 320 stig miðað við 100 stig 1975. — Það jafngildir 150 stigum miðað við árið 1978.

Nokkrar brtt. á þskj. 271 varða B-hlutafyrirtæki.

Varðandi Póst og síma er þess að geta, að laun eru færð til desemberverðlags og liðurinn Seldar vörur og þjónusta er færður til samræmis við gjaldskrárbreytingar í nóv. s. l. Almennar fjárfestingar fyrirtækisins eru með till. hækkaðar um 905 millj. kr. frá frv. og samsvarar heildartalan að raungildi raunverulegum framkvæmdum á þessu ári. Fjárfesting til jarðstöðvar er á hinn bóginn lækkuð um 400 millj. kr., en af greiðsluhalla þessa árs, sem er 800 millj. kr., verða greiddar 315 millj. kr. Í sambandi við þá upphæð, sem samkv. till. þessum á að verja til almennra framkvæmda og svarar til óbreyttra framkvæmda að raungildi frá þessu ári, má reikna með að gjaldskrárbreytingar þurfi á næsta ári að jafngilda 20% hækkun 1. febr. og 26% hækkun 1. ágúst, ef inn í dæmið er tekið að launaútgjöld hjá stofnuninni mundu hækka á næsta ári sem svarar 15% að meðaltali eða nálægt 30% frá upphafi til loka ársins. En skrá um áætlaðar framkvæmdir Pósts og síma er í sérstöku yfirliti.

Fjárlagatölur Ríkisútvarps, hljóðvarps og sjónvarps, eru færðar til desemberverðlags. Till. eru ekki gerðar um breytingar á þeim fjárhæðum sem ætlaðar eru til fjárfestingar.

Varðandi brtt., sem n. gerir um Rafmagnsveitur ríkisins, er þess að geta, að laun eru færð til verðlags í des. og önnur rekstrargjöld eru hækkuð til desemberverðlags, seldar vörur og þjónusta eru hækkaðar úr 4 milljörðum 720 millj. í 5 milljarða 357 millj. Aðrar tekjur Orkusjóðs, verðjöfnunargjalds, eru lækkaðar úr 1 milljarði 210 millj. í 968 millj., þar sem 20% af verðjöfnunargjaldinu renna til Orkubús Vestfjarða, eða 242 millj. Aðrir rekstrarliðir hjá RARIK eru óbreyttir frá frv. Gjöld samtals hjá Rafmagnsveitum ríkisins nema 6 milljörðum 325 millj. og tekjur nema sömu upphæð. En varðandi fjármunahreyfingar hjá Rafmagnsveitum ríkisins hækka afborganir lána um 600 millj. og verða 1 milljarður 670 millj. í stað 1 milljarðs 70 millj. í frv. Fjárfestingar hækka um 255 millj. Þar er um að ræða hækkun vegna styrkingar dreifikerfis í sveitum um 70 millj. og vegna rafvæðingar í sveitum 70 millj. Þá er gert ráð fyrir kostnaði við uppsetningu dísilstöðvar á Hornafirði 50 millj. og lagningu raflínu sem tengist byggðalínu við Kröflu og nær til Reynihlíðar. Til að mæta auknum útgjöldum, sem getið var hér að framan, er gert ráð fyrir að framlag úr Orkusjóði aukist um 140 millj. og lántökur hækki um 715 millj. kr. En skrá um áætlaðar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins er á sérstöku yfirliti.

Ef borin er saman lánsfjárþörf ríkisins annars vegar samkv. fjárlagafrv. og hins vegar samkv. þeim till. sem hér eru fluttar, er niðurstaðan þessi: Í A-hluta fjárl. lækka lántökur vegna Þjóðarbókhlöðu um 125 millj., hækka vegna landshafna um 50 millj., hækka vegna flugöryggistækja um 200 millj. og lækka vegna járnblendifélagsins um 144 millj. Lánsfjárþörf í A-hluta lækkar því í heild um 19 millj. kr. — Í B-hluta fjárl. hækkar lánaþörf vegna Rafmagnsveitna ríkisins til almennra framkvæmda um 115 millj. og hækkar vegna skuldagreiðslna um 600 millj. Orkubú Vestfjarða er á hinn bóginn flutt úr B-hluta, þar sem það er ekki ríkisfyrirtæki, það eru 360 millj. Lánaþörf vegna sveitarafvæðingar hækkar um 70 millj. Hjá Pósti og síma lækkar lánaþörf vegna jarðstöðvar um 400 millj., hækkar vegna almennra vörukaupalána um 400 millj. og hækkar vegna skuldagreiðslna um 485 millj. til að greiða 800 millj. kr. halla. Því hækkar lánaþörf í B-hluta um 910 millj., en í A- og B-hluta hækkar lánaþörf samtals um 891 millj. frá fjárlagafrv.

Þá er á þskj. 271 fluttar brtt. um lánahreyfingar á 1. gr. í samræmi við aðrar till. á þskj. Samkv. því hækkar Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa um 700 millj. kr. og verður 4.2 milljarðar kr. og erlend lán um 191 millj. Fjáröflun samkv. væntanlegri lánsfjáráætlun hækkar um 891 millj. kr. og verður 10 milljarðar 722 millj., þar af verður ráðstafað til B-hluta 6 milljörðum 691 millj. kr. eða 910 millj. kr. hærri upphæð en er í frv. Lánsfé til A-hluta samkv. væntanlegri lánsfjáráætlun lækkar um 19 millj. kr. og verður 4031 millj. kr. Lánahreyfingar inn verða þá alls 4111 millj. í stað 4130 millj. í frv.

Í lánahreyfingum út lækkar liðurinn Hlutafé í Járnblendifélaginu um 144 millj., þar sem fyrir liggur að forsvarsmenn Íslenska járnblendifélagsins hf. telja unnt að fallast á að frestað verði umsaminni greiðslu á hlutafjárframlagi ríkisins til félagsins á árinu 1979 að upphæð 144 millj. kr., enda komi til greiðslu þess á árinu 1980. Í till. meiri hl. fjvn. um afgreiðslu á fjárlagafrv. er við það miðað, að í liðnum Lánahreyfingar út í 1. gr. verði afborganir af lánum hjá Seðlabanka Íslands 5 milljarðar 99 millj. 270 þús. kr. eða óbreytt frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Vegna breytinga á hlutafjárframlagi í Járnblendiverksmiðjunni lækkar útstreymi á lánahreyfingum um 144 millj. og verður 8278 millj. 986 þús. kr., en lánahreyfingar inn, eins og áður sagði, 4111 millj.

Verði till. meiri hl. fjvn. varðandi tekjuhlið og útgjaldahlið samþykktar, munu heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1979 nema 202 milljörðum 286 millj. 419 þús. kr. og tekjur 208 milljörðum 950 millj. 789 þús. kr. Tekjur umfram gjöld munu þá nema 6 milljörðum 664 millj. 370 þús. kr. og lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir, 4 milljörðum 167 millj. 986 þús. kr. Greiðsluafgangur verður þá 2 milljarðar 496 millj. 384 þús. kr.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. kom saman á síðasta fund sinn fyrir 3. umr. kl. 1 eftir hádegi í dag, svo að ekki hefur gefist langur fyrirvari til þess að undirbúa þessa umr. Það mundi æra óstöðugan að tína til þau firn og stórmerki sem yfir okkur hv. þm. hafa gengið við þessa fjárlagaafgreiðslu. Loksins í gærkvöld, þegar hv. þm. Alþfl. voru leystir úr álögum, komst skriður á málin. Hæstv. forsrh. hefur raunar beðið afsökunar á vinnubrögðum hér á hinu háa Alþingi af hálfu stjórnarflokkanna. Ég skal því ekki orðlengja frekar um þessi efni. Einungis vil ég að það komi fram, að allur þessi málatilbúnaður hefur ekki síst komið niður á störfum fjvn., raunar bæði þeirra í meiri hl., sem sinna vilja þingskyldu sinni á eðlilegan hátt, og okkur í minni hl.

Við minnihluta-menn í fjvn. treystum okkur ekki til þess að flytja neinar till. með meiri hl. við þessa lokaumr. fjárl., eins og í pottinn er búið. Ástæðan er fyrst og fremst gífurleg aukning útgjalda og skattaæði ríkisstjórnarflokkanna, en að auki hvernig þeir hafa staðið að fjárlagaafgreiðslunni. Á hinn bóginn flytjum við sjálfstæðar till. um niðurskurð ríkisútgjalda og skattalækkun, sem því miður hefur ekki verið útbýtt hér enn, en ég vona að verði útbýtt síðar á fundinum og mun víkja að þessum till. síðar.

Við 2. umr. fjárl. sagði ég að fjárlagafrv. og fjárlagaafgreiðslan hefði eftirfarandi megineinkenni:

1. Stórvaxandi hlutfall útgjalda ríkissjóðs miðað við þjóðarframleiðslu.
2. Gífurlega aukna skattheimtu.
3. Fjármagnstilfærslur, einkum í formi niðurgreiðslna, sem færu út fyrir öll eðlileg mörk.
4. Verklegar og félagslegar framkvæmdir og viðfangsefni séu skorin niður og ríkissjóður sölsi á sama tíma undir sig skattstofna, sem runnið hafi til annarra þarfa.
5. Ríkisbáknið þenjist út.
6. Tekjuhalli sé fyrirsjáanlegur, ef nýjum skattaálögum sé ekki bætt við eða skorin niður útgjöld.
7. Fjárlög ársins 1979 verði verðbólgufjárlög, ef allt fer sem horfir.

Þessi heildarmynd hefur nú skýrst eftir að fjvn. hefur lokið störfum fyrir 3. umr. Heildardæmið, sem nú liggur fyrir, staðfestir í einu og öllu þessar niðurstöður, þegar blekkingum og talnaleik er sleppt og raunveruleikinn afhjúpaður.

Í fyrsta lagi er hlutfall útgjalda ríkissjóðs. Það eykst úr 27-28% síðustu tvö ár í 31-31.5% af þjóðarframleiðslu á árinu 1979. Ríkisbáknið þenst út.

Skattheimta af heildartekjum þjóðarinnar vex um a. m. k. 3% á þessu tímabili eða um það bil um 20 milljarða kr. miðað við desemberverðlag í ár.

Svo langt er gengið í niðurgreiðslum nú í des. að ríkisstj. hefur ákveðið að snúa af þeirri braut og lækka niðurgreiðslur á næsta ári um 2800 millj. kr.

Verklegar framkvæmdir eru skornar niður um 12% að magni til frá árinu 1978, þótt Alþb. og Alþfl. hafi gagnrýnt harðlega sem hægri villu niðurskurð fyrri ríkisstj. í þessu efni. Þetta er allverulegur niðurskurður í viðbót við það sem áður var gert, en er staðfesting á því að rétt var stefnt miðað við aðstæður og gerir fyrri gagnrýni þessara flokka marklausa að þessu leyti.

Ríkissjóður hefur sölsað undir sig gamla skattstofna og velt útgjöldum yfir á almenning og dregið úr útgjöldum með bókhaldsblekkingum og vanáætlunum, svo að nemur lágt áætlað 10-15 millj. kr. með þessum fjárlagatillögum.

Þótt skattheimta sé stóraukin, framkvæmdir skornar niður og ríkissjóður leggi undir sig gamla skattstofna eða velti af sér útgjöldum með ýmsum hætti er tekjuhalli fyrirsjáanlegur á fjárl. ársins 1979, eins og afgreiðslu frv. ber að við 3. umr., ef fjárlagafrv. er raunsætt lagt fyrir.

Fjárlög ársins verða því verðbólgufjárlög, ef þau verða samþ. að tillögu meiri hl. fjvn.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fyrir voru útgjöld ríkissjóðs 198 milljarðar 485 millj. kr. Eftir 2. umr. bættust við 3. milljarðar 324 millj. kr. Við 3 umr. bætast við 1 milljarður 195 millj. Frá því dragast 804 millj., svokallaður niðurskurður meiri hl. fjvn. sem ég kem að síðar. Samtals verða því útgjöldin eftir þessu 202 milljarðar 200 millj. kr.

Tekjur verða eftir spá Þjóðhagsstofnunar, og þá er tekið hærra tilvikið, 208 milljarðar 738 millj. kr. Þegar þessar hækkanir eru dregnar frá og lánahreyfingar einnig, þá eru eftir 2 milljarðar 486 millj. kr.

Um þetta tekjudæmi vil ég segja það, að það breyttist um 1.5 milljarð og rúmlega það á tæpri viku. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar kom á fund fjvn. fyrir tæpri viku og spáði þá tekjum ríkissjóðs 1500 millj. kr. lægri en er í þessu dæmi. Samt sem áður er greiðsluafgangurinn ekki nema 2.4 milljarðar kr. og eru þó ekki öll kurl komin til grafar. Utan þessa dæmis eru áðurnefndar niðurgreiðslur, þ. e. a. s. 2800 millj. kr., sem ekki er gert ráð fyrir í þessu dæmi að greiða niður verðlag eins og er gert nú. Þetta var gert 1974, eins og ég rifjaði upp við 2. umr., þegar þáv. vinstri stjórn stóð að fjárlagagerð. Þá átti að spara niðurgreiðslur, en efndirnar urðu þær, að þær voru stórauknar. En það er sérstaklega athyglisvert, að ríkisstj. skuli hugsa sér að komast þannig út úr fjárlagadæminu að gera ráð fyrir stórlækkun niðurgreiðslna á árinu 1979, því að í forsendum þjóðhagsspár, sem hv. formaður n. vitnaði til, er sagt:

Í dæminu er gert ráð fyrir, að niðurgreiðslur haldist óbreyttar út næsta ár frá því sem þær eru í des., og ekki er reiknað með neinum meiri háttar breytingum á óbeinum sköttum.

Þessi fyrirætlan ríkisstj. er því ekki einungis ekki raunverulegt fjárlagadæmi, heldur er hún í fyllsta ósamræmi við þær þjóðhagsforsendur sem sjálft fjárlagadæmið byggist á.

Í öðru lagi er utan þessa dæmis 3% kauphækkun opinberra starfsmanna 1. mars, en sú kauphækkun kostar ríkisstjóð vegna A-hluta stofnana 1300 millj. kr. Ef við þetta er svo bætt einungis vanáætlun tveggja liða, t.d. útflutningsbóta um 1 milljarð kr., en það kom fram í máli hæstv. landbrh. að þær væru vanáætlaðar í frv. um 1000 millj. kr., og að ríkisstj. hyggst nú við afgreiðslu fjárl. leggja 940 millj. kr. á sjúklinga í nýjum skatti, í hækkuðum lyfjagjöldum og sérfræðingsgjöldum, — ef aðeins þessu er bætt við, en miklu fleira mætti telja til, þá kemur ríkissjóðsdæmið í raun og veru út með greiðsluhalla upp á 4 milljarða kr. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með 3.6 milljarða kr. halla á þessu ári svo að því miður er dæmið heldur dapurlegt þrátt fyrir alla skattasúpuna.

Á fundi, sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar sat í fjvn., kom fram að þjóðarframleiðslan 1979 er metin á 663 milljarða kr. á sama verðlagi og fjárlagafrv. er gert upp, þ. e. a. s. desemberverðlagi. Útgjöld ríkissjóðs samkv. till. meiri hl. fjvn. verða um 30-31% af þjóðarframleiðslu þannig metinni samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar. En þetta merkir að milli 31 og 31.5% af tekjum þjóðarinnar eru teknar í sköttum til ríkissjóðs á árinu 1979, en þessa skatta hafði tekist að lækka í 27-28% af þjóðarframleiðslu síðustu tvö árin, þ. e. a. s. 1976 og 1977. Jafnvel á árinu 1978 hækkar heildarskattbyrðin til ríkissjóðs út af september- og desemberráðstöfunum ríkisstj. verulega að sögn Þjóðhagsstofnunar.

Hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Munurinn að ríkið taki 3-4% meira af þjóðarframleiðslu samkv. framansögðu merkir a. m. k. 20 milljarða kr., eins og ég sagði áðan. Það hlýtur að teljast afrek út af fyrir sig að naglfesta svo stórauknar skattálögur og út-

þenslu ríkisbáknsins á einungis fjögurra mánaða valdaferli, einkum fyrir þá sem lofuðu þveröfugu fyrir kosningarnar í sumar. Heildarskattheimtu ríkisins af þjóðartekjum verður að setja ákveðin mörk, þannig að þjóðfélagsþegnarnir og samtök þeirra, m. a. sveitarfélögin, hafi nægileg fjárráð og verði ekki meira eða minna ofurseld framfæri miðstýrðs ópersónulegs ríkisvalds.

Á það er einnig að líta, að þessi gífurlega aukna skattheimta er tekin af þjóðinni að miklu leyti með beinum tekju- og eignarsköttum sem ætlunin er um það bil að tvöfalda, ef miðað er við fjárlög í ár. Nýju skattþrepi er bætt við tekjuskatt einstaklinga. Þetta skattþrep hirðir 50% af tekjum skattgreiðenda eftir að ákveðnum tekjum er náð, og samkv. nýja frv. um tekju- og eignarskatt hefur það í för með sér að nálægt 64 kr. af hverjum 100 eru teknar í skatt til sveitarfélags og ríkis, ef hvort tveggja er meðtalið. Þyngja á einnig tekjuskatta á lægri tekjur frá því sem nú er. Þetta er gert með beitingu skattvísitölunnar. Þótt hún eigi að hækka samkv. brtt. meiri hl. fjvn. úr 43% í 50 frá því í fyrra er nú búist við að tekjur hækki almennt um 52-53% samkv. nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar. Með þessari beitingu skattvísitölu næst um það bil 1 milljarður kr. sérstaklega af tekjum í miðlungs- og lægri tekjustigum.

Auðvelt er að sýna fram á að slík skattlagning á menn, þegar þeir eru að afla sér tekna og þjóðfélaginu um leið, verður til þess að draga úr vinnuframlagi þeirra. Fáir vilja leggja á sig vinnu, t. d. fjarri heimilum sínum, síðari hluta árs þegar þeir vita að í hlut þeirra sjálfra koma 36 kr. af hverjum 100 sem þeir hafa í tekjur. Freisting vex einnig til þess að komast undan slíkri skattheimtu, auk þess sem bæði beiting skattvísitölunnar og 50% skattþrepið gerir tekjuskattinn að enn þá meiri launamannaskatti en áður. Um þetta atriði sagði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson við síðustu umr. fjárl.: „Tekjuskatturinn er orðinn svo til einvörðungu launamannaskattur með þeim afleiðingum, að hækkun hans kemur fyrst og fremst niður á venjulegu launafólki.“ Hafi þetta verið rétt í fyrra, þá er þetta ekki síður rétt nú, þegar skattvísitalan hjá einstaklingum er einungis hækkuð um 50% frá því í fyrra, en tekjur hækka um 52-53% og nýju skattþrepi er bætt við sem gefur í ríkissjóð 1850 millj. kr. á næsta ári.

Álagning á atvinnurekstur er ekki síður gífurleg og í hinu hugvitssamlegasta formi. Eins og ég minnti á í fyrri umr. um þetta fjárlagafrv., veldur slík ofsköttun á einstaklinga og atvinnurekstur atvinnuleysi, minni þjóðartekjum og versnandi lífskjörum. Ég hef beðið Þjóðhagsstofnun að gefa mér upplýsingar um hvað einungis nýir skattstofnar, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið iðin við að leggja á fólk, muni flytja mikla fjármuni úr vösum almennings í ríkissjóð á árinu 1979. Þetta yfirlit er þannig:

Fyrst eru tekju- og eignarskattar einstaklinga: Eftirstöðvar sérstaks tekjuskatts- og eignarskattsauka, álagðs í sept. 1978, gefur 810 millj. kr., hækkun eignarskattshlutfalls einstaklinga 630 millj., nýtt 50% skattþrep einstaklinga 1850 millj., hækkun á mati eigin húsaleigu gefur 800 millj. Hér er um 4090 millj. kr. að ræða.

Óbeinir neysluskattar einstaklinga: Hækkun sérstaks vörugjalds úr 16% í 30% á ýmsar vörur 1300 millj., skattur á ferðalög til útlanda 1600 millj., hækkun vörugjalds úr 16 í 18% 1150 millj. kr., flugvallaskattur 350 millj. kr. Þarna eru 4400 millj. kr. eða samtals 8 milljarðar 490 millj. kr.

Skattar á atvinnurekstur: Eftirstöðvar sérstaks tekju- og eignarskattsauka á félög, álagðs í sept. 1978, 810 millj. kr., hækkun eignarskatts 1200 millj. kr., afnám verðstuðulsfyrninga 1300 millj. kr., afnám flýtifyrninga á fasteignum 350 millj., lækkun flýtifyrningahlutfalls úr 30 í 10% 710 millj., hækkun skatthlutfalls félaga úr 53% í 65% 1200 millj., nýbyggingagjald af húsbyggingum 300 millj., skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, 1.4% af fasteignamati, 550 millj. kr. Þarna er um heildarskattheimtu að ræða sem nemur 6 milljörðum 420 millj. kr. Hér er sem sagt um nýja skattstofna að ræða sem eru 14 milljarðar 910 millj. kr. Þetta eru skattstofnar sem dunið hafa yfir þjóðina á aðeins 4 mánuðum.

Á móti kemur svo lækkun sjúkratryggingagjalds, segja menn, sem rýrir tekjur ríkissjóðs um 1450 millj. kr. Ekki er þó allt sem sýnist með þetta sjúkratryggingagjald. Við umr. í fyrra sögðu hv. þm. Geir Gunnarsson og Sighvatur Björgvinsson efnislega eitthvað á þá leið, að hæstv. þáv. ríkisstj. hefði fundið bráðefnilega skattgreiðendur, sem eru sjúklingar. Þá átti að leggja á 500 millj. kr. í þessu skyni, en var aldrei gert. Nú á að leggja 940 millj. kr. skatt á sjúklinga með hækkun á lyfjagjaldi og greiðslu fyrir sérfræðiþjónustu. Á yfirstandandi ári átti að firra ríkissjóð 500 millj. kr. með þessum hætti, en var ekki gert, eins og ég sagði áðan. En hér er um að ræða nýjan skatt á sjúklinga, ef svo mætti að orði kveða, eins og hv. þm. gerðu, þannig að fyrir innlend lyf verða sjúklingar að greiða 600 kr. í stað 325 sem þeir greiða nú, fyrir erlend lyf 1000 kr. í staðinn fyrir 650 sem þeir gera nú og fyrir sérfræðiaðstoð 1500 kr. í stað 600 kr. sem þeir gera nú. Það verður því að skoða þessa lækkun sjúkratryggingagjalds í því ljósi, að hæstv. núv. ríkisstj. hugsar sér að hækka þannig álögur í raun og veru á þetta fólk. Hér kann að vera um nauðsyn að ræða, að sjúklingar greiði hluta af kostnaði við lyf og læknishjálp, en menn mega ekki hrósa sér af því að ívilna sjúklingum einvörðungu þegar þeir fara þannig að.

Þessi skattahækkun á sjúklinga vegur tiltölulega þungt upp í lækkun sjúkratryggingagjalds.

Menn spyrja e. t. v.: Kemur ekki afnám söluskatts á matvörum upp í þessar nýju skattahækkanir? Því er til að svara, að markmið ríkisstj. með afnámi söluskatts er fyrst og fremst að lækka vísitöluna og er því nánast um niðurgreiðsluaðferð að ræða. Hvað sem því líður hefur ríkissjóður víða krækt sér í nýja skattstofna auk þeirra sem að framan eru taldir, t. d. með 10% niðurskurði framlaga í fjárfestingarsjóði, stórauknum sköttum á umferðina og þannig mætti lengi telja. Niðurstaðan nálgast því að hreinir nýir skattar í tíð núv. ríkisstj. nemi 15 milljörðum kr. og að þessir nýju skattstofnar leggist með fullum þunga á þjóðina.

Formaður fjvn. ræddi hér um lækkanir meiri hl. n. um niðurskurð meiri hl. Ég vil ekki segja mikið um þessar till. hv. þm. í meiri hl. fjn., aðeins benda á að mér sýnist við fyrstu sýn að þessar till. séu næsta léttvægar og raunar sumar broslegar. Dæmi um það er að uppbætur á lífeyri ríkisstarfsmanna, sem ríkissjóður skuldar Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, eru lækkaðar um 234 millj. kr. Hér er um skuld að ræða sem á að fresta að greiða. Sama er að segja um Vátryggingarsjóð fiskiskipa. Þar á að fresta greiðslu á 68 millj. kr., en í fjárlagafrv. sjálfu stendur að þar skuli vera um lokagreiðslu að ræða.

Iðntæknistofnunin var hækkuð nokkuð við 2. umr. fjárl. og henni veittar heimildir til að ráða nýtt fólk. Nú er þar skorið niður um 15 millj., þ. e. a. s. fjárveiting er hækkuð við 2. umr., en lækkuð við 3. umr.

Að því er varðar hafrannsóknaskipið Baldur, þá vita hv. þm. að það er búið að leggja mikið fjármagn í að gera þetta skip upp. Þessar till. hv. meirihlutamanna sýnast miða að því, að skipið verði ekki nema hálfnýtt á árinu 1979, og verður það þá heldur léleg nýting á þeirri fjárfestingu sem þarna er búið að leggja í.

Ég ætla ekki að ræða frekar um þessar till., aðeins gera að umræðuefni nokkrar till. hv. meiri hl., sem eru í samhengi, en það eru svonefndar félagslegar aðgerðir.

1. des. var launþegum lofað því, að þeir skyldu fá ýmsar félagslegar aðgerðir gegn því að þeir létu af kröfum um 3% hækkun í vísitölu og þar með kaupi. Það var löngum talað um að þetta mundi kosta ríkissjóð 1000 millj. kr. á næsta ári og raunar gert ráð fyrir því allt fram að 3. umr., en þá urðu þessar till. í heild — ég hef margspurt eftir því í fjvn. — alls um 260-300 millj. kr. ef allt er talið saman. Sýnist sitt hverjum um hvað eigi þar að telja, en hv. meirihlutamenn gátu aldrei bent mér á liði í þeirra hækkunartillögum sem fóru yfir 300 millj. kr. Þetta er allt og sumt sem kemur inn í fjárlög nú til þess að efna þetta mikla fyrirheit.

Herra forseti. Við minnihlutamenn í fjvn. höfum leyft okkur að flytja nokkrar till. Ég veit ekki hvort búið er að útbýta þeim hér, en þessar till. eru í lækkunarátt, til lækkunar á sköttum og lækkunar á ríkisútgjöldum. Þær felast í nokkrum lækkunarliðum. Ég skal nefna hér þá helstu.

Við leggjum til, að sérfræðileg aðstoð við þingflokka lækki um 5 millj. kr. Við vitum að þingflokkum hefur fækkað og óþarfi að hafa þessa upphæð eins háa og nú er.

Við leggjum til að forsrn. verði lækkað um 11 millj. 833 þús. Þar er um að ræða embætti blaðafulltrúa.

Háskóli Íslands leggjum við til að lækki í rekstrargjöldum um 75 millj. kr., og þar förum við þá leið að lækka þessi útgjöld um vissa prósentutölu. Þá aðferð að lækka öll rekstrarútgjöld fjárlaga ríkisins um ákveðna prósentutölu tel ég vera fráleita. Hins vegar er hægt að beita þessari aðferð í ýmsum grónum stofnunum, og þetta leggjum við til að sé gert nú í Háskóla Íslands, en hann hefur gífurlegt fjármagn til umráða, eins og menn vita sem flett hafa fjárlagafrv.

Við leggjum til að stofnkostnaður nokkurra menntaskóla verði lækkaður, t. d. Menntaskólans í Reykjavík, Menntaskóla á Austurlandi, en ég sé að meiri hl. gerir till. um hækkun til hans. Það má vera að það sé raunhæft, en eftir því sem við höfum upplýsingar um verður ekki unnt að ljúka þar verki, þótt aukið fjármagn sé lagt til, og því leggjum við til að fjármagnið verði lækkað og rekstri skólans frestað, en þar er um 18 millj. kr. lækkunartill. að ræða.

Ég skal fara fljótar yfir sögu. Við Menntaskólann í Kópavogi leggjum við til að gjaldfærður stofnkostnaður verði lækkaður um 30 millj. og við Kennaraháskóla Íslands um 50 millj. Ríkisútgáfa námsbóka, rekstrargjöld verði lækkuð um 20 millj. rúmar, endurskoðun námsefnis um 50 millj. Varðandi Nýja hjúkrunarskólann leggjum við til að hjúkrunarnámið verði meira sameinað en nú er og að Nýi hjúkrunarskólinn verði lagður niður síðari hluta á þessu ári.

Við leggjum til að prófdómarastörfum í grunnskólanum verði hætt að mestu leyti, á svipaðan hátt og gert er nú við Háskólann. Vistheimilið í Breiðuvík verði lagt niður. Byggingarsjóður Þjóðarbókhlöðu verði skorinn niður um 150 millj. Útgerð Drafnar, sem er hafrannsóknaskip, verði hætt, og við teljum slíkar till., að ákveðnir liðir séu hreinlega skornir út, miklu vænlegri til árangurs í niðurskurði heldur en till. eins og þær sem hv. meiri hl. flytur um að nota Baldur bara hálft árið, — skip sem búið er að eyða í hundruðum millj. kr. í fína fjárfestingu og aðbúnað fyrir fiskifræðinga.

Við leggjum til að vistheimilið á Kvíabryggju verði lagt niður, að flugrekstri verði hætt á annarri flugvél Landhelgisgæslu, að sjúkratryggingar verði verulega lækkaðar, vegna þess að hægt er að steypa saman sjúkrasamlögum og umboðum Tryggingastofnunar ríkisins og spara þannig verulegt rekstrarfé. Einnig er unnt að fara sömu leið í rekstri spítala úti um land, eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. að verði gert í ríkisspítölunum í vaktavinnu, og spara þannig stórfé. Svo mætti lengi telja. Við leggjum einnig til að lögð verði niður fjárveiting til fæðingarheimilis hér í Reykjavík, en sú stofnun er hálfnýtt eins og sakir standa og ætti að vera í lófa lagið að sinna þeirri þjónustu á annan og ódýrari hátt. Þannig mætti telja upp. Við leggjum t. d. til að rekstrardeild ríkisskipa verði lögð niður, en hún kostar ríkissjóð 64 millj. kr. Rekstrardeild ríkisskipa á að annast útgerð allra skipa sem gerð eru út á vegum ríkisins og er það mjög óhagkvæmt fyrirkomulag, en í staðinn fyrir að þessi starfsemi verði lögð niður leggjum við til að Skipaútgerð ríkisins fái aukna fjárveitingu til að sinna hluta af því sem þessi stofnun hefur með höndum.

Till. okkar eru þannig raunhæfar. Þær eru um það að skerða ákveðna þætti í ríkisútgjöldunum og byggjast á raunhæfu mati, eins og við gátum framast lagt á á eins skömmum tíma og hefur til þessa verkefnis gefist. Einnig leggjum við til, og um það eru langflestar till., að sértekjur stofnana verði hækkaðar yfirleitt um 20%, en að sumu leyti verði þær hækkaðar um miklu hærri fjárhæð og sumar stofnanir látnar standa þannig algerlega undir sér. Þetta gefur 515 millj. kr. í sparnað. Alls nema sparnaðartillögur 2000 millj. kr.

Þessar tillögur eru gerðar af okkar hálfu fyrst og fremst til þess að freista þess að velta af almenningi litlum hluta af skattokinu sem nú er um að ræða. Forsenda þessara tillagna er því skattalækkun. Við leggjum til í till. á sérstöku þskj. hvernig þessi skattalækkun komi fram í tekjudæmi ríkissjóðs. Okkur er ljóst að hér er um frumtillögur að ræða. Miklu betur má gera á þessu sviði með yfirgripsmeiri athugun en kostur hefur verið á þessa daga í jólaönnum þingsins. En við væntum þess, að þingheimur taki þessum till. okkar vel og framhald verði á því að reyna að ráðast á ríkisbáknið með þessum hætti og létta sköttum af almenningi.

Frsm. samvn. samgm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 254 er brtt. frá samv. samgm. um aðstoð við þá er annast flutninga sérstaklega á sjó og vetrarflutninga á landi í einstökum héruðum. Nál. með þessum till. er á þskj. 253.

Eins og kunnugt er hafa flutningar hér á landi verið fyrst og fremst lengi vel á sjó með ströndum fram og önnuðust þá að verulegu leyti og gera enn skipafélög sem annast siglingar landa á milli og flytja vörur beint til hinna einstöku hafna úti um landið. Á síðustu áratugum

hefur Skipaútgerð ríkisins annast þessa flutninga, einnig með strandferðum í kringum allt land, og gerir svo enn. Á yfirstandandi ári hafa orðið nokkrar breytingar á rekstri hennar og starfsemi og hafa þær breytingar orðið til þess, að flutningar Skipaútgerðarinnar hafa aukist verulega frá því sem áður var, þó að langt sé frá því að hún sé rekin hallalaust.

Enn fremur hafa á síðustu árum farið mjög í vöxt flutningar með bifreiðum, bæði vöru- og fólksflutningar, og sérstaklega eru það vöruflutningarnir á landi sem hafa aukist hin síðustu ár. Þessu til viðbótar hefur svo flugið annast að mestu leyti fólksflutninga innanlands og fer það árvaxandi.

Þessa þætti, sem ég hef nefnt að framan, hefur ríkið ekki stutt að öðru leyti en að því er varðar rekstur Skipaútgerðar ríkisins. Sá þátturinn, sem hefur fallið í hlut ríkissjóðs að styrkja nokkuð, hefur verið fólginn í því, að á sérstökum sviðum hafa nokkur skip annast flutninga innan svæða og frá svæðum til og frá höfuðborginni. Þessir flutningar hafa og farið vaxandi á síðustu árum, sérstaklega eftir að Herjólfur var keyptur til að annast flutninga á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

Ekki orkar það tvímælis varðandi íbúa Vestmannaeyja, sem ekki eiga kost á því að nota þjóðvegakerfi okkar á sama hátt og við sem búum á meginlandinu, að það var réttmætt og sjálfsögð ráðstöfun að láta þá fá þessa ferju til að annast eðlilega flutninga og samgöngur við Vestmannaeyjar, enda hefur komið í ljós að þessi ferja flytur bæði mikið af fólki, vörum og bifreiðum á milli lands og Eyja og hefur því orðið veruleg samgöngubót. Það orkar hins vegar ekki tvímælis, að kostnaður við hana hefur orðið allverulegur. Sérstaklega kom það til, að óhapp var með skipið sjálft þó nýtt væri á árinu 1977 sem kostaði rekstur ferjunnar geysilega mikið. Auk kostnaðar við viðgerðina sjálfa, sem að vísu var borgaður að nokkru af þeim sem byggðu skipið, skipasmíðastöð í Noregi, var einnig mikið tap á flutningum þetta tímabil sem Herjólfur var frá því að geta sinnt störfum.

Í þeim till., sem samgn. leggur fram á þskj. 254, er gert ráð fyrir að í heild fari 37 millj. kr. til flutninga á landi, en 401.6 til flutninga á sjó og er því till. samtals upp á 438.6 millj. kr. Er það hækkun yfir 70% frá s. l. ári en þó ekki ef tekið er tillit til umframgreiðslna sem hafa átt sér stað á þessu ári til þessara verkefna.

Meginmálið er, eins og sést af þessu, flutningarnir á sjó, sem mestu máli skipta í þessu sambandi, því að flutningar á landi, sem fá 37 millj. í heild, skiptast á mjög marga staði og eru fyrst og fremst við það miðaðir að létta undir með því fólki, sem býr á hinum erfiðu dreifbýlisstöðum, vegna snjómokstra og starfsemi snjóbíla þegar um mikinn sjó er að ræða.

Hinn 17. jan. 1977 var skipuð af páv. samgrh. nefnd til þess að athuga rekstur flóabátanna, og skilaði sú n. áliti í mars 1978. Við ákvörðun að þessu sinni var stuðst mjög við álit flóabátanefndarinnar, en svo hét þessi n., og leitast við að tryggja rekstur flóabátanna á næsta ári. Umsóknum fylgdu rekstrarreikningar fyrir árið 1977, rekstraráætlun fyrir 1978 og einnig 1979, auk annarra upplýsinga um starfsemina. Reynt var eftir föngum að samræma áætlanir um þetta hvað snertir verðlagsforsendur og fleira og rekstrarstyrkir síðan við þá niðurstöðu miðaðir. Einnig var gert meira átak nú en áður til að leysa þann vanda sem stafar af halla fyrri ára.

Ekki hafa þó verið leyst vanskil Herjólfs og Akraborgar, en þau eru fyrst og fremst við Ríkisábyrgðasjóð. Þarf að taka sérstaklega á því máli.

Það er öllum ljóst, að brýna nauðsyn bar til að gera meira átak í því að leysa rekstrarhalla þessara skipa frá fyrri árum en áður hefur verið, vegna þess að fjármagnskostnaður, miðað við núverandi vaxtakjör, er svo mikill að vonlaust var að halda þessari starfsemi áfram nema verulega væri á því tekið. Samkv. því, sem n. leggur til, er gert ráð fyrir að létta halla Baldurs um 15 millj. kr., sem er 62.5% af heildarfjárhæðinni, Fagraness um 23 millj. kr., sem er 62.1% af heildarfjárhæð skulda þess skips, og Herjólfs um 27 millj. kr., sem er 33.5%. Hækkun á styrk til skipa, sem annast þessa flutninga, er þannig á milli áranna 1978 og 1979, að til Akraborgar hækkar fjárveiting um 25%, til Baldurs um 77%, til Drangs um 55%, til Fagraness um 95% og Herjólfs um 96%. Hér er um að ræða það sem ég áðan sagði, að hinn uppsafnaði styrkur frá fyrri árum sagði mjög til sín. Ástæðan til þess, að ekki er eins farið að með Herjólf og Akraborg og hinar ferjurnar, er að við Ríkisábyrgðasjóð er þar að eiga og álit n. var að brýna nauðsyn bæri til að skoða það mál betur en gert hefði verið áður en ákvörðun yrði tekin.

Ég ætla mér ekki að þessu sinni að fara að tala hér langt mál, þar sem ég tel að nál., sem fylgir þessum till., sé svo greinargott að ástæðulaust sé að vera að lesa upp það sem í því stendur. Ég vil hins vegar benda á það sem ég sagði áðan um Akraborg og Herjólf.

Þessu til viðbótar vil ég geta þess um Hríseyjarferjuna, að sá bátur er mjög lélegur sem er notaður til þess að flytja fólk á milli lands og eyjar og m. a. skólabörn til Dalvíkur, og ekki talið forsvaranlegt að halda þeim bát úti lengur. Þess vegna er nú verið að smíða nýja ferju sem mun koma til rekstrar í mars-apríl á næsta vetri og gert er ráð fyrir, að hún kosti um 120 millj. kr. Það er því till. n. nú að veita nokkurn stuðning við þessa nýsmíði og hækkaðan rekstrarstyrk til þess að mæta þeim kostnaði, sem af þessum breytingum leiðir.

Sama er að segja um Mjóafjarðarbátinn. Það er gamall og lélegur bátur. Nú er verið að kaupa nýjan bát. Þessi bátur frá Mjóafirði annast tvær ferðir í viku til Neskaupstaðar og hefur viðkomu þar sem strandferðaskipin hafa ekki viðkomu og leysir þau frá að hafa viðkomu á hinum smærri höfnum á þessu svæði. Sá bátur, sem er verið að smíða þar, er 14 tonna bátur og nokkur styrkur er veittur til smíðanna.

Í framhaldi af því, sem ég hef hér sagt, er það álit flóabátanefndar þeirrar, sem ég vitnaði til hér að framan, að beina til ríkisstj. að sem fyrst verði hafin fullnaðarathugun á smíði er varðar Baldur og Fagranes, því að þeirra dómi eru þessir bátar hættir að henta þeirri starfsemi sem þeir nú fást við. Einnig er æskilegt að samsvarandi athugun verði gerð um Drang, en hann er líka orðinn nokkuð gamalt skip þótt reksturinn hafi gengið þar mun betur. Við athugun þessa verði tekið mið af breytingum á aðstæðum og kröfum um þjónustu á hafsvæðum bátanna. Einnig verði höfð hliðsjón af þeim breytingum á þjónustu Skipaútgerðar ríkisins sem nú eiga sér stað og eru fyrirhugaðar. Athugun miði að því að styrkja rekstrargrundvöll bátanna með aukinni rekstrarhagkvæmni og auka þannig öryggi samgangna í viðkomandi byggðarlögum auk þess að draga úr þörf fyrir opinbera styrki.

Enn fremur er það skoðun n., sem kemur fram í áliti

hennar, að rétt sé að gera athugun á stuðningi við þá starfsemi, sem fer fram á landi, og þeim breytingum sem leiðir af bættu vegakerfi, sem nú fer árbatnandi svo sem kunnugt er.

Að sjálfsögðu er það skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð samkv. till. þeim sem hér liggja fyrir, að rekstri verði hagað svo að landsbyggðin njóti þess sem til er ætlast. Samkv. grg. þeirri, sem birt er í nál., leggur samvn. samgm. til að á fjárlögum 1979 verði veittar alls 438.6 millj. kr.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan sé ég ekki ástæðu til að hafa þetta mál lengra, þar sem nál. gerir fullkomna grein fyrir því máli sem hér er til meðferðar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég láta eftirfarandi koma fram við þessa fjárlagaumr.: Ég mun í janúarmánuði n. k. láta kanna rækilega í ríkisstj. fram lagðar till. Alþfl. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum svo og till. hinna samstarfsflokkanna um efnahagsmál sem fram hafa komið eða fram kunna að koma. Jafnframt mun ég láta vinna að samantekt frv. um efnahagsmál, byggðs á þeim atriðum, sem fram komu í grg. með frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, og öðrum meginmarkmiðum í samstarfsyfirlýsingu núv. stjórnarflokka, svo sem um atvinnuöryggi og kaupmátt launa. Ákvæði þessa frv. skulu við það miðuð að þau nái til tveggja ára. Frv. um þetta efni skal lagt fram í ríkisstj. fyrir 1. febr. n. k. Fylgt verður ákvæðum samstarfsyfirlýsingar um samráð við launþega og vinnuveitendur.

Mér er ljóst ekki síður en öðrum, að ráðstafanir þær, sem gripið hefur verið til og nauðsynlegar hafa verið, fela ekki í sér varanlega lausn á hinum öra verðbólguvexti. Eftir áramótin verður gerð alvarleg tilraun til að finna varanlegri lausn á þeirri meinsemd. Reynslan sker úr því hverjum árangri sú tilraun skilar og hvort um hana næst nægilega víðtækt samkomulag og samstarf. En þetta er verk sem þarf að vinna, hverjir sem svo kunna að sitja í ríkisstj. á næsta ári.

Jafnframt vil ég við þessa umr. fjárl. taka fram, að í þinghléi mun ríkisstj. undirbúa aðgerðir til stuðnings og verndar íslenskum iðnaði vegna harðnandi samkeppni í kjölfar tollalækkana um áramótin. Í því sambandi hefur þegar verið unnið talsvert undirbúningsstarf og till. liggja fyrir sem fela bæði í sér almennar og sértækar aðgerðir og fjáröflun til stuðnings við iðnþróun.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætla að minnast hér á tvö mál, sem varða afgreiðslu fjárlaga.

Í fyrsta lagi langar mig til að nefna till. sem meiri hl. fjvn. flytur á þskj. 271, 12. lið, um Byggingarsjóð þjóðarbókhlöðu. Þar stendur: Fyrir „200 millj." kemur: 75 millj. — Ég vil láta það koma hér fram, að ég tel ekki að þessi mikli niðurskurður á framlagi til þjóðarbókhlöðu sé í samræmi við vilja ríkisstj., ekki í samræmi við þá stefnu sem þar hefur komið fram. Ég tel því að óhjákvæmilegt sé að gera þarna breytingu á, annaðhvort með því að fella þessa brtt. niður ellegar tryggt verði að þær 125 millj., sem þarna vantar á, komi í lánsfjáráætlun. Ég mun beita mér fyrir því, að önnur hvor þessara leiða verði farin. Ég tel það til lítils sóma fyrir ríkisstj. og Alþingi að ætla enn einu sinni að skera niður fjárveitingu til þjóðarbókhlöðu.

Í öðru lagi vil ég minnast hér á námslán og námsstyrki, Lánasjóð ísl. námsmanna. Í þessu frv. er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til Lánasjóðs ísl. námsmanna sem nemur 2234 millj. kr. Auk þess er um að ræða lántökuheimild í frv. upp á 400 millj. kr., og gengið hefur verið út frá því innan ríkisstj. að í lánsfjáráætlun, sem gengið verður frá innan skamms, væntanlega innan tveggja, þriggja vikna, verði heimild til lántöku að upphæð 700 millj. kr. Samtals eru þetta 3334 millj. kr. Til samanburðar má nefna að framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs ísl. námsmanna nam í fjárl. seinasta árs 1408 millj. og lántökuheimild 270 millj. eða samanlagt 1678 millj. kr. Það er því um það að ræða, að samanlagt fjármagn til Lánasjóðs ísl. námsmanna tvöfaldast milli áranna 1978 og 1979. Skýringin á þessu er hins vegar ekki sú, að um sé að ræða hærri fjárveitingar til hvers og eins námsmanns, ef tekið er tillit til verðbólgu. Skýringarnar eru fólgnar í því, að tekið hefur verið tillit til erlendrar og innlendrar verðbólgu og til gengislækkana á s. l. ári. Einnig er um að ræða talsvert mikla fjölgun lánþega, 12-14%. Þar að auki bætist það við, að afborganir af þegar teknum lánum hafa orðið æ stærri þáttur í greiðsluþörf sjóðsins.

Í samræmi við lög um námslán og námsstyrki ber að miða útlán úr sjóðnum við umframfjárþörf hvers námsmanns, en það er þörf námsmanns fyrir framfærslueyri umfram þær tekjur sem hann aflar sér. Á undanförnum árum hefur ríkissjóður mætt 85% af umframfjárþörf námsmanna með lánveitingum úr Lánasjóði. Ég tel að full ástæða sé til að hækka þetta hlutfall, enda segir í lögum um námslán og námsstyrki, í 3. gr., að stefnt skuli að því að opinber aðstoð við námsmenn samkv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til tekna námsmanns og maka hans, fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar í því landi þar sem nám er stundað, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Hér segir skýrt að stefnt skuli að því, að umframfjárþörf skuli að fullu mætt með fyrirgreiðslu úr Lánasjóði námsmanna. Þetta verður hins vegar ekki gert að sinni. Það er ekki svigrúm til hækkunar þessa hlutfalls úr 85% þegar tvöfalda þarf fjárveitingu til sjóðsins á milli ára, á sama tíma og aðrar fjárveitingar hækka mest um 40-50% og margar hækka ekki neitt, jafnvel lækka. Lánshlutfallið verður því áfram 85% á komandi ári.

Þess má geta, að hækkun hlutfallsins úr 85% í 100% hefði kostað um 500-600 millj. kr. til viðbótar og hefði þá framlag ríkissjóðs til Lánasjóðsins nálgast 4 milljarða, en var, eins og ég sagði áðan 1678 millj. kr. í fjárl. 1978. Á hitt vil ég minna, að fjárhagsleg fyrirgreiðsla ríkisvaldsins við námsmenn er sannarlega engin gjöf. Þetta eru lán, meira að segja verðtryggð lán. Þau verða endurgreidd að nokkrum árum liðnum. En meðan endurgreiðslur á verðtryggðum lánum eru ekki hafnar er fjárþörf sjóðsins mjög mikil á hverju ári. Í lögum sjóðsins segir, í 3. gr., sem ég las rétt áðan, að tekið skuli eðlilegt tillit til fjölskyldustærðar, og í 11. gr. reglugerðar segir að tillit skuli tekið til fjölda þeirra sem lánþegi hefur á framfæri sínu. Þetta hefur þó ekki verið gert seinustu 3 ár samkv. gildandi úthlutunarreglum. Hafi maki námsmanns hærri tekjur en nemur ákveðinni viðmiðunarupphæð skerðist námslán hans. Hins vegar fær námsmaður í hjónabandi ekki aukið lán umfram það sem ógiftur námsmaður fær, þótt makinn sé tekjulaus með öllu. Það er sem sagt ekki tekið tillit til þess, ef náms-

maður hefur maka sinn á sínu framfæri. Þessar úthlutunarreglur telja námsmenn brot á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Prófmál af þessu tagi kom fyrir bæjarþing Reykjavíkur á s. l. vetri og féll dómur í málinu 26. apríl s. l. á þá leið, að gildandi úthlutunarreglur samrýmist ekki lögunum. Var því veiting námslána 1976 og 1977 dæmd ógild gagnvart stefnanda málsins og Lánasjóði gert skylt að veita honum viðbótarlán, eins og segir í dómi bæjarþings Reykjavíkur, að óhjákvæmilegt sé — með leyfi forseta — „að tillit sé tekið til þess, að stefnandi var kvæntur og maki hans hafði litlar tekjur, enda verður að telja að ríkissjóður beri ábyrgð á framangreindum mistökum stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þessi úrlausn er á því byggð, að nefnd ákvæði laganna og reglugerðarinnar séu það skýr, að vafalaust sé að stjórnvöldum bar að fara eftir þeim."

Ég held að þessi niðurstaða borgardóms Reykjavíkur sé fullkomlega skýr og ljós, og ég er sammála um þessa niðurstöðu. Ég held líka að hver sem gefur sér tíma til að kynna sér lög um Lánasjóð ísl. námsmanna með því einfaldlega að lesa þá grein sem ég las áðan, sjái að þar er sú skylda lögð á herðar viðkomandi stjórnvalda og stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna að taka eðlilegt tillit til þess, ef lánþegi á maka og börn og er framfærsluskyldur gagnvart þeim lögum samkvæmt af því að þessir aðilar hafa ekki tekjur. Af þessum ástæðum lét ég það verða mitt fyrsta verk, eftir að ný sjóðsstjórn hafði verið skipuð, að fela henni að semja drög að nýjum úthlutunarreglum sem ótvírætt séu í fullu samræmi við landslög. Að tillögum sjóðsstjórnar fengnum verður úhlutunarreglunum breytt, enda tel ég að það væri ábyrgðarleysi, ekki síst eftir að dómur bæjarþings Reykjavíkur liggur fyrir, að viðhalda óbreyttum útlánareglum þannig að ríkissjóður ætti hugsanlega yfir höfði sér bakreikning frá þúsundum námsmanna fyrir úthlutunarárið 1979. En sú er einmitt raunin um úthlutunarárin 1976—1978, ef niðurstaða Hæstaréttar verður samhljóða dómi undirréttar, eins og ég tel varla vafa á.

Eins og ég hef þegar sagt, er gert ráð fyrir 3334 millj. kr. framlagi til Lánasjóðs ísl. námsmanna á árinu 1979 samkv. fyrirliggjandi frv. og áformum í drögum að lánsfjáráætlun. Vafalaust verður þörf á meira fjármagni til sjóðsins á næsta ári en þessu nemur. Oft áður hefur sjóðurinn fengið viðbótarfjármagn þegar á árið hefur liðið. Á s. l. hausti var það eitt fyrsta verkefni mitt í menntmrn. að sækja um viðbótarfjármagn til ríkissjóðs fyrir Lánasjóð, og sú upphæð varð 230 millj. kr. Fjárhagur sjóðsins á næsta ári ræðst af mörgum atvikum, m. a. af verðbólgustigi, gengi krónunnar, verðbólgu í öðrum löndum, fjölda lántakenda og mörgum öðrum breytilegum forsendum sem geta haft áhrif á fjárþörf sjóðsins. Ég tel afar brýnt að lán, sem sjóðnum verða veitt, séu afborgunarlaus fyrstu 3-4 árin, enda útilokað fyrir sjóðinn að hefja afborganir af lánum meðan endurgreiðslur til sjóðsins eru jafnlitlar og nú er. Á þetta atriði hef ég lagt þunga áherslu og mun gera áfram.

Sem sagt, herra forseti, ég vildi að það kæmi skýrt fram, að úthlutunarreglunum verður breytt, en endanlegar ákvarðanir um fjárþörf sjóðsins verða að bíða betri tíma, þegar málið liggur að öllu leyti ljósar fyrir.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Í tilefni af ræðu hæstv. menntmrh. vil ég segja nokkur orð vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Það er svo með verðbólguna, að hún skerðir fyrst og fremst kjör láglaunafólks. Í þessum hópi er námsfólk í framhaldsskólanámi. Stofnaður var Lánasjóður ísl. námsmanna á sínum tíma til þess að létta undir með námsfólki, og síðar, 1968, var gerð allsherjarbylting á þessu sviði, sem miðaði að því að svara auknum kröfum í námi, sem þá var farið að gera, og líta svo á, að nám væri vinna, en ekki, eins og áður hafði verið, vinna í atvinnulífinu samhliða vinnunni í háskólanum. Námið gerði þær kröfur og gerir þær kröfur, að þar þarf að koma til framlag af opinberu fé til þess að fjármagna þetta starf.

Nú er það svo, að Lánasjóður ísl. námsmanna er gengistryggður eða vísitölutryggður sjóður. Þessi breyting var gerð hér á Alþ. fyrir 2-3 árum eftir miklar umr. sem stúdentar og þm. ásamt ýmsum öðrum tóku þátt í. Niðurstaðan varð sú, að Lánasjóðurinn er nú vísitölutryggður, þannig að til lengri tíma litið má ætla að mestallt það fjármagn, sem veitt er til sjóðsins nú á fjárl. og lánsfjáráætlun, skili sér aftur. Þetta er líklega þess vegna ein öruggasta fjárfesting sem er að finna á tilvonandi lánsfjáráætlun og í þeim fjárlögum sem nú er verið að ræða.

Samhliða þeim lögum, sem tóku gildi fyrir 2-3 árum og gerðu þennan sjóð vísitölutryggðan, var reglugerð fyrir sjóðinn breytt. Þessi reglugerðarbreyting var e. t. v. ekki í samræmi við öll þau lagafyrirmæli sem í lögum um sjóðinn er að finna. Hæstv. menntmrh. lýsti því nokkuð, hvernig þessu máli var komið, og er hér fyrst og fremst átt við málefni þess námsfólks sem á börn á framfæri sínu. Með reglugerðarbreytingu 1976 voru kjör þessa fólks sérstaklega skert. Er talið að ef aftur ætti að breyta reglugerðinni í það horf sem hún var fyrir 1976 og rétta hlut foreldra í framhaldsnámi á sama hátt og samkv. gömlu reglugerðinni þyrfti að bæta við 200 millj. kr. Síðustu ríkisstj. tókst ýmislegt illa, en sennilega hvergi jafnátakanlega og í garð þessa fólks, eins og þetta dæmi ljóslega sýnir. Sú ríkisstj., sem nú situr við völd, verður að taka málið föstum tökum og rétta hlut þessa fólks tafarlaust.

Þó er það svo, að sú leið var valin í þessu máli að fjármagna Lánasjóðinn hvort tveggja með hækkuðu framlagi á fjárlögum til að mæta verðbólgu og í lánsfjáráætlun með lántökuheimildum. Ég ætla ekki að meta hagkvæmni þessara leiða varðandi lánsfjáráætlunina, en segi aðeins, að það hlýtur að vera markmið Alþingis að fjármagna þetta jafnan á fjárl. hverju sinni.

Hæstv. menntmrh. lýsti yfir að hann hefði skipað svo fyrir, að gerðar yrðu breytingar á þeirri reglugerð sem hefði gilt fyrir sjóðinn s. l. ár. Ég skildi orð hans svo, að þar ætti að rétta hlut foreldra í framhaldsnámi. Þetta kostar fjármagn umfram það sem nú er í fjárl. og ætlað er að setja í Lánasjóðinn á lánsfjáráætlun. Að vísu er fjármagnsþörfin miðuð við 12% aukningu eftirspurnar. Búast má við samkv. umsóknum, sem komnar eru, að eftirspurnin verði ekki sú sem reiknað er með, vegna þess að ljóst er að þeir skilmálar, sem sjóðurinn setur námsfólki með endurgreiðslur, eru slíkir að það er hagkvæmara fyrir það námsfólk, sem hefur aðstöðu í bankakerfinu, — og við vitum hvaða námsfólk það er sem hefur aðstöðu í bankakerfinu, það eru dætur og synir forréttindafólksins í landinu, — það er hagkvæmara fyrir það fólk að ganga í bankana, slá sér víxla þar á lágu vöxtunum, neikvæðu vöxtunum. Þessa leið velja margir stúdentar sem njóta þessarar aðstöðu, þegar þeir sjá

hvers konar lánskjör eru í boði.

Við höfum rætt hér fyrr um raunvexti, ýmsir á móti og ýmsir með. En það er dálítið skrýtið í þessu samfélagi okkar með 50% verðbólgu, að þeir, sem verja neikvæðu vextina, skuli hafa haft forustu um að skipa málum Lánasjóðsins þannig að raunvextir — og ekki aðeins raunvextir, heldur umframraunvextir — skyldu gilda þar. Við ræddum um raunvexti í þeim tilgangi að lækka verðbólguna. Að hækka vexti á námslánum er ekki viðnám gegn verðbólgu. Það er ekki verðbólguhvetjandi ráðstöfun að hækka fjárframlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna, það er langt frá því. Aftur á móti er það verðbólguhvetjandi ráðstöfun að eyða mörgum hundruðum millj., sem við höfum verið að gera og gerum í dag, í ein og önnur verkefni sem náðst hefur samkomulag um og þeir, sem hafa e. t. v. sýnt einhverja andstöðu, ekki fengið rönd við reist. Þess vegna er það krafa námsfólks, að tillit verði tekið til þess, að réttur foreldra í framhaldsnámi verði bættur, og það verði ekki gert á þann hátt sem margan grunar, með því að millifæra fjármagn innan þess ramma sem sjóðnum hefur verið markaður með tilliti til yfirlýsinga hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. áður og nú. Það liggur ljóst fyrir, að ef á að rétta hlut námsfólks, þó ekki væri nema eins og var fyrir 1976, þá þarf að bæta við nokkrum tugum millj., e. t. v. eitthvað á annað hundrað millj. Það liggur ekki ljóst fyrir, hvað þessi upphæð kann að verða há, fyrr en hin nýja reglugerð hæstv. menntmrh. liggur fyrir. Fer vel á því, að reglugerðarbreytingunum verði flýtt þannig að þær megi liggja fyrir fljótlega eftir áramótin eða a. m. k. áður en lánsfjáráætlun verður afgreidd, svo að þá megi reikna út hvað þessar breytingar kosti og taka mið að því við endurskoðun lánsfjáráætlunar eftir áramót. Ég lít svo á, að það sé ekki búið að ganga endanlega frá lánsfjáráætlun og þar megi ýmsu hnika til. Þess vegna vil ég hvetja hæstv. menntmrh. í framhaldi af ræðu hans áðan, þinglið allt og e. t. v. í samræmi við hástemmdar viljayfirlýsingar sumra hv. þm. og nokkurra þingflokka hér áður fyrr, að taka nú höndum saman og tryggja hlut námsfólks í framhaldsskólanámi.

Að lokum vil ég segja þetta, herra forseti: Ég tel að nýta eigi þann tíma, sem nú gefst fram að afgreiðslu lánsfjáráætlunar, til þess að taka þessi mál fastari tökum. Hæstv. menntmrh. og sjóðsstjórn Lánasjóðsins, sem vinna nú að breytingum á reglugerðinni, miði þær breytingar við, þarfir námsfólks, ekki endilega við hugmyndir um fjármagn sem ætlað er að leggja til sjóðsins nú, heldur fyrst og fremst við eðlilegar þarfir námsfólks, vegna þess að það er réttur þessa fólks. Ég mun eftir mætti beita mér fyrir því og fylgjast með því, að hlutur þessa fólks verði ekki skertur meir en orðið er.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. fjmrh. fyrir að fá að skjótast hér inn í áður en hann tekur til máls, en hann hefur að sjálfsögðu allan rétt til þess að taka til máls í Sþ. þegar honum sýnist. Ég er honum þakklátur fyrir að leyfa mér að skjótast hér á milli. En ástæðan fyrir því, að ég bað um það, er sú, að ég ætla að helga þessa ræðu mína aðeins því máli sem hv. síðasti ræðumaður ræddi um, þ. e. a. s. námslánum og málum tengdum þeim.

Það hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni á þessum fundi, að með því er fylgst hér við lokaafgreiðslu fjárl. hvernig af reiðir um námslán fyrir íslenska námsmenn. Og það er ofur skiljanlegt að það sé gert, þegar tillit er tekið til þeirrar staðreyndar, að nú situr í ráðherrastól í menntmrn. sá maður sem hefur fengið orð á sig fyrir það að vera mestur góðvildarmaður stúdenta, a. m. k. í orði kveðnu, í þessari kjarabaráttu þeirra, sem stundum er svo kölluð. Ég vil hér aðeins — með leyfi forseta — vitna til greinar sem skrifuð var á sínum tíma í Stúdentablaðið, nánar tiltekið fyrr á þessu ári, 25. jan., þar sem núv. hæstv. menntmrh. svarar spurningu Stúdentablaðsins á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþb. var andvígt stjfrv. um Lánasjóð námsmanna, sem samþ. var á Alþ. vorið 1976, og er hvenær sem er reiðubúið að standa að nýjum lögum og reglum um starfsemi Lánasjóðsins."

Og síðar í þessari sömu grein segir:

„Við lögðum til að engar endurgreiðslur yrðu á lágum launum. Við töldum og teljum enn, að löngu sé orðið tímabært að umframfjárþörf námsmanna sé mætt að fullu, og miðað við þetta markmið og aðrar breytingar, sem við teljum nauðsynlegt að gerðar verði á úthlutunarreglum sjóðsins, er ljóst að óhjákvæmilegt er að veita auknu fjármagni til sjóðsins."

Þetta er lestur úr grein sem hæstv. núv. menntmrh. ritaði í Stúdentablaðið fyrr á þessu ári. Og það er athyglisvert að fylgjast með því, að þetta er sami maðurinn sem nú fer með öll völd í þessu máli. Völdin, sem hann hefur, eru samkv. lögum um námslán og námsstyrki, en í 3. gr. þeirra laga er vísað til 16. gr. um það, að ráðh. fer með reglugerðarvald í þessu máli og hann fer með skipunarvald þeirra manna, sem mynda meiri hl. sjóðsstjórnar, ásamt öðrum í ríkisstj. Honum var þess vegna og er í lófa lagið að haga þessari reglugerð með þeim hætti sem hann telur heppilegast innan ramma laganna á hverjum tíma.

Ég minnist á þetta hér vegna þess, að komið hefur fram að það þurfi um það bil 200 millj. kr. til þess að brúa það bil sem myndast, ef úthlutunarreglurnar breytast á þann veg, að tekið sé tillit til barna stúdenta og aðeins sé miðað við að brúuð séu 85% umframfjárþarfar námsmannanna. Í fjárlagafrv. núna er gert ráð fyrir að 2.2 milljarðar komi á fjárl. Þessu til viðbótar — og á því vil ég gera skýran greinarmun og því sem kemur fram í fjárl. — á að vera 400 millj. kr. lánsheimild, og auk þess hefur hæstv. fjmrh. lýst yfir að komi 700 millj. kr. lánsheimild, eða samtals 3.3 milljarðar, en það er upphæð sem þarf til þess að staðið sé við óbreyttar reglur, að námsmenn fái í sinn hlut nákvæmlega sama og þeir fengu á yfirstandandi ári.

Nú skyldi maður ætla að þarna væri gengið til móts við sjónarmið námsmanna og sjóðsstjórnarinnar. Ég tel í þessu sambandi rétt að lesa, með leyfi hæstv. forseta, úr bréfi sem var sent fjvn. frá stjórn Lánasjóðsins og gerir grein fyrir þessu mál og viðhorfum sjóðsstjórnarinnar til lántökuheimilda eins og verið er að fjalla um í þessu sambandi. Þar segir orðrétt:

„Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að fjárþörf sjóðsins verði að hluta mætt með lántöku að upphæð 400 millj. kr." — Það er þessi upphæð sem ég minntist á áðan, en nú er komið í ljós að þessi upphæð verður 1100 millj. — „Sjóðsstjórn vill taka fram, að hún er mótfallin slíkum lántökum, enda leysa þær engan vanda til frambúðar, heldur slá því enn á frest, að sjóðurinn geti farið að standa undir sér að einhverju verulegu leyti. Lántökur af þessu tagi ætti í hæsta lagi að hafa til vara, ef fjárþörf

sjóðsins kynni að fara fram úr áætlun af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Þessar vikurnar er einmitt til umræðu hjá stjórnvöldum að taka lán upp í fjárþörf sjóðsins á þessu ári. Af þeim sökum er skylt að benda á að ekki er gert ráð fyrir neinum greiðsluskuldbindingum vegna slíkra lána á næsta ári, enda er ógerlegt að áætla þær að svo komnu. Verði slík lán tekin er því ljóst að mæta verður greiðslum vegna þeirra með aukafjárveitingum."

Læt ég hér lestri úr bréfi frá stjórn Lánasjóðsins lokið að sinni.

Það kom fram hjá hæstv. menntmrh. og hann hrósaði sér af því, að nú hefði framlagið til sjóðsins tvöfaldast, og tók þá að sjálfsögðu allt með sem til sjóðsins rennur, þannig að útkoman yrði 3.3. milljarðar núna, en hefðu verið 1680 millj. á síðasta ári. (**Menntmrh.:** Á seinustu fjárlögum.) Á síðustu fjárl. Til viðbótar kom það sem rennt var hér í gegn í dag, sem ég hjó líka eftir hjá ráðh. Það var aukafjárveiting upp á 230 millj. kr., sem hæstv. ráðh. réttilega skýrði frá og kemur til viðbótar þeirri ábyrgðarheimild sem kemur til í fjárl. (**Menntmrh.:** Og 500 millj. betur.) Og 500 millj. betur, við skulum hafa það þannig. En í þessu sambandi er þó rétt að það komi fram, ef við tökum þær tölur og berum þær saman við það sem var í fyrra, þá var að því stefnt í fyrra við gerð fjárl., að í fjárl. sjálfum, — og það þarf að taka fram að þessar upphæðir breytast auðvitað vegna verðbólgunnar, eins og réttilega hefur komið fram hjá hæstv. ráðh., — þar var stefnan sú, að inn á fjárl. sjálf kæmu 85% af þessum 85% umframfjárþarfarinnar. Ef þessu hefði verið fylgt út í hörgul við gerð þessara fjárl., þá hefði þurft 2.7 milljarða beint inn á fjárl. og svo til viðbótar lántökuheimildirnar.

Mig langar til að rifja það upp hér, að fyrir nokkru var þingflokkunum boðið að senda fulltrúa á stúdentafund sem var haldinn í Félagsheimili stúdenta og var mjög fjölmennur. Á þessum fundi var hæstv. fjmrh., en hæstv. menntmrh. var önnum kafinn og sendi fulltrúa sinnt til fundarins, hv. þm. Kjartan Ólafsson, og þar var hæstv. fjmrh. margoft spurður að því, mig minnir fjórum sinnum, hvernig hann hygðist ganga frá þessum óskum námsmanna. Hann svaraði ætíð á sama veg, að hann mundi sjá til þess, að hægt væri að brúa 85% af umframfjárþörf lánþega sjóðsins. Nú hefur komið í ljós að þessi lánsheimild á að vera 700 millj. kr., sem þýðir það að reglugerðin á að standa óbreytt, úthlutunarreglurnar eiga að standa óbreyttar. Hæstv. ríkisstj., sem nú situr, og hæstv. menntmrh. ætla að nota sér það, að mér skilst, — hann leiðréttir mig ef rangt er með farið, — notfæra sér það, að nú standa málaferli yfir þannig að mál hefur unnist í undirrétti, en verið sent til Hæstaréttar. En ég tel að hægt sé að breyta reglugerðinni þrátt fyrir það að málið sé fyrir dómi. (Gripið fram í.) Ég vona, herra forseti, að ég fái að tala. Ég sé að hv. þm. Kjartan Ólafsson er á mælendaskrá hér á eftir og hann þarf að koma hingað til að standa fyrir máli sínu. Ég veit að stúdentarnir, sem standa hér á þingpöllunum, bíða eftir því.

Ég kem nú að Kjartans þætti Ólafssonar, hv. þm. Hann var á þessum fundi og lýsti þar yfir að hann skyldi sjá til þess, við 3. umr. fjárl. mundi hann koma með till. til breytinga á fjárl. um 200 millj. sem ættu að koma inn til viðbótar, til þess að hægt væri að taka tillit til barna stúdenta. Ég var einn þeirra, sem þarna voru mættir, var fulltrúi Sjálfstfl., og ég sagði: Ég mun ekki í stjórnarandstöðunni koma á Alþ. og gerast svo ábyrgðarlaus að flytja þar till. þess efnis að fá 200 millj. úr ríkissjóði án þess að annaðhvort komi til tekjuöflun eða niðurskurður á móti. En ég skal með glöðum huga og heilum stuðja þá till. sem hv. þm. Kjartan Ólafsson kemur með, enda veit ég að hann hefur nú séð fyrir því, að annaðhvort komi niðurskurður eða nýjar tekjur á móti. — Ég ætla að standa við þetta, og ég vænti þess, að þegar hv. þm. Kjartan Ólafsson fær tækifæri til að koma hingað í ræðustólinn, en hættir samræðum úr sal, þá komi hann og standi fyrir máli sínu.

Nú má spyrja að því, og það er eðlilegt að þm. geri það: Er sanngjarnt að veita stúdentum lán með þeim hætti sem hér er um að ræða? — Við skulum þá fyrst minnast þess, að í lögunum er stefnt að því, að brúa skuli 100% umframfjárþarfarinnar, en það þýðir 1200 millj., að ég best veit, í staðinn fyrir 700 millj. að óbreyttum reglum, en líklega um 1400 millj., ef ég fer rétt með, ef tekið er tillit til barna eins og áður hefur verið minnst á.

Í öðru lagi má minna á að endurgreiðslur til sjóðsins eru verðbættar. Ef við köllum þetta fjárfestingu, þá er þetta líklega eini fjárfestingarlánasjóðurinn í landinu sem fer þannig með lánþega sína. Til þess verður að taka tillit, að þessi sjóður getur með tíð og tíma staðið að miklu leyti undir sér, ef frá þeirri stefnu verður vikið sem nú hefur verið mörkuð, kannske með enn meira æpandi hætti en áður, að taka ávallt lán og ýta þessu máli til framtíðarinnar. Ég veit að nú reynir á hæstv. menntmrh. Ég veit að þeir stúdentar, sem standa hér á þingpöllunum, bíða eftir efndum. Þeir hafa séð hann standa hér í ræðustól sem hv. þm. Nú situr hann á valdastól og hefur í sínum höndum öll völd í þessu máli.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það eru örfá orð út af tveimur málum, í fyrsta lagi varðandi Þjóðarbókhlöðuna. Það kemur fram í till. meiri hl. fjvn. að lækka þá fjárveitingu um 125 millj. kr. Ég mun að sjálfsögðu fylgja öllum till. meiri hl. fjvn., en get fallist á þá uppástungu hæstv. menntmrh. að beita mér fyrir því, að þessi upphæð verði tekin inn á lánsfjáráætlun.

Í öðru lagi vil ég minnast örfáum setningum á Lánasjóð ísl. námsmanna. Það kom réttilega fram í máli hæstv. menntmrh., hvaða upphæðir það eru sem ætlað er að beina til Lánasjóðsins á næsta ári, þ. e. a. s. 2234 millj. kr. á fjárl. sem beinu framlagi og þar að auki 400 millj. kr. lánsheimild í fjárlagafrv., auk þess er þegar gert ráð fyrir að afla 700 millj. kr. til viðbótar á lánsfjáráætlun ríkisstj. Segir um það í aths. við fjárlagafrv., framlag sem þar er að vísu 400 millj. kr., en það nægir ekki nú miðað við verðlagshorfur, að þessar till. séu miðaðar við að lánahlutfall sjóðsins verði 85% af umframfjárþörf. Það er á valdi hæstv. menntmrh. að ákveða úthlutunarreglur innan ramma laga. En þetta er sú fjármögnun sem ætlað er að standa undir á næsta ári.

Ég vil svo aðeins láta það koma fram til viðbótar, að á þessu ári voru Lánasjóði ísl. námsmanna ætlaðar 1678 millj. 135 þús. á fjárl. Það hefur hvergi nærri nægt og hefur verið greidd til viðbótar úr ríkissjóði á árinu 500 millj. kr. hærri upphæð en þessi til þess að unnt væri að fylgja 85% reglunni, þar sem verðlag hefur hækkað um 42% á árinu eins og öllum er kunnugt. Til viðbótar við þetta hef ég þegar tekið ákvörðun um að greiða 200 millj. kr. til sjóðsins á þessu ári, er vegna þess að það fellur skuldabréf, sem sjóðurinn skuldar, upp á 200 millj. nú um áramót og það verður greitt, þannig að á þessu ári,

1978, verða samanlagðar greiðslur úr ríkissjóði og lán til sjóðsins 2 milljarðar 378 millj. 135 þús. kr. Ég taldi rétt að þetta kæmi fram, til þess að mönnum væri ljóst hvernig þessi mál standa á yfirstandandi ári.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir brtt. á þsk. 293, sem ég flyt ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Þetta er um niðurskurð á fjárlagadæminu, um í sjálfu sér litla upphæð, 11.8 millj. Hér er um að ræða embætti blaðafulltrúa ríkisins sem eins og hv. þingheimi er auðvitað kunnugt um var til stofnað í heimildarleysi. Þetta var að okkar hyggju nýtt embætti og ástæðulaust, óþarfaútgjöld fyrir ríkissjóð og þess vegna skattgreiðendur. Þetta er einföld niðurskurðartillaga og rúmast vel innan þess samkomulags sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa þegar gert.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ásamt þm. Einari Ágústssyni, Ágúst Einarssyni og Albert Guðmundssyni flyt ég á þskj. 305 till. varðandi ferðamannastöð við Gullfoss.

Eitt frægasta og fegursta náttúrufyrirbrigði Íslands er Gullfoss og auðvitað ljóst að umhverfi fossins þarf að njóta nauðsynlegrar verndar og þarf að skapa sem best skilyrði til að taka á móti þeim mikla fjölda ferðamanna, innlendra og erlendra, sem þangað koma. Eru víst allir sammála um að það er rétt sem segir í grg. Ferðamálaráðs um þetta mál, sem send hefur verið ýmsum aðilum, að ástandið við Gullfoss hafi verið þjóðinni til vansæmdar í fjöldamörg ár. Er talið að aðsókn að Gullfossi sé upp undir 100 þús. manns yfir sumarmánuðina og Gullfoss þannig einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins.

Ferðamálaráð hefur lagt á það mikla áherslu undanfarin ár, að hér séu gerðar umbætur svo að sómasamlegt megi teljast. Umhverfismálanefnd Ferðamálaráðs hefur kannað þetta mál rækilega, ráðið til þess arkitekt að gera tillögur að húsi þar, og er gert ráð fyrir í þessum tillögum, að við Gullfoss sé reist um 250 fermetra hús, þar verði snyrtiaðstaða af stærð sem miðast við hina árlegu aðsókn, þar verði íbúð gæslumanns lands og mannvirkja, sem nauðsynlegt er að hafa þar um hásumartímann, þar verði afdrep fyrir gesti, sem þýðingarmikið er að hafa á þessum misviðrasama stað, lítil minjagripasala og geymsla. Við hönnun hússins hefur verið lögð áhersla á að form og byggingarefni falli eðlilega að umhverfi sínu. Í þessari n. eiga sæti þeir Árni Reynisson framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, Heimir Hannesson formaður Ferðamálaráðs og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga. Gerðar hafa verið áætlanir sem Ferðamálaráð hefur lagt fram með kostnaðaráætlun, grunnmynd húss, frumteikningu að útliti, afstöðumynd og ljósmynd af vinnulíkani. Því miður hefur þetta mál ekki fengið þær undirtektir eða stuðning sem sjálfsagður hefur verið hjá stjórnvöldum til þessa, enda er það mála sannast, að það virðist svo í okkar stjórnkerfi að þetta heyri undir allmarga aðila og virðist erfitt að fá þar niðurstöður og ákvörðun. Ég ætla að það sé nauðsynlegt að Alþ. taki af skarið og láti í ljós vilja sinn í þessu efni, því að við svo búið eins og verið hefur að undanförnu má ekki lengur standa.

Nú er það svo, að Ferðamálaráð hefur samþykkt að úr Ferðamálasjóði verði lagðar fram 10 millj. á ári í 3 ár, 1978, 1979 og 1980, eða 30 millj. samtals í þessu skyni. Enn fremur hefur Framkvæmdasjóður fallist á að lána Ferðamálasjóði til framkvæmda við Gullfoss 10 millj. kr. til þess að flýta þar framkvæmdum.

Það, sem í till. á þskj. 305 felst, er ekki að veita beint fé til þessara framkvæmda úr ríkissjóði, heldur að inn á heimildagrein, 6. gr. fjárl., komi nýr liður í þá átt, að ríkisstj. sé heimilt að láta hefja framkvæmdir við þjónustustöð fyrir ferðamenn við Gullfoss í samræmi við frumhönnun, sem Ferðamálaráð Íslands hefur látið gera, og taka til þess lán allt að 25 millj. kr.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti þess, að hv. alþm. taki vel undir þessa nauðsynlegu umbót, að eftir það ástand, sem verið hefur í fjölda ára og fjölmargir ferðamenn að sjálfsögðu hneykslast á með réttu á undanförnum árum, ákveði Alþ. nú að láta í ljós þann vilja sinn, að svo búið megi ekki lengur standa.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umr. sem hér hafa átt sér stað um að fjármagna námsstyrki, en ég tel sjálfsagt að hæstv. menntmrh. standi nú við öll þau stóru orð sem hann lét falla um þessi mál áður en kann kom í ríkisstj.

Ég vil einnig í upphafi máls míns taka undir með hv. 11. þm. Reykv. um nauðsyn á mannvirkjagerð við Gullfoss. Svo mikil ræfilsþjóð getum við ekki verið, að við höfum ekki efni á að byggja smáhýsi fyrir ferðamenn við þá perlu sem við erum hvað stoltastir af í okkar landslagi og auglýsum með glansmyndum um heim allan til að draga hingað ferðafólk. En það á kannske eftir að koma í ljós.

En ástæðan til þess, að ég stend hér upp nú, er brtt. á þskj. 279 við frv. til fjárl. fyrir árið 1979, flutt af 9 þm. Alþfl. Þegar ég sá þessa brtt. kom mér í hug: Hvað er nú þetta? Hvað er að ske? Hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., gaf þá yfirlýsingu snemma dags í dag, að tekist hefði samkomulag milli stjórnmálaflokka þeirra, sem standa að hæstv. ríkisstj., um vinnubrögð við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1979 og það eftir strangan næturfund þingflokks Alþfl. og flokksstjórnar Alþfl. Hæstv. utanrrh. flutti hv. Alþ. þessi gleðitíðindi af miklu stolti og satt að segja rétt eins og hann hefði unnið sigur í heimsstyrjöld. Við þm. stjórnarandstöðunnar fögnuðum með formanni Alþfl., en töldum þó að þessi gleðitíðindi hans ættu tæplega erindi inn á hv. Alþ. nema til þess að tefja fyrir afgreiðslu þeirra dagskrármála sem voru til umr. En tíðindi voru það samt, að hæstv. ríkisstj. hefði loksins tryggt sér stuðning allra þeirra þm. sem mynduðu núv. hæstv. ríkisstj. Reyndar tilkynnti hæstv. utanrrh. að samstarfssamningur Alþfl. við hina stjórnarflokkana næði aðeins yfir stutt tímabil, eða til 1. febr. 1979, ég held að það séu um það bil 39 dagar. En nú eru lagðar fram brtt. frá þm. Alþfl. Ég spyr — sjálfan mig kannske upphátt frekar en hv. þm.: Hvers konar ölæði er þetta í Alþfl., og hvers konar þrekvirki er hann að vinna? Hann fer í 39 daga bindindi og tekur það út á minna en 24 tímum. Alveg furðulegur flokkur!

Ég ætla ekki að fara hér yfir þá liði sem koma fram á brtt. á þskj. 279. Þeir ganga upp, þar er ýmist dregið úr eða bætt við. En það er eitt sem vekur athygli, og það er að þeir hafa þó haft þann fyrirvara á, að ef svo færi að þessi till. þvingaði ekki fram einhvers konar yfirlýsingu frá hæstv. forsrh., þá tryggja þeir þó fylgi með fjárl. með því að skilja 5 þm. af 14 eftir, þ. e. a. s. 3 ráðh., og einnig vantar hér nöfn hv. þm. Braga Sigurjónssonar og hv.

formanns þingflokks Alþfl., Sighvats Björgvinssonar. Það eru sem sagt 5 af 14 þm. sem flytja ekki þessa brtt., og það nægir til þss að hafa 31 þm. eða nauman meiri hl. með fjárl. á hv. Alþingi. (**Gripið fram í:** Þetta er sniðugt.) Þetta er sniðugt, en hvers konar leikaraskapur á sér stað? Ég verð að segja alveg eins og er, að ég lít svo á að með því að tryggja framgang fjárl. með naumum meiri hl. séu þeir að reyna að gefa 9 af 14 þm. svigrúm til að dansa innan þeirrar stefnu sem þeir hafa kynnt opinberlega, þó ekki lagt fram á Alþ., sem þeir kalla efnahagsstefnu Alþfl.

Ég hafði satt að segja búist við því, að Alþfl. mundi standa við yfirlýsingar formanns síns frá því snemma dags í dag, en svo virðist ekki ætla að verða. Og ég harma það, því að ég er þó það mikill sportmaður í mér, að mér finnst það satt að segja ódrengilegt eftir þá yfirlýsingu og eftir þær fréttir sem bárust hingað inn í sali Alþ. eftir næturfund Alþfl. s. l. nótt, þá finnst mér það ódrengilegt af þessum 9 flm. þessarar brtt. að hlaupa svona út undan sér og skilja formann sinn eftir óábyrgan í tali. Það getur verið ástæðan fyrir því, að hæstv. utanrrh. er ekki hér staddur í kvöld við 3. umr. fjárl.

Ég vil samt sem áður leyfa mér að beina þeirri ósk til flm. þessarar brtt., að þeir dragi till. sína til baka, því að af mörgu einkennilegu, sem komið hefur fram í vinnubrögðum alþm. Alþfl. á þessu þingi, þá held ég að þessi tillöguflutningur þeirra geri menn almennt orðlausa. Svo furðuleg sýndarmennska skín í gegnum þennan tillöguflutning, og á ég þá við það sem ég er búinn að geta um, að skilja eftir 5 menn til þess að tryggja að fjárlagafrv. fari nú í gegn, 9 frjálsir. (**Gripið fram í:** Jólasveinar einn og átta.) Jólasveinar einn og átta, sagði einhver, ekki ætla ég að mótmæla því, en það eru ekki mín orð.

Ég lít svo á að þessi tillöguflutningur hafi borið árangur. Hann hefur borið þann árangur, að hæstv. forsrh., sem eins og ég held allir aðrir þm. hefur tekið þingflokk Alþfl. og formann Alþfl., hæstv. utanrrh., alvarlega í morgun þegar hann gaf út yfirlýsingu fyrir hönd flokksins, — hæstv. forsrh. hefur áreiðanlega brugðið þegar hann sá þessa till. sem hlýtur að hafa verið eins og rýtingsstunga í bak hans. Hann flýtir sér upp í ræðustól, — auðsjáanlega þreyttur, því að hann kom líklega hingað eingöngu til þess að koma augnablik upp í ræðustól og fara síðan heim og hvíla sig, því að hann hefur ekki sést hér síðan, — til þess að lýsa yfir að hann muni láta kanna rækilega í janúarmánuði till. Alþfl.-manna og till. annarra, þá á hann líklega við till. sem kynnu að koma fram frá okkar stjórnarandstæðingum. Ég held að þessi orð hæstv. forsrh. hafi verið töluð til þess að benda flm. á að hann óskaði eftir því, að þessar brtt. yrðu dregnar til baka.

Hæstv. forsrh. sagði líka, að eftir áramótin yrðu gerðar till. til að finna varanlega lausn á verðbólguvandanum og það fyrir 1. febr. Það er nýja úrslitadagsetningin sem Alþfl. hefur sett, 1. febr. Hæstv. forsrh. finnur sig knúinn til þess strax eftir hátíðar að vita hvort hægt sé að halda þessari ríkisstj. saman næstu tvö árin, því að það er, eins og hann sagði, til þess að reyna að finna út einhverja stefnu sem gæti dugað þessari hæstv. ríkisstj. í tvö ár. Enginn efast um heilindi hæstv. forsrh. þegar hann talar þessi orð. Vilji hans er eflaust góður vilji. En það er alveg augljóst, að hann er þvingaður til þess að segja meira en hann kannske vildi segja á þessu augnabliki vegna vinnubragða þm. Alþfl. nú með þessari till. og eins og þeir hafa verið hingað til.

Ég veit ekki hvaða orð ég mundi láta út úr mér fara yfir þessi vinnubrögð ef ég væri ekki staddur á hv. Alþ á þessu augnabliki. Ég ætla að leyfa hv. alþm. að giska á það. En mikið ósköp hlýtur það að vera erfitt fyrir hæstv. forsrh. að leiða þessa ríkisstj. (Gripið fram í.) Já, það er alveg rétt. En ég held mig innan þess ramma sem ég setti mér sjálfur.

Ég hefði gaman af því að vita, og ég bið hv. þm. um að taka eftir því, hvort þessi yfirlýsing, sem hæstv. forsrh. hefur nú orðið að gefa, verður til þess að flm. þessarar till. finni sig hafa náð þeim árangri sem þeir ætluðu sér með tillöguflutningnum, og dragi nú till. til baka. Eða getur verið að ég með þessum orðum mínum komi í veg fyrir það og þeir komist þá í vanda, viti ekkert hvað þeir eigi að gera við krógann? En þeir eru búnir að tryggja sér það, að 5 Alþfl.-þm. eru eftir réttu megin.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En mér finnst ég skilja mjög vel hvers vegna hæstv. utanrrh. kemur hingað í sali Alþingis eins sjaldan og hann kemst af með. Það er eingöngu vegna þess að hann er formaður Alþfl.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að mæla stuttlega fyrir einni brtt. á þskj. 269, sem flutt er auk mín af tveim öðrum þm. Alþb., þeim Svövu Jakobsdóttur, hv. 10. þm. Reykv., og Stefáni Jónssyni, hv. 4. þm. Norðurl. e. Þessi brtt. felur í sér að niður falli á útgjaldahlið fjárl. tveir liðir sem í frv. eru nú, báðir í 4. gr. Annars vegar er það liðurinn Tillag til Atlantshafsbandalagsins og hins vegar liðurinn sem fjallar um greiðslu til Þingmannasamtaka NATO. Samtals er upphæðin, sem um er að ræða á þessum tveimur liðum, liðlega 50 millj. kr.

Ég hef ekki hugsað mér að fara að hefja hér umr. um utanríkismál. Afstaða okkar Alþb.-manna til þátttöku Íslands í NATO er alkunn og hefur m. a. verið undirstrikuð í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. Þm. Alþb. hafa áður við afgreiðslu fjárl. flutt till. þessa efnis, og við gerum það enn til að undirstrika andstöðu okkar við þátttöku Íslendinga í þessu hernaðarbandalagi. Ég orðlengi ekki frekar um þessar tillögur.

Ég vil að svo mæltu taka það fram, að ég get sannarlega tekið undir margt af því sem hv. 1. þm. Reykv. sagði hér áðan um brtt. meiri hl. þm. Alþfl. Það vekur vissulega furðu, að eftir þær yfirlýsingar, sem gefnar voru af hæstv. utanrrh., formanni Alþfl., hér fyrr í dag, skuli koma fram af hálfu meiri hl. þm. Alþfl. brtt. við fjárlög sem ganga þvert á samkomulag í veigamiklum málum sem gert hafði verið af hálfu ríkisstjórnarflokkanna sín á milli. (**Gripið fram í:** Hvað eiga brtt. þínar að þýða, Kjartan?) Það er ljóst, hvað mínar brtt. þýða, vil ég segja við hv. þm., og kemur engum á óvart þó að við Alþb.-menn flytjum brtt. um að fella niður greiðslur til Atlantshafsbandalagsins. Það er ekki nýtt mál. (Gripið fram í.) Það er ég sem hef orðið hér, en ekki hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, ef ég mætti biðja hann að hinkra við.

Ég vil aðeins segja það, að hv. þm. Alþfl., fyrst á þau mál hefur verið minnst, flytja m. a. till. um að ráðstafa nokkrum hundruðum millj. kr. til iðnaðarins í landinu. Það er ekki nema gott um það að segja, að menn hugsi hlýlega til iðnaðarins, og ég vil sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf hér í kvöld til staðfestingar á því, sem hæstv. iðnrh. hafði áður sagt, að

ríkisstj. muni beita sér fyrir ráðstöfunum nú á næstu dögum og vikum til að tryggja að sú tollalækkun, sem til framkvæmda kemur um áramót, bitni ekki á íslenskum iðnaði án þess að þar komi aðrar ráðstafanir á móti. Það þurfti engan tillöguflutning af hálfu þm. Alþfl. til þess að ríkisstj. gerði þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru í þessum efnum. En það er athyglisvert, að þegar hv. þm. Alþfl. fara að leita að því, hvert eigi að sækja fjármagnið til að styðja við bakið á íslenskum iðnaði, þá dettur þeim helst í hug að taka það af bændastéttinni í landinu, þar sem þeir leyfa sér í till. sínum að leggja til að útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir verði lækkaðar um hvorki meira né minna en heilan milljarð, 1000 millj. kr. Ég hygg að það séu ýmsir aðilar í þessu þjóðfélagi sem séu betur í stakk búnir til að leggja í sjóð til stuðnings íslenskum iðnaði heldur en bændastéttin í landinu, því að útflutningsuppbæturnar eru að sjálfsögðu ekkert annað en trygging fyrir því, að bændur fái greidd laun sambærileg við aðrar vinnandi stéttir, hinar svokölluðu viðmiðunarstéttir. Ég vil ekki orðlengja frekar um till. Alþfl.

Enda þótt fjöldamargt væri hægt að ræða í sambandi við brtt. frá meiri hl. fjvn., sem margar eru mér fyllilega að skapi, en aðrar síður, mun ég ekki gera það — það er komið fram yfir miðnætti — að öðru leyti en því, að ég sé á bls. 3 á þskj. 271, brtt. meiri hl. fjvn., að n. leggur til í 18. lið brtt., við 4. gr., að verðuppbætur á línufisk verði lækkaðar úr 80 millj. í 40 millj. Ég þekki ekki rökin fyrir þessari till. og ég verð að segja það, að ég felli mig ekki við hana og óska eftir því við hæstv. forseta, að þessi liður verði borinn upp sérstaklega. Mér er fullkunnugt um að þarna er að vísu ekki um neinar meiri háttar upphæðir að ræða, en hitt þekki ég líka, að þeir sjómenn, sem stunda veiðar á bátum, ekki síst línubátum, eru margir hverjir í þeim hópi innan sjómannastéttarinnar sem hvað tekjulægstur er. Ég hygg að það séu ekki nein rök fyrir því að skera þessa litlu upphæð niður um helming nú og vil ekki styðja slíka till.

Það er svolítið fleira sem ég vildi segja úr þessum ræðustól nú, og það snýr að umr. sem hafa orðið um Lánasjóð ísl. námsmanna og fyrirhugaðar fjárveitingar til hans. Ég kemst ekki hjá að eyða örfáum orðum að þessu máli, ekki síst vegna ummæla hv. þm. Friðriks Sophussonar, 5. landsk. þm. Ég hef ekki í huga að fara að endurtaka hér þann fund sem hann vitnaði til með íslenskum námsmönnum fyrir nokkrum dögum, þar sem við vorum báðir mættir sem fulltrúar okkar flokka, en vegna þess að hann vitnaði til ummæla minna á þeim fundi vil ég skýra frá því hver þau ummæli voru. Þau voru á þá leið og komu fram í svari við fsp. frá fleiri en einum fundarmanna um afstöðu mína til þess, hvort þeir í hópi námsmanna, sem hefðu fjölskyldu á framfæri, ættu á næsta ári að fá lánsúthlutun í samræmi við undirréttardóm sem fallið hefur á þá leið, að skylt væri að taka tillit til barna og maka viðkomandi námsmanna við ákvörðun um lánsupphæð. Ég sagði, að ég teldi það með öllu óviðunandi ef ekki ætti að fara eftir þessum undirréttardómi. Og ég sagði líka, að ef ekki fengist trygging fyrir því, að eftir dómnum yrði farið og tekið fullt tillit, eins og þar er kveðið á um, til maka og barna, fjölskyldustærðar námsmanna, þá mundi ég beita mér fyrir því, að sérstök fjárveiting yrði veitt af Alþ. og um það yrði flutt till. til þess að þessi dómur yrði ekki hundsaður.

Nú hefur það komið ljóslega fram, þannig að ekkert er um að villast, að hæstv. menntmrh. hefur nú í kvöld lýst yfir ótvírætt, að fullt tillit verði tekið til undirréttardómsins, þannig að ekki leikur lengur neinn vafi á því, að þegar úthlutað verður námslánum á komandi ári mun verða tekið tillit til þessa dóms og þeir námsmenn, sem hafa börn á framfæri eða tekjulausa maka, munu fá námslán með tilliti til þess, hærri en aðrir, eins og undirréttardómurinn skar úr um. Þar af leiðandi þarf hv. þm. Friðrik Sophusson ekki að hafa uppi neinar spurningar um það, hvorki til mín né annarra, hvort ég muni flytja hér einhverja sérstaka tillögu. Það hefur þegar komið fram, að þetta verður gert, og þarf engan frekari tillöguflutning um það.

Ég vil að gefnu tilefni fagna því, að þessi yfirlýsing hæstv. menntmrh. skuli fram komin. Ég leyfi mér einnig að vekja athygli á þeirri staðreynd, að auðvitað er útilokað með öllu fyrir okkur einstaka þm., fyrir hæstv. fjmrh. eða fyrir hæstv. menntmrh. að gera sér nákvæma grein fyrir því nú, hver fjárþörf Lánasjóðs ísl. námsmanna verður á næsta ári. Ég býst við því, eins og hæstv. menntmrh. tók fram, að hún verði út af fyrir sig nokkru meiri en nemur þeirri upphæð sem lögð er til á fjárl. og í væntanlegri lánsfjáráætlun. En það hefur verið svo undanfarin ár, að það hefur þurft aukafjárveitingar til að standa við þær skuldbindingar sem fyrir hendi hafa verið á hverjum tíma. Komið hefur fram, að á því ári, sem nú er að líða, hefur þurft hvorki meira né minna en 730 millj. kr. í aukafjárveitingu fram yfir það sem gert var ráð fyrir á fjárl. og í lánsfjáráætlun, og má búast við að sú upphæð verði tæplega lægri í krónutölu á næsta ári. En þetta á auðvitað allt eftir að koma í ljós, því að það eru margvísleg atriði sem verða til þess að hafa áhrif á endanlegu upphæðina. Aðalatriði málsins er að hæstv. menntmrh. hefur tekið það skýrt fram, að úthlutunarreglum sjóðsins verði breytt á þann veg, að tillit skuli tekið til undirréttardómsins, og það verður þá alveg eins nú og oft áður vandi viðkomandi ríkisstj. að útvega það fjármagn, sem á kynni að þurfa að halda, með aukafjárveitingu.

Ég gæti talað hér langt mál um það, hversu brýn þörf sé á því að standa vel að þessum málum, lánamálum námsmanna, en ég sé ekki ástæðu til að gera það úr þessum ræðustól nú. Ég vildi aðeins taka þetta fram, sem ég hef þegar sagt að gefnu tilefni.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að mæla fyrir einni brtt. sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 305 ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v. Þessi till. fjallar um það að hækka gjaldfærðan stofnkostnað Bændaskólans á Hólum úr 18 millj. 350 þús. í 40 millj. kr. Ég hafði boðað það við 2. umr. fjárl., að ef ekki yrði breyting á að því er varðaði þennan fjárlagalið, þá treysti ég mér ekki til að láta 3. umr. líða svo að ég gerði ekki tilraun til þess að fá hann hreyfðan. Því miður tókst ekki að fá hljómgrunn fyrir því í meiri hl. fjvn. að hækka þennan lið, og þess vegna tók ég það ráð að flytja þessa brtt.

Svo er ástatt um Bændaskólann á Hólum að þar eru mannvirki öll mjög gömul. Þar eru útihús hvergi nærri í því horfi að það nálgist að vera með eðlilegu nútímasniði, enda eru þau sum hver og jafnvel þau skástu þeirra byggð á áratugnum milli 1930 og 1940. Afleiðingar þessa koma auðvitað fram í starfsemi skólans. Að þessum málum hefur verið hugað nokkuð á undanförnum árum og hefur starfað stjórnskipuð n. til þess að gera till. um uppbyggingu á skólasetrinu. Sú stjórnskipaða n. hef-

ur skilað bráðabirgðatillögum til hæstv. landbrh., gerði það snemma á þessu ári, — tillögum um uppbyggingu skólasetursins í nokkrum áföngum.

Ef það á að vera svar við þessum till., eins og hv. meiri hl. hv. fjvn. virðist vilja, að lækka framlög til gjaldfærðs stofnkostnaðar á Hólum um 250 þús., þá er það að mínum dómi illt svar, — svar sem ég treysti mér ekki til þess að una við án þess að gera tilraun til að fá breytingu á. Enn stendur svo á á Hólum í Hjaltadal, þessu forna menningar- og menntasetri, að þar hefur farið fram jarðhitaleit nú að undanförnu. Var borað þar sem jarðhiti fannst nú í haust, og eru ágætar horfur á því, að hagkvæmt sé að leiða varmaveitu að Hólum, en til þess skortir fjármagn. Sú till., sem ég flyt, mun mæta að nokkru þeirri þörf sem þarna er, en er þó ekki til samræmis við þær till., sem fram hafa verið settar. Ég sem sagt freista þess að ná þessu fram og stilla því svo mjög í hóf sem ég hef hér gert, og ég vænti þess, að hv. alþm. líti á þetta mál með skilningi.

Á þessum miðnæturfundi er að sjálfsögðu ekki ástæða til að fara að ræða afgreiðslu fjárl. mjög ítarlega, það hefur enda verið gert af hálfu okkar minnihlutamanna af frsm. okkar, hv. þm. Lárusi Jónssyni. Svo fór eins og jafnan áður, að eftir ágæta samvinnu í fjvn. klofnar hún að lokum og skiptist í meiri og minni hl. og að þessu sinni skilar meiri hl. till. sínum, en minni hl. sínum. Nú er það svo, að í till. meiri hl. n. eru auðvitað ýmsar þær till. sem við í minni hl. viljum gjarnan styðja og munum sjálfsagt styðja einhverjar þeirra. Hins vegar eru þar till. sem eru með þeim hætti sem við fellum okkur ekki við, og er langt frá því, að við séum þeim öllum samþykkir. Það mun koma í ljós við atkvgr. um þetta mál.

Afgreiðsla fjárl. að þessu sinni er byggð á mikilli tekjuöflun, má segja gífurlegri skattheimtu til ríkissjóðs, og hafa hv. alþm. og þjóðin í heild varla haft við að fylgjast með þeim nýju sköttum, sem samþ. hefur verið að leggja á nú þessa síðustu dagana. Þetta er megineinkenni þessara fjárl., ef þau verða afgreidd með þeim hætti sem lagt er til af hv. meiri hl. fjvn. Það er gífurleg skattheimta og aukin útgjöld ríkisins. Þess vegna var það, að við í minni hl. fjvn. vildum freista þess að setja fram till. sem breyta að vísu ekki nema litlu, en eru þó skref í þá átt að draga úr útgjöldum ríkisins og draga úr skattheimtu til ríkisins. Þetta gerum við með því að leggja til að útgjöld samkv. þessu fjárlagafrv. lækki um 2 milljarða kr. frá því sem hv. meiri hl. fjvn. leggur til.

Við leggjum fram á þskj. 304 brtt. sem fela í sér skattalækkun sem nemur þessum 2 milljörðum kr. Þessi lækkun skatta er sem hér segir: Eignarskattur einstaklinga lækki um 214 millj. kr. eða úr 1852 millj. í 1638 millj. Eignarskattur félaga lækki úr 2 milljörðum 561 millj. í 2 milljarða 275 millj. kr., eða um 286 millj. Tekjuskattur einstaklinga lækki úr 23 milljörðum 135 millj. í 22 milljarða 135 millj. kr., eða um 1 milljarð. Tekjuskattur félaga lækki úr 7 milljörðum 730 millj. í 7 milljarða 230 millj., eða um 500 millj. kr. Tekjuskattar lækka samkv. þessu um 1.5 milljarða, og gerum við ráð fyrir m. a. að því marki verði náð með því að hækka skattvísitöluna um 2 stig frá því sem gert er ráð fyrir í till. meiri hl. eða í 152 stig. Ljóst er að lækkun tekjuskatta er meiri en þessum 2 skattvísitölustigum nemur, sem mundu nema 750-800 millj. kr. En þær breytingar, sem þarf til að ná fram aukinni skattalækkun, munu koma fram á breytingum á skattalögum.

Þessar till. virðast mér vera hinar mikilvægustu, og ég hygg að það sé næsta fátítt, að minni hl. fjvn. sýni þá ábyrgð í störfum að leggja fram rökstuddar till. alveg út í hörgul um niðurskurð fjárl. um 2 milljarða kr. til þess að geta náð fram skattalækkun á almenningi til ríkissjóðs. Þetta er næsta fátítt að gert sé af minni hl. fjvn., eftir því sem ég þekki til hér á hv. Alþ. Til þessa liggja auðvitað fyrst og fremst þær orsakir sem ég hef að nokkru drepið á, hin gífurlega skattheimta núv. hæstv. ríkisstj. til ríkisins sem gengur svo fram af okkur hv. alþm. í stjórnarandstöðu og að ég hygg almenningi, að ekki er unnt að láta svo til ganga án þess að bregðast við með þeim hætti að leggja fram till. til lækkunar. Þær till. verða marklausar nema jafnframt sé gerð grein fyrir því, með hvaða hætti á að spara útgjöld ríkisins á móti, og þetta höfum við gert.

Á þessum miðnæturfundi skal ég ekki ræða þetta í löngu máli. Ég vil þó segja það til viðbótar við það sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði af hálfu okkar minnihlutamanna, að þær 550 millj. kr., sem ætlað er að lækka útgjöld ríkisins með því að hækka sértekjur einstakra stofnana, byggjast á því, að áætlanir í fjárlagafrv. um sértekjur einstakra stofnana eru byggðar á aprílverðlagi í vor. Launaliðir og önnur rekstrargjöld í fjárlagafrv. hafa verið færð á desemberverðlag, sem er meginlauna- og verðlagsforsenda frv. Þess vegna er ekki samræmi þarna á milli og rökrétt að hækka sértekjur til samræmis við útgjöld í launum og öðrum rekstrarkostnaði. Það höfum við gert með því að færa þær allar upp um 20%. Þess vegna er með þessum hætti í flestum tilvikum ekki verið að íþyngja þeim stofnunum, sem hér eiga hlut að máli, umfram það að sértekjur þeirra séu metnar með eðlilegum hætti. Þess er skylt að geta, sem hér hefur komið fram og birtist á þskj. 303, að sértekjur einstakra stofnana, sem við teljum að sé unnt og sjálfsagt að taka til sérstakrar athugunar, eru hækkaðar mun meira en þessi 20% regla gerir ráð fyrir. Ég skal ekki eyða máli í að rekja þessa þætti, enda hefur það verið gert.

Ég get skýrt það, að í einum lið þessara till. er gert ráð fyrir að jarðræktarframlög lækki úr 990 millj. í 920 millj. Jarðræktarframlög í fjárl. eru jafnan áætlunartala. Þau eru lögbundin og skylt að greiða jarðræktarframlög samkv. jarðræktarlögum. Ef sú áætlunartala, sem stendur í fjárl., er hærri en framkvæmdir verða sem greiða á framlögin út á, þá verður afgangur, en sé hún lægri en skylt er að greiða lögum samkv. greiðir ríkissjóður umfram það sem stendur í fjárl. Mér er það ljóst, að aldrei verður að fullu hægt að segja hvort áætlunartala af þessu tagi sé nákvæmlega rétt. Hitt liggur þó fyrir, að mikil umr. fer nú fram í þjóðfélaginu um það, að óhyggilegt sé að stækka búin mikið frá því sem nú er. Ætla má þess vegna að nokkur samdráttur hafi orðið í jarðræktarframkvæmdum á þessu ári, sem gæfi þá tilefni til þess að ætla að útgjöld til þessa þáttar yrðu ekki eins mikil og gert var ráð fyrir, þegar frv. var samið. Þetta eru þær skýringar sem eru við þennan lið, og í þessu felast ekki till. frá okkur minnihlutamönnum um það að breyta jarðræktarlögum eða skerða framlög samkv. þeim á nokkurn hátt.

Í þessum till. okkar, sem eru í 129 töluliðum, er megintilgangurinn að ná fram nokkrum sparnaði. Við teljum að það sé hlutverk fjvn. að benda á leiðir til þess að spara í ríkiskerfinu, og þó að við höfum sett fram þær till. sem birtast á þskj. 303, þá höfum við lýst því yfir, við

fulltrúar minni hl. í hv. fjvn., ásamt fulltrúum meiri hl., að við erum fúsir til þess að starfa að því áfram, þegar um hægist eftir fjárlagagerðina, að leita leiða til sparnaðar í ríkiskerfinu. Þess er enda full þörf, því að það er með ódæmum hvað rekstrarútgjöld ríkisins og launaútgjöld ríkisins þenjast út með ári hverju. Að mörgu er að hyggja í þeim efnum, en þó þarf þar í mörgum greinum að breyta lögum svo að árangri verði náð.

Ég læt lokið að ræða þær till. okkar, sem hér liggja fyrir, og vitna að öðru leyti en ég hef hér sagt til framsöguræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar.

Hér hefur t. a. m. verið rætt um brtt. sem borist hafa frá hv. þm. Alþfl., og það er nú búið að gera það svo rækilega að ég sé varla ástæðu til að bæta þar við. Þó er eitt sem ég vil minna á til viðbótar í örfáum orðum.

Hv. þm. Alþfl. hafa títt á undanförnum vikum í sambandi við sína mörgu fyrirvara látið að því liggja, að eitt aðalatriði þeirra væri að fjárl. yrðu afgreidd með greiðsluafgangi. Þetta er gott og heilbrigt markmið, og það er virðingarvert hjá hv. þm. Alþfl. að vilja hafa þetta markmið fyrir augum og haga störfum sínum í samræmi við það. En síðan koma brtt. á þskj. 279 sem eru ekki nákvæmlega í samræmi við þetta ákveðna sjónarmið. Þó að hér sé ekki um mjög margar brtt. að ræða, þá fela þær þó í sér í heild um hálfs milljarðs útgjaldaaukningu ríkissjóðs. Í þessum fáu till. á einu þskj. leggja þm. Alþfl. til að útgjöld ríkisins verði aukin um sem næst hálfan milljarð eftir allar yfirlýsingarnar, eftir alla fyrirvarana um afstöðu sína til afgreiðslu fjárl. sem þeir mundu snúast harkalega gegn ef þau yrðu ekki afgreidd með greiðsluafgangi. Þetta er einn þátturinn af mörgum á þessu þskj. sem er ámælisverður og furðulegur, svo að notað sé orð sem hv. 1. þm. Reykv. hafði um þetta þskj.

Ég skal ekki eyða fleiri orðum að þessu. Það hefur verið gert svo rækilega að ég ætla ekki að lengja orð mín um þetta þskj. sem er á margan hátt með eindæmum.

Ég skal senn láta máli mínu lokið, hæstv. forseti. Það er fjölmargt í sambandi við fjárlagagerðina sem væri ástæða til að ræða. Það er vitaskuld fjölmargt sem við fulltrúar minni hl. teljum að sé vangert, um leið og við teljum að gengið sé of langt í öðrum greinum. Sú mikla skattaherferð, sem farin hefur verið gegn þjóðinni til þess að mæta þeim útgjöldum, sem fyrirhuguð eru hjá ríkissjóði á næsta ári, er þó þess eðlis að við höfum kosið, eins og hér hefur komið fram, að mæta þessu ástandi með gagngerum till. um niðurskurð útgjalda ríkisins og nákvæmlega jafnháum till. um tekjuöflun ríkisins, tekjuöflun á sviði eignarskatta og tekjuskatta. Við teljum okkur ekki hafa svigrúm til þess að bera fram miklar hækkunartillögur í einstökum greinum þó að þar sé víða vangert, eins og ég hef þegar sagt. Við bætist að ekki er séð fram úr útgjaldaáformum ríkisins í heild á næsta ári, þar sem ekki hefur enn sést stafkrókur af lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir næsta ár.

Það er ámælisvert í fyllsta máta, að þegar fjárlagaafgreiðsla fer fram skuli ekki hafa verið kynntar fyrir Alþ. fyrirætlanir ríkisstj. í sambandi við lánsfjármagnaðar framkvæmdir á næsta ári. Þess vegna er ekki hægt að gera sér fulla grein fyrir sumum þáttum ríkisbúskaparins og framkvæmda á vegum ríkisins. Svo er t. d. um orkumál. Þar eru ýmsir endar lausir og á engan hátt hægt að sjá fyrir hvernig þeir verða hnýttir fastir. T. d. eru ætlaðar einungis til styrkingar dreifiveitna 200 millj. kr. í fjárl., sem er meira en þrefalt minna en margniðurskornar tillögur Rafmagnsveitna ríkisins gerðu ráð fyrir og minna en varið var til þessara verka á þessu ári. Blasir þó við að verði ekki bætt úr er naumast um annað að tefla en að taka upp skömmtun í verulegum mæli í heilum landshlutum eða a. m. k. í allmörgum sveitum. Er þó ástandið verst í þessu efni víða á Suðurlandsundirlendinu.

Í þeim till., sem okkur voru kynntar einnig í sambandi við orkumálin, var ekki annað að sjá en fyrirætlun ríkisstj. væri að ljúka Vesturlínu á þremur árum. Lagning Vesturlínu hófst á þessu ári og upphaflegar fyrirætlanir voru að ljúka henni á tveimur árum. En eftir þeim till., sem okkur hafa verið kynntar í sambandi við byggðalínur eða 132 þús. kw línur, var ekki annað að sjá en áfangaskil í þeim efnum væru þannig, að þessari línu yrði eigi lokið fyrr en 1981. Þá hygg ég að fari að verða erfiðara um vik í sambandi við rekstur Orkubús Vestfjarða en verið hefði, ef þessari framkvæmd hefði mátt ljúka á tilsettum tíma eins og til var ætlast í upphafi. Má raunar furðu gegna að hv. þm. sem hér talaði næstur á undan mér, Kjartan Ólafsson, skyldi ekki víkja einu orði að þessum málaflokki, jafnmikið og hann tók upp í sig hér á hv. Alþ. fyrir fáum vikum varðandi þetta sérstaka mál.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. Af nógu er að taka, margt er órætt. Við getum haldið áfram drjúgt fram á næsta ár að ræða þessa fjárlagaafgreiðslu, en jólin fara í hönd og það hentar að láta máli lokið.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. um veitingu heiðurslauna til listamanna. Að venju flytja þessar till. allir nm. beggja menntmn. Alþ. Nm. leggja til að þeir sömu listamenn og hljóta heiðurslaun í ár hljóti þau einnig á næsta ári. Við mælum sem sagt með óbreyttri skipan mála.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 303, 304, 305, 309, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 36 shlj. atkv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það líður senn að lokum þessarar fjárlagaafgreiðslu. Tvennt hefur einkum sett svip sinn á hana. Í fyrsta lagi áköf leit ríkisstj. að nýjum sköttum til þess að leggja á þjóðina. Sú leit hefur endað með því, að nú hefur yfir þjóðina dunið skattahækkun um 14-15 milljarða. Hitt atriðið, sem hefur einkennt þessa fjárlagaafgreiðslu, er óþekkt. Alþfl.

Þáttur Alþfl. í þessari fjárlagaafgreiðslu er kapítuli út af fyrir sig og ákaflega forvitnilegur fyrir alla þá sem vilja kynnast neðanjarðarstarfsemi í stjórnmálum. Við höfum orðið vitni að alls kyns hótunum, yfirlýsingum og fyrirvörum frá þm. Alþfl. undanfarna daga og reyndar undanfarnar vikur. Til stóð að stöðva 2. umr. fjárlagafrv., en henni var þá allra náðarsamlegast hleypt í gegn vegna þess að hún var túlkuð sem tæknileg umr. Til stóð að stöðva 3 umr. fjárl. og þar með fjárlögin sjálf, en Alþfl. rann á rassinn með þær fyrirætlanir, þegar hann, þ. e. a. s. þingflokkur Alþfl., fékk skilaboð frá flokksstjórninni um að hann mætti standa að fjárlagaafgreiðslunni. Það var gert með þeim hætti, að formaður Alþfl. kvaddi sér hljóðs utan dagskrár fyrr í dag og flutti þingheimi þennan boðskap. Héldu menn þá að þessum sérkennilega þætti Alþfl. í fjárlagaafgreiðslunni væri að mestu lokið. En annað hefur komið á daginn.

Það, sem hefur vakið mesta athygli í kvöld, hygg ég vera þá staðreynd, að fram er borin brtt. af 9 þm. Alþfl.

sem felur í sér ýmsar breytingar á frv., bæði til hækkunar og lækkunar, en rúsínan í pylsuendanum er að leggja til að miðað sé við skattvísitöluna 151 stig. Þetta gengur að sjálfsögðu algerlega í berhögg við fyrirætlanir ríkisstj. og sennilega við það samkomulag sem gert hafði verið af ríkisstjórnarflokkunum um skattvísitöluna. Allir vita að skattvísitalan hefur auðvitað umtalsverð áhrif á fjárlagadæmið og lengi stóð til, eins og fram kom í frv. upphaflega, að skattvísitalan skyldi vera 143 stig. Það stig er langt fyrir neðan þær hækkanir, sem verið hafa á almennum launum, og hefði gefið raunverulega rétta mynd af skattþyngingu þessarar ríkisstj., enda stóð til upphaflega, eins og frv. ber með sér, að hafa skattana miklu hærri og íþyngjandi umfram það sem launahækkanir sögðu til um. Frá þessu var horfið og ákveðið að miða vísitöluna við 150 stig. En nú skyndilega og að mér skilst flestum að óvörum leggja 9 þm. Alþfl. fram till. um að skattvísitalan skuli vera 151 stig.

Nú skal ég ekkert um það segja, hvort þessi till. verður borin undir atkv. Ef að líkum lætur og miðað við fyrri vinnubrögð þessara ágætu manna má búast við því, að þeir renni á rassinn með þessa till. eins og flest annað sem þeir hafa haft uppi hér síðustu daga og vikur. En við sjáum til með það. Það, sem þetta segir okkur hins vegar, er hvernig Alþfl. og þessir þm. starfa hér, bæði innan hins háa Alþingis og í því stjórnarsamstarfi sem þeir að nafninu til eru í. Það er að sjálfsögðu lærdómsríkt, bæði fyrir þá, sem starfa með þeim núna, og aðra þá, sem eiga sæti á Alþ. Þetta hefur orðið til þess að hæstv. forsrh. hefur séð sig knúinn til þess að standa upp í Sþ. og biðjast afsökunar, biðjast velvirðingar á þessum vinnubrögðum fyrir hönd allrar ríkisstj. Það er alveg ljóst að hæstv. forsrh. skammast sín sjálfs sín vegna og ríkisstj. fyrir þessi vinnubrögð. Hann biðst afsökunar á þeim. Það kemur engum á óvart.

Hæstv. forsrh. flutti hér ávarp, ef svo má segja, tilkynningu um ákvarðanir sem teknar hefðu verið af honum og ríkisstj. Þessi tilkynning sagði í rauninni ekkert nýtt. Hún kvað á um það, að ríkisstj. hefði ákveðið að setjast niður núna eftir áramótin og gera tillögur um lausn á verðbólguvandanum. Þetta er nákvæmlega það sama og sagt var þegar þessi ríkisstj. var mynduð. Hún var sett saman til þess að takast á við verðbólguna, það kemur skýrt fram í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstj. að þetta er aðalviðfangsefni hennar, þannig að það eru engin nýmæli fyrir þjóðina að heyra að ríkisstj. ætli nú að setjast niður og leysa vanda verðbólgunnar. Annað mál er það og það kemur auðvitað síðar í ljós, hvernig henni tekst til um þessa lausn, en ekki blæs byrlega miðað við það sem á undan hefur gengið, miðað jafnvel við þær bráðabirgðaráðstafanir sem gripið hefur verið til á undanförnum mánuðum.

Annað það, sem hæstv. forsrh. kom inn á, var að nú næstu daga — eða strax eftir áramótin að mér skildist — hyggst ríkisstj. taka á þeim vanda sem blasir við iðnaðinum í landinu. Þetta er ekki heldur neitt nýtt í eyrum okkar þm. Í stjórnarsáttmálanum er tekið fram, að fresta skuli tollalækkunum, að sjálfsögðu vegna vandamála iðnaðarins, og í grg. með fjárlagafrv. er enn fremur tekið fram að fresta skuli tollalækkunum. Ríkisstj. hefur ekki staðið við þessi fyrirheit og allir, sem til þekkja og með hafa fylgst, vita að þetta mál hefur dregist og hefur ekki fengist lausn á því vegna innbyrðis ágreinings í ríkisstj. Þar fléttast inn í margt, sem snertir þetta fjárlagafrv., m. a. jöfnunargjaldið og tollarnir, sem ég minntist á áðan, og þegar og ef til einhverrar lausnar kemur á þessu vandamáli er ljóst að það verður leyst með því að grípa til enn nýrra skatta.

Ég vek athygli á því, að þetta frv., sem hér er til umr., er verðbólgufrv. og það er skattpíningarfrv. Það er verðbólgufrv. vegna þess að á því verður greiðsluhalli, vegna þess að það er staðið óábyrgt að þessari fjárlagaafgreiðslu með því að taka ekki inn í þetta fjárlagadæmi ýmsa stóra liði sem hafa auðvitað umtalsverð áhrif á ríkisfjármálin. Og það er skattpíningarfrv. vegna þess að það einkennist fyrst og fremst af því að lagðar hafa verið nýjar álögur á þjóðina.

Það er að sjálfsögðu af mýmörgu að taka í þessu frv., og ég mun ekki fara að tíunda hvert einstakt atriði sem hægt væri að fara orðum um hér. Sá listi yrði allt of langur og til þess vinnst ekki tími, jafnvel þó að ég talaði í alla nótt. Ég vil þó aðeins gera að umtalsefni það sem snertir niðurskurð í þessu frv.

Margsinnis hafa verið gefnar yfirlýsingar um að skorið yrði af ríkisútgjöldum. Í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr., í frv. og í umr., bæði 2. umr. og svo þessari, hefur verið talað um að gæta þyrfti aðhalds og sparnaðar og skera þyrfti niður ríkisútgjöld. Annað hefur komið á daginn. Það hefur komið á daginn að rekstrargjöld og launagjöld eru hækkuð, nánast án nokkurrar hömlu. Stöðugildi eru núna samkv. þessu frv. 100 fleiri en á fjárl. síðasta árs. Gefin var að mér skilst einhvers konar yfirlýsing um það af hálfu ríkisstj., að milli 2. og 3. umr. yrði skorið niður á fjárl. um 1800 millj., og ekki var annað að sjá á yfirlýsingu frá flokksstjórnarfundi Alþfl. en sú yfirlýsing hefði ráðið úrslitum um það, að Alþfl. hefði ákveðið að styðja þetta frv. En nú hefur komið fram það sem ég upplýsti hér í umr. utan dagskrár í gær eða í morgun réttara sagt, að í stað þessa 1800 millj. kr. niðurskurðar á milli 2. og 3. umr. er um verulegar hækkanir að ræða, eða um 300 millj. kr. hækkun samkv. till. sem meiri hl. fjvn. leggur fram. Að vísu kemur fram, að gert er ráð fyrir að niður verði skorið sem nemur 1 milljarði. Það er heimildarákvæði um að skera skuli niður um 1 milljarð einhvern tíma á næsta ári. Þetta er auðvitað eitt af þeim fyrirheitum sem gefin eru og ljóst er að varla verður staðið við. Þessi yfirlýsing og þessi heimild nær ákaflega skammt og verður að taka takmarkað mark á henni.

Þær niðurskurðartillögur, sem hafa verið lagðar fram, eru ekki meiri en svo, að þær hafa ekki náð upp í þær hækkanir sem jafnframt eru lagðar fram og gera gott betur. Þá er gert ráð fyrir að hin ýmsu rn. skeri niður hjá sér um 100 millj. kr. — fimm eða sex rn. Þessar niðurskurðartill. rn. eru allar mjög sérkennilegar. Ég ætla ekki að fara að tíunda þær allar hér, en nefni t. d. það sem hv. þm. Kjartan Ólafsson gerði að umtalsefni, að gert er ráð fyrir að uppbætur vegna línufisks séu skornar niður um rúmar 40 millj. Hv. þm. Kjartan Ólafsson vakti athygli á því, að þetta væri óraunhæfur niðurskurður, og kvaðst ekki styðja hann. Ég held að hann hafi nokkuð til síns máls, að þessi niðurskurðartillaga standist ekki.

Einnig er gert ráð fyrir því t. d., að niður sé skorið um 60 millj. hjá menntmrn. á launum til kennara. Samningsbundin ákvæði kveða á um það, að þessar greiðslur skuli inna af hendi. og ekki er í fljótu bragði hægt að sjá hvernig rn. hyggst standa við þetta. Hugsanlegt er að þessum 60 millj. eigi að velta út til skólanna sjálfra, en þá gefur auga leið að það fé verður greitt þar engu að síður

og hækka þá útgjöld skólanna þar á móti.

Rafmagnseftirlit ríkisins á að skera niður um 10 millj. Þetta er algjörlega óraunhæf niðurskurðartillaga vegna þess að tekjur og gjöld þessarar stofnunar verða að standast á. Ef skera á niður 10 millj. í rekstri, þá þýðir það auðvitað 10 millj. kr. tekjutap. Orkusjóð á að skera niður um 20 millj., og þar er sérstaklega getið um að það eigi að skera af hitaveituframkvæmdum. Nú hafa farið fram margvíslegar athyglisverðar athuganir víða um land á hugsanlegum hitaveituframkvæmdum, en ef þessi niðurskurður kemur til framkvæmda, þá er augljóst að ekki verður fylgt eftir þeim athugunum sem nú þegar er búið að gera. Slíkt hefur auðvitað takmarkaðan tilgang, vegna þess að öllum er ljóst að með auknum hitaveituframkvæmdum fæst margfaldur sparnaður.

Vátryggingasjóður fiskiskipa skal skorinn niður um 68 millj. Þar er líka um samningsbundnar greiðslur að ræða og er ekkert annað en fresta þeim greiðslum og ýta þeim yfir á næsta ár. Þessi niðurskurður stenst ekki heldur.

Þá er gert ráð fyrir því að fjárveiting til Iðntæknistofnunar sé skorin niður um 15 millj. Hv. þm. Lárus Jónsson gat þess fyrr í umr., hversu fáránleg þessi niðurskurðartillaga væri, vegna þess að við 2. umr. var gerð hækkunartillaga til Iðntæknistofnunar. Nú er aftur lagt til að Iðntæknistofnun sé skorin niður.

Ég hef hér í höndunum bréf, sem dags. er 8. nóv., frá Iðntæknistofnun Íslands. Þar er farið nokkrum orðum um þessa nýju stofnun og fjárþörf hennar. Það er óþarfi að rifja það upp, að Iðntæknistofnunin er ný stofnun, þar sem sameinaðar eru tvær stofnanir, þ. e. a. s. Iðnþróunarstofnunin og Rannsóknastofnun iðnaðarins. Þetta mál var áhugamál flestra, ef ekki allra þingflokkana á síðasta þingi. Þetta er liður í því að efla iðnað og iðntækni. Að því leyti fellur það fel að þeim sjónarmiðum sem fram kom m. a. í brtt. Alþfl. um að efla iðnað í landinu. En hvernig á að fara með þessa nýju stofnun sem nú er verið að hleypa af stokkunum?

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa lítinn kafla úr bréfi Iðntæknistofnunar Íslands sem varpar ljósi á stöðu stofnunarinnar og fjárhagsvanda hennar. Í töflu, sem í þessu bréfi er, kemur í ljós að samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1979 eru tekjur Iðntæknistofnunar áætlaðar 323 millj. 371 þús. kr., þar af er jöfnunargjald 91 millj. Þessi tafla sýnir hvernig fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefur nálgast niðurstöðu þess dæmis sem lýtur að Iðntæknistofnun Íslands, fjárveitingar til Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands í ár. Nú les ég upp úr bréfi Iðntæknistofnunar, með leyfi forseta:

„Fjárveitingar þessar eru lagðar saman og dýrtíðarálagi bætt ofan á. Niðurstaðan verður hækkun fjárveitinga til Iðntæknistofnunar og er hækkunin talin stafa eingöngu af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum, sbr. orðalag í fjárlagafrv. Í þessu felst að starfslið skuli verða óbreytt að fjölda. M. ö. o.: nýjar stöður eru alfarið strikaðar út. Með starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar fyrir 1979 fylgdi stjórn- og verkefnaskipulag sem hlotið hefur staðfestingu iðnrn. Er það stefna stofnunarinnar að starfa eftir þessu skipulagi út næsta ár. Í raun er það þegar komið til framkvæmda að öðru leyti en því, að A-deild, sem á m. a. að annast fræðslu og almenna tækni- og rekstrarráðgjöf, er enn óvirk að verulegu leyti vegna óvissu um fjárhagslegt bolmagn á næsta ári og þar með talið svigrúm til ráðningar þriggja lykilmanna deildarinnar. Þetta kemur sér einkar bagalega þar sem stofnunin hefur ekki í starfsliði sínu fólk sem hefur nauðsynlega sérhæfingu í þessi störf, en þarna er einmitt um að ræða lykilverkefni í starfsemi Iðntæknistofnunar.

Því er ekki að leyna, að ofangreind málsmeðferð veldur stjórn Iðntæknistofnunar verulegum vonbrigðum og áhyggjum. Svigrúm til að þróa skipulag og starfsemi Iðntæknistofnunar í átt til markvissrar iðntækniþjónustu, eins og þekkist erlendis, virðist algjörlega út úr myndinni. Jöfnunargjaldstekjustofninn virðist engu breyta. Einstakt tækifæri, sem þessi tekjustofn hefði átt að gefa til að efla tækniþjónustu við iðnaðinn, er látið ónotað."

Þetta er lítill kafli úr bréfi þessarar stofnunar, sem ég gríp niður í meira af tilviljun til þess að sýna fram á hversu óraunhæfur niðurskurður það er sem hin ýmsu rn. leggja til, svo ekki sé talað um þær kúnstir sem viðhafðar hafa verið með jöfnunargjaldið sjálft. Þar blasir við mikill vandi og er ljóst að jöfnunargjaldið, sem sett var á til þess að efla iðnþróun í landinu, hefur verið notað nánast eingöngu til þess að standa undir rekstri ýmissa stofnana í iðnaðinum, eins og hann hefur verið hingað til, og nær því þó hvergi.

Bent hefur verið á það, að lánsfjáráætlun hefur ekki verið lögð fram nú við afgreiðslu fjárlaga. Því var skilmerkilega lofað við 1. umr. fjárlaga og í grg. frv. segir, að þessi lánsfjáráætlun yrði væntanlega lögð fram í nóv. Þetta verður ekki gert og liggur fyrir að lánsfjáráætlun mun ekki verða lögð fram fyrr en eftir áramót. Þetta virðist vera gert að kröfu Alþfl., sbr. yfirlýsingu flokksstjórnarfundar hans sem lesin var í morgun. Þetta eru auðvitað óviðunandi vinnubrögð, alls ekki til fyrirmyndar, vegna þess að það á að vera svo, eins og sem betur fer hefur verið gert undanfarin ár, að lánsfjáráætlun skal lögð fram og samþ. jafnhliða fjárlagafrv. Annað getur ekki talist ábyrg fjárlagaafgreiðsla.

Bent hefur verið á þann tvískinnung sem komið hefur fram hjá hv. stjórnarliði varðandi sjúkratryggingagjaldið og varðandi lyfjakostnað. Á sama tíma sem sjúkratryggingagjald er lækkað um 1300 millj. er gert ráð fyrir að lyfjakostnaður og sérfræðiaðstoð sé greitt af sjúklingunum sjálfum sem nemur um 1 milljarði. Þessi fyrirætlun fyrri ríkisstj. var mjög harðlega gagnrýnd af ýmsum núverandi stjórnarsinnum, enda fór svo, að ekki var horfið til þess ráðs að láta sjúklingana greiða þetta gjald. En nú hefur þessi hæstv. ríkisstj. með köldu blóði tekið upp þetta fyrirkomulag og byggir fjárlagadæmið á því, að þarna náist inn 1 milljarður.

Þá eru nokkur orð út af Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég ætla ekki að fara ítarlega út í það mál, svo mjög sem það hefur verið rætt við þessa umr. Ég vil aðeins leyfa mér að draga þær ályktanir af þeim umr. og þeim yfirlýsingum, sem hér hafa verið gefnar, að miðað við að staðið sé við þá áætlun, sem Lánasjóður ísl. námsmanna hefur gert um fé til þess að mæta 85% umframfjárþörf námsmanna, vantar enn verulega upphæð, jafnvel þó að hæstv. menntmrh. hafi lýst yfir að hann muni beita sér fyrir því að 700 millj. verði teknar inn á lánsfjáráætlun. Samkv. upplýsingum stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna vantar auk þeirra 2200 millj. kr., sem eru inni í fjárlagafrv., og 400 millj. kr., sem er ætlað að taka að láni samkv. frv., enn 600 millj. til að standa undir 85% umframfjárþörfinni. Þar að auki vantar í sjóðinn 200 millj. til að standa undir þeirri skyldu sjóðsins að greiða vegna fjölskyldu og

vegna barna námsmanna. M. ö. o.: ef þessar tölur eru lagðar saman og tekið síðan tillit til þeirra upplýsinga, sem hæstv. menntmrh. hefur gefið, þá vantar enn rúmlega 100 millj.

Nú hafa hæstv. ráðh. og talsmenn stjórnarinnar afsakað sig með því, að enn stæðu málaferli varðandi fjölskyldur námsmanna og ekki væri hægt að reikna með útgjöldum vegna þeirra að svo stöddu. Það breytir hins vegar ekki því, að í mörg undanfarin ár hefur sú regla verið viðhöfð að taka til greina þá áætlun, sem stjórn lánasjóðsins gerir varðandi næsta fjárlagaár, og áætla fyrir því í fjárlagadæminu. Þær viðbætur, sem komið hafa, m. a. sem afgreiddar voru með endurskoðaðri lánsfjáráætlun 1978 í dag, upp á 230 millj. til lánasjóðsins, stafa eingöngu af gengisfellingu sem þessi hæstv. ríkisstj. stóð fyrir í sept., þannig að það er ekki hægt að afsaka sig með því og klóra í bakkann með því að segja að þetta sé viðbótarfjárveiting vegna vanáætlunar frá fyrra ári. Ég get ekki betur séð en að þessi ríkisstj. og hæstv. menntmrh. ætli að heykjast á því að standa svo að málum sem gert hefur verið undanfarin ár, að mæta fjárþörf lánasjóðsins, 85% umframfjárþörf, í fjárlagadæminu.

Herra forseti. Að síðustu vil ég aðeins vekja athygli á því, að þrátt fyrir margar brtt. af hálfu meiri hl. fjvn. til ýmissa félagsmálaliða svokallaðra, þá er langt frá því að því fyrirheiti hafi verið fullnægt sem gefið var með 1. des. ráðstöfunum ríkisstj. um félagslegar umbætur til handa launþegahreyfingunni. Launþegahreyfingin gaf þar eftir sem nam þrem verðbótastigum í kaupi vegna félagslegra umbóta. Miðað við venjulega útreikninga hefði þetta kostað ríkissjóð 5 milljarða. Um það var talað í fjvn. lengst af, að þessu yrði mætt með því að hækka fjárframlög til félagslegra umbóta, til félagslegra aðgerða um 1 milljarð. Nú er komið á daginn að þessi tala nemur ca. 230 millj. og er þó ýmislegt þar með talið sem vafi leikur á að teljist til félagslegra umbóta. M. ö. o.: þetta fyrirheit, sem gefið var verkalýðshreyfingunni 1. des., hefur algjörlega verið vanefnt. Þannig er staðið að þessari fjárlagaafgreiðslu, þannig stendur ríkisstj. við loforð sín. Hún fær verkalýðshreyfinguna til þess að gefa eftir í launum út á loforð sem síðan eru svikin. Hún afgreiðir þetta fjárlagafrv. með bókhaldskúnstum og með ýmsum slíkum vanefndum til þess að sýna á pappírnum einhvern hugsanlegan tekjuafgang, sem reynist þó engan veginn nægur, og stefnir í tekjuhalla, hvað þá greiðsluhalla.

Ég held að það megi segja um þessa ríkisstj. og þetta fjárlagafrv., að hér er upp skorið eins og til var sáð.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Margar till. til breyt. á fjárlagafrv. hafa verið lagðar fram í kvöld. Ég hygg að það megi leita alllengi aftur í tímann að því, að fjárlagafrv. hafi verið tekið til meðferðar seint að kvöldi og þá hafi ekki verið komnar einu sinni fram brtt. frá fjvn. þegar boðað var til þess fundar. Og það verður ekki hægt að segja að þm. almennt fái langan tíma til þess að skoða þær brtt. sem eru látnar á borð þeirra eftir að 3. umr. hefst. Þar við bætist, sem aðrir ræðumenn hafa komið nánar inn á, að lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1979 liggur enn þá ekki fyrir og allt er á huldu um hvernig sú lánsfjáráætlun verður.

Í aths. með fjárlagafrv. segir að lánsfjáráætlunin 1979 verði væntanlega lögð fyrir Alþ. í nóvembermánuði n. k. og beri að líta á hana sem nánari mótun á þeirri meginstefnu í efnahagsmálum sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna og framfylgt er í frv.: Lánsfjáráætluninni 1979 er m. a. ætlað að fylgja eftir þeirri stefnu, að fjármunamyndunin í landinu verði innan við fjórðung þjóðarframleiðslunnar á árinu 1979 í því skyni að draga úr verðhækkunum innanlands og til að bæta efnahagsstöðu þjóðarinnar út á við. — Hvernig í ósköpunum á Alþ. að taka fjárlagafrv. til endanlegrar afgreiðslu nú á þessari stundu þegar lánsfjáráætlunin liggur ekki fyrir og ekki er enn þá búið að ganga frá henni til fullnustu í ríkisstj.? Ég tel að ríkisstj. sé að móðga Alþ. með því að knýja fram afgreiðslu á fjárlagafrv. án þess að leggja fyrir lánsfjáráætlunina eða móta þær till. sem hún er nú með í undirbúningi. Það hefði verið lágmarkið að skýra fyrir Alþ. hvernig þessi mál standa núna, þó að hún sé ekki endanlega búin að ganga frá lánsfjáráætluninni.

Brtt. þær, sem meiri hl. fjvn. flytur, eru margar — samtals 45 till. — og fjöldi af undirliðum, þannig að sennilega er um einar 200 till. að ræða. Þetta eiga þm. að fá til úrlausnar og atkvgr. eftir þrotlausa fundi frá því í morgun með litlum hléum — því þau hlé, sem hafa verið gefin, eru fyrst og fremst nýtt til þess að halda þingflokksfundi.

Aðrir ræðumenn hafa komið inn á brtt. meiri hl. fjvn., en ég vildi koma aðallega inn á tvær till. meiri hl. fjvn. sem snerta sjútvrn. Það er í fyrsta lagi niðurskurður á skuldagreiðslu til Vátryggingasjóðs fiskiskipa, sem var í fjárlagafrv. 136.1 millj., en er skorin niður í 68.1 millj.

Á árinu 1961, þegar Vátryggingasjóðurinn var stofnaður, — hann var stofnaður að mig minnir 1. ágúst, — fékk hann tekjur af útflutningsgjaldi frá þeim tíma, en útgjöld hans voru þá látin verka aftur fyrir sig til 1. jan. 1961, þannig að öll þau ár sem Vátryggingasjóðurinn starfaði voru tekjurnar á eftir útgjöldunum. Því myndaðist þarna skuldahali sem ríkissjóður varð að taka á sig við þá breytingu sem gerð var á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Fyrir rúmu ári samdi ég við aðila að vátryggingasjóðnum, sem eru útvegsmenn aðallega, um að þessi hali yrði greiddur á tveim árum. Var tekinn helmingur af þessum skuldahala inn í fjárlög yfirstandandi árs, en lofað var að greiða það sem á vantaði á fjárlögum ársins 1979. Ef það hefur verið samið við þessa aðila og þeir fallist á að lengja greiðslutíma á þessari skuld er auðvitað ekkert við því að segja, en mig grunar að það hafi ekki verið við neinn aðila talað, og þá er hér um brigðmæli að ræða og ekki sæmandi fyrir rn. eða ríkisstj. að standa að þvílíku.

Hinn liðurinn er að verðuppbætur á línufisk, sem eru í frv. 80 millj., eru skornar niður um helming, lækkaðar í 40 millj. kr. — Ég furða mig mjög á að þetta skuli vera gert.

Verðuppbætur á línufisk hafa verið nokkrar í fjöldamörg ár. Það byrjaði á því, að kaupendur línufisks greiddu ákveðna hlutdeild ofan á verð Verðlagsráðs sjávarútvegsins, og fyrir mörgum árum greiddi ríkið jafnháa upphæð á móti. Þetta hlutfall, sem ríkissjóður hefur greitt, hefur farið lækkandi á undanförnum mörgum árum. Meðan ég var í sjútvrn. lagði ég fram till. um mun hærri upphæð í þessu skyni en fjvn. og fjárlaga- og hagsýslustofnun gátu fallist á. Í staðinn fyrir að hækka verulega 80 millj., sem eru í frv., eru þær skornar niður um helming, niður í 40 millj., sem þýðir að þetta framlag ríkissjóðs hefur sáralítið gildi. Ef við lítum á hag þeirrar útgerðar, sem hér er um að ræða, þá hefur verið gengið á

rétt hennar á undanförnum mánuðum með því að hækka aðeins fiskverðið um 5%, eins og gert var í haust, á sama tíma og beitukostnaður, kolkrabbinn, hefur hækkað um 100% frá árinu á undan og olían um 10%. Það er verið að eyðileggja þessa útgerð og lækka tekjur þeirra sjómanna sem hafa fyrir lakastar tekjur svo ekki er um deilt.

Ég fyrir mitt leyti er algjörlega andvígur þessari till. Þó vil ég gjarnan hlusta á till. um sparnað og niðurskurð og get fallist á fjölmargar aðrar till., bæði hjá minni hl. og meiri hl., en alls ekki þessa, því hér er ekki um sparnað að ræða. Þetta er fyrst og fremst ein af mörgum aðgerðum til þess að draga úr þessari útgerð og jafnvel að vinna markvisst að því að þessi útgerð leggist niður.

Í brtt. meiri hl. fjvn. er fjárfestingaráætlun Pósts og síma fyrir árið 1979 upp á 2385 millj. kr. Þegar ég fór að blaða í þessari fjárfestingaráætlun, þá sá ég að því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir á Alþ., Vestfjarðakjördæmi, eru skammtaðar 5 millj. kr. og þó í fæstum liðum hægt að sjá á hvaða stöðum þessar framkvæmdir eiga að fara fram. M. ö. o.: hlutfallstalan í þetta kjördæmi er rúmlega 0.2%. Ég furða mig á því, þó að þessi till. hafi komið frá Pósti og síma, að fulltrúar stjórnarflokkanna þriggja skuli leyfa sér að flytja hana óbreytta á Alþ., nema þeir vilji halda því fram, að ástand símamála í þessum landshluta sé með þeim ágætum að þar þurfi engu við að bæta nema 5 millj. kr. Og þá skal ég geta þess, að þeir sem hringja í svæðisnúmer 94 þurfa oft að hringja 10-12 sinnum til að ná sambandi vegna þess mikla álags sem er á þetta svæði.

Upplýsingar frá símamálastjórninni liggja fyrir um það, að unnið sé að athugun á að fjölga rásum til Patreksfjarðar, sem um leið gæfi Ísafirði talsverða möguleika á fjölgun talrása til Reykjavíkur, vegna þess að það eru fleiri rásir milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar, og þessi áfangi yrði síðan notaður til Ísafjarðar með viðbótarstöðvum sem yrðu reistar á næstu árum. Kostnaður við þessa framkvæmd er ekki fullkannaður að dómi símamálastjórnarinnar, en þó er sagt að líkur bendi til að hann verði u. þ. b. 100 millj. miðað við núverandi verðlag. Þarna er um aðkallandi framkvæmd að ræða og ekkert síður aðkallandi framkvæmd en aðrar þær framkvæmdir sem taldar eru upp í áætlunartillögum meiri hl. fjvn.

Annar staður er það á Vestfjörðum þar sem er algert öngþveiti í símamálum, en það er á Drangsnesi. Hefur verið gert ráð fyrir stækkun á sjálfvirku símstöðinni á Hólmavík um 100 númer og fjölsíma fyrir 30 notendur til Drangsness upp á 31.5 millj., uppsetningu fjölsíma og radíóbúnaðar upp á 1.5 millj. og línulagnir fyrir stækkun á Hólmavík upp á 1.5 millj. Þarna er um 46.5 millj. að ræða. Þetta eru mjög aðkallandi verkefni. Það má segja að ekkert símasamband sé við norðurhluta Strandasýslu þegar símstöð er lokuð, en allir vita að opnunartími símstöðva á þessum stöðum er ekki langur og oft er ekki hægt, jafnvel í lífsnauðsyn, að ná sambandi. Þrátt fyrir þetta eru allar þessar óskir með öllu hundsaðar og meiri hl. fjvn. gerir þessar till. að sínum tillögum.

Þetta eru kaldar kveðjur frá meiri hl. fjvn. og frá ríkisstj. Ég skil ekki í þeim þm. Vestf. sem styðja ríkisstj., ef þeir gera sér að góðu að á þennan hátt sé farið með þennan landshluta, eins og hann eigi engan rétt eins og annað fólk í þessu þjóðfélagi. Það er aðallega farið í framkvæmdir hér í Reykjavík, á Reykjanessvæðinu og á Suðurlandi og Vesturlandi. Á Norðurlandi eru ekki ýkjamiklar framkvæmdir, en þó margfaldar á við Vestfjarðakjördæmi. Austfirðir eru næstlakast settir, en eru þó með u. þ. b. 12 sinnum hærri fjárveitingu en fer til Vestfjarða. Þetta er nú jafnaðarmennska í lagi.

Ég hefði talið að ef ætti að viðhafa sómasamleg vinnubrögð á Alþ., þá ætti ekki að ljúka á þessum skamma tíma umr. um fjárlagafrv., þó það sé komið nærri jólum. Forsrh. hefur sagt að hann væri reiðubúinn að vera hér um jólin eða milli hátíðanna. Ég hugsa að aðrir þm. væru líka reiðubúnir til þess, jafnvel þótt einn ákveðinn þm. hafi heimtað að ég færi heim í dag af því að ég passaði ekki í kramið hjá honum. Það er sennilega af því að hann hefur sætt sig við sem fjvn.-maður að í það kjördæmi, sem kaus hann á þing, sé varið 0.2% af heildarfjárveitingum til símamála. Eða er það kannske einn liðurinn í sparnaðaráformum Alþfl. að skera þannig niður framkvæmdir? Og þá spyr ég. Ætlar Framsókn gamla að vera með í leiknum? Og ætlar Alþb. að vera með í leiknum? Það má ekki kenna krötunum um allt. Þið hinir verðið líka að bera einhverja ábyrgð. Og ég trúi því ekki að hæstv. yfirráðh. sé ánægður með svona skiptingu. (**LJós:** Ég er hundóánægður með hana.) Já, einhvern tíma hefðir þú kannske tekið til höndunum. Ég tala nú ekki um þegar hann hefur tögl og hagldir eins og hann vill. Því skora ég á hann að gera það núna, taka til höndum og láta ekki fara fram svona óréttláta skiptingu í sambandi við þessar framkvæmdir. Ég er ekki að fara fram á að auka þessar framkvæmdir. Ég er aðeins að fara fram á að um réttláta skiptingu verði að ræða og miðað sé við þær miklu þarfir sem eru í þessum efnum. Og mér finnst þetta ekki góð frammistaða hjá hæstv. samgrh. Hann hefur verið upptekinn við eitthvað annað en lesa tillögur þessarar stofnunar sem undir hann heyrir. Þetta er léleg frammistaða hjá fyrrv. formanni Alþb. og núv. hæstv. samgrh. og menntmrh.

Ég sagði áðan að ég saknaði lánsfjáráætlunarinnar. Ég hefði viljað fá að sjá hana áður en frá þessu fjárlagafrv. er gengið, m. a. með tilliti til þess framkvæmdfjár sem á að fara í orkumálin. Það mun verða fylgst með því, hvort staðið verður við það fyrirheit varðandi Vesturlínu að henni verði lokið haustið 1980 eða hvort hún á að taka þrjú ár. Það var ætlun fyrri ríkisstj. að ljúka henni á tveimur árum, á þessu ári og næsta. Hæstv. iðnrh. sagði fyrr í haust, að hann stefndi að því að ljúka henni á tveimur árum. En einn fjvn.-maður sagði áðan að líklega tæki það þrjú ár, eftir því sem hann hefði komist næst. Alltaf berast einhver plögg til fjvn. sem koma ekki alla leið hingað í þingsalinn, svo að eitthvað hlýtur að vera á bak við þetta.

Verkalýðshreyfingunni var miklu lofað 1. des., þegar gefin voru eftir 8% af kauphækkuninni. Þá átti að verja miklum fúlgum í félagslegar umbætur. Nú eru í till. meiri hl. fjvn. liðlega 200 millj. í félagslegar umbætur, og þó má deila um hvort það telst allt félagslegar umbætur. Jafnvel má segja að þetta hangi ekki í 200 millj. Ég veit ekki hvort Guðmundur Jaki hefur talið þetta vera nóg til þess að standa við gefin fyrirheit sem ríkisstj. hafði gefið. Ég held þó að það sé ekkert vafamál að hér verði ekki staðið við stóru orðin. Og hvernig fer þá 1. mars, þegar aftur þarf að fara til þessa gamla landsstjóra? Hvað segir karl þá? Verður hann þá ánægður? Tekur hann þá ekki bara upp aftur gamla embættið sitt og gerist landsstjóri?

Ég held að hæstv. ríkisstj. sé að fara út á mjög hæpna

braut í þessum efnum. Það dugir ekki alltaf að lofa öllu og svo líða bara nokkrir dagar og þá er allt svikið sem var lofað. Og svo tala þessir herrar alltaf um að þeir séu að marka stefnu. Nú, þegar þeir hafa setið í ríkisstj. í næstum því 4 mánuði, hefur einhver þeirra vaknað einn morguninn við það, að nú sé brýn nauðsyn að búa til alveg sérstaka efnahagsstefnu til tveggja ára! Og þeir eru m. a. s. farnir að hugsa um að tala um það og stefna að því að tala um það. Lengra eru þeir ekki komnir.

Ég tel að þetta fjárlagafrv. sé illa unnið. Í því felast margar blekkingar, ekki upp á nokkrar milljónir eða milljónatugi, heldur upp á nokkra milljarða. Þessi hæstv. ríkisstj. hefur þó unnið sér einn heiðurssess. Hún er mesta skattpíningarstjórn sem nokkru sinni hefur verið mynduð í þessu landi. Það verður sennilega það eina sem menn muna þegar hún endanlega deyr. En líftóra hennar hefur ekki verið henni til ánægju eða þeim sem hafa þurft að vinna í námunda við hana, því að allir eru orðnir leiðir á þeim sífellda ófriði, nagi og nuddi sem er á milli stuðningsflokka þessarar ríkisstj.

Það er ekki að búast við því, að ríkisstj., sem slíkt sundrungarlið stendur að, nái nokkrum árangri. Og það er alveg sjáanlegt á öllum tillögunum og öllum þessum tilburðum, að hér næst ekki nokkur árangur í glímunni við verðbólguna. Verðbólgudansinn heldur áfram eftir sem áður þrátt fyrir alla þessa tilburði, því að allt er hækkað og öllu hleypt út í verðlagið. Það er gengið svo nærri atvinnurekstrinum í landinu, að menn óttast samdrátt í atvinnulífinu, menn óttast að fyrirtæki þurfi meira eða minna að segja upp starfsfólki sínu. Og þá vita allir hvað tekur við. Þá tekur við atvinnuleysi og hrun í þessu landi. Það hefði verið nær að taka á þessum málum með öðrum hætti en að ráðast á atvinnureksturinn, eins og þessi hæstv. ríkisstj. hefur gert allt frá því að hún tók við völdum.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég tel nánast nauðsynlegt að bæta örfáum orðum við það sem hæstv. menntmrh. sagði um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Lánin eru verðtryggð, það er rétt, en endurgreiðslur lánanna eru miðaðar við tekjur eftir að þær hefjast, nema hvað mjög væg lágmarksgreiðsla er ákveðin. Að öðru leyti er miðað við tekjur. Þetta þýðir það, að hafi menn tekið há lán, en fái fremur lélega atvinnu eftir að skóla lýkur, þá verður æðimikið eftir ógreitt þegar 20 ára greiðslutímanum lýkur, og þær eftirstöðvar falla þá niður og verða aldrei innheimtar. Þetta þarf að taka fram, þegar getið er um að lán séu nú verðtryggð. Það er einnig ástæða til að geta þess, að það eru engir vextir af þeim greiddir, heldur eingöngu verðtryggingin, og það getur þó vissulega orðið nógu há greiðsla.

Enn fremur finnst mér nauðsynlegt að auka aðeins við þau orð sem hér féllu um það, hvernig afgreiðsla sjóðsins er varðandi þá námsmenn sem hafa börn á framfæri. Mér fannst sú saga ekki vera nema hálfsögð. Þeir námsmenn mega hafa mun hærri tekjur áður en lán skerðast heldur en hinir sem einhleypir eru. Það er eitt atriði. Hitt er annað, að samkv. 21. gr. laganna er veittur sérstakur styrkur þeim sem m. a. vegna stórrar fjölskyldu geta ekki komist af á þeim tíma sem þeir eru í skóla. Þetta ákvæði hefur verið notað. Þessir styrkir hafa verið auglýstir, það hefur verið um þá sótt og þeir hafa verið veittir í neyðartilfellum. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram einnig.

Það hefur fallið dómur í undirrétti, um útlánarelgur sjóðsins nánast. Sá dómur hefur hafnað sumum kröfum námsmanna sem höfðuðu málið, en aftur fallist á sumar. Þetta var undirréttardómur, eins og allir hv. alþm. vita. Málinu var svo áfrýjað til Hæstaréttar, eins og mun nú vera nærri föst venja um mál sem höfðuð eru á hendur ríkissjóði, og þau eru nokkuð mörg. Þegar málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, þá hygg ég að almennt sé talið eðlilegt að bíða eftir úrskurði Hæstaréttar áður en menn t. d. breyta um stefnu í þá veru sem sá hinn áfrýjaði dómur hefur ákveðið.

Mér var það ljóst í sumar og haust, það leyndi sér ekki í þeirri gífurlegu dýrtíð sem geisaði og með þeirri gífurlegu verðhækkun sem varð á erlendum gjaldeyri líka, að það mundi verða æðimiklum erfiðleikum bundið að ná fjármagni til þess að halda áfram að lána 85% af hinni svokölluðu umframþörf. Og enn kom annað til, svo að sýnilegt var að þetta yrði erfitt, og það var fyrirsjáanleg fjölgun námsmanna, m. a. vegna þess, að margir nýir skólar og skóladeildir hafa fengið lánaréttindi á síðustu missirum utan háskólastigs, en það eru skólar nánast eingöngu í verknámi og í listnámi á framhaldsskólastigi, þ. e. undir háskólastigi.

Hækkanir á fjárveitingum til þessa liðar, þ. e. til Lánasjóðs ísl. námsmanna, hafa verið mjög miklar á undanförnum árum. Árið 1971 — ég sé ástæðu til að minna á það — var þessi fjárveiting innan við 100 millj. kr. á fjárl., eða 91 millj., en núna, 1979, eins og tekið hefur verið fram, er gert ráð fyrir að fjárveiting verði með lánum yfir 3300 millj. kr. Að vísu voru fjárl. 1971 ekki nema 11.5 milljarðar að mig minnir, en núna eru þau æðimiklu meira. En þrátt fyrir það hefur heildarfjárhæð fjárl. u. þ. b. átjánfaldast á þessu tímabili, en fjárgreiðslur til lánasjóðsins hafa hækkað 36 sinnum. Árið 1975 — ég vil aðeins nefna það að lokum — stefndi þó í raun og veru í enn meiri þenslu á þessu sviði.

Árið 1976 voru nýju lögin sett. Meginmarkmið þeirra var kannske þríþætt — annars má alltaf deila um hvað er meginmarkmið: Í fyrsta lagi að auka aðhald um lánveitingar og um innheimtur. Þá að leggja drög að nokkurri eigin fjármyndun, eigin uppbyggingu lánasjóðsins, en með því eina móti er kannske í raun og veru hægt að tryggja starfsemi hans þegar fram í sækir. Og svo í þriðja lagi að tryggja það, að útborganir lánanna gætu farið fram á réttum fyrir fram ákveðnum tíma. Þetta hefur tekist m. a. með því móti, að fyrrv. fjmrh. borgaði ærnar fjárhæðir úr ríkissjóði umfram fjárveitingar án þess að stofna til lána fyrir sjóðinn. Og þetta sama er gert í tíð núv. ríkisstj., eða hefur verið gert til þessa, að verulegar fjárgreiðslur hafa átt sér stað umfram til þess að gera mögulegt að afgreiða lánin á réttum tíma. Þetta allt saman álít ég að hafi verið mjög mikilsvert. En við skulum engum lá þó hann vilji meir, því að hver er sá í þessu þjóðfélagi sem vill ekki meira en honum er skammtað, a. m. k. af hendi hins opinbera.

En fyrst ég hef kvatt mér hljóðs á annað borð og af því að mikið hefur verið rætt um atburði síðustu daga, þá vil ég segja um þá örfá orð. Ég skal ekki hafa þau mörg.

Þessir atburðir hafa vakið mér hryggð, en ekki kæti — já, raunar undrun, reiði og hryggð: Undrun, vegna þess að í þau 29 ár sem ég hef haft nokkur kynni af Alþ., þá man ég aldrei eftir neinni hliðstæðu frá þeim árum og hef ekki heldur frétt um hana, reiði, vegna þess að mér hefur ekki alltaf fundist drengilega að verki staðið, en fyrst og fremst þó hryggð, ekki vegna núv. ríkisstj. eða ráðh. eða

einstakra alþm., heldur vegna Alþingis sjálfs.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Nokkrir þm. Alþfl. hafa lagt fram brtt. við frv. til fjárl. um tilfærslu innan þess fjárlagaramma sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um.

Till. Alþfl. í landbúnaðar- og skattamálum eru svo þekktar að þeim þarf varla eða ekki að lýsa. Till. þessar fela í sér allverulegan niðurskurð á framlögum til landbúnaðar. Þessar fjárhæðir verði samkv. till. þessum fluttar til ábatasamra hliðarbúgreina í landbúnaði, til þess að bæta samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar og til þess að hækka skattvísitölu, lækka skatta. Þessum till. er lýst á þskj. 179, en þessum hugmyndum lýsti formaður þingflokks Alþfl. við 1. umr. þessa máls. Samstarfsflokkum okkar hefur því verið kunnugt um þetta frá upphafi fjárlagagerðar. Ég tel að það sé ofur eðlilegt að einstakir stjórnmálaflokkar geri grein fyrir sérstöðu sinni með flutningi einstakra till. Fulltrúar Alþfl. í fjvn. hafa auk þess gert grein fyrir þessum hugmyndum í fjvn. Aukreitis bætist við að þm. Alþb. hafa við 3. umr. um þetta fjárlagafrv. flutt till. um niðurskurð á fjárl. vegna Atlantshafsbandalagsins, sem þeir hafa sínar skoðanir á, þrátt fyrir að stjórnarsamstarfið miðist við aðrar hugmyndir. Við flytjum okkar till. um landbúnaðar- og skattamál.

Hins vegar er það gjarnan svo í þessu lífi, að kommarnir komast upp með ýmislegt sem öðru fólki er ekki liðið. Kommarnir komast upp með að flytja till., hafa í frammi málflutning, sem er kallað að ekki séu mannasiðir þegar aðrir eiga í hlut. Vera má að þetta sé lífsmáti sem við hin þurfum að sætta okkur við, að um kommana gildi önnur umgengnislögmál. *Alla vega mun það vera* svo, að engir hafa orðið æfari en einmitt kommarnir út af því, að við mörkum sérstöðu okkar í landbúnaðar- og skattamálum. Það virðist vera eins konar einkaleyfi sérstöðunnar sem hér gildir. En það er nú einu sinni svo, að það eru bara sumir kommar, allflestir eru það nú ekki, svo er guði fyrir að þakka, í bili a. m. k., á meðan Félagi Jesús ákveður ekki annað.

En allt um það vil ég segja hér, að vegna þessara till. mun hafa svo verið í kvöld í þessu húsi, og um það mun hv. þm. vera kunnugt, að orðið hafa erfiðleikar í stjórnarsamstarfinu eina ferðina enn vegna þess að allnokkrir þm. Alþfl. hafa flutt þessar till. Ég vil segja það, að eftirgjöf er ekki minn „stæll" og hefur aldrei verið, en ég læt félögum mínum í Alþfl. eftir að gera nánari grein fyrir þeim þætti málsins.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Vegna brtt. Alþfl. á þskj. 279 skal eftirfarandi tekið fram:

Eins og fram hefur komið ákvað Alþfl. að fulltrúar flokksins í fjvn. legðu til við fulltrúa samstarfsflokkanna í n., að þeir féllust á þær aðgerðir sem till. á þskj. 279 gerir ráð fyrir. Þetta gerðu fulltrúar Alþfl. í fjvn. á fundi meiri hl. í gær. Á síðari fundi meiri hl. var Alþfl. tjáð að fulltrúar samstarfsflokkanna í n. væru ekki reiðubúnir til að taka afstöðu til málsins, m. a. vegna skamms tíma sem fengist hefði til umfjöllunar um till., þótt fulltrúar samstarfsflokkanna teldu ýmis atriði vera þess eðlis að í grundvallaratriðum ætti að geta náðst um þau samkomulag. Þeim var þá sagt að líklegt væri að einstakir þm. Alþfl. mundu flytja umræddar till. við 3. umr. og sýna þær á þskj., þannig að fram gæti komið hvort þingflokkar ríkisstj. treystu sér til að fallast á þær við afgreiðslu fjárl. Fram hefur komið, að þótt ýmis atriði till. gætu átt stuðningi að mæta meðal samstarfsflokkanna telja þeir sér ekki unnt að fallast á brtt. á þskj. 279. Hefur þess verið farið á leit við flm., að þeir létu till. á þskj. 279 ekki ganga til atkv. Á þessa ósk hafa allir þm. Alþfl. fallist og er till. hér með dregin til baka.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég hafði beðið um orðið fyrr í kvöld, þegar ég sá að tveir af flm. þessarar till. höfðu kvatt sér hljóðs. Ég bjóst við því, að þeir mundu rökstyðja hana og mæla fyrir henni efnislega. Þeir hafa nú dregið þessa till. til baka.Ég ætla ekki að ræða um pólitíska „stæl" í því samhengi. (Gripið fram í.) Nei, það er rétt, Vilmundur. Ég ætla að vona að ég þurfi ekki að grípa til þess, eins og sumir hér, að gera siðleysið að mínum „stæl". Það er nú einu sinni þannig, að siðaðra manna samfélag byggist á því, að menn geti treyst orðum hver annars, að samkomulag standi og gildi, að það, sem menn hafa handsalað að morgni standi lengur en til kvölds. (**VG:** Hvað með NATO-till. ykkar?) Það er sá siðaðra manna „stæll", Vilmundur Gylfason, sem við höfum tamið okkur í þessu stjórnarsamstarfi. Þegar samkomulag hafði verið gert um að standa að afgreiðslu fjárl., eins og formaður Alþfl. lýsti í morgun, þá bjuggumst við við því að það samkomulag mundi standa. (Gripið fram í.)

Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast við hv. þm. hér, heldur hafa aftur yfir þau orð sem ég mælti í útvarpsumr. þegar fyrst bar á aðgerðum af þessu tagi: Við fyrirgefum ykkur, því að við vitum að þið vitið ekki hvað þið eruð að gera.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þingheimur hefur orðið vitni að enn einni uppákomunni hjá Alþfl. Enn einu sinni hefur Alþfl. haft uppi stór orð og miklar ráðagerðir, en runnið á rassinn nær samstundis. Þetta er orðið ekki aðeins daglegur viðburður, heldur atburður sem skeður bæði kvölds og morgna og *kemur í sjálfu sér ekki* á óvart. Ég var reyndar búinn að tjá mig um þetta í ræðu fyrr í kvöld varðandi þessa till., að mér þætti líklegt að hún kæmi ekki til afgreiðslu.

Ég ætla ekki að fara að blanda mér í þessar sérkennilegu umr. þeirra samstarfsflokkanna og þeirra félaganna hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og Ólafs Ragnars Grímssonar. En þau orðaskipti, sem við urðum vitni að áðan, lýsa kannske í hnotskurn mjög vel því andrúmslofti sem ríkir innan herbúða stjórnarflokkanna um þessar mundir.

Ein af ástæðunum fyrir því, að þessi brtt. er dregin til baka, er sú að sögn hv. þm. Árna Gunnarssonar, að komið hefur í ljós í þessum umr. að þessar till. hafa ekki stuðning. Nú er þetta nokkuð merkileg yfirlýsing, þegar þess er gætt að ekki hefur verið flutt framsaga fyrir þessum till. og þaðan af síður hafa hv. þm. tjáð sig um þessar till. að neinu marki, alla vega enginn stjórnarþm. Ég held því að það sé alls ekki útséð um það, hvaða undirtekir og hvaða afgreiðslu þessar till. fengju ef þær kæmu hér til afgreiðslu. Þess vegna hef ég ákveðið að taka upp eina till., þ. e. a. s. till. nr. 2 á þskj. 279, svo að það geti komið í ljós og Alþfl. geti þá fengið úr því skorið, hvort þessi till. þeirra fái stuðning. Ég geri ráð fyrir því, að þeir standi við þessa till. sína. Þá kemur einnig í ljós, hvort einhverjir aðrir þm. mundu ljá þessari till. atkv. Till., sem ég ber upp, er shlj. þeirri till. sem er á þskj. 279

og hljóðar svo:

„Við 7. gr.

Skattvísitala árið 1979 skal vera 151 stig miðað við 100 stig árið 1978."

Ég óska eftir að þessi till. sé tekin fyrir og greidd atkv. um hana.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal lofa því að vera stuttorður, enda farið að líða dálítið á nótt og fleiri vilja ólmir komast að, eins og sjá má og eðlilegt er.

Ég ætla ekki að taka þátt í síðvæðingarherferð þeirra félaga hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og Vilmundar Gylfasonar. Það er út af fyrir sig dálítið skemmtilegt að verða vitni að viðræðum þeirra hér á hv. Alþ., og ég efast ekki um að almenningur mundi bíða spenntur eftir því að sjá hvernig það endaði ef þeir tækju sig nú til, þeir ágætu félagar, og reyndu að síða hvor annan — tækju sér góðan tíma til þess í jólafríinu og kæmu væntanlega endurnýjaðir til þingsins og galvaskir samkv. venju. En ég get ekki orða bundist út af þeirri till. sem hér var lögð fram, en hefur nú verið dregin til baka, því að hún lýsir dálítið sérstöku atriði fyrir okkur.

Ef við lítum aðeins á brtt. Alþfl.-mannanna á þskj. 279, þá kemur þar í ljós á að taka 543.5 millj. af ýmsum liðum landbúnaðarins og færa þessa sömu upphæð til sérstakra verkefna fyrir landbúnaðinn, þannig að þær till. slétta sig út. Þá er gert ráð fyrir því, að tekinn sé 1 milljarður af útflutningsuppbótum landbúnaðarins og látinn annars vegar koma til íslensks iðnaðar til þess að bæta samkeppnisaðstöðu hans, eins og sést á viðkomandi þskj., en hins vegar á að nota helminginn af milljarðinum til þess að minnka skattbyrðina, vegna þess að gert er ráð fyrir þeirri breytingu að skattvísitalan hækki um eitt stig. Ég ætla ekki að gera Alþfl. upp neinar sakir. Ég þykist vita að þarna gangi heilir menn til verka. A. m. k. verður maður að álíta svo, þrátt fyrir að þung orð hafi nú fallið í þeirra garð, að þetta sé gert til þess að staðið verði við ákveðiðn loforð sem komu fram 1. des. — þetta sé viðbót við þá skattalækkun sem átti að felast í því þegar sjúkratrygginagjaldið lækkaði.

Það er athyglisvert við þetta, að þarna er skattalækkunarflokkurinn að reyna að ná jöfnuði í skattbyrðinni við það sem hún var áður, og það kostar að hans áliti 500 millj. Ég vil sem sagt leggja á það áherslu, að nú hefur Alþfl. flúið frá skattalækkunarstefnu sinni. Hann hefur flúið frá ekki bara þessari skattalækkunarstefnu, enginn talar nú um það lengur eða býst við því að Alþfl. ætli sér að lækka skatta af almennum launatekjum, en hann ætlar og metur það samkv. þessum till., að til þess að jafna metin þurfi þarna 500 millj. til að koma. Óðruvísi verður þetta ekki skilið, því að meðaltekjur einstaklinga hafa hækkað líklega um 52% á milli áranna 1977 og 1978. Það verður þess vegna athyglisvert, ef sú till., sem er þarna í síðasta liðnum, þ. e. a. s. 2. till. við 7. gr. frv., verður borin upp á Alþ., eins og hv. þm. Ellert B. Schram boðaði í ræðu sinni áðan, hver verða við brögð Alþfl. Ætlar Alþfl. enn einu sinni að láta aka yfir sig, sem er orðið margoft á sama deginum, eða ætlar hann að standa með þeim sem tekið hafa upp þessa till. og gert hana að sinni? Ég veit að eftir þessum viðbrögðum bíða margir, og ég er einn þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 310) samþ. með 35 shlj. atkv.

Alþt. 1978. B. (100. löggjafarþing).

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég hef ákaflega fáu við það að bæta sem hér hefur verið sagt. Það er að sjálfsögðu ánægjulegt að veita því athygli, hversu margir hv. þm. Sjálfstfl. standa nú ræðuvakt. Allt frá því að þeir komu til þings í haust hefur sú stefna verið af þeim mörkuð, eftir blaðafrásögnum að dæma, að ávallt skyldi a. m. k. einn sjálfstæðismaður tala í hverju máli. Þeir hafa gert það allrækilega í kvöld og staðið sína „plikt" með miklum sóma.

Eins og Vilmundur Gylfason tók fram áðan er það ljóst, að við sögðum frá því strax við 1. umr. fjárl. að við ætluðumst til þess að ákveðnar leiðréttingar yrðu gerðar annars vegar á beinum sköttum, hins vegar á stefnunni í landbúnaðarmálum. Nokkru hefur fengist áorkað í þessu sambandi varðandi beinu skattana, þar sem till. er gerð um að skattvísitala hækki úr 143 í 150 miðað við 100 stig árið 1978. Um þetta hefur að sjálfsögðu tekist samkomulag á milli stjórnarflokkanna. Þessu ráðum við ekki einir, þessu ráðum við með öðrum, um það höfum við gert samkomulag.

Hæstv. landbrh. hefur einnig lagt fram frv., sem felur í sér nokkra stefnubreytingu í landbúnaðarmálum, og við Alþfl.-menn bindum talsverðar vonir við ýmsa þætti þess frv. Við hefðum hins vegar kosið að fá að sjá við fjárlagaafgreiðslu núna, að stefnt væri að ákveðinni niðurstöðu þegar á næsta ári og sú niðurstaða boðuð í fjárlagafrv. Við biðum að sjálfsögðu eftir því, eftir að við höfðum tjáð hæstv. fjmrh. þessa ósk okkar við 1. umr., hvort hann hygðist leggja fyrir fjvn. einhverjar beinar till. í því efni. Þegar það var ekki gert var okkur fulltrúum flokksins í fjvn. falið að sýna fulltrúum hinna stjórnarflokkanna í meiri hl. hugmyndir okkar og óska eftir afstöðu til þeirra, eins og fram kom áðan. Það gerðum við þannig að við kynntum þessar till. okkar fyrir fulltrúum hinna stjórnarflokkanna. Okkur fannst rétt að kynna þær einnig fyrir þingheimi, eins og við höfum gert með því að flytja brtt. á þskj. 279. Það hefur hins vegar komið fram í umr. um málið, að þessar till., eins og sagt var frá, njóta ekki stuðnings þingflokka stjórnarflokkanna og ég veit ekki annað en sama gildi um þingflokk Sjálfstfl. Þannig er enginn þingflokkur á þessu þingi annar en þingflokkur Alþfl. reiðubúinn til fylgis við þetta mál. Þegar svo var komið málum, eins og ég held að ljóst megi vera, var óskað eftir því við okkur, að við létum ekki reyna á þessar till. í atkvgr. Á þessa ósk höfum við fallist. Við höfum orðið við tilmælum um að láta ekki reyna á þessar till. við atkvgr.

Það er að sjálfsögðu ljóst öllum þeim sem eitthvað þekkja til landbúnaðarmála, að sú stefna, sem boðuð er í till., er í samræmi við þá stefnumótun í landbúnaðarmálum sem Alþfl. hefur boðað á undanförnum árum. Hér er ekki um það að ræða, eins og hv. þm. Friðrik Sophusson sagði áðan, að flytja þetta og þetta margar milljónir af einum lið innan sama málaflokks yfir á annan. Þarna er um það að ræða að hverfa frá fjárfestingarstefnu í landbúnaði, sem ekki hefur skilað nægjanlegum árangri, og nota það fé, sem þannig var varið, til annars konar aðstoðar við landbúnaðinn, m. a. til þess að greiða fyrir því, að bændur geti notið orlofs eins og aðrir einstaklingar í þessu landi. Hins vegar er það ljóst, að þarna er einnig um að ræða talsverðar lækkanir á greiðslum vegna landbúnaðarins, þ. e. a. s. á ábyrgð

útflutningsuppbóta. Við settum fram hugmyndir um hvernig bæri að verja því fé, ef samkomulag gæti tekist við þingflokka hinna stjórnarflokkanna um málið.

Af þessu má ljóst vera að till. á þskj. 279 eru ekki margar ólíkar tillögur, heldur ein samstæð tillaga. Það væri fjarri okkur að fara að samþykkja eina eða aðra einstaka till. úr þessari heildarmynd af stefnu okkar, sem við erum að reyna að gefa hér, og fráleitt af þeim sem kynnu að vera sammála okkur í þessari stefnumörkun sem hér fer fram að láta sér detta í hug að hægt sé að greiða fyrir stefnubreytingu í landbúnaðarmálum með þeim hætti.

Vinnubrögð stjórnarandstæðinga í þessu máli koma svo best í ljós af því, að hv. þm. Ellert B. Schram, sem talaði áðan, er flm. að till. um breytingu á skattvísitölu úr 143 í 152 stig. Þeir eru þrír, sjálfstæðismennirnir sem flytja þessa till. Hv. þm. virðist ekki hafa gert sér grein fyrir því, að hann var þegar búinn að leggja fram till. í málinu þegar hann kom upp í ræðustól áðan og gerði 2. tölul. á þskj. 279 að brtt. sinni. Ég held að það væri rétt fyrir þá sjálfstæðismenn að fara sér heldur varlegar og a. m. k. gefa sér tíma til þess að lesa þær till. sem þeir flytja sjálfir, áður en þeir fara að bæta við sama mál mörgum till. öðrum. (**Gripið fram í:** Þetta var varatillaga.) Það var ekki tekið fram, að þetta væri varatillaga. Ég held að það væri öllu réttara að þeir sjálfstæðismenn létu sér nægja hver og einn að flytja eina till. um sama mál.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það er vissulega rétt, að dagurinn í dag hefur verið sögulegur á Alþingi. Vikurnar að undanförnu hafa verið það líka. Jafngreindur þm. og hæstv. fyrrv. menntmrh., 2. þm. Austurl., man ekki úr sögu þingsins daga sem þessa né hefur heldur heyrt þeirra getið, og við vitum að hann er vel lesinn maður. Það er svo komið í kvöld, að þeir þm. alþfl., sem tala, vita ekki um hvað þeir raunverulega eru að tala, svo ruglaðir eru þeir orðnir.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf., sem síðastur talaði, benti á að hv. 8. þm. Reykv., Ellert B. Schram, hefði flutt till. um skattvísitölu og nú væri hann kominn með aðra till., eins og hann hefði ekki hugmynd um hvað hann væri að gera. Till. þá, sem hv. 8. þm. Reykv. flutti áðan, eftir að þm. Alþfl. höfðu gefist upp enn einu sinni og dregið till. sína til baka, flutti þm. sem varatillögu — tillögu um skattvísitöluna 151 stig fyrir árið 1979 miðað við 100 stig 1978. Hér liggur þskj. fyrir, fengið úr hendi forseta, og stendur þar: „Varatill. við till. á þskj. 304, 5. tölul." Ég hef ekki fleiri orð um það.

Hins vegar kvartaði hv. þm. mjög yfir þeim fjölda ræðumanna úr röðum Sjálfstfl. sem hér hefðu talað í kvöld. Hann sagði að vísu að þeir hefðu staðið sig allir *með prýði. Það gera þeir alltaf. Hann hafði hins vegar* búist við því, að það yrði ekki nema einn maður á vakt í kvöld, eftir því sem hann hafði lesið einhvers staðar í blöðum að samþykkt hefði verið í þingflokki Sjálfstfl., að þeir skiptu vaktinni á milli sín — það gæti kannske farið svo að það yrði ekki nema einn á vaktinni. Hann varð auðheyranlega fyrir vonbrigðum og kvartaði sáran yfir þeim fjölda þm. Sjálfstfl. sem leyfði sér að koma hér í kvöld og ræða fjárlagafrv. og þau óvenjulegu vinnubrögð sem þar hafa verið viðhöfð undanfarnar vikur af hálfu þm. Alþfl. Hann verður að þola vonbrigði sín. Þeir, sem stofna til slíkra fundarhalda, slíkra vinnubragða, verða auðvitað að gera sér grein fyrir því, að það verður á þau minnst. Menn, sem hafa frammi fyrir þjóðinni gagnrýnt störf alþm. og störf ýmissa embættismanna og talið sig vera til þess kvadda að dæma um gerðir þeirra, verða þegar þeir sjálfir fá tækifæri til að sýna hvernig þeir vilja haga málunum, að standa ábyrgir gerða sinna og búast við því, að þeir fái gagnrýni eins og þeir hafa leyft sér að gagnrýna aðra.

Erindi þessara þriggja Alþfl.-manna upp í ræðustólinn áðan, með „stælum" og ekki „stælum", var að segja þingheimi, segja þjóðinni frá því, að enn einu sinni hefðu þeir orðið undir og það væri einhvern veginn svona, sagði hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason: Kommarnir komast upp með allt, en við Alþfl.-mennirnir ekki. — Er ekki einmitt þarna sagður sannleikurinn í þessu öllu saman, sem við sjálfstæðismenn höfum verið að segja hér á þingi, að Alþb. hefur ráðið ferðinni og Alþfl. hefur beygt sig? Þegar hv. 7. þm. Reykv. hafði sagt þetta áðan, þá stóð upp prófessorinn í stjórnmálafræði, eins og hv. 7. þm. Reykv. nefnir hann gjarnan þegar hann talar við hann í sölum Alþ., og lagði blessun sína yfir það sem Alþfl.-mennirnir höfðu gert, þ. e. a. s. dregið till. til baka, beygt sig í duftið og sagt: Þið, herrar mínir, ráðið áfram ferðinni. — Þeir höfðu að vísu fengið ágætan leiðarvísi fyrr í kvöld frá hv. 1. þm. Reykv., Albert Guðmundssyni, og hann hafði að sjálfsögðu með ábendingu sinni hjálpað þeim örlítið til þannig að þeir gætu fyrr afgreitt málin. Hann lagði eindregið til við þá, að þeir drægju þessar till. sínar til baka þannig að það sæist til hvers sjónarspilið hefði verið sett á svið.

Það er öllum ljóst, að það vandamál, sem íslenska þjóðin stendur nú frammi fyrir, er af nokkuð öðrum toga spunnið en þau sem þurft hefur að glíma við á undanförnum þremur áratugum. Baráttunni um yfirráðarétt okkar yfir auðlindum hafsins í kringum landið er að mestu lokið og þar tókst okkur að sigra. Í því máli þurftum við fyrst og fremst að kunna fótum okkar forráð. Þá er og ljóst að mikill meiri hluti þjóðarinnar er nú einhuga *um samstarf við vestrænar lýðræðisþjóðir.* Það viðfangsefni, sem erfiðlegast hefur gengið að leysa og nú er komið á það stig að ekki verður undan því vikist, er sú verðbólga sem haft hefur veigamikil áhrif á allt þjóðlíf okkar á þessum áratug. Orsakanna er fyrst og fremst að leita hjá okkur sjálfum, því að okkur hefur ekki tekist að koma okkur saman um innbyrðis skiptingu afraksturs þjóðarbúsins og miða kröfur okkar við það sem til skipta er. Þessar óhóflegu kröfur hafa leitt til skuldasöfnunar erlendis og stór hluti fjárfestingar í landinu hefur stjórnast af þessu ástandi. Kröfur um arðsemi, sem gera verður til slíkra hluta, hafa verið að litlu eða engu hafðar. Samskipti manna hafa að mörgu leyti einkennst af þessum ytri skilyrðum. Og nú er svo komið að menn haga sér *eftir því hvernig kaupin gerast á eyrinni. Naumast verður* hægt að halda áfram á þessari braut öllu lengur. Því er það verkefni þeirra aðila, sem með völdin fara í landinu, að leiða þjóðina af þessari óheillabraut.

Spyrja má hvort þjóðin geti nú vænst forustu frá þeim öflum sem fara með stjórn landsmála. Getu- og ráðleysi núv. hæstv. ríkisstj. og þess liðs, sem stendur að baki henni, ríður ekki við einteyming, eins og síðustu dagarnir hér á Alþ. sýna, og því er ekki að vænta neinnar forustu frá þessum aðilum.

Ef litið er til baka og athugað inntak þeirra pólitísku umr. sem fram hafa farið í landinu á þessu ári kemur í ljós að sá áróður, sem átti upptök sín í herbúðum Alþb. og

Alþfl. fyrr á árinu, að þáv. ríkisstj. væri með efnahagslögunum í febrúar og maí að svipta launafólki hlut þess í afrakstri þjóðarbúsins, náði tilætluðum árangri. Þá er og ljóst að liðsmenn núverandi stjórnarflokka innan verkalýðsforustunnar voru notaðir til þess að beita verkalýðshreyfingunni í heild gegn þeim ráðstöfunum sem fyrrv. ríkisstj. gekkst fyrir með lögunum frá því í febr. og í maí. Þessi blekkingaáróður náði til fjölmargra aðila. Í kosningunum unnu þessir flokkar umtalsverðan kosningasigur sem byggðist fyrst og fremst á slagorðinu „samningana í gildi" til þess að brjóta niður þær ráðstafanir sem Alþ. og fyrrv. ríkisstj. höfðu ákvarðað til að vinna gegn verðbólgunni.

Úrslit kosninganna fólu í sér, að þeir aðilar, sem unnu kosningasigur, tækju við stjórnartaumum og fengju tækifæri til að efna þau kosningaloforð sem sigur þeirra byggðist á. Það er ekki óeðlilegt nú, 6 mánuðum eftir kosningar, 4 mánuðum eftir að Alþfl. og Alþb. tóku sæti í ríkisstj., er þeir standa að sinni fyrstu fjárlagagerð, að spurt sé: Hvernig hefur þessum aðilum tekist að standa við stóru loforðin? Tvisvar á tæpum fjögurra mánaða starfsferli sínum hefur hæstv. ríkisstj. þurft að svíkja stóru kosningaloforðin um „samningana í gildi", með þeim efnahagsaðgerðum sem hún beitti sér fyrir í septembermánuði og nóvembermánuði s. l., og ekki er séð annað en áfram verði haldið á sömu braut á árinu 1979. A. m. k. hefur ekki staðið í stjórnarflokkunum s. l. daga að auka skattheimtu á næsta ári um 25 milljarða kr. frá því sem verið hefði ef febrúar- og maíráðstafanirnar hefðu gilt, og skattbyrðin samkv. orðum formanns þingflokks Alþfl. mun aldrei hafa verið meiri en hún kemur til með að verða á árinu 1979. Þá er ekki innifalin hækkun á lyfjum og sérfræðiþjónustu upp á 1 milljarð. Þá eru ekki teknar með 2 milljarða álögur sem vinstri meiri hl. í borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþ. og stendur fyrir að leggja á. Það er eðlilegt að Alþfl.-menn komi og leggi til hækkun á skattvísitölu og sætti sig við 150 stig nú miðað við 100 á s. l. ári, eins og þeir sýnast ætla að gera. Það eru 2500 millj. upp í þá 25 milljarða sem þeir hafa staðið að þessa dagana að leggja á skattborgarana á næsta ári. Þetta eru málsvarar þjóðarinnar sem barist hafa gegn beinum sköttum. Skattaáþjánin verður aldrei meiri en þegar þeir fara með völdin. Þetta eru mennirnir sem talað hafa um að beinu skattarnir væru skattar á launafólk og þá ætti að afnema. Þeir verða aldrei meiri, aldrei hærri en þegar Alþfl. hefur tekið sæti í ríkisstj.

Það fer ekki fram hjá neinum, sem fylgist með störfum núv. ríkisstj., að öll stefnumörkun og ákvarðanataka er með slíkum hætti að fátt jafnast á við þá ringulreið, sem m. a. hefur birst í því að allt starf Alþ. nú að undanförnu hefur meira og minna verið lamað vegna stjórnleysis og skoðanaágreinings sem hefur ríkt hjá stjórnarliðinu. Í kvöld kom hæstv. forsrh. með yfirlýsingu um það, að nú skyldi þess freistað að ná samstöðu um úrræði í efnahagsmálum, að nú skyldi hlustað á till. Alþfl. og annarra og strax í upphafi næsta árs yrði málið skoðað í ríkisstj. og till. lagðar fram fyrir 1. febr. Ríkisstj. hefur setið í 4 mánuði og hún hefur engar till. fundið sem stjórnarflokkarnir hafa getað orðið sammála um. En til þess að beygja Alþfl., til þess að fá hann til þess að falla frá hugmyndum sínum er því lýst yfir, að á einum mánuði ætli nú ríkisstj. að reyna að koma sér saman um úrræði í efnahagsmálunum, og af því að flokksstjórn Alþfl. hafði sagt 1. febr., þá var sú dagsetning höfð með. Það verður vissulega athyglisvert þegar ríkisstjórnarflokkarnir setja saman á þessum eina mánuði till. í efnahagsmálunum, hafandi verið í ríkisstj. í 4 mánuði og þó nokkurn tíma þar á undan í viðræðum um myndun ríkisstj. Það skyldi þó aldrei hafa verið svo, að þeir hafi farið í ríkisstj. án þess að hafa hugmynd um hver væri stefna ríkisstj. í efnahagsmálum þjóðarinnar? (**Gripið fram í:** Þeir voru klárir á stefnu fyrrv. stjórnar.) Þeir voru klárir á stefnu fyrrv. ríkisstj., sagði hv. þm. Stefán Jónsson, en þeir hafa ekki enn fundið eigin stefnu og það eru liðnir 4 mánuðir síðan þeir tóku við. Svo ætla þeir að finna hana á aðeins einum mánuði eftir áramótin. Það skyldi þó aldrei vera að þeir fyndu aldrei eigin stefnu?

Ef vikið er að þeim aðgerðum sem ríkisstj. hefur reynt að koma í framkvæmd til þess að standa við stóru kosningaloforðin frá því í kosningunum á s. l. vori, einkennast þær fyrst og fremst af stefnumiðum Alþb. með tilstuðlan Framsfl. Hins vegar hafa sjónarmið Alþfl. orðið algerlega út undan þrátt fyrir mikinn hamagang þingliðs flokksins, sem birst hefur hér á hinu háa Alþingi í ýmsum formum, ýmsum „stælum", ég tala nú ekki um aragrúa af fyrirvörum, jafnvel svo, að það var haft að orði við einn ágætan nýliða á þingi sem hér kom inn, vin minn Ólaf Björnsson úr Keflavík, varaþm. Alþfl., hvort hann hefði virkilega verið tekinn inn á Alþ. með fyrirvara. Í þessu fyrirvaraflóði hefur verið sett á svið heljarmikið sjónarspil af þeim Alþfl.-mönnum til þess að villa um fyrir þeim, ef einhverjir eru eftir sem héldu að þeir ætluðu að standa við stóru kosningaloforðin frá því í sumar.

Meginefni þeirra ráðstafana, sem núv. ríkisstj. hefur gert, felst í því að gerðar eru stórfelldar millifærslur hjá aðilum í þjóðfélaginu. Gerð er markviss tilraun í þá veru að ganga af öllum sjálfstæðum atvinnurekstri í landinu dauðum, brjóta niður alla viðleitni einstaklinga til sjálfsbjargar, skerða sjálfstæði sveitarfélaganna og skapa algert öngþveiti í fjármálum ríkisins. Það er furðulegt að þeir menn, sem í kosningabaráttunni töldu þjóðinni trú um að atvinnuvegirnir væru á heljarþröm, skuli standa fyrir þeirri skattlagningu sem raun ber vitni. Gera menn sér grein fyrir þeirri þversögn sem kemur fram í þeim fullyrðingum, sem við voru hafðar í kosningabaráttunni, og þeim athöfnum, sem síðan eru framkvæmdar hér, þegar viðkomandi hafa náð meirihlutaaðstöðu eða valdaaðstöðu á Alþingi?

Það ber vissulega að harma, að þeir tveir lýðræðisflokkar, sem mynda núv. ríkisstj. ásamt Alþb.-mönnum, skuli ekki sjá hvert stefnir og hafa þor til að rísa gegn stefnu hæstv. ríkisstj. eins og hún hefur birst. Þær miklu skattaálögur, sem nú hafa verið samþ. á Alþ., munu leiða af sér tvennt. Hið fyrra er að sú aukna skattbyrði, sem atvinnurekstrinn á að taka á sig, mun leiða til þess — því miður — að fjölmörg fyrirtæki verða að draga úr eða hætta rekstri, en samfara því er hætt við að atvinnuleysi myndist. Ef það á ekki að gerast mun atvinnurekstrinn þurfa að velta þessum auknu álögum út í verðlagið og þar með viðhalda og auka verðbólguna. Hið síðara er, að aukin skattheimta á þorra einstaklinga verður þess valdandi að dregið er úr allri sjálfsbjargarviðleitni manna, sem leiðir ekki til neins annars en lakari lífskjara, ekki bara þeirra sem í hlut eiga, heldur allrar þjóðarinnar.

Fjárl. fyrir árið 1979 munu, ef fram fer sem horfir, að sjálfsögðu markast af því ófremdarástandi sem ríkir hjá stjórnarflokkunum, og munu að sjálfsögðu bera einkenni þeirrar röngu efnahagsstefnu sem núv. ríkisstj.

hefur haft. Hæstv. fjmrh. virðist ekki ætla að láta af þeim fullyrðingum, að ríkissjóður verði rekinn með greiðsluafgangi á næsta ári — þar á ég við 16 mánaða árið sem fundið var upp. Við sjálfstæðismenn höfum bent á fjölmörg atriði sem við teljum algerlega óraunhæf í því fjárlagafrv., sem hér hefur verið til umr., enn fremur að viðhafður er ýmis talnaleikur til að búa til nægjanlega marga súkkulaðimola til að stinga upp í þinglið Alþfl.

Á það hefur verið bent af frsm. minni hl. fjvn., og þá vikið að riti Þjóðhagsstofnunar, að forsendur fjárlagafrv. og þeirrar þjóðhagsspár, sem Þjóðhagsstofnunin hefur gert, séu alls ekki hinar sömu. Til þess að slíkt geti átt sér stað skortir milljarða í útgjaldahlið fjárlagafrv. Ef ráðagerðir stjórnvalda um breyttar niðurgreiðslur á næsta ári komast í framkvæmd, þá stenst ekki heldur verðbólguspá Þjóðhagsstofnunar. Þetta sýnir betur en nokkuð annað hver vinnubrögð hafa verið viðhöfð. Og til þess að ná fram greiðsluafgangi ríkissjóðs á fjórða milljarð, eins og það er orðað, er tekin inn heimild í 6 gr. fjárl. um niðurskurð ríkisútgjalda um 1 milljarð, eftir að búið er að hækka þessa tölu um 1 milljarð þegar fjárlagafrv. er flutt. Ef hugur hefði fylgt máli, hví skyldi þá ekki hafa verið gengið í það af hálfu stjórnarliða að gera þennan niðurskurð? Þeir þekkja, sem reynt hafa, að samþykkt slíkra till. er býsna lítils virði og erfiðleikarnir í sambandi við þær eru með þeim hætti að tæplega má búast við milljarði í niðurskurði ríkisútgjalda. En ég ætla vissulega að vona að hæstv. fjmrh. takist það. Þess er þörf. En ég veit að það eru fleiri en ég, sem þekkja þessi mál, sem hafa efasemdir um að slíkt takist, og þá er aðeins um pappírsútfærslu að ræða.

Ég vil ítreka það sem ég hef áður lagt áherslu á við umr. um fjárlagafrv., að Alþ. hverfi ekki frá því að afgreiða fjárlög raunhæft og taka afstöðu til þeirra þýðingarmiklu mála þannig að raunhæft sé. Ef alþm. hafa ekki styrk til þess að ákveða útgjöld ríkisins innan þeirra marka sem tekjur ríkisins leyfa, er Alþ. á rangri braut og í reynd að færa mikilvæga ákvarðanatöku frá Alþ. til framkvæmdavaldsins. Og ég spyr: Hafa ekki Alþfl.-menn gagnrýnt slíkt? Hafa þeir ekki látið í sér heyra í dag varðandi gagnrýni á jafnsjálfsögðum hlutum og þar var þó um að ræða, þ.e. að standa við gerða samninga? En þeir hugsa sér að ganga frá fjárlagafrv. sem er óraunhæft, sem byggist ekki á réttum forsendum, og gera þannig skekkju í ríkisfjármálin og skapa embættismönnum meira vald en þeir eiga að hafa. Það mikla starf, sem unnið hefur verið á undanförnum árum, jafnvel áratug, í þá átt að gera fjárlög að raunhæfu stjórnunartæki og auka allt eftirlit með útgjöldum ríkisins, hefur þá verið unnið fyrir gýg. En ég fullyrði að það hefur verið gert mikið átak í þeim efnum. Það var gert í þeirri tíð sem ég gegndi þessu starfi. Það var gert í tíð forvera míns. Og ég segi: Ef Alþ. ætlar nú aftur að snúa við á þessari braut, þá hefur verið unnið fyrir gýg.

Eins og ég gat um að framan er meginefni þessa frv. til fjárl. í beinu samhengi við þá efnahagsringulreið sem viðgengst hjá hæstv. ríkisstj. Frv. þetta boðar aukna hlutdeild ríkisins í þjóðarframleiðslunni frá því sem verið hefur á undanförnum árum, frá 27-28% á árunum 1976-1977 í 30-31%. Þeir, sem hafa gagnrýnt aukin útgjöld ríkissjóðs, ætla núna að standa að því að gera þetta. Á næsta ári verður skatttekjuhlutfallið ekki 27% eins og það var 1977, heldur 31-32%. Með þessu er enn frekar verið að seilast til aukinna ríkisafskipta á öllum sviðum þjóðlífsins og þar með draga úr frjálsræði fólks til ákvarðana um eigin hag og gera allt eftirlit og stjórnun fjármála erfiðari.

Annað veigamikið atriði, er varðar afgreiðslu þessa frv., er sú staðreynd að það mun ekki draga úr verðbólgunni, eins og hæstv. fjmrh. hefur viljað halda fram opinberlega, þar sem ljóst er að sá greiðsluafgangur, sem sagður er munu verða, er ekki raunhæfur. Er því ljóst að ríkissjóður stefnir í frekari skuldasöfnun við Seðlabankann á næsta ári, í stað þess að greiða umsamdar afborganir við Seðlabankann 1978 og 1979, en það þýðir auknar erlendar skuldir og áframhaldandi verðbólgu. Hvað segir Alþfl. um það?

Þær miklu tilfærslur, sem ráðgerðar eru á næsta ári til niðurfærslu verðlags, valda því, að hið opinbera er nú farið að stjórna bæði framleiðslu og neyslu manna á mörgum þýðingarmiklum vörum, sem fólk neytir daglega, og öll verðskynjun hverfur. Við erum horfin 20 ár aftur í tímann hvað viðskiptahætti snertir. Þetta kerfi gerir ekki annað en viðhalda óarðbærari framleiðslu, sem ekki þrífst ef fólk þarf að greiða raunverulegt verð, og því einn þáttur til viðbótar sem færir lífskjör alls almennings til hins verra.

Ef vikið er að tekjuhlið frv. kemur í ljós að nú skal taka til baka að fullu og öllu og meira til fyrirheitin um „samningana í gildi". Þær stórauknu skattálögur á einstaklinga, sem felast í þessu frv., valda því, að fjölmargir einstaklingar munu greiða allt að 70% af tekjum sínum í beina skatta til opinberra aðila, og það verður til þess að draga úr almennri viðleitni manna til vinnu, en það hefur verið ein aðalundirstaða þess, að við höfum getað starfrækt sjálfstætt þjóðfélag, að hver þjóðfélagsþegn hefur lagt fram mikla vinnu til þess að mega lifa frjáls maður í þessu frjálsa landi.

Herra forseti. Við sjálfstæðismenn höfum gagnrýnt harðlega þetta fjárlagafrv. og alla málsmeðferð þess, sem hefur verið með eindæmum, enda kom þar í morgun að hæstv. forsrh. sá sig knúinn til að biðjast afsökunar á framferði stjórnarliðsins. Hann átti að sjálfsögðu við ákveðinn hluta þess. Það væri út af fyrir sig hægt að þola málsmeðferðina ef fjárlagaafgreiðslan vekti einhverjar vonir um árangur í hinni alvarlegu viðureign við verðbólguna. En svo er því miður ekki. Þvert á móti er hætta á að flestar veigameiri ákvarðanir ríkisstj. frá upphafi hafi verri en engin áhrif, enda lýsti einn stjórnarþm. yfir í dag að ríkisstj. hefði enn enga heildarstefnu mótað í efnahagsmálum. Frekari lýsingar á stjórnarathöfnunum eru raunar óþarfar. Hæstv. ríkisstj. dæmir sig sjálf af verkum sínum og hefur á ótrúlega skömmum tíma tekist að sýna getu- og úrræðaleysi sitt.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er orðið áliðið nætur, en þó hygg ég að eitt atriði, sem fram hefur komið hjá tveimur þm., hv. 2. þm. Austurl., Vilhjálmi Hjálmarssyni, og nú síðast hjá hv. 1. þm. Reykn. Matthíasi Á. Mathiesen, þarfnist nokkurrar skoðunar. Þeir hafa báðir sagt — og tala þar af allnokkurri reynslu, þinglegri reynslu á ég þá við — að nú hafi verið óvenjulegir dagar í þinginu, og báðir hafa þeir raunar notað þau orð að á ferli sínum muni þeir ekki eftir öðru eins. Efnislega a. m. k. hefur þetta verið sagt. Þetta hygg ég að vel kunni að vera. Ég er auðvitað nýgræðingur í þessari stofnun eins og allflest flokkssystkina minna eru, en af svolitlum lestri bóka um þessa stofnun hygg ég að ég geti verið sammála

um þessa ályktun. En þá hygg ég að okkur öllum sé skylt að spyrja: Af hverju er þetta með þessum hætti?

Ég hygg að það sé óhætt að leiða hjá sér að sinni spurninguna um það, hver beri ábyrgðina. Hins vegar er það svo, að efnahagslífi þjóðarinnar hefur svo verið farið um allmörg ár að við erum orðin föst í farvegi 50% verðbólgu. Það er orðinn nánast kækur að segjast vera á móti verðbólgunni, en haga sér svo allt öðruvísi. Við í mínum flokki höfum að því leyti gengið fram fyrir skjöldu, með misjöfnum árangri skal ég fúslega viðurkenna, að við höfum verið að draga siðferðileg rök og ályktanir af verðbólguástandinu. Við höfum ótæpilega bent á það, með hverjum hætti verðbólgan veldur eignatilfærslu frá þeim, sem minna mega sín, til hinna, sem meira mega sín og hafa aðstöðu í kerfinu og bákninu. Við höfum ítrekað verið að sýna fram á það, hvernig láglaunafólkið í þessu landi verður ævinlega verst úti í því kapphlaupi sem hér á sér stað. Og ég vil bæta við, vegna þess að slíkt hefur áður komið hér til umr., að svokölluð rannsóknarblaðamennska undanfarinna ára, ef hægt væri að draga saman í einn hnút þau ólíku mál sem um hefur verið fjallað, á sér eina rót, og það er verðbólgan. Það er spillingin og spillingaráhrifin sem alltaf og alls staðar hefur af þessu ástandi leitt. Þegar þetta er sagt, er ekki óeðlilegt að þegar ný kynslóð kemur inn í þessa sali, sem vissulega hefur litla reynslu af þingstörfum, sé óskað eftir því, að með öðrum hætti sé á málum tekið en gert hefur verið undanfarin ár.

Við vitum það, að hér sat ríkisstj. í fjögur ár með sterkan þinglegan meiri hluta, en skorti einhvern veginn allt jarðsamband við fólkið í þessu landi. Afleiðingar þess í efnahagslegu tilliti voru verðbólgan, sem jafnaðarlega og í lok þessa tímabils nam milli 40 og 50%, og lausungin, upplausnin af þessu, sem blasti við hverjum manni og hverju barni. Þessu höfum við viljað breyta, og okkur hefur verið full alvara í því sem við höfum verið að gera. En vandinn er aftur sá, að við verðum að taka þátt í samsteypustjórn. Við höfum ekki hreinan meiri hluta. Vandinn er líka sá, að það eru skil sem ekki flokkast eftir línum milli hægri og vinstri kannske fyrst og fremst, heldur markast af öðrum lögmálum, af öðrum lífsskoðunum, og kannske ekki síst — að hluta a. m. k. — eru skil á milli kynslóða í íslenskum stjórnmálum.

Ég er þeirrar skoðunar, að það væri beinlínis óeðlilegt ef allt væri rólegt í stjórnmálum við þessar aðstæður. Í því, sem einhverjir — og kannske með nokkrum rétti — kalla upphlaup, er rauði þráðurinn það sem við höfum verið að gera, að reyna að spyrna við fótum með eitt meginmarkmið í huga og það er rökrétt af því sem að framan er sagt. Þetta meginmarkmið er að ná verðbólgunni niður og — ég hef sagt það áður og segi enn — fórna þá öðrum markmiðum um sinn a. m. k. Rauði þráðurinn í þeim aðgerðum, sem við í mínum flokki beittum okkur fyrir eftir 1. des. á grundvelli loforða sem þá lágu raunar fyrir, var að mynda samstæða og heildstæða stefnu til langs tíma sem hefur þetta að meginmarkmiði, en þar sem jafnframt væri ekki eingöngu verið að ráðast að launafólkinu, að launafólkið a. m. k. hefði þá tryggingu ríkisvaldsins að verið væri að fremja aðgerðir sem gengju í andverðbólguátt á öðrum sviðum einnig.

Ég þarf auðvitað ekki að lýsa því, hversu óendanlegum vonbrigðum það hefur valdið, ekki aðeins mér, heldur mínum flokki og að ég hygg nýrri kynslóð í þessu landi, með hverjum hætti stjórnarsamvinnan hefur verið. Það er auðvitað hárrétt og hverju orði sannara, sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að það er engin heildstæð stefna til hjá ríkisstjórnarflokkunum. Málefnasamningurinn er yfirborðssamningur sem tekur ekki á nokkrum vanda. Þetta eigum við auðvitað að segja, því að ef þetta væri ekki svo, þá væri ekki núna verið að skipa sérstaka nefnd ráðherra til þess að koma sér saman um stefnu til nokkurrar framtíðar. Þetta liggur í hlutarins eðli og ég held að við, sem í þeim flokkum erum, sem þessa ríkisstj. styðja, gerum hvorki sjálfum okkur, umhverfi okkar né þjóð okkar nokkurn greiða með því að halda öðru fram.

Það, sem ég hygg þó að þeir, sem utan við okkar flokk standa, hafi misskilið, þó að það kunni að renna upp fyrir þeim nú á allra síðustu dögum, er þessi einfaldi og litli hlutur: Hver alvara okkur er í þeim aðgerðum og þeim till. sem við höfum verið að leggja fram að því er tekur til þessa verðbólguástands. Við sjáum það sem hið stærsta lykilatriði þeirrar gagnrýni sem við höfum haft fram að færa á undanförnum árum. Mér er það auðvitað sérstök raun, hvað samstarfið við Alþb. að því er tekur til þessara hluta hefur verið lítilfjörlegt og lítið á því að græða í þeim efnum. Og ég er ekki að segja hér neitt, sem þingheimur veit ekki. Við höfum átt langar viðræður um vaxtamál, m. a. um þá einföldu spurningu, hvort fjármagnið eigi að borga til baka á sannvirði, og þær umr. þekkir þingheimur svo vel að ekki þarf frekar um að fjalla. En ég tel skylt nú, þegar umr. um þetta fjárlagafrv. er að ljúka, að á þann rauða þráð sé lögð þung og rækileg áhersla, hversu ekki aðeins mér, heldur — ég vona og veit að það er rétt — allri minni kynslóð er mikil alvara í þessum verðbólgumálum sem eru að friðspilla þjóðlífinu öllu, friðspilla heimilunum og friðspilla umhverfinu öllu.

Það leiðir af sjálfu sér að við höfum mikla sérstöðu í þessum efnum. Ég skal verða fyrstur manna til að játa, að vera kann að við höfum gert einhver tæknileg mistök hér í þinginu, höfum stundum gengið of langt í kröfum okkar og á öðrum tímum gengið of skammt. Þarna kemur efalítið til, að á sama tíma og við erum fulltrúar nýrra sjónarmiða, þá erum við jafnframt nýgræðingar í þeim leikjum sem hér eru hafðir í frammi. En söm er alvaran í málflutningi okkar. Við hefðum viljað, og það segjum við sem stuðningsmenn þessarar ríkisstj., að hún færi réttar leiðir. Við hefðum viljað að það næðist stefna til lengri tíma. Við hefðum viljað að ríkisfjármálunum hefði verið breytt. Það hefur ekki tekist og það er enn eitt sporið aftur á bak frá því sem við hefðum viljað gera. Þetta vekur auðvitað endalausar spurningar. Og áfram mætti halda: Ef stjórnkerfið hjá okkur vill, ef þetta margflokkakerfi hjá okkur vill, er samt sem áður til tæknilegur möguleiki á því, að 32 þm. geti hér staðið saman að heildstæðum till. í þessum efnum. Okkur hefur verið alvara, en okkur hefur enn að mjög verulegu leyti tekist illa að koma markmiðum okkar fram.

Ég hef áður sagt það hér og annars staðar og lýst þeirri skoðun minni, sem kannske kann að hljóma öfgafull, að samningar í stjórnmálum séu siðspilltir. Ég er þessarar skoðunar hreinlega vegna þess að fyrir kosningar boðuðum við stefnu, — við gerðum það öll sem hér erum inni. Við göngum út frá því, að við séum að boða stefnu sem við viljum framkvæma ef við komumst í meiri hluta. Öll vitum við að það eru sáralitlar líkur á því og verður um langa hríð, að einhver einn flokkur hér á Alþ. komist

í meiri hluta. Samvinna verður að vera höfð. Hún gengur misjafnlega. Til þessa hefur hún gengið í bókstaflegum skilningi illa á milli þeirra flokka sem reynt hafa að stjórna landinu, og þess sér merki í efnahagskerfinu öllu.

Herra forseti. Ég bið afsökunar á að hafa tekið þennan tíma. Mér finnst það nánast skylt, að undirstrikað sé rækilega með hverjum hætti staða okkar í Alþfl. er í samhengi við það sem á undan hefur gerst. Við erum ekki nema tæpur fjórðungur þingheims þrátt fyrir allt, en söm er alvaran í sérhverju spori, sem við höfum stigið og eigum eftir að stíga næstu vikur. Vinsamlegast bið ég þá, sem með okkur hafa verið að reyna að stjórna landinu, að taka tillit til þessara sjónarmiða.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Meðferð fjárlagafrv. fyrir árið 1979 er nú komin á lokastig á hv. Alþ. Af þessu tilefni finnst mér ástæða til að fara nokkrum orðum um þróun efnahagsmála á yfirstandandi ári, enda liggja nú fyrir upplýsingar um helstu þætti þeirra. *Enn fremur mun ég sérstaklega huga að framvindu* ríkisfjármálanna og því veigamikla hlutverki sem þau gegna í hagstjórn, en jafnframt draga upp mynd af fjárlagafrv. við lokameðferð þess hér í þinginu.

Á árinu, sem senn er á enda, hægði á hagvexti. Þjóðarframleiðsla er talin munu aukast um 3.5%, en jókst um 4.8%qa árinu 1977. Þjóðartekjur munu að öllum líkindum aukast um 3%, eða nokkru minna en framleiðslan, vegna nokkru lakari viðskiptakjara en á árinu 1977 til jafnaðar. Horfur virðast á því, að viðskipti við önnur lönd verði nærri hallalaus. Atvinnuástand hefur verið gott og frekar einkennst af ofþenslu á sumum sviðum atvinnulífsins. Einkaneysla á mann hefur aukist um 5-6% og er nú með því mesta, sem hún hefur verið. Lífskjör hafa því verið afar góð. Fjárfesting hefur dregist nokkuð saman, eða um 3-4%, en er enn nálægt 27% af þjóðarframleiðslu. Er það hærra hlutfall en heppilegt er við ríkjandi aðstæður í þjóðarbúskapnum.

Í heild má segja, að þróun þjóðarframleiðslu og viðskiptajafnaðar hafi verið viðunandi, en á hinn bóginn hefur verðbólgan geisað óskaplega á árinu. Um mitt árið var hraði verðbólgunnar kominn í 50% miðað við 12 mánaða tímabil, og enn er verðbólgan mikið vandamál sem kemur fram bæði í ríkisfjármálavanda og í rekstrarörðugleikum hjá undirstöðugreinum atvinnuveganna.

Vegna þeirra geigvænlegu verðhækkana, sem orðið hafa á árinu, hefur ríkisstj. þurft að grípa til ýmiss konar aðgerða, svo sem gengisfellingar krónunnar. Jafnframt hafa útgjöld hins opinbera verið aukin í því skyni að hamla gegn verðhækkunum, en þessar aðgerðir hafa krafist sérstakrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Frá áramótum til þessa dags hefur gengi íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar lækkað um tæplega 50%. Hin öra verðbólguþróun innanlands hefur m. a. leitt til þess, að kaupgjald hefur hækkað um rösklega 40% frá áramótum. Verðlagið í nóvemberbyrjun s. l. var um 42% hærra en í nóv. í fyrra þrátt fyrir lækkun söluskatts og *aukningu niðurgreiðslna í upphafi ferils þessarar* stjórnar í septemberbyrjun. Verðbólgan er því meginvandamálið sem við er að glíma í efnahagsmálum þjóðarinnar, og við afgreiðslu fjárlagafrv. verður að taka mið af því. Þess vegna er mikilvægt að tekjuáætlun fjárl. sé byggð á því eftirspurnarstigi í landinu, sem samrýmist viðskiptajöfnuði og verðbólguhjöðnun, og að öruggur greiðsluafgangur náist. Ríkisfjármálin mega ekki vera uppspretta ofvaxtar í peningaveltu í landinu. Er því brýnt að dregið verði úr fjárfestingu á vegum hins opinbera og um leið úr heildarumsvifum í framkvæmdum í landinu, þannig að jafnvægi náist í efnahagsmálum án þess að þrengt sé að kjörum almennings úr hófi fram. Á hinn bóginn er auðvitað ekki mögulegt að auka neyslustigið í landinu á næsta ári að neinu marki, enda ekki þörf á því ef sanngjarnlega er skipt kjörum í landinu.

Ég tel að fjárlagafrv. nái þessum tilgangi. Engan þarf samt að undra þótt erfitt hafi verið að láta enda ná saman þegar úr jafnvöndu er að ráða og nú er, ekki síst vegna þess að ríkisstj. átti þann kost einan, þegar hún kom til valda, að beita auknum niðurgreiðslum gegn óðaverðbólgunni í bili. Enn fremur er um nokkra aðra óverulega útgjaldaliði að ræða, og kem ég nánar að því síðar.

Á næstu mánuðum reynir á hvort varanlegri úrræði finnast. Frumskilyrði í þeirri tilraun er jafnvægi í ríkisfjármálum. Fyrstu 11 mánuði þessa árs námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 136.6 milljörðum kr., en útgjöld 138.2 milljörðum. *Gjöld umfram tekjur námu því 1.6 milljarði* kr. Jöfnuður lánahreyfinga og viðskiptareikninga var jákvæður um 0.2 milljarða. Greiðsluhalli var hjá ríkissjóði sem nam um 1.4 milljörðum kr. Á sama tíma í fyrra voru útgjöld ríkisins umfram tekjur 2.5 milljarðar. Jöfnuður lánahreyfinga og viðskiptareikninga var um 0.8 milljarða, þannig að greiðsluhalli var um 1.7 milljarða kr.

Áætlanir um tekjur ríkissjóðs 1978 voru gerðar samhliða og að afstöðnum efnahagsráðstöfunum ríkisstj. í sept. s. l. Tekjuáætlun sú fyrir 1978, er fylgdi fjárlagafrv. fyrir 1979, gerði ráð fyrir 154.2 milljörðum kr. í innheimtar tekjur. Síðustu áætlanir víkja óverulega frá þessari áætlun. Gjöldin urðu því miður hærri en tekjurnar, eins og ljóst var þegar í septembermánuði. Það verður því verulegur rekstrarhalli á ríkissjóði á þessu ári. Á móti kemur að jöfnuður lánahreyfinga og viðskiptareikninga utan Seðlabanka er talinn verða jákvæður. Jafnar þetta að nokkru halla á rekstrarreikningi. Rekstrarhallann 1978 verður að rétta á næsta ári og tryggja að auki endurgreiðslur til Seðlabanka og greiðsluafgang til þess að vinna einnig eftir þeirri leið gegn verðbólgunni.

Forsendur um vöxt þjóðarframleiðslu og tekna og *breytingar þjóðarútgjalda á næsta ári eru í aðalatriðum* óbreyttar frá fjárlagafrv. eins og það var upphaflega sett fram. Reiknað er með 1-1.5% aukningu þjóðarframleiðslu og tekna á árinu 1979, en um 1% aukningu almennra þjóðarútgjalda og svipaðri aukningu innflutnings að raunvirði. Á þessum forsendum yrði ekki halli á viðskiptum við útlönd á næsta ári. Tekjuáætlanir ríkissjóðs eru þannig byggðar á því, að þjóðarútgjöld á mann aukist ekki á næsta ári að raunvirði. Í þessu felst ákveðið aðhald, sem t. d. má bera saman við það sem var forsenda fjárl. yfirstandandi árs, sem var á því reist að einkaneysla ykist um 6% og þjóðarútgjöld um 4%.

Í þeirri þjóðhagsspá, sem fjárlagafrv. er byggt á, er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 3% og samneysla *um 1%. Þjóðhagsspáin, sem hér er miðað við, er gerð á* ákveðnum forsendum um breytingar kaupgjalds og verðlags á næsta ári, en í upphaflega fjárlagafrv. var miðað við áætlað verðlag og kaupgjald í des. 1978. Við endurskoðun á tekjuáætlun ríkissjóðs 1979 hefur verið miðað við verðlag, kauplag og gengi í des. 1978, eins og gert var í frv. í upphafi. Í þessu felst heldur lægra kaupgjald, eða rúmlega 1%, en í fjárlagafrv., en aftur á

móti er innlent verðlag og verð á erlendum gjaldeyri nú heldur hærra en ætlað var í fyrstu gerð áætlunarinnar, þannig að í heild er um líkar verðlagsforsendur að ræða í víðustu merkingu.

Auðvitað hefði verið æskilegast að miða fjárl. við væntanlegar niðurstöður næsta árs í verðlags- og kaupgjaldsmálum, en ekki hefur reynst unnt að koma því við vegna þess, hve umfangsmikla endurskoðun það hefði kallað á í fjvn. Ég tel hins vegar að með þeirri undirstöðu, sem hér hefur verið lögð, megi ná góðum tökum á fjármálum ríkisins á komandi ári, en til þess þarf að beita ströngu aðhaldi og ráðdeildarsemi í ríkisrekstrinum og að því verki mun ég vinna.

Fjárl. eru hluti af þeirri áætlun að ná jafnvægi í öllum þjóðarbúskapnum á næstu árum. Óhjákvæmilegt hefur reynst að hækka nokkuð skatta, en þó munu tekjur og gjöld ríkissjóðs verða innan við 30% af þjóðarframleiðslu næsta árs miðað við fyrirliggjandi þjóðhagsspá.

Í fram kominni skýrslu Þjóðhagsstofnunar um horfur í efnahagsmálum 1979 er reiknað með því, að fjárfesting í heild dragist saman um 9-10% og verði rétt við 24% af þjóðarframleiðslu. Ríkisstj. mun gera grein fyrir stefnu sinni í fjárfestingar- og lánamálum í heild með skýrslu um lánsfjáráætlun 1979, sem enn er ekki fullmótuð, en að því verður stefnt að fjárfestingin í heild verði um 24.5% af þjóðarframleiðslu ársins. Að gefnu tilefni vil ég taka fram, að lánsfjáráætlun er að mestu tilbúin — eftir er einungis að taka lokaákvarðanir um fá atriði hennar.

Í fjárlagafrv. sjálfu felst 12% magnsamdráttur í fjárveitingum til framkvæmda í A-hluta, sem er drjúgur skerfur til þessarar niðurstöðu. Í þessu efni er einnig mikilvægt að fjármagn sé tryggt til þjóðhagslega arðbærrar starfsemi í atvinnugreinum. Það mun verða keppikefli ríkisstj. í lánsfjáráætlun að ná þessu marki um leið og dregið verður úr erlendum lántökum.

Hv. formaður fjvn. hefur þegar gert ítarlega grein fyrir einstökum breytingum á frv. milli umr. Ég ætla mér því aðeins að fara fáum orðum um helstu orsakir þeirra breytinga sem orðið hafa á útgjalda- og tekjuhlið frá því að frv. var lagt fram.

Nú síðustu dagana hafa verið flutt frv. og brtt. við fram komið frv. um breytingar á sköttum og um nýja tekjuöflun fyrir ríkissjóð sem áhrif hefur á tekjuáætlunina fyrir árið 1979. Hér er um þrenns konar ráðstafanir að ræða: Í fyrsta lagi tekjuöflun á árinu 1979, sem kemur í stað ákvæða brbl. frá því í sept. s. l. Í öðru lagi skattalækkun í samræmi við fyrirheit í lögum nr. 103 frá 1978, sem kennd eru við 1. des. s. l. Og í þriðja lagi nýir skattar eða skattbreytingar til þess að vega upp tekjumissi vegna fyrrgreindrar skattalækkunar og til þess að auka tekjur ríkissjóðs á árinu 1979.

Þessi þríþætta skattalagabreyting veldur í heild rösklega tveggja milljarða kr. hækkun á tekjum ríkissjóðs á næsta ári frá fjárlagafrv. Þessi hækkun skiptist þannig: Áætluð tekjuöflun í stað brbl. frá því í sept. lækkar um 200 millj. kr., einkum vegna þess að ákvæði um sérstakan hátekjuskatt er fellt niður. Skattalækkun í samræmi við fyrirheit í lögum um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu veldur um 4 milljarða tekjumissi ríkissjóðs á næsta ári. En ný tekjuöflun er talin munu skila um 6.2 milljörðum kr. Heildaráhrif skattbreytinganna, sem ríkisstj. stendur að, verða hækkun skatta sem nemur um 0.6% af þjóðarframleiðslu næsta árs. Þá er tekið tillit til lækkunar tolla samkv. samningum við EFTA og EBE.

Samkv. endurskoðaðri tekjuáætlun verða heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1979 208.9 milljarðar kr. Heildarútgjöld ríkissjóðs samkv. upphaflegu fjárlagafrv. voru áætlaðar 198.5 milljarðar kr. Þessi áætlun hefur hækkað í meðförum Alþ., svo og vegna endurskoðaðra áætlana, um rösklega 3 milljarða. Gjöld nema því samtals 202.3 milljörðum á næsta ári. Þannig verður afgangur á rekstrarreikningi um 6.7 milljarða kr. Halli á lánahreyfingum er talinn verða 4.2 milljarðar kr. Heildarniðurstaðan verður því sú, að ríkissjóður skili um 2.5 milljörðum kr. í greiðsluafgang á árinu 1979. Þetta er nokkur hundruð millj. kr. minni greiðsluafgangur en að var stefnt í fjárlagafrv.

Í raun má telja að greiðsluafgangur á fjárl. næsta árs sé í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var í 1. gr. fjárlagafrv., þar sem í aths. var gert ráð fyrir að framkvæmdaframlög mundu hækka um 1 milljarð kr.

Ég vil enn leggja áherslu á, hve nauðsynlegt er að ströngu aðhaldi verði fylgt í ríkisbúskapnum til þess að hamlað verði gegn verðhækkunum á næsta ári. En það þarf enn fremur að gæta ítrasta aðhalds á öðrum sviðum efnahagsmála, enda tel ég að nú sé lag til þess að snúast af alefli gegn þeim vágesti sem verðbólgan er í þjóðfélagi okkar. Með þessum fjárl. tel ég að markaður sé farvegur fyrir öflugt viðnám gegn verðbólgu á næsta ári.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð 1. sept. s. l. blasti við fjölþættur vandi í efnahags- og atvinnumálum, sem dregist hafði um lengri tíma að leysa. Þessi vandi var fyrst og fremst afleiðing vægðarlausrar kröfugerðar og langvinnrar verðbólgu. Á s. l. hausti var nauðsynlegt að grípa til skjótra ráðstafana til að tryggja áframhaldandi rekstur atvinnuveganna, atvinnuöryggi og frið á vinnumarkaði. Þessar fyrstu aðgerðir ríkisstj. á sviði efnahagsmála og kjaramála eiga að veita svigrúm til að hrinda í framkvæmd nýrri efnahagsstefnu. Afgreiðsla þessa fjárlagafrv. er eitt af fyrstu skrefunum fram á við í efnahags- og fjármálum. Það verður svo verkefni fyrstu vikna næsta árs að marka að öðru leyti nýja breytta stefnu í efnahagsmálum til lengri tíma.

Fyrstu aðgerðir ríkisstj. fólu í sér tilraun til að rjúfa þann vítahring verðlags- og kauphækkana sem hagkerfið hafði fests í á undanförnum árum. Farið var inn á þá braut að draga úr verðbólgu með auknum niðurgreiðslum og lækkun óbeinna skatta á nauðsynjum. Ríkissjóður tók á sig mikla fjárhagsbyrði og hluta verðbólguvandans var breytt í ríkisfjármálavanda. Það er m. a. þessi vandi, ásamt nokkrum óvenjulegum málum sem kosta ríkissjóð stórfé, sem hefur gert afgreiðslu fjárl. erfiða, þar sem sú stefna í fjármálum ríkisins var mörkuð að vinna upp þann halla sem stofnað var til í haust með fyrrnefndum ráðstöfunum ríkisstj. Að mínu mati er það forsenda árangurs í viðnámi gegn verðbólgu að fullur jöfnuður náist á næsta ári í ríkisfjármálum og auk þess verði sú skuld, sem stofnað var til í haust, greidd að fullu.

Frv. til fjárlaga var byggt á þessari stefnu. Enn fremur var fjárlagafrv. samið með það fyrir augum, að það mundi að öðru leyti vinna gegn verðbólgunni, verða hagstjórnartæki í þeirri baráttu. Nú hefur tekist samkomulag um að afgreiða fjárl. á grundvelli þeirrar stefnu sem fjárlagafrv. boðaði. Ríkisstj. og þingflokkar stjórnarliðsins hafa skuldbundið sig til þess. Höfuðeinkenni þeirrar stefnu felst í eftirfarandi:

1. Tekjuafgangur fjárl. verður um 6 milljarða 654 millj. kr., eða 3.3% af ríkisútgjöldunum. Auk þess hefur ríkisstj. heimild til að skera ríkisútgjöldin niður um 1 milljarð kr. Er það í samræmi við samþykkt, sem gerð var í ríkisstj. og er svo hljóðandi:

„Ríkisstj. samþykkir að lækka ríkisútgjöld á árinu 1979 um allt að 1 milljarð kr. til þess að endanleg framkvæmd fjárl. verði í samræmi við þau markmið sem sett eru fram í 1. gr. fjárlagafrv. Ákvarðanir um framkvæmd þessarar samþykktar verða teknar þegar að loknu jólaleyfi."

Ég mun ganga mjög ríkt eftir því, að þessi samþykkt verði framkvæmd, og gefa hv. Alþ. skýrslu um, með hverjum hætti það verði gert. Verði heimildin nýtt að fullu verður tekjuafgangur ríkissjóðs 7 milljarðar 654 millj. kr. á næsta ári og greiðsluafgangur 3 milljarðar 486 millj. kr., eða 3.8% af ríkisútgjöldum. Gangi þessi mál fram með þessum hætti verður unnt að greiða niður samningsbundnar skuldir ríkissjóðs um 7 milljarða kr. og bæta stöðu hans við Seðlabankann sem svarar greiðsluafgangi.

2. Þessi afgreiðsla á að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs á fyrstu 16 mánuðum stjórnartíma ríkisstj., sem var það markmið sem sett var í upphafi stjórnartímabilsins. Greiðsluafgangurinn á næsta ári gengur til þess að greiða upp þá skuld sem stofnað var til með fyrstu efnahagsaðgerðum ríkisstj. í haust.

3. Varið er miklum fjárhæðum, eða um 19 milljörðum kr., til að greiða niður verðlag á landbúnaðarvörum. Sú ákvörðun að fella niður söluskatt á matvörum rýrir tekjur ríkissjóðs um 5 milljarða kr. Verður því varið samtals 24.4 milljörðum á næsta ári til þess að greiða niður verð á brýnustu nauðsynjavörum.

Takmörk eru fyrir því, hvað langt skal ganga í niðurgreiðslum, þar sem þær skapa gífurlegt tekjuöflunarvandamál. Þau mál þarf að skoða betur í samhengi við breytta og nýja stefnu í efnahagsmálum.

Í þessu sambandi kemst ég ekki hjá að geta einnig nokkurra óvenjulegra kostnaðarliða í fjárl. Kostnaður við greiðslu afborgana og vaxta vegna framkvæmda við Kröflu nemur 2.4 milljörðum kr. Niðurfelling tolla vegna samninga við EFTA og EBE rýrir ríkistekjurnar um rúma 2 milljarða. Og að lokum verða vaxtagreiðslur ríkissjóðs á næsta ári 7 milljarðar kr. Það er dýrt fyrir skattgreiðendur í landinu að standa undir skuldasöfnun ríkissjóðs.

4. Mikilla tekna verður aflað með beinum sköttum, einkum á tekjuháa aðila í þjóðfélaginu.

Þetta er öðrum þræði gert beinlínis vegna þess, að beinu skattarnir ganga ekki inn í vísitölugrundvöllinn eins og kerfið er og skrúfa því ekki sjálfkrafa upp kaupgjald og verðlag. Með aukinni skattheimtu er og dregið úr eftirspurn og þenslu í efnahagslífinu. Við þessar hættulegu og óvenjulegu aðstæður í íslensku efnahagslífi verður ekki komist hjá að tryggja trausta afkomu ríkissjóðs á næsta ári. Það er þýðingarmikill þáttur nýrrar efnahagsstefnu.

5. Dregið er úr opinberum framkvæmdum samkv. fjárl. sem nemur um 12% að magni til í A-hluta og dregið úr framlögum ríkisins til fjárfestingar í atvinnulífinu. Þetta er gert til að draga úr spennu í efnahagsmálum og til að minnka verðbólguna.

Að lokum verður um að ræða verulegan samdrátt í rekstrarútgjöldum ríkisins. Hert verður aðhald að því er varðar nýjar stöður í kerfinu og dregið úr kostnaði eins og framast er unnt. Þannig er fjárl. ætlað að vinna gegn verðbólgunni, hægja á verðbólguhjólinu. Þessi afgreiðsla fjárl. er því liður í þeirri stefnu að vinna gegn hinni háskalegu verðbólgu sem vegur vægðarlaust að undirstöðum efnahagslífs þjóðarinnar.

Það er ekki vandalaust verk að vinna að fjárlagagerð við núverandi aðstæður í efnahagsmálum. Það er allt of mikil hreyfing og óvissa um framtíðina. Eigi að síður hefur tekist samvinna um afgreiðslu sem ég er eftir atvikum ánægður með.

Herra forseti. Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til þess að þakka fjvn.-mönnum og þá sérstaklega formanni n., Geir Gunnarssyni, fyrir mikið og gott starf við gerð þessa fjárlagafrv. Fjárlagagerðin er alltaf átakaverk og umfangsmikil. Í þetta sinn urðu stjórnarskiptin og efnahagsaðgerðir í sept. til þess að koma þurfti þessu mikla verki frá á skemmri tíma en venja er. Auk þess var nauðsynlegt að gera marghátttaðar breytingar á sköttum og fjármálalöggjöf. Hefur þetta gert hríðina alveg sérstaklega stranga, og ber þar raunar fleira til. En fram úr þessu öllu hefur verið farsællega ráðið, þannig að fjárl. geta orðið undirstaðan að bættri og breyttri efnahagsstefnu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 41. fundur.

Föstudaginn 22. des., kl. 10 árdegis.

Rannsókn landgrunns Íslands, þáltill. (þskj. 1, n. 276). — Síðari umr.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég skal gæta þess vandlega að fara eftir því sem hæstv. forseti ráðlagði hér og ég get fullvissað hann um að það er hæfilegur skrekkur í mér við þær refsiaðgerðir sem ella verður beitt. Ég mun hafa þessa ræðu stutta.

Hér er til umr. till. til þál. um rannsókn landgrunns Íslands: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að ráða nú þegar íslenska og erlenda sérfræðinga til að afla sem ítarlegastra upplýsinga um landgrunn Íslands og afstöðu til landsgrunns nálægra ríkja."

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það fór fram hér í hv. Sþ. ekki alls fyrir löngu nokkur umr. um nauðsyn þessarar rannsóknar og ég vísa að öðru leyti til nál., sem prentað er á þskj. 276 og hefur að geyma meðmæli utanrmn. með samþykkt þessarar till. Fjarstaddir afgreiðsluna voru Árni Gunnarsson og Vilmundur Gylfason.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs einungis til að þakka hv. utanrmn. fyrir afgreiðslu þessa máls og þeirra næstu tveggja sem á dagskrá eru. Ég hygg að alger eining ríki um þessi mál og þess vegna þurfi hér ekki að verða almennar umr., og hét ég hæstv. forseta að beita mér fyrir því sem 1. flm. till. að ekki yrðu hér um málið almennar umr., heldur að þm. allir gætu sameinast um að afgreiða þau á þessum mikla annadegi. Ég endurtek þakkir til n. og hæstv. forseta.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 311).

Samningar við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi, þáltill. (þskj. 2, n. 296). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér er til umr. 2. mál þessa þings, þáltill. um samninga við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi. Það er vitað að nokkur ágreiningur er um fiskveiðilögsöguna og hagnýtingu annarra auðæfa landgrunnsins milli Íslendinga og Norðmanna, einkum út af eyjunni Jan Mayen. Það hefur svo margoft verið upplýst hér að ég mun ekki sjá ástæðu til að rekja það. En við vitum að viðræður við norsk stjórnvöld eru hafnar og þeim verður haldið áfram, og ég held að mér sé óhætt að segja líka að viðurkennt sé að Norðmenn muni ekki grípa til einhliða aðgerða á næstunni.

Þess vegna leggur utanrmn. til að till. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að samningaumleitunum verði haldið áfram.

Undir þetta nál. skrifar öll utanrmn. og er nál. hennar svofellt:

„Nefndin hefur fjallað um tıll. og er sammála um að leggja til að henni verði vísað til ríkisstj. til meðferðar."

ATKVGR.

Till. á þskj. 296 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 52 shlj. atkv.

Landgrunnsmörk Íslands til suðurs, þáltill. (þskj. 3, n. 297). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það gegnir nokkuð svipuðu máli um klettinn Rockall eins og ég nefndi áðan um eyjuna Jan Mayen, og þessi till. til þál., sem flutt er af Eyjólfi K. Jónssyni o. fl., gengur út á það að mótmæla tilraunum Breta til að reyna að slá eignarhaldi á þennan klett.

Utanrmn. hefur fjallað um þessa till. og hefur orðið sammála um að leggja til að henni verði vísað til ríkisstj. svo breyttri:

„Alþingi lýsir því yfir, að ytri landgrunnsmörk Íslands til suðurs verði ákveðin án tillits til klettsins Rockall og að samvinna verði höfð við Færeyinga til að tryggja sameiginleg réttindi á landgrunnssvæðinu utan 200 sjómílna marka landanna."

Undir þetta skrifar öll utanrmn. og ég mun ekki hafa fleiri orð um þessar till., aðeins segja það í lokin, að ég tel að með samþykkt þeirra og afgreiðslu undirstriki Íslendingar einu sinni enn samstöðu sína í landhelgismálinu, sem hefur verið órofa alla tíð.

ATKVGR.

Till. á þskj. 297 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 55 shlj. atkv.

Fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, þáltill. (þskj. 197, n. 275). — Síðari umr.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem forseti áðan lýsti um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, er flutt af hæstv. ríkisstj. og er þess efnis, að Alþ. veiti ríkisstj. heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 24. okt. 1978 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norður-Atlantshafi. Við fyrri umr. flutti hæstv. utanrrh. ítarlegan rökstuðning fyrir nauðsyn þessarar till. og leyfi ég mér að vísa til hans til að tefja ekki tímann og að síðustu lesa nál. frá utanrmn., svo hljóðandi:

„Nefndin hefur athugað till. á þskj. 197 og leggur til að hún verði samþykkt. Fjarstaddir afgreiðsluna voru Árni Gunnarsson og Vilmundur Gylfason."

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 312).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. áfengislaga, nr. 82 1969.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Guðsteinn Þengilsson læknir (A),
Einar Björnsson eftirlitsmaður (A),
Páll Daníelsson forstjóri (B),
Ásgerður Ingimarsdóttir húsfrú (A).

Varamenn:
Guðmundur Ólafsson kennari (A),
Hörður Zóphaníasson skólastjóri (A),
Árni Helgason símstjóri (B),
Sigrún Sturludóttir húsfrú (A).

Kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Árni Halldórsson hrl. (A),
Baldvin Jónsson hrl. (A),

Björgvin Sigurðsson hrl. (B),
Vilhjálmur Jónsson hrl. (A),
Gunnar Möller hrl. (B).

Varamenn:
Arnmundur Backman lögfræðingur (A),
Þorsteinn Eggertsson lögfræðingur (A),
Páll S. Pálsson hrl. (B),
Egill Sigurgeirsson hrl. (A),
Axel Einarsson hrl. (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Sigurður Baldursson hrl. (A),
Hrafn Bragason borgardómari (A),
Jón G. Tómassson skrifstofustjóri (B),
Jón A. Ólafsson sakadómari (A),
Hjörtur Torfason hrl. (B).

Varamenn:
Jón Thor Haraldsson cand. mag.(A),
Þorsteinn Sveinsson lögfræðingur (A),
Guðmundur V. Jósefsson gjaldheimtustjóri (B),
Skúli Pálmason hrl. (A),
Hafsteinn Baldvinsson hrl. (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Hjalti Þorvarðarson rafveitustjóri (A),
Kristján Torfason bæjarfógeti (B),
Vigfús Jónsson fyrrv. oddviti (A),
Páll Hallgrímsson sýslumaður (A),
Jakob Havsteen fulltrúi (B).

Varamenn:
Lýður Brynjólfsson skólastjóri (A),
Eggert Óskarsson sýslufulltrúi (B),
Stefán J. Guðmundsson hreppstjóri (A),
Pálmi Eyjólfsson sýsluskrifari (A),
Sigurður Nikulásson bankaútibússtjóri (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jóhann Sigurjónsson menntaskólakennari (A),
Jóhannes Jósefsson skrifstofumaður (A),
Ragnar Steinbergsson lögfræðingur (B),
Freyr Ófeigsson héraðsdómari (A),
Haukur Logason fulltrúi (A).

Varamenn:
Stefán Halldórsson hreppstjóri (A),
Þorgerður Þórðardóttir húsmóðir (A),
Guðmundur Þór Benediktsson fulltrúi (B),
Ólafur Erlendsson sjúkrahúsráðsmaður (A),
Vilhjálmur Guðmundsson hreppstjóri (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Þormóður Pálsson yfirbókari (A),
Guðjón Steingrímsson hrl. (B),
Vilhjálmur Þórhallsson hrl. (A),
Björn Ingvarsson yfirborgardómari (A),
Páll Ólafsson bóndi (B).

Varamenn:
Hjörleifur Gunnarsson skrifstofumaður (A),
Tómas Tómassson sparisjóðsstjóri (B),
Oddur Sigurjónsson fyrrv. skólastjóri (A),
Jón Grétar Sigurðsson skrifstofustjóri (A),
Ólafur St. Sigurðsson héraðsdómari (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Austurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Aðalsteinn Halldórsson bóndi (A),
Arnþór Jensen framkvæmdastjóri (A),
Erlendur Björnsson bæjarfógeti (B),
Hörður Hjartarson framkvæmdastjóri (A),
Gísli Sigurðsson skrifstofumaður (A).

Varamenn:
Ásgeir Methúsalemsson skrifstofumaður (A),
Ari Bogason skrifstofumaður (A),
Margeir Þórormsson skrifstofumaður (B),
Friðjón Guðröðarson sýslumaður (A),
Sigurjón Bjarnason bókhaldari (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis vestra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Benedikt Sigurðsson kennari (A),
Elías I. Elíasson bæjarfógeti (B),
Gunnar Þ. Sveinsson gjaldkeri (A),
Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður (A),
Egill Gunnlaugsson dýralæknir (B).

Varamenn:
Hulda Sigurbjörnsdóttir verkstjóri (A),
Torfi Jónsson bóndi (B),
Þorsteinn Hjálmarsson stöðvarstjóri (A),
Ólafur H. Kristjánsson skólastjóri (A),
Sigurður Sigurðsson hreppstjóri (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Vestfjarðakjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Birgir Friðbertsson bóndi (A),
Ágúst H. Pétursson skrifstofumaður (A),
Jón Ólafur Þórðarson lögfræðingur (B),
Guðmundur Magnússon bóndi (A),
Guðmundur Kristjánsson bæjarstjóri (B).

Varamenn:
Baldur Vilhelmsson sóknarprestur (A),
Marías Þ. Guðmundsson framkvæmdastjóri (A),
Guðmundur H. Ingólfsson forseti bæjarstjórnar (B),
Þorvarður K. Þorsteinsson bæjarfógeti (A),
Úlfar Ágústsson kaupmaður (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Vesturlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Sveinn Guðmundsson bankaútibússtjóri (A),
Jón Magnússon fulltrúi (B),
Sigurður B. Guðbrandsson afgreiðslumaður (A),
Bjarni Arason ráðunautur (A),
Daníel Oddsson deildarstjóri (A).

Varamenn:
Lúðvík Halldórsson skólastjóri (A),
Sverrir Sverrisson skólastjóri (B),
Ársæll Valdimarsson bifreiðarstjóri (A),
Björgvin Bjarnason bæjarfógeti (A),
Þórður Þórðarson vélstjóri (A).

Kosning 7 manna nefndar til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar til að skipta fjárveitingu í fjárlögum til listamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 29 1967, um listamannalaun.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Vigdís Finnbogadóttir leikhússtjóri (A),
Helgi Sæmundsson rithöfundur (A),
Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri (B),
Halldór Kristjánsson bóndi (A),
Árni Bergmann ritstjóri (A),
Halldór Blöndal varaþingmaður (B),
Bragi Jósepsson námsráðgjafi (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. laga nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Fram komu tveir listar. Við kosningu aðalmanna voru á A-lista Einar Laxness, Gunnar Eyjólfsson, Áslaug Brynjólfsdóttir og Eysteinn Sigurðsson. Á B-lista voru Matthías Johannessen og Sigurlaug Bjarnadóttir. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 19 atkv., en 1 seðill var auður. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru:

Aðalmenn:
Einar Laxness kennari,
Gunnar Eyjólfsson leikari,
Matthías Johannessen ritstjóri,
Áslaug Brynjólfsdóttir yfirkennari,
Eysteinn Sigurðsson ritstjóri.

Varamenn:
Vésteinn Ólason lektor (A),
Herdís Þorvaldsdóttir leikari (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir varaþingmaður (B),
Þorsteinn Ólafsson yfirkennari (A),
Jón R. Hjálmarsson fræðslustjóri (A).

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Gils Guðmundsson alþm. (A),
Eiður Guðnason alþm. (A),
Ragnhildur Helgadóttir alþm. (B),
Einar Ágústsson alþm. (A),
Svava Jakobsdóttir alþm. (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (B).

Varamenn:
Stefán Jónsson alþm. (A),
Árni Gunnarsson alþm. (A),
Geir Hallgrímsson alþm. (B),
Páll Pétursson alþm. (A),
Kjartan Ólafsson alþm. (A),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (B).

Kosning 7 alþingismanna og jafnmargra alþingismanna til vara í rannsóknaráð, til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Þórarinn Sigurjónsson alþm. (A),
Stefán Jónsson alþm. (A),
Oddur Ólafsson alþm. (B),
Ágúst Einarsson varaþingmaður (A),
Páll Pétursson alþm. (A),
Friðrik Sophusson alþm. (B),
Garðar Sigurðsson alþm. (A).

Varamenn:
Stefán Valgeirsson alþm. (A),
Helgi F. Seljan alþm. (A),
Pálmi Jónsson alþm. (B),
Bragi Níelsson alþm. (A),
Jón Helgason alþm. (A),
Lárus Jónsson alþm. (B),
Svava Jakobsdóttir alþm. (A).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. laga nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jón Ingimarsson skrifstofustjóri (A),
Eðvarð Sigurðsson alþm. (A),
Pétur Sigurðsson varaþingmaður (B),
Daði Ólafsson húsgagnabólstrari (A).

Varamenn:
Ragna Bergmann verkakona (A),
Benedikt Davíðsson húsasmiður (A),
Axel Jónsson fyrrv. alþm. (B),
Hákon Hákonarson vélvirki (A).

Kosning 7 manna og jafnmargra varamanna í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. laga nr. 97 29. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Sighvatur Björgvinsson alþm. (A),
Matthías Bjarnason alþm. (B),
Geir Gunnarsson alþm. (A),
Ingvar Gíslason alþm. (A),
Jón G. Sólnes alþm. (B),
Karl Steinar Guðnason alþm. (A),
Kjartan Ólafsson alþm. (A).

Varamenn:
Ágúst Einarsson varaþingmaður (A),
Ólafur G. Einarsson alþm. (B),
Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Þórarinn Sigurjónsson alþm. (A),
Steinþór Gestsson bóndi (B),
Finnur Torfi Stefánsson alþm. (A),
Helgi F. Seljan alþm. (A).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn vísindasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. laga nr. 51 5. júní 1957, um vísindasjóð.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Þorsteinn Vilhjálmsson lektor (A),
Eggert Briem prófessor (A),
Magnús Magnússon prófessor (B),
Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri (A).

Varamenn:
Guðrún Hallgrímsdóttir matvælasérfræðingur (A),
Kjartan Ottósson stúdent (A),
Júlíus Sólnes prófessor (B),
Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri (A).

Kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. laga nr. 47 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Fram komu tveir listar. Við kosningu aðalmanna voru á A-lista Bragi Sigurjónsson, Stefán Jónsson, Þóra Þorleifsdóttir og Bragi Níelsson alþm. Á B-lista voru Gunnar Möller og Guðmundur H. Garðarsson. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 20 atkv. Hlutkesti fór fram milli Braga Níelssonar og Guðmundar H. Garðarssonar og vann hinn síðarnefndi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Aðalmenn:
Bragi Sigurjónsson alþm.,
Gunnar Möller hrl.,
Stefán Jónsson alþm.,
Þóra Þorleifsdóttir húsfrú,
Guðmundur H. Garðarsson varaþingmaður.

Varamenn:
Jóhanna Sigurðardóttir alþm. (A),
Ingibjörg Rafnar lögfræðingur (B),
Ólöf Ríkarðsdóttir (A),
Theodór A. Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Arinbjörn Kolbeinsson læknir (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára, frá 1. jan. 1979 til 31. des. 1980, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Ingi Tryggvason fyrrv. alþm. (A),
Einar Gestsson bóndi (B).

Kosning sjö manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 8 12. mars 1976, um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ólafur Einarsson kennari (A),
Ellert B. Schram alþm. (B),
Eiður Guðnason alþm. (A),
Þórarinn Þórarinsson ritstjóri (A),
Erna Ragnarsdóttir innanhússarkitekt (B),
Jón Múli Árnason fulltrúi (A),
Árni Gunnarsson alþm. (A).

Varamenn:
Vilborg Harðardóttir fréttastjóri (A),
Friðrik Sophusson alþm. (B),
Guðni Guðmundsson rektor (A),
Örlygur Hálfdánarson framkvæmdastjóri (A),
Markús Örn Antonsson borgarfulltrúi (B),
Tryggvi Þór Aðalsteinsson húsgagnasmiður (A),
Guðlaugur Tryggvi Karlsson hagfræðingur (A).

Kosning landnámsstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1979 til 31. des. 1982, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 24. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum

Fram komu tveir listar. Við kosningu aðalmanna voru á A-lista Jónas Jónsson, Stefán Sigfússon, Hreinn Erlendsson og Páll Lýðsson. Á B-lista voru Pálmi Jónsson og Jónas Pétursson. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 20 atkv. Hlutkesti fór fram milli Páls Lýðssonar og Jónasar Péturssonar og vann hinn síðarnefndi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Aðalmenn:
Jónas Jónsson ritstjóri,
Stefán Sigfússon fulltrúi,
Pálmi Jónsson alþm.,
Hreinn Erlendsson verkamaður,
Jónas Pétursson fyrrv. alþm.

Varamenn:
Páll Lýðsson oddviti (A),
Guðmundur Þorsteinsson bóndi (A),
Steinþór Gestsson bóndi (B),
Kristján Þórðarson bóndi (A),
Gunnar Gíslason sóknarprestur (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða sem eru í umsjá hennar, samkvæmt 36. gr. laga nr. 97 29. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Jón Kristjánsson verslunarmaður (A).
Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri (B).

Kosning yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1978, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir

án atkvgr.:

Bjarni P. Magnússon framkvæmdastjóri (A),
Baldur Óskarsson skrifstofumaður (A),
Halldór Blöndal varaþingmaður (B).

Kosning nefndar átta alþingismanna, tveggja frá hverjum þingflokki, til að endurskoða gildandi lög um þingsköp Alþingis samkv. þingsályktun um það efni frá 16. des.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Halldór E. Sigurðsson alþm. (A),
Friðjón Þórðarson alþm. (B),
Ingvar Gíslason alþm. (A),
Finnur Torfi Stefánsson alþm. (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson alþm. (B),
Vilmundur Gylfason alþm. (A),
Gils Guðmundsson alþm. (A),
Ólafur Ragnar Grímsson alþm. (A).

Kosning varamanns í bankaráð Búnaðarbankans í stað Svavars Gestssonar, sem skipaður var viðskiptaráðherra 1. sept. s. l., til 31. des. 1980.

Fram kom ein tilnefning. Samkv. því var kjörin án atkvgr.:

Þórunn Eiríksdóttir húsfrú.

Fjárlög 1979, frv. (þskj. 226, n. 253, 254, 269, 271, 279, 292, 293, 303, 304, 305, 309, 310). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 271,1. a-d samþ. með 40 shlj. atkv.
— 304,1 felld með 40:20 atkv.
— 271,2. a-d samþ. með 40 shlj. atkv.
— 304,2 felld með 40:20 atkv.
— 271,2. e-f samþ. með 39:1 atkv.
— 304,3 felld með 38:20 atkv.
— 271,2. g-i samþ. með 40 shlj. atkv.
— 304,4 felld með 40:20 atkv.
— 271,2. j-ö — 3 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 269,1 felld með 42:15 atkv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þar sem nú er komið að því að greiða atkv. um brtt. á þskj. 303, sem fluttar eru af okkur hv. þm. Lárusi Jónssyni, Pálma Jónssyni og mér, vil ég taka fram eftirfarandi:

Eins og glöggt má sjá af till. okkar þremenninganna eru skattalækkunartillögur þær, sem nú hafa verið felldar, byggðar á þeim lækkunartillögum okkar sem gerðar eru við 4. gr. Þar sem meiri hl. Alþingis hefur hafnað till. okkar um skattalækkun, sjáum við ekki ástæðu til að halda öðrum brtt. til streitu og drögum þær því til baka að undanskildum þremur till., þ. á m. þeim sem nú eru að koma til atkv. Þær till., sem ekki eru dregnar til baka, eru tölul. 1, 2 og 116.

Brtt. 303, 1 felld með 39:20 atkv.
— 303,2 felld með 37:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, KSG, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, RH, SvH, VG, ÞK, EH, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GH, GK, GTh, JGS.

nei: SkA, KÓ, LJós, MHM, ÓRG, ÓlJ, PP, RA, SighB, StJ, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VH, ÞS, AS, ÁG, BGr, ÁE, BN, BrS, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GeirG, GSt, HES, HFS, HG, IG, JóhS, JH, GilsG.

ÓB, AG greiddu ekki atkv.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Sumir mundu nú nefna það hálfgerðan dónaskap að veitast að einni af skrifstofum rn., að forsrn. einu. En það er laukrétt sem Hannes Hafstein sagði einu sinni: Það er enginn skyldugur til að vera dóni þó að aðrir geri það, og þess vegna ætla ég að vera afskaplega kurteis.

Ég vil skýra frá því, að ég hef í ríkisstj. tjáð mig reiðubúinn til þess að skera niður rekstrarútgjöld forsrn. um 10% og það er nokkru hærri fjárhæð en þarna er um að tefla. En það var þó því skilyrði bundið af minni hálfu, að aðrir ráðh. gerðu slíkt hið sama í sínum rn. Sú skynsamlega ráðstöfun hefur ekki enn komið til framkvæmda. En það er ekki vafi á því, að rekstrarútgjöld rn. almennt verða tekin til meðferðar í sambandi við þá almennu heimild sem er að finna í fjárl. um niðurskurð ríkisútgjalda. Ég segi því nú og að svo stöddu nei við þessari tillögu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þessi till. er efnislega sama till. og við hv. þm. Karl Steinar Guðnason höfum flutt. Ég vil ekki lengja þessa umr. hér, en aðeins segja það, að það hefur áður verið gerð grein fyrir því, af hverju þessi till. er flutt, og um það fóru fram ítarlegar umr. hér í þingsölum í nóvembermánuði. Ég endurtek, að ég vil ekki lengja þessar umr., en með tilvísun til þess, sem þá kom fram, bæði hjá hæstv. forsrh. og eins hjá þeim sem andmæltu rökum hans þá, segi ég já.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Með hliðsjón af atburðum síðustu daga hér á hv. Alþ. sýnist mér einsýnt að aldrei sé meiri þörf fyrir ríkisstj. á að hafa blaðafulltrúa heldur en einmitt núna. Þess vegna segi ég nei.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil gera þá grein fyrir atkv. mínu, að fráfarandi ríkisstj. taldi ekki ástæðu til þess, að sérstakur blaðafulltrúi væri starfandi í forsrn. Ég er enn þeirrar skoðunar, að upplýsingastarfsemi ríkisstj. sé ekki best innt þannig af hendi að sérstakur blaðafulltrúi sé starfandi í forsrn. Ég vísa á bug ummælum hæstv. forsrh. um dónaskap, þótt ljóðræn væru þau ummæli, og tel þau í fyllsta máta ósmekkleg og segi já.

Brtt. 293 tekin aftur.
— 303,3-115 tekin aftur.
— 271,4-5 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 292,1-3 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 271,6-11 samþ. með 39 shlj. atkv.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess sem kom fram hjá mér í ræðu í nótt, en þá voru

margir hv. þdm. fjarverandi, að ég mun beita mér fyrir því, að teknar verði á lánsfjáráætlun 125 millj. til þjóðarbókhlöðunnar. Ég vildi aðeins geta þessa, þannig að þingheimi væri það ljóst.

Brtt. 271,12 samþ. með 39:2 atkv.
— 292,4 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 309 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 271,13-14 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 269,2 felld með 43:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, ÓRG, RA, StJ, SvJ, SvG, EðS, GSig, GeirG, GSt, HFS, HG, SkA, KÓ, GilsG.

nei: MHM, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PJ, RH, SighB, SV, StH, SvH, TÁ, VH, VG, ÞK, ÞS, AG, AS, ÁG, BGr, ÁE, BrS, EH, EG, EÁ, EBS, EKJ, FTS, FÞ, FrS, GH, GK, GTh, HES, IG, JóhS, JH, JGS, JÞ, KSG, ÓB, LárJ.

PP, BN greiddu ekki atkv.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. talaði hér áðan um hvað væri dónalegt og hvað væri ekki dónalegt í sambandi við tillöguflutning. Mér finnst nú taka í hnúkana þegar svo virðist vera að einn af stjórnarflokkunum ætli að fara að flytja og standa að till. við afgreiðslu fjárlaga sem ganga þvert á þá stefnu sem þeir hafa fallist á að hæstv. utanrrh. framfylgi í nafni þeirrar ríkisstj. sem þeir styðja. Þeir hafa fallist á þetta í stjórnarsáttmála þeim sem gerður var m. a. um þessi efni, að afstöðu landsins til utanríkismála yrði ekki breytt. Hafi einhver sýnt dónalega framkomu í þessu máli við þessar umr. og afgreiðslu, þá er ljóst hverjir það eru. Ég segi nei.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Í samkomulagi því, sem gert var um myndun ríkisstj., var kveðið á um það ljósum orðum, að Alþb. væri enn sem fyrr á móti herstöðinni hér og aðildinni að NATO. Það staðfestum við með tillöguflutningi okkar nú við afgreiðslu fjárl. og fór aldrei dult að verða mundi. Vegna þess að ég get ekki tileinkað mér vinnubrögð — ef ég má vitna í Litlu gulu hænuna, með leyfi forseta — alikratans sem sagði við atkvgr.: „Það er ekki minn stæll“ — og gleypti snuðið sitt, þá segi ég já.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er að verða svo, að í hvert skipti sem ég finn hvöt hjá mér til þess að gera grein fyrir atkv. mínu, þá taka þeir af mér ómakið, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Stefán Jónsson, annaðhvort báðir eða annar hvor. Nú vill svo til að það var herra Sighvatur, og ég segi þess vegna nei.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Það hefur löngum verið haft á orði, að framlag okkar Íslendinga til Atlantshafsbandalagsins sé Miðnesheiðin nærri öll og það hernaðarrask sem þar á sér stað og nálægir íbúar og Íslendingar þurfa að þola. Ég hef talið að þetta væri nægilegt, en að bæta við það enn nýju framlagi í krónum tel ég óhæfu. Ég segi já.

Brtt. 271,15-16 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 279,1 tekin aftur.
— 305,1 felld með 40:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, RH, ÞK, AG, EH, EKJ, FÞ, FrS, GH, GK, GTh, JÞ, MB, ÓE.

nei: RA, SighB, StJ, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VH, VG, ÞS, AS, ÁG, BGr, ÁE, BN, BrS, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GeirG, GSt, HES, HFS, HG, IG, JóhS, JH, SkA, KSG, ÓB, KÓ, LJós, MHM, ÓRG, ÓlJ, PP, GilsG.

SvH, EBS, JGS, MÁM, OÓ greiddu ekki atkv.
1 þm. (LárJ) fjarstaddur.
Brtt. 271,17 samþ. með 42:2 atkv.
— 271,18 samþ. með 38:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PP, RA, SighB, StJ, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VH, VG, ÞS, AS, ÁG, BGr, ÁE, BN, BrS, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GeirG, GSt, HES, HFS, HG, IG, JóhS, JH, SkA, KSG, LJós, MHM, ÓRG, GilsG.

nei: PJ, SvH, ÞK, AG, EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GK, GTh, JÞ, KÓ, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE.

RH, EKJ, JGS, ÓB greiddu ekki atkv.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég held að ég fari rétt með, að þetta eru einu krónurnar í fjárl. sem eru til styrktar útgerð eða rekstrarstyrktar alla vega. Ég vil ekki rugla meiri hl. með neinum brtt., en mér hefði þótt sæmra að fella liðinn alveg niður. Ég greiði ekki atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessi liður í fjárlagafrv. er eini liðurinn til rekstrar í íslenskum sjávarútvegi, og reisn meiri hl. fjvn. er sú að skera þennan lið niður um helming í stað þess að láta hann fylgja breyttu verðlagi. Því er ég mótfallinn og segi nei.

Brtt. 271,19 samþ. með 35:6 atkv.
— 292,5 samþ. með 33:1 atkv.
— 271,20 samþ. með 36:1 atkv.
— 271,21 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 292,6-7 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 271,22 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 292,8-9 samþ. með 39:7 atkv.
— 271,23-31 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 303,116 felld með 36:21 atkv.
— 271,32 samþ. með 37:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HES, HFS, HG, IG, JóhS, JH, SkA, KÓ, LJós, MHM, ÓRG, ÓlJ, PP, RA, SighB, StJ, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VH, ÞS, AS, ÁG, BGr, ÁE, BN, BrS, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GeirG, GSt, GilsG.

nei: JGS, JÞ, KSG, ÓB, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, RH, SvH, VG, ÞK, AG, EH, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GH, GK, GTh.

Brtt. 271,33 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 303,117-129 teknar aftur.
— 254 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 292,10 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 271,34 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 271,35 samþ. með 40:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSig, GeirG, GSt, HES, HFS, HG, IG, JóhS, JH, SkA, KGS, ÓB, KÓ, LJós, MHM, ÓRG, ÓlJ, PP, RA, SighB, StJ, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VH, VG, ÞS, AS, ÁG, BGr, ÁE, BN, BrS, EðS, EG, EÁ, FTS, GilsG.

nei: FÞ, FrS, GH, GK, GTh, JÞ, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, ÞK, AG, EH, EBS.
JGS, RH, SvH, EKJ greiddu ekki atkv.
1. þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér er um að ræða nýja stofnun sem lengi hefur verið baráttumál fyrri ríkisstjórna, bæði ríkisstj. frá 1971-1974 og þeirrar sem sat frá 1974-1978, og fjárveitingar til þessarar stofnunar eru nokkur prófsteinn á það, hvern hug menn bera til eflingar iðnaðar hér á landi um þessar mundir.

Við 2. umr. fjárlagaafgreiðslunnar var fjárveiting til Iðntæknistofnunar hækkuð um ca. 12 millj. frá frv., en nú við 3. umr. er gerð till. um það af meiri hl. n. að lækka þessa upphæð aftur um 10 millj. Þetta finnst mér vera afgreiðsla sem bæði er út í bláinn og lýsir e. t. v. vel afstöðu meiri hl. til þessa mikilvæga máls, og mér þótti rétt að láta á það reyna, hvernig þm. greiddu atkv., með því að biðja um nafnakall. Ég segi nei.

Brtt. 271,36-42 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 271,43 samþ. með 40:4 atkv.
— 271,44-45 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 292,11 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 305,II samþ. með 25:24 atkv.
— 292,12-13 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 304,5 felld með 38:16 atkv.
— 279,2 tekin aftur.
— 310 felld með 39:18 atkv., að viðhöfðu nafna kalli, og sögðu
já: ÓE, RH, SvH, ÞK, AG, EH, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GH, GK, GTh, JGS, JÞ, MB, MÁM, OÓ.
nei: ÓRG, ÓlJ, PP, RA, SighB, StJ, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, VH, VG, ÞS, AS, ÁG, BGr, ÁE, BN, BrS, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GeirG, GSt, HES, HFS, HG, IG, JH, SkA, KSG, ÓB, KÓ, LJós, MHM, GilsG.
JóhS greiddi ekki atkv.
2 þm. (PJ, LárJ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og fram kom í gær lagði Alþfl. fram till. á þskj. 279 sem eina samstæða heild, þar sem gert var ráð fyrir ákveðnum afmörkuðum tilfærslum. Fram kom í umr. að fengist ekki stuðningur við þessar till. í heild, mundu þm. Alþfl. ekki greiða atkv. með einstökum liðum till. slitnum úr samhengi við aðra liði hennar. Till. sú, sem atkv. eru nú greidd um, er einn efnisliður þessara tillagna slitinn úr samhengi við alla hina. Með tilvísun til þess og þeirrar afstöðu, sem lýst var hér í gær, segi ég nei.

Bragi Sigurjónsson: Með tilvísun til orða Sighvats Björgvinssonar segi ég nei.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Með tilvísun til þess, sem ég sagði við atkvgr. um frv. til l. um tekjuskatt á þskj. 190, greiði ég ekki atkv.

Brtt. 292,14 samþ. með 38 shlj. atkv.

Forseti (Gils Guðmundsson): Nú líður að lokum þessarar atkvgr. En þannig hefur tekist til fyrir misgáning eða misskilning sem ég óska eftir að leiðréttur verði, að brtt., sem teknar voru aftur til 3. umr. á tveimur þskj., hafa fallið niður. Þar sem hér er nú um 3. umr. að ræða og ekki greidd atkv. um grein fyrir grein tel ég enga goðgá að þessar brtt., sem þannig stendur á að fluttar voru við 2. umr., voru teknar aftur til 3. umr., en hafa fallið niður fyrir misgáning, verði bornar undir atkv. Ég tel að það sé í sjálfu sér algerlega eðlileg meðferð máls við 3. umr. og mun bera þær upp. Þessar brtt. eru á þskj. 210 og 211. Á þskj. 210 eru það þrjár af brtt. sem áttu að koma og koma nú til atkv., en 2. till. á því þskj., frá fjvn., var samþ. við 2. umr., þannig að hún kemur ekki til atkv. (**StJ:** Hvaða tillögur eru þetta?) Ég skal lýsa því, ef menn hafa ekki þessar tillögur.

Þar sem menn hafa ekki þessar till. skal ég skýra frá því, hvaða till. þetta eru.

Það er fyrsta lagi till. frá Jósef H. Þorgeirssyni og Friðjóni Þórðarsyni um Fjölbrautaskólann á Akranesi, gjaldfærður stofnkostnaður, fyrir 30 millj. komi 50 millj. Síðan er till. frá sömu mönnum, Friðjóni Þórðarsyni og Jósef H. Þorgeirssyni, um sjúkrahúsið í Stykkishólmi og till. frá Friðjóni Þórðarsyni um hafnarmannvirki í Stykkishólmi. Loks er till. á þskj. 211 frá Matthíasi Bjarnasyni o. fl. um sjúkrahúsið á Hólmavík. (**SvH:** Hverjir fleiri en Matthías eru á þeirri till.?) Ég ætla að kynna hverja till. um sig nánar áður en atkv. eru greidd. Það eru Matthías Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Þorv. Garðar Kristjánsson. Það var svo til ætlast að þessar till. kæmu undir atkv. (**SighB:** Eru tillögumenn að þessari till., sem Matthías Bjarnason er 1. flm. að, allir þeir sömu við 3. umr. og þeir voru við 2. umr.?) Mér er ekki kunnugt um annað.

Brtt. 210,I felld með 38:11 atkv.
— 210,III felld með 38:13 atkv.
— 210,IV felld með 37:10 atkv.
— 211 felld með 38:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KÓ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, RH, ÞK, AG, EH, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GH, GK, GTh, JGS, JÞ.
nei: KSG, ÓB, LJós, MHM, ÓRG, ÓlJ, PP, RA, SighB, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, VH, VG, ÞS, AS, ÁG, BGr, ÁE, BN, BrS, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GeirG, GSt, HES, HFS, HG, IG, JóhS, JH, SkA, GilsG.
SvJ, SvH greiddu ekki atkv.
2 þm. (LárJ, PJ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og öllum þm. er væntanlega ljóst fer afgreiðsla fjárl. þannig fram, að reynt er að ná samkomulagi milli þm. um þá afgreiðslu, einkanlega varðandi kjördæmismálin. Þar taka allir þm. kjördæmanna, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, þátt. Þar fáum við ýmsu áorkað, sumu til fullnustu, öðru ekki, í samstarfi og samkomulagi við aðra þm. Eðli stjórnarsamstarfs er að sjálfsögðu það, að þeir, sem að ákvörðun standa, standa ábyrgir fyrir þeim gerðum og þeim ráðstöfunum og þeim samningum og þeim samkomulagslausnum sem þar fara fram.

Hv. 3. þm. Vestf. hefur brugðið á það ráð að styðja með atkv. sínu öll þau mál sem tekist hefur að ná árangri í fyrir Vestfirðinga, en ganga síðan í lið með stjórnarandstöðunni ýmist í tillöguflutningi hér á Alþ., eins og nú, eða með samþykkt tillöguflutnings frá henni um önnur hagsmunamál Vestfirðinga sem ekki hafa náðst að fullnustu fram. Þetta tel ég til marks um að hann telji

vænlegra til árangurs að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna en stjórnarþm., þ. á m. þm. eigin flokks, og því væntanlega fyrirboði um að hann muni við næstu fjárlagaafgreiðslu snúa sér í auknum mæli þangað með málaleitanir sínar.

Ég er aðili að samkomulagi sem meiri hl. fjvn. og Alþingis hefur gert. Við það samkomulag stend ég. Ég tel líklegra til árangurs fyrir kjördæmi mitt að standa með stjórnarflokkunum að úrlausn mála heldur en með stjórnarandstöðunni með þeim hætti sem hv. 3. þm. Vestf. hefur gert. Ég segi nei.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu á eftir manninum sem ekki getur sagt nei án þess að verða sér til skammar. Ég hefði gjarnan viljað geta stutt þessa till., það eru ótalmargar till. í áttina til hækkunar í mínu kjördæmi sem ég hefði viljað geta staðið að og stutt. En þar er skemmst af að segja, að í stjórnarsamstarfi því, sem við hljótum að sæta, Alþb.-menn, höfum við orðið að berjast við einn af samstarfsflokkunum, sem hefur neytt allra ráða til þess að knýja niður fjárveitingar til einmitt slíkra framkvæmda sem hér um ræðir, og því hlýt ég nú að segja nei.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þar sem mér er alveg hulin ráðgáta hvað af röksemdum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og Stefáns Jónssonar ég á að velja til fulltingis afstöðu minni greiði ég ekki atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 40:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvJ, SvG, TÁ, VH, VG, ÞS, AS, ÁG, BGr, ÁE, BN, BrS, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GeirG, GSt, HES, HFS, HG, IG, JóhS, JH, SkA, KSG, ÓB, KÓ, LJós, MHM, ÓRG, ÓlJ, PP, RA, SighB, StJ, SV, StH, GilsG.

nei: AG.

SvH, ÞK, EH, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GH, GK, GTh, JGS, JÞ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, RH greiddu ekki atkv.

2 þm. (LárJ, PJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 313).

Efri deild, 49. fundur.

Föstudaginn 22. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 260). — 3. umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það er alls ekki ætlunin að upphefja hér nein ræðuhöld, en eitt atriði í sambandi við tekjuöflun ríkisins langar mig til að benda sérstaklega á og ég hef raunar nefnt það atriði lauslega við hæstv. fjmrh. Nú hefur ríkisstj. fengið því framgengt, að gert er í fjárlögum ráð fyrir hækkun þeirri sem tekjuskattsfrv. og önnur tekjuöflunarfrv. hæstv. ríkisstj. stefna að. Þess vegna má ætla að töluvert bætist nú í hinn fjárvana ríkissjóð. Þegar er gert ráð fyrir nýjum sköttum að upphæð tæplega 15 milljarðar kr. Þess vegna sýnist mér að hæstv. ríkisstj. ætti að hætta við eitt atriði sem ætlað er að vísu til þess að afla ríkissjóði tekna í bráð, en getur orðið ríkisstj. of dýrt í lengd. Ég á hér við tekjur ÁTVR. Það atriði, sem ég er með í huga, vaknaði í huga mér er ég heyrði að í Ríkisútvarpinu var tilkynnt í þessari viku að samkv. ósk fjmrh. yrðu útsölur ÁTVR opnar til kl. 10 í kvöld og á Þorláksmessu á morgun, laugardag. Ég þykist vita að meiri hl. hv. þm. sé þeirrar skoðunar, að hóflega drukkið vín gleðji mannsins hjarta. En jafnljóst er hv. þm., að ótrúlega mörg heimili í landinu eiga döpur jól vegna ofneyslu áfengis á heimilunum. Ég held að það væri velgerningur við þá, sem ekki þola umgengni við áfengi, og heimili þeirra að hafa útsölur ÁTVR lokaðar á Þorláksmessu. Hugmyndir um slíkt hafa oft komið upp á fyrri tíð og verið framkvæmdar. Ég vil leyfa mér að hreyfa þessu í sambandi við þá tekjuöflun ríkisins sem við fjöllum hér um og hvorki ég né aðrir sjálfstæðismenn erum á neinn hátt sammála ríkisstj. um, en okkur er hins vegar ljóst að mun ná fram að ganga fyrir atfylgi hv. þm. stjórnarflokkanna. Vil ég beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. fjmrh. sem er að vísu ekki hér í salnum, en veit um að ég ætlaði að bera fram þessi tilmæli, — ég leyfi mér þá að beina því til þeirra hæstv. ráðh., sem hér sitja að þeir styðji hæstv. fjmrh. í því og hvetji hann til þess að tilkynna í ríkisfjölmiðlunum nú í kvöld, að útsölur ÁTVR verði lokaðar á Þorláksmessu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. hér, en ég vil eindregið taka undir þá ósk sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv., flutti hér til fjmrh. Mér finnst frekar óviðurkvæmilegt, ef það er ætlun fjármálayfirvalda að reyna að hagnast á áfengissölu fyrir jólahátíðina. Frekar ætti að stuðla að því, að landsmenn eigi sem áfengislausust jól. Ég vil eindregið styðja þau tilmæli sem hér voru flutt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 314).

Heimild til lántöku vegna lánsfjáráætlunar 1978, frv. (þskj. 289, n. 298). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978. Þessu frv. var breytt í Nd., en n. mælir einróma með því að það verði samþ., eins og það var afgr. þar og birtist í þskj. 289. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Geir Gunnarsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.-5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Efri deild, 50. fundur.

Föstudaginn 22. des., að loknum 49. fundi.

Heimild til lántöku vegna lánsfjáráætlunar 1978, frv. (þskj. 289). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 315).

Þingfrestun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þar sem þetta er síðasti fundur Ed. fyrir þingfrestun leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. fyrir góða og ánægjulega samvinnu. Ég óska hv. þdm. gleðilegra jóla og góðs og farsæls komandi árs. Sömu óskir hef ég fram að færa skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þess. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess, að við hittumst öll heil á næsta ári.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd hv. þdm. þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir hans í garð okkar þm. og fjölskyldna okkar og óska honum sjálfum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og nýárs, sömuleiðis öllum hv. dm. með þakklæti fyrir samstarfið það sem af er. Forseta sjálfum vil ég þakka sanngjarna og framúrskarandi drengilega fundastjórn, svo sem honum var til trúað öðrum mönnum fremur hér í d. þegar á reyndi. Ég vil svo biðja hv. dm. að rísa á fætur til þess að taka undir þakklæti mitt og óskir forseta til handa. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. G. Kristjánsson): Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og einnig hv. þdm. fyrir að taka undir orð hans. — Fundi er slitið.

Neðri deild, 45. fundur.

Föstudaginn 22. des., að loknum fundi í Sþ.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 171, 302, 308). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 308 samþ. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, MHM, MB, PP, SighB, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, ÞS, ÁG, BGr, EðS, EG, FTS, GSig, GilsG, HES, HG, SkA, KÓ, IG.

MÁM, ÓE, SvH, VG, AG, EH, EÁ, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh, GSt, JóhS, JÞ greiddu ekki atkv.

2 þm. (LárJ, PJ) fjarstaddir.

4. þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég óskaði eftir að fá upplýst frá hæstv. ráðh.:

1. Hvað innheimtist samtals í krónum miðað við nýjan álagningargrunn, fyrst miðað við 13%, þ. e. a. s. óbreytta álagningu í prósentum eins og hún er og hækkandi grunn, og í öðru lagi miðað við 19% á þann nýja álagningargrunn?

2. Hvað fer mikið til niðurgreiðslu á rafmagnsverði til viðskiptavina RARIK samkv. till. hæstv. iðnrh.?

3. Hvað fer há upphæð af væntanlegu verðjöfnunargjaldi til greiðslu vanskilaskulda eða greiðslu á skuldahala Rafmagnsveitna ríkisins eins og hann er núna?

Ég gerði líka fsp. um það, hvernig þessi hækkunarprósenta, 6%, væri fundin út, á hverju hún byggðist, en fékk ekkert svar. Þar af leiðandi tel ég mig ekki hafa nægjanlegar upplýsingar til þess að taka þátt í afgreiðslu á þessari till. hæstv. ráðh., og ég harma það að hafa ekki fengið svör við spurningum mínum. Ég veit að hv. þm þurfa á þeim að halda til þess að geta gert upp hug sinn. Því sit ég hjá við þessa afgreiðslu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hafði í iðnn. Nd. gert fyrirvara um atkv. mitt um verðjöfnunargjald af raforku. Þessi fyrirvari byggðist á því, að ég óttaðist að á lánsfjáráætlun næsta árs yrði framlag til Bessastaðaárvirkjunar að fjárhæð 800-900 millj. kr. og að þetta framlag mundi auka byrðar á rafmagnsnotendur, þótt ekki kæmu þær fram þegar í stað. Ég hef ástæðu til að ætla, að í þeim miklu efnahagserfiðleikum, sem þjóðin á nú í, verði fjármunum ekki varið á næstunni í jafndýra og kannske vafasama framkvæmd og Bessastaðaárvirkjun og framlögum frestað í a. m. k. eitt ár. Þá liggur fyrir að taxtar RARIK verða endurskoðaðir á næstunni. Þá liggur einnig fyrir, að verði brtt. hæstv. iðnrh. ekki samþ. nú, mun verðjöfnunargjaldið með öllu falla niður um næstu áramót. Slíkt mundi hafa í för með sér gífurlega rekstrarörðugleika fyrir RARIK og ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Af þessum ástæðum greiði ég till. atkv. og segi já.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Það er í hæsta máta óeðlilegt að vera að viðhalda hér ágreiningsefni milli dreifbýlis og þéttbýlis, eins og að þessu er staðið. Hér var í lófa lagið að leysa þetta mál í gær á þann eina hátt sem Alþingi er sæmandi. Það er, að á fjárl. og úr sameiginlegum sjóði landsmanna sé þessum byrðum jafnað og við borgum öll eitt og sama raforkuverð. Greiði ég ekki atkv. með tilvísun til þessa.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í umr. um þetta mál, sem er ákaflega viðkvæmt deilumál hér í þingi og munaði við atkvgr. einu atkv., voru bornar fram uppástungur um málamiðlun sem hefðu átt að geta leitt til samkomulags í þessu mikilvæga máli, sem sagt á þá lund að taka um 500 millj. inn í fjárlög, sem samsvarar þeirri hækkun verðjöfnunargjalds sem 6% viðaukinn mundi gefa á næsta ári, og var boðið á móti af hálfu stjórnarandstöðunnar að ganga í að lækka útgjöld á móti. Ég

harma að þessu tilboði var að engu sinnt og hæstv. ríkisstj. með iðnrh. í fararbroddi hirti ekki einu sinni um að ansa þessu tilboði. Þetta tel ég mjög miður farið.

Varðandi þá till., sem hér liggur fyrir frá hæstv. iðnrh., vil ég aðeins undirstrika það sem ég sagði í umr. hér í nótt, að það er ógerningur að skilja hvað felst í till. eða til hvers hún leiðir, og þrátt fyrir fsp. til hæstv. iðnrh. er ekki hægt að fá viðunandi svör við því. Það er með öllu óljóst, hvort fjárhæðin, sem 6% hækkunin gefur, á að ganga beinlínis til þess að lækka gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nú eða á næstunni eða hvort þetta fé á að ganga til þess að greiða rekstrarhalla og fjárhagserfiðleika RARIK. Við þessu hafa ekki fengist svör.

Ég vil aðeins að lokum bæta því við, að ef svo fer, sem allar líkur eru til, að þetta frv. verði ekki að lögum fyrir áramót, því að það væri fráleit málsmeðferð ef hæstv. ríkisstj. ætlaði nú á örstuttri stund, þegar búið er að boða þingfrestun kl. 5, að reyna að knýja þetta frv. í gegnum þrjár umr. í Ed., þá tel ég ekki óeðlilegt að hæstv. ríkisstj. gefi fyrir áramót út brbl. um framlengingu á 13% verðjöfnunargjaldinu. Ég geri ekki ráð fyrir að stjórnarandstaðan muni að því finna.

Um þá till., sem hér liggur fyrir, greiði ég ekki atkv.

Brtt. 802 kom ekki til atkv.

Frv. samþ. með 20:13 atkv. og afgr. til Ed.

Þingfrestun.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þar sem þetta er síðasti fundurinn fyrir jólaleyfi vil ég leyfa mér að nota þetta tilefni til þess að þakka hv. þd. og þdm. gott samstarf við mig í starfi mínu sem forseti. Einnig flyt ég skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þingsins bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu þessarar deildar, og sérstakar þakkir vil ég flytja varaforsetum og skrifurum fyrir mjög mikilvæga aðstoð við mig. Ég flyt öllum, sem hér hafa verið nefndir, mínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fyrir hönd okkar þm. í þessari hv. d. vil ég þakka hæstv. forseta góðar óskir og hlýleg orð í okkar garð. Ég vil taka undir þakklæti hæstv. forseta til starfsliðs þingsins. Fyrir hönd okkar þm. vil ég enn fremur þakka hæstv. forseta réttláta og góða fundarstjórn, gott samstarf og gott tillit sem hann hefur tekið til óska okkar þm. Ég færi hæstv. forseta og fjölskyldu hans óskir okkar allra um gleðileg jól og farsælt ár og bið hv. dm. að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég þakka hv. 4. þm. Vestf. hlýjar óskir og góð orð í minn garð og þakka dm. fyrir að taka undir árnaðaróskirnar. Ég endurtek þakkir mínar og árnaðaróskir til hv. þdm. — Til næsta fundar verður boðað með dagskrá. Fundinum er slitið.

Sameinað þing, 42. fundur.

Föstudaginn 22. des., kl. 5 síðdegis.

Þingfrestun.

Forseti (Gils Guðmundsson): Nú verður gert hlé á fundum Alþingis um sinn, og er þetta síðasti fundur áður en jólaleyfi hefst. Annasamt hefur verið á Alþ. síðustu daga og jafnvel nætur, ekki síður en stundum áður á þessum tíma árs. Nú þegar annríki þessu lýkur vil ég þakka hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. fyrir ágætt samstarf það sem af er þessu þingi og umburðarlyndi í minn garð. Einnig þakka ég varaforsetum, skrifurum, skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki þess öllu fyrir góð störf. Ég óska hv. alþm. og starfsfólki þingsins gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég vona að við megum öll hittast heil til starfa þegar þingfundir hefjast aftur á nýju ári.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í nafni alþm. vil ég þakka hæstv. forseta sameinaðs Alþingis sanngirni og réttsýni í þingstjórn og óska honum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Starfsmönnum Alþingis þakka ég ágæt störf, sem oft eru unnin við mikið álag og eril, og óska þeim öllum gleðilegra jóla og nýárs. Ég bið þingheim að taka undir þessi orð með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir góð orð og hlýjar óskir í minn garð og öllum hv. alþm. fyrir að taka undir þær óskir.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 100 löggjafarþings, frá 22. des. 1978 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 25. jan 1979.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um frestum á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 100. löggjafarþings, er frestað frá 22. des. og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 25. jan. 1979.

Leyfi ég mér að óska hv. alþm. og starfsmönnum þingsins svo og landslýð öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir hans og ítreka jóla- og nýársóskir mínar. — Þessum fundi er slitið.

Sameinað þing, 43. fundur.

Fimmtudaginn 25. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Hinn 8. janúar var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkv. tillögu forsrh., að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 25. jan. 1979, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 8. janúar 1979.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis.

Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Gils Guðmundsson): Samkvæmt forsetabréfi því, sem hæstv. forsrh. hefur nú lesið, tekur Alþingi til starfa á ný, og er þingfundur settur.

Ég þakka hæstv. forsrh. góðar óskir í garð okkar þm. og starfsfólks Alþ. Ég óska öllum hv. alþm. gleðilegs nýárs, þakka samstarfið á liðnu ári og læt í ljós þá von, að vel megi til takast um störf Alþingis á því ári sem nú er hafið.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 25. jan. 1979.

Samkv. beiðni Geirs Hallgrímssonar, 4. þm. Reykv., sem að læknisráði sækir ekki þing næstu tvær vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst.
Þorv. Garðar Kristjánsson,
ritari þingflokks sjálfstæðismanna.

Guðmundur H. Garðarsson hefur áður tekið sæti á þessu þingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Orkusparnaður, þáltill. (þskj. 46). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram ásamt hv. 8. landsk. þm., Braga Níelssyni, svofellda till. til þál. um orkusparnað:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera úttekt á orkubúskap Íslendinga og að hefja nú þegar markvissar aðgerðir í því skyni að auka hagkvæmni í orkunotkun þjóðarinnar og draga úr henni, þar sem þess er kostur."

Till. þessa efnis hefur verið flutt á tveim síðustu þingum af Benedikt Gröndal, núv. hæstv. utanrrh., og Eggert G. Þorsteinssyni, sem ekki á lengur sæti á þingi. Í hvorugt skiptið hefur till. orðið útrædd. Það er skoðun flm., að eigi megi dragast öllu lengur að Alþ. láti í ljós ótvíræðan vilja sinn í jafnmikilvægu máli, m. a. vegna fyrirhugaðra eða umtalaðra nývirkjana og vegna þess að nú er mjög rætt um að styrkja þurfi dreifingarkerfi um byggðir landsins og því mikilsvert að tekin verði ákvörðun um það, hvernig háttað verði orkumálum okkar, bæði gagnvart framkvæmdum og eins gagnvart sparnaði.

Miklar umr. um orkumál hafa farið fram hér á landi að undanförnu. Almenningi er orðið ljóst, að Íslendingar eru um lífskjör sín mjög háðir orku, bæði aðkeyptri og innlendri, og að þjóðinni er nauðsyn á því að gera heildarúttekt á orkubúskap sínum. Niðurstaða slíkrar úttektar gæti orðið grundvöllur að frekari aðgerðum til að tryggja stöðu þjóðarinnar í þeirri orkukreppu sem nú veldur jarðarbúum örðugleikum. En ekki þarf þó að bíða eftir niðurstöðunni varðandi ýmsar augljósar aðgerðir til orkusparnaðar, sem rétt er að gera þegar í stað.

Mikið er rætt um það hér á landi að nýta jarðvarma og raforku unna með innlendum orkugjöfum í stað innflutts eldsneytis og hefur mjög miðað fram á við í þá átt að undanförnu. Samt fluttu Íslendingar inn eldsneyti að verðmæti um 14 milljarða kr. árið 1977, og er það einn veigamesti þátturinn í óhagstæðum vöruskiptajöfnuði þjóðarbúsins út á við. Á árinu, sem var að líða, er talið að eldsneytisinnflutningur muni hafa numið um 12% af verðmæti heildarinnflutnings landsmanna, en til samanburðar nam hann um 7% af heildarinnflutningi árið 1973.

Til fróðleiks skal þess getið hér, að samkv. upplýsingum Orkustofnunar skiptist heildarorkunýting í landinu þannig milli orkutegunda árið 1976 — nýrri könnun lá ekki fyrir hjá Orkustofnun rétt fyrir jólin: Jarðvarmi 17.8%, vatnsorka 40.4% og olíur 41.8%.

Skylt er hér að taka fram, að orkumálaráðh. fyrrv. ríkisstj., Gunnar Thoroddsen, beitti sér myndarlega fyrir því að auka jarðvarmanotkun frá því sem fyrr hafði verið og er öruggt að hlutfall jarðvarma og raunar vatnsorku hefur aukist talsvert frá fyrrgreindum tölum. En þó er hlutfall olía enn mjög stórt, bæði til húsahitunar víða, en þó fyrst og fremst til samgangna og veiðiflota. Þannig hefur bensíninnflutningur aukist frá 1970 úr 53 174 tonnum í 78 823 tonn árið 1976 og fer æ vaxandi, og olíunotkun skipa aukist úr 75 105 tonnum 1972 í 118 250 tonn 1976 og mun óefað hafa vaxið drjúgum frá því ári. Aftur á móti lækkar olíunotkun til húsahitunar úr 152 724 tonnum 1972 í 111 324 tonn 1976 og til raforkuvinnslu úr 19 692 tonnum 1973 í 13 478 tonn 1976. Allar þessar tölur hafa vafalaust lækkað til samanburðar við 1972, en eins og ég sagði áðan, þá tókst mér ekki rétt fyrir jólin að fá nýrri samanburðartölur.

Nú eru fram undan miklar hækkanir á olíuverði, enda álit margra að jarðolía muni að miklu leyti ganga til þurrðar á næstu áratugum. Þótt kolabirgðir jarðarinnar endist mannkyni í nokkrar aldir, þá erum við illa búnir til þess að taka þann orkugjafa aftur í notkun í stað olíunnar, og sama er að segja um annað eldsneyti, svo sem

vetni og tilbúin kolvetnissambönd, sem síðar kunna að leysa olíuna af hólmi. — Hér er þó skylt að vekja athygli á athyglisverðum athugunum og skrifum dr. Braga Árnasonar um notkun vetnis sem eldsneytis, og kann að vera að styttra sé í hana en hefur verið hald flestra fram að þessu.

Áhersla er nú lögð á vinnslu varma og raforku með innlendum orkugjöfum, en þrátt fyrir það er ekki þar sem sagt að gjaldeyrisútgjöldum linni að sama skapi. Orkuverin og dreifingarkerfin eru gerð fyrir erlent lánsfé og notkun þess fylgir mikill erlendur kostnaður. Þjóðir heims leggja nú sívaxandi áherslu á orkusparnað sem eina af þeim leiðum sem fara verður til þess að mæta áhrifum orkukreppunnar. Hafa margvíslegar aðgerðir til orkusparnaðar fengið forgangsröðun í nágrannalöndum okkar.

Hér á landi er ekki síður ástæða til þess að hefja samræmdar aðgerðir til orkusparnaðar. Með því að skera niður orkunotkun sína getur þjóðin bæði minnkað innflutning á eldsneyti og dregið úr fjárfestingarþörf í nýjum virkjunum og stækkun orkuflutningskerfa. Stjórnvöld eiga og verða að hafa virka forystu um aðgerðir til orkusparnaðar, en af einstökum aðgerðum mætti nefna:

Í fyrsta lagi, að gerðar séu auknar kröfur til orkunýtingar við húsahitun og heimilishald. Talið er að 34% af heildarorkuþörf þjóðarinnar séu vegna upphitunar húsnæðis. Það hefði því mikil áhrif, ef félmrn. gerði í reglugerðum samkv. 4. gr. byggingarlaga, nr. 54/1978, stórauknar kröfur um einangrun húsa, gluggastærðir, sjálfvirk stjórntæki og aðra þá þætti sem minnkað geta orkuþörf við húshitun og loftræstingu húsnæðis. Samkv. skýrslu, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur gert um húsnæðismál, er reiknað með að húsnæði tvöfaldist til næstu aldamóta, þannig að mikilvægt er að byggingarreglum verði nú breytt á þann hátt, að hús verði framvegis byggð með það í huga, að orkuþörf til hitunar þeirra verði sem minnst.

Þá þarf að íhuga, hvaða aðgerðir verði heppilegastar til þess að örva eigendur eldra húsnæðis til þess að auka einangrun þess, og fleira líkt kæmi til, svo sem að beita ákvæðum skattalaga og beinum fjárstyrkjum í þessu skyni, en um slíkt eru mörg fordæmi í nágrannalöndum okkar, t. d. Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Þá er nauðsynlegt, að þegar í stað verði hafist handa hér á landi um tilraunir með notkun varmadælu til húshitunar, en talið er að með slíkri tækni megi minnka raforkuþörf til hitunar um allt að 2/3. Varmadæla er í raun og veru kælivél sem leiðir varma frá umhverfi sínu og skilar honum síðar í kælivatn eða kæliloft vélarinnar. Í frystihúsum landsins myndast t. d. mikill varmi, sem vélbúnaðurinn leiðir frá fiskinum og skilar í kælikerfi sitt. Varmadælur eru notaðar til húshitunar á þann hátt, að þær taka varma ýmist í jarðvegi, vatni eða útilofti, draga hann saman, og þaðan er honum veitt um hús með miðstöðvarkerfi eða lofthitun. Reynsla annarra þjóða sýnir að raforkusparnaður er um 2/3, eins og ég sagði áðan, miðað við venjulega rafhitun.

Með auknum kröfum um orkunýtingu heimilistækja og upplýsingaþjónustu til almennings mætti minnka orkunotkun heimilanna um allt að 25% að mati fróðra manna án þess að það þyrfti að draga úr vellíðan manna á nokkurn hátt.

Í júlí s. l. gaf svokölluð orkuspárnefnd, sem skipuð var fulltrúum raforkuiðnaðarins, út raforkuspá fyrir árin 1977-2000. Spáin er m. a. byggð á þeim forsendum, að raforkunotendur fái jafnan allar óskir sínar um raforkukaup uppfylltar, að raforkuþarfir hvers einstaklings haldi áfram að aukast og að ekki verði gerðar ráðstafanir til orkusparnaðar. Sem dæmi má nefna um forsendurnar, að gert er ráð fyrir að raforkunotkun heimila aukist úr 1000 kwst. á íbúa á ári eins og hún er í dag í 3000 kwst. á íbúa árið 2000. Út frá niðurstöðum raforkuspárinnar ályktа menn síðan, að þörf sé á miklum virkjunarframkvæmdum hér á landi næstu 20 árin til þess að mæta ætlaðri raforkuþörf næstu áratugi og er spáin að því leyti kærkomin þrýstihópum og öðrum áhugaaðilum um fjárfestingu í raforkuiðnaði landsmanna. Þótt framangreind raforkuspá sé vísindalegt plagg og að hluta skrifuð út í tölvu til þess að auka trúgildið, þá er ekki þar með sagt að hún þurfi að rætast. Þvert á móti hlýtur það að verða eitt meginmarkmið Íslendinga í orkumálum að draga svo úr aukningu orkuþarfarinnar, að fjárfestingin í nýjum raforkuverum og öðrum búnaði á því sviði verði viðráðanlegri fyrir þjóðarbúið. Menn mega ekki láta þá aðila, sem hagsmuni hafa af miklum virkjunarframkvæmdum, villa sér sýn.

Þá ætla ég að víkja aðeins að orkunýtingu í atvinnurekstri. Víða er hægt að ná verulegum orkusparnaði í iðnaði og öðrum atvinnurekstri, ef menn á annað borð einbeita sér að því viðfangsefni. Þar má nefna atriði eins og bætta nýtingu tækja og nýtingu varma, sem myndast við margs konar vélanotkun. T. d. mætti trúlega hita upp vinnusali frystihúsa með þeim varma, sem nú er leiddur frá frystivélum þeirra með kælivatni, og komin eru á markað erlendis einföld tæki, sem geta unnið varma t. d. úr útblásturslofti loftræstingar og nýtt hann aftur við upphitun húsnæðis. Við rekstur fiskimjölsverksmiðja tapast líka mikill varmi sem e. t. v. mætti nýta til upphitunar í fjarvarmakerfum, og þannig mætti lengi telja. Þá kröfu verður að gera til atvinnufyrirtækja, að þau semji áætlanir um aðgerðir til orkusparnaðar og bættrar orkunýtingar, og mætti veita þeim hvatningu til nauðsynlegra fjárfestinga á því sviði með sérstökum ívilnunum í skattgreiðslum.

Í síðasta lagi vík ég að samgöngunum. Þær eru mjög orkufrekur þáttur í þjóðarbúskap Íslendinga og sú orka, sem til þeirra er notuð, er innflutt eldsneyti. Talið er að um 31% af orkunotkun landsmanna nú séu vegna samgangna. Á þessu sviði mætti draga stórlega úr orkuþörf með aukinni notkun almenningsbifreiða í stað einkabifreiða og með því að setja strangar reglur um eldsneytisnýtingu nýrra samgöngutækja. Á þessu sviði þyrfti samgrn. að hafa forustu.

Rétt væri við áðurnefnda úttekt á orkubúskap Íslendinga að gera samanburðarrannsóknir á orkuþörf við vöruflutninga með bifreiðum annars vegar og með skipum hins vegar, og einnig væri rétt að hefja undirbúningskannanir vegna uppbyggingar samgöngukerfis með rafknúnum vögnum í þéttbýli.

Notkun einkabíla þykir nú svo sjálfsögð með þjóðinni, að talsverða hugarfarsbreytingu þarf til þess að fá menn til þess að draga úr henni og til þess að nota almenningsbifreiðar meira en nú er gert. Hér þarf öfluga áróðursherferð til svo og bætt rekstrarskilyrði sérleyfishafa og strætisvagna, t. d. í tollfríðindum við innflutning viðkomandi bifreiða.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri, en vil benda

á að þetta eru meira umþenkingar, sem gætu komið að gagni ef viðkomandi stjórnvöld vildu taka þessi mál til ítarlegrar rannsóknar og athugunar. En það ætti engum að leynast, enda útbreidd skoðun, að sjálfsagt sé að nota innlenda orkugjafa eftir föngum, en hins vegar sé jafnsjálfsagt að nota við það sparnað og ráðdeild og vera ekki að eyða og sóa að óþörfu miklum fjármunum í nývirkjanir meðan hægt væri að dreifa þeim á fleiri ár og til lengri tíma með því að gæta fyllsta sparnaðar í notkun þessara innlendu orkugjafa. Þetta hefur orðið fólki enn betur ljóst nú á síðustu árum, vegna þess að við þurfum á ítrustu aðgæslu að halda til þess að láta enda ná saman í fjármálum ríkis og almennings, og kemur þá auðvitað hvort tveggja til, að framkvæmdir séu hagsamar og að ekki sé eytt að óþörfu því sem aflað er, heldur notað af aðgæslu og forsjá. Af þessum sökum er þessi till. flutt.

Mér er það ljóst, að ýmislegt hefur komið fram síðan þáltill. var upphaflega samin hér, — ég tala nú ekki um fyrir tveimur árum, en líka snemma á þessu þingi, — sem gott hefði verið að telja hér fram, en væntanlega kemur þá frá öðrum sem taka til máls um þetta atriði. En ég undirstrika það að lokum, að till. er fyrst og fremst flutt til þess að athugun verði sett í gang um það, hvernig megi gæta betur, eins og menn segja stundum, fengins fjár.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þá þáltill., sem hér er til umr. og hv. 3. þm. Norðurl. e., Bragi Sigurjónsson, hefur gert grein fyrir. Ég tel efni hennar í senn tímabært og aðkallandi. Á vegum iðnrn. eru nú í undirbúningi aðgerðir og stefnumörkun á þessu sviði í framhaldi af góðum áformum sem drög voru lögð að fyrir nokkrum árum.

Tillaga um sama efni kom fram fyrir hálfu öðru ári. Nokkru áður er hún kom fram hafði Alþb. fjallað um þessi mál og markað um þau stefnu eins og aðra helstu þætti orkumálanna. Voru samþykktir þar að lútandi gerðar á flokksráðsfundi Alþb. í nóv. 1976 og birtust í ritinu Íslensk orkustefna. Ég tel rétt að rifja upp, með leyfi hæstv. forseta, það sem segir í flokkssamþykkt Alþb. um orkusparnað og hagkvæma orkunýtingu:

„Að skynsamlegri orkunýtingu verði unnið með víðtækri fræðslu, þar sem m. a. sé lögð áhersla á að orka er dýrmæt auðlind, sem miklu þarf að kosta til að afla. Stefnt verði að hagkvæmri orkunotkun í atvinnurekstri, m. a. varðandi gerðir og umhirðu véla og val og nýtingu orkugjafa í skipum og fiskiðnaði, svo sem við mjölþurrkun og frystikerfi, varðandi vélanotkun, áburðarnotkun og heyverkunaraðferðir í landbúnaði. Unnið verði að fjölnýtingu varmaorku, þannig að sem minnst orka fari til spillis, t. d. með ylrækt og hitaveitum samhliða raforkuvinnslu úr jarðvarma. Við skipulag byggða verði orkusparnaður hafður í huga, m. a. með því að hafa hóflegar vegalengdir frá íbúðahverfum til vinnustaða og þjónustumiðstöðva svo og með góðum almenningssamgöngum. Hagkvæma orkunýtingu þarf einnig að hafa í huga við hönnun húsnæðis, jafnt íbúða og atvinnuhúsnæðis, við gerð ljósabúnaðar og hitakerfa, við hönnun og notkun vélbúnaðar, m. a. með samnýtingu og góðu viðhaldi." — Tilvitnun lýkur hér í flokkssamþykkt Alþb. frá nóvembermánuði 1976.

Um þessa samþykkt og stefnumörkun flokksins í orkumálum var algjör einhugur, þannig að ekki þarf að efast um efnislegan stuðning Alþb. við þá þáltill. sem hér er til umr.

Mér er það minnisstætt frá undirbúningi þessarar stefnumörkunar, að við höfðum gefið þessum þætti ályktunar okkar fyrirsögnina: „Orkusparnaður". En einhver fann að því þá í umr., að sparnaðarheitið mundi ekki falla í góðan jarðveg í landi þar sem nóg væri um óbeislaðar orkulindir, slíkt bæri keim af höftum og auðvelt að gera slíka stefnu tortryggilega í augum almennings. Því rifja ég þetta hér upp, að það segir nokkra sögu um viðhorfsbreytingu, sem síðan hefur átt sér stað, að ég leyfi mér að vona, og hún endurspeglast m. a. í fyrirsögn þessarar þáltill.

Eins og margir góðir straumar hefur áhugi á orkusparnaði borist til okkar erlendis frá eða a. m. k. hjálpað til að vekja okkur til umhugsunar um þessi mál. Aðgerðir annarra þjóða, sem m. a. birtust okkur í mikilli verðhækkun á olíu haustið 1973, áttu ekki síður þátt í að rumska við okkur og minna á að orkulindir jarðar eru ekki óþrjótandi og verðlag á orku og meðferð hennar skiptir miklu fyrir efnahag hverrar þjóðar. Við skulum vera minnug þess, að það er ekki aðeins hin innflutta orka í formi eldsneytis sem hefur margfaldast í verði hin síðustu ár, heldur hafa aðföng til vatnsaflsvirkjana okkar, raflína og hitaveitna stigið ört í verði, m. a. vegna hækkunar olíuverðs, á sama tíma og lánakjör á því fjármagni, sem við höfum tekið erlendis til slíkra framkvæmda, hafa orðið til muna óhagstæðari. Þannig hefur tilkostnaður við öflun innlendrar orku hækkað ört að raungildi á stuttum tíma og engu minni ástæða til hagsýni og sparnaðar við nýtingu hennar en hinna innfluttu orkugjafa.

Í grg. þeirrar þáltill., sem hér er á dagskrá, koma fram ýmsar gagnlegar upplýsingar og ábendingar, en ég tel þó rétt að bæta við nokkru og greina hv. þd. um leið frá nokkrum þeim aðgerðum sem unnið hefur verið að á vegum opinberra aðila á síðustu árum varðandi orkusparnað, og raunar koma einnig áhugamenn og sjálfboðaliðastörf inn í þá mynd. Jafnframt vil ég greina frá nokkrum þáttum, sem í undirbúningi eru eða ég hef í huga að ýta á eftir á vettvangi iðnrn. og í samstarfi við aðra aðila.

Heildarnotkun Íslendinga umreiknuð í jafngildi olíu samkv. alþjóðlegum staðli var á árinu 1977 talin nema 1 460 000 tonnum af olíu, en var á árinu 1972 talin jafngilda um 1 100 000 tonnum af olíu og hefur þannig vaxið um 33% — eða þriðjung — á 5 árum. Svarar þetta til um 17 þús. gwst. umreiknað í raforku. Ef eingöngu er litið á þá orku sem notanda er afhent nú, jafngildir það 13 370 gwst á ári, sem skiptist þannig: 32 2% eru jarðvarmi eða ættuð frá jarðvarma, 15.8% raforka framleidd með vatnsafli og 52% olía. Þannig er sú orka, sem notendum í landinu er nú afhent, 52% erlend orka innflutt sem eldsneyti og 48% innlend orka, raforka og jarðvarmi.

Þetta háa hlutfall innfluttrar orku leiðir hugann fyrst og fremst að tveimur atriðum: Í fyrsta lagi, hversu mjög við erum háð olíunni, sem þegar til lengri tíma er litið verður að teljast ótryggur orkugjafi. Af þessum sökum hljótum við eins og aðrar þjóðir að kosta kapps um að auka hlut innlendra orkugjafa alls staðar þar sem því verður við komið. Í annan stað sýnir hlutdeild innfluttrar orku okkur glöggt hvaða þýðingu sparnaður og bætt nýting eldsneytis hefur fyrir orkubúskap þjóðarinnar og gjaldeyrisstöðu. Á því sviði má að líkindum ná skjótustum árangri. Er þá ekki dregið úr þýðingu sparnaðar á

innlenda geiranum, svo sem að draga úr töpum í raforkuflutningi og í flutningi á heitu vatni og nýtingu þessara orkugjafa á heimilum og í atvinnurekstri.

Sjávarútvegurinn og skipafloti okkar notar drjúgan hluta innflutts eldsneytis í formi olíu. Árið 1977 nam heildarsala á olíu 310 þús. tonnum, þar af notuðu fiskiskip okkar 130 þús. tonn og til húshitunar fóru 104 þús. tonn. Afgangurinn fór til annarra nota: á bifreiðar, vinnuvélar, rafstöðvar o.fl. En inn í þessa mynd vantar notkun fraktskipa okkar, sem kaupa stóran hluta af olíu sinni erlendis. Eðlilegt er í ljósi þessarar skiptingar að horft sé sérstaklega til skipastólsins og til húshitunar með eldsneyti.

Að því er varðar fiskiskipin koma til margir samverkandi þættir, allt frá skipulagi veiðanna til þeirrar tegundar olíu, sem notuð er, og nýtingar hennar. Ég ætla ekki að gera að umtalsefni skipulag veiðanna, stjórnun og sumpart stjórnleysi, en um það hafa verið dregin fram mörg dæmi á undanförnum árum og sum mjög umhugsunarverð. Á því sviði þyrftum við sannarlega að ná árangri fyrr en seinna til að sjávarútvegur okkar verði arðgæfari en nú er, og þetta snertir það stórmál sem er verndun og nýting fiskstofna innan íslenskrar lögsögu.

Hinn þátturinn er hinn tæknilega hlið olíunotkunar í skipunum og þeir möguleikar sem þar eru á sparnaði, m. a. með notkun svartolíu í stað gasolíu. Olíunotkun á hvern togara mun vera á bilinu 1.3 til 2.1 millj. lítra á ári og fjöldi togaranna er nú að nálgast 80, þannig að olíunotkun togaraflotans gæti numið um 130 millj. lítra af olíu á ári. Verð lítra af gasolíu er nú nálægt 57 kr. á lítra án söluskatts og í vændum eru verulegar hækkanir á því verði, en miðað við 57 kr. á lítra er orkukostnaður fyrir togaraflotann á bilinu 7—8 milljarðar kr. á ári. Þar fyrir utan er svo loðnuflotinn og minni bátar. Verð á svartolíu er nú rúmlega 40% lægra en á gasolíu og því augljóst hver hagkvæmni er að því ef unnt er að knýja skipastól okkar í vaxandi mæli með þessu ódýrara eldsneyti. Að þessu, þ. e. breytingu á togurum okkar frá gasolíu yfir á svartolíu, — og þá er kannske rétt að skjóta því inn að það, sem hér er nefnt svartolía og flutt er til landsins nú, er ekki það sama og víða erlendis gengur undir því nafni, heldur er þar um að ræða olíu af betri gæðaflokki en hin algengasta svartolía er, — en það hefur verið unnið að þessum breytingum á undanförnum árum, m. a. með samstarfi stjórnvalda og útgerðaraðila. Svartolíunefnd, sem skipuð var af sjútvrh. vinstri stjórnarinnar 1971—1974, vann mjög gott starf á þessu sviði. Nú ganga 13 eða 14 togarar fyrir svonefndri svartolíu hér á landi.

Ég er ekki viss um að menn átti sig á þeim upphæðum, sem hér eru í húfi, og vil því nefna nokkur dæmi.

Við horfum eðlilega mjög til þeirrar olíu, sem fer til upphitunar húsa, og hún er umtalsverð að magni og var, eins og ég áðan gat um, 104 þús. tonn árið 1977. Þannig eru t. d. notaðir til beinnar olíukyndingar á stað eins og Höfn í Hornafirði 1.9 millj. lítrar af olíu á ári, þ. e. miðað við árið 1977, en það er þó ekki meira en meðaltalsolíunotkun á hvern togara Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Togarar Bæjarútgerðarinnar ganga fyrir gasolíu, og mér er tjáð af sérfróðum aðilum, að sparnaður af því að breyta þeim yfir á svartolíu gæti numið allt að 45 millj. kr. á hvert skip á ári, eða ca. 135 millj. kr. fyrir þessa útgerð Reykvíkinga á einu ári. Þá má nefna breytingu sem gerð var á Herjólfi fyrir 9 mánuðum frá gasolíu yfir á svartolíu. Samkv. upplýsingum útgerðarinnar hefur sparnaður verið um 70 þús. kr. á dag, eða um 2 millj. kr. á mánuði. — Þannig eru sparnaðaraðgerðir af þessu tagi í gangi, og þó að ég sé ekki sérfróður um þessa hluti og vilji ekki leggja á þá dóm í einstökum atriðum, virðist mér að miðað við jákvæða reynslu mætti spretta verulega úr spori í þessum efnum og ekki óeðlilegt að þau skip, sem gerð eru út af ríkinu á vegum Skipaútgerðar ríkisins, Hafrannsóknastofnunar og Landhelgisgæslu, komi einnig inn í þessa mynd.

Því vek ég sérstaka athygli á þessum þætti sem snýr að olíunotkun skipa, að ekki er um hann fjallað í annars fróðlegri grg. með þessari till. Hér er um aðgerðir að ræða sem verulega munar um í krónum talið og unnt á að vera að framkvæma mun hraðar en nú er gert, ef vilji og skilningur er fyrir hendi. Vert er líka að minna á þær miklu verðhækkanir sem orðið hafa á olíu á heimsmarkaði erlendis á árinu sem leið og eru enn í gangi og eiga eftir að segja til sín í verðkerfi okkar að verulegu leyti og auka á þann vanda sem fyrir er. Þannig nam hækkun á dísilolíu á liðlega þriggja mánaða tímabili, frá júlí til nóvember, svo dæmi sé tekið, rúmum 34%, og nú fyrir nokkru tilkynntu OPEC-ríkin áform sín um 14% hækkun á óhreinsaðri olíu á næstu 2 árum og kom fyrsti áfangi þessarar hækkunar, eða 5%, til framkvæmda um síðustu áramót. Af þessu er ljóst, að við þurfum að búa okkur undir að mæta á næstunni verulegum hækkunum á olíuverði til viðbótar þeim sem þegar hafa dunið yfir vegna hækkunar á heimsmarkaðsverði. Það munar um það þegar nálega fjórði hver fiskur — og sumir segja þriðji hver — sem á land kemur fer í að borga orkukostnað veiðiskips. Sú þróun má ekki halda áfram ef unnt er að koma þar vörnum við.

En í sambandi við olíunotkun í landi er ekki síður ástæða til aðgerða, ekki aðeins í þá átt að útrýma olíunni eftir því sem skynsamlegt er, heldur engu síður og tafarlaust að tryggja bætta nýtingu. Þetta á m. a. við um nýtingu olíu til húshitunar, hvort heldur um er að ræða íbúðarhús, vinnustaði eða opinberar byggingar, svo sem sjúkrahús og skóla.

Hér var fyrr á þessu þingi til umr. þáltill. um jöfnun hitunarkostnaðar í skólum. Eðlilegt er að slíkar hugmyndir komi fram þegar hitunarkostnaður skóla, sem nota olíu, er orðinn þrisvar til fjórum sinnum meiri en samsvarandi skóla á hitaveitusvæðum. En aðalatriðið í þessu efni hlýtur að vera, svo sem bent var á í umræddri till., að kanna á hvern hátt er unnt að lækka þennan kostnað, t. d. með bættri nýtingu olíunnar, með því að stilla betur kynditækin, með því að koma í veg fyrir að stór hluti varmans úr olíunni tapist gegnum illa einangraða veggi eða þök ellegar glugga með einföldu gleri.

Við athuganir, sem fram hafa farið á nokkrum stöðum á landinu varðandi brennslunýtni olíukatla, hefur komið í ljós að með eðlilegu viðhaldi og stillingu kynditækja má auðveldlega ná a. m. k. 10-12% betri nýtingu og lækkun hitunarkostnaðar sem því nemur, og í mörgum tilvikum er þarna um margfalt hærra hlutfall að ræða. Það sýnir sig að ekki er rétt að treysta alfarið á þjónustu olíufélaganna í þessu sambandi, enda hagur þeirra af sparnaði minni en enginn. Í þessu efni er skylt að minnast lofsverðs framtaks nemenda úr Vélskóla Íslands, sem undir forustu kennara tóku myndarlega til hendi fyrir nokkrum árum á Akranesi. Þar lét árangur ekki á sér standa — ég hef heyrt nefnda 10—15% bætta nýtingu þar í kaup-

staðnum, — og líklega er hvergi í þéttbýli með umtalsverða olíukyndingu lægri hitunarkostnaður nú en einmitt þar. Þetta dæmi Vélskólans, sem kostaði lítið sem ekkert, en færði nemendum verðmæta reynslu, vísar á ónotaða möguleika í tengslum við skólastarf í landinu, þ. e. að láta nemendur verknámsskóla og annarra skóla glíma við hagnýt verkefni af þessu tagi og öðlast um leið skilning á gildi orkusparnaðar og að flytja þau viðhorf til almennings og almenningi til hagsbóta. — Þetta á ekki síður við um sveitir, þar sem menn búa víða við olíukyndingu og dreifikerfi anna ekki rafhitun fyrr en að loknum kostnaðarsömum aðgerðum við styrkingu þeirra. Fáir munu þakklátari en bændur að fá aðstoð í þessum efnum, og fyllilega kemur til álita að notast um skeið og e. t. v. til nokkurrar frambúðar við hvort tveggja raforku og olíu til hitunar húsa í sveitum og nýta þannig þann búnað sem fyrir er á meðan hann endist og unnið er að styrkingu dreifikerfanna. Þar gæti raforkan t. d. lagt til 70% orkunnar á sveitabýli, en olían 30% og yrði notuð til að taka toppana af í álaginu, en um þá munar mest við álag á dreifikerfið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í ítarlega upptalningu fleiri þátta, þar sem fara þarf ofan í saumana á olíunotkun með tilliti til sparnaðar, þótt af mörgu sé að taka til viðbótar, ekki síst í atvinnurekstri til sjávar og sveita. Þar hljótum við að stefna að því að taka í notkun innlenda orkugjafa eftir því sem tækni og hagkvæmni býður. Hins vegar skulum við varast að líta á olíuna sem af hinu illa hvarvetna, sem aðskotahlut í orkubúskap okkar sem útrýma beri hvarvetna þar sem kostur er. Þar held ég að hagkvæmnismat verði að ráða ferðinni samhliða mati á öryggi landsmanna og orkukerfanna. Ég leyfi mér í þessu sambandi að benda á þær athuganir sem nú er unnið að varðandi fjarvarmaveitur í þeim landshlutum sem lítinn kost virðast eiga á jarðvarma, fyrst um sinn a. m. k. Hugsanleg hagkvæmni fjarvarmaveitnanna umfram beina rafhitun byggist á nýtingu afgangsraforku til upphitunar ásamt olíu til að hlaupa undir bagga og til öryggis. Kostur fjarvarmaveitnanna með slíkri blöndun orkugjafa umfram rafhitun felst ekki síst í auknu öryggi, en einnig á að koma til lægri kostnaður notenda og markaður fyrir afgangsorku. Hagkvæmnin kemur einnig og ekki síst fram í því, að unnt á að vera að tímasetja nýjar virkjanir fyrir orkukerfið síðar en ella væri ef bein rafhitun ætti í hlut. Málefni slíkra fjarvarmaveitna eru nú í athugun í iðnrn., m. a. varðandi hugsanleg skil milli eignar- og rekstraraðila að kyndistöðvum annars vegar og að dreifikerfinu út frá þeim hins vegar.

Á árinu 1975 fól iðnrn. áætlanadeild Framkvæmastofnunar ríkisins að gera tillögur að samræmingu áætlunargerðar um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar, iðnaðarþarfa og annarrar almennrar notkunar. Hefur verið unnið talsvert starf á vegum Framkvæmdastofnunar að þessu verkefni undir vinnuheitinu: „Úttekt á orkubúskap Íslendinga“, en það er sama orðalag og fram kemur í fyrirliggjandi þáltill. Studdist Framkvæmdastofnun við sérstakan samráðshóp við mótun þessa verks og hafði samráð og samstarf við fyrirtæki innan orkugeirans, ekki síst Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun. Meginvinna að þessu máli á vegum Framkvæmdastofnunar hefur beinst að könnun á húsakosti landsmanna og æskilegri úrlausn varðandi húshitun, ekki síst utan þeirra svæða sem líkur eru á að leysi húshitunarmál með jarðvarma. Einnig lét stofnunin vinna almennari athuganir um orkumál Vestfjarða og að svokallaðri Norðurlandsvirkjun. Sitt hvað gagnlegt liggur fyrir úr þessu starfi, en mér sýnist þó að nokkuð hafi skort á um samhengi í málsmeðferð, sem m. a. hafi stafað af óvissu um skipulag raforkuiðnaðarins. Einnig hefði verið eðlilegt að tryggja betri tengsl við Orkustofnun um þetta verkefni og að mínu mati verið eðlilegra að fela henni það frá byrjun, enda slíkar athuganir á orkubúskap þjóðarinnar lögum samkv. í verkahring Orkustofnunar, en í 2. gr. orkulaga segir m. a. um hlutverk stofnunarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk Orkustofnunar er:

1. Að vera ríkisstj. til ráðuneytis um orkumál.
2. Að annast:

Yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra;

yfirlitsrannsóknir á orkubúskap þjóðarinnar, er miði að því, að unnt sé að tryggja, að orkuþörf þjóðarinnar sé fullnægt og orkulindir landsins hagnýttar á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma.“ — Og síðar í sömu lagagr.:

„Að vinna að áætlunargerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda landsins. Um þetta skal Orkustofnun hafa samvinnu við aðrar ríkisstofnanir og aðila, sem vinna að áætlunargerð til langs tíma.“

Þetta rifja ég upp hér til að taka af tvímæli um að eðlilegt er að Orkustofnun sé falin forusta um úttekt af því tagi sem fyrirliggjandi þáltill. gerir ráð fyrir undir stjórn viðkomandi rn. Nokkurrar tilhneigingar hefur hins vegar gætt á liðnum árum að sniðganga stofnunina í stað þess að tryggja að hún geti sinnt og sinni þeim verkefnum sem lög bjóða.

Af því verkefni, sem Framkvæmdastofnunin hafði í gangi, er nú helst eftir að fylla í nokkrar eyður í gagnasöfnun varðandi húshitunarmál á Austurlandi og mun iðnrn. stuðla að því, að því verki verði lokið sem fyrst, en að öðru leyti verði Orkustofnun framvegis falin forusta um úttekt á orkubúskap okkar og orkunýtingu, að orkusparnaði meðtöldum, ásamt þeirri vinnu sem sjálft rn. getur lagt í té. Þar með er ekki sagt að stofnunin eigi ein sér að rækja þessi verkefni. Ég tel miklu skipta, að leitað sé samstarfs á breiðum grundvelli um þessi mál, og minni á, að framkvæmd skiptir hér mestu máli og ekki dugir að láta sitja við orðin tóm.

Í tíð fyrrv. iðnrh. óskaði rn. eftir því við Orkustofnun, að hún tæki til athugunar ráðstafanir til orkusparnaðar hérlendis. Skilaði Orkustofnun í des. 1977 ábendingum til rn. um ýmsar hugsanlegar ráðstafanir til orkusparnaðar og flokkaði þær í þrennt eftir því, hvort líklegt væri talið að þær skiluðu verulegum árangri fljótlega, eða innan 5 ára, á næstu 10—15 árum og í þriðja lagi langtímaráðstafanir, þar sem verulegs árangurs væri vart að vænta fyrr en undir næstu aldamót. Jafnframt leitaði stofnunin til nokkurra aðila um samstarf og hóf upplýsingasöfnun. Minna var að gert á þessu sviði en fyrirhugað var, einkum vegna niðurskurðar á fjárveitingum til stofnunarinnar s. l. vor. Þá starfaði vinnuhópur undir forustu Egils Skúla Ingibergssonar rafmagnsverkfræðings og nú borgarstjóra að því að gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr orkutöpum í dreifikerfum raforku. Hefur hann lokið störfum og er skýrsla væntanleg innan skamms frá þessum hópi.

Ég hef lagt á það áherslu við orkumálastjóra, að stofn-

un hans leggi aukna áherslu á athuganir varðandi orkusparnað, og hefur það hlotið góðar undirtektir hans. Þannig er nú fyrirhugað að koma á fót vinnuhópum eftir því sem fjárveitingar frekast leyfa. Hyggst Orkustofnun tilnefna af sinni hálfu formenn í slíka hópa, en í flestum tilvikum kaupa að vinnu og leita samstarfs við aðra aðila. Þeir hópar, sem fyrirhugað er að setja á laggirnar til að byrja með, eru:

1. Samstarfshópur með Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins til að fjalla um möguleika á orkusparnaði í hitun húsa og hönnun húsrýmis með tilliti til hans.
2. Samstarfshópur með Fiskifélagi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna til að fjalla um möguleika á að spara olíu á fiskiskipaflotanum.
3. Samstarfshópur með Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins til að fjalla um orkusparnað í fiskiðnaði, t. d. frystiiðnaði og fiskmjölsiðnaði.
4. Samstarfshópur með Iðntæknistofnun Íslands um orkusparnað í öðrum iðnaði en fiskiðnaði.
5. Samstarfshópur með Vélskóla Íslands um olíusparnað í hitun húsa.

Þá vinnur orkuspárnefnd, sem er samstarfsnefnd fyrirtækja og stofnana í orkuiðnaðinum, að spá fram til ársins 2000 um aðrar orkutegundir en raforku, en nefnd þessi sendi í júlí s. l. frá sér raforkuspá til sama tíma, þ. e. til ársins 2000, eins og hv. alþm. er kunnugt. Slíkar orkuspár eru mikilsverð hjálpartæki við mótun orkumálastefnu til langs tíma og einnig til að meta þjóðhagslegan ávinning af aðgerðum til orkusparnaðar. Hins vegar ber að varast að taka þær bókstaflega og gagnrýnilaust, því að forsendur eru misjafnlega áreiðanlegar og þarfnast því endurmats með stuttu millibili.

Fræðsla til almennings um orkumál og aðgerðir til orkusparnaðar er nauðsynleg eigi árangur að nást á þessu sviði sem öðrum. Slíkt hefur enn ekki komist á rekspöl hérlendis, enda skammt síðan farið var að huga að þessum málum fyrir alvöru og stefna enn lítt mótuð. Ég mun hins vegar beita mér fyrir því, að hafist verði handa í þessu efni, og leita um það samstarfs við fræðsluyfirvöld og fjölmiðla, og hefur það raunar þegar verið gert, en einnig hafa í huga frumkvæði á vegum iðnrn. og stofnana er starfa á þess vegum, bæði Orkustofnunar, Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Hefur hin síðast talda raunar unnið að rannsóknum, og útgáfustarfsemi varðandi orkusparnað birtist í bók um einangrun húsa er út kom á s. l. sumri, og annað rit er í vændum varðandi upphitun húsa. Slíkar rannsóknir og samhæfðar og víðtækar aðgerðir ásamt fræðslu eru vænlegar til að ná árangri í því mikilsverða máli sem hér er til umr.

Umhugsun um orkusparnað og aðgerðir á því sviði fara vissulega í bág við þann sóunarhugsunarhátt sem alið er á í hinu óhefta markaðskerfi iðnaðarþjóðfélaga á Vesturlöndum. Óðaverðbólga eins og sú sem við búum við er ekki heldur hvetjandi til sparnaðar, hvorki varðandi orku né efnisleg verðmæti. Andóf gegn þessum hugsunarhætti og því auglýsingaskrumi, sem ótrúlega miklu ræður um hvað menn telja sig þurfa, er kannske ekki líklegt til að bera skjótan árangur, en skylt er engu að síður að sýna þar viðleitni. Það tengist beint og óbeint baráttunni við þann vanda sem við er að fást í efnahagslífi okkar. Orkusparnaður og hagkvæm orkunýting á ekkert skylt við skömmtunarhugarfar, boð eða bönn gagnvart almenningi. Þvert á móti er það liður í viðleitni til jafnari og betri lífskjara og hugarfars, sem hollt er að rækta í þjóðfélögum þar sem gengið er hraðar á takmarkaðar auðlindir en góðu hófi gegnir.

Við Íslendingar höfum á margan hátt hagstæða stöðu í þeim undirstöðuþætti sem orkan er í samfélagi nútímans. Þeirri stöðu þurfum við að halda með því að standa vörð um orkulindir okkar, nýta þær af hagsýni og umfram allt viðhalda yfirráðum okkar yfir þessum dýrmætu auðlindum. Okkur ber ekki aðeins að nýta þær okkur til hagsbóta horft til langs tíma og á þann hátt að sem minnstri röskun valdi á náttúrlegu umhverfi og landkostum, heldur einnig að fylgjast með og rannsaka nýja þróunarkosti, svo sem hugsanlega framleiðslu eldsneytis til eigin þarfa, svo sem methanóls og vetnis, og til útflutnings. Við erum nú vitni að vaxandi átökum meðal grannþjóða vegna þrenginga í orkumálum og andstöðu almennings og útbreiddan geig við kjarnorkunotkun. Sú reynsla ætti að vera okkur, sem búum að öðrum og betri kostum í orkumálum, hvatning til að halda vel á því sem okkar gjöfula land hefur að bjóða.

Ég vil svo að endingu kynna fyrir hv. þm. nokkur atriði sem ég hef lagt fyrir ríkisstj. til athugunar og kynningar, og vildi raunar svo til að þau komu þar á borð í dag. Ég tel rétt af tilefni þeirrar umr., sem hér er hafin um orkusparnað, að greina þinginu frá þessum aðgerðum og hugmyndum sem á döfinni eru.

Iðnrn. hefur undanfarnar vikur og mánuði haft þessi mál til meðferðar og tillögur í undirbúningi og við væntum þess að geta komið þeim á rekspöl nú alveg á næstunni. Þegar ítarlegar tillögur um þetta efni liggja fyrir, þá mun rn. leita samstarfs við alla þá fjölmörgu aðila, sem eiga hlut að máli, stofnanir og fyrirtæki sem búa yfir sérfræðiþekkingu á viðkomandi sviði.

Að mati rn. verður að ganga að þessu verki með áfangamarkmið í huga og kosta kapps um að hefja fyrst markvissar aðgerðir á þeim sviðum sem hafa mesta efnahagslega þýðingu fyrir samfélagið. Í fyrstu verður lögð höfuðáhersla á að hrinda í framkvæmd aðgerðum til að spara innflutt eldsneyti. Þar ber hæst: 1. Olíunotkun fiskiskipa. 2. Notkun olíu til húskyndingar. — Verður reynt að draga upp grófa hugmynd um það, hve miklum sparnaði muni unnt að ná fram á þessum tveim afmörkuðu sviðum og vil ég nefna nokkur atriði í því sambandi.

Varðandi olíunotkun fiskiskipa hefur þegar nokkuð komið fram í máli mínu, en til að draga það saman vil ég geta þess, að árið 1977 var skipting olíunotkunar fiskiskipaflotans milli orkugjafa eftirfarandi: Gasolía 130 þús. tonn, eða 91.5%. Svartolía 12 þús. tonn eða 8.5%. Samtals voru þetta 142 þús. tonn. — Að mati sérfróðra manna er talið að nýta megi svartolíu á nær allan skuttogaraflota landsmanna. Við slík umskipti gæti skipting milli orkugjafa á fiskiskipaflotanum orðið: Gasolía 62 þús. tonn, eða 44%. Svartolía 80 þús. tonn, eða 56%. Þetta er miðað við upphæðina 142 þús. tonn. Fjármagnssparnaður fyrir útgerðina á væntanlegu markaðsverði yrði því á bilinu 2000 — 2500 millj. og gjaldeyrissparnaður á bilinu 1500 — 1800 millj. Sparnaður við rekstur einstakra togara, sem leiðir af breytingu yfir á svonefnda svartolíu, er á bilinu 20—40 millj. kr. á ári að talið er, eftir stærð togarans. En fjárfestingarkostnaður í skipum við að breyta yfir í slíka ódýrari olíu er talinn nema 4—6 millj. kr. Hlutdeild olíukostnaðar í aflaverð-

mæti er um 16—18% og er sú viðmiðun þá miðuð við verðið 57.50 kr. á lítra af dísilolíu. Með hliðsjón á verðmismun á þessum tveimur olíutegundum má leiða að því líkur, að breyting yfir í svartolíu væri jafngildi u. þ. b. 7% fisksverðshækkunar.

Nú er unnið að því að koma á fót samstarfshóp þriggja viðskrn., sjútvrn. og iðnrn., sem ætlað er að kanna með hvaða hætti stjórnkerfið geti stuðlað að því með eðlilegum hætti, að svartolía verði notuð í stað gasolíu í togurum þar sem fært þykir að ráðast í slíkt af tæknilegum ástæðum — og náttúrlega með samþykki þeirra sem að útgerð þeirra standa. Jafnframt og óháð ofangreindri könnun er nauðsynlegt að ríkisvaldið hafi forustu um að koma á fót ráðgjafarþjónustu á þessu sviði fyrir útgerðaraðila og aðra er málið varðar. Slík ráðgjafarþjónusta gæti haft það hlutverk að miðla upplýsingum, að veita aðstoð við breytingar á skipum, að fylgjast með framvindu svartolíubrennslu, því að við vitum að það hafa ýmsir verið með spurningar í sambandi við það út frá tæknilegum forsendum m. a. að skrásetja og flokka þær bilanir, sem upp kunna að koma og rekja mætti til slíkra breytinga, og leita heppilegustu úrlausna á hugsanlegum vandamálum. Um frekari skilgreiningu á verksviði og starfsaðferðum slíkrar ráðgjafarþjónustu þyrfti að hafa náið samráð og samstarf við Landssamband ísl. útvegsmanna.

Nauðsynlegt verður að afla einhvers fjármagns í þessu skyni, og ég mun leita eftir því að slíkt fjármagn fáist, þannig að ekki verði dráttur á því að hafnar verði nauðsynlegar aðgerðir á þessu sviði sem gefið geta þjóðarbúinu verulegar upphæðir með beinum og óbeinum hætti.

Þá vil ég aðeins víkja að notkun olíu til húskyndingar, en á árinu 1977 nam sala á gasolíu til húshitunar, eins og áður segir 104 þús. tonnum og sala á svartolíu til húshitunar 10 þús. tonnum. Komið hefur í ljós að olíunotkun til húshitunar er víða 20—30% hærri en eðlilegt getur talist miðað við stærð hússins og sums staðar allt að 50% hærri. Helstu ástæður þessa eru ófullnægjandi stilling kynditækja, léleg einangrun og óþétt hús. Til að gefa einhverja hugmynd um hvaða fjárhæðir hér er um að ræða má nefna að 10% sparnaður í olíunotkun samsvarar rúmlega 500 millj. kr. á ári á væntanlegu markaðsverði gasolíunnar.

Aðgerðir, sem iðnrn. mun beita sér nú á næstunni fyrir, eru tvíþættar varðandi olíukynt hús: Í fyrsta lagi stillingu olíukyntra katla og í öðru lagi könnun á einangrun eldri íbúðarhúsa í samvinnu við þær stofnanir, sem færastar eru að fjalla um þau efni. Er fyrirhugað að skipuleggja leiðangra til að stilla kynditæki og tekin verði fyrir ákveðin svæði úti um landið í áföngum. Verður leitað samstarfs við nemendur og kennara ýmissa skóla í þessu skyni. Jafnframt slíkum aðgerðum til stillingar kynditækja verður reynt að kanna ástand annarra þátta sem áhrif hafa á olíunotkun húsanna. Á grundvelli þeirrar reynslu og niðurstöðu, sem af þessu fæst, mun ráðuneytið leggja fram tillögur um áframhaldandi aðgerðir.

Eins og ég hef þegar að vikið eru fjölmargir aðrir þættir, sem horfa þarf til, þó ekki sé annað en það sem snertir hið innflutta eldsneyti, fyrir utan okkar innlendu orkugjafa. Það er m. a. á sviði húshitunar. Það þarf að koma til rannsókn á mögulegri notkun svartolíu til húshitunar í ríkari mæli en nú er, þar sem hús verða áfram kynt með olíu, tæknilegir möguleikar, umhverfisáhrif af slíku o. fl., fjarhitun með afgangsorku og svartolíu á þéttbýlisstöðum og áhrif í því sambandi á raforkukerfið og fjárfestingu í raforkuiðnaðinum. Hugsanleg fjarhitun frá sorpeyðingarstöðvum þykir nú kannske hljóma sem framtíðarmúsík, en ég hygg að menn viti að sums staðar erlendis eru heil þéttbýlissvæði hituð upp með hita frá sorpeyðingarstöðvum. Þar hygg ég að af borgum í Evrópu hafi Parísarborg riðið á vaðið, og ég veit ekki betur en hún nýti allan þann varma sem fæst við sorpeyðingu á sínum vegum. Einnig þarf að athuga í sambandi við þetta beina rafhitun og samhengið þarna á milli.

Varðandi fiskveiðarnar þarf að koma til athugun á nýtingu á kælivatni við upphitun skipa. Líka þarf að kanna betur en orðið er og upplýsa um þætti sem snerta ganghraða fiskiskipa og samhengið á milli orkunýtingar og ganghraða við hinar ýmsu aðstæður. Þarna hygg ég að vanti upplýsingar til skipstjórnarmanna. Þó að auðvitað sé erfitt að gefa ákveðnar formúlur er þekking á þessu sviði mjög æskileg og raunar nauðsynleg. Svo þarf, eins og ég vék að áður, að koma til skynsamlegri stjórnun ásamt skipulagi veiða og vinnslu, sem hangir saman og verið hefur til umræðu oftar en einu sinni hér í þinginu á þessum vetri.

Í sambandi við samgöngur þarf í framtíðinni að líta til gangkerfa í bifreiðum og til notkunar einkabifreiða og möguleika á aukinni notkun almenningsfarartækja og nýtingu í því sambandi. Til athugunar hafa verið hjá einstökum aðilum möguleikar á að skipta yfir í rafknúnar bifreiðar, og er sjálfsagt að styðja við slíkar athuganir. Í sambandi við samgöngurnar þarf einnig að koma til könnun á orkuþörf og orkunotkun varðandi vöruflutninga bæði á sjó og landi.

Á sviði iðnaðar þarf að líta til orkusparnaðar í almennum iðnaði og fiskiðnaði og fara fram athugun á nýtingu innlendra orkugjafa í loðnubræðslum og í einstökum verksmiðjum, t. d. í Sementsverksmiðjunni á Akranesi, en forráðamenn hennar hafa nú hug á að kanna möguleika á að breyta til í sambandi við orkunotkun til meiri hagkvæmni.

Þannig eru þau svið fjölmörg og nánast ótæmandi sem hægt er að vísa til, þar sem rétt er að huga að mögulegum orkusparnaði í framtíðinni. En eins og ég hef rakið skiptir mestu að leggja áherslu á þá þætti sem skila þjóðhagslega mestum hagnaði í sambandi við orkusparnað, og á það mun iðnrn. leggja sérstaka áherslu. Að fræðsluþættinum verður einnig hugað og hefur þegar verið bryddað upp á kynningu á þessum þáttum við sjónvarp og útvarp.

Ég læt svo máli mínu lokið.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ummæli hæstv. iðnrh. um lofsvert framtak vélskólakennara og nemenda hans gætu valdið misskilningi. Þau voru nefnilega ekki á neinn hátt einskorðuð við Akranes. Þau störf og það frumkvæði, sem þessir aðilar áttu að stillingu kynditækja, fór fram miklu víðar, í mjög mörgum hreppum og kaupstöðum, þannig að ég tel rétt, þegar gerð er grein fyrir framvindu þeirra mála, að Ólafs þáttur Eiríkssonar og nemenda hans sé gerður fyrirferðarmeiri og merkari en kom fram í ræðu hæstv. iðnrh.

Ólafur var mikill áhugamaður um þessi efni og svo var einnig um nemendur hans. Þeir m. a. lögðu það á sig í

páskafríum að heimsækja ýmis byggðarlög og stilla kynditæki. Það hefur e. t. v. ekki verið gefin út skrifleg greinargerð um árangur af þessu framtaki, en eitt er víst, að það var þó gerð grein fyrir því, m. a. í sjónvarpi og víðar. Þessi starfsemi stóð, að ég ætla, a. m. k. um tveggja ára skeið og hún átti sér stað í samvinnu við viðskrn. og iðnrn., og iðnrn. og viðskrn. af fátækt sinni studdu nokkuð þessa starfsemi.

Þetta finnst mér að ég verði að tíunda viðskrn. til gildis, þó að ég ætli ekki að telja hlut þess stóran í samanburði við iðnrn. En ég taldi rétt að láta þetta koma fram, vegna þess að þarna gæti orðið meinleg villa ef ekki væri leiðrétt, og það er ekki rétt að þannig sé á þessum málum haldið. Þarna var um merkilegt frumkvæði að ræða, og þeir eiga mikinn heiður skilið sem að því stóðu.

Leitað var samvinnu við sveitarfélög og Samband ísl. sveitarfélaga og gott ef ekki var haldið námskeið á vegum viðskrn. eða iðnrn., og ég hygg að megi skjalfesta að það hafi orðið góður árangur af þessari starfsemi og raunar undravert að henni skyldi ekki vera meiri gaumur gefinn og menn skyldu ekki almennt notfæra sér hana meir en þó varð raunin á, að ég ætla.

Hitt er svo rétt, að auðvitað hefur slíkri starfsemi líka verið haldið uppi, að ég best veit, af hálfu olíufélaga. Þau hafa haldið uppi fræðslustarfsemi í þessum efnum og menn á þeirra vegum hafa annast um stillingar, a. m. k. ef þess hefur verið óskað og e. t. v. án þess.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég tel að með þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, sé hreyft hinu merkasta máli. Ég vil af heilum hug veita henni þann stuðning sem ég má.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 25. jan.

Könnun á persónulegum högum og viðhorfum nemenda í grunnskóla.

Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Ragnhildar Helgadóttur um víðtæka könnun á persónulegum högum og viðhorfum nemenda í 8. bekk grunnskóla, á þskj. 229, sent fyrirspyrjanda 25. jan.

Fyrirspurnin í heild er þannig:

„Veturinn 1975—76 fór fram víðtæk og ítarleg könnun í Reykjavík á persónulegum högum og viðhorfum nemenda í 8. bekk grunnskólans. Niðurstöður könnunarinnar hafa verið nýttar í prófritgerðum íslenskra sálfræðistúdenta frá Árósaháskóla og hafa ritgerðirnar að geyma ályktanir um atferli unglinga, sem talsverða athygli hafa vakið. Fyrir nemendurna var lagður langur spurningalisti, sem svarað var í allt að þremur kennslustundum samfleytt. Þar sem hér var um að ræða víðtæka könnun meðal þorra nemenda eins árgangs á skyldunámsstigi, er eftirfarandi spurningum beint til hæstvirts menntamálaráðherra og óskað skriflegra svara, er lögð séu fram á Alþingi:

1. Hve margir nemendur í Reykjavík tóku þátt í könnuninni og hve stór hundraðshluti nemenda í Reykjavík á því námsári?
2. Hve stór hundraðshluti nemenda þessa árgangs á hverjum stað annars staðar á landinu tók þátt í könnuninni?
3. Hverjir stóðu að umræddri könnun, stjórnuðu henni og framkvæmdu hana?
4. Hverjir leyfðu könnunina?
5. Hverjum öðrum en börnunum sjálfum var sýndur spurningalistinn?
6. Var leitað samþykkis foreldra til þátttöku barna þeirra í könnuninni?
7. Hvernig var börnunum gerð grein fyrir spurningunum?
8. Hvernig hljóðaði skjalið með spurningunum og skýringum, sem lagt var fyrir börnin?
9. Var unnið úr upplýsingunum í tölvum erlendis?
10. Hvenær barst ráðuneytinu skýrsla um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu úr henni og hvernig hljóðaði skýrslan?“

Svör við hverri einstakri spurningu fara hér á eftir:

1. 1427 nemendur eða 93.3% nemenda á 8. námsári.
2. Aðalkönnunin náði ekki til neins nemanda utan Reykjavíkur. Hins vegar var gerð forkönnun meðal 8. bekkjar á Selfossi til þess að prófa spurningaskrána sem var aðferð könnunarinnar til öflunar upplýsinga. Tóku 69 nemendur þátt í forkönnuninni. Með hliðsjón af svörum þeirra var skráin endurskoðuð og lagfærð.
3. Vísindalegur stjórnandi og ábyrgðarmaður könnunarinnar var dr. philos. Edvard Befring, þáverandi prófessor í uppeldissálfræði við Árósaháskóla, nú rektor Sérkennaraskólans í Osló. Könnunina framkvæmdu eftirtaldir íslenskir sálfræðinemar við Árósaháskóla: Andrés Ragnarsson, Ásgeir Sigurgestsson, Brynjólfur G. Brynjólfsson, Einar Hjörleifsson, Hugo Þórisson, Jónas Gústafsson og Pétur Jónasson.
4. Menntamálaráðuneytið. Áður en ákvörðun um leyfisveitingu var tekin hfaði ráðuneytið samráð við fræðslustjórann í Reykjavík og prófessorana í uppeldisfræði og sálarfræði við Háskóla Íslands.
5. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að við fyrirlagningu spurningaskrárinnar (3.—4. febr. 1976) hafi hún verið sýnd neinum öðrum en þeim unglingum sem svöruðu henni. Áður hafði könnunin verið kynnt skólastjórum þeirra skóla, sem hlut áttu að máli, á fundi með fræðslustjóra. Var þeim þar látinn í té allrækilegur útdráttur úr spurningaskránni þar sem fram komu öll þau meginatriði sem um var spurt. Þeir aðilar, sem nefndir eru í 4. lið, höfðu að sjálfsögðu athugað skrána áður en leyfi var veitt. Því má bæta við að vissulega er hugsanlegt að þeir fræðimenn og stúdentar, sem aðild áttu að könnuninni, hafi sýnt öðrum spurningaskrána á einhverju stigi máls.
6. Nei.
7. Sem svar við þessari spurningu fer hér á eftir texti inngangs hinnar fjölrituðu spurningaskrár:

„Kæru skólanemar.

Það, sem hér er lagt fyrir ykkur, er spurningalisti, sem gerður er til þess að kynnast ungu fólki og skoðunum þess á ýmsum málum. Þessi spurningalisti er lagður fyrir alla nemendur 8. bekkjar í Reykjavík.

Aðstandendur þessarar könnunar eru 7 íslenskir sálfræðinemar við Árósaháskóla, undir stjórn doktors Edvard Befring, sem er prófessor í uppeldissálfræði við Árósaháskóla, Danmörku.

Það er mikilvægt, að þið svarið eins samviskusamlega og nákvæmlega og þið getið, þar eð niðurstöðurnar eru hluti vísindalegrar rannsóknar, sem á að varpa ljósi á lífshætti og skoðanir unglinga. Samsvarandi könnun hefur þegar verið framkvæmd í Danmörku og Noregi.

Við gerum okkur ljóst, að spurningarnar, sem eru í listanum, eru mjög persónulegs eðlis og geta verið viðkvæmt mál, t. d. er spurt um ýmislegt, sem kann að þykja óviðkunnanlegt. Við vonum, að þið látið þetta ekki á ykkur fá og að þið svarið eins vel og samviskusamlega og þið getið.

Farið verður með öll svörin til Danmerkur þar sem unnið verður úr þeim. Fyrir utan þá, sem beint standa að þessari rannsókn, og þeir hafa **algjöra þagnarskyldu,** mun enginn fá að sjá þá spurningalista, sem þið svarið, hvorki foreldrar, kennarar né aðrir.

Enn fremur viljum við benda á, að þið skilið þessu nafnlausu og þar af leiðandi kemur ekki í ljós hver svarar hverju.

Þið eigið að svara spurningunum í sömu röð og þær eru í listanum. Látið ekki litlu tölurnar, sem standa hægra megin við rúðurnar, hafa nein truflandi áhrif á ykkur. Þær eru aðeins til þess að auðvelda okkur að vinna úr upplýsingum.

Við viljum taka það fram, að þetta er ekki próf, heldur er þetta alveg óháð skólanum og kennurunum.

Byrjaðu nú að svara og farðu ekki hraðar en þér hentar. Réttu upp höndina ef það er eitthvað, sem þú skilur ekki eða þarfnast nánari útskýringa. Allir hafa þrjá skólatíma til umráða.“

Þeir, sem lögðu skrána fyrir nemendur, lásu þeim *texta, efnislega samhljóða þessum inngangi.*

Vert er að láta þess getið, að í könnuninni var nafnleynd svarenda mjög rækilega tryggð. Var ekki einungis um það að ræða, að útfylltum spurningaskrám væri skilað nafnlausum, heldur var hvorki spurt um fæðingardag né bekkjardeild nemenda, einungis um fæðingarmánuð og skóla.

8. Sem svar við þessari spurningu fylgja hér með spurningar þær, sem lagðar voru fyrir nemendur, 114 spurningar alls. Svo sem sjá má eru þar gefnar skýringar í svigum þar sem ástæða hefur þótt til.
9. Já, nokkur hluti úrvinnslu var unninn af tölvu við Árósaháskóla.
10. Af þeim skýrslum um framkvæmd og niðurstöður könnunarinnar, sem áætlað var að semja, er ráðuneytinu kunnugt um útkomu fjögurra. Allar eru skýrslurnar prófverkefni og gefnar út fjölritaðar við Sálfræðistofnun Árósaháskóla sem greinargerðir um hluta UIR-rannsóknar (UIR = Ungdom i Reykjavik). Skýrslurnar eru þessar:

a. **Andrés Ragnarsson:** Tabere i skolen. Social skævhed(?) i den islandske folkeskole. Januar 1978.
b. **Ásgeir Sigurgestsson:** Ungdom og seksualitet, specielt med henblik på seksualoplysning. Februar 1977.
c. **Jónas Gústafsson:** Ansatser til en analyse af nogle aspekter af den islandske familie og de unge i Reykjavik. Februar 1977.
d. **Pétur Jónasson:** Ungdomskriminalitet i Reykjavik. Februar 1978.

Eintök af þessum skýrslum fylgja hér með.

Auk framangreindra skýrslna er lokið einu prófverkefni. Er þar um að ræða verkefni **Hugós Þórissonar:** Familie, skole, samfund. En studie i forholdet social baggrund, socialisering og samfund, belyst ud fra undersögelsen UIR. August 1978. — Eintak þeirrar skýrslu hefur ekki borist.

Þá eru væntanlegar tvær skýrslur enn og munu þær fjalla um áfengismál og vímugjafa annars vegar og fyrirbærið einelti (mobning) í skólum hins vegar. Verður þá lokið þeirri greinargerð um könnunina, sem fyrirfram var ráðgerð.

UPPLÝSINGAR UM SJÁLFAN ÞIG. (1)

1. Hvenær ertu fædd(ur)? Mánuður _____ Ár 19____

2. Ertu drengur eða stúlka? (Settu greinilegan kross í réttan reit, svona ☒)
   Drengur ☐ 1
   Stúlka ☐ 2

3. Hvað ertu há/hár? _____ cm

4. Hvað ertu þung/þungur? _____ kg

5. Áttu systkini? (Hálfsystkini og fóstursystkini talin með ef þau hafa alist upp með þér.)
   NEI ☐ 01
   JÁ ☐ 02 Hve mörg? _____

6. Ef þú átt systkini: Hvar ertu þá í röðinni? (Ef þú ert elst(ur), skrifaðu 1, næstelst(ur) 2, o.s.frv.) _____

7. Hefur þú skipt um skóla?
   NEI ☐ 1
   JÁ ☐ 2 → Hve oft? _____

8. Varstu í sama skóla í fyrra og þú ert núna?
   NEI ☐ 1
   JÁ ☐ 2

9. Hvað hefurðu búið lengi í Reykjavík?
   Alla æfi ☐ 01
   Skemur ☐ 02 → Hvað lengi? _____ ár

10. Hvað gerir faðir þinn? (Ef um er að ræða uppeldisföður eða stjúpföður, er hér eftir átt við hann, þar sem spurt er um föður.)

_____

_____

(Skrifaðu eins nákvæmlega og þú getur hvað faðir þinn gerir, hvaða starfsheiti hann hefur.)

11. Hefur faðir þinn einhverja undir sinni stjórn í vinnunni?

NEI ☐

JÁ ☐ ⟶Hvað marga, um það bil? _____

12. Hefur faðir þinn einhverja menntun, aðra en skyldunám?

NEI ☐

JÁ ☐ ⟶Hvaða menntun? _____

_____

(Gefðu eins nákvæmar upplýsingar og þú getur.)

13. Hvað gerir móðir þín? (Ef um er að ræða uppeldismóður eða stjúpmóður, er hér eftir átt við hana, þegar spurt er um móður.)

Húsmóðir ☐ 01

Vinnur utan heimilis ☐ 02 ⟶ Við hvað? _____

_____

(Gefðu eins nákvæmar upplýsingar og þú getur.)

14. Hefur móðir þín einhverja undir sinni stjórn í vinnunni?

NEI ☐ 01

JÁ ☐ 02 ⟶ Hve marga, um það bil? _____

15. Hefur móðir þín einhverja menntun, aðra en skyldunám?

NEI ☐ 01

JÁ ☐ 02 ⟶ Hvaða menntun? _____

_____

(Gefðu eins nákvæmar upplýsingar og þú getur.)

16. Hjá hverjum býrðu?

a) hjá báðum foreldrum ☐ 1
b) bara móður ☐ 2
c) bara föður ☐ 3
d) afa og ömmu ☐ 4
e) öðrum ☐ 5
↳ hverjum? _____

17. Í hvernig húsi býrðu?

Einbýlishúsi ☐ 1
Tvíbýlishúsi ☐ 2
Hús með 3-8 íbúðum ☐ 3
Raðhúsi ☐ 4
Fjölbýlishúsi (blokk) ☐ 5
Annars konar húsi ☐ 6
↳ Hvernig húsi? _____

18. Hve gamlir eru foreldrar þínir?

Móðir _____ ára

Faðir _____ ára

19. Áttu ömmu á lífi? NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

Áttu afa á lífi? NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

Ef þú hefur svarað játandi: Hve oft hittir þú afa þinn eða ömmu að jafnaði? (Átt við þann afa eða þá ömmu, sem þú hittir oftast.)

Daglega ☐ 1
Vikulega ☐ 2
Mánaðarlega ☐ 3
Sjaldnar ☐ 4

Ef þú átt afa eða ömmu á lífi, hvar búa þau? (Ef þú átt tvo afa, áttu að nota báða reitina við afa, og það sama gildir um ömmurnar.)

	móður-afi	föður-afi	móður-amma	föður-amma
Í eigin húsnæði	☐ 1	☐ 1	☐ 1	☐ 1
Í leiguhúsnæði	☐ 2	☐ 2	☐ 2	☐ 2
Heima hjá foreldrum mínum	☐ 3	☐ 3	☐ 3	☐ 3
Hjá öðrum ættingjum	☐ 4	☐ 4	☐ 4	☐ 4
Á elliheimili eða sjúkrahúsi	☐ 5	☐ 5	☐ 5	☐ 5
Annars staðar	☐ 6	☐ 6	☐ 6	☐ 6

↳ Hvar? _____

20. Býr fjölskylda þín í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði?

Eigin húsnæði ☐ 1

Leiguhúsnæði ☐ 2

21. Hefur þú eigið herbergi? NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

22. Hve mörg herbergi eru heima hjá þér? _____ herbergi (eldhús, baðherbergi, geymslur, hol, þvottahús, og gangur ekki talin með.)

SPURNINGAR UM SKÓLANN OG FÉLAGANA.

23. Hvernig líkar þér að vera í skóla? (Settu kross við það, sem þér finnst eiga við þig.)

(Settu aðeins einn kross)

Mjög vel ☐ 1

Vel ☐ 2

Frekar illa ☐ 3

Mjög illa ☐ 4

24. Hvaða námsgrein finnst þér skemmtilegust í skólanum og hver finnst þér leiðinlegust?

	skemmtilegust (aðeins einn kross)	leiðinlegust (aðeins einn kross)
Íslenska	☐ 01	☐ 01
Danska	☐ 02	☐ 02
Enska	☐ 03	☐ 03
Reikningur/stærðfræði	☐ 04	☐ 04
Grasafræði	☐ 05	☐ 05
Dýrafræði	☐ 06	☐ 06
Heilsufræði	☐ 07	☐ 07
Landafræði	☐ 08	☐ 08
Saga	☐ 09	☐ 09
Félagsfræði	☐ 10	☐ 10
Eðlisfræði/efnafræði	☐ 11	☐ 11
Smíði/handavinna	☐ 12	☐ 12
Heimilisfræði(matreiðsla)	☐ 13	☐ 13
Teikning	☐ 14	☐ 14
Tónmennt	☐ 15	☐ 15
Leikfimi	☐ 16	☐ 16
Sund	☐ 17	☐ 17
Annað	☐ 18	☐ 18

↳ Hvað? _____

25. Hefur þú áhuga á einhverri námsgrein, sem ekki eru næg tækifæri til að fást við í skólanum?

NEI ☐ 01

JÁ ☐ 02 →Hvaða grein? _____

26. Hvað fékkstu í aðaleinkunn u.þ.b. á síðasta vorprófi?

_____

27. Hvaða álit hefur þú á að vera í skóla?

(aðeins einn kross)

- Gagnlegt ☐ 1
- Frekar gagnlegt ☐ 2
- Lítils virði ☐ 3
- Einskis virði ☐ 4

28. Hvað reiknar þú með að gera næsta vetur?

- Hætta í skóla ☐ 1
- Landsprófsdeild ☐ 2
- Annað bóknám (valdeildir, verslunardeildir, almennar deildir) ☐ 3
- Verknámsdeild ☐ 4
- Annað ☐ 5
  - ↳ Hvað? _____

29. Ef þú ætlar ekki í skóla næsta vetur:
a) Hefur þú þá hugsað þér að fara í skóla seinna?

NEI ☐ 01

JÁ ☐ 02 → Hvaða skóla? (aðeins einn kross)

a) landsprófsdeild	☐ 03
b) annað bóknám (valdeildir, verslunardeildir, almennar deildir.)	☐ 04
c) verknámsdeild	☐ 05
d) sjómannaskóla	☐ 06
e) húsmæðraskóla	☐ 07
f) tónlistar- eða myndlistar-skóla	☐ 08
g) lýðháskóla	☐ 09
h) annað → hvað? _____	☐ 10

b) Hver er helsta ástæðan fyrir því, að þú ætlar ekki í skóla næsta vetur?

(aðeins einn kross)

a) mér finnst ég ekki hafa nógu góðar einkunnir	☐ 1
b) foreldrar mínir vilja það ekki	☐ 2
c) ég hef ekki áhuga á frekara skólanámi	☐ 3
d) ég vil heldur byrja að vinna	☐ 4
e) ég/foreldrar mínir hafa ekki efni á því	☐ 5
f) annað → hvað? _____	☐ 6

30. Ef þú ætlar að halda áfram í skóla, nú eða seinna, hvaða menntun (lokapróf) hefur þú áhuga á að fá?

(aðeins einn kross)

Ljúka grunnskóla	☐	01
Landspróf	☐	02
Iðnskólapróf	☐	03
Sjómannaskólapróf	☐	04
Loftskeytaskólapróf	☐	05
Símvirkjapróf	☐	06
Stúdentspróf	☐	07
Hjúkrunar- eða fóstruskólapróf	☐	08
Kennarapróf	☐	09
Húsmæðraskólapróf	☐	10
Háskólapróf	☐	11
Tækniskólapróf	☐	12
Verslunarskólapróf	☐	13
Samvinnuskólapróf	☐	14
Próf úr leiklistarskóla	☐	15
Próf úr tónlistar- eða myndlistarskóla	☐	16
Annað	☐	17

↳ Hvað? _____

31. Hefur þú ákveðið hvað þú ætlar að starfa við í framtíðinni?

NEI, alveg óákveðinn	☐	1
Nokkuð ákveðinn	☐	2
JÁ, alveg ákveðinn	☐	3

32. Ef þú hefðir alveg frjálst val, hvaða 2 störf gætir þú helst hugsað þér? Skrifaðu fyrst það sem þú vildir helst vera, þar næst nr. 2.

1. _____

2. _____

33. Hefur þú fengið upplýsingar í skólanum um hvaða starf þú getur fengið að námi þínu loknu?

NEI	☐ 1
JÁ, en vildi fá meiri	☐ 2
JÁ, nægar	☐ 3

Hér á eftir biðjum við þig að taka afstöðu til nokkurra atriða, sem skipta miklu máli, þegar maður velur sér atvinnu. Þú þarft ekki að hafa ákveðið framtíðarstarf þitt til að geta svarað þeim.

34. Hægra megin við hvern lið eru 4 reitir. Settu kross í þann reit, sem best passar við skoðun þína á því hvað skiptir mestu máli í sambandi við val á framtíðarstarfi. (Krossaðu við alla liðina, a), b), c) o.s.frv.)

	mjög mikil-vægt	mikil-vægt	ekki sér-lega mikil-vægt	skiptir ekki máli
a) að starfið sé spennandi og skemmtilegt	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
b) að vinnan krefjist þess ekki, að ég þurfi að fara aftur í skóla	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
c) að ég þurfi ekki að hugsa mikið um það sem ég vinn við	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
d) að möguleikar séu á aukinni kunnáttu og menntun innan starfsgreinarinnar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

	mjög mikil-vægt	mikil-vægt	ekki sér-lega mikil-vægt	skiptir ekki máli
e) að ég geti sjálfur ráðið hvernig ég haga vinnu minni	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
f) að vera ánægður með starfið, þó það sé ekki vel launað	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
g) að það séu möguleikar á stöðuhækkun	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
h) að ég geti sjálfur skipulagt vinnudag minn	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
i) að vinnan taki ekki of mikinn tíma eða orku, því frístundirnar eru það mikilvægasta	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
j) að það sé ekki mikið atvinnuleysi innan starfsgreinarinnar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
k) að kaupið sé hátt	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

35a) Við hvern myndir þú helst ráðfæra þig um val á framtíðarstarfi? (Krossaðu við alla þá, sem þú myndir helst ráðfæra þig við.) (2)

a) föður ☐ 1
b) móður ☐ 1
c) systkini ☐ 1
d) ömmu/afa ☐ 1
e) aðra ættingja ☐ 1
f) kennara ☐ 1
g) vini mína ☐ 1
h) engan ☐ 1
i) aðra ☐ 1
↳ hverja? _____

b) Á hverjum neðangreindum myndirðu taka mest mark?
(Settu kross við þann, sem við á og merktu aðeins við einn lið.)

- a) föður ☐ 01
- b) móður ☐ 02
- c) systkini ☐ 03
- d) ömmu/afa ☐ 04
- e) aðra ættingja ☐ 05
- f) kennara ☐ 06
- g) vini mína ☐ 07
- h) engan ☐ 08
- i) aðra ☐ 09
  - → hverja? _____

36. Ertu uppnefnd(ur) í skólanum?
(Ekki átt við gælunafn.)

- a) NEI, ekki svo ég viti ☐ 1
- b) JÁ, en tek það ekki nærri mér ☐ 2
- c) JÁ, og mér finnst það leiðinlegt ☐ 3

37. Finnst þér þú stundum vera tekin(n) fyrir eða auðmýkt(ur) af kennurum?

- NEI, aldrei ☐ 1
- JÁ, af einum þeirra ☐ 2
- JÁ, af fleiri en einum ☐ 3

38. Krossaðu við alla liðina, a), b), c) o.s.frv.

	NEI, aldrei	JÁ, stundum	JÁ, oft
a) finnst þér bekkjarfélagar þínir skilja þig útundan?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
b) ertu með bekkjarfélögum þínum í frímínútum?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
c) er þér strítt af sérstökum hópi nemenda?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
d) ertu lamin(n) af sérstökum hópi nemenda?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
e) er þér strítt eða ertu lamin(n) af sérstökum hópi nemenda utan skólatíma?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
f) ertu hrædd(ur) við að fara í skólann?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
g) skróparðu í skólanum?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
h) ertu með bekkjarfélögum þínum í frístundum?	☐ 1	☐ 2	☐ 3

39. Ef þú mættir ráða, hvað af eftirfarandi vildir þú helst vera í bekknum?

	(aðeins einn kross)
Duglegust/duglegastur að læra	☐ 1
Sterkust/sterkastur	☐ 2
Laglegust/laglegastur eða mest aðlaðandi	☐ 3
Vinsælust/vinsælastur	☐ 4
Skemmtilegust/skemmtilegastur	☐ 5
Köldust/kaldastur	☐ 6

	NEI, aldrei	JÁ, stundum	JÁ, oft
40a) Tekur þú stundum þátt í því að stríða einhverjum skólafélaga þinna, sem er einn sér?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
b) tekur þú stundum þátt í því að lemja einhvern skólafélaga þinna, sem er einn sér?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
c) finnst þér skólafélagar þínir þvinga þig til að taka þátt í barsmíðum eða stríðni?	☐ 1	☐ 2	☐ 3

41. Hver er helsta ástæðan fyrir því, að nemanda, sem er einn sér, er strítt eða hann laminn? (Settu aðeins einn kross.)

- ☐ 01 Hún/hann er öðruvísi en hinir í útliti eða klæðaburði
- ☐ 02 Hún/hann er feimin(n)
- ☐ 03 Hún/hann er heimsk(ur)
- ☐ 04 Hún/hann er montin(n)
- ☐ 05 Hún/hann vill ekki vera með öðrum
- ☐ 06 Hún/hann er kennarasleikja
- ☐ 07 Hún/hann er ekki nógu hörð/harður að berja frá sér
- ☐ 08 Annað
  - → Hvað? _____

42a) Hve oft kemur það fyrir, að einstökum nemendum er strítt af skólafélögum?

- ☐ 1 Næstum því aldrei
- ☐ 2 Í hverri viku
- ☐ 3 Daglega
- ☐ 4 Oft á dag

b) Hve oft kemur það fyrir, að einstakir nemendur eru lamdir af skólafélögum?

Næstum því aldrei	☐ 1
Í hverri viku	☐ 2
Daglega	☐ 3
Oft á dag	☐ 4

43. Hver stendur fyrir því, að einstökum nemendum er strítt eða þeir lamdir í skólanum?

	Aldrei	Stundum	Oft
Ég ásamt öðrum	☐ 1	☐ 2	☐ 3
Ákveðinn hópur skólafélaga minna	☐ 1	☐ 2	☐ 3

44. Hvar gerist það <u>oftast</u>, að nemendum er strítt eða þeir lamdir?

	(aðeins <u>einn</u> kross)
Í frístundum utan skólans	☐ 1
Á leiðinni til eða frá skóla	☐ 2
Á svæðinu við skólann/skólaporti	☐ 3
Á skólagöngunum	☐ 4
Á klósettum skólans	☐ 5
Í kennslustofum	☐ 6

45. Tekur þú stundum þátt í því að gera at í kennara/kennurum?

NEI, aldrei	☐ 1
JÁ, stundum	☐ 2
JÁ, oft	☐ 3

46. Hver stendur fyrir því að gera at í kennara/kennurum? (Krossaðu við báða liðina.)

	Aldrei	Stundum	Oft
Ég ásamt öðrum	☐ 1	☐ 2	☐ 3
Ákveðinn hópur skólafélaga minna	☐ 1	☐ 2	☐ 3

47. Hver er helsta ástæðan fyrir því, að þannig er farið með kennara? (Settu aðeins einn kross.)

- Hún/hann er montin(n) ☐ 01
- Hún/hann er ekki nógu ákveðin(n) ☐ 02
- Hún/hann er aldrei skemmtileg(ur) eða fjörug(ur) ☐ 03
- Hún/hann hefur ekki nógu mikla reynslu ☐ 04
- Hún/hann er slæm(ur) á taugum eða uppstökk(ur) ☐ 05
- Hún/hann er ósanngjörn/ósanngjarn ☐ 06
- Hún/hann er of ströng/strangur ☐ 07
- Til að fá fjör í leiðinlega tíma ☐ 08
- Annað ☐ 09

  ↳ Hvað? _____

48. Ýmsar skoðanir eru uppi um það hvernig skólinn á að vera, hverju eigi að breyta o.s.frv. Hér að neðan eru nokkrar staðhæfingar um þessi mál og við viljum biðja þig að taka afstöðu til þeirra. (Krossaðu við alla liðina, a), b), c) o.s.frv.)

	algjörlega ósammála	frekar ósammála	frekar sammála	alveg sammála
a) kennarar ættu að sjá betur um, að þeir nemendur, sem vilja vinna vel að náminu, fái frið til þess	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

	algjörlega ósammála	frekar ósammála	frekar sammála	alveg sammála
b) kennararnir ættu að aðstoða meira þá nemendur, sem finnst þeir vera útundan eða sem eiga við persónuleg vandamál að stríða	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
c) skólastarfið einkennist of mikið af samkeppni, það ætti að leggja meiri áherslu á hópvinnu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
d) bestu nemendurnir ættu að fá að vera í sérstökum bekkjum til þess að fá að læra meira	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
e) meiri áherslu ætti að leggja á, að öllum líði vel í skólanum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
f) kennarar ættu að taka ólæti fastari tökum og halda uppi strangari aga	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
g) það ætti að vera mikilvægara að skapa traustan og góðan félagsskap meðal nemenda, heldur en að kenna þeim námsgreinarnar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
h) ég er ánægður með félagslífið í skólanum eins og það er	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
i) til að auka tengsl innan bekkjarins og við kennarann, ættu að vera færri nemendur í hverjum bekk	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
j) nemendur ættu að ráða meiru um hvernig skólastarfið fer fram	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
k) hvað sem öllu líður, er mikilvægasta verkefni kennarans að kenna nemendunum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
l) það ætti að leggja niður einkunnakerfið vegna þess, að það skapar minnimáttarkennd hjá þeim, sem gengur illa að læra	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

49. Hvaða aldursskeið álítur þú vera hamingjuríkast og hvaða aldursskeið heldur þú, að hafi flest vandamál í för með sér? (Settu aðeins einn kross í hvorn dálk.)

	hamingjuríkasta aldursskeiðið	erfiðasta aldursskeiðið
0-5 ára	☐ 01	☐ 01
5-10 "	☐ 02	☐ 02
11-13 "	☐ 03	☐ 03
14-16 "	☐ 04	☐ 04
17-20 "	☐ 05	☐ 05
20-30 "	☐ 06	☐ 06
30-40 "	☐ 07	☐ 07
40-50 "	☐ 08	☐ 08
50-60 "	☐ 09	☐ 09
60-70 "	☐ 10	☐ 10
70-80 "	☐ 11	☐ 11
80-90 "	☐ 12	☐ 12

SAMSKIPTI VIÐ FORELDRA.

50. Hve mikil samskipti hefur þú við föður þinn og móður (átt við uppeldis- og fósturforeldra, ef um er að ræða), og hve mikið ert þú með systkinum þínum eða félögum eftir skólatíma (fyrir utan matmálstíma)? (Krossaðu við alla liðina a, b, c, o.s.frv. og settu einn kross fyrir virka daga og annan fyrir helgar.)

		alls ekki	u.þ.b. 1 tíma á dag	2-3 tíma á dag	4 tíma eða meira á dag
a) MÓÐUR	virka daga	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
	um helgar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
b) FÖÐUR	virka daga	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
	um helgar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
c) SYSTKINUM	virka daga	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
	um helgar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
d) FÉLÖGUM	virka daga	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
	um helgar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
e) ER EIN/EINN út af fyrir mig	virka daga	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
	um helgar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

51. Hvernig koma foreldrar þínir fram við þig?

	móðir (aðeins einn kross)	faðir (aðeins einn kross)
Mér finnst þau oftast koma fram við mig sem barn	☐ 1	☐ 1
Mér finnst þau oftast koma fram við mig sem fullorðinn	☐ 2	☐ 2
Mér finnst þau stundum koma fram við mig sem barn og stundum sem fullorðinn	☐ 3	☐ 3

52. Hvað gerir þú og foreldrar þínir þegar þið eruð saman? (Krossaðu við alla liðina, a), b), c) o.s.frv. og settu kross fyrir aftan bæði föður og móður.) 3

		aldrei	stundum	oft
a) við tölum saman um persónuleg vandamál	við móður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	við föður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
b) tölum saman um aðra hluti	við móður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	við föður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
c) rífumst	við móður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	við föður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
d) horfum á sjónvarp	með móður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	með föður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
e) gerum eitthvað saman (t.d. tómstundagaman, spil, íþróttir)	með móður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	með föður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
f) förum eitthvað saman (t.d. í heimsókn, bíltúr)	með móður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	með föður	☐ 1	☐ 2	☐ 3

53. Ef þú talar við foreldra þína um eitthvert vandamál, sem aðallega varðar sjálfan þig, hver ákveður þá oftast, hvernig á að leysa það?

	(aðeins einn kross)
Ég sjálf/sjálfur	☐ 1
Móðir mín	☐ 2
Faðir minn	☐ 3
Móðir mín og faðir saman	☐ 4
Móðir mín og ég saman	☐ 5
Faðir minn og ég saman	☐ 6
Við öll í sameiningu	☐ 7

54. Hvað heldur þú, að <u>móður þinni og föður</u> finnist um þig?

	móðir (aðeins einn kross)	faðir (aðeins einn kross)
Þeim þykir vænt um mig og taka mig eins og ég er	☐ 1	☐ 1
Þeim líkar vel við mig, en finnst ég mætti vera svolítið öðruvísi	☐ 2	☐ 2
Þau kæra sig ekki um mig eins og ég er	☐ 3	☐ 3

55. Til hvers leitar þú þegar þú átt við vandamál að stríða og þarfnast góðra ráða? (Krossaðu við alla liðina a, b, c, d, e, og settu <u>einn</u> kross við hvern.)

	aldrei	stundum	oft
a) móður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
b) föður	☐ 1	☐ 2	☐ 3
c) systkina	☐ 1	☐ 2	☐ 3
d) félaga	☐ 1	☐ 2	☐ 3
e) annarra	☐ 1	☐ 2	☐ 3

↳ hverra?_____

56. Finnst þér, að foreldrar þínir skilji þig þegar þú þarft að tala við þau um vandamál, sem varða sjálfa(n) þig?

	NEI, aldrei	JÁ, stundum	JÁ, oftast
Móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
Faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3

57. Hvernig bregðast foreldrar þínir þá við? (Krossaðu við alla liðina a, b, c, d, e, og settu kross fyrir aftan <u>bæði</u> föður og móður.)

		aldrei	stundum	oft
a) þau taka því vel og sýna mér skilning og áhuga	móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
b) þau hlusta á mig en sýna ekki sérstakan áhuga	móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
c) þau byrja að tala um eitthvað annað (láta eins og þau hafi ekki heyrt hvað ég var að segja)	móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
d) þau skamma mig	móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
e) þau þræta sín á milli		☐ 1	☐ 2	☐ 3
f) þau hlusta á mig og sýna áhuga, en skilja mig ekki	móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3

58. Hvað leyfa foreldrar þínir þér að gera?
(Settu einn kross við móður þína og annan við föður þinn.)

	móðir (aðeins einn kross)	faðir (aðeins einn kross)
Allt það, sem mig langar til að gera	☐ 1	☐ 1
Margt af því, sem mig langar til að gera	☐ 2	☐ 2
Sumt af því, sem mig langar til að gera	☐ 3	☐ 3
Mjög lítið af því, sem mig langar til að gera	☐ 4	☐ 4

59. Hvernig bregðast móðir þín og faðir við, þegar þú hefur gert eitthvað af þér? (Krossaðu við alla liðina a, b, c, d, e, og settu einn kross fyrir aftan bæði föður og móður.)

		aldrei	stundum	oft
a) skammast	móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
b) verða leið	móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
c) refsa mér	móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
d) skýra út fyrir mér, hvers vegna það var rangt, sem ég gerði	móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
e) gera ekkert	móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3
	faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3

60. Hve mikinn áhuga finnst þér móðir þín og faðir sýna þér? (Settu einn kross við móður þína og annan við föður þinn.)

	móðir (aðeins einn kross)	faðir (aðeins einn kross)
Eru of áhugasöm og afskiptasöm	☐ 1	☐ 1
Eru mjög áhugasöm, og það er ég ánægð(ur) með	☐ 2	☐ 2
Sýna dálítin áhuga, og það er ég ánægð(ur) með	☐ 3	☐ 3
Þau eru ekki áhugasöm, og það er ég ánægð(ur) með	☐ 4	☐ 4
Sýna of lítinn áhuga	☐ 5	☐ 5

61. Finnst þér, að þið í fjölskyldunni séuð opin/heiðarleg gagnvart hvort öðru, og látið tilfinningar ykkar í ljós (t.d. með því að segja það, sem maður raunverulega meinar og finnst)?

	aldrei	stundum	oft
Ég sjálf/sjálfur	☐ 1	☐ 2	☐ 3
Móðir mín	☐ 1	☐ 2	☐ 3
Faðir minn	☐ 1	☐ 2	☐ 3
Systkini mín	☐ 1	☐ 2	☐ 3

62. Hvernig er samkomulagið innan fjölskyldunnar?

Mjög gott	☐ 1
Gott	☐ 2
Fremur slæmt	☐ 3
Mjög slæmt	☐ 4

63. Hvernig finnst þér sambandið milli foreldra þinna vera? (Settu aðeins einn kross.)

- Ástúðlegt ☐ 1
- Vingjarnlegt ☐ 2
- Fremur stirt ☐ 3
- Kuldalegt ☐ 4
- Mjög slæmt ☐ 5

64. Hve mikla vasapeninga færð þú að meðaltali á viku frá foreldrum þínum?

- Enga ☐ 1
- 100-500 kr. ☐ 2
- 600-1000 " ☐ 3
- 1100-1500 " ☐ 4
- 1600-2000 " ☐ 5
- 2100-2500 " ☐ 6
- 2600-3000 " ☐ 7
- 3100 eða meira ☐ 8

65a) Hefurðu launaða vinnu með skólaþum nú í vetur? (t.d. í búð, við sendiferðir.)

- NEI ☐ 1
- JÁ ☐ 2

Ef þú hefur svarað játandi: Hve marga tíma vinnurðu að meðaltali á viku?

- 1-5 klst. ☐ 1
- 6-10 " ☐ 2
- 11-15 " ☐ 3
- 16-20 " ☐ 4
- 21 eða meira ☐ 5

Hvað hefur þú að meðaltali í laun á viku fyrir þessa vinnu?

u.þ.b.	100-1000 kr.	☐	1
"	1100-2000 "	☐	2
"	2100-3000 "	☐	3
"	3100-4000 "	☐	4
"	4100-5000 "	☐	5
"	5100 eða meira	☐	6

b) hafðir þú launaða vinnu síðastliðið sumar?

NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

Ef þú hefur svarað játandi: Hve miklar tekjur hafðir þú?

0-30.000	kr.	☐	1
31.000-60.000	"	☐	2
61.000-100.000	"	☐	3
101.000-150.000	"	☐	4
151.000 eða meira		☐	5

66. Ef þú hefur ekki vinnu núna, myndirðu vilja vinna með skólanum, ef þú hefðir tækifæri til þess?

NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

SPURNINGAR UM EIGIN LÍÐAN.

67. Næstu spurningar fjalla um hvernig þér líður. Þess vegna eru ekki til nein rétt eða röng svör við þeim. Þú átt bara að setja kross í þann reit, sem þér finnst eiga best við þig.

	aldrei	stundum	oft
a) hve oft áttu erfitt með svefn?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
b) hve oft færðu höfuðverk?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
c) hve oft finnur þú til þreytu, þó þú hafir ekki reynt neitt sérstakt á þig?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
d) hve oft finnst þér þú vera taugaóstyrk(ur) eða niður-dregin(n)?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
e) hve oft finnst þér, að þú skiptir skapi, án þess að þú skiljir ástæðuna?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
f) hve oft finnst þér þú vera kvíðin(n) eða eirðarlaus?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
g) hve oft átt þú í erfiðleikum með að einbeita þér að því, sem þú ætlar að gera?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
h) hve oft finnst þér þú særð(ur) vegna einhvers sem sagt hefur verið við þig?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
i) hve oft finnst þér þú vera spennt(ur) á taugum og óróleg(ur)?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
j) hve oft hefur þú miklar áhyggjur af einhverju?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
k) hve oft græturðu þegar þú ert ein/einn?	☐ 1	☐ 2	☐ 3

TÓMSTUNDIR OG ÞÁTTTAKA Í FÉLÖGUM/KLÚBBUM.

(4)

Nú langar okkur til að spyrja þig um, hvað þú gerir í tómstundum þínum.

68. Hefurðu tekið þátt í starfi eftirtalinna félaga/klúbba? (Krossaðu við alla liðina, a), b), c) og d) og settu aðeins einn kross við hvern lið.)

	NEI, aldrei	JÁ, en geri það ekki lengur	JÁ, geri það núna
a) íþróttafélag	☐ 1	☐ 2	☐ 3
b) skátahreyfingin	☐ 1	☐ 2	☐ 3
c) tómstundastarf Æskulýðsráðs (þar á meðal Fellahellir og Tónabær.)	☐ 1	☐ 2	☐ 3
d) önnur félög/klúbbar	☐ 1	☐ 2	☐ 3

→ hvaða? _____

_____

(Þeir sem ekki eru þátttakendur í félögum/klúbbum eiga næst að svara spurningu 71 eða 72, bls. 30 eða 31.)

69. Þú ert beðinn að svara þessari spurningu og þeirri næstu ef þú ert þátttakandi í einu eða fleiri félögum/klúbbum. Okkur langar til að vita hve miklum tíma þú eyðir að meðaltali á viku í því félagi/klúbb, sem þú ert þátttakandi í. (Krossaðu við alla liðina, a), b), c), og d), og settu aðeins einn kross við hvern lið.)

	0-2	3-5	6-8	yfir 8 tíma á viku
a) íþróttafélag	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
b) skátahreyfingin	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
c) tómstundastarf Æskulýðsráðs (þ.á.m. Fellahellir og Tónab.)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
d) önnur félög/klúbbar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

→ hvaða? _____

70. ATH. Í þessari spurningu og þeirri næstu átt þú að setja einn kross í hvern lóðréttan dálk, þ.e.a.s. aðeins einn kross í reitina fyrir neðan "íþróttafélag", einn kross í reitina fyrir neðan "skátahreyfingin" o.s.frv.

Hvers vegna ert þú þáttakandi í félagi/klúbbi?
(Krossaðu við helstu ástæðuna fyrir því, að þú ert með í þessari starfsemi.)

	íþrótta-félag (aðeins einn kross)	skátahreyf-ingin (aðeins einn kross)	tómst. Æskulýðs. (aðeins einn kross)	önnur fé-lög/klúbbar (aðeins einn kross)
a) vegna þess að félagar mínir/systkini voru þátttakendur	☐ 01	☐ 01	☐ 01	☐ 01
b) foreldrar mínir vilja, að ég sé þáttakandi	☐ 02	☐ 02	☐ 02	☐ 02
c) það eru svo góðir leiðbeinendur/stjórnendur í félaginu/klúbbnum	☐ 03	☐ 03	☐ 03	☐ 03
d) starfsemin fer fram í næsta nágrenni við heimili mitt	☐ 04	☐ 04	☐ 04	☐ 04
e) mér finnst ég læra heilmikið á því að vera með	☐ 05	☐ 05	☐ 05	☐ 05
f) ég hef mikinn áhuga á því sem þar fer fram	☐ 06	☐ 06	☐ 06	☐ 06
g) ég er skotin(n) í strák/stelpu, sem er með í starfseminni	☐ 07	☐ 07	☐ 07	☐ 07
h) ég hef ekkert annað að gera	☐ 08	☐ 08	☐ 08	☐ 08
i) önnur ástæða	☐ 09	☐ 09	☐ 09	☐ 09

→ hvaða? _____

71. Ef þú hefur verið þáttakandi í einhverju félagi/klúbb en hætt, hvers vegna hættirðu?
(Krossaðu við helstu ástæðuna fyrir því, að þú hefur hætt.)

	íþrótta-félag (aðeins einn kross)	skátahreyf-ingin (aðeins einn kross)	tómst. Æskulýðs. (aðeins einn kross)	önnur fé-lög/klúbbar (aðeins einn kross)
a) ég fékk önnur áhugamál	☐ 01	☐ 01	☐ 01	☐ 01
b) það var of langt þangað	☐ 02	☐ 02	☐ 02	☐ 02
c) ég hafði ekki tíma til þess	☐ 03	☐ 03	☐ 03	☐ 03
d) félagar mínir hættu	☐ 04	☐ 04	☐ 04	☐ 04
e) mér líkaði ekki við stjórnend-urna/leiðbein-endurna	☐ 05	☐ 05	☐ 05	☐ 05
f) félagið/klúbb-urinn var of gamaldags	☐ 06	☐ 06	☐ 06	☐ 06
g) ég varð óvin-sæl(l) í félags-skapnum	☐ 07	☐ 07	☐ 07	☐ 07
h) mér fannst ekki gaman	☐ 08	☐ 08	☐ 08	☐ 08
i) önnur ástæða	☐ 09	☐ 09	☐ 09	☐ 09

→ hver? _____

72. Ef þú hefur aldrei verið þáttakandi í neinu félagi/klúbb, hver er þá ástæðan? (Krossaðu við helstu ástæðuna.)

(Settu aðeins einn kross)

a) sú starfsemi, sem ég hef áhuga á, er of langt í burtu ☐ 1

b) félagar mínir eru heldur ekki þáttakendur í neinu félagi/klúbb ☐ 2

c) ég hef ekki haft sérstakan áhuga á félagsstarfseminni ☐ 3

d) mér líkar ekki við þá, sem taka þátt í þeirri starfsemi, sem ég hef áhuga á ☐ 4

e) ég á erfitt með að komast í samband við jafnaldra mína ☐ 5

f) önnur ástæða ☐ 6

→ hver? _____

_____

Nú langar okkur að fá að vita hvort þú hefur stundað íþróttir í frístundum þínum í vetur og þá hvers vegna. Það skiptir ekki máli hvaða íþróttir þú hefur stundað eða hvar þú hefur stundað þær. Hvort sem það hefur gerst í kjallaranum heima hjá þér, úti á íþróttavelli, í sundlaug eða annars staðar,skaltu telja það með. (Spurningarnar um þetta eru á næstu síðu.)

73. Ef þú stundar íþróttir í frístundum þínum, hver er þá helsta ástæðan?

(aðeins einn kross)

a) félagar mínir stunda íþróttir ☐ 01

b) foreldrar mínir hvetja mig til þess að taka þátt í íþróttum ☐ 02

c) þar sem ég bý eru næg tækifæri til þess að stunda íþróttir ☐ 03

d) íþróttaiðkun er holl ☐ 04

e) ég hef alltaf staðið mig vel í íþróttum ☐ 05

f) ég hef mikinn áhuga á íþróttum ☐ 06

g) það er svo margt annað um að vera í íþróttafélaginu ☐ 07

h) foreldrar mínir stunda íþróttir ☐ 08

i) önnur ástæða ☐ 09

→ hver? _____

74. Ef þú stundar ekki íþróttir í frístundum þínum, hver er þá helsta ástæðan?

(aðeins einn kross)

a) ég hef ekki tækifæri til þess að iðka þá íþróttagrein, sem ég gjarnan vildi af því að það er of langt í burtu ☐ 01

b) vegna veikinda eða fötlunar ☐ 02

c) ég hef ekki sérstakan áhuga á íþróttum ☐ 03

d) það er of dýrt ☐ 04

e) foreldrar mínir hafa ekki áhuga á því, að ég stundi íþróttir ☐ 05

f) félagar mínir stunda ekki íþróttir ☐ 06

g) ég er ekki góður í íþróttum ☐ 07

h) önnur ástæða ☐ 08

→ hver? _____

75. Hvaða bækur lestu? Hve oft? (Krossaðu við alla liðina a), b), c) o.s.frv.)

	aldrei	2-3 sinnum í mánuði	1 sinni í viku	2-3 sinnum í viku	svo til daglega
a) barna- og unglinga-bækur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
b) fagbækur (t.d. um sér-stök áhugamál þín, svo sem tækni, frímerki, skák, íþróttir o.s.frv.)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
c) íslenskar skáldsögur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
d) ævisögur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
e) Íslendingasögurnar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
f) þýddar skáldsögur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
g) ljóðabækur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
h) bækur um þjóðlegan fróðleik	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
i) bækur á erlendum tungumálum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

76. Hvaða blöð og tímarit lestu? Hve oft? (Krossaðu við alla liðina, a), b), c) o.s.frv.)

	aldrei	2-3 sinnum í mánuði	1 sinni í viku	2-3 sinnum í viku	svo til daglega
a) dagblöð	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
b) íslensk vikublöð	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
c) dönsku blöðin	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
d) önnur erlend tímarit eða vikublöð (t.d.um popp, íþróttir o.fl.)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
e) teiknimyndablöð	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
f) mánaðarrit (t.d. Sannar sögur, Tígulgosinn, Samúel)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
g) annað	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

└→hvað? _____

77a) Lestu dagblöð?

NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

Ef þú hefur svarað játandi: Hvaða dagblöð lestu?

	aldrei	2-3 sinnum í mánuði	1 sinni í viku	2-3 sinnum í viku	svo til daglega
Alþýðublaðið	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
Dagblaðið	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
Morgunblaðið	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
Tímann	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
Vísi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
Þjóðviljann	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

b) Hvað lestu í dagblöðunum? (Krossaðu við öll þau atriði, sem við eiga.)

Fyrirsagnir ☐ 1

Stjörnuspána ☐ 1

Stjórnmálagreinar ☐ 1

Innlendar fréttir ☐ 1

Auglýsingar ☐ 1

Íþróttafréttir ☐ 1

Erlendar fréttir ☐ 1

Greinar um popp/poppsíður ☐ 1

Teiknimyndasögur ☐ 1

Minningargreinar ☐ 1

Fræðslugreinar ☐ 1

Fréttir af frægu fólki (t.d. "NÚ-síðan", "Fólk í fréttum" o.s.frv.) ☐ 1

Annað ☐ 1

↳ Hvað? _____

78. Hvað gerirðu helst í frístundum þínum? (Krossaðu við alla liðina, a), b), c) o.s.frv.)

(5)

	aldrei	2-3 sinnum í mánuði	1 sinni í viku	2-3 sinnum í viku	svo til daglega
a) fer í bíó	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
b) les bækur (aðrar en námsbækur)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
c) stunda íþróttir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
d) hlusta á tónlist	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
e) fer í heimsókn til ættingja minna	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
f) horfi á sjónvarp	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
g) hlusta á útvarp	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
h) sinni áhugamálum mínum heima (t.d. handavinnu, frímerkjasöfnun, teiknun o.s.frv.)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
i) æfi söng eða hljóðfæraleik	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
j) sit heima hjá fjölskyldunni	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
k) fer í heimsókn til vina og kunningja	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
l) fer að hitta vini og kunningja annars staðar (t.d. úti í sjoppu)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
m) bara þvælist um með félögum mínum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
n) fer í partý	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
o) fer á kappleiki eða íþróttamót	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

	aldrei	2-3 sinnum í mánuði	1 sinni í viku	2-3 sinnum í viku	svo til daglega
p) fer á dansleiki/ diskótek (ekki átt við dansleiki í skólanum)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
q) fer í gönguferðir/ útilegur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
r) stunda hestamennsku	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
s) annað	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

hvað? _____

_____

79. Er eitthvað, sem þig langar til að gera í frístundum þínum, en hefur ekki tækifæri til þess að framkvæma?

NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

Ef þú hefur svarað játandi: Hvað? _____

_____

Hvers vegna er það ekki hægt? _____

_____

(nefndu aðeins helstu ástæðuna)

Nú koma nokkrar spurningar varðandi hnupl, afbrot, prakkarastrik o.fl. Þú getur gengið út frá því sem vísu, að það fá engir aðrir en þeir sem standa að þessari könnun að sjá hverju þú svarar. Þess vegna biðjum við þig að svara eftirfarandi spurningum eins samviskusamlega og þú getur.

	NEI, aldrei	JÁ, einu sinni eða tvisvar	JÁ, oft
80a) Hefur þú nokkurn tíma tekið í leyfisleysi hluti eða áhöld frá bíl, mótorhjóli, skellinöðru eða reiðhjóli?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
b) hefur þú nokkurn tíma tekið bíl í leyfisleysi?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
c) hefur þú nokkurn tíma tekið mótorhjól eða skellinöðru í leyfisleysi?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
d) hefur þú nokkurn tíma tekið reiðhjól í leyfisleysi?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
e) hefur þú nokkurn tíma tekið eitthvað, sem tilheyrði skólanum án þess að fá leyfi?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
f) hefur þú nokkurn tíma tekið vörur úr búðum eða sjoppum án þess að borga?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
g) hefur þú nokkurn tíma tekið öskubakka, glös, hnífapör eða annað á veitingahúsum eða dansstöðum?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
h) hefur þú nokkurn tíma tekið peninga eða aðra hluti í leyfisleysi frá foreldrum þínum eða öðrum í fjölskyldunni?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
i) hefur þú nokkurn tíma hnuplað peningum eða öðrum hlutum frá félögum þínum?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
j) hefur þú nokkurn tíma tekið þátt í annars konar hnupli en nefnt er hér að ofan?	☐ 1	☐ 2	☐ 3

	NEI, aldrei	JÁ, einu sinni eða tvisvar	JÁ, oft
k) hefurðu nokkurn tíma stungið upp lás eða notað þjófalykil, brotið upp lás, rúðu eða dyr til þess að komast inn í annarra manna hús?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
l) hefurðu nokkurn tíma keypt eða selt eitthvað, sem þú vissir, að var stolið?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
m) hefurðu nokkurn tíma barið einhvern eða hótað einhverjum með barsmíð til þess að taka eitthvað frá honum, sem þú áttir ekki?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
n) hefurðu nokkurn tíma barið einhvern eða slegið niður, utan skólatíma?	☐ 1	☐ 2	☐ 3
o) hefurðu nokkurn tíma viljandi eyðilagt götuljós, vegaskilti, símaklefa, póstkassa eða annað þess háttar?	☐ 1	☐ 2	☐ 3

81. Ef þú hefur svarað einni eða fleiri ofangreindum spurningum játandi:

	einn	með fé-laga mínum	með fleiri félögum
a) varstu ein(n) eða með öðrum í þessum tilvikum?	☐ 1	☐ 2	☐ 3

b) hvað varstu gömul/gamall, þegar það gerðist í fyrsta skiptið? _____ ára

c) hvað gerðirðu þá ?

Tók hjól/skellinöðru í leyfisleysi	☐ 01
Tók bíl í leyfisleysi	☐ 02
Hnuplaði frá skólanum	☐ 03
Hnuplaði úr búð/sjoppu	☐ 04
Hnuplaði peningum eða öðrum hlutum heima hjá mér	☐ 05
Vann skemmdarverk (t.d. stútaði rúðu, skemmdi símaklefa o.s.frv.)	☐ 06
Braust inn	☐ 07
Hnuplaði frá félögum mínum	☐ 08
Annað	☐ 09

↳ Hvað? _____

82a) Hefur nokkurn tíma komist upp um eitthvað, sem þú hefur hugsanlega gert af þér?

NEI, aldrei	☐ 1
JÁ, einu sinni eða tvisvar	☐ 2
JÁ, oft	☐ 3

b) Ef þú hefur svarað játandi: Hefur það nokkurn tíma haft það í för með sér, að komið hafi til afskipta lögreglu eða barnaverndarnefndar?

	NEI, aldrei	JÁ, einu sinni eða tvisvar	JÁ, oft
lögreglu	☐ 1	☐ 2	☐ 3
barnaverndarnefndar	☐ 1	☐ 2	☐ 3

ef svo er:

c) Hvað gerðist þá? (Settu kross við öll atriðin.)

	NEI	JÁ
a) fékk aðvörun	☐ 1	☐ 2
b) barnaverndarnefnd hafði eftirlit með mér	☐ 1	☐ 2
c) komið fyrir í sveit eða á upptökuheimili	☐ 1	☐ 2
d) ákæra féll niður	☐ 1	☐ 2
e) fékk sekt	☐ 1	☐ 2
f) annað	☐ 1	☐ 2

→ hvað? _____

83. Krossaðu við hversu sammála eða ósammála þú ert eftirfarandi atriðum.

	algjörlega ósammála	frekar ósammála	frekar sammála	alveg sammála
a) sá sem skilur eftir bílinn sinn eða skellinöðru ólæsta, á sjálfur sök á því ef þeim verður stolið	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
b) ef maður veldur ekki öðrum beinum skaða, þá gerir það ekkert til þó maður brjóti lögin	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
c) maður á að aðstoða lögregluna í erfiðu starfi hennar. Til dæmis með því að segja henni allt það sem maður veit, þegar eitthvert afbrot hefur verið framið	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
d) þeir sem brjóta lögin ættu að fá harðari refsingu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

TÓBAK,FÍKNIEFNI OG ÁFENGI.

84a) Reykir þú sígarettur?

NEI, aldrei	JÁ, en ekki daglega	JÁ,u.þ.b. 1 sígar. á dag	JÁ,2-10 sígar. á dag	JÁ,11-20 sígar. á dag	JÁ,meira en 20 sígar. á dag
☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 6

b) Reykir þú vindla/pípu?

	NEI, aldrei	JÁ, en ekki daglega	JÁ,1-2 sinnum á dag	JÁ,3-10 sinnum á dag	JÁ,10-20 sinnum á dag	JÁ, oftar
Vindla	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 6
Pípu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 6

Ef þú hefur svarað játandi:

c) Hvað varstu gömul/gamall, þegar þú byrjaðir að reykja að staðaldri? _____ ára

85. Hefur þú heyrt erindi eða fengið aðra fræðslu í skólanum um, hvaða hættur notkun fíkniefna hafi í för með sér?

NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

→ hve marga tíma?

1-2 tíma ☐ 3

3-5 " ☐ 4

6-10 " ☐ 5

meira en 10 tíma ☐ 6

86. Hefur þú notað/notarðu eitthvert eftirtalinna fíkniefna?

	NEI, aldrei,	JÁ, 1-2 sinnum	JÁ, 3-5 sinnum	JÁ, 6 sinnum eða oftar	JÁ, reglulega (2svar eða oftar í mánuði)
Hash/marihuana	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
L.S.D.	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
Amfetamín ("speed")	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
Þef-efni ("sniff"-efni, t.d. þynnir, blettavatn, lím)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
Önnur efni	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

Hvaða efni? _____

87. Myndir þú þiggja eða afþakka, ef þér byðust eftirtalin fíkniefni: (Settu aðeins einn kross við hvert efni.)

	þiggja	veit ekki	afþakka
Hash/marihuana	☐ 1	☐ 2	☐ 3
L.S.D.	☐ 1	☐ 2	☐ 3
Amfetamín ("speed")	☐ 1	☐ 2	☐ 3
Þef-efni (t.d. þynnir, blettavatn, lím.)	☐ 1	☐ 2	☐ 3
Önnur efni	☐ 1	☐ 2	☐ 3

Hvaða efni? _____

88. Krossaðu við hversu sammála eða ósammála þú ert eftirtöldum atriðum:

6

	algjörlega ósammála	frekar ósammála	frekar sammála	alveg sammála
a) fólk ætti alls ekki að nota fíkniefni	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
b) það er ekki skaðlegt að reykja hash stöku sinnum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
c) unglingar þurfa ekki að nota mikið af fíkniefnum til að verða háðir þeim	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
d) það ætti að vera löglegt að kaupa hash	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
e) fólki sem selur fíkniefni ætti að refsa miklu harðar en gert er	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
f) það er skaðlegra að reykja hash en margur heldur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

Nú koma nokkrar spurningar um áfengi.

89. Hefur þú heyrt erindi eða fengið aðra fræðslu í skólanum, um hvaða hættur áfengisneysla getur haft í för með sér? (Settu aðeins einn kross)

NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2 → hve marga tíma hefur þú fengið fræðslu um þetta efni?

1-2 tíma ☐ 3

3-5 tíma ☐ 4

6-10 tíma ☐ 5

meira en 10 tíma ☐ 6

90. Hefur þú drukkið áfengi?

NEI, aldrei ☐ 1

JÁ, ☐ 2

Ef þú hefur svarað játandi: Hve oft hefurðu drukkið/drekkurðu eftirtaldar tegundir áfengis?

	1-2 sinnum	3-5 sinnum	u.þ.b. 2-3 í mánuði	u.þ.b. 1 sinni í viku	u.þ.b. 2-3 í viku
Brugg	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
Létt vín (t.d. hvít- og rauðvín, sherry)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
Sterk vín (t.d. vodka, brennivín)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

91. Á hvaða eftirtöldum stöðum hefurðu drukkið/drekkurðu áfengi? (Krossaðu við alla liðina a, b, c, o.s.frv.)

	1-2 sinnum	3-5 sinnum	u.þ.b. 2-3 í mánuði	u.þ.b. 1 sinni í viku	u.þ.b. 2-3 í viku
a) á skemmtistöðum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
b) á skólaböllum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
c) í kvikmyndahúsum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
d) í skólanum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
e) heima hjá mér	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
f) heima hjá kunningjum mínum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
g) í partýum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
h) í bílum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
i) á öðrum stöðum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

→ hvar? _____

92. Hve oft heldur þú, að foreldrar þínir drekki áfengi eitthvað að ráði?
(Settu einn kross fyrir föður og einn kross fyrir móður.)

	aldrei	2-4 á ári	2-3 í mán.	1 sinni í viku	2-3 í viku	svo til daglega
Faðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 6
Móðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 6

93. Krossaðu við hversu sammála eða ósammála þú ert eftirtöldum atriðum (Krossaðu við alla liðina a, b, c, o.s.frv.)

	algjörlega ósammála	frekar ósammála	frekar sammála	alveg sammála
a) fólk ætti alls ekki að bragða áfengi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
b) það er allt í lagi að drekka vín í hófi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
c) unglingar ættu að halda sér frá allri áfengisneyslu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
d) það skaðar nú ekki að "detta í það" öðru hverju	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
e) eitt glas, eða svo, er allt í lagi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
f) þeir, sem drekka mikið skemma bæði fyrir sjálfum sér og öðrum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
g) vín með mat, ætti að vera eðlilegur hlutur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
h) unglingar þurfa ekki að drekka mikið til að verða ofdrykkjumenn	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
i) áfengi ætti að vera miklu ódýrara	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

	algjör-lega ósam-mála	frekar ósam-mála	frekar sam-mála	alveg sam-mála
j) áfengi hefur svo margt slæmt í för með sér, að það ætti að banna það	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
k) 15-16 ára unglingum ætti að vera leyfilegt að kaupa áfengi á veitingastöðum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
l) áfengi er mjög skaðlegt	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
m) áfengið á sök á því, að margir vinnudagar fara forgörðum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
n) það er slæmur vani að drekka í partýum eða veislum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
o) áfengisneysla kemur í veg fyrir notkun fíkniefna	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

KYNÞROSKI OG KYNFERÐISMÁL.

Margir telja, að kynþroskaskeiðið sé mikilvægt tímabil í lífi unglinga. Þið hafið vafalaust tekið eftir því, að sumir verða kynþroska mjög snemma (jafnvel um 10 ára aldur) og aðrir verða ekki kynþroska fyrr en þeir eru orðnir 18 ára gamlir. Ekki er víst, að allir viti, að hvorttveggja er jafn eðlilegt.

Ef það er eitthvað, sem þú ekki skilur, skaltu ekki hika við að rétta upp höndina og biðja um útskýringar.

94. Ert þú komin(n) á kynþroskaskeiðið?

NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

Ef þú hefur svarað játandi:

Hvað varstu gömul/gamall, þegar þú komst að því, að þú varst komin(n) á kynþroskaskeiðið? _____ ára

Hvað sannfærði þig um, að þú værir komin(n) á kynþroskaskeiðið?

Fór í mútur	☐ 1
Fékk sáðlát	☐ 1
Byrjaði að hafa blæðingar ("fór á túr")	☐ 1
Hár fór að vaxa á kynfærum	☐ 1
Ytri líkamsbreytingar (t.d. stækkun á brjóstum eða kynfærum, breyting á vaxtarlagi o.s.frv.)	☐ 1
Fékk bólur/fílapensla	☐ 1
Aukinn áhugi á hinu kyninu	☐ 1
Skapbreytingar (t.d. uppstökk(ur), pirruð/pirraður o.s.frv.)	☐ 1
Annað	☐ 1

Hvað? _____

Hafðir þú fengið upplýsingar um það áður, hvað gerist þegar maður verður kynþroska? (Þú mátt setja fleiri en einn kross.)

NEI	☐ 1
JÁ, hjá föður mínum	☐ 1
JÁ, hjá móður minni	☐ 1
JÁ, í skólanum	☐ 1
JÁ, hjá félögum mínum	☐ 1
JÁ, hjá systkinum mínum	☐ 1
JÁ, í sjónvarpi eða blöðum	☐ 1
JÁ, í bókum	☐ 1
JÁ, annars staðar	☐ 1

Hvar? _____

95. Hefur þú fengið fræðslu eða upplýsingar um eftirtalin efni? (t.d. hjá félögum, skóla, foreldrum eða annars staðar.) (Krossaðu við alla liðina a), b), c) o.s.frv.)

	NEI	JÁ
a) samfarir (sofa hjá)	☐ 1	☐ 2
b) meðgöngu og fæðingu	☐ 1	☐ 2
c) sjálfsfróun	☐ 1	☐ 2
d) getnaðarvarnir	☐ 1	☐ 2
e) blæðingar (tíðir, fara á túr)	☐ 1	☐ 2
f) sáðlát í svefni	☐ 1	☐ 2
g) kynsjúkdóma	☐ 1	☐ 2
h) mismunandi aðferðir við samfarir	☐ 1	☐ 2
i) menn sem tæla börn	☐ 1	☐ 2
j) kynvillu	☐ 1	☐ 2
k) annað	☐ 1	☐ 2

hvað? _____

96. Hvað varstu gömul/gamall, þegar þú fékkst fyrst fræðslu um þessi efni? _____ ára

97. Um hvað af því sem nefnt er í spurningu 95, fékkstu fræðslu þá? (Settu kross í þann reit sem við á, og krossaðu aðeins í einn reit.)

a	b	c	d	e	f	g	h	i	j	k
☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐	☐
01	02	03	04	05	06	07	08	09	10	11

7

98. Ef þú hefur fengið fræðslu um kynferðismál, hvar fékkstu þá fræðslu? (Settu kross í alla þá reiti sem við eiga.)

JÁ, í skólanum ☐ 1

JÁ, hjá föður mínum ☐ 1

JÁ, hjá móður minni ☐ 1

JÁ, hjá félögum mínum ☐ 1

JÁ, hjá systkinum mínum ☐ 1

JÁ, í sjónvarpi eða blöðum ☐ 1

JÁ, í bókum ☐ 1

JÁ, annars staðar ☐ 1

→ Hvar? _____

99. Telur þú, að börn og unglingar eigi að fá fræðslu um kynferðismál?

NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

Ef þú hefur svarað játandi: Hvenær telur þú, að kynferðisfræðsla eigi að hefjast?

a) 7 ára eða fyrr ☐ 1
b) 8-10 ára ☐ 2
c) 10-12 ára ☐ 3
d) 12-15 ára ☐ 4
e) 15-17 ára ☐ 5
f) síðar ☐ 6

Hver finnst þér, að eigi að veita kynferðisfræðslu? (Þú mátt setja fleiri en einn kross.)

a) skólinn ☐ 1
b) foreldrar ☐ 1
c) útvarp/sjónvarp ☐ 1
d) aðrir ☐ 1

hver? _____

100. Ert þú "á föstu" með einhverjum af hinu kyninu?

NEI ☐ 1
JÁ ☐ 2

101. Hvað finnst þér, að fólk eigi að vera orðið gamalt til að hafa samfarir? _____ ára

Þú hefur vafalaust tekið eftir, að margir tala og hugsa mikið um ástir og kynlíf unglinga. Samt sem áður er í raun og veru lítið vitað um þessi mál. Næstu spurningar fjalla um þetta.

102. Hefur þú verið skotin(n) í eða ástfangin(n) af einhverjum?

NEI, aldrei	☐	1
JÁ, 1 sinni	☐	2
JÁ, 2-3 sinnum	☐	3
JÁ, 4-5 sinnum	☐	4
JÁ, 6-10 sinnum	☐	5
JÁ, oftar	☐	6
Man ekki hve oft	☐	7

Ert þú skotin(n) í eða ástfangin(n) af einhverjum eins og er?

NEI	☐	1
JÁ	☐	2

103. Hefur þú kysst einhvern af hinu kyninu?

NEI	☐	1
JÁ	☐	2

104. Vitað er, að unglingar (og reyndar fullorðnir líka), sem eru í keleríi, snerta oft og gæla við kynfæri hvors annars, án þess að hafa samfarir.

Hefur þú kelað þannig við einhvern?

NEI	☐	1
JÁ	☐	2

<u>Ef þú hefur svarað játandi:</u> Hve marga hefur þú kelað þannig við?

1	☐	1
2-3	☐	2
4-5	☐	3
6-10	☐	4
11 eða fleiri	☐	5

105. Hefur þú haft samfarir? (Líka kallað að sofa hjá.)

NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

Ef þú hefur svarað neitandi, snúðu þér þá að spurningu 111.

Ef þú hefur svarað játandi:

Hvað varstu gömul/gamall, þegar þú hafðir samfarir í fyrsta skipti? _____ ára

Hve oft hefur þú haft samfarir? _____

Hvað hefur þú haft samfarir við marga(r)? _____

Ert þú með einhverri/einhverjum á föstu núna, sem þú hefur stundum samfarir við?

NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

106. Hvað fannst þér um þínar fyrstu samfarir?

mjög gott ☐ 1

frekar gott ☐ 2

svolítið óþægilegt ☐ 3

mjög óþægilegt ☐ 4

107. Notaðir þú, eða sú/sá sem þú varst fyrst með, einhverjar getnaðarvarnir við þínar fyrstu samfarir?

- NEI ☐ 1
- JÁ, verju (smokk) ☐ 2
- JÁ, hettu ☐ 3
- JÁ, pilluna ☐ 4
- JÁ, annað ☐ 5
  - Hvað? _____

108. Hve gömul/gamall var sú/sá, sem þú hafðir fyrst samfarir við? _____ ára

109. Var það líka í fyrsta skiptið, sem hún/hann hafði samfarir?

- NEI ☐ 1
- JÁ ☐ 2

110. Vita foreldrar þínir, að þú hefur haft samfarir?

- NEI ☐ 1
- JÁ, það var komið að okkur ☐ 2
- JÁ, ég sagði þeim það ☐ 3
- JÁ, þau fréttu það annars staðar ☐ 4

Ef þú hefur svarað játandi: Hvernig brugðust foreldrar þínir við?

- þeim fannst það allt í lagi ☐ 1
- þau skömmuðu mig ☐ 2
- þeim fannst það slæmt ☐ 3

111. Fróar þú þér?
(Krossaðu við það sem við á.)

NEI, aldrei	☐ 1
JÁ, 1-3 sinnum í mánuði	☐ 2
JÁ, 4-5 sinnum í mánuði	☐ 3
JÁ, 1-2 sinnum í viku	☐ 4
JÁ, 3-4 sinnum í viku	☐ 5
JÁ, á hverjum degi	☐ 6

Ef þú hefur svarað játandi: Hvernig finnst þér það?

Það er mjög gott	☐ 1
Mjög gott, en ég skammast mín svo-lítið á eftir	☐ 2
Ég skammast mín fyrir það, en það er samt gott	☐ 3

112. Krossaðu við hversu sammála eða ósammála þú ert eftirtöldum atriðum. (Krossaðu við alla liðina, a), b), c) o.s.frv.)

	algjör-lega ósam-mála	frekar ósam-mála	frekar sam-mála	alveg sam-mála
a) fullorðið fólk heldur yfir-leitt, að unglingar á mínum aldri hugsi minna um ást og kynlíf en þeir gera í raun og veru	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
b) sjálfsfróun er ósiður	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
c) fólk ætti ekki að lifa kyn-lífi fyrr en það er trúlofað eða gift	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
d) strákar hugsa meira um kyn-ferðismál en stelpur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

	algjörlega ósammála	frekar ósammála	frekar sammála	alveg sammála
e) unglingar á mínum aldri eru alls ekki nógu þroskaðir til að hafa samfarir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
f) kynferðisfræðsla er óþörf, fólk lærir um kynlíf af sjálfu sér þegar þar að kemur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
g) það er allt í lagi að fróa sér ef mann langar til	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
h) kynferðisfræðsla ætti að vera hluti af námsefni barna- og gagnfræðaskóla	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

113. Það er vitað, að margir unglingar hafa einhvern tíma haft kynferðislegt samband við félaga sinn af sama kyni, án þess að um kynvillu væri að ræða.

Hefur þú einhvern tíma verið þannig með einhverjum af sama kyni?

NEI ☐ 1

JÁ ☐ 2

Ef þú hefur svarað játandi, hve oft? _____

Hve mörgum hefur þú verið þannig með? _____

114. Að lokum eru hér nokkrar staðhæfingar og skoðanir um unglinga og ungt fólk, sem oft er haldið fram. Hér er um að ræða atriði, sem mjög skiptar skoðanir eru um. Okkur langar þess vegna að vita hvað unglingar hafa sjálfir um málin að segja. Lestu staðhæfingarnar, sem fara hér á eftir, hverja fyrir sig og settu síðan kross í þann reit, sem best á við þitt álit.

	algjörlega ósammála	frekar ósammála	frekar sammála	alveg sammála
a) meðan maður er ungur, er skólanám og menntun mikilvægara en nokkuð annað	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
b) ekki er hægt að taka mikið tillit til ráðlegginga fullorðinna. Unglingar vita sjálfir hvað þeim er fyrir bestu.	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
c) fullorðnir eiga að bregðast hart við þeim unglingum, sem stöðugt eru að mótmæla og gera uppsteyt	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
d) það sem maður lærir í skólanum kemur oft að litlu gagni síðar í lífinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
e) það er rétt hjá foreldrum, að sjaldan er hægt að treysta félögum sínum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
f) sá sem ekki gerir sitt besta í skólanum, mun sjá eftir því síðar í lífinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
g) kennarar í gagnfræðaskólum eiga ekki að láta nemendur ráða of miklu. Þeir eiga að halda uppi ströngum aga	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
h) maður ætti oftast nær að taka meira tillit til þess, sem félagarnir segja, en til þess sem foreldrarnir segja	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
i) ef mann ekki langar, er ekkert vit í að vera lengur í skóla	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

	algjör-lega ósam-mála	frekar ósam-mála	frekar sam-mála	alveg sam-mála
j) flestir unglingar eru ekki nógu þroskaðir til þess að ákveða sjálfir hvað þeim er fyrir bestu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
k) unglingar ættu að taka meira tillit til þess sem foreldrar og aðrir fullorðnir segja	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
l) skólanemendur eiga ekki að sætta sig við allt, sem þeim er boðið upp á. Þeir ættu að mótmæla meira	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
m) það mikilvægasta fyrir ungt fólk er að hugsa um framtíð sína	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
n) það er alls ekki eðlilegt, að unglingar sitji oft heima hjá foreldrum sínum á kvöldin	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
o) það er of mikið lagt upp úr skólanámi. Foreldrar gera of miklar kröfur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
p) það þjóðfélag, sem fullorðna fólkið hefur skapað, hefur fleiri neikvæðar hliðar en jákvæðar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
q) fullorðna fólkið á eftir að finna fyrir því, að það hefur engan rétt til að fara með unglingana eins og gert er	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
r) unglingar ættu að vera þakklátir fyrir að fá að alast upp í svona góðu þjóðfélagi og gagnrýna minna	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
s) besta leiðin til að koma í veg fyrir drykkjuskap, fíkniefnaneyslu og afbrot er, að þjóðfélagið gefi ungu fólki betri tækifæri til tómstundaiðkana	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

SJÁ EINNIG SÍÐUSTU SÍÐUNA.

Ef til vill hefur þú sleppt því að svara einni eða fleiri spurningum hér að framan. Ef svo er, viljum við gjarnan fá að vita hvers vegna.

Ef þú hefur aðrar athugasemdir um þennan spurningalista eða könnun sem þessa, þætti okkur vænt um, að þú létir skoðun þína í ljós hér að neðan.

Að endingu langar okkur til að þakka þér kærlega fyrir hjálpina.

Efri deild, 51. fundur.

Mánudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þar sem þetta er fyrsti fundur þd. á hinu nýbyrjaða ári býð ég alla hv. þdm. velkomna til starfa og óska þeim gleðilegs árs og farsældar í störfum á hinu nýbyrjaða ári.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, frv. (þskj. 115). — 1. umr.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Með frv. þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstj. að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu, þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun, og alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar voru gerðir í Brüssel í nóv. 1969. Voru þeir árangur af alþjóðlegri ráðstefnu sem var haldin dagana 10. til 29. nóv. 1969. Þriðji samningurinn, sem er alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, var svo í framhaldi af alþjóðasamningnum um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar gerður í Brüssel í desember 1971, en hann hafði einnig verið undirbúinn á alþjóðlegri ráðstefnu, sem var haldin þá skömmu áður. Báðar þessar ráðstefnur voru haldnar fyrir forgöngu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO), en aðalfulltrúi Íslands hjá þeirri stofnun hefur um langt árabil verið Hjálmar Bárðarson og er hann þessum málum allra manna kunnugastur af okkar hálfu.

Alþjóðasamningurinn um íhlutun á úthafinu fjallar um aðgerðir strandríkis vegna skipskaða, sem verða kann á úthafinu, til varnar gegn olíumengun, ef talið er að skipskaðinn geti valdið tjóni á umhverfi og nytjum innan lögsögu strandríkis sé ekkert að gert. Samningurinn nær til olíumengunar af völdum hráolíu, brennsluolíu, dísilolíu og smurningsolíu. Strandríki, sem grípur til aðgerða samkv. samningi þessum, skal að jafnaði hafa samráð um aðgerðir við önnur viðkomandi ríki og þá sérstaklega við það ríki, sem skipið er frá.Strandríkinu er þó heimilt, þegar um brýna nauðsyn er að ræða, að gera ráðstafanir þegar í stað án undanfarandi ráðfærslu við aðra. Þá eru í samningnum ákvæði um að öll aðildarríki tilnefni sérfræðinga með ákveðna þekkingu og getur strandríki leitað ráða hjá þeim ef þörf krefur.

Til að tryggja rétt annarra aðila fyrir óþörfum aðgerðum strandríkis ber strandríki, sem hefur gert ráðstafanir er brjóta í bága við ákvæði samningsins, skylda til að greiða skaðabætur. Ef strandríki og viðkomandi aðili koma sér ekki saman um bætur getur annar hvor aðilinn skotið máli sínu til sáttanefndar eða, ef málið er ekki útkljáð hjá sáttanefnd, þá til gerðardóms.

Viðaukinn við samninginn fjallar um skipun sáttanefndar og gerðardóms svo og um starfsaðferðir þeirra.

Þessi samningur hefur þegar öðlast alþjóðlegt gildi og voru aðilar að honum síðast þegar fréttist orðnir 31 talsins.

Alþjóðasamningurinn um einkaréttarlega ábyrgð fjallar um ábyrgð skipaeiganda ef skip hans veldur olíumengun í umhverfi sjávar. Samningurinn gildir fyrir tankskip sem flytja hráolíu, brennsluolíu, þykka dísilolíu, smurningsolíu og hvallýsi. Fjárhagsleg ábyrgð skipeiganda er bundin við 2000 franka fyrir hverja rúmlest sem í skipinu er, en þó á skipeigandi ekki rétt til að notfæra sér þessa takmörkun ef mengunin er honum sjálfum að kenna. Ábyrgð skipeiganda er hins vegar engin ef olíumengun verður vegna hernaðaraðgerða, ófriðar, borgarastyrjaldar, uppreisnar eða náttúruhamfara, sem eigi verða umflúnar eða ráðið við. Einnig fellur ábyrgð skipeigenda niður, ef um er að ræða áfall, sem þriðji aðili orsakar vísvitandi, eða ef áfallið má rekja til kæruleysis eða vanrækslu yfirvalda í viðhaldi siglingaljósa og annarra tækja.

Skipum, sem flytja meira en 2000 tonn af olíu í farmi, skal skylt að hafa vátryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu er svari til þeirrar hámarksábyrgðar er samningurinn kveður á um. Vottorð um að slík trygging sé í gildi skal gefið út fyrir hvert skip og skal vottorðið haft um borð í skipinu. Samningsríki skulu sjá um að slík trygging sé í gildi fyrir skip sem koma eða fara úr þeirra höfnum.

Samningur þessi hefur einnig öðlast alþjóðlegt gildi, því að aðilar að honum voru 34 talsins síðast þegar fréttist.

Þá er þriðji og síðasti samningurinn, en hann er um stofnun alþjóðasjóðs og var gerður í fyrsta lagi með því markmiði, að sjóðurinn yrði nokkurs konar baktrygging fyrir tjónþola olíumengunar, þegar þær hámarksbætur, sem skipeigendum er gert að greiða samkv. samningnum um einkaréttarlega ábyrgð, duga ekki til að bæta tjónþola upp það tjón sem hann hefur orðið fyrir. Í öðru lagi er sjóðnum ætlað að draga að nokkru leyti úr þeirri fjárhagslegu ábyrgð sem skipeigendum er sett samkv. ákvæðum samningsins um einkaréttarlega ábyrgð.

Fjárframlög í sjóðinn greiðast árlega af þeim sem flytja inn meira en 150 þús. lestir á ári af gjaldskyldri olíu, eins og hún er skilgreind í samningnum. Svartolía, sem flutt er til landsins frá Sovétríkjunum, mun því samkv. samningnum vera gjaldskyld, svo að dæmi sé nefnt sem snertir okkur Íslendinga.

Þessi þriðji samningur, sem er yngstur þessara þriggja, hefur enn ekki öðlast alþjóðlegt gildi samkv. ákvæðum hans sjálfs, því að aðeins 12 ríki höfðu síðast þegar við vissum staðfest hann. En búast má við því, að þeim fjölgi fljótlega og að samningurinn öðlist þá gildi á eðlilegum tíma.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að ákvæði samninganna skuli hafa lagagildi hér á landi þegar þeir hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar, eins og segir í 2. gr.

Enn fremur er leitað heimildar fyrir ríkisstj. að staðfesta síðari breytingar á samningunum þannig að þær fái lagagildi hér á landi þegar þær hafa verið auglýstar í Stjórnartíðindum. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir að leggja þurfi hvaða smábreytingu sem er á þessum samningum fyrir Alþ. í hvert sinn til þess að hljóta staðfestingu á þeim, en varla er búist við því að til komi svo veigamiklar breytingar að ástæða sé til að leggja þær fyrir Alþ. Að sjálfsögðu mun ríkisstj. gjarnan meta það og ef um veigamiklar breytingar er að ræða leggur hún þær fyrir þingið.

Ég þarf ekki að fjölyrða um hversu mikla þýðingu

olíumengun getur haft fyrir Íslendinga og afkomu þeirra. Hafið umhverfis land okkar er sérstaklega viðkvæmt vegna fiskimiða og hlýtur því að vera okkur í hag að stuðla að því með aðild að þessum samningum, að föst skipan komist á þessi mál eftir því sem framast er unnt. Sérstaklega getur það haft mikla þýðingu, að strandríki öðlist — samkv. fyrsta samningnum — rétt til að grípa til sinna ráða ef skyndilega ber slys að höndum af þessu tagi, því að stundum getur verið tafsamt að leita samþykkis annarra. Dæmi eru um það t. d. af miklu olíuskipsstrandi við Frakklandsstrendur, að deila milli ýmissa björgunaraðila olli þeim töfum, að slysið varð til mun meira tjóns en orðið hefði ef gripið hefði verið til gagnráðstafana þegar í stað.

Þá eru einnig mikils virði ákvæðin um fjárhagslega ábyrgð, enda þótt vel geti farið svo, ef um mikið slys væri að ræða í nágrenni okkar, að erfitt reyndist að meta það tjón. Ýmislegt getur komið fyrir í því sambandi. Nefna má að aðgerðir til þess að takmarka olíumengun, sem yrði frá minni háttar slysi, gætu orðið ærið kostnaðarsamar á okkar mælikvarða. Er því að minni hyggju tölurvert öryggi í að samningsbinda þessa einkaréttarlegu ábyrgð og síðan að myndaður verði sjóður til að vera eins konar baktrygging í þeim efnum.

Ég tel því sjálfsagt fyrir Íslendinga að gerast aðilar að þessum samningum. Þeir hafa af okkar hálfu verið unnir af manni sem er mjög fær í öllum siglingamálum og þaulkunnugur starfsháttum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Það er því, herra forseti, till. mín, að frv. gangi til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Verðgildi íslensks gjaldmiðils, frv. (þskj. 225). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv. til laga um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, sem hér liggur fyrir, var lagt fram á Alþ. skömmu áður en þm. héldu heim í jólaleyfi og vannst ekki tími né aðstaða til að taka það á dagskrá fyrir hátíðarnar. Þannig hafa hv. þm. haft aðstöðu til að kynna sér efni frv. ítarlega áður en það kemur nú til 1. umr. í hv. Ed.

Meginefni frv. er, eins og kunnugt er, að gert er ráð fyrir því, að frá og með áramótum 1980 hundraðfaldist verðgildi núverandi krónu. Jafngildir þá ein ný króna eitt hundrað gömlum krónum og á sama hátt jafngildir einn eyrir nýrrar krónu einni gamalli krónu. Breytist ákvæðisverð eldri seðla og myntar, sem þá eru í umferð, í samræmi við það. Gert er ráð fyrir því, að gjaldmiðill sá, sem löglega yrði út gefinn fyrir gildistöku laganna 1. jan. 1980, ef frv. þetta verður samþ., verði nefndur gömul króna til aðgreiningar frá gjaldmiðli gefnum út frá þeim degi er lögin taka gildi, en hann nefnist ný króna. Lagafrv. þetta tekur bæði til myntsláttu og seðlaútgáfu.

Nokkur tími er nú liðinn frá því að fyrst bar á góma hér á Alþ. á síðustu áratugum, að nauðsynlegt væri að auka verðgildi krónunnar. Árið 1962 lagði stjórnskipuð nefnd til að tífalda bæri verðgildi krónunnar, en sú tillaga náði ekki fram að ganga. Í nefndinni áttu sæti Jóhannes Nordal, Klemens Tryggvason og Sigtryggur Klemensson. Þeir skiluðu nál. 22. sept. 1962. Í inngangi nál. gera þeir grein fyrir því, að fjmrh. hafi beðið þá um að gera athuganir og tillögur varðandi eftirtalin tvö atriði:

1) Hvort heppilegt mundi vera að nota heimild í 8. gr. laga nr. 10 1961, um Seðlabanka Íslands, þar sem fjmrh. er heimilað að semja við Seðlabankann um að *hann taki við myntsláttu af ríkissjóði.*
2) Hvort æskilegt væri í sambandi við breytingu á fyrirkomulagi myntsláttu að gera breytingar á peningalöggjöfinni í þá átt að fella niður smæstu myntina, t. d. með því að tekin yrði upp ný og stærri mynteining en krónan er nú.

Niðurstaða nefndarinnar var sú, eins og áður segir, að það væri æskilegt að nota heimild seðlabankalaganna til að færa myntsláttuna í hendur Seðlabankans. Nefndin var einnig þeirrar skoðunar, að rétt væri að hefja þá þegar, á árinu 1962, undirbúning að því, að tekin yrði upp *ný mynteining, tíu sinnum stærri en þágildandi króna.* Nefndin færði eftirfarandi meginrök fyrir afstöðu sinni þá:

Í fyrsta lagi: Með stærri mynteiningu mundu falla niður allar myntir undir 10 aurum og með því sparast mjög verulegur kostnaður sem þessi smámynt hefði í för með sér fyrir ríkissjóð eða hvern þann aðila sem hefði myntsláttu með höndum.

Í öðru lagi sagði nefndin orðrétt: „Það mun tvímælalaust hafa í för með sér verulegt hagræði og vinnusparnað fyrir fyrirtæki og allan almenning og með stærri mynt mundi *falla niður einn aukastafur úr öllum* peningaupphæðum. Teljum við ekki vafa á því, að þetta muni verða vinsælt meðal allra sem við viðskipti fást á einn eða annan veg."

Í þriðja lagi töldu nefndarmennirnir þrír, að breyting mynteiningarinnar og upptaka verðmeiri myntar hefði góð sálræn áhrif, eins og það var orðað, og mundi stuðla að því, sagði nefndin, „að styrkja á ný það traust til verðgildis íslensku krónunnar, sem svo mjög hefur rýrnað vegna verðbólgunnar s. l. tvo áratugi". Má benda á að bæði Frakkar og Finnar, segir í áliti nefndarinnar, ákváðu að taka upp stærri mynteiningu. *Í báðum þessum löndum mun myntbreytingin hafa mælst vel fyrir og verið* vinsæl af öllum almenningi.

Í nál. þeirra þremeninganna var lögð mikil áhersla á það, að upptaka nýrrar mynteiningar krefðist mikils undirbúnings. Bent var á að í Frakklandi hefði með stuttum fyrirvara verið ákveðið að taka upp nýja mynteiningu, nýfrankann svonefnda, hundrað sinnum verðmeiri en gamla frankann. Var ákveðið að báðar myntirnar skyldu vera í umferð um skeið. Finnar fóru öðruvísi að og gáfu sér lengri tíma til undirbúnings. Var *tekin upp ný mynteining þar um áramótin 1962 — 1963,* hundrað sinnum stærri en gamla markið, en með sama nafni.

Þriggja manna nefndin velti því fyrir sér, hvert gæti orðið nafn hinnar nýju mynteiningar. Í nál. sagði:

„Krónan kom fyrst til sögunnar 1875, en þá urðu myntskipti við Danmörku. Hún á því engar sögulegar rætur á Íslandi. Þær einingar, sem elstar eru í sögu Íslands og helst gætu komið til greina í stað krónu, eru mörk og alin. Af þeim virðist mörkin miklu álitlegri, en hún var sú eining er silfur var metið í og var í rauninni hliðstæð við eyrinn, sem nú er undireining hér á landi. Mörk, er skiptist í hundrað aura, er skemmtileg mynt fyrir Ís-

lendinga frá þjóðlegu og sögulegu sjónarmiði. Á móti mörkinni mun það helst mæla að okkar áliti, að beyging orðsins er óregluleg, sem mundi m. a. leiða til þess að hún yrði venjulega vitlaust beygð í fleirtölu þegar hún væri notuð í erlendum málum. Í þessu máli eru að sjálfsögðu mörg rök með og á móti og höllumst við undirritaðir fremur að því að halda ætti krónunni sem mynteiningu eftir breytinguna, enda hefur hún unnið sér hefð og er að mörgu leyti þægileg í notkun bæði innanlands og utan."

Ég hef rakið þetta álit þriggja manna nefndarinnar frá árinu 1962 til þess að vekja athygli hv. þm. á því, að þegar eru liðin 17 ár síðan menn komust að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að gera róttækar breytingar í þessum efnum að því er varðar verðgildi okkar íslenska gjaldmiðils.

Þessi mál hafa iðulega verið rædd hér á Alþingi. Á Alþ. árið 1971 kom til umr. till. Björns Pálssonar, þáv. hv. alþm., um athugun á auknu verðgildi íslenskrar krónu. Till. Björns Pálssonar var samþ. í meginatriðum á 92. löggjafarþinginu og hafði þn. borist umsögn frá bankastjorn Seðlabankans. Bankastjórn Seðlabankans var þá andvíg þessari tillögu. Ástæðurnar voru raktar í umsögninni. Þar sagði m. a., eftir að fjallað hafði verið um tillögur þriggja manna nefndarinnar frá 1962 sem ég gat um áðan:

Tillögur þessar, þ. e. þriggja manna nefndarinnar hlutu ekki hljómgrunn hjá þáv. ríkisstj. og voru sumir þeirrar skoðunar, að breyting á gjaldmiðlinum kynni engu að síður að geta vakið tortryggni almennings en traust hans. Einnig óx mönnum í augum sá mikli kostnaður sem slíkri breytingu hlyti að vera samfara. Það var á þessum grundvelli sem Seðlabankinn hóf skipulagningu á mynt- og seðlastærðum árið 1968. Með niðurfellingu smámyntanna innan tíu aura var náð öðrum megintilgangi hinnar umræddu gjaldmiðilsbreytingar, en jafnframt var kerfið gert hagkvæmara með útgáfu nýrra stærða af myntum og seðlum, eins og vikið er að hér að framan. Í ljósi þess, sem gerst hefur í þessum málum s. l. ár, telur bankastjórn Seðlabankans ekki rök til að taka upp þá hugmynd að nýju að tífalda verðmæti gjaldmiðilsins." — Þetta var á árinu 1971.

Í áliti og umsögn Seðlabankans vegna till. Björns Pálssonar sagði enn fremur:

„Þegar tillögunni var hafnað fyrir nærri tíu árum var snúið inn á aðra leið til endurskipulagningar á mynt- og seðlakerfinu og hefur þegar verið allmiklu til þess kostað. Með því náðist einnig, eins og áður segir, sama hagkvæmni og með tíföldun gjaldmiðilsins að því er varðar niðurfellingu smæstu mynteininganna. Við þetta bætist svo það, að verðmæti peninganna hefur enn rýrnað verulega síðan fyrrgreindar tillögur um nýja gjaldmiðilseiningu voru fram settar fyrir tíu árum. Tíföldun á verðgildi núgildandi krónu mundi þýða það, að smæsta einingin yrði jafngildi tíeyrings í dag, en hef að framan hafa þegar verið færð rök fyrir því að sú eining sé þegar orðin of lítil" — þ. e. a. s. á árinu 1971. Einnig er á það að benda, að íslenska krónan mundi eftir slíka breytingu verða minni að verðgildi en nokkur hinna Norðurlandamyntanna. Verðgildi þeirra er hins vegar orðið það lítið, að felldar hafa verið úr umferð myntir undir 5 aurum. Af þessu verður vart dregin önnur ályktun en sú, að gjaldmiðilsbreyting svari ekki kostnaði úr því sem komið er, nema menn treysti sér til þess að ganga mun lengra og hundraðfalda verðgildi krónunnar, þannig að hinn nýi gjaldmiðill yrði aðeins meiri að verðgildi en dollarinn er í dag." — Og ég endurtek að það var á árinu 1971 sem þetta var sagt. — „Smæsta einingin í slíku kerfi mundi jafngilda einni krónu, en telja verður vafasamt að rétt sé að stíga svo stórt skref fyrr en áður hefur verið reynt hvort almenningur muni sætta sig við það. Það má hins vegar kanna með því að fella niður núgildandi smámyntir í áföngum, uns krónan er orðin að smæstu mynteiningunni." — Hér lýkur tilvitnun í umsögn Seðlabankans um till. Björns Pálssonar frá árinu 1971.

Þegar Björn Pálsson hv. alþm. mælti fyrir till. sinni rökstuddi hann hana m. a. á þessa leið: „Við vitum það með alla hluti, sem mönnum er annt um, að þeir fara betur með þá, ef þeir álíta þá mikils virði. Við getum bara tekið góða bók og vel bundna — menn fara betur með hana en einhverja ómerkilega skræðu," sagði Björn. „Ef maður á t. d. hest, fer hann betur með gæðinginn heldur en einhvern hest, sem hann lætur sér ekki annt um og telur lítils virði. Og við getum tekið fötin sem einstaklingarnir ganga í. Menn reyna að ganga betur um góðar íbúðir en lélegar. Þetta eru sálræn áhrif," sagði Björn. „Ef peningarnir eru lítils virði, fara menn óvarlegar með þá og meta þá lítils. Og þannig er það með önnur þjóðfélög. Þau líta heldur smáum augum fjármálavit þeirrar þjóðar, sem hefur lítið verðgildi í peningum og er sí og æ að fella gengið."

Í umr. um till. Björns Pálssonar tók þátt m. a. Gunnar Thoroddsen, hv. núv. 11. þm. Reykv., og greindi frá því, að ástæðan til þess, að ekki varð um myntbreytingu að ræða upp úr árinu 1962, hafi verið sú, að ekki náðist samstaða í þáv. ríkisstj., viðreisnarstjórninni sem svo var kölluð. Það tókst ekki að vinna nægilegt fylgi fyrir þessari breytingu og féll því málið niður, sagði Gunnar Thoroddsen. Síðan sagði hann orðrétt í þessum umr.:

„Ég er sömu skoðunar nú og þegar ég hreyfði þessu máli hér á Alþ. 1958 og eins þegar þessar athuganir voru gerðar á vegum fjmrn. 1962. Ég er enn sömu skoðunar, að við eigum að breyta um mynteiningu og taka upp stærri einingu en nú er. Hins vegar er náttúrlega orðin veruleg breyting á þessum síðasta áratug, og það hvarflar að manni, hvort það eigi ekki fremur þá nú á næstunni að tala um tvö núll heldur en eitt," eins og segir orðrétt í þingtíðindum.

Öðru sinni tók Gunnar Thoroddsen undir þau rök, sem flutt voru á árinu 1962, um það, að þrátt fyrir að margt mælti með því að breyta um nafn á myntinni, þá hefði krónunafnið unnið sér hefð í málinu á líðlega hundrað árum og það nafn væri að mörgu leyti þægilegt í notkun bæði innanlands og utan, eins og hann komst sjálfur að orði.

Á 98. löggjafarþinginu lagði Lárus Jónsson, hv. núv. 5. þm. Norðurl. e., fram till. til þál. um könnun á hundraðföldun verðgildis íslenskrar krónu. Till. hv. þm. var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvort hagkvæmt sé og tímabært að auka verðgildi íslenskrar krónu þannig að 100 kr. verði að einni. Við mat á hagkvæmni þessarar breytingar á verðgildi gjaldmiðilsins skal þess gætt, hvort hún stuðlar að hagkvæmri myntsláttu og seðlaútgáfu jafnframt því að auka virðingu almennings og traust á gildi peninga. Í þessu sambandi er ríkisstj. falið að meta, hvort kostnaður við áðurnefnda gjaldmiðilsbreytingu yrði verulegur, ef hún yrði framkvæmd þannig að núgildandi seðlar og mynt yrðu í umferð að

meira eða minna leyti samtímis nýjum gjaldmiðli í ákveðinn umþóttunartíma, t. d. 2 - 3 ár."

Fjh.- og viðskn. hv. Nd. fjallaði um till. hv. þm., og samþykkti n. að leggja til að henni yrði vísað til ríkisstj. Féllst Alþ. á þá till. nefndarinnar.

Í umsögn sinni um þessa till. hv. þm. Lárusar Jónssonar sagði Seðlabankinn 24. mars 1977, að ef taka ætti upp *nýja mynteiningu kæmi ekki annað til greina en að hún* yrði hundrað sinnum meiri að verðgildi en núgildandi króna, sem skiptist í 100 smærri einingar eða aura.

Þau rök, sem notuð hafa verið til þess að styðja verðgildisbreytingu krónunnar, eru af margvíslegum toga, mörg þeirra tæknilegs eðlis, og hafa mörg þeirra verið rakin áður hér á Alþ. Að sumum þeirra mun ég koma síðar í ræðunni, en segja má að hér á Alþingi Íslendinga hafi þegar komið fram það viðhorf löggjafans, að hann vilji sýna áhuga og skilning á nauðsyn þess að styrkja verðgildi krónunnar frá því sem það er nú.

Eins og kunnugt er eru núgildandi lög um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968. Fram til þess tíma voru lög um íslenskan gjaldmiðil í hinum dönsku peningalögum frá 1873, sem birt voru hér á landi í sept. sama ár. Hinar gömlu norrænu mynteiningar, ríkisdalur og spesía, voru þá lagðar niður og sameiginlegur myntfótur tekin upp í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, svo og á Íslandi, sem þá var talið hluti Danaveldis. Stofnuðu löndin með sér myntsamband, Skandinavisk møntunion, og tóku upp sameiginlega mynteiningu — krónu sem skiptist í 100 aura.

Í dönsku peningalögunum var boðið, að gull skyldi vera grundvöllur gjaldmiðils Danmerkur og Íslands, silfur og aðrir óðýrari málmar hafðir í smápeninga. Slegnir skyldu tveir gullpeningar og skyldu af öðrum þeirra ganga 248 peningar á eitt kg af skíru gulli, en af hinum 124 peningar. Tuttugasti hluti fyrrnefnda peningsins og tíundi hluti síðarnefnda peningsins skyldu vera reikningseiningin og nefnast króna, er skiptist í 100 aura. Gullpeningar þessir skyldu slegnir úr peningagulli — málmblöndu sem innihéldi 90 hluta af skíru gulli og 10 hluta af eir. Þá var gert ráð fyrir, að einnig skyldu slegnir 6 silfurpeningar, 10,25, 40 og 50 aurar, 1 og 2 kr. Peningar þessir skyldu slegnir úr blöndu af hreinu silfri og eir og skyldi silfurmagnið nema 4/5 hlutum. Þá skyldi slá þrjá koparpeninga að verðgildi 1, 2 og 5 aura, úr málmblöndu er innihéldi 95 hluta af eir og 5 hluta af öðrum málmum.

Norræna myntsambandið hafði veruleg áhrif, þar sem sama mynt gilti um öll Norðurlönd með sama gengi og peningar Norðurlanda voru þá innbyrðis gjaldgengir í hverju ríki.

Peningar voru slegnir í öllum löndum, en um sjálfstæða íslenska mynt var hins vegar ekki að ræða í fyrstu. Voru Norðurlandakrónur, aðallega danskar, ekki fáséðar í umferð hér á landi eftir því sem auraráð jukust, en seðlar frá Norðurlöndunum urðu hins vegar aldrei algengir hér á landi.

Á árinu 1885 fékk landssjóður heimild til þess að gefa út 500 þús. kr. í seðlum, hina fyrstu íslensku seðla. Fékk Landsbankinn, sem stofnaður var með lögum nr. 14 18. sept. 1885, sama ár seðlana til ráðstöfunar, en landssjóður ábyrgðist jafngengi þeirra við dönsku krónuna. Seðlarnir voru að verðgildi 5, 10 og 50 kr. og gefnir út með eiginhandaráritun tveggja embættismanna. Eigi voru seðlarnir innleysanlegir með gulli og þeir voru ekki seljanlegir erlendis.

Með lögum nr. 2 frá árinu 1900 var seðlaútgáfuheimild landssjóðs hækkuð um 250 þús. kr., eða í alls 750 þús. kr. Þótti seðlaþörfinni þannig fullnægt til ársins 1904, er Íslandsbanki tók til starfa og fékk einkarétt til seðlaútgáfu hér á landi, en með lögum nr. 11 frá 7. júní 1902 var samþykkt að leyfa stofnun *hlutafélagsbanka á Íslandi er aðallega starfaði með* erlent fjármagn. Banki þessi skyldi hafa einkarétt til að gefa út seðla í 30 ár, allt að 2.5 millj. kr. Seðlarnir voru að verðgildi 5, 10, 50 og 100 kr. og voru innleysanlegir með gulli. Var seðlaútgáfunni haldið í þessu formi næsta áratug, en með lögum frá 1914 var Íslandsbanki undanþeginn þeirri skyldu að innleysa seðla sína með gulli. Undanþága þessi var tímabundin, en var framlengd og síðan afnumin með lögum árið 1920. Hafði þörfin fyrir aukið seðlamagn farið hraðvaxandi á þessum árum og hafði bankinn nokkrum sinnum orðið að fá nýja heimild *til að auka seðlaútgáfuna og var hún að fullu gulltryggð í* fyrstu. En með brbl. á árinu 1920 var bankanum heimilað að auka seðlaútgáfuna í 12 millj. kr. og þá án þess að auka gulltryggingu sína. Umræddir tveir bankar störfuðu þannig fram til ársins 1927 og áttu drjúgan þátt í þeim efnahagsbreytingum, sem áttu sér stað á Íslandi framan af þessari öld.

Umsvif Íslandsbanka voru meiri framan af, en eftir heimsstyrjöldina fór Landsbankinn að draga verulega á hann, einkum þó með setningu landsbankalaganna frá 1927 og laga nr. 10 frá 15. apríl 1928 um Landsbanka Íslands. Var Landsbankinn þá jafnhliða gerður að seðlabanka og fékk einkarétt til seðlaútgáfu og skyldi bankinn gefa út seðla, sem fullnægðu gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiptum. Í lögunum er gert ráð fyrir að seðlar hans séu gulltryggðir og innleysanlegir með gulli, en tekið fram, að ákvæði um innlausnarskylduna komi ekki til framkvæmda nema Alþ. ákveði svo.

Fyrstu seðlarnir, sem Landsbankinn gaf út, voru að verðgildi 5, 10, 50 og 100 kr., en í ársbyrjun 1933 lét bankinn nýja seðla í umferð með sömu verðgildum og áður, en 500 kr. seðlar komu síðar í umferð eða á árinu 1944. Bankaráð Landsbankans ákvað, að þessir nýju seðlar skyldu prentaðir hjá Bradburg Wilkinson & Co., þar sem íslensku seðlarnir hafa verið prentaðir síðan, en áður hafði danski þjóðbankinn annast prentunina. Var seðlaútgáfa þannig nánast óbreytt til ársins 1954, nema hvað breytt var um lit seðlanna við seðlaskipti og eignakönnun í ársbyrjun 1948.

Um Íslandsbanka er það að segja, að hann lenti í miklum fjárhagsörðugleikum á árinu 1929 og var lýstur gjaldþrota árið eftir, en á grunni hans, með lögum nr. 7 frá 1930, var stofnaður Útvegsbanki Íslands hf. M. a. skyldi hinn nýi banki draga inn seðla þá, er Íslandsbanki hafði gefið út, og skyldi innlausn seðlanna vera lokið í okt. 1933, en varð þó eigi fyrr en í árslok 1939.

Með lögum nr. 63 1957 var Landsbankanum skipt í tvær fjárhagslega sjálfstæðar stofnanir, sem lutu hvor sinni stjórn. Voru fljótlega gefnir út nýir seðlar með nafni Landsbanka Íslands, Seðlabankans, að verðgildi 5, 10, 25, 100 og 1000 kr. Haldið var óbreyttum reglum um gulltryggingu og gullinnlausnarskyldu bankans, en að því er hana varðaði skyldi hún þó því aðeins taka gildi að Alþ. ákvæði svo.

Gjörbreyting var gerð á þessu fyrirkomulagi þegar tengsl bankanna voru algerlega rofin með setningu laga

nr. 10 frá 1961, um Seðlabanka Íslands. Hóf bankinn starfsemi sína 7. apríl það ár og tók við öllum skyldum og réttindum seðlabanka sem hluta af Landsbanka Íslands. Ekki verður hlutverk Seðlabankans rakið hér, en í lögum bankans segir m. a., að hann skuli annast seðlaútgáfu og vinna að því að peningamagn í umferð sé hæfilegt. Seðlar, sem bankinn gefur út, skulu vera tryggðir með gulli eða erlendum gjaldeyri, en ákvæðin um gullinnlausn voru felld niður.

Seðlar með nafni Seðlabanka Íslands, sem gefnir hafa verið út samkv. ofangreindum lögum, eru að verðgildi 10, 25, 100, 500, 1000 og 5000 kr. Fyrstu seðlarnir með nafni bankans voru 1000 kr. seðlar, sem settir voru í umferð í júní 1963, 25 og 100 kr. seðlarnir komu í umferð á árinu 1965 og 10 kr. árið 1966. Þessar seðlastærðir voru nákvæmlega sömu gerðar og seðlarnir frá 1959 og látnir í umferð jafnóðum og hinir gengu úr sér. Í maí 1968 var gefinn út nýr 500 kr. seðill, og ný seðlastærð að verðgildi 5000 kr. var látin í umferð í apríl 1971. Nú eru aðeins fjórar seðlastærðir í umferð, að verðgildi 100, 500, 1000 og 5000 kr. og hafa allar aðrar seðlastærðir verið innkallaðar með reglugerðum viðskrn.

Með sambandslögunum frá 30. nóv. 1918 fékk landið rétt til sjálfstæðrar myntútgáfu. Þessi réttur var þó ekki nýttur til að byrja með, enda óþarft þar sem jafngengi var á íslenskri og danskri krónu fram á árið 1920. Þá fór hins vegar að gæta lækkunar á verðgildi íslensku krónunnar gagnvart dönsku krónunni, og varð það til þess að myntin dróst smám saman úr umferð hér. Leiddi þetta til þess, að íslenska ríkið gaf út sína fyrstu sjálfstæðu mynt árið 1922, þegar slegnir voru 10 og 25 aura peningar. Vegna skorts á krónupeningum, sem á þessum árum voru úr silfri eins og fyrr segir, greip ríkið hins vegar til þess ráðs að gefa út krónuseðla samkv. lögum frá 1885 og 1900 um Landsbanka Íslands. Hér var um seðlaútgáfu að ræða, en samræmisins vegna þykir rétt að geta hennar hér í tenglum við myntina.

Íslensk myntútgáfa var fastákveðin í lögum nr. 19 frá 1925, en þar var ákveðið að slegin skyldi skiptimynt, sem einungis væri gjaldgeng hér á landi. Verðgildi myntarinnar var ákveðið 1, 2, 5, 10 og 25 aurar, 1 og 2 kr. og voru ákvæði í lögunum um málmblöndu myntanna. Í aths. með lögum þessum kemur fram, að það hafi skapað mikla erfiðleika eftir að gengi peninga á Norðurlöndum hafði orðið mismunandi, að skiptimynd hafi þá streymt til þess lands sem hæst gengi hafði. Þetta hafi orðið til þess, að gerður hafi verið viðauki við myntsamninginn frá 1873, þar sem ákveðið var að hvert aðildarríkjanna fyrir sig mætti láta slá sérstaka mynt til innanríkisafnota eingöngu.

Með lögum frá 1926 var ríkisstj. heimilað að ganga inn í umræddan viðbótarmyntsamning og jafnframt tekið fram, að skiptimynt frá Norðurlöndunum hætti að vera löglegur gjaldmiðill á Íslandi.

Þess ber að geta, að aftur varð nokkur skortur á skiptimynt hér á landi í heimsstyrjöldinni síðari og var þá ríkisstj. heimilað með lögum frá 1941 að gefa út 500 þús. kr. í einnar krónu seðlum. Var þessi heimild hækkuð um helming á árinu 1947. Gert var ráð fyrir að krónuseðlar þessir væru innkallaðir þegar nægar birgðir væru fyrir hendi af einnar krónu mynt, en af því varð þó ekki fyrr en í árslok 1974, þegar hinar gömlu úreltu myntstærðir voru loksins innkallaðar.

Segja má að myntútgáfan hafi þannig verið nánast óbreytt í höndum ríkissjóðs í liðlega fjóra áratugi, eða þar til Seðlabankinn tók við henni á árinu 1968. Þær einar breytingar urðu á þessu tímabili, að hætt var að slá tveggja aura peninga 1942 og útlit myntarinnar breyttist eftir stofnun lýðveldisins, en fyrsta lýðveldismyntin var slegin árið 1946. Íslensk skiptimynt var slegin hjá konunglegu dönsku myntsláttunni til ársins 1940, en hefur verið framleidd síðan hjá Royal mint í London.

Í seðlabankalögunum frá 1961 var fjmrh. heimilað að semja við Seðlabankann um yfirtöku og útgáfu og dreifingu myntar og var gerður samningur þess efnis á árinu 1966, en aðalinntak hans var að bankinn fékk einkarétt til þess að slá og gefa út mynt frá 1. apríl 1967. Ekki komst þó myntsamningurinn til framkvæmda fyrr en á árinu 1968 eins og áður segir, þegar Seðlabankinn fékk nauðsynlegar geymslur fyrir myntina og bætt afgreiðsluskilyrði. Seðlabankinn hefur síðan gefið út 4 nýjar myntstærðir: 10 kr. árið 1968, 50 aura og 5 kr. árið 1969 og 50 kr. pening árið 1970. Í okt. 1976 var látin í umferð nýr krónupeningur úr áli, allmiklu minni en gamla krónan. Hefur þessi breyting mælst misjafnlega fyrir, en hún var talin óumflýjanleg þar sem málminnihald gömlu krónunnar eitt var orðið meira virði en verðgildi hennar og kostnaðarverð þrefalt hærra. Í dag eru 4 myntstærðir í umferð að verðgildi 1, 5, 10 og 50 kr., en aðrar myntstærðir hafa verið innkallaðar.

Sameining seðla- og myntútgáfunnar markaði þáttaskil í peningaútgáfu hér á landi, þar sem þá skapaðist tækifæri til að samræma seðla- og myntstærðir á þann hátt sem hagkvæmast þætti á hverjum tíma. Strax eftir að Seðlabankinn hafði tekið við útgáfu myntarinnar var hafist handa um endurskipulagningu á seðla- og myntútgáfu og voru ný lög um gjaldmiðil Íslands frá árinu 1968 lögð þar til grundvallar. Síðan hefur útgáfa gjaldmiðilsins nánast verið í stöðugri endurskoðun, sem hefur miðað að því að draga úr kostnaði og jafnframt að fullnægja kröfum viðskiptalífsins í landinu.

Eins og áður hefur verið greint frá hafa verið gefnir út seðlar með auknu verðgildi og slegin mynt í stað smærri seðlastærðanna. Mikilvægasti þátturinn í þessum breytingum hefur þó verið niðurfelling smámyntar minni en einnar krónu. Var í ársbyrjun 1969 felld niður slátta á koparpeningum og lögfest að fjárhæð hverrar krófu skyldi greidd með heilum tug aura.

Frá 1. jan. 1975 hefur krónan verið lægsta myntein-ingin, en með því voru í reynd strikaðir út tveir aukastafir í öllum fjárhæðum sem notaðar eru í bókhaldi og viðskiptum. Hefur þannig að nokkru leyti þegar verið náð þeirri beinu hagkvæmni sem hundraðföldun á verðgildi krónunnar hefur í för með sér.

Eins og kunnugt er hefur um alllangt skeið verið unnið að tillögum í Seðlabankanum um endurskipulagningu seðla- og myntútgáfu, sem sökum mikilla verðbreytinga á undanförnum árum er orðin óhagkvæm. Jafnframt hefur verið kannað, hvort ekki væri tímabært að taka upp breyttan gjaldmiðil, hundrað sinnum verðmeiri en núgildandi króna er, um leið og nýir seðlar og mynt kæmu í umferð.

Í aprílmánuði 1978 kynnti Seðlabankinn opinberlega hugmyndir sínar í þessum efnum. Var þá lögð áhersla á að bankinn teldi tímabært orðið að taka upp breyttan gjaldmiðil hér á landi og mikilvægt að nota það tækifæri til þess að styrkja þann ásetning stjórnvalda og almenn-

ings í landinu að sigrast á verðbólguvandanum. Í umr. þeim, sem fram fóru í tilefni af þessari kynningu, kom yfirleitt fram jákvæð afstaða almennings gagnvart slíkri gjaldmiðilsbreytingu og þeim hugmyndum um mynt og nýja seðla sem kynntar voru. Í framhaldi af þessum umr. var á vegum Seðlabankans haldið áfram í samráði við ríkisstj. undirbúningi hinnar nýju mynt- og seðlaútgáfu, og hefur nú verið lokið hönnun og frágangi hvors tveggja, þannig að hægt verður fljótlega að ganga frá endanlegum samningum um framleiðslu sem lokið yrði á síðara helmingi þessa árs, ef Alþ. samþykkir þá breytingu sem hér er lagt til að gerð verði.

Niðurstöður þeirra kannana, sem gerðar hafa verið, og helstu röksemdirnar fyrir gjaldmiðilsbreytingu þeirri, sem hér um ræðir, eru í meginatriðum þessar:

Vegna stöðugrar rýrnunar á verðgildi krónunnar er nú nauðsynlegt að gera breytingar á seðla- og myntútgáfunni til þess að fullnægja eðlilegum kröfum viðskiptalífsins og til aukinnar hagræðingar við útgáfuna. Áframhaldandi verðbólguþróun, sem haft hefur í för með sér mjög öra verðrýrnun krónunnar s. l. ár, kallar nú óhjákvæmilega á frekari endurskoðun á mynt- og seðlastærðum, sem eru að ýmsu leyti orðnar dýrar og óhentugar í útgáfu og notkun. Kemur þar fyrst til, að mikil þörf er fyrir nýja og verðmeiri seðla. Hvílir meginþungi seðlaútgáfunnar nú á 5000 kr. seðlum og er hlutdeild þeirra í hinu sívaxandi seðlamagni nú orðin liðlega 86%, eða nokkru meiri en hlutdeild 1000 kr. seðilsins var þegar 5000 kr. seðlarnir fóru fyrst í umferð í apríl 1971. Nauðsynlegt er af hagkvæmnisástæðum að gefa út verðmeiri mynt í stað minnstu seðlanna. Að fjölda til er nú helmingur seðlamagnsins í 100 kr. seðlum og er endingartími þeirra aðeins um 10 mánuðir. Því er endurnýjun þeirra mjög kostnaðarsöm og geysileg vinna er í stofnun eins og Seðlabankanum við greiningu þeirra, talningu og pökkun. Gegnir öðru máli um mynt sem enst getur í áratugi og er greind og talin í vélum sem mannshöndin kemur vart nærri.

Þá verður ekki dregið lengur að minnka þær myntstærðir sem fyrir eru. Þegar ákveðin var stærð þeirra mynta, sem nú eru látnar í umferð, var sá vandi á höndum að hinar nýju myntir urðu að vera annarrar stærðar en þær úreltu myntstærðir sem í umferð voru. Eftir innköllun gömlu myntarinnar hefur skapast tækifæri til að breyta þeim myntstærðum, sem eftir eru í umferð og eru nú orðnar of stórar og dýrar í framleiðslu miðað við verðgildi. Þannig er framleiðslukostnaður krónupenings í dag 2.60 kr. hver peningur, 5 kr. peningurinn kostar í framleiðslu í dag 8.65 kr. hver peningur, 10 kr. peningurinn kostar í dag 12.50 kr. í framleiðslu og 50 kr. peningurinn kostar 24.65 kr. í framleiðslu. Útstreymi 1, 5 og 10 kr. peninga er áætlað um 90 millj. kr. á þessu ári, en framleiðslukostnaðurinn á þessum 90 millj. kr. er samkv. ofangreindu um 123 millj. kr. Það eitt sýnir hversu myntin er orðin óhagkvæm í útgáfu. Samkv. tilboði frá Royal mint í London í sláttu á nýrri og breyttri mynt kostar hins vegar hver nýr 5 kr. peningur, eða að breyttu verðgildi 5 aura, aðeins 2.70 kr. í stað 8.65 kr. í dag. Er sama að segja um aðrar myntstærðir, en þar er gert ráð fyrir að málmi myntarinnar verði breytt og hún minnkuð til muna frá því sem nú er.

Í öðru lagi: Þar sem gjaldmiðilsbreyting er talin tímabær nú eða á næstu árum, er augljóst að hagkvæmt er að hún fari fram um leið og endurskipulagning seðla- og myntstærðanna, en með því móti sparast verulegur aukakostnaður sem samfara væri gjaldmiðilsbreytingu á öðrum tíma. Talið er að gjaldmiðilsbreytingin muni kosta um 380 millj. kr. á núgildandi verðlagi, en þá er ótalinn nokkur kostnaður og aukin vinna fyrir ýmsa aðila meðan á breytingunni stendur. Á móti öllum þessum kostnaði kæmi margs konar hagræði og sparnaður, og má fullyrða að sá kostnaður, sem er samfara skynsamlegum breytingum á gjaldmiðlinum, skili sér fljótt aftur í einni eða annarri mynd.

Í þriðja lagi er það nefnt sem röksemd fyrir breytingu á verðgildi íslensku krónunnar, að talið er að hið lága og sílækkandi verðmæti íslensku krónunnar eigi sinn þátt í því að grafa undan virðingu fyrir verðmætum og áhuga manna á því að hamla gegn verðbólgu. Þótt gjaldmiðilsbreyting hafi vitaskuld engin áhrif á þróun verðbólgu út af fyrir sig má engu að síður ætla að hún gæti orðið brýning til að takast á við vandann af meiri einurð en áður og þannig orðið tákn nýs tímabils í stjórn efnahagsmála. Ýmis dæmi má finna í sögu annarra þjóða, sem styðja þessa skoðun.

Glíman við verðbólguna er nú höfuðviðfangsefni íslenskra stjórnmála og stjórnvalda og ættu því allar breytingar, sem létta þá baráttu, að vera vel þegnar og tímabærar. Núv. hæstv. ríkisstj. vinnur nú að mótun heildarstefnu í efnahagsmálum til tveggja ára. Vissulega getur verðgildisbreyting krónunnar, eins og hér er gert ráð fyrir, hjálpað til við að skapa almennan áhuga og skilning á því að treysta stoðir efnahagslífsins. Meginforsenda árangurs er vissulega sú, að allur almenningur skynji svo að segja daglega að jákvæðar breytingar séu að eiga sér stað. Þannig skapast skilningur og áhugi fjöldans umfram það sem ella væri. Um leið verður verðgildisbreytingin stjórnvöldunum sjálfum brýning til átaka. Vissulega mun verðgildisbreytingin ein sér ekki skipta sköpum um framvindu efnahagsmála, en hún getur hjálpað til og vonandi verður svo.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég vil leggja á það mikla áherslu, að d. hraði nokkuð meðferð sinni á þessu máli þannig að það liggi fyrir, áður en þing fer til sumarleyfis a. m. k., hver er vilji löggjafans í þessum efnum. Sá undirbúningur, sem hefur farið fram varðandi myntbreytinguna, bindur engan, hvorki Alþ. né aðrar stofnanir í þjóðfélaginu, en ef önnur stefna yrði mörkuð, þá er nauðsynlegt af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum, eins og allir skilja, að sú breyting liggi fyrir hið allra fyrsta. Það er nauðsynlegt að undirbúa umskipti eins og verðgildisbreytingu krónunnar ákaflega vel og með löngum fyrirvara. Ef hv. Alþ. samþykkir þetta frv. nú á þessum vetri, þá á að skapast nægur undirbúningstími til þess að þessi breyting geti gengið á sem misfellulausastan hátt, þannig að allir megi vel við una og að breytingin valdi ekki óróa og óþarfaruglingi í efnahags- og viðskiptalífi landsmanna.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er til umr. frv. til 1. um breytt verðgildi íslensku krónunnar. Frv. gerir ráð fyrir að tekin verði upp stærri mynteining, hundrað sinnum stærri en núgildandi króna.

Við höfum nú heyrt hæstv. viðskrh. flytja framsögu fyrir frv. þessu. Hann flutti mjög fróðlega ræðu, sérstaklega um seðla- og myntútgáfu og sögu þeirra mála hér á landi. Ég hef ekki neinu við það að bæta í sjálfu sér og hef

að sjálfsögðu ekkert við þá sögu að athuga eða frásögn sem fram kom í máli hans. En mál það, sem þetta frv. er um, fjallar ekki um mynt- og seðlaútgáfu, heldur um breytingu á verðgildi krónunnar, og það er það sem er höfuðatriði í þessu máli.

Hæstv. ráðh. vék að þeim hugmyndum sem áður hafa komið fram um aukið verðgildi íslensku krónunnar. Hann minntist á þá nefnd, sem skipuð var árið 1962 af þáv. fjmrh., Gunnari Thoroddsen, til að athuga hvaða breytingar væri heppilegt að gera á myntkerfinu, en það var þessi nefnd, eins og hætv. ráðh. tók réttilega fram, sem lagði til að tekinn yrði upp nýr gjaldmiðill sem væri 10 sinnum stærri en íslenska krónan. Þá minntist hæstv. ráðh. einnig á það, sem gerðist hér á hv. Alþ. í þessu máli árið 1972, þegar Alþ. samþykkti þáltill., sem var fram borin af Birni Pálssyni og kvað á um að ríkisstj. léti athuga hvort hagkvæmt væri og tímabært að auka verðgildi íslenskrar krónu þannig að 10 kr. yrðu að einni. Og enn vék hæstv. ráðh. réttilega að samþykkt Alþ. árið 1977 á þáltill. Lárusar Jónssonar eða þegar Alþ. samþykkti að vísa þeirri till. til ríkisstj., en þar var ríkisstj. falið að kanna hvort hagkvæmt væri og tímabært að auka verðgildi íslensku krónunnar þannig að 100 kr. yrðu að einni.

Mál það, sem hér er nú til umr., er því ekkert nýtt á döfinni. Í umr. og meðferð þessa máls áður hafa helstu rökin fyrir því að auka verðgildi íslensku krónunnar verið fólgin í þeim sálrænu áhrifum sem þessari ráðstöfun er ætlað að hafa. Ég tek það fram, að í máli sínu áðan nefndi hæstv. ráðh. þessa ástæðu sem þriðju og lokaástæðuna, sem hann taldi upp, fyrir því að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir, þ. e. þessi sálrænu áhrif sem áður hefur verið lögð höfuðáhersla á. Því hefur verið haldið fram, að gjaldmiðilsbreyting hefði sálræn áhrif með því að draga úr verðbólguhugsunarhætti og yki virðingu almennings fyrir verðmæti peninga.

Í grg. frv. er þessa getið og eins og ég sagði, þá vék hæstv.ráðh. að þessum rökum. En bæði í máli ráðh. og í grg. eru tilteknar aðrar ástæður fyrir verðgildisbreytingunni. Þar er Seðlabankinn borinn fyrir því, að nauðsynlegt sé nú orðið að ákveða breytingar á seðla- og myntútgáfu til þess að fullnægja eðlilegum kröfum viðskiptalífsins og til aukinnar hagræðingar við útgáfu seðla og myntar. Þörf fyrir verðmeiri seðla sé orðin mjög brýn, auk þess sem ekki verði dregið lengur að minnka stærð og þunga myntarinnar. Núgildandi mynt sé orðin allt of dýr í framleiðslu miðað við verðgildi. Eins sé tímabært að gefa út mynt í stað verðminnstu seðlanna sem í umferð séu. Þannig eru tíunduð, bæði í grg. og sérstaklega í ræðu hæstv. ráðh. áðan, ýmis atriði sem varða seðla- og myntútgáfu. Og það er sjálfsagt allt satt og rétt sem sagt hefur verið um þetta efni. En hér er bara um annað mál að ræða en sjálfa verðgildisbreytingu krónunnar, sem frv. það, sem við nú ræðum, fjallar um.

Hagkvæmni í seðla- og myntútgáfu er hægt að ná, hvort sem breytt er verðgildi krónunnar eða ekki. Um seðla- og myntútgáfu fer samkv. lögum um gjaldmiðil Íslands frá 1968. Frv. það, sem við nú fjöllum um, breytir ekki því, þótt að lögum yrði. Á grundvelli laganna frá 1968 hófst Seðlabankinn strax handa um endurskipulagningu á seðla- og myntútgáfunni, eins og glöggt kom fram í ræðu hæstv. viðskrh. áðan. Og síðan hefur útgáfa gjaldmiðilsins nánast verið í stöðugri endurskoðun, sem hefur miðað að því að draga úr kostnaði og jafnframt fullnægja kröfum viðskiptalífsins. Það hafa t. d. verið gefnir út seðlar með auknu verðgildi og slegin mynt í stað smærri seðlastærðanna. Mikilvægasti þátturinn í þessum breytingum hefur þó verið niðurfelling smámyntar minni en 1 kr., en með því hafa í reynd verið strikaðir út tveir aukastafir í öllum fjárhæðum sem notaðar eru í bókhaldi og viðskiptum. Að mati Seðlabankans hefur þannig að verulegu leyti verið náð þeirri beinu hagkvæmni sem hundraðföldun á verðgildi krónunnar hefur í för með sér, svo sem segir í grg. bankastjórnar Seðlabankans frá 13. nóv. s. l. um endurskipulagningu seðla- og myntútgáfu og hundraðföldun á verðgildi krónunnar.

Hvernig sem á er litið er það því augljóst mál, að ekki er þörf á að grípa til breytinga á verðgildi krónunnar til að koma á hagkvæmni í seðla- og myntútgáfunni. Þessi ástæða er því ekki haldbær fyrir verðgildisbreytingu krónunnar.

Að vísu kemur inn í dæmið spurningin um kostnað. Hæstv. viðskrh. reifaði ítarlega það mál. Og samkv. máli hans og samkv. því sem segir í grg. með frv. þessu er því haldið fram, að með hliðsjón af því, að leggja þurfi nú í kostnað við seðla- og myntútgáfu hvort sem er, muni ekkert eða lítið kostnaðarlega séð um að breyta verðgildi krónunnar um leið. Hér er hugsað rétt eins og seðla- eða myntútgáfan sé aðalatriðið, en verðgildisbreytingin aukaatriði. En þessu er að sjálfsögðu öfugt farið. Seðla- og myntútgáfan er í sjálfu sér ekkert sérstakt vandamál, heldur tiltölulega einfalt framkvæmdaratriði. Aftur á móti snýst hinn raunverulegi vandi um verðgildi gjaldmiðilsins eða mynteiningarinnar. Það mál er svo mikilvægt, að kostnaður við seðlaprentun og myntsláttu á ekki að vera ákvarðandi um það, hvað gert er eða látið ógert til þess að styrkja gjaldmiðilinn.

Síðan árið 1962 hafa verið uppi hugmyndir um að auka verðgildi krónunnar, eins og áður hefur verið vikið að. Spurningin er hvort það hafi þýðingu í sjálfu sér, að gjaldmiðilseiningin sé stór frekar en smá. Ekki er hægt að sýna fram á að svo sé. Minnstu einingarnar, svo sem ítalska líran og japanska yenið, hafa ekki haft veikari stöðu en stærri einingarnar. Belgíski frankinn hefur staðið sig betur en franski frankinn. Sá belgíski var aðeins 1/10 af verðmæti hins franska, en er nú orðinn 1/7 hluti hans. Stærstu einingarnar, sem eru í notkun í dag, eru sterlingspundið og dollarinn. En stærð einingar þessara gjaldmiðla hefur ekki gert þá óhultari gegn verðbólgu og gengislækkunum en ýmsa aðra.

Það er oft vitnað í Frakka og Finna í þessu sambandi, og það gerði hæstv. viðskrh. í ræðu sinni áðan, en fyrir u. þ. b. 20 árum voru í báðum þessum löndum teknar upp nýjar gjaldmiðilseiningar, sem voru 100 sinnum verðmeiri en þær gömlu. Í báðum löndunum voru þessar breytingar liður í efnahagsaðgerðum er stefnu að stöðugra verðlagi. Ekki verður nú séð með neinni vissu, hvort gjaldmiðilsbreytingin hafi haft teljandi áhrif á efnahagsþróun þessara tveggja landa. Þau hafa bæði átt eftir þetta við verðbólguvandamál að stríða ekki síður en önnur lönd í Evrópu, og hefur reyndar hvorugt farið varhluta af gengisfellingu á þeim tíma sem liðinn er síðan gjaldmiðilsbreytingin fór fram.

En þótt stærð gjaldmiðilseiningarinnnar virðist ekki skipta máli í viðureigninni við verðbólgu og viðleitni til stöðugleika í efnahagslífinu er ekki þar með sagt að

aukning á verðgildi íslensku krónunnar þurfi að vera tilgangslaus eða áhrifalaus. Það er breytingin í sjálfu sér eða framkvæmdin sjálf sem getur haft sjálfstæða þýðingu. Breytingin hefur samt ekki bein áhrif á þróun verðbólgunnar. Aftur á móti gæti breytingin haft hagstæð sálræn áhrif með því að draga úr þeim verðbólguhugsunarhætti, sem sílækkandi verðmæti íslensku krónunnar veldur með því að grafa undan virðingu fyrir peningum og áhuga manna á því að hamla gegn verðbólgunni. En forsenda þess, að aukning verðgildis íslensku krónunnar hafi hin hagstæðu sálrænu áhrif sem vonast er til, hlýtur að vera sú, að aðgerðin sé liður í víðtækri stefnumótun og framkvæmd til að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar. Aukning verðgildis krónunnar gæti þá orðið vottur þess, að slík stefna hefði verið tekin upp í efnahagsmálunum, og brýning til þess að takast á við vandann af meiri einurð en áður og þannig orðið tákn nýs tímabils í stjórn efnahagsmála, eins og bankastjórn Seðlabankans hefur orðað það og eins og hæstv. viðskrh. orðaði það í ræðu sinni áðan. Við hljótum öll að vera sammála um þetta atriði.

En samkv. þessu hlýtur afstaða til þessa frv., sem hér liggur fyrir, að fara eftir mati manna á því, hvort framangreindri forsendu sé fullnægt, hvort mótuð hafi verið sú heildarstefna í efnahagsmálunum sem gjaldmiðilsbreytingin geti verið reist á eða verið liður í. Engin sú stefnumótun eða heildarstefna liggur enn fyrir. Um það ættu allir að geta verið sammála. Ríkisstj. hefur ekki enn mótað heildarstefnu sína í efnahagsmálunum. Þetta er staðreynd. Ráðstafanir hennar hafa verið skammtímaaðgerðir. Heildarstefna lá ekki fyrir þegar ráðstafanir voru gerðar 1. sept. Heildarstefnan var ekki fundin þegar ráðstafanirnar voru gerðar 1. des. Verið er að leita nú að heildarstefnunni fyrir væntanlegar aðgerðir 1. mars n. k. Síðast þegar til fréttist voru þeir enn að leita að heildarstefnunni og heildarstefnan var ekki enn komin í leitirnar.

Hvernig getur nú aðgerð sú, sem frv. þetta fjallar um, náð tilgangi sínum undir þessum kringumstæðum? Mér er spurn og ætli það verði ekki svo um fleiri. Ég fæ ekki annað séð en aldrei síðan 1962, að fyrst var farið að ræða möguleikann á aukningu verðgildis íslensku krónunnar, hafi slík ráðstöfun verið óhagstæðari en einmitt nú. Þetta segi ég þótt ég sé þeirrar skoðunar, að rétt sé að hundraðfalda verðgildi krónunnar undir réttum kringumstæðum. En þær aðstæður verða ekki fyrir hendi að mínu viti fyrr en hætt verður að beita smáskammtalækningum við verðbólguna rétt eins og viðfangsefnið væri að lækka verðbólguna t. d. úr 10 stigum í 7 eða 8 stig. Aukning verðgildis krónunnar væri hins vegar eðlilegur liður í markvissum róttækum aðgerðum, sem nauðsynlegar er til að fást við óðaverðbólgu í þeim mæli sem við nú búum við. Kákaðgerðir í verðbólgu- og efnahagsmálum verða aldrei undirstaða þess að auka verðgildi krónunnar. Gjaldmiðilsbreytingin yrði ekki undir þeim kringumstæðum tákn um breytta stefnu eða brýning þjóðinni til dáða. Þvert á móti yrði þá hin sálrænu áhrif gjaldmiðilsbreytingarinnar gagnstæð. Breytingin væri vottur meira reiðuleysis og úrræðaleysis og yki því vantraust manna og lítilsvirðingu á gjaldmiðlinum þegar til lengdar léti. Gjaldmiðilsbreyting nú þyddi því að fara úr öskunni í eldinn. Þess vegna er ég ekki fylgjandi því frv. sem hér er á dagskrá, eins og nú er málum háttað.

Það breytir í engu skoðun minni, þótt Seðlabankinn mæli með samþykkt frv. og virðist leggja áherslu á framgang þess. Í umsögn sinni um gjaldmiðilsbreytingu þá, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er Seðlabankinn á kafi í seðla- og myntútgáfunni, stærð, útliti, lögun, lit og efni peningaseðla og myntar, sbr. grg. bankastjórnar Seðlabankans um endurskipulagningu seðla- og myntútgáfu og hundraðföldun á verðgildi krónunnar, dags. 13. nóv. s. l., og bréf bankastjórnar til viðskrh., dags. sama dag. En Seðlabankinn hefur líka látið frá sér fara fróðleik um gjaldmiðilsbreytingar. Þar er af ýmsu að taka, sem fróðlegt er og gagnlegt, svo sem vænta mátti.

Þegar þáltill. frá 1972 um athugun á auknu verðgildi íslenskrar krónu var til meðferðar á Alþ. sendi Seðlabankinn allshn. Sþ. álitsgerð um gjaldmiðilsbreytinguna. Þar segir m. a. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Sannleikurinn er sá, að ókleift virðist vera að sjá fyrir sálræn áhrif gjaldmiðilsbreytingar. Ef almenningur er vantrúaður á framtíðarverðgildi peninganna og getu stjórnvalda til þess að halda verðbólgu í skefjum, gæti eins vel svo farið, að gjaldmiðilsbreytingin yrði til þess að auka á vantrú manna og tortryggni. Sé slík breyting hins vegar hluti af mjög róttækri stefnubreytingu, eins og átti sér stað í Frakklandi þegar de Gaulle kom til valda, kann hún að vera mikilvægur liður í því að sannfæra menn um að nýtt tímabil sé hafið. Slíkar aðstæður eru hins vegar óvenjulegar og varla við þær að miða hér á landi."

Með tilliti til slíkrar umsagnar er mér nokkur ráðgáta, hvernig Seðlabankinn getur mælt með frv. því sem við nú fjöllum um. Þetta gerir Seðlabankinn þegar almenn vantrú ríkir á getu ríkisstj. til að halda verðbólgunni í skefjum. Þetta gerir Seðlabankinn þegar ekki bólar á aðgerðum til að ráðast að orsökum verðbólgunnar, hvað þá heldur að róttæk stefnubreyting sé orðin í þá átt. Þetta gerir Seðlabankinn þó að gjaldmiðilsbreytingin við þessar aðstæður hljóti að auka á vantrú manna og tortryggni í stað þess að hafa hagstæð sálræn áhrif. Ég held að jafnvel minningin um de Gaulle geti engu breytt í þessu efni.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. viðskrh. og nú í ræðu hv. 5. þm. Vestf., þá er það mál sem þetta frv. fjallar um, um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, ekki alveg nýtt af nálinni. Þetta mál hefur sem sagt nokkrum sinnum verið til umr. og umfjöllunar hér á hinu háa Alþingi. Einnig virðist manni að það, að þessi breyting hefur ekki verið framkvæmd fyrir löngu, hafi m. a. stafað af því, að Seðlabankinn eða stjórnendur hans hafi talið og lagt á það höfuðáherslu, að í sambandi við slíka myntbreytingu þyrfti að verða mikil stefnubreyting í meðferð efnahagsmála almennt. Ekki þarf annað en vísa til síðustu umsagnar stjórnar Seðlabankans um þáltill. þá sem hv. þm. Lárus Jónsson flutti á sínum tíma, en í umsögn Seðlabankans var einmitt skýrt tekið fram um þetta atriði sem ég var að benda á. Það er því ekki undarlegt þó að það veki nokkra furðu, að nú skuli með jafnskjótum hætti og ráð er gert fyrir í því frv., sem hér er lagt fram til meðferðar, unnt að fara í jafnumsvifamikla breytingu á mynt þjóðarinnar. Hlýtur því í þessu sambandi að vakna hjá manni sú spurning, sem ég beini til hæstv. viðskrh., hvort von sé á þessari verulegu stefnubreytingu í meðferð efnahagsmála almennt sem stjórn Seðlabankans sem æðsta vald okkar í peningamálum hefur hingað til talið alveg nauðsynlega forsendu fyrir því, að í slíka

breytingu verði ráðist.

Ég hef reynt að kynna mér svolítið álit manna, sem ég tel að hafi aðstöðu vegna menntunar og reynslu á sviði efnahags- og peningamála til sérþekkingar á þessu sviði, — reynt að kynna mér skoðanir þeirra á því máli sem hér er flutt. Ég verð að segja, að hjá þeim aðilum, sem ég hef leitað til, hafa komið upp mjög miklar efasemdir um að í slíku verðbólguþjóðfélagi og við búum nú í sé gerlegt að gera jafnmikla grundvallarbreytingu á gjaldmiðli þjóðarinnar og hér er gert ráð fyrir. Persónulega tek ég undir þær skoðanir sem ég hef verið að lýsa, og mér er það ákaflega mikið til efs að nú sé valinn réttur tími. A. m. k. er ég fastlega þeirrar skoðunar, að meiri og víðtækari aðgerðir þurfi að koma til á fjármálasviðinu almennt, ef þessi breyting, sem gert er ráð fyrir í frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, verður afgreidd og eigi að koma að gagni.

Í sambandi við þetta mál kemur upp í huga manns spurningin um það, hvort af hálfu stjórnvalda mundu verða gerðar ráðstafanir til þess að hinn nýi gjaldmiðill yrði t. a. m. frjálsari til yfirfærslu í aðrar myntir en gildir um núverandi íslenskan gjaldmiðil. Mundi vegferð þessarar nýju myntar verða gefið meira frelsi en gilt hefur í gjaldeyris- og peningamálum hjá okkur til þessa? Ég er alveg sammála hæstv. viðskrh., þar sem hann talaði um að höfuðverkefni hæstv. ríkisstj. — og ég mundi telja höfuðverkefni hv. Alþ., alþm. og þjóðarinnar yfirleitt — væri glíman við verðbólguna. En einmitt með hliðsjón af þeim ummælum og af því ástandi, sem ríkir í sambandi við baráttuna við verðbólguna, kemur það þá ekki mjög til álita að myntbreyting jafnumfangsmikil og hér er rætt um sé veigamikill þáttur í baráttu þjóðarinnar við verðbólguna?

Mig langar í þessu sambandi að benda á, að fyrir nokkrum árum birti einn ágætur, vel menntaður maður, Pétur Blöndal, tryggingafræðingur að mennt, blaðagrein sem bar heitið „Grædd er skulduð milljón.“ Efni þessarar greinar var hugleiðingar höfundar um það mikla verðbólguástand sem þá ríkti hjá okkur, sem þá var þó mun viðráðanlegra og á lægra stigi en nú — mig minnir að þessi grein væri skrifuð fyrir 4 árum. En ég geri þessa grein að umtalsefni nú vegna ábendinga greinarhöfundar í lok umræddrar blaðagreinar. Þá varpaði greinarhöfundur fram þeirri tillögu, hvort ekki væri kominn tími til þess að taka til gaumgæfilegrar athugunar að taka upp svokallaðan verðmæli, vísitölukrónu sem væri skráð daglega. Mér þykir hlýða að koma þessum ábendingum á framfæri, því að ég hef oft hugsað um þessa tillögu, sem birtist í þessari umræddu blaðagrein, og ég held að það sé miður að henni skyldi ekki gefinn meiri gaumur, því að ég held að ein meginorsök hins mikla ofvaxtar verðbólgunnar og hvernig hún hefur einhvern veginn orðið mikill bölvaldur í þjóðfélagi okkar, sé sú, að við höfum allt of lengi látið það viðgangast, að fé sé látið af hendi sem lán og annað án þess að tryggt sé að réttur höfuðstóll sé greiddur til baka. Ef við í sambandi við þær hugsanlegu aðgerðir, sem frv., sem hér liggur fyrir, mælir um, gætum gert þær ráðstafanir, að nýi gjaldmiðillinn mældist á hverjum tíma með þeim breytingum, sem yrðu á vísitölukerfinu, þannig að þetta yrði traustur og góður gjaldmiðill, sem stæði fyrir sínu, þá held ég að hér sé hugmynd sem sé mjög þess virði að hún sé tekin til athugunar við afgreiðslu þessa máls.

Ég tek undir þau ummæli, sem komu fram í máli hv. 5. þm. Vestf., sem talaði áðan, að myntbreyting út af fyrir sig, sem ekki er í neinum öðrum tengslum við stefnubreytingu í meðferð efnahagsmála almennt hjá þjóðinni og með tilvísan til þess órólega ástands, sem er hjá okkur á almennum peningamarkaði vegna þess verðbólguástands sem ríkir hjá þjóðinni, — slík breyting út af fyrir sig, sem ekki hefur annað inni að halda, getur verið mjög vafasöm. Kemur mjög til álita sú spurning hjá manni, hvort slík breyting ein gæti ekki einmitt, eins og kom einhvern tíma fram í áliti Seðlabankans fyrr þegar rætt var um slíka myntbreytingu, orðið í auknum mæli til þess að vekja tortryggni almennings á gjaldmiðlinum í stað trausts. Nú spyr ég um það, ef slík breyting sem hér er gert ráð fyrir nær fram að ganga, en verðbólgan látin halda áfram jafntaumlaust hjá okkur og hefur verið og einhvern veginn mistækist okkur að ráða við hana: Megum við þá kannske eiga von á því, að við eigum eftir að lifa það í þjóðfélagi okkar að farið verði að yfirstimpla þessa nýju fallegu seðla um aukið verðmæti, vegna þess að það þætti ódýrast í framkvæmd að fara þannig að?

Ég held að þegar mál eins og þetta er til umr., sem hefur verið meðal fjármálastjórnenda þjóðarinnar jafnlengi til íhugunar, þá sé fyllsta ástæða til að staldra við og athuga gaumgæfilega að við flýtum okkur ekki of hratt.

Þetta vildi ég láta koma fram nú hér við 1. umr. Annars á ég sæti í þeirri n., sem væntanlega kemur til með að fjalla um þetta mál, svo að ég hef þá aðstöðu til þess að koma sjónarmiðum mínum þar betur fram.

Aðeins, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu, vil ég — það er þó ekki stórt atriði — vekja athygli á ákvæðum 7. gr. frv., en þar segir svo í næstsíðustu mgr.:

„Frá og með 1. júlí 1980 skulu seðlar þeir og mynt, sem út var gefin fyrir 1. jan. 1980, hætta að vera lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa þá seðla og mynt í 18 mánuði eftir lok 6 mánaða frestsins.“

Með tilliti til hins mikla dreifbýlis í þjóðfélagi okkar hefði ég talið að þarna væri ástæða til að setja inn í eitt stig. Það er yfirleitt gert í þeim löndum þar sem slík seðlaskipti hafa orðið, að bankar og sparisjóðir taka lengur við hinum eldra gjaldmiðli. Þá eru 3 stig: Fyrst eru ákvæði um það, hversu lengi gamlir seðlar séu lögmætur gjaldmiðill í skiptum manna, svo líður nokkur tími sem bankar og sparisjóðir taka á móti þeim, og að lokum aðeins Seðlabanki landsins. En þetta er bara tæknilegt atriði, sem enginn vandi er að leiðrétta.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. viðskrh. fyrir mjög greinargóða ræðu er hann fylgdi þessu frv. úr hlaði. Það er skoðun okkar Alþfl.-manna, að þessi hundraðföldun krónunnar sé jákvæð, enda er, eins og við vitum, lítil virðing borin fyrir einum litlum krónupeningi. Það má geta þess, að sú breyting, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, var á stefnuskrá Alþfl. fyrir kosningar.

Það eru margvísleg rök, sem hæstv. viðskrh. er búinn að telja upp fyrir þessari breytingu, svo sem seðlasmæðina og annað slíkt. Þessi breyting er fyrst og fremst reikningsleg einföldun á viðskiptalífi okkar, en alls ekki einhver stórkostleg efnahagsráðstöfun, eins og hv. 5. þm. Vestf. virðist líta á. Það er von okkar, að þessi breyting hafi ekki einungis reikningsleg áhrif, heldur muni hafa jákvæð áhrif á almenning hvað varðar virðingu fyrir gjaldmiðli.

Ég átti ekki von á því, að umr. um þetta mál mundi snúast upp í efnahagsumr., en hv. 5. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Norðurl. e. véku hér nokkuð að efnahagsmálum og sögðust sakna heildarstefnu í þeim málum. Ég ætla ekki að nota þessa umr. til að ræða hér á breiðum grundvelli um efnahagsmál, en vil benda á nokkur atriði.

Þessi ríkisstj. hefur þegar náð verulegum árangri í baráttunni við verðbólguna. Þegar hún tók við var verðbólgan 52%, en var komin niður í 36% í árslok 1978. Ég get fullvissað hv. þm. stjórnarandstöðunnar um að ríkisstj. mun ná enn betri árangri á þessu ári, enda er nú verið að leggja síðustu hönd á ýmsar till. stjórnarinnar í efnahagsmálum, sem er ekki tímabært að greina frá hér á þessari stundu.

Það var að öðru leyti erindi mitt í sambandi við þetta frv. að ræða eitt atriði í því frv. og það er nafnið á nýju myntinni. Að mati mínu væri æskilegt að þessi nýja mynt fengi gamla heitið mörk. Hæstv. viðskrh. vék að áliti myntbreytingarnefndarinnar og eins og ég skildi mál hans eða heyrði rök hans, eða rök n. réttara sagt, þá var því fundið til foráttu að erfitt væri að beygja orðið mörk í fleirtölu á erlendum málum. Að mínu áliti er það lítilvæg röksemd í þessu máli, hvernig íslensk orð beygjast á erlendum málum, ég tala nú ekki um í fleirtölu. Nafnið króna, sem við þekkjum og hefur alltaf verið notuð hér, frá konungsríkjunum Danmörku, Noregi og Svíþjóð, er dregið eins og menn vita af kórónu og við eigum fá merki um kórónur hér á landi. Þetta nafn á mynt tengist stjórnarfari, enda er það nafn ekki til í Finnlandi. Það er einungis þetta atriði, sem ég vildi koma að í þessari umr. Það er álit mitt, að við ættum að taka upp hið forna nafn, mörk, á gjaldmiðlinum um leið og við framkvæmum þessa hundraðföldum á verðgildi hans.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það mun koma í hlut þeirrar n., sem mál þetta fær til meðferðar, að fjalla um einstök tæknileg atriði þess. Vafalaust mun n. taka vel ábendingu hv. 2. þm. Norðurl. e. varðandi breytingu á 2. eða 3. mgr. 7. gr. sem hann nefndi áðan.

Ég held að meginástæðurnar fyrir því, að skynsamlegt sé að breyta um verðgildi íslensku krónunnar, séu tvær: Það sé í fyrsta lagi hagkvæmniástæðan, sem ég geri talsvert mikið úr og rakti í ræðu minni áðan, en hv. 5. þm. Vestf. gerði lítið úr. Í öðru lagi er ástæðan sú, að ég held að slík hundraðföldun á verðgildi krónunnar geti verið brýning á stjórnvöld og almenning til að takast á við þau efnahagsvandamál sem við er að glíma í þjóðfélaginu.

Núv. ríkisstj. hefur sett sér það markmið og hefur raunar þegar sýnt það með ýmsum aðgerðum sínum, að hún vill vinna að hjöðnun verðbólgunnar. Hún gerir sér ljóst að það tekur tíma, og hún gerir sér ljóst að það verður ekki gert með neinu einu einföldu kraftaverki. Til þess þarf margvíslegar samþættar aðgerðir. Sú aðgerð, sem hér er á dagskrá hv. Ed. Alþ., er aðeins einn lítill þáttur af þessari heildarstefnumótun, þessari heildarbaráttu gegn verðbólgunni sem ríkisstj. vill heyja. Ég býst við að stjórnarandstaða muni jafnan komast að þeirri niðurstöðu, hver sem hún er, að aðgerðir ríkisstj., hver sem hún er, séu svo léttvægar, séu svo handahófskenndar, sundurtættar og ómerkilegar, að það sé algerlega þýðingarlaust, ef ekki til bölvunar, að efna til aðgerðar af því tagi sem hér er er lagt til, þannig að viðbrögð hv. stjórnarandstæðinga koma mér út af fyrir sig ekki á óvart að öðru leyti en því, að það eru reyndar tveir núv. hv. þm. Sjálfstfl. sem hafa öðrum mönnum fremur beitt sér í þessa átt hér á hv. Alþ., þ. e. a. s. Gunnar Thoroddsen, hv. núv. 11. þm. Reykv., fyrrv. fjmrh., og Lárus Jónsson, hv. 6. þm. Norðurl. e.

Eins og hv. 5. þm. Vestf. benti á, nefndi ég jafnan hina sálrænu ástæðu nr. þrjú. Það stafar einfaldlega af því, að mér er það ekki gefið sem skyldi að slá máli á það fyrir fram, hvaða sálræn áhrif þessi eða hin efnahagsaðgerðin kann að hafa á fólkið í landinu á hverjum tíma. Hv. fjh.- og viðskn. Ed. Alþ. verður að leita til sérfræðinga um þau efni þegar hún ræðir um verðgildisbreytinguna. Ég hygg, þó að leitað væri til okkar virðulegu stofnunar, Háskóla Íslands, hún beðin um álit af hinum sálrænu áhrifum af þessu, þá veföist henni tunga um tönn engu síður en þeim sem mælti fyrir því frv. sem hér er á dagskrá nú, og hætti ég mér ekki út á þann hála ís að meta hin sálrænu áhrif. En ég undirstrika: Hugsunin með þessu frv. og þeirri verðmiðilsbreytingu, sem það felur í sér, er fyrst og fremst sú, að vera þáttur í heildaraðgerðum, að vera spori á stjórnvöld og almenning til að takast af alvöru á við þau efnahagsvandamál sem nú er við að glíma. Frv. er flutt af þeirri ástæðu og í trausti þess, að ríkisstj. hafi manndóm og kjark til þess að takast á við efnahagsvandamálin þannig að af þessari aðgerð geti orðið gagn, en ekki ógagn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. nú. Ég kvaddi mér hljóðs áðan vegna þess að ég taldi rétt að þau sjónarmið kæmu fram við 1. umr., sem ég túlkaði þar. Ég á ekki sæti í hv. fjh.- og viðskn., þar sem þetta mál verður væntanlega tekið fyrir, og taldi því rétt að velja þá leið að hreyfa þessum viðhorfum strax við 1. umr.

Ég vil aðeins segja það núna, að ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. 1. landsk. þm. þegar hann segir að þetta sé ekki nein sérstök efnahagsaðgerð, þetta sé svona eins og gengur og gerist ein tegund slíkrar efnahagsaðgerðar. Ég held að þetta sé alger misskilningur. Hér er um sérstaka og óvenjulega aðgerð að ræða. Og hún er það ekki einungis hjá okkur, heldur hvar sem er á byggðu bóli, þar sem samjöfnuður getur verið á gerður. Það er engin tilviljun, að í umr. um þetta mál er aðeins bent á tvö lönd sem hafa framkvæmt þetta á undanförnum áratugum, þ. e. a. s. Frakkland og Finnland. Þetta er ekki hversdagsviðburður.

En auðvitað er það svo, að þetta er mál Alþfl., segir hv. 1. landsk. þm. Og hvað er ekki mál Alþfl. sem hæstv. ríkisstj. kemur með? En þó er þess að geta, að þetta mál náði ekki fram að ganga 1962, og ég held að mér sé óhætt að segja að þetta hafi ekki verið mál Alþfl. þá. En það hefur kannske bara verið gamli Alþfl., ekki nýi Alþfl.

Ég vil í sambandi við það, sem hæstv. viðskrh. sagði réttilega, að ég gerði ekki mikið úr hagkvæmnisástæðunum, aðeins undirstrika að ég geri það ekki. Höfuðatriðið er það, hvort þessi aðgerð hefur hin jákvæðu sálrænu áhrif sem við höfum rætt um. Það er höfuðatriði þessa máls.

Hæstv. viðskrh. fannst það einkennileg viðbrögð okkar fulltrúa stjórnarandstöðunnar í þessum umr. að vera heldur andvígir þessu máli undir þeim kringumstæðum sem við búum nú við og benti í því sambandi að á tveir ágætir samþm. okkar, alþm. Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson, hefðu verið áhugamenn um þessi efni. Þeir hafa verið það. Ég tjáði mig líka fylgjandi því, að

þessi aðgerð yrði gerð undir vissum kringumstæðum. En þó að hv. alþm. Gunnar Thoroddsen hafi talið að þær aðstæður hafi verið fyrir hendi 1962, á dögum viðreisnarinnar, er ekki þar með sagt að hann segi að þær ástæður séu fyrir hendi nú í dag. Og þó að hv. þm. Lárus Jónsson teldi að þessar ástæður væru fyrir hendi á dögum fyrrv. stjórnar, þá er ekki þar með sagt að hann þurfi að telja að svo sé í dag. Þetta verður auðvitað að meta eftir því hvert ástandið er í efnahagsmálunum almennt þegar þessi aðgerð er gerð, og menn verða að taka afstöðu til málsins á þeim grundvelli. Í mínum huga er það þó ekki svo, að menn þurfi endilega að skiptast í þessu máli eftir því, hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Ég held að hér sé um svo þýðingarmikið mál og slíkt alvörumál að ræða, að það færi best á því, að hver og einn þm. legði þetta mál gaumgæfilega fyrir sig án tillits til þess hvort hann er í stjórnarandstöðu eða er stjórnarsinni.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um þetta mál. Það er kannske rétt að það komi strax fram, að þegar þetta frv. var lagt fyrir þingflokk Alþfl. skömmu fyrir jól til meðmæla eða ekki meðmæla, hvort það yrði að beiðni stjórnar lagt fram sem stjfrv., þá hafði ég e. t. v. nokkuð líka afstöðu til málsins og hv. þm. Sjálfstfl. hafa túlkað hér. Ég lít svo á að svona frv. eigi að koma fram sem eins konar endahnútur eða staðfesting á breyttu og nýju efnahagskerfi sem verið sé að taka upp. Mín fylgd við þetta frv. þá miðaðist við að sú efnahagsstefna kæmi væntanlega fram þegar á þetta ár liði, og ég vona enn og trúi að það verði og þá sé eðlilegt að þetta frv. komi fram eins og eins konar staðfesting á þeirri nýju stefnu. Hins vegar sá ég í hendi mér að það var ekki rétt að tefja fyrir því, að málið gæti komið fram, svo að allur þarflegur undirbúningur lægi fyrir, og því sé ég ekki að enn hafi neitt gerst frá sjónarmiði okkar Jóns Sólness eða Þorv. Garðars Kristjánssonar þó að frv. komi fram og fái meðhöndlun í n. Vonandi verður ný efnahagsstefna búin að sjá dagsins ljós áður en frv. verður samþykkt.

Ég endurtek, að ég er ekki búinn að gera það upp við mig, hvort ég samþykki þetta frv., fyrr en ég sé hver niðurstaðan verður í þeim efnahagsaðgerðum sem núverandi stjórnarflokkar eru að undirbúa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 46. fundur.

Mánudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsskólar, frv. (þskj. 233). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í lögum um skólakerfi er um það rætt, að íslenskir skólar skiptist í þrjú stig; skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig. Á sama hátt mætti kannske tala um fimm stig í menntakerfi þjóðarinnar með það í huga, að fyrst má telja forskólann, síðan koma þessi þrjú lögbundnu skólastig, þ. e. a. s. grunnskóli, framhaldsskóli og háskóli, en þar á eftir komi svo endurmenntunin eða fullorðinsfræðslan.

Áður en ég vík að efni þess frv. um framhaldsskóla sem hér liggur fyrir, tel ég rétt að renna augunum yfir þessi fimm stig menntakerfisins til þess að betra sé að átta sig á viðfangsefni frv. í ljósi annarra verkefna í menntamálum.

Ég held, áður en vikið er að öðrum viðfangsefnum, að það leyni sér ekki, að brýnasta verkefnið eins og á stendur er að marka heildarstefnu hvað framhaldsskólann snertir. Þetta verkefni hefur verið aðalviðfangsefnið nú á síðari hluta þessa áratugs og má nú ekki lengur dragast að því séu gerð full skil hér á Alþ. Þessi þróun hefur verið í fullum gangi nú um alllangt skeið, en heildarskipulag hefur vantað.

Á fyrri hluta áratugsins var hins vegar unnið að öðru stórverkefni, sem var setning laga um grunnskóla, og það var ekki fyrr en 1974 sem niðurstaða fékkst og grunnskólafrv. var samþ. hér á Alþ. Ég vil þó minna á að það mál var ekki endanlega útkljáð við afgreiðslu Alþ. á grunnskólafrv. vorið 1974. Enn eru nokkrir þættir málsins óútkljáðir, þ. á m. um lengingu skólaskyldunnar.

Hér á Alþ. voru menn ekki á eitt sáttir um það, hvort skynsamlegt væri að lengja skólaskyldu um eitt ár, og voru margir sem töldu að nægilegt væri að sett væri á fræðsluskylda, skylda sveitarfélaga til þess að sjá nemendum fyrir fræðslu á þessu níunda skólaári, en ekki væri skynsamlegt að þvinga nemendur með lagaboði, úr því að þeir hefðu náð þessum aldri, til að sækja skóla, enda mætti víst heita að um 90% nemenda mundu sækja skóla hvort sem þeir væru skyldaðir til þess eða ekki. Spurningin væri þá um það eitt, hvort Alþ. ætti með lagasetningu að sjá til þess, að þau 5-6%, sem eftir væru og ekki kæmu í 9. bekk grunnskólans af sjálfsdáðum, skiluðu sér, því að vissulega er það svo, að alltaf verður einhver hluti nemenda sem ekki getur sótt 9. bekk grunnskólans af ýmsum ástæðum, aðallega heilsufarsástæðum, og því ekki að vænta að um geti orðið að ræða 100% skólasókn af hálfu þessa aldursflokks frekar en annarra.

Ég minni á þetta hér vegna þess, að ég tel að endurskoðun grunnskólalaga sé óhjákvæmilegt viðfangsefni nú á næstu mánuðum, og samfara þeirri endurskoðun þarf Alþ. að taka endanlega ákvörðun um það, hvort skólaskylda verði aukin um eitt ár eða ekki. Ég tel að Alþ. hafi í raun aldrei afgreitt þetta mál, heldur áskildi sér rétt til þess að taka endanlega afstöðu áður en grunnskólalögin kæmu endanlega til framkvæmda, og við erum enn ekki komin að því tímamarki.

Á s. l. vori gaf menntmrn. út ítarlega skýrslu um framkvæmd grunnskólalaganna og um þessa skýrslu urðu nokkrar umr. hér á Alþ., en stefnumótunin hvað þetta atriði snertir er enn eftir.

Varðandi háskólastigið má segja það, að það þarfnast vafalaust endurskoðunar eins og flest annað í okkar menntakerfi og m. a. þarf að hyggja að tengslum Kennaraháskóla Íslands og Tækniskólans við Háskólann. Þar eru óútkljáð ýmis stefnumarkandi atriði sem Alþ. verður fyrr eða síðar að taka endanlega afstöðu til. Nægir að minna á að Kennaraháskólafrv. hefur verið hér á ferðinni innan veggja Alþ. nú um nokkurt skeið, en hefur ekki verið afgreitt vegna mikils ágreinings um ákveðin atriði þess.

En um leið og þessi endurskipulagning hlýtur að eiga sér stað á þremur stigum skólakerfisins þarf ekki síður að huga að þeirri menntun sem þar fyrir utan stendur. Þá vil

ég í fyrsta lagi nefna samræmdan forskóla í kjölfar kraftmikillar uppbyggingar leikskóla og annarra dagvistarstofnana sem þarf að eiga sér stað á næstu árum, og í öðru lagi að koma þarf á nýju skipulagi hvað snertir endurmenntun og fullorðinsfræðslu, en þau mál eru nú mjög brotakennd og tilviljunarkennd, eins og flestum mun kunnugt.

Nýtt skipulag þessara mála er brýn nauðsyn, og ég vil leggja á það áherslu, að nýtt skipulag þarf alls ekki að vera neitt bákn sem togar til sín milljarða kr. eins og sumir hafa óttast. Hér er um það að ræða, að við höfum verið með öldungadeildir starfandi og aðra fullorðinsfræðslu í framhaldsskólum. Við höfum fræðslustarf verkalýðshreyfingarinnar, námsflokka með kvöldnámskeiðum, málaskóla, bréfaskóla, og hugsanlegt er að bæta þar við stórauknu fræðslustarfi í útvarpi og sjónvarpi. Allt þetta þarf að fella í samræmda heild, og ég tel að unnt sé að gera það án þess að leggja stórauknar byrðar á herðar skattgreiðenda og tel að þetta sé eitt allra brýnasta viðfangsefnið í menntamálum eftir að við höfum komið málum framhaldsskólans í betra horf en nú er. Ég held að það verði þegar að fara að stíga fyrstu sporin hér á Alþ. til að endurskipuleggja þetta nám.

Svo vikið sé að því frv. sem fyrir liggur, þá verður fyrst fyrir að spyrja, hver séu meginrökin fyrir þessu frv. Ég held að svarið sé einfaldlega það, að núverandi framhaldsskólakerfi svari ekki tímans kalli. Námsframboð er oft einhæft, námsbrautir einangraðar og lokaðar og nemendur, sem taka ranga ákvörðun í öndverðu, eru lokaðir inni í blindgötum og verða að byrja allt framhaldsskólanám frá byrjun ef þeir ætla sér að skipta um nám. Auk þess má á það benda, að hin skörpu skil milli bóknáms og verknáms gera síðarnefnda námið annars flokks. M. ö. o.: verknámið er vanrækt, sniðgengið bæði af nemendum og fjárveitingavaldi. Nemendur leita sér ekki menntunar í eðlilegu samhengi við hæfileika sína og löngun og námið verður ekki eins markvisst og vera ber. Ýmislegt hefur verið gert til þess að lagfæra verstu ágallana, en þessi viðleitni hefur nær eingöngu beinst að afmörkuðum brautum framhaldsskólastigsins, og þess hefur ekki verið gætt, að þetta menntunarstig myndar í raun eina samvirka heild sem verður að vera í eðlilegum tengslum við aðliggjandi skólastig. Úrbætur, sem hafa verið gerðar, hafa því ekki reynst til frambúðar.

Aðdragandi þessa frv. er orðinn mjög langur. Lög og reglugerðir um einstaka skóla hafa verið tekin til endurskoðunar nú á þessum áratug oftar en einu sinni og ný löggjöf verið sett, m. a. um viðskiptamenntun. Nefndir hafa verið skipaðar til þess að fjalla um veigamikla þætti framhaldsskólans, og má þar nefna verk- og tæknimenntunarnefnd, sem skilaði í júlí 1971 ítarlegri grg. um verk- og tæknimenntun á Íslandi, iðnfræðslulaganefnd, sem skilaði till. um þróun tæknimenntunar í des. 1975, og nefnd, sem endurskoðaði lög um hjúkrunarnám og skilaði till. í júlí 1976. Auk þess má nefna ýmsa aðra starfshópa sem hafa undirbúið stofnun fjölbrautaskóla.

Hinn 25. nóv. 1974 skipaði menntmrh. nefnd til þess að gera till. um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi. Í þessari nefnd áttu sæti eftirfarandi deildarstjórar í menntmrn.: Hörður Lárusson, sem var formaður n., Árni Gunnarsson, Indriði H. Þorláksson og Stefán Ólafur Jónsson. N. skilaði frumtillögum til menntmrh. 21. júlí 1976 og gerði honum grein fyrir meginhugmyndum sínum. Þá hafði þessi n. kynnt ýmsa þætti till. á fleiri en einum fundi með kennurum og skólastjórum við grunnskóla og framhaldsskóla, en síðan var boðað til sérstakrar ráðstefnu á Hótel Esju í okt. 1976 með þátttöku manna bæði frá skólum og atvinnulífi.

Í framhaldi af þessum miklu samráðum fól menntmrh. fyrrnefndri nefnd deildarstjóra í menntmrn. að endurskoða till. með hliðsjón af því sem fram hafði komið. Endurskoðað frv. var síðan lagt fram á Alþ. vorið 1977, en ekki afgreitt. Frv. var enn tekið til endurskoðunar og lagt fram að nýju vorið 1978. Nú birtist þetta frv. í þriðja sinn og enn í nokkuð endurskoðaðri mynd.

Ég mun fyrst gera grein fyrir þeim meginbreytingum frá ríkjandi menntakerfi sem í frv. felast, en síðan fjalla um þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. síðan það var seinast lagt fram. Ég tel að kjarni þessa frv. sé eftirfarandi:

Rammalöggjöf er sett um samræmdan framhaldsskóla, sem skiptist í ákveðin meginnámssvið. Með meginnámssviðum er t. d. átt við almennt bóknámssvið, búfræðisvið, heilbrigðissvið, húsmæðrasvið, listasvið, tæknisvið, uppeldissvið, viðskiptasvið. Hér eru þessi svið nefnd sem dæmi, vegna þess að frv. sjálft tiltekur ekki hversu mörg þessi svið eigi að vera og hver þau eigi að vera, heldur er gert ráð fyrir að teknar séu ákvarðanir um þetta atriði á síðasta stigi. Hvert meginnámssvið skiptist síðan í námsbrautir, og svo að dæmi sé aftur tekið, þá hefur verið talað um að tæknisvið skiptist hugsanlega í iðjubrautir, tæknabraut, iðnaðarbraut, fiskvinnslubraut, vélstjórabraut og skipstjórnarbraut. Og svo annað dæmi sé nefnt af uppeldissviði, þá mundi uppeldissvið hugsanlega skiptast í íþrótta- og félagsmálabraut, almenna uppeldisbraut og í þriðja lagi fóstur- og þroskaþjálfabraut.

Gert er ráð fyrir því, að nám á hverri námsbraut miði að almennri menntun og undirbúningi til framhaldsnáms eða sérhæfingu til starfs, eftir því hvernig námsáföngum er raðað saman. Námslok geta orðið í námi eftir 1, 2, 3 eða 4 ár, eftir því að hvaða marki er stefnt. Þó gert sé ráð fyrir skilgreindum námslokum eftir eitt ár eða fleiri, þá getur hver einstaklingur, sem hættir námi, haldið áfram síðar á sömu námsbraut eða annarri braut og fengið að fullu viðurkenndar þær einingar sem hann hefur aflað sér áður. Það er sem sagt gert ráð fyrir því, að markaðar séu leiðir til framhaldsnáms af öllum brautunum, engin þeirra endi í blindgötu.

Í öðru lagi má sérstaklega geta þess, að gert er ráð fyrir því, að nám í framhaldsskóla sé skipulagt í námsáföngum og hver áfangi sé metinn til eininga sem miðast við eina kennslustund á viku í eitt skólaár eða tvær á einni önn, en tvær annir eru á vetri. Með námseiningu er átt við það magn námsefnis, sem telst hæfilegt fyrir meðalnemanda á fyrrgreindum tíma, þá er einnig talin með nauðsynleg heimavinna, og gildir þetta bæði um verklegt og bóklegt nám. Sömu námseiningu má kenna á mislöngum tíma, allt eftir getu og hæfileikum þeirra nemenda sem hlut eiga að máli. Hver námsáfangi skal hafa fullt gildi þótt nemandi flytjist milli námsbrauta, ef námsáfanginn heyrir til þeirri námsbraut sem skipt er yfir á.

Ég tel að einmitt þetta atriði hvað áfangakerfi snertir sé grundvallaratriði í þessu samhengi og það mun mjög auðvelda að ná markmiðum þessa frv. Ég vil samt taka það fram til þess að afstýra misskilningi, að áfangakerfi af þessu tagi þarf ekki óhjákvæmilega að leiða til þess, að

bekkjakerfi sé lagt niður, enda þótt það hafi verið algengast og þyki eðlilegast, þegar áfangakerfi er tekið upp, að þá sé venjulegt sígilt bekkjakerfi lagt niður. Um það hefur verið rætt og ég tel það fullkomlega raunhæfa möguleika, að í þeim skólum, þar sem stjórnendur telja heppilegt að viðhalda áfram bekkjakerfi, sé samt hægt að byggja á áfangakerfi þannig að þetta hvort tveggja sé samræmt. Þetta vildi ég taka hér fram, vegna þess að sumir hafa skilið það svo, að með þessum nýja framhaldsskóla og með því áfangakerfi, sem hann byggist á, sé endanlega verið að útrýma bekkjakerfi t. d. í bóknámsdeildum framhaldsskólans, en svo er ekki.

Í frv., eins og það lá fyrir í fyrra og hittiðfyrra, var gert ráð fyrir hvað fjármálahlið málsins snertir, að ríkissjóður greiði kennslu- og stjórnunarkostnað, en annar rekstrarkostnaður og viðhald greiðist að hálfu af sveitarfélögum. Hins vegar greiðist stofnkostnaður í öllum framhaldsskólum að 70% úr ríkissjóði.

Í núverandi frv. hefur nokkuð önnur stefna verið tekin upp hvað snertir kostnaðarskiptingu, — fyrirkomulag sem ég tel að óneitanlega hafi ýmsa kosti. Þetta fyrirkomulag miðar að því að tvö fyrstu ár framhaldsskólans verði kostuð sameiginlega af ríki og sveitarfélögum eftir hliðstæðum meginreglum og gilda um grunnskóla, en kostnaður af námi umfram tvö fyrstu árin greiðist úr ríkissjóði. Lagt er til að tekið verði upp námsvistargjald, sem lögheimilissveitarfélag greiði vegna þeirra nemenda sem tvö fyrstu skólaárin sækja skóla, sem reknir eru af öðrum sveitarfélögum, eða skóla fyrir mjög sérhæft nám, sem reknir eru af ríkinu. Hér er um verulega breytingu að ræða, en ég tel að þessi breyting eigi ekki að vera óhagstæðari sveitarfélögum en sú regla sem fyrir var í frv. eins og það áður lá fyrir. Þó hefur þetta ekki verið kannað nægilega enn, og ég tel að óhjákvæmilegt sé að frekari viðræður eigi sér stað um þetta mál við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég tel að kostir þess fyrirkomulags, sem nú er gerð till. um, séu ótvíræðir, því að ljóst er að á líklega um eða yfir 20 stöðum á landinu mun framhaldsnám eingöngu ná til tveggja fyrstu áranna og þetta nám mun að verulegu leyti fara fram í húsakynnum sem byggð hafa verið eða byggð verða fyrir grunnskólastarf. Það virðist því hafa ótvíræða kosti að láta sömu reglu gilda hvað snertir rekstrarkostnað og stofnkostnað varðandi þessi tvö fyrstu ár framhaldsskólans. Hins vegar mundi þá ríkið algerlega yfirtaka allan kostnað sem snertir tvö síðari árin. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega geta þess, að einn megintilgangur frv. er að efla verknám og iðnað, og þetta kemur m. a. ljóslega fram í ákvæði til bráðabirgða, 38. gr., þar sem segir:

„Í fyrstu 5 ára áætlun menntmrn. um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og framkvæmdir til að koma þeirri skipan á, sbr. 12. og 19. gr. laganna, skal lögð sérstök áhersla á uppbyggingu og eflingu verknámsbrauta. Skal miðað við að þær framkvæmdir verði sem lengst komnar þegar lögin í heild koma til framkvæmda, sbr. 37. gr.“

Eftir að tekin var sú stefna að haga fjármálahlið frv. með þeim hætti sem ég hef nú lýst, komu fram áhyggjur manna um að kostnaður af byggingu verknámsaðstöðu yrði ýmsum sveitarfélögum ofviða, en það væri einmitt mjög brýnt að hraða byggingu verknámsaðstöðu og sérbyggðra skólaverkstæða a. m. k. á einum stað í hverju kjördæmi þannig að unnt væri að koma á raunverulegu iðnnámi til samræmis við það, sem gert hefur verið hér á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af þessu var ákveðið að gera sérákvæði um byggingu verknámsaðstöðu, svo hljóðandi, í e-lið 30. gr.:

„Heimilt er að ákveða, að framlag ríkissjóðs verði allt að 75%k byggingarkostnaði og meiri háttar búnaði sérbyggðrar verknámsaðstöðu (skólaverkstæða) sem ætluð er fyrir heil fræðsluumdæmi, eða hluta þeirra ef nemendafjöldi krefst þess, og þannig að eðlilegri og hagkvæmri skólaskipan sé komið á að mati menntmrn.“

Hér hlýtur að vera um að ræða prentvillu. Það hlýtur að vanta örfá orð inn í þessa setningu. (Gripið fram í.) Já, það gæti verið þannig: og stuðla þannig að eðlilegri og hagkvæmri skólaskipan að mati menntmrn. — Ég tel að með þessu sérákvæði um byggingu verknámsaðstöðu eigi að vera nokkuð tryggt að ekki halli á sveitarfélögin hvað snertir þessa hlið málsins þrátt fyrir þá breytingu sem hér er gerð till. um. Ég vil hins vegar vekja á því athygli, að ekki dugir það eitt, að ákvæði af þessu tagi séu tekin í lög, heldur ber brýna nauðsyn til að Alþ. fáist til að ráðstafa til verknámsskóla miklu hærri fjárhæðum en fengist hafa á fjárl. undanfarin ár. Ég vil þó geta þess í þessu samhengi, að fjárveitingar til verknámsskóla voru tvöfaldaðar við afgreiðslu fjárl. í des. s. l. og sú aukning er vissulega spor í rétta átt.

Aðrar helstu breytingar á frv., frá því að það var lagt fram í fyrra, eru þessar:

Tekinn er upp sérstakur kafli í frv. um fullorðinsfræðslu innan framhaldsskólakerfisins. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessum kafla, V. kafla frv., en þar segir í 15. gr., með leyfi forseta:

„Stefnt skal að því, að framhaldsskólum verði gert kleift að sinna menntun fullorðinna á þeim námsbrautum sem reglulegt starf skólanna tekur til. Í þessu skyni má heimila skóla að: a) veita þeim sem orðnir eru 19 ára aðgang að einstökum námsáföngum ásamt reglulegum nemendum skólans..., og b) stofna til sérstakra námskeiða, þ. á m. kvöldskóla, til að fullnægja óskum og þörfum þeirra sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um nám þetta, þ. á m. um lágmarksfjölda þátttakenda í námshópum og um námstíma er geti verið lengri eða skemmri en í reglulegu námi.“

Og í 16. gr. segir:

„Stefnt skal að því að kennsluaðstaða framhaldsskóla nýtist einnig fyrir almenna fræðslustarfsemi, aðra en þá sem um getur í 15. gr., þ. á m. endurmenntun í ýmsum starfsgreinum. Getur rn. í samráði við skólanefnd heimilað framhaldsskóla að eiga hlut að skipulagningu og framkvæmd slíkrar starfsemi, sem kynni“ — hér er önnur prentvilla, þær kunna að vera margar í þessu frv. — „sem kynni að verða óskað eftir.“

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, að þörf er á því að endurskipuleggja fullorðinsfræðslu í landinu og frv. um það efni hefur verið lagt nokkrum sinnum fram á Alþ., en ekki hlotið náð fyrir augum þm. Ég tel ekki að með þessu ákvæði sé verið að lauma ákvæðum frv., sem ekki hefur náð hér afgreiðslu undanfarin ár, inn bakdyramegin, því að hér er fyrst og fremst um heimildarákvæði að ræða sem á ýmsan hátt gengur miklu, miklu skemmra en þær heimildir sem fólust í frv., sem ekki var afgreitt, um fullorðinsfræðslu. Ég tel hins vegar, að hér sé stigið mjög mikilvægt og þýðingarmikið skref til að efla fullorðinsfræðslu í landinu á grundvelli starfsemi

þeirra öldungadeilda, sem þegar eru fyrir hendi.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á 34. gr. frv., sem líka fjallar um þetta mál, þ. e. a. s. kostnaðarhliðina:

„Kostnaður vegna sérstakra námskeiða, sem stofnað er til samkv. 15. gr., greiðist sem hér segir: Almennur rekstrarkostnaður, svo sem ljós, hiti, ræsting og viðhald, greiðist eftir þeim reglum sem gilda um sömu kostnaðarliði í reglulegu starfi skólans" — þ. e. a. s. skiptast milli ríkis og sveitarfélaga. „Annar kostnaður við námskeiðin, þ. á m. kennslu- og stjórnunarlaun, skal að þriðjungi greiddur úr ríkissjóði, þriðjungi af sveitarfélögum og þriðjungur skal innheimtur með námskeiðsgjöldum af nemendum. Þeir greiða einnig efniskostnað vegna námsins."

Ég vek á því athygli, að hér er gert ráð fyrir að fullorðinsfræðslan verði ekki ókeypis, heldur greiði nemendur hluta af þessum kostnaði. Um þetta má vissulega deila og getur sýnt sitt hverjum, en ég held að með þessu séu ekki lagðar neinar óhæfilegar byrðar á þá sem hyggjast afla sér viðbótarmenntunar. Ég vek á því athygli, að við starfrækslu öldungadeilda í framhaldsskólum hefur verið innheimt nokkurt gjald af nemendum og engum fundist það tiltökumál. Með þessu ákvæði er að vísu um nokkra hækkun að ræða á þessu gjaldi. En þeir, sem um þetta hafa fjallað, hafa verið sammála um að hér væri ekki um svo mikla gjaldtöku að ræða að ástæða væri til að ætla að hún yrði til að hamla mönnum **skólasókn. Hins vegar hafa margir bent á að nokkurt framlag af hálfu nemenda, sem sækja fullorðinsfræðslu eða afla sér endurmenntunar, hafi reynst verka á** þann veg, að námið hefur orðið samfelldara og menn hafa sótt námið af meiri alvöru en í þeim tilvikum þar sem ekkert endurgjald hefur komið fyrir námið.

Þriðja aðalbreytingin, sem felst í ákvæðum þessa frv., snýr að gildistöku laganna, útgáfu reglugerða og undirbúningi að framkvæmd laganna. Eins og kunnugt er hefur verið gengið út frá því í undangengnum frv., sem lögð hafa verið fyrir Alþ., að menntmrn. setti nánari ákvæði í reglugerðir um framkvæmd laganna. Mörgum hefur þótt fullmikið vald lagt í hendur rn. með þessum hætti, og við endurskoðun frv. hefur verið lagt allt kapp á að setja inn í frv. ýmis ákvæði sem tryggja ítarlegri samráð við ýmsa aðila. Ég vil hér sérstaklega nefna 2. mgr. 36. gr., svo hljóðandi:

„Við samningu reglugerða skal m. a. kveðja til fulltrúa frá framhaldsskólum, atvinnulífi og samtökum sveitarfélaga. Menntmrn. til aðstoðar við samræmingu reglugerðanna skal vera starfshópur er í eigi sæti auk fulltrúa rn. einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Samtökum kennara á framhaldsskólastigi, samtökum nemenda á framhaldsskólastigi, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Að jafnaði skal leita álits framhaldsskólaráðs áður en reglugerðir eru gefnar út."

Hér er vikið að ráði einu miklu, sem ákvæði hafa verið um í fyrri frv., framhaldsskólaráði, sem er mjög fjölmennt ráð og á að vera rn. til aðstoðar við mótun og samræmingu meginstefnu í málefnum framhaldsskóla. Ég hef orðið var við að frv. hefur löngum verið gagnrýnt ekki hvað síst fyrir það, að gert sé ráð fyrir svo þunglamalegri stofnun sem framhaldsskólaráði samkv. frv. Ég tel að sú gagnrýni eigi fyllsta rétt á sér, og er ekki í hópi þeirra, sem hafa verið hrifnastir af þessu ráði. Ég tel hins vegar að ákvæði frv. um þetta ráð séu ekkert stórmál í sjálfu sér. Ef ýmsum þykir kostur, að þetta ráð sé til, og telja, að í því verði fólgið eitthvert aðhald að störfum rn., en svo virðist, að margir telja, að þetta ráð sé algerlega óhjákvæmilegt í þessu samhengi, þá er ég persónulega eindregið þeirrar skoðunar að samþykkja eigi ákvæði um þetta framhaldsskólaráð. Ég hef því ekki haft neitt frumkvæði að því að strika ákvæði um það út úr frv. Ég held að kjarni þessa ákvæðis um framhaldsskólaráð sé nánast sá, að haldin sé árleg ráðstefna um þróun framhaldsskólans, og ég get nú ekki séð að neinn skaði sé skeður þótt slíkt sé gert. Kostnaðurinn ætti a. m. k. að vera smámál í þessu sambandi.

Ég vil í öðru lagi vekja athygli á því, að í 21. gr. er gert ráð fyrir auk framhaldsskólaráðsins, að starfandi séu fjöldamargar nefndir rn. til ráðuneytis í þessum málum: námssviðsnefndir fyrir hvert námssvið og námsbrautanefndir fyrir hverja námsbraut.

Í fyrri frv. hafa verið bein ákvæði um það, að lög féllu úr gildi við samþykkt þessa frv., og þar hefur ekki verið um að ræða einn eða tvo lagabálka, heldur fjölmörg lög sem snerta einstaka skóla. Þessum ákvæðum hefur verið breytt á þann veg, að í 37. gr. segir einungis að úr gildi falli „lagaákvæði er fara í bága við lög þessi. Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi skulu gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarandi námsbrautir, skólagerðir eða skólastofnanir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 36. gr., sbr. og lokamgr. þessarar gr." Síðan er langur listi þar sem taldir eru upp þeir skólar sem þessi lög fjalla um.

Í 37. gr. er einnig gert ráð fyrir því, að menntmrh. flytji Alþ. árlega skýrslu um undirbúningsstarfið og kynni þinginu drög að reglugerðum sem á döfinni eru hverju sinni. Ég held að þær breytingar, sem gerðar hafa verið í þá átt að hafa sem víðtækust samráð við ýmsa aðila utan menntakerfisins og þá einkum aðila vinnumarkaðarins, auk þeirra fjöldamörgu aðila sem þarna koma við sögu, eins og kennarasamtök, og ákvæði um skýrslugjöf til Alþingis sem gefur þinginu aukin tækifæri til þess að taka einstök framkvæmdaatriði til umr. og jafnvel álykta um þau ef mönnum sýnist svo, — ég held að þessi ákvæði séu tvímælalaust til hagsbóta.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um efni þessa frv. Ég vil minna á það, að jafnvel þótt frv. þetta verði að lögum er aðeins eitt skref stigið á langri leið að því marki, að framhaldsskólinn verði endurskipulagður. Eftir að lög þessi hafa verið sett verður þörf á miklu starfi við gerð námsskrár um hinar ýmsu námsbrautir og námssvið. Einnig þarf að hefja samninga við einstaka skóla og við fræðsluráð í hinum ýmsu fræðsluumdæmum um skólaskipun á hverju landssvæði og semja reglugerðir á grundvelli þeirra niðurstaðna sem fást. Þegar þessu verki er lokið, en allt hlýtur þetta að taka nokkurn tíma, þá fyrst er hægt að samræma skólastarfið á framhaldsskólastiginu í eina heild. En ég held að allir séu sammála um það, að frumforsenda þess, að unnt sé að hefja þetta mikla starf, sé að frv. þetta verði að lögum, að Alþ. móti heildarstefnuna.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég ætla í örfáum orðum að vekja athygli á tveimur þáttum í því frv. sem hér liggur fyrir til umr., frv. til 1. um framhaldsskóla, en það er í fyrsta lagi menntun þroskaheftra og í öðru lagi

sá kafli er gerir ráð fyrir fullorðinsfræðslu.

Hvað varðar menntun þroskaheftra er í frv. gert ráð fyrir að nemendur, sem vegna fötlunar eða frávika frá eðlilegum þroskaferli fá ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eigi rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Ég fagna þessu ákvæði mjög, þar sem þroskaheftum hefur ekki áður verið tryggð sérstaklega menntun að grunnskólanámi loknu. Því tel ég mjög brýnt að þeim verði tryggð örugg aðstaða til framhaldsnáms ef hugur þeirra stendur til þess og þroski leyfir. Það, sem ég tel þó brýnast í málefnum þeirra að grunnskólanámi loknu, er að þeim sé búin fullkomin aðstaða til að kanna og undirbúa möguleika á að fara út á vinnumarkaðinn og væri það best tryggt með því, að þeim væri gefinn kostur á fjölbreyttu vali í verkmenntun og starfsþjálfun. Ég hef þá trú, að ef hvort tveggja stæði til boða, bóklegt nám og verklegt nám eða starfsþjálfun að grunnskólanámi loknu, muni reynslan sýna að þroskaheftir mundu frekar sækja í verklegar greinar eða starfsþjálfun, sem gæti hugsanlega tryggt þeim vinnu á hinum almenna vinnumarkaði.

Vel má vera að þar sem í greininni segir: „kennslu við sitt hæfi" rúmist verklegt nám eða starfsþjálfun, einkum þar sem kveða á nánar um framhaldskennslu þeirra í reglugerð. En ég tel að til að taka af öll tvímæli, þar sem þroskaheftum er mjög mikils virði að þeim sé búin aðstaða til að nýta þá hæfileika og starfsorku sem þeir búa yfir og hafa vegna lítillar aðstöðu til verkmenntunar og starfsþjálfunar þeirra ekki fengið tækifæri til að nota, þurfi viðbót að koma við gr., þar sem á eftir orðunum „kennslu við sitt hæfi" komi: þ. á m. verkmenntun og starfsþjálfun. — Ef þetta væri tryggt mundi það stórbæta aðstöðu og möguleika þeirra til að taka að sér ýmis störf úti á hinum almenna vinnumarkaði.

Hvað varðar kaflann um fullorðinsfræðslu, þá er hann að mínu mati alls ófullnægjandi að því leyti, að hann tekur ekki nægjanlega til allra þátta fullorðinsfræðslunnar í landinu. Þar er að mestu gert ráð fyrir að sinna menntun fullorðinna á þeim námsbrautum sem reglulegt starf skólanna tekur til, en ekki vikið að almennri fræðslu, t. d. bréfaskóla, námsflokka og félagasamtaka. Auk þess er þar um almennt orðalag að ræða, þar sem segir aðeins að stefnt skuli að því að framhaldsskólum skuli gert kleift að sinna menntun fullorðinna, sem er ófullnægjandi vegna þess að orðalagið tekur ekki af öll tvímæli um að það skuli framkvæmt. Má benda á í því sambandi, að engin hinna 38 gr. frv. er með svo óljóst orðalag hvað varðar framkvæmd.

Það, sem fyrst og fremst er því stefnt að í fullorðinsfræðslu með þessu frv., er að tryggja þá kennslu fullorðinna sem kennd er í öldungadeildum, og er það góðra gjalda vert. En öldungadeildir koma aðeins að gagni hluta þeirra, sem stunda fullorðinsnám, og komi ekki til setning laga um almenna fullorðinsfræðslu, sem rekin er af bréfaskóla, námsflokkum og félagasamtökum, er nemendum stórlega mismunað. Ef ekki verður fullkomlega tryggt annað kennslufyrirkomulag samhliða öldungadeildunum, mun það leiða til þess, að sveitarfélög gripu frekar til rekstrar öldungadeilda þar sem kostnaður væri að stórum hluta greiddur af ríkinu, en aftur á móti mundi kennsla þeirra, sem helst hefðu þess þörf, verða látin sitja á hakanum, þ. e. a. s. fólks sem illa hefur gengið í námi áður eða litla menntun hefur fyrir. Er þar með stuðlað að auknum stéttamismun, þveröfugt við það sem hlutverk fullorðinsfræðslu er ætlað.

Ef ekki kemur einnig til samhliða lagasetnig um þá almennu fullorðinsfræðslu, sem ég áður greindi frá, getur það stuðlað að því að drepa niður hina frjálsu fræðslustarfsemi sem í landinu er, og verður að að teljast spor aftur á bak. Í því sambandi er rétt að benda á að þeir nemendur, sem notið hafa kennslu eftir kennslufyrirkomulagi almennrar fullorðinsfræðslu, eru um 10 þúsund árlega, og eru ætlaðar til hennar á fjárl. 1979 um 3.2 millj. Fram kom í máli hæstv. menntmrh., að hann hefur skilning á að þarna þarf verulega úr að bæta. Vænti ég þess, að hann muni því greiða fyrir að frv. um almenna fullorðinsfræðslu verði fljótlega lagt fyrir þetta þing.

Fyrrv. menntmrh. skipaði n. sem vinna átti að undirbúningi laga um fullorðinsfræðslu, og á ég sæti í þeirri nefnd. N. hefur ekki enn lokið störfum, en mun innan tíðar skila áliti til menntmrh. um lagasetningu er tekur til allra þátta fullorðinsfræðslu, svo sem fræðslu á vegum bréfaskóla, námsflokka og félagasamtaka, og væri raunar nauðsyn á að hún fengi meðferð á Alþingi samhliða þessu frv., þar sem einn þáttur þessa frv. um framhaldsskóla gerir ráð fyrir fullorðinsfræðslu, þótt takmörkuð sé.

Ég taldi rétt að benda hv. þdm. á nauðsyn þessarar lagasetningar, sem í undirbúningi er, þegar við 1. umr. um þetta frv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Enda þótt þetta frv. sé ekki mikið að vöxtum eða aðeins 38 gr., þá er ljóst að hér er afskaplega viðamikið og viðkvæmt mál á ferðinni sem þarfnast mikillar skoðunar og ítarlegrar athugunar, bæði í n. hér í þinginu sem og almennt í umræðum meðal skólamanna. Þetta mun vera í þriðja skipti sem frv. til 1. um framhaldsskóla er flutt nú á jafnmörgum árum, og í tvö hin fyrri skipti hefur frv. ekki náð lengra en til nefndar. Enda þótt frv. sé aðeins 38 gr., sést af grg. og umsögnum sem fylgja frv., að hér er stórkostlega viðamikið og vandasamt mál á ferðinni og ekki hlaupið að því að kynna sér það svo að vel sé. Ég skal viðurkenna að ég hef ekki lesið það mjög ítarlega, hvorki í þetta skipti né áður þegar það hefur verið lagt fram. þannig að ég hafi komist yfir allar þær umsagnir sem þessu frv. hafa fylgt, en ljóst er að þar er gripið á mörgum atriðum sem vert er að athuga í sambandi við afgreiðslu málsins.

Ein meginskýringin á því, hversu frv. er stutt, tel ég þó vera þá, að mjög víða í frv. er gert ráð fyrir að menntmrn. setji reglugerð um framkvæmd einstakra ákvæða, og jafnvel er rn. falið það vald að taka veigamiklar ákvarðanir í smæstu sem stærstu atriðum. Á þetta hefur verið bent í ýmsum þeim umsögnum, sem þessu frv. fylgja, og varað við svo mikilli miðstýringu sem frv. felur í sér. Ég held að það sé mat flestra og viðurkennt af velflestum sem hér þekkja til, að auðvitað þarf að vera ákvæði sem geri rn. kleift að setja reglugerðir um framkvæmd á einstökum atriðum. En það er vafasamt og það er ekki endilega æskilegt fyrir rn. að þurfa að setja reglugerðir um stærri mál, og ég held að það sé óæskileg þróun í lagasetningu að fara út á þá braut. Ég mun ekki nefna nein sérstök dæmi í þessu sambandi, en ég vek athygli á umsögn Háskóla Íslands í sambandi við þetta atriði, en í lok eins kafla í þeirri umsögn, á bls. 160, stendur eftirfarandi:

„Skólastarfið er allt of margvíslegt og fjölþætt til þess, að hægt sé að draga nauðsynlega þekkingu svo saman á

einn stað, að þaðan megi stjórna öllum meginþáttum skólastarfsins í smáatriðum. Af þessu leiðir að miðstýringu skólakerfisins verður að takmarka við: 1. fyrir fram stöðluð form ákvarðana, sem dreifðir framkvæmda- og ákvörðunaraðilar taka, 2. samræmingu og eftirlit, er dreifðar ákvarðanir hafa verið teknar, 3. ákvörðun grófra magnstærða, 4. fyrirgreiðslu fyrir nauðsynlegu samstarfi og umræðu dreifðra og óháðra starfsaðila, 5. beitingu endalegs valds í neyð."

Ég vil fyrir mitt leyti taka undir þessi ummæli að meginefni til. Þetta veldur því, eins og fyrr segir, að lítið er komið inn á kennslufræðileg atriði í frv. og er það út af fyrir sig miður. En það styttir mjög frv. og er aðeins gripið á því allra stærsta. Ég mun ekki fara út í frekari umr. um þetta atriði, en vildi þó sérstaklega vekja athygli á þessum annmarka á frv., sem fólginn er í síendurteknum hemildum til rn. um að setja reglugerðir um mjög mörg atriði.

Þá vil ég aðeins varðandi stjórnunarkaflann taka það fram, að ég er þeirrar skoðunar, að hér sé um mjög flókna stjórn og stjórnkerfi að ræða sem ég efast um að nái tilgangi sínum. Gert er ráð fyrir því í 12. gr., að rn. til aðstoðar við mótun og samræmingu meginstefnu í málefnum framhaldsskóla sé svokallað framhaldsskólaráð sem skipað sé mýmörgum fulltrúum frá hinum ólíklegustu samtökum. Ég efast ekki um að allir þeir aðilar, sem þar eru nefndir, eiga rétt á og þeim er skylt jafnvel að hafa áhrif og eiga tillögurétt varðandi framhaldsskólastigið. En ég hef þá trú, að það sé hægt að nálgast þau sjónarmið þessara aðila með öðrum hætti en að setja upp svo viðamikið ráð sem þarna er gert ráð fyrir, enda hef ég reynslu af því, að slík ráð, enda þótt þau séu ekki á vettvangi fræðslumála, eru harla lítils virði. Undir þessu framhaldsskólaráði eru síðan alls kyns nefndir, svo sem námssviðsnefnd og námsbrautanefnd. Auðvitað er gert ráð fyrir fræðsluráðum, skólastjórnum, skólaráðum o. s. frv. Að vísu get ég ekki komið auga á að verulega sé gert ráð fyrir því, að kennarar sjálfir hafi umsagnarrétt, það má vera að það sé einhvers staðar að finna í þessu frv. En allt er þetta afar flókið og vafasamt að það leiði til góðs árangurs.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, er ekki gert ráð fyrir að lög um hina ýmsu sérskóla verði felld niður, en aðeins þau lög sem stangast beinlínis á við þetta frv. Gert er ráð fyrir að ýmis lög um sérskóla á framhaldsskólastigi gildi til bráðabirgða þar til settar verði sérstakar reglugerðir um tilsvarandi námsbrautir. Ég vil aðeins segja í þessu sambandi, að mér er mikil eftirsjá að mörgum þessara skóla. Þó að sumir þeirra megi tvímælalaust leggja upp laupana, þá eru margir sérskólar sem hér hafa starfað um langan aldur á Íslandi og hafa gegnt hér mikilvægu hlutverki, og er ég mjög efins í því, að með því að fella starf þeirra alfarið niður sé stefnt til góðs fyrir það nám og það starf sem þar er stundað og numið. Ég held að það sé áríðandi við gerð nýrra laga um framhaldsskólastigið, að tillit sé tekið til hinna ýmsu sérskóla og reynt eftir fremsta megni að viðhalda þeim sem sjálfstæðum *námsbrautum* eða hvað það nú heitir, án þess að þeir séu beinlínis felldir niður, enda þótt að sjálfsögðu verði að taka upp það nám, sem þar er stundað, í ýmsum öðrum skólum, eftir því sem aðstæður krefjast.

Ég tek eftir því, að eitt af þeim atriðum sem gerð er breyting á í þessu frv., eru ákvæðin um fullorðinsfræðslu sem felld eru inn í þetta frv. Ég veit ekki hvort ætlunin er að þau ákvæði, sem hér eru um fullorðinsfræðslu, eigi alfarið að koma í staðinn fyrir þá löggjöf sem fyrirhuguð var í frv. til 1. um fullorðinsfræðslu sem lagt hefur verið hér fram á síðustu árum, eða hvort þetta sé aðeins upphafið að því að setja löggjöf um það efni alfarið, taka það í gildi. Öllum er ljóst að efla verður fullorðinsfræðslu og opna möguleika fyrir eldri borgara til þess að komast að í skólum landsins, enda hefur það gefið góða raun og verið vel sótt. Hins vegar er auðvitað öllum líka ljóst, að það *krefst gífurlegs kostnaðar, og alltaf er spurning um það*, hversu mikið er hægt að leggja í slíkt á hverjum tíma. Ég held að þetta ákvæði um fullorðinsfræðsluna sé góðra gjalda vert og sé vel athugandi að taka upp þennan hátt. En í því sambandi kemur auðvitað að því, hver á að borga brúsann. Hér er gert ráð fyrir því, að auk þess sem nemendur sjálfir taki að sér ákveðinn hluta kostnaðarins eigi sveitarfélögin að gera það líka að *þriðjungi til*. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að ekki er allt fengið með því að taka fram í lagaákvæðum að stuðla skuli að þessu eða hinu. Spurningin er, hvort það verði framkvæmt, og meðan svo margar spurningar liggja fyrir og þeim ósvarað varðandi kostnaðaskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaga, þá er harla ólíklegt að sveitarfélögin ráðist út í þessa fullorðinsfræðslu að neinu gagni.

Þá er ég kominn að því atriði sem sjálfsagt skiptir mestu máli, ef litið er frá hinni kennslufræðilegu hlið málsins sem ég hef ekki mikið tjáð mig um og hef kannske ekki vit til, en það er kostnaðarskiptingin milli ríkis og sveitarfélaga og svo verkaskiptingin á milli þessara sömu aðila. Það er langsamlega stærsta vandamálið þegar frv. sem þetta er lagt fram og óskað er eftir afgreiðslu á því.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur lagt fram álitsgerð um verkefna- og verkaskiptingu — ég veit nú ekki hvort heldur það heitir — á milli ríkis og sveitarfélaga og þ. á m. um verkaskiptingu á framhaldsskólastiginu. Ég ætla ekki að fara að lesa upp allar þær till. sem settar eru fram í álitsgerð sambandsins, en vek aðeins athygli á því, að þar er margt sem stangast á við það sem gert er ráð fyrir í frv. Þá hef ég aflað mér bréfs sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur sent frá sér, dags. 12. jan., varðandi frv. þetta, þar sem beint er ákveðnum spurningum til hinna ýmsu sveitarstjórna og vakin athygli á þeim atriðum sem snerta hagsmuni sveitarfélaganna og þá einkum og sér í lagi varðandi kostnað. Ég held að það væri vert að geta um þau atriði sem sambandsstjórnin óskar svara við, og leyfi ég mér því að vitna í þetta bréf lítillega. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þau atriði í frv., sem mestu máli virðast skipta fyrir sveitarfélögin, eru þessi:

1. Kostnaður af tveimur fyrstu árum framhaldsskólans skiptist milli ríkis og sveitarfélaga eftir sömu meginreglum og kostnaður við grunnskóla (29. gr., sbr. og 30. gr.) Ríkið greiði launakostnað því aðeins að fullu að skipulag kennslu hafi verið samþykkt af menntmrn. og fullnægt hafi verið lágmarkskröfum um fjölda nemenda í kennsluhópum.

2. Um stofnkostnað vegna 1. og 2. skólaárs framhaldsskóla, sem til fellur eftir gildistöku laganna, fer með sama hætti og um grunnskóla, sbr. 30. gr. e-lið.

3. Rekstraraðilar að framhaldsskólum ásamt ríkinu eru sveitarfélög, eitt eða fleiri. Gert er ráð fyrir samvinnu sveitarfélaga sem í hlut eiga, þ. e. innan sama fræðsluumdæmis, og þau geri með sér samning um skiptingu

kostnaðar (31. gr. 1. og 2. mgr.). Óljóst er með öllu hvernig til muni takast að koma slíkri samvinnu á og hvernig greiðslum einstakra sveitarfélaga eigi að vera eða muni verða háttað.

4. Ákvæði frv. um stjórnun framhaldsskóla, sbr. VII. kafla, 21. og 23. gr., eru allflókin og óglögg, sérstaklega þegar mörg sveitarfélög standa að framhaldsskóla. Af þessum ákvæðum verður ekki séð að einstök sveitarfélög geti haft áhrif á fjárstjórn framhaldsskóla.

5. Lögfest er námsvistargjald sem sveitarfélag greiðir vegna nemenda sem sækja 1. og 2. bekk framhaldsskóla í öðrum sveitarfélögum, en eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Námsvistargjald skal greiða bæði vegna skóla sem reknir eru af öðrum sveitarfélögum og ríkinu eða ríkinu einu. Námsvistargjald miðast við hlutdeild sveitarfélaga í meðalrekstrarkostnaði á nemanda og hæfilegu hlutfalli í stofnkostnaði.

6. Sérreglur eru um kostnað við fullorðinsfræðslu á vegum framhaldsskóla skv. 15. gr., og er í því sambandi gert ráð fyrir aukinni kostnaðarþátttöku sveitarfélaga, m. a. að þau greiði þriðjung af launakostnaði, sbr. 34. gr.

7. Í frv. eru ekki ákveðnar reglur um ýmis veigamikil atriði, heldur er mælt fyrir um að menntmrn. taki ákvarðanir um þau og setji reglugerðir um þau, sbr. t. d. VI. kafla, 17. og 20. gr., og 23. og 27. gr. Að því leyti yrðu lög þessi rammalög."

Og svo segir: „Ljóst er að frv. mun, ef að lögum verður, leiða til mikilla útgjalda fyrir sveitarfélögin, en engan veginn er ljóst hver sú útgjaldaaukning muni verða eða hvernig hún muni koma við einstök sveitarfélög. Ekki er heldur vitað um að uppi séu hugmyndir um að afla sveitarfélögunum viðbótartekna vegna þessa nýja verkefnis."

Þetta var tilvitnun í bréf Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 12. janúar.

Ég verð að finna að því, þegar þetta frv. er lagt fram, að ekkert kemur fram í frv. né heldur í ræðu hæstv. ráðh. hvað framkvæmd þessara laga muni kosta mikið, annars vegar fyrir ríkissjóð og hins vegar fyrir þau sveitarfélög sem eiga að framkvæma lögin og taka þátt í kostnaði af þeim. Nú var samþ. hér á þingi fyrir nokkrum árum að þegar ríkisstj. legði fram frv.-bálka sem þennan, þá skyldu jafnframt fylgja kostnaðaráætlanir. Þetta hefur sem aðalregla verið vanrækt, hver sem á aðild að ríkisstj., og er það miður, enda er óeðlilegt og óskynsamlegt að þm. séu að samþykkja frv. sem enginn hefur minnstu hugmynd um hvað kosta muni áður en yfir lýkur. Og það sem verra er, að sjálfsögðu er ekki heldur gert ráð fyrir því og engar tölur um það, hvað þetta muni kosta í auknum útgjöldum fyrir sveitarfélögin, né heldur eru neinar hugmyndir uppi um það og ekkert um það getið við þessa umr., hvaða hugmyndir eru hjá stjórnvöldum um tekjumöguleika fyrir sveitarfélögin á móti þeim aukna kostnaði sem þetta frv. ótvírætt hefur í för með sér. Nú er það að vísu rétt, að í frv., sem hér er lagt fram, hefur verið dregið úr því sem áður var gert ráð fyrir í fyrri frv., þar sem sveitarfélög áttu að hafa meiri kostnað af lögunum. Nú er sem sagt aðalreglan sú, að um sé að ræða sameiginlega kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga á fyrstu tveim árunum, en síðan sé það ríkisins að standa undir kostnaði af seinni tveim árunum. Þetta ákvæði, sem miklu máli skiptir, er mjög óljóst. Það mætti spyrja, hvernig eigi að fara að þegar um nemendur er að ræða sem eru styttri tíma en 4 ár í skóla, hvernig eigi að fara með það húsnæði, sem nú er fyrir hendi, varðandi stofnkostnað. Við skulum t. d. gera okkur grein fyrir því, að sveitafélög standa mjög mismunandi að vígi núna. Sum þeirra hafa þegar byggt upp skólamannvirki sem mundu fullnægja þeim kröfum sem eru gerðar í þessu frv. Önnur standa höllum fæti. Á þetta þá að bitna á þeim sveitarfélögum sem hafa ekki byggt upp skóla enn sem komið er, þannig að þau eigi að standa undir hluta — 50% — af áætluðum stofnkostnaði? Á þá ríkið að endurgreiða sveitarfélögum 50% af þeim stofnkostnaði þeirra húsa sem nú þegar er búið að byggja o. s. frv.?

Ég hef í höndum aths. eða ábendingar sem fram hafa komið frá stjórnvöldum í Reykjavík varðandi þetta frv., þar sem m. a. er drepið á þau atriði sem ég var að nefna. Þar segir m. a.:

„Spurningar vakna, eins og t. d. ef gagnfræðaskólahúsnæði, sem borgin á að 50% hluta, er tekið undir sérskóla fyrir nemendur á 3. eða 4. námsári, hvort ríkið eigi að greiða borginni eignarhluta hennar eða ekki. Ef ætlunin er að ríkið greiði stofnkostnað vegna nýbygginga fyrir 3. og 4. námsár og endurgreiði sveitarfélögunum hluta þeirra í núverandi skólahúsnæði, sem tekið væri til nota vegna þess náms, skortir í frv. ákvæði er tækju af allan vafa í því efni. Tæplega verður annað ráðið af frv. en að sveitarfélögum sé ætlað að greiða stofnkostnað að hálfu á móti ríkinu vegna alls þessa framhaldsnáms sem byggja þarf yfir eftir að núverandi húsnæði hefur verið afhent."

Ég nefni þetta vegna þess, að þetta er auðvitað afskaplega stórt mál fyrir sveitarfélögin. Í þessu sambandi kemur líka upp sú spurning, hvort nauðsynlegt sé að sameina einhver sveitarfélög. Gert er ráð fyrir því í frv., að þau haldi uppi mikilli samvinnu, og þá er spurningin hver eigi að standa fyrir slíkri samræmingu og slíkri samvinnu og hvernig eigi að fara með það í framkvæmd. Þá er nauðsynlegt að fá það upplýst í meðförum þessa máls, hvað samþykkt þessa frv. kostar mikið í aukningu starfsmanna í rn. Eins og ég vakti athygli á fyrr í ræðu minni, er gert ráð fyrir að rn. setji reglugerðir um fjölmörg atriði. Það krefst að sjálfsögðu aukins mannafla og mikillar vinnu, og væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvaða áætlanir eru uppi um það hjá hæstv. ráðh. eða menntmrn.

Þessar aths. mínar eru ekki settar fram vegna þess að ég sé að lýsa andstöðu minni við þetta frv. Ég geri mér fullkomlega ljóst, að það þarf að setja nýja löggjöf um framhaldsskólanámið og reyna að samræma það sem mest, og ég styð því þá viðleitni sem fram kemur í þessu frv. En það er auðvitað öllum ljóst og verður ekki skoðað sem nein allsherjargagnrýni þó að vakin sé athygli á einstökum ákvæðum sem betur mættu fara eða spurningar vakna um.

Fyrir nokkrum árum fóru hér fram ítarlegar umr. um grunnskólanámið. Að lokum voru samþ. lög um það skólastig. Nú þegar framhaldsskólanámið og framhaldsskólalöggjöfin eru til meðferðar væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvaða reynslu menn hafa af þeim breytingum sem gerðar voru á grunnskólastiginu. Hvernig hafa hin samræmdu grunnskólapróf heppnast? Ég var einn þeirra sem gagnrýndu þá aðferð og hef enn allan fyrirvara á um gildi hennar. Þetta snertir auðvitað framhaldsskólanámið, vegna þess að námsfólkið í grunnskólunum er að búa sig undir nám í framhaldsskólunum. Við hljótum að velta því fyrir okkur, hvaða kröfur

eru gerðar í grunnskóla. Fara þær dvínandi, kröfurnar sem gerðar eru til námsárangurs? Hvers konar námsfólk kemur upp í hina „æðri" skóla? Hefur það tamið sér námsaðferðir og hefur það náð það langt í sínu námi, að það sé tilbúið til þess að setjast í skóla á framhaldsskólastigi og í hina „æðri" skóla, sem ég kalla „æðri" — innan gæsalappa? Allt þetta hlýtur að vera með í umr. um framhaldsskólafrv. sem nú er hér til umr., vegna þess að það er ekki hægt að líta á eitt stig skólanámsins einangrað. Allt helst þetta í hendur.

Ég vildi aðeins segja það að lokum, að þó að þetta frv. hafi dagað uppi hér í þinginu s. l. tvö ár og sé nú komið enn einu sinni á borðin til okkar, þá er ástæðulaust að harma það mjög. Hins vegar hefði ég frekar harmað það, að ekki hefðu skapast nægilegar umr. um frv. Það er ekki nægilegt að fá um það skriflegar umsagnir frá skólamönnum sem sendar eru í rn. og fylgja sjálfsagt velflestar með þessu frv., heldur þurfa auðvitað umr. að fara fram sem víðast í þjóðfélaginu, meðal skólamanna, meðal foreldra og meðal nemendanna sjálfra. Með því einu móti getum við sniðið löggjöf framhaldsskólanna þannig að hún falli að skoðunum landsmanna allra og beri þannig tilætlaðan árangur.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 12. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, og hv. 8. þm. Reykv., Ellert B. Schram, fyrir ábendingar þeirra sem bersýnilega voru í vinsamlegum anda. Ég tek undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að ákvæði frv. um fullorðinsfræðslu eru aðeins hluti þess sem gera þarf á því sviði og verður að taka þau mál sérstökum tökum. Ég held hins vegar að ekki hefði verið hyggilegt eða raunhæft að segja meira um fullorðinsfræðsluna í þessu frv. en hér er gert. Þetta eru auðvitað að nokkru leyti aðskilin mál, og ég held að óhjákvæmilegt sé að alþm. fái tækifæri til að taka afstöðu til endurskipulagningar framhaldsskóla án þess að farið sé að taka fullorðinsfræðslumálið í heild sinni inn í þetta frv. Þeim mun meira sem tekið er inn af ákvæðum sem snerta fullorðinsfræðslu, þeim mun meiri áhrif kann það að hafa á endanlega afstöðu manna til frv. og því eðlilegt að afgreiða þessi mál í tvennu lagi. Hins vegar eru tekin inn í frv. þau ákvæði sem snerta fræðslu fullorðinna þegar um er að ræða starfsemi sem fram færi innan veggja framhaldsskólans. Ég held að óhyggilegt sé að ganga lengra í þeim efnum en gert er í frv.

Ég held að það sé hins vegar misskilningur hjá hv. þm., að hér sé einungis átt við svonefndar öldungadeildir menntaskólanna, eins og þær hafa verið starfræktar, þ. e. a. s. bóknám sem stefni að stúdentsprófi. Ég held að ákvæði 15. gr. frv. séu það rúm, að þau eigi að geta tekið til hvers konar fullorðinsfræðslu, hvort sem um er að ræða á sviði bóknáms eða verknáms eða hvaða öðru sviði fullorðinsfræðslu, engin hætta sé því á að hér sé um að ræða skipulag sem leiðir til aukinnar stéttaskiptingar ellegar sumum sé mismunað á kostnað annarra.

Í b-lið 15. gr. segir, að heimilt sé að „stofna til sérstakra námskeiða, þ. á m. kvöldskóla, til að fullnægja óskum og þörfum þeirra sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um nám þetta, þ. á m. um lágmarksfjölda þátttakenda í námshópum og um námstíma er geti verið lengri eða skemmri en í reglulegu námi." Ég held að þessi ákvæði rúmi í raun og veru fræðslustarfsemi af hvaða tagi sem er, ekkert frekar bóknám af því tagi, sem öldungadeildir hafa verið með, en annað nám. Og ég vil láta þess getið, að uppi hafa verið áform af hálfu Fjölbrautaskólans í Breiðholti að taka upp fullorðinsfræðslu á breiðum grundvelli, þannig að ekki yrði um að ræða öldungardeildir með því bóknámi sem Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur boðið, heldur yrði um að ræða mjög fjölþætta fullorðinsfræðslu.

Ég skal fúslega viðurkenna það, sem fram kom hjá hv. þm. Ellert B. Schram, að æskilegra hefði verið að ég hefði fjallað hér ítarlega um kostnaðaráhrif af samþykkt frv. En það er margt sem hægt er að gera að ítarlegu umtalsefni og fjallað er um í grg. frv. sem ég nefndi hér ekki. Ég vil af þessu gefna tilefni benda á að mjög ítarlega er fjallað um kostnaðaráhrif frv. á bls. 53-65, bæði um kostnaðaráhrif af einstökum þáttum þess og einnig um kostnaðaráhrif þess fyrir sveitarfélögin í landinu. Um þetta er hvort tveggja fjallað mjög ítarlega hér.

Um síðara atriðið er m. a. fjallað á bls. 60 og 61, en þar er reynt að áætla hver hefði verið rekstrarkostnaður ríkis og sveitarfélaga, ef þetta frv. hefði verið orðið að lögum árið 1976, og það borið saman við raunverulegan rekstrarkostnað 1976 skv. reikningum. Þetta er mjög ítarlegur samanburður, og ég held að betur sé ekki hægt að gera til að reyna að átta sig á í hverju breytingin er fólgin. Niðurstaðan er sú, að hefðu kostnaðarákvæði þau, sem frv. gerir ráð fyrir, verið í gildi á árinu 1976, þá er áætlað að hluti ríkissjóðs hefði lækkað úr 1799 millj. í 1739 millj., en hluti sveitarfélaga vaxið úr 226 millj. í 287 millj. Tilfærslan hefði numið um 60 millj. kr., sem vissulega er ekki stór upphæð, en þó það há upphæð að sveitarfélögin kann að muna verulega um hana.

Ég vil í þessu sambandi segja það, að ég tel að það verði að skoða sérstaklega hvernig sveitarfélögunum verði bættur þessi kostnaðarauki. Ég sé enga ástæðu til þess, að samþykkt þessa frv. hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin, og ég tel að það beri að athuga nánar. En að vandlegu athuguðu máli var talið einfaldara að breyta öðrum lögum en þessum til að ná þarna jöfnuði á nýjan leik. Ef farið væri að breyta rekstrarkostnaðarákvörðun þessa frv., þá yrðu málin áreiðanlega gerð flóknari en þau þurfa að vera. Það virðist einfaldara að breyta ákvæðum grunnskólalaganna á þann hátt, að ríkið tæki á sig eitthvað aukna hlutdeild í rekstrarkostnaði svo að reikningarnir yrðu jafnaðir á nýjan leik. Eins og kom fram áðan eru rekstrarkostnaðarákvæði þessa frv. varðandi 1. og 2. bekk miðuð við grunnskólalögin, og er því eðlilegra að skoða þetta mál í tengslum við grunnskólalöggjöfina sjálfa.

Um fjárfestingarkostnaðinn er fjallað sérstaklega á bls. 64 og 65. Á bls. 65 er tafla sem sýnir stofnkostnað framhaldsskóla 1978 skv. fjárlögum og til samanburðar tekið hvernig áætluð skipting hefði orðið milli ríkis og sveitarfélaga ef frv. hefði verið orðið að lögum. Skv. þessari töflu kemur í ljós að hlutur sveitarfélaga hefði vaxið úr 259 millj. í 266 millj. Niðurstaðan er sem sagt sú, að breytingin væri næsta lítil. Aukin hlutdeild sveitarfélaga vegna menntaskóla og héraðsskóla jafnast að mestu út af minnkunarhluta þeirra í fjölbrautaskólum og í iðnskólum. En eins og segir í grg.: „Hér hefur þó ekki verið tekið tillit til hugsanlegra áhrifa heimildarákvæðis í e-lið 30. gr. um hærra ríkisframlag til verkstæðishúsa."

Ég er alveg sannfærður um að einmitt þetta ákvæði gerir miklu meira en að jafna þennan mun sem nemur 7 millj. Ég er alveg sannfærður um að sveitarfélögin muni hagnast á stofnkostnaðarákvæðum þessa frv., miðað við það skipulag sem nú er á þessum málum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þetta frv. Ég vil láta þess getið, að frv. var lagt fram fyrir jól og ég hafði síðan samráð um það við menntmn. Nd., að frv. yrði sent til umsagnar allmargra aðila þá þegar, þannig að unnt yrði og auðveldara að hraða afgreiðslu málsins. Við í menntmrn. fengum lista yfir þá aðila, sem menntmn. Nd. hugðist senda málið, og sendum frv. síðan skv. þeim lista nokkru fyrir áramót. Einn þeirra aðila, sem fengu málið til meðferðar, var Samband ísl. sveitarfélaga. Menntmrn. hefur síðan fengið svar frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem bent er á að ákveðin ráðstefna verði haldin á vegum sambandsins síðar í vetur og ætlunin sé að taka málið þar til meðferðar. Við í menntmrn. höfum sent bréf til baka, þar sem við óskum eftir því, úr því að þessi ráðstefna er seint á vetrinum, að fram fari sérstakar viðræður með þátttöku starfsmanna í menntmrn. með fulltrúum frá menntmn. Alþ. og með fulltrúum frá Sambandi sveitarfélaga um fjármálahlið frv. Ég vonast til að þessu erindi verði svarað jákvætt og af slíkum viðræðum geti orðið hið fyrsta.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. hvað hann tók vinsamlega í ábendingar mínar varðandi fullorðinsfræðsluna. Mér fannst hins vegar ekki koma nægilega skýrt fram í máli hans, hvað hann hugsi sér varðandi þá hlið fullorðinsfræðslunnar sem lýtur að bréfaskólum og námsflokkum. Ég tel nauðsynlegt að það komi skýrt fram hjá hæstv. menntmrh., hvort það sé skoðun hans, að þau ákvæði, um fullorðinsfræðslu, sem koma fram í framhaldsskólafrv., séu fullnægjandi hvað varðar þessi atriði eða hvort hann sé fylgjandi því og muni beita sér fyrir nákvæmri lagasetningu um fullorðinsfræðslu sem taki til allra þátta hennar, bæði að því er varðar bréfaskóla og námsflokka.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hélt að það hefði komið alveg nægilega skýrt fram í máli mínu, að ég teldi ekki að ákvæði framhaldsskólafrv. um fullorðinsfræðslu væru fullnægjandi. Ég hélt að það hefði komið alveg skýrt fram, að ég teldi að með þessum ákvæðum væri aðeins fyrsta skrefið stigið í þá átt að endurskipuleggja þessi mál. Og ég er innilega sammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um það, að við verðum að snúa okkur að því nú sem næsta verkefni að endurskipuleggja þá þætti fullorðinsfræðslunnar sem rúmast ekki innan framhaldsskólakerfisins. Ég efast ekki um að við erum í þessum efnum nokkuð sammála, a. m. k. í grófum dráttum. En ég bíð eftir því, að n. sú, sem fyrrv. menntmrh. skipaði til þess að fjalla um þessi mál, skili af sér störfum, og mun taka málið til meðferðar í rn. strax og það hefur gerst.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég skal ekki tefja fundinn lengi. Ég vil aðeins taka það fram, að ég gagnrýndi það nokkuð, að ekki hefðu komið fram í ræðu hæstv. ráðh. neinar upplýsingar um, hvaða kostnað þetta frv. hefði í för með sér, og þá einkum og sér í lagi, hvernig þau útgjöld kæmu niður á sveitarfélögunum. Ég gerði mér auðvitað grein fyrir því, að í grg. voru vissar upplýsingar sem flestar eru þó hreinar ágiskanir, og það sem verra er: þar er miðað við tölur frá 1976 sem eru færðar upp til verðlags núna og segja alls ekki alla söguna, eru auðvitað miðaðar við forsendur sem þá lágu fyrir. Vitaskuld er misjafnt vægi á hinum ýmsum liðum frv. og ákvæðum þess og hvernig það kemur niður á viðkomandi sveitarfélögum eða hinum ýmsu samtökum þeirra.

Hæstv. ráðh. fullyrti að kostnaður mundi ekki aukast hjá sveitarfélögum, vitnaði m. a. í eina setningu í grg. um að kostnaður mundi hugsanlega hækka um 60 millj. Við vitum náttúrlega báðir, ég og hæstv. ráðh., að þetta er tóm markleysa, ef menn standa í þeirri meiningu að kostnaður sveitarfélaga muni ekki hækka nema sem því nemur varðandi stofnkostnaðarliðinn. Það kemur fram í því bréfi, sem ég las upp áðan, að það er skoðun Sambands ísl. sveitarfélaga, stjórnar þess sambands, að frv. muni, ef að lögum verður, leiða til mikilla útgjalda fyrir sveitarfélögin og engan veginn ljóst hver sú útgjaldaaukning muni verða eða hvernig hún muni koma við einstök sveitarfélög. Ég vakti athygli á þessu áðan, vegna þess að mér finnst það vera eitt mikilvægasta atriðið við afgreiðslu þessa frv., hvernig á að mæta þessum útgjöldum og hvað lagasetning þessa frv. muni hafa í för með sér kostnaðarlega. Ég fagna því, að rn. hefur haft samband við Samband ísl. sveitarfélaga og vill nú taka upp viðræður við stjórn þess, hef ekki nema gott um það að segja og tel að það geti kannske skýrt þetta mál mun betur. En ég legg á það fyrir mitt leyti áherslu, að við afgreiðslu þessa máls, ef til hennar kemur nú í vetur, verði fullkomlega tekið tillit til hagsmuna sveitarfélaganna og algerlega tryggt að þau hafi ekki aukin útgjöld af þessum fræðslulögum nema þá að tekjur komi á móti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, frv. (þskj. 196). — 1. umr.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Áður en þingstörfum lauk fyrir jólin afgreiddi hv. Alþ. þáltill. sem heimilaði ríkisstj. að staðfesta samning um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Var fullgildingunni hraðað til þess að samningur þessi gæti tekið gildi um síðustu áramót, eins og margir óskuðu eftir og mun það hafa tekist. Þessi samningur kemur í stað samnings frá 1949 um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, sem fullgiltur var fyrir Íslands hönd í febr. 1950 og gekk í gildi í júlí 1950, sbr. einnig lög nr. 56 12. maí 1970.

Við útfærslu fiskveiðilögsögu strandríkja við Norðvestur-Atlantshaf gjörbreyttist skipan fiskveiðimála á þessu svæði eins og öðrum. Var þá hafist handa um gerð nýs samnings sem tæki mið af hinu breytta ástandi. Var gengið frá samningnum á ráðstefnum í Ottawa í okt. 1977 og maí 1978, en samningurinn var undirritaður í Ottawa 24. okt. 1978. Undirrituðu hann fulltrúar Danmerkur vegna Færeyja, Íslands, Kanada, Noregs, Portúgals, Rúmeníu, Sovétríkjanna, Þýska alþýðulýðveldisins og EBE.

Samningurinn gerir ráð fyrir að komið verði á fót nýrri stofnun, Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnuninni, er

taki við af þeirri fiskveiðinefnd sem starfandi hefur verið um langt skeið eða skv. samningnum frá 1949. Í tengslum við þessa stofnun munu starfa vísindaráð og fiskveiðinefnd. Vísindaráðinu er ætlað það hlutverk m. a. að vera vettvangur samvinnu um rannsóknir varðandi fiskveiðar á samningssvæðinu og að safna tölfræðilegum upplýsingum um þær. Fiskveiðinefndin skal vera ábyrg fyrir stjórnun og verndun fiskveiðistofna sem liggja utan fiskveiðilögsögu strandríkja á samningssvæðinu, eins og nánar er tiltekið í samningnum. Er hlutverk og valdsvið n. í fullu samræmi við löggjöf strandríkja við Norðvestur-Atlantshaf. Kostnaður af Íslands hálfu við þátttöku í þessari nýju stofnun er áætlaður líðlega 12000 dollarar á ári.

Þörf var á því að setja lög sem þessi til viðbótar heimildinni til þess að staðfesta samninginn, vegna þess að lagaheimild þarf til þess að sjútvrh. geti sett reglur um framkvæmd þessa samnings svo og til þess að í lögum væru refsiákvæði ef um brot væri að ræða. Þarf raunar ekki að skýra þrjár greinar samningsins öllu frekar, en þó verð ég að geta þess, að sjútvrn., sem að sjálfsögðu bar mikinn hluta af störfum við undirbúning þessa máls ekki síður en utanrrn. og sagði í raun og veru efnislega síðasta orð um hvernig við þessu var snúist, hefur skrifað bréf þar sem það leggur til að breytt verði einu atriði. Í 2. gr. segir í 2. mgr.: „Brot skulu einnig varða upptöku á veiðarfærum, þar með töldum dragstrengjum, og öllum afla innanborðs." Sjútvrn. telur að athuguðu máli, að réttara sé að hafa þetta mildara og segja: „Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk."

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að hinn fyrri samningur um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, sem við höfum verið aðilar að, gangi úr gildi og einnig þau lög sem á sínum tíma voru sett varðandi framkvæmd hans. Er gert ráð fyrir að þessi samningur og lög falli úr gildi 1. jan. 1980.

Herra forseti. Það mun vera venja að frv. um staðfestingu alþjóðasamninga gangi til allshn. Ég hygg þó að eðli þessa máls sé slíkt, að réttara sé að það gangi til hv. sjútvn. Er það því till. mín, um leið og ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Hækkanir opinberra stofnana, framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu, fsp. (þskj. 319). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá því að fsp. var leyfð. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Að undanförnu hafa fulltrúar þeirra flokka, sem standa að hæstv. ríkisstj., staðið í því að leggja fram tillögur í efnahagsmálum, sem allar fela það í sér að berjast gegn óðaverðbólgunni sem geisar hér í þessu landi, og hafa talsmenn allra þessara flokka komið fram í ríkisfjölmiðlum að undanförnu til þess að lýsa þessum tillögum sínum. Hins vegar hefur lítið sem ekkert verið rætt um það efni sem þessar fsp. mínar fjalla um. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að fá upplýsingar um það fyrir 1. febr., hvaða hækkanabeiðnir frá opinberum stofnunum, bæði ríkis og sveitarfélaga, liggja fyrir hjá ríkisstj. óafgreiddar, en eiga að hljóta afgreiðslu fyrir 1. febr. n. k. samkv. samkomulagi við launþegasamtökin, og hvað líði afgreiðslu þeirra mála.

Í öðru lagi: Hvaða aðrar hækkanabeiðnir liggja fyrir hjá verðlagsnefnd og verða þær afgreiddar fyrir 1. febr. n. k.? Ef svo er ekki, hvenær má ætla að afgreiðsla þeirra fari fram?

Í þriðja og síðasta lagi spyr ég um, hvað ríkisstj. áætlar að framfærsluvísitalan og kaupgjaldsvísitalan verði 1. mars n. k. En eins og hv. þm. muna, lýsti páv. ríkisstj. því yfir, þegar hinir svonefndu sólstöðusamningar voru gerðir, að verðhækkanir opinberrar þjónustu kæmu ekki til framkvæmda nema síðustu 10 daga fyrir útreikning verðbótavísitölu, þannig að launafólk þyrfti ekki að bera hækkanir lengi bótalaust. Samtök launafólks töldu þessa yfirlýsingu mikla réttarbót og hafa lagt áherslu á að við hana sé staðið. Hefur síðar verið um það rætt og ég veit ekki betur en að það séu áform hæstv. núv. ríkisstj. að halda þessari reglu.

Þó ég spyrji ekki um annað en hækkanabeiðnir, sem liggja fyrir hjá ríkisstj., og hækkanabeiðnir, sem liggja fyrir hjá verðlagsnefnd, þá vil ég, áður en forsrh. svarar þessari fsp., einnig spyrja um það, sem hlýtur að liggja ljóst fyrir og þarf ekki undirbúning til að svara, hvort hæstv. ríkisstj. hafi ekki í hyggju að hækka gjaldskrá fyrir sjúkrakostnað. Eins og fram kemur í aths. með fjárlagafrv. varðandi sjúkratryggingagjald, er áætlun sjúkratrygginganna miðuð við að þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði og kostnaði vegna sérfræðiþjónustu aukist sem nemur 940 millj. kr. á þessu ári. Mér er ekki kunnugt um að gefin hafi verið út reglugerð sem kveði á um hækkun í þessum efnum, og því leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort sú reglugerð verði gefin út fyrir 1. febr. eða hvort ríkisstj. hafi fallið frá því að hækka þessi gjöld og þá með hvaða hætti eigi að ná þeirri áætlunarupphæð sem þessi gjöld áttu að gefa, um 940 millj. kr.

Enn fremur er í sambandi við efnahagsmál almennt mjög mikils virði að Alþ. — og þá auðvitað um leið þjóðin öll — viti um það, hver eru áform ríkisstj. varðandi niðurgreiðslur á vöruverði, en við afgreiðslu fjárl. var gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á vöruverði lækki á þessu ári um 2800 millj. kr. Ég spyr því einnig að því, hvort þessi ákvörðun hafi verið tekin og þá með hvaða hætti.

Eins og hæstv. forseti gat um, gafst mér ekki tækifæri til þess að koma þessari fsp. fram fyrr en á fimmtudagsfundi, en hæstv. forsrh. fékk fsp. í hendur þá og varð að samkomulagi á milli hans og mín og hæstv. forseta að flýta afgreiðslu á þessari fsp. Þakka ég hæstv. forseta fyrir lipurð í þeim efnum og sömuleiðis hæstv. forsrh.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því, ef ég skyldi fara eitthvað fram úr tilskildum tímamörkum.

Ég hef haft þann hátt á að ég hef sent hvern lið þessarar fsp. til hlutaðeigandi aðila sem hér er um að tefla, þ. e. a. s. gjaldskrárnefndar svokallaðrar, verðlagsstjóra og hagstofustjóra, og ég tel skýrast að ég lesi upp þau svör, sem frá þessum aðilum hafa borist. Það er rétt að geta þess áður, að hjá ríkisstj. sem slíkri liggja ekki fyrir neinar óafgreiddar hækkanabeiðnir. Þær eru enn þá hjá gjaldskrárnefnd, eins og fram kemur í svarinu. Ég les þá fyrst, með leyfi hæstv. forseta, svar gjaldskrárnefndar:

„Fsp. til forsrh. um hækkanir opinberra stofnana, frá Matthíasi Bjarnasyni:

Hvaða hækkanabeiðnir frá opinberum stofnunum (ríkis og sveitarfélaga, liggja fyrir hjá ríkisstj. óafgreiddar, sem eiga að hljóta afgreiðslu fyrir 1. febr. n. k. samkv. samkomulagi við launþegasamtökin, og hvað líður afgreiðslu þeirra?

Svarið er:

1. Póstur og sími: Póst- og símamálastofnunin hefur óskað eftir hækkun á gjaldskrá 1. febr. n.k. sem nemur 22% að viðbættum 2% vegna verðjöfnunar fyrir dreifbýlið og 1% til að mæta tekjutapi vegna niðurfellingar á föstu afnotagjaldi aldraðra og öryrkja samkv. reglugerð, eða alls 25%. Samgrn. mælir með tillögunni. Gjaldskrárnefnd hefur ekki gert tillögur í málinu.

2. Rafmagnsveita Reykjavíkur. Frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur liggur fyrir beiðni um 22% meðalhækkun á gjaldskrá að viðbættri hækkun sem leiðir af heildsöluverðshækkun Landsvirkjunar, 45.34% af hækkun heildsöluverðs. Í tillögum Landsvirkjunar er gert ráð fyrir 35% hækkun 1. 2. 1979 á heildsöluverði til almenningsrafveitna. 35% heildsöluverðshækkun mun því hafa í för með sér 16% hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur til viðbótar áðurnefndum 22%. Gjaldskrárhækkunin mundi þá verða alls 38%. Umbeðnar taxtatilfærslur Rafmagnsveitu Reykjavíkur gera 4% hækkun á heimilistaxta sem kemur fram í útreikningi á verðbótavísitölu. Iðnrn. leggur hins vegar til að Landsvirkjun verði heimiluð 25% hækkun á heildsöluverði til almenningsrafveitna, og er sú tillaga í samræmi við umsögn Þjóðhagsstofnunar. Rn. leggur einnig til að gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hækki um 15%. Nemur því hækkunin 1. febr. samkv. tillögu rn. samtals 26.5%. Gjaldskrárnefnd hefur ekki gert tillögur í málinu.

3. Hitaveita Reykjavíkur: Hitaveita Reykjavíkur gerir tillögu um 20% hækkun á gjaldskrá frá og með 1. febr. Miðast þessi tillaga við fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun Hitaveitu Reykjavíkur, sem nú liggur fyrir borgarstjórn. Iðnrn. hefur aftur á móti gert tillögu um að Hitaveitu Reykjavíkur verði heimiluð 15% hækkun á gjaldskrá. Gjaldskrárnefnd hefur ekki gert tillögu í málinu.

4. Strætisvagnar Reykjavíkur: Borgaryfirvöld hafa óskað heimildar til þess að hækka fargjöld Strætisvagna Reykjavíkur um 50% að meðaltali frá 1. febr. 1979 að telja. Samgrn. hefur ekki gert tillögu um hækkun, en sent gjaldskrárnefnd málið til umsagnar. Rn. bendir á, að borgarstjórn Reykjavíkur virðist með hækkunarbeiðni sinni vera að fara inn á þá braut að láta notendur farartækja Strætisvagna Reykjavíkur bera stærri hluta af kostnaði við rekstur vagnanna. Til þess að halda sama hlutfalli notenda í áætluðum rekstrarkostnaði Strætisvagna Reykjavíkur fyrir árið 1979 þyrfti hækkun fargjalda að nema 30%. Gjaldskrárnefnd hefur ekki gert tillögu í málinu.

5. Þjóðleikhúsið: Þjóðleikhúsið hefur óskað eftir 25% hækkun á miðaverði. Menntmrn. hefur mælt með hækkuninni. Gjaldskrárnefnd hefur ákveðið að gera ekki tillögu um hækkun að sinni."

Verðlagsskrifstofan hefur sent svo hljóðandi svar:

„Með tilvísun til orðsendingar rn., dags. 26. jan. 1979, viðvíkjandi fsp. í Sþ. á þskj. nr. 319 frá Matthíasi Bjarnasyni um hvaða hækkanabeiðnir liggi fyrir hjá verðlagsnefnd og hvort þær verði afgreiddar fyrir 1. febr. n. k. og ef svo verði ekki, hvenær megi ætla að afgreiðsla þeirra fari fram. Hér á eftir fara óafgreidd erindi, sem liggja fyrir hjá verðlagsnefnd:

1. Olíumál, verð á bensíni og olíum og magnálagning olíufélaganna. 2. Verslunarálagning. 3. Aðgöngumiðaverð að kvikmyndahúsum. 4. Smjörlíkisverð. 5. Björgun hf., verð á steypuefni. 6. Gjaldskrá vinnuvéla. 7. Verð á steypu án sements. 8. Far- og farmgjöld í innanlandsflugi. 9. Gjald fyrir uppskipun, útskipun og pakkhúsleigu skipafélaganna. 10. Landleiðir hf. vegna fargjalda á sérleyfisleiðinni Reykjavík-Hafnarfjörður. 11. Flutningsgjöld með vöruflutningabifreiðum. 12. Verð á brauðum. 13. Olíufarmgjöld innanlands. 14. Verð á harðfiski.

Það eru sem sagt 14 beiðnir eða erindi sem liggja þannig hjá verðlagsnefnd óafgreidd. Samkv. upplýsingum formanns verðlagsnefndar er ekki ráðgert að halda fund í verðlagsnefnd fyrir 1. febr. 1979 og hefur enn ekki verið ákveðið hvenær næsti fundur verði haldinn.

Virðingarfyllst,

Gunnar B. Þorsteinsson,
varaverðlagsstjóri."

Þá les ég svar frá hagstofustjóra:

„Vegna 3. liðs fsp. Matthíasar Bjarnasonar á Alþingi.

Hækkun framfærsluvísitölu 1. febr. 1979 og tilheyrandi hækkun verðbótavísitölu frá 1. mars 1979.

Hækkun framfærsluvísitölu frá 1. nóv. 1978 til 1. febr. 1979 er af Hagstofunni áætluð 2.8%, en hækkun frá nóvembervísitölu að frádreginni aukinni niðurgreiðslu í des. 1978 er 5.2%. Hækkun verðbótavísitölu frá 1. des. 1978 til 1. mars 1979 er áætluð 5.5%. Sú hækkun fylgir í stórum dráttum fyrrnefndri hækkun framfærsluvísitölu frá nóvemberbyrjun 1978 að frádreginni aukinni niðurgreiðslu í des. s. l. Í þessari áætluðu hækkun framfærsluvísitölu og verðbótavísitölu er ekki reiknuð nein hækkun á töxtum þjónustustofnana. Gjaldskrárnefnd, sem gerir tillögur til ríkisstj. um hækkanir á opinberum þjónustutöxtum, hefur nú til meðferðar m. a. hækkunarbeiðnir frá Pósti og síma, Landsvirkjun, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur og Strætisvögnum Reykjavíkur. Munu tillögur nefndarinnar þessu viðkomandi vera væntanlegar á næstunni. Ef hækkanir þær sem, sem þessar stofnanir fara fram á að fá, yrðu leyfðar að fullu mundu áhrif þess á verðbótavísitölu verða um 2.3% til hækkunar, og verðbótavísitalan 1. mars 1979 mundi þá hækka alls um 7.8% miðað við áætlun Hagstofunnar að öðru leyti.

Áætlun Hagstofunnar um framfærsluvísitölu 1. febr. og verðbótavísitölu 1. mars 1979 er mikilli óvissu bundin og því látin í té með fyllstu fyrirvörum."

Þetta voru svörin, sem mér hafa borist frá þeim aðilum

sem ég óskaði upplýsinga hjá. Það má segja, að tveir fyrri liðir fsp. heyri frekar undir viðskrh. en forsrh.

Ég vil bæta því við, að það eru fordæmi fyrir því, að hækkanir hafi verið leyfðar á opinberri þjónustu eftir mánaðarlok útreikningsmánaðarins, en áður en vísitala er reiknuð út, og þá hafa slíkar hækkanir, sem þannig hafa verið samþykktar, alltaf verið teknar inn í vísitöluna. Þessi framkvæmd hefur aldrei sætt neinum aths. í kauplagsnefnd, enda liggur í augum uppi að með þeim hætti er ekki hallað á launþega.

Eins og fram kemur í því svari, sem ég hef lesið upp, eru 5 óafgreiddar hækkunarbeiðnir á opinberri þjónustu hjá gjaldskrárnefnd. Ef þær verða afgreiddar í ríkisstj. á næstunni og af þeim leiðir einhverja hækkun, þá verður það gert áður en vísitalan verður gefin út og þá verða þær teknar upp í hana.

Eins og þegar kom fram af því sem ég las upp, mæla viðkomandi rn. í sumum tilfellum með þeirri hækkun sem farið er fram á. Í öðrum tilfellum mæla þau aðeins með hækkun að hluta. Og eins og fram kom í svari hagstofustjóra mundu áhrif þessara hækkana, ef hækkunarbeiðnir væru teknar til greina að fullu og öllu, nema um 2.43%. Ef aftur á móti væri miðað við tillögur rn., þar sem þau hafa gert tillögur, þá mundi hækkunin nema 1.79%. En auðvitað er sá möguleiki fyllilega fyrir hendi að gjaldskrárnefnd geri aðrar og lægri tillögur en viðkomandi rn. hafa gert. Á þessu stigi er ekki hægt að segja til um það, hvort þessar hækkanir verða leyfðar eða ekki. Um það verður fjallað í gjaldskrárnefnd og svo í ríkisstj. á næstu dögum.

Það er rétt að undirstrika það, að útreikningur vísitölunnar er alltaf nokkurri óvissu háður, eins og hagstofustjóri tekur fram, og það er ekki hægt að segja til um það á þessari stundu með neinni vissu, hver verðbótavísitalan kann að verða. Það er kauplagsnefnd sem reiknar út vísitöluna. Hún er æðsti úrskurðaraðili í því efni. Úrskurði hennar verður ekki áfrýjað til eins eða neins. En það er svo, að það eru nokkur atriði, sem varða útreikning vísitölunnar, sem eru matsatriði og kauplagsnefnd verður að meta, þ. á m. svokallaður verðbótaauki. Enn fremur er þess að gæta, að enn hefur ekki verið tekið upp meðalverð það í verslunum hér í Reykjavík sem lagt er til grundvallar, og þess vegna ber enn að undirstrika að allar ágiskanir í þessu efni verður að taka með nokkrum fyrirvara.

Út af þeim fsp., sem hv. þm. Matthías Bjarnason bætti við, spurningunni um hækkun á lyfjakostnaði, þar sem gert er ráð fyrir að hækkun á þeim efnum eigi sér stað, — það er gert ráð fyrir því í fjárl. og eins og hann sagði er gert ráð fyrir, ef ég man rétt, um 900 millj., — þá get ég sagt það, að um þetta hefur verið og er verið að fjalla í ríkisstj., en þetta heyrir að sjálfsögðu undir heilbr.- og trmrh. Það hefur sem sagt ekki verið endanleg ákvörðun tekin um þetta atriði. Sama er í raun og veru að segja um annað efni sem hann spurðist fyrir um, varðandi niðurgreiðslur. Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun í ríkisstj. um að hverfa frá þeim ákvörðunum sem nú gilda um niðurgreiðslur.

Ég vona, herra forseti, að ég hafi gert þessum fsp. nokkur skil. Að sjálfsögðu er hér um nokkurt talnaflóð að ræða og þess vegna hefði e. t. v. verið heppilegra að fá skriflegt svar við fsp. Ég vona samt að ég hafi ekki farið of hratt yfir þetta, og ég treysti því, að hv. fyrirspyrjandi hafi náð meginatriðum úr því sem ég sagði.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda langa ræðu varðandi þessar fsp. Þær voru ekki fluttar í þeim tilgangi af mér að stofna til ræðuhalda á þessum degi, heldur fyrst og fremst til þess að fá þær upplýsingar sem ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa gefið. Hins vegar er ekki því að leyna, að útlitið er dökkt í baráttunni við verðbólguna, a. m. k. bera allar þessar beiðnir órækan vott um það og allar þær mörgu beiðnir sem á eftir hljóta að koma, því að þó talað sé um Hitaveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun, þá koma auðvitað aðrar rafmagnsveitur í kjölfarið.

Mér finnst á margan hátt vera óeðlilegt að gjaldskrárnefnd, sem fær allmörg mál til meðferðar, skuli liggja á afgreiðslu mála fram yfir 1. febr. og þá alveg sérstaklega á þeim málaflokkum sem einstök rn. hafa farið yfir og mælt með tilteknum hækkunum á, eins og fram kom í svari hæstv. forsrh. Þetta tel ég fyrir mitt leyti óeðlilegt. Mér finnst að það eigi að liggja fyrir hvernig er háttað þessari opinberu þjónustu.

Við skulum taka eina stærstu ríkisstofnun í landinu, sem fer ekki fram á samkv. svari hæstv. forsrh. minna en 25% hækkun, Póst og síma. Hvernig verður þá staða þessarar stofnunar sem og annarra stofnana ríkis og sveitarfélaga, ef langur dráttur verður á því að afgreiða verðhækkunartillögurnar? Hefur ríkisstj. ekki áhyggjur af því, að þessar stofnanir verði þá reknar með stórhalla, eða er von til þess að draga svo saman í útgjöldum þessara stofnana að til frekari hækkana þurfi ekki að koma? Ég nefndi þetta stórfyrirtæki vegna þess að samgrn. mælir með þessum hækkanabeiðnum Pósts og síma, og þá fæ ég ekki annað séð en að rn., sem fer með yfirstjórn þessara mála, telji að þessar hækkanir séu óumflýjanlegar. Með því að draga hækkunina á langinn fram eftir ári verður hún enn þá meiri, ef hún kemur á færri mánuði á árinu, og ekki verður það betra fyrir almenning í landinu.

Það má enginn taka orð mín á þann veg, að ég sé einhver talsmaður hækkana fyrir þessi fyrirtæki, en ég tel að það sé rétt stefna að afgreiða hækkanabeiðnir, hvort sem þær eru afgreiddar jákvætt eða neikvætt, en láta þær ekki hrannast upp. Þá á ég ekki eingöngu við tillögur gjaldskrárnefndar sem koma til ríkisstj., heldur ekki síður við verðlagsnefndina, sem mér sýnist á þeirri upptalningu, sem hæstv. forsrh. las upp, að geti haft allmikið að segja í verðbólgunni. Þess vegna held ég að það sé gagnlegt, ekki síst fyrir ríkisstj. og Alþ., að ákvarðanir séu teknar í þessum efnum, en ekki velt á undan sér lengri eða skemmri tíma einhverri óvissu um hvað tekur við í verðlagsmálum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni fyrir þessar fsp. og eins greið svör hæstv. forsrh. Ég kemst samt ekki hjá því að vekja athygli á að í svari hæstv. forsrh. um hækkanabeiðninr til verðlagsstjóra eða verðlagsnefndar var ekkert minnst á, hve háar þær væru og að hve miklu leyti þær kæmu inn í vísitöluna. Hefði vissulega verið ástæða til þess að fá upplýsingar um það, ef svo kynni að fara að þær hækkanabeiðnir verði látnar ná fram og hafa þannig áhrif á vísitöluna, sem er nú kannske þungamiðjan í þeim leik sem er stundaður í íslenskum efnahagsmálum, ekki aðeins af þessari ríkisstj., heldur oft áður.

Það er alveg rétt, að það er kauplagsnefnd sem á endanum reiknar þetta út og hún hefur að undanförnu tekið tillit til þess, að hækkanabeiðnirnar séu afgreiddar eftir mánaðamót í reikningsmánuðinum.

Nú liggur ljóst fyrir að verðbótavísitalan fer 1. mars n. k. upp fyrir 5%, og þá vakna ýmsar spurningar. Þá vakna þær spurningar, hvort ríkisstj. ætlar að fara Alþfl.-leiðina og banna frekari kauphækkanir en sem nemur þessum 5% eða hvort á að fara leið Alþb., sem er hin nýja leið Alþb. og hefur verið auglýst bæði af yfirráðh. þessarar ríkisstj., Lúðvík Jósepssyni, og eins af Ragnari Arnalds í sunnudagspostillu hans í Þjóðviljanum á sunnudaginn, þar sem verðbólgan skiptir ekki lengur aðalmáli, heldur á að koma í veg fyrir að hægri öflin láti sínar tillögur ná fram að ganga. Og mér skilst að þegar þeir tala um hægri öfl, þá eigi þeir við Alþfl. að sjálfsögðu.

Það er ástæða til þess í þessum umr. að fá það skýrt fram, hvaða leið ríkisstj. ætlar að fara út úr þessu máli. Einnig er ástæða til þess, fyrst hreyft er þessu máli, að spyrjast fyrir um störf svokallaðrar vísitölunefndar. Er hún að störfum? Hefur hún skilað einhverjum árangri? Ef svo er, hver er sá árangur?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki efna til almennra umr. um þessi atriði. Ég vil aðeins svara hv. síðasta ræðumanni því, að vísitölunefndin er að störfum og vinnur kappsamlega að verkefni sínu. Ég skal hins vegar engu spá um það, hvenær hún getur skilað af sér. Í erindisbréfi hennar voru sett þau tímamörk, að tillögur hennar skyldu liggja fyrir fyrir 15. febr. Hvort það verður unnt eða ekki skal ég ekkert fullyrða um á þessu stigi, en til þess er fullur vilji að svo verði.

Ég ætla ekkert að fara að standa hérna á milli Alþfl. og Alþb. En ég vil út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, segja það, að það var og er markmið ríkisstj. að verðbótavísitalan verði 1. mars sem næst 5%. Það er mín persónulega skoðun að stefna eigi að því. Hvort það tekst eða ekki er ekki hægt að fullyrða, en hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu ættu menn að sjá og skilja að það er mikið undir því komið að það takist að ná því marki.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það var tilkynnt í fjölmiðlum fyrir nokkru, að ríkisstj. hefði skipað nefnd til þess að leita um sættir í svokallaðri flugmannadeilu. Nú hefur verið skýrt jafnframt frá því, að þessi nefnd hafi skilað skýrslu eða áliti til hæstv. ríkisstj., en þá kemur í ljós og allir landsmenn verða varir við það, að þessar sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur vegna þess að það er sjáanlegt að þau stríðandi öfl, sem eru innan Flugleiða, flugmennirnir, halda nú uppi víðtæku verkfalli eða skæruhernaði sem bitnar ekki eingöngu á starfsfólki Flugleiða eða félaginu í heild, sem verður auðvitað fyrir mjög tilfinnanlegu tjóni, heldur á þjóðinni allri. Samgönguerfiðleikar eru miklir í landi okkar og þá ekki síst á þessum árstíma og kemur fólki illa, því að í raun og veru er ekki um nokkrar aðrar samgöngur að ræða. Því vil ég leyfa mér að beina fsp. til hæstv. félmrh., sem mun hafa haft forgöngu um skipun þessarar nefndar að því er hæstv. samgrh. tjáði mér í morgun, og biðja hann að gefa mér og hv. Alþ. yfirlit yfir störf þessarar sáttanefndar og hvaða útlit sé fyrir að ná þarna sættum. Ef hann og hæstv. ríkisstj. telur samkomulagshorfur mjög slæmar, þá spyr ég: Ætlar ríkisstj. þá ekki að gera neinar þær ráðstafanir sem binda endi á þessa leiðinlegu deilu sem bakar þjóðfélaginu í heild stórskaða? Ég fyrir mitt leyti tel að það sé ekki hægt, að ríkisstj. og Alþ. horfi upp á það að tiltölulega fámennur hópur, sem býr að mínum dómi og held ég flestra eða allra alþm. og annarra við mjög þokkaleg launakjör, skuli vegna innbyrðis ágreinings stofna samgöngumálum landsmanna í jafngeigvænlega hættu og þau eru nú þegar komin í.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég er mjög sammála hv. 1. þm. Vestf. í þessu efni og vil gera nokkra grein fyrir afskiptum mínum og ríkisstj. af þessari vinnudeilu, sem er milli Flugleiða hf. annars vegar og Félags ísl. atvinnuflugmanna hins vegar.

Með bréfi, dags. 18. þ. m., skipaði ég eftir samþykki í ríkisstj. þriggja manna sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar með skírskotun til 3. gr. laga nr. 33 frá 1978, um sáttastörf í vinnudeilum. Málið var þá þegar komið til meðferðar hjá ríkissáttasemjara sem mál nr. 3 frá 1978 og tók sáttanefndin strax við meðferð þess. Í nefndinni eiga sæti Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, en auk hans Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri og Guðlaugur Þorvaldsson háskólarektor. Nefndin hóf störf strax þann 19. þ. m. og átti hún þá viðræður við deiluaðila og kynnti sér málavexti. Fór nefndin strax fram á að verkfallsaðgerðum, sem hefjast áttu kl. 19 næsta dag, yrði frestað í 2 vikur. Samþykkti stjórn og trúnaðarmannaráð Félags ísl. atvinnuflugmanna beiðnina, en þó þannig, að fresturinn var aðeins veittur í eina viku. Hefur sáttanefndin síðan unnið svo til sleitulaust að lausn þessarar deilur og haldið fjölmarga fundi með deiluaðilum.

Í ljós hefur komið, að þessi deila er óvenjuleg og á ýmsan hátt frábrugðin venjulegum kjaradeilum. Sú sérstaða varðar bæði deiluaðila og deiluefnið. Þótt deilan standi að formi til milli stjórnar Flugleiða hf. og Félags ísl. atvinnuflugmanna, er ljóst að þær leiðir, sem gætu leitt til lausnar, hljóta að hafa áhrif á samninga Loftleiða hf., dótturfélags Flugleiða, við félag Loftleiðaflugmanna. Gætu slíkar lausnir raskað að meira eða minna leyti forsendum fyrir samningi þessara aðila, sem er frá 20. júlí 1978 og gildir til 1. febr. 1980.

Eðli deiluefnisins er að því leyti óvenjulegt, að hér er ekki fyrst og fremst um að ræða venjulega kaupdeilu, heldur snýst hún jöfnum höndum um svonefndan starfsaldurslista, skiptingu flugleiða milli flugmanna og loks um svonefnda launajöfnunarstefnu eða launajöfnunarkröfu. Þykir mér rétt að skýra hvern þessara þátta deilunnar nokkru nánar.

Raunveruleg orsök deilunnar er sennilega öðru fremur deilan um starfsaldurslistann. Þótt yfirstjórn Loftleiða hf. og Flugfélags Íslands hf. hafi verið sameinuð 1. ágúst 1973, hefur aldrei verið gengið frá sameiginlegum starfsaldurslista flugstjóra og flugmanna sem störfuðu hjá þessum tveimur félögum. Var raunar ákveðið svo í byrjun, að þótt Flugleiðir yfirtækju allan sameiginlegan rekstur skyldu gömlu félögin fyrst um sinn annast rekstur flugvélanna. Var þannig skotið á frest þeim vandamálum sem sameining starfsaldurslista hlaut að hafa í för með sér, og hefur lítið í því gerst síðan — því miður.

Árið 1976 varð ágreiningur innan Félags ísl. atvinnuflugmanna, sem þá var félag allra íslenskra atvinnu-

flugmanna. Þessi ágreiningur varð til þess, að félagið klofnaði. Stofnuðu flugmenn Loftleiða eigið félag, Félag Loftleiðaflugmanna, og er Félag ísl. atvinnuflugmanna því nú í raun félag flugmanna hjá Flugfélagi Íslands svo og annarra minni flugfélaga. Hefur þessi klofningur enn aukið á vandkvæði samfara sameiningu starfsaldurslistanna.

Í mars 1978 ritaði stjórn Flugleiða síðan bréf til Félags atvinnuflugmanna, þar sem boðað var að Flugleiðir hf. tækju við rekstri flugvéla Flugfélags Íslands og Loftleiða frá 1. des. 1978. Var jafnframt boðin fram öll hugsanleg aðstoð við framkvæmd á sameiningu starfsaldurslistanna. Vann síðan nefnd beggja flugmannafélaganna að þessu verki, og skilaði sameiginlegum tillögum 13. des. s. l., sem stjórn Flugleiða samþykkti í öllum meginatriðum. Félag Loftleiðaflugmanna hefur síðan samþykkt þessar tillögur fyrir sitt leyti, en Félag ísl. atvinnuflugmanna hins vegar hafnað þeim, a. m. k. að svo stöddu, og virðist nú sem jafnlaunakrafan og e. t. v. einnig krafa um skiptingu flugleiða séu settar sem skilyrði fyrir samþykki við sameiningu starfsaldurslistanna.

Krafan um skiptingu flugleiða felur það í sér, að flugmenn Félags ísl. atvinnuflugmanna sjái um flug á öllum leiðum milli Íslands og Evrópu, nema til Lúxemborgar, á öllum innanlandsflugleiðum og á öllum nýjum flugleiðum, einnig allt leiguflug nema vestur um haf. Félag Loftleiðaflugmanna fái hins vegar flugleiðirnar milli Ameríku og Íslands og til Lúxemborgar. Það er álit stjórnar Flugleiða, að með því að ganga að þessum kröfum væri stjórnin í raun búin að firra félagið öllum möguleikum til hagræðingar í rekstri, raunverulegum umráðum yfir flugvélum félagsins og að lokum kljúfa Flugleiðir hf. endanlega.

Jafnlaunakrafan felur hins vegar í sér kröfu um að allir flugliðar Flugleiða hf. fái sömu laun án tillits til þess, hvaða flugvélategundum þeir fljúga, miðað við að starfsaldur sé hinn sami. Nú eru hins vegar greidd nokkru hærri laun til þeirra, sem fljúga stærstu vélunum, og er hlutfallið þannig, að ef laun flugmanna á DC-8 eru talin 100%, þá fá flugmenn á Boeing 727 94% og á Fokker Friendship vélunum 86.5-87.4%, eftir starfsaldri. Í raun felur launajöfnunarkrafan það í sér, að allir fái sömu laun og nú eru greidd hæst hjá félaginu. Stjórn Flugleiða mun hins vegar telja að samþykkt slíkrar hækkunar, sem í raun mundi valda margfalt meira launaskriði hjá flugmönnum en fáein prósentustig í beinni kauphækkun, yrði til þess eins, að Félag Loftleiðaflugmanna kæmi fram með nýjar kröfur, þannig að skapast mundu keðjuverkandi kröfur og víxlverkandi kröfur um launahækkun annars vegar og launajöfnun hins vegar.

Þess má geta, að föst mánaðarlaun flugstjóra á DC-8 vélunum eru á einu ári 724 þús. kr. og komast eftir 29 ára starfstíma upp í 1182 þús. kr. á mánuði. En í reynd eru lægstu flugstjóralaunin í dag 1 millj. 17. þús. kr., en meðalflugstjóralaun eru 1 millj. 87 þús. kr. á mánuði. (**Gripið fram í:** Hærra en hjá þm.) Það er hærra en hjá þm., já. En aðstoðarflugmennirnir fá aftur á móti í föst mánaðarlaun frá 512 þús. kr. á fyrsta ári, sem enginn flýgur nú reyndar eftir, og upp í 737 þús. kr. Í reynd er það þannig, að lægstu laun í dag eru 572 þús., en meðallaun hjá aðstoðarflugmönnum eru 679 þús. Auk þess greiðast í lífeyrissjóð frá félaginu 11%. Ég vil taka það fram, að þessi laun, sem ég get um, eru föst laun, en auk þess fá flugmenn greidda dagpeninga, sem ég veit ekki nánar um upphæð á.

Í dag er staða þessa máls sú, að sáttanefndin hyggst halda áfram viðræðum við deiluaðila og í framhaldi af því leggja fram sáttatillögur í þessari viku. Verða ákvarðanir um framhaldið að bíða undirtekta við þeirri tillögu. Sjálfur hef ég mjög ákveðnar skoðanir á því, hvað eigi að gera, ef sáttatillögurnar ná ekki fram að ganga, en ég tel ekki tímabært, þar sem ég skipaði sáttanefndina, að ræða málið nánar á þessu stigi en vona að fram verði komin sáttatillaga fyrir helgi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. þær upplýsingar sem hann hefur gefið. Að vísu hefur meginhlutinn af þessum upplýsingum legið fyrir í blöðum hvað snertir deiluna sjálfa, en hins vegar fagna ég því, að sáttatillaga verði lögð fram, sem er auðvitað höfuðatriði þessa máls. Ef sú sáttatillaga verður felld, þá skilst mér á hæstv. ráðh. að hann sé tilbúinn með þær aðgerðir sem eiga að duga til lausnar þessu máli. Ég fyrir mitt leyti fagna að þær aðgerðir séu fyrir hendi. Ég tel að Alþ. eigi að standa með ríkisstj. í því að leysa þessa deilu. Ég efast ekki um að ef sáttatillaga er lögð fram, sem tekur mið af sjónarmiðum beggja þessara stríðandi aðila, þá gera þeir sér auðvitað ljóst að annar aðilinn getur ekki fengið allt og hinn ekkert. En höfuðatriði þessa máls er að liða ekki þetta fyrirtæki í sundur og valda ekki þjóðinni stórskaða með því að heil landssvæði eru nú samgöngulaus ákveðna daga af völdum þessara stríðandi afla, sem eru að mínum dómi ekki alveg á horriminni eftir þeim upplýsingum sem ráðh. hefur gefið varðandi launakjör þeirra. Það er víst nóg sem Íslendingar þurfa að búa við í samgöngumálum, þegar samgöngur teppast vegna náttúruhamfara og slæmrar veðráttu, þó að þetta bætist ekki ofan á allt annað.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði og undirstrika, að ég hef sjálfur ákveðnar tillögur fram að færa í þessu máli og mun leggja þær fram, ef sáttatillagan nær ekki fram að ganga. En það hefur ekki gefist tóm til þess að ræða þær í ríkisstj. enn þá, þannig að ekki er um að ræða ákvörðun hennar, a. m. k. ekki að svo komnu máli.

Eignarráð á flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli, fsp. (þskj. 58). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 58 ber ég fram fsp. til hæstv. utanrrh. varðandi flugstöðvarbygginguna á Keflavíkurflugvelli, hver sé raunverulegur eigandi hennar.

Það er orðið nokkuð langt síðan þessi fsp. kom fyrst á dagskrá, mig minnir að það hafi verið í byrjun nóv., en af ýmsum ástæðum hefur hún ekki komið fyrr til umr. Mér er ljóst að hæstv. utanrrh. verður ekki um það kennt.

Það er spurt um þetta vegna þess, að á því virðist leika nokkur vafi samkv. þeim gögnum sem fyrirspyrjandi hefur undir höndum, hver sé eigandi flugstöðvarbyggingarinnar. Bæjarstjórn Njarðvíkur hefur mikinn hug á að vita hið rétta í þessu máli og fsp. þessi er borin fram með vitund bæjarstjórnarinnar, en ekki þó samkv. sérstakri beiðni hennar. Áhugi bæjarstjórnarinnar stafar af

því, að verulegir fjárhagslegir hagsmunir eru við eignaraðildina tengdir fyrir bæjarfélagið, en auk þess hljóta allir þegnar þessa lands að hafa hug á að vita hvort íslenska ríkið á þessa eða hina eignina eða ekki. Vafinn um eignaraðildina stafar af því að mismunandi úrskurðir yfirvalda liggja fyrir. Ég skal rekja þetta í sem stystu máli.

Bygging sú, sem hér um ræðir, var reist af bandaríska ríkinu á sínum tíma — um 1950 — og rekin af varnarliðinu frá því að það kom hér 1951 til 1964 þegar íslenska ríkið tók við rekstri hennar samkv. samningi ríkjanna frá 29. maí 1964. Fyrirsögn þessa samnings er svo hljóðandi: „Samkomulag um afhendingu hótel- og flugstöðvarbyggingar varnarliðs Íslands til íslensku ríkisstjórnarinnar.“ Síðar er í meginmáli samningsins kveðið á um að samkomulag sé gert um afhendingu ábyrgðar á rekstri og viðhaldi umræddrar byggingar. Ekki skal farið nánar út í þennan samning hér.

Á eignaraðildina reyndi svo þegar Njarðvíkurhreppur lagði fasteignaskatt á þessa húseign 1973 og reikningur var sendur flugmálastjórn, sem greiddi hann. 1974 var aftur lagður á bygginguna fasteignaskattur, rúmlega 1.3 millj. kr. Greiddar voru 300 þús. kr., en síðan ekki meir. Fór þá málið fyrir uppboðsrétt Keflavíkurflugvallar, sem úrskurðaði 7. júlí 1975 að uppboð skyldi fara fram á eigninni til lúkningar fasteignaskattsskuldinni.

Lögmaður flugmálastjórnar hélt því fram í málinu, að um aðildarskort væri að ræða og gerðin skyldi ekki ná fram að ganga þar sem bandaríska ríkið væri eigandi byggingarinnar, en samkv. varnarsamningnum væri skattlagning þessi óheimil. Málið fór fyrir Hæstarétt, sem ómerkti úrskurðinn 15. mars 1977 á þeim forsendum að málið hefði ekki áður verið lagt fyrir yfirfasteignamatsnefnd.

Málið fór þá fyrir yfirfasteignamatsnefnd, sem kvað upp þann úrskurð 7. júní 1977, að flugmálastjórninni á Keflavíkurflugvelli f. h. ríkissjóðs væri óskylt að svara Njarðvíkurkaupstað fasteignaskatti af flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli. Yfirfasteignamatsnefnd byggir þennan úrskurð sinn á því, að ekki þykir nægilega sýnt fram á að ríkissjóður hafi orðið eigandi flugstöðvarbyggingarinnar með samkomulaginu frá 1964 í skilningi 2. mgr. 4. gr. laga nr. 8 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og ekki hafi verið færð fram gögn fyrir því, að ríkissjóður hafi orðið eigandi byggingarinnar með öðrum hætti.

Þannig stendur nú málið og hefur Njarðvíkurbær ekki aðhafst frekar til að innheimta álagðan fasteignaskatt frá árinu 1974 og síðan, en í bókum bæjarins stendur nú að skuld ríkissjóðs vegna þessa sé tæplega 12.6 millj. kr. auk vaxta. Þannig stóðu málin um síðustu áramót.

Fsp. mín til hæstv. utanrrh. er því svo hljóðandi:

„Hver er eigandi flugstöðvarbyggingarinnar á Keflavíkurflugvelli:

a) Þess hluta byggingarinnar, sem afhending varnarliðs Íslands til íslensku ríkisstj. náði til, með samkomulagi aðila 29. maí 1964;

b) annarra hluta byggingarinnar með síðari tíma endurbótum og viðaukum?“

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Skömmu eftir að fsp. þessi var lögð fram óskaði ég eftir því, að varnarmáladeild utanrrn. sendi grg. um málið. Það kemur fram í máli fyrirspyrjanda, að hann er mjög vel kunnugur því, í raun og veru er ekki mjög miklu við að bæta af upplýsingum sem byggjandi er á, en ég mun nú lesa stutta grg. varnarmáladeildarinnar:

„Hinn 19. des. 1974 óskaði Njarðvíkurhreppur eftir uppboði á flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli fyrir ógreiddum fasteignaskatti. Málið var rekið fyrir héraðsdómi, sem úrskurðaði að krafa Njarðvíkurhrepps um að flugstöðvarbyggingin yrði seld á nauðungaruppboði skyldi ná fram að ganga. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, sem vísaði málinu frá og til úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar. Nefndin kvað svo upp úrskurð 7. júní 1977 og segir þar svo m. a.:

„Í úrskurði þessum verður aðeins tekið til athugunar, hvort ríkissjóði sé skylt að svara fasteignaskatti af umræddri flugstöðvarbyggingu. Af gögnum málsins kemur fram, að Bandaríkin létu reisa flugstöðvarbygginguna. Hinn 29. maí 1964 var hins vegar gert samkomulag milli varnarliðsins og íslensku ríkisstj. um afhendingu hótel- og flugstöðvarbyggingar varnarliðsins til íslensku ríkisstj., sbr. og breytingu á þessu samkomulagi frá 24. febr. 1966. Samkv. fyrrgreindu samkomulagi tekur íslenska ríkisstj. að sér rekstur og viðhald flugstöðvarbyggingarinnar. Í samkomulaginu eru ríkisstj. fengnar mjög víðtækar heimildir til nýtingar og ráðstöfunar þessa mannvirkis, en ekki þykir þó hafa verið sýnt nægilega fram á að með samkomulagi þessu hafi ríkissjóður orðið eigandi flugstöðvarbyggingarinnar í skilningi 2. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga. Hafa heldur ekki verið færð fram gögn fyrir því, að ríkissjóður hafi orðið eigandi byggingarinnar með öðrum hætti.“ — Hér lýkur tilvitnun í úrskurð yfirfasteignamatsnefndar.

Það skal undirstrikað, að þessi úrskurður fjallar aðeins um þá hlið eignarréttarins er varðar skyldu til greiðslu fasteignaskatts. Hins vegar er eignarréttur afstætt hugtak, sem getur verið breytilegt eftir því, í hvaða sambandi um er rætt. Varnarliðið hefur haldið því fram, að það sé enn eigandi byggingarinnar, þótt það hafi látið afnotaréttinn af hendi. Umræddri fsp. mætti því svara á eftirfarandi hátt:

Að því er varðar þann hluta byggingarinnar, sem tilvitnað samkomulag frá 29. maí 1964 með breytingu frá 24. febr. 1966 nær til, er alla vega um afnotarétt að ræða í svo rúmum skilningi að réttarstöðu íslenska ríkisins gagnvart bandaríska ríkinu megi nánast túlka sem eignarrétt. Um aðra hluta byggingarinnar er ljóst að réttarstaða íslenska ríkisins er enn tryggari gagnvart bandaríska ríkinu, þar sem síðari tíma endurbætur og viðaukar hafa að öllu leyti verið kostaðir af Íslendingum.“

Hér lýkur skýrslu þeirri, sem varnarmáladeild gaf.

Við þetta hef ég ekki miklu að bæta öðru en því, að það er persónuleg skoðun mín, að sveitarfélögin, sem eru næst Keflavíkurflugvelli, eigi að fá gjöld af öllum þeim mannvirkjum, sem varnarmálasamningurinn undanskilur ekki greinilega, og samkv. úrskurði réttra yfirvalda. Ég vil því vona að eftir venjulegum leiðum verði hægt að finna botn í þetta mál, þannig að allir geti við unað og sveitarfélagið fái það sem því ber.

Fyrirspyrjandi (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans við fsp. mínum. Ég hefði gjarnan viljað þau svör hefðu verið afdráttarlausari, en mér er ljóst að á þessari eignaraðild leikur

nokkur vafi lagalega séð, þar sem kveðið er á um afnotarétt í samningi þeim sem ég minntist á.

Ég minnist þess, að hæstv. forsrh. sagði í sjónvarpsþætti í septembermánuði s. l., að það væri tiltölulega einfalt verk að byggja nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli, við gætum selt okkar hlut í þeirri gömlu, eins og hann orðaði það, og fjármagnað þannig að hluta bygginguna hinnar nýju. Af þessum orðum hæstv. forsrh. fannst mér mega ráða, að það væri skoðun hans að íslenska ríkið væri eigandi þessarar byggingar.

Með eldri hluta byggingarinnar er þarna sem sagt um vafamál að ræða. Ég skil svar hæstv. utanrrh. svo, að um síðari tíma endurbætur leiki ekki vafi.

Ég fagna þeim persónulegu skoðunum, sem hæstv. ráðh. lét í ljós, að sveitarfélögin á þessu svæði ættu að fá gjöld af þessum mannvirkjum.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi geri sér ljóst, að rn. hlýtur að láta það á vald réttra skattyfirvalda að úrskurða hvar og hvenær skattskylda er. Af þeim sökum treysti ég mér ekki til að láta í ljós ákveðið álit og það mundi ekki hafa neitt gildi umfram það að vera mitt persónulega álit.

Eins og kemur fram í seinni hluta svarsins sem ég las, er eignarréttur í víðtækari skilningi kannske umdeilanlegur, en án efa hefur íslenska ríkið fullkominn yfirráðarétt yfir þessum mannvirkjum um ótakmarkaðan tíma, þannig að ef af einhverjum ástæðum kæmi til þess að afhenda þann rétt til baka jafngildir það nokkurn veginn eignarrétti. Það er a. m. k. alger yfirráðaréttur og afnotaréttur af byggingunni. Í þeim skilningi er málið ekki eins flókið og það er í skattalegum skilningi. En þar verðum við að láta rétt yfirvöld skera úr.

Sameinað þing, 45. fundur.

Þriðjudaginn 30. jan., að loknum 44. fundi.

Skipaútgerð ríkisins, þáltill. (þskj. 266). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rannsókn á innsiglingunni í Höfn í Hornafirði, þáltill. (þskj. 318). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að hefja umr. utan dagskrár, sem ég taldi nauðsynlegar með tilliti til þess, að nú er sá tími sem landsmönnum er skylt að ganga frá skattaskýrslum sínum og fara að fyllstu samvisku eftir þeim lögum sem Alþ. hefur sett í þeim efnum.

Ég átti ekki von á öðru, þegar ég fékk launauppgjör mitt frá Alþingi fyrir s. l. ár, en þar væri greint frá því sem ég hef þegið í bílastyrk á árinu. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós, að alþm. er ekki gert skylt að fara eftir lögum sem þeir setja öðrum hvað varðar þessa hlið skattamála, og er það ástæðan fyrir að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár.

Þm. hafa löngum sætt mikilli gagnrýni fyrir að ákveða laun sín og hlunnindi sjálfir, og á sú gagnrýni fyllsta rétt á sér, enda hafa laun þm. og þá sérstaklega hlunnindagreiðslur skapað mikla tortryggni milli þings og þjóðar. Það hlýtur því að vera brýnt mál til að koma í veg fyrir slíka tortryggni og vantraust, að aðilar utan þings ákveði launakjör og hlunnindi þm. En það hlýtur þó að keyra um þverbak, að auk þessara forréttinda beri þm. ekki skylda að fara að þeim lögum sem þeir setja öðrum — að gefa hlunnindagreiðslur sínar upp til skatts. Ég held að gagnrýni og tortryggni í garð þm. byggist ekki á því, að þeir hafi kannske endilega of há laun eða of miklar hlunnindagreiðslur, heldur miklu fremur þeirri leynd sem hvílt hefur yfir launamálum þeirra og þeim forréttindum, sem þeir hafa skapað sjálfum sér, að ákveða laun sín sjálfir. Og svo fyllir það bikarinn, að hluti greiðslna til þeirra sætir ekki sömu meðferð í skattalegu tilliti og annarra þjóðfélagsþegna.

Hér skal skýrt undirstrikað, að ekki er verið að leggja neinn dóm á hvort alþm. hafi óeðlilegar hlunnindagreiðslur fram yfir það sem eðlilegt má telja. En það hlýtur að vera lágmarkskrafa, að þeir vinni eftir þeim lögum, sem þeir skylda aðra til að fara eftir, og gangi á undan með góðu fordæmi í þessum málum. Skattalögin kveða skýrt á um þetta efni og alþm. eiga ekki að hafa nein forréttindi í þeim málum fram yfir aðra. Í 7. gr. skattalaganna segir m. a.:

„Skattgjaldstekjur teljast m. a. fæði, húsnæði, endurgreiðsla flutningskostnaður milli heimilis og vinnustaðar, afnot bifreiða svo og hvers konar aðrar tekjur eða hlunnindi, sem látin eru í té sem kaupgjald eða jafna má til kaupgreiðslu."

Auðvitað ætti það ekki að vera neitt vafaatriði og hlýtur að vera rétt túlkun á þessum reglum skattalaganna, að þau nái jafnt til þm. sem annarra þegna þjóðfélagsins. Traust þjóðarinnar til þeirra, sem valdir eru til að fara með umboð þjóðarinnar á Alþ., hefur farið þverrandi ár frá ári, en auðvitað hlýtur það að vera undirstaðan undir að Alþ. geti náð árangri í þeim verkefnum sem því er ætlað að leysa, að það njóti trausts þjóðarinnar. Þær ástæður, sem hafa leitt til slíks vantrausts, eru vitaskuld margar og samverkandi, en slík tortryggni sem skapast hefur kringum launamál þm. og hlunnindi er m. a. ein ástæðan til þess. Ætti að vera auðvelt að leiðrétta það sem skref í áttina til þess að skapa það traust sem nauðsynlegt er milli þings og þjóðar. Við getum einfaldlega ekki og það gengur ekki í samfélagi okkar að ætla öðrum þjóðfélagsþegnum að fara eftir lögum sem við setjum, en teljum sjálfa okkur ekki þurfa að fara eftir.

Skatteftirlit hefur verið hert mjög með hlunnindagreiðslum hvers konar, m. a. til þess að reyna að loka þeirri smugu, að bílastyrkir og önnur hlunnindi séu færð á skattskýrslur án þess að fyllilega sé gerð grein fyrir þeim, sem annars gæti gefið möguleika á að færa hluta launanna sem frádráttarbæran frá skatti. Er slíkt eftirlit auðvitað mjög nauðsynlegt.

Alþm. fá ýmsar hlunnindagreiðslur í formi húsaleigu, fæðis og bílapeninga. Slíkar greiðslur til þm. eru mjög misjafnar og er það í hæsta máta eðlilegt, þar sem t. d.

þm. landsbyggðarinnar bera mun meiri kostnað en þm. Reykvíkinga. Og auðvitað getur hér verið um fyllilega eðlilegar greiðslur að ræða, sem eru vegna útgjaldaliða sem þeir sannanlega bera vegna starfa síns, þó ýmsar þeirra geti þó orkað tvímælis eins og t. d. daglegir fæðispeningar til þm. í næsta nágrenni Reykjavíkur, t. d. þm. búsettra á Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði.

Þetta er þó annar þáttur málsins, sem ekki varð tilefni til þess að ég hóf umr., heldur það aðalatriði, að þm. geri hreint fyrir sínum dyrum áður en haldið er með skattasópinn út í samfélagið og þeir leggi ekki aðrar skyldur á þjóðfélagsþegnana í skattamálum að fara eftir en á sjálfa sig. Þá kröfu verður því að gera, að hlunnindagreiðslur þm. séu gefnar upp á launauppgjörsseðli þm. um áramót og þeim gert skylt að gefa þær upp á skattframtali sínu. Þm. verða að vera hafnir yfir allan grun um feluleik með hlunnindamál sín í skattamálum. Að þessu gefna tilefni, að það hefir ekki verið gert, þó að vel megi vera að ýmsir þm. hafi eigi að síður gefið þær upp, sá ég fyllstu ástæðu til þess að hreyfa þessu máli. En hér er brýn nauðsyn á að taka af öll tvímæli í eitt skipti fyrir öll.

Ástæða gæti einnig verið til að það sé líka athugað, hvort hinum ýmsu embættismönnum innan ríkiskerfisins, sem hafa hlunnindagreiðslur í einhverju formi, sé gert skylt að gefa þær upp til skatts.

Þetta eru atriði, sem ég vil beina til hæstv. fjmrh. sem yfirmanns skattamála, að hann kynni sér framkvæmd á, enda á skatteftirlit einnig að ná til þeirra greiðslna, sem inntar eru af hendi fyrir störf á Alþ., eins og annars staðar í samfélaginu.

Ég tel einnig ástæðu til að beina því til forseta Alþingis sem æðstu yfirmanna Alþingis að þeir beiti sér fyrir því, að hlunnindi þm. verði gefin upp á launaseðlum, sem Alþ. sendir þm. um hver áramót, og þeim þar gert skylt að gefa þau upp til skatts. Síðan hlýtur það að endingu að vera skattyfirvalda að kveða á um hvort einhver hluti þess sé skattlagður eða ekki, nákvæmlega eins og farið er með önnur skattframtöl í þjóðfélaginu.

Ég vil vona að þessi mál fái hið bráðasta leiðréttingu og rétta meðferð í fyllsta samræmi við skattalögin. Að fara aðrar leiðir í þessu efni er ekki í samræmi við það sem vera á, að Alþ. gangi á undan með góðu fordæmi og fari eftir þeim lögum sem það setur öðrum í þessu efni.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það var e. t. v. ekki beint til mín ákveðinni spurningu, en í tilefni af því, að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv., tók til máls utan dagskrár, vil ég leyfa mér að segja nokkur orð.

Ég hef leitað álits ríkisskattstjóra sérstaklega að þessu gefna tilefni um framtalsskyldu alþm. og fengið þau svör, að framtalsskylda þeirra er auðvitað sú sama og annarra þjóðfélagsþegna. Þeim ber skylda til þess að telja fram þær tekjur sem skattgjaldsskyldar eru lögum samkvæmt. Þessi atriði eru í fyrsta lagi þingfararkaupið að sjálfsögðu, í öðru lagi bílastyrkur. Ég hef talið fram bílastyrk, sem ég hef fengið greiddan af Alþ., og talið hann bæði inn og út á skattskýrslu. Eins og menn þekkja er í 4. lið á skattframtölum gert ráð fyrir breytingu til lækkunar á framtöldum tekjum samkv. 3. lið. Bílastyrk er eðlilegt að telja fram á báðum stöðum, bæði til tekna og til gjalda. Hins vegar er það alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að þm. búa e. t. v. misjafnlega í þessum efnum. Þeir eru úr misjafnlega stórum og víðlendum kjördæmum og hafa af þeim ástæðum eflaust misjafnan kostnað í sambandi við að komast um kjördæmin. En það hefur verið ákvörðun Alþingis, að þessir styrkir væru jafnir og þá með tilliti til þess, að þó að þm. séu þm. einstakra kjördæma, þá séu þeir þm. þjóðarinnar þegar á allt er litið.

Í þriðja lagi er afnotagjald af síma, sem er framtalsskylt á sama hátt og er með bílastyrkinn, bæði inn og út. Öllum hv. alþm. er auðvitað kunnugt um geysilega notkun á síma sem fylgir því að vera þm., og þess vegna hafa alþm. frítt afnotagjald af síma að vissu marki, og er eðlilegt og rétt að telja það fram bæði inn og út á skattframtali. Hins vegar er húsaleigukostnaður ekki talinn framtalsskyldur eða fæðiskostnaður og ekki heldur ferðakostnaður vegna funda erlendis, sem greiddur er af Alþingi.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Það þarf ekki að eyða að því mörgum orðum, eins og ég tók fram áðan, að þm. eru auðvitað í engu frábrugðnir öðrum varðandi skattalög. Þeim ber að telja fram skatta sína lögum samkv. og í öllum aðalatriðum í samræmi við það sem ég hef nú greint frá.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir rétt af hálfu okkar forseta Alþingis að segja örfá orð um þetta mál að því er tekur til skrifstofu Alþingis, sem segja má að forsetar beri fulla ábyrgð á. Mér er tjáð að það hafi aldrei tíðkast, að skrifstofa Alþingis gæfi upp á launaseðlum þá kostnaðarliði sem greiddir eru vegna alþm. í sambandi við þingmannsstörf þeirra, og sé þetta byggt á því, að hér sé ekki um skattskyld hlunnindi, heldur greiðslu kostnaðar að ræða. Mér þykir rétt að það komi fram í sambandi við umr. um þetta mál, að fyrir liggur að ríkisskattanefnd hefur hinn 13. apríl 1976 kveðið upp úrskurð í kærumáli þm., sem hafði af viðkomandi skattstjóra verið ætluð tekjuviðbót vegna ófullnægjandi framtals að dómi skattstjórans að því er varðar ýmsar greiðslur til kæranda umfram þingfararkaup hans. Í úrskurði þessum segir:

„Í D-lið 10. gr. laga nr. 68/1971 segir, að endurgreiðsla, er skattgreiðandi fær, ef hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþágu, teljist ekki til tekna. Í málinu er ekki leitt í ljós, að kærandi hafi notið skattskyldra hlunninda af greiðslum þeim, er Alþ. innti af höndum vegna þingsetu hans. Er krafa kæranda, (þ. e. a. s. alþm.) því tekin til greina"

Ég tel mig ekki dómbæran um það, hvort kostnaðarliðir þeir, sem hér um ræðir, einhverjir, sumir eða allir, teljast framtalsskyldir. Mér skilst að jafnvel hinir fróðustu menn í skattalögum séu ekki á einu máli um þetta. En mér virðist af þessu, að það liggi fyrir úrskurður ríkisskattanefndar um að þeir teljist ekki skattskyldir. En hvað sem því líður, þá vænti ég þess, að allir hv. alþm. geti verið á einu máli um að varðandi greiðslur margvíslegs kostnaðar í sambandi við þingstörfin sé engu að leyna og eigi engu að vera að leyna. Þessi er einnig skoðun þingforseta og því hafa þeir falið skrifstofu Alþingis að taka saman skrá um kostnaðarliði vegna þm. og þingstarfa á liðnu ári og senda ríkisskattstjóra þessa skrá. Hver þm., eins og hver annar þegn í þessu þjóðfélagi, ber að sjálfsögðu ábyrgð á sínu skattframtali, og ég held að mér sé óhætt að fullyrða að það hefur aldrei verið og verður að sjálfsögðu engin fyrirstaða á því hjá skrifstofu

Alþingis að veita umbeðnar upplýsingar um þær fjárupphæðir sem getur hér verið um að ræða.

Þetta vildi ég láta koma fram af hálfu forseta Alþingis í sambandi við skrifstofu þingsins og þessi gjöld.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég veitti athygli, að fjölmargir þm. hafa hver á fætur öðrum risið upp og talað um að þm. ættu að ganga á undan með góðu fordæmi. Þetta orðtak er ekki til í íslensku. Það heitir að ganga á undan með góðu eftirdæmi og skiptir auðvitað ekki máli þótt eftirdæmið þýði fordæmi í þessu sambandi. Menn hafa þá ekki eyra fyrir hrynjandi málsins ef þeir finna ekki undireins muninn á þessu: á undan með eftirdæmi að sjálfsögðu. Þetta bið ég menn að taka til athugunar og eftirbreytni.

Hér er að því vikið, að virðing Alþingis fari þverrandi, og nú á víst að auka hana með því að bera það á þm. að þeir brjóti lög og það í ekki óviðkvæmara máli en framtali til skatts. Það er enn fremur talað um það, til þess nú að auka virðingu okkar, að það hafi verið leynd hvílandi yfir launakjörum okkar hér, eða því sem kallað er hlunnindagreiðslur, og verða menn nú enn að athuga hvað orðið hlunnindi þýðir. Hlunnindi voru talin reki á jörð, varp, mótekja o. s. frv., en endurgreiðslur á útlögðum kostnaði eru ekki hlunnindi. Menn þurfa þannig að athuga vel um merkingu orða þegar þeir eru að starfa að því að auka virðingu Alþingis.

Það hefur engin leynd hvílt yfir kaupi og kjörum alþm., — ekki þá tíð sem ég hef átt sæti á hinu háa Alþingi. Þvert á móti hefur verið opin umræða um þessi mál öllsömun, sem betur fer, alls engu undan skotið í því efni. Hinir heimsfrægu rannsóknarblaðamenn hafa og verið okkur innan handar í þessu efni og ekkert fyrir þeim dulið eða undan skotið í umr. Svo hefur verið um mörg ár. Ég vil biðja um að nefnd séu dæmi um það, að einhverju hafi verið undan skotið í því framtali.

Hæstv. forseti Sþ. vitnaði til laga sem eftir hefur verið farið, skýlausra laga, 10. gr. skattlaga, D-liðar, sem kveður á um að til tekna teljist ekki endurgreiðslur sem greiddar eru mönnum sem þurfa að stunda starf sitt utan heimilis síns í almennings þarfir og fá kostnað þess vegna endurgreiddan. Þetta stendur skýrum stöfum í lögum — og hvers vegna bera menn nú ekki fram breytingu á þessum lögum og fá hana samþykkta hér á Alþ., því að það er ástæðulaust að hafa þetta í lögum úr því að talið er að það sé virðingu Alþingis fjötur um fót? Ég mundi verða fyrstur manna til þess að fylgja slíkri breytingu. Það er ástæðulaust annað en að koma í þessu efni til dyranna eins og menn eru klæddir, og hina brýnustu nauðsyn ber til að fólki verði ekki talin trú um það, og að þessu leytinu að ósekju, að þm. séu að skjóta undan skatti. Hins vegar er það svo annað mál, að forsetar Alþingis fengu á tal við sig í morgun formann ríkisskattanefndar, sem m. a. hefur kveðið upp þann úrskurð, sem hæstv. forseti vitnaði til, og hann taldi að framtal eins og þetta, að telja út og inn á skattskýrslu útlagðan kostnað og endurgreiddan, væri eingöngu til þess að auka skriffinnsku, enda sæi maður sína sæng útbreidda ef ætti að tíunda. — (Gripið fram í.) Ja, það fer tvennum sögum af því. Þetta er hvort tveggja rétt og á rétt á sér. En ég er tilbúinn til þess að nota hitt í viðlögum. En t. a. m. það, að þm., sem eiga sæti í Norðurlandaráði, og því er ég kunnugur, ættu á framtali sínu að tíunda allar ferðir, allan kostnað, sem er af höndum reiddur vegna ferðalaga þeirra, dagpeninga og annað, það yrði auðvitað aukin skriffinnska og ekkert annað.

Ég legg sem sagt áherslu á það, að þm. vindi nú bráðan bug að því að breyta skattalögunum þannig að ekkert fari milli mála um það, að þeir geti tíundað allt sem eðlilegt þykir af þeim greiðslum sem til þeirra ganga. Hins vegar er alls ekki um neinar hlunnindagreiðslur að tefla, heldur um endurgreiðslur, og getur auðvitað gengið út í öfgar ef á að elta allt slíkt uppi hjá mönnum sem stunda eins margháttuð störf og hafa eins mikil umsvif og þm. í hinum margháttuðu erindum sínum sem þeir eiga bæði um landið og til útlanda. Ég vil benda á að samkv. reglum á þm., sem fer í pólitískum erindum utan kjördæmis síns, rétt á að fá greidd t. a. m. km-gjald vegna eigin bifreiðar sem hann ekur og enn fremur að fá endurgreidda flugfarsseðla, ef hann flýgur bæði í kjördæmi sitt og eins til annarra kjördæma, ef það er sannanlega í pólitískum erindum. Það gæti auðvitað ært óstöðugan ef ætti að fara að telja allt slíkt fram.

Hæstv. forseti gat um það, að forsetar hefðu nú tekið ákvörðun um að Alþ. gæfi upp til ríkisskattstjóra allar þær greiðslur sem til þm. ganga vegna umsvifa þeirra og vegna endurgreiðslna á útlögðum kostnaði hér innanlands, og væntanlega ætti það þá að verða til þess að ganga til móts við óskir sem fram hafa komið. Svo er eftir aðeins þetta: að breyta þessum lögum, sem kveða svo á um skýrum stöfum að þessar greiðslur teljist ekki til tekna og þess vegna samkv. lögum ekki fært að færa þær inn á tekjuhlið framtals einstaklingsins.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er auðvitað mætavel ljóst, og ekki síst eftir svar hæstv. fjmrh., að undanfarin ár — og ekki veit ég hve lengi — hefur Alþ. leyft sér að virða skattalögin í landinu að vettugi. Um það þarf varla að hafa fleiri eða stærri orð.

Það er skýlaust í hinum almennu skattalögum, að gefa beri upp aukagreiðslur samkv. sérstökum reglum, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lýsti og las áðan, þó svo fyllilega megi rökstyðja að þessar greiðslur séu fyrir útlögðum kostnaði. En hvort sem þær eru fyrir útlögðum kostnaði eða tekjuaukning, þá á ekki hv. þm. Sverrir Hermannsson að vera dómari í þeim efnum, heldur eru það skattstofur í landinu. Þessi meinloka hefur einhvern tíma verið barin inn í höfuðið á Sverri Hermannssyni og hefur reynst ókleift að berja hana þaðan út aftur. Þetta er grundvallaratriði: Það er skatturinn sem á um það að dæma, hvort þetta skuli teljast fjármunir til tekjuauka fyrir viðkomandi eða fyrir útlögðum kostnaði. Þm. í Reykjavík t. a. m. fá, að ég hygg, 0,5 millj. kr. á ári í ferðakostnað. Hver er það sem segir að þeir ferðist nákvæmlega fyrir ½ millj., ekki fyrir eitthvað meira eða ekki fyrir minna? Hv. þm. Sverrir Hermannsson er enginn dómari í þeim efnum, alla vega kæri ég mig ekkert um dómsniðurstöðu hans. Það er skatturinn sem um þessa hluti á að dæma. Um þetta hafa verið orðræður og deilur undanfarin ár, en nú hafa þau gleðilegu tíðindi gerst að hæstv. fjmrh. hefur tekið af öll tvímæli með það, hvað er satt og rétt í þessum efnum.

Kjarni þessa máls er auðvitað sá, að í þessu landi er borin afskaplega lítil virðing fyrir skattalögum. Þm. eftir þm., ráðh., lýsa því yfir, að brot á skattalögum — ég nota ekki stærri orð — séu þjóðarmeinsemd sem beri að uppræta. Ríkisvaldið hefur venjulega látið þar við sitja og aðgerðir hafa verið litlar sem engar. Þarf ekki að

tíunda það, með hverjum hætti er farið í kringum þessi lög. En það er auðvitað gersamlega ópolandi ef Alþ., löggjafinn í landinu, er ekki gersamlega hafið yfir grun í þessum efnum. Undanfarin ár hefur Alþ. ekki verið hafið yfir grun í þessum efnum. Þessir hlutir hafa verið — eigum við að segja, nota ekki sterkari orð — afar umdeilanlegir. Alþ. á ekki að vera umdeilanlegt í þessum efnum. Það á að vera gersamlega og að öllu leyti hafið yfir grun. Það hlýtur að vera grundvallarkrafa í þessum efnum, að sjálft Alþ. gangi á undan og um það leiki ekki hin minnsta tortryggni eins og hefur verið. Alþ. ber að hlýða skattalögunum og um það hefur skrifstofa Alþ. ekkert að segja og á ekki að hafa. Það eru skattyfirvöld, sem hafa um það endanleg orð að öðru leyti en því, að hér eru auðvitað lögin sett. Og því aðeins getur Alþ. vænst þess, að samfélagsþegnar fari eftir skattalögum í einu og öllu, að Alþ. geri það sjálft og um það leiki ekki hinn minnsti vafi.

Um þessi mál hefur verið rætt á undanförnum árum. Sverrir Hermannsson vék að rannsóknarblaðamönnum að því er þetta varðar. Það er út af fyrir sig rétt, að fyrir nokkrum árum hófst umr. um þetta mál. Þá var hv. 5. þm. Austurl. formaður þfkn., og mér er það minnisstætt, að það bæði tók langan tíma að fá hann til að koma þá upp í sjónvarp til að fjalla um þessi mál og það var ekki létt, það þurfti nærri því að draga svörin út úr honum með töngum. Þau komu samt áður en yfir lauk. Nú allnokkru löngu síðar hefur það gerst, að fjmrh. hefur kveðið upp úr með það, hvað séu lög og leikreglur í þessum efnum. Við skulum koma málum svo fyrir, að það sé gersamlega hafið yfir grun, að Alþ. hlýði leikreglum í þessum efnum. Þá fyrst getum við vænst þess að ná árangri í skattamálum annars staðar í þjóðfélaginu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er þröngt í búi hjá Reykjavíkurdeild Alþfl. um þessar mundir, enda 1. febr. innan tíðar og ríkisstj. situr sem fastast. Þá virðist vera gripið til gamals kunningja hér í þingsölum, sem hefur löngum verið vinsæll í fjölmiðlum og hjá almenningi þessa lands og hefur gefið góða „pressu", eins og rannsóknarblaðamennirnir hafa löngum kallað það, en hefur þó yfirleitt frekar byggst á sögusögnum, hindurvitnum og röngum upplýsingum en staðreyndum málsins. Ræða síðasta ræðumanns, hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, sem hefur verið einhvers konar Don Quijote í þessu máli hér í vetur, og enn fremur ræða fyrirspyrjanda, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, bera þessu greinilega vitni.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði að það væri skatturinn sem ætti að dæma, en síðar í ræðu sinni hældi hann fjmrh. mjög fyrir það, að hann hefði nú kveðið upp úr með það, hvað væru lög og hvað væru reglur. Fjmrh. fer ekki með neitt dómsvald í þessum málum, hv. þm. Vilmundur Gylfason. Það er engin lausn á málinu þótt hann hafi lýst ákveðinni skoðun hér. Þessi fullyrðing hv. þm. Vilmundar Gylfasonar sýnir í raun og veru enn einu sinni, að annaðhvort virðist það ekki hafa komist inn í höfuðið á þessum ágæta þm., svo að ég noti lýsingu sem hann var með áðan, að þeir sem hafa dómsvaldið í þessum efnum, ríkisskattanefnd, hafa kveðið upp sinn úrskurð fyrir löngu. Það, sem fjmrh. sagði áðan, breytir út af fyrir sig engu um það.

Ef það var eitthvað flókið fyrir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að hún fékk ekki þessar greiðslur á þeim launamiða, sem skrifstofa Alþingis sendi henni, þá bar henni einfaldlega skylda til þess að skrásetja það sjálf, það er ekki flókið mál. Það eru engar reglur um það, að launafólki beri ekki skylda til að telja annað fram en það sem það fær á launamiðum inn um sínar dyr. Sú röksemd, hvað stendur á launamiðunum sjálfum, skiptir í raun og veru engu máli í þessu efni. Ég vil beina því til þessara tveggja ágætu þm., og sérstaklega Jóhönnu Sigurðardóttur, að þeir kynni sér betur staðreyndir málsins áður en þessum vindmyllubardaga og krossferð verður haldið áfram.

M. a. sagði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir af mikilli hneykslan og vandlætingu, og sjálfsagt tekur þjóðin það trúanlegt, vegna þess að þjóðin býst væntanlega við því, að þm. fari með rétt mál, að þeir þm., sem byggju í nágrenni Reykjavíkur, fengju dagpeninga. Tiltók hún þar tvö sveitarfélög sérstaklega og annað þeirra var Seltjarnarnes. Nú er ljóst að enginn hv. þm. býr á Seltjarnarnesi utan sá sem hér stendur. Það hefði átt að vera einfalt fyrir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, ef hún vill hafa það rétta í þessu máli, en ekki bara ná „góðri pressu", eins og rannsóknarblaðamaðurinn er sérfræðingur í, að kynna sér það, að þm., sem búa á Seltjarnarnesi, fá ekki neina dagpeninga af einu eða neinu tagi og hafa aldrei fengið. Að taka setningar af þessu tagi máli sínu til rökstuðnings er í senn vanvirða við Alþingi og óafsakanlegar aðdróttanir í garð samþm. og til þess ætlaðar eingöngu að koma því inn hjá almenningi, sem trúir enn þá því sem þm. segja hér, að svona sé málum skipað. Ég held að það sé lágmarkskurteisi að þeir þm., sem tala af slíkri vandlætingu um siðferði samþm. sinna, kynni sér það rétta í málinu áður en þeir stíga upp í ræðustól.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, kvað svo á, að Alþ. væri ekki hafið yfir grun eða alþm. ekki hafnir fyrir þann grun að misfara með framtal skatts. Það kann að vera, en ég vil á móti spyrja, hvernig á því kunni að standa, og rifja það þá upp, að hér um árið, þegar rannsóknarblaðamenn gengu í skrokk á alþm. um launakjör þeirra og önnur kjör og framtöl til skatts, — það fór ekki fram hjá mér, — beindist sú rannsóknarblaðamennska einnig að því að læða þeim grun inn hjá þjóðinni að ekki væri allt með felldu.

Ég vísa því alveg á bug, að það hafi þurft einhverjar tengur til að draga svör frá mér í sambandi við launakjör og önnur hlunnindi eða greiðslur til þm. þá um árið. Að sjálfsögðu þurfti þfkn. að fjalla um slíkar beiðnir, og ég varð að fara að venjulegum leikreglum og fundareglum um það efni. Einnig vildi ég forvitnast um, hvernig málum væri háttað hjá öðrum stéttum. M. a. fékk ég upplýsingar um launakjör hjá Ríkisútvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi, og Tryggingastofnun ríkisins, þar sem þeir þekkja sig nú um bekki heldur betur hv. Alþfl.-menn, og hafði hjá mér þá launalista alla, án þess að mér dytti í hug að nota þá neitt. En rannsóknarblaðamennirnir sáu hvaða upplýsingar ég sat uppi með þannig að þeir voru öllu varfærnari í ágengni sinni eftir en áður, en ekki kom til greina að fara að upplýsa neitt af því, þótt þeir krefðust þess, og ættu auðvitað rétt á því, að allt kæmi til skila, sem varðaði alþm., og þeir kæmu til dyranna eins og þeir væru klæddir.

Ég hef engan úrskurð eða dóm kveðið upp í þessu máli. Guðmundur Skaftason, formaður ríkis-

skattanefndar, og skattanefndin sjálf hafa kveðið upp úrskurði og hann staðfesti þetta, formaðurinn, á fundi með forsetum Alþingis í morgun og hafði með sér úrskurði sem ríkisskattanefnd hafði kveðið upp. Hann vitnaði í skattalögin, og ég veit ekki hvaða úrskurði má treysta, ef ekki úrskurði í þessu efni frá ríkisskattanefndinni, því að hún er æðsti dómstóll að þessu leyti.

Ég vil þess vegna leggja áherslu á það, að álit mitt í þessum efnum skiptir sáralitlu máli, en hans og ríkisskattanefndar öllu. Nú vænti ég þess, að þm. geti sætt sig við þessa málsmeðferð, sem forsetar hafa nú ákveðið, að láta skila til ríkisskattstjóra upplýsingum og skýrslu um greiðslur til þm., bæði launagreiðslur og síðan endurgreiðslur sem þeir fá vegna starfa sinna. Ef ekki, þá skulu þeir, sem á því hafa áhuga, beita sér fyrir því, að skattalögunum verði breytt að því leyti sem þessi mál varðar og að við reynum að ná einhverju skynsamlegu samkomulagi um það, með hvaða hætti sú breyting á sér stað — auðvitað öll í þeim tilgangi, að við vinnum bug á þeim illa grun sem menn álíta að læðist um í þjóðfélaginu, að þm. gæti ekki fyllsta heiðarleika í framtali til skatts. Það hlýtur að liggja hið mesta við, að Alþ. vinni bug á slíkum grunsemdum og eyði þeim.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil lýsa furðu minni á þessum umr. Ég hef fengið hér tekjur sjálfur, afrit af þeim kvittunum, sem ég hef þurft að gefa skrifstofu Alþingis fyrir þeim bifreiðastyrk sem ég sem þm. Reykv. á rétt á, og hef látið það ganga beint inn í mitt bókhald. Við fáum afrit af launakvittunum, þegar við sækjum laun okkar til ríkisféhirðis. Að sjálfsögðu gengur það sem fskj. inn í bókhald þeirra sem eru með bókhald sem fskj. við uppgjör til skatts hjá hverjum og einum. Ég verð að segja alveg eins og er, að það hefur aldrei hvarflað að mér, að við sætum hér saman hópur skattsvikara eins og gefið er í skyn af þeim sem hér hafa talað fyrir hönd hreinsunardeildar Alþfl. Og ég verð að segja, að mér líður illa að sitja undir slíkum ádeilum, sem hér hafa komið fram, og harma að nafni Alþingis og Alþingi Íslendinga sjálfu skuli blandað inn í umr. á svo lágu plani sem hér hafa átt sér stað og einnig hafa átt sér stað í þeim blaðakosti sem hreinsunardeildin hefur yfir að ráða. (Gripið fram í.) Ég ræð ekki yfir Dagblaðinu. Ef ég gerði það þá efast ég um að sumar af þeim greinum, sem þar hafa birst, hefðu fengið þar inni. Það má kallast ritskoðun eða hreinsun út af fyrir sig á skrifuðu íslensku máli.

Ég tel að þær umr., sem hér hafa átt sér stað, séu það alvarlegar að ekki megi slíta þessum fundi án þess að þetta mál sé rætt til hlítar. Það má alls ekki ske, að sá málflutningur, sem hér hefur farið fram, verði það eina sem þeir blaðamenn, fjölmiðlar, sem hér eru staddir, hafi til að skrifa um.

Þm. Alþfl. hafa sagt, ég skrifaði orðrétt eftir hv. þm. Vilmundi Gylfasyni eftirfarandi: „Undanfarin ár hefur Alþ. leyft sér að virða skattalögin í landinu að vettugi.“ Þetta eru stór orð. Hann sagði líka: „Undanfarin ár hefur Alþ. ekki verið hafið yfir grun“ — þá reikna ég með grun um svik á skattalögunum eða vanvirðingu við skattalögum. Hann sagði líka: „Alþ. ber að hlýða skattalögum“ — til þess að það haldi virðingu sinni.

Þetta eru alvarlegar fullyrðingar og ég óska eftir að þeir, sem leyfa sér að taka þannig til orða á hv. Alþingi Íslendinga, verði beðnir um að nefna dæmi sem verða ekki hrakin. Að öðrum kosti eru þessi ummæli þeirra ómerk dæmd. Og ég vil ekki að þessum fundi verði slitið án þess að andrúmsloftið verði hreinsað, þannig að þjóðin verði ekki látin gera upp hug sinn um það, hvort við sitjum hér hópur skattsvikara eða ekki. Ég óska eftir dæmum, ég óska eftir frekari rökstuðningi fyrir þessum fullyrðingum en fram hafa komið hingað til í málflutningi hv. þm. Og ég verð að segja: Ég trúi ekki að nokkur af þeim fullyrðingum, sem komið hafa fram í þá átt sem hér hefur gerst, eigi nokkurn rétt á sér.

Fleira hef ég ekki um þetta mál að segja, því að ég bíð eftir svari frá þeim hv. þm. Alþfl. sem ganga undir nafninu hreinsunardeild þess flokks, að þeir svari með dæmum, en ekki með órökstuddum fullyrðingum.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal hafa þetta stutt, enda óþarfi að margir flytji langt mál um það sama og í sama tilgangi, þ. e. a. s. í þeim tilgangi að reyna að koma þessum hv. þm. Alþfl. í skilning um hvað eru lög og hvað eru reglur og hvað er rétt og hvað er rangt í þessum efnum. Samt ætla ég að segja hér nokkur orð, sem eru kannske að hluta til svipuð því sem sagt hefur verið á undan í umr. vegna þess að sífelld endurtekning er kannske eina vonin til þess að þetta fólk geti lært hið rétta í málinu.

Það hefur talsvert mikið verið talað um það, að virðing Alþingis fari hrakandi, og þá sérstaklega vísað til þessara mála. Það má vel vera, að virðing Alþingis fari dvínandi hjá almenningi í landinu. Þó er ég ekkert viss um að það sé rétt, þótt þessir hv. þm. Alþfl. séu sífellt að tönnlast á því. En það er ekki fyrst og fremst vegna þessa máls. Það væri þá miklu fremur vegna þess, að almenningi finnst málflutningur hér oft heldur óvandaður, að hér komi menn upp með vafasamar fullyrðingar, segi hálfan sannleikann og málflutningur þeirra sé að svo og svo miklu leyti í áróðursskyni og kannske fyrst og fremst í auglýsingaskyni fyrir viðkomandi þm. sjálfa. Ég held að virðingu Alþingis hafi helst farið hrakandi af þeim orsökum, og þá kannske ekki síður vegna þess, að í þessum málflutningi hafa verið fólgnar dylgjur um Alþingi sem stofnun og alþm., að þeir hafi farið leynt með launagreiðslur sínar og aðrar greiðslur sem þeir hafa fengið. Slík fullyrðing er auðvitað röng og einnig dylgjur um það, að hér sitji yfirleitt skattsvikarar, án þess að það sé stutt rökum sem halda.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði það vera ljóst af orðum hæstv. fjmrh., að Alþ. hafi virt skattalögin að vettugi undanfarin ár. Þetta er hans fullyrðing og hún er röng. Þetta er rangtúlkun hv. þm. á orðum hæstv. fjmrh. Það er vísað til 7. gr. skattalaganna. Þessir hv. þm. hafa vissulega leitað í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem ég hef hér sérprentuð milli handanna, en kannske ekki nennt að lesa lengra en aftur í 7. gr., því að strax er þessum málflutningi þeirra hrundið þó ekki sé lesið lengra en aftur í 10. gr. Til þeirrar greinar hefur verið vitnað næstum orðrétt hér og orðrétt raunar líka í umr. áður, og þarf ég ekki að lesa hana upp. En af henni má það vera ljóst, að þarna er alls ekki um brot á skattalögum að ræða — alls ekki.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason segir einnig að það sé skatturinn sem eigi að dæma. Skatturinn á að dæma, en ekki Sverrir Hermannsson eða einhverjir aðrir þm. sem eru honum ekki sammála. En skatturinn hefur dæmt. Það er alveg ljóst, að ríkisskattanefnd hefur kveðið upp

úrskurð og það hefur verið sagt áður í umr. á Alþ., núna á þessu þingi. Það er búið að segja þessu fólki þetta mörgum sinnum, að úrskurðurinn liggi fyrir og hvernig hann hljóðar. En samt sem áður koma þessar fullyrðingar aftur og aftur, að þarna sé eitthvað óhreint í pokanum, þarna sé enn verið að ganga á snið við skattalögin. Það er auðvitað rangt, því að skatturinn hefur þegar kveðið upp sinn úrskurð og hefur þar af leiðandi gert það sem Vilmundur Gylfason segir að hann eigi að gera. Hann hefur dæmt í þessu máli og dómurinn liggur fyrir. Skilur þessi hv. þm. eða þingmenn Alþfl. ekki skattalögin þegar þeir lesa þau? Eða skilja þessir hv. þm. ekki úrskurð ríkisskattanefndar, eins augljós og hann er og greinilegur? En þrátt fyrir það að margir hv. þm. hafi margsinnis greint frá þessum augljósu staðreyndum, þá koma þessar sömu fullyrðingar fram aftur og aftur. En hvað varðar þessa hv. þm. kratanna um staðreyndir þegar auglýsingin er annars vegar? Þá eru þessir hv. þm. ekki að hugsa um virðingu Alþingis.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er rétt að ég fór áðan nokkrum hrósyrðum um hæstv. fjmrh. fyrir þann skilning sem hann leggur í tiltekna lagagrein. Út af fyrir sig er ekki verið að segja annað með þessu heldur en það, að hæstv. fjmrh. er læs, vegna þess að 7. gr. skattalaganna er afskaplega skýr. Þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir" o. s. frv., og síðan er talið upp í einstökum liðum og þar segir: „Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði, endurgreiðsla á flutningskostnaði milli heimilis og vinnustaðar, afnot bifreiða" og svo er haldið áfram og tilvitnun lýkur. Af þessu er auðvitað alveg ljóst hvað við er átt í þessari tilteknu lagagrein og þarf í sjálfu sér ekki að koma til túlkun eins eða neins. Það er ljóst af bókstafnum hvað í þessum lögum stendur, enda túlkar hæstv. fjmrh. þetta svo, að svona eigi þetta að vera og þar með að ranglega hafi verið að staðið undanfarin ár. Auðvitað er alltaf stofnunum til hróss, þ. á m. þessari, þegar breytt er til bóta, og er ánægjuleg útkoma þessarar umr. að hér skuli vera horfið af vondri braut undanfarinna ára og kannske áratuga og inn á betri braut.

Þá hefur gætt þess misskilnings hjá mörgum ræðumönnum, að hér sé verið að tala um það af þeim, sem þetta hafa gagnrýnt, hvort hér sé um háar eða lágar upphæðir að ræða, miklar eða litlar greiðslur. Svo er auðvitað ekki og það kemur málinu bókstaflega ekkert við. Það er verið að ræða um það meginatriði, að það sé gersamlega hafið yfir grun að Alþ. fari að skattalögum, og manni sýnist þrátt fyrir allt og hvað sem þm. hafa um þetta að segja almennum orðum, að það verði útkoma þessa máls og er það auðvitað vel.

Rosknir þm. í andanum, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Sverrir Hermannsson, og fleiri raunar, hv. þm. Garðar Sigurðsson, nota hér orð eins og það sé verið að misbjóða virðingu Alþingis, fara með dylgjur, slúður og hér sé um auglýsingaaðferðir að ræða. Auðvitað má segja að það er allnokkur auglýsing fólgin í góðum málum, og varla eru málin verri vegna þess. En það er óvart ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er það, og það sýnist mér raunar vera að verða útkoma þessarar umr., að Alþ. fari í einu og öllu eftir bókstaf skattalaganna, þar sé hvergi varpað skugga á, og þá verður Alþ. miklum mun hæfara að setja öðrum þegnum í samfélaginu samfélagsreglur sem ekki verði brotnar. Ég þarf ekki að tíunda fyrir þingheimi hvernig ástand skattamála og skattsvikamála hefur verið hér undanfarin ár og hvert áhyggjuefni þetta hefur verið sumum okkar a. m. k. Þarna verður að ráða bót á og þá er eðlilegt að byrjað sé heima hjá sér. Það gerir góður gestgjafi, að hreinsa til heima hjá sér áður en hann með árangri fer að hreinsa úti í öllu samfélaginu. Þetta sýnist mér þó vera allnokkur árangur þessarar viðleitni og umræðna, og ég vil enn þakka hæstv. fjmrh. fyrir að fara rétt með ótvíræðan lagabókstaf og læt máli mínu lokið að sinni.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég gleðst yfir því að ég skuli vera talinn læs, því skuli vera lýst yfir í áheyrn Alþingis. Ég tók fullnaðarpróf á sínum tíma og var úrskurðaður læs þá þegar. En það, sem ég vil bæta við þessar umr., er ekki langt mál. Ég greindi frá því áðan, að það væri álit ríkisskattstjóra, að rétt væri að telja fram þingfararkaup, bílastyrk inn og út og afnotagjald af síma. Hins vegar sagði ég ekkert um það, hvernig hv. alþm. hafa talið fram á sínum skattframtölum á undanförnum árum. Ég hef ekki hugmynd um það. Það er einkamál hvers og eins, og ég vil hafa það alveg á hreinu að ég hef ekki sagt eitt eða annað um það efni. Ég gat þess, hvernig ég hef gert þetta sjálfur, og það, sem ég hef sennilega ekki gert fyllilega rétt, er að ég hef aldrei talið fram afnot af síma, hvorki út né inn. En ég held að það sé ástæðulaust að gera því skóna, að alþm. hafi ekki talið fram tekjur sínar eins og lög standa til, nema nefnd séu þess dæmi, eins og hér hefur komið fram.

Það er talsverður áburður að bera það á menn, að menn telji ekki rétt til tekna lögum samkv. það sem menn bera úr býtum. Ég ætla alþm. ekki að þeir telji ekki rétt fram til skatts og hef enga ástæðu til að ætla að þeir geri það ekki, ekki heldur neina ástæðu til að ætla, að þeim hafi ekki verið gerður skattur í samræmi við rétt skattalög.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég held að þessar umr. séu ekki til þess að auka sóma Alþingis út á við. Þó að einstaka þm. telji sér henta að reyna að brigsla þm. almennt um skattsvik, þá held ég að menn verði að hafa það í huga, hvað eru tekjur eða hvað er kostnaður við störf manna. Ég þykist vita að tugir þúsunda skattþegna í þessu landi, sem vinna um lengri eða skemmri tíma fjarri heimilum sínum og fá þar af leiðandi greitt frá atvinnurekendum sínum bæði húsnæði og fæði og ferðakostnað til og frá vinnustað, þetta fólk gefi þetta ekki almennt upp á skattskýrslum sínum, hvorki inn né út, enda er þetta ekki tekjuaukning.

Nú vill svo til, að í einu skattumdæmi landsins voru þm., sem búsettir voru í því skattumdæmi, áætlaðar tekjur af hlunnindum. Tveir þessara þm. eru nú ekki hér á Alþ., en einn er eftir og það er sá sem stendur nú í þessum ræðustól. Við kærðum allir þessa meðferð, þessa áætlun viðkomandi skattstjóra í þessu skattumdæmi, og það vildi svo til, þetta var á árinu 1974, að skattstjóri við kæru felldi niður 1/3 af því sem hann áætlaði ofan á skattframtal mitt, vegna þess að þessar greiðslur frá Alþ. féllu niður hjá mér rétt fyrir mánaðamótin ágúst-september, en hélt áfram 2/3. Ég hélt kærunni áfram eins og hinir tveir félagar mínir. Ríkisskattanefnd úrskurðaði að þetta væru ekki tekjur og þess vegna skyldi þessi

álagði tekjuskattsviðauki niður felldur. Ég lít svo á að ríkisskattanefnd sé æðsti dómstóll í þessum málum. Þessum ákvæðum skattalaga hefur ekki verið breytt síðan. Ef það er vilji meiri hl. Alþingis að breyta þessum ákvæðum, þá er um að gera að flytja frv. um breytingu á tekjuskattslögunum, og ég er mjög hræddur um að það hafi áhrif ekki eingöngu á alþm., heldur á þúsundir eða tugþúsundir annarra Íslendinga þar sem þetta er ekki gefið upp. Ég spyr: Hvernig er ástatt með menn sem ferðast mikið vegna starfa sinna? Við skulum taka t. d. fréttamenn sem fara tíðum til útlanda. Hvað er fengið með því að gefa upp allan þann ferðakostnað, bæði inn og út, allt þetta sem ekki er tekjur, sem er kostnaður vegna starfa þessara manna? Ef þar er eitthvað sem er tekjur, þá ber auðvitað að gefa það upp. Ég tel það ekki aukatekjur fyrir okkur að fá greidd afnotagjöld af síma. Greitt er af hálfu Alþingis eitt afnotagjald. Þeir, sem eiga heima úti á landi, hafa tvo síma, annan hér og hinn þar. Þeir borga sjálfir af öðrum símanum. Ef þeir væru ekki alþm. og þyrftu ekki að vinna þessi störf, þá hefðu þeir bara einn síma. Og svo á að telja símakostnað þessara manna tekjur. Það væri ljótt hljóðið í blaðamönnum almennt ef ætti að bæta öllum þeim símtölum, sem þeir hafa vegna starfs síns, við tekjur þeirra á skattaframtalinu. Hvað er með símakostnaðinn hér á Alþ. þegar talað er úr klefunum? Hver ætlar að fylgjast með því?

Ég tek undir það sem hv. 3. landsk. þm. sagði, að það er hverjum skattþegn í lófa lagið og skylda hans að telja fram til skatts. Hvað eru þessir hv. tveir þm., sem hér hafa talað, að kvarta og kveina? Hvers vegna telja þeir ekki fram og tíunda það allt, sem þeir fá, og aðrir þm. sem það vilja og telja sig eiga að gera það? Ef aðrir brjóta lög, þá er það skattyfirvalda að ná í skottið á þeim og þau gera það vafalaust.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég harma að auglýsingastarfsemi eigi sér hér stað með þessum hætti, eingöngu til þess að varpa rýrð á Alþingi.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það er gömul hefð, að Alþingi hefur notið sérstöðu í þjóðfélaginu á margvíslegan hátt. Það var langt fram á fyrstu árin sem ég sat hér á Alþ. alveg föst regla, að við greiddum ekki skatta nema af hálfu þingfararkaupinu, sem var að vísu ekki mikið þá. Það var regla hér á Alþ. þangað til fyrir örfáum árum, að þeir, sem sátu hér í forsetastólum, fengu að kaupa áfengi og tóbak á heildsöluverði, og ég efast um að þeir hafi nokkurn tíma talið það fram til skatts. Þetta og fleira hefur meira eða minna verið á meðvitund þjóðarinnar og er arfur frá gamalli stéttaskiptingu, sem ekki er langt síðan við losnuðum við, ef við erum þá lausir við hana enn þá.

Við skulum ekki undrast þó að tortryggni sé í landinu þar sem forsagan er á þennan hátt. Ég tel að það sé glöggt dæmi um að þessi tortryggni ristir djúpt þegar skattstjóri á Vestfjörðum tekur það upp hjá sjálfum sér að áætla hlunnindi á þrjá þm. kjördæmisins Þetta er virðulegur embættismaður sem kann sín verk. (**SvH:** Nei, hann er ekki virðulegur.) Hann hlýtur að hafa haft einhverjar ástæður fyrir því að gera þetta, jafnvel þó að hann hafi tapað málinu. Ég nefni þetta aðeins til þess að biðja menn um að hlaupa ekki upp af standinum þó að yngri kynslóðin í landinu vilji fá þessi mál á hreint, af því að svona mál eru um allt þjóðfélagið meira eða minna. Þess vegna er eðlilegt að gerðar séu miklar kröfur til okkar. Þó að eitthvað fjúki, sem ekki reynist vera alveg rétt, og þó að það, sem mönnum er talin trú um eða er almannarómur, sé ekki allt nákvæmlega samkvæmt því sem hægt er að réttlæta eða sem skattyfirvöld komast að niðurstöðu um, þá skulu menn ekki halda að virðing Alþingis sé þar með fallin. Ég held að virðing Alþingis muni aukast við það, að ungt fólk af nýrri kynslóð, sem kemur hingað inn, er ófeimið við að taka til máls um það sem hefur verið feimnismál í þessum sölum um áratugi og ófeimið við að leggja fram þá kröfu, að þjóðin fái að vita um þetta, þannig að Alþ. verði hafið yfir allan vafa í þessum efnum. Ég vil vænta þess, eins og ýmsir ræðumenn hafa látið í ljós, að með þessari umr. verði loftið hreinsað. Og ég tel að þessi umr. hafi þegar náð miklum árangri, því að forsetar Alþingis viðurkenna réttmæti grunsemdanna, réttmæti kvartananna með þeirri ákvörðun að telja rétt að senda skattyfirvöldum nákvæma skýrslu um allar greiðslur til alþm.

Ég vona því að þessi umr. hafi hreinsað loftið og gert sitt gagn. Viðbrögð forsetanna eru lofsverð og þau munu hjálpa til þess einnig að hreinsa þetta mál og öll slík, þannig að Alþ. geti framvegis losnað við að þurfa að ræða slík mál. En fortíðin er þannig, að það er vissulega tilefni til þess orðspors sem hefur af okkur farið. Við höfum sjálfir tekið ákvarðanir um að skattleggja allt okkar kaup, við höfum sjálfir tekið ákvarðanir um að afnema hlunnindi eins og áfengi og tóbak, og ég veit að við viljum öll hafa þessi mál á hreinu. Ég vona að svo verði í framtíðinni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Vissulega kæmi það til greina í samræmi við þær hefðir, sem eru smátt og smátt að skapast hér á Alþ., að þegar hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., hefur flutt afsökunarbeiðni á málflutningi yngri deildarinnar í flokknum, þá beri okkur hinum að taka hana gilda og fella niður umr. En þær ásakanir, sem hér hafa komið fram af hálfu eins þm., Vilmundar Gylfasonar, eru slíkar, að æskan ein sér, sem hv. formaður Alþfl. flutti til afsökunar, dugir ekki.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason fór nokkuð niðrandi orðum um hina eldri í andanum hér í þingsalnum. Látum það liggja á milli hluta þó að hann flokki mig með þeim. Hins vegar skilur á milli mín og hinna, sem hann taldi þar upp, að ég hef ekki fyrr staðið í þeim verknaði að telja fram til skatts sem þm. fyrr en nú. Það hafa hins vegar aðrir gert, og hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur borið þessum mönnum á brýn skattsvik og hefur gert það hvað eftir annað. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði, að slíkt er ekki hægt að bera á menn án þess að tilgreina dæmi, ella liggja allir undir grun. Þessi málflutningur er álíka og hv. þm. Vilmundur Gylfason segði við umbjóðendur sína í Reykjavík: Reykvíkingur hefur framið glæp — og þá liggja náttúrlega allir Reykvíkingar, sem leggja trúnað á orð Vilmundar Gylfasonar, undir þeim grun að hafa framið þann glæp.

Málflutningur Alþfl. í þessu máli, sérstaklega þessa Don Quijote riddara sem löngum hefur haldið þessu máli uppi, ef draga má af síðustu ræðu hans, er fólginn einfaldlega í því, að mál er búið til á eftirfarandi hátt: Fyrst er kallað nógu hátt og víða: Það hefur verið framinn glæpur — þangað til nógu margir fara að trúa því, að það hafi verið framinn glæpur. Þá myndast umræður í blöðum og á fundum manna um þennan voðalega glæp,

þennan óskaplega glæp. Þessum umr. er haldið áfram meira að segja á Alþ., þangað til það kemur smátt og smátt í ljós að það hefur alls enginn glæpur verið framinn, þetta er allt saman misskilningur hjá þeim sem upphaflega kallaði: Það hefur verið framinn glæpur. — Og þá kemur upphafsmaðurinn og segir: Málið er á réttri leið. Þetta er mál Alþfl. Komið er í ljós, að það hefur ekki verið framinn glæpur. Það er Alþfl. að þakka, og við höfum náð verulegum árangri í þessu máli.

Þetta er í raun og veru málið í hnotskurn, það ætti að vera ljóst af öllum þessum umr., að engu hefur verið stolið undan skatti. Það eina, sem spurningin er um, er um framtalsaðferðir, en ekki skattgreiðslur. Það er ekki hægt að tala um skattsvik þegar eingöngu er verið að ræða um framtalsaðferðir, vegna þess að úrskurður liggur ljós fyrir frá þeim sem hann á að kveða upp, að hér er ekki um skattsvik að ræða. Þann úrskurð hefur kveðið upp hærra yfirvald í þessum málum heldur en hæstv. fjmrh., með allri virðingu fyrir hans embætti. Ég vil nú í allri vinsemd vara Tómas Árnason við því, að þau gerast æ tíðari skiptin þegar Reykjavíkurdeildin í Alþfl. tekur sig til og hælir honum.

Í raun og veru hafa allar staðreyndir þessa máls legið fyrir nokkuð lengi. Það er satt að segja ótrúleg tregða að hafa ekki áttað sig á því, að þær liggja ljóst fyrir. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni finnst mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Þegar nokkuð er búið að hrekja fyrri staðleysur manna í þessu máli hér á Alþ. áður, þá eru búnar til nýjar, eins og það að við, sem búum á Seltjarnarnesinu og sitjum hér á Alþ., eins og ég, fáum dagpeninga. Því er slegið fram hér í þingsalnum sem sjálfsagðri staðreynd og síðan kveðnir upp siðferðisdómar á grundvelli þessara fullyrðinga.

Það er vissulega rétt, að við, sem erum nýir hér á þingi, getum tekið þá, sem eldri eru hér, ýmsum tökum. En við skulum ekki ætla okkur það að bera þeim skýrt og skorinort á brýn að þeir séu afbrotamenn, þeir hafi vísvitandi brotið lög. Eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan, ég ætla að leyfa mér að vitna í hann og vona að það verði ekki misskilið, þá liggur hvergi ljóst fyrir hve margir þm. hafa talið þetta fram og hve margir ekki. Það er alveg ljóst, að þó að skrifstofa Alþingis hafi ekki sett þetta á launaseðla, þá hefur mönnum borið að telja það fram og algerlega tilefnislaust að þurfa að standa hér upp á Alþ. út af því. Það ætti hverjum sæmilega skynsömum þm. að vera ljóst. Sú vitneskja liggur hvergi fyrir, hvort allir eða einhverjir og þá hve margir af þm. hafa ekki sinnt þessari framtalsskyldu, vegna þess að hér er ekki um skattsvik að ræða, þótt hv. þm. Vilmundur Gylfason hafi oft og tíðum notað það orð. Hér er eingöngu spurning um framtalsform. Fyrr en það liggur fyrir, sem ekki gerir í þessu máli, hvort þm. hafa talið fram á þennan hátt eða ekki, — hver og einn þm. á það við sína samvisku, — þá er ekki hægt, eins og hv. þm. Albert Guðmundsson sagði áðan, að standa uppi á Alþ. og bera þeim, sem hér hafa setið á þingi áður, eða þeim, sem sátu hér þó að þeir séu horfnir nú af þingi, skýrt og skorinort á brýn skattsvik, nema nefna dæmi. Og nú skora ég á hv. þm. Vilmund Gylfason að vera sá maður að nefna þau dæmi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Framtal hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur virðist hafa komið henni í nokkra geðshræringu þannig að hún verður að kveðja sér hljóðs utan dagskrár til þess að vita nú sitt rjúkandi ráð. Það voru 9 mál óafgreidd á síðasta fundi, það eru enn eftir 33 mál óafgreidd á þessum fundi, og þess vegna er þetta sjálfsagt brýnt mál, úr því að forseti veitir henni orðið til þess að hefja máls um framtal sitt.

En hv. þm. Vilmundur Gylfason ber náttúrlega sök á þessari geðshræringu, því að hann hefur á undanförnum árum með ímyndunarveiki sinni, taugastrekkingi og óyfirveguðum fullyrðingum komið róti á hug hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur svo að hún verður að kveðja sér hljóðs. Lögvitringar í hennar eigin flokki hefðu getað sparað henni þetta ómak og bent á 10. gr. í skattalögunum og enn fremur á úrskurð ríkisskattanefndar sem liggur fyrir. Það er að vísu nokkuð flókið að lesa þessi skattalög, og það er erfitt að deila um skattalög í alvöru við fólk sem les bara 7. gr., en neitar svo að lesa 10. gr. Það er þá eins gott að deila bara um litlu gulu hænuna eða einhverjar aðrar léttari bókmenntir. En ég sé ekki eftir þeim seinni parti sem hefur farið í að ræða þetta mál og þetta framtal, því að ég hygg að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Vilmundur Gylfason hafi bæði vakið athygli á nærri réttlætiskennd sinni og ótvíræðum heiðarleika og aukið þar með virðingu sína og hróður Alþingis, því að héðan af veit þó þjóðin vonandi að hér sitja a. m. k. tveir sannheilagir og réttlátir, en ekki bara tómir tollheimtumenn og syndarar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt nú með því að þakka hæstv. forseta fyrir að taka tíma í að ræða þetta mál út, þannig að engir endar verði lausir fyrir óvandaða skrumara, lýðskrumara að gaspra um utan veggja Alþingis.

Ég vil þá fyrst furða mig á framlagi hæstv. utanrrh. við þessar umr. Ég sé ekki að hann hafi sagt nokkuð skapaðan hlut sem skiptir máli, annað en það, að þeir þm. Alþfl., sem hér hafa tekið til máls, séu of ungir til að tekið sé mark á þeim. En úr því að þeir eru komnir á þann aldur að þeir geti tekið að sér að ala upp annarra manna börn, t. d. sem kennarar eða löggjafarstörf á hv. Alþingi Íslendinga, þá held ég að þeir séu ekki of ungir til þess að vera ábyrgir orða sinna. Ég vil segja að þeir séu komnir til ára, en máltækið að komast til vits og ára nái ekki lengra í þeirri átt, ekki komnir til vits þótt þeir séu komnir til ára.

Ég hef ekki heldur orðið var við að það sé rétt sem hæstv. utanrrh. sagði, að þó að menn séu orðnir eitthvað eldri en þessir hv. þm. Alþfl. eru hafi þeir verið neitt sérstaklega hræddir við að tjá sig úr þessum ræðustól, þannig að það tilheyrir ekki þessum ungu eða ég vil segja yngstu þm. að geta sagt hug sinn úr þessum virðulega ræðustól. Þvílíkur kattarþvottur formanns Alþfl. á ungum sínum hefur sjaldan komið betur fram en með tali hans hér áðan.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason las hér upp úr skattalögunum, að ég held, 7. gr., hvernig ætti að standa að framtali. En hann svaraði ekki þeirri spurningu, hvort hann vissi til þess, að einhverjir hér inni og þá hverjir hefðu ekki farið að þeim skattalögum sem þeir eiga að fara eftir.

Ég bað hv. þm. um að nefna mér dæmi, gefa okkur upplýsingar um það, að hvaða leyti Alþ. eða alþm. hafi ekki farið að lögum — skattalögum. Hann gerði það ekki. Hann endurtók að Alþ. eigi að fara í einu og öllu eftir reglum skattalaganna, en tók ekki fram, eins og ég bað um, að hvaða leyti Alþ. hafi ekki farið eftir skatta-

lögum. Ég bað hann um að nefna dæmi þessum fullyrðingum sínum til stuðnings. Hann gerði það ekki, kom ekki með eitt einasta dæmi um skattsvik Alþ. eða skattsvik okkar hinna alþm. Ég vil því segja, að ummæli hv. þm. og hreinsunardeildar þm. Alþfl. séu ómerk og geti alls ekki flokkast undir æsku þeirra. Þetta eru ábyrgir aðilar í þjóðfélaginu, kjörnir af þjóðinni á Alþingi Íslendinga, og þá þýðir ekki að fela sig á bak við það sem kalla má æskubrek annars staðar en í sölum Alþingis. Ég lít því á málflutning þeirra hér í dag sem frumhlaup og ekki það fyrsta frá því að þeir tóku sæti á hv. Alþingi. Og ég ætla að biðja hv. þm. Alþfl. að fara að dæmi hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og hreinsa til heima hjá sér, eins og hann tók fram að góður gestgjafi gerði yfirleitt. Hann bauð í þessar umr., hann er gestgjafinn. Hreinsið til heima hjá ykkur sem fyrst.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að fara að taka þátt í þessum umr., en mér er nákvæmlega sama um það, ég tel fram eins og fyrir mig er lagt og hef alltaf reynt að gera. Ég vil við þetta tækifæri minna hv. alþm. á það, að í skattalögum, sem voru afgreidd hér á síðasta þingi og á að leggja á skatt eftir á árinu 1980 og eiga að gilda um tekjurnar 1979, þar er þetta ákvæði sem ég tel raunverulega deilt um, hreint og skýrt. Það, sem er verið að deila um hér, eru ekki skattsvik, heldur framtalsskylda. Það er ekki verið að deila um það, að útlagður kostnaður vegna fæðis eða veru frá lögheimili sínu annars staðar á einn eða annan hátt eða ferðakostnaður sé skattskyldur. Hann er það ekki. Þess vegna er hann færður inn og út á skattframtalinu. Í minni ráðherratíð hef ég fengið frá ríkisbókhaldinu útlagðan kostnað sem mér hefur verið greiddur vegna ferðalaga minna erlendis. Ég hef fært það inn og út á framtalinu. Og það hafa ekki verið neinar vangaveltur um það. Um þetta mál þurfum við ekki heldur að vera neitt að deila, því að það kemur aðeins við skattframtali á þessu framtalsári, en með nýju skattframtali fyrir árið 1979 vegna skattársins 1980 er beint fram tekið að það skuli tekið fram inn og út á skattframtali.

Ég vil segja það, að ég var einu sinni í yfirskattanefnd og lenti þá í deilum innan yfirskattanefndar einmitt út af þessum kostnaði alþm. Ég, sem var þar í minni hl., sagði: Við skulum ekkert vera að deila um þetta. Ríkisskattanefnd hefur úrskurðarvaldið og þangað fer málið. — Það fór til ríkisskattanefndar og var úrskurðað á þann veg sem ég hélt fram, var hvorki framtals- né skattskylt. Ég var ekkert að fylgja málinu eftir, heldur beið úrskurðar ríkisskattanefndar. Alveg eins varð með þm. Vestf. Ég var svo lánsamur þegar ég var fjmrh., að ég fékk að skipa einn skattstjóra í embætti og það er skattstjórinn á Ísafirði. (Gripið fram í.) Sá sem almenna ánægju hlýtur þeirra sem njóta. En þessi úrskurður hans stóðst ekki fyrir ríkisskattanefnd. Hún úrskurðaði, eins og vera ber, að það ætti ekki að skattleggja þetta, því að þetta væri ekki skattskylt. Sama er að segja ef við tökum sparifjáreign manna. Hún er skattfrjáls nema þeir skuldi meira en veðlán sem svarar láni hjá Húsnæðismálastofnun. Þetta er eins með spariskírteini og þessi ákvæði eru í lögum. Þess vegna erum við ekki hér að deila um skattsvik eða skattsvik ekki, heldur um framtalsskyldu eða framtalsskyldu ekki. Það er nákvæmlega sama upp á skattinn hvort þetta fer inn og út í skattframtalinu.

En ástæðan til að ég kvaddi mér hljóðs var sú, að hæstv. utanrrh. nefndi hér breytingu frá því að við komum fyrst á þing, við erum báðir búnir að vera hér lengi. En þá var þetta á þann veg sem hæstv. ráðh. sagði um framtal og skattskyldu. En þá voru líka, eins og ráðh. gat um, hlunnindi, ekki bara forseta Alþingis, heldur og ráðh. til kaupa á áfengi og tóbaki. Þá fengu þeir það eins og sendiherrar erlendra ríkja, án tolla og þeirrar álagningar sem fjmrh. á hverjum tíma ákveður um útsölu á þeim vörum. Ég gerði það, er ég var fjmrh., að ég bað Áfengisverslunina að láta mér í té lista yfir innkaup fyrrv. ráðh., en tók fram að það mætti ekkert vera þannig á listanum að hægt væri að greina hvað nafngreindur ráðh. hefði fengið mikið keypt. Ég hafði nefnilega ekki hugsað mér málið sem sérstakt auglýsingamál eða svívirðingarmál á fyrrv. ráðh. Þeir fóru að þeim reglum, sem gilt höfðu um fyrirrennara þeirra, og ég hafði ekki hugsað mér misnotkun á þessu. En ég bar fram í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar í fyrsta eða öðrum mánuðinum þá till., að þetta skyldi niður fellt. Það var samþykkt. En lesið Alþýðublaðið frá því að ég flutti fjárlagaræðuna um haustið og greindi frá þessu, hvað mér var hrósað fyrir það. Ég ætla ekki að fara að hafa yfir þau orð sem þar voru viðhöfð, en betur hefðu verið ósögð — ekki mín vegna, heldur þeirra sem þau sögðu, svo að ekki þykir nú allt breyting til batnaðar þó að gert sé. En þeir, sem nú sitja í ráðherrastólum, verða vafalaust að búa að þessari till. minni og fara á mis við það sem þeir nutu sem á undan voru. En þetta er eins og fleira, þetta er breytingum háð. Og deila okkar í dag er ekki um skattsvik, heldur um framtalsskyldu eða framtalsskyldu ekki. Lögin, sem við samþykktum í fyrravetur, eru búin að ákveða hvernig með þetta skuli fara eftir framtalsárið 1979.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal verða við því að vera stuttorður. Þetta eru orðnar æðilangar umr.

Hv. síðasti ræðumaður sagði að það, sem við deilum í dag, væri ekki um skattsvik, heldur um framtalsskyldu. Þetta er rétt. Við höfðum átt að deila um þetta, ef hefði átt að taka upp nokkrar deilur yfir höfuð um þetta efni. En hér hefur verið rætt um og deilt um skattsvik og misferli í skattamálum. Það er það sem hefur verið deilt um og talað um, og það hefur verið talað um grunsemdir í garð alþm. fyrir skattsvik. Ég stóð hér upp fyrst og fremst vegna þess sem hæstv. utanrrh. sagði þegar hann þakkaði forsetum Alþingis fyrir þá ákvörðun, sem hæstv. forseti Sþ. lýsti hér í upphafi, að hafa enga leynd á þessum málum. Þegar hæstv. utanrrh. þakkaði fyrir þetta, þá sagði hann um leið, að í þessu fælist viðurkenning forseta Alþingis á réttmæti grunsemdanna, eins og hann orðaði það. Ég vil mótmæla þessu. Ákvörðun forseta Alþingis í þessu efni byggist ekki á neinum grunsemdum í garð alþm. Höfum það í huga, að hver og einn alþm. hefur alltaf getað gert það upp við eigin samvisku, hvernig hann telur fram til skatts, og auðvitað getur hann það enn þá. En þar sem þetta mál er upp komið, þá þótti okkur forsetum augljóst að engin leynd ætti að hvíla yfir þessum málum, það væri engu að leyna. Og ég vil nú mega vænta þess, að þó að þessar umr. hafi verið leiðinlegar að ýmsu leyti og ósmekklegar að öðru leyti, þá geti þær þó gert það gagn, að við alþm. getum látið lokið deilum um þessi mál um leið og sú skipan verður tekin upp, sem hæstv. forseti gat um í upphafi þessara umr. Ef svo

verður, þá vænti ég að þetta verði okkur öllum til góðs og samboðið virðingu Alþingis.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ef ég hef sagt að forsetar hafi að minni skoðun viðurkennt réttmæti grunsemdanna, þá tek ég orðið réttmæti aftur, því að ég hafði í huga að þeir hafa viðurkennt tilveru grunsemdanna. Þær eru til og við þurfum því að hreinsa loftið. Það var það sem ég hafði í huga.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil fyrst víkja að því sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði vegna fæðispeninga þm. í næsta nágrenni Reykjavíkur. Þetta eru upplýsingar, sem ég hef fengið, að þm. búsettir í nágrenni Reykjavíkur hafi þessa dagpeninga. Þó að þm. búsettir á Seltjarnarnesi séu þar undanteknir, þá breytir það ekki grundvallaratriðinu, að þetta á sér stað. (**ÓRG:** Það var dæmið sem þm. tóku.)

Þeir, sem hér hafa talað, hafa mikið talað um að hér væri verið að brigsla þm. um skattsvik, en orðið skattsvikari nefndi ég aldrei, enda var það ekki það, sem ég hafði í huga þegar ég hóf umr. um þetta mál. Það, sem ég gagnrýndi, var að þetta væri ekki gefið upp á launauppgjörsseðli Alþingis eins og er hjá hverjum öðrum vinnuveitanda sem ber að gefa slíkt upp hjá sínum launþegum, og þetta yrði þess vegna framtalsskylt eins og hjá öðrum.

Ég vil þakka hæstv. fjmrh. og hæstv. forseta Sþ., hve vel þeir hafa tekið því að lagfæra þetta mál og að þetta verði ótvírætt framtalsskylt. Á ég ekki von á öðru, þegar sú lagfæring hefur náðst fram, en að þm. muni una því vel að sitja við sama borð og aðrir í landinu hvað varðar framtalsskyldu.

Þátttaka ungs fólks í atvinnulífinu, þáltill. (þskj. 65). — Ein umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem Egill Jónsson bóndi flutti á haustþinginu þegar hann starfaði hér sem varamaður minn, en till. er um þátttöku ungs fólks í atvinnulífinu og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. í samráði við stofnanir atvinnuveganna, þ. á m. stofnlánasjóði, að kanna með hvaða hætti unnt sé að örva þátttöku ungs fólks í atvinnulífinu.“

Ég vil aðeins taka það fram, sem óþarft ætti að vera, að menn rugli þessari till. ekki saman við nýsamþykkta till. hér í Alþ. um rannsókn á atvinnumöguleikum ungs fólks, sem er almennt um þá möguleika sem ungt fólk hefur til atvinnu. Hér er aftur á móti verið að ræða um þátttöku í atvinnulífinu til forustuhlutverka þar, svo sem eins og að stofna til búskapar eða hafa forgöngu um iðnað, rekstur sjávarútvegs o. s. frv.

Flm. segir í upphafi grg. sinnar, að menn hafi haft nokkrar áhyggjur vegna aukinnar hlutdeildar þjónustugreinanna í vinnuafli þjóðfélagsins, og kann það að sumu leyti að vera rétt. Þó að ég sé að mæla fyrir till. annars þm., þá kemst ég ekki hjá því að setja fram mín sjónarmið. Ég held að nokkuð sé ofætlað í þessu efni. Þessu er mjög misskipt í þjóðfélaginu, en ég held að segja megi, að utan Reykjavíkursvæðisins eða Stór-Reykjavíkursvæðisins sé þetta síst fjötur um fót þjónustugreinunum og víða sem þann þátt skorti fremur en hitt. Ég er ekki heldur dómbær um það, hvort þjónustugreinarnar hafi vaxið um of á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Við þekkjum það, að í nútímaþjóðfélagi gegna þær greinar æ mikilvægara hlutverki. Á hinn bóginn verður auðvitað ekki dregið úr mikilvægi framleiðslugreinanna, sem aukinn hagvöxtur, sem er nú höfuðkeppikefli, byggist auðvitað á. En það er eðlilegt að hugað sé alveg sérstaklega að þessum þætti, með hvaða hætti örva megi þátttöku ungs fólks í atvinnulífinu.

Satt best að segja hefur nú ekki árað þann veg á Íslandi, að það hafi verið mjög til þess að hvetja ungt fólk til að taka þátt í atvinnulífinu, því að það er með ódæmum það svartagallsraus sem uppi er haft um stöðu þessa þjóðfélags og þyrftu þm. að fara að breyta til í því efni. Sá steinn hefur verið lengi klappaður, að hér sé allt í kaldakoli og stefni allt í öngþveiti. Auðvitað lítur þetta ekki rétt vel út vegna aðgerða núv. hæstv. ríkisstj., það skal játað, sér í lagi það geðveikislega skattaherhlaup sem nú er uppi, sem menn eiga eftir að finna heldur betur fyrir og getur ekki stefnt að öðru en því að ræna einstaklingana fjárhagslegu sjálfstæði. Ég held að þeir, sem hafa stofnað til þess arna, hafi alls ekki áttað sig á hversu umfangsmikið og róttækt þetta er, og a. m. k. þeir stjórnmálaflokkar, sem boðað hafa skattalækkun, hefðu átt að átta sig á hvert stefndi. En allt að einu er þetta él eitt sem gengur yfir og upp mun stytta óðar en varir.

Auðvitað er stórhættulegt til lengdar að kyrkja þennan bölsýnissöng, hafa uppi þennan stanslausa bölmóð í þessu glæsilega þjóðfélagi okkar. Það eitt út af fyrir sig hlýtur að draga úr áhuga og þori ungs fólks til þess að takast á við verkefnin og taka þátt og hafa frumkvæði í atvinnulífinu, sem er auðvitað undirstaða þess að hér verði framfarir. Það er auðvitað ýmislegt, sem vekur mönnum áhyggjur, en þessi allsherjarbölmóðssöngur er að verða gersamlega óþolandi. Þannig líður okkur ekki í þessu landi, að ástæða sé til að berja þessa bumbu stanslaust.

Ég get auðvitað nefnt þessu máli til stuðnings ýmislegt sem athyglisvert er, t. a. m. það sem vekur alveg sérstaka athygli og hefur raunar komið fram í fréttum nú nýverið: brottflutningur frá landinu, frá þessu góða landi, sem er reyndar alveg með ólíkindum, að nokkur innfæddur og uppalinn Íslendingur skuli geta hugsað sér að búa í nokkru öðru landi, nema þá svona eins og þriggja vikna skeið í hæsta lagi. En það má sjá í skýrslum, að brottfluttir umfram aðflutta frá útlöndum eru á árinu 1976 t. a. m. 1051, á annað þúsund manns. Það er einnig á annað þúsund manns árið 1977, eða 1009. Og það sem er enn átakanlegra við þessar upplýsingar er að 29 ára og yngri eru 85.2%, 30 ára og eldri eru aðeins 14.8% af öllum þessum fjölda. Það er unginn úr þjóðinni sem þarna er að flýja land. 1000 manns er mikil blóðtaka, og það má segja, að þá fyrst við það að hlýða á þessar upplýsingar hafi runnið upp fyrir mér nauðsyn þess að gefa gaum þessum tillöguflutningi Egils bónda Jónssonar.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa till. Hún mælir með sér sjálf og grg. hennar. En það er ýmislegt sem þarna þyrfti að rannsaka og þar á meðal þetta, hvernig atvinnuvegasjóðirnir gætu komið til skjalanna í þessu efni. Ég geri ráð fyrir því, að við samþykkt þessarar till. þyrfti að senda hana til sérstakrar athugunar og rannsóknar, og mér dettur í hug af kunnugleika mínum að

það væri ekki úrskeiðis að ætla t. d. byggðadeild Framkvæmdastofnunarinnar eða áætlanadeildinni eða báðum til samans að athuga þennan þátt rækilega og einnig með hvaða hætti fjármunalega hægt væri að vekja áhuga fólks og styrkja fólk til áræðis og framtaks í atvinnulífinu. Ég held að það skipti mjög miklu máli hvernig þessi rannsókn færi úr hendi, og ég er í engum vafa um hina miklu þýðingu þess að komast að einhverjum niðurstöðum sem til rétts vegar horfðu.

Ég vil enda þessi fáu orð mín á því að leggja enn aukna áherslu á það, að fyrirsvarsmenn þjóðarinnar breyti til. Það er auðvitað rétt og skylt að benda á agnúana og alla vitleysuna í stjórnsýslunni sem viðgengst, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur nú algera forustu. En auðvitað breytist þetta óðar en líður, það vitum við. Svona lagað stenst ekki. Almenningur í landinu lætur ekki bjóða sér þetta og mun líka breyta til, og þess er ekki langt að bíða að *leitað verði til hans á nýjan leik og hann kveði upp nýjan* úrskurð. Þetta breytist skjótt. En til frambúðar þyrftu forustumenn þjóðfélagsins að hafa það í huga, að það er ekki þessari ört vaxandi þjóð hollt að þessi bölmóðssöngur sé kyrjaður svona stanslaust eins og raun ber vitni. Við höfum á rúmum þremur áratugum gjörbylt þessu þjóðfélagi frá því að vera fátækt þjóðfélag bænda og fiskimanna yfir í það að vera eitt mesta velferðarríki heims.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég get samþykkt og stutt framlagða þáltill. sem hv. þm. Sverrir Hermannsson talaði fyrir, og ég vil taka undir margt af því, sem hann sagði, og jafnframt vekja athygli á því, að því miður eru málefni ungs fólks og framtíðarmöguleikar þess ekki ræddir sem skyldi á Alþingi. Hér er allt of löngum tíma og mörgum ræðum eytt í að ræða um ómerkilega hluti og jafnvel halda ræður þannig að ef almenningur hlustaði á sumt af því sem hér er sagt, þá mundi það ekki styrkja traust fólks á hv. Alþingi. En hvað sem því líður finnst mér að þm. gætu eytt meiri tíma í að ræða jákvætt um það, hvað blasir við ungu fólki í landinu, ekki aðeins í sambandi við menntun eða félagsmálastörf, heldur sérstaklega í sambandi við atvinnumöguleika, því að það er náttúrlega grundvallaratriði fyrir sérhvern mann að eygja góða möguleika hvað atvinnu snertir í framtíðinni.

Á síðasta þingi lagði ég fram þáltill. sem fjallaði um atvinnumöguleika ungs fólks. Þessi þáltill. var samþ. Hún var send ríkisstj., en síðan hefur ekkert gerst. Till. var á þá leið, að ályktað var að fela ríkisstj. að láta gera athugun á vinnuaflsþörf íslenskra atvinnuvega í nánustu framtíð með sérstöku tilliti til atvinnumöguleika ungs fólks. Það var einnig í till., að áhersla skyldi lögð á að ganga úr skugga um hvort æskilegt jafnvægi væri á milli menntunar ungs fólks annars vegar og eðlilegrar þarfar atvinnuveganna hins vegar í þeim efnum.

Það er staðreynd, sem allir þekkja til sem koma nálægt atvinnuvegunum og menntakerfi þjóðarinnar, að það er *eitt mesta vandamál nútímaþjóðfélaga*, eins og íslenskt þjóðfélag er orðið, að tryggja ungu fólki atvinnu í samræmi við menntun og hæfni. Í svonefndum velferðarríkjum, en við teljum okkur til þeirra, hafa á síðustu árum komið fram mjög alvarlegir gallar í skipulagningu og samræmingu á menntun og atvinnumálum, með þeim afleiðingum að milljónir ungra manna, 25 ára og yngri, fá enga atvinnu að námi loknu. Þetta fólk á í miklum erfiðleikum með að fá viðunandi atvinnu. Þessarar þróunar er þegar farið að gæta nokkuð hérlendis. Í framhaldsskólum landsins eru þúsundir ungmenna sem raunverulega vita ekki hvað er fram undan og hvaða störf það fær að námi loknu.

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur látið gera athugun á því, hvernig staða ungs fólks er varðandi atvinnu í ríkjum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Samkv. þeirri athugun voru um 7 millj. manna undir 25 ára aldri atvinnulausir s. l. sumar. Talið er í hinum stóru iðnvæddu ríkjum, að helstu annmarkar þessarar þróunar og raunverulega undirrót sé of hröð iðnvæðing og uppbygging atvinnufyrirtækja sem byggjast á vélvæðingu og háþróaðri tækni, þ. e. a. s. sjálfvirkni og tölvutækni. Sjálfvirkni og tölvutækni hafa víða leyst mannshöndina af hólmi án þess að samsvarandi atvinnumöguleikar hafi skapast á öðrum sviðum. Við heyrum þær raddir nú þessa dagana hérlendis, að það beri að taka tölvutækni í þjónustu íslenskra atvinnuvega. Um það er allt gott að segja að öðru leyti en því, að á sama tíma sem slík tækni er tekin til þjónustu í þágu atvinnuveganna ber að finna aðra og betri möguleika fyrir það fólk sem kemur út á vinnumarkaðinn á hverjum tíma. Það hlýtur að vera okkur eins og öðrum þjóðum keppikefli að búa vel að ungu fólki og búa vel að því þannig að það leiti út í atvinnulífið. Það er langt frá því að svo hafi verið gert, og því miður er það ekki sem skyldi á stefnuskrám stjórnmálaflokkanna að lögð sé nægilega mikil áhersla á atvinnumöguleika og atvinnumál almennt.

Hérlendis er það í tísku og þykir henta í pólitískri baráttu að vera með alls konar dægurmál, auglýsingamál, eins og hér var til meðferðar í dag, hv. alþm. mörgum, sem tóku þátt í þeirri umr., til háborinnar skammar. En sem betur fer voru líka nokkrir ágætir þm. sem héldu uppi reisn Alþingis. (Gripið fram í.) Já, og ég þakka hv. þm. Sverri Hermannssyni fyrir það, hann stóð sig með prýði eins og hann á vanda til. En ég sé að hv. þm., sem hafa mestan áhuga á auglýsingastarfsemi, hirða ekki um að sitja undir umr. um atvinnumál ungs fólks. Þeir hafa talið ástæðu til að víkja úr þingsal, enda geri ég varla ráð fyrir að þeir hafi mikinn áhuga á þessu brýna og brennandi verkefni sem fram undan er fyrir hv. Alþingi Íslendinga og þm. almennt. En það er gott fyrir okkur, sem hér erum inni og fjöllum um þessi alvörumál, að vera vottar að slíku. Og ég vona að fulltrúar fjölmiðla, sem hér eru staddir, kunni að draga sína dóma af því, hvernig menn haga sér við meðferð mála á Alþingi og hvaða mat þeir leggja á það, hvað skipti máli fyrir fólkið í landinu.

En sleppum því. Ég vildi aðeins nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. þm., Agli Jónssyni varaþm. og Sverri Hermannssyni, hv. 5. þm. Austurl., fyrir að hafa átt frumkvæði að þessari þáltill. og tala fyrir henni. Ég vil einnig rifja upp og minna á fyrri till. í þessum efnum og leggja áherslu á það, að þessi mál verði tekin fastari tökum, því að ég er sannfærður um að ef þm. vinna störf sín af skyldurækni og fjalla um þau mál sem skipta raunverulegu máli fyrir fólkið í landinu og þá ekki hvað síst fyrir unga fólkið og framtíð þess, þá mun reisn Alþ. verða mikil. Á næstu árum koma mjög fjölmennir árgangar ungs fólks inn á vinnumarkaðinn, og það mun örugglega koma í hlut Alþingis sem annarra, sem bera ábyrgð á íslensku atvinnu- og þjóðlífi, að tryggja að þetta fólk fái störf við hæfi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kaup og sala notaðra bifreiða, þáltill. (þskj. 83). — Ein umr.)

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að gefa fulltrúum fjölmiðla, sem hér kunna að vera viðstaddir og hlýða á umr., nein fyrirmæli um það, hvernig þeir eigi að túlka þau mál sem hér eru til umr. Ég held að þeir séu alveg einfærir um það, án þess að alþm. séu að gefa fyrirmæli eða leiðbeiningar þar um.

Það mál, sem hér er á dagskrá, er till. til þál. um kaup og sölu notaðra bifreiða. Um það þarf ekki mörgum orðum að fara, svo augljóst er það, að þessi viðskipti, þ. e. a. s. kaup og sala notaðra bifreiða, eru einhver algengasta tegund lausafjárkaupa sem eiga sér stað meðal manna hérlendis.

Um s. l. áramót munu skráð ökutæki hér á landi hafa verið eitthvað kringum 80 þúsund talsins og á árinu 1977 fóru fram hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins rúmlega 18 þúsund umskráningar ökutækja, þar sem eigendaskipti áttu sér einnig stað. Fjölmiðlum varð á s. l. hausti tíðrætt um sviksemi og pretti af ýmsu tagi sem átt hafa sér stað í sambandi við kaup og sölu notaðra bifreiða. Rannsóknarlögregla ríkisins var á tímabili með til umfjöllunar og rannsóknar hartnær 50 mál er vörðuðu þessi atriði, kaup og sölu notaðra bifreiða, þar sem grunur lék á að svik hefðu verið höfð í frammi. Þá voru einnig á s. l. hausti þrír menn um skeið hnepptir í gæsluvarðhald vegna rannsóknar slíkra mála.

Auðvitað er skylt að taka það fram, að ekki eiga allir hér jafna sök af þeim sem þessi viðskipti stunda. En það er ævinlega misjafn sauður í mörgu fé, og á höfuðborgarsvæðinu munu nú vera starfræktar einar 18 bílasölur hið minnsta, og víst er að þar eru líka aðilar sem í engu mega vamm sitt vita í viðskiptum. Hitt er og augljóst og ég byggi það á áreiðanlegum upplýsingum, að það kemur ekki nema brot af þeim málum til rannsóknar sem rannsaka þyrfti. Hér er það aðeins sá hluti jakans sem upp úr stendur sem kemur til afskipta Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Þær reglur, sem nú gilda um kaup og sölu notaðra bifreiða, virðist á ýmsan hátt svo rúmar og svo lausar í öllum reipum, að þær gefa nánast óendanlega möguleika til **svindls og brasks, ef** vilji er til slíks á annað borð. **Algengasti hátturinn, sem hafður** mun á um sviksemi í **þessum viðskiptum, mun vera sá,** að bílasali, sem hyggst **fara þessa leiðina, kaupir sjálfur** þann bíl, sem um er að ræða, og notar til þess nafn kunningja síns eiginkonu eða **einhvers sem honum er handgenginn,** selur síðan bílinn aftur með ærnum hagnaði án þess að nafn þessa milliliðar komi nokkurs staðar fram, og ágóðanum stingur hann síðan í eigin vasa. Oft er það fólk, sem þannig er leikið, í tímabundinni fjárþröng og þarf að losa um peninga, eins og kallað, er í flýti. Bílasalinn gerir þá tilboð sem hann veit að er lægra en gangverð og hljóðar upp á sölu strax, en veit manna best að með því að bíða í fáeina daga getur hann e. t. v. selt bílinn fyrir miklum mun meira. Þessa eru allmörg dæmi.

Ljóst er, að því er þessi viðskipti varðar, að þar njóta borgararnir ekki þeirrar lögverndar sem eðlileg hlýtur að teljast, og ber því brýna nauðsyn til að setja um þessi mál öll fastari reglur en gilt hafa til þessa. Því er það, að ég hef leyft mér ásamt nokkrum öðrum þm. að flytja hér þáltill. sem gengur í þá átt, að ríkisstj. beiti sér fyrir breytingum á þar að lútandi lögum og reglum til að tryggja hagsmuni almennings í þessum efnum.

Nú er það svo, að hv. þm. Helgi Seljan hefur í Ed. flutt frv. til l. um sölu notaðra lausafjármuna sem gengur mjög í sömu átt og þessari till. er ætlað að gera, án þess að ég þori þó að fullyrða, hvort það mundi nægja til að setja undir alla leka í þessum efnum, en þeir eru vissulega margir. Það er í sjálfu sér ekkert aðalatriði, hver á frumkvæðið að því að þessi mál verði færð í betra horf. Aðalatriðið er að þessi viðskipti verði gerð öruggari en verið hefur og þeim megi treysta.

Ég ætla að lokum aðeins að benda á örfá atriði sem ég hygg að til greina komi í sambandi við breytingar á þessum sviðum í átt til aukins öryggis fyrir borgarana. Það þarf að gera strangari kröfur til þeirra sem þessi viðskipti stunda. Athuga ber t. d. hvort ekki væri rétt að gera þeim að sæta fastmótaðri skráningu og einnig hvort ekki komi til álita að gera þeim að setja tryggingarfé svipað og ferðaskrifstofum er nú gert að gera. Ég hef lesið í erlendum blöðum nýlega, að í Bandaríkjunum og víðar tíðkast nú nýir viðskiptahættir með notaða bíla, sem eru þannig að sá sem hyggst selja bíl leigir stæði, ef svo má segja, á bílasölu þar sem bíll hans stendur gegn ákveðinni þóknun. Síðan kemur einhver sem vill kaupa og þá er það eingöngu mál seljanda og fyrirhugaðs kaupanda að gera út um þessi viðskipti, án þess að nokkur bílasali komi þar nálægt. Þá mætti sömuleiðis athuga hvort ekki ætti að númera afsöl þannig að auðveldara væri að rekja mál af þessu tagi, ef grunur leikur á að brögð hafi verið í tafli.

Þá skortir verulega á að sölutilkynningum sé skilað til hlutaðeigandi aðila, og mun t. d. ekki óalgengt að aðili, sem kaupir notaðan bíl, fái um leið í hendur 5 eða jafnvel 10 sölutilkynningar sem hefur verið vanrækt að skila, tilkynningar sem aldrei hafa komist í hendur hlutaðeigandi yfirvalda. Ég held að það sé öllum ljóst, að hér verður að gera breytingar á. Löggjafanum er skylt að láta þessi mál til sín taka með einhverjum hætti. Þess krefjast veigamiklir hagsmunir almennings, og hér er hvorki um að ræða flókið mál né heldur mál sem væri útlátasamt fyrir ríkissjóð. Því ætti ekki að þurfa að vefjast lengi fyrir Alþ. að koma þessu í viðunandi horf.

Ég legg til, herra forseti, að umr. um þetta mál verði frestað og málinu vísað til allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tek undir meginmálið í þeirri till., sem hér hefur verið reifuð, og einnig undir þær ábendingar, sem hv. 1. flm. kom með hér varðandi það, hvernig þetta mætti þannig úr garði gera, að sett væri undir lekann að svo miklu leyti sem mögulegt er með löggjöf. Hann gat þess, að ég hefði flutt í Ed. frv. um sölu notaðra lausafjármuna sem snertir þetta beint. Þetta frv. flutti ég á þinginu í fyrra og hef gaman af því til upplýsingar fyrir menn hér, að þegar þetta frv. var sent til umsagnar þess aðila sem hefði átt að vita gerst um þessi mál, þá kom fram í þeirri umsögn að allar frekari reglur hér um væru algerlega óþarfar. Þetta er staðfest í umsögn sem send var þá fjh.- og viðskn. Ed., þannig að menn virtust ekki hafa mikinn grun um það þá, að eitthvert misferli gæti átt sér stað í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Hver sendi þessa umsögn). Þessi ágæta umsögn var frá Verslunarráði Íslands, og ég skal ekkert

um það segja, hvort þarna sé um visst réttmæti að ræða í þessu efni, því vafalaust má finna einhver lög sem eiga að koma í veg fyrir þetta. En þau lög hafa þá alla vega verið sniðgengin eins rækilega og raun hefur borið vitni um í vetur, þegar upplýsingar hafa komið fram um hið hrikalegasta misferli í þessum efnum.

Í þessu frv., sem ég var með í Ed. í fyrra og aftur nú, var stuðst beinlínis við gögn og ábendingar frá Landssambandi löggiltra bílasala í Noregi sem þeir vildu sjálfir fá fram, að vísu í reglugerð þar frekar en í lögum. Sumt er þar þegar í lögum, af því að þar eru sérstök lög um fornverslanir og annað sem lýtur að sölu á notuðum lausafjármunum, þannig að þeir voru aðallega að hugsa um nánari reglugerðarákvæði. Þar kem ég einmitt inn á ýmisleg atriði sem hv. þm. nefndi, en önnur var hann hér með sem ég held að skylt væri að taka til athugunar bæði hjá þeirri n., sem fær mitt mál til meðferðar í Ed., og sömuleiðis hjá þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, því hér hlýtur að vera hægt að samræma hlutina þannig að nokkuð tryggilega verði frá gengið. Skráning og strangari kröfur til þessara aðila eru einmitt faldar í þeim frvgr. sem ég lagði fram. Þar er þessum aðilum og reyndar þeim, sem fást við verslun eða umboðssölu með notaða eða gamla lausafjármuni, lagðar vissar skyldur á herðar sem tæpast er hægt að segja að þeim séu lagðar á herðar í dag. Alveg sérstaklega er talað um það, hvernig með þennan varning skuli fara og hvaða aðstæður skuli vera hjá þeim sem með þessa verslun fara.

Eðli fornverslana eða umboðssölu notaðra bifreiða skal ég ekki fara nánar út í hér, en ég held að það sé brýnt, eins og hv. 1. flm. þessarar till. kom inn á, að sett verði sérstök lög sem einmitt ættu að tryggja sæmilegt réttaröryggi í þessum viðskiptum. Ég er ekki heldur dómbær frekar en hann um það, hvort 8. gr. þessa frv. sem lýtur sérstaklega að þessu tiltekna atriði varðandi bílasalana, er nægileg. Mér hefur verið bent á það, að þessar svokölluðu raðsölur, þar sem aðalsvindlið hefur átt sér stað, verði ekki með öllu hindraðar þó að 8. gr. frv. um vottorð frá Bifreiðaeftirlitinu gangi í gildi, menn hafi enn þá visst svigrúm og vissa möguleika til þess að fara þar í kringum. Þá er skylt auðvitað að ganga þannig frá að réttaröryggi manna í þessum efnum verði enn tryggara.

Það er hins vegar athyglisvert, að það eru bílasalarnir sjálfir í Noregi sem óska eftir því og fara fram á það alveg sérstaklega, að strangari reglugerð verði sett um þessi viðskipti. Þeir óska einmitt sérstaklega eftir því þrátt fyrir betri lög og nákvæmari hjá sér, að enn strangari viðurlög verði við þessu, og það er alls ekki allt tekið hér inn í. Mér blátt áfram kom ekki til hugar að setja ýmis þau atriði inn, enda hljóta þau að verða reglugerðaratriði, sem þeir eru þar með, og kveða enn nánar á bæði um eftirlit og viðurlög í þessum efnum. En slíkt kemur ekki fyrir hér, og þegar á þetta er minnt og um þetta er leitað umsagna, þá kemur þvert á móti fram, að mönnum þykir hér allt með felldu, allt vera í lagi og eru ánægðir með það ástand sem hefur ríkt hér í þessum efnum og við höfum fengið ljós dæmi um nú í vetur. Á það vil ég hins vegar ekki leggja neinn dóm, hvað mikið þetta er. Það er allt núna í rannsókn og ekki rétt að fara nákvæmlega út í það, en hitt er ljóst, að mikið misferli hefur þar átt sér stað, hvað alvarlegt er hins vegar óljóst enn.

Ég sem sagt vil aðeins vekja athygli á því, að það væri áreiðanlega rétt að reyna að samræma þessa hluti, það sem er í frv. mínu annars vegar og þá nánari útfærslu á þessari till. sem hv. 1. flm. kom inn á áðan, þannig að hægt væri að standa sameiginlega að löggjöf í þessum efnum með svo aftur nákvæmari reglugerð, sem girti eins mikið fyrir þetta misferli og mögulegt væri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verksmiðjuframleidd hús, þáltill. (þskj. 116). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Hér á þessum fámenna en góðmenna þingfundi, sem nú er haldinn, er ekki rétt að halda langar framsöguræður. Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til að flytja framsögu fyrir þessari till. til þál. af þeirri ástæðu, að það er allknappur tími sem ég hef nú til þess að flytja framsögu, verð það lengi fjarverandi af þingi nú á næstunni, að það er rétt að grípa þetta tækifæri til að koma málinu í n., ef vera kynni að n. afgreiddi þetta mál þá fyrir vorið, á hvern hátt sem það svo yrði.

Hér er um að ræða till. til þál. á þskj. 116, sem hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram á árinu 1979 ítarlega könnun á hagkvæmni verksmiðjuframleiddra húsa. Hafin verði skipuleg áætlunargerð um verulegt átak í þessu efni í ljósi niðurstaðna könnunarinnar. Stuðst verði við reynslu annarra þjóða svo og þá reynslu og þekkingu sem hér er þegar fengin. Kannað skal sérstaklega hvernig framleiðsla og í hvaða formi hentar best til lækkunar byggingarkostnaðar, svo og skulu landshlutasjónarmið höfð rækilega til hliðsjónar við áætlunargerð og aðgerðir allar."

Ekki þarf að rekja það hér, eins og segir í grg., hve húsnæðismálin snerta alla meira og minna og hve miklu varðar að þar sé haldið þannig á málum að sé til sem mestra hagsbóta fyrir almenning í landinu. Þar eru auðvitað lánamálin mjög veigamikil, hvernig á þeim er haldið, og í mínum huga er það auðvitað mjög ríkt, hversu félagslegt framtak er þar nýtt til hins ýtrasta til þess að ná fram hagstæðum byggingum fyrir það fólk sem þarf á húsnæði að halda, en á ekki mikið fjármagn. Það er enda sannast að í samningum launaþegasamtakanna við ríkisvaldið hafa húsnæðismál æ ofan í æ skipað veglegan sess. Þar hafa að vísu ekki alltaf farið saman loforð og efndir. Það er óþarft að rekja þá þætti sem má merkasta telja í löggjöf um húsnæðismál og eru beint runnir úr þessum kjarasamningum eða fyrir atbeina launþegasamtakanna. Þar er komið inn á hvort tveggja: ákveðna lánaflokka, sem eiga að njóta forgangs, og lánakjörin sjálf svo og ákveðin skipuleg átök í byggingum, eins og Breiðholtsframkvæmdirnar og leiguíbúðir sveitarfélaganna eru gleggst dæmi um, að ekki sé minnst á þá löggjöf sem hér hefur verið merkust, þ. e. a. s. löggjöfina um verkamannabústaði.

Það er tvímælalaus frumskylda þeirrar opinberu stofnunar, sem þessi mál heyra undir hér á Íslandi, að kanna allar tiltækar leiðir til lækkunar byggingarkostnaðar og auka hagkvæmni í byggingum sem allra mest. Samkv. lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins er hér um eina af frumskyldum hennar að ræða. Ég veit að ýmis átök hafa þar verið gerð og ýmsar athuganir í

gangi, en engu að síður tel ég að miklu betur mætti gera. Ég hef flutt um þetta fyrirspurnir hér. Ég hef einnig vikið að þessu í frumvarpsgerð. En ég tel að t. d. varðandi þetta tiltekna atriði, sem er þó mjög þýðingarmikið og hefur reynst grönnum okkar á Norðurlöndum mjög mikilvægt í sambandi við lækkun byggingarkostnaðar, hafi ekki verið eins vel staðið að þessum skipulagsmálum og könnunum og vera hefði átt.

Það má segja í raun og veru, að verksmiðjuframleiðsla húsa, eins og hún er nú algeng t. d. á Norðurlöndunum, sé vart til í þeirri merkingu hér á landi, þó að ýmsir hafi gert til þess tilraunir, bæði varðandi steinsteypt hús og eins varðandi timburhús. Sú tilraun, sem merkust er og lengst er komin, er hjá Húseiningum hf. á Siglufirði. Það er áreiðanlega ljóst öllum sem hafa fylgst þar með málum, að þar voru mörg ljón á veginum, miklir erfiðleikar, og það var hreinlega af miklum vanefnum sem í það var ráðist. Og enn þá gjalda þessir aðilar þess, hvernig að var staðið í upphafi og hve skilningsleysið var í raun og veru mikið á mikilvægi þessa verkefnis ef að því hefði verið staðið með fullri reisn.

Menn greinir auðvitað á um gildi þessa byggingaforms, og ég skil það vel, og vantrú hefur verið ríkjandi á því, að hér væri um eins góðar byggingar og varanlegar að ræða og við þurfum á að halda í okkar veðrasama landi. Ég held að reynslan hafi þó þegar afsannað það, miðað við þó þær ófullkomnu aðstæður sem þau fyrirtæki byggja á sem eru að fást við þessar tilraunir í dag, því varla er hægt að tala um annað en tilraunastarfsemi í þessum efnum. Við erum t. d. með eina trésmiðju austur á Fljótsdalshéraði sem hefur skilað verulegum árangri í því að lækka byggingarkostnaðinn þar. En þau hús hafa verið af nokkrum vanefnum og erfiðleikar í lánafyrirgreiðslum hafa valdið því, að ekki hefur verið hægt að standa eins vel að þeim málum og þeir, sem þar ráða húsum, hefðu viljað gera.

Ég veit að hjá stjórnvöldum er nú viss skilningur á þessu máli, en ég veit líka að það er viss andstaða ýmissa í þjóðfélaginu, viss andstaða t. d. hagsmunaaðila í byggingariðnaði. Ég hef orðið hennar var. Ég varð hennar var í sambandi við tilraunir okkar austur á landi til þess að reyna að byggja nýtískuverksmiðju og verksmiðju sem væri raunveruleg verksmiðja sem framleiddi verksmiðjuframleidd hús eins og þau gerast best á Norðurlöndum, þá varð maður var við þessa andstöðu. En það, sem var enn þá verra í raun og veru, var algjört skilningsleysi þeirra aðila sem þurftu að koma til hjálpar varðandi lánsfjármagn. Þar var um algjört nei að ræða hjá öllum nema þá hjá Byggðasjóði, sem er auðvitað ekki annað en viðbótalánasjóður í þessu efni og sýndi þó vissa tilraun í þessu efni til þess að koma til móts við þá sem þar voru að baksa við að koma upp slíkri verksmiðju. Og einmitt þetta, að fá úr því skorið, hversu heppilegur byggingarmáti hér er á ferðinni, hversu mikil hagkvæmni getur verið því samfara að framleiða slík hús, einmitt þetta vil ég fá kannað og þar verði sérstaklega stuðst við þá góðu reynslu, sem nágrannar okkar hafa fengið, og reyndar líka þær fálmkenndu tilraunir sem hér hafa verið gerðar og hafa skilað ótrúlegum árangri miðað við allar aðstæður.

Ég held að það fari ekki á milli mála, að allir vilja lækkun byggingarkostnaðar, þó það sé hins vegar rétt, að við Íslendingar gerum miklar kröfur til húsnæðis, óvenjumiklar e. t. v., og við þurfum á því að halda að vissu leyti vegna veðurfars, vegna þess hvað við byggjum norðlægar slóðir og veðrasamar. En auðvitað er það rétt, að úr hófi keyrir oft öll sú viðhöfn, og allt það umstang, sem er í kringum okkar byggingar, og þau flottheit, sem þar ríkja víða, á ekki að verðlauna með lánum eins og allt of mikið hefur verið að gert. Hreinlega ætti að svipta menn lánsmöguleikum þegar þannig er að staðið, eins og við þekkjum allt of mörg dæmi um, þegar slíkt gengur út í algjörar öfgar. En langflestir eru fyrst og fremst að keppa að því að eignast þak yfir höfuðið, sómasamlegt húsnæði, og það er áreiðanlegt, að fyrir þá væri könnun af þessu tagi og tilraunir í þá átt að lækka hér byggingarkostnað vel þegnar.

Ég vitna í grg. til þess manns sem var frumkvöðull að Húseiningum hf. á Siglufirði og stjórnaði fyrirtækinu á því skeiði þess þegar það var erfiðast. Ég ætla ekki að fara að rekja þessa grg., en ég veit að þessi aðili, Hafsteinn Ólafsson byggingarmeistari, er reiðubúinn að gefa þeirri n., sem fær þetta mál til umsagnar, miklu nánari upplýsingar en eru í grg. um það, hvernig hann hugsar sér slíka verksmiðju, hvernig hann telur að hún verði best rekin og hvernig að málum eigi að standa svo að um verulega lækkun byggingarkostnaðar verði að ræða.

Ég hef verið með frv. nú tvö undanfarin ár um það, að niður verði felldur sá refsiskattur, sem ég kalla, sem er á þessari framleiðslu, þ. e. a. s. söluskattur sem leggst á þessa framleiðslu af því að hún er ekki framkvæmd á byggingarstað, en sams konar byggingar losna auðvitað við. Hér er um háar upphæðir að ræða núna á húsi sem er allvel búið, eitthvað milli 1 og 2 millj., og það munar um minna í sambandi við húsbyggingar en þá upphæð. Þetta hefur ekki fengist enn þá, m. a. vegna vissrar andstöðu í fjmrn. við að setja slíka undanþágu í söluskattslögin. En þessi undanþága er í raun og veru fyrir varðandi sams konar aðgerðir, bara ef þær eru framkvæmdar á byggingarstað. Þarna er verið að refsa þessu byggingarfyrirkomulagi með því að leggja þarna á fullan söluskatt. Við skulum vona að það lagist og þá um leið lagfærist á vissan hátt grundvöllurinn fyrir því, að hægt sé að framleiða hér verksmiðjuframleidd hús sem séu í öllu samkeppnisfær hvað gæði snertir og auk þess á miklu lægra verði.

Nú er það svo, að maður er örlítið feiminn að tala fyrir till. af þessu tagi þegar maður er nýbúinn að hlýða á það í sjónvarpi, að það sé atvinnuleysi fram undan í byggingariðnaði, því sannleikurinn er auðvitað sá, það hefur komið í ljós á Norðurlöndunum, að sá sparnaður, sem liggur í þessum verksmiðjuframleiddu húsum, er fyrst og fremst í sambandi við vinnulaun, fyrst og fremst í sambandi við vinnuna. Að vísu er aukin tækni og ýmislegt annað því um líkt sem kemur þar inn í, en samkv. því, sem ég hef séð hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, er talið að allt að helmingi fleiri manntímar, eins og þeir kalla það svo spaklega, — helmingi fleiri manntímar fari í venjulegt íbúðarhús hér á landi heldur en á Norðurlöndum og það sé fyrst og fremst vegna þess, að þeir noti þar miklu meiri tækni og meiri handvirkni sé hér. Þetta er þeirra álit. Ég hygg að þarna sé atriði sem beri að taka með nokkurri varúð, það sé alls ekki eingöngu vinnan sem þarna kemur inn í, heldur ýmis fleiri atriði sem við leggjum á þessar byggingar, sem ekki er gert á Norðurlöndunum. Engu að síður er þetta viss ábending hvað þetta snertir. Þá auðvitað ber að hafa í huga þær kröfur sem eru gerðar, — meiri kröfur að sumu

leyti sem við gerum til okkar íbúðarhúsa heldur en þeir á Norðurlöndum gera þó.

Það var ákaflega áberandi þegar við á Reyðarfirði vorum að leitast við að koma upp verksmiðju af því tagi sem hér er lýst í grg. og átti að verða fullkomin verksmiðja með um 100 húsa framleiðslu á ári og með mjög verulega lækkuðum byggingarkostnaði á þessum húsum, — það var mjög einkennandi hvað menn vildu í raun og veru lítið athuga þessi mál. Það var hreinlega sagt nei á þeim stöðum þar sem við hefðum getað vænst einhvers skilnings. Þar á ég við bæði sjóði eins og Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð, sem báðir voru mjög neikvæðir í þessum efnum og vildu í raun og veru lítið kanna þetta. Nú kann það vel að vera, að þessar áætlanir hafi í einhverju verið rangar. Það getur líka vel verið, að þær tölur, sem þarna var á byggt, hafi ekki verið nógu nákvæmar, ekki nógu vel uppbyggðar. Engu að síður hefði þó verið lágmarkið að það hefði verið hægt að fá á þessu grandgæfilega skoðun. Það var að vísu gerð tilraun til þess af hálfu framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins að láta fara fram nokkra úttekt á þessu, en þar vantaði í raun og veru samráð við þann aðila sem stóð að þessum hugmyndum fyrst og fremst, samráð við Hafstein Ólafsson, að mínu viti, til þess að sú athugun hefði getað verið nægilega hlutlaus og nægilega áreiðanleg.

Ég þarf ekki að víkja mörgum orðum að því, sem segir síðast í grg. um það, hve afgerandi áhrif þetta gæti haft á atvinnulíf ákveðinna byggðarlaga þar sem slíkar verksmiðjur gætu risið. Ég held að reynslan frá Siglufirði sé ólygnust í þessum efnum og þar þurfi ekki frekar vitna við. Húseiningar á Siglufirði, það fyrirtæki, hefur orðið veruleg lyftistöng fyrir Siglufjörð, og þannig yrði það auðvitað þar sem þessar verksmiðjur risu, alveg sérstaklega á stöðum sem annars hefðu kannske ónógt atvinnulíf, eins og var t. d. hjá okkur á Reyðarfirði og er enn, þar sem við ætluðum að gera tilraun til þess að bæta það með þessum hætti.

Ég ætla ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð hér. Ég treysti því, að sú n. sem fær þetta mál til umsagnar, leiti til þeirra aðila sem hér eiga fyrst og fremst um að fjalla. Það er að vísu rétt, þetta mál hefur verið rætt nokkuð hjá Húsnæðismálastjórn, hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og hjá Iðnþróunarstofnuninni. Allir þessir aðilar hafa eitthvað fálmað í þessu. Ég segi: fálmað, því það er lítið meira sem gert hefur verið en fálmað, og ég vona að till. fái jákvæða afgreiðslu og menn sjái að nánari könnun á þessu í þá átt leiði til þess, að þarna geti orðið um verulegt átak að ræða til þess að lækka byggingarkostnað. Sú könnun hlýtur að borga sig og hún á fyllsta rétt á sér í öllu því húsnæðisleysi og þeim húsnæðisvandræðum sem víða er við að glíma.

Ég skal aðeins taka það fram í lokin, að ég hygg að hæstv. núv. félmrh. sé með þetta í athugun og hafi verið með það nokkuð lengi og vilji gjarnan að þetta mál nái fram að ganga, að á þessu verði gerð ítarleg könnun, og enginn skyldi fagna því meira en ég, ef það yrði gert áður en þessi till. yrði samþ. En ég vona sem sagt, að hún njóti skilnings, og um leið hlýt ég að vona að það ranglæti, sem viðgengst varðandi þennan byggingarmáta, þ. e. a. s. sá aukasöluskattur sem þessar byggingar verða að þola í dag, það ranglæti verði fyrst numið úr gildi.

Ég vil svo, herra forseti, óska þess, að að lokinni þesssari umr. verði þessu máli vísað til hv. atvmn., ég held að það sé réttur vettvangur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Suðurnesjaáætlun, þáltill. (þskj. 34) — Ein umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Þáltill. sú um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum, sem hér er tekin til umr., fjallar að dómi okkar flm. um mikilvægt mál, afkomumöguleika fólks og framtíð byggðar á fjölmennu landssvæði þar sem býr fleira fólk en í sumum heilum kjördæmum landsins. Þessi þáltill. er nú tekin til umr. á fámennum fundi að kvöldi dags. Ég hefði vissulega kosið að fleiri hefðu getað hlýtt á mál mitt og þó alveg sérstaklega að hæstv. sjútvrh. hefði getað verið viðstaddur umr. um þetta mikilvæga mál. Ég tel, enda þótt svo sé ekki, að ekki sé ástæða til að geyma það öllu lengur að mæla fyrir þessari till. og mun því gera það hér í ekki ýkjalöngu máli. Enda þótt þetta mál hafi margar hliðar og um það megi vissulega fjölyrða, þá sé ég ekki ástæðu til að gera það nú. Till. samhljóða þessari var flutt á síðasta Alþ. og þá fylgdi ég henni úr hlaði með ítarlegri ræðu sem ég mun ekki endurtaka hér í kvöld. Þessari þáltill. fylgir einnig nokkuð rækileg grg. og vísa ég til hennar um ýmis þau atriði sem hér verður annað tveggja sleppt eða aðeins vikið að í stuttu máli.

Það er alkunnugt, að á allra síðustu árum hefur aðalatvinnuvegur Suðurnesjamanna, sjávarútvegur og fiskiðnaður, átt við margvíslega erfiðleika að stríða og í meiri vök að verjast en hliðstæður atvinnurekstur víðast hvar annars staðar á landinu. Ástæðurnar fyrir þessu eru ýmsar, eins og nokkuð er vikið að í grg. till., en þó er ein langmikilvægust og alvarlegust. Það er stórminnkuð fiskgengd og þar af leiðandi stórminnkaður afli á fiskislóðum Suðurnesjamanna sem löngum hafa treyst mjög á vélbátaflota sinn til hráefnisöflunar, þ. á m. hafa þeir treyst á allmikinn fjölda tiltölulega lítilla landróðrabáta.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hversu lamandi áhrif langvinnir rekstrarörðugleikar fiskvinnslufyrirtækja í útgerðarbæjum hafa á allt umhverfið, á bæjarfélagið og bæjarlífið í heild sinni, enda er nú svo komið að margur atvinnurekstur tengdur sjávarútvegi þar syðra hefur verið og er ekki síður illa settur en fiskiðnaðurinn og útgerðin, og má segja að hluti af þeim atvinnurekstri sé nálega á heljarþröm. Þá er og ljóst að afkomu sveitarfélaga er stefnt í bráðan voða, þar sem slíkt kreppuástand varir til langframa eins og verið hefur og er því miður enn á Suðurnesjum.

Enda þótt við tillögugerð þessa sé höfð hliðsjón af tímabundnum erfiðleikum útgerðar og fiskvinnslu á Suðurnesjum, þá er þó megintilgangur hennar að benda á nauðsyn samræmdra og markvissra aðgerða og skipulagningar með fjölþætta uppbyggingu atvinnulífs á þessu svæði í huga. Við flm. viljum leggja á það mjög ríka áherslu, að sérhver bráðabirgðalausn þeirra rekstrarvandamála, sem þarna er um að ræða, mun reynast næsta haldlítil ef hún er ekki miðuð við að verða fyrsti áfangi heildaráætlunar með framtíðina í huga. Hér er vissulega þörf á skjótum aðgerðum, eins og ég veit að hæstv. núv. ríkisstj. hefur verið og er ljóst. En því aðeins koma jafnvel skyndiaðgerðir að einhverju teljandi gagni og einhverju varanlegu gagni, að þær stuðli að bættu skipulagi og aukinni hagræðingu, auk þess sem meiri og jafnari hráefnisöflun en nú á sér stað verður hér að koma til.

Vissulega ber að fagna fyrstu skrefum sem ég hygg að þegar hafi verið stigin í þá átt að undirbúa aðgerðir til að rétta við útgerð og fiskvinnslu á umræddu svæði. Sérstakur starfshópur hefur unnið að því að gera úttekt á ástandi sjávarútvegs og fiskvinnslufyrirtækja á Suðurnesjum, kanna fjárhagslega stöðu þeirra, aðstöðu til hráefnisöflunar, tæknilegan búnað og möguleika á framtíðarrekstri. Þetta er að sjálfsögðu nauðsynlegt. Mér er ekki fullkunnugt um hversu langt þessu starfi er komið, en á það legg ég áherslu, að þetta starf og hugsanlegur árangur af því dregur á engan hátt að mínum dómi úr þörfinni á samþykkt þeirrar till. sem ég er hér að mæla fyrir. Í því máli, sem við, ég og hv. þm. Geir Gunnarsson, hreyfum hér, er á allt annan og langtum umfangsmeiri hátt og víðtækari ákveðið að taka á þessu máli þar sem það snertir ekki aðeins uppbyggingu sjávarútvegs og fiskiðnaðar, heldur leggjum við einnig áherslu á nauðsyn þess, að fram fari könnun á miklu fjölþættari atvinnuuppbyggingu þarna suður frá, svo sem iðnaðar af ýmsu tagi.

Margt þarf til að koma ef treysta á afkomu fólks á Suðurnesjum til langrar frambúðar. Þess vegna bendum við flm. í grg. okkar með þessari þáltill. á ýmsar leiðir til að ná settu marki. Þó eru það aðeins ábendingar og margt fleira getur vissulega komið til álita þegar farið yrði að kanna þetta mál í heild sinni. En markmiðið hlýtur að vera að á þessu svæði geti dafnað fjölbreytt og þróttmikið atvinnulíf, þar sem, eins og ég sagði áðan, býr mikill fjöldi fólks sem nú stríðir við óvenjumikið öryggisleysi í atvinnumálum.

Við áætlunargerð af því tagi, sem hér er lagt til að framkvæmd verði, verður að taka mið af þeim sérstöku aðstæðum sem eru þarna syðra og vonandi reynast tímabundnar, en ekki varanlegt ástand. Þar á ég við dvöl erlends hers og margvíslega beina og óbeina vinnu íslenskra manna í tengslum við herinn. Fáir munu þeir sem telja sig vilja hafa hér erlendan her um aldur og ævi og raunar ekki margir sem telja að hann eigi að vera hér til langframa. Flestir láta í veðri vaka a. m. k., að þeir telji að herinn eigi að fara þegar slíkt sé óhætt að þeirra dómi. Þess vegna ætti að geta orðið samstaða um það, hvaða skoðanir sem menn hafa á nauðsyn þessarar hersetu nú um sinn, að gera þurfi ráð fyrir öðrum atvinnurekstri í stað hervinnunnar sem í framtíðinni gæti tryggt öllu verkfæru fólki á Suðurnesjum örugga atvinnu.

Ég efast um að allir hafi enn gert sér fulla grein fyrir því, hve mjög þeim Suðurnesjamönnum hefur fjölgað á allra síðustu árum, sem hafa atvinnu ýmist á Keflavíkurflugvelli eða í tenglsum við dvöl hersins á vellinum. En það er hvort tveggja, eins og raunar hefur verið alloft skýrt frá, að hinu íslenska starfsliði hefur á síðustu fjórum árum fjölgað í heild, en einnig hefur Suðurnesjamönnum fjölgað hlutfallslega. Nú mun svo, að um eða yfir 2 þús. Íslendingar hafa atvinnu hjá hernum eða vegna dvalar hersins í landinu. Um 70% þessara Íslendinga, sem vinna ýmist beint eða óbeint á vegum hersins eða stofnana sem eru í tenglsum við dvöl hans að einhverju eða öllu leyti, eru búsettir á Suðurnesjum. Hinir munu flestir eða allir vera héðan af Reykjavíkursvæðinu.

Við flm. þessarar till. teljum einsætt að þegar gera skal áætlun um atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum, sem á að vera til einhverrar frambúðar og alhliða, þá verði að reikna með því, að hinu annarlega ástandi, sem erlend herstöð í landinu óneitanlega er, ljúki og fjölþættur innlendur atvinnurekstur komi í stað vinnunnar hjá hernum og í kringum herinn.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi að ég mundi ekki að þessu sinni hafa mörg orð um þessa þáltill., enda þótt ég telji hana ekkert smámál, heldur fjalla um mikilvægt málefni. Ég vil leggja áherslu á þetta: Enda þótt ástand sjávarútvegs og fiskvinnslu á Suðurnesjum sé mjög alvarlegt um þessar mundir, svo alvarlegt að grípa verður til bráðabirgðaúrræða ef koma á í veg fyrir hrun og atvinnuleysi þarna syðra, þá þurfa jafnvel hinar fyrstu stuðningsaðgerðir að vera byrjunarspor, ef svo má segja, í átt að framtíðarlausn þess atvinnumálavanda sem þarna er um að ræða og brýn nauðsyn er að leysa. Alhliða atvinnuuppbygging fjölþætts atvinnurekstrar á Suðurnesjum gerist að sjálfsögðu ekki á mjög skömmum tíma, en mikilvægt er að hafist sé handa um þennan undirbúning og byrjunarframkvæmdir og það gert með þeim hætti, að það verði fyrsti áfangi að því marki að tryggja öllum íbúum á Suðurnesjum örugga atvinnu við heilbrigðan, íslenskan atvinnurekstur.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til atvmn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langar til að lýsa yfir fullum stuðningi við þessa till. og ánægju með að hún skuli vera fram komin og hér til umr. Sannleikurinn er sá, að um mörg ár hefur vandamál verið þar syðra varðandi atvinnulíf. Suðurnesin hafa, eins og vitað er og eins og tekið var fram af fyrri flm. þessarar till., byggt afkomu sína á sjávarútvegi frá alda öðli, og það er fyrst nú seinni árin sem á bjátar um rekstur útvegs og fiskvinnslu þar. Alveg fram til 1971 voru brúttótekjur af fiskvinnslu á Suðurnesjum meiri en annars staðar í landinu. En nú nokkur hin seinni ár hefur þessu farið hrakandi og fiskvinnslan verið í lágmarki og verr sett en víðast annars staðar í þessu landi. Til þessa liggja margar ástæður, eins og hér hefur komið fram. Ég hef litið svo á, að ein af ástæðunum væri sú, að á Suðurnesjum er eitt stærsta atvinnufyrirtæki landsins, þ. e. a. s. Keflavíkurflugvöllur, og okkur hefur fundist, sem höfum þurft að fara á fjörur við stofnanir og ráðamenn hér, að það væri öðruvísi tekið í málefni Suðurnesjamanna, kannske á þeim grundvelli að mönnum fyndist að þar sem þeir hefðu þetta stóra atvinnufyrirtæki, þá væri þeim ekki eins brátt um að fá lausn sinna mála og öðrum landshlutum, sem ekki hefðu Keflavíkurflugvöll til að byggja á. Hvað sem um það er, þá er víst að það hefur verið torsótt að fá lausn á vanda þeirra. Það vantar ekki að margar nefndir hafi verið skipaðar, og áætlunardeildir og hagdeildir viðskiptabankanna, Framkvæmdastofnunar ríkisins o. fl. aðila jafnvel hafa verið önnum kafnar við að reikna og reikna. En lítið hefur áunnist og lítið hefur skeð í lausn á vandamálum þeirra ennþá.

Það er rétt, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að að sjálfsögðu er mikil nauðsyn á að breikka grundvöllinn undir atvinnuháttum á Suðurnesjum, og er þá að sjálfsögðu fyrst og fremst gripið til þess að hugsa til iðnaðarins. En slíkt tekur langan tíma og mikið mál að undirbúa, og því held ég að sú lausn, sem verður að líta til á næstunni, sé einmitt að koma fiskvinnslu og útgerð á réttan kjöl aftur, og það held ég að geti aðeins gerst með því að auka þeirra hráefnismöguleika, en ekki með því að fækka atvinnutækjunum. Þetta er það sem nokkuð

hefur verið deilt um, hvort bæri að loka þarna atvinnustöðvum eða hvort ætti að fjölga fiskiskipum þannig að hráefni gæti orðið meira að magni til. Ég held að ekki sé vafi á því, að gera þurfi hvort tveggja, en á vissum stöðum þarna syðra þurfi í fyrsta lagi að fjölga togurum. En það er einkennilegt, að þrátt fyrir þann samdrátt, sem orðið hefur, hefur þó alveg fram að seinni hluta þessa árs tekist að koma í veg fyrir atvinnuleysi, en nú er aftur á móti verulega farið að brydda á því.

Í sambandi við framtíðarlausn á málefnum Suðurnesja hefur ýmislegt komið til greina, og mér þykir gaman að geta glatt menn með því, að hingað inn í Alþingishúsið kom nú í dag fyrsta sýnishornið af salti frá Reykjanesi, þ. e. a. s. þar er nú tilraunavinnsla hafin með að framleiða salt og ekki aðeins matarsalt, heldur fleiri sölt. Þau sölt, sem nú eru til sýnishorn af, eru matarsalt, natríumklóríð, kalíumklóríð og kalsíumklóríð, mjög hagnýt efni sem eru í allmikil verðmæti, og vonir standa til að þarna geti hafist atvinnuuppbygging innan tíðar, þótt þetta ár líði vafalaust án þess að slík bygging hagnýtrar verksmiðju geti hafist.

Enn fremur er það, að mörgum hefur dottið í hug, að í sambandi við hinn stóra flugvöll okkar, stærsta flugvöll landsins, Keflavíkurflugvöll, væri ekki úr vegi að athuga hvort þar væri ekki hægt að hafa samsetningaraðstöðu í fríhöfn, erlend verkefni yrðu þar fullunnin og send út aftur. Slíkt gerist t. d. í Írlandi og víðar og hefur gefið mörgum góða raun.

Enn fremur er það, að ef útgerðin og fiskvinnslan kæmist í gott lag á ný, þá er enginn efi á því, að þjónustufyrirtæki mundu rétta við á nýjan leik og þau mundu vafalaust verða fær um að taka fleiri starfsmenn til sín en þau geta gert í dag.

Á sama hátt er það, að slippurinn, sem í þessu landi veitir fjöldamörgum atvinnu víða um land, slippurinn þarna suður frá hefur átt í miklum erfiðleikum einmitt vegna þess mikla fjármagnsskorts sem verið hefur þarna syðra alllengi.

Ég lít nú svo á, að þessi till. sé komin fram á mjög góðum tíma og sé nauðsynleg til viðbótar við þá till. sem var samþ. á síðasta Alþ., þ. e. a. s. að kanna áhrif Keflavíkurflugvallar á atvinnumál og félagsmál þarna syðra, og tel að rannsókn á þessum málum geti gefið raunhæfa mynd af ástandinu og auðveldað leiðirnar til úrbóta.

Ég verð líka að segja það, að mér hefur fundist vel athugandi að íbúar Suðvesturlandsins og Suðurnesjanna fengju sérstaka aðstöðu gagnvart þeim tegundum fiska, sérstaklega síldar og humars, sem halda sig aðallega á þessu svæði, — fengju sérstaka aðstöðu til nýtingar á þessu, eins og t. d. gert er við rækjuna í öðrum landshlutum. Þetta mundi geta gefið nokkurt öryggi og létt nokkuð á í þessum atvinnumálum.

Ég held því fram og er viss um að það ástand, sem er í okkar kosningamálum, þar sem atkvæði manna í Reykjaneskjördæmi er aðeins 1/4—1/5 á móti því sem best gerist í landinu, hefur haft áhrif í þessum efnum. Enginn vafi er á því, að ef þetta landssvæði hefði haft sterkari stöðu hér innan þingveggja á undanförnum árum, þá hefði verið auðveldara að koma málum þess í höfn heldur en reynst hefur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 52. fundur.

Miðvikudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 228, n. 321). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. N. hefur fjallað um þetta mál og mælir eindregið með samþykkt þess. Þetta frv., sem hér um ræðir, er liður í margvíslegum félagslegum aðgerðum, sem ríkisstj. hefur unnið að í samvinnu við samtök launafólks, og er það einróma álit n. að mæla með því að frv. verði samþ. Jafnframt er rétt að taka það fram, að 97. mál, sem er samhljóða meginákvæðum þessa frv., hefur þar með einnig verið afgreitt í n., en hún kýs að leggja álit sitt fram á grundvelli þess frv., sem hér er til umr. og mælir eindregið með samþykkt þess.

Jón G. Sólnes.: Herra forseti. Einhverra hluta vegna fór 1. umr. þessa frv. fram hjá mér, annaðhvort hef ég ekki verið viðstaddur eða orðið af umr. af einhverjum öðrum ástæðum.

Ég vil í sambandi við þetta mál, sem hér er til meðferðar, benda á eitt atriði sem ég held að menn þurfi að hafa í huga varðandi það mál sem þetta frv. fjallar um. Og nú vil ég taka það fram, að þau ummæli, sem ég mun hafa hér á eftir, eru ekki stíluð á að andæfa því að tryggja nauðsynlegan rétt launafólks í sambandi við laun þess þegar til gjaldþrotaskipta fyrirtækja kemur og önnur vandræði steðja að. Ég vil aðeins benda á, að ég held að nauðsynlegt sé fyrir löggjafann að taka til athugunar að við megum ekki hafa þetta allt of opið. Samkv. þeim ákvæðum, sem eru í þessu frv., og reyndar lögum, sem höfðu áður verið afgreidd svipaðs eðlis, er ekki útilokað að fyrirtæki geti gert algerlega óraunhæfa launasamninga, sem eiga sér ekki neina eðlilega stoð, og svo þegar til gjaldþrotaskipta kemur sé hægt að ávísa á ríkissjóð til fullnægingar slíkum samningum. Ég held að nauðsynlegt sé fyrir löggjafann að setja einhverjar skorður við því, að ákvæði, sem felast í lögum eins og þessum verði ekki á neinn hátt til þess að skapa möguleika á misnotkun sem gæti kostað ríkissjóð stórfé. Þetta held ég að sé ekki óeðlilegt að taka til athugunar, að þarna þurfa að vera einhver ákvæði sem fela í sér varúð eða varnaðarorð á þann veg að ekki verði stefnt í einhverja ófæru sem erfiðleikar geta orðið á að komast út úr.

Herra forseti. Ég vildi aðeins benda á þetta atriði við 2. umr. þessa máls, en ég tel að þetta sé mikilvægt atriði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.-3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Réttur verkafólks til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, frv. (þskj. 273). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt um rétt verkafólks til uppsagnarfrests og til launa í sjúkdóms- og slysaforföllum og ríkisstj. hefur samþykkt að standa að, hefur verið kynnt fyrir fulltrúum launþegasamtakanna og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og rætt við þá um það. Fulltrúar vinnuveitenda hafa mótmælt setningu þessara laga, bæði af formsástæðum, en raunar einnig efnislega að hluta. Hvað formið varðar telja þessir aðilar að hér sé á alls óviðunandi og íþyngjandi hátt seilst með einhliða valdboði inn á samningssvið, sem sé löggjafanum óviðkomandi, eins og segir í grg. Vinnuveitendasambandsins um málið.

Erfitt er að taka svona staðhæfingar alvarlega. Þess er fyrst að gæta, að lagasetning um uppsagnarfrest og greiðslur til verkafólks vegna sjúkdóma og slysa eru ekki nýmæli í íslenskri löggjöf. Við höfum um 20 ára skeið búið við löggjöf í þessum efnum, lög nr. 16 frá 9. apríl 1958. Getur það því vart talist óviðunandi og íþyngjandi íhlutun í mál, sem sé löggjafanum óviðkomandi, þótt ákvæði þessara laga séu nú tekin til endurskoðunar og færð í það horf sem breyttir tímar og ný viðhorf fólks til almennra mannréttinda gera tilkall til. Hins er einnig að gæta, að löggjafinn hefur þráfaldlega talið sig til þess knúinn að grípa inn í gerða kjarasamninga með þeim hætti, að umsamdar launahækkanir hafa ýmist verið felldar alveg niður eða þeim eytt með ráðstöfunum í verðlags- og skattamálum, jafnvel skipt á þeim og úrbótum í réttinda- og félagsmálum. Slíkt gerðist fjórum sinnum á síðasta ári. Ég hef ekki orðið var við að atvinnuveitendur kvörtuðu undan því, að slíkar ráðstafanir væru ósæmileg íhlutun inn á samningssvið sem löggjafanum sé óviðkomandi. Þvert á móti hafa þeir látið sér slíkt vel líka og raunar stundum kvartað undan því, að ekki væri nógu langt gengið, eins og gerðist í tengslum við ráðstafanirnar 1. des. s. l., þegar 6% launahækkun af þeim 14%, sem launþegar áttu samningsbundið tilkall til, var talin allt of mikil og yfir því kvartað að atvinnureksturinn fengi ekki undir slíkri hækkun risið. Ef samningsrétturinn væri vinnuveitendum svo heilagur sem þeir nú vilja vera láta hefði þeim borið að mótmæla kröftuglega a. m. k. fjórum sinnum á síðasta ári einu saman, en ekki þá fyrst þegar verkafólk fær endurgjald fyrir verulega eftirgjöf af umsaminni kauphækkun, sjálfsagða leiðréttingu á lágmarksréttindum til atvinnuöryggis og afkomuöryggis þegar veikindi eða slys ber að garði.

Ég tel ekki þörf á að fara mörgum orðum um efni frv. eða einstakar greinar þess og vísa því efnislega til þeirra aths. sem með frv. fylgja. Ég mun þó ræða nokkuð um þær helstu breytingar sem í þessu frv. er gert ráð fyrir frá gildandi lögum.

Réttur verkafólks til eins mánaðar uppsagnarfrests frá störfum er rýmkaður frá því sem nú er, en um það segir svo í aths. við frv., með leyfi forseta:

„Rétti verkafólks til eins mánaðar uppsagnarfrests er breytt á þann veg, að eins árs samfellt starf innan sömu starfsgreinar" — ég undirstrika: innan sömu starfsgreinar — „nægir, en samkv. eldri lögunum þarf launþegi að vinna í eitt ár samfellt hjá sama atvinnurekanda.

Rétturinn er hins vegar takmarkaður við störf hjá aðilum, sem fást við atvinnurekstur, og nær því t. d. ekki til einstaklinga sem ráða verkafólk tímabundið til starfa, svo sem við húsbyggingu o. þ. h.

Það er nýmæli að lögfesta með þessum hætti tiltekin réttindaávinning með samfelldu starfi innan ákveðinnar starfsgreinar, þótt hliðstæð ákvæði sé víða að finna í vinnulöggjöf nálægra þjóða. Raunar eru slík ákvæði þegar komin inn í kjarasamninga a. m. k. eins starfshóps hér á landi, þ. e. Sambands byggingarmanna. Þetta nýja ákvæði kemur einkum til góða því fólki sem stundar margvíslega árstíðabundna atvinnu, t. d. í fiskiðnaði, og hefur fram til þessa ekki náð að öðlast rétt til marktæks uppsagnarfrests. Hins vegar þykir eðlilegt að gera þá kröfu til launþega, sem á að öðlast rétt samkv. þessu ákvæði, að hann hafi staðið að uppsögn hjá fyrri vinnuveitendum sínum í samræmi við lög og samninga."

Auk þessa koma inn ný ákvæði um lengingu uppsagnarfrests þeirra sem hafa verið ráðnir samfellt hjá sama atvinnurekanda um tiltekið árabil. Eftir þriggja ára ráðningu kemur tveggja mánaða uppsagnarfrestur og eftir fimm ára ráðningu þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Ég vænti þess, að enginn hv. þm. telji það ofrausn að verðlauna með þessum hætti tryggð verkafólks við vinnustað sinn.

Í 4., 5. og 6. gr. er svo kveðið á um rétt til launa í veikinda- og slysatilfellum. Er sá réttur verulega mikið rýmkaður frá gildandi lögum, en þó á þann hátt, að atvinnurekendum er gert mögulegt að tryggja sig fyrir þeim aukna tilkostnaði sem getur orðið samfara þessum breytingum. Að vísu er þess að geta hér, að það getur skapað ákveðin vandamál um kaup á slíkum tryggingum, að hámarksréttur til veikinda- og slysagreiðslna innan sama 12 mánaða tímabils, er ekki takmarkaður í 5. gr. Eins og frv. er nú getur sami starfsmaður átt rétt til þessara greiðslna oftar en einu sinni á sama ári. Hefur Vinnuveitendasamband Íslands bent sérstaklega á þetta atriði í bréfi til forsrh. frá 25. þ. m.

Nú er þess að gæta að þau réttindi, sem verkafólki eru veitt með 5. gr. frv. til viðbótar þeim réttindum sem það nú þegar hefur, eru takmörkuð við tiltölulega þröngan hóp, eða þá eina sem samfellt hafa unnið í þrjú ár eða fimm ár hjá sama atvinnuveitanda. Þau koma því aðeins til góða því fólki sem sýnt hefur sig að því að vera traust og áreiðanlegt og ekki þarf að óttast að misnoti svona réttindi. Á hitt vil ég líka benda, að þótt ekki sé til í reglum tryggingafélaganna iðgjaldagrundvöllur fyrir þessari endurtekningaráhættu er það ekkert vafamál, að um slíkan grundvöll geta atvinnurekendur samið við tryggingafélögin þegar það verður orðið nauðsynlegt. Hins vegar verður ekki fullyrt um það nú, hve há iðgjöld kann að semjast um vegna endurtekningaráhættunnar. Þrátt fyrir þetta kann það að vera rétt, að þetta atriði þurfi að hugleiða sérstaklega, og beini ég því til þeirrar n., sem um frv. mun fjalla, að gera svo.

Í bréfi sínu til forsrh., sem ég áður vitnaði til, leggur Vinnuveitendasambandið þunga áherslu á það, að staðgengisreglan verði algerlega numin úr gildi. Nú skal ég játa það fúslega, að ég tel þessa reglu alls ekki gallalausa, en við skulum minnast þess, að þessi lög eru ásamt fleiri

að hluta til hugsuð sem nokkurs konar endurgjald til verkafólks fyrir verulega eftirgjöf á launagreiðslum sem það átti samningsbundið tilkall til. Það endurgjald hefur ríkisstj. ekki hugsað sér að greiða með því að skerða þann rétt sem verkafólk hefur nú þegar samkv. gildandi lögum.

Í 4. gr. er öllu verkafólki, sem slasast í vinnuslysi eða veikist af sjúkdómi sem rakinn verður til þeirrar vinnu sem það stundar, tryggður réttur til dagvinnulauna í þrjá mánuði. Rétturinn takmarkast þó við þá aðila sem stunda atvinnurekstur. Er þannig fyrir það girt t. d., að einstakur húsbyggjandi, sem þarf að ráða fólk til ýmissa starfa tímabundið, segjum kannske einn dag eða svo, geti þurft að greiða slíkar veikinda- eða slysabætur.

Í 5. gr. er lagt til að fastráðið verkafólk haldi þeim rétti sem það hefur nú þegar til greiðslu svonefndra staðgengislauna í einn mánuði í öllum veikinda- og slysatilfellum. Til viðbótar koma svo daglaun í einn mánuð eftir þriggja ára ráðningu og í tvo mánuði eftir fimm ára ráðningu hjá sama atvinnurekanda. Hér liggur aftur til grundvallar sú hugsun, sem ég veit að vinnuveitendur eru efnislega sammála um, að eðlilegt sé að launa tryggð við ákveðinn vinnustað með auknum starfsréttindum. Réttur verkafólks til þessara greiðslna er einungis háður fastráðningu um tiltekið árabil. Hins vegar skiptir ekki máli hver er orsök veikindanna eða hvar launþegi hefur orðið fyrir slysi. Þegar þetta fastráðna fólk lendir hins vegar í eiginlegu vinnuslysi eða veikist af atvinnusjúkdómi, getur það átt rétt til daglauna í allt að þrjá mánuði til viðbótar. Hámarksréttur til launa væri þannig í alvarlegustu vinnuslysum og atvinnusjúkdómum og eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama vinnuveitanda orðinn sex mánuðir og þar af einn eftir staðgengisreglunni.

Samkv. 6. gr. fær verkafólk á fyrsta starfsári viðurkenndan rétt til staðgengislauna í tvo daga fyrir hvern einn mánuð í stað eins, eins og nú er í flestum kjarasamningum. Er það eina tilfellið um aukningu á hinum svokölluðu staðgengislaunum.

Loks er í 7. gr. ákvæði um lágmarksframlag til sjúkrasjóða verkafólks, sem vera skal 1% af útborguðu kaupi. Slíka sjúkrasjóði hafa flestir launþegar nú þegar, þó ekki verslunarfólk, og iðgjaldið er víða í samningum hærra en 1%. Það kann að virðast ofrausn að viðhalda þessum greiðslum eftir þá miklu aukningu á launagreiðslum í veikinda- og sjúkdómstilfellum sem frv. gerir ráð fyrir. Hér er þó þess að gæta, að þótt þetta frv. verði að lögum eru réttindi nokkurs hluta verkafólks þó enn ótrygg og geta sjúkrasjóðir því vissulega haft mikilsverðu hlutverki að gegna áfram. Eins kemur það til, að mikill áhugi er fyrir því að taka upp reglubundið eftirlit með heilsufari alls verkafólks, t. d. með læknisrannsókn á tveggja ára fresti og oftar hjá því fólki sem starfar á vinnustöðum þar sem sérstök hætta er á atvinnusjúkdómum t. d. vegna hávaða eða reykmengunar. Er ráðgert að setja slík ákvæði í lög þau sem nú er verið að vinna að um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þykir mér eðlilegt að sjúkrasjóðirnir verði þar látnir koma til og greiða kostnað af slíku eftirliti eftir því sem aðstæður þeirra og geta gefa tilefni til.

Að öðru leyti en hér hefur verið talið vísa ég til þeirra aths. sem frv. fylgja.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. þessarar hv. d. og 2. umr.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég ætla að lýsa ánægju minni yfir að þetta frv. skuli nú fram komið. Það er, eins og öllum hv. dm. er kunnugt, liður í hinum svokallaða „félagsmálapakka", sem samið var um milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. fyrir 1. des. s. l. Og þetta frv. er það veigamesta sem í þeim málefnasamningi fólst.

Ég þarf ekki að bæta við það sem hæstv. félmrh. sagði. Við alþm. höfum fengið mótmæli frá samtökum atvinnurekenda varðandi þetta frv. og það kom svo sem ekki neitt á óvart. En með þessu frv. er verið að tryggja almennu verkafólki rýmri rétt en það hefur haft, bæði varðandi uppsögn í störfum og einkum og sér í lagi greiðslur vegna veikindaforfalla og í slysatilvikum.

Ég ætla ekki að fara að rekja efnisatriði frv. Hér er verið að reyna að færa réttindi hins almenna verkafólks, hvort sem það er faglært eða ófaglært, nær réttindum ýmissa annarra þegna þjóðfélagsins sem á vinnumarkaðnum starfa, og því er þetta frv. mikið réttlætismál. Ég átti á sínum tíma þátt í að semja frv. að þeim lögum sem þetta frv. nú tekur við af, þ. e. a. s. lögunum frá 1958. Þá hafði hið almenna verkafólk ákaflega takmörkuð réttindi, bæði varðandi uppsagnir frá störfum og greiðslur í veikinda- og slysatilvikum. Við höfðum þá árum saman reynt að ná fram í samningum við atvinnurekendur bótum á þeim kjaraatriðum, en án árangurs. Nokkru áður en það frv. var flutt og síðan samþykkt sem lög var einmitt samtökum atvinnurekenda boðið að gera samninga sem væru u. þ. b. á grundvelli þeirra laga. Enn einu sinni var því neitað. Um það, að löggjafinn eigi sem minnst að fjalla um þessi mál, heldur skuli það gert í samningum milli aðila vinnumarkaðarins, er út af fyrir sig gott að segja, en þá þurfa sjálfsögð réttindi eins og hér um ræðir að nást fram í samningum. Það hefur ekki tekist, og ég tel alveg sjálfsagt að einmitt löggjafinn fjalli um mál af því tagi sem hér um ræðir. Sú hefur iðulega orðið niðurstaða samninga við atvinnurekendur, að ríkisstjórnir hafa komið inn í þá samninga á tiltekinn hátt með fyrirheit um löggjöf um tiltekin atriði. Þetta er ákaflega vel þekkt úr baráttusögu verkalýðshreyfingarinnar, samskiptum hennar við samtök atvinnurekenda og ríkisstj. Ég þarf ekki að fara að rekja nein dæmi, svo vel eru þau þekkt.

Það er rétt, sem hæstv. félmrh. tók hér fram, að einstök atriði hafa verið umdeild í lögunum frá 1958 og ekki ævinlega verið eining um framkvæmd þeirra. Um þau hafa gengið nokkrir dómar. Sá dómur, sem hvað áhrifaríkastur var á framkvæmd laganna, varðar hina svokölluðu staðgengisreglu, þ. e. a. s. menn skyldu halda óskertum launum þegar þeir forfölluðust frá störfum vegna veikinda eða slysa. Það er í framkvæmd á þann hátt, að menn hafa ekki aðeins umsamda fasta yfirvinnu, sem einn dómur er til um, heldur einnig þær tekjur sem menn sannanlega hefðu átt ef þeir hefðu ekki forfallast frá starfi, þ. e. a. s. sömu tekjur og sá, sem tók við störfum hans eða starfshópurinn hafði sem hann vann með. Um þetta hefur aldrei í raun og veru verið neitt samkomulag, heldur gekk dómur sem var túlkun Hæstaréttar á lögunum. Í samningaumræðum undanfarin ár höfum við alltaf boðið að svokölluð staðgengisregla skyldi ekki ná yfir þær greiðslur sem væru fram yfir það sem nú er í samningum og að nokkru leyti í lögunum, þ. e. a. s. fjögurra vikna greiðslu í veikinda- og slysatilvikum. Þessari reglu

er fylgt í þessu frv. Ég held að einmitt þar sé verulega komið til móts við atvinnurekendur.

Ég á sæti í þeirri n., sem þetta mál fer til, og ætla ekki, eins og ég sagði, að gera sjálft frv., efnisatriði þess, frekar að umræðuefni, en endurtek, að ég fagna því, að þetta mál skuli fram komið á Alþ., og vænti þess, að það fái greiða afgreiðslu hjá þessari hv. d. og geti sem allra fyrst hlotið endanlega afgreiðslu frá þinginu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða það mál, sem hér er til umr., efnislega að sinni, til þess gefst tækifæri síðar. Þetta mál fer til n. og verður ugglaust þar tekin afstaða til ýmissa efnisatriða í frv., sem skiptar skoðanir eru um, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. í þeim fyrirvörum sem hann hafði um örfáa liði vegna fram kominna sjónarmiða eftir að frv. var samið.

Þetta frv. er hluti af þeim svokallaða „pakka", sem lagður var fram rétt fyrir 1. des. s. l. og á að koma í staðinn fyrir þær launahækkanir sem þá hefðu átt að eiga sér stað, en eins og hv. þm. muna ákvað ríkisstj. að bæta launþegum upp þessi laun með svokölluðum félagslegum umbótum. Nú kemur það á daginn, að þessar félagslegu umbætur eiga atvinnufyrirtækin að greiða — þau fyrirtæki sem 1. des. gátu ekki greitt umsamin laun að áliti ríkisstj., eða a. m. k. verður maður að álíta að ríkisstj. hafi gripið til þessara ráða til þess að koma í veg fyrir að kostnaðurinn af launahækkununum fari út í verðlagið. Nú kemur samt sem áður í ljós, að það eru sömu aðilar sem eiga að borga brúsann. Ég get ekki annað séð en nákvæmlega sama gerist þegar um launahækkanir er að ræða.

Hæstv. ráðh. gat um bréf sem Vinnuveitendasamband Íslands hefur sent hæstv. forsrh. í sambandi við þetta mál. Í þessu bréfi segir — með leyfi forseta — í lokin:

„Við viljum ítreka þá kröfu okkar, að nú þegar verði skipuð nefnd frá vinnuveitenda- og launþegasamtökunum til að fjalla um framangreint frv. og freista þess að ná samkomulagi um efni þess. Við teljum álögur þær og þá stórkostlegu áhættu, sem hér er stefnt að, einkum fyrir smáar rekstrareiningar, svo þungbærar að þær jafngildi mun meiri kauphækkun en 2-3%, sem félagslegar umbætur áttu að koma í staðinn fyrir."

Mig langar í framhaldi af þeim sjónarmiðum sem vinnuveitendur lýsa að spyrjast fyrir um það, ef upplýsingar liggja fyrir um það hér og nú, hvernig hafi verið háttað svokölluðum samráðum við aðila vinnumarkaðarins, sem hæstv. ríkisstj., sem nú situr, lagði ríka áherslu á í upphafi stjórnartímabilsins. Það væri ástæða til þess að átta sig á því, hvernig þessum samráðum hafi verið háttað, hve margir fundir hafi verið haldnir, hvort efni frv. þessa og annarra slíkra, sem eiga eftir að koma til hv. Alþ., hafi verið rætt á einhvers konar samráðssamkomum eða hvort ætlunin sé að gera það í framtíðinni. Og eins vil ég spyrja um hitt, — ég býst við að hæstv. félmrh., sem er eini ráðh. sem hér er mættur, taki þá svari ríkisstj., — hvort hæstv. forsrh. hafi svarað þessu bréfi, sem ég las hér úr áðan, og hvernig tekið hafi verið í þau sjónarmið vinnuveitenda að skipuð yrði nefnd til að ræða þessi mál og komast að niðurstöðu.

Eins og ég sagði í upphafi er ég ekki að leggja dóm á efnisatriði málsins. Ég hef ekki skoðað það ítarlega ofan í kjölinn. En ég tel fulla ástæðu til þess, þegar um jafnviðkvæm mál og þessi er að ræða, að þá sé a. m. k. þess gætt að samráð séu höfð við aðila vinnumarkaðarins og því fremur þegar ríkisstj. hefur lofað því í upphafi stjórnartímabilsins.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Vegna ummæla 5. landsk. þm. vil ég taka fram, að það voru 8% sem voru felld niður með þessu móti, 3% var talið að mætt væri með hinum svokallaða „félagsmálapakka" og 5% á annan hátt. Af atvinnurekendum var létt 8% af þeim launum sem þeir áttu samkv. þeirra eigin samningum að greiða, við megum ekki gleyma því. Þetta er ekki fyrst og fremst gert vegna þess að það sé álitið að atvinnureksturinn hafi ekki getað borið þessi 14%, heldur er þetta fyrst og fremst og svo til eingöngu liður í baráttunni við verðbólguna.

Um samráð er það að segja, að það hafa verið haldnir svokallaðir formlegir samráðsfundir, milli 20 og 30, eftir því sem fjmrh. sagði í gær á einum slíkum. Ég hef ekki átt sæti nema upp á síðkastið á þessum samráðsfundum — ég hef verið varamaður hæstv. sjútvrh. — þannig að ég hef ekki fylgst með þessu alveg frá degi til dags. Hitt er rétt, að samráð hafa aðallega verið höfð við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, en minna við atvinnurekendur, það verður að viðurkenna. Þó átti ég fund með atvinnurekendum um þetta mál sérstaklega og þau mál önnur sem í hinum svokallaða „félagsmálapakka" voru, þannig að við þá hafa verið höfð samráð.

Um það, hvort forsrh. hafi svarað þessu bréfi, veit ég ekki. Það hefur ekki verið rætt í ríkisstj. Ljósrit af bréfinu var afhent ráðh., en það hefur ekki verið tekið til afgreiðslu þar.

Um samráð að öðru leyti við fulltrúa vinnuveitenda vil ég upplýsa það, að þeir sögðu sig formlega úr öllum samráðsnefndum, þannig að dálítið erfitt hefur verið að hafa við þá samráð. En auðvitað er ríkisstj. tilbúin að hafa slík samráð við þá áfram eða taka þau upp ef þeim sýnist svo. Einmitt nú þessa dagana hafa þessi samráð verið mjög til umræðu og ákveðið hefur verið að auka þau mjög verulega, þó þannig að ráðh. séu ekki endilega bundnir á öllum fundum, því að þeir hafa bókstaflega ekki tíma til þess, heldur vinni fulltrúar þeirra jafnhliða í tæknilegum málum ýmiss konar, þó að ráðh. séu alltaf tilbúnir að koma til þegar á þarf að halda.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það, sem kemur mér til að standa upp, er tónninn í upphafsorðum hæstv. ráðh. þegar hann tók til máls í fyrra skiptið. Hann talaði með þvílíkri fyrirlitningu um umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, að ég verð að segja að ég varð furðu lostinn, enda — eins og hann sagði — ekki við öðru að búast úr þeirri átt en neikvæðri umsögn! Ég harma það, að ráðh. sjálfur skuli ekki finna að hann á að vera samnefnari aðila vinnumarkaðarins þegar hann á annað borð skiptir sér af vinnumarkaðinum eða samkomulagi sem verið er að reyna að koma á milli aðila vinnumarkaðarins, — nema hann vilji staðfesta að Vinnuveitendasambandið sé orðið það lítils megnugt að það taki því ekki að líta á það og þá aðila, sem standa að þeim samtökum, sem aðila vinnumarkaðarins. Kannske sósíalisminn eða kommúnisminn sé kominn á það stig, að aðilar vinnumarkaðarins frá þeirra sjónarmiði séu eingöngu ríki og sveitarfélög. Það er rétt, að þetta eru orðnir langstærstu vinnuveitendur í landinu, og þar af leiðandi telur ríkisstj. sér ekki skylt að eyða miklum tíma í að tala

við þá aðila vinnumarkaðarins sem tilheyra Vinnuveitendasambandinu, sem sagt hina frjálsu atvinnurekendur. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig. Það er þá rétt að þjóðin geri sér ljóst að við erum komnir þetta langt í að drepa af okkur frjálst framtak.

En það getur vel verið að einn góðan veðurdag vakni ríkisstj. upp við vondan draum. Það er ekkert víst að hún geti leyft sér að ganga fram hjá vinnuveitendum almennt, vegna þess að ég held að ríkisstj. springi og það kerfi, sem hún er búin að byggja upp á nokkuð mörgum undanförnum árum, *springi á sínum eigin vinnumarkaði.* Ríkisstj. er ekki tilbúin, langt frá því að hún sé undir það búin að taka við því vinnuafli sem gæti skapast við atvinnuleysi á hinum frjálsa vinnumarkaði. Og þó að sá skömmtunarseðill til hinna frjálsu vinnuveitenda, sem hér er lagður fram á þskj. 273, nái fram að ganga og vinnuveitendur í Vinnuveitendasambandi Íslands fái þar engu um ráðið og ekkert tillit verði tekið til umsagna þeirra sem þeir veita að beiðni opinberra aðila, þá getur vel verið að það verði til þess að atvinnurekendur loki í enn ríkari mæli en þegar er orðið fyrirtækjum sínum — og hvað ætlar ríkisstj. þá að gera við það fólk sem kemur á vinnumarkaðinn?

Ég get ekki betur séð en það sé samdráttarstefna, sem ríkisstj. rekur, og þá samdráttarstefna náttúrlega á þeim vinnumarkaði, sem hún ræður best við, og ætlast þá til að hinn frjálsi atvinnurekandi taki við því vinnuafli sem kemur á frjálsan markað af þeim vinnumarkaði sem ríkisstj. ræður yfir, á sama tíma og hún er að knésetja hinn frjálsa atvinnurekanda með íþyngjandi aðgerðum.

Ég harma það, að ríkisstj. skuli ekki taka meira tillit til umsagna samtaka vinnuveitenda, þó svo að ríkisstj. beri ekki meiri virðingu en raun ber vitni fyrir þeim samtökum. Ég álít að hér sé um valdboð að ræða sem setur hinn frjálsa vinnuveitanda og þann vinnumarkað í hættu.

Ég lýsi furðu minni á því, að ekki skuli vera vilji fyrir því að skipa sameiginlega nefnd manna, bæði frá verkalýðshreyfingunni og frá ríkisstj. sjálfri og frá samtökum frjálsra vinnuveitenda, Vinnuveitendasambandi Íslands. Ég er hræddur um að endanlegur kostnaður og langmesti kostnaðurinn við það frv., sem hér er á dagskrá, lendi á ríki og sveitarfélögum sjálfum sem langstærstu vinnuveitendunum.

Á sama tíma sem þessar íþyngjandi aðgerðir eru samþykktar gagnvart hinum frjálsa vinnuveitanda eða vinnumarkaðinum í heild má segja, þá vitum við að fyrirtæki eru fjárvana. Það er rétt, sem hefur komið fram hjá guðföður þessarar ríkisstj., að almennur rekstur þolir ekki fjármagnskostnað þann sem í dag hvílir á hinum almenna frjálsa rekstri. Þessi frjálsi rekstur getur hvorki hækkað álagningu né getur hann skattpínt fólk, eins og ríkisstj. gerir til þess að standa undir ráðstöfunum sínum. Hann verður að taka af rekstri sínum og eignum eða bara keyra sig í strand á lánum til að fresta því að loka fyrirtæki sínu. Hér er sem sagt um að ræða annaðhvort vísvitandi eyðileggingu á hinum frjálsa vinnumarkaði eða hreina eignaupptöku, sem er í gangi þar sem ríkið ætlar sér það hlutverk að verða endanlega eini vinnuveitandinn ásamt sveitarfélögum á Íslandi.

En það er óþarfi að ráðamenn, eins og t. d. í þessu tilfelli hæstv. ráðh., láti kné fylgja kviði og tali í lítilsvirðingartón um Vinnuveitendasamband Íslands og umsögn þess í þessu dauðastríði, sem vinnuveitendur eiga nú í, því að það er barátta annars vegar á milli opinberra aðila og hins vegar hins frjálsa vinnumarkaðar sem á sér stað. Spurningin er: Deyr hinn frjálsi vinnumarkaður út áður en ríkisstj. er öll?

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Vegna ummæla hv. 1. þm. Reykv., þá var ekki og er ekki hugmyndin hjá mér að sýna vinnuveitendum neina fyrirlitningu. Hitt verð ég að segja eins og er, að á þessum fundi, sem ég átti með þeim um þessi mál, var ég afskaplega lítið hrifinn af þeim, því að þeir vildu ekkert gefa til baka — *bókstaflega ekkert á móti þessum 3%,* hvað þá hinum 5%, þannig að við teljum að við séum með þessu að létta á þeim frekar en þyngja. Það er því alls ekki um það að ræða, að vísvitandi sé verið að eyðileggja hinn frjálsa vinnumarkað, nema síður sé. Ég sagði áðan að ég væri tilbúinn að ræða við þá áfram um þessi mál öll, ef þeir eru sjálfir tilbúnir, ef þeir taka aftur úrsögn sína úr samráðsnefndinni. Ég vil taka það fram, að við tókum tillit til ýmissa sjónarmiða sem fram komu á þessum eina fundi.

Í upphaflegum drögum að frv. var staðgengisreglan útfærð að fullu. Það var dregið til baka þegar þeir bentu okkur á *að þeir mundu ekki geta fengið tryggingu á móti* þessari staðgengisreglu, sem er rétt, því að það veit enginn raunverulega hvað hún kostar, sérstaklega þegar hún er til svona langs tíma. Við fórum því, eftir því sem við töldum okkur fært, eftir þeirra eigin tillögum, tókum aths. þeirra til greina að fullu.

Ég endurtek það, að við erum auðvitað tilbúnir að ræða við þá, ef þeir eru tilbúnir að ræða við okkur.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð í sambandi við þetta mál.

Mér finnst út af fyrir sig gott að það fólk, sem vinnur *úti á hinum svokallaða frjálsa vinnumarkaði, fái þá réttarbót* sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En það verður því aðeins réttarbót, að skilyrði séu fyrir hendi hjá þeim aðilum, sem eiga að fullnægja þessum lögum, að fyrirtækjunum sé skapaður sá grundvöllur, að þau beri arð og fái borinn uppi þann kostnað sem sérhvert fyrirtæki verður að fá að gera sem hefur ákveðnar skyldur við starfsmenn sína.

Ég vil vekja athygli á því einnig, og ég segi það fyrir mitt leyti því að ég get lagt efnislegan dóm á þetta frv., að ég tel eðlilegt í sjálfu sér að það verkafólk, sem hér um ræðir úti á frjálsa vinnumarkaðinum, fái þessa réttarbót. Það eru mjög stórir hópar í þessu *þjóðfélagi sem hafa* öðlast þennan rétt fyrir löngu, bæði hjá sveitarfélögum og ríki, þannig að það út af fyrir sig sýnir að þetta hefur verið framkvæmanlegt á liðnum áratugum gagnvart hluta launþega.

Þetta mál snýst að vissu leyti ekki aðeins um það hvort samráða hafi verið leitað við aðila vinnumarkaðarins eða ekki. Það snýst um það, sem Alþ. hefur oft staðið frammi fyrir, að verða að taka afstöðu til ákveðinna félagslegra atriða. Ég fyrir mitt leyti er ekki ánægður með þá aðferð sem hæstv. ríkisstj. hefur haft í þessum málum yfirleitt, það er allt annað mál. Ég tel að þegar ríkisstj. var að *útbúa þennan „pakka" sem hér um ræðir, þá hafi hún á* sama tíma gert ráðstafanir sem verka í þveröfuga átt við tilgang þessara laga. Hún hefur verið að leggja á alls konar álögur í formi skatta og gjalda sem munu veikja þann grundvöll sem þau fyrirtæki standa á sem eiga að fullnægja framkvæmd þessara laga. Það finnst mér mjög

ámælisvert.

Um það, hvort höfð hafi verið nægileg samráð við verkalýðshreyfinguna og vinnuveitendur, er það að segja að samráð í þessum efnum geta aldrei að mínu mati verið ein út af fyrir sig fullnægjandi. Ég þekki það af eigin reynslu, að öll slík samráð og framkvæmd þeirra er og verður matsatriði. Það er staðreynd, að á þessum samráðsfundum er það oft þannig, að minnihlutasjónarmið, hvort sem það eru minnihlutasjónarmið af hálfu vinnuveitenda eða ákveðinna hópa launþega í samráðsnefnd eða nefndum, fá ekki að njóta sín og á þau er ekki hlustað.

Ég ítreka það og legg áherslu á að þetta frv., ef það verður að lögum, verður ekki réttarbót ef fyrirtækjunum er ekki sköpuð sú rekstraraðstaða sem er auðvitað frumskilyrði þess að þetta geti orðið framkvæmt.

Frv. út af fyrir sig er að mínu mati ekki eins hættulegt í framkvæmd og sumir vilja álíta. Það eru alls konar fyrirvara, t. d. að því er lýtur að sjávarútvegi og fiskiðnaði, þannig að komi upp kringumstæður sem gera óframkvæmanlegt fyrir fyrirtæki að veita fólki vinnu, þá eru ákveðnir fyrirvarar um hvernig farið skuli með það í sambandi við framkvæmd laganna og þær greiðslur sem þau gera ráð fyrir.

Um það atriði, að vinnuveitendur hafi ekki tekið þátt í mótun þessara laga, er það rétt sem kom hér fram, að það hefur greinilega mjög skort á að höfð væru samráð við þá um það mál sem hér um ræðir. En málið hlýtur nú að fara til n. og ég geri ráð fyrir að n. sú, sem fjallar um þetta mál á þingi, hljóti að vísa því til umsagnar hjá þeim aðilum, bæði vinnuveitendum og launafólki, sem um það eiga að fjalla. Þannig ætti að vera hægt að fullnægja því, að vinnuveitendur sem slíkir gætu komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Ég vil endurtaka, að ég tel að í þessu frv. felist ákveðin réttarbót sem er hægt að réttlæta að Alþ. fjalli um, því að það eru mörg fordæmi fyrir því, að Alþ. hafi skapað svipaðan rétt og þessi lög gera ráð fyrir. Hins vegar er ég ekki stuðningsmaður „pakkans" út af fyrir sig eins og hæstv. ríkisstj. gekk frá honum fyrir áramót, því að ég tel að í tengslum við hann hafi verið samþykkt lög sem stórlega skaði þann aðila sem á að tryggja framkvæmd þessa frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 75). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Fjórir þm. Alþfl. í þessari hv. d. flytja á þskj. 75 frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Tilgangurinn með frv. er að breyta þeim ákvæðum, sem bundin eru í lögum varðandi verðábyrgð á útfluttum landbúnaðarafurðum. Í 1. gr. frv. er því lýst, hvernig flm. vilja að sú breyting verði, og í 2. gr. er skýrt, hvernig að framkvæmdinni á að standa, þ. e. a. s. að markmiði 1. gr. verði náð í áföngum á fjórum árum til þess að auðveldara verði að gera þá markmiðsbreytingu sem frv. þetta stefnir að.

Efnislega shlj. frv. var flutt í Nd. Alþ. af þm. Alþfl. á síðasta þingi og var þá tekið til alllangrar umr. í þessari hv. d. Ég tel því ekki ástæðu til þess að fara mjög mörgum orðum um þetta mál núna, því að flestir þeir, sem ég tel að hafi sérstakan áhuga á að fjalla um mál þetta nú við 1. umr., tóku einnig til máls um efnislega shlj. frv. sem við fluttum í fyrra.

Núverandi skipan verðábyrgðar vegna útflutnings landbúnaðarafurða var tekin upp með brbl. frá 15. des. 1959, en eins og fram kemur í frv. eru brbl. þessi í formi viðauka við lög um framleiðsluráð landbúnaðarins. Í grg. með frv. þessu er lýst tildrögum lagasetningarinnar, en lagasetningin, sem þá var gerð og er í gildi enn, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. mgr. þessarar greinar."

Með þessum hætti tekur sem sé ríkissjóður að sér verðábyrgð á landbúnaðarafurðum vegna útflutnings, sem numið getur allt að 10% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í landinu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld og á næstu árum eftir stríð var mikill skortur á landbúnaðarafurðum í landinu. Þá var að tilhlutan opinberra aðila, m. a. Alþingis, beinlínis mörkuð sú stefna að styðja bæri með lánafyrirgreiðslu og beinum styrkjum úr ríkissjóði að mikill framleiðsluaukningu í landbúnaði með það að markmiði, að landbúnaðarframleiðslan á Íslandi samrýmdist þörfum þjóðarinnar. Þá var mikill skortur á landbúnaðarafurðum og opinberir aðilar tóku að sér að ýta undir framleiðsluaukningu til að tryggja þarfir þjóðarinnar, m. a. með styrkjakerfi og lánakerfi sem enn er að verulegu leyti í gildi óbreytt. Einn liðurinn í þessari stefnu, að auka bæri framleiðsluna í landbúnaði, er að sjálfsögðu sú verðábyrgð sem hér um ræðir. Þar var stefnt að því, að þó fyrir kæmi að landbúnaðarframleiðslan væri á einhverju tilteknu ári nokkuð umfram innanlandsþarfir, þá bæri vegna þeirrar stefnu sem fylgt var, þ. e. a. s. stefnunnar um að auka framleiðslu á landbúnaðarafurðum, — þá bæri ríkissjóði að tryggja það, að bændur yrðu ekki fyrir fjárhagslegum skaða af. Og auðvitað vakti ekki fyrir mönnum að stefna að því að framleiðsla á landbúnaðarafurðum innanlands yrði umfram innanlandsþarfir, heldur hitt að tryggja að framleiðslusveiflur á milli ára kæmu ekki niður á fjárhagslegri afkomu bænda.

Fyrir setningu þeirra laga sem hér um getur, þ. e. a. s. fyrir árið 1959, var ástandið í landbúnaðarframleiðslunni þannig, að framleiðsla landbúnaðarafurða innanlands var ekki meiri en samrýmdist þörfum innanlandsmarkaðarins. Fram til ársins 1959 hafði t. d. útflutningur landbúnaðarafurða aðeins numið 5.45% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar þegar hann var mestur. Þegar mest var flutt út af landbúnaðarafurðum fram til ársins 1959 nam samanlagt framleiðsluverðmæti alls útflutningsins aðeins 5.45% af heildarverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslunnar.

Aðeins 5.45% af landbúnaðarframleiðslunni voru þá flutt út, og auðvitað gengu menn út frá því sem gefnu, að þetta væri vísbending um þá fjárhagslegu ábyrgð sem ríkissjóður væri að taka á sig með þessari lagasetningu. Menn töldu t. d. á Alþ. árið 1960, þegar um þetta var fjallað, að það væri algerlega þarflaust að samþykkja brtt. sem kom þá frá einum þm. Alþfl. við þessa lagasetningu þess efnis, að verðábyrgðinni yrði hagað með öðrum hætti, þ. e. þeim að hún næði til mismunarins á því verði, sem fengist á erlendum markaði fyrir allt að 10% framleiðslunnar, sem út yrði flutt, og því verði, sem fengist innanlands fyrir sama magn. Brtt. þm. Alþfl. árið 1960 var sem sé sú, að verðábyrgðinni yrði hagað þannig, að íslenskum bændum væri tryggt að þeir sköðuðust ekki þó að framleiðslan að magni til í landbúnaðinum væri 10% umfram innanlandsþarfir, sveiflan gæti sem sagt orðið 10% af framleiðslunni innanlands án þess að bændur bæru skaða af. Menn álitu árið 1960 að þessa breytingu væri þarflaust að gera, vegna þess að framleiðslan í landbúnaði innanlands hefði aldrei orðið svo mikil að hún nálgaðist neitt þetta mark, vegna þess að fyrir árið 1959 hefði aldrei verið flutt út af landbúnaðarframleiðslu meira en sem nam 5.45% af heildarverðmætinu eða u. þ. b. helmingi af þeirri verðábyrgð sem þm. Alþf., er brtt. flutti, vildi að ríkið bæri að hámarki. Og sá hv. þm. sem þá var landbrh., hv. þm. Ingólfur Jónsson, sagði í Ed. Alþingis 11. mars 1960 orðrétt, með leyfi forseta:

„Og nú er öllum sú staðreynd ljós, að landbúnaðarframleiðslan vex ekkert í hlutfalli við aukna notkun innanlands, ekkert í samræmi við fjölgun fólksins í landinu, og þess vegna er það rétt ... að það eru litlar líkur til þess, að útflutningsbæturnar verði þungur baggi á ríkissjóði."

Þetta var sem sé skoðun þm. þegar umrædd lög voru sett, að það væru ekki líkur til þess, að þarna væri verið að binda ríkissjóði þungan fjárhagslegan bagga. Engum kom til hugar að umframframleiðsla á landbúnaðarafurðum, offramleiðsla landbúnaðarafurða í landinu, yrði neitt verulega umfram innanlandsþarfir. Það hefur hins vegar komið í ljós, að sú stefna, sem fylgt hefur verið í landbúnaðarmálum allt frá því að afurðalögin voru sett og ég lýsti áðan og laut að því að ýta mjög undir mikla framleiðsluaukningu í landbúnaði með þeim hætti að bændum var yfirleitt gert og er enn gert að sækja allar tekjur sínar, ekki með framleiðniaukningu, heldur beinni framleiðsluaukningu, — sú stefna hlaut auðvitað að koma fram í mjög mikilli aukningu á framleiðslu landbúnaðarafurða, enda reyndust spámennirnir, eins og hæstv. þáv. landbrh. Ingólfur Jónsson, ekki hafa betri sagnaranda en svo, að aðeins tveimur árum eftir að hæstv. þáv. landbrh. lét þau orð falla í ræðu í Ed. sem ég vitnaði í áðan, hafði landbúnaðarframleiðslan vaxið svo mikið í landinu að verðábyrgð ríkissjóðs var nýtt að fullu. Þetta var verðlagsárið 1963—1964, en þá nam greiðsla verðábyrgðar úr ríkissjóði vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum leyfilegu hámarki, þ. e. a. s. 10% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í landinu. Og þessu hámarki hefur verðábyrgðin náð í átta skipti, eða réttara sagt: í þau 14 ár sem liðið hafa síðan fyrst kom full verðábyrgð á landbúnaðarafurðir hefur átta sinnum þurft að koma til þess að sú verðábyrgð væri nýtt að fullu.

Þetta kemur fram í töflu I á bls. 6 í frv., en þar kemur í ljós að frá verðlagsárinu 1963—1964 til verðlagsársins 1977—1978 er hlutfalli heildarverðábyrgðar ríkissjóðs náð fyrsta árið 1963—1964, þriðja árið 1965—1966, fjórða árið 1966—1967, fimmta árið 1967—1968, sjötta árið 1968—1969, sjöunda árið 1969—1970 og áttunda árið 1973—1974. Á verðlagsárinu 1976—1977 fór síðan verðábyrgðin fram úr leyfilegu hámarki. Þá námu greiðslur úr ríkissjóði vegna útfluttra landbúnaðarafurða 11.5% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar eða voru 1.5% prósentustigum umfram leyfilega verðábyrgð. Og ef ríkissjóður verður látinn bera hallann af útfluttri landbúnaðarvöru á verðlagsárinu 1977—1978 þarf verðábyrgðin að nema 13.8% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, eða 3.8% umfram það hámark sem lög leyfa.

Af þessu má augljóslega sjá, hver stefnan hefur orðið, hver afleiðingin hefur orðið m. a. af þeirri lagabreytingu sem gerð var á Alþ. 1959—1960. Það er athyglisvert í þessu sambandi, að á árunum 1963—1974 hafa greiðslur úr ríkissjóði aðeins tvisvar sinnum farið undir 8% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, þannig að það er auðséð að hið leyfilega hámark verðábyrgðar úr ríkissjóði hefur beinlínis verið notað til þess að tryggja ávallt fyllstu umframframleiðslu á landbúnaðarafurðum í landinu sem verðábyrgð ríkissjóðs framast leyfir. Þannig hefur ekki verið stefnt að því, að þessi verðábyrgð væri trygging fyrir sveiflum í framleiðslu milli ára, heldur hinu, að það væri beinlínis regla að landbúnaðarframleiðslan á hverju ári skyldi vera mjög verulega umfram innanlandsþarfir og reikningurinn fyrir mismuninum væri gerður upp af ríkissjóði.

Það er að sjálfsögðu ýmislegt annað sem fram kemur í þessu sambandi. Ef metnar eru greiðslur í þessu skyni í jafnvirðiskrónum, þ. e. a. s. á sambærilegu verðlagi, kemur í ljós hversu þessi útgjöld, sem tekin eru af skattfé almennings og eiga að standa undir útflutningi á offramleiðslu landbúnaðarvara sem ekki fæst nema brot af verði fyrir á erlendum mörkuðum, hafa vaxið gífurlega mikið. Frá verðlagsárinu 1963—1964 til verðlagsársins 1976—1977 hefur greiðslubyrði ríkissjóðs í jafnverðmætum krónum vegna ábyrgðarinnar á útflutningi landbúnaðarvara vaxið um 1.1 milljarð, eða um 71.8%. Í jafnverðmætum krónum hafa sem sé útgjöld ríkissjóðs vegna þessarar verðábyrgðar vaxið um 71.8% frá verðlagsárinu 1963 til 1977. Og þessi verðábyrgð í jafnvirðiskrónum hefur farið stöðugt vaxandi frá ári til árs.

Þá ber þess líka að geta, að eins og þessum útreikningum er hagað, þá þýðir það að ríkið taki á sig ábyrgð vegna sölu á offramleiðslu á landbúnaðarvörum erlendis. Vegna þess, hvernig þeirri reikningsaðferð er hagað, kemur það undarlega fram, að ef t. d. tekjur af lax- og silungsveiðum verða meiri á árinu í ár en árinu í fyrra, þá eykst það fé sem greiða ber úr ríkissjóði vegna útflutnings á dilkakjöti og smjöri. Ef tekjur af hirðingu rekaviðar og sölu rekaviðar í girðingarstaura og til annarra slíkra nota verða hærri á árinu 1979 en þær voru á árinu 1978, þá merkir það, að ríkissjóður verður að leggja fram meira fé til þess að greiða niður lambakjöt og smjör á erlendum mörkuðum í ár en árið áður. Og ef tekja af hrognkelsaveiðum, silungsveiðum, sölu veiðileyfa eða selveiðum eða hirðingu æðardúns verður meiri á árinu 1979 en hún var á árinu 1978, þá vex að sama skapi fjárhagsábyrgð ríkissjóðs, þá hækka að sama skapi þau útgjöld sem ríkissjóður er lögskyldaður til að greiða með

smjöri og kjöti á erlendum markaði. Þessi tala, sem ríkissjóður er lögum samkv. skyldugur til að greiða, 10% af samanlögðu verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í landinu, er nefnilega fundin þannig, að lagt er saman verðmæti sauðfjárræktar, verðmæti nautgriparæktarframleiðslunnar og allra hliðarbúgreina svo sem tekjur af sölu veiðileyfa, silungsveiði, garð- og gróðurhúsaafurðir, tekjur af geitum, svínum, loðdýrum, alifuglum og öllu slíku og lagt saman í eina upphæð. Þetta er talið vera heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í landinu. Síðan eru 10% af þessari heildarupphæð reiknuð út og þar er fundin verðábyrgð ríkissjóðs vegna útflutnings á smjöri og kjöti. Þetta þýðir það, að offramleiðslan t. d. á dilkakjöti í landinu getur numið 40%, sem verðábyrgð ríkissjóðs tekur til. Þannig getur það orðið, vegna þessarar viðmiðunar, að offramleiðsla á dilkakjöti í landinu nemi 40% sem flutt er út með fullri verðábyrgð ríkissjóðs. Auðvitað sjá allir hversu víðs fjarri því er að slík stefna samrýmist því markmiði, að framleiðsla landbúnaðarafurða sé fyrst og fremst miðuð við innanlandsþarfir. Það getur ekki verið í þágu þjóðarheildarinnar að verðábyrgð ríkissjóðs sé hagað þannig, að það sé hægt að framleiða 40% fleiri dilkaskrokka á Íslandi en þjóðin þarf á að halda og ríkissjóður verði að taka á sig að greiða mismuninn á því verði, sem fæst fyrir þessi 40% — umframframleiðslunar — í útlöndum, og því verði, sem bændur þurfa að fá. Það sjá auðvitað allir, að slík stefna hlýtur að leiða okkur í ógöngur, beinar ógöngur í landbúnaðarmálum, — þær ógöngur, hæstv. forseti, sem íslenska þjóðin er nú komin í í þeim efnum.

Ef menn athuga þá hlið á útflutningi offramleiðslunnar í landbúnaði, þar sem er útflutningur á smjöri, þá skyldu menn gefa því gaum, að fyrir hvert eitt kg af smjöri, sem út er flutt, fæst ekki einu sinni nægilegt verð til að borga þann innflutta fóðurbæti sem fór í að framleiða þetta eina kg af smjöri hvað þá heldur að greiða allar vörur og vinnu sem lögð var fram til framleiðslunnar. Fyrir hvert eitt kg af smjöri, sem við Íslendingar verðum að flytja út, fáum við ekki einu sinni andvirði þess erlenda fóðurbætis sem fór í að framleiða þetta eina smjörkg. Það segir sig auðvitað sjálft, hvert slík offramleiðslustefna hlýtur að leiða þjóðina, þegar ábyrgð ríkissjóðs vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum er þannig hagað að hægt sé að sitja uppi með milli 300 og 400 þús. dilkaskrokka í landinu eftir árið, sem þjóðin kemst ekki yfir að éta, og ríkissjóður er látinn borga mismun þann, sem er á verðinu, sem fyrir þessa dilkaskrokka fæst í útlöndum, og því, sem bændur þurfa að fá. Þegar svo er komið, eins og nú er, að við sitjum uppi með heils árs birgðir af smjöri í birgðageymslum umfram það, sem þjóðin kemst yfir að borða og neyðumst til að flytja þetta smjör út á verði, sem er lægra en nemur þeim kostnaði af erlendum fóðurbæti sem við þurftum að flytja inn í landið til að framleiða þetta smjör, þá er best að athuga sinn gang.

Ég held að allir séu sammála um það, það sé engin undantekning þar á, að tryggja beri bændum eðlileg kjör og sambærileg við aðrar stéttir. Ég held að það séu allir sammála um að það beri að tryggja bændum sömu kjör og öðrum, þó svo að sveiflur verði í framleiðslu landbúnaðarafurða, þannig að það þurfi e. t. v. að standa undir talsverðri eða einhverri offramleiðslu á landbúnaðarafurðum, svo að íslensku þjóðinni séu jafnan tryggðar nægilegar neysluvörur af búvörum. En hitt held ég að allir hljóti að sjá, að það er mjög óeðlilegt ástand þegar framleiðslan er orðin svo mikil að það þarf að flytja út kannske milli 30 og 40% af því dilkakjöti, sem til fellur í landinu, og þegar framleiðslustefnan hefur gengið svo út í öfgar, að íslenska þjóðin þarf að taka á sig mjög verulegar fjárhagsskuldbindingar til þess að standa undir offramleiðslu á mjólkurafurðum. Við eigum nú í landinu u. þ. b. heils árs birgðir af smjöri, sem ekki er fyrirsjáanlegt að þjóðin geti torgað sjálf. Þarna þarf auðvitað að finna nýja leið sem geti tryggt þjóðinni nægilegar landbúnaðarvörur og bændum viðunandi lífskjör, án þess að það þurfi að leiða okkur í þær ógöngur sem ég hef verið að lýsa.

Það er mikill vandi að finna þessa leið. Framleiðslustefnan, sem búið er að fylgja í landbúnaðinum allt of lengi, hefur miðast við að bændur sæki sér alltaf tekjur sínar til jafns við viðmiðunarstéttirnar með því að auka framleiðsluna einvörðungu án þess að gera hagkvæmt fyrir bændur að auka framleiðni á búum sínum eða jafnvel að framleiða ekki undir sumum kringumstæðum. Þegar á að snúa við á þessari braut eftir að henni hefur verið fylgt svo lengi til óþarfa þá getur verið, ef það yrði gert of harkalega, að það komi mjög illa við bændur, — svo illa að margir þeirra kynnu að neyðast til að bregða búi. Ég vil taka það sérstaklega fram, að slíkt vakir alls ekki fyrir flm. þessa frv. Það vakir ekki fyrir okkur Alþfl.-mönnum og okkur flm. þessa frv. að finna einhverja leið til þess — það mætti segja kannske að „skera bændastéttina niður við trog“, síður en svo. Við viljum finna einhverja leið sem getur tryggt bændum eðlileg og réttlát lífskjör miðað við eðlilega og réttláta framleiðslustefnu í landbúnaði. Við teljum að núverandi stefnu, þeirri stefnu sem fylgt hefur verið, búin var til með setningu afurðalaganna af eðlilegum ástæðum þá, hafi verið fylgt allt of lengi og hún sé búin að leiða okkur í hreinar ógöngur.

Í þessu frv. er lagt til að sú breyting verði gerð á verðábyrgð ríkissjóðs vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum, að verðábyrgðin taki aðeins til útflutnings á framleiðslu tveggja helstu búgreina landbúnaðarins, þ. e. a. s. afurða nautgriparæktar og afurða sauðfjárræktar, og einskorðist útreikningar á verðábyrgðinni aðeins við framleiðsluverðmæti þessara búgreina, þannig að hámarkið á verðábyrgð vegna útflutnings á afurðum nautgriparæktar geti mest numið 8%, ekki af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar með gróðurhúsa- og grænmetisrækt, silungsveiði, dúntekju, hrognkelsum og öllu slíku reiknuðu inn í, heldur aðeins af framleiðsluverðmæti þeirrar búgreinar sem verðábyrgðin á að miðast við. Með sama hætti verði hámarksverðábyrgð ríkissjóðs vegna framleiðslu sauðfjárafurða miðuð aðeins við framleiðsluverðmæti þeirrar búgreinar einnar og nemi mest 12 af hundraði. Þetta mundi þýða, ef þessi breyting væri gerð, að útgjöld ríkissjóðs t. d. á verðlagsárinu 1976-1977 mundu hafa numið rúmum 1½ milljarði í stað 2.6 milljarða eins og verðábyrgðin nam. Ef þessi breyting væri gerð, þá mundi hún sem sé hafa það í för með sér, að útgjöld ríkisins á einu ári vegna verðábyrgðarinnar mundu lækka um heilan milljarð.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að þessi milljarður mundi rýra tekjur bænda, sumra hverra a. m. k., að sama skapi. Við teljum, Alþfl.-menn, að það sé ekki rétt að leggja slíka byrði á bændastéttina í einu vetfangi. Menn skyldu

athuga að það eru ekki bændur sem hafa búið til þessa framleiðslustefnu sem ég hef verið að lýsa hér, það eru ekki bændur sem hafa sett verðábyrgðina í lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, heldur Alþ. sjálft. Bændur hafa bara, eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins, lagað sig að þeirri stefnu í framleiðslumálum sínum sem opinber stjórnvöld hafa mótað. Við leggjum því ekki til að þessi breyting, sem mundi breyta verðábyrgðinni svo mjög, verði gerð á einu ári, því að það mundi skerða mjög verulega hlut bænda. Við leggjum til að breytingin verði gerð í áföngum, á fjórum árum, þannig að fyrsta árið nemi verðábyrgðin 20% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða, annað árið 18, þriðja árið 16, fjórða árið 14 og að loknum þeim fjórum árum, sem sé fimmta árið, verði verðábyrgðin 12% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða. Þannig teljum við að megi þoka þessum málum í áttina í áföngum, án þess þó að sú breyting komi of harkalega við hagsmuni bændastéttarinnar.

Það kemur fram í töflum, sem fylgja frv. þessu á bls. 6, 7 og 8, hvernig í tölum talið má lýsa þróuninni í þessum málum frá árunum 1963-1964 til ársins 1977-1978. Það kemur líka fram í töflu III á bls. 8, hvernig verðábyrgð hefði verið á hverju þessara ára um sig, ef hún hefði ekki verið eins og hún var ákveðin í lögum frá 1959-1960 og eins og hún er enn, heldur verið allan þennan tíma eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Það kemur fram í töflu III um öll þessi ár, hver upphæðin hefði þá verið á verðábyrgðinni vegna útflutnings, hvort heldur er nautgripaafurða eða sauðfjárafurða, og hvenær verðábyrgðin hefði náð hámarki á útflutningi þessara afurða og hvenær ekki.

Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja þetta mál öllu frekar að sinni, a. m. k. ekki nema sérstakt tilefni gefist til. En í lokin vil ég aðeins ítreka það, að við þm. Alþfl. teljum að það sé löngu orðið tímabært að breyta þeirri meginstefnu í landbúnaðarmálum og í opinberri aðstoð við landbúnaðinn sem atvinnugrein og bændur að hvetja sífellt til aukinnar framleiðslu, bæði með lánum og styrkjum. Það á ekki endilega að breyta þessari aðferð þannig að taka strax á fyrsta eða öðru ári allt það fé í formi lána og styrkja sem landbúnaðurinn og bændur hafa fengið hingað til, taka það alfarið af þeim, heldur breyta þessum greiðslum þannig, að í staðinn fyrir að hvetja einhliða til aukinnar framleiðslu eins og nú, sbr. ræktunarstyrkina og framlög í stofnlánasjóðina, þá verði hætt að kalla á aukna landbúnaðarframleiðslu þegar offramleiðslan er orðin svona mikil og hluta af þessu fé varið til að styrkja bændur með öðrum hætti, t. d. eins og við lögðum til við afgreiðslu fjárl. rétt fyrir jólin, að hluta af þessu fé yrði breytt úr framleiðsluaukandi styrkjum í félagslega styrki, t. d. í aðstoð til bænda til þess að þeir gætu ráðið sér vinnuafl og þeir gætu fengið orlof frá búum sínum eins og annað fólk í þessu landi, gætu tekið orlof að sumri, vori, hausti eða vetri, og einnig til að efla ábatasamar hliðarbúgreinar, svo sem veiðibúskap og annað því um líkt, og félagslega aðstoð við bændur. Ég held að það sé bráðnauðsynlegt að taka einmitt slíka stefnubreytingu til athugunar.

Ég held að það dyljist engum, nema manni sem annaðhvort er sjálfur algerlega blindur í þessum málum eða blindar sjálfan sig vísvitandi í málefnum landbúnaðarins, að sú stefna er röng, sem leitt hefur til þess að verðábyrgð ríkissjóðs á landbúnaðarafurðum nægir ekki lengur, heldur verður að fara fram úr lögleyfðu hámarki ár frá ári, vegna þess að offramleiðslan í helstu greinum íslensks landbúnaðar nemur nú milli 30 og 40% í sauðfjárbúskap og í mjólkurframleiðslu og við sitjum uppi með óseljanlegt smjör sem nemur ársneyslu þjóðarinnar. Þeir menn, sem ekki sjá hvaða afleiðingar slík stefna hefur fyrir landbúnaðinn, neytendur í landinu og ríkissjóð, eru annaðhvort blindir á þessi mál og gersamlega tilgangslaust að tala um þau við þá eða hafa blindað sig sjálfir vísvitandi, og það er að sjálfsögðu margfalt verra.

Herra forseti. Ég óska svo eftir því, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til fjh.- og viðskn. Hvers vegna skyldi ég óska eftir því, þar sem hér er um að ræða breytingu á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins? Vegna þess að ég lít svo á, að hér sé ekki fyrst og fremst um að ræða málefni landbúnaðarins sem atvinnugreinar, heldur sé um að ræða fjárhagslegt málefni, þ. e. a. s. með hverjum hætti eigum að haga greiðslum úr ríkissjóði til þess að tryggja eðlilega og nauðsynlega framleiðslu landbúnaðarafurða á Íslandi þannig að þörfum þjóðarinnar sé fullnægt án þess að leggja þurfi þungar byrðar á neytendur og bændur, þ. e. a. s. á skattborgarana, til þess að standa undir kostnaði af óhóflegri umframframleiðslu á landbúnaðarafurðum sem verði að flytja út og selja erlendum aðilum fyrir lægra verð en nemur verði á innfluttum aðföngum sem þarf til þess að skapa þessa umframframleiðslu. Ég óska því eftir því, hæstv. forseti, með þessum rökstuðningi, að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vísa á bug þeim rökstuðningi, sem fram kom í till. hv. 1. flm. um n. í málið. Þetta er að sjálfsögðu landbn.-mál og á þangað að fara, ef það á annað borð á erindi til n., sem getur nú kannske vafist fyrir manni að fullyrða. En allt um það, þá held ég að óhjákvæmilegt sé að frv. hljóti þinglega afgreiðslu og þinglega meðferð, og ég geri það að till. minni, herra forseti, að þetta mál fari til hv. landbn. deildarinnar.

Mér þykir fyrir því, að hér í salinn vantar hv. þm. Finn Torfa Stefánsson, 2. landsk. þm., vegna þess að ég hefði haft löngun til þess að ræða við hann og fá fram skoðanir hans á þessu máli og á prent í Alþingistíðindum. Á framboðsfundum í fyrravor í Norðurl. v. kvað aldeilis við annan tón hjá hv. þm. Finni Torfa Stefánssyni en kveður við í þessu frv. Hann sagði nefnilega landbúnaðarstefnu Alþfl. gerbreytta. Þessi gamla stefna, sem fylgt hefði verið, væri horfin af sjónarsviðinu með gömlum mönnum — vitnaði til fyrrv. formanns Alþfl. Gylfa Þ. Gíslasonar í því sambandi — og nú væri aldeilis annað uppi á teningnum.

Vissulega gaf það nokkrar vonir um að annað væri uppi á teningnum þegar Alþfl. fékkst til þess að standa að stjfrv. um framleiðsluráðslög sem hér er til meðferðar í d. En síðan ber formaður þessa sama þingflokks ásamt þrem öðrum hv. þm. fram þetta frv., endurflytur þennan samsetning og gerir það nú á þskj. 75. Þetta frv. var til umr. í fyrra og það hefur ekkert breyst. Það kemur sem sé í ljós, þrátt fyrir fullyrðingar hv. 2. landsk. þm. um að landbúnaðarstefna Alþfl. sé breytt, að hún er enn hin sama, eða a. m. k. botna ég ekki í þeim tvískinnungi sem felst í því að standa að báðum þessum frv. Á þessu þskj. er sami gamli kratagrauturinn, hann er kannske aðeins viðbrennndari en í fyrra, en hann er a. m. k. ekki betri.

Þetta er að mínum dómi slæmt frv. Það er slæmt m. a. vegna þess, að það stefnir að því að ná, samkv. því sem segir á bls. 8, réttum 2 milljörðum aukalega frá bændastéttinni miðað við verðlagsárið 1977—1978. Efþaðhefði verið í fullu gildi, hefðu bændur tapað aukalega 2 milljörðum. Þetta gerir fast að 500 þús. kr. á hvern bónda. Og ég bið menn að taka eftir: Það er allt saman tekið af kaupi bóndans, vegna þess að hann getur ekki fært þetta með nokkru móti á annan. Hann verður að borga þetta af kaupi sínu. Þetta er kannske ekki nema eins og hálfs mánaðar kaup hjá flugmönnum í landinu, en íslenska bændur munar nú upp og ofan um upphæð eins og þessa. Þetta bætist ofan á fyrirsjáanlega tekjurýrnun vegna vöntunar á útflutningsbótum. Í þessu felst bein kjaraskerðing og ekkert annað.

Það er rétt að fara ofurlítið fleiri orðum en hv. flm. gerði um 10% regluna og hvernig þessar útflutningsbætur eru komnar til. Að mörgu leyti greindi hann rétt frá, en kjarni málsins er náttúrlega sá, að útflutningsbæturnar voru teknar upp til þess að fría neytendur í landinu við að hallanum af útflutningi yrði jafnað á vöruverð í landinu. Þetta er sem sagt stjórntæki til þess að halda niðri vöruverði í landinu. Bændur áttu þann rétt að geta jafnað þessum halla niður lögum samkv. og jafnað honum niður á vöruverð innanlands, ef til þess kom að flytja þurfti út. Að sjálfsögðu búum við við aðrar tölur núna en árið 1960—1961. Blessuð krónan okkar er orðin ansi miklu minni og aðstæður í þjóðfélaginu eru orðnar talsvert aðrar og samanburðurinn við aðrar þjóðir er orðinn talsvert óhagstæðari. Þjóð, sem býr við 30—50% verðbólgu á ári, getur ekki til langframa keppt á mörkuðum við þjóðir sem búa við innan 10% verðbólgu á ári. Þetta er einfalt mál, og þess vegna verður að grípa til sérstakra ráðstafana.

Framleiðsla landbúnaðarafurða er helst til mikil á Íslandi eins og stendur. Það þarf að draga úr henni. Þegar góðæri í landinu og framkvæmdahugur undanfarinna ára hjá bændum leggst á eitt, en neysla þjóðarinnar á landbúnaðarvörum dregst saman, þá safnast að sjálfsögðu fyrir búvörur sem þarf að flytja úr landi eða afla markaða fyrir með öðrum hætti. Nokkuð af þessari framleiðsluaukningu er til komið vegna nýrra búgreina, m. a. verksmiðjubúskapar sem tekinn hefur verið upp á nokkrum búum, þar sem farið er að framleiða landbúnaðarvörur í miklu stærri einingum en áður hefur tíðkast á landinu. Fyrir 10 árum var uppi mikið skynvæðingarfjas og menn, sem alltaf kunnu ráð við öllu, ætluðu að bjarga þjóðinni með því að stækka einingarnar, stækka búin. Þá á ég ekki við hin venjulegu meðalbú eða kannske ofurlítið stærri, ég á við að mönnum hélst uppi að setja upp miklu stærri bú en áður höfðu þekkst, og þessi bú hafa raunar reynst — sum þeirra — mjög óhagkvæm og þetta er allt saman fallið um sjálft sig. En eftir sitjum við með vandann sem af þessum búum skapaðist, og raunar er enn í fullum gangi uppsetning verksmiðja þar sem framleiddir eru kjúklingar, egg eða svín.

Það er vissulega mikill vandi fyrir höndum í landbúnaði. Bændum er manna best ljóst hvað þessi vandi er mikill, og á þeim brennur hann náttúrlega fyrst og fremst. Þeir hafa beðið um aðstoð Alþingis og stjórnarvalda til að bægja honum frá. Þeir hafa farið þess á leit við ríkisstj., að hún beitti sér fyrir lagasetningu um framleiðsluráð, og það frv. er nú til meðferðar hjá hv. landbn. d. Sýnir það náttúrlega þann skilning að framleiðsluráðslög eiga heima hjá landbn. Því miður voru viðtökur þessa frv. ekki þannig að ég eigi von á að það nái fram að ganga. Það er heldur ekkert algott frv. sem liggur nú hjá hv. landbn. En ég held að það sé þó skásta og sársaukaminnsta lausnin fyrir bændur sem ég fæ komið auga á í bili, enda er það undirbúið með þeim hætti, að bændur hafa samið það sjálfir og náð um það tiltölulega góðri samstöðu. Þó að nú sé reynt að eyðileggja þá samstöðu og efna til fundarhalda til þess að kveða hana niður. Og það er ekki víst að þetta frv. leysi allan vanda, en ég held að það sé skref í rétta átt og líkur til að það bæti nokkuð úr, a. m. k. forði frá óförum, ef að lögum yrði , sem annars mundu dynja yfir. Ef ekkert er gert í málinu kann að reka að því og ég óttast að það reki að því, að hallinn, sem þessi mikla framleiðsla skapar, verði til þess að menn fái ekki verðið sem þeim er reiknað fyrir afurðirnar og þessi skellur komi allur eftir á. Og það er áreiðanlega sárasta leiðin fyrir bændur og því verri sem búin eru minni og aðstaða bænda er lakari. Þetta er skárra fyrir þá bændur, sem betur mega sín, og ef nokkuð er, gerir þá fátæku fátækari.

Það er náttúrlega tómt mál að tala um þá lausn sem Alþb.-menn héldu fram fyrir síðustu kosningar og raunar eru ekki alveg af baki dottnir með enn þá, að það væri nóg að hækka kaupið, auka niðurgreiðslurnar og lækka skattana og þá mundi fólkið borða meira af landbúnaðarvörum. Þessi kenning hefur verið prófuð að nokkru leyti, en því miður heldur hún ekki.

Þó að menn mikli fyrir sér þennan vanda sem skapast af mikilli landbúnaðarframleiðslu, þá er ekki því að gleyma, að úr landbúnaðarafurðum eru framleiddar mjög mikilvægar iðnaðarvörur fyrir þetta þjóðarbú. Iðnaður úr ull og skinnum er orðinn ein okkar mesta útflutningsframleiðslugrein, og að sjálfsögðu mundi draga úr ullar- og skinnaframleiðslu ef fénu fækkaði í landinu, þannig að menn mega ekki einblína á kjötframleiðsluna. Og hinar miklu smjörbirgðir, sem til eru í landinu, eru m. a. til komnar vegna þess að mjólkurbúin hafa ekki verið tæknilega undir það búin að framleiða þá osta sem helst er hægt að flytja út. Úr þessu þarf að bæta og það sem skjótast og er enda unnið að því.

Bændur eru tekjulægsta stétt í þessu landi. Það dæmi lagaðist að vísu á s. l. ári og blessunarlega dró saman með bændum og öðrum stéttum, en þó vantar mikið á að þeir fái það kaup sem þeim er ætlað lögum samkv., fái það kaup sem viðmiðunarstéttirnar hafa. Ríkisstj. hefur gert ýmsar ráðstafanir sem líklegar eru til að stytta þetta bil. En sú framleiðsluráðslagabreyting, sem er lögð til á þskj. 75, er ekki líkleg til að verða til þess að draga þarna saman. Þvert á móti er hún vís til að skerða hlut bænda, og þetta er lakasta hugmyndin af öllum þeim mörgu hugmyndum sem hreyft hefur verið af hinum og þessum aðilum til lausnar á þeim vanda sem við er að etja í landbúnaðinum.

Hv. 1. flm. þurfti að taka það fram í lok ræðu sinnar, að hann væri ekki beint að miða að því að finna leið til þess að skera bændur niður við trog. Seinna var hann kominn á það að halda þessari sláturtíð í fjögur ár, skildist mér. En allt um það hlýtur náttúrlega samþykkt þessa frv. ein og sér að verða til þess. Hann mælti margt réttilega þegar hann sagði frá því, að það þyrfti að finna ráð til að bæta bændum upp tekjutapið. En þá var bara ekki lengur orðið neitt samræmi í málflutningnum og þá hefði hann betur ekki lagt þetta frv. sitt fram.

Ég held að þetta frv. verði þrátt fyrir galla þess að fá þinglega meðferð, og það verður að sjálfsögðu að ganga til landbn. Ég gerði mér ekki neina rellu út af því, þó að það sofnaði þar. Ef landbn. teldi sig til þess knúða að afgreiða það, þá vona ég að hún leggi til að það verði fellt.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 46. fundur.

Fimmtudaginn 1. febr., kl. 2 miðdegis.

Suðurnesjaáætlun, þáltill. (þskj. 34). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þátttaka ungs fólks í atvinnulífinu, þáltill. (þskj. 65). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kaup og sala notaðra bifreiða, þáltill. (þskj. 83). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Verksmiðjuframleidd hús, þáltill. (þskj. 116). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, þáltill. (þskj. 320). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar á niðurstöðu viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja, sem fram fóru dagana 9. og 10. jan. s. l. í Reykjavík, um heimildir annars vegar Íslendinga til kolmunnaveiða innan fiskveiðimarka Færeyinga og hins vegar heimildir Færeyinga til kolmunna- og loðnuveiða við Ísland. Niðurstaðan gerir ráð fyrir að Íslendingar hafi heimild til að veiða allt að 35 þús. smálestum af kolmunna og Færeyingar hafi heimild til þess að veiða allt að 17500 smál. af loðnu og 17500 smál. af kolmunna. Þau fiskiskip, sem umræddar veiðar stunda, skulu eins og áður hlíta sömu reglum og innlend skip við sams konar veiðar, þ. á m. um lágmarksstærð, friðunarsvæði og lokun svæða yfirleitt. Einnig telja aðilar æskilegt að efla samvinnu um rannsóknir á loðnu og kolmunna og samstarf sín á milli við önnur hlutaðeigandi lönd um skynsamlega hagnýtingu loðnu og kolmunna.

10. jan. s. l. var einnig undirrituð bókun varðandi aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Íslands, sem þeir hafa notið samkv. samkomulagi frá 20. mars 1976. Þar er kveðið á um að af heildarafla Færeyinga á Íslandsmiðum skuli þorskafli enn minnka um 1000 lestir, þ. e. úr 7000 smál. í 6000. Í bókuninni eru einnig ákvæði um að hert verði mjög eftirlit með veiðum og afla færeyskra skipa og þau þ. á m. skylduð til þess að koma til hafnar til skoðunar ef æskilegt þykir, halda afladagbók, skila sundurliðuðum aflaskýrslum, og um margháttaða tilkynningarskyldu og ákvæði um eftirlitsmann íslenskra stjórnvalda er fylgist með löndun í Færeyjum, ef þess þykir þörf. Loks var undirrituð yfirlýsing um að efnt skuli að 6 mánuðum liðnum til viðræðna um endurskoðun fiskveiðiheimilda Færeyinga hér við land.

Samkv. ákvæðum stjórnarskrár þarf Alþingi að fjalla um og staðfesta eða synja staðfestingar samkomulaginu um loðnu- og kolmunnaveiðarnar, en þarf ekki að staðfesta bókunina, þar sem hún minnkar það magn sem þeim hefur áður verið heimilað að veiða hér samkv. samkomulagi sem þá var staðfest af Alþ., og ekki er heldur þörf á því að staðfesta yfirlýsinguna. Ég vil þó benda á að bæði bókun og yfirlýsing eru prentuð í heild í grg. till. Vegna þess að ég tel að hið aukna aðhald að veiðum Færeyinga og eftirlit með þeim sé mjög mikilvægur þáttur í þessu samkomulagi ætla ég að lesa hér nokkurn hluta bókunarinnar:

„Færeysk skip, er veiðar stunda samkv. framangreindu" — þ. e. samningnum frá 1976 og raunar síðara samkomulagi líka — „skulu hlíta sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, þ. á m. um möskvastærð botnvörpu og flotvörpu, lágmarksstærðir fisktegunda, veiðibann og aðrar veiðitakmarkanir, friðunarsvæði og aðra lokun svæða. Færeyskum skipum, er veiðar stunda í íslenskri fiskveiðilandhelgi, ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit landhelgisgæslunnar með afla og veiðarfærum um borð í skipunum. Telji landhelgisgæslan að fullnægjandi athugun geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi færeysku skipi skylt að hlíta fyrirmælum hennar um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

Staðsetning færeyskra skipa skal daglega tilkynnt landhelgisgæslunni meðan skipin eru í fiskveiðilandhelgi Íslands, svo og áætlað aflamagn sundurliðað eftir tegundum. Færeyskum skipum er hverju um sig skylt að halda afladagbók í formi sem íslensk stjórnvöld ákveða og skal hún sýnd landhelgisgæslunni þegar óskað er.

Færeyskum skipum ber að tilkynna landhelgisgæslunni um heimferð með þriggja sólarhringa fyrirvara. Við brottför úr fiskveiðilandhelginni skal landhelgisgæslunni tilkynnt um áætlað heildarmagn sundurliðað eftir tegundum.

Staðfestar aflatölur hverrar veiðiferðar skulu sendar Fiskifélagi Íslands símleiðis án tafar og eigi síðar en 14 dögum eftir löndun. Þegar færeysk skip stunda veiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi telst allur sá afli, sem landað er að lokinni veiðiferð, hafa verið veiddur á Íslandsmiðum. Telji íslensk stjórnvöld þörf á að sérstakur eftirlitsmaður af þeirra hálfu fylgist á staðnum með löndun og aflatölum er landsstjórn Færeyja skylt að sjá

svo um að hann geti rækt slíkt starf.

Skipan þessi um veiðar færeyskra skipa á Íslandsmiðum kemur í stað eldra fyrirkomulags um sama efni og getur hvor aðili sagt því upp með 6 mánaða fyrirvara."

Ég tel, að þessar nýju reglur séu til mikilla bóta og ættu að geta eytt tortryggni sem vart hefur orðið hvað þessar veiðar snertir. Sérstaklega er það mikilvægt, að þegar skip fer til veiða á Íslandsmiðum verður allur afli, sem það landar, talinn veiddur við Ísland. Grunur hefur legið á því, að skipstjórar hafi getað gefið upp við heimkomu að svo og svo mikið af aflanum hafi verið veitt utan íslenskrar landhelgi á heimleið, en það mun þeim ekki verða heimilt hér eftir, heldur allur afli þeirra reiknaður sem veiddur á Íslandsmiðum.

Ástæða er til þess að varpa fram þeirri spurningu: Hvers vegna eigum við yfirleitt að vera að gera samninga við Færeyinga og heimila þeim veiðar í fiskveiðilandhelgi okkar? Fjöldamargir landsmenn munu færa fram röksemdir um að þetta séu náfrændur okkar og vinir sem hafa haft við okkur mikil samskipti, smáþjóð sem er minni en við og lifir á fiskveiðum á sama svæði og að Færeyingar hafi oft komið okkur til hjálpar, t. d. með mannafla, þegar við þurftum á að halda. Allt eru þetta góðar og gildir röksemdir sem ég tek fyllilega undir. En ég tel að til viðbótar séu hagsmunaástæður okkar Íslendinga sem vega mjög þungt í mínum huga og stuðla að því, að við eigum að gera samninga sem þessa og við eigum að halda við samningum við ríki sem eru hér næst okkur, sérstaklega norðan við okkur.

Nú vil ég þessu til stuðnings nefna nokkrar tölur um það, hvar íslenski loðnuflotinn hefur fengið afla sinn. Hygg ég að flestum sé kunnugt, að verulegt aflamagn hefur verið tekið utan við fiskveiðilandhelgi Íslands. Mest hefur það verið handan við þá miðlínu sem við höfum dregið milli Íslands og Grænlands. Hér er þó ekki um ólöglegar veiðar að ræða, vegna þess að landhelgin við Grænland hefur verið færð út að 200 mílum á vesturströndinni og syðst á austurströndinni upp að 67. gráðu, en 67. gráða liggur rétt norðan við nyrstu tanga Íslands. Það, sem er þar fyrir norðan við austurströnd Grænlands, er því opið haf fyrir utan gömlu mörkin. Notað er við stjórn á loðnuveiðum eins konar reitakerfi. Miðunum er skipt niður í reiti sem hafa sín númer, og liggja því fyrir mjög nákvæmar upplýsingar um hvar aflinn hefur fengist. Vitað er um veiðar í hólfum sem eru algerlega Grænlandsmegin, en svo eru æðimörg hólf sem línan á milli Íslands og Grænlands skerst í gegnum, og hafa kunnugir menn áætlað hvernig skipta megi aflanum úr þeim hólfum. Niðurstaðan af þessu er sú, að áætlað er að á s. l. sumar- og haustvertíð hafi loðnufloti okkar fengið á þessu svæði yfir 120 þús. smál. Þetta er á svæðinu frá 67. gráðu til 70. gráðu. En þegar kemur norður fyrir 70. gráðu eru áhrif fiskveiðisvæðis okkar úr sögunni og kemur til lína sem einhvern tíma verður dregin á milli Grænlands og Jan Mayen. Norðan við 70. gráðu veiddu Íslendingar á þessu sama tímabili, sumar- og haustvertíð í fyrra, 55 900 smál.

Floti okkar hefur því fengið um 180 þús. smál. fyrir utan 200 mílna fiskveiðimörk okkar, eins og við drógum þau í yfirlýsingunni um útfærsluna 1975. Þetta er enn í dag á opnu hafsvæði og þessar veiðar eru öllum frjálsar. En menn hljóta að sjá í hendi sinni, að það getur gerst hvenær sem er, að fiskveiðilandhelgi Grænlendinga verði færð út, a. m. k. að þeim línum sem við höfum dregið. Getur verið að við verðum að ræða það við þá. Og við verðum að búast við því, að Norðmenn kunni að færa út mörkin við Jan Mayen áður en mjög langur tími líður, þó að norska stjórnin hafi ekki hugsað sér a. m. k. að gera það á þessu ári. En nú er lagt mjög fast að norskum yfirvöldum að hraða þeirri ákvörðun, og einmitt í dag eru fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna frá Vestur- og Norður-Noregi að ræða við þrjá ráðh. úr ríkisstj. í Osló um það mál. Þess vegna tel ég mjög raunhæft fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því, að loðnustofninn gengur út fyrir fiskveiðimörk okkar og inn á þetta svæði sem þá og þegar getur orðið að grænlenskri og norskri landhelgi. Hvað eigum við þá að gera? Getum við átt von á því, að loðnuflotinn muni þá fara fram á að leitað verði eftir því að ná einhverju samkomulagi um að fá að fylgja þessum göngum fram og aftur? Vísindamenn okkar munu nú eftir nokkrar vikur hefja samræður um auknar rannsóknir á göngum loðnunnar þarna. Við skulum því gera ráð fyrir að við fáum frekari vitneskju en við höfum í dag um hegðan hennar. En ljóst er að margt er óvíst á þessu svæði, svo margt sem getur breyst á næstu missirum og svo miklir hagsmunir okkar sjálfra í veði, að ég tel tvímælalaust skynsamlegt að halda opnu hóflegu samkomulagi við nágranna okkar sem hlut eiga að máli, en skella ekki á þá hurðum í sambandi við þessi mál.

Nú kunna menn að spyrja: Grænland og Færeyjar, hvað koma þau hvort öðru við? Við getum ekki gengið fram hjá þeirri staðreynd, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að Grænlendingar og Færeyingar eru stjórnskipulega tengdir og þar geta verið gagnkvæm áhrif í þessum efnum. Hitt tel ég þó meginatriðið, að við höldum þannig á þessum málum í heild að skella ekki hurðum, heldur reyna eftir því sem við sjáum okkur framast fært að halda opnum leiðum til viðræðna við þessa aðila vegna þess hvað líkur virðast sterkar á því, að við þurfum að sækja til þeirra á komandi árum, þó að staðan sé ekki þannig í dag, heldur sú að Færeyingar sækja til okkar.

Önnur veigamikil hagsmunaástæða er fyrir því, að ég tel að við eigum að gera samninga við Færeyinga eins og við sjáum okkur framast fært á hverju ári varðar kolmunnann. Nú er vaxandi áhugi á kolmunnaveiðum hér á landi. Margir óttast að loðnan muni taka sveiflur eins og síldin áður gerði og magn hennar kunni að snarminnka þannig að hún geti ekki veitt okkur þá björg í bú sem hún hefur gert nú um sinn. Þeir líta einna helst til kolmunnans sem þess fisks sem þá gæti tekið við sem bræðslufiskur fyrir okkur og flota okkar.

Mér er sagt, að kolmunnastofninn sé gífurlega stór, ég hef heyrt nefndar 5-6 milljónir tonna sem áætlun, en tiltölulega lítið sé veitt af honum enn þá, einhvers staðar innan við eina, e. t. v. hálfa millj. tonna. Mér er enn fremur sagt af kunnugum mönnum, að þessi kolmunnastofn gangi í tiltölulega þéttum torfum norður eftir Atlantshafinu, fari í gegnum landhelgi Færeyinga og haldi þaðan áfram inn í fiskveiðilandhelgi okkar Íslendinga og eftir það skilst mér að hann dreifist. Veiðar á kolmunna hafa yfirleitt verið mjög miklar á skömmum tíma vegna þess hve stórar og þéttar torfur ganga eftir tiltölulega takmarkaðri braut, ef svo má segja, um þetta svæði. Þegar við snúum okkur meira að kolmunnanum en við höfum enn þá gert tel ég að það muni tvímælalaust verða hagur fyrir þann flota, er þær veiðar stundar, að geta

byrjað fyrr og sunnar, geta farið suður í landhelgi Færeyinga, fylgst síðan með stofninum, þannig að þessum veiðum og vinnslu verði dreift, en verði ekki örstutt tímabil eftir að torfurnar koma inn í fiskveiðilandhelgi okkar. Til þess að það geti orðið þurfum við að sjálfsögðu að hagnýta okkur þá heimild til kolmunnaveiða sem við höfðum s. l. ár og nýttum ekki til fulls og höfum nú aftur til að veiða 35 þús. tonn. Færeyingar fá hins vegar samkv. þessu samkomulagi, sem gert var, að veiða dálítið magn af kolmunna hérna megin við miðlínu milli Íslands og Færeyja. Ég geri því ráð fyrir að í framtíðinni kunni að fara svo, að það verði mikið hagsmunamál fyrir okkur að geta gert samkomulag um kolmunna á móti kolmunna, þannig að báðir aðilar geti fengið út úr því lengra veiðitímabil og geti fylgt torfunum eftir allt sunnan úr landhelgi Færeyja og hingað norður upp undir Austurland.

Ég vil að lokum nefna það, að með því samkomulagi, sem gert var, var skorið niður það aflamagn sem Færeyingum hafði áður verið veitt. Loðnumagnið var minnkað um helming, niður í 17 500 lestir, sem er örlítið meira en 10% af því sem við veiðum utan okkar eigin 200 mílna marka, þar sem nú er opið haf. Enn fremur voru þorskveiðarnar, sem eru bundnar í samningi frá 1976, minnkaðar öðru sinni um 1000 tonn. Sá samningur var ekki opinn og það var því eingöngu með því að gera það að algeru skilyrði fyrir nokkrum samningi yfirleitt að við gátum fengið Færeyinga til að fallast á þá breytingu. Ég tel því að í samræmi við okkar eigin erfiðleika höfum við dregið verulega úr því fiskimagni sem við heimiluðum þeim, og ég hygg að öllum sé ljóst þrátt fyrir fögur orð og þakkarorð í lok viðræðna, að því fór víðs fjarri að þeir yndu vel við sinn hag.

Ég hef gert grein fyrir þessu samkomulagi og einnig meginástæðunum fyrir því, að ég tel að við höfum átt að gera svona samkomulag og eigum að hafa gætur á svæðinu fyrir norðan okkur, þar sem mörg tíðindi eiga eftir að gerast varðandi fiskveiðimörk og fiskstofna.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og utanrmn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þegar skýrt var frá þessari samningagerð við Færeyinga að þessu sinni var ég einn í hópi þeirra sem lýstu því yfir að þeir væru þessum samningum andvígir, teldu þá ranglega gerða miðað við aðstæður, og þó lýsti ég mestri undrun minni á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru við þessa samningagerð. Ég vænti að þessi afstaða mín komi engum á hv. Alþingi spánskt fyrir, svo oft hef ég lýst henni hér á Alþ. þegar þessi mál hefur borið á góma áður. Ég hef að vísu orðið var við það, að nú eins og oft áður eru til þeir menn sem halda að af því að bæði ég og aðrir voru því meðmæltir, að samið var við Færeyinga um ákveðnar fiskveiðiheimildir fyrir 3 eða 4 árum, þá sé ósamkvæmni í því hjá mér nú að geta ekki fallist á það áfram. Þeir menn, sem þannig tala og skrifa, eru á því sviði að það tekur því varla að tala við þá um mál eins og þessi, ef menn halda að samningar af þessu tagi verði ekki að fara eftir því, hvernig ástæður eru hverju sinni hjá þeim sem eru að semja.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að til þess lágu ærin rök að við heimiluðum Færeyingum nokkrar veiðar í fiskveiðilandhelgi okkar rétt eftir að við höfðum fært fiskveiðimörk okkar út í 50 mílur og síðan út í 200 mílur. Þá var það nokkurn veginn ljóst, að a. m. k. meiri hl. aðila í Færeyjum stóð með okkur í þeirri deilu sem við áttum þá í við Breta, og þó að þar fyndust að vísu aðilar sem vildu aðstoða Breta og tækju afstöðu gegn okkur, þá var það svo sem ekki meira en það sem hafði gerst í mörgum öðrum löndum, en allur þorri Færeyinga stóð greinilega með okkur. Við þær aðstæður höfðum við Íslendingar lýst því yfir, að við mundum veita þeim þjóðum, sem hér hefðu veitt áður, nokkurn umþóttunartíma. Við vorum auðvitað í þeim efnum eins og oft áður miklu betri við Færeyinga, því að við leyfðum þeim að stórauka afla sinn á Íslandsmiðum frá því sem þá hafði verið um nokkurra ára skeið, og það var mjög athyglisvert, að á sama tíma sem dregið var úr veiðiheimildum allra annarra, þá var það svo að Færeyingar juku afla sinn hér á Íslandsmiðum. Eftir að við færðum út okkar landhelgismörk juku þeir veiðar sínar hér til verulegra muna einir allra útlendinga.

En svo kom að því í þessum málum, að það lá orðið ljóst fyrir að nær allir höfðu viðurkennt rétt strandríkja til þess að taka sér 20 mílna fiskveiðilandhelgi, og þann rétt áttu Færeyingar engu síður en við Íslendingar. Um svipað leyti var komin upp sú staða hjá okkur, að við töldum að fiskstofnar okkar, þeir sem skiptu mestu máli, væru komnir þannig að við yrðum að fara að draga talsvert úr eigin veiði, og eins og allir hér á hv. Alþ. kannast við voru reglur um það fyrst settar varðandi þorskveiðar. Á s. l. ári var svo komið, að það var upp í tvo mánuði sem íslenskum veiðiskipum var beinlínis bannað að stunda þorskveiðar með eðlilegum hætti, sumum skipunum. Hér var því vitanlega um það að ræða, að farið var að leggja verulegar hömlur á.

Eftir að við tókum upp þessar hömlur gátum við þó heimilað Færeyingum að veiða hér loðnu, því að við töldum að við ættum allmikla möguleika til slíkra veiða hér við land. Þá lýsti ég yfir á Alþ. að ég vildi fella niður veiðiheimildarsamninginn við Færeyinga og eins við Belga og Norðmenn og við alla útlendinga varðandi þorsk og skyldar tegundir, þar sem við vorum farnir að takmarka veiðarnar verulega fyrir okkur sjálfa, en hins vegar gætum við vel boðið Færeyingum að veiða hér nokkuð af loðnu.

Svo kom aftur að því, að við fórum að leggja hömlur á eigin skip að veiða loðnu, og á s. l. ári vorum við farnir að takmarka þá veiði þannig, að afkastamestu skipum okkar er bannað að veiða í heilan mánuð, og yfir vofir svo að segja að menn grípi til enn meiri takmarkana í þessum efnum. Þegar svona var komið taldi ég að það ætti ekki heldur að semja við Færeyinga eins og ástatt er um þessi mál, um veiðiheimildir varðandi loðnu hér við land. Þetta kemur einnig saman við það, að mér hefur verið það ljóst, ég hef fylgst með því nokkuð vel, að Færeyingar hafa ekki tekið upp sömu afstöðu og við í fiskveiðimálum. Þeir fengu vitanlega rétt til 200 mílna fiskveiðilandhelgi heima hjá sér, en þeir hafa ekki viljað nota þá heimild nema að takmörkuðu leyti gagnvart þeim útlendingum sem á mið þeirra sækja. Um þetta hafa verið miklar deilur í Færeyjum og þar hafa verið uppi harðar kröfur um það, að Færeyingar stugguðu meira við útlendingum en þeir gera. Það er býsna athyglisvert, að einmitt um það leyti sem sá samningur var gerður, sem er nú verið að ræða um, komu tilkynningar um það í einu íslensku blaði, að Færeyingar sjálfir veiða á heimamiðum sínum á s. l. ári rétt 99 þús. tonn af fiski, en

á sama tíma veiða útlendingar 203 þús. tonn á þeim miðum. Það er vitað, að hér er ekki aðeins um kolmunna að ræða, það er mesti misskilningur, það er lítill hluti af þessu kolmunni. Á þessi mið sækja breskir togarar í mjög ríkum mæli og vestur-þýskir togarar. Þeir, sem voru útilokaðir á Íslandsmiðum, hafa allan tímann sótt á þessi mið, og það hafa verið og eru enn miklar deilur í Færeyjum um það, hvort Færeyingar eigi að halda áfram þeirri stefnu að heimila þessum aðilum í jafnríkum mæli veiðar á þorski og ýsu og öðrum dýrmætum fiski á sínum miðum, en sækja svo í staðinn aukinn afla til Íslands. Ég hafði nokkrum sinnum sagt það við ýmsa af forsvarsmönnum Færeyinga, þegar þeir ræddu við mig um þessi mál: Lokið fyrst útlendingana úti frá ykkar miðum, eins og við höfum gert, og talið svo við okkur á eftir. — En þetta hafa þeir ekki þurft að gera, því að það hafa alltaf verið svo ágætir menn hér á landi að þeir hafa verið tilbúnir að veita þeim veiðiheimildir hér þó að þeir drægju ekki meira en raun er á úr veiðiheimildum útlendinga við Færeyjar.

Auðvitað veit ég að Færeyingar eiga ekki jafnlétt með það og við að útiloka útlendinga þar með öllu. Þeir höfðu byggt upp fiskveiðar sínar að mínum dómi á mjög ranglegan hátt, og ég hygg að dómi flestra þeirra sem mest tala nú um þessi mál í Færeyjum einnig. Þeir höfðu lagt mjög mikla áherslu á það lengi í sínum fiskveiðimálum að stunda veiðar á fjarlægum miðum og gátu ekki nýtt þann afla heima hjá sér nema að sáralitlu leyti. Sá afli fór að mestu leyti fram hjá Færeyjum. Í seinni tíð hafa þeir þó verið að byggja upp eigin fiskiðnað og eiga nú orðið yfir 30 frystihús og hafa fundið að þeir geta nýtt heimamið sín miklu meira en þeir hafa gert og geta gert það miklu betur en þeir gera í dag.

Það kom líka fram í upplýsingum um afla Færeyinga á s. l. ári, um það leyti sem þessi samningur var gerður, að þeir hafa tekið hér á Íslandsmiðum 56 700 tonn á s. l. ári. Hér er um verulegan afla að ræða. Hér er um aflamagn að ræða sem sannarlega munar um þegar um það er að ræða að það þarf orðið að banna ekki aðeins sjómönnum okkar og þeim, sem stunda útgerð, að stunda aðalatvinnu sína, heldur þarf einnig beinlínis að stöðva vinnu manna í landi sem hafa af þessu aðalatvinnu. Ég vil segja við þá ágætu menn, sem eru svo góðir við Færeyinga, miðað við þá stöðu sem við höfum í þessum efnum, að þeir vilja allt fyrir þá gera: Vilja þeir ágætu menn ekki taka svo sem eins og mánaðarkaup frá sjálfum sér — þó að það væri ekki tveggja mánaða kaup — og senda Færeyingum það í vináttuskyni? Vilja þeir ágætu menn ekki leggja eitthvað á sjálfa sig? Eða er það eingöngu þannig, að þeir séu tilbúnir að gefa Færeyingum fjármuni á kostnað annarra manna í landinu sem sagt er að skuli ekki vinna neitt á meðan?

Færeyingar hafa sem betur fer verið að auka fiskafla sinn allverulega á síðari árum, og þeir hafa einnig eins og við verið að læra að hægt er að nýta aflann miklu betur en áður var gert. Og það er skoðun mín, að þeir eigi eftir að fá út úr afla sínum, alveg eins og við, miklu meiri verðmæti en þeir þegar fá.

Þessar upplýsingar, sem ég hef minnst á, áttu að liggja fyrir þeim sem um þessi mál hafa fjallað. Þeir áttu að vita um þessar staðreyndir.

En þá skulum við koma að öðrum þætti þessa máls, en það eru yfirleitt þau viðhorf sem eru ríkjandi í sambandi við utanríkissamningagerð okkar Íslendinga. Mér þykir mjög bera á því, að þar reisi menn höfuðið ekki ýkjahátt. Þá þurfa menn alltaf að sýna svo mikla sanngirni, svo mikla vináttu og vinsemd: Þetta eru nágrannar, frændur og vinir. Það er út frá þessu sem nágrannar, frændur og vinir okkar Norðmenn hafa fengið að veiða hér með sérstökum heimildum nú um áraskeið. En hvað höfum við fengið að veiða á Noregsmiðum? Auðvitað ekkert. En þeir eru líka frændur okkar, vinir og nágrannar. Og nú eru jafnvel flutt fram þau rök, að vegna þess að það sé eðlilegt að við höfum ákveðna samvinnu við Færeyinga og ýmsar aðrar þjóðir og eigum ýmsa sameiginlega hagsmuni við þá, þá séu rök fyrir því að við gerum samninga af því tagi sem hér liggja fyrir. Ég vil benda mönnum á það, að ef ætti að vera einhver samkvæmni í svona málflutningi, þá ættum við ekki aðeins að heimila Færeyingum að veiða hér við land vegna þess að það eru til fisktegundir sem við eigum sameiginlega með þeim, við ættum að veita miklu fleiri þjóðum þennan rétt, af því að svona er ástatt um ýmsar aðrar fisktegundir.

Hér var minnst á kolmunnann. Það er alkunna að aðalhrygningarslóðir kolmunnans eru taldar vera að nokkru vestur af Írlandsströndum og að nokkru leyti vestur af Skotlandi. Og eins og sagt var áðan gengur sá fiskur síðan nokkuð norður á við eftir hrygningartímann og kemur við á hinum eiginlegu Færeyjamiðum á leiðinni hingað til Íslands. Við vitum líka um þann mikla og fræga fiskstofn okkar, norsk-íslenska síldarstofninn, að aðalhrygningarslóðir þeirrar síldar eru við Noregsstrendur og síðan gengur þessi síld alla jafna norður í höf og kemur að Íslandi og heldur svo áfram út á hið gamla Rauðatorg eða á svæði sem er að talsverðu leyti innan færeyskrar landhelgi. Við vitum að svona er ástatt með miklu fleiri fiskstofna. Við vitum líka að t. d. sum okkar ágætustu karfamið liggja bæði innan íslenskrar landhelgi og grænlenskrar landhelgi þegar Grænlendingar hafa fullan kraft í sér til þess að taka sér 200 mílna landhelgi.

Hér er ekki aðeins um loðnuna að ræða, heldur miklu fleiri fiskstofna. En auðvitað þýðir þetta, að svona er ástatt, ekki að við eigum að semja um veiðiheimildir útlendinga, hvernig svo sem ástatt er hjá okkur og viðkomandi þjóðum þrátt fyrir þessa sameiginlegu eign okkar. Auðvitað kemur að því, að við semjum við Norðmenn, Færeyinga, Skota og Íra og eflaust margar fleiri þjóðir um ýmis mál sem eru gagnkvæmismál. Ef ætti að nota þær röksemdir sem hæstv. utanrrh. notaði fyrr í sambandi við þessa samningagerð, þá ættum við að semja við Efnahagsbandalagið, vegna þess að hagsmunir okkar koma saman við hagsmuni Grænlendinga, en Grænland telst til Efnahagsbandalagssvæðisins. Fyrir nokkrum árum vorum við þó menn til þess að segja nei við beiðni Efnahagsbandalagsins, þó að við vissum um þetta.

Auðvitað eru rök af þessu tagi engin frambærileg rök. Hér er auðvitað fyrst og fremst um það að ræða, hvort málin snúi þannig við nú í dag, að við höfum efni á að láta eitthvað af fiski úr okkar fiskveiðilandhelgi til Færeyinga og annarra og hvort það sé í eðli sínu sanngjarnt að láta aðrar þjóðir hafa af þessum fiskafla miðað við stöðu þeirra og miðað við það, hvernig þeir halda á sínum málum. Ég hef líka margsagt það sem mína skoðun, að jafnhliða því sem við ættum að segja upp öllum fiskveiðisamningum við útlendinga um veiðar hér við land, þ. e. a. s. við ættum að segja upp samningunum við Belga, sem eru enn í gildi, og við Norðmenn og einnig við

Færeyinga, þá hef ég sagt að ég teldi það vera sjálfsagt, að þegar Færeyingar leituðu til okkar skoðuðum við beiðni þeirra í alveg sérstöku ljósi. Það er enginn vafi á því, að það er margt sem gerir það að verkum, að við viljum teygja okkur lengra í samningagerð í þessum efnum við Færeyinga en við aðra, en það þýðir engan veginn að við eigum að heimila þeim veiðar eins og gert er ráð fyrir í þessum samningi.

Menn hafa einnig reynt að afsaka þessa samningagerð á ýmsa vegu, eins og t. d. á þann hátt, að hér hafi í rauninni aðeins verið til umr. loðnuveiðisamningur. Samt var samið um það í þessum samningum að minnka þorskveiðar Færeyinga um 1000 tonn. Auðvitað vissu það allir og enginn betur en þeir sem að þessum samningum stóðu, að það var enginn vandi að taka upp þorskveiðisamninginn jafnhliða beiðni Færeyinga um loðnuveiðar. Það var enginn vandi. Og auðvitað átti að vera búið að segja þeim samningi upp með löglegum fyrirvara. Það hefðu allir þeir gert sem hefðu haft að mínum dómi eðlilegan skilning á þessu máli, og það er enn þá mín till., að þeir, sem með þessi mál hafa að gera, dríf sig í það að segja upp veiðiheimildarsamningum við Belga, Norðmenn og Færeyinga.

Inn í þessa umr. hefur ýmsu verið blandað. Hæstv. utanrrh. kom með þá hliðarröksemd, að Íslendingar hefðu veitt talsvert af loðnu á s. l. ári utan 200 mílna landhelgismarka okkar. Auðvitað hefði hann mátt athuga það, að alveg sérstaklega stóð á í sambandi við þessar veiðar einmitt á s. l. ári og kom í rauninni öllum á óvart og þá var veiðin á þessum slóðum ekkert svipuð því sem hún hafði verið áður. Okkar skip, eins og komið hefur fyrir, eltu þennan fisk langt norður í haf og fóru því út fyrir okkar 200 mílna mörk. En við vorum ekki í þeim efnum að fara inn á yfirlýst veiðisvæði neinna annarra. Við fórum þar út á opið og frjálst haf sem við eigum jafnmikinn rétt á og hver annar. Auðvitað hafa reglurnar um 200 mílna efnahagslögsögu aldrei skert rétt okkar til þess að veiða utan þeirra marka eftir því sem almennar reglur standa til.

Í þessum efnum var farið að minnast á það, að raunverulega væri það svo, að við hefðum veitt nokkuð af loðnu á s. l. ári á svæði sem Norðmenn gætu hugsanlega tekið undir efnahagslögsögu Jan Mayen. Ég verð að segja það, að ég tel yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda í þessa átt alveg forkastanlegar, vegna þess að það er afstaða mín og ég veit miklu fleiri, að það eru engin frambærileg rök fyrir því að Jan Mayen eigi að fá 200 mílna efnahagslögsögu. Ég veit mætavel að það eru ekki til nein alþjóðalög enn þá sem kveði skýrt á um þetta. En hitt vitum við, að allar þær röksemdir sem fluttar hafa verið fram fyrir því, að það væri réttmætt og sanngjarnt að ríki gæti tekið sér 200 mílna efnahagslögsögu, öll sú umr. var byggð á þeirri meginröksemd, að þar væri um þjóðríki að ræða, þar væri um formlegt þjóðfélag að ræða, sem þyrfti á efnahagslögsögu að halda, og að slíkt þjóðríki gæti líka með eðlilegustum hætti haft yfirstjórn á þeim verðmætum sem þar var um að ræða.

Ég veit mætavel að í þeim drögum, sem legið hafa fyrir varðandi efnahagslögsögumálið, hefur orðalagið verið bundið við það, að 200 mílna efnahagslögsaga ætti ekki að ná til óbyggðra eyja eða kletta. Það er auðvitað ljóst, að Jan Mayen getur ekki talist venjulegur klettur úr hafinu. Þar er um land að ræða. En þar er vitanlega ekki um neitt formlegt þjóðfélag að ræða, þó að þar dveljist veðurathugunarmenn tímabundið. Og það stríðir í rauninni á móti grundvallarröksemdum í þessu máli þegar Norðmenn, auðvitað af hagsmunaástæðum, reyna að teygja rök sín út í það — og eru ekki allir á eitt sáttir í málinu — að þeir eigi að fá efnahagslögsögu í kringum Jan Mayen.

Að mínum dómi á það að vera afstaða okkar Íslendinga, að Jan Mayen eigi í rauninni aldrei að fá nema 12 mílna landhelgi, en efnahagslögsaga í kringum Jan Mayen sé óeðlileg. Ég vil því segja það, að allar yfirlýsingar, sem koma frá íslenskum stjórnvöldum í þá átt, að Norðmenn geti tekið sér efnahagslögsögu við Jan Mayen, eru vægast sagt óheppilegar og ekki vel hugsaðar. Það kann vel að vera, að Norðmenn geti boðið okkur einhverja samninga í þeim efnum, hvort við getum fallist á að standa með þeim varðandi kröfuna um efnahagslögsögu við Jan Mayen gegn því að þeir séu þá ekki að skerða 200 mílna landhelgi okkar, þar sem 200 mílna landhelgi þessara svæða kemur saman, þeir séu ekki að gera þar kröfu til neinnar miðlínu, að við fáum að hafa sem sagt óskerta 200 mílna landhelgi í áttina til Jan Mayen. En ég mundi fyrir mitt leyti aldrei vilja taka undir neitt slíkt. Sannleikurinn er sá, að hafsvæðið þar norður af er auðvitað langsamlega tengdast okkur á allan hátt og við höfum langbesta aðstöðu allra til þess að nýta þau mið sem þar er um að ræða — langtum betri en Norðmenn. Við eigum því ekki að vera að gera neitt afbrigðilegt samkomulag við þá í þeim efnum.

Hitt getum við auðvitað ekki ráðið við, ef svo fer að skýlaus ákvæði í samþykktum alþjóðalögum gerðu það ljóst, að landssvæði eins og Jan Mayen ættu rétt á 200 mílna efnahagslögsögu, sem ég tel ekki vera. Ef svo yrði, þá yrðum við auðvitað að beygja okkur undir það eins og annað sem þannig verður ákveðið. En við vitum um mjög hliðstæð dæmi á ýmsum öðrum stöðum, og þá er einmitt uppi það sjónarmið sem ég hef verið að túlka, að svæði eins og Jan Mayen á ekki að eiga neina efnahagslögsögu fyrir þjóðfélag sem þar er ekki til.

Ég minntist á það í upphafi máls míns, að afstaða mín í þessum efnum byggist hreinlega á því, að ég tel að aðstæður okkar séu þannig nú, að við getum ekki veitt neinum útlendingum veiðiheimildir hér við land og eigum ekki að gera það. Það breytir vitanlega ekki því, að upp getur komið sú staða að við viljum taka upp gagnkvæmissamninga jafnt við Færeyinga sem aðra.

Afstaða mín er ekki á nokkurn hátt mótuð af neinni óvild til Færeyinga, síður en svo. Ég vil fyrir mitt leyti láta þá njóta fyllsta réttar sem við látum útlendinga njóta í fiskveiðilandhelgi okkar. Og mér er það ljóst, að eðlilegt er að við höfum gott samstarf við Færeyinga í fiskveiðimálum almennt séð. En réttlætir ekki það að mínum dómi, að við eigum að veita þessar heimildir, miðað við núverandi aðstæður.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að þeim vinnubrögðum sem ég var einnig að mótmæla þegar ég greindi frá afstöðu minni til þessa máls. Ég vil að það komi hér skýrt fram, að þessi samningagerð var aldrei lögð fyrir minn flokk, Alþb. — aldrei, og það er alrangt sem sagt var, að Alþb. og jafnvel öðrum flokkum hafi ekki unnist tími til að taka málið fyrir. Slíkt er hreint slúður. Það var aldrei farið fram á það við okkur sem flokk að taka afstöðu til málsins og við áttum þess engan kost. Okkur var ekki gefinn neinn kostur á því að eiga fulltrúa við samningagerðina, og málið var aldrei borið undir okkur.

Þær upplýsingar, sem ég hef fengið frá fulltrúum okkar bæði í ríkisstj. og í utanrmn., eru þær, að talsvert áður en Færeyingar komu hingað til þessara viðræðna var málið lauslega rætt í ríkisstj. Var þá fyrst og fremst um það að ræða að taka upp viðræður við Færeyinga, og var sjálfsagt að ræða við þá um málið. En þessi samningagerð var aldrei lögð fyrir ríkisstj. og aldrei borin þar upp til samþykktar. Það sama er að segja um utanrmn. Utanrmn. er engin sérstök stofnun til þess að ganga frá máli eins og þessu. Það er sjálfsagt að hafa samráð við hana, en vitanlega er hún í þessum efnum eins og hver önnur undirnefnd Alþingis.

Ef svona væri haldið á málum allajafna, þá gæti maður alveg eins átt von á því, að einhvern daginn endurtækju þeir kröfur sínar, þeir Efnahagsbandalagsmenn, og óskuðu eftir viðræðum um veiðiheimildir í íslenskri fiskveiðilandhelgi, eins og þeir hafa gert áður, og næst heyrðum við, sem erum stuðningsaðilar að ríkisstj., frá því skýrt í útvarpinu að búið væri að semja við þá. Það væru vinnubrögð nákvæmlega af sama tagi og hér er um að ræða. Þessu hlýt ég auðvitað að mótmæla fyrir hönd flokks míns. Þetta eru ekki frambærileg vinnubrögð. Auðvitað var það hið eðlilega, að sú n., sem tók upp þessar viðræður við Færeyinga, kæmi með drög að samningi fyrir ríkisstjórnarfund og þar yrði tekin afstaða til samningsins, og þá vænti ég þess, að þá hefðu samningsdrögin líka legið fyrir þeim flokkum sem að ríkisstj. standa svo að þeir hefðu getað sagt sitt álit.

Varðandi vinnubrögðin breytir það í rauninni engu máli hver afstaðan verður. Ég veit mætavel að það eru ekki allir í mínum flokki á sömu skoðun og ég varðandi þessa samningagerð. Slíkt hefur líka legið fyrir á undanförnum árum. Það hefur ekki farið fram hjá neinum, hver hefur verið afstaða mín í sambandi við hliðstæða samninga áður, og það hefur ekki heldur farið fram hjá neinum, hver hefur t. d. verið afstaða hv. þm. Gils Guðmundssonar. Hann hefur ekki dregið neitt undan í þeim efnum, hver væri afstaða hans til slíkra samninga. En það breytir vitanlega engu um það, hvernig á að vinna að svona málum.

Ég hlýt að lýsa undrun minni yfir því, hvernig þarna var að málum staðið, og mótmæla því. Og ég vil satt að segja gjarnan fá það fram í þessum umr. á hverju hv. þm. Einar Ágústsson t. d. byggir það, þegar hann segir í blaðaviðtali á eftir og hæstv. utanrrh. Benedikt Gröndal, að þeir telji sig hafa haft fullt umboð til þess að gera þennan samning. Hver veitti umboðið? Ég vil gjarnan að það komi fram. Hver veitti umboðið til þess að gera samninginn án þess að hann væri borinn undir rétta aðila?

Ég þarf í rauninni ekki að ræða þetta mál frekar. Ég hef gert grein fyrir því, hver er afstaða mín til þessa máls og hvaða ástæður liggja til þeirrar afstöðu. Ég mun haga atkv. mínu varðandi þessa samningsgerð í fullu samræmi við það. En á hitt vil ég einnig minna menn, að þeir ættu að fara að hugsa sig um, sumir hverjir, sem virðast alltaf vera tilbúnir að samþykkja hverja þá stöðvun sem um er að ræða gagnvart okkur Íslendingum sjálfum til þess að loka flotann inni og til þess að neita mönnum um það jafnvel að geta fengið að kaupa fiskiskip til að stunda þær veiðar sem þó er heimilt að stunda. Þeir ættu að hugsa sig betur um þá afstöðu sína gagnvart Íslendingum sjálfum áður en þeir bæta við heimildum til útlendinga til þess að veiða hér af okkar takmarkaða fiskstofni. Aðalfor-

svarsmenn útgerðarinnar í landinu hafa látið til sín heyra í þessu máli, og það er í rauninni sama úr hvað landsfjórðungi það er, þeir hafa mótmælt þessu. Það er vegna þess að viðkomandi menn finna það mætavel, hvernig þessi mál standa. Það er ekkert þægilegt að standa þannig að málum að banna Íslendingum að veiða, en heimila útlendingum á sama tíma veiðarnar, eins og verið hefur. Og það er rétt að menn fari að átta sig á því, að það getur farið að heyrast meira í mönnum en hefur gert til þessa, ef slíkri stefnu verður hér fram haldið.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það eru margir á mælendaskrá og ég óska aðeins eftir að fá að koma inn í umr. til að segja örfá orð út af meðferð málsins, sem ég gerði ekki að umræðuefni, en hv. 1. þm. Austurl. gagnrýndi mjög harðlega.

Gangurinn í meðferð þessa máls var í stórum dráttum á þessa leið: Síðustu dagana í nóv., þegar skeyti bárust frá Færeyingum um að þeir óskuðu eftir viðræðum um endurnýjun á loðnu- og kolmunnasamningunum, þá skýrði ég strax frá því, bæði í ríkisstj. og utanrmn. Um miðjan desember var fundur í utanrmn. og þá tók ég þetta mál aftur upp, sagði að það væri ákveðið, að Færeyingar kæmu snemma í janúar, og óskaði eftir því, að utanrmn.-menn bæru sig saman við flokka sína til þess að geta gefið ráð um afstöðu til þessa máls skýrt og afdráttarlaust. Þar af leiðandi get ég ekki tekið ásökunum um að það sé mér að kenna ef ekki hefur verið rætt við einhvern af þingflokkunum. (**LJós:** Lá samningurinn fyrir líka?) Nei. Vitað var um hvað þessar viðræður mundu snúast. Það var lítill vandi fyrir aðra menn, t. d. hv. 1. þm. Austurl., að gera sér grein fyrir því fyrir fram, hvernig þeir teldu að niðurstaðan ætti að vera. Þetta er ekki það flókið mál. (**LJós:** Við eigum að taka afstöðu til samninga þegar þeir liggja fyrir, en ekki í sambandi við viðræður.)

2. jan. var ákveðið að viðræðurnar færu fram viku síðar. Þá tók ég málið upp í ríkisstj., skýrði frá því að vika væri til stefnu. Auðvitað kunna allir menn utan bókar þær fáu tölur sem um var að ræða, þetta er svo einfaldur samningur. Sjútvrh. lét á þessum fundi í ljós sömu skoðun sem hann hafði látið í ljós opinberlega áður, að hann teldi að það yrði að minnka magnið sem Færeyingar fengju. Ráðh. Alþb. höfðu ekki eitt aukatekið orð um þetta að segja. Forsrh. sagði þá í lokin: „Málið fer þá til utanrmn." Ég hafði skýrt frá því, að ég hefði óskað eftir sérstökum fundi í utanrmn. til að fjalla um málið, og orð hans voru þau: „Málið fer þá til utanrmn." — Þessi sérstaki fundur í utanrmn. var haldinn og þá kom í ljós hjá utanrmn.-mönnum, að engir þeirra höfðu komið því við fyrir jólin að fá fram umr. á þingflokksfundum hjá sér, þrátt fyrir að um hafði verið að ræða meira en hálfan mánuð til stefnu. Að vísu vitum við hvernig vinnuálag er í þinginu síðustu dagana fyrir jól. Þrátt fyrir þetta fóru fram efnislegar umr. um það, hvernig utanrmn.-menn teldu að hugsanlegt væri að semja, og margir af utanrmn.-mönnum sögðu að þeir hefðu rætt við og heyrt skoðanir hjá allmörgum flokksbræðrum sínum. Það gerðist t. d. að varaformaður utanrmn., hæstv. forseti Sþ., sem hefur þegar verið nefndur, skýrði frá afstöðu sinni. Hann skýrði líka frá því, að honum væri fullkunnugt um af viðræðum við flokksbræður sína, að það væru menn í þingflokki hans sem væru andstæðrar skoðunar. Fulltrúi Alþfl., hv. þm. Árni Gunnarsson, gerði hið

sama. Hann lýsti skoðun sinni, en sagði að hann vissi að í þingflokki Alþfl. væru til öndverðar skoðanir. Engu að síður var augljós niðurstaða af þessum fundi utanrmn. Mikill meiri hluti þeirra manna, sem þarna voru mættir, mælti með því að samið yrði við Færeyinga að nýju, en aflamagnið minnkað. Einn maður nefndi töluna 25 þús. tonn af loðnu. Aðrir nefndu ekki tölur.

Nú er það svo, að það er alrangt hjá hv. 1. þm. Austurl. að utanrmn. sé eins og hver önnur undirnefnd Alþingis, það er hún ekki. Utanrmn. hefur algera sérstöðu meðal nefnda Alþ. Ákvæði er í þingsköpum um að hún skuli vera ráðgefandi í utanríkismálum fyrir ríkisstj., og tekið er fram að hún skuli gegna þessu ráðgefandi hlutverki árið um kring. Þetta er eina þn. sem starfar allt árið til að gegna þessu hlutverki. Og með því að félagar mínir í ríkisstj. ræddu þetta mál ekki meir en þeir gerðu og síðustu orð forsrh., áður en hann tók fyrir næsta mál, voru: „Málið fer þá til utanrmn." — gerði ég það sem þingsköp mæla fyrir um: ég ráðgaðist við utanrmn. Í samningunum fórum við að vísu ekki alveg eftir því sem mér fannst vera tónninn í utanrmn. Við gengum lengra í því að skera niður aflamagnið. Það að auki tilkynnti ég að formaður utanrmn. mundi verða í samninganefndinni, þannig að hann gæti kallað utanrmn. saman, ef honum þætti ástæða til, hvenær sem væri.

Varðandi það, hverjir fóru með gerð þessara samninga, þá er það alveg eftir venju. Það verkefni að gera samninga við önnur ríki hefur forseti Íslands samkv. stjórnarskránni og fara ráðh. með umboð til þess. Það er ekkert um ríkisstj. sem slíka í stjórnarskránni, að ég held. Umboðið felst í því, að ég og sjútvrh. förum með þessi mál — eða sérstaklega ég, það fylgir starfi mínu. En þetta umboð er takmarkað á þann hátt, að vissar tegundir samninga, sem hafa í för með sér afsal einhverra landréttinda eða hlunninda, skal bera undir Alþingi til staðfestingar eða synjunar. Það erum við að gera nú.

Ég vil að lokum geta þess, að daginn sem Færeyingar voru komnir hingað til viðræðna, sólarhring síðar en ætlað var vegna flugsamgangna, var umr. frestað fram yfir hádegi af því að það var ríkisstjórnarfundur um morguninn. Ég spurði raunar forsrh. fyrir fundinn, hvort hann héldi að samingamálið mundi koma þar upp. „Við skulum sjá til", sagði hann. En þó að þetta væri á vitorði allra manna í landinu, að fulltrúar Færeyinga væru komnir og viðræðurnar ættu að hefjast síðdegis þennan dag, tóku fulltrúar Alþb. í ríkisstj. ekki til máls um þær, höfðu ekkert sérstakt fram að færa. Þeir höfðu þarna tækifæri nokkrum klukkutímum áður en samningarnir byrjuðu. Ég verð að játa að ég skildi þetta hreinlega þannig, að vegna þess að það væru skiptar skoðanir í þeirra flokki, mínum flokki o. fl., þá teldu þeir að það svaraði ekki tilgangi að vera að eyða tíma í að deila um þetta í ríkisstj., heldur best að láta samráðin fara fram í utanrmn., þar sem Alþb. hefur tvo ágæta fulltrúa.

Ég tel því, þegar á þetta er litið í heild, að það sé alls ekki réttmætt að bera fram ásakanir um það, að ekki hafi verið ráðgast við alla aðila, stjórn og stjórnarandstöðu, eins og eðlilegt er í máli sem þessu, og að ríkisstjórnarflokkarnir hafi ekki haft ærin tækifæri til þess að ræða málin í ríkisstj., ef þeir hefðu óskað eftir frekari umr. þar. Það er nú einu sinni svo um allan þorrann af samningum af þessu tagi, að það er ekki hægt að taka langan tíma eftir að samkomulag hefur náðst í hörðum viðræðum, eins og þessar voru þrátt fyrir allt, og fara svo að bera það undir marga aðila annars staðar og kannske þurfa að kalla saman til nýrra viðræðna. Það gæti orðið tímafrekt verk. Það var því óhjákvæmilegt að fulltrúar utanrrn. og sjútvrn., sem áður hafa farið með samninga sem þessa, að viðbættum formanni utanrmn. nú fyrir hennar hönd gerðu þessa samninga. Svo verður að ráðast hvort Alþ. staðfestir þá eða fellir.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er í fyrsta lagi þannig varðandi þessa samninga, að aldrei var borin upp efnislega í ríkisstj. sú niðurstaða sem fékkst í viðræðum hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. við Færeyingana. Hún var aldrei borin upp í hæstv. ríkisstj. og hefur enn ekki verið borin upp þar. Það hefur ekki heldur verið borið upp í hæstv. ríkisstj., hvort leggja mætti fram á Alþ. þá till. til þál. sem hér liggur fyrir. Henni var dreift á borð þm. á dögunum án þess að um það hefði sérstaklega verið fjallað í ríkisstj. Það er í annan stað ljóst, og vil ég láta það koma fram, að þá fyrst fengum við þessa samninga í hendur að við gengum eftir því á ríkisstjórnarfundi, spurðum að því allra vinsamlegast, hvort ekki væri hugsanlegt að við fengjum að sjá eintak af þessu plaggi. Það er loks ljóst í þessu máli, að Alþb. sem slíku var aldrei gefinn kostur á aðild að viðræðunefndinni við Færeyinga. Og það er rangt, sem hæstv. utanrrh. sagði í þeim efnum áðan, að það væri eftir venju. Alltaf þegar rætt hefur verið við útlendinga um fiskveiðar í íslenskri landhelgi, t. d. á tímum síðustu vinstri stjórnar 1971—1974, hafa í viðræðunefndum verið fulltrúar allra stjórnarflokkanna. Þannig á það að vera, og annað er vitaskuld algerlega óþolandi.

Ég er þeirrar skoðunar, að eftir atvikum hafi tekist sæmilega til í þessum samningum við Færeyinga, og ég mun styðja þá hér á Alþ. Það breytir ekki því, að ég tek undir þá gagnrýni sem flutt hefur verið á þá málsmeðferð sem hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. hafa viðhaft í þessu máli.

Ég vil einnig bæta því við, að ég tel að það sé rétt og eðlilegt að Íslendingar ákveði nú á næstunni að segja upp öllum þorskveiðisamningum og fiskveiðisamningum við útlendinga innan íslensku landhelginnar. Þetta er skoðun sem hæstv. sjútvrh. hefur hreyft á opinberum vettvangi, og undir hana höfum við tekið og ég hreyft henni sérstaklega í ríkisstj.

Þessar aths., herra forseti, taldi ég óhjákvæmilegt að láta koma fram vegna þeirra ummæla sem hæstv. utanrrh. lét frá sér fara áðan.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessi till. til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, sem hér liggur fyrir til umr., hefur orðið til þess, að áður en stjórnarandstaðan kæmist að hafa hæstv. utanrrh. og leiðtogi eins stjórnarflokksins, Alþb., ekki orðið á eitt sáttir frekar en fyrri daginn um meðferð mála. Annar ráðh. hefur einnig komið fram í þessum umr. til þess að gagnrýna vinnubrögð utanrrh. Ég furða mig á að slík gagnrýni skuli eiga sér stað innan ríkisstj. Ég hélt að ríkisstj. ræddi mál eins og þessi innan sinna vébanda og ráðh., sem fjölluðu um samningsmál sem þessi, hefðu heimild ríkisstj. Ég bjóst einnig við að þeir hefðu jafnframt heimild þeirra flokka sem að ríkisstj. standa.

Ég vil í þessu sambandi minna á að fyrir ári komu fulltrúar Færeyinga hingað til Íslands í þeim tilgangi að

leita samninga við okkur Íslendinga um að fá leyfi til loðnuveiða, og það voru sömu menn og nú komu til viðræðna, eða lögmaðurinn Atli P. Dam og þáv. sjútvrh. Færeyinga, Pétur Reinert og Danielsen menntmrh. Færeyinga, eða menn frá öllum flokkum sem stóðu að ríkisstj. í Færeyjum. Ég taldi sjálfsagt, vegna þess að þáv. hæstv. utanrrh. var erlendis og var væntanlegur heim seint að kvöldi þess dags sem fulltrúar Færeyinga komu, að gefa fulltrúum allra stjórnmálaflokka, sem þá áttu sæti á þingi, tækifæri til þess að ræða við Færeyinga og kynnast skoðunum þeirra og láta í ljós skoðanir sínar í sambandi við það sem hér var verið að fara fram á. Ég undanskildi ekki fulltrúa eins einasta flokks í því tilfelli. Hins vegar er mér ljóst, að það er ekki venja, þó að það sé kannske að mörgu leyti æskilegt, að fulltrúar stjórnarandstöðu taki þátt í slíkum viðræðum. En mér fannst rétt þá að formaður þingflokks Alþfl., fulltrúi frá Alþb. — utanrmn.-maður — og fulltrúi þriðja þáv. stjórnarandstöðuflokksins fengju tækifæri til þess að ræða við þessa menn ásamt íslenskum sérfræðingum og embættismönnum, bæði í utanrrn. og sjútvrn., og þess vegna gerði ég þeim kleift að hittast áður en til viðræðna var gengið. Þetta tel ég að hefði átt að gera einnig í þessu tilfelli.

Í sambandi við fullyrðingu hæstv. utanrrh. um að fulltrúum flokkanna í utanrmn. hafi verið falið að tilkynna sínum flokkum um þessi mál vil ég spyrja: Hvað höfðu fulltrúar flokkanna í utanrmn., a. m. k. fulltrúar Sjálfstfl. og fulltrúar Alþb. líka, að tilkynna flokkum sínum um þessar viðræður? Það væri von á mönnum frá Færeyjum, ekkert meira. Eina, sem við höfðum að leiðarljósi, voru neikvæð viðbrögð hæstv. sjútvrh. á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna um samninga við Færeyinga, boðun þess að segja upp fiskveiðisamningum og neikvæð viðbrögð hæstv. utanrrh. Ég hugsaði sem svo: Af hverju eru mennirnir að boða þessa fulltrúa færeysku landsstjórnarinnar til Íslands, ef það á ekki að segja við þá annað en: Farið aftur heim, þið fáið ekkert, skrattarnir ykkar. Þið getið lifað á ykkar eigin fiskimiðum, eins og hv. 1. þm. Austurl. sagði áðan, sem ég á eftir að koma að síðar. — Þannig var í pottinn búið, þannig var farið að í sambandi við þetta mál. Ég harma að slík vinnubrögð skuli viðhöfð í þessum efnum. Hér er um viðkvæm og erfið mál að ræða og þarf sannarlega við fyllstu víðsýni, eiga viðræður við fulltrúa allra flokka, því að fiskurinn er ekki eign Alþfl. eins eða þeirra sem kusu Alþfl., hvorki botnlægur fiskur, loðna né annar fiskur. Hann er eign íslensku þjóðarinnar allrar — fólks sem hefur kosið alla flokka í landinu. Viðskipti og samskipti við aðrar þjóðir og þá ekki síst við nágrannaþjóð eins og Færeyinga er líka sameiginlegt hagsmunamál Íslendinga allra.

Ég vil koma að því strax, enda þarf enginn að búast við öðru frá minni hendi, að ég mun greiða atkv. með þeim samningi sem fyrir liggur, því að ég vil ekki vera eitt í dag og annað á morgun. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að við eigum að sýna Færeyingum fyllsta skilning. Það eru alltaf til menn, og sérstaklega þeir sem eru ríkir og hafa úr nógu að spila, sem svara því til: Við eigum ekkert aflögu, þess vegna getum við ekkert látið. — Og það kemur úr hörðustu átt þegar fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, sem svo kalla sig, fulltrúar smælingjanna, fulltrúar þeirrar sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, taka undir svona gömul orð, bæði gamalla og nýrra svíðinga, sem alltaf segja: Við eigum ekkert aflögu. (**Gripið fram í:** Við hvern á þm.?) Þm. á við þá sem taka alltaf undir orð þeirra sem eru níðskir og vilja aldrei láta neitt af hendi, skilja ekki þarfir annarra, skilja ekki þarfir samfélagsins, — og þá er ekki endilega farið innan eins ákveðins þjóðfélagshóps, heldur má einnig líta til næsta bæjar.

Hv. 1. þm. Austurl. talaði mjög á móti öllum veiðiheimildum fyrir Færeyinga og vildi segja upp þeim samningi, sem verið hefur í gildi, og það strax. Það er í samræmi við það sem hefur verið látið liggja að hjá sumum Alþfl.-mönnum. En hv. 1. þm. Austurl., sem er mjög minnisgóður maður, ætti að muna útfærslu fiskveiðilögsögunnar 1. sept. 1972, en það ár veiddu Færeyingar 16 200 tonn. Það ár kom út aðvörunarskýrsla fiskifræðinganna um að draga úr veiðunum. Það ár kom út aðvörun allra helstu sérfræðinga á sviði efnahagsmála og þeirra ótal spekinga sem þessi fámenna þjóð á, sem kröfðust þess þá jafnhliða að dregið yrði úr skipakaupum og skipabyggingum því að fiskurinn væri búinn í sjónum. En þáv. sjútvrh. og þáv. ríkisstj. hélt áfram að byggja upp fiskveiðiskipaflotann. Ég hef aldrei áfellst hv. 1. þm. Austurl. fyrir þá stefnu hans — aldrei — og mun ekki gera. En þá var ástæða til að draga úr veiðum útlendinga og það verulega, og þá áttum við að draga að einhverju leyti úr veiðum Færeyinga, frænda okkar, eins og annarra. Það, sem skeður, er að þegar á að draga úr veiðunum eftir útfærsluna 1. sept. 1972, þá aukast veiðar Færeyinga á árinu 1973 upp í 21 500 tonn. Var þetta aðeins aukning að magni til, kunnið þið að spyrja, eða náði þáv. hæstv. sjútvrh. frjálsu samkomulagi við þessa nágranna okkar um að draga úr þorskveiðunum? Nei, ekki aldeilis, það gerði hann ekki, því að þorskveiðar þeirra einar jukust úr 11 þús. tonnum í 14 200 tonn eftir að við færðum út í 50 mílur.

Ég ætla ekki að vera að fara inn á bresku samningana og allt það sem menn átu ofan í sig á þeim árum ofan á þetta.

En hvað tók svo við? Það fyrsta, sem fyrrv. ríkisstj. varð að gera, var auðvitað að halda áfram baráttunni fyrir því að losna við erlendar þjóðir úr íslenskri fiskveiðilögsögu. Það tókst með góðum árangri. Gagnrýnin var hörð. Hún var óvægin oft og tíðum hjá þáv. stjórnarandstöðu — og þá ekki síður hjá Alþfl. sem nú hefur skipt dálítið um skoðun, svo sem ég skal koma einnig að síðar.

Þegar við tókum við og losuðum okkur við Breta og Þjóðverja og fiskveiðar annarra þjóða fóru minnkandi, var ásælni fjölmargra þjóða í samninga um fiskveiðar við Ísland og ásælni Efnahagsbandalagsins og fundum Efnahagsbandalagsins tekið á annan hátt en þáv. stjórnarandstaða vildi. Þáv. stjórnarandstaða sagði: Það á ekki að tala við þessa menn um neitt. Við höfum ekki af neinu að taka. Og hér verður ekki um neina fiskveiðisamninga að ræða. En við, sem þá vorum í stjórn, töldum að það bæri að tala við fulltrúa Efnahagsbandalagsins eins og aðra fulltrúa, og við lýstum fyrir þeim á þremur fundum, tveimur með stuttu millibili, afdráttarlaust, að það væri ekki um neinar fiskveiðiheimildir að ræða, en hins vegar værum við reiðubúnir að ræða við þá um fiskverndarsamning. Það höfum við gert við fleiri þjóðir og m. a. gert samninga við tvær þjóðir í þeim efnum, bæði Rússa og Pólverja, um vísindalega verndun.

Við áttum svo fyrsta samningsfundinn við Færeyinga. Sá fundur var Færeyingum ekki sársaukalaus. Þeir töldu sig taka fullt tillit til óska okkar í þessum efnum öllum og

fóru ákveðið fram á heimild til að veiða 25 þús. tonn af botnfiski á ári. Að lokum var þá samið um 20 þús. tonn eftir mikið þóf og erfiðleika og síðan var samningurinn endurnýjaður og samið um 17 þús. tonn, þar af voru 9 þús. tonn annar fiskur en þorksur og 8 þús. tonn af þorski.

Þegar enn harðnaði á dalnum, þegar farið var að takmarka veiðar Íslendinga sjálfra, þá tilkynntum við Færeyingum og þeim þjóðum tveimur öðrum, sem hafa hér takmörkuð fiskveiðiréttindi, að þær yrðu að hætta veiðum á meðan íslenskum skipum væri bannað að veiða. En áður en þetta gerðist óskaði ég eftir því við sjútvrh. Færeyinga, að hann kæmi til viðræðna við okkur. Það varð að munnlegu samkomulagi, sem skýrt var frá í blöðum, en enginn milliríkjasamningur gerður um það, að Færeyingar drægju úr þorskveiðiafla sínum um 1000 tonn fram yfir það sem sagði í samningnum. Nú hefur það svo aftur gerst í þessum síðustu samningaumleitunum, að enn draga Færeyingar um 1000 tonn úr þorskveiðiafla sínum, en hámarksveiðikvótinn af botnlægum fiskum er alveg óbreyttur. Ég er alveg sammála um þetta atriði og taldi og tel nauðsynlegt að með þessum hætti eigum við að draga úr þessum veiðum Færeyinga eins og við mögulega getum.

En þá komum við að hinu atriðinu, sem er loðnan. Færeyingar hafa haft leyfi til þess að veiða hér loðnu á s. l. tveimur árum, fyrra árið að mig minnir 25 þús. tonn og á s. l. ári 35 þús. tonn. Hér var um að ræða þær veiðar sem við höfum engar hömlur sett á. Það eru ekki nema tvö ár síðan íslenskir fiskifræðingar sögðu að loðnustofninn þyldi að veidd væri af honum 1—1.5 millj. lesta á ári. En á s. l. sumri tapar veiðiflotinn loðnunni í nokkra daga, ég man ekki hvað þeir voru margir, og þá féll barómetið alveg niður í botn hjá fiskifræðingunum, sem sögðu að nú væri orðið alvarlegt ástandið með loðnustofninn, nú þyrfti verulega að draga úr veiðinni því að gengið væri *hættulega nærri stofninum. Þó hafði ekki verið veitt nálægt lægri mörkum þess sem þeir töldu að væri sjálfsagt* að veiða. Svo fann loðnuflotinn aftur loðnuna og mokaði henni upp og þrærnar fylltust og þá lyftist barómetið aftur, fiskifræðingabarómetið, og fór alveg á „blíðviðri" með sama, og nú var óhætt að bæta aftur við loðnuveiðina. Hvað gerist svo? Það hefjast veiðar á loðnu *austur í hafinu, austan við fiskveiðilögsögu Íslands.* Þá segja fiskifræðingar: Þetta er sami stofninn og okkar loðna, alíslensk. — Ég ætla ekki að draga það í efa, mér dettur ekki í hug að gera það, ég hef enga þekkingu til þess, hvorki að segja að það sé rétt né rangt. Það er farið að veiða hana af öðrum þjóðum og við vitum ekkert nema þeirri veiði verði haldið áfram. — Það er alveg óhætt að drepa 1 millj. tonna ef hún er drepin innan 200 mílna, en það skiptir engu máli hvað er drepið af sama stofni ef það er gert utan við 200 mílur. Eftir þessu fara íslensk stjórnvöld og trúa þessu eins og kristinn maður trúir biblíunni. Þeir mega það fyrir mér, sem það vilja. Mér dettur ekki í hug að trúa þessu.

Svo er sett bann á loðnuveiðiflotann í vetur. Það er sett eftir dagatali, en ekki eftir veðráttunni. Það hefur aldrei verið betra tíðarfar út af Vestfjörðum en í desember í vetur, ekki nokkur ísingarhætta. En það var um að gera að setja bann, ekkert farið eftir veðráttu. Og skipstjórarnir á loðnuflotanum voru allsendis ófærir um að ályktа, hvort nú væri fært að stunda veiðar á þessu svæði, eða þá að ráða því, hvað þeir létu hver í sitt skip. Það varð að gera á einhverju skrifborðinu. Það er líkt og um útlánaþörf Seðlabankans. Hún fer ekkert eftir því, hvað *fiskast og hvað er unnið í landi.* Það er ákveðið á skrifborði bankastjóranna. Eins var með þetta. Hver ætlar svo að telja nokkrum heilvita manni trú um að það skipti nokkru máli þó að Færeyingum sé veitt leyfi til þess að fiska hér loðnu, þó það hefðu verið 35 þús. lestir eins og ég hef leyft mér að segja, en ekki 17 500, sem þeir Alþfl.-menn telja að sé hámark sem loðnustofninn þoli og afkoma íslenska loðnuflotans? Það skiptir miklu meira máli hvernig samstarfið verður við þá sem ráða miðunum fyrir austan fiskveiðilögsögu okkar, hvernig samstarf og samvinna verður um þessar veiðar. Ég tel að þessar tölur, sem nefndar hafa verið, hafi verið sveiflukenndar og draumórakenndar. Ég sé ekki vísindamennskuna á bak við þær. Það getur vel verið að ég sé svo vitlaus að ég sjái það ekki, en allir aðrir sjái þetta betur. Þá fara þeir auðvitað eftir því. Ég hefði ekki hikað við að sýna Færeyingum þá vinsemd að leyfa þeim að veiða hér allt að 35 þús. tonnum af loðnu. En ég er þakklátur samningamönnum fyrir að hafa tekið sig til um að lækka þorskveiðikvótann og lækka hann eins og við höfum gert að undanförnu, með þeim hætti sem ég áðan lýsti.

Við megum ekki líta á stundarhagsmuni kannske segir útgerðarmaður loðnuskipa eða skipstjóri loðnuskips, en þeir hafa haft ágætar tekjur að undanförnu, sem betur fer, og þeir eiga það skilið, bæði útgerðarmenn og skipstjórar, — kannske segir einn: Við skulum vera á móti öllu til Færeyinga. — Þá segja hinir: Já, húrra, við skulum vera það. — Það þýðir ekki að stjórnvöld eigi endilega að segja: Við gerum allt eins og nokkrir menn segja sem komu saman í fundarsal á Hótel Loftleiðum. — Það eru ekki þrýstihóparnir, sem eiga alltaf að ráða og segja fyrir öllu í þessu þjóðfélagi. Þeir hafa fengið að gera of mikið af því, en ekki of lítið. Þá munar ekki nokkurn skapaðan hlut um það sem Færeyingar hafa fengið. En það munaði miklu meira um það, þegar þeir sigldu öllum flotanum inn til Akureyrar og hættu veiðum. Það kostaði þá miklu meira. Þá talaði enginn um að senda mánaðarlaunin sín til þeirra, ekki einu sinni hv. 1. þm. Austurl. Ég held að hann hafi ekki einu sinni sent vikukaupið sitt.

Hv. 1. þm. Austurl. kom inn á samninga við Norðmenn og fiskveiðilögsöguna út frá Jan Mayen. Þegar reglugerðin um útfærslu í 200 mílur var gefin út 15. júlí 1975 afsöluðu Íslendingar sér engum rétti til 200 mílna útfærslu í áttina að Jan Mayen. Sá réttur er enn í dag okkar, en ekki Norðmanna. Hins vegar með þeirri útfærslu og þeirri skýringu sem þáv. ríkisstj. gaf töldum við ekki rétt að fara að efna til deilna við Norðmenn eins og *málin stóðu á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna* þá. En við tókum það fram þann dag bæði við Norðmenn sjálfa og marga aðra, að hér væri um mál að ræða þar sem við hefðum ekki afsalað okkur neinum rétti. Þessi réttur er því alveg óskoraður okkar. Og það er alveg rétt, að við getum ekki litið á Jan Mayen sem óbyggðan klett. En það er litið þannig á málið af Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, að *til þeirra ríkja einna, sem hafa fiskveiðar* fyrir atvinnu að einhverju leyti, eigi að taka tillit. Í þessu tilfelli þarf ekki að taka tillit til Jan Mayen, vegna þess að þar er ekki um neinar fiskveiðar að ræða. Hins vegar tel ég brýna nauðsyn bera til þess, að ríkisstj. og hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. gangi til samningaviðræðna við Norðmenn um nýtingu loðnumiðanna austur í hafi án

þess að afsala sér þessum rétti.

Í samningsdrögum að hafréttarsáttmála, eins og hann liggur nú fyrir á Hafréttarráðstefnunni, eru mikilvægustu ákvæðin í þessum drögum fyrir Ísland ákvæðin um efnahagslögsögu strandríkja. Samkv. þeim ákvæðum hefur strandríkið fullan rétt til að hagnýta lifandi auðæfi á 200 sjómílna belti undan ströndum sínum. Strandríkið hefur og samkv. þeim vald til að ákveða hámarksafla og eigin veiðigetu, en gert er ráð fyrir, að öðrum ríkjum sé veittur aðgangur að þeim afla sem þar er umfram. Drögin gera því ráð fyrir reglum sem eru í fullu samræmi við hagsmuni Íslendinga og stefnu þeirra í þessum málum. Á meðan mál standa á þann hátt sem nú er, á meðan hafréttarsáttmáli hefur ekki verið samþykktur eða fullkomlega frá honum gengið, á meðan þessi ákvæði eru í drögunum sem tókst fyrir harða baráttu þeirra ágætu manna, sem sótt hafa hafréttarráðstefnurnar, að ná fram og í raun og veru hafa þessi drög, löngu áður verið sett inn, þá held ég — og ég geri meira en halda, ég veit að það lítur illa út í augum fjölmargra ríkja þegar Ísland segir upp þeim þremur smáu fiskveiðisamningum sem enn þá eru eftir. Ef hagsmunir þjóðarinnar stæðu og féllu með því, að þessum samningum væri sagt upp, þá yrðum við auðvitað að taka þessa miklu áhættu. En hver er þessi áhætta í dag? Samningurinn við Færeyinga er um þetta sem þegar hefur verið lýst og ég ætla ekki að orðlengja frekar, 17 500 lestir af loðnu og 17 000 lestir af botnlægum fiski og þar af 6000 lestir af þorski. Samningurinn við Belga um fiskveiðar er samningur sem er í reynd að renna út. Það er að verða sáralítið um veiðar Belga. Samkv. síðasta samningi við Belga, sem gerður var og staðfestur á Alþingi 18. maí 1976, mega alls 12 belgískir togarar veiða á 6 tilteknum svæðum innan 200 mílna fiskveiðilögsögu, og það er um ákveðinn hámarksafla að ræða. Þeir verða að hlíta öllum sömu reglum og íslensk skip verða að hlíta. Ef við lítum nú á þennan geigvænlega belgíska togaraflota, sem talinn er upp í þessum samningi, þá eru það 5 togarar undir 200 tonnum og 4 á milli 200 og 300 tonn. Það þykja nú ekki stór togveiðiskip hjá okkur Íslendingum. Og svo er einn á milli 300 og 400 tonn, einn á milli 400 og 500 og einn á milli 500 og 600. 4 af þessum togurum eru hættir veiðum og komu hingað ekki allt árið 1978. Þá eru 8 eftir. Það eru færri en 3 togarar hér samfellt að veiðum. Þetta var eina röddin í Efnahagsbandalaginu í erfiðum samningum þar sem hélt uppi vörn fyrir okkur þegar Vestur-Þjóðverjar beittu þar neitunarvaldi gegn því að tollasamningurinn kæmi til framkvæmda. Og Belgar hafa sagt það, og ég hef ekki heyrt að þeir hafi skipt um skoðun, að þeir fari ekki fram á neina nýja fiskveiðisamninga við Íslendinga og ekki fram á að skipta um skip, heldur væru þetta skip sem væru að ganga sér til húðar, — meðalaldur skipanna í þessum samningi er 23 eða 24 ár og elsta skipið er komið eitthvað á fimmtugsaldur. Og hvað veiða svo Belgar hér við land og hvað veiddu þeir? 1962 veiddu þeir 23.2 þús. tonn. 1977 veiddu þeir 5960 tonn, þar af var þorskaflinn 1408 tonn, uppistaðan í öðrum afla er karfi — fiskurinn sem við vannýtum í dag. Það væri góð auglýsing á hafréttarráðstefnu að segja: Við rákum út þjóð sem fiskaði aðallega karfa. — Það væri ekki til þess að styrkja stöðu okkar í þeim drögum sem okkar menn hafa barist fyrir og fengið inn í frv. að hafréttarsáttmála. Mér er ekkert kappsmál að leyfa Belgum eða Norðmönnum að veiða hér. Mér er kappsmál, að íslenska þjóðin og stjórnvöld láti heilbrigða skynsemi ráða, en ekki að segja: Alla útlendinga burt úr íslenskri fiskveiðilögsögu. Aðalatriðið var að fá þá burt, sem hér fiskuðu og gerðu okkur stóran skaða, og þann sigur höfum við unnið. — [Frh.]

Fundi frestað og umr. síðan frestað um stund.

Umræður utan dagskrár.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það er fréttatilkynning hæstv. iðnrh. um járnblendiverksmiðjuna sem gefur mér tilefni til þess að óska eftir því að taka til máls hér utan dagskrár. Sú mynd af málinu, sem þar er dregin, og sá málflutningur, sem flokksblað hæstv. ráðh. hefur uppi, kalla á leiðréttingu og það sérstaklega hér í þingsölum vegna þess hve mjög málið varðar Alþingi. Ég mun gera grein fyrir þessum málum hér, en beini ekki sérstökum fsp. til hæstv. ráðh.

Alþingi samþykkti vorið 1977 lög um stofnun og starfsemi hlutafélags, þar sem íslenska ríkið ætti 55% og norska fyrirtækið Elkem-Spigerverket 45%, í þeim tilgangi að reisa verksmiðju er framleiði kísiljárn. Aðalsamningur aðilanna var prentaður með stjfrv. ásamt ítarlegri grg. um alla meginþætti málsins. Iðnn. beggja d. fengu í hendur alla aðra samninga, svo sem rafmagnssamning, tæknisamning, sölusamning. Frv. var útbýtt á Alþ. um miðjan des. 1976 og afgreitt sem lög í maí 1977. Alþm. og iðnn. höfðu meira en 4 mánuði til þess að kynna sér málið. Allar upplýsingar, sem um var beðið, voru látnar í té. Nefndirnar kölluðu fjölda fróðra manna á sinn fund. Enginn hafði tilhneigingu til að leyna einu eða öðru, öll spil voru lögð á borðið.

M. a. lágu fyrir áætlanir um byggingarkostnað, samkomulag um söluverð á raforku frá Landsvirkjun til verksmiðjunnar, hvert það skyldi vera í upphafi, hvernig það skyldi hækka og hvenær mætti krefjast endurskoðunar á orkuverðinu, enn fremur tímaáætlanir um framkvæmd verksins, hvenær fyrri bræðsluofninn skyldi tekinn í notkun og hvenær hinn síðari, en tveir ofnar eru forsenda verksmiðjunnar. Þá lá einnig fyrir í meginatriðum hvernig fjármagna skyldi stofnkostnað verksmiðjunnar, m. a. með láni frá hinum nýstofnaða Fjárfestingarbanka Norðurlanda.

Þegar lögin höfðu verið samþykkt var hafist handa um undirbúning framkvæmda. Er þar skemmst frá að segja, að allar þessar stórfelldu framkvæmdir hafa gengið samkv. áætlun. Byggingarkostnaður er í heild jafnvel heldur lægri en áætlað var og tímaáætlun hefur staðist vel. Hún gerði ráð fyrir að fyrri ofn verksmiðjunnar gæti farið í gang og hafið framleiðslu á fyrri hluta ársins 1979. Verksmiðjan mun hefja framleiðslu um mánaðamótin mars-apríl.

Undirbúningur er hafinn að smíði og uppsetningu seinni ofnsins og að því stefnt að hann verði tilbúinn haustið 1980, eins og framkvæmda- og tímaáætlun gerði ráð fyrir.

Verðlag var óhagstætt á kíxiljárni þegar Alþ. afgreiddi lögin vorið 1977 og fram eftir ári 1978. En það hefur ræst fyllilega sem forráðamenn hins norska aðila spáðu, að verðið mundi færast upp úr þessum öldudal og komast í eðlilegt horf um þær mundir sem gert var ráð fyrir að verksmiðjan á Grundartanga tæki til starfa.

Nú gerðist það 20. des. 1978, að hæstv. iðnrh. ritar

bréf til stjórnar Járnblendifélagsins, en hún er skipuð 4 fulltrúum Íslands og 3 Norðmönnum. Leggur iðnrh. með heimild ríkisstj. fyrir stjórn Íslenska járnblendifélagsins „að athuga að byggingarhraða og gangsetningu annars áfanga verðsmiðjunnar verði breytt á þann veg, að sá áfangi komi í gagnið 6-9 mánuðum síðar en áður var áformað."

Tvær ástæður lágu til þessa erindis. Önnur er viðleitni til að draga úr þenslu vegna mikilla framkvæmda í landinu og því ekki óeðlilegt að fá kannað hverju sé unnt að fresta af framkvæmdum í ár. Þetta sjónarmið hefur vafalaust verið í huga ráðh. Framsfl. og Alþfl. sem verið hafa stuðningsmenn járnblendiverksmiðjunnar. Hin ástæðan kemur frá andstæðingum járnblendiverksmiðjunnar sem vilja stöðva eða trufla byggingu hennar og starfsemi. Sú ástæða hefur sýnilega verið efst í huga Alþb.

19. jan. 1979 svarar stjórn Járnblendifélagsins og segist ekki geta mælt með því, að gangsetningu verði frestað fram yfir 1. sept. 1980, sem áður hafði verið ákveðið í samræmi við samninga og þær forsendur og upplýsingar sem lágu fyrir Alþ. þegar lögin voru til meðferðar.

Í skýrslu félagsins er kveðið þannig að orði:

„Að áliti stjórnar Járnblendifélagsins er ljóst, að frestunin yrði að teljast andstæð hagsmunum félagsins. Telja stjórn og framkvæmdastjórn félagsins sér engan veginn fært að mæla með frestun. Þvert á móti hefur sýnt sig að flýting framleiðslu á ofni 2 væri mjög hagstæð."

Hér eru það ekki fulltrúar norska aðilans sem tala, heldur öll stjórnin og framkvæmdastjórnin. Aðalefni í málaleitun hæstv. iðnrh. var þannig hafnað af félagsstjórninni einróma, ekki síður af íslensku fulltrúunum en þeim norsku. Hins vegar taldi félagsstjórnin unnt að flytja framkvæmdir fyrir 1.5 milljarða frá árinu 1979 til 1980, án þess að það haggi gagnsetningu seinni ofns, til þess að mæta óskum ríkisstj. um samdrátt í heildarfjárfestingu í landinu, og hefur ríkisstj. samþykkt þessa breytingu.

Félagsstjórnin sendi ráðh. 17 síðna skýrslu með rækilegum rökstuðningi. Með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengin er af raunsæju mati og spám forráðamanna Járnblendifélagsins varðandi byggingarkostnað, framkvæmda- og tímaáætlun, þróun verðlags á kísiljárni og markaðshorfur, tel ég fulla ástæðu til að gefa röksemdum þeirra og útreikningum gaum. Að einróma mati félagsstjórnar og framkvæmdastjórnar mundi frestun í 9 mánuði á gangsetningu seinni ofns m. a. hafa þessar afleiðingar:

1) Framleiðsla seinni ofnsins á kísiljárni mundi á þessum 9 mánuðum skila greiðsluafgangi að upphæð 360 millj. til 1050 millj. ísl. kr., eftir því hvort miðað er við söluverð (skilaverð) 3200 eða 3800 norskar kr. fyrir hvert tonn af kísiljárni. Þetta fé mundi tapast við frestun.

2) Landsvirkjun yrði fyrir miklu tekjutapi. Áætlanir um upphæð þess velta mjög á því, hvort ofninn mundi nota hámark gwst. samkv. rafmagnssamningi eða eitthvað minna. En Landsvirkjun telur að tekjutap hennar gæti numið allt að 450 millj. kr., sem samsvarar um 10% hækkun gjaldskrár til almenningsveitna á ársgrundvelli frá núverandi verði.

3) Kostnaðarauki framkvæmda vegna verðlagsbreytinga á frestunartímabilinu er varlega áætlaður um 270 millj. kr.

4) Tapaðar gjaldeyristekjur þjóðarinnar nettó eru metnar á 1260-1840 millj. kr. á þessum tíma.

5) Tekjutap hafnarsjóðs, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Skilmannahrepps og fleiri aðila gæti orðið um 88 millj. kr.

6) Kaup á kísiljárni. Í samræmi við skuldbindingu Elkem-Spigerverket um sölu á afurðum járnblendiverksmiðjunnar hefur norska fyrirtækið undirbúið markaðssetningu kísiljárns frá Íslandi og hagað sinni eigin framleiðslu á þeim grundvelli að ofn 2 verði tekinn í notkun á tilsettum tíma. Væri ofni 2 frestað yrði að tryggja samsvarandi magn kísiljárns frá öðrum framleiðendum, e. t. v. með því að fá gangsetta ofna sem nú eru ekki í notkun. Ýmis markaðsvandkvæði mundi af þessu leiða. Kostnaðarauki af þessum ástæðum er metinn allt að 590 millj. kr.

Marga aðra þætti en þessa sex rekur félagsstjórn, þar sem verulegt tjón yrði af frestun.

Þegar þessi skýrsla var komin, studd svo sterkum rökum, hefði málið átt að liggja ljóst fyrir og úrslitin ekki þurft að vefjast fyrir neinum. Sú varð líka niðurstaðan í hæstv. ríkisstj. að fengnum þessum upplýsingum, að smíði annars ofns skyldi áfram haldið og stefnt að gangsetningu á hinum ákveðna og umsamda tíma, í sept. 1980. En jafnframt skyldi samkv. tillögum félagsins flytja til næsta árs fjárfestingu sem næmi 1.5 milljörðum.

En fyrir Alþb. var málið ekki svo einfalt að unnt væri að viðurkenna að forráðamenn Járnblendifélagsins hefðu rétt fyrir sér. Í röðum Alþb. var reiði ríkjandi yfir þeim málalokum, að ráðh. þess skyldi ekki takast það sem til var ætlast af honum, að tefja og trufla byggingu og rekstur verksmiðjunnar. Og þeim mun meira er ergelsið í þeim herbúðum sem vaxandi horfur eru á því, að verksmiðjan muni bera sig og skila arði og hrakspárnar verði að engu um að allt færi örugglega á hausinn við fyrstu spor.

Það þurfti því að matreiða þessa dapurlegu niðurstöðu þannig að úr yrði sæmilega lostæt huggunarsúpa handa reiðum bandalagsmönnum, og matargerðinni var hagað á þessa leið:

Hæstv. iðnrh. semur fréttatilkynningu og skal henni fylgt eftir í Þjóðviljanum í aukinni og endurbættri útgáfu. Aðaláhersla skal á það lögð, að frestunin á ofni 2 standi fyrst og fremst á neitun norska aðilans og sá neitunarréttur byggist á breytingu sem fyrrv. iðnrh. hafi lætt inn í sérstakan viðauka við rafmagnssamninginn, leynt honum fyrir Alþ., en notað þessa breytingu sem agn til þess að lokka Elkem inn í samstarfið.

Í Þjóðviljanum birtist líka daginn eftir heilsíðugrein undir nafni annars ritstjórans með mynd af honum og verksmiðjunni. Efnið hafa þeir sýnilega lagt til hæstv. iðnrh. og sérlegur lögfræðilegur ráðunautur hans og Alþb. Í feitri fyrirsögn segir: „Norski auðhringurinn er einráður." Þessi er nú boðskapurinn frá bandalaginu.

Ég skal nú skýra nokkuð þessi mál.

Þegar hlutafélag er stofnað til atvinnurekstrar eru alltaf einhverjar forsendur og grundvallaratriði sem samið er um og ekki er hægt að breyta nema með samkomulagi hluthafa, en meiri hluti í félaginu getur ekki breytt einhliða að sinni vild síðar. Í hlutafélögum er t. d. gerður stofnsamningur með ýmsum atriðum sem ekki er unnt að breyta án samþykkis allra.

Við stofnun Járnblendifélagsins voru undangengnar ítarlegar samningaviðræður, þar sem báðir aðilar settu fram skilyrði sín og forsendur fyrir samstarfi. Þegar tekist

hafði að sætta sjónarmiðin og niðurstaða hafði náðst var málið lagt fyrir Alþingi.

Meðal þeirra meginatriða, sem samið var um og annar aðili getur ekki breytt einhliða, eru þessi:

Eignarhlutfall: Íslendingar 55%, Norðmenn 45%.

Tilgangur og markmið félagsins.

Staðarval fyrir verksmiðjuna.

Stærð verksmiðjunnar og framleiðslugeta.

Að Landsvirkjun láti í té raforku.

Hvert verðið á rafmagninu skuli vera og hvernig það skuli breytast.

Að bræðsluofnar skyldu vera tveir.

Að þeir skyldu komnir í notkun fyrir ákveðin tímamörk.

Að því er snertir hina tvo ofna verksmiðjunnar hefur tvennt jafnan legið ljóst fyrir: Annað, að það er forsenda fyrir öllu fyrirtækinu að ofnar séu tveir, afköst þeirra samtals 50 þús. tonn á ári. Hitt, að ofnarnir skuli komnir í gang fyrir tiltekin tímamörk.

Í grg. með stjfrv. um járnblendiverksmiðjuna segir svo, sjá Alþt. 1976-77, þskj. 187, bls. 12:

„Er nú miðað við" — segir þar, orðið nú er notað hér vegna þess að tímasetningin er þarna að sjálfsögðu önnur en hún var í fyrri samningnum við Union Carbide — „er nú miðað við að fyrri bræðsluofninn geti tekið við rafmagni í árslok 1978 eða ársbyrjun 1979. Síðari ofninn verði síðan tilbúinn á tímabilinu júlí 1979 til sept. 1980, samkv. nánari ákvörðun síðar."

Hér er því lokatímamark sept. 1980 og var innan þessa ramma ákveðið 1. sept. 1980.

En þótt eigandi meiri hl. hafi þannig í upphafi samið um tilteknar forsendur, sem aðeins verður breytt með samþykki beggja aðila, er það misskilningur sem reynt er að breiða út, að meirihlutaaðstaðan sé einskis virði, að ekki sé minnst á þá fjarstæðu, að minni hl. ráði einn öllu. Sem dæmi þess, að meiri hl. í Járnblendifélaginu geti ráðið ef ágreiningur verður, má nefna:

Ákvörðun um hvaða tilboðum skuli tekið þegar um útboð er að ræða.

Ákvörðun um val og kaup á hráefnum.

Ráðning starfsmanna.

Samningar við verkalýðsfélög um kaup og kjör.

Ákvarðanir um aðbúnað á vinnustað — svo að nokkur dæmi séu nefnd.

En víkjum nú að 23. gr. í rafmagnssamningnum sem gerð hefur verið að sérstöku árásarefni.

Rafmagnssamningurinn milli Landsvirkjunar og Union Carbide frá 1975 var notaður sem uppistaða, en hann þurfti að endurskoða og gera á honum margvíslegar breytingar og lagfæringar vegna breyttrar tímasetningar, fyllri ákvæða um orkuverð o. fl. Þessar breytingar bera heitið: Fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn. Sá lögfræðingur undirbjó þessar breytingar sem verið hafði ráðunautur viðræðunefndar um orkufrekan iðnað frá byrjun, Hjörtur Torfason hrl. Hann hafði undirbúið bæði samningana við Union Carbide og Elkem-Spigerverket og því öllum hlutum gjörkunnugur. Hann gerði tillögu um umrædda breytingu á orðalagi 23. gr. og skýrir það á þessa lund í bréfi til Landsvirkjunar 10. des. 1976, þegar málið var lagt fyrir stjórn Landsvirkjunar:

„Um breytinguna leyfi ég mér að taka fram, að ég tel ekki felast í henni neina efnislega breytingu á aðstöðu frá því sem var í samningnum við Union Carbide. Rafmagnssamningurinn hefur ávallt verið aðalundirstaða allra samninga um járnblendiverksmiðjuna og væri að sjálfsögðu tilgangslaust að gera hann sameiginlega í byrjun, ef hluti aðilanna gæti síðan breytt honum einhliða. Hins vegar tel ég fyrirkomulag þessa atriðis í fyrri samningum ekki hafa verið svo skýrt, að hártogun væri útilokuð, og væri því æskilegt nú að setja skýr ákvæði um uppburð breytinga á þeim stað sem beinast liggur við til þess. Er þetta ekkert síður mín eigin skoðun en hins norska lögfræðings sem staðið hefur að tillögugerð um samningstextann."

Þetta er úr bréfi Hjartar Torfasonar frá des. 1976.

Stjórn Landsvirkjunar og stjórn Járnblendifélagsins, en þarna er um að ræða samning milli þessara aðila, — stjórn Landsvirkjunar og stjórn Járnblendifélagsins sem þá var skipuð Íslendingum einum, en svo var eftir að Union Carbide hætti þátttöku og áður en Elkem kom inn í félagið, samþykktu þessa breytingu og var samningurinn undirritaður 31. des. 1976. Hann var síðan lagður fyrir iðnaðarnefndir Alþingis sem fengu járnblendifrv. til meðferðar.

Þessi umrædda breyting á 23. gr. rafmagnssamnings, sem var rökrétt og eðlileg, var ekki gerð að mínu undirlagi. Hana bar aldrei á góma í viðræðum milli mín og fulltrúa Elkem-Spigerverket, en hún fór ekkert leynt. Hún lá fyrir þn. við meðferð málsins. Alþb. átti fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar sem samþykkti breytinguna. Allt tal liðsmanna hæstv. iðnrh. í Þjóðviljanum um að ég hafi notað þessa breytingu sem agn til að lokka Elkem til samstarfs er hugarórar einir. Þetta er málatilbúnaður sem settur er á svið í þeim tilgangi að friða órólega Alþb.-menn og reyna að afsaka í þeirra augum að iðnrh. hafi ekki megnað að stöðva verksmiðjuna. Hvers vegna? Fyrir hrekkjabrögð og laumuspil fyrirrennara síns. E. t. v. er þetta mannlegt, en stórmannlegt er það ekki.

Hjörtur Torfason hefur nú sent bæði hæstv. iðnrh. og mér grg. sem ber fyrirsögnina: „Minnisatriði í tilefni af fréttatilkynningu iðnrn. 25. jan. 1979 varðandi rafmagnssamning milli Íslenska járnblendifélagsins hf. og Landsvirkjunar." Þessa skýru og rökföstu grg. þarf að birta opinberlega, en ég skal hér tilfæra nokkur atriði úr henni. Hjörtur segir:

„Það verður því að teljast eðlilegt samningsatriði gagnvart minnhlutaaðila í félagi eins og Járnblendifélaginu, að grundvelli þeim, sem lagður er í byrjun með samningi eins og rafmagnssamningnum og þá með gagnkvæmu samkomulagi, sé ekki raskað nema með samþykki aðilans. Er þetta m. a. í eðlilegu samræmi við það sem almennt gerist í félögum, þ. e. að undirstöðuatriðum í skipulagi og starfi verði ekki breytt með meirihlutavaldi einu saman.

Mikilvægi rafmagnssamnings kom mjög skýrt í ljós í viðræðum við Norðmenn, þar sem leysa þurfti úr mikilvægum atriðum varðandi orkuverð og afhendingartíma. Að samningsgerðinni," segir Hjörtur, „var gengið með því hugarfari, að samningnum yrði ekki breytt á hinum umsamda gildistíma nema með samþykki þeirra aðila er stóðu að gerð hans í byrjun. Var breytingu þeirri á orðalagi 23. gr. samningsins, sem um getur í fréttatilkynningu, ætlað að taka af tvímæli um það, að þessi regla skyldi gilda um almennar breytingar á samningnum."

Enn segir hann: „Um breytingu þessa á 23. gr. var litið svo á, að hún fæli ekki í sér efnislega breytingu á samningsaðstöðu frá því sem hafði verið í reynd samkv.

samningunum við Union Carbide. Aðstaða mundi óhjákvæmilega mótast af því í báðum tilvikum, að rafmagnssamningur hefði verið gerður sameiginlega í byrjun, og væri tilganginum með því kollvarpað ef sumir aðilanna gætu einhliða gert á honum meiri háttar breytingar síðar meir."

Enn segir Hjörtur Torfason: „Orðalag frétta-tilkynningar iðnrh. er óheppilegt að því leyti, að ókunnugir gætu hugsanlega ályktað af því, að umrædd breyting á 23. gr. hefði verið gerð með sérstökum viðauka er fjalli um hana eina með einhverjum afbrigðilegum hætti. Hið rétta er að sjálfsögðu, að þessi breyting er aðeins ein af fleiri breytingum sem gerðar voru á texta rafmagnssamningsins með tilkomu Elkem-Spigerverket, þ. á m. *texta varðandi afhendingardaga rafmagns og orkuverð*. Voru allar þessar breytingar teknar upp í fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn sem undirritaður var 31. des. 1976 og engar breytingar gerðar nema með honum."

Enn segir í þessari grg.: „Þá er það mjög ósanngjarnt, sem gefið er í skyn í Þjóðviljanum 27. jan., að reynt hafi verið að dylja breytinguna á 23. gr. Þvert á móti var breytingin sjálf áberandi hluti af samningnum og auðsæ hverjum er lesa vildi. Jafnframt er ljóst að umræddur fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn var sendur iðnn. Alþ. til upplýsingar og skoðunar þegar um mánaðamótin jan.-febr. 1977, er nefndirnar hófu störf að málinu, og hið sama var gert við aðra fylgissamninga aðalsamnings eftir því sem þeir féllu til."

„Varðandi breytinguna á 23. gr. er þess loks að geta, " segir hann, „að hún skiptir ekki beinu máli um það málefni sem til athugunar var hjá Járnblendifélaginu, þ. e. hugsanlega frestun á ofni 2. Við tilkomu Elkem-Spigerverket var samin alveg ný tímaáætlun fyrir verksmiðjuna, svo sem óhjákvæmilegt var vegna þeirrar seinkunar sem aðilaskiptin í félaginu ollu. Þessi tímaáætlun var meðal þeirra atriða sem um var fjallað í aðalsamningi ríkisstj. og Elkem-Spigerverket, og fól hún í sér bindandi tímamörk varðandi gangsetningu bræðsluofna. Breyting á tímaákvörðun við ofn nr. 2 mundi því fela í sér breytingu á aðalsamningnum sjálfum eða frávik frá honum og vera háð samþykki Elkem-Spigerverket þegar af þeirri ástæðu, ef á slíkt mundi reyna á annað borð."

Herra forseti. Ég þakka leyfið til þess að gera hér utan dagskrár grein fyrir þessu mikilvæga máli, en réttum upplýsingum var nauðsynlegt að koma á framfæri við Alþingi.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég frétti af því í dag, um það leyti sem ég var að ganga hingað niður í Alþingi, að hv. 11. þm. Reykv. ætlaði að taka til máls utan dagskrár vegna athugana, sem fram hafa farið, og frétta, sem birst hafa varðandi áþreifingar iðnrn. fyrir hönd ríkisstj. til þess að fá breytt vissum þáttum í sambandi við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Ég tel vissulega heppilegt að hv. þm. skuli hafa séð ástæðu til að vekja sérstaka athygli á þessu máli hér á Alþ. og gefa þannig tækifæri til þess, að gerð sé grein fyrir því, hvernig staðið var að samningum á sínum tíma á hans ábyrgð varðandi járnblendiverksmiðjuna veturinn 1976-1977. Ég tel að það sé fyllsta ástæða til þess fyrir hv. alþm. að setja sig vel inn í það sem gerðist þennan vetur í sambandi við þetta mál, hvernig umfjöllun Alþingis var á því máli og hvernig málið var lagt fyrir af iðnrn. og iðnrh. á þeim tíma. Ég hef séð mig knúinn til þess að gera hér nokkra grein fyrir þessu máli af tilefni þessarar umr. og rekja nokkur atriði um gang málsins síðan ég fór til starfa í iðnrn., bæði að því er varðar það markmið að fá tilfærslur á fjármagni í sambandi við þessa verksmiðju og einnig að því er varðar atriði sem komu í ljós við þessa sérstöku athugun af hálfu rn.

Það var í ágústmánuði s. l. að stjórn Íslenska járnblendifélagsins staðfesti fyrir þess hönd síðasta kaupdag rafmagns vegna annars ofns verksmiðjunnar og hann skyldi vera 1. sept. 1980. Þetta var tilkynnt Landsvirkjun með bréfi, að mig minnir 10. ágúst s. l. Með þessari tilkynningu hafði stjórn verksmiðjunnar notfært sér heimild sem hún hafði samkv. rafmagnssamningnum, og málið var í þeirri stöðu þegar stjórnarskipti urðu.

Þegar í fyrri hluta septembermánaðar átti ég viðræður við framkvæmdastjóra járnblendiverksmiðjunnar, Jón Sigurðsson, og óskaði eftir grg. af hans hálfu um stöðu mála varðandi verksmiðjuna og þá samninga er þar að lutu. Hann varð góðfúslega við þeirri beiðni og skilaði við lok þess mánaðar bráðabirgðagreinargerð þar að lútandi. Í framhaldi af þessu áttu sér stað viðræður milli rn. og stjórnarmanna Íslenska járnblendifélagsins, og m. a. átti ég viðræður við stjórnina, sem kom til fundar hér í Reykjavík um miðjan nóvember, og gerði mönnum grein fyrir eðli þeirra athugana sem í gangi væru af hálfu iðnrn.

Hluti af þessum athugunum beindist að lögfræðilegri könnun á stöðu okkar samkv. *fyrirliggjandi samningum*, stöðu íslenska ríkisins sem meirihlutaaðila, og lögfræðingur, sem rn. fékk til að gera þessa athugun, Ingi R. Helgason, skilaði um þetta áliti í desembermánuði, ítarlegri grg. um lögfræðilega hlið málsins. Í framhaldi af því lagði iðnrn. fyrir ríkisstj. grg. sem tekin var fyrir á ríkisstjórnarfundi 19. des., og í framhaldi af samþykkt ríkisstj. skrifaði rn. bréf til stjórnar Íslenska járnblendifélagsins. Ég tel rétt að lesa það bréf hér eins og það liggur fyrir, með leyfi hæstv. forseta. Það er dags. 20. des. 1978: „Varðandi breytingu á framkvæmdaáætlun við annan áfanga járnblendiverksmiðjunnar að Grundartanga."

„Á fundi ríkisstj. 19. des. s. l. var iðnrh. heimilað að leggja fyrir stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf. að athuga, að byggingarhraða og gangsetningu annars áfanga verksmiðjunnar verði breytt á þann veg, að sá áfangi komi í gagnið 6-9 mánuðum síðar en áður var áformað. Sérstök áhersla verði lögð á að draga úr framkvæmdum við byggingu annars áfanga á árinu 1979 miðað við þessar breyttu forsendur. Af hálfu stjórnar félagsins verði látið reyna á samninga, eftir því sem við á, um þessi atriði þannig að niðurstaða liggi fyrir sem fyrst og ekki síðar en 20. jan. n. k. svo og endurskoðuð framkvæmdaáætlun.

Málaleitan þessi byggist m. a. á þeirri afstöðu rn., að með tilliti til þess samdráttar, sem almennt er gert ráð fyrir í framkvæmdum í landinu á næsta ári, sé nauðsynlegt að hnikað verði til framkvæmdaáformum við verksmiðjuna frá því sem ráðgert hefur verið.

Rn. væntir góðrar samvinnu við stjórn félagsins um framgang þessa máls."

Í framhaldi af þessu erindi rn. til stjórnar Íslenska járnblendifélagsins áttu sér stað viðræður við stjórnarformann þess og framkvæmdastjóra og þeir fóru síðan til funda í Osló við Elkem-Spigerverket og samstjórnarmenn norska um málið kringum 10. jan. s. l. Í framhaldi af þessu kom svo stjórn Íslenska járnblendifélagsins

saman til fundar hér í Reykjavík 18. jan. Ég kom inn á þann fund og gerði þar grein fyrir ástæðum ríkisstj. fyrir þessari málaleitun við félagið. Degi síðar, eða 19. jan., barst síðan svar stjórnar félagsins við umleitan ríkisstj. og rn., og ég tel rétt, að menn fái að heyra það svar, með leyfi hæstv. forseta. Það er svo hljóðandi:

„Stjórn Íslenska járnblendifélagsins hefur fjallað um erindi iðnrn. frá 20. f. m., þar sem óskað er athugunar á möguleikum félagsins til að fresta gangsetningu á öðrum bræðsluofni járnblendiverksmiðjunnar að Grundartanga með það fyrir augum að hann komi í gagnið 6-9 mánuðum eftir 1. sept. 1980 og til að draga úr framkvæmdum við ofninn á árinu 1979. Með bréfi þessu fylgir skýrsla félagsins um þessa athugun sem fram hefur farið undanfarnar vikur og lokið hefur verið í framhaldi af umræðum á stjórnarfundi í félaginu hinn 18. þ. m. Helstu niðurstöður athugunarinnar eru þessar:

1. Til að stuðla að þeim markmiðum, sem sett eru fram í erindi rn., mundi félaginu væntanlega vera kleift að draga verulega úr fjárfestingu vegna annars bræðsluofns á árinu 1979. Telur stjórnin líklegt að unnt sé að takmarka hana við um 2.2 milljarða kr. (35 millj. kr. n. kr.), þannig að um 1575 milljarðar (25 millj. n. kr.) af fyrirhuguðum framkvæmdum frestist til ársins 1980. Jafnframt gerir stjórnin ráð fyrir að unnt verði að fresta áætluðu hlutafjárframlagi ríkissjóðs á árinu 1979 til ársins 1980 svo og greiðslu á hluthafaláni ríkissjóðs til félagsins á byggingartíma verksmiðjunnar, þ. e. að áskildu samþykki lánveitenda félagsins.

2. Hins vegar getur félagsstjórnin ekki mælt með því, að gangsetningu ofnsins verði frestað fram yfir 1. sept. 1980, þ. e. þann dag sem stjórnin ákvarðaði á s. l. sumri og tilkynnti Landsvirkjun sem annan afhendingardag rafmagns í samræmi við aðalsamning og rafmagnssamning um verksmiðjuna. Þessi frestur mundi hafa í för með sér verulega röskun á samningsskuldbindingum félagsins gagnvart Landsvirkjun, Elkem-Spigerverket A/s og mörgum öðrum aðilum, þ. á m. lánveitendum félagsins. Hún mundi einnig valda félaginu stórfelldu beinu tjóni vegna aukins framkvæmdakostnaðar og glataðs ávinnings í rekstri, jafnframt því að valda tjóni fyrir Landsvirkjun, Elkem-Spigerverket og aðra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við verksmiðjurekstur inn. Að auki gæti komið til tjóns vegna hugsanlegra bótakrafna, fjármögnunarerfiðleika og annarra vandkvæða sem erfitt er að meta með vissu.

3. Nánar tiltekið má áætla að þessi síðarnefndi kostur mundi valda félaginu og umræddum aðilum beinu tjóni sem svarar 30.1-46.6 millj. n. kr. miðað við 9 mánaða frestun (það er á bilinu 1900-2900 millj. ísl. kr.). Svarar þetta til um 3.3-5.2 millj. n. kr. á hverjum mánuði frestunar. Af þessu er tjón félagsins sjálfs áætlað 21.4-37 millj. n. kr. (1350-2300 millj. ísl. kr.). Ávinningur af frestun með dreifingu fjárfestingar gæti ekki orðið verulegur og stenst engan veginn samanburð við ofangreindar afleiðingar.

4. Þess er og að gæta, að með 1. sept. 1980 hefur félagið þegar valið síðasta daginn er til álita kemur sem gangsetningardagur samkv. gerðum samningum um verksmiðjuna og er stjórnin ekki bær að breyta honum nema samþykki beggja hluthafa félagsins komi til. Telur ES ekki fært að veita slíkt samþykki fyrir sitt leyti með tilliti til þeirra aðstæðna sem að ofan greinir. Það er álit stjórnarinnar, að með fyrrnefnda kostinum sé komið mjög verulega til móts við óskir ríkisstj. um frestun fjárfestinga, og væntir hún þess, að rn. geti fallist á þá niðurstöðu.

Virðingarfyllst.“

undirskriftir.

Málið var eftir nánari athugun í iðnrn. lagt fyrir ríkisstj. með grg., og ríkisstj. féllst á till. rn. og röksemdir og í framhaldi af því skrifaði iðnrn. félaginu bréf 25. jan. 1979, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af bréfaskiptum og viðræðum iðnrn. við stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf. varðandi málaleitan ríkisstj. frá 20. des. s. l. um að athugað yrði hvort unnt væri að fresta gangsetningu annars áfanga járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga um 6-9 mánuði með sérstakri áherslu á að draga úr framkvæmdum á árinu 1979, vill rn. hér með tilkynna stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf., að ríkisstj. afgreiddi málið á fundi sínum í dag eftir athugun gagna og málsatvika á þann veg sem nú skal greina.

Þess er óskað, að frestun fjárfestinga vegna ofns 2 á árinu 1979 nemi sem svarar 1575 millj. kr. af fyrirhuguðum 3775 millj. kr. til framkvæmda á því ári. Þess er óskað, að hlutafjárframlagi ríkissjóðs, 150 millj. kr. (418 000 US$), sem greiða átti 1979, verði frestað til 1980. Þess er óskað, að þannig verði staðið að fjármögnun og framkvæmdum vegna ofns 2, að á byggingartíma verksmiðjunnar þurfi ekki að koma til greiðslu á hinum sérstöku hluthafalánum ríkissjóðs til Íslenska járnblendifélagsins hf. allt að 1500 millj. kr. (24 millj. n. kr.), sem gert var ráð fyrir að gætu komið til greiðslu á árunum 1979 og 1980. Að lokinni umbeðinni athugun málsins að undanförnu og umfjöllun gagna og yfirlýsinga stjórnar Íslenska járnblendifélagsins hf. og Elkem-Spigerverket A/S hefur ríkisstj. Íslands afgreitt málið með framangreindum hætti.

Þetta tilkynnist yður hér með.“

Iðnrn. sendi sama dag frá sér fréttatilkynningu til fjölmiðla þar sem greint var frá efnisatriðum málsins og gangi þessarar athugunar, og ég vil leyfa mér að vitna í stuttan kafla úr þessari fréttatilkynningu, þann sem lýtur sérstaklega að hinni lögfræðilegu hlið, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni ásamt fleiru, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Af þeim lögfræðilegu athugunum, sem fram hafa farið á samningsstöðu íslenska ríkisins sem meirihlutaaðila í Íslenska járnblendifélaginu til að fá ofni 2 frestað í 6-9 mánuði, er ljóst að bein samningsákvæði og forsendur ýmissa þýðingarmikilla samninga, sem Járnblendifélagið og hluthafarnir hafa þegar gert og eru bundnir af, eru því til hindrunar að ofni 2 verði frestað án samþykkis Elkem-Spigerverket. Þannig hefur komið skýrt fram að hálfu Elkem-Spigerverket, að það telur ekki á valdi stjórnar Járnblendifélagsins að breyta rafmagnssamningnum, sem m. a. kveður á um tímaákvörðun varðandi ofn nr. 2, nema samþykki beggja hluthafa félagsins komi til, og að Elkem-Spigerverket telji sér ekki fært að veita slíkt samþykki eins og málin standi. Fyrir liggur að í rafmagnssamningnum, sem undirritaður var fyrir 31. des. 1976, var breytt grundvallaratriði með sérstökum viðauka á þann hátt að meirihlutaaðstaða íslenska ríkisins innan Járnblendifélagsins í samningum

þess við Landsvirkjun er að engu gerð og Elkem-Spigerverket fengið neitunarvald á öllum breytingum rafmagnssamningsins. Þannig liggur fyrir að lagalegri samningsstöðu íslenska ríkisins er mjög þröngur stakkur skorinn, og telur rn. að fram hjá þeirri staðreynd verði ekki gengið."

Greining á þessu máli frá lögfræðilegri hlið lá fyrir í álitsgerð Inga R. Helgasonar lögmanns, en það atriði, sem átti að vera svo mjög áberandi að mati lögfræðings þess sem var ráðgjafi fyrrv. hæstv. iðnrh., var ekki greinilegra en svo, að við gaumgæfilega yfirferð Inga R. Helgasonar lögmanns á gögnum málsins sást honum við fyrstu yfirferð yfir þá breytingu sem gerð hafði verið í 23. gr. rafmagnssamningsins, en kom ábendingu þar að lútandi á framfæri við rn. í sérstöku bréfi, dags. 29. des. 1978, og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þessar viðbótaraths. sem svo mjög snerta þetta mál. Þær eru þannig:

„Viðbótarathugasemdir varðandi réttarstöðu ríkisins í sambandi við frestun á uppsetningu ofns nr. 2 í járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði.

A. Samningsstaðan gagnvart Elkem-Spigerverket A/S.

1. Ein af niðurstöðum mínum, dags. 11. des. 1978, var sú, að minnihlutaaðilinn í Járnblendifélaginu, Elkem-Spigerverket A/S yrði að sætta sig við ákvörðun um frestun á efni nr. 2 í tiltölulega stuttan tíma. Þessa niðurstöðu þarf að endurmeta í ljósi eftirfarandi aths.

2. Í aðalsamningnum, undirrituðum 8. des. 1976, er tímasetningu á ofni nr. 2 skotið til rafmagnssamningsins milli Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar sem hafði verið gerður löngu áður, eða 28. maí 1975, á tímum Union Carbide. Í þeim samningi var dagsetningin á ofni 2 (1. júlí til 1. nóv. 1977) óraunhæf af augljósum ástæðum. En í rafmagnssamningnum var ákvæði í 5. gr. 1. mgr. sem heimilar aðilum að semja um aðra dagsetningu á seinni ofninum. Um slíkar breytingar á rafmagnssamningnum giltu eftirfarandi ákvæði hans í 23. gr.:

„Breytingar á samningi þessum skulu einungis gerðar með skriflegum og löglega undirrituðum viðbótarsamningi milli Landsvirkjunar og kaupenda og með skriflegri tilkynningu til ríkisstj. og Union Carbide."

Samkv. þessu samningsákvæði var Járnblendifélagið eitt bært að semja við Landsvirkjun um breytingar á rafmagnssamningnum og tilkynna þær breytingar hlutaðeigandi, m. ö. o. meirihlutaaðstaða íslenska ríkisins tryggð í þessu efni. Þegar Union Carbide fer út úr myndinni og Elkem-Spigerverket kemur í staðinn, eru gerðar breytingar á rafmagnssamningnum, m. a. ný dagsetning á afhendingu rafmagns fyrir ofn 2. Hinn nýi viðauki við Rafmagnssamninginn var undirritaður 31. des. 1976, eftir að aðalsamningurinn var gerður (8. des. 1976), en áður en hann tók gildi, sem mun hafa verið 11. maí 1977. En til viðbótar þessari breytingu og öðrum nauðsynlegum breytingum er í fyrsta viðaukanum við rafmagnssamninginn grundvallaratriði breytt sem gerir að engu meirihlutaaðstöðu íslenska ríkisins innan Járnblendifélagsins í samningum félagsins við Landsvirkjun. Áðurgreindu ákvæði rafmagnssamningsins í 23. gr. er breytt í þessu veru, þ. e. 5. gr. 6. tl.:

„Breytingar á samningi þessum skulu einungis gerðar með skriflegum og löglega undirrituðum viðbótarsamningi milli Landsvirkjunar og kaupanda og með samþykki ríkisstj. og Elkem-Spigerverket sem hluthafa í félagi kaupenda."

Með þessu ákvæði er tilkynningarskyldu Járnblendifélagsins í þessum efnum breytt í áskilnað um sérstakt samþykki Elkem-Spigerverket A/S á öllum breytingum sem gera þarf á rafmagnssamningnum við Landsvirkjun. Samkv. framansögðu er greinilegt að meirihlutaaðstaða íslenska ríkisins innan Járnblendifélagsins er sýnu þýðingarminni en ég hafði ætlað og samningsstaðan gagnvart Elkem-Spigerverket varðandi frestun á ofni 2 miklu lakari en ég hafði látið uppi 11. des. 1978, þar sem Elkem-Spigerverket getur hreinlega neitað öllum breytingum á rafmagnssamningnum. Mér hafði skotist yfir þessa orðalagsbreytingu, en sakir þýðingar hennar þykir mér rétt að vekja athygli á henni með skriflegum hætti.

Virðingarfyllst,
Ingi R. Helgason."

Í framhaldi af þessu þykir mér rétt að vekja á því athygli, að lögin um járnblendiverksmiðjuna sem kveða á um meiri hl. íslenska ríkisins í félaginu og hins vegar það stöðvunarvald, sem kemur fram í rafmagnssamningnum breyttum, þetta virðist mér ganga í gagnstæðar áttir. Lögin gera sem sagt ráð fyrir meirihlutavaldi íslenska ríkisins, en Járnblendifélagið með meiri hl. íslenska ríkisins notar þennan meiri hl. til að semja við hinn hluthafann um að þessu meirihlutavaldi skuli ekki beitt, minnihlutaaðilinn fái stöðvunarvald, m. a. um rafmagnsverð.

Það er rétt að menn rifji upp og hafi í huga samningana sem gerðir voru við Íslenska álfélagið, ÍSAL, á sínum tíma, þar sem rafmagnsverð var bundið til 25 ára. Þeir samningar þykja nú af flestum vera hin mesta óhæfa, og ég held að margir Íslendingar hafi hugsað svo, að við ætluðum ekki og ættum ekki að endurtaka slíkt. Samningarnir við Elkem-Spigerverket, sem minnihlutahlutahafi hefur fengið neitunarvald gagnvart, gilda í 20 ár frá afhendingardegi rafmagns. Það er að vísu unnt að krefjast endurskoðunar auk samningsbundinna hækkana, en Elkem-Spigerverket hefur tryggt sér stöðvunarvald varðandi allar breytingar á samningnum við breytingum á 23. gr. rafmagnssamningsins í umræddum fyrsta viðauka. Þetta stendur skjalfest, þetta stendur undirritað í gögnum sem íslenska ríkisstj. hefur staðfest á sínum tíma. Þetta geta menn kynnt sér og lagt dóm á.

Þetta sást mönnum hins vegar yfir við meðferð málsins hér á Alþ. á sínum tíma. Ég hef ekki séð það, að vísu við lauslega yfirferð þinggagna frá fyrri hluta ársins 1977, að vakin hafi verið á þessu sérstök athygli. Meira áberandi var það ekki, þó að hv. 11. þm. Reykv. hafi í tilvitnun hér í lögfræðing og núv. stjórnarformann Íslenska járnblendifélagsins talið að þetta hafi verið með sérstaklega áberandi hætti. Hæstv. þáv. iðnrh. sá ekki ástæðu til að vekja sérstaka athygli Alþingis á svo afdrifaríku ákvæði við samningsgerðina. Ég hef a. m. k. ekki fundið það við yfirferð þinggagna frá þessum tíma, en kann að vera, að mér hafi sést yfir það við lauslega yfirferð. En í framsögu fyrir lagafrv., þegar það var til umr. 9. febr. 1977, er þess a. m. k. ekki getið, en þar segir hæstv. þáv. iðnrh. um rafmagnssamninginn á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Gildistími rafmagnssamnings verður 20 ár frá fyrsta

afhendingardegi rafmagns, eins og áður var um samið. Í samningnum verða og sömu endurskoðunarákvæði og áður, ef til breytinga kemur á meiri háttar forsendum um orkuverð. Loks er gert ráð fyrir því, að aðilar taki upp viðræður um það, áður en 15 ár eru liðin af samningstímanum, hvort framlengja skuli samninginn og á hvaða grundvelli."

Þetta er það sem ég hef séð í gögnum að hv. 11. þm. Reykv. hafi sagt um rafmagnssamninginn að þessu leyti í framsöguræðu sinni, en þar fjallar hann einnig um orkuverð og breytingar sem gerðar höfðu verið frá fyrri samningum þar að lútandi.

Ég tel rétt að minna á og rifja upp ummæli sem hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, viðhafði í langri og ítarlegri ræðu við umr. þennan sama dag í hv. þd., þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég álít því að við eigum að læra í þessum efnum af reynslunni. Við eigum að gæta vel að því, hvernig er staðið að samningum þó að menn geti sagt fyrir fram: Ja, þetta er nú sjálfur Union Carbide — eða: þetta er nú sjálfur Elkem, og þeir kunna nú aldeilis þessi mál. Hvað eru menn að efast um það, sem þeir segja? — Það er enginn vafi á því, að þessir aðilar, sem semja við okkur, eru harðsvíraðir viðskiptamenn. Þeir eru mjög harðsvíraðir í viðskiptum. Þeir fara eins langt og þeir geta. Þeir tryggja sig eins vel og mögulegt er, og það reynir vitanlega á það af okkar hálfu, að við grandskoðum um hvað við erum að semja, hvað kemur raunverulega út úr því."

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja þetta miklu frekar. Ég tel að það, sem hér hefur gerst, sé sannarlega víti til varnaðar, enn eitt vítið vegna mistaka sem gerð hafa verið í samningum við útlendinga. Niðurstöðurnar af athugun iðnrn. hafa verið kynntar og þær liggja fyrir. Þar var samningsstaða þröng og það var staðfest og undirstrikað af Elkem-Spigerverket. Iðnrn. leitt einnig á kostnaðarhlið málsins og þar voru færðar fram ábendingar studdar tölum af stjórn Íslenska járnblendifélagsins um verulegan kostnaðarauka af viðkomandi frestun. Iðnrn. taldi það ekki á sínu færi að meta neitt endanlega um þær forsendur sem þar liggja að baki, enda mjög erfitt um vik þar sem þar er verið að spá fram í tímann um verðþróun á afurðinni kísiljárni sem þarna á að framleiða. En það þurfti í rauninni ekki að leggja á þetta sérstakt mat vegna ákvörðunar. Samningarnir bundu okkur. Elkem-Spigerverket hafði sagt sitt nei í sambandi við málið. Ákvæðin í viðaukanum við rafmagnssamninginn stöðvuðu áthugun að öðru leyti, þó að menn hefðu viljað fara nánar út í þá sálma og taka á sig áhættu og einhver bakslög vegna frestunar. En ég vil vekja athygli á því, að umtalsverður árangur hefur náðst við þá athugun sem iðnrn. beitti sér fyrir og ríkisstj. samþykkti að gerð yrði með tilfærslu fjármuna vegna uppbyggingar þessa fyrirtækis frá árinu 1979 yfir á árið 1980. Það skiptir ekki litlu, eins og staðan er í okkar þjóðarbúskap, að geta fært til frá þessari stórframkvæmd eins og frá ýmsum öðrum framkvæmdum umtalsverðar fjárhæðir. Hér er um að ræða rösklega 1.5 milljarða kr. Ég hugsa að menn skilji það betur þegar kemur að því að lánsfjáráætlun verður kynnt hér á Alþ., að það munar um slíkan kepp.

En ég vil að endingu þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir það tækifæri sem hann hefur gefið hér til þess að rifja upp ýmis atriði varðandi þetta mál. Ég tel það athyglisvert, að hann skuli hafa kosið að fá þá upprifjun hér, en ég vænti þess, að það verði hv. þd. til glöggvunar og honum verði það að góðu.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það skal vera stutt aths. nú, það gefst væntanlega tækifæri til þess síðar að ræða þessi mál ítarlegar.

Hæstv. iðnrh. sagðist hafa frétt, að ég mundi hreyfa þessu máli, þegar hann var að ganga hingað niður í Alþingi. Þetta finnst mér undarlegt þar sem ég tilkynnti ráðuneytisstjóra iðnrn. í morgun milli kl. 10 og 11 að þessu máli yrði hreyft hér.

Rétt er að geta þess, að fyrir 2-3 dögum óskaði ég eftir því við hæstv. ráðh. að fá nokkrar upplýsingar frá rn., m. a. hverjar till. hann sjálfur hefði lagt fram á ríkisstjórnarfundi 25. jan., því að í fréttatilkynningu frá honum segir: „Ríkisstj. samþykkti á fundi sínum í dag tillögur iðnrh. í sambandi við meðferð málsins." Hæstv. ráðh. neitaði að láta mér í té þessar tillögur sínar. Ég vil endurtaka þá ósk og sé ekki hvaða ástæða getur verið til að leyna því, hvaða tillögur hann gerði til hæstv. ríkisstj.

En það er annað: Í tilefni af þessum fsp. mínum eða óskum um gögn málsins, ákvað hæstv. ráðh. að senda formönnum þingflokka upplýsingar um málið, sem ég býst við að þeir hafi fengið. En það vekur athygli, að þar stingur hann undir stól mikilvægasta gagni þessa máls. Það er skýrsla stjórnar Járnblendifélagsins frá 19. jan., 17 bls., þar sem sterkar röksemdir eru færðar gegn aðaláhugamáli hæstv. ráðh. að fá frestað öðrum ofninum. Hvaða ástæðu hefur hæstv. ráðh. til þess að stinga þessu undir stól og leyfa ekki hv. þm. eða formönnum þingflokka að fá þetta skjal? Fyrst hæstv. iðnrh. er á annað borð að birta fréttatilkynningu og fleiri gögn, eins og álitsgerð lögfræðings síns í málinu, finnst mér þetta harla undarleg vinnubrögð. Ég hef hins vegar þessa ítarlegu skýrslu undir höndum og rakti nokkuð úr henni í minni ræðu áðan.

Ég vil taka það fram, að það er alveg ljóst og óumdeilanlegt, að 23. gr. rafmagnssamningsins eða breyting á honum skiptir engu máli í þessu sambandi. Auðvitað var öllum ljóst frá upphafi vega, að uppsetning ofnanna og tímaáætlanir um verksmiðjuna voru eitt af grundvallaratriðum samninganna sem annar aðilinn gat ekki breytt, heldur yrði að vera samkomulag beggja. Þetta er vegna ákvæðanna í aðalsamningnum og er grundvallaratriði í þessum samningi sem auðvitað var ekki hægt að rifta með einhliða ákvörðun. Þessi breyting á 23. gr. skiptir engu máli og er furðulegt að ráðh. skuli leyfa sér að vera með slíkan fyrirslátt eins og að gera þetta að einhverju aðalmáli.

En það er annað sem full ástæða er til að spyrja hæstv. ráðh. um. Hann ræðir hér tiltölulega lítið um það efni málsins, hvort væri hagkvæmt eða óhagkvæmt að fresta gagnsetningu annars ofns. Hann bæði ræðir lítið um það, fer ekki út í þau atriði sem ég nefndi og vill ekki senda frá sér til þm. skýrslu stjórnar Járnblendifélagsins, heldur aðeins bréf þar sem niðurstaða er reifuð.

Ég vil taka það fram, að Elkem-Spigerverket hefur alls ekki borið fyrir sig 23. gr. rafmagnssamningsins, ekki nefnt hana á nafn. Það sýnir m. a. hvað það er út í hött sem hæstv. ráðh. er að fara. En þegar hæstv. ráðh. bæði í fréttatilkynningu og þeim skrifum Þjóðviljans, sem hann stendur að, og í ræðu sinni nú gerir þetta synjunavald Elkem-Spigerverket að aðalefni máls, þá vil ég spyrja: Ef ekki lægi fyrir að þyrfti samþykki hins aðilans til þess

að fresta ofninum, bera þessi ummæli og málflutningur ráðh. þá vitni um að þá mundi hann fyrirskipa íslensku fulltrúunum í stjórn Járnblendifélagsins að fresta ofninum í svo sem 10 mánuði? Er hið pólitíska ofstæki í þessu máli í raun og veru svo gegndarlaust að hæstv. ráðh. mundi þá, þrátt fyrir það gífurlega tjón sem fyrirtækinu og þjóðinni væri bakað með slíkri frestun, engu að síður gera það? Orð hans og tilkynningar gefa það í skyn, þar sem hann æ ofan í æ ber eingöngu fyrir sig neitunarvald hins aðilans.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil vegna orða hv. 11. þm. Reykv. upplýsa hér, að þau gögn, sem hann var að geta um að haldið hefði verið fyrir sér eða þm., eru gögn sem stíluð voru til ríkisstj., en ekki til iðnrn., og af þeim sökum taldi ég ekki réttmætt að senda þau formönnum þingflokkanna án þess að um það væri fjallað í ríkisstj. En mér sýnist að hv. 11. þm. Reykv. þurfi ekki að kvarta. Hann er með þessi gögn milli handa og hefur átt aðgang að þeim. Af minni hálfu var ekki neinn ásetningur að leyna þessum gögnum, en ég taldi viðeigandi að um það væri fjallað af hæstv. ríkisstj. áður en farið væri að dreifa þeim opinberlega eða senda þau til þm. Sama er að segja um þá grg. og till. sem ég lagði fyrir hæstv. ríkisstj. 25. jan., að hún var til ríkisstj. og ég taldi ekki eðlilegt að vera að dreifa gagni af því tagi með þeim mörgu upplýsingum sem ég sendi formönnum þingflokkanna. En það mun ekki standa á því, að þessi gögn fáist birt hv. Alþ. ef menn telja ástæðu til. Ég mun þá leita eftir því innan ríkisstj. að fá heimild til þess.

Ég ætla að svo komnu ekki að lengja þessa umr. og ekki misnota leyfi hæstv. forseta til þess að fá að taka hér aðeins til máls.

Umr. frestað.

Fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, þáltill. (þskj. 320). — Fyrri umr.

Matthías Bjarnason [frh.]: Herra forseti. Forseti Sþ. er umburðarlyndur maður og hógvær, eins og allir vita. Það hafa forsetar þingsins yfirleitt verið þann tíma sem ég hef setið á þingi. En ég verð að segja það eftir þá ræðu eða það svar sem hæstv. iðnrh. gaf í umr. utan dagskrár, að umburðarlyndi forseta var nú sennilega teflt á mjög tæpt vað og fyrir okkur almúgann hér í þinginu er það ekki til eftirbreytni að stytta mál okkar, sem ég ætlaði mér að gera sannarlega, eftir þá dómadags langloku sem hæstv. iðnrh. hélt uppi áðan, og skal nú horfið að því sem frá var horfið fyrr í dag.

Þriðji samningurinn, sem er í gildi við erlenda þjóð, er samningur við Norðmenn. Þessi samningur við Norðmenn er ekki um mikið veiðimagn og í reynd er framkvæmd hans í höndum sjútvrn. Sjútvrh. getur á hverjum tíma ákveðið að afturkalla veiðileyfi norskra báta sem hér stunda veiðar samkv. þessum samningi, þegar hann eða rn. telur að það sé orðin nægileg veiði fyrir Norðmenn. Áður en núv. ríkisstj. var mynduð hafði fyrrv. sjútvrh. afturkallað veiðileyfi allra norskra báta, þannig að norskir bátar hafa ekki verið að veiðum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu frá því að núv. ríkisstj. var mynduð. Það er í hendi sjútvrh. hvenær hann gefur út slík veiðileyfi handa norskum bátum. Veiðar Norðmanna hafa verið á undanförnum árum u. þ. b. 3000 tonn, lengst af frá 2200 og upp í 3000 tonn, en voru á árinu 1962 8200 tonn. Þorskafli Norðmanna var á s. l. ári aðeins innan við 200 tonn.

Ef við lítum nú á þessa þrjá samninga við erlendar þjóðir, samninginn við Færeyinga, samninginn við Belga og samninginn við Norðmenn, og lítum á þróun þessara mála, þá var lengst af afli okkar Íslendinga á botnlægum fiski um 50% eða liðlega það af heildaraflanum. Á árinu 1972, árinu sem fært er út í 50 mílur, er þorskafli Íslendinga 57%, en á s. l. tveimur árum, 1977 og 1978, er þorskafli Íslendinga rúmlega 97%. Þannig hefur árangur náðst á þessum skamma tíma, svona gífurlegur, og þegar Bretar eru farnir úr íslenskri fiskveiðilögsögu, þegar Þjóðverja hafa horfið þaðan, þessar þjóðir sem mest veiddu, og Íslendingar hafa tekið algerlega stjórnina í sínar hendur og aðeins fara tæp 3% þorskafla í hendur útlendinga, þá þarf auðvitað að gera margar ályktanir um að nú þurfi endilega að losna við þá, nú sé gæfa og gengi þjóðarinnar í veði. Nú kemur þessi boðskapur til með að minnka enn um 1000 tonn við Færeyinga, samkv. nýgerðu samkomulagi, hann kemur vafalaust til með að lækka hjá Belgum, þannig að afli þeirra verði kannske innan við 1000 tonn. Þetta er þorskaflinn. Svo er sagt: Við skulum segja upp öllum samningum. Við skulum láta þjóðirnar, sem hafa gefið grænt ljós að drögum að nýjum hafréttarsáttmála segja: Yfirgangur Íslendinga er með þeim hætti að þeir reka burt þjóðir sem veiða samtals um 6000 tonn og meginuppistaða í þeim afla er annað en þorskur, hjá annarri þjóðinni er megin uppistaðan karfi, fiskurinn sem er vannýttur. — Við stofnum í hættu þeim mikla árangri sem náðst hefur hjá fulltrúum okkar á Hafréttarráðstefnunni. Þetta magn skiptir engu máli fyrir okkur. Við nýtum ekki þennan fiskstofn — ekki enn þá. Það er ekkert sem bendir enn til að við nýtum hann á þessu ári. Til þess þarf að gera róttækar ráðstafanir til skattlagningar á veiðar á öðrum fisktegundum, sem hafa verið ofnýttar, og hreinlega ýta mönnum út í þessar veiðar hvort sem þeim er það ljúft eða leitt. Ég sé ekki enn þá uppi neina tilburði í þá átt.

Ég hef litið á veiðar Færeyinga með allt öðrum hætti en veiðiheimildir til annarra þjóða. Ég hef sagt það áður og ég endurtek það, að ég lít ekki á Færeyinga sem útlendinga. Ég lít á þá sem vini og nágranna sem heyja sömu hörðu lífsbaráttuna og við. Þeir eiga allt sitt komið undir fiskveiðum. Við eigum að verulegu leyti allt komið undir fiskveiðum. Og það er ekki rétt, sem hv. 1. þm. Austurl. sagði og ég sagðist koma að síðar og kem nú að, að Færeyingar eingöngu semji og leyfi erlendum þjóðum að fara inn í sína fiskveiðilögsögu. Þeir fá einnig að fara inn í fiskveiðilögsögu þessara þjóða sem þeir eru að semja við. Þeir eru sem fámenn þjóð og lítils megnug að móta sjálfstæða fiskveiðistefnu, og við eigum ekki að ýta þeim í fang Efnahagsbandalagsins, eins og einn þm. hefur mjög oft haft á orði. Við eigum heldur að koma þeim til hjálpar og aðstoðar, svo að þeir þurfi ekki að falla í faðm Efnahagsbandalagsins og láta það ráða gerðum sínum og athöfnum í fiskveiðimálum.

Þessi sami þm. sem ég vitnaði í sagði að það, sem Færeyingar veiddu hér af þorski, væri eins og Vestmannaeyjatogarar veiða. Á landlitlum jörðum, þar sem beitarþol er nýtt til hins ítrasta, gætu þeir alveg eins sagt: Hvers vegna er grasið í hinum óbyggðu hreppum, eins og Sléttuhreppi og Grunnavíkurhreppi, látið fara undir

snjóinn þegar kýrnar okkar naga bithagana niður í rót? — Það væru álíka skynsamleg rök. En þeir, sem í orði telja sig andstæðinga Efnahagsbandalagsins og vilja það feigt, eru auðvitað ekki á Kínverjalínunni, heldur einhverri annarri línu. Það er bara rangt. Þeir vilja veldi Efnahagsbandalagsins sem mest þegar þeir á þennan hátt vilja útiloka Færeyinga frá öllum samskiptum við þá þjóð sem þeir helst vilja eiga samskipti og samstarf við.

Ég tel að það sé mikilvægt atriði að hæstv. utanrrh., og þá í samvinnu við sjútvrh., taki upp formlega samninga við Norðmenn um veiðar loðnu austur í hafi og hafi þar samvinnu auðvitað fyrst og fremst við flokka ríkisstj. Það er líka fullkomin ástæða til þess að hafa samvinnu við stjórnarandstöðuna, við Sjálfstfl., því að fiskveiðilögsaga, nýting fiskstofnanna hefur verið sameiginlegt áhugamál allra stjórnmálaflokka og allra stjórnmálamanna, og þar höfum við allt frá því að baráttа okkar hófst í þeim efnum reynt að halda samastöðu eins og frekast hefur verið hægt, þó að mjög hafi á því borið að menn hlypu alvarlega út undan sér á síðustu árum, því miður.

Ég get ekki stillt mig um að nefna það, þegar fyrrv. ríkisstj. var að vinna að lausn deilna við aðrar þjóðir, sérstaklega við Breta og Vestur-Þjóðverja, hve margir það voru sem reyndu alltaf að koma landráðastimpli á þá menn sem voru að reyna að ná samningum um að losna við þá úr íslenskri fiskveiðilögsögu. Við fórum til Noregs, þáv. utanrrh., hv. þm. Einar Ágústsson, og ég sem sjútvrh. ásamt embættismönnum og öðrum sendinefndarmönnum, til þess að ná samningum við Breta eða þáv. utanrrh. Breta, Anthony Crossland heitinn, um brotthvarf breskra togara af Íslandsmiðum. Við urðum ekki fyrir neinum óþægindum þegar við komum til Noregs, nema blaðamenn og ljósmyndarar gerðust nokkuð nærgöngulir, eins og gerist og gengur. En þegar við komum að því húsi sem ráðstefnan var haldin í, þá var hinum megin götunnar talkór sem hrópaði í sífellu: Farðu heim, Einar. Farðu heim, Matthías. — Síðan komu tveir aðilar úr þessum kór og afhentu okkur sitt hvort bréfið, sem var stílað til okkar beggja, og það hefst á þessum orðum:

„Þótt vandi okkar sé að óska velkomna landa okkar sem til Noregs koma, verðum við þó að lýsa yfir hryggð okkar vegna komu ykkar hingað í þeim erindagerðum að semja við erkióvini íslensku þjóðarinnar, bresku sjóræningjana. Við lýsum megnri andúð okkar á því, að íslenskir ráðamenn skuli lúta svo lágt að setjast að samningaborði með þeim öflum er ráðist hafa með herafli á afkomugrundvöll íslensku þjóðarinnar og sem stefnt hafa íslenskum mannslífum í hættu með framferði sínu."

Síðar segir í bréfinu: „Það væri Íslandi verðugra að halda áfram baráttunni gegn þeim, t. d. með því að gefa varðskipunum leyfi til að framfylgja íslenskum lögum og beita sér gegn breskum landhelgisbrjótum, með því að reka bandaríska herinn burt, með því að ganga úr NATO."

Þetta var ástarbréfið frá blessuðum námsmönnunum okkar. Og síðan segja þeir að lokum:

„Okkur þykir leitt að geta ekki boðið ykkur velkomna í þetta sinn. Það munum við gera ef þið eigið eftir að rekast hingað í öðrum erindagerðum en að selja hagsmuni Íslands í hendur erlendra auðjöfra. En við þetta tækifæri höfum við aðeins eina ósk fram að færa, að þið farið heim án þess að takast á við ógæfuverk er þið hafið ætlað ykkur."

Og við unnum ógæfuverkið. Og ógæfuverkið var það að losna við breska togara úr 200 mílna fiskveiðilögsögu eftir 6 mánuði fyrir fullt og allt eftir 6 alda fiskveiðar þeirra hér við Ísland.

En það voru fleiri en þessir blessaðir unglingar sem höfðu hátt. Það var boðið til fundar fyrir utan Útvegsbankann til þess að mótmæla landráðasamningunum. Krafist var þess, að Alþ. yrði kallað saman. Hvað varð svo úr öllu þessu gaspri og öllum þessum stóryrðum? Bresku togararnir fóru út úr íslenskri landhelgi á tilskildum tíma. Og það sem vannst og var líka mikils virði, þó að það væri ekki eins mikils virði og að losna við Bretana, var að það fékkst viðurkenning á tollasamningunum við Efnahagsbandalagið. Það fólst sú viðurkenning Breta í þessu, að tollasamningurinn tók gildi. Það var stór sigur fyrir Íslendinga. Sá sigur er með þeim hætti, að við höfum milljarða í tekjur af því að þessi samningur tók gildi. Mega nú ekki margir skammast sín sem þá höfðu hátt, ef þeir kunna það? (**Gripið fram í:** Þú gerðir það þá.) Já, það er nú illt að kenna gömlum hundum að sitja, sumum hverjum. Þó má það takast með mikilli þolinmæði.

Varðandi það sem ég hef sagt um samninga við aðrar þjóðir, þá vil ég taka skýrt fram, að ég var andvígur áframhaldandi samningum við Breta og við Vestur-Þjóðverja. Einnig tók ég það fram í viðræðum við Efnahagsbandalagið, og við báðir ráðh. sem tókum þátt í þeim, auk mín hæstv. fyrrv. utanrrh. Einar Ágústsson, að við værum ekki til viðræðna um fiskveiðisamninga við þjóðir Efnahagsbandalagsins, en við værum til viðræðna um fiskverndarsamninga.

Ég ætla að láta það koma fram sérstaklega, þegar heyrist hvernig samkomulag er á milli stjórnarflokkanna, að ólíkt var það í fyrri stjórn í þessum málum öllum. Aldrei féll nokkur skuggi á samstarf mitt við þáv. utanrrh. og aldrei bar á nokkrum metingi okkar í milli, við skiptumst á skoðunum um allt sem við bárum inn á alla þessa fundi. Allt var það gert með fyllsta samkomulagi og gagnkvæmu trausti. Þannig álít ég og vona að menn fari að hugsa og vinna í þessum málum sem öðrum.

Lítum nú á þessar þrjár fámennu þjóðir, sem búa við Norður-Atlantshaf, Færeyinga, Íslendinga og Grænlendinga. Nú hafa Grænlendingar samþykkt heimastjórn sem þeir fá innan tíðar. Við eigum sannarlega að auka samskipti okkar við þessar þjóðir. Ég er þakklátur hæstv. utanrrh. fyrir það, hve fljótt hann brást við og sendi jafnágætan mann og Pétur Thorsteinsson sendiherra til Grænlands til viðræðna. Í þeim anda eigum við að lifa og starfa, að auka samskipti við báðar þessar fámennu þjóðir og þá ekki síður við Grænlendinga. Við eigum og höfum vel ráð á því að rétta þeim á margvíslegan hátt hjálparhönd. Við eigum að gera það á mörgum sviðum. (**Gripið fram í:** Eigum við þá ekki að styðja aðild þeirra að Norðurlandaráði?) Eigum við að styðja aðild þeirra að Norðurlandaráði? Ég vil styðja allar Norðurlandaþjóðir til aðildar að Norðurlandaráði. (**Gripið fram í:** Sjálfstfl. hefur verið á móti því.) Sjálfstfl.? Ég er ekki allur Sjálfstfl. Ég er bara einn af mörgum í honum. Ef þú ert í flokki, getur ekki verið að þú ráðir þar öllu. En það er kannske þess vegna sem þú ert alltaf að hlaupa á milli. (Gripið fram í.) Það er þó gott að maður getur glatt þennan ágæta Seltirning með því. (**Forseti:** Ég vil benda hv. 3. landsk. þm. á það að kveðja sér hljóðs, en tala ekki

úr sæti sínu þegar annar er í ræðustól.)

Ef við lítum á það gífurlega hafsvæði sem þessar famennu þjóðir ráða yfir, þá vitum við að hafsvæðið, sem við Íslendingar ráðum yfir eftir útfærsluna í 200 mílur, er 758 þús. km², en samkv. lauslegri áætlun er fiskveiðilögsaga Færeyinga um 270 þús. km². Fiskveiðilögsaga Grænlands verður um 1.5 millj. km², þar af eru um 700 þús. km² við Vestur-Grænland og um 500 þús. km² sunnan 67° norðlægrar breiddar við Austur-Grænland. 200 sjómílna lögsaga Austur-Grænlands nær aðeins að 67° enn sem komið er. Þetta gífurlega hafssvæði koma þessar þjóðir til með að nota, í fyrsta lagi hver fyrir sig, í öðru lagi sameiginlega. Fiskar halda sig ekki innan við ákveðnar girðingar eða innan ákveðinnar fiskveiðilögsögu. Þeir fara á milli. Þarna er fyrst og fremst ástæða til og áhugavert að ná samningum.

Það, sem við höfum gert á undanförnum árum í sambandi við að hefja veiðar, tilraunir með vinnslu og lítils háttar tilraunir með markað á kolmunna, verður stórfelld tekjuaukning fyrir íslensku þjóðina. Kolmunninn kemur fyrst inn í fiskveiðilögsögu Færeyja. Það er vaxandi veiði þar, en það er eins og fyrri daginn vantrú á meðan veiðin borgar sig ekki. Nú er komið að því, að þessi veiði kemur til með að margfaldast með hverju árinu sem líður, alveg eins og hún margfaldaðist á árinu 1978 frá þeirri litlu veiði sem var á árinu 1977. Eftir þetta heldur þessi veiði áfram út af Austfjörðum eða út af Vestfjörðum eða Dohrnbanka. Þar eigum við sameiginleg kolmunnamið. Við eigum einnig sameiginleg mið á úthafsrækju sem Íslendingar hafa loksins í einhverjum mæli veitt á s. l. ári.

Við eigum það sameiginlegt, að þorskurinn gengur á milli hafsvæða Íslands og Grænlands. Við höfum þurft að sækja mikinn þorsk á Grænlandsmið fyrr á árum. Það er ekkert öruggt í þeim efnum. Fiskur getur brugðist á miðum við Ísland eins og oft áður, og þá er gott og nauðsynlegt að geta leitað fanga annars staðar.

Við eigum mjög mikilsverð og viðkvæm karfamið, sem hafa verið ofnýtt á undanförnum árum, á milli Íslands og Grænlands. Við vitum ekkert um hvort loðnan heldur sig innan fiskveiðilögsögu Íslands eða Grænlands, þó að Lúðvík fullyrði að hún muni aldrei verða innan fiskveiðilögsögu Grænlands. Þó maður vilji taka mikið tillit til hans, þá held ég að það sé mjög hættulegt og varhugavert að trúa því, að það geti alls ekki komið fyrir. Hins vegar verðum við að vona að hún haldi sig okkar megin.

Það starf, sem hefur verið unnið á undanförnum árum í þessum efnum, verður að halda áfram og í auknum mæli. Við náum ekki árangri, hvorki í þessu né öðru, ef við lokum hurðum aftur og segjum: Við höfum ekkert við ykkur að tala, — eins og hæstv. utanrrh. sagði í framsöguræðu sinni í dag. Það þarf að gera nákvæmlega það sama og Einar Ágústsson og ég gerðum gagnvart Efnahagsbandalaginu. Við skelltum ekki hurðum á þá. Við sögðum við þá: Við viljum ræða við ykkur um fiskverndarsamning. — Og þeir fóru með drög að fiskverndarsamningi og eftir það höfðum við og ríkisstj. besta frið fyrir þeim, því að þeir létu ekki heyra í sér á eftir og hafa ekki enn þá komið með neinar brtt. um fiskverndarsamning.

Ég taldi ekki ástæðu til þess að hafna beiðni Sovétríkjanna eða Pólverja um samning um vísindalegar rannsóknir innan íslendskrar fiskveiðilögsögu. Við í þáv. ríkisstj. töldum eðlilegt og sjálfsagt að auka þessa samvinnu og þetta samstarf. Hér er um stóra og mikla viðskiptaþjóð að ræða og það er rangt að hugsa þannig, að við eigum að vera einir í heiminum og segja alltaf: Við erum ekki aflögufærir. Við erum svo fátækir, að við getum ekkert lagt af mörkum.

Þegar eitthvað bjátar á og við ætlum eftir slíka synjun að leita til annarra, þá er ekkert óeðlilegt að aðrir loki hurðum á okkur. Þess vegna vil ég hvetja núv. hæstv. ríkisstj. til þess að auka og efla samvinnu og tengsl sérstaklega við Færeyjar og Grænland. Ég er ekki eins mikill áhugamaður um að gera mjög nána fiskveiðisamninga við Norðmenn og við hinar tvær þjóðirnar, vegna þess að ég hef orðið þar fyrir töluvert biturri reynslu. Sá samningur, sem er í gildi við Noreg, er lítilfjörlegur fyrir okkur, en hann er enn þá lítilfjörlegri fyrir þá. Það er nauðsynlegt, ef við ætlum að taka upp formlegar samningaumr. við Norðmenn um veiði á loðnu austur í hafinu, að byrja ekki á því að segja upp samningi við þá og segja: Nú ætlum við að ræða um nýtingu loðnunar á eftir. — Það er ekki rétt háttalag í samningum á milli manna og þar af leiðandi ekki heldur á milli þjóða.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég lýsi því yfir að ég mun greiða atkv. með þessum samningi sem ríkisstj. hefur gert við Færeyinga, hvað sem líður mótmælum einstakra manna í þeim efnum. Þó að ríkisstj. vanti jafnvel eitt atkv. til þess að samningurinn hljóti samþykki, þá ætla ég ekkert að hlaupa yfir til hinna bara til þess að reyna að gera ríkisstj. bölvun. Ég ætla ekki að gera fiskveiðimál eða samskipti við aðrar þjóðir að einhverjum pólítískum loddaraleik.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég lýsi undrun, furðu og hneykslun á þeim fundarsköpum sem hafa verið höfð í dag. Hér eru til umr. samningar við aðra þjóð um fiskveiðar og allra annarra flokkamenn fá að tala, en þegar kemur að síðasta flokknum, þ. e. a. s. Framsfl., þá er málið tekið út af dagskrá og annað mál tekið fyrir sem engin ástæða var til að ræða í dag, ekki mér vitanlega. Má vera að það hafi legið einhver refsing við gagnvart 11. þm. Reykv., þannig að hann þyrfti að bera af sér sakir áður, en mér er ekki kunnugt um það. Ég tel að með þessu sé mér sýnd lítilsvirðing, sem ég sætti mig ekki við, og ég ætla ekki að ræða þetta mál yfir auðum stólum. Læt ég svo útrætt um það, en óska þess við forseta, að þessum fundi verði frestað þannig að ég fái að flytja ræðu mína og bera af mér ýmsar sakir á eðlilegum þingtíma, en ekki á þeim tíma þegar aðrir menn fara heim og fá sér að borða.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Ég get út af fyrir sig orðið við tilmælum hv. þm., en vil þó aðeins taka fram, að þó að honum finnist að sér hafi verið sýnd óvirðing úr forsetastóli hér í dag, þá tók ég hann fram yfir tvo aðra sem áður voru komnir á mælendaskrá. En við þessum tilmælum verður orðið. Umr. um þetta mál er frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Efri deild, 53. fundur.

Mánudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, eru umr. þær sem orðið hafa um réttindi okkar annars vegar og Norðmanna hins vegar á Jan Mayen-svæðinu, bæði hér á landi og í Noregi, ekki síst ummæli hæstv. utanrrh. í norska sjónvarpinu s. l. miðvikudagskvöld, sem því miður verða naumast skilin öðruvísi en svo, að hann telji Norðmönnum heimilt að lýsa yfir efnahagslögsögu við Jan Mayen út í 200 mílur. Vona ég þó að einhvers misskilnings gæti hér sem hæstv. utanrrh. takist að leiðrétta. En spurningar þær, sem ég á þessu stigi mun leyfa mér að bera fram til ráðh., eru eftirfarandi:

1) Hvað áformar utanrrh. eða hæstv. ríkisstj. að gera til að leitast við að tryggja hagsmuni Íslands á Jan Mayen-svæðinu utan 200 sjómílna efnahagslögsögu Íslendinga?

2) Hefur ríkisstj. eitthvað gert til að hraða rannsókn landgrunns Íslands, og hvað áformar hún að gera í því efni?

3) Hefur ríkisstj. eitthvað gert til að gæta réttinda okkar þegar ytri landgrunnsmörk til suðurs verða ákvörðuð, og hvað hyggst hún gera? Hefur samstarf við Færeyinga um sameiginlega réttargæslu þjóðanna verið rætt við þá?

Um fyrstu spurninguna og þá sem mestu varðar nú leyfi ég mér að fara eftirfarandi orðum:

Skömmu eftir að núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð lauk síðasta fundi Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ljóst var þá að þau málefni, sem í brennidepli mundu verða á næsta fundi ráðstefnunnar, sem nú hefur verið ákveðið að hefjist 17. mars n. k., og Íslendinga varða mestu, mundu verða deilurnar um skiptingu hafsbotnsins utan 200 sjómílna efnahagslögsögu. Þar mundu ýmiss konar jafðfræðileg atriði geta haft meginþýðingu svo og réttarstaða smáeyja. Eins og að líkum lætur fór ekki mikið fyrir þessum umr. meðan barist var um hin stærri málin, m. a. efnahagslögsöguna og réttindi strandríkja yfir henni. Öruggt má telja að þar hafi nú unnist fullnaðarsigur. 200 mílna efnahagslögsaga undan ströndum þjóðlanda er orðin alþjóðalög „de facto", þótt hún sé það kannske ekki „de jure". Þá taka ný viðfangsefni við.

Að því er okkur Íslendinga varðar eru þýðingarmestu viðfangsefnin nú að leitast við að tryggja réttindi okkar á Jan Mayen-svæðinu, sem á máli jarðfræðinga nefnist „íslenska hásléttan", neðansjávarhásléttа, í öðru lagi að rannsaka gaumgæfilega hvaða réttindi við kynnum að eiga langt suður af landinu og í þriðja lagi réttindi okkar umhverfis Reykjaneshrygginn, sem í rauninni ætti ekki að leiða til hagsmunaárekstra við aðra.

Að mínu mati hefði íslenska ríkisstj. þegar að loknum fundi Hafréttarráðstefnunnar átt að taka þessi mál föstum tökum. Svo var þó ekki gert, og því báru átta þm. Sjálfstfl., einn úr hverju kjördæmi, fram þáltill. um þessi málefni þegar í upphafi þings, og eru það 1., 2. og 3. mál þingsins.

Hæstv. utanrrh. hefur nú upplýst í viðtali við Morgunblaðið, að ríkisstj. hafi ekki svo mikið sem rætt Jan Mayen-vandamálið á hartnær hálfs árs ferli sínum. Þess vegna hef ég takmarkað fsp. mína um það málefni við framangreint orðalag. Hins vegar leyfi ég mér að óska þess við hæstv. utanrrh., að hann svari því við umr. á morgun í Sþ. um staðfestingu á samningnum við Færeyinga, sem þessi málefni hafa þegar blandast inn í, hver sé afstaða hæstv. ríkisstj. varðandi réttarstöðuna á Jan Mayen-svæðinu. Spurning mín er svo hljóðandi:

Er ríkisstj. sammála þeirri túlkun hæstv. utanrrh., að Norðmönnum sé heimilt að alþjóðalögum að lýsa yfir efnahagslögsögu við Jan Mayen út í 200 mílur?

Eftir ummæli hæstv. utanrrh. í norska sjónvarpinu sé ég ekki að ríkisstj. eigi annarra kosta völ en að gera hreint fyrir sínum dyrum. Ef hún óskar ekki þegar í stað formlegra viðræðna við Norðmenn um réttindi þjóðanna hvorrar um sig á þessu hafsvæði, þar sem einarðlega verði á málum haldið og Alþ. gefinn kostur á að fylgjast með umr., hlýtur Alþ. að taka málið í sínar hendur og gera um það samþykkt sem ekki verði misskilin.

Þar yrði ályktað að Íslendingar eigi réttindi á Jan Mayen-svæðinu og muni engar aðgerðir af Norðmanna hálfu virða eða viðurkenna, nema um það verði samið milli ríkjanna.

Eins og alkunna er verða fundir Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna a. m. k. tveir enn og væntanlega fleiri. Fjarri fer því, að nokkur alþjóðalög hafi á Hafréttarráðstefnunni myndast að því er varðar réttindi umhverfis smáeyjar utan efnahagslögsögu strandríkja, þótt telja megi að almenn efnahagslögsaga þjóðríkja sé nú orðin að alþjóðalögum þar sem fiskverndar- og fiskveiðisjónarmið hafa haft meginþýðingu. Er nú einmitt mest um það deilt, hvernig háttað skuli réttarreglum á landgrunnssvæðum utan 200 mílna marka strandríkjanna. Þar er sú skoðun ráðandi, að strandþjóðirnar öðlist hagnýtingarrétt á hafsbotni og yfir lífverum sem á honum eru langt út fyrir 200 mílna efnahagslögsögu, þar sem aðstæður eru með þeim hætti að telja verður botninn eðlilegt framhald viðkomandi lands. Samkv. þeim kenningum mundum við Íslendingar einmitt öðlast réttindi á Jan Mayen-svæðinu. Hins vegar mundi 200 sjómílna efnahagslögsaga Norðmanna við Jan Mayen skerða þessi íslensku réttindi. Af þeim sökum einum hljótum við Íslendingar að mótmæla öllum tilraunum Norðmanna til að færa lögsögu sína út í 200 sjómílur án samráðs við okkur.

Á það hefur verið bent á Hafréttarráðstefnunni, m. a. af íslensku sendinefndinni, að sérstakar reglur verði að setja um smáeyjar, sem eru á landgrunni annars ríkis, en óumdeilanlegt er að Jan Mayen er á íslenska landgrunninu, en undir engum kringumstæðum hinu norska. Þá hefur íslenska sendinefndin og margar sendinefndir aðrar bent á að sömu reglur ættu að gilda um óbyggðar eða lítt byggðar smáeyjar eins og um kletta, að þær öðluðust einungis 12 mílna landhelgi. Um þetta hafa 10 þjóðir raunar flutt sérstaka tillögu.

Ekki er mér kunnugt um að ríki hafi neins staðar í veröldinni lýst yfir eða komist upp með að slá eignarhaldi sínu á 200 mílna hafsvæði umhverfis óbyggða smáeyju á landgrunni annars ríkis, þar sem efnahagslögsögur skerast og eyjan er víðs fjarri landgrunni þess ríkis sem eyjuna á eða telur sig eiga. Engin alþjóðaregla hefur því myndast „de facto" í þessu efni sem líkja mætti við alþjóðareglur um 200 mílur undan ströndum þjóðríkja — og því síður auðvitað „de jure". Alveg er ljóst að

alþjóðalög um þetta efni hafa engin myndast enn sem komið er, en hins vegar kann næsti fundur Hafréttarráðstefnunnar að ráða úrslitum í þessu efni og því lífsnauðsynlegt að Íslendingar mæti þar með fastmótaðar skoðanir.

Meginundirstaða allra aðgerða á Hafréttarráðstefnunni og þess gífurlega starfs, sem unnið hefur verið til að reyna að leysa hafréttarmálin friðsamlega, er einmitt sú, að þjóðum ber að semja sín á milli þar sem hætta er á árekstrum. Og þeir samningar eiga að byggjast á sanngirnissjónarmiðum, þar sem hliðsjón sé höfð af öllum aðstæðum. Og hverjar eru aðstæðurnar að því er Jan Mayen varðar?

1. Jan Mayen er á íslenska landgrunninu.
2. Jan Mayen má teljast óbyggð smáeyja.
3. Eignarhald Norðmanna á Jan Mayen hefur aðeins varað í nokkra áratugi.
4. Jarðfræðilega hefur Jan Mayen ætíð verið talin tilheyra „íslensku hásléttunni".
5. Hagsmunir Íslendinga á þessu svæði eru allt aðrir og meiri en Norðmanna.
6. 200 sjómílna efnahagslögsaga Noregs umhverfis Jan Mayen mundi skerða hafsbotnsréttindi Íslendinga.
7. Engar alþjóðareglur, hvorki „de facto" né „de jure", heimila Norðmönnum einhliða aðgerðir án samþykkis Íslendinga.

Hér hafa aðeins verið talin helstu rökin, sem hníga að því, að Íslendingar og Norðmenn hljóti að semja sín á milli um þessi réttindi. Skoðun mín er sú, að það hljóti að vera sameiginlegir hagsmunir þjóðanna að gera svo og helst að koma þeim samningum eitthvað áleiðis áður en næsti fundur Hafréttarráðstefnunnar hefst eftir rúman mánuð. Eðlilegast er og hagkvæmast að loka þessu hafsvæði með 200 sjómílna efnahagslögsögu sem samið yrði um. Þannig yrðu ryksuguskip stórþjóðanna útilokuð frá rányrkju og óðfluga að því stefnt að þjóðir Norður-Atlantshafsins, Íslendingar, Norðmenn, Færeyingar og Grænlendingar, gætu tekið upp sameiginlega fiskveiðistefnu.

Ég hef ekki trú á því, að nein þjóð mundi mótmæla því, að Íslendingar og Norðmenn stigu slíkt skref. Það væri einmitt í anda draganna að hafréttarsáttmála og mundi varða veginn. Það væri fordæmi sem eftir yrði tekið og vitnað til. Frænd- og vinaþjóðir semja sín á milli og leysa vandamálin fyrirfram. Einmitt þetta er það sem að er keppt á hafréttarráðstefnu.

Ekki efast ég um það eitt augnablik, að Norðmenn vildu gjarnan að slík lausn gæti fundist. Hins vegar verður því miður ekki hjá því komist að benda á, að eitthvert óskiljanlegt tregðulögmál virðist ríkja hjá hæstv. ríkisstj. Íslands. Ég held þess vegna að því megi slá föstu, að það sé sök íslenskra stjórnvalda, en ekki norskra, ef enn dregst úr hömlu að hefja formlegar viðræður um Jan Mayen-vandamálið. Læt ég svo útrætt um það.

Ég leyfi mér, herra forseti, að nota þetta tækifæri til að benda á tvær aðrar þáltill. og spyrjast fyrir um afdrif þeirra.

Eins og augljóst er af því, sem áður segir, ríður á miklu að þegar í stað verði safnað saman öllum þeim upplýsingum sem til eru um jarðfræði þeirra hafsvæða sem Íslendingar gætu átt tilkall til utan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar. Mig grunar að lítið eða ekkert hafi af hálfu hæstv. ríkisstj. verið gert til að afla þessara upplýsinga, þrátt fyrir margítrekuð tilmæli, en ekki skal ég ræða það frekar fyrr en svör hæstv. utanrrh. liggja fyrir hér á eftir.

Þá leyfi ég mér einnig að fara nokkrum orðum um ytri landgrunnsmörk Íslands til suðurs. Suður af Íslandi og suðvestur af Færeyjum er sokkið land mjög víðáttumikið, sem Bretar og Írar gera nú tilkall til á þeim grundvelli að það sé eðlilegt framhald þessara landa. Jarðfræðingar munu sammála um að upphafleg gliðnun, þegar landrek hófst, hafi einmitt verið á milli þessa sokkna lands og Skotlands og Írlands, þannig að þar sé að finna elsta úthafsdýpi Norður-Atlantshafsins, land þetta hafi þá verið áfast Grænlandi, en síðan hafi nýtt landrek byrjað þar sem þetta neðansjávarsvæði rak frá Grænlandi. Ýmis rök benda þess vegna til þess, að það sé á íslensk-færeyska landgrunninu. En allt þarf það að sjálfsögðu að skoðast miklu nánar.

Fjarstæða er hins vegar að gæta ekki hugsanlegra réttinda okkar, þótt ekki væri til annars en hindra aðgerðir annarra á þessu svæði sem gætu stofnað lífríki Norður-Atlantshafsins í hættu, en líkur eru taldar á að olíu og jarðgas megi finna á þessum slóðum.

Mikilvægt er, herra forseti, að mál þessi séu öll þegar í stað skoðuð vegna þess fundar Hafréttarráðstefnunnar sem hefst eftir rúman mánuð. Vona ég því að þessi umr. utan dagskrár verði ekki talin ótímabær.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur flutt fróðlega ræðu með fsp. sínum og fjallar að minni hyggju um tvo þætti hafréttarmálanna sem ekki er nauðsynlegt að þurfi að fara saman.

Það kom til umræðu og hefur lengi verið til meðferðar á Hafréttarráðstefnunni, hver skuli vera lögsaga ríkja og þá hvers konar mismunandi lögsaga, og náðist fljótlega árangur í stórum dráttum. Í lok þeirrar lotu má segja að við höfum með átökum okkar við tvö stórveldi, sem áður veiddu hér við Ísland, unnið raunverulega lokasigur í landhelgismáli okkar. En ljóst er að enn eru óleyst vandamál, annars vegar varðandi mörk á milli landa og réttindi eyja á svæðinu fyrir norðan Ísland sem okkur snerta, og svo er hitt málið, sem ég held að við ættum ekki að blanda algerlega saman við þetta, en það eru ytri mörk landgrunnsins og sá réttur sem ríki eiga að hafa til auðlinda í landgrunninu sjálfu og í hafsbotninum, jafnvel utan við 200 mílur. Þetta síðastnefnda ræddi hv. þm. allítarlega og gerði grein fyrir því, enda rík ástæða til. Það mál er miklu styttra komið en hitt og má segja að nú standi yfir hvað heitust meginátök um stefnu í því máli á Hafréttarráðstefnunni, eins og honum er mætavel kunnugt um þar sem hann hefur verið fulltrúi þar.

Það er, að því er mér er tjáð af mönnum sem þekkja vel til þessara mála, vel hugsanlegt að ein þjóð eigi rétt til auðlinda í botni á sjálfu landgrunninu, en á sama stað geti önnur þjóð átt réttinn til auðæfanna í hafinu fyrir ofan. Þetta fer eftir því, hverjar niðurstöður verða á Hafréttarráðstefnunni, en þar er um að ræða fleiri en eina meginhugmynd. Þar eru ríki sem aðhyllast þá skoðun, að draga eigi ein og sömu mörkin og segja að 200 mílur skuli gilda bæði fyrir hafið og fyrir botninn, en mörg ríki eru á annarri skoðun, — telja að gilda eigi sérstakar reglur fyrir hafsbotninn þar sem hann teygir sig út fyrir 200 mílur. Togast þar á tvær megintillögur. Annars vegar er sú sem kennd er við Íra. Þeir hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga, því að þeir vilja ná valdi á grunnu hafsvæði sem er alllangt út af Írlandi, þar sem talið er

hugsanlegt að allmikill olíuauður sé. Hin kenningin er kennd við Sovétríkin. Mun væntanlega koma í ljós á þeim fundi Hafréttarráðstefnunnar sem næst verður haldinn og byrjar eftir miðjan næsta mánuð, og síðan væntanlega í framhaldi hans, hvernig þessu máli lyktar.

Það er að sjálfsögðu rétt hjá hv. þm., að það getur farið svo, að Íslendingar öðlist mögulegan rétt til hafsbotns sem yrði utan við 200 mílna mörk okkar, þar sem yrði um réttindi til hafsins þar fyrir ofan að ræða, og þess vegna veitum við þessu máli mikla athygli. Það verður tekið til frekari athugunar um leið og undirbúningur næstu Hafréttarráðstefnu hefst.

Varðandi það, að ekkert hafi verið gert til að afla upplýsinga um þetta mál, vil ég aðeins vísa til yfirlýsinga Hans G. Andersen ambassadors á fundi utanrmn., þar sem hann tiltók margvíslega upplýsingasöfnun og þ. á m. að á síðasta hafréttarráðsfundi fór sá jarðfræðingur, sem mest þekkir til þessara mála, héðan vestur um haf.

Hitt málið er mönnum vafalaust öllu frekar hugleikið hér á landi, en það snertir línur á milli landa og þar með réttindi sem næðu yfir markalínur milli landa á svæðinu fyrir norðan Ísland. Um þetta hafa orðið nokkur blaðaskrif, sem hv. þm. nefndi, nú síðustu dagana. Hefur verið vísað þar í viðtal sem norska sjónvarpið átti við mig, og hafa orð mín verið túlkuð á mismunandi hátt. Í því sambandi vil ég lýsa afstöðu minni, sem ég tel að sé í beinu sambandi við þá afstöðu sem Íslendingar hafa mótað sér í þessum málum og engin breyting er á. Að gefnu þessu tilefni óska ég að taka fram:

1) Síðan núv. ríkisstj. var mynduð hefur utanrrn. haft stöðugt samband við norsk yfirvöld, ráðh., ambassadora og aðra embættismenn, um lögsögumál Jan Mayen. Tilgangurinn hefur verið að fylgjast mjög vandlega með framvindu málsins í Noregi og fara fram á að Norðmenn færðu ekki út fiskveiðilandhelgi Jan Mayen án þess að ræða það mál vandlega við íslensk yfirvöld. Fyrirheit um slík samráð hafa verið gefin. Ég tel mig hafa þau afdráttarlaus.

2) Fulltrúar Íslands hafa aldrei látið í ljós neins konar viðurkenningu á rétti Jan Mayen til fiskveiðilögsögu. Ummæli mín í norska sjónvarpinu, þar sem minnst var á texta Hafréttarráðstefnunnar um lögsögu eyja, fjallar aðeins um kunna staðreynd og felst engin viðurkenning í þeim.

Ætlunin með svarinu var beinlínis að vísa í texta Hafréttarráðstefnunnar, sem eins og hv. þm. benti á er ekki hinn endanlegi enn þá. (**StJ:** Er ekki hægt að fá þessi ummæli orðrétt?) Ég held að þau hafi verið birt orðrétt í Morgunblaðinu. Mér skildist að Morgunblaðið hefði orðréttan texta. Annars skal ég gera ráðstafanir til þess ef þess er óskað.

3) Í reglugerðinni um útfærslu íslensku fiskveiðilandhelginnar í 200 mílur, sem Matthías Bjarnason sjútvrh. gaf út í júlí 1975, er tekið fram í lok 1. gr., að Íslendingar muni ekki framfylgja útfærslunni út fyrir miðlínu gagnvart Jan Mayen. Norskir blaðamenn hafa mikið spurt um þetta atriði og hvort Íslendingar muni fallast á miðlínu eða „grátt svæði" gagnvart Jan Mayen. Ég hef ávallt neitað að segja orð um miðlínu eða nokkrar aðrar línur, en hef í þess stað lagt áherslu á að í öllu þessu máli beri að láta sanngirnissjónarmið ráða, á Íslandi búi heil þjóð, sem lifir á fiskveiðum, en á Jan Mayen búi enginn maður, sem lifi á auðlindum lands eða sjávar.

4) Samkomulag hefur orðið um að auka samstarf um rannsóknir á loðnustofninum og göngum hans. Munu fundir um það hefjast í Reykjavík eftir nokkrar vikur.

Í Noregi hafa verið feiknamiklar umræður um þessi mál s. l. hálft ár og Norsk fiskarlag, samtök útgerðarmanna og sjómanna, hefur lagt þunga pressu á ríkisstj. að færa út mörkin við Jan Mayen. Síðast á fimmtudaginn var gengu fulltrúar frá Norsk fiskarlag á fund forsrh., utanrrh. og sjútvrh. Noregs, en eftir því sem ég kemst næst hefur enginn árangur orðið af þeim fundi. Fiskimálaráðh. Norðmanna, Eyvind Bolle, hefur lýst því yfir í sjónvarpsviðtali, sem við fengum á sínum tíma texta af, að ekki væri að vænta útfærslu allt þetta ár a. m. k. Hann gaf þá aðalskýringu á þessu, að það þyrfti að rannsaka fiskstofna og aðrar auðlindir í hafinu kringum Jan Mayen miklu betur áður en að útfærslu kæmi.

Það hefur verið margt um þetta talað í Noregi. Ég hef grun um að þar hafi stundum verið borið við að það væri vegna Íslendinga og af einhverjum hernaðarlegum sjónarmiðum á Íslandi sem norska stjórnin sýndi þá tregðu, sem hún augsýnilega gerir, að verða ekki við svo hörðum kröfum sem þarna er um að ræða.

Þrem dögum áður en margumrætt sjónvarpsviðtal átti sér stað birtist frétt frá sama fréttamanni, sem kom til að reyna að fá botn í þessi mál, þar sem hann spurði mig: Eru Íslendingar ekki tilbúnir að hefja viðræður um fiskveiðilögsögu kringum Jan Mayen? Svarið var afdráttarlaust: Já, við erum alltaf reiðubúnir til þess að ræða mál varðandi fiskveiðilögsögu á okkar svæðum. — Í lok þessarar fréttar segir fréttamaðurinn frá eigin brjósti, að nú liggi ljóst fyrir að það séu norsk stjórnvöld sem standi á. Það var spurningin sem hann vildi fá svar við. Þess vegna tel ég að það sé ekki rétt að tala um að tregðulögmál hafi ríkt í þessum efnum af hálfu ríkisstj. Íslands.

Hins vegar eru viss vandkvæði á því að hefja formlegar opnar viðræður um þessi hafsvæði. Þetta mundu verða viðræður, ef þær ættu að vera á formlegum grundvelli, um úthafssvæði, a. m. k. þangað til Norðmenn hefðu náð einhverju samkomulagi eða fært út án samkomulags einhliða, — það hefur komið fyrir áður að þjóðir færðu út einhliða, og síst skulum við fordæma það. En ef umr. yrðu á formlegan hátt tilkynntar og hafnar opinberlega um fiskveiðar og hagnýtingu á auðlindum hafsins á þessu svæði, sem er við núverandi aðstæður opið haf, þá er alveg öruggt að á stundinni mundu koma fram óskir eða jafnvel kröfur frá fleiri ríkjum um að komast þarna að. Ég hef örugga vissu fyrir því, að önnur voldug fiskveiðiríki en Ísland og Noregur fylgjast vandlega með því sem þarna er að gerast og mundu sannarlega gera kröfu til að verða aðilar að samningaumleitunum um fiskveiðar á þessu svæði. Ég held það sé tvímælalaust hagur okkar Íslendinga að draga sem fæstar aðrar þjóðir þarna inn í, vegna þess að þeir fiskstofnar, sem við höfum meginhuga á og þekkjum best á þessu svæði, eru viðkvæmir og voldugustu veiðitæki nútímans gætu breytt miklu um líf þeirra.

Ég skal ekki, þó ég hafi til að skjótast undan beinu svari bent á síðasta texta sem Hafréttarráðstefnan er með um eyjar, fara langt út í það sjónarmið. Í hafréttarsáttmálanum gildir það meginsjónarmið, að öll lönd eigi rétt á efnahagslegri lögsögu eða fiskveiðilögsögu, og síðan koma undanþágur, hverjir eigi ekki að fá þann rétt.

Eins og texti 121. gr. er í dag er undanþága aðeins ein, í 3. lið þeirrar greinar: Klettar, sem ekki geta haldið uppi eigin byggð eða efnahagslífi, skulu ekki öðlast efna-

hagslögsögu. Það er greinilega talað um kletta. Hins vegar er það rétt, sem hv. þm. sagði, að ýmsar þjóðir hafa gert tilraunir til þess að fá þetta rýmkað og undanskilja einnig það sem kallað er smáeyjar. Ég skal engu spá um það, hvort þeim tilraunum verður haldið áfram, það er þó líklegt, eða ef þær bera árangur, hvaða þýðingu þær hafa. Þetta mál mun skipta miklu þjóðirnar sem búa á Kyrrahafi, þar sem klasar af smáeyjum eru víða. Það getur jafnvel skipt sköpum fyrir ýmsar smáþjóðir sem þar eru nú orðnar frjálsar, og á fleiri svæðum, eins og t. d. á hafinu milli Grikklands og Tyrklands. Þetta er flókið mál og erfitt að spá um hvort á þessu verður breyting eða ekki sem mundi hafa úrslitaáhrif á það svæði sem við búum á.

Ég vil að lokum taka það fram, að Bretar halda enn þá fast við það — þeir eru ein þeirra þjóða — og berjast fyrir því að afnema undanþáguna varðandi klettana, því að þeir vilja auðvitað fá að draga landhelgi sína frá Rockall. Í tilefni af því að Alþ. vísaði till. um Rockall til ríkisstj. fyrir jólin hefur þegar borist heilmikil mótmælaorðsending frá Bretum sem ítreka hitt og þetta sem þeir hafa sagt í orðsendingum áður, og þeim hefur verið svarað í nákvæmlega sama dúr og við fyrri atvik. Við færðum út fulla 200 mílna landhelgi til suðurs án þess að taka neitt tillit til Rockall, og það er að sjálfsögðu ekki ætlun nokkurs manns að breyta því. Ef Rockall fellur endanlega undir það að fá ekki nein réttindi, þá fylgir þar með að Rockall getur ekki talist eiga neitt landgrunn — út fyrir kannske 4 eða í mesta lagi 12 mílur.

Ég vil biðja menn um að kippa sér ekki upp við það, þó að orðalag í viðtali um mál sem er hitamál í Noregi, og það er það sem norskir blaðamenn eru að fiska eftir, sé hugsanlega hægt að misskilja. Ég læt það ekki koma mér á óvart þó að kannske ríki mismunandi pólitísk tilhneiging í þeim efnum. Það verður að ganga sinn gang. En ég dreg af hreinni samvisku fram þá fullyrðingu sem ég las upp áðan, að hvorki ég né aðrir fulltrúar Íslands hafa látið í ljós neins konar viðurkenningu.

Þær spurningar, sem mér hafa reynst erfiðastar í þessum viðtölum, sem ég hef yfirleitt reynt að forðast, hafa verið varðandi síðustu atriðin í 1. gr. reglugerðar okkar, þar sem við ákváðum að framkvæma ekki landhelgisútfærslu okkar nema að miðlínu gagnvart Grænlandi. Það er það, sem er erfiðast að komast þannig frá að það muni, þegar til alvörunnar kemur í þessum málum, ekki hafa neina raunhæfa þýðingu, en eins og ég hygg að Matthías Bjarnason hafi sagt á þeim tíma: með því afsölum við okkur engum rétti.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hér er hreyft máli sem er mjög viðkvæmt fyrir Íslendinga og mikilsvert. Það er líka mikilsvert að upp rísi ekki ágreiningur milli Íslendinga um þetta mál. Ég hafði haldið þar til fyrir skömmu að Íslendingar, hvar í flokki sem þeir stæðu, væru einhuga í þessu máli, að því er varðaði réttindi Íslands á því svæði sem hér er um rætt, á svæðinu milli Íslands og Noregs, og að menn væru sammála um að taka þyrfti upp samninga við Norðmenn um þetta atriði. Það lá fyrir formleg þáltill. þegar í upphafi þings í vetur og henni var vísað til utanrmn. Ég skildi afstöðu allra nm. svo, að menn væru á einu máli um að hana yrði að afgreiða samhljóða. Það hvarflaði ekki annað að mér en orðalagi þáltill. — með þeirri mildun þess, ef svo má orða, sem fram kom í nál. þegar málinu var vísað til ríkisstj. — yrði framfylgt.

Nú skilst mér á hæstv. ráðh. að málið hafi að vísu verið rætt af hálfu ríkisstj. fyrir löngu við ýmsa fulltrúa Norðmanna og ráðamenn þeirra, en aftur á móti skilst mér á hv. fyrirspyrjanda, hv. 5. þm. Norðurl. v., að hann hafi fregnir af því, að málið hafi ekki formlega verið tekið fyrir í ríkisstj. Hlýt ég að undrast það og harma þegar um svo mikilvægt mál er að ræða, sem raunar hefur verið mikið á dagskrá, ekki síður í Noregi en hér á landi.

Það liggur nú fyrir gagnvart Íslendingum og líka Norðmönnum, að sjálfur hæstv. utanrrh. Íslands hefur gefið yfirlýsingu í norska sjónvarpinu, sem er þess eðlis að túlka má hana, svo notuð séu orð hæstv. utanrrh. sjálfs, á þann veg sem fram kom í fregnum af þessari yfirlýsingu í fjölmiðlum hér á landi. Hvort sem sú yfirlýsing hefur verið afdráttarlaus með þeim hætti, að allir skildu hana svo, eða hvort hún var þannig að túlka mætti hana svo, tel ég málið vera stóralvarlegt. Ef ég hefði vitað, þegar við afgreiddum þáltill. um samninga við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi, að hæstv. utanrrh. hefði afstöðu sem túlka mætti sem hans yfirlýsingu eins og nú hefur verið gert þá hefði ég talið nauðsynlegt að samþykkja till. óbreytta. Ég taldi rétt og ýmis rök fyrir því, að ekki væri nauðsynlegt á því stigi að hafa frumkvæði um formlegar viðræður, en eftir að slík yfirlýsing hefur komið fram af munni hæstv. utanrrh. Íslands tel ég nauðsynlegt að taka upp slíkar formlegar viðræður.

Það er ekki að efa, að fjöldi manna í Noregi telur mikinn feng í yfirlýsingu hæstv. utanrrh. Því miður er hætta á því, að yfirlýsing, sem ekki er afdráttarlaus að þessu leyti, geti spillt fyrir rétti Íslands, sérstaklega þegar til þess er litið að ríkisstj. Norðmanna er undir stöðugum þrýstingi frá mikilvægum þrýstihópum úr mikilvægum atvinnugreinum í sjávarútvegi. Það eitt gerir enn þá erfiðara fyrir ríkisstj. Norðmanna að sýna Íslendingum sanngirni, vil ég segja, þegar fyrir liggur að hæstv. utanrrh. Íslands gefur yfirlýsingu sem kann að samræmast hagsmunum einmitt þessara þrýstihópa. Nú efast ég ekki um góðan vilja hæstv. utanrrh. í þessu máli. Ég skora á hann að fara þær leiðir sem unnt er, til að leiðrétta afdráttarlaust þá yfirlýsingu sem fram hefur komið.

Hæstv. ráðh. sagði að margir mánuðir væru liðnir, — hæstv. ráðh. orðaði það ekki svo, en ég skildi það svo, — mér skildist að fljótlega eftir að ríkisstj. hefði verið mynduð hefði verið haft stöðugt samband við norska ráðamenn í þeim tilgangi að Norðmenn færðu ekki út efnahagslögsöguna við Jan Mayen án þess að ráðgast við Íslendinga. Það hefur komið fram hjá norskum ráðamönnum, að gengið væri út frá því af þeirra hálfu. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Fyrst stöðugt samband hefur verið haft við norska ráðamenn af hálfu íslensku ríkisstj. í þessum tilgangi, hefur þá verið sett fram af hálfu Íslands afdráttarlaus beiðni um það og yfirlýsing um að við göngum út frá því, að ekki verði hafist handa að þessu leyti nema með samkomulagi við Íslendinga? Mér sýnist fullt tilefni til þess, að hafi þetta ekki verið berum orðum tekið fram í viðræðum við norska ráðamenn, að fyrir liggi eindregið af Íslendinga hálfu beiðni um slíkt, krafa um slíkt. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að skýra okkur frá því, ef slík tillaga eða krafa hefur þegar verið lögð fram af okkar hálfu. Mér er vel kunnugt að ýmsir norskir ráðamenn hafa lýst þessu yfir í viðtölum við einstaka Íslendinga, þannig að þeir persónulega ganga út frá þessu, en eftir

því sem mál standa nú þarf það að vera miklu afdráttarlausara og formlegra.

Hæstv. ráðh. segir að fulltrúar Íslands hafi aldrei látið í ljós að Jan Mayen ætti rétt til efnahagslögsögu. Í sömu ræðu segir hæstv. ráðh. að hann hafi gefið yfirlýsingu sem túlka mætti svo. Þetta er ekki heldur nægilega afdráttarlaust og er nauðsynlegt að komi enn betur fram.

Hæstv. ráðh. nefndi sem þriðja atriðið í ræðu sinni, að það hefði komið fram í reglugerðinni um útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar á sínum tíma að Ísland mundi ekki framfylgja útfærslu nema að miðlínu til Jan Mayen. Um þetta atriði spyrja Norðmenn mjög. En það er auðvitað ljóst og þarf að vera ljóst gagnvart þeim, að ástæðan fyrir því, að þetta var í íslensku reglugerðinni á sínum tíma, var sú, að þessi mál voru mjög í deiglunni þá. Með þessu var ekki gefin yfirlýsing sem gildir um aldur og ævi, hvað sem líður alþjóðlegum hafréttarreglum.

Hæstv. ráðh. nefndi í fjórða lagi, að samkomulag væri þegar komið á um að auka rannsóknir á loðnustofni og loðnugöngum og er það vitanlega gott. Síðan fór hæstv. ráðh. betur út í þann þrýsting sem norska ríkisstj. verður fyrir af hálfu samtaka, fyrst og fremst Norsk fiskarlag, og að Eyvind Bolle lýsti því yfir að yrði ekki fiskveiðilögsagan við Jan Mayen færð út a. m. k. þetta ár. Þetta er vitanlega gersamlega ófullnægjandi.

Þá komu vangaveltur, eins og vel geta verið og eru vafalaust hjá einhverjum Norðmönnum, um að það kunni að vera einhver hernaðarleg sjónarmið í sambandi við hafið í kringum Jan Mayen sem valdi tregðu Norðmanna varðandi útfærslu lögsögunnar þar. Þetta eru sennilega sjónarmið sem koma t. d. fram hjá mönnum í Norsk fiskarlag. Ekki veit ég það. En ástæðan fyrir því, að þetta mál var ekki mjög á dagskrá hjá Norðmönnum fyrr í vetur, var nokkuð augljós. Það var vitanlega vegna þess að Jens Evensen, þáv. hafréttarráðh. Noregs, var algerlega upptekinn við að reyna að ná samkomulagi við Sovétmenn um svæðin á Barentshafi. Á meðan Norðmenn stóðu í því var ekki eðlilegt að þeir gæfu sér tíma til að sinna sérstaklega málunum í kringum Jan Mayen og viðræðum við Íslendinga, þjóð sem stendur allt öðruvísi að vígi í flestum málum en stórveldi eins og Sovétríkin. Þetta held ég persónulega að hafi verið ástæðan fyrir því, að Norðmenn hafa ekki þegar tekið málið um hafið í kringum Jan Mayen upp sérstaklega eða í meira mæli en verið hefur.

Hæstv. ráðh. ræddi að lokum um viss vandkvæði eða viss rök sem hann teldi e. t. v. mæla gegn því að hefja formlegar, opinberar viðræður við Norðmenn. Ég sé í fyrsta lagi ekki nauðsynina á því, að formlegar viðræður þurfi að vera opinberar. Mér hefur einmitt virst að ýmsar formlegar viðræður um mikilvæg þjóðréttarleg málefni yrðu að fara fram sem trúnaðarmál milli þeirra sem þátt tækju í þeim. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. hafi átt við að fram færu formlegar viðræður sem allur heimurinn vissi um að væru í gangi. En hæstv. ráðh. segir, eftir því sem mér tókst að skrifa eftir honum, að ef opinberar viðræður færu fram væri enginn vafi á því að óskir, jafnvel kröfur kæmu frá öðrum ríkjum um réttindi til veiða á sama hafsvæði. Ef hættan af því að alþjóð viti um viðræður milli Norðmanna og Íslendinga er svona mikil, hver er þá hættan af því að gefa yfirlýsingu í sjálfu norska sjónvarpinu sem túlka má sem stefnumótandi í þessum málum af hálfu utanrrh. Íslands?

Ég held að sú hætta, sem hæstv. ráðh. telur stafa af slíkum formlegum viðræðum, sé ekki fyrir hendi. Auðvitað er hverri þjóð, sem hagsmuna telur sig hafa að gæta á þessu sviði, algerlega ljóst að þessar viðræður eru sagðar vera í gangi. Það hefur komið fram opinberlega af hálfu hæstv. ráðh. á Alþingi Íslendinga. Þær þjóðir, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta á þessu svæði, fylgjast vitanlega með því hvað gerist í þessum málum á þjóðþingum landanna.

Ég skil það á máli hæstv. ráðh., auk þess sem það liggur almennt ljóst fyrir, að það hlýtur að fela í sér vissa hættu og mikla hættu fyrir stöðu okkar í þessum málum að fram komi óljósar yfirlýsingar að þessu leyti, og það liggur fyrir gagnvart okkur að hæstv. ráðh. ætlaði sér í raun alls ekki að taka undir óskhyggju Norsk fiskarlag, heldur hefur hann, að ég held, afstöðu sem er miklu meira í samræmi við afstöðu okkar hinna. Vegna þessarar hættu tel ég brýna nauðsyn til að miklu afdráttarlausari yfirlýsing en jafnvel hér hefur komið fram af hálfu hæstv. ráðh. sé gefin og ekki aðeins hér, heldur helst á sama vettvangi og hin fyrri yfirlýsing var gefin, svo að hæstv. ráðh. geti gert Norsk fiskarlag ljóst hvað það var raunverulega sem hann átti við. Annars gæti svo farið að yfirlýsing hæstv. ráðh. kynni að verða sterkasta vopnið í höndum Norsk fiskarlag, að þessu leyti. Það væri illa farið, því að það eru fyrst og fremst sameiginlegir hagsmunir þessara þjóða sem við ætlum að semja um, en ekki hagsmunir einstakra hópa innan þeirra.

Ég er alveg að ljúka máli mínu, herra forseti, en vil, til að ítreka þá samstöðu sem þarf að vera í þessu máli, leyfa mér að lesa þá stuttu yfirlýsingu sem gefin var af hálfu hv. form. utanrmn. um þetta mál f. h. nefndarinnar þegar það var afgreitt rétt fyrir jól og því vísað til ríkisstj. Yfirlýsingin hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Upplýst hefur verið, að viðræður við norsk stjórnvöld um Jan Mayen-málið séu hafnar og verði haldið áfram. Jafnframt hefur verið kunngert, að Norðmenn muni ekki grípa til einhliða aðgerða á næstunni. N. leggur því til að till. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að samningaumleitunum verði haldið áfram og leitast verði við að koma í veg fyrir árekstra við Norðmenn."

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er nú í hópi þeirra þm. sem urðu sannast sagna furðu lostnir við þá frétt austan úr Noregi, að hæstv. utanrrh. Benedikt Gröndal hefði lýst yfir því, að hann teldi Norðmenn hafa rétt til þess að færa út efnahagslögsögu við Jan Mayen í 200 sjómílur. Nú hefur hæstv. utanrrh. sagt okkur það skýlausum orðum, að hvorki hann né nokkur embættismaður ríkisins, sem um þau mál fjallar, hafi gefið Norðmönnum í skyn neina slíka skoðun af sinni hálfu.

Það þekkjum við, a. m. k. þau okkar sem starfað höfum langan tíma við fjölmiðla, að það er gjarnan úr alllöngu viðtali, ekki síst um málefni eins og það sem hér var um fjallað, hægt með lagni — það er misjafnlega auðvelt — að draga saman úr tali stjórnmálamanna merkingu, ef laglega er að unnið, og setja hana síðan fram í lok viðtals eða eftir viðtal sem skýlausa skoðun þess sem við var rætt. Við þekkjum mörg dæmi þess arna og ég vil alls ekki bera brigður á lýsingu hæstv. utanrrh. á því, með hvaða hætti þetta bar að í sjónvarpsviðtalinu við hann. Af þessum sökum var það sem ég innti eftir því úr sæti mínu, hvort unnt mundi vera að fá þessi ummæli hans skrifleg, og átti þá við miklu ítarlegra og lengra mál en það sem fram kemur í Morgunblaðinu, því að það

verður að liggja ljóst fyrir okkur, einmitt þetta atriði, með hvaða hætti frændur okkar Norðmenn og þeir, sem þannig vilja leggja út, komast að þessari niðurstöðu. Þennan texta þyrftum við því að geta haft fyrir okkur skriflega í heild til þess að geta athugað þetta mál.

Nú segir hæstv. utanrrh. okkur í þessari hv. d., sem ég trúi, að hann hafi alls ekki lýst yfir þeirri skoðun sinni að Norðmenn hefðu rétt til slíkrar útfærslu við Jan Mayen. Ég tek undir það, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði og einnig hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson, að hin gagnstæðu sjónarmið hæstv. utanrrh. þurfa að verða ljós þannig að ekki verði um deilt. Hvað okkur alþm. varðar, þá mundi að mínum dómi nægja að hæstv. utanrrh. lýsti yfir því ljósum orðum, enn þá ljósari orðum en hann áðan gerði, að hann sé þeirrar skoðunar að Norðmenn hafi ekki rétt til þess að færa út einhliða við Jan Mayen á þennan hátt. Með þeim hætti væri hann búinn að leiðrétta þennan misskilning gagnvart okkur, og þeirri leiðréttingu yrði síðan komið á fullnægjandi hátt til skila við Norðmenn. Þetta mundi nægja okkur. Þar með teldi ég að við værum komin á þennan stað, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, og raunar hv. þm. Eyjólfur Konráð líka, taldi að við ættum að vera á í sátt okkar og samlyndi um þessi mál. Ég tek undir það, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði. Ég hygg að allir þm., sem fjölluðu um fyrrnefnda þáltill. í jólaösinni, hafi verið einmitt þeirrar skoðunar að þann veg skyldi með þetta mál farið.

Ég vil ekki að þessu sinni fara að tæpa á þeim atriðum, sem ég vil vænta að séu óskhyggja eða afbrigðileg málsmeðferð af hálfu sumra aðila í Noregi, að hin hernaðarlega staða á Norðaustur-Atlantshafi ráði því, að Norðmenn hafi hikað við að færa út einhliða lögsögu sína, sem þeir telji sér við Jan Mayen. A. m. k. er það ábyggilega ekki vegna hernaðarstöðunnar á Jan Mayen. Ef um er að ræða að hernaðarstaða valdi einhverju þar um, þá hygg ég að Norðmenn séu að gefa í skyn að það sé af sérstakri tillitssemi við Íslendinga, sem Norðmenn þurfi enn sem fyrr að hafa alveg framúrskarandi góða, til þess að þeir hætti ekki að hafa herstöð fyrir Norðmenn á Keflavíkurflugvelli. Það er fremur sú ástæða en það sem lýtur að hernaðarstöðu í næsta nágrenni við Jan Mayen eða á Jan Mayen.

Ég vil minna á það í því sambandi sem lýtur að ágætri stuttri málsgrein í ræðu hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar, sem laut að samstarfi Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga og Grænlendinga um tilhögun fiskveiðimála og um fiskveiðar og annað það sem lýtur að þessum þýðingarmikla þætti í efnahagsgrundvelli þjóðanna við Norður-Atlantshaf, að á þingi 1971 var samþykkt þáltill. þar sem því var beint til ríkisstj., að hún ætti frumkvæði að viðræðum um raunverulegt samstarf að fiskveiðum þeirra þjóða, sem lifa á fiskveiðum við Norður-Atlantshafið, og þá að því vikið, að það samstarf ætti ekki aðeins að ná til *vísindalegra rannsókna og nýtingar fiskstofna sem flakka* á milli lögsaga þessara þjóða, heldur einnig beinast að markaðsmálunum og öðru því sem lýtur að því að þessar þjóðir tryggi sem besta afkomu sína af fiskveiðunum til frambúðar.

Sjálfur næri ég ekki í brjósti mér glæstar vonir í sambandi við nýtingu okkar á auðæfum á hafsbotni, þótt á eða í framhaldi af landgrunni okkar séu. Aftur á móti er ég því sammála, að við verðum að taka tillit til þess möguleika, að ef við forsómum að gera kröfu til einkaréttar á slíkri vinnslu, ef við forsómum að helga okkur slíkan rétt, eigum við á hættu að aðrir kynnu að gera það sem mundu þá kannske minna skeyta um þau lífrænu verðmæti á þessum svæðum sem eru okkur mjög þýðingarmikil. Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson minntist á olíu- og *gasvinnslu á miklu dýpi. Ljóst mál er að við tilraunir til* slíkrar vinnslu kynni ýmislegt að geta skeð sem spilla mundi þeim verðmætum sem nú eru okkur efst í huga og við sjáum fram á að hljóta að verða undirstaða afkomu okkar um ófyrirsjáanlega framtíð.

Margar hugmyndir hafa komið fram. Sjálfur hef ég ekki átt þess kost að sitja ráðstefnur um hafréttarmál sem háðar hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna, en allmikið lesið af þeim plöggum sem þar hafa komið fram. Hugmyndirnar hafa verið ótalmargar, sem þar hafa komið fram í mynd ýmiss konar skjala, og þ. á m. þær hugmyndir að hugsanlegt væri að ein þjóð, og á sú hugsun sér býsna langan aðdraganda í sambandi við meðferð þessara mála, eigi rétt til vinnslu verðmæta úr hafsbotni, en önnur þjóð rétt, þótt á landgrunni sé, til að nýta þar fisk eða helga sér þau verðmæti sem synda þar yfir. Þar er náttúrlega skemmst af að segja, að um tíma lögðum við í landhelgisátökum okkar megináhersluna á þetta atriði, sem laut að eignarhaldi á fiskinum yfir sjávarbotni, sem við gerðum ekki tilkall til eignarréttar á.

Ég skal ekki segja að hve miklu leyti við getum farið að líkja saman stöðunni á Eyjahafi, þar sem nú koma fram *Grikkir og Tyrkir vegna hugsanlegra verðmæta á hafs*botni, borið það dæmi saman við það sem er umhverfis Jan Mayen. En hvað sem því líður hefur búseta verið ólíkt meiri og lengur á Tyrklandi, ef við skyldum setja okkur í spor Grikkja, en búseta Norðmanna á Jan Mayen. *Hitt er ég alveg sammála um, að um þessi mál* hljótum við að ræða nánar. Ef mig minnir rétt, gáfum við engin fyrirheit um það þegar við drógum miðlínu okkar á milli Íslands og Jan Mayen á sínum tíma, að í slíku fælist einhvers konar viðurkenning á sérstökum rétti Norðmanna til efnahagslögsögunnar við Jan Mayen. *Þetta var* látið liggja á milli hluta. Það var lýðum ljóst og einnig hitt, að það kom mjög til álita að þessu mundum við breyta.

En aðeins þetta í lokin, að ég tel að okkur ætti að nægja í þessari hv. þd. og á Alþ. ef hæstv. utanrrh. vildi nú með ljósum orðum, sem ég tel að honum hljóti að vera ljúft, lýsa yfir því, að hann sé þeirrar skoðunar að Norðmenn hafi ekki rétt til einhliða útfærslu við Jan Mayen — það ætti að nægja okkur alveg fyllilega — og þar af leiðandi að orð hans hafi verið mistúlkuð í Noregi.

Svo í allra síðasta lagi þetta: Það hafa fleiri orðið fyrir því en hæstv. utanrrh. og gengið frá því alveg ógrátandi, að samantekt væri gerð úr alllöngu viðtali í útvarpi eða sjónvarpi, þar sem fjallað er um allflókin mál og maður er knúinn til að taka tillit til ýmissa sjónarmiða, að orð hans væru túlkuð á þá lund að hann væri ekki ánægður með það á eftir. En slíkt er auðvelt að leiðrétta með ljósum orðum. Það er aðeins þetta sem ég legg áherslu á.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil vekja athygli á því að umr. utan dagskrár hafa nú staðið í meira en helming af þeim fundartíma sem ætlaður er deildinni í dag. Ég vil líka minna á að fyrir liggur dagskrá og ætlunin er að taka dagskrána fyrir. Ég vil mælast til þess við þá, sem kunna eiga eftir að taka til máls, að þeir hafi þetta í huga.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég skal leitast við að verða við tilmælum um að stytta mál mitt. Hins vegar hygg ég að tíma þessarar hv. d. í dag geti ekki verið betur varið en að ræða um mikilvægustu málefni þjóðarinnar, landhelgismál, þó að allur fundartími einn dag færi til þess. En ég skal reyna að stuðla að því að svo verði ekki.

Mér er skylt að þakka hæstv. utanrrh. svör hans. Kannske voru þau ekki beinskeytt að því er beinlínis hverja fsp. um sig varðar, en hins vegar voru það svör. Það, sem ég þó vil sérstaklega þakka honum, eru þær málefnalegu umr., eins og vænta mátti að hann vildi að hér færu fram, en ekki skætingur eða orðhengilsháttur.

Tilefni mitt, sem ég gat í upphafi ræðu minnar, voru ummæli hans úti í Noregi, sem mér fundust ill tíðindi eins og þau voru fram sett. Ég fagna þess vegna mjög að hann lýsti því eindregið yfir úr þessum ræðustól, og væntanlega alls staðar þar sem hann fær tækifæri til, að það hefði alls engin viðurkenning, eins og hann orðaði það, verið fólgin í þessum ummælum og slíkt hafi aldrei verið ætlun hans. Hins vegar gat hann þess, eins og hæstv. ráðh. sagði orðrétt: Orð mín hafa verið túlkuð á mismunandi máta. — Þau hafa sannarlega verið túlkuð þannig og yfirleitt á hinn versta veg fyrir okkur Íslendinga. Þess vegna er auðvitað brýn nauðsyn að hann komi við leiðréttingum sínum. Ég tel raunar ekki nægilegt að hæstv. ráðh. einn komi með leiðréttingu, heldur tel ég það skyldu ríkisstj. á þeim fundi, sem hún heldur í fyrramálið, að taka af skarið í þessu máli, að ríkisstj. í heild gefi út yfirlýsingu og einnig að hún óski þegar í stað formlegra viðræðna við Norðmenn um þetta mál. Ég hef þegar borið fram ósk um að yfirlýsing í þessa átt verði gefin við umr. í Sþ. á morgun. Vænti ég þess, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. í heild telji það kærkomið tækifæri til að hreinsa andrúmsloftið, og skora enn á hæstv. utanrrh. að beita sér fyrir því, að ítarleg umr. fari fram í hæstv. ríkisstj. í fyrramálið um Jan Mayen-málið, svo við þurfum ekki lengur en til síðdegis á morgun að bíða eftir því að loftið verði hreinsað.

Ég vil víkja að örfáum atriðum úr ræðu hæstv. utanrrh., þó að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hafi tekið af mér ómakið að sumu leyti í mjög góðri og rökfastri ræðu.

Ráðh. bendir á að uppi hafi verið raddir um að svo kynni að fara, að ein þjóð ætti eignarrétt að hafsbotni, önnur að auðæfum hafsins. Þetta þekkjum við. Það hefur gerst í sögunni. Við vitum að þó að stórþjóðirnar berðust gegn því að við gætum tekið okkur fiskveiðilögsögu, helgað okkur auðæfi hafsins, þá stóðu þær að alþjóðasamþykkt um að ríki mætti tileinka sér hafsbotninn. Sannleikurinn er raunar sá, að strax árið 1945, þegar Truman Bandaríkjaforseti lýsti yfir eignarhaldi Bandaríkjanna á öllu landgrunni þess ríkis út í 200 mílur, var alveg ljóst hvert stefna mundi. Stórblaðið New York Times benti einmitt á það á þeim tíma, að ekki yrði lengi, a. m. k. ekki um aldur og ævi, staðið gegn því að ríki fengju 200 mílna fiskveiðilögsögu, úr því að stórveldið Bandaríkin hefði þegar kastað eignarhaldi sínu á botninn. Það var upphaf þessa máls.

Við Íslendingar urðum einna fyrstir til að feta í fótspor Bandaríkjamanna, þótt með öðrum hætti væri þar sem við lögðum áherslu á fiskveiðarnar. Við settum þegar árið 1948 lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sem allar okkar aðgerðir hafa síðar verið byggðar á. Þetta þekkir auðvitað landslýður allur.

Það er út af fyrir sig alveg rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að hugsanlegt er að semja um málið á þennan hátt, en einmitt vegna þess að reglur í þessu efni eru ekki raunverulega ráðnar í einu eða neinu, þá á að taka upp viðræður við Norðmenn. Kannske gætum við samið við þá á gagnstæðan hátt: við hefðum meiri réttindi á hafinu, þeir meiri réttindi á botninum. Þetta er allt opið enn þá, það er alveg rétt. En enginn stafur í uppkasti að hafréttarsáttmála bendir mér vitanlega í þessa átt, sem hæstv. ráðh. orðaði. Í 55. gr. 1. tl. a. er því einmitt lýst rækilega, að í hugtakinu efnahagslögsaga felist ekki einungis yfirráð yfir hafinu og lifandi verum þess, heldur líka yfir hafsbotninum og öllum verum á honum og auk þess öllum jarðefnum. Það er meginreglan í þessu uppkasti. En uppkastið er ekki orðið samningur. Þess vegna er allt hugsanlegt. Og einmitt þess vegna eigum við þegar í stað að ræða málið við Norðmenn til að reyna að forðast árekstra og til að reyna að finna lausn sem gæti mjög vel rúmast innan endanlegs samkomulags.

Það yrði gleðiefni á Hafréttarráðstefnunni, ef á einu hafsvæði, víðáttumiklu hafsvæði eins og hér er, væru málin leyst eftir sanngirnissjónarmiðum, sem er sú meginregla sem allt þetta plagg byggist á, það eigi að vera sanngirnissjónarmið sem ráði. Það er leitast við að fá 150 þjóðir veraldar til þess að ganga frá samkomulagi án þess að ganga til atkv. um eitt eða neitt. Þetta er í fyrsta skipti í veraldarsögunni sem slíkt hefur gerst. Menn fárast yfir því, að Hafréttarráðstefnan dragist á langinn, og vissulega eru menn stundum þreyttir. En það hefur þó gífurlega mikið gerst. Það hafa myndast þjóðréttarreglur „de facto" um geysilega mikilvæg málefni, flest þau mikilvægustu. Þegar hafréttarsáttmáli verður samþykktur, ef hann verður einhvern tíma samþykktur, þá myndast þjóðréttarreglur „de jure". En að því er smáeyjar varðar og um það sem hérna skiptir máli hafa engar reglur myndast, auðvitað ekki „de jure" og ekki heldur „de facto". Þess vegna er óleyfilegt að bera aðstöðu eyjar eins og Jan Mayen við aðstöðu stórs strandríkis — þjóðríkis. Jan Mayen er ekki þjóðríki.

Það er á þessu sem við verðum að byggja málflutning okkar, og það eigum við auðvitað öll að vera sammála um. Við verðum að leitast við að hafa samstöðu í þessu máli og í landhelgismálinu oftast, þó að út af hafi brugðið. Ég fyrir mína parta geri allt sem í mínu valdi stendur til að hefja ekki illdeilur um þetta mál. Ég held að tillögumenn að hafréttartillögunum í haust hafi sýnt langlundargeð, hafi gengið talsvert langt, einmitt vegna þess að við vissum að það voru miklar annir hjá nýskipaðri ríkisstj.

Ég harma það vissulega, að það skuli ekki fyrir mörgum mánuðum hafa verið gerðar ráðstafanir bæði til að hefja formlega viðræður við Norðmenn og eins til þess að sjá til þess að rannsókn landgrunnsins héldi áfram. Sannleikurinn er sá, að því miður er mér ókunnugt um að núv. hæstv. ríkisstj. hafi nokkurn skapaðan hlut gert í því að hraða rannsókn landgrunnsins. Ég held m. a. s. að ég geti fullyrt að hún hafi ekkert gert.

En látum það liðna vera gleymt og látum nú hendur standa fram úr ermum. Það eru aðeins örfáar vikur þangað til Hafréttarráðstefnan kemur saman, og við getum ekki mætt þar bæði stefnulausir og vopnlausir. Við verðum a. m. k. að safna saman þeim jarðfræðikortum, sem til eru, og fá þá jarðfræðinga, sem við eigum innanlands, til að gefa okkur upplýsingar og leiðbeina um hvaða stefnu við eigum að taka, og þó að verði kannske

fengnir einn eða tveir erlendir sérfræðingar í viku eða hálfan mánuð til þess að aðstoða okkur. Við getum ekki framkvæmt neinar vísindalegar rannsóknir lengur og ekki heldur um miðjan vetur, en þetta, sem ég nefndi, er þó enn þá hægt. Ég skora á hæstv. utanrrh. að beita áhrifum sínum í ríkisstj. þannig að þetta verði líka ákveðið af hendi þeirra í hæstv. ríkisstj. Hann og stjórnin mundu vaxa af því.

Þá vík ég að skoðun hæstv. utanrrh., að stórveldi og aðrar þjóðir mundu þegar í stað grípa inn í ef við hæfum formlegar viðræður við Norðmenn. Ég get ekki séð að það geti með nokkru móti gerst, að nein þjóð geti krafist þess að fá að taka þátt í viðræðum milli tveggja annarra þjóða. Mér finnst það vera alveg fráleitt. Ég veit ekki til að það séu neinar þjóðréttarreglur í þá átt. En við skulum gæta þess, að til eru atriði þar sem hagsmunaárekstrar hljóta að verða ef ekki verða samningar við Norðmenn, þó ekki væri nema þetta eitt, að eftir þeim texta, sem nú liggur fyrir, ættum við að eiga svo og svo mikið af botninum, en þeir ættu líka að eiga botninn, þ. e. a. s. ef þeir fara út í 200 mílur erum við firrtir þeim rétti, og það gæti þó aldrei talist sanngirnissjónarmið af Norðmanna hálfu að ætla að firra okkur þeim rétti. Ég held þess vegna að það sé alveg ljóst mál, að samninga verði að taka upp.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að ræðu Stefáns Jónssonar sem sagði flest vel. Ekki veit ég um það, hvort hernaðaraðstaða hafi ráðið einhverju um að Norðmenn eru ekki búnir að færa út í 200 mílur við Jan Mayen, og ef svo er, að þeir hafa tekið þessa afstöðu af þeim sökum, þá það. Ég held nú ekki að svo sé. Ég held að Norðmenn geri sér grein fyrir því, að þeir hafa ekki lagalegan rétt til útfærslu við Jan Mayen, og það er meginatriðið. Þeir vilja ekki brjóta á öðrum þjóðum — og kannske síst þeirri sem minni máttar er, frændþjóð og vinaþjóð.

Ég ætla Norðmönnum það ekki að þeir muni færa út í 200 mílur við Jan Mayen. Ég trúi því ekki, enda hefur utanrrh. góðu heilli hér og nú sagt að það hafi verið gefin fyrirheit um samráð við Íslendinga áður en nokkuð verði aðhafst, og hann hefur sagt að Norðmenn virðist a. m. k. ekki færa út á þessu ári. Það gleður okkur alla auðvitað mjög að vita það þó, að slíkt eigi ekki að gerast á næstunni. En það breytir engu um hitt, að samráð á að taka upp og formlegar viðræður sem allra fyrst. Það er báðum þjóðunum og öllum til heilla og mundi verða tekið eftir því á alþjóðavettvangi — og á fundum Hafréttarráðstefnunnar til þess vitnað.

Ég ítreka að ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. taki af skarið strax á morgun, þannig að við þurfum ekki að vera í neinum vafa um að Íslendingar hafi engum rétti afsalað og enginn íslenskur ráðamaður hafi nokkru sinni afsalað neinum rétti á Jan Mayen-svæðinu. Þann rétt eigum við, eins og ég þykist hafa rökstutt í frumræðu minni. Við eigum þar rétt, mikinn rétt. Við skulum ekki dæma um á þessu stigi hver hann er. Við skulum mæta með opnum huga í viðræðum við Norðmenn, en við krefjumst formlegra viðræða við Norðmenn. Og við krefjumst þess, að íslenska ríkisstj. geri hreint fyrir sínum dyrum. Ef hún gerir það ekki á morgun hlýtur Alþ. að taka af skarið á miðvikudaginn og lýsa því skýrt og skorinort yfir, hver vilji þess sé.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Að gefnu tilefni vil ég taka fram, að þegar ég áðan minnti á að dagskrá lægi fyrir þessum fundi, þá ber ekki að skilja það á þann veg að talið sé þýðingarlítið það mál sem hér er til umr. Það er frá mínu sjónarmiði þess eðlis, að við getum vel frestað umr. og tekið annan dag til þessara umr. ef deildin óskar. En við þurfum líka að taka tillit til þess, að d. hefur verið boðuð á fund samkv. dagskrá.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 316). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku eins og það var afgreitt frá Nd. 21. des. s. l. Þar urðu miklar umr. um málið og í fjölmiðlum í tengslum við meðferð þess í Nd., og veit ég að sú umr. hefur ekki farið fram hjá hv. þm. í Ed. Alþingis

Meginefnisbreyting þessa frv., miðað við gildandi lög, er sú, að lagt er til að verðjöfnunargjaldið hækki úr 13% í 19%. Jafnframt var að minni tillögu bætt inn í frv. við 2. umr. í Nd. ákvæði um að tekjum af hækkun gjaldsins um 6% skuli varið til að ná fram verðjöfnun á töxtum til heimilisnotkunar og iðnaðar hjá þeim aðilum er þess njóta, þ. e. Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Var það gert til að taka af tvímæli um ráðstöfun á afrakstri af hækkun gjaldsins, en nokkurrar tortryggni virðist gæta á uppbyggingu sumra taxta hjá Rafmagnsveitunum, einkum að því er varðar svonefndan marktaxta sem fyrst og fremst er selt eftir til sveitabýla. Gagnrýni þar að lútandi tel ég efnislega ekki hafa við rök að styðjast, og greinargóðar skýringar liggja fyrir frá Rafmagnsveitunum um samsetningu þessa taxta og fylgni hans við olíuverð að því er varðar rafmagn til húshitunar. Hefur sá þáttur nú verið endurskoðaður af Rafmagnsveitunum með tilliti til verðbreytinga á olíu að undanförnu.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um fjárhagsörðugleika Rafmagnsveitnanna og það háa raforkuverð sem viðskiptavinum þeirra er gert að greiða. Vaxandi fjárhagsörðugleikar fyrirtækisins á undanförnum árum hafa birst í rekstrarhalla og hafa tekjur af verðjöfnunargjaldinu hvergi nærri nægt til að standa undir honum. Mismunurinn hefur æ ofan í æ verið brúaður með óhagstæðum lánum sem viðskiptaaðilar Rafmagnsveitnanna hafa verið látnir standa undir með gjaldskrárhækkunum umfram almennar kostnaðarhækkanir vegna verðbólgu. Þannig hefur skapast sá mikli ójöfnuður í raforkuverði sem endurspeglast í 88% hærra gjaldi fyrir kwst. samkv. heimilistaxta en gerist í Reykjavík og á helstu þéttbýlisstöðum sem reka eigin rafveitur. Hliðstæður munur, eða um 82%, er á iðnaðartöxtum á milli þessara svæða. Þessi verðmunur á nauðþurft eins og raforku er að sjálfsögðu með öllu óviðunandi, enda hefur ríkisstj. bundið það í stefnuyfirlýsingu að vinna gegn honum og stefna að sambærilegu raforkuverði um allt land. Slíku markmiði verður ekki náð í einni svipan, en brýnt er að fá nokkru um þokað nú þegar og stöðva þá öfugþróun sem hér hefur viðgengist allt of lengi.

Skipulagsbreyting í raforkuiðnaðinum, sem nú er unnið að og á að felast í sameiningu helstu raforkuöflunarfyrirtækja landsins í eitt landsfyrirtæki, verður spor í átt til verðjöfnunar þegar því hefur verið komið á. Þessu fyrirtæki er ætlað að selja raforku í heildsölu á sama verði til allra landshluta. Undirbúningi

að því máli er nokkuð komið á veg í iðnrn. með starfi nefndar sem skipuð var s. l. haust og brátt mun skila áliti.

En með jöfnun heildsöluverðs, t. d. út frá meginstofnlínum með 132 kw. spennu, verður engan veginn náð því markmiði um jöfnun raforkuverðs sem ríkisstj. hefur sett fram. Eftir stendur dreifingin innan landshlutanna með mjög mismunandi tilkostnaði, og á þeim vanda þarf að taka sérstaklega. Þar má eflaust sitthvað færa til betri vegar með skipulagsbreytingum. Að þeim verður hugað í samvinnu við heimaaðila. En eftir standa ólíkar landfræðilegar og byggðalegar aðstæður sem valda mismunandi tilkostnaði í raforkudreifingunni hversu vel sem að henni er staðið.

Viðskiptaaðilar Rafmagnsveitnanna eru sem kunnugt er íbúar hinna dreifðu byggða, og miðað við höfðatölu þeirra, sem Rafmagnsveiturnar sjá fyrir raforku, búa 48% í sveitum, 37% í kauptúnum og aðeins 15% í kaupstöðum. Í þessum tölum endurspeglast það viðfangsefni og sá erfiði markaður sem þessu ríkisfyrirtæki er ætlað að sinna. Orkubú Vestfjarða starfar við síst betri aðstæður að þessu leyti. Það þarf því enga spekinga til að sjá að viðfangsefni þessara fyrirtækja er annað og kostnaðarsamara en hjá rafveitum sem nær einvörðungu dreifa raforku um þéttbýli.

Orkuöflunarþáttur Rafmagnsveitnanna hefur ekki síður verið erfiður, en stendur nú til bóta, m. a. eftir tilkomu Austurlínu, og eftir ca. 1½ ár á samveitusvæðið á Vestfjörðum að fullu að vera komið í tengsl við landskerfið. Gert er ráð fyrir að létta undir með Rafmagnsveitunum með sérstöku framlagi að upphæð 600 millj. kr. samkv. lánsfjáráætlun sem bráðlega verður kynnt hér á hv. Alþ. Ég hef lagt áherslu á að hér verði um eigendaframlag að ræða, þ. e. að ríkið sjái um kostnað af þessu fjármagni, og vænti ég að sú verði raunin á í reynd. Væri það í samræmi við óskir stjórnar Rafmagnsveitnanna og kæmi á móti þeim óarðbæru framkvæmdum sem fyrirtækinu er ætlað að ráðast í á þessu ári og stjórn Rafmagnsveitnanna hefur að því er mig minnir metið að jafngildi 800 millj. kr. meðaltalskostnaði á ári umfram væntanlegar tekjur. Eftir sem áður hefur verið reiknað með verulegum halla eða sem nemur um 700 millj. kr. að óbreyttu verðjöfnunargjaldi, og ef mæta ætti honum með gjaldskrárhækkunum, eins og gert hefur verið hingað til, ykist enn sá ójöfnuður sem ég hef getið um og lesa má í fskj. með þessu frv.

Ætlað var að tekjur af hækkun verðjöfnunargjaldsins skiluðu um 700 millj. kr. á ársgrundvelli, þ. e. um 560 millj. kr., sem kæmu í hlut Rafmagnsveitnanna, og 140 millj. til Orkubús Vestfjarða. Vegna seinkunar á samþykkt þessa frv. hafa þeir tekjuöflunarmöguleikar þegar rýrnað nokkuð. Vænti ég hins vegar að frv. fái greiða meðferð hér í hv. þd.

Ég vil að endingu geta þess, að iðnrn. mun á þessu ári beita sér fyrir athugun á tekjuöflun og fleiri þáttum hjá Rafmagnsveitum ríkisins og þá m. a. huga að þeim tekjustofni sem hér er mælt með að á verði lagður til loka þessa árs. Að mínu mati þarf ríkissjóður að gera ráð fyrir að leggja Rafmagnsveitunum til eigendaframlag árlega, a. m. k. fyrst um sinn, sem svari til félagslegra þátta í framkvæmd fyrirtækisins.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umr. hér í d. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég leyfði mér að kveðja mér hljóðs til þess að mæla gegn því frv. sem hæstv. iðnrh. var að mæla fyrir.

Ég er í fyrsta lagi andvíg þeirri hugsun sem að baki þessu frv. liggur almennt, þ. e. a. s. þeirri hugsun að landshluti eða byggðarlag, sem býr af einhverjum ástæðum við hagstæðari eða ódýrari þjónustu en annað, sé skyldugt að hækka verð á þjónustu sinni til þess að borga hana niður fyrir hitt byggðarlagið. Þessu sjónarmiði er ég almennt talað andvíg. Sá aðili, sem rekur hagkvæmt fyrirtæki, á að njóta þess sjálfur, en ekki af þeim sökum að greiða kostnað sem verður af því að fyrirtæki annars aðila er hugsanlega ekki rekið með hagkvæmum hætti eða er af öðrum ástæðum dýrt í rekstri.

Hæstv. ráðh. las í ræðu sinni tilvitnun, að ég held, úr bréfi Rafmagnsveitna ríkisins sem rökstuðning fyrir frv. Sá rökstuðningur var á þá leið, að verðmunur á nauðþurftum eins og raforku á mismunandi stöðum á landinu væri með öllu óviðunandi. Ég leyfi mér að spyrja: Hvað þá um verðmun á nauðþurftum eins og húsnæði? Er það ekki svo, að húsnæði sé afskaplega mismunandi dýrt á ýmsum stöðum á landinu? Ég veit ekki betur en húsnæði í Reykjavík sé dýrast. (**StJ:** Það er ekki rétt. Það er dýrara úti á landi.) Það kann að vera einhvers staðar úti á landi.

Ég hef nýlega haft spurnir af því, að ungt fólk, sem var að leita sér að húsnæði til kaups, ætlar að kaupa sér húsnæði, komst að því að það var miklu ódýrara að kaupa sér húsnæði annars staðar en í Reykjavík. Nú vildi þetta fólk heldur búa í Reykjavík og þess vegna tók það á sig þann aukakostnað. Þannig er þetta á ýmsum sviðum. Ætli það þætti ekki nokkuð ósanngjarnt ef við Reykvíkingar óskuðum þess, að lagður væri skattur á alla notendur húsnæðis í landinu, þ. e. a. s. alla íbúa landsins, þannig að það yrði tekin upp verðjöfnun á húsnæði og þar með lækkaður húsnæðiskostnaður Reykvíkinga? Ég er ansi hrædd um það. Það eru ósköp svipaðar grundvallarröksemdir á bak við þetta tvennt. Ef það er óeðlilegt almennt séð að verðmunur sé á nauðþurftum, þá á það líklegast við um húsnæði líka. Ég tel að slíkir hlutir hljóti að ráðast af ýmsu.

Það kom einnig fram í sömu röksemdafærslu sem hæstv. ráðh. flutti, að ólíkar byggðalegar og landfræðilegar aðstæður væru þess oft valdandi, að t. d. raforkuöflun eða flutningur á rafmagni væri dýrari á einum stað en öðrum. Það er ósköp eðlilegt. Margháttaðar aðstæður valda því, að einn hlutur verður dýrari á tilteknum stað, en á sama stað getur annar hlutur orðið ódýrari vegna hinna byggðalegu og landfræðilegu aðstæðna.

Ef litið er burt frá þessum almennu bollaleggingum, þá er ég einnig andvíg þeim rökum sem færð eru fyrir þessu frv. sérstaklega og má segja að séu að mati ýmissa bæði takmörkuð og e. t. v. nokkuð tímabundin. Það eru þau rök sem færð eru fyrir því, að hækka þurfi verðjöfnunargjald á raforku til þess að mæta fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Ég vil láta í ljós þá skoðun, að verði raforkuverð í Reykjavík hækkað á það að ganga til þess að leysa vandkvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur, þess fyrirtækis sem hefur orðið fyrir miklum búsifjum vegna þess að því hefur verið neitað um heimild til að selja rafmagn við því verði að það geti staðið undir ýmiss konar kostnaði sem nauðsynlegur er. Af þessum sökum hefur Rafmagnsveita Reykjavíkur orðið að taka dýr lán

erlendis og hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni. Undir þessum kringumstæðum er það enn fráleitara að t. d. kaupendur rafmagns frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur beri hækkuð gjöld til þess að greiða niður kostnað af rekstri Orkubús Vestfjarða.

Ég bið hæstv. forseta forláts á því, að ég tala með þessum hætti um Orkubú Vestfjarða. Ég veit að sá búskapur er mikið áhugamál hæstv. forseta. En það kemur stundum fyrir, að Reykvíkingar taki kjördæmisafstöðu, og ég verð að játa að í þessu tilfelli er ég ekki sammála hæstv. forseta og ýmsum þeim sem telja að notendur rafmagns víðs vegar á landinu eigi að greiða þann kostnað sem af þeim búskap hlýst.

Það vekur athygli, að hæstv. ríkisstj. sér ekki minnstu ástæðu til að sinna bæði eindregnum mótmælum borgarráðs Reykjavíkur vegna Rafmagnsveitu Reykjavíkur og mótmælum Sambands ísl. rafveitna, sem fram komu fyrir jól. Af þessum ástæðum sá Samband ísl. rafveitna sig til knúið að gera samþykkt á stjórnarfundi 16. jan. s. l. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn SÍR mótmælir enn á ný framlengingu svonefnds verðjöfnunargjalds á raforku og ekki síst fyrirhugaðri hækkun þess úr 13% í 19%. Stjórnin telur að leysa beri fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins á annan hátt, m. a. með beinum framlögum úr ríkissjóði, svo sem stjórn RARIK hefur þegar lagt til við iðnrn. Stjórn SÍR bendir á að mörg raforkufyrirtæki önnur en RARIK eiga við fjárhagsvanda að etja."

Síðan er bætt við að tveir fulltrúar, þeir Kristján Jónsson og Hafsteinn Davíðsson, taki fram, að þeir treysti sér þó ekki til þess að mótmæla gjaldi þessu meðan ekki komi til aðrar lausnir á fjárhagsvanda RARIK og Orkubús Vestfjarða. Undir skrifar stjórn Sambands ísl. rafveitna: Aðalsteinn Guðjohnsen rafmagnsstjóri í Reykjavík, formaður, Eiríkur Briem framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, varaformaður, Adolf Ásgrímsson rafveitustjóri Rafveitu Akraness, Garðar Sigurjónsson rafveitustjóri Rafveitu Vestmannaeyja, Hafsteinn Davíðsson svæðisstjóri Orkubús Vestfjarða, Knútur Otterstedt rafveitustjóri Rafveitu Akureyrar og framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar, Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins, Óskar Eggertsson framkvæmdastjóri Andakílsárvirkjunar, varamaður.

Þessi ályktun hefur verið send alþm. og ég vona að *einhverjir — og nægilega margir* — hv. alþm. í Ed. taki tillit til þessara ábendinga og taki að sér að stöðva þetta frv. hæstv. ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. kemur nægilega mörgum málum fram samt með ykkar góðu aðstoð, hv. þm. Ég tel að það væri velgerningur við hin ýmsu byggðarlög, sem menn eru fulltrúar fyrir, ef þetta frv. yrði fellt og fengi þar með viðeigandi afgreiðslu og formlega af hálfu hv. Alþingis.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, þó að sum þau atriði, sem ég vitna til, hafi þegar komið fram í Nd. og það margsinnis, að láta þau koma fram í þessari d. Ég tel að þó að þessi hv. d. sé smærri sé hún ekki síðri að gæðum og eigi þess vegna ekki síður skilið að henni séu lesin jafnmerk skjöl og borist hafa í sambandi við þetta furðulega mál. Ég leyfi mér að lesa skjal frá borgarráði Reykjavíkur, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Borgarráð Reykjavíkur mótmælir þeim fyrirætlunum, sem felast í frv. er nú hefur verið lagt fram á Alþ., að hækka verðjöfnunargjald á raforku úr 13% í 19%. Í því sambandi bendir borgarráð á að Rafmagnsveita Reykjavíkur á við fjárhagsvanda að stríða, þar sem stjórnvöld hafa undanfarin ár ekki leyft umbeðnar hækkanir á rafmagnsverði í Reykjavík. Af þeim sökum hefur Rafmagnsveita Reykjavíkur neyðst til þess að taka erlend lán sem íþyngja nú rekstri fyrirtækisins. Sú fyrirætlan að leggja nú á aukið verðjöfnunargjald þýðir 300 millj. kr. aukagjald á notendur Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Borgarráð óskar því eindregið eftir því, að mál þetta verði tekið til endurskoðunar og athugunar að nýju."

Svo mörg voru þau orð og verður varla hægt að hugsa sér mildari og prúðari mótmæli en þessi. Borgarráð sjálfrar höfuðborgarinnar óskar eftir því að málið verði tekið til endurskoðunar og athugunar að nýju.

Ég leyfi mér sem þm. þessarar sömu borgar að taka undir þessa ósk um endurskoðun og athugun og jafnframt að mótmæla frv. eindregið.

Umr. frestað.

Neðri deild, 48. fundur.

Mánudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 75). — Frh. 1. umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs undir umr. um þetta mál á síðasta fundi þessarar hv. d. Frv. fjallar um breytt fyrirkomulag útflutningsbóta á þá lund, að útflutningsbótarétturinn greinist á milli sauðfjárafurða annars vegar og nautgripaafurða hins vegar og fari smálækkandi á 5 árum, úr allt að 20% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða á fyrsta ári niður í 12% á sauðfjárafurðir og niður í 8% á nautgripaafurðir. Frv. þetta er að mestu leyti shlj. frv. sem hv. 1. flm. þess, Sighvatur Björgvinsson, flutti á síðasta Alþ., en varð þá eigi útrætt. Ég gerði þá allmiklar athugasemdir við frv. og get vísað til þeirra umr. að verulegu leyti.

Nú vil ég taka það fram, að í sjálfu sér er núverandi fyrirkomulag á útflutningsbótakerfinu þess háttar, að vel er hægt að hugsa sér þar á einhverja breytingu, og á *meðal þeirra breytinga, sem hægt er að hugsa sér, er að* útflutningsbótaréttinum verði skipt á milli þessara tveggja höfuðgreina landbúnaðarframleiðslunnar. Þetta er þó ekki aðalatriði frv., heldur er hitt aðalatriði þess, að *draga saman útflutningsbótaréttinn og draga þannig úr* þeirri tryggingu sem bændastéttin hefur til þess að ná tekjum sínum. Útflutningsbótarétturinn hefur oft dugað til þess að unnt væri að greiða fullt verð, en nú er svo komið að það er hvergi nærri að þessi trygging dugi til þess, eins og öllum mun kunnugt.

Þetta er meginefni frv., alveg eins og þess frv. sem flutt var á síðasta þingi, að draga úr útflutningsbótaréttinum, draga saman þá tryggingu, sem ríkisvaldið veitir til þess að tryggja kjör bænda, og þá væntanlega um leið að vinna að minnkun framleiðslu í landbúnaði.

Ég skal ekki gera margar athugasemdir við ræðu hv. 1. flm., en þar var því ástandi, sem við er að etja, lýst sumpart með réttum hætti, þar sem er um stórkostlegt vandamál að ræða, en sumt var í þeirri ræðu sem ég get ekki fallist á, en ég skal láta liggja á milli hluta að þessu

sinni. Kemur glöggt fram í grg. frv. hvert það stefnir, og vil ég aðeins víkja að því sem þar kemur fram.

Þar er sagt að flm. sé ljóst að hér sé um að ræða talsvert stórt skref í átt til eðlilegrar skipunar á þessum málum, að draga úr þeirri tryggingu sem bændastéttin hefur í sínum kjaramálum. Það er kunnugt, að bændastéttin býr við lakari kjör en aðrar stéttir, og sá samdráttur útflutningsbóta, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi auðvitað enn rýra kjör þessarar stéttar, ef ekki kæmi annað til.

Sagt er í grg. frv., að frv. mundi hafa í för með sér að greiðslur vegna verðábyrgðar verðlagsárið 1976—1977, sem sagt s. l. verðlagsár, mundu hafa lækkað um röskan 1 milljarð kr. frá því sem nú er, ef ekkert annað kæmi til. Þetta annað, sem kemur til, er það, að þessi breyting á að gerast á 5 árum, en ekki í einni svipan. Það er sem sagt augljóst hver aðaltilgangur þessa frv. er, þ. e. að draga úr þessari útflutningstryggingu og væntanlega vinna þannig að því að draga saman landbúnaðarframleiðsluna í landinu.

Það er sagt að flm. vilji benda á að í þessu felist ekki endanleg lausn þessara mála, heldur aðeins lausn um takmarkaðan tíma, til þess fallin að snúa af rangri braut yfir til réttari áttar, og enn fremur, að takmarkið sé auðvitað að landbúnaðarframleiðslan sé ávallt og fyrst og fremst í samræmi við innanlandsmarkaðsþarfir hvað varðar magn, gæði, fjölbreytni o. s. frv. Tilgangur frv. er sem sagt ljós og þarf raunar ekki að útlista það frekar, þ. e. að draga saman framleiðsluna, draga úr verðtryggingu bænda fyrir útfluttar landbúnaðarvörur og koma framleiðslumálum landbúnaðarins í það horf, að framleiðslan miðist við innanlandsþarfir og ekkert þurfi að flytja út.

Nú er það spurning, sem ekki hefur verið svarað, hvort þetta sé rétt eða hagkvæmt. Er hagkvæmt að landbúnaðarframleiðslan sé dregin það saman að hún miðist einungis við innanlandsþarfir? Þeirri spurningu hefur hvergi verið svarað svo að mark sé í raun og veru á takandi. Þess vegna held ég að það sé mjög nauðsynlegt að fá hlutlægt mat á því, hvert sé þjóðhagslegt gildi þessarar svokölluðu umframframleiðslu.

Nú eru landbúnaðarmál mjög á dagskrá og margir bændur, starfsmenn bændasamtaka og stjórnmálamenn hafa látið til sín heyra um landbúnaðarmálin og er það vel. Í blaðagreinum hafa komið fram ýmsar merkilegar og athyglisverðar hugleiðingar í þessu sambandi, og mig langar til að vitna hér örlítið í eina grein, sem birtist í Morgunblaðinu 1. febr. s. l., eins konar varnargrein fyrir útflutningsbæturnar. Grein þessi er eftir Jóhannes Torfason á Torfalæk í Austur-Húnavatnssýslu og ber yfirskriftina: „Gjaldið". Í greininni segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef stefna skal að því að framleiða mjólk og kindakjöt aðeins til innanlandsneyslu, blasir við að fækka þarf bændum um ca. 2 þús. stk. Er þá miðað við að meðalbúið stækki ekki frá því sem nú er."

Það, sem hér er sagt, á væntanlega við það, að þeir bændur, sem mundu hætta sinni framleiðslu séu með nokkru minni framleiðslu heldur en meðalbúin eru í landinu, sem sé að smábændurnir mundu fremur hætta heldur en stærri bændurnir.

Þá segir enn í þessari grein, með leyfi forseta:

„Þessum bændum fylgja væntanlega 1600—1800 húsfreyjur og einnig 1000—2000 unglingar og lausafólk eldra en 16 ára, auk barna og gamalmenna.

Eru þá rúmlega 5000 manns sem missa atvinnu sína í sveitum. Hvert bóndastarf skapar 2—3 störf í öðrum atvinnugreinum. Þá má nefna verslun og viðskipti með rekstrar- og fjárfestingarvörur, starfsemi vinnslustöðva og fullvinnsluiðnað, flutninga o. fl., o. fl. Þarna gætu því glatast a. m. k. 4000 atvinnutækifæri vegna þeirra 2000 bænda sem hætta þyrftu búskap. Þyrfti því að sjá a. m. k. 8000—9000 manns fyrir atvinnu við aðra og arðbærari framleiðslu. Þá ber að hafa í huga að afskrifa þarf alla þá fjárfestingu sem bundin er í ræktun, byggingum og vélum, bæði í sveitum svo og á vinnslustöðvum, þar sem niðurskurðurinn yrði. Auk þess er vafasamt að það íbúðarhúsnæði, sem þetta fólk býr nú í, nýtist áfram.

Til að nefna dæmi um 2000 bænda fækkun má geta þess, að á svæði, sem spannar yfir Strandasýslu og til og með Norður-Þingeyjarsýslu, búa nálega 2000 bændur. Þetta dæmi skyldu leiðtogar launþegasamtaka gaumgæfa rækilega og hve margir launþegar hafa sitt framfæri á offramleiðslu búvara. Vart verður því trúað að atvinnuleysi sé mesta náð og gæfa skjólstæðinga þeirra.

Þá má efast um hæfni annarra atvinnugreina til að taka á móti öllu þessu fólki (8000—9000 manns a. m. k.) á örfáum árum, til viðbótar eðlilegri fjölgun sem þegar virðist ærinn vandi að leysa. Einnig er til efs að Ísland verði byggilegra með slíkum niðurskurði."

Enn segir í þessari grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Útflutningsbætur eru því „gjaldið" sem greiða þarf til að allt þetta fólk hafi fulla atvinnu og byggð haldist."

Ef útflutningsbætur væru stórlega skertar, hvað þá ef framleiðslumálum bænda væri komið í það horf, að framleiðslan miðist einungis við innanlandsþarfir, þá væri komið svo að kannske allt að 2000 bændur mundu hætta búskap og heil byggðarlög legðust í auðn. Þetta er vert að athuga þegar menn tala í þessum tón á þá lund, að það, sem þeir kalla umframframleiðslu í landbúnaði, sé til óþurftar og þurfi að koma, eins og orðað er í grg. með þessu frv., eðlilegri og bættri skipan á þessi mál með það fyrir augum að landbúnaðarframleiðslan sé einvörðungu við hæfi innanlandsmarkaðar.

Hér kemur auðvitað miklu fleira til og er hin mesta nauðsyn, eins og ég hef þegar getið um, að fá hlutlægt mat á hvert er þjóðhagslegt gildi þessarar framleiðslu.

Í grein Jóhannesar á Torfalæk segir enn, með leyfi hæstv. forseta:

„Augljóst er að ríkissjóður leggur ekki fé til útflutningsbóta án þess að fá neitt á móti.

Í fyrsta lagi eru það toll- og skattatekjur af þeim vörum sem fást fyrir þann gjaldeyri sem útfluttar landbúnaðarafurðir skila.

Í öðru lagi eru tollar og skattar af rekstrarvörum sem snerta framleiðslu, úrvinnslu og fullvinnslu landbúnaðarafurða, sem eru umfram neysluþörfina.

Þá er að nefna toll- og skattatekjur sem sá gjaldeyrir skapar sem kemur fyrir þann hluta útfluttra iðnaðarvara sem unninn er úr hráefni er til fellur vegna kindakjötsframleiðslu umfram neyslu. Gæti þetta svarað til iðnaðarvara úr um 400 000 gærum og tilsvarandi af ull. Nefna má, að 60—70% útfluttra iðnaðarvara (án áls) eru úr hráefni frá landbúnaði.

Þá eru í fjórða lagi skattar og opinber gjöld þeirra launþega og þess atvinnurekstrar sem byggir á meðhöndlun offramleiðslunnar, sem væntanlega rýrnuðu verulega ef hún fellur burt.

Nokkuð erfitt er að meta þessar tekjur ríkissjóðs, en þær skipta örugglega milljörðum. Því er víst að raun-

veruleg útgjöld ríkissjóðs vegna útflutningsbóta eru ekki eins mikil og sýnist. Eflaust er líka auðveldara að afla tekna til þeirra en að útvega 8000—9000 manns atvinnu og jafnvel húsnæði, þótt ónotuð og yfirgefin fjárfesting lægi óbætt hjá garði. Útflutningsbótunum var í upphafi ætlað að jafna út árstíða- og árferðissveiflur í landbúnaðarframleiðslunni, tryggja þannig framleiðendum fullt afurðaverð og neytendum ávallt nægilegt framboð neysluvara. Í því sambandi má minna á taugatitring fjölmiðla þegar landið varð nær smjörlaust á vordögum 1976.

Útflutningsbæturnar hafa einnig áhrif til að tryggja atvinnu, ekki aðeins bændum, heldur fjölmörgum öðrum. Þær stuðla að framgangi byggðastefnu og betri nýtingu fjárfestingar og vinnuafls, bæði í landbúnaði og öðrum atvinnugreinum. Þó er þetta ekki aðalmarkmið þeirra og á ekki að vera."

Í þessari grein Jóhannesar á Torfalæk og auðvitað hugleiðingum ýmissa manna, sem um þessa hluti hugsa, kemur glöggt fram að það kynni að skapast gífurleg þjóðfélagsleg röskun, stórkostlegur missir atvinnu fyrir fjölda fólks, ekki einasta sveitafólks, heldur þess fólks sem vinnur að þjónustu og úrvinnslu og alls konar störfum tengdum landbúnaðarframleiðslunni, ef hún drægist saman svo að hún miðaðist við innanlandsþarfir.

Minna má á að kindakjötsframleiðslan eða sauðfjárafurðir eru nú um 30—35% umfram innanlandsþarfir og nautgripaframleiðslan um 24% umfram innanlandsþarfir, og ef þessari framleiðslu væri kippt burt væri stórt skarð eftir fyrir það fólk sem að þessu starfar. Þegar gerðar eru tillögur um að stefna í þá átt, þá þarf jafnframt að færa sönnur á að unnt sé að skapa þessu fólki lífsviðurværi og afkomu á þann hátt, að það hafi a. m. k. sambærilega tryggingu fyrir afkomu sinni eins og er við núverandi ástand, og jafnframt hitt, að það verði þá ekki enn þá dýrara fyrir þjóðfélagið, fyrir þjóðfélagsheildina, heldur en að viðhalda þeirri byggð og þeirri framleiðslu sem fæst með þessu móti eins og nú standa sakir. Þetta haggar ekki því, að við mikil vandamál er að etja í landbúnaðarframleiðslunni. Það haggar ekki því. Og birgðasöfnun, eins og orðið hefur í smjörframleiðslunni, leiðir yfir okkur stórkostlega hættu og við slíkri birgðasöfnun þarf í raun og veru að reisa skorður.

Ég vildi vekja á þessu athygli í sambandi við frv. sem hér liggur fyrir, og ég vænti þess, að flm. þessa frv. leiði hugann að því, með hvaða hætti þeir ætli að sjá fyrir því, að fólki, sem missir viðurværi sitt við samdrátt landbúnaðarframleiðslunnar, verði bættur sá missir. Enn fremur legg ég á það áherslu, og ég hafði þegar fyrir jól óskað eftir því við starfsmenn Framleiðsluráðs landbúnaðarins og ítrekaði þá ósk mína í janúar, að þeir gerðu útreikninga á því, hvert væri þjóðhagslegt gildi svokallaðrar umframframleiðslu í landbúnaðinum. Ég hef engar niðurstöður fengið og ekki fengið nein svör frá þessum ágætu mönnum enn þá og þykir mér það mikið miður, en þetta er spurning sem þarf að svara og meta hlutlægt hvert er þjóðhagslegt gildi þessarar framleiðslu og ef þessi framleiðsla fellur niður, hver verður þá kostnaður þjóðfélagsins við að byggja upp atvinnu, byggja upp íbúðarhúsnæði og aðstöðu, þjónustu fyrir það fólk sem hverfur úr þessum framleiðslugreinum og verður með einhverjum hætti að fá lífsviðurværi á annan hátt.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að ég lengi umr. um þetta. Ég vísa til þess er ég sagði um mjög sambærilegt frv. á síðasta Alþ., þar sem ég mælti gegn því frv. Ég get enn lýst því yfir, að ég er andvígur þessu frv. Enda þótt hægt sé að hugsa sér einhverjar breytingar á núverandi útflutningsbótakerfi, þá tek ég ekki undir það með nokkrum hætti að skerða þessa tryggingu bændastéttarinnar og þess fólks, sem að landbúnaðarframleiðslunni starfar, án þess að sýnt sé fram á með gildum rökum, að meginhluti þessarar framleiðslu sé óhagstæður, og sýnt fram á að það sé þjóðfélaginu hagstæðara að veita þessu fólki aðstöðu og lífsframfæri annars staðar. Þess vegna lýsi ég yfir andstöðu við þetta frv. Ég vænti þess auðvitað að því verði vísað með þinglegum hætti til landbn. þrátt fyrir óskir hv. 1. flm. Þetta er landbúnaðarmál, enda þótt það snerti auðvitað einnig fjármál. Frv. um breyt. á framleiðsluráðslögum eða um Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur ævinlega verið vísað til hv. landbn., og ég set hér fram, herra forseti, óskir um að svo verði einnig um þetta frv., og ég vænti þess, að sú hv. n. sjái til þess að það fái þinglega meðferð.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þótti miður að geta ekki verið viðstaddur er framsaga var flutt fyrir þessu máli. Ég ætla ekki að hafa mál mitt langt um þetta frv. og get reyndar í fjölmörgum atriðum tekið undir það sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni.

Með þessu frv. er stefnt að tvennu: Í fyrsta lagi að draga mjög verulega úr útflutningsbótum eða verðtryggingu sem veitt er með útflutningsbótum til landbúnaðarframleiðenda. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að kljúfa þetta sundur í tvennt, þ. e. a. s. fjalla sérstaklega um sauðfjárafurðir og sérstaklega um nautgripaafurðir. Um þetta hvort tveggja mætti vitanlega flytja langt mál. Ég ætla ekki hér og nú að segja að ekki komi til greina að fara þessa leið. Hins vegar er alveg ljóst, að þetta mál er svo víðtækt og kemur svo víða við í okkar þjóðarbúskap, að það verður alls ekki afgreitt með einu frv. sem þessu. Þetta verður að vera liður í stefnumörkun á sviði landbúnaðarins til nokkurra ára og miklu fjölþættari en fram kemur í þessu frv.

Ég þarf ekki að rekja fyrir hv. þm. hvernig útflutningsbætur hafa til orðið. Ég vil hins vegar leggja áherslu á að útflutningsbætur í landbúnaði eru tekjutrygging sem Alþingi hefur heitið bændum. Ég vek athygli á því, að í 12. gr. laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins er beinlínis sagt, að nái bændur ekki viðmiðunarverði fyrir útfluttar afurðir sínar megi þeir ekki ná tekjum sínum með hækkun á afurðum innanlands, en í staðinn komi þessi trygging af hendi ríkissjóðs, allt að 10% af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða. Þetta er því beinlínis þáttur í viðleitni ríkisins að tryggja bændum það sem segir í fyrri greinum og í upphafi framleiðsluráðslaganna, að bændur skuli hafa svipaðar tekjur og svokallaðar viðmiðunarstéttir. M. a. af þessari ástæðu er þetta mál ákaflega viðkvæmt og hlýtur að falla inn í þá heildarstefnumörkun í landbúnaði sem að er unnið og er mjög nauðsynleg.

Ég held einnig, að áður en ákveðið er að kljúfa svo í sundur þessa tryggingu eins og gert er ráð fyrir í frv. þurfi að skoða mjög vandlega þátt bæði sauðfjárræktar og nautgriparæktar í þjóðarbúskapnum í heild. Á þetta lagði síðasti ræðumaður mikla áherslu og get ég tekið undir það og ég get jafnframt upplýst að að þessu er unnið. Hins vegar er það alls ekki að öllu leyti einfalt

mál, en ýmsar tölur, sem hann m. a. færði fram, gefa mjög ljóslega til kynna hve þáttur sauðfjárræktar er mikill í þjóðarframleiðslunni. Sá iðnaður, sem á sauðfjárrækt byggir, þ. e. ullariðnaður og skinnaiðnaður, er sá mikilvægasti af innlendum iðngreinum og er sú iðngrein sem virðist hafa einna mesta vaxtarmöguleika. Það er ekki lítil verðmætaaukning sem verður á t. d. skinninu frá því að það fer frá bóndanum og þar til það er orðið að mokkaskinni eða saumað í pels. Og að sjálfsögðu eykst mikilvægi þessarar framleiðslu eftir því sem okkur tekst að gera verðmætari vöru úr meiri hluta hennar. Að þessu er markvisst unnið, m. a. af þeirri ástæðu sem ég nefndi áðan, að þarna virðist vera einn sá traustasti grundvöllur sem við byggjum á í iðnaði landsmanna nú. Ég nefni þetta m. a. til að sýna að þetta dæmi er alls ekki einfalt. Það er langt frá því, að einfalt sé að meta hve mikill þáttur sauðfjárræktin er í þjóðarframleiðslunni, en tvímælalaust er hann mjög mikill.

Ég vil svo segja það, að í þessu frv. koma fram ýmsar upplýsingar í grg. sem margar hverjar eru réttar, en sumar kannske ekki eins. M. a. vil ég gera aths. við þann samanburð sem gerður er í Töflu II á grundvelli framfærsluvísitölu. Ég held að sá samanburður á útflutningsbótum sé ákaflega vafasamur, því að framfærsluvísitalan er t. d. háð niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum, svo að þetta er gagnverkandi. Ég held að skynsamlegra væri að gera t. d. samanburð á útflutningsbótum sem hundraðshluta af ríkisreikningi. Þar kemur allt annað í ljós. Ef við gerum slíkan samanburð frá 1960—1974, sem ég hef undir höndum, kemur í ljós að útflutningsbætur hafa farið minnkandi frá 27% 1960 niður í 11% 1974 og hafa reyndar aldrei komist niður í 10%. Ég held að sannarlega megi varpa fram þeirri spurningu sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, hvort þarna sé um of mikla tryggingu eða útgjöld ríkissjóðs að ræða, ef litið er jafnframt á mikilvægi sauðfjárframleiðslunnar sérstaklega fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Ég efast um að svo sé og tel að það dæmi þurfi að skoða miklu betur en gert hefur verið, eins og ég sagði áðan. Hitt er svo ljóst, að umframframleiðslan, eins og hún er orðin nú, er orðin mjög mikil og allt of mikil og því ber, eins og reyndar er samstaða um innan stjórnarflokkanna, að stefna að því að draga úr þeirri umframframleiðslu og takmarka sem mest við innanlandsþarfir.

Að því er nú unnið að marka slíka stefnu og mun verða lögð fyrir Alþ. innan skamms tíma till. til þál. um stefnumörkun í landbúnaði, þar sem farið verður fram á að Alþ. ákveði þau stefnumið sem byggja á á, þannig að unnt verði að vinna að langtímaáætlanagerð í samræmi við þau. Einnig verður í þessari till. farið fram á að Alþ. ákveði hvaða leiðir beri að fara að settum markmiðum. Eitt af þessum markmiðum verður að tryggja bændum tekjur sem eru sambærilegar við það sem aðrar stéttir í þjóðfélaginu hafa og hef ég engan heyrt andmæla því. Spurningin er hins vegar sú, hvaða leiðir má fara að þessu marki, m. a. í þeim beinu samningum ríkisvaldsins og bænda sem ákveðið er að upp verði teknir eða verður lagt til og fram er sett í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna, enda í samræmi við óskir bænda sjálfra.

Ég skal engu slá föstu um það hér, hvort útflutningsbætur eiga, þegar slíkir beinir samningar hafa verið teknir upp, að vera fastbundnar við 10%. En hinu vil ég slá föstu sem skoðun minni, að tvímælalaust eiga verðbætur á útflutning að koma til greina í þeirri meðferð sem þá verður á milli bænda og ríkisvalds. Þarna verður tvímælalaust bæði að líta á verðlag innanlands, ýmsa aðstoð sem landbúnaðinum kann að verða veitt á frumstigi, eins og t. d. styrki til jarðræktar o. fl., og verðlag á útflutningi m. a. þá með verðtryggingu að því marki sem um semst. Ýmsir fulltrúar bænda hafa lagt á það áherslu, að ekki megi sleppa þeirri tryggingu sem felst í þessum 10% verðbótum — útflutningsbótum. Ég held að menn verði að skoða það í breiðara samhengi, m. a. með tilliti til þeirrar verðmætasköpunar sem hér hefur verið nefnd og byggist á framleiðslu landbúnaðarins. Mér sýnist alls ekki útilokað að hagkvæmt geti talist fyrir þjóðarbúið í heild að verðbæta jafnvel meira en þar er ráð fyrir gert og ráð fyrir gert í þessu frv. ákveðna landbúnaðarframleiðslu, sem þá að einhverju leyti stendur undir slíkri verðmætasköpun og atvinnuaukningu innanlands.

Ég ætla ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta mál, en stend fyrst og fremst upp til að leggja áherslu á að þetta mál er fjölþætt og það væri að mínu mati mikill skaði skeður ef slík ákvörðun yrði tekin sem gert er ráð fyrir í þessu frv. án þess að tengja það þeirri almennu langtímastefnumörkun á sviði landbúnaðarins sem ég hef talað um. Þetta verður að athuga á miklu breiðari grundvelli en hér er gert ráð fyrir. Ég hef jafnframt lagt áherslu á að slík stefnumörkun er nú í undirbúningi og mun koma fyrir þingið innan stutts tíma, og því er það von mín, að um þetta mál verði fjallað í tengslum við það og þær ákvarðanir sem þar verða teknar. Ég get því ekki lýst stuðningi mínum við þetta frv. eins og fyrir liggur.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Ég hef áhuga á því að leggja nokkur orð í belg í umr. um þetta frv.

Það er greinilegt að frv. er ætlað að stuðla að lausn á þeim mikla vanda sem við er að etja í framleiðslumálum landbúnaðarins. Eins og kunnugt er eru ætlaðir á fjárl. tæpir 6 milljarðar til þess að greiða útflutningsbætur, og því hefur verið spáð, að áður en yfir lýkur kunni þörfin á þessu ári fyrir útflutningsbætur að verða yfir 10 milljarða kr. Það er því fullt tilefni til að taka á þessu máli og reyna að leysa það á skynsamlegan hátt. Satt að segja er það sorglegt, hvað menn hafa sýnt þessum vandamálum landbúnaðarins mikið sinnuleysi undanfarin ár, hvernig vandinn hefur verið látinn hlaðast upp smátt og smátt þannig að nú er svo komið að hann er nánast óviðráðanlegur.

Ég vil taka það fram varðandi frv. sem hér liggur fyrir, að ég er samþykkur markmiðum frv. Það er greinilegt, að því er ætlað að vinna nokkuð hressilega að lausn þessa vandamáls. En því miður get ég ekki verið samþykkur þeirri aðferð sem þar er gert ráð fyrir að beita.

Ég geri ráð fyrir að það sé orðin nokkuð víðtæk samstaða um þá almennu stefnumörkun í landbúnaðarmálum, að landbúnaðarframleiðslan eigi að miðast við innanlandsþarfir eða því sem næst. Þó hafa flestir eða allir, að ég hygg, þann fyrirvara á, að samdráttur í landbúnaðarframleiðslunni verði ekki til þess, að fækkun í sveitum verði teljandi, né heldur að til byggðaröskunar komi.

Nú er það svo með frv. sem hér liggur fyrir, að yrði það samþykkt og framkvæmt, þá mundi það nokkuð örugglega leiða til mjög verulegrar fækkunar í bændastéttinni. Það mundi áreiðanlega koma ákaflega illa niður á þeim bændum, sem smæst búin hafa og verst standa að vígi fjárhagslega, og gæti einungis leitt það af sér, að slíkir

bændur yrðu að hætta búrekstri og leita annað. Það er þróun sem ég tel varhugaverða og vil ekki að verði.

Það má segja um frv., að það beinist í raun og veru að því að lækna sjúkdómseinkennin, en ekki sjúkdóminn sjálfan. Frv. stefnir að því að draga úr útflutningsbótunum, sem má segja að séu sjúkdómseinkenni, en ekki nauðsynlega að því að draga úr framleiðslunni. Mér sýnist að einhliða skerðing á útflutningsbótunum þurfi alls ekki að hafa í för með sér neina hvatningu fyrir einstaka bændur til þess að draga úr framleiðslu. Þvert á móti mundi ég halda að þegar harðnar á dalnum hjá bændum, þá hljóti viðleitni hvers og eins að verða sú að auka rekstur sinn og reyna að bæta fjárhagsafkomu sína þannig. Af þessum ástæðum ítreka ég það, að þarna er verið að lækna sjúkdómseinkenni. Sjúkdómurinn sjálfur yrði nánast óhreyfður og vandinn eftir sem áður jafnmikill.

Nú er þingheimi kunnugt um það, að landbrh. hefur lagt fram annað frv. um breytingu á framleiðsluráðslögum, þar sem þess er freistað að leggja fram aðrar till. til þess að finna lausn á sama vanda og hér er til umfjöllunar, þ. e. a. s. reyna að draga úr offramleiðslu í landbúnaði. Það frv. er auðvitað ekki til umr. hér núna, en ég tel ástæðu til að skýra frá því, að mér virðist það frv. miklu raunhæfari grundvöllur til að taka á málinu, enda þótt ég vilji undirstrika það, að ég hef og mun gera aths. og jafnvel flytja brtt. við það frv.

Ég er alveg sannfærður um að það er vel framkvæmanlegt að draga nokkuð verulega úr offramleiðslu á landbúnaðarvörum án þess að til þurfi að koma veruleg fækkun í sveitum. Í grundvallaratriðum hlýtur leiðin að verða sú að draga úr framleiðslunni á hinum stærri býlum, en gefa kost á því, að hin smærri býli og allt að meðalbúum haldi framleiðslumagni sínu óbreyttu, þannig að ekki verði um neina fækkun að ræða, fjöldi bændanna og fjöldi býlanna verði nánast óbreyttur, en framleiðslumagnið minnki á stærstu býlunum. Þetta er í aðalatriðum sú leið sem ég tel eina færa, ef menn vilja ná þeim markmiðum báðum að draga úr framleiðslunni, en halda samt byggðaröskun í lágmarki og halda byggðinni jafnþéttri og hún er nú.

Það vill svo vel til, að bændur sjálfir hafa sýnt mikinn skilning á þessu vandamáli og verið sjálfir með ýmsar till. um hvernig eigi að leysa þennan vanda. Auðvitað eru um það skiptar skoðanir meðal þeirra, en margt af því, sem þeir hafa sagt, er skynsamlegt og raunhæft. Vil ég þar einkum nefna hugmyndir um svokallað kvótakerfi, sem komið hafa fram hjá bændum sjálfum og ég tel réttan og skynsamlegan grundvöll til að vinna að þessu vandamáli.

Ég ítreka það, að ég er algerlega samþykkur þeim markmiðum sem augljóslega er stefnt að með því frv. sem hér er til umr., en er ósammála aðferðinni og get þess vegna ekki stutt það.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þeir hv. þm., sem sæti áttu á síðasta þingi, kannast vel við frv. það, sem hér er til umr., og eins við þá ræðu, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti s. l. miðvikudag er hann talaði fyrir frv. Þar kom fram mjög fátt nýtt. Það kom þó fram í máli hv. frsm., að það fyrirkomulag, sem gildir um verðábyrgð ríkissjóðs, er frá tíð viðreisnarstjórnarinnar. Hitt kom ekki fram hjá hv. frsm., að sú breyting, sem gerð var á þessum málum þá, var byggð á samkomulagi eða samningi við Stéttarsamband bænda.

Þegar umrædd breyting var gerð á lögunum hafði landbúnaðurinn um nokkurra ára bil notið bestu kjara sem útflutningssjóður veitti sjávarútveginum. T. d. kemur það fram í hagskýrslum, að árið 1958 greiddi útflutningssjóður á bátafisk 95.04%, þ. e. a. s. að fyrir 1 kg, sem flutt var út og fengust fyrir 10 kr. fob., greiddi útflutningssjóður 9.50 kr. á kg, framleiðandinn fékk samtals 19.50 kr. fyrir framleiðslu sína. Ef þetta dugði ekki hafði framleiðsluráðið rétt til þess að hækka verðið á innlendum markaði að því marki að ná með þeim hætti verðmismun á framleiðsluverðinu og markaðsverðinu erlendis. Þennan rétt vildi ríkisvaldið taka af framleiðsluráði. Það varð að samkomulagi, að í staðinn yrði tekin upp sú verðábyrgð sem í gildi hefur verið síðan.

Ef frv. það, sem hér er til umr., yrði samþ. nú væri gengið á gerða samninga við bændur, nema nýtt samkomulag yrði áður við þá gert. En hvaða stjórnmálaflokkar stóðu að þessu samkomulagi og bera því höfuðábyrgð á þeirri breytingu sem varð í kjölfar þessara samninga? Það skyldi nú ekki vera, að Alþfl. ætti þar ekki lítinn hlut að máli.

Það er athyglisvert í þessu sambandi, að forusta Alþfl. 1959 taldi sér ekki fært að taka af bændum þann rétt sem þeir höfðu í lögum þá, að hækka verð á búvöru innanlands til þess að mæta hallanum á útflutningnum, öðruvísi en semja um það við bændasamtökin að þau fengju eitthvað í staðinn. Eftir þessu frv. að dæma telur hin nýja forusta Alþfl. ekki þörf á eða ástæðu til að taka upp samninga við bændur um þær breytingar sem í þessu frv. felast. Ætli það sé í fullu samræmi við tal þessara manna um réttlæti, tillitssemi og heiðarleika í umgengnisháttum, sem öðrum er talin trú um að sé haft í hávegum í hinum nýja endurreista Alþfl.?

Hv. frsm. eyddi enn miklum tíma í talnalestur sem hann sjálfur virðist því miður ekki skilja nema að mjög takmörkuðu leyti. Þar sem ég tók þennan kafla í ræðu hans til meðferðar á síðasta þingi sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það nú. Hitt vil ég leggja höfuðáherslu á enn og aftur, að þessi lagasetning var byggð á samningum á milli þáv. ríkisstj. og Stéttarsambands bænda. Hvað sem fulltrúar Alþfl. á hinu háa Alþingi halda langar ræður og reyna að sýna fram á að ýmis atriði í lögunum séu ekki að þeirra skapi, þá eru þessi lagaákvæði niðurstaða samninga sem flokksmenn þeirra stóðu að og lögfestu á sínum tíma. Því er þýðingarlaust fyrir þá að reyna að firra sig ábyrgð nú.

Einn þátt í þessum talnalestri kemst ég þó ekki hjá að taka til athugunar. Hv. þm. sagði, með leyfi forseta:

„Fram til ársins 1959 hafði t. d. útflutningur landbúnaðarvara, þegar hann var mestur, aðeins numið 5.45% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Og auðvitað gengu menn út frá því sem gefnu að þetta væri vísbending um þá fjárhagslegu ábyrgð sem ríkissjóður væri að taka á sig með þessari lagasetningu."

Ég hef ekki haft tíma til þess að rifja upp, hvernig þessi mál stóðu frá ári til árs á áratugnum 1950-1960. Hins vegar athugaði ég heildarframleiðsluna og útflutninginn árin 1957 og 1958. Árið 1957 var heildarframleiðslan á kindakjöti 8298 tonn. Af því magni voru flutt út 2700 tonn, eða 32,5%. Af heildarframleiðslu landbúnaðarins það ár var kindakjötsframleiðslan talin 34.4%. Það ár hafa því verið flutt út um 11% af heildarframleiðslu landbúnaðarins. Árið 1958 var kindakjötsframleiðslan 9919 tonn. Flutt voru það ár út 3533 tonn, eða 35.6%.

Þá var líka fluttur út ostur til Þýskalands, 370 tonn. Er því sýnilegt að það ár var flutt út hlutfallslega meira magn en árið áður. Á þessu sést að það, sem hv. þm. sagði um þetta efni, er úr algerlega lausu lofti gripið og röksemdin, að menn hefðu ekki gert sér ljóst hver þörfin kynni að verða á útflutningi á landbúnaðarvörum, getur því ekki staðist — eins og ég hef sýnt fram á, þrátt fyrir tilvitnun hans í ræðu hv. fyrrv. þm. Ingólfs Jónssonar.

Ég sá líka að niðurgreiðslur hafa þá verið eins miklar og nú eða meiri. T. d. var kindakjöt greitt niður um 11.21 kr. 1957 og þá var útsöluverðið 3.50 kr. lægra en verð til bænda það ár. Og þá var mjólkin einnig í útsölu 84 aurum lægri en bændur fengu þá fyrir mjólkina. Ég tel rétt að þetta komi fram við þessa umr. vegna þess hvernig öll umr. um þessi mál hefur verið upp á síðkastið.

Hv. þm. sagði enn fremur í framsöguræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held að það séu allir sammála um það, og það sé engin undantekning þar á, að það beri að tryggja bændum eðlileg kjör og sambærileg við það sem aðrar stéttir hafa. Ég held að það séu allir sammála um að það beri að tryggja bændum að skaðlausu, þó svo að sveiflur verði í framleiðslu landbúnaðarvara þannig að það þurfi t. d. að standa undir talsverðri eða einhverri offramleiðslu í landbúnaðinum til þess að tryggja íslensku þjóðinni jafnan nægilegar búvörur."

Ég vona að það reynist rétt, sem kom fram í máli hv. frsm., að allir séu sammála um það, og engin undantekning þar á, að bændum séu tryggð eðlileg kjör og sambærileg við það sem aðrar stéttir hafa. Og nú vil ég spyrja hv. þm. Sighvat Björgvinsson að því, hvaða hugmyndir hann hafi um það, hvernig eigi að tryggja bændum nú svipuð laun og aðrar stéttir hafa.

Nú blasir við, ef ekki finnast ráð sem hv. þm. geta sameinast um, að að öllu óbreyttu verður að leggja 200 kr. verðjöfnunargjald á hvert kg kindakjöts á þessu verðlagsári. Mundi þá vanta 16.5% á verð til bænda, sem mundi þýða að vantaði 1/3 á kaup þeirra miðað við það sem verðlagsgrundvöllurinn gerði ráð fyrir. Þannig standa málin í dag, þó hlutfallslega þurfi ekki að flytja út meira magn, t. d. af kindakjöti, en árið 1958. Hins vegar þarf að flytja út miklu meira af mjólkurvörum, hvort sem miðað er við magn eða hlutfall, enda eru allir sammála um að ekki sé um neitt annað að ræða en gera ráðstafanir til að draga úr framleiðslu á mjólk nú. Hins vegar eru það mjög gleðileg tíðindi, ef það reynist rétt sem kom fram hjá hv. þm., að enginn ætlist til að bændur beri skaða af þessum samdrætti. Og fast mun verða eftir því leitað, með hvaða hætti slíkt verði tryggt nú.

Ég er sammála hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um að ekki kemur til mála að ný stefna í þessum málum verði á þann veg að það verði látið bitna á bændum, þeirra hlutur verði fyrir borð borinn, þó að breytingar verði á framleiðslumagni, og þá verði bændum með einhverjum hætti tryggðar svipaðar tekjur og aðrar stéttir hafa á hverjum tíma. Hins vegar hefur tillöguflutningur þm. Alþfl. — og þar er ekki þetta frv., sem hér er til umr., undanskilið — og málflutningur þeirra ekki verið með þeim hætti fram að þessu. Hefðu hugmyndir þeirra og tillögur náð fram að ganga, þá hefðu þær breytingar bitnað á bændum tekjulega og leitt til mikillar byggðaröskunar. Hins vegar hefði slík breyting bitnað enn meira á ýmsum þéttbýlisstöðum, þannig að þúsundir manna og kvenna hefðu við slíka breytingu misst vinnu sína og tekjur. En ég kem betur að því síðar.

Áður en lengra er haldið vil ég undirstrika það og taka undir með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að það voru ekki bændur sem settu verðábyrgðina í lög, heldur Alþ. sjálft. Þess vegna er það einnig Alþ. sem ber að leysa þann vanda sem nú steðjar að bændastéttinni án þess að þeir verði fyrir áföllum umfram það sem hver stétt og hver þegn verður fyrir vegna þess vanda sem verðbólgan hefur leitt þjóðina í. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. þm., að hann og flokkur hans séu reiðubúnir að skoða þennan vanda, taka þátt í lausn hans á þann veg að það komi ekki niður á tekjum bænda.

Því er nú haldið fram í fjölmiðlum, að framleiðslan í landinu sé um þessar mundir baggi á þjóðinni og það sé framleiðslan sem standi í vegi fyrir að ekki eru betri lífskjör í landinu en raun ber vitni. Þessu halda fram menn sem hafa titla sem benda til þess að þeir séu langskólagengnir. Og landbúnaðurinn hefur sannarlega fengið sinn skerf af þessari umræðu. Mjög mikið af þessari umr. sýnir hvað vanþekkingin er mikil hjá mörgum þeim mönnum sem skrifa um framleiðslumálin. Að vísu hafa lífskjör aldrei verið eins góð í landinu og þau eru nú, en því miður búum við við fölsk lífskjör, því að við eyðum meiru en við öflum, og það getur ekki gengið til lengdar. Slíkur lífsmáti stefnir í ófæru, ekki síður hjá þjóð en ef einstaklingur á í hlut. Annað tveggja verður að gerast: Við verðum að afla meira í þjóðarbúið með einhverjum hætti, að öðrum kosti verðum við að draga úr eyðslunni þannig að heildarumsvif og eyðsla séu innan þeirra marka sem þjóðin aflar, nema um sé að ræða meiri háttar framkvæmdir sem koma til með að skila til baka þeim fjármunum, beint eða óbeint, sem við þurfum að taka að láni til þeirra erlendis frá.

Umr., sem fer fram um þessi mál, snýst ekki fyrst og fremst um hvaða úrræði kunna að vera fyrir hendi til að þjóðin geti haldið þeim lífskjörum sem við búum við og höfum vanist, heldur hitt, hvaða framleiðsla og rekstur það sé sem með ýmsum reikningskúnstum er hægt að sýna fram á að ekki borgi sig að reka í þessu landi, vegna þess að svipaða framleiðslu sé hægt að fá keypta annars staðar, úti í hinum stóra heimi, fyrir minna verð en kostar að framleiða hér — og í sumum tilfellum fyrir aðeins brot af því verði. Þessir snillingar hafa jafnvel reynt að sýna fram á með þessum hætti, að raunverulega borgi sig ekki að framleiða neitt í þessu landi, það sé hægt að fá allt milli himins og jarðar fyrir minna verð erlendis frá en framleiðslukostnaðurinn er hér. Umr. eru sjaldan um það, með hvaða hætti þjóðin á að afla gjaldeyris fyrir það, sem inn er flutt, eða með hvaða hætti væri hægt að breyta til framleiðsluhátta, sem gæfu meira í þjóðarbúið en það sem lagt er til að verði lagt niður. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði hlýtur að vera betra að framleiða einhver verðmæti en hafast ekkert að, gera ekkert og þess í stað sækja sér lífeyri í Atvinnuleysistryggingasjóð.

Það er ekki úr vegi að íhuga hvernig þessi umr., sem fram fer nú um þessi mál, snertir allt þjóðfélagið. Því er haldið fram með réttu, að iðnaðurinn sé sá vaxtarbroddur sem þurfi að sinna og efla á allan hátt, því að þar muni vera mestir möguleikar fyrir þjóðina til að efla og bæta lífskjör sín í næstu framtíð. Hitt er hálfbroslegt, að á sama tíma og þessu er haldið fram eru uppi háar kröfur um það t. d., að sauðfjárframleiðslan í landinu sé minnkuð a. m. k. um 33-40%, sem mundi hafa gífurleg áhrif á iðnaðinn og þá möguleika sem virðast vera fyrir hendi í

ullar- og skinnaiðnaðinum í landinu. Ef aðrar greinar iðnaðar, sem eru þannig búnar að þjóð okkar ræður við þær með sæmilegu móti, væru nú búnar að hasla sér völl á erlendum vettvangi með svipuðum hætti og árangri og ullar- og skinnaiðnaðurinn hefur gert og gætu þá komið í staðinn fyrir hann, þá væri þetta mál ekki eins alvarlegt. En því miður er það ekki. Ég undirstrika það, að allur iðnaður í landinu, sem framleiðir fyrir innlendan markað og sparar okkur gjaldeyri, er okkur jafnmikils virði og sá iðnaður sem er framleiddur fyrir erlendan markað. En við, sem erum mjög háð innflutningi og vantar alltaf gjaldeyri til vörukaupa, þurfum enn fremur að byggja upp iðnað okkar á þann hátt að framleiðslan sé seljanleg á erlendum mörkuðum og það í verulegum mæli. Því miður hefur þetta ekki tekist fram að þessu.

Þegar áli og álmelmi og kísilgúr sleppir og framleiðslu úr sjávarafla eru nær einvörðungu ullar- og skinnavörur fluttar út unnar. Árið 1977 gaf sá útflutningur í gjaldeyri 4 milljarða og 100 millj. kr., en allur annar iðnaður, fyrir utan það sem ég hef áður talið, ekki nema 600 millj. Af því voru málning og lökk 260 millj., fiskilínur og fiskinet rúmar 100 millj., umbúðir 120 millj. og ýmislegt annað rúmar 100 millj. Á s. l. ári hefur útflutningur á ullar- og skinnavörum farið eitthvað yfir 6 milljarða, en tölur fyrir desembermánuð liggja ekki enn fyrir. Á þessari framleiðslu virðast vera mjög miklir vaxtarmöguleikar enn. En á þessu sviði sem öðrum verður ekki framleitt úr því hráefni sem ekki er til. Því eru þessi mál ekki mál bændanna einna, heldur einnig þeirra, sem búa í þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið, og þjóðarinnar allrar.

Talið er að einn maður, sem vinnur að framleiðslustörfum í landbúnaði, veiti með framleiðslu sinni 3-4 atvinnutækifæri í þéttbýli. Þessi mál þarf að skoða öll í samhengi. Við þurfum að átta okkur á, hver atvinnumálastefna okkar þurfi að vera, hvað geti komið í stað þess sem fyrir er, áður en ákvarðanir eru teknar um breytingar á framleiðsluháttum þjóðarinnar sem kunna að leiða til minni atvinnu, minni framleiðslu. Ekki batna lífskjör þjóðarinnar við það, ef minna verður til skipta. Það þarf að gera marktæka úttekt á því, hvað það mundi þýða fyrir þjóðarbúið ef landbúnaðarframleiðslan minnkaði t. d. um 1/3, hvaða áhrif það mundi hafa á einingarverðið til hækkunar fyrir neytendur, hvaða áhrif það mundi hafa á atvinnuástandið á hinum ýmsu stöðum í landinu, hvað gjaldeyristekjur okkar minnkuðu við slíkan samdrátt, hvað heildarverðmætasköpun hjá þjóðinni minnkaði við slíkan samdrátt og hvort og hvernig þjóðin gæti beitt því vinnuafli, sem við slíka breytingu mundi missa atvinnu sína, í önnur störf sem gæfu a. m. k. eins mikið í þjóðarbúið og á samdrættinum í landbúnaðarframleiðslunni og iðnaði í sambandi við hann mundi tapast.

Það hefur komið fram í blaðaviðtölum og með ýmsum öðrum hætti, að miklir möguleikar virðast vera til að framleiða í landinu ýmiss konar fatnað úr ull og skinnum. Þarf að athuga vel hvaða möguleikar eru í þessari framleiðslu og hvaða þýðingu það hefur fyrir þjóðarbúið t. d. ef sauðfjárframleiðslan dregst saman að því marki sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Í lok ræðu sinnar vitnaði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson í till. Alþfl. sem hann flutti við afgreiðslu fjárl. nú fyrir jólin, og þar sem hv. þm. vitnaði þannig í tillöguflutninginn að mér sýnist að hann væri ekki nægilega heima í þessum málum, kemst ég ekki hjá því að gera þennan tillöguflutning að umræðuefni.

Fyrsti liður þessar till., a-liðurinn, er um að lækka framlag til Stofnlánadeildar landbúnaðarins um 143.5 millj. kr. Framlag ríkisins til Stofnlánadeildar hefur byggt upp deildina á undanförnum árum, en að verulegu leyti þó farið til þess að jafna fjármagnskostnað á milli bænda. Hinn mikli munur á fjármagnskostnaði hjá bændum eftir því, hvenær þeir fóru í framkvæmdir, er að verulegu leyti ástæðan fyrir hinum mikla tekjumun þeirra. Það kemur áþreifanlega í ljós þegar t. d. eru athugaðar lausaskuldir bænda, að þeir, sem eru í erfiðustu aðstöðunni nú, eru bændur sem hafa staðið í framkvæmdum eða hafið búskap síðustu árin. Þó þessir menn hafi yfirleitt stærri bú en meðalbúið er í landinu, þá reynast nettótekjur þeirra flestra hryggilega lágar vegna þess að vaxtagreiðslur eru svo miklar, þrátt fyrir að Stofnlánadeildin hafi ekki lánað þeim fjármagnið á þeim kjörum sem hún hefur þó neyðst til að sæta sjálf.

Við teljum höfuðatriði að jafna lífsaðstöðuna í landinu, hvort sem er til sjávar eða sveita. Á síðasta þingi var lögunum um Stofnlánadeild landbúnaðarins breytt. M. a. var lögfest að taka 1% verðjöfnunargjald af allri landbúnaðarframleiðslu. Gjald þetta á að fara til að greiða niður fjármagnskostnaðinn af nýjum lánum. En þó þetta væri gert þurfti samt á síðasta ári að þyngja lánakjörin frá því sem þau voru áður, og í raun og veru hefði þurft að þyngja þau enn meira en gert var.

B-liðurinn er um að lækka jarðræktarframlag um 300 millj. kr. Jarðræktarstyrkur er samkv. lögum greiddur út á framkvæmdir sem unnar hafa verið í sveitum landsins árið áður. Þessi styrkur reyndist vera á síðasta ári 930 millj. kr. Verðbólgan á síðasta ári var um 50%. Ef framkvæmdir hafa að magni til verið svipaðar og árið áður hefði styrkurinn þurft að vera 1395 millj. kr. Nú er ekki vitað hvað þessar framkvæmdir hafa verið miklar, talið að þær hafi verið eitthvað minni en 1977. Hins vegar liggur ljóst fyrir, að þær eru ekki það miklu minni að þessar 990 millj. kr., sem nú eru á fjárl. til þessa verkefnis, nægja alls ekki, hvað þá ef till. Alþfl. hefði náð fram að ganga.

Þriðji liðurinn er um að lækka styrk til framræslu um 100 millj. kr. Þessi styrkur er einnig út á framkvæmdir sem unnar voru á síðasta ári. Talið er að þessi fjárlagaliður, eins og hann er settur í fjárl. nú, fari langt til að nægja. Ef löggjafinn kemst á annað borð að þeirri niðurstöðu að rétt sé að lækka þessa styrki samkv. jarðræktarlögunum, tel ég að um það þyrfti að taka ákvörðun áður en framkvæmdatími hefst. Þeir menn, sem sífellt tala um spillingu, tillitssemi og réttlæti, ættu að leggja það niður fyrir sér, undir hvað svona tillöguflutningur flokkast.

D-liðurinn er um að lækka útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarvörur um 1 milljarð. Fyrir liggur að þó að bændur fengju þá útflutningstryggingu, sem lög mæla fyrir um, mundi vanta 3 500 millj. kr. til þess að þeir fengju grundvallarverðið, sem mundi þýða að 6% vantaði á einingarverðið, eða 12% á vinnuliðinn ef þessi skerðing kæmi jafnt niður á báðar búgreinar. Komið hefur fram tregða hjá Seðlabankanum að lána afurðalán út á smjörbirgðirnar sem nú eru í landinu. Ef niðurstaðan verður sú, að Seðlabankinn bindur t. d. afurðalánin út á smjör við ákveðið magn birgða gæti það leitt til þess að flytja yrði út töluvert magn af smjöri. Ef t. d. væru flutt út 1000 tonn af smjöri mundi láta nærri að til þess þyrfti 2

500 millj. kr. í útflutningsbætur. En þar sem slík skerðing kæmi aðeins á mjólkurframleiðendur, eins og nú horfir, mundi það þýða um 5% á einingarverð eða 10% á launaliðinn til viðbótar þeirri skerðingu sem að framan greinir. Ætli það mundi ekki heyrast í öðrum stéttum, ef þær stæðu nú frammi fyrir slíkri kjaraskerðingu.

Á undanförnum árum hefur verulega vantað á að bændur hafi náð þeim launum sem ætlast er til að þeir fái með verðlagningunni, sem eru svipuð laun og aðrar stéttir í þjóðfélaginu hafa á hverjum tíma. Þessi vöntun hefur reynst vera 15—33%, þrátt fyrir að grundvallarverðið hafi náðst. Nú liggur fyrir að um leið og bændur ákváðu ásetning sinn á s. l. hausti var ákveðið framleiðslumagn á sauðfjárafurðum á þessu ári, ef ekkert óvænt kemur fyrir. Hins vegar má segja að framleiðsla mjólkur sé ekki eins fyrir fram ákveðin, vegna þess að fleira en kúafjöldinn hefur áhrif á framleiðslumagn hennar. En það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Það liggur ljóst fyrir, að markaðsaðstaðan er þannig nú miðað við framleiðslukostnaðinn í landinu að útflutningstryggingin, sem bændur hafa lögum samkv., dugar ekki, jafnvel þó að mjólkurframleiðslan minnkaði frá því sem hún er nú.

Þó þessar tillögur Alþfl. hefðu náð fram að ganga hefðu þær ekki haft áhrif á framkvæmdir samkv. lögunum vegna þess að búið er að styrkja þá sem styrkja á. Þær hefðu ekki heldur haft áhrif á framleiðslumagn sauðfjárafurða og ekki líklegt að þær hefðu haft nein umtalsverð áhrif á mjólkurframleiðsluna, a. m. k. ekki á þessu ári. En þær hefðu gert annað. Þær hefðu lækkað verulega tekjur bænda. Samkv. hagskýrslum eru bændur og hafa verið tekjulægsta stéttin í landinu. Aðeins öryrkjar og ellilífeyrisþegar hafa reynst vera með lægri tekjur að meðaltali.

Af þeim 1543.5 millj. kr. sem Alþfl. gerði tillögur um að skerða fjárveitingu til landbúnaðar um á yfirstandandi ári, lagði hann til að 543.5 millj. yrðu lagðar til hans eftir öðrum leiðum. 100 millj. skyldu renna til framleiðni. Gæti það komið að fullu gagni ef þær hefðu t. d. gengið í framleiðnisjóð. 200 millj. skyldu renna til eflingar ábatasamra hliðarbúgreina í landbúnaði, svo sem veiðibúskapar, æðarræktar, fiskeldis o. s. frv., eins og segir í tillögunni.

Nú liggur fyrir Alþ. þáltill. frá Alþfl. þess efnis að leggja gjald á veiðileyfi, ef erlendir menn eiga í hlut. Í grg. með þáltill. kemur fram, að tilgangurinn með tillöguflutningnum er að gera veiðileyfin fyrir íslenska stangveiðimenn til muna ódýrari en þau eru nú. M. ö. o.: tillöguflutningurinn verður til þess að lækka þær tekjur sem bændur hafa haft af veiðihlunnindum, ef samþ. yrði. E. t. v. var till. um að styrkja fiskeldi liður í því að gera sportveiðimennsku arðvænlegri en verið hefur. En ætli bændur eigi að hirða arð af þeim hlunnindum? Fáir þeirra munu vera sportveiðimenn.

243.5 millj. kr. fari til greiðslu á aðkeyptri vinnu vegna orlofs bænda. Þetta er í meira lagi athyglisverð till. og sýnir hvað þessi þingflokkur er vel að sér í málefnum landbúnaðarins. Þeir leggja til að greiðslur séu verulega skornar niður á ýmsum liðum sem lögum samkv. á að inna af hendi til landbúnaðarins. Hins vegar leggja þeir til að sérstök fjárveiting verði ákveðin í fjárl. til að standa undir greiðslu á vinnulaunum vegna orlofs bænda. Þessi till. er eins og svo margt annað, sem frá þingflokknum hefur komið á þessu þingi, alveg botnlaus. Í þeim verðlagsgrundvelli, sem gildir til 1. sept. n. k., er búið að reikna inn í vinnulaun verðlagsgrundvallar orlof 8.33%, eins og aðrar stéttir hafa, og hefur lengi verið. Ætla þessir þm. að tvíborga bændum orlofið? A. m. k. er það ekki í samræmi við þær tillögur sem þeir hafa flutt fram að þessu þegar landbúnaður á í hlut, og þó svo væri veit ég að bændur vilja ekkert með slíkar greiðslur hafa. En þeir vilja ekki láta skerða laun sín. Þeir vilja hafa sambærileg laun við það sem aðrir hafa í þjóðfélaginu, og veit ég ekki um neina stétt sem mundi gera sig ánægða með að hafa verri hlut og annan en aðrar stéttir hafa.

Herra forseti. Að síðustu vil ég ítreka það vegna yfirlýsingar hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um að Alþfl. sé reiðubúinn að standa að tillögugerð um breytta stefnu í landbúnaðarmálum, þar sem haft sé að leiðarljósi að slík breyting dragi ekki úr tekjum bænda og að viðurkennt sé að sölutregða á búvörum nú sé vandamál þjóðfélagsins alls, en ekki bænda einna, að ég skora á hv. þm., þar sem hann er formaður þingflokks Alþfl., að beita áhrifum sínum með mér svo að gengið verði í þessi mál og leitað viðunanlegra lausna á þeim. Ég geng út frá því sem gefnu að ekki standi á Alþb. að vinna að lausn þessara mála, eftir þeim yfirlýsingum að dæma sem sá flokkur gaf fyrir síðustu kosningar, og ég vænti þess einnig að margir hv. þm. Sjálfstfl. séu fúsir til þess að leggja því lið að finna lausn sem viðunandi er fyrir bændastéttina á þeim gífurlega vanda sem blasir nú við bændastéttinni.

Þetta vandamál er fyrst og fremst afleiðing af verðbólgunni, en einnig af því að orðið hefur neyslubreyting hjá þjóð okkar, sérstaklega síðustu árin. Enn fremur er þessi vandi nú vegna þess, að viðskiptaþjóðir okkar greiða í vaxandi mæli niður verð á framleiðslvörum landbúnaðarins, sem framleiddar eru í viðkomandi löndum, og við verðum að keppa við þetta niðurgreidda verð á öllum erlendum mörkuðum. Á þessari upptalningu sést að þróunin hefur orðið mjög óhagstæð á öllum sviðum fyrir landbúnað okkar síðustu árin, en þar á þó verðbólgan stærstan hlut. Hvort þessi þróun breytist til batnaðar alveg á næstunni getur enginn sagt nú. Hins vegar virðist að framleiðsla á ullar- og skinnavörum hafi vaxandi möguleika. Hvort þeir möguleikar gera hagkvæmt að halda uppi svipaðri framleiðslu á sauðfjárafurðum og er nú eða jafnvel sé hagkvæmt að auka hana skal ósagt látið.

Þess verður að krefjast, að ítarleg könnun verði gerð á þessum möguleikum öllum áður en ákvörðun er tekin um hvert skuli stefna í þessum málum. Ef niðurstaðan yrði sú, að hagkvæmt sé að draga úr þessari framleiðslu, þá verður að finna aðra leið til verðmætasköpunar fyrir það fólk, sem hefur unnið að þessari framleiðslu, sem ekki gefur minna í þjóðarbúið en sú framleiðsla sem það vinnur nú við.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Frv. þetta fjallar um breyt. á l. nr. 101 frá 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Um þetta mál er nú mikið rætt. Sjaldan eða aldrei á seinni árum hafa jafnmargir fundir bænda verið haldnir og jafnfjölmennir víðsvegar um land til þess að ræða þetta mál. Þetta frv. snertir aðeins einn þátt heildarvandans, þ. e. offramleiðsluvandamálið í íslenskum landbúnaði í dag. Það er ekki að furða þó að ræða þurfi þetta mál, bera saman bækur og leita ýmissa úrræða, þegar málið er virt fyrir sér í heild. Við Ís-

lendingar erum óvanir að fást við vandamál af þessu tagi. Við höfum ekki þurft á því að halda á umliðnum árum og öldum að fást við offramleiðsluvandamál. Vandamál okkar, vandi þjóðarinnar fram á þennan dag hefur verið að framleiða nógu mikið til þess að hafa nóg að bíta og brenna — eða eins og einhver frægur maður hefur sagt: Þessi kynslóð, sem nú er komin til ára sinna á Íslandi, ef svo má segja, er fyrsta kynslóðin á Íslandi sem hefur haft nóg að borða.

Það er því síst af öllu að undra þó við þurfum að eyða nokkuð löngum tíma í að fjalla um þetta mál, þegar það er enn fremur athugað, að þetta er fyrst og fremst eða a. m. k. ekki hvað síst verðbólguvandamál, og við vanda af því tagi höfum við verið að glíma margar stundir á undanförnum árum. Það má einnig geta þess, að aðrar þjóðir hafa eytt miklum tíma, fyrirhöfn og fjármunum í að berjast við mál af þessum toga og gengið mjög misjafnlega. Er óhætt að segja að þær hafa eytt til þess orku í mörgum myndum og margar þjóðir, þegar nánar er að gætt, verja gífurlegum fjármunum í fjölmörgum greinum til að styrkja og styðja atvinnuvegi sína á einn eða annan máta og væri það mikil súpa ef heimildir um það allt væru komnar hér á borðin til okkar.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. ræddi þetta mál í fáum orðum áðan. Hann benti m. a. á nýlega grein í Morgunblaðinu sem þar hefur birst, eftir Jóhannes á Torfalæk og ber fyrirsögnina „Gjaldið". Um þetta mál hafa margar greinar í blöðum verið skrifaðar, en þessi grein er þó með því skilmerkilegasta og skýrasta sem ég hef séð um þetta efni skrifað í blöð nú um nokkurn tíma.

Ég sagði að þetta frv. snerti aðeins einn þátt þessa mikla vandamáls. Það er flutt af hv. 4. þm. Vestf., formanni þingflokks Alþfl., o. fl. Þetta er ekki nýtt mál, því að það var flutt á síðasta þingi, eða frumvarp efnislega samhljóða því, af hv. 4. þm. Vestf. og núv. utanrrh.

Frv. þessu fylgir alllöng grg. Ekki verður gerð tilraun í þessum fáu orðum til þess að rekja hana að neinu marki. Ég vil þó aðeins benda á að ein rökin fyrir flutningi þessa frv. er að finna í grg., á þá leið, eins og sagt er þar, að frv. þetta byggist á því meginviðhorfi að beygt verði út af hinni röngu braut og til réttrar áttar, en þó með aðgát og varfærni sem nauðsynleg er eins og málum er nú komið o. s. frv.

Það verður því miður að segjast um hv. þm. Alþfl., að þeim er stundum gjarnt að benda á leið eða hina réttu leið, án þess að fara hana sjálfir. Og því hefur stundum viljað við bregða í málflutningi þeirra í vetur, að ályktanir þeirra og niðurstöður eru með nokkuð öðrum hætti en aðdragandi og rökstuðningur, enda er það svo að einn af framámönnum þeirra, hv. 2. landsk. þm., stóð upp áðan út af þessu frv., taldi hér aðeins verið að lækna sjúkdómseinkennin eða hluta þeirra án þess að kryfja orsakir eða ráðast að rótum vandamálsins. Hann benti m. ö. o. á að frv. þetta fæli í sér í mesta lagi skottulækningar, en ekki raunverulega lausn eða lækningu málsins. Á undanförnum árum hefur verið litið svo á, a. m. k. mjög almennt til sveita, að varla væri um annað að ræða en í mesta lagi einhvers konar skottulækningar á vandamálum landbúnaðarins af hendi hv. Alþfl.-þm. En sannarlega er þó virðingarvert að þeir reyna að gera grein fyrir þessum málum og hugsa þau á sína vísu.

Ég held að þetta frv., ef samþ. yrði, mundi ekki koma að miklu haldi og málið verði að skoðast í víðara sjónmáli.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. flutti fróðlega ræðu, benti m. a. á það, sem margir samþykkja og flestir vonandi, að bændum beri að tryggja sambærileg kjör við aðrar stéttir og að umr. þessi snerti allt þjóðfélagið og í raun og veru allar stéttir þess og atvinnuvegi. Þó horfið yrði að því að draga mikið úr framleiðslu landbúnaðarins og fækka bændum stórlega, þá þykir mörgum óréttlátt að slíkar byrðar verði látnar bitna á bændum einum.

Margir njóta góðs af framleiðslu landbúnaðarins og hafa gert á undanförnum árum, og á þeirri framleiðslu byggjast nú orðið heilar atvinnugreinar, ekki léttvægar í íslenskum þjóðarbúskap.

Hæstv. landbrh. fór um þetta mál nokkrum orðum í upphafi fundar og benti á að mál þetta væri fjölþætt. Ég er á sama máli og hann um þetta, og margir fleiri hafa talað í sömu átt. Mál þetta er mjög fjölþætt og viðamikið. Þetta er hagsmunamál í hæsta máta og viðurhlutamikið hvernig til tekst um lausn þess. Verður að skoða það allt að mínum dómi á miklu breiðari grundvelli en frv. þetta gerir ráð fyrir og skoða það frá öðrum sjónarhóli en hér er eingöngu byggt á. Þess vegna ætla ég á þessu stigi ekki að hafa orð mín fleiri, en lýsi yfir að ég er frv. andvígur.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði það satt, að nauðsyn ber til að þingflokkar nái höndum saman um skynsamlegar breytingar á þeirri stefnu sem fylgt hefur verið í landbúnaðarmálum að undanförnu og leitt hefur til þess ófremdarástands sem ég held að við hv. þm. Stefán Valgeirsson hljótum að vera sammála um. Hv. þm. óskaði sérstaklega eftir samstarfi við Alþfl. í því sambandi og skal ég fúslega verða við beiðni hans um að taka málið upp á vettvangi þingflokks Alþfl.

Hv. þm. nefndi Alþb. líka. Ég svara að vísu ekki fyrir það, en mér finnst stefnumótun Alþb. í landbúnaðarmálum hafa verið næsta einföld, þannig að hún rúmist í mjög stuttu og fáorðu frv., sem gæti heitið eitthvað á þá leið: Frv. til l. um neysluskyldu almennings á landbúnaðarafurðum. Það gæti hljóðað svo:

1. gr.: Hver þjóðfélagsþegn skal éta tvöfalt meira magn landbúnaðarafurða en hann gerir nú.

2. gr.: Til þess að svo megi verða skal sérhver þjóðfélagsþegn greiða í ríkissjóð upphæð jafnháa þeirri og hann nú greiðir fyrir landbúnaðarafurðir.

3. gr.: Upphæðin nú, sem ríkissjóður fær, sbr. 2. gr., skal varið til þess að lækka verð á landbúnaðarafurðum um helming frá því sem það er nú þannig að sérhver þjóðfélagsþegn geti étið tvöfalt meira magn landbúnaðarafurða frá því sem hann gerir nú við óbreyttu verði.

4. gr.: Þar sem hér er um verulega kjarabót að ræða fyrir almenna launþega skal lækka verðbætur í kaupi sem því nemur.

5. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þetta held ég að sé lýsingin á landbúnaðarstefnu Alþb. í hnotskurn. Hins vegar býst ég við að það verði harla erfitt fyrir Alþfl. að ná höndum saman við Alþb. um slíka stefnumörkun, og satt að segja vona ég að Framsfl. eigi ekki auðveldara með það en við. Það segir sig auðvitað sjálft, að reynslan hefur leitt í ljós, sem menn náttúrlega gátu vitað fyrir, að sú leið Alþb. að vanda landbúnaðarins væri hægt að leysa einfaldlega með því annaðhvort að lækka verð á landbúnaðarafurðum með því að leggja skatta á þjóðina sem síðan yrði varið í niðurgreiðslur, eða með því að hækka kaup til þess að fólk gæti aukið

landbúnaðarvöruneyslu sína, er firra sem á ekki við nein rök að styðjast. Vandi landbúnaðarins er miklu meiri en sá, að varan sé of dýr. Um það er að ræða að framleitt er of mikið í landinu af neysluvöru, miklu meira en þjóðin getur við tekið, og þá neysluvöru þarf að flytja út fyrir tilverknað framlaga úr ríkissjóði sem munu á yfirstandandi ári nálgast 6 milljarða kr., ef svo heldur fram sem horfir.

Það sem mér finnst ánægjulegast við þá umr., sem fram hefur farið um þetta frv. á þskj. 75, er það, að svo til hver einasti ræðumaður, sem hefur komið í ræðustól til þess að fjalla um þetta frv., hefur sérstaklega tekið það fram í ræðu sinni, að brýna nauðsyn bæri til þess að breyta stefnunni í landbúnaðarmálum og að í landbúnaði væri nú mikill vandi á höndum. Þetta er í fyrsta sinn, svo *langt aftur sem ég man, sem allir þm., sem um þessi mál* hafa rætt, hafa beinlínis viðurkennt að offramleiðslan í landbúnaði væri mjög alvarlegt vandamál sem yrði að taka á.

Ég man eftir því, það er ekki mjög langt síðan, að við Alþfl.-menn vorum svo til einir að kveða upp úr með það, að framleiðslustefnan í landbúnaði væri orðin vandamál. Þá var því haldið fram, m. a. af sumum sem hafa talað hér, að í þessum viðvörunum okkar Alþfl.-manna væri ekki fólgið neitt annað en ómakleg árás á bændastéttina, við vildum fækka í bændastéttinni, leggja heilar byggðir í eyði. Og þeir neituðu því fyrir ekki meira en 5—6 árum, hver einn og einasti sem um þessi mál talaði á Alþ., að í þessari framleiðslustefnu væri neinn vandi fólginn. Það gleðilega er, að nú koma þeir upp í ræðustól hver um annan þveran. Að vísu hafa þeir ekki fallist enn á þá stefnu sem við Alþfl.-menn höfum mælt fyrir varðandi málefni landbúnaðarins, en þeir viðurkenna hver um annan þveran að viðvaranir okkar séu réttar, að skilgreining okkar á vandanum sé rétt, að það sé ekki lengur eins og áður var haldið fram, að orð okkar Alþfl.-manna væru eingöngu sprottin af illum hvötum í garð bænda.

Þessi tíðindi eru í sjálfu sér ánægjuleg fyrir okkur Alþfl.-menn. En það er ekki ánægjulegt í þessu sambandi, hversu mikið þurfti á að ganga áður en menn sáu þetta. Það, sem á þurfti að ganga áður en menn sáu þetta og viðurkenndu, var einfaldlega að ef ekki er gripið til ráðstafana mjög fljótlega þá verður vandinn, sem framleiðslustefnan í landbúnaði hefur fætt af sér, svo þungur, ekki bara fyrir neytendur og ríkissjóð, heldur fyrir bændur sjálfa, að til landauðnar getur horft. Ég held að hver einn og einasti maður, sem um þetta mál hugsar, hafi núna einna mestar áhyggjur af því, hvaða afleiðingar sú stefna, sem fylgt hefur verið allt frá millistríðsárunum, hefur haft fyrir afkomu bændastéttarinnar og kjör þeirra. — [Frh.]

Umr. frestað.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, frv. (þskj. 274). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 274. er flutt stjfrv. um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Frv. þetta er liður í samkomulagi ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins um félagslegar umbætur sem taldar voru í aths. við frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem venjulega eru kenndar við 1. des. s. l. Hins vegar, eins og kemur fram í grg. með þessu frv., hefur þetta mál töluvert langan aðdraganda. Skal ég drepa á nokkra þætti þess undirbúnings.

Á Búnaðarþingi árið 1976 var lagt fram erindi frá Agnari Guðnasyni og Sigurði J. Líndal um forfallaþjónustu í landbúnaði. Afgreiddi Búnaðarþing það erindi með jákvæðri ályktun þar sem lagt var til að kjósa þriggja manna mþn. til að semja frv. til l. um vinnuaðstoð í sveitum og skila áliti fyrir Búnaðarþing árið eftir 1977. Í þá n. voru kjörnir Sigmundur Sigurðsson, Sigurður J. Líndal og Agnar Guðnason.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1976 var einnig samþ. ályktun sem ítrekar mikilvægi slíkrar þjónustu. Ákvað stjórn Stéttarsambandsins sama ár að tilnefna tvo menn til samstarfs við fyrrnefnda mþn. Voru þá tilnefndir Böðvar Pálsson og Jón Kr. Magnússon, báðir bændur.

Þessi n. samdi frv. til l. um vinnuaðstoð í sveitum í veikinda- og slysatilfellum, og var það frv. lagt fyrir Búnaðarþing 1977 ásamt grg. og var samþ. þar. Á Búnaðarþingi 1978 var frv. tekið til endurskoðunar og breytt lítillega og síðan sent landbrh.

Í þessu sambandi verður einnig að geta þess, að 1973 fól þáv. landbrh., Halldór E. Sigurðsson, þeim Gunnari Guðbjartssyni, formanni Stéttarsambands bænda, og Jónasi Jónssyni ritstjóra að semja frv. til l. um orlof bænda. Þeir gengu frá frv. um þetta efni sem var að verulegu leyti byggt á norskri fyrirmynd. Stéttarsamband bænda sendi frv. til umsagnar allra búnaðarsambanda í apríl 1973 með ósk um að málið yrði kynnt á kjörmannafundum það ár. Var óskað umsagna um málið. Þarna var um það að ræða hvort orlof yrði áfram inni í verðlagsgrundvelli eða tekið út úr honum og stofnaður orlofssjóður til að standa undir kostnaði við afleysingamenn vegna orlofs bænda og húsfreyja.

Það er skemmst frá því að segja, að þetta frv. fékk misjafnar undirtektir af þeirri ástæðu fyrst og fremst, að gert er ráð fyrir slíku orlofsfé inni í grundvellinum. Er það nú reiknað 8.33% á launaliði í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða. En því nefni ég þetta, að ég vil að það komi hér fram, að unnið hefur verið að þessum málum að hluta í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða forfallaþjónustu vegna slysa, veikinda og annarra forfalla og hins vegar um afleysingaþjónustu vegna orlofs.

Á árinu 1978 var enn skipuð n. af páv. landbrh. sem fékk það verkefni að taka þessi mál bæði fyrir og reyna að samræma þau. Í n. þá voru tilnefndir þeir Hjörtur E. Þórarinsson, Ólafur Andrésson og Leifur Kr. Jóhannesson. N. hefur síðan unnið að þessu máli.

Ég ákvað s. l. haust, að skynsamlegast mundi vera að flytja sérstaklega frv. til laga um forfallaþjónustu vegna slysa, veikinda og annarra forfalla, en láta orlofsmálin hins vegar bíða síðari tíma. Það er á margan máta töluvert viðameira og umdeildara, eins og fram hefur komið í því sem ég hef hér sagt.

Ég hygg að menn geti tekið undir það, að að öllu leyti er eðlilegt að bændur njóti slíkrar þjónustu sem geri þeim kleift að víkja frá búi sínu við slys og önnur forföll, og að því er stefnt með þessu frv. Hér er farið mjög að dæmi Norðmanna og Svía, þar sem slík forfallaþjónusta er fastur liður í landbúnaðarstarfinu og hefur þótt takast

með miklum ágætum og vera mikið réttindamál þeirra sem landbúnað stunda. Raunar má einnig segja að frá þjóðfélagslegu sjónarmiði sé æskilegt að þeir, sem veikir verða, geti horfið frá þessari mikilvægu framleiðslu. Mjög eru mismunandi hér á landi þau réttindi sem þjóðfélagsþegnar njóta í slíkum forföllum, allt frá því að vera full laun í aðeins tvo veikindadaga fyrir lausráðinn verkamann og hjá opinberum starfsmönnum 90—360 daga.

Með þessu frv. er lagt til að slíkri forfallaþjónustu verði komið á fót og skal ég nú fara örfáum orðum um aths. við einstakar greinar.

Það er grundvallaratriði í þessu frv. sem fram kemur í 1. og 2. gr., að Búnaðarfélagi Íslands er falið að hafa yfirumsjón með þessari þjónustu. Gert er ráð fyrir því að búnaðarsamböndin eingöngu setji á stofn slíka vinnuaðstöðu. Hins vegar er jafnframt gert ráð fyrir því, að aðalfundir búnaðarsambandanna taki ákvörðun um hvort og hvenær stofna skal til vinnuaðstoðar. Ljóst er að þetta tekur töluverðan tíma, varla minna en 3—4 ár og jafnvel lengri tíma að koma slíkri þjónustu á fót. Gert er ráð fyrir að tveir menn verði til afleysinga fyrir hver 150 heimili, og er þá miðað við þá reynslu sem fengin er erlendis af slíku. Miðað við þann fjölda bænda, sem í landinu er, mun þörf vera fyrir um 50—60 afleysingamenn, ef öll búnaðarsambönd ákveða að koma á stofn forfalla- og afleysingaþjónustu. Jafnframt getur verið eðlilegt í ýmsum tilvikum að skipta búnaðarsambandssvæði í fleiri en eitt þjónustusvæði, eins og hentugt getur verið á hverjum stað, og að einn afleysingamaður þjóni að hluta til tveimur sambandssvæðum. Einnig getur verið æskilegt að skipta fullu starfi á milli fleiri manna, þannig að það sé ekki fullt starf hjá hverjum. M. ö. o.: við erum þeirrar skoðunar, að þetta verði að vera sveigjanlegt og verulega í hendi búnaðarsambanda á hverjum stað miðað við aðstæður.

Gert er ráð fyrir að afleysingamenn hafi rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda og hafi hliðstæð laun og frjótæknar. Í frv. er lagt til að ríkissjóður leggi fram fé til að greiða föst mánaðarlaun starfsmanna forfalla- og afleysingaþjónustunnar í dagvinnu, en bændur greiði annan kostnað, sem sagt eftirvinnu og ferðakostnað. Jafnframt fá afleysingamenn frítt fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstímanum. Um þennan þátt hefur að sjálfsögðu verið mikið fjallað og er það dálítið breytilegt t. d. í þeim löndum sem ég hef áður nefnt. Sums staðar, eins og í Sviþjóð, greiðir hið opinbera ákveðna aðstoð miðað við gripafjölda á búi, en í Noregi ákveðinn hundraðshluta af heildarkostnaði. Skynsamlegast þótti að miða aðstoð hins opinbera við föst laun starfsmannsins, eins og ég hef nú rakið.

Ef gert er nú ráð fyrir því, að laun og launatengd gjöld nemi 3.1 millj. á ári fyrir hvern mann á núgildandi verðlagi, og jafnframt gert ráð fyrir því, að kostnaður við yfirstjórn starfseminnar verði á bilinu 2,5—5 millj. kr. á ári, verður heildarkostnaður ríkissjóðs, þegar starfsemin er komin í fullan gang, um 160—190 millj. kr. á ári miðað við núgildandi verðlag. En eins og ég sagði áðan er gert ráð fyrir að þetta náist ekki nema á allmörgum árum.

Í frv. er jafnframt lögð áhersla á að þeir, sem að slíkri þjónustu starfa, verði nýttir, ef ég má orða það svo, til ýmissa annarra starfa í þágu landbúnaðarins ef forfallaþjónustan gerir ekki kröfu til starfskrafta þeirra. Einnig er hér fjallað um starfsreynslu o. fl. sem þessir menn þurfa að hafa, því ljóst er að mjög er mikilvægt að slíkir menn, sem taka við búrekstri ýmiss konar í forföllum, hafi nauðsynlega reynslu og þeim sé vel treystandi fyrir slíku starfi.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um þetta frv. Um framkvæmdina verður að sjálfsögðu sett reglugerð, ef Alþingi fellst á frv., og að henni verður staðið í fullu samráði við samtök bænda.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til að frv. verði vísað til hv. landbn. að lokinni þessari umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Á Alþingi veturinn 1971—72 flutti ég ásamt þremur öðrum þm. Sjálfstfl. till. til þál. um orlof og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði. Tillgr. þeirrar þáltill. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela landbrh. að skipa n. til þess að semja frv. til l. um orlof sveitafólks og þjónustu staðgöngumanna í landbúnaði. N. skal skipuð í samráði við Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands. Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.“

Þessi þáltill. var afgr. á Alþ. hinn 18. maí 1972 nálega óbreytt. Aðeins var orðalagsbreyting, að í stað þess að n. skyldi falið að semja frv., þá skyldi n. falið að athuga um möguleika á lagasetningu, sem er smekksatriði um orðalag. Síðan eru bráðum liðin 7 ár og þetta mál hefur ekki komist fram.

Í grg. og umr. um þessa þáltill. var lögð áhersla á þá staðreynd, að hinar ýmsu stéttir þjóðfélagsins freistuðu þess eftir megni að tryggja sér síaukin félagsleg réttindi. Þær stéttir, sem yrðu útundan í þessu kapphlaupi, mættu búast við því, að erfitt yrði að fá ungt fólk til endurnýjunar í stéttinni. Svo er t. d. með bændastéttina, vegna þess að bændastéttin hafði ekki þá og hefur ekki enn þau félagslegu réttindi sem flestar stéttir þjóðfélagsins hafa, þ. e. rétt til orlofs og annarrar þjónustu sem geri slíkt mögulegt.

Ég hef harmað það nokkuð á undanförnum árum, að þetta mál skyldi ekki ná fram að ganga. Ég og við flm. þessarar till. á þinginu 1971—72 lögðum á það ríka áherslu, að þetta mál allt yrði unnið í nánu samráði við bændasamtökin, og í sjálfu sér get ég ekki kvartað undan því, að það hafi ekki verið gert, vegna þess að nefndir á vegum Búnaðarþings og bændasamtaka hafa hugað að þessu máli af og til á s. l. nærri 7 árum, eins og fram kom í máli hæstv. landbrh.

Mér þykir augljóst, ef bændastéttin og það fólk sem býr í sveitum og sinnir störfum sínum við æ meira fámenni, æ meiri bindingu við dagleg störf án tillits til helgidaga eða venjulegra frídaga í þjóðfélaginu, — ef þessi stétt manna fær ekki þau félagslegu réttindi sem a. m. k. launastéttunum í þjóðfélaginu eru búin, þá sé a. m. k. ekki hvetjandi fyrir unga fólkið að hasla sér völl innan þeirrar stéttar. Þess vegna vil ég taka það fram, að ég tel að þeir, sem vilja viðgang landbúnaðarins í landinu og huga að því, að það fólk, sem þar velst til starfa, fái svipuð réttindi og flestir aðrir landsmenn, hljóti að vilja styðja að því, að mál af þessum toga komist áfram.

Nú get ég sagt það, að ég hef ekki áttað mig út í hörgul á einstökum greinum þess frv. sem hér er til umr. um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Það stefnir þó væntanlega að því að taka á einum þættinum í því máli, sem ég flutti hér inn á Alþ. á þinginu 1971—72, og

stefnir í þá átt að tryggja nokkurn hluta þeirra félagslegu réttinda sem ég vildi þá beita mér fyrir að bændur og sveitafólk næði. Þess vegna lít ég á þetta mál allt með jákvæðu hugarfari. Ég tel þó að það þurfi að vinna áfram að því og ekki fresta því um of, að orlofsmál bænda komist í eðlilegt horf. Það fólk, sem ekki nýtur frídaga í daglegu starfi, hvorki sunnudaga né annarra helgidaga sem ákveðnir eru í þjóðfélaginu, hefur a. m. k. ekki síður þörf fyrir að geta tekið sér orlof tiltekinn tíma heldur en annað það fólk sem vinnur ekki nema fimm daga vinnuviku. Þess vegna er mér nokkuð mikið kappsmál að hugað verði að því að koma í framkvæmd þeirri ályktun sem samþ. var á Alþ. hinn 18. maí 1972. Ég hef enda stundum á undanförnum árum lagt fram fsp. á þingi til þess að ýta á eftir framkvæmd þeirrar þáltill., en ég hef ævinlega fengið þau svör, að þessi mál væru í höndum bændasamtakanna og væri verið að vinna að þeim. Ég sannast sagna vil láta það í ljós, að mér finnst sú vinna hafa gengið hægt, og harma það nokkuð, sem hæstv. landbrh. sagði áðan, að meginhluta þessa máls, þ. e. orlofsmálinu og því sem ég nefndi staðgöngumannakerfi, en hér er nefnt afleysingaþjónusta í sambandi við orlof sveitarfólks, skuli enn einu sinni hafa verið slegið á frest. Ég vil beina því til hæstv. ráðh., að hann hlutist til um að það mál verði ekki svæft svefninum langa, heldur verði að þessu máli unnið af fullum krafti, eins og segir í ályktun Alþ. frá 1972, í fullu samráði við Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands.

Ég skal ekkert segja frekar, hæstv. forseti, um það frv. sem hér er lagt fram. Ég vonast til þess að það nái þeim tilgangi sem það stefnir að um forfallaþjónustu í veikinda- eða slysatilfellum. Í raun og veru hefði ekki átt að þurfa einhverjar sérstakar ráðstafanir í sambandi við efnahags- og kjaramál til þess að koma slíku frv. fram. En það virðist þó hafa þurft, því að þetta er eitt af þeim málum sem samið var um í sambandi við lausn efnahagsvandans 1. des. Verður að segja, að það er næsta hlálegt um jafnsjálfsagt mál og tilgangur þessa máls er, án þess að ég taki efnislega afstöðu til einstakra gr. frv., skuli þurfa að semja það þegar verið er að gera út um sérstakar vandræðaráðstafanir í efnahagsmálum, — það er næsta hlálegt.

Ég skal svo ekki segja fleira um þetta frv., herra forseti. Ég vænti þess, að heildarmálið, orlofsmálið og sú afleysingaþjónusta eða þjónusta staðgöngumanna sem því þarf að fylgja, verði ekki látið sofa til langframa og þegar það verður tekið upp, þá verði þessi mál tengd saman í eitt, sem er eðlilegt, þó að ég út af fyrir sig fagni því, að sá litli hluti þessa máls, sem hér er nú borinn fram á Alþ., skuli þó loksins hafa komið fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 5. febr.

Málefni tengd varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Svar utanríkisráðherra við fyrirspurn Ólafs Björnssonar um málefni tengd varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, á þskj. 317, sent fyrirspyrjanda 5. febr.

Efni: Fyrirspurn til utanríkisráðherra um málefni tengd varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Fyrirspurn þessi er í þremur liðum, og fara skrifleg svör við þeim hér á eftir, eins og um var beðið.

Um lið 1.: Innflutningur á landbúnaðarvörum til varnarliðsins hefur eins og annar innflutningur til þess grundvallast m. a. á 3. lið í 8. gr. viðbætis við varnarsamninginn, en í upphafi hans segir svo: „Hervöld Bandaríkjanna mega flytja inn tollfrjálst útbúnað handa liði sínu og hæfilegt magn vista, birgða og annars varnings til nota fyrir liðsmenn eina og skyldulið þeirra svo og fyrir verktaka Bandaríkjanna og menn í þeirra þjónustu, sem eigi eru íslenskir þegnar.“

Allt frá því að varnarsamningurinn kom til framkvæmda með lögum nr. 110/1951 hefur varnarliðið flutt inn allar þær nauðsynjar, sem það hefur talið sig þurfa, þ. á m. landbúnaðarafurðir. Utanríkisráðuneytið hefur aldrei efast um að þessi innflutningur væri heimill lögum samkvæmt. Fyrir þá, sem vilja draga þetta í efa, má benda á, að þessi framkvæmd hefur staðið yfir í nærfellt 28 ár og gæti því þess vegna vel hafa unnið sér hefð.

Um lið 2, hvort skyldulið varnarliðsmanna sé undanþegið atvinnuleyfi og skattskyldu skal eftirfarandi tekið fram:

1. Í viðbæti um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra (sbr. lög nr. 110/1951) segir í 1. gr., að orðin „lið Bandaríkjanna“ taki yfir liðsmenn í herliði Bandaríkjanna, og starfslið, sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi, heldur dveljist þar vegna framkvæmda á samningi þessum.

Þeir aðilar, sem þessi grein tekur til, þurfa ekki atvinnuleyfi hér til starfa fyrir varnarliðið.

2. Í framangreindum viðbæti er oft rætt um „skyldulið liðsmanna á Íslandi“ og það talið hafa sömu réttindi og skyldur og liðsmennirnir eftir því sem við á.

Að því er tekur til atvinnuréttinda fyrir varnarliðið, þá má vitna í 1. tl. 7. gr., en þar segir svo: „Nú dvelst á Íslandi maður í liði Bandaríkjanna, maður í skylduliði slíks manns eða starfsmaður, sem ekki er íslenskur þegn, en ráðinn hefur verið til starfa vegna framkvæmda samkvæmt samningi þessum og er þar einungis vegna þess starfa, og skal þá slík dvöl um stundarsakir hvorki talin heimilisfang né búseta og skal ekki út af fyrir sig skapa honum skattskyldu á Íslandi, hvorki að því er varðar tekjur né eignir, sem hann aflar þar eða á þar vegna téðrar dvalar sinnar þar. Eigi skal heldur taka dánargjöld af búi slíks aðila.“

Hér er gert ráð fyrir að skyldulið geti haft tekjur á Íslandi vegna starfa fyrir varnarliðið, og í þann rúmlega aldarfjórðung, sem samningur þessi hefur verið í gildi, hefur aldrei verið krafist atvinnuleyfis af þessu fólki.

Um lið 3. Búseta varnarliðsmanna utan varnarsvæðisins hefur átt sér stað með leyfi íslenskra stjórnvalda. Varnarliðið hefur nú verið á Íslandi í 27 ár og hafa einstakar fjölskyldur varnarliðsmanna verið búsettar í mörgum bæjar- og sveitarfélögum á tímabilinu. Í samkomulagi milli Íslands og Bandaríkjanna varðandi varnarsamninginn frá 1951, sem gert var í október 1974, er svo hljóðandi ákvæði:

„Bandaríkin munu leitast við að byggja íbúðarhúsnæði innan hins umsamda svæðis, er nægi til að hýsa þær

fjölskyldur varnarliðsmanna, sem rétt eiga á slíku húsnæði."

Um 20 fjölskyldur munu nú búa utan varnarsvæðisins. Leiga fyrir húsnæði hefur alla tíð verið samkomulagsatriði milli leigusala og leigutaka. Fer það ekki milli mála, að miklar tekjur hafa orðið til í nágrannasveitarfélögum Keflavíkurflugvallar m. a. fyrir þessa búsetu.

Ekki er ljóst af fyrirspurninni á hvern hátt sveitarfélögin telja sig eiga endurkröfurétt vegna þjónustu við varnarliðsmenn, en augljóst má vera, að sé um skaðabótaábyrgð að ræða, beri íslensk stjórnvöld þá ábyrgð. Hins vegar er ekki stætt á því fyrir hið opinbera að játa umsvifalaust bótaskyldu eða semja um skaðabætur. Atbeini dómstóla verður til að koma. Ef sveitarfélög á Suðurnesjum hafa uppi kröfur um skaðabætur sýnist því eina raunhæfa leiðin að stefna utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu þessara bóta. Stjórnskipuleg rök eru ekki fyrir hendi til þess að skattleggja allan almenning til slíkrar greiðslu til sveitarfélaganna án dómsúrskurðar.

Sameinað þing, 47. fundur.

Þriðjudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Nafnlausar bankabækur, fsp. (þskj. 48).

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja grg. fyrir þessari fsp. Hún var borin fram í haust. Tilgangurinn er að reyna að fá varpað örlitlum ljósgeisla inn í það sem nefnt hefur verið myrkviði íslenskra fjármála, ef unnt væri. Það hefur dregist að fá svar við þessari fyrirspurn. Ráðh. sagði okkur á sínum tíma að ástæðan væri sú, að erfiðlega gengi að ná upplýsingunum saman. Í dagblöðunum greindu bankastjórar hins vegar frá því, að nafnlausar bankabækur væru ákaflega fáar, allt að því, fannst manni á ummælum þeirra, átakanlega fáar og sárgrætilega lítið fé væri geymt á slíkum bókum.

Ég er ráðh. þakklátur fyrir að hafa haldið áfram að nudda í bankastjórunum um að fá upplýsingar, sem nægðu í svar við þessari fsp. minni, og vænti þess, að við fáum þá úr því skorið nú, hversu margar þessar nafnlausu bankabækur séu, hversu mikið fé sé í slíkum bankabókum geymt, og e. t. v. kynnum við þá að geta dregið skynsamlegar ályktanir af niðurstöðu þessarar athugunar.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þegar fyrirspurn hv. 4. þm. Norðurl. e. var lögð fram kom ég henni tafarlaust á framfæri við Bankaeftirlitið, og þá kom í ljós að ekki hafði á vegum Bankaeftirlitsins farið fram könnun á þessum nafnlausu bankabókum nema í mjög takmörkuðum mæli. Þær höfðu verið taldar í tveimur aðalbönkum ríkisbankanna, en að öðru leyti hafði ekki farið fram sérstök könnun á þessum bókum. Með bréfi, dags. 5. des. s. l., fól viðskrn. því bankaeftirliti Seðlabankans að kanna þetta mál sérstaklega.

Í svari Bankaeftirlitsins kemur eftirfarandi fram:

„Bankaeftirlitið sendi öllum innlánsstofnunum, bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga bréf, dags. 18. des. s. l., þar sem farið var fram á að gefnar væru upplýsingar um fjölda og heildarinnistæður á sparisjóðsbókum sem ekki væru skráðar á persónuleg nöfn eða önnur nöfn sem telja mætti rétt nöfn lögaðila. Upplýsinganna var óskað miðað við innstæður bókanna 30. nóv. s. l.

Svör bárust frá öllum innlánsstofnunum. Fjöldi sparisjóðsbóka með þessum hætti reyndist vera 7917 talsins með heildarinnistæðum samtals 2799 millj. kr. Heildarinnistæður á sparisjóðsbókum hjá bönkum og sparisjóðum námu samtals 63.5 milljörðum kr. 30. nóv. s. l. Upplýsingar um heildarinnistæður í innlánsdeildum samvinnufélaga 30. nóv. eru ekki fyrir hendi, en innistæður þar pr. 30. sept. s. l. námu samtals 3.1 milljarði kr. Sé miðað við heildarinnstæður á sparisjóðsbókum hjá bönkum og sparisjóðum pr. 30. nóv. og innlánsdeildum samvinnufélaga 30. sept. er hlutfall ónafnskráðra innistæðna 30. nóv. 4.2% af öllum innistæðum. Sé miðað við heildarinnistæður, velti- og spariinnlán, þar með taldir vaxtaaukainnlánsreikningar og innlendir gjaldeyrisreikningar, sem námu hjá sömu aðilum miðað við sama tíma samtals 130 milljörðum 715 millj. kr., er hlutfall ónafnskráðra innstæðna 2.1%."

Í svari Bankaeftirlitsins til viðskrn. segir enn fremur:

„Bankaeftirlitið vill taka fram, að upplýsingar eru byggðar á könnun sem framkvæmd var af hálfu starfsmanna viðkomandi innlánsstofnunar. Starfsmenn Bankaeftirlitsins hafa ekki framkvæmt heildarathugun á fjölda og innstæðum ónafnskráðra sparisjóðsbóka hjá innlánsstofnunum. Hins vegar hafa verið framkvæmdar slíkar athuganir hjá einstaka banka og sparisjóði á undanförnum árum. Samanburður þeirra athugana við könnunina nú staðfestir framangreinda niðurstöðu."

Í framhaldi af þessari fyrirspurn hv. 4. þm. Norðurl. e. kannaði ég það, hversu háttað væri heimildum um þessar bækur. Ég held að ég lesi kafla úr lögfræðilegri grg., sem ég hef látið taka saman um þetta mál, og reyni að hafa þetta eins stutt og mögulegt er.

Í þessari grg. kemur fram, að í lögum um viðskiptabankana sjö er ekki að finna ákvæði er lúta sérstaklega að nafnskráningu sparisjóðsinnstæðna. Í reglugerðum bankanna eru mismunandi orðuð ákvæði um móttöku sparifjár á sparisjóðsbækur. Í engri þeirra er kveðið á um skyldu til nafnskráningar, en í reglugerð fyrir Landsbankann og Iðnaðarbankann eru samhljóða ákvæði, sem hljóða svo: „Sparisjóðsinnstæður skulu að jafnaði bera nafn eiganda þeirra, en heimilt er einnig að auðkenna þær eða að þær séu nafnlausar án einkenna." Það eitt, að heimildin til að leggja fé inn á ónafnskráða eða ekki auðkennda reikninga er svo afdráttarlaus í fyrrgreindum reglugerðarákvæðum, er nægilegt til að viðurkenna sams konar fyrirkomulag hjá öðrum bönkum að mati Bankaeftirlitsins. Þessi reglugerð, sem hér um ræðir og er eina tilvikið þar sem í reglum eða lögum er heimild til ónafnskráðra bóka, var sett árið 1962 um Landsbanka Íslands og árið 1975 um Iðnaðarbanka Íslands.

Í öðrum reglum og lögum er engar sérstakar heimildir að finna í þessum efnum, og ég hef kannað lauslega hvort hugsanlegt væri að banna þessa ónafnskráðu reikninga með einfaldri reglugerð án lagabreytingar. Í fljótu bragði sýnist mér að svo sé. Hins vegar hafa þessar ónafnskráðu bækur og þessir ónafnskráðu reikningar tíðkast um mjög langt árabil eða svo lengi sem elstu menn muna í þessu

kerfi, og þess vegna er talið mjög mikilvægt að mati þeirra, sem hafa forsjá bankamála, að sett verði í lög afdráttarlaust ákvæði sem bannar ónafnskráða reikninga.

Ætlun núv. ríkisstj. var sú, að á þessu þingi yrði lagt fram frv. um bankamál. Hvort sem tekst að afgreiða það frv. hér eða ekki er ljóst að í þessum efnum, að því er varðar ónafnskráðar innistæður, er um að ræða meinsemd sem verður að taka á. Fari svo að Alþ. það, sem nú situr, afgreiði ekki nein ákvæði í þessa veru sem ég gat hér um, þá er sá möguleiki eftir að sett verði reglugerð sem taki þarna af öll tvímæli og banni þessar bækur.

Í skjóli nafnleysisins þrífst margs konar gróður, margs konar illgresi í þessu þjóðfélagi. Fyrir utan nafnlausar bankabækur, sem eru kannske saklausari hlutinn af þessu öllu saman, er um að ræða margvíslega aðra þætti sem þarna þarf að taka á, almenna bankaleynd og fleira.

Ég vil einnig láta þess getið, herra forseti, áður en ég vík úr þessum ræðustól, að ég hef farið þess á leit við Seðlabankann, að hann tilnefni menn í n. ásamt viðskrn. til þess að semja frv. að lögum um skuldabréf hér á landi. Slík lög hafa ekki verið til og ég tel að í slíkum lögum, ef sett yrðu, ætti einnig að koma í veg fyrir það, að menn gætu iðkað viðskipti með svokölluðum nafnlausum handhafaskuldabréfum.

Ég vænti þess, að fyrirspurninni sé svarað.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég held að það sé almennt viðurkennt af þeim, sem fara með bankamál og peningamál hér á landi, að eitthvert ódýrasta veltufé þjóðarinnar sé sparifjáreign almennings. Menn hafa almennt haft af því áhyggjur, að sparifjársöfnun landsmanna hafi verið allt of hæg undanfarin ár, og hafa nefnt tölur í því sambandi, að það vanti mikið á að eðlileg sparifjármyndun sé hjá þjóðinni og kenna aðallega verðbólgunni.

Hv. frsm. eða flm. þessarar fyrirspurnar taldi að í sambandi við þessar nafnlausu bækur, sem tíðkast hafa í bönkunum, væri tilgangur fyrirspurnar hans að varpa einhverri ljósglætu í myrkviði íslenskra fjármála, eins og hann orðaði það. Það er nú svo með þessar handhafabækur eða nafnlausu bækur, að þær sæta lélegustu vaxtakjörum sem til eru í bankakerfinu. Þær bera lélegustu vaxtakjörin. Ofan á þetta er eigandinn auðvitað ofurseldur verðbólgubálinu. Nú er mér spurn, með tilliti til þeirra orða sem ég hef haft um þetta: Er ekki sá aðili, sem að mínu mati er svo heimskur að hann vilji, miðað við ríkjandi aðstæður í okkar þjóðfélagi, láta geyma fé á þennan máta fyrir ekki meiri umbun og takandi á sig þá ábyrgð sem fylgir því að þetta sparifé hans rýrnar svo mjög, eins og verðbólguhraðinn í þessu þjóðfélagi ber vitni um, — er hann ekki búinn að borga keisaranum það sem keisarans er? Og er það þá nokkur skaði af þjóðfélagsins hálfu, er ekki þessi maður búinn að borga fullan skatt?

Ég verð nú að segja það, með tilliti til þess sem ég sagði í upphafi máls míns, að ef við lítum á sparifjársöfnun almennings sem nauðsynlega til þess að geta útvegað þjóðinni rekstrarfé á sem hagkvæmastan hátt, þá mundi ég telja að ástæða væri fyrir löggjafann að gera það aðlaðandi fyrir almenning að leggja inn fé í innlánsstofnanir gegn lítilli umbun en þá um leið tryggja að það væri ekki verið að eltast við það frá einum eða öðrum skattyfirvöldum eða hverju nafni sem þið kallið það. Ég held að það sé búið að borga fullan skatt af þessu fé.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að þakka hæstv. ráðh. kærlega fyrir skýr og góð svör. Gjarnan vildi ég bíða nokkrar vikur hverju sinni eftir svari við fsp. upp á þau býti að fá svörin jafnljós og ég fékk nú við þessari fsp. minni.

Hér hefur það komið fram, að um er að ræða upphæðir sem eru öllu meiri samkv. mínu mati heldur en sá skítur á priki sem bankastjórar töldu í blaðaviðtölum og öðru sem þeir létu eftir sér hafa fyrir jólin í vetur að hér væri um að ræða. Hér er sannarlega um að ræða fundið fé. Ef svo er sem hv. síðasti ræðumaður, Jón G. Sólnes, gaf í skyn, að þetta muni fyrst og fremst vera skattsvikið fé, þá eigum við þarna opna innheimtuleið til að ná í fé sem við hefðum ærið við að gera nú. Ef meðferð bankanna á hinum fávísu fjármálamönnum er slík sem hv. þm. Jón G. Sólnes lýsti áðan, að þeir hefðu af þeim þarna vexti og hefðu þessa fjármuni á verðbólgubáli og veittu ekki eigendum þessa fjár hæfilegar og sjálfsagðar upplýsingar um það, hvernig varðveita beri fé, þá er þar um að ræða vítavert athæfi af hálfu bankanna.

Ég er ekki að halda því fram, að hér sé um að ræða illa fengið fé, síður en svo. Ég er efins um að öllu þessu fé hafi verið stungið undan skatti, einhverju sennilega. En ég staðhæfi aftur á móti, að þessi meðferð, þessi aðferð til þess að laða fólk til þess að geyma sparifé er óhæfileg. Nafnleyndin í sambandi við þetta geysilega fjármagn er fyrir neðan allar hellur og til þess fallin að vekja tortryggni. Og síðast, en ekki síst: þessi aðferð er til þess fallin að auðvelda mönnum, á hvaða greindarstigi sem þeir svo kunna að vera, að stela fé undan skatti og að fela e. t. v. illa fengið fé, hvernig svo sem meiri hlutinn af því fé, sem hér um ræðir, sem nemur hvorki meira né minna en 3 milljörðum kr., er til kominn. Ég óska eindregið eftir því, að kveðið verði á um það með lögum að þessi aðferð við varðveislu sparifjár verði ekki heimil framvegis.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Ég vil leiðrétta það, að ég gaf ekkert tilefni til þess í ummælum þeim sem ég hafði fyrir máli mínu, að fé, sem er safnað á þessar nafnlausu bækur, væri að mínu mati allt saman skattsvikið. Það er mesti misskilningur. Af eigin reynslu og þekkingu af starfi mínu í banka veit ég að það eru ákaflega margar ástæður fyrir því, að þessar nafnlausu bækur eða þessar handhafabækur eru til. Það eru ýmsir klúbbar, það eru ýmsir sérvitringar og það er ýmislegt sem þar kemur til greina. Ég fullyrði að þarna er ekki mikið fé sem mundi færast undir það sem hv. fyrirspyrjandi kallar skattsvik.

Hitt er svo annað mál og ég ætla enn að ítreka það, að menn hafa áhyggjur af því, að sparnaður almennings sé minni en hann ætti að vera. Ég vil í því sambandi fullyrða að það er mjög ríkt eðlishvöt hjá íslensku þjóðinni og hjá almenningi almennt að eiga svolítið fé í handraðanum. En einnig er mjög ríkjandi sú skoðun meðal almennings, að hann vill hafa fullan trúnað milli þess, sem á féð, og þeirrar stofnunar, sem geymir það. Ég get til sönnunar máli mínu bent á það, að þegar ég var starfsmaður í banka, þá var það ákaflega oft að fólk bara út af þessu óskaði eftir því, að forstöðumaður stofnunar geymdi bækurnar. Það vildi ekki einu sinni koma sjálft í af-

greiðslu bankans þó að bækur væru nafnskráðar. Það vildi ekki koma sjálft og láta sjá sig í banka til að láta færa inn vexti eða annað. Þetta er bara sérviska sem hver og einn hefur og verður að hafa leyfi til að hafa.

Ég verð að segja það og skal enda orð mín með því, að ef þjóðfélagið í heild vill ekki meta starfsemi sem því er jafnmikil lífsnauðsyn og það, að heilbrigð sparifjármyndun sé meðal almennings til þess að standa undir nauðsynlegu rekstrarfé handa atvinnuvegum þjóðarinnar, — ef þjóðin ekki vill meta það að neinu á þann veg að gera sparnað eitthvað aðlaðandi, frekar en hafa eitthvert ofsóknarráð, þá erum við á rangri leið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Mér er ekki ljóst hvernig þessi könnun hefur farið fram í öllu bankakerfinu, en ég vil taka undir það sem hv. þm. Jón Sólnes sagði áðan, en kom e. t. v. ekki nógu greinilega fram, að þarna er um að ræða t. d. alls konar félagsskap. Það t. d. kemur þarna, að allir fullnaðarprófsbekkir í landinu eru með svona bækur. Það eru saumaklúbbar, það eru ferðaklúbbar. Ég veit að þegar þessi könnun fór fram í sumum bönkunum, þá var þetta allt talið með, en ég veit ekki um það í öðrum. Síðan vil ég benda á það sem ég hef líka orðið var við, að það er töluvert af gömlu fólki sem vill ekki láta ættingja sína vita af því, að það á smáupphæðir í bankabók, vegna þess að það er hrætt um að fá ekki frið með það fyrir þeim. Ég hef hitt á einum 2-3 árum eina 6-8 sem hafa komið til mín og tjáð mér þetta. Það eru því ýmsar aðrar ástæður fyrir því, að menn hafa þetta sparifé nafnlaust, heldur en að það sé verið að leyna því í raun og veru fyrir skattyfirvöldum. Mér finnst rétt að þetta komi fram.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ekki dreg ég í efa eftir þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, skilning og velvilja hv. tveggja þm. Norðurl. e. á hagsmunum ýmissa aðila í þjóðfélaginu, saumaklúbba, sérvitringa, fullnaðarprófsbekkja, að ég ekki tali um þann skilning sem hér kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni á vandamálum ættarsamfélagsins á Íslandi, þar sem menn telja sér nauðsynlegt að fela innistæður sínar í banka fyrir frændum sínum og frænkum til þess að verða ekki fyrir ofsóknum. Málið horfir nú ekki þannig við, að ætlunin sé að fara að ofsækja ættingjana, fullnaðarprófsbekkina, saumaklúbbana, sérvitringana, ferðahópana. Hérna er um óskaplega einfalt atriði að ræða, öryggisatriði.

Röksemdir fyrir þessari skoðun eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða verulegt öryggisatriði í rekstri innlánsstofnana og hins vegar örugga réttargæslu í þjóðfélaginu sjálfu. Sé innlánsreikningur ekki nafnskráður eiga endurskoðendur banka þess ekki kost að hafa samband við innistæðueiganda, til staðfestingar á því, að skráð innistæða í bókhaldi bankans komi heim við þá upphæð sem innistæðueigandinn telur sig eiga á reikningi sínum. Hér er um afar þýðingarmikla endurskoðunaraðferð að ræða, sem beitt er í hæfilegum mæli við bankaendurskoðun í nágrannalöndum okkar. Einnig má benda á í þessu sambandi, að hætt er við að ónafnskráðum reikningum fylgi tilslökun á nauðsynlegum formsatriðum við innborganir og útborganir, en því getur fylgt veruleg áhætta fyrir bankann sem slíkan.

Varðandi almenn réttargæslusjónarmið skal bent á það, að tilvist ónafnskráðra bankareikninga gerir skattayfirvöldum erfiðara um vik við skattrannsóknir sem eru ákaflega mikilvægt atriði. Einnig má nefna þá hættu sem á því er, að ónafnskráð bankainnistæða komi ekki fram við hugsanleg skipti á búi reikningseigandans, t. d. við gjaldþrotaskipti eða skipti á dánarbúi.

Það voru þessi öryggis- og réttarsjónarmið sem réðu úrslitum um þá afstöðu mína, sem ég greindi frá áðan, að þetta ætti að stöðva. Það var engin tilhneiging til þess að ofsækja saumaklúbba, ferðafélög eða ættingja nokkurs viðstadds hv. þm.

Störf nefndar um framleiðslu- og þjónustustarfsemi hins opinbera, fsp. (þskj. 58). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Hinn 30. mars 1977 skipaði Matthías Á. Mathiesen þáv. hæstv. fjmrh. n. til að meta hvort ýmissi framleiðslu- og þjónustustarfsemi, sem hið opinbera hefur með höndum, sé betur fyrir komið hjá einstaklingum eða samtökum þeirra og jafnframt hvort aðild ríkisins að atvinnustarfsemi í landinu í samkeppni við einkaaðila sé æskileg. Í n. voru skipuð Árni Vilhjálmsson prófessor, sem var formaður hennar, Gísli Blöndal hagsýslustjóri, Guðríður Elíasdóttir formaður verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði, Ingi Tryggvason fyrrv. alþm., sem átti sæti í fjvn., Ólafur Sverrisson kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga, Steinþór Gestsson fyrrv. alþm., sem einnig átti sæti í fjvn., og Víglundur Þorsteinsson forstjóri í Reykjavík. Hinn 1. sept. 1978 tók Brynjólfur Sigurðsson, settur hagsýslustjóri, sæti Gísla Blöndal í nefndinni.

Eins og sjá má af þessari upptalningu átti sæti í þessari n. fólk úr mismunandi stéttum og með mismunandi stjórnmálaskoðanir. N. hefur þegar skilað niðurstöðum kannana á 5 aðilum: Landssmiðjunni, Siglósíld, Ferðaskrifstofu ríkisins, Bifreiðaeftirlitinu og Slippstöðinni á Akureyri. N. varð sammála um niðurstöður í öllum greinum nema varðandi Slippstöðina á Akureyri.

Hinn 19. des. 1977 skilaði n. áliti um Landssmiðjuna og Siglósíld. Í bréfi til ráðh. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginniðurstaða n. um Landssmiðju er sú, að sem ríkisfyrirtæki skuli hún lögð niður og þeir fjármunir fyrirtækisins, sem ríkið kýs ekki að nota til annarrar starfsemi, verði seldir.

Um Siglósíld er meginniðurstaða n. sú, að gerðar verði ráðstafanir til þess að selja fyrirtækið, t. d. með þeim hætti að hrein eign fyrirtækisins yrði seld aðilum, sem stofnuðu félag til að kaupa og reka fyrirtækið, eða með þeim hætti, að ríkið stofnaði fyrst hlutafélag um rekstrurinn og seldi að því búnu meiri hlutann aðilum sem vildu standa saman að rekstrinum."

31. maí 1978 skilaði n. samhljóða áliti og niðurstöðum um Ferðaskrifstofu ríkisins. Í bréfi til ráðh. kemur fram sú meginniðurstaða, að vinna beri að því að starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins verði komið úr umsjá ríkisins. Í álitinu kemur fram að fyrirgreiðslu við ríkisstarfsmenn megi koma fyrir hjá annarri ríkisstofnun. Enn fremur segir orðrétt í áliti n., með leyfi forseta:

„Sá þáttur í starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins, sem er vísir að miðlun gistihúsnæðis, gæti orðið verkefni sérstakrar bókunarmiðstöðvar. Slík miðstöð yrði væntanlega byggð upp með þátttöku þeirra hagsmunaaðila sem áhuga hefðu á samstarfi. Hið sama fyrirtæki gæti jafn-

framt annast þá kynningu á heildarframboði skipulagðra ferða sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur staðið að. Þeim hluta af starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins, sem er fólginn í eigin hópferðum og rekstri Edduhótela, ætti að vera hægt að koma í hendur einkaaðila. Virðist n. helst koma til greina sá háttur, að ríkið stofnaði hlutafélag um þennan rekstur og byði hlutabréf til kaups þeim aðilum sem sýnt hafa ferðamálum áhuga og/eða hlotið þjálfun á því sviði, svo sem starfsfólki fyrirtækisins, þeim ferðaskrifstofum, sem hafa annast þjónustu við erlenda ferðamenn, og forráðamönnum gistihúsa. Yrði það verkefni samgrn. að annast undirbúning þessara aðgerða. Vegna þeirra öryggissjónarmiða, sem getið hefur verið, mundi ríkið þá fyrst losa sig til fulls við eignarhluta sinn þegar sýnt þætti, að reksturinn gengi eins og til er ætlast."

Hinn 24. okt. s. l. sendi síðan n. frá sér tvö álit: annars vegar um Bifreiðaeftirlitið og hins vegar um Slippstöðina á Akureyri. Um Bifreiðaeftirlitið skilaði n. samhljóða niðurstöðu og í bréfi til ráðh. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nefndin færir þrjár ástæður fyrir þessu áliti.

Í fyrsta lagi er byggt á niðurstöðum samanburðar á vissum kostnaðarliðum þeirra tveggja hátta um fyrirkomulag sem um er að velja, enda er miðað við að skoðun ökutækja verði í framtíðinni mun rækilegri en tíðkast hefur. Þeir aðilar, sem látið hafa í té umsögn um þetta atriði, Hannarr sf. og Bílgreinasambandið, eru að vísu ekki á eitt sáttir um þennan kostnað. Í frumáætlun sinni telur Hannarr sf. þennan kostnað vera óbreyttu kerfi í vil um a. m. k. 40 millj. kr. á ári. Bílgreinasambandið nefnir ekki tölur í sinni umsögn um áætlun Hannars sf., en í áliti þess felst rökstudd niðurstaða um að þessi kostnaður yrði hærri við óbreytt fyrirkomulag.

Í öðru lagi mundi skoðun hjá verkstæðum valda eigendum ökutækja minni fyrirhöfn heldur en áframhaldandi skoðun hjá Bifreiðaeftirlitinu. Í þessu felst sparnaðarmöguleiki sem mundi að áliti n. verða meiri en sá kostnaðarauki sem annar umsagnaraðilinn, Hannar sf., hefur komist að niðurstöðu um og áður hefur verið getið.

Í þriðja lagi höfðar n. til eindreginna óska þeirra neytendasamtaka, sem málið er skyldast, þ. e. a. s. Félags ísl. bifreiðaeigenda, um breytingu á fyrirkomulagi skoðunar."

Eins og ég sagði í upphafi var n. klofin í afstöðu sinni til sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Slippstöðinni hf. á Akureyri. Meiri hl. n. komst að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að gerðar verði ráðstafanir til þess að ríkið selji sinn hlut, en minni hl., þeir Ingi Tryggvason og Ólafur Sverrisson, taldi ekki rétt, að ríkissjóður seldi hlutabréf sín í fyrirtækinu. Í ítarlegri skýrslu, sem send var ráðh. hinn 24. okt. 1978, er álit n. rökstutt rækilega.

Herra forseti. Í naumt skömmtuðum fyrirspurnatíma gefst ekki tækifæri til að fjalla um þetta mál með þeim hætti sem æskilegt hefði verið. Að mínu áliti hefur n. unnið ágætt starf og er enn að störfum, eftir því sem ég best veit. Hins vegar hefur minna borið á kynningu á niðurstöðu n. og enn síður hefur örlað á stefnumótun stjórnvalda í þessum efnum. Það er af þeim ástæðum sem ég hef lagt fram eftirfarandi tvær fsp. til hæstv. fjmrh. á þskj. 58:

„1. Hvernig hyggst rn. kynna þær niðurstöður, sem n. sú, sem skipuð var hinn 30. mars 1977, hefur nú þegar lagt fram um Landssmiðjuna, Siglósíld, Ferðaskrifstofu ríkisins, Bifreiðaeftirlitið og Slippstöðina á Akureyri?

2. Mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að till. n. nái fram að ganga?"

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hinn 30. mars 1977 skipaði þáv. fjmrh. n. til að meta hvort ýmissi framleiðslu- og þjónustustarfsemi, sem hið opinbera hefur með höndum, sé betur fyrir komið hjá einstaklingum eða samtökum þeirra og jafnframt hvort aðild ríkisins að atvinnustarfsemi í landinu í samkeppni við einkaaðila sé æskileg. Í n. voru skipuð Árni Vilhjálmsson, formaður, Gísli Blöndal, Guðríður Elíasdóttir, Ingi Tryggvason, Ólafur Sverrisson, Steinþór Gestsson og Víglundur Þorsteinsson. Hinn 1. sept. 1978 tók Brynjólfur Sigurðsson sæti Gísla Blöndal í nefndinni.

N. skilaði í des. 1977 skýrslu um Landssmiðju og Siglósíld. Meginniðurstaða n. um Landssmiðju er sú, að sem ríkisfyrirtæki skuli hún lögð niður og þeir fjármunir fyrirtækisins, sem ríkið kýs ekki að nota til annarrar starfsemi, verði seldir.

Um Siglósíld er meginniðurstaða n. sú, að gerðar verði ráðstafanir til þess að selja fyrirtækið, t. d. með þeim hætti, að hrein eign fyrirtækisins yrði seld aðilum sem stofnuðu félag til að kaupa og reka fyrirtækið, eða með þeim hætti, að ríkið stofnaði fyrst hlutafélag um reksturinn og seldi að því búnu meirihlutaaðilum, sem vildu standa saman að rekstrinum.

Í maímánuði s. l. skilaði n. skýrslu um Ferðaskrifstofu ríkisins og í okt. um Bifreiðaeftirlit ríkisins og Slippstöðina á Akureyri. Þessar þrjár skýrslur hafa ekki enn verið birtar opinberlega.

Skýrslur um Landssmiðjuna og Siglósíld voru sendar þm. eftir að þær höfðu verið lagðar fyrir ríkisstj. Enn fremur var skýrslunum dreift til fjölmiðla. Skýrsla um Ferðaskrifstofu ríkisins var send til fyrrv. ríkisstj., en hefur ekki verið send til þm. eða fjölmiðla. Skýrsla um Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur verið send til núv. ríkisstj., en hefur ekki verið send til þm. eða fjölmiðla. Og seinasta skýrslan, um Slippstöðina á Akureyri, hefur ekki verið lögð fyrir ríkisstj. enn þá.

Að lokinni umfjöllun ríkisstj. verður fyrst tímabært að kynna niðurstöður skýrslnanna, sem hafa ekki verið birtar nú þegar, og viðhorf ríkisstj. til þessara mála. Almennt vil ég segja það, að ég er andvígur því að þenja ríkisbáknið meira út en þegar hefur verið gert. Þarf frekar að hagræða og draga úr kostnaði. Þessar skýrslur eru ítarlegar og n. hefur unnið ágætt verk, það eru margþættar upplýsingar sem koma fram í þessum skýrslum, þó að skoðanir kunni að vera skiptar um þær niðurstöður sem koma fram í þessum skýrslum. En ég tel nauðsynlegt að þær verði athugaðar vandlega og um þær fjallað, og væntanlega verða hv. þm. sendar mjög bráðlega þær skýrslur sem ekki hafa þegar verið sendar þeim.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf við þessum fsp. mínum, svo langt sem þau náðu að sjálfsögðu, því að eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. hefur enn engin ákvörðun verið tekin um það, hvað gera skuli við þær niðurstöður sem þegar hafa fengist. Hins vegar finnst mér ástæða til þess að benda á og fagna viðhorfum hæstv. ráðh. til málsins.

Ég vek enn fremur athygli á því, að ríkisvaldið hefur í raun enga stefnu gagnvart þeim félögum sem ríkið á

aðild að, annaðhvort með sameignarfélagsforminu eða þá hlutafélagsforminu. Þótt ríkisvaldið hafi þar menn í stjórn, þá virðast þeir yfirleitt ekki fá nein erindisbréf og ekki virðist vera fylgt neinni ákveðinni stefnu í þeim efnum. Ég minnist á þetta hér vegna þess að kominn er tími til þess að það sé meiri hreyfanleiki í stjórn ríkisins á eignum sínum, og kemur vissulega til greina að losað verði um þessar eignir, þær seldar einstaklingum og síðan verði fjármunirnir notaðir til þess að leggja í áhættufé til nýrra atvinnutækifæra. Nefni ég þá sérstaklega iðnaðinn, meðalstór fyrirtæki í iðnaði, þar sem mikill fjármagnsskortur er fyrir hendi.

Það er að mínu viti grundvallaratriði, að ríkið sé ekki að vasast í atvinnurekstri, ef hægt er að koma honum fyrir hjá einstaklingum og samtökum þeirra. Annars er hætta á of mikilli miðstýringu og bákni þar sem skilvirknin minnkar óðum og engin leið er til að meta raunverulegt verðmæti framleiðslunnar, hvað þá verðmæti fyrirtækjanna sjálfra. Alveg sérstaklega er það út í bláinn að ríkið sé að fást við atvinnurekstur í samkeppni við einkaaðila.

Það er afar mikilvægt í augum þeirra manna, sem vilja í raun valddreifingu, að hagvaldinu sé dreift, ákvörðunarvaldið sé hjá þeim sem best þekkja aðstæður og verða að lifa eftir ákvörðunum. Þess vegna eru það engin rök fyrir ríkisrekstri, að fyrirtækjum í eigu ríkisins sé vel stjórnað eða þau gefi arð, þótt það sé í sjálfu sér mikilvægt atriði. Grundvallaratriðið er að þrengja verkefni ríkisins og byggja sem mest á sjálfstæðum atvinnurekstri frjálshuga og ábyrgra einstaklinga sem hafa kjark, þor og þekkingu til að takast á við ný verkefni og skapa í landinu ný atvinnutækifæri. Mér virðist koma til greina, ef um áframhaldandi störf þessarar n. verður að ræða, að benda á fyrirtæki sem gjarnan mætti taka fyrir. Þá á ég við fyrirtæki eins og Ríkisútgáfu námsbóka, Gutenberg, Síldarverksmiðjur ríkisins og Skipaútgerð ríkisins, svo að nefnd séu nokkur fyrirtæki.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að leggja hér nokkur orð í belg út af því máli sem hér er til umr.

Sú n., sem hér hefur verið talað um að skilað hafi áliti um nokkur ríkisfyrirtæki, var skipuð af fyrrv. ríkisstj., líklega á árinu 1976, og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir þeim skýrslum sem hún hefur lagt fram og ýmist eru opinberar eða hefur verið skilað til ríkisstj. Ég vil að það komi hér mjög ákveðið fram af minni hálfu, að ég tel að störf þessarar n. hafi verið á margan hátt óeðlileg. Út af fyrir sig er það að setja á fót n. til þess að kanna tiltekna þætti í samræmi við ríkjandi viðhorf hjá þeirri ríkisstj. sem í hlut á, og ég efast ekki um að í fráfarandi ríkisstj. hafi verið býsna hátt skrifuð og ráðandi þau viðhorf sem endurspeglast í starfi þessarar nefndar, þ. e. a. s. að stefna að því að fækka sem mest ríkisfyrirtækjum. Till., sem frá n. koma, a. m. k. endurspegla þetta viðhorf. En ég tel að innan núv. ríkisstj. séu viðhorfin önnur og það sé í rauninni mjög óeðlilegt að n. af þessu tagi haldi áfram störfum nema þau málefni, sem henni er ætlað að fjalla um, séu tekin til endurmats. Ég tel mig a. m. k. mæla fyrir munn Alþb. þegar ég lýsi andstöðu minni við það, að verið sé að vinna að tillögugerð og kannske frekari undirbúningi að því að breyta eignarformi ríkisfyrirtækja sem sannað hafa á marga lund ágæti sitt, staðið sig vel og skilað hagnaði og þar sem starfsfólk er áhugasamt um málefni fyrirtækjanna. Ég tel óeðlilegt að unnið sé að slíku undir merkjum núv. ríkisstj.

Í n., sem hér um ræðir, eru ekki fulltrúar Alþb. svo að mér sé kunnugt, og það hefur ekki verið um neina endurskipulagningu á henni að ræða, enda á ég ekki von á að við hefðum áhuga á að hlúa að því að hún starfi áfram.

Það er sérstaklega athyglisvert í sambandi við störf þessarar n., sem fjallaði um fyrirtæki sem heyra undir önnur rn. en fjmrn. sem skipaði n., að hún hefur ekki séð ástæðu til þess að leita eftir viðhorfum annarra rn. Þannig hefur hún þegar skilað álitsgerðum varðandi stofnanir sem heyra undir iðnrn., svo sem um Landssmiðjuna og um Lagmetisiðjuna á Siglufirði, og mér er ekki kunnugt um, að við undirbúning þess máls hafi verið haft samráð við iðnrn. Og mér hefur verið sagt, að hæstv. fyrrv. iðnrh. hafi síður en svo verið ánægður með þau vinnubrögð.

Varðandi Landssmiðjuna tel ég nauðsynlegt að það komi fram, að að minni tillögu samþykkti ríkisstj., líklega í nóv. s. l., að setja á fót vinnuhóp til að athuga um húsnæðismál þess fyrirtækis og gera tillögur um endurbætur þar á. Sá vinnuhópur hefur verið að starfi og unnið ötullega og þess er að vænta, að þaðan komi fljótlega tillögur um endurbætur á málefnum þessa fyrirtækis. Starfsmenn þess og stjórnendur hafa mikinn áhuga á þessu máli, og ég vænti þess, að þarna verði gert átak, m. a. í samvinnu við sveitarfélög hér í Reykjavík og nágrenni, þannig að unnt verði að tengja þetta myndarlega ríkisfyrirtæki, sem skilað hefur hagnaði undanfarin ár, skipasmíðamiðstöð á þessu svæði.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þar sem ein af þeim skýrslum, sem hér hefur verið gerð að umræðuefni, fellur undir dómsmrn. vil ég segja örfá orð um skýrslu n. um Bifreiðaeftirlit ríkisins. Ég fékk þá skýrslu í hendurnar nú fyrir skömmu. Skýrslan er allítarleg og margur fróðleikur í henni. Hins vegar varð ég strax var við, að því er mér fannst, alvarlegan annmarka. T. d. hafði aldrei verið leitað álits forstöðumanns Bifreiðaeftirlits ríkisins og ekki verið, að því er ég best veit, talað við þá aðila í dómsmrn. sem með þessi mál fara. Ég hef því óskað eftir áliti þess manns á till. n., og vænti ég þess, að það liggi fyrir fljótlega.

N. komst að þeirri niðurstöðu, að hefja bæri skipulegan undirbúning að því að flytja skoðunarverkefnið frá Bifreiðaeftirliti ríkisins til löggiltra verkstæða N. tók til athugunar annars vegar álit Bílgreinasambandsins og hins vegar álit hagræðingarfyrirtækis, Hannars sf. Það fyrirtæki telur að kosta muni 40 millj. kr. meira fyrir bifreiðaeigendur að láta skoða á verkstæðum. Hins vegar leggur Bílgreinasambandið áherslu á að verkefni verði að verulegum hluta flutt til verkstæðanna. Með leyfi forseta vil ég lesa úr tillögum Bílgreinasambandsins. Þar segir:

„Nefndin" — þ. e. a. s. nefnd sú sem Bílgreinasambandið skipaði — „telur að nýtt fyrirkomulag, þar sem hluti ökutækja verði skoðaður á viðurkenndum verkstæðum, jafnframt sem starfsaðstaða Bifreiðaeftirlits ríkisins verði stórlega bætt, muni stuðla að virkara og raunverulegra eftirlit með ástandi ökutækja og þar með auknu umferðaröryggi."

Nefndin tekur enga afstöðu til þess, hvernig þurfi að bæta aðstöðu Bifreiðaeftirlits ríkisins. Og ég vek athygli

á því, að Bílgreinasambandið gerir aðeins ráð fyrir því að skoða ökutækin að hluta á verkstæðum. Eftir að ég hafði kynnt mér þessa skýrslu þótti mér því ljóst að málið væri langt frá því að vera endanlega skoðað. Vitanlega verður jafnframt að gera till. um þá aðstöðu sem Bifreiðaeftirlitið þarf að hafa til þess að geta sinnt þessu verkefni að hluta. Mér sýnist því skýrslan ákaflega ófullkomin.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að þegar á mál stjórnmálamanna er hlýtt á ferðum þeirra um landið til að afla sér fylgis, sé alloft sem opinberan rekstur ber á góma og þá láti menn gjarnan í ljós þá skoðun, að haga beri málum svo, að ríkið sé ekki að vasast í of miklu, og eðlilegt sé að draga úr rekstrargjöldum ríkis og ríkisfyrirtækja og minnka umsvif hjá ríkissjóði og ríkisfyrirtækjum. Þetta er, held ég, öllum kunnugt. Ég taldi því rétt sem fjmrh. fyrrv. ríkisstj. að gera könnun á þessum atriðum, og eins og fram kom í skipunarbréfi til þeirrar n., sem hér hefur verið til umr., var henni falið að athuga hvort ýmissi framleiðslu- og þjónustustarfsemi, sem hið opinbera hefur með höndum, væri betur fyrir komið hjá einstaklingum eða samtökum þeirra, og hvort aðild ríkisins að atvinnurekstri í landinu í samkeppni við einkaaðila sé æskileg undir þeim kringumstæðum sem kanna skyldi.

Þegar þessi n. hefði lokið athugunum sínum eftir verkefnum hlaut að sjálfsögðu að verða það næsta að þær skýrlsur yrðu lagðar fyrir ríkisstj., og þau rn., sem hefðu yfirstjórn viðkomandi fyrirtækja eða þjónustustarfsemi, athuguðu skýrsluna og gerðu aths. ef ástæða þætti til. Það hlaut svo að verða ákvörðunaratriði ríkisstj., hvort farið yrði að þeim till. sem þessi n. gerði. Hún var skipuð í sambandi við þau verkefni sem fjárlaga- og hagsýslustofnun eru ætluð samkv. þeirri reglugerð sem gildir um Stjórnarráð Íslands. Það verður síðan að koma í ljós, hvort till. n. hafi verið nægilega grundaðar og hvort áhugi sé fyrir því að gera þær breytingar, sem n. leggur til, og hvort menn séu þá sjálfum sér samkvæmir um að draga úr rekstrargjöldum ríkisins eða minnka umsvif ríkisfyrirtækja.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Svar mitt gaf varla tilefni til þess að ræða ítarlega efnisatriði þessara skýrslna sem ekki hafa verið birtar nema sumar hverjar, og ég hafði ekki hugsað mér að ræða þær í einstökum atriðum nema að mjög takmörkuðu leyti. Það kemur fram í skipunarbréfi n. sem samdi skýrslurnar, að í því felst í raun og veru ákveðin stefnumörkun, heldur ákveðnar spurningar sem n. er beðin að svara, þ. e. a. s. hvort ýmissi framleiðslu- og þjónustustarfsemi, sem hið opinbera hefur með höndum, sé betur fyrir komið hjá einstaklingum eða samtökum þeirra og jafnframt hvort aðild ríkisins að atvinnustarfsemi í landinu í samkeppni við einstaklinga sé æskileg.

Það hefur ekki verið fjallað sérstaklega um skýrslurnar af núv. ríkisstj. Ég vil ekki fullyrða hvort fjallað var um þær skýrslur í fyrrv. ríkisstj., ég hygg þó ekki, sem lagðar voru fyrir hana eða sendar henni. En það hefur ekki verið fjallað um þessar skýrslur enn þá í núv. ríkisstj. Réttur gangur er að mínu mati sá, að svo verði gert og að sjálfsögðu í einstökum rn. sem hafa með höndum stjórn þeirra fyrirtækja sem um ræðir. Sérstök ástæða er og til þess, að fjallað verði um þessi málefni í fjárlaga- og hagsýslustofnuninni.

Ég vil ekki tjá mig um skoðanir mínar á þessu máli að svo komnu. Það eru skiptar skoðanir t. d. í núv. hæstv. ríkisstj. um þessi málefni, hvað rétt sé að gera í þessum efnum. Ég held að það sé álitamál hvað rétt sé að gera. Eins og komið hefur þegar fram voru nm. sammála um niðurstöður nema varðandi Slippstöðina á Akureyri. Um það fyrirtæki var n. klofin. Varðandi það fyrirtæki sérstaklega álít ég alls ekki skynsamlegt að breyta þeirri skipan sem þar er á. Ég álít það alls ekki skynsamlegt. Ég skal ekki spá um hvort það verður skynsamlegt einhvern tíma síðar meir, en alls ekki eins og sakir standa. Þá skoðun vil ég láta í ljós. En síðan er allt annað mál með ýmis önnur fyrirtæki.

Hv. fyrirspyrjandi minntist t. d. á Skipaútgerð ríkisins. Skipaútgerð ríkisins er þjónustufyrirtæki sem er ekkert einsdæmi hér á Íslandi. Það eru skipaútgerðir ríkisins í mörgum löndum eins og við þekkjum, t. d. í Noregi, svo ég nefni dæmi, og mörgum fleiri. Hér er um að ræða nauðsynlega þjónustustarfsemi við íbúana í landinu sem er þess eðlis, að það er ákaflega erfitt og sjálfsagt ómögulegt að reka slíka starfsemi þannig að hún beri sig fjárhagslega miðað við þær kröfur sem óhjákvæmilega verður að gera til slíkrar þjónustu. Ég tel að slík fyrirtæki séu í sérflokki. Það kæmi miklu meira til álita og er miklu meira álitaefni, hvað af öðrum fyrirtækjum skuli reka í opinberum rekstri eða ekki.

Ég er ekki mikill þjóðnýtingarmaður og hef aldrei verið og hef þess vegna ekki neinn sérstakan áhuga á að auka þjóðnýtingu í landinu, tel hana vera talsverða þegar og ekki ástæðu til að auka hana. Og ég vil gjarnan að lokum endurtaka það sem ég sagði áðan, að það væri frekar ástæða til þess að draga úr umsvifum báknsins heldur en að auka á það.

Sameinað þing, 48. fundur.

Þriðjudaginn 6. febr., að loknum 47. fundi.

Könnun á þætti landbúnaðarframleiðslu í atvinnulífinu, þáltill. (þskj. 329). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lækkun og niðurfelling opinberra gjalda á íþróttavörum, þáltill. (þskj. 332). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, þáltill. (þskj. 320). — Frh. fyrri umr.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þetta mál hefur þegar verið rætt nokkuð á síðasta fundi í hv. Sþ. Engu að síður hef ég áhuga á að fara um það nokkrum orðum og ætla nú að leyfa mér að gera það og vil þakka hæstv. forseta fyrir að fá að ræða þetta mál á venjulegum þingfundartíma, en ekki á öðrum tímum sem síður henta í því skyni.

Eins og hér hefur verið vikið að og allir hv. alþm. auðvitað vita, er um að ræða samning við Færeyinga, gagnkvæman fiskveiðisamning um loðnuveiðar þeirra og kolmunnaveiðar Íslendinga. Það er auðvitað nauðsynlegt að hafa það rækilega í huga, að við Færeyinga eru í gildi tvenns konar samningar: Annars vegar samningur um það sem hefur verið kallaður botnfiskur og var gerður fyrir 4 eða 5 árum og fjallaði um 17 þús. tonna veiðar Færeyinga á ýmsum fisktegundum, þar af upphaflega 8 þús. tonn af þorski. Hins vegar er svo samningurinn um loðnuveiðar sem nú mun framlengdur í þriðja sinn, ef Alþingi ljær samþykki sitt til þess. Og ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrir alla, sem þessi mál láta sig varða, að gera sér grein fyrir því, að hér er í reynd verið að draga úr veiðum útlendinga á íslenskum fiskimiðum. Upphaflega var þorskaflinn 8 þús. tonn, eins og hér hefur komið fram, nú er hann kominn niður í 6 þús. tonn. Þetta þykir kannske ekki stökkbreyting, en hér er þó um drjúga prósentulækkun að tefla á þeim fiski sem er hvað dýrmætastur fyrir okkur og í mestri hættu, að því er okkur er tjáð af fiskifræðingum. Hitt, sem hefur gerst í þessum samningum, er að loðnukvóti Færeyinga var helmingaður. Samningarnir, sem giltu árið 1978, hljóðuðu upp á 35 þús. tonn af loðnu gegn jafnmiklu magni af kolmunna sem við ætluðum okkur að veiða, þó minna hafi e. t. v. orðið úr því heldur en sumir höfðu gert sér vonir um. Þá má kannske enn fremur hafa það í huga, að hér var um tilraunastarfsemi að tefla sem vafalaust á fyrir sér að vaxa með tíð og tíma þegar skilningur og kunnátta Íslendinga á meðferð þessa fisks vex og farið verður að nota hann í öðru og ábatasamara skyni en fram að þessu hefur verið gert.

Nú eru, eins og hér hefur enn fremur verið margsinnis getið, í gildi tveir aðrir samningar við erlendar þjóðir. Það er upphaflegur samningur við Belgíu sem gerði ráð fyrir 19 skipa veiðum, en þessi skip eru nú orðin, síðast er ég vissi til, 12 talsins, og kannske eru þau orðin enn þá færri nú og eru þannig vaxin og þannig gerð að það er verið að leggja þær veiðar niður. Hér er um umþóttunartíma að tefla sem endar vafalaust í því mjög fljótlega að fiskveiðar Belga með þessu móti verða lagðar af. Auk þess ber að hafa í huga að þær veiðar, sem Belgar sóttust kannske hvað mest eftir, þ. e. humarveiðar, voru teknar af. Þær hafa aldrei verið leyfðar þessum bátum. Ég held að það sé hollt að minnast þess líka.

Ég býst við að flestir hv. alþm. minnist þess, hvers vegna lögð var áhersla á að gera þennan litla samning við einmitt þessa þjóð. Það voru Belgir sem brutust undan oki Efnahagsbandalags Evrópu og féllust á að bókun 6 í samningi okkar við Efnahagsbandalagið mætti taka gildi og komu þar með í veg fyrir hefndarráðstafanir þýskra stjórnvalda, sem ætluðu sér að knýja okkur til undanláts í fiskveiðisamningunum með því að neita okkur um að þau réttindi, sem búið var að semja um, næðu til sjávarafurða. Það var aldrei deilt um að þessi réttindi næðu til iðnaðarvara, en sjávarafurðirnar voru undanþegnar. Það var bókun 6 sem átti sérstaklega við þær, og það var vitanlega sú bókun sem var okkur miklu meira virði en allt annað sem í þeim samningi stóð. Þess vegna var það að mínu mati geysilegur sigur og drengileg framkoma þegar belgísk stjórnvöld gerðu það sem ég áðan var að segja, brutust undan oki Efnahagsbandalagsins og féllust á að réttindi okkar yrðu þar viðurkennd. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég sé ekkert eftir þeim uggum sem þeir hafa fengið í umbun fyrir að koma málum þannig fyrir af okkar hálfu.

Það er auðvitað kunnara en um þurfi að ræða að allir slíkir samningar um fiskveiðar annarra þjóða hljóta að fara eftir efnum og ástæðum hverju sinni. Ástæðan fyrir því, að talið var áhættulaust með öllu að fallast á 35 þús. tonna loðnuveiði í fyrra, var sú, hversu spárnar um loðnustofninn voru þá hagstæðar. Það er alveg rétt sem hefur komið fram, að síðan hafa fiskifræðingar nokkuð skipt um skoðun og kannske ekki í eina skiptið sem það hefur komið fyrir. En ég minnist þess, að þegar verið var að semja um 35 þús. tonna afla til handa Færeyingum, þá var fullum fetum talað um að það, sem óhætt væri að veiða af loðnu, væri allt upp í 1500 þús tonn, a. m. k. meira en milljón tonn. Nú hins vegar eru þær tölur, sem gefnar eru upp tæp milljón, skulum við segja. En þá hefur líka það gerst í þessum samningum, að aflahlutur Færeyinga er skorinn niður um helming. Ég tel að í þessu sé fullkomið samræmi, og ég tel að þeir hæstv. ráðh., sem fjölluðu um þessa samninga, hafi unnið gott starf. Ég vil gjarnan staðfesta það hér, hef raunar gert það áður annars staðar, og ég vil lýsa því yfir og draga það ekki lengur, að ég mun fylgja þessum samningum gegnum þykkt og þunnt. Hitt er svo annað mál, að það getur vel verið að að því komi, að það sé ráðlegt og skynsamlegt að taka til endurskoðunar þá samninga alla sem í gildi eru, og hér hafa komið fram raddir um að það ætti að gerast. En hverjir eru það sem eiga að gera kröfu um endurskoðun þessara samninga, ef það eru ekki þeir sem samþ. þá, þ. e. a. s. alþm. sjálfir? Ég hef ekki orðið var við að hér á hv. Alþ. hafi komið fram till. um að segja þessum samningum upp. Hver einasti alþm. hlýtur að eiga þennan rétt, og þeir, sem telja endurskoðunina ekki einungis heppilega, heldur jafnvel sjálfsagða, ættu þá að hafa frumkvæði um að slík till. yrði borin fram. Alþm. mundu þá allir mynda sér skoðun um hvort slíka till. ætti að samþ. eða hvort enn um skeið væri hægt að bíða og leyfa samningunum að gilda nokkurn tíma enn. Ég vil aðeins í þessu sambandi ítreka það sem mína skoðun, að auðvitað geta engir slíkir samningar verið gerðir um aldur og ævi. Það hljóta ævinlega að verða þær aðstæður sem eru á höfunum umhverfis okkur, það ástand fiskstofna sem við búum við hverju sinni, sem hefur úrslitaáhrif um það, hvort við getum gert slíka samninga eða ekki. Það er skoðun mín, að enn þá getum við þetta. Og ég minni á það, að frá 15. sept. 1972, þegar fiskveiðireglugerðin þáverandi var gefin út, hafa fiskveiðar útlendinga á Íslandsmiðum dregist saman um 350 þús. tonn. Ég skal ekki segja að þessi tala sé alveg hárnákvæm, en hún er mjög nálægt því. Og þegar nú þessi staðreynd blasir við, þá finnst mér það ekki stórmannlegt og ekki heldur rétt að telja eftir þau tæplega 20 þús. tonn af botnlægum fisktegundum sem enn er fallist á að útlendingar veiði hér við land. Ég skal ítreka til að firra hugsanlegum misskilningi, að ég er ekki að tala fyrir því að þessa samninga megi aldrei hreyfa, þeim megi aldrei breyta. Það eru ástæðurnar hér í kringum landið sem ráða því, hvort við getum veitt þessa heimild eða ekki.

Það var mikið talað um það á sínum tíma, þegar vissir menn komu frá Osló og höfðu skrifað undir tiltekin skjöl, að þar væri heldur illa frá málum gengið, Bretar hefðu algerlega neitað að undirrita nokkurt skilyrði um að fara héðan burt 1. des. þegar samningstímabilið, sem var 5 mánuðir, væri á enda. En þetta er ekki rétt, vegna

þess að Bretar gáfu þá skýlausu yfirlýsingu í Osló, að eftir að þetta samningstímabil væri runnið á enda væri það Efnahagsbandalag Evrópu sem færi með fiskveiðisamninga fyrir þeirra hönd, sem auðvitað þýðir það og var skilið þannig af öllum, að Bretar sem slíkir mundu ekki framar gera kröfur til fiskveiða á Íslandsmiðum.

Hitt er svo annað mál, að Efnahagsbandalag Evrópu tók mjög fljótlega upp viðræður við okkur um hugsanlega gagnkvæma samninga. Við ræddum við þá og við fengum frá þeim yfirlit yfir hvað það væri, sem þeir teldu sig geta látið okkur hafa í gagnkvæmum viðskiptum. Það var mjög lítið. Þau skjöl eru öll til í viðkomandi rn. og þar geta allir þm. kynnt sér þau. Auk þess bentum við á að ástand fiskstofna okkar væri þann veg, að við hefðum heldur ekkert að láta. Það voru haldnir þrír fundir. Þetta hefur verið rakið, en ég ætla að endurtaka það í stuttu máli. Það voru haldnir þrír fundir, tveir með Finn Gundelach og aðstoðarmanni hans og þar að auki einn fundur með aðstoðarutanríkisráðh. Bretlands. Þessir menn sættu sig við svör okkar. Þeir skildu það þegar búið var að tala við þá í tvo eða þrjá daga eða hvað það nú var og þegar búið var að leiða saman fiskifræðinga, bæði breska og íslenska, og þeir urðu sammála um hversu mikill fiskur væri hér í sjónum. Þá sýndu þessir menn þann skilning að þeir féllu frá öllum frekari viðræðum og hafa mér vitanlega ekki tekið þær upp enn.

Ég hef að vísu ekki unnið í stjórnarráðinu undanfarna 4—5 mánuði, en ég hef ekki haft neinar fréttir af því, að þangað hafi komið sendiboðar frá Efnahagsbandalagi Evrópu til þess að krefja okkur um uppfyllingu einhverra loforða sem við hefðum skv. sögusögnum átt að hafa gefið í Osló á sínum tíma, enda er það rangt, slíkar yfirlýsingar voru ekki gefnar. Enginn getur knúið íslensk stjórnvöld til þess að semja um fiskveiðar útlendra þjóða ef þau vilja það ekki sjálf. Ef íslensk stjórnvöld, hverjir sem með ráðherraembætti fara, hafa kjark og þor til þess að neita slíkum beiðnum, þá gerist ekki neitt, þá höldum við okkar fiski, og við höfum fullt og óskorað vald til að neita öllum slíkum kröfum. Ég treysti því fastlega, að við þær ákvarðanir verði staðið meðan ástand fiskstofna er svo sem nú ber raun vitni. Takist aftur á móti svo heppilega til að fiskstofnar nái sér á ný, þá hefur það ævinlega verið skoðun mín, að við eigum ekki að einoka fiskimið, við eigum ekki að halda fæðu fyrir fólki sem vantar hana ef við erum aflögufærir.

Það hefur talsvert verið rætt hér um meðferð þessa máls, og út af fyrir sig get ég viðurkennt að hún var með nokkuð öðrum hætti en ég t. d. átti að venjast þau ár sem ég starfaði í stjórnarráðinu. Ég minnist þess mjög vel, og það hljóta aðrir þm. að muna líka, að á þeim tíma starfaði svokölluð landhelgisnefnd, skipuð fulltrúum úr öllum flokkum, ekki einungis stjórnarflokkunum, heldur einnig úr Sjálfstfl. sem var utan stjórnar á tímabilinu 1971—1974, og ég tel að það hafi verið rétt ráðið. En jafnframt vil ég staðfesta það fyrir mitt leyti, að ég tel að hæstv. utanrrh. Benedikt Gröndal hafi haft, ef ekki fullmótað umboð frá utanrmn., þá a. m. k. leyfi, — ég vil orða þetta öðruvísi, ef ég má: hann hafði ekki bann við því að taka upp viðræður við Færeyinga.

Ég ætla að leyfa mér að minnast á það enn einu sinni og rifja það upp, hvernig þessi mál bar að í utanrmn. Það gerðist með því móti að utanrmn., eins og hv. þm. vita væntanlega og eiga að vita, starfar þannig að hún heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, og í tilteknum mánuði gerist það að þessi n. heldur hefðbundinn fund. Þar eru tekin fyrir ýmis þau mál sem þá voru á dagskrá og ég hirði ekki um að nefna hver voru. Ráðh. skýrir n. frá því sem er að gerast í utanrrn. og í umheiminum. Þessi siður hefur verið hafður á nokkuð lengi. Ég tel að hann sé með þeim hætti að honum eigi að halda áfram. Í lok þessa fundar tók hæstv. utanrrh. sérstaklega fram, að ósk hefði komið frá Færeyingum um, að fá að senda hingað sendinefnd til tiltekinna manna, sem búið var að upplýsa hverjir voru, til þess auðvitað að leita eftir samningum um veiðar, annað erindi áttu þessir menn ekki, það held ég að hafi verið öllum ljóst sem á fundinum voru. Hæstv. utanrrh. gerði meira en þetta. Hann gerði meira en að segja okkur frá þessu. Hann fór fram á það við okkur öll sem þarna vorum, að við leituðum eftir afstöðu þingflokka okkar til þessara samningaviðræðna. A. m. k. skildi ég það þannig, að það væri afstaða til þess, hvort ætti að semja við Færeyinga og um hvað mikið átti að semja við þá, en ekki eitthvað annað, hvort ætti að bjóða þeim í kvöldmat eða eitthvað slíkt. Það var ekki það sem var verið að spyrja okkur um. Það, sem verið var að spyrja okkur um, var það einfaldlega, hvort flokkar okkar mundu geta hugsað sér að framlengja samninginn með einum eða öðrum hætti. Hitt er svo annað mál, sem hér hefur líka verið upplýst, að vegna óvenjulegra anna Alþingis á þessum tíma, svipaðra anna og alltaf eru um miðjan desember, kom það í ljós á næsta fundi sem n. hélt, að ekkert okkar hafði haft tíma til þess eða tækifæri að bera þessa ósk ráðh. upp í flokki sínum. Ég tel að þar sé ekki við hann að sakast. A. m. k. tel ég hvað varðar þann flokk sem ég starfa í, að það sé mitt mál að ég kom því ekki í verk. Og ég er alveg óhræddur um afstöðu þess flokks, sem ég fylli, til þessa máls. Við höfum áður staðið að svipuðum samningum og þeim stærri, og ég hef ekki trú á því, að nokkur maður í þeim flokki sem ég starfa í, Framsfl., fari nú að hlaupa frá smærri samningi en hann hefur áður staðið að. Þess vegna var það að ég sagði daginn eftir að samningunum lauk í viðtali við Morgunblaðið, og það liggur þarna, það var svo þungt að ég gat ekki verið að halda á því, að ég teldi að hæstv. utanrrh. hefði mátt skilja utanrmn. á þann veg, að hún hefði ekki á móti því að slíkir samningar yrðu gerðir. Þess vegna tek ég því ekki með neinni þögn eða þolinmæði, að ég sé borinn einhverjum sökum um það, eins og hér hefur átt sér stað, að ég hafi sagt ósatt til um það sem gerðist hjá utanrmn. Hitt skal ég játa, að ég hef ekki hugmynd um hvað gerðist uppi í stjórnarráði. Það getur vel verið að þar hafi þessu öllu saman verið mótmælt. Ég hef að vísu ekki heyrt þess getið, en það má vera að svo sé. En í utanrmn. var þessu ekki mótmælt nema af einum nefndarmanni, og n. starfar þannig að enginn má segja frá því sem annar lætur frá sér fara, þannig að ég fer ekkert nánar út í það. En þetta er sannleikurinn sem hér er um að ræða.

Blandast hafa í þessi mál önnur atriði viðkomandi hafréttarmálum, og síðast í gær voru umr. í hv. Ed. um þáltill. sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var 1. flm. að og afgreiddar voru hér fyrir jólin, að því er ég tel með viðunandi hætti. Það er auðvitað annarra að gera grein fyrir því, hvernig hefur verið unnið að því að framfylgja þessum málum. Ég ætla ekki að spá neinu um það. En ég hlýddi að vísu á þessar umr. sem áttu sér stað í gær, og ég hlýt að segja það, að þess vegna samþykktum við till. og vísuðum þeim til ríkisstj. að við ætluðumst til að það yrði

gert eitthvað í málinu, ekki bara að afgreiða till. frá okkur til þess að við sjálfir værum lausir. Ég hygg að þeir, sem skrifuðu undir nál., þ. e. allir viðstaddir, hafi skilið málið á þann veg, að samþykktin hefði verið gerð til þess að efni till. yrði framkvæmt.

Ég hef einnig heyrt að menn hafa verið að tala um það, að hæstv. utanrrh. hafi komist óheppilega að orði í Osló. Það má út af fyrir sig vel vera. En mér dettur ekki eitt andartak í hug, að hann hafi ætlað sér að afsala Íslandi einhverjum réttindum. Það hefur enginn maður, sem nálægt þessum málum hefur komið svo lengi sem ég man, afsalað Íslandi nokkrum réttindum, og ég trúi því ekki að það hafi átt sér stað í sjónvarpssamtalinu um daginn.

Það má vel vera, eins og ég áðan sagði, að það hefði verið hægt að komast heppilegar að orði. Og ég heyrði það í gær í hv. Ed., að ýmsir þm. beindu þeim áskorunum til hæstv. utanrrh., að hann tæki nú af allan vafa um það, hvað hann hefði meint. Ég vonast til þess, að þegar hann tekur næst til máls hér verði ekki lengur neinn vafi í nokkurs manns huga um það, hvaða afstöðu við höfum í þessu tiltekna máli, þ. e. a. s. fiskveiðilögsögu og efnahagslögsögu í kringum Jan Mayen. Ég a. m. k. leyfi mér að vona að sé einhver í vafa um það enn, þá verði sá vafi tekinn af.

Herra forseti. Það er auðvitað ákaflega margt sem ég hef áhuga á að ræða í sambandi við fiskveiðimál, bæði samninga við aðrar þjóðir, það sem er að gerast á Hafréttarráðstefnu og það sem er fram undan fyrir Ísland í þeim efnum. En mér er jafnframt ljóst að tími Alþingis er takmarkaður. Margt af þessu hef ég áður sagt. Þess vegna ætla ég nú að láta þessu máli lokið og með þeirri yfirlýsingu endurtekinni, að ég styð þessa samninga og þá þáltill. sem hér er til umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Forseti. Það hafa vissulega komið fram ýmis blæbrigði í málflutningi manna að því er varðar þessa samninga við Færeyinga, allt frá því að of hart hafi verið að Færeyingum gengið til hins endans, að þeir ættu ekkert að fá.

Ég mun ekki blanda mér inn í umr. um fortíðina né heldur um formsatriði. Það hefur komið fram hjá mér áður, að ég tel í sambandi við fiskveiðisamninga ástæðu til að draga úr veiðum útlendinga hér við land á þá stofnum sem eru ofnýttir, annaðhvort með því að láta vera að endurnýja í óbreyttri mynd samninga eða segja þeim upp. Í þessu sambandi minnti ég sérstaklega á samningana við Færeyinga um loðnuveiðar, þeir hefðu verið gerðir við þær aðstæður, að af nógu var að taka, en þær aðstæður hefðu breyst og því væru ekki þessar forsendur fyrir loðnuveiðum Færeyinga hér. Meining mín með þessum orðum á sínum tíma var sú stefnumörkun sem ég trúi að flestir hér séu inni á, að það þurfi að draga úr þessum veiðum eftir föngum.

Að því er varðar þá samninga, sem hér eru til umr. og eru nú til umfjöllunar, var um að ræða ósk Færeyinga um endurnýjum á samningum um loðnuveiðar. Niðurstaðan varð sú, að helmingaður var afli loðnu sem þeim var heimilað að veiða hér, en jafnframt var dregið úr sókn í annan fiskstofn ekki síður mikilvægan, þorskstofninn. Og síðast en ekki síst voru sett strangari ákvæði um það, hvernig eftirlit skyldi haft með veiðum Færeyinga hér við land. Ég tel að einmitt það, að það eftirlit hafi e. t. v. ekki verið nægilega strangt, hafi vakið tortryggni umfram það sem nauðsynlegt hafi verið meðal íslenskra sjómanna og meðal annarra Íslendinga. Þannig eru ný ákvæði í þessari bókun um það, að telji Landhelgisgæslan að fullnægjandi athugun á færeyskum skipum og veiðum þeirra hér við land geti ekki átt sér stað um borð í skipunum, þá sé þessum færeysku skipum skylt að hlíta fyrirmælum Landhelgisgæslunnar um að fara til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram. Annað nýmæli í þessa átt er að það áætlaða aflamagn, sem skipunum er ætlað að skila og hefur verið ætlað að skila tilkynningum um daglega, skuli vera sundurliðað eftir tegundum. Enn er það, að færeysku skipunum sé skylt að halda afladagbók á formi sem íslensk stjórnvöld ákveða og hún skuli sýnd Landhelgisgæslunni hvenær sem óskað er. Við heimför skulu hin færeysku skip með þriggja sólarhringa fyrirvara tilkynna um heildaraflamagn, sundurliðað eftir tegundum. Loks eru tvö ný atriði og þá það fyrst, að allur sá afli, sem landað er að lokinni veiðiferð færeysks skips sem hefur stundað veiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, skuli teljast hafa verið veiddur á Íslandsmiðum. Og að síðustu, að ef íslensk stjórnvöld telji þörf, þá geti þau sent sérstakan eftirlitsmann til þess að fylgjast með löndun og aflatölum og landsstjórn Færeyinga muni sjá um að hann geti rækt slíkt starf.

Hér er þess vegna um að ræða þrennt: Það hefur verið dregið úr aflamagninu á loðnu, það hefur verið dregið úr þorskaflanum og það hefur verið tekið upp strangara eftirlit sem ætti að verða til þess að minnka tortryggni í þessu sambandi.

Auðvitað hefði ég kosið að um meiri samdrátt hefði getað verið að ræða í veiðum erlendra þjóða hér með tilliti til þeirra takmarkana, sem við setjum á okkur sjálfa. En eftir aðstæðum taldi ég rétt að gera þessa samninga.

Að því er þær umr. varðar sem farið hafa fram um Jan Mayen, þá tel ég að þar séu viðræður í gangi og það skipti ekki meginmáli hvort þær séu formlegar eða óformlegar. Ég tel að það sé augljóst, að það sé sameiginlegt hagsmunamál Norðmanna og Íslendinga að ná samkomulagi um nýtingu þessara stofna, og ég treysti utanrrh. til þess að halda fast á hagsmunum okkar í þessu sambandi.

Að því er varðar afskipti sjútvrn. af þessu máli, þá var þegar í haust að tilhlutan þess rn., að fiskimálastjóri, Már Elísson, og Jakob Jakobsson voru sendir á fund í Bergen til þess að tala okkar máli að því er varðaði loðnustofninn við Bergen. Á þeim fundi var að þeirra frumkvæði ákveðið að halda fund vísindamanna til þess að gera úttekt á þessum stofni, og sá fundur mun verða haldinn dagana 26.-27. mars n. k.

Ég tel að þarna hafi verið um eðlilegt vísindasamstarf að ræða til að undirbyggja það sameiginlega hagsmunamál sem það hlýtur að vera Íslendingum og Norðmönnum að ná samkomulagi um nýtingu stofnanna, en þó ekki síður að halda því til streitu að því er okkar hagsmuni varðar, að hér sé um hinn íslenska loðnustofn að ræða og hversu vel við liggjum við veiðum á þeim stofni.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hér hefur verið margt sagt og misjafnt um þá samninga sem gerðir voru við Færeyinga. Sú ræða, sem hæstv. sjútvrh. var nú að enda við að flytja, er að mínum dómi góð að því leyti, að hann lýsir þeirri afstöðu sinni að við þurfum að draga úr og helst fella niður veiðar útlendinga í íslenskri fiskveiðilögsögu. Er það í samræmi við það sem hann hefur

sagt áður, að hann hafi verið mótfallinn því að veita Færeyingum áframhaldandi veiðiheimildir hér, eins og gert hefur verið, og viljað draga úr þeim eftir mætti.

Það má segja að það er nýnæmi fyrir mig og aðra hv. þm. að heyra hæstv. sjútvrh. tala hér um sjávarútvegsmál, því um þau mál hefur verið afar lítið fjallað á þinginu síðan það kom saman í haust og í þeim málum lítið sem ekkert verið að gerast. Sem dæmi má nefna að aðeins einn fundur hefur verið haldinn um mál í sjútvn. Nd. og þá um þingmannafrv. Frá hæstv. sjútvrh. hefur ekkert mál varðandi sjávarútveg komið fram. Og mér er ekki kunnugt um að hann hafi haft nokkurt minnsta samráð við sjútvn. Alþingis eða Alþingi um það sem hann hefur verið að gera í sjávarútvegsmálum, ef það hefur þá verið eitthvað, því ekki vitum við það. Það er góðra gjalda vert að reyna að grípa inn í eriðleika útgerðar og fiskvinnslu á Suðurnesjum og nauðsynlegt. En það er það eina sem ég hef heyrt um að hæstv. sjútvrh. hafi gert í þeim efnum. Sjálfsagt hefur það verið meira, en það höfum við ekki fengið að vita og þaðan af síður að við höfum verið spurðir um eitt eða annað í þeim efnum.

Síðasta afrek hæstv. sjútvrh. í þessu efni var að loka ágætis togveiðisvæðum í því skyni að hleypa á það línubátum og netabátum. Það átti sem sagt að vera betra að veiða þorskinn, ef hann var þá á svæðinu, í net heldur en að fiska hann í troll. Allir vita þó, sem eitthvert vit hafa á þessum efnum, að fiskur, sem kemur úr trolli, er nýr og skorinn lifandi, en fiskur, sem kemur úr neti er meira eða minna gallaður og steindauður. Það er röng stefna að mínum dómi og þar held ég að hæstv. ráðh. hafi stigið rangt skref. En í þessu efni sem öðrum hafði hæstv. ráðh. ekkert samband við þá menn hér á Alþ. sem fjallað hafa um fiskveiðar og fiskveiðimál á undanförnum árum.

Annar galli við þessa reglugerð var sá, að þar var lokað svæði sem einmitt er helst unnt að veiða á karfa og ufsa, þær fisktegundir sem okkur er bent á að sækja í staðinn fyrir þann þorsk sem stendur nú afar illa.

Ég er með fyrir framan mig skýrslu frá Hafrannsóknastofnun, og þar er margt mjög merkilegt að sjá og finna. En það alvarlegasta er þó það, að þar er sagt frá því, að hrygningarstofninn hafi á síðasta ári ekki verið nema 165 þús. tonn. Á árinu 1978 var þorskaflinn 330 þús. tonn. Nú leggur Hafrannsóknastofnunin mjög mikla áherslu á að ekki verði veiddur meiri þorskur við Ísland en 250 þús. tonn. Það er lagt til og varað alvarlega við hættunni við að fiska meira en þetta. Það er lagt til að skerða þorskafla Íslendinga um 25% á milli þessara ára. Á sama tíma og þetta gerist erum við að leyfa útlendingum að veiða þorsk á Íslandsmiðum. Hver þorskur, sem útlendingar veiða á Íslandsmiðum úr þessum minnkandi stofni, er frá okkur tekinn og er hrein gjöf af okkar hálfu.

Það er þess vegna að mínum dómi alrangt að þessu staðið og að þessum samningum öllum og ekkert einkamál hæstv. utanrrh. að gefa útlendingum, í þessu tilfelli Færeyingum, hlut úr þeim fiskstofnum sem nú þegar eru svo mjög ofveiddir hér við land sem raun ber vitni um þorskinn.

Það er sannleikur, það er staðreynd, og fram hjá henni verður ekki farið, um hvert tonn sem við látum til þssara þjóða, þótt þær séu vinir okkar og frændur kannske í þokkabót, að við erum að gefa þessu fólki þennan afla. Við erum að gefa nokkra milljarða. Er það ákaflega rausnarlega gert og þessi afli er frá okkur tekinn.

Málsmeðferðin öll hefur verið rakin hér, og að mínum dómi hefur þar verið rangt að öllu staðið. Hæstv. ráðh. sagði í umr., að það væri svo með utanrmn., að hún hefði algera sérstöðu í þinginu. Ég verð að segja það, að mér finnst að þetta mál sé ekki aðeins utanríkismál, heldur líka sjávarútvegsmál og þess vegna eigi sjútvn. þingsins að fjalla um það ekki síður en utanrmn. Þetta eru samningar við útlendinga og heyra að sjálfsögðu undir hæstv. utanrrh. og utanrmn., það er rétt. En þetta mál er að því leyti sérstakt, að þarna er verið að fjalla um meginauðlind íslensku þjóðarinnar, um fiskinn í sjónum sem við lifum allir á, beint eða óbeint, og þess vegna ber þinginu að fjalla um þetta og sérstaklega sjútvn. þess.

Ég vil ekki vera að skattyrðast um málsmeðferðina frekar en gert hefur verið af hálfu okkar Alþb.-manna við hæstv. utanrrh., en mér finnst málsmeðferðin röng, jafnvel þó hefði verið haft samband við alla flokka. Það er athyglisvert, að fram kom hér í umr. að í samninganefnd Færeyinga voru fulltrúar allra flokka í Færeyjum, en þar voru ekki fulltrúar allra flokka á Íslandi. Þeir höfðu fulltrúa allra stjórnmálahreyfinga í Færeyjum með, en við skildum eftir stærsta flokk þjóðarinnar, Sjálfstfl., og Alþb., næststærsta flokkinn, sem hefur óneitanlega haft mikið með sjávarútvegsmál að gera hér með þjóðinni um allmörg ár. Þó deilt sé um ýmis atriði, þá fer ekki á milli mála að formaður Alþb. hefur verið þar mikill áhrifamaður og skilið margt eftir sig, og mér finnst að það sé einstakur dónaskapur að ganga fram hjá þessum flokkum þegar um slíkt mál er að ræða.

Það var að skilja á hæstv. utanrrh. hér í umr., að það væri eðlilegt að standa svona að málum og hann hefði til þess fullan rétt — lagalegan rétt. Ekkert kann ég í því. En það sem mér fyndist réttast í þessu væri að bera málið fyrst undir Alþingi, a. m. k. alla þá sem eiga að fjalla sérstaklega um utanríkismál og sjávarútvegsmál. Þegar búið er að fjalla um þetta í Alþ. má að mínum dómi fyrst fara að setjast að samningaborði með útlendingum. Það fyndist mér rétta málsmeðferðin og allar aðrar aðferðir rangar.

Það kann að vera að sú aðferð, sem nú var notuð, þ. e. a. s. að hæstv. ráðh. gerði fyrst samningana ásamt fulltrúum tveggja flokka, skrifaði undir þá og legði þá síðan fyrir Alþingi, — það má vera að hún sé lögleg, en ég tel það ranga aðferð. Það á að fara í þessu aðra leið, þveröfuga, fyrst að ræða um þetta við þá aðila, sem fjalla um þessi efni í þinginu, og síðan að fara í samningagerð.

Mér finnst samt einhvern veginn að það, sem kallað hefur verið samningur við Færeyinga og gagnkvæmur fiskveiðisamningur, sé alls ekki neinn samningur. Mér finnst þetta vera ósköp einfaldlega það, að við séum að kalla þá til þess að tilkynna þeim hvað við ætlum að gefa þeim mikið af því sem við megum ekki missa, því við erum vissulega að gefa þeim úr fiskstofnum sem við höfum ekki of mikið af og flestir þeirra ofveiddir, þó sagt sé af sumum að við höfum hér vannýtta fiskstofna, t. d. karfa. Það getur vel verið að menn geti reiknað það á borðum sínum niðri í Hafrannsóknarstofnun, að karfinn sé vannýttur. Þá hefðum við átt að geta nýtt hann betur. En íslenskum fiskimönnum hefur gengið illa að finna hann, og ekki gengur betur að ná í hann nú þegar búið er að gera eitt helsta karfasvæðið út af Reykjanesi að línu- og netasvæði.

Sá afli, sem Færeyingum er heimilt að taka hér nú, eru 17 500 tonn af loðnu. Loðnumagnið var skorið niður um

helming, líklegast með tilliti til þess, að fiskifræðingar hafa lagt til að við sjálfir takmörkum veiðar okkar og miðuðum heildarafla okkar á þessari vertíð við 350 þús. tonn. Með því fá þó Færeyingar allt að 5% af því sem talið er leyfilegt að veiða. Ég skal út af fyrir sig ekki hamast mjög mikið á móti þessu. Þetta er ekki stórt hlutfall, og ég gæti trúað að ef við hefðum efni á að missa eitthvað slíkt að þessu sinni, þá væri það kannske frekast af þessum fiskstofni. Þetta er ekki heldur mjög verðmætur fiskur, ekki eins og botnfiskurinn. Samt sem áður er það staðreynd, að við þurfum sjálfir að takmarka veiðar okkar, og ég vona að þær takmarkanir verði framkvæmdar skynsamlega með tilliti til verðmætis loðnuaflans á hverjum tíma, sem breytist mjög á þessum árstíma.

Ég er hins vegar ekki sammála hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni þegar hann fullyrti það, sem auðvitað var rangt, að loðnuveiðar hefðu verið stöðvaðar í desember af veðurfarsástæðum. Það var ósköp einfaldlega gert vegna þess að við ætluðum að draga úr veiðunum. Þar skaut hann svolítið fram hjá raunveruleikanum, hv. þm. Matthías Bjarnason, eins og í fleiri atriðum, og kem ég kannske að því síðar.

Það, sem mér finnst alvarlegt, er að Færeyingum er enn þá leyft að veiða hér 17 þús. tonn af botnlægum fiski. Okkur Íslendingum veitir ekkert af því að ná öllum þessum afla. Það má jafnvel líta svo á, að þessi 6 þús. tonn, sem frændur okkar og vinir Færeyingar mega nú taka af þorski, séu miklu dýrmætari 6 þús. tonn heldur en reikna má til verðs. Það eru e. t. v. 6 þús. tonn af þeim hrygningarstofni sem nú er orðinn svo lítill að hann fer að nálgast það að þorskstofninn geti hreinlega hrunið. Við vorum alveg sérstaklega heppnir með hrygninguna og framgang seiða á þessu ári vegna þess að hitastig í sjónum við landið var sérstaklega hátt, þannig að hrygning þessa litla stofns tókst tiltölulega vel. En hefðum við haft tvisvar til þrisvar sinnum stærri hryginingarstofn við þessi skilyrði fengjum við hrygningarstofn eftir 7-8 ár sem væri a. m. k. þrisvar sinnum stærri, því afföllin getum við reiknað í nokkuð fastri prósentu.

Þessi 17 þús. tonn, sem Færeyingar mega skv. þessum samningum taka hér á þessu ári, eru ekki lítill afli. Lítum t. d. á það, hver afli Íslendinga var í þeim síðasta mánuði á árinu 1978 sem skýrslur eru til um, í nýjasta hefti Ægis, tímarits Fiskifélags Íslands. Þar er birt síðasta skýrsla sem til er um aflann og sundurgreind eftir verstöðvum, liggur fyrir í 11. tölublaðinu frá 1978. Það er byrjað á Vestmannaeyjum og haldið svo vestur með landi: Stokkseyri, Eyrarbakki, Þorlákshöfn, Grindavík, Sandgerði, Keflavík, Vogar, Hafnarfjörður, Reykjavík, Akranes, Rif, Ólafsfjörður, Stykkishólmur, Grundarfjörður o. s. frv., og svo koma Vestfirðirnir allir, Norðurlandið allt og Austfirðirnir. Ef við tökum svæðið frá Vestmannaeyjum til Stykkishólms, að báðum meðtöldum, bátaafla, síld og togaraafla samanlagt í þessum mánuði, það sem allir sjómenn á þessu svæði kröfsuðu upp með mikilli vinnu og við mikla erfiðleika vissulega í þeirri tíð sem þá var, þá voru það 10 þús. tonn. Þá er miðað við óslægðan fisk, og ber mönnum að draga frá a. m. k. 20%. En afli Færeyinganna er að sjálfsögðu miðaður við slægðan fisk. Ef tekið er næsta svæði, Vestfirðingafjórðungur, frá Patreksfirði til Drangsness, að báðum meðtöldum, og allt þar á milli, með togaraafla, þá varð aflinn í september ekki nema 4 800 tonn. Og það er óhætt að bæta Norðurlandinu við, þ. e. a. s. frá Vestmannaeyjum til og með Þórshöfn og allir staðir þar á milli. Samanlagður afli togara og báta gerir heldur minna en að ná upp í þá botnfiskaflatölu sem Færeyingar frá. Færeyingar máttu veiða meira á síðasta ári. (**Gripið fram í:** Önnur skipting.) Það er að vísu dálítið önnur skipting, það er rétt. En ég efast um að þar skakki mjög miklu vegna þess að Vestfjarðatalan er svo lág, þar sem þeir fiska eingöngu þorsk. Og þó við tökum Akureyri og reynum að skoða dæmið þannig, þá held ég að þessi skipting sé ekki mjög brengluð. Hún er að vísu nokkuð önnur, en þarna er ég að taka dæmi um veiði allra fiskimanna á Íslandi í heilum mánuði.

Ég er sjálfur persónulega mikill vinur Færeyinga og hef verið með þeim mikið til sjós árum saman og vil því fólki auðvitað vel. En við vitum öll hvernig þessu er háttað. Þeir þurfa að láta Efnahagsbandalagið fiska í sinni lögsögu. Það tekur þar afla sem er eitthvað sambærilegur við það sem þeir fá hér, þannig að þarna eru eiginlega óbein skipti milli Íslendinga í gegnum Færeyinga yfir til Efnahagsbandalagsins.

Verið er að tala um gagnkvæma samninga við Færeyinga, að við megum taka sama magn af kolmunna við Færeyjar og þeir mega taka hér af loðnu. Það er alveg ósambærilegt, ekki aðeins vegna þess að þetta eru misverðmætar fisktegundir, heldur fyrst og fremst vegna þess, að kolmunninn við Færeyjar er alls ekki aðgengilegur. Hann er á því tímabili, sem við megum fiska, á ákaflega takmörkuðu svæði þar sem um mjög stóran fiskiflota er að ræða, því að þeir hafa gert gagnkvæma samninga, eins og kallað er, við margar aðrar fiskveiðiþjóðir og hafa ekki getað vísað í annað en þennan kolmunna á þessu sama svæði og á þessum sama tíma. Þarna verður þess vegna afar þröngt á þingi, enda hefur reynslan orðið sú, að Íslendingar hafa átt í miklum erfiðleikum með að ná í þennan kolmunna. Í raun og veru er staðreyndin sú, að við höfum ekki efni á að sækja þennan kolmunna svona langt við svona erfið skilyrði. Hráefnisverð á kolmunna á Íslandi er það lágt, að það borgar sig ekki með allan tilkostnað útgerðar við olíu, mannskap og fleira að sækja þennan afla þangað, því að ef það á að borga sig að fiska kolmunna á annað borð, þá þarf að geta gengið í hann og fiskað mikið á stuttum tíma með tiltölulega litlum siglingum. Það er staðreynd. Þannig er með allan bræðslufisk. Þarna er þess vegna alls ekki um nein skipti að ræða.

Færeyingar mega hins vegar koma hingað og taka loðnuna þegar hún er í bestu ásigkomulagi, miklu verðmætari og feitari fiskur, hvað þá ef þeir fá að veiða hana með hrognum, þar sem hvert hrognakíló er á við fjöldamörg loðnukíló, mjög verðmætur afli, og að henni er hægt að ganga, þessari loðnu hér. Komi menn á loðnuveiðar á þeim tíma þegar loðnan hefur þjappast vel saman og örugglega á göngu sinni með Suðausturlandinu, þá er hægt að ganga að þessari loðnu og hirða hana ef það er veður til þess. Þar er ólíku saman að jafna eða að sækja langt suður í haf og ná í þann reyting af kolmunna sem þar er.

Við höfum ekki efni á því að ná í þennan kolmunna og við eigum ekki heldur að vera að því. Hins vegar eigum við að gera samninga við Færeyinga um afla hér við Ísland. En þá á það að vera gagnkvæmt í raun og veru. Það á ekki að vera að leika sér með neinar blekkingar. Ef þeir vilja láta okkur hafa kolmunna sem við höfum ekki

efni á að ná í, þá segjum við þeim bara: þið megið hins vegar fá kolmunna frá okkur. — Það er meira að segja þægilegra að ná í hann, ekki síst á Norðaustursvæðinu, út af Héraðsflóanum og víðar, þó að við höfum vísað á kolmunna á öðrum svæðum, þar sem er mjög mikið af honum, enda er kolmunnastofninn stærsti fiskstofninn núna, eins og norsk-íslenski síldarstofninn var á sínum tíma, talinn nema mörgum millj. tonna. Ég man þegar mér var sagt af fiskifræðingum að þessi kolmunnastofn væri talinn nema 10 millj. tonna. Þó hefur komið orð frá fiskifræðingum okkar um að nú beri meira að segja að horfa nokkuð öðrum augum á kolmunnaveiðar en við höfum gert að undanförnu, vegna þess að það séu svo margir og svo víða að komnir sem sækja í þennan stofn, bæði vestur af Írlandi, norður af Færeyjum og víðar, þannig að menn leggja til, að farið verði að því með meiri gát en verið hefur.

Ef við eigum að leyfa Færeyingum að veiða á Íslandsmiðum, þá er það skoðun mín að við eigum að vísa þeim á kolmunnann, jafnvel þó að menn séu farnir að efast um að hann sé eins mikill og var, en alls ekki að gefa þeim leyfi til þess að ná hér í botnlægan fisk.

Það hefur verið skrifað um það hér í blöðum, ungir og reiðir stjórnmálamenn hafa skrifað skammargrein um okkur Alþb.-menn sem vorum á móti þessum samningum, að það hefði verið hneyksli að senda Færeyinga tómhenta heim eftir besta aflaár í sögu þjóðarinnar. Það er rétt, þetta var besta aflaár í sögu þjóðarinnar. En hvernig var þessi afli? Þorskaflinn var mjög mikill. Þó hefur togaraaflinn dregist saman þó við höfum bætt við togurum. Og við erum enn að bæta við fleiri togurum, þó að ég skilji ekki þá fiskveiðipólitík, á sama takmarkaða aflamagnið, sem þýðir auðvitað að hver togari fær minna, tilkostnaður verður meiri. Í því er auðvitað ekkert vit. Það er ekki heldur vit í því að vera sífellt að bæta við risavöxnum, gömlum, stórum síðutogurum til þess að vísa þeim á loðnustofninn sem nú þegar er takmarkaður, svo að ég tali nú ekki um að fara að kaupa frá útlöndum mjög stór loðnuveiðiskip, sem kosta hálfan annan milljarð kr. eða þaðan af meira, og smíða ný hérlendis til þess að sækja afla úr þessum stofni. Það þýðir auðvitað að verið er að stórauka afkastagetu fiskveiðiflotans til þess að sækja í loðnuna, sem er takmörkuð og verður ekki aflað meiri af en var á síðasta ári. Þetta er auðvitað röng stefna líka. Það kemur bara minna í hvers hlut og útgerðin verður erfiðari. Allt þetta er líka rangt.

Það hefur ekki staðið á fiskiflotanum að ná í þessi loðnukvikindi hér við Ísland. Við hefðum getað fiskað miklu meira. Það, sem hefur staðið á í sambandi við loðnuveiðarnar, er að afkastageta vinnslustöðvanna er of lítil og að ýmsu leyti erfiðleikar að koma hráefni á milli landshluta. Það hefur ekki staðið á því, að fiskiflotinn hafi ekki getað náð í miklu meiri afla. En svo fara menn að skrifa í blöð, eins og ég sagði áðan, áhugasamir, en því miður þekkingarlausir. Það er það sorglega í málinu. Menn eiga ekki að leyfa sér að skrifa greinar í blað eftir blað um sérfræðileg efni, er mér óhætt að segja, án þess að hafa hundsvit á þeim. Það sýnir bara að menn þykjast vera pólitíkusar án þekkingar. Þeir þóttust vera vitrir, en urðu heimskingjar. Þetta er úr Prédikaranum, ef ég man rétt. Ég þekki hins vegar þessi mál persónulega, vegna þess að ég hef stundað þessar veiðar sjálfur undanfarin ár, við Norðurland, Jan Mayen, á öllum þessum svæðum, og þarf ekki að fara að kenna mér neitt um það í kjallara-greinum sorpritanna hér í þessu landi.

Það er skoðun mín, að við eigum að segja upp samningum við útlendinga um veiðar í landhelginni á okkar viðkvæmu fiskstofnum. Við eigum að gera það. Það er búið að skrifa undir þennan samning núna og verður ekki snúið til baka með það að mínum dómi. Ég tel að það hafi verið rangt staðið að málinu, málsmeðferðin hafi verið röng, og það er bara misskilningur að við höfum efni á að gefa nokkuð af þessu. Það er hins vegar búið að fá fulltrúa Færeyinga, allra flokka á Færeyjum, hingað til lands og það er búið að skrifa undir þessa samninga, og ég tel að ekki verði úr þessu snúið til baka með þennan samning. Hins vegar eigum við að mínum dómi á þessu ári að segja upp þessum fiskveiðisamningum öllum með eðlilegum fyrirvara og á réttan hátt og taka síðan upp samninga við einhverjar fiskveiðiþjóðir ef við sjáum ástæðu til. En við skulum ekki einu sinni enn falla í þá gryfju, að við höfum nokkur efni á því að gefa hið minnsta úr þorskstofninum okkar.

Ég er ekki sömu skoðunar og ýmsir í okkar flokki varðandi afstöðu til þess sem fiskifræðingar okkar hafa sagt. Ég er ekki sammála sumum þeim aðilum og áhrifamiklum um það, að við höfum getað rótað upp þessum fiski á s. l. ári vegna þess að ástand þorskstofnsins hafi verið gott. Það er blekking, því miður. Það er staðreynd, að nú þessar vikur hefur ekki fengist fiskur austan frá Bugtum og vestur undir Grindavík, þar hefur ekki verið neinn fisk að fá, hvorki þorsk né annað. Og það er staðreynd, að hrygningarstofninn má ekki minni vera. Líklega verður hann og vonandi — ég segi: vonandi verður hann stærri á þessu ári, með því að árgangurinn 1972 kom inn, og vonandi verður hann enn stærri 1980, þegar árgangurinn 1972 og sá stóri frá 1973, sem kallaður var meðan hann var og hét, koma inn til hrygningar.

Við verðum að fara mjög varlega, því að þarna eru menn að fara með sjálft fjöregg þjóðarinnar. Mistakist eitthvert kast í þessu máli getur það orðið afdrifaríkt. Þá verða efnahagsvandræði hjá þjóðinni, ekki eins og þau sem við erum að eiga við núna, heldur allt önnur og miklu erfiðari, þegar sjálfum grundvellinum getur kannske orðið kippt undan. Þarna verða menn að stíga hvert spor mjög varlega. Og ég vil leyfa mér að segja það, vegna þess að ég sé að hæstv. sjútvrh. er enn í sjónmáli, að mín skoðun er að það sé nauðsynlegt nú þegar að setja reglugerðir um veiðar á hrygningarstofninum nú í vetur. Þetta segi ég jafnvel þó að það kunni að koma einna verst við umbjóðendur mína og kjósendur í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Við megum ekki láta það henda einu sinni enn, að fiskimenn þverbrjóti reglugerðir um netafjölda, að þeir komi með kannske þriðjunginn af afla sínum hálfónýtan eða alónýtan á land af þeim stofni sem við verðum að gæta fyrir alla muni. Öll önnur mál eru smámál við hliðina á þessu.

Þarna verður að taka málin föstum tökum, t. d. að menn geti ekki leyft sér að vera með 15-20 trossur á víð og dreif og draga kannske upp af mjög djúpu vatni, taka 2-3 lagnir og koma með allan fiskinn óaðgerðan í land. Það er skylda að koma með allt aðgert sem ekki er úr síðustu lögn. Það hefur verið sniðgengið með því að það er sagt: Það kom sama og ekkert í fyrstu lögn, — og gert þá að nokkrum tittum. Þessi afli er auðvitað meira og minna skemmdur, úr sjálfum hrygningarstofninum.

Þó að það kosti meiri vinnu og þó að menn verði neyddir til þess að hafa minni veiðarfæri, þá verður að

taka fast á þessu. Ég ætla að vona að hæstv. sjútvrh. heyri þetta þó að hann sé nú ekki í salnum. Þetta er verkefni sem hæstv. ráðh. verður að snúa sér að nú næstu daga, ef hann vill á annað borð sinna af alvöru sjávarútvegsmálum, en ekki láta allan tíma sinn fara í að vera að þvarga um prósentur við samstarfsflokka sína í ríkisstj., — prósentur, sem skipta kannske engu máli miðað við það þegar við horfumst í augu við að hrygningarstofninn á þeirri fisktegund, sem stendur undir þjóðarbúinu, er í hættu.

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér í upphafi, þegar ég kvaddi mér hljóðs, að hrekja ýmislegt af því sem hv. þm. og fyrrv. hæstv. sjútvrh. fór með í sinni ræðu. Ég sé nú ekki ástæðu til að eyða í það tíma, ekki síst vegna þess að hv. þm. er ekki viðstaddur. Þó verð ég að segja það, að ég undraðist að hann skyldi enn nota tækifærið, þegar hann kom í þennan ræðustól, til þess að hæðast að fiskifræðingum okkar og öllu starfi þeirra og gera lítið úr þeim niðurstöðum, sem þeir hafa fengið, og gera lítið úr þeim varnaðarorðum fyrst og fremst sem þeir hafa haft í frammi. Menn kunna að hafa haft á þessu misjafnar skoðanir. En þær rannsóknir, sem fram hafa farið, misjafnlega fullkomnar að sjálfsögðu vegna þess að til rannsókna í þessum efnum höfum við takmarkað fjármagn, takmarkaðan mannafla, þannig að þessar upplýsingar eru kannske ekki eins fullkomnar og best yrði á kosið, — þessar rannsóknir eru þó þær einu rannsóknir sem við höfum, og ekki dugar brjóstvitið eitt í þessum efnum. Það er of hættulegt að beita því þegar rannsóknir sýna allt annað.

Herra forseti. Ég vil þá fara að ljúka máli mínu. En áður en ég geri það get ég ekki stillt mig um að minnast aðeins á þær reglur, sem eru kallaðar geysilega strangar, sem Færeyingum eru settar um fiskveiðar við Ísland. Þær eru auðvitað strangari en þær voru, sem betur fer, og fyrir það ber að þakka hæstv. sjútvrh. eða hæstv. utanrrh., því að þær reglur, sem við höfum sett útlendingum þegar þeir hafa fengið leyfi til að fiska hér við Ísland, hafa aldrei verið nógu góðar, ekki nógu strangar, og eftirlitið allt of lítið og kannske ekki neitt, því miður. Þær hafa aldrei verið nógu góðar, þannig að það var sannarlega kominn tími til að setja nokkru strangari reglur en verið hafa, til þess, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, að minnka tortryggni. Það var skynsamlega að orði komist, því að þessar reglur duga ekki alveg til að koma í veg fyrir tortryggni, og þær duga ekki heldur, fremur en kannske nokkrar aðrar reglur, til þess að koma í veg fyrir misnotkun í þessum efnum.

Færeyingar eru geysilega duglegir fiskimenn og hafa á mörgum sviðum slegið okkur Íslendingum við, sem þykjumst vera heimsmeistarar í öllum þessum greinum, — hörkufiskimenn. Það er sameiginlegt með þessum mönnum, sem eru hörkufiskimenn, að þeir fara eins langt og þeir mögulega geta komist, og er þá ekki verið að sneiða neitt að Færeyingum með því að gera minna úr þeim. Þeir eru bara hörkufiskimenn og reyna að komast eins langt og þeir geta og reyna að fá eins mikið og þeir geta. Og það er opinbert leyndarmál, eins og það er kallað, að þeir hafa oft og iðulega, þar sem þeir hafa fiskað eftir kvóta, t. d. á síld í Norðursjó og víðar, að sá kvóti hefur orðið í raun miklu stærri en leyfður var. Ég er ekki að fullyrða beint að það hafi verið mjög miklu meira hér, en það er hætt við að þeir reyni að ná í það sem þeir geta.

Eitt, sem talið var þessum reglum til gildis sérstaklega, var t. d. að þeir skyldu tilkynna daglega íslensku gæslunni um stað meðan þeir væru hér í landhelginni. Þetta er það sem íslensk skip þurfa alltaf að gera, meira að segja tvisvar á dag yfir vetrarmánuðina. Það er íslenska tilkynningarskyldan. Menn þurfa að tilkynna sig tvisvar á sólarhring. Mér þykir svo sem ekkert mikið þó að vinir okkar og frændur, Færeyingar, þurfi að gera það einu sinni og get ekki séð að það sé neitt stórkostlegt afrek að koma þessu inn. Og eins er með það, að þeir skuli senda aflatölur til Fiskifélagsins eftir hverja löndun. Þessar tölur eru alltaf sendar til Fiskifélagsins frá öllum fiskibátum og fiskiskipum á Íslandi.

Ýmislegt annað er dálítið merkilegt og skemmtilegt í þessum samningum, en ég sé ekki ástæðu til að rekja það.

Að lokum vil ég segja það, herra forseti, að við stöndum því miður fyrir framan orðinn hlut. Ég tel, að aðferðin hafi verið röng, að Alþ. og nefndir þess hefðu fyrst átt að ræða málið og síðan hefðum við átt að tala við Færeyinga. Það má vera að það hefði orðið meiri hl. fyrir þessu, þá er ekkert við því að segja. Það er hin lýðræðislega aðferð. En þessi aðferð er að mínum dómi svo langt frá því að vera lýðræðisleg sem aðferðir geta verið.

Ég vil leggja það til að lokum, að við Íslendingar segjum upp fiskveiðisamningum við þær þjóðir, sem hér taka botnfiskafla og raunar allan afla, með eðlilegum fyrirvara, og ég vil endurtaka það, að ef ástæða þykir til að ræða við aðra eða leyfa öðrum að taka hér einhvern afla, þá verði það gert eftir að allir samningar eru gengnir úr gildi.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég hafði satt að segja vænst þess, að í upphafi þessa fundar mundi hæstv. utanrrh. eða þá hæstv. forsrh. koma hér í ræðustól og gefa Sþ. skýrslu um Jan Mayen-málið. Þannig er mál með vexti, að það mál var rætt í Ed. í gær utan dagskrár og hæstv. utanrrh. sagði þar, að vísu ekki úr ræðustól, heldur í lok umr., þegar forseti leit til hans, væntandi þess auðvitað að hann svaraði, að hann mundi gera það í dag. Ég tók það svo, að það væri ákvörðun hans og við mættum treysta því, og þess vegna hélt umr. ekki lengur áfram í Ed. í gær. Ég spurði hæstv. utanrrh. að því þegar fundir hófust kl. 2, hvort hann mundi gefa þær yfirlýsingar sem farið var fram á í Ed. í gær. Hann yppti öxlum. Ég fékk engin svör. Ég spurði hann hvort ríkisstj. hefði rætt málið í morgun. Hann svaraði því ekki heldur.

Annar ráðh. hefur tjáð mér að ríkisstj. hafi nú í morgun rætt Jan Mayen-málið, í fyrsta skipti á nær hálfs árs ferli sínum, að því er hæstv. utanrrh. hefur upplýst í Morgunblaðinu s. l. föstudag, en þar stendur orðrétt, með leyfi forseta: „Þá var hann" — þ. e. a. s. ráðh. — „spurður, hvort málið hefði verið rætt innan íslensku ríkisstj., og svaraði hann því neitandi." Sem sagt, það var fyrst í morgun sem Jan Mayen-málið var rætt í hæstv. ríkisstj. Nú er mér auðvitað ljóst að Jan Mayen-málið er ekki hér á dagskrá fyrst og fremst, en það mál hefur þó mjög blandast inn í þessar umr., og svo alvarlegir hlutir gerðust í síðustu viku að óhjákvæmilegt er að fjalla um þetta mál af fullri alvöru og festu. Það er ekki lengur hægt að skjóta sér undan því að horfast í augu við staðreyndir. Að þessu kem ég síðar, en vík fyrst að Færeyjasamningnum.

Mér er mjög ljúft að lýsa yfir fyllsta stuðningi við hæstv. utanrrh. og samstarfsmenn hans við gerð Fær-

eyjasamninganna. Ég held að þar hafi hyggilega verið að málum staðið og við Íslendingar hefðum verið minni menn, ef við hefum ekki mætt óskum Færeyinga. Og ég m. a. s. held því fram, að við hefðum gjarnan getað gengið skrefi lengra en við gerðum. En úr því að samningar náðust á þessum grundvelli og Færeyingar vilja við þá una, þá er það heillaspor.

Það var þegar fyrir áratug samþykkt hér í Sþ. till. um aukin samskipti við Færeyinga, m. a. á sviði fiskveiða. Við Íslendingar höfum sáralítið gert að því að framfylgja þessari ályktun. Það var ályktað hér í des. s. l. á þann veg, að við ættum að taka upp samvinnu við Færeyinga á öðru sviði, sem ég nú mun víkja að.

Þar var gerð ályktun þess efnis, að Alþ. lýsti yfir að ytri landgrunnsmörk Íslands til suðurs yrðu ákveðin án tillits til Rockall og að samvinna yrði höfð við Færeyinga til að tryggja sameiginleg réttindi á landgrunnsvæðinu utan 200 mílna marka landanna. Mál það, sem hér er nefnt, hefur ekki vakið nægilega athygli á Íslandi. Menn hafa ekki gert sér grein fyrir því, hversu mikið getur þarna verið í húfi. Sannleikurinn er sá, að suður af Íslandi og suðvestur af Færeyjum er sokkið meginland, geysivíðáttumikið, þar sem talið er að mikil auðæfi geti verið fólgin í jörðu, svo sem málmar, olía, gas, og það sem meira er, að þar kunna auðvitað að vera lífverur á botninum, en allar lífverur, sem ekki hreyfast án snertingar við botninn, eru taldar tilheyra honum í drögum að hafréttarsáttmála.

Um það má auðvitað deila, hvort hugsanlegt sé að Íslendingar geti náð yfirráðum yfir þessu svæði með samvinnu við Færeyinga. Hitt er óumdeilanlegt, að það eru miklar líkur til þess, að þetta sé framhald íslensk-færeyska landgrunnsins, en alls ekki hins írska eða skoska, þó að Bretar og Írar geri nú tilkall til þessa hafsvæðis. Í öllu falli er sjálfsagt að við gætum réttar okkar, og það eigum við að gera í samvinnu við Færeyinga.

Samningurinn um fiskveiðar nú er auðvitað liður í alhliða samvinnu, sem við eigum að taka upp um verndun og nýtingu Norður-Atlandshafsins, ekki einungis við Færeyinga, heldur jafnframt við Grænlendinga og Norðmenn. Þessar þjóðir eiga að starfa saman að mínu mati og hljóta að gera það, ef sæmilega hyggilega er á málum haldið.

Ég skal ekki eyða mörgum orðum að því að lýsa þessu svæði þarna suður frá, til þess gefast betri tækifæri síðar, enda höfum við Íslendingar því miður mjög litla þekkingu á jarðfræðilegum aðstæðum þar. Hins vegar hafa Færeyingar þá þekkingu mun meiri, vegna þess að þótt skömm sé frá að segja höfum við Íslendingar nú á síðustu mánuðum miklu minna sinnt þessum málum en Færeyingar og mér skilst að af hálfu núv. hæstv. ríkisstj. hafi ekkert — í bókstaflegri merkingu ekkert verið gert í þessu efni, að rannsaka landgrunnið og jarðfræðileg atriði í því sambandi. Það er auðvitað mjög vítavert. Og það er ekki hægt að skjóta sér á bak við vanþekkingu í þessu efni, vegna þess að flutt var þáltill. þegar í upphafi þings um þetta mál og þess vegna hefði verið full ástæða til að taka það föstum tökum.

Það mun vera sameiginlegt álit jarðfræðinga að gliðnunin, sem byrjaði þegar landrek hófst, hafi einmitt verið á þessum slóðum, þ. e. a. s. á milli þessa sokkna lands núverandi og Írlands og Skotlands, þar sé hið upphaflega og elsta hafdýpi Atlantshafsins. Þetta land, sem þarna er um að ræða og nú er sokkið, var þá áfast Grænlandi. Það hefur sem sagt rekið til baka austur á við að nokkru leyti og Grænland frá því vestur á bóginn. Það er því a. m. k. mjög vel hægt að vefengja þá kenningu Íra og Breta að þetta sé eðlilegt framhald þeirra lands. Þar við bætast upplýsingar, sem ég aflaði mér nú fyrir örfáum dögum og líklega enginn Íslendingur hefur áður um vitað, að mjög mikil setlög frá Íslandi liggja vestan að þessu landi fast upp að því, þ. e. a. s. meira og minna allur framburður íslensku stórfljótanna á Suðurlandi og Austurlandi hefur borist þarna að. En það eru einmitt kenningarnar um setlögin sem Írar leggja mest upp úr og ýmsar þjóðir aðrar. Íslensk stjórnvöld sinna þessu að engu.

Þá kem ég að Jan Mayen-svæðinu. Auðvitað ætti hér innanlands að vera samstaða í því máli. Í umr. í gær í hv. Ed. hygg ég að allir ræðumenn hafi farið eins mjúkum höndum um hæstv. utanrrh. og nokkur kostur var til að reyna að hjálpa honum til að komast út úr þeim ummælum sem hann viðhafði við norska sjónvarpið og segir nú að hafi verið mistúlkun og ég vona að sé. En allir ræðumenn ekki einungis óskuðu þess, heldur kröfðust þess, að ríkisstj. og hæstv. ráðh. gerðu hreint fyrir sínum dyrum í þessu efni og gæfu hér og nú yfirlýsingu um að það væru engar vomur á Íslendingum í þessu efni, þeir teldu sig eiga þessi réttindi og það þyrfti ekki vitnanna við um það. Og það er áreiðanlegt, að ef ekki verður gefin slík yfirlýsing á þessum fundi, áður en honum lýkur, þá mun ég beita mér fyrir því að Alþ. taki í þessu máli ráðin af hæstv. ríkisstj. og utanrrh. og geri hreint fyrir dyrum Íslendinga í því, vegna þess að það er gersamlega fráleitt að Norðmenn geti haft nokkurn rétt á einhliða efnahagslögsögu við Jan Mayen.

Samningar við Norðmenn eru auðvitað æskilegastir. Ég held að við ættum að ræða það rólega, hvort ekki væri miklu betra að ná samningum á þeim grundvelli að efnahagslögsaga yrði við Jan Mayen, en þó því einungis að báðar þjóðirnar, sem hagsmuna eiga að gæta, samþykki það. Hafréttarsáttmálinn er opinn að þessu leyti enn þá og m. a. s. lítið verið rætt um þessi sérstöku málefni, vegna þess að hin stóru mál sátu auðvitað fyrir, eins og efnahagslögsaga strandþjóða, sem er auðvitað allt annað en einhverra smáeyja sem eru óbyggðar eða lítt byggðar. Það verður að hugsa um þjóðirnar og hagsmuni þeirra, ef strandríki eiga í hlut, en ekki kletta eða eyjar. Það er allt, allt annað sem þar kemur til greina. Ég held að það væri mjög æskilegt að ná samvinnu og samstarfi um að friða þetta svæði, allt Norður-Atlantshafið, og síðan mundu þessar þjóðir, sem ég áðan nefndi, hagnýta þessi auðæfi og vernda þau fyrst og fremst.

Ég álít það eiga fyrst og fremst við um landgrunnsmörk til suðurs. Það er ekki lítils um vert að geta verndað svæðið þar frá því að stórþjóðir hefji þar olíuboranir, gasboranir og annað slíkt, sem gæti spillt náttúru Norður-Atlantshafsins. Það er ekki endilega að við ætlum að fara að vinna þessi auðæfi, heldur a. m. k. að hafa stjórn á því að aðrir geri ekki jarðrask þar, sem kynni að verða óbætanlegur skaði. Þess vegna ætti að vera líka samstaða um að beita áhrifum þar suður frá.

En Jan Mayen-svæðið ættu Norðmenn og Íslendingar í sameiningu að friða og vernda og nýta hæfilega botninn, sjóinn og auðæfi hans. Það gerist auðvitað ekki nema samningar séu teknir upp og það sé gert af einhug og festu og ekki sé látið að því liggja að Norðmenn eigi réttindi sem þeir eiga engin. Og það ætla ég nú að rök-

styðja nokkru frekar. Ég raunar gerði það, held ég, allítarlega í ræðu í gær í Ed., sem þeir, sem nenna að kynna sér, gætu gert, því að hún er í heild birt í Morgunblaðinu, en ég vil þó víkja að nokkrum atriðum.

Jan Mayen er á íslenska landgrunninu, það er óumdeilanlegt. Hún er ekki á hinu norska í neinum skilningi. Austur og norður af Jan Mayen er hyldýpi, 1500 metrum dýpra en sú slétta sem Jan Mayen er á. Þetta er númer eitt. Jan Mayen er óbyggð smáeyja. Það er aðeins veðurathugunarstöð þar og slíkt. Hún er nánast klettur í því tilliti, þó að hún sé nokkuð stór. Eignarhald Norðmanna á Jan Mayen hefur varað — hvað lengi halda menn, af eignarhald skyldi nefnast? Jú, það hefur varað nokkra áratugi, það er að vísu rétt, en Jan Mayen var gerð að norskri annexíu 8. maí 1929. Ég er ekki sögufróður maður, en mér er nær að halda að Íslendingar hafi staðið í þeirri meiningu fyrr á öldum, að Jan Mayen væri íslensk, en ekki norsk. Við skulum láta það út af fyrir sig liggja á milli hluta.

Hér er ég með gamlan Ægi, frá 1924, og langar að lesa örlítið upp úr honum, með leyfi hæstv. forseta. Það er smágrein sem heitir Jan Mayen:

„Norðmaður hefur selt eyjuna Jan Mayen; er kaupandi ameríkur auðmaður, og hefur greitt fyrir hana 150 þús. norskar kr.

Í blaðinu Lofotstidende, sem gefið er út í Narvík, er skýrt frá því 18. sept. s. l., að norska ríkið hafi selt amerísku félagi eyna, fyrir 150 þús. kr.

Hið sanna er að seljandinn er norskur veiðimaður, sem fyrir tveimur árum settist að á eynni til að afla sér dýraskinna. Fyrir nokkru bauð hann norska ríkinu að selja því eyna fyrir mikið fé, en Norðmenn vildu ekki kaupa.

Þá mun hann hafa boðið hana fram á ameríkum markaði, og einhver ríkismaður tekið boðinu og keypt fyrir áður nefnda upphæð."

Þetta gerist sem sagt 1924 og þessi herramaður hefur þá sest að á Jan Mayen 1922 samkv. þessu.

En sögu eyjarinnar er sjálfsagt að athuga. Eins og ég sagði áðan, var litið á hana sem íslenska eyju. Það má t. d. geta þess, að skip eitt íslenskt, sem Snorri hét, fór til Jan Mayen árið 1918, hinn 24. júlí var lagt út frá Siglufirði og lent í Jan Mayen 29. s. m., — og til hvers? Til þess að sækja rekavið, skipið kom hlaðið af rekavið til baka. Engum datt í hug annað en eyjan væri íslensk eign og skipið væri í fullkomlega lögmætum erindum þarna.

Við skulum ekki vera að halda því fram, taka upp deilur við Norðmenn um það, úr því sem komið er, að þeir eigi ekki skerið, en þeir verða auðvitað að gæta allra atriða í því efni. Frumatriði í drögum hafréttarsáttmálans er einmitt það, að allir samningar eigi að byggjast á sanngirnissjónarmiðum, þar sem hliðsjón sé höfð af öllum atriðum sem máli skipta, þ. á m. sögulegum atriðum, sem ég hef verið að nefna hér. Einhverjir menn þurfa nú að taka sér fyrir hendur að tala líka um þetta atriði, þótt það kannske vegi ekki mjög þungt er þetta sögulegt atriði, því að ég á ekki von á að hæstv. núv. ríkisstj. geri eitt eða neitt í því frekar en öðru sem þessi mál varðar.

Ef við nefnum fjórða atriðið, það jarðfræðilega, þá hefur Jan Mayen ætíð verið talin tilheyra íslensku „hásléttunni". Í öllum jarðfræðibókum, sem um þetta fjalla, er talað um Icelandic plates eða Iceland plateo, þ. e. a. s. íslensku „hásléttuna". Á máli jarðfræðinga í þessu tilfelli er átt við neðansjávarhásléttu. Þetta er á öllum jarðfræðikortum líka. Þetta heitir íslenska „hásléttan". Þetta er íslenska landgrunnið. Á þetta hefur því miður ekki verið nægjanlega rækilega bent, vegna þess að við höfum vanrækt, bæði fyrri ríkisstj. og við allir og núv. stjórn, að kynna okkur málið nægilega og láta skoða það til hlítar.

Fimmta atriðið er auðvitað hagsmunirnir sem á að hafa að meginsjónarmiði samkv. drögunum að hafréttarsáttmála. Hverjir eru hagsmunir Íslendinga annars vegar og Norðmanna hins vegar á þessu svæði? Það er alveg ljóst, að okkar hagsmunir eru miklu meiri, í sambandi við loðnuna, síldina o. s. frv.

Sjötta: 200 sjómílna efnahagslögsaga umhverfis Jan Mayen mundi beinlínis skerða hafsbotnsréttindi Íslendinga, því að samkv. 55. gr. draganna að hafréttarsáttmálanum, ef hún yrði samþ. eins og hún er, tilheyrir botninn efnahagslögsögunni og allt sem í honum er að finna og á honum. Ef ekki er efnahagslögsaga á þessu svæði eiga Íslendingar rétt á mjög miklu svæði þar út af, þ. e. a. s. botninum og þeim lífverum sem á honum kunna að finnast. Þetta yrði skert. Ef Noregur fengi óskerta efnahagslögsögu, væri verið að taka af okkur réttindi sem við ella ættum. Af þeirri einni ástæðu hlyti hvert einasta stjórnvald að eiga að mótmæla öllum slíkum *tilraunum* og gera það strax.

Og sjöunda: Það er verið að segja að bera eigi saman réttarreglur varðandi eyjar og slíkt við réttarreglur um efnahagslögsögu út af strönd strandþjóða. Mér er ekki kunnugt um að neins staðar í veröldinni hafi smáeyja sem þessi fengið slík réttindi, þar sem hún hefur skorið efnahagslögsögu annars ríkis eða verið á landgrunni annars ríkis o. s. frv. Það, sem ræður því að 200 sjómílna efnahagslögsaga er orðin alþjóðalög, því að hún er það, ég held að við höfum sigrað þar og unnið fullan sigur, er auðvitað að hún er það „de facto". Ríkin hafa tekið sér hana, hún er „de facto" orðin alþjóðalög. Hún er það kannske alls ekki „de jure" fyrr en hafréttarsáttmálinn verður samþykktur, ef það gæti orðið.

En eru einhver „de facto" réttindi sem Norðmenn hafa öðlast kringum Jan Mayen? Ég veit ekki til þess, að eitt einasta ríki, sem eins er ástatt með, hafi náð undir sig slíkri eyju. Þeir hafa engin réttindi, hvorki „de facto" né „de jure".

Hitt er svo allt annað mál, að það á að leysa vandamál á hverju svæði heimshafanna fyrst og fremst með samkomulagi og sanngirni. Og það eru aðliggjandi ríki sem eiga að leysa þetta. Þess vegna held ég að væri alveg gullið tækifæri, bæði fyrir Norðmenn og okkur, að taka upp samninga og ná þessu svæði undir þessi ríki til *verndar og varðveislu og hagnýtingar*. Ef Norðmenn ætluðu að fara út í einhliða aðgerðir er mér nær að halda að þeir kæmust ekki upp með moðreyk. Þeir geta ekkert gert nema í samvinnu við okkur. Þess vegna eigum við að bera höfuðið hátt í viðræðum við þá. Það eru alveg eins þeir sem hafa til okkar að sækja og við til þeirra. Það er tími til þess kominn.

Ég er orðin langþreyttur á því að bíða fyrst eftir samþykktum þessara tillagna og sjá síðan ríkisstj. eitthvað aðhafast. Ég vil helst ekki þurfa að rekja alla þá sögu. Ég vona að við getum allir sæst og unnið að íslenskum hagsmunum og gert það af myndarskap. En það verður ekki nema hér verði gefnar skýlausar yfirlýsingar um að þessi hæstv. ríkisstj. ætli sér að fara að haga sér eitthvað öðruvísi en að bíða í nærri því hálft ár áður en hún getur svo mikið sem einu sinni rætt málið á fundum sínum. Það

er óverjandi, þó að mikið sé að gera að ríkast innbyrðis.

Ég fagna mjög ummælum hv. þm. Einars Ágústssonar, fyrrv. utanrrh., þar sem hann sagði að þess vegna auðvitað samþykkti utanrmn. tillögurnar um hafréttarmálin fyrir jólin og fjallaði um þau með þeim hætti sem gert var og vísaði þeim að nokkru til ríkisstj., að við ætluðumst til að þeim yrði fylgt fram. Það var öllum mönnum ljóst. Ég vona að það þurfi ekki til þess að koma, að Alþ. þurfi að gera nýjar ályktanir. Ég vona að hæstv. utanrrh. gefi strax á þessum fundi yfirlýsingar sem skiljast og hann hafi umboð til að gefa þær í nafni ríkisstj. allrar. Ef ekki, þá yrði óskað eftir því að hæstv. forsrh. gerði það. Ég segi þá, og ég meina það, og ég segi það innilega, að enginn maður yrði fegnari en ég, ef ekki þyrfti að ríkast um þetta mál. Ef hæstv. núv. ríkisstj. gæti unnið fullan sigur fyrir Íslands hönd yrði ég fyrsti maður til að fagna því. Það er misskilningur ef menn halda að þetta sé illgirni í garð hæstv. utanrrh. Hann veit vel að það hlýtur að vera misskilningur. En það er ekki hægt að sitja þegjandi undir þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið viðhöfð.

Hér hefur ýmislegt borið á góma í umr., m. a. hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, um afstöðu fyrrv. ríkisstj. og samninga við aðra o. s. frv., o. s. frv. Ég ætla ekki að fara að rifja upp þessi gömlu mál núna að tilefnislausu. Ég er með í höndunum allar upplýsingar, sem sýna afstöðu t. d. þriggja ráðh. í núv. hæstv. ríkisstj. til baráttunnar um 200 mílurnar, og ýmis plögg önnur. Ef boðið er upp á dans, þá skal ég stíga spor. Þessi plögg ætla ég að hafa hér við höndina ef menn óska að dansa. En við skulum nú heldur snúa okkur að hinu, að reyna að sameinast um það sem nú er mál dagsins, að framfylgja réttindum okkar í hafréttarmálum og þá auðvitað í dag Jan Mayen og á morgun að taka upp samninga við Færeyinga, og þá mundi vera kominn fimmtudagur, og ganga þá í það að ráða Guðmund Pálmason til þess að fara t. d. utan og safna saman öllum jarðfræðikortum og fá sér til aðstoðar t. d. 1—2 sérfræðinga, þó svo þetta kostaði kannske eins og 2 til 3, 4 eða 5 millj., þannig að íslenska sendinefndin færi ekki algerlega óvopnuð á fund Hafréttarráðstefnunnar, — eða á kannske ekki að senda einhverja nefnd? Hún þarf ekki að vera eins stór og síðast og hefur verið að undanförnu. Ég held að hún væri alveg jafngóð þó að hún væri eitthvað fámennari. En kannske er hugmyndin að vera ekkert að eiga við þetta.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. endaði ræðu sína á því að varpa fram þeirri spurningu, að e. t. v. sé hugmyndin að eiga ekkert við þetta. Það er ekki að ástæðulausu að hann spyr. Fjárveiting til utanrrn. til þátttöku í erlendum ráðstefnum var skorin niður um nákvæmlega þá upphæð sem fjmrn. vissi að þátttakan í Hafréttarráðstefnunni mundi kosta. Ekki var dregin nein dul á að þetta væri eins konar hefndarráðstöfun fyrir það, að yfirmanni einnar deildar þótti sendinefndin vera „heilt fótboltalið" í fyrra. Þetta verður auðvitað ekki látið hindra að héðan fari sú sendinefnd sem þörf er á, en það verður að gerast með því að draga úr einhverju öðru sem óþarfara er í rn.

Önnur spurning af sama tagi er varðandi rannsóknirnar. Við erum öll sammála um að samþykkja till. sjálfstæðismanna um að auka rannsóknir á landgrunninu. Það var gerð tilraun til þess af hálfu ríkisstj. í vinnuflóðinu fyrir jólin að fá 20 millj. kr. samþykktar í fjárlög í þessu skyni, en það tókst ekki. Það var fyrirætlun ríkisstj. að nota þetta fé til að setja upp deild hjá Orkustofnun sem fjallaði um þessi mál. Þeir sérfræðingar, sem þar þekkja best til, höfðu, að því er mér er tjáð, augastað á ungum sérfræðingi sem er langt kominn með nám og mundi falla vel inn í þetta sérhæfða starf.

Ég skal ekki eltast við stóryrði hv. þm. varðandi það, hvað gerist í ríkisstj. og hvað ekki. (**EKJ:** Hver var með stóryrði?) Ég skal skýra honum frá því, að ég sendi ríkisstj. ítarlega skýrslu samda af sérfræðingum um Jan Mayen-málið 7. nóv. í fyrrahaust. Eins og hann veit fóru fram miklar umr. um það mál í utanrmn.

Í sambandi við þetta mál og kannske Færeyjasamningana er það að renna upp fyrir mér, að það er sennilega reginmisskilningur að nokkuð sé hægt að byggja á þn., jafnvel þó að um þær séu svo sérstök ákvæði sem eru um utanrmn. Það stendur um hana í þingsköpum, sem er ekki um neina aðra n., að hún skuli vera til ráðuneytis ríkisstj. í utanríkismálum og starfa sem slík allt árið. Þar eð landhelgisnefndin er ekki lengur til, — ég skal ekki segja nema það ætti að athuga hvort rétt væri að vekja hana upp aftur, — þá er ekki hægt að ræða við þingið á betri eða réttari hátt en við utanrmn. og í utanrmn. Það hef ég reynt að gera í báðum þessum málum. Þetta hefur verið rætt þar á mörgum fundum, og ég tel að sá andi og þær skoðanir, sem ég hef mætt þar, þó að málið sé ekki afgreitt með beinum atkvgr., sé í beinu sambandi við það sem ég hef gert í þessum málum. Staðfesti hv. formaður utanrmn. það áðan hvað annað málið snertir.

Varðandi afstöðu til Jan Mayen krafðist hv. þm. afdráttarlausra yfirlýsinga um hver afstaðan væri hjá núv. ríkisstj. Ég gaf að vísu um þetta yfirlýsingu í Ed. í gær. Morgunblaðið prentar hana orðrétt og gerir því mjög góð skil. (Gripið fram í.) Ríkisstj. hefur vitað um þetta mál og fékk um það skýrslu í nóvembermánuði s. l. (Gripið fram í. — **Forseti:** Ekki samtal á fundinum.) Ég verð sýnilega að biðja hv. þm. afsökunar á því, að ég skuli ekki leggja fundargerðarbækur ríkisstj. hér fram, því að hann virðist telja það vera sitt mál, eins og hann gerði í ræðunni í gær, að ákveða hver dagskrá ríkisstjórnarfunda skuli vera hverju sinni. Hann getur þá talað við forsrh. um það. (**Gripið fram í:** Starfar ráðh. þá í tengslum við ríkisstj. núna?) Já, ég geri það.

Ég var að nefna það, þegar gripið var fram í, að ég lýsti yfir í gær að fulltrúar Íslands hefðu aldrei látið í ljós neins konar viðurkenningu á rétti Jan Mayen eða Norðmanna varðandi Jan Mayen til fiskveiðilögsögu. Við höfum kannske teflt á tæpasta vað þegar við ákváðum 1975 að taka upp miðlínu og framfylgja ekki landhelginni þar fyrir utan. Hv. 1. þm. Austurl. mótmælti því, ef ég man rétt, og taldi að það jaðraði við viðurkenningu á rétti Jan Mayen til að fá eigin efnahagslögsögu. Ég vona að ég muni þetta rétt. En skrefið, sem þáv. ríkisstj. var að stíga með reglugerðinni, var svo stórt að menn létu þetta niður falla, enda er þetta lítið atriði í samanburði við hitt sem við vorum að gera. Þar að auki sagði þáv. sjútvrh., hv. þm. Matthías Bjarnason, að með þessari undanþágu, „gráa svæðinu", afsöluðum við okkur engum rétti. Það má segja að hann hafi sett fyrir þann leka, en engu að síður er þetta staðreynd. Þess vegna segi ég að ég veit ekki til þess, að nokkur fulltrúi Íslands eða íslenskra stjórnvalda, og þá alls ekki núv. ríkisstj., hafi veitt neina viðurkenningu á norskum rétti við Jan Mayen. Við áskiljum okkur allan rétt varðandi þetta svæði.

Fyrir 4—5 árum má segja að á Hafréttarráðstefnunni

hafi ríkt gamla hugmyndin um að þar sem eru minna en 400 mílur á milli landa skyldi yfirleitt gilda miðlína. Okkur þótti alveg sjálfsagt að miðlína gilti á milli Færeyja og Íslands og Grænlands og Íslands. Ég dreg ekki í efa að það sé farsælasta lausnin þar. En það hefur orðið á þessu mikil breyting. Í þeim textum, sem nú er unnið með á Hafréttarráðstefnunni, eru sanngirnissjónarmið komin fram fyrir, þau eru talin fyrst og þar á eftir nefnd miðlína ef við á. Ég gerði þetta að umtalsefni greinilega í margumræddu viðtali við norska sjónvarpið, sem fór ekki fram úti í Noregi, heldur hér í Reykjavík, og ég lagði þar áherslu á að þegar reynt væri að líta á sanngirnissjónarmið varðandi Ísland og Jan Mayen yrðu menn að gera sér grein fyrir því, að hér á Íslandi býr heil þjóð sem lifir á fiskveiðum, en á Jan Mayen býr enginn maður sem *lifir á auðlindum lands og sjávar. Þetta er auðvitað okkar* höfuðtromp þegar að viðræðum um þetta kemur. Ég get sem sagt ítrekað það að ósk hv. þm. og með mikilli ánægju, að það er stefna ríkisstj., eins og ég tel að hafi verið stefna fyrrv. ríkisstj., að við áskiljum okkur allan rétt. Við viðurkennum ekki neinn rétt annarra fyrir hönd Jan Mayen og við munum eftir bestu getu halda á hagsmunum Íslands, byggja þar á sanngirniskröfu og áskilja okkur til framtíðar allan rétt á þessu svæði. Þetta er afdráttarlaust.

Vegna þess að svo illa fór við afgreiðslu fjárl., að af einhverjum ástæðum fengust ekki þessar 20 millj. til aukinna rannsókna á landgrunninu eða sérstaklega á brúnum landgrunnsins, sem skipta máli í sambandi við umfjöllun Hafréttarráðstefnunnar, höfum við rætt um í ríkisstj. hvort við gætum útvegað utan fjárl. fé til að bæta úr þessu. Því máli er ekki alveg lokið, en ég ætla að vona að það gangi fram. Eins og ég sagði fyrr í máli mínu er hugmyndin sú, að það verði deild í Orkustofnun sem fær formlega með þetta að gera til framtíðar, þó að starfið nú í fyrstu hljóti að lúta að þeim upplýsingum sem við þurfum að fá í sambandi við afstöðu á Hafréttarráðstefnu til tillagna um takmörk landgrunnsins og skiptingu þess milli strandríkja.

Hv. þm. sagðist hafa aflað sér nýrra upplýsinga. Það er, að því er ég best veit, hárrétt. *En ég hef grun um að* hann hafi einmitt fengið þessar upplýsingar hjá íslenskum yfirvöldum, hjá Orkustofnun, hjá sérfræðingi þeim sem hann nafngreindi og er manna best að sér í þessum málum þó að hann hafi mikið að gera við ýmislegt annað líka. Það er því helst til djúpt í árinni tekið þegar sagt er að ríkisstj. hafi ekkert í þessum málum gert.

Þetta var um eina till. sjálfstæðismanna frá upphafi þings, þá sem greiðlegast og með minnstum umr. var samþykkt af öllum og lagt til að Alþ. samþykkti. En þingið sjálft fylgdi því miður ekki eftir anda hennar með afgreiðslu fjárl. Ég verð að benda á að hinar tvær till., um Jan Mayen og Rockallsvæðið, voru ekki samþykktar af Alþ. Utanrmn. lagði til að þeim yrði vísað til ríkisstj. Það er reginmunur á þessu tvennu. Alþ. vísar till. annaðhvort til ríkisstj., vísar henni frá, ef það vill ekki taka ákvörðun sjálft. Þegar till. er vísað til ríkisstj. er það ekki fyrirskipun um að ríkisstj. beri að gera nákvæmlega það sem í till. stendur. (Gripið fram í.) Þetta eru þingsköp sem ég hélt *satt að segja að menn gerðu sér ljós. Hitt er allt annað* mál, eins og mér fannst vera tónninn hjá hv. formanni utanrmn., að auðvitað er tekið tillit til slíkra till. og þær hafa verið til athugunar. Það eina, sem á milli ber varðandi till. og framkvæmd varðandi Jan Mayen, er að ekki hefur verið komið á formlegum viðræðum milli landanna, enda er það mat mitt að norsk yfirvöld mundu ekki fást til slíkra formlegra viðræðna.

Þegar núv. ríkisstj. tók við í fyrrahaust var allmikill áróður í gangi í Vestur- og Norður-Noregi fyrir því, að þá þegar yrði fært út við Jan Mayen, og loðnuveiðin setti þetta að sjálfsögðu af stað. Ég taldi því að hagsmunum okkar væri best þjónað með því að fá sem allra fyrst að vita hvort þetta væri svo, hvort það væri ætlun norsku stjórnarinnar að færa út á næstunni við Jan Mayen eða ekki. Með þessu er ekki verið að tala um hvort þeir hafi réttinn eða ekki. Ef þeir trúa að þeir hafi réttinn getur vel verið að þeir færi út, hvernig sem svo eftirleikurinn yrði. Ég er sammála hv. þm. að brugðið gæti til beggja vona. Í öðru lagi: ef þeir hefðu einhver slík áform fannst mér að *við þyrftum að tryggja að þeir gerðu ekkert án þess að* hafa ítarleg samráð við okkur Íslendinga. Það, sem ég komst að raun um mjög fljótlega, var að norska stjórnin hefði engar fyrirætlanir um að færa út í náinni framtíð. Þetta fékk ég að vita hjá þeim s. l. haust. Nú hefur Norsk fiskarlag gert nýja atlögu að norsku stjórninni. S. l. fimmtudag fór fram fundur þar sem forsrh., utanrrh. og fiskimálaráðh. hittu fulltrúa frá Norsk fiskarlag, fulltrúar sjómanna og útvegsmanna ítrekuðu kröfur sínar um að fært yrði út í 200 mílur kringum Jan Mayen sem allra fyrst. Ég hef haft þær fréttir eftir þennan fund, að norsku ráðh. hafi hlustað á þessar kröfur, en engu lofað. Og opinber ummæli norska utanrrh. eftir þennan fund eru á þá lund, að útfærslan við Jan Mayen verði að bíða.

Ég skal ekki fara lengra út í hvað þessari afstöðu veldur. Þetta er norskt innanríkismál sem við reynum auðvitað að fylgjast með og höfum áhuga á. En um hitt fékk ég tvímælalaus loforð, að hvenær sem að því kæmi mundu Norðmenn, eða a. m. k. núverandi valdhafar, — ég veit ekki hvort þeir geta talað fyrir fleiri en sjálfa sig, — ekki gera neitt án þess að hafa ítarleg samráð við okkur. Betur tel ég ekki, eins og aðstaðan hefur verið í vetur, hægt að treysta hagsmuni Íslands í þessum efnum. Það er þá aðeins eftir að meta hvað eru viðræður. Þetta hafa óhjákvæmilega verið óformlegar viðræður, en *árangurinn er sá sami og ég tel að við þurfum að fá fram á* þessu stigi málsins. Þó að boðað hefði verið til formlegrar ráðstefnu um þetta á milli Norðmanna og Íslendinga og sest að samningaborði með auglýsingum, myndatökum, fréttum og öðru slíku, þá er ég sannfærður um að ekki hefði annað og meira komið út úr því á þessu stigi.

Ég sé því ekki að ástæða sé til að halda uppi hörðum deilum. Ef menn líta á þetta mál með nokkru raunsæi og með jafnaðargeði, þá sjá þeir að það, sem hlýtur að hafa vakað fyrir tillögumönnum, að varðveita og vernda hagsmuni Íslands sem allra best, hefur raunverulega verið gert á þann hátt sem best var mögulegt við þær aðstæður sem ríkt hafa. Um þetta er ég sannfærður.

Við þetta bætist það, sem hæstv. sjútvrh. nefndi í ræðu sinni og ég hafði raunar minnst lauslega á áður, að búið er að ákveða samráð fiskifræðinga sérstaklega um loðnustofninn og Íslendingar, fulltrúar sjútvrn., höfðu frumkvæði um það. Hinn fyrsti af þessum fundum verður í Reykjavík 26. og 27. mars. Ég vil því gera mér vonir um að það sé *gersamlega óþarft* að þykjast ekki skilja hver afstaðan sé í þessu máli og að ekki sé nokkur grundvöllur fyrir því að halda uppi efasemdum hvað það snertir. (**Gripið fram í:** Er samkomulag í ríkisstj. um þessi vinnubrögð?) Það hefur ekki komið fram nein gagnrýni á þau

þar. Ríkisstj. er sammála um þetta.

Hér hefur annað mál, Jan Mayen-málið og landgrunnsmálið, blandast inn í það sem er til umr., sem er fiskveiðisamningar við Færeyinga. Ég hef ekki ástæðu til þess að segja ýkjamargt í tilefni af þeim umr. sem farið hafa fram í dag um fiskveiðisamningana. Ég verð þó að mótmæla mjög harðlega þeirri árás sem hv. þm. Garðar Sigurðsson gerði á sjútvrh. og hvernig hann talaði um störf hans. Ég held að það sé afar hæpinn mælikvarði að meta ráðh. eftir því, hvað hrúgan af frv., sem þeir leggja fram, er mikil. Sjávarútvegsmál, sem eru stærstu mál þjóðarinnar að mörgu leyti og varða afkomu hennar, eru lagalega í föstum farvegi, þó að ýmsar breytingar verði þar á og geti orðið. Miklu meira skiptir hvernig framkvæmdin er frá degi til dags. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að sjávarútvegsmálin hafa verið með þeim tveim, þrem málaflokkum sem mestan tíma hafa tekið við umr. í ríkisstj. og margvíslegar afgreiðslur þar. Ég tel árás hans á sjútvrh. vera algerlega ástæðulausa.

Ég veit ekki hvort ég á að nefna gagnrýni manna út af meðferð þessa samningamáls frekar, það er búið að segja nokkuð mikið um það. Enn kemur fram í dag, að það hefði fyrst átt að bera málið undir Alþ. og síðan átt að semja. Ég tel að það sé nákvæmlega það sem gert var. Ef maður ætlar að hefja samninga, þá er ekki hægt að halda um þá opinberar umr. svo að hinn aðilinn geti vitað allt fyrir fram. Þess vegna eru n. eins og utanrmn. til, og þess vegna eru t. d. ákvæði í þingsköpum um trúnaðarskyldu, til þess að hægt sé að ræða fyrir fram hvernig við eigum að haga málum okkar í þessum eða hinum samningum. Það er stjórnarskráratriði að framkvæmdavaldið geri samninga, og vissa tegund af samningum verður að leggja fyrir Alþ. á eftir, eins og gert er núna. Ég tel að þetta sé nákvæmlega eftir bókstaf stjórnarskrár og þingskapa. (**GSig:** Er þetta eingöngu utanríkismál?) Eins og ég hef margsagt er sérstakt ákvæði um utanrmn. og henni er ætlað töluvert annað hlutverk en venjulegum þn. Hv. þm. hristir höfuðið, en ég vona að hann fletti þessu upp í þingsköpum og athugi það þar.

Annars vil ég þakka þeim sem hafa lýst stuðningi við þessa samninga, ekki síst hv. þm. Einari Ágústssyni fyrir þá afstöðu sem hann lét í ljós og ég er, eins og við má búast, fullkomlega sammála.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs, þegar dagskrármál þetta kom fyrst til umr. í síðustu viku, til að skýra þá afstöðu sem ég hafði tekið í utanrmn., en við eigum þar sæti tveir þm. úr Sjálfstfl. og erum þar einu fulltrúar stjórnarandstöðunnar. Áður en ég vík að því efni langar mig til að fara nokkrum orðum um svör hæstv. utanrrh. við þeim spurningum sem hv. 5. þm. Norðurl. v. lagði fyrir hann áðan í framhaldi af umr. sem fram fóru í Ed. í gær.

Niðurstaða mín, eftir að hafa heyrt hæstv. utanrrh. svara ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., er sú, að við séum engu nær því en við vorum í gær að fá skýr og afdráttarlaus svör með skýringum á því, hvað hæstv. ráðh. átti við með yfirlýsingunni sem túlkuð hefur verið svo, að Jan Mayen muni eiga sérstakan rétt til efnahagslögsögu.

Það eru mér mikil vonbrigði, að hæstv. ráðh. skuli ekki gefa skýra yfirlýsingu á þann veg sem bæði mér og að ég held öllum nm. í utanrmn. virtist að væri sameiginlegt viðhorf okkar í vetur, þegar við afgreiddum þáltill. um þetta efni. Ég tek í einu og öllu undir orð formanns utanrmn. um þetta atriði. Skilningur minn við afgreiðslu þáltill. um fiskveiðilögsögu, og þá ekki síst um þá till. sem fjallaði um réttindi umhverfis Jan Mayen, var sá sem hv. formaður utanrmn. sagði einnig vera sinn skilning, að það hlyti að verða eftir till. farið og tekið til starfa í samræmi við þá niðurstöðu sem varð við meðferð þess máls í utanrmn. Ég vík dálítið nánar að því síðar.

Ég leyfi mér að víkja aftur að því, hver ég tel að hefðu átt að verða viðbrögð hæstv. utanrrh. við spurningum um efnisinnihald yfirlýsinga hans í norska sjónvarpinu. Ég tel að þau ein viðbrögð séu skynsamleg gagnvart Alþ., úr því sem komið er, að lagt sé fram orðrétt allt viðtalið sem fram fór í norska sjónvarpinu, á því máli sem það var flutt. Það ættu að vera hæg heimatökin, fyrst viðtalið var tekið upp hér á landi. Ég trúi ekki öðru en hæstv. utanrrh. hafi verið svo fyrirhyggjusamur að eiga sjálfur eða hafa í fórum rn. eintak af viðtali um jafnmikilvægt málefni. Sé svo ekki, sem mig furðar þó á, ættu einnig að vera hæg heimatökin fyrir rn. að óska eftir þeim orðum, sem þarna voru sögð, frá norska sjónvarpinu eða jafnvel norska utanrrn., sem ég þykist vita að hafi haft vit á því að skrásetja hvert orð sem þarna var sagt. Ef það hefur ekki gert það, þá hefur áreiðanlega Norsk fiskarlag gert það, því að yfirlýsingin, sem túlka má með þeim hætti sem margir gerðu, þjónar þeim hagsmunum sem það ber fyrir brjósti og mun þá geta orðið til að aðstoða Norsk fiskarlag við að þrýsta á norsku ríkisstj.

Það er sannarlega rétt sem hæstv. utanrrh. sagði, að þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið um að Norðmenn muni ekkert aðhafast í sambandi við réttindi umhverfis Jan Mayen nema hafa samráð við Íslendinga, eru gefnar af hálfu norska ráðamanna, e. t. v. fyrir hönd þeirra persónulega. En hæstv. utanrrh. Íslands gefur yfirlýsingu sem skilja má sem stefnumörkun af hálfu ríkisstj. Íslands og þannig að heyra má um gjörvallan Noreg og víðar.

Hæstv. utanrrh. sagði líka aðspurður í þessum umr., að ríkisstj. væri sammála um þetta mál. Nú sýnist mér að enn þurfi frekari skýringa við. Á hæstv. utanrrh. við að hæstv. ríkisstj. sé sammála um þá yfirlýsingu sem gefin var í norska sjónvarpinu, eða á hæstv. utanrrh. við að ríkisstj. sé sammála um þetta mál í einu og öllu? Ekki veit ég það.

Hæstv. ráðh. þótti ekki óeðlilegt að ekkert sérstakt hefði verið aðhafst í framhaldi af greiðslu þáltill. um þetta efni rétt fyrir jólin, en það mætti hins vegar vera að hún yrði höfð til hliðsjónar eða leiðbeiningar. Ég vil af þessu tilefni leyfa mér að lesa orðrétt þann rökstuðning sem fullt samkomulag var um að fylgdi þegar þetta mál var afgreitt í Sþ. rétt fyrir jólin. Um þennan rökstuðning var fullt samkomulag milli hæstv. utanrrh., formanns utanrmn., allra utanrmn.-manna og 1. flm. þáltill. Þessi rökstuðningur hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Upplýst hefur verið að viðræður við norsk stjórnvöld um Jan Mayen-málið séu hafnar og verði haldið áfram. Jafnframt hefur verið kunngert, að Norðmenn muni ekki grípa til einhliða aðgerða á næstunni. Nefndin leggur því til að till. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að samningaumleitunum verði haldið áfram og leitast verði við að koma í veg fyrir árekstra við Norðmenn."

Þannig var þessi yfirlýsing. Ég skil niðurlag þessarar yfirlýsingar, þar sem segir að leitast verði við að koma í veg fyrir árekstra við Norðmenn, svo, að það þurfi ekki að þýða að við gefum yfirlýsingar sem Norðmenn geti skilið svo, að þeim sé allur réttur heimill umhverfis Jan

Mayen, heldur einmitt að tryggilega sé gengið frá því, að þessi atriði séu leyst í fullu samkomulagi við okkur. Þess vegna verður ljóst að sú stefna, sem mörgum virtist koma fram í yfirlýsingu hæstv. ráðh., er ekki stefna Íslendinga.

Ég vil leyfa mér að ítreka þau tilmæli, sem ég setti fram í Ed. í gær, að hæstv. ráðh. láti fram koma á sama vettvangi og yfirlýsing hans var gefin, þ. e. a. s. í norska sjónvarpinu, afdráttarlausa skýringu og leiðréttingu á ummælunum. Ég held að það hljóti að þjóna hagsmunum bæði Íslands og líka Norðmanna, ef þeir vilja ná *sæmilegu samkomulagi við Íslendinga og frændþjóðir* sínar í norðurhöfum, og ekki ætla ég norskum stjórnmálamönnum annað yfirleitt. Hitt er líka ljóst og það þekkja hv. alþm., að það getur verið mjög erfitt að standa gegn ásókn mikilvægra þrýstihópa í mikilvægum atvinnuvegi sem sjávarútvegi í þessu máli. Það hljóta menn að sjá. Þess vegna er ljóst hver hætta er á ferðum ef yfirlýsing með leiðréttingu kemur ekki fram eins fljótt og unnt er.

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að fjölyrða sérstaklega um þetta mál, þó að margt í því sé vissulega þess virði. Ég vil aðeins ítreka það, að þrátt fyrir þann misskilning, sem upp hefur komið varðandi þetta mál, ber ég fyllsta traust til hæstv. utanrrh., að hann hafi það sjónarmið í þessu efni sem við treystum þegar við afgreiddum þáltill. Ég skil að hæstv. ráðh. þyki leitt að orð hans hafa verið misskilin, en þeim mun eðlilegra er þá að hann komi sem allra fyrst afdráttarlausri leiðréttingu á framfæri, bæði gagnvart Alþ. og gagnvart Norðmönnum.

Herra forseti. Ég kem nú að sjálfu dagskrárefninu, þáltill. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga.

Það hefur nú um alllangan tíma komið fram í ýmsum fjölmiðlum, að þm. hafi verið spurðir um afstöðu sína til þessa máls. Það hefur mikið verið rætt um málsmeðferð í utanrmn. Ég sé ástæðu til þess sem annar sjálfstæðismaðurinn í þeirri n. að lýsa yfir þeirri afstöðu minni, að ég styð eindregið samninga við Færeyinga að þessu leyti. Ég hefði haldið að kvóti þeirra yrði stærri, og rök mín fyrir þessari afstöðu eru ekki einungis tilfinningalegs eðlis, heldur einnig, að því er ég tel, pólitískt skynsamleg rök. Fyrir því vil ég nú reyna að gera nokkra grein. Áður en ég kem að þeirri grg. vil ég samt víkja að þeim atriðum sem fram hafa komið í máli hv. þm. um vinnubrögðin í þessu máli.

Ég get ekki tekið eins harkalega undir þá gagnrýni, sem fram hefur komið hjá ýmsum hv. þm., og e. t. v. mætti ætla. Mér finnst þvert á móti að hæstv. ráðh. hafi haft að flestu leyti eðlilegan hátt á, gagnvart utanrmn. a. m. k. Fyrir því var gerð grein í utanrmn. í desember, að von væri á Færeyingum hingað til lands til þess að ræða *um framlengingu á veiðiheimildum Færeyinga að því er* varðar loðnuveiðar. Þess var farið á leit, að meðlimir utanrmn. ræddu þetta mál í flokkum sínum. Það er mála sannast, eins og komið hefur fram og hv. þm. skilja, að til þess var einfaldlega ekki tími fyrir þinghlé. Svo mörg mál voru á dagskrá þingflokkafundanna að utandagskrármál, þótt mikilvægt væri eins og þetta, komst þar ekki að til neinnar umr.

Síðar lá það fyrir, að Færeyingar mundu fresta komu sinni, en fram kom skömmu eftir áramótin að þeir væru væntanlegir. Hvenær var það? 8. janúar eða svo. Þá var boðaður, nokkrum dögum áður, fundur í utanrmn. Við stjórnarandstæðingar í n. brugðumst þannig við, að við höfðum samráð okkar í milli og ákváðum að haga störfum okkar þannig að við reyndum hvort um sig að ná tali af þeim þm. í okkar flokki sem við hefðum tækifæri til. Ef við hefðum orðið vör við verulegan ágreining, þá hefði það vitanlega komið fram og við gert grein fyrir því, að við slík vandamál væri að etja í okkar flokki. Svo var ekki.

Við gátum því miður ekki komið því við að hafa samband við alla þm. flokks okkar, en afstaða okkar — ég geri grein fyrir afstöðu minni a. m. k. — var sú, að það *væri að ganga til samningaviðræðna* við Færeyinga. Að vísu höfðum við ekki mikil gögn í höndunum um þetta atriði. Við höfðum ekki upplýsingar að heitið gæti um ástand þeirra fiskstofna, sem samningurinn tók til, og fleiri atriði, sem til greina hefði komið að athuga í samningaviðræðum, höfðum við ekki í höndum. Engu síður töldum við ljóst í n., að unnt væri að ræða málið og sýna samningsvilja. Töldum við sum, og ég var meðal þeirra, að við ættum að sýna mikið frjálslyndi — ef ég má orða *það svo — í samningaviðræðum* við Færeyinga, við reyndum að forðast einstrengingslega afstöðu í samningaviðræðum gagnvart þeirri þjóð. Í fyrsta lagi vorum við að semja við frænd- og vinaþjóð, nágranna okkar. Í öðru lagi vorum við að semja við þjóð sem er mjög fámenn og byggir afkomu sína í enn þá ríkari mæli en við á fiskveiðum. Séum við háð fiskveiðum, þá eru Færeyingar það enn meira.

Við litum svo á, — ég bið hæstv. forseta velvirðingar á því að ég sagði „við" og stóð þá sjálfa mig að því að vera farin að skýra frá afstöðu fleiri manna í n., það ætlaði ég ekki að gera, — ég leit svo á, að það yrði leitast við svo sem fært var að tryggja okkur fiskveiðiréttindi á móti. Þar var um að ræða kolmunnann, sem Færeyingar kalla því glæsilega nafni svartkjaft. Það var ekki einungis um að ræða svartkjaftinn, það er held ég ljóst. Sagt er mér af fiskifróðum mönnum, að ýmsar fleiri fisktegundir syndi í hafinu umhverfis Færeyjar, og væri með ólíkindum ef svo væri ekki. Þess vegna spurðist ég fyrir um það, hvort tök væru á að athuga um hugsanleg réttindi okkar til veiða á öðrum tegundum, hvort jafnvel kynni að vera um að ræða á þessum slóðum verðmæta tegund, djúprækju eða eitthvað slíkt. Ég vil treysta því að leitast hafi verið við að *athuga um möguleika á réttindum til veiða á* öðrum tegundum og það hafi einfaldlega af einhverjum ástæðum ekki fengist, enda var þarna um að ræða að við minnkuðum kvóta Færeyinga á loðnuveiðum í helming þess sem hann var áður.

Þessi tvö atriði, samningaviljinn gagnvart frændum og vinum, íbúum smáríkis, og hins vegar hugsanleg fiskveiðiréttindi okkar, eru í sjálfu sér mikilvæg rök. Í þriðja lagi eru mikilvæg rök sem við megum ekki gleyma einfaldlega *pólitísk rök með tilliti til samslunginna* hagsmuna þessara ríkja. Þetta ríki og önnur ríki, sem byggja afkomu sína á fiskveiðum í Norðurhöfum, nágrannar okkar og vinir, t. d. Grænlendingar, öll hafa þessi ríki svo samslungna hagsmuni einmitt að þessu leyti að við hljótum að sýna mikinn vilja til þess að semja við þau, styðja þau í lífsbaráttu þeirra, eins og við ætlumst til að okkur sé sýnd sanngirni af öðrum þjóðum sem stærri eru. Þess vegna finnst mér hljóma svolítið skringilega þegar menn tala um það sem einbera greiðasemi að við gengum til samninga við Færeyinga. Við skulum vera svo hreinskilin að viðurkenna að samningar eru líka í þágu okkar að þessu leyti. Það styrkir ekki stöðu okkar í samningum við

stærri þjóðir að hafa nýlega komið frá samningaborði við miklu minni þjóð og miklu háðari fiskveiðum en við erum, búnir að svipta þá þjóð öllum heimildum til veiða í lögsögu okkar.

Í fjórða lagi hljótum við að taka tillit til fiskifræðilegra raka. Annað væri ekki í samræmi við hagsmuni þeirra ríkja sem hlut eiga að máli. Það hlýtur að vera í samræmi við hagsmuni bæði Íslendinga og Færeyinga að taka tillit til fiskifræðilegra raka, a. m. k. þegar nokkuð líður frá. En eins og ég skýrði frá áðan lágu ekki fyrir n. sérstök gögn um þessa hlið málsins. Því var það, að ég tók þá afstöðu að lýsa þessum rökum og einnig þeirri skoðun minni eindreginni, að okkur bæri að ganga til samninga við Færeyinga og á sig væri töluvert leggjandi til að ná við þá samningum og ganga eins langt og við mögulega teldum okkar geta til þess að veita þeim veiðiheimildir. Mér er ljóst að margir hafa það við þessa afstöðu að athuga, að slíkir samningar gefi fordæmi um samninga við aðrar þjóðir. Ég er á annarri skoðun. Mér finnst þvert á móti að sérstaða Færeyinga sé slík að samningar við þá gefi ekki fordæmi. Hvernig ætti það líka að geta verið fordæmi gagnvart öðrum þjóðum hvað við gerum sjálf, fullvalda þjóð, í samningum okkar við annað ríki? Vitanlega ráðum við því sjálf, hvað við gerum við auðlindir okkar og hvernig við ákveðum að nýta megi þær. Engin önnur þjóð hefur rétt til þess að vísa til þess sem einhvers fordæmis hvað við veitum einni þjóð. Við erum sjálfstætt ríki og ráðum þessu sjálf.

Ég leyfi mér að víkja aðeins að nokkrum ummælum, sem komið hafa fram í ræðum hv. þm. Þótt ræður þeirra hafi verið bæði langar og fróðlegar og að sumu leyti skringilegar sumar hverjar var það aðeins lítið eitt sem ég festi á blað.

Vil ég þá fyrst víkja að ræðu þess fræga manns í sjávarútvegsmálum, hv. 1. þm. Austurl. Hv. þm. átti ekki orð til að lýsa hneykslun sinni yfir vinnubrögðunum. Um það atriði hef ég þegar fjallað og er út af fyrir sig ekkert sérstaklega hneykslað á þeim. Þó tel ég að það hefði verið til bóta ef haft hefði verið samráð einnig við sjútvn., þótt það sé engan veginn skylt, mér er það ljóst, en ég tel að það hefði verið skynsamlegt. Ég tel líka að skynsamlegt hefði verið að veita talsmönnum fleiri flokka tækifæri til að ræða við Færeyinga, þó ekki væri nema til að varpa ljósi á þá aðstöðu, sem þessi litla þjóð hefur, og átta sig á því, hvernig hagsmunir okkar tvinnast saman.

Hv. 1. þm. Austurl. sagði, þegar hann fjallaði um afstöðu til þess að ræða við frændþjóð og vinaþjóð, smáþjóð sem Færeyinga: Þá reisa menn ekki höfuðið ýkjahátt. Þá þurfa menn alltaf að sýna svo mikla sanngirni. Þetta eru frændur okkar og vinir. — Því miður er mér ekki eins lagið og sumum öðrum hv. þm. að leika hv. 1. þm. Austurl. Ekki er það Alþ. einungis til skammar, að fyrrv. sjútvrh. Íslands hæðist að því að sýnd skuli sanngirni frændum okkar og vinum. Ég tel að það veiki stöðu Íslendinga í samningum gagnvart öðrum þjóðum. Til hvers ætluðumst við Íslendingar í allri baráttu okkar fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar? Við ætluðumst til að aðrar þjóðir sýndu okkur sanngirni, bæði frændur okkar og vinir svo og aðrar þjóðir. En við nánustu frændur okkar og vini þykir hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, fyrrv. sjútvrh., rétt að koma fram með þeim hætti að hæðast einfaldlega að því að stigið sé skrefi lengra í samningum til að veita þeim réttindi heldur en gagnvart öðrum þjóðum.

Hv. þm. Alþb., nánar tiltekið hæstv. viðskrh., lýsti einnig yfir atriði sem varpaði afar sérkennilegu ljósi á meðferð þessa máls. Hæstv. ráðh. lýsti því yfir skýrt og skorinort, að þessi samningur um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir hefði ekki enn þá verið borinn upp í ríkisstj. né heldur sú þáltill. sem liggur fyrir þinginu. Nú er ég ekki kunnug heimilishögum hjá hæstv. ríkisstj., en einkennilegt þykir mér að það skuli ekki vera borið upp eða skýrt frá a. m. k. svo mikilvægum þskj. sem þessu. Ég veit ekki til að það sé skylt eftir lögum landsins, en vegna almennrar reglu á heimilinu og sæmilegs samkomulags þætti mér það afar eðlilegt. Ég skil ósköp vel, þótt ég skilji oft ekki þennan hæstv. ráðh., að hann sé bæði sár og hneykslaður á vinnubrögðum þessum út af fyrir sig. En þetta er atriði sem varðar meðferð málsins í ríkisstj. og er náttúrlega fyrst og fremst áhyggjuefni þeirra sem þar sitja, og ég ætla ekki að blanda mér í það atriði efnislega.

Hæstv. viðskrh. benti líka á annað atriði sem honum þótti ámælisvert, og það var að Alþb. sem slíku, eins og hann sagði, var aldrei gefinn kostur á fulltrúa í viðræðunum við Færeyinga. Nú má vel vera að það sé heldur engin skylda að Alþb. fái fulltrúa í viðræðunefnd. Hitt er annað, að óneitanlega er eðlileg ósk að fulltrúi þess flokks sem og annarra þingflokka hefði átt kost á að ræða við Færeyingana með einu móti eða öðru. Ég veit ekki hvort þetta kann að stafa af því, að vitað var að mjög skiptar skoðanir voru í Alþb. um þetta efni.

Það hefur komið fram í afstöðu til annarra mála, hve slæm samviska Alþb. er vegna þessarar afstöðu. Þó að hv. þm. hafi auðvitað fyrst og fremst áhyggjur af eigin afstöðu, þá finnst mér ósköp eðlilegt að það snerti samvisku þeirra ef formaður flokks þeirra hefur svo lítilmótlega afstöðu sem hv. 1. þm. Austurl. lét í ljós. Ég held nefnilega að andstæðingar mínir í Alþb. séu margir hverjir alls ekki eins smásmugulegir í hugsun og kom fram í þessari afstöðu. Afstaða þeirra til þessa máls, einhverra a. m. k., er að ég held bæði ögn höfðinglegri og skynsamlegri. En samviska flokksins er slæm að þessu leyti. Það kom í ljós m. a. þegar hv. 1. þm. Vestf., einnig fyrrv. sjútvrh., hélt ræðu um þetta mál á fundinum í fyrri viku. Hv. 3. landsk. þm., Ólafur Ragnar Grímsson, greip þá allt í einu fram í fyrir hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni. Nú er ekkert nýtt að einn og einn þm. grípi fram í, en það, sem hann spurði um, var þetta: Þegar hv. 1. þm. Vestf. hafði lýst yfir að hann væri mjög hliðhollur og vinveittur vinaþjóð okkar Færeyingum, þá hrópaði hv. þm. úr sæti sínu: „Vill hv. þm. styðja aðild Færeyinga að Norðurlandaráði?“ Hvernig Alþb.-menn sumir hverjir blása það mál út að ýmsu leyti á þann veg að misskiljast megi afstaða annarra þm., sýnir svo ljóst sem verða má, að það er gert til þess að reyna að breiða yfir samviskubitið og hneisuna sem þeir telja sig hafa orðið fyrir vegna hinna ómyndarlegu og óskynsamlegu afstöðu formanns flokksins og fleiri þm. hans að vilja alls ekki sinna — (**Gripið fram í:** Þeir eru ekki enn þá búnir að tala.) Ég veit það. Ég er svo bjartsýn satt að segja, að mér dettur ekki annað í hug en að hv. 4. þm. Vesturl. hafi bæði skynsamlegri afstöðu og myndarlegri en hv. formaður flokksins. (Gripið fram í.) Já, enda sagði ég aldrei nema sumir, ég sagði aldrei allir. Á þessu var sá fyrirvari.

Hvað sem því líður finnst mér afar skiljanlegt að þessum flokki líði ekki rétt vel í sambandi við þetta mál. Svo mikið höfum við rætt um lífshagsmuni af fiskveiðum, að þegar að lífshagsmunum þessarar vinaþjóðar og frændþjóðar okkar kemur er okkur ekki alveg sama, — þeir

geti etið sína fáu fiska, en látið okkar fiska í friði, og okkur sé alveg sama hvort þeir geti e. t. v. fengið einhverja mola af borðum Efnahagsbandalagsins eða eitthvað slíkt. Þetta er afstaða margra Alþb.-manna, sem kom afskaplega vel í ljós þegar hv. þm. Garðar Sigurðsson flutti ræðu í dag. Þá sagði hv. þm. skýrt og skorinort: Það er ekki um samninga að ræða við Færeyinga, heldur að við höfum gefið Færeyingum þennan afla. Við höfum gefið þeim nokkra milljarða. Og færeyska sendinefndin kom ekki hingað til samningaviðræðna, sagði hv. þm., heldur til þess að taka við tilkynningu um hve mikið við ætluðum að gefa þeim af því sem við megum ekki missa. Ég er hrædd um að einhvern tíma hefði það þótt á Íslandi vera nokkuð meira en bara aðsjálni eða ráðdeildarsemi sem birtist í þessum orðum. Ég er hrædd um að þetta hefði þótt heldur ómyndarlegt og kallast hrein níska.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði um þá aðila, sem undrast og hneykslast á þeirri afstöðu, sem hann hefur til þessa máls, og þeirri afstöðu sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur til þessa máls, að slíkt fólk ætti ekki að leyfa sér að fjalla um sérfræðileg efni. Mér finnst verst að hann er ekki hér nærri enda lætur hann sér vafalaust fátt um finnast þegar hér er 5. þm. Reykv. að fjalla um sérfræðileg efni tveggja Alþb.-manna a. m. k. En ef það er að fjalla um sérfræðileg efni að hafa einhverja afstöðu í máli sem þessu, hvað er þá um afstöðu allrar íslensku þjóðarinnar í málefni sem landhelgismálinu á sínum tíma og þeirri baráttu sem háð var til þess að færa út fiskveiðilögsöguna? Það er nefnilega svo, að hjá þjóð, þar sem hver einstaklingur byggir afkomu sína með beinum eða óbeinum hætti á sjávarafla, er ekki verið að fjalla um sérfræðileg efni þó að borgarar, sem vinna við eitt og annað, láti sig þau mál einhverju skipta og hafi á þeim skoðanir. Jafnvel þótt þeir hv. þm., sem sjálfir hafa verið við að afla fisksins, telji sig mikla sérfræðinga á þessu sviði, þá get ég sagt hv. þm. það, að stundum hvarflar að mér að hér kunni að vera einhverjir þm. sem e. t. v. hafi oftar unnið matvæli úr þessum sjávarafla en margir aðrir þm. Nú bið ég hv. þm. að halda ekki að ég ætli að fara að gefa uppskriftir af fiskréttum, það ætla ég ekki að gera. Ég veit að svo margir hv. þm. vilja ræða þetta mál að ég mun ekki taka frekari tíma fundarins til að lýsa afstöðu minni. En ég vil mótmæla þeim skilningi, sem fram kemur, hvaðan sem hann kemur, að hvaða þm. sem er og hvaða Íslendingur sem er hafi ekki fyllsta rétt til að hafa afstöðu í þessu máli og segja hana hverjum sem er. Og svo að ég ítreki það sem ég byrjaði á: Það þarf enginn Íslendingur frekar að segja afstöðu sína til fiskveiðiréttarmála en sjálfur hæstv. utanrrh. landsins. Og það bið ég hann að gera, svo að jafnmargir Norðmenn megi heyra og heyrðu í honum í sjónvarpinu um daginn og að Alþingi Íslendinga fái í hendur skjal, þar sem skráð er hvert einasta orð sem sagt var í viðtalinu við norska sjónvarpið um daginn um réttindin við Jan Mayen.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Um þessa till. til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga hafa þegar orðið langar umr. og miklar. Ég vona að það teljist ekki að bera í bakkafullan lækinn þó að ég láti nokkur orð falla um þetta efni.

Samkomulag var undirritað í þessu máli 10. jan. s. l. Vinnubrögð og málsmeðferð öll af hálfu hæstv. utanrrh. hafa verið harðlega gagnrýnd af hv. 1. þm. Austurl. og hæstv. viðskrh. m. a. og raunar fleiri. Þeir hafa haldið því fram, að einn stjórnarflokkurinn, Alþb., hafi verið algerlega sniðgenginn í þessum málum, þeir hafi ekki fengið að vera með í leiknum og álits þeirra og samþykkis hafi ekki verið leitað á neinn veg. Ég ætla að eftirláta talsmönnum stjórnarflokkanna að ræða þessa hlið málsins sín á milli og komast að niðurstöðu í þeim efnum. En um hina efnislegu hlið málsins hefur einnig verið haldið uppi harðri gagnrýni af hálfu hv. 1. þm. Austurl. sérstaklega og raunar fleiri.

Svo sem kunnugt er var fundur haldinn í utanrmn. Alþ. 3. jan. s. l., þar sem þessi mál voru rædd. Þar voru fulltrúar allra þingflokka viðstaddir. Samkv. þingsköpum á utanrmn. að vera ríkisstj. til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstj. ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Á þennan fund í utanrmn. kom hæstv. utanrrh. og skýrði frá því, sem hann hafði raunar getið um áður, að þessar viðræður við Færeyinga væru fram undan, og óskaði jafnframt eftir því, að nm. könnuðu viðhorf þingflokka sinna til málsins. Ég get hér um þennan fund í utanrmn. án þess að rekja fundarefnið nánar. Þó held ég óhætt sé að fullyrða að á þessum fundi hafi yfirleitt komið fram vinsamleg afstaða til Færeyinganna og þeirra viðræðna sem þá stóðu fyrir dyrum. Það lá ljóst fyrir, að málin hefðu ekki verið rædd í þingflokkum, nema þá mjög lauslega. Hvað þingflokk Sjálfstfl. snerti hafði málið ekki verið rætt, en fulltrúar hans á þessum fundi töldu sjálfsagt að taka á móti sendimönnum Færeyinga með fullri vinsemd og góðum skilningi og skoða erindi þeirra og óskir mjög vandlega.

Nú hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum viðræðna, eins og fram kemur af þáltill. sem hér er verið að ræða. Það er ekki ástæða fyrir mig til að ræða till. mjög ítarlega nú við fyrri umr. málsins, þar sem henni verður væntanlega vísað til utanrmn. En ég get lýst því yfir nú þegar, að ég mun veita henni stuðning.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að rökstyðja þá afstöðu nákvæmlega. Það er ekki eingöngu vegna þess að hér eiga Færeyingar hlut að máli, sem eru frændur okkar, vinir og nágrannar, eins og margoft hefur verið tekið fram, og hafa oft hlaupið undir bagga með okkur þegar menn hefur skort á fiskiskipaflotann eða í fiskvinnsluna. Þarna er um margar fleiri ástæður að ræða. Það má minna á það nú, að Færeyingar eru að reyna að sjá fótum sínum forráð eins og aðrar smáþjóðir í viðsjálum heimi með því að móta eigin fiskveiðistefnu með gagnkvæmum samningum við aðrar þjóðir. Þeir eru duglegir fiskimenn, eins og þeir hafa oft sýnt, og ötulir að draga föng í sitt bú.

Það mætti ýmis orð segja um ræður annarra hv. þm. sem tekið hafa til máls um þetta efni, en ég ætla ekki að rekja það nákvæmlega, vil þó víkja örfáum orðum að hv. 3. þm. Suðurl. Ég hlusta alltaf þegar hann ræðir um sjávarútvegsmál. Ég held nefnilega að hann sé nokkuð góður sjómaður. Hann hefur verið við fiskveiðar norður í Dumbshafi og hér og þar umhverfis landið og hefur áhuga á þessum málum. Hann kvartar yfir því, að þessi mál séu of sjaldan rædd hér í hv. d. Ég man eftir því fyrir nokkrum árum, þegar ég flutti þáltill. um sjómælingar, að þá lagði hann hvað mest við hlustirnar af þm. og virtist hafa áhuga á því máli. Það er ekki þar með sagt að ég sé sammála því sem kom fram í þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan né heldur öllu sem hann segir um þessi mál.

Hann gat þess m. a., að hann vildi segja upp öllum fiskveiðisamningum. Ég tel að þetta atriði þurfi mjög að íhuga, hvort eigi að gera það á þessu stigi málsins.

Þá vil ég benda honum á að kynna sér vel — og ég efast reyndar ekki um að hann veit það — hver hlutdeild útlendinga var í afla á Íslandsmiðum 1972 og hver hún er í dag, svo að dæmi sé nefnt. En mér virðist hann ræða þessi mál nokkuð út frá sjónarmiði sjómannsins. Hann kannast t. d. við mun á góðum afla og stórskemmdum afla. Það heyrði ég greinilega áðan. Og hann veit að fiskveiðar eru fjöregg þjóðarinnar. Hann benti einnig á — svo að ég segi nokkrar setningar við hann í viðbót — að ekki mætti gera of lítið úr fiskifræðingum. Það má alls ekki gera heldur að mínum dómi, þó að við Breiðfirðingar séum alls ekki alltaf sammála því sem þeir segja. En ég viðurkenni þó að þeir vísindamenn, sem við höfum kostað til náms í þessum fræðum, eiga að miðla okkur tillögum og upplýsingum sem okkur er skylt að hlusta á, þó við verðum kannske af og til að nota venjulegt brjóstvit og heilbrigða skynsemi í viðbót a. m. k.

Það má færa ýmsar fleiri ástæður fram um leið og lýst er stuðningi við þessa till. sem hér er fjallað um. Ég vil bæta örfáum orðum við. Hafréttarráðstefnunni er ekki lokið enn þá. Kunnugir segja mér að það séu alltaf eftir tveir fundir í þeim málum, í rauninni tvær framhaldsráðstefnur, í hvert skipti og þeir spekingar hitast sem þar fjalla um þessi mál. Það getur teygst úr tímanum áður en lokapunkturinn verður settur að síðasta fundi loknum í þeim málum. Þó að hlutur okkar sé harla góður og málstaður eftir því á þeim vettvangi er ólokið ýmsum þáttum sem geta skipt okkur miklu máli.

Grænland hefur borið á góma í umr. um þetta mál og Jan Mayen. Það er vissara að fara hægt í sakirnar með allar fullyrðingar og yfirlýsingar. Það eru lítt könnuð auðæfi um allan sjó. Minna má á hinn gífurlega stóra kolmunnastofn, sem eftir á að koma í góðar þarfir, og djúpsjávarrækjuna, sem aðeins var minnst á áðan, sem lítt er könnuð, en virðist geta gefið gull í aðra hönd. Þið ættuð að spyrja Dalvíkinga að því, hvar þeir fá sína dýrmætu djúprækju um þessar mundir. Og þegar Grundfirðingar eða Breiðfirðingar geta ekki fiskað á sínum hefðbundnu rækjuslóðum vegna þess að þar er ungfiski í uppvexti, ýsa og annar góðfiskur, þá mætti leiða hugann að því, hvort ekki er dýrmætt að vita af rækjumiðum, jafnvel á fjarlægum slóðum. Það er ekki víst að þau lendi öll innan 200 mílnanna okkar. Þannig mætti benda á ýmsilegt. En ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Með hliðsjón af þessu og vitaskuld mörgu öðru tel ég, að við verðum að varðveita okkar góða málstað áfram í þessum málum eins og hingað til. Og þá megum við ekki spilla honum með því að sauma að lítilli nágrannaþjóð sem á enn meira undir fiskveiðum komið en Íslendingar.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þessar umr. um fiskveiðisamninga við Færeyinga eru nú þegar orðnar alllangar og enn eru nokkrir hv. alþm. á mælendaskrá. Ég hefði að vísu haft tilhneigingu til þess að víkja að ýmsum atriðum, og býsna mörgum, sem fram hafa komið hér í umr., en mun nú reyna að teygja ekki lopann allt of mikið. Ég tel þó að ég verði að víkja að nokkrum atriðum, sem hér hafa komið fram, og gera einnig lítils háttar grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, enda þótt ég muni væntanlega eiga þess kost í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, að koma henni á framfæri þar.

Mér þykir bera helst til mikið á því, einkum af hálfu þeirra hv. þm. sem harðast hafa andmælt þessari samningagerð, að þeir eru að rugla saman tveimur málum sem a. m. k. eru, þó að þau séu e. t. v. skyld, tvö, en ekki eitt. Það bar, þótti mér, æðimikið á því í máli þeirra flokksbræðra minna, hv. 1. þm. Austurl. og í dag í máli hv. 3. þm. Suðurl., að þeir eru að rugla saman tveimur málum. Af langri viðkynningu veit ég að þetta eru báðir bráðskýrir menn, og ég veit ekki hvernig á því stendur að þeir eru að rugla þarna saman málum. Ég held að ástæðan hljóti að vera sú, að þeir hafa ekki að þeirra eigin dómi alveg nægilega sterk rök fyrir ýmsum þeim fullyrðingum sem þeir koma fram með um þennan samning. En það, sem þeir eru að rugla saman, er annars vegar sá samningur, sem nú er hér til umr. um gagnkvæmar veiðiheimildir Færeyinga og Íslendinga, og hins vegar annar samningur við Færeyinga sem gerður var fyrir nokkrum árum og er, eins og tveir aðrir hliðstæðir samningarm, með 6 mánaða uppsagnarfresti. Það er vissulega ástæða til að ræða það, þegar lítið er á stöðu fiskveiða okkar, hvort nú sé svo komið að ástæða sé til að segja upp öllum þessum þremur samningum, En við verðum að muna í sambandi við þennan samning, sem hér er til umr., að enginn þm. hefur enn lagt fram till. um að segja þessum þremur samningum upp, sem þó verður að gera með 6 mánaða uppsagnarfresti. Það hafa verið um þetta umr. og menn hafa sagt ýmsir: Það er orðið tímabært og meira en tímabært að segja þessum samningum upp. — En ég vek á því athygli, að enn er engin till. um það komin fram hér á hv. Alþ. Þess vegna er alrangt að vera að tala um þá samninga í tenglsum við það mál sem hér er til umr. Ég tel að það mál þurfi að taka upp og ræða fyrst e. t. v. á öðrum vettvangi en í hv. Sþ., hvort tímabært er að segja þessum þremur samningum öllum upp og e. t. v. að endurnýja einhvern þeirra að einhverju leyti eða engan. En það er allt annað mál en það sem hér er til umr í dag.

Það hefur verið rakið af svo mörgum, hvernig þetta mál bar að í utanrmn., að ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka það að öðru leyti en því, að ég vil leggja á það áherslu, þegar menn hafa verið að telja að utanrmn.-menn úr ýmsum flokkum hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að ræða málin innan flokkanna, að það var einfaldlega þannig í mínum huga í fyrstu, um miðjan desember þegar mest var að gera, og síðan í byrjun janúar, eftir að þm. voru komnir í jólaleyfi og ekki komnir til starfa að nýju, aðeins spurningin um þetta: Átti að neita að tala við Færeyinga? Þeir höfðu tilkynnt komu sína. Átti að taka á móti þeim og neita að ræða við þá um nokkra samninga eða átti að ganga til samninga með einhver meginsjónarmið í huga? Það var í rauninni ekki hægt að leggja neitt annað en þetta fyrir þingflokkana.

Mér var að verulegu leyti kunnugt um það, að mál stóðu þannig í mínum flokki að um það voru skiptar skoðanir, eins og ég hygg að hafi verið og sé í fleiri flokkum, hvort ætti að endurnýja þessa gagnkvæmu veiðiheimildarsamninga við Færeyinga eða ekki. Ég vissi ekki nákvæmlega hvernig hlutföllin voru, en ég vissi að þarna voru skiptar skoðanir. Ég ræddi þetta mál við nokkra flokksbræður mína, áður en síðari fundurinn í utanrmn. um þetta mál var haldinn í byrjun janúar, og skýrði þá frá því ásamt hinum fulltrúa míns flokks í n. að um þetta væru skiptar skoðanir í okkar flokki, en ekki hefði unnist tími til að leggja málið formlega fyrir, enda

var það svo, að áður en gengið var til þessara samninga gat ekki verið um neitt annað að ræða fyrir flokkana en segja til um það, hvort þeir vildu að rætt væri við Færeyinga eða vildu ekki að það yrði gert. Það kom svo í ljós, að enginn flokkur hafði á þessum tíma haft tök á því eða hafði tekið formlega afstöðu til þess, hvernig ætti að fara með þetta mál.

Það er svo annað mál, sem ég ætla ekki að fara langt út í hér, að ég tel að það hafi ekki verið alls kostar heppilega á þessum málum haldið og nokkuð öðruvísi en ég átti von á og áður hefur verið gert í sambandi við mál af þessu tagi, sem vitanlega eru viðkvæm og mikils virði að sem mest samstaða geti orðið um, ef um hana getur orðið að ræða. Þá á ég við það, að svo virðist sem málið hafi harla lítið verið rætt í ríkisstj. og eins og fram hefur komið höfðu tveir stærstu flokkar landsins enga fulltrúa í þessari samninganefnd. Þetta hefur þegar verið gagnrýnt og með nokkrum rökum. Ég tel að í sambandi við gagnkvæma samninga eða hugsanlega við aðrar þjóðir um eins viðkvæmt mál og fiskveiðilögsögumál eru eigi ekki að standa á þennan hátt að samningagerð, heldur svipað því sem löngum hafði tíðkast áður, meðan landhelgismálið var í brennidepli. Það tókst ekki alltaf að samræma sjónarmiðin, það urðu átök á vissum stundum, en það var þó alltaf reynt að ná sem víðtækustu samkomulagi og mjög oft tókst það. Ég held að þegar litið er til framtíðarinnar, eða réttara sagt, þegar um slíka samningagerð er að ræða við aðrar þjóðir, þá eigi að hafa hina fyrri aðferðina, að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu eftir því sem fært er.

Ég skal í stuttu máli gera grein fyrir afstöðu minni í þessu efni. Ég lét hana koma fram á fundi utanrmn. í byrjun janúar, og þá sagði ég eitthvað á þá leið, að það væri mín persónulega skoðun, — ég talaði fyrir mig persónulega og vissi að um það væru skiptar skoðanir í mínum flokki, þar væru þm., sem væru svipaðs sinnis og ég, og aðrir, sem væru algerlega andvígir, — en það væri mín skoðun, að með þremur skilyrðum væri rétt að ganga til þessara samninga:

1) Þar sem það lægi nú fyrir að dómi fiskifræðinga, að við kynnum að þurfa að fara að takmarka eigin loðnuveiðar og hefðum þegar raunar byrjað á því, ætti þessi loðnukvóti að minnka nokkuð.

2) Nota ætti þetta tækifæri, eins og gert var í fyrra, til þess að skera niður eða fá Færeyingana til þess að fallast á að minnka til nokkurra muna þann afla sem þeim væri leyfilegt að veiða hér af þorski samkv. hinum öðrum samningi.

3) Gengið yrði rækilega frá þeim hnútum að sem fyllst eftirlit yrði með veiðum Færeyinga hér, þar sem í ljós hefði komið að það sætti verulegri gagnrýni og e. t. v. rökstuddri gagnrýni, að eftirlit væri ekki nægilega fullkomið af okkar hálfu og þess vegna hlyti það að vera mjög mikils virði, ef sú gagnrýni væri á rökum reist, að fá settar sem rammastar skorður við. Með þeim hætti kynni einnig að vera hægt, án þess að bíða í 6 mánuði samkv. uppsagnarfresti, að takmarka til muna þessar veiðar Færeyinga, sem ég hygg að flestir telji nú að sé í sjálfu sér stærra mál en þessi gagnkvæmi samningur um loðnu og kolmunna.

Ég skal ekki fara langt út í þá sálma að bera saman, þótt það væri dálítið freistandi, Ísland annars vegar í sambandi við baráttu þess fyrir fiskveiðiréttindum og fiskveiðilögsögu og svo Færeyjar og baráttu þeirra. En ég kemst ekki hjá því að víkja þó að því atriði í örstuttu máli, þar sem það hefur verið notað bæði hér í umr. og í blaðaskrifum, að það væri gersamlega ástæðulaust að vera að semja eða liðka á einn eða neinn hátt til gagnvart Færeyingum, vegna þess að þeir leyfðu þjóðum Efnahagsbandalags að veiða ákveðið magn á Færeyjamiðum. Það þarf ekki að minna hv. alþm. á baráttu þessara tveggja þjóða: Íslendinga sem nú eru um 200 þús., voru á sínum tíma, að því er fróðustu menn telja, komnir niður undir 30 þús. að tölu, Færeyinga sem nú eru 50 þús., en voru að fróðra manna sögn komnir niður í 4—5 þús. Baráttu þessara þjóða fyrir lífi sínu hefur verið ákaflega hörð og hún hefur verið barátta um að mega hagnýta aðalauðlind landanna, fiskimiðin við landið. Við þekkjum baráttu okkar. Barátta Færeyinga hefur verið ákaflega svipuð að öðru leyti en því, að hún hefur verið enn þá harðari og er í dag enn þá harðari. Það er ekki aðeins að þeir eru þetta fámennari en við, heldur er þannig háttað, að þeir eru í ákveðnum tengslum við Danmörku. Danmörk er í Efnahagsbandalagi Evrópu. Færeyingar urðu að horfa á það öldum saman að Bretar, Þjóðverjar og fleiri útlendingar sóttu á þeirra mið og nánast skildu þannig við þau að Færeyingar urðu á síðustu áratugum 19. aldar og fram eftir 20. öld að flýja bókstaflega af sínum miðum og á fjarlæg mið. Þannig var orðið ástatt hjá Færeyingum, að um það bil 4/5 af því, sem þeir gátu aflað, var tekið á erlendum miðum. Það var að sjálfsögðu af mjög brýnni og sárri nauðsyn að þeir leituðu á þessi fjarlægu mið, þ. e. a. s. þeir leituðu á miðin við Ísland, við Grænland og svo á hinn bóginn í Norðursjó og Barentshaf og víðar.

Nú er það þannig með Færeyinga, að þeir eru komnir ótrúlega langt í því að snúa þessu dæmi við, og með hverju ári, allmörg síðustu árin, hafa þeir getað minnkað veiðar útlendinga á heimamiðum sínum, en aukið eigin veiðar.

Ég verð að segja það, að þegar við lítum á baráttu þessara tveggja þjóða og hugsum til þess, sem oft hefur verið bent á réttilega af okkar hálfu og var ein aðalröksemd af okkar hálfu í sambandi við útfærslu fiskveiðilandhelginnar og baráttuna við Breta, að við værum svo háðir fiskveiðum, svo stórlega háðir fiskveiðum að við ættum, ef ekki lagalegan, þá a. m. k. siðferðilegan rétt til þeirra fiskimiða sem liggja hér umhverfis landið, þá á þessi röksemd í enn þá ríkara mæli og ríkara mæli en hjá nokkurri annarri þjóð við Færeyinga. Of við eigum að mínu viti að hlusta á þessi sömu rök Færeyinga, þegar þeir halda þeim fram, eins og rökin sem við notuðum á sínum tíma með hvað bestum árangri gagnvart t. a. m. Bretum.

Ég verð að segja það, og vil þá gerast nokkuð stóryrður og tel að það sé að gefnu tilefni, að framtíðarhagsmunum okkar Íslendinga er vissulega enginn greiði gerður með því, að við fáum með röngu — ég tala nú ekki um ef það yrði með réttu — á okkur þann stimpil að við værum orðnir gráðugustu hákarlarnir í Norðurhöfum sem í engu sinntum um þá nágranna okkar sem enn fremur en við verða að heyja lífsbaráttu sína hér á norðurslóðum og berjast fyrir því að ná fullum tökum á efnahagslögsögu sinni.

Eins og ég sagði áðan, eru ekki ýkjamörg ár síðan Færeyingar urðu að sækja mjög mikinn meiri hluta, meginhluta afla síns á fjarlæg mið. Ástæðan til þess, að þeir hafa ekki enn þá losnað við Efnahags-

bandalagsþjóðirnar af heimaslóðum sínum, er beinlínis sú, að þeir eru enn verulega háðir því að geta fiskað á þeim miðum sem nú eru, með svo miklum siðferðilegum rétti sem það kann nú að vera, kölluð fiskimið eða höf Efnahagsbandalags Evrópu, þar sem eru m. a. fiskimiðin við Grænland.

Nú er það svo, að Færeyingar og Íslendingar hafa margtekið fram að þær eru ekki einungis frændþjóðir og vinaþjóðir og nágrannaþjóðir — og gersamlega ástæðulaust að segja slíkt í hæðnistón, en þessar tvær þjóðir eru og verða nágrannar hér í Norður-Atlantshafi, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Mér líkar það ágætlega og kysi mér ekki aðra nágranna fremur en Færeyinga á aðra hlið og Grænlendinga á hina. Það má í rauninni segja, að þegar við erum að fjalla um þessi mál megi líkja Íslandi og Færeyjum við tvær bújarðir. Þeir, sem þar búa, hafa nú orðið náð eignarhaldi og eru að ná eignarhaldi að fullu á stórri landareign sem þær höfðu ekki full yfirráð yfir áður, þau höfðu aðrir, og lönd jarðanna liggja saman og munu gera það um ókomna framtíð. Ég held að við verðum þess vegna að læra það hér eftir í enn þá ríkara mæli en hingað til, að það er nokkurs virði að eiga góða granna, og við hljótum sjálfra okkar vegna að taka tillit hvorir til annarra og vinna saman. Það stýrði aldrei góðri lukku áður fyrr, og kann að tíðkast enn í undantekningartilfellum, þegar svo hart varð á milli granna að þeir, sem áttu jafnvel sameiginlega bithaga eða afréttir, siguðu hundum sínum hver á annars búfé. Slíkt eigum við ekki að gera og munum ekki gera, og það mun enginn mæla með því hér á landi að slíkt verði gert gagnvart Færeyingum, það er ég viss um.

Það stendur þannig á, að einmitt núna, þegar umr. fara fram um þessa samningagerð við Færeyinga, eru Grænlendingar að stíga ákaflega merkilegt skref. Þeir eru fyrir örskömmu búnir að taka þá örlagaríku ákvörðun að koma á hjá sér heimastjórn með líku sniði að mér skilst og Færeyingar hafi komið á hjá sér. Ég sé það í huga mér sem mjög mikilvægt framtíðarmál, að þessar þrjár þjóðir í Norður-Atlantshafi: Grænlendingar, 50 þús. manna þjóð, tæplega þó, Íslendingar, 200 þús. manna þjóð, og Færeyingar, 45 þús. manna þjóð, — þessar þrjár þjóðir, sem koma til með að ráða yfir þessu víðlenda hafsvæði, verða í fyrsta lagi að læra — og eftir því betur sem lengra líður — að vinna saman að margvíslegum hagsmunamálum sínum og þær verða að læra að hagnýta þau auðæfi, sem auðlindalögsaga þeirra hvers um sig hefur að geyma, á þann hátt að ekki verði með mjög veigamiklum rökum að því fundið. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa yfir úr ræðustól, að ég vænti góðs af því, að teknir verði upp samningar ekki aðeins við Færeyinga um eitt og annað, heldur einnig við Grænlendinga um mörg atriði varðandi fiskveiðar og hagnýtingu þeirra auðæfa, sem hér getur verið um að ræða, á komandi áratugum og öldum. Ég veit að eins og sakir standa eru Grænlendingar ásamt Dönum í Efnahagsbandalagi Evrópu, og það gerir það að verkum að fiskimið þeirra eru jafnframt talin fiskimið Efnahagsbandalagsþjóða. En e. t. v. er að nálgast sá tími að Grænlendingar fari að dæmi Færeyinga, sem eru utan Efnahagsbandalagsins. Ég vona að svo verði og hygg að það sé vilji fyrir því í Grænlandi einnig. Það virtist koma fram við atkvgr. um þessi mál á sínum tíma, enda þótt Grænlendingar, þar sem Grænland var þá aðeins talið amt í Danmörku, hefði ekki tök á að ráða þessum málum sjálfir eða meiri hluti manna þar.

Enda þótt ég hefði tilhneigingu til þess að hafa um þetta atriði fleiri orð skal ég ekki gera það. En með tilliti jafnt til nútíðar- sem framtíðarhagsmuna þessara tveggja þjóða, sem hér eru að semja, Íslendinga og Færeyinga, taldi ég rétt að gengið yrði til þeirra samninga um gagnkvæmar veiðiheimildir á loðnu og kolmunna sem Færeyingar óskuðu mjög eindregið eftir. Og að uppfylltum þeim þremur atriðum sem ég lagði megináherslu á, bæði á fundi í utanrmn. og í orðum mínum áðan: takmörkun loðnuaflans, takmörkun þorskaflans, þess sem heimilaður er samkv. öðrum samningi, og að settar verði strangari reglur en áður hafa gilt um eftirlit með veiðum, þá lýsti ég yfir að slíkum samningi væri ég tilbúinn að greiða atkv. mitt, og svo mun verða. Þetta náðist allt fram. Ég tel að þegar á þessa samningagerð er litið megi báðir sæmilega við una og þá kannske ekki síður Íslendingar. Ég vissi að færeysku samningamennirnir töldu að hér væri um býsna mikinn niðurskurð að ræða, en undu þó allsæmilega við sinn hlut. Ég hika því ekki við að greiða á sínum tíma atkv. með því að þessi samningur, sem hér liggur fyrir, verði staðfestur.

Að lokum örfá orð í sambandi við þau orðaskipti sem hér hafa orðið um Norðmenn og Jan Mayen. Því miður varð ég að hverfa af fundi um tíma í dag og heyrði þess vegna ekki ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og ekki svarræðu hæstv. utanrrh. sem ég hefði þó gjarnan viljað hlusta á — báðar þær ræður. En ég vil samt fara um þetta mál örfáum orðum. Ég ætla ekki að bæta miklu við það sem þegar hefur verið sagt um að hafi verið hægt að misskilja. Hafi einhverjir hér á landi, og ég tala nú ekki um úti í Noregi, misskilið viðtalið við hæstv. utanrrh. á þá lund að hann hafi verið að gefa undir fótinn með einhvern rétt Norðmanna, annaðhvort í sambandi við fiskveiðilögsögu eða efnahagslögsögu í sambandi við hafsbotninn varðandi Jan Mayen, þá hlýtur það að verða leiðrétt og er nauðsynlegt að það verði leiðrétt.

Það má segja eins og stendur í Grettissögu, að allt orkar tvímælis þá er gert er. Svo var á sínum tíma um þá ákvörðun sem tekin var þegar reglugerð var gefin út sumarið 1975, þar sem tekið var fram að enda þótt Íslendingar telji sig eiga rétt á 200 mílna efnahagslögsögu í átt að Jan Mayen, þá muni þeir ekki framfylgja útfærslunni út fyrir miðlínu gagnvart þeirri eyju að svo stöddu. Þetta mun hafa verið gert til þess að forðast þá hugsanlegar deilur við Norðmenn og í von um að línurnar skýrðust fljótlega á Hafréttarráðstefnu og þar fengist greinilega úr því skorið, hver væri réttur slíkrar eyjar eins og Jan Mayen er. Ég hef verið og er þeirrar skoðunar, að það hafi verið mjög vafasamt að gefa þessa yfirlýsingu og kunni hugsanlega að verða til þess að torvelda að við náum þarna þeim rétti sem við teljum að sé tvímælalaust fyrir hendi og hljótum að telja. En þó skal ég ekki hafa uppi neina svartsýni. Ég undirstrika það, sem margir hafa sagt, að við afsöluðum okkur ekki neinum rétti í þessu sambandi, en ákváðum að taka okkur ekki að fullu í bili þann rétt sem við töldum og teljum okkur hafa.

Nú er það svo, að Hafréttarráðstefna stendur enn yfir og enginn veit endanlega hvernig henni lýkur. Það er tvíþætt mál, sem hér er um að ræða í sambandi við Jan Mayen. Annars vegar er sjórinn og sá eðlilegi skilningur okkar, að við eigum þar fullan rétt í sambandi við efnahagslögsöguna út að 200 mílum. Hins vegar er svo aftur á móti hafsbotninn, þar sem getur verið um að ræða fram-

tíðarhagsmuni sem við eigum í sambandi við hafsbotninn eða réttindi utan 200 mílna. Nú veit enginn hver endanleg niðurstaða verður á Hafréttarráðstefnu eða hvenær henni lýkur eða hvort svo fer að hún leysist upp og engin endanleg niðurstaða verði. Mér þykir mjög líklegt, hvort heldur sem gerist, að þær vonir rætist að þessu mikla verki geti lokið með jákvæðum árangri og allsherjar hafréttarsáttmála fljótlega, ellegar hitt, að það takist ekki að fullu og endanlega, hljóti að verða mjög mikið byggt á því verki sem þegar liggur fyrir eða kann að liggja fyrir þegar upp verður staðið, með hverjum hætti sem það verður. Og ég held að það sé enginn eða lítill efi á því, að hver sem niðurstaðan verður á Hafréttarráðstefnu, hljóti að verða um það að ræða að nauðsynlegt verði, ekki síst í sambandi við hafsbotn og raunar í sambandi við miðlínu eða 200 mílur líka, að byggja á þeirri grein draga að hafréttarsáttmála sem þegar er komin, að *nágrannaríki verði að leitast við á grundvelli sanngirni* og eðlilegrar niðurstöðu, eins og það hefur verið þýtt á íslensku, að ná samkomulagi um ákveðin atriði, sem kunna að vera jaðaratriði, eða ákveðnar greinar hafréttarsáttmála, sem taka ekki alveg af öll tvímæli. Þess vegna er enginn efi að við þurfum að ræða við Norðmenn eða láta þá vita vilja okkar í þessum efnum, og það vona ég að hafi raunar þegar verið gert nægilega. Ég hef hins vegar ekki verið alveg viss um það, hvort við ættum á þessu stigi að taka upp formlega samninga við Norðmenn um þessi atriði sem snerta rétt Jan Mayen gagnvart okkur, þar sem Norðmenn hafa ekki helgað sér eða gert tilkall til þess að Jan Mayen fengi auðlindalögsögu. Ég er að velta því fyrir *mér: Er ekki viss viðurkenning í því fólgin að fara fram á* formlegar viðræður við ríki um hugsanlegan rétt, sem við teljum að það eigi ekki og það hefur ekki gert formlega kröfu til? Hitt er annað mál, að ég tel að óformlegar umr. um þessi mál séu sjálfsagðar og nauðsynlegar.

Ég vil að síðustu leggja á það áherslu, að mér finnst að við alþm. verðum nú að vinna að þessu máli á svipaðan hátt og við leituðumst löngum við að gera þegar við vorum að taka okkar mikilvægustu ákvarðanir í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögu. Við verðum að ræða þessi mál meira sjálfir en við höfum gert og komast að niðurstöðu, ekki aðeins um stefnu okkar eða það sem við teljum vera rétt okkar, heldur einnig um málsmeðferðina.

Ég vil að síðustu leggja á það ríka áherslu, að þessi mál öll, sem snerta fiskveiðilögsöguna og auðlindalögsöguna í víðustu merkingu, eru svo mikilvæg og þau eru í rauninni svo viðkvæm að það er að mínum dómi skylda okkar að leggja okkur fram um að ná þar sem víðtækastri samstöðu, ekki aðeins um stefnuna, heldur um alla málsmeðferðina, eftir því sem það reynist unnt. Og það skulu vera mín síðustu orð nú við þessa umr., að ég hvet eindregið til þess, að þessi mál verði nú þegar tekin upp til frekari umr. og mætti þá hugsa sér ýmsar leiðir í þeim efnum. E. t. v. væri það ein, að utanrmn. og annaðhvort fulltrúar úr sjútvn. eða sjútvn. beggja deilda ræddu þessi mál sín í milli. Enn væri sú leið, að utanrmn. og væntanlegir fulltrúar okkar á Hafréttarráðstefnu ræddu þessi mál einhvern næstu daga. Væri í rauninni e. t. v. ástæða til að gera hvort tveggja. En sem sagt, þessi mál eru öll svo mikilvæg og að ýmsu leyti svo viðkvæm að það væri illt ef við þyrftum að vera að óþörfu ósammála um málsmeðferð, þar sem ég hygg að við séum sammála um meginstefnu.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð langt um liðið síðan ég bað um orðið á fyrri fundi um þetta mál, samninga um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir við Færeyinga, *og margt er búið að segja* síðan, kannske sumt sem ég hefði viljað sagt hafa. En þó finnst mér að ég hafi hér nokkru við að bæta og ætla mér að gera það.

Ég vil í fyrsta lagi minnast á þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í sambandi við þessa samningsgerð, og ég vil í því sambandi taka undir það sem áður hefur verið sagt hér, að mér kemur það nokkuð spánskt fyrir sjónir að í máli eins og þessu skuli vera gengið frá samningum og þeir undirritaðir án þess að um efnisatriði málsins hafi verið rætt í ríkisstj. landsins og reyndar ekki heldur í þingflokkunum, eins og fram hefur komið. Ég held að eðlilegra væri að haga vinnubrögðum á annan veg, þegar um milliríkjasamninga af þessu tagi er að ræða, þannig að a. m. k. þeim, sem í ríkisstj. sitja, gefist kostur á að fjalla nokkuð um málin áður en frá þeim er gengið og helst að tóm gæfist til hjá þingflokkunum að ræða um efnisatriði. Ég get því hvað þetta varðar tekið undir það sem fram kemur í bókun ráðh. Alþb. varðandi þetta atriði.

Ég vil þá snúa mér að öðru og því sem veigameira er í sambandi við það dagskrármál sem við ræðum á þessum kvöldfundi. Það er ljóst, að enda þótt hér hafi verið allhart deilt í umr. í dag og umr. í síðustu viku um þessa samninga við Færeyinga um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir, þá virðast þó allir vera sammála um tvennt; annars vegar sammála um að lýsa yfir þungum áhyggjum vegna ástands okkar eigin fiskstofna og hins vegar sammála um að lýsa yfir sérstakri vináttu við grannþjóð okkar Færeyinga. En þegar kemur síðan að útleggingunum frekar greinir menn nokkuð á.

Ég vil þegar taka fram að ég mun við atkvgr. hér á Alþ. styðja það að samningarnir, sem undirritaðir voru 10. jan. við Færeyinga um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir, verði staðfestir. Þetta mun ég styðja. Það kann að virðast vera hreinlegust afstaða að segja: Alls engar veiðiheimildir til handa útlendingum koma til greina við núverandi aðstæður. — Þetta kann að virðast hreinlegast. En ég geri hér afdráttarlausan greinarmun á Færeyingum annars vegar og öllum öðrum erlendum þjóðum hins vegar. Ég tel að við eigum sem fyrst að losa okkur við samningana við bæði Norðmenn og Belga. En ég fellst ekki á það, að sköpum geti skipt fyrir okkur, hvort Færeyingar fá að veiða hér 1-2% þorskaflans og 1-2% loðnuaflans, ef við veiðum sjálfir svo sem 98% þess afla af þorski og 98% þess afla af loðnu sem veitt verður á *Íslandsmiðum. Sérstaða Færeyinga er að mínu viti alger*, þó ekki væri nema af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi eru þeir algerlega háðir fiskveiðum, meira að segja enn háðari fiskveiðum en við Íslendingar, en hjá öllum öðrum þjóðum, sem við höfum átt í samningum við um fiskveiðar á undanförnum árum, eru tekjur af fiskveiðum aðeins örlítið brotabrot af þjóðartekjunum. Þetta eitt út af fyrir sig vegur mjög þungt.

Í öðru lagi eru Færeyingar eins og við gömul nýlenduþjóð sem enn hefur ekki tekist að brjóta sér braut til fulls stjórnarfarslegs sjálfstæðis, og íbúatala í Færeyjum er reyndar innan við fjórðung af íbúafjölda okkar nú, sem flestum þykir þó vera ærið smár. Erlendur Patursson, *forustumaður Þjóðveldisflokksins* í Færeyjum, hefur

bent á það, að verði Færeyingar algerlega útilokaðir frá veiðum við Ísland verði þeir fyrir bragðið enn háðari Efnahagsbandalagi Evrópu, sem allir sjálfstæðismenn — ég tek fram að hér tala ég um sjálfstæðismenn með litlum staf — allir sjálfstæðismenn í Færeyjum vilja umfram allt forðast.

Þau rök hafa helst verið færð fram fyrir því að útiloka Færeyinga algerlega af Íslandsmiðum, að þeir leyfi Efnahagsbandalagi Evrópu, fiskiskipum frá aðildarríkjum þess, að veiða mikinn fisk á sínum heimamiðum og þess vegna séum við í rauninni að afhenda Efnahagsbandalaginu þann fisk sem Færeyingar veiða hér, þannig séum við að hleypa Bretum og Þjóðverjum hér inn um bakdyrnar. En lítum á þetta nánar. Dettur mönnum í hug að Færeyingar geri það að gamni sínu að veita skipum Efnahagsbandalagsins heimildir til veiða við Færeyjar í svo miklum mæli sem þar er um að ræða? Ég held varla. Ég held að menn geti tæplega haldið því fram að svo sé. Reyndar hafa geisað um það miklar deilur í Færeyjum á síðustu árum, hversu mikið kapp Færeyingar ættu að leggja á að færa sínar veiðar af fjarlægum miðum og á heimamið. Það er öllum kunnugt, sem eitthvað þekkja til þeirra mála, og ég hygg öllum hér á hinu háa Alþingi, að á undanförnum árum hafa Færeyingar tekið mikinn meiri hluta síns heildarafla á fjarlægum miðum og aðstaða þeirra í þeim efnum til algerra og snöggra breytinga því að sjálfsögðu með öðrum hætti en við þekkjum varðandi okkar eigin mál, þar sem við höfum borið gæfu til þess að veiða okkar fisk að langsamlega mestum hluta til eingöngu innan þess svæðis sem nú tilheyrir okkar landhelgi.

Í Færeyjum hafa menn haft nokkurt misjafnt mat á því, hvað fært væri og hvað hyggilegt væri varðandi það að færa veiðarnar af fjarlægum miðum og á heimamið. Þar hefur að sjálfsögðu m. a. verið um að ræða átök milli þeirra stjórnmálaafla annars vegar, sem viljað hafa efla sjálfstæði Færeyinga sem allra mest og gera þá sem allra óháðasta bæði þeirri dönsku stjórn og Efnahagsbandalaginu, og hins vegar þá hinna, sem þar hafa viljað fara vægar í sakirnar. Og að sjálfsögðu á Efnahagsbandalagið og danska ríkisstj. sína erindreka líka í Færeyjum. En það er alkunna að þeir Færeyingar, sem best studdu okkur Íslendinga í okkar landhelgisbaráttu, þeir sömu Færeyingar sem ákveðnast berjast fyrir fullu efnahagslegu og stjórnarfarslegu sjálfstæði Færeyja, hafa lagt allt kapp á það að færa sem stærstan hlut af veiðum Færeyinganna á þeirra eigin heimamið og gert það sem þeir hafa megnað við þar ríkjandi aðstæður til að draga úr veiðum Efnahagsbandalagsríkjanna á Færeyjamiðum, en flytja í staðinn sín eigin skip af fjarlægum miðum og á heimamið. Árangurinn í þessum efnum er vissulega nú þegar allnokkur, en því miður ekki meiri en sá sem raun ber vitni, að enn veiða erlendir flotar mikinn afla á Færeyjamiðum, öllu meiri afla heldur en Færeyingar taka þar sjálfir.

En það, sem ég vildi segja, er að þegar við höfum þessar aðstæður í huga og þær pólitísku sviptingar sem fram hafa farið í Færeyjum í þessum efnum, þá kemst ég ekki hjá að líta svo á að það væri heldur köld kveðja — ég vil segja heldur köld kveðja til þeirra stjórnmálaafla í Færeyjum sem best hafa staðið við okkar hlið og harðast hafa beitt sér í sjálfstæðisbaráttu þeirra, m. a. í baráttunni fyrir fullum yfirráðum Færeyinga yfir eigin fiskimiðum, ef við sendum þá orðsendingu héðan frá okkur sem segir: Hér á Íslandsmiðum fáið þið ekki lengur, Færeyingar, nokkurn einasta ugga, — og ef við segjum við þá í framhaldi af þessu: Snúið þið ykkur bara að Efnahagsbandalagi Evrópu og standið ykkur betur við að brjóta vald þess á bak aftur.

Það er vissulega sjálfsagt að hvetja Færeyinga til dáða í sjálfstæðisbaráttu þeirra, í baráttu þeirra gegn ofurvaldi Efnahagsbandalags Evrópu. En ég held að við gerum það ekki með því að reka síðasta skip Færeyinga af Íslandsmiðum. Þeir hafa við stóran að deila þar sem Efnahagsbandalagið er, og enn þá eru Færeyingar í raun meira eða minna háðir veiðum á þeim fiskimiðum, sem stórveldi Efnahagsbandalagsins drottna yfir nú, svo sem við Grænland. Við höfum að mínu viti vel efni á því að rétta Færeyingum a. m. k. litlafingur í þeirra lífsbaráttu í þeirra sjálfstæðisbaráttu, og eigum að gera það. Og ekki er þetta nú meira en litlifingur, það sem í þessum samningum felst. Enginn þarf að óttast að þeir gleypi höndina alla.

Ég hefði gjarnan viljað að við hefðum getað boðið Færeyingum meiri fiskveiðiheimildir til að losa þá úr klóm Efnahagsbandalagsins. En það er vissulega ekki auðvelt og um það geri ég hér ekki till. við þær erfiðu aðstæður sem fyrir hendi eru hjá okkur sjálfum. Slíkt er ekki auðvelt þegar fyrir liggur skýr ábending frá Hafrannsóknastofnun um nauðsyn þess að skera þorskafla okkar niður um fjórðung og setja á sama tíma takmarkanir á loðnuveiðar og það enda þótt orðið hafi að leggja okkar eigin veiðiflota vikum saman á síðasta ári, áður en slíkur niðurskurður á þorskveiðum kom þó til.

Það hefur verið á það drepið í þessum umr., að erfitt sé að samþykkja þessar takmörkuðu veiðiheimildir til Færeyinga nú vegna þess að sjómenn okkar verði að hverfa frá veiðum, hafi orðið að gera það vegna verndunarráðstafana vikum saman á síðasta ári og verða af þeim ástæðum fyrir tekjutapi. Og það hefur jafnvel verið sagt, að það væri þá kannske nær að þeir, sem vilja styðja þessa samninga við Færeyinga, sendu til Þórshafnar eða Klakksvíkur eitthvað brot af launum sínum. Þetta kann að vera ágæt kenning og ekki stæði á mér að leggja í þann sjóð ef á þyrfti að halda. En ég vil af þessu tilefni koma því að við þessar umr. sem mínu eindregna sjónarmiði, að fari svo, eins og því miður eru nokkrar líkur á, kannske ærnar líkur, að við þurfum að grípa til mun alvarlegri veiðitakmarkana hjá okkar eigin flota heldur en verið hefur til þessa, — þá er auðvitað lítið og ég segi ekkert réttlæti í því, að slíkar veiðitakmarkanir bitni eingöngu á okkar sjómönnum, sem bannað væri að róa, eða því fiskvinnslufólki, sem tapaði af atvinnu sinni vegna slíkra þjóðhagslega nauðsynlegra og brýnna ráðstafana, ef til kæmi. Þvert á móti yrði þá að sjálfsögðu að haga málum svo, að þessu fólki, sjómönnum og fiskvinnslufólki, væru tryggð a. m. k. ákveðin lágmarkslaun og þjóðarbúið í heild tæki á sig þann skell sem af veiðitakmörkunum í stærri stíl hlyti að leiða, og það kæmi þá í þeirra verkahring, sem sitja hér á hinu háa Alþingi, að jafna þeim byrðum niður.

Ég sagði áðan að ég hefði gjarnan viljað geta boðið Færeyingum meira, en það sé því miður ekki hægt að sinni. Og hvers vegna er það ekki hægt? Það er ekki hægt vegna þess að ástand þorskstofnsins er jafnalvarlegt og við öll þekkjum og berum öll sameiginlega þungar áhyggjur af. Okkur greinir hins vegar nokkuð á um það, hvernig eigi að bregðast við. Og okkur greinir kannske

líka dálítið á um það, hvernig á því standi að þessi meginfiskstofn hér á Íslandsmiðum, þorskstofninn sem við eigum svo mikið undir, er svo illa kominn sem staðreyndir segja okkur.

Við erum nú að ræða um fiskveiðisamninga við Færeyinga. Þeir samningar ráða í sjálfu sér engum úrslitum. En menn mættu gjarnan minnast þess, að ástæðurnar fyrir hinu hörmulega ástandi þorskstofnsins á Íslandsmiðum er ekki síst að rekja til þess, að hér var erlendum veiðiflotum leyft að veiða miklu meira magn og miklu lengur en nokkur minnsta glóra var í. Það efast trúlega fáir um nú þegar komið er árið 1979.

Við fyrri hluta þessarar umr. nú í síðustu viku sá Matthías Bjarnason, hv. 1. þm. Vestf., ástæðu til að guma af því að hann hafi átt hlut að því að tryggja Íslendingum 200 mílna landhelgi. Og hann sá ástæðu til að hafa uppi nokkurt spé um andmæli ýmissa aðila við þeim samningum um fiskveiðiheimildir sem gerðir voru við Breta og Vestur-Þjóðverja á síðasta kjörtímabili. Þessi hv. þm. er því miður ekki viðstaddur hér í kvöld, en mér finnst að ég komist ekki hjá því í tilefni orða hans að minna á að þegar stjórnarskipti urðu hér á Íslandi á árinu 1971, fyrir aðeins 7-8 árum, og vinstri stjórnin tók við þá, þá var heildarbotnfiskafli útlendinga hér við land hvorki meiri né minni en 384 þús. tonn árið 1971, á þessum sama áratug og við erum enn stödd á í tímanum, það er ekki *lengra síðan:* 384 *þús. tonn. Skyldi ekki ærið mörgum* verða hugsað til þess, að það hefði kannske verið ástæða til að hefjast handa um útfærslu landhelginnar einhvern tíma á síðasta áratug út fyrir þær litlu 12 mílur sem við þá bjuggum við. En í upphafi þessa áratugs, sem við lifum nú, vorum við Íslendingar bundnir í báða skó af samningi þeim sem ríkisstj. undir forustu Sjálfstfl. hafði gert við Breta og Vestur-Þjóðverja 10 árum fyrr, — samningum sem bönnuðu okkur útfærslu fiskveiðilandhelginnar út fyrir 12 mílur nema með samþykki Haagdómstólsins, þess dómstóls sem fjandsamlegastur var hagsmunum okkar Íslendinga. Skyldi þessi staðreynd, að mál stóðu svona við upphaf þessa áratugs, ekki eiga sinn stóra þátt í því, að þorskstofninum er komið eins og honum er komið nú? Og það var reyndar utanrrh. þessarar sömu hæstv. ríkisstj., sem samninginn gerði 1961 við Breta og Vestur-Þjóðverja, sem lýsti því yfir 10 árum síðar, lýsti því yfir árið sem útlendingar veiddu hér 384 þús. tonn af botnfiskum, árið 1971, að það væri siðlaus ævintýrapólitík að færa íslenska landhelgi einhliða út fyrir 12 mílur.

Ég ætla ekki að rekja hér baráttuna fyrir 50 mílna landhelginni, en innan hennar er talið að veiðst hafi á undanförnum árum um 98% af þorskafla okkar, og ekki heldur ætla ég að rekja hér baráttuna fyrir 200 mílna landhelginni. Það var vissulega stór stund í íslenskri sögu 1. des. 1976, þegar síðustu bresku togararnir héldu heim úr íslenskri landhelgi. En talsmenn Sjálfstfl. ættu sannarlega ekki að hreykja sér hátt í þessum efnum eða þakka sér sérstaklega þann sigur sem þá vannst, þann mikla lokasigur. (**Gripið fram í:** Var það ekki sigur þjóðarinnar í heild?) Allir vita — (**Gripið fram í:** Vill ekki ræðumaður svara þessu?) Hvort það hafi verið sigur þjóðarinnar í heild þegar síðasti breski togarinn fór hér út úr landhelginni? (Gripið fram í.) Jú, það var svo sannarlega sigur þjóðarinnar í heild, herra þm., og vegna þess að það var sigur þjóðarinnar í heild, þá ættu nú allir flokkar að fara svolítið gætilega í það að þakka sér þann heiður sérstaklega. En um Sjálfstfl. vil ég segja það, að hann ætti að fara gætilegar en allir aðrir flokkar í að þakka sér þann heiður. Það er kunnugt, ekki aðeins hér á Íslandi, heldur um allan heim, að þegar þarna var komið í sögunni undir árslok 1976, þá höfðu Bretar og aðrar Efnahagsbandalagsþjóðir ákveðið að taka sér til handa 200 mílna efnahagslögsögu, og þeir gerðu það í árslok 1976 eða um sama leyti og Bretar viðurkenndu að lokum í raun okkar 200 mílna landhelgi. Ég sagði í raun. Og reyndar höfðu á þessum tíma allar eða nær allar fiskveiðiþjóðir í okkar heimshluta tekið sér 200 mílna landhelgi. Og hver er sá sem hefur rétt til að þakka sér það sérstaklega að Íslendingar skyldu þó teljast með í þeim hópi sem fékk í reynd 200 mílna landhelgi í árslok 1976, en að við skyldum ekki sitja einir og aleinir eftir? Þannig var söguþróuninni í landhelgismálunum komið, alþjóðlegri söguþróun, sem við höfum átt okkar þátt í að hrinda fram, — þannig var henni komið undir árslok 1976 og það er með engu móti hægt að hugsa sér að nein sú ríkisstj. hefði staðist deginum lengur á Íslandi sem ætlað hefði Bretum að halda hér áfram veiðum eftir að þeir höfðu sjálfir tekið sér 200 mílna landhelgi, enda datt ekki Bretum einu sinni í hug að fara fram á slíkt í neinni alvöru, svo fráleitt var það. Það er því ekki fyrir neitt sérstakt að þakka þar sem eru gerðir þeirrar ríkisstj., sem hér fór með völd á síðasta kjörtímabili, í þessum efnum. *Ég fagna því að gæfan varð þeim þó hliðholl,* og kunna að felast í því nokkrar bætur þegar sagan kveður upp sinn dóm, að þeir ágætu menn, sem í þeirri ríkisstj. áttu sæti, voru svo lánsamir að sitja í ráðherrastólunum þegar hin alþjóðlega þróun leiddi til þess, að punktur hlaut að verða settur aftan við baráttu okkar fyrir útfærslu fiskveiðilandhelginnar.

Ég þarf ekki að hafa um þetta miklu fleiri orð. Ég hef lýst afstöðu minni í sambandi við þá samninga, sem hér eru til umr., og fært fyrir henni nokkur af þeim rökum sem mér eru handbær. Ég gæti haft þau fleiri.

Ég vil taka það fram, að ég er mjög sammála því sem hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, sagði fyrr í dag um nauðsyn þess, að þær þrjár þjóðir, sem byggja hér *eyríki í norðurhöfum: Færeyingar, Íslendingar og* Grænlendingar, efli með sér sem besta og nánasta samvinnu á sem flestum sviðum.

Ég vil ekki hverfa úr þessum ræðustól án þess að orða það sem mér kemur nú í hug, að þess verður stundum vart, að ýmsir sjá ástæðu til að hafa í frammi ásakanir gegn okkur, sem höfum skipað okkur í raðir Alþb., fyrir það að við höldum uppi óhæfilega ákveðinni eða eindreginni þjóðernisstefnu. Stundum sjást ásakanir um þjóðrembing og annað í þeim dúr. Ég held, að þessar ásakanir hafi ekki við nein rök að styðjast, og vil ekki við réttmæti þeirra kannast. Hitt er rétt, að við í Alþb. höfum yfirleitt verið nokkuð sammála um að það væri rétt fyrir okkur Íslendinga að halda býsna fast á málum okkar gagnvart ýmsum þeim erlendu stórþjóðum sem við höfum átt samskipti við, stundum vinsamleg, stundum miður vinsamleg, hvort sem þar hefur verið um að ræða landhelgismál, hernaðarmál, viðskiptamál eða annað slíkt. Og ég vona að við höldum áfram uppi slíkum kröfum, enda þótt það kunni að kalla fram ásakanir af því tagi sem ég minntist á áðan. Ég held að þessi þjóð þurfi á því að halda að ekki bara þeir, sem skipa raðir Alþb., heldur landsmenn sem allra flestir og helst allir temji sér að standa sæmilega uppréttir gagnvart erlendu

valdi. En það er ósköp sjaldan sem við Íslendingar eigum þess kost að eiga opinber samskipti við þjóðir sem standa í ýmsum efnum hallari fæti í þessari hörðu veröld heldur en við sjálfir, að ég nú ekki tali um þjóðir sem eru við hliðina á okkur og eru að mannfjölda til aðeins lítið brot af því sem við teljum. Og ég held að við þurfum að hafa það öll, ekki síst allir þeir sem sitja á hinu háa Alþ., vel í huga að það hæfir dálítið annar móður þegar við slíka viðsemjendur er að eiga heldur en stórveldi heimsins.

Ég lýk þessum orðum mínum með því aðeins að minna á það, að enda þótt ýmsum kunni að virðast, ekki síst ýmsum af okkar ágætu sjómönnum og þeim sem við útgerð fást, að það sé sárt að sjá á eftir þessum 17 500 tonnum af loðnu í ár til Færeyinga, þá er þetta ekki nema milli 1 og 2% af því sem fiskifræðingarnir telja að hér sé óhætt að veiða, sem eru milljón tonn. Og ég fæ mig ekki til að líta á þetta sem eitthvað meira, þetta sem við erum þarna að rétta Færeyingum, heldur en í mesta lagi sem því svarar að rétta litlafingur.

Samningarnir um þorskinn koma út af fyrir sig ekki til atkv. hér. Það fylgir þarna ákveðin bókun sem hefur verið kynnt og felur það í sér, að þorskkvótinn verði lækkaður um 1000 tonn, frá því að vera 7000 og niður í 6000 tonn. Með tilliti til þess, sem ég hef áður sagt, sé ég ekki ástæður til að gera aths. við þá niðurstöðu. Það verða vafalaust margir sem telja miður farið að láta þessi 6000 tonn af hendi, og það gildir að sjálfsögðu ekki síst um marga af okkar ágætu sjómönnum og útgerðarmönnum, ég tala nú ekki um ef niðurstaðan yrði sú, að þorskveiðar okkar yrðu færðar niður í eitthvað nálægt því sem Hafrannsóknastofnun leggur til. En hvernig sem á málin er litið, þá eru þetta samt ekki nema svo sem 1—2% af okkar þorskafla líka, kannske rétt rúmlega 2%, en við höldum eftir um 98%. Verði þorskaflinn á þessu ári hjá okkur 300 000 tonn eða 30 þús. tonnum lægri en hann var á síðasta ári, þá eru þetta 2%. Þetta samsvarar því, að Færeyingar væru hér með svona 2—3 togara. Okkar aflamestu skip veiða á fimmta þúsund tonn í heildarafla yfir árið og þar af hygg ég að þorskaflinn sé a. m. k. ekki minna en 3000 tonn. Það eru að vísu toppskip.

Þetta get ég látið duga og hef gert þá grein fyrir afstöðu minni eins og ég ætlaði mér.

Jónas Árnason: Herra forseti. Þeim er ekki fisjað saman sem geta haldið 50 mínútna ræðu við þær aðstæður sem ríkja í þessum sal núna, þar sem blasa við tómir stólar, en þeir sem ekki eru tómir eru að vísu vel mannaðir. Mér telst til að hér séu staddir 13 þm. og af þeim 6 Alþb.-menn . Hér er m. ö. o. fámennt, góðmennt og notalegt, og hvað það snertir kannske einmitt fundurinn til þess að tala í 50 mínútur eða 45 a. m. k. En ég er ekki viss um að ég geri það. Ég læt í ljós um leið viðurkenningu á flestu því sem síðasti ræðumaður sagði, ég tek undir allt sem hann sagði, og aðdáun mín er þeim mun meiri sem ég verð að játa að þetta var hin ágætasta ræða flutt við þessar aðstæður. Ég bæti því við, að þetta gerist meira að segja þegar ekki eru viðstaddir nema tveir menn í blaðamannastúku. Að vísu eru það tveir af virðulegustu fulltrúum heimspressunnar, þ. e. a. s. fréttaritarar Morgunblaðsins og Þjóðviljans.

En snúum okkur að því efni sem hér er til umr., samkomulagi við Færeyinga, staðfestingu á því í þáltill.

Ég átti því láni að fagna árið 1956 að vera vikutíma síðsumars á færeyskri skútu, og ætli ég hafi ekki þá fyrst lært að meta Færeyinga verulega. Ég kynntist þeim ekki verulega fyrr en þá, þó að við, sem ólumst upp í sjávarplássunum, fylgdumst að vísu nokkuð með þessum þöglu, friðsömu mönnum sem gengu um götur í sínum þykku peysum með hendur í vösum. Stundum heyrðist að vísu svolítið til þeirra. Það var þegar þeir dönsuðu heilar nætur á bryggjunum. En það var ekki fyrr en þetta sem ég kynntist þeim og síðan er mér mjög hlýtt til Færeyinga. Ég ber mikla virðingu fyrir þeim.

Árið 1956 er þannig ástatt með útgerð þeirra að þeir eru enn með hátt í 100 kúttera á Íslandsmiðum og veiðarfæri og allt líf um borð með þeim hætti, að það er eins og maður sé staddur í eigin persónu í einhverju merkasta fræðiriti um sjómennsku sem skrifað hefur verið á íslensku. Ég er hér að tala um Skútuöldina eftir Gils Guðmundsson. Færeyingar voru þá enn í skútuöldinni að svona miklu leyti og voru reyndar með skútur sem við Íslendingar höfðum átt fyrr. Ég man eftir Guðrúnu Zoëga, Keflavíkinni og Sigurfara sem nú er kominn upp á Skaga.

Nokkuð var liðið á veiðiferðina og þess vegna komin góð ballest í skipið, nokkrir tugir tonna af ágætis saltfiski. Þó þótti mér miklu meira um þá manneskjulegu ballest sem var um borð í þessu skipi. En hvaða fólk var það? Helmingur skipshafnarinnar voru strákar á aldrinum 14—16 ára, rúmlega fermdir. Síðan kom gríðarlega stórt kynslóðabil og hinn helmingurinn af skipshöfninni voru menn á sextugsaldri og þar yfir. Hvernig stóð á þessu? Ástæðan var sú, að blómi færeyskrar sjómannastéttar var þá á íslenskum fiskiskipum. Helsta ástæðan var sú. Íslensk fiskiskip voru á þessum tíma að miklu leyti mönnuð Færeyingum. Þetta var á sama tíma og vinnufærir Íslendingar, Íslendingar á besta skeiði flykktust til vinnu í bandarísku herstöðinni á Miðnesheiði. Og mætti það verða nokkurt umhugsunarefni, hvernig farið hefði fyrir útgerð okkar á þessum árum ef ekki hefði verið upp á að hlaupa okkar ágætu frændur, Færeyinga. Nú er orðin á þessu mikil breyting, eins og við vitum, Færeyingar komnir fram úr okkar að ýmsu leyti í útgerð og þá ekki síður fiskverkun. Ég óska þeim til hamingju með það. Ég gæti tínt til margt fleira, en þetta tvennt, kynni mín af þeim þarna á kútternum og hvernig þeir reyndust okkur þegar við vorum ekki sjálfir menn til þess að manna skip okkar, veldur því að ég tel mig a. m. k. sem Íslending standa í mikilli þakkarskuld við þá. En eins og ég sagði kemur ótalmargt fleira til.

Færeyingar eru háttvísir menn, kurteisir mjög, miklu kurteisari og háttvísari en við Íslendingar. Mér er t. d. minnisstætt af þessari skútu, þar sem aðstæður voru svona og svona, eins og gefur að skilja, að aldrei létu þeir vanta kveðju — sjálfsagða kveðju, þegar þeir komu niður í lúkarinn til að matast, sögðu þá við þá sem þar voru fyrir: „Vel gagnist.“ Þetta merkir það sama og við segjum á máli sem minnir ofurlítið á danska undanrennu: Verði ykkur að góðu. Færeyingar segja hreint og klárt og hressilega: Vel gagnist, og þeim láist það aldrei. Og ég vil fyrir mitt leyti í sambandi við þetta samkomulag segja við Færeyinga: Vel gagnist.

Ég ætla að víkja nokkrum orðum að öðrum þætti þeirrar umr. sem hefur staðið nú nokkuð lengi, en það er sá þátturinn sem snertir eyjuna Jan Mayen og hvort Norðmenn eigi þar einhvern rétt eða engan rétt eða mjög takmarkaðan rétt.

Ég tel eins og margir aðrir ræðumenn, að hæstv. utanrrh. eigi enn eftir að taka af öll tvímæli varðandi það sem hann hefur sagt að ekki hafi verið rétt eftir sér haft í norska sjónvarpinu um daginn. Það vantar skýrari og ákveðnari yfirlýsingu af hans hálfu um það mál. Ég er tilbúinn eins og flestir aðrir ræðumenn að gera ráð fyrir því að rangt hafi verið eftir honum haft, en við verðum að fá það staðfest með einhverjum hætti. Það er ekki hægt að una við það, að Norðmenn sitji uppi með þann skilning sem þeir hafa eftir þá túlkun sem norska sjónvarpið gaf þeim á ummælum utanrrh.

Mér þótti hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flytja hér ágæta ræðu í dag. Í henni voru margar mjög svo athyglisverðar upplýsingar og sönnuðu að þessi ágæti þm. hafði gefið mikinn gaum að þessu máli sem snertir Jan Mayen, réttindi okkar annars vegar og Norðmanna hins vegar. Ég held að ég geti tekið undir flest það sem hann sagði í þessari ræðu. Í því sambandi verð ég sem stjórnarþm. að *láta í ljós undrun mína, ef ég hef skilið hæstv. utanrrh.* rétt í dag er ég skaut fram spurningu til hans: Er samkomulag í ríkisstj. um þau vinnubrögð sem þarna eru viðhöfð? *Þá átti ég við þau vinnubrögð hans að ræða* persónulega eða láta pótintáta sína ræða persónulega við einhverja Norðmenn um stefnu þeirra í þessum efnum. *Ef samkomulag er um slík vinnubrögð í ríkisstj.*, þá verð ég að láta í ljós undrun mína, þá er þessi ríkisstj. miklu sósíaldemókratískari en ég hafði gert ráð fyrir og úr hófi fram. Ég læt mér ekki nægja það sem stjórnarþm., að íslenskur sósíaldemókrat fari og rabbi við norska sósíaldemókrata um þetta. Ég sé enga tryggingu í þeim yfirlýsingum sem hann gefur hér um vilja þeirra í þessu efni. Ég sé enga tryggingu í því sem kann að vera að gerast bak við hurðir á hinu sósíaldemókratíska kærleiksheimili í Skandinavíu varðandi þetta stórmál. Ég verð að fá skýrari upplýsingar um þetta og ég vil fá ákveðnari og hreinni vinnubrögð og nánara samstarf í þessu máli.

Að sjálfsögðu tek ég undir fordæmingu manna varðandi þau vinnubrögð sem hæstv. utanrrh. beitti þegar Færeyingarnir komu hingað til þess að tala við okkur. Þá voru allt í einu komin ný vinnubrögð til skjalanna, meira að segja ný vinnubrögð að því er varðar sósíaldemókratíska utanrrh., því að Emil Jónsson innleiddi í sinni tíð ýmislegt sem var mjög svo til bóta að því er varðaði samstarf flokka á Alþ. í stórmálum. Þökk sé honum fyrir það og mætti núv. hæstv. utanrrh. taka hann sér til fyrirmyndar að ýmsu leyti.

Þetta vildi ég sagt hafa og svo að lokum fáein orð út af *góðri setningu sem hraut af vörum hv. þm.* Eyjólfs Konráðs í ágætri ræðu hans í dag, þar sem hann sagði: Við eigum að taka höndum saman við Færeyinga og Grænlendinga. — *Hann var búinn að vekja athygli á því þá*, að þetta dýrmæta svæði í Norður-Atlantshafi, sem við erum að ræða um, verður komið undir lögsögu þessara þriggja þjóða með vorinu, þegar *Grænlendingar fá sína heima*stjórn. Þá verður við okkur sjálfa að eiga og þessar tvær þjóðir varðandi ýmsar ráðstafanir á þessu svæði. Og Eyjólfur Konráð sagði: Auðvitað eigum við að taka höndum saman og friða þetta svæði. — Hann sagði enn fremur, og ég var mjög feginn að heyra það: Það vakir ekki fyrir mér að við förum endilega að bora eftir olíu eða gasi í djöfulmóð, — ekki held ég að hann hafi notað orðið „djöfulmóð", en það var það sem hann átti við, — en við skulum endilega gera það sem við getum til þess að ná yfirráðum yfir þessu svæði til þess að koma í veg fyrir að hinir stóru — þar á hann náttúrlega við auðhringana — geti farið að brambolta þarna og orsaka svo og svo mikla mengun og spillingu á lífinu í sjónum. — Ég er viss um að jafnskynsamur maður og Eyjólfur Konráð gerir sér ljóst að það er fleira en þetta sem stofnar lífinu í sjónum á þessu svæði í hættu. Ef olíufélög væru komin í gang að bora þarna, þá er fjarri mér að fullyrða að það gæti ekki skaðað. En olíufélögin eru þó ekki með neitt sem er knúið kjarnorku. Jafnvel þó að við færum um borð í borpallana er ekki hætta á kjarnorkueitrun. En það getur orðið alvarleg kjarnorkueitrun, geislavirkni, ef slys verður þarna á flotaæfingum hernaðarbandalaga, og þá er ég að tala um bæði bandalögin, Varsjárbandalagið og Atlantshafsbandalgið. Ég vona að þetta, sem hv. þm. sagði í dag, boði það, að hann taki vel undir þegar að því kemur að við flytjum hér formlega tillögur um að friðlýsa þetta hafsvæði fyrir öllu hernaðarbrambolti.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Þessar umr. eru nú orðnar býsna fjölskrúðugar og komið er fram á kvöld, en ég held að ég verði nú að grípa niður á ýmsu, sem fram hefur komið, engu að síður og byrja þá kannske á að víkja að ummælum síðasta ræðumanns.

Hann tók rétt eftir því, að ég lagði mikið upp úr því að *við hefðum vald á að hindra sérhvert brambolt* sem gæti stofnað lífi í sjónum í hættu, þó að við hygðumst ekki endilega fara sjálfir að stunda námuvinnslu eða annað *slíkt*.

Að því er síðustu spurningu hans varðar, um friðlýsingu Norður-Atlantshafsins, þá get ég tekið undir hana, með því skilyrði að vísu að það sé full friðlýsing, bannaðar séu allar ferðir allra herskipa og kafbáta um þetta svæði. Ég er ansi hræddur um að okkur takist ekki að ná því fram. En ef okkur gæti tekist það í sameiningu, og kannske mundu Bandaríkjamenn frekar hlusta á mig og Rússar kannske á hans flokksbræður einhverja, þá væri þetta náttúrlega stórkostlegur ávinningur. En ég er voðalega hræddur um að við náum ekki árangri í þessu efni. En það ræðum við betur síðar. Við höfum raunar rætt það oft einslega og eigum eftir að gera.

Þá langar mig að víkja að tveim næstu ræðum þar á undan, ágætisræðu Gils Guðmundssonar, þar sem hann benti á að það væri ekki fagurt til frásagnar ef við Íslendingar teldumst gráðugustu hákarlarnir hér á norðurslóðum með því að vilja allt gleypa. Hann benti réttilega á að það gæti stórskaðað okkur á alþjóðlegum vettvangi ef við ætluðum nú að sýna mátt okkar og megin, þegar við höfum náð þessum miðum, og hrekja Færeyinga héðan í burtu. Það var allt hyggilegt sem hann sagði í því efni. En þegar hann aftur á móti kom að umr. um Jan Mayen, þá fannst mér eins og hann væri heldur tregur til að viðurkenna nauðsyn þess að hefja formlegar viðræður og teldi að í því gæti verið fólgin einhver viður*kenning á rétti Norðmanna*. Við skulum segja að svo sé, að það felist í ósk um formlegar viðræður viðurkenning á einhverjum rétti Norðmanna. Ég vil viðurkenna einhvern *rétt Norðmanna*. *Ég held að þrátt fyrir það að* Norðmenn hafa um stutt skeið átt Jan Mayen eða talið sig eiga hana, við skulum viðurkenna að svo sé, þá eiga þeir a. m. k. einhver réttindi, enda gæti aldrei farið svo að þeir ættu ekki 12 mílna landhelgi og væntanlega einhver hugsanleg frekari réttindi. Þess vegna held ég að það sé engu hætt með því að viðurkenna að Norðmenn eigi þar réttindi, þeir eigi Jan Mayen og eigi 12 mílurnar. Það

gefur okkur fullt tilefni til þess að ræða við þá. Þar að auki er vitað, á allra vitorði, að í Noregi er rætt meðal æðstu stjórnvalda um þann möguleika að færa út efnahagslögsögu við Jan Mayen í 200 mílur, og við getum óskað formlegra viðræðna bara á þeim grundvelli að slíkt hefur spurst. Við erum ekki að viðurkenna eitt eða neitt með því, og það er ekki nokkur lifandi leið að skjóta sér undan því að taka upp þessar formlegu viðræður, þær hljóta að hefjast von bráðar. Menn hljóta að gefast upp á þessari tregðu sem ríkt hefur því miður.

Þá er komið að ræðu Kjartans Ólafssonar, hv. þm., og var þar líka margt gott sagt í upphafi ræðunnar, þótt hún drægist allmjög á langinn og gæfi raunar tilefni til að fara út í gamla tímann, t. d. að víkja aðeins að árinu 1976 sem hann talaði um, þá hefði allt verið í góðu gengi, því að Bretar hefðu gefist upp og hefðu ætlað sér sjálfir að taka upp 200 mílur, það hefðu menn mátt sjá fyrir og þess vegna gæti enginn hælst yfir því að hafa átt frumkvæði eða eitthvað stuðlað að 200 mílunum. Mig langar aðeins til þess að lesa hérna örlítinn kafla úr merku blaði, það heitir Þjóðviljinn og ritstjóri að þessu blaði var um þessar mundir maður að nafni Kjartan Ólafsson, sýnist mér hér, og svo annar, Svavar Gestsson, en hann mun hafa borið ábyrgðina um þetta leyti. En það er hér ritstjórnargrein sem er skrifuð 30. ágúst 1973 eða birtist þann dag — hún er væntanlega skrifuð daginn áður, og þar er fjallað um landhelgismál. Greinin hefst á þessu, með leyfi forseta:

„Það hefur áreiðanlega verið fróðlegt fyrir þjóðina að fá að fylgjast með málefnalegri einangrun ritstjóra Morgunblaðsins á sjónvarpsskerminum í fyrrakvöld, þegar hann var að reyna að útlista framtíðarkenningar sínar. Morgunblaðið hefur undir forustu þessa manns að undanförnu reynt að gera Sjálfstfl. dýrlegan með mikilli umræðu um 200 mílurnar.“ Síðan er margt fróðlegt í greininni, ég les svo bara niðurlagið, það er svona: „En Íslendingar vita fullvel, að undanhaldssjónarmiðin, sem haldið er fram í stærsta dagblaði landsins, eru bundin við einangraða klíku valdamanna í Sjálfstfl. Þau sjónarmið eiga ekkert fylgi utan þessarar klíku. Einangrun Morgunblaðsritstjórans á sjónvarpsskerminum var að vísu eftirtektarverð, en skoðuð í samanburði við viðhorf allrar þjóðarinnar í landhelgismálinu í dag er einangrunin alger. 50 mílurnar eru dagsverkið. Þær heyra ekki fortíðinni til nema í gerviheimi ritstjóra Morgunblaðsins.“

Daginn eftir birtist í þessu sama blaði þessa manns viðtal við formann Alþb. núv., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, þar sem m. a. stendur þessi setning, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt er allt annað mál, hvort við Íslendingar tökum okkur 200 mílna landhelgi einhvern tíma í framtíðinni, þegar slíkt er heimilt samkv. breyttum“ — segi og skrifa: „breyttum alþjóðalögum eða að aflokinni Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.“

Þetta var sem sagt þrem árum áður en síðasta skipið breska sigldi út úr íslenskri fiskveiðilandhelgi. Þessar kempur töluðu þá á þennan veg. Og hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði að alþjóðalög yrðu að breytast eða Hafréttarráðstefnu að ljúka til þess að við gætum svo mikið sem talað um 200 mílur. Einangrun Morgunblaðsritstjórans byggðist á því að hann sýndi kort af 200 mílunum á sjónvarpsskerminum og boðaði það að Íslendingar ættu að berjast fyrir 200 mílunum. Svo kemur þessi maður, hv. þm. Kjartan Ólafsson, slær um sig og segir að það sé helst allt honum og hans flokksmönnum að þakka að við unnum sigur í landhelgismálinu.

En úr því að ég er búinn að nefna hér formann Alþb. og raunar einn ráðh. úr Alþb. sem var ritstjóri þessa blaðs, þá get ég ekki verið að mismuna mönnum. Það má ekki gleyma neinum öðrum og þess vegna er nú kannske rétt að athuga hvað hæstv. forsrh., sem því miður er ekki viðstaddur hér í kvöld, sagði í þessum sama sjónvarpsþætti orðrétt, með leyfi forseta:

„En ég vil benda á það, að þó að menn séu bjartsýnir um að 200 sjómílurnar muni sigra á þessari Hafréttarráðstefnu, þá er það nú ekki svo að það sé komið strax í gang. Ég er nú hræddur um það, því miður, að menn séu kannske heldur um of bjartsýnir. En við skulum samt vona, að það takist. En Hafréttarráðstefnan getur tekið 2—3 ár a. m. k. Og auk þess vil ég benda á það, að sú samþykkt, sem var gerð á Hafréttarráðstefnunni 1958 um vernd fiskveiða, hún var ekki fullgilt af nægilegum fjölda fyrr en eftir 8 ár. Þannig er nú „prósessinn“ í þessu, þetta tekur svona tíma. Þeir standa í þeirri meiningu, að það sé nóg að þessi alþjóðlega ráðstefna bara geri þessa samþykkt. En fullgilding ríkja þarf að koma til. Þess vegna er ég nú ekki í nokkrum vafa um það, að 50 mílurnar okkar verða orðnar vel tryggðar áður en búið er að ganga frá 200 mílunum, sem vonandi verður samt.“

Sem sagt, hæstv. forsrh. gerði því skóna í septembermánuði, um mánaðamótin ágúst-sept. 1976, að svo sem 10—11 ár þyrfti þangað til hreyfa mætti við 200 mílunum.

Í þessum sama þætti sagði hæstv. viðskrh., sem því miður er ekki heldur viðstaddur hér:

„Við höfum fært landhelgina út í 50 mílur. Við erum að tala um hana núna hérna, og í hinni næstu framtíð er að sjálfsögðu okkar höfuðkeppikefli að friða 50 mílna landhelgina fyrir erlendum veiðiskipum.“

Og á öðrum stað í þessari ræðu, sem ég nenni ekki að fara að sækja, segir hann, að það verði a. m. k. næstu árin hugsað um 50 mílurnar og annað ekki.

Þessi sönnunargögn nægja að því er baráttuna fyrir 200 mílunum varðar. En ég held að ég lesi hér upp smáræðustúf, sem ég hef raunar sjálfur flutt úr þessum stól í des. 1976, úr því að verið er að tala nú sérstaklega um það ár, til þess að sýna mönnum fram á hvaða réttmæti sé í því að ásaka okkur sjálfstæðismenn um að hafa sérstaklega viljað semja við Efnahagsbandalagið og hafa verið með undanslátt. Hún er hér í 1421. dálki, þessi ræða, hún er örstutt og ég leyfi mér að lesa síðari hluta hennar, með leyfi forseta. Hann er svo hljóðandi:

„En tilefni þess, að ég kveð mér nú hljóðs, er að ég tel rétt og kannske skylt að upplýsa hér atvik frá liðnu sumri, — atvik sem gerðist úti í New York. Þrír sendimenn Efnahagsbandalagsins óskuðu þá viðræðna við íslensku sendinefndina hjá Sameinuðu þjóðunum. Þeir sögðust vilja ræða almennt um viðhorf okkar til hafréttarmála. Á þessum fundi mættu fulltrúar allra íslensku stjórnmálaflokkanna auk Hans G. Andersens og Más Elíssonar. Þegar umr. höfðu staðið í um það bil klukkutíma um gagnslitla hluti, þá var komið að því, sem auðvitað var erindið, að reyna að þreifa fyrir sér um það hver væri skoðun okkar á því að Bretar fengju veiðiheimildir eftir 1. des., og það var Prescott, sá breski, sem hingað hefur komið oftar en einu sinni og var okkur vinsamlegur í landhelgismálinu, eins og allir þekkja, sem upphóf þessa

spurningu. Hans G. Andersen sagði að rétt væri að stjórnmálamenn svöruðu þessu og beindi spurningunni til mín. Ég afsakaði það við viðmælendur okkar, að við íslensku sendinefndarmennirnir töluðum saman augnablik á móðurmáli okkar, og spurði félaga mína, sem voru þeir hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, Gils Guðmundsson, Jón Árm. Héðinsson og Magnús T. Ólafsson, sem eru hér allir staddir og geta staðfest orð mín, — ég spurði þá að því, hvort við vorum ekki sammála um að svara því til að eftir 1. des. fengju Bretar að mati okkar allra, fulltrúa allra íslensku stjórnmálaflokkanna, engar veiðiheimildir, þeir yrðu að hverfa héðan burt. Það væri nær að spyrja þá Efnahagsbandalagsmennina hvað við ættum að fá fyrir það aflamagn, sem þeir mega veiða á Íslandsmiðum, áður en þeir spyrðu hvort þeir fengju eitthvað meira þegar við fengjum ekki neitt. Þá kom fram sú hugmynd frá öðrum en mér að við yrði bætt, að það eina, sem til greina kæmi, væru gagnkvæmar veiðiheimildir. Yfirlýsing efnislega á þennan veg var gefin í nafni okkar allra. Við sögðum að vísu: Við höfum ekki umboð flokka okkar. — En á þennan veg var yfirlýsing gefin og það var ekki ég sem átti viðbótina, en það má liggja á milli hluta, ég samþykkti hana og taldi sjálfsagt að við öll stæðum að því að tala við mennina á þessum grundvelli. Þetta tel ég — (**Gripið fram í:** Vill hv. þm. upplýsa, hver það var?)" — Sá, sem fram í greip, var einmitt hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sem vildi fá að vita hverjir það höfðu verið sem vildu fá þessa viðbót. Og þá segir ræðumaður: „Nei, þetta, sem ég nú hef sagt, tel ég rétt og skylt að fram komi og þetta á þing og þjóð heimtingu á að vita. Ef einhver ber ábyrgð á því að taka upp þessar viðræður, ef ábyrgð skyldi kalla, þá eru það fulltrúar stjórnmálaflokkanna allra, þeir sem á Hafréttarráðstefnunni voru, og ég tel það þeim öllum til heiðurs og samstaða var alger þar. Þar bar ekki neitt á milli. Við stóðum þar saman og vorum allir að hugsa um hag íslensku þjóðarinnar og annað ekki, og það erum við enn að gera öllsömul."

Um þetta þarf ekki að hafa fleiri orð, vænti ég. Ég ætla að vona að ásökunum um það, að sjálfstæðismenn hafi viljað semja við Efnahagsbandalagsríkin, en aðrir ekki, t. d. um gagnkvæmar veiðiheimildir, linni. Það er hér staðfest að það var a. m. k. ekki fulltrúi Sjálfstfl. sem það vildi fyrst og fremst gera, en það verður hins vegar ekki upplýst hvernig orðaskipti að öðru leyti fóru fram. Og það er reyndar kominn tími til að við reynum að snúa bökum saman, og umr. hér í dag og í gær sýna það raunar, að þessum deilum og ásökunum ætti að linna. Það er engum til gamans og síst þeim sem jafnóheiðarlegan málflutning hafa hér í frammi og hv. ræðumaður Kjartan Ólafsson eða hans flokkur.

Þá vík ég að því sem er aðaltilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs að nýju, en það var ræða hæstv. utanrrh. Og af því að ég er nú búinn að nefna tvo formenn stjórnarflokkanna og afstöðu þeirra til 200 mílnanna, þá verður auðvitað ekki komist hjá því að minna á ummæli þm. Benedikts Gröndals á þessum tíma, þegar hann gerði mikið grín að því, að barist væri fyrir 200 mílum, og sagði að við mundum lenda uppi á Grænlandsjökli, svo fráleitar væru 200 mílurnar. Hann hafði ekki heyrt talað um miðlínur. Þar með er búið að vitna í formenn allra stjórnarflokkanna. Er furða þó að maður vilji fá málin á hreint og treysti kannske þessum forustumönnum ekki fyllilega, sérstaklega þegar um er að ræða þróun og nýjungar í hafréttarmálum sem þeir virðast ekki vilja skilja á stundum.

Þá kem ég að ræðu hæstv. utanrrh. Það, sem helst hefði mátt kalla bitastætt í þeirri ræðu, var orðalag eitthvað á þennan veg: Við höfum ekki afsalað okkur neinum rétti. — Þetta mun áreiðanlega vera rétt. Það hefur enginn íslenskur stjórnmálamaður — ekki viljandi a. m. k. — afsalað Íslendingum neinum rétti. En hvað segir þessi setning: Við höfum ekki afsalað okkur neinum rétti, — og hvað er um hana að segja? Bla, bla! Í henni er ekkert fullyrt. Og að segja slíka setningu, ja, sá gamli þakki þeim! Og hin setningin var: Áskiljum okkur allan rétt á Jan Mayen-svæðinu. — Hvað segir þessi setning: Áskiljum okkur allan rétt á Jan Mayen-svæðinu, öll réttindi áskilin. — Bla bla, því miður. Yfirlýsingarnar, sem gengið hefur verið eftir af hálfu hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstj., eru þessar. Þegar beðið er um að því sé lýst skýrt og skorinort yfir, að Íslendingar eigi réttindi á Jan Mayen-svæðinu utan 200 mílnanna og ætli sér að halda þeim til streitu og viðurkenni ekki og virði neinar einhliða aðgerðir Norðmanna og muni óska eftir formlegum viðræðum við þá, þá er sagt: Höfum ekki afsalað okkur neinum rétti, áskiljum okkur allan rétt. Amen.

Hæstv. utanrrh. hóf ræðu sína á því að kenna fjárlagaafgreiðslu um, að ekkert hefði verið aðhafst að því er hafsbotninn varðar, og sagði sérstaklega, að það hefðu verið strikuð út úr fjárl. framlög til hafréttarmálanna, til að huga að hafréttarmálunum. Úr því að menn mega segja það sem þeir sjálfir segja á utanrmn.-fundum, þá get ég þó a. m. k. skýrt frá því, að þegar ég féllst á það tregur að fresta afgreiðslu tillagna minna og okkar sjálfstæðismanna í byrjun des. fram undir jólin, þá sagði ég þar: Ef hæstv. utanrrh. eða hv. formaður utanrmn. flytur till. við lokaafgreiðslu fjárl., 3. umr., um t. d. 20-30 millj., þá greiðir auðvitað hver einasti þm. atkv. með því hvað sem öllum deilum um alla aðra hluti líður. Það er í lófa lagið að tryggja þetta. — Það hefði enginn þm. Íslendinga látið hjá líða að greiða atkv. með slíkum fjárframlögum. Þetta lá fyrir, þetta er ekki afsökun.

En verst var þó hitt, sem hæstv. ráðh. sagði hér um afgreiðslu till. Hann sagði að það væri reginmunur á því, hvort till. væri vísað til ríkisstj. eða hún samþykkt, og bætti við, að Alþ. vísaði slíkum till. til ríkisstj. ef það vildi ekki taka ákvörðun. Sem sagt, hann gefur í skyn að Alþingi Íslendinga hafi ekki viljað taka ákvarðanir um orðalag þessara tillagna eins og þær voru afgreiddar frá utanrmn. Þessi ummæli eru nærri því verri en þau í norska sjónvarpinu og þau ber að taka aftur. Það vita það allir hér inni, að hver einasti alþm. og þar með utanrrh. vill þetta. (**Utanrrh.:** Herra minn trúr.) Herra minn trúr, segir hæstv. utanrrh. Ég er farinn að halda að við fáum ekki önnur svör en á þennan veg frá honum.

Þá er komið að því sem er auðvitað mergurinn málsins, að hæstv. utanrrh. hefur lýst hér yfir að aðgerðir hans í málinu, aðgerðaleysi, allt sem gert hefur verið og ekki verið gert, um það sé ríkisstj. sammála. Þetta er sem sagt ekki lengur orðið mál hæstv. utanrrh., þetta er ekki heldur mál ríkisstj. einnar, þetta hlýtur að vera mál ríkisstjórnarflokkanna. Svo gerist það, að hér koma að vísu tveir hv. þm., annar í dag og hinn í Ed. í gær, þeir Jónas Árnason og Stefán Jónsson, með réttmætar og sjálfsagðar aths. sem er þakkarvert, en t. d. hv. þm. Kjartan Ólafsson sér enga ástæðu til að minnast á þetta í klukkutímaræðunni sinni. Aðrir hv. þm. stjórnar-

flokkanna allra sitja tvo daga og hlusta á þetta, að slíkar yfirlýsingar fást ekki fram. Því er jafnvel haldið fram, að þetta hafi bara verið þykjustuafgreiðsla Alþingis á tillögunum, það sé reginmunur á því, hvort þeim sé vísað til ríkisstj., það sé sjálfsagt bara hugmyndin þá að þær eigi að lenda í ruslakörfunni, þó að bókun hafi verið gerð og lesin upp af formanni utanrmn., sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gerði grein fyrir hér fyrr í dag, um skilning n. allrar á því, hvernig með málið skyldi farið. Ég furða mig á þessu og furða mig þeim mun meira sem tíminn líður lengur án þess að skýlaus svör fáist og skýlausar yfirlýsingar af hálfu ríkisstj. og ríkisstjórnarflokkanna.

Að því er varðar það atriði, eins og hæstv. utanrrh. komst að orði, að núv. valdhafar í Noregi mundu ekki gera neitt án þess að gera okkur aðvart, þá treysti ég því, að það sé rétt sem hæstv. ráðh. sagði, að þessir menn hafi heitið honum því og þeir persónulega muni ekkert aðhafast án þess a. m. k. að tilkynna okkur um það fyrir fram, ef Scottice verður þá ekki bilaður. Það er ekkert víst hvað lengi þessir menn sitja að völdum. Þess vegna verðum við auðvitað að taka upp formlegar viðræður. Það duga engar viðræður á einhverjum fundum, þar sem þessir menn hittist einhvers staðar úti í heimi, jafnvel ekki í gegnum sendiráðin. Mér finnst það liggja í augum uppi, að formlegar viðræður verði að hefja í allra augsýn, þar sem Alþ. fylgist með því sem fram fer, en sé ekki bara einhver einn maður og við fáum að vita hvað er að gerast, hvað er rætt, hvað er farið fram á, hvernig á okkar málstað er haldið. — Ég læt mér ekki nægja, eftir það sem á undan er gengið, að það verði eingöngu sérlegur fulltrúi ríkisstj. einn. Ég held að það sé lágmarkskrafa að stjórnarandstaðan fái a. m. k. að fylgjast með, eins og þessi mál hafa þróast illu heilli. Og þar með læt ég máli mínu lokið.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég verð að játa, að mér er farið að líða eins og hrútum í Skagafirði kvað hafa liðið fyrir ekki löngu undir þessum ítrekuðu og eldheitu árásum frá hv. þm., sem raunverulega virðist vera komnar úr pólitísku jafnvægi. Ég verð að segja eins og er, að ég hefði svarið fyrir það, að ég þyrfti að standa hér í ræðustól á Alþ. og útskýra fyrir mönnum, sem hafa setið hér í nokkur ár, hvaða munur er á því að samþykkja till. eða vísa henni til ríkisstj. Að ég skuli leyfa mér að halda fram að það sé munur á þessu er kallað hið svívirðilegasta, og þegar ég á í hlut er það nú orðið töluvert upp í sig tekið. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en aðeins lesa hér örfáar línur, með leyfi hæstv. forseta, upp úr tveimur ritum sem ég hafði með mér. Annað er þessi blessaði bæklingur sem heitir þingsköp Alþingis og hv. þm. virðist aldrei hafa litið í, og er hann þó löglærður og nýtur virðingar sem slíkur.

Í 42. gr. þingskapa segir svo: „Þyki þd. eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til ráðherra.“ Ráðherra er það sama og ríkisstjórn, því að það er lítið sagt um ríkisstj. í stjórnarskránni. Síðan kemur svigi á eftir: „(stjórnarskrá 51. gr.)“ Það stendur í sjálfri stjórnarskránni og síðar í þingsköpunum: „Þyki þd. eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, þá vísar hún því til ríkisstj. eða ráðh.“

Við skulum rétt svona, ef hæstv. forseti vill umbera það og leyfa, sjá hvað einn mesti fræðimaður okkar í þessum efnum, Ólafur Jóhannesson, hefur um þetta að segja í þeirri frægu bók: Stjórnskipun Íslands. Það er á bls. 268 sem talað er um afgreiðslu þingmála. Þar segir: „Eftir 56. gr. stjórnarskrár, sbr. við 41. gr. þingskapalaga, getur þd. vísað málefni til ráðh., ef henni þykir ekki ástæða til að gera aðra ályktun um það . . .. Þetta þykir vægari aðferð til að koma máli fyrir kattarnef en að fella það.“ Þetta er það sem Ólafur Jóhannesson segir, og á eftir kemur kafli þar sem segir að það séu ekki aðeins þd., heldur einnig Sþ. sem beiti þessari aðferð. Ef mönnum er ekki ljóst, hvaða munur er á þessu tvennu, þá er þeim varla viðbjargandi hvað vinnubrögð þessarar stofnunar snertir.

Nú er það svo, og það þekkjum við af reynslu, að þó að þd. eða Sþ. vilji ekki gera ályktun um mál, þá getur hún með orðalagi vísað því til ríkisstj. á mismunandi vinsamlegan hátt. Af því að allir vilja hafa sem mestan einhug og forðast deilur varðandi það sem snertir þessi málefni, þá var um það almennur vilji í utanrmn., að þessari till. væri vísað á vinsamlegan hátt til ríkisstj. En það breytir ekki þessum grundvallaratriðum. Og það er fyrir neðan allar hellur, að alþm. og lögfræðingur skuli tala og skrifa eins og það að vísa till. til ríkisstj. sé sama og að samþykkja hana.

Nú er það svo, að tillagan, sérstaklega með þeirri skýringu sem henni fylgdi frá n., er þannig, að það er ekki nema örlítill munur á henni og því sem raunverulega var gert og utanrmn. var kunnugt um. Og það er mála sannast, sem hv. þm. sagði að ég hygg nú í síðustu ræðu sinni, þegar hann ræddi um formlegar eða óformlegar umr., að það gæti ekki verið nema tímaspursmál hvenær óformlegar umr. breyttust í formlegar. Ég er sammála honum um það. Það kemur að því, en aðstæður hafa verið þær, að það hefur ekki verið hægt að fara öðruvísi að en við höfum gert. Eins og ég hef margsagt, tel ég náð þeim árangri, sem var fyrsta nauðsynlega skref okkar, að fá að vita hvort útfærsla við Jan Mayen væri yfirvofandi af hálfu Norðmanna eða ekki, og hvort sem hún væri yfirvofandi eða ekki að fá þá til að lofa okkur því að gera það ekki án þess að hafa ítarlegt samráð við okkur. Við höfum fengið vitneskju um hvort tveggja, nú síðast fyrir helgina eftir áður nefndan fimmtudagsfund í Osló. Þá lýsti utanrrh. Norðmanna yfir í blaðaviðtali sem birt var þar ytra, að útfærslan við Jan Mayen yrði að bíða, færði rök fyrir því og ég hygg að hann muni gera það enn frekar. Landið liggur þannig að norska ríkisstj. telur að þetta mál verði að bíða. Ég vil ekki, get ekki og má ekki fara nánar út í það af hverju hún er ekki til í að hefja viðræður við okkur um einstök atriði, en málið liggur þannig fyrir. Þess vegna er sú leið, sem hefur verið farin, sú eina, sem við áttum kost á, og sú eina, sem kom til greina. En auðvitað er það rétt hjá hv. þm., að þegar tíminn líður kemur að því að þetta breytist og þá hefjast formlega miklu efnislegri viðræður á bak við tjöldin, því að ég hef ekki farið út í neinar viðræður við norska ráðamenn um einstök atriði. Ég hef enga heimild til þess, að ég tel. Ég tel mig hafa heimild til að kanna hver vilji þeirra sé, og þegar í ljós kemur að þeir virðast ekki ætla að færa út alveg á næstunni, að taka þá af þeim bestu loforð sem hægt er að fá um að þeir muni ekki gera neitt slíkt án þess að tala við okkur.

Þegar við höfum grun um að það fari að nálgast, þá þurfum við að setjast á rökstóla um mörg smáatriði. Þá kemur, eins og ég sagði í fyrri ræðu í dag, mjög til greina hvort við eigum að setja upp landhelgisnefnd aftur eins og við höfðum áður. Þetta er stórmál og það eru önnur

stórmál sem munu fylgja í kjölfarið. Þar á ég m. a. við austurströnd Grænlands, sem er mjög mikilvægt mál fyrir okkur. Ég hef þegar skýrt frá því, að norskir blaðamenn hafa gert ítrekaðar tilraunir þegar þeir hafa til mín náð, — ég hef yfirleitt reynt að forðast þá þó að það hafi því miður ekki tekist að fullu, — og þá hafa þeir undantekningarlítið byrjað að tala um einstök atriði, miðlínu og gráa svæðið, og eru þá fljótt komnir í samanburð við gráa svæðið í Barentshafi og annað slíkt. En ég hef alltaf sagt nei, ég tala ekki um þetta, það er ekki tímabært af minni hálfu.

Ég tel að ég sé búinn að gefa ljósar yfirlýsingar í sambandi við afstöðu mína og ríkisstj., sem ég held að sé algerlega í samræmi við þá augljósu afstöðu sem við höfum haft. Þrátt fyrir þex og deilur, eins og við höfum staðið í hér, hefur gengið eins og rauður þráður í gegnum landhelgismálið sterkur sameiginlegur vilji, þjóðarvilji, sem öll sú barátta hefur byggst á og hinir stóru sigrar sem við erum búnir að vinna.

Ég notaði hér orðin, að við hefðum ekki afsalað neinum rétti, og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur þetta að háði og spotti. Þetta er haft eftir fyrrv. sjútvrh. Matthíasi Bjarnasyni. Ég tók þessi orð upp vegna þess að hann sagði þau 1975 þegar hann gaf út reglugerðina. Þá notaði hann þessi orð, og ég segi að þau hafi ekki verið neitt bla bla. Þetta eru orð sem hafa sterka merkingu og ákveðna, eins og fyrirvari getur verið í hvers konar samningum. Það er ástæðulaust hjá hv. þm. að kalla þetta eitthvert bla bla hjá Matthíasi. Hann er kunnur að öðru, þó að það gusti stundum um hann.

Ég hafði líka jafnákveðin orð um það í dag, að við mundum á allan hátt standa á rétti okkar á þessu svæði. Það er kannske bla bla líka? En ég verð að segja, að það er erfitt að fullnægja þessu fólki, sem dag eftir dag kemur aftur og aftur og aftur og heimtar yfirlýsingar um sömu atriði sem búið er að segja og enginn ágreiningur er um í raun og veru. Þetta áframhaldandi nagg um að enn vanti einhverjar frekari yfirlýsingar og enn vanti einhverja svardaga er ekkert annað en eitthvert taugastríð gagnvart mér, sem ég læt mér þó algerlega standa á sama um.

Ég get ekki rætt um þá tilviljun, að sósíaldemókratar séu við völd í Noregi, en ef t. d. Alþb. ætti að fara með utanríkismál Íslands, — menn hafa nú yfirleitt ekki talið það sérlega líklegt, — þá held ég að í skiptum við Vestur- og Norður-Evrópulönd væri býsna erfitt fyrir það að halda uppi nokkrum samskiptum, ef það vill ekki tala við sósíaldemókrata eða trúa einu orði sem þeir segja. Þeir eru þrátt fyrir allt kunnir að því að standa við það sem þeir hafa sagt í embættum. Þar að auki vil ég geta þess, að það hafa verið stjórnir annarra flokka á Norðurlöndum síðustu ár og eru nú t. d. í Svíþjóð. Að svo miklu leyti sem ég þekki til hefur í samskiptum okkar við þessi lönd ekki fundist nein breyting við það, svo að ég hygg að í öllum meginatriðum sé óþarfi að vera með flokkadrætti hvað þetta snertir.

Hv. þm. Jónas Árnason gaf mér það ágæta ráð, að Emil Jónsson hefði gert ýmislegt til að bæta samstarf í utanríkismálum og ég ætti að taka hann til fyrirmyndar. Það, sem Emil Jónsson gerði framar öðru á þessu sviði, var að hann endurvakti sambandið á milli utanrrn. og utanrrh. og utanrmn. Þessu hélt Einar Ágústsson áfram, og ég man vel eftir því, að á fyrstu árum Einars hældi hann Emil fyrir þetta, og allir hafa talið að þetta hafi verið rétt gert. Málsmeðferð mín hefur verið gagnrýnd, og ég mun að sjálfsögðu taka þá gagnrýni til alvarlegrar íhugunar, en ég tel að mér hafi orðið það á að gera mér of miklar vonir um utanrmn. sem samkv. lögum og reglum Alþingis og samkv. venju í öllum sambærilegum þingum er höfuðaðili við að tengja þingflokkana saman, ræða utanríkismál og gefa síðan ríkisstj. ráð. Varðandi Færeyjasamningana t. d. byggði ég mest á því, ég verð að játa það. Við skulum láta hitt kyrrt liggja, sem er innan stjórnarheimilis, en það hefur farið svo, að í umr. hér er eins og samráð við utanrmn. séu einskis virði, en bæði formaður þeirrar n. og margir nm. hafa viðurkennt hér í ræðum að þau hafi verið fullnægjandi. Ég hef farið eftir því sem var augljóslega sterkur meirihlutavilji í n., kannske gengið heldur harðar að Færeyingum en nefndarvilji var fyrir. En þegar málið kemur hér inn á þingið kemur í ljós að hin og þessi stórmenni á þessu sviði rísa upp og forakta n., hún er ekki til í þeirra augum! Sagt er að það hefði átt að reyna að ná sem víðtækustu samstarfi allra flokka. Hvar í ósköpunum er, eftir að landhelgisnefndin var lögð niður fyrir nokkrum árum, hægt að ná til allra flokka á eðlilegri hátt en í nefndinni og biðja fulltrúa flokkanna í utanrmn. um að kanna viðhorf í flokkum þeirra. Þetta var gert. Ég held að þm. ættu að reyna að sýna örlítið meira stolt fyrir hönd Alþingis sem stofnunar. Það er talað um það nú, að við þurfum að gera nefndir þingsins virkari. Við ættum að reyna að gera það svo að utanrmn. Alþingis, sem hefur sérstöku hlutverki að gegna, eins og lesa má í litlu bláu bókinni, verði gerð virk og aðrir forustumenn flokkanna tali ekki um hana eins og hún sé ekki til eða telji að það hafi ekkert verið gert til að ráðgast við flokkana, af því að það var gert í þessari nefnd. Ég tel að á þessu þyrfti að verða breyting. Ég hafði ekki aðra stofnun, þar sem allir flokkarnir komu saman, sem ég gat snúið mér til. Þarna var fólk nýlega kosið í utanrmn. með þetta hlutverk. Átti að ganga fram hjá utanrmn. og velja forustumenn í öllum flokkunum og tala við þá einn og einn? Það var ekki hin rétta aðferð. Ég ræddi málið við marga, og síðan ræddu utanrmn.- menn og konur við marga hver í sínum flokki og sjálfsagt öðrum flokkum. Ég vil gjarnan að menn íhugi þetta, hvort sú aðferð, sem ég beitti að þessu sinni og hefur orðið til þess að það hefur verið hellt yfir mig gagnrýni fyrir vinnubrögð, á ekki raunverulega rétt á sér og er ekki sú vinnuaðferð með utanríkismál sem er eðlilegust á Alþingi. Ég tel að svo sé og vildi óska þess, að utanrmn. gæti orðið eins og Emil Jónsson lagði að vissu leyti grunn að og Einar Ágústsson hélt með ágætum áfram, vegna þess að í kalda stríðinu var utanrmn. brotin mélinu smærra. Ég veit ekki hvort þm. er öllum kunn sú saga. En þegar Sósíalistaflokkurinn fékk mann í utanrmn. á kaldasta tímanum í kalda stríðinu, þá var talið óþolandi, að hann fengi að njóta þess trúnaðar sem menn njóta þar. (**StJ:** Það var þannig talað af einum manni, sem var utanrrh. Alþfl.) Hann fékk því ráðið, ég er ekkert að undanskilja minn flokk. Alþfl. réð því samt ekki alveg einn, og þá var kosin undirnefnd hinna réttrúuðu og hún fjallaði um hin viðkvæmu mál.

Við hljótum allir að viðurkenna að þetta er ekki eðlilegt, svona má þetta ekki vera. Þess vegna eigum við að fagna því, að s. l. áratug hefur utanrmn. verið sett á rétt spor. Með því að byggja á henni til samráðs, eins og uppbygging Alþingis gerir ráð fyrir, tel ég að ég hafi í grundvallaratriðum verið á réttri braut. En því miður virðast aðstæður í þinginu vera þannig að því er ekki vel

tekið. Ég verð því að láta það yfir mig ganga að sitja undir þeirri gagnrýni sem hér hefur fram komið fyrir það.

Stefán Jónsson: Herra forseti. M. a. sökum þess, hversu langt er nú liðið á kvöld og tími orðinn naumur, hygg ég að ég muni leggja áherslu á það að vera ósammála eða sammála í samtímanum, þótt freistandi hefði verið að rifja upp smávegis í tengslum við ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar áðan og aðdraganda pólitískra ágreiningsmála í sambandi við útfærslu landhelginnar. Einnig lýtur það að upplýsingum hæstv. utanrrh. það tímabil þegar utanrmn. var lögð niður.

Ég var ekki með öllu ánægður með yfirlýsingu hæstv. utanrrh. í hinni fyrri ræðu hans í dag varðandi Jan Mayen-málið og þóttist verða þess var í hinni seinni ræðu hans, að hann hefði gleymt hvernig á því stóð, að gengið var á hann persónulega og ríkisstj. í gegnum hann um yfirlýsingar um það, að Íslendingar viðurkenndu alls ekki rétt Norðmanna til einhliða útfærslu efnahagslögsögu við Jan Mayen. Ástæðan var sú, að birt var í norska sjónvarpinu viðtal við utanrrh. Íslands, sem túlkað hefur verið á þá lund, að hann hafi lýst yfir viðurkenningu á einhliða rétti Norðmanna til að færa út efnahagslögsöguna við Jan Mayen. Hæstv. utanrrh. tjáði okkur í Ed. í gær, að þarna væri um misskilning að ræða, en ekki að viðtalið hefði verið á þá lund, að menn hefðu getað, svo sem raun sýndi, mistúlkað það á þessa lund. Var farið fram á við hann af þremur þm. d., að hann gerði annað tveggja eða hvort tveggja: að lýsa yfir því ljósum orðum til þess að leiðrétta þennan misskilning, sérstaklega úti í Noregi og einnig hér heima, að þetta væri rangt, að hann væri þeirrar skoðunar að Norðmenn hefðu ekki rétt til þess að færa út efnahagslögsöguna við Jan Mayen einhliða, ellegar þá, og þess var æskt fyrst og fremst af hálfu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Ragnhildar Helgadóttur, að hann flytti okkur í Sþ. nú í dag yfirlýsingu frá ríkisstj. í heild um að ríkisstj. teldi að Norðmenn hefðu ekki rétt til þess að flytja út efnahagslögsöguna við Jan Mayen einhliða. Við óskuðum eftir ljósum orðum um þetta. Ég vil telja það svar, sem hæstv. utanrrh. flutti okkur hér í dag, fullnægjandi af hans hálfu. En að því er lýtur að túlkun þessa máls úti í Noregi, þar sem leiðrétta þarf missögn eða mistúlkun á ummælum hæstv. ráðh., tel ég þessi orð ekki nógu ljós. Ég er ákaflega uggandi um, eins og þetta kemur fyrir nú, þar sem talað er um að við áskiljum okkur allan rétt o. s. frv., að þetta kunni úti í Noregi, þessi skilaboð af fundi ríkisstj. í dag, að verða túlkað sem svo t. d., að Alþb.-kommarnir hafi knúið „den gode socialdemokrat hr. Gröndal, vor ven" til að flytja þessi skilaboð á ríkisstjórnarfundi, þó að enn sé óbreytt skoðun hans eins og hún hefur verið túlkuð eftir viðtalið í sjónvarpinu. Þetta kynni að verða í Noregi. Ég tek það fram, að það má alls ekki skilja þessi orð mín svo, að nein undirmál hafi verið í þeim skilaboðum sem Benedikt Gröndal utanrrh. flutti okkur á Alþ. í dag, en þannig kynni þetta að verða túlkað í Noregi, þannig að hin yfirlýsta skoðun hans, eins og hún var túlkuð, standi þar enn. Þess vegna vil ég óska eftir því, að hæstv. utanrrh. geri okkur þann greiða að kveða þannig að orði að það yrði ekki hártogað né vefengt lengur.

Hæstv. utanrrh. vakti athygli okkar Alþb.-manna á því, að ef svo ólíklega færi að embætti utanrrh. félli einhvern tíma í skaut Alþb., sem hann taldi raunar mjög ólíklegt, yrði ráðh. þess flokks að ræða við sósíaldemókrata ef hann vildi eiga þess háttar viðskipti við ýmis lönd Vestur-Evrópu, og taldi að samskipti íslenskra sósíaldemókrata jafnt í ráðherrastól sem hinum lægri stólum við skandinavíska sósíaldemókrata, t. d. á liðnum árum, hefðu ekki verið þess háttar, að það væri neitt þess vert að fetta fingur út í þau samskipti. En þá vil ég leyfa mér að rifja upp fyrir hæstv. utanrrh., að svo bar til á síðasta þingi að hv. Alþ. varð að samþykkja sérstök lög til þess að banna sérstaka tegund af samskiptum íslenskra sósíaldemókrata við norska sósíaldemókrata. Ég er, herra forseti, ekki með þessum orðum mínum að tengja viðræður hæstv. utanrrh. Benedikts Gröndal við utanrrh. Norðmanna, Frydenlund, um Jan Mayen-deiluna á nokkurn þann hátt við tortryggileg mál tengd samskiptum íslenskra sósíaldemókrata við skandinavíska sósíaldemókrata. Ég er aðeins að minna á þetta atriði í beinum tengslum við þau ummæli hæstv. utanrrh., að hann teldi ólíklegt að ráðh. úr Alþb. yrði nokkurn tíma treyst til þess að fara með utanríkismál.

Aðeins í lokin, áður en ég vík að því máli sem fyrst og fremst er hér á dagskrá, ætla ég raunar að víkja að því, — vegna þess að tæpast er hægt að ætlast til þess að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson rísi hér aftur upp í ræðustól þess vegna, ekki vegna þess að ég vorkenni honum kárínur sem hann er verður að fá í ýmsum málum, heldur vegna þess að ég vil minna á það, með hvaða hætti þáltill. þær voru afgreiddar í fjárlagaönninni í desember hér á Alþ. sem hæstv. utanrrh. telur að nánast hafi verið felldar, vegna þess að þeim var vísað til ríkisstj. Sé hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson vítaverður fyrir það, lögfræðingurinn, að bera nú ekki alveg í minni þingskapargrein sem að þessum málum lýtur, þá tel ég að hæstv. utanrrh. sé vítaverður fyrir að hafa ekki kynnt sér afbrigðilega afgreiðslu þessara mála á þinginu síðasta dag fyrir þingfrestun. Hann hefur að vísu þá afsökun, að einmitt í fjárlagaönninni og jólaönninni, á þeim vikum rösklega tveimur, sást hann ekki hér í þingsölum. Fallist var á það af hálfu 1. flm. að vísa þessum till. til ríkisstj. Það var sátt af hans hálfu. Það var komið að lokadegi í afgreiðslu fjárl. Hann hótaði því þá, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, og hafði raunar stuðning þm. úr fleiri flokkum á bak við þá hótun, að ef þessar þáltill. þeirra sjálfstæðismanna hlytu ekki afgreiðslu fyrir jól, vegna þess hversu brýnt væri að afgreiða þær, þá skyldi verða haldið uppi þess háttar umr. um einstaka liði fjárl. að fjárlagaafgreiðslan drægist fram yfir jól af þeim sökum. Reyndar var þá viðbúið að fjárlagaafgreiðslan drægist fram yfir jól af öðrum sökum. En forustumenn stjórnarflokkanna sömdu um það við 1. flm. þessara þáltill., að þær yrðu afgreiddar með þessum hætti. Það var það sem kallast á enska tungu „gentlemen's agreement", sem var á vitorði ég vil segja allra þm. og hann féllst á í því trausti að með till. yrði farið eins og þær hefðu hlotið þinglega meðferð. Þetta vissi hver maður sem var hér í þingsölunum þá. Ég er þess fullviss, að hæstv. utanrrh., slíkur drengskaparmaður sem hann er, mælti þau orð, sem hann lét falla áðan, vegna þess að honum hefur verið ókunnugt um þetta atriði. (**Utanrrh.:** Ég gerði þennan samning við formann Sjálfstfl. á sínum tíma með samþykki forsrh. og fleiri.) Þess þá heldur ef hæstv. utanrrh. hefur vitað betur en kom fram í ræðu hans áðan, því meiri verður drengskapur hans ef hann dregur til baka þessi orð um afgreiðslu till., því að sannleikurinn er sá, ef dýpra er kafað, að þá munu hin fornu drengskaparatriði

hafa meira gildi við afgreiðslu þáltill. hér heldur en þingsköp og jafnvel heldur en ritgerðir Ólafs Jóhannesssonar forsrh.

Ég ætla þá að víkja aðeins, sem er við hæfi, að máli því sem hér er til umr., þar sem eru færeysku samningarnir. Ég heyrði ekki, enda gæti ég ekki bætt þar um, þar sem lýst hefur verið fögrum og sönnum orðum frændskap okkar við Færeyinga og vináttu ágætri. Hv. ræðumönnum láðist aðeins að gera grein fyrir kynslóðagamalli aðdáun Íslendinga á Færeyingum. Ég þekkti þá í uppvexti mínum fyrir austan og þeir stóðu okkur þarna á Suðausturlandinu t. d. mun nær en Sunnlendingar. Ég man eftir gamalli konu á Borgarfirði eystra sem var að segja mér sögur af því, og því útvarpaði ég raunar á sínum tíma, hver hefðu orðið örlög systra sinna sjö. Svo kom hún að þeirri síðustu, yngstu: „Og hún var nú okkar fallegust og gáfuðust, best. En það fór svona fyrir henni, hún lenti í því að giftast Sunnlendingi.“ sagði hún. En allar þrjár næstu þar á undan, þær voru giftar í Færeyjum.

Ég mun nú stilla mig um að gera tilraun til þess að láta í ljós meiri þekkingu á sögu Færeyinga en fram kom í ræðu hv. þm. Gils Guðmundssonar eða meiri hlýhug en fram kom í ræðu Kjartans Ólafssonar eða gleggra mat á manngildi þeirra en fram kom hjá Jónasi Árnasyni, hv. alþm. Ég er þeirrar skoðunar líka, að það sé ekki bara drengskaparatriði, frændskaparatriði og vinskaparatriði að við styðjum á bakið á Færeyingum, heldur er ég einnig þeirrar skoðunar, að það sé okkur pólitísk nauðsyn að efla þessa frændþjóð okkar, sem getur talað íslensku svo að segja frá blautu barnsbeini, þó að við eigum dálítið erfitt með að skilja íslensku þeirra nema með dálítilli þjálfun. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé okkur höfuðnauðsyn. Eigi að síður leitar sú hugsun á mig, að vera kunni að við neyðumst til þess og jafnvel að vera kunni að það væri heppilegt fyrir Færeyinga sjálfa að við bindum nú endi á þessa veiðiheimild þeirra að því er botnlægar fisktegundir varðar hér við land. Það er nefnilega ekki alveg rétt, að Færeyingar séu, þegar til kastanna kemur, svo óskaplega háðir fiskveiðunum við Ísland, fiskveiðunum á Efnahagsbandalagssvæðinu, sem hv. þm. Kjartan Ólafsson taldi áðan og vinir okkar í Færeyjum hafa uppi við okkur í aðsogi nýrra samninga um þessi mál. Færeyingar leyfa Bretum og Þjóðverjum nú að veiða 12 þús. tonn af þorski við Færeyjar. Pétur Reinert, sjútvrh. Færeyinga, sagði mér er ég hitti hann um árið hér í Reykjavík, þegar hann kom til þess að ræða um fiskveiðisamningana, að miðað við að þetta fiskmagn og svo raunar þau 5 þús. tonn af öðrum botnlægum tegundum, sem Bretar og Þjóðverjar fá að veiða á heimaslóðum hjá Færeyingum, væri verkað heima í Færeyjum, þá jafngilti það að verðmæti meiru en því sem Færeyingar taka á hinum svokallaða Efnahagsbandalagssjó, því að sá fiskur, sem þeir taka þar, er ýmist gúanófiskur, bræðslufiskur ellegar fiskur sem siglt er með ísaðan á erlendan markað, en það er hið sama hjá Færeyingum eins og Íslendingum, að fiskurinn, sem verkaður er í landinu, eykst stórlega að verðgildi.

Það er ekki aðeins að Færeyingar taki okkur, eins og hv. þm. Jónas Arnason sagði, þeir séu farnir fram úr okkur, langt fram úr okkur raunverulega í útgerðarmálum, fiskiskipasmíði og veiðiaðferðum, og standi okkur fyllilega jafnfætis — ég mun víkja að því aftur seinna með sérstöku tilliti til hv. þm. og kunningja míns, Guðmundar H. Garðarssonar — einnig í fiskverkun, heldur eiga þeir líka betri fiska en við, betri þorska. Það felst í því að þorskurinn á Færeyjabanka verður kynþroska á þremur árum. Nú ber ég enn fyrir mér Pétur Reinert um þetta og einnig Kjartan Mohr fiskifræðing. Þorskurinn þeirra á Færeyjabankanum hefur verið svo fljótur að ná sér eftir þá takmörkuðu friðun sem hann hefur hlotið við það að þarna hefur verið bönnuð togveiði síðan 1974, að afli, sem þá var 1700 tonn á Færeyjabanka, komst upp í 5000 tonn á Færeyjabanka á línu og færi 1977. Fyrrnefndur Pétur Reinert segist hafa ástæðu til þess að ætla að með frekari friðunaraðgerðum, með því að losa sig við Bretana og Þjóðverjana úr fiskveiðilandhelginni færeysku, gætu þeir með undraskjótum hætti náð meiri verðmætum af Færeyjaslóð með því að stunda veiðarnar að heiman heldur en þeir hafa núna með sóknínni á Efnahagsbandalagssvæðinu. Að vísu viðurkenndi hann að þá reiknaði hann með því, að Færeyingar héldu áfram möguleika á því að veiða annars staðar rækju og smáfisk.

Aftur á móti verð ég að segja alveg eins og er, þrátt fyrir að ég sé þeirrar skoðunar að við eigum að taka mjög alvarlega til athugunar að losa okkur úr samningunum við Færeyingana, þá hef ég ekki haft brjóstheilindi til þess í viðræðum við Færeyinga að halda því fram að við mættum ómögulega nú við því að sjá eftir þessum þúsundum tonna af botnlægum fiskum til þeirra, með sérstöku tilliti til þess að mér er kunnugt um það, — ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir því, — að í sumar leið fór mjög mikið af þorski hjá okkur í gúanó, í mjölvinnslu. Um gjörvalla Vestfirðina, Norðurland og Austurland fór þorskur í bræðslu. Þegar ég spurði gamlan skipsfélaga minn á Eskifirði, skipstjóra og útgerðarmann, hvort það væri satt að þeir væru núna, Austfirðingarnir að bræða þorsk, þá sagði hann: „Stefán minn, þeir bræða miklu meira í Krossanesi.“ Og ekki nóg með þetta. Síðsumars í haust og í vetur hafa sölusamtökin, — ég veit að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson leiðréttir mig ef hann telur að ég fari þar með rangt mál eða ýkjur, — þá hafa sölusamtökin haft mjög mikið að gera við móttöku á mönnum sem hingað koma frá okkar dýrasta markaði vestan um haf, vilja láta rífa upp pakkningar, við það að taka á móti kærum fyrir beinafisk, ormafisk og úldinn fisk á Ameríkumarkaði, — þorsk, herrar mínir, sem var veiddur af kappi þegar best gaf s. l. sumar, sem við mynduðumst við að verka í útflutningspakkningar okkur til stórskammar. Ég vil að við athugum þetta mál, hvort það gæti ekki verið að við gætum nú með ráðdeild bætt nýtinguna á fiskinum okkar, stillt okkur um ýmis óhæfuverk.

Hv. þm. vita efalaust líka að í stórfiskiríinu fyrir Vestfjörðum, þrátt fyrir skyndilokanir, þrátt fyrir lítils háttar eftirlit, hafa komið slíkir dagar að það hefur verið mokað frá borði 30 tonnum af smáfiski, undirmálsfiski sem ekki má drepa, fyrir hver 10 tonn sem hafa verið hirt. Gæti ekki átt sér stað, að við gætum með betra fyrirkomulagi sparað jafngildi Færeyingafiskirísins og jafnvel meira en það, þannig að við hefðum þá meiri efni á því að koma þarna sæmilega fram? En eigi að síður, ég ítreka þetta: Ég tel að við hljótum að taka til mjög svo alvarlegrar athugunar að segja upp þessum erlendu veiðiheimildasamningum, og við eigum að láta Færeyinga vita af því, að slíkt kemur til greina.

Herra forseti. Ég hef þegar talað mun lengur en ég bjóst við og lýk máli mínu.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Það er sannarlega þess virði að sitja hér og taka þátt í þessum fundi í kvöld, sérstaklega vegna þess að skemmtilegustu menn Alþb. á þingi hafa nú báðir talað hér og með þeim ágætum að það var unun að hlusta á mál þeirra, og er ekki oft sem ég tala þannig um mína blessaða vini í Alþb. (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að fá það skriflegt?) Alla vega er það komið á spólu, svo að það verður ekki aftur tekið. En það er ekki aðeins það að hafa hlustað á þessa ágætu þm. Alþb. í kvöld, auk annarra að sjálfsögðu, sem gerir það ánægjulegt að taka þátt í þessum fundi, heldur þessi umr. almennt um fiskveiðimál sem færir mér heim sönnur um ákveðnar sögulegar staðreyndir sem ég ætla að rekja nokkuð

Hv. þm. Kjartan Ólafsson talaði hér áðan um sögu landhelgismála. Ég er ekki í nokkrum vafa um að sagan, þingsagan allt frá því að lýðveldið var stofnað 1944, mun sanna að það voru einkum þm. og forustumenn úr röðum Sjálfstfl. og Alþb., sem að vísu hét annað í þá tíð, sem hafa látið sig þessi mál mestu varða. Þetta er söguleg staðreynd sem bæði kemur fram í þessari umr. og einnig þegar maður horfir til fortíðarinnar. Það er einnig eftirtektarvert, hverjir sitja undir þessum umr. og hverjir hafa tekið þátt í umr. Það er ákveðin sálgreining fólgin í því, ekki bara á einstaklingum, heldur líka á flokkum. Og það er sérstaklega eftirtektarvert fyrir okkur sjálfstæðismenn, sem vorum ekki sigurvegarar síðustu alþingiskosninga, að virða það fyrir okkur í þessum málum sérstaklega. Læt ég svo lokið að ræða það atriði frekar.

En hv. þm. Stefán Jónsson sem talaði hér síðast, svo að ég víki fyrst að hans máli, kom víða við. Hann sagði m. a. í ræðu sinni, að það væri ekki bara vinskapur, frændsemi og drengskapur, heldur og pólitísk nauðsyn, að við ættum að ganga til samkomulags við Færeyinga. En hann gleymdi einum þætti, sem ég held að enginn af hv. ræðumönnum hafi vikið að í þessum umr. Það er að hér er raunverulega um gagnkvæma efnahagslega hagsmuni að ræða milli Íslendinga annars vegar og Færeyinga hins vegar. Og þar standa Færeyingar sem sjálfstæð þjóð, sem sjálfstætt fólk, með ákveðið og mjög mikilsvert framlag fyrir Íslendinga. Ég mun víkja að því síðar í ræðu minni efnislega. Ég tel nauðsynlegt vegna sögunnar, vegna þeirrar umr., sem hér hefur farið fram, og vegna Færeyinga, að það atriði sé undirstrikað í þessum umr.

Um umr. almennt ætla ég að fara nokkrum orðum.

Fyrst er það atriði sem hér hefur borið á góma, bæði hjá hv. þm. Kjartani Ólafsssyn og öðrum, sem lýtur að forsögu landhelgismála og útfærslu fiskveiðilögsögu Íslands og einnig hvernig þau hafa þróast. Þá hefur nokkuð verið vikið að Efnahagsbandalaginu og Færeyingum. Ég ætla ekki að ræða um það, hverjar eru ástæður þess, að Færeyingar sjá sig knúna til þess að semja við Efnahagsbandalagið. Ég geri ráð fyrir að flestallir hv. þm. geri sér nokkra grein fyrir því, í hvaða stöðu þeir eru. Þar er örugglega ekki um samninga að ræða sem þeir gera með glöðu geði, en kringumstæður þvinga þá til að gera um stund. En ég veit og ég vona að þeir þurfi ekki á því að halda í nánustu framtíð.

Hv. þm. Stefán Jónsson vék nokkuð að því í sambandi við fiskveiðar Færeyinga, að fiskur þeirra væri betri en okkar. Það er nokkuð til í þessu. Ég vil þó ekki slá því föstu, alls ekki. Ég veit að fiskurinn frá Færeyjum er mjög góður, en við Íslendingar höfum alltaf haldið því fram og höldum því enn fram, að okkar fiskur sé bestur. Það er ekki aðeins gert af praktískum ástæðum. (Gripið fram í.) Magran fisk kannast ég nú ekki við, ég sé ekkert annað en góðan fisk. En hann vék að því, að sölusamtökin hefðu átt í erfiðleikum og ætlast örugglega til þess, hv. þm. Stefán Jónsson, að ég svari því nokkru. Hann vék að því, að á s. l. sumri muni einhver þorskur hafa farið í bræðslu og einnig að sölusamtökin hefðu átt í ákveðnum erfiðleikum vegna gallaðrar vöru vestur í Bandaríkjunum. Þetta er því miður rétt, að það hefur verið framleitt meira en góðu hófi gegnir af vöru sem ekki er söluhæf sem skyldi. Sem betur fer hefur ekki þurft að athuga meira en 200 tonn af fiskblokk. Þar með er ekki sagt að varan sé ósöluhæf. En það er meira en nóg, að gera þurfi úttekt á svona miklu magni og e. t. v. verðfella eitthvað verulega. Fyrrgreint magn er of mikið, og það hefur ekki komið fyrir, svo ég viti til, í sögu samtakanna að jafnmikið hefur reynst gallað. Ég vil ekki slá því föstu, hver er meginástæðan fyrir þessu. Án nokkurs vafa er nokkur þáttur í því, að ekki hefur verið gætt sem skyldi að menn færu með gætni í veiðarnar og veiddu í samræmi við þá möguleika sem þeir höfðu um borð í fiskiskipum til að ísa fiskinn og ganga frá honum með þeim hætti, að hann væri ekki lélegur þegar hann kæmi í vinnslustöðvar.

Ég vil svo víkja að því, sem hér hefur farið fram í umr. um Færeyjar og fiskveiðilögsögumál. Hér hefur mikið verið talað. Ég verð að segja það, að ég var dálítið undrandi yfir ræðu hv. þm. Kjartans Ólafssonar. Mér fannst umr. hér í dag og í kvöld ekki gefa tilefni til þess að fjallað væri um þessi mál með þeim hætti sem hann gerði um einstaka stjórnmálaflokka. Það er óumflýjanlegt að svara nokkrum atriðum í ræðu hv. þm. Kjartans Ólafssonar, vegna þess að mér fannst hann ekki fara nægilega rétt með sögulegar staðreyndir. Það er ekki hægt að láta því ósvarað.

Það er rétt sem hv. þm. sagði, að 1. des. 1976 hafi verið stór stund. Það var þegar bresku togararnir hurfu af Íslandsmiðum. Þetta er rétt. En það gerðist ekki af sjálfu sér, og það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að halda að svo hafi verið. Ég tel og ég held að flestir telji að það hafi verið stærsta stundin í þessu máli, og er ég ekki að gera lítið úr öðrum augnablikum, þegar reglugerðin um útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu í 200 sjómílur kom til framkvæmda 15. okt. 1975, því þá var sett í gang sú atburðarás sem tryggði Íslendingum 200 mílna fiskveiðilögsögu. Það var stærsta stundin. Ég vil einnig leiðrétta annað atriði. Ég held það hljóti að vera um misskilning að ræða hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni, þegar hann fullyrðir að við hefðum ekki unnið sigur í þessu máli fyrr en aðrir voru búnir að færa út. Þetta er ekki rétt, því þegar við ákveðum sumarið 1975 að það skuli fært út í október sama ár, þá voru allar helstu fiskveiðiþjóðir Evrópu á móti 200 mílna stefnunni. Þetta er staðreynd, og ég verð að lýsa vonbrigðum yfir því, að jafnágætur maður og Kjartan Ólafsson skyldi taka á þessu máli eins og hann gerði. Ég held ég fari nú ekkert út í það að rifja sérstaklega upp þátt Sjálfstfl. í þessari útfærslu í 200 mílur. Sú saga er þjóðinni vel kunn. Ég get þó ekki látið hjá líða að minna á það, að í dagblöðum í Reykjavík birtist í ágúst 1973 yfirlýsing þess efnis, að Sjálfstfl. vildi stefna að því að færa íslenska fiskveiðilögsögu út í 200 sjómílur. Þetta var samþykkt á sameiginlegum fundi miðstjórnar og þingflokks Sjálfstfl. í ágúst 1973. Ýmsir

töldu þetta óráð þá, vegna þess að þá var verið að berjast fyrir 50 sjómílunum. Var jafnvel álitið af hálfu ágætra stuðningsmanna í landhelgismálinu fyrr og síðar að það gæti haft óheppileg áhrif, en ég ætla ekki að rekja hér þá sögu.

Hins vegar verð ég einnig að minna á það, að þegar við — þá á ég við þá sem stóðu að 200 mílna útfærslunni — færðum út í 200 mílur og því verki var skilað með sigri og á því augnabliki sérstaklega sem hv. þm. Kjartan Ólafsson minntist á, 1. des. 1976, þá var ekki aðeins verið að ljúka við 200 mílna málið, heldur var einnig verið að ljúka við 50 mílna málið. Það má ekki gleyma því, að 50 mílna útfærslan var óútkljáð mál sumarið 1974 þegar vinstri stjórnin fór frá.

Í mínum huga hefur Sjálfstfl. öðrum flokkum fremur barist fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögu, en það eiga líka aðrir flokkar, og þá nefni ég sérstaklega Alþb., sína góðu kafla í fiskveiðilögsögumálum Íslendinga. Ég leyfi mér að nefna nafn eins manns úr Alþb., hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Hans mun ætíð verða minnst fyrir vasklega framgöngu í 50 mílna útfærslunni og einnig 12 mílna. Við skulum hafa það sem rétt er og við skulum vera sanngjarnir. Og ég vil einnig bæta því við, að hið sama má segja um hv. þm. Geir Hallgrímsson, Matthías Bjarnason og Einar Ágústsson. Þeir stóðu sig framúrskarandi vel í sambandi við 200 mílna útfærsluna og það hvernig það mál var leyst.

En það er eitt atriði sem ég held að sé ágætt fyrir okkur að hugleiða í sambandi við Efnahagsbandalagið og 200 mílurnar. Því máli er ekki enn þá lokið. Þó Efnahagsbandalagið hafi fyrir nokkrum árum, þ. e. a. s. um áramótin 1976—1977, viljað marka þá stefnu að færa út í 200 mílur, þá er víðs fjarri að það mál sé komið í höfn hjá Efnahagsbandalagsríkjunum. Það mál er í algerri sjálfheldu og það á eftir að versna enn frekar. Nú blasir það við, að Spánverjar munu ganga í Efnahagsbandalagið innan tveggja ár. Það eykur enn meira á vanda Breta í sambandi við kröfur þeirra um að fá einhliða yfirráðarétt yfir 50 mílunum allt í kringum strendur Bretlandseyja, vegna þess að floti Spánverja er annar stærsti fiskveiðifloti Evrópu. Þessi floti mundi örugglega stefna beint á bresku miðin ef og þegar Spánverjar eru komnir í Efnahagsbandalagið. Það þýddi algera eyðingu þessara fiskimiða. Breski sjávarútvegurinn og fiskiðnaðurinn mundi ekki þola það ofan á önnur áföll.

Ég vil þá að lokum víkja að því sem var meginástæðan fyrir því að ég stóð upp og tek þátt í þessum umr., samkomulaginu við Færeyinga sem hér liggur fyrir. Ég tel að það séu margar og veigamiklar ástæður fyrir því, að gert sé samkomulag við Færeyinga sem felur í sér nokkrar veiðiheimildir innan 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar. En því hafa verið gerð svo góð skil af ýmsum ræðumönnum hér á undan og þá alveg sérstaklega forseta þingsins, Gils Guðmundssyni, að ég hef raunverulega litlu við það að bæta. Ég tel að framlag hæstv. forseta til þessa máls hafi stóraukið á virðingu Íslendinga bæði inn á við og út á við. Framkoma hans og ræða í þessu máli ber vott um reisn og manndóm og þá ekki hvað síst kemur fram í henni skilningur á því, hvernig sjálfstæðri þjóð ber að standa að málum svo sæmd sé að, hvort sem samið er við minni þjóð eða stærri.

Færeyingar eiga sannarlega í ákveðnum skilningi sögulegan rétt á því, að Íslendingar sýni þeim ákveðna tillitssemi og veiti þeim stuðning, ef þörf krefur, og mæti þeim með jákvæðu hugarfari í samningum er hafa þýðingu fyrir þá í atvinnu- og efnalegu tilliti. Hv. þm. Jónas Árnason flutti hér mjög góða ræðu um Færeyinga. Ég hef haft nokkur samskipti við þá allt frá árinu 1949. Þá kom ég fyrst til Klakksvíkur í Færeyjum á togaranum Júlí frá Hafnarfirði. Við komum þangað nokkrum sinnum það sumar til þess að taka ís, þar sem veitt var fyrir austan Ísland og ekki komið í heimahöfn, en siglt með farminn beint til Þýskalands. Dvöldumst við í Klakksvík tvo daga í hvert skipti og kynntumst heimamönnum nokkuð. Ég minnist þess ætíð hvað skipstjóri þess togara, mjög merkur skipstjóri, Benedikt Ögmundsson, sagði þá um Færeyinga. Hann hafði kynnst þeim vel á löngum sjómannsferli og hann sagði: „Færeyingar eru góðir sjómenn, þeir eru gott og heiðarlegt fólk og þeim er hægt að treysta.“ Þegar heiðvirðir og góðir íslenskir sjómenn tala þannig um aðra menn, þá hefur reynsla mín verið sú, að þeir hafa haft lög að mæla, enda höfum við Íslendingar margsinnis reynt Færeyinga að góðu.

Hv. þm. Jónas Árnason lýsti því sérstaklega vel hér áðan í ræðu sinni, en ég minni einnig á það, sem kom ekki nægilega sterkt fram, að raunverulega má segja að á sínum tíma hafi hundruð Færeyinga bjargað íslenskri útgerð um nokkurra ára skeið.

Um það atriði, að Færeyingar hafi stutt Íslendinga vel í landhelgismálinu, vil ég bæta örlitlu við þann kafla í sögunni, því hann er þess virði að vera skráður. Það hefur ekki allt komið fram um það, hvernig Færeyingar studdu okkur í þeim efnum. Við störf mín, bæði sem þm. og einnig við útflutningsmál, hef ég kynnst þeim allnáið á síðustu árum og átt við þá mikil og góð samskipti. Ég minnist þess, að vorið 1976 var ég staddur í borginni San Diego í Kaliforníu í Bandaríkjunum á ársfundi samtaka fiskframleiðenda og fiskinnflytjenda í Bandaríkjunum. Þar voru á annað þús. manns saman komnir og þar var m. a. fjallað um landhelgismál. Á þessari ráðstefnu voru auk Bandaríkjamanna nokkrir erlendir gestir, m. a. frummælendur í einstökum málum. Ég var einn af frummælendum í landhelgismálum. Þarna voru staddir forráðamenn úr sjávarútvegi og fiskiðnaði frá helstu fiskveiðiríkjum Evrópu og þ. á m. var framkvæmdastjóri fyrirtækisins Förøja fiskasölan, Birgir Danielsen. Eftir að ég hafði flutt mitt mál sem og aðrir sem töluðu í því máli minnist ég þess sérstaklega, að Birgir Danielsen kom til mín, þakkaði mér fyrir það sem ég hafði sagt og bætti við: „Ég nota tímann hér til þess að kynna málstað Íslendinga. Ég nota minn tíma hér til þess að tala við menn um að þeir eigi að styðja Íslendinga í baráttu þeirra fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögu.“

Þessi maður og Færeyingar hafa komið víðar við sögu Íslendinga á síðustu árum, og þá kem ég að þeim kafla sem ég er sannfærður um að hv. þm. vilja gjarnan að komi fram.

Staðreyndin er sú, að allt frá árinu 1972 hafa Færeyingar verið miklu stærri þátttakendur í því að styrkja markaðsstöðu og söluaðstöðu í Bandaríkjunum heldur en margir gera sér grein fyrir, og þar á náttúrlega góði fiskurinn frá Færeyjum, sem hv. þm. Stefán Jónsson talaði um, mikinn þátt í. Það gerðist nefnilega á því ári, að Færeyingar sneru sér til Íslendinga og spurðu þá að því, hvort þeir vildu ekki annast sölu á öllum hraðfrystum sjávarafurðum fyrir frystihús Færeyinga í Bandaríkjunum. Ég sé að vinur minn, hv. þm. Garðar Sigurðsson, brosir, og ég vona að hann brosi vegna þess að þetta er

með ánægjulegri viðburðum í atvinnusögu Íslendinga, að þessi þjóð, Færeyingar, sem er allra þjóða duglegust og útsjónasömust, skuli hafa snúið sér hingað til okkar með þessa ósk. (Gripið fram í.) Hv. þm. Stefán Jónsson hefur líklegast ekki hlýtt á hv. þm. Garðar Sigurðsson í dag, en ég vona að Garðar sé nú að færast nær okkur Stefáni í þessu máli og brosið bendi til þess.

En hvað sem því líður, fyrst byrjaði þetta smátt. Fyrirtækið Coldwater Seafood Corporation, sem Íslendingar eiga, hóf sölu á þessum vörum frá Færeyjum. Þetta voru nokkur hundruð tonn fyrsta árið, en á s. l. ári seldum við fyrir Færeyinga í Bandaríkjunum 8—10 þús. tonn af frystum fiskflökum og blokkum, og það voru einkum þorskur og ýsa. Þetta jafngildir 24—30 þús. tonnum af fiski upp úr sjó. Það er ekki lítið magn. Þetta er u. þ. b. 20% af öllum innkaupum Coldwater á þessari vörutegund.

Þessi fiskur frá Færeyjum, bæði með tilliti til magns og vegna þess einnig að Færeyingar eru áreiðanlegir í viðskiptum, hefur styrkt mjög söluaðstöðu Íslendinga í Bandaríkjunum. Þetta hefur tryggt aukið framboð á mjög veigamiklum fisktegundum, þorski og ýsu, og þetta hefur örugglega styrkt söluverðið meira en menn gera sér grein fyrir. Og síðast en ekki síst hefur þetta orðið til þess, að nýting á framleiðslu- og sölukerfum Íslendinga í Bandaríkjunum hefur orðið miklu betri en ella. Sem sagt, þetta samstarf Íslendinga og Færeyinga á atvinnu- og viðskiptasviði hefur skilað betri árangri bæði fyrir okkur og þá. Það er aðalatriðið.

Ég vil þess vegna segja að lokum: Ég lít ekki þannig á, þótt gert sé samkomulag við Færeyinga nú, að þar séu þeir þiggjendur vegna samkomulagsins. Það eru bæði siðferðileg sem og efnisleg rök fyrir því, að Íslendingar geri þetta samkomulag við þá. Samskipti þessara þjóða og samstarf Íslands og Færeyja byggist á gagnkvæmum hagsmunum. Þess vegna skulum við ljúka þessum umr. og ganga til samkomulags við Færeyinga án frekari umr. Það yrði okkar sómi.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Það er vissulega að bera í bakkafullan lækinn að fara nú undir miðnætti að halda eina ræðuna enn, ekki síst þar sem flest það, sem ég ætlaði að segja, er komið fram áður. Hins vegar hefur margt komið fram í þessum umr. sem ég held að öllum hefði verið betra að hefði verið látið kyrrt liggja, enginn hafi neitt á því grætt.

Það, sem ég vildi ræða, er eingöngu um þessa samninga við Færeyinga, og ég skoða þá vissulega fyrst og fremst frá sjónarmiði vinfengis míns við Færeyinga. Ég veit vel að það hafa verið færð fyrir því rök, að Færeyingar þyrftu ekki að sækja þennan fisk sem þeir sækja til Íslands, þeir gætu sótt hann á eigin mið. Hann er til þar, fiskurinn. En við getum varla verið svo glámskyggnir að við sjáum ekki að það er af illri nauðsyn, að Færeyingar semja við Efnahagsbandalag Evrópu um að Þjóðverjar og Bretar fái að fiska í landhelgi þeirra. Frá mínu sjónarmiði er það siðferðileg skylda okkar að hjálpa Færeyingum til sjálfstæðis gagnvart þvingunum, sem þeir verða fyrir frá Efnahagsbandalaginu, og gera þeim þá baráttu eins létta og við framast getum hjálpað þeim til. Við vitum ósköp vel að færeyskir sjómenn stunda ekki veiðar hér við Dumbshaf af því að þá langi til þess að fara á djúpmið til þess að veiða hér fiskinn. Þeir fara á lífshættuleg mið, mjög erfið, og þeir vildu örugglega sjálfir miklu frekar sækja sinn afla á Færeyjabanka og fara með hann í flakavirkin sín. Flakavirkin þeirra eru ekki nógu mörg enn þá.

Sem strákur ólst ég upp á Seyðisfirði á kreppuárunum og um alla Austfirði var allt fullt af Færeyingum. Við strákarnir vorum að þvælast þar í skútunum og við skúturnar, og það var á svipuðu stigi og nú eru kölluð dagvistarheimili hér í Reykjavík. Það var að vísu allt öðruvísi. En við vorum vinir þessara fátæku færeysku sjómanna og við vorum velkomnir vinir þeirra. Við vorum í lúkurum þeirra og átum beinakexið með þeim. Það var allt sælgætið sem þeir höfðu að bjóða. En við munum eftir þá kynningu áreiðanlega aldrei draga Færeyinga í sama dilk og aðra útlendinga, t. d. þá útlendinga sem reyndu lengst að arðræna okkur og troða á rétti okkar sem lítillar og vanmáttugrar þjóðar.

Færeyingar hafa alla þessa öld og reyndar verulega lengur stundað fiskveiðar við Ísland, ýmist á smábátum eða á skútum. Þeir sigldu með fiskinn af smábátunum okkar á stríðsárunum og fórust þá margir. Þeir mönnuðu bátaflotann okkar og togaraflotann jafnvel líka um áratugi, þegar Íslendingar fengust ekki til að fara á þau skip. Þannig höfum við haft gott af Færeyingum. Og það væri vissulega lítilmannlegt ef við núna, þegar við þykjumst ekki þurfa að hafa neitt gott af þeim lengur, spörkuðum í þá. Við eigum að vera vinir okkar gömlu vina.

Hins vegar mótmæli ég því algjörlega, að með samningum þessum, sem við erum nú að gera, séum við að gefa Færeyingum neitt. Við erum alls ekki að gefa þeim neitt. Það er ekki einu sinni að við séum að launa þeim eða borga þeim gamla skuld, það er langt frá því. Þeir bjóða okkur fisk í staðinn fyrir þann fisk sem þeir veiða.

Ég harma það nokkuð, að inn í þessa umr. um samningana við Færeyinga hafa þvælst önnur mál sem eiga ekkert skylt við þetta og hefur litið svo út hér um tíma, að það væri verið að tefja og jafnvel eyðileggja þessa samninga sem eru of litlir fyrir frændur okkar, vini og nágranna, Færeyinga.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það verður nú víst ekki sagt um okkar flokk, Framsfl., að við höfum verið að tefja fyrir þessum samningum eða í sambandi við umr. hér á hv. Alþ. Eftir því sem mér skildist á næstsíðasta ræðumanni, var hann með aðdróttanir um það, hvað okkar hlutur í umr. hefði verið lítill. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr. Það vildi svo til, að þegar var verið að enda við að gera þessa samninga var hringt til mín frá dagblaðinu Vísi og spurt um afstöðu mína. Ég svaraði ákveðið að ég mundi fylgja þessum samningum eins og þeir væru gerðir og ég teldi að vel hefði til tekist, í þessu tilfelli væri það svo, að við værum þeir sterku og Færeyingarnir þeir veikari, og yfirleitt væru mínar tilfinningar þannig, að ég stæði með þeim sem veikari væru. Yfirlýsing mín um fylgi við samningana var gefin án þess að ég hefði talað við nokkurn flokksbróður minn, en ég taldi mig þó vita um afstöðu þeirra. Ég þarf ekki í þessu máli að þakka fyrir gamla vinsemd Færeyinga, því ég hef aldrei kynnst þeim, aldrei verið á neinu sjómannaballi með þeim eða þess háttar, því ég hef ekki sjó stundað, heldur var afstaða mín algjörlega málefnaleg.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að mér fannst að hv. 5. þm. Norðurl. v. þyrfti ekki að fara út af veginum eins og hann gerði til þess að reyna að vera

með aðdróttanir að hæstv. forsrh. Hann vitnaði í samtal sem hafði farið fram við hæstv. forsrh. í sjónvarpi fyrir alllöngu, og kom fram í því, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. las upp, að það var eins og fyrr, að forsrh. hafði fulla gætni í því sem hann sagði og var ekki að gefa of mikil fyrirheit.

Þó að það hafi ekki verið minn háttur hér á hv. Alþ. að taka þátt í umr. um utanríkismál og ég hafi vitað að í þeim málum hafi ég ekki haft mikið að segja, hef ég þó setið í tveimur ríkisstj. þar sem ekki veigaminni mál hafa verið til meðferðar en að færa út íslensku fiskveiðilandhelgina úr 12 mílum í 200 mílur. Ég ætla ekki að hafa þann sið, eins og kom fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., að ræða um hvað hefði verið talað saman í New York eða hvað væri talað um í utanrmn. og sagðar um það hálfkveðnar vísur, því það taldi ég vera í frásögn þessa hv. þm. (Gripið fram í.) Það er hálfkveðin vísa þegar sagt er: Einn sagði þetta, en ég nefni ekki hver sagði það, — eins og hv. þm. sagði þegar þeir ræddu við Breta þá og nefndi að sendiherra okkar í Washington nú, Hans G. Andersen, hefði talið að stjórnmálamennirnir ættu að svara.

Ég ætla ekki að fara að gera hér upp á milli ráðh. í síðustu ríkisstj., en ég vil segja það og það mun, að ég hygg, vera almæli allra sem í þeirri ríkisstj. sátu, að hlutur núv. hæstv. forsrh. lá þar ekki eftir. Ég vil segja að allir ráðh. hafi staðið vel að landhelgismálinu og það hefði ekki komist í höfn nema vegna þess að öll ríkisstj. stóð vel að málinu, og Ólafur Jóhannesson var þar ekki sístur. Þess vegna fannst mér það vera hálfpartinn að fara út af veginum þegar hv. 5. þm. Norðurl. v. þurfti að fara að *beina geiri sínum að hæstv. forsrh. sem var fjarverandi.*

Ég tek það fram enn á ný, að ég tel að öll ríkisstj. hafi staðið að 200 mílunum, og mér er það fullkomlega ljóst, að það er mikil firra að halda því fram, að slík útfærsla *hafi gerst án þess að fyrir því hafi verið haft, mikið hafi* verið unnið og vel og hyggilega að staðið. Það gerðist ekki af sjálfu sér. Ég tek undir það með hv. 5. þm. Norðurl. v. En hlutur Ólafs Jóhannessonar, hæstv. forsrh., var síst minni en annarra manna þar.

Ég vil svo segja það í framhaldi af þessu, að sagnfræði er góð, en vafasöm getur hún verið, og ef sagnfræði um útfærslu íslenskrar fiskveiðilögsögu ætti að vera í stíl við það sem hv. 4. þm. Reykv., Guðmundur H. Garðarsson, sagði hér áðan, þá yrði myndin ekki rétt. Nú hef ég ekkert við það að athuga þó þeir hæli hvorir öðrum, hv. sjálfstæðismenn og hv. Alþb.-menn. Það er þeirra mál, en ekki mitt. En sagnfræði hv. 4. þm. Reykv., Guðmundar H. Garðarssonar, var skrýtin. Hann sagði að það væru tveir flokkar sem hefðu unnið vel að þessum málum. Það var Sjálfstfl. og það var Alþb. Veit ekki sagnfræðingurinn, hv. 4. þm. Reyk., að það eru til fleiri flokkar á Alþingi. Hv. þm. þarf að kynna sér betur sagnfræði til þess að geta farið inn á þann vettvang. Förum yfir söguna.

Árið 1946 flytja þeir Hermann Jónasson og Skúli Guðmundsson þáltill. um að segja upp samningnum frá 1901. Í kjölfar þess komu svo landgrunnslögin frá 1948, sem sjálfstæðismenn stóðu að, eins og kunnugt er, eins og aðrir alþm. Veit ekki hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að í öllum ríkisstj., sem hafa fjallað um útfærslu landhelginnar, hefur Framsfl. verið með, ýmist haft forsæti eða önnur rn.? T. d. 1952 hafði Framsfl. forsætið, Sjálfstfl. sjútvrh. 1956 hafði Framsfl. forsætið, Alþb. sjútvrh. 1971 hafði Framsfl. forsætið, Alþb. sjútvrh. 1974 hafði Sjálfstfl. forsætið, Framsfl. var þar með utanrrh., Sjálfstfl. hafði þá sjútvrh. (Gripið fram í.) Hv. þm. Einar Ágústsson var eini framsóknarmaðurinn sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson nefndi. Þetta segi ég að sé að segja söguna öðruvísi en hún gerðist að halda því fram að Framsfl. hafi ekki staðið framarlega við útfærslu landhelginnar. Það geta ekki aðrir hv. þm. gert en þeir sem vilja ekki hafa það sem rétt reynist.

Þessum ummælum hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar vil ég mótmæla, og þetta var ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs. Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að fara að gera upp á milli ráðh. í þeim ríkisstj. sem ég hef setið í, því að ég tel að það hafi verið fyrir sameiginlega baráttu ráðh. í heild að þokst að þoka frá 4 mílum upp í 200 mílur. Þó að einhverjir hv. þm. reyni að segja annað, þá eru þetta staðreyndir. Og hlutur Ólafs Jóhannessonar hefur síst verið þar minni en annarra, og þess vegna harma ég að hv. 5. þm. Norðurl. v. skyldi skeiða svona út af veginum, því það var alveg óþarfi að leggja þessa lykkju á leið sína.

Svo skal ég ekki, herra forseti, þreyta hv. þm. með lengri ræðu, og undan flokki okkar þarf ekki að kvarta í þeim efnum. En það er aukaatriði. Við höfum ætlað okkur að fylgja samningunum við Færeyinga. Ýmislegt af því, sem hæstv. utanrrh. hefur sagt, hef ég talið eðlilegt að fram kæmi af hans hálfu. Og ég tel að við munum ekkert síður en aðrir meta þá baráttu sem Færeyingar eiga fyrir tilveru sinni sem smáþjóð því svo vel þekkjum við til þeirra mála.

Garðar Sigurðsson: *Herra forseti. Ég hef talað áður í* málinu og það nokkuð langt, svo það verður ekki ástæða til þess af minni hálfu að halda hér langa ræðu. En mér finnst ég varla komast hjá því að minnast á örfá atriði *sem hafa komið fram í umr. Sum þeirra eru þannig,* að það er varla hægt annað en að bera af sér sakir, eins og ég hlýt að gera vegna orða hæstv. utanrrh. En það hefur líka verið sagt hér ýmislegt skemmtilegt, eins og t. d. hv. þm. *Guðmundur H. Garðarsson gerði, eins og hans er vandi* þegar hann kemur hér í ræðustól, þá er það yfirleitt heldur á skemmtilegri og léttari nótunum. Ég gleðst yfir því, að Færeyingar skuli hafa getað fimmfaldað útflutning sinn á þorskflökum til Bandaríkjanna á árunum 1972 til 1978, úr 2 þús. í 10 þús. tonn, og bendir það atriði ekki fyrst og fremst til þess að þeir séu nú á horleggjunum í þessum efnum, enda vita menn, að Færeyingar eru sífellt að auka afla sinn á milli ára á meðan þorskafli okkar minnkar þrátt fyrir talsvert aukna sókn. Ég held að menn ættu að hafa þetta í huga.

Hins vegar var það auðvitað kjarninn í ræðu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar, að hann vill semja við Færeyingana og láta þá hafa botnfiskinn vegna þess að Coldwater fær fiskinn hvort sem er. Þetta er auðvitað það sem upp úr stóð í ræðu hv. þm.

Hv. þm. Jónas Árnason heillaðist svo af samverunni við Færeyinga á færeyskri skútu hér í gamla daga, að hann vill láta þá hafa fisk út á það.

Það, sem hv. þm. Stefán Jónsson nefndi, vil ég ekki endurtaka, því það er á hans sérsviði.

Menn hafa verið að segja hér hvað eftir annað, að Færeyingar hafi gert mikið fyrir okkur, og ágætur þm., Bragi Níelsson, hv. 8. landsk., flutti mjög dramatíska tölu, svo að ég var í þann veginn að taka upp vasaklútinn, þetta var allt saman svo hugnæmt og fallegt, að þeir

hefðu nú séð um uppeldið á þeim þarna fyrir austan o. s. frv. Hann og fleiri hafa verið að tala um að Færeyingar hafi bjargað íslenskri útgerð með því að koma hingað og vera á íslenskum fiskiskipum, þeir hafi streymt hingað til lands til þess að ráða sig á íslenska báta og togara.

Og Jónas vinur okkar sagði að Íslendingar hefðu ekki viljað vera á togurunum árið 1956. Það vill nú svo vel til að ég var á sjó allt árið 1956, á togara, og þar um borð var þó ekki nema einn Færeyingur. Við komumst alveg af án þess að hafa þá. En Færeyingar komu hingað ekki fyrst og fremst til þess að bjarga okkur, heldur vegna þess að þá vantaði vinnu. Þannig var ástandið í færeyskri útgerð í þá daga. Þá voru þeir orðnir mjög langt á eftir. Það hafði verið vanrækt að byggja upp fiskiskipaflota þar. Þeir voru vissulega velkomnir, og það gerði okkur auðvitað gagn að fá mikið vinnuafl frá Færeyjum á þeim tíma. En það var ekki eingöngu í þeim tilgangi að bjarga okkur. Við útveguðum þúsundum Færeyinga vinnu, og ég sé enga ástæðu til þess, að við þurfum endilega að liggja á hnjánum og þakka þessu ágæta fólki fyrir það. Ætli það hafi ekki einmitt verið gagnkvæmt? Ég veit ekki betur en að við höfum líka sent þeim sjómenn. Jónas Árnason var einmitt á færeyskri skútu 1956 og það var þó í áttina.

Hv. þm. Gils Guðmundsson, hæstv. forseti, flutti hér auðvitað mjög snjalla ræðu, eins og hans er vandi og hann hefur vald á, og flutti þar auðvitað mál sitt mjög vel. Við erum á öndverðum meiði í málinu. Hann hefur hins vegar ævinlega verið þeirrar skoðunar að leyfa Færeyingum að fiska hér og gera við þá samninga, og ég skil alveg afstöðu hans í því máli. Hann hefur flutt sín rök, en ég er hins vegar á allt annarri skoðun. Hann nefndi það í byrjun, sem ég kemst varla hjá að víkja að, að bæði ég og fleiri hefðum ruglað saman hlutunum varðandi þessi mál, að við hefðum verið að taka inn í þetta botnfiskaflann þegar eingöngu hefði verið að semja um loðnu. Þetta er að vissu leyti rétt hjá hv. þm. Gils Guðmundssyni. En mér finnst alls ekki óeðlilegt, þegar slíkir samningar eru til umr. á annað borð, að einnig sé minnst á þetta, sem er auðvitað miklu stærra en þessi samningur sem verið er að gera, kannske ekki síst vegna þess að bókunin um þann veiðiskap allan er í fskj., þannig að það liggur beint við að taka þá hluti til umr. um leið. Það á ekki síður við að ræða þann hluta samskipta okkar við Færeyinga í fiskveiðimálum heldur en að ræða Jan Mayen-málið, þó það sé mjög mikilvægt mál.

Hv. þm. Gils Guðmundsson sagði að það gæti kannske verið að við hefðum ekki nægilega sterk rök gegn þessum samningum einum út af fyrir sig. Ég veit ekki betur en ég hafi fram komið með röksemdir í því efni. Kannske tekur hann þær röksemdir ekki gildar, þær falla ekki inn í hans skoðanir. Ég hins vegar met röksemdir okkar alveg nægilega sterkar. Við eigum að láta þarna dýran, auðveiddan fisk í staðinn fyrir ódýran og langsóttan fisk, sem erfitt er að ná í og dýrt. Ef við hefðum átt að hafa gagnkvæm viðskipti við Færeyinga, þá lá beint við að þeir fengju að fiska hér sömu fisktegund. Þeir fiska nefnilega mikið að kolmunna og veiða hann bæði fyrir vestan Írland og í kringum Færeyjar og víðar. Þeir kunna að veiða kolmunna, en það kunna Íslendingar líka.

Hann nefndi það hér, hv. þm. Bragi Níelsson, að Íslendingar kynnu ekki að veiða kolmunna. Það er hinn mesti misskilningur. Það er einn gamall nemandi minn, sem er þekktur skipstjóri á Austfjörðum, sem er sérfræðingur í að veiða kolmunna og er núna að reyna að fá keypt skip til landsins í því skyni, Magni Kristjánsson. Og það eru margir aðrir Íslendingar sem hafa gert garðinn frægan í þessum efnum, bæði hér við land og erlendis, kannske ekki síst sá mikli aflamaður sem á danska skipið, — hvað heitir það nú aftur? — já, Ísafold, mikill aflamaður á kolmunnann. Við getum ósköp auðveldlega fiskað hann alveg eins og aðrir og ekkert síður.

Hv. þm. Gils Guðmundsson minntist einnig á að enginn hefði lagt til að samningum væri sagt upp. Það er rétt að því leyti, að það hefur ekki verið flutt um þetta þingmál. En hv. þm. veit vel að ég hef hreyft þessu máli oftar en einu sinni í mínum þingflokki, hvort það ætti ekki að flytja mál um það að fella alla fiskveiðisamninga við útlendinga úr gildi. Þá hafa komið upp raddir þar sem menn hafa sagt að það gæti ekki verið að það yrði samið aftur við útlendinga og allra síst um þorsk. Ég hins vegar lagði það til skýrt og greinilega, bæði í byrjun og lok ræðu minnar í dag, að nú ættum við að segja upp þessum samningum, öllum þessum samningum, þannig að við hefðum frían sjó og frjálsar hendur og gætum þá tekið það mál allt saman upp á nýtt.

Það kom í ljós að hv. þm. Gils Guðmundsson lagði á það mikla áherslu, — og það var mér mikið fagnaðarefni að heyra það af hans vörum vegna þeirra fullyrðinga sem ég kom fram með í dag og bar á hæstv. utanrrh. að þarna hefði verið óeðlilega að málum staðið og ég hefði allt aðrar meiningar í þeim efnum, — en hv. þm. Gils Guðmundsson sagði að það hefði ávallt fyrr verið haldið öðruvísi á þessum málum, málið hefði verið lítið rætt í ríkisstj. Hann fann einnig að því, að tveir stærstu flokkar landsins hefðu ekki haft fulltrúa í viðræðunefndinni við Færeyinga og þar með ekki eðlilegt samband við aðra flokka, hins vegar hefðu Færeyingar haft fulltrúa úr öllum stjórnmálaflokkum. Það, sem í mínum huga stendur upp úr efnislega í ræðu hv. þm. Gils Guðmundssonar, voru þessi orð sem ég náði orðrétt: „Það á ekki að standa þannig að samningagerð," sagði hv. þm. og hæstv. forseti Sþ. Það fór þó aldrei svo að við gætum ekki verið sammála um eitthvert atriði varðandi fiskveiðar og fiskveiðiheimildir Færeyinga eða annarra.

Mér leiddist það svolítið, að mér fannst eins og hv. þm. Gils Guðmundsson væri að beina því til mín þegar hann sagði að ýmsir hér hefðu verið að tala um Færeyinga eins og frændur okkar og vini í hæðnistón. Ég sagði nefnilega nokkuð oft þessi orð: frændur og vinir okkar Færeyingar. En það var svo langt frá því að í því ætti að vera nokkur hæðnistónn, og bendir það þá ekki til neins annars en að ég sé hættur að hafa vald á því, hvers konar tónn kemur fram í orðum mínum, og það þykir mér slæmt. En bæði í ræðu hans og margra annarra kom greinilega fram hver er höfuðóvinurinn á bak við allt málið. Það skín alls staðar í svart tröll á bak við í þessu máli, sem er fjandinn í þessu öllu saman, og það er stórt og andstyggilegt tröll. Það er skuggi Efnahagsbandalagsins sem hvílir yfir þessu öllu saman, okkar mikli óvinur og vinur í NATO að vísu, en óvinur a. m. k. annars staðar.

Að lokum vil ég segja örfá orð varðandi það sem hæstv. utanrrh. sagði. Ég vil áður aðeins minnast á það, hvað mér finnst, og ég vil segja það einu sinni enn: Ég tel málsmeðferðina ranga. Mér finnst það ekki skynsamleg spurning hjá hæstv. utanrrh. þegar hann spyr spurningar eins og þessarar: Hvar annars staðar en í utanrmn. á að hafa samband við flokkana? — Ég benti á það í dag, að ég liti á þetta mál þannig að þar væri ekki einungis um

utanríkismál að ræða. Þarna er um fiskveiðimál að ræða, stórt efnahagsmál o. s. frv., og þess vegna hefði átt auk utanrmn. að hafa samband við sjútvn. þingsins um málið. Þar á ofan bætist að þetta er gert í þinghléi. Það virðist vera eins og það sé skipulagt að gera þetta á þeim tíma þegar verst er að ná til þm. almennt, sem sagt á óheppilegasta tíma.

Ég vil þá segja þetta við hæstv. utanrrh.: Það er alrangt, að ég hafi farið hér með ásakanir á hæstv. sjútvrh., eins og hann bar mér á brýn. Það er alrangt að ég hafi ráðist á hæstv. ráðh. Það, sem ég sagði, voru eingöngu staðreyndir. Ég fagnaði því, sagði ég fyrst, að heyra hæstv. ráðh. ræða sjávarútvegsmál hér í þinginu, það hefði ég ekki heyrt fyrr. Ég efast ekki um að hæstv. ráðh. er að vinna að sjávarútvegsmálum, en við vitum ekki hér í þinginu hver þau mál eru. Við vitum það ekki, við heyrum aldrei um það. Hæstv. ráðh. hefur ekki haft samband við sjútvn. þingsins. Við vitum sem sagt ekkert hvað hann er að gera. Ég efast ekki um að hann er að vinna mikið fyrir utan að sitja í þessari vitlausu nefnd þarna, — hvað heitir hún? — já, ráðherranefnd. Það er mikið starf sjálfsagt, en það er auðvitað ekkert annað en satt að hér hefur ekkert mál verið lagt fram í sjávarútvegsmálum af hans hálfu. Ég tel vissulega að það sé hægt að vinna mikið í þessum efnum og það sé hægt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að gæta þess vandlega að ekki verði gengið óhæfilega illa um þann hrygningarstofn sem nú fer að nálgast landið og hrygna hér í mars og apríl. Og það skaðaði ekki fyrir hæstv. sjútvrh., sem er þaulmenntaður maður, en ekki á þessum sviðum, að hann hefði samráð um það, — samráð er í tísku núna, — að hann hefði samráð um þessi mál við þá menn sem hafa unnið að sjávarútvegsmálum hér í þinginu í fjöldamörg ár. Við vitum auðvitað miklu meira um þetta heldur en hann, og það er ekkert verið að sneiða að honum með því, það er eðlilegt. Þetta hafa aðrir hæstv. ráðh. gert áður.

Hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason, sem er kannske ekki heimsfrægur fyrir að fara varlega að málum, eins og ýmsar deilur sanna, svo maður nefni Blönduós eða eitthvað annað, það er eiginlega sama hvar drepið er niður, hann hefur verið duglegur og ákveðinn maður í sínum störfum og ekkert læðst með veggjum, — hann hafði þann sið, þegar hann var að taka ákvarðanir í ráðuneytinu, setja reglugerðir og gera þessar eða hinar breytingar, að hafa samráð við okkur í sjútvn. Hann hélt fundi með okkur án þess að þessi mál væru hér á dagskrá. Hann bað okkur um að flytja mál fyrir sig o. s. frv., menn úr öllum flokkum, og það gerðum við. Hann hafði gott samband við okkur og samráð. En það hefur hæstv. núv. sjútvrh. ekki gert, það er satt. Þetta eru ekki ásakanir á ráðh. (**GHG:** Var ekki haft samband við verkalýðinn?) Er nú Coldwater kominn í gang aftur?

Hæstv. ráðh. sagði einnig að það skipti ekki mestu máli að menn flyttu hér glás af frv., það væri miklu meira virði hver framkvæmdin væri. Ég er alveg hjartanlega sammála hæstv. ráðh. Benedikt Gröndal um það, að aðalatriðið er, hvað kemur út úr þessu, ekki hver aðferðin er, og mér liggur við að segja: mér er næstum sama þó að það sé farið fram hjá nefndum eða ráðum í þessum efnum ef útkoman er skynsamleg. Það er númer eitt auðvitað. En það er einkennilegt ef það er orðið aðalatriðið hver framkvæmdin er, en ekki hvernig hún er, og að það eigi að vinna að þessum málum fram hjá þinginu, að það eigi að gera þetta einungis í ráðuneytinu. Er ekki verið að flytja með þessu móti vald Alþingis og hið pólitíska vald yfir til embættismannanna? Margir hv. þm. Alþfl. hafa þó verið að leggja áherslu á að draga úr ofurvaldi hins þunga kerfis og færa ekki embættismönnunum í landinu allt vald í hendur.

Herra forseti. Þá hef ég lokið við að senda mínar diplómatísku nótur til hæstv. utanrrh. og vil þá aðeins minnast á það sem ég heyrði af ræðu hv. þm. Kjartans Ólafssonar. Hv. þm. Kjartan Ólafsson vill gefa Færeyingum loðnu. Hann vill gefa Færeyingum 6 þús. tonn af þorski og þótti ekki mikið, því að tveir togarar af Vestfjörðum, Guðbjörg og Páll Pálsson, eða hvað þeir nú heita, væru ekki lengi að skófla þessu inn tveir og þó meira væri. Þetta væri nú aflinn hjá togurunum. En það er nú svona með fulltrúa alþýðunnar í þessu landi, að þeir eru nú ekki alltaf í mjög beinu sambandi við hinn vinnandi lýð. Samband þeirra hefur oftast verið meira í gegnum pappírinn, margra okkar ágætu alþm., og þeir vita ekki hver er þorskafli togara yfirleitt. Ég get þó upplýst hv. þm. Kjartan Ólafsson um það, þó að nokkrir togarar á Vestfjörðum fiski geysilega mikið — og fjandinn vorkenni þeim það, þeir hafa fiskinn við bæjardyrnar og geta komið með hann að landi hvenær sem þeim sýnist, þegar við hinir þurfum að leita að honum frá Vestmannaeyjum og austur á Vopnafjarðargrunn og þaðan vestur á Hala og hver veit hvað og allt þar á milli, þar sem lítinn þorsk er auðvitað víða að finna, en allir fjórir togarar Vestmanneyinga náðu ekki að fiska 6 þús. tonn af þorski í fyrra samanlagt. Var þó afli þeirra mikil búbót fyrir það pláss, og ég er hræddur um að ef sá þorskur hefði ekki komið þar á land fyrir utan síldina, þá hefði þar verið mjög mikið atvinnuleysi. Allt þetta vil ég gefa þér, segir hv. þm. Kjartan Ólafsson við Færeyinga, og meira til, 11 þús. tonn í viðbót af botnlægum fiski, sem sagt a. m. k. 17 þús. tonn af botnfiskafla. 17 þús. tonn af botnfiskafla skapa ekki aðeins sjómönnum okkar og útgerð tekjur, heldur eru ærið margar vinnustundir á bak við vinnslu á þessum afla ef hann kemur á land í íslenskri höfn, en fer ekki með viðkomu í Færeyjum til Coldwaters og Guðmundar H. Garðarssonar. Það eru ærið margar vinnustundir, og ég efast ekki um að hv. þm. hefur löngum haft mikinn áhuga á að bæta og halda við sem bestum kjörum íslenskrar alþýðu. En eitt af því, sem íslenskt verkafólk við fiskvinnslu verður að hafa, er auðvitað vinna og helst stöðug vinna. En það er nú svo með mörg sjávarþorpin í mínu kjördæmi og raunar víðar og alveg vestur á Snæfellsnes, að þar hefur atvinna verið stopul og tímabundið atvinnuleysi á öllum þessum stöðum vegna hráefnisskorts. Og svo er nú illa komið fyrir okkar dýrmætasta fiski, eins og ég sagði í dag, að nú er lagt til að við veiðum ekki meira en 250 þús. tonn og verðum sem sagt að minnka veiðarnar um næstum 25%. Á sama tíma vilja menn gefa Færeyingum 17 þús. tonn. Mér finnst ekkert samræmi í þessu. Ég verð að segja það. (Gripið fram í.) Hitt er líka fiskur og það er erfitt að ná í hann. Efnahagsbandalagið fær að veiða 25 þús. tonn af ufsa í Færeyjum.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að þó að ég hafi ekki verið á skútu hjá Færeyingum, þá hef ég verið til sjós með þeim bæði á togurum og á loðnuskipum og öðrum skipum, og ég álít að ef við eigum að láta nokkra fiska í okkar landhelgi, þá eigum við náttúrlega að horfa fyrst til Færeyinga. Það er mín skoðun. Þeir eiga í vissum erfiðleikum með að endurheimta sína landhelgi, ég viður-

kenni það. Það er mjög erfitt mál. En nú stöndum við e. t. v. frammi fyrir því, að viðkomubrestur geti orðið í íslenska þorskstofninum. Það er orðað þannig í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, sem ég fékk í dag og er að koma út á næstunni: „Sem betur fer hefur ekki enn orðið viðkomubrestur í íslenska þorskstofninum," segja þeir þar, allir okkar færustu sérfræðingar. Þeir meta stöðuna þannig að við séum komnir alveg á rauða strikið í þessu efni. Og það er mín skoðun að við verðum að koma í veg fyrir að aðrir fiski þetta en við, og við verðum líka að koma í veg fyrir að við eyðileggjum þetta sjálfir, því séu Færeyingar grimmir fiskimenn, þá eru Íslendingar næstum því villimenn í fiskirí, eins og sannaðist af því dæmi sem var tekið áðan, að þeir hefðu eyðilegt hundruð og jafnvel þúsundir tonna af fiski í sumar með því að drepa meira en þeir gátu „étið", eins og minkurinn. Svona lagað má auðvitað ekki koma fyrir.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar, að ef við höfum afgangsafla, ef við komum hrygningarstofninum vel á fót á nýjan leik, þá eigum við að leyfa Færeyingum að veiða hér. En eins og málin standa nú tel ég að það séu alls ekki efni til þess.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Klukkan er nú hálfa stund yfir miðnætti og hér hefur margt verið sagt. Ég skal ekki lengja þessar umr., þó ég hafi verið beðinn fyrir orðsendingar frá ýmsum þeim þm., sem hér hafa talað áður, til þeirra sem töluðu frá því að þeir töluðu. Ef ég ætti að koma öllum þeim orðsendingum á framfæri, þá mundi það sjálfsagt lengja ræðuna mikið. Þó vil ég ekki skjóta mér undan því loforði sem ég gaf hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, að fræða hv. þm. Halldór E. Sigurðsson um þá sögulegu staðreynd, að upphaf þessara mála hefði verið 1944 í nýsköpunarstjórninni.

Ástæðan fyrir því, að ég hef kvatt mér hér hljóðs, eru tvö atriði sem ég vildi leggja sérstaka áherslu á áður en þessari umr. lyki. Afstaða mín til þessara samninga hefur komið fram utan þings í þann mund sem þeir voru gerðir, en þau tvö atriði, sem ég vil láta koma hér fram, eru þessi:

Í fyrsta lagi eru framkvæmd og form á utanríkissamningum ekki síður mikilvæg en efnisatriði málsins. Við sjáum það á þeim starfsháttum sem þróast hafa í samskiptum þjóða og í meðferð utanríkismála með þjóðum, að þar er formið oft og tíðum talið mikilvægara heldur en jafnvel efnið sjálft. Ég fagna því, að utanrrh. lýsti yfir hér í dag, að hann viðurkennir að meðferð málsins, forminu við þessa samningagerð, hafi verið ábótavant. Ég held að það sé afar mikilvægt, að þeir, sem fara með stjórn í þessu landi nú, og þeir, sem gera það síðar, læri af þessum mistökum og láti slíkt ekki koma fyrir aftur. Við Íslendingar höfum ekki efni á því að slíkur ágreiningur eyðileggi samstöðu okkar.

Hæstv. utanrrh. kvað það hafa verið sína ætlan, að utanrmn. yrði í þessu efni sá samráðsvettvangur sem slík nefnd væri hjá sumum öðrum þjóðþingum. Í fiskveiðimálum hefur utanrmn. ekki verið höfð til slíks. Ef sú breyting hefði átt að verða í reynd, þá hefði verið nauðsynlegt að nefndin hefði komið miklu tíðar til funda í aðdraganda samningsgerðarinnar og á meðan samningarnir fóru fram, en ekki að það væru haldnir aðeins tveir fundir í n. nokkru áður en samningarnir voru gerðir, þar sem neitað var beiðni fulltrúa Alþb. í n. að gefa tóm til þess að þingflokkar gætu rætt málið, eftir því sem sá fulltrúi hefur frá skýrt. Þess vegna held ég að ef þetta eigi að vera starfsháttur inn í framtíðinni, þá sé nauðsynlegt að öllum þingflokkum verði gerðar kunnugar þær vinnuaðferðir sem ríkisstj. í heild eða ráðh. ætlar að hafa í framtíðinni, því vissulega er víðs fjarri að það liggi ljóst fyrir nú.

Það hefur komið fram í þessum umr. um annað mál, að því miður virðist í ýmsum málum hið óljósa fylgja þeim tökum á utanríkismálum sem hafa verið höfð hér undanfarna mánuði, og ég vil taka undir með ýmsum öðrum þm., að því tímabili verður að linna. Það verða að fást skýr og ákveðin efnistök á þessum málum.

Því miður er það ekki aðeins meðferð málsins í utanrmn. sem við höfum gagnrýnt, heldur einnig háttur eða réttara sagt hátttökuleysi ríkisstj. í meðferð málsins. Í þeim efnum hefur utanrrh. látið frá sér fara tvær yfirlýsingar sem ég vil gera hér sérstakar athugasemdir við.

Önnur yfirlýsingin og sú fyrri kom í fjölmiðlum, að hann hefði haft samband við forsrh. um samningsgerðina, og þau ummæli voru á þann veg, að greinilegt var að utanrrh. taldi það nægjanlegt. Svo er ekki. Í samsteypustjórnarkerfi af því tagi sem hefur verið á Íslandi fer forsrh. ekki með slíkt vald, að samband við hann einan sé nægilegt, heldur þarf sambandið að eiga sér stað formlega á vettvangi ríkisstj. Ég veit að í ýmsum öðrum stjórnkerfum, sem ráðh. gæti sjálfsagt vitnað til, eins og t. d. í hinu breska, gæti slík aðferð dugað. En miðað við þá stjórnarhætti og þá stjórnskipan, sem hér hefur þróast bæði formlega og í reynd, vara ég við því að ætla að veita forsrh. einum sér slíkt vald, að samtöl við hann meðan á samningum stendur við erlendar þjóðir jafngildi samráði við ríkisstj. í heild. Meðan við búum hér við samsteypustjórnarkerfi af þessu tagi, þá held ég að slíkar starfsaðferðir kunni ekki góðri lukku að stýra.

Hitt atriðið voru ummæli sem hæstv. ráðh. viðhafði hér í umr. þegar málið var hér fyrst til umr., að hann hefði borið sig saman við forsrh. um það, hvort ætti að taka málið fyrir formlega í ríkisstj. eða ekki, og þeir hefðu komið sér saman um að bíða og sjá til hvort einhver hæfi máls á því í ríkisstj., en þeir mundu sjálfir ekki flytja málið inn á borð ríkisstj. Slíkar starfsaðferðir við gerð millirík jasamninga, að láta það nánast vera undir hælinn lagt og vera háð tilviljunum, háð dagskrá ríkisstjórnarfundar það og það sinnið eða hugsanlegri vöku samráðherra sinna í ríkisstj., hvort málið er þar lagt formlega inn eða ekki, eru vinnubrögð sem alls ekki má viðhafa við gerð millirík jasamninga — alls ekki. (Gripið fram í.) Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að þegar þeir hefðu metið það, hann og forsrh., hvort ætti að taka málið formlega fyrir í ríkisstj. og ríkisstj. ætti að taka afstöðu í málinu eða ekki, þá hefði það verið þeirra niðurstaða að taka málið ekki formlega á dagskrá, heldur bíða og sjá til, hvort einhver annar yrði til þess, sem málið heyrði ekki undir. Þær vinnuaðferðir tíðkast í ríkisstj. hér, að þeir ráðh., sem málin heyra undir, flytji þau inn til ríkisstj., en aðrir séu ekki að grípa þar fram fyrir hendurnar á ráðh.

Hæstv. viðskrh. sagði hér í umr., og ég hef enga ástæðu til annars en að treysta orðum hans, að málið hefði ekki verið tekið fyrir í ríkisstj., samningarnir hefðu ekki verið ræddir í ríkisstj. fyrir fram og hefðu ekki verið ræddir þar enn. Mér finnst nánast hvar sem á þessa samningsgerð er litið, að slík efnismeðferð megi ekki eiga sér stað aftur og það verði að vera miklu ljósara hvar og hvernig á málun-

um er tekið, bæði gagnvart þinginu, gagnvart stjórnmálaflokkunum í landinu og gagnvart ríkisstj. sjálfri. Mér finnst, án þess að ég ætli að lengja hér umr. um hið svokallaða Jan Mayen-mál, að þar séu aftur á ferðinni hin lausu tök, þar hefði ég kosið að fá skýrar og afdráttarlausar fram afstöðu ríkisstj. Íslands, eins og óskað var eftir í Ed. í gær, en komið hefur fram í umr. hér í dag. Ég vil hins vegar taka undir með hv. þm. Stefáni Jónssyni, að þar til annað kemur fram er ég reiðubúinn að túlka þau ummæli, sem hér voru höfð, á þann veg að þetta liggi ljóst fyrir. En formsins vegna og í milliríkjaviðskiptum er formið oft það sem máli skiptir, formsins vegna þyrfti það að liggja miklu skýrar fyrir.

Hið síðara atriði, sem ég vildi ræða í þessum umr., og það, sem mótar að miklu leyti afstöðu mína til þessara samninga sem hér eru til umr., er það, að í raun og veru erum við ekki að ræða hér samskipti Færeyinga og Íslendinga. Það er alveg rétt sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði áðan, aðalpersónan í þessu máli, ef svo má að orði komast, aðalþátttakandi er tröllið Efnahagsbandalagið. Það er sá skuggi sem öll þessi samningsgerð er gerð undir. Það er sá veruleiki sem við erum hér að glíma við. Það vill svo til að Færeyingar kusu að vera ekki í Efnahagsbandalaginu, og það eru líkur á að Grænlendingar að fenginni heimastjórn kjósi líka að standa utan Efnahagsbandalagsins. Þá er ljóst að þessar þrjár þjóðir hér í Norður-Atlantshafi, sem í sameiningu hafa yfir miklum auðlindum hafsins að ráða, geta komið fram sem sterkur og öflugur aðili í sameiningu gagnvart Efnahagsbandalaginu. En þær geta líka orðið veikur aðili í þeim samskiptum með því að láta Efnahagsbandalagið komast upp með að semja við þau sitt í hvoru lagi, semja við þau án þess að fyrir liggi sameiginleg afstaða þessara landa, Færeyja, Íslands og Grænlands gagnvart fiskveiðiásókn Efnahagsbandalagsins. Stóra málið í framtíðinni í þessum heimshluta varðandi fiskveiðar og landhelgismál verða samskipti Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga við Efnahagsbandalagið. Þessi samningur, sem hér er verið að leggja til samþykktar, er þegar öllu er á botninn hvolft í raun og veru samningur við Efnahagsbandalagið. Hann er samningur sem Færeyingar þurftu á að halda til þess að geta haldið áfram sinni samningsgerð við Efnahagsbandalagið, til þess að geta látið undan þeim þrýstingi sem Bretar og Vestur-Þjóðverjar láta þá sæta í gegnum Efnahagsbandalagið, líkt og þeir beittu okkur áður. Það er skortur á raunsæi að halda að frændsemismálefni okkar við Færeyinga séu hér aðalatriðið, vegna þess að í þessari samningsgerð eru Færeyingar í raun og veru milliliður.

Ég hefði kosið að ríkisstj. Íslands hefði í þessum samningum, sem fóru fram hér í byrjun árs, eingöngu haft uppi könnunarviðræður við Færeyinga, þar sem hefði verið kynntur fyrir þeim vilji okkar til þess að ná sameiginlegri afstöðu með Færeyingum og síðar Grænlendingum gagnvart fiskveiðimálum í þessum heimshluta, Færeyingar hefðu verið beðnir um að athuga það mál, kanna hvað þeir gætu náð langt með okkar styrkleika í samningum við Efnahagsbandalagið, og við áttuðum okkur á því eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson orðaði réttilega, „hver er tröllið í þessum leik".

Hv. flokksbræður mína, sem styðja þennan samning, velflestir, ef ekki allir, eingöngu í nafni frændsemi og vináttu við Færeyinga, vil ég aðeins minna á það, að slíkar frændsemi-, vináttu- og bræðraröksemdir hafa líka verið notaðar af öðrum í sögu þessa lýðveldis. Þær hafa líka verið notaðar af þeim sem hér hafa réttlætt bandaríska herstöð fyrir sakir frændsemi, vináttu og sögulegs skyldleika við Norðmenn. Þær eru ófáar ræðurnar sem stuðningsmenn vestrænnar samvinnu hafa flutt um frændsemiböndin við Norðmenn, sögulega reynslu okkar beggja og skyldu okkar í bræðralagi. Við skulum ekki láta frændsemitengsl okkar við Færeyinga villa okkur sýn á veruleika Efnahagsbandalagsins frekar en við Alþb.-menn höfum látið frændsemiröksemdir gagnvart Norðmönnum villa okkur sýn varðandi Atlantshafsbandalagið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 316). — Frh. 1. umr.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Í sambandi við það frv., sem hér er til meðferðar, langar mig til að hafa örstuttan formála að því máli sem ég hyggst flytja.

Strax og fyrstu stórvirkjanir hér á landi höfðu komið til framkvæmda, Sogsvirkjunin og Laxárvirkjun, kom fram mikill áhugi hjá mönnum um að rétt væri að vinna að því að dreifa þessum aflgjafa, raforkunni, um allt landið þannig að gefa sem allra flestum landsmönnum kost á að njóta þess hagræðis, sem felst í því að hafa nægilega orku og það að sjálfsögðu með sanngjörnu verði.

Í þessu sambandi má minnast þess, að 1942 báru nokkrir sjálfstæðismenn fram frv. um stofnun raforkusjóðs og var það samþ. Var með þeirri löggjöf lagður grundvöllur að föstum fjárframlögum til raforkumála. Og í framhaldi af þeirri löggjöf voru svo raforkulögin sett árið 1946. Eru þau miðuð við samræmdar aðgerðir ríkis og sveitarfélaga til þess að leiða sem allra fyrst raforku um allt land.

Í framhaldi af þessari lagasetningu er svo stofnað til Rafmagnsveitna ríkisins, sem höfðu það fyrst og fremst að hlutverki að sjá um útvegun og dreifingu rafmagns í dreifbýli landsins. Ég vil minna á í þessu sambandi að það var öllum ljóst þó ekki hafi verið nægilegt tillit tekið til þess, að þarna var um erfiðasta verkefnið að ræða í sambandi við það hlutverk sem Rafmagnsveitum ríkisins var ætlað, sem sé að dreifa rafmagni til afskekktustu héraða landsins, hafa með sölu og annað þess háttar að gera á þeim mörkuðum sem voru hvað lélegastir og ólíklegastir til þess að geta staðið undir miklum fjárfestingarkostnaði. Var það svo, að af hálfu löggjafans voru gerðar þær ráðstafanir að mjög var stillt í hóf ýmsum kostnaði gagnvart neytendum, og bendi ég á að heimtaugagjöld og annað, sem neytendur greiddu, voru ekki nema að litlu leyti miðuð við þær miklu upphæðir sem kostaði að koma þessum veitum á.

Mér þykir hlýða í sambandi við þetta mál að leggja ríka áherslu á að eftir því sem maður kynnir sér þessi mál betur og fer ofan í þau, þá leynist ekki að það er eindræg samstaða hjá löggjafarvaldinu og öllum ráðamönnum þjóðarinnar og öðrum þeim aðilum, sem hafa ákvörðunarvald í þessum málum, að standa svo að þessu mikla

verkefni að það megi koma fólkinu, sem bjó og býr í hinum ystu byggðum þessa lands, að sem mestum og skjótustum notum. Um þetta var enginn ágreiningur.

Hér var um gífurlega viðamikið hlutverk og verkefni að ræða sem hlaut eðli málsins samkv. að kosta mjög mikið fé miðað við hvaða tímabil sem maður vill taka mið af. Hins vegar verður maður var við það, þegar maður fer að kynna sér sögu þessa máls, að það virðist ekki hafa verið nægur skilningur á því hjá löggjafanum og ráðamönnum, sem fjölluðu um þessi mál, að sjá til að nauðsynlegt fjármagn væri tryggt til þess að standa undir þessum kostnaðarsömu framkvæmdum. Leið ekki á löngu þangað til þetta gagnmerka fyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, sem í almennu máli hefur nú fengið skammstöfunina RARIK, komst í fjárhagsleg vandræði. Og þegar maður fer að kynna sér þessi mál eru þessi fjárhagsvandræði að mörgu leyti skiljanleg. Að fyrirtækinu var þannig staðið, eins og ég hef lýst fyrr í máli mínu, að því var ætlað ákaflega erfitt og kostnaðarsamt hlutskipti, en á hinn bóginn hafði því ekki verið séð á tryggan og öruggan hátt fyrir nægilegu fjármagni til þess að eðlilega væri hægt að standa straum af þeim útgjöldum sem þessar framkvæmdir höfðu í för með sér, fyrir utan það, að öllum mátti vera ljóst að markaðurinn, sem þarna var um að ræða, var þess eðlis að engan veginn var hægt að búast við að hann gæti nokkurn tíma staðið undir því að skila því fjármagni aftur til baka sem umræddar framkvæmdir mundu kosta. Það er við þessar aðstæður, þegar fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins er orðinn svo erfiður að fyrirtækið er nánast komið í greiðsluþrot, að farið er að fjalla um þessi málefni á vegum Alþingis og ráðamanna þjóðarinnar og farið að sinna því að reyna að finna þarna einhverja úrlausn.

Okkur er öllum kunnugt um að úrlausnin fannst. Hins vegar deila menn mjög um það, hvort þar hafi verið valin rétt leið. Sú úrlausn, sem var notuð, var að tekin var upp sú venja að leggja svokallað verðjöfnunargjald á alla selda raforku í landinu og nota það fé, sem þannig fékkst, til að jafna með halla Rafmagnsveitna ríkisins. Að mínu mati var þarna farin mjög óheppileg leið. Við álagningu verðjöfnunargjalds er hægt að benda á tvo höfuðókosti: Í fyrsta lagi verður verðjöfnunargjaldið til þess beinlínis að hækka verð á útseldri raforku til þess aðila, sem kaupir hana með óhagstæðasta verði, og í öðru lagi verkar verðjöfnunargjaldið til þess beinlínis að draga úr þeirri hagkvæmni sem náðst hefur hjá þeim raforkuveitum sem tekist hefur með hagsýni og forsjá að byggja upp á þann veg að þeim var kleift að selja neytendum sínum raforku á mjög hóflegu verði.

Ég efast ekki um að þessar raddir munu áreiðanlega hafa komið fram þegar fyrst var hafið máls á því að leysa úr fjárhagsvandræðum Rafmagnsveitna ríkisins á þann hátt sem ég hef verið að lýsa. En um það þýðir ekki að tala nú. Þessi aðferð, að leggja á verðjöfnunargjaldið, varð ofan á og henni hefur verið framfylgt síðan, að ég held báðum aðilum til tjóns, bæði því fyrirtæki, sem átti að bjarga, og eins neytendum.

Úr því að ég er að tala um þau fjárhagsvandræði sem steðjuðu að Rafmagnsveitunum, þá má geta þess að auk þessa erfiða hlutskiptis, sem þeim var í upphafi skapað með því að þurfa að standa fyrir þessum framkvæmdum á óhagstæðum markaði, var einnig brugðið svo við lánsfjárþörf þeirra að Rafmagnsveitur ríkisins, eftir því sem ég hef fengið upplýst, hafa ávallt verið fjármagnaðar á þann allra dýrasta hátt sem þekkist um fjármagn í sambandi við framkvæmdir í þessu landi. Að sjálfsögðu er ekki heldur úr vegi, þegar við erum að ræða þessi mál almennt, að minnast á áhrif söluskattsins, fellur og hefur fallið á lokastig raforkusölunnar allrar í landinu að undanskilinni raforku sem seld er til hitunar.

Ég minnist á söluskattinn vegna þess að ég held að það sé kominn tími til fyrir þing og stjórnvöld að taka til alvarlegrar athugunar allt það frumskógarþykkni sem er orðið í kringum þennan svokallaða söluskatt. Þessi skattstofn er orðinn, að mér skilst, einn af aðalskattstofnum ríkissjóðs, en verkar í mörgum tilfellum mjög til óhagræðis fyrir þá sem eiga að gjalda þennan skatt svo og fyrir ríkið sjálft sem tekur við honum. Í mörgum tilfellum er ég ekki í nokkrum vafa um að söluskattsálagningin sem slík er hreinn bölvaldur í sambandi við verðbólguna. Í þessu sambandi vil ég benda á t. a. m. samskipti ríkissjóðs og sveitarfélaga í sambandi við söluskattinn og öll þau mannár og öll þau störf sem unnin eru á vegum hins opinbera til þess að greiða fyrir gangi þeirra mála sem í mörgum tilfellum gefa hreint núll þegar upp er staðið. Þessar staðreyndir held ég að ættu að vera mönnum hvatning til þess að taka þessi mál öll til mjög gagngerrar endurskoðunar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ef þessi mál væru skoðuð betur ofan í kjölinn og unnið að því af dugnaði, þá væri hægt að koma við mjög mikilli hagræðingu í þjóðfélagi okkar ríkissjóði og skattgreiðendum — ég tala ekki um sveitarfélögum til gagns.

Ég get ekki, af því að ég er að ræða um söluskatt, annað en skotið því inn til þess að sýna fáránleik slíkrar skattheimtu sem söluskatturinn á mörgum sviðum er, að núna, vegna þess að t. a. m. á höfuðborgarsvæðinu hafa orðið einhver mestu snjóalög sem þekkst hafa síðan menn byrjuðu veðurathuganir — mér er sagt jafnvel á þessari öld, — þá eru allt í einu orðnar stórkostlegur tekjustofn fyrir ríkissjóð söluskattstekjur af snjóruðningstækjum sem eru notuð til þess að hreinsa götur og gangvegi borgarinnar. Þetta verður hvað ljósast af því að það gerist í höfuðborginni, en þetta ástand erum við búin að búa við úti á landsbyggðinni um ótal mörg ár, að óveður og það, sem truflar eðlilega umferð, skuli vera tekjustofn fyrir sameiginlegan sjóð þjóðarinnar, — tekjustofn sem við svo einhvern veginn eftir öðrum krókaleiðum náum aftur úr ríkissjóði. Á þessu vil ég vekja athygli.

Samkvæmt þessu frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, á nú enn að hækka þetta verðjöfnunargjald. Eins og ég hef fyrr tekið fram í máli mínu er það bjargföst skoðun mín, að verðjöfnunargjaldið sem slíkt komi verst niður á þeim sem, eins og ég nefndi áðan, búa við dýrustu orkutaxtana. Um leið eyðir það beinlínis þeirri hagkvæmni sem áunnist hefur hjá þeim sem tekist hefur að reka rafmagnsveitur eða orkuveitur á hagkvæman hátt og þannig útvegar viðskiptamönnum sínum, neytendum, raforku með hagkvæmu verði. Að mínu mati er hrein óráðsía að halda svona áfram.

Við skulum líta á þessi mál af fullu raunsæi og viðurkenna þá staðreynd, að fjárhagsvandræði Rafmagnsveitna ríkisins verða ekki til frambúðar leyst á þennan veg. Ég held að okkur beri að taka þessi mál þeim tökum að mikill þáttur þeirra framkvæmda og þeirrar starfsemi, sem rekin er á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, sé samfélagslegar framkvæmdir sem þjóðfélagið í heild eigi að standa undir. Það er vilji okkar allra að jafna aðstöðuna

hjá þeim sem búa úti í dreifbýlinu og eiga við erfiðari skilyrði að búa en t. a. m. þeir sem hafa búsetu á þéttbýlissvæðinu.

Ég hef ekki lausnina, hvernig við leysum þetta mál, en í sambandi við þessi orkumál almennt vil ég láta koma fram í framhjáhlaupi, — ég hef nú eiginlega gert það áður, — að ég hef kannske haft nokkra sérstöðu í þeim málum miðað við marga aðra samflokksmenn mína. Ég held að þessi orkumál verði í heild aldrei leyst fyrr en annað tveggja gerist: Annaðhvort verður Landsvirkjun með samruna við Laxárvirkjun færð út, þannig að stofnað verði eitt landsfyrirtæki sem sér um þessi mál, eða þá að stofnað verður á landsvísu fyrirtæki sem hafi algjörlega sambærilega aðstöðu við Landsvirkjun. Ég hef það mikla reynslu í sambandi við orkumál, að ég veit að þó að við viljum stofna landshlutafyrirtæki, sem á margan hátt gætu kannske talist heppileg sem einingar, fá slík fyrirtæki aldrei þá fjárhagslegu fyrirgreiðslu sem t. a. m. Landsvirkjun hefur fengið. Ég hef reynslu af því sem stjórnarmaður í Laxárvirkjunarstjórn. Ég hef reynslu af því sem nefndarmaður í nefnd sem hefur unnið að orkumannvirki sem beinlínis var ákveðið af ríkisstj. og var ákveðið í stjórnarsamningi að skyldi komið á. Þessi mál verða ekki leyst nema með mjög víðtæku fyrirtæki sem spennir yfir stórt svið.

Herra forseti. Ég skal svo ekki lengja mál mitt frekar að þessu sinni. Ég get ómögulega fylgt ákvæðum þessa frv. um að hækka núverandi verðjöfnunargjald. Ég er í hjarta mínu algjörlega á móti því og tel að það nái ekki tilætluðum árangri, árangur af því verði neikvæður. Hins vegar vil ég gefa þá yfirlýsingu, að ég skal heils hugar stuðla að því og vera þátttakandi í því, að þessi mál öll verði tekin til uppstokkunar til þess að greiða úr þeim miklu vandræðum og vanda, sem ég veit að Rafmagnsveitur ríkisins eiga við að etja, og reyna að ná þeim árangri, sem við erum allir sammála um að í höfuðatriðum eigi að vera þannig að raforkan hjá þjóðinni, a. m. k. í heildsölu, sé á sama verði á helstu afhendingarstöðum. Til þess að svo megi verða þarf mikla skipulagsbreytingu. En ef góður vilji og samstaða fæst til þess að vinna á þann veg að þessum málum er ég ekki í nokkrum vafa um að hægt er að leysa þetta mikla vandamál á þann veg að allir geti vel við unað.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Í þeim umr., sem fram hafa farið bæði í Nd. og hér í Ed. um till. hæstv. iðnrh. um hækkun verðjöfnunargjaldsins um 6%, eða úr 13% í 19%, hefur margt athyglisvert komið fram. En þó er margt á huldu um forsögu þessa máls og er það ástæðan fyrir því, að fjárhagsvandi RARIK er slíkur sem raun ber vitni og að þörf skuli verða á skattheimtu í því formi sem hér um ræðir.

Ég vil leggja áherslu á að skattheimta í því formi, sem hér er á dagskrá, orkar á margan hátt tvímælis af ýmsum ástæðum, sem nú skal greina:

Í fyrsta lagi er ljóst að tilfærsla fjármagns milli rekstraraðila í raforkukerfinu verkar neikvætt á alla viðleitni til aukinnar hagkvæmni í rekstri heildarkerfisins og þá mest hjá þeim aðilum sem eru þiggjendur í þessu tilfelli. Í öðru lagi er þetta gjald lagt á til verðjöfnunar, en gjaldið er hlutfallslegt, þ. e. prósentugjald af verði á hverjum gjaldskrárlið, og leggst þyngst á þá taxta þar sem grunnverð er hæst fyrir. Að auki leggst þetta gjald þyngst á notendur Rafmagnsveitna ríkisins sem kaupa orku eftir heimilis- og iðnaðartöxtum, því þar er grunnverð hæst fyrir. Á þessi atriði ber að leggja þunga áherslu við allar umr. um þessi mál. Gjaldið er aðeins til að verðafstöður raskist ekki miklu meira en orðið er, en ekki til að verð verði jafnara en nú er.

Árið 1965, þegar verðjöfnunargjaldið var fyrst lagt á, var það í formi fasts gjalds, þ. e. 35 millj. kr. á heildsölu raforku, og var gjaldinu jafnað niður í hlutfalli við heildsölumagn orku og afls og skyldi það renna óskipt til RARIK. Árið 1969 var gjaldið síðan tvöfaldað í 70 millj. kr. og skyldi það á lagt og því varið eins og áður var ætlast til.

Hinn 5. okt. 1973 skipaði iðnrn. nefnd til að kanna fjárhagsörðugleika RARIK og gera tillögur til úrbóta. Á grundvelli tillagna nefndarinnar var hlutfallsgjaldið tekið upp 1974. Samkv. þeim lögum skal verðjöfnunargjaldið lagt á síðasta stig viðskipta og vera 13% af sölu til notenda, en notandi telst sá sem endurselur ekki raforkuna. Skyldi verðjöfnunargjaldinu varið til að bæta fjárhag RARIK samkv. nánari ákvörðun stjórnar Orkusjóðs og ráðh. orkumála.

Í grg. nefndarinnar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Orkuverðið varðar lífskjör í dreifðum byggðum og þar með afstöðu til aðstöðujöfnunar og jafnvægis í byggð landsins. Af þessu stafar tregða á að láta kostnaðarverðið endurspegla að fullu framleiðslu- og dreifingarkostnað orkunnar. Að því leyti sem löggjafinn sættir sig ekki við að verð endurspegli kostnað hlýtur hann að leggja til framlag svo sem gert er í mynd verðjöfnunargjaldsins. Það var fyrst ákveðið árið 1965 sem 35 millj. kr. á ári og síðan tvöfaldað árið 1969 í 70 millj. kr. á ári, en í báðum tilvikum ákveðið sem föst fjárhæð, óhagganleg fyrir verðlagsbreytingum eða af öðrum tilefnum. Þetta fyrirkomulag mun annars vegar hafa borið með sér neitun löggjafans á að viðurkenna óhjákvæmilegt framhald verðbólgu, en hins vegar kunna að hafa falist í því vonir um að Rafmagnsveiturnar efldust með auknu rekstrarframlagi til að standa meira á eigin fótum. Hvorugt hefur verið staðfest af reynslunni, svo sem nánar mun vikið að í sambandi við athugun úrræða, þannig að verulegt skarð hefur myndast í raunverulegar verðjöfnunartekjur. Skipulagsbygging RARIK gerir í sjálfu sér tregt um að ná samræmi tekna og kostnaðar. Orkuveitusvæðin búa yfir mjög mismunandi framleiðslu- og dreifingarskilyrðum orkunnar, væntanlega meira en verðjöfnunargjaldið fær sléttað yfir. Tilefni til svæðismunar í gjaldskrá og heildsölu hefur reynst stöðugur ásteytingarsteinn. Á hinn bóginn er tæpast þolað að notendur á hagstæðari svæðum greiði mun meira en svarar kostnaði þar eða sambærilegt við orkukostnað innan annarra orkukerfa á sömu svæðum. Þessi mótsögn getur leitt til þess, að örðugt sé að ná einu verði á landsmælikvarða er nægi fyrir fullum kostnaði."

Ég vil benda á að það er einmitt á grundvelli síðustu tveggja málsgr. sem verðjöfnunargjaldinu er mótmælt af bæjar- og rafveitustjórnum víðs vegar um landið. Það er illþolanlegt að skattlögð séu hlunnindi hagkvæmra byggðaeininga og raskað í verulegum mæli þeim grundvelli sem á er byggt, þannig að fjármagn sé frá þeim tekið til að bæta stöðu þeirra byggða sem óhagkvæmari eru hvað kostnað við raforkudreifingu snertir. Að öllu leyti væri viðhorfið annað til skattlagningar á orku ef skattstofninn væri til ágóða fyrir rekstur alls heildarkerfisins í

formi eiginfjármyndunar raforkukerfisins til fjárfestingar sem leiddi til stiglækkandi afnotagjalda.

Hér er því um að ræða mótmæli sem taka ber tillit til í hvívetna. En hinu er ekki að leyna, að þolendur þjónustu ríkisfyrirtækisins RARIK mótmæla með fullum rétti þeirri óheyrilegu mismunun sem á sér stað. Þetta viðhorf raforkunotenda RARIK ber að skoða m. a. í ljósi þeirrar staðreyndar, að þetta fólk býr við sömu laun og sömu beinu og óbeinu skattbyrði og hinir, sem búa við lága orkuverðið. Það ber að skoða þetta mál einnig í ljósi þeirrar staðreyndar, að ýmis annar neyslukostnaður þessa fólks er mun hærri en heildarinnar, sem býr við hagstæðari orkukostnað. Það verður að vera í huga hvers manns, sem um þetta vandamál fjallar, að upphitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis þessa fólks er allt að 300% hærri en á Reykjavíkursvæðinu. Á veitusvæðum RARIK búa rúmlega 50 þús. manns, þar af tæplega helmingur í sveitum. Öll veruleg mismunun í kjörum verður ekki þoluð af þessu fólki. Hér er í reynd um að ræða aðeins hluta þess vandamáls sem hindrar fullan jöfnuð milli allra þjóðfélagsþegna, ekki aðeins í orði, heldur einnig á borði, ekki aðeins í orkumálum heldur einnig í menntamálum, heilbrigðismálum, samgöngumálum og æskulýðs- og tómstundamálum.

Ég hef hér á undan reynt að gera grein fyrir forsögu þessa máls og jafnframt dregið upp mynd af því vandamáli sem aðstöðumunur, sem hér um ræðir, skapar. Mín skoðun er sú, að tekjustofn sá, sem hér um ræðir, hafi sýnt það og muni sýna, að hann leysir ekki fjárhagsvanda RARIK, þótt hann sé á vissan hátt verðtryggður þar sem hann er hlutfallsskattur á gjaldskrárliðum í smásölu. Alþ. verður að finna aðrar leiðir til að leysa þennan hnút, sem fyrir löngu var bundinn af fjárveitingavaldinu.

Við nýsköpun atvinnuveganna var m. a. nauðsynlegt að ríkið sæi um að koma upp flutningslínum til ýmissa þéttbýlisstaða, svo sem á Reykjanesi, Norðurlandi og Suðurlandi, og sæi um rekstur þeirra. Var þetta gert til að tryggja sömu aðstöðu í hvívetna í þéttbýli á þessum landssvæðum fyrir fiskiðnað og almenna notkun. Orkan var fengin frá vatnsorkuverum í Soginu og Laxá I og síðan Laxá II. Í framhaldi kom sveitarafvæðingin og enn seinna orkuver og yfirtaka ýmissa þéttbýlisrafveitna. Rafmagnsveitum ríkisins var falið að sjá um framkvæmdir eftir svokallaðri 10 ára áætlun, sem hófst 1955, en aðalátakið þá voru virkjanir á Vestfjörðum og á Austurlandi og tilheyrandi aðflutningskerfi til allflestra þéttbýlisstaða þessara landshluta og að koma á fót hagkvæmari dísilrekstri í þeim þéttbýliskjörnum sem utan samtengisvæðanna voru.

Frá 1945 til 1965 voru Rafmagnsveitur ríkisins fyrst og fremst framkvæmdafyrirtæki ríkisins í greindum framkvæmdum, en frá 1965 hefur rekstur kjarnkerfanna verið höfuðviðfangsefnið, þó jafnframt hafi þeim verið falin bygging og rekstur byggðalínu og nú að lokum rekstur og framhaldsframkvæmdir við Kröfluvirkjun. Af þessu má sjá, að RARIK hafa verið falin geysiviðtæk og viðamikil verkefni á rúmum 30 ára starfsferli, oftast við knappan fjárhag og óðaverðbólgu.

Til að fá innsýn í málefni RARIK og skynja ástæðu fyrir fjárhagsvanda fyrirtækisins liggja fyrir tvær skýrslur frá nefndum, sem falið var það verkefni að kanna fjárhagsvandann. Önnur skýrslan er frá 1969, en hin er frá 1974. Skýrslurnar eru miklar að vöxtum, sérstaklega sú fyrri, og bera þær með sér að rækilega hefur verið á málum tekið. Sameiginlegt mat beggja nefndanna er að lánakjör RARIK eru hin óhagstæðustu sem fyrirfinnast, sbr. bls. 79 í 1969-skýrslunni, en þar segir: „Vextir fastra lána RARIK eru þannig 7-10% hærri, eða um tvöfalt hærri en almennt gerist á óverðtryggðum lánamarkaði.“ Í grg. með lagafrv. 1974 segir 1974-nefndin í lið 1.4, fjármögnunarkjör, með leyfi forseta: „Eftir því sem kostur er verði að forðast að fjármagna framkvæmdir RARIK með vísitölutryggðum spariskírteinalánum, heldur reynt að láta þær hafa sem mestan forgang um löng og hagstæð lán.“ Þá segja báðar skýrslurnar, að orsakirnar séu þar að auki að fjárhagsvandræði og hin háa gjaldskrá RARIK stafi af óhagkvæmum orkuöflunarkostnaði og dýrum flutningi, en felist ekki í rekstri dreifiveitna, hvorki í sveitum né þéttbýli. Þá er einnig af báðum nefndunum lögð áhersla á að RARIK hafi orðið að fjármagna félagslegar framkvæmdir samkv. ákvörðun framkvæmdavaldsins og Alþingis og að heildsölugjaldskrá RARIK hafi verið allt of lág. Dæmi um það fyrrnefnda er að RARIK var falið að sjá síldariðnaði á Austurlandi fyrir raforku frá dísilvélum á árunum 1960-1968, en t. d. á Norðurlandi sáu verksmiðjurnar sjálfar um þetta, þar sem rafveitur sveitarfélaga gátu ekki sinnt síldarverksmiðjunum þar. 1968 sat svo RARIK uppi með ónýtanlegar og dýrar fjárfestingar, sem engin not virtust fyrir, þótt annað kæmi í ljós síðar. Dæmi um síðara atriðið er að raforkuverð í dreifiveitu Rafveitu Reyðarfjarðar er með því lægsta á landinu, en í næstu sveitarfélögum, sem eru þó mun fjölmennari, er raforkuverð í smásölu RARIK það hæsta í landinu, en Rafveita Reyðarfjarðar kaupir eftir heildsölugjaldskrá RARIK.

Mér virðist auðsætt á grundvelli þess sem hér hefur verið rakið, að Alþ. hefur fyllilega hlaupist á brott frá vandamálum þeim sem það fól framkvæmdavaldinu að leysa. Hér liggja ýmsar ástæður að baki að sjálfsögðu, en óneitanlega freistast maður til að álykta að það litla vægi, sem hækkun gjaldskrár RARIK hefur á kaupgreiðsluvísitöluna, hafi hér haft þau áhrif að ríkisstj. hafi fremur kosið hækkun á gjaldskrá RARIK en leysa vandann t. d. eftir landsvirkjunaraðferðum með eðlilegum lánakjörum og eiginfjármyndun til framkvæmda. Ríkisvaldið hefur þannig valið að svíkjast aftan að rafmagnsnotendum sem njóta eiga þjónustu ríkisfyrirtækisins RARIK, ef meginniðurstöður 1969- og 1974-skýrslnanna eru réttar.

Við skulum í þessu sambandi minnast þess, að allir þjóðfélagsþegnar hafa staðið að baki ríkisábyrgðum við allar meiri háttar orkuöflunarframkvæmdir síðan Sogsvirkjunarlögin voru samþ. 1936, og öll þjóðin átti sinn skerf í Marshall-fjármagninu sem notað var til virkjunarframkvæmda við Sog og Laxá II. Ég er þeirrar skoðunar, að fyrrv. ríkisstjórnir hefðu fremur átt að ákvarða verulega hátt eiginfjárframlag ríkissjóðs til rekstrar þessa ríkisfyrirtækis en velja að skattleggja notendur annarra dreifiveitna á þann hátt sem hér um ræðir. Ríkisvaldið hefði einnig átt að tryggja þessu viðkvæma þjónustufyrirtæki hagstæð lán. Í erindi, sem dr. Jóhannes Nordal, formaður stjórnar Landsvirkjunar, hélt á fundi Sambands ísl. rafveitna 23. mars 1976, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk lánskjaranna hefur eigin fjármögnunin einna mest að segja um afkomu raforkufyrirtækja. T. d. sýna reikningar að miðað við núgildandi lánskjör þarf kerfi

með 5% eigin fjármögnun um 50% hærra orkuverð á 24 ára tímabili heldur en kerfi þar sem eigin fjármögnun er 30%."

Að sjálfsögðu eru lánakjör allsráðandi um hagkvæmni eigin fjármögnunar, en þótt lánakjör hafi eitthvað batnað eru aðstæður RARIK hrikalegar t. d. er eigin fjármögnun samkv. núgildandi fjárlögum 90 millj. kr., áætlaðar lántökur 1723 millj. kr., en framkvæmdamagn í algjöru lágmarki. Eigin fjármögnun er nú hærri en oftast áður í hlutfalli við lánsfjárþörf. Framkvæmdamagn samkv. fyrstu tillögum RARIK í júní 1978 var upp á 4123 millj. kr., endurskoðuð tillaga í nóv. 3202 millj. kr., en samkv. fjárlögum 2013 millj. kr. Af þessu sést að framkvæmdamagn er aðeins um 50% af framkvæmdaþörf. Samkv. fyrstu tillögunum hefði eigið fé verið 2.18%.

Yfirvöld orkumála og ríkisvaldið hafa einnig svikist mjög um að halda vöku sinni hvað snertir eðlilega þróun orkuvinnslunnar úti á landsbyggðinni, sbr. 1969- og 1974-skýrslurnar. Lagarfoss og Mjólká II átti að virkja 10 árum fyrr en gert var. Það er staðreynd sem blasir við í dag og blasti við öllum sem nenntu að hugsa fordómalaust um þessi mál af raunsæi upp úr 1960. Yfirvöld voru á móti, en heimamenn, sem voru þolendur dísilorkunnar, sáu hvert stefndi með fjárhag þjónustugjafans RARIK og börðust harðri baráttu við að sannfæra svokallaða sérfræðinga. En allt kom fyrir ekki, sérfræðin réð öllu. Það væri öðruvísi nú með fjárhag RARIK ef ekki hefði verið settur upp fjöldi dísilvéla til að mæta raforkuþörf á Austurlandi og Vestfjörðum á þessum árum. T. d. jókst olíukostnaður RARIK um 265% milli ára 1973 og 1974, meðan tekjur af orkusölu jukust aðeins um 78%, og nam 21% af heildarrekstrargjöldum 1974.

Þá er ekki hægt að skilja við þetta án þess að minnast á Laxá III eða Gljúfurversvirkjun. Það mál er sérstakur kapítuli í orkumálasögunni og meðhöndlun vinstri stjórnarinnar 1971—1973 á málinu með slíkum endemum að furðu sætir. Nú þegar við stöndum á þrepi efnahagslegrar endurreisnar er það m. a. hreinlega skylda okkar að endurskoða það mál með það fyrir augum að auka aflgetu vélanna í Laxá III.

Mín skoðun er sú, að lánafyrirgreiðsla bankakerfisins og ríkisvaldsins til orkufyrirtækja sé þannig í dag að aðilum sé hreinlega mismunað. Lán til Hitaveitu Akureyrar eru t. d. fengin fyrirhafnarlaust beint, án meðhöndlunar Alþingis, svo er einnig með nokkra aðra stærri aðila — lán fyrir Siglufjörð, Blönduós, Suðureyri o. fl. minni hitaveitur frá Lánasjóði sveitarfélaga eftir meðhöndlun og samþykki Alþingis á lánsfjáráætlun. Á þessu þarf að verða breyting. Öll lánafyrirgreiðsla ætti að koma frá sama aðila. Mín skoðun er sú, að leggja eigi almennan orkuskatt á orkuframleiðslufyrirtækin, sem renna eigi í Orkusjóð til að jafna fjármögnunarkjör orkufyrirtækjanna. Skattinn á að leggja á allar tegundir orkuvinnslu, þ. e. fallvatnsorku, jarðvarma og efnaorku, sem framleidd yrði til almennrar notkunar. Öll lánafyrirgreiðsla til uppbyggingar og rekstrar orkukerfa kæmi frá Orkusjóði á sömu kjörum.

Fyrir næstu fjárlagaafgreiðslu er nauðsynlegt að fyrir liggi tillögur um „konverteringu" allra lána RARIK í minnst 15 ára lán með lægsta fáanlegum kostnaði. Gjaldskrá RARIK verði síðan ákveðin með hliðsjón af eðlilegum rekstrarkostnaði miðað við meðalverð á aðkeyptri og framleiddri vatnsorku, ásamt meðalkostnaði við dreifingu, og hún gildi hvarvetna á rekstrarsvæðum RARIK. Þá ætti gjaldskráin að vera bundin byggingarvísitölu til að hindra þann hringlanda sem hingað til hefur viðgengist með gjaldskrána. Binding í byggingarvísitölu er m. a. viðhöfð við nokkrar hitaveitugjaldskrár. — Ég tel engan vafa á að sú gjaldskráruppbygging, sem nú er viðhöfð hjá rafveitufyrirtækjum, miði fremur að orkusóun en sparnaði. Er því nauðsynlegt að gjaldskrármálin í heild verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að knýja fram viðleitni til orkusparnaðar og beinlínis verðlauna sparnað t. d. við almenna notkun og notkun til iðnaðar.

Í 7. gr. laganna frá 1974 er gert ráð fyrir að síðasta stigs notendur, sem undanþegnir séu verðjöfnunargjaldinu, séu álverksmiðjan og áburðarverksmiðjan. Þar sem ekki er um annað getið í núverandi frv. má ætla að Grundartangaverksmiðjan verði gjaldskyld. Ég þykist vera það upplýstur af sérfræðingum, að í ál- og áburðarverksmiðjum sé raforkan grundvallarhráefnið í vinnsluferlinum. Það breytir því ekki, að mér er með öllu óskiljanlegt hvernig hægt er að rökstyðja gjaldið á notendur RARIK, sem á að verðjafna hjá, setja gjaldið á kísiliðju, sementsverksmiðju, landbúnaðar- og iðnaðarfyrirtæki og nú Grundartangaverksmiðjuna, en undanskilja ál- og áburðarverksmiðjuna. Það er algjörlega óverjandi og að *mínu mati að mismuna eins og raun ber vitni í skattlagningu á hinar mismunandi framleiðslugreinar* þjóðfélagsins. Nægjanlegt finnst mér að grunnverð raforkunnar er lægst til þeirra tveggja aðila sem undanþegnir eru.

Í blaði norrænu samtakanna Vi i Norden, nr. 4 1978, er viðtal við bankastjóra Norræna fjárfestingarbankans, Bengt Nilstrøm. Á bls. 17 segir Nilstrøm, með leyfi hæstv. forseta:

„Framleiðslan í Grundartangaverksmiðju grundvallast á ódýrri íslenskri vatnsorku, sem kostar 1/3 af orku frá kjarnorkuverum, og hráefni frá Noregi."

Ég held því hiklaust fram, að greiðslugeta á verðjöfnunargjaldi sé fyrir hendi hjá þeirri stóriðju sem nú er til á Íslandi, enda undravert ef stóriðjan á Íslandi er ein um það á Norðurlöndum að greiða ekki orkuskatt, þegar grunnverð til hennar er hæst til Grundartangaverksmiðjunnar og aðeins 1/3 af verði orkuvera þar.

Herra forseti. Ég hef hér á undan reynt að benda á ýmislegt sem mér finnst vera grundvallaratriði fyrir fjárhagsvanda RARIK. Hef ég sett fram hugmyndir og ábendingar til umr. Þær má vissulega ekki skoða sem fullmótaðar tillögur, en hugsanlega flyt ég brtt. við frekari umr. málsins. En ég mun greiða atkv. gegn hækkun verðjöfnunargjaldsins, því ég hef ekki trú á að það leysi nokkurn vanda til frambúðar auk þess sem það er órétt-látt. Hins vegar vil ég lýsa því yfir, að ég styð hverja þá viðleitni sem miðað getur að því að landsgæðum sé jafnar skipt og að kjör þjóðfélagsþegna séu sem jöfnust hvarvetna á landinu, án þess að skaða þá viðleitni að ábyrgð og hagsýni sé grundvallaratriði í rekstri *opinberra fyrirtækja*.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt á þessu stigi málsins að gera stuttlega grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, en bið afsökunar á því að sumt kann að verða endurtekningar á því sem hér hefur þegar komið fram. En þar sem ég mun ekki verða langorður vona ég að menn hafi þolinmæði með því.

Til þess að fyrirbyggja allan misskilning tek ég fram, að ég tala hér fyrst og fremst sem einstaklingur, en ekki sem málsvari míns flokks sérstaklega.

Ég er sama sinnis og hæstv. iðnrh., að dreifingu rafmagns um strjálbýli landsins verði að hluta að leysa á samfélagslegum grunni, þ. e. að ríkisvaldið verði alfarið að kosta að hluta dreifingarkostnaðinn, og skynsamlegt sé að finna og ákveða hið fyrsta eitthvert ákveðið hlutfall ríkisins í þessu máli og síðan verði hluti skulda RARIK færður eftir því hlutfalli frá RARIK yfir á ríkið, fyrr komist RARIK ekki út úr hallarekstri sínum. Að þessu leyti er ég alveg sammála því, sem kom fram í frumræðu hæstv. iðnrh., og sömuleiðis sammála því, sem hefur komið fram í ýmsum bréfum sem okkur þm. hafa verið send í sambandi við þetta mál.

Ég er líka samþykkur þeirri skoðun, að rétt sé, a. m. k. að vissu marki, að jafna rafmagnsverð meðal íbúa landsins, en tel þó að ekki sé óeðlilegt að slíkt gerist í áföngum, t. d. að hagkvæmari rafveitur og íbúar þeirra rafveitusvæða fái um tiltekið skeið að njóta hagkvæmninnar, þótt lokamark yrði sama rafmagnsverð alls staðar á landinu. Í því tilliti tel ég ekki óeðlilegt að íbúar Reykjavíkur, Akureyrar og Akraness verði að greiða hærra verð til jöfnunar rafmagnsverði en aðrir staðir sem hafa orðið að gjalda hárra taxta lengur en við á þessum tilnefndu þéttbýlissvæðum. — Þó langar mig að skjóta hér inn í, af því að aðeins var drepið á Laxárvirkjun III og hlut ríkisins í henni, að ég veit ekki annað, og ég bið þá um að ég sé leiðréttur ef ég fer með rangt mál, en ég veit ekki annað en að ríkið hafi aldrei lagt nokkra krónu til Laxárvirkjunar, þó að það sé orðið núna stór eigandi að henni. Hins vegar ábyrgðist það lán fyrir Laxárvirkjun, en kostnaður af því láni hefur alfarið hvílt á íbúum þeirra staða sem notið hafa rafmagns frá Laxárvirkjun. Þetta langaði mig til að kæmi fram, af því að mér fannst það ekki koma fram í ræðum sem hér fóru fram á undan.

Hins vegar hef ég ekki tilfinningu fyrir því, að rétt sé að leggja verðjöfnunargjald á hlutfallslega, því þannig leggst það þyngra á þá sem rafmagnið er dýrara hjá, þ. e. þær rafveitur sem verða að selja rafmagn dýrast, þær eða íbúar, sem njóta þess, greiða hlutfallslega hæst jöfnunargjald eða segjum frekar ójöfnunargjald. Þetta finnst mér ekki réttlátt og ég væri fremur meðmæltur því, að jöfnunargjald væri öðruvísi lagt á, t. d. lagt á hverja selda kwst., og það væri ekkert óeðlilegt, að þéttbýlisbúar, sem hafa notið lægra rafmagnsverðs en strjálbýlisbúar fram að þessu, yrðu að greiða þetta gjald, en strjálbýlisbúarnir ekki.

Langskynsamlegasta gjaldheimtuformið í Jöfnunarsjóð hygg ég að væri það sem lýst var áðan af hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, að tekinn væri upp orkuskattur þar sem lagt væri á allar þessar orkueiningar eitthvert lágt tiltekið gjald á jarðhitann, rafmagnið, olíuna, allt sem við notum sem orku, og síðan væri þessi sjóður notaður til þess að jafna út og fjármagna þetta sem nú er svo eftirsóknarvert og sjálfsagt í nútímaþjóðfélagi, orkuna.

Á fjárlögum fyrir 1979 er jöfnunargjaldið áætlað 1200 millj. kr. Samband ísl. rafveitna fullyrðir að það muni verða að óbreyttu jöfnunargjaldi, þessum 13%, nær eða kannske rúmlega 1500 millj. kr. og verði þessi 19% lögð á muni jöfnunargjaldið fara upp í 2 200 millj. kr., þetta jöfnunargjald, sem er verið að leggja á, sé nær því að vera 1 milljarður en 700 millj. Það setur dálítið fótinn fyrir mig persónulega, að þarna sé verið að taka meira en verið er að segja okkur að eigi að taka. Það finnst mér heldur mæla gegn þessu. Það er eins og það sé verið að lauma inn hærra gjaldi en þó hefði kannske þurft að vera.

Niðurstaðan af þessum hugleiðingum mínum er sú enn fremur, að mér finnst ég ekki hafa öðlast tilfinningu fyrir því, að RARIK hafi aðlagað gjaldskrár sínar nægilega vel gjaldskrám þéttbýlisstaðanna sem sífellt er verið að miða við í öllum samanburði, og loks finnst mér að þessi skattur sé verðbólguhvetjandi, en það er eitt af því sem við viljum gjarnan forðast nú.

Að öllu þessu athuguðu, sem ég hef nú talið fram, verð ég að játa að á þessu stigi málsins er ég fremur neikvæður gegn þessu gjaldi, en geymi mér þó að taka lokaákvörðun uns mér finnst fyllri og betri gögn hafa verið lögð fram og málið hefur verið rannsakað ítarlega í viðkomandi nefnd.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tel rétt að koma inn í þessa umr. með örfáar ábendingar vegna atriða sem fram hafa komið í máli hv. þm. Mér sýnist það vera grundvallarathugasemd, sem hér er fram borin gegn gjaldinu, að það verki ekki til raunverulegrar verðjöfnunar á raforku, eins og nafnið bendir til. Ég fjallaði við umr. málsins í Nd. nokkuð um þetta og ég skal endurtaka hér ábendingar sem þar komu fram í máli mínu og fleiri manna er tóku þar þátt í umr.

Ég held að það ætti að vera hv. þm. ljóst, að mjög auðvelt er að beita gjaldheimtu sem þessari til verðjöfnunar þegar um er að ræða að innan vébanda fyrirtækjanna, sem njóta gjaldsins og það rennur til eftir þeim hlutföllum sem frv. gerir ráð fyrir, er mikill minni hluti orkukaupenda. Gjaldið er lagt sem prósenta á selda raforku hjá flestum fyrirtækjum, með undantekningum þó sem hér hafa m. a. komið fram, og þannig safna menn tiltekinni upphæð sem að miklum meiri hluta rennur til þeirra fyrirtækja sem hæsta gjaldskrá hafa. Ég tel að ekki þurfi að eyða mörgum orðum að því, svo augljóst sem það er, að slík blóðgjöf geri viðkomandi fyrirtæki léttara fyrir og hún á að gera því kleift að halda niðri verði á seldri raforku og getur auk þess mismunað þar eftir töxtum, eins og lagt er til í sambandi við þetta frv.

Það komu fram ábendingar hjá hv. þm. Braga Sigurjónssyni um það, að þessi álagning skilaði hærri útkomu en látið er að liggja og fram kemur í tölum í fjárlagafrv. Fór hann þar eftir — að ég hygg — ábendingum frá Sambandi ísl. rafveitna, sem hefur sent oftar en einu sinni gögn til þm. í tengslum við meðferð málsins hér á Alþ. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram, að þarna er ekki verið að beita neinum bellibrögðum. En það er kannske ofureðlilegt að mönnum sjáist yfir að þær 1200 millj., sem renna til Rafmagnsveitna ríkisins, eru ekki heildargjaldið. 20% gjaldsins renna til Orkubús Vestfjarða og það eru um 300 millj. eða svo. Heildarinnheimtan er því um 1500 millj. að óbreyttu gjaldi eins og það var á síðasta ári, 13% gjaldi. Er talið að það skili 1500 millj. og 6% viðbótin um 700 millj. til viðbótar miðað við árið í heild. En nú er liðið á árið, einn mánuður og rösklega það liðinn af árinu, þannig að sú upphæð hefur þegar rýrnað nokkuð. Skipting þessa viðbótargjalds deilist í sömu hlutföllum og áður var, 80% til Rafmagnsveitnanna og 20% til Orkubús Vestfjarða, þannig að miðað við að það hefði gilt frá áramótum var

hlutur Rafmagnsveitnanna áætlaður 540 millj., en Orkubús Vestfjarða 160 millj., að mig minnir.

Það er e. t. v. ástæða til að benda á og taka undir það sjónarmið sem hér hefur komið fram, að vissulega væri beinni leið til verðjöfnunar og árangursríkari að láta vera að leggja þetta verðjöfnunargjald á viðskiptavini þeirra rafveitna þar sem gjaldskrár eru hæstar fyrir, eins og hjá Rafmagnsveitunum. Og það var vissulega í mínum huga við undirbúning málsins að þetta kæmi til álita. En ég er hræddur um að viðtökur hv. alþm., sem hafa lýst sig andvíga þessu eða eru á báðum áttum um hvort þeir eigi að styðja þetta, hefðu ekki verið miklu jákvæðari ef við hefðum farið þá leið að fella niður þetta verðjöfnunargjald á þá sem hæst raforkuverð greiða fyrir. Ég hefði persónulega kosið þá leið og talið hana mjög eðlilega. En það komu fram ábendingar við undirbúning málsins um að hún mundi mæta mikilli andstöðu og ekki vera vænleg til þess að málið næði fram að ganga, og því var haldið sama hætti og áður, að leggja þetta prósentugjald jafnt á alla. Þannig gerist það sem allir, sem reikning kunna, sjá í hendi sér, að viðskiptavinir Rafmagnsveitna ríkisins greiða í krónum talið hærri upphæð fyrir hverja kwst. en viðskiptavinir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, svo dæmi séu tekin. En með tilfærslu innan fyrirtækisins er unnt að beita gjaldinu til verðjöfnunar og unnt að fresta gjaldskrárhækkunum sem rekstrarstaða fyrirtækisins ella kallaði á. Það er því engan veginn á rökum reist að telja að hér sé ei um gjald að ræða sem auðvelt sé að beita og hljóti að koma viðskiptavinum þeirra rafveitna til góða þar sem gjaldskrár eru hæstar fyrir.

Við athugun á hugsanlegri hækkunarþörf rafveitna í landinu, sem fram hafa farið undanfarið í tengslum við hækkanabeiðnir, hefur komið í ljós, að miðað við að frá ríkinu kæmi framlag til Rafmagnsveitnanna til að létta skuldabyrði þeirra sem næmi 600 millj. kr., eins og ráð hefur verið fyrir gert í tengslum við lánsfjáráætlun, og miðað við að verðjöfnunargjaldið verði 19%, þá ætti að vera unnt að standa gegn hækkun á hinum almennu töxtum hjá Rafmagnsveitunum. Það ætti ekki að þurfa að koma til hækkunar þeirra, en hins vegar þyrfti hækkun á heildsöluverði raforku að koma inn í þeirra reikninga, þannig að verðið stæði ekki að fullu í stað. Þetta tel ég að sýni glögglega að þær aðgerðir, sem ríkisstj. beitir sér fyrir og hefur í undirbúningi í sambandi við þetta mál, eru liður í því að jafna þann mismun sem er á raforkuverðinu. Og svo að dæmi sé tekið frekar um þetta, þá lá það fyrir, að miðað við að orðið yrði að nokkru við beiðni Landsvirkjunar um hækkun á heildsöluverði, um eitthvað 25%, sem var eitt af því sem var til athugunar, og miðað við að verð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hækkaði, að mig minnir, um 15%, þá hefði ekki þurft að koma til sérstakrar hækkunar á gjöldum hjá Rafmagnsveitum ríkisins umfram heildsöluverðshækkun hliðstæða því sem félli í hlut Landsvirkjunar.

Að öðru leyti vil ég segja um málið, að hér er auðvitað spurningin fyrst og fremst um það, hvernig réttlætið eigi fram að ganga, ef menn á annað borð vilja styðja það sjónarmið að eðlilegt sé að reynt sé að jafna verð á nauðþurft sem rafmagn milli landsmanna. Þetta er ein leið, og ég hef enga ástæðu til að halda því fram að hún sé sú eina eða endilega sú réttasta. Það er hér farin nokkuð troðin slóð. Ég er fylgjandi því og því meðmæltur, að við athugun á þessum málum framvegis verði leitað annarra leiða til þess að bæta stöðu Rafmagnsveitnanna. Þar er ýmislegt í gangi sem koma mun að gagni ef það kemst í höfn, eins og ég gat um í framsöguræðu minni, eins og skipulagsbreyting í raforkuiðnaðinum sem tryggði sama heildsöluverð *til allra landshluta*. Það *væri spor í rétta* átt. En ég er því einnig mjög fylgjandi, eins og fram hefur komið, að ríkið sem eigandi Rafmagnsveitnanna leggi til þeirra árlegt eigandaframlag til þess að koma á móti þeim félagslegu eða óarðbæru framkvæmdum sem þeim er gert að standa í samkv. ákvörðun Alþingis.

Ég treysti því að hv. alþm. og þm. í þessari d. sjái sér fært að stuðla að framgangi þessa frv. nú og hafi það í huga, að iðnrn. er reiðubúið til þess að taka við ábendingum um aðrar leiðir, sem þeir telja farsælli til að ná fram verðjöfnun í landinu, og hafa þær til hliðsjónar við frekari athugun þessara mála.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við það frv. sem hér liggur fyrir, þar sem það stuðlar að vissu marki að verðjöfnun á raforku til heimilisnota, þó að á því séu augljósir gallar, eins og margoft hefur verið rætt um. *Ég vil vekja athygli á því*, að eins og nú er háttað í fjármálum er brýn nauðsyn að RARIK og Orkubú Vestfjarða fái þessar tekjur nú og það verði ekki skilist við þetta mál þannig á Alþ. að það fái ekki afgreiðslu.

Ég vil leggja áherslu á brýna nauðsyn þess, að ráðstafanir verði gerðar til að jafna þann óviðunandi mismun á raforkuverði í landinu sem er nú að skapa vissa hættu á byggðaröskun til tjóns fyrir alla, ef ekki hillir undir úrbætur. Þær ráðstafanir, sem þetta frv. felur í sér, jafna þennan aðstöðumun að litlu leyti, en eru þó viðleitni í rétta átt og hamla gegn frekari hækkunum, og þetta er það form sem áður hefur tíðkast. Hins vegar get ég fallist á þau rök, að e. t. v. sé réttara að leysa fjárhagsvanda RARIK á annan hátt. Það þarf að skoða með framtíðarlausn í huga og er hlutverk Alþingis.

Ég minni á eitt mikilsvert atriði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna sem fram kemur í aths. með þessu lagafrv., að mörkuð verði ný stefna í orkumálum með það að markmiði að tryggja öllum landsmönnum næga og örugga raforku á sambærilegu verði. Við dreifbýlisfólk bindum miklar vonir við þetta atriði. Framsfl. hefur barist fyrir þessu máli, og vil ég vísa um það til *þáltill. þm. flokksins frá síðasta þingi um skipulag* orkumála sem undirstrikar stefnu flokksins. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar, að stefnt skuli að jöfnun orkukostnaðar um land allt. Í því skyni skal lögð áhersla á að tengja saman raforkukerfi einstakra landshluta og tryggja þannig sem hagkvæmastar framkvæmdir og rekstur með samkeyrslu allra orkuvera og dreifikerfa. Í þessum tilgangi skal stefnt að eftirgreindu skipulagi orkumála:

1. Unnið verði að því að koma á fót einu fyrirtæki, sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta. Ríkisstj. taki í þessu skyni upp samninga við Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Andakílsárvirkjun, Rafveitu Vestmannaeyja, Rafveitu Siglufjarðar og aðrar rafveitur, sem eiga og reka orkuver, um sameiningu slíks rekstrar í einni landsveitu. Aðilar að þessu fyrirtæki og stjórn þess verði ríkissjóður og landshlutaveitur. Eignarhluti ríkissjóðs skal aldrei vera minni en 50%. Fyrirtækið undirbýr virkjanir og lætur virkja.

2. Unnið verði að því að koma á fót landshlutaveitum, sem annist alla dreifingu og sölu á raforku í viðkomandi

landshluta. Landshlutaveitur þessar geti einnig annast rekstur hitaveitna. Þær sjái um framkvæmdir sem nauðsynlegar eru vegna viðkomandi rekstrar. Aðilar að slíkum landshlutaveitum og stjórnum þeirra verði sveitarfélögin og landsveitan.

3. Orkustofnun verði ríkisstj. til ráðuneytis um orkumál og annist upplýsingasöfnun hvers konar um orkulindir þjóðarinnar, geri áætlanir um nýtingu þeirra og annist frumrannsóknir fyrir virkjanir. Orkustofnun veiti landsveitunni og landshlutaveitum nauðsynlega þjónustu."

Ég vænti þess að núv. hæstv. ríkisstj. dragi ekki lengi að leggja fram stjfrv. um þetta mál sem verði í samræmi við stefnu okkar framsóknarmanna. Raunar hefur hæstv. orkumrh. lýst því yfir hér á Alþ. að slíkt frv. sé á lokastigi.

Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli á málflutningi hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur um þetta mál í hv. d. í gær, þar sem hún andmælti þessu frv. harðlega. Sagði hv. þm. m. a. að það væri mikið óréttlæti að byggðarlag, er býr við góða aðstöðu, væri látið greiða til annars byggðarlags, er býr við lakari aðstöðu. Mín skoðun er sú, að þessi túlkun sé bæði röng og hættuleg. Við Íslendingar erum fámenn þjóð í stóru og um margt erfiðu landi. Velferð okkar byggist á því, að byggð sé sem víðast í landinu framleiðsla, bæði til innanlandsþarfa og útflutnings, fari fram sem víðast, þar sem hagkvæmt er, og að samstarf og samvinna milli þéttbýlis og strjálbýlis séu víðtæk og traust, allir íbúar landsins njóti sömu réttinda sem nútímaþjóðfélag á að gefa þegnum sínum á öllum sviðum. Til þess að svo megi verða byggjum við upp lýðræðisskipulag okkar og m. a. sitjum hér á Alþ. til að setja lög er tryggi þetta jafnræði, þessi sjálfsögðu mannréttindi þegnanna. Um þetta ættu allir að vera sammála.

Ég vil benda hv. alþm. Ragnhildi Helgadóttur og öðrum skoðanabræðrum hennar á þá staðreynd, að enn er langt í land að við íbúar þessa lands búum við sambærilega aðstöðu hvar sem við búum í landi okkar. Ég minni á hinn mikla mun á raforkuverði, upphitunarkostnaði, símkostnaði, flutningskostnaði á nauðsynjum, þar sem getur munað allt að 12—20 kr. á einu sykurkg úti um land eða hér í Reykjavík. Ég minni á öryggisleysi í samgöngum, lélegt vegakerfi. Ég þarf t. d. að endurnýja bifreið á tveggja eða þriggja ára fresti þegar þm. hér í Reykjavík þurfa ekki að endurnýja hana nema á 8—10 ára fresti.

Hv. þm. minntist einnig á byggingarkostnaðinn. En ég vil minna á að bygginarkostnaður úti um land er miklum mun hærri en á Reykjavíkursvæðinu, m. a. vegna þeirrar aðstöðu sem ég minntist á áðan. Þar við bætist að endursala slíkra íbúða er mun lægri úti um land en á Reykjavíkursvæðinu vegna hins óhagstæða aðstöðumunar til búsetu sem ég hef áður minnst á.

Hvað segðu hv. þm. Reykjavíkursvæðisins ef byggðarlögin úti um landið, sem framleiða meiri hluta af útflutningsvörum þjóðarinnar, sem getur numið frá 2 til 3 millj. kr. á hvern íbúa, gerðu þá kröfu að ráðstafa stórum hluta gjaldeyristekna, sem þeir afla, að eigin geðþótta til sérþarfa byggðarlaganna og láta önnur byggðarlög, er ekki afla gjaldeyris, greiða sérstaklega fyrir að fá að nota gjaldeyrinn? Í umr. sem þessum hefur þetta sjónarmið oft heyrst. En ég endurtek að við eigum ekki að tala svona. Við erum öll á sama báti í litlu þjóðfélagi. Við eigum að styðja hvert annað, hvort sem við búum í þéttbýli eða strjálbýli, og stefna markvisst að því, að þjóðin hafi góð og sem jöfnust lífskjör hvar sem hún býr í landinu. Þá mun okkur vel farnast.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég vil lýsa andstöðu minni við þetta frv. Mér hefur aldrei geðjast að þessu gjaldi og tel að nú, þegar er mikil verðbólga og skattþján með eindæmum, sé ekki á bætandi og þess vegna óskynsamlegt að fara þessa leið. Engu að síður geri ég ráð fyrir að þetta frv. kunni að verða samþ. Þess vegna hreyfi ég hér máli, sem ég bið hv. n., sem málið fær til umfjöllunar, að athuga, en það er erindi Siglufjarðarkaupstaðar. Ég leyfi mér að lesa upp bréf frá rafveitustjóra Rafveitu Siglufjarðar til iðnrh. Það er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Í bæjarstjórn Siglufjarðar var gerð eftirfarandi samþykkt hinn 11. jan. s. l.:

Bæjarstjórn Siglufjarðar samþykkir að krefjast þess, að sanngjarn og réttmætur hluti verðjöfnunargjalds verði greiddur Rafveitu Siglufjarðar. Kröfur sínar byggir bæjarstjórn á því, að Rafveita Siglufjarðar hefur nýlokið við viðbótarvirkjun Neðri-Skeiðsfoss og því þungar greiðslubyrðar vegna afborgana og vaxta, gengistryggðra lána og vísitölubundins láns fyrstu árin. Verði ekki fallist á þessa kröfu bæjarstjórnar sér bæjarstjórn Siglufjarðar engar frambærilegar forsendur til að krefja Rafveitu Siglufjarðar um verðjöfnunargjald með tilliti til fjárhagsstöðu Rafveitunnar.

Samþykkt var að fela rafveitustjóra og rafveitunefnd að vinna að framgangi þessarar samþykktar við stjórnvöld.

Um leið og ég kem þessari samþykkt bæjarstjórnar á framfæri við yður leyfi ég mér að benda á að nú er tækifærið að breyta lögunum um verðjöfnunargjald, sem liggja óafgreidd fyrir Ed. Alþingis. Hugmynd okkar er að opna heimild fyrir Orkusjóð til að veita öðrum en RARIK og Orkubúi Vestfjarða styrk af verðjöfnunargjaldi. Til þess að svo mætti verða þarf síðari málsgr. 1. gr. laganna t. d. að orðast svo:

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og annarra rafveitna, sem við sambærilegan fjárhags- og orkuöflunarvanda eiga að etja, samkv. ákvörðun ráðh. orkumála hverju sinni. Sá hluti verðjöfnunargjaldsins, sem sameiginlega kemur í hlut RARIK og Orkubúsins, skiptist milli þeirra þannig að RARIK fái 80%, en Orkubúið 20%.

Til rökstuðnings þessu máli bendum við á allar fyrri samþykktir bæjarstjórnar og grg. rafveitunefndar og rafveitustjóra, sem yður hafa verið sendar.

Virðingarfyllst.
Rafveita Siglufjarðar.
Sverrir Sveinsson."

Eins og orðalag það, sem hér er stungið upp á að verði á greininni, ber með sér, yrði varla um aðra að ræða en Siglufjarðarkaupstað, auk RARIK og Orkubús Vestfjarða, sem slíkan styrk fengju, því að það er talað um sambærilegan fjárhags- og orkuöflunarvanda, en svo háttar til á Siglufirði að Rafveita Siglufjarðar á bæði virkjanir og flutningslínur og selur m. a. rafmagn inn á kerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Það er því fullkomið sanngirnismál, að Rafveita Siglufjarðar sitji við sama borð og Orkubú Vestfjarða.

Þarna er ekki farið fram á neinar stórar fjárhæðir,

þetta er og aðeins heimild til handa orkumálaráðh., og *mundu væntanlega örfáar prósentur gjaldsins renna til* Siglufjarðar áður en skipting færi fram á milli RARIK og Orkubús Vestfjarða. Ég held að hér sé um fullkomið sanngirnismál að ræða sem ekki verði fram hjá gengið nema óréttur eigi að ríkja, því að þarna er um alveg sérstakar aðstæður að ræða, enda lagt til að orðalagið verði eins og ég áður gat, að það sé um sambærilegan vanda að ræða við þann sem t. d. Orkubú Vestfjarða á við að etja.

Ég vona að hv. n. taki þetta mál til vinsamlegrar athugunar, en mun annars flytja um það sérstaka brtt. við 2. umr. ef til þess þarf að koma, sem ég vona að ekki verði því að n. muni sýna sanngirni í þessu efni.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Vegna þess erindis, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var að kynna og mér hefur borist frá Rafveitu Siglufjarðar, tel ég rétt að hv. þm. hér í d. hafi í huga, að þótt það liggi fyrir að Rafveita Siglufjarðar á við nokkra erfiðleika að etja vegna fjárhagsbyrðar af lánum vegna virkjunar sem ráðist var í þar fyrir nokkru, þá tel ég ekki vera fullgild rök fyrir því að taka þessa rafveitu inn í þann hóp sem gert er ráð fyrir að njóti góðs af verðjöfnunargjaldi.

Ástæðan fyrir því, að ég tel mig ekki geta mælt með þessu, er sú, að Rafveita Siglufjarðar hefur ekki talið nauðsynlegt að bregðast við þeim fjárhagsvanda, sem hún hefur tjáð að hún eigi við að glíma, með því að hækka hjá sér raforkuverð. Samkv. því verði, sem gilti 1. okt. s. l. og prentað var í yfirliti um gjaldskrár rafveitna, liggur fyrir að verð til heimilisnotkunar hjá Rafveitu Siglufjarðar er 19.80 kr. á kwst., eða 2 aurum lægra en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þetta á við heimilistaxtann og svipað er þetta um iðnaðartaxtann.

Þó að ég hafi fulla samúð með Rafveitu Siglufjarðar og skilji þá erfiðleika sem hún á við að etja, eins og margar aðrar rafveitur í landinu, — ég hugsa að Rafmagnsveita Reykjavíkur geti fært fram ýmislegt sem er henni til íþyngingar og erfiðleika og hafi raunar gert það í sambandi við umsóknir um gjaldskrárhækkanir, — þá tel ég að þetta fyrirtæki hafi ekki þá sérstöðu sem geri eðlilegt að við óskum hennar sé orðið að þessu leyti. Hitt er svo annað mál, að *ég tel mjög eðlilegt að á vanda þessa* fyrirtækis sé litið með tilliti til lengri tíma m. a., og ég hef látið það koma fram við þá sem til mín hafa leitað varðandi þessa erfiðleika, að iðnrn. sé reiðubúið til að taka upp viðræður við Rafveitu Siglufjarðar um erfiðleika hennar með það í huga að athuga, hvaða leiðir eru helstar út úr þeim.

Þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram vegna þessa erindis.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það kom mér helst og fyrst í hug undir ræðu hv. þm. Jóns G. Sólness áðan, er hann andmælti þessu frv., að ekki eru öll ráð þjóðráð, og á það ekki síst við þegar orkumálin eru til umr., og verðum við þó að notast við þau í bili. Hv. þm., sem sjálfur hefur með nokkru stolti og við allgóðar undirtektir viturra manna kallað sig kommúnista í orkumálum, hefur þráfaldlega lýst yfir stuðningi við hugmyndir okkar Alþb.-manna og síðan framsóknarmanna um varanlega lausn á því máli er lýtur að sæmilegri jöfnun á raforkuverði um landið. Ég þori ekki að fullyrða, en þó mætti segja mér að hugmyndir hv. þm. í þessa *átt hafi jafnvel verið mótaðar áður en* Alþb. gaf út orkubókina sína og þar af leiðandi löngu áður en framsóknarmenn lögðu fram þáltill. sína í þessum efnum.

Ég get tekið undir rökstuðning hv. þm. Alexanders Stefánssonar, sem lýtur að útfærslu á hugmyndinni um það sem hér hefur komið fram hjá andmælendum þessa frv. sumum hverjum, hvernig einstök byggðarlög eigi að búa að sínu og láta skrattann hirða þann síðasta — einmitt hugmynd hv. þm. um að gera endanlega upp dæmið, hvernig hin litlu sjávarpláss úti á landi mundu nú standa ef spurningin stóra um gjaldeyriseignina, um útflutningsverðmætin, kæmi til endanlegs útreiknings. Ef við tækjum fyrir sjávarpláss eins og Ólafsvík eða þá litlu Raufarhöfn og gerðum það upp, hvort þessi pláss fengju meiri verðmæti frá ríkinu en þau verðmæti sem fólkið á þessum litlum stöðum lætur landsbyggðinni í heild í té, þá kynni þetta dæmi að verða í þessu tilfelli íbúum þessara litlu sjávarplássa mjög í vil, eða — ef við viljum taka það frá sjónarhóli þeirra sem aðhyllast nú þessa hugmynd að hver skuli búa að sínu — þá mjög í óhag.

Þegar hv. þm. í þessari d. hafa vitnað til þess í andmælum sínum gegn frv. þessu, að með því sé stefnt að því að svipta þau byggðarlög, sem hagsýni hafa sýnt í orkumálum á liðnum árum, þeim hag sem þau hafa af þessari skynsamlegu hagsýslu sinni, þeim hag sem íbúar þessara staða hafa af framsýni og ráðdeild á liðnum árum í orkumálum, *þá vill gjarnan gleymast að taka tillit til þess*, að ríkið, eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason vakti athygli á, er helmingseignaraðili að Landsvirkjun. Hvað sem fjármögnun Laxárvirkjunar viðvíkur, — um það atriði vil ég ekki deila við hv. þm. Braga Sigurjónsson, — þá er hitt staðreynd, að ríkið stóð fyllilega að lánsútvegun og ábyrgðum á lánum til Sogsvirkjunar og síðar til Landsvirkjunar og er helmingseignaraðili að þessum fyrirtækjum sem sjá nú hinum fjölmennustu byggðum landsins fyrir raforku á miklu lægra verði, hér um bil helmingi lægra verði, en það fólk verður að sæta sem býr á viðskiptasvæði Rafmagnsveitna ríkisins. Það er ekki íbúum RARIK-svæðisins að kenna, þeir áttu enga aðild að þeim samningi fremur en hv. þm. Karl Steinar Guðnason átti aðild prívat og persónulega að þeirri samningsgjörð sem batt okkur til sölu á raforku til álversins í Straumsvík allar götur til ársins 1997 á föstu verði sem samsvarar, að því er mér virðist, 1/14 hluta af söluverði rafmagns á RARIK-svæðinu. Þetta verð er fastbundið, þannig að því miður getum við ekki lagt verðjöfnunargjald á raforkuna til álversins í Straumsvík, fastbundið til 1997, og við gætum ekki einu sinni með lagasetningu kveðið öðruvísi á, þar sem ákvæði samkv. samningi við Alusuisse eru þannig, að við eigum að hlíta úrskurði erlends gerðardóms til þess að fá þar nokkru um þokað.

Því miður er ég hræddur um að hið sama *muni* verða upp á teningnum um aðstöðu okkar gagnvart járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði. Ég man ekki betur en í samningi við norsku verksmiðjurnar Elkem sé það bundið óhagganlega, og þá ekki síst með tilliti til viðbótarsamningsins, á hvaða verði við hljótum að selja þessu fyrirtæki orku og að við eigum þess ekki kost að leggja verðjöfnunargjald ofan á það verð. Hafa nú þeir hv. þm., sem greiddu atkv. af mestri einurð með þeirri samningsgerð, rétt eina ástæðuna til að fagna.

Það er vafalaust rétt, sem Bragi Sigurjónsson sagði, að

viðskiptamenn Laxárvirkjunar hafa staðið straum af afborgana- og vaxtagreiðslum af öllum lánum Laxárvirkjunar, en ekki alveg með sama hætti. Ýmsir af viðskiptavinum Laxárvirkjunar hafa gert þetta öðrum fremur, þar sem rafmagnið er selt á hærra verði utan Akureyrar en í Akureyrarbæ, eða raunverulega í heimabyggð aðaleignaraðila. Þetta út af fyrir sig breytir ekki því, að ríkið á sinn hlut í Laxárvirkjun, einhvers staðar á milli 30 og 40%. Ég er alveg viss um að ef upp yrði nú gerður með hinu nýja skyni á verðbreytingu á peningum, sem nú virðist vera að þróast með mönnum í sambandi við ítarlegar umr. um verðbólgumálin, ef hugað yrði að þeim hag sem viðskiptamenn Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar hafa haft af því fé, sem ríkið lagði í þessi fyrirtæki á sínum tíma, að þeim hag sem viðskiptamenn þessara fyrirtækja á markaðssvæðum þeirra hafa haft af þessu „kapítali" ríkisins um áratugi, þá mundi koma í ljós að íbúar RARIK-svæðisins, sem vissulega áttu sinn hlut í þessu „kapítali", kynnu að eiga talsverða peninga þarna inni.

Ég ítreka það sjónarmið mitt, sem raunar hefur komið fram hjá hæstv. ráðh. sjálfum, að hér neytum við ekki hinna bestu ráða. Við getum ekki kallað þessa lausn þjóðráð, þó að við eigum nú ekki annarra ráða völ. Við eigum þess ekki kost að leysa vanda Rafmagnsveitnanna á þann hátt á þessu ári sem við teljum æskilegan til frambúðar, enda hef ég ekki heyrt hv. þm., sem gagnrýnt hafa frv., þó að þeir viti fullvel hvernig á því stendur núna, því að þeir hnútar voru riðnir fyrir löngu sem við þurfum nú á að herða, — ég hef ekki heyrt þessa hv. þm. benda á önnur ráð raunverulega við þeim bráða vanda sem hér er við að glíma.

Ég tel að þær hugmyndir, sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason setti fram í ræðu sinni áðan um orkuskatt, um aðrar aðferðir til þess að ná fram jöfnuði af því tagi sem við nú viljum, séu íhugunarverðar. Ég hygg að hann hafi lagt talsverða vinnu og notið góðra ráða í sambandi við gagnasöfnun í ræðu þeirri sem hann flutti áðan, þótt honum yfirsæist þetta, og ég ítreka það, — ég tók ekki alveg eftir því, hvort hv. þm. var viðstaddur áðan, er ég drap á bindinguna á raforkuverðinu til álversins, — að þetta lága verð, þetta hlægilega lága verð er bundið með lögum geirnegldum með ákvæði um erlendan gerðardóm fram til ársins 1997. Mér er það kunnugt að hv. þm. átti enga aðild persónulega að gerð þess samnings, en flokkur hans stóð að gerð þess samnings alveg heill og óskiptur, sem skiptir út af fyrir sig ekki máli þegar við erum að ræða þetta mál núna. Þar verður því miður engu um þokað.

Ég er hræddur um að á sama hátt og honum hefur skotist í þessu atriði, þó hugsun hans væri fróm, og gjarnan hefði ég viljað stuðla að slíku, hafi honum skotist þegar hann ímyndar sér að hægt sé nú að knýja fram svokallaða Gljúfurversvirkjun við Laxá. Um þetta atriði höfum við deilt talsvert hér á þingi á liðnum árum og orðið, ef svo má segja, þegjandi samkomulag á milli okkar hv. þm. Braga Sigurjónssonar um að gera það ekki lengur vegna þess að á meðan menn renna hýru auga til Laxárdals í þessu skyni, að drekkja honum til þess að ná raforku á þessu svæði, þá fæst engin lausn á raforkumálum Norðurlands, heldur illindi ein saman, og fyrr mun Karl Steinar Guðnason hnekkja hinum járnbenta samningi um raforkuverð til Alusuisse en slíkt hafist fyrir norðan, enda hefur verið gengið frá sátt í því máli endanlega á milli ríkisvalds, Laxárvirkjunar og eignaraðila og landseta á þessu svæði fyrir norðan og þaðan munum við ekki fá meiri orku.

Hugmyndir hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar um aðrar leiðir og e. t. v. virkari til frambúðar til þess að ná inn framkvæmdafé og fé til þess að lækka raforkuverð eru sannarlega íhugunarverðar, en endanlega lausn á þeim vandamálum, sem lúta að raforku kringum þetta strjálbýla land, fáum við ekki fyrr en höfum komið fram þeim hugmyndum sem lúta að sameiginlegu fyrirtæki til raforkuöflunar og raforkudreifingar í kringum landið.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu af minni hálfu til þess að ræða þetta mál frekar, en lýsi yfir stuðningi við frv.

Umr. frestað.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 228). — 3. umr.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Aðeins örstutt aths.

Þegar mál þetta var hér til 2. umr. á dögunum, þá tók ég til máls og lýsti nokkrum efasemdum mínum í sambandi við framkvæmd þessara laga. Síðan hef ég orðið mér úti um lögin sjálf, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Í 2. gr. þessara laga stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ábyrgðin tekur til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir skv. lögum nr. 3 12. apríl 1978, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl."

Mér finnst þetta ákvæði laganna vera svo alhæft, að þarna sé fyllilega ástæða til þess að fara að með gát. Að fara svo að auka þetta frekar án þess að gera á því nauðsynlegar úrbætur er að mínum dómi mjög vafasamt. Ég tel ekki rétt að það sé lögð sú kvöð á ríkissjóð að hann eigi að borga undir öllum kringumstæðum launakröfur sem lagalega geta haft forgangsrétt í þrotabúi, hvernig svo sem til þeirra er stofnað. Það getur vel verið að fyrirtæki fari á hausinn fyrir óstjórn og vitleysu ráðamanna þeirra, þeir geta verið búnir að gera einhverja bindandi launasamninga sem er lögum samkv. heimilt. En að binda ríkissjóði slíka bagga er mér áhyggjuefni. Þó að ég sé mjög hlynntur hinum frjálsa kapítalisma og starfsemi í anda hans hef ég engan áhuga á því að skapa kapítalistunum mjög greiðan aðgang að ríkissjóði. Ég vil láta menn bera ábyrgð á gerðum sínum. Ég vil beina því til aðila, sem hafa sérstakan áhuga á þessum lagaákvæðum, að ég tel t. d. ekki óeðlilegt að þarna væru þó sett einhver takmörk á, t. a. m. að þeir, sem eiga að njóta þeirra réttinda sem lögin kveða á um, væru t. d. innan ASÍ eða eitthvað slíkt.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég átti von á því að það væri hægt að ljúka þessari umr. og afgreiða málið í d. Ég kannast við þær aths., sem hv. 2. þm. Norðurl. e. kom inn á, en átti von á því, að ef hann teldi ástæðu til kæmi fram brtt. við frv. Það hefur ekki orðið. Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann óski eftir því að n. athugi þetta áður en deildin afgreiði málið. Ef engin ósk kemur fram um það, og fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs, þá er umr. lokið og verður gengið til atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 49. fundur.

Miðvikudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, frv. (þskj. 274). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 75). — Frh. 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) [frh.]: Herra forseti. Ég mun hafa verið þar kominn máli mínu sem ég var að svara þeim tilmælum hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, að Alþfl. og þá væntanlega Alþb. líka tækju höndum saman við Framsfl. um nýskipan í stefnu í landbúnaðarmálum. Ég mun hafa sagt einhvern veginn á þá leið, að að sjálfsögðu værum við Alþfl.-menn nú sem fyrr reiðubúnir til þess að taka höndum saman við Framsfl. eða hvaða aðra flokka sem væri um mótun nýrrar og skynsamlegri stefnu í landbúnaðarmálum heldur en fylgt hefur verið. Hins vegar er það ekki mitt verk að svara fyrir Alþb. Það er annarra verk, en mér þykir heldur ólíklegt að við mundum geta átt samleið um þau mál. Við nánari athugun hef ég mér til gamans sett á blað nokkur efnisatriði skoðunar sem mér finnst að Alþb. hafi haft í þessum málum og menn eru að kallsa með það sér til gamans hér í þinginu, en ég held að ég láti þar við sitja og fari ekki að ræða það frekar hér.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson fann það helst til málsbóta þeirri skipan, sem verið hefur á útflutningsuppbótum vegna landbúnaðarafurða, verðábyrgð ríkissjóðs í því skyni, að sú verðábyrgð hafi verið sett með lögum sem viðreisnarstjórnin sællar minningar sá um að sett urðu. Það er alveg rétt að sú breyting, sem gerð var á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins þar sem kveðið er á um verðábyrgð vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum, var gerð af þeirri ríkisstj. sem nefnd hefur verið viðreisnarstjórn. En um hitt erum við hv. þm. Stefán Valgeirsson ekki sammála, að öll þau verk, sem viðreisnarstjórnin gerði, hafi verið svo með afbrigðum góð að það geti ekki komið til að þau þurfi að betrumbæta. Ég tel að þó að viðreisnarstjórnin hafi gert margt gott, þá sé flest af því sem hún gerði þess eðlis að það megi bæta þegar árin líða. Um þetta virðumst við hv. þm. Stefán Valgeirsson alls ekki vera sammála, því að hann færði það sem helstu rök fyrir því að hafa þetta óbreytt með öllu, að viðreisnarstjórnin hafi gert þetta.

Við höfum auðvitað tvær ólíkar skoðanir á þessum málum, við hv. þm. Stefán Valgeirsson, en ég vil halda því fram samt sem áður, að hin almenna söguskoðun verði sú, að þótt söguskoðunin staðfesti þá niðurstöðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar að viðreisnarstjórnin hafi verið góð stjórn, þá sé ýmislegt, sem hún gerði, sem megi betrumbæta og þá ekki síst þegar jafnlangur tími er liðinn frá gerðum hennar og hér um ræðir.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurðist enn fremur fyrir um hvaðan þær upplýsingar væru fengnar sem koma fram í grg. með frv., að fyrir gildistöku þeirrar skipunar á verðábyrgð, sem hefur verið í lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, hafi útflutningur á landbúnaðarafurðum hæst numið 5.45% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Þessar upplýsingar eru fengnar frá Hagstofu Íslands. Hagstofa Íslands hefur gefið mér þær upplýsingar, að fyrir árið 1959—1960, þegar umrædd lög tóku gildi, hafi útflutningur á landbúnaðarafurðum hæst numið 5.45% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar á Íslandi. Ég ætla ekki að fara frekar út í þá sálma, en upplýsa það sem mér finnst sjálfsagt og eðlilegt, að ég treysti ummælum Hagstofu Íslands og upplýsingum um þessi efni. Í sambandi við það vil ég enn ítreka tilvitnun mína í ræðu Ingólfs Jónssonar, þáv. landbrh., frá því 11. mars 1960, þar sem þáv. hæstv. landbrh. sagði í Ed. orðrétt, með leyfi forseta:

„Og nú er öllum sú staðreynd ljós, að landbúnaðarframleiðslan vex ekki í hlutfalli við aukna notkun innanlands, ekkert í samræmi við fjölgun fólksins í landinu, og þess vegna er það rétt, að það eru litlar líkur til þess, að útflutningsbæturnar verði þungur baggi á ríkissjóði."

Þegar lögin eru sett er það sem sagt skoðun þáv. hæstv. landbrh. og flestra þm., að það megi ekki búast við að landbúnaðarframleiðslan vaxi í samræmi við fjölgun fólksins í landinu. Ég tók fram í fyrri ræðu minni, að þessi breyting á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem gerð var á þinginu 1959—1960, var einn þáttur í þeirri stefnu sem stjórnvöld mótuðu allt frá setningu afurðalaganna um að auka bæri framleiðslu landbúnaðarafurða vegna þess að það var skortur á landbúnaðarvörum á Íslandi. Flestallir þeir, sem upp aldir eru í kaupstöðum og kauptúnum og muna þá tíma, munu minnast þess, að á þeim árum var ákaflega erfitt t. d. með útvegun mjólkur og ýmissa mjólkurafurða og taka varð upp stranga skömmtun í mjög mörgum bæjum og þorpum á mjólk og smjöri. Ég veit meira að segja dæmi þess úr mínum uppvexti, að á þeim stað þar sem ég ólst upp, og ekki er nú ýkjalangt síðan, þá var mjólk ófáanleg nema fyrir ungabörn og þá sem við sérstaka sjúkdóma áttu að stríða. Þess vegna var sú stefna mótuð að styðja að því með styrkjum og lánafyrirgreiðslu og yfirleitt allri lagasetningu um málefni landbúnaðarins að hvetja til mjög aukinnar framleiðslu á landbúnaðarafurðum, vegna þess að það var mikill skortur á þeim í landinu. Einn þáttur þessa máls var sú skipan verðábyrgðar sem ákveðin var með breytingunni á lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins á þinginu 1959—1960. Eins og ég hef bent á, m. a. með tilvitnun í þáv. hæstv. landbrh. og tilvitnun í ummæli ýmissa þm. frá því ári, þá datt engum þm. í hug, allt frá hæstv. landbrh. og til óbreyttra þm., að sú staða gæti komið upp í landbúnaði, að umframframleiðslan á landbúnaðarvörum yrði svo mikil að sú hámarksverðábyrgð, sem lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins gerðu ráð fyrir, yrði notuð. Hæstv. þáv. landbrh. sagði, eins og ég vitnaði til áðan, að öllum væri sú staðreynd ljós, að landbúnaðarframleiðslan yxi ekki í hlutfalli við aukna notkun innanlands. Öllum er sú staðreynd ljós, sagði hæstv. ráðh., og þess vegna væru litlar líkur til þess að útflutningsbæturnar yrðu þungur baggi á ríkissjóði.

En auðvitað bar sú almenna stefnumörkun þann ár-

angur sem gerð var í landbúnaðarmálunum, m. a. með þessari lagabreytingu sem ég hef rætt um, að framleiðslan á landbúnaðarvörum jókst mjög hröðum skrefum uns svo var komið að framleiðslan á helstu afurðum íslensks landbúnaðar, — þar á ég við framleiðsluafurðir sauðfjárræktar og nautgriparæktar, — var orðin svo mikil að hún var orðin miklu meiri en landsmenn sjálfir þurftu á að halda og er nú orðin meiri en hámark verðábyrgðar gerir ráð fyrir að borið verði af ríkissjóði. Tvö s. l. ár hefur þannig þurft að útvega til þess að greiða niður útfluttar landbúnaðarafurðir meira fé heldur en lögin leyfa. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Því miður er framleiðslan orðin svo mikil, að af dilkakjöti framleiðum við nú í landinu um 40% meira en þjóðin þarf og af mjólkurafurðum er offramleiðslan svo mikil, að nú þegar eru fyrirliggjandi í birgðageymslum heils árs birgðir af smjöri, sem ekki er hægt að koma út innanlands, en verður að flytja til útlanda gegn verði sem, eins og ég upplýsti í fyrri ræðu minni, nægir ekki til þess að standa undir kostnaði sem af því hlýst að flytja inn fóðurbæti til að framleiða þessa vöru. Verðið, sem fæst á erlendum mörkuðum fyrir hvert kg af íslensku smjöri, nægir ekki til þess að greiða þann fóðurbæti sem fer í að framleiða þetta eina smjörkg. Ég held að það gefi auga leið, að þegar offramleiðsluvandi er orðinn slíkur, þá ber að snúa af þeirri braut, sem þetta vandamál hefur skapað, og til réttari vegar.

Ég hef ekki frekari aths. að gera við ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar að öðru leyti en því að benda á, eins og ég gerði á síðasta fundi, að það er út af fyrir sig ánægjulegt að allir þeir, sem um málefni landbúnaðarins tala nú, eru sammála um að þar sé við mjög alvarlegan vanda að etja, sem m. a. stafi af því, að framleiðslan á landbúnaðarafurðum sé orðin miklu meiri en nemur þörfum þjóðarinnar. Það fer enginn lengur upp í ræðustól hér á Alþingi án þess að láta í ljós þessa skoðun.

Ég sagði, að það væri ánægjulegt að menn skyldu vera komnir að þessari niðurstöðu, vegna þess að þetta er sú niðurstaða sem þm. Alþfl. hafa árum saman einir barist fyrir að gera mönnum ljósa, m. a. úr ræðustól hér á þingi. Út af fyrir sig er ánægjulegt að menn skuli nú vera orðnir sammála um eðli vandans, um að þetta vandamál sé til og um hvernig eigi að lýsa því. Hitt er hins vegar ekki ástæða til að vera ánægður með, að afkoma bændastéttarinnar og vandi landbúnaðarins skuli þurfa að hafa orðið með þeim hætti sem nú er til þess að mönnum yrði þetta ljóst. Það er ekki ánægjuleg tilhugsun, að menn skuli ekki hafa komið auga á þetta eða a. m. k. ekki viljað viðurkenna þetta fyrr en vandinn er orðinn svo mikill að við sitjum uppi með milli 300 og 400 þús. dilkaskrokka á hverju einasta ári umfram það sem við getum tekið til eigin nota. Það er ekki ánægjulegt, að þetta skyldi þurfa að gerast til þess að menn sæju og viðurkenndu offramleiðslu á mjólk og mjólkurafurðum. Þó að við Alþfl.-menn getum út af fyrir sig verið ánægðir með að nú skulum við ekki lengur einir þurfa að standa í því að gera fólki ljóst að við vanda er að etja í landbúnaðarmálum, þá er það ekki ánægjulegt fyrir þjóðina í heild, að ráðamenn þjóðarinnar, þ. á m. ráðh. og alþm., skyldu ekki hafa gert sér grein fyrir þessari einföldu staðreynd fyrr en svo er komið sem komið er.

Hv. þm. Páll Pétursson gerði í ræðu sinni nokkrar aths. við frv. þetta sem að verulegu leyti byggðust á misskilningi, byggðust á því, að hv. þm. hafi ekki gefið sér tíma til að lesa grg. frv. eða skoða þær talnalegu upplýsingar sem með því fylgja í töflum á bls. 6, 7 og 8. Hv. þm. Páll Pétursson sagði m. a., að ef frv. yrði samþykkt, og vísaði þar í töflu 1 og töflu 3, þá gerði frv. ráð fyrir að tekjutap bænda yrði á einu ári 2000 millj. kr. eða sem svaraði 500 þús. kr. á hvern bónda í landinu. Þessar yfirlýsingar hv. þm. sýna aðeins að þó svo við höfum flutt þetta frv. tvívegis á hinu háa Alþingi hefur hv. þm. Páll Pétursson ekki gefið sér tíma, hvorki í fyrra skiptið né í síðara skiptið, til þess að lesa grg., sem frv. fylgir, eða skoða þær upplýsingar, sem fram koma í töflunum á bls. 6, 7 og 8. I fyrsta lagi ætti hv. þm. að gera sér grein fyrir því, eins og glögglega kemur fram í töflu 1 á bls. 6, að sú verðábyrgð fyrir verðlagsárið 1977-1978, sem þar er gert ráð fyrir að ríkissjóður þurfi á sig að taka, er talsvert umfram leyfilegt hámark. Þar er gert ráð fyrir að útflutningsbætur þyrftu að vera 4.9 milljarðar kr. Það eru 13.8% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar á Íslandi eða um 3.8 prósentustig fram yfir leyfilegt hámark verðábyrgðar, þannig að bændur eiga ekki lögum samkv. kröfu til þess að fá úr ríkissjóði útflutningsbætur að upphæð 4.9 milljarðar kr. Er því auðvitað fjarstæða að nota þá tölu til samanburðar eins og hv. þm. gerði í þessum útreikningum sínum.

Í annan stað virðist hv. þm. ekki hafa enn skilið það, að eins og frv. er fram lagt og glögglega kemur fram í 2. gr. þess er ráð fyrir því gert, að markmið 1. gr. verði náð í áföngum á 4 árum, þannig að frv. verði ekki að fullu komið til framkvæmda, ef að lögum verður, fyrr en 4 árum eftir að það hefur verið samþ. og afgreitt frá Alþingi. Sú niðurstaða, sem hv. þm. komst að í máli sínu að mundi af hljótast ef frv. yrði samþ., er því í fyrsta lagi byggð á rangri viðmiðun, á miklu hærri tölu verðábyrgðar en bændur eiga kröfu á, og í öðru lagi ekki tekið tillit til þess, að niðurstaðan á að verða í áföngum á 4 árum. Það er því með öllu rangt að bændur muni tapa, eins og hv. þm. sagði, 2 milljörðum kr. ef frv. þetta yrði samþ., eða með hans eigin orðum sem svaraði 500 þús. kr. sem kaup hvers bónda í landinu mundi lækka. Ef frv. hefði verið samþ. þannig að það hefði tekið gildi á verðlagsárinu 1977-1978 hefði verðábyrgð numið sem hér segir: Vegna útflutnings á afurðum nautgriparæktar, 8% af samanlögðu heildarframleiðsluverðmæti þeirrar búgreinar, 1355 millj. kr. Vegna bráðabirgðaákvæðanna í 2. gr., sem kveða á um að verðábyrgð vegna útflutnings á afurðum sauðfjárræktar megi nema allt að 20% heildarverðmætisins, þá yrði verðábyrgð ríkissjóðs vegna útflutnings á sauðfjárafurðum 2712 millj. kr., ef frv. hefði verið samþ. þannig að það hefði tekið gildi fyrir verðlagsár 1977-1978. Samanlögð verðábyrgð ríkissjóðs það ár, ef frv. hefði verið samþykkt, hefði þannig numið 4065 millj. kr. Tekjutap landbúnaðarins, ef mætti orða það svo, hefði því ekki numið 2 milljörðum kr., eins og hv. þm. gaf í skyn, heldur í mesta lagi 200-250 millj. kr. á fyrsta ári, vegna þess að í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að þetta verði fyrsti áfanginn að því markmiði, sem sett er í 1. gr., og í öðru lagi, að talan 4956 millj. fyrir verðlagsárið 1977-1978, sem sett er í töflu 1, er, eins og glögglega kemur fram, 13.8% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar eða 3.8 prósentustigum hærri en lög leyfa. Auðvitað geta menn í þessum samanburði ekki miðað við annað hámark en landslög leyfa. Það hámark verða menn að miða við. Ef það hámark er tekið og það borið saman við ákvæði frv., ef að lögum hefði

orðið fyrir verðlagsárið 1977—1978, þá hefði tekjutapið vegna þessa orðið ekki 2 milljarðar kr., eins og hv. þm. sagði, heldur um 250 millj. kr.

Þetta held ég að hljóti að vera öllum ljóst sem á annað borð kunna einfaldar reglur um samlagningu og frádrátt. *Menn geta kynnt sér þetta af eigin raun, ef þeir treysta* ekki þessum upplýsingum. En ég ætla eindregið að hvetja menn, sem ætla að leggja orð í belg um þessi mál, að gefa sér a. m. k. tíma til að lesa grg. frv. sem þeir eru nú að fjalla um í annað sinn. Og ég verð að segja eins og er, að það lýsir ekki sérlega vönduðum vinnubrögðum hjá þn., og vil í því sambandi minna á að í fyrra fór þetta frv. til landbn., þegar menn, sem áttu sæti í landbn. á síðasta þingi og fengu þetta frv. þar til umfjöllunar, hafa ekki einu sinni sýnt því þann sóma að lesa grg. sem frv. fylgir. Það ætti því að vera augljóst hvers vegna ég er ekkert ginnkeyptur fyrir því að senda frv. þetta til landbn. þegar það er flutt nú í annað sinn.

Hv. þm. Páll Pétursson og raunar fleiri þm., sem um þetta mál hafa talað, hafa mikið rætt um þarfir iðnaðarins í því sambandi, þ. e. a. s. þarfir þess iðnaðar sem vinnur úr því efni sem til fellur í landbúnaði svo sem ullariðnaðar, skinnaiðnaðar o. fl. Nú dettur mér ekki í hug að offramleiðslan í landbúnaði stafi af því, að íslenskur iðnaður kalli á þær þarfir. Það dettur mér ekki í hug. Ég veit t. d. ekki hversu mikið af gærum er flutt út saltað, þ. e. a. s. óverkað að mestu, en ég er sannfærður um, ef athugun væri gerð á því, að þá mundi hún leiða í ljós að íslenskur iðnaður, þ. e. a. s. sá iðnaður sem fullvinnur gærur í fatnað, hafi meira en nóg af hráefni í því skyni þó svo hann yrði að láta sér nægja að vinna úr þeim gærum sem samsvara því kjötmagni sem markaðurinn innanlands þarf á að halda. Ég er alveg sannfærður um að ef það mál yrði skoðað, þá þarf íslenskur iðnaður, sem vinnur úr lambsgærum, ekki á því að halda að framleiddir séu á Íslandi milli 300 og 400 þús. dilkskrokkar umfram það sem landsmenn sjálfir þurfa að nota. Og ef íslenskur iðnaður þarf á því að halda að þetta sé gert, þá er það auðvitað hans að borga kostnaðinn, vegna þess að þá er kjötið orðið hliðarafurð, en ekki aðalafurð. Þá hlýtur gæran að vera aðalafurð, en kjötið hliðarafurð. Og ef íslenskur iðnaður þarf á því að halda, *að það sé framleitt í landinu 40% meira dilkakjöt en* þjóðin þarf á að halda, vegna þess að íslenskur iðnaður þurfi svona mikið af gærum til vinnslu, þá verður iðnaðurinn að gera svo vel að borga það sem slíkt kostar. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að leggja þá byrði á þjóðina og ríkissjóð. Fyrr má nú vera. Og íslenskur iðnaður, hvað sem um hann má segja, hefur ekki reynst, a. m. k. til skamms tíma, geta borgað bændum það verð sem þeir hafa talið sig þurfa fyrir ull sem íslenskur iðnaður þarf á að halda. Ullarverð í landinu hefur til skamms tíma verið svo lágt að bændur hafa vart talið borga sig að hirða ullina af sauðkindum sínum, heldur hafa þær verið látnar ganga í þremur og fjórum reyfum, eins og hefur mætt augum margra vegfarenda. Þarfir íslensks iðnaðar í þessu sambandi eru því alls ekki eins marktækar og menn vilja vera láta. Þarfir íslensks iðnaðar eru engin afsökun fyrir þeirri offramleiðslu sem stundum hefur verið í landbúnaði. Íslenskur iðnaður hefur ekkert við þá offramleiðslu að gera, vegna þess að hann hefur ekkert við þær afurðir að gera sem til falla við þá offramleiðslu, og í annan stað getur hann ekki greitt nema brot af því verði sem þarf að borga fyrir þá offramleiðslu.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það fé, sem nú er varið úr ríkissjóði annaðhvort beint eða óbeint sökum landbúnaðar, mun nema um 15% af ríkisútgjöldunum. Það er farið að nálgast það, að við Íslendingar þurfum að greiða vegna þessarar atvinnu*greinar úr ríkissjóði álíka upphæð og þær þjóðir þurfa að* greiða sem þurfa að verja fé í herkostnað. 10—15% af ríkisútgjöldum ár frá ári fara í þennan eina atvinnuveg. Við greiðum í ár, ef allt er talið, um eða yfir 30 milljarða kr. beint eða óbeint vegna landbúnaðar og framleiðslu landbúnaðarins í landinu. Ég er ekki þar með að segja að ég sjái eftir þessum peningum til landbúnaðarins beint eða óbeint. En ég sé mjög mikið eftir því, þegar þessir miklu fjármunir eru þannig notaðir að sú króna, sem við verjum í þessu skyni á árinu 1979, kallar á 2 kr. árið 1980, vegna þess að stórum hluta af þessu mikla fé er beinlínis varið til að hvetja til áframhaldandi framleiðsluaukningar í atvinnugreininni. Þannig er t. d. um alla styrki sem landbúnaðurinn hlýtur. Þetta eru allt styrkir til þess að stuðla að aukinni ræktun, til þess að stuðla að aukinni framleiðslu.

Mér finnst sjálfsagt að styðja íslenskan landbúnað og íslenska bændur. En ég mundi heldur vilja sjá a. m. k. mjög stórum hluta af þessum framkvæmdaframlögum varið til þess að styrkja íslenska bændur í félagslegum málefnum, svo sem til þess að geta tekið sér orlof eins og aðrir landsmenn geta notið, svo sem til að styðja þá til aukinna athafna í sambandi við ábatasamar hliðarbú*greinar, eins og t. d. veiðirækt, fiskrækt og annað því um* líkt, heldur en horfa á eftir þessum peningum, að þeim skuli varið þannig að sú króna, sem við erum að verja úr ríkissjóði á árinu 1979 beinlínis í því skyni að auka framleiðslu í landbúnaði, skuli óhjákvæmilega kalla á það á árinu 1980 að til landbúnaðarins verði að verja a. m. k. annarri krónu til viðbótar.

Þetta held ég að sé röng stefna. Þetta er sú stefna sem fylgt hefur verið í íslenskum landbúnaði nú um áratugaskeið, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að ástandið var þannig þegar þessi stefna var mörkuð, að það var mikill skortur á landbúnaðarvörum í landinu. Þess vegna var óhjákvæmilega sú stefna tekin að styðja að því beint og óbeint að auka framleiðslu landbúnaðarafurða. Sú *stefna hefur borið þann árangur, að það er fyrir löngu* búið að sjá fyrir þörfum markaðarins. Um árabil hefur verið framleitt miklu meira en markaðsþörfinni hefur numið, þangað til svo er komið að verðábyrgð ríkissjóðs vegna útflutnings af offramleiðslu nægir ekki lengur. Og þá hefur tvívegis því hámarki verið aflétt og með sérstökum ráðstöfunum útveguð af almannafé hundruð milljóna til viðbótar til þess að greiða með útfluttri offramleiðslu á landbúnaðarvörum og að sjálfsögðu lagt á íslenska skattborgara í sama skyni.

Hæstv. landbrh. flutti hér mjög athyglisverða ræðu. Megininntak hennar var að taka bæri stefnuna í landbúnaðarmálum til endurskoðunar í heild, það *væri* ekki rétt að gera breytingar á einstökum atriðum í þessari stefnu, heldur bæri að endurskoða *hana í heild* og breyta henni með markvissum hætti. Undir þessa afstöðu hæstv. landbrh. vil ég mjög eindregið taka. Ég vil mjög eindregið taka undir það, að brýna nauðsyn ber til þess að brjóta upp á nýjungum í sambandi við mörkun landbúnaðarstefnu á Íslandi. Ég tel að það frv. á þskj. 75, sem við nokkrir þm. Alþfl. í Nd. höfum lagt fram, sé einn þáttur í því og beri að skoða það með öðrum aðgerðum sem í ráði

eru eða þegar hafa verið gerðar. T. d. finnst mér mjög óeðlilegt, að þegar beinlínis er varið mjög verulegu fé, sem fengið er með skattlagningu á þjóðina, til þess að reyna að auka innanlandsneyslu á landbúnaðarafurðum, þá skuli ekkert vera gert til þess að breyta því, að það þurfi að verja jafnmiklu fé eins og varið hefur verið til verðbóta á útflutning á þessum sömu afurðum. Ráðgert er að verja á árinu 1979 hvorki meira né minna en 18 milljörðum kr. til þess að auka neyslu landbúnaðarafurða á innlendum markaði. Talið er að þessar miklu niðurgreiðslur muni auka innanlandsneysluna í kringum 16% og þá muni innanlandsneysla komast upp í það hámark sem hún hefur áður í verið og hefur aldrei verið meiri. En menn skyldu gera sér gerin fyrir því, að á sama tíma gerist það, að á einu ári, árinu 1978, eykst landbúnaðarframleiðsla í landinu að magni til um u. þ. b. helminginn af því sem þessar miklu niðurgreiðslur auka innanlandsneysluna um, þannig að u. þ. b. 9 milljarðar kr. af þeim 18, sem notaðir eru í niðurgreiðslur, fara í það að fá almenning á Íslandi, neytendur í landinu til þess að borða þá aukningu sem varð á landbúnaðarframleiðslunni á s. l. ári. Helmingurinn af niðurgreiðslunum hverfur sem sé út í buskann vegna framleiðsluaukningarinnar. Og þó svo að við verjum þarna 18 milljörðum kr. í niðurgreiðslur, — það er engin smáupphæð, — þá er vandinn gagnvart útflutningnum enn sá hinn sami. Þetta er auðvitað vegna þess, eins og ég hef margsagt, að stefnan hefur verið sú í öllum afskiptum hins opinbera af landbúnaðarmálum að auka beri framleiðsluna. Þeirri stefnu hefur ekki verið breytt. Þess vegna skiptir engu eða a. m. k. litlu máli til hvaða bráðabirgðaráðstafana er gripið, hversu háar niðurgreiðslurnar verða, hversu háar útflutningsuppbæturnar verða. Það skiptir ekki nokkru máli, svo lengi sem meginkjarni stefnunnar er óbreyttur, svo lengi sem allar aðrar ráðstafanir beinast að því að auka stöðugt framleiðslu landbúnaðarafurða án tillits til innanlandsþarfa frá ári til árs.

Það hlýtur að segja mönnum sitt hvað um áhrif þeirra ákvæða sem í lögum hafa verið um verðábyrgð ríkissjóðs, að á 14 síðustu árum hefur hámarksverðábyrgð verið notuð 8 sinnum. Meginhluta þess tíma, sem þessi verðábyrgð hefur verið í gildi, hefur hámark verðábyrgðarinnar verið notað í 8 ár af 14. Samt sem áður sagði hæstv. þáv. landbrh. í upphafi þessa tímabils, að það væri fjarstætt að til mundi koma að þessar útflutningsbætur yrði baggi á ríkissjóði. Aðeins tvívegis á s. l. 14 árum hefur það gerst, að verðábyrgð ríkissjóðs hefur ekki þurft að nema meiru en um 8% af samanlögðu heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða.

Þessi verðábyrgð hefur sem sé haft það í för með sér, að beinlínis hefur verið fest í landinu slík offramleiðsla á landbúnaðarafurðum, að næstum því undantekningarlaust hefur orðið að nota lögleyft hámark útflutningsuppbóta. Þetta kemur glögglega fram í töflu 1 á bls. 6 í þessu frv. Ég vil taka það fram, að þessi tafla er unnin af Hagstofu Íslands og hún sýnir þau ár þegar verðábyrgðin hefur verið í hámarki. Þau eru, eins og ég sagði áðan, 8 af 14.

Hæstv. landbrh. gerði eina aths. við grg. frv. sem ég vil svara. Hún var sú, að hann taldi þann samanburð sem gerður er á verðmæti útflutningsuppbóta frá ári til árs, þ. e. a. s. verðmæti í jafnvirðiskrónum, sem gerður er í töflu 2, ekki vera réttan. Hann sagði að ekki ætti að bera saman bótafjárhæðir milli ára eftir framfærsluvísitölu, heldur, að því er mér skildist af hans máli, að bera það saman við útgjöld fjárl. í heild. Það fer þá eftir því, hvað menn vilja fá út úr slíkum samanburði. Ef menn vilja athuga hvort útflutningsuppbætur úr ríkissjóði hafi aukist að raunverulegu verðgildi frá ári til árs, það er sú niðurstaða sem ég vildi fá, þá geta menn ekki fengið slíka niðurstöðu með öðrum samanburði en þeim sem gerður er í töflu 2. Þar er sýnt hvernig verðmæti útflutningsuppbótanna í jafnvirðiskrónum hefur aukist frá ári til árs þetta 14 ára tímabil, uns svo er komið að þær eru á verðlagsárinu 1976-1977 71.8% hærri en þær voru í upphafi í jafnverðmætum krónum.

Það, sem hæstv. landbrh. vill láta gera, er að miða útflutningsuppbæturnar úr ríkissjóði sem hlutfall af útgjöldum ríkissjóðs á hverju ári. Þetta er ákaflega skrýtin kenning. Við skulum segja sem svo, að það sé ákveðið að hækka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum innanlands, eins og gert hefur verið, úr milljörðum kr. í 18 milljarða og afla tekna í því skyni. Er þá nokkurt vit í því, að þessi hækkun á niðurgreiðslum um 12 þús. millj. kr. eigi beinlínis að verða þess valdandi að verðábyrgð ríkissjóðs á útfluttar landbúnaðarafurðir hækki. Auðvitað er þetta alger fjarstæða. Ef á að nota viðmiðanir hæstv. landbrh. mundi þetta gerast: Ef t. d. verðábyrgðin á útfluttar landbúnaðarafurðir ætti að vera á árinu 1979 jafnhátt hlutfall af ríkisútgjöldum og hún var á árinu 1978, þá mundu hækkanir á niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum innanlands, um 12 þús. millj. kr., valda því, að mjög mikil hækkun yrði á þeim skyldum sem ríkissjóður tæki á sig vegna útflutnings á þessum sömu afurðum. Það sér hver heilvita maður hvers konar fáránleiki kæmi út úr slíku.

Svo að annað dæmi sé nefnt: Ef t. d. væri gert talsvert átak af ríkisstj. í byggingu sjúkrahúsa og gerð yrði fjögurra ára áætlun um byggingu sjúkrahúsa, sem mundi t. d. tvöfalda framkvæmdamagn í sjúkrahúsbyggingum frá því sem nú er, og tekna aflað í því skyni, mundi það auðvitað hækka útgjöld ríkissjóðs. Ættu þá útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir að hækka að sama skapi? Ef slíkt átak væri gert í vegamálum, og ríkisútgjöldin hækkuðu vegna þess og sá póll tekinn í hæðina að fundinn yrði nýr skattstofn til þess að skattleggja landsmenn, ætti þá að fylgja sjálfvirkt í kjölfarið að útflutningsbætur úr ríkissjóði vegna útfluttra landbúnaðarafurða ættu að hækka að sama skapi?

Auðvitað er fáránlegt að ætla að fara að miða útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir úr ríkissjóði við eitthvert hlutfall af ríkistekjum eða ríkisútgjöldum á hverju ári. Ef menn vilja fá einhvern raunhæfan samanburð, þá er samanburðarins að sjálfsögðu að leita í jafnvirðismati á því, hvað útflutningsuppbætur hafa hækkað eða lækkað milli ára mælt í jafnverðmætum krónum. Þetta er það sem gert er í töflu 2 sem fylgir þessu frv. Sá samanburður sýnir að þarfir landbúnaðarins á útflutningsuppbótum úr ríkissjóði hafa vaxið um 71.8% á síðustu 14 árum mælt í jafnverðmætum krónum. Sá samanburður, sem hæstv. ráðh. er með, er hins vegar algerlega út í hött, eins og ég benti á áðan.

Auðvitað þarf að finna einhverja aðferð til þess að tryggja bændum eðlileg og sanngjörn lífskjör, eðlilegt og sanngjarnt kaup fyrir þeirra mikla ábyrgðarstarf. Eins og nú standa sakir er það gert þannig, að í lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. eru ákvæði um að bændur eigi að hafa sambærilegar tekjur og hinar svonefndu

viðmiðunarstéttir, þ. e. a. s. verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn. Þetta er aðferð út af fyrir sig. En þá mætti spyrja, ef þetta væri eðlilegasta aðferðin: Hvers vegna mætti þá ekki alveg eins leiða það í lög, að sjómönnum skuli ávallt tryggja tekjur sem væru sambærilegar og einhverjar viðmiðunarstéttir hafa, t. d. verkamenn, bændur og iðnaðarmenn, setja önnur lög um að iðnaðarmönnum skuli á öllum tímum vera tryggðar tekjur sem séu sambærilegar við það sem sjómenn, verkamenn og bændur hafa, eða setja fjórðu lögin um að verkamönnum skuli ávallt tryggðar tekjur sem séu til samræmis við það sem sjómenn, bændur og iðnaðarmenn hafa? Þannig væri hægt að búa til lög um svo til allar starfsstéttir í landinu, að þeim skuli ávallt tryggðar tekjur með tilliti til einhverra viðmiðunarstétta, þannig að hver stéttin tæki mið af öllum hinum.

Ég held að reynslan hafi einmitt leitt í ljós að þessi viðmiðun, sem gerð var til þess að tryggja bændum ákveðið kaup fyrir starf þeirra, hefur ekki reynst vel. Henni þarf að breyta, og það er eitt af því sem ég tel að þurfi að taka til endurskoðunar í þeirri athugun á landbúnaðarstefnunni sem hæstv. landbrh. lætur framkvæma, þ. e. a. s. hvernig eigi að fara að því að tryggja bændum eðlilegt kaup fyrir þeirra mikla ábyrgðarstarf, sem ég vil á engan hátt draga úr að einu eða neinu leyti, vegna þess að ég held að það sé staðreynd, að engar aðrar stéttir þurfi að vinna jafnmikið og séu jafnbundnar vinnu sinni og bændastéttin.

Herra forseti. Að lokum þetta: Það er ekkert meginatriði í mínum huga, að dregið verði að svo stöddu úr þeim miklu fjármunum sem beint eða óbeint er varið til landbúnaðar eða vegna landbúnaðar. Það, sem er meginatriðið í mínum huga er að þessir peningar séu notaðir með þeim hætti, að þeir tryggi þjóðinni nauðsynlegar landbúnaðarvörur á eðlilegu og sanngjörnu verði og bændum eðlilegan afrakstur fyrir vinnu sína. Ég tel að eins og þeim málum hafi verið stýrt hafi reynslan leitt í ljós að sú trygging er ekki gefin. Íslenskar landbúnaðarafurðir eru mjög dýrar yfirleitt. Bændur segja sjálfir að þeir beri ekki úr býtum sambærilegt kaup við aðrar stéttir, og neytendur og skattborgarar þurfa að bera mjög þunga byrði af mjög verulegri umframframleiðslu í landbúnaði, af framleiðslu sem er langt umfram þarfir þjóðarinnar. Þess vegna held ég að það sé tími til kominn að skoða hvort ekki mætti nota það fé, sem ríkissjóður ver nú beint og óbeint til landbúnaðar og vegna landbúnaðar, með öðrum hætti, sem sé þeim, að í staðinn fyrir að öll þessi beina og óbeina aðstoð miði að því að auka stöðugt framleiðslu á vörum sem þegar eru offramleiddar, þá verði fjármagninu beint í þá átt að hvetja til aukinnar framleiðni í atvinnugreininni og hjálpa bændum með beinum styrkjum eða fjárframlögum í öðru sambandi til þess að bera úr býtum eðlilegt kaupgjald fyrir störf þeirra og njóta eðlilegrar félagslegrar þjónustu, svo sem í orlofsmálum og fleiri slíkum málum, á við aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Það er miklu betra að gera þetta umbúðalaust heldur en að halda þannig á þessu fé, að bændur geti ekki í þessa sjóði sótt nema með því eina móti að auka við ræktun hjá sér, að auka við framleiðslu hjá sér til þess að auka tekjur sínar. Að sjálfsögðu er hægt að auka tekjur bændastéttarinnar með öðrum hætti, og þarfir þjóðfélagsins eru nú orðnar þær, að þjóðfélagið hefur þörf fyrir að landbúnaðurinn dragi úr framleiðslu sinni, en bæti ekki við. Þegar svo er komið er óeðlilegt að Alþingi Íslendinga, löggjafarstofnun þjóðarinnar, og ríkisstj. haldi dauðahaldi í þá stefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum og áratugum og var rétt og eðlileg og sanngjörn á þeim tíma sem hún var mörkuð, en er það ekki lengur.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Áður en ég vík að því sem ég upphaflega ætlaði að segja, vil ég segja hv. 1. flm., 4. þm. Vestf., að ekki tel ég að ég og minn flokkur eigi á því sök þó að hæstv. fyrrv. landbrh., Ingólfi Jónssyni, hafi tekist að fá þá Alþfl.-menn til þess að trúa því sem almenningur í landinu vissi að gat ekki staðist og hefði ekki trúað ef honum hefði verið sagt það á sínum tíma. Auðvitað hefur þáv. hæstv. landbrh. sett það fram, sem hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, las upp áðan, til þess að milda þá, því að auðvitað hefur staðið í þeim Alþfl.-mönnum þá sem nú að standa að því sem landbúnaðinum mætti að gagni verða. Hitt verður hv. 4. þm. Vestf. að muna, að þegar ákvæðin um útflutningsbæturnar voru upp tekin var fellt úr lögum það sem var upphaflega í framleiðsluráðslögunum, en sú löggjöf var sett af ríkisstj. þeirri sem Alþfl.-maðurinn Stefán Jóh. Stefánsson myndaði. Í stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar voru fyrstu framleiðsluráðslögin sett. Bjarni heitinn Ásgeirsson, sem þá var landbrh., fór með þessi mál sem slíkur, og í þeim lögum voru þau ákvæði, að það, sem skorti á útflutningsverð, mætti jafna með því að hækka verðið á innlendum markaði. Um þetta urðu deilur á árinu 1958 og gekk það mál til dóms, og þá var talið að skýr lagaákvæði væru um að þetta mætti gera. Um þetta var þá deilt í sexmannanefnd, og það var undanfari þess að inn á útflutningsbæturnar var farið.

Það, sem ég vil svo segja í þessu sambandi, er það, að engan þarf að undra þó að sveiflur geti orðið í landbúnaðarframleiðslu. Væri óeðlilegt ef slíkt væri ekki, því að árferðið hefur haft og hefur enn í dag sitt að segja í sambandi við landbúnaðarframleiðsluna, þó að hitt sé ljóst, að vegna tækni og aukinnar ræktunar á síðustu árum og áratugum gætir þessa minna en áður var. Þó er ekki lengra síðan en á árinu 1975, að þá var allt að því skortur á nýmjólk á bestu mörkuðunum vegna óþurrkasumarsins 1975. Og árið eftir, 1976, kom annað óþurrkasumar og hafði líka sitt að segja.

Ég minnist þess, að þegar ég sem landbrh. var að láta undirbúa breytingu á framleiðsluráðslögunum, heildarskipan þeirra mála, 1971-1972, þá var eitt af því, sem var til umr. í sambandi við þá breytingu, að staðir eins og ýmis sjávarþorp á Vestfjörðum hefðu ekki nóga mjólk og yrði að flytja mjólk og mjólkurvörur til þeirra ýmist frá Reykjavík eða Akureyri. Eitt af ákvæðunum í því lagafrv. var sérstakur stuðningur í sambandi við þennan flutning.

Ég vil líka segja það, að þó að hv. 4. þm. Vestf. sé framsýnn að hans eigin mati eins og hefur komið fram í ræðu hans, þá var það nú svo, að þeir Alþfl.-menn, sem sátu á Alþ. 1972 þegar frv. til framleiðsluráðslaga var hér til meðferðar, stóðu allir gegn því frv. Í því frv. var þó m. a. ákvæði um fóðurbætisskatt og fleiri ákvæði til að draga úr framleiðslu ef hún stefndi í það að vera um of að mati þeirra sem um fjölluðu. Það var þá þegar komið á framfæri hér þeim ákvæðum að hafa vald á framleiðslunni út frá hagsmunum þjóðarinnar. En það, sem gerðist þá, var að það var ekki þingmeirihl. hér á hv. Alþ. fyrir því að koma þessu frv. í gegn. Og það var ekki af því að fram-

sóknarmennina vantaði til fylgis við málið, heldur voru það menn úr öðrum flokkum. Sjálfstfl. fylgdi þá þeirri stefnu, sem oft er fylgt hér á hv. Alþ., að stjórnarandstaðan er á móti málum ríkisstj., hversu góð sem þau eru og þörf, og Alþfl., sem var einnig í stjórnarandstöðu, var þá líka á móti frv. Þetta gerði það að verkum, að þetta frv. náði ekki fram að ganga í það sinn.

Af síðustu ríkisstj. var einnig af minni hendi sett n. til að endurskoða framleiðsluráðslögin, m. a. með tilliti til þess, að hægt væri að hafa meiri stjórn á framleiðslunni en verið hefði. Sú n. er enn að störfum, að ég best veit, nema hæstv. núv. landbrh. hafi lagt hana niður, sem ég hygg að hann hafi ekki gert enn þá. Ástæðan til þess, að hún er enn að störfum, er að henni hefur ekki tekist að ná samstöðu og ekki einu sinni tekist að klofna. Til þess að herða á þessum málum komu til mín formaður n. og fulltrúar frá Vinnuveitendasambandinu og Alþýðusambandinu. Það atriði, sem þeir ræddu við mig, var að fá ríkisstuðning til að fara til Noregs til að kynna sér þessi mál. Það voru tveir ungir og glæsilegir menn sem þarna komu með formanninum. Hann er að vísu ungur líka þótt hann sé heldur eldri. Það, sem ég ræddi við þá, var að ef ég beitti mér fyrir þessu, þá væri það háð því, að þeir væru í alvöru að vinna að því að reyna að leysa þetta mál. Niðurstaðan varð sú, að ég beitti mér fyrir þessu og þeir fóru þessa ferð. Það hafa hins vegar orðið mér mikil vonbrigði, að þrátt fyrir þennan velvilja, sem ég taldi raunar eðlilegt að sýna af því að ég vildi framgang málsins eins og auðið væri, skuli ekkert hafa út úr þessu komið enn. En hjá þessari n. liggur þetta mál. Það er því fleiri en fyrrv. landbrh. að saka um það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var að deila á áðan, auk þess sem ég get endurtekið það sem ég sagði áðan, að offramleiðsla, eins og hún var á s. l. ári, hefur ekki verið fyrr, og það voru ekki nema tvö ár frá því að það var allt að því að vera skortur hér á mjólk og mjólkurvörum. Þetta vil ég nú biðja hv. flm. að taka til athugunar.

Ég vil líka segja það, og það var upphaflega erindi mitt þegar ég bað um orðið, að ég taldi að þegar núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð hefði þetta verið einn af þeim þáttum sem var í hennar verkahring að vinna að. Núv. hæstv. landbrh. hefur lagt fram á hv. Alþ., í þessari d., frv. sem m. a. gengur í þessa átt. Nú var það venja í þeim ríkisstj. sem ég þekki til þann árafjölda sem ég hef setið hér á Alþ., að þegar við stjórnarmyndun var samkomulag um að vinna að verkefnum, þá var forusta í sambandi við slík mál í höndum ríkisstj. Hæstv. landbrh. hefur sýnt að hann tekur hlutverk sitt alvarlega, því að hann hefur þegar á þessum stutta tíma lagt fram frv. sem mjög snertir þetta mál.

Ég vil taka undir það sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Vestf., að það verður að vinna að málinu í heild, en ekki taka út úr því einstaka þætti. En að endurflytja þetta frv., sem flutt var í stjórnarandstöðu og gat þá verið ósköp skiljanlegt, nú þegar þessir hv. þm. eru orðnir stuðningsmenn ríkisstj. og einn af þáttum þeirrar ríkisstj. er að vinna að þessum málefnum, að þá skuli þeir taka samt upp gamla drauginn, það eru vinnubrögð sem ég þekki ekki. Alþingi þarf a. m. k. að breytast allverulega frá því sem ég þekki til þess að slík vinnubrögð séu farsæl. Það getur vel verið að það sé mikill misskilningur hjá okkur framsóknarmönnum, að við tökum okkur ekki til og flytjum frv. um málefni sem hæstv. félmrh. eða utanrrh. á að fjalla um. Frá mínum bæjardyrum séð er þetta ekki góður siður þm. En það er kannske bara misskilningur sem þarf að taka til athugunar og við ætlum að fara að keppa við ráðh. sem við styðjum. Ég er ekki farinn að sjá að svipurinn á Alþingi breytist til farsældar með þessum hætti. En kannske reynist það þeim sem sitja hér í framtíðinni.

Auðvitað er það mér mikil ánægja að aukning hefur orðið í tekjum bænda á síðustu árum. Enginn vafi er á því, að árin 1977 og 1978 eru bestu ár í afkomu bændastéttarinnar í landinu. Út af viðmiðunarreglunni má kannske um einstök atriði deila, en út í það ætla ég ekki að fara nú. En aðalatriði mitt var að benda á að að störfum situr n. til að endurskoða framleiðsluráðslögin. Hæstv. landbrh. er þegar búinn að leggja fyrir þingið einn þátt úr þeirri löggjöf sem önnur n. vann og var eðlilegt að gert væri meðan reynt væri til þrautar að ná árangri í hinni nefndinni. Það er í raun og veru ofar mínum skilningi að stuðningsmenn þeirrar ríkisstj., sem ætlar að taka þetta mál sem eitt af sínum málum, skuli vera flm. að þessu frv.

Hitt vil ég svo segja um það sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Vestf. áðan um þátt landbúnaðarins í iðnaðarframleiðslu, að ég held að hv. 4. þm. Vestf. þurfi að kynna sér betur þátt landbúnaðarins í iðnaðarframleiðslu og þurfi að gera sér grein fyrir því, að eitt af stefnuskráratriðum núv. hæstv. ríkisstj. er atvinnuöryggi í landinu og að forðast atvinnuleysi. En dragi verulega úr landbúnaðarframleiðslu er þegar komið atvinnuleysi í sumum byggðarlögum.

Vegna þess, sem kom fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um skinnaframleiðsluna og gæruframleiðsluna hér á landi, vil ég geta þess, að í frásögn, sem ég hef frá Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Mest aukning í magni og verðmæti var í skinnaiðnaði og var þar 78% hækkun í verðmæti en magnið jókst um 23%.“ Svo segir síðar: „Eins og áður er fram tekið, er ullariðnaðurinn langstærsta útflutningsgreinin“ — þá er sleppt áli og fiskframleiðsluvörunum — „og jókst útflutningur ullarvara úr 3441 millj. kr. í 4529 millj. kr. eða um 32%.“

Hér varð þó aftur samdráttur í magni, og stafaði það af því að Rússlandsmarkaðurinn brást á s. l. ári. Nú er hins vegar búið að semja um verulega aukningu þar, bæði í magni og hærra verði, svo að séð er að útflutningurinn í ullarvörum verður geysilega mikill á þessu ári. Þrátt fyrir þá offramleiðslu, sem hv. þm. talaði um, er ullin í landinu ekki orðin meiri en það, að ekki má mikið minnka til þess að nægjanleg sé sem hráefni í ullariðnaðinn. Ég held að hv. alþm. verði að gera sér grein fyrir því, að þetta er þáttur, sem einnig þarf að taka tillit til, þó að mér sé fullkomlega ljóst að sá þáttur, sem nú er til meðferðar, offramleiðsla að nokkru leyti á kjöti og einnig á mjólkurvörum, er alvarlegur meðan hann varir. Hins vegar gæti árferðið mjög bráðlega breytt því.

Ég tel líka að það hafi verið rangt hjá Framleiðsluráðinu eða sexmannanefnd í sumar að hækka verðið á smjörinu, því að með þeirri niðurgreiðslu, sem þá var, og þeirri eftirgjöf, sem þá var af hálfu framleiðenda, hefði orðið miklu meiri farsæld fyrir þau mál heldur en varð með verðhækkuninni sem þá var ákveðin. Ég tel að það hefði reynst bændum betur að þannig hefði verið fram haldið, vegna þess að kostnaðurinn við að geyma vöruna, bæði vextir og annað sem því fylgir, mun

reynast meiri en það sem eftir var gefið af verði vörunnar af hálfu framleiðenda.

Ég vil líka minna á að þær gjaldeyristekjur, sem koma inn fyrir landbúnaðarafurðir sem út eru fluttar, þó að við tökum ekki nema iðnaðinn, eru verulega tekjuskapandi fyrir ríkissjóð. Ég gerði það fyrir tveim árum eða svo að reikna út meðaltolltekjur af gjaldeyri, og þá kom í ljós að ríkissjóður hafði hag af þessu, en ekki óhag. Þetta segi ég ekki vegna þess að ég vilji ekki líta af raunhæfni á þessi mál. Ég tel mig hafa gert það, þó að aðrir þeir, sem skammsýnni voru, hafi komið í veg fyrir að það væri hægt að gera á árunum 1972 og 1973. Það er líka ljóst, að til þess að vel fari og ekki verði um verulega tekjurýrnun að ræða hjá bændum þarf að fara að þessum málum með mikilli aðgæslu og heildarstefnumótun, eins og hæstv. landbrh. vinnur nú að. Frv. eins og þetta bætir þar að engu úr, nema menn telji þetta vera auglýsingastarfsemi fyrir sig. En ég held að þeir muni ekki hafa notað þetta, hv. Alþfl.-menn, á s. l. sumri í kosningunum þegar þeir voru að reyna að ná fylgi hjá bændum, þá hafi þeir túlkað það á annan veg.

Ég endurtek það, að stefnumörkun í landbúnaði hefur verið gerð hér og gerð í samráði við heildarsamtök bændanna sjálfra. Það var ekki þeim að kenna, að hv. Alþ. vildi ekki gera að lögum frv. sem var lagt fram 1972.

Ég vil líka segja það, að mjög áríðandi er að halda svo á þessum málum að ekki leiði til atvinnuleysis og minnkandi heildartekna hjá þjóðinni, en það verður ef hráefni til iðnaðar verður skorið niður. Ég vil ekki heldur taka undir það sem hv. 4. þm. Vestf. sagði, að iðnaðurinn yrði að klára sig sjálfur og því þyrfti ekkert að honum að huga í þessu sambandi. (**SighB:** Það sagði ég aldrei.) Þetta sagði hv. þm. Það er von að hann gleymi svona setningum fljótt, því að hann vill auðvitað ekki láta kenna þær við sig. En staðreyndin er að þetta fór fram af hans munni áðan, að það bæri ekki að taka tillit til þess í sambandi við landbúnaðarvörur hvað iðnaðurinn þyrfti á að halda, hann yrði að borga sitt sjálfur. Ég tel að iðnaðarframleiðsla hér á landi hafi aukist m. a. vegna þess að með tilliti til landbúnaðarframleiðslunnar hefur hann verið studdur eins og gert hefur verið síðustu árin.

Það er ábyggilegt, að hv. þm. Alþfl. er nauðsyn að kynna sér dálítið af því sem fyrirrennarar þeirra gerðu, en umfram allt að gera sér grein fyrir því, að flokkur, sem er búinn að taka þátt í að gera samning um myndun ríkisstj., þarf líka að vera vitandi vits hvað þar er um samið t. d. um aðgerðir í landbúnaði.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins koma að örfáum aths. vegna ræðu hv. frsm.

Í fyrsta lagi gerði hv. þm. aths. við það sem ég sagði um þann samanburð sem kemur fram í töflu 2 á útflutningsbótum og framfærsluvísitölu. Ég taldi þann samanburð vera óeðlilegan vegna þess að þar væri um gagnverkandi þætti að ræða, og e. t. v. skýri ég þetta eins og hann með dæmi. Við gætum t. d. hugsað okkur að heimild væri til þess í lögum að ná verði á sauðfjárafurðum með verðlagningu innanlands. Þá þyrfti að hækka verð innanlands, reiknast mér til í mjög fljótu bragði, á kjöti um u. þ. b. 400 kr. Það mundi að sjálfsögðu hækka framfærsluvísitölu, en þá yrðu útflutningsbætur engar. Þetta er það sem ég átti við. Þetta er gagnverkandi. Reynt er að hafa áhrif á framfærsluvísitölu með því að halda verðinu innanlands niðri. Því er í lögum óheimilað að ná þessum tekjum bænda með því að hækka verð innanlands. En þetta ákvæði laganna verður til þess, að framfærsluvísitalan verður lægri en útflutningsbætur hærri. Það er þetta sem ég átti við. Ef menn vilja reikna þetta sem greiðslubyrði ríkissjóðs, þá er ekki óeðlilegt að hafa þann samanburð sem ég hafði, þ. e. a. s. sem hundraðshluta af útgjöldum ríkissjóðs. E. t. v. væri réttast að reikna þetta sem hlutfall af þjóðartekjum. Ég er ekki með þann samanburð. En þá kæmi út greiðslubyrði sem hlutfall að sjálfsögðu af tekjum þjóðarinnar í heild. Ég hugsa að sá samanburður yrði töluvert annar en fram kemur í töflunni. Rétt er vitanlega svo hitt, og það fer eftir því hverju menn eru að leita að, eins og hv. ræðumaður sagði. Hann er að leita þarna að hárri hundraðstölu, heyrist mér, og notar því þennan samanburð. Ég tel að sú gagnverkun, sem þarna er svo mikil á milli, geri þennan samanburð ákaflega óeðlilegan. Ég er út af fyrir sig alls ekki að vefengja að tölulega sé það rétt sem kemur fram í töflunni. Ég vil ekki nota orð eins og hann notaði um það sem ég sagði, að þetta væri mesta fásinna eða eitthvað þess háttar. Þetta er, eins og hann sagði sjálfur, allt undir því komið að hverju menn eru að leita.

Hv. ræðumaður notaði töluna 30 milljarða sem stuðning við landbúnaðinn. Ég hef oft leitast við að leiðrétta þetta. Þetta er mjög óeðlileg fullyrðing. Niðurgreiðslur eru alls ekki stuðningur við landbúnaðinn nema að litlum hluta. Rétt er að við það að greiða niður landbúnaðarafurðir verður að gera ráð fyrir að neysla innanlands aukist, og að því leyti má líta á það sem stuðning við landbúnaðinn. En þetta er að sjálfsögðu ekki síður viðleitni ríkisvaldsins til að halda vísitölunni niðri. Þetta er — get ég tekið undir með mörgum — nokkur skollaleikur að þessu leyti, og því hef ég persónulega lengi verið fylgjandi því að taka óbeina skatta og niðurgreiðslur út úr vísitölunni og binda þá niðurgreiðslurnar við hæfilegt stig framleiðslukostnaðar. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm., og reyndar hefur oft verið talað um áður, að eðlilegt er að niðurgreiðslur lækki ekki verð til neytenda umfram það sem það er til bænda. Þarna er ekki um ósk bænda að ræða, að niðurgreiðslur eru nú orðnar svo miklar sem raun ber vitni. Þarna er um allt aðrar ástæður að ræða sem hv. þm. þekkir vel. Ef hann er að tala um aðstoð við landbúnaðinn, þá eru þetta mjög óeðlileg viðmiðun, þessir 30 milljarðar, og jafnframt, þegar talað er um aðstoð við landbúnaðinn, verða menn að hafa það í huga, að bæði styrkir og útflutningsbætur eru fyrst og fremst viðleitni ríkisins eða ríkissjóðs til að ná þeim viðmiðunartekjum sem lagðar hafa verið til grundvallar. Allt kemur þetta inn í verðgrundvöll landbúnaðarafurða og kemur þannig til frádráttar í tekjum bænda, getum við sagt, eða þeim tekjum sem bændur yrðu annars að leita eftir á hinum almenna markaði.

Hv. síðasti ræðumaður hefur þegar rakið ítarlega þá viðleitni sem gerð var 1972 til að fá auknar heimildir Framleiðsluráðs til að hafa áhrif á þá þróun sem mönnum var ljós þá, — miklu, miklu fleiri mönnum en hv. þm. Alþfl., og satt að segja fannst mér heldur lítið bera á þeim skilningi hv. þm. þá, en hann er mjög mikið hafður frammi nú. Ég leyfi mér að fullyrða, að ef þær heimildir hefðu fengist, sem leitað var eftir 1972, væri vandinn núna allt annar. En ekki þýðir að syrgja það. Við þurfum

fyrst og fremst að sameinast um að snúa við þeirri þróun sem orðið hefur undanfarin ár og á sínar skýringar, — það tek ég undir með hv. þm., — á sínar skýringar m. a. í því, að hér var iðulega skortur á fyrri árum, einkum á mjólkurafurðum, og því er eðlileg sú viðleitni sem fram kemur í mörgum lögum: afurðasölulögum, framleiðsluráðslögum o. s. frv., til að auka framleiðsluna.

Vandinn í dag er hins vegar ákaflega stór. Í dag vantar líklega um 5 milljarða til þess að bændur nái þeim tekjum, sem þeim eru ætlaðar samkv. lögum og reyndar ákvörðun sexmannanefndar í verðlagningu. Þetta þýðir líklega um 1.2-1.3 millj. tekjuskerðingu á hvern bónda í landinu. Þetta er gífurlegt vandamál sem ég treysti að þm. allir muni vilja skoða af raunsæi og reyna að leysa. Frv., sem hér liggur fyrir, leysir á engan hátt þennan vanda. Ef mér reiknast rétt í mjög fljótu bragði, þá mætti samkv. þessu frv., og þá miða ég við 18% útflutningsbætur af sauðfjárafurðum, greiða um 3.6 milljarða útflutningsbætur af sauðfjárafurðum og 2 milljarða af mjólkurafurðum, sem samtals nemur um 5.6 milljörðum. Það er að vísu mjög lauslega reiknað, og það er eitthvað svipuð tala og 10% koma líklega til með að gera, þannig að þetta leysir ekki vandann og eykur hann ekki heldur eins og nú er. Hins vegar ef leysa á þennan vanda nú, þá yrði að auka þessa aðstoð verulega.

Spurningin er sú, hvort marka megi þá stefnu sem dragi úr umframframleiðslu landbúnaðarafurða á nokkurra ára tímabili, t. d. á 5 árum, og með tilliti til þeirrar viðleitni hlaupa betur undir bagga nú í ár en heimildir eru til. Í þeirri langtímaáætlun, sem nú er unnið að í landbúnaðinum, mun sá möguleiki verða skoðaður, og það er vitanlega þáttur í þeirri heildarstefnumörkun, sem ég hef verið að tala um. Um þá stefnumörkun hafa þegar verið allmiklir fundir, m. a. með fulltrúum bænda og stofnana sem með afurðir bænda fara og með fulltrúum neytenda. Ég mun fljótlega leita eftir fundum með fulltrúum þingflokkanna um þetta stóra vandamál.

Ég endurtek svo að lokum það sem ég sagði áður, að þetta frv. eitt út af fyrir sig leysir á engan hátt þennan vanda, en getur aukið á hann, ef það er afgreitt sérstaklega. Það verður að skoðast í heildarsamhengi, og ég treysti því, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, fallist á slíka meðferð. Ég treysti því jafnframt, ekki síst með tilliti til yfirlýsinga frá hv. 1. flm. frv., að hann fallist á slíka meðferð þessa máls og taki þátt í að athuga heildarvandamál landbúnaðarins.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Aðalástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér aftur hljóðs, var að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði að ég hefði lýst því yfir eða gefið a. m. k. í skyn, að ég hefði verið mjög ánægður með störf viðreisnarstjórnarinnar. Ég vil alls ekki að nokkur haldi að ég hafi verið ánægður með þá ríkisstj. Hins vegar var það sem ég sagði, að sú ríkisstj. gerði ákveðið samkomulag við bændastéttina í landinu og forustumenn Alþfl. stóðu að því samkomulagi og ég vildi óska eftir því og raunar gera kröfu til að þessu, verðábyrgðinni, yrði ekki breytt öðruvísi en væri búið að semja þá upp á nýtt við Stéttarsamband bænda um breytingu á því, eins og gert var 1959. Það var þetta sem ég sagði.

Ég vil nú ekki fara að eyða dýrmætum tíma þingsins í að fara að reyna að kenna hv. þm. Sighvati Björgvinssyni eitthvað í sambandi við landbúnað, en í sambandi við þá ræðu, sem hann flutti áðan, væri ekki vanþörf á því. Ég viðurkenni það, að ég er ekki langskólagenginn og sennilega ekki góður í reikningi a. m. k. miðað við hv. þm. Sighvat Björgvinsson. En ég veit ekki hvernig hann fær út úr sínu reikningsdæmi, að frv. hans mundi skerða á fyrsta ári milli 200 og 300 millj. kr. af útflutningsbótaréttinum. Þetta er einhver reikningsskekkja, Sighvatur minn. (**SighB:** Nei, Stefán minn, þetta er alveg rétt.) Það er einfalt mál að aukabúgreinarnar gefa 15% af réttinum, og nú vil ég að hann taki reikningsstokkinn. Álitið er að útflutningsbótarétturinn sé núna um 5 milljarða og 800 millj. eða tæplega það, reiknað af heildarframleiðslu landbúnaðarvara, þ. e. a. s. eins og er í dag. Hvað eru 15% af því? Ef hann fær út á milli 200 og 300 millj., þá þýðir ekki að tala við hann. (Gripið fram í.) Það er nefnilega það. Eg bjóst við því. En það er svo, að þegar menn eru að tala um mál sem þeir skilja ekkert í, þá fara þeir stundum út á villigötur. Þess vegna er það sem ég vil ekki ræða um þetta hér við Sighvat Björgvinsson en ég skal gera það annars staðar.

Þá kom það fram í máli hv. þm., að hann vildi halda því fram, að menn hefðu staðið í þeirri trú 1959 að heildarbótarétturinn mundi aldrei verða 10%. Það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn og staðreyndirnar. Eins og kom fram í máli mínu síðast, var heildarframleiðslan á kindakjöti árið 1957 8298 tonn og 2700 tonn voru flutt út það ár eða 32.5%. Talið er að kindakjötsframleiðslan það ár hafi verið 34.14% af heildarframleiðslunni. Ég veit ekki hvað hv. þm. fær út úr þessu dæmi, en mín litla kunnátta er sú, að út úr þessu komi rétt innan við 11%. Þetta blasti þá við mönnum. En árið eftir, 1958, árið áður en samningarnir voru gerðir, var framleiðslan á kindakjöti í landinu 9919 tonn. Þá voru flutt út 3533 tonn eða 35.6% af þessari framleiðslu. Þá var einnig fluttur út ostur, 370 tonn, þannig að sýnilegt er að það ár fór þetta langt yfir 11%. Ég hef ekki reiknað það út, en það gefur auga leið. Þetta eru staðreyndir sem þýðir ekkert fyrir hv. þm. að ganga fram hjá. Það er því algerlega úr lausu lofti gripið að menn hafi ekki gert sér grein fyrir þessu, þeir sem fylgdust með þessum málum á annað borð. Það kann að vera að Ingólfur Jónsson hafi reiknað með því, að Alþfl.-mennirnir hafi ekki fylgst vel með þessum málum og það hafi verið ástæðan fyrir því að hann talaði svona í þinginu. En þeir áttu að vita betur.

Það er auðvitað margt sem kom fram í máli hv. þm. sem var hálfbroslegt, en eigum við ekki að láta það liggja á milli hluta. Ég trúi því ekki, þó að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gefi sér þá forsendu, að hann viti alveg hverjar séu þarfir iðnaðarins og það skipti ekki máli fyrir þjóðfélagið þó að dregið sé úr þessari framleiðslu. Eigum við ekki að reyna að sameinast um að gerð sé úttekt á þessum málum, að við hættum að karpa um það hér í hv. d., hvernig þetta sé, að við reynum að finna sannleikann. Ef menn ætla að tala eins og hv. þm. gerði, að framleiðslan, aukin verðmætasköpun í landinu, sé baggi á einhverjum, þá hef ég alltaf haldið að það væri hægt að skipta meiru eftir því sem menn öfluðu meira, og ef ekki er hægt að benda á að þessi vinnukraftur geti með einhverjum öðrum hætti aflað meira verðmætis fyrir þjóðarbúið, þá verður ekki meira til skipta með því að fara að minnka þessa framleiðslu. Eigum við ekki sem sagt að sættast á það hér, að þessi könnun verði gerð, og hafa niðurstöður hennar að leiðarljósi, hvernig á að halda á þessum málum. Ég vil ekki trúa því t. d., að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vilji verða til þess, vegna þess að

sú meinloka hefur komist inn í hans höfuð að þetta sé baggi á þjóðinni, þessi framleiðsla, að gera einhverjar ráðstafanir sem yrðu til þess t. d. að helmingurinn af byggðum jörðum á Vestfjörðum færi í eyði, en sú er hættan.

Ég ætla ekki að vera með neinar fullyrðingar um það, hvernig þessi mál horfa við iðnaðinum. Ég vil að gerð verði úttekt á þessu. Við athugum þá hvernig við getum byggt upp atvinnulífið, ef við komumst að þeirri niðurstöðu að hægt sé að afla meira í þjóðarbúið með því að leggja þessa framleiðslu niður eða minnka hana, og við gerum okkur þá grein fyrir því fyrir fram, hvernig við eigum að fara að því.

Hv. þm. sagði að hann hefði sagt fyrir nokkrum árum að það stefndi í ófæru í þessu máli. Fyrir 5 árum, eftir að hann kom á Alþ., ræddum við þessi mál, en þá var það þannig að við gátum fengið á milli 80 og 90% af framleiðsluverðinu fyrir t. d. kindakjötið á erlendum mörkuðum. Nú hefur þetta versnað hér um bil um helming. Og fyrir t. d. 1975 var framleiðslan á mjólkurafurðum umfram það, sem neytt var í landinu, 6.6% meiri og 1976 7.4% meiri. En það, sem hefur skeð á þessu tímabili, er að neyslan á þessum afurðum hefur minnkað mjög mikið. Hún hefur minnkað um sem svarar 4—5 millj. lítra á þessum árum, en á sama tíma eða sérstaklega tvö síðustu ár hefur orðið töluverð aukning á mjólkurframleiðslunni í landinu.

Ég vil að menn geri sér þetta ljóst. Það eru áhrif verðbólgunnar. Það er vegna þess að aðrar þjóðir auka niðurgreiðslur á framleiðsluvörum landbúnaðarins í löndum sínum og við verðum að sæta sama verði á þessum erlendu mörkuðum, hinu niðurgreidda verði sem er í þeim löndum. Það er athyglisvert, að t. d. norskir bændur fá meira fyrir afurðir sínar en íslenskir bændur, hvort sem við lítum á kjöt eða mjólk.

Hv. þm. sagði að landbúnaðarframleiðslan væri hér dýr. Ég veit ekki hvaða viðmiðun hann hefur í því sambandi. Það er sjálfsagt teygjanlegt. En við verðum að líta á það frá ýmsum sjónarhornum til þess að vera færir um að dæma það og meta hvað er dýrt. Er hún dýrari í raun og veru en önnur framleiðsla í þessu landi? Er minni tækni, er minna unnið við þessi störf en annars staðar, er hægt að lækka þennan kostnað — eða við hvað á hv. þm.?

Aðalatriðið í þessu máli er að gerð verði úttekt á þessum málum og við komum okkur saman um einhverja skynsamlega lausn, því að það kann að hitta ekki bændur eingöngu, heldur fyrst og fremst kannske þéttbýlisbúa víða, ef þessi framleiðsla dregst mikið saman, — og þjóðina alla. Það eru auðvitað hrein öfugmæli að segja að framleiðslan sé baggi á þjóðinni, því að við byggjum líf okkar á framleiðslu eða verðmætasköpun í einhverri mynd.

Ég ætla ekki að fara efnislega út í þetta frv. Mér finnst í raun og veru að hv. þm. hafi gert sér ljóst að þetta frv. nær ekki fram að ganga, enda leysir það engan vanda, heldur eykur hann. Það hefði verið skemmtilegast að hv. þm. hefði beðið um það sjálfur, að frv. yrði bara athugað í sambandi við þá stefnumörkun sem hæstv. landbrh. hefur verið að segja frá að hann óskaði eftir að yrði gerð. Ég vil ekki trúa því, að hv. þm. eða aðrir Alþfl.-þm., eins og ástandið er í þessum málum, vilji í alvöru leggja til að milli 800 og 900 millj. af útflutningsuppbótum, eins og bótarétturinn er í ár, minnki á þessu ári frá því sem er. Ég trúi því ekki. En það er það sem þetta frv. felur í sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samvinnufélög, frv. (þskj. 80). — 1. umr.

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur ör þróun átt sér stað til lýðræðis í atvinnulífi hjá ýmsum þeim nágrannaþjóðum sem mestum þroska hafa náð um lýðræðislega stjórnarhætti. Hér á landi hefur lítið áunnist í þessum efnum og mikið verk er þar óunnið. Eitt form lýðræðis í atvinnulífi hefur þó náð mikilli útbreiðslu hérlendis og gefið góða raun, þar sem er samvinnurekstur. Það er þess vegna mikilvægt, jafnframt því sem nýjar leiðir til atvinnulýðræðis eru ruddar, að hagnýta þá möguleika, sem samvinnuhreyfingin býður, og gæta þess, að hún haldi lýðræðislegum einkennum sínum.

Á umliðnum árum hefur samvinnuhreyfingin iðulega verið þrætuepli á Íslandi og ýmiss konar gagnrýni verið beint að henni. M. a. hafa menn stundum haldið því fram, að samvinnuhreyfingin væri auðhringur sem jafnvel ógnaði stjórnvöldum með þeim miklu áhrifum sem hún hefur í efnahagslífinu, og ýmis önnur gagnrýni hefur beinst að þessari hreyfingu. Nú er það svo, að hættan af auðhringum er auðvitað fyrir hendi. En auðvitað skiptir mjög miklu máli hver er uppbygging þessara stórfyrirtækja sem menn kalla gjarnan auðhringa. Það er mjög mikill munur á því, hvort um er að tefla stórfyrirtæki sem eru á valdi örfárra einstaklinga, þar sem er fámenn stjórn ríkjandi, eða hvort um er að tefla stórfyrirtæki þar sem valdinu er dreift milli margra manna og byggt er á félagslegum grundvelli. Og þannig verður auðvitað að líta á samvinnuhreyfinguna. Hún er lögum samkv. byggð á samtökum fólks í landinu með fjölmörgum félagsmönnum og gera má ráð fyrir að lýðræðið sé haft í heiðri. Þetta verður auðvitað að skoða þegar menn eru að ræða um það, hvort Sambandið eða samvinnuhreyfingin teljist til auðhringa.

Sú löggjöf, sem nú gildir um samvinnustarfsemi, miðast fyrst og fremst við að skipa málum í samvinnufélögunum sjálfum og tryggja félögum þar lýðræðisleg réttindi. Hins vegar eru ákvæði laganna um samband samvinnufélaga fátækleg. Lögin draga í þessu dám af sínum tíma, þar sem umsvif samvinnuhreyfingarinnar voru þá mest hjá samvinnufélögunum sjálfum. Á seinni tímum hefur orðið á þessu mikil breyting, þar sem umsvif Sambands ísl. samvinnufélaga hafa vaxið mjög ört og eru nú mun meiri en umsvif aðildarfélaganna. Samband ísl. samvinnufélaga er, eins og öllum er kunnugt, stórveldi í íslensku efnahagslífi sem kemur með myndarlegum hætti inn á öll svið íslensks athafnalífs og hefur mikla þýðingu í efnahagslífi þjóðarinnar. Og ekki er einungis um að tefla í þessu hinn eiginlega rekstur Sambandsins, heldur á Sambandið ein 13 dótturfyrirtæki sem flest eru hlutafélög að vísu. Þetta eru hin svokölluðu samstarfsfyrirtæki. Sum þeirra eru mjög stór og áhrifamikil.

Núgildandi lög um samvinnufélög eru við þessar breyttu aðstæður orðin mjög ófullnægjandi. Það, sem einkum skortir á, er að almennum félagsmönnum séu tryggð nægileg áhrif á stjórn Sambandsins og samstarfsfyrirtækjanna, en það er þó óumdeilanlegur réttur þeirra. Skal þetta skýrt með því að taka dæmi af rétt-

indastöðu félagsmanns í venjulegu deildskiptu kaupfélagi. Félagsmaðurinn neytir félagsréttinda sinna á deildarfundi þar sem kosnir eru fulltrúar til setu á aðalfundi kaupfélagsins. Á aðalfundi kaupfélagsins eru kosnir aðrir fulltrúar sem fara á aðalfund Sambandsins. Á aðalfundi Sambandsins er stjórn Sambandsins kosin og hún ræður síðan forstjóra og framkvæmdastjóra og skipar framkvæmdastjórn. Þessir aðilar munu síðan skipa í stjórnir samstarfsfyrirtækjanna. Það sést ljóslega af þessari upptalningu, að millilíðir eru mjög margir milli hins óbreytta félagsmanns og hinna æðstu stjórnenda og nánast ómögulegt fyrir félagsmanninn að koma þar fram áhrifum og ábyrgð. Þessu er mjög mikilvægt að breyta, og þess vegna er gerð í frv., sem hér er til umr., till. um að teknar verði upp beinar kosningar í stjórn Sambandsins. Með því móti er komið á beinum ábyrgðartengslum milli félagsmanna og stjórnarinnar og lýðræði þar með stóraukið.

Rökin fyrir þessari breytingu eru í fyrsta lagi þau, að það virðist vera brýn þörf á að auka lýðræði í hreyfingunni, enda er því ábótavant, eins og ég hef gert grein fyrir. Bæta þarf tengsl milli hinna almennu félaga og stjórnarinnar, því að það er auðvitað ljóst að Sambandið er eign félagsmanna og eignarréttur þeirra er lítils virði ef þeir geta ekki haft veruleg áhrif á það, hvernig farið er með þessi eignarréttindi þeirra.

Þá er það önnur sterk röksemd með breytingu af þessu tagi, að samvinnufélögin líða fyrir það eins og margur annar félagsskapur í landinu að það skortir mjög á nægilegan áhuga félaganna á því að taka þátt í félagsstarfinu. Menn kalla þetta félagsdoða og er alkunnugt fyrirbrigði. Ég er sannfærður um að með breytingu af þessu tagi, ef yrðu teknar upp slíkar beinar kosningar, þá mundu þær geta verkað mjög í þá átt að lækna þennan félagsdoða, því að áhuginn kemur gjarnan þegar áhrifin aukast og völdin. En ekki þarf að óttast að þessi breyting skerði um of virkni æðstu stjórnenda Sambandsins, þar sem framkvæmdastjórnin, sem langmesta þýðingu hefur fyrir daglega stjórn, er eftir sem áður skipuð af stjórninni.

Það hefur verið vandamál í samvinnuhreyfingunni um nokkurt skeið, eins og ég hef þegar getið, að virkni almennra félagsmanna er í lágmarki. Þessi breyting mundi geta bætt hér verulega úr og samvinnuhreyfingunni verið það mjög til góðs. Og það má geta þess líka, að ef þessi breyting nær fram að ganga, þá hefur Samband ísl. samvinnufélaga skapað sér alveg einstaka sérstöðu meðal allra íslenskra fyrirtækja um lýðræðislega uppbyggingu og þróað atvinnulýðræði. Þess vegna held ég að það væri mjög verðugt fyrir samvinnuhreyfinguna, að þetta kæmist í gegn, og henni mjög til sóma.

1. gr. frv. hljóðar svo með leyfi forseta:

„1. mgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Sambandsstjórn skal kosin árlega beinni, leynilegri kosningu, sem fer fram samtímis í öllum aðildarfélögum í samvinnusambandi. Kosningarrétt og kjörgengi eiga allir félagsmenn. Eigi færri en 3 menn skulu vera í sambandsstjórn" o. s. frv.

Brtt. er fólgin í þessum setningum sem ég hef nú lesið, og eins og þar kemur fram er þarna gerð till. um árlegar beinar, leynilegar kosningar, sem fara fram samtímis í öllum aðildarfélögum í samvinnusambandi, enn fremur, að kosningarrétt og kjörgengi eiga allir félagsmenn. Hér er ekki gerð till. nánar um það, með hvaða hætti þessi kosning fer fram. Mér virðist langeðlilegast, að aðalfundur Sambandsins setji nánari reglur um þetta. En ég gæti mjög vel hugsað mér sjálfur, að kosningin yrði framkvæmd einhvern veginn á þann hátt, að haldnir yrðu venjulegir kjörfundir í öllum aðildarfélögunum, þar sem allir félagsmenn komi á kjörstað. Fyrir kjördag mundu þeir, sem hug hefðu á að bjóða sig fram, gefa um það yfirlýsingar, þannig að það lægi fyrir hverjir væru frambjóðendur, og síðan færi þessi kosning fram með venjulegum hætti.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta miklu frekar. Í eðli sínu er málið einfalt og þarfnast ekki mikilla skýringa. Ég held að það sé mjög þarft og brýnt að gera lagabreytingu af þessu tagi, og ég er sannfærður um að það yrði samvinnuhreyfingunni til góðs. Ég ætla að ítreka það, því að það kann að koma fram hjá einhverjum að þetta þyki einhver atlaga að samvinnuhreyfingunni, þetta sé gert henni til hnjóðs, að svo er alls ekki. Þetta er gert af góðum hug, enda hef ég sjálfur mikið álit á þessari hreyfingu og tel hana hafa þýðingarmiklu hlutverki að gegna í okkar þjóðfélagi. En menn mega ekki láta það fara svo, jafnvel þótt þeir telji sig samvinnumenn, að þeir verði blindir fyrir umbótum. Einmitt samvinnumenn hafa miklu ríkari skyldur en allir aðrir til þess að halda vöku sinni og reyna jafnan að gera þær umbætur og koma fram þeim bótum, sem þeir telja nauðsynlegar, jafnskjótt og þeir sjá þess þörf.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 49. fundur.

Fimmtudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Atvinnu- og efnahagsleg áhrif takmarkana á fiskveiðum, þáltill. (þskj. 335). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, þáltill. (þskj. 320). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til utanrmn. með 39 shlj. atkv.

Fisklöndun til fiskvinnslustöðva, þáltill. (þskj. 39). — Ein umr.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Á þskj. 39 flyt ég ásamt hv. þm. Garðari Sigurðssyni till. til þál. um skipulagningu á fisklöndun til fiskvinnslustöðva. Þetta mun vera í þriðja skipti sem ég flyt þessa till. Hér er um að ræða eitt af þýðingarmestu málum að mínum dómi eins og nú standa sakir í okkar fiskveiðimálum og fiskvinnslumálum.

Efni þessarar till. er í aðalatriðum að Alþ. feli sjútvrn.

að undirbúa löggjöf um skipulag á fisklöndun til fiskvinnslustöðva með það að markmiði að fiskiskipafloti landsmanna nýtist sem best til þess að tryggja fiskvinnslustöðvum sem jafnast og best hráefni til samfelldrar vinnslu. Hér er sem sagt um að ræða að reyna að koma í lagabúning, eftir því sem þörf er talin á, föstu skipulagi á því hvernig hægt er að samhæfa fiskveiðar og fiskvinnslu í landinu.

Það fer ekki á milli mála, að nú á síðari árum hefur komið æ betur í ljós hve nauðsynlegt er að fiskveiðarnar séu stundaðar eftir því sem aðstaða er til með fiskvinnslu í landi, en ekki meira og minna óháð því, hvernig þar stendur á. Á sama hátt má segja að öll aðstaða til fiskvinnslunnar sé miðuð við fiskveiðarnar eða aðstöðu til þeirra.

Í till. kemur fram m. a. að leggja skuli áherslu á eftirfarandi atriði í sambandi við undirbúning þessa máls:

1. Landinu sé skipt í löndunarsvæði í samræmi við samgönguaðstæður og hagkvæm samskipti á milli fiskvinnslustöðva. Endanlegt ákvörðunarvald um svæðaskiptingu hafi hagsmunaaðilar á svæðunum.

2. Yfirstjórn á hverju löndunarsvæði sé í höndum heimaaðila á svæðinu, þ. e. a. s. í höndum fulltrúa fiskvinnslustöðva, útgerðaraðila og sjómanna, sem sagt sjómanna og fiskvinnslufólks.

3. Að stefnt sé að því að miðla hráefni á sem hagkvæmastan hátt á milli fiskvinnslustöðva, þannig að vinna geti verið samfelld og hagkvæm í öllum vinnslustöðvum svæðisins.

4. Að fiskafli sé fluttur í kældum og lokuðum flutningatækjum á milli vinnslustöðva eftir því sem þörf er á.

5. Að að því sé stefnt að fiskveiðiflotinn, sem veiðir fyrir svæðið, sé í góðu samræmi við afkastagetu vinnslustöðvanna.

6. Að tryggt sé í væntanlegri löggjöf, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé til að koma skipulagningunni á og til þess að standa undir hluta af rekstri nauðsynlegra flutningatækja. Einnig er gert ráð fyrir í till. að heimilað verði að taka nokkurt gjald af öllum lönduðum fiski á svæði til þess að standa undir þessum sameiginlega kostnaði.

Það kom í minn hlut árið 1973, af því að þá vildi svo til að ég var sjútvrh., að flytja hér á Alþingi frv. um skipulag á loðnulöndun til vinnslu í landi. Ég held að allir séu sammála um að það skipulag, sem þá var tekið upp og farið hefur verið eftir í meginatriðum, þó með nokkrum breytingum frá ári til árs, hafi verið til mikilla bóta frá því sem áður var. Þó er það skoðun mín að þar þyrfti enn að gera nokkrar breytingar á til þess að tryggja enn betur en nú er gert samræmi á milli vinnslunnar í landi og veiðimöguleika og aðstæðna í þessum efnum. En það er alveg eftir að gera hliðstætt átak í sambandi við hina almennu fiskvinnslu, þ. e. a. s. vinnslu á þorski, ýsu, ufsa og öðrum slíkum fiski sem unninn er í okkar aðalverkunarstöðvum, í frystihúsum og saltfisksverkunarstöðvum.

Þegar ég hef flutt þessa till. áður og talað fyrir henni hafa komið fram mjög góðar undirtektir og fyrrv. sjútvrh., Matthías Bjarnason, lýsti yfir að hann væri samþykkur meginstefnunni sem fram kæmi í þessari till., hann teldi að að þessu þyrfti að vinna. Enn hefur hins vegar lítið orðið úr því, að tekið væri á þessu máli, og til þess liggja auðvitað margar ástæður. Við vitum, að þó að ekki hafi verið komið hér á almennu og föstu skipulagi í þessum efnum, þá hafa þó orðið á þessu sviði miklar umbætur á síðustu árum, einkum eftir að hinir svonefndu minni skuttogarar fóru að gilda nokkuð mikið í okkar fiskveiðiflota og þeir voru jafntengdir fiskvinnslustöðvunum og reyndin hefur orðið á. Þannig hefur ýmsum fiskvinnslustöðvum í landinu tekist að tryggja rekstur sinn þannig að segja má að þar sé í þeim fáu tilvikum orðið allgott samræmi á milli veiða og vinnslu, enda er ekkert um það að villast, að afkoma þeirra aðila, sem við það skipulag búa, er miklum mun betri en hinna, sem meira og minna eru í gamla skipulaginu hvað þetta snertir. Það er enginn vafi á því, að þetta stóra vandamál verður ekki leyst hjá okkur á þann hátt að hver einstakur utgerðarbær eða hvert einstakt útgerðarfyrirtæki í landinu leysi þessi mál beint út frá sínum sérsjónarmiðum. Hér þarf að vera um ákveðna samvinnu, ákveðið samstarf að ræða, þannig að tiltölulega auðvelt sé að flytja fiskafla á milli verkunarstöðva, þannig að segja megi að vel takist að samræma veiðar og vinnslu.

Ég hef lagt á það áherslu í þessari till., að að þessu verki þurfi að vinna í mjög nánu samráði við þá aðila sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta, þ. e. a. s. bæði þá, sem eiga fiskiskipin og starfa á þeim, og eins hina, sem hafa með að gera reksturinn á fiskvinnslustöðvunum og vinna í þeim. Það er ekki líklegt að vel fari að grípa inn í þetta frá löggjafans hálfu með öðrum hætti en reynt sé að gera þetta í mjög nánu samráði við þessa aðila.

Ég held að það væri hægt að tryggja mjög mörgum fiskvinnslustöðvum í landinu miklu jafnari rekstrarskilyrði en þau búa við í dag, ef skipulag af þeirri tegund, sem felst í þessari till., yrði tekið upp. Og ég lít á það sem beint framhald af því sem hefur verið að gerast í þessum efnum á síðustu árum, þar sem hefur þó orðið um gífurlega mikla framför að ræða.

Það er ekki þörf á því fyrir mig að halda hér langa ræðu um þetta mál vegna þess að ég hef rætt þetta mál allítarlega á hv. Alþ. áður. En ég undirstrika það enn einu sinni, að það er enginn vafi á því, að hér er um eitt allra stærsta og þýðingarmesta hagsmunamál að ræða sem um er að ræða nú í íslenskum fiskveiðum og fiskiðnaði. Á þessi mál þurfum við að koma skipulagi. Menn reka sig á það t. d., þegar rætt er um hvort heimila eigi einstökum aðilum að kaupa nýtt fiskiskip, eins og er nú svo að segja daglegt verkefni þeirra sem með þau mál hafa að gera, þá getur verið mjög erfitt að ætla að neita einstökum útgerðaraðilum eða heilum byggðarlögum um rétt til þess að eignast nýtt fiskiskip, kannske í staðinn fyrir gamalt og úrelt, einfaldlega á þeim grundvelli að segja: Það er þegar komið nóg af fiskiskipum í landið. Hins vegar væri hægt að leysa mál þessara aðila í mjög mörgum tilfellum, einkum á það við um hin minni svæðin, með tiltekinni samvinnu og samstarfi varðandi dreifingu á fiskaflanum.

Í þessu efni vil ég einnig minna á það, að sá tími er liðinn hjá þeim sem nokkuð þekkja til þessa rekstrar, að fyrir þá, sem geta ráðið yfir miklum afla af einhverjum ástæðum, sé hagkvæmt að reyna að vinna einir og sjálfir allan aflann sem þeir geta komist yfir, hvernig svo sem aðstæður eru. Sá tími er liðinn. Menn hafa þegar lært, að það er miklu hagkvæmara í fiskvinnslunni að geta tryggt sér jafnan og öruggan rekstur, þar sem byggt er á fastri vinnu svo að segja hvern dag og eðlilegum vinnutíma, en losa sig hins vegar út úr því að þurfa að vinna svo að segja tvöfaldan vinnudag einn og einn dag í viku, en hafa svo lítið eða ekkert að gera annan daginn. Slík vinnslu-

aðstaða er dýr og óhagkvæm, og það kemur alltaf fram á gæðum þeirrar vöru sem er verið að vinna. Því er það að flestir, sem hér eiga hlut að máli, hafa þegar áttað sig á því, að það geti verið hagkvæmt fyrir þá að losna við svonefnda toppa í veiðinni, ekkert síður en það getur verið hagkvæmt fyrir aðra að fá þessa toppa til sín til vinnslu. Öfugstreymi af þeirri tegund þekkist enn, að jafnvel í sama byggðarlagi getur ein fiskvinnslustöðin ekki haldið uppi eðlilegri vinnu vegna þess að það vantar hráefni, á sama tíma og önnur fiskvinnslustöð í sama byggðarlagi hefur svo mikinn afla úr að vinna að hún ræður ekki við hann. Vitanlega verður að reyna að koma sér út úr slíkum vanda með eðlilegu skipulagi. En það getur verið að á forustu opinberra aðila þurfi að halda til þess að koma a. m. k. föstu skipulagi á til að leysa þennan vanda.

Þó að hér sé um stórt og þýðingarmikið mál að ræða, þá er nú hvort tveggja, að aðstaða mín er þannig og röddin þannig núna, að ég treysti mér ekki til að tala umfram það sem ég nauðsynlega þarf, og ég tel ekki beina þörf á því eins og sakir standa. Að lokum vil ég leggja til að við frestun þessarar till. verði henni vísað til hv. atvmn, til fyrirgreiðslu, og vænti ég að sú n. afgreiði nú þessa till., svo langan tíma sem hún hefur legið fyrir Alþ. til athugunar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Með þessari till. er hreyft athyglisverðu máli. Efnislega hef ég áður, eins og hv. fyrri flm. þessarar till. gat um, lýst skoðun minni og hún er óbreytt. Ég tel á margan hátt eðlilegra og betra í framkvæmd, að það væri hægt að mynda samstarf á frjálsum grundvelli um tiltekin löndunarsvæði í samræmi við samgönguaðstæður og samskipti á milli fiskvinnslustöðva. Á einstaka stað hefur slíkt samstarf átt sér stað, en á öðrum, eins og flm. gat réttilega um, er slíkt samstarf alls ekki fyrir hendi, og þá getur jafnvel verið nauðsynlegt að grípa til setningar löggjafar til þess að tryggja betra fyrirkomulag, samræmingu vinnslu og veiða á þeim stöðum þar sem því er mjög ábótavant.

Ég stóð á sínum tíma fyrir flutningi frv. um samræmingu milli vinnslu og veiða á tiltekinni sjávarafurð til þess að koma í veg fyrir að of margir stæðu í að veiða og of margar verksmiðjur að vinna úr afla sem er háður magnkvóta eða aflakvóta. Þetta frv. varð að lögum, og það er skoðun mín, að þau lög hafi orðið, þegar fram í sótti til góðs og hafi verið skynsamleg lagasetning.

5. liður, sem flm. benda á og leggja áherslu á, er torskilinn og erfiður í framkvæmd og þar verður að fara eftir því, hvaða forsendur menn gefa sér, því að þar segir að að því sé stefnt að fiskveiðiflotinn, sem veiðir fyrir svæðið, sé í góðu samræmi við afkastagetu vinnslustöðvanna. Þá er komið inn á þau stórmál sem nú liggja fyrir, en hafa ekki verið rædd á Alþingi Íslendinga, heldur fyrst og fremst í fjölmiðlum og í sérhagsmunahópum, en það er hver á að vera sá afli sem við Íslendingar stefnum að því að veiða og þá sérstaklega af þeim fiski sem við eigum afkomu okkar mest undir, þorskinum.

Nýkomin er ein skýrslan enn frá fiskifræðingum í Hafrannsóknastofnuninni. Mér er kunnugt um að sú skýrsla var ekki lögð fyrir stjórn þeirrar stofnunar, og mér er líka kunnugt um að ekki hefur verið sýnd sú sjálfsagða kurteisi að senda stjórnarandstöðunni þessa skýrslu. Mér er ekki kunnugt um að neinn þm. í Sjálfstfl. hafi fengið hana. Fyrir tveimur dögum spurði ég flm. þessarar till. hvort hann hefði lesið þessa skýrslu. Hann er formaður þess stjórnarflokksins sem hefur flest atkv. á bak við sig, og hann sagði mér að hann hefði ekki séð hana, bara heyrt af henni í blöðunum og í útvarpinu og hjá blessuðum fréttamönnunum. Þeir kunna að leggja vel út af þessu guðspjalli.

Ég verð að segja það, að þau ár sem ég fór með sjávarútvegsmál í fyrri ríkisstj. stóð ekkert á því að þessar skýrslur væru sendar til allra flokka, og ég gerði mér mikið far um að hafa alltaf samráð við forustumenn þáv. stjórnarandstöðu áður en mikilvægar reglugerðir voru gefnar út til þess að kynna þeim hvað stæði til. Ég efndi til tveggja funda með sjútvn. beggja þd. og þeir voru, held ég, á föstudegi í báðum tilfellum og þar gátu ekki mætt allir sjútvn.-menn, en þó flestir og frá öllum flokkum, til þess að ræða við þá áður en reglugerð var samin hvert væri álit þeirra á því, hvað ætti að gera og hverju þeim sýndist hyggilegast að stefna að í tilteknum efnum. Ég álít að nýting fiskveiðilögsögunnar sé ekkert einkamál einhvers ákveðins hóps í landinu, hvort sem það heita útgerðarmenn eða eigendur fiskvinnslustöðva. Það varðar auðvitað stóran hluta sjómanna og alls verkafólks, en þjóðin öll á gengi sitt undir fiskveiðum og fiskvinnslu umfram allt. Ég tel því að ekkert sé meira virði en að leita samstarfs við kjörna fulltrúa þjóðarinnar, alþm., um hvað skuli gera í þessum málum sem öðrum.

Ég ætla ekki að fara að tala efnislega um skýrslu sem ég hef ekki séð, en aðeins greint frá. En ég get ekki stillt mig um að vitna í samtal við forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum. Fréttamaður spurði hann þar spjörunum úr og hann svaraði spurningum af sinni alkunnu hógværð og kurteisi. Hann hélt fram tillögum sínum og sinna sérfræðinga, og hann benti líka á hvað margt hefði verið gert til þess að draga úr sókninni í þá fiskstofna sem eru fullnýttir eða ofnýttir. En fréttamaðurinn var ekki eins kurteis. Hann spurði hvort þeir væru ekki orðnir þreyttir á að semja þessar skýrslur og tillögur sem ekkert væri farið eftir. Hann var fljótur að kveða upp dóm í þeim efnum. En forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar svaraði því til, að þetta væru nú þeirra tillögur sem um ætti að fjalla, en ekki neinn stóridómur. Ég held að þeir hafi tekið sér töluvert til fyrirmyndar aðila vinnumarkaðarins í sambandi við samningu þessarar skýrslu, þar sem annar aðilinn stefnir á mikla hækkun á kaupgjald, hinn telur að annaðhvort eigi að standa í stað eða lækka, en báðir aðilar vita fyrir fram, að hvorugt verður endir á þessum málum. Ég er hræddur um að þessi virðulega og ágæta stofnun, sem hefur unnið margt mjög vel, hafi að sumu leyti smitast af þessari aðferð. En ég bið guð að hjálpa þessu þjóðfélagi ef á að fara alls staðar eftir því sem fremstu kröfur eru gerðar. Hvar stöndum við þá? Hvar stöndum við þá með atvinnu landsmanna? Og hvar stöndum við þá í því að samþykkja jafnágæta tillögu og þessa: að stefna að því að fiskveiðiflotinn veiði fyrir tiltekin svæði í góðu samræmi við afkastagetu vinnslustöðvanna, ef fiskveiðar í landinu verða skornar svo niður að hráefnið nægir aðeins hluta af afkastagetu vinnslustöðva.

Við vitum líka að það eru vissir annmarkar á því, hve langt er hægt að ganga í þessum efnum, og það er ekki hlutverk sérfræðinga, hvorki efnahagssérfræðinga, hagfræðinga né fiskifræðinga, að segja algerlega til um það, á

hvern hátt eigi að byggja upp fullnýtta eða ofveidda fiskveiðistofna. Það er ákvörðun stjórnmálamanna. Það eru þeir sem eiga að taka ákvörðun í þeim efnum. Og það er hægt að líta á þessi mál mismunandi augum. Það er ekki hægt að líta á þau eingöngu frá sjónarmiði hagfræðinga, frá efnahagslegu sjónarmiði, eða eingöngu frá sjónarmiði fiskifræðinga. Stjórnmálamaðurinn verður að líta á þessi mál frá því sjónarmiði, hvað efnahagur og búskapur okkar þolir og hvernig við byggjum upp fiskveiðistofna á sem hagkvæmastan og skynsamlegastan hátt án þess að raska algerlega högum allra þeirra, sem við þennan atvinnuveg vinna, og þjóðarheildarinnar.

Ég taldi eðlilegt, sérstaklega í samræmi við þennan 5. lið, að flytja þessa stuttu hugvekju. En ég endurtek það, að ég er efnislega hlynntur þessari tillögu, þó með þeim fyrirvara sem ég tók fram. Og ég tek undir það með 1. flm. þessa máls, að þar sem þetta mál hefur verið flutt, að ég held, tvívegis áður, þá ætti sú n., sem fær það til meðferðar, að leggja á það áherslu að afgreiða málið, en hafa þetta allt í huga, bæði sem flm. sagði og eins það sem ég var að reyna að láta koma fram í þessum orðum mínum.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Hér varð örlítil röskun á þingstörfum á meðan kennaranemar gáfu þm. tækifæri til að heyra boðskap sinn. Það er ekki á dagskrá þessa fundar að ræða málefni Kennaraháskólans, þó að það sé e. t. v. fyrir löngu kominn tími til þess að þau mál verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar hér í þinginu. Ég ætla ekki að leggja einn eða annan dóm á framkomu þessa fólks hér í dag, oft brýtur nauðsyn lög. Það er þó slæmt að menntmrh. skuli ekki vera viðstaddur. En það er tími til kominn að þingið grípi í taumana varðandi það ástand sem ríkjandi er í Kennaraháskólanum.

Það mál, sem hér er til umr., er till. til þál. um skipulagningu á fisklöndun til fiskvinnslustöðva. Ég tel að hér sé um athyglisvert mál að ræða sem þurfi frekari íhugunar við. Eins og öllum er kunnugt um, má segja að það, sem hafi einkennt fisköflun þjóðarinnar á undanförnum árum, sé algert stjórnleysi. Að einu leyti er þó hægt að finna undantekningu, að því er varðar loðnuveiðarnar, en sú stjórnun, sem búið er að koma á fót á því sviði, er til mikillar fyrirmyndar og er furðulegt að ekki hefur fyrir löngu verið komið slíkri skipan á aðrar fiskveiðar.

Það má segja sem svo, að það skipti raunverulega ekki höfuðmáli hverjir eiga íslensk fiskiskip. Það skiptir kannske ekki höfuðmáli hverjir reka þau. Það skiptir meginmáli hvar íslensk fiskiskip landa aflanum. Því þarf heildarstjórn.

Það er ekki úr vegi að geta þess ástands sem ríkir nú á einu svæði í þessu landi, Suðurnesjasvæðinu, með tilliti til afleiðinga af stjórnleysinu í fisklöndunarmálum á undanförnum árum. Allt frá árinu 1971 og til þessa dags hefur átt sér stað ör endurnýjun á fiskiskipaflotanum um allt land, nema á þessu eina svæði. Einnig hefur átt sér stað ör endurnýjun í fiskvinnslurekstrinum um allt land með fjármagnsfyrirgreiðslu í hundruðum millj. kr. til Norðurlands, Vestfjarða og Austfjarða, en tiltölulega lítið, jafnvel ekkert, hefur farið á Suðurnes. Þannig er nú ástandið orðið, að þar er atvinnuleysi annað slagið, nema þá hægt sé með bráðabirgðaráðstöfunum að halda húsum og þeim skipum, sem eftir eru, gangandi. Þetta ástand er óviðunandi.

Ég tel að sú till. til þál., sem hér er til umr., geti á margan hátt leyst svæðabundin vandamál, eins og það vandamál sem við er að etja á Suðurnesjum, ef við líka skipan yrði búið sem þáltill. gerir ráð fyrir. Ég er kannske ekki beint sammála því að binda eigi löndunina við ákveðin fjögur löndunarsvæði, heldur er sú spurning einnig íhugunarverð, hvort ekki sé rétt að gera landið allt að einu löndunarsvæði, þar sem fiski yrði dreift um landið eftir því sem aðstæður leyfðu og eftir því sem mögulegt væri að taka á móti á viðkomandi stað. Nú er ástandið t. d. þannig á Vestfjörðum og Austfjörðum, að þar berst á land það mikill umframafli að flytja þarf til þessara staða starfsfólk frá útlöndum til þess að vinna þann umframafla. Það er ekki nóg með að það þurfi að flytja fólk frá útlöndum, heldur er fólkið á þessu svæði svo yfirkeyrt af vaktavinnu, þegar unnið er allan sólarhringinn á sumum tímum, að tæplega er hægt að bjóða fólkinu á þessu svæðum meira. Á meðan horfum við upp á önnur landssvæði, eins og Suðurnesin, og staðbundin vandamál á nokkrum stöðum öðrum úti á landi, þar sem ekki er um umframafla að ræða, heldur hitt, að fólkið, sem þar býr, skortir atvinnu, það skortir fisk til að vinna við. Þess vegna vil ég ítreka það sem ég sagði áðan, að það skiptir höfuðmáli hvar fisknum er landað.

Það er furðulegt að ekki skuli enn vera búið að koma á frekari stjórnun og áætlanagerð varðandi löndunarmálin og uppbyggingu fiskiskipaflotans. Þau eru mörg vandamálin sem við er að etja í þessu samhengi. Hitt er rétt að benda á, að það er ekki nóg að koma stjórnun á fisklöndunina, það þarf einnig að gera áætlun um fjárfestingu í fiskiskipum, — áætlun sem mundi e. t. v. ná til tveggja eða þriggja ára.

Árið 1971 hófst hin svokallaða skuttogaraalda, þegar byrjað var að flytja til landsins skuttogara í stórum stíl. Má segja að það hafi einkennt þessi skuttogarakaup, að þar var ekki fylgt einni eða annarri áætlun. Þá var togurum dreift vítt og breitt í kringum landið. Útgerðarmenn og bæir kepptust um að ná sér í ódýr eða jafnvel gefins fisköflunartæki, sem síðan lentu jafnvel tvö og þrjú og fleiri á einum stað, þegar kannske var ekki þörf nema fyrir eitt eða þá að tveir eða fleiri staðir hefðu getað sameinast um tvö eða fleiri. (**Gripið fram í:** Hverjir gáfu þessi tæki?) Ríkissjóður stóð þannig að þessum kaupum á sínum tíma, að margir þeir útgerðarmenn og þau fyrirtæki, sem stóðu að kaupunum, keyptu þau nánast án þess að leggja nokkurt fé af mörkum. Það er til í dæminu, að fyrirgreiðslan hafi verið allt upp í 105-110%. Fyrrv. sjútvrh. er áreiðanlega kunnugt um slíkt, vegna þess að hann hefur án efa einhvern tíma staðið að svipaðri fyrirgreiðslu þótt hún hafi ekki alveg náð þessu marki. (Gripið fram í.) Þess vegna legg ég áherslu á það hér, að ekki verði einungis komið stjórnun á fisklöndunina, heldur verði gerð áætlun um það, hvernig á að standa að uppbyggingu fiskiskipaflotans með tilliti til byggðasvæða, þannig að frekari ringulreið verði ekki einkennandi á þessu sviði eins og hefur verið hingað til.

Það er ekki einungis nægilegt að standa þannig að málum að kaupa togara til landsins til þess að veiða á íslenskum fiskimiðum. Það verður að sjá til að sá fiskur, sem berst á land, verði sem best nýttur, þannig að sem best verð fáist fyrir hann. Það er dálítið kaldhæðnislegt að horfa á það um þessar mundir, að hver togarinn á fætur öðrum siglir til útlanda með afla sinn sem hreint hráefni til þess að selja í Þýskalandi, Bretlandi eða í öðrum löndum. Á meðan standa tóm frystihús uppi með

lítinn eða engan afla, skortir hráefni til að vinna, en skipin sigla sinn veg til útlanda til að selja og þá fyrst og fremst e. t. v. vegna þess að það er ekki afkastageta fyrir hendi á viðkomandi byggðasvæði til að vinna aflann. Það þarf ekki aðeins að setja stjórnun á löndunina, stjórnun á dreifingu fjárfestingarfjár út um land, stjórnun á innflutning skipa til landsins, heldur þarf einnig að setja stjórnun á það, hvernig staðið verður að fisklöndunum skipa erlendis jafnt sem hér heima.

Að síðustu vil ég leggja áherslu á það, að ég fagna till., sem hér er til umr., og styð hana, vegna þess að ég veit að hún er í átt til betra skipulags, — skipulags sem fyrir löngu ætti að vera komið á, en vonandi verður hægt að koma á innan skamms.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil lýsa mig mjög sammála efni þeirrar þáltill. sem hér er til umr.

Á sínum tíma, þegar skipulagi var komið á loðnulöndun, þótti mörgum það mjög fráleitt, töluðu um frelsissviptingu og ég veit ekki hvað og hvað og höfðu mjög stór og mörg orð um það. Nú þykir öllum þetta sjálfsagt, og þó að þessar reglur hafi verið hertar eftir hendinni eru allir sammála um þær í öllum höfuðatriðum.

Sams konar fyrirkomulagi eða svipuðu þyrftum við að koma á um löndun annars fisks. Mér finnst satt að segja með öllu fráleitt að sum byggðarlög þurfi að flytja inn tugi, ef ekki hundruð af stúlkum frá Ástralíu til þess að vinna úr fiski sem þar berst á land, á meðan jaðrar e. t. v. við atvinnuleysi í næstu byggðarlögum. Þetta finnst mér með öllu fráleitt, auk þess, eins og hér hefur komið fram, að heilir landshlutar eru í svelti.

Það er ekki hægt að kaupa fiskiskip fyrir alla sem það vilja, vegna þess að fiskstofnar þola það ekki. Þess vegna held ég að þetta sé það sem koma skal, a. m. k. nú fyrst um sinn. Ég styð sem sagt mjög efni þeirrar þáltill. sem hér er til umr.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég held að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson þurfi að lesa betur til um þessi mál áður en hann varpar fram slíkri fullyrðingu sem hann gerði áðan um uppbyggingu fiskiskipaflotans og dreifingu hans um landið.

Ég vil lýsa stuðningi við þáltill., sem hér er til umr. Hér er hreyft mikilvægu máli fyrir íslenskan sjávarútveg. En ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á það atriði, sem kom fram í framsögu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, að það sé haft mjög náið og gott samstarf og samráð við hagsmunaaðila í sjávarútvegi um þetta mál: útgerðaraðila, fiskverkendur og ekki síður byggðarlögin og samtök sveitarfélaga í landinu sem þetta mál hlýtur að snerta mjög alvarlega. Á þetta atriði vil ég leggja mikla áherslu.

Málið í heild þarf mikla skoðun. Ég vil láta það koma fram hér, til þess að undirstrika að eitthvað hefur verið gert í þessum málum, að víða um landið hefur tekist samvinna og samstarf um miðlun afla milli fiskvinnslustöðva, og er það mjög til fyrirmyndar og gefur vísbendingu um að þetta er hægt.

En þetta mál tengist miklu vandamáli sem blasir nú við þjóðinni. Það er álit okkar ágætu fiskifræðinga að minnka verði stórlega sókn í þorskstofninn. Það er ljóst að taka verður alvarlega þessa skýrslu og menn þurfa að taka höndum saman til að finna skynsamleg úrræði svo að ekki verði atvinnuleysi og mikill samdráttur í fiskiðnaði okkar, en fiskiðnaðurinn á Íslandi er okkur stóriðja og um leið undirstöðuatvinnuvegur. Við verðum því að gera allt sem mögulegt er til að efla hann, ekki aðeins til frumvinnslu hráefnis, heldur til fullkominnar matvælaframleiðslu. Skipulag í þessum málum er brýn nauðsyn sem varðar alla hluta lands okkar. Þess vegna styð ég þessa þáltill. sem spor í rétta átt.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég tel að hér sé hreyft mjög mikilvægu máli.

Eins og komið hefur fram í ræðum annarra hér á undan, hefur fiskmiðlun átt sér stað innan vissra landshluta. Ég held að menn hljóti að vera sammála um að innan landshlutanna verði að byggja sem mest á frjálsum samtökum hagsmunaaðila og hafa sem best samstarf við þá og heimamenn að öllu leyti. Hitt er svo augljóst, að samgöngur á landi eru mismunandi góðar á hinum ýmsu svæðum og eftir sem áður stendur sá vandi sem er miðlun milli landshluta. Að því er reyndar vikið líka í þeirri till. til þál. sem hér liggur fyrir, þar sem talað er um að veiðiflotinn skuli vera í góðu samræmi við afkastagetu vinnslustöðvanna. Nú vitum við að í þessum efnum er kannske ekki fullt jafnvægi eins og stendur. Hæstv. félmrh. vék að því áðan. Ég held þess vegna að það verði að skoða það mál hér líka, hvernig eigi að miðla þessari takmörkuðu auðlind milli landshlutanna. Ég er fyrir mitt leyti opinn fyrir hverjum þeim hugmyndum sem fram koma í þeim efnum.

Að sumu því, sem vikið er að hér, má segja að sé unnið, eins og tilraunum með flutning í kældum og lokuðum flutningatækjum. Í gangi hefur verið athugun á vegum Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins að því er það varðar. Hins vegar er ljóst að hér er um mjög viðfeðmt mál að ræða. Það hefur nokkuð verið til umfjöllunar í rn. og komu fram á því margar hliðar. Þau markmið, sem hér eru sett fram, tel ég góðra gjalda verð og styð þess vegna þessa till. til þál.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þegar hv. þm. Matthías Bjarnason andmælti því sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði um framúrskarandi mikla bankafyrirgreiðslu til kaupa á einstökum fiskiskipum, kvað sér vera ókunnugt um að lánað hefði verið upp í 105% til kaupa á togurum, þar sem raunverulega voru meðreiknuð í verði skipsins veiðarfæri, þá hvarflaði að mér að nú væri hv. þm. Sverrir Hermannsson illa fjarri góðu gamni, því að hann hefði sennilega sagt: Það er alveg satt sem Matthías segir.

Ég tel að hér sé flutt ákaflega þýðingarmikið mál, sem varðar ýmis grundvallarvandamál í íslenskum sjávarútvegi og sannarlega grundvallarvandamálið í sambandi við nýtingu fiskislóða hjá okkur. Ég væri ekkert hissa á því, þótt upp mundu rísa nú einhverjir hv. þm. til þess að andmæla einnig fullyrðingu af hálfu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar sem laut að því, að í sumum landshlutum kynni kannske að vera færður á land meiri afli en starfsfólk og tæknileg afkastageta fiskvinnslustöðvanna nægði til að taka á móti. Ég væri ekkert hissa á því þótt einstakir þm. mundu rísa upp og andmæla því, því að einnig það er satt.

Það er staðreynd, að á s. l. sumri var bræddur þorskur í aflahrotunni miklu á gervöllu svæðinu frá Vestfjörðum norður um landið og til Austfjarða. Það fór þorskur í

bræðslu á þessu svæði. Ég sagði frá því á kvöldfundi fyrir skemmstu, er ég bar það upp á góðan kunningja minn og gamlan vin og skipsfélaga á Austurlandi að þeir væru að bræða þorsk þar fyrir austan, og hann sagði: Blessaður vertu, þeir bræða miklu meira í Krossanesi. — Það var ekki spillt 200 tonnum af þorskflökum í sumar í fiskiðjuverunum hjá okkur með beinum, ormum og með ýldu, — það voru rösk 500 tonn, þó að það muni satt vera að enn þá sé ekki eftir af þessu í geymslu sem skemmd matvara vestur í Ameríku nema rösk 200 tonn. Hvers vegna haldið þið að ekki sé meira eftir? Vegna þess að það er búið að henda hinu. Og meginvandamálið var ekki þrýstiskekkja á þorskblokkum. Það var ekki meginvandamálið.

Eftir því sem þeir segja mér, sem kunnugastir eiga nú að vera þessum málum, munum við hafa eyðilagt þorsk í þessari einu aflahrotu í sumar sem leið sem að magni til mun samsvara rösklega 1200 tonnum af slægðum fiski. Þetta átti sér stað samtímis því sem við hömruðum á nauðsyn þess að vernda ungfiskinn okkar, sem mokað var í sjóinn af þessum sömu skipum, sem færðu meira og minna skemmdan fisk að landi á stöðum þar sem ekki var vinnuafl til þess að koma því, sem óskemmt var, í sæmilega verkun. Þetta skeði samtímis því sem fisk skorti til vinnslu í ýmsum sjávarplássum kringum landið. Þessu þýðir ekki að andmæla. Það mun sannast sagna, að enda þótt, eins og segir í þáltill., þörf sé á því að sníða fjölda veiðiskipanna, togaranna, við vinnslugetuna í landi, við afköst frystihúsanna í landi, þá mun á sumum stöðum ekki vera vanþörf á því að sníða fjölda og afkastagetu fiskiðjuveranna jafnframt við afkastagetu fólksins sem við fiskiðnað vinnur í landi.

Ég vildi ekki horfa upp á það, með fullri tillitssemi til þess vandamáls sem blasir við útveginum á Suðurnesjum, að nú væri tekið upp á því að útvega Suðurnesjamönnum fiskiskip, skuttogara, við hæfi hugsanlegrar afkastagetu þess fjölda frystihúsa sem nú standa ónotuð, eða meira og minna ónotuð, við Faxaflóa af allt öðrum ástæðum en beinum skorti á hráenfi, m. a. af þeirri ástæðu að fólkið á þessu svæði hefur verið tamið við annars konar vinnu á liðnum áratugum en að verka fisk. Fjáraflamenn á þeim slóðum hafa fundið aðrar leiðir til þess að festa fé sitt en að kaupa góð skip og verka fisk. Og það vildi ég að ég slyppi við það nú á næstu vikum að heyra endurtekna þá fullyrðingu, að fiskiskipastóll, þ. e. a. s. mótorbátafloti þeirra Suðurnesjamanna sé miklu eldri og úreltari en mótorbátaflotinn á öðrum landssvæðum. Þetta er ekki satt. Ef hv. þm. vilja hafa fyrir því að fletta skipaskránni núna og reikna út meðalaldur fiskiskipa á Suðurnesjum, má sjá að hann er ívið lægri en meðalaldur mótorbátaflotans á Vestfjörðum. Ég vildi óska þess, að hv. þm. tækju sig til og sannreyndu þetta nú sumir hverjir sem hafa verið að éta þetta upp hver eftir öðrum síðustu árin.

Ég er þess fullviss, að með því að taka upp þess háttar skipulag á löndun á bolfiski til vinnslu í fiskiðjuverunum sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill. gætum við leyst á einfaldan, ódýran og góðan hátt ýmis þýðingarmikil vandamál í sambandi við hráefnisöflunina á land og þó fyrst og fremst vandamál smáu sjávarplássanna, sem hafa verið knúin til þess vegna skorts á skipulagi af þessu tagi að ráðast í kaup á skuttogara fyrir sig, sem síðan hefur af ýmsum ástæðum reynst ofviða að reka.

Hæstv. sjútvrh. talaði um nauðsyn þess að skipuleggja landanirnar milli hafna, jafnframt því sem vetrarvegir væru ótryggir til flutninga í kældum bílum. Það er alveg rétt, enda er sannarlega í þáltill. haldið opinni þeirri leið að gera einnig þetta. Á mörgum stöðum er slíkt nauðsynlegt. Aftur á móti hef ég fullkomna ástæðu til að vantreysta — a. m. k. í sumum tilfellum — algerlega frjálsu samkomulagi milli einstakra sjávarplássa um miðlun á afla, og jafnvel þó svo að ríkisvaldið grípi inn í, án sérstakrar lagasetningar.

Við höfum reynslu af því norður á Þórshöfn á Langanesi. Hæstv. forsrh. sagði okkur frá í svari við fsp. hv. þm. Árna Gunnarssonar í haust, þegar spurt var hvað gert hefði verið til þess að tryggja atvinnu á Þórshöfn á Langanesi, að nú hefði verið gerður samningur við eiganda togarans Dagnýjar á Siglufirði, sem um það leyti hafði eignast annað skip, þannig að Dagný hafði ekki þorskveiðileyfi. Það var samið um það við eiganda Dagnýjar, að gegn því að hún fengi leyfi til þorskveiða skyldi hún landa afla sínum á Þórshöfn á Langanesi. Efndirnar hafa gengið illa. Nú er ég ekki að halda því fram, að þar sé eiganda Dagnýjar sjálfrátt, en svo hefur viljað til í lok nær því hverrar veiðiferðar að Dagný hefur bilað, þannig að orðið hefur að landa aflanum annars staðar. Ég hefði kveðið öðruvísi að orði um þetta en ég geri nú ef eigandi togarans Dagnýjar hefði þá látið hinn togarann, þann nýja, sem ekki var bilaður, landa aflanum á Þórshöfn í staðinn. En hann hefur verið látinn sigla með afla sinn til sölu erlendis samtímis því sem afla Dagnýjar hefur verið landað annars staðar vegna bilunar. Ég ítreka það, ég er ekki með þessu að staðhæfa að þessi mál hafi verið á valdi útgerðarmanns, og það geri ég undirmálalaust að lýsa yfir því að ég er ekki með þessu að staðhæfa að hér sé um að ræða svik á samningi. Hitt er ljóst, að skort hefur hráefni á Þórshöfn af þessum sökum, þrátt fyrir þennan sérstaka samning sem gerður var um löndun á afla úr einum togara.

Ég efast ekki um að með þeirri tilhögun, sem að er stefnt í þáltill. sem hér er um fjallað, getum við sparað okkur stórfé í heild yfir landið í útgerð togara og skipakaupum og stuðlað að því að ná þeim afla sem er við hæfi til vinnslu í fiskiðjuverum kringum landið, til þess að útvega hráefni til að tryggja atvinnu í fiskiðjuverunum. Með þessum hætti getum við náð traustari stjórn, hagkvæmari stjórn á fiskveiðunum sjálfum. Ég bið hv. alþm. forláts ef ég hefði átt að nota nýyrðið „stjórnun" í þessu sambandi, en ég hef veitt því athygli að ýmsir hv. þm. þora ekki annað, svona til vonar og vara, en að nota það orð yfirleitt nú orðið til þess að auka líkindin á því að orðið skiljist. Ég tel að þetta fyrirkomulag muni auðvelda stjórn á veiðunum og vera til þess fallið að koma í veg fyrir að tekinn sé meiri fiskur úr sjó í aflahrotunum en sá sem hægt er að vinna. Hitt verður svo annað mál og annað viðfangsefni, að stemma stigu við því að leynt sé stórkostlegri úrtöku úr þorskstofni okkar af smáfiski, undirmálsfiski, með því að moka honum fyrir borð á miðunum. Það er enn annað mál.

Ég get tekið undir það álit sem fram hefur komið af hálfu annarra hv. þm., að nýta beri togaraflotann til hlítar til öflunar hráefnis fyrir frystihúsin í landinu í heild. En ég undirstrika þetta atriði: Fyrir þau frystihús, fyrir þau fiskiðjuver þar sem fyrir hendi er mannafli til þess að vinna aflann.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tek undir með ýmsum öðrum sem hér hafa talað um till. á þskj. 39. Ýmislegt horfir í rétta átt þar, en þó eru ákvæði till. ekki öll á eina lund.

Í grg. kemur m. a. fram sú réttmæta ábending, að nauðsyn beri til að leggja áherslu á að tengja veiðar og vinnslu í meira mæli en gert hefur verið. Sú stefna, sem þarna er imprað á, er ekki ný. Einstök bæjar- og sveitarfélög hafa beinlínis unnið að því á undanförnum árum að þetta gæti gerst, þó svo ekki hafi verið mótuð af ríkisstj. og stjórnvöldum nein sérstök stefna í þá átt. Þetta hefur verið gert t. d. með þeim hætti, að bæjarfélög byrjuðu á því að greiða uppbætur á fisk, sem landað var í viðkomandi bæjum, til þess að tryggja fiskverkunarstöðum nægilegt hráefni og fiskverkunarfólki næga atvinnu. Þetta var að sjálfsögðu gert með framlögum úr bæjarsjóði, með skattlagningu á bæjarbúa sjálfa og gersamlega án aðstoðar úr opinberum lánasjóðum, án aðstoðar frá ríki eða sjóðakerfi á einn eða neinn hátt. Það eru mörg ár liðin síðan þau bæjarfélög, sem þannig hugsuðu, beittu sér beinlínis fyrir því, að útgerðaraðilar og eigendur fiskverkunarstöðva sameinuðu rekstur sinn þannig að tryggt væri að þeir bátar og þau skip, sem gerð væru út frá viðkomandi stað, lönduðu undantekningarlítið eða undantekningarlaust heima. Þessi stefna var mörkuð af sveitarstjórnunum sjálfum og hverri sveitarstjórn í landinu er vitanlega í sjálfsvald sett að marka slíka stefnu. Hafi hún ekki verið mótuð af viðkomandi stöðum er ekki við aðra að sakast en sveitarstjórnarmennina sjálfa. En reynslan hefur leitt í ljós að þessum stöðum, sem þannig hafa staðið að málum, hefur vegnað betur öðrum.

Það hefur líka komið í ljós, að þegar um hefur verið að ræða á smærri stöðum nokkuð mörg og smá fyrirtæki í fiskvinnslu og fiskverkun sem ekki hafa átt sameiginlegra hagsmuna að gæta, þá hefur það ráð, sem dugað hefur til bjargar, reynst vera að hið opinbera, ef annar verður ekki til þess, beitti sér fyrir því að lánsfjárfyrirgreiðsla og styrkveiting til þessara staða með einum eða öðrum hætti ætti sér ekki stað nema þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, féllust á að sameina rekstur sinn, veiði og vinnslu, þannig að hægt væri að byggja upp fyrirtæki á þessum stöðum sem líkleg væru til að geta staðið ein og óstudd og án sífellds stuðnings af almannafé. Það hefur líka komið í ljós, að þar sem þessum ráðum hefur verið beitt þurfa menn ekki að hafa miklar áhyggjur af stöðu fiskvinnslu og fiskveiða. Svo eru auðvitað aðrir staðir víðs vegar um land, þar sem menn hafa látið reka á reiðanum í þessum efnum. Ég held að reynslan hafi líka leitt í ljós að þessir staðir standa hvað verst hvað fiskveiðar og fiskvinnslu varðar.

Hér er því um að ræða stefnu sem eins og glögglega kemur fram í grg. með þessari þáltill. þarf ekki ríkisstj. eða Alþingi til að móta. Þessa stefnu hafa sveitarfélög og viðkomandi aðilar getað mótað sjálf, þar sem áhugi hefur verið á því. En ég tel að það sé orðið auðséð, þegar reynslan liggur fyrir, að rétt sé að ríkisvaldið hafi, hvað þessu viðvíkur forustu og frumkvæði, bæði með beinum og óbeinum afskiptum af málefnum útgerðar og fiskvinnslu, það verði dreginn lærdómur af þessari reynslu, þannig að reynt sé að haga þessum málum alls staðar á landinu með sama hætti og reynslan hefur leitt í ljós að best hefur gefist.

Ég vil taka það fram, sem í raun og veru hefur komið fram áður, að það er ekkert nýtt að samvinna sé á milli fiskvinnslustöðva um nýtingu hráefnis. Þetta er t. d. mjög almennur siður á norðanverðum Vestfjörðum. Hjá fiskvinnslustöðvunum á Ísafirði, í Hnífsdal og í Bolungarvík er þetta orðin regla, en ekki undantekning, að fiski sé ekið á milli. Þar er rekstur fiskvinnslustöðvanna raunar orðinn stóriðja. Þar er unnið jafnt og þétt allt árið um kring og þessu hagað einmitt þannig, að þegar eitt hús kann að vanta hráefni og of mikið er af hráefni hjá öðrum er samvinna á milli um að vinna þetta hráefni. Það kemur því varla fyrir að um sé að ræða stöðvun á rekstri í einu húsinu á sama tíma og annað hús situr uppi með fullar geymslur af góðum fiski. Þetta hefur gerst án beinna afskipta ríkisvaldsins eða annarra, en er beinn liður í þeirri þróun sem þarna varð fyrst fyrir mörgum árum þegar unnið var að sameiningu fyrirtækja sem stunduðu veiðar og vinnslu og að ýta undir samstarf hraðfrystihúsanna á þessu svæði.

Hins vegar er auðvitað alveg ljóst að landshættir, samgöngur, geta gersamlega komið í veg fyrir að hægt sé að framkvæma þetta, því að um margra mánaða skeið getur verið að algerlega sé ófært landleiðis á milli staða sem ella gætu haft með sér samvinnu um nýtingu afla.

Jafnvel þó vera mætti að þetta væri hægt getur það líka haft ákveðna aðra erfiðleika í för með sér, sem menn hafa ekki bent á í þessum umr. Það er mjög algengt, eða allt of algengt, því miður, að afkoma fiskvinnslufyrirtækja, jafnvel í sama landshluta, jafnvel í næstu fjörðum, sé ákaflega ójöfn. Til eru þau fiskvinnslufyrirtæki, og raunar allt of mörg, sem geta ekki greitt fyrir þann afla sem upp er lagður. Og það er náttúrlega talsvert alvarlegt mál ef útgerðaraðilum, skipstjórum og skipshöfnum er skipað að landa afla sínum og selja hann fiskverkunarstöð sem getur ekki staðið í skilum með greiðslu. Slíkt kemur að sjálfsögðu beint niður á viðkomandi útgerð og sjómönnum, vegna þess að þarna er um að ræða, a. m. k. að hluta til, laun þeirra. Og það getur verið ansi erfitt, menn hljóta að skilja það, að fyrirskipa skipshöfn eða útgerðaraðilum, sem skipta við ákveðnar fiskverkunarstöðvar sem geta greitt á borðið fyrir allan þann fisk sem þær fá, að fara með fisk sinn og selja hann til vinnslustöðva sem geta ekki greitt fyrir nema brot af aflanum. (**StJ:** Er þetta vandamál einhvers staðar?) Þetta er talsvert vandamál. Þetta er vandamál t. d. á nokkrum stöðum sem ég þekki til. Ég veit dæmi þess, að menn, sem lögðu upp afla hjá fiskvinnslufyrirtæki í sumar, urðu að leggja hann upp hjá fyrirtækinu undir þeirri kvöð að fá aðeins greiddan helming aflans. Þann helming aflans, sem þeir fengu ekki greiddan í sumar, eru þeir ekki búnir að fá greiddan enn. Menn geta rétt ímyndað sér hvernig það er fyrir bæði sjómenn og útgerðaraðila að þurfa að reka útgerð og taka kaup við slíkar aðstæður.

Þetta mál er ekki eins einfalt og það virðist vera í fljótu bragði, jafnvel innan sama landshluta. Vandræðastaðir og vandræðafyrirtæki okkar í sjávarútvegi eru ekki bundin við einn landshluta. Slíkir staðir eru í flestum kjördæmum. Það þekkja menn af eigin reynd sem eru hér fyrir landsbyggðina. Þetta mál er því ekki eins einfalt og það sýnist og gefur ekki auga leið að hægt sé að setja reglur þess efnis að beinlínis sé hægt að mæla fyrir um að skip skuli selja afla á þessum eða hinum staðnum, ef svo háttar að það fyrirtæki, sem verið er að skylda skipin að selja til, getur ekki greitt.

Þá vil ég einnig fara nokkrum orðum um 5. tölul. í þessari þáltill., þar sem sagt er að að því beri að stefna að fiskveiðiflotinn, sem veiðir fyrir viðkomandi svæði, sé í góðu samræmi við afkastagetu vinnslustöðvanna. Ég vil segja eins og hv. þm. Stefán Jónsson, sem ræddi um þetta sama mál áðan, að það verður auðvitað að reyna að átta sig á því, hvað er eðlilegt að miða við í þessu sambandi. Á að miða fiskveiðiflotann við afkastagetu vinnslustöðvanna, á að miða vinnslustöðvarnar við afkastagetu fiskveiðiflotans eða á að miða hvort tveggja við veiðimöguleikana innan eðlilegra marka á viðkomandi vinnslusvæði? Er eðlilegt að byggja upp mjög afkastamiklar fiskvinnslustöðvar, t. d. í sambandi við þorskveiðar, ef þarf að sækja hráefnið til þessara stöðva hálfa leiðina í kringum landið? Það er spurning sem einnig þarf að huga að. Og við getum ekki gengið út frá því sem gefnu, síður en svo, að þær vinnslustöðvar, sem við höfum í landinu núna, sá mikli fjöldi þeirra, sem ýmist er í starfrækslu eða ekki, séu hið eðlilega fyrirkomulag sem eigi að vera á þessum málum. Hingað til hefur fiskurinn ekki verið takmörkuð auðlind. Við höfum byggt upp vinnslustöðvar okkar nánast án þess að taka tillit til þess, að fiskurinn geti orðið takmörkuð auðlind. Við höfum byggt upp eftir reglunni: ein fiskvinnslustöð er góð, tvær fiskvinnslustöðvar á sama stað eru tvöfalt betri, þrjár fiskvinnslustöðvar eru þrefalt betri o. s. frv., o. s. frv., uns svo er komið að við stöndum uppi með miklu fleiri fiskvinnslustöðvar í ákveðnum landshlutum en nemur þeim afla sem með eðlilegu móti berst þar á land. Þá kemur upp vandamál þegar sækja þarf afla fyrir þessar fiskvinnslustöðvar hálfa leiðina í kringum landið.

Það hefur áður komið fram hjá mér í þessum ræðustól, að mér finnst að það verði að umgangast fiskinn í sjónum eins og aðrar náttúruauðlindir sem eru takmarkaðar í þessu landi. Við þurfum að reyna að gera okkur grein fyrir því, hvernig þjóðin getur haft mestan arð af því að nytja þessar takmörkuðu auðlindir. Í því sambandi þurfum við auðvitað að velta fyrir okkur spurningum um það í fyrsta lagi hvernig á að nýta auðlindina, í öðru lagi hvar og í þriðja lagi af hverjum.

Orka er takmörkuð auðlind í landi okkar og ýmis hráefni sem til falla hér. Okkur var sagt á sínum tíma að hagkvæmnisathuganir hefðu leitt í ljós að það væri hagkvæmara fyrir þjóðarbúið að staðsetja sementsverksmiðju á Akranesi en við Patreksfjörð, þar sem var þó ekki skortur á hráefni, síður en svo. Ekki drógum við það í efa, þm. landsbyggðarinnar. Okkur var líka sagt, að gerðum hagkvæmnisathugunum, að hagkvæmara væri að staðsetja álver við Hafnarfjörð en t. d. við Eyjafjörð eða norður í landi. Og ekki drógum við það í efa. Okkur var líka sagt að hagkvæmara væri að öllum forsendum skoðuðum að staðsetja málmblendiverksmiðju við Grundartanga í Hvalfirði en einhvers staðar annars staðar. Ekki drógu menn í efa heldur, að það væri betri staðsetning en önnur. En nú þegar fiskurinn í sjónum er orðinn takmörkuð auðlind, ber þá ekki að móta þá stefnu að taka eigi mið af sömu forsendum þegar ákvörðun er tekin um hvar og hvernig eigi að nýta þessa auðlind í framtíðinni? Er þá ekki betra að það verði a. m. k. reynt að marka þá framtíðarstefnu, þó að vissulega verði henni ekki komið til framkvæmda nema á mjög löngum tíma, að fiskveiðar og fiskvinnsla verði byggð upp miðað við hvar hagkvæmast er fyrir þjóðarheildina að veiða fiskinn og hvar hagkvæmast er fyrir þjóðarheildina að verka fiskinn? Menn verða að gera sér fulla grein fyrir því, að ef um allar nytjar á takmörkuðum auðlindum okkar á að fara eftir þessum reglum, þá hljóta menn líka að gera þá kröfu, þegar fiskurinn er orðinn takmörkuð auðlind, að sama regla gildi um hann.

Ég held að það sé talsvert atriði í þessu sambandi að huga vel og vandlega að því, hvort ekki sé öllu hentugra t. d., eins og ég hef persónulega reynslu af, að geta borgað 15 og 16 ára gömlum unglingum um 90 þús. kr. á viku fyrir 8 tíma vinnu í fiskiðjuveri við allar bestu aðstæður, þar sem ekki heyrist hljóð í nokkurri vél til óþæginda fyrir starfsfólkið, en að senda þessa unglinga og fullorðna á suma aðra staði sem ekki geta greitt nema lítið brot af þessu kaupi við aðstæður sem ekki eru mönnum bjóðandi. Ég held að menn verði að skoða mjög vandlega þessi mál, þegar þeir marka framtíðarstefnu í fiskveiðimálum og fiskvinnslumálum fyrir landið í heild.

Mér er það alveg ljóst, að þetta verður ekki gert í einu vetfangi. Þetta verður ekki gert á einu ári, einu kjörtímabili né heldur tveimur kjörtímabilum. Og það eru ýmis vandamál atvinnulegs eðlis, þar sem fólk á við atvinnuleysi að búa eða hætta er á atvinnuleysi, þar sem ekki er í bráð hægt að taka tillit til slíkra sjónarmiða. En þetta hlýtur að verða sú framtíðarstefna sem við mörkum, ef við ætlum að hafa full not af þeirri takmörkuðu náttúruauðlind sem fiskurinn er. Það getur ekki verið rétt, að marka eigi þá stefnu og stefna beinlínis að því upp á framtíðina að flytja beri þorskinn, sem veiðist fyrir Vestur- og Norðurlandi, hálfa leiðina í kringum landið til þess að fá hann verkaðan. Það getur ekki verið, að það sé æskileg framtíðarstefna, vegna þess að þessi kostnaður hlýtur að sama skapi að rýra þær tekjur sem þjóðin fær af þessum takmörkuðu náttúruauðlindum. (**StJ:** Heldurðu að fiskurinn sé alltaf kyrr á sama stað?) Nei, en ég tel að marka beri þá stefnu með þessa náttúruauðlind eins og allar aðrar náttúruauðlindir í landinu, að nýting hennar sé þannig að þjóðin hafi sem allra mestan arð af. Þetta er framtíðarstefnan sem við eigum að móta. Eins og ég sagði geri ég mér það fyllilega ljóst, og það er öllum ljóst, að ekki er hægt að gera slíkt á einu ári, ekki á einu kjörtímabili, ekki á tveimur kjörtímabilum, jafnvel ekki á heilli mannsævi. Brýna nauðsyn ber til þess, að þessi sjónarmið séu ekki einráð, heldur sé horft á þann brýna vanda sem við er að etja í einstökum byggðarlögum hringinn í kringum landið, þar sem atvinnuskortur er mikið vandamál. Þetta verður að leysa. Þm. verða að taka höndum saman til að finna lausn á því. En þessa fiskveiðistefnu, sem ég hef verið að reyna að lýsa hér, held ég að verði að móta.

Varðandi það, að það kunni að koma fyrir að meiri fiskur berist á land en menn ráða við með góðu móti, þá er að sjálfsögðu satt að það gæti gerst. Það hefur oft gerst, bæði fyrir sunnan, norðan, vestan og austan. Það er ekkert nýtt. Það gerðist þegar vel aflaðist á vetrarvertíðinni við Suðvesturland. Þá barst miklu meiri fiskur á land en hægt var að verka með góðu móti, og mikið af þeim fiski var þá verkað þannig að skilaði minni arði en ella hefði getað verið.

Þegar menn stunda veiðibúskap, eins og fiskveiðar hjá okkur eru, hlýtur slíkt að koma upp, að það verði sveiflur í aflabrögðum og jafnvel að það þurfi að leita út fyrir lítið pláss eftir vinnuafli, vegna þess að í plássinu er ekki nægilega margt vinnandi fólk til að verka afla sem til fellur. En hvað var gert og hvað var sagt hér á Alþ. þegar

hundruðum milljóna af sameiginlegu fé þjóðarinnar var varið til þess að auka spennuna í byggingariðnaði í Reykjavík, þegar sameiginlegir skattpeningar þjóðarinnar voru teknir í það, að vísu eftir samkomulagi við verkalýðshreyfinguna, að tvöfalda íbúðaframleiðslu hér á Reykjavíkursvæðinu einu á sama tíma og iðnaðarmenn úti á landsbyggðinni gengu atvinnulausir? Hvað var þá sagt um framboð og eftirspurn eftir vinnuafli? Og hvað var sagt um framboð og eftirspurn eftir vinnuafli þegar ráðist var í Sigölduvirkjun og byggingarframkvæmdir þar, með þeim afleiðingum að nú telja á þriðja hundrað manns í Rangárvallasýslu að ríkið sé búið að skuldbinda sig til þess, að því er virðist, að sjá til þess að um aldur og ævi verði byggingarframkvæmdir af þessu tagi við Þjórsá, því að ella sé þessu fólki ekki lífvænlegt í sinni sveit? Hvað skyldi hafa verið sagt þá, eða þegar heilar bújarðir í Suðurlandskjördæmi voru lagðar í eyði vegna þess að heimilisfólkið allt, maður, kona og börn, hljóp upp í Sigöldu til að ná sér þar í fljóttekinn gróða vegna opinberra framkvæmda sem kostaðar voru af skattfé sem fæst með skattlagningu á landsmenn alla? Þessi dæmi um að tímabundinn skortur sé á vinnuafli í sjávarútvegi og fiskvinnslu á einhverjum ákveðnum stöðum á landinu hafa komið fyrir hringinn í kringum landið, öllum þorpum, öllum kaupstöðum á Íslandi sem atvinnu hafa haft af sjósókn og fiskveiðum á ýmsum tímum. Þó svo það ástand sé á þessu ári og þessum áratug ekki fyrir hendi á hinum eða þessum stað á landinu, þá þarf ekki að leita langt aftur í tímann til að finna dæmi um að svo hafi verið.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég vil sem sé leggja áherslu á að mörkuð verði sú stefna til langs tíma í fiskveiðum og fiskverkun, að reynt sé að sjá til þess, að þó svo fyritæki veiða og vinnslu verði ekki sameinuð, þá verði gert sameiginlegt áhugamál þeirra aðila, sem annars vegar sjá um veiðar og hins vegar um vinnslu, að þessir tveir þættir standi nokkurn veginn saman á þeim stöðum þar sem um slíkan rekstur er að ræða, það séu hagsmunir þeirra, sem veiðarnar stunda,að lagt sé upp á þeim stöðum sem skipin eru gerð út frá og afli sé unninn á þeim stöðum þar sem eðlilegt er, miðað við aðstæður, að vinna við hann fari fram.

Herra forseti. Ég verð að leyfa mér að spyrja að því, hvort það sé rangt hjá mér að hv. þm. Stefán Jónsson hafi verið búinn að ljúka ræðu sinni áðan. Mér sýnist nefnilega að hann haldi áfram ræðuflutningi úr stól sínum. Ég bið eindregið afsökunar á því, ef ég hef ruðst í ræðustólinn áður en hv. þm. gat lokið máli sínu, og vil gjarnan óska eftir því við hæstv. forseta að hann veiti mér svör við því, hvort ég hafi rutt hv. þm. úr vegi. Ég veit að hv. þm. getur komið aftur, hann getur meira að segja komið tvisvar og haldið áfram ræðu sinni. En ég vil gjarnan óska eftir því, að hv. þm. yrði gert það ljóst að það, sem við sjáum hérna fyrir framan okkur, eru stólar til að sitja á, en hér er ræðustóll til að tala úr.

Forseti (Gils Guðmundsson): Varðandi þessa síðustu aths. vil ég aðeins segja það, að forseti telur að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að stöðva það, þegar ræðumaður og þm., sem ekki hefur orðið, fara að ræða saman. En einstök framíköll hafa ekki verið bannvara hér á Alþ. og hafa heldur þótt lífga upp á, ef þau eru ekki úr hófi.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr., vekur athygli á mjög merku máli, sem er bætt skipulag á fisklöndun til fiskvinnslustöðva til að tryggja sem jafnasta vinnslu samhliða góðri nýtingu fiskveiðiflotans.

Það er ekkert vafamál og þarf varla að rökstyðja það, að góð nýting hráefnis og góð nýting fjárfestingar í sjávarútvegi er undirstaða undir þessum blómlega atvinnuvegi. Það eru mörg góð atriði í þessari þáltill. En hugmynd hv. flm. er að sett verði löggjöf um skipulag á fisklöndun. Mér er til efs að löggjöf um skipulagningu löndunar á ákveðnum löndunarsvæðum sé rétta leiðin til bætts skipulags.

Ég skil þessa þáltill. þannig, að átt sé við að fiskiskip landi sem áður í sínum heimahöfnum og síðan yrði fiskurinn fluttur á milli í kælibílum. Það er ekkert nema gott um þetta að segja. En eins og hér hefur reyndar verið drepið á er þetta fyrirkomulag víða fyrir hendi. Það er hins vegar staðreynd, að þeim fyrirtækjum í íslenskum sjávarútvegi vegnar best þar sem útgerð og vinnsla er á einni hendi. Það er ekki hægt að ná neinum viðunandi árangri í fiskvinnslu, ef útgerðin er ekki löguð að þörfum fiskvinnslunnar og þá aðallega með löndunardagana í huga.

Það eru mörg dæmi til um það hérlendis, þar sem vinnsla og útgerð eru mjög vel samantvinnaðar, að góður árangur hefur náðst. Þó er það engan veginn skilyrði að þetta sé á einni hendi eignalega séð, heldur einungis að um mjög góða samvinnu er að ræða. Dæmi um þetta eru Vestfirðir, Útgerðarfélag Akureyringa, Austfirðir, að hluta Norðurland, en einungis lítill hluti af Suðvesturlandi.

Vandamálið, sem þessi þáltill. fjallar um, finnst mér vera skýrt afmarkað í grg., þar sem segir, ef mætti vitna í það, með leyfi hæstv. forseta:

„Og enn má finna þess mörg dæmi, að í sömu útgerðarstöð sé ástandið þannig, að um allt of mikinn afla sé að ræða í einni vinnslustöðinni, þegar hráefni vantar í aðra, eða allt of mikill afli berist á land í einu byggðarlagi á sama tíma og nálægt byggðarlag skortir hráefni til vinnslu."

Þetta vandamál er víða leyst með samvinnu fiskvinnslustöðva. Þetta á einkum við um fiskvinnslustöðvar sem verða að skipta hráefni sínu til að hafa jafna vinnslu. Mig langar til að taka hér dæmi um Reykjavík, sem er mjög háþróuð á þessu sviði. Reykjavík er stærsti togaraútgerðarstaður landsins og þar er mjög náin samvinna á milli fiskvinnslustöðvanna. Hafnarfjörður og Grindavík með sína togara eru líka inni í þessum stóra skiptimarkaði sem verkar mjög vel án nokkurrar íhlutunar. Það er eiginlega sama hvaða skip er inni, menn ganga í það og skipta síðan þegar þeirra eigin skip koma inn, þannig að hér hefur tekist að skapa nokkuð jafna vinnslu.

Aftur á móti dæmi um það, þar sem ekki hefur tekist samvinna um skiptifisk þó að skilyrði séu fyrir hendi, eru Suðurnesin, enda er þar mjög bágborin afkoma fiskvinnslustöðva. Með aukinni samvinnu fiskvinnslustöðva er hægt að ná mestum árangri í skipulagningu fiskvinnslunnar. Ef frystihúsamenn sjá ekki kosti slíkra samvinnu, og þeir eru til sem sjá þá ekki, þá er ólíklegt að löggjöf breyti þar nokkru um.

Ég vil víkja hér að nokkrum ummælum, sem hafa komið fram í þessari umr., og vekja sérstaklega athygli á einu atriði, sem hv. þm. Stefán Jónsson nefndi, að miða afkastagetuna e. t. v. hvorki við fiskiskip eða fiskvinnslu, heldur við fólkið. Það er einmitt þetta atriði sem hefur brugðist á undanförnum árum, eins og við sjáum, að í einstökum byggðarlögum verður að flytja inn fólk til fiskvinnslunnar. Þetta eru atriði sem hefur ekki verið tekið tillit til í upphafi, þegar fjárfestingin var ákveðin. Að vísu er þetta oft erfitt vandamál, því að það er á mörgum stöðum þannig að einn togari er of lítið, en tveir togarar of mikið það þyrfti þá að vera 1 1/2 togari. Þetta er náttúrlega leyst á þeim stöðum þar sem samgöngur eru sæmilegar og menn ná samkomulagi um það. Því miður er þetta víða ekki gert þó að menn hafi skilyrði til að vinna sameiginlega úr tveimur togurum. Það er eins og menn veigri sér við að skipta á fiski. Ég þekki sjálfur fjölmörg dæmi um það, að mönnum finnst fiskurinn, sem þeir láta, vera miklu betri en fiskurinn, sem þeir fá. Þetta er vandamál sem menn ættu þó að hafa skilning á að leysa.

Eitt atriði er bara lauslega drepið á í þessari þáltill. Ég var því miður ekki við þegar hv. 1. þm. Austurl. flutti framsögu sína, en það er nokkuð opið í þessari þáltill., hvort átt sé við að togarar landi ekki í sinni heimahöfn. Ég satt að segja veit ekki hvort eigi að skilja þessa þáltill. þannig, ég geri það ekki. Mér skilst af umr. að þetta sé nú opið. Ég held að þetta yrði mjög erfitt í framkvæmd, að láta togara landa að ráði annars staðar en í sinni heimahöfn. Það hefur ekki lánast. Það var nefnt dæmi um Dagnýju, og væri fróðlegt að fá að vita af hverju það er, að þetta samkomulag hefur ekki haldist. Það getur verið, — mig grunar það, en ég veit það ekki, — það getur legið í því vandamáli sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nefndi, að menn hafi ekki getað greitt fyrir aflann. Það er vandamál sem ég get staðfest að er víða til. Það er ekki nóg að fá afla ef menn geta ekki greitt fyrir hann. Dæmi er um það, mig minnir að það hafi verið 1977, að þá landaði einn Akureyrartogari á Suðurnesjunum og ekki er búið að greiða aflann enn þá, þannig að þetta vandamál leysist ekki bara með því að skikka menn til að landa á ákveðnum stað. Þó að vanti hráefni, þá verður að koma til greiðslna.

Ef hið opinbera vill leggja eitthvað af mörkum til að bæta skipulag fisklöndunar og tryggja sem jafnasta vinnslu, þá má nefna önnur atriði sem vert væri að vekja athygli á. Það má nefna vegakerfið, sem er stærsta málið, að það sé bætt vegakerfi milli fiskvinnslufyrirtækja og hugsað t. d. um Suðurnesin og vegi við útgerðarstaði. Það má benda á að koma upp kældum hráefnisgeymslum og jafnvel sameiginlegum hráefnisgeymslum við hafnir, svo og sameiginlegum geymslum tómra kassa við hafnir. Allt þetta eru jákvæð atriði sem hið opinbera gæti haft forgöngu um. Það er svo á flestum stöðum, a. m. k. hér á Suðvesturlandi, að vinnslustaðirnir eru mun fleiri en löndunarstaðirnir. Það má nefna annað atriði: að gera útgerð og fiskvinnslu kleift að kassavæða flotann meira en nú er gert. Þetta eru allt atriði, sem hið opinbera gæti haft forgöngu um. Svo á að bæta vinnu- og löndunaraðstöðu í höfnum. Það er sömuleiðis verkefni hins opinbera.

Þetta eru einungis nokkur atriði sem mig langaði til að benda á í sambandi við skipulagningu fisklöndunar. En hér hefur verið drepið sérstaklega á þegar of mikill afli berst að landi svo og á fiskvinnslustöðvarnar og fjölda þeirra. Fiskveiðiflotinn er nú svo stór að það má ekki bæta við hann á næstu árum. Það held ég að við viðurkennum. En ég vil líka benda á annað atriði, að fiskvinnslustöðvarnar verða sennilega alls ekki nógu margar eftir 3, 4 eða 5 ár. Ef spádómar rætast og við högum okkur af viti næstu 2-3 ár, þá lendum við í vandræðum með að vinna aflann.

Ég vil benda á það í sambandi við hrotuna, að það var ekki botnlaus fiskur bara fyrir austan og norðan síðasta sumar, það var botnlaus fiskur hér á Suðvesturlandi. Það var ekkert einsdæmi. Auðvitað er hægt að nefna eitt og eitt byggðarlag sem á við sérstakan vanda að etja. Við erum kannske ekki að ræða um það núna. En þá vantaði vinnslustöðvar fólk til að vinna. Aftur á móti er ekki annað hægt en harma hvernig til tókst síðasta sumar þegar mörg hundruð tonn af þorski voru eyðilögð. Vissulega var þarna verkefni fyrir hið opinbera að grípa inn í, þar sem ljóst var að vinnslugeta húsanna réð ekki við þetta. Benda má á að það hefur verið gert. Það var gert á sumarloðnuveiðunum, til að taka dæmi. Það voru samtök vinnslu og veiða sem tóku sig saman um að hætta veiðum vegna þess að þau gátu ekki unnið hráefni. Og það var synd að þetta var ekki gert í þorskhrotunni s. l. sumar. Fiskurinn var betur geymdur í sjónum en ónýtur eða í skreið, sem seldist reyndar án þess að menn vissu um það þá.

Ég vil að lokum taka undir með flm., eins og þeir segja í grg., að fiskiðnaðurinn er stóriðja okkar Íslendinga, og ég styð allar þær hugmyndir sem koma fram í þessari þáltill. En ég legg áherslu á að jafna sveiflur í veiðum og vinnslu. Ég tel mörg atriði þarna vera jákvæð, og þessar umr. hafa verið mjög jákvæðar um þetta atriði. Ég tel þó, miðað við að einungis er um að ræða að flytja fisk á milli vinnslustöðva, að því aðeins sé hægt að gera það að skilyrði til þess séu bætt, en ekki einungis að það sé gert *með löggjöf. Þó er ég síður en svo á móti því, að þetta mál* verði kannað og þá í samhengi einmitt við það, hvort eðlilegt sé að togarar almennt landi annars staðar en í heimahöfnum og þá í hvaða formi það yrði. Það er miklu erfiðara vandamál en það sem varðar skiptingu á afla.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég verð að þakka þeim mörgu, sem hafa tekið til máls í sambandi við þessa till., góðar undirtektir, því að ekki er um það að villast að nær allir, sem hér hafa talað, hafa tekið undir þá meginstefnu sem fram kemur í till. og er aðalatriði málsins. En mér þykir ástæða til að leiðrétta nokkur atriði sem svolítið hefur borið á í þessum umr. varðandi hugmyndir okkar sem að þessari till. stöndum.

Síðasti hv. ræðumaður, Ágúst Einarsson, óttaðist nokkuð að hér væri farið inn á þá braut að setja löggjöf um löndun á fiski og þar með gætu komið upp margvísleg vandamál. Ég dreg enga dul á að það er einmitt skoðun mín og af því beri að leggja megináherslu á það, eins og segir í þessari till., kemur afar skýrt fram bæði í grg. og hefur komið fram í framsögu okkar og í till. sjálfri, að það kerfi, sem upp verði byggt og að einhverju leyti staðfest með lögum, verði og eigi að byggjast á nánu samstarfi og samráði við þá aðila sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta á hverju svæði um sig. Einnig er lögð áhersla á það, að yfirstjórnin á hverju svæði verði í höndum heimamanna. Hins vegar getur verið nauðsynlegt að fá lagaramma um nokkur þýðingarmikil atriði málsins og

hreinlega einhverja þátttöku ríkisins, ef ríkið telur að hér sé um þjóðhagslega hagstæða framkvæmd að ræða.

Ég hef komist á þá skoðun, að við ættum að stefna að þessari braut, einmitt vegna þess að ég er ekki sáttur með þá till. sem hefur verið flutt stundum og í ágætri meiningu, að við ættum, miðað við núverandi aðstæður, að koma upp togaraútgerð ríkisins og annarri ríkisútgerð sem væri beinlínis hugsuð til hráefnisjöfnunar í landinu. Ég efast ekkert um að till. af þeirri gerð er flutt í góðri meiningu og vissulega, ef það heppnaðist, væri hægt að leysa vanda einstakra staða. En þá væri þarna um að ræða aðgerð sem miklu nær væri atvinnubótafyrirkomulagi, þ. e. a. s. að leysa atvinnuvandamál einstakra staða, e. t. v. með áhættu ríkisins og þeim erfiðleikum sem því fylgja að ætla að reka skip sem eiga nálega hvergi heima. En það er geysilega mikill vandi, það höfum við reynt sem höfum komið nærri þessum málum.

Það er því ekkert um að villast, að í till. okkar felst ekki að setja eigi löggjöf, sem skikki menn til að landa fiski hér og þar, eða þeim verði fyrirskipað að landa einhvers staðar þar sem fiskurinn verði jafnvel ekki borgaður. Slíkt hefur vitanlega ekki hvarflað að okkur og er algerlega út í hött. Ég tel að það komi aldrei til mála. Ef svo langt yrði gengið, sem ég er ekki sammála, að lagðar yrðu á menn einhverjar þær kvaðir að þeir yrðu skyldaðir til að landa afla sínum á tilteknum stöðum, þá mundi auðvitað leiða af því, að sá sem skyldar þá til þess, þ. e. a. s. ríkið, yrði að vera ábyrgur fyrir greiðslu. Allt annað væri óeðlilegt miðað við okkar rekstraraðstöðu.

Ég tel líka að hugleiðingar um þetta séu í rauninni sprottnar af miklum misskilningi sem mjög oft kemur fram í umr. um þessi mál.

Sá misskilningur hefur einnig komið fram í þessari umr. Þar gefa menn sér það iðulega ósköp beint að segja: ja, ríkið, almenningur í landinu á nú öll skipin. Þeir hafa fengið 100% lán og jafnvel yfir 100% út á öll skipin og þeir eiga ekkert í þeim, þeir eru bara skrifaðir fyrir þeim. — Og af því að þetta er svona eiga þeir að vinna fyrir þjóðina og landa þar sem þeim verður sagt — og búið. Svona eru málin ekki. Þetta er reginmisskilningur. Þetta segja þeir sem alls ekki vita hvernig þetta hefur verið að gerast. Það er auðvitað ekkert um það að villast, að það eru til hjá okkur dæmi um að ríkisafskipti af því að útvega mönnum skip og önnur atvinnutæki hafa verið mikil. Hér voru menn að minnast á þá frægu löggjöf þegar togarafloti okkar var eyddur svo að segja að fullu og öllu. Þá var stigið það skref hér á Alþ. að ákveða að keyptir skyldu til landsins 6 togarar með sérstökum kjörum. Menn sögðu við þá umr., að þó að það stæði að lána mætti 90% þeim aðilum sem þarna áttu hlut að máli, þá mætti alveg eins segja að þeir hefðu komist upp í 102.5%, þegar búið var að taka tillit til þess, að inn í lán fyrir stofnkostnaði, sem þeir ættu að fá, væri tekinn allur útbúnaður skipanna, þ. e. a. s. veiðarfæri og allt saman. Ákveðið var fyrir fram, þegar þessi skip voru keypt, að þau ættu að fara fjögur til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og tvö til Akureyrar og ekki um annað að ræða. Svo gerðist það að vísu við lok málsins, að bætt var við tveimur skipum fyrir Reykjavík, sem hafa reyndar orðið frægust af þessum öllum, enda dugað best. En hvað um það, ég og fleiri fluttum þá till. um að heimila að fleiri gætu komið til greina með að njóta fyrirgreiðslu í þessum efnum þó hún yrði ekki svona mikil, menn mættu t. d. kaupa skip sem væru undir 500 tonnum. Slíkar till. voru felldar og kom ekki til slíks.

Það er aukaatriði, bæði í þessu máli og öðru, finnst mér, að tala um þetta út af fyrir sig. Þarna var um mikla fyrirgreiðslu að ræða hjá þeim sem stundum í seinni tíð hafa talað mest um að aðrir hafi fengið einhverja alveg sérstaka fyrirgreiðslu. Ég vil hins vegar segja það, að á næsta tímabili á eftir þessu sem ég var að segja frá, þegar ég var í ríkisstj., frá 1971-1974, þá var sett sú regla, að hver og einn, hvar sem hann væri staðsettur á landinu, sem sagt allir landsmenn hefðu sama rétt, þeir gætu komist yfir togara með þeim hætti að þeir yrðu að útvega erlent lán til 8 ára upp á 80% af kaupverði skipsins og þeir gætu fengið 5% lán hér úr Byggðasjóði, allir, hvar sem þeir væru búsettir á landinu. Menn gátu því fengið samkv. almennri reglu fyrirgreiðslu upp á 85%. En þetta var með því skilyrði að viðskiptabanki viðkomandi aðila legði fram skriflega yfirlýsingu um að hann ábyrgðist að viðkomandi aðili hefði hin 15% fram að leggja. Þetta var regla, sem gilti fyrir alla. Og ég vil segja það við þá ágætu menn, sem hafa tekið prýðilega undir þessa till. og sérstaklega hafa hagsmuni Suðurnesja ofarlega í huga, að Suðurnesjamenn áttu rétt á þessu nákvæmlega eins og aðrir og keyptu sér skip samkv. þessu, þó í minna mæli væri en aðrir. Þeir gátu bæði fengið 5% úr Byggðasjóði og fengu, og þeir gátu líka fengið að nota þessa almennu reglu. Spurningin var bara um það, hvort menn voru tilbúnir til þess, kærðu sig um það eða voru að gefa sig að einhverju öðru.

Það er reginmisskilningur, að það hafi átt sér stað, bæði á því tímabili og öðrum, einhver allsherjar tilflutningur á bæði fiskiskipum og fiskverkunarstöðvum, vissir staðir á landinu hafi notið algerra fríðinda. Ég hef í þessum efnum tekið nokkrum sinnum sem dæmi tvö öflugustu og best reknu fyrirtækin í mínu kjördæmi, á Austurlandi, sem eru langstærst í þessum efnum, nokkur helstu fyrirtækin á Vestfjörðum sem líka skaga einna mest upp úr, og á Norðurlandi, — þeir aðilar hafa ekki fengið krónu úr Byggðasjóði. Þeir nutu þeirra almennu kjara sem giltu í landinu og stóðu öllum opin. Það er því alger misskilningur, að það, sem var að gerast á þessum tíma, hafi gerst af þeim ástæðum, að menn hafi búið við einhver sældarkjör eftir því hvar þeir bjuggu. Hitt er auðvitað alveg rétt. og það er ekkert nýtt, það hefur gilt um langan tíma og gildir enn, að hlaupið væri undir bagga með einstökum stöðum sem staðið hefur mjög illa á um. Það þekkjum við. Lengi vel var háttað þannig um Skagaströnd, sem nú er sem betur fer löngu komin út úr þeim vanda. Bíldudalur var einnig þekktur staður í þessum efnum og margir fleiri. Þeir hafa lent í erfiðleikum og fengið m. a. sérstaka fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði. En það hefur ekki verið almennt, það er rangt.

Þetta innskot er í rauninni um allt annað atriði en þessi till. fjallar um. Till. fjallar um það, að við reynum að nýta þann veiðiflota, sem við höfum, á sem skynsamlegastan hátt, ekki bara fyrir einn og einn stað, heldur fyrir nálæga staði eftir því sem öllum aðilum getur hentað. Menn hafa verið að nefna það í þessu efni, að sum sveitarfélög og einstakir fiskverkunaraðilar hafi þegar leyst þessi mál sjálfir. Veit ég það vel. Ég veit að þessi mál eru komin mjög sæmilega á veg á einstaka afmörkuðu svæði. En því fer víðs fjarri að þetta hafi verið leyst fyrir landið sem heild og þeir möguleikar notaðir sem hægt er að nota í þessum efnum. Við stöndum frammi fyrir því, að einmitt

þegar menn hafa lagt jafnmikla áherslu á það eins og verið hefur í seinni tíð að eignast skuttogara sem verið hafa öruggustu hráefnisöflunartæki, þá er það svo að byggðarlög, sem eru af stærðinni 400, 500, 600 manns, ráða ekki með góðu móti við tvo togara til þess að ætla að vinna þann fisk vel. Þau hafa ekki vinnuafl til þess eða aðstöðu. Hins vegar vitum við að það er ekki hægt að byggja góða fiskvinnslu, eins og nú er komið, aðeins á einu skipi. Það fellur ekki saman. Með tilteknu skipulagi getur verið hægt að koma á hagkvæmum og góðum flutningi á milli staða, samtengja þá. E. t. v. þarf ríkið að koma til og aðstoða menn við það að einhverju leyti, sérstaklega meðan verið er að koma skipulaginu á, og að því miðar þessi till. fyrst og fremst.

Um umr. að öðru leyti skal ég vera fáorður. Þó er eitt atriði sem segja má að komi inn í þessa umr., ekki alveg beint, en er skylt og er þess eðlis, að mér þykir full ástæða að segja örfá orð um það atriði. Það var hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, sem minnti á það, að þegar verið væri að ræða um þessi mál væri ekki óeðlilegt að við minntust á þær till. sem fram væru komnar hjá fiskifræðingum okkar um stöðu fiskstofnanna og hvernig við stæðum yfirleitt að vígi með að taka við slíkum till., bæði varðandi okkar fiskveiðiflota, fiskvinnsluna og alla afkomuna í þjóðarbúinu. Það er auðvitað ekki aðstaða til að ræða þetta mál núna ítarlega. En það vil ég segja, til þess að menn átti sig e. t. v. betur á því máli en gefst samkv. því sem talað er um málið í blöðum, að auðvitað er ekkert smáræði ef til þess ætti að koma að við yrðum að taka á þessum málum á þann hátt sem þessi nýja skýrsla gerir ráð fyrir og tillögur fiskifræðinganna eru um, ef við ættum að standa frammi fyrir því á þessu ári að skera niður þorskveiðar okkar um 80 þús. tonn.

Það fór einhver að reikna það út, hvert væri hráefnisverð 80 þús. tonna af þorski. Og það er rétt, þegar hráefnisverð er tekið á öllu því hráefni, sem þar er um að ræða, og líka þeim hlutanum, sem fer í sjóði, þá er það um 16 milljarða kr. En slík verðmæti er mönnum óhætt að margfalda með a. m. k. 2½ þegar um er að ræða raunverulegt útflutningsverðmæti allra þessara afurða. Hér er því um tillögur að ræða um 40 milljarða, og þá er sleppt tillögu um að skera loðnuaflann niður um 150 þús. tonn. Ef menn vilja svo taka það sem Þjóðhagsstofnun hefur bent á og fleiri, að gjarnan megi reikna það á þann veg, að gjaldeyrisaflandi tekjur eins og þær, sem koma frá sjávarútveginum, sé óhætt að margfalda með 4-5 til þess að finna út hina raunverulegu þjóðhagsstærð, þ. e. a. s. til þess að finna raunverulegt þjóðarframleiðsluverðmæti í öllu hagkerfi, þá erum við komin þarna í 150-160 milljarða kr. af 730 milljörðum sem menn eru að reikna með að þjóðarframleiðslan verði á árinu 1979, m. ö. o. um 20%. Ég held að það væri hollt fyrir menn að hugsa um þetta.

Ýmsir ágætir menn segja: Er ekki sjálfsagt að verða við þessu? Er ekki sjálfsagt að við lokum togara okkar inni svo sem 4 mánuði á ári og stöðvum aðrar fiskveiðar? Er ekki sjálfsagt að gera þetta og gera hitt? En ég held að það hvarfli ekki að þeim ágætu mönnum að taka afleiðingunum af þessu, að það þurfi að loka ýmsu öðru í þjóðfélaginu um leið. Ég held að þeir væru fljótir að segja: Nei, það kemur ekki til mála.

Það er enginn vafi á því, að það er rétt sem hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, fyrrv. sjútvrh., minntist á, að hér er auðvitað um hrikalegt stórmál að ræða, stærra og meira en nokkurt annað sem hér hefur borið að höndum. Við höfum auðvitað fengið tillögur af svipaðri gerð og þessar áður, og það hefur verið brugðist við þeim á mismunandi veg. En hér er um verulegt stórmál að ræða, og ég er þess vegna ekkert hissa á að það dragist inn í umr. um þetta mál. En raunverulega fjallar þessi till. um allt annað. Hún fjallar um það, hvernig við eigum að spila sem best úr því sem við höfum af vinnslutækjum og sjósóknartækjum, hvernig við eigum að reyna að nýta þetta á sem hagkvæmastan hátt. Ég fagna því mjög, að hæstv. ráðh. hafa tekið mjög jákvætt undir þessa till. og sérstaklega hæstv. sjútvrh. Ég vona því að hann í starfi sínu takist á við það verkefni sem felst í till. Ég veit að það tekur langan tíma, þarf mikið undirbúningsstarf. Það þarf að vinna þetta á samkomulagsgrundvelli. Hér þýðir ekkert að setja saman lagafrv. og skipa mönnum algerlega fyrir. Öll uppbyggingin, eignarrétturinn og yfirráðin yfir þessu eru í því formi hjá okkur, að málið er ekki svo einfalt að það sé hægt að skipa hverjum og einum fyrir alveg án tillits til allra aðstæðna. En ég vona sem sagt, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, geti afgreitt það fljótlega og síðan verði hafist handa um að reyna að koma því í framkvæmd sem í till. felst.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hér hefur verið rætt af mörgum aðilum um mjög merkilegt mál, — mál sem sannarlega væri þörf á að ræða vel og koma til framkvæmda. Ég vil lýsa mig stuðningsmann þessarar till. og geri það vegna þess að mér er það ljóst að þessi mál gætu verið í miklu betra lagi en þau eru víða um land í dag.

Ég verð að segja það, að þegar hv. 1. flm. flutti framsöguræðu sína, þá fannst mér að þetta gæti orðið mál sem hefði veruleg áhrif á það svæði, sem ég hef mestan áhuga á, Suðurnesjasvæðið. En eftir því sem lengra hefur liðið á umr. skilst mér að í raun og veru sé ekki til þess ætlast að flytja fisk í fiskiskipum á milli svæða eða verulegar vegalengdir, heldur sé hér aðallega um jöfnun til næsta nágrennis að ræða, og ég viðurkenni að það getur víða verið nauðsynlegt.

Það, sem ég vildi leggja sérstaka áherslu á, var að taka undir með hv. 1. flm. þar sem hann sagði efnislega, að enda þótt við ættum e. t. v. nógu stóran eða of stóran fiskifkipaflota, þá væri þó að hans áliti ekki ástæða til að taka ekki tillit til þarfa og óska vissra staða sem þyrftu á auknum skipaflota að halda. Þetta finnst mér vera atriði sem við ættum að taka meira tillit til. Enda þótt segja megi að togarafloti okkar sé orðinn það stór að hann nægi og geri jafnvel meira en nægja okkar þörfum, ef honum er misskipt og ef einhver svæði eru til sem vantar hráefni og vantar togara til þeirrar hráefnisöflunar, þá á ekki að gera þeim mjög erfitt að ná því.

Hér hefur ýmislegt verið sagt varðandi þau svæði sem erfitt eiga, og ég vil að gefnu tilefni taka skýrt fram, að eftir því sem ég best veit eru ekki fleiri vinnupláss í frystihúsum á Suðurnesjum borið saman við íbúafjölda heldur en er víða um landið. Vil ég þá nefna ákveðin og takmörkuð svæði, eins og t. d. Þórshöfn og jafnvel Húsavík, þó að ekki sé nema eitt frystihús á hvorum þessara staða, þá veit ég ekki betur en þarna séu fleiri vinnupláss á íbúa eða hlutfallið sé jafnvel óhagstæðara á þessum stöðum en er á Suðurnesjasvæðinu, þó að mikið sé talað um að þar sé of mikið af frystihúsum. Sannleikurinn er sá, að þar er ekki of mikið af frystihúsum, þar er aðeins of lítið af fiski.

Ef við gerum okkur grein fyrir því, hvað þarna er um að ræða, þá er það í stuttu máli það, að hver sem vill má lá Suðurnesjamönnum það, þó að þeir væru ekki mjög æstir í að kaupa togara árið 1971. Þeir hafa um mjög langan tíma haft afkomu sína af fiskveiðum á ákveðnu tímabili, á vetrarvertíðinni, og vertíðirnar þar á undan höfðu verið mjög hagstæðar og mikið fiskmagn. Þess vegna óskuðu þeir eftir sínum gömlu bátaflotum og að geta haldið áfram að veiða sinn þorsk. En það, sem þeir vöruðu sig ekki á, var, eins og það var orðað hér, að það yrði stunduð slík hrikaleg veiði á smáfiski og millifiski frá Vestur-, Norður- og Austurlandinu af skuttogurum að netafiskur þeirra, hrygningarfiskur, mundi á fáum árum hrapa úr meira en milljón lestum niður í minna en 200 þús lestir. Þegar þeir sáu hvað verða vildi, þá fengu þeir að sjálfsögðu áhuga á að skipta yfir í skuttogara og geta sótt fiskinn lengra að. En þá var ástandið orðið þannig, að þessi 85—90%, sem talað var um áðan að lána fyrirgreiðsla hefði fengist fyrir, eða 80% + 10% eða 5%, til kaupa á togurum, voru komin niður í 50%. Þá getur hver sem er séð örðugleikana fyrir þessa menn, sem búið hafa við minnkandi veiði ár frá ári, að nú standa þeir uppi með of fáa togara til hráefnisöflunar. Þetta er í raun og veru mergurinn málsins. Allt tal um að þeir kunni ekki að reka fiskiðnað, eins og hefur komið fram hér í Alþ., er vitleysa, vegna þess að árin 1970 og 1971 var bruttóhagnaður fiskvinnslunnar á Suðurnesjum hærri en nokkurs staðar annars á landinu. En síðan hefur þetta að sjálfsögðu snúist við.

Ég held að hér hafi verið rætt um mörg merkileg atriði á þessu sviði. Þótt ég geri mér fulla grein fyrir því, að það er rétt sem sagt var, að það mundi valda hroðalegum erfiðleikum ef ætti að fara að takmarka þorskveiðarnar, þá verðum við að sjálfsögðu um leið að líta á það, hvernig okkar efnahagur mundi fara ef eins færi fyrir þorskveiðunum og síldveiðunum. Við skulum vona að til þess komi ekki. Ég vil þó sérstaklega geta þess, að ég held að það sé ekki fyrst og fremst tonnafjöldinn af þorski sem við þurfum að minnka verulega, heldur talan á þorskunum. Það er ekki sama hvort það er fullvaxinn þorskur eða hvort það er smáfiskur sem við veiðum. En ef við erum á annað borð farnir að taka þá stefnu að stjórna veiðum og vinnslu, þá er ég ekki viss um að það sé erfitt fyrir okkur að stjórna því, hvort við veiðum millifisk og stórfisk eða hvort við veiðum að verulegu leyti smáfisk. Með því að veiða millifiskinn og stórfiskinn gætum við kannske haldið okkur við ákveðinn tonnafjölda, sem væri e. t. v. eitthvað minni en síðasta ár, en þó ekki farið niður í það sem lagt er til, en þó ekki veiddir fleiri fiskar en ef við héldum óbreyttum hætti með smáfiskinn. Þó vil ég taka það skýrt fram, að ég held að þær aðgerðir, sem fyrrv. sjútvrh. lét gera á síðustu árum bæði varðandi stækkun möskva og lokun svæða, hafi orðið til þess, að í þeim mörgu tonnum, sem við veiddum í ár, séu færri fiskar en hefðu verið ef við hefðum veitt 300 þús. tonn fyrir 4-5 árum. Þetta er eitt meginatriðið í þessu máli, vegna þess að þarna er um gífurlega þjóðarhagsmuni að ræða, að við geymum okkur fiskinn þangað til hann er kominn í góða stærð.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á það sem sagt hefur verið hér, að víða um landið eru einstök svæði og einstök byggðarlög sem þurfa á tryggara og öruggara hráefni að halda. Ég vil líka taka það sérstaklega fram, að vegna Suðvesturlandsins verður að gera einhverjar ráðstafanir, því að einfaldlega blasir við að við getum ekki dregið stórlega saman fiskvinnsluna og ætlast til að iðnaður taki við í staðinn. Það tekur fjöldamörg ár að flytja yfir frá fiskvinnslu í annan iðnað, og það er enginn vafi á því, að ef við ætlum að treysta á slíkt, þá verður um efnahagslegt hrun á þessum svæðum að ræða. Ég held því að það einasta, sem hægt er að gera sé, það sem 1. flm. ýjaði að, að þangað sem þörf er á verðum við að fá skip og jafna hráefninu. Jafnvel þótt við þurfum að láta þau fara á annað en þorskveiðar einhvern hluta ársins, meðan við erum að vinna upp stofninn, þá megum við ekki láta heil landssvæði gjalda þess eins hroðalega og hefur verið nú undanfarið.

Ég geri mér grein fyrir því, að öll lögboð um að dreifa fiskinum um svæðin mundu verða erfið. Ég held að það væri t. d. mjög torvelt að fá togara frá Vestfjörðum eða Austfjörðum til að fara að landa suður á Suðurnesjum, jafnvel þó aflinn fengist strax greiddur. Mér skilst líka á síðustu ræðumönnum að það sé ekki meiningin, og ég skil það vel. Þess vegna er engin undankomuleið önnur, ef við ætlum að halda hér uppi þeirri atvinnu og þeim atvinnumöguleikum sem þarf að gera, en að fá tryggari hráefnisöflun.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm., sem hóf hér landshlutaumr. í dag, Gunnlaugur Stefánsson frá Hafnarfirði, er nú ekki staddur í salnum, en hann taldi að meðan ég gegndi starfi sjútvrh. hefðu menn fengið allt að 105% lán til skipakaupa. Ég þarf nú ekki að leiðrétta þetta, því að hv. 1. þm. Austurl. tók það dæmi, og það var löngu fyrir mína tíð og meira að segja fyrir ráðherratíð 1. þm. Austurl. að þessi samanburður varð til.

Sömuleiðis nefndi sami hv. þm. að það væri verið að selja fisk óunninn til útlanda í stórum stíl á sama tíma og fiskvinnslustöðvar í landinu væru hráefnislausar. Nú er það alveg í höndum stjórnvalda, hvort þau leyfa útflutning á ísvörðum fiski. Það er viðskrn. sem ræður þar algerlega. Þessi hv. þm. er stuðningsmaður núv. ríkisstj., og ef hann telur að það eigi alfarið að banna siglingar skipa með ísvarinn fisk, þá finnst mér að hann eigi að snúa sér að þeirri ríkisstj. sem hann styður. Hins vegar vil ég segja það til þess að fyrirbyggja misskilning, að við þurfum að eiga og gæta víða markaða, og það er best að hafa bæði þessar siglingar og annað í hófi og taka mið af verði á mörkuðum hverju sinni. En það má ekki heldur ganga svo langt, að þegar markaðir falla, þá eigi íslenskar fiskvinnslustöðvar að taka við. Undir mörgum kringumstæðum er nauðsynlegt að leyfa slíka sölu og það hefur viðskrn. á hverjum tíma gert.

Hinu var ég meira hissa á, þegar hæstv. félmrh., sem einnig er nú farinn úr þingsalnum, kom í ræðustólinn og taldi að það þyrfti að stemma stigu við erlendu fólki sem ynni við fiskvinnslu. Ég veit ekki betur en félmrn. hafi verið að leggja blessun sína yfir innflutning á erlendu vinnuafli og þar með áströlskum stúlkum, sem mikið er talað um. Þá er það hans að stöðva það, að þetta vinnuafl fáist. Hann tekur e. t. v. um leið á sig allverulega ábyrgð að stöðva vissar fiskvinnslustöðvar á vissum stöðum. Og annar hv. þm., Stefán Jónsson, taldi að bæði fiskvinnsla og fiskveiðar ættu að fara eftir mannskapnum á hverjum stað. M. ö. o., ef fólk flytur frá einhverjum stað, þá ætti um leið að flytja frystihúsin á eftir því og þannig fram og til baka. Ég held að þetta sé ekki svona einfalt, síður en

svo, og ég held líka að það sé ekki rétt að vera alltaf að öfundast yfir því, þó að vel gangi í einhverjum ákveðnum landshluta í eitt, tvö eða þrjú ár. Enginn veit hvað fyrir kann að koma að þeim árum liðnum.

Við skulum taka t. d. stað eins og Vestmannaeyjar, þar sem var besti afli á landinu árum saman. Ég hef verið að glugga í gömlum Ægi og víðar, og þar segir að árið 1940 voru gæftir nokkuð góðar og þáttaka landsmanna í fiskveiðum með mesta móti. Samt var aflinn ekki að sama skapi mikill, þrátt fyrir að menn hefðu fyrir tveimur árum spáð að þetta ár mundi verða gott þorskveiðiár, vegna þess að sterkir árgangar áttu þá að koma inn í veiðina. Í Vestmannaeyjum t. d. var einhver sú lélegasta vertíð sem komið hafði síðan farið var að stunda veiðar á hinum stóra vélbátaflota. Er talið að aflinn hafi numið um 40% af meðalvertíðarveiði, þótt hvergi hafi brugðist eins gersamlega veiðin eins og í Vestmannaeyjum. Þetta var á árinu 1940. Eftir það komu mörg ár í Vestmannaeyjum þar sem Vestmannaeyjar báru af hvað afla snertir.

Ef við eigum að fara eftir vinnuaflinu á hverjum stað, þá hefðum við átt að flytja þetta vinnuafl frá Vestmannaeyjum til þeirra staða þar sem veiðin hafði aukist og svo aftur til baka, því að þorskurinn, alveg eins og hv. þm. sagði, er ekki alltaf á sama stað og tekur sennilega ekki upp á því hér eftir frekar en hingað til. Hér hafa verið, eru og munu verða miklar breytingar í þessa átt, og það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni og fleirum, að það koma tímabil þar sem afli er reyndar of mikill, ef maður má svo að orði komast, þegar ekki er hægt að vinna og gera úr honum mest verðmæti fyrir þjóðarbúið. En þetta hefur gerst á öllum tímum og í öllum landshlutum. Þegar hafa komið fiskihlaup, mikill fiskur komið að landi, eru menn ekki að hafna því að fá hann á skip og þeir koma með hann að landi. En ég vil ekki fallast á það, sem sami þm. sagði, að smáfiski væri mokað í sjóinn. Mér finnst þetta vera þungar ásakanir á skipstjórnarmenn og sjómenn, að segja að smáfiski sé mokað í sjóinn.

Í sambandi við vinnsluna vil ég segja það, að þegar síld var fyrir Norðurlandi, þegar Siglufjörður var aðalsíldarsöltunarstöð landsins, átti þá alls ekki að koma meiri síld á land á Norðurlandi en fyrir fólkið sem bjó á þessum stöðum? Þá fór fólk frá Vestfjörðum, Suðurlandi og Austfjörðum í hundraðatali til Norðurlands til þess að vinna þessa síld. Síðan var farið til Austfjarða þegar síldin kom þangað. Fólk hefur farið þangað á hverjum tíma til að bjarga verðmætum og til þess að fá góðar tekjur. Hvað gerðist fyrir allmörgum árum þegar var fisklaust fyrir Norðurlandi ár eftir ár og fyrir Austfjörðum ár eftir ár? Þá fór fólkið, sjómennirnir á þesum stöðum, á vertíð eftir vertíð til Vestmannaeyja og Suðurnesja þar sem fiskur var uppi í landsteinum. Og það endaði með því, að ekki tugir, heldur hundruð manna á þessum svæðum fluttust búferlum, af því að þar var atvinnan meiri og betri. Það yfirgaf sína heimahaga. Sama gerðist á Vestfjörðum þegar fiskur brást þar. Þá þurftu Vestfirðingar að sækja frá Djúpi suður á Breiðafjörð á ekki stærri bátum en 40 tonna, sem þá þóttu stór skip. Og það er ekki lengra síðan en að ég var kominn á unglingsaldur eða á fullorðinsár þegar þetta gerðist. Ég heyrði þá aldrei að kvartað væri undan því, það ætti að jafna aðstöðumuninn og það þætti synd hvað gengi vel á einhverjum ákveðnum stöðum. Nú hefur aðeins þokast í áttina í þessum landsfjórðungum, það hefur heldur orðið fjölgun, um 1% eða svo. Mér finnst ekki stórkostlegar breytingar hafa átt sér stað, og við vitum ekkert í raun og veru hvað þetta stendur lengi.

Ef við lítum á hina minni staði, og þá á ég ekki sérstaklega við einhvern ákveðinn landsfjórðung, við skulum taka Akureyri, þá er Akureyri auðvitað með miklu fjölbreyttara atvinnulíf en minni staðir á Norðurlandi eystra, eins og Ísafjörður er aftur með fjölbreyttara atvinnulíf en staðir í hinum minni kauptúnum. Þar er svo að segja hver maður háður fiskveiðum og fiskvinnslu. Þess vegna er ekki óeðlilegt að þessir minnstu staðir, ef þeir fá ekki innlent vinnuafl, fái þá erlent vinnuafl, alveg eins og gerðist hér fyrir nokkrum árum, þegar Íslendingar vildu heldur vinna á Keflavíkurflugvelli, en Færeyingar mönnuðu okkar fiskiskipaflota sællar minningar. En hvað skeður svo aftur þegar fólkið kemur úr skólunum á vorin, ef þetta væri ekki fyrir hendi, ef ætti að sníða það eftir vetrarvinnunni? Hvar á þá að koma því fólki öllu fyrir að vorinu? Það er undirstaða margra heimila um allt land að skapa unga fólkinu vinnu yfir sumartímann.

Ég tek undir það, að hvar sem er og hver sem á hlut að máli, þá er til skaða þegar svo mikill fiskur berst að, að hann er ekki nýttur. Það, sem skeði í sumar, var ekki aðeins að of mikill fiskur væri bæði fyrir vestan, norðan og austan, það var einnig suðvestanlands á þessu sama tímabili. Það var reynt að koma fiski af sér á þau svæði, eins og Reykjanessvæðið, í þessu hlaupi, en það gekk ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Alveg eins á sér stað, að stór og góður fiskur hefur ekki verið unninn í verðmætustu pakkningar eða gert úr honum sem mest útflutningsverðmæti, vegna þess að hann hefur verið of lengi t. d. í netum. Allt þetta hefur batnað á síðustu árum.

Hv. 4. þm. Reykn. talaði um smáfiskinn. Hann viðurkenndi réttilega þær aðgerðir sem gerðar hafa verið til þess að koma í veg fyrir smáfiskadrápið. Ég fullyrði alveg óhikað, að það er ekki neitt sem heitir smáfiskadráp lengur, ekki sem er hægt að segja að sé í neinu magni. Þar hefur orðið stórfelld breyting á síðustu árum, í fyrsta lagi með brottför Bretanna, með stækkun möskva og stórauknu eftirliti á veiðiskipum okkar, svo að hér er ekki um slíkt að ræða.

Í sambandi við togarauppbygginguna er sannleikur málsins sá, að blessaðir Suðurnesjamennirnir vildu enga togara þegar aðrir voru að kaupa þá. Þeir héldu svo fast við bátana sína þangað til allt var orðið fullt af skipum. Og ég vil taka það fram, að rúmlega helming af tímabili fyrri ríkisstj. voru lánakjörin óbreytt hvað þetta snertir. Þetta eru vandamál sem fyrir liggja og við eigum auðvitað að sýna sanngirni í að reyna að leysa.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessi mál. Ég hef áður sagt að efnislega sé sú till., sem fyrir liggur, þörf og sérstaklega með þeirri túlkun, sem 1. flm. málsins viðhafði í ræðum sínum í dag, eigum við flestir að geta tekið undir till., en sjálfsagt að athuga frekara orðalag í nefnd og við afgreiðslu málsins.

Ég vísa að öðru leyti til þess sem ég sagði í fyrri ræðu minni um þetta mál.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hvar eru allir kratarnir okkar? Ég vildi gjarnan fara fram á það við hæstv. forseta, að hann beitti nú áhrifum sínum í framtíðinni til þess að þeir treystu sér til að sækja þingfundi, a. m. k. einhverjir af þeim. Ég verð að viðurkenna að mér finnst á

stundum kappnóg af krötum hér á hv. Alþ., en það kann að vera að þeir þyrftu að vera fleiri til þess að geta verið einn eða tveir á fundi í hv. Sþ. Ekki einu sinni sjútvrh. treystir sér til að vera hér, hvað þá félmrh. eða utanrrh. Ég endurtek það, sem ég hef sagt áður í vetur þegar svipað stóð á, að þeir voru fjarstaddir, að ég sakna þeirra ekkert. En ég tek eftir því þegar þeir eru ekki.

Sú till., sem hér er til umr., er að mörgu leyti góðra gjalda verð og sjálfsagt í góðri meiningu flutt. Og það er ekki að ófyrirsynju þó að menn velti fyrir sér málum eins og þessum á hinu háa Alþingi. Undirstaða lífskjara þessarar þjóðar er náttúrlega fyrst og fremst sjávarfangið, það sem sjórinn gefur af sér, og það sem landið gefur af sér. Og það er rétt að undirstrika, að það er mjög mikilvægt að gæta hófsemi bæði í umgengni við landið og í umgengni við hafið. Mesti aumingjaskapurinn er að ráða ekki við sjálfan sig og ganga óhóflega á þær auðlindir og éta út á framtíðina.

Við höfum öðlast ráðstöfunarrétt yfir víðri landhelgi, 200 mílna landhelgi. Undanfarna daga hafa farið fram miklar umr. á Alþ. um landhelgismál í sambandi við fiskveiðiheimildir til Færeyinga. Nú vilja allir Lilju kveðið hafa, nú þykjast allir hafa verið forgöngumenn um landhelgina, ekki síst þeir sem töldu útfærsluna siðleysi og glæframennsku þegar lagt var upp í þá för.

Í þessum umr. hafa fallið ógætileg orð um vísindamenn, fiskifræðinga okkar. Sumir þeirra hafa stundum sett klaufalega fram sjónarmið sín, en áreiðanlega hafa ábendingar þeirra oft verið réttmætar. Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja til náinnar samvinnu vísindamanna og sjómanna. Það verður náttúrlega að hafa skynsemi með í ráðum og taka tillit til aðstæðna á hverjum tíma og hverjum stað, en það verður líka að taka tillit til fiskverndar og hinnar fræðilegu hliðar málsins.

Ég býð velkominn í salinn fyrsta Alþfl.-manninn, og vantar þá ekki nema 13. (**Gripið fram í:** Þú getur nú verið feginn á meðan.) Ég er búinn að taka það fram.

Ég held að margt mætti betur fara í sjávarútvegi okkar, og nýtingu í fiskvinnslu okkar er stórkostlega ábótavant. Ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri til að minna á till. til þál., sem liggur fyrir þessu þingi á þskj. 113, um aukna nýtingu í fiskvinnslu, og eru flm. Stefán Guðmundsson á Sauðárkróki og Vilhjálmur Hjálmarsson, hv. þm. Þessi till. beinist að því að ríkisstj. verði falið í samráði við aðila veiða og vinnslu sjávarfangs að hlutast til um að gerð verði hið fyrsta könnun á því á hvern hátt megi sem best ná hámarksnýtingu þess sjávarafla sem á land kemur. Samkv. gögnum Þjóðhagsstofnunar frá því í okt. 1977 var nýtingin þannig, að um 40% af mótteknum þorski fóru til frystingar á Norðurl. e. Nýtingin var 40% þar, en ekki nema 33% í Reykjavík og á Reykjanesi. Þetta er eitt af því sem veldur því að fiskvinnslustöðvar ganga illa, að útgerð gengur illa. Þarna verður að ráða bót á. Úr því að við getum náð að meðaltali í heilu kjördæmi 40% nýtingu gefur auga leið að bestu húsin nýta töluvert yfir 40%. Því hlýtur að vera hægt að ná þarna verulegum árangri. En það er langtímamarkmið, það er verkefni sem ekki er unnið í einu vetfangi. Ég vara hins vegar við því að reiða sig á að árangurinn náist samstundis eða miða úrlausnir í núverandi efnahagsvanda við að slá því föstu að þarna gerist kraftaverk einmitt þegar maður þarf á því að halda að milljarðarnir streymi inn. En hitt er rétt, að þarna er um stórkostlega fjármuni að tefla og fjármuni sem er búmannlegt að hirða.

Sjávarútvegur á Norðurlandi vestra hefur risið gersamlega úr rústum á þessum áratug. Síðan ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar var mynduð 1971 hefur sjávarútvegur tekið gersamlegum stakkaskiptum í þessu kjördæmi. Menn hafa prófað sig áfram og komist upp á býsna gott lag. Það er ekki rétt, sem hv. 1. þm. Austurl. Lúðvík Jósepsson, sagði áðan, að ekki væri hægt að láta útgerð ganga í 400—600 manna plássi með einu togskipi. Þetta hefur Skagstrendingum tekist bara vel. Það hefði þó verið hentugra fyrir þá, ef þeir hefðu getað haft meiri miðlunarmöguleika en fyrir hendi eru. Hitt er alveg rétt, að það kann að vera að tvö skip séu að sumu leyti of stór eining og beri of mikinn afla á land fyrir þær hendur, sem fyrir eru, að vinna með skikkanlegu móti. Það hefur verið vakin á því athygli í umr., að á Skagaströnd var allt í kaldakoli á viðreisnartímanum, atvinnuleysi ríkjandi. Það var ekkert undantekningarástand. Það var eðlilegt ástand á Skagaströnd þá, að fjölskyldufeður yrðu að sækja atvinnu sína til annarra staða. En nú hefur hver þá vinnu þar sem hann vill.

Í Norðurl. v. hafa menn prófað sig áfram um samvinnu milli fiskvinnslustöðva. Útgerðarfélag Skagfirðinga leggur upp fisk sem fer til þriggja frystihúsa, tveggja á Sauðárkróki og eins á Hofsósi, og byggðum Skagafjarðar hefur orðið ákaflega mikil lyftistöng að þetta samstarf skyldi komast á. En þarna koma til samgöngur á milli staða. Það er meginatriði að hægt sé að flytja fiskinn.

Ég hef ekki trú á því, að það þýði, að hugsa sér að dreifa aflanum og láta skipin landa á þessum staðnum eftir þennan túrinn og hinum staðnum eftir næsta túr. Við verðum að reikna með því að flytja fiskinn eftir veginum og þess vegna þarf að hafa til hliðsjónar að bæta samgöngur á landi á milli staða. En undirstaðan undir þessu öllu saman er sú, að útgerðin verður að vera í alvöru. Það verður að ganga að þessu verki eins og hverju öðru með vönduðum undirbúningi, skynsamlegri fjármögnun eða fjármagnsútvegun, og menn verða að gera þetta í alvöru, því að annars tekst það ekki.

Það hafa alltaf verið „fallít" útgerðarmenn á Íslandi, og það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt, þetta er áhættusamur atvinnuvegur, en kannske hefur mönnum einstöku sinnum verið fleytt of lengi og þar af leiðandi verið stuðlað að óhóflegu skipulagsleysi.

Auðvitað eru okkur ljós þau vandamál, sem mjög hafa verið á lofti höfð hér á hv. Alþ., — þau vandamál sem þm. Reykn. hafa einkum beitt sér fyrir að segja frá, vandamál útgerðar og fiskvinnslu á Suðurnesjum. Ég vil leyfa mér að mótmæla sem algeru þvaðri orðum sem féllu fyrr í dag um einhverja svívirðilega pólitíska fjárfestingu sem átti að hafa sneitt hjá garði Suðurnesjamanna. Mér sýnist að það sé verið að gera sæmilega við Suðurnesjamenn, og ég vona að þeir rétti úr kútnum. En það er víðar gert út en þar og það þarf í fleiri horn að líta en Suðurnesjahornið. —Af skiljanlegum ástæðum á atvinnurekstur og mannlíf á Suðurnesjum við verulegt vandamál að glíma, þó ekki væri nema sambýlið við herinn. Hann er ekki til bóta fyrir útgerð á Suðurnesjum né sambýli við álverið og samkeppni um vinnuaflið við það. Þau umsvif eru ekki lyftistöng fyrir sjávarútveginn.

Það hefur verið rifjað upp með vertíðina á Suðurnesjum og þá mannflutninga sem urðu í því sambandi. Og drepið hefur verið á að meðan aðrir staðir réttu úr kútnum og komust yfir framtíðarskip voru Suðurnesjamenn

að versla með bátana sína innbyrðis og afskrifa þá sitt á hvað. Ég sé út af fyrir sig ekki neitt athugavert við það, þó að vertíðarfólk sé hætt að streyma að norðan eða vestan suður á nes. Það var ekkert aðgengilegt eða skemmtilegt fyrir fjölskyldu á Skagaströnd, Sauðárkróki eða Siglufirði, þegar heimilisfeðurnir urðu flestir að fara að vetrinum til Vestmannaeyja eða suður á nes. Ég held að það séu fjarstæðar hugmyndir, þær sem aðeins bryddir á og hefur jafnvel gert í þessum umr. lítillega, að það er eins og megi hvergi drepa fiskinn nema við Suðvesturland. Hrygningarfiskurinn er náttúrlega verðmætur fyrir viðkomu stofnsins. Smáfisk er að sjálfsögðu óskynsamlegt að drepa, en hrygningarfiskurinn er ekki síður verðmætur ef út í það er farið. Og það er einmitt verkefni okkar að koma skipulagi á að veiða skynsamlega og sækja skynsamlega, ganga ekki í smáfiskinn þegar hann er á ferðinni, en það er tímunum saman allt í lagi að veiða fyrir norðan, þar sem smáfiskurinn heldur sig ekki. Þetta þjóðfélag okkar byggist á sjómönnum fremur en nokkurri annarri stétt.

Ég vil að endingu leggja sérstaka áherslu á að það verður að gera vel við sjómenn. Þeir stunda hættulega og erfiða vinnu og eru fjarri heimilum sínum á sjónum, en ég held að það sé tómt mál að ætla að fara að bjóða þeim með lögum eða skipulagningu eða segja þeim fyrir hvar þeir eigi að landa, eins og mér finnst að orðanna hljóðan í tillgr. bjóði nokkuð upp á, þó að frsm. hafi dregið í land og komist í dag miklu skynsamlegar að orði. Ég held að svo framarlega byggist fiskimannastétt okkar á „stabílum" og góðum sjómönnum að þeir hafi lífsaðstöðu eitthvað í líkingu við það sem aðrir menn hafa í þjóðfélaginu og geti verið heima hjá sér einhverjar stundir og helst þær stundir sem þeir eru í landi. Þess vegna held ég þrátt fyrir allt, þó að þessi till. sé góðra gjalda verð að ýmsu leyti, að ekki sé endilega nauðsynlegt að samþykkja hana. Það er gott að hafa hana sem vinnuplagg til hliðsjónar og sem viljayfirlýsingu um þróun sem við viljum hafa í framtíðinni, að bæta samstarf og skipulagningu, en ég held að við höldum ekki í okkar góðu sjómannastétt bestu mönnunum, rótgrónum sjómönnum, reglusömum heimilisfeðrum, öðruvísi en gefa þeim þau tækifæri sem mögulegt er til þess að koma heim til sín.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hafi Páll Pétursson saknað okkar Alþfl.-manna hér úr sal áðan, þá er það skemmtileg hugarfarsbreyting sem orðið hefur. Hins vegar tel ég enga ástæðu til þess að ætla að hann hafi saknað okkar mjög, ef marka má orð hans á þingfundum undanfarnar vikur og mánuði. Það er nú svo komið í sal, að Alþfl.-menn eru orðnir fleiri en framsóknarmennirnir, og þykir mér það mjög gott og vænti þess að svo verði áfram um ókomin ár.

Ég vildi aðeins lýsa áliti mínu á þeirri till. sem hér liggur frammi. Ég tel hana vera hið mesta framfaramál í alla staði og get að flestu leyti tekið undir það sem kemur fram í þessari tillögu.

Þessi mál hafa verið mjög til umr. hér á landi á undanförnum árum, þ. e. hvernig unnt væri að aðstoða staði sem ættu í eriðleikum með að afla hráefnis og tryggja þar atvinnu svo að einhverju næmi. Í sambandi við þessa hugmynd vildi ég ekki láta hjá líða að koma á framfæri annarri hugmynd sem mjög hefur verið rædd, a. m. k. meðal nokkurra þm. í Alþfl., og hún er sú, að ríkið sjálft beitti sér fyrir því að eignast veiðiskip, og þá helst togara, sem það gæti síðan notað til að afla hráefnis fyrir þá staði sem illa eru settir hverju sinni. Mér dettur í hug í skjótu bragði að benda t. d. á þá tvo Portúgalstogara sem nú eru væntanlegir hinga til lands, en er nú víst búið að binda í önnur verkefni. Það hefði verið kjörið tækifæri að grípa þá og nota þá í þessum tilgangi.

Hins vegar ber þess að gæta í sambandi við skipulagningu á fisklöndun til fiskvinnslustöðva, að frumskilyrði hlýtur að vera í öllu þessu **máli að** gera sér fyrst grein fyrir því, hvaða staðir liggja **vel við** við sjávarsíðuna til þess að geta kallast útgerðarstaðir. Einmitt þetta atriði held ég að hafi legið um of **á milli hluta** og kjördæmasjónarmið fremur ráðið því, hvort **þorp** og bær hafi orðið að útgerðarbæjum eða ekki. **Þetta er** veigamikið atriði, sérstaklega í sambandi við **fjárfestingu** í hafnargerð og öðru sem til þarf við útgerð.

En úr því að þetta mál er til **umr. hér** á þingi get ég ekki stillt mig um að nefna tvö atriði **sem** eru eilítið til hliðar við þetta mál, en koma þó **nokkuð** við sögu.

Í fyrsta lagi hef ég af því **mjög** verulegar áhyggjur núna, hve íslenskir togarar **sigla** ótt og títt með fisk á erlendan markað. Ég tel þetta **hreina** fásinnu í því vafasama ástandi, sem nú ríkir í **atvinnumálum** hér á landi, og teldi að því fyrr sem dregið **yrði úr þessum** siglingum því betra. Mér finnst það óhæfa — **og hefur** alltaf fundist — að sigla mikið með afla, þótt **þar séu** fljótteknir peningar fyrir útgerðina. Ég hef verið **þeirrar** skoðunar, að Íslendingar ættu að stefna af því **að fullvinna** allt sitt hráefni af þessu tagi og skapa **með því** meiri verðmæti og meiri vinnu. Það er fyrirsjáanlegt, að fiskiðnaðurinn verður á næstu missirum að taka við einhverju af því vinnuafli, sem ekki getur komist að í þeim atvinnugreinum, sem það hefur verið í að undanförnu, og nægir í því sambandi að benda á byggingariðnaðinn hér í Reykjavík. Fyrirsjáanlegt er, að fjöldi manna verður að leita sér að atvinnu annars staðar, og þegar svo er í pottinn búið hjá okkur verðum við að gæta hófs í því að heimila skipum að sigla til útlanda og selja þar dýrmætt hráefni.

Í annan stað vil ég taka undir orð hv. þm. Stefáns Jónssonar um það ástand sem nú hefur skapast á Þórshöfn á Langanesi. Til þess að greiða fyrir atvinnuástandi þar gerði sjútvrn. sérstakan samning við útgerðarfélag um að togari eða togarar þess lönduðu á Þórshöfn til þess að tryggja þar meiri og betri atvinnu. Undan þessu hefur verið svikist. Þetta skip, sem þarna átti að landa, hefur landað þar tvisvar sinnum, en fjórum sinnum á öðrum stöðum, og við hefur verið borið ýmsum afsökunum, af hverju skipið hefur ekki komið á þennan stað samkv. þeim samningum sem undirritaðir hafa verið. Útgerð þessa skips fékk sérstakt þorskveiðileyfi og átti á því leyfi að hvíla sú kvöð að skipið landaði fiski á Þórshöfn til þess að bæta þar atvinnuástand, sem er mjög slæmt og virðist fara versnandi þessa dagana. Þetta skip er núna í siglingu og ég held að það landi erlendis í dag. Þetta er gersamlega óviðunandi. Ef ekki verður staðið við þennan samning, sem gerður var milli sjútvrn. og útgerðarfélagsins, er það skoðun mín að svipta eigi þetta skip þorskveiðileyfinu og gera samning við önnur útgerðarfélög.

Þetta atriði, dæmið um Þórshöfn á Langanesi, leiðir aftur hugann að því, hve nauðsynlegt gæti verið fyrir ríkið sem slíkt að eiga togara sem það gæti ráðstafað að

hentugleikum til staða þar sem lítið hráefni er fyrir hendi. Ég held að sú aðferð gæti gefið verulega góða raun og mætti hugleiða í sambandi við þá till. sem hér liggur fyrir.

Til þess að lengja ekki umr. vil ég endurtaka stuðning minn við þessa þáltill. og tel að horfi mjög til framfara, ef hægt verður að hrinda henni í framkvæmd.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Fámennið var orðið slíkt í þingsalnum áðan, að varla hefði verið hægt að manna sæmilegan vertíðarbát. Úr því hefur nú ræst nokkuð. Hv. 4. þm. Norðurl. v. kvartaði yfir krataleysi. Fannst hann vera mjög einmana í ræðustólnum. En hann hafði varla minnst á þetta þegar salurinn hálffylltist af krötum. Það sýnir hvað þeir hlýða vel kallinu enn þá. Það þarf ekki annað en að nefna nafn þeirra, þá koma þeir fram úr hornunum og ræða við foringja sína.

Margir hafa talið till. þá, sem hér er til umr., góðra gjalda verða, og mér virðist að þeir hafi ýmsir látið í ljós ekki litla hrifningu yfir þessari tillögusmíð, sem fjallar um skipulagningu á fisklöndun til fiskvinnslustöðva. Ég var satt að segja svolítið tortryggnari við fyrsta yfirlestur þessarar till., sem fjallar um að sjútvrn. eigi að undirbúa löggjöf um skipulag á fisklöndun til fiskvinnslustöðva o. s. frv. Mér finnst till. mjög víðtæk og almennt orðuð, þannig að ástæða sé til að gera við hana nokkrar aths.

Það sem fyrir hv. tillögumönnum vakir skýrðist nokkuð þegar hv. 1. þm. Austurl. — tók skýrt fram í annarri ræðu sinni, að það væri vissulega algerlega út í hött að skylda menn til að landa afla sínum hér og þar. En varla er hægt að setja á fót allsherjarlöggjöf um þessi efni án þess að segja við menn: — Ja, þú skalt eða þú skalt ekki. — Það er yfirleitt efnislegt innihald flestrar löggjafar. Ég held satt að segja — og hef oft tekið það fram áður — að menn ofmeti það mjög mikið að setja löggjöf um hin og önnur mál. Margir ætla að löggjöf um eitthvert atriði leysi næstum allan vanda. Ég vil minna hv. þm. á að það þarf ekki lengi að fletta spjöldum sögunnar til þess að komast að raun um að jafnvel grunnmúraðar, vel samdar og þaulhugsaðar stjórnarskrár hafa hrunið eins og spilaborgir meðan óskráð lög hafa dugað um aldir. Og einföld handsöl heiðarlegra manna duga oft miklu betur en skriflegir og vottfastir samningar annarra.

En vitanlega er fjallað í þessari till. um stórt og mikið mál og hún tekur fram ýmis meginatriði sem fróðlegt er að hugleiða í góðra manna hópi. Vissulega grípur hún á mörgum vandamálum sem við þarf að fást frá degi til dags. Ég er alveg sammála því, viðurkenni það fyllilega, að sjútvrh. og sjútvrn. þurfa svo sannarlega að hafa í höndum eða tiltækar vissar heimildir sem hægt er að beita af og til. Og auðvitað verður að hafa ákveðið skipulag á þessum hlutum. En sem betur fer er nú þegar fyrir hendi víðs vegar um land allnokkur samvinna í þessum efnum, þó að ekki sé hún lögþvinguð. Það er vitaskuld æskilegt að það berist mátulega mikill afli í hverja verstöð, hæfilegur til þess að þar hafi hver maður nóg að vinna án þess að vinna óhæfilega langan vinnudag. En við vitum að þessu er ekki svo háttað í landi okkar, að þægilegt sé að koma slíku fyrir. Ég vil líka benda á að það er ábyrgðarhluti af fiskvinnslustöðvum að taka við miklu meiri afla en svo, að hægt sé að gera úr honum góða vöru.

Ég viðurkenni að um loðnuna gildir sérstaða, og það var ekki nema eðlilegt að mínum dómi, að taka þyrfti upp ákveðið skipulag með löndun loðnuafla hér á árunum, eins og bent er á í grg. Og vissulega hljóta slík mál að koma upp. Ég er ekki andvígur því, að löggjöf sé sett um viss atriði. En ef ætti að þaulskipuleggja þetta frá grunni samkv. vel útfærðri löggjöf þyrfti líka að segja sem svo, að á vissum stöðum megi ekki vera fleiri eða stærri fiskvinnslustöðvar en svo og svo og jafnvel ekki fleiri bátar eða skip en þar yrði upp talið.

Það skiptir í þessu efni að mínum dómi afskaplega miklu máli að koma á góðu samstarfi á milli byggðarlaga, eins og hér er tekið fram í grg. vissulega mjög réttilega, og þá, eins og nú er farið að tíðka, að koma á góðum og öruggum flutningum á hráefni milli staða. Það er ekki sama hvernig þeir flutningar fara fram. Þeir þurfa að fara fram á þann veg að hráefnið haldist óskemmt. Þannig er vissulega hægt að miðla hráefni svo að vinnslan verði sem hagkvæmust og sem flestir fái notið þess sem að landi berst.

Ég er fyllilega á sama máli og höfundar þessarar þáltill., að það er margt fróðlegt og mjög rétt sem kemur fram og rakið er í grg. Þar er m. a. bent á að fiskiðnaðurinn sé stóriðja okkar Íslendinga og þurfi að skipuleggja hann og gera honum kleift að þróast, ekki aðeins til frumvinnslu hráefnis, heldur til fullkominnar matvælaframleiðslu.

Það má svo margs spyrja almennt um veiðar og vinnslu, á hverri leið við erum í þeim efnum og hvað framtíðin beri í skauti sínu. Ég verð að segja það, að þó margir séu svartsýnir eru ýmsar gleðifréttir af þeim vettvangi sem okkur ber að virða og þakka um leið þær ráðstafanir í friðunarátt sem gerðar hafa verið á undanförnum árum. Ég get sagt ykkur sem dæmi, að það eru ekki mörg ár síðan ýsa var hætt að sjást í afla eða næstum því — í verstöðvum á Snæfellsnesi. Núna er farin að veiðast stór og falleg ýsa á þeim slóðum á línu. Þetta verður maður að ætla að sé að þakka — a. m. k. að einhverju leyti — þeim ráðstöfunum til friðunar, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, þó að vitaskuld ráði þarna náttúran sjálf ráðum sínum, eins og hún hefur gert frá upphafi daga og gerir enn í dag. Og það er hverju orði sannara, að skuttogarar af þeirri gerð, sem nú setja hvað mestan svip á þorskveiðiflotann, hafa reynst vel. Þeir hafa ýmsa yfirburði til að tryggja nægilegt hráefni allt árið umfram það sem minni bátar hafa. En við skulum samt ekki vanmeta bátaflotann. Hins vegar eru skuttogararnir ómissandi til að miðla aflanum og dreifa honum til þess að vinna sé sem jöfnust allt árið.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Að mínum dómi er meginatriðið, að góð samvinna takist milli þeirra aðila sem þarna eiga hlut að máli. Þetta er það stórt mál, á því veltur það mikið fyrir alla framtíð þjóðarinnar, að það er vissulega ekki nema eðlilegt, að svona hugleiðingar séu settar á blað og reynt að ráða ráðum sínum í þessu efni á sem skynsamlegastan máta.

Þessi till. fer vafalasut til n. og verður þar rædd meira og ítarlegar en hægt er hér. En ég ætla aðeins að benda á það enn á ný, sem við höfum allir margfalda reynslu af, að löggjöf leysir ekki allan vanda, hvorki í þessu máli né öðrum, nema í einstaka tilvikum. Ég tel að sú allsherjarlöggjöf, sem mér virðist vera bent á í tillgr., eigi ekki við í þesum efnum.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Því miður átti ég þess ekki kost að vera við upphaf þessara umr. vegna

annarra knýjandi starfa, en ég heyri það á þeim ræðumönnum, sem ég hef hlýtt á, að hv. 1. flm. þessarar þáltill. hefur gert rækilega grein fyrir henni. Ég þarf því ekki að fara eins vandlega ofan í þetta mál og þurft hefði ef hann hefði ekki verið hér á undan mér í þessum umr. Ég vil þó fyrst, herra forseti, víkja örfáum orðum að því, sem menn hafa verið að segja hér að undanförnu, og er þar af mörgu að taka.

Það er ekki óeðlilegt að umr. um mál af þessu tagi dreifist svolítið út fyrir það svið sem nákvæmlega er verið að fjalla um í þessari till. Ég fagna því að það skuli koma upp umr. um sjávarútvegsmál í þinginu með stuttu millibili. Það er sannarlega kominn tími til að fjalla um ýmis mál í svo margslungnum og mikilvægum málaflokki sem sjávarútvegsmálin eru fyrir okkur Íslendinga.

Ég hlýt að segja nokkur orð vegna þess að hér var talað um sölur skipa erlendis. Ég er á þeirri skoðun, að ekki sé hægt að banna þessar sölur algerlega, en hins vegar lít ég svo á að þær beri að takmarka. Hvernig á að takmarka þær, það er ég ekki tilbúinn að segja á þessu augnabliki. Það mál þarf að skoða. Það mætti hugsa sér t. d. að ákveðin veiðiskip mættu ekki landa meira erlendis en vissu hlutfalli af ársafla sínum, því það er staðreynd að sum skip eru hreinlega gerð út með það fyrir augum að selja allan afla sinn erlendis. Það finnst mér óeðlilegt og það finnst mér að ætti alls ekki að leyfa. Einnig fyndist mér að ætti að taka tillit til markaðsástandsins og ýmissa annarra þátta um leið, m. a. hvernig ástandið er á vinnumarkaðnum innanlands þegar menn sækja mest í þessar sölur. Þess eru dæmi og það úr mínu kjördæmi, að togari, sem gerður er út þar, í smáþorpunum á Suðurlandi, hefur farið í siglingu meðan atvinnuleysi var í þessum sömu þorpum. Slíkt er auðvitað aldeilis ótækt. Fleira mætti auðvitað segja í þessu sambandi, en ég vil segja það, að þegar talað var um að mikill fiskur hefði verið um allt land þegar aflahrotan var fyrir norðan og vestan land í sumar, þá er mér kunnugt um að ekki var nægilegur fiskur í frystihúsunum á Suðurlandi á þeim sama tíma. Að vísu voru aðrir erfiðleikar þar á ferðinni á sama tíma. Í þessu efni, að selja afla erlendis, ber að fara varlega og hafa þar viss mörk og gæta þá ekki síst að því, að við megum helst ekki láta það henda að mjög margar vinnufúsar hendur í sjávarþorpum séu atvinnulausar á sama tíma og verið er að flytja aflann út á markaði.

Hv. þm. Matthías Bjarnason var nokkuð reiður yfir þeim orðum, sem annar þm. viðhafði úr þessum ræðustól, að smáfiski hefði verið mokað í sjóinn, taldi það hina verstu árás á viðkomandi sjómenn. Það er nú svona. Þeir, sem hafa verið á þessum skipum, vita að alltaf fer eitthvað í sjóinn, og þegar mest gengur á, eins og í aflahrotu af því tagi sem ég minntist á áðan, vill það vera svo, að meira fer í sjóinn við slík tækifæri. Þegar af nógu er að taka er freistast fremur til þess að gefa þeim þéttvaxnari meira rými og ýta þá fleiri þeim smávöxnu í sjóinn í staðinn. Þetta eru staðreyndir sem þýðir ekkert að mótmæla. Þó að um vissa ádeilu sé að ræða á sjómenn í þessu tilfelli, þá er hún réttmæt, hvað svo sem menn vilja um það segja. Það er staðreynd, að vísu ákaflega leið staðreynd, en menn verða líka að horfast í augu við óþægilegu staðreyndirnar.

Ég undraðist satt að segja þegar hv. þm. Matthías Bjarnason fór að bera saman atriði sem tengjast þessu máli, þar sem verið er að fjalla um jafna og stöðuga vinnslu í frystihúsunum, — fór að bera saman ástandið núna og þegar menn flykktust í síldina á Siglufirði á sumrin yfir stuttan tíma. Þá komu þar stórir toppar á ákveðnum, föstum árstíma, og auðvitað var engin leið að miða mannskapinn á þeim stöðum yfir allt árið við þessa stærstu toppa. Það gefur auga leið. Það er auðvitað allt annað en það sem hér um ræðir. En til slíkrar röksemdafærslu hættir mönnum til að grípa þegar önnur betri og haldbærari rök eru ekki hendi nær.

Það er ekki heldur hægt að líkja saman sveiflum í veiðum á árunum milli stríða og 1940, eða um það bil, þegar fiskigengd minnkar fyrir Austfjörðum og Austfirðingar sækja á vetrarvertíð. Þar er um allt annað að ræða. Þá er t. d. sleppt úr þeim samanburði þeim veiðimöguleikum sem nú eru fyrir hendi og breyta þessu dæmi gjörsamlega. Það er ég viss um, að þó að fiskibátar þeirra Austfirðinga hafi ekki fengið á þeim árum ýkjamikinn afla fyrir Austurlandi hefðu togararnir, sem við höfum núna, getað náð þar í fisk. Og um þetta eru auðvitað fleiri dæmi. Þegar ég fór fyrst á síld fyrir 30 árum var síldarleysisár, eins og kallað var. Hver veit hvað var mikið af síld í sjónum þá. Hún var bara ekki vaðandi eins og hún hafði verið og var ekki hægt að ná í hana uppi í sjó. Við höfðum ekki tæki til að kasta á síldina, nema þá síld sem sást eða moraði fyrir.

Það er ekki ólíklegt að einmitt hafi verið mjög mikil síld á íslensku hafsvæði frá 1945 og mörg ár þar á eftir, þó að stærsta árið hafi verið 1944. Það er m. a. s. mjög líklegt. Þá sóttu menn þessa síld yfirleitt á grunnslóð, jafnvel inn á firði: Skagafjörð, Húnaflóa, vestur undir Strandir, Grímseyjarsund o. s. frv. og austur með landi. En það segir ekki neitt um það, að ekki hafi verið mikil síld í sjónum. Hún sást ekki, en hefði getað fundist ef við hefðum haft nútíma sónartæki um borð.

Fleiri atriði mætti auðvitað tína til athugunarverð í ræðu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, eins og t. d. að hann fullyrðir að nú sé ekki lengur um neitt smáfiskadráp að ræða sem heitið geti, eða eitthvað í þá veru. Það er matsatriði. Þeir, sem sjá aldrei annað en mismunandi stóran smáfisk, kalla stóra smáfiskinnn stóran fisk, en fiskur, þó hann nái máli, er ekki stór fiskur. Ekki er stór sá þorskur sem rétt losar 50 cm með haus og hala. Fullyrðingar af þessu tagi eru því vafasamar. Það er erfitt að skilgreina í fáum orðum, eins og hann sagði, en mér segir svo hugur um að því miður sé enn um allmikið smáfiskadráp að ræða. Það er ekki þar fyrir, ég er ekki að mæla með því eða segja að við eigum ekki að drepa fisk sem ekki sé orðinn kynþroska. Það væri alveg út í hött við þær aðstæður sem við búum við hér á Íslandi. Þorskurinn verður ekki kynþroska fyrr en 6—7 ára, þegar hann er orðinn kannske 5—6 kg. En mér finnst ábyrgðarhluti að drepa óhóflega stórt hlutfall af fiski sem á það fram undan á næsta ári að tvöfalda þyngd sína — einmitt á því ári. Það er óskynsamlegt að slátra fiskinum, ef svo má að orði komast, árinu fyrr þegar svo stendur á. Það getur hver maður séð í hendi sinni, ef hlutfallið er kannske um fjórðungur af öllum þorskaflanum, hversu mikið munar um að tvöfalda þyngdina á þeim fjórðungi sem veiddur er, því að stykkin eru mörg. Eins og hv. þm. Oddur Ólafsson talaði um er það ekki tonnatalan ein, heldur stykkjafjöldinn úr þeim stofni sem við erum að reyna að passa. Þetta atriði ættu menn almennt að hugsa svolítið meira um og gera sér grein fyrir að þetta atriði þarf að vega miklu meira en hefur verið.

Ég var svolítið undrandi að heyra hv. þm.Pál Péturs-

son, þegar hann hafði hætt kratatali sínu, sem er nú ekki neitt vikið að í þessu plaggi okkar Lúðvíks, enda ræðu sína með því að það ætti ekki að samþ. þessa till, það væri ástæðulaust og jafnvel skaðlegt að samþ. þessa till., það mætti hins vegar hafa hana sem vinnuplagg. Ég held að hv. þm. Páll Pétursson hefði átt að hlýða betur á það sem hv. 1. þm. Austurl. sagði í seinni ræðu sinni, þar sem hann lagði áherslu á eðli þessa máls.

Það kom einnig fram í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., að löggjöf gæti ekki verið með öðrum hætti en að boða eða banna. Ég vil í sambandi við það leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa örfá orð upp úr till., þar er ekki mjög harkalega að orði komist. Þar segir alveg skýrt:

„Alþ. ályktar að fela sjútvrn. að undirbúa löggjöf um skipulag á fisklöndun til fiskvinnslustöðva með það að markmiði, að fiskiskipafloti landsmanna nýtist sem best til þess að tryggja fiskvinnslustöðvum sem jafnast og best hráefni til samfelldrar vinnslu.

Áhersla skal lögð á eftirfarandi meginatriði í hinu nýja skipulagi:

1. Landinu sé skipt í löndunarsvæði í samræmi við samgönguaðstæður og hagkvæm samskipti á milli fiskvinnslustöðva. Endanlegt ákvörðunarvald um svæðaskiptingu hafi hagsmunaaðilar á svæðunum."

Þetta segir nú ansi mikið. Og svo áfram:

„2. Yfirstjórn á hverju löndunarsvæði sé í höndum heimaaðila á svæðinu, þ. e. a. s. í höndum fulltrúa fiskvinnslustöðva, útgerðaraðila og sjómanna og fiskvinnslufólks."

Þetta finnst mér að sé alveg nægilegt að lesa til þess að andmæla þeim tón sem kom fram í ræðu hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar, — því hver vill ekki hafa það markmið í íslenskum sjávarútvegi að fiskiflotinn nýtist sem best? Hver vill ekki hafa það að markmiði að tryggja fiskvinnslustöðvum sem jafnast og best hráefni? Og hver vill ekki tryggja sem jafnasta og besta vinnu fiskvinnslufólks? Um þetta fjallar till. Ég undrast satt að segja þegar menn hafa verið að fetta fingur út í þessi atriði.

Mér finnst — ég verða að segja það — að í þessari till. sé verið að fjalla um ákaflega stórt mál, um ákaflega mikið hagsmunamál allrar þjóðarinnar. Í sambandi við vinnslu þessa máls og framkvæmd hefur hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagt að þarna sé langtímaverk á ferðinni, þar sem þurfi að reyna að koma þessum hlutum á með samkomulagi og undir stjórn þeirra aðila sem ég gat um hér áðan.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson sagði að það ætti ekki að setja nein lög um það eða reglur að ekki mættu vera fleiri eða stærri fiskvinnslustöðvar en svona og svona, eins og hann orðaði það. Ég vildi óska að það hefði verið búið að setja reglur um slíkt fyrir löngu löngu, því að það er nú svo í íslensku atvinnulífi víða, að þar hefur verið farið ógætilega með fjárfestingar. Ef einhver hlutur í atvinnurekstri hefur gefið sæmilega af sér á einhverjum tíma, þá hafa allir rokið í að gera það sama. Það er t. d. hluti af vandamáli þeirra Suðurnesjamanna, að þar eru að vísu alls ekki allt of mörg vinnupláss í heild, eins og hv. þm. Oddur Ólafsson sagði áðan, heldur eru kannske fiskvinnslustöðvarnar allt of margar og smáar og í því felst mikil óhagkvæmni. Það felst vissulega mikil óhagkvæmni í því að smíða allt of stórar og margar fiskvinnslustöðvar. Það á ekki við Suðurnesin endilega, það á t. d. við í Vestmannaeyjum. Þetta var gert til þess að ráða við stóru toppana sem koma á vertíðinni. Það er í öllum atvinnurekstri og í öllu ákaflega óskynsamlegt að miða fjárfestinguna eða yfirleitt afkastagetu allra hluta við stærstu toppana, þannig að við ráðum alltaf við stærstu toppana. Það er t. d. ákaflega óskynsamlegt að smíða farþegaskip, sem er miðað við alstærsta toppinn á árinu, sem stendur kannske í viku, eða flugvélar sem eiga að ráða við mestu aðsóknina á ákveðum stuttum tíma o. s. frv., o. s. frv. Þarna er um gífurlega dýrar fjárfestingar að ræða og mikinn tækjakost. Í stað þess að miða byggingarnar við þessa stóru toppa hefði þurft að hagræða þessu öðruvísi, með því að færa aflann til þegar mest gekk á, og það er líka hluti af því sem í þessari þáltill. stendur.

Í þessari þáltill. er í stuttu máli verið að boða meiri hagkvæmni með ákveðinni stjórnun, því sannleikurinn er sá, að okkur vantar í sjávarútvegi miklu meiri stjórnun, ekki einungis í þessu, heldur í fleiri atriðum. Við þurfum að stjórna fiskveiðunum meira, við þurfum að stjórna ýmsu fleira í sókninni, í sambandi við veiðisvæði og margt og margt fleira. Um það ætla ég ekki að fara að ræða hér, því að það tæki marga klukkutíma. Þarna eru mörg óunnin verkefni, sem við þurfum að takast á við.

Þáltill. fjallar um að bæta hagkvæmni í veiðum og vinnslu. Till. fjallar um að reyna að treysta samfellt hráefni og samfelldari og vonandi hæfilegri vinnutíma en er og betri meðferð hráefnisins og þá um leið betri nýtingu hráefnisins. Um leið og framleiðslan batnar að þessu leytinu verður hún verðmeiri. Þá er hægt að einbeita sér að dýrari pakkningum og dýrari lokaútfærslu. Og það er ekki aðeins hvað varðar rekstrarhagkvæmninga, heldur kemur þetta líka fólkinu á marga lund til góða.

Með því að hafa stjórn á þessum hlutum og gott samkomulag — ég legg á það áherslu — er miklu minni hætta á aflaskemmdum eins og um hefur verið talað hér — það er auðvitað liðin tíð, en jafnleiðinlegt fyrir því — og kemur fremur í veg fyrir að framleiðsluvörurnar séu gallaðar, og kannske ekki síst, svo að ég segi það einu sinni enn, að tryggja því fólki, sem vinnur við fiskvinnu, jafnari vinnu og stöðugri vinnu. Í mínu kjördæmi höfum við því miður mörg, mörg dæmi þess, að þar er í ýmsum þorpum tímabundið atvinnuleysi, þó að yfirdrifið sé að gera annars staðar. Þess vegna finnst mér mikilvægt að þarna sé setningin: að reyna að hafa samræmi á milli aflagetu og afkastagetu. Það er auðvitað aldrei hægt til fulls, en að þessu á að stefna, því að það er skynsamlegt. Það er að mínum dómi mjög óeðlilegt að á nokkrum stöðum á landinu komi allt of mikill afli á land langtímum saman, þar sem er fátt fólk fyrir sem þarf þess vegna að verða að þræla og vinna meira en myrkranna á milli, jafnvel þó að fengið sé fólk alla leið frá suðurhelmingi jarðarinnar — frá Ástralíu — í þúsundatali. Það er líka ákaflega óskynsamlegt og illa farið með gjaldmiðil þjóðarinnar að kaupa vinnuaflið í fiskvinnslu fyrir erlendan gjaldeyri í stórum stíl.

Herra forseti. Ég sé varla ástæðu til þess að eyða miklu lengri tíma í einmitt þetta. Ég vil samt minna á það að lokum, að margir hafa minnst á Suðurnesin og þá stundum sagt ýmislegt sem er því ágæta fólki til hnjóðs. Ég sé enga ástæðu til þess né heldur að vera með neinn landshlutarig. Það hefur þó verið sameiginlegt mörgum, sem hér hafa talað, að þar séu meginvandamálin á ferðinni, það þurfi sérstaklega að lagfæra og gera ráðstafanir til að

efla hráefnisútvegun á því svæði. En þetta gildir nefnilega ekki aðeins um Suðurnesin. Þetta á við um verstöðvarnar á Suðurlandi, kannske ekki síður, jafnvel fremur, og eru þó alvarlegustu dæmin Stokkseyri og Eyrarbakki, þessi myndarlegu fiskvinnslupláss, sem hafa misst það sem verstöðvar mega helst ekki missa, hafnirnar sínar. Það er eins og menn hafi ekki tekið eftir því, þegar þeir eru að gera grín að því að ég hef flutt till. um að athuga með smíði brúar yfir Ölfusá. Þar er ekki verið að tala um að smíða neina sportbrú eða stytta vegalengdir fyrir fólksbíla á milli staða. Þar er verið að tala um brú sem kæmi í staðinn fyrir tvær hafnir. En það er nú annað mál.

Ég segi að lokum, að ef þetta hráefnisvandamál er til á Suðurnesjum á það ekki síður við um þorpin Þorlákshöfn, Stokkseyri, Eyrarbakka og Vestmannaeyjar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég held að þetta mál sé mjög athyglisvert og sé í raun og veru mjög brýnt að reynt sé að gera eitthvert átak í stjórnunarmálum í sambandi við landanir og hvernig á að nýta og er hægt að nýta sem best bæði vinnslustöðvar í landi og vinnuafl, þannig að það sé hófleg vinna, en þó næg á hverjum stað. Ég held að þessi till. sé miðuð við að reyna að takast á við þetta vandamál. Ég tel því að hún sé spor í rétta átt.

Hitt er annað mál, að menn hafa á undanförnum árum verið að velta því fyrir sér, hvernig þetta væri hægt, sérstaklega með það í huga t. d. að fá togara til að landa hér og þar, eftir þennan túr í einum staðnum og í öðrum stað aftur næst. Menn hafa rekið sig á að þetta fyrirkomulag gengur ekki vegna þess að skipshafnirnar sætta sig ekki við það t. d. að geta ekki landað, venjulega a. m. k., í sinni heimahöfn eða á sama stað. Það hefur líka verið hugleitt að reyna að skipta aflanum, landa sama farminum á fleiri stöðum, og hefur komið í ljós að bara vegna áhafnarinnar eru á því miklir annmarkar. En það felst ekkert af þessu í raun og veru í þessari þáltill., heldur á, að mér skilst, að reyna að færa aflann á milli staða og hafa samvinnu einmitt um þetta. Eftir því sem samgöngurnar eru komnar í betra horf á landinu, eftir því er þetta auðveldara. Það hlýtur að vera skynsamlegt að reyna þetta.

Ég tala þarna af dálítilli reynslu, vegna þess að í okkar kjördæmi, eins og hefur komið hér fram, hefur það verið þannig t. d. á Raufarhöfn, að þar er einn togari og fólkið hefur aðra vikuna allt of mikið að gera, en hina vikuna ekkert. Og hvort tveggja kemur í ljós, að fólkið sættir sig ekki við þetta, það fer í aðra atvinnu ef það getur, og það leiðir svo til þess, að þessari vinnslustöð, sem er svo þýðingarmikil fyrir svæðið, helst ekki á besta fólkinu. Ef hefði verið hægt að jafna t. d. á milli staðanna, þá kæmi allt annað út.

Það hefur verið talað um jafnvel að ríkisreka skip. Það er út af fyrir sig mál sem ég ætla ekki að fara að ræða um — mál sem verður þá að taka ákvörðun um og gæti svo sem vel komið til greina. En ef það verður gert, þá held ég að verði að fela einhverjum ákveðnum stað að reka þetta skip til þess að miðla á milli. Það vill nú svo til, að þarna á Norðausturlandi, sem býr við ákaflega mikið vandamál, sem allir hér þekkja og hefur komið inn í þessar umr., eru þeir einmitt tilbúnir að prófa þetta. Ég vil skora á hv. þm. og ríkisstj. að gera þessa tilraun, að lofa þeim á Norðausturlandi að gera þá tilraun að gera út skip, leigja þeim skip til þess að miðla þar aflanum og reyna að koma í veg fyrir þá upplausn sem blasir við á þessum stað.

Ég vil taka undir það, sem kom fram í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar, að það er mjög hart að liggja undir því að ekki skuli hafa verið staðið við þá samninga sem gerðir voru í sambandi við togarann Dagnýju, sem átti að landa á Þórshöfn og fékk þorskveiðileyfi einmitt í því skyni. Nú er komið fram í febrúar, og ég held að ég fari rétt með, að ekki sé búið að landa nema um 10% af því aflamagni sem var gert ráð fyrir að bærist þar á land vetrarmánuðina. Við sjáum því hvert stefnir í því máli, en fólkið þar er atvinnulaust af þessum ástæðum.

Mér þótti vænt um að það skyldi koma fram í þessum umr., að áhugi væri á því að prófa slíka útgerð. Nú er komið tilboð um að prófa þetta og reyna að bjarga atvinnuástandinu á þessum stað, og því vil ég endurtaka áskorun mína um að þetta verði gert og þetta sé reynt.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Sú till., er hér liggur fyrir, er sennilega eitt stærsta efnahags- og atvinnumál sem hér hefur verið rætt. Tel ég að Alþ. eigi hiklaust að samþykkja þessa till. Hún er mjög í takt við þann hugsunargang sem hefur rutt sér mjög til rúms eftir að tekið var upp á því á sínum tíma að skipuleggja löndun á loðnu. Vænti ég þess, að hægt verði að skipuleggja löndun á fleiri sviðum, eins og ætlað er með þessari till. Ég hygg að það sé nægjanlegur sveigjanleiki í þessari þáltill. til þess að hægt sé að stjórna fisklöndun á þann veg að allir geti vel við unað. Það þarf að marka ákveðna stefnu, — stefnu sem lýtur að því að jafna atvinnu í landinu og einnig að því að menn ráði við þann fisk, sem aflast á hverjum tíma, svo hann fari ekki skemmdur út á markaðinn.

Það hefur margt verið sagt hér um hina ýmsu landshluta og það, hvernig að málum hafi verið staðið. Það er bágt til þess að vita, hversu landshlutarígur er ríkur í mönnum og fordómar, sleggjudómar um hina ýmsu landshluta. Þykir mér því rétt að minnast aðeins á það er rætt hefur verið um Suðurnes.

Menn hafa komið hér upp margir hverjir og talað af nokkurri vanvirðu um þann landshluta, sem á vissulega erfitt í atvinnumálum þessi árin. Hér hefur verið sagt, að við Suðurnesjamenn hefðum „völlinn" og þær auðsuppsprettur sem þar væru. Jafnframt hefur því ekki verið gefinn gaumur, að varla hefur völlurinn orðið til þess að skapa það gífurlega atvinnuleysi sem er þar um slóðir nú. Það er ekki í huga Suðurnesjamanna að byggja á þeirri atvinnu sem þar er, því að við ráðum vissulega ekki hvernig hlutirnir æxlast um þau mál, en því meiri nauðsyn er á því að byggja upp heilbrigt og gott atvinnulíf niðri í byggðinni. Þá hljótum við helst að hugsa til sjávarútvegs og iðnaðar sem e. t. v. mætti koma upp þar um slóðir, en eins og víða hefur oft verið sagt tekur sennilega iðnaðurinn við mestum hluta fólksfjölgunar á næstu árum, þótt vissulega þurfi að hugsa um að hafa sjávarútveginn í sem mestum blóma.

Margur gerir sér ekki ljóst að við sjósókn og vinnslu sjávarafla vinna nær 40% Suðurnesjamanna. Rétt fyrir ofan það eru Vestfirðingar með 41%. Hæst er þetta hlutfall í Vestmannaeyjum og á Snæfellsnesi, um 43%. Miðað við allt landið er mannafli við veiðar og fiskvinnslu um 12.5%. Á Suðurnesjum eru enn framleidd allt að 22% af heildarverðmæti alls sjávarafla landsmanna.

Orsökina til þess, að erfiðleikarnir eru svo miklir sem þeir eru í dag, má rekja til þess að aflabrestur hefur orðið mjög mikill. Árið 1970 öfluðust 84 253 tonn, en síðan hefur aflinn verið að minnka allverulega ár frá ári og svo var það á síðasta ári, þá öfluðust aðeins 37 492 lestir. Það munar um minna. Svo má geta þess, að samfara þessu hefur meðalafli í róðri minnkað frá því að vera 8.84 lestir í róðri 1970. 1976 — það er mín síðasta tala — var afli kominn niður í 5.69 lestir í róðri.

Það má geta þess, að þegar verið er að jafna á milli landshluta og byggðarlaga, sem oft er gert, þá er það gert á þann veg að kastað er rýrð á stjórnendur og jafnvel fólkið sem býr á Suðurnesjum og það sakað um ódugnað og annað í þeim dúr. En ég vil geta þess, að samfara þessum feikilega minnkandi afla hefur aflasamsetningin verið okkur mjög óhagstæð. Í tölum frá 1975 segir að á Vestfjörðum hafi aflinn verið á þann veg, að 37.6% af aflanum hafi verið þorskur, en aðeins 7.2% á Suðurnesjum. Og svo að við tökum annað dæmi, þá var karfaafli Vestfirðinga 3.6%, en 20% hjá Suðurnesjamönnum. Þessar fisktegundir eru þannig verðlagðar, að karfi er í mjög lágu verði, en þorskurinn best greiddur. Það er sem sagt margt sem verður til þess, að Suðurnesjamenn hafa ekki getað haldið uppi blómlegu atvinnulífi.

Svo er annað sem við viljum halda fram, að atvinnutækin eða atvinnufyrirtækin á Suðurnesjum hafa ekki sætt sömu kjörum varðandi lánafyrirgreiðslu og aðrir landsbúar hafa haft. Og reyndar er það svo, að mér er sagt að 1971 hafi það verið sett í reglugerð Byggðasjóðs, að á það svæði skyldi alls ekki lána, þ. e. a. s. að önnur svæði hefðu algeran forgang, en þá fyrst átti að fara þá leið að veita til Suðurnesja þegar aflabrestur hófst. Að vísu fékkst sú venjulega fyrirgreiðsla sem allir fengu varðandi togarakaup, en hún dugði skammt. Öll önnur fyrirgreiðsla hefur verið í algeru lágmarki. Reyndar er það svo, að flotinn á Suðurnesjum er nokkurs konar elliheimili íslenska flotans, sem sést best á því að meðalaldur skipa þar er um 18 ár.

Ég vildi aðeins skýra þetta til þess að mönnum væri ljóst að það er margt sem gerir að verkum að atvinnulíf á Suðurnesjum er ekki sem skyldi. Við þurftum að horfa upp á það s. l. vetur, að þegar fiskgengdin var sem mest fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum og Austurlandi stóðu frystihúsin tóm á Suðurnesjum, fólkið var atvinnulaust, en afli barst svo mikill að landi annars staðar á landinu að stöðvarnar höfðu ekki við. Nú er komið í ljós að sá afli, er frá þessum stöðum kom, er stórskemmdur og verður okkur til mikils tjóns á fiskmörkuðum.

Ég ætla ekki að hafa miklu fleiri orð um þessa hluti nú, en leggja áherslu á að það er sjálfsagt að samþykkja till. í þá veru sem hér liggur fyrir. Ég tel að hún sé til bóta og tel einnig að flm. eigi skilið þakkir fyrir að hafa flutt þetta ágæta mál á Alþingi.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að taka aftur til máls í þessu máli, því að málið er það viðamikið og merkilegt.

Mér datt í hug, þegar verið er að ræða um ýmis vandamál sem upp hafa komið og mætti flokka undir stjórnun, að það gefur okkur vissa vísbendingu um það, hvers eðlis stjórnunarvandamálið er. Það er verið að tala um siglingu togara með afla á erlendan markað, sem er vissulega vandamál þegar það er gert í stórum stíl, eins og komið hefur í ljós. Mér finnst satt að segja að dæmið frá Þórshöfn, þar sem búið var að gera opinbera samninga við sjútvrn. um aflamiðlun frá því skipi til þess byggðarlags sem er í vanda statt, að það skuli ekki vera hægt að stjórna því máli þannig að staðið sé við samninga, gefi ekki góða vísbendingu um að ríkisútgerð á togurum sé það sem koma skal.

Ég vil nota þetta tæifæri til að lýsa yfir andstöðu minni við þá hugmynd, að ríkið fari að kaupa og gera út togara. Mér finnst að það mæli svo margt gegn því, að við eigum ekki að fara út á þá braut meðan nægjanlega margir aðilar hér á landi eru hæfir til þess að gera út og stunda þennan atvinnuveg með góðum árangri. Hitt er miklu meira mál, að vinna að skipulagningu, sem gangi í þá átt að tryggja að hráefnið nýtist, og það sé gert á skynsamlegan hátt.

Ég vil minna á annað atriði, sem heyrir líka undir skipulag og nauðsyn á skipulagi, og það er þegar viss landsvæði óska eftir að fá að nýta þá skynsamlegustu hagkvæmni til veiða, sem allir eru sammála um, og í því tilfelli er sótt um aðgerðir hjá sjútvrn. til þess að koma því skipulagi á. Ég vil segja frá því hér, eins og kom raunar fram hjá hv. þm. Fiðjóni Þórðarsyni, að komið hefur upp á þessari vetrarvertíð betra ástand að því er varðar línuafla á Breiðafirði en oft áður. Og m. a. er allt upp í 40% af aflanum stórýsa sem ekki hefur verið fyrir hendi á undanförnum árum. Hins vegar er þetta svæði út af Breiðafirði mjög eftirsótt til togveiða og togveiðiskip koma gjarnan inn á þetta svæði þegar þau frétta um aflavon, og þá geta allir séð að línuútgerð og netaveiði er þar með úr sögunni. Þess vegna biðja nú útvegsmenn á Snæfellsnesi rn. að hlutast til um að þetta svæði verði friðað í vissan tíma fyrir línu- og netaveiði.

Ég ætlaði aðeins að undirstrika það sem ég minntist lauslega á í dag í sambandi við þetta mál, hið gífurlega vandamál sem upp er komið að því er varðar þann mikla samdrátt sem orðinn er í þorskstofninum, og leggja áherslu á fiskfriðunaraðgerðir. Ég held að það sé mjög brýnt að taka upp skynsamleg vinnubrögð og vanda skipulag veiða og vinnslu þess afla sem skynsamlegt er að veiða. Það verður ekki nógsamlega undirstrikað að leggja höfuðáherslu á raunhæft samráð og samstarf við vísindamenn okkar, fiskifræðinga og hagsmunasamtök sjávarútvegs, útgerðarmanna og sjómanna, fiskvinnslu og forráðamanna byggðarlaga.

Mér finnst ástæða til að minnast á í umr. merkilegar upplýsingar sem ég hef haft með að gera undanfarið. Ég hef verið ásamt fleiri aðilum að athuga ýmsar hugmyndir um það, hvað væri skynsamlegt að gera í sambandi við það hættuástand, sem vofir yfir þjóðfélagi okkar ef þorskstofninn eyðist eða er í hættu í framtíðinni hvað það snertir. Ég hef fyrir framan mig töflu um veiði helstu botnfiska á Íslandsmiðum allt frá árinu 1950 til ársins 1978. Þegar ég tala um botnfiska á ég við þorsk, ýsu, ufsa, karfa, skarkola, lúðu, steinbít og grálúðu. Á þessu tímabili, í 20 ár, frá 1952 til 1971, voru meðalveiðar á þessum stofni 716 545 tonn. En það er komið svo, að árið 1976 er meðaltaið komið niður í 567 þús. tonn. Ég vil taka það fram, að inni í þessum tölum eru einnig veiðar útlendinga. 1978 er þessi tala, þó að hún sé ekki alveg nákvæm, komin niður í 465 þús. tonn, og miðað við þær upplýsingar, sem fiskifræðingar okkar gefa nú, stefnir að því að aflamagn þessara botnfisktegunda fari niður fyrir 450 þús. tonn á árinu 1979.

Þess vegna dreg ég þetta hér inn, að mér finnst að við

megum alls ekki loka augunum fyrir þessu vandamáli, — við sem erum til þess kjörnir að reyna að vernda íslenska hagsmuni. En það þýðir ekkert að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að sérstaklega þorskstofninn er í hættu og þar með framtíð þjóðarinnar í veði. Þess vegna verður að mínu mati að leggja höfuðáherslu á að byggja þorskstofninn upp að nýju sem allra fyrst. En til þess að svo geti orðið verður að draga úr sókn um tíma. Við þessar aðstæður reynir alvarlega á skilning og skipulag allra aðila, sem hlut eiga að þessu máli.

Á þetta vildi ég leggja áherslu við lok þessara umr., því þó að það sé ekki beint í sambandi við þessa þáltill. tengjast þau mál vissulega. Ég vil leggja áherslu á að allir leggist á eitt með fiskifræðingum okkar, með hagsmunaaðilunum sem í hlut eiga, að reyna að finna skynsamlega leið til þess að tryggja þetta lífshagsmunamál þjóðarinnar, að við glötum ekki sjálfir fyrir óskynsamlegar aðgerðir því fjöreggi sem framtíð þessarar þjóðar veltur á.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni, vegna orða sem hér hafa fallið um togskipið Dagnýju frá Siglufirði, láta koma fram, að þetta skip hefur haft sínar afsakanir fyrir því að leggja ekki upp á Þórshöfn. Það hefur átt við bilanir að stríða, það hefur verið skrúfa í einhverju ólagi. Nú siglir þetta skip með afla sinn til útlanda, en það mun eiga að gera við skrúfuna í því ferðalagi og sú sigling, sem nú stendur yfir, mun vera þannig til komin. Mér skilst að útgerðarmaðurinn hafi gert sjútvrn. grein fyrir þeim bilunum, sem hafa orðið, og vænti þess, að grg. hans sé á rökum reist. Ég vil láta það koma fram að maðurinn mun hafa málsbætur. Hitt er svo annað mál, að ég er ekki að leggja dóm á útgerð eins og hefur verið á Dagnýju. Það hefur verið ætlast til þess að þessi útgerð skilaði hagnaði, og ég hygg að hún hafi gert það. Hún hefur skilað þeim sjómönnum, sem á skipinu hafa verið, góðum tekjum og að því leyti verið lyftistöng fyrir bæjarfélagið á Siglufirði, en hefur hins vegar ekki alltaf lagt upp þann afla á Siglufirði, sem maður hefði kannske óskað. Allt um það hefur þarna verið unnið brautryðjendastarf, ekki einasta á þessu skipi, heldur er kannske rétt að minna á að Siglfirðingar voru brautryðjendur í skuttogaraútgerð á Íslandi.

Vegna orða sem fram komu hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni um Byggðasjóð, að hann hefði ekki lánað á Suðurnes, þá er rétt að rifja upp að Byggðasjóður er myndaður úr Atvinnujöfnunarsjóði. Atvinnujöfnunarsjóður var myndaður á viðreisnarárunum og til hans hneig m. a. framleiðslugjald frá álverinu og átti að vera til atvinnujöfnunar í öðrum kjördæmum. Nú held ég að þeir tímar séu runnir upp, að Suðurnesjamenn eigi orðið býsna sterk ítök í stjórn Byggðasjóðs — mig minnir að þeir séu orðnir þrír í stjórninni — og ég hygg að ástæðulaust sé að hafa áhyggjur af að Suðurnes séu afskipt lengur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 50. fundur.

Mánudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs — varamenn taka þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. febr. 1979.

Svava Jakobsdóttir, 10. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Guðmundur J. Guðmundsson formaður Verkamannasambands Íslands, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Guðmundur J. Guðmundsson hefur áður tekið sæti á þessu þingi og kjörbréf hans verið rannsakað og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur mér borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. febr. 1979.

Formaður þingflokks Alþfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Skv. beiðni Kjartans Jóhannssonar, 2. þm. Reykn., sem vegna utanfarar í opinberum erindum mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér skv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Ólafur Björnsson útgerðarmaður í Keflavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jón Helgason,
forseti Ed."

Það stendur einnig þannig á, að Ólafur Björnsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu þingi og kjörbréf hans verið rannsakað og tekið gilt og býð ég hann velkominn til starfa.

Loks hefur mér borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. febr. 1979.

Helgi F. Seljan, 3. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Skv. læknisráði mun ég ekki geta sótt þingfundi næstu þrjár til fjórar vikur. Ég óska hér með eftir því, að 2. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Eiríkur Sigurðsson mjólkurbússtjóri, taki sæti á Alþingi í minn stað og kjörbréf hans verði rannsakað. 1. varamaður, Þorbjörg Arnórsdóttir húsmóðir, getur ekki sakir erfiðra aðstæðna tekið sæti á Alþingi nú um sinn. Þetta veikindaleyfi óskast veitt frá og með 12. febrúar n. k."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þét látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

Borist hefur kjörbréf til handa Eiríki Sigurðssyni, 2. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi, og einnig staðfest símskeyti frá 1. varamanni Alþb. í því kjördæmi, Þorbjörgu Arnórsdóttur. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að gera svo vel að taka þessi gögn til athugunar og gef 10 mín. fundarhlé meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf fyrir Eirík Sigurðsson, Vopnafirði, sem er 2. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd fann ekkert athugavert við þetta kjörbréf og mælir með því að það verði tekið gilt og samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þingmaður, Eiríkur Sigurðsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Efri deild, 55. fundur.

Mánudaginn 12. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 316). — Frh. 1. umr.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hér hafa farið fram miklar umr. um merkismál og hafa að verulegu leyti snúist um möguleika til þess að rétta við fjárhag hins mikla ríkisfyrirtækis um raforkudreifingu, RARIK. Umr. snerust m. a. um það, hve langt ætti að ganga í því að jafna aðstöðuna milli þegna þjóðfélagsins, og ég get ekki neitað því, að þótt það sé að sjálfsögðu eðlilegt og sjálfsagt að jafna hana þar sem þörf er á, þá er þetta nokkru meira vandamál en lítur út fyrir í fyrstu, m. a. vegna þess að jöfnuður getur snúist upp í að verða hinn mesti ójöfnuður og í öðru lagi eru svo margir þættir, sem þarna er um að ræða, að erfitt er að finna hinn rétta, gullna meðalveg í þessu efni. Það má taka sem dæmi, að þótt það virðist liggja nokkuð ljóst fyrir við fyrstu yfirsýn að hækkun á olíum og bensíni komi harðast niður á þeim sem búa í strjálbýlinu eða norður á Langanesi skulum við segja, þá er það svo, að mestu útgjöld vegna slíkra hækkana munu þeir verða að sætta sig við sem búa langt frá vinnustað sínum og þurfa þess vegna daglega að aka 10, 20, 30 km leið til og frá vinnu. Áberandi er að langsam-

lega erfiðast mun þetta verða þeim sem búa í nágrenni Reykjavíkur. Það er alveg augljóst mál. Aftur á móti kemur þetta hreint ekki eins illa við bóndann sem býr á jörð sinni og vinnur á sínu heimili, þótt hann sé fjarri Reykjavík. Svona mætti lengi telja, þar sem erfitt verður að gera upp við sig hver sé eiginlega verst settur í þessu efni.

Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum var ég staddur úti á landi um páskaleytið og einn morguninn gekk ég niður að höfninni. Þá sá ég þar netakúlur á floti. Við nánari athugun reyndist hins vegar vera hér um rauðmaga að ræða. Þegar ég fór að grennslast eftir hvernig á því stæði, að slíkum matvælum væri fleygt, þá kom í ljós að sjómennirnir á staðnum voru svo hugulsamir, að í staðinn fyrir að fleygja rauðmaganum, eins og grásleppufiskendur gjarnan gera, þá komu þeir með hann í land, settu hann í bala, svo gat fólk komið og hirt þennan rauðmaga eins og því þóknaðist, en væri afgangur var honum fleygt í höfnina. Þetta kemur að sjálfsögðu hvergi fram, en hins vegar getur þetta sparað heimilum ómælda aura.

Margt mætti minnast á í þessu sambandi, að ég ekki tali um það, að vandamál og mestu erfiðleikar nútímans hvíla ekki á byggðinni í dreifbýlinu eða strjálbýlinu. Þau hvíla að sjálfsögðu öll á þéttbýlinu. Félagslegu vandamálin kosta heimilin marga krónuna, og stór sveitarfélög verða að kosta miklu til vegna þeirra örðugleika sem þéttbýlið gjarnan hefur í för með sér. Þetta eru þekktar staðreyndir sem við vitum öll mjög vel um.

Í þessum umr. hefur einnig verið nokkuð deilt um það, hvort sveitarfélög ættu að njóta þess að vera t. d. í nágrenni við góða aðstöðu til orkuöflunar eða hafa skattpínt þegna sína fyrir löngu á meðan verið var að byggja orkuver. Ekki eru allir á einu máli um þetta, en nokkuð augljóst virðist vera að lítil sanngirni sé í því, að þeir njóti ekki þess arna í einhverju.

Það, sem hér er um að ræða, er hins vegar það, að RARIK er í geysilegum greiðsluerfiðleikum, og þeir, sem fá rafmagn frá Rafmagnsveitum ríkisins, búa við hærri heimilistaxta en aðrir í landinu. Þetta er að sjálfsögðu erfitt og er allstórt mál. Mér skilst, miðað við það sem hér er upp gefið, um 37.25 kr. á kwst., að það muni vera yfir 50 þús. kr. á ári sem meðalheimili þarf að greiða meira en á Reykjavíkursvæðinu. Þetta er að sjálfsögðu greiðsla sem mörgum er erfitt að rísa undir, en er þó kannske ekki mjög stór borið saman við ýmislegt annað.

Það, sem meira hefur þó kannske verið talað um, er það, hvað þeir, sem verða að búa við rafmagnshitun, þurfa að greiða mikið fyrir rafmagnið. Samkv. því, sem ég hef fengið gefið upp hjá Orkustofnun, munu þeir sem eru um 3000 í landinu og greiða rafmagn eftir marktaxta, sem innifelur í sér heimilistaxta, hitataxta og súgþurrkun og rafmagn til annarrar vélanotkunar á heimilunum, þurfa að greiða um 208 þús. kr. á árinu 1977 fyrir rafmagnsnotkun sína miðað við 37 þús. kw notkun, sem mun vera mjög eðlilegt meðaltal. Ég ætla ekki að dæma um það, hvort þetta er mikið eða lítið. En eitt er víst, að miðað við þann vaxandi upphitunarkostnað sem þeir, sem búa við olíuhitun, verða að búa við, virðist þetta ekki neitt sérstaklega mikið borið saman við það sem maður hefði búist við. Hins vegar er það, að ég álít að það sé rétt stefna að við notum eigin orkugjafa hvar sem því verður við komið, og við verðum að beygja okkur undir það að greiða eitthvað fyrir það meðan við erum að fá slíkt í sæmilegt horf.

Það kynduga við frv., sem hér liggur fyrir, er að ótrúlegustu aðilar hafa sitthvað við það að athuga, þ. á m. stjórn þeirrar stofnunar sem á að njóta þess. Enn fremur hefur mér borist bréf frá Sambandi ísl. rafveitna. Það er stutt og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á fundi sínum 16. jan. samþykkti stjórn SÍR eftirfarandi ályktun:

Stjórn SÍR mótmælir enn á ný framlengingu svonefnds verðjöfnunargjalds af raforku og ekki síst fyrirhugaðri hækkun þess úr 13 í 19%. Stjórnin telur að leysa beri fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins — RARIK — á annan hátt, m. a. með beinum framlögum úr ríkissjóði, svo sem stjórn RARIK hefur þegar lagt til við iðnrn. Stjórn SÍR bendir og á að mörg raforkufyrirtæki önnur en RARIK eiga við fjárhagsvanda að etja.

Kristján Jónsson og Hafsteinn Davíðsson taka fram að þeir treysta sér þó ekki til að mótmæla gjaldi þessu meðan ekki koma til aðrar lausnir á fjárhagsvanda RARIK og Orkubús Vestfjarða."

Til skýringar má geta þess, að Kristján Jónsson er rafmagnsveitustjóri ríkisins, en Hafsteinn Davíðsson er svæðisstjóri Orkubús Vestfjarða, en Orkubúið á svo sem kunnugt er einnig að njóta þessara laga.

Hvað á nú til bragðs að taka þegar svo er ástatt að nauðsyn er að fá meiri peninga? Ekki eru allir á einu máli hvernig fara skuli að. Ég held að það sé ekki eðlilegt að hækka þetta gjald, m. a. vegna þess að þá lítur út fyrir að þeir komi til með að greiða mest sem mest greiða fyrir og hækkun þeirra verði mest. Slíkt virðist ekki vera beint það sem stefnt er að. Og sannarlega kemur ýmislegt annað til greina. Ég vil leyfa mér að benda á það, að mér fyndist ekki óeðlilegt að þeir skattar t. d., sem ríkið fær af stóriðju í þessu landi, sem er ekki mikil enn þá, en fer vaxandi, rynnu beint til þessara nota. Mér finnst að varla sé annað hægt en benda á að athuga bæri um frekari hagræðingu í rekstri þeirrar stofnunar sem hér er um að ræða. Slíkt mundi verða gert ef um annars konar fyrirtæki væri að ræða, og mér finnst sjálfsagt að slíkt sé athugað. Þá hefur komið í ljós að mörg af þeim lánum, sem tekin hafa verið á undanförnum árum fyrir þetta fyrirtæki, eru tekin á mjög slæmum kjörum, og mér finnst að væri athugandi hvort ekki mætti lækka rekstrarkostnað fyrirtækisins með því að breyta lánunum í hagstæðari lán. Enn fremur er hér um alveg sérstakt og augljóst byggðavandamál að ræða, og þar sem það er í raun og veru félagsleg aðstoð sem þarna er verið að leita eftir, þá væri ekkert óeðlilegt, meðan verið er að finna varanlegan grundvöll fyrir framtíðargreiðslu, að Byggðasjóður kæmi þarna til með nokkurt framlag.

Þegar farið er að leita eftir fjármagni, hvar eigi að finna það í þessum tilgangi, þá get ég ekki komist hjá því að lesa nokkra kafla í bréfi sem mér barst. Það er um raforkumál Austurlands og undirfyrirsögn er: „Er nýtt Kröfluævintýri í uppsiglingu?" Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Getum sparað milljarða. Í öllum umr. um raforkumál Austurlands og Bessastaðaárvirkjun hefur lítið verið rætt opinberlega um annan tiltækan kost sem leysir orkuþörf Austurlands á enn öruggari hátt en Bessastaðaárvirkjun og fyrir innan við þriðjung þeirrar upphæðar. Þessi kostur er lagning 380 km langrar 132 kv. línu, svonefndrar Suðausturlínu, sem kosta mun 6 milljarða og tengdi saman núverandi endapunkt Austurlínu í

Skriðdal og lægi um Djúpavog, Höfn í Hornafirði og þaðan til Sigöldu. Þessi lína mundi því loka 132 kv. hringlínu um landið. Það vill svo til, að þessi tæplega þriðjungur af Bessastaðaárvirkjun, sem Suðausturlínan kostar, er einmitt sá þriðjungur sem orkan frá Bessastaðaárvirkjun kostar umfram orku frá öðrum hagkvæmum virkjunarkostum, svo sem virkjun Jökulsár í Fljótsdal, Blöndu eða Hrauneyjafoss. Með því einu að ákveða að byggja ekki Bessastaðaárvirkjun er því búið að spara þá 6 milljarða sem Suðausturlínan kostar, og jafnframt er með byggingu þeirrar línu, eins og áður sagði, búið að loka 132 kv. raforkuhringnum um landið."

Þeir, sem svo skrifa, eru tveir starfsmenn Orkustofnunar, og í þessu bréfi er að finna marghátttaðar upplýsingar. Mér sýnist að ef að einhverju leyti væri farið eftir þeirra till., þá kynni þetta í framtíðinni að spara rekstrarkostnað RARIK mjög verulega, og ekki nóg með það, heldur líka að leggja til það fjármagn, sem verið er að leita eftir, án þess að nokkuð væri misst.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég harma að hæstv. iðnrh. skyldi ekki geta tekið undir þá hógværu ósk sem hér var borin fram fyrir Siglfirðinga varðandi smávægilega breytingu á þessu frv., þar sem um það er rætt að verðjöfnunargjald gæti ekki gengið einungis til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, heldur líka annarra sem við sambærilegan fjárhags- og orkuöflunarvanda eiga að etja, eins og það var orðað. Það er út af fyrir sig rétt, að Rafveita Siglufjarðar hefur leitast við að hafa heimilistaxta svipaðan og er hér í Reykjavík, en hins vegar eru aðrir taxtar þar miklu hærri og t. d. mun vera 27% hærri hitataxti hjá Rafveitu Siglufjarðar en hjá Rafmagnsveitum ríkisins, svo að dæmi sé nefnt.

Þess er að gæta, að þetta raforkusvæði Siglufjarðar er algerlega einangrað. Það er ekki tengt við svæði Rafmagnsveitna ríkisins. Þess vegna þarf að hafa þar mismikla varaorku. Aftur á móti selur Rafveita Siglufjarðar inn á RARIK-línu, bæði til Ólafsfjarðar og eins í Fljótin, og léttir undir með Rafmagnsveitum ríkisins að því leyti. Þess vegna finnst mér að þessi málaleitun sé sanngjörn, og þetta er þar að auki ekki nema heimildarákvæði sem farið er fram á að inn í lögin verði sett. En hvað sem því líður, þá vænti ég þess a. m. k., að forráðamönnum Rafveitu Siglufjarðar verði gert kleift að ræða þetta mál við þá n. sem það fær til umfjöllunar. Þá mun sjónarmið þeirra koma í ljós. Ég treysti því að n. reyni að taka tillit til þessara hógværu óska.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 294). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil mæla fyrir frv. til l. um landflutningasjóð.

Hinn 18. mars 1976 var samþ. á Alþ. þáltill. um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla. Þessi þáltill. var svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að komið verði á fót stofnlánasjóði eða stofnlánadeild, sem hefði það hlutverk að veita stofnlán til kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum."

Samgrh. fyrrv. mun hafa skipað sérstaka n. í jan. 1977, sem falið var það hlutverk að semja frv. til l. um þetta efni. N. þessi var skipuð embættismönnum og fulltrúum viðkomandi starfsgreina og skilaði áliti í nóv. 1977. Því miður var þar ekki um fullt samkomulag allra nm. að ræða, þar sem 7 nm. stóðu að meirihlutaáliti, en 2 voru í minni hl.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að meginstofni til byggt á áðurgreindu meirihlutaáliti, en í samgrn. hafa þó verið gerðar ýmsar breytingar á frv. frá því að það kom frá n. Eru helstu frávikin þau, að Framkvæmdastofnun ríkisins er falið að hafa með höndum vörslu sjóðsins og ákvæði um framlög úr ríkissjóði eru almennar orðuð en var í frv. nefndarmeirihlutans.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því samkv. 1. gr., að stofnaður skuli sjóður er nefnist landflutningasjóður. Ég vil strax taka það fram, að ég hef aldrei verið yfir mig hrifinn af þessu nafni frá því að ég sá það fyrst, en hef hins vegar ekki haft á reiðum höndum brtt. Ég vísa til n. að hún hugleiði hvort annað nafn gæti komið til greina, því að vissulega er það svo, að þeim farartækjum og flutningatækjum, sem hér um ræðir, er ekki ætlað að flytja land, heldur vörur á landi, og væri vissulega eðlilegt að nafnið væri rökréttara. Þó er ekki hægt að segja að þetta sé án fordæma, því að talað er um sjóflutninga þótt viðkomandi farartækjum sé ekki ætlað að flytja sjó. En sem sagt, n. getur hugleitt þetta nánar, og tel ég að væri vel farið ef hægt væri að finna annað nafn á sjóðinn.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla með lánveitingum að bættum vöru- og fólksflutningum með stórum bifreiðum. Hér er rétt að vekja á því athygli, að stórvirkar vinnuvélar eru ekki meðtaldar. Í áðurgreindu meirihlutaáliti, sem fulltrúar Félags vinnuvélaeigenda stóðu að, sagði m. a. um þetta atriði:

„Nú er það svo, að framangreind tæki, þ. e. vinnuvélar, vöruflutningabifreiðar og langferðabifreiðar, eru óskyld og til ólíkra nota. Þau eru notuð til mannvirkjagerðar, til vöruflutninga og til fólksflutninga. Það, sem veldur því, að þessi tæki eru hér tekin til sameiginlegrar meðferðar, er það eitt, að almennt fást ekki lán til öflunar þeirra hjá starfandi fjárfestingarlánasjóðum, en svo er raunar um fleiri tilvik, þótt ekki séu þau til umfjöllunar hér. Með því að rekstur vinnuvéla er óskyldur flutningastarfseminni væri hinn fyrirhugaði lánasjóður sérhæfðari og hefði með að gera samstæðari verkefni, ef vandi fjármögnunar vinnuvéla yrði leystur á öðrum vettvangi. Af þessum sökum er hér lagt til, að lánveitingar til kaupa á vinnuvélum verði teknar upp hjá Iðnlánasjóði."

Þessari stefnu hefur rn. fylgt við undirbúning málsins og er því ekki gert ráð fyrir að lán séu veitt til stórvirkra vinnuvéla, heldur er ætlast til að Iðnlánasjóður hafi það verkefni með höndum. Reyndar virðist það falla ágætlega að verksviði Iðnlánasjóðs.

Landflutningasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins skv. 2. gr. og lýtur yfirstjórn samgrh. Ráðh. skipar 5 menn í stjórn sjóðsins til 4 ára í senn og eru 4 stjórnarmenn tilnefndir af ákveðnum aðilum: Framkvæmdastofnun ríkisins, eigendum leigubifreiða til vöruflutninga, eigendum vöruflutningabifreiða í reglubundnum akstri og sérleyfishöfum og hópferðaleyfis-

höfum. Framkvæmdastofnun ríkisins er hér einn þeirra aðila sem ætlast er til að tilnefni í stjórn, vegna þess að skv. 3. gr. er stofnuninni falin varsla, umsjón og endurskoðun landflutningasjóðs skv. sérstökum samningi.

Tekjur landflutningasjóðs eru þær, að hann fær 2% gjald af starfsemi þeirra aðila sem rétt eiga á lánum úr sjóðnum. Einnig fær hann framlag úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Landflutningasjóði er að sjálfsögðu heimilt, að fengnu samþykki ríkisstj., að taka lán til starfsemi sinnar. Hér er um allnokkurt gjald að ræða, þar sem lagt er til að 2% af bruttótekjum þessara aðila renni til sjóðsins. En ég hef ástæðu til að ætla að eigendur þessara tækja vilji nokkuð vinna til að koma þessari starfsemi upp og vilji því taka á sig þessa fórn. Skv. lauslegri áætlun ætti þetta gjald að nema fast að 200 millj. kr. á fyrsta gjaldári, en til viðbótar kæmi þá mótframlag úr ríkissjóði eftir nánari ákvörðun síðar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Húsaleigusamningar, frv. (þskj. 338). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það til l. um húsleigusamninga, sem hér er lagt fram, er flutt í samræmi við ákvæði í samstarfsyfirlýsingu aðildarflokka núv. ríkisstj., en þar segir m. a. svo, að ríkisstj. muni gangast fyrir því, að sett verði lög um réttindi leigjenda. Lagasetning um þetta efni er raunar einnig meðal þeirra félagslegu umbóta sem ríkisstj. hét launþegum að hraða undirbúningi að í aths. við frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu sem samþ. var hinn 30. nóv. s. l.

Frv. er samið af n., sem ég skipaði hinn 28. sept. s. l. Áttu sæti í henni Páll S. Pálsson hrl., eftir tilnefningu Hús- og landeigendasambands Íslands, Ragnar Aðalsteinsson hrl., eftir tilnefningu Leigjendasamtakanna, og Sigurður E. Guðmundsson framkvæmdastjóri, sem var formaður n. Auk þess starfaði með n. Georg H. Tryggvason sem gegnir starfi aðstoðarmanns míns.

Nefndinni var settur frestur til að ljúka störfum til 10. jan. s. l., og skilaði hún frv. ásamt grg. og aths. við einstaka kafla þann dag. Alls hafði hún þá haldið 27 fundi og hefur n. unnið bæði fljótt og vel að þessu máli.

Í grg. með frv. kemur fram að samkomulag er um það innan n. Þó er tekið fram að skoðanamunur hafi orðið um ýmis atriði og séu sum ákvæðanna því málamiðlun, en um frv. í heild náðist samstaða í n. og fylgja því engir fyrirvarar eða sérákvæði af hálfu einstakra nefndarmanna. Á þetta legg ég þunga áherslu.

Venjulega munu frv. um það efni, sem hér er fjallað um, hafa heitið frv. til húsaleigulaga. Nú er hins vegar lagt til að láta frv. heita frv. til laga um húsaleigusamninga. Er ástæðan sú, að í þessu frv., er ekki að finna sérstök ákvæði um fjárhæð húsaleigu eða hámark húsaleigu. Hefur orðið að ráði að skilja þann þátt frá þessu frv. sem fjallar almennt um réttarstöðu leigutaka og leigusala, en semja þess í stað sérstakt frv. um leigufjárhæðina. Sú n., sem samdi þetta frv., hefur fengið það verkefni einnig. Líklegt er að það frv. verði látið heita frv. til laga um húsaleigu.

Tvær ástæður eru til þess að skipa verkefninu með þessum hætti. Önnur er sú, að lög um fjárhæð húsaleigu geta reynst öllu forgengilegri og þarfnast tíðari breytinga en lög sem almennt fjalla um réttarstöðu aðila húsaleigusamninga. Eins kemur það til, að ákvæði um leigufjárhæð virðast til þess fallin að valda ágreiningi og deilum. Hefur slíkur ágreiningur a. m. k. tvisvar orðið setningu almennra húsaleigulaga fjötur um fót og átt þátt í að stöðva framgang þeirra. Því þykir ráðlegra að skipta nú verkefninu með þeim hætti sem ég hef lýst hér að framan.

Fróðlegt hefði verið að gera hér nokkra grein fyrir því, hvernig löggjöf um leiguhúsnæði hefur þróast hér á landi frá því lög voru hér fyrst sett um þetta efni árið 1917. Má í stuttu máli fullyrða að um slíka lagasetningu hefur ætíð staðið töluverður styrr og yfingar orðið með mönnum bæði innan þings og utan. Frv. um þetta efni hafa ekki náð að öðlast lagagildi nema á tímum heimsstyrjalda, að *frátöldum minni háttar breytingum*, og ítarlega lagabálka dagaði uppi á Alþingi bæði árið 1949 og aftur árið 1951. Þessi saga er rakin í aths. með frv. og mun ég því ekki endurtaka hana hér.

Það er ljóst, og um það vitnar raunar reynslan glöggt, að setning húsaleigulaga er vandasamt verk. Þar þarf að rata hinn gullna meðalveg, eins og oft endranær. Þótt ekki liggi fyrir um það óyggjandi upplýsingar, virðist næsta öruggt að fullyrða megi, að um 45—50 þús. manns eða sem næst 20% þjóðarinnar búi í leiguhúsnæði hér á landi. Þessi mikli fjöldi fólks hefur óumdeilanlega búið við tilfinnanlegt öryggisleysi. Samningsstaða þess hefur verið veik gagnvart leigusölum vegna þess skorts sem hér hefur verið og er enn á leiguhúsnæði. Takmark leigulöggjafar hlýtur því að vera það fyrst og fremst að veita þessu fólki aukna vernd, treysta réttarstöðu þess og öryggi. En jafnframt ber nauðsyn til að kveða á í meginatriðum um réttarstöðu beggja aðilanna, eyða margvíslegri réttaróvissu og stuðla eftir föngum að því, að viðskipti leigusala og leigutaka séu sem aðgengilegust og öruggust og sambúð þeirra sem best.

Veigamikill þáttur í því að veita leigjendum aukna vernd er auðvitað sá að fæla húseigendur ekki frá því með of einstrengingslegu lagaboði að selja á leigu það húsnæði sem þeir hafa til ráðstöfunar. Það er skoðun mín, að fyrri tilraunir til setningar leigulaga hafi öðru fremur strandað á því, að þær hafi verið of einhliða, þær hafi gengið nær eðlilegum ráðstöfunarrétti húseigenda á eigum sínum en samrýmst hefur réttarmeðvitund fólks og gert leigusölum í heild upp langtum verra innræti en nokkur efni standa til.

Ég leyfi mér að tilfæra til skýringar þessum orðum mínum eftirfarandi klausu úr umsögn Félags húseigenda um húsleigufrv. frá 1949. Þar segir svo um 19. gr. m. a., með leyfi forseta, „að þessar sífelldu endurtekningar um svik og sviksemi af hálfu leigusala séu algerlega óþarfar, því sem betur fer sé íslensk dómvenja á því menningarstigi, að þess háttar atferli af hálfu einhvers málsaðila mundi ekki hljóta náð fyrir augum íslenskra dómstóla, allir þessir sviksemivarnaglar séu því til þess eins fallnir að ergja þá sem lesa frv. yfir og finna að þeim er nær eingöngu beint gegn öðrum aðilanum".

Ég hygg að í því frv., sem hér er til umfjöllunar, hafi tekist að sneiða hjá þessum ágöllum. Aðilum er þar ekki gerð upp nein sviksemitilhneiging og eðlilegt ráðstöfunarfrelsi húseigenda ekki skert umfram það sem nauðsynlegt er til að hægt sé að veita leigutökum eðlilega og sanngjarna lágmarksvernd.

Í aths. með frv. kemur fram að n. sú, sem það samdi, hefur aflað sér mjög viðamikilla gagna, m. a. húsnæðislöggjafar hinna Norðurlandanna. Frv. er hins vegar ekki sniðið eftir neinum einstökum erlendum lögum, heldur er það nýsmíði frá grunni og þá auðvitað lagað að íslenskum staðháttum, þar sem fullt tillit er tekið til þeirrar venju sem skapast hefur í leiguskiptum manna í milli hér á landi þar sem slíkar venjur eru eftirbreytniverðar.

Frv. fylgja ítarlegar aths. við einstaka kafla og greinar þess, og ætla ég ekki að eyða dýrmætum tíma þingsins í upplestur á þeim. Læt ég því við það eitt sitja að geta þeirra nýmæla sem í því eru og mestu máli skipta.

Í I. kafla frv. er ekki margt sem ástæða er til að geta sérstaklega. Gildisvið laganna er þar skilgreint og tvímæli tekin af um það í 2. gr., að lögin eru almennt óundanþæg nema annars sé sérstaklega getið. Þá er með 3. gr. tekin af vafi um réttarstöðu sambýlisfólks og ákveðið að hún sé hin sama og hjóna, enda þykir það samrýmast best réttarvitund nútímans. Skilgreining á sambúð er nokkuð rýmkuð frá því sem er í almannatryggingalögunum.

Í II. kafla eru ákvæði sem lúta að gerð leigumálans. Eru það nýmæli hér á landi, þótt alþekkt sé víða erlendis, að skylda til útgáfu sérstakra eyðublaða fyrir leigumála eða til að staðfesta slík eyðublöð, þótt aðrir gefi þau út, er lögð á það rn. sem húsnæðismál falla undir. Nauðsynlegt hefur þótt að stemma með þessum hætti stigu við þeirri fjölskrúðugu eyðublaðaútgáfu, sem nú tíðkast og þykja sum hver ekki óvilhöll eða til þess fallin að stuðla að öryggi í viðskiptum leigusala og leigutaka.

Lagt er fyrir að gera leigumála skriflegan svo og allar þær breytingar eða viðbætur sem síðar kunna að reynast nauðsynlegar. Er þetta sjálfsögð regla og í samræmi við venjur. Heimilt verður áfram að gera leigumála til ákveðins tíma eða ótímabundna, eftir því sem aðilar kjósa sjálfir. Kemur þó skýrt fram í grg., að höfundar frv. telja að tímabundnir samningar séu stundum misnotaðir, bæði til að þrengja óeðlilega kost leigutakans, sem haldið er í óvissu um hvert framhald verði á afnotum hans, en stundum einnig til að knýja fram frekari hækkun leigunnar en heimilt er skv. ákvörðun stjórnvalda. Loks fylgir tímabundnum samningum það óhagræði, að þeim getur lokið hvenær sem er ársins. Leigutaki, skv. slíkum samningi er því firrtur þeirri vernd sem er fólgin í ákvæðum laganna um fardaga.

Þrátt fyrir þessa vankanta hefur ekki þótt rétt að leggja til að bannað sé með öllu að gera samninga tímabundna. Í stað þess er leigusala með ýmsum ákvæðum boðið tiltekið hagræði, ef samningstíminn er lengdur frá því sem nú er almennast. Auk þess eru heimildir hans til uppsagnar og breytinga á leigukjörum þrengdur nokkuð með 8. gr. frv. þegar samningur er gerður ótímabundinn. Telja nm. þetta vænlegri kost en að beita fortakslausu banni, sem þeir telja að gæti reynst tvíeggjað og óvíst sé að samrýmist réttarvitund fólks. Þótt einhverjum kunni að þykja ákvæðin um forleigurétt nokkuð ströng í garð leigusala, verður að meta þau með hliðsjón af því mikla óhagræði og öryggisleysi, sem tímabundnir samningar valda oft leigutökunum, og þeirri hættu á misbeitingu, sem óumdeilanlega er samfara slíkum leigumálum. Einnig er þess að gæta, að leigusali á þess ætíð kost að breyta leigumálanum í venjulegan ótímabundinn samning, og falla þá niður allar forleigukvaðir.

Mikilsvert er einnig fyrir leigusala að forleiguréttur tekur ekki til íbúðar sem hann leigir í sama húsi og hann býr í sjálfur. Þykir ekki rétt að beita neinum þvingunum þegar sambýli er svo náið og ýmis atriði, sem þó eru ekki uppsagnar- eða riftunarástæður, eins og t. d. almennt samkomulag fólks, geta farið að skipta verulegu máli.

Í III. kafla eru ákvæði um uppsögn leigumála og leigufardaga. Meðal nýmæla í þessum kafla eru ákvæði um að uppsagnarfrestur á íbúðarhúsnæði lengist, þegar leigusamband aðila hefur varað tiltekið árabil. Sú tilhögun þykir réttlætast af því, að til gagnkvæms trausts hafi stofnast með aðilum þegar samband þeirra hefur staðið lengi án þess að tilefni gæfist til riftunar eða uppsagnar leigumála. Það er jafnframt miklu meira átak fyrir leigutaka að rífa sig upp frá þeim stað sem hann hefur búið á í langan tíma. Slíku fylgja oft margvísleg óþægindi, kostnaður og röskun sem bitnar ekki síst á börnum, þegar þeim er til að dreifa.

Að því er atvinnuhúsnæði varðar er uppsagnarfresti settur nokkuð rúmur rammi, enda geta aðstæður verið mjög misjafnar þar. Ákvæði 16. gr. um tilkynningarskyldu leigusala, þegar leigumáli er tímabundinn, er nýmæli, en sjálfsögð tillitssemi við leigutaka og raunar nauðsynleg vegna forleiguréttarins.

Smávægileg tilfærsla er gerð á fardögum. Hefur fyrri fardagur hingað til verið talinn 14. maí, en er nú fluttur aftur til 1. júní. Er þetta einkum gert með tilliti til skólagöngu barna.

Loks er í 18. gr. lagt til að lögfest sé almenn heimild fyrir fógeta til takmarkaðrar framlengingar á leigutíma á grundvelli hagsmunamats og almennra sanngirnissjónarmiða.

Í IV. kafla er fjallað um riftunarástæður og er hann að mestu í samræmi við það sem ætla má að hér væri talið gilda. Í 23. gr. er þó nýmæli sem heimilar fógeta að láta málskot til Hæstaréttar fresta verkun útburðarúrskurðar gegn hæfilegri tryggingu og þegar sérstakar aðstæður mæla með slíkri frestun. Með þessu er sköpuð leið til að komast hjá þeim kostnaði og vandkvæðum sem af því mundu hljótast ef leigusali lætur bera leigutaka út úr húsnæði skv. úrskurði fógetaréttar og leigir það jafnvel öðrum, en Hæstiréttur kemst síðan að þeirri niðurstöðu, að skilyrði til útburðar hafi ekki verið fyrir hendi, og hafnar útburðarbeiðni.

Í V. kafla er fjallað um afhendingu og skil leiguhúsnæðis. Er hér kveðið á um það, í hvaða ástandi leiguhúsnæði skal vera þegar það er afhent leigutaka og þegar hann skilar því aftur að leigutíma loknum. Að meginefni til eru ákvæðin í samræmi við þær reglur sem hér hafa verið taldar gilda, en vafi er tekinn af í nokkrum efnum. Helstu nýmælin eru ákvæði um úttektarmenn, sem ég mun víkja nánar að síðar, og ákvæði um úttekt leiguhúsnæðis í upphafi og lok leigutíma. Er hér gerð tillaga um einfalda leið sem er vel til þess fallin að afstýra ágreiningi eða auðvelda sönnun í deilumálum er varða hugsanlega bótaskyldu leigutaka vegna meðferðar hans á hinu leigða húsnæði. Slík deilumál munu vera einn algengasti ásteytingarsteinninn í leiguviðskiptum. Áþekkar reglur munu þekkjast erlendis. Og mér er kunnugt um að a. m.

k. eitt sveitarfélag hér á landi, sem á töluvert af leiguhúsnæði, hefur haft slíkt úttektarákvæði í leigusamningum sínum um árabil. Þykja þau hafa gefið góða raun.

Í VI. kafla er fjallað um viðhald leiguhúsnæðis. Er brýn þörf á föstum reglum um þetta efni því það hefur verið mjög á reiki hér á landi, bæði í húsaleigusamningum og í framkvæmd, hvernig kostnaði af viðhaldi er skipt milli aðila. Sú meginstefna er hér mörkuð að leigusali skuli annast allt viðhald íbúðarhúsnæðis á sinn kostnað. Hlýtur sú stefna að teljast eðlileg, enda í samræmi við það sem tíðkast með nálægum þjóðum. Margvíslegt smávægilegt viðhald innanhúss er þó lagt á leigutaka. Eru það einkum atriði sem kosta lítil fjárútlán, en mundu hins vegar oft geta bakað leigusölum mikla fyrirhöfn og ónæði vegna tíðra smábilana. Á leigutaka er einnig lagt viðhald á rúðum og tækjum, sem getur að vísu orðið töluvert kostnaðarsamt, en umgengni hans og meðferð þessara hluta ræður miklu um viðhaldsþörfina. Áhætta leigutaka nær þó í þeim tilvikum ekki lengra en til þess tjóns sem ekki er bætt af venjulegri húseigandatryggingu. Er því beinlínis hvatt til þess, að leigusalar kaupi slíka tryggingu. Gegn ákveðnum skilyrðum er svo heimilt að semja um aukna þátttöku leigutaka í viðhaldi innanhúss, ef leigumáli er gerður til lengri tíma en 2 ára. Er sú regla dæmi um þá viðleitni, sem víða verður vart í frv., að hvetja til þess, að leigumálar verði gerðir til lengri tíma í senn en nú tíðkast almennt.

Í þessum kafla eru einnig ákvæði um meðferð leigutaka á húsnæðinu og fylgifé þess, ábyrgð á því tjóni, sem hann verður valdur að og viðgerðarskyldu hans. Auk þess er almenn vísiregla um það, í hvernig ástandi leigusali skal halda húsnæðinu meðan á leigutíma stendur.

Í VII. kafla er fjallað um greiðslu rekstrarkostnaðar. Þótt öll ákvæði þessa kafla séu nýmæli í hérlendri löggjöf, munu þau að mestu í samræmi við það sem tíðkast hefur. Er þó mikils um vert að fá skýrar reglur um þetta efni, einkum um skiptingu og greiðslu slíks kostnaðar í fjölbýlishúsum. Ákvæði 45. gr. er sett gagngert vegna þeirra miklu hitaveituframkvæmda sem nú eru í gangi víða um land. Er með því reynt að sporna gegn því, að menn dragi úr hömlu að láta tengja slíkum veitukerfum húseignir sem þeir hafa selt á leigu til langs tíma, þar sem sparnaðurinn kemur leigutakanum einum til góða, en húseigandinn þarf hins vegar að leggja út allan tengi- og stofnkostnað, sem oft er veruleg fjárhæð. Má ætla að þetta ákvæði geti bæði reynst hlutaðeigandi hitaveitum hagkvæmt og einnig þjóðfélaginu í heild, eins og raunar allt það sem stuðlað getur að minnkun innflutnings á olíu, svo uggvænlega sem nú horfir í þeim efnum.

Í VIII. kafla er fjallað um umgengnisskyldur og réttindi. Miða ákvæði þessa kafla einkum að því að lögfesta reglur sem myndast hafa í samskiptum leigusala og leigutaka. Ákvæði um rétt leigusala til að sýna húsnæðið væntanlegum leigutökum er nýmæli sem ætti að firra leigutaka óþarfi ónæði og ágang. Þá eru og tekin af tvímæli um það, að leigusala húsnæðis, sem er í fjölbýlishúsi, ber skylda til að sjá um að aðrir þeir, sem í húsinu búa eða starfa, fari að settum umgengnisreglum. Er aðstaða hans í því efni auðvitað mun sterkari en leigutakans.

Í IX. kafla er fjallað um greiðslu húsaleigu og tryggingarfé. Lagt er til, að húsleiga greiðist að jafnaði fyrir fram fyrir einn mánuð í senn, sem mun aðalreglan nú. Með ákvæðum 51. gr. eru því settar skorður, hve mikla fyrirframgreiðslu leigutaki verður krafinn um, bæði í upphafi leigutímans og síðar á honum. Er hér reynt að sporna gegn þeirri óhóflegu kröfugerð sem nú þekkist í þessum efnum. Ákvæðinu um tryggingarfé er ætlað að stuðla að bættri umgengni um leiguhúsnæði og vera leigusölum vörn gegn því, að leigutakar hlaupist brott frá ógreiddri leigu eða ógreiddum spjöllum á húsnæðinu. Tryggingarféð kemur að nokkru í stað fyrirframgreiðslu, því leigutaki verður ekki samtímis greiðslutryggingarfjár eða framvísun bankatryggingar krafinn um leigugreiðslu fyrir fram nema til eins mánaðar í senn.

Í X. kafla er fjallað um framsal leiguréttar, réttaráhrif þess á leigumála er leigutaki andast, um áhrif hjúskaparslita o. fl. Óhætt mun að fullyrða að með lögfestingu þessara ákvæða væri mikilli réttaróvissu eytt og deilumálum afstýrt.

Í 61. gr. felst nýmæli sem varðar atvinnuhúsnæði og ég ætla að geti haft töluverða fjárhagsþýðingu. Það getur skapað mikla erfiðleika þegar t. d. dánarbú vill selja atvinnustarfsemi, sem hinn látni stundaði í leiguhúsnæði, en leigusali hafnar aðilaskiptum og riftar leigumálanum. Markaðsverð slíkrar starfsemi getur bókstaflega oltið á því, hvort afnot húsnæðis fylgja eða ekki. Í tenglsum við húsnæðisafnotin getur atvinnustarfsemi verið mjög verðmæt, t. d. gróin verslun með langa viðskiptahefð og viðskiptavild, en aðeins verðlitlar vörubirgðir, ef húsnæðið fylgir ekki. Af þessum sökum er í frv. sett ákvæði sem reisir skorður við uppsögn af hálfu leigusala þegar dánarbú eða þrotabú leigutaka vill selja atvinnustarfsemi sem hinn látni rak í leiguhúsnæði, og söluverð starfseminnar er háð áframhaldandi afnotum húsnæðisins. Það skilyrði er þó sett með tilliti til hagsmuna leigusala, að afnot húsnæðisins haldist óbreytt áfram. Sama regla gildir eftir atvikum þegar ástæða sölunnar er sambúðar- eða hjúskaparslit.

Annað nýmæli er fólgið í 62. gr., þar sem skorður eru reistar við því að starfsmaður, sem fær afnot af leiguhúsnæði í tengslum við starf sem hann ræðst í, sé látinn víkja úr húsnæðinu fyrirvaralaust samhliða uppsögn úr starfi, glati þannig samtímis atvinnu sinni og húsnæði. Það er þó að sjálfsögðu skilyrði, að starfsmaðurinn hafi ekki látið af starfanum að eigin ósk eða verið löglega vikið úr starfi vegna brota í því.

Í XI. kafla eru ákvæði um úttektarmenn, sem eru nýmæli í húsaleigulöggjöf hér á landi. Er hér reynt að finna einfalda og skjótvirka leið til sáttaumleitana í ágreiningsmálum leigusala og leigutaka, jafnhliða því að leggja grundvöll að því að réttar og glöggar upplýsingar geti legið fyrir um ýmislegt það sem til þess er fallið að valda deilum síðar. Auðvitað orkar það ætíð tvímælis í byrjun, hversu virk svona nýmæli muni reynast þegar að framkvæmdinni kemur. Það verður að koma í ljós. Hins vegar ber þess að gæta, að það fyrirkomulag, sem hér er lagt til, á sér ýmsar hliðstæður sem góð reynsla hefur fengist af. Dómkvaðning úttektarmanna fer fram með sama hætti og virðingarmanna fasteigna til brunabótamats. Er af þeirri tilhögun fengin góð reynsla. Störfum sínum munu þeir haga með áþekkum hætti og úttektarmenn skv. ábúðarlögum eða matsmenn íbúða framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, þótt verksvið úttektarmanna leiguhúsnæðis sé skv. frv. töluvert víðtækara en þessara manna. Hliðstæða er þekkt í húsaleigulöggjöf annarra Norðurlanda, þar sem svonefndir „mellemmænd“ koma við sögu. Ég hef þá trú, að með tímanum eigi eftir að komast föst skipan á störf úttektar-

manna, a. m. k. í stærri kaupstöðum landsins, og að tilvist þeirra eigi eftir að stuðla að bættum og árekstraminni samskiptum leigutaka og leigusala. Sú er a. m. k. von mín.

Í XII. kafla eru ákvæði um leigumiðlanir. Með þeim er leitast við að koma fastari skipan á þessa starfsemi en verið hefur til þessa. Hygg ég að á því sé full þörf. Lagt er til að leigumiðlara verði heimilt að annast ýmislegt fleira en það eitt að koma á leigumála. Hann getur tekið að sér umsjón með viðhaldi, innheimtu leigufjár og raunar almennt eftirlit með framkvæmd leigumála. Er talið að þetta geti ýtt undir það, að meira húsnæði kæmi til ráðstöfunar á leigumarkað, einkum frá eldra fólki sem óttast deilur og amstur samfara útleigu húsnæðis.

Almennt held ég að ákvæði þessa kafla séu til þess fallin að auka festu og öryggi við gerð leigumála, því leigumiðlara ber að gæta fyllsta hlutleysis í starfi gagnvart báðum aðilum, stuðla að því að aðilar geri sér ljósari grein fyrir réttindum sínum og skyldum og réttaráhrifum leigumála, auk þess að auðvelda lausn ágreiningsmála með öruggri varðveislu skjala sem snerta samningsgerðina.

Í XIII. kafla eru ákvæði um kynningu laganna sem er mjög ítarlega skýrð í aths. með frv., og læt ég nægja að vísa til þeirra. Ég álít að þetta sé eitthvert mikilvægasta nýmæli frv., sem gjarna mætti verða fyrirmynd við ýmsa aðra lagasetningu, þegar framkvæmd laga veltur að miklu leyti á því, að almenningi sé kynnt efni þeirra rækilega og með öllum tiltækum ráðum.

Um refsiákvæði XIV. kafla og gildistökuákvæði XV. kafla er ekki nauðsynlegt að fjalla hér. Ég vísa um þau til aths. með frv. Sama gildir um bráðabirgðaákvæði.

Þetta fer að verða æðilöng framsaga, enda frv. til laga um húsaleigusamninga efni í mikinn lagabálk.

Herra forseti. Ég vil að lokum ítreka það, að hér er fjallað um efni sem snertir ótrúlega stóran hluta þjóðarinnar beint og enn fleiri óbeint, — efni sem sárlega hefur vantað um skýr ákvæði í löggjöf um langt árabil. Ég lýsi þeirri von minni, að frv. fái greiða leið í gegnum þingið og hljóti hið allra fyrsta afgreiðslu með þeim breytingum eða endurbótum sem hv. þm. kann að þykja til bóta að gera á því.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til félmn. þessarar hv. d. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 50. fundur.

Mánudaginn 12. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 75). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til. 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 40). — Frh. 1. umr.

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Það er liðinn nokkuð langur tími síðan fyrri hluti 1. umr. fór fram um þetta mál, og á þeim tíma, sem liðinn er, hafa gerst nokkrir atburðir sem skipta máli varðandi meðferð málsins. Þá er þess að geta, að nokkur félög í landinu hafa haft þessi málefni til umfjöllunar. Það má minna á félagið Íslensk réttarvernd, sem gerði fyrir nokkrum dögum ályktun þar sem það skoraði á hv. Alþ. að styðja og hraða afgreiðslu á þessu frv. Lögfræðingafélag Íslands hafði þessi efni til meðferðar á fundi hjá sér nýverið. Og síðast en ekki síst hefur Lögmannafélag Íslands gefið út sérstaka ályktun þar sem það skorar á dómsmrh. að beita sér fyrir ýmsum breytingum á lögum um meðferð opinberra mála. Þar er þungamiðjan nánast alveg sama efni og í því frv. sem ég hef leyft mér að flytja á Alþingi.

Ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi forseta, nokkur atriði úr ályktun Lögmannafélags Íslands til þess að sýna fram á að það er hljómgrunnur fyrir þessu máli hjá fleiri en mönnum hér á þingi. Þeir segja m. a. svo:

„Stjórnin telur brýnt að komið verði á réttarbótum í neðangreinda átt."

Svo segja þeir m. a.:

„Við rannsókn afbrots, sem við getur legið frelsissvipting, verði sakborningi strax við upphaf rannsóknar veittur réttur til að fá skipaðan verjanda og að rannsóknaraðilum verði gert skylt að kynna sakborningi þennan rétt hans þannig að tryggt sé að þessi réttur verði virkur."

Þarna er vikið efnislega að sama atriði og er rætt um í 1. gr. þessa frv. og ekki sjáanlegur neinn munur á því, nema orðalagsmunur.

Í annan stað segir Lögmannafélag Íslands svo í ályktun sinni:

„Handteknum manni verði veittur réttur til að fá sér skipaðan verjanda og til að tilkynna eða láta tilkynna honum og nánustu aðstandendum um handtökuna strax eftir að handtaka hefur farið fram, og lögreglumönnum verði gert skylt að kynna handteknum manni þennan rétt hans."

Þetta efnisatriði er líka í 1. gr. frv., sem hér liggur fyrir.

Enn segir í ályktun Lögmannafélagsins:

„Dregið verði verulega úr heimild dómstóla frá því sem nú er til að hneppa menn í gæsluvarðhald og að gæsluvarðhaldi megi að jafnaði ekki beita nema brot geti varðað 6 ára fangelsi."

Þarna skorar Lögmannafélagið á dómsmrh. að draga úr heimildum til að beita gæsluvarðhaldi. Þeir skýra ekki frá því með hvaða hætti þeir vilja að þetta verði gert, taka ekki afstöðu til þeirrar aðferðar sem lögð er til í frv. hjá mér, en þeir styðja greinilega markmiðið.

Svo eru enn fremur liðir í ályktun Lögmannafélagsins, þar sem þeir skora á dómsmálayfirvöld að gera þær breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, að verjandi fái að vera viðstaddur prófanir og yfirheyrslur og eins að maður, sem situr í gæsluvarðhaldi, hafi rýmri tækifæri til þess að fá að ræða einslega við verjanda sinn

en nú er.

Ég hef leyft mér að lesa upp úr þessari ályktun til þess að sýna fram á að Lögmannafélagið er í öllum efnisatriðum sammála þessu frv. sem hér hefur verið til umr., og ég tel mikinn feng að því vegna þess að lögmenn eru þeir menn í þjóðfélaginu sem sennilega kynnast högum sakborninga einna best í gegnum starfa sinn.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þær undirtektir sem frv. fékk hjá dómsmrh. og þeim öðrum þm., sem tóku til máls um það. Ekki komu fram í máli þeirra neinar aths., sem ég sé ástæðu til þess að svara eða víkja að öðru leyti að, og þess vegna ætla ég að láta þetta gott heita í bili og þakka fyrir.

Páll Pétursson: *Herra fundarstjóri* — afsakið, herra forseti. Ég er nú hálfpartinn enn á miðstjórnarfundi Framsfl., en ég verð að gera mér grein fyrir því að hann er liðinn og ég er kominn í annan ræðustól en þar.

Sennilega er hér um allgott mál að ræða. Eins og hv. flm. rakti áðan hafa samtök lögmanna og menn, sem starfa að þessum málum, áhuga á framgangi málsins og hafa e. t. v. líka haft nokkurt frumkvæði um að það er flutt, en þetta hefur verið á döfinni og til umræðu hjá þessum aðilum.

Réttaröryggi fólksins í landinu þarf náttúrlega að tryggja, og það er mikið mál. Hins vegar get ég ekki neitað því, að ég varð hálfhissa á hv. þm. Alþfl. þegar hann hóf máls á þessu máli, ekki fyrir það að hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson hafi ekki lögfræðilega þekkingu til að bera og sé ekki sjálfsagt ljós nauðsyn málsins, en mér finnst að með því að hafa frumkvæði um þetta sé hann að nefna snöru í hengds manns húsi. Ég held að það hefði verið ekki síður mikilvægt að setja skorður við blaðamennsku af því tagi sem einn af hv. fyrrv. forsetum þingsins kallaði ofsóknarblaðamennsku. Ég vil leyfa mér að vitna til skaðsemi hennar.

„Eru mörg dæmi þess," segir með leyfi forseta í grg., „að menn, sem síðar reyndust saklausir, hafa þurft að sitja langtímum saman í varðhaldi. Enn fremur þekkist það, að mönnum er haldið inni lengur en brýnustu rannsóknarþarfir krefjast. Þetta á vafalaust rætur að rekja til þeirrar áherslu sem dómstólar leggja á að knýja fram játningu sökunauts, og er gæsluvarðhald áhrifaríkt tæki í því skyni."

Og síðar segir í grg., með leyfi forseta:

„Rangar sakargiftir geta auðveldlega orðið til þess, að menn verði hnepptir í gæsluvarðhald, og eru þess sorgleg dæmi."

Þetta get ég allt saman tekið undir. Það er ljótt að bera óvini sína ósönnum sökum. *Ég er tilbúinn að rekja úr* dagblaðasafni Alþingis hvernig menn hafa með sakfellingu almenningsálits í nafni rannsóknarblaðamennsku dróttað hlutum að mönnum, þannig að menn hafa verið hnepptir í gæsluvarðhald, og dagblöð, dálkahöfundar og almenningsálit hafa kveðið upp sektardóma yfir mönnum, sem setið hafa í gæsluvarðhaldi, en síðar reynst saklausir. Ég get meira að segja rakið dæmi þess, að blaðamenn af þessu tagi hafa reynt að koma höggi á pólitíska andstæðinga og jafnvel á heila stjórnmálaflokka með ósönnum aðdróttunum um ólögleg samskipti við menn sem setið hafa í gæsluvarðhaldi.

Um leið og ég tek það fram, að ég styð þetta frv., þakka flm. fyrir að drífa í að flytja það, þá held ég að það sé enn brýnna verkefni að setja skorður við blaðamennsku af þessu tagi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég þarf varla að fara um það mörgum orðum að málið, sem hér er til umr., flutt af hv. þm. Finni Torfa Stefánssyni, er auðvitað sjálfsagt réttlætismál, sem fjallar um að auka réttaröryggi, tryggja að menn séu ekki beittir misrétti þegar verið er að varðveita hagsmuni samfélagsins alls. Hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson hefur flutt rök fyrir máli sínu, sem ég hygg raunar að séu svo sjálfsögð að ekki þurfi að hafa fleiri orð málinu til stuðnings. Hér er vakið máls á sjálfsögðu réttlætismáli, sem væntanlega mun eiga greiðan gang í gegnum þingið.

En það horfir öðruvísi við þegar helstu nátttröll þingsins *koma til að mæla fyrir þessu máli og fara blanda* inn í það allsendis óskyldum hlutum. Að helsta nátttröll þingsins, hv. þm. Páll Pétursson, sá sóma sinn í því er raunar ekki einsdæmi í flokki hans, hvorki sögulega né *að öðru leyti. Nú um helgina var verið að rifja upp í einu* af dagblöðum landsins þegar ágreiningur varð um stafsetningu á stríðsárunum og formaður flokks hv. þm. skrifaði forustugrein í blað sitt þar sem hann lagði til að þeir, sem notuðu ólögbundna stafsetningu, yrðu settir í þrælkunarvinnu, hvorki meira né minna, og er augljóst að þetta er enn hugarfar þessara helstu nátttröllа þessarar hv. stofnunar.

Þm. er að blanda inn í umr. um þetta sjálfsagða mál því sem kallað hefur verið rannsóknarblaðamennska. Mér sýnist að hann vilji þyngja mjög verulega öll viðurlög við slíku.

Ég geri mér fullkomlega ljóst að þetta kemur ekki því máli, sem Finnur Torfi Stefánsson flytur, á minnsta hátt við, en þar sem þm. gefur tilefni til þess, að þetta sé rifjað upp í örfáum orðum, er auðvitað sjálfsagt að verða við þeirri óbeinu ósk hans.

Það, sem hann væntanlega á við, þó hann nefni það ekki beinum orðum, — í sumum flokkum eru menn öllu skýrari en í öðrum stjórnmálaflokkum og nefna hlutina sínum réttu nöfnum, — eru blaðaskrif sem urðu fyrir u. þ. b. þremur árum og fjölluðu um svokölluð Klúbbmál. Ef honum þykir ástæða til að þessi mál séu reifuð í sambandi við þetta frv. hv. þm. Finns Torfa, þá er það auðvitað sjálfsagt mál.

Þetta hafa ekki allir gert sér ljóst og m. a. ekki hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sem ruglaði hlutum nokkuð ósæmilega í blaðagrein nýverið, að þessi blaðaskrif fjölluðu um málefni veitingahúss í Reykjavík og afskipti rn. Þau fjölluðu um ólöglega áfengisflutninga og afskipti rn. Þrátt fyrir ábendingar embættismanna var ekkert aðhafst. Svo gerðist það seinna, og það var allt annað mál, að aðstandendur þessa sama veitingahúss voru með hræðilegum hætti — það vitum við nú — bornir ósönnum sökum og blandað inn í afar óhugnanleg mál. Þetta voru hins vegar og eru tvö algjörlega aðskilin mál. En menn hafa séð sér hag í því, svo sem ljóst var af máli síðasta ræðumanns, að rugla þessu saman og gera að einu og sama málinu og koma með aðdróttanir um að það hafi verið gerð tilraun til að blanda dómsmrh. inn í morðmál, svo notuð séu orð hv. 1. þm. Austurl.

Ég vek á því athygli að þrátt fyrir þá áróðursherferð, sem farin hefur verið, var hér um að ræða tvö algjörlega óskyld mál og í öllum skrifum svonefndra rannsóknarblaðamanna, ekki aðeins þess, sem hér talar, heldur annarra, var það frá upphafi mjög rækilega undirstrikað,

og það er hagur allt annarra en okkar að gera þetta að einni og sömu bendunni, einum og sama hnútnum. Það höfðu farið fram afar óviðurkvæmileg afskipti á þessum tíma. Sú var skoðun embættismanna í dómskerfinu, svo sem rækilega var rakið í blaðaskrifum og með gögnum. Ég veit vel hverra hagur það er að blanda þessu saman, gera þetta að einu og sama málinu, gera engan greinarmun á ólöglegum áfengisflutningum annars vegar, efnahagslegum afbrotum af því tagi sem þar áttu sér stað, og hins vegar morðmáli. Og þeim hefur tekist það, ræðumönnum á borð við þann síðasta, að rugla jafnágæta menn í ríminu og hv. þm. Lúðvík Jósepsson. Ég veit að hann vill fara með satt og rétt mál, en er orðinn ruglaður í ríminu vegna þessara sagna, sem voru á borð bornar í síðustu ræðu og hafa verið ítrekaðar aftur og aftur. Ég veit hins vegar að þingheimur veit, eða allur þorrinn, þ. e. a. s. auðvitað þeir sem vilja vita, að hér var um tvö aðskilin mál að ræða. Það þurfti að greina rækilega þar á milli. Það var enginn dómfelldur fyrir fram. Það er rangt. Það er söguburður sem eftir á hefur fram komið.

Hv. þm. Páll Pétursson bað um þennan útúrdúr, og hann hefur fengið hann. Það kemur að sjálfsögðu ekki því sjálfsagða réttlætismáli við sem hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson hefur flutt. Það fjallar um að auka öryggi einstaklingsins í landinu gagnvart ópersónulegu kerfi. Af undirtektum, sem það hefur fengið hér í hv. deild, er ekki annað að heyra og sjá en að málið muni eiga nokkuð greiðan gang í gegn og því ber auðvitað mjög að fagna. En bæði á þessum vettvangi og öðrum, vilji hv. þm. Páll Pétursson eiga við mig eða aðra orðastað um þessi mál, þá er það auðvitað velkomið. Ég held það sé honum og öðrum þeim, sem honum standa nálægt, hollt að athuga þessi mál betur. Þjóðin veit um hvað þessi mál snerust. En ef hann óskar, þá er ég til.

Páll Pétursson: Herra forseti. Nú er ég farinn að átta mig á því, að ég er ekki á miðstjórnarfundi Framsfl.

Hv. síðasti ræðumaður taldi að hér hefði verið blandað saman tveimur ólíkum málum og það hefðu verið framsóknarmenn, skildist mér, nátttröll eins og ég, sem hefðu gert það. Ég hef undir höndum blaðagreinar nokkrar sem ég hef látið ljósrita nú þegar. Ég hygg að við nánari skoðun á þeim sé hægt að finna, að það voru ekki framsóknarmenn sem byrjuðu að blanda saman hlutunum. Það er alveg rétt, það hefur skýrst, að málin voru tvö, en það er beinlínis reynt að tengja saman og tengja við stjórnvöld í landinu með röngum sakargiftum, með óeðlilegum hætti ábyrgð á þessum málum báðum og saman tengdum.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason telur að það eigi ekki heima að tala um þessi atvik sem orðið hafa, í umr. um þetta mál. Það segir beinlínis á þskj. 40, ef hann vill gera svo vel að lesa það: „Rangar sakargiftir geta auðveldlega orðið til þess, að menn verði hnepptir í gæsluvarðhald, og eru þess sorgleg dæmi.“ — Ég held að menn þurfi ekki vitnanna við um það.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta á þessu stigi. Ég er hér með grein eftir Vilmund Gylfason frá föstudegi 30. jan. 1976, hún heitir: „Er hægt að þegja öllu lengur?“ Ég er með grein úr sama blaði frá 20. 2. 1976 eftir sama höfund, hún heitir: „Loddarar.“ Ég er með grein úr sama blaði eftir sama höfund frá 13. 2. 1976: „Er íslensk þjóð samviskulaus?“ Ég er með grein frá 6. 2. eftir sama höfund, hún heitir: „Barn eða bandítt“, og er þar átt við hæstv. þáv. dómsmrh., núv. forsrh. og leiðtoga okkar beggja hv. þm. Ég er með grein úr Dagblaðinu, þar sem fyrirsögnin er þessi: „Vonsvikinn ef Alþingi lætur þar við sitjaÍÍ, segir Sighvatur Björgvinsson alþm., sem segist hafa frekari upplýsingar í Klúbbmálinu.“ Það kann að vera að hv. þm. vilji fara nánar út í þetta, en vegna þess að við erum í miklu friðarins húsi á þessu stjórnarheimili ætla ég að láta hér við sitja í bili.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég bið afsökunar. Þegar ég heyrði að hv. þm. Páll Pétursson ætlaði að hefja umr. um þetta mál, þá skrapp ég fram og óskaði eftir því við þá heiðursmenn, sem þar eru, að þeir útveguðu mér ljósrit af grein sem ég mundi að var frá 30. jan. 1976, en það tekur auðvitað alltaf sinn tíma að leita að blöðunum og öðru slíku og ég sé að til þess gefst ekki tími nú.

Ég er auðvitað ekki undir það búinn að ræða um þessa hluti í smáatriðum. En ég vil, vegna þess að þessi mál eru gerð að umræðuefni, einasta vekja rækilega athygli hv. d. á því með hvaða hætti hér er farið að, hér eru taldar upp fyrirsagnir og vísað í blaðagreinar úr samhengi. Auðvitað gefur það enga mynd af því sem hér var til staðar og gerðist. En kjarni málsins er sá, að í þeirri blaðagrein, sem hv. þm. Páll Pétursson vísar til og birt var föstudaginn 30. jan. 1976 og hét því nafni: „Er hægt að þegja öllu lengur?“ var rakin saga, sem margoft hafði verið rakin áður, og hún fjallar um efnahagsleg afbrot veitingahúss í Reykjavík, afskipti dómsmrh. af því og skoðanir tiltekinna embættismanna í dómskerfinu, þ. á m. embættis saksóknara ríkisins, á þeim afskiptum. Þessi saga var rakin. Jafnframt var sagt, að nú hefði nýr vinkill komið á þetta mál með nýjum og óhugnanlegri afbrotum, en það var rækilega undirstrikað að hér var alfarið um tvö mál að ræða. Með leyfi hæstv. forseta ber ég hér niður í — að vísu sundurtætt — ljósritið sem hv. þm. lánaði mér áðan. Það segir hér á einu brotinu, með leyfi forseta:

„Nú ber vitaskuld að endurtaka og leggja á það þunga áherslu, að það að sitja í gæsluvarðhaldi vegna mannhvarfs er allt annað en það að vera sakaður um mannshvarf, og allir eru saklausir þangað til annað er sannað. En“ — er bætt við — „þessi mál eru orðin svo umfangsmikil og armar þeirra virðast ná svo víða, að öllu lengur verður ekki þagað.“ — Og það er þetta sem er kjarni málsins.

Annars staðar í þessari grein man ég eftir að í löngu máli er undirstrikað mjög rækilega að hér er um tvö mál að ræða.

Eftirleikur þessa máls var síðan með allt öðrum hætti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson bar fram spurningar úr þessum stól, og hæstv. dómsmrh. þáv., Ólafur Jóhannesson, svaraði með þeim hætti að það vakti fleiri spurningar en það svaraði. Einhver hluti núv. þm. var einnig á þingi þá og var að þessu áhorfandi og þekkja um hvað þessi mál fjölluðu.

En allt um það er söm gerðin hv. þm. Páls Péturssonar, það, sem hann var að segja í fyrra skiptið sem hann kom í pontu og það sem blað hans hefur sagt æ ofan í æ í forustugreinum og annars staðar, að hér hafi verið um raunverulega eitt og sama málið að ræða. Það er gerð tilraun til þess að blanda þessu öllu saman í einn pott. Þetta er rangt. Það var rækilega sagt í fyrstu greininni, sem um þetta mál fjallaði, það var rækilega á það bent síðar. Og þetta mál hafði eftirleik. Eitt af því var einmitt ræða hæstv. dómsmrh. á þessum tíma, og ég hygg að

öllum þorra þjóðarinnar, nema menn séu þeim mun flokksmerktari, sé ljóst að sú ræða vakti fleiri spurningar en hún svaraði. Og jafnljóst er hitt, að eftir allt þetta málavafstur var fjölmörgum atriðum um þetta svokallaða Klúbbmál ósvarað, upplýsingar voru ónógar. Deilan stóð m. a. um það, að veitingahús hafði verið opnað að fyrirskipan rn. gegn mótmælum lögreglu og annarra. Það var um þetta sem deilt var á þeim tíma, og þetta gæti verið jafnmikið deilumál nú og það var þá.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera þessa aths. Mér þykir fyrir því að vera búinn að tala mig dauðan í þessu máli í bili, og ég skal vera stuttorður. Ég er með ljósrit úr Vísi frá sama ári, sama degi og hv. þm. var að tilgreina. Þetta er föstudagurinn 30. jan. 1976. Ég vil fá að lesa frétt sem birtist þar á forsíðu. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alvarlegar ásakanir á hendur dómsmrn. Sakað um að hefta rannsókn í Geirfinnsmálinu" — í Geirfinnsmálinu, takið eftir.

„Í föstudagsgrein sinni í Vísi í dag gerir Vilmundur Gylfason harða hríð að dómsmrn. fyrir afskipti þess af rannsóknum mála. Hann segir að tvisvar sinnum hafi rn. haft óeðlileg afskipti af slíkum málum. Á einum stað í greininni segir Vilmundur:

„Á meðan rannsókn stóð sem hæst vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar s. l. vetur, var maður nokkur yfirheyrður af lögreglumönnum og ýmsar athuganir gerðar á högum hans. Þar var á vettvangi sami maður og nú hefur aftur og vegna annarra upplýsinga verið hnepptur í gæsluvarðhald. Þegar lögreglumenn voru að yfirheyra hann kom bréf frá dómsmrn. Þar var efnislega lögreglumönnum sagt að hætta að áreita þennan mann. Féll málið mikils til niður og var það svo, þangað til nú fyrir nokkrum dögum. Í a. m. k. annað sinn hindraði dómsmrh. gang réttvísinnar, og það hefði hugsanlega getað verið í eitt skipti fyrir öll. En nú hafa þessi mál fengið á sig nýja mynd."

Vísir hafði samband við Vilmund Gylfason og spurði hann, hverjar heimildir hans væru fyrir þeim ásökunum sem hann ber dómsmrn. „Heimild mín fyrir síðara dæminu sem ég nefni er Haukur Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður úr Keflavík." — Það var sannleiksvitnið. — „Einnig hafði blaðið samband við dómsmrh. Ólaf Jóhannesson og spurði hann, hvort rétt væri að dómsmrn. hefði í tvígang heft framgang réttvísinnar í þeim málum sem Vilmundur nefnir í grein sinni. En dómsmrh. neitaði að tjá sig um málið fyrr en hann hefði kynnt sér ásakanir þær sem bornar eru á rn. Blaðamaður bauðst þá til að lesa upp hverjar þær ásakanir væru, en allt kom fyrir ekki, engin yfirlýsing fékkst."

Undir þessari grein standa stafirnir ÁG/VS. Ég hygg að það séu ekki framsóknarmenn.

Hérna segir svo, neðar á sömu síðu, næsta grein heitir: „Átti að sitja inni vegna dauða þriggja manna." — Eitthvað hefur þetta nú skolast í minni hv. þm.

Ég gleymdi áðan að nefna eina grein enn sem um þetta mál fjallar. Hún er að vísu ekki eftir hv. þm. Vilmund Gylfason, hún er eftir rannsóknarblaðamann, sem heitir Þorsteinn Thorarensen, og birtist í Dagblaðinu föstudaginn 6. febrúar 1976. Hún heitir: „Að þagga niður." Greinin er myndskreytt, þar er mynd af þáv. dómsmrh. og á bak við brotið gler. Samtök í Ameríku sem ég vil nú síður nefna, „hantéra" svona ljósmyndir af andstæðingum sínum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er sjálfsagt að skemmta þingheimi örlitla stund lengur, enda hefur hann vafalaust mikinn áhuga á þessum málum. Ég sakna þess að hæstv. fyrrv. dómsmrh. skuli ekki geta verið viðstaddur, en því valda vafalaust miklar annir.

Kjarni málsins er sá, hv. þm. Páll minn Pétursson, að í þessari forsíðufrétt, sem þú last, var þetta sami maðurinn. Og vandi þessa var sá, að þegar við höfum búið við langvarandi dugleysi, langvarandi spillingu, langvarandi ósæmileg afskipti í einhverju kerfi eða af einhverju kerfi, þá verður kerfið duglaust og því verður vantreyst af öllum almenningi. Á árinu 1976, hvort sem þér, hv. þm., eða öðrum líkar það eða mislíkar, var ástandið orðið slíkt vegna langvarandi óstjórnar í þessum tiltekna málaflokki, að ekki var ástæða til að treysta gerðum yfirvalda. Og langvarandi óstjórn, dugleysi, það er að hætt skyldi vera að segja frá málum eins og Klúbbmálinu, sem fjallaði um efnahagsleg afbrot, var að leiða til fullkominnar ógæfu og hefði getað leitt til þess enn fremur, að fleira saklaust fólk hefði fengið ranga dóma almennings eða annarra. Ævinlega þegar svo hefur farið fyrir kerfi, þegar langvarandi dugleysi, langvarandi afskiptasemi á óviðurkvæmilegan hátt, langvarandi spillingarástand hefur skapast, þá er sú hætta fyrir hendi að myndist óbrúanlegt bil milli fólksins í landinu og þess kerfis sem um ræðir hverju sinni. Svona var ástandið í þessum málaflokki. Það hefði getað haft enn skelfilegri afleiðingar ef rannsóknarblaðamenn og almenningur hefðu ekki fengið áhuga á þessum málum.

Ég er sannfærður um það þrátt fyrir allt, að sterkt almenningsálit hefur umfram allt lyft björgum síðan þetta gerðist. Ég nefni sem dæmi, að ein breyting í kjölfar þessarar bylgju var Rannsóknarlögregla ríkisins, sem mér er ekki til efs að hefur orðið til verulegs góðs í þessum efnum. En hinu skulum við aldrei gleyma, hvernig ástandið var þegar byrjað var að fjalla um þennan málaflokk, þegar almenningur fékk áhuga á þessum málaflokki. Þá var hér alvarlegt ástand að skapast. Og hvað á almenningsálit að gera? Það er ljóst að árið 1976 er rifjað upp fjögurra ára gamalt sakamál, sem fjallar um efnahagsleg afbrot og um óviðurkvæmileg afskipti stjórnvalda af mönnum sem efnahagslega hafa brotið lög. Það var þá alveg augljóst hverju barni, að þar hefðu farið fram óviðurkvæmileg afskipti. Og þegar svo koma upp ný mál af allt annarri náttúru og miklu alvarlegri, hvað á almenningsálit að halda eða gera? Málin voru komin í slíkt óefni, að til enn alvarlegri hluta hefði getað leitt ef verulegar breytingar hefðu ekki átt sér stað í kjölfarið.

Þetta er kjarni málsins, og ég hygg að það sé næsta þýðingarlítið að koma nú þremur árum seinna og reyna að rugla þessu öllu saman, að rugla saman dagsetningum, hræra þessu öllu í einn graut, segja að það sé allt saman eitt og sama málið.

Kjarni málsins er þetta: Ástandið á þessum tíma var orðið með þeim hætti að þessi stofnun t. a. m. hefði átt að sýna þeim málum að eigin frumkvæði meiri áhuga. En það gerði hún ekki. Almenningsálit var það sem þurfti til, sterkt almenningsálit, meiri áhugi almennings á tilteknum málaflokki en oft, bæði fyrr og síðar. Það var þá fyrst sem þessi stofnun tók við sér. En það er alkunna að þessa stofnun hefur æðioft skort jarðsamband. Í kjölfar

þessa kom t. a. m. frv. um Rannsóknarlögreglu ríkisins. Það hafði ekki gerst áður. Það hygg ég að hafi verið allnokkur ávinningur. En eftir sem áður er um þetta Klúbbmál, um þessi efnahagslegu afbrot, mörgum spurningum ósvarað, og eftir sem áður mun enginn skreyta sjálfan sig blómum eða baða sig í rósum vegna Klúbbmála, vegna þeirra afbrota eða vegna þeirra laga, sem þar voru brotin, og vegna ósæmilegra afskipta stjórnvalda af því máli. Sá minnisvarði stendur eftir sem áður, hvað sem hv. þm. Páli Pétursyni kann að finnast um það mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 324). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19 frá 1971, en ég er flm. þessa frv. ásamt hv. þm. Friðrik Sophussyni, Albert Guðmundssyni og Ólafi G. Einarssyni.

Þetta frv. var fyrst lagt fram á Alþ. í apríl 1977, en hlaut ekki afgreiðslu. Síðan var það endurflutt í upphafi 99. löggjafarþings er Ríkisútvarpið, þ. e. a. s. hljóðvarp og sjónvarp, voru lokuð vegna verkfalls opinberra starfsmanna. Af þeim sökum bjó þjóðin við algert þjónustuleysi á þessu mikilvæga sviði nútímafjölmiðla um nokkurn tíma. Það kom sérstaklega illa við þúsundir manna og þó einkum það fólk sem býr í afskekktum landshlutum. Hið alvarlega ástand, sem skapaðist vegna verkfalls opinberra starfsmanna haustið 1977, undirstrikar enn frekar þörfina á að afnema einkarétt Ríkisútvarpsins og rjúfa þá fjötra sem þjóðin býr við í rekstri hljóðvarps og sjónvarps. Ef hérlendis á að ríkja frjáls, óháð skoðanamyndun, eins og m. a. var talað um í umr. áðan af hv. þm., þá er óhjákvæmilegt að breyting verði í sambandi við einkarétt Ríkisútvarpsins.

Með þessu frv. er sem sagt lagt til að einkaleyfi ríkisins á útsendingum til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum og öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt, verði afnumið. Jafnframt verði ráðh. heimilað að veita öðrum leyfi til útvarpsrekstrar að fullnægðum ákveðnum skilyrðum sem ráðh. mundi þá setja í reglugerð.

Það er í sjálfu sér óþarft að fjölyrða um eðli og tilgang frv. Hann er augljós. En þó er rétt að árétta, að stjórnarskrá Íslands felur í sér að fullt tjáningarfrelsi skuli ríkja í landinu. Svo hefur verið hvað prentað mál varðar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

Ákvæði íslenskra laga um tjáningarfrelsi er í samræmi við lýðræðisvenjur. En þó hefur Ísland dregist aftur úr á einu sviði og beinlínis lagt hömlur á tjáningarfrelsi umfram það sem þekkist í öðrum lýðræðisríkjum. Er það í sambandi við rekstur hljóðvarps- og útvarpsstöðva í eigu annarra aðila en ríkisins. Enn búum við Íslendingar við tæprar hálfrar aldar fyrirkomulag í þessum efnum, — fyrirkomulag, sem var í sjálfu sér eðlilegt á bernskuskeiði þessa rekstrarforms hér á landi, þegar fjármagn var af skornum skammti og reynsla lítil í framkvæmd þessara mála og einnig tækni á frumstigi.

Við flm. fullyrðum, að þrátt fyrir að við leggjum fram frv. um breytingu á einkarétti Ríkisútvarpsins hafi hljóðvarp og sjónvarp að ýmsu leyti gegnt hlutverki sínu af mikilli prýði, og þetta frv. er ekki flutt til að kasta neinni rýrð á þessa fjölmiðla né starfsemi þeirra.

En tímar hafa hins vegar gerbreyst frá því að einkaleyfi Ríkisútvarps var ákveðið árið 1930, þ. e. a. s. fyrir tæpri hálfri öld, og kröfur fólks eru allt aðrar og meiri. Ef við lítum til nágrannaríkja okkar, sem eru lýðræðisríki, þá kemur í ljós að í flestum þeirra eru margar útvarps- og hljóðvarpsstöðvar. Þær eru ýmist í eigu opinberra aðila eða félaga og einnig í eigu einstaklinga. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur víðast hvar verið góð. Notendur þessara fjölmiðla hafa notið meiri fjölbreytni í efnisvali vegna aukinnar samkeppni, á sama tíma sem fleiri hafa fengið tækifæri til að vera virkir þátttakendur á þessu sviði. — Og ég vil sérstaklega undirstrika þetta atriði, að fleiri fái tækifæri til að vera virkir þátttakendur á þessu sviði með svipuðum hætti og tíðkast í útgáfu dagblaða og yfirleitt í sambandi við hið prentaða mál. Ég mun víkja að því nokkuð á eftir, hvað áhugi ungs fólks er mikill á þessu. En ég vil víkja örlítið að því sem lýtur að tækni í sambandi við hljóðvarp og sjónvarp.

Það er alveg ótrúlegt, hvað tækniframfarir hafa verið miklar í útsendingu á tali, tónum og myndum á aðeins einum áratug. Hið sama gildir um viðtökutækni þess eðlis sem hér um ræðir. Sem dæmi má nefna, að án mikils tilkostnaðar má koma upp staðbundnum útsendingum á sviði hljóðvarps og sjónvarps sem mundu auka mjög á fjölbreytni í efnisvali, auk þess sem unnt er með fjölgun stöðva að fullnægja kröfum um aukna fræðslu á sviði almennra og staðbundinna mála. Þetta er hægt að gera án mikils tilkostnaðar.

Í sambandi við frv. það, sem við leggjum fram, er áhersla lögð á að fyllsta hlutleysis sé gætt í stjórnmálum við útsendingu efnis, og það er þá með svipuðum hætti og nú tíðkast í útsendingum Ríkisútvarpsins. Gert er ráð fyrir að hinar frjálsu útvarpsstöðvar stuðli að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efli íslensku tungu. Þær skulu m. a. leggja áherslu á að flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, einnig efla alþýðumenntun og veita fræðslu um hin fjölbreytilegustu efni. Þá skal þeim heimilt að halda uppi fréttaþjónustu. Útvarpsstöðvarnar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær skulu virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum. Hið sama gildir gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum.

Um rekstrarréttindi og skyldur útvarpsstöðva í eigu einstaklinga og félaga fer að öðru leyti eftir íslenskum lögum. Með reglugerð setur ráðh. nákvæmar reglur um fyrirkomulag og framkvæmd þessara mála, þ. á m. ákvæði er heimila útvarpsstöðvum að selja auglýsingar eða útsendingartíma, m. a. vegna fræðslu og kynningarefnis sem innlendir aðilar kynnu að vilja koma á framfæri. Þá er nauðsynlegt að setja ákvæði sem girða fyrir að erlent fjármagn renni til slíkra fyrirtækja.

Sem sagt, með frv. þessu eru lögð drög að því, að á Íslandi ríki hliðstætt tjáningarfrelsi og þekkist í lýðræðisríkjum á sviði hljóðvarps og sjónvarps. Það er að mati okkar flm. spor í áttina að auknu frelsi fólksins frá mið-

stýringarvaldi embættis- og stjórnmálamanna á þessu sviði.

Frá því að þetta frv. eða frv. svipaðs eðlis var lagt fram árið 1977 hafa orðið talsverðar breytingar á afstöðu manna gagnvart því efni sem frv. fjallar um. Þegar frv. sama efnis var lagt fram í ársbyrjun 1977 urðu nokkrar umr. hér á hv. þingi og tóku flestallir hv. þm. þá vel undir frv. sem slíkt, þó að menn greindi nokkuð á um leiðir. T. d. má geta þess, að þegar hv. þm. Svava Jakobsdóttir, sem er að vísu ekki viðstödd í dag, tók til máls í þessu máli, þá undirstrikaði hún það, að þó að hún væri ekki sammála því út af fyrir sig að á Íslandi væru stofnaðar frjálsar útvarpsstöðvar eins og frv. gerir ráð fyrir, þá taldi hún fulla þörf á því að auka útsendingartíma Ríkisútvarpsins og einnig fannst henni mjög koma til greina að Ríkisútvarpið beitti sér fyrir því, að settar yrðu á laggirnar staðbundnar stöðvar.

Núv. formaður útvarpsráðs, Ólafur R. Einarsson, ritaði greinar um þetta efni, þar sem einnig kom fram svipað sjónarmið og hjá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, að vel kæmi til greina að koma á fót staðbundnum stöðvum. Í mjög athyglisverðri grein, sem hann ritaði 28. jan. 1978 — með leyfi hæstv. forseta — kemst hann að þeirri niðurstöðu að það ríki ákveðin stöðnun í íslenska Ríkisútvarpinu sem verði að aflétta. Hann segir í umræddri grein, að endurskoðunar sé þörf á rekstri Ríkisútvarpsins. Í greininni segir hann m. a.:

„Ég tel, að það sé hlutverk Alþingis og ráðandi aðila í menntamálum að gera úttekt á stöðu hljóðvarpsins og ákveða hvaða stefnu skuli hafa varðandi sess ríkisfjölmiðla í íslensku fjölmiðlasamfélagi."

Síðan fjallar hann um það, að hann sé þeirrar skoðunar að fyrst og fremst beri að efla ríkisrekið sjónvarp og hljóðvarp, en leggja þetta ekki í hendurnar á fólkinu sjálfu að einu eða neinu leyti umfram það sem ríkið mundi ákveða á hverjum tíma. Í stuttu máli sagt voru flestallir sammála um að breytinga væri þörf.

Við flm. teljum að sú breyting sé æskilegust að gefa fleiri tækifæri til að fjalla um þessi mál og að það sé ekki í valdi stjórnmálamanna í útvarpsráði að ákveða hverjir skuli um þetta fjalla. Það hefur margoft komið fram, eins og þeir þekkja til sem utan við standa, að það getur verið mjög erfitt fyrir fólk að komast að með efni í hljóðvarpi og sjónvarpi. Það stafar ekki af því, að starfsmenn Ríkisútvarpsins eða útvarpsráð út af fyrir sig vilji leggja hömlur á að menn geti tjáð sig í þessum fjölmiðlum, heldur er það vegna þess að tími þeirra og fjármagn er að sjálfsögðu takmarkað. Þess vegna er nauðsynlegt að hér komi til fleiri möguleikar. Við flm. leggjum áherslu á, að þessir möguleikar séu í frjálsu formi, — formi sem veiti Ríkisútvarpinu ákveðið aðhald, ákveðna samkeppni. Við getum hins vegar fallist á það sem ákveðið stig út af fyrir sig, að Ríkisútvarpið komi á fót staðbundnum útvarpsstöðvum eða annarri rás hjá sjónvarpi.

Ég vil vekja athygli á því, að í Svíþjóð hefur farið fram mjög nákvæm athugun og úttekt á sænska útvarpinu. Þar ákváðu þeir á árinu 1977 á grundvelli tillagna, sem stjórnarnefnd hafði unnið, að breyta skipulagi sjónvarps- og hljóðvarpsútsendinga verulega. Í áliti, sem stjórnarnefnd lét frá sér fara í ársbyrjun 1977, er lagt til að í stað tveggja sjónvarpsrása, þ. e. a. s. TV-1 og TV-2 Svíþjóð, sem sendi þá að mestu frá Stokkhólmi um allt landið, komi ein TVS-rás sem sendir frá Stokkhólmi um allt land og 9 TVR-rásir sem sendi um ákveðna landshluta. Þessi stjórnarnefnd lagði einnig til að útsendingarstundum sjónvarpsins þar yrði fjölgað úr 80 í 100 á viku og þá m. a. með endurtekningu sjónvarpsefnis um miðjan dag, svo að fólk, sem vinnur vaktavinnu, hafi sama gagn af sjónvarpi og aðrir. Þá var lagt til í sambandi við endurskipulagningu þessara mála í Svíþjóð, að útsendingarstundum útvarpsins yrði fjölgað úr 360 í 400 á viku og dagskrám fjölgað úr 3 í 4. Þá var lagt til einnig í þessu landi, sem hefur verið mjög íhaldssamt í þessum efnum, að lögum um einkarétt á útvarpi yrði breytt þannig að sjálfstæðum útvarpsstöðvum, sem ekki væru reknar með hagnaðarsjónarmiði, yrði leyft að stunda útvarps- og sjónvarpssendingar með leyfi þingsins en hins vegar gert ráð fyrir að þær ynnu undir félagi sem ríkið yrði aðalaðili að ásamt nokkrum öðrum tilteknum stofnunum í Svíþjóð.

Þessi mál hafa því verið mjög til umræðu víðar en á Íslandi og eins og ég gat um í Svíþjóð þar sem aðilar hafa verið mjög íhaldssamir. Er orðið tímabært að við Íslendingar fjöllum um þessi mál einnig með svipuðum hætti.

Vegna þeirra, sem kynnu að vera á móti því að Íslendingar fengju frjálsir og óháðir að reka frjálsa útvarpsstöð eða sjónvarpsstöð, er vert að ræða það, að á Norðurlandaráðsþingum undanfarin ár hefur verið til umræðu að Norðurlöndin hefðu sameiginlega starfsemi í sambandi við sjónvarpssendingar, þannig að samnorræn sjónvarpsstöð sendi efni til allra Norðurlandanna. Nú er ég ekki nægjanlega kunnugur því, hvernig Ísland kæmi inn í þá mynd, en hvað sem því líður munu ekki vera mikil tæknileg vandkvæði á að slíkt samnorrænt sjónvarp næði til Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs án mikils tilkostnaðar, þegar það væri komið í framkvæmd. Þess vegna er mér spurn, vegna þeirrar andstöðu sem fram hefur komið hjá ýmsum aðilum, hvernig ætti að hafa hönd í bagga um efnisval í slíkri stöð sem næði til Íslands. Er meiri ástæða til þess að vantreysta Íslendingum sjálfum að koma með eigið efni í frjálsri stöð en taka við þessu eða öðru efni frá samnorrænni sjónvarpsstöð?

Ég gat um það í upphafi, að mikill áhugi er á þessu máli. Það er sérstaklega mikill áhugi á því hjá ungu fólki. Þegar þetta mál var til umr. í ársbyrjun 1978 sendu um 600 ungmenni í Iðnskólanum í Reykjavík áskorun til hv. Alþingis um að samþykkja frv. sama efnis og ég mæli hér fyrir. Það fékk ekki hljómgrunn á hv. þingi þá. En við flm. væntum þess, að meiri skilningur sé á þessu máli nú en verið hefur undanfarin 2-3 ár. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta mál þarf umr. En á þessum tímum aukins tjáningafrelsis, rannsóknarblaðamennsku og annars hlýtur að mega að búast við því, að þeir, sem berjast fyrir auknu tjáningarfrelsi, fyrir því að við lifum í enn opnara þjóðfélagi, mæli með því að þetta frv. verði samþ. og komist til framkvæmda sem fyrst.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og menntmn. að lokinni umr. hér í deildinni.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Á þessu þingi hafa verið lögð fram tvö frv. til breytinga á útvarpslögum. Annað er það sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson er 1. flm. að og flutti framsögu fyrir áðan. Enn fremur hefur verið lagt fram í vetur frv. til l. á þskj. 94, 86. mál, en það er frv. hv. þm. Ellerts B. Schram. Í því frv. er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið geti veitt landshlutasamtökum

eða einstökum sveitarfélögum heimild til að reka sjálfstæðar og staðbundnar útvarpsstöðvar. Síðan segir í því frv., að gefin skuli út reglugerð um slíkan útvarpsrekstur sem sé háður samþykki ríkisútvarpsins.

Í grg. með frv. sínu fjallar hv. þm. Ellert B. Schram um það frv., sem hér er til umr., og segir m. a. svo með leyfi forseta:

„Á síðasta þingi flutti Guðmundur H. Garðarsson alþm. frv. til l. um frjálsan útvarpsrekstur. Það frv. náði ekki fram að ganga. Það er þó skoðun flm., að þess verði ekki langt að bíða að öllum þorra manna þyki slíkur útvarpsrekstur sjálfsagður. Pólitískir fordómar og þröngsýni koma þó í veg fyrir að þingið samþykki slíkt frv."

Það er athyglisvert, sem kemur fram í grg. hjá hv. þm. Ellert B. Schram, sem var til skamms tíma varaformaður útvarpsráðs.

Ekki er blöðum um það að fletta, að það frv., sem hér liggur fyrir og er til umr., á mikinn hljómgrunn, ekki síst meðal ungu kynslóðarinnar. Að sjálfsögðu verðum við að hafa það í huga, að tæknilegar framfarir valda því, að nú geta mun fleiri en áður komið sér upp útvarpsstöðvum, og þegar ég nefni útvarpsstöðvar á ég fyrst og fremst við hljóðvarpsstöðvar. Enn virðist vera talsvert langt í land, að það sama gildi um sjónvarp, þótt eflaust komi að því innan ekki mjög margra ára.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, eru ýmis merk atriði og þó sérstaklega það, að einokuninni er nánast aflétt. Frv. gerir ráð fyrir að menntmrh. geti veitt ýmsum aðilum leyfi til útvarpsrekstrar, en leita þurfi umsagnar útvarpsráðs og póst- og símamálastjórnarinnar. Það er því engan veginn sjálfgefið, að hér verði stundaður útvarpsrekstur í öðru hverju húsi. Hver sá sem vill afla leyfis verður að uppfylla ströng skilyrði. T. d. verður að starfa reyndur dagskrárstjóri og tæknimenntaður tæknistjóri hjá útvarpsstöðinni. Þá eru gerðar verulegar kröfur um fjölbreytni í efnisvali og óhlutdrægni. Og loks er leyfisveitingin bundin við þrjú ár. Af þessu hlýtur að sjást að þeir, sem óttast menningarlegt hrun þjóðarinnar, þurfa ekki að óttast það.

Eins og kom fram hjá hv. flm. dagaði frv. uppi á síðasta þingi. Þá var það flutt í annað sinn. Ég skal ekki leggja dóm á það, hvað hafi valdið því að þetta frv. fékk ekki afgreiðslu, en þó trúi ég að hér á landi sé enn landlægur ótti við svokallaða peningamenn og að þeir komi til með að ráða mestu í þessum efnum. Allt of fáir virðast átta sig á því, hve ódýrt og auðvelt það er í raun að reka litlar og staðbundnar útvarpsstöðvar. Svokallaðir peningamenn eru áreiðanlega saklausari útvarpsrekendur en aðrir, því að þeir mundu fyrst og fremst leitast við að flytja vinsælt efni sem fengi víðtæka hlustun. Hættan á einlitum áróðri kemur ekki úr herbúðum peningamannanna svokölluðu, heldur miklu fremur pólitískra öfgahópa, sem stundum freistast til að hefja útvarpsrekstur í áróðursskyni. Þannig var það t. d. — og reyndar er — á Ítalíu, þar sem fjöldi útvarpsstöðva er rekinn af mismunandi rauðum marxistahópum. Stöðvarnar hafa reynst heldur áhrifalitlar, því að áróðurinn fellur ekki öllum í geð og stenst ekki samkeppni við aðrar stöðvar, sem flytja léttara efni.

Hugmyndin um frjálsan útvarpsrekstur, sem Guðmundur H. Garðarsson ásamt okkur fleiri þm. flytur í sínu frv. og nú er endurflutt, hefur áreiðanlega átt sinn þátt í því að vekja athygli manna á ýmsum nýjungum innan Ríkisútvarpsins. Þannig var t. d. í síðasta útvarpsráði samþykkt shlj. till. frá þáv. varaformanni útvarpsráðs, Ellert B. Schram, en í þeirri till. var gert ráð fyrir að hafnar yrðu útsendingar í stereo og sett yrði upp stúdíó á þremur stöðum úti á landi með það fyrir augum að reka staðbundnar stöðvar nokkra tíma á dag og loks að senda út létta tónlist á sérstakri bylgjulengd. Við þetta hefur síðan bæst nú á allra síðustu dögum till. um næturútvarp. Að því að ég get best ímyndað mér fær slík till. jákvæða meðferð hjá útvarpsráði. Spurning er reyndar, hvort slík hugmynd strandar á fjármagni hjá yfirvöldum útvarpsins. Of fljótt er að segja til um það. Verið er að rannsaka það mál. En allt þetta sýnir að gífurlegur þrýstingur er á Ríkisútvarpið um að auka þjónustu sína og fjölbreytni.

Ég er meðflm. frv. og tel að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, felist nægileg trygging fyrir því að ekki verði rasað um ráð fram, þótt það sé að sjálfsögðu mun róttækara en þær hugmyndir sem eru uppi innan útvarpsráðs. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að taka eigi meira tillit til hlustenda en gert er í dag með því að bjóða annað efni samtímis. Allir vita hve auðvelt er með góðum móttökutækjum að hlusta á erlendar útvarpsstöðvar. Innlendar stöðvar starfræktar samkv. íslenskum lögum geta varla haft skaðlegri áhrif. Með frjálsari útvarpsrekstri eygir maður jafnvel afnám pólitískrar dagskrárstjórnar Ríkisútvarpsins.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að segja, að í raun fagna ég þessu frv., ekki vegna þess að ég sé hlynntur frjálsum útvarsrekstri, heldur vegna þeirrar umr. sem orðið hefur um hið íslenska ríkisútvarp, dagskrá þess og framtíð. Ég held að sú umr. hafi verið mjög tímabær, hún hafi þegar borið góðan ávöxt og muni eiga eftir að bera enn betri ávöxt í allra næstu framtíð.

Bandaríkjamenn munu vera sú þjóð sem mesta reynslu hefur af frjálsum útvarps- og sjónvarpsrekstri. Staða mála þar er nú á þann veg, að ríkisvaldið hefur talið sig til neytt að grípa inn í og stofna bæði útvarps- og sjónvarpsstöðvar, sem flytja kennsluefni og menningarlegt efni. Það fór nefnilega svo, að hinn frjálsi útvarpsrekstur lét sig einu skipta hinn menningarlega þátt í útvarpsrekstrinum — það var peningasjónarmiðið sem réð ferðinni. Sjálfur hef ég heimsótt allmargar af þessum frjálsu, litlu útvarpsstöðvum í Bandaríkjunum, þar sem þarf ekki nema 3—5 manna starfslið, lítinn útvarpssendi, segulbandstæki fyrir kasettur og síðan er safnað auglýsingum, þær fluttar ásamt stuttum fréttum, en helftin af dagskrárefninu er tónlist af léttara tagi.

Á að leyfa frjálsan útvarpsrekstur? er spurning sem vert er að velta fyrir sér. Á að leyfa hann eða á ekki að leyfa hann? Ég er algerlega andsnúinn því og vil ekki að hann verði leyfður. Ástæður mínar eru einfaldlega þær, að ég tel að það geti orðið miklu alvarlegri einokun á útvarpsrekstri en nú er, ef hann verður gefinn frjáls. Menn gera lítið úr þeim sjónarmiðum, að peningamenn muni geta haslað sér völl á þessum markaði. Hver verður það þá, sem rekur sterkustu útvarpstöðina? Hver verður það þá, sem hefur völdin á þessum frjálsa markaði? Það verður sá sem mest peningamagnið hefur, sem sterkastan sendinn getur keypt, sem útvarpað getur besta efninu og hefur fjármagn til verulega góðrar dagskrárgerðar. Af þessum ástæðum einum er ég andsnúinn þessari hugmynd.

Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að bæði þessi umr. og það, sem hér er nú fjallað um, hljóti og muni leiða til

betri rekstrar á hinu íslenska ríkisútvarpi. Margt bendir til þess þegar í stað. Menn ræða nú, eins og komið hefur fram hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, næturútvarp, m. a. er til umr. að útvarpa í stereo, sem mönnum þykir mikið um. Rætt hefur verið um tvær rásir útvarpsins. Á annarri yrði þá væntanlega útvarpað léttu efni sem mundi höfða til þess unga fólks sem flm. þessa frv. bera mjög fyrir brjósti. Þetta eru allt góðir og gildir þættir og verulega eftirtektarverðir í sambandi við rekstur útvarpsins. Væntanlega komast þeir allir á dagskrá áður en langt um líður.

Ég vil ekki ræða svo um þetta mál, að ég víki ekki að stöðu Ríkisútvarsins eins og hún er í dag. Á sama tíma og gerðar eru mjög verulegar kröfur til bættrar dagskrár og aukinnar tækni í rekstri Ríkisútvarpsins hefur ríkisvaldið og hv. Alþ. leyft sér að hafa þessa stofnun í fjárhagslegu svelti í áratugi. Þessi stofnun á ekki enn þá þak yfir höfuðið. Þessi stofnun er í þeim sporum núna, að hlutverki hennar sem eins helsta almannavarnakerfis á landinu er mjög ábótavant. Þau möstur á Vatnsendahæð, sem eiga að útvarpa langbylgjusendingum, eru nánast ónýt. Það þarf ekki nema rösk 11 vindstig til að setja þau um koll. Svona er ástandið. Tækjakostur Ríkisútvarpsins er lélegur og vægast sagt úr sér genginn, og húsnæði stofnunarinnar er fyrir neðan allar hellur. Það væri frekar að við huguðum nú að því að reyna að bæta stöðu þessarar stofnunar, þessarar mikilvægu stofnunar sem við eigum mikið undir í menningarlegu, fræðslulegu tilliti og í því tilliti að þetta er tengiliður byggðarlaga, þetta er helsta almannavarnakerfi landsins og þetta er sá miðill sem útvarpar 17 klukkustundir á sólarhring 365 daga á ári. Ég held að það væri nær að huga að því að bæta þennan miðil en fara að leyfa frjálsan útvarpsrekstur á Íslandi. Það eru gerðar kröfur til þessarar stofnunar, en það skortir fjármagn til að verða við þeim kröfum.

Ég held að ef menn hugsa vandlega um þá hugmynd, sem fram kemur í þessu frv., muni þeir komast að því að hún sé í fyrsta lagi illframkvæmanleg, ef slíkur frjáls útvarpsrekstur ætti að ná þeim tilgangi og hlíta þeim reglum sem fram koma í frv., einfaldlega vegna þess að ef slíkur frjáls útvarpsrekstur ætti að vera hér á landi þyrfti að vanda mjög til hans. Þá er spurningin. Hver hefur fjárhagslegt bolmagn til þess að vanda svo til slíks útvarpsrekstrar sem fram kemur í þessu frv.? Það eru örfáir aðilar. Það eru þá fyrst og fremst þeir menn sem yfir verulegu fjármagni ráða, og þá er ég ekki kominn til með að segja að t. d. ákveðin stjórnmálaöfl geti ekki ráðið úrslitum um það, hverjir verða ofan á í þeirri baráttu, sem hlýtur að skapast þegar slíkur útvarpsrekstur fer á annað borð í gang. Ég held að við ættum í þesu máli að hætta að reyna að slá okkur til riddara fyrir unga fólkið og reyna heldur að bæta dagskrá hins íslenska Ríkisútvarps, m. a. með þeim hugmyndum, sem hér hafa verið nefndar: landshlutaútvarpi, stereoútsendingum, tveimur rásum og fleira af því tagi.

Ég er algerlega mótfallinn því, að einkarekstur á ríkisútvarpi og sjónvarpi verði tekinn úr höndum ríkisvaldsins og látinn nánast í hendur Péturs og Páls, sem gætu þá farið að reka útvarpsstöðvar hér á landi. Þá skyldu menn einnig hugleiða það, að sá útvarpsrekstur yrði mjög verulega bundinn við þéttbýlisstaði og dreifbýlið mundi einskis njóta. Þegar menn tala um að það yrði lítill kostnaður að koma upp slíku útvarpi, þá er hann sannarlega lítill í þéttbýlinu. En ef slíkar stöðvar ættu að þjóna hinum dreifðu byggðum landsins, eins og Ríkisútvarpið gerir, er fjármagnið komið upp í hundruð millj. kr. þegar þarf að fara að reisa endurvarpsstöðvar og annað.

Ég hef sagt að ég sé andsnúinn þessari hugmynd. Ég er fylgjandi öllu því sem flokkast getur undir frelsi og lýðræði, en það á ekkert skylt við þetta mál. Það á þann aðgang að því ríkisútvarpi, sem við höfum núna, sem nauðsynlegur er. Ég held að um leið og menn segja að það sé erfitt að koma að efni í Ríkisútvarpinu, þá mæli þeir ekki beinlínis af þeirri þekkingu sem til þarf þegar verið er að fjalla um þessi mál. Það eru tvær ástæður fyrir því, að efni kemst ekki í hið íslenska Ríkisútvarp. Önnur er sú, að efnið er lélegt, fyrir neðan allar hellur, og hin, að flutningur þess og dagskrárgerð kostar meira fjármagn en útvarpið eða sjónvarpið hefur yfir að ráða. Fjölmargar hugmyndir koma á borð útvarpsráðs um gerð dagskrárþátta, en þessar hugmyndir kosta tugi millj. og þaðan af meira. Það er kannske af þeim ástæðum sem frjálst útvarp á að taka við og sjá um að koma þessu efni á framfæri, af því að það sé svo ódýrt. En þá er spurningin: Hvar ætla flm. að taka fjármagnið?

Ég vil ekki lengja þessa umr. Ég hef látið kjarnann í áliti mínu á þessu máli koma fram. Ég vil eindregið vara við því, að menn taki raunverulega mark á þessu frv. Það hefur þegar gert það að verkum, að umr. um útvarpsmál hafa orðið miklar og þar af leiðandi hefur þetta frv. náð verulegum tilgangi. Þar ættu menn að láta staðar numið. Þetta hefur orðið til þess að menn hafa farið að ræða dagskrárgerð útvarps og sjónvarps í alvöru, sem ekki hefur áður verið gert. Menn eru kannske farnir að koma auga á að aðstaða hins íslenska ríkisútvarps er fyrir neðan allar hellur. Þingheimur þyrfti að fara að gera sér ljósa grein fyrir því, að þar þarf að taka til höndum á næstu mánuðum og árum ef ekki á að stofna til mjög alvarlegs og hættulegs ástands hér á landi. Vík ég þar einkum að hlutverki Ríkisútvarpsins í almannavarnakerfinu. Ég sé ríkisvaldið og hið háa Alþingi standa uppi eftir veruleg áföll eða „katastrofu", ef ég mætti orða það svo innan gæsalappa, sem yrði hér á landi, sem gerði það að verkum að þessi ágætu möstur, sem ég hef nefnt, hryndu og það væri ekki hægt að koma skilaboðum til landsmanna í heild. Ég er sannfærður um að frjálst útvarp mundi ekki heldur koma þeim skilaboðum á framfæri.

En rauði þráðurinn í orðum mínum er þessi: Við skulum heldur reyna að styrkja Ríkisútvarpið, auka veg þess og virðingu og auka þjónustu þess við landsmenn, en láta okkur dreyma um þær hugmyndir sem illa hafa reynst í öðrum löndum. Það ættu menn að þekkja, sem ferðast hafa um þau lönd þar sem frjáls útvarpsrekstur er leyfður. Nágrannaþjóðum okkar hefur ekki dottið í hug að heimila slíkan frjálsan útvarpsrekstur, a. m. k. ekki þeim sem kenndar eru við nokkra menningu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er raunar gamall kunningi og hefur um það verið fjallað áður. Rétt er að minna á það, sem raunar hefur komið fram, að annað frv. er í meðferð þingsins sem fjallar um breytingu á útvarpslögum í þá veru að komið verði á fót staðbundnum stöðvum eða svokölluðu landshlutaútvarpi. Það mál er allrar athygli vert að stuðlað verði að því að slíkar stöðvar geti komist á fót undir handarjaðri Ríkisútvarpsins. Það er allt annað mál en það mál sem verið er að ræða núna.

Þeir, sem þetta mál flytja, telja sig sérstaka talsmenn frelsis og frjálsra skoðanaskipta. Ég vil telja mig talsmann þess líka, en sé ekki að þetta frv. um breyt. á útvarpslögunum, sem miðar í þá átt að hér geti menn komið upp útvarpsstöðvum, þeir sem vilja, sé beinlínis í þá veru að auka frelsi eða frjáls skoðanaskipti á þessu sviði. Það frelsi, sem til kæmi ef þetta frv. yrði að lögum, yrði frelsi peninganna og lýðræði peninganna. Í 10. gr. þessa frv. segir nefnilega, með leyfi forseta:

„Með sama hætti og að framan greinir skal öðrum útvarpsstöðvum heimilað að afla tekna með auglýsingum eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis eða annars efnis, sem viðskiptavinir viðkomandi stöðvar kynnu að vilja koma á framfæri við almenning."

Þarna á ekki neitt vont útvarpsráð eða pólítísk dagskrárstjórn að stjórna því, hvaða efni er unnt að koma á framfæri. Sú stjórn hefur að mínu mati verið með þeim hætti, að allir, sem hafa óskað eftir því og verið með frambærilegt efni, hafa getað komið skoðunum sínum á framfæri í íslenska ríkisútvarpinu. Hér er hins vegar sagt berum orðum, að menn eigi að kaupa skoðanir sínar inn í þetta frjálsa útvarp og þeir einir, sem geta borgað fyrir að koma skoðunum sínum á framfæri, eigi að hafa þar tjáningarfrelsi og tjáningarrétt. Það er frelsi peninganna og lýðræði peninganna sem á að ráða í þessu frjálsa útvarpi, og því er ég andsnúinn.

Það er látið í það skína og þeim röksemdum mjög beitt hér, að slíkt útvarp kosti nánast ekki neitt. Þetta sé hægt að gera án mikils tilkostnaðar, eins og 1. flm., hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, sagði áðan. Það er rétt, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, að í þéttbýlinu er kannske hægt að gera þetta tæknilega án mikils tilkostnaðar. Og þá er þetta eingöngu hugsað sem útvarp fyrir þéttbýlissvæði — fyrir Reykjavíkursvæðið og e. t. v. Akureyrarsvæðið, en ekki fyrir aðra landsmenn. Þessa eiga menn að láta getið. Þetta skiptir verulegu máli í þessu sambandi. Það er látið í það skína, að þetta kosti nánast ekki neitt, en það er argasti misskilningur vegna þess, eins og ég minntist á áðan, að menn eiga að kaupa sig þarna inn með efni. Í öðru lagi verður safnað auglýsingum, sjálfsagt með hefðbundnum hætti. Auglýsingamarkaður hér er ekki mjög stór, þannig að það má reikna með að þetta tæki verulegar tekjur frá Ríkisútvarpinu og gerði því þannig erfiðara um vik að gegna hlutverki sínu. Þar að auki fá menn ekki að leika tónlist allan sólarhringinn án þess að borga fyrir það. Ég held að þær upplýsingar séu réttar, að á fyrra hluta síðasta árs hafi Ríkisútvarpið greitt 5 millj. kr. á mánuði til STEFS, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar. Það er þess vegna mikill misskilningur að þetta kosti ekki neitt eða sé nánast ókeypis.

Það var minnst hér á breytingar á útvarpi og sjónvarpi og skipulagi þeirra mála í Svíþjóð. Það er alveg rétt, að þar er verið að dreifa valdinu og gera það staðbundið, en hvorki er verið af afhenda Volvo né Wallenberg réttinn til að reka útvarpsstöðvar. Það er ekki til umr., þótt í annað sé látið skína hér. Og á Norðurlöndunum hefur þessum málum verið hagað með sama eða svipuðum hætti og hér.

Það má ýmsu breyta í rekstri Ríkisútvarpsins og hefur verið vikið að því hér. Ég held að það sé miklu brýnna þm. og Alþ. að reyna að bæta og efla rekstur þess ríkisútvarps, sem við nú höfum, og bæta þjónustu þess. Það er talað um næturútvarp — hugmynd sem er allra góðra gjalda verð. Það er líka talað um möguleikana á því að byrja að útvarpa á annarri rás. Það yrði sjálfsagt smátt í sniðum til að byrja með, en yrði að vinna eftir áætlun um að slíkt útvarp næði smám saman til alls landsins. Að þessum atriðum eigum við að beina kröftum okkar og fjármagni. Það frv., sem hér er um að ræða, leysir engan vanda á þessu sviði. Sú meginstefna, sem í því felst, er að mínu mati ekki til bóta og þess vegna mun ég greiða atkv. gegn þessu frv.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Það sannast áþreifanlega við þessa umr., að samtryggingarkerfi stjórnmálamanna og embættismanna er pottþétt, ef ég mætti orða það þannig. Ef þm. koma með till. sem fela í sér róttækar breytingar á ríkisstofnun, þá er segin saga að þeir hv. þm., sem koma annaðhvort úr röðum embættismanna eða úr þeim stofnunum sem þingið er að fjalla um, rísa upp og tala gegn öllu sem horfir til bóta og framfara í viðkomandi stofnunum. Ég held að þetta sé misskilin vinsemd í garð þeirrar stofnunar sem viðkomandi þm. hafa unnið hjá, enda hefur komið fram í umr. í dag að báðir hv. þm., sem síðast töluðu, viðurkenndu margsinnis að full þörf væri á breytingum á Ríkisútvarpinu. Að vísu vildu þeir ekki ganga jafnlangt og flm. þessa frv., en báðir vildu þeir breyta miklu og allverulega, sérstaklega annar þeirra.

Mér finnst það nú þess virði, að við ræðum nokkuð hvers virði frelsi er og hvað er að vera frjáls. Það er ekki að vera frjáls maður að þurfa að fara upp í Ríkisútvarp og spyrja embættismann eða jafnvel skrifa bréf til útvarpsráðs til þess að fá leyfi til þess að tala eða flytja þátt í viðkomandi stofnun. Það er hins vegar frelsi að geta leitað til sex dagblaða og fengið birtar greinar. Það er frelsi. Hitt er ófrelsi.

Ég verð að segja það, að ég varð fyrir hálfgerðum vonbrigðum með báða hv. ræðumenn, sem töluðu hér síðast, bæði hv. þm. Árna Gunnarsson og hv. þm. Eið Guðnason. Ég hef gert þær kröfur til þeirra, að þeir skildu manna best um hvað þetta frv. fjallar, vegna þess að þeir sem starfsmenn ríkisfjölmiðils eins og Ríkisútvarpsins höfðu tilhneigingar, á meðan þeir unnu hjá þessum fjölmiðlum, til að opna þessar stofnanir meira en við hinar óbreyttu verur utan veggja gátum gert. Virðum við vissulega við þá hv. þm. hvernig þeir stóðu að málum. En því miður hafa ekki allir hugmyndaflug og þrek til að gera það sem þeir reyndu að gera hvor á sínum vettvangi, annar í sjónvarpinu, hinn í hljóðvarpinu.

Það er margviðurkennt, m. a. af núv. formanni útvarpsráðs, Ólafi R. Einarssyni, að það þurfi að gera róttækar breytingar og hleypa fleiri að þessum fjölmiðlum og það þurfi að skapa aukna og meiri möguleika. Og það er einmitt það sem við viljum gera, flm. þessa frv. Við lítum þannig á að ekki þurfi endilega að sækja fyrirmyndir til annarra landa, þó við vekjum athygli á því, að það er fyrir hendi annars staðar að reka margar útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar. Við lifum hér við íslenskar aðstæður. Það er enginn að segja það, að þótt við sköpuðum aukið frelsi á þessu sviði þyrftum við endilega að falla í sömu gröfina og t. d. Bandaríkjamenn. Íslenskt þjóðfélag og íslensk menning eru gerólík því þjóðfélagi og þeirri menningu sem er í Bandaríkjunum. Margt, sem þar er, mundum við flokka undir ómenningu. Þótt þar séu margar útvarpsstöðvar og margar sjónvarpsstöðvar

þyrfti það frelsi, sem við erum að tala um hér, ekki að fela það sama í sér og á sér stað í Bandaríkjunum.

Ég vil víkja nokkuð að því atriði sem lýtur að peningamönnum og þeim sem hafa peninga, sem báðir hv. þm. komu inn á og sérstaklega hv. þm. Árni Gunnarsson. Hann sagðist ekki vilja leyfa frjálsan útvarpsrekstur og sagðist vera á móti því m. a. vegna þess að hann óttaðist þá aðila sem hafa peninga. Ég vil halda því fram — og við flm. þessa frv., að frelsinu í landinu stafi meiri hætta af öðru en svokölluðum peningamönnum. Valdamennirnir í ríkiskerfinu eiga örugglega eftir að verða frelsinu hvað hættulegastir. Mennirnir sem ráða yfir einmitt öflugum fjölmiðlum eins og Ríkisútvarpinu, þ. e. a. s. bæði sjónvarpi og hljóðvarpi, eru frelsinu hættulegir.

Svokallaðir peningamenn eru nú ekki svo margir á Íslandi eða svokölluð peningafyrirtæki, að ekki sé hægt að takmarka hvernig þeir kæmu að þessum málum. Gæti ég flutt hér erindi um það, hvernig ég gæti hugsað mér að hafa þá stofnun sem fjallaði um þessi mál. Það mætti t. d. stofna opið almennt hlutafélag. Takmörk væru sett á það, hvað hver og einn mætti eiga mikið hlutafé í því. Það væri hægt að takmarka hlutafé við 1% eða 2%, enginn mætti eiga meira en 1% eða 2%. Það væri jafnvel hægt að setja takmörk við því, hvernig menn gætu sameinast í hópa til þess að beita því valdi sem samsöfnun hlutafjár á eina hendi gæti verið.

Hverjir hafa peninga og hverjir hafa þarfir í sambandi við frjálsa fjölmiðlun? Það eru ekki aðeins einstaklingarnir og það er ekki aðeins unga fólkið. Ég mótmæli því, að við séum að slá okkur til riddara gagnvart ungu fólki með flutningi þessa frv. Við erum að leggja fram frv., sem við vitum að ekki einungis ungt fólk, heldur þjóðin öll fylgir raunverulega. Auðvitað hlýtur ungt fólk að vera sérstaklega nærnt fyrir róttækum breytinum. Því ætti t. d. hv. þm. Vilmundur Gylfason að gera sér vel grein fyrir. Hann er maður tjáningarfrelsins. Hann veit það, flokksbróðir þeirra þm. sem töluðu síðast, að ungt fólk vill svigrúm, það vill fá að fjalla um eigin mál og vill fá að komast að þessum fjölmiðli án þess að þurfa að leita undir embættismenn eða stjórnmálamenn, og það er ofurskiljanlegt. Ég skil þeim mun betur eftir því sem ég eldist, að það verður að skapa ungu fólki aukin tækifæri og ekki hvað síst á þessu sviði. Það er af hinu góða að styðja það mál, sem hér er til umr., vegna þess að það þjónar sjónarmiðum unga fólksins.

Víkjum svo nokkuð að því, hverjir hafa þörf og hverjir hafa peninga. Ég tel t. d. að fjölmenn samtök, fjöldasamtök eins og t. d. verkalýðshreyfingin, samvinnuhreyfingin, stærstu útflutningssamtökin, sem eru með tugi og hundruð félagsmanna, gætu haft mikið gagn af aukinni fjölbreytni, auknum möguleikum í sambandi við hljóðvarp og sjónvarp. Þau mundu þá geta komið efni til þessa fólks. Ég geri ráð fyrir að það, sem þessir menn eru að vinna í verkalýðsfélögunum, í samvinnuhreyfingunni, í stóru fyrirtækjunum, sé sprottið af hinu góða, en ekki hinu vonda. Hvers vegna skyldu menn ætla að þeir Íslendingar, sem kæmu að þessum fjölmiðli skyldu endilega þurfa að koma að honum af vondum hvötum? Ég mótmæli því, að hv. þm. skuli fjalla þannig um mál og ætla yfirleitt öðru fólki það.

Varðandi peningana vil ég upplýsa hv. þingheim um það, að að mínu mati mundu einstakir peningamenn ekki ráða úrslitum í uppbyggingu þeirra fjölmiðla sem við erum að fjalla um. Ég álít að þær fjöldahreyfingar, sem ég gat um, mundu koma þar til skjalanna.

Ég vil að lokum víkja að því sem hv. þm. Eiður Guðnason kom inn á í 10. gr. Ég held að hann hafi misskilið 10. gr. Við skulum taka t. d. fræðsluyfirvöld. Það vantar stórlega á að íslenska sjónvarpið og hljóðvarpið fullnægi þeirri þörf sem er fyrir hendi gagnvart nemendum í sambandi við fræðsluefni og kennsluefni, sérstaklega í sjónvarpi. Það kemur vel til greina að samstarf milli ríkisvalds og einkasjónvarps um að einkasjónvarpsstöð t. d. flytti slíkt efni, þar sem það kæmist ekki að í því sjónvarpi sem við höfum í dag.

Ég vil svo að lokum undirstrika það, að ekkert í þessu frv. gerir ráð fyrir því, nema síður sé, að leggja eigi niður Ríkisútvarpið — hljóðvarp og sjónvarp. Það er alrangt. Frv., sem við erum með, gengur út frá því að hér sé gott ríkisútvarp, bæði sjónvarp og hljóðvarp.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 51. fundur.

Þriðjudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Áætlanagerð Framkvæmdastofnunar ríkisins um Dalabyggð, fsp. (þskj. 326). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 326 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. um áætlanagerð Framkvæmdastofnunar ríkisins um Dalabyggð. Spurt er: „Hvenær má vænta þess, að Framkvæmdastofnun ríkisins ljúki við hina svonefndu áætlun um Dalabyggð, sem kynnt var þm. Vesturlands og Vestfjarða í marsmánuði 1978?"

Að þessari áætlun hefur verið unnið nú að undanförnu. Heimamenn binda miklar vonir við þessa áætlun. Þar er vikið að ýmsum málum sem varða miklu fyrir heimabyggðina.

Eins og segir í fsp. var þetta mál kynnt þm. Vesturlands og Vestfjarða í marsmánuði 1978. Þessari áætlun var ekki dreift. Menn sáu strax að þarna var samankominn ýmiss konar fróðleikur og margþættur sem þeir höfðu þó eitt og annað við að athuga. En það hefur verið haldið áfram að vinna að þessari áætlun á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, sem haldinn var í Munaðarnesi í nóv. s. l., kom fram mikill áhugi fundarmanna á því, að þessari áætlun yrði hraðað. Þeir, sem þar mættu á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins, lögðu enn fremur mikla áherslu á að ekki yrði látið sitja við orðin tóm eftir að áætlunin væri fullgerð.

Ég hygg að í þessari áætlun séu ekki mjög háar tölur. En það er nú einu sinni svo, að menn verða þreyttir á að gera áætlun á áætlun ofan, ef engin áætlun kemst svo til framkvæmda. En þetta er mál seinni tíma. Aðalatriðið er að óska eftir því og spyrjast fyrir um það, hvort þessi framkvæmdaáætlun líti ekki bráðlega dagsins ljós, hvort ekki verði lögð lokahönd á hana af hálfu Framkvæmdastofnunarinnar og hún samþ., þannig að hún komi í sjónmál með þeim hætti, að við getum athugað hana og farið svo að hugleiða hvernig koma megi henni í

framkvæmd.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessa fsp. hef ég sent Framkvæmdastofnun ríkisins og óskað svars hennar. Svar Framkvæmdastofnunarinnar er svo hljóðandi:

„Framkvæmdastofnun ríkisins hefur unnið að gerð Vesturlandsáætlunar frá því í ársbyrjun 1974. Fyrsta árið var einkum unnið að öflun gagna um hina ýmsu málaflokka sem áhrif höfðu á viðhald og vöxt byggðar á svæðinu, enda er þekking í þeim efnum grundvöllur áætlunarstarfsins. Árangur af þessu starfi var að hluta til birtur á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi haustið 1976 þar sem nokkrum sjálfstæðum köflum var dreift.

Á grundvelli þeirra gagna, sem þannig lágu fyrir um stöðu byggðamála á Vesturlandi, mátti greina mjög misjafna þróun á hinum einstöku byggðasvæðum. Ljóst var að grípa þurfti til aðgerða til lausnar aðsteðjandi vanda hinna einstöku byggða, og var sú ákvörðun því tekin að takmarka áætlunarstarfið á Vesturlandi við eitt byggðasvæði hverju sinni. Eftir því sem best varð séð þótti eðlilegt að hefja það starf með gerð byggðaþróunaráætlunar fyrir Dalabyggð.

Í nóvembermánuði 1977 voru lögð fram drög að byggðaþróunaráætlun fyrir Dalabyggð. Eins og heiti skýrslunnar ber með sér var þar ekki um endanlega útgáfu að ræða, enda hafði hún ekki hlotið staðfestingu stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Með útgáfu skýrslunnar var ætlunin að fá fram aths. umsagnaraðila áður en til endanlegrar afgreiðslu kæmi af hálfu Framkvæmdastofnunar ríkisins. Í kjölfar útgáfunnar var efnt til funda með þm. Vesturlands- og Vestfjarðakjördæma, hreppsnefndarmönnum á áætlunarsvæðinu og fulltrúum þeirra opinberu stofnana sem efni áætlunarinnar var talið varða á því stigi. Fundir þessir skiluðu fyllilega þeim árangri sem til var ætlast, og lágu margvíslegar upplýsingar fyrir um efni skýrslunnar á s. l. hausti.

Auk aðkallandi verkefna hafa tveir starfsmenn byggðadeildar unnið úr þessum gögnum í vetur. Þeirri úrvinnslu er nú lokið, en um þessar mundir stendur yfir frumlestur á handriti af endanlegri skýrslu. Er að því stefnt, að efni skýrslunnar verði lagt fyrir stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins í næsta mánuði, en þar mun tekin ákvörðun um, hvort hrinda beri í framkvæmd tillögum þeim sem fram koma í skýrslunni."

Undir þetta skrifa Bjarni Einarsson og Sigurður Sigurðsson.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég fagna því, eins og fram kom í svari hæstv. forsrh., að þetta mál er í fullri vinnslu. Það var eitt af fyrstu verkefnum, sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi beittu sér fyrir eftir að þau voru stofnuð, að óska eftir því, að hafinn yrði vinna við Vesturlandsáætlun sem yrði á breiðum vettvangi. Þessi vinna var hafin í Framkvæmdastofnuninni, og eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. hefur verið um þetta fjallað á þingum samtaka sveitarfélaga í Vesturlandi á undanförnum árum. Hafa verið gerðir frumdrættir að Vesturlandsáætlun, m. a. um samgöngumál, raforkumál, jarðhitaleit, heilbrigðismál, skólamál og lýsing á fiskimiðum og ýmsum öðrum möguleikum sem eru á Vesturlandi. Þetta hefur fengið mjög góðar undirtektir meðal íbúa Vesturlands og hefur verið rætt víðs vegar, ekki aðeins á þingum sveitarfélaga, heldur einnig í einstökum sveitarfélögum. Menn binda miklar vonir við að að lokum fáist vel unnin Vesturlandsáætlun, sem hægt verður að byggja á vissar framkvæmdir á Vesturlandi.

Það var vel valið að byrja á Dalabyggðaráætlun, því að í Dölum er ástand þannig, miðað við bæði við Vesturlandsbyggðir og eins miðað við landið í heild, að þar eru meðaltekjur manna miklu lægri en víðast annars staðar. Þess vegna er mjög áríðandi að þessi áætlun nái fram að ganga og hægt verði að hefja ráðstafanir til eflingar byggðar í Dalasýslu á grundvelli hennar.

Þess vegna vil ég fagna því, að málið er í fullri vinnslu.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir mjög greinargóð svör við þessari fsp. Eins og kom fram í máli hans hefur verið unnið að Vesturlandsáætlun hjá Framkvæmdastofnun ríkisins allt frá ársbyrjun 1974. Auðvitað er frumskilyrði þess, að áætlun verði byggð upp, að gagna sé aflað og síðan byggt á þeim grunni. Það hefur komið í ljós m. a. eins og hv. síðasti ræðumaður vék að, að meðaltekjur manna á þessum slóðum eru mjög misjafnar og víða mjög lágar, þannig að segja má að þar sé um aðsteðjandi vanda að ræða. En ég fagna því, að nú er frumlestur handrits að endanlegri skýrslu hafinn, eins og hæstv. forsrh. tók til orða, og ætla að leyfa mér að vona, að þessi áætlun komi bráðlega fyrir almenningssjónir.

Það má geta þess, að í morgun voru hér hjá okkur fulltrúar frá hreppsnefnd Laxárdalshrepps í Dalasýslu og sveitarstjórinn. Þeir voru einmitt að spyrja okkur þm. Vesturl. um þetta atriði sem þeir binda miklar vonir við.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en fagna því, að verið er að vinna að lausn málsins, og ítreka þakkir mínar til forsrh. fyrir góð svör.

Könnun á atvinnu- og félagsmálum Suðurnesja, fsp. (þskj. 330). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 330 hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi fsp. til hæstv. forsrh.:

„Hvað líður framkvæmd á ályktun Alþingis frá 6. maí 1978 um könnun á atvinnu- og félagslegri aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar?"

Vorið 1978 var samþ. sú þál. er ég gat um. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að Framkvæmdastofnun ríkisins kanni atvinnustöðu svo og félagslega aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar og geri næsta Alþingi grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar."

Ástæðan fyrir þessari fsp. er nú sú, að um langt árabil hefur verið öryggisleysi í atvinnumálum Suðurnesja, í raun og veru nýtt fyrirbrigði. Fyrr á árum var þetta eitt tryggasta svæði landsins hvað snerti atvinnu og byggði tilveru sína að mestu leyti á sjávarútvegi. Nú hefur það gerst á síðustu árum, að miklar breytingar hafa orðið á sjávarafla, bæði til minnkunar og einnig varðandi samsetningu aflans. Allt þetta hefur valdið því, að mikið öryggisleysi hefur skapast, eins og ég gat um, og þess vegna fannst mér að þörf væri á að rannsaka hve stóran þátt Keflavíkurflugvöllur ætti í atvinnulífi Suðurnesja og

enn fremur hver félagsleg áhrif flugvallarins væru.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Við þessari fsp. hefur mér borist svar Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo hljóðandi:

„Í júní 1978 barst Framkvæmdastofnun ríkisins bréf, dags. 12. júní, frá Geir Hallgrímssyni, þáv. forsrh. Með bréfinu var stofnuninni falið að athuga vinnuaðstöðu og félagslega aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Tilefnið var þál. frá 6. maí 1978.

Framkvæmdastjóri byggðadeildar, Bjarni Einarsson, ræddi þetta mál við formann Samstarfsnefndar sveitarfélaga á Suðurnesjum, Jósef Borgarsson. Bjarni lýsti byggðadeild reiðubúna til að takast á við ofangreint verkefni í samstarfi við heimamenn.

Vegna endurskipulagningar á Samstarfsnefndinni var formlegt samstarf þó ekki hafið fyrr en í desember 1978. Þetta gerðist nánar tiltekið þegar nokkrir starfsmenn byggðadeildar sátu fund 11. desember í Njarðvík með Samstarfsnefndinni og formönnum atvinnumálanefnda viðkomandi kaupstaða og kauptúna. Rætt var um byggðamál Suðurnesja.

Þar sem sjávarútvegsmál höfðu þegar fengið sérstaka meðhöndlun var talið rétt að beina athyglinni einkum að iðnaðar- og þjónustugreinum. Byggðadeild taldi eðlilegast að gerð yrðu drög að byggðaþróunaráætlun fyrir Suðurnes, sem fæli í sér þá athugun sem þáltill. frá 6. maí gerði ráð fyrir. Verkið verður unnið eftir því sem takmarkaðir starfskraftar byggðadeildar leyfa.

Nú er ætlunin að hefja könnun á vaxtarmöguleikum í iðnaði og þjónustugreinum sem fyrir eru á umræddu svæði. Auk þess verður reynt að athuga mögulegar nýjungar í atvinnulífi þar. Í athugun er hvernig standa eigi að könnun á félagslegri aðstöðu íbúanna. Á því virðist þó vera við ýmis aðferðafræðileg vandamál að glíma.

Eftirfarandi hugmynd af ástandi mála á Suðurnesjum má gefa út frá þeim lauslegu upplýsingum sem fyrir liggja:

1. Samkvæmt bráðabirgðatölum fjölgaði íbúum um rúmlega 2% milli áranna 1977 og 1978. Þetta er meira en landsmeðalfjölgun og hefur svo verið undanfarin ár.
2. Framtaldar tekjur einstaklinga hafa verið í kringum 10% yfir landsmeðaltali undanfarin ár.
3. Samgöngu-, vega- og hafnamál virðast í góðu lagi.
4. Fiskiðnaður á í erfiðleikum. Auka þarf verulega framleiðni þar, en þá minnkar mannaflanotkun, ef heildaraflamagn og verkunaraðferðir breytast ekki.
5. Samkvæmt lauslegri mannaflaspá bætast um 200 manns á vinnumarkað á ári að meðaltali næstu 5-10 árin. Verulegur vöxtur þarf því að verða í iðnaði og þjónustu ef fólki eiga að bjóðast störf í heimabyggð sinni.
6. Í lok desember voru milli 170 og 180 skráðir atvinnulausir á Suðurnesjum. Tölur fyrir janúar hafa ekki borist, en vísbending er um að talan hafi lækkað í Keflavík a. m. k."

Undir þetta skrifar Bjarni Einarsson.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að tíminn hefur verið naumur til að starfa að þessari þál., einkum ef það er haft í huga, að fyrsti fundur til þess að rannsaka þessi mál mun hafa verið haldinn í desember.

Það er öllum ljóst, að þó að sjávarútvegur á Suðurnesjum hafi verið í ólestri og ólagi nú síðustu árin hafa ýmsar aðrar greinar þar þrifist, eins og tekjur manna sýna. Hins vegar er ljóst, að við það að sjávarútvegur fór úr skorðum ruglaðist afkoma þjónustugreinanna mjög verulega, og þetta er eitt af því sem ég held að væri mikil þörf á að rannsaka. Með eðlilegum rekstri sjávarútvegs mundi starfsemi þjónustugreinanna sennilega aukast mjög mikið, og með tilliti til þess, sem gefið hefur verið út á vegum áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar á undanförnum árum varðandi ýmsar áætlanir, þá á ég von á að hún sjái sér fært að koma með fyllri gögn um ástandið þarna suður frá að nokkrum tíma liðnum. Ég endurtek þakkir mínar fyrir svörin.

Hefting landbrots gegn ágangi vatns, fsp. (þskj. 144). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 144 hef ég leyft mér að leggja fyrir hæstv. landbrh. eftirfarandi fsp.:

„Hvernig hefur verið háttað framkvæmd laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatns frá 14. maí 1975, og hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til þess að lög þessi nái tilgangi sínum?"

Árið 1969 eða fyrir réttum 10 árum flutti ég frv. um þetta efni. Voru þá skiptar skoðanir um sum ákvæði þess frv., og olli það því að það hlaut ekki afgreiðslu. Næstu ár endurflutti ég frv. án þess að það næði fram að ganga.

Á þessum árum kom fram vaxandi áhugi á þessu máli víða á landsbyggðinni, sem varð til þess að við Ágúst Þorvaldsson, fyrrv. alþm., endurfluttum frv. árið 1973, eftir að gerðar höfðu verið nokkrar breytingar á því í samráði við Jón Birgi Jónsson verkfræðing. Var þessu máli vísað til þjóðhátíðarnefndar, þar sem þetta málefni var talið hliðstætt við það verkefni hennar að koma fram með tillögur um uppgræðslu á örfoka landi og koma í veg fyrir eyðileggingu gróðurlendis.

Árið 1932 voru samþykkt lög um fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Þessi löggjöf mun hafa átt að þjóna tvennum tilgangi, bæta samgöngur og verja nytjalönd fyrir skemmdum af ágangi vatns á þessu svæði. Árið 1945 voru samþ. lög um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður á Vindheimabrekkum. 1. gr. þeirra laga hefst þannig, með leyfi forseta:

„Til þess að varna yfirvofandi stórfelldum skemmdum af ágangi vatns úr Héraðsvötnum vestan Vatna skulu gerðar fyrirhleðslur" o. s. frv.

Á þeim árum, sem liðin eru síðan þessi löggjöf var sett, hefur orðið mikil breyting í ræktun og tækni hér á landi. Ræktunin hefur margfaldast og færst meira en áður niður á láglendið, eftir því að hinar stórvirku skurðgröfur hófu þurrkun þess um allt land. Víða eru sléttir bakkar meðfram fallvötnum. Hafa þeir orðið mikils virði sem slægjulönd, fyrst sem áveitusvæði og síðari árin hefur verið borinn tilbúinn áburður á þá með góðum árangri, svo að uppskerumagnið hefur orðið lítið eða ekkert minna af þeim svæðum en það sem brotið hefur verið og sáð í. Í örum leysingum verða oft miklar skemmdir á þessum löndum sem hægt væri að koma í veg fyrir í flestum tilfellum með þeirri tækni sem við höfum nú yfir að ráða. Víða hafa átt sér stað stórkostleg landbrot á liðnum áratugum sem kunnáttumenn á þessu sviði telja að auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir ef fram-

kvæmdir hefðu verið gerðar í tæka tíð, t. d. með því að laga árfarvegi. Þó að engin löggjöf væri til þar til á árinu 1975 nema við þær takmörkuðu aðgerðir sem að framan greinir, þá var veitt fé á fjárl. til varnaraðgerða að þessu leyti á öðrum stöðum í landinu um árabil. Stuðningur ríkisins við þær framkvæmdir var miðaður við ákvæði áðurgreindra laga. En það, sem hindraði skynsamlega framkvæmd og samræmdar aðgerðir í þessu efni, voru ákvæði í vatnalögum, en sú löggjöf var frá árinu 1923 og var því að mörgu leyti úrelt miðað við nútímaaðstæður. Voru þar t. d. ákvæði sem ollu því, að einn landeigandi gat hindrað sjálfsagðar og eðlilegar framkvæmdir í langan tíma þó að það hefði mikla eyðileggingu í för með sér á nytjalöndum annarra.

Það var því kominn tími til að setja löggjöf um þetta efni sem sniðin var eftir þörf og kröfu okkar tíma og hvetur til virkrar varðstöðu um verndun gróðurlendis í byggð ekki síður en á afréttarlöndum. Við viðurkennum það í verki hin síðari ár, að þjóðinni beri að koma í veg fyrir uppblástur gróðurlendis, en nú er mikil hreyfing í landinu til að vinna að því, ekki síst meðal ungmennafélaga, og þeirri hreyfingu ber vissulega að fagna. Þess vegna hef ég borið fram þessa fsp., þar sem mér hefur fundist að framkvæmd laganna hafi ekki verið á þann veg sem vonast var til.

Dómsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. spyr hvernig háttað hafi verið framkvæmd laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatns frá 14. maí 1975 og hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar til þess að lög þessi nái tilgangi sínum.

Lögin mæla svo fyrir, að unnið skuli að heftingu landbrots og hindra skuli önnur spjöll á nytjalandi af völdum vatna með fyrirhleðslum og lagfæringum á árfarvegum. Til að vinna að því verki og grundvalla það starf skal, segir í lögunum, starfa sérstök matsnefnd í hverri sýslu sem er skipuð fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Vegagerðar ríkisins, þegar matsnefndarmenn hafa starfað í öllum sýslum og hafa gert sér far um að fylgjast með landbroti og hættu á landspjöllum skila þeir árlega inn álitsgerð til Vegagerðar ríkisins um ástand í hverri sýslu. Þessi álitsgerð er kynnt fjvn. Alþingis á hverju ári. Úthlutun fjár og skipting þess til verkefna skv. nefndum lögum er að öllu leyti ákveðin af fjvn. Alþingis.

Ég er jafnframt með yfirlit yfir skiptingu þess fjár eftir að lögin frá 1975 tóku gildi.

Árið 1976 var samtals skipt 23 millj. 940 þús. kr. Það skiptist þannig: Suðurland fékk 9 millj. 490., Reykjanes 200 þús., Vesturland 880 þús., Vestfirðir 100 þús., Norðurland vestra 1 millj. 910 þús., Norðurland eystra 570 þús., Austurland 10 millj. 790 þús.

Árið 1977 var skipt samtals 30 millj. kr., og skiptist það þá þannig: Suðurland 13 millj. 430 þús., Reykjanes 520 þús., Vesturland 2 millj., Vestfirðir 400 þús., Norðurland vestra 3 millj. 190 þús., Norðurland eystra 600 þús., Austurland 9 millj. 880 þús.

Árið 1978 var skiptingin þessi, þá var skipt samtals 40 millj. 700 þús.: Suðurland hlaut 16 millj. 700 þús., Reykjanes 700 þús., Vesturland 2 millj. 770 þús., Vestfirðir 830 þús., Norðurland vestra 4 millj., Norðurland eystra 1 millj. og Austurland 14 millj. 700 þús.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. svörin. Eins og ég sagði áðan, virðast ekki hafa orðið þáttaskil í þessum málum í sambandi við lagasetninguna 1975. Ef litið er t. d. á framlög á undanförnum árum, þá var árið 1971 varið til þess arna 4 millj 625 þús. Niðurstöðutölur fjárlaga þá voru 11 milljarðar 534.7 millj. eða hafa átjánfaldast rúmlega síðan. Sambærileg tala nú hefði átt að vera um 83.8 millj., ef verið hefði sama hlutfall á fjárlögum. Árið 1974 voru ætlaðar til fyrirhleðslna 17.2 millj. Þá var niðurstöðutala fjárl. 29 milljarðar og 400 þús., hefur rúmlega sjöfaldast síðan. Ef hefði verið sama hlutfall á fjárl. til þessa verkefnis hefði það átt að vera í dag 122 millj. Árið 1976 var varið 23.9 millj. til þessa verkefnis. Fjárlög þá voru rétt rúmlega 60 milljarðar, hafa hækkað síðan 3.6 sinnum. Sambærileg tala nú hefði átt að vera 82.9 millj. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. er varið til fyrirhleðslna á þessu ári 53 millj. á fjárl. sem eru tæplega 209 milljarðar. Þessar tölur tala í raun og veru sínu máli.

Nú standa þessi mál þannig, að ekkert er líklegra en verulegar skemmdir verði á túnum og öðru gróðurlendi á mörgum stöðum á landinu ef ekki verður brugðist við í tíma og gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir það. Þá hlýtur sú spurning að koma upp í hugann, hvort ekki verði að gera einhverjar breytingar á þessum lögum. Jafnvel dettur mér í hug, hvort það væri ekki eðlilegra þá að landgræðslustjóri ætti að hafa eftirlit með þessu eða a. m. k. einhver slíkur aðili, þannig að sú hugsun, sem á bak við lá þegar þessi lög voru sett, komi að notum. Því miður virðast lögin eins og þau eru ekki hafa náð tilgangi sínum.

Snjómokstur, fsp. (þskj. 144). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 144 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um hvort ekki sé fyrirhugað að endurskoða reglur þær sem í gildi eru um snjómokstur á þjóðvegum landsins. Ástæðan fyrir þessari fsp. er sú, að reglur þær, sem í gildi eru um snjómokstur, eru þannig, að ekki er hægt við þær að una. Hér fyrir framan mig hef ég kort af landinu þar sem greinilega er merkt hvaða reglur gilda nú í þessu efni. Er bæði fróðlegt og lærdómsríkt að kynna sér þær.

Alla daga vikunnar er mokað út frá Reykjavík í allar áttir þegar þess þarf með: 1) Suður til Keflavíkur og Keflavíkurflugvallar. 2) Suðurlandsvegur allt austur til Hellu og þaðan til Hvolsvallar. 3) Vesturlandsvegur um Hvalfjörð og sem leið liggur til Borgarness.

Þá koma vegir sem eru mokaðir alla virka daga, sem mun þýða 5 daga vikunnar, þ. e. a. s. frá mánudegi til föstudags að báðum dögum meðtöldum: Af Keflavíkurvegi til Grindavíkur og frá Keflavík til Sandgerðis, báðar leiðir, þ. e. a. s. yfir heiðina og um Garðinn. 2) Af Suðurlandsvegi: Þrengslavegur til Þorlákshafnar, Eyrarbakka, Stokkseyrar og frá Hvolsvelli til Víkur. 3) Af Vesturlandsvegi til Akraness. 4) Milli Sauðárkróks og Varmahlíðar. 5) Frá Akureyri að Dalvíkurvegamótum, þ. e. a. s. 11 km vegarkafli. 6) Frá Egilsstöðum um Fagradal til Reyðarfjarðar. 7) Frá Húsavík, Ísafirði og Höfn til flugvalla þessara staða.

Þá koma þeir staðir, sem eru mokaðir tvo daga í viku: 1) Frá Keflavíkurflugvelli suður í Hafnir. 2) Á Suðurlandsvegi austur um Grímsnes, Biskupstungur og hringinn um Skeiðaveg, og frá Vík til Hafnar í Hornafirði. 3)

Af Vesturlandsvegi frá Borgarnesi til Ólafsvíkur og Hellissands, yfir Kerlingarskarð til Stykkishólms og þaðan til Búðardals og einnig um Heydal. Af Vesturlandsvegi um Reykholt á Norðurlandsveg hjá Munaðarnesi. 4) Um Norðurlandsveg allt til Akureyrar og þaðan um Dalsmynni til Húsavíkur. Af Norðurlandsvegi til Hvammstanga, Skagastrandar og Dalvíkur. 5) Frá Sauðárkróki til Siglufjarðar. 6) Frá Þórshöfn um Þistilfjörð. 7) Frá Egilsstöðum til Eiða. Frá Reyðarfirði til Eskifjarðar og Breiðdalsvíkur.

Á þessari upptalningu sést að erfitt er að gera sér grein fyrir hvaða rök liggja til grundvallar þessum reglum. Hvernig stendur t. d. á því, að moka á 5 daga vikunnar á milli Varmahlíðar og Sauðárkróks, Egilsstaða og Reyðarfjarðar, en aðeins tvisvar í viku frá Akureyri til Dalvíkur, svo dæmi séu nefnd. Og hvers vegna að moka tvisvar í viku yfir Kerlingarskarð og einnig Heydal og frá Sauðárkróki til Siglufjarðar, en einu sinni í viku til Ólafsfjarðar. Þó tel ég þörfina fyrir samgöngur og allar aðstæður svipaðar t. d. við Siglufjörð og Ólafsfjörð, og ætti að vera nægilegt að moka annaðhvort Kerlingarskarð eða Heydal, miðað við þá þjónustu sem ýmsir aðrir búa við. Einnig er mokað einu sinni í viku norðanvert Snæfellsnes og tvisvar í mánuði er mokuð Brattabrekka. Á allri leiðinni frá Húsavík til Vopnafjarðar, nema smáspöl í Þistilfirði, er aðeins mokað tvisvar í mánuði. Þessi vegalengd mun vera a. m. k. 2/3 af þeim vegum sem á annað borð eru mokaðir á kostnað Vegagerðarinnar. Þó að enginn læknir sé staðsettur á Kópaskeri eða Raufarhöfn og alla mjólk þurfi að flytja frá Húsavík til Raufarhafnar og Kópaskers hefur ekki fengist enn breyting á þessum reglum. Skip Skipaútgerðar ríkisins hafa um árabil fellt Kópasker niður sem viðkomustað í strandferðum og fækkað um helming ferðum til Raufarhafnar og Þórshafnar og eru þær ekki nema tvær í mánuði nú. Er því enn brýnna nú en áður að vegirnir séu færir og þeir mokaðir ekki sjaldnar en aðalleiðir annars staðar á landinu. Og það mætti spyrja að fleiru í þessu sambandi. Hvers vegna eru hliðarvegir mokaðir t. d. á Suðurlandi og Vesturlandi, en ekki í sveitum Eyjafjarðar? Ekki er farið eftir framleiðslumagni eða þéttbýli a. m. k. í þessu tilliti. Í þessum tilvikum er því ekki úr vegi að spyrja, hvaða rök eða ástæður séu fyrir því að slík mismunun á sér stað í þessum efnum. Vegirnir eru slagæðar byggðanna og þeir eru ekki þýðingarminni fyrir þá, sem búa á Norðurlandi eystra, en annars staðar á landinu.

Ég tel að eðlilegt sé að reglur um snjómokstur séu samræmdar og landshlutarnir búi við sem svipaðasta þjónustu hvað þetta snertir, eftir því sem við verður komið, og ekki sé hægt að sætta sig við neitt annað. Því hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. samgrh. Er hún á þskj. 144 og er þannig, með leyfi forseta.

„Eru ekki fyrirhugaðar breytingar á gildandi reglum um snjómokstur á þjóðvegum til að minnka þann aðstöðumun, sem menn búa við í þessum efnum: a) Um skiptingu snjómokstурskostnaðar milli Vegagerðar ríkisins og sveitarfélaga í snjóþungum svæðum? b) Á leiðinni frá Akureyri til Dalvíkur og þaðan til Ólafsfjarðar? c) Á leiðinni frá Húsavík um Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn og þaðan til Vopnafjarðar?"

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. spyr um snjómokstursreglur, hvort ekki séu fyrirhugaðar breytingar á gildandi reglum til að minnka þann aðstöðumun sem menn búi við í þessum efnum, spyr sérstaklega um skiptingu snjómokstурskostnaðar milli Vegagerðar ríkisins og sveitarfélaga á snjóþungum svæðum, um leiðina frá Akureyri til Ólafsfjarðar og frá Húsavík um Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn til Vopnafjarðar.

Reglur um snjómokstur á þjóðvegum, sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1977, voru samþ. af samgrh. 9. febr. það ár. Meginreglur um snjómokstur segja að Vegagerðin greiði helming kostnaðar við snjómokstur á öllum þjóðvegum, þegar beðið hafi verið um hann og greiðsla hins helmings kostnaðarins verið tryggð, enda telji verkstjóri moksturinn koma fleiri vegfarendum til góða en þeim sem um moksturinn biður. Óskir sveitarfélaga um helmingamokstur gangi að jafnaði á undan óskum einstaklinga. Önnur meginreglan er sú, að Vegagerðin greiðir allan kostnað við mokstur nokkurra mikilvægra samgönguleiða, þó ekki nema ákveðinn fjölda daga í viku eða mánuði. Vegagerðin greiðir fyrsta mokstur á haustin, svo fyrstu snjóar stöðvi ekki umferð og ökumönnum gefist kostur á að ljúka ferð sinni, og hún greiðir einnig síðasta mokstur á vorin, nema um hann hafi verið beðið áður en verkstjóri telur tímabært.

Hér kemur fram, að reglulegur mokstur á sér fyrst og fremst stað á meginleiðum sem liggja til þéttbýlisstaða, einnig á vegum sem liggja að skólum, flugvöllum, höfnum og fleiri opinberum mannvirkjum.

Um fyrstu spurningu hv. þm.: skiptingu snjómokstурskostnaðar milli Vegagerðar ríkisins og sveitarfélaga á snjóþungum svæðum, er þetta að segja: Í reglum um snjómokstur, sem nú eru í gildi, segir:

„Á mjög snjóþungum vetrum geta sveitarfélög, sem verða fyrir verulegum útgjöldum vegna snjómoksturs, sótt um endurgreiðslu til Vegagerðar ríkisins á hluta þess kostnaðar sem þeim ber að greiða. Endurgreiðsla skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en helmingi af hluta sveitarfélaga."

Í síðari hluta júnímánaðar í ár gerði Vegagerð ríkisins tillögur um greiðslu á hluta af kostnaði sveitarfélaga, enda höfðu þá 7 sveitarfélög sótt um endurgreiðslu. Till. voru á þessa leið:

„1) Ef kostnaður sveitarfélags við snjómokstur er undir 500 kr. á íbúa yfir árið verður ekki um endurgreiðslu að ræða. 2) Nemi hlutur sveitarfélags hærri upphæð en 500 kr. á íbúa yfir árið skal það, sem er umfram 500 kr., endurgreitt, en þó ekki meira en helmingur kostnaðar. Lágmarksupphæðin breytist í samræmi við verðlag."

Rn. mun hafa samþ. að nota þessa viðmiðun við greiðslu til þessara 7 sveitarfélaga, en mun hafa frestað endanlegri ákvörðun um hvernig greiðslum þessum skyldi hagað.

Í umsögn Vegagerðarinnar um þetta atriði segir, að þar sem ekki sé liðinn nema einn vetur síðan 10. gr. tók gildi og ekki vitað að öllum sveitarstjórnarmönnum sé kunnugt um hana sé varla ráðlegt eða tímabært að taka ákvörðun um hærri endurgreiðslur að sinni.

Við þessi orð hef ég ekki neinu að bæta og tel rétt, að málið sé nánar skoðað, en legg áherslu á það sem hér kom fram, að sjálfsagt er að lágmarksupphæðin breytist í samræmi við verðlag.

Um snjómokstur á leiðinni Akureyri — Ólafsfjörður skal þetta tekið fram: Snjómokstri á þessari leið er

þannig háttað, að frá Akureyri er mokað alla virka daga, þegar veður leyfir, út á Moldhaugnaháls, en þar skiljast leiðir: Norðurlandsvegur um Hörgárdal vestur og suður, en Ólafsfjarðarvegur út með Eyjafirði til Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Við Ólafsfjarðarveg norðan þessara vegamóta bjuggu 1. des. 1977 rúmlega 3500 manns að Hríseyingum meðtöldum. Í héruðum þeim, sem að veginum liggja, er mjög mikil mjólkurframleiðsla og er mjólkin flutt til Akureyrar. Ólafsfjarðarvegur frá Moldhaugnahálsi til Dalvíkur er ruddur tvisvar í viku, eins og margir af fjölfarnari vegum landsins. Af þeim 3500, sem við veginn búa, eru um 1150 norðan Dalvíkur, þ. e. íbúar Ólafsfjarðar. Af þeirri ástæðu hefur verið mokað sjaldnar þegar kemur norður fyrir Dalvík. En fleira kemur til. Ólafsfjarðarmúlinn er talinn mjög dýr í mokstri. Árið 1977 nam snjómokturskostnaður við hann 16.9 millj. kr. eða tæpri 1 millj. kr. á hvern km og var hvergi á landinu meiri, nema á Oddsskarði áður en göngin voru tekin í notkun. Af þessari ástæðu hefur Vegagerð ríkisins talið eðlilegt að halda í við snjómokstur, eins og gert er á allra erfiðustu fjallvegum, og gildir það sama um Oddsskarð, Fjarðarheiði, Breiðadalsheiði og Botnsheiði. Meðan snjólétt er er heimilt að moka þessa vegi tvisvar í viku, en þegar snjóar eru miklir telur Vegagerðin illgerlegt að moka oftar, þar eð stundum taki tvo til þrjá daga að moka þessa vegi í slíkum tilvikum og m. a. af þeirri ástæðu hefur Vegagerðin ekki treyst sér til að mæla með meiri mokstri á þessum leiðum.

Um snjómokstur á leiðinni Húsavík um Raufarhöfn og Þórshöfn til Vopnafjarðar er þetta að segja: Hafa verður í huga að hér er um mjög langa leið um strjálbýl héruð að ræða, eða rúmlega 250 km leið. Snjómokstri á þessari leið er núna hagað þannig, að mestöll leiðin er aðeins mokuð einu sinni í hálfum mánuði meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla, en heimilt er að opna vikulega haust og vor meðan snjólétt er. Þó eru gerðar undantekningar varðandi leiðina frá Þórshöfn til flugvallar og frá Raufarhöfn til flugvallar, og það sama gildir um Vopnafjörð. Aukinn snjómokstur á allri þessari leið mundi vafalaust kosta allmarga tugi millj. kr. árlega, auk þess sem vafalaust yrði að auka snjómokstur á ýmsum öðrum leiðum ef öll þessi langa leið yrði mokuð einu sinni í viku.

Á fjárl. eru ætlaðar 1150 millj. kr. til snjómoksturs, þar af er reiknað með 120 millj. kr. vegna halla frá árinu 1978, en raunverulegur halli mun hafa numið 250 millj. kr. Af þessari ástæðu hefur nú af ríkisstj. hálfu verið gert ráð fyrir að í lánsfjáráætlun verði aflað 130 millj. kr. til viðbótar við það sem í fjárl. er, ef þessar áætlunartölur eru miðaðar við óbreyttar reglur. Breytingar á snjómokstursreglum munu hins vegar valda því, að annaðhvort verður um stóraukinn halla á vegáætlun að ræða ellegar þá að nýbygging vega hlýtur að verða talsvert miklu minni en áformað er.

Ég tel, að það sé mjög eðlilegt að við tökum þessar snjómokstursreglur til endurskoðunar með jöfnu millibili, og legg á það áherslu, að þær séu rökfastar og sjálfum sér samkvæmar. Ég tek undir það með hv. þm., að ef hægt er að sýna fram á að um sé að ræða óeðlilega mismunun, án þess að hægt sé að rökstyðja hana með einum eða neinum hætti, þá er sjálfsagt að skoða það. Ég tel hins vegar að stóraukinn snjómokstur um allt land hljóti að verða erfiður fjárhagslega, einfaldlega vegna þess að nýbygging vega má ekki minni vera en hún er nú. Það er nú svo að enginn mokar snjó af þvílíkum krafti og vindur á vel uppbyggðum vegi. Og ég held að það sé skynsamlegra að við reynum að einbeita okkur sem allra mest að því að byggja vegina upp úr snjónum, þannig að verulega dragi úr snjómokstri. Ég verð hins vegar að segja, að mér virðist að leiðin milli Húsavíkur og Raufarhafnar hafi nokkra sérstöðu í þessum efnum. Á þessari leið er, eins og ég hef áður sagt, aðeins mokað tvisvar sinnum í mánuði. Síðan seinustu snjómokstursreglur voru settar hefur skipaferðum Skipaútgerðar ríkisins verið breytt á þann veg, að skipin hafa ekki lengur viðkomu á Kópaskeri. Það þýðir að í snjóþungu árferði er allur Axarfjörðurinn án samgangna á sjó eða landi og getur verið það í allt að hálfan mánuð í einu. Einnig verður að hafa það í huga, að mjólk er flutt til Húsavíkur. Þar að auki eru mikil náttúruumbrot á þessum slóðum og hafa verið undanfarin ár og allt útlit fyrir að þau haldi áfram enn um sinn. Ég tel því óhjákvæmilegt að gerð verði a. m. k. einhver breyting á snjómokstursreglum hvað snertir þessa leið milli Húsavíkur og Raufarhafnar. En það mun hafa kostnað í för með sér sem vafalaust verður ekki minni en 10-20 millj. kr. á ári, ef þarna yrði mokað einu sinni í viku.

Ég verð hins vegar að segja það að endingu, að jafnvel þótt einhverju verði nú hnikað til í sambandi við snjómokstursreglur, þá tel ég afskaplega mikilvægt að slíkar breytingar kosti það ekki, að ein allsherjarskriða fari af stað um allt land með stórfelldum breytingum á snjómokstursreglum, sem mundu óhjákvæmilega rýra nýbyggingafé í vegamálum um mörg hundruð millj. kr. Ég held, því miður, að við megum ekki við því.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af þessari fsp. og svörum hæstv. ráðh. um snjómokstur.

Ég vil fagna því, að hæstv. ráðh. hefur tekið vel í að breyta þessum reglum, og ég er honum sammála um að það er æskilegra fyrir okkur að stefna að því að byggja vegina betur upp, þannig að þeir teppist síður af snjó, heldur en að eyða mjög miklu fé í snjómokstur. Hins vegar verður ekki hjá því komist, að á ýmsum stöðum á landinu verða vegir aldrei þannig uppbyggðir að ekki þurfi að halda þeim opnum með snjómokstri. T. d. er það svo um Múlaveg, að ég held að hann verði seint þannig uppbyggður að þar falli ekki snjór á veginn. Þarna er um að ræða mjög erfiða aðstöðu fyrir fólkið sem við þetta býr, og ég vil taka undir það með hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að þarna er um lífæð fólksins að ræða. Það er ekkert um það að gera, ef á að bæta samgöngur á t. d. þessum stað, þá verður að standa betur að snjómokstri en gert hefur verið.

Það mun hafa verið í kjölfar þáltill., sem samþ. var hér á hv. Alþ. og ég flutti ásamt fleirum, sem reglur um snjómokstur voru síðast endurskoðaðar. Ég lýsti sérstakri óánægju minni yfir ýmsu að því er varðaði mitt kjördæmi í þessu efni og minnti þá bæði á Múlaveg og veginn frá Húsavík og austur á Þórshöfn. Ég vil nú segja í sambandi við það, að hv. þm. Stefán Valgeirsson hefði kannske getað beitt áhrifum sínum betur 1977, þegar ráðh. úr hans eigin flokki fór með þessi mál og breytti reglunum, en um það er nú ekki beint að sakast hér.

Ég vil samt taka undir það sem kom fram í hans málflutningi. Hér er um óviðunandi ástand að ræða að því er varðar núgildandi reglur um snjómokstur, og ég vil fagna því, að hæstv. ráðh. hefur tekið vel í þessi mál

almennt. En ég vil vekja athygli á því, að þó að meginstefnan hljóti að vera þessi sem kom fram í máli hæstv. ráðh., þá verður að taka snjómokstursreglur til athugunar á ýmsum stöðum þar sem uppbyggðum vegum verður ekki komið við til þess að samgöngur séu í eðlilegu horfi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er að sumu leyti nokkuð óánægður með viðhorf ráðh., hæstv. samgrh., til þessara snjómokstursreglna. Mér finnst snjómokstur ríkisins vera ónógur og á ég þá sérstaklega við vegi sem hér hafa ekki mikið verið ræddir nú, þ. e. a. s. þjóðbrautirnar. Það fellur geysilegur kostnaður á sum sveitarfélög og jafnvel þó að endurgreiddur sé helmingurinn af þeim kostnaði, sem er fram yfir 500 kr. á íbúa, þá er þarna um mjög miklar byrðar að ræða. Og það er illt við það að búa að hafa fannfergi, því það skapar ekki einungis geysilega erfiðleika og kostnað, heldur einnig öryggisleysi og orsakar óviðunandi aðstöðumun. Þetta er öðrum þræði jöfnun á aðstöðu manna til þess að lifa í landinu og þar með félagslegs eðlis, og þá er ekki óeðlilegt að sameiginlegur sjóður beri þessar byrðar að talsverðu leyti.

Auðvitað notast ekki peningar, sem eytt er í snjómokstur á veturna, til að byggja upp vegina á sumrin. Það er okkur öllum ljóst og þess vegna verður að gæta hófs í þessu efni. En aðalvegir ganga að öðru jöfnu á undan í uppbyggingu og þar með eykst aðstöðumunurinn enn vegna þess að þeir vegir, sem þó eru alloft mokaðir á ríkisins kostnað, taka líka til sín fjármagnið, sem til vegakerfisins fer, og aðrir eru látnir sitja á hakanum. Það er eðlilegt að taka aukið tillit til aðstæðna, og ég hefði viljað leggja til að það væri greiddur kostnaður oftar en haust og vor við að opna vegi, gegn e. t. v. einhverju mótframlagi heimamanna þannig að þeir yrðu ekki til þess að misnota þetta. Mér fyndist engin ofrausn að verja til þess peningum að opnað væri einu sinni í mánuði eða jafnvel tvisvar til fólksins í dreifbýlinu sem býr ekki við hringveginn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er sennilega erfitt að setja reglur um snjómokstur sem allir geta við unað. Þó verður því ekki neitað, að þegar litið er á Íslandskortið, sem snjómokstursreglur frá því í jan. 1977 hafa verið markaðar á, búa landsmenn við mjög ójafna aðstöðu í þessu efni. Og það verður vitanlega erfitt að jafna þessa aðstöðu öðruvísi en byggja upp vegina, eins og hér hefur verið tekið fram. Þó verð ég að segja það, að vitanlega veltur afskaplega mikið á að halda þeim leiðum vel við þar sem t. d. fara fram daglegir mjólkurflutningar. Einnig finnst mér ekki koma til mála að taka snjómokstursstæki, t. d. veghefla, úr sveitum þar sem þeir hafa verið um áraraðir, og vil ég þá tilnefna Snæfellsnes sunnanvert, en heyrst hefur að þaðan eigi að taka veghefil sem hefur þjónað þeim byggðum undanfarin ár mjög lengi. Auk þess verð ég að segja það, að ég tel að það mætti marka eða líta, skulum við segja, fleiri leiðir á þessu korti. Við sjáum þarna vegaleiðir þar sem aldrei fer hefill um, og vil ég þar nefna leið sem við Breiðfirðingar köllum „í kringum Strandir", þ. e. a. s. Klofninginn út með Hvammsfirði norðanverðum og inn með Gilsfirði sunnanverðum, svo og leiðina um Breiðavík „framan undir" Jökli, sem kallað er. Þarna mætti að mínum dómi a. m. k. — svo gætt sé ýtrustu hófsemi — fara hefill eða eitthvert annað tæki einu sinni í hálfum mánuði meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla og heimilt ætti að vera að opna vikulega haust og vor meðan snjólétt er. Þetta held ég að væri allra hófsamlegasta krafa eða ósk sem hægt væri að bera fram í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin, þó að ég verði að játa að ég var að gera mér vonir um fyrir fram að þau yrðu nú jákvæðari, þó að hins vegar fælist í svari hans úrbót á leiðinni frá Húsavík til Raufarhafnar. Ráðh. komst þannig að orði, að ef hægt væri að benda á mismunun væri sjálfsagt að athuga það. Ég reyndi í máli mínu áðan að koma fram með mynd af þessu, hvernig það væri, og ég held að það hafi komið glöggt fram að um mismunun er að ræða og ekki svo litla í þessu efni.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um að það verður að stilla þessum kostnaði í hóf eins og öðrum. En þegar farið er að athuga þetta kort og sést hvernig þessar reglur eru, þá kemur í ljós að það ætti a. m. k. að vera hægt að draga úr sums staðar miðað við það sem er gert víða annars staðar, þó ég sé ekki beint að koma með till. um að minnka snjómokstur annars staðar. En það væri nær að gera það miðað við þetta kort til þess að jafna þann mikla mun sem íbúarnir á ýmsum stöðum verða við að búa.

Í sambandi við Ólafsfjarðarmúla, þá hafa heimamenn óskað eftir því að fá að reyna að verktaki á Ólafsfirði taki að sér að hreinsa veginn fyrir Múlann og reikna með því, að hægt væri að gera það og halda honum opnum miklu fleiri daga fyrir svipað fjármagn og varið hefur verið til þess á undanförnu ári. Ég vil nú mælast til þess við hæstv. samgrh., að hann athugi með mér hvort ekki sé rétt a. m. k. að reyna þetta og sjá hvað út úr því kemur. Það hlýtur að vera markmið okkar allra að fá sem besta þjónustu fyrir þá svipað verð.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri löng leið frá Húsavík og austur í Vopnafjörð. Hún er enn þá lengri, held ég, en þetta, um 250 km, ég man það nú ekki, en það hlýtur að vera lengra. En það verður að athuga í þessu sambandi, að Raufarhafnarbúar t. d. hafa engan lækni og sækja sína læknisþjónustu til Þórshafnar, þannig að ég held að það verði að líta nánar á þetta mál. Og ég ítreka það líka, að það verði athugað um snjómokstur alla leið til Vopnafjarðar, hvort það sé ekki hægt, þó að farið sé út úr mínu kjördæmi.

Hv. þm. Lárus Jónsson sagði að ég hefði átt að geta haft áhrif á þessar reglur þegar þær voru settar, af því að það var ráðh. míns flokks sem setti þær. Ég held að þær séu yfirleitt ekki samdar af ráðh., heldur Vegagerðinni. Ég hef bréf fyrir framan mig um það, að oddvitarnir í Norður-Þingeyjarsýslu og sveitarstjórarnir voru á fundi einmitt um þetta bil hjá vegamálastjóra til þess að koma fram með sínar óskir og ég var á einum þessum fundi með þeim. En ég hygg, að vegamálastjóri eða vegamálaskrifstofan hafi lagt þetta til, það sé sannleikurinn í málinu. (Gripið fram í.) Ráðh. hefur æðsta vald og ráðh. getur breytt þessu, en ég var bara að skýra málið.

Hæstv. ráðh. sagði að sjö hreppar hefðu fengið endurgreiðslu. Mér telst nú til að það séu níu, en það skiptir ekki öllu máli. En af 3.5 millj. endurgreiðslu hafa 2.2 millj. farið í Norðurland eystra og það út af fyrir sig sýnir þörfina. Og t. d. í Svarfaðardal, eftir að búið er að borga þetta til baka, koma rúmar 1700 kr. á hvern íbúa í þeim hreppi. Ég tek þetta sem dæmi til að sýna fram á hvernig menn búa við misjafna aðstöðu að þessu leyti. T. d. í

Eyjafirði eru vegir í gegnum suma hreppana sem alltaf eru mokaðir, en á öðrum stöðum verða menn að moka á sinn kostnað að hálfu leyti, eins og kom fram í svari hæstv. ráðh.

Ég sé engin rök fyrir því, að t. d. á leiðinni til Dalvíkur sé mokað tvisvar í viku, en á milli Varmahlíðar og Sauðárkróks fimm daga vikunnar. Ég sé ekki neitt samræmi í þessu — eða eins og moksturinn er víða á Suðurlandi. Þó að væri mokað tvisvar í viku til Ólafsfjarðar, þá væri bara verið að rétta hlut hans og þyrfti ekki að koma aukinn mokstur annars staðar. Og ég sé það ekki eftir þessu korti, að þó að væri mokað einu sinni í viku um Norður-Þingeyjarsýslu til Vopnafjarðar, að það þyrfti að koma aukinn snjómokstur annars staðar þess vegna.

Ég endurtek áskorun mína til hæstv. samgrh. að líta líka til íbúanna þarna fyrir norðan.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég tel að forseti sýni nokkurt langlundargeð að hringja ekki oftar bjöllunni í þessari umr. Ég er ekki viss um að þingsalurinn sé rétti vettvangurinn til þess að fara svona ítarlega út í þessi mál.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar um vegamál, eins og hefur verið ráðstafað fjármagni til vegagerðar, að þeirri ráðstöfun sé ekki háttað eins og ætti að vera. Ég er á móti því að þm. séu að mylgra þessum peningum út um kjördæmin. Eftir að búið er að ætla hverju kjördæmi tiltekinn kvóta setjumst við þm. niður og ákveðum hvað eigi að fara í hvern vegarspotta. Ég tel að Vegagerðin sjálf eigi að ráða þessu. Hins vegar eigum við þm. að hafa valdið til þess að gagnrýna verk hennar og þá héðan úr þessum ræðustól. En ríkjandi fyrirkomulag ýtir undir heldur óviðurkvæmilega hreppapólitík og alls konar tækifærismennsku og lágkúru. Þegar búið er að ráðstafa peningum í tiltekinn kafla, þá eru menn býsna fljótir að senda skeyti til viðkomandi oddvita eða hringja í hann í síma: peningarnir séu til reiðu. En það er yfirleitt alltaf fullkomið samkomulag milli þm. um að þessir tilteknu peningar fari í þennan tiltekna kafla. Sá, sem fær heiðurinn, er hins vegar sá sem er fljótastur að hlaupa, fljótastur að koma skeytinu á framfæri.

Snjómokstur á vegum er að sjálfsögðu mjög þýðingarmikið mál fyrir kjördæmin víða, og þó ég taki undir það sem vinur minn, hv. þm. Friðjón Þórðarson, sagði áðan varðandi Vesturlandið, þá verðum við þó að viðurkenna að það eru önnur kjördæmi sem eiga við meiri erfiðleika að búa í þessum efnum heldur en Vesturland. Erfiðastir þar eru fjallvegirnir á Snæfellsnesi. Og ég tek fram, að ég er sammála þessum hv. þm. um að það ætti endilega áfram að vera veghefill á Vegamótum eins og verið hefur. Það væri best. En hinu getum við ekki neitað, að sunnanvert Snæfellsnesið er yfirleitt snjólétt og verulegir erfiðleikar verða þar að jafnaði ekki fyrr en vestur undir Jökli, hjá vinum okkar þar. Og það er hverju orði sannara, sem hv. þm. sagði hér áðan, að þar er mikil þörf fyrir aukinn mokstur. Mönnum er kannske ekki öllum kunnugt um það, að börn á þessu svæði sækja skóla alla leið í Laugagerði, æðilangan veg, og komast iðulega ekki í skólann vegna snjóa. (**Forseti:** Nú verð ég að fara að nota bjölluna.) Já, ég tek undir það. Það er rétt. Eitt vil ég þó segja að lokum í sambandi við Heydalinn. Við eigum allir að sameinast um að gera Heydalsveginn góðan, því það er sá vegur sem iðulega hentar best þegar heiðar lokast vegna snjóa. Þá er þetta heppilegasti vegurinn norður í land. Og svo eigum við að bæta veginn upp Laxárdal og yfir Laxárdalsheiði. Við eigum að taka höndum saman um þetta við Norðlendinga. Þannig bætum við Vestlendingar að sjálfsögðu líka vegaástandið í okkar eigin kjördæmi.

Ég vil í lokin ítreka þá skoðun mína, að umr. af þessu tagi eiga ekki heima í þessum sal. Þetta á allt saman að ræða á öðrum vettvangi. Og eins er það með vegaféð. Vegagerðin á að ráðstafa því sjálf, og það á að vera réttur okkar að gagnrýna hvort það hefur verið skynsamlega gert eða ekki. En þetta skipulag, sem ýtir undir alls konar lágkúru í viðskiptum við kjósendur, er alls kostar ótækt að mínum dómi.

Þrátt fyrir mikla þýðingu snjóruðnings á vegum og þrátt fyrir samgönguerfiðleika ýmsa hygg ég að þjóðin bíði með meiri eftirvæntingu eftir því, hvernig gangi að komast yfir það skarð, sem mætti kannske nefna Ólafsskarð, eða eigum við að segja: hvað sé að frétta af þeim ýtustjóra sem á að ryðja brautina yfir það skarð og heitir Ólafur.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Enda þótt ég vilji taka undir ýmislegt af því sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði um nauðsyn á snjóruðningum, þá hlýt ég nú að gera þá aths., að miklu meiri má snjókoma þessa vetrar hafa verið en ég gerði mér grein fyrir ef hæstv. núv. samgrh. á að hafa tekist á þessum fáu mánuðum að fremja meira óréttlæti í snjóruðningsmálum heldur en hæstv. samgrh. Halldóri E. Sigurðssyni tókst á fjórum árum.

Sannleikurinn er náttúrlega sá, að þau mál, sem að snjóruðningi lúta, heyra til yfirstjórnar vegamála fyrst og fremst, þó það sé rétt sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði, að hið æðsta vald er hjá ráðh. Það er rétt.

Ég er ekki algerlega sammála hv. þm. Jónasi Árnasyni um það, að þessi mál eigi ekki að koma til kasta þm. Ég hef orðið þess var, að það er mjög mikil þörf fyrir að þm. norðan úr landi fylgist talsvert með þessum málum.

Ég geri aftur á móti ekki kröfu til þess, að sett verði upp töluleg dæmi um hvernig hlutföll eigi að vera í snjóruðningi. Þar kemur til að þörfin fyrir snjóruðning er í fyrsta lagi talsvert undir veðri komin, undir snjókomu, og síðan kemur til aðkallandi þörf. Ég vildi gjarnan sjá meira fé ætlað til snjóruðnings á þessum slóðum þarna fyrir norðan, þannig að fremur sé hægt að ryðja eftir þörfum á þessum svæðum.

Snjóalög eru ákaflega misjöfn. Við lifum núna þann vetur þar sem snjór hefur verið öllu meiri um tíma á Suðurlandi en fyrir norðan. Og svo er þetta sem haft var eftir tveimur ungum Alþfl.-mönnum hér á alþingishúströppunum: Það er undarlegt þetta með snjóinn, hann kemur, og svo má ekki hlýna í veðri, þá er hann farinn.

Þörfin fyrir snjóruðning er síður en svo árviss á hinum ýmsu stöðum, a. m. k. á því horni Norðausturlands sem nafni minn Valgeirsson gerði ágæta grein fyrir áðan. Við vitum ósköp vel hve þörfin er misjöfn, og það kemur ekki bara til úrkoman eða snjóþyngslin, heldur hin aðkallandi þörf fyrir færa vegi á þessu svæði. Ég vildi því gjarnan sjá að meira fé væri ætlað til snjóruðninga, þannig að það væri tiltækt þegar á því þyrfti að halda.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi aðeins láta það koma fram, að mér finnst rétt að það verði reglulega endurskoðað með hvaða hætti

snjó er rutt af helstu byggðavegum á láglendi, m. a. með tilliti til þess, hvernig þeir vegir eru uppbyggðir, og þeirra breytinga, sem á þeim vegaköflum verða.

Það er ekki langt síðan gerðir voru á vegum menntmrn. útreikningar á því, hvað leið mætti vera löng milli byggðarlaga til þess að borgaði sig af ríkisvaldinu að kosta akstur skólabarna daglega milli byggðarlaganna fremur en að reisa skóla í byggðarlögunum báðum. Þetta var reiknað út, og ég man eftir því, að menn komu vestur á firði til þess að skýra Vestfirðingum frá því, að skv. þessum „normum" ætti ekki að kenna á Súgandafirði eldri börnum en 11 ára gömlum, öllum eldri börnum ætti að aka daglega milli Ísafjarðar og Súgandafjarðar vegna þess að vegaleiðin væri svo stutt. Hins vegar höfðu menn alveg gleymt að gera ráð fyrir vegarhæðinni, en því miður er vegurinn það hátt yfir sjó, að þarna er ekki fært um 6 mánuði á ári, og það var heldur verra að fella það undir „normin".

Menn hafa verið að spyrja um afdrif veghefilsstjóra. Ekki get ég neinu svarað um það. En ætli það fari nú ekki talsvert eftir því hversu lengi honum dvelst, hvort kaflald það, sem Alþýðubandalag heitir, er blindbylur, gerningaveður eða bara venjuleg hundslappadrífa. En saga er sögð um gáfaða menn, sem eitt sinn fóru til sjós og skildu fleytu sína eftir í vörinni þegar þeir komu að landi, gengu þar frá bæði fleytu og afla. Þegar þeir komu nokkru síðar hafði flætt, aflinn var horfinn, báturinn skemmdur og vélin ónýt. Þá spurðu menn, þegar þeir hittu næsta mann á förnum vegi úr þessum landshluta, hvernig það væri eiginlega vestur á fjörðum, hvort sjórinn væri misjafnlega djúpur. Og ég er ansi hræddur um að sumir menn verði að átta sig á staðreyndum lífsins, m. a. þeim staðreyndum, að sjórinn getur verið misjafnlega djúpur.

Endurskoðun á launakjörum hreppstjóra, fsp. (þskj. 167). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 167 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra. Hún er að efni til þannig, að spurt er um hvernig líði athugun og framkvæmd þál. frá 3. maí 1977 um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra. Till. til þál. um þetta efni var á sínum tíma flutt af hv. 2. þm. Vestf., núv. hæstv. dómsmrh.

Í umr., sem um þá till. urðu, kom fram að hreppstjórar taka nú laun skv. lögum nr. 32 frá 26. apríl 1965. Þótti þá og nú, að ég held, ástæða til að athuga ýmislegt í þessum lögum.

Það kom fram í umr. um fyrrnefnda till., að hreppstjórar eru umboðsmenn sýslumanna hver í sínum hreppi og vinna hin margþættustu störf. En störfin eru á hinn bóginn mjög breytileg eftir því hvar þeir eru staðsettir á landinu, en yfirleitt ákaflega mikilvæg, ekki síst þar sem löggæsla hvílir á þeirra herðum að verulegu leyti.

Fsp. um þetta sama efni var gerð á s. l. vori, en ekki gafst þá tími til að svara henni. Þar sem þessi þál. frá 3. maí 1977 er nú komin hátt á annað ár, finnst mér ekki úr vegi að bera þessa fsp. fram aftur nú.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Launakjör hreppstjóra eru ákvörðuð í lögum nr. 32 frá 1965, en framkvæmd þeirra laga heyrir undir dómsmrn. Launakjör eru ákvörðuð með tilliti til fjölda íbúa í hverjum hreppi.

Með vísan til 8. gr. þessara laga hefur fjmrh. breytt launum hreppstjóra miðað við þær breytingar sem orðið hafa á launum starfsmanna ríkisins frá því að lögin voru sett. Laun þessi hafa nú á síðustu árum fylgt þeim breytingum sem orðið hafa á launakjörum lögreglumanna, en hækkanir þar hafa verið meiri en margra annarra starfshópa í ríkiskerfinu.

Í þál. frá 3. maí 1977 er eigi að því vikið, á hvern veg Alþ. vill breyta launum hreppstjóra. Þó segir í grg. með þáltill., að lagt sé til með þessari till. að þóknunin verði endurskoðuð og m. a. metin eftir umfangi starfsins á hverjum stað. Samkv. 10. gr. fyrrnefndra laga setur dómsmrh. í reglugerð frekari ákvæði um hreppstjóra, störf þeirra og kjör. Ég tel eðlilegt að dómsmrn. hafi frumkvæði að þeim breytingum á lögum eða reglugerð, sem nauðsynlegar eru til að mál þetta fái þann framgang sem æskilegur er, en kemur ekki beint fram í þáltill. Ég hef kynnt mér hvernig þessi mál standa, og hæstv. dómsmrh. hefur sagt mér að verið væri að vinna að undirbúningi málsins í dómsmrn.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þetta svar. Ég tel að málið ætti nú að vera í nokkuð góðum höndum, ef þeir ráðh. báðir fjalla um það, hæstv. dómsmrh. og hæstv. fjmrh., ekki síst þar sem það var flutt á sínum tíma inn í þingsalina af hæstv. núv. dómsmrh. eins og ég sagði áðan. Þessa tvo miklu valdamenn vil ég samt minna á að horfa á hag þeirra sem aldrei bera fram kröfur út af kjörum sínum á þessum miklu kröfugerðartímum, því að það er víst sjaldan eða aldrei að þessi stétt manna í íslensku þjóðfélagi geri kröfur um bætt kjör. Þetta bið ég hæstv. ráðh. að hafa í huga.

Sameinað þing, 52. fundur.

Þriðjudaginn 13. febr., að loknum 51. fundi.

Kosning endurskoðanda reikninga Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára, frá 1. jan. 1979 til 31. des. 1980, samkv. 15. gr. l. nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands, í stað Einars Gestssonar, sem hefur sagt af sér.

Aðeins einn maður var tilnefndur. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:

Jón M. Guðmundsson, oddviti.

Fisklöndun til fiskvinnslustöðva, þáltill. (þskj. 39). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Varnir gegn olíumengun í nágrenni Keflavíkurflugvallar, þáltill. (þskj. 44). — Ein umr.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram þáltill. um athugun á olíumengun í jarðvegi í nágrenni Keflavíkurflugvallar og varnir þar að lútandi. Þessi þáltill. er nú búin að liggja fyrir þinginu alllengi og hefur ekki komist til umr. fyrr vegna anna hér í Sþ. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela utanrmn. Alþingis að láta rannsaka hversu mikil mengun hefur nú þegar hlotist af olíu í jarðvegi umhverfis Keflavíkurflugvöll. Athugað verði sérstaklega hversu mikil hætta stafar af olíumengun gagnvart vatnsbólum byggðarlaga á Suðurnesjum. N. kanni einnig réttarstöðu byggðarlaga á Suðurnesjum gagnvart afleiðingum olíumengunar af einu eða öðru tagi. Lögð verði áhersla á í athugun þessari að hafa náin samráð við stjórnir sveitarfélaga í nágrenni við Keflavíkurflugvöll. Störfum verði hraðað eins og kostur er."

Í grg. með till. segir svo, með leyfi forseta:

„Hér eru á ferðinni alvarleg mál sem kominn er tími til að tekin verði fastari tökum en hingað til virðist hafa verið gert. Fulltrúar sveitarfélaga á Suðurnesjum hafa tjáð flm. að nú sé aðeins tímaspursmál hvenær vatnsból nokkurra byggðarlaga á Suðurnesjum verði ónothæf vegna olíumengunar.

Í skýrslu, sem hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps lét gera 1970-1972, kemur ýmislegt fram sem vert er að athuga nánar. Þar segir m. a.: „Svo alvarlega er í þessum málum komið að búast má við í náinni framtíð algeru neyðarástandi víða hér syðra í neysluvatnsmálum, og er þá jafnframt átt við vatnið sem notast í fiskiðnaði, ef marka má skoðanir jarðeðlisfræðinga eins og að framan greinir." Síðan segir í sömu skýrslu: „Nefndin telur sig geta rökstutt það með fjölmörgum ábendingum að ekki mörg hundruð tonn af olíum og bensíni og ýmsu þrýstiloftsflugvélaeldsneyti, heldur margar þúsundir tonna hafa runnið út í jarðveg Keflavíkurflugvallar á umliðnum áratugum frá byggingu hans ... enn þann dag í dag streymir olían í tugum tonna út í jarðveginn af slysni, kæruleysi eða þekkingarleysi án þess að nokkuð sé að gert."

Þessar tilvitnanir í 6 ára gamla skýrslu sýna að enn er við sömu vandamál að stríða, án þess að mikið hafi hingað til verið gert til varnar og athugunar svo vitað sé. Sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum upplýsa að mjög hefur á undanförnum árum skort á samstarf þeirra aðila í utanrrn., sem með Keflavíkurflugvallarmál hafa farið, við sveitarfélögin á þessu svæði. Úr þessu þarf að bæta.

Í nágrenni við vatnsból þúsunda íbúa á Suðurnesjum liggja grafnir olíutankar og olíuleiðslur. Sums staðar má heita að vatnsból og olíutankar liggi nánast hlið við hlið. Mengun vatnsbóla er yfirvofandi og hljóta allir að sjá hver vá er fyrir dyrum ef slíkt á sér stað. Þá má heita að allt atvinnulíf á stórum hluta Suðurnesja fari endanlega í rúst."

Þannig hljóðar þáltill. og grg. sem þáltill. fylgir. Taldi ég rétt að rifja upp þennan aðdraganda málsins, þar sem svo langt er síðan málið var lagt fyrir hér á Alþingi.

Það er ljóst af skýrslum og umr. um þessi mál allt frá árinu 1969, að mikil olía hefur lekið í jarðveg á svæði umhverfis Keflavíkurflugvöll með ýmsum hætti um nokkurra áratuga skeið án þess að samstaða hafi náðst á meðal viðkomandi aðila, stjórnvalda sem þessi mál snerta, á undanförnum árum til varnar og aðkallandi rannsókna. Þessir aðilar eru m. a. heilbrrn., Heilbrigðiseftirlit ríkisins, embætti vatnsveitustjóra, varnarmáladeild utanrrn., Orkustofnun ríkisins, sveitarfélög á Suðurnesjum og bandarísk stjórnvöld. Allir þessir aðilar hafa á einn eða annan hátt tengst umr. um þessi mál á undanförnum árum án þess — og þá er miðað við þann tíma þegar þáltill. var lögð fram — að fullnægjandi rannsóknir og athuganir hafi verið gerðar. Ég tel því fullkomlega eðlilegt að Alþ. grípi hér í taumana tafarlaust og hafi forustu um að viðeigandi athuganir verði gerðar og ráðstafanir framkvæmdar svo að ekki hljótist tjón af þeirri yfirvofandi mengunarhættu sem er á þessum slóðum. Ég tel að utanrmn. Alþ. sé rétti aðilinn til þess að hafa á hendi stjórnina og gefi Alþ. skýrslu um störf sín. Ég tel að það verði ekki hvað síst hlutverk n. að samræma störf þeirra aðila, sem með þessi mál eiga að fara í stjórnkerfinu, og ráða fram úr þeim vandamálum sem hamlað hafa því, að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar.

Olíumengunarhætta á Keflavíkurflugvelli kom til umr. hér á Alþ. ekki alls fyrir löngu. Þar svaraði hæstv. utanrrh. fsp. frá hv. alþm. Ólafi Ragnari Grímssyni um tiltekna olíumengun frá stærsta flugskýlinu á Keflavíkurflugvelli. Kom m. a. fram í svari utanrrh., hvernig aðstæðum væri þar háttað, og leidd rök að því, hvernig staðið gæti á olíulekanum sem þarna var. Fram kom í þessum umr., að mengunarhætta vegna olíu, sem lekið hefði út í jarðveginn á undanförnum árum, var meiri en ástæða var til að ætla. Að gefnu tilefni skal það sérstaklega undirstrikað, að bandarískri herinn og þeir aðilar, sem hafa aðstöðu sína innan vallargirðingar, nota ekki sömu vatnsból og nálæg byggðarlög, heldur hefur vallarsvæðið eigin vatnsból.

Umr. og athuganir árin 1973—1975 um þessi mál fjölluðu m. a. einmitt um nauðsyn þess, að samtenging vatnsbóla vallarsvæðisins og nágrannabyggðarlaga færi fram, því mikið umframvatnsmagn er fyrir hendi í vatnsbólum innan vallarsvæðisins og vatnsból þess ekki í bráðri hættu vegna olíumengunar, eins og vatnsból nágrannabyggðarlaga á Suðurnesjum. Vegna þessa hafa bandarísk stjórnvöld ekki sameiginlegra hagsmuna að gæta við hagsmuni sveitarfélaga á Suðurnesjum, og þess vegna er bandarík jastjórn ekki endilega kappsmál að neysluvatn byggðarlaga á Suðurnesjum mengist ekki, enda virðist sem áhugi bandarískra stjórnvalda hafi verið mjög takmarkaður á að taka höndum saman með ýmsum áhugasömum aðilum innan íslenska stjórnkerfisins um framgang málsins, eins og t. d. fyrrv. heilbrrh.

Um það, hvort bandarísk stjórnvöld hafi nú vaknað til lífsins og breytt afstöðu sinni til málsins, skal ég ekki segja, en ljóst er, að þau eru ásamt öðrum ábyrg gagnvart hugsanlegum skaða sem olíumengunin getur valdið. Það, sem valdið hefur e. t. v. tregðu bandarískra stjórnvalda til þess að horfast í augu við raunveruleikann, er m. a. það, að þau hafa ekki viljað bera kostnað af rannsóknum, sem gera þarf, og framkvæmdum í framhaldi af þeim.

Í svari fyrrv. heilbrrh. við fsp. á Alþ. um olíumengunarmál í nágrenni Keflavíkurflugvallar á þingi 1974-1975 segir fyrrv. heilbrrh. um þetta mál, með leyfi forseta:

„Heilbrrn. hefur fyrir sitt leyti talið að hér væri um að

ræða kostnað sem greiðast ætti á sama hátt og annar kostnaður vegna framkvæmda innan varnarliðssvæðisins, en varnarmáladeild utanrrn. hefur enn ekki formlega tekið afstöðu til málsins og framkvæmdir við rannsóknina hafa því ekki farið af stað, því miður."

Segja má að þarna hafi málið strandað, því að ekki er vitað til þess, að varnarmáladeild utanrrn. hafi enn tekið formlega afstöðu til þess, hverjir eigi að bera kostnaðinn, bandarísk stjórnvöld eða íslenskir aðilar, eða hvernig kostnaðinum yrði skipt. Að því er ég fæ best séð af þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, hefur staðið á því, að till. um ákveðnar rannsóknir væru framkvæmdar, auk þess sem mér sýnist vera tilhneiging til þess að tefja málið með því að flækja það í stað þess að hefja framkvæmd á raunverulegri alvörurannsókn á olíumenguðum jarðvegi í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

Það var árið 1969 að Jón Jónsson jarðfræðingur vekur athygli á því, að mikil mengunarhætta sé yfirvofandi vegna olíu í jarðvegi í nágrenni Keflavíkurflugvallar og mikil hætta gagnvart vatnsbólum á Suðurnesjum. Þrátt fyrir viðvaranir Jóns Jónssonar var ekkert aðhafst í málinu innan ríkiskerfisins þrátt fyrir að utanrrn. hafi verið kunnugt um viðvaranir hans eftir því sem best verður séð. En í framhaldi af viðvörun Jóns ákveður hreppsnefnd Njarðvíkurkaupstaðar haustið 1970 að skipa nefnd heimamanna til að gera nánari frumathugun í málinu. Helstu niðurstöður n., sem fram komu árið 1972, hafa þegar verið kynntar hér á Alþ. og er m. a. að finna í grg. með þáltill. þeirri sem hér er til umr. Utanrrn. voru kynntar m. a. þessar niðurstöður, og enn var ekkert aðhafst í málinu. En í mars árið 1973 birtist í blaðinu Suðurnesjatíðindum grein undir nafninu „Vatnsból Rosmhvalaness í bráðri hættu" og í þessari grein var rætt um umbúnað olíugeyma neðanjarðar á svæði Keflavíkurflugvallar. Þá fyrst komst málið til kasta heilbrrn. og virtist þá einlægur vilji þar til þess að taka þetta mál föstum tökum. Til að rifja upp viðskipti nokkurra aðila á þessum tíma vil ég — með leyfi forseta — vitna í svar fyrrv. heilbrrh. á Alþ. 1975 við fsp. þessu varðandi, en fsp. fjallaði einmitt um olíumengunarmál í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Þar segir svo með leyfi forseta:

„Vegna þessarar fsp. er rétt að upplýsa að þetta mál var fyrst tekið upp í rn. fyrir rúmlega tveimur árum og var tilefnið það að hinn 16. mars 1973 birtist í blaðinu Suðurnesjatíðindum grein undir nafninu „Vatnsból Rosmhvalaness í bráðri hættu" og í þessari grein var rætt um umbúnað olíugeyma neðanjarðar á svæði Keflavíkurflugvallar. Hinn 26. mars 1973 ritaði rn. Heilbrigðiseftirliti ríkisins og vakti athygli þess á þessari grein og óskaði eftir að Heilbrigðiseftirlitið kannaði málið. Jafnframt ritaði rn. varnarmáladeild utanrrn. og vakti athygli þess á greininni og skýrði frá því að Heilbrigðiseftirlitinu hefði verið ritað um málið.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins svaraði með bréfi, dags. 27. mars, og upplýsti, að það hefði þegar hinn 20. mars ritað varnarmáladeild utanrrn. um þetta mál, og skýrði frá því að það hefði þegar hafið könnun á málinu.

Svar við bréfi rn. frá varnarmáladeild utanrrn. barst hins vegar 26. apríl 1973 og var þar skýrt frá því að varnarmáladeild hefði þegar verið tekin að kanna þetta mál áður en bréf heilbrrn. barst og hefði óskað eftir sérstakri umsögn varnarliðsins um málið. Niðurstöður þessarar könnunar voru afhentar varnarmáladeild 25. apríl 1973 og voru þær sendar með fyrrgreindu bréfi sem fskj.

Í bréfi varnarmáladeildar kom fram að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins eða einhver sérfræðingur frá þeirri stofnun gæti hvenær sem er sett sig í samband við varnarliðið fyrir milligöngu varnarmáladeildar og fengið þær upplýsingar sem óskað yrði eftir. Heilbrigðiseftirliti ríkisins var sama dag og rn. ritað um málið.

Með nýju bréfi, 27. sept. 1974, ritar varnarmáladeild rn. enn um þetta mál. Í þessu bréfi er rakið hvað gerst hafi í málinu, en óskað eftir því, að starfsmenn Heilbrigðiseftirlits ríkisins taki málið til athugunar, og því lýst yfir, að varnarliðið og varnarmáladeild séu sem fyrr reiðubúin til hvers konar aðstoðar í málinu.

Vegna þessarar beiðni varnarmáladeildar ritaði rn. Heilbrigðiseftirlitinu bréf 30. okt. 1974 og óskaði eftir því að gerð yrði könnun á olíumengun á Keflavíkursvæðinu, einkum með tilliti til þeirrar hættu sem vatnsbólum á þessu svæði stafaði frá olíumengun. Rn. barst niðurstaða af þeirri könnun, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerði með bréfi 19. febr. 1975. Þar skýrir Heilbrigðiseftirlitið frá því, að eftir að þessi tilmæli bárust hafi það unnið að þessum málum í samráði við sveitarstjórnarmenn á þessu svæði. Það, sem einkum var gert, var að kanna sérstaklega staðsetningu olíugeyma á flugvallarsvæðinu og í næsta nágrenni, bæði þeirra, sem enn eru í notkun, svo og hinna, sem lagðir hafa verið niður. Þá segir í þessu bréfi að í ljós hafi komið að mikil olía og fljótandi eldsneyti af ýmsum gerðum hafi farið niður í jarðveg á öllu þessu svæði og sums staðar hafi komið fram olíumengun í neysluvatni og þvottavatni, eins og t. d. við hraðfrystihúsið í Keflavík, en þar hafi orðið að leggja niður borholu af þessum sökum. Jafnframt skýrir Heilbrigðiseftirlitið frá því að á sjálfu flugvallarsvæðinu hafi borholur mengast og hafi flugvallarmenn, t. d. varnarliðið, orðið að flytja nokkrar borholur fyrir sig út fyrir vallarsvæðið. Niðurstaða Heilbrigðiseftirlitsins er sú, að í raun ríki hættuástand á þessu svæði og hugsanlegt sé að grunnvatn, sem í notkun er, kunni að mengast fyrr eða síðar.

Í þessu fyrrgreinda bréfi gerir Heilbrigðiseftirlitið tillögur um ákveðnar aðgerðir og rannsóknir til þess að geta gert sér betur grein fyrir því hvers vænta megi. Tillögur þess eru þannig:

1. Könnun á því, a. m. k. í nánd við þær borholur, sem nú eru í notkun, hvað olíumengun kunni að vera komin nálægt þeim jarðvegi og jarðlögum. Til þess að framkvæmda þessar rannsóknir telur Heilbrigðiseftirlitið að þurfi aðstoð Orkustofnunar ríkisins til að taka borkjarna.

2. Að kanna heildargrunnvatnsstöðu á Rosmhvalanesi með hæðamælingum yfir allt þetta svæði til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir hvar og hvenær beri að bora nýjar holur ef það sýnir sig að þær eldri séu í yfirvofandi hættu vegna aðsteðjandi olíumengunar.

3. Að gera meiri kröfur en nú er um aðgát og meðferð á olíu á vallarsvæðinu, þar með að gamlir olíugeymar, sem faldir eru í jörðu, verði teknir upp og fjarlægðir.

Bréf Heilbrigðiseftirlitsins upplýsti einnig að þær rannsóknir og aðgerðir, sem rætt var um, mundu taka 4 menn 2 mánuði, auk þeirrar vinnu sem Orkustofnun tæki að sér í sambandi við borkjarnatöku.

Að fengnu þessu bréfi Heilbrigðiseftirlits ríkisins ritaði rn. 24. febr. s. l. utanrrn. eða varnarmáladeild þess bréf, þar sem sent var með ljósrit af bréfi Heilbrigðis-

eftirlitsins. Heilbrrn. sendi þau tilmæli til varnarmálanefndar að hún tæki till. Heilbrigðiseftirlitsins um frekari rannsóknir svo og aðgerðir til athugunar. Þá lýsti rn. því sem skoðun sinni að tafarlaust þyrfti að gera þær aðgerðir sem Heilbrigðiseftirlitið legði til, og rn. taldi eins og málum væri háttað eðlilegt að þessi aðgerð færi fram á vegum varnarmáladeildar, en í samráði við Heilbrigðiseftirlitið og heilbrrn. eftir því sem kostur væri. Þá gerði rn. ráð fyrir því að allur kostnaður við þessar rannsóknir yrði greiddur á sama hátt og annar kostnaður við framkvæmdir innan varnarliðssvæðisins.

Rn. leitaði 21. apríl símleiðis til varnarmáladeildar utanrrn. og spurðist fyrir um hvort kannanir, sem fyrr eru nefndar, hefðu verið gerðar og fékk þær upplýsingar að svo væri ekki, málið væri enn í athugun hjá varnarmáladeild og lægi enn ekki fyrir að varnarmáladeild samþykkti að kostnaður af aðgerðunum yrði greiddur á þann veg sem heilbr.- og trmrn. hafði talið eðlilegast.

Sú grg., sem hér var flutt, svarar í raun öllum þeim spurningum frá hv. þm. sem hann hefur borið fram. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur gert tillögu um að þær rannsóknir, sem upp eru taldar í þessari fsp., verði gerðar. Heilbrrn. hefur fyrir sitt leyti talið að hér væri um að ræða kostnað sem greiðast ætti á sama hátt og annar kostnaður vegna framkvæmda innan varnarliðssvæðisins, en varnarmáladeild utanrrn. hefur enn ekki formlega tekið afstöðu til málsins og framkvæmdir við rannsóknirnar hafa því ekki farið af stað, því miður."

Tilvitnun í svar við fsp. frá Alþ. 1975, þar sem hv. þm. Oddur Ólafsson spurði um olíumengunarmál á Suðurnesjum, gefur ýmislegt til kynna, og ég taldi rétt að rifja þetta upp vegna þess að það varpar nýju ljósi á málið, þegar við ræðum það í dag. Af þessum viðskiptum og frumkönnunum má ljóst vera að ekki gekk samstarfið snurðulaust, og þó ekki sé tekið dýpra í árinni má segja að einhvern vilja hafi skort af hálfu varnarmáladeildar og bandarískra stjórnvalda til þess að bregða skjótt við, hvað þá ef vitnað er til bréfs varnarmáladeildar frá 20. maí 1975, — ég undirstrika: 20. maí 1975, eitt af því síðasta sem birtist um þetta mál á því tímabili. Og svo liðu 3 ár án þess að neitt hafi verið gert, a. m. k. ef marka mætti bréfaskriftir. 20. maí 1975 skrifar utanrrn., varnarmáladeild bréf til heilbrrn., svo hljóðandi:

„Vísað er til bréfs heilbrrn., dags. 24. febr. 1975, varðandi könnun á olíumengun á Keflavíkurflugvelli, er fylgdi ljósriti af bréfi Heilbrigðiseftirlits ríkisins, dags. 19. febr. 1975. Í bréfi sínu byggir Heilbrigðiseftirlitið tillögur sínar á staðreyndum sem varnarmáladeild kannast ekki við að séu réttar. Vill því þetta rn. hér með óska eftir afriti af skýrslu um rannsókn þá er Heilbrigðiseftirlitið framkvæmdi í málinu.

F. h. varnarmáladeildar,

Hannes Guðmundsson."

Í grg. með till. Heilbrigðiseftirlits ríkisins um það sem gera þarf er að finna lýsingu á meðferð olíu á vallarsvæðinu. Þar kemur fram að á 17 svæðum á Keflavíkurflugvelli, þar sem olía er geymd í tönkum eða meðhöndluð á annan hátt, hafi olía farið út í jarðveginn og valdið mengun. Mjög algengt orðalag í þessari grg. er: „geymslutankur sem hefur lekið í mörg ár." Í þessari grg. kemur einnig fram atriði sem skýtur dálítið skökku við þær upplýsingar sem fram hafa verið bornar nú fyrir stuttu um olíumengun vegna flugskýlisins, þaðan sem olían er talin hafa lekið út nú í haust og olli umr. á Alþ. fyrir skemmstu. En í grg. Heilbrigðiseftirlits ríkisins frá árinu 1974 segir að við svæðið við stóra flugskýlið, — takið eftir: svæðið við stóra flugskýlið, sem nú síðast lak olía frá s. l. haust og olli hér umr. og deilum á þingi, — í grg. Heilbrigðiseftirlits ríkisins frá árinu 1974 segir að við svæðið við stóra flugskýlið hafi farið mikil olía niður og um tíma hafi flugvélar verið þvegnar þar upp úr steinolíu, en síðan hafi olíunni verið veitt niður í holræsin, en vegna mikillar gasmyndunar í holræsum var hætt við þá aðferð og olían látin fara út í jarðveginn í grenndinni í nokkur hundruð metra fjarlægð frá vatnsbólum Njarðvíkinga t. d.

Annað mál er svo hitt, að ekki er aðeins þörf að aðgæta ástand olíugeyma og meðferð olíunnar almennt, heldur liggja um flugvallarsvæðið olíuleiðslur mjög víða sem eftir nánustu heimildum eru margar hverjar orðnar mjög mismunandi trosnaðar, þannig að rök eru að því leidd að þar leki mikið olíumagn út í jarðveginn á hverju ári.

Það er ljóst af því, sem hér hefur fram komið, að bregðast verði skjótt við og gera nauðsynlegar rannsóknir, eins og Heilbrigðiseftirlit ríkisins lagði til í fullu samráði við sveitarstjórnaraðila á svæðinu fyrir nokkrum árum, en þessar rannsóknir hafa enn ekki verið framkvæmdar svo að vitað sé né viðeigandi varúðarráðstafanir í framhaldi af þeim. Þetta mál fjallar ekki einungis um það að kanna mengunarhættu gagnvart vatnsbólum, heldur tryggja að sveitarfélög á Suðurnesjum og allur sá mikilvægi atvinnurekstur, sem þar fer fram, verði varinn fyrir því, að einn daginn stöðvi olíumengun þar allt atvinnulíf og neyðarástand skapist og jafnvel slys. Horfa verður því til framtíðar og búa þannig um hnútana að íbúar á Suðurnesjasvæðinu megi búa við öryggi í vatnsöflunarmálum. Og þá hlýtur ein leiðin í málinu að koma þar sérstaklega til greina: að leita nýs og öruggari vatnsforða fyrir svæðið.

Varnarmáladeild leitaði 1975 til Þórodds Th. Sigurðssonar vatnsveitustjóra og óskaði skýrslu frá honum um valkosti vegna framtíðarinnar í vatnsöflunarmálum fyrir Suðurnesin. Niðurstaða hans er m. a. sú, að samtenging vatnsveitu vallarsvæðis og Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkur komi þar sérstaklega til greina. En Þóroddur dregur í skýrslu sinni úr mengunarhættu vegna olíu gagnvart vatnsbólum í nágrenninu, þó hann mótmæli henni ekki, eins og komist er að orði. „Þó eigi verði á móti henni mælt."

Vonandi verður sú umr., sem hér hefur farið fram á árunum 1978 og 1979 um olíumengunarhættu, til þess að stigin verði alvöruframkvæmdaskref, — skref sem fyrir löngu hefðu átt að vera stigin. Þetta mál hefur þvælst og velkst í kerfinu án þess að á því hafi verið tekið réttum tökum.

Herra forseti. Máli mínu er nú senn lokið. Að síðustu vil ég leggja áherslu á að við áframhaldandi meðferð málsins verði samráð með sveitarfélögum á Suðurnesjum efld, því að það er grundvöllur þess, að heillavænleg niðurstaða náist.

Ég legg til að málinu verði vísað til utanrmn.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Enginn getur efast um að mengunarhætta frá Keflavíkurflugvelli, sérstaklega varðandi vatnsból sem eru mörg í nágrenni hans, er stóralvarlegt mál. Enginn vafi er á því,

og staðfestir það álit fjölmargra kunnugra, að meira eða minna af mengunarefnum, olíur þó mest af ýmsum tegundum, hafi farið út í jarðveg á þessu svæði allt síðan flugvöllurinn var byggður. Er þar ekki eingöngu um að ræða það sem flugvélum viðkemur, heldur einnig ýmsum vinnuvélum og fjöldamörgu öðru.

Við megum ekki gleyma því, að tiltölulega skammt er síðan almenningur og ráðamenn vöknuðu til skilnings á mengunarhættu yfirleitt. Elstu heimildir, sem ég hef fundið um áhyggjur manna út af Keflavíkurflugvallarsvæðinu, eru liðlega áratugs gamlar eða frá árinu 1968. Hefur þegar verið nefnt hér sumt af því sem gerðist þá skömmu síðar, og þarf ég ekki að orðlengja um það. Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps tók myndarlega forustu með nefndarskipun, og á árinu 1972, eftir hálfs annars árs starf, skilaði sú n. skýrslu sem oft hefur verið vitnað í. Blaðið Suðurnesjatíðindi tók málið upp og barðist mikið fyrir því. Það varð til þess að bæði varnarmáladeild og heilbrrn. tóku málið upp á árinu 1973 og Heilbrigðiseftirlit ríkisins var beðið um að gera athugun og till. um það.

Málið hélt áfram í athugun þessara aðila árið 1974, og snemma á árinu 1975 mun Heilbrigðiseftirlitið hafa gert till. þær sem hv. flm. hefur gert að umræðuefni. Þar var lagt til að gerðar yrðu boranir á þessu svæði til að komast að raun um hvar olía væri í jörðu og hve mikil, svo og fleiri aðgerðir sem hefðu átt að veita nánari upplýsingar um hver hætta raunverulega væri þegar fyrir hendi. Ekkert varð af framkvæmdum, og hefur venjulega verið borið við, að deilur hafi verið um kostnað. Eftir því sem ég kemst næst var málið þó örlítið flóknara, því að einn helsti sérfræðingur okkar í þessum málum, Þóroddur Th. Sigurðsson vatnsveitustjóri í Reykjavík, hefur alltaf haft efasemdir um gildi þess að gera miklar boranir. Hann bendir á að þar sem olía hefur í áratugi runnið út í jarðveg eins og þarna er, þar sem grunnvatnslagið er talið vera tiltölulega þunnt og ekki uppspretta önnur en regnvatn, gætu boranir orðið eins konar happdrætti, olía sé þarna í pollum og menn gætu borað með miklum kostnaði án þess að hitta á pollana, þannig að niðurstaðan verði alltaf mjög vafasöm. Þá bendir Þóroddur á annað atriði, að ef borað væri og borarnir hittu á olíupolla og borunarmenn yrðu þess ekki varir, þá gætu þeir hæglega borað í gegnum þá og niður að grunnvatninu. *Þannig yrði borunin til þess að ryðja olíunni leið.* Ég nefni þetta til þess að undirstrika að sérfróðustu menn okkar eru ekki alveg sammála um hvað gera þurfi.

Þá vil ég nefna, að á árinu 1975 hélt varnarmálanefnd fund með sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum og var m. a. mikið um mengun rætt. Annar slíkur fundur var haldinn í Stapa í maí 1976. Auk þess gerðu bæði jarðfræðingar og svo Þóroddur Sigurðsson sérstakar skýrslur um málið sem einnig liggja fyrir, þar sem mikið af upplýsingum er að finna. Margar af þessum upplýsingum komu fram, eins og frsm. tíundaði, þegar hv. þm. Oddur Ólafsson vakti máls á þessu vandamáli hér á þingi fyrir nokkrum árum.

S. l. haust gerðist það, skömmu áður en núverandi ríkisstj. tók við störfum, að hættulegur olíuleki varð frá stærsta flugskýlinu. Um það varð dálítil höggorrusta hér í þinginu sem við skulum ekki endurtaka, en það varð í raun og veru fyrsta atvikið, rétt áður en ég tók við embætti, sem leiddi mig inn í þetta mál á þeim vettvangi. Ég tók málið fljótlega upp í viðræðum, ekki í varnarmálanefndinni, heldur við yfirmann varnarliðsins sjálfan. Ég lagði á það ríka áherslu, að það mætti ekki líta á þetta sem tímabundið vandræðamál sem hefði komið upp einu sinni við þetta flugskýli, þetta væri sýnilega stórmál sem yrði að hugsa um í samfelldri þróun, mengun hefði gerst í áratugi síðan flugvöllurinn var reistur, yrði að reyna allt hvað mögulegt er til að komast fyrir þetta mál, afstýra hættu á frekari mengunum og reyna að veita Suðurnesjabúum, heimilum þeirra og atvinnuvegum eins fullkomið öryggi í þessum efnum og nokkur kostur er.

Þessum málflutningi mínum var tekið af skilningi, og varnarliðið brást af sinni hálfu þannig við að láta senda eftir tveimur sérfræðingum til Bandaríkjanna, sérmenntuðum verkfræðingum einmitt á sviði mengunar og slíkra mála. Ég kvaðst þá óska þess að fá að láta íslenskan sérfræðing starfa með þeim og fylgjast nákvæmlega með því sem þeir gerðu og legðu til. Þóroddur Th. Sigurðsson, sem áður hafði verið trúnaðarmaður varnarmáladeildar í þessum efnum og er tvímælalaust sérfróðastur manna hér á landi um vatnsveitumál, fylgdist með þessum athugunum og hefur gefið um þær skýrslu sem ég hef fyrirliggjandi og get að sjálfsögðu látið hv. utanrmn. fá til athugunar þegar till. kemur þangað.

Gerðar hafa verið margvíslegar ráðstafanir í kringum flugskýlin og á öðrum stöðum þar sem Þóroddur og hinir tveir amerísku sérfræðingar töldu að gera þyrfti ráðstafanir miðað við það, sem áður hefur verið gert. Ég þarf ekki að nefna að varnarliðið hefur kostað það algerlega, enda hafa þetta allt saman verið staðir og aðstæður við mannvirki sem það verður að teljast bera ábyrgð á, enda þótt t. d. margumrætt flugskýli, þar sem atvikið í haust kom fyrir, sé jöfnum höndum notað af Íslendingum. Eru Boeing-flugvélar Flugleiða þar tíðum inni og þeim er að mestu leyti haldið þar við, svo að við eigum nokkurn hlut að þessu máli og er engin ástæða til að draga dul á það.

Þegar þetta hafði gerst fannst mér að stíga þyrfti einu skrefi lengra til að tryggja það, að nú dytti málið ekki niður, eins og það virðist hafa gert einu sinni eða tvisvar áður. Í því skyni skipaði ég sérstaka n. þriggja manna sem eiga að fylgjast með mengunarhættu á flugvellinum og umhverfis hann og gera þær ráðstafanir eða tillögur um ráðstafanir sem þeir telja þörf á. Formaður þessarar n. er Þóroddur Th. Sigurðsson, en auk þess eru í henni Eyjólfur Sæmundsson deildarverkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Jóhann Sveinsson heilbrigðisfulltrúi Suðurnesja. Heilbrigðisfulltrúinn starfar jöfnum höndum fyrir öll sveitarfélögin sem land eiga á Keflavíkurflugvelli, þannig að hann hefur föst tengsl við allar sveitarstjórnirnar.

Það er ætlun mín, að n. fylgist með þessum málum og eigi aðgang að öllu flugvallarsvæðinu hvenær sem henni þóknast.

Varnarliðið hefur af sinni hálfu skipað 4 menn sem eiga að hafa samband við n. og tryggja að engin fyrirstaða verði og væntanlega koma minni háttar kvörtunum á framfæri, en þær, sem meiri háttar eru, fara annaðhvort í varnarmálanefnd eða til annarra aðila í rn. Þessir aðilar munu m. a. byrja á því að meta hvort ástæða sé til að gera víðtækar boranir og bera sig þá saman við skoðanir Þórodds Th. Sigurðssonar.

Það hefur líka verið á dagskrá, sem hv. frsm. nefndi, að hafa þann möguleika opinn hvenær sem er að geta tengt vatnsveitu Njarðvíkur við vatnsveitu flugvallarins og þá fram hjá núverandi vatnsveitubólum Njarðvíkinga sem

talin eru vera í mestri hættu, töluvert meiri hættu en t. d. vatnsveituból Keflvíkinga. Þar að auki eru svo vatnsveitu- eða mengunarmál nærri Sandgerði og radarstöð sem þar er, en nú er verið að gera varanlegar ráðstafanir til að forðast hættur með byggingu á nýju og fullkomnu frárennsli.

Ég geri mér vonir um að gagn verði af þessari nefndarskipun sem kemur í kjölfar þess vandamáls, sem skapaðist s. l. haust, og þeirrar ríku áherslu sem ég hef lagt á það við yfirvöld varnarliðsins, að þetta sé alvarlegt mál sem ekki sé hægt að leysa með því að lappa upp á það sem bilar, þegar eitthvert smáatvik gerist, heldur verði að líta á í samhengi. Ég vænti þess, að okkur takist þannig að fá fram það eftirlit sem framast er hægt. Rísi aftur vandamál um kostnað í sambandi við einhverjar aðgerðir sem þessi n. og þá væntanlega sveitarstjórnir á Suðurnesjum eru sammála um, þá verðum við að ganga í að leysa það eftir því hvers eðlis það er, hvort það er talið eiga að greiðast af varnarliðinu eða einhverjum öðrum aðilum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil færa hv. 4. landsk. þm. þakkir mínar fyrir að flytja þetta þarfa mál. Hér er að sjálfsögðu um mikið vandamál að ræða. En ég vil geta þess, að þáttur Alþingis í því að vekja athygli á þessu vandamáli er nokkur, því að þegar á árinu 1972 fluttum við þrír þm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi till. til þál. varðandi þetta mál. Þar var skorað á ríkisstj. að láta kanna réttarstöðu tjónþola vegna ýmiss konar skaða af völdum Keflavíkurflugvallar og flugþjónustu þar í kring, þar sem m. a. var getið um mengunarhættu vegna olíuleka. Síðar flutti ég svo fsp. um framkvæmd þessarar þáltill. Þá svaraði hæstv. þáv. og núv. forsrh. því til, að málið væri í athugun hjá utanrrh. og dómsmrn. Hv. 4. landsk. þm. hefur getið rækilega um þá fsp. sem ég flutti hér 1975 varðandi þetta mál.

Hæstv. utanrrh. sagði í sinni ræðu m. a. að málið væri nú komið á framkvæmdastig. Þetta er alveg rétt, og ég held að þáttur hans í þessu máli sé mjög góður. En málið hefur, þar til það komst á framkvæmdastigið, verið á athugunarstigi, og ég held að það, sem við höfum vakið athygli á bæði 1972 og síðar, hafi að sjálfsögðu haft þá þýðingu að varlegar hafi verið farið í umgengni með olíu á flugvellinum en fram að því hafði verið gert.

Ég verð að segja að ég taldi nokkurt öryggi um að þessi mál yrðu tekin alvarlegum tökum þegar Heilbrigðiseftirlit ríkisins var komið í málið. Af kynnum mínum við þá stofnun lít ég svo á, að því máli sé nokkuð vel borgið sem sé í þess höndum, og ég held að unnið hafi verið að þessum málum enda þótt á framkvæmdastig væri ekki komið fyrr en nú.

Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög mikla festu í þessum málum og snögg viðbrögð. Ég held að þessi n., sem skipuð hefur verið, sé mjög vel skipuð, góðir menn séu þar að verki og menn sem þekkja til þarna. Og ég vil vekja athygli á því, að ég held að í einni af þeim ræðum, sem um þessi mál hafa verið fluttar hér í þingi, sé þess getið, að ástæða væri til að leggja til hliðar fjármuni sem grípa mætti til, og þá að sjálfsögðu fjármuni sem kæmu frá tekjum af Keflavíkurflugvelli, ef skyndilega þyrfti að leggja í nýjar neysluvatnsframkvæmdir fyrir Suðurnesin. Slíkt getur að sjálfsögðu gerst, og þá getur verið óþægilegt að hafa ekki sérstakt fjármagn að grípa til. Með því að byrja nú þegar að leggja til hliðar mætti vera betur viðbúinn því áfalli sem yrði ef þyrfti að afla neysluvatns úr fjarlægð.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að taka með örlitlum hætti þátt í þessum umr. sem eru hér um þáltill. hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar um rannsókn á vatnsbólum á Keflavíkurflugvallarsvæðinu. Hér er vissulega ekki um neitt nýtt vandamál að tefla og alls ekki heldur ástæðulaust að enn þá skuli vakin athygli á því. Það hefur ekki farið fram hjá neinum, sem hafa starfað að svokölluðum varnarmálum í mörg undanfarin ár, að hér væri vaxandi hætta á ferðinni, m. a. vegna útfærslu byggða á þessu svæði.

Ég vil gjarnan endurtaka það, sem ég held að hafi komið fram hjá hæstv. utanrrh., að fyrir nokkrum árum, að ég hygg þrem árum, var látin fara fram sérstök athugun á þessum málum, á aðstöðu íbúa þessa svæðis til að afla sér hreins og ómengaðs vatns, og var vissulega full ástæða til þess. Sú n. eða starfshópur sem þá starfaði, — ég hygg að það hafi verið 1976, ég er því miður ekki með þessa skýrslu við höndina, — starfaði undir forustu Þórodds Th. Sigurðssonar vatnsveitustjóra í Reykjavík og þar kemur ýmislegt athyglisvert fram, t. a. m. að það er ekki einungis um olíumengun að ræða á þessu svæði, heldur einnig að vatnið er sjóblandað og mætti kannske nefna það sjómengun. Allt þetta hefur valdið því, að menn á þessu svæði eru áhyggjufullir um að hreint og gott vatn verði ekki fyrir hendi, og þá er auðvitað leitað ráða til þess að ráða bót á því ástandi. Mér skilst og skildist alla tíð sem páv. utanrrh., að það væri a. m. k. matsatriði, ef ekki nokkuð sjálfgefið, að það bæri fremur að leita nýrra vatnsbóla á þessu svæði heldur en taka til borana á þessu svæði sem hugsanlega gætu leitt til jafnvel verra ástands en þess sem þar þó ríkir nú.

Ég er fyllilega samþykkur þeim ráðstöfunum sem hæstv. utanrrh. hefur nú beitt sér fyrir að framkvæmdar verði í því skyni að leita að hreinu vatni og bæta það ástand sem þarna er. En ég kemst ekki hjá því að undirstrika það, að það er margt fleira en olíumengun sem þarna er um að tefla. Byggðin á þessu svæði hefur þést svo verulega að þar eru miklu erfiðari viðfangsefni nú við að glíma heldur en áður var, auk þess sem réttilega hefur verið á það bent af hæstv. ráðh., að við erum tiltölulega nývaknaðir til meðvitundar um mengunarhættu á þessu landi. Við höfum talið okkur kannske allt of lengi trú um það, að við byggjum í svo hreinu og óspilltu umhverfi að við þyrftum litlar sem engar ráðstafanir að gera til að viðhalda því ástandi.

Eitt af því, sem á tímabili var talin hætta á að mengaði vatnsból Reyknesinga, voru sorphaugar sem varnarliðið og jafnvel sveitarfélög líka höfðu myndað á þessu svæði. Afleiðingin af þessum ótta varð svo sú, að ráðist hefur verið, eins og kunnugt er, í byggingu nýrrar sorpeyðingarstöðvar á þessu svæði með þátttöku varnarliðsins. Ég vænti þess, að þessi ráðstöfun muni einnig, ásamt þeim sem til þurfa að koma og í undirbúningi eru, verða til þess að bæta þær aðstæður sem þarna er við að búa.

Ég vil að engu leyti gera lítið úr því vandamáli sem hér er um að tefla. Þetta er sameiginlegt vandamál þeirra sem Suðurnesin byggja, hvort sem þeir eru íslenskir eða annarrar þjóðar, meðan það ástand varir við.

En um málsmeðferð að öðru leyti langar mig að segja örfá orð.

Till. gerir ráð fyrir að utanrmn. láti fara fram sérstaka

rannsókn á þessu atriði. Hér er komið að mjög veigamiklu atriði í starfsemi þm. að mínu mati. Það er sem sagt það atriði sem hér hefur áður verið gert að umtalsefni, hvort þm. hafi vald eða eigi að hafa það vald að gerast rannsóknaraðilar. Nú er hér á döfinni í hv. Alþ. vísir að slíkri rannsókn, þar sem er starf allshn. Nd. Alþingis á svokölluðu Laxalónsmáli. Mér er ekki enn þá ljóst hvaða niðurstaða verður úr því þingskapalega og stjórnarfarslega séð. En mér finnst að það verði að gera sér grein fyrir því og hv. alþm. verði að gá vel að því og mynda sér um það rökstudda skoðun, studda á sérfróðum álitum, hvort nefndir, t. a. m. utanrmn., þar sem ég hef nú formennsku á hendi í svipinn, hafi vald til þess að framkvæma slíka rannsókn, geti kvatt fyrir sig umrædda aðila, geti lagt þeim á herðar tilteknar skyldur, þ. e. a. s. hvert verksvið n. er. Mig minnir að í till. sé aðeins gert ráð fyrir að n. gefi skýrslu til Alþingis. Slíkt er auðvitað framkvæmanlegt, en þó því aðeins að þeir menn, sem til yfirheyrslu — ef ég mætti taka svo til orða — eru kvaddir, vilji af fúsum og frjálsum vilja gefa sig fram við n. og svara þeim spurningum sem hún leggur fyrir þá. Hér er um að tefla mjög þýðingarmikið atriði í störfum Alþingis, og er nauðsynlegt að mínu mati að fram fari allsherjarkönnun á því, hvert valdsvið slíkar n. hafa. Meðan það liggur ekki fyrir vil ég ekki undirgangast það skilyrðislaust að gangast fyrir sem formaður umræddrar n. þeirri könnun sem till. gerir ráð fyrir. Ef hins vegar sérfræðingar og Alþingi sjálft kemst að þeirri niðurstöðu, að þetta sé eðlilegt og rökrétt verksvið þessarar tilteknu n., þá mun ég ekkert skorast undan því fyrir mitt leyti að takast það hlutverk á herðar.

Ég heyrði flm. leggja til að þessari till. yrði vísað til utanrmn. til athugunar, og þar mun þá þetta tiltekna atriði koma til meðferðar fyrst og fremst eða í upphafi, skulum við segja. Fyrr en niðurstaða um það liggur fyrir mun ég fyrir mitt leyti ekki lofa að gangast fyrir slíkri rannsókn, enda þótt ég telji að það sé fullkomlega eðlilegt að Alþ. láti málið til sín taka. En ég bendi á það, að fram undir þetta a. m. k. hefur það verið venjan og sú aðferð, sem við höfum búið við, að viðkomandi rn. hafi framkvæmt tiltekna rannsókn og lagt síðan niðurstöður fyrir Alþ., sem síðan hefur tekið ákvörðun um hvort frekar skyldi í málinu gera eða ekki.

Ég endurtek það, herra forseti, að ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að mengunarmál á þessu tiltekna svæði, Reykjanessvæðinu, eru brennandi spursmál og verður að leita leiða til úrbóta. Ég hef áður sagt að þeir sérfræðingar, sem ég studdist við meðan ég starfaði að þessum málum, voru þeirrar skoðunar, að fremur bæri að leita að nýjum vatnsbólum heldur en taka áhættu af nýjum borunum sem gætu leitt til jafnvel verra ástands en fyrir hendi er. En ef ný n. og ný augu sjá betur, þá er sjálfsagt að hafa það sem betur reynist.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hv. síðasti ræðumaður komst svo að orði, að hér væri verið að ræða um „vatnsból á Keflavíkurflugvallarsvæðinu". Ég veit reyndar um þennan hv. þm. að ekki er þannig komið fyrir honum að hann vilji fara að nefna Suðurnesin „Keflavíkurflugvallarsvæði", þetta svæði hefur heitið Suðurnes hingað til, þessi byggðarlög, enda segir í grg. með þeirri ágætu till. sem hér er til umr., að „athuga að verði sérstaklega hversu mikil hætta stafar af olíumengun gagnvart vatnsbólum byggðarlaga á Suðurnesjum".

Ég lýsi yfir stuðningi mínum við þessa till. og vek um leið athygli á því, að þeir tveir menn, sem helst hafa um þessi mál fjallað hér á þingi, — og hef ég þó ekki gleymt hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, því að hann gerði það líka, — þessir tveir menn eru annars vegar aldursforseti þingsins, Oddur Ólafsson, sem gerði þetta rækilega, að ég hygg 1975 og raunar oftar, og svo hins vegar yngsti þm., Gunnlaugur Stefánsson. Ég vona að þetta sé góðs viti. Þarna er þó a. m. k. ekki um neitt kynslóðabil að ræða.

En öll er historía þessi hin skrýtnasta. Aftur og aftur liggur það fyrir að um mjög alvarlega mengun er að ræða á Suðurnesjum, svo alvarlega, eins og segir í grg. með till. að ef svo heldur fram sem horfir, þá gæti svo farið að „allt atvinnulíf á stórum hluta Suðurnesja fari endanlega í rúst."

Þessi ágæti ungi þm. notar orðið „endanlega" að sjálfsögðu ekki af tilviljun. Hann gerir sér ljóst hvað hefur verið að gerast að undanförnu. Atvinnulíf á Suðurnesjum hefur smám saman verið að fara í rúst. Ástæðan til þess er auðvitað ekki olíumengun. Ástæðan til þess er herstöðin sem hefur sogað til sín vinnuafl og valdið því, að út af hafa lagst þýðingarmiklar atvinnugreinar á Suðurnesjum. Það eru ýmsir sem veigra sér við að ræða þessa hlið málsins, en aftur á móti aðrir sem gefa þessu rækilegan gaum, þ. á m. þm. Reykn., hv. þm. Gils Guðmundsson og hv. þm. Geir Gunnarsson, sem flutt hafa till. um atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum til að hamla gegn þessari þróun. En nú er ástandið orðið svona, eftir því sem þessi ungi þm. segir, að afgangurinn af atvinnulífi á Suðurnesjum er í hættu vegna mengunar frá Keflavíkurvelli!

Ég ætla ekki að fara út í hinar ýmsu tegundir mengunar sem stafa frá Keflavíkurflugvelli, slíkt er ekki til umr. hér undir þessum dagskrárlið. En umhugsunarefni má það vera mönnum, að sú n., sem heitir því göfuga nafni varnarmálanefnd og hefur aftur og aftur verið beðin að athuga þetta mál og gera eitthvað í því, hefur ekki gert neitt, enda hefur það verið plagsiður þeirrar n. að taka alltaf svari Ameríkana þegar um er að ræða eitthvert ágreiningsmál milli Ameríkana annars vegar og Íslendinga hins vegar. Ég efast um að nokkurs staðar — og er þá mikið sagt — sé íslenskur undirlægjuháttur á því stigi sem hann er í varnarmálanefnd. Eitt er a. m. k. víst, að varnarmálanefnd virðist ekki líta á það sem hlutverk sitt að sjá um varnir gegn mengun.

Og nú kemur hæstv. utanrrh. og segir okkur að búið sé að setja n. til þess að fara í þetta mál, — þetta mál sem hefur legið fyrir, eins og nú hefur verið lýst, árum saman. Það þýðir ekkert að tala um að við séum núna allt í einu að uppgötva mengun, menn hafi ekki uppgötvað mengun fyrr en fyrir 10 árum eða svo. Menn hafa löngum vitað hvað mengun var. Á sveitabæjum á Íslandi hafa þau slys orðið annað veifið, að runnið hefur úr fjóshaugnum saman við drykkjarvatnið í brunninum eða læknum. Ég tala hér líkingamál varðandi Keflavíkurflugvöll. Olíumengun hefur verið þekkt víða um lönd síðan farið var að bora eftir olíu. Og hér koma mér í hug þær furðulegu upplýsingar sem hæstv. utanrrh. hefur eftir mesta sérfræðingi í borunum og vatnsleit á Íslandi, að það sé stórhættulegt að bora þarna suður frá eftir vatni, vegna þess að allar líkur séu á því að upp komi olía.

Hæstv. utanrrh. er búinn að setja n., sem á að vinna að

þessum málum. Mætti ég beina því til hæstv. ráðh., hvenær n. fór af stað. Eru 3—4 mánuðir síðan eða lengra? Ég held að það sé einir 5 mánuðir. (**Utanrrh.:** Nefndin var skipuð í janúar.) Janúar, ekki fyrr. Þá spyr ég: Hvernig í ósköpunum stendur á því, að hún var ekki skipuð fyrr? Ég veit ekki betur en að þessi mengunarmál þar suður frá hafi verið eitt fyrsta mál þingsins. Ég held að þessi ungi þm. hafi komið hér upp utan dagskrár á einhverjum allra fyrstu dögum þingsins til að ræða þessi mál. Og svo er það ekki fyrr en í janúar sem flokksbróðir hans, hæstv. utanrrh., tekur sig fram um að skipa þessa n. Það hljóta að vera heldur en ekki úrvalsmenn, þessir þrír sem eru í henni, úr því að svo löng var leitin að þeim.

Ég þarf náttúrlega ekki að segja hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni hvaða ráð er best til þess að fyrirbyggja mengun frá Keflavíkurflugvelli. „Á skal að ósi stemma," sagði Þór, og í þessu sambandi merkir ós ekki það sem orðið merkir í dag, eins og þið vitið. Við komum að sjálfsögðu í veg fyrir þessa mengun og aðra, sem stafar af Keflavíkurflugvelli, með því að losa okkur við herstöðina sem þar er. Og gleður mig sérstaklega sú vitneskja, að þessi hv. ungi þm. er sama sinnis og ég í þessu efni, þó að hann hafi vegna einhverrar kompásskekkju lent í Alþfl.

Ég held að ég hafi svo ekki meira að segja að sinni um þetta, vil enda ekki tefja fundinn með lengri ræðu. Ég endurtek þó það sem ég sagði áðan, að ráðið til þess að kippa hlutum í lag á Suðurnesjum er að sjálfsögðu það sem þeir tveir hv. þm., Gils Guðmundsson og Geir Gunnarsson, leggja til: að gera áætlun um uppbyggingu þarna, áætlun um að reisa við eðlilegt íslenskt atvinnulíf og þar með manndóm á Suðurnesjum.

Ég tek eftir því, að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er með aðra till., og það er till. þess efnis, að í hina svonefndu varnarmálanefnd verði teknir fulltrúar frá samtökum launþega, vinnuveitenda og sveitarfélaga á Suðurnesjum, þessu fólki verði tryggð aðild að n. Þetta er náttúrlega sjálfsagt, svo fremi í þessa n. veljist góðir menn. En ég hef ekki, því miður, það traust á öllum verkalýðsforustumönnum þar syðra að þeir muni bæta stórlega samkvæmið. Ég hef ekki það traust á því fólki sem stendur í þessum ræðustól og emjar yfir því, að það eigi að segja upp fleiri en ráðnir eru á Keflavíkurflugvöll, — ég hef ekki það traust á því fólki, að ég telji að það bæti þetta samkvæmi. Hins vegar má segja að lýðræðislega sé þetta sjálfsagt og rétt, og undir þetta tek ég þá líka með þeirri ósk, að einhverjir góðir og heiðarlegir alþýðumenn á Suðurnesjum fái sæti í þessari n., sem því miður er ekki skipuð fólki af því tagi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil undirstrika sérstaklega eitt í ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Jónasar Árnasonar, sem ég tel að rétt sé að heyrist oftar hér í þessum umr. Það er ljótt að heyra að þarna er við vandamál að stríða. Það er búið að útsvína allt í olíu, og Bandaríkjamenn eru búnir að eitra fyrir Suðurnesjamenn og það í bókstaflegri merkingu. Utanrrh. hafði seinast þegar varnarliðið bar á góma hér í hv. Sþ. áhyggjur af því, að nú fengju ekki nógu margir Íslendingar að vinna hjá hernum, það væri að verða samdráttur þar. Ég held að áhrifaríkasta ráðið til þess að kippa þessum málum í lag væri að láta þennan bandaríska her fara.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Ég held að aðalmálið sé nú það, að þessu máli verði hraðað í gegnum þingið eftir því sem mögulegt er. Það hefur lengi beðið á dagskrá funda eftir því að verða rætt. Á meðan hefur mengunin haldið áfram að síast í gegnum jarðveginn á Suðurnesjum. Ég vil nú taka það sérstaklega fram, að mér sýnist hæstv. utanrrh. hafa tekið rösklega á málinu, og mér sýnist, að ef haldið verður áfram á sömu braut og mörkuð hefur verið nú þegar, þá verði lögð áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir, framkvæmdaaðgerðir, þannig að Suðurnesjafólk megi búa við traust vatnsból og gott vatn á ókomnum árum.

Það er alveg ljóst, þegar litið er yfir sögu þessa máls, að það hefur snúist og velkst í kerfinu á milli stofnana, milli rn., á milli deilda o. s. frv., án þess að nokkur hafi raunverulega séð ábyrgð sína og séð ástæðu til að taka alvörufrumkvæði og ráðast að málinu, rannsaka það og leysa vandamál og koma á fót alvöruaðgerðum. Á þetta virðist hafa skort. Einnig virðist hafa skort á undanförnum árum vilja til þess að taka málin föstum tökum. Og síðast en ekki síst kostar slíkt átak sem þetta peninga. Ekki hefur verið reiknað með fjármagni til slíkra rannsókna sem þessara á fjárl., hvað þá framkvæmda, og stofnanir eru jafnan nískar á framlög af eigin fé til nýrra framkvæmda og rannsókna, ef ekki er fyrir fram gert ráð fyrir því í fjárl. Þannig hefur allt hjálpað til þess að málið hefur velkst í kerfinu án þess að sýnilegum árangri hafi verið náð fyrr en nú, að hæstv. utanrrh. sér ábyrgð sína og sýnir frumkvæði, sýnir vilja til þess að taka málið föstum tökum, segir að það sé sitt hlutverk og sitt mál að hafa hér forustu og veita þessu máli brautargengi þannig að fólk á Suðurnesjum megi búa við öryggi í þessum efnum á næstu árum. Yfir þessu vil ég lýsa ánægju minni.

Að lokum vil ég minnast nokkrum orðum á það sem hv. þm. Einar Ágústsson ræddi um, málsmeðferð málsins hér á Alþingi.

Þessi þáltill. kveður á um það, að Alþingi álykti að fela utanrmn. Alþingis að láta rannsaka málið. Ég held að hv. þm. Einar Ágústsson rugli hér saman tvennu: annars vegar því, þegar þn. íhugi að taka sjálfar frumkvæði um rannsókn tiltekinna mála, hins vegar því, að Alþ. samþykki að fela utanrmn. að láta gera eitt eða annað. Hér er um tvennt skylt en ólíkt að ræða sem ég held að sé ekki rétt að rugla saman.

Um það, hverjum Alþ. eða utanrmn. felur, ef þessi þáltill. verður samþ., að halda áfram rannsóknninni á málinu, þá tel ég vissulega eðlilegast, þegar utanrrh. hefur markað málinu nýjan farveg, — farveg sem líkur eru til að muni færa málið í rétta átt, þá tel ég eðlilegt að utanrmn. fylgist með málinu í þeim farvegi og samþykki fyrir sitt leyti að láta málið þróast eftir þeim leiðum sem utanrrh. hefur ákveðið að gera og hefur haft forustu um. En eigi að síður verður Alþingi að hafa eftirlit með því, að staðið verði stórmannlega að verki og niðurstaða fáist úr þeim rannsóknum sem hafnar eru, og ekki síst að hafist verði handa um einhverjar framkvæmdir og þær kosta fé. Þá verður að útvega fjármagn. Vegna þess að þetta mál hefur verið til umr. í þinginu, ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur oft, þá er ástæða til þess, að þm. verði látnar í té upplýsingar í skýrsluformi um það, hvernig rannsóknum og framkvæmdum sé háttað og hverjar niðurstöður verða. Þetta tel ég nauðsynlegt ef Alþ. ætlar að sinna því aðhaldshlutverki sem það verður að gera á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég vil ítreka þá von mína, að þetta mál fái greiðan gang í gegnum þingið, vegna þess að ég tel að

hér sé um hlutverk Alþ. og nefnda þingsins að hafa hér yfirumsjón, ekki hvað síst þegar svona mál hafa velkst í kerfinu, ekki bara eitt eða tvö ár, heldur nánast 10 ár, án þess að embættismannakerfið hafi sýnst hæft til að takast á við málið. Nú er stigið nýtt skref sem vonandi er til heilla stigið. En til þess að tryggja að svo verði, þá tel ég rétt að Alþ. verði hér haft með í ráðum og hafi forustuna á hendi ásamt hæstv. utanrrh.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er vegna orða hv. 4. þm. Vesturl. þar sem hann talaði um manndóm. Mér virðist að staðreyndin sé sú, að Alþ. og vissar stofnanir hafi á undanförnum árum litið svo á að aðrir landshlutar þyrftu frekari fyrirgreiðslu en Suðurnesin og það benti til manndóms þar syðra. Ég verð að segja að mér finnst þetta ómaklega mælt af hv. þm., því að þar syðra hefur ekki skort á manndóm, hvorki fyrr né síðar.

Ég ætla líka að benda á það, að enda þótt, eins og kemur fram í þessari till., um endanlega rúst atvinnulífs á Suðurnesjum kunni að vera að ræða, þá blasir sú staðreynd við okkur samkv. skýrslum, að atvinnuleysi hefur verið minna í Reykjaneskjördæmi eða á Suðurnesjum en í nokkru öðru kjördæmi á landinu fram að síðustu 6 mánuðum. Það er fyrst í tíð núv. stjórnar sem atvinnuleysi verður á Suðurnesjum. (**GSt:** Það var áður en ríkisstj. tók við völdum.) Nei, þótt einstaka atvinnurekendur kunni að neyðast til að loka húsum sínum í nokkra daga, það er ekki það sem ég á við. En samkv. skýrslum er þetta svona, blasir við alveg frá 1971: hvergi jafnlítið atvinnuleysi og á Reykjanesi. (Gripið fram í.) Þessi staðreynd blasir hins vegar við. Ég er ekki að neita því, að á síðustu árum hefur þetta færst í það horf að tæpt hefur staðið. En við skulum líta í skýrslur og þá munum við sjá þetta, enda bendir skýrsla hæstv. forsrh. í dag einmitt til þess að þar hafi verið tekjur.

Umr. frestað.

Efri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, frv. (þskj. 115, n. 345). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Hér er um að ræða staðfestingu á þremur alþjóðasamningum um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu. Þessir samningar fjalla um þrjá aðskilda þætti sem varða allir olíumengun eins og rakið er í grg.

Allshn. hefur athugað þetta frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.-6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lögræði, frv. (þskj. 199, n. 346). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Sú breyting á lögræðisaldri, sem frv. gerir ráð fyrir, úr 20 í 18 ár, er m. a. gerð til samræmis við löggjöf nágrannaþjóðanna um þetta efni. Allshn. hefur athugað þetta frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 322). — 1. umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þetta litla frv., sem fyrir liggur á þskj. 322, hefur legið fyrir þessari hv. d. í nokkurn tíma og fjallar um tvö efnisatriði sem varða samskipti grunnskólans annars vegar og foreldra eða forráðamanna nemenda hans hins vegar. Ég mun fyrst gera í örstuttu máli grein fyrir þeirri meginhugsun, sem liggur að baki þessu frv., og síðan aðdragandanum að því, að það var flutt, og loks víkja að efnisatriðum frvgr. hverrar um sig.

Meginhugsunin, sem liggur á bak við þetta frv., er sú lífsskoðun, að fjölskyldan sé grundvallarhópeining þjóðfélagsins og fjölskyldan sé sú félagseining sem börnum sé hollast að alast upp í, í öðru lagi, að heimilið sé börnum hollasti uppeldisstaðurinn og foreldrarnir beri höfuðábyrgð á uppeldinu, dagvistarstofnanir og skólar séu hjálparstofnanir heimila og forráðamanna, en eigi ekki að koma í stað þeirra, og í þriðja lagi, að börnin séu frá fæðingu sjálfstæðir einstaklingar og eigi að njóta atlætis og aðbúðar í uppvextinum í samræmi við þarfir hvers og eins. Þessi atriði hafa verið grundvallarsjónarmið í þessum efnum og grundvallarlífsskoðanir einnig í okkar þjóðfélagi og mörgum öðrum um langan aldur og eru raunar staðfest í ýmsum alþjóðlegum mannréttindayfirlýsingum. M. a. segir í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, 16. gr., 3. tl., að fjölskyldan sé í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins og beri þjóðfélagi og ríki að vernda hana. Að sama brunni bera ýmsar aðrar greinar í öðrum sáttmálum, t. d. í sáttmála sem nú liggur fyrir í Sþ., 119. mál, þskj. 137, þar sem ríkisstj. ber fram till. til þál. um að ríkisstj. verði veitt heimild til að fullgilda fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi ásamt bókun og alþjóðasamningum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem samþykktir voru á 21. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York hinn 16. des. 1966. Í alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi segir svo í 10. gr., fyrri hluta þeirrar greinar:

„Ríki þau, sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna að:

1. Mesta mögulega vernd og aðstoð skuli látin fjölskyldunni í té, en hún er hin eðlilega grundvallarhópeining þjóðfélagsins, sérstaklega við stofnun hennar og á meðan hún er ábyrg fyrir umönnun og menntun framfærsluskyldra barna."

Þarna kemur einnig fram og er undirstrikuð þýðing þess, að fjölskyldan sé ábyrg fyrir umönnun og menntun framfærsluskyldra barna. Í mannréttindayfirlýsingu Evrópuráðsins, Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis ásamt viðbótarsamningum hans segir í 2. gr. í viðbótarsamningi frá 20. mars 1952, með leyfi hæstv. forseta:

„Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum virða rétt foreldra til þess að tryggja það, að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra."

Og enn fremur segir í 26. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948, þeirrar yfirlýsingar sem nú nýlega hefur átt afmæli og það verið hátíðlegt haldið, eins og raunar afmæli Evrópusáttmálans var líka hátíðlegt haldið fyrir nokkru, — í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Foreldrar skulu fremur öðrum ráða, hverrar menntunar börn þeirra skuli njóta."

Þessar yfirlýsingar og ýmis önnur atriði undirstrika hið nána samband sem í grundvallaratriðum er gengið út frá að sé á milli foreldra og barna og á milli þeirra uppeldisaðila sem foreldrar fela menntun eða forsjá barna í sínu umboði.

Nú um langan aldur hafa verið miklar og vaxandi umr. um það í mörgum löndum, hvernig vernda beri og hvernig unnt sé að vernda friðhelgi einkalífs einstaklinga í heimi þar sem tækni til alls kyns fjölmiðlunar fer vaxandi og æ meiri ásókn er af ýmsum aðilum til þess að hafa áhrif og grípa inn í þróun einkalífs einstaklinganna, fjölskyldnanna og barnanna. Mikið starf hefur verið unnið á vegum margra fjölþjóðlegra stofnana til að samræma lagareglur um þetta efni. Sérstaklega hafa þessi mál verið í brennidepli eftir að tölvunotkun í opinberu kerfi og eins í störfum einkastofnana hefur orðið almennari og verið talin þörf á lagareglum sem sérstaklega varða það efni. Þá hefur athyglin ekki síst beinst að því, hvernig eigi að sýna persónuvernd einstaklinga þá virðingu og sess sem henni ber eftir öllum grundvallarsjónarmiðum í þessu þjóðfélagi og hvaða lagareglur á því sviði sé unnt að samræma milli landanna. Þessi atriði hafa legið fyrir Alþ. í frv.-formi nú á síðasta ári t. d., en lög um þetta efni, að því er varðar skráningu persónuupplýsinga, hafa ekki enn þá verið sett hér á landi.

Það er ljóst, að að því leyti sem upplýsingasöfnun fer fram á skólastigum, þar sem börnum er lögum samkv. skylt að vera, er enn þá brýnni nauðsyn að setja reglur um þetta efni.

Þegar rætt er um verndun friðhelgi einkalífs kemur auðvitað margt fleira til en slík atriði sem upplýsingaöflun um persónuhagi. Fjöldi atriða hefur verið í sviðsljósinu í þessu sambandi, og það er á þessu sviði eins og mörgum öðrum, að á réttindum í tilteknu efni verður að halda þannig að þau gangi ekki gegn öðrum réttindum sem sams konar verndar njóta, og er ég þá fyrst og fremst með í huga réttindi manna til friðhelgi einkalífs. Það er svo, að allt athafnafrelsi í þjóðfélaginu takmarkast af sams konar frelsi annarra borgara. Við höfum ekki leyfi til að beita athafnafrelsinu svo að það skaði annan, og við höfum ekki heldur leyfi til að beita fjölmiðlun eða öðrum áhrifum svo að skaði annan. Þetta er meginatriðið á bak við hugsunina um friðhelgi einkalífs.

Það efni, sem þetta frv. fjallar um, veit að mikilvægum þætti friðhelgi einkalífs. Vitanlega eru fjölmörg atriði sem koma til athugunar í því sambandi, en þetta frv. fjallar aðeins um eitt takmarkað atriði, en engu að síður mikilvægt að mínu mati. Það fjallar um friðhelgi einstaklinganna á heimilum þeirra, í fjölskyldum þeirra, friðhelgi barna og friðhelgi foreldra. Að því er varðar meginhugsunina á bak við þetta frv. er ekki úr vegi að minna á það, að á þessu ári, því margumrædda ári barnsins, er tímabært að fjalla um málefni sem þetta. Þótt tilgangur Sameinuðu þjóðanna með því að helga þetta ár sérstaklega börnum sé fyrst og fremst að rétta hlut þeirra barna sem við neyð búa og hvergi eiga höfði sínu að halla, er líka tímabært að sérstakri athygli sé beint að stöðu barna hvar sem er, í velferðarríkjum sem annars staðar.

Þegar ég legg áherslu á þau atriði sem ég hef gert að umtalsefni, að fjölskyldan sé sú félagseining, sem börnum er hollast og eðlilegast að alast upp í, heimilin séu börnum hollasti uppeldisstaðurinn og foreldri eða forráðamenn beri ábyrgð á uppeldi barnanna, þá vaknar sú spurning, hvernig nútímaþjóðfélag með sínum fjölbreyttu útbreiðslumöguleikum tækni og fjölmiðla fer með þá möguleika til þess að lifa í samræmi við þessar grundvallarhugmyndir. Taka þarf til gaumgæfilegrar athugunar hvaða áhrif þróun nútímaþjóðfélags hefur á þessa þætti og hvaða leiðir er hægt að fara til þess að nútímaatvinnuhættir samrýmist þörfum fjölskyldu og barna. Í því sambandi þarf sérstaklega að sýna skilning og að ég tel aukinn skilning á þörf ungra barna fyrir umönnun beggja foreldra sinna. Það hlýtur að vera nauðsyn að vekja athygli á því, að settar séu reglur í þjóðfélaginu sem beinast að því að virtur sé réttur foreldra til að vernda börn sín gegn óhollum uppeldisáhrifum. Eins og foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna hljóta þeir einnig að eiga rétt á því börnum sínum til handa, að hjálparstofnanir heimilanna, skólar og dagvistarstofnanir, sem og aðrir opinberir aðilar sem vinna að málefnum barna, vinni að sömu aðalmarkmiðum uppeldis og þeir. Ég tel að þau atriði séu augljósar forsendur fyrir andlegu öryggi barnanna.

Í stuttu máli: Meginhugsunin á bak við þetta frv. er sú, að það sé nauðsynlegt að skólinn og heimilið vinni að sameiginlegu uppeldismarkmiði, að samstarf kennaranna, starfsmanna skólanna og foreldra og forráðamanna barnanna sé virkara með sameiginleg uppeldismarkmið í huga til þess að auka andlegt öryggi barnanna og auka traust þeirra almennt í lífinu.

Ég læt þetta nægja almennt um hugsunina á bak við frv. Ég vil víkja aðeins að því, hvernig stóð á því að þetta frv. var samið. Ég get játað að ég gerði mér ekki alveg ljósa fyrir nokkru þörfina á slíkum lagaákvæðum sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En athygli mín var vakin á því fyrir alllöngu, að fram hefði farið gífurlega víðtæk könnun á persónulegum högum nemenda í heilum árgangi grunnskóla í Reykjavík. Vöknuðu vissar áhyggjur hjá foreldrum í þessu sambandi. Það kom fyrir, að börn spurðu heima hjá sér eða viku lauslega að því, að fram hefði farið könnun í skólanum þess eðlis að þau veltu því fyrir sér, hvort það væri í raun og veru ætlast til að þau gætu svarað þeim spurningum sem þar voru fram lagðar. Þess vegna var það, að foreldrar tóku að spyrjast fyrir um hverjar þessar spurningar voru. En það var mála sannast, að það var gersamlega útilokað fyrir foreldra að fá að sjá hvaða spurningar höfðu verið lagðar fyrir börn þeirra, hvað þá að þeim hefði verið frá því skýrt fyrir fram.

Þegar athygli mín hafði verið vakin á þessu spurðist ég fyrir um það, ekki opinberlega í þinginu, heldur sneri ég mér til fyrrv. menntmrh. og fékk hjá honum þau skjöl, sem um var að ræða, sem trúnaðarmál. Af hverju þau voru trúnaðarmál veit ég ekki. Hér var um að ræða verkefni sem lagt hafði verið fyrir skólaskylda nemendur í Reykjavík og vörðuðu að miklu leyti m. a. hag barna og heimili, foreldra, heimilisháttu ýmiss konar, m. a. samkomulag milli foreldra, en þetta var allt að einu trúnaðarmál. Við athugun þessara gagna sannfærðist ég um að það væri nauðsynlegt að setja reglur um slíka starfsemi. Með þessu er ég alls ekki að segja að það geti ekki verið gagnlegt að framkvæma ýmsar rannsóknir í grunnskólanum. Þvert á móti hygg ég að það geti verið mjög gagnlegt. Hitt er annað mál, að þegar fjallað er um málefni sem varða persónulegan hag barna og heimila þeirra, málefni sem varða foreldra þeirra, þá tel ég ekki samrýmast almennu réttaröryggi að gera slíkt án samþykkis foreldranna.

Ástæðan til þess, að frv. var ekki lagt fram fyrr í vetur, *heldur nú nýlega, var sú, að ég hafði beint formlegri fsp.* til menntmrh. um þetta efni, þannig að ekki færi á milli mála um hvað væri verið að fjalla, og bað um það skjal sem hér hefur verið lagt fram. Það hefur ekki fengið þingskjalsnúmer, en er skriflegt svar við fsp. um víðtæka könnun á persónulegum högum og viðhorfum nemenda í 8. bekk grunnskóla, og sú fsp. var á þskj. 229. Ég taldi rétt að þetta frv. kæmi fram um það leyti er þessi svör lægju fyrir, þannig að menn sæju hver þörf væri á því að setja lagareglur um upplýsingaöflun meðal nemenda á grunnskólastigi.

Vinnan við undirbúning þessa máls, athugun þessara gagna, þessa skjals sem er svar við fyrirspurn minni, og hugleiðingar í kringum það atriði vöktu einnig spurningu um það, hvort nægilega tryggilega væri frá því gengið að foreldrar hefðu til þess aðgang og lagaheimild að fylgjast með því, hvað það væri sem gerðist í grunnskólanum þar sem börn þeirra væru við nám. Sú er ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt.

Þá vil ég víkja sérstaklega að efnisatriðum frvgr.

1. gr. er byggð á 2. gr. úr viðbótarsamningi við Evrópusáttmálann um mannréttindi, þ. e. a. s. sú breyting sem í henni felst frá því sem nú er í grunnskólalögum. Frvgr. hljóðar svo:

„2. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.“ Síðan kemur það sem er nýmæli, tekið upp úr mannréttindasáttmálanum, þó ekki orðrétt, ég vek athygli á því. Í frvgr. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Virða skal rétt forráðamanna nemenda til þess að tryggja það, að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra.“ Þetta atriði er byggt á mannréttindasáttmálanum, en orðalag hans er dálítið óðruvísi. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Virða skal rétt forráðamanna nemenda til þess að tryggja það, að menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.“

Ég hafði í uppkasti að frv. raunar orðað þetta svo, en þóttist vita, eins og sums staðar hefur komið á daginn, að það kynni að valda misskilningi, menn teldu að þetta væri erfitt túlkunaratriði. Má vel vera að það ætti fremur að orða þetta algjörlega í samræmi við mannréttindasáttmálann, og ég hef í sjálfu sér ekkert við slíka breytingu að athuga ef hv. þm. sýnist svo. En mér virtist að það væri lágmarkskrafa, að í grunnskólalögum stæði, þótt ekki væri meira en þetta, ákvæði um rétt forráðamanna nemenda til að tryggja að menntun og fræðsla gengju ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra. Á þessu er hert í næstu mgr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í skólastarfinu skal forðast einhliða áróður um slíkar skoðanir og um álitaefni og ágreiningsmál í þjóðfélaginu.“

Það lætur að líkum, að því er þetta varðar, að ég hef fyrst og fremst í huga að einhverjar skorður séu reistar gegn pólitískum áróðri í skólum. Mér er ljóst að það eru fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu sem segja: Er þá ekki pólitískt uppeldi eða pólitískur áróður að haga skólastarfinu í samræmi við þær grundvallarhugmyndir þjóðfélagsins sem ríkjandi eru? — Menn geta haft um það mismunandi skoðanir, en ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki. Foreldrar hljóta að ganga út frá því, að þær hugmyndir, sem séu ríkjandi í skólum hins opinbera, séu *þær hugmyndir sem lögverndaðar eru í stjórnarskrá og* öðrum lögum landsins, og þá á ég fyrst og fremst við tvennt: annars vegar kristindóminn og hins vegar friðhelgi heimila.

Þegar ég minnist í þessu sambandi á friðhelgi heimila, þá er ég komin aftur að þeim grundvallarhugmyndum sem ég gat um í upphafi: fjölskyldunni, sambandinu milli foreldra og barna. Það er skoðun mín, að það geti ekki talist pólitískur áróður, að skólastarfi sé hagað í samræmi við gildandi lög í landinu, og við þetta má bæta, að í sjálfum grunnskólalögunum, 2. gr., er einnig talað um samvinnu við heimilin: „Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun“ o. s. frv.

Í næstu setningu þessarar greinar grunnskólalaga segir, með leyfi hæstv. forseta: „Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi.“ Auðvitað er þarna í raun og veru stefnumörkun. Ég lít svo á að í þessu felist ekki pólitískur áróður. Hins vegar lít ég svo á að skólastarf, sem beinist gegn þessu, sé pólitískur áróður. Um þetta hefur staðið mikil og hávær umræða í ýmsum löndum, ekki síst hjá frændþjóðum okkar árum saman, en svo einkennilegt sem það virðist hefur verið hljótt um slíkt hér á landi. Ég veit ekki hvað veldur því. Mér dettur í hug að það sé fámennið. Hér þekkir hver annan, hér eru menn þess vegna e. t. v. smeykari við að vekja athygli á því opinberlega sem þeim finnst aflaga fara í starfi grunnskólans. Menn óttast líka að það kunni að reynast börnum þeirra erfitt ef þeir láta í sér heyra í gagnrýnisátt að þessu leyti. Engu að síður tel ég að jafnmikil nauðsyn sé á slíkri umr. hér á landi og annars staðar og satt að segja ekki síður nauðsyn á reglum um þetta hér en annars staðar. Í sumum löndum hefur verið unnið mikið starf af hálfu skipulagðra foreldrasamtaka í því skyni að efla skilning á því, að það sé siðferðilega rangt að ganga gegn þeim grundvallarskoðunum um samband foreldra og barna sem ríkja í almennri fræðslu í þessum löndum, og menn hafa snúist hart gegn pólitískum áróðri, ekki síst þegar hann er í þá veru að grafa undan trausti barna á foreldrum sínum. Það atriði, hvort sem það gerist beint eða óbeint, tel ég hið allra ámælisverðasta á þessu sviði.

Ég mun ekki tína til einstök dæmi úr skólastarfi á

Íslandi að þessu leyti. Hitt er ljóst, að það getur ekki verið nema til góðs að hafa varnagla í lögunum að þessu leyti. Hvers vegna skyldum við vera að gerast aðilar að alþjóðasamningum sem binda land okkar að þjóðarétti og hafa að geyma ákvæði um þessi efni, ef við treystum okkur ekki til að leiða slíkt í lög í okkar landi? Það er svo, að Evrópusáttmálinn, sem ég gat um áðan og hefur að geyma ákvæði um rétt forráðamanna til að tryggja að menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra, hefur lagagildi í mörgum Evrópuríkja, allur eins og hann leggur sig, og í öðrum Evrópuríkjum eru einstök ákvæði hans í dreifðum lögum. Í þessu frv. er lögð á það áhersla, að þetta ákvæði um börnin sem eru skyldug til að ganga í skóla sem á Íslandi er hér um bil í *öllum tilfellum rekinn af hinu opinbera, það atriði sáttmálans*, sem þau varðar og foreldra þeirra, sé í lög leitt í þeim lagabálki sem fjallar um grunnskólann. Fæ ég ekki annað séð en það séu nánast mistök að slíkt skuli ekki þegar vera lögleitt og hneisa ef það verður ekki gert. Ef við treystum okkur ekki til að lögleiða slík ákvæði, þá skulum við ekki heldur undirrita sáttmála um jafnsjálfsögð mannréttindi og þessi.

Þegar ég vék áðan að alþjóðlegum sáttmálum, þá gat ég ekki um einn mikilvægan sáttmála enn og reyndar aðra sáttmála honum skylda, sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem varða réttindi barna. Eitt mjög mikilvægt ákvæði í grundvallarsáttmálanum um réttindi barna er það, að börn skuli eiga rétt á ást og umhyggju foreldra eða þeirra sem koma í þeirra stað. Þetta og aðrir þeir alþjóðlegu sáttmálar, sem ég hef getið um áður í máli mínu, styðja þá skoðun, að það sé bæði tilhlýðilegt og nauðsynlegt að setja reglur um þetta í lögin sem fjalla um menntun barna.

Ég hef orðið þess vör, að þetta ákvæði stingur óþyrmilega í augun vissan pólitískan flokk manna hér á landi. Það undrar mig í sjálfu sér ekki og samrýmist þeim aðferðum sem sá flokkur notar, að kalla þá, sem fyrir slíkum lagaákvæðum vilja berjast, mannréttindafasista og slíkum nöfnum. (**Gripið fram í:** Hvaða flokkur hefur notað slík nöfn?) Það er flokkur sem hv. þm. er nú *kannske eitthvað svolítið farinn að kynnast, þó hann hafi* nú ekki verið þar lengi. (**Gripið fram í:** Vill þm. nefna tilvik um það?) Ég las í málgagni hv. þm., Þjóðviljanum, nú fyrir nokkrum dögum, grein sem bar þessa glæsilegu fyrirsögn: „Mannréttindafasismi", og greinin útlistaði hvernig fólk, sem fjallaði um mannréttindi, væri eiginlega að prédika fasisma. Ég tel að það sé ekki nauðsynlegt að fara nánar út í þetta nú, en greinar sem þessi eru þarfar því að þær varpa ljósi á starfsaðferðir þess flokks sem þarna á hlut að máli, Alþýðubandalagsins, sem er skjól og skjöldur allra þeirra vinstri öfgahópa sem eru að mínu mati hættulegastir uppeldi barna í þessu landi. Ég skal doka við á meðan hv. þm. skrifar þetta. (**Gripið fram í:** Það þarf ekki. Ég er nægilega fljótur að gera það.)

Það er engin ný uppfinning hjá mér, að það sé nauðsynlegt að snúast gegn aðferðum sem t. d. birtast í þessu greinarkorni og fleiri skrifum Þjóðviljans þegar fjallað er um réttindi barna til þess að fá vernd gegn óhollum uppeldisáhrifum. M. a. eru þeir, sem gagnrýna misnotkun á möguleikum til þess að koma með ódýru móti á framfæri ýmsu lesefni fyrir börn, þeir, sem gagnrýna slíka misnotkun sem fram hefur farið í pólitískum tilgangi, — þeir eru sagðir — ég er nú búin að gleyma öllum þeim ókvæðisorðum sem yfir dundu í því sambandi, en þeir eru sagðir krefjast — (**Gripið fram í:** Biksvart íhald.) Já, biksvart íhald. Það er nú ekkert nema heiðursnafn að mínu mati, en þeir eru — (**Gripið fram í:** Það er kjarni málsins.) Ég tel það vera kjarna málsins að vera íhaldssamur á það sem til heilla hefur horft í okkar þjóðfélagi. Það skulum við reyna að vera og setja lög þess eðlis, að við höfum rétt til að halda því sem gott er börnum okkar til handa í þeim stofnunum sem hið opinbera hefur á sínum snærum, hvort sem það eru fjölmiðlar eða skólar.

Ég var, þegar frammíköll byrjuðu, í þann veginn að vekja athygli á því, að ég á ekkert einkaleyfi á þeirri uppfinningu, að nauðsynlegt sé að reisa skorður við pólitíksum áróðri í slíkum stofnunum. Ég hafði bent á að fólk hefur fyrir löngu vaknað í öðrum löndum. En það er *eins og gengur, að oft berast bylgjurnar, illar eða góðar* eftir atvikum, í þessu tilfelli góðar að mínu mati, fólk vaknar hér áður en það er um seinan. Og ekki er síst þörf á því þegar þeir, sem vilja beita pólitískum áróðri í skólum, telja sér nú auðvitað alla vegi fremur færa þar sem Alþýðubandalagið, skjól og skjöldur vinstri öfgamanna, fer með þriðjung ríkisstjórnarinnar í landinu. (**Gripið fram í:** Er þetta frv. gegn Alþb.?) Þetta er frv. gegn pólitískum áróðri, herra forseti. (**Forseti:** Hv. þm. er næstur á mælendaskrá.) Ég leyfi mér að biðja hæstv. forseta að hlutast til um að þm. hlíti þingsköpum.

Það er ekki að ástæðulausu, veit ég, að hv. þm., sem fram í greip, bar fram spurningu sína. Hann spurði hvort þetta væri frv. gegn Alþb. Það er eðlilegt að hv. þm. spyrji. Ég man ekki betur en að fyrir nokkrum dögum hafi mikilvæg síða í Þjóðviljanum sem fjallar mjög um samskipti foreldra og barna, Rauðsokkasíðan, fjallað um þýðingu fjölskyldunnar. Þar kom fram að fjölskyldan væri þar á bæ talin fyrirbrigði sem væri heldur til óþurftar. Ég veit að hv. þm. Alþb. og kannske fleiri kannast við kenningar úr einhverjum hópum sínum um það, að fjölskyldan sé afsprengi hins að þeirra dómi slæma kapítalíska þjóðfélags og sé börnum til hinnar mestu óþurftar. Lái mér það hver sem vill, að ég vilji snúast gegn slíkum kenningum. Mér þykir engin ástæða til að innleiða slíkt í íslenskar menningarstofnanir. Vafalaust geta þeir foreldrar, *sem hafa þessar skoðanir, komið málum svo fyrir* að blessuð börnin sannfærist um þetta. En ég tel rétt að skorður séu reistar gegn því, að slíkt sé látið ganga yfir börn almennt, a. m. k. séu stefnumótandi ákvæði í grunnskólalögunum, þar sem undirstrikuð sé nauðsyn þess að forðast einhliða áróður um álitaefni og ágreiningsmál í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég mun ekki fjalla nánar um 1. gr. frv. í framsöguræðu minni, en vík að frv. að öðru leyti. Síðari greinarnar fjalla í raun og veru um annað atriði, þó að þessi atriði skarist nokkuð að segja má. 2. gr. fjallar um upplýsingar sem veittar eru um nemendur í grunnskólanum.

Áður en ég fer út í sjálfa greinina tel ég nauðsynlegt að víkja nokkuð að því skjali sem hæstv. menntmrh. bar fram hér á Alþ. sem svar við fyrirspurninni nú í vetur og var þess eðlis, að áhyggjur — að ég ekki segi óhug — hefur vakið hjá ýmsum sem litið hafa á þetta skjal. Efni málsins var það, að nokkrir stúdentar við háskóla erlendis fengu heimild menntmrn. til að fara í grunnskólana og spyrja börnin í heilum árgangi á grunnskólastigi í Reykjavík margvíslegustu spurninga sem varða foreldra þeirra eða þau sjálf eða viðhorf þeirra til margvíslegra efna í þeim tilgangi að afla sér efnis í prófritgerðir.

Í Tímanum 8. febr. kom fram eftirfarandi frá ráðuneytisstjóranum í menntmrn., ég leyfi mér að lesa úr blaðinu, herra forseti: „Menntmrn. leyfir allar kannanir“,svo kemur þankastrik og undirfyrirsögn: „vísindalegs eðlis.“ Fréttin hljóðar svo eða öllu heldur viðtalið:

„Við leyfum þær kannanir yfirleitt sem undir okkur eru bornar, enda höfum við þá áður ráðgast við Háskólann um það, sagði Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri í menntmrn. í samtali við Tímann í gær, þegar við forvitnuðumst um skoðanakannanir í skólum.

Þetta eru yfirleitt kannanir í þágu vísindalegra rannsókna, sagði Birgir, en það er nauðsynlegt að fá löggjöf um þær. Fyrir löngu síðan var skipuð sérstök n. til þess að semja frv. til laga um rannsóknastörf hér á landi í þágu hugvísinda. Í þessari n. eiga sæti Ólafur Björnsson prófessor, sem er formaður, dr. Gaukur Jörundsson prófessor, dr. Guðmundur Magnússon prófessor og dr. Sigurjón Björnsson sálfræðingur. Þeir eru ekki búnir að skila áliti, en ég á nú von á því innan tíðar.“

Ég hef kynnt mér störf þessarar nefndar og ég hef þær fregnir af henni, að hún hafi litið svo á að skömmu eftir að hún var skipuð af fyrrv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasyni, hafi sú þróun mála orðið að hún liti nánast svo á að þetta verkefni væri niður fallið, þar eð ekkert heyrðist frá næsta menntmrh. og að ég held ekki frá þar næsta, en nú mun hafa verið haft samband við n. fyrir nokkrum dögum.

Það er auðvitað satt og rétt, að nauðsynlegt er að fá löggjöf almennt um rannsóknir vísindalegs eðlis á sviði hugvísinda. En þetta atriði, sem hér er um fjallað, er einungis um slíkar rannsóknir á grunnskólastigi og um það atriði tel ég nauðsynlegt að gildi sérstakar reglur, jafnvel enn nákvæmari en almennt væri, þar eð hér er um að ræða að börnin, sem eru skyldug til skólavistar, séu notuð sem efniviður og upplýsingamiðlarar fyrir aðila sem vilja fræðast um eitt og annað í lífi þeirra og foreldra þeirra.

Ég vil þá víkja nánar að þessari sérstöku könnun sem kynnt hefur verið á Alþ. með svari hæstv. menntmrh. Við hana er ýmislegt stóralvarlegt að athuga. Ég vil þó taka fram að ég efa ekki að bæði hafi leyfið verið í góðum hug veitt og rannsóknin gerð af fróðleiksfýsn og vafalaust í góðum hug. En þegar á málum er haldið með þeim hætti sem hér var gert tel ég að það sé hvorki greiði gerður börnum, foreldrum, þjóðfélaginu yfirleitt né þeirri fræðigrein sem fékkst við úrvinnslu þessara gagna.

Ég er í hópi þeirra sem telja að sálfræðiþjónusta í skólum hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna. Hins vegar tel ég að vinnuaðferðir, sem rýra traust á þessari fræðigrein, séu mjög bagalegar. Og ég tel að það geri skaða að ekki séu reglur um slík störf sem séu þess eðlis að ekki sé unnt að tortryggja þau vinnubrögð sem viðhöfð eru.

Þær spurningar, sem ég bar fram fyrir hæstv. menntmrh., hljóðuðu svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hve margir nemendur í Reykjavík tóku þátt í könnuninni og hve stór hundraðshluti nemenda í Reykjavík á því námsári?“ — þ. e. veturinn 1975—1976.

„2. Hve stór hundraðshluti nemenda þessa árgangs á hverjum stað annars staðar á landinu tók þátt í könnuninni?

3. Hverjir stóðu að umræddri könnun, stjórnuðu henni og framkvæmdu hana?

4. Hverjir leyfðu könnunina?

5. Hverjum öðrum en börnunum sjálfum var sýndur spurningalistinn?

6. Hvernig hljóðaði skjalið með spurningunum og skýringum, sem lagt var fyrir börnin?

7. Var unnið úr upplýsingunum í tölvum erlendis?

8. Hvenær barst rn. skýrsla um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu úr henni og hvernig hljóðaði skýrslan?“

Svörin við þessum spurningum voru þau, að 1427 nemendur eða 93.3% nemenda á 8. námsári hafi tekið þátt í könnuninni. Þetta atriði eitt er að mínu mati algerlega ótækt. Þegar fjallað er um fjölmargar og margvíslegar persónulegar upplýsingar, þá held ég að það sé alls staðar viðurkennt, þar sem slík upplýsingavinnsla er komin á eitthvert menningarstig, að hún verði að miðast við úrtak, en ekki heildarsöfnun. Unnið hefur verið geysilega mikið starf á vegum alþjóðlegra stofnana einmitt á þessu sviði og alls staðar er niðurstaðan þessi, að þær upplýsingar, sem fyrir liggja um persónulega hagi, megi ekki vera úr stærri úrtökum en svo að dugi til að komast að sennilegri niðurstöðu frá tölfræðilegu sjónarmiði. Þegar ekki er um úrtak að ræða, heldur svona heildarkönnun, þá er um miklu minna öryggi að ræða fyrir einstaklinginn sem þátt tók í könnuninni.

Svarið við 2. spurningu minni var um það, að slík könnun hefði ekki verið gerð annars staðar á landinu, þ. e. a. s. ekki þessi könnun. Enginn veit hve margar aðrar kannanir svipaðs eðlis kunna að hafa verið gerðar nú upp á síðkastið. Fyrir mörgum árum var gert mikið veður út af því og það gerði Þjóðviljinn ekki síst, þegar núv. varaþm., Bragi Jósepsson gerði könnun á atferli eða högum nemenda vestur á Snæfellsnesi. Þá gekk svo mikið á að einn núv. þm. Alþb. tók til máls í Alþingi utan dagskrár. Mikið var rætt um svívirðilegar persónunjósnir o. s. frv. og sagt að vísast væru þær gerðar á vegum CIA. Nú heyrist ekki mikið hljóð úr þessu horni. En sagt er í svari hæstv. ráðh., að til þess að prófa spurningaskrána var raunar gerð könnun á Selfossi og þar tóku 69 nemendur þátt í könnuninni.

Í þriðja lagi segir í svari ráðh., að vísindalegur stjórnandi og ábyrgðarmaður könnunarinnar hafi verið dr. philos. Edvard Befring, þáv. prófessor í uppeldissálfræði við Árósaháskóla, nú rektor við Sérkennaraskólann í Osló. Mér er kunnugt um að nafn þessa prófessors varð til þess að auka traust á þeirri könnun sem þarna fór fram. Mér er líka kunnugt um að nafn þessa prófessors varð til þess að könnunin var styrkt fjárhagslega af ýmsum aðilum. Hér er getið um að vísindalegur stjórnandi og ábyrgðarmaður hafi verið þessi umræddi doktor og prófessor. Þegar átti af hálfu foreldra að afla sér upplýsinga um hvað það var, sem börnin voru látin gera í skyldunámi sínu í allt að þremur klukkustundum samfleytt þann dag, sem skoðanakönnunin fór fram, var spurningum um það beint eftir ábendingu menntmrh. til þessa vísindalega stjórnanda og ábyrgðarmanns, honum skrifað bréf, en það leið og beið og ekki barst svar frá honum. Prófessornum var skrifað ítrekunarbréf og enn leið og beið. Síðan kom bréf frá stúdentunum, þar sem þeir segja að þeir hafi fengið framsent bréf prófessorsins og þar eð þeir beri ábyrgð á könnuninni og geri hana telji þeir rétt að þeir svari bréfinu. Þarf því einhvern veginn að ganga betur úr skugga um að sú vísindalega ábyrgð sé þar sem hún er sögð vera.

Nú má vera að prófessorinn hafi með einhverjum hætti hætt sinni forustu eða brugðist forustu sem hann ætlaði að veita stúdentunum. Það má vera, og mér þykir trúlegt að það hljóti að vera einhvern veginn með þeim hætti. En þá á ekki að halda áfram að segja að þessi starfsemi sé á vísindalega ábyrgð og undir stjórn þessa prófessors.

Nú er það svo, að þegar bréfi var svarað um þetta efni fékkst þó allt að einu ekki svar við því sem spurt var um, en það var umræddur spurningalisti. Því var enn skrifað og spurt um hann, en hann fékkst ekki. Síðan þarf ég ekki að rekja þá sögu nánar, því að ég gerði það áðan, að spurningalistinn fékkst ekki með neinu móti nema formlegri fsp. á Alþingi.

Við 5. spurningu minni, hverjum öðrum en börnunum sjálfum var sýndur spurningalistinn, kom svo hljóðandi svar, með leyfi hæstv. forseta:

„Rn. er ekki kunnugt um að við fyrirlagningu spurningaskrárinnar hafi hún verið sýnd neinum öðrum en þeim unglingum sem svöruðu henni."

Þetta atriði er einnig stórathugavert. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa forráðamanna skólanna, að starfsemi, sem fer fram innan veggja skóla, sé að öllu leyti kynnt skólastjórunum. Skólastjórunum sjálfum var ekki sýndur þessi spurningalisti. Það hlýtur líka að vera lágmarkskrafa, að foreldrum ósjálfráða barna sé skýrt frá því, um hvaða efni er verið að spyrja börn þeirra. Ég held að svo hafi verið gert í ákaflega mörgum tilfellum þegar þjóðfélagsfræðirannsóknir eða sálfræðirannsóknir hafi verið gerðar hér á landi, þá hafi verið leitað samþykkis bæði viðkomandi barna og foreldra þeirra. (**Menntmrh.:** Svarið er aðeins lengra.) Ég mun koma að því síðar. Hjá foreldrunum, skólastjórunum og kennurunum var ekki leitað samþykkis, heldur var þvert á móti börnunum gerð rækileg grein fyrir því, að engir aðrir fengju að sjá þessar spurningar, hvorki kennarar, foreldrar né aðrir. Hvaða tilgangi þjónar það? Hvaða tilgangi þjónar að koma með slíkt stórverkefni inn í grunnskólann og taka rækilega fram: Þetta er bara okkar í milli, það voru að vísu margir tugir manna sem unnu í þessu, en þetta er bara okkar í milli, foreldrar ykkar fá ekki um þetta að vita? — Það kann vel að vera að þetta þyki fyrirmyndarvinnubrögð hjá einhverjum fræðimönnum, en ég er hrædd um að hjá ábyrgum fræðimönnum þyki það ekki, að gengið sé þannig að börnum og þau notuð sem upplýsingamiðill um heimilishagi, um hagi foreldra og um ýmis atriði sem þau skilja varla sjálf.

Svarið er aðeins lengra, sagði hæstv. ráðh., og mun ég nú lesa framhaldið af þessu svari, með leyfi hæstv. forseta.

„Áður hafði könnunin verið kynnt skólastjórum þeirra skóla, sem hlut áttu að máli, á fundi með fræðslustjóra. Var þeim þar látinn í té allrækilegur útdráttur úr spurningaskránni þar sem fram komu öll þau meginatriði sem um var spurt."

Ég geri hér hlé á upplestrinum úr þessu svari. Við þetta er það að athuga, að þó að skólastjórum hafi verið frá þessu sagt og þeim gerð grein fyrir þessu, þá var þeim ekki sýndur spurningalistinn, og það er það sem máli skiptir vegna þess sem ég kem að síðar. Spurningarnar eru margar mjög leiðandi. Síðan held ég áfram lestrinum úr þessu svari:

„Þeir aðilar, sem nefndir voru í 4. lið," — það voru fræðsluyfirvöld, — „höfðu að sjálfsögðu athugað skrána áður en leyfi var veitt. Því má bæta við að vissulega er hugsanlegt að þeir fræðimenn og stúdentar, sem aðild áttu að könnuninni, hafi sýnt öðrum spurningaskrána á einhverju stigi máls."

Að vísu skiptir þetta nokkru máli, en meira máli skiptir þó annað sem ég kem að síðar, og það er meðhöndlun gagnanna. Ég kem að því síðar.

Svo kemur bein spurning: Var leitað samþykkis foreldra? Svarið við því var nei.

Síðan er birtur sá formáli sem hafður var yfir börnunum til skýringar áður en könnunin fór fram. Í hann vantar eitt atriði áberandi. Engin grein virðist nemendum vera gerð fyrir því, að þeir geti neitað að svara. Þvert á móti ef þeir skyldu hafa látið undir höfuð leggjast að svara einhverri spurningu er beðið um skýringu á því, af hverju þeir hafi ekki svarað?

Eitt atriði enn, sem er afar sérkennilegt við það starf sem þarna fór fram, er að það voru aðilar utan skólans sem framkvæmdu þessa könnun í skólatímanum. Það er sjálfsagt óhjákvæmilegt að starfsmenn skólans, kennarar og aðrir, fái ýmsar upplýsingar um einkahagi nemenda. Það er eins og gengur, það skapast mikil kynni milli þessara aðila. En bæði þarna og í ýmsum öðrum tilvikum hefur það gerst, að aðilar utan skólans geta gengið inn í skólana, að vísu að forminu til með leyfi menntmrn., og spurt skólabörnin um hvað eina sem þeim sýnist. Ég sé ekki betur á þessu plaggi. Þetta á sér jafnvel stað um áhugamannahópa. Nú má vel vera að það sé mat menntmrn., að þarna hafi verið um vísindalega rannsókn að ræða, og ég get vel trúað því, að ýmsar deildir háskólans hafi ekki gert sér ljósan þennan möguleika, að það væri hægt að ganga inn í barnaskólana og nota krakkana sem úrvinnsluefni í ýmsum prófverkefnum. (**Gripið fram í:** Krakkarnir svara nú oft ýmsu til.) Það getur verið dálítið erfitt þegar staðið er að málum eins og þarna er, því að hér er rækilega tekið fram að enginn viti nafn svarenda, og þar er ég kominn að langalvarlegasta atriðinu í þessu máli.

Vel má vera að þeir, sem spurðu, hafi talið að um nafnleynd væri að ræða, og í ströngum skilningi var það svo. Það var ekki spurt um nafn nemandans. En svo margar eru spurningarnar sem gefa möguleika til þess að þekkja svarandann, að sérfræðingar á sviði tölvísinda segja mér að það sé örskammrar stundar verk að finna út, hver hver einasti þátttakandi var og hverjir foreldrarnir eru. Eins og við vitum eru skrár yfir nemendur í grunnskóla opinber gögn hér á landi. Það liggur líka fyrir hverjir eru foreldrar nemenda á grunnskólastigi. Þarna er tekið, eins og ég sagði, ekki úrtak, heldur heildarsöfnun. Þar er um alvarlegasta atriðið að ræða að mínu mati. Þess vegna er rangt þegar börnunum er sagt að enginn viti um nafn svarendanna. A. m. k. gefa spurningarnar fyllilega möguleika á að komast að því.

Það kemur fram í svörum hæstv. menntmrh., að öðrum aðilum en stóðu að framkvæmd könnunarinnar hafi ekki verið sýndar þær spurningaskrár sem hér var um að ræða. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. menntmrh. áður en hann fer úr salnum: Gæti hann gert gangskör að því að athuga, hvort öðrum aðilum hefur verið afhent eintak af úrvinnslugögnunum, t. d. spóla úr þeirri tölvuúrvinnslu sem fram fór erlendis. (**Gripið fram í:** Það mætti nú leita í VL-spólunum í leiðinni.) Það mætti gera það, og vafalaust mundi hv. þm. þá finna út að í VL-spólunum voru ekki lyklar, eins og nafnnúmer og slíkt, þannig að það er ekki nokkur leið að bera þær spólur saman við nein

önnur tölvuprógrömm. Það er ekki hægt að græða nokkurn skapaðan hlut á þeim gögnum sem hv. þm. eða a. m. k. núv. flokksbræður hans fóru mikla herferð út af um árið. Í þeim gögnum er vitanlega ekki nokkur skapaður hlutur alvarlegri en það sem er í félagaskrá hvers einasta stjórnmálaflokks í landinu og fjölmörgum öðrum skrám, tölvuskrám víðs vegar á landinu. — Má ég biðja hæstv. forseta að biðja þdm. að gera svo vel og hlíta þingsköpum svo að unnt sé að tala fyrir málum? (**Forseti:** Ég vil taka það fram, að ég tek nú venjulega ekki strax fram í fyrir mönnum, þó að þeir kalli fram í, vegna þess að mér finnst það stundum lífga upp á umr. og koma sér sérstaklega vel fyrir góða ræðumenn eins og þann sem nú stendur í ræðustólnum. En auðvitað eiga menn að virða þingsköp og láta þeim, sem hefur orðið, eftir að tala).

Herra forseti. Ég mun leyfa mér að lesa nokkur atriði úr álitsgerð eins færasta stærðfræðings á landinu um þessi gögn sem hér liggja fyrir. Ég leyfi mér þá að hefja lesturinn:

„a) Könnunin nær til svo margra og sundurgreinandi persónuupplýsinga að ómögulegt er að telja að svarendur séu tryggir í nafnleysi sínu. 1. spurningin skiptir nemendum þegar í rösklega 12 hópa, 2. spurningin í tvo hópa, 3. spurningin í um 30 hópa. Ef unnt væri að fá upplýsingar um hæð nemenda í skólum Reykjavíkur" — en um það var ein spurningin — „þetta tiltekna ár ættu þessar þrjár spurningar einar að nægja til þess að finna nafn hvers einasta svaranda. Sundurgreiningaratriðin eru þegar með þessum þremur spurningum orðin rúmlega 600. En það kemur fram í úrvinnslu gagnanna, að þau voru geymd aðgreind eftir skólum, og hóparnir, sem spurðir voru í hverjum skóla, eru allir minni en 200 nemendur. Atriðin, sem greina má sundur eftir þremur fyrstu spurningunum, eru því alls staðar þrisvar sinnum fleiri en hópurinn sem greina þarf sundur til að finna nöfn nemendanna. En auk þessara þriggja persónuspurninga og aðgreiningar eftir skólum eru enn 19 spurningar sem nota mætti á sama hátt, og sumar þeirra spurninga eru betur fallnar til sundurgreiningar hópsins en spurning 3, af því að ekki þarf að leita eftir upplýsingum sem ekki eru opinberar.

Íbúaskrá Reykjavíkur og skattskráin mundu á grundvelli spurninga 10 og 16—18 í listanum" — sem hv. þm. hafa á borðum sínum — „gefa öllum svarendum nöfn. Við sundurgreininguna yrði varla mikið meira en ein villa í höndum manns sem hefði staðþekkingu venjulegs Reykvíkings.

b) Spurningarnar eru margar hverjar stefnandi (tendentiös) í því, að þær beina athygli svarenda í gagnrýnisátt á þeim sviðum sem spurt er um. Jafnframt er í sumum spurningunum greinileg stígandi eða fallandi í svörunum sem kostur er gefinn á. Hvort tveggja þetta er líklegt til að rýra trúverðugleik svaranna.

c) Margar spurninganna eru mótandi um allt viðhorf nemendanna til þess málaflokks sem spurt var um og þá ekki aðeins á þeim tíma sem könnunin fór fram, heldur um alla framtíð. Jafnframt horfir listinn allur til gagnrýnisáttar almennt, án þess að unnt sé að tiltaka að hverju sérstöku gagnrýnin beinist. Spurningalistinn gerir *ráð fyrir og/eða leiðir til mótvægra skoðana eða tekur á* flóknum og mikilvægum sviðum mannlífsskoðana sem unglingar á aldri svarenda hafa líklega aldrei íhugað og eru fullkomlega vanbúnir að taka afstöðu til. Margir svarmöguleikanna eru því mjög leiðandi (suggestívir). Könnunin er þannig sjálf áhrifa- eða kennslutæki, en henni er beitt án þeirra markmiða og þess aðhalds sem venjulegt skólastarf er undirorpið. Auk þessa rýra þessar „suggestivu" spurningar trúverðugleik svaranna að svo miklu leyti sem þær lúta að staðreyndum, þar sem vísast er að vanþroskuð tilfinningaviðbrögð við slíkum svörum valdi því, að röng verði svör við þeim vísvitandi eða ómeðvitað."

Ég mun ekki lesa alla þessa grg., en ég vil nefna aðeins eitt atriði enn:

„d) Könnunin var ekki gerð með neinar kenningar eða fræðilegar spurningar í huga fyrir fram. Könnunin nær til mjög margra og margbreytilegra atriða sem oft er ekki fyrir fram ljóst að hafi neitt eðlislegt samband sín á milli, og einmitt vegna þessarar dreifingar og hve spurningarnar eru sundurleitar geta svörin ekki skorið úr um það, *hvort þær fylgnitölur, sem unnt er að vinna úr svörunum,* séu eftirmynd eðlisþátta í viðfangsefninu, hvað þá að þær gefi tilefni til nýrra lögmála eða kenninga."

Ég held, herra forseti, að ég lesi ekki alla þessa grg. Í niðurlagi hennar fjallar höfundur hennar sérstaklega um hættuna af könnuninni. Ég hef þegar gert nokkra grein fyrir henni. Hafi hv. þm. lesið þann spurningalista sem hæstv. menntmrh. lagði fram, þá held ég að þeim hljóti að vera ljóst hver hætta felst í því, ef ekki er unnt að treysta fullkominni nafnleynd í upplýsingaöflun sem þessari. En auk þessa atriðis skiptir það líka máli, jafnvel þótt nafnleynd væri, hvers efnis listinn er. Hann fjallar, eins og ég hef áður sagt, um ýmis atriði, sem börnin eru vafalaust mörg hver vanbúin að svara, og um svo margvísleg persónuleg efni að það ætti einnig að byggjast á leyfi foreldra þegar svo ung börn eiga í hlut. A. m. k. átti að gera börnunum rækilega grein fyrir því, að þau gætu neitað að svara.

Til að hlaupa á örfáum atriðum, hvers efnis þessar spurningar voru og að hvaða leyti þær fela í sér afar óviðeigandi upplýsingar, ef ekki er fullkomin nafnleynd, mun ég nefna nokkur atriði.

Í fyrsta lagi var spurt mjög rækilega um foreldra, störf þeirra, aldur o. s. frv. 17 spurningar voru um samband barnsins við foreldra og um samband milli foreldranna. *Spurning í 11 liðum var um eigin líðan og þrír möguleikar* á einu svari við hverjum lið.

Spurningar voru um þátttöku í félögum eða klúbbum, í hvaða félögum og hvaða klúbbum og af hverju verið væri í þessum félögum eða af hverju væri hætt í þeim, ef viðkomandi var þar ekki lengur. Ef svarmöguleikarnir voru ekki allir taldir upp á blaðinu voru þau spurð í hvaða félögum og klúbbum öðrum? Ég er hrædd um að einhvern tíma hefði eitthvert blað talað um persónunjósnir í þessu sambandi.

Síðan var spurt: Hvaða bækur lestu? Hvaða blöð lestu? Lestu dagblöð? Hvaða dagblöð? *Síðan voru talin* upp Alþýðublaðið, Dagblaðið, Morgunblaðið, Tíminn, Vísir og Þjóðviljinn og átti að krossa við það hve oft hvert blað væri lesið, hvort það væri aldrei, tvisvar til þrisvar í mánuði, einu sinni í viku, tvisvar til þrisvar í viku eða svo til daglega. Síðan voru mjög margir svarmöguleikar um það, hvaða efni væri lesið í blöðunum, hvort það væri pólitískar greinar, minningargreinar eða hvað annað, það gefur auðvitað miklar upplýsingar um almenn pólitísk viðhorf nemenda eða möguleika á pólitískum viðhorfum þegar öll þessi svör eru tengd saman.

Í spurningakafla um hnupl, afbrot, prakkarastrik o. fl.

er tekið fram og undirstrikað í listanum að engir aðrir en þeir, sem að könnuninni standa, sjái þau svör. Þá vaknar spurningin: Af hverju er þetta undirstrikað við þessa spurningu? Hvað þá um hinar spurningarnar? Var börnunum ekki í upphafi gerð grein fyrir því, að enginn fengi að sjá nein þessi svör, að um þetta væri alger leynd. Allt ber þetta að þeim brunni að ekki hafi verið nægilega tryggilega frá þessu máli gengið.

Til að sýna fram á að niðurstöðurnar hafi e. t. v. ekki verið óumdeilanlegar má nefna t. d. niðurstöður eins og þær, sem töluvert var gert með fyrr í vetur og margir drógu þá ályktun af, að nú væri búið að sýna fram á að þeir unglingar, sem væru í íþróttafélögum og skátafélögum eða slíku starfi — gott ef KFUM var ekki talið líka, hneigðust fremur til afbrota en aðrir unglingar í þjóðfélaginu. Dæmi um það, sem byggt hefur verið á í þessu sambandi, hljóta að vera svörin t. d. í þessum hnuplkafla spurninganna. Þar eru spurningar eins og þessi: „Hefur þú nokkurn tíma tekið peninga eða aðra hluti í leyfisleysi frá foreldrum þínum eða öðrum í fjölskyldunni?" Það hefur e. t. v. komið játandi svar frá samviskusömu barni sem hefur borgað t. d. blaðreikning, tekið peninga fyrir strætisvagnafari eða farið og keypt mjólk og brauð úti í búð, ef foreldrarnir voru ekki komnir heim, fyrir peninga úr mjólkurpeningakrukku eða kassa sem er í mörgum eldhússkápum á heimilum á Íslandi. Jafnvel hefur foreldrunum verið gefin skýrsla um þetta við heimkomu þeirra, en engu að síður hefur samviskusömu barni fundist að þessi taka væri því óheimil í þeirri andrá þegar hún fór fram.

Í kaflanum um tóbak, fíkniefni og áfengi er m. a. spurning, nr. 87, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Myndir þú þiggja eða afþakka, ef þér byðust eftirtalin fíkniefni?" Síðan voru möguleikar á svörum: Hass/marihuana. LSD. Amfetamín („speed"). Þef-efni (t. d. þynnir, blettavatn, lím). Önnur efni. — Vandséð er í hvaða tilgangi slík spurning er borin fram. En það er eins og með annað í þessum spurningalista, að niðurstaðan á að vera svo víðtæk að hún gefi efni í prófritgerðir um allt mögulegt sem tengst geti unglingum. Í því er kannske að finna svarið.

Í kaflanum um kynlífsspurningarnar er barnið fyrst spurt hvort það sé kynþroska og á að svara já eða nei. Síðan er tekið fram að ef það skilji ekki spurningarnar skuli það ekki hika við að rétta upp höndina. Ég hygg að flestir þm. muni skilja það ef þeir muna sína tíð þegar þeir voru unglingar, að það er ekkert fýsilegt fyrir barn 14 ára gamalt að rétta upp höndina í hópi bekkjarfélaga sinna og játa vankunnáttu sína á þessu sviði. En ef barnið gerði þetta var því gefinn kostur á útskýringum viðstadds leiðbeinanda sem ráðinn hafði verið í þetta sérstaka verkefni. En í því verkefni var mikill hópur manna. Því miður láðist mér að staðreyna upplýsingar um hve bekkjardeildirnar á þessu skólastigi hefðu verið margar þetta skólaár. En ég má segja að það hafi verið hópur, milli 80 og 90 manns, úr þjóðfélagsfræðum í Háskólanum og nemendur úr Kennaraháskóla Íslands sem ráðnir voru til þess að vera í hverri skólastofu til að útskýra fyrir krökkunum, ef þau skyldu e. t. v. ekki skilja einhver orð í spurningunum. Kennararnir voru hvergi nærstaddir.

Ég mun ekki, herra forseti, hafa fleiri orð um þetta stóra plagg, þennan spurningalista, því að hann sjálfur er ekkert aðalatriði. Það er í sjálfu sér ekki hægt að áfellast þá, sem gerðu þessa könnun, fyrir að hafa gert hana, því að þeir fengu tilskilin leyfi hjá þar til bærum yfirvöldum, sem — eins og ég sagði fyrr í ræðu minni þegar ég vitnaði til ummæla ráðuneytisstjóra menntmrn. — leyfa allar kannanir, að vísu sem þeir kalla „vísindalegs eðlis," en ekki var skilgreint hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að kannanirnar séu vísindalegs eðlis.

Nú er það vel kunnugt, að í mörgum löndum hefur farið fram mikil vinna til undirbúnings lagareglna um verkefni eins og það sem ég hef hér fjallað um. Í frv., sem ég vék að og lagt var fyrir Alþ. í fyrra um vernd manna gegn skrásetningu upplýsinga um persónuleg efni, er tekið fram í einni grein að úrvinnsla í tölvum erlendis sé í öllum tilvikum bönnuð. Þetta hefur ekki verið lögfest enn þá hér á landi. Ég dreg þetta fram til að undirstrika nauðsynina á að staðið sé að slíku máli tryggilega og fullkomlega faglega rétt — og þá á ég ekki aðeins við það fag sem er verið að vinna að, heldur einnig tölfræðilega og ekki síst siðfræðilega. Meðal þess, sem menn ræða mjög um þessi efni er setning löggjafar um notkun tölvu og hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja þegar persónuupplýsingar eru geymdar í tölvubönkum. Ég sé ekki betur en einhver slík ákvæði séu mjög tímabær hér á landi.

Í Noregi hefur verið unnið mikið starf til undirbúnings löggjafar á þessu sviði og ný löggjöf gildir þar um þetta efni. Á meðan sú n. var að störfum var sérstök eftirlitsnefnd á vegum menntmrn. sem hafði það verkefni að líta eftir því, að kannanir, sem fram færu í skólum, fullnægðu þeim skilyrðum sem gera verður til slíks af ýmsum ástæðum, m. a. þeim ástæðum sem ég hef rakið hér á undan. Í engu tilviki má gera slíkar kannanir, þar sem safnað er persónulegum upplýsingum sem geymdar eru í tölvubönkum, nema með sérstökum leyfum. Enn fremur eru opinberar skrár um hverjir hafi fengið slíkt leyfi, í hvaða tilgangi og hver hópurinn sé sem slíkar upplýsingar séu til um. Ég held að það sé fyllilega tímabært að slíkt komi til hér á landi, en að sérstaklega nákvæmar reglur þurfi að vera um þetta atriði að því er tekur til sjálfs grunnskólans, þannig að það geti verið til gagns bæði þeirri fræðigrein, sem starfsins nýtur, og börnunum og þjóðfélaginu í heild.

Með þessu frv. mínu er alls ekki verið að vinna gegn vísindalegum rannsóknum. Þvert á móti er gert ráð fyrir töluvert rúmum undantekningarákvæðum og möguleikum á leyfisveitingum. Mér er vel ljóst að slíkar rannsóknir þjóna mikilvægum tilgangi, en nauðsynlegt er að þar sé allrar varúðar gætt vegna þeirra einstaklinga, sem í hlut eiga, og líka vegna þeirra fræðigreina, sem í hlut eiga. Enn fremur þarf að gá að því, hvert er verkefni grunnskólans. Það er ekki alveg sjálfsagt að grunnskólinn, þótt hann sé forvitnilegur, sé notaður til margs annars en að uppfræða börnin, en vissulega geta miklir þjóðfélagshagsmunir eða miklir vísindahagsmunir mælt með því, og þá er gert ráð fyrir að til slíks sé möguleiki. Frv. um slík lagaákvæði eru hér lögð fyrir Alþ., og ég vona að hv. alþm. sjái að það geti verið öllum aðilum til gagns að slík ákvæði séu sett.

Herra forseti. Ég hef nú orðið fjölorðari en ég hefði e. t. v. átt að vera um þetta atriði. Ástæðan er sú, að það er svo flókið og grípur inn í svo margar flóknar greinar, bæði tæknilegar og siðfræðilegar, að ég taldi það óhjákvæmilegt. Ég vil einungis undirstrika, að nauðsynlegt er að fullnægt sé skilyrðum um að vinnubrögð við slíkar kannanir, ef leyfi er veitt til þeirra, séu þannig að

ekki sé hægt að gagnrýna niðurstöðuna. Vissulega getur þar verið um matsatriði að ræða. En aðalatriðið er að foreldrar og börn eiga að hafa frið til að sinna sínum verkefnum: foreldrar að sinna sínu uppeldishlutverki á þann veg sem þeir telja skynsamlegast og börn sinna sínu skólastarfi, meðtaka þá fræðslu og það uppeldi sem þar er fram boðið í anda þeirra laga sem gilda í landinu. Virða þarf mikilvægi þess að efla samstarf skólanna og heimilanna og treysta samband foreldra og barna, til þess að samstarf allra þessara þriggja aðila geti orðið til þess að undirbyggja hamingju og menntun barnanna, sem við öll viljum koma til hins mesta vits og þroska.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með því að segja að það, sem hér hefur verið til umr., er að mínu mati sameiginlegt nauðsynjamál fyrir okkur öll í þessu þjóðfélagi, fyrir börnin fyrst og fremst, fyrir foreldrana, og það ætti ekki að vera ágreiningsmál milli stjórnmálaflokkanna.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Áður en ég kem að efnisatriðum þessa frv. vil ég taka fram, að ég gerði meðan á ræðu hv. flm., Ragnhildar Helgadóttur, stóð nokkrar aths. úr sæti mínu. Ræðumaður kvartaði mjög undan slíku, taldi það ekki samrýmast þingsköpum, og fyrri varaforseti þessarar d. varð við ósk ræðumannsins um að mælast til að slíkar stuttar aths. kæmu ekki fram. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að forseti Sþ. hefur nýlega lýst yfir að hann telji að framíköll eða aths. úr sæti, sem beint snerta málflutning ræðumanns og oft og tíðum hjálpa ræðumanni til að skerpa það sem hann vill koma á framfæri, séu alls ekki á neinn hátt ósamræmanleg þeim þingsköpum sem hér hafa tíðkast. Og nú hefur hæstv. forseti þessarar d. úrskurðað að framíköll séu fyllilega eðlileg hjá „góðum ræðumönnum". Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefur hins vegar óskað eftir því að teljast ekki til þess gæðaflokks og biðst undan því, að menn geri úr sætum aths. við hennar ræðu. Mér finnst sjálfsagt að verða við því þegar hv. þm. úrskurðar sjálfan sig þannig í þá flokka sem forsetar vilja viðhafa í afskiptum sínum af slíkum framíköllum. Væntanlega munum við dm. hafa þetta í huga framvegis, að sú regla, sem hæstv. forseti þessarar d. lýsti, að framíköll væru eðlileg eða aths. úr sæti hjá góðum ræðumönnum, ætti ekki við um hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur. Sjálfsagt er að veita henni þá vernd sem hún óskar með þeim hætti eftir.

Hins vegar má nú segja að á ýmsum vettvöngum þar sem lýðræðið hefur staðið með miklum blóma — (**ÁE:** Þetta er tóm vitleysa hjá þér, Ólafur Ragnar, sem þú varst að segja áðan. Þetta er hrein vitleysa, ósönn túlkun á ummælum forseta.) Það er eðlilegt og sjálfsagt að þeir Alþfl.-menn einhverjir gangi til liðs við hv. þm. í þessum efnum. Ég hef enga aths. við það að gera. Hins vegar vil ég vekja athygli þessara tveggja þm. á því, að þingsagan er full af tilvikum og í þingskjölum eru þúsundir blaðsíðna þar sem slíkar orðræður, sem byggjast á aths. úr sæti sínu við ræður manna, eru megininntak umr. í þinginu (**RH:** Það eru bara ekki öll framíköll jafnskynsamleg.) Þá er það ræðumanns að hagnýta sér þá óskynsemi og senda framíköllin til baka, en biðjast ekki vægðar. Þar sem lýðræðið hefur staðið lengst með blóma, eins og t. d. í Bretlandi, er það talið aðalsmerki góðrar ræðu að geta hent slíkt framíköll á lofti. Í því lýðræði, sem hefur þróast hér á Íslandi með framboðsfundum og þingmálafundum áratugum saman, hefur það einmitt verið hin helsta íþrótt íslenskra ræðumanna að geta gripið slíkar aths. á lofti og sent þær beinskeyttari til baka heldur en þær komu, ég tala nú ekki um ef um óskynsamlegar aths. hefur verið að ræða. En vissulega er rétt að hafa þetta í huga framvegis, og ef menn vilja ekki stíga þann lýðræðislega dans sem felst í slíkum frjálsum skoðanaskiptum hér í þingsölum sem gert hefur verið í um 100 ár, þá skal ég taka það til greina gagnvart hv. þm. (**RH:** Er þm. að bjóða upp í lýðræðislegan dans?) Það gæti verið þörf á því, vegna þess að mér fannst á ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, sem nú hefur farið að þeim ráðum mínum og tekið upp framíkallaiðjuna í þingsalnum, — og geri ég enga aths. við það, hæstv. forseti, henni er frjálst að halda henni áfram eins lengi og henni sýnist meðan á ræðu minni stendur, — að það kynni einmitt að vera ástæða til þess, vegna þess að það sem mér fannst einna merkilegast við þá ítarlegu framsöguræðu, sem hér var flutt, er að hún sýndi okkur inn í annan meginarm þess hugmyndaheims sem mótað hefur stefnu Sjálfstfl. frá stofnun hans.

Eins og kunnugt er hafa tveir meginstraumar, tvær meginhugmyndalegar stoðir staðið undir Sjálfstfl. á Íslandi. Annars vegar er sú kenning sem kennd er erlendis við frjálshyggjuna (liberalismann) og er ekki aðeins efnahagsleg kenning, heldur líka menningarleg kenning, siðferðileg kenning. Hins vegar er sú kenning íhaldsstefnunnar (konservatívismans) sem í erlendum samfélögum, þar sem þessi þróun hefur komið skýrt fram, er glöggt aðgreind frá frjálshyggjunni (liberalismanum). Það hefur hins vegar verið eitt af sérkennum íslenskra stjórnmála, að hér hafa saman farið í einum flokki þessir tveir meginstraumar, en sambúðarvandi þeirra í þessum flokki hefur stundum verið erfiður. Oft og tíðum er eðlilegt að ýmsir, sem eru í forsvari fyrir þennan flokk, ruglist dálítið á frjálshyggjunni og íhaldsstefnunni og setji fram skoðanir og lífshugsjón íhaldsstefnunnar undir formerkjum frjálshyggjunnar. Þetta hefur einkum og sér í lagi aukist á síðari árum, þegar hugmyndafræðileg kreppa hefur komið upp í Sjálfstfl. og flokksmenn hafa villst af sinni fyrri götu, jafnvel talið að Alþfl. hafi stolið hluta af stefnuskránni. Þá er fálmað í myrkrinu um þetta hugmyndafræðilega svið.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefur tvisvar sinnum hér á Alþ. í vetur sýnt mjög greinilega að hún er talsmaður íhaldshyggjunnar í Sjálfstfl., en ekki þeirrar klassísku frjálshyggju sem sumir af stofnendum flokksins og sumir af talsmönnum hans enn í dag hafa viljað halda á lofti. Þetta kom skýrt fram í umr. sem hv. þm. vakti um Félaga Jesúm og hún minnti okkur á í ræðu sinni áðan. Þetta kom einkar skýrt fram í öllum þeim kjarna hugsunarinnar, sem birtist í framsöguræðu hv. þm., og í þeim anda sem hún sagði að lægi að baki því frv. sem hún leggur hér fram. Ég tala nú ekki um þá fullyrðingu að „íhald væri heiðursnafn", orðrétt. Frjálshyggjumaður í Evrópu mundi aldrei segja slíka setningu. Frjálshyggjusinni í Danmörku, í Svíþjóð, á Norðurlöndum, í Vestur-Þýskalandi, í Bretlandi mundi aldrei segja slíka setningu. Honum væri ljós munurinn á íhaldi (konservatisma) og frjálshyggju (liberalisma). (**RH:** Það vantar svona Sjálfstfl. þar.) Já, það vantar svona Sjálfstæðisflokk þar, það er alveg rétt. Ýmsar ástæður lágu að baki þess, að Sjálfstfl. íslenski hefur verið þetta sérkennilega sambland. Ég fagna því í raun og veru að það skuli koma svona skýrt fram hvar í þessari blöndu hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir er og telur sig sjálf vera, þ. e. a. s.

aðaltalsmann íhaldshyggjunnar í Sjálfstfl., bæði í menningarmálum, í siðferðilegum málum, í trúmálum og öðrum þeim málaflokkum sem hún bar fram sér til réttlætingar í framsöguræðu sinni áðan. Ég lasta það ekki á neinn hátt. Ég fagna því þvert á móti, á sama hátt og ég fagnaði umr. hv. þm. utan dagskrár um Félaga Jesúm. Mér finnst nauðsynlegt í öllum frjálshyggjuáróðri Sjálfstfl. og talsmanna hans að þjóðin fái við og við að sjá framan í þá sem eru stoltir af því að vera íhald, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir lýsti yfir áðan. Það er þakkarvert. Við munum vissulega taka að okkur margir hverjir að koma því rækilega til skila til þjóðarinnar.

Hins vegar er það svo, ef maður skoðar söguna, að þessi íhaldsöfl, sem hv. þm. er stoltur af að tilheyra, eiga sér ærið litríkan feril í samskiptum sínum við vísindin á þessari öld. Það hefur fallið í hlut íhaldsaflanna á Vesturlöndum að gerast baráttumenn gegn framþróun vísindanna og því miður, vil ég segja, oft og tíðum undir formerkjum kristinnar trúar. Íhaldsöfl á Vesturlöndum hafa í fjölmörgum tilvikum hagnýtt sér kristna trú í baráttu sinni gegn vísindunum, gegn framþróun vísindanna.

Mér varð hugsað til þess áðan undir þessari ræðu, að í Suðurríkjum Bandaríkjanna fór fram fyrr á þessari öld hörð barátta gegn niðurstöðum og vísindalegum rannsóknum nútímaeðlisfræði, barátta gegn þróunarkenningu Darwins. Ýmsir stjórnmálamenn í Suðurríkjunum, talsmenn þess íhaldssama kerfis sem þar var, voru með nafn kristinnar trúar sífellt á vörunum í baráttu sinni gegn þróunarkenningu Darwins. Baráttan gegn nútímaeðlisfræði og framþróun og vaxtarskilyrðum hennar sem vísinda, baráttan gegn þróunarkenningu Darwins var háð í nafni kristinnar trúar, siðgæðis og varðveislu á ýmsum þeim stofnunum þjóðfélagsins sem hv. þm. vitnaði til áðan. Nú finnst okkur slík barátta fáránleg. Nú hrista menn höfuðið, bæði hér í þingsalnum og uppi á áheyrendapöllum, yfir slíku. (**RH:** Yfir hverju?) Yfir þeirri baráttu sem fór fram af hálfu íhaldsaflanna í Suðurríkjum Bandaríkjanna gegn þeim fræðimönnum eðlisfræðinnar og gegn þeim kennara sem í skólastofunni hélt fram þróunarkenningu Darwins. Um baráttuna gegn þeim kennara er merk saga. Um hana hafa verið skrifaðar margar bækur, jafnvel samin leikrit og kvikmyndir. Hana þekkja væntanlega flestir hér. Það átti að setja af kennarann sem í skólastofunni leyfði sér að halda fram þróunarkenningu Darwins. Það var stjórnmálamaður í Bandaríkjunum, fulltrúi íhaldsaflanna, jafnvel frambjóðandi til forsetakjörs, sem ætlaði að hagnýta sér þessa baráttu gegn vísindunum í pólitískum tilgangi.

Mér fannst ræða hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur því miður minna óþyrmilega á ærið margt í þeirri baráttu, sem kannske er ekki svo undarlegt þegar maður hefur í huga að grundvallarskoðun þeirra, sem gerast stoltir talsmenn íhaldsins, hlýtur að vera andstæð framgangi vísindanna. Eins og hv. þm. sagði hér áðan, má eingöngu fjalla um það sem nú þegar er í gildandi lögum, eða m. ö. o., ef maður snýr því við: í skólanum má ekki fjalla um breytingar, þar má aðeins ræða það sem er.

Nú er það eðli allrar vísindalegrar framþróunar að spyrja spurninga, að draga í efa það sem er, að leita svara við því sem mönnum þykir e. t. v. dálítið sérstakt og forvitnilegt og spyrja vægðarlaust. En eins og hv. þm. sagði áðan; skólinn á að vera verndaður fyrir spurningum um breytingar. Þetta er í raun og veru krafa um að skólinn eigi að vera íhaldsstofnun. Slíkt er ekki krafa frjálshyggjunnar. Það sýnir vankunnáttu hv. þm. um þau miklu hugmyndafræðilegu átök sem hafa átt sér stað í Evrópu á þessari öld milli frjálshyggjunnar annars vegar og íhaldshyggjunnar hins vegar, að hún skuli rugla þessu saman. Það eru einmitt frjálshyggjumennirnir í Evrópu sem hafa verið aðaltalsmenn fyrir umræðunum og spurningunum um skólann í samfélaginu, helstu gagnrýnendur á skólann sem máttarstólpa íhaldsins í þjóðfélaginu. En e. t. v. er það rangt hjá mér, að hv. þm. séu ekki kunnugar þessar umr. E. t. v. gerir hún það vitandi vits og af fullum ásetningi að flytja þennan boðskap íhaldsins gegn vísindunum inn í sali Alþingis. Það hefur verið annað sem hefur einkennt vinnubrögð íhaldsafla á Vesturlöndum á þessari öld. Þau hafa ávallt — ég skal ljúka máli mínu, þannig að hægt sé að fresta fundi innan örfárra mínútna, hæstv. forseti. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli á að fundartími er liðinn, ef hv. þm. vill gera hlé á ræðu sinni.) Já. Það hefur einmitt verið kjarninn í baráttu íhaldsafla gegn framþróun fræðilegrar þekkingar að notfæra sér pólitískar valdastofnanir þar sem fræðimennirnir væru ekki staddir til þess að svara fyrir sig í þeirri viðleitni sinni. Og það gerist einmitt hér í dag, að tekin er til ítarlegrar umr. könnun sem ég skal ekki leggja neinn dóm á, ég hef ekki kynnt mér hana nægilega til þess. En mér finnst óeðlilegt, ef hv. þm. telur að slíkt fræðiverk sé mjög aðfinnsluvert, að hún skuli þá ekki ganga til þeirrar umr. á hinum fræðilega vettvangi, en ætla sér að hagnýta sér hið pólitíska vald í baráttu sinni gegn framþróun vísindanna. Á þessum punkti, hæstv. forseti, skal ég gera hlé á ræðu minni og taka upp umr. um þetta frv. á síðari fundi. — [Frh.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Að gefnu tilefni skal tekið fram að ummæli forseta áðan í tilefni af framíköllum ber ekki að túlka svo, að forseti hafi gert upp á milli hv. dm. sem ræðumanna. Forseti gengur út frá því, að allir hv. dm. séu góðir ræðumenn, og það var raunar tekið sérstaklega fram um hv. 5. þm. Reykv.

Umr. frestað.

Neðri deild, 51. fundur.

Miðvikudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 228). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er eitt af allmörgum sem flutt eru í samræmi við fyrirheit ríkisstj. til launþega um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 103 frá 30. nóv. 1978.

Með breytingum, sem gerðar eru á tvennum lögum — lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot og skiptalögum — er þeirri ábyrgð, sem ríkissjóður tók á sig árið 1974 á launum og fleiri kröfum launþega þegar kaupgreiðandi verður gjaldþrota, verulega breytt. Í raun og veru hafa þessi lög aldrei komið fullkomlega að tilætl-

uðum notum vegna þess að þau náðu einungis til þeirra launa og annarra krafna sem til hafði verið stofnað á síðustu 6 mánuðum fyrir upphaf gjaldþrotaskipta. Oft er það hins vegar svo, að miklu lengri tími en þessir 6 mánuðir líður frá því að fyrirtæki kemst í greiðsluþrot og þar til úrskurður um gjaldþrot gengur. Voru kröfurnar því oft glataðar að hluta eða öllu leyti þegar til ríkisábyrgðarinnar átti að taka. Nú er þessi frestur hins vegar lengdur í 18 mánuði. Ætti með því að vera tryggt að lögin komi launþegum að því gagni sem efni stóðu til. Auk þessa eru svo þær breytingar gerðar á ríkisábyrgðinni, að hún nær til örorkubóta, sem launþeginn á hjá fyrirtækjum, og einnig þeirra bóta, sem maki og börn eiga tilkall til vegna dauðsfalls fyrirvinnu af völdum vinnuslyss.

Tæpast þarf að ræða svo sjálfsagt mál sem það er að þessar bætur séu ekki látnar fara forgörðum þótt fyrirtækið, sem þær átti að greiða, verði gjaldþrota. Slíkt er auðvitað algjört réttlætismál.

Svo er í þessu frv. nýmæli þess efnis, að hafi launþegi orðið fyrir kostnaði vegna tilrauna til að innheimta kröfur sínar hjá launagreiðanda skuli sá kostnaður einnig rúmast innan ríkisábyrgðarinnar. Loks er með breytingu á reglugerð aukinn réttur launþega til vaxta af þeim greiðslum sem falla undir ríkisábyrgðina.

Ég sé ekki ástæðu til að fara miklu fleiri orðum um þetta frv., en vísa til aths. sem því fylgja.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. þessarar hv. d. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 353). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. l. nr. 24 10. maí 1977 og l. nr. 82 18. maí 1978 um breyt. á þeim lögum. Frv. er á á þskj. 353.

Þetta frv. er aðeins tvær greinar. 1. gr.: Í 14. tölul. 3. gr. laganna falli orðin „ráðherra og" brott. Og 2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Í allmörg ár hafa verið í gildi sérstakar reglur um tollmeðferð bifreiða er ráðh. hafa til afnota. Með lögum nr. 1 frá 1970, um tollskrá o. fl., var veitt heimild til þess að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðh. í samræmi við reglur um bifreiðamál ríkisins.

Reglur þær, er nú gilda um bifreiðamál ríkisins, er að finna í reglugerð nr. 6 frá 1970. Í 10. gr. reglugerðar þessarar eru svofelld ákvæði:

„Hver ráðh. getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessar skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðh., sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðh., er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðh. í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota."

Ríkisstj. telur óeðlilegt að ráðh. fái bifreiðar, er verði einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu og er því með frv. þessu lagt til að lagaheimild til veitingar slíkra fríðinda verði felld úr gildi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 324). — Frh. 1. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á útvarpslögum var til umr. s. l. mánudag og þá kvaddi ég mér hljóðs eftir að fjórir hv. alþm. höfðu fjallað nokkuð um þetta frv. Tveir þeirra mæltu með samþykkt þess, en aðrir tveir, talsmenn Alþfl., voru algerlega andvígir þessu frv. Röksemdir þeirra voru þær, að með samþykkt á þessu frv. væri ekki aðeins verið að gefa útvarpsrekstur frjálsan, heldur væri hér um að ræða frelsi til handa peningamönnum.

Inn í þessar umr. blönduðust síðan vangaveltur manna um stöðu ríkisútvarpsins, og er það í sjálfu sér vel. Það er líka skiljanlegt að málefni ríkisútvarpsins blandist nokkuð inn í umr. um frv. um frjálsan útvarpsrekstur, einkum og sér í lagi vegna þess að málefni Ríkisútvarpsins hafa verið nokkuð í sviðsljósinu að undanförnu út af ýmsum öðrum málum. Má þar nefna að framkvæmd var á dögunum hlustendakönnun þar sem fram komu athyglisverðar niðurstöður um álit hlustenda á hljóðvarpinu, og gefnar hafa verið út yfirlýsingar af ráðamönnum útvarpsráðs og Ríkisútvarpsins um að grípa þurfi til margvíslegra breytinga á dagskrá með hliðsjón af niðurstöðum þessarar könnunar. Þá hefur það verið upplýst að ungir menn úr Reykjavík hafa boðist til þess að annast næturútvarp í sumar í tilraunaskyni, og vakin hefur verið athygli á hugmyndum um breytingar á rekstri útvarpsins, m. a. með því að taka upp útsendingar í stereo, með því að taka upp nýja rás og hugsanlega að setja upp stúdíó víða um land, eins og frv. til laga, sem lagt hefur verið fram á þingi, gerir ráð fyrir.

Ég held að öll þessi mál sýni, að Ríkisútvarpið — hljóðvarpið — á rætur hjá þjóðinni, stendur henni nærri, enda er það svo, að hljóðvarpið er fastur — ekki aðeins gestur, heldur fjölskyldumeðlimur á hverju íslensku heimili og á þennan fjölmiðil er hlýtt meira en nokkurn annan fjölmiðil í þessu landi, jafnvel eftir gífurlega aukna blaðaútgáfu og þrátt fyrir tilkomu sjónvarps síðasta áratuginn.

Ég held að flestir séu sammála um að Ríkisútvarpið þurfi að færa mjög út kvíarnar og fylgjast með þróuninni með lengingu dagskrár, með aukinni fjölbreytni í dagskrárgerð o. s. frv. En þær kröfur, sem í þessu eru fólgnar, er erfitt að uppfylla nema mikið átak sé gert í málefnum Ríkisútvarpsins bæði hvað varðar alla aðstöðu og aðbúnað svo og fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

Ég leyfi mér að fullyrða að Ríkisútvarpið hafi verið í mikilli úlfakreppu og hafi verið hornreka í þessu þjóðfélagi um langan tíma. Stofnunin situr enn þá í skammarlega þröngu leiguhúsnæði, allur tækjabúnaður er meira og minna úreltur, afnotagjöldum hefur markvisst

verið haldið niðri og við afgreiðslu fjárl. í vetur var Ríkisútvarpið svipt heföbundnum tekjum af aðflutningsgjöldum viðtækja sem nema um 1/2 milljarði króna. Þessi dapurlega upptalning, sem er meira og minna staðreynd, er ekki endilega yfirlýsing um að ekkert sé hægt að gera á næstunni, en hún stendur engu að síður Ríkisútvarpinu fyrir þrifum.

Ég held að forsenda allra veigamikilla breytinga hjá Ríkisútvarpinu sé sú, að aðbúnaður og aðstaða sé stórbætt með því að leggja áherslu á að sú bygging, sem nú er hafin fyrir Ríkisútvarpið, verði fullgerð á tiltölulega skömmum tíma, svo og að fjárhagslegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins sé tryggt hið fyrsta með meira sjálfræði í ákvörðunum um afnotagjöld og með því að tryggja Ríkisútvarpinu beint þær tekjur sem fást af innflutningi á hljóðvarps- og sjónvarpstækjum.

Ég hef vel skilið vissa tortryggni ýmissa þeirra, sem nálægt Ríkisútvarpinu hafa staðið, gagnvart því að heimila frjálsan útvarpsrekstur og tregðu manna á því að samþ. að afnema skuli einkarétt ríkisins á útvarpsrekstri. Ég skil það svo, að hér sé um að ræða eðlilegan metnað af hálfu þessara aðila fyrir hönd Ríkisútvarpsins, sem halda því þá fram að fyrsta ákvörðun og fyrstu aðgerðir hljóti að beinast að því að laga mjög stöðu Ríkisútvarpsins áður en Íslendingar færðu út kvíarnar í útvarpsrekstri. Þetta segi ég án þess þó að vera sammála því, að ekki sé hægt að gera hvort tveggja jafnhliða: að afnema einkarétt ríkisins á útvarpsrekstri og bæta stöðu Ríkisútvarpsins frá því sem nú er. Ég held að með bættum aðbúnaði og með fjárhagslegu sjálfstæði þurfi ekki miklar umr. að fara fram um það, hvort lengja skuli dagskrána eða hvort breyta skuli henni að vilja hlustenda, og ég óttast ekkert um stöðu Ríkisútvarpsins í samkeppni við aðrar stöðvar í ljósi þeirra yfirburða sem sú stofnun hefur af langri reynslu og vegna þess að flestir Íslendingar hafa taugar til Ríkisútvarpsins.

Það vakti hins vegar athygli í umr. á mánudaginn að fulltrúar Alþfl. beittu fyrst og fremst þeim rökum gegn frjálsu útvarpi, að hætta væri á því að peningamenn kæmust til valda og misnotuðu áhrif sín á þeim vettvangi. Þessar röksemdir eiga að sjálfsögðu ekkert skylt við almenn vandamál Ríkisútvarpsins eða þær röksemdir sem ég var að rekja. Mér finnst í rauninni hryggilegt, að ungir og tiltölulega víðsýnir fulltrúar Alþfl. skuli bregða sér í hlutverk „kerfiskarlanna" hér á Alþ. með því að taka upp hanskann fyrir þessa ríkisstofnun með þessum hætti og láta í ljós vantrú sína á því, að fólki sé veitt aukið frelsi til að tjá sig og til að hafa frumkvæði að fjölmiðlun af þessu tagi.

Það er vissulega rétt, að peningar eru að mörgu leyti afl þess sem gera skal. Án fjár geta menn vart hafið útgáfustarfsemi eða stofnað atvinnufyrirtæki eða reist nýjar útvarpsstöðvar. En þar þarf auðvitað meira til að koma en fjármagnið eitt sér. Þar þarf á að halda nokkrum kjarki og áræði, hugviti og frumkvæði. Þessir eiginleikar eru að mínu mati — og ég held það sé hafið yfir allan vafa — vaxtarbroddur allra framfara í þessu þjóðfélagi. Íslendingar hafa ekki byggt upp þjóðfélag velferðar og velmegunar og tækni og tækninýjunga nema vegna þess að þeir hafa haft hugvit og frumkvæði til þess að leggja til atlögu við slík verkefni. Þeir hafa ekki gert það í krafti peninganna einna sér, heldur vegna þess að þeir hafa fundið hvöt hjá sér til þess að leggja á brattann til athafna og til þess að taka nokkra áhættu í þessu landi. Og ég vísa því algerlega á bug, að mikil og alvarleg hætta stafi af valdi og áhrifum peningamanna í þessu þjóðfélagi. Ég held að sú hætta komi annars staðar frá.

Ég hef ekki orðið var við að áhrif Alþfl. hafi minnkað í sama hlutfalli og útgáfa eða sala Alþýðublaðsins hefur minnkað, og segja má að styrkur Alþfl. hér á þingi hafi vaxið í öfugu hlutfalli við áhrif Alþýðublaðsins. Þó er Alþýðublaðið í eðli sínu sams konar fjölmiðill og hér er verið að tala um, þ. e. tæki til þess að breiða út skoðanir og sjónarmið. En ég hef ekki séð að Alþfl. hafi goldið þess, hversu litlum fjölmiðlum hann hefur yfir að ráða og ég hef ekki séð að peningamenn hafi komið flokki þessum fyrir kattarnef í krafti áhrifa sinna.

Sannleikurinn er sá, að þjóðfélaginu stafar miklu meiri hætta af þeim hugsunarhætti að menn séu sífellt að treysta fyrst og fremst á stóra bróður, treysta fyrst og fremst á að ríkið geti séð öllum mönnum farborða og það sé farsælast að beina allri tjáningu og öllum fjölmiðlum undir stjórn ríkisins. Ég held að handleiðsla hins opinbera sé miklu alvarlegra vandamál. Ég held að það sé hlutverk ungra manna og nýrrar kynslóðar að reyna að standa vörð um að einstaklingarnir í þjóðfélaginu hafi möguleika, hafi rétt og þeir hafi tök á því einmitt að tjá sig og leggja út í alls kyns athafnir, hvort sem peningar skipta þar máli eða ekki.

Þetta er sem sagt ekki spurning um peningavald, heldur mannréttindi. Og þetta er spurning um lífsviðhorf. Ég hef í sjálfu sér, herra forseti, ekki miklar áhyggjur af því, hvort einkaréttur ríkisins á útvarpsrekstri verði afnuminn fyrr eða síðar, það heldur ekki vöku fyrir mér. En ég held að það sé, úr því sem komið er, aðeins tímaspursmál hvenær að því kemur. Ég vek athygli á því, að nú þegar er farið að segja frá því, að verið sé að selja myndsegulbönd með dagskrám, með efni fyrir sjónvarp. Innan skamms verður slíkt efni ákaflega ódýrt. Heilar dagskrár verða seldar fólki til afnota. Ég get ekki séð í fljótu bragði hvernig Alþfl. ætlar að bregðast við því að einhverjir ímyndaðir peningamenn hafi þar hönd í bagga og ráði einhverju um efni þessara myndsegulbanda.

Ég vek líka athygli á því, að áður en varir fáum við bæði að hlusta og sjá erlendar útvarps- og sjónvarpsstöðvar hér á Íslandi. Við það verður ekki ráðið. Ég man ekki betur en hv. þm. Eiður Guðnason hafi eindregið verið meðmæltur því að við tækjum upp samninga við hin Norðurlöndin um að standa að Nordsat, sem felur það í sér að hingað til lands munu berast dagskrár frá hinum Norðurlöndunum. Auðvitað verða þær dagskrár frágengnar og útbúnar algjörlega án þess að við séum spurðir þar ráða, hvorki ríkið né einstaklingar hér á landi.

Þessi tækniþróun verður ekki umflúin, og með hliðsjón af henni sýnist mér það vera bábiljur einar og barnaskapur að vera að mæla gegn því, að útvarpsrekstur á Íslandi verði gefinn frjálsari en nú er. Ég held að okkur stafi engin hætta af því þó einstaklingar fái að spreyta sig á þessu verkefni. Það er enginn skaði skeður þó að einhverjir aðrir fái að annast þessa fjölmiðlun en misvitrir útsendarar stjórnmálaflokkanna og embættismenn á vegum ríkisins.

Þetta sjónarmið vildi ég láta koma fram við þessa umr. Ég hef getið þess í grg. með því frv., sem ég hef flutt um staðbundnar útvarpsstöðvar, að ég teldi líklegt að pólitískir fordómar kæmu í veg fyrir að þetta frv., sem hér er nú á dagskrá, verði samþ. í vetur a. m. k. Ég hef því talið

eðlilegra að stíga skref til aukinnar fjölbreytni í útvarpsrekstri með því að setja upp staðbundnar stöðvar. Ég geri mér vonir um að það frv. fái fylgi Alþingis og fáist samþ. á þessum vetri. En ég er í engum vafa um að fleiri skref og örlagaríkari verði stigin á næstu árum og áður en vari verði gerðar breytingar á útvarpslögum þannig að einkaréttur ríkisins verði afnuminn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Mér þykir rétt að taka til máls um þetta efni þegar það er á dagskrá, því yfirleitt hefur það verið svo, að þegar þessi mál hefur borið á góma hér í þingi á undanförnum árum hef ég sagt álit mitt á þessu efni.

Þetta frv., sem er til umr. núna, er engan veginn nýtt. Þetta mál hefur verið flutt áður og borið hér á góma beinlínis áður, ég veit nú ekki hversu oft, en ég hef yfirleitt, þegar þetta mál hefur verið til umr., nákvæmlega þetta mál, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefur verið helsti hvatamaður að, sagt álit mitt á því og hef út af fyrir sig ekki miklu við það að bæta, heldur vil ég aðeins endurtaka það, að ég er ekki fylgjandi því að einkaleyfi Ríkisútvarpsins verði afnumið. Ég tel að það sé naumast tímabært að tala um slíkt. Auk þess held ég, að þetta sé ekki sérlega auðvelt í framkvæmd, og gæti tínt til ýmsa annmarka, sem eru á þessari hugmynd. Ég get tekið undir þau andmæli sem komið hafa fram gegn frv. hjá ýmsum hv. þm. sem um þetta hafa talað, og skal ég ekki hafa um það öllu fleiri orð.

Hins vegar þykir mér rétt að benda á frv. sem er 87. mál þingsins — þ. e. frv. frá hv. þm. Ellert B. Schram sem hér var að ljúka máli sínu áðan. Ég held að ég hafi tekið til máls um það, þegar það var til umr. í vetur, og lýst þá skoðun minni á meginstefnu þess frv. sem hv. þm. Ellert B. Schram flytur, að útvarpið taki upp eða beiti sér fyrir að tekið verði upp eins konar landshlutaútvarp eða komið upp staðbundnum útvarpsstöðvum, eins og segir í þeirri frvgr. sem hv. þm. Ellert B. Schram flytur.

Ætlun mín með því að taka til máls hér var reyndar sú að beina máli mínu til hæstv. menntmrh., sem mun ekki vera í þingsalnum, enda á hann reyndar ekki sæti í þessari þingdeild, og hann mun ekki heldur vera í þinghúsinu og mun hafa forföll, þannig að ég á svolítið erfitt með að beina máli mínu til hans beinlínis. En eigi að síður ætla ég að bera fram þá stuttu fsp. sem ég er með. Ég sé a. m. k. einn hæstv. ráðh. í stól sínum í salnum og hann væri kannske svo vinsamlegur að koma boðunum til hæstv. menntmrh.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. eða ríkisstj. hvort hæstv. menntmrh. og ríkisstj. hafi tekið fyrir ósk Ríkisútvarpsins um að taka á leigu útvarpsstúdíó á Akureyri. Það hefur verið undirritaður skilyrtur samningur við eigendur útvarpsstúdíós á Akureyri um leigu af hálfu Ríkisútvarpsins á þessu stúdíói. Leigumálar sýnast vera mjög hagstæðir. Mánaðarleigan mun vera 85 þús. kr., sem gerir á ári rétt rúma 1 millj. kr. Það verður varla sagt að sé stór upphæð í rekstri slíkrar stofnunar sem Ríkisútvarpið er, sem veltir hundruðum millj. kr., en hins vegar er mér það vel kunnugt, og það mun fleiri kunnugt af blaðaskrifum, að þessi samningur, sem Ríkisútvarpið hefur gert, hefur „staðnað í kerfinu", eins og menn segja, hann hefur ekki verið staðfestur og ýmsu borið við.

Nú skal ég ekki lengja mál mitt mikið um það, hvaða rök kunna að vera fyrir því að stöðva þennan samning mánuðum saman. En ég vil fyrst og fremst beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh., eða biðja þá ráðh. sem hér kunna að vera staddir, að flytja þau boð til hæstv. menntmrh. frá mér, hvort ekki séu líkur til þess að þessi samningur verði staðfestur. Ég held að ég megi segja frá því hér, að mér var sagt það af starfsmönnum og ráðamönnum í Ríkisútvarpinu í morgun að starfsmenn Ríkisútvarpsins, starfsmennirnir sjálfir, hefðu gert samning um að taka þetta stúdíó á leigu, þeir mundu sem sagt kosta leiguna sjálfir og greiða úr eigin vasa þá leigu sem þarna er um að ræða, þannig að Ríkisútvarpið gæti með sæmilegu móti flutt dagskrárefni frá Akureyri.

Ég var að minnast á frv. hv. þm. Ellerts B. Schram sem ég tel að fari í rétta átt í höfuðatriðum. Það frv. gerir einmitt ráð fyrir að reknar séu staðbundnar útvarpsstöðvar. Ég er þeirrar skoðunar, að þessi hugmynd eigi verulegan hljómgrunn á Alþ. Það á auðvitað eftir að sýna sig í meðferð málsins frekar í n. hversu fer um afdrif þessa frv. hv. þm. Það má vel vera að það þurfi að breyta því eitthvað, en ég er þeirrar skoðunar að það eigi að samþ. breytingu á útvarpslögunum sem fer í svipaða átt og hv. þm. gerir ráð fyrir. Þar af leiðir að ég hlýt að láta í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa staðfest þann samning sem stjórn Ríkisútvarpsins hefur gert við stúdíóið á Akureyri um rekstur útvarpsstöðvar þar.

Ég tel sem sagt að þarna sé um mjög góð leigukjör að ræða og það yrði til framdráttar þeirri hugmynd sem við margir hér aðhyllumst og höfum verið að ræða á undanförnum árum, að Ríkisútvarpið víkki út starfsemi sína með því að reka útvarpsstöðvar víðar en í Reykjavík. Þess vegna hef ég vakið máls á þessu og gert þessa beinu fsp. um það, hvort ríkisstj. ætli ekki að verða við ósk Ríkisútvarpsins um að taka á leigu útvarpsstúdíóið á Akuryeri.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins nokkrar aths. vegna ummæla hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar, Ellerts B. Schram og Friðriks Sophussonar varðandi það mál sem hér er til umr.

Það er alveg augljóst að reginhaf er á milli skoðana þessara þriggja manna og okkar Alþfl.-manna sem hér höfum talað um þetta mál. Ég held að hv. þm. Eiður Guðnason hafi komist mjög réttilega að orði og nærri sannleikanum þegar hann talaði um að hér væri verið að prédika af hálfu flm. frelsi peninganna. Það er nú líkast til kjarninn í þessu máli, að hér er verið að túlka það frelsi sem fjármagnið stjórnar.

Ég vil endilega draga skýrt fram, að það verður að skilja mjög greinilega á milli þegar verið er að ræða um frjálst útvarp annars vegar og hið íslenska ríkisútvarp hins vegar. Í frv. því, sem hér er til umr., eru hinu svokallaða frjálsa útvarpi ekki lagðar neinar skyldur á herðar við alþjóð, þ. e. a. s. því er m. a. ekki gert að útvarpa um allt landið, heldur liggur í augum uppi að slíkt útvarp mundi eingöngu verða bundið við þéttbýlisstaðina á landinu. M. a. af þessari ástæðu er fullkomlega réttmætt að andæfa gegn þessu frv. og a. m. k. benda á þá stórkostlegu ágalla sem á því eru.

Það er mikið talað um misvitra embættismenn og stjórnmálamenn í sambandi við Ríkisútvarpið. En þeir menn, sem þannig tala, minnast ekki á misvitra peningamenn. Þeir minnast ekki á það, hvað misvitrir peningamenn gætu gert með frjálsum útvarpsrekstri. Ég dró

upp í umr. í gær mynd af ástandi því sem skapast hefur í Bandaríkjunum af frjálsum útvarpsrekstri. Allir eru sammála um að hann sé hvergi til fyrirmyndar. Og þar er komið svo, að ríkisvaldið hefur orðið að grípa í taumana og útvarpar sjálft um eigin útvarpsstöðvar ýmsu menningarlegu efni.

Ég ætla ekki að þæfa þetta mál við hina ungu frjálslyndu sjálfstæðismenn í d., en ég held að mönnum hljóti að vera ljóst að annmarkar á þessu máli eru svo margir og stórir að það er hvergi nærri tímabært að tala um það. Ég vil eingöngu í sambandi við þetta ítreka óskir mínar, ekki bara til þessarar d., heldur til Alþ., að það reyni nú, í stað þess að huga að frjálsu útvarpi, að gera betur við sitt eigið ríkisútvarp og efla starfsemi þess og rekstur, auka og bæta tækjabúnað og öryggi það sem útvarpið býr við og þá um leið landsmenn allir.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þar sem 1. flm. þessa frv. er nú horfinn af Alþ., en hann sat í Nd. sem varamaður, þá rennur mér blóðið til skyldunnar að svara fyrir nokkur atriði sem komið hafa fram í umr.

Það vekur að sjálfsögðu athygli, eins og hv. þm. Ellert B. Schram benti reyndar á, að fulltrúar Alþfl., ungir og frjálslyndir fulltrúar hans hér í d., hafa gert harða hríð að því frv. sem hér er til umr. Þeir tala mikið um peningamenn og það megi passa sig á þeim í þessum efnum. Þetta er þeim mun athyglisverðara þegar þess er gætt, að hér er um að ræða tvo ágætismenn, hv. þm. sem báðir hafa unnið við ritstjórn á Alþýðublaðinu, því blaði sem hefur með tíð og tíma siglt heldur betur niður á við eins og sökkvandi skúta í íslenska fjölmiðlaflotanum, og báðir þessir menn urðu að hverfa þaðan og fá sér atvinnu hjá hinu opinbera. Þeir sitja nú báðir í útvarpsráði og þeir virðast komnir hingað á Alþ. sem fulltrúar kerfisins, svokallaðir „kerfiskarlar", eins og Vilmundur Gylfason hv. þm. mundi eflaust kalla þá ef hann stæði hér í pontu. Ég þakka honum lánið á þessu ágæta orðið sem hann hefur fundið upp og hægt er að nota um hans eigin flokksbræður að þessu sinni.

Það hefur verið minnst á að frjáls útvarpsrekstur mundi engar skyldur hafa við alþjóð. Það getur vel verið að það séu engar skyldur við alþjóð, ef talað er um hvern einasta mann í landinu. En hvaða skyldur hefur Nýja Bíó við alþjóð eða Gamla Bíó eða Stjörnubíó? Þau hafa einungis þær skyldur, að það fólk, sem er í Reykjavík þá stundina, geti farið í þessi bíó. Það getur farið í Þjóðleikhúsið á sama hátt. Það fólk, sem er statt á höfuðborgarsvæðinu, ef þessi frjálsi útvarpsrekstur er starfræktur þar, getur hlustað á þessar útvarpsstöðvar. En svona þröngur hugsunarháttur lýsir sér oft í sölum Alþingis af hálfu þeirra manna sem vilja að það hreyfi sig enginn í þessu þjóðfélagi nema það komi hverjum einasta aðila á landinu til góða. Fyrr má ekki hreyfa neitt. Og ég get nefnt dæmi um þetta: Ef við hefðum farið að ráði manna, sem hugsa svona, væri ekkert litsjónvarp á Íslandi í dag. Það varð að berjast fyrir því gegn svona hugsunarhætti, svona dreifbýlishugsunarhætti sem þessir þm. hafa tileinkað sér hér, en gerir kannske mest ógagn einmitt dreifbýlinu.

Staðreyndin er sú, að það eru skilyrði í þessu frv. Guðmundar H. Garðarssonar o. fl. um það, hvernig staðið skuli að frjálsum útvarpsrekstri. Það verður að sækja um leyfi og það verður að fá umsögn útvarpsráðs — og þar sitja þessir tveir ágætu þm. Það þarf að fá leyfi og umsögn Póst- og símamálastjórnarinnar. Leyfið er tímabundið. Það er aðeins í 3 ár í senn. Það þarf að vera reyndur dagskrárstjóri, tæknimenntaður tæknistjóri. Og það eru gerð skilyrði um fjölbreytta dagskrá, um óhlutdrægni o. s. frv. Ég veit ekki við hvað þessir menn eru hræddir. Ég get ómögulega skilið það.

Það er talað um í þessu sambandi, að í Bandaríkjunum hafi hið opinbera orðið að sjá fyrir menningunni með íhlutun í fjölmiðla sem notast við öldur ljósvakans. Það er alveg rétt. En þetta er gamalt mál. Hið opinbera hefur í Bandaríkjunum um mjög langt skeið rekið útvarp og sjónvarp um menningarleg efni. Það er alveg hárrétt. Þetta er ekkert nýtt. En þar dafnar þetta ágætlega. Þar er samkeppni um útvarpsrekstur, reyndar um sjónvarpsrekstur líka, og ég get ekki séð annað en það hafi gengið ágætlega. Auðvitað þarf að hafa eftirlit með þessu og reglur. Það er ekki verið að sleppa þessu öllu frjálsu með frv., síður en svo. Þar eru enn þá leyfisveitingar og slíkur úthlutunarhugsunarháttur, sem sumum mönnum hér virðist vera svo tamt að nota að þeir vilja helst ekki af missa.

Málið er það, að ef hv. þm. vilja gera íslenska ríkisútvarpinu verulegan greiða, þá þarf það á aðhaldi að halda. Ég hef setið í útvarpsráði um þriggja ára skeið og veit hvernig mál ganga fyrir sig þar. Ég er ekki að fara orðum um þetta vegna þess ég telji að það sé misfarið með stjórn á Ríkisútvarpinu, síður en svo. En það hafa allir gott af því að hafa aðhald og fá aðhald, og ég er viss um að frjáls útvarpsrekstur hér á landi mun ekki gera íslenska ríkisútvarpinu annað en gott.

Hitt er svo annað mál, og það vil ég taka sérstaklega undir með öllum útvarpsráðsmönnunum sem hér hafa talað, þrem hv. þm., Árna Gunnarssyni, Eiði Guðnasyni og Ellert B. Schram, að auðvitað megum við ekki vanrækja málefni Ríkisútvarpsins. Því get ég verið fyllilega sammála og undir það vil ég taka. En það sem skiptir máli, er að kominn er tími til í þessum efnum og kannske fjölmörgum öðrum efnum að átta sig á því, athuga það í reynsluskyni, hvort einhverjum öðrum sé treystandi til þess að stunda hér rekstur, þ. á m. útvarpsrekstur, eða hvort við eigum að vera fjötraðir við ríkiskerfið það sem eftir er. Hér reynir á unga þm. Alþfl.-menn sem voru kjörnir á þing með miklum sigri, menn sem komu hingað sem boðberar frjálslyndisins. Nú reynir á hvort þeir ætla að standa við þau orð, hvort þeir skipa sér í flokk með hv. þm. Vilmundi Gylfasyni eða hvort þeir eru aðeins fulltrúar kerfisins, hafa komið hingað inn á fölskum forsendum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef ekki nennu til að lengja þessa umr. mjög, en sumt af því, sem sagt hefur verið hér, er þess eðlis að ég vil ógjarnan sitja undir því, eins og það, að tveir hv. þm., sem hafa talað hér, hafa nefnt okkur Alþfl.-menn „kerfiskarla". Séum við „kerfiskarlar", þá held ég að þeir séu peningakerfiskarlar í ljósi þess sem þeir hafa hér sagt. Þeir eru alla vega talsmenn þeirra sem fjármagninu ráða. Sömuleiðis vil ég leiðrétta hv. alþm. Friðrik Sophusson með það að ég hafi ritstýrt Alþýðublaðinu. Svo hátt komst ég aldrei í metorðastiganum þar. Það er misskilningur.

Það hefur verið bent á það hér, að þessu frv. fylgi bara réttindi, engar skyldur. Líka hefur verið bent á það, að það er ekki hugsað sem útvarp fyrir landið allt, þetta svokallaða frjálsa útvarp, sem er þó engan veginn frjálst,

heldur er það eingöngu hugsað og eingöngu ætlað fyrir þéttbýlissvæðin. Svo leyfa hv. þm. sér það, eins og Friðrik Sophusson áðan, að tala um dreifbýlishugsunarhátt. Takið eftir þessu: dreifbýlishugsunarhátt! Hvað er það? Ef það er að tala það sem ég tel að sé mál skynseminnar í þessu máli, þá er það góður hugsunarháttur. Ég hef ekki orðið var við að menn hugsuðu með tvenns konar hætti, *eins og hann vill vera láta og talar í sérstaklega niðrandi* merkingu um dreifbýlishugsunarhátt. Ég held að við eigum í þessu máli eins og öðrum að freista þess að láta skynsemina ráða.

Í grg. með þessu frv. segir, með leyfi forseta:

„Með frv. þessu eru lögð drög að því, að á Íslandi ríki hliðstætt tjáningarfrelsi og þekkist í vestrænum lýðræðisríkjum á sviði hljóðvarps og sjónvarps."

Ég veit ekki betur en hér ríki alveg sama tjáningarfrelsi. Það ríkir að vísu ekki sama frelsi og menn hafa notið og peningavaldið hefur notið t. d. í Bandaríkjunum til að reka þar svokallaðar frjálsar útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar. Ég veit ekki betur en hér gildi sömu reglur í þessum efnum og gilda víðast hvar í Vestur-Evrópu. Ég veit ekki til þess, að það séu lagðar nokkrar sérstakar hömlur hér á tjáningarfrelsi. Hins vegar miðar þetta frv. að því. Ég leyfi mér að vitna enn á ný til 10. gr. þessa frv., sem ég held að hafi kannske farið fram hjá ýmsum og kannske þeir, sem sömdu frv., hafi ekki gert sér grein fyrir hvert var verið að fara. Þar segir, með leyfi forseta: „Með sama hætti og að framan greinir skal öðrum útvarpsstöðvum heimilað að afla tekna með auglýsingum" — og takið eftir: „eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis eða annars efnis, sem viðskiptavinir viðkomandi stöðvar kynnu að vilja koma á framfæri við almenning." (Gripið fram í.) Þetta *hefur ekki verið skýrt hér svo viðhlítandi sé. Eftir orð*anna hljóðan þýðir þetta ósköp einfaldlega að þeir aðilar, sem kæra sig um og hafa til þess peninga, geti keypt upp dagskrártíma eins og þeim væntanlega sýnist. Menn geta ósköp vel ímyndað sér hvernig dagskrár slíkra frjálsra útvarpsstöðva yrðu þegar fer að draga að kosningum. Ætli kæmi þá ekki býsna vel í ljós, hverjir réðu dagskránni, og ætli það væri ekki það frelsi peninganna, sem áður hefur verið minnst á hér, sem þá mundi ríkja í þessum svokölluðum frjálsu útvarpsstöðvum?

Hv. þm. Friðrik Sophusson talaði um dreifbýlishugsunarháttinn í sambandi við litsjónvarp að þá væri hér ekki komið neitt litsjónvarp. Um þetta mál var talað af sömu vanþekkingu og ýmislegt annað. Það var ekki spurning um það, hvort ætti að taka hér upp litsjónvarp. Þetta ætti hv. þm. að vera fullvel kunnugt þar sem hann hefur átt sæti í útvarpsráði. Svarthvít tæki sjónvarpsins voru löngu úr sér gengin og svarthvít tæki fyrir sjónvarp eru ekki framleidd lengur, þau eru ekki til. Ef átti að endurnýja tækjakost íslenska sjónvarpsins, sem var óhjákvæmilegt ef það átti ekki hreinlega að leggjast niður, var ekki spurning um neitt annað en litsjónvarp. Þetta er rétt að leiðrétta.

Það var vikið að Nordsat, *sem er rétt að ég hef hér* talað fyrir og mælst til aukinnar umr. um þau mál. Ég held að það mál horfi heldur til heilla. Ef það kemst í framkvæmd, eins og um er talað, verður það ekki fyrir einhverja ákveðna landshluta eða ákveðin þéttbýlissvæði, þá eiga allir aðgang að því. Það er hluti miklu stærra máls, sem ekki er kannske ástæða til að ræða sérstaklega hér. En þetta frv., sem hér er til umr., um svokallað frjálst útvarp, sem er engan veginn frjálst og kostar mikið fé þó í það sé látið skína hreinlega að þetta kosti hér um bil ekki neitt, er vanhugsað og þess vegna er ég því andsnúinn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður og ekki misnota athugasemdatímann. Ég hef nú þegar talað mig dauðan í þessu máli, en ég kemst ekki hjá því að gera aths. við það sem kom fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni um litsjónvarpið og hvernig á því hefur staðið.

Það þarf lítið að segja mér um það mál, því það vill svo til að ég var flm. þeirrar till. í útvarpsráði sem samþ. var þar og farið eftir varðandi þetta mál, og það ætti núverandi útvarpsráðsmaður að vita. Á þeim tíma var hægt að fá tæki sem sendu út án litar. Það er að vísu alveg rétt sem hér kom fram, að það var miklu óhagstæðara. Baráttan stóð við þau öfl sem vildu ekki að hér yrðu sett á litsjónvarpstæki sem kæmu til góða peningamönnum, sem gætu keypt þessi tæki, eða Reykjavíkuraðlinum, *sem býr hér á suðvesturhorni landsins, fyrr en hægt væri* að litvæða allt landið. Slagurinn stóð um þetta. Þetta á hv. þm. að vita.

Dreifbýlishugsunarhátt skýrði ég hér áðan. Mér þykir leitt ef hv. þm. Eiður Guðnason hefur tekið það til sín, það er honum að kenna, en ekki mér. Það eru þeir menn sem ekki vilja neinar framfarir í þessu landi nema allir geti notið þeirra í einu. Í áðurnefndu máli kom það okkur til hjálpar, — þeim mönnum sem vildu að einhverjar framfarir yrðu í þessu máli, og ég veit að hv. þm. Eiður Guðnason var einn þeirra, — að það sást að með því að byrja að selja hér litsjónvarpstæki fengjust tekjur til þess að standa undir breytingarkostnaði hjá sjónvarpinu. *Þetta vitum við báðir, ég og hv. þm. Eiður Guðnason.*

Ég komst ekki hjá því, herra forseti, að fá tækifæri til að gera þessar stuttu aths.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vildi samt að það kæmi skýrt fram, að ég er andvígur þessu frv. Ég tel að það væri stefnt í ranga átt að samþ. frv. af því tagi sem hér liggur fyrir. Ég lít á okkar íslenska útvarp fyrst og fremst sem menningartæki. Þó að það sé fjölmiðill, eins og er farið að kalla bæði blöð og tæki eins og sjónvarp og útvarp, *fréttamiðill, á það að vera að* mínu viti fyrst og fremst menningartæki. Mér er alveg ljóst að við okkar aðstæður er eðlilegt að þetta menningartæki sé rekið af ríkisheildinni, þar sé reynt að halda uppi ákveðnum og föstum siðareglum, eins og reynt hefur verið, hvernig svo sem það hefur tekist. Ég held að það væri stefnt í mjög ranga átt ef farið væri að afhenda rekstur af þessu tagi mörgum aðilum og þeim sem fyrst og fremst mundu hefja slíkan rekstur í fjáröflunarskyni, því að ég held að það sé enginn vafi á að slíkt lægi þá til grundvallar.

Ég kann annars heldur illa við þann málflutning hjá þeim sem berjast fyrir framgangi þessa frv. þegar þeir eru *að kalla hugmyndir sínar um annan útvarpsrekstur frjálst* útvarp. Allt er frjálst, hvers konar brask sem það er sem slíkir aðilar leggja til, en það þýðir þá auðvitað í þeirra munni að allt, sem ríkið hefur með að gera, er ófrelsi. Hér er auðvitað um mikla blekkingu að ræða. Stofnun eins og útvarpsstöð verður ekki frjáls þó nokkrir „spekúlantar" reki stöðina. Hún verður ekki frjálsari við það. Stöð, sem rekin er af ríki eða ríkisheild, getur vitanlega

verið jafnfrjáls og hin, sem er rekin af einhverjum fjáraflamönnum.

Auk þess að lýsa yfir afstöðu minni til þessa frv. var í rauninni annað atriði sem gerði það að verkum að ég bað um orðið. Við vitum að það hefur verið mikið áhyggjuefni í sambandi við umr. á Alþ. um útvarpsmál að undanförnu, hvernig ætti að takast að reka íslenska útvarpið — og þá ekki síst sjónvarpið — með þeim hætti að sæmilegt væri fyrir alla landsmenn. Við vitum að það kostar mikið að koma upp slíku sendineti þannig að það sé aðgengilegt fyrir alla landsmenn. Og reksturinn sem heild, ef hann á að vera á sæmilega menningarlegum grundvelli, kostar líka mikið fjármagn.

Þegar umr. voru hér fyrir nokkrum árum um það, hversu hratt ætti að fara í að koma upp litsjónvarpi, þá komu þessar raddir eðlilega upp. Þá bentu allmargir alþm. á að aðstaða okkar t. d. í sjónvarpsmálum væri enn þannig, að á það skorti verulega á mörgum stöðum á landinu að hægt væri að tala um sæmileg sendingarskilyrði og móttökuskilyrði. Ég heyrði engan mann tala á móti því að hér yrði tekið upp litsjónvarp út af fyrir sig. Spurningin var eingöngu um það, hvort það fjármagn, það takmarkaða fjármagn sem menn réðu yfir, ætti að nota í ríkara mæli en áður hafði verið til þess að bæta dreifikerfið, til þess að koma á skaplegri þjónustu við alla landsmenn, eða hvort ætti að nota takmarkað fjármagn til þess að koma á enn þá fullkomnari útsendingu fyrir takmarkaðan hluta landsmanna.

Við vitum hvað hefur verið gert í þessum efnum og það er ekkert um að villast, það fór eins og marga grunaði að litvæðingin gekk hratt yfir. Flutt var inn geysilega mikið af slíkum sjónvarpstækjum, og mér skilst að þau muni nú vera orðin í kringum 15 þús. Þetta hefur gengið miklu hraðar yfir en þeir spáðu sem einkum lögðu til að farið yrði út á þessa braut.

Auðvitað varð það svo, að vegna þessara miklu tækjakaupa féllu til miklar tekjur. Og nokkuð hefur miðað áleiðis í því að bæta útsendingarskilyrðin víða á landinu frá því sem áður var, en þó er aðstaða manna þarna enn mjög misjöfn og fráleit víða á landinu.

Það var einmitt nú í morgun sem ég ásamt öðrum þm. Austurl. fékk nokkrar upplýsingar varðandi þessi mál. Satt að segja hrökk ég við þegar ég fékk þar vissar upplýsingar sem mér þykir full ástæða til að komi hér fram. Það kom m. a. fram, að sérstakar tolltekjur ríkisins af innflutningi á litsjónvarpstækjum hefðu orðið á s. l. ári 1 milljarður 160 millj. kr., en hins vegar hefði sjónvarpið ekki fengið af þessari fjárhæð og ætti ekki að fá nema 340 millj. kr. Það virtist því skakka allverulega að tolltekjur af þessum aukna innflutningi yrðu notaðar til þess að bæta úr í sambandi við dreifingu á sjónvarpi.

Við fengum þær upplýsingar einnig á þessum fundi, sem ég játa að komu mér einnig á óvart og ég verð að segja að það hefur farið fram hjá mér eflaust eins og fleiri í sambandi við afgreiðslu fjárl. nú að þessu sinni, að á nýsamþykktum fjárl. væri gert ráð fyrir því, en þar er að vísu aðeins um áætlunartölur að ræða, að sjónvarpið fengi af þessum innflutningi 340 millj. kr. aftur, eða sömu fjárhæð og á síðasta ári. — Stofnunin hafði hins vegar gert ráð fyrir því í upplýsingum sínum að búast mætti við að tolltekjur af innfluttum tækjum mundu nema a. m. k. 800 millj. kr. Augljóst er því að hér er orðið um það að ræða, að þrátt fyrir veikt dreifingarkerfi og þrátt fyrir að ýmsum þyki ekki nægilega vel búið að þessari stofnun, sem eflaust er ekki, er svo komið að ríkissjóður virðist farinn að gera þetta að stórkostlegum tekjustofni árlega hjá sér.

Ég efast ekkert um að það er þörf á því, ef á að halda hér uppi rekstri á slíku menningartæki sem ég hygg að flestir landsmenn vilji hafa okkar útvarp og sjónvarp, að leggja allmiklu meira fé til, sérstaklega í dreifi- og móttökukerfið víðs vegar um land, ef það á að þjóna landsmönnum öllum. Mér sýnist því að það sé langvænlegast við allar þessar aðstæður okkar að við rekum hér eitt útvarp, eitt sjónvarp, eina stofnun á þessu sviði, og við reynum að nýta þá fjármuni, sem þarna geta fallið til, þannig að bæði geti orðið um menningartæki að ræða og tæki sem komi öllum landsmönnum til góða. En rétt er að menn hafi það í huga, einnig þeir sem ákafastir vilja nú setja upp fleiri og fleiri útvarpsstöðvar, að enn þá skortir stórkostlega á að þessi stofnun geti haldið uppi eðlilegri eða fullnægjandi þjónustu við landsmenn alla.

Ég vildi gjarnan að þessi þáttur kæmi fram í sambandi við þetta mál, en ítreka svo það sem ég sagði í upphafi míns máls: Ég er andvígur þessu frv. og get ekki flokkað það undir aukið frelsi á nokkurn hátt þó við færum að koma upp nokkrum viðbótarútvarpsstöðvum fyrir þá sem sæju sér leik á borði að geta selt í gegnum það aðgang að auglýsingum og skrapað inn viðbótarfé í gróða sinn eftir þeirri leið.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég átti satt að segja ekki von á því að inn í þessar umr. blandaðist litsjónvarp, en hef ekkert á móti því að um það sé rætt hér og þá sérstaklega út frá því sem síðasti hv. ræðumaður sagði.

Það er hins vegar rétt, sem fram kom í ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar, að þegar umr. hófust í alvöru um að innleiða litsjónvarp á Íslandi áttu sér stað veruleg átök um það, hvort stíga skyldi það skref, vegna þeirra raka að hætta væri á því að litsjónvarpið næði aðeins til ákveðins hluta landsins og það þjónaði aðeins fáum efnamönnum sem hefðu efni á því að kaupa sér slík tæki. Þetta tvennt hafði mikil áhrif á umr. á sínum tíma.

Ég man ekki nákvæmlega hvaða ár það var sem ég leyfði mér að flytja hér till. til þál. um að hefja skyldi útsendingar í lit. Sú till. náði ekki fram að ganga, en hún átti þátt í því að þetta mál náði fram að ganga. Ég er ekkert að þakka þessari till. eða mér fyrir það, en vegna þeirrar till. fóru fram nokkrar umr. í þinginu og var m. a. skipuð nefnd á vegum þáv. menntmrh. til þess að kanna möguleika á þessari framkvæmd. Og það var þá fyrst þegar þessi nefnd og þm. úr kjördæmum utan af landi áttuðu sig á því, að tekjur af innflutningi litsjónvarpstækja gætu orðið svo verulegar að þær gætu staðið undir útbreiðslu þess kerfis, sem gerir útsendingar litsjónvarps mögulegar um allt land, og með því eflt einnig hljóðvarpið, að þeir féllust á að mæla með þeim útgjöldum, sem varð að leggja út fyrir tæknibúnaði vegna litsjónvarps. Það fer ekkert milli mála að þessi sjónarmið voru fyrir hendi á þeim augnablikum þegar ákvarðanataka lá fyrir.

Nú upplýsir hv. þm. Lúðvík Jósepsson, að hann hafi fengið upplýsingar um það í morgun að tekjur Ríkisútvarpsins af innflutningi sjónvarpstækja hefðu verið verulega skertar, þetta hefði honum komið á óvart. Ég verð að segja eins og er, að mér kemur á óvart að hv. þm. skuli ekki hafa betur fylgst með fjárlagaafgreiðslunni en raun ber vitni. Ég flutti m. a. ræðu við afgreiðslu fjárl.,

þar sem ég vakti allrækilega athygli á þessum fjárveitingum, og ég hef verið að nefna það í þessari umr. núna að mér finnist það vera tvískinnungur af hálfu talsmanna og stuðningsmanna ríkisstj. að halda hér miklar ræður um *það fjárhagslega svelti sem Ríkisútvarpið er í á sama* tíma sem þeir standa að skertum fjárveitingum til Ríkisútvarpsins.

Það er hárrétt, sem fram kemur hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að tekjur á árinu 1979 eru áætlaðar rúmlega 1 milljarður af aðflutningsgjöldum á viðtækjum, en fjárl. gera aðeins ráð fyrir að af þessari upphæð renni 340 millj. til Ríkisútvarpsins. Til skamms tíma var það svo, að allar tekjur, sem af innflutningum fengust, runnu óskiptar til þessarar stofnunar. (**MB:** Hvenær breyttist það?) Þessi breyting, sem hér er um að ræða, átti sér stað að ég hygg á árinu 1976 eða 1977, en hefur raunverulega nú fyrst og fremst komið til framkvæmda vegna þess að þarna er orðið um stórkostlega skerðingu að ræða á þessum tekjum. Bróðurparturinn af þessum tekjum er nú látinn renna beint í ríkissjóð í stað þess að Ríkisútvarpið sjálft njóti þeirra. Ég hefði haldið, og gerði mér reyndar von um það á sínum tíma, að hv. þm., sem bæru hagsmuni Ríkisútvarpsins fyrir brjósti, stæðu með mér í þeim málflutningi að koma í veg fyrir þessa ósvinnu. Það reyndist ekki vera á þeim tíma, fyrir áramótin, og þess vegna er lítið mark á því takandi þó að þm. standi nú hér upp og fjalli um það hversu Ríkisútvarpið sé illa statt fjárhagslega. (**Gripið fram í:** En árið 1978. Hvernig stóð á því?) Árið 1978 voru áætlaðar verulegar tekjur af innflutningi sjónvarpstækja, og það skal viðurkennt, þó ég beri á því enga ábyrgð, að tekjur voru ekki óskiptar látnar renna til Ríkisútvarpsins. En þess ber líka að geta, að við áætlanagerð, sem gerð var fyrir fjárl. 1978, var ekki gert ráð fyrir svo miklum aðflutningsgjöldum sem reyndin sýndi. Verður því að virða mönnum til nokkurrar vorkunnar hvað það snertir. Tekjurnar fóru langt fram úr því sem áætlun gerði ráð fyrir og fjárlagadæmið byggðist á.

Ég skal ekki endurtaka mikið af því sem ég sagði áðan. Það er þó athyglisvert, að í ræðum þeim, sem hv. þm. Árni Gunnarsson og Eiður Guðnason fluttu á mánudaginn, voru það þeirra einu röksemdir gegn frv., sem hér er til umræðu, að það hefði í för með sér aukin völd peningamanna og það þýddi frelsi peninganna. Nú er hins vegar gripið til þeirra röksemda, að ekki sé hægt að heimila slíkar stöðvar vegna þess að þær nái aðeins til hluta landsmanna. Þetta eru ný rök í málinu og þeim hefur nú þegar verið svarað af hv. þm. Friðrik Sophussyni og sýnt fram á haldleysi þeirra. Inn í það blönduðust svo umr. um litsjónvarpið, sem ég ætla ekki að endurtaka hér.

Ég vil að lokum segja, að þegar ég mæli með samþykkt á þessu frv. og tel að það sé aðeins tímaspursmál hvenær frjálsar útvarpsstöðvar verði leyfðar er ég ekki að gera mér neinar vonir um að ég geti sannfært Alþfl.-menn eða Alþb.-menn um sjónarmið mín. Mér kemur ekkert á óvart þó einn „kerfiskarlinn" í viðbót bætist í hópinn sem andmælandi gegn þessu frv., frá Alþb. Auðvitað liggur það ljóst fyrir, að Alþb. er í grundvallaratriðum á móti því að einstaklingarnir fái möguleika til athafna og möguleika til aukins frjálsræðis, hvort heldur er í atvinnurekstri eða í tjáningarformi. En þegar menn eru að tala um að hér sé verið að efla áhrif peninganna, þá var því þegar svarað af 1. flm. þessa frv. á þá leið að hann lýsti því yfir að hann væri tilbúinn að gera breytingar á þessu frv. sem tryggðu að enginn einn aðili gæti átt nema óverulegan hlut í væntanlegri útvarpsstöð eða útvarpsstöðvum, þannig að um það gætu stofnast t. d. almenn*ingshlutafélög sem kæmu í veg fyrir að áhrif peninganna* frá einum aðila skiptu þar nokkru máli.

Þegar ég segi það, að mér komi ekki á óvart að Alþb.-menn og Alþfl.-menn séu á móti þessu frv., þá er það vegna þess að það endurspeglar þá meginstaðreynd, að menn skiptast í flokka, og þess vegna eru flokkar myndaðir á Íslandi að menn hafa ólík viðhorf til þessara mála sem og t. d. til þess, hvort hér eigi að efla atvinnurekstur í höndum einstaklinga og félaga eða hvort eigi að efla atvinnurekstur ríkisins, hins opinbera. Við sjálfstæðismenn höfum t. d. stutt svokallaðan frjálsan atvinnurekstur. Það er óþarfi að snúa út úr því sem við er átt með því. Við styðjum hann ekki til þess að menn geti grætt peninga, heldur vegna þess að við teljum hann vera besta formið til þess að fólk fái að njóta hæfileika sinna og fái útrás fyrir athafnaþrá sína. Við teljum að hann sé besta aðferðin til þess að skapa atvinnu, til þess að skapa framfarir og til þess að skapa velmegun. Það skapar arð í þjóðfélaginu sem gerir þjóðfélaginu svo aftur kleift að standa undir félagslegri þjónustu. Hið sama gildir um útvarpsrekstur, um tjáningaraðferðir. Við erum ekki að mæla með því, að hér sé veitt aukið svigrúm til að reka útvarpsstöðvar vegna þess að þar eigi menn að græða, það sé í einhverju fjáröflunarskyni, heldur vegna þess að við teljum eðlilegt og sjálfsagt mál seint á 20. öld að menn hafi möguleika til þess að tjá sig með þessu formi, alveg eins og þeir hafa möguleika til þess að gefa út blöð, gefa út bækur eða standa að hvers konar annarri tjáningaraðferð.

Þegar prentfrelsið ruddi sér til rúms fyrir mörgum öldum beittu vissir kerfiskarla sér gegn því, að það breiddist út til alls almennings svo að alþýðan fengi að njóta þess. Það var drottnunarvald kirkjunnar t. d. og önnur slík öfl sem töldu að fólkinu og þjóðfélaginu stafaði mikil ógn af því að fólk fengi að njóta prentfrelsis. Þess vegna voru ákvæði um prentfrelsi tekin upp í mannréttindayfirlýsingar og stjórnarskrár allra lýðfrjálsra ríkja og þykja sjálfsagt mál núna. Í eðli sínu er enginn munur á prentfrelsi og á frelsi manna til að reka stöðvar á öldum ljósvakans. Þetta er spurning um það að fá að tjá sig.

Ég held að það sé aðeins tímaspursmál hvenær þykir sjálfsagt að menn fái að reka slíkar stöðvar, og þá skiptir ekki máli hvort tilgangurinn er vondur eða slæmur. Enginn, hvorki ég né hv. þm. Alþfl., segir til um hvort slíkt sé í góðum eða slæmum tilgangi gert. Það er útilokað fyrir alþm., embættismenn eða aðra slíka að segja *til um það, hvað sé gott og slæmt, hvað sé þjóðinni fyrir* bestu. Peningarnir eru notaðir til góðs og ills, alveg eins og öll önnur mannanna verk hafa margvíslegar afleiðingar. Við hljótum að hafa það fyrst og fremst í huga, að fólkið fái frelsi til að athafna sig, frelsi til að tjá sig. Síðan eru almennar reglur settar í þjóðfélaginu um að menn gangi ekki of langt, og það hlýtur að gilda um þessar útvarpsstöðvar eins og um prentfrelsi og annað það sem mannfólkið tekur sér fyrir hendur.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hv. þm. Friðrik Sophusson þakkaði mér fyrir lánið á orðinu „kerfiskarlar". Fyrir þetta lán er auðvitað ekkert að þakka og

sjálfsagt að það orð sé notað. En það á hinn bóginn lýsir ástandi mála ásamt með öðru, að þegar fulltrúum þessa flokks, — sem hv. þm. lýsti svo ágætlega og nærfærnislega í blaðagrein nú fyrir helgina þegar hann sagði að Sjálfstfl. væri flokkur sem væri of hræddur til þess að berjast og of feitur til þess að flýja, — þetta er ásamt öðru sýnilegra af því, að þegar yngismönnum þessa hv. flokks dettur eitthvað smellið í hug, þá er líklegra en ekki að það sé fengið að láni hjá okkur í Alþfl.

En um það mál, sem hér er til umr., gildir það, eins og um fleiri stór mál, að auðvitað eru þung rök með og á móti.

Auðvitað er ljóst að sú hætta er allveruleg, ef við gerum svo róttækar breytingar á þessu kerfi sem hér er lagt til, að þetta verði ekki frelsi til handa öðrum en forréttindahópum. Slíkt frelsi er oft verra en ekki og til þess erum við m. a. að setja lög og reglur í landinu að koma í veg fyrir slíkt. Um það er enginn grundvallarágreiningur. Eins eru það þung rök, sem fram komu í máli hv. þm. Árna Gunnarssonar, að Ríkisútvarpið þjónar einum tilgangi til viðbótar við hinn almenna menningar- og uppfræðslutilgang. Ríkisútvarpið er almannavarnakerfi í landinu.

En samt er það svo, að ég vil ekki taka undir þær röksemdir, sem mér þóttu koma fram í máli ágætra hv. flokksbræðra minna, þeirra Árna Gunnarssonar og Eiðs Guðnasonar, í þá veru að ríkisfjölmiðlarnir væru nánast hafnir yfir alla gagnrýni. Auðvitað er það svo, að þegar um langvarandi einokun hefur verið að ræða er sú hætta mjög veruleg að þessar stofnanir verði freðnar, þær hætti að taka breytingum, þær hætti að þróast fram á veginn. Eins og málum þarna er skipað tekur pólitískt útvarpsráð raunar þær ákvarðanir sem máli skipta. Það gerist alltaf í öllum samfélögum að upp koma viðkvæm deilumál af einu eða öðru tagi, og það er hætt við að slíkt vald, sem í upphafi sínu er af hinu félagslega tagi, hafi innbyggða tilhneigingu til þess að staðna, til þess að vera ekki framsækið, heldur beinlínis stefna í aðra átt. Og á þessu má í sjálfu sér hugsa sér margar breytingar. Það hafa verið nefndar breytingar eins og þær að hafa annan hátt á við kosningu í útvarpsráð, að þar komi fleiri til en þeir sem beint eru skipaðir af Alþ., að stór félagsleg samtök, t. a. m. samtök listamanna, fái að hafa þar hönd í bagga eftir reglum sem Alþ. mundi frekar færa út.

Ég vil segja það, hafandi velt upp rökum bæði með og móti, að ég er fyrir mína parta hlynntur meginhugmyndinni sem fram kemur í frv. sem Guðmundur H. Garðarsson hefur flutt ásamt með öðrum. Ég skil það svo, að meginhugmyndin í þessu frv. sé að fleiri sé hleypt að útvarpsrekstri en hinu beina ríkisvaldi. Ég hygg að um þetta geti menn og konur hér verið nokkuð sammála. Það er hins vegar útfærsluatriði, með hverjum hætti þetta er gert.

Þessir fjölmiðlar hafa iðulega verið bornir saman við blöð, en sá samanburður stenst ekki alfarið vegna þess að loftið er takmarkað. Það er ekki ótakmarkað hægt að hleypa útvarpssendingum út í loftið. Það þýðir það, að fyrr en varir erum við komnir með leyfisveitingar — og hverjir veita leyfin? Það er hið sama ríkisvald sem það gerir. Nú veit ég að Sjálfstfl. — vegna þess að þeir ágætu ungu hv. vinir mínir hafa verið að blanda stjórnmálaflokkum inn í málið, sem ég tel að eigi ekki alveg við — er auðvitað ekki lengur sá hreinræktaði íhaldsflokkur sem hann var áður fyrr og sjálfstæðismenn eru ekki að tala fyrir þess háttar frelsi, heldur fyrir annars konar frelsi, því frelsi sem hv. fyrrv. þm. Magnús Kjartansson lýsti einu sinni ágætlega og kallaði pilsfaldakapítalisma, frelsi sem er undir pilsfaldi ríkisvaldsins. Ég er hræddur um að útsendingar frjáls útvarps færu fljótlega í þennan farveg, að það yrði háð þeim sem byggju til þessi leyfi, þar værum við komin með sams konar vandræði og þau vandræði sem vissulega eru til staðar í ríkisfjölmiðlum, sem um margt eru staðnaðri en þeir þyrftu að vera.

Það er auðvitað á fleira að líta í þessum efnum. T. a. m., þegar þetta er borið saman við blöð er stofnkostnaður við útvarpsstöðvar miklu minni en við blöð. Ef þau rök eiga við, að þetta yrði frelsi til handa peningamönnum einum, má auðvitað segja að þau rök eiga jafnvel í frekari og ríkari mæli við um blaðaútgáfu en um útvarpsrekstur.

Að öllu þessu athuguðu ítreka ég það meginsjónarmið mitt, að ég er hlynntur meginhugmyndinni sem þarna kemru fram, sem ég skil vera þá að rétt væri að hleypa fleiri að og úr öðrum áttum en beint frá ríkisvaldinu. En ég er hins vegar ekki tilbúinn að taka þátt í því að búa til frelsi sem yrði einasta frelsi handa auðhringum á borð við Samband ísl. samvinnufélaga eða Flugleiðir. Frelsi til handa þeim einum er ekki frelsi, og um það erum við hv. þm. Friðrik Sophusson væntanlega sammála.

Það má hugsa sér hvort annars konar útfærsluleið væri til, að Ríkisútvarpið tæki að sér að skapa fleiri rásir, sem það getur gert sér að kostnaðarlitlu, og þessar rásir væru leigðar eða lánaðar með sams konar hætti og frv. þeirra gerir ráð fyrir. Því fylgir sá kostur, sem vissulega er kostur og hv. þm. Eiður Guðnason lagði mikla áherslu á, að slíkt útvarp mundi ná til landsins alls. Mér sýnist að ókostirnir, þ. e. a. s. hættan á leyfisveitingum, séu hliðstæðir við þessa aðferð, og eins mundi vera þó að þetta væri gefið það sem kallað hefur verið frjálst.

Herra forseti. Klukkan er orðin hálffjögur og mér er kunnugt um að það standa til aðrir dagskrárliðir, svo ég lýk máli mínu að sinni.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs í dag til þess að fá tækifæri til að koma að gagnrýni á vinnubrögð sem mér sýnast vera nokkuð einstök hér á Alþ., a. m. k. rekur mig ekki minni til eftir nærri 20 ára setu hér á þingi að slík vinnubrögð hafi verið viðhöfð. Að mínum dómi hefur Alþ. verið sýnd lítilsvirðing, eins og ég mun nú koma að.

Það hefur verið í fréttum mjög að undanförnu, að á vegum hæstv. ríkisstj. hefur setið ráðherranefnd til þess að komast að niðurstöðu og reyna að finna stefnu í efnahagsmálum. Henni var ætlað að ljúka störfum 1. febr. — það var dagsetning sem einn af samstarfsflokkunum fann upp þegar hann þurfti að falla frá stærri fyrirheitum. Þegar þessi nefnd hafði lokið störfum sínum afhenti hún hæstv. forsrh. niðurstöðurnar og af blaðafregnum að dæma hugðist hann semja frv., sem lagt yrði fram á Alþ., um lausn efnahagsvandans sem við er að glíma.

Hæstv. forsrh. mun eftir blaðafregnum að dæma hafa lagt það frv. fram, sem hann hafði útbúið, á ríkisstjórn-

arfundi í gærmorgun. Þá hafði hann haldið ráðstefnu í stjórnmálaflokki sínum, sem stóð fyrir helgina, til þess að kynna flokksmönnum sínum gang mála og sjálfsagt atriði í þessu frv. En í gærmorgun mun hann hafa boðað á sinn fund forustumenn fjölmennra samtaka, afhent þeim eintak af frv. og eftir því sem sagt hefur verið óskað umsagnar þeirra.

Í fréttum í gær, þar sem haft var viðtal við nokkra ráðh., kom í ljós að Alþfl. hafði fjallað um frv. og samþykkt það svona, eins og hann þyrfti þá ekki að vera viðstaddur þegar málið fengi þinglega meðferð á Alþingi. Það kom hins vegar í ljós, að þingflokkur Alþb. hafði sitthvað við frv. að athuga. Þannig upplýstist síðla dags í gær að allir þingflokkar stjórnarflokkanna hér á Alþ. höfðu fjallað um þetta mál. Forustumenn Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamenntaðra manna, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Stéttarsambands bænda höfðu verið boðaðir upp í Stjórnarráð, þeim afhent eintak af þessu frv. og þeir beðnir að gefa umsögn um það mál.

Ég skal síður en svo finna að því, að hæstv. ríkisstj. hafi samráð við einn eða annan í sambandi við þessi mál. En ég hefði haldið að áður en slíku frv. væri útbýtt á meðal þessara samtaka hefði stjórnarandstaðan á Alþingi Íslendinga átt siðferðilegan rétt á því að fá málið í hendur, ekki til umsagnar, heldur aðeins til upplýsingar, þannig að Alþ. allt hefði í höndum sér það sem ríkisstj. var þá að óska eftir að almannasamtök í landinu segðu skoðun sína á. Ég held að sú reynsla sé ekki af stjórnarandstöðu hér á Alþ., a. m. k. kannast ég ekki við það, að hún bregðist trúnaði að þessu leyti. Ég get sagt það hér, að þann tíma, sem ég gegndi embætti ráðh., brást stjórnarandstaða aldrei þeim trúnaði sem henni var sýndur með því að hún fylgdist með, fengi í hendur, áður en kunngerð voru, skjöl sem ríkisstj. hugðist leggja fram. Ég held að það þurfi ekki að óttast að upplýsingar leki frá stjórnarandstöðu til fjölmiðla. Það sýnast vera margir aðrir tilbúnir að láta þær í té. A. m. k. er það svo í dag, að við lesum meginefni frv. í blöðum landsins, og það er ljóst mál að frá stjórnarandstöðunni er það ekki komið. Við heyrum í fréttum útvarpsins, að stjórnir þessara samtaka hafa tekið þessar tillögur til skoðunar, og við erum spurðir álits sem þm. Við getum að sjálfsögðu ekki svarað, því að stjórnarandstaðan hefur ekki fengið málið í sínar hendur.

Ég held að það, sem hér er að gerast, sé þess eðlis að ástæða sé til að koma fram þessari gagnrýni. Ég trúi ekki að hér eigi að innleiða þær starfsaðferðir, sem sums staðar hafa verið innleiddar, að löglega kjörin stjórnarandstaða, að minni hl. eigi ekki að hafa neinn rétt. Ef svo væri, þá er vissulega ástæða til þess að gera meira en aðeins að gagnrýna þessi vinnubrögð hér á Alþ. Ég trúi því ekki að hæstv. forsrh. hafi slíkt og þvílíkt í huga, heldur hafi hér verið um vangá að ræða og að slíkt komi ekki til með að endurtaka sig.

Við höfum að sjálfsögðu skiptar skoðanir um lausn þeirra mála sem Alþ. þarf að glíma við. En ég held að við megum aldrei gleyma því, að eins og meiri hl. Alþ. ræður ferðinni verður minni hl. að fá sitt tækifæri til þess að gagnrýna. Ég held að það hljóti að vera siðferðileg skylda þeirra, sem með stjórnvöld fara, að þessari stofnun sem fer með löggjafarvaldið, séu kynntar tillögur áður en leitað sé út fyrir þetta hús. Ég veit að við, sem í stjórnarandstöðu erum í dag, getum farið á nokkrar skrifstofur í bænum og sjálfsagt fengið fjölrituð eintök af tillögum forsrh. Mér hefur verið tjáð að í dag séu fjölritarar víða í gangi og það sé hægt að hringja og fá tillögur forsrh., þ. e. a. s. það frv. sem hann afhenti samtökum til umsagnar í gær. En það er ekki sú leið sem stjórnarandstaðan á að venjast að mínum dómi, og ég tel að það þurfi að fyrirbyggja að til slíks komi aftur.

Um leið og ég gagnrýni þetta nota ég tækifærið og gagnrýni þá hlutlausu fjölmiðla sem við höfum í þessu landi, þ. e. a. s. ríkisfjölmiðlana. Af fréttum í útvarpi og sjónvarpi verður ekki hægt að segja að þjóðin hafi fengið hlutlausar fréttir af því sem var að gerast í höfuðborginni í gær. Það gerðust ýmsir þeir hlutir sem eðlilegt var að fjölmiðlar létu þjóðina vita um, og það gerðust hlutir sem eðlilegt var að stjórnarandstaðan yrði spurð álits á. Þegar ríkisstjórnarfundinum lauk um hádegið í gær var rætt við nokkra ráðh. og það var síður en svo að þeir væru sammála um það frv. sem hæstv. forsrh. hafði lagt fram. Einn ráðh., hæstv. menntmrh. Ragnar Arnalds, lýsti því yfir, að flokkur hans væri algerlega andvígur fjölmörgum greinum og köflum þessa frv. Við höfum í dag séð yfirlýsingar frá forustumönnum Alþb. Er nema eðlilegt að álit stjórnarandstöðunnar sé fengið á því ósamkomulagi sem nú virðist ríkja og reyndar hefur ríkt í herbúðum stjórnarsinna um langan tíma? Meira að segja segir sjónvarpið frá því í gærkvöld, að miðstjórn Alþýðusambands Íslands hafi fjallað um ákveðinn þátt þessara mála og hafi þar verið gerð samþykkt með 11 shlj. atkv. og samþykktin lesin upp. Síðan er í aukasetningu sagt að fjórir hafi setið hjá með bókun, en þjóðinni var ekki kunngert hverjir þessir fjórir voru né heldur sjónarmið þessara fjögurra manna, sem ekki greiddu atkv. með þeirri tillögu sem ellefu menn í stjórn ASÍ höfðu greitt atkv. með.

Ég held að það sé ástæða fyrir okkur að íhuga þetta og það sé ástæða fyrir okkur að íhuga um leið að við fáum kannske í dag hlutlausari frásögn af því, sem hér er að gerast á Alþ., í pólitísku fjölmiðlunum í landinu. Þetta atriði held ég að hér þurfi líka að koma fram til gagnrýni og skoðunar. Ég skal ekkert um það segja, hvers vegna slíkt gerist. En til þess er gagnrýnin borin fram, að þeir, sem að því standa, geti síðar betrumbætt og sýnt í starfi sínu að Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, er hlutlaus fjölmiðill, sem á að flytja fréttir til landsmanna með þeim hætti að þeir geti sjálfir dæmt um það sem er að gerast, en ekki að einhliða fréttamennska eigi í raun og veru að vera dómur um það sem er að gerast.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég þakka fyrir að geta komið fram þessari gagnrýni minni í dag og hsætv. forsrh., sem ég vissi að var bundinn, fyrir að hann gat komið hingað til þess að hlýða á. Hér er engin fsp. til hans, en sjái hann ástæðu til að taka til máls vonast ég til þess að í ljós komi að hér sé ekki um að ræða ásetning þess eðlis að stjórnarandstaðan verði sett til hliðar, heldur hitt, að hér hafi verið eitthvað að sem hægt sé að bæta úr.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil í hvívetna reyna að ástunda sem besta samvinnu við stjórnarandstöðuna um þingstörf. Mér finnst skiljanleg sú ósk, sem mér fannst felast í ræðu hv. síðasta ræðumanns, þó að hún kæmi kannske ekki alveg fram berum orðum, sem sagt sú ósk, að stjórnarandstöðunni væru afhent þau frv.-drög sem ég lagði fram í ríkisstj. á mánu-

dagsmorgun til skoðunar. Þeirri beiðni, ef ég hef skilið hann rétt, get ég ekki svarað hér og nú, af því að ég tel mig þurfa að bera það atriði undir samráðh. mína. Það mun ég gera á ríkisstjórnarfundi á morgun. Ég mun þar leggja til að stjórnarandstöðunni verði afhent þetta frv. En til skýringar og í tilefni af gagnrýni hv. ræðumanns vil ég taka þetta fram:

Það er auðvitað svo, að ég tel alveg sjálfsögð vinnubrögð, og mun fylgja þeim, að frv. af þessu tagi sé í tæka tíð sent stjórnarandstöðu, áður en það er lagt fram á Alþ. Þetta frv. er að svo stöddu ekki á því stigi að um það sé að ræða að það verði lagt fram á Alþ. á morgun eða hinn daginn. En um það get ég fullvissað hv. síðasta ræðumann, að stjórnarandstöðunni mun verða gefinn kostur á að sjá þetta frv. og skoða það með nægum fyrirvara, áður en það verður lagt fram á Alþ., hver sem afdrif beiðni hans verða á ríkisstjórnarfundi. — Eins og hann þekkir manna best um afgreiðslu mála á ríkisstjórnarfundi, þá er oft og einatt litið svo á að menn hafi þar neitunarvald í raun og veru og það þurfi samþykki allra til þess að slíkt sé gert sem hann var að fara fram á.

Mér fannst megininntakið í þeirri gagnrýni, sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen bar fram, það, að þetta frv. eða frv.-drög hefðu verið sýnd ákveðnum aðilum og afhent þeim til þess að óska eftir áliti þeirra og umsögn um málið. Ég held að hv. þm. þurfi ekkert að verða hissa á þessu. Það stendur skýrum stöfum í samstarfsyfirlýsingu þeirra stjórnmálaflokka, sem fara með völd þessa stundina hér á landi, að þeir skuli hafa samráð við tilteknar stéttir. Það samráð felst auðvitað í því að gefa þessum aðilum tækifæri með viðræðum og með öðrum hætti að tjá sig um þau frv. t. d. sem í smíðum eru. Hitt fer svo auðvitað eftir atvikum, til hvers það samráð leiðir, hvort hægt verður að taka til greina að meira eða minna leyti þær ábendingar sem frá slíkum samstarfsaðilum koma. En samráð á að hafa við þessa aðila og til þess er ríkisstj. skuldbundin samkv. málefnasamningi sínum. Það er þess vegna á engan hátt óeðlilegt að haft hafi verið samráð við þessa aðila og þeim afhent mál þetta til athugunar og skoðunar. Ég held að það sé ekkert nýtt í þingsögunni að haft hafi verið samráð við aðila utan þings um mál, m. a. minnist ég þess frá fyrrv. ríkisstj., og það mun hafa verið gert áður en stjórnarandstöðunni voru send þau mál til athugunar. Það hefur að vísu síðan sprottið deila um það, hvort það samráð hafi verið nægilegt eða ekki og hvort það hafi verið í því formi sem eðlilegt var. En samráð var haft við tiltekna aðila þá, einmitt aðila vinnumarkaðarins, þar sem hæstv. þáv. forsrh. skýrði mál fyrir aðilum og m. a. að mér viðstöddum. Það er því ekkert nýtt að haft sé þannig samráð við aðila.

Nú skal ég taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að stjórnarandstaðan hér á Alþ. er vissulega ágæt. En Sjálfstfl. er þó ekki enn þá orðinn samráðsaðili núv. hæstv. ríkisstj. og þess vegna ekki hægt að skipa honum í sveit með þeim aðilum sem rætt var við í gær. Ef Sjálfstfl. eða stjórnarandstaðan fær þessi frv.-drög til meðferðar eins og þau eru nú, þá er það auðvitað með þeim fyrirvara og þeim áskilnaði, að frv. getur auðvitað tekið breytingum eftir að umsagnir hafa borist frá þeim aðilum sem samráð hefur verið haft við. En í raun og veru sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að stjórnarandstaðan fái frv. þrátt fyrir það og með þessum fyrirvara til skoðunar, og það ætti aldrei að geta gert mein, að hún yrði enn betur undir það búin en ella að ræða málin þegar þar að kemur. En hitt vil ég endurtaka, að þegar verður alveg búið að ganga frá frv. þannig að það sé ákveðið til flutnings á Alþ. þá mun stjórnarandstaðan fá það í því formi, sem verður gengið frá því, til skoðunar áður en til meðferðar þess á þingi kemur.

Ég fellst algerlega á það með hv. þm., að það er auðvitað ófullnægjandi að þm. fái þessa lesningu í dagblöðum, þar sem frvgr. eru birtar með úrfellingum, eftir því sem hentugt þykir, og kannske lagfæringum. Það er að mínu mati miklu betra, að stjórnarandstæðingar og frá mínu sjónarmiði sem allra flestir fái að lesa frv. í þeirri mynd sem það er í, þó það kunni að taka breytingum. Auðvitað er ekki heldur sagan nema hálfsögð um frv. nema aths. fylgi með, sem eru allítarlegar og menn þurfa auðvitað að kynna sér um leið og þeir fjalla um frv. En slíkar aths. er ekki að finna, að ég hef séð, í þeim dagblöðum sem hafa birt útdrátt úr þessu frv.

Ég held að þetta sé það helsta, sem ástæða sé til fyrir mig að segja út af þeirri gagnrýni sem hv. þm. bar fram. Það er varla von að hann viti alveg nákvæmlega hvað fer fram á ríkisstjórnarfundum, og ég held að það hafi ekki verið alveg nákvæmlega gerð grein af hans hálfu fyrir afstöðu flokka. Alþfl. lét í té umsögn um frv. Þá umsögn skoða ég auðvitað fyrst og fremst um það, hvort flytja megi frv. sem stjfrv. Það er það sem liggur fyrir. Hitt er ekkert leyndarmál, að Alþb. hefur ekki verið reiðubúið til að taka afstöðu til þess atriðis eða ljá samþykki sitt til þess.

Um heimilisástæður þar í stjórnarráðshúsinu skal ég ekki fjölyrða á þessu stigi. Það á sér stað á bestu heimilum og þar sem jafnvel ástúð er heitust með hjónum, að þau deila stundum. En þeim mun heitari verða faðmlögin þegar sættir hafa tekist.

Það er afsakanlegt að ég haldi, af því að enginn er dómari í sjálfs sín sök, að þetta frv., sem ég hef saman tekið á grundvelli sem fyrir lá, sé harla gott. Kannske er það svo gott, þegar allt kemur til alls, að allur þingheimur sameinist um að samþykkja það. Þetta frv. er um stjórn efnahagsmála og fleira og m. a. um það atriði, sem mönnum hefur orðið tíðrætt um, bæði hér í þingsölum og annars staðar, um skaðsemi verðbólgu og nauðsyn þess að reynt væri að spyrna fótum þar við og draga úr verðbólgunni. Afstaðan til þess máls og frv. gæti orðið nokkur prófsteinn á það, hvað menn meina með þessu tali, og það er kannske kominn tími til að láta reyna á það, hver alvara býr að baki öllu talinu um skaðsemi verðbólgu og nauðsyn á því að draga úr henni.

Það liggur í augum uppi, að ég fer ekki að ræða þetta frv. hér, þar sem það hefur ekki komið til kasta Alþ. og væri auðvitað með öllu óviðeigandi að fara að ræða það. En ég vil segja það, að í þessu frv. er fjallað um mikil og alvarleg mál, mikil vandamál. En það er fjarri því að að því sé stefnt með því frv. að leysa allan vandann sem við er að glíma í efnahagsmálum Íslendinga nú. Að mínu viti er um að ræða nú tilfallandi vanda sem er jafnvel enn þá stærra vandamál og er enn þá meira vandamál heldur en fjallað er um í þessu frv., og geri ég þó ekki lítið úr því. Þar á ég auðvitað við þá olíuverðhækkun, sem á sér stað, hefur átt sér stað í heiminum og kemur auðvitað fram hér innan tíðar. Það er stórkostlegt áfall sem íslenska þjóðin verður fyrir vegna þess. Og það er alveg sama hvað menn tala mikið um það efni, að þar komast menn ekki hjá því að horfast í augu við staðreyndir — og þær staðreyndir

eru kaldar, að það hlýtur að hafa áhrif á lífskjör allra landsmanna, vil ég segja, vegna þess að það er ekki sanngjarnt eða eðlilegt að láta það koma eingöngu eða fyrst og fremst niður á þeim sem næst standa, þeim atvinnuvegi sem þetta snertir, eða nota olíu til annarra hluta. Þetta er vandamál sem verður að standa andspænis innan tíðar. Hitt vandamálið er það, sem hefur komið fram í skýrslu fiskifræðinga, þar sem lagt er mjög eindregið til að mjög verulega sé dregið úr þorskveiðum á Íslandsmiðum. Hvort tveggja þetta, ef ekki verður breyting til batnaðar í þessu efni, þýðir samdrátt lífskjara hér á landi, alveg sama hvað menn segja um það eða hvernig menn velta því fyrir sér. Þetta er sú alvarlega staðreynd sem skiptir kannske ekki síður máli fyrir hv. alþm. að horfast í augu við heldur en það frv. sem vonandi lítur dagsins ljós innan tíðar hér í sölum Alþingis.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 53. fundur.

Fimmtudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Sending matvæla til þróunarlanda, þáltill. (þskj. 348). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurskipun varnarmálanefndar, þáltill. (þskj. 352). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Almennar skoðanakannanir, þáltill. (þskj. 354). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár í raun og veru í framhaldi af þeim umr. sem hér áttu sér stað í gær utan dagskrár. Ég hafði þá kvatt mér hljóðs, en þeim umr. lauk allsnögglega þar sem að sögn forseta Nd. voru þingflokksfundir að hefjast. Þótt ég hefði kosið að koma máli mínu fram þá skal ekki um sakast orðinn hlut, einkum og sér í lagi þar sem mér gefst nú tækifæri fyrir velvilja forseta Sþ. að koma að því sem ég þá vildi gjarnan víkja að.

Ég ætlaði mér að taka undir gagnrýni 1. þm. Reykn., Matthíasar A. Mathiesen, um þá málsmeðferð, að stjórnarandstöðunni hefði ekki verið fengið frv. hæstv. forsrh. í hendur, það er hann lagði fram á fundi ríkisstj. s. l. mánudag, en aftur á móti hefði ýmsum samtökum utan Alþ. verið afhent þetta sama frv. fullbúið og það meira að segja í mörgum eintökum og óskað eftir umsögn þeirrar. Þá taldi hæstv. forsrh., í stað þess að svara fsp. hv. þm. beint, þ. e. a. s. hvort stjórnarandstaðan fengi frv. í hendur, að það þyrfti að spyrja ríkisstj. um leyfi til þessarna og það gæti jafnvel verið komið undir neitunarvaldi einstakra ráðh. hvort stjórnarandstaðan fengi þetta frv. í hendur eða ekki. Það var e. t. v. þessi skýring hæstv. forsrh. sem fékk mig fyrst til að kveðja mér hljóðs í gær þegar um þetta mál var rætt. Mér fannst það fráleitt, að það lægi ekki fyrir þegar ákveðið var, væntanlega bæði af hæstv. forsrh. einum og ríkisstj. í heild, að afhenda hagsmunasamtökum frv. til athugunar, að það hefði þá ekki um leið verið til umr. að stjórnarandstaðan og þm. fengju málið í hendur. Í raun og veru, eins og öll málsmeðferð er og meðferð fjölmiðla á þessu frv., má segja að það sé borin von að farið sé með þetta frv. sem trúnaðarmál.

Hins vegar vil ég láta þess getið og þakka það, þótt seint sé við brugðið, að þingflokkur sjálfstæðismanna hefur nú fengið sent frv. þetta til athugunar, væntanlega eftir ákvörðun ríkisstj. nú í morgun. En eftir þennan einkennilega og gagnrýnisverða aðdraganda og þessa óvirðingu við Alþ. í heild — ekki eingöngu stjórnarandstöðuna — og með því að frv. þetta er orðið að umræðuefni á almennum vettvangi, en er þó stimplað sem trúnaðarmál, og auðvitað mun stjórnarandstaðan virða þá ástimplun frv., má benda á, hvort ekki sé ástæða til að aflétta þessum trúnaði og birta þetta frv. opinberlega úr því að það er til umr. í fjölmiðlum. Mér skildist t. d. á hæstv. forsrh., að hann teldi að útdrættir fjölmiðla á ýmsum greinum og ákvæðum frv. væru mjög villandi. Hann getur sem best leiðrétt þessa villandi túlkun og birtingu með því að birta alþjóð frv. í heild. Þá er spurningin, hvort skýringin á hiki og óákveðni hæstv. forsrh. í umr. hér utan dagskrár í gær sé sú, að einhver. flokkur í ríkisstj. eða einhverjir ráðh. í hæstv. ríkisstj. hafi, þegar frv. var lagt fram á ríkisstjórnarfundi, beitt neitunarvaldi gegn þeirri skoðun, að það ætti að birta þetta frv. opinberlega. Ég vil gjarnan spyrjast fyrir um það, hvort ekki sé ástæða til að þetta frv. verði birt opinberlega og jafnframt hvort einhver ráðh. eða ríkisstjórnarflokkanna hafi beitt neitunarvaldi gegn því.

Ég hlýt einnig að víkja að því að gefnu tilefni frá hæstv. forsrh., að það er munur á hvort samráð er haft við t. d. aðila vinnumarkaðarins áður en frv. er fullgert eða birt eða lagt fram eða það er afhent samtökum aðila vinnumarkaðarins fullbúið í hendur og til umsagnar áður en þingheimur fær það til skoðunar. Ég kannast vel við það í fyrrv. ríkisstj., sem hæstv. forsrh. minntist á, að það hefði verið algengt þar að hafa samráð við t. d. aðila vinnumarkaðarins. En það samráð var yfirleitt með þeim hætti, að ræddar voru ýmsar hugmyndir eða fyrirætlanir eða ákvarðanir ríkisstj. og spurst fyrir um álit hagsmunasamtaka eða fulltrúa þeirra á þeim fyrirætlunum eða ákvörðunum. Hins vegar minnist ég þess ekki, að í þeirra hendur hafi verið sent fullbúið frv. áður en þm. fengu slíkt frv. í hendur, og á þessu tel ég reginmun þegar við ræðum um þá virðingu sem sýna verður stjórnarandstöðu og raunar Alþ. sem löggjafarsamkomu þjóðarinnar yfir höfuð.

Þessar umr. gefa mér einnig tækifæri til og tilefni til að spyrjast fyrir um það, hvaða fyrirætlanir hæstv. forsrh. og ríkisstj. hafi varðandi meðferð þessa frv. hér á Alþ. Hver

er ætlun ríkisstj. hvað snertir framlagningu þessa frv. hér á Alþ.? Er ákveðið hvenær þetta frv. verður lagt fram á Alþ.? Hefur hæstv. forsrh. eða hæstv. ríkisstj. ákveðin tímamörk í huga varðandi afgreiðslu þessa frv.? Og ég spyr ekki að ástæðulausu. Við hv. alþm. höfum ekki einungis orðið varir við ákveðnar tímasetningar ríkisstjórnarflokkanna þegar rætt hefur verið um lausn efnahagsmála, heldur er alþjóð kunnugt að við margvíslegar tímasetningar hefur þar verið miðað.

Þegar ríkisstj. var mynduð 1. sept. var það gert að undangengnum 8 vikna samkomulagstilraunum núv. ríkisstjórnarflokka, þannig að ætla hefði mátt að þessir ríkisstjórnarflokkar, sem tóku höndum saman um stjórn landsins, væru búnir að koma sér saman um úrræði í efnahagsmálum og því fremur sem þeir allir, a. m. k. flestir þeirra, höfðu ráð á hverjum fingri um lausn efnahagsmálanna í kosningabaráttunni og voru mjög kokhraustir í þeim efnum. En samkv. viðurkenningu aðstandenda ríkisstj. sjálfrar voru efnahagsúrræðin í september aðeins bráðabirgðaúrræði til þess að vinna aukinn tíma til þess að ríkisstj. kæmi sér saman um varanlegri lausn efnahagsmála. Og þá var miðað við að þessi varanlegri lausn efnahagsmála skyldi sjá dagsins ljós fyrir 1. des. — Þá birtist hér á borðum þm. frv. til l., en samfara því lýsti hæstv. forsrh. og hver ráðh. um annan þveran yfir að hér væri eingöngu um bráðabirgðaúrræði að ræða enn einu sinni. Og einn ríkisstjórnarflokkanna, Alþfl., lýsti alveg sérstaklega yfir óánægju sinni með, að ekki væri um varanlegri úrræði að ræða, og taldi alla annmarka og galla á þessum bráðabirgðaráðstöfnunum. Eftir að hafa talið þá upp voru samt sem áður 14 hendur þm. Alþfl. á lofti til samþykktar þessum bráðabirgðaúrræðum sem ekki mundu ná tilgangi sínum. En látum það vera. Þá var heitið bót og betrun og jafnvel fyrir afgreiðslu fjárl. fyrir jólin.

Fjárlög voru afgreidd, en engin bót eða betrun fólst í þeim. Þá var því lýst yfir, að mikil ráðherranefnd skyldi sett og úr hennar hendi skyldu bjargráðin örugglega koma. Því plaggi hefur verið útbýtt á fjölmennum fundi og til fjölmiðla, en er í raun og veru svo ómerkilegt og segir svo lítið að það er tæplega umræðuefni hér eða á öðrum vettvangi. Því er út af fyrir sig skiljanlegt að hæstv. forsrh. hafi haft lítið gagn af því plaggi við samningu frv. síns, enda segja sögur að frv. hæstv. forsrh., sem svo hefur verið nefnt, hafi verið samið — að hans tilhlutan að vísu — af sérfræðingum ríkisstj., eins og ekkert er við að athuga, áður en álit ráðherranefndarinnar lá fyrir. Ég er ekki að gagnrýna þetta út af fyrir sig. Þetta er aðeins forvitnilegt um vinnubrögð á stjórnarheimilinu.

En 1. febr. er kominn og liðinn og ekkert gerðist. Þá hefur verið rætt um að eitthvað þyrfti að gerast fyrir 1. mars n. k. Nú hefur frv. verið lagt fram í hæstv. ríkisstj. af hæstv. forsrh. s. l. mánudag, og miðað við öll þau tímamörk sem klingt hafa í eyrum ekki eingöngu þm., heldur og allra landsmanna, er ekki að ófyrirsynju að spurt sé, hver sé fyrirætlun hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj. varðandi málsmeðferð þessa frv. og hraða í tíma hvað snertir meðferð þess hér á Alþ. Það er líka sanngirnismál, að við hv. þm., svo hátíðlega sé til orða tekið, fáum að vita hvað ætlast er til af okkur í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. drap á það í svarræðu sinni í umr. utan dagskrár í gær, að tvö væru þau mál sem jafnvel skyggðu á og raunar yfirgnæfðu algerlega efnahagsvanda Íslendinga að öðru leyti, þótt í þeim fælist auðvitað efnahagsvandi í sjálfu sér — aukinn efnahagsvandi, og það væru væntanlegar olíuverðshækkanir og skýrsla fiskifræðinga um ástand fiskstofna hér við land. Haft hefur verið eftir hæstv. forsrh., að honum hafi fallið allur ketill í eld við fréttir um olíuverðshækkunina, og hæstv. viðskrh. hefur talað um, að hér væri stórpólitískt mál á ferðinni. Ég skal ekki með einu eða neinu orði draga úr alvöru þess fyrir okkur Íslendinga eða afleiðingar þess fyrir okkur Íslendinga sem felst í olíuverðshækkuninni sem yfirvofandi er. En þó vil ég vara við því, að sú olíuverðshækkun sé notuð sem yfirskin í öðrum tilgangi, til að koma á aðgerðum eða ráðstöfunum sem beinast að þeim efnahagsvanda sem við þegar stöndum frammi fyrir. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að við ráðumst gegn honum með hreinskilnum og opinskáum hætti, en hljótum um leið að takast á við vanda olíuverðshækkunar sér á parti, þótt það sé einnig efnahagsvandi og skyldur hinum viðloðandi vanda okkar, verðbólgunni, að því leyti að auka á hana væntanlega og gera hana illleysanlegri. Því spyr ég, hverjar séu helstar ráðagerðir af hálfu ríkisstj., og beini þeirri fsp. hvort heldur sem er til hæstv. forsrh. eða hæstv. viðskrh., hverjar séu fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisstj. til að mæta væntanlegum olíuverðshækkunum. Í tengslum við það vil ég gjarnan fjalla aðeins um þessi mál og e. t. v. koma með nokkrar ábendingar í því sambandi.

Eins og kunnugt er eru olíukaup okkar mestmegnis frá Sovétríkjunum og hefur svo verið áratugum saman. Við höfum gert rammasamning síðustu 20 árin, að því er ég held, við Sovétríkin um kaup á olíu og raunar viðskipti okkar til 4 eða 5 ára í senn, en hvað olíu og aðrar vörutegundir snertir hefur verið samið um magn og verð á hverju ári. Á tímabili var verðið miðað við skráningu á olíu við Mexíkóflóa, en síðan 1960, að því er ég hygg, miðað við skráningu á verði frá Curacao eða Arúba við Venezúela, og það mun hafa verið gert allt fram til 1975. En þá var að hálfu leyti samið um olíuverð miðað við skráningu í fyrrnefndum höfnum við Venezúela og að hálfu leyti skráningu í Rotterdam. Þegar olíukreppan skall yfir 1973—1974 munum við hafa haft töluverðan hagnað af því, að olíuverðlag okkar miðaðist við skráningu í Curacao, að því leyti til að olíuverðshækkunin kom seinna fram gagnvart okkur en almennt. Það mun hafa verið að áliti seljenda þeim óhagkvæmt. Þess vegna var lögð á það áhersla að miða skráninguna við Rotterdam í samningunum 1977 fyrir árið 1978 og var ekki, að því er ég minnist, mikil andstaða af hálfu okkar samningamanna þar sem skráningin í Rotterdam hafði á árinu 1977 verið okkur heldur hagstæð. Nú er hins vegar svo komið, að skráningin í Rotterdam er okkur ákaflega óhagstæð. Horfur eru á að olíuverðshækkunin komi fljótar og alvarlegar fram gagnvart okkur Íslendingum heldur en gagnvart öðrum þjóðum.

Nú ber þess reyndar að geta, að olíuverðshækkunin nú er að kunnugra manna sögn nokkuð annars eðlis en var 1973-1974 þegar olíuverð fjórfaldaðist. Þá hækkaði olíuverðið samkv. ákvörðun OPEC-landanna, olíuframleiðslulandanna, en nú stafar olíuverðshækkunin að minnstu leyti af ákvörðun OPEC-landanna eða olíuframleiðslulandanna. Hún stafar annars vegar af minnkandi framboði á olíu vegna þess að olíuframleiðslan í Íran hefur fallið niður eða stórlega minnkað, en mér skilst að Vesturlönd hafi fengið um 20% af olíu sinni frá Íran og hlýtur um það að muna. Hins vegar stafar olíu-

verðshækkunin einnig af aukinni eftirspurn eftir olíu hér í Evrópu og Vesturlöndum vegna hinna miklu kulda sem gengið hafa yfir og kalla á aukið eldsneyti. Þess vegna eru menn e. t. v. ekki á eitt sáttir um það, hversu varanleg sú olíuverðshækkun verður sem nú er fyrirsjáanleg og við þurfum við að glíma. E. t. v. eru einhverjar vonir til þess, að með hlýnandi veðurfari og vorkomu dragi úr eftirspurninni og enn fremur að ástandið í Íran eigi eftir að batna og olíuframleiðsla þar að aukast eða að önnur olíuframleiðslulönd auki framleiðslu sína og framboðið aukist að nýju þannig að jafnvægi komist á. Aftur eru til þeir sérfræðingar sem halda því fram, að þetta sé aðeins vísbending um að olíuverð verði varanlega töluvert hærra í framtíðinni. Fulltrúar OPEC-landanna munu hafa ráðgert fund fyrir vorið þar sem hætta er á að þeir muni ákvarða enn frekari hækkun en varð niðurstaða fundar þeirra seint á síðasta ári, en ef ég fer rétt með og minni mitt brestur ekki var ákvörðun þeirra um 14% hækkun.

Spurningin er þess vegna, hvort hér verður um sveiflu að ræða í verðlagi olíu sem á þá eftir að jafnast út eða hvort olíuverðshækkunin verður varanleg. Hvort heldur sem er, þá er spurning hvort ekki sé ástæða til fyrir ríkisstj. að óska að nýju eftir viðræðum við seljendur, Sovétríkin, um að breyta verðviðmiðun olíu og þá á þann veg, að verðviðmiðun olíu sé annaðhvort bundin við framleiðsluverð olíuríkjanna, OPEC-landanna, að viðbættum eðlilegum vinnslukostnaði, eða að Rotterdamviðmiðunin sé áfram í gildi, en með einhvers konar hámarki eða þaki. Verður að ætla að báðir aðilar, bæði seljandi og kaupandi, telji eðlilegt að um sanngjarnt verð sé að ræða fyrir olíuna, og ekki ætla ég seljanda að vilja nota sér sérstakar aðstæður til þess að hreppa skammvinnan eða skjótfenginn ágóða. Með því að hér er um viðskiptasamninga til langs tíma að ræða, sem að ramma til eru gerðir til 4 eða 5 ára, þá svipar þeim mjög til olíuviðskipta almennt í heiminum, en þar er um langtímasamninga að ræða sem miðast fyrst og fremst við framleiðsluákvörðunarverð OPEC-landanna og sanngjarnan vinnslukostnað. Sérstaða okkar Íslendinga er e. t. v. fólgin því, að hér fer ekki fram vinnsla olíu, og það er e. t. v. orsökin til þess, ásamt verðviðmiðuninni í Rotterdam, að olíuverðshækkunin, þessi sveifla upp á við, kemur harðar niður á okkur en öðrum þjóðum, þótt einnig sé talað um og í aðsigi séu olíuverðshækkanir meðal annarra þjóða og jafnvel olíuskortur.

Ég vil taka það fram, að þessi ábending mín er sögð og látin í té algerlega án allrar gagnrýni á núv. ríkisstj. varðandi samninga við Sovétríkin og ákvörðun hvað snertir verðviðmiðun við Rotterdam. Það er algerlega samhljóða ákvæði og var í samningum sem gerðir voru á ábyrgð fyrrv. ríkisstj. og fyrrv. viðskrh. sem nú er í gildi á ábyrgð núv. ríkisstj. og núv. viðskrh. Hins vegar held ég að í því sé engin áhætta fólgin, heldur miklu fremur brýn nauðsyn og eðlileg sanngirni, að teknar séu upp viðræður við seljendur um þessi mál til þess að draga úr alvarlegum afleiðingum af fyrirsjáanlegri olíuverðshækkun.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, einnig víkja mjög stuttlega að öðru alvarlegu máli sem við okkur blasir, þ. e. a. s. ástandi fiskstofnanna við landið. Ég minnist þess að hafa heyrt hæstv. sjútvrh. í sjónvarpi svara spurningu fréttamanns um væntalegar ráðstafanir í tilefni af þessari skýrslu eitthvað á þá leið, að það væri nauðsynlegt að gera gagnráðstafanir, en hins vegar yrðu þær að vera þannig að þær kæmu sem minnst við hag landsmanna. Ég skildi hæstv. sjútvrh. þannig, að það væri unnt að koma því svo fyrir með sókn í aðra fiskstofna og ýmsum öðrum hliðarráðstöfunum að þetta þyrfti ekki að snerta okkur mjög alvarlega. Um það skal ég ekki fjölyrða sérstaklega að hæstv. sjútvrh. fjarstöddum. Ég vil þó að gefnu tilefni frá hæstv. forsrh. benda á, að þótt hæstv. ríkisstj. — sem ég gagnrýni ekki og sakna út af fyrir sig ekki — hafi ekki kallað á stjórnarandstöðu til beins samráðs í efnahagsmálunum almennt og áður en frv. það, sem hefur orðið mikið umræðuefni, var lagt fram í ríkisstj., enda benti hæstv. forsrh. réttilega á að stjórnarandstæðan væri ekki samráðsaðili núv. ríkisstj. í þeim efnum, þá er það samt svo, að óskað hefur verið eftir því í tilefni af skýrslu fiskifræðinganna, að þingflokkur sjálfstæðismanna tilnefndi fulltrúa til að fjalla ásamt fulltrúum annarra þingflokka um hvaða ráðstafanir ætti að gera eða hver viðbrögð ættu að verða við þessari skýrslu fiskifræðinga.

Herra forseti. Ég þakka fyrir umburðarlyndi og skilning sem í því er fólginn að mér hefur gefist kostur að flytja mál mitt nú utan dagskrár.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér er ljúft að svara þeim fsp. sem hv. 4. þm. Reykv. beindi til mín. Reyndar hélt ég að ég hefði svarað þeim nokkuð sæmilega í gær, en það sakar sjálfsagt ekki að endurtaka svörin. Það þarf að gera til að festa mönnum þau í minni.

Ég get ekki á þessu stigi sagt til um það, hvenær væntanlegt frv. um stjórn efnahagsmála og annað það, sem segir í fyrirsögn þess, verður lagt fram á Alþingi. Eins og ég skýrði frá í gær, hefur ýmsum aðilum verið fengið frv. þetta til skoðunar og hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um það í ríkisstj., hvenær það verður lagt fram á Alþ. Það verður ekki gert, vænti ég, fyrr en samráðsaðilunum hefur gefist kostur á að tjá sig um frv. Það er sjálfsögðu rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að samráð við aðila getur verið með mismunandi hætti, og að sjálfsögðu hefur verið haft samráð við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, um þau efni, sem þetta frv. fjallar um, með ýmsum hætti áður en gengið var frá endanlegri samantekt þess. M. a. hefur sú sérstaka ráðherranefnd, sem kölluð hefur verið samráðsnefnd, rætt við þá aðila sem hér er um að tefla, a. m. k. þá þeirra sem hafa viljað taka þátt í því að eiga samstarf við eða mæta hjá n. til samráðs. Auðvitað hefur þar verið fjallað um ýmis önnur atriði en ákvæði eru um í þessu frv. Slíkt samráð átti sér að sjálfsögðu stað á ýmsan hátt á meðan ráðherranefndin, sem skilaði skýrslu 31. jan., var að störfum. En þó slíkt samráð hafi verið haft á hefur samt þótt eðlilegt og sjálfsagt og vænlegast til árangurs og farsælast fyrir lausn þessara mála að hafa samráð við þessa aðila þegar fullskapað frv. lægi fyrir, þannig að þeir gætu þá séð myndina í heild og gert sér betri grein fyrir málinu og fengið meiri yfirsýn yfir það. Þó að frv. sé þannig fengið þeim í fullgildu frv.-formi, er ekki þar með sagt að þar með sé endanlega frá því gengið. Auðvitað geta þær ábendingar, eins og ég sagði í gær, komið frá þessum aðilum að það þyki eðlilegt og réttmætt að taka tillit til þeirra, og þá verður ríkisstj. að breyta því frv., sem tekið hefur verið saman, að því leyti til.

Ég get ekki séð að þetta séu neitt óvenjuleg eða óeðlileg vinnubrögð í sjálfu sér, ef menn á annað borð vilja fara þá leið sem farin hefur verið eða reynt hefur verið að

fara, skulum við segja, í æ ríkari mæli: að hafa samráð við ýmsa hagsmunaaðila utan Alþingis. Það geta verið skiptar skoðanir um hversu réttmæt sú stefna er, en ég hygg að flestir stjórnmálamenn hafi á undanförnum árum, kannske má segja áratugum, hallast að þeirri stefnu. Það er annað mál, að í framkvæmd hefur þetta samráð oft reynst erfitt, en ég fer ekki nánar inn á það.

Þar sem ríkisstj. hefur ekki tekið endanlega ákvörðun um það, hvenær frv. verði lagt fyrir Alþ., get ég ekki nefnt neina ákveðna dagsetningu í því sambandi. Vænti ég að að því leyti til sé hv. fyrirspyrjanda svarað um það atriði.

Þá spurði hann enn fremur að því, hvað fyrirhugað væri um meðferð málsins á Alþingi. Þegar þetta frv. kemur til kasta Alþingis mun það að sjálfsögðu fara algerlega eftir venjulegri aðferð og sæta venjulegri meðferð hér á Alþingi. Það segir sig sjálft. Og auðvitað hafa þær n., sem fá málið þá til meðferðar, á sínu valdi, ef þær vilja, að leita þá álits aðila eða kalla fyrir sig þá menn, sem þær vilja, eins og tíðkað er. Ég get því ekki séð að hægt sé á þessu stigi að segja um það annað en að meðferð þessa lagafrv. verði með venjulegum hætti hér á Alþ. og þar komi ekki nein afbrigði til greina fram yfir það sem oft á sér stað í sambandi við meðferð slíkra mála, eins og t. d. varðandi 3. umr. og því um líkt. Það eru veitt afbrigði fyrir því, að það þurfi ekki að líða svo langur tími á milli umr. sem lögmælt er nú í þingskapalögum og annað því um líkt. Það kalla ég í raun og veru ekki óvenjulega málsmeðferð.

Hv. 4. þm. Reykv. vék að því, að þetta frv., þó ekki væri það e. t. v. í endanlegum búningi, væri á vitorði svo margra að ég hefði kvartað um það hér í gær, að það væri farið að segja frá því í fjölmiðlum og sumum hverjum fjölmiðlanna á villandi hátt. Ég held að það sé ekki of mikið sagt. En það á ekki við um alla fjölmiðla. Þá væri spurning hvort væri ekki rétt að birta frv. Ég er honum sammála um það. Ég held að úr því sem komið er sé einfaldast að birta frv. með aths. Það verður að vísu nokkuð langt mál fyrir fjölmiðla að koma því öllu á framfæri í einu. Það má kannske gera það í smáskömmtum án þess að samhengið raskist. Og ég get sagt hv. fyrirspyrjanda það, að enginn ráðh. í ríkisstj. hefur beitt neinu neitunarvaldi gegn slíkri birtingu. Þegar mínir elskulegu hæstv. samráðh. eru farnir að birta sínar bókanir tel ég ekki óeðlilegt að ég birti frv. og láti það tala sínu máli og hljóma í eyrum kjósenda, þeir geti lesið það og séð hvað í því stendur án allra úrfellinga.

Ég fer nú ekki út í að ræða það, hverjir eða hver hafi samið þetta frv. Þó að ég sé ekki mikill fyrir mér tel ég þó að ég geti komið saman nokkrum lagagreinum skammlaust í frumvarpsform án aðstoðar. En auðvitað er sem betur fer hægt að fá ýmsa aðstoðarmenn ef á þarf að halda. Það skiptir út af fyrir sig engu máli í sambandi við þetta frv. hverjir hafi það samið, heldur er hitt mergurinn málsins, hver ber ábyrgð á því. Og ég ber ábyrgð á því. (Gripið fram í.) Nei, nei. En hitt er leiðinlegt, ef einhverjir menn eru óverðskuldað bendlaðir við þetta frv. og látið að því liggja að á þeim hvíli ábyrgð á því sem í því stendur.

Það má vera að ég gæti látið máli mínu lokið nú, af því að ég get vísað síðari hluta spurningarinnar, um aðgerðir í olíumálum, til viðskrh. sem þau mál heyra sérstaklega undir.

Hv. þm. kryddaði mál sitt, eins og til bragðbætis og til að bæta upp þær þurru fsp. sem hann hafði í raun og veru fram að færa og voru kjarni í því sem hefði átt að vera til umr. utan dagskrár, með ýmiss konar gagnrýni á ríkisstj. og aðgerðir hennar. Af því tilefni er e. t. v. ástæða til að víkja örfáum orðum að því efni.

Hann vék að því, að þessi ríkisstj. hafði sífellt verið með bráðabirgðaúrræði til þessa. Það er nú ekki vísindalega nákvæmt orðalag, vægast sagt. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. er sérstakur kafli sem heitir: „Fyrstu aðgerðir.“ Ekki er talað um neinar bráðabirgðaaðgerðir þar. Þessar fyrstu aðgerðir hafa allar verið framkvæmdar og þeim komið í framkvæmd, ýmist með kjaralögunum frá 8. sept. eða þá með lögum um viðnám gegn verðbólgu sem sett voru um mánaðamótin nóv. og des. Þar eru ekki nein bráðabirgðaúrræði. Það er í raun og veru ekki réttnefni. Það eru engin bráðabirgðaúrræði sem felast í þeim lögum. Það eru engin bráðabirgðaúrræði út af fyrir sig, að 15.5% í vísitölu hefur verið eytt með þessum lögum, bæði lögum um kjaramál og eins lögum um viðnám gegn verðbólgu. Þessi prósentustig koma ekki aftur. Þau eru farin og út úr heiminum. Ég hugsa að atvinnurekendum hefði þótt talsvert um það, ef þeir hefðu þurft að standa undir greiðslu á þeim kauphækkunum sem stafað hefðu af þessu. Þeir hafa kvartað um að það hafi verið lagðir á þá auknir skattar. Það er rétt, það hafa verið lagðir auknir skattar á fyrirtæki og einstaklinga, en ekki í ósamræmi við það sem sagt var í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, því að þar er þetta einmitt tekið fram, skattar skuli lagðir á eyðslu, á eignir, á fyrirtæki. Það hefur verið farið að í algeru samræmi við það sem þá var sagt.

Við höfum aldrei haldið því fram í þessari ríkisstj., að við mundum gera nein kraftaverk, og þessi 15.5% stig af vísitölu hafa ekki eyðst fyrir nein kraftaverk. Það varð að afla fjár til að koma þeim út úr heiminum. Það var gert í lögum um kjaramál með þeim hætti, að niðurgreiðslur voru auknar um sem svaraði 4.9% og söluskattur felldur niður af svo að segja öllum matvælum, sem samsvaraði 2,6 prósentustigum. Þá voru felld niður í vísitölu 7.5 prósentustig. Niðurfelling söluskatts af matvælum var ekki til bráðabirgða. Það var ekki bráðabirgðaúrræði. Aukning niðurgreiðslna var heldur ekkert tímabundin, þvert á móti var tekið fram að niðurgreiðslur skyldu á þessu ári vera hinar sömu og ákveðnar voru á síðustu 4 mánuðum fyrra árs. Þetta var gert svo til viðbótar með lögum um viðnám gegn verðbólgu, með því að þá voru niðurgreiðslur enn auknar um sem svaraði 3 prósentustigum. Þá voru skattar lækkaðir um það sem svaraði 2 prósentustigum. Og þá var heitið ýmsum félagslegum umbótum sem sumar hverjar eru komnar til framkvæmda, aðrar á leiðinni að komast til framkvæmda, sem svaraði 3 prósentustigum, alls 8 prósentustigum. Þar með eru farin 15.5 prósentustig í vísitölu. Engar af þessum ráðstöfunum, sem ég drap á og gerðar voru skv. lögum frá því um mánaðmótin nóv. og des., voru gerðar til bráðabirgða. Þær standa áfram þangað til þær hafa verið numdar úr lögum.

Líka var ákveðið að rekstrarkostnaður atvinnuvega skyldi lækkaður um tiltekin prósentustig. Nefnd er í því sambandi lækkun vaxtakostnaðar. Það hefur verið gert og samkv. ósk útgerðarmanna, að ég best veit. A. m. k. var það sagt á ríkisstjórnarfundi þegar þessi mál voru þar til meðferðar. Það var gert með þeim hætti, að tekið var upp sérstakt lánafyrirkomulag, þeir gætu tekið lán í er-

lendum gjaldeyri og með þeim vöxtum sem þar eru fáanlegir. Hitt er annað mál, að heyrst hefur seinna að ýmsir útgerðaraðilar hafi viljað taka þetta til baka og ekki viljað meta þessar vaxtabreytingar eins hátt og þá var látið í veðri vaka að þær næmu. En breytingarnar standa. Þær eru ekki neitt sérstaklega til bráðabirgða.

Endurgreitt hefur verið fyrir áramót algerlega það verðjöfnunargjald á sauðfjárafurðum sem tekið var á s. l. ári samkv. ákvörðun Framleiðsluráðs eða nefndar innan Framleiðsluráðs og Stéttarsambandsins, 1300 millj. þar, ekki neitt bráðabirgða-úrræði. Það stendur og verður ekki aftur tekið.

Það er þess vegna, eins og ég sagði, í mesta máta villandi að vera að klifa á því, að þarna hafi verið um bráðabirgðaúrræði að ræða og bráðabirgðalausnir. Þarna var um að ræða fyrstu aðgerðir, sem sumpart voru boðberi þeirrar nýju stefnu sem ríkisstj. ætlaði að taka upp, en í annan stað nauðsynleg aðgerð af því hvernig komið var hag atvinnuveganna, og þar undir fellur auðvitað ákvörðunin um gengisbreytingu sem gerð var. Hún er ekki heldur nein bráðabirgðalausn.

Nú vildu kannske einhverjir að skattarnir, sem varð því miður að auka og er ekki dregin nein fjöður yfir, væru bara bráðabirgðaúrræði. En þeir standa a. m. k. þetta ár og e. t. v. eitthvað lengur. Jafnvel þó mér kunni einhvern tíma að hafa orðið það á að sleppa út úr mér að hér væri um bráðabirgðaúrræði að ræða, þá er það ekki rétt, heldur er þarna um fyrstu aðgerðir að tefla, eins og sagt er í samstarfsyfirlýsingunni, en ekki hægt að tala um að það séu bráðabirgðaúrræði.

Fjárlögin voru afgreidd á þann hátt, að þar er ekki hægt að tala um að sé um nein bráðabirgðaúrræði að tefla, þó að þau gildi auðvitað samkv. eðli sínu ekki nema fyrir fjárlagaárið sem þau eiga við.

Hitt hefur mér aftur á móti og væntanlega öllum í stjórnarliðinu verið ljóst, að þetta, sem var gert í þessum tveimur áföngum, 8. sept. og síðasta dag nóv., fól ekki í sér varanlega lausn á þeim vanda sem ríkisstjórnarflokkarnir höfðu sérstaklega sett sér að leysa, en það var að taka upp gerbreytta stefnu í efnahagsmálum, sem í fyrsta lagi átti að tryggja næga atvinnu, í öðru lagi hjöðnun verðbólgu í áföngum og svo þjóðhagsáætlanir sem fælu í sér ráðstafanir varðandi atvinnumál, kjaramál, fjárfestingarmál og lánamál. Þetta var framtíðarmarkið. Þetta var sú breytta stefna sem stjórnarflokkarnir settu sér að taka upp. Ekkert er óeðlilegt við að það hafi tekið nokkurn tíma að móta þá stefnu, þó að útlínur hennar væru dregnar í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna. En hitt er rétt, að ungir og frískir menn í stjórnarliðinu voru dálítið óþolinmóðir yfir því, að það skyldi ekki ganga fljótar að taka upp þessa breyttu stefnu sem ráð var fyrir gert. Þess vegna var það, að til þess að herða á því gaf ég við lokaafgreiðslu fjárl., 3. umr. fjárl., yfirlýsingu hér á hv. Alþ. sem ekki var mótmælt af neinum, um að ég mundi láta taka saman frv. um efnahagsmál og þar skyldi miðað við aðgerðir til tveggja ára, það frv. skyldi tekið saman og lagt fram í ríkisstj. fyrir lok janúarmánaðar. Það var ekki eitt orð í þeirri yfirlýsingu um hvenær slíkt frv. skyldi lagt fyrir Alþ., en fyrir ríkisstj. skyldi það lagt fyrir janúarlok. Samkv. þessari yfirlýsingu var samþ. í ríkisstj. það sem ég hafði raunar gert till. um áður, að sett var á laggirnar sérstök ráðherranefnd, þriggja manna nefnd, sem í var einn ráðh. frá hverjum stjórnarflokkanna og fékk það verkefni að semja frv. í þeim anda og í þeim stíl sem ég hafði gefið fyrirheit um í yfirlýsingu minni. Það fyrirheit var á þá lund, að þetta frv. skyldi miðað við að koma í framkvæmd þeim atriðum, 12 að tölu, ef ég man rétt, sem greind voru í grg. með viðnámslögunum, og jafnframt höfð hliðsjón af meginmarkmiðum samstarfsyfirlýsingarinnar. Þetta var það verkefni sem ráðherranefndin fékk.

Ráðherranefndin vann sérstaklega vel og leysti mikið starf af hendi á stuttum tíma, einum mánuði. Hún varð að vísu sammála um margt, en hún varð ekki sammála um allt, og hún gat ekki unnið verkið þannig á þessum tíma, að hún gæti skilað af sér frv. En hún skilaði af sér áliti þar sem sum efnisatriði voru reyndar færð í frumvarpsbúning sem ég hef tekið upp sum hver alveg óbreytt í frv. mitt, svo að ekki hef ég þurft að sækja þau annað. En fyrst og fremst var þetta álit ráðherranefndarinnar um efnisatriði. Því var skilað í mínar hendur 31. jan. Það lagði ég svo fram á fundi ríkisstj. 1. febr. Þá var mér falið að taka saman frv. á grundvelli þessa álits. Það er það sem ég hef gert, og það er það frv. sem við mig er kennt og ég gat lagt fram í ríkisstj. s. l. mánudag.

Það má segja að ég hafi í raun og veru, með því að skila því frv. af mér í hendur ríkisstj., innt af hendi það hlutverk sem mér var falið, af ríkisstj. Svo er það aftur stjórnarflokkanna að taka við því að koma því áleiðis eða gera á því breytingar ef þeir vilja svo vera láta. Ég er ekki að segja með þessum orðum að hlutverki mínu í sambandi við frv. sé alveg lokið, en ég hef í rauninni fullnægt skyldu minni sem mér var falin á hendur af ríkisstj.

Þannig er aðdragandi þessa frv. sem hér er um að tefla og ég tel eðlilegt að alþjóð fái að líta augum, hver sem örlög þess verða, hvort sem það verður að lögum á sínum tíma í breyttum búningi eða óbreyttum. Þá eru spilin lögð á borðið og þá geta menn séð hvað lagt er til þar.

Eins og ég held að ég hafi sagt í gær, þá tel ég að viðbrögð þings og þjóðar við þessum till. verði nokkur prófsteinn á það, hvað menn meina og hafa meint að undanförnu þegar þeir hafa verið að tala um þá geigvænlegu hættu, sem stafi af verðbólgu, og hvílík nauðsyn væri að reyna að hamla gegn verðbólgu og gera það í áföngum. Vonandi á ekki eftir að koma á daginn að slík ummæli hafi aðeins verið þægilegt efni í framboðsræðu eða greinar, heldur hitt, að mönnum hafi verið alvara, að menn hafi skilið að áframhaldandi óðaverðbólga hlýtur að bjóða á sínum tíma heim atvinnuleysi hér á landi. (**StJ:** Er frv. til umr. hér og nú?) Það var hafin nokkur umr. um málið áðan af fyrirspyrjanda á almennum grundvelli, og ég vona að hv. þm., hann og fleiri, hafi gott af að rifja upp hver aðdragandi var að þessu frv. En ég vona að mér gefist kostur á því síðar að mæla fyrir frv. hér og þá verður það rætt nánar.

Ég skal nú ekki ergja hv. þm. Stefán Jónsson, sem ég tek alltaf mjög mikið tillit til, með því að vera að halda máli mínu lengur áfram, af því að ég get, eins og áður var fram tekið, vísað síðari lið spurningarinnar til viðskrh., þó að ég reyndar gæti sitthvað um hann sagt, m. a. vegna þess að ég gegndi áður viðskrh.-embætti og kom við sögu einmitt þá varðandi olíumál. Ég tel þó réttara að hann létti mér róðurinn og bæti við þar sem erindi mitt þrýtur og komi nú í ræðustólinn og svari þeim lið spurningarinnar sem eftir er.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér þykir rétt að taka það fram áður en lengra er haldið, að þannig stendur á, sem er að vísu heldur óvenjulegt, að hvorki fleiri né færri en hv. þrír alþm. höfðu farið þess eindregið á leit við mig að fá að taka til máls hér í dag utan dagskrár. Tveir þeirra eru þingflokksformenn. Nú er það svo, að þegar hafa komið inn í þessar umr. utan dagskrár að hluta til þau atriði sem hv. 3. þm. Norðurl. e. hafði ætlað að gera hér að sérstöku umræðuefni utan dagskrár, sem er, að mér skilst, sú orkukreppa sem m. a. og ekki síst stafar af olíuverðshækkunum. Ég held, með tilliti til þess að þetta verði ekki enn flóknara en ella, að eðlilegt væri að hann kæmi fram með fsp. sína nú.

Enn fremur vil ég taka fram, — ekki að ég ætli að fara að skera niður ræðutíma utan dagskrár að svo stöddu, — að ég er fyrir löngu hættur að hafa áhyggjur af hinni prentuðu dagskrá með þeim 13 málum sem þar eru. Hún kemur væntanlega að gagni síðar. En þegar eru 8 hv. alþm. og ráðh. á mælendaskrá í þessari 1. umferð umr. utan dagskrár. Hv. 3. þm. Norðurl. e. kemur nú að sinni fsp. sem ég hafði gefið honum heimild til.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár, þó að ég telji þann ávana þm. ekki góðan ef hann er ofnotaður. Ástæðan til þessa var sú, að við hv. þm. Bragi Níelsson bárum hér fram snemma í vetur þáltill. um orkusparnað, en það var þáltill. sem þm. Alþfl. höfðu borið fram þrívegis áður hér á Alþ. Vegna annríkis þingsins hefur þetta mál ekki komist til lokaumr. og skal ekki um það sakast. En mér þótti, eins og mál hafa þróast nú síðustu daga, full ástæða til að vekja athygli á þessu máli nú og ekki síður vegna þess, að það hefur komið fram í fjölmiðlum að hæstv. iðnrh. hefur áhuga á að koma til móts við þessa till. okkar og hefur þegar gert ýmislegt sem ég tel mjög til bóta í þessu máli. Mig langar þó að spyrjast fyrir um það nánar en fram hefur komið í fjölmiðlum, hvað hann hyggist fyrir þessu máli til framdráttar.

Eins og komið hefur fram hér á Alþ. og í fjölmiðlum er búist við mikilli olíu- og bensínhækkun þegar í apríl-maí n. k. Þó að e. t. v. sé máluð nokkuð dökkum litum á veginn sú mikla væntanlega hækkun, þá er vafalaust ekki um annað að tefla en að þessi hækkun kemur að einhverju leyti fram og því full ástæða til að taka nú þegar á þessum málum til þess að spara orkuna sem við þó endilega þurfum.

Það hefur verið bent á að það mætti spara mikla olíu í veiðiflotanum með því að setja einhver hámörk á keyrslu skipanna út á mið og heim af miðum og við not veiðarfæra, og ein spurning mín er sú, hvort ráðh. hafi gert nokkuð eða hyggist gera nokkuð í þessu atriði.

Þá hefur verið bent á að spara mætti verulega fjármuni þjóðarinnar með því að veiðiflotinn færi meira inn á svartolíunotkun en verið hefur. Í ræðu, sem hæstv. iðnrh. flutti við fyrri umr. þáltill. okkar félaga, fór hann töluvert inn á það mál, hann hefði gert sitthvað til að athuga hvort ekki mætti fara lengra á þessu sviði.

Einnig kom fram í fréttum í gærkvöld að hann hyggst virkja nemendur í tækniskólum: Vélskólanum og Tækniskóla Íslands, til þess að fara út á meðal almennings og stilla kynditæki í húsum þar sem olía er notuð. Það hefur áður verið gert, en má vafalaust gera miklu meira á því sviði en enn hefur verið gert.

Í þriðja lagi vitum við að geysileg bensínnotkun fer fyrir ekkert hér á landi vegna þess að menn nota bíla sína í óhófi. Mætti vel hugsa sér að hafinn væri verulegur áróður fyrir því, að menn ofnotuðu ekki bíla sína og sparnaður yrði þannig í sambandi við akstur og fleira slíkt.

Í fjórða og síðasta lagi mætti koma inn á það, að í haust, má ég segja, og síðar oft í vetur hefur verið sagt frá athugunum á vegum ýmissa vísindamanna í Háskóla Íslands um að hér mætti framleiða í landinu orku sem kæmi að verulegu gagni í staðinn fyrir innflutta olíu eða mætti a. m. k. draga verulega úr innflutningi olíu með því að setja upp framleiðslu á vetni og fleiri orkutegundum sem hér mætti framleiða.

Í allra síðasta lagi kemur svo það, að hefja mætti verulegan áróður fyrir því, að sparnaður færi fram á notkun raforkunnar, bæði til sparnaðar fyrir notendur orkunnar, en líka með það fyrir augum að við gætum til hagræðis í framkvæmdum okkar sparað okkur jafnmikinn flýti og við kannske höfum ætlað okkur við að byggja ný orkuver. Mætti skipta því á fleiri ár en nú er fyrirhugað með því að leggja áherslu á að farið verði hóflegar með notkun raforku en verið hefur.

Í þessu sambandi langar mig aðeins að benda á hve áróður í fjölmiðlum t. d. getur haft mikil áhrif á sviði sparnaðar orku. Þegar fyrr á árum voru hvað eftir annað að koma fyrir rafmagnstruflanir í Laxárvirkjun og fólk lenti í vandræðum með raforkuna á Akureyri, þá gaf það oft mjög góða raun þegar rafveitustjóri lýsti fyrir notendum hvað mikið væri í húfi, ef þeir gættu þess ekki að nota raforkuna í hófi. Mér hefur dottið í hug hvort ekki gæti verið skynsamlegt fyrir ríkisstj. að setja t. d. þriggja manna n. eða eitthvað slíkt sem yrði falið það verk að beita sér fyrir ýmiss konar orkusparnaði undir stjórn ríkisvaldsins með það fyrir augum að draga úr notkun olíu, eftir því sem unnt væri, með hröðum aðgerðum og líka með framtíðaráform fyrir augum. En vel má vera að athuganir hæstv. iðnrh. séu komnar það vel á veg, að hann hafi þegar gert margt af þessu sem ég var að nefna, og væri það vel. En mig langar að heyra nánar um það frá honum.

En af því að ég er kominn hér upp í ræðustólinn og þegar er á dagskrá mál sem snertir allan almenning í landinu, þá langar mig aðeins að víkja örfáum orðum að þeim umr. sem hér hafa farið fram á undan.

Stundum er sagt að það þurfi barn til að segja mönnum sannleikann, og þið kannist við málsháttinn: Tvisvar verður gamall maður barn. — Nú er ég kannske genginn í barndóm, en ég ætla að leyfa mér að fara hér með nokkur orð í sambandi við þær umr. sem fóru fram hér á undan.

Þið vitið það, ágætu samþm., að ég barði í borðið með dálítið óvenjulegum hætti í vetur. Ég fékk af því bæði lof og last. En ég gerði það af ásettu ráði. Mér þóttu mínir ágætu samstarfsmenn í þingflokkunum ekki sýna fulla alvöru gagnvart því, að það þarf að stjórna landinu, og landi verður ekki stjórnað af fólki sem ekki er samstíga. Ég virði margt af því sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan. Sumt af því, sem hefur verið gert, eru fyrstu ráðstafanir, en margt af því eru líka bráðabirgðaráðstafanir. Og í mínum huga er nú, að mér finnst núv. ríkisstj. ekki í neinum fötum. **(Gripið fram í:** Í hvað?) Ekki í neinum fötum. Ég segi eins og barnið í ævintýri H. C. Andersens: Keisarinn er ekki í neinum fötum.

Frv. um efnahagsráðstafanir er nú í bakhöndinni, en

vitað er að ekki er samstaða um þetta frv. og það er ekki nema um tvennt að ræða: Annaðhvort verður þetta frv. lagt fram óbreytt, og þá sýnist mér það liggja á borðinu að einn samstarfsflokkurinn gangi út, eða það verður ekki lagt fram, og þá gerist það að áfram verður spilað eins og síðasta ríkisstj. spilaði: Menn þorðu aldrei að gera neitt og það var aldrei gert neitt. Það er til máltæki, sem hljóðar svo: Heimilisböl er þyngra en tárum taki. Þetta á við okkar ágætu alþm., hvar í flokki sem við stöndum. Það verður aldrei tekið myndarlega á þessum málum nema við þorum að slá dálítið af sjálfir, en þorum líka að horfast í augu við það, að einhvern tíma verður að berja í borðið og segja: Hingað og ekki lengra. — Og ég ætla aftur að berja í borðið. Ég vil samþykkja þetta frv. sem ég veit að er búið að smíða. Ég vil að það sé lagt fram. Með því að samþykkja það sýnum við það sem var verið að leita eftir áðan, að okkur var alvara þegar við sögðum á síðasta vori að það yrði að skera upp herör og taka á vandamálum þjóðarinnar til úrlausnar.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þessar umr. eru nú komnar nokkuð á víð og dreif. Forsrh. fór þess á leit við mig, að ég hlypi undir árar hjá honum varðandi olíuverðið og ég skal gjarnan aðstoða hann með að svara því. Hitt vil ég segja fyrir okkur alla Alþb.-menn, að við viljum í pólitík yfirleitt gjarnan ráða því, hvaða fleytu er róið, og sú fleyta, sem nefnd hefur verið drög að frv. hæstv. forsrh. Ólafs Jóhannessonar, er ekki af því tagi sem við höfum áhuga á að róa. Sé það svo hins vegar, að Alþfl. hafi áhuga á af blygðunarkennd sinni einni saman að klæðast þeim flíkum, sem í frv. þessu felast, þá er það okkur Alþb.-mönnum að sjálfsögðu að meinalausu með öllu.

Við ráðh. Alþb. höfum birt bókun sem við gerðum í ríkisstj. fyrr í vikunni, þar sem það kemur fram að við höfnum alfarið tveimur mikilvægum þáttum þess frv. sem kennt er við forsrh. og er auðvitað einvörðungu frv. hans eins og sakir standa.

Við höfnum því í fyrsta lagi að gera ráð fyrir að lögbinda sjálfvirk kauplækkunarákvæði. Það kemur ekki til greina að við samþykkjum slíkt, hvað svo sem tillögumaðurinn eða tillöguflokkurinn kann að heita.

Í annan stað höfum við hafnað þeim meginþætti þessa frv., sem í rauninni hefði í för með sér keðjuverkandi samdrátt í atvinnulífinu hér á landi og þar með stórfellda hættu á atvinnuleysi. Slík ákvæði samþykkjum við Alþb.-menn ekki. Við stöndum því ekki að þessu frv. óbreyttu, og við munum ekki standa að því að flytja það óbreytt. Þetta er atriði sem hv. Alþ. þarf að vera alveg ljóst og einnig hv. elskulegum samráðh. okkar, svo að ég taki mér í munn þau orð sem hæstv. forsrh. varpaði á mig áðan.

Ég vil einnig taka það fram sem mína skoðun, að ég tel sjálfsagt og raunar nauðsynlegt að birta þetta frv. í heild með áths. þess. Ég taldi rétt vinnubrögð að kynna það samráðsaðilum og einnig stjórnarandstöðunni að sjálfsögðu strax og áður en það yrði birt opinberlega. En nú er búið að koma þessu frv. á framfæri við samráðsaðila ríkisstj. og stjórnarandstöðuna trúi ég. Það mun hafa verið gert í dag, eða svo upplýsti hv. 4. þm. Reykv. áðan. Úr því að er búið að sinna þessum formlegu og pólitísku skyldum, þá á auðvitað að birta þessi drög hæstv. forsrh. að frv. um efnahagsmál o. fl. þannig að almenningur í landinu geti áttað sig á hvers konar flíkur það eru sem ýmsir menn, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e., kjósa að klæða í pólitíska nekt sína nú á úthallandi vetri 1979.

Sá róður hins vegar, sem ég lofaði að sinna hér sem ráðh. í ríkisstj., snertir sérstaklega olíumál, olíuverðlagsmál, sem hv. 4. þm. Reykv. spurði um. Mér er ljúft og skylt að verða við þeirri beiðni hans að svara þar nokkrum fsp., að svo miklu leyti sem ég hef getu til.

Það hefur verið rætt um það nokkuð í fjölmiðlum að undanförnu, að gífurlegar hækkanir hafa átt sér stað á olíu og bensíni á erlendum mörkuðum. Þessar upplýsingar eru margar hverjar nokkuð misvísandi. Ég hafði búið mig undir það að svara hér á þriðjudaginn hv. 5. þm. Austurl. nokkru um þessi mál, og ég held að það sé ekki úr vegi að ég komi einhverju af þeim upplýsingum á framfæri núna.

7. febr. s. l. hafði bensínverð frá 11. febr. 1978. samkv. skráningu í Rotterdam hækkað um 129.3%, þ. e. a. s. úr 129.75 dollurum tonnið upp í 297.50 dollara tonnið fob. Gasolían hafði á sama tíma, þ. e. a. s. frá 11. febr. 1978 til 7. febr. 1979, hækkað um 111.3%, eða úr 117.13 dollurum tonnið í 247.50 dollara tonnið. Svartolían hafði hækkað frá 30. jan. 1978 úr 79 dollurum tonnið í 98.50 dollara tonnið eða um 24.7%. Nú vill svo vel til að það er ekki allt þetta hækkunarstökk sem við þurfum að taka á okkur strax. Það verð, sem ég nefndi áðan frá upphafi ársins 1978, var auðvitað lægra en meðalverð þess árs. Frá meðalskráningunni í Rotterdam á árinu 1978 til skráningarinnar 7. febr. var um að ræða tvöföldun á verði á bensíni og gasolíu, en 25% hækkun á svartolíu. Í þeirri erlendu viðmiðun bensín- og olíuverðs, sem nú er inni í olíuverðinu í landinu, er gert ráð fyrir að hvert tonn af bensíni kosti 191.10 dollara tonnið, að gasolían kosti 142 dollara tonnið og svartolían 185 dollara tonnið. Frá þeirri hækkun, sem nú er inni í verðlaginu í landinu, og til þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á skráningunum í Rotterdam 7. febr., þ. e. a. s. frá því verði, sem er inni í verðlaginu í dag, og til þeirrar hækkunar, sem við getum búist við að fá inn í okkar verðlag á útmánuðum, trúi ég, — bilið þarna er annars vegar á bensíni 56% og gasolíu um 70%. Við eigum hér í landinu núna allmiklar birgðir af bensíni, gasolíu og svartolíu. Talið er að bensínbirgðirnar geti enst út apríl, gasolíubirgðirnar fram í miðjan apríl og svartolíubirgðirnar fram í miðjan apríl, þannig að sú hækkun, sem við þurfum nú að taka inn í verðið á þessum olíutegundum, er óveruleg miðað við það sem við getum átt von á að verði ef þessi hái toppur í Rotterdam verður varanlegur. Um það er auðvitað mjög erfitt að segja. Ég kynnti mér það rétt áðan, hvort verðskráningarnar hefðu breyst frá 7. febr., og samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef, sýnist mér að bensínið hafi aftur heldur lækkað, um 5 dollara tonnið eða svo frá því 7. febr., gasolían hafi hins vegar hækkað enn mjög verulega, um það bil 25 dollara tonnið, og svartolían hafi einnig hækkað nokkuð. Þessi óhagstæða verðlagsþróun virðist því enn þá halda áfram og erfitt að segja til um hvernig þeim málum vindur fram.

Meginástæðurnar fyrir þessum gífurlegu hækkunum á olíum og bensíni nú á þessum vetri eru ýmsar. Aðalástæðan er ókyrrðin í Íran, vegna þess að Íranir hafa framleitt um 20% af heimsmarkaðsþörfinni fyrir olíu og bensín.

Önnur ástæða fyrir þessum miklu hækkunum er það kuldakast sem gengið hefur yfir Vestur-Evrópu að undanförnu.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að sá markaður, sem við miðum þetta við, Rotterdammarkaðurinn, er mjög viðkvæmur fyrir eftirspurnasveiflum og þar virðist ríkja hálfgert uppboðsástand eins og sakir standa. Var þó talið hentugt á sínum tíma og menn þóttust geta sýnt fram á með rökum að það væri skynsamlegra að miða við Rotterdam-vísitöluna heldur en Curacao-vísitöluna, sem hafði verið notuð sem viðmiðun, fyrst alfarið, en síðan að hálfu á móti Rotterdam-vísitölunni. Ástæðan til þess, að menn hurfu — ekki bara á Íslandi, heldur líka miklu víðar — frá Curacao-vísitölunni, var sú, að hún er ekki hreinn markaðsvísitala. Curacao-vísitalan er að sumu leyti ákveðin með tilliti til pólitískrar afstöðu stjórnvalda þar í landi á hverjum tíma. Rotterdam-vísitalan er hins vegar hreinn markaðsmælir og þar af leiðandi einnig um þessar mundir spekúlasjónsmælir, þar sem hlutirnir snúast með ótrúlegum hraða þegar jafnmiklar sveiflur verða og nú ber raun vitni.

Þegar þessi mál lágu fyrir og raunar fyrr eða um áramótin, — það var líklega 12. des., — skrifaði ég verðlagsstjóra og bað hann um úttekt á olíuverðmynduninni í landinu og því, hvernig hver þáttur þessara mála kæmi út. Ég hef nýlega fengið skýrslu um þetta og um hana er í sjálfu sér ekki ástæða til að fjölyrða hér. Þó er rétt að geta þess, að þar kemur greinilega fram, að við þetta miklar hækkanir erlendis aukast tekjur ríkisstjóðs hér í landinu mjög myndarlega umfram það sem ella væri, nema gerðar séu sérstakar takmörkunarráðstafanir.

Ég hef hreyft þeirri hugmynd lítillega á opinberum vettvangi, hvort hugsanlegt væri að beita slíkum takmörkunarráðstöfunum, hvort væri t. d. hugsanlegt að beita ríkissjóð í þessum efnum 30% reglunni. Um það hefur lítillega verið rætt, en um það er takmörkuð samstaða eins og sakir standa. Ég vil engu um það spá, hver niðurstaðan verður, því að á málinu hefur ekki verið endanlega tekið í ríkisstj.

Það var 8. febr. að við skipuðum fjögurra manna starfshóp viðskrn., fjmrn., sjútvrn. og iðnrn. til að athuga olíumálin sérstaklega með tilliti til vandamála sjávarútvegsins. Ég held að það sé rétt að ég láti það koma hér fram, að niðurstaða hópsins varð sú, að ekki væri rétt á þessu stigi málsins að gera mjög víðtækar, róttækar ráðstafanir í þessum efnum og ekki fyrr en séð væri hvaða þróun markaðurinn á olíu tæki. Ég ætla að lesa hér niðurstöður nál. þessa fjögurra manna hóps, en þar segir, með leyfi forseta: „Nauðsynlegt er að ræða olíuvandamálið við fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna og sjómannasamtakanna“ o. s. frv. — og síðan segir: „Ein ástæðan fyrir því að fresta ákvörðun um aðgerðir er að væntanlega fæst í aprílbyrjun skýrari mynd en nú um þróun olíuverðlagsins á heimsmarkaðinum. Ekki er ólíklegt að mesti þrýstingurinn á verðlagið hafi þá dvínað og bráðabirgðaráðstafanir dugi til að taka af verðkúfinn. Varast ber að koma á nokkru nýju kerfi til að hafa varanleg áhrif á olíuverðið í bili.“

Ég greindi frá þessari niðurstöðu hópsins á ríkisstjórnarfundi á þriðjudaginn var, og þá var ákveðið að vísa málinu til sérstakrar athugunar hæstv. sjútvrh. — og það er hæstv. félmrh. sem nú gegnir því starfi. Þegar sú niðurstaða liggur fyrir, sem er ekki að fullu enn, mun ríkisstj. taka ákvörðun um hvaða tökum hún tekur þetta sérstaka vandamál sem er mjög stórfellt. Talið er að sú hækkun, sem hér er um að ræða, þýði eina 20-25 milljarða kr. í aukaútgjöld fyrir Íslendinga á árinu 1979 miðað við verðlag ársins 1978, meðaltalsverðlag og meðaltalsgengi, þannig að hér er um að ræða mjög stórfellt vandamál sem verður að taka á. Og ég held að þar sé um að ræða nokkra þætti, sem gefi sig alveg sjálfir.

Í fyrsta lagi er það auðvitað afkoma sjávarútvegsins sem er að sjálfsögðu afar viðkvæmur í þessum efnum. Talið er að miðlungsfiskiskip eyði, trúi ég, 15-20% af útgerðarkostnaði í olíu. Í tengslum við það mál hefur verið athugað sérstaklega á vegum iðnrn. hvort hugsanlegt væri að stuðla að því, að fleiri skip tækju upp svartolíunotkun en verið hefur. Munum við reyna eftir föngum að greiða fyrir því, þó að það sé að sjálfsögðu hverjum útgerðaraðila frjálst hvað hann gerir í þessum efnum.

Annar hópur, sem þarna er sérstaklega viðkvæmur, eru þeir sem kynda hús sín með olíu. Ég hef ekki undir höndum tölur um það, hvaða kostnaðarauka leiðir af þessum hækkunum. Hæstv. iðnrh. mun hafa slíkar tölur og gerði m. a. grein fyrir þeim á ákveðnum fundi með fréttamönnum og fleiri í gær, eins og kemur fram í fjölmiðlum í dag. Við ákvörðun fjárl. var ákveðið að hækka olíustyrk um 50% í krónutölu frá árinu 1978 til 1979 og það var auðvitað fyrst og fremst hugsað til þess að reyna að vinna upp þá raungildislækkun, sem orðið hafði á olíustyrknum í tíð hæstv. fráfarandi ríkisstj. Ég tel að þessi nýju viðhorf í olíumálum kalli hins vegar á viðbótarátak í þessum efnum, bæði með fjárframlögum og eins með sérstöku átaki til þess að stuðla að orkusparnaði, sem ég mun ekki fara út í að ræða nánar hér.

Mér skildist á hv. 4. þm. Reykv., að hann væri að hreyfa þeirri hugmynd, hvort hugsanlegt væri að hefja sérstakar viðræður við Sovétríkin og Portúgal þá væntanlega líka um breytta olíuverðlagsviðmiðun eða um breytt fyrirkomulag af einhverju tagi í þessum efnum. Ég get tekið undir þessa hugmynd og hef velt henni dálítið fyrir mér. Ég vil aðeins skýra frá því, að nú á dögunum, þegar gerður var olíusamningur við Portúgal, var aðeins um þessi mál hugsað og þá kom í ljós að þeir héldu sig ákaflega fast við Rotterdam-vísitöluna, og ég held að flestallar þjóðir í Vestur-Evrópu miði nú orðið við hana. Ég held að það sé þannig. Ef hins vegar er einhver annar flötur til á þessu máli, þá er mér að sjálfsögðu skylt og hæstv. ríkisstj. að reyna að kanna hann, þannig að þessi mikla hækkun á olíu og bensíni geti orðið sem viðráðanlegust fyrir þjóðarbúið.

Hæstv. forsrh. vék nokkrum almennum orðum að því frv. hans, sem ber hvað hæst í umr. manna um þessar mundir. Ég ætla ekki hér að ræða einstök efnisatriði þess frekar, en ég er reiðubúinn til að ræða um það mál á opinberum vettvangi hvenær sem ástæða og tækifæri gefst til. Ég tel ekki viðeigandi að lengja umr. hér frekar en ég hef þegar gert, en vænti að ég hafi svarað hv. 4. þm. Reykv. þeirri fsp. sem hann bar fram áðan.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara hér út í þá almennu umr. sem þegar hefur átt sér stað hér í tengslum við svokallað frv. sem kennt hefur verið við hæstv. forsrh. Ég get í því efni vísað til orða sem hæstv. viðskrh. lét hér falla áðan, og ég vil bæta því við, að mér finnst tal um frumvarp í þessu sambandi ekki vera rétt orðnotkun. Mér finnst ekki eðlilegt að tala um gögn, sem eru á vinnslustigi, sem frv. fyrr en þau sjá dagsins ljós hér á Alþ. sem slík. Það má í þessu sambandi vísa til vinnugagns sem Alþfl. setti saman og nokkuð hefur verið í umr. undanfarnar vikur og

mánuði og kallaði frv. Þetta geta menn að sjálfsögðu gert með ýmsar samantektir, gefið þeim slík nöfn, en ég tel að það sé ekki réttnefni að ræða um frumvörp fyrr en þau koma í búningi sem slík hér inn á Alþ. þar sem um þau er fjallað.

Ég mun í máli mínu leitast við að svara nokkru fsp. hv. 3. þm. Norðurl. e. varðandi orkusparnað og hvað á döfinni er í iðnrn. þar að lútandi. Ég vænti þess þó að geta dregið saman eða stytt mál mitt nokkuð vegna þeirrar umr. sem hér fór fram á fyrsta degi þingsins eftir jólahlé, þar sem ég kom inn í umr. vegna þáltill. sem hv. þm. stendur að ásamt hv. þm. Braga Níelssyni. Ég ætla ekki að endurtaka margt af því sem þar var að vikið og nú er trúlega aðgengilegt í þinggögnum. En ég tel rétt vegna þessarar fsp. að reyna að glöggva að nokkru þau atriði, sem hv. fyrirspyrjandi vék að, og tengja það í nokkru við þá umr. um hækkun á innfluttu eldsneyti sem hér hefur orðið og skiptir að sjálfsögðu mjög miklu fyrir þjóðina og þjóðarhag.

Skipulag orkusparandi aðgerða er í mótun. Fyrir utan það, sem þegar er í gangi á vegum rn. og þá ekki síst á vegum iðnrn., er nú hugað að þessum málum hjá ýmsum stofnunum sem málið varðar. Þar get ég nefnt til sérstaklega Orkustofnun, sem þegar hefur sett á fót starfshópa til að vinna að athugun á einstökum þáttum þessara mála, og fleiri rannsóknarstofnanir og ráð, sem eru með vinnu í gangi sem þetta varðar. En flest af því, sem hv. fyrirspyrjandi vé hér að, snertir hið innflutta eldsneyti, og ég vil reyna að draga saman hið helsta sem snertir þá mynd, með tilliti til þeirra miklu verðhækkana sem eru í gangi og ekki er séð fyrir endann á varðandi innflutta orku. Hæstv. viðskrh. fjallaði að nokkru um hvernig unnt væri að bregðast þar við, en ég mun sérstaklega víkja að því sem lýtur að orkusparnaði í þessu samhengi, en það er að sjálfsögðu á þann veg sem helst er hægt að ná árangri fyrir þjóðarbúið í heild. Annað er það, hvað gert er til að flytja á milli greina eða létta undir með atvinnurekstri og einstaklingum með tilfærslu á fjármagni.

Í iðnrn. er að verki sérstakur starfsmaður sem fjallar um þessi mál og ráðinn var til starfa nú eftir áramótin, Finnbogi Jónsson verkfræðingur, og hann hefur tekið þátt í vinnu að þessu í samvinnu við önnur rn. Ríkisstj. hefur staðið fyrir því að setja tvo starfshópa til að fjalla um eldsneytismálin. Viðskrh. vék að starfi annars þessara hópa, en sérstakur hópur hefur fjallað um það, á hvern hátt beri að mæta verðhækkunum á olíu með hagkvæmari orkunýtingu. Ég tel það vera til glöggvunar fyrir hv. þm. að ég greini frá hinu helsta sem fram kemur í fyrsta áliti frá þessum starfshópi, því að greinilegt er að það á eftir að fjalla hér á Alþ. um þessi mál á næstunni, bæði í þessari umr. og í sambandi við fleiri mál sem eru þegar á dagskrá svipaðs eðlis.

Þessi starfshópur, sem ég gat um, var myndaður með fulltrúum frá iðnrn., viðskrn. og sjútvrn. og verkefni hans var að gera till. um hvernig opinberir aðilar geti stuðlað að því, að gripið verði til orkusparandi aðgerða varðandi innflutt eldsneyti, varðandi breytingu á notkun einstakra eldsneytistegunda og fleira á þessu sviði.

Það er rétt að greina frá því fyrst, að notkun okkar á innfluttu eldsneyti nú nemur eitthvað á bilinu 500-600 þús. tonn og er þá flugvélabensín og þotueldsneyti ekki meðtalið, og aukningin milli ára hefur verið eitthvað nálægt 7%. Skiptingin milli orkugjafa hins innflutta eldsneytis er þannig, að bensín er 17%, gasolía 59% og svartolía 24%. Skipting milli notkunarsviða er á þessa leið, en þetta eru tölur frá árinu 1977: Til húshitunar fóru þá 22% af innfluttu eldsneyti, til iðnaðar 27%, til fiskveiða 27% og í samgöngur 24%. Á þessum fjórum meginnotkunarsviðum er ekki ýkjamikill munur að magni til. Það er því að þeim sem sjónir okkar beinast þegar athugaðir eru möguleikar á sparnaðaraðgerðum í þessu sambandi.

Í kostnaðartölum, sem ég mun greina frá hér á eftir, er gert ráð fyrir að gasolíuverð hækki úr 57.50 kr. á lítra í 92 kr. á lítra og hækkun á svartolíuverði verði úr 39 þús. kr. fyrir tonn í 45 þús. kr. á tonn, en samkv. því væri munurinn á svartolíuverði og gasolíuverði um það bil 40%. Þetta er nálægt því sem viðskrh. gat um áðan, þótt breytingar séu á milli daga og vikna á hinum alþjóðlega markaði að þessu leyti og því ekki við neinar fastar tölur að miða frá degi til dags.

Ef við lítum fyrst til fiskiskipanna, þá nam gasolíunotkun þeirra 139 þús. tonnum á síðasta ári og má áætla að þar af hafi 63 skuttogarar notað um 71 þús. tonn. Miðað við sömu olíunotkun á þessu ári má áætla árlegan olíukostnað fyrir og eftir hækkun sem hér greinir: Fyrir hækkun hafi kostnaðurinn verið 9.6 milljarðar kr., en eftir hækkun, með því verði sem ég tilgreindi, 15.4 milljarðar og mismunurinn þannig 5.8 milljarðar miðað við eitt ár. Ef gert er ráð fyrir að allir skuttogarar gætu skipt yfir á svartolíu yrði fjármagnssparnaður í olíukaupum, miðað við þann verðmismun, sem er á gasolíu og svartolíu, 4.5 milljarðar. Með þessu er ég engan veginn að gera því skóna að slík breyting fyrir togaraflotann í heild, sem ekki hefur þegar tekið upp svartolíubrennslu, sé möguleg af tæknilegum ástæðum eða í hana verði ráðist. Það verður að sjálfsögðu að vera mat þeirra sem fyrir útgerð viðkomandi skipa standa, hvort þeir grípa til slíkra aðgerða, en æskilegar eru þær augljóslega út frá kostnaðarsjónarmiði. Áætlaður kostnaður við breytingar frá gasolíu yfir á svartolíu er um 6 millj. kr. á hvert skip. Ekki er talið óhugsandi að sum stærri nótaveiðiskipin gætu einnig breytt til varðandi eldsneytisnotkun.

Hv. fyrirspyrjandi vék að öðrum möguleikum til sparnaðar í sambandi við skipastólinn, þ. á m. varðandi breytingu á ganghraða, og það er alveg rétt, að með því móti má spara verulega ef skipstjórnarmenn geta stillt ganghraða í hóf og fara þar ekki yfir ákveðin mörk. Þar er að sjálfsögðu þeirra að velja um. Það, sem opinberir aðilar geta gert í þessu sambandi, er að koma á framfæri leiðbeiningum um þessi efni, og það höfum við í huga að verði gert. Þarna má einnig nefna nýtingu á kælivatni aflvéla til upphitunar í skipum og það sem var til umr. nýlega á Alþ. í sambandi við þáltill., skynsamlegri stjórnun og skipulag veiðanna sjálfra.

Ef við lítum til húshitunar með tilliti til eldsneytis, þá var notkun gasolíu á árinu 1978 til húshitunar samtals 95 þús. tonn. Ef við gerum ráð fyrir að þessi olíunotkun minnki um 11% á ári vegna þess að menn breyti yfir í aðra hitagjafa, þá má áætla árskostnað fyrir og eftir olíuhækkun sem hér greinir: Fyrir hækkun 5.8 milljarða og eftir hækkun 9.4 milljarðar. Mismunurinn er hvorki meira né minna en 3.6 milljarðar kr. á þessu notkunarsviði. Áætlað er að fjöldi heimila í landinu með olíuupphitun nú sé um það bil 15 þús. Þetta þýðir að áætluð meðalútgjaldaaukning á hvert heimili vegna olíuverðshækkana, sem nú eru fyrirsjáanlegar, hversu lengi sem þær kunna að vara, sé um 240 þús. kr. á ári. Til þess

að draga úr þessari gífurlegu kostnaðaraukningu er hugsanlegt og reyndar óhjákvæmilegt að stjórnvöld veiti stuðning til að mæta þessu, og ef við gerum ráð fyrir að olíustyrkur væri að upphæð t. d. 50 þús. kr., þá væri kostnaðurinn við slíkt 650-700 millj. kr. Ég er ekki þar með að segja að slíkt hrökkvi til. Þetta er mál sem verður að skoða sérstaklega og meta hvað menn treysta sér til að hlaupa undir bagga hjá þeim sem eiga að mæta þessum gífurlega aukna kostnaði.

Það er því eðlilegt að byrjað sé að líta á sparnaðarmöguleika. Með 10% sparnaði í olíunotkun við húshitun, sem auðvelt er að ná fram með bættri stillingu á kynditækjum, má draga úr þessari útgjaldaaukningu fjárhæð sem nemur á notanda eða heimili um 60 þús. kr. á ári. Víða er hægt að ná mun meiri sparnaði. Þar sem hús eru óþétt, einfalt gler í gluggum, einangrun léleg eða kynditæki gömul og úr sér gengin væri hægt að ná fram 20-40% sparnaði í olíunotkun, en slíkt kostar auðvitað umfangsmeiri aðgerðir, sem hægt er að stuðla að m. a. með lánastefnu í sambandi við viðhald húsa, eins og raunar hefur verið gert að nokkru leyti með breytingum á reglum þar að lútandi.

Á ýmsum stöðum er nú unnið að áætlunum um fjarvarmaveitur sem byggjast á notkun svartolíu, afgangsraforku og nýtingu á kælivatni frá dísilrafstöðvum, þar sem þær eru fyrir hendi. Ég vil nefna eitt dæmi sem þetta varðar. Það er fyrirhuguð fjarvarmaveita á Höfn í Hornafirði. Stofnkostnaður slíkrar fjarvarmaveitu var miðað við verðlag í nóv. 1977 226 millj. kr. Ef tekið er mið af væntanlegum olíuverðshækkunum hafa hagkvæmniforsendur þessarar fjarvarmaveitu gerbreyst og hreinn sparnaður í olíunotkun á Höfn yrði a. m. k. 100 millj. kr. á ári. Með nýtingu afgangsvarma frá dísilrafstöð yrði sparnaðurinn enn meiri eða a. m. k. 150 millj. kr. á ári. Þetta er vísbending um þýðingu þess að koma á sem fyrst fjarvarmaveitum á stöðum sem hljóta að taka þær upp í sambandi við húshitun í náinni framtíð.

Ef við lítum svo aðeins á samgönguþáttinn og gerum ráð fyrir að hækkun á bensíni verði úr 181 kr. á lítra í 232 kr. á lítra, þá leiðir það til útgjaldaaukningar hjá bifreiðaeigendum sem nemur um 6 milljörðum kr. á ári eða um það bil 87 þús. kr. á bifreið. Til viðbótar kæmi svo hækkun vegagjalds um 14 kr. á lítra, sem bættist við þetta, og svarar það til 1.7 milljarða eða um það bil 24 þús. kr. að meðaltali á hvern bíl í landinu. Miðað við sömu hækkun á bensíni má gera ráð fyrir einhverjum samdrætti í bensínnotkun væntanlega og sjálfsagt er að hvetja til sparnaðar á þessu sviði, en tekjur ríkisins mundu hækka, að því er talið er, um röska 2 milljarða vegna þessarar verðhækkunar, eftir þeim reglum sem nú eru í gildi. Hugsanlegar ráðstafanir af stjórnvalda hálfu á þessu sviði gætu verið í því fólgnar að auka notkun almenningsfarartækja og örva sveitarfélög og aðra til þess að nota slík tæki, e. t. v. með breytingum á reglum um þungaskatt og annað af því tagi.

Þær aðgerðir, sem rætt hefur verið um innan ríkisstj. samkv. tillögum þess starfshóps, sem ég hef getið um og rakið hér helstu niðurstöður hans, beinast að því að koma á hagkvæmari orkunýtingu á sem flestum sviðum varðandi innflutt eldsneyti. Aðgerðir, sem mælt hefur verið með, eru m. a. þær, að stjórnvöld tryggi útgerðaraðilum lán til þess að greiða fyrir breytingu á notkun eldsneytis í fiskiskipum. Talað hefur verið um 5 millj. kr. lán — til skamms tíma að vísu — í þessu sambandi og þegar verið samþ. í ríkisstj. að fara inn á þessa braut. Einnig liggur fyrir till. um það í ríkisstj., sem ég vænti að verði tekið á mjög bráðlega, að komið verði á fót ráðgjafarþjónustu sem hafi það hlutverk m. a. að dæma um hæfni einstakra véla varðandi breytingu á eldsneyti, breytingu á gasolíu yfir í svartolíu, veitti leiðbeinandi aðstoð við breytingar á skipum og fylgdist með árangri af slíkum breytingum og miðlaði upplýsingum um þessi mál. Þessi ráðgjafarnefnd þyrfti einnig að vera í sambandi við Siglingamálastofnun ríkisins sem hefur með ýmsa þætti þessara mála að gera og sjálfsagt og nauðsynlegt er að samstarf sé haft við. Við höfum gert ráð fyrir að inn í þennan hóp komi fulltrúar frá rn., sjútvrn. og iðnrn., en einnig frá Landsambandi ísl. útvegsmanna.

Fyrir utan þetta er nauðsynlegt að gera athugun á fleiri leiðum til hagkvæmari orkunýtingar í fiskiskipaflotanum, eins og ég hef þegar nefnt, bæði varðandi ganghraða og fleiri þætti.

Hvað snertir húshitunina, þá er að sjálfsögðu brýnt að athuga um möguleika á að flýta fyrir undirbúningi varðandi fjarvarmaveitur, og það er sýnilega brýnt að auka fjármagn til rannsókna varðandi jarðhitaleit frá því sem verið hefur.

Þannig eru það margir þættir sem snerta þessi mál og eru á undirbúningsstigi og sumpart búið að taka ákvörðun um á vegum iðnrn. eða eru til umr. innan ríkisstj.

Verðþróunin á innfluttu eldsneyti og áhrif hennar á framtíðarviðhorf í orkumálum eru margþætt. Þær breytingar, sem orðið hafa í þessu efni, kalla að mínu mati á endurmat á mörgum þáttum orkumála. Við hljótum að þurfa að endurskoða ýmsar framkvæmdaáætlanir í raforkuiðnaðinum á næstu árum, og við þurfum að endurmeta framkvæmdir í sambandi við hitaveitur, bæði sem lýtur að jarðvarma og fjarvarmaveitum. Þriðji eða fjórði þátturinn, sem hér kemur til álita, er það sem fyrirspyrjandi vék að varðandi hugsanlega framleiðslu á eldsneyti hér innanlands. Ég vil gera þann þátt lítillega að umtalsefni til upplýsinga fyrir hv. þm., en margt af því hefur þó borist mönnum til eyrna í gegnum fjölmiðla og umr. hér að undanförnu.

Það, sem þarna er á ferðinni, er möguleikinn á að framleiða með rafgreiningu vetni sem unnt væri að vinna úr eldsneyti sem gæti komið í staðinn fyrir það eldsneyti sem við nú flytjum til landsins. Einna líklegast í þessum efnum og auðveldast er að framleiða úr vetninu metanol með sérstökum aðferðum. Þær eru raunar ekki flóknar, heldur að binda við vetnið kolefni, sem kæmi frá koltvísýringi eða kolsýrlingi, og framleiða á þann hátt metanol. Metanolið eða öðru nafni tréspíritus er miklu líklegra til þess að koma til greina sem eldsneytisgjafi heldur en hreint vetni. Það væri afar kostnaðarsamt og er tæknilega á engan hátt leyst enn sem komið er og mun taka alllangan tíma, að því er fróðustu menn telja, að taka vetnið sjálft upp sem eldsneytisgjafa. En með metanoli er unnt að nýta bæði það dreifingarkerfi, sem til er í landinu, og þann vélbúnað, sem til er, án verulegra breytinga, a. m. k. með því að blanda metanolið saman við bensín á bensínvélum. Það á ekki að þurfa neinar teljandi breytingar til þess að blanda eða bæta í bensínið metanoli sem svarar 15-20%. Spurningin er aðallega um það, hvort það sé hagkvæmt að fara út í slíka vinnslu hérlendis með rafgreiningu og nota hluta af orkulindum okkar í þessu skyni.

Víða erlendis eru rannsóknir í gangi hvað þetta snertir,

en þar horfa menn fyrst og fremst til þess að framleiða metanol úr ýmsum lífrænum efnum, úr kolum og öðrum lífrænum efnum sem af er að taka í misjöfnum mæli í hverju landi. Svíar eru með rannsóknir í þessu skyni, Bandaríkjamenn einnig í stórum stíl, og margt bendir til að þar verði horfið að metanoli sem eldsneytisgjafa í náinni framtíð í vaxandi mæli.

Eðlilegt er að spurt sé um hversu orkufrekan iðnað sé hér að ræða. Ég hef ekki nákvæmlega unnar tölur sem þetta varða, en tel mig þó geta fullyrt að til þess að framleiða methanol til íblöndunar í bensín, sem næmi 15% eða svo, þyrfti afl á bilinu 15-30 mw., og til þess að koma í staðinn fyrir bensín, sem við nú notum, þyrfti rafafl sem næmi 150-200 mw. Hér er um umtalsverða orkunotkun að ræða, sem að sjálfsögðu fer vaxandi með vaxandi notkun þessara eldsneytisgjafa. Ef til þess kæmi að nýta eldsneyti, metanol eða annað, sem framleitt væri á vetnisgrunni í framtíðinni, þá þyrftum við á að halda umtalsverðum hluta okkar orkulinda til að standa undir þessari framleiðslu. Inn í þá mynd kæmi skipaflotinn fyrir utan farartæki á landi. Í sambandi við þá endurskoðun, sem ég vék að, eða endurmat í sambandi við okkar orkumál, hljótum við að taka þessa þætti með. Það er kannske ekki beinlínis um orkusparnað að ræða út frá eðlisfræðilegu sjónarmiði að breyta á þann hátt frá einni eldsneytistegund yfir í aðra. En hér er um að ræða þjóðhagslega spurningu, spurningu um að taka upp eða framleiða hér innanlands orku, sem nú er flutt til landsins, og spara á þann hátt gjaldeyri sem við nú þurfum að nota í vaxandi mæli í þessu skyni.

Hækkunin á eldsneytisverðinu gerir nánast nauðsynlegt að það dragist ekki lengi að tekin verði til meðferðar endurskoðun á ýmsum framkvæmdaþáttum, einnig í raforkuiðnaðinum. Ég vil þar m. a. benda á stofnlínur sem leggja þarf til þess að koma í veg fyrir dísilkeyrslu eða olíukeyrslu, þar sem hún enn er stunduð af illri nauðsyn til þess að framleiða raforku, og styrkingu á dreifikerfi í strjálbýli til þess að gera mönnum þar kleift að taka upp rafhitun í staðinn fyrir olíukyndingu. Hvort slíkt endurmat kemur inn í framkvæmdir þessa árs skal ég ekki segja, til þess þyrftu menn að endurskoða þætti sem þegar liggja fyrir ákveðnir, a. m. k. varðandi næsta ár og þau sem á eftir fylgja.

Hv. fyrirspyrjandi vék að fleiri þáttum og spurðist fyrir um aðgerðir á fleiri sviðum, m. a. hvað snerti áróður í fjölmiðlum fyrir orkusparnaði. Ég vék að því í ræðu hér um daginn, að í undirbúningi væri að koma fræðsluþáttum um þessi atriði í ríkisfjölmiðlana. Að því er nú unnið, og ég vænti þess að slíkir þættir hefjist innan ekki mjög langs tíma. Og ég vil taka undir það álit hv. fyrirspyrjanda, að það getur ráðið miklu að koma fróðleik og leiðbeiningum til almennings á framfæri um þessi efni.

Varðandi ábendingu hv. þm. um nefndaskipun í þessu samhengi til þess að vinna að þessum málum, þá tel ég að nú þegar séu í gangi starfshópar sem vinna að ýmsum þáttum þessara mála, þannig að það sé kannske ekki brýnt að bæta þar við sérstaklega alveg á næstunni. Er þó sjálfsagt að meta það út frá nauðsyn hverju sinni. Ég get alveg undir það tekið og tel raunar nauðsynlegt að sett verði í gang endurskoðun á þessum breyttu viðhorfum sem nú hafa skapast, og við munum áreiðanlega innan iðnrn. leitast við að hraða þeirri endurskoðun, sem olíuverðshækkunin hefur í för með sér, og einnig leitast við að fylgja eftir þeim sparnaðaraðgerðum sem nú eru í undirbúningi. Um einn þátt þessara mála hafa menn frétt og lesið í fjölmiðlum, þ. e. a. s. herferð í sambandi við stillingu á kynditækjum og fleira í því sambandi í tengslum við húshitun. Þar koma skólar til og skólafólk, og ég tel að það sé mjög æskilegt að tengja á þann hátt saman starfsemi skólanna, nýta þann góða liðskost, sem þar er, og tengja hann við aðgerðir af þessu tagi, — aðgerðir sem horfa til orkusparnaðar, en veita þeim, sem að þeim vinna, innsýn inn í þau atriði, sem þar þurfa til að koma.

Ég vænti þess, að með þessum orðum hafi ég svarað helstu þáttum í fsp. hv. þm. Braga Sigurjónssonar, og orðlengi þetta ekki frekar.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er auðvitað fullvel ljóst öllum sem um það vilja vita, að á mánudaginn var lagði hæstv. forsrh. fram fullbúið frv. til l. um langtímaráðstafanir í efnahagsmálum, þar sem tekið er á öllum meginþáttum íslenskra efnahagsmála og þar sem gerð er bundin áætlun í efnahagsmálum til tveggja ára. Í sjálfu sér er það auðvitað svo, að þar sem þetta frv. hefur ekki verið lagt enn fram á Alþ. og þar sem hv. stjórnarandstöðu var fyrst sýnt þetta frv. í morgun, þá er auðvitað enn sem komið er ekki hægt að ræða það efnislega í smáatriðum. En allir hljóta að vona, og mér er næst að ætla að þjóðin öll hljóti að vona að til þess komi sem allra fyrst, að þingið ekki aðeins ræði þessa lagasetningu, heldur afgreiði hana einnig.

Það er auðvitað öllum ljóst, að þó að það hafi verið hæstv. forsrh. sem þetta frv. lagði fram í ríkisstj., þá er hér ekki um hugmyndir að ræða sem fæðast á einni nóttu, heldur er þetta frv. um margt nánast eins konar summa af umr. sem átt hafa sér stað *á milli núv. stjórnarflokka* frá því í góðan tíma áður en þessi stjórn var mynduð, frá því að þeir hófu að ræða saman í fyrstu og annarri viku eftir kosningar á s. l. vori.

Um viðbrögð Alþfl. er hægt að hafa á þessu stigi málsins ákaflega fá orð. Þegar á næsta degi eftir framlagningu frv. bókuðu ráðh. flokksins umsögn í ríkisstj. þar sem það var efnislega sagt, að þó að auðvitað væri sitthvað smátt sem þingflokkur Alþfl. kysi að hafa öðruvísi, þá væru það smámunir einir hjá hinu, nauðsyn þess að koma hér á áætlun í efnahagsmálum sem stæði til langs tíma og hefði það að grundvallarmarkmiði að ná verðbólgu varanlega og verulega niður. Þessi afstaða er raunar augljós í ljósi þess sem á undan er gengið, og þetta er einróma afstaða þingflokks Alþfl.

Flokksstjórn Alþfl. hefur gert hliðstæða samþykkt og einróma, að hún styður þetta frv. til l., enda má segja að hugmyndirnar séu ekki allar ókunnar á þeim slóðum. Enn fremur er það samþykkt flokksstjórnar Alþfl., að þetta frv. verði lagt fram á Alþ. hið allra fyrsta, m. a. vegna þess að við megum engan tíma missa af ástæðum sem ég hygg að þingheimi séu ljósar.

Þó svo þetta frv. — þetta er frv., en ekki frv.-drög — komi fram á tilteknum degi, þá ber að ítreka það enn og það segir sig sjálft, að þetta er árangur af langri samvinnu, samráði á milli stjórnarflokkanna, og það er að ég hygg mat forsrh. að svona langt sé hægt að komast.

Hitt er svo annað mál, að ég get mætavel skilið þær aðfinnslur stjórnarandstöðunnar, að það er auðvitað ekki þolandi að það líði langur tími og að fullbúið frv. sé sent hagsmunahópum til umsagnar og umfjöllunar, en Alþ. hins vegar ekki sýnt þetta frv. Ég segi fyrir mig og dreg enga dul á það, að ég lít svo á að ég sé hingað kosinn

til þess að setja landinu lög eða synja frv. um lagasetningu sem fram kunna að vera borin af öðrum. Þetta er auðvitað megintilgangur með því að hafa þing og þingræði. Samráð út um samfélagið allt er auðvitað nauðsynlegt og allra góðra gjalda vert, og það er það sem þm. eru að gera frá degi til dags, hvort sem það eru stór frv. um efnahagsmál eða smærri frv. af öðru tagi. En til þess er leikurinn gerður, til þess eru frv. búin til, að þau séu lögð fram á Alþ. til samþykktar eða synjunar. Og ég er þeirrar skoðunar, svo sem er kjarni í bókun ráðh. Alþfl. í ríkisstj. og flokksstjórnar Alþfl., að það er ekki eftir neinu að bíða með þetta mál. Það má vel taka undir það með hæstv. forsrh., að það þarf á það að reyna hverjir eru tilbúnir í verðbólguslaginn. Auðvitað er það svo og það er mætavel ljóst hjá þjóð sem hefur lifað um efni fram um mörg ár, sem er orðin föst í farvegi 50% verðbólgu og safnar skuldum erlendis, að þegar þarf að grípa til hjöðnunaraðgerða, þá kann það að kosta nokkrar fórnir um sinn, og kann að vera að stjórnmálaflokkar séu misjafnlega vel í stakk búnir til að segja þennan sannleik. En það breytir ekki hinu, að þetta er sannleikur sem ég hygg að nærfellt allri þjóðinni sé mætavel ljós.

Tveir ráðh. Alþb. hafa hér fjallað nokkuð um almennum orðum og vísað til efnisatriða þessa frv. Þeir segja að verið sé nánast að lögbinda atvinnuleysi og lögbinda launalækkun. Það gefur auðvitað auga leið, að það er ófært að á Alþ. sé verið að ræða efnisatriði frv. sem alls ekki hefur verið lagt fyrir Alþ., ég tala nú ekki um þegar ekki er réttar farið með en hér er gert. Sannleikur málsins er auðvitað sá, að það er rungandi atvinnuleysi á bak við næsta horn í þessu samfélagi ef ekkert er að gert. Þeir, sem þekkja til hjá byggingariðnaði í Reykjavík, vita þetta mætavel, að ef ekkert er að gert hér í efnahagsmálum, þá siglum við hraðbyri inn í atvinnuleysi. Hvernig á þjóðfélag að þola 50% verðbólgu árum saman, eins og nú hefur verið? Af þessum ástæðum ekki síst er ekki eftir neinu að bíða að leggja þetta frv. fram til þess að þm. fái um það að fjalla efnislega, til þess að þjóðin fái að vita — ekki bara hverjar eru upphrópanir einstakra stjórnmálamanna, heldur hvað stendur í þessu frv., og á það þarf að reyna, hvort þingmeirihl. er fyrir því eða ekki, því að ef ekkert verður aðhafst núna og ef næstu mánaðamót líða og öllu verður sleppt hér lausu enn, þá verður þessi ríkisstj. nánast óþekkjanleg frá þeirri síðustu. Og ef svo gerist, þá fær hún þau eftirmæli — og það verður væntanlega skammt í þau — sem því miður tvær fyrri svokallaðar vinstri stjórnir hafa fengið, 1956—1958 og 1971—1974. Þær gerðu auðvitað margt vel og einstakar athafnir voru til fyrirmyndar, en þær réðu ekki við efnahagsmálin. Og ef það á að gerast hér, að stjórnleysið á að halda áfram, þá er þessi dómur á næsta leiti. Það hefur ekkert samfélag staðist til mikillar lengdar efnahagsástand eins og það sem hér hefur verið. Það hefur ekkert samfélag staðist til mikillar lengdar 50% verðbólgu ár eftir ár. Og ef ekki er gripið í taumana, þá m. a. þykjast kunnáttumenn í atvinnumálum sjá fram á að atvinnuleysisvofan sé á bak við næsta horn, og það verður þung ábyrgð þeirra sem neita að taka höndum saman við okkur sem lýsum því yfir að við erum tilbúnir. Við vitum að hér er um erfiðar aðgerðir að ræða. Hjöðnunaraðgerðir eru alltaf erfiðar, það segir sig sjálft. En þetta verður að gerast engu að síður.

Það hefur komið í ljós og frá því verið greint í blöðum, að á þeim ráðherrafundi, sem haldinn var á mánudag, hlupu menn þegar upp til handa og fóta og voru komnir í andstöðu við það frv. sem hér um ræðir. Ég er þeirrar skoðunar, að hér hljóti að hafa verið um mikla fljótfærni að ræða og raunar hryggilega fljótfærni. Þetta er langt og mikið plagg og menn sjá ekki á 5 mínútum hvort þeir eru svo ægilega andsnúnir því sem þeir hafa síðan lýst. Síðan hafa fleiri fylgt í kjölfarið og lýst yfir eindreginni andstöðu við þetta. Ég er samt þeirrar skoðunar, að hér hafi átt sér stað mikil fljótfærni, — fljótfærni sem vel megi enn leiðrétta. Við verðum að grípa til aðgerða. Það er vissulega rétt, að það er nauðsyn þessari ríkisstj. eins og öllum öðrum að hafa sem víðtækust samráð út um samfélagið allt. Til þess höfum við haft marga mánuði. Þessi samráð hafa farið fram, en engu að síður hlýtur að koma að því, að það verður að taka pólitískar ákvarðanir, og til þess eru menn kjörnir til þessarar stofnunar að taka pólitískar ákvarðanir. Alþfl., bæði ráðh. hans í ríkisstj. og flokksstjórn, hafa lýst því yfir, að það er ekki eftir neinu að bíða, og það er réttur þm. að fá að fjalla um þetta frv.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Um leið og ég vil þakka árangur af þeirri gagnrýni, sem ég kom fram með í gær, vil ég mega leiðrétta það sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., þar sem hann sagði, með leyfi forseta:

„Það, sem mér fannst meginatriði í þeirri gagnrýni, sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen bar hér fram, var að þetta frv. eða frv.-drög hefðu verið sýnd ákveðnum aðilum og afhent þeim til þess að óska eftir áliti þeirra og umsögn um málið. Ég held að hv. þm. þurfi ekkert að vera hissa á þessu."

Ég vil taka fram að ég gagnrýndi ekki það að hæstv. ríkisstj. sendi frv. eða frv.-drögin til umsagnar einhverra aðila. Í ræðu minni sagði ég orðrétt, með leyfi hæstv. forseta — og í því, sem eftir mér var haft í fjölmiðlum, hafði þetta skilist:

„Ég skal síður en svo finna að því, að hæstv. ríkisstj. hafi samráð við einn eða annan í sambandi við þessi mál. En ég hefði haldið að áður en slíku frv. væri útbýtt á meðal þessara samtaka hefði stjórnarandstaðan á Alþingi Íslendinga átt siðferðilegan rétt á því að fá málið í hendur, ekki til umsagnar, heldur aðeins til upplýsingar, þannig að Alþ. hefði allt í höndum sér það sem ríkisstj. var þá að óska eftir að almannasamtök í landinu segðu skoðun sína á."

Gagnrýni mín var um að Alþ. hefði ekki fengið upplýsingar um það sem ríkisstj. hafði þegar afhent stuðningsflokkum sínum, en var að senda almannasamtökum til umsagnar.

Þá vil ég að lokum víkja að því sem hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, þar sem hann sagði að stjórnarandstaðan á Alþ. væri vissulega góð, en Sjálfstfl. væri þó ekki enn orðinn samráðsaðili núv. hæstv. ríkisstj., eins og hann orðaði það. Þá hef ég skilið illa þau fræði sem hæstv. forsrh. kenndi mér, ef alþm. á Alþingi Íslendinga eru ekki fyrst og fremst samráðsaðilar um löggjafarstörf á Alþingi.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Upphaf þessara umr. utan dagskrár má rekja til þeirra umr. sem fóru fram í gær í hv. Nd. Þar kvartaði fulltrúi Sjálfstfl. undan því, að Sjálfstfl. hefði verið settur hjá í sambandi við það frv. sem hæstv. forsrh. hefur samið og lagt fram í ríkisstj. og mikið hefur verið um rætt. Ég skildi þessar umr. þannig,

að hér væri fyrst og fremst um það að ræða að verið væri að finna að vinnubrögðum, finna að því, hvernig hefði verið staðið að þessu mikið umtalaða og stóra máli. Og ég skildi reyndar viðbrögð hæstv. forsrh. á þá lund, að hann viðurkenndi þær aths. sem þarna komu fram, að það væri alls ekki óeðlilegt, eins og þetta mál væri vaxið, að stjórnarandstaðan á þingi fengi aðgang að því frv. sem *var verið að ræða um, og hann mundi beita sér fyrir að úr* því yrði bætt. Það hefur reyndar komið fram í umr. í dag, að búið er að gefa Sjálfstfl. kost á því að sjá þetta frv.

Ég vil að það komi hér fram af minni hálfu, að ég tek algerlega undir þær aðfinnslur sem hér hafa komið fram varðandi vinnubrögð. Ég tel að eins og þetta stórmál hefur borið að verði það að teljast mjög afbrigðilegt. Fyrst er búið að halda svo að segja allri þjóðinni í *háspennu út af því í fréttaflutningi, að á leiðinni sé eitt* geysilega merkilegt frv. sem eigi að vera framtíðarlausn á því voðalega máli, efnahagsmálunum, sem menn hafa verið að glíma við síðustu áratugina. Síðan er tilkynnt að haldinn verði sérstakur fundur í ríkisstj. kl. 11 fyrir hádegi til að afhenda þetta frv. Allir eru þar á hlaupum, fréttamenn sem aðrir, til þess að sjá hvernig menn líti út þegar þeir koma frá því að sjá þetta frv. og annað þessu líkt í sambandi við þá spennu sem búin var til í sambandi við málið. Síðan er farið að skýra frá þessu. Við vitum að það leið ekki á löngu þar til þessu frv. var dreift þannig að allir 40 alþm., sem standa að núv. hæstv. ríkisstj. hér á Alþingi, 2/3 þm., fengu afhent frv. Síðan upphófst hitt, að það var farið að bera frv. í allþungum bunkum til fjöldamargra annarra aðila í bænum. Ég býst við að um þetta leyti hafi málin staðið þannig, að ekki sé ólíklegt að hátt í 100 manns hafi verið búnir að fá þetta frv., sem þó var stimplað á trúnaðarmál. Þetta er að vísu ekki í fyrsta skipti sem það er gert hér á hv. Alþ., að menn nota þennan stimpil sí og æ, að stimpla á öll möguleg plögg trúnaðarmál, þegar til þess er svo að segja ekkert tilefni, og er því ósköp eðlilegt að menn fari að taka þennan stimpil ósköp léttilega. Ég skil það mætavel, þegar svona er að málum staðið, að þá sé eðlilegt að stjórnarandstaðan á Alþ. telji sig afskipta í þessu öllu saman, að fá ekki að sjá þetta margumtalaða frv., og vilji fá aðstöðu til að geta tekið hér þátt í umr. um málið, af því að umr. um efni málsins voru líka hafnar.

Það vakti athygli margra, að um þetta leyti höfðu fréttamenn útvarps viðtal við þrjá ráðh. um málið og sá, sem þar talaði fyrstur, hæstv. landbrh., vék sér umyrðalaust í það að rekja efni einstakra kafla í frv., vitnaði í einstakar greinar og hvað þar væri um að ræða og var reyndar alltaf að reyna að verjast ýmsum ásóknum sem höfðu verið hafðar uppi í sambandi við efni þessa frv. Svo kom næsti hæstv. ráðh. í viðtalið. Hann hafði greinilega ekki heyrt ummæli hins fyrsta og sagði að það væri ekki búið að birta málið, þetta væri trúnaðarmál, og hann væri ekki tilbúinn að ræða efni þess. Hann hefur litið á stimpilinn, að þetta væri trúnaðarmál. Þetta eru auðvitað óvenjuleg vinnubrögð og svona vinnubrögð á ekki að viðhafa. En það er eins og hefur komið fram í þessum umr. hjá hæstv. forsrh., það eru til skýranlegar ástæður fyrir öllum þessum óvenjulegheitum í þessu máli.

Stjórnarandstaðan rekur sig nú á það, að það er auðvitað komið fram í þessum umr. öllum að hér er ekki um neitt venjulegt frv. að ræða. Þetta er ekki frv. ríkisstj., og hæstv. forsrh. hefur gefið í skyn að e. t. v. geti dregist lengi að leggja frv. fram, það geti orðið í allt öðrum búningi o. s. frv. Ég býst við að við venjulegar aðstæður hefði hér miklu fremur verið um að ræða vinnuplagg í ríkisstj., sem sýnilega er ekki búin að koma sér saman um það frv. sem hún ætlar að leggja fram. En til þessa alls liggja ástæður.

Hæstv. forsrh. vitnaði í það, að ástæðurnar væru þær, að hann hefði á sínum tíma, um það leyti sem átti að fara að afgreiða fjárlög, gefið yfirlýsingu á Alþ. um að n. manna yrði sett til þess að semja frv. og leggja það fram í ríkisstj., lengra hefði yfirlýsing hans ekki náð. Og það er búið að búa til frv. og það er búið að leggja það fram í ríkisstj. og þar með hefur þetta verið uppfyllt. En stjórnarandstaðan hefur greinilega misskilið málið, því að hún hefur haldið að þetta væri alvörufrv. sem væri að koma á borð þm. til afgreiðslu. En svo er upplýst að það *er alls ekki þannig. Þetta er ekki frv. ríkisstj. enn þá.* Hér er aðeins um till. að ræða sem ekki hefur orðið samkomulag um í ríkisstj. og enginn veit um enn hvort ríkisstj. leggur hér nokkurn tíma fram.

Ég tek eftir því, að talsmenn Alþfl., sem hafa tekið þátt í þessum umr., segja: Þetta eru engin frv.-drög, eins og forsrh. orðaði það, — þetta eru engin frv.-drög, þetta er frv. og frv. á að leggja fram á Alþ. og frv. á að ræða á Alþ. — Þetta minnir mann á það, að ekki er mjög langt síðan þessi flokkur hafði sjálfur búið til frv., sem hann kallaði í sífellu frv. og birti í blöðum. Það hefur ekki komist enn þá inn í Alþ. bara minnst á það í umr., aldrei tekið hér formlega til umr. Þetta alvörufrv. þeirra hefur aldrei verið lagt fram. Það var vitanlega vegna þess að þar var um að ræða till. Alþfl. í þessu máli og Alþfl. hefur ekki enn þá viljað gera það að formlegu þskj. hér og flytja það sem frv.

Allt þetta sérkennilega ástand í sambandi við þessi vinnubrögð hefur leitt af því, í stuttu máli sagt, að það gerðist á dögunum fyrir jól, að einn af stuðningsflokkum ríkisstj. fékk slíkar innantökur að hann ruddist hér áfram og það varð að gefa hér ákveðnar yfirlýsingar honum til handa um að menn skyldu fara í það að búa til frv. og það skyldi þó komast til ríkisstj. En auðvitað var hér ekki um það að ræða, að ríkisstj. eða stuðningsflokkar ríkisstj. væru búnir að koma sér saman um venjulegt þingmál sem hér ætti að leggja fyrir. Því samkomulagi var enn ekki náð og er ekki enn í dag. Af þessum ástæðum hafa gerst öll þessi óvenjulegu vinnubrögð, að hér verður til frv. með þessum líka litla gauragangi og menn taka að ræða frv. og vilja fá frv. hver á sitt borð, þó að það hafi alls ekki verið lagt fyrir Alþ. og ríkisstj. hafi alls ekki komið sér saman um málið.

Ég vil undirstrika það fyrir hönd míns flokks, að hann stendur ekki að þessu frv., enda held ég að það hafi komið mjög skýrt og greinilega fram hjá hæstv. forsrh., að hér sé um að ræða frv.-drög hans sem hann hefur lagt fram. Það hefur að vísu einnig komið fram, að Alþfl. er tilbúinn að standa að þessu frv. án nokkurra sérstakra aths. Hitt liggur líka alveg ljóst fyrir, að þriðji flokkurinn í ríkisstj. vill ekki standa að þessu frv. Auðvitað hefur það *alltaf* legið fyrir, og væntanlega hafa Alþfl.-menn skilið það, að þeir hafa haft rétt og hafa hann enn í dag til þess að leggja bæði fram sitt frv. og kannske annarra frv. líka á borð alþm. og láta á það reyna, hvort þeir eigi meiri hl. hér á Alþ. fyrir frv. sínum. Þá auðvitað gerist það, sem ég hef tekið fram áður, að skapist meirihlutaaðstaða á Alþ. um frambúðarstefnu í efnahagsmálum, þá eru þeir, sem að slíkum meiri hl. standa, að sjálfsögðu skyldir til

að mynda um slíkt stórmál ríkisstj. og standa saman um að framkvæma þá stefnu. Þó að við Alþb.-menn kunnum þar að verða á móti, þá getum við vitanlega ekki stöðvað það, aðeins 14 þm. hér á Alþ., að hér geti skapast meiri hl. fyrir einhverri nýrri frambúðarstefnu í efnahagsmálum. Ef sá meiri hl. er til, þá kemur hann, ef menn eru þá ekki hræddir við að sá meiri hl. komi í dagsljósið.

Enn sem komið er hef ég skilið málið þannig, að núv. stjórnarflokkar væru ekki búnir að ljúka sínu verki í þeim efnum, hvort þeir geti komið sér saman um frv. sem yrði lagt hér á borð alþm. eða ekki. Það gerir lítið gagn að koma hér í ræðustól og hrópa á það, að þetta frv. verði lagt fram, því að það verður ekki lagt fram með stuðningi okkar Alþb.-manna í þeim búningi sem það er. Í þessum efnum höfum við talað þannig að það á ekki að fara neitt á milli mála. Við föllumst ekki á frv. í þeim búningi sem það er. Við hinu höfum við auðvitað ekkert að segja, ef hér er til annar meiri hl. sem vill lögbinda þetta frv., þá sá meiri hl. um það.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að ég tel eðlilegt, eins og að máli þessu hefur verið staðið á mjög óvenjulegan hátt, vegna þess hvernig þetta er allt saman til komið frá upphafi, þetta margumtalaða frv., að þessi trúnaðarstimpill verði þveginn af plagginu og plaggið birt. Það er alla vega til gagns, úr því sem komið er, að menn fái að sjá hvað það er, sem hver og einn leggur til í þessum efnum, hvað það er, sem aðrir vilja styðja, og hvað það er, sem aðrir neita að styðja. Við Alþb.-menn höfum ekkert við það að athuga, að þetta frv. komi fram. En hitt hefur líka legið alveg ljóst fyrir frá því að núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð, að við munum ekki taka þátt í löggjöf um að binda kaup, sem þýðir kauplækkun, eða gerbreyta vísitölugrundvelli frá því sem launþegasamtökin í landinu geta fallist á. Við munum ekki heldur taka þátt í því að samþykkja löggjöf sem mundi alveg örugglega stórauka atvinnuleysishættu í landinu með alhliða samdrætti sem ýmsir menn virðast stefna mjög ákveðið að. Það þarf aðra en okkur Alþb.-menn til að standa að slíku.

Ég ætlaði mér ekki að fara út í almennar umr. um einstaka liði þessa frv. Til þess gefst eflaust tækifæri nú á næstunni. Þar er um fjöldamarga liði að ræða, — ég segi fjöldamarga, — sem við Alþb.-menn erum algerlega ósáttir við, þó að nokkrir þeirra séu þar miklu stærri en aðrir. Ég hélt líka að menn væru þegar búnir að heyra það og sjá, að ýmsir af þekktustu forustumönnum launþegasamtakanna í landinu hafa þegar í stað brugðist þannig við þessu frv., að þeir vilja ekki að því standa. Ég vænti að það hafi ekki farið fram hjá neinum, að þegar fulltrúar launþega bregðast þannig við í sambandi við það starf sem þeir voru að vinna í hinni svonefndu vísitölunefnd, að þeir sögðu þar af sér og létu störfum sínum lokið vegna framkomu þessa frv., þá auðvitað fólust í því mikil og hörð mótmæli.

Það er í rauninni ekki ástæða til að við stöndum hér langan tíma í umr. utan dagskrár til að deilda um það frv. sem varla má tala um, af því að það hefur ekki verið formlega lagt hér fram. En ég vil segja, að það er algerlega þýðingarlaust að gera einhverjar kröfur um það frekar en orðið er, að þetta frv. verði lagt fram í þeim búningi sem það er, þannig að Alþb. standi að því. Það er þýðingarlaust. Þar eru menn að tefja tímann. Ef Alþfl. vill gera þetta frv. að sínu hér, sem formlegu þskj., þá stendur málið opið fyrir hann, eða ef hann vill leggja fram sitt gamla frv. frá því í desembermánuði, þá getur hann gert það. Við höfum enga aðstöðu til að hefta hann í því. En við höfum enn vald á því að neita að vera við flutning á slíku frv. eins og því sem okkur hefur verið sýnt í ríkisstj.

Að lokum vil ég aðeins segja þetta: Ég tek undir þær aðfinnslur sem hér hafa komið fram varðandi vinnubrögð í þessu máli. En ég ásaka ekki hæstv. forsrh. fyrir þessi vinnubrögð. Hann hefur, eins og hann hefur gert hér grein fyrir, raunverulega verið knúinn til þess að standa að þessu máli á þennan veg vegna óeðlilegra krafna sem gerðar voru á sínum tíma um að það yrði hafist handa um að semja frv. og leggja það fram í ríkisstj. og til þess ætlast að hægt væri að beygja menn fyrirstöðulítið undir hvað sem væri í því frv. En það er nú einu sinni þannig með okkur Alþb.-menn, að þegar við eigum í samstarfi við aðra, þá þarf að ræða við okkur um meginefnisatriði. Við látum hvorki litla né stóra hrópa okkur niður af ástæðulausu.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er víst og rétt, að þessar umr. sem hér hafa farið fram, hafa verið næsta furðulegar. Þær hófust í Nd. í gær með því, að hv. 1. þm. Reykn. kvaddi sér hljóðs utan dagskrár til að finna að vinnubrögðum varðandi hið margumtalaða og fræga frv. hæstv. forsrh. Forsrh. vékst alveg undir það, að þarna hefði ekki til tekist með eðlilegum hætti, og þetta hafa stjórnarsinnar hver um annan þveran játað. En allt að einu eru hafnar hér umr. um þetta frv., sem stjórnarandstaðan fékk fyrst að sjá nú í dag og stimplað sem trúnaðarmál. Þess vegna er það svo með mig, þótt eldri þm. ýmsir virðast gera lítið með slíkan stimpil, að mér er umhendis að ræða það hér á hinu háa Alþ., þó að málið snúi beint að því. En hér hafa menn þreytt skeiðið heldur betur um ýmis hin mikilvægustu atriði sem í þessu frv. felast. En þó tekur í hnúkana fyrst þegar menn fá svo að hlaupa inn í þessar utandagskrárumr. með efni sem á dagskrá er, eins og orkusparnaðartill. hv. þm. Alþfl., Braga Sigurjónssonar og Braga Níelssonar. Það er 9. mál á dagskrá á þessum fundi. Þá er nú heldur betur stungin tólg þegar þarf að hleypa mönnum að utan dagskrár með dagskrármál fundarins, og er þá herra forsetinn orðinn heldur en ekki uppgefinn að fara eftir hinni prentuðu dagskrá þegar svo er komið.

Ég verð að segja það, að ég varð meira en lítið undrandi á ýmsu því sem fram kom hjá hæstv. forsrh. Það er svo sem ekkert nýtt fyrir okkur þm. að verða fyrir því, að hæstv. ráðherrar lítilsvirði Alþ. og fari ekki að þingræðislegum reglum. Þeir margir hverjir ofmetnast með þeim hætti að þeir blátt áfram hafa að engu ýmsar viljayfirlýsingar Alþingis, og hefur verið margsinnis á þetta bent. Og það er ekki gamalt dæmi sem við höfum fyrir okkur í þessu: fiskveiðisamningar okkar við Færeyinga, þar sem ljóst lá fyrir að hæstv. utanrrh. hafði með engu móti viðhaft þá málsmeðferð sem telja verður líðanlega. Hann hafði ekki einu sinni gáð að því, þó að þetta væri talin ríkisstjórnartillaga, að sækja um heimild eins ríkisstjórnarflokksins til að flytja málið. Þetta kom fram í umr.

Hér sækjast stjórnarflokkarnir á með ódæmum. Einn þeirra álítur að hér hafi verið fundin ein allsherjarlausn á okkar vanda í efnahagsmálum. Við stjórnarandstöðuþingmenn getum ekkert um þetta rætt. Við höfum ekki hugmynd um hvað í þessu frv. stendur. Annar stjórnar-

flokkurinn álítur að í grundvallaratriðum sé hér valin alröng leið. Hv. 7. þm. Reykv. segir að ef ekki verði farin sú leið sem þetta huldufrv. felur í sér þá bíði bullandi atvinnuleysi á næsta leiti. Hæstv. viðskrh. segir að í þessu frv. felist keðjuverkandi samdráttur og verði farin sú leið muni það hafa í för með sér bullandi atvinnuleysi. Hæstv. viðskrh. fullyrðir að það séu sjálfvirk kauplækkunarákvæði í þessu frv. En þetta er að dómi hv. Alþfl.-manna hinn eini og sanni bjarghringur.

Hæstv. forsrh. margítrekaði að það væri villandi að ræða um bráðabirgðalausnir, — að einhverjar bráðabirgðalausnir hefðu verið gerðar í sambandi við efnahagsmál okkar á undanförnum mánuðum. Ég hef aldrei heyrt fyrr frá neinum að um annað hafi verið að tefla en bráðabirgðalausnir. Þessu hefur verið haldið að okkur af sjálfum stjórnarsinnunum seint og snemma, að hér hafi einvörðungu verið um bráðabirgðalausnir að tefla. Hvað vilja hv. Alþfl.-menn segja um það? Og undarlegt tal má það vera, þegar hæstv. forsrh. fullyrðir að það hafi tekist að afnema, jarða fyrir fullt og fast 15.5% vísitölustig sem aldrei muni koma meir. Þetta er eins og þegar herkerlingarnar syngja: „Jesús kastar öllum mínum syndum bak við sig og ég sé þær aldrei meir."

Þegar skattpíningu er beitt til þess að mata verðbólguna eins og gert hefur verið, halda menn þá að þetta komi aldrei meir og þess muni aldrei sjást stað meir, — þegar skattpíningunni er einnig beitt þannig, að það heldur við stöðvun atvinnufyrirtækja og mun stórlega draga þess vegna beinlínis úr atvinnu í landinu? Nei, þau koma aldrei meir, þó að sé rammskekkt öll verðmyndun með stórkostlegum niðurgreiðslum, þó að verði að prenta seðla í lok þessa 16 mánaða árs þeirra til þess að mata verðbólguna með, þá eru syndir þessar allar saman horfnar. Þetta er auðvitað með ólíkindum, slíkar fullyrðingar.

Síðan lýsti hæstv. forsrh. yfir að sér hefði með samþykkt á ráðherrafundi verið falið að semja frv. og eiginlega hefði hann lokið skyldum sínum í því sambandi. Sannleikurinn mun reyndar sá, að hann hefur aðeins unnið einhver frumvarpsdrög fyrir fjölmiðla sem er alveg ljóst mál — ekkert er um það að villast — að geta ekki orðið frv. núv. hæstv. ríkisstj. Þessari ríkisstj. er alveg óhætt að segja af sér nú þegar í stað. — Aðeins ein leið er til, og það er að hv. 1. þm. Austurl. Lúðvík Jósepssyni, takist að vinda ofan af hæstv. forsrh., honum er svo sem vel til þess trúandi, — og að í því stórbreytta formi, sem hlýtur að verða breytt form í meginatriðum, verði frv. lagt fram um ráðstafanir í efnahagsmálum og krataarnir síðan kúgaðir emjandi til þess að greiða því atkv., eins og þeir gerðu á móti samvisku sinni í höfuðmáli eftir höfuðmál fyrir jól. Þetta er eina leiðin og það kann að vera að hún sé fær. Svo mörg dæmi höfum við um þessa aðferð hér fyrir jólin, að ekki er útilokað að megi endurtaka hana. Og ég er næstum því viss um að það er það sem hæstv. forsrh. treystir og trúir á. Hann er að hlaða undir Alþfl.-mennina nú í bili til þess að hugga þá eftir allar ófarirnar fyrir áramótin. Hann hefur gert sig góðan í þeirra augum með þessu: að taka upp að mestu leyti, skilst mér, þeirra frv., sem skólameistarinn á Ísafirði samdi fyrir jólin í jólaönnunum og þeim er hlýtt til hans í bili. Það mun sennilega endast til þess að þeir verði til þess knúðir að greiða svo atkv. með lokafrv., sem verður ekkert líkt því sem núna liggur fyrir. Það er alveg ljóst mál, eigi eitthvert frv. yfirleitt að ganga fram á vegum þessarar ríkisstj.

Ég ætlaði ekki og get ekki af auðskildum ástæðum rætt frv. eða þessi mál efnislega. En sá, sem slapp inn í utandagskrárumr. með dagskrármálið sitt, var hér með háahljóðum. Hann minnti á að hann hefði barið í borðið hér fyrir jól með óvenjulegum hætti og nú mundi hann berja í borðið aftur. Og honum leist ekki á, því hann sagði okkur að nú stjákluðu ráðh. um berrassaðir, og er nú ekki undarlegt þótt hrollur sé í einstaka manni í þeim hópi í uppbyrjandi olíukreppu. Ég ætlaði hins vegar að víkja að þeim þætti sem menn hafa gerst langorðir um og fram kom fyrst í ræðu hv. 4. þm. Reykv., en það er varðandi olíumálin sem auðvitað snerta geysimikið okkar efnahagsmál í náinni framtíð.

Ég hafði lagt fyrir löngu fram fsp. til hæstv. viðskrh. um verðmyndunarþætti á bensíni og hinum ýmsu tegundum olíu. Ég hafði enn fremur varpað fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um hver reynslan hefði orðið af brennslu svartolíu í fiskiskipum. Þessari fsp. hinum fyrri lið, varðandi verðmyndunarþætti olíu, var svarað í Þjóðviljanum að nokkru leyti. Komu þar vissulega fram mjög mikilvægir þættir í því efni sem ég lét mig sérstaklega varða. Ég hafði gert tilraun til að fá þessar upplýsingar, en rakst ævinlega á þann vegg, að þar væri um trúnaðarmál að tefla sem ég gæti ekki unnið með á opinberum vettvangi. Hæstv. viðskrh. lét Þjóðviljann sitja fyrir svörum sínum, en sat svo að nokkru leyti fyrir svörum varðandi þessa fsp. í dag á hinu háa Alþingi. Það var næsta fróðlegt að lesa í Þjóðviljanum um hina 20 verðmyndunarþætti á olíum og bensíni. Og nú þegar hin mikla olíuverðshækkun skellur yfir er nauðsynlegt að fá svar við því hvort stefnan sé að halda áfram slíkri verðmyndun á þessum okkar orkugjöfum, 20 þáttum talsins: leki í hafi, leki í landi + magnprósent + 2%. Það er eins og stóð í einhverju plagginu: 5% fyrir mig og 10% fyrir þig. 20 liðir eru hér og bankakostnaður stórkostlegur álagsliður í þessu sambandi. Auðvitað er ríkið með fingurna í þessu öllu saman. Auðvitað tekur það langstærstan partinn í sína eyðsluhít. Er það svo, að magnálagning og prósentuálagning hafi verið óbreytt þrátt fyrir margföldun olíuverðs á undanförnum árum, og hverjir hafa þá notið þess? Um þetta þarf að fá nánari upplýsingar. Og ég þarf að fá að vita viðhorf hæstv. ráðh. til þess, hvort sami háttur verði hafður á þótt um svo stórkostlega verðhækkun verði að tefla eins og nú sýnast vera á döfinni.

Þá er í öðru lagi það sem rætt hefur verið um brennslu á hinum ýmsum tegundum af olíu. Við höfum séð að hæstv. iðnrh. hefur lagt upp í mikla auglýsingaherferð fyrir sjálfan sig varðandi þessi mál og prédikað mikið um orkusparnað. Á fyrsta degi þings eftir jól var rætt um dagskrármál hv. þm. Braga Sigurjónssonar og þar flutti hæstv. iðnrh. langa ræðu. Það, sem hann sagði almennt um orkuvandamál í heiminum heyrðist mér vera lausleg þýðing á ræðu eftir Carter frá því í fyrra. En það, sem hann sagði um brennslu svartolíu t. d. og þann sparnað sem hann telur að hægt sé að fá vegna brennslu svartolíunnar, var byggt á, að því sem ég vil segja, mjög villandi, ef ekki alröngum upplýsingum. Það fólst varla urmull af þekkingu í þeim yfirlýsingum. Hann nefndi að sérfræðingar hefðu matað sig á þessum upplýsingum, og ég vil gjarnan spyrja hvaða sérfræðingar það eru. Nú vill svo til að svartolíu er hvergi brennt í fiskiskipum í heiminum nema örfáum íslenskum togurum. Það vill svo til að ýmis frægustu vélafyrirtæki í heimi hafa gert með það tilraunir

árum saman að ná tökum á þessu viðfangsefni, að brenna svartolíu í fiskiskipum, en ekki tekist. T. d. gerði frægt fyrirtæki í Hollandi rannsókn á því fyrir hollensku ríkisstj., hvort hægt væri og hagkvæmt að brenna svartolíu í fiskiskipum. Niðurstaðan varð sú, þegar allir þættir væru teknir með, að á tíu ára tímabili mundi reynast 30% dýrara að brenna svartolíu en gasolíu. Þetta stafar af ýmsum ástæðum sem ég hirði ekki að rekja hér og er allt of langt mál upp að telja. En á árunum 1968—1969, þegar ég var viðriðinn samninga og kaup á tveimur skuttogurum, þá var það aðaláhugamál þeirra manna, sem við þá samninga voru riðnir, að kaupa skip búin vélum sem gætu brennt svartolíu. Þetta tókst ekki, því að þeir vélaframleiðendur voru ekki finnanlegir í heiminum sem treystu sér til að taka ábyrgð á slíkum vélum og þess vegna varð frá þeim að hverfa.

Menn, sem hafa, að því er sumir segja, ekki keyrt stærri vélar en bílvélina sína, hafa ráðið þessa miklu gátu. Og menn telja sér trú um að það sé svartolía, hin venjulega svartolía, sem er í notkun á Íslandi. En það vill svo til að því fer víðs fjarri. Rússneska svartolían er að segja má nær alls óskyld hinni eiginlegu svartolíu. Hún er miklu þynnri, miklu betri til brennslu í venjulegum vélum fiskiskipa. Þó er þess að geta, að útilokað er að nota þá olíu heldur í hinum minni fiskiskipum. Hér er einvörðungu að tala um milliþungar vélar, eins og í togurum. Rússar þynna þessa olíu mjög út, vegna þess að henni er dælt um langan veg, allar götur frá Svartahafi til Eystrasalts. Það er líka annað undarlegt varðandi verðlagningu á þessari olíu hér á Íslandi, að það er miklu meiri verðmunur á svartolíu og gasolíu hér heldur en í öðrum löndum og svo hefur verið lengi. Því hefur verið haldið fram í blaðagreinum nú nýverið, að þetta væri vegna þess að það væri svo lítið magn af svartolíu sem keypt væri, að gasolían væri látin bera þennan verðmun uppi. Ég skal ekkert um þetta fullyrða, en þannig vilja þeir, sem þykjast kunnugir málum, halda fram að málið sé í pottinn búið.

Ég vil líka fá svar við því, ef svartolía yrði allmennt tekin í notkun, til hvers það mundi leiða í verðlagningu í viðskiptum okkar við Rússa. Þeir hafa, að því er fullyrt er, mjög knúið á um að fá verulega hækkun á svartolíunni sem þeir selja okkur. Í fyrsta lagi mundu stóraukin kaup á svartolíu frá þeim leiða til stórhækkaðs verðs, svo merkilegt sem það er. Og í öðru lagi: Er hægt að fá nægilega mikið magn af þessari einstöku tegund svartolíu frá þeim, eins og við þurfum á að halda? Ef svo er ekki, ef við þyrftum að kaupa ameríska svartolíu eða Rotterdam-svartolíu, þá er alveg útilokað fyrir eitt einasta fiskiskip að nota slíka olíu. Má nefna ýmis dæmi um það, hvernig þessi olíubrennsla hefur reynst. Ég veit að menn geta gengið úr skugga um það sjálfir, ef þeir hafa áhuga á, að fyrir nokkrum vikum var Hofsjökull keyrður á ameríkskri svartolíu frá Ameríku til Íslands og hann brenndi yfir 28 útblástursloka af 32 á leiðinni, og hann tafðist a. m. k. um 1/4 af þeirri tímalengt sem ella hefði tekið hann að sigla til landsins. Það er hægt að láta sérfræðinga hæstv. iðnrh. segja sér frá því, og það er best að hæstv. iðnrh. beri niður á Eskifirði, að þar fékk einn sérfræðingurinn að gera tilraunir með keyrslu Caterpillar-vélar, 900 hestafla, á svartolíu, og hún var ónýt, þessi vél hjá Rafveitunni, eftir 700 klst. keyrslu. Þessu geta menn gengið úr skugga um.

Þó að mönnum komi það kannske á óvart hjá mér eftir þennan lestur, þá er málum þannig háttað nú, að það eru engin önnur ráð fyrir togarana að mínum dómi en að breyta yfir í notkun svartolíu. Verðmunurinn er orðinn svo gífurlegur, að enda þótt vélarnar eyðilegðust á 3—5 ára tímabili mundi það samt borga sig. En menn sjá í hendi sér hversu óhagkvæmt þetta er í raun og veru til lengdar.

Menn hafa náð tökum á brennslu svartolíunnar í flutningaskipum sem búin eru níðþungum vélum og ganga með jöfnu og miklu álagi. En enda þótt breytt yrði á flestum minni togurum t. d. yfir í svartolíu, þá liggur alveg ljóst fyrir að það yrði að brenna nærri til helminga af gasolíunni eftir sem áður, því að hjálparvélarnar eða ljósavélarnar verða alls ekki keyrðar með þessari olíu. (Gripið fram í.) Það er óráð. Það er hið mesta óráð. (Gripið fram í.) Það er þá bara út úr hreinni neyð, en það er ekkert minnsta vit í því, og hv. þm. Garðar Sigurðsson á strax að upplýsa mennina um þetta, þá sem hann þekkir, að gera ekki slíka ósvinnu. Og svo í öðru lagi: Þegar menn tala um hinn mikla sparnað, þá liggur alveg ljóst fyrir að í minni fiskiskipum verður þetta alls ekki notað. Og þegar menn eru að nefna dæmi um að sparnaðurinn kynni að verða 4—5 milljarðar, þá trúi ég engu af slíkum fullyrðingum, satt best að segja.

Það er bráðnauðsynlegt að fá svör við þessu: Fáum við nægjanlegt af þessari einstöku og góðu olíu frá Rússum? Mun mismunur á verðlagi þessara tveggja tegunda, gasolíu og svartolíu, verða áfram jafnmikill? Getum við alveg treyst að þessi orkulind verði með sama hætti og hún hefur verið? Þá er ekkert spursmál um að grípa til þessa ráðs. Ég vil enn fremur varpa þeirri spurningu fram, hvort menn þyrftu ekki að búa sig undir það líka að setja upp olíuhreinsunarstöð. Nú vitum við að um borð í skipum, sem brenna svartolíu, þarf að koma upp skilvindu sem hreinsar olíuna. Að vísu er það ekki flókinn eða dýr vélbúnaður varðandi rússnesku svartolíuna, en það vaknar auðvitað sú spurning: Borgar sig ekki að vinna þessa olíu á einum stað úr svartolíu yfir í það sem kallað er t. d. „marine olía" og flestir ef ekki allir togararnir gætu brennt án örðugleika. Ef við skyldum þurfa að grípa til þess að brenna hinni eiginlegu svartolíu, þá er ekkert áhorfsmál um það, ef verðlag verður með þessum hætti, að reisa olíuhreinsunarstöð fyrir þessa togara.

Ég vil enn fremur spyrja þá sem allt vitið hafa: Ef togaraflotinn allur fer að nota svartolíu, hvaða fjárfestingar þurfa olíufélögin þá að hafa í frammi? Nú hafa þau enga aðstöðu til að sjá slíkum flota fyrir þjónustu að þessu leyti, og það er miklu dýrara að dreifa þessari olíu en gasolíu. Hvað þá? Mun þá ekki kostnaður vaxa enn þess vegna? Spyr sá sem ekki veit.

Ég vil leggja áherslu á hina brýnu nauðsyn þess, að menn beiti öllum ráðum til sparnaðar í orkunotkuninni. Það má enginn skilja orð mín á þann veg, að ég sé að draga úr þeirri nauðsyn. En ég held að menn flaggi of hátt í auglýsingamennsku sinni í þessum efnum.

Það var blaðamannafundur hér á dögunum — eða hvort það var í gær — hjá hæstv. iðnrh., og það var beðið lengi eftir því að sjónvarpið kæmi að taka myndir, enda var það aðalatriðið, svo að menn gætu birst á skerminum. Og það var ráðslagað að leggja land undir fót austur á Austfirði til þess að athuga olíukyndingartæki íbúanna á Höfn og Djúpavogi og Breiðdalsvík. Mér skilst að það eigi að fara 12 menn frá Vélskólanum, 12 frá Tækniskólanum og 12 úr Háskólanum, samtals 36 eintök, og 2

kennarar frá hverjum skóla og flugfélög bæði austanlands og hér syðra eigi að þjónusta þetta ferðalag. Og þá er það auðvitað að vélskólanemarnir verða sendir í reykháfinn upp á sótið og tæknimennirnir með skrúfjárnið, því að það er bara ein skrúfa sem skrúfuð er við stillinguna, og háskólanemarnir til þess að skrifa. Þetta var nefnilega gert á Akranesi, og hæstv. forsrh. hældi sérstaklega þeim sem höfðu frumkvæðið þar. En getum við fengið nákvæma skýrslur um niðurstöðurnar þar? Því hefur verið haldið fram við mig, að menn hafi farið og mælt lofthitann og annað sem tilheyrir, þegar þetta var rannsakað á Akranesi, og menn fundu út bestu nýtingu á olíunni. Það tókst þeim mætavel. En við bestu nýtingu olíunnar var bara einn galli, húsin hitnuðu ekki, það þótti að vísu ýmsum íbúanna ærinn galli. Að sjálfsögðu ber mikla nauðsyn til að fara að mæla einangrunina hjá þeim austur þar og hvernig best nýting verður úr svartolíunni. En það verður að athuga í leiðinni að menn geti búið í þeim húsum á eftir.

Við öllu þessu þarf að fá svör. En að öðru leyti, eins og ég hef margtekið fram, ber hina brýnustu nauðsyn til þess að við vinnum að því kappsamlega og með öllum ráðum að spara þessa rándýru orku sem hún er orðin. Svo er hitt annað mál, hvað núv. hæstv. ráðh. vilja vera að velkjast í svona málum, — menn sem hvort sem er eru að því komnir að leggja upp laupana.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég verð að taka undir það með hv. þm. Sverri Hermannssyni, að þetta eru furðulegar umr. En það er ennþá furðulegri stjórnarandstaða, sem við höfum hér í þinginu. Hér er hafin umr. utan dagskrár að tilhlutan foringja stjórnarandstöðunnar um eitthvert mesta og umdeildasta mál sem ríkisstj. fjallar um um þessar mundir og svo koma málsvararnir hver um annan þveran og tala um brennslu á svartolíu — gott ef ekki laxerolíu — og tala út og suður hér uppi í ræðustól, eins og þeir væru komnir á málfund í menntaskóla. Þetta er alveg furðulegt, en gott dæmi um hvernig stjórnarandstaða Sjálfstfl. er orðin, að Sjálfstfl. heldur það ekki einu sinni út að senda þrjá menn hingað upp í ræðustólinn til að tala um það málefni sem brennur hvað heitast í landinu í dag, heldur hlaupa þeir upp til handa og fóta, talandi út og suður um málefni sem koma ekki þessu máli nokkurn skapaðan hrærandi hlut við. Það hefði verið miklu nær af hv. þm. Sverri Hermannssyni að eyða löngum ræðutíma sínum hér uppi í stól við að segja okkur þm. söguna af því, miklu skemmtilegri sögu, þegar hv. þm. hékk fastur á öðrum enda línu og lax á hinum undir brú 5 klukkutíma í lotu norður í landi með bílana keyrandi yfir sér. Það hefði verið mun meira gaman að hlusta á það heldur en þusið um svartolíuna. En þetta er furðulegt og lýsandi dæmi um það, hvernig stjórnarandstöðu Sjálfstfl. er háttað, að þurfa að eyða tíma þingsins í að hlusta á svona tölu.

Ég vil láta það koma fram hér, að mér finnst mjög ánægjulegt að það skuli vera orðin samstaða í hæstv. ríkisstj. um að birta opinberlega frv. það sem hér um ræðir. Það er ekkert launungarmál, að á fundi ríkisstj. strax á þriðjudag óskuðu ráðh. Alþfl. eftir því, að það yrði gert, og það er heldur ekkert launungarmál, að hæstv. forsrh. tók undir þá ósk, þannig að það er hvorki sök Alþfl. né Framsfl. né forsrh. að almenningi var ekki kynnt frv. daginn eftir að það var lagt fram í ríkisstj. Hins vegar voru aðrir sem vildu fá ráðrúm til þess að kynna sínum mönnum efnisatriði frv. áður en þeir gætu skoðað það sjálfir með eigin augum.

Það liggur að sjálfsögðu alveg ljóst fyrir að þær till., sem ríkisstj. hefur verið að ræða og hæstv. forsrh. hefur fjallað um í sínu frv., eru ekki nýjar till. Þetta eru mál, sem hafa legið á borðum stjórnarflokkanna allt frá því að þeir byrjuðu að ræðast við eftir kosningarnar á s. l. sumri. En það er alveg furðulegt með suma menn, að það er eins og þeir meðhöndli öll mál, sérstaklega þau, sem erfið eru viðfangs, líkt og maður sem veltir stöðugt heitri kartöflu á milli handanna. Gagnvart sumum aðilum er gersamlega útilokað að knýja fram hreint og klárt já eða nei gagnvart slíkum efnisatriðum.

Sú saga er sögð, að á bæ einum í Þistilfirði hafi verið vinnumaður sem var svona heldur ánægður með sjálfan sig og sperrtur. Maðurinn hét Gunnar og fékk viðurnefnið stertur. Um hann sagði húsbóndi hans, að það væri undarlegt með Gunnar stert, alltaf þegar ég ætla að tala við Gunnar stert um umgengni í hlöðunni, þá fer Gunnar stertur að tala um veðrið. Og því miður virðist það vera þannig um allt of marga menn, að þegar á að tala við þá um umgengnina í hlöðunni, um það að gera hreint fyrir sínum dyrum, hvort sem það eru dyr flokks eða ríkisstj., þá vilja þeir endilega fara að tala um veðrið. Og auðvitað gefur það auga leið, að á meðan Gunnar stertur vill ekki tala um neitt nema veðrið, þá gerir hann ekki hreint í hlöðunni.

Það hefur komið fram hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að hann hefur sagt: Alþb. vill ekki standa að þessu frv. hæstv. forsrh. — Gott og vel. Á þeim tíma, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft til umfjöllunar um efnahagsmál, hafa henni borist tvær till. í frv.-formi, frv. frá þingflokki Alþfl. og frv. frá hæstv. forsrh. Aðrar fullfrágengnar till. hefur ríkisstj. ekki. Þá er kominn tími til, ef menn vilja ekki ganga að þeim till. sem fyrir liggja, að þeir geri till. sjálfir.

Það kann ekki góðri lukku að stýra að halda áfram á þeirri braut sem hæstv. forsrh. lýsti hér áðan, sem hefur leitt til þess, eins og hann sagði, að 15 vísitölustigum hefur verið eytt. Með tvennum aðgerðum hefur hæstv. ríkisstj. eytt 15.5 vísitölustigum. Ég dreg ekki í efa að þær aðgerðir hafi verið nauðsynlegar og réttlætanlegar. En ég vil leyfa mér að spyrja: Ætlar hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar að láta sér það lynda, að allar aðgerðir hæstv. ríkisstj. takmarkist af því að krukka stöðugt á þriggja mánaða fresti í vísitöluna, í kaupið hjá fólkinu, og síðan ekki söguna meir? Það liggur fyrir, að við Alþfl.-menn viljum þetta ekki. Það getur verið óhjákvæmilegt að leggja byrðar á launafólkið, en ríkisstj., sem vill kalla sig vinstri stjórn og vill vera hliðholl verkafólki og launþegum í þessu landi, getur ekki starfað þannig að gera ekkert nema krukka í kaupið á 3 mánaða fresti. Þess vegna er kominn tími til að hæstv. ríkisstj. sýni eitthvað annað frá sér heldur en eilíft kaupkrukkerí. Við Alþfl.-menn höfum lagt slíkar till. fram, hæstv. forsrh. hefur lagt slíkar till. fram, en Alþb. ekki. Og ég á fastlega von á því, að þeir Alþb.-menn hafi sömu afstöðu í þessum málum og við og Framsfl., að það sé ekki verjandi fyrir vinstri stjórn að gera ekkert annað en krukka í kaupið á þriggja mánaða fresti. Þeir hljóta þá að vera nú í stakk búnir til þess að leggja fram till. um aðrar aðgerðir en eilíft kaupkrukkerí, eilíft vísitölufálm á þriggja mánaða fresti.

Hv. 1. þm. Austurl. sagði áðan að meginatriði frv., sem

því miður hefur ekki verið sýnt enn, en verður það væntanlega fljótlega, væri að binda kaup, sem þýði kauplækkun. Það er rangt. Hæstv. forsrh. hefur tekið það fram, að till. hans í vísitölumálum og kaupgjaldsmálum, sem hann hafi gert í þessu frv., séu settar fram með öllum fyrirvörum um að þær verði skoðaðar og aths. við þær gerðar frá verkalýðshreyfingunni og endanleg afstaða tekin að því loknu. Hæstv. forsrh. hefur sérstaklega tekið fram að þessi kafli sé hér fram settur til þess að ekki yrði sýnt frv. án ákvæða um kaupgjaldsmál, en það væri ekki ætlun hans að lögbinda þetta hvað sem hver segði. Auðvitað er ljóst að núv. ríkisstj. setur ekki lög á verkalýðshreyfinguna, hún lögbindur ekki kaup í fjandskap við verkalýðshreyfinguna. Þetta veit hæstv. forsrh. og hefur sagt, þetta vitum við Alþfl.-menn og þetta veit Alþb. líka. Það er því algerlega út í högg að vera að lýsa þessu frv. svo. En jafnvel þó að það næðist samkomulag við verkalýðshreyfinguna um allar þær aðgerðir sem felast í kaup- og kjaramálakafla frv., — ég býst ekki við að það náist samkomulag við verkalýðshreyfinguna um öll þau efnisatriði, — en jafnvel þótt slíkt samkomulag næðist og lögfest öll þau atriði sem þar eru, þá liggur það á borðinu, að kaupmáttur tímakaups á árinu 1979 yrði sá sami og hann var á árinu 1978. Það er niðurstaða þjóðhagsstofnunar, sem ég bað sérstaklega um að skoða þetta atriði fyrir okkur Alþfl.-menn í gær, að jafnvel þó að þetta næði fram að ganga óbreytt, þá væri ekki um neina kauplækkun að ræða á milli áranna 1979 og 1978 — enga. Auðvitað er það samt sem áður ljóst, að það hlýtur að takmarka eitthvað olnbogarými fólks þegar leitast er við að ná verðbólgu úr 40-45% niður fyrir 30% á einu ári. Það verður ekki gert með þeim hætti, að menn ætli sér að gera allt fyrir alla. En það er rangt að Framsfl. og Alþfl. stefni að því, að það verði gert með því einu að ráðast á kaup launafólksins í landinu. Þvert á móti er það hvorki stefna okkar, þeirra né Alþb.

Þá sagði hv. 1. þm. Austurl. einnig, að annað meginefni þessa frv. væri að stórauka atvinnuleysishættuna í landinu. Því miður er það oft þannig, að menn, sem tilheyra flokki hv. 1. þm. Austurl, — ég tek fram að þar á ég ekki við hann sjálfan og ekki við þm. hans flokks, heldur ýmsa aðra sem eru kannske svolítið nær þeim þankagangi sem hv. 1. þm. Austurl. hafði á árunum áður þegar hann var formaður kommúnistadeildarinnar á Norðfirði, — margir af þessum aðilum hafa þá grundvallarafstöðu að trúa á hið illa í manninum, trúa á að andstæðingar þeirra vilji þjóðinni illt, þeir stefni að því leynt og ljóst t. d. að svipta fólk atvinnu og helst svelta það til bana. Á þessari trú á hið illa í manninum grundvalla menn svo gjarnan haturspólitík sem er slík að mönnum er kennt frá æsku að hata og fyrirlíta andstæðinga sína vegna þess að þeir séu illa innrættir. Ég trúi því ekki, að Alþb. ætli að halda því fram, að það sé stefna Alþfl., Framsfl., Sjálfstfl. eða nokkurs flokks í þessu landi að gera þjóðfélagsþegnana atvinnulausa. Ætla Alþb.-menn að leyfa sér að koma hér upp í ræðustól og benda á þm., sem sitja hér fyrir framan okkur, og segja: Þessir menn stefna að því að gera launafólkið í landinu atvinnulaust til þess að kúga það og svelta. — Enginn, hvorki samherji né andstæðingur, stefnir að slíku, og það er til vanvirðu fyrir stjórnmálamenn að halda slíku fram um andstæðinga sína. Það er til vanvirðu og þeim einum til svívirðingar að koma fram með slíkt.

Það má segja, og sjálfsagt hefur hv. 1. þm. Austurl. átt við það, að með frv. hæstv. forsrh. væri tekin áhætta í sambandi við atvinnumálin. En svo er ekki, vegna þess að fyrsta setning frv., áður en nokkuð annað er þar sagt, leggur áherslu á að fyrsta höfuðmarkmiðið með frv. sé að treysta og vernda atvinnuöryggi. Það ætti hv. 1. þm. Austurl. að lofa kjósendum sínum að sjá áður en hann fer að leggja út af efni frv. Og hann ætti líka að lofa hv. kjósendum sínum og annarra að sjá að ávallt þar sem einhver ákveðin stefna er mörkuð um tilteknar efnahagstæðir er sagt að frá þessari tilteknu stefnumörkun megi víkja, t. d. ef atvinnuöryggi sé í hættu.

Frv. hæstv. forsrh. er árangurinn af viðræðum sem farið hafa fram milli stjórnarflokkanna í nú bráðum 8 mánuði. Það þarf enginn að segja mér og enginn kjósendum þessara flokka að segja, að niðurstaðan af þeim viðræðum sé frv. um atvinnuleysi, vegna þess að í þessu frv. hefur verið tekið jafnmikið tillit til till. Alþb.-manna og till. okkar, þ. e. a. s. þeirra till. sem varða það viðfangsefni sem ríkisstj. setti sér með lagasetningu þessari: Stefnumótun í efnahagsmálum til tveggja ára til þess að vernda atvinnuöryggi og takast á við verðbólgu. — Séu ekki nægilegar margar af till. Alþb. í frv., þá er það einfaldlega vegna þess að þær hefur skort.

Við skulum líka hyggja að því, að ríkisstj. hefur lagt fram á Alþ., allir fyrir einn og einn fyrir alla, ákveðna, stóra málaflokka um mótun efnahagsstefnu. Fjárlög hafa þegar verið afgreidd. Hvaða stefna var mótuð þar? T. d. sú stefna, að útgjöld og tekjur ríkisins á árinu 1979 skyldu vera innan við 30% af vergri þjóðarframleiðslu. Sú stefna var mótuð í fjárl., sem Alþfl., Alþb. og Framsfl. hafa sameiginlega þegar samþykkt. Þar er líka mótuð sú stefna, að ákveðnu aflafé skuli varið til þess að greiða niður erlendar skuldir þjóðarinnar. Þar er líka mótuð sú ákveðna stefna, að greiðsluafgangur skuli vera rýmilegur hjá ríkissjóði á árinu 1979. Ætla menn að samþykkja þessa stefnu í fjárlögum, en hafna henni annars staðar?

Í dag lagði hæstv. ríkisstj. fram á Alþ. skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun árið 1979. Hvaða stefnu skyldi ríkisstj. vera að móta þar? Hún leggur hana öll fram, allir flokkar ríkisstj. Hún segir í sambandi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, að með samræmdum aðgerðum verði fjárfestingum beint í tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðfélagslega arðbærum atvinnurekstri. Hún segir, að setja skuli samræmdar lánareglur fyrir fjárfestingarsjóðina. Hún segir, að draga skuli úr fjárfestingu á árinu 1979 og heildarfjármunamyndun verði ákveðin takmörk sett. Hún segir, að dregið skuli úr verðþenslu með því að takmarka útlána- og peningamagn í umferð. Hún segir, að fjárfestingarhlutfall af þjóðarframleiðslu skuli ekki fara yfir 25%, og hún segir, að á þessu ári skuli fjárfestingin í hlutfalli af þjóðarframleiðslu vera 24.5%. Það stendur á bls. 5 í þessari skýrslu. Og hún segir, að ákvörðuð skuli lánskjör hjá bæði bönkum og sparisjóðum þannig að raunhæf vaxtakjör verði sett á. Og hún segir, að gert sé ráð fyrir 9-10% samdrætti fjármunamyndunar á árinu 1979. Hún segir, að gert sé ráð fyrir samdrætti í framkvæmdum hins opinbera um 5%. Hún segir, að gert skuli ráð fyrir samdrætti í hitaveituframkvæmdum um 13-14%. Og hún segir: Í forsendum fyrir þjóðhagsspá fyrir árið 1979 er miðað við að neysluvöruverð hækki um 33% að meðaltali á þessu ári og um 30% frá upphafi til loka ársins. Þetta fæli í sér umtalsverða verðbólguhjöðnun á þessu ári, segir hæstv. ríkisstj. og bætir

síðan við: Sá árangur næst þó ekki nema fylgt verði þeirri stefnu í kauplags- og verðlagsmálum, að hækkun peningalauna verði minni en fylgir óbreyttu kerfi vísitölubindingar launa. — Þetta allt saman segir hæstv. ríkisstj. í skýrslu sinni um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem lögð er fram í dag. Þar boðar hún það sem Alþb. nú kallar kauplækkun. Þar boðar hún fjárfestingarhlutfallið 24.5% af vergri þjóðarframleiðslu o. s. frv., o. s. frv. Þetta liggur á borðinu sem stefna hennar. Svo leyfir Alþb. sér að segja, að þetta séu efnisatriði í till. hæstv. forsrh. sem stefni að atvinnuleysi, og er sjálft aðili að till. um nákvæmlega sömu efni sem dreift hefur verið á borð þm. í dag. Það þýðir ekkert að ætla að hegða sér eins og maðurinn sem hafði fyrir sig sér til andlegrar upplyftingar og líkamlegrar hressingar að hlaupa á hverjum morgni hringinn í kringum blokkina sína og komst svo að þeirri niðurstöðu, að hann hefði ekki lengur þol til að standa í því, og eftir það hljóp hann aðeins hálfa leiðina og síðan til baka aftur. Það þýðir ekkert fyrir hv. Alþb. að ætla að fara að stunda slíkar kúnstir.

Einhvern tíma sagði hæstv. forsrh., að það væri rétt að stikla yfir vaðið í stuttum skrefum, en þó þannig að áleiðis miðaði. Það er líka harla lítil von til þess, að þeir Alþb.-menn uppskeri mikið, þegar þeir eru komnir út í miðja ána og fer að sundla, að steypa sér þá til sunds. Það er harla lítill ávinningur í því fólginn. Ég hvet sem sagt menn og þá ekki síst Alþb.-menn sjálfa til þess að kynna sér þær afgreiðslur, sem þeir hafa þegar tekið ábyrgð á í sambandi við atkv. sitt með fjárl. sem eru að sjálfsögðu byggð á ákveðinni stefnumótun, og jafnframt þau markmið sem skýrsla ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979 gerir ráð fyrir og ég var að kynna áðan. Þessi atriði, sem þar eru og ríkisstj. leggur fram, eru sömu atriði upp á stafkrók og Alþb. segir að stefni til atvinnuleysis í till. hæstv. forsrh. Ætlar þá Alþb. að leggja slíkar atvinnuleysistillögur fram í dag og fella þær á morgun?

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. verulega, en mér er skylt að fullnægja þeirri kurteisisskyldu að þakka hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. fyrir svör þeirra við fsp. mínum fyrr í umr., þar sem ég hef á samviskunni að hafa í upphafi fundar hér í dag vakið máls á þessum málum sem mönnum hefur orðið tíðrætt um í þessum umr. En í raun og veru er samviska mín ákaflega góð, vegna þess að ég tel að þessar umr. hafi verið mjög gagnlegar og leitt í ljós það sem nauðsynlegt er að komi fram: ráðleysið og stjórnleysið sem nú ríkir og hæstv. ríkisstj. ber ábyrgð á.

Mér voru það að vísu vonbrigði, að hæstv. forsrh. gat ekki upplýst þingheim um að hverju væri stefnt varðandi meðferð þess frv. er hann lagði fram á fundi ríkisstj. s. l. mánudag, og ekki var á máli hans að heyra, að nein tímamörk væru í huga ríkisstjórnarflokkanna, hvorki varðandi framlagningu frv. né varðandi afgreiðslu frv. Þetta skýtur skökku við ummæli fulltrúa allra stjórnarflokkanna hingað til, — ummæli sem hafa borið vitni um að þeir hafi talið brýna nauðsyn bera til bráðra aðgerða í efnahagsmálum.

Ég skal ekki fara út í að gagnrýna efnislega í löngu máli afsökun hæstv. forsrh. og skýringar á því, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. hefðu ekki verið bráðabirgðaúrræði hingað til, heldur fyrstu aðgerðir. Þegar ég nefni bráðabirgðaúrræði, þá vitna ég beinlínis í orð hæstv. forsrh. fyrr á þingi á þessum vetri og forsvarsmanna annarra stjórnarflokka, sem allir hafa talað um aðgerðir ríkisstj. hingað til sem bráðabirgðaúrræði. Hæstv. forsrh. hrósaði sér af því að hafa eytt 15.5% af kaupgjaldsvísitölunni og launakostnaðarþungi atvinnuveganna hefði verið þeim mun meiri ef það hefði ekki verið gert. Ég held að hann hafi komist svo að orði: Þeim er eytt, þau eru farin út úr heiminum og koma aldrei aftur, a. m. k. voru það orð á borð við þessi eða jafnáhrifamikil. En með hvaða hætti er þeim eytt? Að mestu leyti með auknum niðurgreiðslum.

Nú er það svo, að fjárlög gera alls ekki ráð fyrir óbreyttum niðurgreiðslum allt árið út á yfirstandandi ári, heldur er skortur á fjárframlögum í þessu skyni sem nemur nær 3 milljörðum kr., þannig að það þarf á miðju ári að lækka niðurgreiðslur þegar af þeirri ástæðu, ef halda á áætlun fjárl., og þá mun verðlagshækkun og hækkun kaupgjaldsvísitölu nema um 3—4% af þessum 15.5% sem hæstv. forsrh. hélt fram að væru farin fyrir fullt og allt.

Í öðru lagi má nefna, að að því leyti sem blöð segja frá efni og innihaldi frv. forsrh. frá því á mánudag, þá er gert ráð fyrir enn frekari lækkun niðurgreiðslna bæði á þessu ári og á næsta ári, þannig að niðurgreiðslur nemi ekki meiru en muninum á verði til bóndans og neytandans. Þá munu enn frekar koma aftur inn í kaupgjaldsvísitöluna prósentustigin sem hæstv. forsrh. hrósaði sér af að hafa eytt fyrir fullt og allt.

Sannleikurinn er sá, að úrræði núv. hæstv. ríkisstj. hafa ekki eingöngu verið bráðabirgðaúrræði, þau hafa verið langtum verri en bráðabirgðaúrræði, vegna þess að þau hafa aukið á vandann sem við var að glíma, og skulu ekki höfð fleiri orð um það, svo áliðið sem er dags og þessara umr.

Hv. þm. Bragi Sigurjónsson talaði um nýju fötin keisarans í tengslum við og sem lýsingu á núv. ríkisstj., og get ég vel á þá lýsingu fallist. Hann skaut á síðustu ríkisstj. og talaði um að síðasta ríkisstj. hefði aldrei þorað að gera neitt. Þetta er misminni hjá hv. þm. Í febrúar í fyrra voru til umr. á Alþingi efnahagsaðgerðir af hálfu fyrrv. ríkisstj. sem flokksbræður hv. þm. Braga Sigurjónssonar snerust gegn. Þeir þorðu þá ekki að gera neitt. Þeir höfðu þá ekki kjark. Og ég verð að segja það, að ég sakna þess að kjarkmaður á borð við hv. þm. Braga Sigurjónsson var ekki í þingflokki Alþfl. á síðasta þingi.

Ég hlýt að fagna jákvæðum undirtektum hæstv. viðskrh. undir þá ábendingu mína, að hafnar verði viðræður við fulltrúa Sovétríkjanna og fulltrúa Portúgals til þess að kanna hvort unnt sé að jafna þá sveiflu, sem fyrirsjáanlegt er að verður á verði olíu til hækkunar, sérstaklega þar sem útlit er fyrir að við Íslendingar verðum sérstaklega fyrir barðinu á þessari olíuverðshækkun umfram aðrar þjóðir, eins og málum er háttað.

Ég skal svo að lokum, herra forseti, aðeins segja þetta: Formælendur Alþb. segja frv. forsrh. ekki alvörufrv. Formælendur Alþfl. segja: Þetta eru ekki frv.-drög, heldur frv. sem leggja ber fram þegar í stað á Alþ. Hæstv. forsrh. segir: Ég hef samið það frv. sem mér var falið að semja, ég hef innt af höndum mína skyldu. — Þar með skildist mér að hann vildi þvo hendur sínar, en bætti reyndar við, að væntanlega mundi hann þó hafa einhverja hönd í bagga með málinu áfram. Sannleikurinn kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl., hæstv. yfirráðh., þótt merkilegt megi heita að vissu marki, þegar hann sagði:

Núv. stjórnarflokkar verða að gera upp við sig hvort þeir geta komið sér saman um úrlausn í efnahagsmálum. — Ég tek undir þessi orð, en vil leggja á það megináherslu, að þær samkomulagstilraunir stjórnarflokkanna á milli, sem nú hafa staðið í ríkisstj. nærfellt missiri og þar áður nær tvo mánuði til viðbótar í stjórnarmyndunartilraununum, verða einhvern tíma að taka enda, vegna þess að landið hefur verið stjórnlaust og verður stjórnlaust meðan svo háttar að aðstandendur ríkisstj. geta ekki komið sér saman um eitt eða neitt.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Það var eiginlega tvennt sem ég vildi koma að hérna, þó að mjög sé liðið á fundartímann.

Ég vil endilega minna á þegar við ræddum um efnahagsmál í lok nóvembermánaðar s. l. og til umr. var frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem við Alþfl.-menn vorum ekkert ýkjahrifnir af að samþykkja í þeirri mynd sem það frv. kom fram í. Það frv. varð mér á að kalla vettlingatök á verðbólgunni, og ég meina sannarlega að svo hafi verið. En þó ekki væri í þeim lögum gert nema lítið til þess að spyrna við verðbólgunni voru aths. með lagafrv. þar sem veruleg drög voru lögð að því að marka þá stefnu sem ríkisstj. eða a. m. k. forsrh. virðist vera að leggja fram núna. Og ég vil minna Alþb.-menn á, að þeir samþykktu allar þessar aths. með frv. um leið og þeir samþykktu frv. þó að aths. hafi vissulega ekki lagagildi. Eigi að síður samþykktu þeir þær. Bæði frv.-drög þau, sem við Alþfl.-menn sömdum í desembermánuði, þar sem við stefndum að því að láta á það reyna, hvort menn meintu það sem þeir samþykktu þegar lagt var fram þetta frv. og aths. með því, — það frv. okkar Alþfl.-manna og núverandi frv. hæstv. forsrh. eru beinlínis unnin upp úr þessum aths. Öll meginstefnumörkun í þessum tveimur frv. eða frv.-drögum, eins og menn vilja kalla það, er það, sem samþ. var á Alþ. í lok nóvembermánaðar s. l.

Af því að hv. þm. Bragi Sigurjónsson er farinn héðan af fundi núna vil ég aðeins með örfáum orðum fá að þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör sem hann gaf við spurningum sem hv. þm. beindi til hans. Þessi svör eru hins vegar það veigamikil og málið í heild, að ég vil ekki fara ítarlega í umr. um þetta mál núna heldur bíða þess og vona að tekið verði til umræður þetta mál okkar, sem er búið að vera alloft á dagskrá hér, en hefur ekki fengist rætt til hlítar, þó að það kæmi fram á fyrstu vikum þingsins. Ástæður til spurninga hv. þm. Braga Sigurjónssonar voru fyrst og fremst þær geigvænlegu hækkanir sem fyrirsjáanlegar eru á olíuverði nú á næstunni. Í svari hæstv. iðnrh. kom m. a. fram, að mikill hluti þjóðarinnar utan Reykjavíkursvæðisins býr við olíukyndingu húsa sinna og allur sá hluti þjóðarinnar á yfir höfði sér að kyndingarkostnaður húsa hækki um 240 þús. kr. á ári, en hugsanlegt að ríkið komi aðeins til aðstoðar 50 þús kr. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir hans góðu ræðu og þá ræðu sem hann flutti áður um þessa þáltill. okkar nafnanna. Hins vegar má benda á að enn hefur ekki komið fram í umr. að við eyðum á Íslandi æðimikilli orku sem fer forgörðum. Ég á þar við það sem ég þekki til, að stóriðjan á Íslandi er með mjög mikla orku sem ég hygg að ekki sé nýtt til fullnustu. Og ég hygg það ekki bara, því að ég veit það, að þegar Grundartangaverksmiðjan verður komin í gagnið, þá fer þar orka til spillis sem nægja mundi miklu meira en til að hita upp allt Akranes. En þó að tvisvar sinnum hafi verið gerðar rannsóknir á því máli, þá hefur ekki verið áhugi hjá eigendum verksmiðjunnar, sem eru að miklu leyti íslenska ríkið, til að halda áfram þeim rannsóknum. Það er vitað mál, að það er kostnaðarlega hagkvæmt að virkja þá afgangsorku sem þar kemur fram við brennslu kolsýrlings eða kolmónoxíðs. Einnig veit ég að sementsverksmiðjan á Akranesi er með mikla hitaorku, sem einu sinni var athugað um að hita upp sjúkrahúsið með og aðrar opinberar byggingar á Akranesi. En það vantaði áhuga hjá stjórn ríkisfyrirtækisins til að nýta þessa orku.

Þetta og annað viðvíkjandi þáltill. munum við láta bíða að sinni, en ég fagna því, að iðnrn. virðist nú taka jákvætt í þetta mál sem Alþfl.-menn hafa áður flutt á þingi, en ekki verið gert neitt í málinu eða mjög lítið þar til nú.

Hins vegar er ég ekki alveg hress yfir öðrum þáttum iðnrn. gagnvart hitaveitumálum. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar fór í haust fram á að á lánsfjáráætlun yrði sett lán upp á 2000 millj. kr. Það voru gefin góð orð um eitthvað af þessu, en þetta hefur verið búið niður í nokkrum áföngum, og nú sé ég í plagginu um lánsfjáráætlun, sem lagt var á borð okkar í dag, að það er komið niður í 750 millj. Þetta er fyrirtæki sem hefur öruggan rekstrargrundvöll, þar sem við þurfum ekki að leita að vatni. Við höfum vatnið í Borgarfirði þar sem renna 180 lítrar af sjóðandi vatni á sekúndu til einskis. En vatnið eigum við ekki. Beiðni til rn. um það að afla þessara verðmæta með lögum hefur í 10 mánuði legið í rn. Svona vinnubrögð eru ekki til þess að vekja traust á því, að við stefnum rétt í orkumálum.

Sameinað þing, 54. fundur.

Mánudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Nefnd þingmanna til að kanna rekstur Flugleiða og Eimskipafélags Íslands með tilliti til einokunaraðstöðu, þáltill. (þskj. 14). — Frh. fyrri umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er svo langt um liðið síðan ég bað um orðið að það, sem ég hafði þá hugsað mér að segja, hefur að einhverju leyti færst til í höfðinu á mér, svo margt hefur gerst á þessum tíma. Eitt atriði er þó sem enn stendur þar fast, og það er í ræðu hv. flm. þáltill. á þskj. 14. Hann segir í þessari ræðu m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ljóst að flutningur till. markar viss þáttaskil í þeim starfsháttum, sem tíðkast hafa hér á Alþ., og endurspeglar þess vegna breyttar kröfur og breyttan hugsunarhátt í þjóðfélaginu um starfshætti sem mundu auka framlag Alþ. til lausnar vandamála sem þjóðin á við að glíma hverju sinni."

Þetta er nánar skýrt í sömu ræðu, með leyfi hæstv. forseta: „Þessi till. hefur vakið miklar umr.," segir þar.

Það, sem ég vil fyrst víkja að, eru þau þáttaskil sem till. boðar og stefna í aðra átt en var minn hugsunargangur þegar ég fór inn í íslensk stjórnmál. Ég hafði þá hugsað mér að vinna þar að framkvæmd þjóðmála þannig að það væri til að bæta þjóðfélagið, eins og það var hugsað fyrir 20 árum, á sviði félagsmála, samgöngumála, heilbrigðismála og fleiri þátta sem hafa verið aðalverkefni alþm. á þeim 23 árum sem ég hef setið á hv. Alþ. Hefði þetta hins vegar verið þannig, að það hefði átt að kjósa hv. alþm. til þess að þeir væru nokkurs konar rannsóknarréttur í þjóðfélaginu og ættu að endurskoða fyrirtæki og fleira þess háttar, þá held ég að tilvera mín í stjórnmálum hefði aldrei orðið nein. (**Gripið fram í:** Það hefði verið illa farið.) Það hefði verið illa farið, það er rétt, því margt hef ég gert og að mörgu góðu unnið. En það hefur verið á öðrum sviðum en rannsóknarmálum. Ég vona a. m. k. að nafn mitt verði einhvern tíma nefnt í sambandi við brúna yfir Borgarfjörð þegar þessi hv. þm. kann að fara þar yfir, en það mál var rannsakað með eðlilegum hætti af þar til settum embættismönnum til þess að ákvarða hvaða leið væri heppilegust til þess að leysa úr samgöngumálum fyrir eða yfir Borgarfjörð.

Það, sem hér er nú komið fram, er að rannsaka þrjú stórfyrirtæki. Í þessari þáltill. er gert ráð fyrir að sérstakri rannsóknarnefnd verði falið að vinna að rannsókn á starfsemi Flugleiða og Eimskipafélags Íslands. Þetta eru tvö stærstu fyrirtækjum í þessu landi. En í kjölfar þessarar þáltill. fylgdi svo önnur, þar sem gert var ráð fyrir að taka eitt stærsta fyrirtæki landsins, Samband ísl. samvinnufélaga, til rannsóknar líka.

Ég hef verið að velta því fyrir mér ef þetta yrði niðurstaða hér á hv. Alþ. Þá datt mér í hug að atvikin höguðu því svo, að á þessum vetri fór ég til Rússlands, sem að vísu er ekki í frásögur færandi. En meðal þeirra staða, sem mér voru sýndir þar, voru ýmsir merkisstaðir í höfuðborginni Moskvu. Þar var mér sýndur háskóli, geysilega mikið hús og mikil stofnun. Að vísu var það aðeins að utan, því gefin var sú skýring á að skoða þessa stofnun að innan, að barn, sem færi inn í stofnunina eins árs gamalt, kæmi út úr henni aftur 100 ára gamall ef farið væri í hvert einasta herbergi í þessum háskóla og engin töf yrði á leiðinni. Mér datt þetta í hug þegar ég fór að virða fyrir mér hugmyndir um að endurskoða þessi þrjú fyrirtæki. Það er skoðun mín, að ef hv. þm. framkvæmdu það eins og þarna er gert ráð fyrir, þá mundi það taka þá hv. alþm., sem til þess voru kjörnir, allan þann tíma sem þeir sætu á þingi. Og satt að segja fannst mér illa farið með góðan grip, þ. e. hv. þm., ef ætti að fara að láta þá hafa slík verkefni, því að vafalaust mundu einhverjir af þeim þm., sem lentu í þessum verkefnum, ekki hafa farið inn á Alþ. vegna þess að þeir hefðu ætlað sér í rannsóknarrétt. Þess vegna vil ég þegar segja það, að ég er algerlega andstæður þeirri skoðun, að alþm. eigi að fara að starfa eins og þeir væru í rannsóknarrétti, því að ég álít að þeirra för til Alþingis hafi verið gerð með annað í huga en að taka það að sér.

Okkar vald er þrískipt, þ. e. löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdavald, og milli þessara aðila á að halda þeirri skiptingu sem verið hefur, en ekki fara að breyta því og gera löggjafarvaldið að rannsóknarvaldi. Á því byggist afstaða mín til þessa þáttar till., sem hún í raun og veru er byggð á, að því sem mér skilst á ræðu hv. flm., að þetta sé grundvöllurinn að tilkomu hennar. Ég vil líka halda því fram, að auk þess finnst mér illa með þá þm. farið sem verða látnir taka þetta verk að sér, og ég vil ekki eiga þátt í því að valda þeim leiðindum sem þar féllu í þeirra hlut. Einnig er afskaplega fjarri mér að trúa því, að það væri vel að staðið að láta pólitíska alþm. fara í slík rannsóknarstörf. Og mér finnst, þegar ég les framsöguræðu hv. flm., að þá staðfestist þessi skoðun mín, að hugsunarhátturinn og hugmyndirnar, sem séu á bak við flutning till., gefi einmitt ástæðu til að ætla að hv. alþm. væru illa til þess fallnir að fara í slík rannsóknarstörf. Ég held að þeir séu um of með fyrir fram mótaðar skoðanir til þess að geta unnið slíkt verk sem nauðsyn ber til ef endurskoðun á sér stað.

Hitt verð ég að segja, að fyrir hv. Alþ. liggur frv. um ríkisendurskoðun og samband Alþingis og þeirrar stofnunar. Þar á löggjafarþingið að ákveða hvernig það eigi að fylgjast með ríkisrekstrinum, sem er ein af skyldum þess. Ég lít svo á að það frv. sé eðlilegt, því þar sé um að ræða endurskoðun af hálfu ríkisins á starfsemi ríkisins sjálfs og meðferð þeirra fjármuna og rekstri þeirra stofnana sem ríkið sjálft rekur. Ég hef nokkuð kynnst þessari starfsemi og veit að hún er mjög mikilvæg og veit líka að hún er afskaplega tímafrek. En mér verður hugsað til þess nú, að þegar kosið var til endurskoðunar á ríkisreikningi á yfirstandandi þingi, þá var málum hagað svo að enginn þm. var kosinn til endurskoðunar. Þar er einn varaþingmaður, en hinir eru ekki þm. Eg tel að þetta sé misráðið, þarna þurfi Alþ. að vera á verði og eigi að vera, og byggi það á reynslu minni í þessu starfi og sem fjmrh., að þarna beri brýna nauðsyn til og fyrst og fremst beri að vinna að því að ná góðu samstarfi á milli hinna þingkjörnu fulltrúa og ríkisendurskoðunar, því að annars næst ekki góður árangur í þessu starfi. Mér finnst því að hefði verið ástæða til að haga þessu öðruvísi, en við því er ekkert að segja. Þetta er saga sem hefur endurtekið sig og er því ekki sérstaklega á ferðinni nú, þó að svona hafi til tekist að þessu sinni.

Ég vil hins vegar víkja að því sem kemur fram í framsöguræðu hv. flm., þar sem hann telur að till. hafi vakið athygli, sem hún hefur vafalaust gert, og vitnar þar til þess, að hún hafi verið tekin upp í fjölmiðlum, bæði í

útvarpi og sjónvarpi. Nú ætla ég mér ekki að fara að telja mér trú um að ég geti leiðbeint þessum stofnunum um hvernig þær eigi að haga sínum verkum. Hitt verð ég að segja, að mér finnst heldur óviðfelldið um mál sem er þingmál og ekki er komið til umr. á hv. Alþ., að framsaga fyrir því skuli fara fram í útvarpi og sjónvarpi, eins og átti sér stað í þessu máli. Ég segi ekki að það sé vitni um ágæti þess, heldur þau vinnubrögð sem þar eru viðhöfð og ég tel að mjög orki tvímælis. Út af fyrir sig mega þessar stofnanir velja sér til viðræðu þá menn sem þær helst kjósa. En að framsaga um þingmál fari fram í fjölmiðlum áður en hún fer fram á Alþ., það er ekki að mínu skapi eða eftir mínum skilningi á störfum Alþingis. Ég tel það ekki eðlilega virðingu við Alþ. sem stofnun, sem ég vil í heiðri hafa, og tel því mistök þegar slíkt á sér stað. En um það ætla ég ekki að hafa fleiri orð en ég hef þegar gert.

Það, sem ég vildi svo segja frekar um þetta mál, er fyrst og fremst að því er varðar Flugleiðir, því að ég hef haft af málum þeirra nokkur afskipti. Á sínum tíma, þegar vinstri stjórnin 1971—'74 sat að völdum, voru málefni Flugleiða, eða Flugfélags Íslands og Loftleiða, mjög til meðferðar. Það, sem þá gerðist, var að samkeppni milli þessara aðila var svo mikil að ríkisstj. óttaðist að fyrirtækin mundu ekki þola slíka samkeppni og við gætum orðið í vissri hættu ef hún héldi þannig áfram.

Ég tel að skilningur á þessu komi fram í ræðu hv. flm., framsöguræðunni, þar sem hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 1339. dálki:

„Það þarf ekki að tíunda það fyrir hv. alþm., hvað mikilvægur grundvallarþáttur samgöngukerfisins er í nútímaþjóðfélagi. Fyrir eyþjóð eins og Íslendinga hefur baráttan um forræðið yfir samgöngutækjunum verið einn af hornsteinum sjálfstæðisbaráttunnar, sem þjóðin hefur löngum háð bæði fyrir og eftir lýðveldisstofnunina."

Ég er hv. flm. sammála um þetta. Af þessum ástæðum taldi þáv. ríkisstj. — og í þeirri ríkisstj. var Hannibal Valdimarsson þá samgrh. — að nauðsyn bæri til að vinna að því, að þessi átök leiddu ekki til þess, að þessum þætti samgöngukerfis okkar væri stefnt í hættu. Þess vegna var það sem ríkisstj. tók sjálf upp beint samband við þessa aðila til að reyna að koma á sameiningu þeirra. Ef vald fyrirtækisins er orðið slíkt, að ástæða sé til að rannsaka starfsemi þess á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir, þá ber sú ríkisstj. og þeir sem í henni sátu, þ. á m. ég, ábyrgð á því að hafa unnið að þessum málum. Engin ástæða er til að leyna því eða koma sér fram hjá því, að ef hér hefur verið rangt að verki staðið, þá bar ríkisstj. sú sem þá sat, ábyrgð á því. Það var hins vegar skoðun hennar að nauðsyn væri að vinna þetta verk. Það tók allverulegan tíma og var oft og tíðum æðið tvísýnt. En það tókst samt að koma þessu saman á þann hátt að sameina þessi fyrirtæki. Ég tel að forusta ráðuneytisstjórans í samgrn. hafi verið mjög farsæl og sterk við að koma þessu í framkvæmd. Ég er enn á þeirri skoðun sem ég var þá, að brýna nauðsyn bar til að koma þessu í framkvæmd, m. a. vegna þess að flugsamkeppnin í veröldinni er orðin svo mikil og hin stóru flugfyrirtæki í veröldinni hafa sameinast, bæði á Norðurlöndum og eins í Bandaríkjunum, til þess að verða sterkari í þessari samkeppni. Þrátt fyrir þá sameiningu, sem gerð var með Loftleiðum og Flugfélaginu í Flugleiðir, er samkeppni Flugleiða t. d. í Atlantshafsfluginu mjög hörð og erfið eins og nú er. Staða þeirra er ekki of sterk þó að þetta hafi verið gert. Hins vegar hefur það jafnan verið svo, að Flugleiðamenn hafa staðið sig vel í flugstarfseminni og störf þeirra hafa því yfirleitt verið farsæl, þó að þeir hafi á s. l. ári orðið fyrir slysi, sem alltaf getur komið fyrir og var mjög sorglegt eins og kunnugt er. En ég vil endurtaka það, að ég tel að það hafi verið mikil ástæða til að vinna að þessari sameiningu. Ég vil líka benda á það, að millilandaflug er háð leyfum stjórnvalda. Þess vegna getur þar ekki verið um einokun að ræða, vegna þess að viðkomandi stjórnvöld verða að gefa leyfi til þess að flug geti átt sér stað á milli landa.

Ég minnist þess einnig, að þegar ég fór sem samgrh. til Lúxemborgar og ræddi við samgrh. þar, sem nú er hættur störfum, þá kom það einmitt fram hjá honum, að þeir þar í landi vildu miklu heldur eiga samstarf við Íslendinga um flugmál, vegna þess að þar væri um smáþjóð að ræða, heldur en við stóru þjóðirnar sem mjög sæktu á að komast inn á þeirra markað. Ráðh. í Lúxemborg spurði um það, hver afstaða íslenskra stjórnvalda væri til flugstarfseminnar hér, og taldi að það hefði auðvitað mikil áhrif á þá, að hún væri skynsamleg, og þess vegna mundu þeir reyna að leggja sitt til að Flugleiðir gætu haldið starfsemi sinni áfram, því að ekki var því að neita, að þeir voru búnir að verða fyrir verulegu áfalli þegar flugfélögin voru sameinuð. Ég teldi því mjög illa farið og hættulegt fyrir okkur, ef staða okkar gagnvart Lúxemborg væri orðin veikari en hún þá var, og kann ekki skil á því, hvernig núv. stjórnvöld þar huga að þessum málum. En ég vil sérstaklega vekja athygli á þessu, því að þetta kom mjög greinilega fram.

Út af því, sem fram kemur í sambandi við þessa till. um þátttöku Flugleiða í ýmsum öðrum flugfélögum hér innanlands og annarri slíkri starfsemi, vil ég segja það varðandi eignarþátttöku þeirra í hinum minni flugfélögum hér, að ég hygg a. m. k., að því leyti sem ég kann skil á því, að það hafi ekki síður komið frá hinum einstöku minni félögum úti á landsbyggðinni en frá Flugleiðamönnum og það hafi verið gert til þess að reyna að ná betri árangri í innanlandsfluginu en áður hefur verið. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fargjöld hér innanlands hjá Flugleiðum og í öllu flugi eru háð leyfi stjórnvalda. Það hefur jafnan verið svo, að í umsóknum frá Flugleiðum hefur verið sótt um hærri fargjöld en leyfð hafa verið. Og þeir Flugleiðamenn hafa haldið því fram og á þeim reikningum hefur það komið fram, að tap hafi yfirleitt verið á innanlandsfluginu. Nú má svo sem um þetta deila eins og fleira. Hitt held ég að sé samt ljóst, að hin önnur flugfélög, sem hér hafa starfað, hafa ekki talið sig hafa þann hagnað af þeirri starfsemi, að ekki hafi þurft á einn eða annan hátt að fá aðstoð, og m. a. hefur þátttaka Flugleiða í eignaraðild að þessum fyrirtækjum verið, að því er ég best veit, byggð á ósk þessara litlu fyrirtækja. Venjulega hefur það verið svo, að hér sé um að ræða minnihlutaaðild Flugleiða í þessum fyrirtækjum, að þeir, sem fyrir voru, hafi þar meiri hl., en ekki Flugleiðamenn.

Ég veit að það má deila um einstaka þætti í starfsemi Flugleiða eins og annarra fyrirtækja, enda er fjarri mér að halda því fram, að þar séu einhverjir englar að verki, og ég vil hafa mennina mannlega, en ekki engla.

Ég veit líka um sum fyrirtækin, t. d. Hótel Húsavík, að það voru ekki Flugleiðamenn sem sóttu á að verða þar hluthafar. Hótel Húsavík var í mjög erfiðri fjárhagsstöðu og þurfti að auka hlutafé sitt, en vantaði kaupendur að því hlutafé sem búið var að ákveða að selja, og það var að þeirra ósk að Flugleiðir gerðust þar aðili.

Ég tel líka að það hafi sýnt sig, að hin önnur flugfélög, sem hafa hafið hér flug landa á milli, hafi ekki treyst sér til að halda því áfram, t. d. Arnarflug. Arnarflug og Air Viking fengu yfirleitt þau leyfi sem þau báðu um í sambandi við flug landa á milli, nema áætlunarflugið, það fengu þau ekki, en að öðru leyti þau flug sem beðið var um. Það eina, sem hefur verið haft eftirlit með, eru Kaupmannahöfn og London, en að öðru leyti fengu þau umsóknir sínar afgreiddar meðan ég þekkti þarna til. Þrátt fyrir þetta hefur orðið sú breyting á þarna sem raun hefur borið vitni og ég kann ekki að greina ástæður fyrir. Þó að það gerðist ekki löngu eftir að ég hætti sem samgrh., að Arnarflug seldi Flugleiðum hluta af sínu hlutafé, þá kom það ekki til umr. í samgrn. og fór fram án þess að það ætti þar neina aðild að, enda ekki um það að ræða, því að það var ákvörðun þeirra um ráðstöfun á sínum eignum.

Það, sem ég vildi svo segja um Flugleiðir að öðru leyti, er að það dregur enginn í efa, og ég veit að hv. flm. gerir það ekki heldur, að þýðing Flugleiða á íslenskum atvinnumarkaði er óumdeilanleg. Um þessar mundir starfar meira en hundraðasti hver Íslendingur hjá félaginu. Þetta þýðir ekki að Flugleiðir séu risafyrirtæki á erlenda vísu, eins og ég gat hér um áðan. Jafnvel á mælikvarða nágrannaþjóðanna á Norðurlöndum eru Flugleiðir lítið fyrirtæki.

Okkur er nauðsyn á eigin samgöngum. Vegna þess ber okkur Íslendingum að standa saman um Flugleiðir.

Flugleiðir og starfsfólk félagsins greiðir mikla skatta til samfélagsins. Áður en aukaskattheimta var ákveðin á s. l. hausti námu skattar og útsvör starfsfólks Flugleiða 780 millj. kr. Sjálft var félagið þriðji hæsti skattgreiðandi í Reykjavík með 139 millj. kr. (Gripið fram í.) Veltan, já, hún var mikil líka, enda verður að vera allmikil velta til þess að það sé hægt að leggja svona mikla skatta á. Það er ljóst.

Flugleiðir og þau félög, sem stóðu að stofnun þess, hafa aldrei sótt um eða fengið styrk til rekstrar síns, eins og algengt er í nágrannalöndunum. Þrátt fyrir að innanlandsfargjöldum hafi verið haldið óeðlilega lágum að dómi þeirra, svo tap hefur verið á þeim, hefur félagið ekki farið fram á stuðning í formi ríkisstyrks. Hins vegar vonast félagið eftir því að fá að selja framleiðslu sína á sannvirði.

Íslenskir ráðamenn hafa verið vinsamlegir Flugleiðum og veitt þeim stuðning við flugvélakaup í formi ríkisábyrgða. Ég vil hins vegar taka það fram, að flugfélögin, Flugfélag Íslands, Loftleiðir og Flugleiðir, hafa aldrei látið falla á ríkissjóð slíkar greiðslur. Ef það hefur komið fyrir áður að greitt væri í bili, en það hefur ekki verið gert á síðustu árum, þá hefur það verið greitt mjög fljótlega upp. Ríkissjóður hefur því ekki þurft að greiða vegna flugsins neinn eyri til þessa.

Um það leyti sem Flugleiðir voru stofnaðar voru bæði íslensku flugfélögin, eins og ég sagði áðan, rekin með halla. Þess vegna var það að út í þetta var farið. Það, sem hefur gerst síðan, er að nýtingarhlutfallið á flugvélum félagsins hefur batnað allverulega. Tölvukerfi það, sem hefur verið tekið upp hjá þessum fyrirtækjum, hefur og átt sinn þátt í að bæta þessa stöðu.

Ég vil segja það, að ljóst er að það er óhugsandi í þeirri samkeppni sem þetta fyrirtæki þarf að halda uppi við erlenda aðila að hægt sé að hafa mjög lítil fyrirtæki í þessum samgöngum.

Ég vil líka segja það í sambandi við þessa till. og þær umr., sem hafa orðið um hana, og þessar rannsóknartillögur um stórfyrirtæki hér á landi, að á vissan hátt finnst mér að það sé dálítið skrýtinn hugsunarháttur á bak við þetta. Það hefur komið fram, að stórfyrirtæki, sem voru hér á landi þegar ég var ungur og var að alast upp, eru nú ekki lengur til. Mér finnst að það sé ekki þetta sem eigi að vera hið æskilega, heldur hitt, að fyrirtæki geti eflst og starfað og starfað áfram. Ég minnist þess eitt sinn á framboðsfundi á Vesturlandi, að þar var gerð allhörð atrenna að Sambandi ísl. samvinnufélaga og Kaupfélagi Borgfirðinga. Nokkur deila varð auðvitað á fundinum út af þessu, og sá, sem gerði þessa árás, taldi að það væri munur á nú með hallir samvinnumanna og áður afgreiðsluna í fjörunni í Húsavík í upphafi Kaupfélags Þingeyinga. Ég tók eftir því, þegar ég var að ganga út úr fundarsalnum eftir þessar umr., að þá voru tveir menn að ræða um það sem þarna hafði komið fram. Þá sagði annar þeirra: „Til hvers stofnuðu Þingeyingar kaupfélag sitt. Það var til þess að fara úr fjörunni upp á bakkann." Ég álít að það, sem við höfum gert, bæði á því sviði og í samgöngumálum okkar, hafi einmitt verið að fara úr fjörunni upp á bakkann. Við höfum verið að vinna að því að efla þessa starfsemi og reyna að búa sem best að henni.

Nú má halda því fram, ef það er skoðun hv. þm., að fyrirtæki eins og Flugleiðir gæti verið rekið á vegum ríkisins. (Gripið fram í.) Ég hef aðra skoðun á því og tel að það, sem ríkið þurfi að sjá um í sambandi við samgöngur í flugi, séu flugvellirnir og aðbúnaður á þeim. Fyrir tveimur árum eða svo lét ég sem samgrh. gera sérstaka úttekt á flugvöllum hér á landi og aðbúnaði þeirra. Sú skýrsla, sem hv. Alþ. fékk vorið 1977 og var síðan rædd hér á þingfundi í fyrra, vorið 1978, sýndi að mjög skorti á þjóðfélagið að sinnti þessu verkefni sínu eins og nauðsyn bæri til. Þetta bendir til þess, að það sé fjarri því að þjóðfélagið í heild geti bætt þar á sig verkefnum sem það eigi að sinna. Þeirri úttekt, sem unnin var af n. þeirri sem ég skipaði og ég ræddi hér um, á þskj. 533 á síðasta þingi, fylgdi áætlun um það, hvernig leysa mætti þessi verkefni. Því miður er sú áætlun úr skorðum gengin vegna þess að ekki hefur verið hægt að leggja til það fjármagn sem þurfti til þess að halda áætluninni. M. a. hefur nú verðbólgan valdið því, og fjárhagsgeta okkar hefur ekki verið talin leyfa það að unnið væri að þessu verki á þann hátt sem nauðsyn bar til að gera. Þess vegna held ég að okkur beri að sinna þeim þætti með meiri dugnaði og meiri krafti en við höfum þegar gert, en fara ekki að eyða tíma þm. í að rannsaka starfsemi Flugleiða. Það tel ég illa farið með þeirra tíma og hæfileika, því ég hygg að þeir séu frekar á öðrum sviðum. Frá sjónarmiði þjóðarheildinnar ber brýna nauðsyn til að snúast í sókn í sambandi við flugvelli og flugöryggismál þeirra meira en gert hefur verið og meira en gerð var tilraun til í sambandi við undirbúningsvinnu að þessari skýrslu og fyrstu framkvæmd hennar.

Ég vil líka segja það, að ef yrði farið að samþykkja hér á hv. Alþ. að skipa n. til að rannsaka starfsemi fyrirtækja eins og Flugleiða, Sambandsins og Eimskipafélagsins, og svo kæmu vafalaust einhverjir fleiri á eftir, þá get ég ekki skilið annað en við mundum veikja stöðu þessara fyrirtækja á erlendum vettvangi mjög alvarlega og það svo að orkaði mjög tvímælis hvort þau þyldu slíkt. Ég held það væri sama hvort um væri að ræða lánstraust eða önnur

viðskipti eða leyfi sem aðrar þjóðir verða að veita flugfélögunum til þess að lenda hjá sér, að ef það lægi fyrir, að fyrirtækið væri undir opinberri rannsókn nefndar kjörinnar af þjóðþingi, þá hef ég ekki trú á að það yrði auðsótt að fá lendingarleyfi fyrir slíkt fyrirtæki. Það hefur reynst nógu erfitt að komast að þeim samningum, og t. d. nú fyrir stuttu urðu Flugleiðir að hopa í sambandi við lendingar í Glasgow. Það var dregið úr því, og tókst þó í þetta sinn að stöðvast á miðri leið frá því sem hugsað var af heimaaðilum.

Ég trúi ekki öðru en hv. flm. þessarar till. hafi tæplega hugsað þennan þátt svo sem nauðsyn bar til, því það væri óhugsandi að Alþ. væri ekki virt meira en svo, að ef það gerði slíka samþykkt, ákveða rannsókn á þessum fyrirtækjum, hefði það engin áhrif út á við. Mér finnst algjörlega óhugsandi að það gæti skeð, og ég trúi því ekki, að nokkur geti haldið því fram með rökum að hægt væri að hugsa sér það.

Ég tel því að farið væri með þetta mál inn á mjög hættulega braut ef þessi till. yrði samþykkt.

Í fyrsta lagi, eins og ég gat um í upphafi, er verið að breyta vinnubrögðum Alþingis frá því, sem hér hefur verið, svo gjörsamlega að þeir þm., sem færu inn á þetta svið, gætu ekki sinnt löggjafarstarfseminni eða tekið þátt í athugun á efnahagsmálum eða öðrum þáttum þjóðfélagsins sem hv. alþm. munu kannast við að þurfa að taka þátt í, bæði á þessu þingi og öðrum — ég held eins langt skeið og ég man og ekki heldur hugað að eðlilegri uppbyggingu í þjóðfélaginu og öðru slíku. Auk þess væri verið með aðdróttanir um að þessi fyrirtæki væru sérstakrar gerðar sem þyrfti að athuga. Í þriðja lagi vil ég benda á það sem ég sagði áðan, að það var ríkisstj. á árunum 1971-1974 sem gekkst fyrir sameiningu þessara félaga og hefur meira að segja átt fulltrúa hjá Loftleiðum, a. m. k. fram að þessu, til þess að fylgjast með, m. a. í sambandi við ábyrgð ríkissjóðs. Auk þess, eins og ég nefndi áðan, getur ekki orðið um einokunarstarfsemi að ræða í sambandi við flug landa á milli, vegna þess að þar er hörð samkeppni og lendingar eru háðar leyfum. Fleira mætti til tína sem ég ætla nú ekki að fara út í.

Út af Eimskipafélagi Íslands ætla ég nú ekki að eyða löngum tíma. Það var eitt af óskabörnum þjóðarinnar. Ég minnist þess úr þeirri ríkisstj. sem ég sat í á árunum 1971-1974, þegar þetta óskabarn átti 60 ára afmæli, að þáv. viðskrh. hugsaði málið á þann veg, að hann samþykkti þá beiðni Eimskipafélagsins um að kaupa þá sex skip af þessum þrettán sem um er talað þarna. Nú kann ég ekki skil á því, hvort þeir Eimskipafélagsmenn hafi verið nógu heppnir eða nógu hyggnir í innkaupunum. Þar kann ég ekkert um að dæma. Ég held hins vegar að þáv. viðskrh. hafi kunnað þar nokkuð til og hann hefði ekki beitt sér fyrir að þetta leyfi væri veitt nema af því hann hefði sjálfur haft trú á að þetta væri rétt. Ég reyndar efast ekki um það.

Ég vil líka segja það, að það er fjarri því að þetta fyrirtæki geti ráðið hér flutningum eða haft einokunaraðstöðu hér. Hvort tveggja er, að það eru fleiri fyrirtæki hér á landi, Sambandið o. fl., sem annast vöruflutninga, og enn fremur er sá möguleiki fyrir hendi að erlendar þjóðir geri það líka. Hættan fyrir okkur, ef við veikjum stöðu þessara fyrirtækja, er einmitt sú, að við séum að ryðja brautina fyrir því að erlendar þjóðir geti tekið meiri þátt í okkar samgöngukerfi, bæði á sviði fólks- og vöruflutninga. Því finnst mér að það eigi sama við í þessu tilfelli og hinu fyrra, að staða fyrirtækisins út á við hjá öðrum þjóðum hlyti að veikjast og það mjög alvarlega, ef í ljós kæmi að íslenska löggjafarþingið hefði talið ástæðu til að taka þessi fyrirtæki til sérstakrar meðferðar. Þess vegna skortir mig skilning á því, hver árangurinn yrði af því ef slíkt væri gert, enda segi ég það enn og aftur, að ég treysti ekki pólitískum alþm. til þess að fást við það. Það yrðu þá að vera aðrir aðilar, ef þjóðin teldi ástæðu til að gera slíkt. En ég tel hina mestu fásinnu að halda að slíkt eigi að gera og er því mótfallinn þessari till. af þeim grundvallarástæðum sem ég hef nefnt.

Ég get líka sagt það, og það er sennilega einhver fyrirboði um þau nýju vinnubrögð sem sumir hv. þm. vilja koma hér á, að mér hefur verið sagt það — ekki hér innan Alþ., heldur úti í bæ, sem ég veit ekki hvort er rétt, að þn. ein sé að rannsaka mál eins aðila sem stundum hefur komið hingað með kvörtun í sambandi við Alþingi og embættismenn. (Gripið fram í.) Ég vil ekki fara frekar út í það mál að sinni. En ef það væri rétt, þá vil ég segja að það mál hefur verið hér til meðferðar á Alþ. Það er hávísindalegt mál, og ég veit ekki til að það sé nokkur hv. alþm. á þingi hér nú sem geti tekið að sér slíka rannsókn. Ef slíkt mál kæmi til kasta Alþ., þá fengi það sína venjulegu meðferð þar. En þá mundi ég að sjálfsögðu vitna til þeirra gagna sem voru lögð fram í því máli á sínum tíma og urðu til þess, að þeir hv. alþm., sem þá voru flm. að því, endurfluttu það ekki.

Hins vegar finnst mér það alvarlegast, ef hv. Alþ. telur sig hafa rétt til að kalla fyrir sig Pétur og Pál og meðhöndla þá eins og fyrir rannsóknarrétti væri. Þessi sögn, ef rétt er, styður þá grundvallarhugsun mína í sambandi við þetta mál, að hér sé verið að fara inn á braut sem ég vona að hv. Alþ. beri gæfu til að víkja frá.

Umr. frestað.

Varnir gegn olíumengun í nágrenni Keflavíkurflugvallar, þáltill. (þskj. 44). — Frh. einnar umr.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég er lítið kunnugur umr. hér á hv. Alþ. og það er kannske þess vegna sem ég kann ekki að meta „trakteringar" eins og þær sem hv. þm. Jónas Árnason sendi okkur Suðurnesjamönnum þegar hann ræddi hér um daginn um mengun af völdum olíu á Keflavíkurflugvelli. Hann taldi eitt helsta ráðið í þessum vanda að hressa upp á manndóm Suðurnesjamanna. Þrátt fyrir ókunnugleika á úrræðum þm. til lausnar vandamála yfirleitt efast ég um að algengt sé að benda á lausn sem þessa og líklegast að hún sé aðeins dæmi um manndóm þessa hv. þm. sjálfs.

En um það mál, sem hér er til umræðu, get ég upplýst að fyrir nokkrum árum bauðst hópur sérfræðinga frá Orkustofnun til þess að kanna hvað langt væri þangað til að olía yrði komin í vatnið. Enginn efast um að að því kemur að við fáum olíuna niður í vatnið. Annar hópur frá sömu stofnun bauðst til að kanna hvenær vatnið þryti. Báðir hóparnir ætluðu að sjálfsögðu að gera þetta í yfirvinnu fyrir okkur og kostnaðaráætlun samanlögð var um 70 millj. kr. En á þeim tíma hefði sennilega mátt virkja önnur ból fyrir þá upphæð. Og sem betur fer er ekki langt í önnur vatnsból.

Vonandi fáum við vatn í næstu framtíð. En þar sem það er ljóst, að fyrr eða seinna kemur olía það langt niður

í jarðveginn að vatnið mengast, þá tel ég að væri eðlilegt að kannað væri hvar næst ætti að virkja og slík virkjun lægi fyrir fullhönnuð þegar að því kemur að olían kemur í vatnið.

Ég ætla að vona að till. um bætta skipan varnarmálanefndar leiði til þess, að það þurfi ekki að taka 15 ára samningaþóf, eins og það tók með sorpeyðingarstöðina, sem loksins er að komast á laggirnar, en það var 15 ára þras að koma því í gegn.

Umr. frestað.

Fæðingarorlof kvenna í sveitum, þáltill. (þskj. 63). — Ein umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Það mál, sem við flytjum hér fjórir Alþfl.-menn um fæðingarorlof kvenna í sveitum, hefur áður komið inn í sali hins háa Alþingis og menn reynt að ryðja því braut, þessu sjálfsagða réttlætismáli. Við treystum því, að í þetta sinn fái mál þetta betri undirtektir en verið hefur á fyrri þingum, og má segja það í framhjáhlaupi í sambandi við þessa umr., að félmrh. hefur mikinn hug á að koma þessu réttindamáli inn í almannatryggingakerfið, þannig að konur í sveitum njóti þessara sjálfsögðu réttinda sem konur í verkalýðsfélögum hafa fengið fyrir allnokkru.

Í till. kemur fram að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að eiginkonur bænda og aðrar útivinnandi konur í sveitum fái notið fæðingarorlofs er jafngildi þeim fæðingarorlofsgreiðslum sem nú eru í gildi.

Ég vil — með leyfi forseta — lesa þá stuttu grg. sem fylgir þessari þáltill. Þar segir:

„Um árabil hafa konur, félagar í verkalýðsfélögum, fengið greitt fæðingarorlof. Þessar greiðslur hafa nýverið hækkað allverulega og nema nú 426 þús. kr. miðað við 90 daga orlof vegna barnsfæðinga.

Á síðasta ári greiddi Atvinnuleysistryggingasjóður 295.5 millj. kr. í fæðingarorlof, en ætla má að heildarfjárhæð í ár verði 450 millj. kr. eftir hækkanir, sem nýlega voru ákveðnar.

Tilgangurinn með þessum greiðslum er að bæta mæðrum það tekjutap, sem þær verða fyrir, vinni þær utan heimilis og kaupgreiðslur til þeirra falli niður vegna fjarveru frá störfum í tengslum við barnsfæðingar.

Meðal kvenna í sveitum, sem enga aðild eiga að stéttarfélögum, eru þessar orlofsgreiðslur óþekktar. Í þessu felst mikið misrétti, stéttamisrétti, sem ástæða er til að vekja athygli á og færa til betri vegar.

Samkvæmt búreikningum er vinnutími eiginkvenna bænda, utan heimilis, 800 klst. á ári. Hinn 1. mars s. l. var tímakaup þeirra í dagvinnu 703 kr., 984 kr. í eftirvinnu og 1266 kr. í nætur- og helgidagavinnu. Lætur nærri að vikulaun hafi numið tæplega 41 þús. kr. og árslaun 2,1 millj.

Þótt vinnutími til sveita sé mjög óreglulegur, ef miðað er við fastan vinnutíma fólks í stéttarfélögum, mun varla hvarfla að nokkrum manni að draga í efa hina miklu vinnu sveitakvenna utan heimilis. Vinna þeirra er ekki bundin við virka daga, — hana verður að inna af hendi 365 daga á ári.

Samtök bænda hafa ekki getað tryggt þessum hópi kvenna fæðingarorlof. Hér verður enginn dómur á það lagður hvort ástæðan er áhugaleysi eða fjárskortur. Hins vegar er ljóst að stofna hefði átt sjóð til greiðslu fæðingarorlofs og í hann hefði átt að renna fjármagn frá bændum sjálfum, sbr. greiðslur félaga í verkalýðsfélögum, og að hluta fjármagn frá viðskiptaaðilum bænda.

Með þessari till. er borin fram sú ósk, að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að sjálfsögð réttindi sveitakvenna verði að veruleika. Æskilegt er að setja lög um þetta efni og að þau tengist endurskoðun á almannatryggingakerfinu."

Ég sagði í upphafi, að mál af þessu tagi hefðu áður komið inn í sali Alþ. og tilgangurinn með þessari þáltill. væri einkum sá að hnykkja á um að þetta mál kæmist í höfn. Ég hef fulla ástæðu til að ætla að núv. ríkisstj. hafi hug á að taka þetta mál upp í sambandi við endurskoðun á núgildandi almannatryggingakerfi, þannig að fæðingarorlof verði ekki eingöngu bundið við konur í verkalýðsfélögum, heldur yfirleitt allar konur í þessu landi.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál, en vil þó aðeins skjóta því hér að, að ég tel að það fyrirkomulag, sem nú tíðkast um greiðslu á fæðingarorlofi, þ. e. a. s. að það skuli greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sé orðið ófært með öllu og á því þurfi að verða breyting þegar í stað og tryggt verði að Atvinnuleysistryggingasjóður geti gegnt hlutverki sínu. En samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér, fer því fjarri að sjóðurinn gæti gegnt sínu meginhlutverki, þ. e. a. s. að greiða laun ef til atvinnuleysis kemur í þessu landi, einkum og sér í lagi vegna þess að mikið fjármagn sjóðsins er bundið í ýmsum lánum og fjármagnið er einnig bundið í verðbréfum og fleiru sem sjóðurinn hefur fjárfest í.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti þess, að það fái góðar undirtektir. Ég tel að hér sé á ferðinni mikið réttlætismál, enda búið að koma fyrir í sölum þessarar virðulegu stofnunar áður, og ég vænti þess, að það komi til með að njóta stuðnings.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Flm., hv. þm. Árni Gunnarsson, kvaðst vænta þess, að mál þetta fengi hér góðar undirtektir, og vissulega vil ég taka undir það með honum. Það er ekkert réttlæti í því að sumar þær konur, sem úti vinna, eins og það er kallað, útivinnandi konur, fái þessi réttindi, en aðrar ekki. Þar á auðvitað að vera samræmi.

En þetta mál er ekki alveg svo einfalt, að eingöngu þyrfti að veita útivinnandi konum, eins og það er kallað, þessi réttindi, en ekki innivinnandi konum, ef það yrði líka nýyrði. Þar er í mörgum tilfellum verið að stuðla að auknu óréttlæti, en ekki meira réttlæti. Auðvitað er það svo og við þekkjum það allir, sérstaklega við sem þekkjum vel til í sjávarþorpum úti um land og á minni stöðum, að þar eru e. t. v. tiltölulega fáar fjölskyldur sem hægt er að kalla fátækar. Sem betur fer er lítið orðið af fátæku fólki á Íslandi. En hvert er þetta fátæka fólk? Það er fyrst og fremst það fólk þar sem börnin eru mjög mörg, þar sem konan getur aldrei unnið úti. Sú kona fær ekki greitt fæðingarorlof, en það fær hins vegar önnur kona sem á kannske stálpað barn og fer svo að vinna úti í 1—2 ár og á svo aftur barn, eftir að bæði hjónin hafa unnið úti og haft miklar tekjur. Þessi kona á heimili sem er vel stætt, kannske mjög vel efnað, fær þetta orlof, en fátæka konan aldrei.

Það er einhvern veginn eins og í þessari virðulegu stofnun gleymist algjörlega hagur þess kvenfólks sem vinnur kannske meira en nokkur maður annar á þessu

landi. Það er konan sem á mörgu börnin og er bláfátæk. Það tekur aldrei nokkur maður upp hanskann fyrir þessa konu. Ég hef ekki heyrt neina rödd um það í þessari virðulegu stofnun. Þess vegna þarf að skoða þetta mál frá grunni, og það á auðvitað að haga tryggingastarfsemi þannig að hún hjálpi þeim mönnum, þeim einstaklingum og þeim fjölskyldum, sem á hjálpinni þurfa að halda fyrst og fremst, en ekki þeim sem ekki þurfa hennar.

Ég endurtek, að auðvitað er það fullkomið réttlæti að allar útivinnandi konur sitji við sama borð. En það er fullkomið óréttlæti að innivinnandi konur megi ekki líka njóta þessara réttinda, a. m. k. í þeim tilfellum þar sem um mikla fátækt er að ræða og mikla ómegð og útilokað er að konan geti nokkru sinni unnið úti. Það er fátæka fólkið í landinu sem býr við þessi kjör. Enginn hv. þm. hefur tekið undir að það þurfi að bæta kjör þess.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir það sem kom fram hjá flm. þessarar þáltill. um nauðsyn þess að athuga þennan þátt mála, þ. e. a. s. fæðingarorlof kvenna í sveitum. Þetta hefur oft borið á góma, og það er rétt, sem kom fram hjá honum, að bændasamtökin hafa ekki getað komið þessu máli í höfn og þess vegna er tímabært að taka það til skoðunar. Ég vil alveg sérstaklega taka undir með síðasta ræðumanni um það, að þegar verið er að ræða um þessi mál, þá kemur undireins upp þessi staða: Hví ekki að greiða fæðingarorlof til allra kvenna á Íslandi?

En það, sem aðallega fékk mig til að taka þátt í þessari umr., um leið og ég vil taka undir stuðning við gott mál, er þörfin á að fara að taka tryggingalöggjöfina á Íslandi til gaumgæfilegrar endurskoðunar. Við erum alltaf að reka okkur á það í okkar þjóðfélagi, að það eru víðs vegar dæmi um að það þarf að veita fólki aðstoð á margvíslegan hátt, en ekki er nein grein í okkar tryggingalöggjöf sem verndar það eða veitir þann rétt sem er sjálfsagður. Þess vegna vil ég nota þetta tækifæri og taka undir með síðasta ræðumanni um það, að við eigum að sameinast um að gera þá kröfu að tryggingalöggjöfin verði tekin nú þegar til rækilegrar endurskoðunar. Það er ekki aðeins þetta atriði í sambandi við fæðingarorlof kvenna, heldur eru víðs vegar í okkar kerfi dæmi um það, að þeir, sem þurfa verulegrar aðstoðar við í þjóðfélaginu, njóta þess ekki í gegnum það tryggingakerfi sem við þykjumst vera stoltir af að hafa í gildi í okkar landi. Ég gæti nefnt um það mýmörg dæmi þar sem verið er að reyna að hafa áhrif á löggjafann og opinberar stofnanir til þess að rétta hlut þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu, að við rekumst alltaf á þetta sama, að það þarf að finna samnefnara til þess að hægt sé að vernda þetta fólk og koma því til aðstoðar.

Ég endurtek: Ég vonast til að þetta mál og önnur slík verði til þess, að nú verði farið að taka til höndum við að setja hér tryggingalöggjöf sem fyllilega hefur þann tilgang, sem við allir erum sjálfsagt sammála um, að vernda þá og styðja sem helst þurfa á því að halda í okkar þjóðfélagi.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að það komi hér fram, sem raunar mun áður hafa verið lýst yfir hér í þinginu, að trmrh. er þegar búinn að ákveða að skipa n. til endurskoðunar á almannatryggingalögunum. Ég hygg, að hann sé einmitt þessa dagana að undirbúa nefndaskipun. En ég kom líka upp í ræðustól til þess að taka undir bæði þáltillgr. og eins ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að það er alveg rétt, að okkur er ekki nóg að ætlast til þess eða stuðla að því, að útivinnandi konur, auk kvenna í sveitum, fái fæðingarorlof gegnum almannatryggingalögin, heldur hlýtur þetta að verða þannig útbúið, að allar konur njóti fæðingarorlofs, jafnt hvort þær eru útivinnandi eða vinna inni á heimilum, annað er ekki jöfnuður að minni hyggju. Þetta vildi ég að kæmi fram, þessi skoðun mín, sem mér fannst mundu falla alveg saman við skoðun hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Ég tel að því aðeins náist jöfnuður í þessu að allar konur njóti þessa réttar jafnt.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil eingöngu þakka undirtektir við þessa till. og get fyllilega tekið undir það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson benti réttilega á. Ég sagði að vísu sjálfur í inngangínum að þessari till., að ég teldi eðlilegast í sambandi við þá endurskoðun, sem nú er fyrirhuguð á almannatryggingakerfinu, að þetta fæðingarorlof næði til allra kvenna. Hins vegar hefur sjónarmið mitt í þessu máli verið einfaldlega það, að á meðan konur í verkalýðsfélögum njóta fæðingarorlofs og húsmæður til sveita gera það ekki, þá taldi ég það auðsætt réttlætismál að reyna að stíga eitt skref í viðbót í þá átt að auka réttlætið í þessum málum. Það vill oft gleymast í umr. um störf húsmæðra í sveitum, að þær eru ekki aðeins húsmæður, heldur eru þær vinnukraftur heimilisins að stórum hluta, vinna mikið að bústörfum, og við hugsanlega fjarvist frá heimili vegna fæðinga vill stundum brenna við að það verði býsna erfitt að bæta í það rúm sem þá tæmist.

Ég vil ekki fara fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi. Ég treysti því, að það verði til þess að ýta á eftir þeirri endurskoðun á almannatryggingakerfinu sem þm. hafa nefnt hér og nauðsynleg er og gæti orðið til þess að koma þessu réttlætismáli endanlega í höfn og þá, eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð sagði, að það næði til allra húsmæðra, það þyrfti ekki að taka út úr þær húsmæður, sem eru í verkalýðsfélögum, eða húsmæður eða konur til sveita yfirleitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 55. fundur.

Þriðjudaginn 20. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf frá forseta Ed.:

„Reykjavík, 19. febr. 1979.

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norður-

landskjördæmi vestra, Hannes Baldvinsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed.

Til forseta Sþ."

Hannes Baldvinsson hefur setið á þingi áður og kjörbréf hans verið rannsakað. Ég býð hann velkominn til starfa.

Umræður utan dagskrár.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er höfum við Íslendingar átt í Sovétríkjunum mjög mikilvægan útflutningsmarkað fyrir niðurlagða gaffalbita. Það er til marks um mikilvægi þessa markaðar, að á árinu 1978 var heildarútflutningur lagmetis 1600 tonn, þar af fóru til Sovétríkjanna rúmlega 1000 tonn. Verðmæti þess, sem fór af lagmeti til Sovétríkjanna einna, var 1100 millj. kr., sem er 69.4% af heildarverðmæti útflutts lagmetis. Þarna er því um gífurlega mikilvægan markað að ræða fyrir þessa ungu og vænlegu iðngrein.

Síðustu daga hafa fjölmiðlar skýrt frá því, að enn þá hafi ekki náðst neinir samningar um sölu á gaffalbitum til Sovétríkjanna á árinu 1979. Það ríkir þess vegna fullkomin óvissa um þessi mál eins og þau standa nú. Það hefur verið skýrt frá því enn fremur í fjölmiðlunum, að þetta eigi sér þær ástæður og orsakir, að í haust hafi Sovétmenn kvartað undan göllum í þeim gaffalbitum sem þeir fengu senda. Sölustofnun lagmetis, sem hefur umsjón með sölu á þessari vöru þangað austur, sendi þá sendimenn til að semja um bætur fyrir gallana og náðist, eftir því sem mér skilst, samkomulag um að senda Sovétmönnum nýja ógallaða vöru í staðinn. Nokkru seinna í haust barst ný kvörtun frá Sovétmönnum um það sama. Þeir höfðu fundið frekari galla í gaffalbitum. En þessir gaffalbitar munu allir hafa komið frá fyrirtæki á Akureyri, sem nefnist K. Jónsson h/f.

Sölustofnun lagmetis sendi síðan eftir áramótin aftur sendimenn til Sovétríkjanna og freistaði þess að semja enn á ný um bætur, og þá stóð líka til að semja um sölu á þessari framleiðsluvöru á árinu 1979. Árangurinn af þeirri för var, að því er virðist enginn, þ. e. a. s. hafa ekki náðst samningar um neina sölu á þessari vöru til Sovétríkjanna. Þarna eru mjög miklir hagsmunir í húfi. Þessu til viðbótar mun fyrirtækið K. Jónsson ekki geta staðið við samningana sem Sölustofnun lagmetis gerði um bótagreiðslur, þ. e. a. s. þetta fyrirtæki á Akureyri mun ekki hafa neina ógallaða vöru til að senda í staðinn, og þar að auki mun fyrirtækið ekki heldur hafa neitt ógallað hráefni, þannig að það getur ekki einu sinni framleitt nýja ógallaða vöru. Málin eru sem sagt öll í óvissu. Og því má bæta við, að það er annað mjög mikilvægt fyrirtæki sem annast framleiðslu á sömu vöru, Siglósíld á Siglufirði. Það fyrirtæki hefur framleitt mjög góða og viðurkennda vöru, en starfsemi þess mun núna vera í mikilli óvissu vegna þess að það hefur ekki fengist, eins og ég gat um áður, nein vissa um sölusamninga á þessu ári sem nú er byrjað að líða.

Nú er það svo, að það munu vera einar þrjár opinberar stofnanir sem hafa afskipti af framleiðslu þessara afurða og sölu. Það er Framleiðslueftirlit sjávarafurða, sem mun hafa það hlutverk að athuga gæði hráefnisins. Í öðru lagi er um að tefla Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem ber ábyrgð á því að rannsaka hina fullunnu vöru. Og í þriðja lagi er um að ræða söluaðilann, Sölustofnun lagmetis, sem hefur það hlutverk, eins og ég hef getið um, að koma vöru til kaupenda og selja hana. Og Sölustofnun lagmetis hefur einkarétt á því að selja þessa vöru til Austur-Evrópulanda. Af þessum ástæðum og einkum því, að hér eru mjög miklir hagsmunir í veði, hef ég leyft mér að kveðja mér hér hljóðs til að spyrja hæstv. iðnrh. eftirfarandi spurninga:

Hvaða skýring er á þessum mistökum, sem hafa orðið þarna, og hver er ábyrgur fyrir mistökunum? Hvað eru bótakröfur Sovétmanna háar, og hvernig er ætlunin að greiða bæturnar? Hvaða ráðstafanir hefur hæstv. iðnrh. hugsað sér að viðhafa til að koma í veg fyrir að slík mistök gerist aftur? Enn fremur: Hvaða áhrif hafa þessir atburðir á markað okkar í Sovétríkjunum fyrir gaffalbita og traust Sölustofnunar lagmetis þar eystra? Og í síðasta lagi: Er mönnum kunnugt um að samkv. stjórnarsáttmála skyldi gera nokkra úttekt á bæði innflutningsverslun, sem þegar hefur verið hafin að nokkru leyti, og líka á útflutningsverslun Íslendinga.

Ég vil spyrja að síðustu: Hafa þessir atburðir það í för með sér, að ríkisstj. muni hraða þeirri úttekt á útflutningsversluninni sem stjórnarsáttmálinn gefur fyrirheit um?

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er sjálfsagt að leitast við að veita nokkur svör við þeim spurningum sem hér eru fram bornar varðandi galla í framleiðsluafurðum sem umsamið var að selja til Sovétríkjanna. Ég skal reyna að gefa í ekki mjög löngu máli yfirlit um þetta og svara þá um leið fyrirspyrjanda.

Það er þá fyrst að víkja að ástæðum og hvernig hagað var viðskiptum við Sovétríkin hvað snerti sölu á gaffalbitum á s. l. ári. Þá voru gerðir við Prodintorg í Moskvu þrír samningar um sölu eða kaup þeirra á gaffalbitum, samtals um 86 098 kassa að verðmæti samtals 3 732 745 Bandaríkjadalir. Á núverandi gengi nemur það 1 milljarði og 200 þús. kr. Framleiðsla þessi var unnin af tveimur verksmiðjum sem eru aðilar að Sölustofnun lagmetis, þ. e. K. Jónsson & Co. h. f. og Lagmetisiðju ríkisins eða Siglósíld. Framleiðslan skiptist þannig milli verksmiðjanna að K. Jónsson & Co. annaðist rúm 70%, en Siglósíld tæp 30%. Vörunum var afskipað á tímabilinu febr.-nóv. 1978.

Hinn 28. nóv. s. l. hafnaði Prodintorg hluta af gaffalbitum sem uppskipað hafði verið úr Ljósafossi 25. sept., og ástæðan, sem fram var borin, var slæm lykt af vörunni. Það var sem sagt skynmat. Fulltrúar frá Sölustofnun lagmetis og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins áttu fundi í Moskvu dagana 4.—6. des. Var þar samið um að bæta 6 framleiðsludaga eða sem nam 3424 kössum, að heildarverðmæti tæplega 149 þús. dollarar eða 47.3 millj. ísl. kr. á cif-verði. Höfnun Prodintorg var að öðru leyti dregin til baka. Magn það, sem hér þarf að bæta, var framleitt af K. Jónssyni hf. á Akureyri, og allar líkur eru taldar á að gallann megi rekja til ástands hráefnisins áður en það fór í sjálfa gaffalbitavinnsluna.

Niðurstaðan af framangreindum viðræðum fulltrúa Sölustofnunar lagmetis og fulltrúa Prodintorg varð sú, að í febrúarmánuði 1979, þ. e. í yfirstandandi mánuði, skyldi hinu umsamda magni, 3424 kössum, afskipað

héðan, en í hverjum kassa eru 100 dósir. Þess skal getið, að þá er þessir samningar fóru fram höfðu Prodintorg eigi borist niðurstöður af rannsóknum sínum á síðasta farmi af gaffalbitum er var skipað upp í Sovétríkjunum úr m/s Goðafossi 30. okt. s. l. Hinn 28. des. barst Sölustofnuninni svo skeyti frá Prodintorg þess efnis, að hafnað væri af sömu ástæðu og fyrr greinir, þ. e. slæmri lykt, hluta af þeim farmi. Varan, sem um var að ræða, var frá sama fyrirtæki, K. Jónsson hf. á Akureyri.

Hinn 15. jan. s. l. fóru utan fulltrúar fra Sölustofnun lagmetis og fulltrúi frá framleiðanda. Niðurstaða viðræðna þessara manna og fulltrúa Prodintorg var sú, að fallist var á að bæta 5290 kassa sem bættir skyldu á tímabilinu mars—maí 1979. Heildarbæturnar samkv. framansögðu eru því 8 714 kassar, hver með 100 dósum, allt framleitt af K. Jónssyni & Co., heildarverðmæti í Bandaríkjadölum 379 059 eða rúmar 122 millj. ísl. kr. á núverandi gengi. Magn það, sem hér um ræðir, er 10.1% viðskiptanna við Prodintorg.

Framleiðslu þeirra gaffalbita, sem K. Jónsson hf. skyldi bæta í þessum mánuði, lauk í byrjun mánaðarins. Við ítarlega sýnatöku, sem gerð var af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, kom hins vegar í ljós, að framleiðslan var ekki talin fullnægja ákvæðum samninga um gæði. Á sama tíma annaðist Framleiðslueftirlit sjávarafurða könnun á hráefnislager K. Jónsson & Co. Segir orðrétt í skýrslu eftirlitsins m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Við skoðun kom þegar fram að stórfelldir gallar eru í síldinni og er þar einkum um að ræða súr.“ Þá segir og í sömu skýrslu: „Eru um 4/5 af þeirri síld, er skoðuð var, óhæfir til vinnslu, en um 1/5 er með vott af súr eða rétt á mörkum. Heilbrigð og góð síld fannst ekki í þeim hluta sem skoðaður var.“

Hér er um að ræða síld sem söltuð var á haustvertíð 1977. Á þessu stigi er ekki endanlega hægt að fullyrða af hverju gallinn á gaffalbitunum stafar. Þó er hægt að slá því föstu, að hann muni stafa af hráefninu. Gæti þar ýmislegt komið til greina, svo sem of lítið saltmagn, rangt hitastig og pæklun, en um þetta vil ég auðvitað ekkert fullyrða endanlega. Þetta verður rannsakað ítarlega og nauðsynlegt að komast fyrir um orsakir þessara alvarlegu skemmda.

Það er vert að víkja þá að því, hvaða afleiðingar þetta gæti haft fyrir markaði í Sovétríkjunum á lagmeti sérstaklega, og að þeim ráðstöfunum sem iðnrn. hefur þegar gert varðandi þetta mál.

Fulltrúar Sölustofnunar lagmetis hafa tjáð mér að náið samstarf sé á milli þeirra og viðskiptafulltrúa Sovétríkjanna hér á landi um hagkvæmustu lausn þessara mála. Iðnrn. og viðskrn. fylgjast með gangi þeirra að sjálfsögðu. Lagmetisiðja ríkisins, Siglósíld, á þegar framleitt nægilegt magn sem skoðað hefur verið eða metið til þess að láta af hendi sem fyrstu sendingu bóta, ef um slíkt semdist. Ekki er enn fullgengið frá fjárhagshlið málsins milli aðila, en þessa dagana er unnið að því af fullum krafti. Er þess vænst að það takist að ganga frá sendingu fyrir 1. mars n. k., ef samningar takast milli þeirra aðila sem ég hér nefndi. Ljóst er að þetta alvarlega mál hefur tafið samninga Sölustofnunar lagmetis við Sovétríkin um sölu gaffalbita og annars lagmetis.

Á þessu stigi er ekki hægt að fullyrða hvort þetta kemur til með að skaða framtíðarviðskipti við Sovétríkin á þessu sviði. Sölustofnun lagmetis leggur höfuðáherslu á að ganga frá umsömdum bótum og hefur ástæðu til að ætla að þá er afgreiddar hafa verið febrúarbætur muni Prodintorg reiðubúið til frekari samninga.

Um framleiðslueftirlit og útflutning á lagmeti gildir reglugerð nr. 221 frá 1976. Þessi reglugerð er við það miðuð að atburðir sem þessi eigi ekki að geta átt sér stað. Það verður að viðurkennast og telja að erfiðleikar hafi átt sér stað í sambandi við framkvæmd reglugerðarinnar, og meginástæðan virðist sú af lauslegri skoðun, að ekki hafi tekist að afla fjár til að standa við framkvæmd þessarar reglugerðar og greiða þeim aðilum fyrir það eftirlit sem hún gerir ráð fyrir, en ég hef þegar gert ráðstafanir og aðrar í undirbúningi til að reyna að koma þessum málum í lag.

Eins og kunnugt er heyrir Framleiðslueftirlit sjávarafurða undir sjútvrn. og það hefði verið reiðubúið til að annast eftirlit, en því hefur ekki verið ætlað fjármagn til að standa undir þessu eftirliti, þó að það hafi gripið inn í í vissum tilvikum þegar sérstaklega hefur verið um beðið.

Að mínu mati nær það náttúrlega engri átt, að ekki sé betur staðið að málum sem þessum, og nauðsynlegt að viðkomandi rn. taki á þeim sameiginlega. Þau mál eru nú í gangi, og ég vænti þess, að úr þessu rætist og menn læri af þeim mistökum sem hér hafa átt sér stað.

Um viðskiptalega hlið málsins að því er snertir framleiðslufyrirtækið ætla ég ekki að ræða, það tel ég þessu óviðkomandi. Varðandi hins vegar áhrifin á viðskiptin við Sovétríkin, þá er það mál sem viðskrn. fjallar um sem slíkt. En ég vænti að ég hafi með þessum orðum varpað nokkru ljósi á eðli þessa máls og hvað er í gangi á vegum míns rn. í samvinnu við aðra til þess að bæta hér úr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta sem hæstv. iðnrh. gerði grein fyrir að því er varðar þetta mjög svo alvarlega mál sem hér hefur komið upp. Ég legg á það áherslu að vinna þannig að þessu máli, að markaður verði tryggður fyrir afurðir okkar í Sovétríkjunum á árinu 1979, það sé meginatriðið, og í annan stað verðum við auðvitað að gera ráðstafanir innanlands til þess að tryggja að svona lagað geti ekki komið fyrir. Það er vitaskuld engin afsökun í sjálfu sér til fyrir því, að svona lagað komi upp hjá þjóð sem er jafnháð framleiðslu og útflutningi sjávarafurða og við erum að því er varðar öll lífskjör okkar í þessu landi.

En ég kom hingað upp aðeins til að svara fsp. hv. 2. landsk. þm. varðandi könnun á útflutningsverslun. Mér heyrðist á honum að hann væri orðinn óþolinmóður að frétta af því að ríkisstj. setti þá könnun af stað, og ég deili þessari kennd með honum, þ. e. a. s. óþolinmæðinni. Það var snemma í okt. að ég tók þetta mál upp við sjútvrh., sem á að fjalla um þetta mál samkv. samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna ásamt viðskrh. Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna er talað um að gerð verði úttekt á starfsemi sölusamtaka í sjávarútvegi. Þess vegna er auðvitað eðlilegt að bæði rn., sjútvrn. og viðskrn., hafi með þetta að gera. Ég fyrir mitt leyti er tilbúinn með þá hlið af þessu máli sem að mér snýr, en hæstv. sjútvrh. er hins vegar erlendis og búinn að vera nokkra daga. Ég tel enga ástæðu til að ætla annað en ríkisstj. eða ég og sjútvrh. getum tilkynnt áður en langur tími líður hvernig að þessari rannsókn á útflutningsversluninni verður staðið. Í hana verður að fara. Það er ekki þetta mál út af fyrir sig sem ýtir undir okkur í þeim efnum. Það er mörg fleiri atriði sem þar er um að ræða og nauðsynlegt að sé þannig

tekið á þeim að stjórnvöld geti áttað sig sem best á því, hvort þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið um langt árabil í útflutningsmálum, eru þannig, að ástæða sé þar til einhverra breytinga. Á grundvelli slíkrar úttektar ætti, tel ég, ríkisstj. að vinna að tillögugerð í þeim efnum.

En sem sagt, ég vil aðeins ítreka áhuga minn á því, að þessi könnun verði sett af stað og það fyrr en seinna, og ég vænti þess, að ríkisstj. komi því verki frá áður en langur tími líður. Ég tel að það megi ekki dragast öllu lengur að í þetta verkefni verði gengið.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að þakka fyrir svör hæstv. iðnrh. og hæstv. viðskrh. Ég vil sérstaklega þakka undirtektir viðskrh. undir könnun á útflutningsverslun sem ég held eins og hann að sé mjög brýn. Ég vil þó gera þá aths. við svar iðnrh., að hann taldi að fjárskortur hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða kynni að vera ein meginástæðan fyrir þeim mistökum sem urðu þarna. Það kann vel að vera rétt. Og ég fagna því að iðnrh. ætlar að kippa því máli í liðinn. En mér virðist að tveir aðrir aðilar hljóti að bera einhverja ábyrgð á þessu máli líka, þ. e. a. s. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem mun hafa þá skyldu lögum samkv. að rannsaka ágæti þessarar framleiðsluvöru, og enn fremur hlýtur sá söluaðili, Sölustofnun lagmetis, sem hefur það verkefni að selja vöruna og þar með þá auðvitað skyldu að haga sér þannig í sölumálum að hún fyrirgeri ekki mörkuðum okkar með mistökum, — ég tel að báðir þessir aðilar hljóti að bera þarna nokkra ábyrgð líka. Það er kannske fjárskortur hjá þeim líka. En ég vildi gjarnan vita nánar ef einhver hér á þingi gæti uppýst um það, hvaða ástæður eru til þess að þessir tveir síðari aðilar brugðust.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. afar mikið, en það er vissulega fróðlegt að hlýða á mál hæstv. iðnrh. um þetta efni, því hér er vissulega mjög alvarlegt málefni á ferðinni.

Markaðurinn í Sovétríkjunum fyrir ýmsar fiskafurðir okkar, ekki síst í lagmetisiðjunni, er ákaflega mikilvægur og það skiptir vissulega máli að við rækjum skyldur okkar við þennan markað eins og aðra sem við sækjumst eftir. Þetta er því mjög svo alvarlegt mál, og ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram hjá ráðh. báðum og hjá hv. fyrirspyrjanda, hversu alvarlegt og mikilvægt þetta mál er og hversu mikilvægt er að það verði leyst þannig að það þurfi ekki að draga á eftir sér neinn slóða.

Mér virtist koma greinilega fram í ræðu hæstv. iðnrh., að gallarnir á vörunni, sem send var til Sovétríkjanna, stöfuðu af hráefninu, saltsíld sem keypt var að af fyrirtækinu á Akureyri sem vann þessa vöru. Mér finnst að þetta séu mjög mikilvægar upplýsingar. Það er þó a. m. k. búið að vinna svo vel að rannsókn þessa máls, að menn vita af hverju gallarnir stafa, að gallarnir stafa af hráefninu fyrst og fremst, og það er mjög mikilvægt að rannsóknin skuli vera það langt komin.

Það, sem hvað helst hlýtur að vekja okkur til umhugsunar, er það sem kom fram hjá hæstv. iðnrh., að framkvæmd reglugerðarinnar frá 1976, sem á, eins og hæstv. ráðh. tók til orða, að koma í veg fyrir að slíkt geti gerst sem þarna hefur skeð, virðist vera algerlega í handaskolum. Það er mjög illt afspurnar, og ég vil leggja á það áherslu, að ég held að það leggi mjög ríkar skyldur á hendur ríkisvaldinu um að bæta það fjárhagstjón sem fyrirtækið á Akureyri, K. Jónsson & Co., hefur orðið fyrir í þessu sambandi. Ég held að okkur sé flestum kunnugt að þetta kemur mjög hastarlega við þetta fyrirtæki, K. Jónsson & Co., sem er gamalt og gróið fyrirtæki á Akureyri og veitir þar mikla atvinnu. Það eru tugir fólks sem hafa þar nánast að segja fasta atvinnu, og fyrirtækið er nú í mjög hættulegri fjárhagslegri stöðu eftir að þetta kom upp.

Ég vil sem sagt beina því til ráðh. og til þingheims, að þetta mál verði leyst á þann veg að það þurfi ekki að verða til þess að þetta gamla og gróna og ágæta fyrirtæki á Akureyri verði e. t. v. gjaldþrota eða a. m. k. svo lamað af fjárhagssökum að það hafi veruleg áhrif á rekstur þess og á afkomu tuga fólks á Akureyri.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við svör hæstv. ráðh. að bæta í þessu alvarlega máli sem hér er vakin athygli á utan dagskrár. Ég vil þó gera þetta mál í stuttri ræðu að umtalsefni og vona að ég misbjóði ekki þolinmæði hæstv. forseta í þeim efnum.

Í máli fyrirspyrjanda kom fram, að hann taldi að enginn árangur hefði orðið af för fulltrúa Sölustofnunar lagmetis til Sovétríkjanna núna, vegna þess að engir samningar hefðu náðst. Þetta er ekki alveg rétt að því leyti til, að þar náðist sá árangur að um þessi tjónamál var samið, og eins og fram kom í máli hæstv. iðnrh. er tjónið nokkur þröskuldur í vegi fyrir áframhaldandi samningum. Ég vil þó á það benda aðeins til upplýsingar fyrir hv. þm., fyrst þetta mál ber hér á góma, að það hefur stundum verið miklu meiri aðdragandi að samningum við Sovétmenn um gaffalbita heldur en nú er orðið á þessu ári. T. d. var svo í fyrra, að þá voru fyrstu samningar ekki undirritaðir fyrr en nokkru seinna og m. a. hafði þá páv. hæstv. sjútvrh. átt viðtöl við kollega sinn í Sovétríkjunum um þau mál. Ég vil aðeins benda á þetta til upplýsinga.

Að sjálfsögðu hefur Sölustofnun lagmetis, sem ég veit að hv. þm. vita að ég er tengdur, hef verið þar stjórnarformaður í nokkur ár, mjög miklar áhyggjur af þessu máli. Við erum að vinna að lausn þess í samráði við aðila, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh., og hef ég engu við það að bæta. Ég vil hins vegar víkja að því sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, hv. þm. Finni Torfa, að Sölustofnun hlyti að bera sína ábyrgð á þessum mistökum eða slysi. Ég vil benda á að þetta er slys sem kemur fyrir eftir 15 ára sögu þessara Sovétviðskipta og í raun hefur sáralítið á bjátað í þessum efnum á öllum þessum langa tíma. Hann benti á að Sölustofnun lagmetis bæri hér einhverja ábyrgð á, og síst skal ég gerast dómari í þeirri sök. En ég vil á það benda, að skv. þeirri reglugerð, sem er um opinbert eftirlit á þessu sviði, eru tvær stofnanir sem annast þetta eftirlit, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. Það er Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Það hefur í höndum eftirlit með lagmetisverksmiðjunum og eftirlit með hráefni. Samkv. reglugerð, sem er frá 20. maí 1976, á það líka að hafa á hendi sýnatöku af fullunninni vöru í lagmetisverksmiðjunum. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur síðan það eftirlitsstarf með hendi, að hún tekur við sýnum á hverjum framleiðsludegi og eftir ákveðnum reglum. Þessi sýni eru sett í gegnum rannsókn við stofuhita og ákveðinn tíma. Þarna er um að ræða vöru sem er niðurlögð, ekki niðursoðin. Að því leyti hefur hún tiltölulega stuttan geymsluþolstíma og er öllum aðilum um það kunnugt. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur þennan þátt á hendi og gefur útflutningsvottorð.

Ég skal ekki leggja á það dóm, hvort mönnum sýnist að þessar stofnanir hafi staðið eðlilega að sínum hlut í þessu máli. Um það hafa orðið óheppileg blaðaskrif, að mér finnst, og það er kannske margt þar sem þarf að athuga þegar verið er að leggja dóm á þessa starfsemi. En ég vil aðeins benda á í þessu sambandi, af því sérstaklega var talað um Sölustofnun lagmetis, að hún bæri hér verulega ábyrgð, vekja athygli á því, að Sölustofnun lagmetis hafði að vissu leyti forgöngu um setningu þessarar reglugerðar, þ. e. a. s. hún hafði þar mjög mikið hönd í bagga. Það var iðnrn. sem hafði um þetta formlega forustu. Sölustofnun hefur æ ofan í æ lagt á það áherslu, að þessari reglugerð væri framfylgt. Ég er hér með í höndum ljósrit af bréfi sem Sölustofnun skrifaði til þessara rannsóknastofnanna á s. l. sumri og vakti athygli á því, að það hefði orðið vart nokkurra aths. við einstaka framleiðsludaga. Í bréfinu segir — ég skal lesa bréfið orðrétt, það er stutt:

„Með tilvísun til viðræðna við yður svo og dæma, er upp hafa komið um neikvæða skoðun nokkra framleiðsludaga hjá framleiðendum frá því framleiðsla gaffalbita hófs að nýju í byrjun árs 1978, förum vér fram á eftirfarandi:

Fyrir hönd Lagmetisiðjunnar Siglósíld, Siglufirði og K. Jónsson & Co. hf. á Akureyri er óskað eftir að fulltrúar Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins heimsæki báðar verksmiðjurnar og geri könnun á hreinlætisaðstöðu allri, svo og ástandi og geymsluaðstöðu hráefnisbirgða. Í samræmi við reglugerð um framleiðslueftirlit og útflutning á lagmeti teljum vér eðlilegt að haft sé samráð við Framleiðslueftirlit sjávarafurða."

Þetta bréf er skrifað 8. júní 1978. Sýnir það að Sölustofnun lagmetis hefur að sínu leyti reynt að hafa áhrif á að þessum reglugerðum verði framfylgt.

Ég vil sérstaklega taka það fram, að Sölustofnun lagmetis telur þessa reglugerð út af fyrir sig fullnægjandi og í alla staði eðlilega, en að það þurfi að sjá svo til að henni sé framfylgt.

Um það hafa orðið deilur milli aðila, að Framleiðslueftirliti sjávarafurða hafi verið meinað fjármagn til að vinna sitt verk að þessu leyti. Ég skal ekki fara nánar út í það hér. Það er auðvitað fjárveitingavaldsins að svara fyrir það. Ég vil hins vegar, af því að ég hef átt sæti í fjvn. á undanförnum árum, segja það í þessu sambandi, að ég man ekki betur en að það væri svo, að fjvn. vildi ekki fallast á að Framleiðslueftirlit sjávarafurða þyrfti að ráða sérstaka embættismenn til að sinna þessu verkefni, heldur væri eðlilegt að bæði síldarmatsmenn og aðrir, sem hefðu eftirlit með fiskiðjuverum, gætu sinnt þessu verkefni ásamt sínum störfum. Ég held að þetta hafi verið sameiginlegt álit allra sem hlut hafa átt að máli í fjvn., þannig að ljóst sé að ekki hefur beinlínis verið um fjármál að ræða í þessu sambandi, heldur deilu um það, hvort í þessu skyni þyrfti sérstaka menn sem þá yrðu að sjálfsögðu dýrari fyrir ríkissjóð en ef aðrir, sem fyrir eru hjá viðkomandi stofnun, gætu sinnt verkefninu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst taka undir viðvörun hv. þm. Ingvars Gíslasonar varðandi afleiðingarnar af því slysi sem hér hefur átt sér stað fyrir atvinnulíf í einu plássi, Akureyri, þar sem gamalgróið fyrirtæki, sem einna lengst hefur þraukað við framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings, hefur lent í stórvandræðum, hvernig svo sem á því stendur.

Nú er ljóst af þeim upplýsingum sem fram hafa komið hjá hæstv. iðnrh. og raunar hv. þm. Lárusi Jónssyni, að ábyrgðin á þessu tjóni, sem er upp á 122 millj. kr., virðist ætla að falla á fyrirtæki þetta á Akureyri, K. Jónsson & Co. Ég veit ekki sönnur á því, en það hef ég lesið í norðanblöðunum, að nú sé þannig ástatt hjá þessu fyrirtæki að það hafi sagt upp starfsfólki sínu frá og með næstu mánaðamótum, og ástæðan, sem upp er gefin, er sú, að hráefni skorti þar til framleiðslu.

Nú er hæstv. sjútvrh. eins og stundum áður fjarri góðu gamni, því æskilegt hefði verið að við hefðum fengið upplýsingar frá honum um einmitt þessi atriði sem hv. þm. Lárus Jónsson vék að áðan varðandi þann hemil sem verið hefur á starfsemi Framleiðslueftirlitsins í sambandi við gæðamat. Ég hef tilhneigingu til að trúa því, að hv. þm. Lárus Jónsson hafi getið sér rétt til áðan, að hér sé miklu fremur um að ræða stjórnunaratriði en fjárskort sem því ráði, að nokkur tregða hefur verið á eðlilegri framkvæmd eftirlits á þessu sviði. Við okkur blasa staðreyndir samkynja og kannske aðeins stigsmunur á í sambandi við áföll sem við urðum fyrir á fyrra ári við útflutning á sjávarafurðum, þar sem í ljós kom að stórkostlegar skemmdir höfðu orðið á varningi sem við fluttum út til sölu erlendis þótt með nokkuð öðrum hætti væri og tjón okkar yrði annars konar og e. t. v. ekki jafnhættulegt fyrir markaðsstöðu okkar og virðist hafa orðið á Sovétmarkaðnum. Er þar skemmst að minnast upplýsinga sem fram hafa komið um skemmdir á hundruðum tonna af fiskflökum sem flutt voru m. a. á Ameríkumarkað, og við höfum ekki fengið hér á Alþ. enn þá fullnægjandi skýringar á orsökum þess arna. Jafnvel þeir aðilar, sem þarna áttu að hafa hönd í bagga, hafa sjálfir lýst yfir að þeir gætu ekki skýrt þessar stórkostlegu skemmdir, með hvaða hætti þær hafi átt sér stað og á hvaða stigi framleiðslunnar.

Það væri ákaflega æskilegt, að við þyrftum nú ekki öðru sinni að ganga í gegnum hörmungatímabil í líkingu við það sem var á árunum í kringum 1960 og fyrir þann tíma, þegar eyðilagðir voru fyrir okkur markaðir erlendis með útflutningi á gallaðri vöru og þá ekki síst í Austur-Evrópulöndunum, þegar m. a. var gengið þannig frá áliti íslenska fisksins á markaði í Austur-Þýskalandi og Tékkóslavakíu, að austur-þýskar húsfreyjur segja enn í dag, að ef minnst sé á íslenskan fisk á heimilum þeirra þurfi þær ekki aldeilis að hafa áhyggjur af matseldinni þann daginn, því að fólkið hafi bókstaflega ekki lyst á neinu. Ég geri mér grein fyrir því, að lykt getur orðið svo slæm, hv. þm. Matthías Bjarnason, að hún munist kynslóðum saman. Og það liggur í augum uppi, að þeir erfiðleikar, sem við verðum fyrir á rússneska markaðnum af þessum sökum núna, hljóta að bitna á fleiri fyrirtækjum en K. Jónsson á Akureyri. Það liggur í augum uppi, að þessir erfiðleikar muni bitna á Siglósíld einnig.

Ég vil ekki láta hjá líða við þetta tækifæri, — ekki til þess að verja K. Jónsson á Akureyri sem vafalaust ber þarna alla ábyrgð og mun bera hið endanlega fjárhagslega tjón, hjá því verður ekki komist, — en þá vil ég ekki láta hjá líða að minna á það, að á sínum tíma var framleidd, ef ég man rétt, margra mánaða framleiðsla gaffalbita hjá Siglósíld til sölu til Austur-Evrópu og kom í ljós að bragðið af þessum gaffalbitum var ekki eins og til hafði verið ætlast. Það var ekki vond lykt af þeim, þeir voru bara öðruvísi á bragðið en Rússar vildu hafa sína gaffalbita. Bragðið var eins og verkstjórum og sérfræð-

ingum þeirra við Siglósíld þótti gott, en það var ekki eins og Rússar vildu hafa það. Ég man ekki betur en þá þyrfti að gera út sérstaka sendinefnd til Sovétríkjanna, gott ef ekki var valið pólitískt í nefndina, til þess að fá Rússa til að fallast á að borða þessa gaffalbita engu að síður. Þetta verður leiðrétt hjá mér ef þetta er misminni. En þessi vara var hráefnislega og efnislega ógölluð og hún seldist þarna með slíkum fortölum.

Ég vænti þess, að hv. þm. Matthías Bjarnason, fyrrv. sjútvrh., trúi því raunar ekki að ég hafi verið að sveigja að sér persónulega þó að ég nefndi úldinn fisk. Þetta slys, sem henti í sumar er leið, verður ekki skrifað á reikning fyrrv. sjútvrh. fremur en stóra slysið fyrir 1960 verður skrifað á bak einnar ríkisstj. eða eins sjútvrh. Hér er verið að ræða um mjög alvarlegt mál sem varðar skipulagningu á fiskframleiðslu okkar til útflutnings. Það er stórhættulegt fyrir okkur vegna sérstaks eðlis þessarar vöru, þar sem fiskurinn er, að láta það henda okkur að út sé flutt og á okkar ábyrgð inn á matborð granna okkar í næstu löndum skemmdur fiskur.

Mér er það minnistætt frá árinu 1961, — ég vann þá lítillega við gerð útvarpsþáttar sem var kallaður „Þátturinn um fiskinn," — að þá sá ég bréf t. d. sent til Sambands ísl. samvinnufélaga frá húsmóður nokkurri í Kaliforníu og fylgdi með fiskiflugа í umslaginu. Hún sagðist ekkert vera á móti fiskiflugum út af fyrir sig, en hún sagðist vænta þess, að sá tími rynni ekki upp að hún þyrfti að bera þær á borð fyrir sitt fólk og ef til þess kæmi vildi hún sjálf ráða valinu, hún mundi ekki treysta sér til að kaupa hraðfrystan fisk merktan Íslandi þaðan í frá, undir engum kringumstæðum.

Það er ekki ljóst mál hvernig verður raunar bætt fyrir þessa gölluðu vöru sem flutt hefur nú verið út til Sovétríkjanna frá Íslandi. Það er ekki ljóst mál. Það eitt er víst, að við höfum ekki tilbúnar ógallaðar dósir af gaffalbitum upp á 122 millj. til að flytja út á þessum tíma. Eins og ég sagði, þá er sennilegast að tjónið lendi á þessu fyrirtæki á Akureyri. Það ber hina endanlegu ábyrgð. Enginn annar var raunverulega viðstaddur til þess að meta það hráefni sem í dósirnar fór. Þó var til og í starfi íslensk stofnun sem átti að annast þetta. Við höfum ekki fengið nægilegar upplýsingar um hvernig á því stóð, að það var ekki gert. Það liggur ekki fyrir trygging fyrir því, að þetta verði gert framvegis. Ég hygg að við verðum að muna það, ef ske kynni að hæstv. sjútvrh. yrði viðstaddur hér dagstund í Sþ., að minna hann á þessi atriði eða gefa honum kost á að taka þátt í umr. um þessi mál.

Ég hirði ekki að fara lengra út í upprifjanir á hinum fyrri slysum sem orðið hafa svipaðs eðlis og þetta sem við ræðum um nú. En ég fullyrði að það á að vera á valdi okkar og hlýtur að vera á valdi okkar að tryggja það að atvik eins og þetta endurtaki sig ekki.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Ég vil leyfa mér að minna hv. alþm. á það, ekki síst þá sem þingvanir eru, að misnota ekki í of löngum ræðum tækifæri til að ræða slíkt mál sem þetta, því að fram undan eru dagskrár tveggja funda, samtals 25 mál. Í þessum umr. hafa þegar talað 6 og 4 eru á mælendaskrá. Ég vil biðja þá, sem tala nú, að vera stuttorða. — En áður en ég gef næsta manni orðið vil ég til þæginda fyrir hv. alþm. geta þess, að þegar þessum umr. utan dagskrár lýkur verður gengið til dagskrár og fundum haldið áfram til kl. 16. Þá verður gefið kaffihlé í 20 mín, þangað til kl. 16.20, þá hefjast fundir að nýju og standa fram eftir degi, eftir því sem ástæða þykir til.

Hannes Baldvinsson: Herra forseti. Ég mun reyna að virða tilmæli hæstv. forseta og gerast ekki mjög langorður í sambandi við það mál sem hér hefur verið vakin athygli á. Mér finnst þó rétt að taka fram, að mér finnst slæmt að þurfa að byrja mál mitt á því að leiðrétta missagnir flokksbróður míns, Stefáns Jónssonar, um útflutning Siglósíldar og þá gamansögu sem hann var að reyna að setja í samband við það.

Eins og alþm. er e. t. v. minnistætt, þá reis upp deila á milli Lagmetisiðjunnar Siglósíldar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um gæði framleiðsluvöru Siglósíldar á þessum tíma. Það kom nefnilega í ljós að gaffalbitarnir frá Siglósíld þoldu ekki að geymast í stofuhita í 3 vikur, en það var ekki deila um bragð eða gæði að öðru leyti. Niðurstaðan í sambandi við þessa deilu og hvernig það mál var leyst var einfaldlega sú, að sýnishorn voru send beint til kaupenda, sem voru Sovétríkin í þessu tilfelli. Prodintorg, innflutningsfyrirtæki þeirra, var látið um að meta, hvort þeir teldu vöruna nothæfa eða ekki, og þeir samþykktu hana með lítilfjörlegum afslætti. Þessi framleiðsla á vegum Siglósíldar fór út og fékkst að fullu greidd. Ég læt þetta duga um sögu Stefáns. Hún er byggð á einhverjum misskilningi, sem ég kann ekki skýringar á, og ég held að það sé ekki rétt að vera að rifja það mál upp aftur, enda þjónar það ákaflega litlum tilgangi.

Mér finnst að þær umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál utan dagskrár, veki raunverulega fleiri spurningar en svarað hefur verið, þó að svör við ýmsu hafi verið greinargóð. Ég vil leyfa mér að spyrja: Hvernig má vera að fjárskortur kemur í veg fyrir að Framleiðslueftirlit sjávarafurða skoðar vöru sem K. Jónsson kaupir austur á Hornafirði, en þessi fjárskortur virðist ekki vera til staðar þegar verið er að skoða vöru sem Siglósíld kaupir á sama tíma á sama stað? Er hugsanlegt að kaupsamningar K. Jónssonar hafi gert það að verkum að Framleiðslueftirlitið hafi ekki talið sér fært og ekki heldur skylt að framkvæma þetta eftirlit, vegna þess að þeim var gert ókleift að annast það eftir þeim reglum sem gilda um eftirlit á saltsíldarframleiðslu? Ég leyfi mér að spyrja: Hvernig má það gerast í verksmiðju K. Jónssonar, að framleiddir eru rúmlega 8000 kassar, eða 15% framleiðslunnar s. l. ár, úr gölluðu hráefni? Iðnrh. hefur upplýst hér á undan að aðalástæðan fyrir skemmdunum og fyrir kvörtununum, sem borist hafa frá Prodintorg, sé sú, að unnið hafi verið úr gölluðu hráefni. En ég spyr: Hvernig má það gerast í verksmiðju með jafnlanga starfsreynslu og fyrir hendi er hjá K. Jónssyni, að 15% framleiðslunnar séu unnin úr gölluðu hráefni? Og ég spyr enn: Hvernig má það gerast, að sýnataka af þessum 15%, sem send er suður til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, ber ekki með sér að það sé verið að vinna úr gölluðu hráefni? Ég held að nauðsynlegt sé með tilliti til framtíðar lagmetisiðnaðarins á Íslandi að allt þetta mál verði kannað rækilega og gaumgæfilega og komist fyrir þau óeðlilegu vinnubrögð sem notuð hafa verið á allan hátt að því er virðist vera í sambandi við þetta mál.

Ég vil leyfa mér að rifja upp, að það fór ekki fram hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins þegar Siglósíld var að framleiða úr hráefni með hæpið geymsluþol. En hvernig stendur á því, að þegar K. Jónsson er að framleiða úr ónýtu hráefni kemst Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

ekki á snoðir um neitt? Ég vil líka leyfa mér að spyrja: Hvernig stendur á andvaraleysi lánastofnana, sem fjármagna hráefniskaup hjá þessum fyrirtækjum, og það þarf töluvert mikið hráefni til? Ríkisábyrgðasjóður hefur hlaupið undir bagga, bæði með ríkisfyrirtækinu Siglósíld og sömuleiðis með einkafyrirtækinu K. Jónsson, og fjármagnað þann hluta hráefniskaupanna sem lánastofnanir lána ekki út á. Hvernig má það vera að Ríkisábyrgðasjóður og bankar, sem lána út á þessi hráefniskaup, krefjast þess ekki að fyrir liggi vottorð um gæði þess hráefnis sem verið er að lána út á?

Ég gæti haldið áfram að þylja hér mun fleiri spurningar, en ég skal ekki lengja þessar umr. eins og ég lofaði í upphafi. En ég vil eindregið óska þess, að þeir, sem koma til með að fjalla um og rannsaka þetta mál ofan í kjölinn, geri það gaumgæfilega þannig að komist verði fyrir rætur meinsins sem þarna hefur greinilega fengið að búa um sig í heilt ár.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það mætti margt um þetta mál segja fleira en hér hefur verið sagt, en ég held að það verði ekki leyst á Alþ. með umr. Það eru alveg réttmætar ábendingar, að ástæða sé til þess að fara ofan í saumana á máli af þessu tagi, ekki til þess að flengja einn eða annan, heldur til þess að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig, og þegar hefur ýmislegt komið fram í umr. sem sjálfsagt er að haft verði þar til hliðsjónar.

Ég vil að það komi skýrt fram, að ég hef ekki í máli mínu verið að dæma um það, hvert rekja megi gallana á þeirri vöru sem framleidd var fyrir hinn sovéska markað, og ég vara hv. þm. við því að vera að kveða upp dóma um það að lítt athuguðu máli. Þetta getur að sjálfsögðu varðað það fyrirtæki sem framleiddi vöruna, og það er eðlilegt að við séum ekki að láta eitthvað frá okkur fara sem hefur hæpnar forsendur. Ég vil aðeins benda á að það sem ég gat um varðandi meðferð hráefnisins, að rekja mætti gallana til þess, þarf ekki að beina athyglinni út af fyrir sig frá framleiðanda þessarar vöru til þess sem verkaði hráefnið, ef marka má upplýsingar sem fram hafa komið í blöðum. En ég legg ekki heldur dóm á þær í þessu máli og tel þetta ekki vettvang til þess að kveða upp dóma þar að lútandi.

Eitt meginatriðið, sem horfir við þessari virðulegu stofnun, finnst mér vera meðferðin á eftirlitinu með framleiðslunni og hvernig það má gerast að settar eru reglugerðir sem síðan eru ekki virtar. Mér hefur virst við athugun þessa máls að það hafi ekki verið samvinna milli þeirra rn. sem hér eiga í hlut, annars vegar iðnrn. og hins vegar sjútvrn., þegar umrædd reglugerð varðandi eftirlit með lagmeti var sett á árinu 1976. Það liggja fyrir upplýsingar um það í bréfum til viðskrn. og iðnrh. nú nýlega, að ekki hafi verið leitað álits eða samstarfs við sjútvrn. eða viðeigandi stofnanir á þess vegum þegar þessi reglugerð var sett, og ég er smeykur um að þessi vinnubrögð hafi leitt til þess, að þessir aðilar hafi ekki tekið á þessum málum eins og vera ætti og þá jafnframt til þess að leysa svo sjálfsögð atriði að unnt sé að fjármagna það eftirlit sem hér á í hlut. Og það er lærdómsríkt, finnst mér, fyrir hv. fjvn. Alþ. og þá, sem þar starfa, þetta dæmi sem hér hefur verið dregið fram, og vænta má að þess verði gætt að ekki verði látið við það eitt sitja að geta sparað nokkrar krónur vegna þess að það sýnist frambærilegt fljótt á litið. Ég er þó ekki með neinar ásakanir í garð manna, en vil aðeins benda á að það er býsna ríkt hjá stofnunum á vegum ríkisins að reyna að halda um sitt og taka ekki að sér verkefni sem hefur ekki verið gengið frá eða samið um við þær að þær annist, nema tryggt sé að þær hafi aðstöðu til þess. Stífni af þessu tagi hefur komið upp í þessu máli. Ég tel að við eigum einnig að læra af því.

Ég ætla ekki að fara að rekja bréfa- og blaðaskrif hér og lengja þessar umr., en aðeins gefa þá yfirlýsingu fyrir hönd míns rn., að við munum reyna að taka á þessu máli í samvinnu við önnur rn. og reyna að fá leyst úr því. Það kom ekki á dagskrá í rn. mínu fyrr en í tengslum við þetta mál, og mér var ókunnugt um það fyrr en í kringum áramótin eða í byrjun þessa árs, að við verulega erfiðleika væri að etja í sambandi við mat á þessari framleiðslu. Ég hef átt gott samstarf við stjórn Sölustofnunar lagmetis um ýmis málefni sem varða stofnunina, og það er vilji hjá báðum aðilum að taka á málefnum hennar þannig að leyst verði úr sem flestum erfiðleikum sem þar eru á ferðinni. Ég vænti því að með góðum samtökum aðila megi bæta úr þannig að til frambúðar verði.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi kom inn á það í upphafi máls síns, að ekki lægju fyrir samningar um sölu á gaffalbitum til Sovétríkjanna á þessu ári. Hér er ekki um nýtt mál að ræða, því að þannig hefur það gengið til á undanförnum árum. Það mun láta nærri að vera nákvæmlega eitt ár síðan ég, með samþykki þáv. hæstv. viðskrh., átti viðræður við ráðh. í því rn. í Moskvu, sem fer með utanríkisviðskipti, um sölu á lagmeti. Þá lá ekkert fyrir um það, hvað yrði keypt á árinu 1978, og þá hafði ekkert slíkt komið fyrir sem hér hefur verið gert að umræðuefni. Það stóð á því í þessum viðskiptum, að við í okkar miklu verðbólgu þurftum á að halda mun hærra verði en árið á undan, en viðsemjendur, sem halda verðbólgu niðri og finnst mikið að nefna jafnvel 3-4% hækkun á milli ára, skilja ekki þessar öru verðbreytingar. Og jafnvel þó að minnst sé á kaup á olíunni, að við mundum sætta okkur við óbreytt verðlag á lagmeti ef við hefðum óbreytt verð á olíu, þá var svarið að það heyrði undir annað rn.

Það undarlega skeði fyrir nokkrum árum, að lagmetisiðnaðurinn var settur undir iðnrn., en ekki undir sjútvrn., með setningu laga um lagmetisstofnunina. Hins vegar heyra stofnanir, sem hér hefur verið vitnað til, undir sjútvrn., bæði Framleiðslueftirlit sjávarafurða og sömuleiðis Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Hráefnisöflunin fyrir lagmetisiðnaðinn er tvímælalaust sjávarútvegsmál. Eðli málsins samkv. hefði þessi breyting aldrei átt að verða og ætti sannarlega að taka hana til athugunar. Ekki svo að skilja, að það sé snúist gegn núv. hæstv. iðnrh., nema síður sé. Það er fyrst og fremst vegna þess að þetta eru skyld mál, þetta eru málefni sjávarútvegsins og þar ætti þessi starfsemi öll að eiga heima.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða hefur farið fram á mjög auknar fjárveitingar á undanförnum árum. Í sjútvrn. voru tillögur þess skornar mjög verulega niður, en hins vegar lagði sjútvrn., á þeim árum sem ég var þar, til að það yrði orðið við mun fleiri tillögum Framleiðslueftirlits sjávarafurða vegna aukinna verkefna og aukinna umsvifa. Það er auðvitað ekki hægt að setja menn til þess að fylgjast með framleiðslu, nema þá sem eru hæfir til þess hver á sínu sviði. En ég verð að játa, að þó að það sé sjálfsagt að fjvn. sýni mikla aðgát í meðferð peninga, þá var þar of langt gengið á s. l. ári og sömuleiðis

og ekki síður við gerð þeirra fjárl. sem nú er starfað eftir.

Ég ætla ekki að blanda mér í deilur sem hafa orðið á milli ákveðinna stofnana, eins og Siglósíldar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, fyrir alllöngu. En ég legg áherslu á að það, sem hér hefur komið upp, verði rannsakað til hlítar og reynt verði að læra af þeim mistökum sem hér hafa átt sér stað, hver sem þau svo eru, til þess að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Það er sérstaklega raunalegt þegar í hlut á verksmiðja sem hefur unnið sé álit bæði innanlands og hjá viðskiptaaðilum sínum, sem eru aðallega Sovétmenn, og verður fyrir jafngeigvænlegu áfalli og hér ber raun vitni.

Ég held að það sé gagnslaust fyrir alþm. að pexa út af blaðaskrifum eða deilum sem orðið hafa. Ég held að aðalatriði þessa máls sé að þau rn., sem þessi mál heyra undir, vinni að því að gera skýrslu, ítarlega hlutlausa skýrslu um hvað átt hefur sér stað og hvað komið hefur fyrir, og koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig, því að það verður að segja eins og er, að það að hafa bæði Framleiðslueftirlit sjávarafurða og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ætti að fyrirbyggja með öllu að slíkir gallar gætu komið fyrir.

Ég ætla að síðustu, til þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. standi ekki í einhverri villu, að segja við hann, að ég kipptist ekkert við út af því, hverjum væri kennt um ýldu í fiski. Hins vegar kipptist ég svolítið við þegar hann sagði frá austur-þýska fiskinum, að lyktin væri slík enn þá, eftir 18 ár, að þeir, sem ekki hefðu verið fæddir þegar fiskurinn kom, mættu ekki einu sinni heyra íslenskan fisk nefndan. Mér fannst undarlegt hjá hv. þm. að vilja eiginlega láta liggja að því, að þetta gengi í erfðir, ef foreldrarnir fyndu slæma lykt af einhverjum mat gengi það í erfðir til barnanna sem ekki voru fædd þegar þeir urðu fyrir þessum ósköpum.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins til frekari upplýsinga örstutt aths.

Það kom fram í máli hv. þm. Hannesar Baldvinssonar, að það hefði ekki borið neitt á göllum í fullunninni vöru hjá K. Jónssyni á s. l. ári og Rannsóknastofnun hefði ekki orðið vör við slíkt. Það er ekki með öllu rétt, heldur var það tilefni til þess bréfs, sem ég las áðan, að það varð vart við gallaða fullunna vöru hjá Rannsóknastofnuninni, og þess vegna óskuðum við eftir að þessar báðar stofnanir, Rannsóknastofnunin og Framleiðslueftirlitið, tækju þetta mál út, eins og í bréfinu var farið fram á.

Hv. þm. bar einnig saman úttekt Framleiðslueftirlits sjávarafurða á síld, sem Siglósíld fékk á Hornafirði, og síld, sem K. Jónsson keypti þar og var í rauninni söltuð þar á hans ábyrgð. Það er því rétt að fram komi það rétta í því máli, að síldin var söltuð fyrir K. Jónsson á Hornafirði. (**Gripið fram í:** Vildi hann hafa hana svona?) Það má vel vera. Hann hefur viljað hafa síldina eins og hún var söltuð. Ég hef ekki séð að það hafi neitt komið fram sem sannar hið gagnstæða. — En ég vil í því sambandi segja, að samkv. því, sem K. Jónsson segir okkur hjá Sölustofnun lagmetis, var sérstaklega óskað eftir úttekt á þessari síld. Framleiðslueftirlitið sagði að hún væri óúttektarhæf á þeim tíma sem hún var flutt til Akureyrar — þá var hún það ung — og því var hún ekki verkuð. En það var óskað eftir þessari úttekt síðar, að okkur er tjáð. Ég er ekki að ásaka neinn með þessum orðum. Ég er bara að segja frá því, hvað er staðreynd í málinu að því sem okkur er tjáð hjá Sölustofnun lagmetis. Og ég vil taka alveg sérstaklega undir það með hæstv. iðnrh., að það eru ekki efni til þess að fara að finna einhvern sökudólg í þessu máli. Það er eftir að kanna það til hlítar. Það er a. m. k. ekki mjög heiðarlegt, og allra síst af hv. Alþ., að fella dóma í málum sem ekki eru að fullu leyti könnuð. En höfuðatriðið er að sjálfsögðu að koma í veg fyrir að slíkt geti endurtekið sig sem hér hefur orðið.

Kannske var ástæðan fyrir því, að ég bað hæstv. forseta að leyfa mér að segja hér nokkur orð, að ég gleymdi að taka fram eitt ákveðið atriði út af ummælum fyrirspyrjanda. Hann spurði um það, hvort þessir atburðir hefðu ekki áhrif á úttekt á útflutningsversluninni, og nefndi í því sambandi einkarétt Sölustofnunar lagmetis til sölu á lagmeti í Austur-Evrópu. Ég vil undirstrika í þessu sambandi, til þess að þingheimi sé það ljóst, að hér er að sjálfsögðu ekki um einsdæmi að ræða. Það er svo með mörgum þjóðum, að það er náin samvinna milli útflytjenda, sem flytja út til Austur-Evrópulandanna, eins og t. d. gerist hér hjá SH og SÍS. Þar er mjög náin samvinna um sölu til þessara landa. Og svo er t. d. í einu nágrannalanda okkar, þar sem lagmetisiðnaðurinn er verulega öflugur, hjá Norðmönnum, sem hafa sérstaka samstarfsnefnd sem sér um öll slík útflutningsmál til austantjaldslandanna. Og hér er ekki um neina tilviljun að ræða. Í þessum löndum kaupir einn aðili vöruna. Og ef það eru margir aðilar frá sama landi að bjóða einum aðila sams konar vöru, kannske á mismunandi verði, þá sjá náttúrlega allir hvaða afleiðingar það hefur fyrir viðkomandi land. Það verður til þess að lækka vöruna í verði og torvelda mjög samningsstöðu þegar margir eru að bjóða einum aðila.

Það gegnir allt öðru máli þegar um er að ræða markaðsaðstæður eins og eru á Vesturlöndum, þar sem eru margir innkaupaaðilar. Þar er að sjálfsögðu um að ræða, að margir aðilar geta verslað við þá og jafnvel á betra verði en ef um einkarétt er að ræða. Hins vegar er þetta svo — ég vil undirstrika það — að hér er um vinnuaðferð að ræða, sem við höfum notað á öðrum sviðum gagnvart Vestur-Evrópulöndunum og aðrar þjóðir nota af mjög einföldum ástæðum og af skynsamlegum ástæðum, tel ég, vegna þess að það er eðlilegt að þar sem einn aðili kaupir, þá sé einn aðili til að selja.

Hvar í dómskerfinu eru stödd nokkur mál, sem teljast til efnahagslegra afbrota, fsp. (þskj. 330). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 330 leyft mér að bera upp fsp. við hæstv. dómsmrh. um það, hvar í dómskerfinu séu stödd nokkur mál, sem teljast megi til svokallaðra efnahagslegra afbrota.

Það þarf í sjálfu sér ekki að hafa um það mörg orð, að á undanförnum árum hafa orðið allmiklar umr. hér á landi um tiltekna tegund afbrota, sem með samheiti má kalla efnahagsleg afbrot og eiga það sammerkt að þar er um að ræða afbrot þar sem einstaklingar eru að auðga sig beinlínis í efnahagslegu tilliti. Eins hafa verið uppi umr. um það, að dómskerfið hér á landi hafi ekki alls kostar verið í stakk búið að takast á við þær afbrotategundir sem hér eru gerðar að umræðuefni. Á undanförnum árum hafa fjölmiðlar fjallað um allnokkur mál af þessu tagi, og því er þessi fsp. fram borin, að hæstv. dómsmrh. upplýsi þingheim um hvar 11 mál, sem hér eru talin, séu stödd á

ferli dómskerfisins. Þessi mál eru: 1. Svokallað Pundsmál. 2. Svokallað Grjótjötunsmál. 3. Mál sem kennd voru við Guðbjart heitinn Pálsson. 4. Svokallað Landsbankamál. 5. Mál sem kennd hafa verið við Friðrik Jörgensen. 6. Svokallað ávísanakeðjumál. 7. Mál læknis, sem kærður var fyrir að hafa móttekið greiðslu fyrir þjónustu sem hins vegar var ekki innt af hendi. 8. Svokallað Alþýðubankamál. 9. Svokallað Finansbankamál. 10. Svokallað Antikmál. 11. Mál sem fjölluðu um bílasala sem kærðir voru á fyrra ári.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. þm. spyrst fyrir um 11 mál, sem verið hafa til meðferðar hjá rannsóknarlögreglu, ríkissaksóknara og dómstólum landsins.

Fyrst er spurst fyrir um mál sem kennt hefur verið við Sparisjóðinn Pundið. Gangur þess máls hjá rannsóknarlögreglu hefur verið þessi:

Hinn 24. nóv. 1975 kærði maður nokkur þáv. sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins Pundsins og annan mann, sem óháður var sparisjóðnum, fyrir meinta okurlánastarfsemi í sambandi við lánafyrirgreiðslu úr sparisjóðnum. Sá, sem kærði, hafði þá notið þessarar lánafyrirgreiðslu í þrjú ár og hafði hann þurft að greiða aukagreiðslu umfram vexti og kostnað til að fá fyrirgreiðslu út á sparisjóðsbækur sem bundnar voru í sjóðnum.

Rannsókn þessa máls var þegar hafin og voru bæði sparisjóðsstjórinn og hinn maðurinn, sem kærður hafði verið, úrskurðaðir til að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknarinnar. Vegna sjúkleika beggja mannanna var gæsluvarðhaldsvist þeirra stytt og var annar þeirra fluttur á sjúkrahús beint úr varðhaldinu. Hefur hann reyndar verið heilsuveill æ síðan.

Í þágu rannsóknar málsins var gerð húsleit í húsakynnum sparisjóðsins og öll gögn hans athuguð. Sú rannsókn var afar tímafrek. T. d. reyndist nauðsynlegt að yfirfara alla innleggs- og úttektarmiða hlutaðeigandi sparisjóðsbóka og kanna áritun þeirra. Þá var þörf á umfangsmikilli samanburðarvinnu, sem fram fór jafnt innan sparisjóðsins sem utan. Allmargar sparisjóðsbækur voru nafnlausar og reyndist tafsamt verk að afla upplýsinga um eigendur þeirra. Margir eigendur þeirra bóka, sem athugun sættu, voru orðnir aldurhnignir og heilsuveilir og tóku yfirheyrslur því langan tíma. Rannsókn málsins hófst hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, sem þá var undir stjórn yfirsakadómarans í Reykjavík. Annaðist rannsóknarlögreglan í Reykjavík rannsókn málsins allt fram til 1. júlí 1977, þegar Rannsóknarlögregla ríkisins tók til starfa. Var málið þá framsent hinni nýju rannsóknarlögreglu til meðferðar.

Jafnskjótt og Rannsóknarlögregla ríkisins hafði fengið málið til meðferðar var ákveðið að hefja á ný rannsókn þess. Var sú ákvörðun tekin með hliðsjón af því, að kannað yrði hvort um brot á XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 væri að ræða auk okurbrota. Fyrst og fremst beindist rannsóknin að því, hvort brotið hefði verið gegn 253. gr. hegningarlaga. Er í því sambandi rétt að fram komi að í forsendum gæsluvarðhaldsúrskurða þeirra, er kveðnir voru upp 25. nóv. 1975, segir að kærðir séu grunaðir um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga og þá einkum gegn fyrrnefndri 253. gr. þeirra. Brot samkv. 253. gr. hegningarlaga varða varðhaldi allt að 2 árum. Samkv. 2. tölul. 81. gr. sömu laga fyrnist sök á 5 árum þegar refsing hefði orðið varðhald um lengri tíma en eitt ár.

Unnið var kappsamlega að rannsókn málsins eftir að það barst Rannsóknarlögreglu ríkisins. Fjöldi manna var yfirheyrður og gagna aflað. Um síðustu áramót var málið á lokaspretti, aðeins eftir að yfirheyra annan kærða um það sem fram hafði komið við framhaldsrannsókn. Veiktist hann þá skyndilega og lá alvarlega veikur á sjúkrahúsi langan tíma. Vegna þessara veikinda var ekki unnt að yfirheyra hann fyrr en í okt. s. l., en stöðugt var fylgst með heilsufari hans með tilliti til þess hvort hægt væri að yfirheyra hann. 13. nóv. s. l. barst rannsóknarlögreglunni læknisvottorð þess efnis, að frekari yfirheyrslur yrðu heilsu hans hættulegar. Þá var ákveðið að málið skyldi sent ríkissaksóknara til umfjöllunar.

Rannsókn máls þessa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins dróst einvörðungu vegna veikinda kærða, svo sem að framan hefur verið lýst. Rétt er einnig að taka fram, að kæranda máls þessa var bent á að skila sundurliðaðri og rökstuddri skaðabótakröfu, sem unnt væri að birta kærðu, en slík krafa barst ekki þrátt fyrir ítrekaða ósk þess efnis.

Öllum er fullkunnugt um hver urðu endalok þessa máls. Ríkissaksóknari taldi ekki að ástæða væri til frekari aðgerða í máli þessu af hálfu ákæruvaldsins. Ástæðan væri sú, að sök kærðu væri fyrnd þar sem um væri að ræða meint okurbrot, en ekki brot gegn almennum hegningarlögum. Ég get bætt því hér við, að ýmsir lögfróðir menn eru ósammála um þessa niðurstöðu.

Í framhaldi af þessu er rétt að það komi fram hér og nú, að innan skamms verður lagt fyrir Alþ. frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, þar sem m. a. verður gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á fyrningarreglum laganna. Hegningarlaganefnd er nú að leggja síðustu hönd á tillögur þess efnis, en sú vinna hefur staðið alllengi, enda um vandasamt verk að ræða.

Í öðru lagi er spurt um Grjótjötunsmálið. Mál þetta er til meðferðar í Sakadómi Reykjavíkur. Að því er mér var tjáð, þegar þetta svar var útbúið, 5. febr. s. l., var gert ráð fyrir að það yrði tekið til dóms 6. febr. Ég hef ekki grennslast eftir því, hvort svo hefur orðið, en það er þá a. m. k. alveg á næsta leiti.

Í þriðja lagi er mál sem kennt hefur verið við Guðbjart Pálsson. Með bréfi, dags. 24. mars 1977, sendi Sakadómur Reykjavíkur ríkissaksóknara endurrit af dómsrannsókn sem þá hafði farið fram vegna meintra tollalaga- og hegningarlagabrota Guðbjarts heitins Þórðar Pálssonar. Vegna andláts Guðbjarts skömmu áður tók rannsóknardómarinn þá ákvörðun að senda ríkissaksóknara rannsóknina, eins og hún stóð þá, til athugunar og umsagnar um það, hvort ástæða væri til að halda áfram vissum þáttum rannsóknarinnar.

Hinn 24. júlí 1978 sendi ríkissaksóknari Sakadómi Reykjavíkur rannsóknargögn á ný og mælti fyrir um áframhaldandi rannsókn á nokkrum þáttum málsins. Yfirsakadómarinn í Reykjavík synjaði kröfu ríkissaksóknara um dómsrannsókn með úrskurði sem ríkissaksóknari kærði aftur til Hæstaréttar. Hæstiréttur staðfesti úrskurð Sakadóms, og sendi ríkissaksóknari þá málið til Rannsóknarlögreglu ríkisins með bréfi, dags. 3. nóv. 1978. Rannsókn máls þessa hjá rannsóknarlögreglu er á byrjunarstigi, en kappkostað mun að ljúka henni sem allra fyrst.

Þá er í fjórða lagi spurt um svokallað Landsbankamál.

Hér er um að ræða rannsókn vegna misferlis fyrrum deildarstjóra í ábyrgðadeild Landsbankans. Mál þetta var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar 9. f. m. og hefur þegar verið lögð mikil vinna í skoðun málsins hjá saksóknara.

Rétt er að benda á við þetta tækifæri, hve rannsókn þessa umfangsmikla máls hefur gengið hratt og örugglega. Hér er um að ræða eitt stærsta mál sinnar tegundar er komið hefur upp hér á landi. Þær endurbætur, sem gerðar hafa verið á réttarkerfinu hin síðari ár, hafa sannað ágæti sitt við rannsókn þessa máls, a. m. k. virðumst við vera á réttri leið.

Í fimmta lagi er spurt um mál sem kennt hefur verið við Friðrik Jörgensen. Hér er um að ræða ákæru um fjármunabrot sem segja má að hafi verið ein sorgarsaga frá upphafi. Gangur þessa einstæða máls hefur áður verið rakinn hér á hv. Alþ., svo að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það nú, en vil þó geta þess, að málið hófst 22.12.1966 með kæru Útvegsbanka Íslands. Gangur málsins var nokkuð hraður framan af, en fyrst og fremst vegna óvæntra mannaskipta hafa orðið þarna á verulegar tafir. Þó hafa orðið áfangar í þessu máli, sem rétt er að minnast, m. a. er mér ekki ljóst að þess hafi verið getið fyrr, að 22.2.1972 ákvað saksóknari að fella niður kæru um gjaldeyrisskil, sem var mjög veigamikill þáttur í þessu máli. Var það gert að undangengnum ítarlegum rannsóknum að sjálfsögðu.

Refsimál það, sem höfðað hefur verið á hendur Friðrik Jörgensen, er til meðferðar hjá Sakadómi Reykjavíkur. Að því er mér er nú tjáð hefur málflutningur ekki enn verið endanlega ákveðinn, en verður sennilega í aprílmánuði n. k. Hillir því loks undir að þessu máli ljúki fyrir sakadómi. Gjaldþrotaskiptum á búi Friðriks Jörgensens sjálfs og Friðriks Jörgensens hf. ætti að ljúka á tiltölulega skömmum tíma eftir að endanlegur dómur hefur fallið í refsimálinu. Og ég vil lýsa þeirri einlægu von minni, að dómsmrh. þurfi ekki að standa hér aftur að ári og lofa afgreiðslu þessa máls hjá sakadómi.

Sjötta málið, sem spurt er um, er ávísanakeðjumál svokallað. Mál þetta barst ríkissaksóknara í maímánuði s. l. Síðan hefur verið unnið sleitulaust að könnun málsins hjá saksóknara.

Skjöl í máli þessu eru afar umfangsmikil. T. d. eru þau geymd í 28 stórum skjalakössum. Ekki er hægt að segja fyrir á þessu stigi málsins hvenær ríkissaksóknari lýkur könnun sinni á því.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að rannsókn þessa máls hefur m. a. orðið til þess, að viðskiptabankarnir hafa tekið upp ný vinnubrögð við eftirlit með útgáfu ávísana. Það veldur því, að mál sem þetta á ekki að geta komið upp að nýju. Það gerir málið flókið lagalega séð, að erfitt er að greina á milli annars vegar ófullkominna vinnubragða bankanna og hins vegar misnotkunar hinna ákærðu.

Í sjöunda lagi er spurst fyrir um mál læknis sem kærður var fyrir að hafa fengið greiðslu fyrir þjónustu er ekki var innt af hendi.

Hinn 6. maí 1977 barst Sakadómi Reykjavíkur bréf tryggingaráðs, þar sem óskað var opinberrar rannsóknar á meintu misferli læknis nokkurs við gerð reikninga til sjúkrasamlaga. Sakadómur framseldi málið sýslumanni Kjósarsýslu, þar sem læknirinn átti lögheimili á Seltjarnarnesi. Hófst hjá því embætti rannsókn á nokkrum tilfellum, þar sem sjúklingar úr Hafnarfirði áttu hlut að máli. Stuttu eftir að Rannsóknarlögregla ríkisins tók til starfa var málið framsent henni til meðferðar. Vegna veikinda þess rannsóknarlögreglumanns, sem falin var rannsókn málsins, dróst nokkuð að rannsókn hæfist af fullum krafti. Það gerðist hins vegar um áramótin 1977—1978 og hafa tveir rannsóknarlögreglumenn unnið við hana að staðaldri, m. a. s. unnu 4 menn að henni á tímabili.

Gögn hafa þegar borist frá öllum sjúkrasamlögum á landinu og hafa þegar verið yfirheyrðir 265 sjúklingar af þeim tæplega 1200 sem við sögu koma. Máli þessu fylgir að auki gífurlegur skjalafjöldi og mikil vinna hefur farið í að bera saman reikninga við aðgerðabækur og dagbækur læknisins. Á þessu stigi málsins er ekki hægt að gera sér grein fyrir því, hvenær rannsókn þess lýkur. — Má geta þess til samanburðar, að nýlokið er í Danmörku rannsókn á hliðstæðu máli. Sú rannsókn tók tvö ár og unnu við hana að staðaldri fimm rannsóknarlögreglumenn.

Í áttunda lagi er spurt um Alþýðubankamál. Mál þetta er til meðferðar hjá Sakadómi Reykjavíkur. Það var dómtekið 26. f. m. og er dóms að vænta innan skamms.

Í níunda lagi er spurt um Finansbankamál. Ekki er með fullu ljóst við hvaða mál fyrirspyrjandi á þegar hann spyr um „Finansbankamál". Eigi hann við rannsókn á meintum gjaldeyris- og skattsvikum þeirra, sem innstæður áttu í Finansbanken í Danmörku, þá er því að sjálfsögðu til að svara að hér er um fleiri en eitt mál að ræða.

Mál þessi bárust rannsóknardeild ríkisskattstjóra í des. 1977. Með bréfi, dags. 19. jan. 1978, skýrði gjaldeyrisdeild Seðlabanka Íslands ríkissaksóknara frá því, að þessi mál væru til rannsóknar hjá rannsóknardeild ríkisskattstjóra. Síðan hefur saksóknari fylgst með gangi rannsóknarinnar hjá skattrannsóknarstjóra, en hefur talið rétt að bíða þess að öll málin væru afgreidd frá skattyfirvöldum áður en tekin væri ákvörðun um hvort mál yrði höfðað á hendur reikningseigendum. Nú mun rannsókn 22 mála vera lokið hjá skattrannsóknarstjóra, en u. þ. b. 30 mál eru þar enn til meðferðar.

Með bréfi, dags. 6. mars 1978, fór Seðlabanki Íslands þess á leit við Rannsóknarlögreglu ríkisins að rannsókn færi fram á því, með hvaða hætti upplýsingar úr póst- og ábyrgðarbréfabók bankans hefðu komist í hendur óviðkomandi óþekkts aðila. Sú rannsókn stendur enn.

Í tíunda lagi er spurt um svokallað Antikmál. Mál þetta er til meðferðar hjá Sakadómi Reykjavíkur. Óákveðið er hvenær mál þetta verður flutt, en væntanlega verður þess ekki langt að bíða.

Í ellefta lagi er spurt um mál bílasala sem kærðir voru á fyrra ári.

Hinn 14. sept. s. l. barst Rannsóknarlögreglu ríkisins kæra frá lögmanni í Reykjavík vegna meintra fjársvika í sambandi við bílaviðskipti. Í kjölfar þessarar kæru fylgdu fjölmargar aðrar kærur sama eðlis, auk þess sem Rannsóknarlögregla ríkisins hefur haft frumkvæði um rannsókn fjölda slíkra afbrota.

Mál þessi varða meint fjársvik, skjalafals, ranga skýrslugjöf til stjórnvalda o. fl. Að meginstefnu til tengjast kærur þessar starfsemi þriggja starfandi bílasala í Reykjavík, og hefur alls 21 aðili verið kærður, ýmist fyrir beina aðild eða hlutdeild. Rannsókn flestra þessara mála er nú lokið, en önnur eru á lokastigi. Stefnt er að því að ljúka rannsókn allra þessara mála í þessum mánuði og verða þau þá send ríkissaksóknara til frekari

ákvörðunar.

Hér að framan hefur verið greint frá stöðu þeirra mála sem fyrirspyrjandi hefur spurst fyrir um. Nú hefur verið útbýtt á Alþ. skýrslu minni um gang dómsmála og mun ég gera nánari grein fyrir stöðu þeirra mála þegar skýrslan verður tekin til umr. hér á hinu háa Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóð svör hans við þessum fsp. Mér er raunar kunnugt um að hann brást skjótt við og var tilbúinn með svör fljótlega eftir að þessar spurningar komu fram, þó að dagskrá hér í Sþ. hafi svo háttað að svör hafi dregist allnokkuð, svo sem fram kom af máli hans. En allt um það á hæstv. ráðh. *auðvitað góðar þakkir skildar fyrir svörin.*

Kjarni málsins er engu að síður sá, að það getur varla farið fram hjá neinum, sem hlýðir á svör hæstv. ráðh., að hér er enn sem fyrr við verulegan vanda í samfélagsgerð okkar að etja. Það er varla fráleitt að draga þá ályktun að öll þessi stóru mál, sem hafa orðið beinlínis áberandi þáttur í samfélagsgerð okkar á undanförnum árum, hljóta einhverja sérstaka skýringu að eiga. Mér er nær að ætla að ein meginskýring þessa sé sú óðaverðbólga sem hér hefur geisað á undanförnum árum, og manni sýnist í fljótu bragði að ekki sé óskynsamlegt að ætla að aukning þessarar tegundar afbrota gangi nokkurn veginn hönd í hönd við hraðara stig verðbólgu, eins og verið hefur allan þennan áratug. Það hefur í fleiri löndum en hér fylgt óðri verðbólgu, að verðmætamat manna brenglast meira og minna, og manni sýnist af þeirri ófögru lýsingu, sem hér var lesin upp áðan, að þessi samanburður fái staðist. Auðvitað er það svo þegar mál eins og Pundsmál virðist fyrnast að mestu fyrir misskilning í kerfinu, eins og hér var lýst. *Annað stórmál, kennt við Friðrik Jörgensen,* hefur staðið allt frá 1966. Ég efast ekki um góðan vilja hæstv. ráðh., að hann þurfi ekki að standa hér að ári til þess að fjalla enn um það mál. Af þessu tvennu, þó að ekki sé annað tiltekið í bili, hlýtur að vera ljóst að hér er enn sem fyrr við verulegan vanda að etja.

En aðalatriði þessa máls sýnist manni þó vera það, að það má ekki gerast að hin gömlu sannindi eigi ekki lengur við: afbrot eiga ekki að borga sig. Auðvitað er það svo þegar verðbólga veður áfram og í efnahagslegum afbrotum af þessu tagi er ekki um verðtryggingar að ræða, að þá er hætt við að sá, sem hefur verið að brjóta leikreglur samfélagsins, hagnist á þeim langa drætti sem á sér stað. Þetta eru miklar hættur sem við kerfinu blasa. Það er auðvitað beinlínis hryggileg samfélagslýsing ef það, sem eigi við, er hitt: efnahagsleg afbrot beinlínis borga sig í því samfélagi og þeirri samfélagsgerð sem hér hefur verið að myndast á undanförnum árum.

En það er von að spurt sé út frá svörum hæstv.ráðh.: 1) Er kerfið nægjanlega vel í stakk búið til þess að eiga við þau mál sem hér hafa verið gerð að umræðuefni? Mér er næst að ætla að svo sé ekki. 2) Er þá þetta sama dómskerfi svo yfirhlaðið störfum að málin þar hlaðist upp án þess að fá nokkra úrlausn?

En allt um það ber að þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóð svör við þessum spurningum. Á hitt ber að lokum að leggja rækilega áherslu, að í þessum efnum ber að búa svo um hnútana að afbrot af því tagi, sem hér hafa verið gerð að umræðuefni, mega undir engum kringumstæðum borga sig. Og sé komið í veg fyrir það, þá erum við a. m. k. búin að koma í veg fyrir stóran hluta þess vanda sem hér hefur verið gerður að umræðuefni og vissulega er mikill.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég held að það hafi komið í ljós í svörum hæstv. ráðh. að dómskerfið virðist ekki vera eins svifaseint og hv. fyrirspyrjandi virðist vilja berja inn í þjóðina. Ég held líka að við verðum að fara afskaplega varlega í að ýta það fast á eftir dómskerfinu að það fari að flýta sér um of í viðkvæmum málum. Eru margar ástæður til þess, ekki bara afbrotanna vegna, heldur líka með tillitssemi við þá, sem handteknir eru, og eins fjölskyldur þeirra og fleiri aðstandendur.

Ég gerði það að gamni mínu, þegar ég vissi að hæstv. ráðh. *mundi svara fsp.* einhvern næstu daga, að kynna mér eitt þessara mála, bara til þess að vita nokkurn veginn hvernig það mál stæði og hver væri munurinn á þeim dómi, sem almenningur hefur þegar fellt, og á málinu eins og það stendur í dag. Og ég verð að segja alveg eins og er, að eftir situr hjá mér viss hryggð yfir því, að það skuli vera opin leið í þjóðfélagi okkar til að koma á framfæri ásökunum með alvarlegustu afleiðingum fyrir viðkomandi án þess að ótvíræðar sannanir liggi fyrir frá kæranda hálfu.

Ég skal ekki segja hvor aðili það var í svonefndu Pundsmáli sem þoldi auðsjáanlega ekki þá pressu sem Pundsmálið setti á þann aðila, en hann hefur samkv. úrskurði lækna ekki haft heilsu til þess að vera yfirheyrður. Það hefur ekki verið hægt að tala við hann eins og maður talar við mann frá því að ákæra barst í þessu máli. Nú veit ég ekki hvort um er að ræða þann, sem ákærir, eða hinn, sem er kærður.

En oft er það svo, að vegna skrifa í dagblöðum hefur almenningur dæmt fyrir allar ákærur. Þetta mál, sem ég reyndi að kynna mér, var mál Friðriks Jörgensens. Hann hefur verið ákærður á 15 vélrituðum blaðsíðum, þ. á m. um gjaldeyrissvik, sem voru á 9 af þessum 15 ákærusíðum. Þessar 9 ákærusíður af 15 hafa verið felldar niður. En ég hef ekki séð frá hendi rannsóknarblaðamanna að þeir hafi gert sér far um að biðja afsökunar á skrifum sínum út af þeim ákæruatriðum sem dómsvaldið hefur fellt niður, en almenningsálitið þegar dæmt viðkomandi aðila fyrir þungum sökum. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég óska eftir að fá að halda ofurlítið lengur áfram. Ég held að þetta sé það alvarlegt mál að ég verði að óska eftir því að fá að halda svolítið lengur *áfram. Alhæfingar í fjölmiðlum um svik þegar á byrj*unarstigi rannsókna eru svo hættulegt athæfi, að hið opinbera verður að gera hegningarlöggjöfina svo úr garði að hún reynist handteknum mönnum vörn og verji viðkomandi svo að þeir eða fjölskyldur þeirra handteknu líði ekki umfram það sem eðli lögbrota gefur tilefni til. (Forseti hringir.)

Óskar forseti eftir að ég hætti? (**Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á, að samkv. 32. gr. þingskapa hafa ræðumenn, aðrir en fyrirspyrjandi og ráðh., aðeins tvær mínútur til umráða. Og enn fremur, eftir því sem hæstv. dómsmrh. lýsti yfir áðan, mun bráðlega verða hér til umr. dómsmálaskýrsla hans.) Má ég þá ljúka orðum mínum með mjög stuttri tilvitnun í samsvarandi mál? *Ég skal þá* vera mjög stuttorður.

Hver á að standa Sigfinni Sigurðssyni skil á mannorði hans eftir þær ákærur sem hann hefur nú verið sýknaður af?

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. forseta og hæstv. dómsmrh., að eðlilegur vettvangur almennra umr. um dómsmál er að sjálfsögðu þegar hæstv. dómsmrh. flytur skýrslu sína. Þá gefst okkur þm. tækifæri til þess að gera það í lengra og ítarlegra máli en nú.

Ég vil aðeins í sambandi við það, sem kom fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni, vekja sérstaka athygli á því, að það er ekki síður í þágu þess, sem meint afbrot hefur unnið, að rannsókn málsins gangi greiðlega, svo að hægt sé að skera úr því án ónauðsynlegra tafa hvort ástæða er til þess að gefa út ákæru og láta málið ganga til dóms eða ekki. Þannig er öllum í hag, bæði þeim, sem liggja undir grun, dómskerfinu í landinu, dómstólum og þeim sem við þessar rannsóknir fást og þjóðfélaginu í heild, að málin geti gengið sem allra greiðlegast fyrir sig, en þó þannig að undirbúningur sé vandaður.

Það fer auðvitað ekki á milli mála, eins og kom raunar fram hjá hæstv. dómsmrh. áðan, að það hefur tekið allt of langan tíma að ganga frá rannsókn og meðferð í dómskerfinu á mörgum þeim málum sem hv. þm. Vilmundur Gylfason spurði um. Ég vil t. d. vekja athygli á því með þessi nýlegri mál sem umfangsmikil eru, hversu langur tími virðist líða frá því að rannsóknaraðilarnir skila rannsóknninni af sér og þangað til saksóknari treystir sér til að gefa út ákæru eða komast að þeirri niðurstöðu að ákæra skuli ekki gefin út. Þetta er mjög óæskilegt. Ég vil sérstaklega í því sambandi minna á að við rannsókn á einu slíku umfangsmiklu máli, sem er kallað ávísanakeðjumálið, óskaði rannsóknaraðili, sem sérstaklega var skipaður, eftir því í miðjum klíðum rannsóknarinnar, þegar hann taldi nauðsynlegt að marka rannsóknninni ákveðna stefnu, að saksóknari tæki ákvörðun um í hvaða átt rannsóknninni ætti að beina miðað við þær upplýsingar, sem þá lágu fyrir, og hvað ríkissaksóknari hygðist gera í sambandi við væntanlega útgáfu ákærunnar. En ríkissaksóknari var ekki reiðubúinn til að gera þetta þá. Það hefur komið í ljós, að frá því að rannsókn lauk er liðinn alllangur tími.

Ég held að meginatriði málsins sé það, og skal þá ljúka máli mínu á því, að það sé tryggt að maður, sem með röngum hætti aflar sér fjár, fái ekki slíkt fé með betri kjörum en sá sem aflar sér fjár með réttum hætti sem lántakandi. Því vil ég mjög ýta undir það að frv. hv. þm. Ellerts B. Schram um dómvexti fái afgreiðslu á þinginu sem nú stendur.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend raunar aðeins upp til að taka undir ýmislegt af því sem hér hefur komið fram. Ég get tekið undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. Vitanlega verður að gæta þess, þegar máli er hraðað, að sakborningur fái öll tækifæri til að verja sig sökum. Við byggjum að sjálfsögðu á því, að enginn er sekur fyrr en sekt er sönnuð. Hitt er svo annað mál, að langur tími slíkrar málsmeðferðar bitnar einmitt oft mjög illa á sakborningi og fjölskyldu hans, og um það eru mörg dæmi. Ég hygg að einnig frá því sjónarmiði verði að tryggja þann hraða slíkrar málsmeðferðar sem frekast er unnt og hæfilegt getur talist.

En ég vil jafnframt taka undir það, sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að álagið er gífurlega mikið á rannsóknar- og dómskerfinu í heild — gífurlega mikið. Þótt vafalaust hafi orðið veruleg endurbót með Rannsóknarlögreglu ríkisins er hún ofhlaðin störfum. Svo er einnig með saksóknara. Því er í gangi nú á vegum dómsmrn. athugun á því, hvort tæknilega megi auðvelda þessum aðilum, ekki síst saksóknara ríkisins, meðferð hinna fjölmörgu mála sem þar liggja. Vel má vera að það verði unnt með breyttum starfsháttum. En menn verða einnig að gæta þess, að til þess eru margar löglegar leiðir fyrir verjanda að fá frestað sínu máli, og ekki nema hluta af þeim langa tíma, sem fer í slíka málsmeðferð, má rekja til dómstólanna sjálfra.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Í þessu tilfelli eins og flestum er rétt, að á skal að ósi stemma og taka þar sérstaklega fyrir það að menn geti hagnast á fjársvikamálum. Það er mjög stórt atriði. Ég er því með í athugun hvort fara eigi þá leið, sem hefur verið lögð til í frv., að stórhækka dómvexti, eða jafnvel hef ég óskað eftir athugun á því, hvort til greina gæti komið beinlínis að reikna verðtryggingu á slíkar dómniðurstöður, eftir á að sjálfsögðu. Úr þessu þarf að bæta og hef ég fullan hug á því.

Loðnuveiðar, fsp. (þskj. 342). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 342 að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. sjútvrh.:

„1. Verður veiði á loðnu takmörkuð við ákveðið magn á þessari vertíð?

2. Hyggst sjútvrh., ef svo verður, gera ráðstafanir til að unnt verði að framleiða í gerða sölusamninga á frystri loðnu og loðnuhrognum? Samningar þessir eru mjög verðmætir og mikilvægir fyrir framtíðarstöðu okkar á markaðnum og fiskvinnslu á Suðvesturlandi."

Það er að sjálfsögðu ekki að ástæðulausu að þessar fsp. eru bornar fram. Við lesum nú í blöðum um till. Hafrannsóknastofnunar eða fiskifræðinga um takmörkun loðnuveiða við 350 þús. tonn til þess að tryggja nægilega mikla hrygningu og verði veiðum í bræðslu haldið í lágmarki á hrygningarsvæðum á Suður- og Suðvesturlandi. Má segja, að það séu vandræði að við þm. skulum ekki hafa fengið skýrslu fiskifræðinganna. Við höfum ekki haft aðgang að upplýsingum þeirra annars staðar en úr fjölmiðlum.

Nú er það svo, að á þessu svæði sem og Vesturlandinu hafa verksmiðjur fjárfest mikið, lagt í dýran og mikinn undirbúning í auknu þróarrými, tækjum og búnaði í trausti þess að hafa eðlilega vinnslu í vetur, og á þessu svæði eru nokkrar af stærstu og öflugustu verksmiðjum landsmanna. Þá hafa margar verksmiðjur selt töluvert magn af mjöli fyrir fram og þær þyrftu nauðsynlega að hafa aðstöðu til þess að gera viðskiptamönnum sínum grein fyrir því, ef um vanefndir á samningum verður að ræða, og þyrftu því að vita þetta sem fyrst.

Vinnsla loðnunnar hefur skapað starfsfólki verksmiðjanna mikla vinnu og góðar tekjur og hefur það treyst á loðnuvinnslu varðandi afkomu sína á árinu. Sama má að mestu leyti segja um frystihúsin. Þau hafa þegar lagt í dýran og mikinn undirbúningskostnað fyrir vertíðina, keypt flokkunarvélar, þvottavélar, hrognaskiljur og annan búnað til vinnslunnar. Starfsfólk þeirra treystir mjög á mikla vinnu og auknar tekjur við loðnuvinnsluna. Eins er það að afköst frystingar eru mest á

suðvestursvæðinu, þar sem erfiðleikar frystiiðnaðarins hafa verið hvað mestir. Yrði loðnufrystingin því mikill búhnykkur, bæði fólkinu og frystihúsunum.

Þá megum við ekki heldur gleyma stöðu okkar og samkeppni á japanska markaðnum. Við vorum þar brautryðjendur, en höfum á síðustu árum átt í harðri samkeppni við Norðmenn, Rússa og Kanadamenn og á ýmsu gengið. Nú eru skilyrði á markaðnum mjög hagstæð og ef vel tækist til gætum við styrkt þar mjög stöðu okkar að nýju. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur þegar gert samninga um sölu á 6000 tonnum af frystri loðnu og 3400 tonnum af frystum loðnuhrognum og er verðmæti samningsins um 4.5 milljarðar. Samband ísl. samvinnufélaga mun hafa gert samning nú við Japani einnig, en ég hef ekki fengið upplýsingar um hve stór sá samningur er eða hvert verðmæti hans er. Munu jafnvel fleiri söluaðilar vera í samningagerð við Japani og er vandalaust að auka við þá samninga sem þegar hafa verið gerðir. Við verðum því að gera allt sem í okkar valdi stendur til að styrkja stöðu okkar á markaðnum í Japan.

Svo hefur til tekist að loðnufrysting er nú um 1100 tonn, en fram undan er að frysta loðnuhrognin og til þess að sú frysting geti farið fram þarf rúmlega 100 þús. tonn af hráefni. Virðist vera að fiskifræðingar bindi sig við töluna eða veiðimagnið 1 millj. tonna. En mér finnst einhvern veginn að þessi milljón tonna hljómi ekki reglulega sannfærandi, því að ég verð að líta svo á að fiskifræði sé ekki þau „exact" vísindi að slík ákvörðun verði byggð á þeim rannsóknum, sem þegar hafa farið fram.

Við vitum að loðnugangan, sem fer hér með landinu, hefur skipt sér. Hluti hennar hefur farið vestan við landið og er nú kominn upp að Vestfjörðum. Sýnist þar vera mikið magn á ferðinni. Skoðanir virðast vera skiptar um það magn sem kemur austan með landinu. Virðist vera álit skipstjórnarmanna að þarna sé mun meira magn á ferðinni en fiskifræðingar hafa viljað vera láta, og við höfum óskað eftir að rannsóknarskip verði sent til að skoða þessa göngu frekar en til þessa hefur verið gert. Að vísu voru fiskifræðingar búnir að kanna þetta áður en gangan kom að suðurströndinni og töldu þetta mun minna magn en verið hefði, en það mun vera álit skipstjórnarmanna, að þarna sé mjög mikið magn á ferðinni, svipað og var 1977, og því ekki ástæða til eins mikillar varfærni og fiskifræðingar vilja nú hafa. Það er búið að veiða um 256 þús. tonn, svo að það er ekki mikið eftir ef á að halda sig við þessa milljón tonna sem gerðar eru till. um.

Þannig er nú ástatt, að rannsóknarskipið Árni Friðriksson mun vera að koma úr dráttarbraut og eiga að fara í rækjuleit nú þegar hann kemur úr slipp. Bjarni Sæmundsson er fyrir vestan land og á að fara í einhvers konar rannsóknir við Norður- og Vesturland. Æskilegt er að annað hvort þessara skipa verði nú þegar sent til þess að kanna gönguna sem fer hér vestur með suðurströndinni. Við vitum að vandasamar ákvarðanir eru fram undan við fiskvernd og veiðitakmarkanir þegar sókn okkar í fiskstofnana minnkar og stefna verður að hámarksverðmætasköpun úr hverjum stofni. En ákvarðanir verður að taka og verður ekki við það unað lengur, að fiskvinnslufólk og stjórnendur fyrirtækjanna hér á Suðvesturlandi fái ekki að vita hvað fram undan er á þessari komandi og yfirstandandi vertíð.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Fyrri liður fsp. er þannig: „Verður veiði á loðnu takmörkuð við ákveðið magn á þessari vertíð?"

Um það vil ég segja þetta:

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur 1978, sem samin var í lok ársins 1977, var talið að veiðiþol íslenska loðnustofnsins væri á bilinu 1-1.5 millj. lesta árlega, en fram til þess tíma höfðu veiðar verið langt innan þeirra marka. Í skýrslunni var svo lagt til að hámarksafli tímabilsins 1. júlí 1978 til 30. júní 1979 skyldi ákveðinn við neðri mörk þessa veiðiþols, verða 1 millj. lestir.

S. l. sumar og haust lagði Hafrannsóknastofnunin verulega áherslu á að finna stærð þess stofns er hrygna mundi nú á þessari vetrarvertíð, og var m. a. tekin upp ný aðferð við að mæla stærð stofnsins með bergmálsaðferðum. Segir í skýrslu stofnunarinnar, að bæði þessi aðferð og loðnumerkingar hafi gefið svipaða niðurstöðu og bendi til þess, að 1 millj. lesta afli sé hrygningarstofni ársins 1979 sem betur fer ekki ofviða. Þótti í þessari síðustu skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar ekki ástæða til þess að endurskoða fyrri tillögu stofnunarinnar fyrr en stærð hrygningargöngunnar hefði verið endurmæld nú í þessum mánuði.

Fyrstu daga þessa mánaðar var rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson við slíkar mælingar út af norðanverðum Austfjörðum. Þaðan hélt skipið á Vestfjarðamið til að kanna hvað hæft væri í því áliti margra, að þar væri einnig um allmiklar loðnutorfur að ræða. Fann leiðangursstjórinn, Hjálmar Vilhjálmsson, þá verulegt magn af hrygningarloðnu sunnanvert við Kögurgrunn og var hún í torfum og veiðanlegu ástandi. Þessum leiðangri lauk fyrir 10 dögum og sagði Hjálmar að honum loknum, að hann teldi ekki ráðlegt að veiða meira en 350 þús. lestir úr þeirri hrygningargöngu er var á hinni hefðbundnu slóð út af Austfjörðum, en hins vegar væri rétt að beina bræðsluveiðum að Vestfjarðaloðnunni, þar sem óvíst væri á hvaða leið hún væri og hvort hún mundi hrygna á svæði þar sem skilyrði væru til þess að klak heppnaðist.

Rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson hafði skamma viðdvöl í landi og hélt mánudaginn 12. þ. m. aftur á loðnuslóðina út af Vestfjörðum og hefur verið þar síðan við magnmælingar og til að fylgjast með hegðun loðnunnar. Hefur leiðangursstjórinn, Hjálmar Vilhjálmsson, fundið meira magn en hann hefur áður talið að væri á ferðinni. Hefur loðna verið á suðurleið og var í gær komin að Víkurál. Gefur það vonir um að hún muni velja sér stað góðra skilyrða til að hrygna. Ekki hefur verið veiðiveður á Vestfjarðamiðum frá því á fimmtudag, en nú munu 5 bátar a. m. k. vera komnir á þetta svæði.

S. l. 5 daga hefur einnig verið bræla á miðunum við Suðausturland, nema síðustu nótt og veiddust þá tæpar 13 þús. lestir. Loðnan var að mestu friðuð þennan tíma vegna veðurs. Þessari göngu hefur miðað vel áfram frá því að Hjálmar var við magnmælingar sínar suður af Langanesi í byrjun þessa mánaðar og mun gangan nú vera komin vestur undir Ingólfshöfða. Á sama tíma hefur gangan þést og komist miklu nær landi. Loðnuskipstjórar munu mjög almennt þeirrar skoðunar, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að bæst hefði í þessa göngu og það jafnvel verulega frá því að Hjálmar gerði mælingar sínar fyrir rúmum hálfum mánuði, þrátt fyrir það sem veitt hefur verið á þessu tímabili. Nú hafa verið

veiddar 256 þús. lestir úr þessari göngu. Vonir standa til þess, að fiskifræðingar geti athugað þessa göngu á næstu dögum til að staðreyna hvort þessi skoðun loðnuskipstjóra hefur við rök að styðjast. Má segja að þá verði þekking okkar á hrygningargöngum þessa árs orðin eins fullkomin og hún getur orðið.

Eins og sjá má af því, sem nú hefur verið greint frá, hafa loðnuveiðar á þessari vetrarvertíð verið stundaðar undir nánast daglegu vísindalegu eftirliti. Þykir ekki tímabært á þessari stundu að ákveða að vertíðaraflinn skuli takmarkaður við 350 þús. lestir. Rannsóknir, gæftir og veiðar næstu dagana munu væntanlega hafa úrslitaáhrif á þá ákvarðanatöku og þá einnig það, hvort veitt verður og þá hve mikið úr Vestfjarðagöngunni. Til greina kemur að beina loðnuflotanum með stjórnunaraðgerðum af suðaustursvæðinu á Vestfjarðasvæðið, t. d. í einhvern ákveðinn tíma, en ekki hefur enn þótt þörf slíkra aðgerða. Hefur friðun miðanna s. l. 5 sólarhringa vegna brælunnar haft nokkuð að segja í því efni og mun að sjálfsögðu tekið mið af því, hvenær veiðar geta vegna veðurs hafist á ný og hvaða stefnu þær muni þá taka. Veðurspá er nú slæm, bæði fyrir Vesturlandssvæðið og Ingólfshöfðasvæðið, og þykir rétt á þessu stigi málsins að bíða með að ákveða aðgerðir þar til betur verður séð hve mikilli friðun veðurguðirnir ætla að standa fyrir.

Seinni liður fsp. hljóðar þannig, með leyfi forseta: „Hyggst sjútvrh., ef svo verður, gera ráðstafanir til að unnt verði að framleiða í gerða sölusamninga á frystri loðnu og loðnuhrognum? Samningar þessir eru mjög verðmætir og mikilvægir fyrir framtíðarsölu okkar á markaðnum og fiskvinnslu á Suðvesturlandi."

Um þetta vil ég segja: Til þess að unnt verði að framleiða í hina mjög mikilvægu sölusamninga, sem gerðir hafa verið um fyrsta loðnu og loðnuhrogn, er talið að veiða þurfi allt að 100 þús. lestir og má búast við að hægt verði að hefja hrognafrystingu um næstu mánaðamót eða jafnvel fyrr, en loðnufrystingin er þegar hafin. Þetta atriði er vissulega haft í huga, og verða stjórnunaraðgerðir á veiðunum, ef þeirra mun þykja þörf, miðuð við það að hægt verði að framleiða í þessa samninga. Má búast við því, ef gripið verður til aðgerða í þessu skyni eða til takmörkunar veiða að öðru leyti, að þá verði lítill eða enginn fyrirvari á því að þær aðgerðir verði látnar taka gildi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil taka undir með fyrirspyrjanda, þegar hann sagði frá því, hvað það væri bagalegt fyrir þá, sem ættu að standa við að framleiða í gerða sölusamninga á frystri loðnu og loðnuhrognum, að fá ekki um það vissu að veiðum verði haldið áfram til þess að vinna í þessa samninga. Jafnframt tek ég undir það sem hann sagði varðandi mikilvægi þess að uppfylla þá samninga vegna framtíðarinnar. Hins vegar er ég mjög undrandi á því svari sem hæstv. settur sjútvrh. gaf hér. Það voru vangaveltur um að veðráttan kæmi til hjálpar og eiginlega von til þess að bræla héldi áfram svo að ekkert þyrfti að gera í þessa áttina. Ég hef varla heyrt jafnaumkunarvert svar frá rn. eins og þetta svar: að byggja á því að veðurguðirnir verði helst óviðráðanlegir þannig að engin loðna fáist og þá sé von um að hægt verði að fiska og vinna upp í gerða sölusamninga. Ætlar rn. að láta fiskifræðinga stjórna sér algerlega eða ekki? Ætlar rn. að hafa sjálfstæða skoðun í sambandi við þessar veiðar eða ætlar það enga sjálfstæða skoðun að hafa?

Ég tel ekki að fiskifræðingar séu svo langt komnir að það eigi alveg að hætta veiðum þegar komin eru milljón tonn úr hafinu og ef farið yrði yfir það sé stofninn í stórhættu. Ég hef ekki orðið var við að haft sé neitt frekar vísindalegt eftirlit núna með hverjum degi, eins og settur sjútvrh. sagði áðan, en verið hefur á undanförnum árum. Ég held að íslensk útgerð, bæði sjómenn, fiskvinnslufólk, útvegsmenn og fiskvinnslueigendur, eigi kröfu til þess, að rn. hafi einhverja skoðun og segi frá því hvað það ætli að gera.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Ég vil þakka þau svör sem hæstv. settur sjútvrh. gaf mér, sem mér finnast í sjálfu sér ákaflega loðin og lítilvæg. Þær vangaveltur, sem þarna voru, getum við haft með okkur hver og einn sjálfur. En mér sýnist einhvern veginn að í svari hans hafi komið að vissu leyti svipað fram og ég var einmitt að gefa í skyn í mínu máli. Hann segir að fyrir veturinn hafi fundist nú mun meira magn en áður af loðnu. Það sýnist vera að það sé í sjálfu sér sami íslenski stofninn og er fyrir Vestfjörðum sem gengur vestur með suðurströndinni, og þess vegna getum við ekki leyft okkur þá bjartsýni að ætla að fiskifræðingar muni, ef svo verður að þeir verði sendir til að rannsaka gönguna með suðurströndinni, finna mun meira magn, eins og skipstjórnarmenn okkar vilja nú ætla að sé, en fiskifræðingar hafa fundið áður.

Ég vil leggja áherslu á og óska þess, að rannsóknarskip verði þegar í stað sent austur með suðurströndinni til þess að fá úr því skorið, hvort ástæða sé til að takmarka þá veiði sem þarna á að fara fram eða ekki. Við megum ekki láta veðurguðunum eftir þær ákvarðanir. Þær ákvarðanir verða aðrir að taka.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Það kom fram í svari mínu, að magnið fyrir Suðausturlandi mundi verða rannsakað, og það kom líka fram í svari mínu, að loðnufrysting og loðnuhrognafrysting mundi látin sitja fyrir, þannig að tekið yrði tillit til þess að upp í þá samninga verði aflað.

Um útúrsnúninga hv. 1. þm. Vestf. vil ég hafa sem fæst orð. Vitanlega hefur veðrið áhrif á afla og hefur alltaf haft á Íslandi, og ef þarf að grípa til takmarkana — ég segi: ef, þá verður auðvitað að taka tillit til þess, hve mikið hefur veiðst, bæði vegna tíðar og að loðna sé til. Ég endurtek það, að loðnu- og hrognafrysting verður látin hafa forgang ef nauðsynlegt reynist að takmarka veiðar, sem alls ekki er víst, því að hingað til hefur ekki verið reiknað með að stöðvast við milljón tonnin. Enn þá er að vísu ekki búið að gefa grænt ljós á að veiða meira en 350 þús. tonn úr Suðausturlandsloðnunni. Aftur á móti er reiknað með að það megi veiða þar nokkuð til viðbótar, og vonast er eftir að talsvert magn megi veiða af Vestfjarðaloðnunni, þó að ekki sé hægt að fullyrða endanlega um það enn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil alveg mótmæla því, að ég hafi verið með útúrsnúning við hæstv. ráðh. — síður en svo. Hins vegar sagði ég það og ég endurtek það, að þetta er auðvitað ekkert svar við fsp., að ef það verður vont veður þetta lengi og ef brælan helst, þá verður ekki gripið til takmarkana, og ef þetta og hitt verður. Svo kemur hæstv. ráðh. nú aftur og segir:

Vinnsla á loðnu og loðnuhrognum hér fyrir Suðvesturlandi mun hafa forgang. Á hvern hátt ætlar þá ráðh. að beita sér fyrir því að banna skipum að veiða í bræðslu? Hann verður þá að banna það og taka einhvern tíma skarið af. Það, sem ég sagði áðan, stendur alveg óhaggað og hefur ekki breyst við þessa aðra ræðu ráðh., að rn. veit ekki sitt rjúkandi ráð og þorir í hvoruga löppina að stíga.

Ráðstafanir vegna birgðasöfnunar mjólkurafurða, fsp. (þskj. 342). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 342 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. um ráðstafanir vegna birgðasöfnunar mjólkurafurða. Fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Til hvaða ráðstafana hyggst ríkisstj. grípa til þess að mæta þeim vanda, sem skapast hefur vegna gífurlegrar birgðasöfnunar á mjókurafurðum, smjöri og ostum?

2. Hvaða upplýsingar liggja fyrir eða hvaða upplýsinga er unnt að afla með skyndikönnun á neyslu þessara vara í ýmsum stofnunum og vistheimilum á vegum hins opinbera eða félagasamtaka?"

Það er kunnugt, að miklar birgðir hafa safnast af mjólkurafurðum á síðustu missirum. Í árslok 1978 voru birgðir af smjöri 1338 tonn í landinu eða sem svarar að heildsöluverði 3.8 milljörðum kr. Á sama tíma voru ostabirgðir í landinu 1400 tonn. Er þetta hvort tveggja sem svarar ársneyslu þjóðarinnar á þessum vörum. Horfur eru á að þessar birgðir fari vaxandi á þessu verðlagsári og ekki hægt með vissu að segja til um hvað þær verða orðnar miklar í lok þessa verðlagsárs, ef ekki verður gripið til einhverra ráðstafana.

Nú er það svo, að ef ætti að flytja þessar birgðir út, t. d. smjörbirgðirnar, er talið að verð á smjöri á erlendum markaði sé nú aðeins 405 kr. og fengist þá fyrir þetta magn um 1/2 milljarður kr. eða kringum 500 millj. kr., aðeins lítill hluti af því verðmæti sem heildsöluverðið nemur. Það vantar sem sé upp á verðið, ef smjörbirgðirnar væru fluttar á erlendan markað, um 3.3 milljarða kr. Væru ostabirgðirnar fluttar út er talið að vantaði um 1.5 milljarð kr., eða samtals um 4.8 milljarða kr. upp á heildsöluverð ef þessar vörur væru fluttar á erlendan markað.

Til viðbótar við þetta er það vitað eftir horfum, að framleiðsla á þessu verðlagsári muni verða það mikil að á skorti í útflutningsbótafé til þess að fullu verði verði náð álíka fjárhæð, eða 4.7—4.8 milljarða kr.

Hér er um mjög mikið vandamál að ræða og birgðasöfnun, einkanlega á smjöri, hefur í för með sér að geymslukostnaður verður óhæfilegur og því naumast um annað að ræða en að koma þessari vöru í lóg að verulegu leyti með einhverjum hætti. Nokkuð öðru máli gegnir með ostabirgðirnar, vegna þess að eðlilegt er að nokkurt magn, sem svaraði 2/5 af þessu magni eða eitthvað þess háttar, væri í birgðum, vegna þess að ostarnir þurfa tíma til gerjunar í geymslu áður en þeir eru settir á markað. Þrátt fyrir það er hér um alvarlegt vandamál að ræða, sem ég hef leyft mér að spyrjast fyrir um hvaða ráðstafana hæstv. ríkisstj. hyggst grípa til að mæta.

Annar liður þessarar fsp. lýtur að því, hvort fyrir liggi nokkrar upplýsingar um eða hvort unnt sé í skyndi að afla upplýsinga um hvernig neyslu þessara vara sé háttað í ýmsum opinberum stofnunum og á vistheimilum á vegum hins opinbera eða félagasamtaka. Það er ákaflega mikils virði að hugað sé að því að haga vinnslu þessara vara á þann hátt, að unnt sé að mæta þörfum markaðarins, eins og hann er á hverjum tíma. Og breytingar á þjóðfélagsháttum hafa leitt til þess, að mæta þarf markaðnum á nýjan hátt. Maður heyrir sagnir af því, að t. d. börnum í skólum, sem fá í skólastofnuninni hluta af sínu fæði, sé þar boðið kók og prins-póló eða annað slíkt, en hinar hollu landbúnaðarafurðir, sem hrannast upp sem birgðir í þjóðfélaginu, séu þar lítt á boðstólum. Enn fremur hafa heyrst sagnir um að á sumum vistheimilum hins opinbera sé smjör helst ekki borið á borð. Mér væri mikil þökk á því að fá upplýst, hvort hæstv. ráðh. getur gefið einhverjar réttar upplýsingar um þetta efni, því að ef hér er rétt með farið er um alvarlegt mál að ræða.

Í sambandi við þetta mál þarf vitaskuld að huga að því á allan hátt, hvernig þessum birgðum verði komið í lóg. Hér var upplýst á Alþ. fyrir skömmu, að t. d. varnarliðið kaupi ekki þessar vörur. Væri eðlilegt a. m. k. að teknir væru upp samningar um sölu á hluta af þessu vörumagni til þeirra sem á Keflavíkurflugvelli dveljast.

Ég mun ekki hafa lengri framsögu fyrir þessari fsp. Mér er ljóst að hér er um alvarlegt vandamál að ræða, og það er auðvitað beðið eftir því að heyra hvað ríkisstj. hyggst gera til að mæta þessum vanda. Ég vonast til að hæstv. ráðh. geti gefið við því einhver svör.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi upplýsti er hér um gífurlega mikið vandamál að ræða. Birgðir af smjöri voru 1. 1. 1979 1331 tonn og var birgðaaukning á s. l. ári 221 tonn. Birgðir af ostum voru sama dag, 1. 1. 1979, 1227 tonn og var birgðaaukning á s. l. ári 253 tonn.

Mér þykir jafnframt rétt að gefa yfirlit yfir þróun þessara mála undanfarin 4 ár:

1975 var heildarframleiðsla mjólkur 108.3 millj. lítra, sala innanlands var 101.1 millj. lítra og umframframleiðsla 6.6% heildarframleiðslunar. 1976 voru framleiddar 108.7 millj. lítra, sala innanlands 100.7 millj. lítra og umframframleiðsla 7.4%. 1977 var framleiðsla 115.5 millj. lítra, sala innanlands 91.2 millj. lítra og umframframleiðslan því 21%. 1978 var framleiðslan 120.2 millj. lítra, sala innanlands 97 millj., en umframframleiðsla 19.3%. Í ár er áætlað að umframframleiðslan verði um 24%.

Mér þótti rétt að þessar tölur kæmu fram, þannig að ljóst yrði að umframframleiðsla þessi stafar ekki eingöngu af aukinni framleiðslu á mjólk, heldur einnig af nokkrum samdrætti í neyslu.

Í sambandi við þann útflutning, sem nú er verið að ræða um, sem fyrst og fremst miðar að því að birgðir aukist ekki, en dragi eitthvað úr þeim, er áætlað að vöntun útflutningsbóta á mjólkurvörur sé 1 milljarður 781 millj. 588 þús. kr. á þessu verðlagsári, en þar af er vegna útflutnings á smjöri 1 milljarður 325 millj. 500 þús. kr. Þess má geta að áætlað er að vöntunin sé rúmir 3 milljarðar vegna kindakjöts. Með þessari áætlun er því heildarvöntun útflutningsbóta yfir 4.8 milljarða.

Af ráðstöfunum, sem ríkisstj. bindur vonir við í þessu alvarlega máli, vil ég fyrst nefna frv. það sem flutt var í des., þar sem gert er ráð fyrir að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins víðtækar heimildir til að sporna gegn vaxandi framleiðslu. Í sambandi við mjólkurframleiðsluna eru fyrst og fremst vonir bundnar við að

draga verulega úr fóðurbætisnotkun. Að vísu er um það deilt, hvort þær ráðstafanir, sem frv. heimilar, ná þeim árangri, en sú skoðun mín er tvímælalaus, að auðveldast sé að draga úr umframframleiðslu mjólkurafurða með því að draga svo um munar úr notkun fóðurbætis. Ég hygg einnig að það sé skynsamlegasta leiðin hjá bændum. Þá draga þeir úr frumkostnaði starfsemi sinnar um leið og úr mjólkurframleiðslunni er dregið. Nú hefur því miður orðið nokkur dráttur á afgreiðslu þessa máls, en von mín er þó sú, að gripið verði til slíkra ráðstafana strax og frv. hefur fengið afgreiðslu hér á Alþ. og það geti orðið til að draga nokkuð úr þeirri aukningu sem verður á þessu ári.

Hins vegar þarf fleira til og hefur verið unnið m. a. á vegum markaðsnefndar að athugun á auknum útflutningi. Ég hef sett í gang athugun á því, hvort unnt muni reynast að fá aukinn þann kvóta sem við höfum til ostaútflutnings til Bandaríkjanna.

Einnig hefur verið athugað með sölu á mjólkurafurðum á Keflavíkurflugvelli. Mjólk er seld þangað, aðrar afurðir eru boðnar, en staðreyndin er sú, að amerískt herinn á kost á þessum afurðum á miklu lægra verði en hér er um að ræða. Þarna er spurning, hvort á að skylda herinn til þess að kaupa afurðir okkar, og þá einnig, hvort skylda eigi hann til að kaupa þær á fullu heildsöluverði eða hvort við Íslendingar eigum að greiða niður þessar afurðir fyrir ameríska herinn. Það mál þarf sannarlega nánari athugunar við.

Þá mun ég flytja á Alþ. nú fljótlega frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, þar sem ég mun fara fram á að heimilt verði að ráðstafa styrkjum á næstu 5 árum með meiri sveigjanleika en verið hefur upp á síðkastið. Sömuleiðis mun ég flytja till. til þál. um stefnumörkun í landbúnaði, þar sem ég fer einnig fram á álit Alþingis á því, hvort til greina komi að ráðstafa útflutningsbótum á nokkurn annan máta en nú hefur verið yfir heildaráætlunartímabilið.

Þrátt fyrir slíkar aðgerðir er ljóst að leggja verður á innvigtunargjald á mjólk, á því er enginn vafi, líklega yfir 16 kr. á hvern lítra. Spurningin verður hins vegar sú, hvort Alþ. er þá síðar, t. d. haustþingið, reiðubúið til þess að endurgreiða að einhverjum hluta slíkt innvigtunargjald á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þá liggja fyrir, og þeirra ráðstafana, sem ég hef nú nefnt og mun leggja fyrir.

Ég vil svo segja það um seinni hluta spurningarinnar, að ég lét þegar kanna það sem þar er spurt um. Þarna er um athyglisvert mál að ræða, en því miður virðast engar upplýsingar liggja fyrir, sem í raun og veru eru tiltækar eða hægt er að fóta sig á. Ég hef óskað eftir því, að þetta verði skoðað nánar, og skal með ánægju láta hv. fyrirspyrjanda í té þær upplýsingar sem ég fæ þegar þær liggja fyrir.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið. Ég vil geta þess að sá mismunur, sem fram kemur í máli hans og því sem ég rakti áðan um birgðir, kemur mér spánskt fyrir sjónir af því að þær tölur, sem ég fór með, eru fengnar frá formanni Stéttarsambands bænda sem hann gaf okkur upp á fundi í þingnefnd nú fyrir skömmu. En það skiptir ekki höfuðmáli. Hér var ekki um þann mun á þessum tölum að ræða, t. d. aðeins 7 tonn á smjörinu, að það hafi nein áhrif á þetta mál í heild.

Ég verð að segja það, að í máli hæstv. ráðh. kom í rauninni ekki fram neitt sem máli skiptir til þess að ráða fram úr þessum bráða vanda. Frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem lagt var fram hér fyrir jól, leysir ekki þennan bráða vanda. Með því er aðeins ætlað að bregðast við á nokkuð fjölbreytilegri hátt en áður hefur verið gert hvernig vandanum verði dreift á herðar bænda, og má vera að það frv., ef að lögum verður, væntanlega í breyttu formi, muni hafa einhver samdráttaráhrif í för með sér til frambúðar. En það leysir ekki þennan vanda, sem orðinn er, og þar er nauðsynlegt að greina á milli. Enn fremur er rétt að gera sér grein fyrir því, að þær ráðstafanir aðrar en breyt. á jarðræktarlögum, sem hæstv. ráðh. nefndi, þál. um stefnumörkun í landbúnaði, hafa ekki áhrif á þann vanda sem orðinn er. Þau mál geta orðið hér til umfjöllunar síðar. Ég skal ekki eyða tíma í að ræða þau frekar.

Hitt er svo aftur annað mál, að sá þáttur í ræðu hæstv. ráðh., sem fjallaði um markaðskönnun og markaðsleit, er auðvitað ákaflega þýðingarmikill í þessu efni. Þ. á m. kemur vitaskuld til álita — og hlýtur að koma til álita, hvort stjórnvöld eigi ekki að krefjast þess beint að varnarliðið á Keflavíkurflugvelli kaupi af okkur vörur og þá á fullu verði. Það er auðvitað engin ástæða til þess að við séum að selja varnarliðinu vörur á undirverði. Vil ég beina því til hæstv. ráðh., að hann og félagar hans í ríkisstj. athugi það frekar.

Um aðra þætti í markaðsmálunum er það auðvitað að segja, að í rauninni liggur fyrir að smjörbirgðirnar seljast ekki nema fyrir ákaflega lítið verð. Þá er aðalmálið í þessu: Ætlar ríkisstj. að grípa til ráðstafana í sambandi við þessi birgðamál með þeim hætti að smjörbirgðunum sérstaklega — og jafnvel að hluta ostabirgðunum — verði komið í lóg með einhverjum hætti, og ætlar ríkisstj. að leggja fram eitthvert fé til að bæta þau stórkostlegu skakkaföll sem af því leiðir fyrir bændastéttina í landinu? Við þessu gaf hæstv. ráðh. engin svör. Ég vonast til að hann geti gert það, þó síðar verði.

Um seinni lið fsp. fjölyrði ég ekki. Ég tek það gott og gilt, sem hæstv. ráðh. sagði um það mál, og vænti þess, að sú könnun verði gerð sem ég hef þar farið fram á.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika það sem hv. fyrirspyrjanda er að sjálfsögðu kunnugt, að vitanlega hefur ríkisstj. ekkert fjármagn til ráðstöfunar til að kaupa upp smjörbirgðir eða annað. Hún hefur ekkert fjármagn annað til ráðstöfunar en það sem hið háa Alþingi hefur afhent ríkisstj., og fyrst og fremst er þar um 10% útflutningsbæturnar að ræða. Ég lýsti því áðan, að ég geri mér vonir um, þegar Alþ. sér viðleitni til þess að snúa við þeirri þróun sem verið hefur í landbúnaðinum, að hið háa Alþingi fáist til þess að hlaupa undir bagga eins og gert var á s. l. hausti. Ég bind sérstaklega vonir við það.

Sameinað þing, 56. fundur.

Þriðjudaginn 20. febr., að loknum 55. fundi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 57. fundur.

Miðvikudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, frv. (þskj. 115). — 3. umr.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þar sem ég var við störf í hinni d. þegar málið kom til 2. umr. vil ég nota þetta tækifæri til að þakka hv. n. skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli svo og d. allri fyrir skjóta og góða samþykkt. Ég tel að þetta sé mjög gagnlegt mál sem gæti komið okkur mjög til góðs hvenær sem er.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Orlof, frv. (þskj. 227, n. 365). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er hluti af þeim fyrirheitum sem ríkisstj. gaf samtökum launafólks um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Í ljós hefur komið að mikil vanhöld eru á því að launafólk fái það orlofsfé sem því ber, þótt það sé vissulega mjög mismunandi eftir landshlutum, atvinnugreinum og jafnvel fyrirtækjum hvernig slíkum vanhöldum er háttað. En þau eru greinilega í svo ríkum mæli að nauðsynlegt er talið, eins og fram kom þegar þetta frv. var hér til 1. umr., að setja ákvæði í lög sem heimila innheimtuaðila orlofsfjár að staðreyna upplýsingar um greitt eða vangreitt orlofsfé starfsmanna launagreiðenda.

Í störfum n. hefur komið fram að nauðsynlegt kann að þykja að setja um framkvæmd þessara laga ítarlegar reglur, og mun félmrn. hafa í hyggju að gera slíkt. Í trausti þess leggur n. til að frv. verði samþykkt, eins og kemur fram í nál. á þskj. 365.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. þetta með fyrirvara og vil gera hér nokkra grein fyrir þeim fyrirvara mínum.

Ég er sammála því, að nauðsynlegt sé fyrir innheimtuaðila að eiga greiðan aðgang að upplýsingum um greiðslu orlofsfjár frá vinnuveitanda. Aftur á móti tel ég að það þurfi að gæta mjög mikillar varfærni við að hver og einn geti haft greiðan aðgang að bókhaldsgögnum. Það er Póstgíróstofan sem sér um þessi mál í dag, en við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er mikill áhugi, sérstaklega úti um landið, á að fá þessu breytt og fá þetta mál öðrum aðilum í hendur, og það hefur verið gert sums staðar á landinu að taka þetta heim í hérað. Menn hafa verið óánægðir með ávöxtun þessa fjár og þess vegna gert breytingar á þessu og hafa mikinn hug á að þær breytingar nái fram að ganga á næstunni og verði að sjálfsögðu viðurkenndar af löggjafanum. Þess vegna leyfi ég mér að bera fram brtt. við þetta frv. Það er brtt. við 1. gr.: „Síðari efnismálsgr. falli niður." Ég tel að til þess að skoða bókhaldsgögn þurfi menn með sérþekkingu, því að ef menn, sem um þetta fjalla, hafa ekki þá þekkingu sé mjög auðvelt að mistúlka það sem þar er og þess vegna þurfi að gjalda þarna mjög mikinn varhug við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 372) samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég verð í hreinskilni sagt að lýsa undrun minni á þeim tillöguflutningi sem hv. 5. þm. Suðurl., Guðmundur Karlsson, var að gera grein fyrir áðan. N. fjallaði um þetta ákvæði 1. gr. frv. mjög ítarlega fékk um það umsagnir og yfirlýsingu rn. um að settar yrðu nánari reglur til þess að fyrirbyggja þau atriði sem hann gerði hér að umræðuefni. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, að ekki er ætlun þeirra, sem að þessari löggjöf standa, að nota þetta ákvæði til þess að ráðskast mjög með bókhald fyrirtækja og gera á því gagngerðar athuganir, heldur er þetta frv. til komið vegna þess að reynslan hefur sýnt að launagreiðendur standa ekki skil á því orlofsfé sem launafólki ber og það á inni, heldur er orlofsféð notað á margvíslegan hátt í rekstri fyrirtækjanna. Orlofsféð er ekki lagt til hliðar, og þegar launafólk ætlar að taka orlofsfé sitt finnst það ekki, hvorki hjá þeim innheimtuaðila, sem oftast nær fer með þau efni, né hjá launagreiðandanum sjálfum, og á hinu almenna launafólki í landinu bitnar þetta skipulagsleysi.

Ég held að það sé engin ástæða til að tortryggja þessa lagasetningu á þann hátt sem mér finnst þarna koma fram og hefur að vissu leyti komið fram í umsögn frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Og ég átti satt að segja ekki von á því, þegar samstaða varð í n. um það nál. sem ég var að mæla hér fyrir áðan, — að vísu var einn nm., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, fjarverandi, eins og fram kemur í nál., — þá átti ég ekki von á að hér kæmi á síðari stigum málsins tillöguflutningur sem virðist fyrst og fremst vera til kominn í stíl við þá umsögn sem Vinnuveitendasamband Íslands sendi n., ekki vegna þess að verið væri að mótmæla þessari lagasetningu sem slíkri, heldur að hún kynni e. t. v. einhvern tíma að skapa fordæmi fyrir öðru. Fyrst svo er, þá held ég að sé nauðsynlegt að hér komi mjög skýrt og eindregið fram að það eru ríkur vilji samtaka launafólks í þessu landi, sem hafa átt og þurft að gæta hagsmuna launafólks í orlofsmálum, að þessi breyting verði gerð og komið verði í veg fyrir að fyrirtæki og aðrir rekstraraðilar geti misnotað orlofsfé til launafólks á þann hátt sem gert hefur verið og þessu frv. er ætlað að koma í veg fyrir.

Ég hefði talið ákjósanlegra í alla staði, meiri sæmd í raun og veru fyrir þessa hv. d., ef sú samstaða, sem náðist í n. um að afgreiða málið, hefði haldist, þótt menn hefðu

lýst sínum almenna fyrirvara. En þegar hún er nú á síðustu stundu rofin með því að flytja brtt. í þá veru sem hér hefur verið flutt, þá kemst ég ekki hjá því að lýsa algerri andstöðu við þá brtt., vegna þess að hún felur í sér að fella brott kjarnaatriðið í þeirri lagasetningu sem hér er til umfjöllunar, — kjarnaatriði sem er fyrst og fremst það hagsmunamál sem samtök launafólks hafa sett á oddinn.

Ég ætla ekki af þessu tilefni að hafa fleiri orð um þetta atriði, þótt vissulega mætti leggja ýmislegt út af því, hvað hafi valdið því að samstaða í n. hafi verið rofin með þessum hætti og málflutningur Vinnuveitendasambands Íslands birtist nú hér í formlegri brtt. Það er að vísu athyglisvert og verður mjög athyglisvert að fylgjast með því, hvaða hv. þm. þessarar d. styðja málstað Vinnuveitendasambandsins við afgreiðslu þessa frv. og hverjir ekki. Það verður atkvgr. sem ég er viss um að ekki aðeins ég eða aðrir þm. í þessari d. munu taka mjög vel eftir og festa sér í minni um langan tíma, heldur verður það atkvgr. sem ég er viss um að samtök launafólks og sá mikli fjöldi launafólks um allt land, sem hefur átt við þessa erfiðleika að glíma, mun taka mjög vel eftir. Fyrst þessi brtt. hefur komið fram, þá er í raun og veru atkvgr., sem um hana fer fram, skýr og hrein atkvgr. um það, hverjir hér í d. styðja málstað Vinnuveitendasambands Íslands og hverjir styðja málstað samtaka launafólks.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. var ég ekki viðstaddur afgreiðslu málsins og mér þykir miður að svo var, en ég þurfti að vera á öðrum fundi, og þess vegna er mín ekki getið í sambandi við þá afstöðu sem n. tók.

Hv. 3. landsk. þm. hefur talað með sérkennilegum hætti um þetta mál að ýmsu leyti. Í fyrsta lagi fer hann nokkrum orðum um það, hve mikil samstaða hafi verið í hv. félmn. um þetta mál. Samstaðan var þó ekki meiri en það, að haldnir hafa verið nokkrir fundir og tvisvar leitað eftir umsögn og skýringum af hálfu félmrn., vegna þess að skoðanir voru skiptar um það, og það kom greinilega fram á nefndarfundum, hvort rétt væri að hafa síðari mgr. 1. gr. þessa frv. með og lögfesta það ákvæði, þ. e. a. s. að í því skyni að staðreyna slíkar upplýsingar sem um er talað í 2. mgr. sé innheimtuaðila orlofsfjár heimill aðgangur að bókum og bókhaldsgögnum launagreiðenda. Ekki hafa allir í n. litið sömu augum á þetta.

Hv. 3. landsk. þm. sagði að þetta atriði væri kjarni málsins. Ég leyfi mér að mótmæla því og vera á annarri skoðun. Kjarni málsins er sá, sem greinir í fyrri mgr. 1. gr. Kjarni málsins er sá, að launagreiðanda er skylt að veita innheimtuaðila orlofsfjár upplýsingar um greitt og vangreitt orlofsfé starfsmanna sinna. Þetta er kjarni frv., að leggja þessa skyldu á launagreiðendur. Síðan er ákvæði um hvernig eigi að framkvæma þetta.

Síðari mgr. fjallar um úrræði sem á að grípa til ef upplýsingar koma ekki fram. Þessi leið þykir mér vafasöm og afstaða til vinnuveitenda eða til launþega kemur málinu ekkert við. Það er algerlega óháð því, hvaða afstöðu menn vilja taka til aðila vinnumarkaðarins. Ástæðan til þess, að menn vilja ekki samþykkja þessa aðferð til að ná upplýsingunum fram, er af allt öðrum rótum runnin. Það er vegna þess, að eftir því sem ég best veit eru engin fordæmi þess í íslenskri löggjöf að heimila skuldheimtumanni að rannsaka bókhald skuldara. Ég veit ekki til að það sé nokkur almenn heimild til þess. Ég tel að það sé meira en lítið varhugavert að fara inn á þessa braut. Þetta er „prinsip"-mál, og það samrýmist ekki réttarvitund og réttarreglum í okkar þjóðfélagi að veita slíkar almennar heimildir. Þess vegna eigum við að gjalda varhug við þessu.

Ég er ekki heldur viss um að það sé nauðsynlegt að grípa til þessara ráða. Það er augljóst, ef fyrri mgr. 1. gr. verður samþ. og launagreiðendur gefa ekki upplýsingar, þá eru þeir að brjóta lög. Og það vill þannig til, að við höfum ráð við því ef menn brjóta lög. Það er hægt að leita til dómstólanna til þess að ná rétti sínum, ef svo ber undir. Til þess eru dómstólarnir.

Ég skal ekki segja hvort væri hægt að finna einhverjar aðrar leiðir en þá sem um getur í síðari mgr. 1. gr. frv. til þess að umbeðnar upplýsingar frá launagreiðendum fáist. Ég vil ekki útiloka að svo geti verið, því að auðvitað hljótum við allir að vera sammála um að það á að ná þessum upplýsingum fram. Það á að sjá svo um að þessi lög séu haldin og framkvæmd eins og hver önnur lög. En það réttlætir ekki að mínu viti að grípa til þess ráðs, sem gert er með síðari mgr. 1. gr. frv. Þess vegna er ég samþykkur þeirri brtt. sem fram er komin, og hún er í samræmi við þau viðhorf sem ég hef áður lýst í hv. félmn. Ég vænti þess, að þegar þetta mál er nánar athugað, þá fallist menn á það í þessari hv. d. að fella niður þetta ákvæði af þeim ástæðum sem ég hef greint. Ef það hins vegar verður ekki gert, þá sé ég mér ekki fært að greiða atkv. með frv.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég stend upp til að andmæla brtt. sem hér er fram komin. Aftur á móti undrar mig ekki svo mjög að hv. þm. Guðmundur Karlsson skyldi bera hana fram. Það er alveg rétt, að í n. var samkomulag um afgreiðslu þessa máls, en ég minnist þess, að því að vikið er að störfum n., að hv. þm. hafði orð á því í n., að hann væri mjög efins út af þessu atriði sem að bókhaldsskoðuninni lyti. Raunar hafði ég búist við því, að hann mundi skila séráliti eða skrifa undir með fyrirvara og frómt frá sagt var í mér beygur um að honum hefði þarna yfirsést. Og feginn er ég því nú eftir fjögurra ára setu hér á þingi, hve oft hv. dm. í þessari d. hafa séð í gegnum fingur við mig í sambandi við þess háttar mistök. En brtt. hans er ég gersamlega andvígur.

Ég get tekið undir með hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, að kjarni hins eiginlega máls er sá, að launagreiðanda sé skylt að standa skil á orlofsfé og gera grein fyrir því. Það er kjarni málsins. En atriðið, sem skiptir öllu í þessu sambandi, er að hér erum við að slá við því varnagla, sem allt of hefur til borið, að þetta hefur launagreiðandi ekki gert. Við erum í þessu sérstaka máli að slá varnagla sem dugi til þess að fólk eigi ekki undir ákaflega stopula — því miður — skilvísi launagreiðenda að sækja í þessu máli, að launþegar þurfi ekki í þessu tilfelli að eiga sitt, svo sem verið hefur, algerlega undir svo stórfellri skilvísi.

Í n. var að því vikið sérstaklega, einmitt af hv. þm. Guðmundi Karlssyni, að hér væri mikið í húfi að reglugerð, sem sett yrði um framvkæmd þessa atriðis sem lýtur að bókhaldsskoðuninni, væri sett af mikilli varúð og reynt að tryggja sem áfalla- og árekstralausasta framkvæmd á þessu atriði. Undir þetta var tekið í n. og á það reiðum við okkur, enda hygg ég að við hv. alþm. höfum fullan rétt til þess að reikna með því, að embættismenn ríkisins framkvæmi lög af sem fyllstri kurteisi. Hér er alls

ekki til þess ætlast, að hvaða innheimtumaður sem er geti ráðist inn í læstar hirslur fyrirtækis og farið að grúska þar í bókhaldi fyrirtækisins. Því fer víðs fjarri. Til þess starfa verða náttúrlega settir hæfir menn, sem munu framkvæma verkið á fyllilega lögmætan og eðlilegan hátt. Ríkið hefur svo sannarlega — ég andmæli því hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, — ríkið hefur í störfum innheimtumenn sem hafa við sérstakar aðstæður rétt til þess að skoða bókhald fyrirtækja. Einstökum þjónum ríkisins er veitt heimild til þess að framkvæma húsrannsóknir, sem ganga þó miklu nær hinum borgararlega rétti, fá fógetavald til þess að leita á fólki, til þess að leita á þegnunum. Það þarf ekki til þess stór próf að hljóta slíkt fógetavald. Ég veit ekki betur en hundur á Keflavíkurflugvelli hafi fógetavald, vald til þess að leita á fólki. Hér er ekki um þess háttar stórmál að ræða. Hér er um það að ræða, að þannig verði nú um hnútana búið, að starfsmenn, réttir opinberir aðilar, geti loksins tryggt framkvæmd þessara laga. Annaðhvort er okkur það alhugað, að þetta mál verði nú þann veg afgreitt á hv. Alþingi, að hægt sé að framfylgja þessum lögum.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði afgreitt óbreytt og þessi till. verði felld.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég lýsi mig algerlega andvígan þessari brtt. Við verðum að athuga það, að með reglugerð hefur Póstgíróstofunni verið falið að greiða orlof hvort sem launagreiðandi hefur greitt það eða ekki. Launagreiðandi, sem greiðir ekki orlof, brýtur þau lög. Er honum þá treystandi til þess að gefa réttar upplýsingar um það, hvað hann hefði átt að borga? Mundi hann ekki reyna að draga þar úr?

Póstgíróstofunni verða gefin fyrirmæli og hún skylduð til með reglugerð að borga orlofsfé hvað sem líður greiðslum frá launagreiðendum, og ég sé ekki hvernig hún ætti að geta gert það, ef hún getur ekki sjálf gengið úr skugga um hvað launagreiðandinn á að greiða. Hér er um að ræða opinberan aðila, sem er bundinn þagnarskyldu og öðru slíku sem til þarf. Ég held að það sé mjög tryggilega frá þeim hnútum gengið, a. m. k. eins og er og á meðan innheimtan og orlofið eru í þeim skorðum sem þau eru í dag.

Ég legg eindregið til að þessi brtt. verði felld. Verði hún samþykkt, finnst mér að búið sé að kippa stoðunum undan því, að Póstgíróstofan greiði orlof þó að launagreiðandinn hafi ekki greitt það til hennar.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég hygg að flm. brtt., sem fram hefur komið varðandi frv. þetta, sé vart ljóst hvernig ástandið er í orlofsmálum verkafólks, en vægast sagt er það mjög slæmt. Það eru sjálfsagt margar ástæður fyrir því, en að mínu áliti er ein af ástæðunum sú, að atvinnurekendur hafa ekki staðið við samninga. Það er ekki almennt svo að vísu, en þar eru svartir sauðir sem gera það að verkum að verkalýðssamtökin óska eftir breytingum eins og þessari, að hægt verði að innheimta orlofsféð þótt viðkomandi atvinnurekandi þybbist á móti.

Vandamálið er margþætt, eins og ég sagði áðan. Kannske er það verst, að það skuli vera fleiri en eitt kerfi í orlofsmálunum. Það er ekki aðeins að menn fái orlofsfé í gegnum Póstgíróstofuna, heldur eru einnig greidd orlofslaun. Orlofslaunin greiðast af dagvinnu, en orlof af yfirvinnu fer allt til Póstgíróstofunnar.

Ég lýsi mig mjög andvígan þessari brtt. sem fram hefur komið og tel að hún sé til mikils skaða. Ég bendi á að það er aðeins Póstgíróstofan sem á að fá aðgang að bókhaldi þessara fyrirtækja og þá þeirra fyrirtækja sem eru grunuð um að hafa svikið sitt starfsfólk, svikið samninga. Um þetta er frv. sem liggur hér fyrir. Það gerir ráð fyrir að fara eftir óskum verkalýðssamtakanna í þessu efni. Reyndar hefur ríkisstj. heitið að beita sér fyrir því, að þetta verði að lögum, gegn ýmsu öðru, og vil ég nú beina því til manna, að þeir séu ekki að tefja málið eða reyna að eyðileggja það, því að um leið eru þeir að gera þeim mikinn óleik sem erfitt eiga fyrir. Það er einmitt fólkið, sem er fátækast og á erfiðast, sem lendir í því einnig að vera í útistöðum við vinnuveitendur sína varðandi orlofsfé. Það er fólkið, sem hvergi hefur e. t. v. fasta vinnu og þarf þess vegna að fá orlofsfé í gegnum Póstgíróstofuna. Ef þessum ákvæðum er ekki beitt eins og hér er lagt til að verði gert, þá verður þetta fyrirkomulag illviðráðanlegt og öllum til tjóns.

Hv. þm. Guðmundur Karlsson, 5. þm. Suðurl., ræddi hér um ágæta framkvæmd sem hefur verið í Vestmannaeyjum. Póstgíróstofan þar er ekki innheimtuaðili orlofsfjár. Ég hygg að sú breyting, sem gerð var í Vestmannaeyjum og er í því fólgin að vinnuveitendur greiða inn á bankareikning, að mér skilst, allt orlofsfé, hafi komið til vegna óánægju manna með Póstgíróstofuna, mönnum hafi fundist hún duga illa til innheimtu á orlofsfé og ávöxtunin afskaplega rýr. Það er ekki aðeins að Póstgíróstofan hafi illa ráðið við verkefni sitt, heldur líka það, að ýmsir atvinnurekendur spiluðu á það kerfi sem hún hafði, sem var í því fólgið að greiða orlofsfé kannske síðustu daga áður en orlofstíminn byrjaði. Þannig gat það verið að þeir, sem áttu að fá sitt orlof í maí, fengju það ekki fyrr en í september.

Gera má ráð fyrir að Vestmanneyingar hafi hugsað til þess einnig, að Póstgíróstofan er hér í Reykjavík og allt það fjármagn, sem ætti að greiðast í orlof, færi þá hingað í stað þess að stöðvast í bönkum á viðkomandi stað. Það er sjónarmið sem er vel hægt að virða, að halda fjármununum heima hjá sér og nota þá í þágu fólksins þar og atvinnulífsins.

Ég held samt, að þótt vel hafi tekist í Vestmannaeyjum að ávaxta féð og koma því til skila vegna þess að það eru fá fyrirtæki og stór sem þar eiga hlut að máli, þá verði mjög erfitt að koma þessu fyrir annars staðar á landinu. Það kom upp mikill áhugi hjá verkalýðsfélögunum á Suðurnesjum að fara þessa sömu leið, en það var stöðvað, það var ekki heimilt samkv. þeim lögum sem giltu. Vestmanneyingar fóru reyndar fram hjá þeim, en okkur tókst það ekki. Vinnuveitendur voru alveg á því að fara þá leið að reyna að halda fjármagninu í byggðarlaginu með því að ávaxta féð í bankastofnunum þar.

Við stöndum frammi fyrir því að kerfið er tvöfalt, Póstgíróstofan annars vegar og hins vegar atvinnurekendur sem greiða orlofslaun. Þeir, sem þurfa að nota Póstgíróstofuna, eru þeir launþegar, sem eru ekki í fastri vinnu, og líka þeir, sem vinna yfirvinnu. Ég legg á það þunga áherslu, að ekki verði tafið fyrir afgreiðslu þessa máls með þessari brtt., og ég skora á tillögumann að taka hana til baka. Ég held að þessi tillöguflutningur sé byggður á misskilningi. Ég tel að það sé á engan hátt hættulegt fyrir atvinnurekendur að leyft skuli að athuga og staðreyna upplýsingar um greitt og vangreitt orlofsfé. Ég held að atvinnurekendur ættu ekki að standa í vegi

fyrir því, að þeir svörtu sauðir, sem þar eru innan veggja, þurfi að finna fyrir því að kíkt sé í bókhald þeirra, því að það eru sömu mennirnir og eru að svíkja það fólk, sem hjá þeim hefur unnið, svíkja samninga og ræna það því fé sem það sannarlega á.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði, ég er ekki þingvanur maður, og þess vegna kemur þessi till. fram eins og raun ber vitni. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, en hefði að sjálfsögðu átt að skila séráliti, ég geri mér grein fyrir því nú orðið.

Það er rétt sem fram kom hjá honum og öðrum þeim, hv. þm., sem á undan hafa talað, auðvitað er það launþeginn sem er þolandi í þessu máli, og það eru hagsmunir hans sem menn hljóta að hafa fyrir augum. En mér hefur heyrst á mörgum launþegum, að þeir teldu að Póstgíróstofan hefði alls ekki staðið sig sem skyldi við innheimtu orlofsfjárins til þessa og erfiðleikar við að fá upplýsingar væru ekki síður frá henni en frá vinnuveitendum sjálfum, a. m. k. væri það reyndin úti á landsbyggðinni. Það má vel vera að öðru máli gegni hér í Reykjavík. Þess vegna held ég að þetta ákvæði eitt í lögum muni ekki tryggja endilega hag launþegans, eins og stefnt er að. Eins og ég sagði áðan eru ákaflega sterkar raddir innan launþegasamtakanna, a. m. k. hafa þær raddir heyrst ákaflega sterkt í Vestmannaeyjum, að þeir vilji afnema þetta starf Póstgíróstofunnar og taka það í eigin hendur. Þá sýnist mér að gæti farið svo, að það væru ákaflega margir aðilar sem þarna ættu hlut að máli og því mundi þetta valda vissu öryggisleysi, ef menn mættu eiga von á því að maðurinn af götunni kæmi og vildi fara að gægjast í bókhaldið og athuga hvort orlof hefði verið greitt sem skyldi. En auðvitað hef ég ekki frekar en aðrir áhuga á því að halda hlífiskildi yfir einhverjum skálkum í vinnuveitendastétt.

Það má vel vera, eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði áðan, að ég geri mér ekki fullljóst hvernig ástandið er í orlofsmálum. En satt að segja hef ég frá fyrstu tíð litið á orlofsféð sem hluta af launum og talið skyldu að greiða það jafnharðan og laun væru greidd, hvort sem það er vikulega eða mánaðarlega. Mér sýnist að það mætti vel staðreyna þetta, t. d. með vitnisburði frá endurskoðendum fyrirtækjanna. Þeir eru trúnaðarmenn, má segja, beggja aðila og þeir gætu staðreynt þetta í hverju fyrirtæki um sig. Ég held að öll alvörufyrirtæki og allir alvöruvinnuveitendur séu með löggilta endurskoðendur og það mætti afla þessara upplýsinga t. d. með milligöngu þeirra.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. kom lítið eitt inn á vinnubrögð í þessu sambandi, þ. e. að hv. 5. þm. Suðurl. hefði ekki skilað sérnál., en farið þá leið að gera fyrirvara og bera svo fram brtt. við þessa umr. Ég veit að hv. 4. þm. Norðurl. e. er mjög vandur að virðingu sinni, og ég vil ekki bera á móti því, sem hann sagði í þessu efni um góða málsmeðferð. En ég held að það þurfi ekki heldur að setja sérstaklega út á þá málsmeðferð sem hefur verið viðhöfð um þetta frv. Ég held og er raunar viss um að það eru mörg fordæmi, svo að maður segi ekki: í aðra röndina venja að fara svo að sem hv. 5. þm. Suðurl. gerði í þessu máli.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. kom inn á það, að embættismenn og verðir laganna hefðu ýmsar heimildir til þess að leita upplýsinga og kynna sér mál, þ. e. gefa úrskurði, framkvæma fógetaaðgerðir o. fl. þess háttar. Mér er kunnugt um þetta allt og auðvitað er allt rétt sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði um þetta efni. En ég verð að gera þá játningu, að hann kom mér alveg í opna skjöldu þarna með hundinn á Keflavíkurflugvelli. Ég kann ekkert um það að segja, en ég renni grun í að það atriði muni þó stoða lítt til þess að renna stoðum undir þetta frv.

Hæstv. félmrh. sagði að launagreiðandi, sem ekki greiddi orlofsfé, bryti lög. Um það er enginn ágreiningur, það er augljóst. Ég kom inn á þetta atriði. Þegar búið er að samþykkja fyrri mgr. þessa frv., þá brýtur líka launagreiðandi lög með því að gefa ekki upplýsingar. Þetta er alveg augljóst og enginn ágreiningur um það, eins og ég lagði megináherslu á áðan. Ágreiningurinn er einungis um hvaða aðferðum á að beita til þess að tryggja, að þessi lög séu haldin og launagreiðendur standi við þessa lögskyldu sína.

Ég taldi mig færa rök fyrir því áðan, hvers vegna ég gæti ekki fallist á þá aðferð sem frv. gerir ráð fyrir. Hæstv. félmrh. sagði í því sambandi, að innheimtuaðilinn væri opinber aðili, vegna þess að Póstur og sími sér um þessi mál núna. Það virðist mér ekki breyta því sem ég áður sagði um þetta. Það er ekki talað um í þessu frv. að það eigi að vera t. d. Póstur og sími. Það er bara talað um innheimtuaðila, hver svo sem það verður.

5. þm. Reykn. lagði mikla áherslu á að ástandið í orlofsmálum verkafólks væri mjög slæmt, eins og hann orðaði það, og mér kemur ekki til hugar að bera brigður á það. Hann sagði einnig að atvinnurekendur gæfu ekki upplýsingar, en bætti við, að það væri ekki almennt svo um atvinnurekendur að þeir brytu lög eða vikju sér undan skyldu í þessu efni, en það væru svartir sauðir í þeirra hópi í þessum efnum, eins og hann orðaði það. Auðvitað er þetta rétt, og þetta er rétt í mörgum samböndum þegar við ræðum um hvort lög eru haldin eða ekki. Það er ekki allur almenningur sem brýtur lög. Það eru ekki heilar stéttir sem brjóta lög. Það eru einstaka svartir sauðir. Til þess að fást við þá manngerð eru einmitt dómstólarnir, og dómstólarnir eiga undir venjulegum kringumstæðum að anna þessu. Það er ekki verið að taka fyrir mál alls almennings í landinu. Það er verið að taka fyrir mál einstakra svartra sauða, ef maður notar það orðalag.

Mér sýnist af því, sem hér hefur komið fram, að ekkert hnekki því að rétt sé að fella niður síðari mgr. 1. gr. þessa frv., og ég held að vel hafi verið varið þeim tíma sem við höfum eytt í að ræða þetta mál. Hv. 5. þm. Reykn. talaði um að ekki mætti tefja fyrir málinu eða að málið yrði eyðilagt. Það er sannarlega ekki ætlun okkar, sem fylgjum brtt. sem fram hefur komið, að tefja fyrir málinu, síður en svo. Það er ekki heldur ætlun okkar að eyðileggja málið, heldur þvert á móti að leitast við að gera það svo úr garði að það verði betra mál eftir en áður.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. talaði um að það væru bara til einstaka svartir sauðir í atvinnurekendastétt, en meiri hluti hennar væru heiðvirðir og góðir menn. Ég er hjartanlega sammála honum um það, og auðvitað er þessari síðari mgr. eingöngu beint gagnvart þessum svörtu sauðum.

Það var komið inn á það áðan af hv. þm. Guðmundi Karlssyni, að kerfið, sem væri núna í Vestmannaeyjum,

væri gott. Það hefur að vísu tvo kosti. Það hefur þann kost, að það borgar heldur meiri vexti því að Póstgíróstofan verður af þeim vöxtum, sem hún fær hjá Seðlabankanum þar sem féð er geymt, að borga sinn kostnað, sem er kannske þriðjungurinn af vöxtunum eða jafnvel 40% sem fara í kostnað eins og er, þó að það fari að vísu minnkandi. Hinn kosturinn er að peningarnir eru heima í héraði. Allt annað er mjög til hins verra. Það er sagt að Póstgíróstofan hafi ekki staðið sig við að innheimta. En hvernig í ósköpunum halda menn að bankinn sé betur í stakk búinn til þess að gera það en einhver annar aðili? Nú er það þannig að Póstgíróstofan gefur mánaðarlegt yfirlit um allar greiðslur til verkalýðsfélaganna. Hún gefur ársfjórðungslegt yfirlit til launþega, þannig að miklu betur er að þessum málum staðið en áður var.

Hv. þm. Guðmundur Karlsson talaði um að það væri nóg að endurskoðendur hefðu þetta vald eða eitthvað í þá áttina og vill að alvörufyrirtæki hafi endurskoðendur. Vitanlega verður það þannig í reynd, að Póstgíróstofan snýr sér til endurskoðenda. Ef hún fær þar fullnægjandi svör verður ekkert um frekari rannsókn að ræða og auðvitað lítur hún aldrei á annað heldur en launabókhald, því að sannleikurinn er sá að hjá svona stofnun, opinberri stofnun eins og Póstgíróstofunni, er miklu meiri hætta á að eftirlitið verði of lítið heldur en það verði of mikið. Fyrir því er margföld reynsla.

Það er talað um að dómstólar eigi að koma í staðinn fyrir ákvæði síðari mgr. Ég er hálfhræddur um að það mundi verða þungt í vöfum, og a. m. k. væri ekki hægt að greiða orlofið út á réttum tíma ef þá leið ætti að fara, dómstólar könnuðu þetta og úrskurðuðu hvað ætti að greiða.

Eins og ég kom að áðan ber Póstgíróstofunni skylda til að greiða orlofsféð á réttum tíma þegar fólk ætlar í orlof, þó að atvinnurekendur hafi ekki greitt til Póstgíróstofunnar. Það er veigamikið atriði og veigamesta atriðið kannske. Með tilliti til þess endurtek ég það, að ég er mjög mótfallinn þessari brtt. og tel að hún muni að verulegu leyti eyðileggja það mál sem hér er á ferðinni.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það að orlofskerfin eru tvö í landinu er til komið, eins og margt illt í þessu landi, vegna þeirrar óðaverðbólgu sem hefur geisað í landinu. Það er til komið vegna þess að laun hafa hækkað um allt að 50-60% á einu ári og hafa þrátt fyrir það ekki verið í takt við verðbólguna, ekki hækkað svo sem skyldi. Sá maður sem á að þiggja sem orlofsfé 8.33% af fé sem greitt var fyrir 12 mánuðum, fær vissulega miklu færri krónur en maður sem tekur orlofslaun eða orlof á þeim launum sem greidd eru þann dag er viðkomandi fer í orlof.

Ég er sammála því sem hv. þm. Guðmundur Karlsson sagði, að orlof væri aðeins hluti af launum. Við aðgreinum þó þetta á þann veg, að orlofsféð skuli notað til þess að fólk hafi tækifæri til að fara í orlof, fá hvíld frá störfum, geta komist frá því að vera sífellt í starfi. Sú túlkun hefur verið uppi hjá launþegasamtökunum, að ástæða sé til að haga málum þannig að fólk geti notið orlofsins. Því var það að í upphafi voru notuð orlofsmerki, síðan tekið upp það kerfi sem nú er, póstgíróleiðin, og loks orlofslaun.

Ég er því algerlega andvígur að orlofsfé verði greitt jafnóðum til launþega, því að það er nú einu sinni þannig að menn eyða því sem þeir fá í hendurnar, það er alveg sama hvaða maður það er, og menn safna ekki peningum í dag, verðbólgan sér fyrir því. Ef orlofsféð væri greitt jafnóðum, eins og ég sagði áðan, er það miklu lægri upphæð en orlofslaunin. Ef okkur tækist að lækka verðbólguna allverulega, svo hún yrði ekki meiri en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar, þá væri ekki óeðlilegt að Póstgíróstofan sæi alfarið um orlofið. En vegna þess, sem ég hef áður sagt varðandi verðbólguna, og vegna þess líka, að Póstgíróstofan hefur ekki getað sinnt sínu hlutverki sem skyldi, hefur verið horfið frá því að fela henni að fara með þessi mál nema að nokkru leyti.

Þjónusta Póstgíróstofunnar hefur batnað allverulega fyrir eftirrekstur verkalýðssamtakanna og er nú svo að við þjónustu hennar má una. En henni er gert mjög erfitt fyrir vegna þess að ýmsir atvinnurekendur geta komist hjá því að veita þær upplýsingar sem þarf á að halda. Ég vil benda á, sérstaklega þeim sem eru þm. landsbyggðarinnar, ef svo má segja, að þeir, sem verða hvað verst úti í orlofsmálunum, eru þeir sem eiga heima úti á landi. Það hefur tíðkast til þessa, að ef maður ætlar að fá rétt sinn varðandi Póstgíróstofuna hefur þurft að fara í afgreiðsluna í Reykjavík og gera hreint fyrir sínum dyrum og sýna launaseðla eða senda ljósrit af launaseðlum. Allt hefur þetta tekið mikinn tíma og valdið fólki miklum óþægindum og kostnaði. Þess vegna held ég að ef þetta ákvæði frv. yrði niður fellt yrði það beinlínis gert til þess að hrekkja það fólk sem til þessa hefur þurft að þola mikið ónæði vegna þeirra svörtu sauða sem svíkja samninga.

Ef málsókn yrði notuð til þess að ná rétti sínum, þá er það þannig með dómskerfi okkar að það tekur 2-3 ár að ná rétti sínum. Ég er hræddur um að enginn hér inni vildi fá orlof sitt greitt eftir 2-3 ár, — orlofið sem átti að nota fyrir 2-3 árum, og ég er hræddur um að þá fengjust miklu minni krónur að verðmæti en upphaflega var.

Ég skora á tillögumenn einu sinni enn að draga þessa till. til baka. Það kemur fram í grg., að ætlast er til að Póstgíróstofan hafi aðgang að bókhaldi fyrirtækja ef ástæða þyki til, og er rétt að undirstrika að það er aðeins ef ástæða þykir til, hjá þeim sem hafa verið að svíkja fólkið. Og ég held að það sé á misskilningi byggt að vera að gera þetta fyrir Vinnuveitendasamband Íslands, því að í raun held ég það komi atvinnurekendasamtökunum afskaplega illa ef á einhvern hátt er reynt að hlífa þeim, sem svíkja samninga, svíkja verkafólk og brjóta lög í landinu.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur nú að mestu leyti tekið af mér ómakið. — Ég held að sá málflutningur, sem fulltrúar Sjálfstfl. hafa haft hér uppi, stafi af miklum misskilningi, bæði misskilningi á efnisatriðum málsins og — eins og hv. síðasti þm. sagði — misskilinni þjónustusemi við hagsmuni Vinnuveitendasambandsins. Það kann vel að vera, að hér á landi sé lagakerfi sem geri það kleift að forma vissa túlkun á því lagakerfi á þann veg sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson gerði áðan. En ég vil í fullri vinsemd vara þá góðu drengi við því að tengja saman í eina formúlu og gera að grundvallaratriði síns málflutnings í þessu máli annars vegar hagsmuni Vinnuveitendasambandsins og hins vegar júridískan formalisma. Það er fátt sem er öruggari formúla fyrir gulltryggðri íhaldssemi heldur en þetta tvennt ef það fer saman: hagsmunagæsla fyrir Vinnuveitendasambandið

og þröngsýnn og stirðnaður júridískur formalismi. Okkar sjónarmið gagnvart lagakerfinu í þessu landi er að það eigi fyrst og fremst að þjóna málstað fólksins í þessu landi. Og það er alveg rétt sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason vakti athygli á áðan, að ef ætti að fara dómstólaleiðina svo sem vitnað hefur verið til, þá hefur verið gengið svo frá formalismanum með aðbúnaðinum og starfsháttunum í þessu lagakerfi að það mundi taka almennt launafólk nokkur ár að ná rétti sínum. Það er einmitt þessi ágalli á lagakerfinu í landinu sem þarna er verið að reyna að ráða bót á. Og ég tel að það sé engin ástæða til þess að koma hér upp með tortryggni í garð þeirra embættismanna sem þessi störf eiga að rækja, einkum og sér í lagi þegar kemur skýrt fram í grg. að nú þegar hefur Pósti og síma verið falið að greiða þessar syndir vinnuveitenda og heimildin er eingöngu til að afla upplýsinga um það, með hvaða hætti það eigi að gera, hver upphæðin eigi að vera. Að draga af því þær almennu ályktanir, sem hér hefur verið gert, finnst mér satt að segja lýsa, eins og ég sagði í upphafi, annars vegar furðulegri þjónslund við hagsmuni Vinnuveitendasambandsins og hins vegar furðulegum júridískum formalisma.

Ég vil í fullri vinsemd taka undir þá ábendingu, sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason kom með áðan, að fulltrúar Sjálfstfl., sem hér hafa talað, drægju þessa till. til baka og vikju af þessari braut, því að mér finnst leitt að sjá góða drengi ganga tvöfalda íhaldsbraut af þessu tagi. En kannske verða það örlög Sjálfstfl. í æ ríkara mæli í framtíðinni að halda í þá íhaldsátt sem við og við hefur orðið vart við í þessari d. í vetur og mér þykir því miður koma enn fram í þessu máli.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég satt að segja bjóst ekki við að það yrðu miklar umr. um þetta mál, því að ég held að öllum sé ljóst að þetta er réttlætismál. Þetta er fyrst og fremst gert til þess að tryggja rétt launþega á hluta af sínum launum sem þeir eiga að nota til orlofs.

Ég get viðurkennt það, að ég var einn af þeim sem í upphafi voru mjög tortryggnir á þetta form, að láta ríkisstofnun í Reykjavík sjá um innheimtu og greiðslu orlofsfjár á sínum tíma, Póstgíróstofuna. Ég taldi að þau rök væru miklu gildari, að það ætti að ávaxta þessa fjármuni eða geyma þessa fjármuni heima í byggðarlögunum þar sem fólkið á heima, bæði atvinnurekendur og launþegar. Hins vegar sá ég strax að þetta mundi gera meira los á þessi mál og það væru miklu meiri líkur til að skapa öryggi í málinu með því að láta opinbera stofnun sjá um þetta í einu lagi. Ég get upplýst það hér, — ég hef fylgst með því nú síðustu tvö árin, — að þessi aðferð hefur batnað mjög nú á síðustu tímum og ég hef ekki orðið var við annað en launþegar telji að sínu öryggi sé vel borgið með því kerfi sem Póstgíróstofan beitir núna. Þetta var ekki nógu gott, en hefur stórkostlega batnað og launþegar fá þarna vissar upplýsingar sem þeir geta svo staðreynt, hvort viðkomandi atvinnurekandi hefur skilað fénu eða skilað ekki.

Ég er þess vegna mjög fylgjandi þessu frv., ekki síst þegar það kemur greinilega fram, að nú mun Póstgíróstofan greiða orlofið beint til launþega þó að viðkomandi atvinnurekandi hafi ekki skilað því. Og þá verður auðvitað þessi aðili að fá aðgang að launabókhaldi viðkomandi atvinnurekanda sem hefur ekki skilað skýrslum um orlof.

Ég hef skilið það þannig, að það hlyti að liggja í augum uppi að rn. mundi þurfa að setja sérstaka reglugerð um meðferð þessa máls. Það má e. t. v. segja að það hefði átt að fylgja í frvgr., en það breytir ekki því, að í svona máli hlýtur að verða að koma reglugerð um meðferð málsins. En ég tel að hér sé um svo viðamikið réttlætismál fyrir verkalýðshreyfinguna eða launþega í landinu að ræða, að það megi ekki henda að við hér á hv. Alþ. sjáum ekki um, að þetta frv. fari eins fljótt í gegn og málsmeðferð frekast leyfir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 134, n. 361, 362). — 2. umr.

Frsm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Frv. var afgreitt frá Nd. fyrir jól og sjútvn. Ed. sendi málið til umsagnar fleiri aðila en Nd. hafði gert. Hvað varðar umsagnir, þá bárust þó nokkur svör. Sjútvrn. mælti með málinu. Stjórn aflatryggingasjóðs mælti með samþykkt frv. með breytingu sem n. hefur tekið upp í brtt. sína. Neikvæðar umsagnir bárust frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Sjómannasambandinu og Landssambandi ísl. útvegsmanna, en í brtt við frv. er tekið nokkurt tillit til þeirra sjónarmiða.

Aðalbreytingin, sem n. gerir tillögu um, að síðasti málsliður sé orðaður þannig: „Greiðslur bóta skulu í meginatriðum við það miðaðar að útgerðarmaður sleppi skaðlaust frá greiðslu kauptryggingar.“ Það er skoðun n. svo og stjórnar Aflatryggingasjóðs, að þessar bætur nái vitaskuld til útgerðarmanna, sem sjálfir eru á bátunum.

Aðrar breytingar, sem n. leggur til að verði gerðar á frv., eru orðalagsbreytingar, óverulegar, en þó var meginatriðið að reyna að hafa orðalagið svipað núgildandi lögum.

Sérstök ástæða er til að leggja áherslu á að þetta frv. leiði ekki af sér fordæmi hvað varðar aðrar veiðar, enda bendir ákvæðið til bráðabirgða á tilgang frv., en þar er fjallað um rækjuveiðar.

N. var sammála um afgreiðslu þessa máls í því formi sem hún gerir ráð fyrir á brtt. á þskj. 362. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Karl Steinar Guðnason.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Að vísu tel ég ekki ástæðu til að bæta neinu við ræðu hv. frsm. sjútvn. um þetta frv., en vil þó láta það koma fram, að ástæðan fyrir því, hvað afgreiðsla frv. hefur dregist í nefndinni, er sú, að n. varð sammála um, er málið kom á borð hennar rétt fyrir jólin í vetur, að nauðsynlegt væri að leita umsagna um málið. Er umsagnirnar komu varð ljóst að stjórn aflatryggingasjóðs taldi nauðsynlegt vegna laga um aflatryggingasjóð, eins og þau nú eru, að gera lítils háttar efnisbreytingu á frv., sem kemur fram í brtt hennar, og taldi að með þeim hætti einum, að breyting yrði gerð í þessa átt, væri hægt að skjóta loku fyrir að þessi breyting, þó að hún væri gerð með sérstöku tilliti til rækjuveiðanna fyrir vestan og þess sérstaka ástands sem skapaðist á miðunum í Djúpinu vegna seiðagengdar, gæti hróflað við anda laganna.

Því er ekki að neita, að sjútvn.-menn í Ed. hafa sætt talsverðum þrýstingi af ónefndum aðilum í Nd. og þá

sérstaklega hinum svonefnda Vestfjarðaklúbbi um að afgreiða þetta mál án breytinga. Ég vil aðeins ítreka að af hálfu sjútvn. Nd. hefur alls ekki verið neinn leikur að tefja afgreiðslu málsins og það er ekki af neins konar hrekk eða meinfýsi sem því er nú vísað aftur til Nd., heldur af nauðsyn. Hefur hér komið fram rétt einu sinni að Ed. er Alþingi hin nytsamlegasta.

ATKVGR.

Brtt. 362 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 363). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt til breytinga á lögum nr. 30 frá 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, er ekki stórt mál sem þarfnast ítarlegrar framsögu. Ætla ég því ekki að hafa um það mörg orð. Tilefni þessara breytinga er það, að fram til síðustu áramóta höfðu lánveitingar til nýbygginga og til endurbygginga íbúðarhúsnæðis verið á höndum tveggja aðila. Stofnlánadeild landbúnaðarins annaðist annars vegar þessar lánveitingar til húsnæðis í sveitum, en Húsnæðismálastofnun ríkisins til allra annarra.

Á síðasta ári var tekin ákvörðun um að breyta þessari tilhögun og færa allar lánveitingar til eins aðila, þ. e. a. s. Húsnæðismálastofnunar. Varð af þessum sökum nauðsynlegt að breyta lögum um báða þessa aðila. Lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins var breytt hinn 16. maí s. l. með lögum nr. 60 frá 1978 og þá felldar niður heimildir Stofnlánadeildarinnar til íbúðarhúsalána. Tók sú breyting gildi um síðustu áramót. Nú er lagt til að gera tilsvarandi breytingar á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 frá 12. maí 1970. Að vísu hefur ekki verið talin þörf á því að breyta 4. gr. þeirra laga, sem fjallar um hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins, því að þar er honum falið að annast allar lánveitingar til íbúðabygginga annarra en þeirra sem Stofnlánadeild landbúnaðarins veitir lán til. Það leiðir því af sjálfu sér, að þegar lánveitingar Stofnlánadeildarinnar falla niður tekur Byggingarsjóður ríkisins sjálfkrafa við.

Hins vegar er nauðsynlegt að gera beinar breytingar á kaflanum um sparnað til íbúðabygginga, þar sem fjallað er um sérstakar innlánsdeildir á vegum Byggingarsjóðs ríkisins um leið og verkefnið flyst til hans.

1. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir að 3. mgr. 10. gr. laga um Húsnæðismálastofnun falli niður, en þessi mgr. hljóðaði svo:

„Tilsvarandi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kauptúna, sem leggja á þennan hátt fé í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands."

2. gr. frv. gerir ráð fyrir þeirri einu breytingu á 1. mgr. 11. gr. laga um Húsnæðismálastofnun, að niður falli fyrirmæli um að skyldusparnað þeirra, sem búsettir eru í sveitum, skuli ávaxta í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands. Verður allur skyldusparnaður eftir þessa breytingu ávaxtaður í Byggingarsjóði ríkisins.

3. gr. frv. gerir loks ráð fyrir því, að 2. mgr. 13. gr. laganna um Húsnæðismálastofnun breytist á þann veg að sérstakt gjald, sem skattyfirvöld geta ákveðið á hendur þeim sem vanrækja sparimerkjakaup, skuli renna óskipt til Byggingarsjóðs ríkisins, en ekki til Stofnlánadeildarinnar jafnframt, eins og nú er.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. þessarar hv. d. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 69, n. 357, 358). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 1976, um tollskrá o. fl. N. leitaði umsagnar um frv. og á fund n. kom Björn Hafsteinsson, formaður úthlutunarnefndar bifreiða til öryrkja.

Samkv. 27. tölul. 3. gr. laga um tollskrá er heimilt að lækka eða fella niður gjöld af bifreiðum öryrkja sem eiga erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Með þessu frv. er lagt til að heimilaður árlegur fjöldi þessara bifreiða verði aukinn og afsláttur inn margfaldaður.

Samkv. þeim upplýsingum, sem n. fékk, segir að nokkrar sveiflur hafi verið á fjölda umsókna um slíka lækkun, en 300-400 öryrkjaleyfi verið talin nægjanleg árlega. Í samræmi við það leggur n. til að leyfin verði 400, eins og þau voru áður, en þau voru færð niður í 350 samkv. núgildandi lögum, en jafnframt verði lækkun gjalda auk innflutningsgjalds 500 þús. kr. í stað þess að gert er ráð fyrir 450 þús. í frv. og 150 þús. í núgildandi lögum. En þar sem þessar upphæðir eru miðaðar við fasta krónutölu er nauðsynlegt að endurskoða þær öðru hverju meðan verðbólga geisar.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir að innflutningsgjald, sem er 50% af tollverði bifreiðarinnar, falli niður allt að því marki að þessi afsláttur verði 1 millj. kr. af hverri bifreið.

Þá hefur enn fremur fólki með hjartasjúkdóma verið bætt í upptalninguna í þann hóp sem sérstaklega er tilnefndur í upphafi greinarinnar í sambandi við úthlutunina og er það í samræmi við þá venju sem verið hefur hjá n. undanfarin ár.

N. getur ekki mælt með ótakmarkaðri eftirgjöf á þeim 25 bifreiðum sem njóta eiga sérstakra kjara, þar sem slíkt mundi mismuna mönnum eftir því hvað þeir hefðu efni á að kaupa dýrar bifreiðar, þannig að sá, sem hefði efni á að kaupa dýrasta bílinn, fengi jafnframt hæsta afsláttinn. Þess vegna leggur n. til að hámarkslækkunin verði tvöföld frá því sem hún er nú á sama hátt og með hina bílana og gæti þá orðið allt að 2 millj. kr. af innkaupsverði, ef innkaupsverð bifreiðar er svo hátt að gjöldin nemi samtals þeirri upphæð.

Að úthlutun þessara leyfa undanfarin ár hefur unnið n. sem í hafa verið 4 læknar auk formanns sem skipaður er af ráðh. Samkv. núgildandi lögum er talað um 2 lækna auk formanns, en n. leggur til að sú skipan, sem verið hefur síðustu árin, verði lögfest.

Þá hefur í verklagsreglum n. verið kveðið á um að ekki skuli að öðru jöfnu veita þeim aðilum eftirgjöf samkv. 27. tölul. 3. gr. sem tollívilnunar njóta samkv. 41. tölul. 3. gr., og er sú verklagsregla sett inn í brtt. nefndarinnar.

Í síðustu mgr. 1. gr. hafa verið felld niður orðin „öll" og „þ. m. t. söluskatt", þar sem í 3. gr. tollskrárinnar er alls staðar talað um gjöld án nánari skilgreiningar og það orðalag notað af ráðh. til að fella niður söluskatt af ýmsum þeim hlutum sem þar er fjallað um, en slíkt væri ekki hægt að gera ef í einhverjum tölul. í greininni væri talað um söluskatt sérstaklega. Í því sambandi má sérstaklega benda á að frá síðustu áramótum er ekki greiddur söluskattur af aðflutningsgjöldum þeim sem felld eru niður af bifreiðum öryrkja.

Um síðustu mgr. má einnig segja það, að hún hefur reynst erfið í framkvæmd, enda eru þeir hlutir, sem þar eru taldir upp, greiddir af almannatryggingum, þannig að viðkomandi aðilar, sem þá kaupa, fá þá endurgreidda. Af þeim ástæðum taldi n. ekki fært að taka talstöðvar með á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir. En þetta minnir á það sem margir hafa haldið fram, að æskilegt væri að aðstoð til öryrkja komi öll í gegnum almannatryggingakerfið þar sem mat á aðstæðum og þörf fer hvort sem er fram.

N. varð sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem hún flytur á þskj. 358.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil þakka fjh.- og viðskn. fyrir afgreiðslu þessa máls, þó að ég sé e. t. v. ekki að öllu leyti ánægður með þá takmörkun sem n. leggur til, sérstaklega að því er varðar fjölda bifreiða, því að miðað við þær upplýsingar, sem ég hef í höndum, er eftirspurn eftir niðurfellingu bifreiðagjalda fyrir fólk, sem þarf vissulega á slíku farartæki að halda, miklum mun meiri en sá fjöldi sem hér er lagt til að verði.

Það, sem við flm. lögðum til grundvallar í sambandi við þetta frv., var í fyrsta lagi álit Öryrkjabandalagsins, sem taldi algert lágmark að þessar bifreiðar yrðu 500 að tölu. Samt sem áður tel ég að það sé svo mikilvæg breyting sem hér hefur náðst samstaða um, að aðalatriðið sé nú að afgreiðslu málsins verði hraðað í gegnum þingið þannig að það komi að fullum notum fyrir fólk við þá úthlutun sem nú stendur fyrir dyrum að framkvæma á þessum vetri. Á það vil ég leggja alveg sérstaka áherslu.

Ég vil taka undir með hv. frsm. n., að vitanlega er það svo um mörg af þeim atriðum sem hér koma fram, ekki síst í sambandi við síðustu gr. um að fella niður gjöld af gervilimum og öðrum hjálpartækjum, að við rekumst illilega á að það ætti í raun og veru að vera sjálfkrafa hlutverk Tryggingastofnunar ríkisins að sjá um þessa fyrirgreiðslu fyrir fólk sem nauðsynlega þarf á henni að halda, og þar koma inn öryggistæki eins og talstöðvar í bíla fyrir þetta fólk.

Ég vil fyrir hönd okkar flm. áskilja okkur rétt til að athuga nánar fyrir 3. umr. 4. mgr. brtt., þ. e. a. s.: „Aðilar, sem njóta tollívilnunar samkv. 41. tölul., geta eigi jafnframt fengið tollívilnun samkv. þessum tölul." Ég vil segja frá því hér, að við áskiljum okkur rétt til að athuga þetta atriði nánar, fyrir 3. umr. Að öðru leyti vil ég endurtaka þakkir til n. fyrir afgreiðslu málsins og þá samstöðu sem hér kemur fram, og ég undirstrika enn, að ég tel mjög brýna nauðsyn bera til að málið fái nú hraða afgreiðslu í gegnum þessa d. og í gegnum Alþ. til þess að það komi að þeim notum sem að er stefnt við úthlutun á þessu ári.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Það er einungis út af síðustu ummælum hv. 5. þm. Vesturl. sem ég kveð mér hljóðs í sambandi við 4. mgr. Hann boðaði fyrirvara í sambandi við þessa mgr., þar sem segir að aðilar, sem njóta tollívilnunar samkv. 41. tölul., geti eigi jafnframt fengið tollívilnun samkv. þessum tölul. Þetta atriði var rætt í n., hvort ætti að setja það inn í frv., og n. komst að þeirri niðurstöðu, að það væri óeðlilegt að nokkrir aðilar fengju tvöfaldan afslátt í sambandi við þessar bifreiðar. Það mætti hugsa sér afslátt sem veittur er leigubifreiðarstjórum, og þá taldi n. óeðlilegt að jafnframt yrði þeim gefinn afsláttur sem öryrkjum, þannig að um væri að ræða tvöfaldan afslátt. Ég held að menn ættu að geta orðið sammála um þetta sjónarmið n. varðandi slíkar ívilnanir, að þær séu ekki tvöfaldar í framkvæmd. Ég óska því þess við hv. flm., að þeir fari ekki að koma með brtt. við þetta ákvæði, og jafnframt vildi ég skýra frá því, að n. ræddi þetta mál varðandi tvöfalda afsláttinn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun okkar sérstaklega að fara að gera brtt. við þetta atriði, þetta er aðeins til athugunar. Ef það verður hægt að koma þessu máli nú þegar gegnum 3. umr. og til Nd., þá vil ég ekki að sú aths., sem ég gerði áðan, verði til þess að tefja afgreiðslu málsins hér.

ATKVGR.

Brtt. 358 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Lögræði frv. (þskj. 199). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 21. febr., að loknum 57. fundi.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 376). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 375). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 32. fundur.

Miðvikudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. (þskj. 324). — Frh. 1. umr.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það eru nú orðnar langdregnar umr. um það frv. til l. um breyt. á útvarpslögum sem hér er á dagskrá, líklega í þriðja sinn við 1. umr., og satt að segja eru nú liðnir allmargir dagar síðan ég mun hafa beðið um orðið undir þeim umr. sem þá fóru fram.

Það er ekki ýkjamargt sem ég hafði hugsað mér að bæta við það sem áður er komið fram í þessum umr., en ég vil mjög eindregið lýsa þeirri skoðun minni, að ég er andvígur þessu frv. og tel vera fjarri lagi að ætla að gefa eins rúmar heimildir fyrir útvarpsrekstri einkaaðila og þarna er gert ráð fyrir. Ég vil að vísu taka fram, að ég gæti mjög vel hugsað mér það ástand að það væri ekki aðeins ein útvarpsstöð í þessu landi. Það mættu gjarnan vera að minni hyggju tvær eða þrjár stöðvar sem veittu hver annarri nokkra samkeppni. Slíkt er mjög vel hugsanlegt og gæti verið til bóta, þó að ég telji það ekki vera aðkallandi. En það skiptir hins vegar ákaflega miklu máli í höndum hvers konar aðila slíkur rekstur er, og ég verð að segja að mér finnst skilyrðin of rúm ef hvaða mangarasamtök sem er í landinu ættu að fá heimild til þess að hefja útvarpsrekstur kostaðan fyrst og fremst af auglýsingatekjum, eins og hætt er við að þarna væri um að ræða, og skilyrðin fyrir slíku leyfi væru aðeins þau, að slíkur aðili gæti teflt fram einhverjum einstaklingi sem fengist hefði við blaðamennsku. — Það er talað hér um dagskrárgerð fyrir fjölmiðla. Mér er að vísu ekki alveg fyllilega ljóst, hvað flm. eiga beint við með því, en ég hygg að það mætti líta svo á að þar væri átt við að menn hefðu komið nálægt einhverri fjölmiðlastarfsemi, kannske blaðamennsku. Þá er talað um að þar þyrfti að vera um að ræða einhvers konar tæknistjóra. Þessi skilyrði tel ég allt of rúm.

Ég verð að segja það, að íslenska ríkisútvarpinu, sem nú er orðið bæði hljóðvarp og sjónvarp, hefur verið ætlað frá því fyrsta ákaflega mikilvægt menningarhlutverk í þjóðlífi okkar og það hefur rækt það hlutverk að ýmsu leyti vel á liðnum árum enda þótt að sjálfsögðu hefði margt mátt betur fara.

Það var við fyrri umr. um þetta mál, að einn af flm. frv. — ég hygg að það hafi verið hv. þm. Friðrik Sophusson — komst svo að orði efnislega, að fyrst ýmsir aðilar hefðu fengið tækifæri til að reka kvikmyndahús í landinu og fólk gæti valið um það sjálft hvort það færi í þetta kvikmyndahúsið eða hitt hér á Reykjavíkursvæðinu, þá væri alveg jafneðlilegt að menn gætu einnig valið á milli margvíslegra íslenskra útvarpsstöðva í höndum þessara eða hinna einkaaðila, þetta væri í alla staði sambærilegt. Ég held að þetta sé ekki svona. En alveg sérstaklega vil ég þó af þessu tilefni undirstrika það, að ég held að sá kvikmyndahúsarekstur, sem einkaaðilar hafa haldið uppi fyrst og fremst í eiginhagnaðarskyni hér á stór-Reykjavíkursvæðinu og víðar um land, hafi síður en svo orðið íslensku menningarlífi til framdráttar. Ef menn eiga von á því, að það geti verið til einhvers ávinnings fyrir menningarlíf í þessu landi að hér spretti upp útvarpsstöðvar, þar sem menningarlegar kröfur væru af álíka tagi og virðast ríkja hjá þeim einkaaðilum sem hér hafa forgöngu um rekstur kvikmyndahúsa, leyfi ég mér að segja að það væri betur látið vera að hleypa slíkum útvarpsstöðvum einkaaðila af stað í þessu landi. Ég held að þær eigi ekki erindi.

Ég vil vekja athygli á því alveg sérstaklega, að ég hygg að alls staðar annars staðar á Norðurlöndum, sem við berum okkur gjarnan helst saman við, sé þannig ástatt varðandi rekstur útvarps að hann sé í höndum opinberra aðila, en síst á þann veg að hvaða kaupahéðinn sem er geti hóað saman félögum sínum og sett af stað útvarpsstöð eða sjónvarpsstöð. Ég veit vel að það finnast þau ríki í veröldinni að ástandið mun vera í þessum efnum eitthvað líkt því sem lagt er til í þessu frv., en von mín er sú, að það fyrirkomulag bíði okkar ekki og ef við eigum það í vændum verði sem mest töf á því að það dynji yfir.

Ég vil nota það tækifæri, sem gefst í þessum umr., til að segja örlítið meira. Það fer ekki á milli mála, að útvarpsstöðvar einkaaðila, sem er verið að boða með flutningi þessa frv. sem æskilegar, hlytu að byggjast mjög mikið á auglýsingum. Kostnaður við rekstur þeirra hlyti að öllum líkindum að verða að verulegu leyti borinn uppi af auglýsingum af margvíslegu tagi. Það er vegna þessa sem ég vil leyfa mér að segja það sem mína skoðun, að ég held að við þyrftum sem allra fyrst að búa þannig að ríkisútvarpi okkar, og þá er ég fyrst og fremst með sjónvarpið í huga, að þessi sameiginlega stofnun okkar landsmanna allra, menningarstofnun sem á að vera, þurfi ekki í rekstri sínum að vera háð tekjum af hvers kyns viðskiptaauglýsingum, eins og þar birtast nú daglega og við höfum öll eða flest fyrir augum á hverjum degi. Ég tel að það sé fullkomið neyðarbrauð, að þola að slíkum óþverra, vil ég segja, sé hellt yfir landslýðinn frá íslenska sjónvarpinu, Ríkisútvarpinu, sem felst í auglýsingum af þessu tagi, og þá er ég alveg sérstaklega með í huga þær alþjóðlegu viðskiptaauglýsingar sem þarna birtast — og ekki batnaði það ef fjöldi útvarpsstöðva peningamanna risi hér upp, sem fyrst og fremst nærðust á slíkum fjárafla.

Ég veit vel að aðstæður Ríkisútvarpsins eru slíkar nú, að þær þurfa nokkuð að breytast til batnaðar hvað varðar aðbúnað að þeirri stofnun af opinberri hálfu til þess að hægt sé að gera um það raunhæfar tillögur að þessi tekjustofn hverfi úr sögunni. En ég lýk máli mínu með því að endurtaka að ég vil vænta þess, að sá tími sé þó ekki langt undan að hægt verði að bjóða þeirri íslensku menningarstofnun sem ríkisútvarp okkar á að vera slíka kosti að þetta sé fært, og jafnframt að annaðhvort verði um það að ræða, áður en langt um líður, að Ríkisútvarpið fái slíka samkeppnisaðila í þeirri fjölmiðlun sem það

annast og þar sé um að ræða samkeppnisaðila sem ekki sé síður hægt að treysta til þess að rækja menningarlegt hlutverk en Ríkisútvarpinu sjálfu, eða þá að þessi stofnun — Ríkisútvarpið — haldi áfram enn um sinn að annast ein þá starfsemi sem henni hefur verið með lögum falið að hafa einkarekstur á, en þá við batnandi hag og aukna menningarlega reisn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samvinnufélög, frv. (þskj. 80). — Frh. 1. umr.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Þar sem hér eru til umr. samvinnufélagalögin vil ég segja nokkur orð. Ekki er óeðlilegt að þessi lög séu athuguð og reynt að samræma þau breyttum tímum, ef það mætti verða til þess að þau gætu náð betur þeim tilgangi sem þeim er ætlað. En það frv., sem hér liggur fyrir, finnst mér ekki nægilega undirbúið og vil því gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þess.

Hv. 2. landsk. þm., Finnur Torfi Stefánsson, hefur ásamt Vilmundi Gylfasyni og Árna Gunnarssyni lagt fram hér á Alþ. frv. til l. um breyt. á lögum um samvinnufélög, þess efnis, að 1. mgr. 32. gr. laganna orðist svo: „Sambandsstjórn skal kosin árlega beinni, leynilegri kosningu, sem fer fram samtímis í öllum aðildarfélögum í samvinnusambandi" o. s. frv.

Fram kemur í grg. flm., að núgildandi lög um samvinnufélög séu við breyttar aðstæður mjög ófullnægjandi orðin, einkum skorti á að almennum félagsmönnum séu tryggð nægileg áhrif í stjórn sambandsins og samvinnufyrirtækjanna, sem sé þó óumdeilanlega réttur þeirra. Þessi breyting á samvinnufélagalögunum er að mínum dómi grundvallarbreyting sem ekki er hægt að gera nema gjörbylta stærstu þáttum sem samvinnufélögin hafa byggt á. Ætla ég nú að gera nokkru nánari grein fyrir máli mínu.

Það var árið 1882 sem fyrsta kaupfélagið var stofnað hér á landi, Kaupfélag Þingeyinga. Síðan koma þau smátt og smátt, eftir því sem ástæður og geta var til á hverjum stað. Byrjað var í smáum stíl, en fólkið, sem að þeim stóð, sá fljótt hvað það var þýðingarmikið að byggja upp þessi þjónustufyrirtæki sem víðast um landið, sérstaklega á meðan samgöngur allar voru mjög erfiðar. Nú er það aftur á móti mikilvægt atriði fyrir fólkið í hinum dreifðu byggðum að hafa þessi félög, sem það sjálft á, til þess að byggja upp atvinnulíf ásamt margháttaðri þjónustu. Það getur í flestum tilfellum ekki án þeirra verið ef byggð á að haldast um allt landið.

Þessi samvinnufélög fólksins um hinar dreifðu byggðir hafa allt frá upphafi stjórnað málum sínum sjálf. Þau eru frjáls að því að kaupa og selja viðskiptavörur sínar hvar sem þau vilja. Hvert félag hefur sína stjórn sem kosin er af félagsmönnum þar sem hver og einn hefur jafnan rétt. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem síðan ræður starfsfólk og stjórnar daglegum rekstri. Þetta félagsform hefur gefist vel. Samvinnufélögin hafa átt ríkan þátt í uppbyggingarstarfi þessarar þjóðar, og eru flm. sammála um það.

Félagsmenn hvers kaupfélags ráða sínum málum. Valdið er heima í byggðarlögunum, eins og við viljum flest hafa það, en ekki að það sé flutt til Reykjavíkur, sem stór hætta væri á ef breyta ætti lögum til þeirrar áttar sem flm. gera ráð fyrir. Kaupfélögin á öllu landinu eru nær 50 og í stjórnum þeirra eru um 250 manns. Auk þess eru deildarstjórar í hverjum hreppi í flestum félaganna. Í þessum félögum eru nú um 40 þús. félagsmenn.

Stærsti kosturinn hefur löngum verið talinn sá, að hinn almenni félagi þekki eitthvað þá menn í sjón og raun sem kosnir eru í félagsmálastörfin. Með því að slengja öllu í eitt, eins og frv. miðar að, er slíkt allt erfiðara.

Þá kem ég að því sem er framhaldsþáttur kaupfélaganna, en hann er sá, að árið 1902 mynduðu þáverandi kaupfélög samtök til að útvega og kaupa ýmsar vörur fyrir félögin og til að aðstoða við sölu á framleiðsluvörum félaganna, sem er upphafið að Sambandi ísl. samvinnufélaga. Einstaklingar eru ekki beinir aðilar að Sambandinu. Að því standa hins vegar um 50 samvinnufélög sem fela því að einhverju eða mestu leyti innkaup og sölu á viðskiptavörum sínum.

Flm. frv. segja að nauðsynlegt sé að breyta til við kjör stjórnar Sambandsins til þess að lýðræði sé í heiðri haft, sem sagt er að eigi sér stað í atvinnulífi hjá ýmsum nágrannaþjóðum okkar.

Til þess á að gjörbreyta félagslegu formi almannasamtaka með valdboði án þess að ræða það við þau. Þó kemur fram í grg. að samvinnurekstur sé það form lýðræðis í atvinnurekstri sem náð hefur mikilli útbreiðslu og gefi góða raun. Ekki veit ég heldur til þess, að eitt einasta samvinnusamband nágrannaþjóða okkar hafi tekið upp eða því verið fyrirskipað að viðhafa þetta form í skipan mála sinna. Samvinnufélögin hafa alltaf skipað málum sínum í samræmi við viðurkenndar lýðræðisreglur, og geti einhver bent á að önnur leið hafi reynst betur og nái um leið betur til hins almenna félagsmanns, þá er ég fús til að ræða hana.

Stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga er kosin að hætti nágrannaþjóða okkar á fullkomlega lýðræðislegan hátt, eins og reyndar er gert í mörgum félagasamtökum hér á landi. Athyglisvert er að sú regla gildir um kosningar í sambandsstjórnina, að hver landshluti eigi ætíð fulltrúa í stjórninni. Í samkeppniskosningum gæti slíkt jafnvægi raskast og jafnvel farið svo, að meiri hlutinn væri frá einu landshorni, — eða hvernig hugsa flm. sér að koma því fyrir að svo yrði ekki? Það er því tillaga mín, að þetta mál verði rætt og athugað betur í þeim frjálsu félagasamtökum, sem hér um ræðir, og reynt að finna leið til þess, að hinn almenni félagi sé virkari í starfi samvinnufélaganna, en ekki farið að breyta núverandi skipulagi í þá átt sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem ekki verður annað séð en gallarnir séu fleiri en kostirnir.

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla að gera nokkrar aths. við ræðu hv. þm. Þórarins Sigurjónssonar. Mér fannst ýmislegt af því, sem hann var að finna til foráttu, því frv. sem hér liggur fyrir til umr., hvorki nægilega skýrt hugsað né nægilega vel rökstutt. Ég ætla að víkja að nokkrum staðhæfingum sem komu fram í máli þm.

Hann sagði m. a. að ef þetta frv. yrði að lögum yrði allt vald samvinnuhreyfingarinnar flutt til Reykjavíkur. Ég held að þarna sé hlutum gersamlega snúið við. Ég held að ef hægt er að draga upp einhverja lýsingu af þessu máli núna eins og ástatt er eftir gildandi lögum sé varla hægt að ganga lengra í þá átt en nú er að safna valdi samvinnuhreyfingarinnar til Reykjavíkur. Ég veit ekki betur en hún hafi hér miðstöð sína. Hér eru allir hennar for-

ustumenn. Hér er öllum dótturfyrirtækjum hennar stjórnað. Og flest eru þau staðsett hér eða einhvers staðar hér í nágrenninu. Ég held einmitt að ef þetta frv. yrði að lögum yrði það mjög mikilsvert skref í þá átt að dreifa valdi samvinnuhreyfingarinnar út um landið, einfaldlega vegna þess að með því fengju hinir almennu félagar, sem við vitum að búa ekki aðeins hér fyrir sunnan, — þeir búa ekki einungis í kringum höfuðstöðvar SÍS, heldur búa þeir úti um allt land, — með beinum kosningum fengju þeir rík tækifæri til þess að hafa meiri og betri áhrif á það hvernig farið er með valdið innan hreyfingarinnar. Ég leyfi mér því að andmæla algerlega í grundvallaratriðum þessari staðhæfingu þm. og fullyrði að áhrifin af þessu frv. yrðu þveröfug. Þau yrðu að hinir almennu félagar, eins og ég hef þegar sagt, sem búa úti um allt land, en ekki aðeins hér á Suðvesturlandshorninu, fengju veruleg áhrif á meðferð valdsins í samvinnuhreyfingunni.

Hv. 2. þm. Suðurl. gat þess enn fremur, að með þessu frv. væri lögð drög að valdbeitingu, því hér ætti að beita einhverju valdi til þess að knýja almannasamtök til að gera eitt og annað. Ég hef satt að segja ekki kynnst því fyrr, að lagasetningarstörf okkar hér á Alþ. væru kölluð valdbeiting. Það, sem um er að tefla hér, er auðvitað ekkert annað en að breyta lögunum. Það eru þegar fyrir lög sem skipa málum samvinnuhreyfingarinnar. Eru þau lög þá ekki valdbeiting líka? Auk þess hvarflar ekki annað að mér en þeir menn, sem vilja viðhalda óbreyttu ástandi í samvinnuhreyfingunni, hljóti að láta til sín heyra hér í þinginu, eins og hv. 2. þm. Suðurl. hefur þegar gert. Ég á líka von á því, að samvinnuhreyfingin fái kost á því að láta í ljós álit sitt og geti sent t. d. allshn., sem fær þetta mál sennilega til meðferðar, skoðanir sínar á málinu. Það er vilji minn að sjálfsögðu að þetta mál fái fullkomlega málefnalega meðferð hér í þinginu, menn ræði það ofstækislaust og af skynsemi og afgreiði það eftir því.

Það kom einnig fram í máli hv. 2. þm. Suðurl., hann sagði sem svo, að ef einhver gæti bent á betri leið til aukins lýðræðis í samvinnuhreyfingunni en nú væri farið, þá mundi hann styðja það. Það er einmitt það sem ég er að gera og við flm. þessa frv. Við erum einmitt að benda á leið, sem augljóslega hlýtur að auka og efla lýðræði innan hreyfingarinnar. Og nú vildi ég gjarnan að hv. 2. þm. Suðurl. stæði við orð sín og styddi þessa nýju og betri leið.

Hv. þm. vék að því, að það væri hugsanlegt, ef beinar kosningar af þessu tagi yrðu teknar upp, að atkvæðafjöldinn yrði meiri í einum landshluta en öðrum og þar með gætu völd kjósendanna safnast mikið á einn stað í landinu eða í einn landshluta. Það, sem hann var augljóslega að ýja að, er sú hugmynd að atkvæðisréttur manna í samvinnuhreyfingunni eigi að vera ójafn, það eigi ekki að vera jafn kosningarréttur. Það er skoðun mín, að þarna sé ekki um neitt annað að tefla, það verði að vera jafn kosningarréttur að þessu leyti, enda er gert ráð fyrir því í frv. Eftir því sem ég best veit eru félagsmenn samvinnuhreyfingarinnar svo dreifðir um landið að í raun og veru er engin ástæða til að óttast að þau völd, sem atkv. fylgja, muni safnast of mikið á einn stað.

Hv. 2. þm. Suðurl. vék einnig að því, að eftir því kerfi, sem nú gildir um kosningar forustumanna í samvinnuhreyfingunni, væri um að tefla mjög bein tengsl milli manna, samband væri náið, menn ræktu kunningsskap sín á milli og allir þekktu foringjann. Ég efast ekki um að félagsmenn í samvinnuhreyfingunni þekkja forustumenn sína. En ég mótmæli því algerlega, að forstjórar og framkvæmdastjórar SÍS séu í einhverjum lifandi tengslum við félagsmenn hreyfingarinnar. Því miður er ég sannfærður um að það er mjög fjarri því að svo sé.

Ég ætla að ítreka það sem ég sagði í upphafi, að mér fundust þær röksemdir gegn þessu máli, sem komu fram hjá hv. 2. þm. Suðurl., satt að segja veigalitlar og alls ekki skilmerkilegar. Það er því svolítið örðugt að taka á þeim og ég læt þetta duga.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil segja um þetta mál nokkur orð. Í rauninni er það mál, sem hér er á ferðinni, ekki nýtt á Alþ. Um þetta atriði hafa farið fram umr. áður og þá á nokkru breiðari grundvelli en nú hefur átt sér stað.

Ég skal strax taka fram að ég er andvígur þessu frv. Ég tel ekki rétt að snúast við þeim vanda, sem rætt er um í grg. sem fylgir með þessu frv., á þann veg sem hér er lagt til, með lagasetningu af þessu tagi. Hér er sem sagt um það að ræða, að lagt er til að fyrirskipa með lögum hvernig tiltekin félagasamtök í landinu skuli haga sínum innri málum, þ. e. a. s. í sambandi við hvernig eigi að kjósa til yfirstjórnar þeirra og hvernig eigi að haga þeim innri málum sem almennt eru ákveðin í félagasamtökunum sjálfum.

Það gefur alveg auga leið að ef frv. af því tagi, sem hér liggur fyrir, væri samþ. mundi leiða af því mjög hliðstæðar ákvarðanir um mörg önnur félagasamtök í landinu sem iðulega hafa einnig komið fram tillögur um. Það væri auðvitað alveg á sama hátt hægt að koma fram með frv. um að fyrirskipa Alþýðusambandi Íslands að gerbreyta þeim reglum sem þar gilda nú um kosningar á fulltrúum í æðstu stjórn þeirrar stofnunar, ákveða að fara skyldi fram almenn kosning allra þeirra sem eru félagsmenn í þeim samtökum. Þetta væri vitanlega hægt að gera við fjöldamörg önnur almannasamtök í landinu sem hafa sumpart með að gera stórkostlegan rekstur.

Þetta er gömul till. sem íhaldið hefur flutt nokkrum sinnum hér á Alþ. varðandi samvinnuhreyfinguna, verkalýðshreyfinguna og önnur slík samtök. Þetta er í rauninni að mínum dómi brot á því grundvallaratriði, sem við byggjum á og er staðfest í stjórnarskrá okkar, sem er um frjáls félagasamtök. Hér er verið að þrengja það frelsi sem þessi félagasamtök hafa. Menn hafa rétt til þess að mynda félög og byggja upp félagasamtök. Til þess hafa hafa þeir fullkomið frelsi, og þeir verða að hafa rétt til þess sjálfir hver og einn að skipa sínum innri málum. Þetta eru ástæðurnar til þess, að ég er á móti því að taka á þessu vandamáli eins og rætt er um í þessu frv.

Hitt skal ég taka undir, að það er ekkert um að villast að hér er um að ræða allverulegt vandamál, sem ekki á sér aðeins stað í samvinnuhreyfingunni, heldur einnig í flestum öðrum fjöldasamtökum í landi okkar. Það ber allt of mikið á því, að hinn almenni félagi í samtökunum verði nokkuð óvirkur og hann sætti sig við að stjórnir viðkomandi félaga eða stjórnir heildarsambanda verði í framkvæmdinni svo að segja sambandið sjálft eða hreyfingin öll. Þarna er á ferðinni mjög varhugarvert mál sem þarf að fjalla um. Auðvitað á að vinna að leiðréttingu í þessum efnum innan samtakanna þar sem eru fullkomin lýðræðisleg réttindi til þess að taka á þessum málum. Ég er algerlega mótfallinn því að löggjafinn fari að grípa inn í og takmarka hið eiginlega félagafrelsi með

því að fyrirskipa hvernig hin einstöku félagasamtök hagi sínum innri málum varðandi kosningar í stjórnir og stöður. Og ég er sannfærður um að ákaflega hörð átök yrðu í þessum félagasamtökum ef löggjafinn færi inn á að ætla að fyrirskipa þetta. Það gæti kannske haft það eitt gott í för með sér, að þá rumskuðu menn í þessum hreyfingum og gættu að innri réttindum sínum. — Ég er á móti því að fara löggjafarleiðina og fyrirskipa þetta. Það er auðvitað alveg augljóst mál að hér yrði ekki um samvinnuhreyfinguna eina að ræða, enda væri ekki neitt réttlæti í því að ætla að taka hana eina út úr. Af því hlyti að leiða að löggjafinn færi að grípa inn í hin almennu félagasamtök í landinu í stórum stíl og takmarka rétt þeirra til að skipa innri málum sínum.

Ég skal svo ekki tefja það að þetta mál nái að ganga til n. og fái eðlilega skoðun í n. og þinglega afgreiðslu, en vildi láta það koma fram, að ég er andvígur frv. af því að ég er á móti þeirri stefnu sem í því felst, að takmarka þann félagslega rétt sem er virtur og er í gildi í hinum ýmsu samtökum í landinu. Ég viðurkenni að það er rétt, sem kemur fram í sambandi við flutning þessa máls, að þarna er um veikleika að ræða í félagsstarfinu og þyrfti að koma því til leiðar að almenningur væri þarna virkari. En ég dreg mjög í efa að við leystum þann vanda, sem þarna er um að ræða, þó að fyrirskipað yrði að hafa beinar kosningar. Ég dreg mjög í efa að slíkt leysti hinn eiginlega félagslega vanda sem hér er um að ræða.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Austurl., hélt því fram, að hér væri um að ræða gamla tillögu sem íhaldið, eins og hann orðaði það, hefði flutt áður. Mér finnst að þarna þurfi að gera nokkurn greinarmun á, hvort um er að ræða Íhaldið með stórum staf eða íhaldið með litlum staf. Sé um að ræða Íhaldið með stórum staf kann vel að vera að það íhald hafi flutt þessa till. einhvern tíma áður, en mér heyrðist af ræðu síðasta ræðumanns að íhaldið með litlum staf hér í þinginu — það helsta — hafi verið að mæla gegn þessari till. eins og flestum framfaramálum sem hér hafa verið flutt í vetur. Þarna held ég að við þurfum að gera nokkurn stafamun og orðamun og jafnvel hugsanamun.

Það er auðvitað rétt, sem fram kemur í grg. með þessu frv. til laga og eins í máli hv. síðasta ræðumanns, að kjarni málsins er auðvitað að hér er við verulegan vanda að etja. Það hefur hent hverja hreyfinguna á fætur annarri, og þar með samvinnuhreyfinguna, það er ljóst, að fámennir hópar á hinum félagslega toppi ef svo má að orði komast, ráða málum, en hinn almenni félagsmaður hefur í tímanna rás orðið mikið til afskiptur — hefur ekki áhrif á það hvernig málum er skipað.

Hér hefur komið fram, m. a. hjá hv. þm. Þórarni Sigurjónssyni, að verða mundi um valdbeitingu að ræða. Ég segi fyrir mína parta, að ég get engan veginn fallist á að hér væri um nokkra valdbeitingu að ræða. Það er ekki valdbeiting að setja hlutafélagalög í landinu, ef okkur þykir viturlegt að skipta þeim málum öðruvísi. Það er áreiðanlega ekki valdbeiting að mati neins okkar að setja auðhringalöggjöf í landinu, ef okkur þykir viturlegt að skipa þeim málum öðruvísi. Auðvitað standa upp talsmenn auðhringanna, talsmenn hlutafélaganna jafnvel, og halda því fram að hér sé um valdbeitingu að ræða, hér sé löggjafinn að skipta sér af málum sem honum að öðru jöfnu komi ekki við. Það segir sig sjálft, að ef hagsmunir einhverra eru skertir með þessum hætti, þá segja þeir hinir sömu að þar sé um valdbeitingu að ræða. Það, sem löggjafanum ber auðvitað að gera í þessu samhengi, er að ganga úr skugga um hvort hér sé um vandamál að ræða. Er það vandamál í þessari tilteknu hreyfingu að of fáir fari með of mikil völd og væri hægt að skipa málum öðruvísi þannig að fjöldinn hefði hagnað af? Ef löggjafinn kemst að slíkri niðurstöðu er auðvitað sjálfsagt að breyta til. Þetta frv. til l., sem hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson ásamt fleiri hefur flutt, felur í sér ákaflega einfalda breytingu: að taka upp beinar kosningar í stórri félagslegri hreyfingu og auka þar með völd og áhrif hins almenna félagsmanns. Ég fæ ómögulega skilið að þar sé um valdbeitingu að ræða.

Hv. síðasti ræðumaður, Lúðvík Jósepsson, drap á annað stórmál sem vel er vert að velta fyrir sér í þessu samhengi. Það er hin stærsta félagslega hreyfing í landi okkar, nefnilega verkalýðshreyfingin. Það er alveg ljóst að verkalýðshreyfingin á við nákvæmlega sams konar vanda að etja og hér hefur verið lýst að því er varðar samvinnuhreyfinguna. Þar gerist það í félagi eftir félag, að haldnir hafa verið fámennir aðalfundir, kannske með nokkrum tugum manna, sem kjósa sér forustu, og það hefur þróast svo í gegnum árin að forustumennirnir koma málum svo fyrir að þeir birta litlar auglýsingar í blöðum, sem varla sjást, ef þær þá sjást, og síðan halda þeir fundina. Þeir hafa í kringum sig hóp með örfáum tugum karla og kvenna og halda þarna völdum ár eftir ár og tala í nafni þúsundanna ár eftir ár. En það kemur óvart iðulega í ljós, að þegar á þarf að reyna er þessar þúsundir hvergi að finna. Ég vek t. d. að því er til þessa máls tekur athygli á, og þetta kemur aftur og aftur í ljós, skoðanakönnun sem birt var í Dagblaðinu í fyrra rétt eftir aðgerðirnar 1. og 2. mars, sem voru mótmælaaðgerðir gegn efnahagsráðstöfunum þáv. ríkisstj. Við skulum hafa þann fyrirvara á hvernig Dagblaðið vinnur skoðanakannanir sínar, en alla vega leiddi sú skoðanakönnun í ljós að 80% aðspurðra eða þar um bil voru mótfallin aðgerðum ríkisstj. En að þessu spurði blaðið í skoðanakönnun sinni: Hvað finnst mönnum um aðgerðir verkalýðsforustunnar — þ. e. a. s. að skora á fólk að taka þátt í ólöglegum aðgerðum? Og hvað kom í ljós? Það kom í ljós að sama hlutfall aðspurðra, eða 80%, var á móti því sem verkalýðsforustan hvatti til að gera. Það kom í ljós þarna, eins og oft áður og seinna, að það skorti fullkomlega jarðsamband milli foringja launafólksins í landinu og fólksins sjálfs.

Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sér gríðarlegt vandamál, sem menn verða í fyrsta lagi að gera sér grein fyrir og í öðru lagi að velta því fyrir sér með hverjum hætti megi finna leiðir til úrbóta. Út af fyrir sig sæi ég ekkert rangt við að sams konar frv. og hér er flutt um samvinnuhreyfingu væri flutt um launþegafélög — nefnilega um að setja rammalöggjöf um aðalfundi, um kosningar til stjórna og um aðrar ákvarðanir sem máli skipta, í því skyni einu að tryggja að það sé jarðsamband milli fólksins í félögunum, milli fólksins í landinu og forustu launþeganna. Ef þetta jarðsamband skortir og ef það er orðið langt og óbrúanlegt bil á milli forustumanna í slíkum hreyfingum annars vegar og fólksins sjálfs, þá vitum við að það er komin veruleg skekkja í alla hina pólitísku mynd.

Ég vísa til þess í þessu sambandi, að þessi mál hafa verið mjög til umræðu í Bretlandi undanfarna daga, vikur og mánuði af ástæðum sem ég veit að hv. dm. er

kunnugt um. Þar kemur í ljós að skoðanakannanir leiða til nákvæmlega hliðstæðrar niðurstöðu og þær skoðanakannanir sem ég vísaði til og komu í Dagblaðinu í fyrra, þ. e. a. s. foringjar verkalýðsfélaga standa fyrir aðgerðum, en þegar almennir borgarar eru spurðir vítt og breitt um þær kemur í ljós að allt að því 80% af borgurunum eru mótfallin þeim aðgerðum sem um ræðir. Kjarni þessa máls er sá, og mér er ljóst að slíkt á sér langa sögulega þróun og þessi sögulega þróun verður ekki leiðrétt í einni svipan, að menn átti sig á því fyrst í stað, að vandamálið er til, og í annan stað hygg ég að gæti verið naðusynlegt að um þetta yrði sett einhvers konar rammalöggjöf. — Ég sé að á mig horfir grimmt hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Ég veit að hann þekkir þessi mál mætavel, og ég held að með allri sanngirni megi ég segja um hann, af því ég sé hvað hann er dapur á svipinn, að mér er fullkunnugt að hann hefur jarðsamband í sínu félagi. En því miður, eins og ég hygg að við hv. þm. getum verið sammála um, er þetta býsna oft upp og ofan, svo ekki sé meira sagt, og á undanförnum árum og áratugum hefur þetta því miður í vaxandi mæli orðið ofan á.

Allt um það er hér aðeins verið að vekja máls á vandamáli sem ég hygg að í æ vaxandi mæli skipti meira og meira máli í þessu samfélagi. Þróunin hefur orðið sú hjá okkur og annars staðar, að við getum ekki lengur talað um þrískiptingu valds með þeim hætti sem 19. og 18. aldar spekingar þar á undan töluðu um. Það eru orðnar miklu fleiri þungamiðjur valds en þessir 18. og 19. aldar höfundar gerðu ráð fyrir. Ein af þessum þungamiðjum valds eru einmitt hagsmunahóparnir. Launþegahreyfingin vegur þar auðvitað þyngst, og þegar það er orðin staðreynd, þegar það virðist t. d. vera skoðun fjölmargra þm. að ekki megi setja lög um efnahagsmál öðruvísi en fá leyfi hjá forustumönnum hagsmunahópa, þá er það líka og ætti að vera bæði sjálfsagt og í samhengi við þessa hugsun að löggjafinn velti því fyrir sér með hverjum hætti þeirri skipan verði komið á þessi mál að til farsældar leiði fyrir heildina alla.

Það frv., sem hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson hefur mælt fyrir, tel ég að fjalli um atriði sem sjálfsögð ættu að vera í nútímasamfélagi. Það er alveg ljóst, að samvinnuhreyfingin er bæði fjölmenn hreyfing og hún er rík hreyfing. Ég hygg að sú þróun hafi orðið þar eins og víðar í félagslegum hreyfingum, að í reynd hefur þarna þróast þrepalýðræði sem aftur leiðir til þess að á toppnum situr fámenn stjórn sem raunverulega fer með völd og iðulega er í litlum tengslum við hina almennu félagsmenn.

Ég mótmæli því enn, að löggjafinn hafi ekki til þess fullan rétt að setja almenn rammalög um þessi efni ef hann telur það vera skynsamlegt, og ég er sannfærður um að hvað sem líður forustumönnum samvinnuhreyfingar og áliti þeirra á þessu frv., þá eiga hugmyndir eins og þessar fylgi að fagna úti um hinar dreifðu byggðir og meðal almennra samvinnumanna. Og hvers vegna? Vegna þess að þær auka áhrif hins almenna félagsmanns. Til þess er leikurinn gerður að því er þetta frv. varðar, og þessa hugsun ættum við að heimfæra víðar úti í hinu stóra samfélagi.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af fyrir sig er það matsatriði um einstaklinga hverjir eru íhaldsmenn og hverjir eru ekki íhaldsmenn, ef það orð er notað. Hefur mér í lífinu reynst það svo, að þeir, sem telja sig fjærst því að vera tilgreindir á þann hátt, eru kannske oft á tíðum þeir mestu. En út í það ætla ég ekki að fara að þessu sinni, hverjir innan þessara veggja hv. Alþ. eða þessarar hv. d. séu mestu íhaldsmennirnir í raun. Hitt vil ég segja, að það frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., getur ekki að mínu áliti verið á þann veg að það sé verið að minnka afskipti Alþ. og hins opinbera af rétti einstaklingsins til að velja og hafna. Ég get ekki heldur skilið að með þessari einu lagagrein, sem hér er lagt til að setja, sé verið að setja nein rammalög. Það er lagt til að setja beina fyrirskipun um hvernig félagsmenn innan ákveðinna félagssamtaka á Íslandi skuli fara að því að kjósa sér fulltrúa til að fara með sín mál. Þegar svo er að staðið hef ég ekki skilning á því, að hér sé um rammalög að ræða. Það væri út af fyrir sig hægt að kalla það ramma eða hugmynd að ramma, ef það væri till. um að endurskoða slík lög og settar fram hugmyndir eða settur einhver frekari rammi en þetta, en ekki bein fyrirskipun eins og þarna er um að ræða.

Ég lít svo á að samvinnufélögin í landinu séu frjáls félagsskapur þar sem allir geti orðið félagsmenn ef þeir óska. Það er engin takmörkun á því að fá þar félagsréttindi og vald hvers einasta manns er að nota þann rétt sem hann hefur. Það, sem er m. a. hinn stóri þáttur í samvinnufélagsskapnum, er að það er maðurinn sjálfur, sem velur og hafnar, en það er ekki fjármagnið sem þar ræður ríkjum.

Starfsemi samvinnufélaganna víðs vegar úti um landið hefur orðið einn veigamesti byggðaþáttur á hinum ýmsu stöðum. Það væri mjög illa farið ef t. d. hér á hv. Alþ. væri þannig að þessum málum staðið að löggjafinn færi að hafa þau afskipti að skipa samvinnumönnum fyrir hvernig þeir ættu að framkvæma þá löggjöf sem um þetta er — hina almennu löggjöf — til þess að ráða sér forustu.

Í því byggðarlagi þar sem ég á heima er mjög sterkt og öflugt samvinnufélag. Þar sat í forustusætinu kaupfélagsstjóri í kringum 40 ár. Þegar hann gekk út úr þessu fyrirtækieftir þennanstarfstíma fór ekki einu sinni stóllinn hans með honum frekar en ráðherrastóll í rn. Það kom annar maður og settist í sætið, af því að fyrirtækið var ekki eign kaupfélagsstjórans, heldur fólksins í byggðarlaginu. Þess vegna hélt það áfram störfum sínum til uppbyggingar og til þess að tryggja sem besta afkomu byggðarlagsins og þá um leið þjóðarinnar í heild.

Þetta fólk hefur farið að félagslögum sem það hefur samþykkt fyrir sitt kaupfélag, og það hefur ekki látið skipa sér fyrir hvernig kjósa skuli. Fundir í deildum Kaupfélags Borgfirðinga eru verulega vel sóttir, og það er misskilningur að halda því fram, að það sé einhver fámenn klíka sem þar ráði. Það eru menn sem eru síðan kosnir af aðalfundi sem stjórna félaginu. Þeir eru kosnir til þriggja ára í senn. Og það eina, sem þar hefur verið fyrst og fremst haft hugfast, hefur verið að reyna að dreifa stjórnarnefndarmönnum sem best um félagssvæðið. Þess vegna mundi það vera að mati þessa fólks mjög farið aftan að siðunum, ef Alþ. færi að fyrirskipa hvernig kosningum yrði hagað, því það þarf enginn að halda, ef slík löggjöf sem þessi yrði að raunveruleika fyrir Samband ísl. samvinnufélaga, að þá yrði látið þar við sitja og hin einstöku kaupfélög gætu aftur ráðið sínum hluta að þó takmörkuðu leyti. T. d. er það svo, ef ég tek Kaupfélag Borgfirðinga, að þar eru í stjórn menn sem eiga heima í mjög fámennu sveitarfélagi. Ef hins vegar væri farið að kjósa stjórnina almennum kosningum meðal félagsmanna, þá er nokkurn veginn ljóst að Borg-

nesingar gætu náð a. m. k. meiri hluta stjórnarinnar. Þetta hefur ekki verið. Ég held ég muni það rétt, að einn af stjórnarnefndarmönnum Kaupfélags Borgfirðinga, sem eru 7, sé búsettur í Borgarnesi. Þetta sýnir að það er reynt að dreifa þessum kjörnu stjórnarnefndarmönnum sem mest um héraðið sem Kaupfélag Borgfirðinga nær yfir, vegna þess að félagsmennirnir eru búsettir um allt Vesturlandssvæðið, þ. e. allt félagssvæði Kaupfélagsins.

Hér finnst mér því vera till. um að takmarka félagsfrelsi. Það þarf enginn að halda, ef slík löggjöf næði í gegn á Alþ., að hér yrði látið staðar numið. Og eins og hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan, þegar hann leit til hv. varaþm. Guðmundar J. Guðmundssonar, þá þarf enginn að halda að slíkur háttur yrði ekki tekinn upp í félagsskap eins og ASÍ og öðrum landssamtökum, ef komið væri á í fyrirtæki eins og Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Um hitt má svo alltaf deila, hvort sá réttur, sem þarna er, sé notaður eins og vera skyldi, þannig að þeir kjörnu fulltrúar, sem sitja sambandsfundina og kjósa í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga, hafi notað rétt sinn til kosninga á þann veg sem æskilegast væri. Á því kann ég ekki skil, en tel mig þó vita að það hefur verið reynt að dreifa þessu nokkuð með tilliti til hinna ýmsu aðstæðna. Það er fjarri því, að t. d. sá stjórnmálaflokkur, sem hefur mest verið kenndur við samvinnufélögin og er að minni hyggju sá burðarás sem hefur dugað þeim þegar á hefur þurft að halda í hinni almennu landsmálabaráttu, sérstaklega áður fyrr, þegar á það reyndi að löggjafinn fjallaði um þessi mál svo mjög sem raun bar vitni um, — það er fjarri því, að hann eigi alla fulltrúana í stjórn þessa fyrirtækis, enda fyndist mér það óeðlilegt. Ég er ekki fylgismaður slíks og tel að svo eigi ekki að vera. Ég man nú ekki í svipinn hvort meiri hl. kunni að vera skipaður mönnum í þeim flokki.

Eitt er víst, að meiri hl. stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga er dreifður um landið, þar hefur meira tillit verið tekið til hinna einstöku landssvæða heldur en annarra þátta. Þess vegna fyndist mér það harður kostur, ef það fólk, sem er félagsmenn í kaupfélögunum og þar af leiðandi í Sambandinu, fengi ekki að hafa rétt til þess að kjósa stjórn sína samkv. þeim reglum, sem það hefur sett sér innan þess ramma sem landslög segja fyrir um.

Ég vil því segja það um þetta frv., að hér er gerð till. um að fara inn á braut sem mundi verða mikil ógæfa ef hv. Alþ. samþ., sem mér að vísu dettur ekki í hug að verði, því þá væri verið að skerða hið almenna félagsfrelsi í þessu landi meira en með nokkru öðru hefur verið gert til þessa. Ég er félagssinnaður maður og ég vil láta fólkið eiga rétt til að velja og hafna í þessum efnum, vil ekki láta löggjafann skipa fyrir um það. Ég er mjög undrandi á því í raun og veru, að þeir hv. þm., sem hafa flutt þetta frv., skuli m. a. hafa gengið svo langt að það skuli ekki einu sinni eiga að athuga málið milli þinga, heldur ganga beint til verks til að breyta lögunum. Það finnst mér sýna það og sanna, að hér er ekki verið að verki með þann hugsanagang að bæta þessa löggjöf, heldur hitt, að ganga beint í það að skerða félagsfrelsi þegnanna í þessu landi. Gegn því mun ég vinna meðan ég get því við komið.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það fór sem mig grunaði í sambandi við þetta mál, að hér væri ekki einvörðungu um það að ræða að vinna að breytingu á lögunum um samvinnufélög, heldur stæði miklu meira á bak við, enda kom það þokkalega vel fram þegar til máls tók einn af flm. frv., hv. þm. Vilmundur Gylfason. Það var augljóst hjá honum, að það sem sérstaklega vakti fyrir honum var gamla íhaldsstillagan um að hafa áhrif á það, hvernig verkalýðshreyfingin í landinu hagaði félagsmálum sínum. Hann talaði um að það mætti finna hér í þinginu menn sem mætti kalla Íhaldsmenn með stórum staf og íhaldsmenn með litlum staf. En það fer víst ekki á milli mála, að þessi hv. þm. er fulltrúi þess nýíhalds sem slær út gamla íhaldið á flestum sviðum. Þegar gamla íhaldið dregur klærnar inn, þá spennir hann sínar klær út. Þegar gamla íhaldið hikar aðeins við að koma með sínar till. sem hafa verið kveðnar niður á Alþ. áður, þá kemur nýíhaldið með þessar till. sínar og hikar ekki við að ráðast að almannasamtökum í landinu á þann hátt sem greinilega vakir fyrir þessum hv. þm.

Það er á margan hátt gott að það komi fram, hvað býr í slíkum þm. sem hv. þm. Vilmundi Gylfasyni. Það er nauðsynlegt að afhjúpa það frá degi til dags og sýna inn í það. Hann kvartaði undan því, að verkalýðshreyfingin í landinu hefði of mikil völd og of mikil áhrif og þar væru tilteknir forustumenn með of mikið vald. Auðvitað talar hann hér um verkalýðshreyfinguna af sama þekkingarleysinu og hann talar um flest önnur mál og af sömu yfirborðsmennskunni. Hann veit auðvitað ekkert um hvernig verkalýðshreyfingin vinnur, hvað hún heldur mikið af fundum og hvað margir taka þar þátt í atkvgr., jafnt þegar verið er að ákveða verkföll og annað. Hann þekkir þar ekkert til. Hann verður auðvitað hissa ef nefnd eru talnadæmi um það, hvernig þar er staðið að málum. En það skiptir ekki neinu máli. Hann hefur hrifist af tillögum íhaldsins um að binda það með lögum, ákveða að svona skuli félagsmenn haga sínum innri félagsmálum, og það vill hann kalla frelsi.

Auðvitað er ekkert um það að villast, að hér er um að ræða þá stóru spurningu, hvort við eigum að viðurkenna það grundvallaratriði sem markað er í okkar stjórnarskrá og við höfum búið við um langan tíma, að mönnum eigi að vera frjálst að mynda með sér félagasamtök og skipa þar sínum innri málum. Auðvitað er þessi grundvallarréttur, sem er virtur, allt annað en það sem þessi hv. þm. var að reyna að grauta saman við óskylda hluti: löggjöf um hlutafélög eða löggjöf um samvinnufélög. Auðvitað er það löngu þekkt mál að löggjafinn setji almenna rammalöggjöf, hvers konar félagasamtök menn geti byggt upp. En það er vitanlega innan þess ramma sem þar hefur verið settur sem menn hafa ákveðið frelsi til þess að skipa innri málum samtakanna. En það er þar sem hv. þm. Vilmundur Gylfason vill grípa inn í. Þau mega ekki fá að ráða sínum innri málum. Það á að skerða þeirra félagafrelsi, m. a. vegna þess að hann óttast þessi stóru félagasamtök í þjóðfélaginu. Hann telur völd þeirra of mikil, mátt þeirra of mikinn. Þau fara nefnilega ekki eftir hans kokkabókum. Hann kvartaði hér sérstaklega undan því, að það væri hastarlegt að Alþ. skyldi hika við að setja lög um efnahagsmál án þess að hafa fengið uppáskrift eða samþykki verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Já, það er hart. Þessi þm. á eftir að kynnast því, af því að hann þekkir svo lítið til raunveruleikans, hann á eftir að kynnast því, að honum miklu meiri menn hafa reynt þetta sem hann er að fálma hér um og vill reyna að gera. Þeir hafa reynt að setja lög um að verkalýðshreyfingin og aðrar fjöldahreyfingar séu skyldar til að gera þetta og megi ekki gera annað. Slík lög hafa verið

sett hér á Alþ. æ ofan í æ. Verkföll hafa verið bönnuð o. s. frv. En þessi hv. þm. ætti að kynna sér hvernig þetta hefur tekist. Þetta hefur nefnilega brotnað allt saman niður í framkvæmdinni, vegna þess að menn hafa byggt á þeirri grundvallarreglu í okkar þjóðskipulagi, að hér á að ríkja frjálst félagakerfi. Menn geta myndað félagssamtök og beitt þeim, og þeir gera það. Og þegar fólkið rís upp í gegnum sín félagslegu form, þá brotna svona lög niður og verða þýðingarlaus og það tekst ekki að framkvæma þau.

Nú mætti þessi hv. þm., fulltrúi nýíhaldsins hér á þingi, kynna sér svolítið af því, hvernig Alþfl.-menn fyrr á árum töluðu um þessi sömu mál og hvernig þeir beittu áhrifum sínum þegar svona íhaldskenningar komu upp hér á Alþ. Hann mætti kynna sér nokkuð af því, hvernig sú verkalýðshreyfing í landinu sem þá var undir forustu Alþfl., þegar aðalleiðtogar Alþfl. voru jafnframt leiðtogar verkalýðshreyfingarinnar í landinu, — hvernig þeir fóru með löggjöf sem hafði verið samþ. af íhaldssömum meiri hl. á Alþ., hvernig þeir fóru í framkvæmdinni með slíka löggjöf, hvernig þeir brutu hana á bak aftur. En sá tími er löngu liðinn að Alþfl. af þessari gerð sé hér til. Nú er kominn sá einkennilegi Alþfl. sem ég kalla nýíhald, sem venjulega er í öllum greinum íhaldssamara en íhaldið sjálft. Sérstaklega þegar um það er að ræða að grípa til einhverra íhaldskenninga sem komið hafa upp, þá ganga þeir fram fyrir skjöldu og verða íhaldssamari en íhaldið sjálft.

Það kann vel að vera að þeir hafi einhverjir verið sem litu svo á, þegar þetta frv. um breytingu á kosningum innan samvinnuhreyfingarinnar birtist hér, að aðeins væri um það að ræða að snúa sér að Sambandi ísl. samvinnufélaga, það væri ekki sérlega vinsælt, það hlyti að vera hægt að fá samþ. lög á sambandsklíkuna og það mætti draga nokkuð úr einokunaraðstöðu Sambandsins, eins og þessu nýíhaldi er tamt að tala um. En nú ætla ég að menn hafi fengið að heyra í þessum umr. að till. um Sambandið er aðeins hliðargrein á heildaráætluninni. Aðalatriðið er að koma fram með íhaldsstillögu sem gamla og gróna íhaldið var ekki tilbúið að flytja hér á Alþingi, að grípa inn í og fyrirskipa verkalýðshreyfingunni hvernig hún á að kjósa í sínar stjórnir, hvernig hún á að skipa sínum innri málum og hvernig er hægt að hneppa hana í einhverja fjötra með löggjafarákvæðum á Alþingi. Það er aðalatriði málsins. Þangað er stefnt. Og það kom greinilega upp hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, að þetta þvælist einmitt fyrir honum núna þegar menn eru að ræða um efnahagslöggjöf: Hugsa sér að það skuli vera verkalýðshreyfing sem stendur í veginum fyrir því, að sett skuli lög um efnahagsmál. Auðvitað þarf löggjafinn að grípa inn í þegar menn sjá hvernig raunverulega er í pottinn búið í sambandi við flutning þessa frv. og hvað hér liggur á bak við.

Í minni fyrri ræðu gerði ég ekki meira en rétt aðeins hreyfa við málinu, fletta upp horninu á blaðinu og vara menn örlítið við hvað mundi á eftir fylgja. En þá kom auðvitað strax foringi nýíhaldsins og sagði: Auðvitað er það aðalatriði málsins. — Þegar menn hafa fengið að sjá þetta, þá kannske fara menn að átta sig svolítið betur á því, hvað felst raunverulega í frv. sem hér liggur fyrir.

Ég á ekki von á að það takist að þessu sinni hjá nýíhaldinu hér á Alþ., sem við verðum að hafa þá raun af að hafa með í ríkisstj. og vinna með í ríkisstj., með öllum þeim erfiðleikum sem því fylgja, að þessu nýíhaldi takist að fá fram löggjöf af því tagi sem það reynir hér að koma fram. Eflaust verður í þeim hópi hv. þm. Vilmundur Gylfason og nokkrir fleiri úr Alþfl., en ég á von á að úr 14 manna þingflokki Alþfl. slitni kannske helmingurinn úr lestinni þegar málið er komið upp á þennan hátt. Það hefur a. m. k. orðið svo áður. En við eigum eftir að reyna hvort gamla íhaldið og nýja íhaldið standi saman í þessu máli og treysti sér til að standa saman að því að setja lög um þetta. Við eigum eftir að prófa það. Það hefur þó a. m. k. gott gerst í þessum efnum að við höfum fengið nokkra aðstöðu til að afhjúpa þetta nýíhald sem hér birtist einkum og sérstaklega í hv. þm. Vilmundi Gylfasyni í öðru hverju máli sem hér er tekið til umr. á Alþingi. Við höfum fengið ágætt dæmi til að sýna svolítið inn í þetta nýíhald, og þá kannske fá einhverjir þeirra, sem hafa léð því eyra, að hlusta á hv. þm. þegar hann jafnvel þykist vera með tillögugerð sinni að berjast fyrir hagsmunamálum og kjörum verkafólks í landinu, þó hann sé í sífellu að stagast á því, að það þurfi að binda kaupið með lögum, og þó hann harmi, að það skuli ekki hafa tekist að binda kaupið með lögum. Já, það gefst tækifæri til þess stig af stigi að fletta þá klæðum, þessa pilta sem hafa komið fram í þessu gervi. Ég tel það ekkert eftir mér þó að ég tíni af þeim spjarirnar. Ég mun gera það eftir því sem tilefni gefst til þar til það verður ekki mikið utan á þeim og menn mega sjá hvað innan undir býr.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins víkja að nokkrum atriðum sem hefur verið beint til mín og þá helst af hv. 2. landsk. þm., Finni Torfa Stefánssyni. Mér þykir leitt að hann skyldi misskilja ýmislegt í orðum mínum, en ég vona að hann eigi þess kost að fara betur yfir það seinna, enda var hann ekki hér inni þegar ég byrjaði mína ræðu. Ég held að ég hafi rækilega tekið það fram, að ég vildi gjarnan líta á þá hlið málsins, að hver félagi í samvinnufélögunum ætti sem mestan kost á því að beita sínu valdi eða sínum rétti í samvinnufélögunum. Það held ég að sé reynt að gera eftir því sem kostur er, en það má e. t. v. betrumbæta það. Kannske er hægt að finna einhverja betri leið. Ég varaði aðeins við þeirri leið sem hér er bent á, og vil ég þá gera nokkru nánari grein fyrir einstökum þáttum sem minnst hefur verið á.

Hv. þm. sagði m. a. í byrjun ræðu sinnar, að ég hefði sagt að allt vald yrði dregið til Reykjavíkur. Ég vil gjarnan undirstrika það, að það er slæmt þegar menn slíta úr samhengi það sem sagt er. Ég get endurtekið það sem ég sagði í því sambandi og það væri kannske rétt, en mér finnst þess ekki þörf, hann getur sjálfsagt lesið það. Ég sagði á þá leið, að það væri hætt við að það yrði til þess að valdið drægist meira en nú er til Reykjavíkur. Ég skal endurtaka það sem ég sagði síðast í því sambandi, það er svona: Athyglisvert er, að sú regla gildir nú um kosningar í sambandsstjórn, að hver landshluti eigi ætíð fulltrúa í stjórninni. Í samkeppniskosningum gæti slíkt jafnvel raskast og jafnvel farið svo, að meiri hl. væri frá einu landshorni.

Ég bað hv. þm. að gera nánari grein fyrir því, hvernig hann hygðist koma þessu þannig fyrir að það yrði ekki, heldur yrði reynt að hafa sem mest jafnvægi í þessari kosningu. Hann vék ekki að því í sinni ræðu, ekki með einu orði, en sagði að það yrði nánar gengið frá því, að mér skildist með reglugerð eða einhverju þess háttar. Það má segja sem svo að það væri hægt, og ætla ég ekki að fara nánar út í það. En ekki sýnist mér það vera hægðarleikur ef á að kjósa á hverju ári sambandsstjórn,

eins og gert er ráð fyrir, — 40 þús. félagsmenn eiga að kjósa sambandsstjórn á hverju ári.

Þá sagði hv. þm. líka að ég hefði sagt að hér væri um valdbeitingu að ræða, og hann taldi að það væri ekki um valdbeiting að ræða. Mér finnst leitt hvað hann hefur tekið illa eftir því sem ég sagði í því sambandi. Ég held að ég verði að rifja upp það sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Ég sagði á þessa leið: Flm. frv. segja að nauðsynlegt sé að breyta til við kjör stjórnar Sambandsins til þess að lýðræði sé í heiðri haft sem sagt sé að eigi sér stað í atvinnulífi hjá ýmsum nágrannaþjóðum okkar. Til þess á að gjörbreyta félagsformi almannasamtaka með valdboði.

Þetta telur hann að ég hafi sagt að væri valdbeiting. Það er náttúrlega að nokkru leyti rétt, það er ætlast til þess að setja lög um þetta. En ég taldi æskilegra að hafa samráð við viðkomandi samtök áður en væri farið að setja lög, eins og ég tók greinilega fram í ræðu minni.

Þá vék hv. þm. líka að því, að forstjórar og stjórn Sambandsins hefðu ekki samband við hinn almenna félaga úti um landið. Það er reyndar búið að gera rækilega grein fyrir því, hvernig þessu er háttað. Það eru um 50 kaupfélög sem þarna koma til, og í lögum um samvinnufélög er greinilega kveðið á um þetta. En eins og ég er búinn að segja áður er hér um það að ræða, að það á að setja lög um þessa hreyfingu sem ekki hefur þó verið með einu orði óskað eftir frá hreyfingunni sjálfri, og tel ég mjög óæskilegt að svo sé að unnið. Ég hugsa reyndar að það sé einsdæmi.

Ég vil að lokum segja það, að það er alltaf nauðsynlegt að vera til viðtals um að breyta ýmsum þáttum í okkar félagslegu störfum. Ég held að þessi hv. þm. ætti að vinna að því, að sem víðast í hinum almennu félögum gæti orðið sem mest og best samvinna innan þeirra. Þá mundi það félagsstarf, sem unnið er víða um landið, enn betur ná tilgangi sínum. En ég tel ótækt að byrja svona á því, og þess vegna mótmælti ég þessu frv.

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Þessi umr. hefur farið nokkuð á víð og dreif, en ég get ekki stillt mig um að víkja nokkrum orðum að ýmsum misskilningi sem hefur komið fram við þessa umr.

Þar sem hv. 1. þm. Austurl. hefur eiginlega haft forustu í umr. fyrir þeim sem hafa mælt gegn þessu frv. mun ég einkum víkja orðum mínum að ummælum hans hér. Hann gat þess, að íhaldið hefði áður flutt sams konar frv. á Alþ. Nú hef ég skemmri þingreynslu en hv. þm. Lúðvík Jósepsson, en ég fullyrði að þetta er rangt. En af því að ég met þm. mjög mikils og tel hann merkan stjórnmálamann, þá gef ég honum kost á því að leggja frv. þetta fram hér í umr. þegar málið kemur úr n. og hlakka til að sjá það frv., ef það er til.

Í annan stað kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. einn alveg furðulegur misskilningur. Allir vitum við að samvinnufélag er rekstrarform, það er samvinnurekstur. Þetta er ástæðan fyrir því, að mjög skýr og ákveðin lagafyrirmæli eru í íslenskum rétti um þessi félög. Telur hv. þm. Lúðvík Jósepsson, að Alþýðusamband Íslands sé rekstrarform? Maður gæti einna helst haldið það af þeim ummælum sem hér komu fram áðan. Þegar menn eru að ræða félagafrelsi í sambandi við rekstrarform, þá eru menn annaðhvort að blekkja sjálfa sig viljandi eða þeir hafa ekki vit á því sem þeir eru að tala um. Það er um annaðhvort að ræða.

Þannig er mál með vexti, sem allir þekkja sem hafa nennt að glugga eitthvað í þessi mál, að í samvinnufélögum er höfð í frammi mjög mikilvæg efnahagsleg starfsemi. Þar er um að ræða mjög mikla peningalega hagsmuni félaganna. Þess vegna hefur alltaf verið talin þörf á því, að það væru mjög skýr lagafyrirmæli um hvernig ætti að fara með þessi réttindi. Einhver sagði áðan að samvinnulöggjöfin væri rammalöggjöf, einhver missti það út úr sér. Þetta er fullkominn misskilningur. Það eru mjög ítarleg ákvæði í samvinnulöggjöfinni og ég bið menn að kynna sér hana. Menn geta t. d. flett upp í IV. kafla, 18.—23. gr., sem fjalla mjög nákvæmlega og í smáatriðum um hvernig skuli haga félagsfundum í samvinnufélagi. Er samvinnulöggjöfin brot á félagafrelsinu? Eru þeir hv. ræðumenn, sem hafa verið að tala um félagafrelsi hér og haldið því fram að við flm. þessa frv. séum á móti félagafrelsi, — eru þeir þá á móti samvinnulöggjöfinni, vilja þeir nema þá löggjöf úr gildi? Ég vil fá svör við þessu. Eða vita menn ekki hvað þeir eru að tala um?

Ég er sannfærður um að hinir almennu félagar í samvinnufélögunum hafa sjálfir áhuga á meira lýðræði í samtökum sínum, og hugmyndin um beinar lýðræðislegar kosningar í stjórn Sambandsins á örugglega verulegan hljómgrunn meðal þeirra. En því miður hafa þeir engin skilyrði og engin völd til þess að koma fram slíkum breytingum. Það er einmitt hlutverk okkar hér á Alþ., sem viljum berjast fyrir hagsmunum þessa fólks, að koma slíkum breytingum fram. Við höfum einir tækifæri og réttindi til þess. Þetta stafar einfaldlega af því, að þessi lagaákvæði eru þegar í gildi og enginn getur breytt þeim nema við. Þess vegna verð ég að segja það, að mér líkar það mjög miður þegar menn hafa verið að sveifla þessari umr. út og suður og tala um jafnvel kaupgjaldsmál og vísitölu, sem auðvitað eru merkileg mál, en eiga ekkert skylt við þessa umr., eða þá að tala um að hér standi til að leggja einhverjar lögbindingar á starfsemi verkalýðsfélaga. Það er algerlega út í hött, gersamlega óskylt mál. Og ég ítreka það við hv. 1. þm. Austurl., ef hann veit það ekki, að verkalýðsfélag er ekki rekstrarform. Ég vona að það sé alveg ljóst.

Ég ætla að ítreka það, að það kom fram hjá hv. þm. Halldóri E. Sigurðssyni að honum fannst eiginlega hálfgerð frekja hjá flm. að ætlast til þess að þetta frv. yrði afgr. á einu þingi. Hvílík ósvífni, að menn skuli ekki ætla sér mörg þing til að afgreiða eitt lítið mál! En þarna held ég að sé raun og veru skýringin á tregðu manna til þess að taka vel undir þetta mál. Hún er einfaldlega sú, að hér er um að ræða nýtt mál, þetta er ný hugmynd, og því miður er seinagangur stofnunarinnar slíkur að menn geta ekki áttað sig fljótt á nýjum hugmyndum. Það tekur fleiri en eitt þing. Þetta er sorglegt, en mér sýnist þetta vera skýringin. Skýringin er einfaldlega sú, að menn sjá að þetta er eitthvað nýtt. Menn verða hræddir við það, sem nýtt er, og vilja ekki taka afstöðu til þess fyrr en það er orðið gamalt, en þegar svo er komið geri ég ráð fyrir að hv. Alþ. verði e. t. v. tilbúið að samþ. þetta frv. Þetta er því miður svona. Þrátt fyrir það held ég að það sé brýn skylda allra þeirra, sem hafa trú á samvinnurekstri og vilja að sá rekstur blómgist, og allir þeir, sem hafa yfirleitt áhuga á því að almenningur í landinu geti haft virk afskipti af atvinnulífi, hljóti að halda svona viðleitni áfram, jafnvel þó að gangi treglega í fyrstu. Ég vona að takist ekki að fá þetta frv. lögfest á þessu þingi, þá takist það á því næsta.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er góðra gjalda vert að ræða um samvinnuhreyfinguna. Hún er mikilvæg í þessu landi, eins og menn vita, og hún gæti orðið og þyrfti raunar að verða enn þá mikilvægari. Það er líka góðra gjalda vert að vinna að því að auka tengsl samvinnumanna innbyrðis, sérstaklega með það í huga að þetta er ekki í eðli sínu eingöngu fyrirtæki, heldur félagsmálahreyfing. Það gleymist oft í dagsins önn og í umr., en það er atriði sem við megum ekki gleyma og eigum ekki að gleyma.

Ég held að áhrif félagsmanna innan samvinnuhreyfingarinnar séu sæmilega tryggð. En það væri æskilegt í ýmsum tilfellum að auka áhuga hins einstaka samvinnumanns á málefnum hreyfingarinnar og gera þáttöku hans virkari. Mér finnst t. d. hér í Reykjavík, eftir því sem það kemur mér fyrir sjónir sem aðkomumanni, að hér sé samvinnustarf að ýmsu leyti vanmegnugt bæði sem félagsmálahreyfing og eins sem fyrirtæki. Markaðshlutdeild samvinnuverslunar t. d. hér í Reykjavík er ótrúlega lítil, eins og hún ætti þó að hafa mikla yfirburði yfir önnur rekstrarform.

Uppbygging samvinnufélaga er allt önnur en hlutafélaga, og mér finnst að menn þurfi að gera sér betri grein fyrir því. Í samvinnufélögunum eiga allir að vera jafnir, áhrif manna fara þar ekki eftir hlutafjáreign, og það er ansi mikill skilsmunur þegar áhrif manna fara ekki eftir efnahag. Þar sem ég þekki til samvinnustarfs í Norðurl. v. eru lýðræðislegar kosningar og býsna virkt fulltrúalýðræði í þessári starfsemi. Þar eru haldnir deildarfundir í hverjum hreppi og það heyrir til algerra undantekninga ef þeir eru ekki lögmætir. Það eru nokkuð ströng ákvæði um það, að svo og svo margir félagsmenn þurfi að vera á fundi til þess að fundur sé lögmætur, og það er mjög fátítt að svo sé ekki. Menn sýna þessu starfi þar mikinn áhuga. Ef deildarfundir eru ekki lögmætir verða kjörbréf þeirra fulltrúa, sem á fundunum eru kosnir, lögð til úrskurðar á aðalfundi. Á deildarfundum eru sem sagt kosnir fulltrúar á aðalfund. Aðalfundur fer með málefni samvinnufélaganna í héraði. Síðan hafa samvinnufélög víða um land með sér samband, eins og menn vita, og fulltrúar á sambandsfundi eru kosnir á aðalfundum samvinnufélaga víða um land. Það er hugsanlegt að breyta þessu fulltrúakjöri á sambandsfundina. Það mætti t. d. að mínum dómi íhuga hvort þyrfti að vera óskaplegt fyrirtæki að fulltrúar á sambandsfund yrðu kosnir beinni kosningu í öllum deildum, boðnir fram eftir atvikum með einhverjum hætti fremur en fela það aðalfundi. Mér kemur í hug það fyrirkomulag sem er á kosningu til Búnaðarþings, þar sem búnaðarþingsfulltrúar eru ekki kosnir á aðalfundum búnaðarsambanda, heldur eru þeir kosnir í almennum kosningum félaga í búnaðarfélögunum. Þetta þætti mér hugsanleg breyting. En ég tek það fram, að ég held að við búum við bærilegt skipulag og bein kosning stjórnar, eins og er lagt til í þessu frv., held ég að sé óþarflega mikið fyrirtæki og ástæðulaust. Þetta minnir mig á forsetakosningar eða þvílíkt umstang. Ég ber mikla virðingu fyrir stjórnarmönnum Sambands ísl. samvinnufélaga, en mér finnst ekki þurfa að gera eins mikið veður út af kosningu þeirra og t. d. forsetakosningum.

Málefni verkalýðshreyfingarinnar hafa dregist inn í þessa umr. Ég man ekki hver byrjaði á því, — ætli það hafi ekki verið hv. 7. þm. Reykv.? — og 1. þm. Austurl. hefur verið þrautseigur við þá umr. Ég held að vel gæti komið til greina að auka lýðræðiskipulag í verkalýðshreyfingunni og þá með því að hafa þar svipaðan hátt á og er í samvinnuhreyfingunni nú, að stjórnir hinna einstöku verkalýðsfélaga væru kosnar hlutfallskosningu. Í samvinnufélögum er það þannig, að heimildir eru fyrir hlutfallskosningum á fulltrúum og hlutfallskosningar eru mjög tíðkaðar. Þær eru skynsamlegar að mörgu leyti og tryggja eðlilegan rétt og eðlileg áhrif minni hl., og það er einmitt mikilvægt atriði í lýðræðisskipulagi að hafa það form sem tryggi skynsamlegan rétt minni hl. Hitt er svo annað mál, að innan verkalýðshreyfingarinnar eru að sjálfsögðu víða víðsýnir menn og taka tillit til minni hl. og tryggja rétt hans af rausn. En það er svo sem engin trygging fyrir því að svo sé alls staðar og svo verði um alla framtíð. Þess vegna held ég að það væri framför í lýðræðisátt ef verkalýðshreyfingin breytti skipulagi sínu.

Við búum í ýmsum greinum við fulltrúalýðræði. Ríkisstj. okkar nýtur stuðnings Alþingis og á að njóta meirihlutastuðnings á Alþ., og hæstv. ráðh. okkar eru ekki kosnir beinni kosningu, þeir eru fulltrúar okkar alþm. sem kosnir eru beinni kosningu hver í sínu afmarkaða kjördæmi. Þetta leiðir hugann að kosningu formanna stjórnmálaflokka. Guð má t. d. vita hvern Alþfl. kysi sér fyrir forustumann í beinni kosningu. Ég treysti mér ekki til að fullyrða að niðurstaðan yrði jafnskynsamleg og hún hefur orðið með núverandi skipulagi.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ekki dettur mér í hug að það vaki fyrir flm. þessa frv. að skerða almennt lýðræði í þessu landi. Ég er sannfærður um að fyrir þeim vakir að auka lýðræði. Það, sem þessir ungu þm. finna að íslensku lýðræði, er það áhugaleysi sem almenningur sýnir iðulega á að beita rétti sínum. Ef við verðum varir við slíkt áhugaleysi innan tiltekinna stéttarsamtaka, þá er að mínum dómi ekki þar með sagt að það eigi að setja löggjöf til að bæta úr því. Ég er ekki viss um að það sé rétta leiðin til að auka tilfinningu einstaklingsins fyrir lýðræðislegum réttindum sínum að setja lög um það.

Hér er verið að tala um Samband ísl. samvinnufélaga, og það er ekki að ástæðulausu að menn ræða um lýðræði innan þeirra samtaka. Það væri argasta hræsni að segja að þar sé ekkert að, og því miður er margt að víðar í fjöldasamtökum.

Ég ætla ekki að flytja langa ræðu þó sannarlega væri ástæða til þess í tilefni af þessu frv. En ég íteka það, að ég er sannfærður um að á bak við þetta frv. liggur það viðhorf og sá skilningur, að það er ekki nærri nógu virkt lýðræði í þessu landi. Að því leyti er ég innilega sammála flm. þessa frv. Aftur á móti er ég satt að segja hissa á þessum ungu mönnum, að þeir skuli ekki vera bersögulli en þeir hafa reynst að því er varðar Samband ísl. samvinnufélaga og hvernig því er iðulega beitt, — ég get næstum því sagt: hvernig því er stöðugt beitt þannig að um er að ræða hneykslanlegt brot á lýðræði.

Vinur minn ágætur, þm. af Vesturl., Halldór E. Sigurðsson, sagði áðan að Framsfl. væri og hefði alla tíð verið burðarás samvinnuhreyfingarinnar, en því færi fjarri að hann ætti hvern einasta mann þar í stjórnum. Þetta átti sjálfsagt að sýna hvað þessi flokkur væri lýðræðislega sinnaður. Auðvitað hefur þessi flokkur þarna öll völd eða sama sem öll völd. Og það er ekki endilega rétt að Framsfl. sé burðarás samvinnuhreyfingarinnar, alveg eins má segja að samvinnuhreyfingin sé burðarás

Framsfl. Ég veit a. m. k. ekki sem einn af félagsmönnum kaupfélagsins í Borgarfirði um nein ákvæði þess efnis, að Tímanum skuli dreift á vegum kaupfélagsins og blaðgjaldið síðan innheimt líka á vegum kaupfélagsins. Þetta gildir um fleiri kaupfélög. Ég veit mörg dæmi þess, að Tíminn kemur heim á bæina með mjólkurbílnum dag eftir dag, viðkomandi bóndi kærir sig ekki um það blað og hefur e. t. v. orð á því, en það heldur áfram að koma. Það er ekki fyrir það að menn, sem stjórna kaupfélaginu í Borgarnesi, séu meiri ofríkis- eða ofstækismenn en annars staðar. Því fer fjarri. Þetta eru hinir ljúfustu menn.

Upp af þessari voldugu hreyfingu er sprottið ákveðið viðhorf, ákveðið andrúmsloft, sem veldur þessum viðbrögðum. Menn taka við Tímanum dag eftir dag og gera ekki aths. við að það hefur verið tekið út af reikningum þeirra til þess að borga Tímann. Ástæðan til þess er sú, að þarna þrumir yfir þessu fólki vald sem hefur mikla þýðingu að því er varðar afstöðu þess í ýmsum stórmálum. Það er spurning hvort Framsfl. er burðarás samvinnuhreyfingarinnar eða samvinnuhreyfingin burðarás Framsfl.

Ég er satt að segja hissa á þessum ungu mönnum, að þeir skuli ekki vekja athygli á þessu. Kannske þetta standi í sambandi við stjórnarsamstarfið. Ég leyfði mér að flytja tillögu snemma á þessu þingi — hafði gert það áður í félagi við sjálfstæðismann varðandi beinar geiðslur til bænda. Ég fékk aths. frá einum í samstarfsflokki, Framsfl., þar sem mér var bent á að þetta væri ekki heppilegt, ég yrði að reyna að hafa gott samstarf. Ég hélt satt að segja að Alþb. hefði ekki myndað stjórn með SÍS, heldur með Framsfl. En þetta sýnir skilninginn, það átti að vera eitt og hið sama.

Þetta vildi ég sagt hafa í tilefni af þessu frv. Við það er að vísu, eins og t. d. hv. þm. Páll Pétursson benti áðan á, ýmislegt athugavert, en líka ýmislegt gott.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 57. fundur.

Fimmtudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 366). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Velfarnaður sjómanna, þáltill. (þskj. 369). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fæðingarorlof kvenna í sveitum, þáltill. (þskj. 63). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Alþjóðasamningar um mannréttindi, þáltill. (þskj. 137). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðild Íslands að alþjóðasamningum um mannréttindi sem er 119. mál þingsins. Till. er á þá lund, að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi ásamt bókun sem þeim samningi fylgir og alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Þegar samtök Sameinuðu þjóðanna voru stofnuð árið 1945 hétu aðildarríkin því, að staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi og gerðu það eitt af markmiðum sínum „að styrkja og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsisréttindum allra."

Í framhaldi af þessu var hinn 10. des. 1948 birt sérstök yfirlýsing, Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, sem átti 30 ára afmæli í desembermánuði s. l. Yfirlýsingin var samþykkt á 3. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna af 48 ríkjum, og í þeirra hópi var Ísland, en 8 ríki sátu hjá og tvö voru fjarstödd. Sameinuðu þjóðirnar voru 58 á þeim tíma, en þær eru nú 150.

Yfirlýsing þessi fól í sér fyrirheit ríkjanna um vernd tiltekinna mannréttinda, en hún var ekki lagalega bindandi eins og millirikjasamningar eru. Engu að síður er það mat manna, að hún hafi í þrjá áratugi haft verulegt gildi, ýmist sem mælikvarði til styrktar mannréttindum og til eflingar siðgæði víða um heim eða þá að ýmis ríki hafa stuðst við hana þegar þau hafa sett sér löggjöf á þessu sviði.

Mannréttindanefnd var stofnuð árið 1946 og hefur hún starfað á vegum Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna. N. ákvað í upphafi að hinn alþjóðlegi grundvöllur mannréttindaverndar skyldi felast í þrennu: yfirlýsingu, einum eða fleiri alþjóðasamningum og ákveðinni skipan til að fylgjast með og stuðla að efndum mannréttindaákvæðanna.

Árið 1954 lagði nefndin fyrir 9. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna drög að tveimur alþjóðasamningum, annars vegar um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og hins vegar um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Samningsdrögin voru síðan til meðferðar í félags- og mannréttindamálanefnd þingsins um 12 ára skeið og sættu þar verulegum breytingum. Hinn 16. des. 1966 samþykkti 21. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna báða samningana ásamt valfrjálsri bókum við hinn fyrrnefnda.

Af þessu stutta yfirliti er ljóst að það hefur tekið langan tíma að ná samkomulagi um þessa samninga, enda eru mannréttindi umdeild mál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, eins og varla þarf að tíunda fyrir hv. alþm. En samningar þessir tveir ásamt bókuninni, sem eru birtir sem fskj. á þskj. 137, hafa engu að síður hlotið viðurkenningu allmikils fjölda ríkja, þó að því fari víðs fjarri að þar séu Sameinuðu þjóðirnar allar á einu máli. Samningurinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi átti síðast þegar fréttir bárust 52 aðildarríki og hinn samningurinn 54. Hins vegar eru þetta yfirleitt ríki sem eru okkur skyld að hugsunarhætti og stjórnskipan og samningar þessir voru á sínum tíma undirritaðir fyrir Íslands hönd. Það gerðist í árslok 1968, fyrir liðlega 10 árum, en það hefur vafist fyrir stjórnkerfi okkar að

undirbúa málið og leggja það fram á Alþ. þangað til nú í desembermánuði. Hitt er þó rétt að nefna, að undirbúningur þessa máls hefur verið mjög ítarlegur og vandaður. Fyrst var Jónatan Þórmundssyni prófessor falið að bera öll ákvæði þessara samninga og bókunarinnar saman við gildandi íslenskar réttarreglur og eftir atvikum framkvæmd þeirra. Hann skilaði ítarlegum álitsgerðum í janúar og febrúar s. l. ár og með ábendingum hans hafa samningarnir síðan verið til athugunar í rn. sem mál þessi snerta, þ. e. dómsmrn., félmrn. heilbr.- og trmrn. og menntrmrn., fyrir utan utanrrn. sem flytur málið. Hygg ég því að segja megi að þetta mál hafi fengið allítarlega og nákvæma athugun í embættiskerfi okkar Íslendinga. Niðurstaðan er sú, eins og sjá má, að þessir aðilar hafa allir fallist á að fullgilda megi alþjóðasamningana ef Alþ. sýnist svo, en þó hafa þeir talið rétt að gera fimm fyrirvara sem taldir eru upp á bls. 2 og 3 í þskj. Eru þeir um einstök og ekki sérlega veigamikil atriði, svo að ég mun ekki eyða tíma í að ræða þá hvern um sig, en vænti að sú n., sem fær málið til meðferðar, muni hins vegar athuga þá vandlega og þá, ef henni sýnist svo, kalla fyrir sig þá sérfræðinga sem mest hafa um málið fjallað.

Þar sem hér er um að ræða fyrirferðarmikið mál, 45 síðna þskj., tel ég rétt að stikla yfir samningana og nefna örfá atriði til að gefa lauslega hugmynd um hvað hér er á ferðinni. Hygg ég að menn muni, þegar þeir heyra þessi efnisatriði, telja þau sjálfsögð fyrir okkur Íslendinga og að flest þessi mannréttindi séu fyrir hendi hér á landi, og er það tvímælalaust rétt. Þó eru hér atriði sem snerta heitar umr. sem urðu í þessum sal fyrir fáum dögum, þar sem er meðferð ákærðra manna t. d., en ekki hygg ég að lagavernd skorti hér í þeim efnum. Við verðum því að líta á þetta mál ekki aðeins sem leiðarvísi til umbóta hjá okkur sjálfum, heldur að við erum með aðild að samningum sem þessum að styrkja mannréttindastefnu á alþjóðlegum vettvangi og leggja okkar litla lóð á vogarskálar í þeim málum.

Ef ég fletti fljótlega í gegnum alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, þá er þar í 1. gr. ákvæði um að aldrei megi svipta þjóð ráðum sínum til lífsviðurværis, og væri kannske hægt að beita því um landhelgismálið ef við þyrftum á að halda, og að þeir, sem gerist aðilar að samningunum, skuli stuðla að viðurkenningu á sjálfsákvörðunarrétti og virða þann rétt í samræmi við ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Hér eru ákvæði nokkru síðar um að ábyrgjast jöfn réttindi til handa körlum og konum, sem varla er deilumál í orði hér á landi, hvað sem segja má um framkvæmdina.

Í upphafi 6. gr. er ákvæði um að viðurkenna rétt manna til vinnu, sem felur í sér rétt sérhvers manns til að hafa tækifæri til að afla sér lífsviðurværis með vinnu sem hann velur sér eða tekur að sér af frjálsum vilja, og munu ríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja þann rétt. Þetta er töluvert mikilvæg grein, e. t. v. ekki fyrir okkur, en fyrir þær þjóðir sem verða að þola atvinnuleysi milljóna manna.

Í 7. gr. er fjallað um rétt sérhvers manns til að njóta sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, og er síðan talið upp í smærri atriðum hvað þar er átt við. Hér er komið að yfirlýsingu sem snertir mál þar sem við erum býsna skammt á veg komnir. Hér er einnig ákvæði um að menn skuli njóta öryggis við störf og heilsusamlegra vinnuskilyrða. Um það má einnig segja, að við séum ekki langt komnir á því sviði, þó að töluvert hafi verið um það rætt og launþegasamtök hafi barist fyrir umbótum á þessu sviði. Hér er ákvæði um hvíld, frítíma og sanngjarna takmörkun á vinnustundum og frídaga á launum með vissu millibili svo og endurgjald fyrir opinbera frídaga. Ég þarf ekki að fjölyrða um vinnutíma í sambandi við aðstæður okkar.

Í 8. gr. eru ákvæði um rétt til að stofna stéttarfélög og síðan áfram rétt stéttarfélaga til að mynda landssambönd og stéttarfélagasambönd og ákvæði um verkfallsrétt.

Síðan er í 9. gr. ákvæði um rétt sérhvers manns til félagslegs öryggis, þ. á m. til almannatrygginga. Þetta er komið inn í sáttmála um alþjóðleg mannréttindi, að einstaklingurinn skuli eiga rétt til almannatrygginga.

Í 10. gr. er fyrirheit um að mesta möguleg vernd og aðstoð skuli látin fjölskyldunni í té. Fjölskyldan nýtur þarna viðurkenningar sem grundvallareining mannlegs þjóðfélags.

Síðan eru í greinum þar á eftir ákvæði um réttindi mæðra með tilliti til verndar í sambandi við barnsburð, um ráðstafanir til verndar og aðstoðar barna og ungmenna án mismununar vegna ætternis eða annarra aðstæðna og ákvæði um vinnu barna.

Í 11. gr. er ákvæði um rétt sérhvers manns til viðunandi lífsafkomu fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans, nokkru síðar ákvæði um að sérhver maður skuli vera laus við hungur, enn eitt ákvæði sem kann að skýra það að allmargar þjóðir eiga erfitt með að skrifa undir þessi markmið og hafa dregið það við sig. Hér er einnig ákvæði um að tryggja sanngjarna dreifingu matvælaforða heimsins, sem er umhugsunaratriði hjá þjóð sem er að draga saman matvælaframleiðslu sína, og þar á eftir rétt manna til að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Þar er að sjálfsögðu átt við þá viðleitni sem þjóðfélagið getur haft í frammi til þess að einstaklingurinn geti náð því marki. Og fleiri ákvæði eru sem varða heilbrigðismál.

Síðan kemur réttur til menntunar, um barnafræðslu og framhaldsmenntun í hinum ýmsu myndum, þ. á m. tækni- og iðnframhaldsmenntun sem gera á öllum tiltæka og aðgengilega.

Þessa kyns eru ákvæðin sem ég hef stiklað á, en auðvitað er margt nánar talið sem ég eyði ekki tíma í að tíunda hér.

Hinn samningurinn er alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Kann að vera að þar komi fram ýmislegt sem öllu frekar er umdeilt heldur en það sem ég hef nú þegar talið. Það byrjar á jafneinföldu atriði og því, að því er okkur kann að finnast, að sérhver maður hafi meðfæddan rétt til lífs. Þar á eftir er fjallað um dauðarefsingu. Hún er því miður ekki fordæmd, en þar eru ákvæði sem miða við ríkjandi ástand í stórum hlutum heims og ættu að verða til þess að draga úr framkvæmd dauðarefsingar.

Í 7. gr. segir: „Enginn maður skal sæta pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Sérstaklega skal enginn sæta án frjáls samþykkis hans læknisfræðilegum eða vísindalegum tilraunum.“ Um þetta er engin þörf að fjölyrða. Við vitum af skýrslum, sem við heyrum öðru hverju frá Amnesty International og fleirum, að pyndingar og annað, sem hér er nefnt, er viðhaft í stórum stíl í tugum ríkja um allan heim.

Í 8. gr. segir að engum manni skuli haldið í þrældómi,

en ekki mun vera öruggt að þrælahald sé ekki enn í nokkrum ríkjum Austurlanda. Þar eru ákvæði um þvingunar- eða nauðungarvinnu.

Síðan eru ákvæði um það í 9. gr., að allir menn eigi rétt til frelsis og mannhelgi. Þetta eru ærið stór orð og kannske enn ein skýring á því, að sumar þjóðir hafa ekki viljað gerast aðilar að þessum samningum.

Síðan eru mörg ákvæði um það, hvernig fara skal með menn sem ríkisvaldið tekur fasta. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal, þegar handtakan fer fram, fá vitneskju um ástæðurnar fyrir handtökunni og skal án tafar tilkynnt um þær sakir sem á hann eru bornar. Og þar á eftir fylgja mörg ákvæði um þetta svið.

Ég vík næst að 12. gr. Þar segir að hver maður skuli eiga rétt á umferðarfrelsi og frelsi til að velja sér dvalarstað og síðan: „Allir menn skulu frjálsir að því að yfirgefa hvaða land sem er, þar með talið sitt eigið land." Ég þarf ekki að tengja þetta við veruleikann fyrir hv. þm.

Í 14. gr. segir að allir menn skuli vera jafnir fyrir dómstólunum, menn skuli njóta réttlátrar og opinberrar rannsóknar fyrir lögbærum, óháðum og óhlutdrægum dómstóli.

Síðan hleyp ég fram til 18. gr., þar sem segir að allir menn skuli frjálsir hugsana sinna, sannfæringar og trúar.

Í 19. gr. segir: „Allir skulu eiga rétt á að ráða skoðunum sínum afskiptalaust. Allir skulu eiga rétt til að láta í ljós skoðanir sínar; í þessum rétti felst frelsi til að leita, taka við og miðla alls konar vitneskju og hugmyndum án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hverjum öðrum leiðum að þeirra vali."

Í 20. gr. segir: „Allur stríðsáróður skal bannaður með lögum."

21. gr.: „Rétt skal mönnum að koma saman með friðsamlegum hætti."

22. gr.: „Allir eiga rétt á að mynda félög með öðrum, þ. á m. að stofna og ganga í stéttarfélög."

Hér er einnig í þessum samningi ákvæði um fjölskylduna sem hina eðlilegu grundvallarhópeiningu þjóðfélagsins sem á að njóta réttar og verndar ríkisins. Síðan er grein um réttindi barna og þannig heldur sáttmáli þessi áfram. En báðir sáttmálarnir enda á allmörgum ákvæðum um framkvæmd, um hina alþjóðlegu mannréttindanefnd, sem ég minntist á í upphafi, og um skýrslugerð til að fylgjast með því hvernig þessum málum er háttað.

Ég ítreka það, herra forseti, að þau mannréttindi sem þessir samningar fjalla um, eru flest talin sjálfsögð á Íslandi. Þó segja lögfróðir menn að við getum ekki staðfest þá nema hafa eina 5 fyrirvara sem greindir eru. En ég tel að okkur beri að gera skyldu okkar á þann hátt að við staðfestum þessa samninga, sem rétt yfirvöld hér á landi undirrituðu fyrir 10 árum, og hjálpum þannig, þó í litlum mæli sé, til að styðja málstað mannréttinda á jörðinni.

Herra forseti. Ég legg að lokum til að málinu verði vísað til síðari umr. og utanrmn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég átti satt að segja von á því, meðan hæstv. utanrrh. mælti fyrir þessu merka plaggi, að einhverjir yrðu til að biðja um orðið. Hér hafa orðið æðimiklar umr. að undanförnu og æðilöng biðröð hv. þm. að komast í ræðustól út af ómerkari plöggum en þessu. Ætli það sé ekki æðilangt síðan lagt var fram hér á Alþ. merkara plagg heldur en þetta?

Hitt verð ég að játa, að ég er ekki undir það búinn að flytja hér langa ræðu í tilefni af flutningi þessarar þáltill., enda er það í raun og veru óþarfi. Þegar ég tala um að eðlilegt hefði verið að menn hefðu kvatt sér hljóðs, þá er það vegna þess að ég álít að undir þessum kringumstæðum eigi menn að standa upp, þó ekki sé til annars en að láta í ljós fögnuð sinn yfir að þetta mál skuli komið hér fram. Ég árna hæstv. utanrrh. allra heilla í þessu sambandi og Alþingi þá um leið og vænti þess, eftir að það hefur nú beðið í 10 ár að málið yrði lagt fyrir Alþ. frá því að samningar þessir voru undirskrifaðir fyrir Íslands hönd, að það þurfi ekki að þvælast lengi hér í þingsölum eða nefndum.

Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi gert góða grein fyrir þessu máli í sínu stutta yfirliti. Hann drap á öll helstu atriði og gerði grein fyrir þeim. Hér er um að ræða atriði sem koma að sjálfsögðu ýmsum mönnum á óvart, t. d. að það þurfi að taka inn í alþjóðasamþykkt ákvæði um að ekki skuli leyfa þrælahald. Utanrrh. vék að því, að það mundi enn vera til sums staðar. Og mér er það minnistætt að einu sinni þegar ég var á þingi Sameinuðu þjóðanna hafði einn af fulltrúum Arabaríkjanna býsnast mikið yfir skerðingu mannréttinda í tilteknu ríki og þá kom upp annar og upplýsti að í ríki þessa sama manns hafi þrælahald verið lögfest, það væri m. ö. o. leyfilegt lögum samkvæmt.

Margt fleira er í þessum alþjóðasamningum sem okkur, sem búum við mannréttindi á þeim sviðum, virðist ekki skipta miklu máli að því er okkur sjálf snertir. En eins og hæstv. utanrrh. sagði skiptir þetta gríðarlega miklu máli fyrir æðistóran hluta mannkynsins. Ég vona að það megi verða sem fyrst að Alþingi staðfesti þá a. m. k. samúð okkar með því fólki sem víða um heim verður að sæta skorti á mannréttindum og ýmiss konar ofsóknum í því sambandi.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég tek undir þau orð síðasta ræðumanns að þakka hæstv. utanrrh. fyrir að þessi till. kemur nú til samþykktar hér og reyndar vonum seinna því að undirskrift samninganna af okkar hálfu er 10 ára gömul. Ég held að flestir okkar geti verið sammála um það, að við höfum betri samvisku, þegar við samþykkjum þessa till., heldur en flest önnur ríki veraldar, því að þrátt fyrir að ríki veraldar muni flest stefna að mannréttindum í sem víðustum skilningi, þá er okkur að sjálfsögðu fullljóst að hvergi mun vera um óskoruð mannréttindi að ræða, enda mjög misjafnt hvað menn telja mannréttindi.

Jafnvel hjá okkur, sem hefur fleygt fram í áttina til fullkomnari mannréttinda, er þó nokkuð eftir enn, eins og komið var að áðan. Vil ég sérstaklega gera eitt að umtalsefni. Enda þótt við höfum samþykkt að hver vinnufær Íslendingur skuli eiga kost á vinnu við hans hæfi, þá skortir nokkuð á að slík sé reyndin nú í dag og hefur reyndar aldrei verið og á ég þá við þá sem eru fatlaðir að einhverju leyti, en hafa verulega vinnugetu. Þarna erum við raunverulega eftirbátar þó ekki sé nema örfárra þjóða í veröldinni, og þótt við höfum á undanförnum árum gert nokkuð í þessum efnum og okkur hafi þokað aðeins áfram gætum við tiltölulega auðveldlega fullnægt þessu skilyrði till. án þess að það kæmi við okkar þjóðarhag.

Við höfum örugglega á undanförnum árum komist alllangt í áttina til þess að fullnægja skilyrðum þessarar

merku till., sérstaklega í ýmsum þáttum félagsmálalöggjafar. Er þá ekki síst um að ræða almannatryggingar okkar og reyndar heilbrigðisþjónustuna alla, þar sem mjög verulega hefur miðað í þá átt að við getum uppfyllt þau ströngu skilyrði sem hér er kveðið á um. Ég held að ekki geti margar þjóðir sagt að þær séu komnar lengra á þeirri braut en einmitt við.

Hins vegar verður að skoða ýmsar lagasetningar seinni tíma í dálítið sérstöku ljósi til að skapa öryggi um að ekki sé unnið gegn vissum greinum þessarar till. Má þar nefna t. d. fjölskylduna, að hún sé grundvöllur þjóðfélagsins. Spurning er hvort ýmsar aðgerðir seinni tíma stuðli ekki að öryggisleysi fjölskyldunnar frekar en að skapa henni aukið öryggi. Á ég þar t. d. við þegar báðum fyrirvinnum heimilisins er gert að vinna úti. Þá munu margir líta svo á að það sé síst til öryggis fjölskyldunnar í heild, heldur megi segja að þar sé um skref aftur á bak að ræða. Sama má e. t. v. segja að einhverju leyti um fóstureyðingarlögin sem nýlega hafa verið samþykkt. En þrátt fyrir það verður í heild að líta svo á, að við séum mjög vel í stakk búnir til að samþykkja þessa till. Og ég vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. utanrrh. fyrir að leggja þessa tillögu fram og hef ánægju af að styðja að samþykkt slíkrar tillögu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki hafa uppi langar umr. um þetta mál, en ég vil taka undir það sem fram hefur komið hér frá tveimur hv. þm. sem tekið hafa til máls, að ástæða er til að þakka hæstv. utanrrh. fyrir að bera upp þetta mál nú. Eins og fram kemur í grg. með þessari þáltill. voru þessir samningar undirritaðir fyrir um það bil 10 árum af hálfu Íslands, en þeir hafa ekki verið lagðir fram til fullgildingar fyrr en nú, og ég tel að það hafi verið tími til kominn.

Það má vel vera að einhverjir muni segja sem svo, að þessir samningar hafi ekki neitt sérstakt hagnýtt gildi fyrir okkur Íslendinga. Ég býst við að okkur finnist að okkar mannréttindamálum sé þannig komið að við þurfum ekki mikið af öðrum að læra. Ég skal ekki fara neitt út í þau efni, tel þó að í því felist mikill sannleikur að hér á Íslandi séu mannréttindi yfirleitt í heiðri höfð, og ég treysti mér vel til að rökstyðja það. A. m. k. eru þau meira í heiðri höfð en í mörgum öðrum löndum og með ýmsum þjóðum sem kannske mega sín meira en við. En ég tel að einmitt vegna þess, hversu þessum málum er vel komið í okkar landi, sé full ástæða til að við gerumst fullir aðilar að þessum samningum með því að fullgilda þá hér á Alþingi. Það er a. m. k. yfirlýsing um samstöðu með öðrum um þessa samninga sem fela í sér e. t. v. það besta sem gert hefur verið á alþjóðavettvangi í sambandi við samstöðu þjóða um mannréttindi, mannhelgi og þau réttindi sem lúta að einstaklingnum bæði efnahagslega séð og þó fremur mannréttindalega séð í hinni gömlu merkingu orðsins.

En sem sagt, ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram um þakklæti til hæstv. ráðh. fyrir að hafa lagt þetta mál fyrir Alþingi, og ég vona og veit að það muni ekki verða nein fyrirstaða á því að Alþ. samþykki þetta mál.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 66). — Ein umr.

Flm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Nokkuð er umliðið frá því að ég lagði till. þessa fram þar til nú að hún er tekin til umr. Það breytir ekki því, að það efni, sem hún fjallar um, á fyllsta erindi inn í þingsali, að eytt sé í það smátíma. Í þeim umr., sem stundum taka megintímann af fundum Alþingis, vilja mál atvinnuvega okkar gleymast, sem eru þó undirstaða undir afkomu okkar og lífi.

Enda þótt mér sé ljóst, eins og kemur fram í grg., að ýmislegt hafi verið vel gert í þessum málum, þ. á m. að fyrrv. iðnrh. hafi skipað starfshóp í þetta mál sem mun nú, þegar þetta er talað, u. þ. b. hafa lokið ágætum störfum og mun senn skila af sér, þá breytir það ekki því, að alveg er óhætt að Alþ. láti í ljós viljayfirlýsingu í málinu ogýti þannig á að þetta mál komist áfram. En það er ekki nóg. Ríkið þarf að marka sér ákveðna stefnu í þessum málum líkt og Reykjavíkurborg og einnig önnur sveitarfélög. Síðan þurfa rn. og einstakar ríkisstofnanir að fara eftir þeirri reglu undanbragðalaust.

Í boðskap iðnrh. til iðnaðarins og þjóðarinnar nú um áramótin var lofað framkvæmdum í þessu máli og ber að fagna því. Eftir því er nú beðið, að það tal verði að framkvæmd.

Ekki er þörf að hafa langt mál fyrir þessari till., svo mjög sem hv. þm. ætti að vera ljós nauðsyn á framgangi hennar. Þó tel ég rétt að benda á eftirfarandi, en vísa að öðru leyti til grg.

Ríki og sveitarfélög eru langstærsti kaupandi á rekstrarvörum, fjárfestingarvörum og þjónustu hér á landi. Fullvíst má telja að með breyttri innkaupastefnu þessara aðila geti þeir stóreflt íslenskan iðnað, aukið atvinnu í landinu og sparað erlendan gjaldeyri. Með markvissari innkaupum þessara aðila í þágu íslensks iðnaðar geta þau stuðlað að framleiðslu fleiri innlendra vörutegunda og þannig aukið innlent vöruúrval um leið og aukin tækniþekking flyst inn í landið. Sem leið að þessu markmiði má nefna fimm atriði:

1) Að ríki og sveitarfélög noti útboð á markvissan hátt til að stuðla að iðn- og vöruþróun. Gera þarf ítarlega úttekt á kaupum þessara aðila á vörum og þjónustu erlendis og kanna jafnframt hvaða vöruflokkar og einstakar tegundir það eru sem mögulegt er að framleiða hér á landi. Ljóst er að hægt er að framleiða fjölmargar af þeim vörum hér á landi sem keyptar eru erlendis frá í dag. Gera á samninga við innlend fyrirtæki um framleiðslu þeirra hér á landi. Ekki er óeðlilegt að innlend fyrirtæki verði styrkt til tilraunaframleiðslu, sem fram fari í samstarfi við kaupanda og notendur. Til greina kemur að greiða tímabundið nokkru hærra verð fyrir vöruna og síðan, ef gæði og verðsamanburður stenst, að gera samning um lengri tíma viðskipti til þess að tryggja betur rekstrargrundvöll viðkomandi iðnfyrirtækis. Flm. leggur sérstaka áherslu á þessi atriði sem hann telur mikilvægan þátt iðnþróunar á Íslandi.

2) Við útboð á ýmsum meiri háttar verkum og fjárfestingarvörum hér á landi hafa innlendir aðilar ekki getað tekið þátt í slíkum útboðum vegna þess að skilafrestur hefur verið stuttur og/eða stærð útboðseininga það mikil að innlendir framleiðendur hafa ekki getað með svo skömmum fyrirvara framleitt viðkomandi hlut. Hafa íslensk fyrirtæki staðið frammi fyrir þeirri stað-

reynd annaðhvort að falla frá tilboði eða setja til hliðar þá framleiðslu og þjónustu sem fyrirtækið hefur haft með höndum við fasta viðskiptamenn. Með bættu skipulagi þessara mála ætti að vera auðvelt að lengja skilafrest og ákveða stærð útboðseininga þannig að innlendir framleiðendur geti fremur boðið í verkið, m. a. með því að hafa útboð í fleiri áföngum.

3) Með bættu upplýsingastreymi milli verkkaupenda og innlendra framleiðenda má koma á mun fyrr en nú tíðkast á framfæri með skipulegum hætti upplýsingum til innlendra framleiðenda um fyrirhuguð verkefni og útboð. Sem dæmi má nefna þá hugmynd, að eftir að Alþ. hefur afgreitt fjárlög geri Innkaupastofnun ríkisins í samvinnu við rn. og ríkisstofnanir yfirlit yfir einstakar framkvæmdir sem ráðgert er að hefja á komandi ári. Upplýsingum þessum sé síðan dreift meðal innlendra framleiðenda.

4) Að lögð verði áhersla á að ávallt sé miðað við íslenskar vörur og búnað við hönnun opinberra mannvirkja, enda standist hin innlenda framleiðsla gæðakröfur þær sem gerðar eru. Þetta atriði snýr fyrst og fremst að arkitektum og verkfræðingum. Þrátt fyrir að til séu hér á landi oft á tíðum fyllilega sambærilegar vörur, bæði hvað verð og gæði snertir, eru þess því miður mörg dæmi, að í verklýsingu sé miðað við erlend vöruheiti sem síðan hljóta að vera mjög leiðandi við innkaup. Það er skoðun flm., að við hönnun opinberra mannvirkja og búnað til þeirra eigi ríki og sveitarfélög að setja það skilyrði, að miðað sé við innlenda framleiðslu að uppfylltum fyrrnefndum skilyrðum.

5) A. m. k. eitt sveitarfélag í landinu, þ. e. Reykjavíkurborg, hefur markað þá stefnu í opinberum innkaupum, að heimilt sé að taka tilboði innlendra aðila fram yfir erlenda þótt verð hinnar innlendu vöru sé allt að 15% hærra ef gæði eru sambærileg. Vissulega kann þessi regla eins og margar aðrar að vera umdeilanleg. Þegar það er hins vegar metið, hversu stór hluti af virði framleiðslunnar skilar sér aftur til hins opinbera í formi skatta og annarra tekna, þá er þessi regla síður en svo óeðlileg. Hafa verður einnig í huga, að á sama tíma eykst atvinna, jafnvel ný atvinnutækifæri skapast, og innflutnings- og gjaldeyrisverð minnkar.

Flm. vill minna á þá staðreynd, að þrátt fyrir alla fríverslun virðist sem opinberum framkvæmdum í Vestur-Evrópu sé meira og minna skipt til innlendra aðila og sú skoðun ríki, að sem mest af opinberum innkaupum fari fram á heimamarkaði. Allur tölulegur samanburður milli landa er erfiður í þessu sambandi þar sem um mjög mismunandi vöruframboð er um að ræða. Iðnaður okkar er í samanburði við margar þjóðir Vestur-Evrópu einhæfur og vöruframboð hér minna. Þessi staðreynd sýnir hins vegar fram á nauðsyn þess að efla vöruþróun og fjölga innlendum vörutegundum, sem vissulega er hægt að gera með ákveðinni stýringu opinberra innkaupa.

Þá vill flm. einnig minna á finnska rannsókn á opinberum innkaupum sem leiddi til þeirrar niðurstöðu, að mjög algengt væri að innkaup hins opinbera á þarlendri framleiðslu hefðu í för með sér að 40% af virði framleiðslunnar skiluðu sér aftur í ríkissjóð í formi skatttekna. Þetta hefur haft þau áhrif á afstöðu finnskra yfirvalda, að þau stuðla sem mest þau mega að opinberum innkaupum innanlands þótt borga þurfi hærra verð fyrir innlenda framleiðslu. Það er skoðun flm., að með bættu skipulagi á opinberum innkaupum, m. a. með samantekt á hinum margvíslegu rekstrarvörum sem ríkið notar, megi ná mun hagkvæmari samningum fyrir ríkið við innlenda framleiðendur. Gæti þannig endurskoðun þessara mála haft í för með sér lækkun ýmissa útgjalda ríkisins fyrir rekstrarvörur.

Við Íslendingar verðum oft að sæta því vegna markaðsaðstæðna erlendis að flytja út stóran hluta útflutningsvöru okkar lítt unnin eða hálfunninn. Þannig glata íslenskar hendur tækifærum til arðbærrar vinnu. Þess vegna er ekki óeðlilegt, um leið og við keppum að því markmiði að flytja sem minnst út óunnið, að við á okkar litla markaði hyggjum að því sama í sambandi við innfluttar vörur, án þess að þurfa að tala um að við séum að brjóta nokkra fríverslunarsamninga. Aðrar þjóðir vinna markvisst að þessu á sínum heimamarkaði, eins og áður er sagt. Það er því knýjandi nauðsyn að frumkvæði stjórnvalda í þessum efnum komi til, en það mun stórefla íslenskan iðnað og gera hann færan um að framleiða betri vörur, sem aftur leiðir af sér aukin innkaup almennings á íslenskri framleiðslu.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Ég held að það sé ekki ástæða til að hafa mörg orð um þessa till. Ég vil þó sérstaklega fagna framkomu hennar og lýsa stuðningi mínum við till. Ég tel, að hér sé hreyft brýnu þjóðþrifamáli. Það hefur verið vandamál undanfarin ár, að ríki, sveitarfélög og ýmsar opinberar stofnanir hafa í of miklum mæli beint viðskiptum sínum í iðnaðarvörur erlendis frá, á meðan sömu vörur eða svipaðar er hægt að fá á íslenskum markaði, framleiddar af íslenskum iðnfyrirtækjum. Þetta er vandamál sem þarf að leysa, og ég tel að þessi þáltill. muni verða skref í rétta átt, á þann veg a. m. k. að vekja athygli á vandamálinu þannig að það kunni að verða tekið fastari tökum í iðnrn. og á öðrum þeim stöðum sem um þessi mál fjalla.

Það er nú svo, að á þeim tímum þegar fiskverndunarmál eru ofarlega á baugi og mikið rædd nauðsyn þess að vernda fiskstofnana í sjónum, þá er hitt ekki minna mál, hvernig við verndum gjaldeyri okkar. Fiskur er undirstaða gjaldeyrisöflunar og mikilvægt hvernig við eyðum gjaldeyri. Það er allt of lítið um þetta atriði rætt, að það er ekki síður mikilvægt en hitt, að vernda fiskstofnana í sjónum, hvernig við eyðum gjaldeyrinum sem fyrir fiskinn úr sjónum fæst.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að á undanförnum árum hefur verið farið illa með þann gjaldeyri sem við höfum aflað, m. a. með því að opinberar stofnanir hafa verið að kaupa erlendar iðnaðarvörur þó að sams konar vörur hafi verið framleiddar hér í landinu. Einnig er rétt að benda á í þessu sambandi, að þegar mikil áróðursherferð fór af stað og stóð yfir um íslenska iðnkynningu, þá fóru einnig af stað umr. um það, hvort verðlag íslenskra iðnaðarvara væri samkeppnisfært við erlendar iðnaðarvörur. Það er nú svo, að þó að reynt sé að venja þjóðina á ákveðnar innkaupavenjur, þá leitast fólk við að kaupa þá vöru sem er best og ódýrust. Þetta þýðir nákvæmlega það, að íslenskur iðnaður verður að vera samkeppnishæfur við útlendan iðnað og við innfluttar iðnaðarvörur til landsins. Það er því hlutverk stjórnvalda — og það verður að taka fastari tökum á næstu mánuðum — að skapa svigrúm hér í landinu til þess að íslenskur iðnaður verði samkeppnisfær á verðlagsgrundvelli og í samkeppni við erlendar iðnaðarvörur.

Eftir að við gengum í EFTA og eftir samningana við

Efnahagsbandalagið er það svo, að kjör íslensks iðnaðar hafa að nokkru leyti verið skert. Staða íslensks iðnaðar í samkeppni við innflutning iðnaðarvara er verri eftir samningana, sem gerðir voru við Efnahagsbandalgið, heldur en áður, og það er sérstaklega vegna þess að sá aðlögunartími, sem gefinn var, var ekki nýttur á réttan hátt og við þau loforð, sem gefin voru, var ekki staðið. Þetta verður að taka allt til endurskoðunar á ný, vegna þess að enn komum við til með að standa frammi fyrir nýjum tollalækkunum við næstu áramót. Við stóðum frammi fyrir þeim um síðustu áramót. Þá var talinn of stuttur tími til að fresta þeim, vegna þess að ekki var nægjanlegt svigrúm til að kynna slíkar frestanir og vinna þeim fylgi á erlendum vettvangi. Ef áfram heldur sem horfir lendum við í sömu tímaklípunni um næstu áramót, ef ekki verður strax mörkuð stefna um hvernig að þessum tollalækkunum á að standa um næstu áramót, ef ekki verður betur búið að íslenskum iðnaði á þeim fáu mánuðum sem eftir eru þar til við stöndum frammi fyrir þessum nýju tollalækkunum.

Þetta vildi ég láta koma hér fram vegna þess að það tengist þessu máli, vegna þess að hér er um að ræða atvinnugrein sem hefur átt undir högg að sækja. Hún á að vissu leyti í samkeppni við aðrar atvinnugreinar. En svo kann að fara að eftir nokkur ár sjáum við eftir því að hafa ekki hugað betur að þessum málum en gert hefur verið til þessa.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki gera umr. þessa um till. að almennum umr. um iðnaðarmál. Ég vil þó leyfa mér að segja hér nokkur orð og geta þess, að ég tel að þessi till., sem borin er fram af hv. 1. þm. Suðurl., eigi fullan rétt á sér og sé þannig að efni til að ástæða sé til að hugleiða vel það sem hún hefur fram að færa.

Það er alveg augljóst mál, að iðnaðurinn, verksmiðjuiðnaðurinn og reyndar allur iðnaður er ákaflega mikilvægur fyrir okkar þjóðfélag. Það hefur farið sívaxandi á síðustu 40—50 árum, hversu iðnaðurinn er mikilvægur fyrir okkar þjóðfélag. Hann er meira að segja svo mikilvægur, hygg ég, að á þessum árum, þegar fólksfjölgun hefur verið hvað örust og mest í landinu allt frá upphafi Íslandssögu, þá held ég að iðnaðurinn eigi verulegan þátt í að hægt var að taka við öllu því vinnuafli sem varð til í okkar þjóðfélagi, þannig að þjóðfélagslegt gildi iðnaðarins er ekkert smáræði.

En ég vil líka minna á það sem er reyndar uppistaðan í þessum tillöguflutningi, og það er hversu innlendi markaðurinn, heimamarkaður, er mikilvægur fyrir iðnaðarvörur, fyrir iðnaðinn. Við skulum muna það, að sá iðnaður, sem nú er í landinu, hefur að verulegu leyti vaxið upp í skjóli vissrar markaðsverndar, innflutningshafta eins og þau voru hér á árabilinu upp úr 1930 og lengi þar á eftir. Og það er einmitt á þessum árum sem iðnaðurinn fer að vaxa. Það þýðir ekkert að leyna sig þeirri staðreynd, að það var einmitt í skjóli þessara hafta sem iðnaðurinn varð til, óx upp og byggðist á hinum innlenda markaði.

Ég vil ekki gera lítið úr því að breyta til í þessu efni. Auðvitað er að ýmsu leyti mjög gallað fyrirkomulag að vera með strangverndaðan markað og hæfir sjálfsagt ekki til lengdar í þeirri veröld sem við búum í nú. Samt sem áður megum við ekki gleyma því, eins og kemur fram hjá hv. flm., að innlendi markaðurinn skiptir miklu máli fyrir iðnaðinn. Þess vegna er sannarlega ástæða til þess að finna leiðir, sem standast þó allar eðlilegar frelsiskröfur, til að auka sölumöguleika innlendra vara á okkar íslenska markaði. Þetta er sjálfsagt hægt að gera með ýmsum hætti. Það er auðvitað hægt að gera það, eins og gert er, með auglýsingum og með því að skora á allan almenning að kaupa íslenskar iðnaðarvörur, og það er nokkuð gert að því. Þó er ég ósköp hræddur að íslenski iðnaðurinn sé varbúinn að mæta því sterka auglýsingaflóði sem er í okkar þjóðfélagi og er til þjónustu fyrir útlendar iðnaðarvörur. Þetta er mál sem þarf að athuga, hvort séu möguleikar á því að finna einhverja leið til þess að innlendi iðnaðurinn fái einhvers konar betri aðstöðu en nú er til að auglýsa sínar vörur og gera þær kunnar og eftirsóttar hjá íslenskum neytendum. Sannleikurinn er sá, að mjög mikið af þeim vörum, sem innlendur iðnaður framleiðir, er í reyndinni alveg jafngóð vara eða a. m. k. vara sem vel má notast við og er ekki miklu lakari en mörg útlend vara sem hér er á boðstólum, jafnvel þó að margir gangi fram hjá innlendum iðnvarningi.

Hitt er líka augljóslega mjög mikilvægt, eins og fram kemur hjá flm., að beita opinberum aðgerðum til þess að fá ríkis- og bæjarfyrirtæki til þess að nota innlenda vöru fram yfir útlenda. Ég tel að það sé mjög mikið atriði að leitað sé ráða í því efni að slíkt megi verða í miklu ríkari mæli en nú er.

En sem sagt, ég vil aðeins geta þessara fáu atriða í sambandi við þessa till. Ég álít að þarna sé hreyft mjög mikilvægu máli, og ég vil undirstrika það, að heimamarkaðurinn er afar mikilvægur fyrir iðnaðinn í landinu og það þarf að leita allra ráða til þess að sá markaður nýtist sem best, án þess að við förum að taka upp ströng höft og meiri skorður, sem að ýmsu leyti er gallað og við höfum reyndar hafnað með því að vera nú aðilar að EFTA í nærri 10 ár. Þó að það þurfi sjálfsagt að gæta sín í þeim samtökum og vera ekkert of ákafur í þeim efnum, þá er sjálfsagt að halda sig þó við það enn um sinn að vera í þessum samtökum, því að þegar til lengdar lætur hygg ég að það verði íslenskum iðnaði til góðs. Hitt held ég samt að sé rétt, að við finnum líka leiðir til þess að vernda okkar innlendu framleiðslu með þeim aðferðum sem samrýmast eðlilegu frelsi.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Íslenskur iðnaður hefur tekið miklum stakkaskiptum á hinum síðustu árum og aukist mjög að fjölbreytni og gæðum. Kom það ekki síst fram á því iðnkynningarári sem efnt var til ekki alls fyrir löngu. Ég varð þess mjög var, þar sem ég átti þess kost að taka þátt í iðnkynningardögum og sýningum víðs vegar um land á því ári, hversu skorti á vitneskju hjá fjölda manna um hvers íslenskur iðnaður er orðinn megnugur, hversu fjölbreytni hans og gæði eru orðin mikil og verðið víðast hvar sambærilegt við erlendar vörur. Það var iðulega sem ég heyrði frá heimamönnum, sem komu á iðnsýningar þar sem sýndar voru vörur sem framleiddar voru í því byggðarlagi, þessi orð eða eitthvað á þessa leið: Er þetta virkilega framleitt hér hjá okkur?

Ég er í engum vafa um að þessi iðnkynning hefur opnað augu landsmanna fyrir gildi, fjölbreytni og þýðingu íslensks iðnaðar og er það vel. Hinu er ekki að neita, að mjög hefur skort á að íslensk stjórnvöld, bæði ríkis og sveitarfélaga og ýmissa stofnana, hafi sýnt nægan skilning á íslenskum iðnaði, og til þess liggja margar ástæður. Sumpart kemur tregðulögmálið til greina. Þeir, sem eru vanir því að panta erlendar vörur, eru e. t. v. tregir til að

breyta út frá því þar sem um er að ræða viðurkenndar vörur og viðurkennd framleiðslufyrirtæki. Önnur ástæðan er vafalaust sú, að ýmsir þeir sérfræðingar, sem undirbúa innkaup og útboð, hafa hlotið menntun í erlendum skólum og þar hafa þeir kynnst og heyrt um ýmis viðurkennd fyrirtæki sem framleiða vörur undir viðurkenndum merkjum. Þeir hafa því ósjálfráða tilhneigingu, þegar heim er komið og á að undirbúa útboð, að byggja þau á slíkum vörum fremur en íslenskum, sem eru ekki eins þekktar og ekki er búið að reyna eins fyllilega. Ég nefni þessar ástæður, en þær eru auðvitað margar, margar fleiri.

Ljóst er að hér verður að verða breyting á. Þess vegna var það á iðnkynningarári, að ég flutti till. um það í páv. ríkisstj. að efnt yrði til könnunar í þessu efni og settur á laggirnar samstarfshópur til að gera ákveðnar till. um hvernig mætti haga innkaupum opinberra aðila þannig að þau yrðu til að efla íslenskan iðnað. Ákveðið var að þrjú rn. skyldu tilnefna fulltrúa í þennan starfshóp: viðskrn., fjmrn. og iðnrn. Af hálfu iðnrh. var tilnefndur til þessa starfs Þorvarður Alfonsson, sem var formaður þessarar n. Nefndin hefur nú lokið störfum og mun skila till. sínum til hæstv. ríkisstj., að ég ætla, í næstu viku. Er því of snemmt að fara hér að ræða um störf hennar eða væntanlegar till., en vonandi verður það gert opinbert áður en langt um líður.

Ástæðurnar til þess, að ekki aðeins iðnrn., heldur viðskrn. og fjmrn. voru með í þessu starfi, voru þær, að vitanlega verður að hafa hliðsjón af viðskiptasamningum okkar við aðrar þjóðir, en þeir heyra fyrst og fremst undir viðskrn., en undir fjmrn. heyrir Innkaupastofnun ríkisins, sem er mestur ráðaaðili í þessu landi um innkaup ríkisins. Vitanlega eru það mörg rn. önnur sem þetta mál snertir. Við vitum, að ýmiss konar stofnanir, sem sjá sjálfar um innkaup sín án þess að þau gangi í gegnum Innkaupastofnun ríkisins, fjalla um mjög háar fjárhæðir þar sem spurning getur verið um kaup á innlendum eða erlendum iðnaðarvörum. En aðalatriðið er að leggja verður ríka áherslu á að auka stórlega innkaup á innlendum iðnaðarvarningi, enda er hann fyllilega samkeppnisfær um gæði og verð á fjölmörgum sviðum, það hefur reynslan sýnt. Vitanlega verðum við að gæta hér allrar hagkvæmni. Hins vegar er það vafalaust rétt sem hv. flm. gat um, að sú regla, sem upp hefur verið tekin hjá Reykjavíkurborg til hliðsjónar, og svipuð regla, sem notuð er allvíða í öðrum löndum í framkvæmd þó að e. t. v. sé ekki í laga- eða reglugerðarformi, þessar reglur eru miðaðar við það að fyllilega sé forsvaranlegt og hyggilegt að öðru jöfnu að kaupa heldur innlenda vöru, þótt hún sé nokkru dýrari en hin erlenda, vegna margvíslegs hagræðis fyrir þjóðina sem af því leiðir.

Ég held að það hafi verið tímabært og fullkomið tilefni hjá hv. flm. þessarar till. til að hreyfa henni. Þó að þessi n., sem ég gat um, hafi starfað og starfað vel að undanförnu er nauðsynlegt að Alþ. marki hér stefnu og lýsi yfir ótvíræðum vilja sínum í þá átt að þannig skuli stefnt.

Það er ástæða til að þakka hv. flm. fyrir flutning þessarar till. Vænti ég þess, að hún fái greiða för í gegnum Alþ. og Alþ. samþykki þannig einróma stefnu sína í þessu efni.

Þegar rætt er um eðlilega fyrirgreiðslu fyrir íslenskum iðnaði kemur m. a. eitt atriði upp í hugann, og það er hið mikla misrétti sem augljóst er á hverjum degi milli íslenskrar iðnaðarvöru og erlendrar. Á ég þar við auglýsingar, fyrst og fremst í áhrifamesta fjölmiðlinum, sjónvarpinu. Á hverjum einasta degi dynja yfir okkur auglýsingar og áróður fyrir ýmiss konar erlendum iðnaðarvörum. Vitanlega þarf geysilegt fjármagn til að útbúa til sýningar slíkar myndir, auglýsingar og kvikmyndir, og munu ekki aðrir ráða við það en mjög fjársterkir erlendir aðilar, sem senda þær svo hingað umboðsmönnum sínum og greiða kostnaðinn við birtingu þeirra. Íslensk iðnaðarfyrirtæki hafa enga möguleika til að ná hér jafnræði. Þau hafa enga möguleika til að leggja í svo rándýra framleiðslu á kvikmyndum eða auglýsingamyndum til að keppa við hinar erlendu. Hér er mikill vandi á höndum. Án þess að ég sé að leggja til að bannaðar séu auglýsingar á erlendum iðnaðarvörum, þá held ég að óhjákvæmilegt sé að staldra hér við og að réttir aðilar, t. d. útvarpsráð, kanni hvort ekki er hægt með einhverjum eðlilegum reglum að koma mér meira samræmi á, því að hér er um að ræða hróplegt misrétti íslenskum iðnaði í óhag. Mér er kunnugt um að sums staðar erlendis hefur verið gengið alllangt í því að takmarka — og það verulega — auglýsingar í sjónvarpi á erlendum iðnaðarvörum. Ég skal engar till. um þetta gera nú, en aðeins varpa því fram, að ég tel brýna nauðsyn að réttir aðilar taki þetta alvarlega vandamál til meðferðar og reyni að finna eðlilegar reglur sem geti rétt nokkuð hlut hins íslenska iðnaðar.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól fyrst og fremst til að þakka hv. flm. fyrir tímabæra till., — till. sem verður til þess að vekja athygli á miklu vandamáli. Þótt ég sé e. t. v. ekki mjög hrifinn af því sem hann sagði, að við ættum kannske að greiða 10% hærra verð fyrir innlendu framleiðsluna, þá held ég að þess sé ekki þörf. Það mætti auka sölumöguleika íslenskra afurða og íslensks iðnvarnings á ýmsan annan hátt. Mér er kunnugt um að bæði greiðslukjör, afhendingartími og ýmislegt fleira getur orðið til þess að stuðla að sölu íslensks iðnvarnings til opinberra aðila, ekki síður en það, hvort um einhvern smávægilegan mismun í verði sé að ræða. Það er mikils virði að skipta við íslenska aðila, vegna þess að bæði viðhald og endurnýjun verða oft auðveldari og hagstæðari og ekki síst vegna þess, að ef eitthvað er að vörunni, sem kemur í ljós síðar, þá er óspart fengin leiðrétting og leitað leiðréttingar hjá íslenskum aðilum, enda þótt slíkt sé nærri óhugsandi ef keypt er af erlendum aðilum.

En það er eitt sem mig langar til að vekja athygli á, hvað við erum illa settir í þessu efni. Það er það sem var að ske nú fyrir nokkrum mánuðum, að á sama tíma og íslensk iðnfyrirtæki hér í nágrenninu voru að hætta eða draga saman sína starfsemi vegna verkefnaskorts, þá voru íslensk stjórnvöld að semja um kaup á sömu vöru frá útlöndum. Hér á ég við Portúgalstogarana. Þegar Stálvík var í vandræðum með að hafa verkefni fyrir verkamenn sína og varð að fækka þeim til stórra muna voru íslensk stjórnvöld og urðu að semja við Portúgala um kaup á togurum, — og ekki nóg með það, heldur er talið mjög líklegt að vegna nýrrar hönnunar og umbóta í smíðum séu þeir togarar, sem hér er hægt að smíða nú, allt að 20% sparari á orku en jafnstór skip frá Portúgal sem nú er verið að smíða fyrir okkur. Þetta atriði út af fyrir sig er svo merkilegt að það er vel þess vert að hafa orð á því hér. Á sama tíma og íslensk stjórnvöld verða vegna sölu á afurðum okkar erlendis að gera óhagstæð

innkaup, kaupa hærra verði en innlendu framleiðsluna, a. m. k. jafnháu, af aðilum sem aldrei hafa smíðað slík skip fyrr, þá standa okkar ágætu iðnaðarmenn iðjulausir vegna skorts á verkefnum.

Við komumst aldrei hjá að gera okkur grein fyrir því, að við höfum hlutfallslega meiri útflutning en flestar aðrar þjóðir, sem þýðir að sjálfsögðu að við verðum mjög háðir öðrum í viðskiptum. En ég vildi vekja sérstaka athygli á þessu með skipin frá Stálvík, sem eru hönnuð af Íslendingi sem hefur verið langdvölum við skipasmíði í Svíþjóð, og fullyrt er af sérfræðingum að þau skip muni spara verulega í orkuvinnslu. Hér er sýnilega við mikla örðugleika að fást, því jafnvel undir slíkum kringumstæðum er ekki hægt að vinna verkið í okkar landi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Erindi mitt er fyrst og fremst að slást í hóp þeirra þm. sem þakkað hafa hv. þm. Eggert Haukdal fyrir það mál sem hann hefur hér flutt.

Ég er þeirrar skoðunar um hugmyndina um forgang íslenskrar iðnaðarvöru í innkaupum af opinberri hálfu þrátt fyrir verðmun sem næmi því sem flm. nefnir, þ. e. a. s. 10%, og þó meiri væri, að slíkt væri eðlileg ráðstöfun.

Ég vil vekja athygli á því, að allar götur síðan Íslendingar gerðust aðilar að EFTA, fyrst og fremst fyrir forgöngu Sjálfstfl. og Alþfl. hér á þingi, hefur eitt meginviðfangsefni íslensks iðnaðar verið að losna undan þeim höftum, sem þá voru á hann lögð, undan þeim kvöðum, sem hann þá gekkst undir. Það var gyllt ákaflega mikið fyrir íslenskum iðnaðarmönnum, hvílíkur hagur þeim gæti af því stafað að við gengjum í EFTA og tengdumst Efnahagsbandalaginu á þann hátt sem raun varð á, með þeim hætti mundi heimsmarkaðurinn opnast íslenskum iðnvarningi.

Þótt undarlegt megi teljast var megináherslan í þeim áróðri lögð á húsgagnaframleiðsluna, með hvaða hætti opnaðist fyrir okkur möguleiki á því að selja íslensk húsgögn erlendis. Ýmsir drógu þá í efa að við værum samt vel settir til að annast slíka framleiðslu fyrir erlendan markað, kæmi þar m. a. til að við yrðum að flytja inn allt hráefnið, borga hátt flutningsgjald fyrir hráefnið hingað upp, en síðan níhundruðfaldaðist hráefnið að rúmtaki þannig að flutningsgjaldið fyrir húsgögnin, þegar þau yrðu flutt úr landi, væri þá orðið allt að því þeim mun hærra, við mundum því verða í slæmri aðstöðu til þess að keppa um verð á erlendum mörkuðum. Hvað sem því líður var skotið skollaeyrum við aðvörunarorðum þeirra aðila sem mæltu gegn inngöngunni í EFTA.

Sýnt var fram á það, hversu illa við værum til þess væddir í raun og veru að standast samkeppni við erlenda aðila sem fengju með þessum hætti frjálsan aðgang eða allt að því frjálsan aðgang að íslenskum markaði til samkeppni við okkar innlendu vörur.

Forustusveit íslensks iðnaðar gekk í hóp þeirra manna sem vildu opna íslensku markaðina fyrir erlendri vöru á þennan hátt og taka á sig þá áhættu sem fólst í samkeppninni.

Er skemmst af því að segja, að því nær allar götur síðan hafa forustumenn íslensks iðnaðar harmað þessa ráðstöfun mjög, og nú neytum við allra ráða til þess að geta axlað af okkur þær skuldbindingar sem inngöngunni í EFTA fylgdu. Við reynum nú af kappi að finna leiðir til þess að sleppa við að lækka aðflutningsgjöldin, fella niður tollana, svo sem um var samið við EFTA. Nú nýlega er komin erlendis frá sérstök sendinefnd sem send var til aðalstöðva EFTA og til aðalstöðva Efnahagsbandalagsins gagngert í því skyni að fá aðila þar til þess að fallast á að við frestuðum þessum tollalækkunum og tækjum upp önnur gjöld til verndar íslenskum iðnaði í staðinn. Till., sem hér er til umr., lýtur að því að eindregið verði beint til opinberra aðila að þeir kaupi innlendar iðnaðarvörur fremur en þær útlendu þegar gæði eru sambærileg og þótt muni allt að 10% í verði. Þessi ráðstöfun lýtur einmitt að því að komast enn eina krókaleiðina fram hjá óheppilegum skuldbindingum okkar, sem gerðar voru við EFTA.

Ég get heils hugar tekið undir þau orð sem hv. þm. Oddur Ólafsson lét falla áðan varðandi skipakaup okkar erlendis. Það er harmsaga með hvaða hætti við höfum beinlínis staðið að því að byggja upp fiskiskipasmíði í öðrum löndum og þá fyrst og fremst í Noregi, samtímis því sem við höfum látið okkar skipasmíðaiðnað skorta verkefni hér heima og þrátt fyrir það, eins og hv. þm. sagði, að við séum meira en samkeppnisfærir um gæði og jafnvel um verð. Fyrir liggja verðútreikningar varðandi smíði skuttogara sem sýna t. d. að Slippstöðin á Akureyri er ekki aðeins samkeppnisfær um gæði vinnunnar og um afköst, heldur einnig um verð, þrátt fyrir það að þær erlendu skipasmíðastöðvar, sem teknar voru til viðmiðunar, njóti ríkisstyrks í býsna miklum mæli.

Ég er alveg efalaus um það, að ef við ætlum að byggja upp innlendan iðnað að nokkru gagni, þá verðum við í ýmsum tilfellum að taka upp verndartolla í einhverri mynd. Ég get tekið undir það sjónarmið hv. þm. Ingvars Gíslasonar, að þetta eigum við að gera, eftir því sem hægt er, með þess háttar kurteisum hætti að samrýmst geti skuldbindingum okkar við EFTA, því að enda þótt slæmt væri að ganga í þau samtök á sínum tíma, þá eru erfiðleikar á því að slíta tengslin við þetta markaðsbandalag. Þess vegna ber okkur eftir mætti að haga þessum aðgerðum þannig að samrýmst geti að kalla skuldbindingum okkar við EFTA og eyða þá tíma í að túlka mál okkar við þá stofnun þannig að hún fallist á nauðsynlegar aðgerðir. En ef í það fer að við þurfum beinlínis að gera aðgerðir í þessum málum sem EFTA fellst ekki á, þá kann svo að fara að við verðum að láta skeika að sköpuðu þar, því að svo mikið er í húfi að við fáum eflt innlendan iðnað. Ýmislegt bendir til þess, að þær breytingar kunni að vera ekki allfjarri í Vestur-Evrópu eða við skulum segja í iðnríkjunum, hvar svo sem þau eru á jarðkringlunni, að við verðum neyddir til að búa meira að okkar eigin en við áður höfum gert.

Ég tek undir það sem hv. þm. Gunnar Thoroddsen sagði áðan um hættuna sem við erum í með okkar iðnað í keppninni um innanlandsmarkaðinn vegna erlendra auglýsinga. Ég hygg að hvergi nærri hafi verið nógu vel að því gáð, hvort þorrinn af þessum erlendu „hardsale" auglýsingum, eins og þær eru kallaðar, samrýmist raunverulega íslenskum lögum. Hvern einasta dag eru a. m. k. brotnar reglugerðir Ríkisútvarpsins sjálfs um auglýsingaflutning með þessum erlendu auglýsingum í sjónvarpi t. d. Samkv. þeim reglum er bannað að mælt sé á erlenda tungu í auglýsingum Ríkisútvarpsins, að auglýsingarnar séu í rímuðu máli og enn fremur að þær séu sungnar.

Eins og hv. þm. er kunnugt hefur einum helsta næringarvökva Sjálfstfl., Coca-Cola, verið greidd mjög leið inn fyrir varir og í hugskot Íslendinga með erlendum

sungnum textum. (Gripið fram í.) Að vísu, eins og hv. ritari sameinaðs þings, sem hefur nú gefið sér tóm til að hugleiða einmitt þessi gosdrykkjamál að baki mér meðan ég er að tala, — eins og hann tók fram er hér um að ræða innlenda framleiðslu samkv. erlendu einkaleyfi. En ef sá drykkur væri svo innlendur sem hv. þm. Friðrik Sophusson telur og svo þjóðlegur, þá hefði hvarflað að manni að framleiðendur hans hefðu smekk til að auglýsa hann á íslensku. Coca-Cola, Friðrik Sophusson, is the real thing, er sagt í auglýsingunni. Kannske hv. þm. hafi tekist að þýða þessa skorinorðu, hárnákvæmu og þaulhugsuðu yfirlýsingu á íslensku, þar sem hann situr að baki mér núna. Coca-Cola-auglýsingarnar eru aðeins dæmi um það, með hvaða hætti sölumennska er rekin í þessum ríkisfjölmiðli. Sé vilji fyrir hendi hjá hv. alþm., og hv. þm. Gunnar Thoroddsen getur án efa tekið þátt í því að móta þann vilja, þá er hægt að breyta hljóminum og framsetningunni á þessum auglýsingum þannig að meira verði við hæfi til samkeppni fyrir innlendan iðnað en verið hefur.

Eins og ég sagði áðan, er ég sammála hv. þm. Ingvari Gíslasyni um að rétt sé að gæta við verndaraðgerðir okkar fyrir innlendan iðnað fullrar kurteisi og tillitssemi í sambandi við skuldbindingar okkar erlendis, þ. á m. við EFTA. En ég er hvergi nærri jafnmikið á móti beinum höftum í því skyni og fram kom í ræðu hans. Ég held að vel komi til mála, að við tökum nú einmitt til athugunar og setjum í það hæfa menn að taka nú til athugunar í fyrsta lagi, í hvaða iðngreinum er nauðsynlegt að taka upp höft og að hve miklu leyti okkur er fært að taka upp þess háttar höft. Við eigum marga sérfræðinga í því einmitt, svo sem alþjóð veit, að finna leiðir fram hjá lögum og samningum, leiðir til þess að taka upp þess háttar höft sem nauðsynleg eru í því skyni að treysta innlenda framleiðslu. Og það væri ekki úr vegi að gera það samtímis því eða sem fljótast eftir að við fáum skýrslu þeirrar n. sem hv. þm. Gunnar Thoroddsen ræddi um áðan og hv. þm. Eggert Haukdal bar lof á í ræðu sinni. — Það verður innskot í þessa ræðu mína, að báðir kölluðu þeir þetta starfshóp. Hv. þm. Gunnar Thoroddsen kallaði það samstarfshóp. Af inngróinni íhaldssemi í viðhorfum til fornra orða vildi ég gjarnan að hv. þm. tækju sig til og gerðu mér grein fyrir því prívat og persónulega, — það þarf ekki að vera úr þessum ræðustól, — hver er munur á starfshóp og nefnd, sem við kölluðum þessi fyrirbæri áður fyrr, og hvað það er sem gerir æskilegt hið nýja heiti. — Ég hlakka til eins og þeir að sjá niðurstöðuna af starfi þessa samstarfshóps. Það verkefni, sem honum var falið, er ákaflega þýðingarmikið að mínu viti. Ég hygg að ég hafi verið þeirrar ánægju aðnjótandi að vera einmitt viðstaddur á iðnkynningarfundi norður í landi þegar páv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen gerði grein fyrir verkefni þessa hóps og ræðumaður ágætur, sem þar tók til máls á eftir honum, lýsti hversu auðvelt þetta verkefni ætti að vera sem honum var falið, ef í það væri gengið. Ef samstaða næst nú um það á Alþ., að fenginni skýrslu þessa hóps, að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til þess að við hefjum framleiðslu á þeim vörutegundum sem við getum framleitt hér með auðveldum hætti, e. t. v. ódýrari og betri en það sem inn er flutt, þá verða það fagnaðartíðindi, og ekki síður ef sú hugmynd, sem hv. þm. Gunnar Thoroddsen setti hér fram, skyldi hafa hlotið brautargengi innan Sjálfstfl., að gengið yrði í það að stemma stigu við siðlausum verslunarauglýsingum í sjónvarpi. Á þeim degi mundu þeir verða vinir, Heródes og Pílatus.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. þm. Stefán Jónsson beindi til manna fsp. um það, hver væri munurinn á starfshóp og nefnd. Mér skildist á þeim tengslum sem lágu til þessarar spurningar, að hann væri að kenna stjórnarandstöðunni um þetta orð sem nú er farið að tíðka mjög í þskj. og þingplöggum. Af því að ég er sanngjarn maður vil ég vekja athygli á því, að það var ekki fyrr en við valdatöku núv. ríkisstj. að verulega tók í hnúkana með notkun þessa orðs. Skýringin er að sjálfsögðu sálfræðileg. Það var búið að skopast æðimikið að nefndafargani í þjóðfélaginu og menn voru að létta af sér þunga þeirrar gagnrýni með því að breyta orðinu nefnd í starfshóp. Það var allt sem gerðist, held ég.

Ég verð að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þegar ég kem í ræðustól í þetta sinn er ég að miklu leyti sammála hv. þm. Gunnari Thoroddsen. Þetta er mér alveg sérstakt ánægjuefni og mjög svo gleðileg tilbreyting. Það, sem hann sagði áðan um auglýsingar í sjónvarpi, var allt eins og talað út úr mínu hjarta. En ég spyr, — og ég verð að segja í því sambandi, að það er engin furða þó að hv. 1. þm. Reykv. sé búinn að kveðja sér hljóðs, — ég spyr: Hver ósköpin eru að gerast? Hvað er með allar kenningarnar um frjálsa markaðsþjóðfélagið og frjálsu samkeppnina? Kemur allt í einu upp úr dúrnum að þetta stenst ekki, þessar uppáhaldskenningar Sjálfstfl. standast þarna allt í einu ekki? Einn af forkólfum Sjálfstfl. stendur upp til þess a. m. k. að láta að því liggja að hann væri til viðtals um að setja einhvern hemil á þetta frelsi allt saman. Mæli hann manna heilastur.

Ég held að það hafi verið hann eða einhver annar, sem sagði reyndar: Ég er ekki endilega með því að fara að banna þessar auglýsingar. — Ég er ekki á því heldur að við eigum að fara að banna frekar einar auglýsingar en aðrar, þó að hitt verði náttúrlega að kanna, sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði áðan, að hér sé um að ræða brot á lögum um útvarpsrekstur og auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi þar sem þetta fer að mestu leyti fram á útlensku og þar að auki sungið, eins og hv. þm. benti á. Ég skildi hann reyndar ekki þegar hann talaði um hvort menn vildu ekki taka höndum saman um að breyta hljómi þeirra aulýsinga til samræmis við eitthvað sem heyrði betur undir íslenska framleiðslu, þegar annar þm. var búinn að gera aths. um, að þetta væri raunverulega íslensk framleiðsla. Ég vona að það verði ekki farið að kyrja þetta yfir okkur eftir gömlum kvæðastemmum um ágæti Coca-Cola og Pepsí-Cola. En þó að ég telji e. t. v. ekki hægt að banna tilteknar auglýsingar fremur en aðrar eða það kynni að vera erfitt, þá er ég sannfærður um að þjóðhagslega séð, eins og áhrif þessara auglýsinga eru og hér er verið að tala um innlendan iðnað og keppni við hinn erlenda, væri mikill ávinningur að hætta algerlega við auglýsingar í sjónvarpi, þrátt fyrir allan gróðann sem stofnunin hefur haft, og við yrðum þá að borga þeim mun hærri skatt eða þeim mun hærri afnotagjald fyrir. Ég er sannfærður um að ef skyggnst væri í þessi mál, sem er að sjálfsögðu erfitt, yrði niðurstaðan sú, svo er níðst á innlendum iðnaði á þessum vettvangi. Og fyrir utan það sem heitir þjóðhagslegt, að maður tali nú ekki um sálubótina, sem yrði að því að losna við þessi ósköp: klukkutíma auglýsingar, þar sem keppast tveir risar gosdrykkjanna í heiminum, báðir bandarískir, Coca-Cola og Pepsí-Cola.

Coca-Cola-fólk er búið að syngja í heila mínútu með kertin í höndunum um að Coca-Cola sé „the real thing". Mínútan mun kosta í sjónvarpi hátt í 180 þús. kr., svo að menn sjá hverjir möguleikarnir væru fyrir innlenda framleiðslu að keppa þarna. Síðan kemur álíka löng auglýsing frá Pepsí-Cola sett út í rokk, rokkútgáfa. Mér skilst að það sé skýringin á því, að Kínamenn eru að verða einhverjir mestu Pepsí-Cola-drekkendur í heimi. Þar hefur Pepsí-Cola slegið í gegn og ýmsir vilja þakka það einmitt þessari rokkútgáfu.

Sannleikurinn er sá, að raunverulega innlenda gosdrykki getum við að sjálfsögðu ekki framleitt meðan um er að ræða appelsínusafa og annað slíkt. En hinir gömlu, góðu drykkir okkar eru að sjálfsögðu alveg jafngóðir og þeir nýrri. Þeir hafa bara enga möguleika í samkeppninni. Þegar maður kemur einhvers staðar á ferð um landið og skortur er á gosdrykkjum, þar eru ekki eins margar tegundir og venjulega, þá eru þær tegundir, sem eftir eru, alltaf þessar sem auglýstar eru í útvarpinu, og ef ekki er nema ein tegund til, þá er það Coca-Cola.

Svo að maður leyfi sér að hafa í frammi svolítinn áróður: Egilsgosdrykkirnir gömlu eru að sjálfsögðu alveg jafngóðir og þessir nýju gosdrykkir og eflaust hollari, að maður tali nú ekki um þjóðlegheitin, þar sem framleiðslan er kennd við ekki óþjóðlegri persónu en þar er um að ræða. (**Gripið fram í:** Úr kjördæminu.) Já, og þar að auki úr Vesturlandskjördæmi.

Í sambandi við nauðsyn þess að efla innlendan iðnað var vikið að togarakaupum erlendis, og satt er það, að mikill verkefnaskortur er núna sums staðar, a. m. k. í járniðnaði, og ekkert vit í að vera að panta togarana úr höndum útlendinga þegar við getum smíðað þá sjálfir. Og nú kemur í sama stað niður og oft áður þegar maður á orðastað við hv. þm. Gunnar Thoroddsen, þá nefnir maður fyrirtæki sem heitir Grundartangi. Hv. þm. átti á sínum tíma mikinn þátt í að koma þeirri framkvæmd af stað. Nú er ég sannarlega ekki að mæla því fyrirtæki bót á neinn hátt, ég var á móti því frá byrjun og það þrátt fyrir að fyrir lægju allar þær glæsilegu áætlanir sem þá lágu fyrir um gróða af því, atvinnuaukningu o. s. frv., en það hafa óneitanlega orðið vonbrigði ýmsum þeim, sem trúðu áróðrinum um atvinnuaukningu og annað þess háttar, og þá sérstaklega iðnaðarmönnum, að tækin, útbúnaðurinn til þessarar verksmiðju hefur komið yfirleitt erlendis frá. Iðnaðarmenn á Akranesi hafa horft á bíla fara tugum saman upp bryggjuna. Skipsfarmar eftir skipsfarma hafa komið fullir með þessi tæki. Þessir iðnaðarmenn fullyrða að þeir hefðu getað smíðað þau sjálfir allflest. Um innlenda þátttöku þarna hefur eiginlega ekki verið að ræða, annað en að ágætt fyrirtæki á Skaga fékk það verkefni að girða lóðina, og það fylgdi með, að sú girðing hefði verið sett upp til að verja svæðið fyrir kommúnistum og sauðkindum, og mun víst hvort tveggja hafa tekist. (Gripið fram í.) Þetta er niðurstaðan af áhuganum á innlendum iðnaði í þessu sambandi, og fer ég þá ekki lengra út í þetta mál að sinni.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Umr. hafa nú farið heldur á víð og dreif í þessu máli. Það er e. t. v. ekkert skrýtið að menn leyfi sér aðeins að sletta úr klaufunum — (**StJ.:** Þegar Norðurlandaráð er.) — já, þegar Norðurlandaráðsfundur stendur yfir, og þegar ég segi: sletta úr klaufunum, þá á ég hvorki við sauðfé né kommúnista sem eru á beit í Vesturlandskjördæmi og þarf að girða fyrir til að þeir komist ekki inn á svæði Grundartanga. Síður en svo var það mér í huga. En hér hefur verið rætt um margt og mikið í sambandi við innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum og talið m. a. borist að sjónvarpinu og auglýsingum í því.

Ég skal vissulega taka undir orð þeirra sem hér hafa talað um sjónvarpsauglýsingar, að það er kominn tími til þess að huga að því máli sérstaklega. Þá á ég við það, að hugað sé að því hvort það geti verið að auglýsingar, sem sýndar eru í íslenska sjónvarpinu, hafi skaðleg áhrif á börn. Hitt, hvort auglýsingar, sem koma frá Coca-Cola eða Pepsi-Cola, séu verri eða siðlausari en aðrar auglýsingar, skal ég ekki fjalla um. A. m. k. ef Coca-Cola-auglýsing er siðlausari en aðrar, sem þarna eru sýndar, þá er ýmislegt orðið siðlaust í sjónvarpinu. Það má þó vera að þýðingin á þessari auglýsingu fari á milli mála eftir því hver þýðir, og má vera að fyrri ræðumaður hv. hafi verið að ýja að því. Og þá skal viðurkennt að það má sjálfsagt þýða „real thing" með ýmsu móti á íslensku og skal ekki farið nánar út í þá sálma.

Ég held samt sem áður að það sé ekki rétt sem hér hefur komið fram um það, hverjar reglur sjónvarpsins séu um auglýsingar. A. m. k. er það svo, að þær reglur hafa verið túlkaðar með þeim hættti, að það nægði í sjónvarpinu að íslenskur texti kæmi fram einhvers staðar í auglýsingunni. Það má vel vera að þurfi að breyta þessu, en þetta hefur verið túlkað á þennan veg og aths. hafa ekki, svo að ég muni, komið upp í útvarpsráði varðandi það mál sérstaklega. (Gripið fram í.) Nei, af því að hv. þm. Jónas Árnason spyr að því, þá er síðast í þessari auglýsingu slegið upp mynd þar sem stendur eitthvað á þessa leið: „Drekkið Coca-Cola ískalt", svo að það fari ekkert á milli mála. Ég biðst afsökunar á því að vera kominn hér í ræðustól til þess að auglýsa Coca-Cola, en hér var auglýstur hálfáfengur drykkur kenndur við ágætan höfðingja sem áður bjó á Vesturlandi. (**Gripið fram í:** Hann bjó þar lengst af.) Já, þar sem nú býr annar ágætur höfðingi sem er meðal okkar í dag og er skáld gott líka. Um þetta ætla ég ekki að fjalla lengur. Ég vildi þó að það kæmi fram til leiðréttingar hvernig á þessu stæði.

Hins vegar er ástæða til að fara nokkrum orðum um þau sjónarmið, sem komu fram í ræðu hv. þm. Stefáns Jónssonar um EFTA og iðnaðinn. Það þarf nefnilega að koma skýrt fram, að það er varla hægt að tala um kvaðir á iðnaði þegar við gengum í EFTA. Ég held að það væri ósanngjarnt að segja það, vegna þesss að í raun naut iðnaðurinn áður þeirra réttinda og skjóls sem tollar veita innlendum atvinnuvegi. Við verðum að hafa það hugfast, að forustumenn í iðnaði studdu inngöngu okkar í EFTA á sínum tíma, og við verðum enn fremur að hafa það í huga, að gagnrýni þeirra hefur fyrst og fremst verið beint að stjórnvöldum. Þeir hafa talið að íslensk stjórnvöld hafi ekki nýtt aðlögunartímann nægilega vel. Það hafi ekki verið nægilega farið eftir tillögum iðnrekenda og annarra samtaka iðnaðarins um þau efni. Það þýðir ekki það og er ekki það sama og kom fram hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að iðnaðurinn hafi verið á móti því eða sé nú að átta sig á því, að hann hefði átt að vera á móti inngöngu Íslands í EFTA. Við megum ekki gleyma því, að inngangan í EFTA var einnig gerð til þess að skapa okkur tækifæri á mörkuðum, nýjum mörkuðum í EFTA-löndunum. Tollalækkunin var auðvitað ekki einhliða. Það vorum ekki aðeins við sem lækkuðum tolla á vörum sem komu til okkar, heldur lækkuðu að sjálfsögðu tollar ann-

ars staðar á þeirri vöru sem við höfum haft tækifæri til að flytja til annarra þjóða. Hitt má svo deila um, hvort aðlögunartímabilið hafi verið nægilega nýtt, en þetta má ekki gleymast þegar rætt er um EFTA.

Hv. 4. þm. Vesturl., Jónas Árnason, talaði um að nú væru sjálfstæðismenn hættir að tala um frjálsa samkeppni og frjálsan markað. Ég get huggað hann með því, að þetta er ekki rétt. Hann á enn þá andstæðinga í þingsölunum. (Gripið fram í.) Málið er það, að við verðum að viðurkenna að það er ekki hægt að koma á fót hér á landi og stunda allan iðnað sem nöfnum tjáir að nefna. Við verðum að velja úr og við verðum að velja úr þann iðnað sem er arðsamastur, arðgæfastur, gefur okkur mest í aðra hönd, og þegar um það er talað verðum við að hafa samanburð. Samanburðinn höfum við í innflutningnum eða ef margir framleiðendur eru á sama markaði. Ef við teljum okkur trú um að við getum lokað landinu — og landið var einu sinni lokað — og byrjað enn þá einu sinni að framleiða eins og hvergi annars staðar sé framleitt í heiminum, á grundvelli þess að hér á Íslandi ríki sérískenskar aðstæður, þá verðum við að átta okkur á því, að afleiðingin verður sérískensk kjör, máske miklu verri kjör en voru hér áður. Það getur vel verið að við verðum jafnhamingjusöm, jafnvel hamingjusamari. En ég hef hvergi séð það á stefnuskrá nokkurs stjórnmálaflokks, að hann vilji láta lífskjörin á Íslandi versna, og þá á ég við efnaleg lífskjör. Þessu verðum við að átta okkur á. Það er um þetta sem valið stendur.

Auðvitað á hið opinbera hlutverki að gegna í þessum málum. Hér hefur verið bent á það rækilega í þessari ágætu þáltill., hvernig einn þáttur þessa máls er. En þeir eru fleiri. Ríkisvaldinu ber t. d. að ganga á undan á vissum sviðum, kanna hverjir eru kostir hér á landi til þess að koma upp arðbærum iðnaði. Þetta gera t. d. rannsóknastofnanir okkar, þetta er hlutverk Iðntæknistofnunar, og það þarf að styðja það hlutverk. Og ríkinu ber að sjálfsögðu að útvega fjármagn til þess að ríkið og ríkisstofnanir geti staðið undir nafni. Ég hef bent á það hér fyrr í ræðu, að það er hægt að útvega slíkt fjármagn með því t. d. að losa um þá peninga sem eru bundnir í félögum sem ríkið á aðild að eða á alfarið, með því að selja þau einstaklingum, nýta síðan það fjármagn, sem þar losnar um, til þess að setja sem áhættufé eða fé í nýiðnaði, sem svo er kallaður, í nýjum atvinnutækifærum í iðnaði. Þetta verðum við að hafa í huga.

Um þá till., sem hér liggur fyrir, skal ég ekki verða langorður. Ég styð hana. Ég veit að starfshópur hefur starfað að þessu máli undir forustu ágæts manns, Þorvarðar Alfonssonar, og ég veit um það líka, að von er á því innan mjög skamms tíma að sá hópur skili áliti og niðurstöðum. Ég er viss um að í því áliti verða margar gagnlegar ábendingar. Ég vil aðeins að lokum nota tækifærið til þess að þakka hv. flm. og eins hæstv. fyrrv. iðnrh. fyrir það frumkvæði sem þeir hafa sýnt í þessu máli.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa fullum og einlægum stuðningi við þá till. sem hér er til umr., en geri mér jafnframt ljóst að hér er á ferðinni mál sem ekki verður leyst á örskömmum tíma og jafnvel ekki löngum tíma. Til þess liggja ýmsar ástæður sem ég mun ekki rekja hér. Hins vegar er aðalerindi mitt hingað í stólinn að taka þátt í þeirri umr. sem hefur hafist um auglýsingar í sjónvarpi á varningi sem keppir við íslenskan iðnvarning. Ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem hafa gagnrýnt þær auglýsingar sem nú sjást gjarnan í íslenska sjónvarpinu og jafnvel í íslensku dagblöðunum. Þetta mál hefur komið til umr. í útvarpsráði nú að undanförnu og mjög verið gagnrýnt hvernig ýmsar auglýsingar um erlendan iðnvarning og aðra vöru hafa komist í gegn og verið sýndar í sjónvarpi.

Ég tel að í mörgum tilvikum hafi verið brotin þau lög eða þær reglur sem um auglýsingar í sjónvarpi gilda. T. d. er það mér mjög til ama að heyra verulegan hluta af auglýsingatíma sjónvarps á erlendu tungumáli og að íslenskan skuli eiga þar erfitt uppdráttar. Ég get ekki heldur sætt mig við auglýsingar — og vona að það verði ekki tekið sem atvinnurógur — um hreinlætisefni sem á að hafa þá eiginleika að koma brotnum hurðum á hjarir og gera við ýmsar skemmdir í húsnæði og eldhúsum manna. Reynsla mín af eldhússtörfum er sú, að uppúrsuða næst ekki af með þvottalegi, hversu góður sem hann annars er.

Við skulum hafa í huga að aðstaða íslensks iðnaðar til samkeppni við þau erlendu risafyrirtæki, sem þarna auglýsa, er mjög erfið. Í fyrsta lagi er það svo, að auglýsingafé þessara erlendu fyrirtækja er gífurlega mikið. Íslenskir umboðsaðilar fá auglýsingakostnaðinn endurgreiddan og geta þess vegna, ef erlendu fyrirtækin eru örlát, auglýst gífurlega mikið, eins og komið hefur fram um stöku vörutegundir. Ég held að þegar við tölum um þessar erlendu auglýsingar getum við sett íslensku dagblöðin undir sama hatt, því að þar gilda nánast alveg sömu lögmál. Það, sem er þó sýnu lakast, er að hér er um að ræða ríkisstofnun sem ber að gæta þess að verið sé að auglýsa raunverulega eiginleika vörunnar, en ekki tilbúna eiginleika. Á þetta hefur mjög skort. Þetta hefur verið tekið til umr. í útvarpsráði, og ég vænti þess fastlega að á þessu verði breytingar mjög fljótlega.

Ég held að það sé spurning sem menn verði að velta fyrir sér um auglýsingar ríkisfjölmiðlanna, hvort eigi að taka þá stefnu að hætta auglýsingum t.d. í sjónvarpi og jafnvel einhverjum hluta af útvarpsauglýsingum. Hér er á ferðinni talsvert mikið fjárhagslegt mál sem hver og einn verður að taka afstöðu til. Í fyrsta lagi liggur það ljóst fyrir, að með því að hætta auglýsingaflutningi í sjónvarpi og ég tala nú ekki um í hljóðvarpi, þá jafngildir það mjög verulegri hækkun á afnotagjöldum útvarps- og sjónvarpsnotenda og/eða hækkun á sköttum almennings.

Það er nú svo, að mjög verulegur hluti af rekstrarfé Ríkisútvarpsins er fenginn fyrir auglýsingar. Ef við gætum losnað við þennan hvimleiða þátt að mínu mati, sérstaklega í sjónvarpi, þá jafngildir það því að við verðum að hækka afnotagjöldin mjög mikið. Sama gildir um útvarpið að öðru leyti en því, að ég tel að ýmsar auglýsingar í útvarpi hafi verulegt þjónustugildi. Á ég þá einkum við atvinnuauglýsingar og aðrar auglýsingar sem bera það í sér að þær þjóna landsmönnum öllum og eru þess vegna mjög mikilvægar í landi þar sem samgöngur eru erfiðar. Ég held að á meðan stjórnvöld halda Ríkisútvarpinu í slíku fjársvelti að til verulegra vandræða horfir, eins og nú er, sé þetta ekki raunhæf hugmynd, nema þá stjórnvöld finni leiðir til þess að skapa nýja tekjustofna fyrir Ríkisútvarpið. (**Gripið fram í:** Eða stytta útsendingartímann.) Eða stytta útsendingartímann, það er hugsanlegt. Þessi mál eru mjög á dagskrá núna, og það er kannske rétt, úr því að farið er

að ræða um þennan þátt, að benda á að Ríkisútvarpið stendur nú frammi fyrir mjög alvarlegum vanda vegna þess hve tekjustofnar þess verða fyrirsjáanlega skornir niður. Það út af fyrir sig er mál sem Alþ. þyrfti að fjalla sérstaklega um. Að mínu mati er þar á ferðinni vandi sem snertir okkur alla mjög og við verðum að taka afstöðu til.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram vegna þeirra umr. sem hér hafa orðið og eru mjög tímabærar. Þetta hefur verið rætt í útvarpsráði og verður rætt áfram, og ég vænti þess fastlega að þær auglýsingareglur, sem nú gilda, en að mínu mati hefur verið farið á svig við, verði látnar verka að fullu á nýjan leik þannig að a. m. k. þessi þáttur komi ekki í veg fyrir að íslenskur iðnaður geti staðið í þeirri samkeppni sem hann verður að standa í gagnvart erlendum iðnvarningi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa stuðningi mínum við þá till. sem hér liggur fyrir til umr., á þskj. 66, um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum. Ég vil líka svara hv. 4. þm. Vesturl. þegar hann segir að kenningar Sjálfstfl. um frjálsa samkeppni standist ekki. Það er alrangt og hann ætti að kynna sér betur hvernig hin frjálsa samkeppni var studd í innkaupum Reykjavíkurborgar meðan Sjálfstfl. réð þar ríkjum. Þar hefði hann séð í fullum gangi þá kenningu sem hann telur í hættu.

Till., sem nú er til umr., gerir ráð fyrir að það verði kannað í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga eftir hvaða leiðum er unnt að auka verulega innkaup ríkis og sveitarfélaga á því sem þessir aðilar þurfa að kaupa inn. Það er tiltölulega nýafstaðið íslenskt iðnkynningarár, eins og fram kemur í grg. Á þessu iðnkynningarári gekk það eins og rauður þráður í gegnum allt þjóðfélagið, að nú skyldi kaupa íslenskt, auka neyslu innanlands á íslenskum framleiðsluvörum. Það hafði einhver áhrif, en tvímælalaust minni áhrif en efni stóðu til og ekki eins mikil áhrif og það fjármagn, sem sett var í þetta iðnkynningarár, gaf ástæðu til að vona fyrir fram. Til þess eru ýmsar ástæður.

Ég verð að segja að sú iðnkynning, sem átti sér stað hér á Reykjavíkursvæðinu, opnaði augu mín fyrir því, hvað íslenskur iðnaður er fjölbreyttur, hvað margt er framleitt, hvað varan er vönduð og hve lítil ástæða er til að kaupa erlent þar sem íslensk hönd og hugvit kemur nálægt. En því miður, og það er það sem gefur þessari till. hvað mest gildi, eru það oft opinberir aðilar, ríkið og sveitarfélög, sem koma í veg fyrir að íslenskur iðnaður komist að í samkeppni við erlendan á okkar innlenda markaði. Ætla ég að nefna dæmi um það.

Elsta dæmið, sem ég veit um, er að Rafha í Hafnarfirði var komin með sérstaka deild þar sem fjöldi manns, ég held milli 15 og 20 manns, vann að framleiðslu á straumbreytum sem mikið eru notaðir um land allt, — ég held ég fari rétt með þegar ég tiltek þessa vörutegund: straumbreyta, og hafði þá búið sig undir að þjóna íslenskum rafveitum, bæði sveitarfélögum og ríkinu. En innlendir opinberir aðilar biðu með útboðslýsingar sínar þangað til á vörunni þurfti að halda og buðu þá út það magn og með það stuttum afgreiðslutíma að Rafha stóð hvorki undir fjármögnun á hráefni til framleiðslunnar né heldur gat hún keppt með sínum tiltölulega fáu mönnum, sem að þessu unnu og höfðu sérþekkingu, við erlendar stórar verksmiðjur. Þessi framleiðsla Rafha hefur nú lagst niður og þekkingin er að hverfa, því að mennirnir, sem störfuðu að þessari framleiðslu og höfðu áunnið sér reynslu og þekkingu við framleiðsluna, eru hættir í verksmiðjunni og komnir í önnur störf eingöngu vegna þess að pantanir eða útboð frá opinberum íslenskum aðilum voru of stór til að verksmiðjan réði við framleiðsluna með þeim afgreiðslutíma sem hún þurfti að standa við. Þarna hafa íslenskir opinberir aðilar hreinlega orðið til þess að drepa niður íslenskan iðnað í staðinn fyrir að það hefði verið hægt að gera langtímaáætlun um hvað mörg stykki af þessum straumbreytum, — ef ég má nota það orð, ég er ekki alveg viss um að það hafi verið straumbreytar, en mig minnir það, — hefði þurft að nota dreift yfir ákveðið langt tímabil, eitt ár eða fleiri ár, í stað þess að bíða þangað til á miklu magni vörunnar þurfti að halda.

Annað dæmi er mér minnistætt frá iðnkynningarsýningunni hér í Reykjavík, athyglisvert dæmi um við hvaða skilyrði íslenskur iðnaður verður að búa. Við sáum á þessari sýningu smáa hluti og stóra hluti sem ekki voru flóknir í framleiðslu. Við sáum líka flókna hluti, tölvur o. fl., sem íslenskir aðilar bjuggu til, byggðu upp innlendis. Mér er sérstaklega minnistæður einn sýningarbás, þar var íslenskt litsjónvarp. Þar voru ungir menn sem voru með íslenskt sjónvarp. Og í næsta bás við var íslensk tölvutækni til sýnis. Hvorugur þessara aðila gat framleitt í neinu magni vegna þess að þeir þurftu að standa skil á svo háum opinberum gjöldum að þau væru sambærileg við þær tolltekjur sem ríkið hefur af þessum sömu tækjum erlendis frá. Ég veit ekki hvort þessir ungu íslensku iðnaðarmenn og hugvitsmenn hafa haldið áfram framleiðslu sinni að einhverju óverulegu marki, kannske bara til þess að halda þekkingunni við, en a. m. k. töldu þeir sig ekki geta framleitt á tíðkanlegu verði, vegna þess að þeim fannst það of dýrt eða of lítið, sem þeir fengju að halda eftir, til þess að það borgaði sig.

Ég held að það sé full ástæða til að þáltill. þessari, sem hv. þm. Eggert Haukdal flytur verði flýtt og þeirri athugun, sem hann óskar eftir að fram fari, verði einnig flýtt.

Við skulum taka annað dæmi, vegna þess að Coca-Cola hefur komið hér til umr. Coca-Cola og sú mikla útbreiðsla, sem Coca-Cola hefur notið hérlendis og annars staðar, hefur ekki bara verið til bölvunar. Coca-Cola hefur orðið til þess, að íslenskur aðili, bændasamtökin eða Mjólkursamsalan í Reykjavík, hefur tekið upp þá nýjung að hafa í boði nýjar tegundir af svaladrykkjum sem eru í beinni samkeppni við þá hefðbundnu svaladrykki sem hafa verið hér á markaðnum árum og áratugum saman og að sjálfsögðu hafa náð hámarki með því geysilega magni sem selt er af Coca-Cola. Við verðum að vona að þessi framleiðsla Mjólkursamsölunnar breyti drykkjuvenjum á svaladrykkjum á Íslandi þannig, að sú tilraunastarfsemi beri þann árangur að Íslendingar drekki meira af því sem framleitt er innanlands úr innlendum svaladrykkjaefnum.

Ég ætla ekki að segja miklu meira um þetta mál. En ég vil leggja áherslu á það, að Reykjavíkurborg undir forustu Sjálfstfl. tók upp þá stefnu að kaupa innlendar framleiðsluvörur jafnvel þó mismunur færi fram úr 15% hærra verði á erlendum sambærilegum vörum. Við höfum í sumum tilfellum, þegar starfsgrein hefur verið í hættu, eins og t. d. þegar smíði yfirbygginga á strætisvagna var ákveðin innanlands, greitt 30% hærra verð til þess að reyna að halda í landinu þessari framleiðslu og þeirri þekkingu sem það fyrirtæki hafði, þ. e. Bílasmiðj-

an. En því miður fór það svo, að þessi framleiðsla lagðist niður þrátt fyrir viðleitni borgarinnar.

Ég vil líka segja það, að 15% munur er enginn munur, hann er ekki íslenskum iðnaði í hag. Ef við tökum það verð, sem boðið er erlendis, frá og svo verð á sambærilegum íslenskum iðnaðarvörum og drögum frá því verði öll þau opinberu gjöld, sem hvíla á framleiðslunni, og öll þau opinberu gjöld, sem tekin eru af þeim íslensku höndum sem vinna við framleiðsluna, allt það sem þessir aðilar greiða í opinber gjöld, og drögum það frá verðinu, þá eru 15% ekki nóg. Það má hafa þessa upphæð miklu hærri til þess að gera hana sambærilega, því að erlendir aðilar, sem bjóða framleiðslu sína á íslenskum markaði, standa okkur ekki skil á neinum opinberum gjöldum. Erlenda tilboðið er nettótala sem fer til útlanda. Ég vil því ljúka þessum orðum mínum með því að lýsa yfir fyllsta stuðningi við fram komna till. hv. þm. Eggerts Haukdals og vona að sá skilningur ríki hér, að hún sé nauðsynleg og þar af leiðandi verði allt gert til að greiða götu þessarar till. í gegnum þing og nefnd og að hún komist sem fyrst til framkvæmda. Okkur ber skylda til að styðja við bakið á íslenskum iðnaði sem mest við megum. Það er þjóðarhagur.

Flm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. alþm. undirtektir við þessa till. Umr. hafa farið nokkuð á dreif, en þær hafa verið mjög jákvæðar um till., og ég held að ekki hafi verið illa varið tímanum til að ræða hér aðeins vandamál eins okkar atvinnuvegar, iðnaðarins, þessa stund. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir að taka þetta mál á dagskrá. Það var aftarlega á dagskránni, en búið að bíða eins og reyndar margir þm. hafa orðið við að búa í vetur, að bíða eftir að mál þeirra kæmust á dagskrá. Ég vil leyfa mér að þakka fyrir það.

Hv. þm. Stefán Jónsson varpaði hér fram hver væri munur á starfshóp og nefnd, því að ég nefndi starfshóp í mínu máli, og hv. þm. Jónas Árnason svaraði því raunar. Ég vil aðeins bæta því við, að um áramótin var greint frá því, að hæstv. iðnrh., — hann er því miður ekki viðstaddur hér í dag, — skýrði frá að hann hefði lagt niður 10 nefndir, en skipað hins vegar í staðinn 6 starfshópa.

Aðalatriðið í sambandi við þetta mál að það nái fram að ganga og komist í raunverulega framkvæmd og að þessir aðilar, sem hér er farið fram á, ríki og sveitarfélög, marki sér ákveðna stefnu, eins og Reykjavíkurborg hefur gert myndarlega, og þetta verði sem allra fyrst að veruleika. Þessari till. var varpað fram til að hreyfa hér merku máli, og ég vona að hún nái þeim tilgangi sem til var ætlast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gjald á veiðileyfi útlendinga, þáltill. (þskj. 18). — Frh. einnar umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er rétt, að hér er um að ræða 18. mál þingsins. Það virðist því vera kominn tími til að skila þessari till. af sér til n., svo að hún fái venjulega þinglega meðferð. Það má vel vera að þeir, sem voru á mælendaskrá, séu farnir að týna tölunni, því að síðast mun þessi till. hafa verið rædd á aðventu fyrra árs. En þar sem ég hafði lofað að koma nokkrum aths. á framfæri ætla ég að nota tækifærið og segja örfá orð um till. áður en hún fer sína þinglegu leið.

Þegar málið var hér síðast á dagskrá var það rætt almennt frá ýmsum sjónarmiðum, bæði veiðiréttareigenda og veiðimanna, og komu fram ýmis viðhorf. Ég ræddi málið þá stuttlega frá sjónarmiði veiðiréttareigenda, en seinna hafa nokkrir forustumenn íslenskra stangveiðimanna komið að máli við mig. Þeim þótti nokkuð á sig eða sinn málstað hallað í ræðum sumra þeirra er töluðu um málið á síðasta ári. Það er reyndar fjarri lagi að gera þessa till. eða umr. um hana að nokkru árásarefni á íslenska stangveiðimenn, því að það er auðvitað fríður flokkur manna og yfirleitt ágætismenn, þó að oft sé misjafn sauður í mörgu fé. Þau orð, sem ég hef um þessa till. hér á eftir, verða því aðallega töluð frá sjónarmiði íslenskra stangveiðimanna og þeirra annarra sem vilja njóta návistar við íslenska náttúru og hafa af því nautn og yndi.

Þeir hafa fyrst látið þess getið, að Landssamband ísl. stangveiðimanna var stofnað 1950. Það kom fram í máli manna, að um væri að ræða allt að 33 þús. stangveiðidögum á ári, af þeim hefðu Íslendingar um 19 þús., útlendingar um 5 þús., en um 8900 dagar væru óseldir. Þá hafa sumir viljað segja sem svo: Hvað eru íslenskir stangveiðimenn að kvarta? Hvers vegna kaupa þeir ekki upp þessa 8900 daga? — Þá hefur verið tekið fram að þessir veiðidagar séu yfirleitt hinir lélegustu, þeir séu í bæjarlækjum og smálækjarsprænum þar sem lítil sé veiðivon. Bent hefur verið á að útlendingar hafi yfirleitt besta tímann og bestu árnar. Í því sambandi hafa verið nefndar margar ágætar veiðiár og þarf raunar naumast annað en nefna þau nöfn sum til þess að mönnum standi ljóslega fyrir hugskotssjónum að þar er um girnilegar veiðiár að ræða. Ég nefni nokkur þeirra nafna: Það eru Laxá í Kjós, Laxá í Leirársveit, Grímsá, Kjarrá og Þverá, Langá, Hítará, Haffjarðará, Straumfjarðará, Laxá í Dölum, Víðidalsá, Vatnsdalsá, Laxá í Aðaldal, Deildará, Hölkná og Hafralónsá, Hofsá og jafnvel sjálft Sogið. Þannig mætti ræða lengi frá þessu sjónarmiði.

Bent var á það hér í umr., að íslenskir stangveiðimenn ættu ekki að segja margt því að stundum hefðu þeir yfirboðið útlendinga. Því svara íslenskir stangveiðimenn á þann veg, að jafnvel þótt slíkt hafi komið fyrir hafi útlendingar hreppt viðkomandi ár.

Það liggja svo að sjálfsögðu fyrir tölur um laxveiði eða hve margir laxar hafi veiðst á tilteknu árabili. Er t. d. bent á að árið 1935 hafi veiðst um 35 þús. laxar, árið 1945 hafi sú tala verið komin niður fyrir 10 þús., en síðan einmitt um 1950 og á árum þar á eftir hafi þessi tala farið stöðugt hækkandi: 1950 16 649 veiddir laxar, 1955 23 486, 1960 32 974, 1965 35 707, 1970 55 971 og árið 1975 hafi tala veiddra laxa verið komin upp í um 70 þús. Það má svo auðvitað endalaust um það deila, hverjum þetta er að þakka, hverjir hafi ræktað upp árnar, hvaðan peningarnir hafi komið til þeirra framkvæmda o. s. frv. En þar hygg ég að báðir aðilar hafi nokkuð mikið til síns máls, bæði veiðimennirnir og veiðiréttareigendurnir.

Þá hafa íslenskir stangveiðimenn bent á að þeir hafi hvað eftir annað sýnt mikinn áhuga á því að rækta upp eða leggja sitt af mörkum til þess að rækta upp góðar veiðiár, t. d. hafi þeir borið fram þá tillögu 1957 að stofna fiskræktarsjóð, þeir hafi verið stuðningsmenn þeirrar tillögu, sem ekki náði þó fram að ganga fyrr en síðar. Þá hafi þeir barist fyrir því og lagt mikla áherslu á að erlend veiðitæki, sem hingað berast til lands, séu sótthreinsuð

þannig að ekki stafi hætta af því að með þeim berist sóttkveikjur í íslensk veiðivötn. Svo mætti lengi telja.

Af því, sem hér hefur verið rakið, má ljóst vera að margs er að gæta í þessu máli. Hagsmunir eru miklir í húfi, málin viðkvæm og sjónarmið ólík, eins og oft vill verða. Alkunn er þessi gamla vísa:

Sé ég eftir sauðunum,
sem að koma af fjöllunum
og étnir eru í útlöndum.

Hún lýsir viðhorfi íslenskra alþýðumanna meðan svo var lært í landi að menn urðu að hafa sig alla við til að hafa í sig og á. Og hinn landskunni talsháttur: „Það er fallegt á Hvítárvöllum þegar vel veiðist" — ber einnig nokkurn keim af þessu hugarfari. Nú hafa landsmenn, sem betur fer, nægilegt að borða, nóg að bíta og brenna. En þá hafa þeir jafnframt betri fjárráð, betri tíma og tækifæri til að njóta yndis í eigin landi.

Ég man það, að vorið 1975 heimsótti ég íslenskan lækni í Lundi í Svíþjóð. Hann var búinn að vera 13 ár samfellt erlendis, á Norðurlöndum, bæði við nám og starf, og var nýbúinn að taka doktorsgráðu með sæmd í æðaskurðlækningum. Þessi maður féllst á að koma frá hinni ríku Svíþjóð og gerast læknir vestur á landi. Það er Halldór Jóhannsson læknir, sem varð sjúkrahúslæknir í Stykkishólmi, hinn mætasti maður á allan hátt og ágætur sérfræðingur. Ég spurði hann að gamni mínu, hvort hann væri ekki nokkuð kvíðinn að flytja frá þessu landi allsnægtanna, þar sem heita mátti að grónir akrar og engi væru allt um kring, og gerast læknir á vesturströnd Íslands. Hann átti myndarlega fjölskyldu, eigið íbúðarhús og hvað eina í Svíþjóð. Hann svaraði spurningu minni þannig, að fyrir utan það, að Ísland togaði í sig eins og marga góða Íslendinga fyrr og síðar, væri ein aðalástæðan fyrir því, að hann vildi umfram allt flytja til Íslands, sú að þá gæti hann notið útivistar í íslenskri náttúru, gengið á vit íslenskra veiðivatna, fjalla og fegurðar í frístundum sínum.

Þetta sjónarmið verðum við að meta mikils. Ég tel að eitt það besta, sem við getum gert fyrir æsku landsins, fyrir unga fólkið í landinu, sé að kenna því að lesa í bók íslenskrar náttúru. Í því sambandi koma mér í hug orð þjóðskáldsins Jónasar Hallgrímssonar, sem var einn mesti náttúruskoðari og elskhugi íslenskrar náttúru fyrr og síðar. Hann kveður svo á sumardaginn fyrsta 1842:

Leyfðu nú, drottinn, enn að una
eitt sumar mér við náttúruna.
Kallirðu þá, ég glaður get
gengið til þín hið dimma fet.

Þannig má ræða þetta mál fram og aftur og blanda það bæði alvöru og gamni.

Þess vegna er það leið þróun, ef íslenskir stangveiðimenn verða útilokaðir frá mörgum bestu laxveiðiám landsins. Hvort samþykkt þeirrar till., sem hér er rædd, leysir vanda þeirra að þessu leyti er allt annað mál. Ég tel að svo sé ekki. Á hinn bóginn þarf að athuga málin í heild frá öllum sjónarmiðum. M. a. þarf að endurskoða gildandi löggjöf um lax- og silungsveiði og ná þjóðarsátt í þessum málum sem öðrum.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Þá vona ég að sé að ljúka kostulegri ferð þessa máls í gegnum þingið og það fái þá þinglegu meðferð að komast til nefndar. Ég verð að segja að ég er í býsna skemmtilegri aðstöðu til að eiga orðastað við hv. síðasta ræðumann, sem nú er kominn í forsetastól. Ég vænti þess, að varaforseti fari að hverfa á braut svo hann eigi ekki möguleika á því að koma hér á eftir þegar ég hef talað.

Ég ætla ekki að hefja á ný umr. um þau deiluatriði sem fram hafa komið í þessu máli. Ég vil aðeins leggja áherslu á nokkur atriði sem ég tel mikilvæg.

Í fyrsta lagi er kjarninn í þessari till. sá, að Íslendingar njóti jafnréttis á við útlendinga í eigin landi. Þetta er rauði þráðurinn í þeirri till. sem ég hef hér borið fram, ásamt með því að sú gjaldtaka, sem hér um ræðir, renni til þess að efla fiskrækt á Íslandi sem ekki er í nógu góðu lagi og þarf að batna að mun, og þá á ég einkum og sér í lagi við þann fiskibúskap sem íslenskir bændur gætu ástundað og haft af mjög verulegar tekjur.

Ég held að öllum mönnum hljóti að vera ljóst að á meðan sú þróun, sem nú er, á sér stað í nágrannalöndum okkar, m. a. vegna mengunar, muni ásókn í íslenskar laxveiðiár aukast til muna á næstu árum. Ég vil að við reynum að sporna við þeirri þróun sem ég tel fyrirsjáanlega, að útlendir auðmenn nái tökum á fleiri og fleiri íslenskum laxveiðiám þar sem Íslendingar geta ekki keppt við þá um leiguna.

Það er skemmst frá því að segja, að frá því að þessi þáltill. var lögð fram hefur margt gerst í sambandi við samningagerð um íslenskar laxveiðiár við útlendinga, sem sannar það mál sem ég hef verið að flytja. Menn hafa tekið til höndunum og undirritað samninga um dýrmætar, fallegar íslenskar laxveiðiár — samninga við útlendinga sem hafa greitt fyrir þær miklum mun hærra verð en Íslendingar hafa getað borgað.

Þessum þáttum málsins vil ég að þm. geri sér ljósa grein fyrir. Mengun í ám á meginlandi Evrópu og á Bretlandseyjum hefur stöðugt farið vaxandi. Lax hefur horfið úr þessum ám og í heiminum má nánast telja á fingrum annarrar handar verulega góðar laxveiðiár, þar sem menn geta sótt þær í byggðum löndum. Þetta hefur haft þau áhrif á síðustu árum að ásóknin í íslenskar laxveiðiár hefur aukist. Sagan um laxveiðina á Íslandi, um þessar perlur íslenskrar náttúru, hefur borist út um allan heim og það eru stöðugt auðugri og auðugri menn sem gera tilkall til íslenskra laxveiðiáa.

Ég vænti þess eindregið, að a. m. k. sú umr., sem hér hefur farið fram, muni verða til þess að laxveiðilöggjöfinni verði breytt, hún verði endurskoðuð og henni verði breytt, það verði m. a. komið í veg fyrir að útlendingar geti alfarið tekið á leigu íslenskar ár og haft þær á leigu og ekki leyft Íslendingum að veiða þar. Ég vil endurtaka dæmið um Laxá í Dölum, sem ég nefndi í upphafsorðum mínum þegar þetta mál kom fyrst á dagskrá, þar sem útlendingar hafa ána alfarið á leigu og banna Íslendingum veiðar. Það er ljótt dæmi að mínu mati. Þetta er nákvæmlega það sama og að flytja hlunnindi úr landinu til annars lands. Þessa þróun vil ég að menn sjái að þarf að stöðva.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Þetta er fjórða lotan við umr. málsins og nú fyrst er okkur að takast að koma þessu máli til n. Ég held að einmitt þetta sýni að hér er á ferðinni mál sem við verðum að huga vandlega að og taka afstöðu til. Og ég vænti þess eindregið að hv. þm., hvort sem þeir renna fyrir lax eða eiga laxveiðiár eða hluta af laxveiðiám, hugsi þetta mál nú vandlega, en ekki eingöngu út frá einhverjum hagsmunasjónarmiðum sem erfitt er að henda reiður á þegar

rætt er um peninga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 56). — Ein umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir till. á þskj. 56, sem ég flyt ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni og fjallar um að Alþ. álykti að fela utanrmn. Alþingis að gera úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll og þá einkum og sér í lagi á fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar.

Ég vil fyrst í stað leggja á það þunga áherslu, að hér er ekki verið að leggja til sérstaka rannsóknarnefnd, þá tegund af rannsóknarnefnd sem hefur orðið mörgum hv. þm. þyrnir í augum, heldur er verið að leggja til að n., sem þegar er til og starfar þar að auki lögum samkvæmt allt árið, nefnilega utanrmn., taki að sér að annast þessa úttekt. Í annan stað sýnist mér frá þingskapalegu sjónarmiði að þetta mál þurfi ekki af þessum sökum nema eina umr. og að henni lokinni taki hv. Sþ. afstöðu til þess, hvort það feli utanrmn. að taka úttektina að sér eða ekki.

Nú ber að leggja á það þunga áherslu, áð tilgangur slíkrar úttektar er ekki að fella dóm í sjálfu sér, og þess vegna tel ég engan veginn rétt á þessu stigi málsins að fjalla um fyrirtækið Íslenska aðalverktaka, hvorki sögu þess né viðskiptahætti. Það er þó alveg ljóst, að um langt skeið — það mun vera um aldarfjórðungsskeið — hafa þessi viðskipti verið með nokkuð öðrum hætti en önnur viðskipti í landinu, vegna þess að þetta fyrirtæki hefur eftir ákveðnum leikreglum haft einokunaraðstöðu — ríkisverndaða einokunaraðstöðu — til þess að eiga viðskipti við svokallað varnarliðið í Keflavík.

Ég tel að það hafi ævinlega orðið umræðum um þennan rekstur til allmikils baga, að þeir hafa einokað þessar umr. sem fyrir fram er vitað að hafa mótaða afstöðu í öryggis- og varnarmálum Íslendinga, svo að umr. um þessi mál — þ. e. a. s. Íslenska aðalverkataka og þessa viðskiptahætti — hafa varla verið komnar á nokkurt skrið þegar inn í málið hafa blandast tilfinningalegar umr. um varnar- og öryggismálin vítt og breitt. Þarna hefur ekki verið greint glögglega á milli, með þeim afleiðingum að umr. um þetta hafa venjulega dottið upp fyrir. Í till., sem hér er lögð fram, kveður að því leyti við annan tón en kannske oft áður, að báðir flm. þessarar till. eru stuðningsmenn aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og yfir höfuð samvinnu við þær lýðræðisþjóðir sem okkur eru skyldastar landfræðilega og menningarlega. Og það er ekki kjarni þessa máls að blanda saman annars vegar afstöðu til öryggismála og hins vegar afstöðu og upplýsingum um þá viðskiptahætti sem þarna hafa verið stundaðir. Tilgangur þessarar till. er allur annar, sem sé að allur almenningur hafi um það fullnægjandi upplýsingar í smáatriðum, hvers konar viðskipti fara fram, einkum og sér í lagi að því er tekur til fyrirtækisins Íslenskra aðalverktaka, en skyldra fyrirtækja einnig, hvort koma megi þessum viðskiptum öðruvísi fyrir, hver eru raunverulega orðin efnahagsleg tengsl Íslendinga við veru varnarliðsins hér. Það er almenn lífsskoðun flm. beggja, að þeim mun meira sem almenningur veit um þessi mál, þeim mun minni leynd sem yfir þeim hvílir, þeim mun betra og þeim mun betur er allur almenningur í stakk búinn til þess að fella um það dóm að þessum viðskiptum skuli vera öðruvísi fyrir komið, og ef öðruvísi þá hvernig.

Í þessari till. til þál. er einnig lagt til, svo sem við höfum lagt til um aðrar svipaðar till., að úttektin fari fram fyrir opnum tjöldum, áhugafólki í landinu, sem er margt, gefist kostur á að fylgjast með upplýsingaöflun. Þeir, sem þessi viðskipti hafa stundað eða fyrir þeim staðið, munu auðvitað mæta hjá n. til að veita henni allar upplýsingar. Grundvallarhugmyndin á bak við þetta er sú einfalda lífsskoðun, að þeim mun meira sem fólk veit, þeim mun betra og þeim mun meira sem fólk veit, þeim mun líklegra er að fólk taki réttar ákvarðanir á lýðræðislegan máta.

Að því er tekur til þessara viðskipta hafa Íslenskir aðalverktakar og skyld fyrirtæki árum saman notið ríkisverndaðra viðskiptakjara. En hverjir eru eignaraðilar? Hversu mikill hefur þessi ágóði verið? Með hverjum hætti rennur hann um samfélagið og út í samfélagið? Er hentugra að koma þessum viðskiptum öðruvísi fyrir? Mundi rannsókn leiða í ljós að við séum orðnir um of háðir þessum viðskiptum og þess vegna sé betra að vera án þeirra? Ég veit að margir hv. þm. eru þeirrar skoðunar, sem auðvitað er fullkominnar virðingar verð, og um það munu eftir sem áður vera skiptar skoðanir.

Samþykki hv. Alþ. þessa till. gerum við ráð fyrir að utanrmn. Alþingis muni þegar í stað, eða svo skjótt sem frekast er kostur, hefja störf að því er tekur til þessa. Á ekki mörgum vikum gætu legið fyrir fullnægjandi upplýsingar um allt sem að þessum viðskiptum lýtur og talsmaður utanrmn. mundi síðan gefa hv. Sþ. skýrslu um niðurstöðu þessarar úttektar. Heildaráhrifin yrðu m. a. þau, að upplýstari umr. en kannske oft áður gætu farið fram um þessi mál, og á því upplýstari grunni sem umr. um þessi mál hvílir, þeim mun betra er það yfir höfuð, þeim mun líklegra er að ákvarðanirnar verði skynsamlegar.

Ég vil leggja á það þunga áherslu, að þó að ég kunni að hafa mínar skoðanir á því, hvaða viðskipti fara þarna fram og með hverjum hætti þau hafa verið um allnokkurt árabil, þá er slíkt ekki kjarni málsins á þessu augnabliki, vegna þess að tilgangur úttektar utanrmn. á einmitt að vera að komast að niðurstöðu um það. Og ég vil skjóta því inn, að ég tel að það hafi allnokkuð spillt fyrir hliðstæðri till., sem flutt hefur verið um samgöngufyrirtæki, að kveðnir voru upp efnislegir dómar áður en Alþ. gerði upp við sig hvort slík nefnd yrði sett á laggirnar. Við reynum að forðast að falla í þá gryfju. Alþingi á að leggja á það hlutlægt mat, hvort til þessa sé ástæða, og í ljósi þeirrar niðurstöðu, sem síðan lægi fyrir, ætti Alþ. að vera betur í stakk búið en áður til þess að taka skynsamlegar ákvarðanir um málið.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er hverju orði sannara að nauðsynlegt er að skyggnast í þau mál sem fjallað er um í till. þessari. Það er líka hverju orði sannara, sem segir í grg. með till., að það er ekki í fyrsta sinn sem á þetta er minnst opinberlega. Af hálfu okkar Alþb.-manna og okkar, sem vorum þm. Sósíalistaflokksins áður en Alþb. var stofnað, hefur um meira en aldarfjórðungsskeið alltaf öðru hvoru verið haldið uppi kröfum um að skyggnst væri í það sukk, sem á sér stað í samskiptum við herinn þar suður frá — sukk, óráðsíu og svínarí. Ég vek athygli á því, að í grg. og jafnvel í ræðu hv.

1. flm. örlaði ekki á neinu orðbragði af þessu tagi. Hann var miklu kurteisari í umr. um þetta en ég leyfi mér að vera hér og við andstæðingar bandarísku herstöðvarinnar höfum leyft okkur að vera allan þennan tíma.

Ég leyfi mér að vekja athygli á þeirri röksemdafærslu sem felst á bak við kafla í grg. sem fylgir þessari till., með leyfi hæstv. forseta:

„Umr. um Íslenska aðalverkataka hafa á undanförnum árum og áratugum mjög blandast saman við almennar umr. um utanríkismál. Gagnrýnendur þessa reksturs hafa jafnað verið — mjög gjarnan a. m. k. — andstæðingar markaðrar stefnu Íslendinga í varnar- og öryggismálum. Af þessum sökum hefur umr. um þessi viðskipti jafnan koðnað niður. Flm. telja að þessu þurfi að breyta" o. s. frv.

Hér er ekki verið að gagnrýna þá staðreynd, að öllum kröfum okkar sósíalista og Alþb.-manna um að rannsókn af þessu tagi fari fram hefur verið synjað aftur og aftur og aftur. Það er í raun og veru verið að segja að slíkt hafi verið ósköp eðlilegt. Það er verið að segja að við skulum ekki njóta sömu lýðréttinda og aðrir, sama hvort er um að ræða þm. eða aðra. Og það er í samræmi við þessa niðurstöðu sem áframhaldið verður svona:

„Flm. telja að þessu þurfi að breyta, úttekt á þessum rekstri þurfi að fara fram óháð almennum skoðunum á utanríkismálum."

Síðan er tekið fram, að flm. þessarar till. eða þeir, sem standa á bak við kröfuna núna, séu ekki neinir þeir menn sem nefna mætti því illræmda nafni kommúnista, heldur heiðarlegir og sannir stuðningsmenn NATO. Og síðan kemur gamalkunna romsan um samstarf, samstöðu og samvinnu með öðrum lýðræðisþjóðum. Þetta er náttúrlega tekið saman í vissum tilgangi.

Þeir, sem áður hafa borið fram þessa kröfu, hafa verið andstæðingar aðildar að NATO, en eftir þessu orðalagi að dæma er niðurstaðan sú, það sem verið er að læða inn hjá fólki, að þeir hafi verið andstæðingar samvinnu Íslendinga við aðrar lýðræðisþjóðir. Allt er þetta heldur ómerkilegt og einum of ómerkilegt til þess að ég taki þegjandi og hljóðalaust því sem kemur úr þessari átt — frá þeim manni sem hæst hefur talað undanfarið um heiðarlegan málflutning o. s. frv. Ég er reyndar alveg sannfærður um að hv. 1. flm. þessarar till. veit að við, sem höfum haft uppi þessar kröfur, höfum gert það æðilengi. Ég er a. m. k. sannfærður um að þess háttar skilningur ríkir á milli okkar persónulega að hann veit að það er æði langt síðan ég fór að byrja á því. Ætli hann hafi ekki verið rétt um það bil að komast úr vöggu þegar ég byrjaði á þessu. Það er ekki í rauninni sprottið af neinum annarlegum ástæðum. Það er sprottið af þeirri sömu réttlætiskennd og ég trúi að sé þrátt fyrir allt á bak við þessa tillögu.

Ég vil vekja athygli á því, — og sakna þess reyndar að ekki skuli vera fleiri viðstaddir til þess að ræða það stóra mál, — að tiltekinn hluti þessarar þjóðar hefur aldrei fengið sömu viðurkenningu í augum ráðandi afla í þjóðfélaginu og annað fólk, einfaldlega vegna þess að þessi hluti, sem ég nú nefndi, hefur verið á móti hinni opinberu pólitík ráðandi afla, hinni opinberu stefnu að eiga aðild að hernaðarbandalagi og leyfa herstöð á Keflavíkurflugvelli. Við, sem höfum staðið gegn aðild að NATO og gegn herstöðinni á Keflavíkurflugvelli, höfum alla tíð orðið að sæta því, að af hálfu þeirra, sem mestu hafa ráðið, höfum við verið flokkaðir sem annars og þriðja flokks Íslendingar. Og það er til skammar að mínum dómi og veldur mér sérstaklega miklum vonbrigðum, að þegar heyrast nýjar raddir á þingi sem boða ný viðhorf, nýjan skilning og meiri sanngirni, þá skuli ekki verða breyting á þessu, heldur þvert á móti, það er japlað á þessu sama og ýtt undir það hið sama.

Þessu höfum við orðið að sæta og þessu höfum við sætt þrátt fyrir allt, að sjálfsögðu vegna þess að í hjarta okkar vissum við alltaf miklu betur en hinir þóttust vita, að ef á að flokka heiðarleika og sannar tilfinningar varðandi stöðu þessarar þjóðar í heiminum, þá komum við ekki út sem annar eða þriðji flokkur. Við áttum þetta m. ö. o. við okkar eigin samvisku og munum að sjálfsögðu halda áfram þessu nuddi þangað til yfir lýkur á einhvern hátt.

Flm. þessarar till. þurfa ekki að óttast að við, vegna þess að þeir eru stuðningsmenn NATO, förum að gera einhverjar athugasemdir við málflutning þeirra eða hvað á bak við kann að felast. Við styðjum að sjálfsögðu þessa till. — svo mikið get ég a. m. k. sagt um sjálfan mig. Hins vegar kunna að vera einhverjir tæknilegir erfiðleikar á því að utanrmn. taki þetta að sér. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvað hv. þm. á við með þessu. Erum við að ræða um afstöðu einhvers tiltekins þm. utan af landi? Það á að staðfesta það, sem ég lýsti hér áðan að hefði valdið mér vonbrigðum.

Við skulum endilega fara að venja okkur af þessu og standa saman tortryggnilaust um þau mál sem horfa til framfara fyrir þessa þjóð, ekki hvað síst þau sem horfa til betra siðferðis fyrir þessa þjóð. Ég átti von á því að með vissum breytingum, sem urðu á þingmannaliði hér, mundi það gerast. Ég á von á því enn þá. En því miður er ekki að sjá á röksemdafærslunni sem fylgir þessari till., að þær vonir ætli að rætast að fullu. Ég tek um leið fram, að ég tel að sá maður, sem er 1. flm., og líka sá sem er númer tvö, báðir tveir stuðningsmenn NATO, báðir tveir farandi villir vegar í utanríkismálum, báðir tveir þeir glópar í utanríkismálum að þeir hafa trú á að svokallað varnarlið hafi einhverja þýðingu fyrir okkur Íslendinga, — þrátt fyrir að báðir tveir eru þessir glópar og báðir tveir fara svona villir vegar, þá get ég litið á þá sem samherja mína í þessu máli og fleiri góðum málum.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Mér skilst að að loknum þessum þingfundi fari málið til atkvgr. og fái skjótari afgreiðslu en það mál sem hér var síðast á dagskrá.

Ég vil segja það um mál síðasta ræðumanns, sem ég hef ástæðu til að meta mikils persónulega, að ég virði til hlítar skoðanir hans á utanríkis- og öryggismálum þjóðarinnar, en ég krefst þess líka að hann virði skoðanir mínar á þeim málum með sama hætti. Það eru nákvæmlega þau niðurlagsorð, sem hann lét falla síðast, sem staðið hafa fyrir þrifum úttekt á málum eins og viðskiptaháttunum í kringum Keflavíkurflugvöll, sem eru einangrað mál, — tilraunin til að blanda þessu saman á trúarbragðalegan máta við aðstöðuna til almennra öryggismála íslensku þjóðarinnar. Ég endurtek það, að ég virði skoðanir hans. Ég veit að þær eru af tilfinningalegum og rómatískum ástæðum fyrst og fremst og eiga ekkert skylt við sögu þessara mála, ekkert skylt við Brynjólf Bjarnason eða það fólk sem í kringum hann var á sínum tíma. Hugmyndir hv. þm. Jónasar Árnasonar eru runnar upp úr íslenskri sveit, íslenskri þjóðerniskennd og íslenskri rómantík. Allt þetta ber að meta,

þó að draga megi aðra þætti — þ. e. a. s. skynsemisþætti þess — í efa. En ég endurtek það, að á sama hátt og ég virði skoðanir hans krefst ég þess af honum að hann virði skoðanir mínar.

Kjarni málsins er samt sá, að þetta er ekkert höfuðatriði í þessu máli. Við eigum að draga skýr mörk þar á milli. Við flm., sem báðir höfum aðrar skoðanir en Jónas Árnason, skoðanir sem meiri hluti þjóðarinnar hefur reynst hafa á þessum efnum, viljum skilja í hvívetna þarna á milli, þrátt fyrir tilraunir þeirra, sem hafa hagnast á þessum viðskiptum, og eins hinna, sem hafa verið á móti markaðri stefnu í öryggis- og utanríkismálum, að blanda málum saman í tíma og ótíma með þeim afleiðingum að þau hafa staðið í stað árum og áratugum saman. Það eru ný sjónarmið að skilja þarna alfarið á milli, og það bið ég Jónas Árnason að reyna að skilja óski hann eftir árangri í þessum málum.

Hv. þm. Jónas Árnason sagði að hann og hans líkar hefðu verið flokkaðir sem annars og þriðja flokks Íslendingar. Fyrir mitt leyti — og ég veit að ég tala þar fyrir hv. 2. flm. þessarar till. líka — vil ég mótmæla þessu. Það hefur ekkert komið fram sem flokkar hann eða hans líka sem annars, að ég ekki tali um sem þriðja flokks Íslendinga. Kjarni málsins er óvart sá, að með þingræðislegum hætti, — það má deila um með hverjum hætti þingræðið vinnur, — en með þingræðislegum hætti hefur þetta verið meirihlutaskoðun íslensku þjóðarinnar. Og þó að Jónas Árnason vegi þungt, þá getur hann ekki ætlast — (**Gripið fram í:** Hvað hefur verið meirihlutaskoðun íslensku þjóðarinnar?) Sú stefna sem mörkuð hefur verið í varnar- og öryggismálum. Hún hefur verið tekin af meirihluta í þessari stofnun.

Ég skal vera fyrstur manna til að taka undir það, að um margt er þingræðið þungt í vöfum og lýðræðið mætti vera virkara, og við erum að reyna að gera breytingar á samfélaginu með marghátturðum tillöguflutningi í okkar flokki a. m. k. En kjarni málsins er sá, að þó að Jónas Árnason vegi þungt getur hann ekki ætlast til þess, að minnihlutaskoðun hans verði ráðandi meðal þjóðarinnar. Skoðanir hans eru virðingarverðar og eiga allt gott skilið. En það er satt að segja fullmikil tilætlunarsemi, að skoðanir minni hluta verði ráðandi skoðun meðal íslensku þjóðarinnar. Ég skil mætavel að Jónasi Árnasyni sé mikil alvara, og ég met alvöru hans mikils. En eins og ég segi: Þetta er rómantík sprottin upp úr sveit og af ást og umhyggju fyrir íslenskri náttúru og íslensku umhverfi. Þetta hét íhaldsstefna á 19. öld. Ég met þessa íhaldsstefnu mjög mikils, þekki tilfinningalega sögu hennar, en tel að hún eigi ekki við í þessu tiltekna máli. En í guðs bænum bið ég hv. þm. um að gera sér ljóst að þetta eru tvö aðskilin mál. Við skulum fjalla um þau sem slík. Hann hefur rétt til að hafa sínar skoðanir, ég hef rétt til að hafa mínar skoðanir. Við skulum virða hvor annan og vinna saman að því sem við þó erum sammála um.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ef það hefði verið búið að vélrita af segulbandinu og afhenda mér þessi ræðulok hefði ég getað látið þau nægja sem mín ræðulok. Ég lauk ræðu minni nákvæmlega í þessum dúr áðan. Ég tók það einmitt fram, og það var í tengslum við vissa fordóma sem höfðu áður ríkt gagnvart ónefndu fólki sem hafði barist gegn þessari spillingu á Keflavíkurflugvelli, að mig varðaði ekkert um hvort þeir menn, sem flyttu þessa till., væru með eða á móti NATO. Ég tel sjálfsagt mál að styðja þetta. M. ö. o.: sú ásökun, sem ég fékk yfir mig áðan, hefur ekki við nokkur rök að styðjast, heldur þvert á móti. Ég lauk ræðu minni með yfirlýsingu þess efnis, að sjálfsagt væri að standa saman um þessa tillögu.

Það er afskaplega gaman að heyra þegar hv. þm. Vilmundur Gylfason gerist heimspekilegur. Ég held að stundum lesi menn sér til óbóta í heimspeki. Það þykir „rómantík sprottin upp í sveit" að vera á móti herstöðinni á Keflavíkurflugvelli og aðild okkar að NATO. Ekki veit ég af hverju þetta er endilega rómantík sprottin upp í sveit. Ef þetta á að snerta mig eitthvað persónulega, þá er það ekki rétt að ég sé alinn upp í sveit. Sú rómantík, sem ég kynni að dragnast með, væri þá sprottin upp á Hverfisgötunni og Bergstaðastræti og ekkert mjög langt frá því, hvort sem það væri rómantík, realismi eða eitthvað annað, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason kynni að dragnast með.

Það er gaman að heyra svona lagað. Menn slengja fram frösum eins og rómantík o. s. frv. og það er ekkert nánar útskýrt. En ég vara við þess háttar hroka eins og t.d. fylgdi með áðan, þegar var verið að sálgreina hv. 4. þm. Vesturl., Jónas Árnason: Ég hef kynnt mér þær stefnur sem uppi voru á 19. öldinni. Mér væri ekki skotaskuld úr því að sálgreina Jónas Árnason í krafti þeirrar miklu þekkingar sem ég hef aflað mér á vissum heimspekistefnum á 19. öld. — Við skulum endilega varast svona menntunarbelging. Og nú er ég að vísu ekki að tala aðeins við Vilmund Gylfason, heldur æðimarga aðra sem riðlast um í þessu þjóðfélagi fram og aftur með háskólaþekkingu sína og þykjast vera yfir annað fólk hafnir. En það er önnur saga. Ef ætti að taka það mál fyrir kæmu reyndar fleiri flokkar þar við sögu en Alþfl.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Borist hefur svo hljóðandi bréf frá ritara þingflokks Sjálfstfl.:

„Samkvæmt beiðni Guðmundar Karlssonar, 5. þm. Suðurl., sem vegna anna getur ekki nú sótt þing, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Steinþór Gestsson bóndi, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Steinþór Gestsson er hér gamalkunnur og býð ég hann velkominn til okkar á ný.

Umræður utan dagskrár.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég á von á því, að hæstv. fjmrh. sé nú að koma hingað inn, svo að ég ætla aðeins að hinkra. — Hæstv. fjmrh. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár vegna þess uggs sem gripið hefur um sig meðal fjölda manna í þessu landi út af verðhækkunum á bensíni og olíu og þeim spám sem fram hafa komið um verð á þessum vörum á þessu ári. Á tiltölulega stuttum tíma hefur bensín meira en tvöfaldast í verði, og samkv. nýjustu fréttum er líklegt að um næstu áramót verði bensínverð komið upp í 350—400 kr. lítrinn ef fylgt verður núgildandi verðákvörðunarreglum. Síðast nú í hádegisfréttunum var verið að tilkynna um olíuverðshækkanir úti í heimi, og allt virðist benda til að áframhald verði á þessari uggvænlegu þróun.

Nú kann að verða sagt að það sé ekki á okkar valdi hvernig verðlagningu í Rotterdam eða annars staðar úti í löndum sé háttað. En það er nú svo, að 58—60% af útsöluverði bensíns hér eru opinber skattlagning og þess vegna er það ekki síður á valdi hæstv. fjmrh. og annarra þeirra, er að skattlagningu vinna, en þeirra í Rotterdam að kveða á um bensínverð til neytenda.

Á svæðum, þar sem þúsundir launþega verða að aka hvern vinnudag 10-30 km leið að og frá vinnu, er augljóst að með sama áframhaldi verður bensínkostnaður vegna vinnu líklega orðinn jafnstór eða stærri liður í framfærslunni heldur en húsnæðið, sem hingað til hefur þó verið hæst og hefur haft algjöra sérstöðu á þessu sviði. Einkabíllinn er orðinn okkar þarfasti þjónn hvað umferð varðar og því verður ekki breytt á skömmum tíma. Um hvað því valdi má m. a. lesa í grg. sem komið hefur frá Orkustofnun, með leyfi forseta, og hljóðar þannig:

„Það, sem stuðlar að aukinni bifreiðaeign, er: 1) Aukin velmegun. 2) Dreifing byggða og auknar vegalengdir milli heimilis, vinnustaðar og þjónustu. 3) Fleiri sem hafa bílpróf en áður. 4) Auknar frístundir og aukið útilíf. 6) Betri vegir. 7) Hnignun almenningssamgangna með aukinni notkun einkabíla."

Það, sem hér hefur verið nefnt, á mjög vel við hjá okkur. Margt af því hefur einmitt gerst á undanförnum árum. Velmegun okkar hefur aukist, dreifing byggða í kringum höfuðborgina vaxið, það eru fleiri en áður sem hafa bílpróf og þátttaka kvenna í atvinnulífinu hefur aukist stórlega. Allt á þetta vel við einmitt hér hjá okkur. Ef við ætlum að breyta þessu ástandi í hið gamla horf, þá held ég að verði hvorki vilji til þess né möguleiki nema á mjög löngum tíma. Enn fremur er það svo, að í okkar rysjóttu veðráttu er mjög erfitt að bíða við biðskýli langtímum saman. Ég held því að það sé augljóst að við höldum áfram að auka okkar einkabílanotkun og þar með kostnaðinn við að aka. Því er það að ég hef beðið um upplýsingar um verðlagningu bensíns.

Það er ekki síst einmitt núna sem kemur sér vel fyrir almenning að fá að vita um framtíðina í þessu efni, vegna þess að nú hefur fjöldi fólks þungar áhyggjur vegna stórhækkandi fasteignaskatta, vegna stórhækkandi skatta af eigin húsnæði og vegna þess að mörg launaumslög eru nú létt vegna aukinnar fyrirframgreiðslu skatta. Jafnframt væri örugglega nokkur léttir að fá nú upplýsingar um það, hvort ekki væri hægt að breyta eitthvað þeirri verðlagningu sem nú er á bensíni. Því spyr ég hæstv. fjmrh., hvort hann geti ekki glatt okkur með því að gefa okkur til kynna að verða muni breyting á þeim reglum um álagningu á bensín sem nú gilda, t. d. í þá átt að tollur af bensíni verði ekki lengur tekinn hlutfallslega, heldur magntollur, eins og er yfirleitt af öðrum olíum, og enn fremur að söluskattur verði ekki innheimtur af bensíni frekar en af ýmsum öðrum olíutegundum. Sú aðstaða, sem skapast af ástandi úti í löndum, hefur gjörbreytt viðhorfi í þessum málum, og mér sýnist, ef svo fer sem horfir, að þá mundu tekjur ríkisins af bensínsölu vaxa um mjög marga milljarða á þessu ári og komast e. t. v. upp í 15—17 milljarða á næsta ári ef bensínið verður þá komið upp í 400 kr. lítrinn. Af slíku yrði mjög mikil rýrnun á kjörum fólks í landinu. Þess vegna langar mig til að vita hvort ekki standi til að breyta eitthvað þessum reglum.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal gjarnan segja örfá orð í tilefni af fyrirspurn hv. þm. Odds Ólafssonar.

Ég vil fyrst upplýsa það, að Þjóðhagsstofnun var falið það verkefni að gera úttekt á því, hvaða áhrif verðhækkanirnar á olíu og bensíni, sem eru sumar þegar orðnar og aðrar yfirvofandi, mundu hafa á okkar efnahagskerfi, þ. á m. á ríkisbúskapinn. Ekki hefur enn borist skýrsla frá Þjóðhagsstofnun um þetta, en ég hef fregnað það seinast að hún muni berast til ríkisstj. í dag og þá munu menn átta sig miklu betur á því, hvaða áhrif þessar hækkanir koma til með að hafa.

Ríkisstj. hefur fjallað um þetta mál á nokkrum fundum og þar á meðal samþykkt, að fjmrn. og viðskrn. láti fara fram gagngera athugun á því, hvaða áhrif þessi mikla hækkun á olíuvörum er líkleg til að hafa á rekstrarafkomu ríkissjóðs. Þegar skýrsla hefur borist frá Þjóðhagsstofnun verða menn betur í stakk búnir til þess að kryfja þessi mál til mergjar.

Ég hef nú rétt til glöggvunar nokkrar upplýsingar frá fyrri árum um þessi mál.

Innflutningur á bensíni og olíum á árunum 1977 og 1978 varð samtals í krónum fyrra árið, 1977, 14 milljarðar 933 millj. kr. og aftur á árinu 1978 21 milljarður 167 millj. kr., hafði heldur dregið hlutfallslega úr innflutningi eða úr 12.3% af heildarinnflutningi í 11.5%. Þessar tölur sem auðvitað verða miklu hærri á yfirstandandi ári, gefa til kynna að hér er um að ræða feiknalega stóran þátt í innflutningi okkar. Þar af leiðandi hefur þessi olíukreppa — önnur olíukreppan sem nú ríður yfir hagkerfi okkar eins og annarra sem þurfa að flytja inn

olíuvörur — mikil áhrif að sjálfsögðu á okkar efnahag.

Tekjur ríkisins af innflutningi bensíns og olíuvara á árinu 1978 námu einhvers staðar á milli 4 og 5 milljarða kr. Ég hef ekki nákvæmar upplýsingar um það á þessu stigi málsins, en það er einhvers staðar á milli 4 og 5 milljarða.

Vegagjaldið á núverandi fjárlögum fyrir árið 1979 nemur hvorki meira né minna en 7 milljörðum 483 millj. kr. En tekjur ríkissjóðs af innflutningi á bensíni eru bensíngjaldið, sem er markaður tekjustofn, eins og kunnugt er, og rennur til vegaframkvæmda, síðan eru söluskattur og tollur. Ég get upplýst um áhrifin sem sú bensínhækkun, sem þegar hefur orðið, hefur á tekjur ríkissjóðs á þessu ári. Ef borið er saman við þær forsendur sem fjárlögin ganga út frá virðast tekjur ríkissjóðs af tollum og söluskatti af bensíni munu geta hækkað um ca. 1100 millj. kr. á þessu ári, þ. e. af þeirri hækkun sem þegar hefur orðið. Það bendir auðvitað til þess hvað muni gerast síðar meir.

Ég er á þeirri skoðun, að ríkið eigi að sjálfsögðu ekki að hagnast á því að olíuvörur og bensín hækkar í verði. Hins vegar er ekki því að neita, að það þarf að meta á nýjan leik hvaða áhrif þessar breytingar kunna að hafa á tekjuöflun ríkissjóðs. Það gefur auðvitað auga leið, að þó að tekjur ríkissjóðs hækki vegna hækkunar á olíuvörum og bensíni, þá er hætt við að það dragi úr öðrum innflutningi og þar af leiðandi úr öðrum tekjum ríkissjóðs. Þetta þarf allt saman að athuga og er ætlunin að skoða það við þá athugun sem nú fer fram á vegum ríkisstj. um þessi málefni.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykn. hreyfði hér málefni sem mjög er ofarlega í hugum almennings nú þessa dagana varðandi þær verðsveiflur sem hafa orðið á þessum innflutningsvörum, olíu og bensíni, og hafa menn náttúrlega miklar áhyggjur af slíku. En í sambandi við svo stórkostlegar verðsveiflur sem hér hafa orðið kemur óneitanlega upp í huga manns spurning um hvort við þurftum að vera svona berskjaldaðir fyrir þessum verðbreytingum. Við erum með þrjú stór olíuinnflutningsfyrirtæki og frá leikmanns sjónarmiði virðist hafa legið alveg ljóst fyrir, að það gæti komið til mjög verulegrar hækkunar á þessari vöru. Þá kemur spurningin í huga manns: Af hverju voru ekki gerðar ráðstafanir til þess að kaupa verulegar birgðir af þessari vöru til þess að við lentum ekki í svona ógöngum. Þó að við hefðum þurft að taka erlent lán til þessara kaupa, þá tel ég að það hefði ekki átt að vera neitt umhugsunarefni, og erlent lán til skamms tíma til þess að kaupa 30—40—50 þús. tonn af þessari vöru hefði áreiðanlega verið auðvelt að fá. Ég vil gjarnan fá skýringar á því, af hverju ekki var reynt að mæta svona markaðssveiflum með skynsamlegum ráðstöfunum eins og þeim sem ég hef verið að lýsa.

Ég hef verið að reyna að afla mér upplýsinga um hvernig hafi verið ástatt með geymslurými fyrir innflutning eins og ég hef verið að minnast á núna. Mér hefur verið tjáð að birgðageymslur olíufélaganna séu sæmilega settar hvað þetta snertir, við séum nokkuð birgir af þessum vörum. En mér hefur einnig verið tjáð að við hefðum getað fengið aðgang að mjög góðu og miklu geymsluplássi sem varnarliðið á uppi í Hvalfirði.

Mér finnst, þegar farið er að íhuga svona mál, rétt að benda á að þetta er ekki í fyrsta skipti sem fyrirsjáanlegar verðhækkanir á erlendum markaði koma ákaflega illa við okkur. Ég minnist þess, að 1973, fyrir olíukreppu þá, var yfirleitt fyrirsjáanlegt að öll hráefni og öll aðföng til iðnaðar og til atvinnurekstrar, veiðarfæri og annað mundu hækka stórkostlega. Hvernig var því mætt hér hjá okkur? Innflytjendur hefðu haft tíma og leyfi til þess að kaupa slíkar vörur með ákveðnum gjaldfresti, allt upp í 6—8 mánuði. En í staðinn fyrir að auðvelda innflytjendum að afla nauðsynlegra birgða af þessum vörum var þessi lántökuheimild eða þessi gjaldfrestsheimild skert, þannig að fresturinn var styttur niður í 4 mánuði. Þetta gerði það að verkum að menn voru miklu verr búnir til að mæta þeim verðhækkunum sem komu síðar af því að birgðirnar voru miklu minni.

Þetta vildi ég láta koma fram hér í tilefni af þeirri umr. sem hefur farið hér fram utan dagskrár.

Auðvitað er, eins og hv. 4. þm. Reykn. tók fram, einkabifreiðin að verða einn þarfasti þjónn þjóðfélagsins. Það er gífurlegt atriði fyrir einstaklinginn að geta rekið bifreið sína með viðráðanlegum kostnaði. Mér finnst að það væri þó ekki úr vegi að reyna að leysa það mál á þann veg, að einhver ákveðin upphæð væri skattfrjáls eða frádráttarhæf á skattframtali hvers og eins einstaklings í sambandi við rekstur bifreiðar. Það mætti ákveða þá tölu í árslokin því að þá væri hægt að taka tillit til allra verðsveiflna og verðbreytinga, sem hefðu orðið á árinu, og miða þetta við skynsamlega nýtingu. Slíkt fyrirkomulag ætti að gilda fyrir alla sem ættu slíkar bifreiðar, og þetta ætti að vera innan skynsamlegra takmarka. Fram yfir það sé ég ekki ástæðu til þess að það megi ekki verðleggja bensín í svokallaða snattkeyrslu og rúntkeyrslu og annað í samræmi við eðlilegt markaðsverð. Það er ekkert óeðlilegt að menn borgi full gjöld ef um slíka óhófsnotkun er að ræða. Við eigum einmitt að reyna að miða skattheimtu okkar til ríkissjóðs sem mest á þann veg að skattleggja eyðsluna, en vernda frekar og stuðla að og gera aðlaðandi sparnað í þjóðfélaginu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að taka svolítinn þátt í þessari umr. Mér finnst mjög nauðsynlegt að þetta mál komi inn í sali Alþingis. Ég ætla aðeins að leggja áherslu á að það er ekki verðhækkunin á bensíninu sem ég hef mestar áhyggjur af, þó að þar sé vissulega stórt vandamál fyrir marga. Ég hef meiri áhyggjur af afleiðingum þeirrar miklu hækkunar er þegar er komin og er væntanleg í sambandi við olíu til skipa og olíu til húsahitunar.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að ef útgerð á ekki að stöðvast við þá miklu holskeflu sem gengur yfir í sambandi við olíuhækkunina þarf að gera mjög róttækar ráðstafanir. Eins er varðandi þau svæði hér á landi, sem búa við það ástand að þurfa að nota eingöngu olíu til húsahitunar, að þar hlýtur þetta að vera mjög mikið áhyggjuefni fyrir þá aðila sem við þær aðstæður búa. Talið er að sú hækkun, sem spáð er í sambandi við húsahitun, muni auka þennan kostnað jafnvel um allt að 100%. Það þýðir að þeir, sem bjuggu við það að þurfa að greiða um 700 þús. kr. á s. l. ári fyrir upphitun í húsum sínum, munu þurfa að greiða allt að 1.5 millj. á þessu ári með þeirri hækkun sem spáð er.

Ég vil sérstaklega undirstrika þetta atriði í sambandi við þá fyrirspurn sem hér hefur komið fram. Ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. geri raunhæfar aðgerðir til þess að reyna að jafna út þennan mikla kostnað. Og ég fagna því,

að fjmrn. og viðskrn. hafa verið að vinna að þessu máli, og vænti aðgerða í því á næstu dögum, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Aðeins viðbót við það sem ég sagði áður um þetta mál sem svar við sumum af þeim spurningum sem hv. 4. þm. Reykn. bar hér fram.

Það er alveg rétt, sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Sólness, að við erum berskjaldaðir í þessum efnum. Það eru aðallega tvær ástæður fyrir því, að miklar verðhækkanir hafa orðið á olíuvörum nú skyndilega. Það eru annars vegar innanlandsátökin í Íran og hins vegar miklir kuldar í Vestur-Evrópu, óvæntir og miklir kuldar, meiri vetur en verið hefur um áratugi. Þetta sáum við e. t. v. ekki fyrir. Hins vegar vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. þm., að það væri vissulega ástæða til þess fyrir Íslendinga að eiga meiri forða af olíuvörum en þeir eiga nú. Það er hreinlega vegna þess að olíuverðið virðist vera á uppleið, þó að þessi sveifla kunni að jafna sig eitthvað. Við skulum vona að hún geri það þegar veturinn gengur yfir og friður kemst á og kyrrð í Íran, þannig að þeir geti hafið framleiðslu af fullum krafti á nýjan leik.

Varðandi skattamálin og olíumálin sérstaklega, bifreiðarnar, er þess náttúrlega að geta, að þegar rætt er um skattamálin kemur alltaf að fjárhag ríkissjóðs. Það er að sjálfsögðu álitamál, hvernig haga skuli skattheimtu. En það er ekkert álitamál, að það á að haga skattheimtu og ríkisútgjöldum þannig að ríkissjóður beri sig. Það er ekkert álitamál. Þess vegna er það auðvitað, að ef menn vilja tilfærslur þurfa menn að gera sér grein fyrir, hvernig þær eigi að vera, þegar menn ákveða að þær eigi sér stað.

Það hefur verið rætt um skattamál. Ég ætlaði ekki að hefja umr. um skattamál, en ég vil aðeins geta þess, vegna þess að það er margt um þau rætt og ritað, að þær hækkanir, sem orðið hafa á sköttum Íslendinga á þessu ári umfram það sem orðið hefði ef lög hefðu verið óbreytt, nema 3 910 millj. kr. samtals samkv. úttekt sem Þjóðhagsstofnun hefur gert. Í því efni vil ég enn fremur taka það fram, að nýr útgjaldaliður á fjárlögunum, þar sem eru greiðslur afborgana og vaxta af Kröfluvirkjun, alveg ný útgjöld, nemur 2 380 millj. kr. Sú viðbót til hækkunar, sem orðið hefur þegar á heildina er litið vegna skattabreytinga, er ekki nema 1500—1800 millj. kr. þegar útgjöldin vegna Kröfluvirkjunar eru dregin frá. Hitt er svo miklu meira mál, hverjar tilfærslur hafa orðið í þessum efnum. Þar hefur verið fært til eins og kunnugt er og margrætt hefur verið hér á Alþingi.

Hv. þm. Alexander Stefánsson kom svo inn á ýmisleg svið sem einmitt koma til álita þegar þessi mikla verðhækkunaralda á olíuvörum skellur yfir. Hann minntist fyrst á húsahitun. Það er auðvitað stóralvarlegt mál. Í raun og veru er málið þegar alvarlegt. Það er þegar þannig, að fjölskyldur, sem búa við upphitun húsa með olíu, hafa stórkostlega miklu meiri útgjöld til upphitunar heldur en þeir sem búa við hitaveitur, eins og kunnugt er. Mjög háar og óhugnanlegar tölur heyrast nefndar í þessu sambandi nú þegar. Til viðbótar koma svo miklar verðhækkanir, svo miklar að það er óhjákvæmilegt að mínu mati að taka á þeim málum.

Í öðru lagi er útgerðin. Nú er að vænta ráðstafana í sambandi við útgerðina, og koma væntanlega fyrir Alþ. innan skamms frv. þar að lútandi. Skal ég ekki ræða það nánar á þessu stigi málsins.

Ég er þeirrar skoðunar og hef sagt það áður opinberlega, að það sé mjög nauðsynlegt að taka olíumálin og þær miklu verðhækkanir, sem nú eru að verða á olíuvörum og bensíni, með sérstökum hætti og láta þær ekki grassera í hagkerfinu eins og ekkert sé. Ég held að það mál þurfi að fá sérmeðferð og þurfi að reyna að skapa breiða samstöðu og samvinnu um að það mál fái sérstaka meðferð. Á ég þá m. a. við áhrif á vísitöluna, svo að dæmi sé tekið, og margt fleira í því sambandi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Fyrirspurn, sem hv. 4. þm. Reykn. kom hér með utan dagskrár, er vissulega orð í tíma töluð og má margt um þessi alvarlegu mál segja. Ég hafði kvatt mér hljóðs fyrst og fremst til að víkja að einum þætti þessara mála: olíunotkun til upphitunar húsa. Hv. 5. þm. Vesturl. og hæstv. fjmrh. hafa nú að nokkru tekið af mér ómakið í þessu efni. Þó vil ég nota þetta tækifæri til að leggja áherslu á þennan þátt málanna.

Ég tók eftir því, að hv. 4. þm. Reykn. sagði í upphafi síns máls að hækkun olíuverðs og bensíns hefði alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem þyrftu að aka langa leið til vinnu sinnar hér á Reykjavíkursvæðinu. Auðvitað er þetta rétt og í sjálfu sér ekkert við það að athuga. En ef og þegar olíuverðshækkunin kemur svona alvarlega við þá sem búa á hitaveitusvæðinu, hvað skyldu menn þá ætla um þá sem eiga ekki því láni að fagna, eins og er víða um landið. Það er ekki einungis að þar komi þessi aðstöðumunur fram, heldur eru það oft og tíðum ekki minni vegalengdir úti á landi, sem menn þurfa að aka, heldur en er hér á Reykjavíkursvæðinu.

Ég vil leggja áherslu á það, að við þá athugun, sem hæstv. fjmrh. segir að nú fari fram og muni haldið áfram, vegna olíuverðshækkunarinnar, verði upphitun húsa ekki síst tekin með. Ég þarf ekki að lýsa fyrir hv. þm. hve alvarleg upphitunarmálin eru hvarvetna í landinu þar sem fólk býr við olíuupphitun íbúða sinna. Og það er næsta furðulegt hvernig þetta ástand er í ýmsum efnum þegar nánar er að gætt. Það er einmitt á þeim svæðum, þar sem ekki er um að ræða notkun jarðvarma til upphitunar húsa, að leitast er við að nota annan innlendan orkugjafa, raforku frá vatnsvirkjunum. Nú er það svo víða og ekki síst í því kjördæmi sem ég er þm. fyrir, að vatnsorkan nægir hvergi nærri til að gegna þessum þörfum eins og er. Leitast er við að bæta úr því með keyrslu dísilvéla og olía er notuð til þess. Þá er það svo, að það þarf að greiða 20% söluskatt af olíu þeirri sem keypt er í þessum tilgangi, og það þarf enn á ný að greiða 20% af þeirri raforku sem framleidd er með þessari olíu ef hún fer til annarrar notkunar en upphitunar.

Þetta er mál sem ekki verður unað við lengur. Það má segja að það hafi áður verið knýjandi þörf á að breyta þessu. En ef þörf hefur verið áður, þá er það nauðsyn eins og nú er málum komið. Eins og ég sagði áður, er hægt að flytja langt mál um það málefni sem hv. 4. þm. Reykn. hefur hér innleitt til umr. En ég skal ekki gera það frekar, en ítreka það, að ég legg áherslu á að sú athugun, sem nú er gerð og fyrir dyrum stendur, nái til þessara mála í heild.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans ágætu svör og fyrir þann áhuga, sem hann hefur sýnt á þessu máli, og vona reyndar að við fáum frekari upplýsingar um þetta þegar þær liggja fyrir.

Mér þykir vænt um að heyra að þetta er í athugun hjá Þjóðhagsstofnun, vegna þess að hér er um geysilega veigamikið mál að ræða fyrir framfærslu flestra fjölskyldna í landinu.

Það var ekki tilviljun að ég lagði megináherslu á bensínið og bílana í mínu upphaflega máli. Það var vegna þess að þeir eru færri sem sinna þeim þætti málsins. Það er alveg öruggt bæði hvað snertir útgerðina og jafnvel olíu til heimilisnotkunar, að þar mun verða hlaupið undir bagga og gerðar ráðstafanir. Það er ekki vafi á því. En það er allt erfiðara þegar kemur að bensínnotkun einstaklingsins. Við höfum reynslu af því, að meira að segja er það í fjölda tilfella sem alls ekki tekst að fá þau útgjöld dregin frá skatti enda þótt hægt sé að sanna að þau séu vegna vinnu.

Þá vil ég vekja athygli á einu í þessu sambandi sem mér finnst ekki spá beinlínis góðu um það sem hæstv. forseti okkar deildar ræddi um og hv. þm. Alexander Stefánsson. Það er sú tilkynning sem kom nýlega um að borar Orkustofnunar skyldu verða aðgerðalausir í ár. Ef nokkur ráðstöfun er vafasöm, þá held ég að sú ráðstöfun hljóti að vera það. Ég efast ekkert um að með fullri notkun slíkra tækja megi lækka hinn óheyrilega upphitunarkostnað húsa mjög verulega á skemmri tíma en með nokkru öðru.

Í öðru lagi vil ég leggja áherslu á það, að að sjálfsögðu hvetja þessar verðhækkanir okkur til áframhaldandi orkuframleiðslu og að auka okkar orkuframleiðslu bæði á sviði hitaveitna og einnig rafmagns. Ég tek undir það með síðasta ræðumanni, að það er ótækt í sjálfu sér að söluskattur skuli vera tekinn af olíu til rafmagnsframleiðslu og af rafmagni. Rafmagnið er svo mikil nauðsyn að ekki er hægt að una við það til lengdar að það sé svo dýrt sem við verðum nú víða við að búa. Þó kemst ég ekki hjá því, að hitt er mjög mikið mál, hvað fjöldinn af launþegum, sem býr, eins og ég sagði áðan, í þetta frá 5 og upp í 15—20 km fjarlægð frá sínum vinnustað, verður að leggja í gífurlega mikinn kostnað við að komast að og frá vinnu. Það er á aðra millj. kr. á ári eftir því verðlagi sem við verðum að búast við á næsta ári. Og verði ekki farið að breyta einhverju og gera einhverjar ráðstafanir til að kippa því í lag, þá er ég hræddur um að framfærslukostnaður okkar hækki meira en við getum sætt okkur við með góðu móti.

Við getum t. d. minnst á það, að ríkið styrkir 300—400 öryrkja á hverju ári til þess að kaupa bíla, að verulegu leyti til þess að geta stundað sína vinnu. En það fer nú að verða allörðugt fyrir þetta fólk, sem býr við takmörkuð efni, þó það fái sæmilegan afslátt í innkaupum bílsins, að borga 300—400 kr. fyrir hvern bensínlítra sem það kaupir.

Ég vil líka geta þess í sambandi við þessa álagningu á bensínið sérstaklega, að það er ótækt ef einhverju skipafélagi dettur allt í einu í hug að hækka fragtina á bensíninu, þá hækki tekjur ríkissjóðs beinlínis við það — ekki reyndar af gasolíunni. Það er öðruvísi, það er magntollur af henni, en bensíntollurinn er prósentutollur. Þess vegna er það, að ef einhverjum millilið, hvar sem hann er, dettur í hug að hækka verðið á bensíninu, ef skipafélagi dettur í hug að hækka fragtina, þá hækka tekjur ríkissjóðs og útgjöld neytenda.

Það eru þessi atriði sem mér finnst sérstaklega nauðsynlegt að verði rækilega athuguð, enn fremur að leitað sé annarra leiða til þess að stuðla að minnkandi notkun bensíns, jafnvel með því á einhvern hátt að gera fólki auðveldara að kaupa bíla sem nota lítið bensín frekar en þá sem nota mikið bensín. Þetta munar svo miklu, að nú er auðvelt að fá bíla sem brenna 7—8 lítrum á 100 km, en það eru líka til hundruð bíla í þessu landi eða jafnvel þúsundir sem brenna frá 15—25 lítrum á 100 km. Þessir aðilar búa við nokkurn veginn sömu aðstöðu bæði í innkaupum og í rekstri en þarna mætti án efa koma fram einhverjum lagfæringum.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég fagna því, að umr. um þetta mikla vandamál skuli fara hér fram í þessari hv. d. Mig langar aðeins til þess að drepa hér á eitt mál í þessu sambandi, en það er frv. til laga um happdrættislán vegna Norðurvegar og Austurvegar sem nú liggur fyrir þessari hv. d. og var flutt með fyrstu málum hér í haust.

Það er alveg ljóst að mínu mati, að ríkissjóður getur ekki stórhækkað tekjur sínar af olíum og bensíni vegna þess að þær hækka í verði erlendis. Þvert á móti mætti segja, að krónutala sú, sem ríkið innheimtir af olíum og bensíni, ætti miklu fremur að lækka en að hún ætti að hækka. Það er ekki hægt að ofbjóða — hvorki þeim, sem húsin hita með olíu, né heldur þeim sem verða að ferðast með einkabifreiðum eða langferðabifreiðum með þeim hætti að ofan á stórfellda erlenda hækkun komi gífurleg hækkun gjalda til ríkissjóðs og Vegasjóðs.

Hæstv. ráðh. minntist á það áðan, að það þyrfti samstöðu stjórnar og stjórnarandstöðu til að glíma við vandamál sem þessi. Ég er honum sammála um það, að vissulega er ánægjulegt þegar slík samstaða getur orðið. Nú vill svo til að stjórnarandstöðuþm. flytur frv. um að sjá Vegasjóði fyrir a. m. k. 2 milljörðum kr. árlega með þeim hætti að hvorki á að auka spennu í þjóðfélaginu né heldur að íþyngja ríkissjóði, því að peningarnir eru innlent fé sem ella mundi fara til annarra framkvæmda. En vegamálin eru þau mál sem brýnt er að snúa sér að af festu, djörfung og stórhug.

Ég vil vænta þess, ekki síst með hliðsjón af því að hæstv. fjmrh. var einn aðalhvatamaður að setningu þessara laga á sínum tíma, að einhugur náist hér um afgreiðslu þessa frv. og þá helst hér í d. nú alveg næstu daga, þannig að það geti gengið til hv. Nd. Ég hefði gjarnan viljað hækka þessa upphæð til þess að létta á með ríkissjóði og Vegasjóði, þannig að ekki þyrfti að koma til enn aukin skattlagning á brennsluefni.

En eins og ég sagði, þá á ég fulla von á að hæstv. fjmrh. styðji það einmitt og fagni því ef samstaða getur náðst um slíka fjárútvegun, því að hann stóð að heildarsamkomulagi um það á sínum tíma, að Alþ. afgreiddi slík lög. Ég minnist þess og segi það til gamans, að hann sagði við mig þegar ákveðið var að ég flytti framsögu fyrir n. sem einhuga var í þessu máli, að hann öfundaði mig mjög af því að fá að flytja þessa framsögu því hér væri um eitt stærsta og merkasta mál í sögu samgöngumála að ræða. Að vísu skulum við ekkert vera að dylja okkur þess, að síðasta ríkisstj. framfylgdi þessum lögum ekki sem skyldi, og við studdum báðir þá ríkisstj., við hæstv. fjmrh. Hún brást að vissu marki í því efni og Alþ. þar með. En nú er komið að því að uppfylla þau fyrirheit sem þjóðinni voru þá gefin um stórfellt átak í vegamálum. Vænti ég þess vegna að einmitt þetta tilefni, þessi mikla hækkun á olíum og brennsluefni nú, verði til þess, að Alþ. hraði afgreiðslu þessa máls.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér nú hljóðs til að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið máls á einmitt þessu efni hér í d. Ég er þeirrar skoðunar, eins og hv. fyrirspyrjandi og raunar fleiri sem hér hafa tekið til máls, að ekki sé æskilegt að auknar tekjur ríkissjóðs af bensíninnflutningi og raunar eldsneytisinnflutningi í heild renni óskilgreint í ríkissjóð til almennra nota. Ég hygg að okkur sé einmitt hollt að hugleiða þetta sérstaka mál, t. d. í tengslum við þáltill. sem Alþfl.-menn hafa borið fram í Sþ. um ráðstafanir til orkusparnaðar.

Ég fæ ekki séð að við komumst hjá því að gera opinberar ráðstafanir til þess að stuðla að aukinni notkun almenningsvagna til að draga úr notkun einkabíla með einum eða öðrum hætti. Mér þætti ekki óeðlilegt að auknum tekjum ríkissjóðs af bensíninnflutningi núna yrði t. d. varið til þess að greiða niður rekstrarkostnað almenningsvagna eða fargjöld með almenningsvögnum og ætti það jafnt við í þéttbýli sem í dreifbýli. Mér er ljóst að dæmið sem hv. þm. Oddur Ólafsson tók um ferðakostnað þeirra sem sækja vinnu sína um 5—15 km vegalengd, er nokkuð rétt, og þetta er válegt til að hugsa, að menn þurfi að verja svo miklu fé til þess arna. En ég er þeirrar skoðunar, að þetta mætti leysa á miklu hagkvæmari og betri hátt með því að stuðla að bættum samgöngum með almenningsvögnum innanbæjar, hér í Reykjavík og í hinum stærri kaupstöðum úti á landi og í nágrenni þeirra. Ég er þeirrar skoðunar, að sú þróun, sem átt hefur sér stað á liðnum 15—20 árum og að því hefur miðað að allir ættu bíl eða notuðu bíl til þess að sækja til vinnu sinnar um óskilgreinda vegalengd, hafi ekki verið góð og nú sé í óefni komið að þessu leyti. Af þessum sökum hafa almenningsvagnakerfi drabbast niður, jafnvel verið hætt að taka tillit til almenningsvagna sem fyrstu farartækja í þéttbýlinu hjá okkur. Hér þarf að snúa við.

Við höfum einstök dæmi um það, að einkabíll er nauðsynlegur til þess að geta stundað vinnu og til þess að geta borið sig á milli, einmitt að því er að öryrkjunum lýtur sem hv. þm. Oddur Ólafsson vakti máls á áðan. Nú er það svo, að Tryggingastofnun ríkisins styrkir öryrkja lögum samkv. til þess að reka bíla, veitir til þess styrk samkv. lögum og reglugerðum. Þetta mætti auka og koma þannig til móts við þarfir þeirra sem brýn nauðsyn er að hafa bíl til umráða. Það er hægt að auka eftir þeim leiðum. Þá leið eigum við opna.

Eins og að líkum lætur, með þeirri hugsun sem liggur að baki þessari skoðun minni, vildi ég ekki leggja til að rekstrarkostnaður á einkabíl yrði frádráttarbær til skatts. Það yrðu önnur atriði sem ég vildi að kæmu fyrst til athugunar í hinni almennu neyslu. Það kynni þá að koma til álita, hvort ekki væri nær t. d. að draga frá fæðiskostnað, eða af því að við erum nú að tala um samgöngur, þá t. d. skóslit, fremur en rekstur á bíl, enda hygg ég að nú sé svo komið að það sé orðið meira aðkallandi hjá okkur að draga úr notkun einkabílanna, draga úr bensíneyðslunni, heldur en að stuðla að því að menn geti haldið þannig áfram í þeim mæli sem verið hefur, án tillits til verðhækkana. Og ekki má ég til þess hugsa að við förum að hugleiða þann möguleika að styrkja þá, sem eiga stóru bílana sem eyða 15—25 — ég vil hækka þetta enn þá og segja: til 40 lítrum á hundraðið, til þess að kaupa sér minni bíla. Þetta er eitt af því sem menn verða almennt að sjá sér farborða um.

Það blasir við okkur, — og raunar hef ég vakið máls á því fyrr hér á þingi, — það blasir við okkur sú staðreynd, að olía mun halda áfram að hækka í verði, beinlínis vegna þess að það er stutt í olíuþrot. Framleiðsla á olíu og framboð á olíu hlýtur að dragast saman. Viðfangsefni okkar núna er að reyna að finna úrræði hér innanlands, koma okkur upp flytjanlegu eldsneyti hér innanlands sem getur komið í stað olíunnar og bensínsins, jafnframt því sem við gerum raunverulega ráðstafanir til þess að draga úr notkun þessarar vöru hér innanlands og koma fólki upp á lag með að nota önnur úrræði, allt frá því að ganga til vinnu meira en nú er gert, sem ég hef rökstuddan grun um að ýmsir hafi ákaflega gott af, og til þess að neyta þá þeirra félagslegu úrræða sem í því felast að nota sameiginleg farartæki eftir því sem hægt er. Það væri okkur vorkunnarlaust að gera á landi hér. Með þeim hætti gætum við stórlega lækkað ferðakostnað þess fólks sem sækir vinnu sína um langan veg frá heimili.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Hv. þm., sem hér hafa talað, hafa sumir lýst ánægju yfir því, að þetta mál skuli nú vera til umr. í d. Ég er nú alltaf á báðum áttum út af umr. utan dagskrár, en svo mikið er víst a. m. k., að það hefur einhvern tíma verið talað um þýðingarminni mál en það sem hér hefur verið til umr.

Þegar hv. þm. Stefán Jónsson talar um þann möguleika að nota auknar tekjur ríkissjóðs vegna hækkandi gjalda af bensíni og olíum til þess að greiða niður fargjöld með strætisvögnum, þá kemur mér fyrst í hug að menn verði að átta sig vel á því, hvað gerist hjá ríkissjóði varðandi tekjuöflun almennt út af þessum hnykkjum, áður en farið er að borga niður. Ég kem kannske aðeins nánar að því síðar.

En fyrst ég stóð upp vil ég láta það koma hér fram, að ég er algerlega andvígur því — og áskil mér þó rétt til að breyta um skoðun náttúrlega eftir að búið er að fara nánar ofan í saumana á þessu öllu saman — en á þessari stundu er ég alls ekki tilbúinn að fallast á lækkun á skattheimtu til Vegasjóðs. Ég hef verið meðmæltur því að taka lán til vegagerðar og sérstaklega til þeirra þátta sem reyndust arðbærastir við athugun. En það breytir ekki því, að mér er annt um að aflað sé tekna til að vinna að vegaframkvæmdum og ég álít að það borgi sig fyrir alla.

Það er ekki vafi á því, eins og hér hefur komið fram, að hækkanir á olíum og bensíni koma ákaflega hart niður á bæði einstaklingum og atvinnuvegum þjóðarinnar. En sú hugsun, sem mér er efst í huga, þegar þessi mál ber á góma, og greip mig fyrst þegar ég sá framan í það sem í aðsigi var, er þessi fyrst og fremst: Hvað er hægt að gera til þess að auka notkun innlendra orkugjafa, hvort sem það er jarðvarmi eða raforka? Er ástæða til þess að fara ofan í saumana á okkar áætlunum og gera sér grein fyrir því, hvort eitthvað væri hægt að gera á þeim sviðum umfram það, sem nú er áformað, til þess að auka notkun okkar innlendu orkugjafa og flýta því að menn geti notfært sér þá? Hins vegar er það sem hér hefur borið á góma, hvað hægt sé að gera til orkusparnaðar.

Við höfum heyrt umr. um þessi mál, það hefur verið drepið á marga þætti sem til greina koma þar. Og án þess að ég ætli að fara að ræða það í einstökum atriðum, þá get ég nefnt suma af þessum þáttum, eins og almenna herferð til þess að stilla kynditækin hjá fólki sem býr við olíuupphitun og olíunotkun á fleiri sviðum, að taka upp í

ríkari mæli en áður svartolíu í stað gasolíu. Einnig hefur verið bent á það, að við eigum töluvert mikla möguleika, sem er nokkuð einfalt að nýta, í aukinni notkun innlendu orkunnar, t. d. með því að gera skipum í höfnum kleift að nota sér innlendu orkuna á meðan þau liggja í höfnum, í staðinn fyrir að keyra dísilvélar sínar til rafmagnsframleiðslu um borð. Þetta er eitt af því sem nefnt hefur verið.

Svo er það notkun almenningsvagna sem hér hefur verið komið inn á. Það er áreiðanlega mjög mikið atriði að stuðla að því, að menn nýti þá meir en gert er. Það er e. t. v. ekki hægt að gera það með snöggu átaki, en þetta sé tekið fyrir og leitað leiða til að örva notkun manna á þessum vögnum. Sú mikla notkun einkabíla, sem hér er, er áreiðanlega að verulegu leyti óhóf. Menn aka eigin bíl í tíma og ótíma — ég eins og aðrir auðvitað — og oft bílum sem nota mjög mikið eldsneyti. Hefur lítið verið a. m. k. af margra hálfu í því gert að spara það.

Það er líka e. t. v. ástæða til þess að gera skipulegt átak í því að meta það, þó að fyrst og fremst verði hver og einn að meta það fyrir sig, hversu mikið skuli keyra og hversu mikið skuli leggja á gangvélar skipa. Það munar ákaflega mikið um það, þegar bætt er við ganghraðann, kostar margföld olíunot að fá mesta hraða. Ég varpa þessu fram. Það má vel vera að það sé ástæða til að taka einmitt þetta skipulega til meðferðar.

Það er alveg víst, eins og hér hefur komið fram, að þetta er mjög alvarlegt mál. Aukinn olíukostnaður snertir auðvitað meira og minna allar framleiðslugreinar. Menn tala mest um útgerðina af því að hún er stærsti olíukaupandinn. En einnig í ýmsum greinum iðnaðar eru notaðir erlendir orkugjafar í miklum mæli og svo við landbúnaðarframleiðsluna. Það er stundum talað um að bændur hafi hrúgað að sér án a. m. k. mikillar aðgæslu margvíslegum tækjum til þess að vinna að öflun heyja o. s. frv. Þau þurfa brennsluefni. Það er því mikið og margþætt vandamál hvernig við verði brugðist á vettvangi atvinnulífsins nú þegar þessi ósköp dynja yfir. Þar koma mjög mörg atriði til greina. Við ýmiss konar verðlagningu hljóta menn að velta þessu fyrir sér, við ákvörðun fiskverðs o. s. frv., að ógleymdri vísitölunni margnefndu. Þessir atburðir hvetja til þess að menn geri sér grein fyrir því, hvort og á hvern hátt viðskiptakjörin eigi að verka inn á okkar vísitölugrundvöll.

Í sambandi við kyndingu íbúðarhúsnæðis vex enn gífurlega sá mikli mismunur sem er á kyndikostnaði þar sem menn njóta jarðvarma og svo aftur þar sem menn þurfa að kynda með hinum innflutta orkugjafa. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvernig brugðist verði við til þess að jafna að einhverju leyti þennan viðbótarhalla og þá auðvitað um leið með hverjum hætti eigi að afla tekna til að standa undir slíkum kostnaði.

Ég hef viljandi nefnt eldnseyti í bifreiðar síðast, því að hitt eru gífurlega stórir þættir í mínum augum. En það er þó ekki af því að ég líti smáum augum það atriði, sem hv. þm. Oddur Ólafsson sem fyrst vakti þessar umr., tók sérstaklega fyrir, því að þar er einnig um gífurlega mikið og alvarlegt mál að ræða. Hér eins og á fleiri sviðum er aðstaða manna ákaflega misjöfn. Sumir þurfa lítið á bifreiðinni að halda, en aðrir meira. En auðvitað notum við öll meira og minna flutningakerfið, þó að ekki allir keyri einkabíla, og þetta hlýtur að verða til þess að hækka bæði flutningsgjöld og allan ferðakostnað almennt.

Það hefur verið upplýst hér og raunar hefur það áður komið fram opinberlega, að hæstv. ríkisstj. vinnur að þessum málum á breiðum grundvelli og ríkisstj. hefur tekið þetta sem alveg sérstakt viðfangsefni sem þurfi að snúast við af myndarskap. Ég held að það velti ákaflega mikið á því, að tekið sé raunhæft á þessum málum núna.

Það er vissulega rétt, sem hér hefur komið fram um gjaldtöku ríkissjóðs og Vegasjóðs af olíu og bensíni, og auðvitað kemur það til skoðunar ásamt fjölmörgum öðrum þáttum. En eins og ég sagði tel ég höfuðatriði að menn taki raunhæft á þessu, stingi ekki höfðinu í sandinn, t. d. með því að ætla að leysa þessi vandamál að meira eða minna leyti á kostnað ríkissjóðs. Þá á ég við, ef við nánari athugun kemur í ljós að það, sem gert yrði, yrði til þess að skekkja þá mynd sem stillt er upp í fjárl. af útkomu ríkissjóðs. Ég held að það væri alveg fráleitt og væri að bæta gráu ofan á svart í okkar efnahagslega basli ef ætti að leysa þetta mál með því að auka við skuldina í Seðlabankanum. Það þarf að varast alveg sérstaklega. Ég lít svo á, að sú mikla hækkun á olíuverði, sem þegar er byrjuð að segja til sín og á eftir að gera það í ríkara mæli, sé byrði sem á okkur leggst og við verðum að bera. Spurningin er hins vegar hvernig sé hægt að létta þessa byrði, t. d. með aukinni nýtingu innlendra orkugjafa eða með sérstökum aðgerðum til orkusparnaðar, og svo jafnframt hitt, hversu unnt sé að jafna byrðarnar þannig að einstakar atvinnugreinar og einstaklingar geti ráðið við þær. Hitt er hverju orði sannara, sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vestf., forseta þessarar d., að þessir atburðir gefa tilefni til að athuga ýmis vandasöm viðfangsefni, eins og t. d. tvöfaldan söluskatt, sem hér hefur verið minnst á, og gífurlegan aðstöðumun annan sem enn þá er á milli byggðarlaga, milli þegnanna í þessu landi eftir því hvar þeir eru búsettir.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Í sambandi við þessa umr. eru einungis tvö atriði sem ég vildi vekja athygli á og komu fram í máli hæstv. fjmrh. í sambandi við olíuverðshækkunina.

Það hefur náðst samkomulag í sambandi við útgerðina um þessa olíuverðshækkun. Þetta samkomulag var gert nú um helgina og hæstv. ráðh. boðaði frv. um það efni og ber vissulega að fagna því. Ég vona að þetta frv. verði lagt fram mjög fljótlega, því að mér sýnist að þar hafi verið leystur á nokkuð skynsamlegan hátt bráðabirgðavandi. En þar sem þar er einungis leystur hluti af þessu vandamáli, eða hækkunin úr 57 kr. á lítra upp í 70 kr., en óleystur er vandinn upp í 92 kr. sem er gert ráð fyrir að olíuverð verði komið upp í í lok apríl, vil ég hvetja fjmrh. og ríkisstj. til að reyna að koma þessari bráðabirgðalausn eins fljótt í gegn og hugsast getur. Ég hugsa að þingið hafi mikinn skilning á þessu og hæstv. ríkisstj. geti reitt sig á stuðning þm.

Strax þarf að fjalla um hvernig þetta vandamál verði leyst endanlega, því að það er ljóst varðandi lausn þá sem var gerð gagnvart útgerðinni með tilfærslum milli sjóða, að það verður ekki hægt að fara þá leið í næsta skipti, a. m. k. ekki nema að hluta til. Til þess er dæmið of stórt. En sjálfsagt eru til leiðir. Ég vil ekki vera að fara inn á það hér núna í sambandi við þetta mál, einungis hvetja til þess að umr. um þetta hefjist mjög fljótlega þegar frv. til lausnar þessari 16% hækkun verður lagt fram.

Annað atriði hefur komið hér fram í umr. Það er sá samanburður sem menn hafa réttilega bent á, aðstöðu-

munur manna, sem hita upp með olíu og þeirra, sem njóta jarðvarma. Ég vil í þessu sambandi benda á, að það er ekki einungis þessi gífurlegi aðstöðumunur, olía og hitaveita, heldur einnig aðstöðumunur hjá þeim, sem hita upp með olíu, og þeim, sem hita upp með rafmagni. Að vísu á þetta verð að vera nokkurn veginn jafnt. En ég hef undir höndum tölur úr minu kjördæmi, nánar tiltekið frá Stokkseyri, þar sem gerður er samanburður í mörgum húsanna, sem hituð eru upp með olíu annars vegar og hins vegar með rafmagni, og þar er ótrúlega mikill munur hvað olíuhitunin er dýrari. Þessar tölur eru fyrir árið 1978, þannig að þetta á eftir að verða enn þá óhagstæðara fyrir yfirstandandi ár.

Það verður að gera kröfu til þess, bæði varðandi þetta mál, húshitunina, og varðandi útgerðina, að þessi mál séu afgreidd fljótt. Olían hefur þegar hækkað og menn eru að kaupa olíu á nýja verðinu. Sú aðstoð, sem væntanlega verður veitt, þarf að koma fljótt. Þessar hækkanir eru svo miklar, að menn geta ekki lengur beðið lengi.

Í sambandi við þennan mismun á olíu og rafmagni, sem ég þekki í minu kjördæmi, er fróðlegt að fá að vita hvort ríkistj. hafi nokkrar áætlanir eða hugmyndir um áhrif þessarar olíuverðshækkunar á rafmagnsverð. Reynt er að fylgja því grundvallarlögmáli, að hitun með rafmagni og olíu sé sem jöfnust, þó að í þessu tilfelli sé það ekki. Mun þá þessi olíuverðshækkun verða til þess að rafmagnstaxtar verði hækkaðir? Það má segja að það sé fráleitt að það verði. En þarna mun skapast gífurlegur aðstöðumunur, ekki einungis hjá þeim sem eru með hitaveitu, sá aðstöðumunur hefur alltaf verið fyrir hendi, heldur gagnvart þeim, sem eru jafnvel í sama kauptúni og hita upp annaðhvort með olíu eða með rafmagni.

Í sambandi við þetta mál vil ég endurtaka það, að till. um þennan vanda verða að liggja fljótlega fyrir, þar sem við höfum ekki nema tveggja mánaða tíma, eða fram til loka apríl, þar til þessi mikla hækkun mun skella á okkur af fullum þunga. Talað er um að gasolíulítrinn fari upp í 92 kr., en það eru víst til skráningar núna upp á síðkastið upp á yfir 120 kr. Höfuðmarkmið þessarar ríkisstj. er baráttan gegn verðbólgunni, en þetta vandamál er svo stórfenglegt, að það má sjálfsagt halda því fram að önnur markmið hverfi í skuggann fyrir því. Hins vegar er ánægjulegt að heyra í umr., að hér er engan veginn um pólitískt mál að ræða. Mér heyrist á umr. um þetta mál hér í þinginu, hvort sem eru stjórnarandstæðingar eða stjórnarsinnar, að menn séu allir af vilja gerðir til að leysa þetta mikla vandamál og ætli að standa saman að því. Það er vissulega hvati fyrir ríkisstj. að hraða till. sínum til lausnar þessum vanda.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. frekar, en vil þó í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. minntist á í ræðu sinni, segja örfá orð.

Það er rétt hjá hv. þm., að ég, eins og margir fleiri þm., er áhugamaður um framgang vegaframkvæmda og vegamála, — ekki síst við þm. sem erum fulltrúar landssvæða sem eiga erfit í þessum efnum, vegna snjóa og af ýmsum fleiri ástæðum. Það frv., sem hann minntist á um happdrættislán ríkissjóðs í sambandi við Vegasjóð, er gott mál og ég álít að það ætti að verða í heimildarformi. Án þess að fara langt út í það efni nú vil ég aðeins geta þess, að það mun koma fram nánar í umr. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj., en þær umr. munu væntanlega byrja í Nd. á miðvikudag, þar sem þær eru, eins og hv. þm. er kunnugt, tengdar við frv. til 1. um lánsheimildir o. fl. Það er nú þegar komið fram í framlagðri fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, að fyrirhugað er að verja til vegamála rúmum 13 milljörðum kr. á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður selji verðtryggð skuldabréf fyrir 4200 millj. kr. Seðlabankinn lagði til um áramótin, að það yrðu 3500 millj., en var hækkað við meðferð fjárl. um jólin upp í 4200 millj. Ástæðan fyrir því, að ég minni sérstaklega á þetta, er að menn hafa áhyggjur af því, hvernig muni ganga að selja verðtryggð skuldabréf ríkissjóðs á þessu ári, og þær áhyggjur vaxa eftir því sem mikil verðbólga geisar lengur í þjóðfélaginu og eftir því sem hún brennir upp fjármagnið innanlands og gerir erfiðara um vik að fjármagna æskilegar framkvæmdir, eins og t. d. vegaframkvæmdir. Það væri í raun og veru æskilegt að viðbótarskuldir, sem bættust á ríkissjóð á síðasta ári, yrðu að hluta til fjármagnaðar t. d. með skuldabréfaútgáfu innanlands, eins og sumar þjóðir gera í talsvert stórum stíl, t. d. Svíar og fleiri þjóðir sem búa við halla á fjárlögum. En verðbólgan sér fyrir því, að það er í raun og veru enginn markaður til þess eða svigrúm eins og nú háttar hjá okkur. Ég vildi aðeins taka þetta fram án þess að fara að vekja upp frekari umr.

Hv. þm. Ágúst Einarsson minntist á áhrif olíuhækkunarinnar á rafmagnsverð. Það er alveg augljóst mál, að kostnaður við framleiðslu rafmagns vex vegna olíuhækkunarinnar af skiljanlegum ástæðum. Það er í raun og veru einn af ákaflega mörgum þáttum þessa máls sem þarf að kanna og verið er að athuga.

Þessi umr. utan dagskrár, sem er ekki undirbúin umr., sýnir þegar hversu margslungið þetta mál er og hversu mikið áhrif gífurlegar verðhækkanir á olíuvörum hafa á hagkerfi okkar í ýmsum myndum. Þess vegna held ég, að umr. sé þörf og hér hafi komið margt fram, eins og heyra má. En fyrstu viðbrögð manna varðandi olíuverðhækkunina eru jákvæð að mínum dómi. Eins og kom fram hjá hv. þm. Ágúst Einarssyni, hefur tekist samkomulag milli útgerðarmanna og sjómanna um lausn á máli þeirra í fyrstu atrennu vegna þeirra hækkana sem þegar hafa orðið. Þetta samkomulag lofar góðu um framhaldið, og ég hef ekki orðið var við annað en ríkan skilning á að það þurfi að taka þetta mál nokkuð sérstökum tökum. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða atvinnurekendur, launþega, stjórn eða stjórnarandstöðu, mér sýnist að fram komi skilningur á því, að þetta mál sé svo stórt að það verði að taka sérstökum tökum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir fróðlegar og gagnlegar umr. um þetta mál. En mig langar til að vekja athygli á því, að í minu upphafsmáli tók ég skýrt fram hvað það væri sem ég væri að vekja athygli á í sambandi við verðlagningu á bensíni. Það var að tollar, sem eru cif.-tollar og teknir í hlutfalli af verði á bensíni, og enn fremur söluskatturinn væru það sem ég áliti að þyrfti að taka til athugunar og lækka, en alls ekki sá hluti sem fer til vegamála. Ég geri mér ljóst að það er mál sem við þurfum að standa vörð um.

Hv. 1. landsk. þm. vék að því, að það væri allmikill munur á upphitun húsa með rafmagni og olíu, og ég hef alveg sömu reynslu úr minu kjördæmi. Ég geri mér fyllilega ljóst að nú þegar er orðinn verulegur munur á því, a. m. k. víðast hvar um land. En það er annað sem spilar

þarna líka mikið inn í og gerir alla dóma erfiða um þessi mál, og það er ástand húsanna. Ég held að það sé fyllilega ástæða til að það verði veitt alveg sérstök lán frá Húsnæðismálastofnun ríkisins til þess að endurbæta hús með tilliti til hitaeinangrunar. Það gæti auðveldlega sparað mikinn orkukostnað.

Varðandi mál hv. þm. Stefáns Jónssonar um almenningsvagnanna vil ég halda því fram, að einkabíllinn sé þáttur í velmegun okkar og okkur beri ekki að fara til baka. Ég vil vekja athygli á því, að ef við flyttum okkur frá einkabílum yfir til almenningsvagnanna, þá þýðir það, a. m. k. þar sem um stuttar vegalendir er að ræða til vinnustaðar, lengri vinnutíma, og það þýðir enn fremur mjög vafasamar breytingar hvað snertir heilsufarslegt öryggi. Ég hef mikla reynslu af því, að það er erfitt að standa í biðskýlum í hvaða veðri sem er við okkar veðurfar og bíða eftir strætisvagni, og ég held að það sé mjög vafasamt að fara út á þá braut. Hitt er svo annað mál, að mjög heilnæmt er að ganga á vinnustað og verður auðvitað gert í vaxandi mæli. En þar kemur aftur það sem ég gat um, að þau svæði, þar sem menn eiga marga km á vinnustað, eru verst sett í þessu efni.

Orlof, frv. (þskj. 227, n. 365, 372). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 372 felld með 11:6 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 11 shlj. atkv.

Aukin gæði fiskafla, þáltill. (þskj. 119, n. 367). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. N. hefur haft til umfjöllunar þáltill. þessa. Hún sendi hana til umsagnar. Jákvæðar umsagnir bárust frá Framleiðslueftirliti sjávarútvegsins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. N. varð sammála um að mæla með samþykkt þessarar þáltill. með orðalagsbreytingu. Breytingin er gerð til að hnykkja betur á einstökum atriðum. Tillgr. hljóðar þá svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því í samstarfi við hagsmunaaðila sjávarútvegsins, að gæði fiskafla verði bætt til muna.

Til þess að þetta markmið náist skal ríkisstj. láta framkvæma könnun á eftirtöldum atriðum:

1. Með hvaða hætti megi með fjárhagslegri og tæknilegri aðstoð af opinberra hálfu útbúa fiskiskip betur en nú er gert til geymslu á fiski.

2. Með hvaða hætti megi með fjárhagslegri og tæknilegri aðstoð af opinberri hálfu bæta geymsluþol og gæði fiskafla í fiskvinnslustöðvum, svo sem með kælingu, sjóþurrkun og fiskkössum."

N. varð sammála um þessa afgreiðslu málsins. Fjarverandi afgreiðsluna voru hv. þm. Oddur Ólafsson og Karl Steinar Guðnason.

ATKVGR.

Brtt. 367 (ný tillgr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Takmörkun loðnuveiða, þáltill. (þskj. 120, n. 368). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. sendi þáltill., sem hér um ræðir, um takmörkun loðnuveiða á sumar- og haustvertíð vegna öryggissjónarmiða, til umsagnar nokkurra aðila. Þeir aðilar, sem svöruðu, voru meðmæltir till. og þá sérstaklega og umfram aðra Slysavarnafélag Íslands. En vegna upplýsinga, sem fram komu í svarbréfi Siglingamálastofnunarinnar, ákvað sjútvn., raunar að tillögu flm. þáltill og hans frumkvæði, Ágústs Einarssonar, sem á sæti í n., að breyta till. á eftirfarandi hátt:

„Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að hraðað verði útgáfu reglugerðar um hleðslu fiskiskipa, þar sem miðað verði að auknum öryggiskröfum og strangara eftirliti. Stefnt verði að því að reglugerðin taki gildi fyrir upphaf loðnuvertíðar á sumri — og eigi síðar en 1. ágúst 1979."

2. liður brtt. sjútvn. er varðandi fyrirsögnina er orðist þannig:

„Tillaga til þingsályktunar um útgáfu reglugerðar um hleðslu fiskiskipa."

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Karl Steinar Guðnason og Oddur Ólafsson.

Um þessa brtt. okkar í sjútvn. þarf ekki að orðlengja. Það kom fram í upplýsingum frá Siglingamálastofnun, að unnið hefur verið að því að semja reglugerð varðandi hleðslu fiskiskipa. Af hálfu Siglingamálastofnunar hafa komið fram öll þau meginsjónarmið, sem að var stefnt með till. hv. þm. Ágústs Einarssonar, þm., og einnig þau meginsjónarmið, sem fram komu í framsöguræðu hans með till. Aftur á móti telur sjútvn. fullkomna ástæðu til að stuðla að því, að setningu þessarar reglugerðar verði hraðað, og það er álit sjútvn., að ástæðulaust sé að veita lengri frest til að þessi reglugerð verði gefin út heldur en fram yfir mitt sumar, þannig að hún geti tekið gildi fyrir loðnuvertíðina í sumar. Að vísu reiknum við með að loðnuvertíðin hefjist ekki fyrr en um miðjan ágúst, en við teljum nauðsynlegt, að þessi reglugerð verði komin út og í hendur útgerðarmanna og skipstjórnarmanna í tæka tíð áður en lagt verður til loðnuveiðanna.

Ég hygg að ástæðulaust sé að svo komnu máli að orðlengja þetta frekar, en legg á það áherslu, að af hálfu n. var algert samkomulag um að leggja til að farið yrði með málið eins og við gerum grein fyrir í brtt. og eins og ég hef drepið á.

ATKVGR.

Brtt. 368,1 (ný tillgr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 386,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 15 shlj. atkv.
Till. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 373). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt að ósk bæjarstjórnanna í Keflavík og Njarðvík. Báðar bæjarstjórnirnar hafa sent öllum þm. Reykjaness áskorun um að beita sér fyrir að felld verði úr fiskveiðilögunum síðasta mgr. 13. gr. laga nr. 81/1976, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð að því er varðar veiðar í Faxaflóa."

Þrátt fyrir óskir um að fella þessa síðustu mgr. úr lögum er ekki gengið lengra en það með þessu frv., að lagt er til að sömu lög gildi um Faxaflóa og aðra firði og flóa hér við land næstu tvö ár. Það er sem sagt svo, að þrátt fyrir þessi ströngu ákvæði hefur ráðh. ekki verið treyst fyrir Faxaflóa í þessum efnum. Ástæðan er flestum ljós. Fordómar einstakra manna í nokkrum byggðarlögum gegn þessu veiðarfæri hafa komið í veg fyrir að skarkolamiðin væru nýtt, þrátt fyrir aflahrun á þessu svæði, kvein um að efnahagur okkar þoli ekki að dregið sé úr þorskveiðum og síðast, en ekki síst stöðugt haldbetri sannanir fyrir því, að allt tal um skaðsemi dragnótar umfram önnur veiðarfæri er fjarstæða.

Ég vil ekki þreyta ykkur mikið með lestri, en það er nóg til af lesmáli um dragnót. Ég ætla — með leyfi forseta — aðeins að vitna í skýrslu Aðalsteins Sigurðssonar deildarstjóra flatfiskdeildar í Hafrannsóknastofnun sem hann sendi út í haust, en þar segir m. a.:

„Eitt af því, sem dragnót og botnvörpu hefur verið fundið til foráttu, er að þær gruggi sjóinn við botninn. Á þetta grugg að fæla fiskinn af miðunum, þar sem togað er, og jafnvel setjast í tálkn og drepa hann. Í fyrsta lagi mun of mikið gert úr því gruggi, sem dragnót veldur, ef dæmt er eftir lýsingu, sem Guðni Þorsteinsson og Jóhannes Briem (1978) gáfu eftir könnun í Faxaflóa s. l. haust. Þeir segja:

Voðin sjálf sveif létt við botninn og snerti aðeins stöku bárutoppa. Sáust einungis smárispur eftir hana í sandinum á stöku stað. Ekki var að sjá neitt grugg fyrir aftan voðina, einungis mjög smáa sandhvirfla við fótreipið. Í öðru lagi mun fiskurinn ekki vera mjög viðkvæmur fyrir gruggi í sjónum."

Að lokum ætla ég — með leyfi forseta — að hafa yfir lokaorð í skýrslu þessari sem hljóða svo:

„Ótrú manna á dragnót á að miklu leyti rót sína að rekja til ofnotkunar hennar og botnvörpu hér áður og fyrr og þá með allt of smáum möskva. Einnig vilja persónulegir hagsmunir blandast inn í dóm manna. Hér hefur hins vegar verið leitast við að skýra hlutlaust frá staðreyndum með það fyrir augum, að lesendur geti gert sér raunsæja hugmynd um dragnótaveiðarnar."

Ég ætla ekki frekar að lesa upp úr þessari skýrslu, en mér fyndist eðlilegt að þeir, sem áhuga hafa á þessu máli, kynntu sér hana.

Það er ekki nóg með að við veiðum aðeins helming af því sem lagt er til að veitt sé af skarkolanum. Mikið af því, sem veitt er, er veitt á þeim tíma sem kolinn er lélegast hráefni, þ. e. þegar kolinn er genginn út. Hliðstæð vinnubrögð væru að hefja laxveiðar í september eða jafnvel ekki fyrr en laxinn fer að ganga niður.

Mest af þeim kola, sem við veiðum, er heilfryst. Það skásta fer á markað í Englandi, þar er hann þíddur upp, flakaður og frystur aftur. Þar með er hann orðinn annars flokks vara. Smávegis er uggaklippt og fer á Bandaríkjamarkað fyrir þokkalegt verð. En langstærsti hlutinn fer til Rússlands sem ruslfiskur.

Ört minnkandi fiskigengd hefur leitt til þess, að mörg frystihús á Suðurnesjum hafa hætt starfsemi, önnur eru rekin með litlum afköstum og reyndar spurning hve lengi sum þeirra þrauka. Þessu hefur fylgt nokkurt atvinnuleysi á sumrin, þegar mest framboð er á fólki, og á haustin, þegar afli er allajafna minnstur. En þetta er einmitt sá tími, sem skarkolinn er best fallinn til vinnslu og reyndar líka til veiða.

Nú er komin á markað mjög fullkomin flökunarvél sem gerir vinnslu á kola miklu hagkvæmari en áður. Þessi vél getur einnig flakað smáa grálúðu, en hún veiðist fyrst og fremst á vorin eða fyrri hluta sumars, þannig að með tilkomu kolaveiða einnig yrði samfelldur nýtingartími miklu lengri á þessum vélum, enda tæpast hagkvæmt að kaupa þær fyrir eins stuttan tíma og grálúðuveiðarnar standa. Svona vél var reynd við vinnslu í Sjöstjörnunni í fyrrasumar og reyndist mjög vel. Mér er kunnugt um að Útgerðarfélag Akureyringa á von á einni slíkri vél, Ísbjörninn hér í Reykjavík á von á einni, og ég held að Ísfirðingar og Súgfirðingar eigi von á sinn hvorri vélinni.

Hófleg veiði á skarkola úr Faxaflóa væri á bilinu frá 1400—1500 tonn og á Hafnaleir, sem þegar er reyndar opinn, er veiði líklega 400—500 tonn. Þetta eru tölur sem Aðalsteinn Sigurðsson hefur staðfest. Dragnótaveiðar á þessu svæði mætti stunda frá miðjum júní, og með vikustöðvun eða svo um verslunarmannahelgi mundu þessar veiðar standa fram eftir nóvember með því að skammta 90 tonn á viku. Sá skammtur væri nægilegt hráefni fyrir tvær flökunarvélar af þessari nýju gerð og um 30 manns mundu hafa vinnu við hvora vél. Ég tel að hæfilegt væri að 6 bátar eða svo stunduðu veiðarnar í senn og fengju þeir þá að veiða 15 tonn á viku hver. Eftirspurn eftir kolaflökum er mikil og verð gott ef varan er eins og markaðurinn vill fá hana.

Mér er ljóst að hér er hreyft máli sem oft hefur valdið deilum. Ég vona þó að svo sé komið, að flestir séu farnir að átta sig á að fjandskapur út í þetta veiðarfæri er ekki á rökum reistur. Tæknin hefur gert kleift að senda menn niður í sjóinn til að fylgjast með dragnótinni þegar veitt er með henni. Lýsingar þeirra ásamt ljósmyndum sanna rækilega að allt tal um skaðsemi dragnótaveiða er fjarstæða sé möskvinn nógu stór. Kvikmyndir hafa því miður ekki heppnast hjá okkur, en þær eru til annars staðar frá. Dragnót er ódýrt og gott veiðarfæri. Líklega er ekkert veiðarfæri hagstæðara til útgerðar. Íslendingar hafa þróað þetta veiðarfæri. Slysahætta, sem áður var veruleg samfara veiðum með dragnót, er nú síst meiri en með öðrum veiðarfærum. Dragnótaveiðar krefjast sérstakrar kunnáttu, jafnvel á hverju svæði um sig. Sú kunnátta varðandi Faxaflóa er nú óðum að glatast.

Í drögum að hafréttarsáttmála mun vera gert ráð fyrir að nýti þjóð ekki fiskstofn skuli öðrum látið eftir að nýta hann, og það væri kaldhæðni ef við ættum eftir að sjá Bretann koma hingað í Faxaflóann til að hirða skarkolann, eins og hann byrjaði á fyrst þegar hann kom.

Herra forseti. Ég legg til að máli þessu verði vísað til sjútvn. Það má vera að það þurfi orðalagsbreytingar á því, þar sem út er komin reglugerð um möskvastærð sem talað er um í frv.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fara um þetta mál nokkrum orðum.

Um heimild til dragnótaveiða í Faxaflóa hafa staðið miklar deilur á undanförnum árum. Niðurstöður þessara deilna hér á hv. Alþ. hafa um árabil legið fyrir í því ákvæði laga, að þrátt fyrir almenna heimild sjútvrh. til að veita leyfi til dragnótaveiða skuli sú heimild þó ekki ná til Faxaflóa. Ástæðuna til þess, að sérstök ákvæði voru látin gilda um Faxaflóa í þessu efni, má rekja til þess, að þeir, sem að setningu þessa ákvæðis stóðu, töldu sig hafa fulla vissu um að Faxaflói væri sérstök uppeldisstöð ungfisks, sérstaklega ýsu, kola og lúðu. Sú skoðun hafði komið mjög greinilega fram í þeim gögnum sem Íslendingar lögðu fram þegar þeir fengu samþykki fiskveiðiþjóða við Norður-Atlantshaf fyrir því að friða Faxaflóa fyrir togveiðum áður en landhelgin var færð úr 4 mílum við Ísland, áður en landhelgislínan var dregin þvert yfir flóa og firði. Þessi gögn, sem byggðust á mjög ítarlegum rannsóknum, rakti ég rækilega þegar deilur stóðu hér á hv. Alþ. um heimild til togveiða í Faxaflóa fyrir um það bil áratug, en þá tók ég mjög ákveðna afstöðu gegn heimildum til togveiða og dragnótaveiða í Faxaflóa. Ég er þess líka fullviss, að sú friðun sem átt hefur sér stað undanfarin ár í Faxaflóa hefur haft veruleg áhrif til aukningar fiskigengd í flóanum og stuðlað að uppvexti ýsu, en árangur þess hefur skilað sér í aukinni veiði annars staðar við landið.

Þegar yfir stóðu þær deilur, sem leiddu til þess friðunarákvæðis sem hér er lagt til að breyta, var möskvastærð veiðarfæra með þeim hætti að ungviði og uppvaxandi fiski stafaði veruleg hætta af. Sú stórfellda rýrnun hrygningarstofns nytjafiska, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, hefur gert ýmsar friðunarráðstafanir óhjákvæmilegar, þ. á m. verulega aukningu möskvastærðar í veiðarfærum, og enginn vafi er á því, að aukin möskvastærð er hvað raunhæfasta friðunaraðgerðin. Þegar fyrri ákvarðanir um bann við dragnótaveiði í Faxaflóa eru nú teknar til endurskoðunar er óhjákvæmilegt að líta á þá þróun sem orðið hefur varðandi möskvastærðir veiðarfæra, sem þýðir einfaldlega t. d. varðandi dragnótina að hér er ekki lengur um sama veiðarfæri að ræða.

Ef unnt á að vera að hlífa þorskstofninum verður að beita til þess öllum tiltækum ráðum, þ. á m. að sleppa engu tækifæri til þess að beina bátum að öðrum fiskstofnum sem ekki eru eins illa farnir og jafnvel vannýttir, svo sem kolastofninn er hér í Faxaflóa. En í heimildum til slíkra veiða, kolaveiða í dragnót, þyrfti að setja ákvæði um hámarkshlutfall annars afla, þ. e. a. s. þorsks og ýsu, í veiðinni.

Þó að ég hafi beitt mér mjög fyrir því ákvæði í lögum sem bannar dragnótaveiðar í Faxaflóa, er ég tilbúinn að athuga þá till., sem hér liggur fyrir, með hliðsjón af breytingum á möskvastærð og endurmeta þá skoðun, að dragnótaveiði skuli með öllu óheimil í Faxaflóa. Ákvörðunin um bannið var m. a. tekin út frá því mati á veiðarfæri sem dragnótin var þá. Það mat hlýtur að koma til endurskoðunar í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á dragnótinni.

Þessi till. hv. flm. hefur verið á döfinni í nokkurn tíma, og ég hef ýtt á það að flutningi till. fylgdi breyting á reglugerð um dragnót á þann veg, að sama möskvastærð verði í nótinni allri og með þeim hætti útilokað að þeim brögðum verði beitt að hnýta fyrir pokann, svo að stærð þess fisks, sem veiðist, ráðist af möskvastærðinni í vængjum, sem er mun minni en í pokanum. Jafnframt hef ég látið í ljós þá skoðun, að rétt væri að heimild væri tímabundin, stæði í tvö ár og yrði að koma aftur til kasta þingsins og ákvörðun um frekari heimildir verði þá skoðuð í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefði af veiðunum. Enn fremur tel ég nauðsynlegt, eins og ég áðan sagði, að setja ákvæði um hámarkshlutfall annars afla en kola í veiðinni, því að tilgangurinn er að gera kleift að nýta hann.

Ég á sæti í þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar, og þarf því ekki að hafa um það mörg orð nú. Það er vissulega full ástæða til að fara að með gát og hafa jafnvel sérstaklega í huga að þeir, sem ákafast bera nú fram rökin fyrir skaðleysi veiða með dragnót vegna aukinnar möskvastærðar, voru líka allra manna ákafastir í að mæla með dragnótaveiði þegar möskvastærðin var miklu minni, svo að dragnótaveiðin var þá að ýmissa dómi skaðræðisveiðarfæri. Á umsögn þessara aðila er ekki allt byggjandi. Jafnvíst er hitt, að í þessum efnum eiga ekki að gilda trúarbrögð í þá veru að dragnót megi aldrei beita og undir engum kringumstæðum, hvernig sem veiðarfærið er útbúið. Það er ekki um annað að ræða en að horfast í augu við staðreyndir, viðurkenna að dragnót samkv. þeirri reglugerð, sem hér er gert ráð fyrir, er ekki sama veiðarfæri og hún var þegar við ýmsir þm. beittum okkur fyrir því, að bönnuð yrði notkun dragnótar í Faxaflóa. Ég er þeirrar skoðunar, að friðun fyrir því veiðarfæri, sem dragnótin var, hafi gert mikið gagn og þannig hafi verið byggt á raunsæi. Sama raunsæi verður að ætlast til að menn beiti nú við mat á því, hvort heimila eigi veiðar með dragnót eins og reglugerð mun gera ráð fyrir að það veiðarfæri verði. Við ákvarðanir í sjútvn. mun ég a. m. k. reyna að láta slíkt raunsæi ráða afstöðu minni þegar gögn og umsagnir liggja fyrir þar.

Umr. frestað.

Neðri deild, 53. fundur.

Mánudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. (þskj. 324). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 228, n. 370). — 2. umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Félmn. hefur haft frv. um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot til umfjöllunar og flytur um það nál. á þskj. 370, þar sem n. mælir með samþykkt þess. Frv. það, sem hér um ræðir, er einn þátturinn í þeim margvíslegu félagslegu aðgerðum sem ríkisstj. hefur unnið að í samráði við samtök launafólks og voru í tengslum við frv. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu sem samþ. var í desember s. l.

N. mælir með samþykkt þessa frv., en fjarstaddir af-

greiðslu málsins voru Stefán Valgeirsson og Eggert Haukdal.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, frv. (þskj. 115). — 1. umr.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu hefur þegar verið afgreitt í hv. Ed. Hlaut frv. þar skjóta og góða afgreiðslu einróma.

Með frv. þessu er leitað heimildar til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu. Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu, þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun, og alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar voru báðir gerðir í Brüssel 29. nóv. 1969. Þessir samningar voru árangur af alþjóðlegri ráðstefnu, sem haldin var í nóv. það ár. Þriðji samningurinn er alþjóðasamningur um stofnun alþjóðlegs sjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, og var hann gerður í framhaldi af samningnum um einkaréttarlega ábyrgð í Brussel í des. 1971, en hafði verið áður undirbúinn af sérstakri ráðstefnu. Þessir samningar hafa allir verið undirbúnir fyrir forgöngu Alþjóðasiglingamálaráðstefnunnar, IMCO, en aðalfulltrúi Íslands hjá þeirri stofnun og við gerð þessara samninga hefur verið Hjálmar R. Bárðarson og hefur hann notið margvíslegs trausts innan stofnunarinnar.

Alþjóðasamningurinn um íhlutun á úthafinu fjallar um aðgerðir strandríkis vegna skipskaða á úthafinu til varnar gegn olíumengun, ef talið er að skipskaðinn geti valdið tjóni á umhverfi og nytjum innan lögsögu strandríkisins sé ekkert að gert. Samningurinn nær til olíumengunar af völdum hráolíu, brennsluolíu, dísilolíu og smurningsolíu. Strandríki, sem grípur til aðgerða samkv. samningi þessum, skal að jafnaði hafa samráð um aðgerðir við önnur viðkomandi ríki, sérstaklega þó það ríki sem skipið er frá. Strandríkinu er þó heimilt, þegar um brýna nauðsyn er að ræða, að gera nauðsynlegar ráðstafanir þegar í stað án undanfarandi ráðfærslu við aðra aðila. Þá eru í samningunum ákvæði um að öll aðildarríki tilnefni sérfræðinga með ákveðna þekkingu, og getur strandríki leitað ráða hjá þeim ef þörf krefur.

Til að tryggja rétt annarra aðila fyrir óþörfum aðgerðum strandríkis ber strandríki, sem hefur gert ráðstafanir er brjóta í bága við ákvæði samningsins, skylda til að greiða skaðabætur. Ef strandríki og viðkomandi aðili koma sér ekki saman um bætur geta aðilar skotið málinu til sáttanefndar eða, ef það dugir ekki til málalykta, þá til gerðardóms.

Alþjóðasamningurinn um einkaréttarlega ábyrgð fjallar um ábyrgð skipeiganda ef skip hans veldur olíumengun í umhverfi sjávar. Samningurinn gildir fyrir tankskip, sem flytja hráolíu, brennsluolíu, þykka dísilolíu, smurningsolíu eða hvallýsi. Fjárhagsleg ábyrgð skipeiganda er bundin við 2000 franka fyrir hverja rúmlest skipsins, en þó á skipeigandi ekki rétt á að notfæra sér þessa takmörkun ef mengunin er honum sjálfum að kenna. Ábyrgð skipeiganda er hins vegar engin ef olíumengun verður vegna hernaðaraðgerða, ófriðar, borgarastyrjaldar, uppreisnar eða náttúruhamfara sem eigi verða umflúnar eða ráðið við. Einnig fellur ábyrgð skipeiganda niður, ef um er að ræða áfall sem þriðji aðili orsakar vísvitandi eða ef áfallið má rekja til kæruleysis eða vanrækslu yfirvalda í viðhaldi siglingaljósa og tækja.

Skipum, sem flytja meira en 2000 tonn af olíu í farmi, skal vera skylt að hafa vátryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu er svari til þeirrar hámarksábyrgðar er samningurinn kveður á um. Vottorð um að slík trygging sé í gildi skal gefið út fyrir hvert skip og skal vottorðið haft um borð í skipinu. Samningsríki skulu sjá svo um að slík trygging sé í gildi fyrir skip sem koma eða fara úr höfnum þeirra.

Alþjóðasamningurinn um stofnun alþjóðasjóðs var gerður í fyrsta lagi með því markmiði, að sjóðurinn yrði eins konar baktrygging fyrir tjónþola olíumengunar þegar þær hámarksbætur, sem skipeigendum er gert að greiða samkv. samningnum um einkaréttarlega ábyrgð, duga ekki til að bæta tjónþola upp það tjón sem hann hefur orðið fyrir. Í öðru lagi er sjóðnum ætlað að draga að nokkru leyti úr þeirri fjárhagslegu ábyrgð sem skipeigendum er sett með ákvæðum samningsins um einkaréttarlega ábyrgð.

Fjárframlög í sjóðinn greiðast árlega af þeim sem flytja inn meira en 150 þús. lestir á ári af gjaldskyldri olíu, eins og það er skilgreint í samningunum. Svartolía, sem flutt er hingað til lands frá Sovétríkjunum, mundi t. d. samkv. þessum samningum verða gjaldskyld.

Þetta er meginefni frv. Vænti ég þess, að hv. þm. sé ljóst hvað samningar þessir þrír fjalla um. Geri ég ráð fyrir að það sé með öllu óþarft að fjölyrða um þá miklu þýðingu sem slíkir samningar geta haft fyrir þjóð eins og Íslendinga, þar sem t. d. mengun á fiskimiðum gæti valdið okkur óhemjulegu tjóni. Tel ég því sjálfsagt að Íslendingar gerist aðilar að því samstarfi sem felst í þessum þremur samningum, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur haft forgöngu um að gerðir hafa verið. Samningarnir munu allir hafa tekið gildi sökum þess að nógu margar þjóðir hafa þegar staðfest þá.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 376). — Ein umr.

Frsm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta var upphaflega á þskj. 134 og flutt hér í Nd. af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, Jóni Baldvin Hannibalssyni, Kjartani Ólafssyni, Páli Péturssyni og Lárusi Jónssyni. Frv. var samþ. óbreytt úr þessari d. nokkru fyrir jól og sent hv. Ed. Þar var gerð breyting á frv. og er það nú, svo

breytt, prentað á þskj. 376. Frv. fjallar um breytingar á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, þess efnis, að stjórn sjóðsins sé heimilt að greiða bætur ef um er að ræða veiðar sem farið hafa fram á tilteknu veiðisvæði og hafa verið stöðvaðar, t. d. vegna hrygningar nytjafiska eða hættu á seiðadrápi.

Þær einu breytingar, sem gerðar hafa verið á þessu frv. í hv. Ed., eru að greiðslur bóta skuli í meginatriðum við það miðaðar að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar og að sjóðsstjórnin eigi við ákvörðun bóta samkv. breyttum lögum að hafa hliðsjón af því, hvort friðunin hafi verið ákveðin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þannig að eigendur viðkomandi báta hafi ekki getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri.

Sjútvn. þessarar hv. d. hélt fund í morgun og féllst þar á að mæla með samþykkt frv. eins og það kom frá Ed., þó svo að ýmsir hv. nm. í sjútvn. hafi látið í ljós þá skoðun, að sú breyting, sem hv. Ed. gerði á frv., hafi ekki verið til sérstakra bóta.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 388).

Lögræði, frv. (þskj. 199). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 375). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Samvinnufélög, frv. (þskj. 80). — Frh. 1. umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er um það eitt, að stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga skuli kosin beinni kosningu sem fram fari samtímis í öllum aðildarfélögum sambandsins, en fram að þessu hefur sambandsstjórn verið kosin á aðalfundi sambandsins allt frá því að það var stofnað. Ekki kemur fram í frvgr., hvernig fyrirkomulag kosninganna eigi að vera.

Þetta frv. er fyrir margra hluta sakir athyglisvert og ekki síður rökstuðningurinn fyrir því, sem fram kemur í grg. sem fylgir frv. Ekki getur hjá því farið, að ýmsar spurningar komi upp í hugann þegar þetta mál er skoðað, en áður en ég ræði það frekar vil ég lesa hluta grg., með leyfi forseta:

„Núgildandi lög um samvinnufélög eru við þessar breyttu aðstæður mjög ófullnægjandi orðin. Skortir einkum á að almennum félagsmönnum séu tryggð nægileg áhrif á stjórn sambandsins og samstarfsfyrirtækjanna, sem þó óumdeilanlega er réttur þeirra. Skal þetta skýrt með því að taka dæmi af réttindastöðu félagsmanns í venjulegu deildaskiptu kaupfélagi. Félagsmaðurinn neytir félagsréttinda sinna á deildarfundi, þar sem kosnir eru fulltrúar til setu á aðalfundi kaupfélagsins. Á aðalfundi kaupfélagsins eru kosnir aðrir fulltrúar sem fara á aðalfund sambandsins. Á aðalfundi sambandsins er stjórn sambandsins kosin og hún ræður síðan forstjóra og framkvæmdastjóra og skipar framkvæmdastjórn. Þessir aðilar munu síðan skipa í stjórnir samstarfsfyrirtækjanna.

Það sést af þessari upptalningu, að milliliðir eru margir milli hins óbreytta félagsmanns og hinna æðstu stjórnenda og nánast ómögulegt fyrir félagsmanninn að koma fram áhrifum. Þessu er mikilvægt að breyta og er því gerð í þessu frv. till. um að teknar verði upp beinar kosningar í stjórn sambandsins. Með því móti er komið á beinum ábyrgðartengslum milli félagsmanna og stjórnarinnar og lýðræði þar með stóraukið."

Flm. þessa frv. segja að tilgangurinn með flutningi þess sé að auka lýðræðið í samvinnufélögum. Þeir telja sig ná þessu markmiði með því einu að gefa öllum félagsmönnum, hvar sem þeir kunna að búa á landinu, kost á að kjósa beinni kosningu í sambandsstjórn. Með þessu móti er búið að tryggja nægileg áhrif hvers félagsmanns á stjórn sambandsins að sögn flm. Annað þarf ekki til að koma að þeirra dómi. En skyldu nú komast á persónuleg tengsl á milli einstakra félagsmanna og stjórnar sambandsins með því að taka upp beina kosningu? Því leggja þeir þá ekki einnig til, að stjórnir kaupfélaganna séu kosnar með þessum hætti? Félagsmenn þeirra hvers um sig ættu að þekkja persónulega félagsmenn þess kaupfélags sem þeir eru meðlimir í og gætu a. m. k. frekar gert sér grein fyrir hvers megi vænta af hverjum og einum í félagsstörfum heldur en þegar um er að ræða að kjósa stjórn sambandsins, þar sem mjög fáir félagsmanna, sem búa víðs vegar um allt land, geta vegna persónulegra samskipta og eigin kynna gert sér grein fyrir hvers megi vænta af þeim í stjórnarstörfum. Er því hætta á að með slíkri breytingu mundi engan veginn nást það markmið, sem flm. segjast ætla að ná með þessari breytingu, að auka áhrif hins almenna félagsmanns í stjórn sambandsins. Líklegt er að ef stjórnarkjör sambandsins færi fram með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir, mundu fjölmiðlarnir hafa mest áhrif á það, hverjir kosningu hlytu hverju sinni. Menn geta auðvitað deilt um hvort með slíkri breytingu sé horfið til lýðræðislegra stjórnarhátta eða ekki. En þá getur komið upp í hugann sú spurning, hvers konar lýðræði er verið að tala um. Það virðist vera orðið teygjanlegt hugtak.

Ef við gerum ráð fyrir að breyting sú á kosningu í sambandsstjórn, sem þetta frv. felur í sér, sé spor til lýðræðislegra stjórnarhátta, og hv. flm. trúa a. m. k. að svo sé, hvers vegna leggja þeir ekki einnig til að viðhaft sé sams konar fyrirkomulag við kosningu í öll önnur félög, stjórnmálasamtök og einnig í stjórnir stjórnmálaflokkanna? Þarf ekki að auka lýðræðislega stjórnarhætti víðar en hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga? Því leggja þeir ekki einnig til að stjórnarkjör fari fram með þessum hætti í öllum stéttarfélögum og í stjórn

Alþýðusambands Íslands, kjördæmastjórnir og í stjórnir stjórnmálaflokkanna, sem sagt upp sé nú tekin þessi regla um allt stjórnarkjör, hvernig sem félögin eru og hvort sem þau eru smáar einingar eða fjöldahreyfing sem nær yfir allt landið? Ég vil spyrja hv. flm. sérstaklega að því, hvort þeir muni ekki beita sér fyrir því að þessi regla verði yfirleitt tekin upp við stjórnarkjör hinna frjálsu félaga.

Ég vil vekja athygli á því, að stjórnarkjör í samvinnufélögunum fer fram með sama hætti og í flestum öðrum félögum í landinu, og ef breytingu á að gera í þessu efni hlýtur að vera eðlilegt að það sama sé látið ganga yfir alla. Það er líka þess vert að leiða hugann að því, hvort eðlilegt sé og æskilegt að löggjafinn taki sig til og ákveði með lagaboði með hvaða hætti stjórnarkjör eigi að fara fram í hinum ýmsu frjálsu félögum í landinu. Er það nú alveg víst að með því móti sé verið að auka lýðræðið í landinu? Sumir virðast vilja auka lýðræðið með því að takmarka frelsið, — en getur það farið saman? Hins vegar er mjög áhugavert verkefni að taka til athugunar með hvaða hætti er hægt að auka raunverulegt lýðræði í landinu á sem flestum sviðum, minnka aðstöðumuninn eftir því sem kostur er á öllum sviðum. En þar á ég við raunverulegt lýðræði og réttlæti.

Að síðustu vil ég leggja eftirfarandi spurningar fyrir hv. frsm.: Hefur hann gert könnun á því, hvort áhugi sé fyrir því hjá samvinnumönnum að taka upp það kosningafyrirkomulag sem felst í þessu frv., bæði er varðar kaupfélögin og í sambandsstjórn? Hefur verið gerð könnun á því í verkalýðsfélögunum að taka upp slíkar kosningar í landshlutasambönd og við stjórnarkjör hjá Alþýðusambandi Íslands? Og hvað um stjórnmálaflokkana, t. d. Alþfl. — já, og aðra flokka einnig? Er ekki rétt að kanna hug þeirra um að setja um það lög hvernig kosningar skulu fara fram á þeirra vegum, í meiri háttar trúnaðarstöður a. m. k.? Það væri fráleitt að setja lög aðeins um stjórnarkjör hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Ef rétt er talið að lögfesta hvernig stjórnarkjör í frjálsu félagi eigi að fara fram, þá hlýtur slíkt lagaákvæði að eiga að ná til allra slíkra félaga og þá óska ég eftir að þetta frv. verði sent til umsagnar öllum félögum í landinu, svo sem öllum stéttarfélögum, kaupfélögum, æskulýðsfélögum, stjórnmálaflokkum o. s. frv., og ráðamann þeirra spurðir að því, hvort þeir æski þess að lögfest verði að stjórnarkjör fari fram í öllum þeim félögum og samböndum, hverju nafni sem þau nefnast, með þeim hætti sem í þessu frv. felst og hvort þau telja slíkt stjórnarkjör munu auka lýðræðislega stjórnarhætti í þeirra félögum á einhvern hátt, hverjir séu kostirnir með slíku kjöri og hverjir annmarkarnir séu. Og er þá ekki rétt að taka upp hlutfallskosningar t. d. í stéttarfélögunum? Mér virðist menn greina á um það, hvort kosningafyrirkomulagið, sem þar viðgengst, sé nægilega lýðræðislegt og heyrt hef ég allvíða að þar ætti að taka upp skilyrðislaust hlutfallskosningu. Það væri mjög æskilegt að fá umsagnir um það atriði frá hlutaðeigandi aðilum, hvort þeir vilji ekki breyta til og taka upp lýðræðislegra kosningafyrirkomulag, þ. e. a. s. hlutfallskosningar.

Í frvgr. er gert ráð fyrir að fram fari árlega stjórnarkjör í stjórn sambandsins. Er ekki rétt að leiða hugann að því enn fremur, hvort það yrði ekki nokkuð viðamikið að láta kjósa árlega með þeim hætti sem lagt er til í frv., og vilja ekki hv. alþm. athuga það nánar a. m. k. áður en slíkt fyrirkomulag verður lögfest hér á hv. Alþingi?

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. til l. um breyt. á l. um samvinnufélög, sem felur það eitt í sér að sambandsstjórn skal kosin árlega beinni, leynilegri kosningu. Þetta frv. virtist ekki bjóða til svo ítarlegra og líflegra umr. sem raun varð á á fundi á miðvikudag, og væntanlega verða í dag aftur, en þær hafa gefið mér tilefni til þess að segja nokkur orð.

Það kemur í sjálfu sér fáum á óvart þótt fulltrúar pólitísku deildarinnar í Sambandi ísl. samvinnufélaga rísi upp og mótmæli þessu frv., vegna þess að aðrir aðilar dirfast að gera till. um breytingu á þeirri valdaaðstöðu sem þeir hafa innan þessa félagsskapar, og er út af fyrir sig skiljanlegt frá þeirra sjónarhóli að þeir vilji halda þeirri styrku aðstöðu sinni, sem þeir hafa nú í skjóli þeirra reglna og þeirra laga sem gilda um sambandið og framkvæmdina á þeim lögum. Hins vegar stóð einnig upp við þessa umr. formaður þingflokks Alþb., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, og mælti algerlega gegn þessu frv. Fór svo, að hann lenti í karpi við fulltrúa Alþfl., flm. þessa frv., um hverjir væru meiri íhaldsmenn, þeir sem væru með þessari till. eða þeir sem væru á móti henni. Hann benti á það, að fyrir nokkrum áratugum — hygg ég — hefði verið flutt till. af nokkrum þm. Sjálfstfl. um svokallað atvinnulýðræði, þó ekki sams konar till. og hér er á ferðinni, en hv. þm. taldi dæmigert fyrir íhaldsmenn að flytja slíka till. Fulltrúar Alþfl. svöruðu því til, að einmitt með andstöðu sinni gegn þessu frv. væri hv. þm. Lúðvík Jósepsson að lýsa sinni sönnu íhaldssemi. Við, sem hingað til höfum verið uppnefndir með þessu heiti, getum vel unað við þessar umr. og þær skýringar og skilgreiningar sem gefnar eru á hugtakinu íhaldsmaður, vegna þess að niðurstaðan af þessu er sú, að hægt er að túlka þær á báða vegu, hvort sem menn vilja halda í það, sem fyrir er, eða breyta einhverju frá því, sem staðið hefur mjög lengi.

Þessi tiltölulega litla og saklausa till. hefur enn þá einu sinni orðið tilefni til þess að þeir stjórnarþm. lenda í hári saman og er það orðinn daglegur viðburður. Ég mun ekki blanda mér mikið í þær hatrömmu deilur sem fram fara á milli þeirra stjórnarsinna. Ég skil þessa till. þannig, að hún sé flutt í þeim tilgangi að reyna að auka áhrif hins almenna félagsmanns í þessum samtökum og auka almennt áhrif launþega og félagsmanna í verkalýðshreyfingunni, þegar verið er að tala um breytingar á lögum sem fjalla um starfsemi verkalýðshreyfingarinnar almennt, eins og gert var að umtalsefni í umr. á miðvikudaginn. Mér finnst þessi hugsun vera góðra gjalda verð, enda þótt ég efist um að það frv., sem hér er flutt, nái endilega þessum tilgangi.

Ég hlýddi á þau rök, sem fram komu hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, þess efnis að hér væri hugsanlega um að ræða verulega skerðingu á félagafrelsi, hér væri um að ræða afskipti af innri málefnum félaga, og ég vil þess vegna hafa allan fyrirvara á um samþykki mitt við þetta frv. Ég vil virða mjög félagafrelsið og ég vil að Alþ. hafi sem allra minnst afskipti af innri málefnum frjálsra samtaka fólksins í landinu. Hins vegar hafa verið hér á undanförnum árum allmiklar umr. um það, hvort og hvernig hægt væri að koma á auknu atvinnulýðræði, eins og það er kallað, hvort hægt væri að auka áhrif starfsmanna á rekstur ýmissa fyrirtækja. Þá hefur spurningin fyrst og fremst verið um það, hvort auka ætti áhrifin með almennum samningum milli atvinnurekenda og starfsmanna eða hvort ætti að setja löggjöf. Ég hef ávallt verið

þeirrar skoðunar að sjálfsagt væri að auka áhrif starfsmanna, leyfa þeim að fylgjast betur með starfsemi og rekstri fyrirtækjanna, þeir öðluðust þannig betri skilning á því, hvað fram væri að fara og hverjir væru hagsmunir viðkomandi fyrirtækja, en ég hef talið vafasamt að slíkt ætti að binda í lögum. Að þessu leyti er ég sammála hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. En á sama tíma sem hann heldur þessum röksemdum fram hér og varar við of mikilli afskiptasemi af hálfu Alþ. af innri málefnum félaga og vill að t. d. verkalýðshreyfingin fái að starfa nokkuð frjálst og haga lögum sínum að eigin vild, þá vek ég athygli á því, að einmitt þessa dagana er verið að dreifa á Alþingi alls kyns stjfrv., sem einmitt fela í sér að ákveða með lögum ýmis félagsleg réttindi til handa verkalýðshreyfingunni, þar sem beinlínis er gripið inn í svokallaða frjálsa samninga, þar sem verið er að ákveða með lögum það sem hingað til hefur verið talað um að aðilar vinnumarkaðarins ættu að semja um sín á milli. Að þessu leyti stangast málflutningur hv. þm. verulega á. Ég endurtek, að ég tel eðlilegt að þegar um er að ræða t. d. styttingu vinnuviku og önnur hliðstæð mál sé um það samið milli aðila vinnumarkaðarins, en ekki sett einhliða löggjöf, sem gengur á hagsmuni annars aðilans, en er í þágu hins.

Ég stóð líka upp til að vekja athygli á því, að talsmaður Alb. mælir nú mjög gegn þessari till. og varar við þeim hugmyndum að tekin séu upp í lög ákvæði um að starfsmenn hafi aðild að stjórn fyrirtækja, Núv. hæstv. menntmrh. og að ég hygg þáv. formaður Alþb. flutti till. til þál. árið 1968 sem fjallaði um atvinnulýðræði, en þar kveður við annan tón. Í þeirri till. segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ellefu manna nefnd að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn þeirra fyrirtækja, sem þeir starfa hjá."

Í grg. með þessar till. segir m. a. um það málefni sem einmitt er hér á dagskrá, þ. e. a. s. um hugsanleg afskipti löggjafans af málefnum samvinnuhreyfingarinnar, með leyfi forseta:

„Þá má minna á, að samvinnuhreyfingin á Íslandi er óvenjulega öflug. Eins og fyrr segir, á atvinnulýðræði sérstakan rétt á sér í opinberum rekstri, en ekki á það síður við innan samvinnuhreyfingarinnar. Krafan um lýðræði er náskyld og raunar samofin hinni gömlu samvinnuhugsjón. Félög samvinnumanna byggðu upp starfsemi sína hér á landi með lýðræðislegu samstarfi neytenda í bæjum og framleiðenda í landbúnaði. Síðan hafa forustumenn samvinnumanna villst nokkuð af leið með því að blanda blóði við einkaframtakið og hverfa frá lýðræðislegum vinnubrögðum í atvinnurekstri. Iðnfyrirtæki á vegum samvinnufélaganna eru mörg í hlutafélagsformi, og hafa hvorki starfsmenn né neytendur þar nokkur áhrif. Því verður þó ekki neitað, að hin styrka staða samvinnuhreyfingarinnar bætir aðstöðuna til að koma á lýðræði í íslenskum atvinnurekstri."

Þessi ummæli eru höfð í grg. til rökstuðnings því, að eðlilegt sé að gera sérstaka athugun á því, hvort ekki sé rétt að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna, aukin áhrif starfsmanna sambandsins í stjórn þess fyrirtækis.

Ég held að það sé alveg rétt, sem komið hefur fram í þessum umr., að auka þarf hið virka lýðræði, hvort sem það er í frjálsum samtökum eða í landinu almennt, og ég vil fyrir mitt leyti stuðla að því, að lýðræðið sé öflugra og virkara. Hins vegar vek ég athygli á að þ. á m. skal það gert í verkalýðshreyfingunni. Það er enginn vafi á því, og það er alveg óþarfi að mótmæla því, að bæði í verkalýðshreyfingunni og þá t. d. í sambandinu er um að ræða fámennisstjórn. Auðvitað er misjafnt, eins og sagt var um daginn, í hversu miklu jarðsambandi forusta verkalýðshreyfingarinnar er hverju sinni. Þetta er almennt sagt af minni hálfu. Ég held að menn hljóti að fallast á það, og ég held að þeir, sem vilja verkalýðshreyfingunni vel, hljóti að vilja hlusta á þau sjónarmið sem hníga í þá átt að reyna að virkja hinn almenna launþega, hinn almenna félagsmann í verkalýðshreyfingunni til aukinnar þátttöku.

Hins vegar er það misskilningur hjá talsmönnum Alþfl. og flm. þessa frv., að það breyti í sjálfu sér einhverju um eflingu lýðræðis og sé einhver staðfesting á aukinni þátttöku hins almenna félagsmanns að stjórnarkosningar fari oftar fram, hvort heldur er um að ræða í SÍS eða verkalýðsfélögum. Það getur verið öflugt og virkt starf í verkalýðsfélagi þótt kosningar fari ekki fram til stjórnar á hverju einasta ári. Það skiptir ekki öllu máli.

Það má ýmislegt skoða einmitt á þessum vettvangi annað en það, hvort verið sé að kjósa á hverju einasta ári. Ég held t. d. að ef þessi till., sem hér er á dagskrá, yrði samþykkt og kosið yrði beinni leynilegri kosningu í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga yrði það engin trygging fyrir því, að aukið yrði lýðræði í þeim félagsskap. Og ég veit reyndar ekki dæmi þess, að þegar um stór landssamtök er að ræða eins og SÍS eða önnur almenn hagsmunasamtök eða félagssamtök hér á landi, að þá sé slíkar leynilegar, beinar kosningar. Þær tíðkast einfaldlega ekki. Ég held þess vegna að rétt sé bæði fyrir flm. þessa frv. og fyrir samvinnumenn almennt að leita annarra leiða og annarra ráða til að efla almenna þátttöku félagsmanna á þessum vettvangi.

Herra forseti, ég hef allan fyrirvara á um að lýsa yfir stuðningi við þetta frv. Ég skil hugarfarið á bak við flutning frv. og tel það góðra gjalda vert. Ég held hins vegar að varðandi atvinnulýðræði beri að vinna að því að reyna að auka áhrif og þátttöku starfsmanna í rekstri fyrirtækjanna. Ég held að það sé báðum aðilum til góðs, bæði þeim, sem eiga fyrirtækin, og þeim sem vinna þar. En ég held að það eigi að gerast með frjálsum samningum frekar en með löggjöf.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki í hyggju að taka þátt í þessum umr., en sá virðulegi þm. Vilmundur Gylfason er ákaflega laginn — eða hitt þó heldur. Þarna þarf maðurinn að koma höggi á Samband ísl. samvinnufélaga með lögum frá Alþingi og þá var hann svo hygginn, til að afla sér fylgis við þessa till. sína, að hann ræðst með „krítik" og offorsi á verkalýðshreyfinguna. Þá leitar á mann það sem hv. þm. Halldór E. Sigurðsson sagði: Verður hér látið staðar numið? — Eftir að hafa hlustað á Vilmund Gylfason er maður sannfærður um að svo sé ekki.

Það væri freistandi að fara allítarlegum orðum um þetta frv. sem ég hef ekki tíma eða aðstöðu til. En við skulum fyrst taka ýmsar fullyrðingar Vilmundar.

Hann heldur því fram t. d., að 80% hafi verið á móti lögunum 1. og 2. mars, en 80% hafi verið á móti aðgerðunum. Heimildin er nú ekki afleit: skoðanakönnun Dagblaðsins. Síðar vitnar hann í bresk verkalýðsfélög, sem standa nú í deildum, og bendir á að nokkuð hliðstæð niðurstaða sér þar. Sannleikurinn er sá, að þetta dæmi um bresku verkalýðsfélögin er ákaflega illa valið. Bresk

verkalýðsfélög, einstök félög, hafa gengið ákaflega langt í verkfallsaðgerðum — aðgerðum sem eru óþekktar hér á landi. Það er t. d. ákaflega skýrt einkenni að hversu mögnuð og harðsnúin verkföll sem hér geisa hjá almennum verkalýðsfélögum, þá er rekstur sjúkrahúsa með öllu óhultur og eftir því sem segja mér þær systur sem ráku Landakot aldrei tryggður betri rekstur en á meðan á verkföllum stóð. Hafi komið til rekstrarstöðvunar eða einhverra óþæginda á sjúkrahúsum, þá hefur það verið á ábyrgð stétta sem eru betur launaðar og betur tryggðar en menn eru hjá almennum verkalýðsfélögum.

En ég vil gera örstutta aths. í sambandi við 1. og 2. mars. Við skulum t. d. líta á verkalýðsfélag hér í Reykjavík, Dagsbrún. Þar er boðað til fundar í Austurbæjarbíói, þar er vinna lögð niður kl. 5 að degi til og þar er skipulagt að öllum sé ekið frá vinnustað til fundarstaðar. Þetta hús tekur 800 manns í sæti og sennilega 400 í viðbót, ef því er að skipta. Þar eru þessi mál rædd, þar eru ákvarðanir teknar. Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er sú, að af 4000 félagsmönnum fylgja innan við 100 ekki þessari samþykkt. Hitt er rétt, að hin og þessi samtök og einstök félög gerðu ekki um þetta sérsamþykktir, — Alþýðusambandið sem slíkt getur ekki bundið einstök félög, enda aðgerðin ákaflega hvöss og sérstæð, — en ég vil aðeins benda á þetta einstaka dæmi máli mínu til sönnunar.

Það er talað um fámennisstjórnir, um að það skuli eiga sér staða leynilegar kosningar. Ég skal ekki ræða mikið um Samband ísl. samvinnufélaga. Ég hef ekki tekið þátt í störfum þess og er þar ekki kunnugur. En ég hef verið í stjórn Dagsbrúnar í yfir 20 ár. Ég man eftir því, að ár eftir ár voru allsherjarkosningar með yfir 3000 mönnum á kjörskrá, og ekki nóg með að þær væru einu sinni á ári, heldur voru einnig, meðan alþýðusambandsþing var haldið annað hvert ár, líka allsherjarkosningar til alþýðusambandsþings, þ. e. a. s. tvennar allsherjarkosningar á því ári. Ég sé nú ekki þann skort á lýðræði sem í þessu ætti að felast, og ég er ekki í sjálfu sér viss um að það hafi verið verkalýðshreyfingunni að öllu leyti til góðs, þó kosningar séu sjálfsagðar af og til, að standa í hatrömmum allsherjarkosningum tvisvar á ári.

Verkalýðsfélög eru öllum opin, þau hafa sín lög um kosningar og ef þau lög ganga skemmra en lög Alþýðusambandsins um kosningar, þá er hægt að áfrýja til Alþýðusambandsins. Þessi kosningarréttur er ekki þrengri en það, að kosningar í stjórn félaga — við skulum taka Dagsbrún sem dæmi — standa í tvo daga. Og það er ekkert verið að velja í félagið. Félagið er, eins og öll verkalýðsfélög, samkv. lögum öllum opið og vilji stjórn hafna einhverjum manni er ekkert auðveldara en láta Félagsdóm dæma viðkomandi mann inn þegar í stað. Gengur slíkt fljótt fyrir sig og um það eru ekki deilur.

Að vísu fjallar þáltill. þessi um sambandsstjórn Sambands ísl. samvinnufélaga, að kosið skuli þar árlega beinni, leynilegri kosningu. Þetta er gert í verkalýðsfélögunum. Kosningarrétt og kjörgengi hafa allir félagsmenn. Hitt er annað mál, að það eru kosnir fulltrúar á þing Alþýðusambandsins og það eftir ákveðnum reglum. Það má vel vera að gagnrýna megi einhverja þætti í reglum þessara félaga, um að laumað sé auglýsingu í blað o. s. frv. Þó er yfirleitt, og ég vitna nú í mitt verkalýðsfélag, tiltekið í lögum að kosning skuli fara fram seinni hluta janúar.

Það er ekki nema tvær helgar á árinu sem þessi kosning getur átt sér stað, svo að ekki er hægt að lauma kosningu fram hjá félagsmönnum. Þetta er beinlínis bundið í lögum.

Ég held að þegar rætt er um þessi mál verði að hafa í huga að Alþýðusambandið sjálft eða starfshættir þess eru orðnir þungir í vöfum, séu ekki í samræmi við nútímaþjóðfélag. Það get ég fallist á í ýmsum atriðum. En sambandið við hinn almenna félagsmann, lifandi samband milli stjórnar og félagsmanns, verður ekki tryggt í lögum. Þar þarf allt annað til. Eldlegur áhugi og lifandi starf þarf að leika um sali, stofnanir og samtök. En þó að hv. þm. Vilmundur Gylfason kæmi einhverjum lagaákvæðum fram um að sambandið við félagsmenn skuli vera svo og svo lifandi og gott held ég að það breyti engu í reynd. Þegar verið er að ræða um fámennisstjórn, þá efast ég um að það sé víða jafnaðgengilegt og er í flestum verkalýðsfélögum að grípa til stjórnarkjörs og bjóða fram á móti stjórn. Og umfram alla muni: Við skulum ekki láta okkur detta í hug að fara að negla það niður í lögum. Þar ætti Vilmundur Gylfason að leita til flokksbræðra sinna í verkalýðshreyfingunni. Það er sjálfsagt að ræða þar um starfshætti og skipulag, en ekki fara að negla það niður í lögum. Slíkt hefur komið fram í hvers konar till. í sambandi við breytingar á vinnulöggjöf. Það hefur komið fram í alls konar frv., þar sem vald félaganna sjálfra er skert og þar sem reynt er að skerða ákveðið valdsvið þessara félaga og ríkisvaldið ætlar að fara að grípa inn í varðandi boðun verkfalla o. s. frv.

Ég væri reiðubúinn þegar betur stæði á að ræða við Vilmund Gylfason nánar um skipulag og vinnubrögð verkalýðshreyfingar, hvort þau séu stirðnuð, hvaða aðgerðir hafi verið gerðar til að mæta hinni almennu félagslegu deyfð, sem hrjáir mörg félög í landinu, og hvort starfsháttum hafi verið breytt nægilega. Það er allt til umr. Það er það sem félögin sjálf og Alþýðusambandið sjálft verða að gera. En þótt Vilmundur Gylfason sé kosinn á þing, hvort sem menn álíta það ógæfu samtíðarinnar eða ekki, er ekki hægt að breyta verkalýðshreyfingunni með lögum og fara að negla hana niður með lagaboði. Þeir, sem kusu þennan hv. þm., a. m. k. allmargir þeirra, mundu þakka pent fyrir þau lagaboð.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það var út af fyrir sig rétt ábending hjá hv. 1. flm. þessa frv., Finni Torfa Stefánssyni, að auðvitað er það fyrst og fremst samvinnuhreyfingin, sem hér er til umr., og aukin lýðréttindi í þeirri heryfingu, en ekki verkalýðshreyfingin í landinu. Þó verða menn auðvitað að taka því, að þegar slíkt stórmál sem þetta er til umr. er engin furða að hliðarröksemdafærslur fjalli einnig um þessa stærstu fjöldahreyfingu sem í landinu er. Hitt er aftur kjarni málsins, að hér er um að ræða tiltekna breytingu á starfsháttum stórs fyrirtækis sem er — og það ber að undirstrika — fyrirtæki fyrst og fremst, sem er rekstrarform, og verið er að leggja til í þessu frv. aukin lýðréttindi þess fólks sem þessari hreyfingu tilheyrir og þessa hreyfingu skipar.

Það má út af fyrir sig taka undir ýmislegt af því sem fram kom hjá síðasta hv. ræðumanni, Guðmundi J. Guðmundssyni. Einkum og sér í lagi hjó ég eftir því, sem ég veit eins og samfélagið allt að er rétt, að það er allmikill munur á tilteknum fjöldahreyfingum í Bretlandi og hér á Íslandi að því er tekur til hörkunnar í vinnustöðvun. Hér hafa t. d. fyrirtæki eins og sjúkrahús bless-

unarlega verið látin í friði þegar um verkföll hefur verið að ræða, sem ekki hefur reynst vera gæfa Breta. Svona getum við haldið áfram endalaust. En það kemur væntanlega að því fyrr en síðar, að hér verður umr. um hvort löggjafinn eigi að grípa inn í og með einhverjum hætti reyna að lagfæra þau augljósu vandkvæði sem í öðrum fjöldahreyfingum eru. Það er að þessu sinni hins vegar rétt að halda sig við Samband ísl. samvinnufélaga sem hér er til umr.

Mér sýnist þetta frv. til l., sem hér er til umr., vera afskaplega einfalt. Það er verið að leggja til aukinn rétt fólks í tiltekinni hreyfingu, sem auðvitað er að öðrum þræði fjöldahreyfing, en að hinum þræðinum rekstrarform. Ég get út af fyrir sig tekið undir margt af því, flest af því, held ég, sem hv. þm. Jónas Árnason sagði þegar þetta mál var til umr. fyrir helgi. Það er svo auðvitað sitthvað að athuga við rekstur bæði Sambands ísl. samvinnufélaga sem heildar og einstakar deildir þess, og er eðlilegt að umr. um það blandist inn í þetta. Ég vil t. d. spyrja hv. þd. um það, hvað sé mat annarra á því, hvernig það megi vera að Samband ísl. samvinnufélaga er fjórðungseigandi í fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar. Það fyrirtæki er ekki rekið með samvinnuformi og þá með þeim ítökum og lýðréttindum sem samvinnuformið býður upp á, heldur er það rekið sem hlutafélag, m. ö. o.: með allt öðru rekstrarformi en grunnhugsunin í samvinnurekstri gengur út á. Og eins hitt: Hvenær hafa samvinnumenn á Snæfellsnesi, Akureyri eða Egilsstöðum verið um það spurðir hvort þeir vildu eiga í þessu fyrirtæki, og ef þeir vildu það, þá með hverjum hætti slíkt skyldi vera? Auðvitað er það svo, að þarna vantar stórkostleg lýðræðisleg réttindi sem samvinnuhreyfingin gerir þó ráð fyrir á grundvelli sínum. Þetta er orðið að heljarinnar rekstrarformi, en á ekkert skylt við þau lýðréttindi sem um var talað á árunum kringum aldamótin þegar þessi hreyfing var stofnuð. Svona gætum við haldið áfram. Ég nefni hér stórt dæmi. Hv. þm. Jónas Árnason nefndi dæmi af smærri tagi sem hann þekkir úr sínu byggðarlagi í Borgarfirði, og ég efast ekki um að hann hafi farið þar með rétt mál.

Þegar allt þetta er skoðað í heild sinni þarf engum að koma á óvart, enda engin ástæða til pólitískrar taugaveiklunar eins og hér hefur verið höfð í frammi, þó að um það séu gerðar till. að löggjafinn með þeim hætti hlutist til um að teknar verði upp árlegar beinar kosningar til æðstu stjórnar þessa rekstrarfyrirkomulags sem samvinnureksturinn óneitanlega er til þess að auka völd og áhrif hins almenna félagsmanns í þessum rekstri.

Það er eðlilegt að þessar umr. beinist að nokkru leyti a. m. k. inn á nokkuð aðrar brautir, sem þær hafa gert fyrst og fremst fyrir tilstilli hv. 1. þm. Austurl., Lúðvíks Jósepssonar, snúist um þá einföldu grundvallarspurningu: hvenær á og má löggjafinn setja lög þegar um félagslegar hreyfingar af einu og öðru tagi er að ræða? Um það er auðvitað ekki nokkur spurning, að löggjafinn setur margháttuð lög. Í félagslegu tilliti voru það hin mestu framfaraspor, sem hafa verið stigin, þegar vinnudagur var styttur í 12 stundir og að endingu niður í 8 stundir. Það var gert með löggjöf. Og við sérhvert spor af þessu tagi, sem var stigið, stóðu auðvitað upp, — við skulum láta skilgreiningarnar liggja á milli hluta, en það er eins og mig minni að einhverjir hafi kallað þá íhaldsmenn á sínum tíma sem upp stóðu og sögðu: Það er ósæmilegt að löggjafinn fari að setja lög um hluti eins og þá sem frjálsir einstaklingar eiga að semja um sín á milli. Þetta gildir um alls kyns félagsleg réttindi. Nærtækast er að taka þá þróun sem varð stig af stigi þegar hinn almenni vinnudagur var styttur og allt niður í 8 stundir eins og hann er nú.

Annað mál af þessu tagi má nefna: Ég veit ekki betur en það sé á stefnuskrá beggja flokkanna, bæði Alþfl. og Alþb., að koma á atvinnulýðræði. Og hvað þýðir atvinnulýðræði? Atvinnulýðræði þýðir t. a. m. að í fyrirtækjum, sem eru yfir ákveðinni stærð, fái starfsmenn fyrirtækjanna lögbundinn rétt til þess að tiltekinn fjöldi þeirra, 2 af 5 eða 3 af 7, setjist í stjórnir. Auðvitað standa eigendur þessara fyrirtækja upp og setja: Hér er verið að ráðast á hin frjálsu félagaréttindi. — Verjendur þess háttar sjónarmiða segja þetta á öllum tímum. Af þessum ástæðum þykir mér skjóta nokkuð skökku við þegar talsmaður Alþb. stendur upp og gerir það að „prinsip"-atriði að ekki megi setja lög um tiltekna hluti. Mér sýnist satt að segja að í sögulegum samanburði a. m. k. séu þetta sjónarmið sem þeir, sem kallaðir hafa verið íhaldsmenn á hverjum tíma, hafa gert að sínum.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurði hvort þeir talsmenn Alþfl., sem eru flm. að þessu frv., vildu ekki breyta reglum um eigin flokk í hliðstæða veru. Ég veit að hv. þm. er um það kunnugt, að að hluta til höfum við þegar breytt reglunum í þessa veru. Við lögbundum í samtökum okkar fyrir tveimur árum reglur um prófkjör. Ég fyrir mína parta hef lýst því úr þessum stól áður, að ég er ekki í hinum minnsta vafa um að þessi lögbinding öðrum atvikum fremur á sinn þátt í þeim góða árangri sem við höfum átt að fagna í kosningum síðan, vegan þess að fólk í landinu mat þessi lýðréttindi. Ég held einnig að almennir stuðningsmenn Alþfl. séu um þessa hluti á engan hátt frábrugðnir almennum þátttakendum í samvinnurekstri. Lýðréttindi eru nokkuð sem skilar sér bæði í auknum áhuga, aukinni upplýsingu, og fólk kann að meta slíkt.

Hv. þm. spurði, hvort Alþfl. vildi þá ekki leggja til að almennir forustumenn hans væru kosnir slíkum almennum kosningum. Því er til að svara um þetta, að í samtökum okkar hafa miklar umr. farið fram um nákvæmlega þetta. Eru margir þeirrar skoðunar, að það sé eðlilegt framhald af þeim lýðræðissporum, sem við þegar höfum stigið, að slíkar kosningar fari einmitt fram þannig að í þeim geti allir, sem í samtökin eru ritaðir, tekið þátt. Það má auðvitað ræða kosti og lesti á þessu eins og öðrum slíkum breytingum, en um margt má þó álykta að þetta væri einungis beint framhald af þeim sporum sem við höfum þegar stigið í lýðræðisátt og hafa án efa átt mikinn þátt í velgengni Alþfl. í síðustu kosningum. Og það er út af fyrir sig rétt, að ákveðinn skyldleiki er á milli reynslunnar, sem við höfum í Alþfl. af auknu lýðræði, og svo hins, að við skulum vera að ræða hugmyndir á Alþ. um lýðræðisaukningu í stórum samtökum eins og Sambandi ísl. samvinnufélaga og öðrum álíka.

Hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, fór nokkrum orðum um þau rök sem við höfum viðhaft til stuðnings þessu máli, og hann hefur áður haft stór orð um einkum yngri menn í Alþfl., sem honum eru augljóslega ekki alls kostar að skapi. Þ. á m. sagði hv. þm. í blaðagrein ekki alls fyrir löngu, og fann það yngri þm. Alþfl. helst til foráttu að því er skilja mátti, að þeir hefðu aldrei rekið hænsnabú, eins og hann komst að orði. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar, að það væri orðið

helsta deilumál á launþegavæng íslenskra stjórnmála að menn hefðu aldrei ástundað nokkurn atvinnurekstur. Það er svo út af fyrir sig alveg rétt, að margir í Alþfl. hafa sáralitla reynslu af atvinnurekstri, og ég efast ekki um að hv. 1. þm. Austurl. hefur allmiklu meiri reynslu af atvinnurekstri en ég og mínir líkar í Alþfl. höfum haft.

Hv. 1. þm. Austurl. óð svo á súðum út frá þessari lífsskoðun sinni og mismun á lífsskoðunum kannske, þegar þetta mál kom til umr. Hann ávarpaði okkur sem nýíhaldsmenn og dró sínar ályktanir þar af, og síðan bætti hann því við, að það væri alveg áreiðanlegt að þótt Alþfl. hefði unnið nokkurn kosningasigur, þá mundi sá kosningasigur hrynja niður í næstu kosningum. — Kannske erum við þarna að tala um kjarna málsins. Ég vildi gjarnan prófa að heyja kosningar og kosningabaráttu við hv. 1. þm. Austurl. eða aðra slíka. En mér er samt ekki alveg sama hvernig þær kosningar mundu fara fram. Ef hann flytti sig til Reykjavíkur og við færum að heyja hér stríð, þá mætti stríðið auðvitað ekki fara þannig fram að fyrst væri gengið frá uppstillingarnefnd, í uppstillingarnefndinni sætu Svava Jakobsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson og Svavar Gestsson, þessi uppstillingarnefnd veldi síðan frambjóðendur og þeir frambjóðendur væru síðan talsmenn einhverra þúsunda. Reynslan hefur margsýnt að allt jarðsamband skortir þegar þessum aðferðum er beitt. Ég held þvert á móti að þær aðferðir, sem Alþfl. hefur tekið upp, þ. e. a. s. að hafa opin prófkjör þar sem þúsundir taki þátt, sé allnokkur trygging fyrir nokkru jarðsambandi. Og því eru þessi mál svo reifuð, að hér er nákvæmlega um þann höfuðmun að ræða sem verið er að leggja til að því er tekur til þessara heljarrekstrarsamtaka sem eru Samband ísl. samvinnufélaga. Það er verið að leggja til fráhvarf í þessum samtökum frá fámennum uppstillingarnefndum, frá fámennisstjórnum, og til þess að gera fyrirkomulagið þannig úr garði að allur fjöldinn fái um það að segja í hvern rekstur slíkt fyrirtæki eigi að ráðast, hvort það t. d. eigi að eiga stóran hlut í umdeilanlegu fyrirtæki, svo að ekki sé meira sagt, eins og Íslenskum aðalverktökum, og yfir höfuð hverjir skipi æðstu stjórn og fari með æðstu völd. Ég er sannfærður um að það þarf ekki annað en líta yfir hið almenna stjórnmálasvið í landinu, horfa á hvern árangur svokölluðu prófkjör hafa haft, til þess að sannfærast um yfirburði þeirra aðferða sem hér er verið að bera saman.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson spurði um það áðan, hvort flm. vissu nokkuð hver vilji væri til slíkra breytinga í hinum almennu samvinnufélögum. Nú er það auðvitað svo, að um þetta hefur engin skoðanakönnun verið gerð mér vitanlega. En þó er mér nær að ætla eftir að hafa setið allnokkra stjórnmálafundi víðs vegar um landið, að breytingar, sem horfa í lýðræðisátt í samvinnufélögunum, eigi sér mikinn stuðning, — kannske ekki meðal fyrirmanna í samvinnufélögum eða í æðstu stjórn SÍS, heldur meðal hinna almennu félagsmanna. Þetta marka ég bæði af fundum, sem ég hef setið með fjöldanum öllum af þessu fólki, og eins reynslunni af slíkum breytingum sem orðið hafa í öðrum almannasamtökum, og þar þekki ég allvel til og tel þess vegna Alþfl. vera nærtækast dæmi. Það væri auðvitað gott og hyggilegt ef við hefðum fleiri gögn í höndunum um undirtektir við slíkar hugmyndir.

En hitt vil ég þó segja að lokum, að mér þykir lítil ástæða vera til þeirrar pólitísku taugaveiklunar sem mér hefur þótt gæta hér hjá mörgum að ég hygg sjálfskipuðum málsvörum þessara samtaka. Stundum finnst mér eins og hér sé ekki um að ræða málsvara fólksins, sem í þessum samtökum er, heldur þess valdafyrirkomulags, sem í gegnum árin og áratugina hefur byggst upp í þessum samtökum. Mér þykir stundum að allnokkurs jarðsambandsskorts hafi gætt, og slíkt held ég að sé aldrei nokkrum samtökum til heilla.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að tala meira um þetta mál en ég gerði á fimmtudaginn, en ástæðan til þess, að ég bað um orðið á nýjan leik, er ræða sú sem hv. 4. þm. Vesturl. flutti hér. En vegna þess að ég er kominn í ræðustól og vegna þess sem hv. 1. flm. frv., 2. landsk. þm., sagði hér, þá ætla ég að víkja ofurlítið nánar að þessu frv.

Ég skal ekki fara að deila við hv. 7. þm. Reykv. um jarðsamband eða jarðsamband ekki eða festu í málflutningi, að honum sé það lagnara en öðrum hv. þm. að hafa festu og rólegheit í málflutningi sínum. Ég tel mig ekki vera færan um að meta það því að það getur verið matsatriði eins og fleira.

En eitt vil ég segja í sambandi við þetta frv., sem er aðeins ein grein, þar sem er breytt 32. gr. laga um samvinnufélög. Ef þessi grein er tekin, eins og hér er gert, úr sambandi við önnur ákvæði samvinnulaganna, þá verður þar ýmislegt eftir sem ekki — að mínu mati a. m. k. — hæfir eftir að væri búið að gera slíka breytingu. Með leyfi hæstv. forseta, segir svo í 31. gr. í VI. kafla laga um samvinnufélög:

„Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert félag má senda á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna."

Ef þessi grein stendur óbreytt, sem á að ákvarða æðsta vald í málefnum samvinnufélaga, eftir að búið er að breyta 32. gr. og svipta félagsfund samtakanna rétti til þess að kjósa stjórn samtaka sinna, þá skil ég ekki að það standi óhaggað að fulltrúafundir fari með æðsta vald samvinnufélaganna. Þess vegna tel ég að það hafi verið rétt sem ég sagði hér um daginn, að til þess að breyta löggjöf eins og þessari þyrfti að endurskoða lögin í heild og gefa sér tíma til þess að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Og þó að hv. 2. landsk. þm., sem er lögfræðingur eins og kom greinilega fram í ræðu hans s. l. fimmtudag, teldi sig bera betra skyn á slík mál en við hinir þm., sem ekki höfum notið þess arna, þá hlýtur hann að átta sig á því, að til þess að löggjöf sé sæmilega úr garði gerð verður að taka tillit til fleira en eins atriðis. Með slíkum vinnubrögðum er 31. gr. þessara laga gerð algerlega hjáróma. Þess vegna er eðlilegt ef á að breyta löggjöf eins samvinnulöggjöf sem og annarri heildarlöggjöf, hvort sem er félaga eða annarra mála, að endurskoða löggjöfina í heild, nema fyrir sé tekinn þá sérstakur þáttur og þá hefði þurft að taka fyrir VI. kaflann í heild. Það hefði verið hægt að hugsa sér það.

Út af hinu, sem þessir hv. þm. ræða um, sambandinu við fólkið, sem þeir telja sig vera sérstaka boðbera fyrir, þá dreg ég í efa að þessi breyting mundi verða þess

valdandi að meira samband væri á milli forustumannanna og fólksins en eftir því kerfi sem nú er. Hitt tek ég undir, að það er eðlilegt þarna eins og víðar að koma við atvinnulýðræði með setu einhverra manna, sem kosnir eru sérstaklega af starfsfólkinu, á stjórnarfundum, enda er mér næst að halda að þannig sé farið að vinna í Sambandinu. Ég skal ekki fullyrða að svo sé, þó ég telji mig hafa nokkra vitneskju um það, en ekki þó það góða að ég geti fullyrt það. En slíkt tel ég eðlileg vinnubrögð og tel reyndar eðlilegt að það gerist með samkomulagi innan þeirra félaga og stofnana sem um er að ræða.

Eins og þetta er nú er það þannig í hinum einstöku kaupfélögum landsins, sem mynda Samband ísl. samvinnufélaga, að þau eru deildaskipt, nema minnstu kaupfélögin. Aðalfundur fer með mál þeirra og allir þeir, sem eru félagsmenn í kaupfélaginu, geta mætt á honum. Þetta hefur ekki verið talið framkvæmanlegt nema hjá hinum ýmsu stóru kaupfélögum. Hins vegar er það svo, að í deildunum — ég veit að svo er a. m. k. í Kaupfélagi Borgfirðinga, þar sem ég þekki best til — mætir kaupfélagsstjórinn á öllum deildarfundum. Þar segir hann frá starfsemi kaupfélagsins á liðnu ári og gefur þær upplýsingar sem óskað er eftir að gefnar séu. Yfirleitt má segja um þessa fundi, að þeir séu vel sóttir. Hver einasta deild í Kaupfélagi Borgfirðinga, sem er með stærstu kaupfélögunum, kýs sína fulltrúa sem mæta á aðalfundi þess. Þessi fundur fær svo heildarskilagerð kaupfélagsstjórans og stjórnarformannsins og fram fara almennar umr. Þessi fundur stendur venjulega tvo daga og þar eru mál fyrirtækisins rædd og skýrð. Fulltrúarnir fá prentaða skýrslu um starfsemina á liðnu ári og geta fylgst með þeim málum eins vel og þeir frekast hafa áhuga á, auk þess sem Kaupfélag Borgfirðinga gefur út blað þar sem það gerir grein fyrir starfsemi sinni. Þessi aðalfundur kýs svo stjórn kaupfélagsins og fulltrúa á aðalfund Sambandsins.

Það þarf enginn að segja mér, að betra samband yrði milli félagsmannanna t. d. í Kaupfélagi Borgfirðinga ef ætti að fara að kjósa fyrir sambandið, eins og hér er lagt til, heildarstjórn af öllum félagsmönnum samvinnufélaganna um allt land og halda að með þeim hætti væri verið að auka lýðræðið innan samvinnufélaganna. Haldið þið að þessir fulltrúar væru þá nær félagsmönnum í hinum einstöku kaupfélögum en þeir eru nú? Á það verður svo að líta, að Sambandið er samband kaupfélaganna, hinir einstöku félagar í því eru kaupfélögin sem eru innan vébanda Sambandsins. Og aðalfundur kaupfélaganna kýs fulltrúa á aðalfund Sambandsins og svo er kosin stjórn Sambandsins.

Ég er alveg sannfærður um að kerfið, sem slegið er fram í þessu frv., — sem er, eins og ég áðan sýndi fram á, afskaplega illa undirbúið, fráleitt sem lagagerð að rjúka í eina grein í heilum lagabálki og taka hana út úr án þess að athuga nokkuð samhengi hennar við aðrar greinar laganna, — yrði síður en svo til þess að tengja betur saman félagsmennina og yfirstjórnina, enda er ég sannfærður um að hv. flm. gera sér ekki grein fyrir þessu, kynni þeirra af starfsemi kaupfélaganna séu ekki meiri en svo, að það sé varla von að þeir geri sér grein fyrir þessu. Ég sagði í ræðu minni um daginn, að kaupfélögin væru mikils virði hinum einstöku byggðarlögum. Ef slík breyting væri gerð á samvinnulögunum, — út af fyrir sig er ekkert athugavert við að endurskoða þau lög, en það verður að gerast með eðlilegum hætti, — þá mundi þetta færast inn á hið almenna félagsform, en ekki ná bara til þessa eina þáttar. Eins og kom fram áðan hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, 10. þm. Reykv., mundi koma upp krafa um þetta hjá ASÍ eins og öðrum félagssamtökum. Það er ekki hægt að halda því fram, að ASÍ séu ekki hagsmunasamtök eins og kaupfélög. Hvort tveggja eru hagsmunasamtök. Þau eru stofnuð í þeim tilgangi að bæta stöðu þess fólks sem er þar félagsmenn, á sviði verslunar og atvinnurekstrar hjá kaupfélögunum og kjaramála hjá ASÍ-félögum. Það væri ekki auðvelt að færa það kerfi til baka ef menn vildu hlaupa til og breyta. Mér virðist hv. flm. telja að það sé íhaldssemi, afturhald og skilningsleysi hv. þm. ef þeir vilja ekki gleypa svona lummur alveg glóðvolgar. En ég held að hv. þm., sem ekki er óeðlilegt, þyrftu að kynna sér eðlileg vinnubrögð við lagasetningar betur en þeir hafa lært í Háskólanum til þess að skilja að slík málsmeðferð væri mjög óeðlileg.

Nú skal ég ekki eyða lengri tíma í flm. Það út af fyrir sig, að þeir hafi farið í gegnum prófkjör er ekki nýtt. — Það höfum við fleiri gert og það áður en Alþfl. fann upp að það mundi verða lífsakkeri hans að láta fólk úr öðrum flokkum kjósa sig. En það er annað mál sem ég ætla ekki að fara að ræða hér.

Eins og ég sagði áðan var það ræða hv. 4. þm. Vesturl. sem gerði að verkum að ég fór að biðja um orðið aftur. Ég hafði raunar ætlað að láta mér nægja það sem ég sagði um efni málsins um daginn, þó að ég hafi af skiljanlegum ástæðum skýrt betur lagasetninguna en ég gerði þá, að gefnu tilefni frá hv. 1. flm. En það, sem kom mér á óvart, var ræða hv. 4. þm. Vesturl. Nú held ég að það hafi verið háttur okkar þm. á Vesturlandi að gera mál okkar upp heima fyrir í héraði, en ekki tala um sérmál kjördæmisins á hv. Alþ. Hjá því verður þó ekki komist, fyrst hv. 4. þm. Vesturl. kaus að fara að víkja að Kaupfélagi Borgfirðinga eins og hann gerði. Hann taldi m. a. s. að ekki væri nóg að gert með flutningi þessa frv., meira þyrfti að gera ef vel ætti að fara. Um það ætla ég ekki að fara að ræða við hann, heldur það sem hann nefndi sérstaklega um Kaupfélag Borgfirðinga.

Ég hélt að hv. 4. þm. Vesturl. væri það kunnugur í því héraði að hann vissi hvað Kaupfélag Borgfirðinga er mikill burðarás — svo að ég noti aftur það orð sem fór í taugarnar á honum — uppbyggingar og framfara í byggðarlagi okkar. Held ég að óhætt sé að segja að það sé öllum félagsmönnum yfirleitt ljóst.

Hv. 4. þm. Vesturl. nefndi hér sérstaklega það, að Kaupfélag Borgfirðinga léti flytja Tímann með bílum sínum. Nú er mér að vísu ljóst að hv. 4. þm. Vesturl. hefur ekki lagt mjög mikla vinnu í að kynna sér mál héraðsins. En ég hélt að hann væri svo kunnugur, að hann vissi að almennur póstur, sem borgað er fyrir hjá póststofnuninni hér, er fluttur með mjólkurbílunum á félagssvæði Kaupfélags Borgfirðinga, þar til á næstsíðasta ári eða svo var póstur eingöngu fluttur þannig. Þá var aftur tekinn upp flutningur á milli skólanna, viss hringur, sem annast Hvanneyri, Varmaland og fleiri slíka staði hvað varðar flutninga á pósti. Að öðru leyti er póstur fluttur, hvort sem það eru bréf frá hv. 4. þm. Vesturl., 1. þm. Vesturl. eða blöð sem gefin eru út af stjórnmálaflokkum eða öðrum aðilum, með öðrum pósti og ekkert greint á milli. Sumir aðilar, sem gefa út blöð, koma þessu fyrir á annan veg, en það er þeirra mál. Og Kaupfélag Borgfirðinga ræður engu um hvaða gjald er tekið fyrir flutning á blöðum. Það er póststjórnin sem það gerir.

Þá talaði hv. 4. þm. Vesturl. um fyrirgreiðslu Kaupfélags Borgfirðinga við bændur. Hún er mikil. Það er ekki hægt að efa. En fyrst og fremst er hún að ósk bændanna sjálfra og þeim í hag. T. d. greiðir Kaupfélag Borgfirðinga yfirleitt raforkureikninga fyrir bændur í héraðinu. Það er ekki af því að það hafi beðið um að fá að gera þetta, heldur af því að hinir telja sér það hagkvæmt. Það greiðir einnig olíureikninga án þess að það sé bundið við hvaða olíufélag hafi selt olíuna; það er alveg sama hvort það er Olíufélagið, Skeljungur eða Olíuverslun Íslands. Þetta er gert eftir ósk þeirra viðskiptamanna sem eru kaupfélagsmenn og eru í viðskiptum við Kaupfélag Borgfirðinga. Sama er að segja um tryggingagjöld. Þau eru einnig greidd af Kaupfélagi Borgfirðinga ef menn óska þess. Það er einnig svo, að sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu tekur mikið af þinggjöldum hjá Kaupfélagi Borgfirðinga af viðskiptamönnum þess samkv. beiðni þeirra og góðu samkomulagi þarna í milli.

Eina blaðið, sem Kaupfélag Borgfirðinga greiðir fyrir án þess að hafa verið sérstaklega beðið um að gera það, er Samvinnan. Að öðru leyti hefur það ekki greitt til dagblaða, nema eftir beiðni viðkomandi kaupanda, og er Tíminn engin undantekning. Það hefur ekki neitað um greiðslu ef það hefur verið beðið um það, vegna þess að það annast þá fyrirgreiðslu fyrir viðskiptamenn og félagsmenn sem óskað er eftir. Sama er að segja um viðskipti þeirra hjá sparisjóðnum í Mýrasýslu, hvort sem er greiðsla inn á ávísanareikning eða hlaupareikning viðkomandi manns eða önnur viðskipti. Slíkt hefur þetta fyrirtæki annast og gert um langan tíma. M. a. hefur því verið það kleift af því að það er fjárhagslega vel rekið og nýtur trausts viðskiptamanna sinna og félagsmanna og vill fyrir þeim greiða.

Þetta vil ég taka fram vegna hinnar hálfkveðnu vísu í ræðu hv. 4. þm. Vesturl. um Tímann, Framsfl. og Kaupfélag Borgfirðinga. Ég hygg að hv. 4. þm. Vesturl. hafi, eins og aðrir sem hafa átt samstarf við Kaupfélag Borgfirðinga, á engan hátt undan því að kvarta. Mér þykir því miður, að það skuli vera farið með slík mál í hálfkveðnum vísum á hv. Alþ. eins og hv. 4. þm. Vesturl. gerði.

Hv. 4. þm. Vesturl. fór í framhjáhlaupi að tala um greiðslur á afurðum til bænda vegna uppáskriftar á þáltill. sem hann taldi sig hafa verið hálfsnupraðan fyrir. Það hlýtur að vera á hans eigin flokksheimili að slíkt var gert. Það er aftur skoðun mín, að þeim málum væri síst betur fyrir komið, ef farið væri inn á þá braut sem hann var að leggja til. Að sumu leyti held ég að þar hafi verið um misskilning að ræða. Nú um alllangt árabil hefur Kaupfélag Borgfirðinga greitt bændum, sem leggja inn sauðfjárafurðir, 85% í nóvembermánuði hvert ár. Það hefur svo verið líka vaxtafært sem ógreitt hefur verið frá 1. jan. næst á eftir innleggi. Það hefur verið gert að mestu upp í maí, þegar uppgjörslánin hafa komið, og þannig hefur að mestu leyti verið búið að ná grundvallarverði. Það hefur náð grundvallarverði til bænda um langt árabil, lengur en ég man raunverulega aftur. Þegar það hefur verið búið að greiða uppgjörslánin að vorinu hefur venjulega verið búið að greiða allt að 95—97% af afurðaverðinu. Rekstrarlánin, sem það fær seinni part vetrar og á vorinu og sumrinu, eru færð beint inn í viðskiptareikning bænda um leið og þau berast. Nautgripakjötið, sem lagt er inn, er borgað fullu verði í sama mánuði og inn er lagt. Þannig hefur þetta verið hjá Kaupfélagi Borgfirðinga og mundu engar umbætur á þessu verða, nema síður sé, þó að breytingin, sem hv. 4. þm. Vesturl. skrifaði upp á, hefði orðið að raunveruleika. Hins vegar er það svo hjá samvinnufólki þarna, að það vill samhjálp. Þess vegna hefur það sameiginlega stöðu með hjálp Kaupfélags Borgfirðinga til þess að hægt sé að styðja við bakið á þeim sem illa eru settir og hjálpar þurfa við.

Það er alveg sama hversu hv. 4. þm. Vesturl. reynir á hv. Alþ. að hnýta í Kaupfélag Borgfirðinga, eins og hann gerði hér s. l. fimmtudag, það verður honum aldrei til neins sóma eða ávinnings. Leikritahöfundurinn Jónas Árnason getur náttúrlega samið leikrit um að reyna að færa jólin til, þó erfitt muni reynast. Það á hann að gera. En hv. 4. þm. Vesturl. verður eins og aðrir hv. þm. að halda sig við staðreyndir, og breytir engu þó þeir vilji með hálfkveðnum vísum láta skína í aðra framkomu á vegum Kaupfélags Borgfirðinga en raunveruleikinn segir til um.

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Ég ætla að víkja að nokkrum atriðum, sem komið hafa fram í umr.

Menn hafa gert sér nokkuð tíðrætt um félagafrelsið og hugleitt þá spurningu, hvort þetta frv. sé hugsanlega skerðing á því frelsi. Það er auðvitað rétt, að í stjskr. er félagafrelsið tryggt. Hins vegar er mönnum kunnugt um það líka, að þrátt fyrir ákvæðið um félagafrelsið í stjskr. eru til í íslenskri löggjöf mörg ákvæði og heilir lagabálkar um félög og félagastarfsemi. Menn hljóta því að sjá augljóslega að lagasetning um félög brýtur ekki gegn félagafrelsi, ekki nema efni lagasetningarinnar sé þannig.

Það er iðulega svo, að vegna hagsmuna félagsmannanna sjálfra þarf að setja löggjöf um félagið sem þeir eru í. Þannig er t. d. með hlutafélög. Hlutafélög væru alls ekki eins hagnýt til rekstrar og félagslegrar starfsemi ef það væri engin hlutafélagalöggjöf. Hlutafélagalöggjöfin er auðvitað ekki skerðing á félagafrelsi. Hún er sett vegna hagsmuna þeirra manna sem eru í hlutafélögum, og ástæðan fyrir því, að þau lög eru sett, er náttúrlega sú, að þarna er um efnahagslega starfsemi að ræða, þarna er rekstur í gangi, og það skapar þörf á því að settar séu skýrar og skilmerkilegar reglur um reksturinn til þess að koma í veg fyrir ágreining og skapa réttarreglur um fjárhagsábyrgðir innbyrðis milli félaganna.

Nákvæmlega eins er þetta með samvinnufélagalögin. Þar er verið að skapa samvinnufélögum tiltekin réttindi. Það er ekki verið að skerða félagafrelsið með löggjöfinni um samvinnufélög, ég vona að það sé öllum mönnum skýrt, og þess vegna er fráleitt, jafnvel þó maður komi með frv. til breytinga á lögum um samvinnufélög, að þá sé verið að vega sjálfkrafa að félagafrelsi. Svo er auðvitað alls ekki, nema efni till. sé þess eðlis. Ef efni þessarar till. væri að banna mönnum t. d. að halda fundi í samvinnufélagi, þá mætti segja að það væri skerðing á félagafrelsi. En þegar till. gengur út á að víkka kosningarétt, auka lýðræði og auka vald og afskipti almennra félaga af stjórn samvinnusambands, þá er aldeilis fráleitt að halda að það storki félagsfrelsinu. — Og satt að segja vissi ég ekki hvort ég átti frekar að hlæja eða gráta þegar ég heyrði menn ræða þetta í fúlustu alvöru. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Ellert B. Schram ræddi þessa spurningu í alvöru, þ. e. a. s. hvort þetta bryti í bága við félagafrelsið. Ég veit að ýmsir aðrir ræðumenn hér hafa

notað félagafrelsið og þessa spurningu af áróðursástæðum og sem ræðutækni. Ég skil það vel og ekki neinar aths. kannske við það að gera. En ég vona að enginn hafi áhyggjur af því í alvöru að lagaákvæði um aukið lýðræði í samvinnufélögum ögri félagafrelsinu í landinu.

Menn hafa komið með aðra spurningu: Af hverju er lagt til að taka upp meira og betra lýðræði í samvinnuhreyfingunni, en ekki í ýmsum öðrum almannasamtökum og félögum sem til eru í landinu? Þetta er svo sem ágæt spurning, ef menn vita ekki svarið við henni. Ég hélt að allir vissu það svar. Auðvitað er ekki nein þörf á því að breyta lögum um félög nema landslaga njóti um félögin. Engum manni dettur í hug að koma með lagafrv. til að breyta lögum um félög sem alls ekki hafa nein landslög um starfsemi sína. Það hlýtur að vera augljóst mál, að það gilda nú samvinnulög í landinu. Það eru í landinu lög um samvinnufélög, þar sem kveðið er m. a. á um hvernig á að skipa og kjósa í stjórn sambandsins, og það er ekki hægt að breyta þeim nema með lagafrv. á Alþ. Það er ekki hægt að breyta þeim með neinum öðrum hætti. Þetta er fastbundið í landslögum. Hver sá sem vill breyta þeim verður að gera það með frv. á Alþingi.

Menn hafa minnst á Alþfl. í þessu máli. Sá, sem vill breyta lögum Alþfl., þarf ekki að gera það með frv. á Alþ. Það eru engin landslög gildandi um Alþfl. Við, sem höfum starfað í Alþfl., höfum einmitt á undanförnum árum, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason skýrði frá áðan, staðið í mjög viðamiklu og merkilegu lagabreytingastarfi á undanförnum árum. Það hefur ekki verið nokkur þörf á því að koma með það inn á Alþ., því að landslög gilda ekki um Alþfl. og það er engin sérstök almenn löggjöf um Alþfl. Við breytum bara félagslögum okkar í Alþfl.-félögunum.

Sú er ástæðan fyrir því, að nauðsynlegt er að koma með frv. hér á þinginu um samvinnufélög, að það gilda um það lög og ekki er hægt að koma á auknu lýðræði í SÍS né beinum kosningum nema með lagabreytingu. Ég hélt að þetta væri einfalt mál, en umr. hefur gengið þannig að mér hefur reynst nauðsynlegt að útskýra það.

Ég ætla líka að ítreka það, að hér er ekki um nein ný ákvæði að ræða um samvinnufélögin, þ. e. a. s. það er verið að breyta gömlum ákvæðum. Það eru fyrir í löggjöfinni ákvæði um það efni, hvernig á að kjósa stjórnina. Það er ekki svo, að ákvæðislaust hafi verið um þetta hingað til. Það eru nú þegar í lögum ákvæði um hvernig á að kjósa stjórn Sambandsins. Nú er verið að breyta þeim með þessu lagafrv. (**Forseti:** Mér heyrist aths. hv. þm. vera að verða að ræðu.) Ég skal stytta mál mitt mjög. Ég skal víkja þá að því að svara beinum spurningum sem komu fram í umr.

Í fyrsta lagi var spurt að því, hvort ég hefði gert könnun á áhuga almennra félagsmanna í samvinnufélögunum á þessu efni. Ég get ekki svarað því á annan hátt en hv. þm. Vilmundur Gylfason gerði fyrr í umr. Þetta mál hefur verið til umr. á mörgum fundum sem við jafnaðarmenn höfum verið með um allt land um eins til tveggja ára skeið, og alls staðar hefur málið fengið mjög miklar og góðar undirtektir hjá almennum félögum, sem ég veit að eru samvinnumenn og áhugamenn um þessi mál, og ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að hljómgrunnur hjá almennum félögum fyrir málinu er mjög mikill.

Í annan stað var spurt að því, af hverju sé ekki gerð till. um hliðstæða breytingu í kaupfélaginu sjálfu. Ástæðan fyrir því, að það er ekki gert, er sú, að það er skemmra félagslega milli hins almenna félagsmanns og stjórnar kaupfélagsins en er milli hins almenna félagsmanns og stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga. Þörfin er því alls ekki eins rík á þeim vettvangi fyrir breytingu af þessu tagi. Hins vegar fyndist mér þetta þó koma til álita og má kanna hvort það eru málefnalegar ástæður til þess að gera hliðstæðar breytingar á hverju kaupfélagi um sig. En það er ekki lagt til hér, enda er engin þörf á því. Það er hægt að hafa mismunandi fyrirkomulag. Það er hægt að hafa eitt fyrirkomulag í kaupfélögum og annað fyrir samvinnusambandið.

Hv. þm. Halldór E. Sigurðsson benti á það, að í 31. gr. laga um samvinnufélög segir að æðsta vald í samvinnusambandi skuli vera á félagsfundi þess. Ég er nú ekki með lögin eða lagasafnið hjá mér, en ég veit að þetta er alveg rétt með farið hjá hv. þm. Það er alls ekki ætlun mín að breyta þessu, enda engin till. um það gerð. Ætlun mín er að æðsta valdið verði eftir sem áður hjá félagsfundi, ákvarðanir hans gangi framar ákvörðunum stjórnarinnar. Það er alls ekki vilji minn né tilgangur með frv. að breyta þessu, og ekkert mælir gegn því að þetta samræmist fullkomlega. Mér heyrðist þm. hafa nokkrar áhyggjur af því. Það er ekki ástæða til þess. Þetta samræmist alveg fullkomlega. Það mælir ekkert gegn því að stjórnin sé kosin beinum kosningum og aðalfundur sambandsins sé kosinn með öðrum hætti. Það þarf bara að vera skýrt tekið fram, hvert er hlutverk og valdsvið hvors um sig.

Ég get líka tekið undir það, að það er ýmislegt fleira sem kemur til álita að breyta í þessum samvinnulögum. Ég væri meðmæltur því, eins og kom fram hjá hv. þm. Halldóri E. Sigurðssyni, að fram færi nokkur endurskoðun á lögunum í heild. En það, sem ég er að gera með þessu frv. og við flm., er einungis að taka fyrir það sem okkur virðist brýnast núna, og það þarf alls ekki að þýða að við séum neitt andvígir því að málefnin séu skoðuð nánar síðar meir í heild.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hvernig dettur mönnum nú í hug að fara með hálfkveðna vísu um tengsl samvinnuhreyfingar og Framsfl. og láta að því liggja að um einhverja misnotkun sé að ræða af hálfu Framsfl. á samvinnuhreyfingunni? Hvernig dettur mönnum þetta í hug? Það vita náttúrlega allir, að þetta er algerlega tilhæfulaust!

Þó verða reyndar ýmsar tilviljanir, eins og sú t. d., að dagblað, sem nefnist Þjóðviljinn, fékkst ekki selt, það var sett bann á sölu þess í tveimur kaupfélögum — um það getur borið fyrrv. ritstjóri Þjóðviljans staddur hér í salnum — af því að í blaðinu var fundið að rekstri þessara kaupfélaga. Þetta var að sjálfsögðu tilviljun.

Mér dettur í hug önnur tilviljun. Hún varð á Vesturlandi fyrir kosningarnar í vor. Maður ætti náttúrlega, eins og hv. þm. Halldór E. Sigurðsson sagði, að slást um þau mál, sem þar gerast, heima í héraði. En ég get ekki stillt mig um að nefna þessa einkennilegu tilviljun mína. Ung og efnilega kona skipaði þriðja sætið á lista Framsóknar. Ekki löngu áður en kosið var kemur heilsíðuauglýsing í málgagni Framsfl. í kjördæminu þess efnis, að þessi unga stúlka sé tekin við Samvinnutryggingum fyrir Snæfellsnes, og ekki aðeins Samvinnutryggingum, heldur líka Samvinnuferðum, og allir þeir, sem þurfi að athuga eitthvað varðandi Samvinnutryggingar og Sam-

vinnuferðir, geri svo vel og snúi sér til þessarar ungu konu. Nafn hennar var birt stóru letri, heilsíðuauglýsing svona rétt fyrir kosningar. Að sjálfsögðu helber tilviljun.

Það er enginn tími til að fara út í þessa sálma eins og vert væri. En þegar hv. þm. Halldór E. Sigurðsson stendur hér upp áðan, þá er það náttúrlega ekki til þess að ræða þessi mál almennt séð, heldur til þess að vega að mér, og það gerir hann með þeim hætti að túlka ræðu mína um daginn sem sérstaka árás á Kaupfélag Borgfirðinga. Ég minntist á dæmi sem ég veit um sjálfur, þess efnis að kaupfélagið innheimtir Tímann án þess að viðkomandi bóndi hafi nokkurn tíma pantað hann — fleiri en eitt, fleiri en tvö dæmi. Það vill svo til, að ég er hér með vélritaða ræðuna, og þar segir um forsvarsmenn Kaupfélags Borgfirðinga:

„Því fer þó fjarri, að þetta séu einhverjir sérstakir ofríkis- eða ofstækismenn, sem stjórna Kaupfélagi Borgfirðinga, því fer fjarri, þetta eru yfirleitt hinir ljúfustu menn."

En síðar rek ég ástæðuna fyrir því, að jafnvel hinir ljúfustu menn eiga vissan þátt í þessu, og ástæðan er sú, að kaupfélagið á þessu svæði og kaupfélögin víðast hvar eru í vitund fólksins tiltekið vald, og þessu valdi hefur mönnum tekist að hræra saman í vitund fólksins við annað vald, sem er Framsfl. Sama hvað menn héldu langar ræður til þess að bera á móti þessu, þetta veit hver einasti maður í landinu. Hitt er svo annað mál, að það má að sjálfsögðu margt gott um þessi kaupfélög segja, guði sé lof, allflest, og ekki síst Kaupfélag Borgfirðinga, sem er ágætlega rekið að flestu leyti. Það breytir ekki hinu, að Tíminn er innheimtur þar.

Aðalkaflinn í ræðu hv. þm. Halldórs E. Sigurðssonar varðandi mig fjallaði um það, að ég hefði sagt að Tímanum væri dreift á vegum kaupfélagsins. Hann talaði ekki um það, sem var aðalatriðið hjá mér, að hann væri innheimtur af hálfu kaupfélagsins, kaupfélagið sæi um innheimtu. Hann ræddi reyndar ýmislegt fleira sem varðar innheimtuatriði kaupfélaganna. Þar er verið að innheimta ótrúlegustu hluti, eins og þinggjöld o. s. frv. Ég veit ekki hvort þetta er beinlínis heppilegt. Ég er ekki alveg viss um að mönnum sé það hollt að leggja sjálfa sig svo algerlega í kjöltu kaupfélagsins.

Sums staðar gengur þetta kaupfélagsvald svo fram af mönnum, að ungir menn fá útrás fyrir uppreisnarhneigð sína með hinum ótrúlegasta hætti. Ég veit t. d. um eitt kaupfélag norður í landi, þar sem menn gerðust íhaldsmenn vegna ofríkis kaupfélagsins. (Gripið fram í.) Já, það var af því að þessir ungu menn vissu ekki upp né niður í pólitík. (Gripið fram í.) Ég vona að þeir séu komnir í Alþb. núna. Það er nokkuð langt síðan þetta var. Þeir voru ungir þá og ekki búnir að átta sig á lögmálunum til fulls, trúi ég.

Það væri sem sagt ástæða til að taka þessi mál rækilega til athugunar, og þá er ég ekki endilega að tala um þau í tengslum við það frv. sem hér liggur fyrir. Það má um það deila, hvort rétt sé að setja það í lög, eins og ég sagði í ræðu minni um daginn, að menn skuli hafa áhuga á sínum lýðræðislegu réttindum. Það, sem að er víða í fjöldahreyfingum, því miður, — við erum sammála um það, ég og flm. þessa frv., — er að þátttakendur í þessum fjöldasamtökum hafa ekki þann áhuga á að beita lýðréttindum sínum sem þyrfti. Ég er ekki sannfærður um að það lagist með lagasetningu. En hitt vil ég segja, að þessi umr. er að mínum dómi hin þarfasta, því að ég tel að húnýti við mönnum í þessu efni, veki þá til umhugsunar um það að beita betur réttindum sínum en þeir gera. En jafnvel þó að sett væru einhver lög um að menn skuli gera það, þá er ekki þar með sagt að brotið sé á bak aftur það vald sem við er að etja í fjöldahreyfingum, þ. á m. samvinnuhreyfingunni.

Samvinnuhreyfingin er komin óralangt, og þá fyrst og fremst síðferðilega séð, frá þeim hugmyndum sem sá góði maður Jakob gamli Hálfdánarson ól í brjósti sér, þegar hann byrjaði að afgreiða pantanir fátækra þingeyskra bænda í fjörunni norður á Húsavík. En, eins og ég sagði, hér er um að ræða svo víðtækt mál, svo stórt mál, að það er ekki tími til þess að fara frekar út í það á þessum fundi.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs — varamenn taka þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. febr. 1979.

Formaður þingflokks Alþfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Karls Steinars Guðnasonar, 5. þm. Reykn., sem vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér samkv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Ólafur Björnsson útgerðarmaður í Keflavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Bragi Níelsson,
forseti Ed."

Samkv. þessu tekur Ólafur Björnsson útgerðarmaður sæti Karls Steinars Guðnasonar sem 5. þm. Reykn.

Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. febr. 1979.

Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Gunnlaugur Finnsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Ég vil óska þess, að kjörbréfanefnd taki kjörbréf

Gunnlaugs Finnssonar til athugunar, og mun gefa 8 mínútna fundarhlé meðan kjörbréfið er athugað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Gunnlaugs Finnssonar, Hvilft, Flateyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi. Hann kemur nú til þings í fjarveru Steingríms Hermannssonar, 2. þm. Vestf., sem er erlendis. Nefndin leggur til að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 51 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég hef í dag kvatt mér hljóðs utan dagskrár af ástæðu sem ég tel vera brýna, þó svo hv. þm. kunni e. t. v. að greina á um tilefnið. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir umburðarlyndið. Jafnframt vil ég beina orðum mínum til hans, vegna þess að í dag hefur verið dreift á borð hv. þm. þáltill. sem felur í sér að Alþ. skori á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að þegar í stað fari fram þjóðaratkvgr. um frv. það um langtímaráðstafanir í efnahagsmálum, sem hæstv. forsrh. lagði fram og kynnti í ríkisstj. hinn 12. febr. s. l. Jafnframt ályktí Alþ. að fela ríkisstj. að gera og undirbúa ráðstafanir til að fresta þeim breytingum í efnahagskerfinu, sem verða eiga í tengslum við 1. mars n. k., uns niðurstöður í þessari þjóðaratkvgr. liggi fyrir.

Bregðist Alþ. skjótt við og samþykki þessa till. til þál., þá verður það að gerast fyrir 1. mars, og jafnframt verður ríkisstj. skjótlega að láta undirbúa lagasetningu sem formlega er ákaflega einfalt mál, raunar aðeins ein setning, sem feli í sér að efnahagsbreytingunum, sem verða eiga í tengslum við 1. mars, verði frestað þar til niðurstöður í þessari þjóðaratkvgr. liggi fyrir.

Það er augljóst, að til þess að þessi till. nái efnislega fram að ganga þarf Alþ. að afgreiða till. fyrir 1. mars, þ. e. á tveimur næstu dögum. Fyrst þarf því að leita afbrigða hjá hv. Sþ. til þess að þessi till. fáist rædd, og er þess hér með farið á leit við hæstv. forseta Sþ., að hann leiti slíkra afbrigða. Það er síðan Alþingis að samþykkja eða synja till. sem slíkri.

Ég vil færa nokkur rök fyrir þessari till. Öllum má vera um það kunnugt, að núv. ríkisstj. tók við miklu ófremdarástandi í almennum efnahagsmálum á s. l. hausti. Hér geisaði verðbólga, atvinnuvegir voru við að stöðvast, skuldasöfnun erlendis komin á hættulegt stig og svo má lengi telja. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir það að ríkisstj. var mynduð í byrjun sept. á síðasta ári, raunar undir fallandi holskeflu nýrrar verðbólguskriðu, hefur enn ekki náðst samkomulag um skipulegar aðgerðir í efnahagsmálum í því skyni að ná verulegum tökum á þeirri óðaverðbólgu sem hér hefur geisað um alllangt skeið. Þvert á móti eru það niðurlagsákvæði í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., að hann skuli endurskoðaður árið 1979, þ. e. á þessu ári. Sýnir þetta ásamt öðru að höfundar og guðfeður núv. ríkisstj. voru sér þess fullkomlega meðvitaðir, að þetta var bráðabirgðaríkisstj. sem framkvæmdi bráðabirgðaráðstafanir. Það var tjaldað til einnar nætur.

Það voru gerðar bráðabirgðaráðstafanir 1. sept. og aftur 1. des. Þær byggðust fyrst og fremst á því, að nokkrar beygingar og sveigingar voru gerðar á kaupgreiðsluvísitölu, en aðrar meginbreytingar á efnahagskerfinu voru ekki gerðar. Í hvort skipti var það haft á orði, að í lok næsta þriggja mánaða tímabils skyldi stefnt að heildstæðum efnahagsráðstöfunum til lengri tíma. Af því hefur ekki orðið. Þvert á móti nálgast nú 1. mars óðfluga og svo virðist stefna að ekkert — bókstaflega ekkert eigi að hafast að. Fyrir þá, sem hafa áhyggjur af verðbólgu og efnahagslegu stjórnleysi og efnahagslegri óstjórn í þessu landi, hlýtur þetta að vera allverulegt áhyggjuefni, ekki vegna kaupgreiðsluvísitölu fyrst og fremst, enda er munur á því, sem gerist í þeim efnum verði ekki hafst að, og hinu, sem að er stefnt í frv. forsrh., mjög óverulegur, eða hálft þriðja prósentustig. Aðalatriðið eru aðrar stærðir sem þar hanga utan á, svo sem fiskverð, svo og hitt, að fyrirsjáanleg er veruleg olíuverðshækkun sem — ef stjórnleysið verður látið vara — mun velta stjórnlaust yfir samfélagið. Sýni ríkisvaldið ekki ábyrga forustu, þegar málum er svo komið, þá stefnum við í enn hrikalegra ástand en hér hefur verið undanfarin missiri.

Allt þetta höfum við vitað undanfarna mánuði. Um þetta hafa núv. stjórnarflokkar fjallað allt frá því að umr. um stjórnarmyndun hófust skömmu eftir kosningar s. l. sumar. Samt voru gerðar bráðabirgðaráðstafanir 1. sept. og aftur 1. des. Þó voru ákvæði í grg. með ráðstöfununum 1. des. þar sem kveðið var á um almenna stefnumörkun til lengri tíma. Hins vegar hefur smám saman orðið ljóst að við þessa stefnumörkun á ekki að standa nema að takmörkuðu leyti og eftir því hvernig kaupin þykja gerast á eyrinni hverju sinni.

Þegar þetta var ljóst þótti ráðamönnum í Alþfl. nóg komið af svo góðu. Tekið var saman frv. í des. sem kallað var: Frumvarp til laga um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu. Flokksstjórn Alþfl. samþykkti að þingflokkur Alþfl. skyldi ekki samþykkja fjárlög fyrr en afstaða stjórnarflokkanna til þessa frv. eða samræmdra aðgerða í meginþáttum efnahagsmála og þá fleiri þáttum en launamálum einum saman lægi fyrir í því skyni að ná verðbólgu varanlega niður. Þingheimi hér er kunnugt um það uppistand sem varð hér í þingsölum í des. vegna þessara umr. Hæstv. forsrh. gaf þá yfirlýsingu úr þessum stól þar sem því var heitið, að fyrir 1. febr. skyldi fram lagt í ríkisstj. slíkt frv. um samræmdar aðgerðir í efnahagsmálum þar sem ríkisvaldið hefði forustu um að ná tökum á verðbólgumálum. Ráðherranefnd var sett á laggirnar og hæstv. forsrh. stóð við sinn hluta samkomulagsins, því að ráðherranefndin skilaði áliti fyrir 1. febr. Hins vegar var það allt fullt af götum, eins og þingheimi mun kunnugt um, og ljóst var, að skilningur a. m. k. hluta ráðherranefndarinnar var slíkur, að einskis samkomulags væri að vænta að sinni. Hæstv. forsrh. lagði hins vegar fram í ríkisstj. fullbúið frv. til laga hinn 12. febr. s. l.

Gera mátti ráð fyrir að þar væri að finna summu af skoðanaskiptum stjórnarflokkanna undanfarna mánuði, en þó þannig að frv. gerði ráð fyrir allverulegum árangri í verðbólgumálum, sem verið hefur grundvallarkrafa Alþfl. frá upphafi og raunar höfuðsjónarmið ríkisstj. allrar, að sögn a. m. k. Frá fyrsta degi framlagningar forsrh. á þessu frv. gat það verið hverju barni ljóst, að til þess að árangur næðist þyrfti frv. að öðlast lagagildi fyrir

1. mars. Eðlilegt var að haft væri samráð við helstu aðila vinnumarkaðarins, eins og ríkisstj. hefur ætlað sér frá upphafi, en það samráð varð hins vegar að vera innan marka þeirra tímasetninga sem frv. sjálft gerði ráð fyrir.

Þegar frá leið framlagningu frv. og nær leið 1. mars var það hins vegar æ ljósara að ekki stóð til að svo yrði. Þvert á móti virðist standa til hjá þeim flokkspólitísku öflum, sem lýstu frá upphafi og að minni hyggju ærið fljótfærnislega andstöðu við frv., að beita áhrifum sínum á nokkra forustumenn þrýstihópa til að tefja og þæfa framgang þessa máls í heillegri, en heilbrigðri mynd fyrir 1. mars. Og nú, þegar einasta tveir dagar eru til stefnu, virðist sem sú eyðileggingarherferð sé að takast. 1. mars er að líða hjá án þess að komi til hinnar minnstu breytingar og ekki einnar einustu á efnahagslegri umgerð samfélagsins.

Af þessum ástæðum, sögu undanfarinna vikna og mánaða, er þessi till. fram borin hér á hv. Alþingi, að freista þess á síðustu stundu að þeirri ógæfu verði afstýrt, að áframhaldandi óðaverðbólga velti áfram um samfélagið nú þegar annars konar og nýrri efnahagslegar ógnanir stefna á samfélagið þessu til viðbótar. Þar er auðvitað átt við óviðráðanlegar hækkanir af völdum olíuverðs erlendis svo og nýjar upplýsingar í svartri skýrslu fiskifræðinga um þorskstofn hér við land. Þess verði þvert á móti freistað, að þjóðinni verði gefinn á því kostur að grípa í taumana og hún um það spurð, hvort hún vilji fórna svolitlu um sinn, eins og efnislega er lagt til í frv. frá 12. febr., í því skyni að treysta verulega efnahagslegar undirstöður samfélagsins þegar til lengri tíma er litið. Um niðurstöður slíkrar þjóðaratkvgr., ef hv. Alþingi heimilar slíkt, er auðvitað ógerlegt að spá á þessu augnabliki. Aðalatriðið er hitt, að þjóðin fái að tjá sig um efnisatriði þessa máls, sem hefur verið að velkjast fram og aftur um valdakerfið undanfarinn hálfan mánuð án þess að Alþ. hafi svo mikið sem fengið til þess ráðrúm að segja af eða á, vegna þess að samráðin, sem vel og heiðarlega eru hugsuð, eru orðin að pólitískum ógnunum, þar sem svo kann að vera að pólitískur minni hl. í samfélaginu sé að beita meiri hl. þann, sem vill koma á hagstjórn undir forustu ríkisvaldsins, beinlínis pólitískri kúgun. En þetta mun vera markmið, þ. e. verðbólgumarkmiðið sem að er stefnt með þessu frv. og nærfellt allir samþykkja í orði, en misjafnlega gengur hins vegar að sporðrenna á borði.

Það má svo að lokum segja það, að það þarf engan að undra þó að talsmaður Alþfl. mælist á þessu augnabliki til þess, að þessu skæklatogi ljúki að sinni, en gengið verði hreint til verka og þjóðin um það spurð, hvort hún vilji hagstjórn eins og þá sem fram kemur í frv. frá 12. febr. Frv. þetta naut stuðnings miðstjórnar Framsfl. Ráðh. og þingflokkur Alþfl. lýstu að degi liðnum stuðningi sínum við frv. og kröfðust þess, að það yrði lagt fyrir Alþ. hið fyrsta. Fjölmennur aðalfundur í Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur samþykkti einróma á fimmtudagskvöld, að ráðh. og þm. Alþfl. skyldu knýja á um að frv. yrði lagt fram hið fyrsta, en að öðrum kosti skyldu þessir aðilar leggja frv. sjálfir fram. Ég geri enga kröfu til þess, að flokkssystkinum mínum í Alþfl. sé skipað á æðri sess en öðru fólki í þessu samfélagi. En ég geri kröfu til þess, að þessu fólki sé ekki skipað á lægri sess en öðru fólki í þessu samfélagi. Þar að auki hafa 26 þm. í þessari hv. stofnun beint eða óbeint lýst vilja sínum til þess að hafst verði að. Frv. er tilbúið. Það er í sjálfu sér ekki eftir neinu að bíða. Einfaldasta og hreinlegasta leiðin er sú, úr því sem komið er, að gengið verði beint til þjóðarinnar og hún spurð álits. Með því yrði gerð alvarleg tilraun til þess að brjótast út úr þeim vítahring óðaverðbólgu sem er að sliga samfélagið allt.

Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hvers vegna talsmenn Alþfl. leggja á það slíkt ofurkapp að hafst verði að í þessum efnum. Málflutningur okkar nú um nokkurra missira skeið talar skýrustu máli um það. Við getum ekki heldur tekið því, að með pólitísku baktjaldamakki — mér liggur við að segja pólitísku ofbeldi, þar sem allt er óvíst um þjóðarvilja svo að ekki sé meira sagt, sé komið skipulega í veg fyrir allar alvarlegar tilraunir til þess að ná árangri í hagstjórn í þessum efnum og það kannske af fámennum valdaklíkum þar sem þjóðarvilji er hugsanlega virtur að vettugi.

Herra forseti. Það er orðið brýnt að þeirri spurningu sé svarað, hver sé raunverulegur þjóðarvilji í þessum efnum. Þess vegna er þessi umr. hafin hér á hv. Alþingi.

Herra forseti. Ég óska eftir því, þar sem þáltill. sú, sem hér hefur efnislega verið gerð að umræðuefni, hefur rétt í þessu verið fram lögð, að leitað verði afbrigða í því skyni að fá hana tekna á dagskrá og rædda. Verði afbrigðin heimiluð og verði þáltill. síðan samþ. verða til þess kjörin stjórnvöld vissulega að aðhafast skjótlega. En í sjálfu sér er það vandalítið. Það verður að drífa í gegn á Alþ. tiltölulega mjög einfalda lagasetningu þar sem þeim efnahagslegu hreyfingum, sem verða áttu í tengslum við 1. mars, er frestað. Síðan verður þjóðaratkvgr., sem vitaskuld yrði leiðbeinandi fyrir hið háa Alþ., látin fara fram hið allra fyrsta. Verði frv. frá 12. febr. síðan samþ., verða auðvitað laun og annað greitt frá 1. mars í samræmi við frvgr. Verði frv. frá 12. febr. hins vegar hafnað, verður greitt frá 1. mars eins og ekkert hafi í skorist og aðrar breytingar í efnahagskerfinu verða þá í samræmi við það. En á hvorn veginn sem færi yrði ávinningurinn að *minni hyggju samfélagsins alls*. Við *verðum að fá svör* við spurningum, sem undanfarið hafa leitað á samfélagið allt: Hver á að stjórna? Hvernig á að stjórna? Hvernig á að ná árangri til þess að afstýra því efnahagslega sjálfstæðishruni þessarar þjóðar sem hefur verið í farvatninu undanfarin ár með þeirri misheppnuðu hagstjórn sem hér hefur verið beitt?

Hver sem verða örlög þessarar till. skal það aldrei verða sagt, að hér á hinu háa Alþ. hafi ekki verið reynt til hins ítrasta að afstýra þeim áföllum sem við illu heilli stöndum enn einu sinni frammi fyrir.

Forseti (Gils Guðmundsson): Hv. 7. þm. Reykv. hefur beint þeim eindregnu tilmælum til mín sem forseta, að till. sú til þál. um þjóðaratkvgr. um efnahagsfrv. forsrh., sem nú hefur verið útbýtt fyrir skammri stundu, verði tekin á dagskrá Alþingis nú þegar, skilst mér. Hér er óneitanlega til nokkuð mikils mælst, þar sem venjan er sú, eins og hv. þm. veit, að fyrst er þáltill. útbýtt, síðan er *hún tekin á dagskrá degi síðar og þá ákveðið, hvernig* ræða skuli, en á næsta fundi þar eftir er hún svo gjarnan í fyrsta sinn til umr. á dagskrá þingsins. Nú má að sjálfsögðu segja að það séu fordæmi fyrir því, ekki síst með stjfrv., að mjög knýjandi ástæður hafi orðið til þess að þingmál hafi verið tekin fyrir með sérstökum afbrigðum og sérstökum hraða og þá tekin fram yfir fjölda mála sem lengi hafa mátt bíða, eins og er t. a. m. um þau mál öll sem eru á dagskrá tveggja auglýstra funda í dag.

Þessi þáltill. hv. 7. þm. Reykv., — ég fer að sjálfsögðu

ekki að ræða hana efnislega hér úr forsetastól, — en það eru tvö atriði í henni sem ég tel rétt að vekja athygli á. Það er í fyrsta lagi þjóðaratkvgr. um umrætt efnahagsfrv., og það er hv. þm. ljóst að tekur nokkuð langan tíma að undirbúa hana og koma henni í framkvæmd. Hitt atriðið er það, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að undirbúa og gera ráðstafanir til að fresta þeim breytingum á efnahagskerfinu, sem verða áttu í tengslum við 1. mars, uns niðurstöður úr þjóðaratkvgr. liggja fyrir.

Nú verð ég aðeins að segja það, að 1. mars kemur hvorki yfir mig né hv. 7. þm. Reykv. sem „þjófur úr heiðskíru lofti" eða af sérstakri skyndingu, eins og eldgos eða jarðskjálfti. Febrúar er að vísu ákaflega stuttur mánuður og stysti mánuður ársins, en mér finnst að hv. þm. hefði getað verið aðeins fyrr á ferðinni með þessa till. sína og þá hefði kannske ekki þurft að reyna svo mjög á margföld afbrigði sem í rauninni þyrfti til að taka. Nú er það svo, að ef ríkisstj. og helst allir þingflokkar gætu náð samkomulagi um það að setja einhverja tiltekna löggjöf, þá er að sjálfsögðu hægt að gera það á þessum tæplega hálfum öðrum sólarhring sem er til stefnu þar til 1. mars rennur upp. En ég vek aðeins athygli á því, að þetta er því einungis hægt að slíkt mál mæti í rauninni engri andstöðu. Það þyrfti ekki nema einn eða tvo hv. þm. til þess að koma í veg fyrir að slíkt yrði gerlegt.

Ég tel rétt, — áður en ég svara endanlega þessum tilmælum hv. 7. þm. Reykv. af eða á, en þau virðast í því fólgin að taka út af dagskrá tveggja boðaðra funda öll þau mál, sem þar eru, og boða nýjan fund til þess að taka þáltill. hans til ákvörðunar og síðan umr. að fengnum afbrigðum á enn öðrum fundi, — þá þykir mér eðlilegt að heyra aðeins frá þeim talsmönnum hæstv. ríkisstj. og þeim talsmönnum þingflokka sem vilja tjá sig um þá málsmeðferð sem eðlilegt kynni að vera að hafa í þessu efni. Ég mun þess vegna bíða með það að segja af eða á um það, hvað ég telji rétt að athuguðu máli að gera í sambandi við þessi tilmæli, þar til ég hef heyrt eitthvað fleira frá talsmönnum stjórnmálaflokkanna um það, hvort þeir telji eðlilegt að þessi þáltill. fái þann algera forgang sem um er beðið.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tek það fyrst fram, að ég get að sjálfsögðu ekki talað fyrir hönd stjórnarinnar í þessu máli. Þetta mál hefur ekki verið tekið þar til athugunar og því verða það aðeins mínar persónulegu skoðanir sem ég set hér fram.

Þetta er mjög óvenjuleg þáltill. Hún er nýstárleg, hún er mjög frumleg. En það er kannske bara gott fyrir Alþ. að fá annað slagið dálítið fríska blæ og frumlegan einnig. Ég mun því fyrir mitt leyti greiða atkv. með því, að afbrigði verði veitt, ekki af því að mér sýnist líklegt að þessi þáltill., þó samþ. kynni að verða, beri þann árangur sem hv. flm. gerir ráð fyrir, vegna þess, eins og hæstv. forseti benti á, að talsverðir agnúar eru á því að koma máli í gegnum þingið, fyrst þessari þáltill., jafnvel þó að hún fengist tekin fyrir, og svo á eftir þeirri löggjöf sem þyrfti að fylgja. Ég efast satt að segja um að sú löggjöf gengi alveg umræðulaust í gegnum þingið, að binda allt fast við 1. mars. E. t. v. hefði verið öllu skynsamlegra af hv. frsm. að flytja till. um það hreinlega að fresta 1. mars.

Ég skil till. þannig og vil leggja í hana þann skilning, að hv. flm. vilji fá tækifæri til þess að tala fyrir sínu máli, tala um þessi mál, og ég fyrir mitt leyti er alveg samþykkur því, að slík umr. fari fram, þó að ég telji þess enga von að hún geti borið þann árangur, sem hann gerir ráð fyrir. Á hinn bóginn er mér auðvitað persónulega skylt að fagna því og þakka, að hann veitir stuðning því frv. sem ég hef lagt fram. Að vísu getur verið spurning um það, hvort leyfilegt er eftir nákvæmri þingmálvenju að tala um frv., heldur ætti sennilega að tala um till. að frv., vegna þess að þetta frv. hefur ekki verið lagt fyrir þingið enn þá. Þegar ég lagði þetta frv. fram, þá lagði ég það ekki fram sem handrit sem gæti farið beint í prentsmiðjuna, heldur þyrfti sennilega að gera á því ýmsar lagfæringar. Eigi að síður er þetta vissulega nýstárleg aðferð: að leita álits alþjóðar á máli sem að vísu hefur mikið verið talað um, en er þó ekki komið til kasta þingsins með formlegum hætti. En eins og ég sagði áðan, þá skulum við ekki vera of fastheldnir á það gamla. Það er gott að hleypa einhverju nýju lofti inn og frumleika í meðferð málanna, þó að hitt sé líka jafnnauðsynlegt fyrir Alþ.: að halda fast við vissar „tradisjónir".

Ég er þeirrar skoðunar, að við munum nú innan skamms, stjórnarflokkarnir, koma okkur saman og frv. margumrædda, e. t. v. í eilítið breyttu formi og með breyttu orðalagi, verða lagt fram hér á Alþ., og þá verður það náttúrlega rætt. Ég lít þess vegna á það, ef þessi þáltill. verður leyfð hér og umr. fara fram um hana, sem eins konar forskot á sæluna sem kemur til þegar sjálft frv. verður rætt. En ég held að þó að þetta sé óvenjulegt, þá er það líka nær óþekkt, að ég ætla, að það sé neitað um afbrigði á Alþ. Ég mun þess vegna greiða atkv. með því að afbrigðin verði veitt, legg það svo í vald forseta hvernig hann hagar meðferð málsins.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég býst við að fleirum en mér þyki nokkuð kynlegt það óðagot sem gripið hefur hv. þm. Vilmund Gylfason. Hann hefur að vísu flutt hér till. og það hefur víst gerst áður hér á þinginu, en hann lætur sér það ekki nægja, heldur neitar að lúta þeim þingsköpum sem í gildi eru og kveða á um að þm. beri réttur til þess að kynna sér efni till., sem lagðar eru fram, áður en tekin er ákvörðun um hvort um þær verði ein eða tvær umr., og að þeir fái síðan samkv. 28. gr. annan sólarhring til þess að undirbúa sig undir umr. Um þetta eru skýr og ótvíræð ákvæði í 28. gr. þingskapa, og í greininni er ekki gert ráð fyrir neinum undantekningum frá því. Hitt er allt annað mál, að það er auðvitað hægt að gera afbrigði frá þingsköpum almennt ef 3/4 greiddra atkv. eru því meðmælt.

Ég verð hins vegar að segja það, að mér sýnist að mörg málanna, sem á dagskrá eru, séu æðimiklu merkilegri en þetta mál. Ég verð því að segja, að ég sé harla litla ástæðu til að taka þetta mál fram yfir öll önnur mál, sem flutt hafa verið á liðnum dögum og vikum, og því fullkomlega óeðlilegt að fara að veita í skyndingu afbrigði í þessu tilviki.

Í fullri hreinskilni sagt, án þess að ég ætli að fara að ræða hér um efni till. í smærri atriðum, sýnist mér að þetta sé einhver allra vitlausasta till. sem séð hefur dagsins ljós hér á Alþ., og hafa þær þó margar verið kynlegar eins og festir munu vita. Það er sem sagt ætlun hv. þm. að frv. eða tillaga að frv., sem er upp á 60 greinar og er mjög margbrotið, verði í heilu lagi lagt undir dóm þjóðarinnar og þjóðin eigi þess kost að segja annaðhvort já eða nei. Hún á sem sagt að gleypa allan grautinn í heilu lagi. (Gripið fram í.) Ég skil ekki hv. þm., því miður. Ég held að varla geti nokkur hv. þm. í alvöru ímyndað sér að

till. af þessu tagi sé flutt í alvöru. Þetta er rökstutt með því, að á döfinni séu breytingar á efnahagskerfinu sem séu svo háskalegar að þeim þurfi að fresta þar til niðurstöður úr þjóðaratkvgr. liggi fyrir. Ég veit ekki satt að segja við hvað hv. þm. getur átt, að það séu einhverjar breytingar á efnahagskerfinu sem séu að dynja yfir um næstu mánaðamót. Hvaða breytingar á efnahagskerfinu eru það sem samþykktar hafa verið og eiga að koma þá til framkvæmda? Ég er satt best að segja undrandi á því, að menn skuli geta látið frá sér fara svo augljósa endaleysu.

Ég vildi bæta því við, að frv. það, sem forsrh. hefur lagt fram, er nú til athugunar í ríkisstj. eins og allir vita. Það hefur nýlega verið sent fjölmennustu hagsmunasamtökum alþýðu og við höfum verið að fá umsagnir bæði Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og margra annarra samtaka um þetta frv. Það hafa komið fram býsna alvarlegar aths. við þetta frv. og yfirleitt hafa engin þessara samtaka verið reiðubúin til að mæla með samþykkt frv. óbreytts. En það er greinilegt, að hv. þm. telur eðlilegt að aths. þessara aðila séu hundsaðar með öllu, ekki sé einu sinni litið á það, hvort þær aths. eigi rétt á sér eða ekki. Það á ekki að bíða eftir því, að mönnum gefist kostur á að kynna sér þessar umsagnir, sem sumar hverjar voru að berast í morgun og aðrar eru ekki komnar, eins og t. d. umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Nei, það á bara að afgreiða málið núna í snatri og án þess að hugleiða eitt andartak hvað þessir aðilar hafa til málanna að leggja.

Það eru sannarlega ekki aðeins allir þm. Alþb. sem eru þeirrar skoðunar, að þetta frv. þurfi nánari athugunar við, þó að hv. þm. komist að vísu svo smekklega að orði hér í grg., að örfáir þm. úr Alþb. hafi lýst andstöðu sinni við frv. Það er fullyrðing sem allir hér inni vita að er ósönn. Allir þm. Alþb. hafa lýst andstöðu sinni við þetta frv., en ekki aðeins þeir, heldur fjöldamargir aðrir aðilar, eins og ég hef hér þegar rakið.

Ég vil, vegna þess að hv. þm. vék hér nokkuð að rökstuðningi sínum við þessa till. og ástandi mála almennt, leyfa mér að minna á að það er meginmarkmið þessarar ríkisstj. að tryggja fulla atvinnu, að tryggja óskert lífskjör og draga verulega úr verðbólgu. Ég vil í þessu sambandi minna á að þessi markmið eru öll jafnmikilvæg og ekki síst þau tvö síðari sem ég nefndi nú. Við megum ekki henda barninu út með baðvatninu. Við megum ekki fórna atvinnuörygginu eða lífskjörum almennings í einhverri örvæntingarfullri tilraun til þess að draga hraðar úr verðbóglu en unnt er að gera með eðlilegum hætti. Verðbólgan er á niðurleið. Ég vil í þessu sambandi minna á að samkv. nýjustu upplýsingum um verðbólgu á síðasta hálfu ári og séu þær upplýsingar reiknaðar út á ársgrundvelli virðist verðbólgan hafa verið um 24% miðað við 6 síðustu mánuði. Er það ekki merkilegur árangur, og sýnir það ekki að við erum á réttri leið? Okkur hefur líka tekist að varðveita lífskjör fólks. Og ég tel að það sé frumskylda þessarar ríkisstj. að tryggja áfram óskert lífskjör. En því miður getur það frv., sem hér er til umr., ekki gert það óbreytt.

Það er eins með atvinnuástandið. Það er tæpast nógu gott sem stendur, þó að það verði kannske að heita viðunandi miðað við árstíma, en ekki má tæpara standa. Og það er staðreynd, að hlutfall fjárfestingar er nú í algeru lágmarki. Fjárfestingar í þjóðarbúinu hafa ekki verið lægri í heilan áratug eða ekki síðan á kreppuárunum fyrir 10 árum, 1968 og 1969. Ég tel, að þó að við Alþb.-menn höfum fallist á að fjárfestingarhlutfallið yrði þetta lágt á árinu 1979 vegna þess sérstaka ástands sem er í verðbólgumálum, þá sé ekki unnt að fallast á að svo verði til langframa og ekki sé tímabært að taka ákvarðanir um þetta. Af þessum ástæðum og mörgum fleiri er ljóst að frv. þetta þarf nánari athugunar við og það væri mikið fljótræði að fara að afgreiða efni þess undir þjóðaratkvgr. á einum eða tveimur dögum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vil bara undirstrika það, að augljóst er að þessi till. stríðir ekki aðeins gegn þeim umsögnum og samþykktum, sem borist hafa frá fjömennustu stéttasamtökum þjóðarinnar, heldur er hún líka vanhugsuð að efni til. Ég tel að það sé nóg fyrir hv. alþm. að þurfa að taka þessa till. til umr. hér á venjulegum dagskrártíma, þó að við þurfum ekki að fara að eyða verulegum tíma í umr. utan dagskrár um slíka tillögu.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég vil, áður en lengra er haldið, skýra frá því, að ég tel rétt með hliðsjón af 44. gr. þingskapalaga að Alþ. skeri úr því, hvort þessa till. til þál., sem hv. 7. þm. Reykv. hefur flutt, eigi að taka á dagskrá. Ég tel jafnframt rétt að þingflokkum gefist kostur á því að koma saman og mun því gefa fundarhlé áður en að því kemur. Í 44. gr. þingskapalaga segir: „Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því aðeins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki 3/4 þeirra, sem á fundi eru.“ Ég vildi geta þess, að ég tel rétt að Alþ. skeri úr þessu, en ekki forseti, samkv. þessari grein, ef það gæti stytt eitthvað þessar umr. utan dagskrár.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. utan dagskrár með því að fjalla hér um efnisatriði í löngu máli, heldur einungis það atriði sem ég tel að sé hér fyrst og fremst til umfjöllunar, þ. e. a. s. spurninguna um hvort þessi till. skuli fá þann forgang sem um er beðið og hér er leitað eftir afbrigðum að hún fái.

Hvort sem þessi till. er seint fram komin eða ekki, þá er ljóst að efnisatriði í henni varða tímasetningu sem er skammt undan. Þess vegna er ekki nema sjálfsagt að hún verði þegar tekin á dagskrá. Það mun þá reyna á það, hvort þingfylgi er við þessa till. til þál. Menn þurfa ekki að fara í grafgötur um áhuga Alþfl. á því að ná fram varanlegri lausn svo fljótt sem auðið er.

Ég tel að það komi ekki til greina að neita umfjöllun á grundvelli formsatriða, jafnvel þótt menn telji að aðdragandi að till. sé óvenjulegur, þegar svo er í pott búið sem hér um ræðir, að þær tímasetningar, sem um er fjallað í till., eru svo skammt undan. Þess vegna tel ég sjálfsagt að veita afbrigði.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það er fyrst og fremst um þingsköp sem ég vildi fá að ræða, vegna þess að eitt meginatriði þess máls, sem hér liggur fyrir, varðar þingsköp og vinnubrögð á Alþingi.

Hér er farið fram á öldungis óvenjulegan hlut og hlut sem hlýtur að draga laglegan dilk á eftir sér, ef á að taka upp þau vinnubrögð sem felast í þeirri beiðni sem hér liggur fyrir nú.

Afbrigði eru auðvitað veitt á Alþ., en þau eru allajafna veitt í sambandi við þá dagskrá sem liggur fyrir þegar um það er að ræða að farið er fram á annan hraða á afgreiðslu máls en gert er ráð fyrir í þingsköpum. Hér er

hins vegar um það að ræða að till. er flutt á þinginu sem í rauninni er ekki orðin formlegt þingmál enn. Það vantar að úrskurða um það af þinginu eða forseta, hvernig umr. um þetta mál skuli fara fram. Hér er lögð fram þáltill., sem allir geta auðvitað gert hvenær sem er, og farið fram á að hún verði tafarlaust tekin á dagskrá, áður en úrskurður hefur farið fram um hvernig umr. skuli eiga sér stað í þinginu. Þetta hefur aldrei komið fyrir í minni þingsögu, ég hef aldrei heyrt á þetta minnst, enda er þetta í fullkominni andstöðu við þingsköp. Hér hefur verið lagt fram þskj., og annaðhvort yrði forseti að taka það fyrir á sérstökum fundi í dag, sem einnig væri óvenjulegt, eða hann tæki það fyrir á sérstökum fundi á morgun, sem væri í samræmi við þingsköp, þar sem yrði gengið til atkv. um það eða úrskurðar hér í þinginu af forseta eða þingheimi, með hvaða hætti þetta mál getur orðið að reglulegu þingmáli, rætt við eina umr., tvær umr. eða hvernig á að taka það hér fyrir. Þegar þetta hefur verið gert er að sjálfsögðu í þingsköpunum gert ráð fyrir að hægt sé að fara fram á að mál verði tekið á dagskrá, jafnvel þó að það sé aftar í röðinni en ýmis önnur mál. Gert er ráð fyrir því í þingsköpunum, að þm. geti farið fram á að dagskrá sé breytt og mál séu tekin fyrir í annarri röð en þau eru á dagskrá. En að leita afbrigða á þingi út af þessari till. á meðan hún er ekki orðin formlegt þingmál, það er í rauninni alveg dæmafátt. Ég skal gjarnan greiða því atkv., að þetta mál verði tekið fyrir með afbrigðum eftir eðlilega afgreiðslu málsins að þessu leyti til á morgun. Við því er vitanlega ekkert að segja, ef menn vilja veita þessu máli þann forgangsrétt, að það skuli fært fram fyrir önnur mál og tekið til umr. með venjulegum afbrigðum.

Mér skilst að það geti leikið nokkur vafi á því, hvort þessi till. eigi að lúta hér þeim reglum, að um hana skuli vera tvær umr. eða ein. Þó ætla ég að það sé líklegra að það þurfi að hafa tvær umr. um till., því að varla verður gengið til þjóðaratkvgr. samkv. henni án þess að það hafi fjárhagsleg útgjöld í för með sér, og í þingsköpun er mælt svo fyrir, að það skuli vera tvær umr. um þær till. sem svo stendur á um. Þessi úrskurður á vitanlega að fara fram. Allt annað er óvenjulegt. Ég býst við að menn fari þá að taka upp þann hátt hér á Alþ., að fyrst kveðji menn sér hljóðs utan dagskrár og segi að þeir séu að flytja till. Hún kemur svo inn á borðin á eftir og þá er farið fram á að fá afbrigði fyrir þeirri till. Hvernig færi með afbrigðin ef margir þm. bæðu um slíkt sem þetta? Ætli afbrigðin hafi nokkuð að segja þegar komnar eru 20—30 till. sem eins stendur á um?

Ég vildi sérstaklega gera þessar aths. í tilefni af því sem hér hefur komið fram. Ég mótmæli því, að það geti verið rétt og þingleg meðferð að bera það upp á þessum fundi, hvort veita skuli þessari till. hér forgangsrétt með afbrigðum, en tel eðlilegt að það verði gert á fundi á morgun, þegar búið er að úrskurða hvort hafa skuli eina eða tvær umr. um till. Verði það þá borið upp að leita afbrigða, þá skal ég greiða atkv. með því að hún fái afbrigði, megi koma á dagskrá, verði tekin fyrir.

Ég vil líka segja það, að ég ætla að í rauninni sé það, sem þegar hefur gerst í þessu máli, alveg nóg fyrir þann aðila sem flytur frv. till., því að auðvitað vita allir, sem hér eru inni, og reyndar miklu fleiri, að hann er eingöngu að flytja hana til að vekja athygli á sjálfum sér. Hann þarf aðeins að láta vekja athygli á sjálfum sér, það er ekkert annað. Mér fannst hæstv. forsrh. túlka það þannig, að hv. flm. vildi fá að tala. Hann getur fengið að tala við flest tækifæri í þinginu og reyndar um flest mál. Auðvitað er eingöngu um það að ræða, að verið er að vekja athygli á sjálfum sér með alveg sérkennilegum hætti, og það er hv. flm. till. búinn að gera.

Ég skal ekki ræða þetta frekar að sinni, en áskil mér að sjálfsögðu rétt til að taka þátt í almennum umr. um það undramál sem hér er á ferðinni, því að ég get ekki skilið þennan tillöguflutning á annan veg en þann, að viðkomandi flm. sé það einstakt áhugamál að tefja fyrir afgreiðslu þess frv. sem hann er að látast vilja koma fram, því að auðvitað vita allir að þjóðaratkvgr. verður ekki framkvæmd á minna en svona tveimur mánuðum: að útbúa kjörskrá og ganga til þjóðaratkvgr. Svo vita það líklega allir, nema þá sennilega flm. till., að það verða engin lög sett með þjóðaratkvgr. Þjóðaratkvgr. gerir ekkert annað en lýsa yfir áliti þjóðarinnar á því máli sem hún hefur verið spurð um. Síðan verður að sjálfsögðu að flytja frv. til l. og það verður að fá sína þinglegu meðferð áður en það getur fengið lagagildi. Hér er því á ferðinni mál sem helst miðar að því að skjóta öllu á frest og bíða í næstu 2—3 mánuði. Allt er þetta jafnafkáralegt. Hitt er miklu alvarlegra, ef á að taka upp þau vinnubrögð á Alþ. sem hljóta að draga dilk á eftir sér, ef menn ætla að fara að hafa þann hátt á að kasta fram þingmálum og heimta afbrigði fyrir þeim þá þegar, áður en búið er að úrskurða hvernig málin skuli ræða í þinginu, en þingsköp gera ráð fyrir því, með hvaða hætti á að standa að því að ákveða umræðuformið.

Forseti (Gils Guðmundsson): Út af því, sem hv. 1. þm. Austurl. sagði um þingsköp, vil ég leiðrétta þann algera misskilning hans, að mér hafi dottið í hug að brjóta þingsköp með þeim hætti að bera það undir Alþ. strax, hvort leyfa eigi umr. um till. Það, sem ég hlýt að bera fyrst undir Alþ., er hvort eigi að leyfa að taka á dagskrá ákvörðun um það, hvernig ræða skuli umrædda tillögu. Ég tel einsætt, þar sem um verulegan kostnað er að ræða í sambandi við þessa till., að ákveðnar verði tvær umr. Síðan yrði að sjálfsögðu að setja nýjan fund til þess að taka sjálft málið fyrir, eftir að búið er að ákveða hvernig ræða skuli. Mér hefur ekki dottið neitt annað í hug. Og þá yrði að sjálfsögðu, ef það ætti líka að gerast í dag, að leita afbrigða fyrir því, hvort málið sjálft mætti koma fyrir til umr.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Málatilbúnaður að þessu sinni er sannarlega óvenjulegur og skal ekki úr því dregið, en við þm. höfum kynnst mörgu óvenjulegu í þingstörfum á þessum vetri fyrr og kippum okkur ekki upp við það, þótt ein ný uppákoma eigi sér stað í virðulegum salarkynnum Alþingis.

Ég vil strax segja það sem mína skoðun, að ég tel enga ástæðu fyrir okkur sjálfstæðismenn að standa í vegi fyrir því að umr. geti orðið um þá þáltill. sem nú hefur verið útbýtt á borð þm. og flm. hefur rætt utan dagskrár, þótt ég vilji ekki draga neitt úr því heldur, að hv. flm. hefði getað hagað sér með öðrum hætti. Sú staðreynd, að hann fitjar upp á þessari till. 36 klukkutímum áður en 1. mars rennur upp, ber því vitni að honum er ekki nein alvara með þessum tillöguflutningi — þetta er sýndarmennskan einber.

En hvað snertir efni till., sem ég get ekki alveg leitt hjá mér, þá fjallar till. í fyrsta lagi um það, að þjóðaratkv.

skuli fara fram um frv. sem forsrh. kynnti í ríkisstj. 12. febr. s. l. Hér er verið að leggja til að Alþ. ákveði þjóðaratkv. um mál sem ekki er orðið þingmál. Ég hefði talið að það væri eðlilegt að umrætt mál, sem bera á undir þjóðina, væri orðið þingmál. Sannleikurinn er sá, að hv. flm. hafði frumvarpssmíð með höndum á fyrri hluta þings og birti það frv. opinberlega. Það frv. hefur aldrei séð dagsins ljós hér í þingsölunum. Þessir hv. þm. Alþfl. hafa aldrei haft kjark eða dug í sér til að flytja það frv. hér á Alþ. Nú hafa þessir sömu þm. lýst stuðningi sínum við frv. forsrh., sem forsrh. hefur lagt fram í ríkisstj., ekki hér á Alþ., en þeir hafa ekki heldur haft kjark í sér til þess að gerast flm. þess frv. og leggja það fram hér á Alþ., ef svo mikið er í húfi sem þeir vilja vera láta og hv. flm. þáltill. lét í ljós áðan.

Í umr. utan dagskrár á Alþingi 15. febr., tveim eða þrem dögum eftir að hæstv. forsrh. lagði fram frv. sitt í ríkisstj., gerði ég málsmeðferð alla að umræðuefni í framhaldi af utandagskrárumr. er hv. 1. þm. Reykn. hafði hafið daginn áður í Nd. Þá varpaði ég fram þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvaða ráðagerðir væru varðandi flutning þessa frv. hér á Alþ. og hve langur tími mætti ætla að þm. væri ætlaður til meðferðar málsins sjálfs. Þá sagði hæstv. forsrh., að nú hefði ríkisstj. tímann fyrir sér og það lægi ekki á að afgreiða málið. Ég held að hv. flm. þessarar till., Vilmundur Gylfason, hafi hlustað á þessi orð hæstv. forsrh. og hafi aðeins veikum rómi sagt að það væri ekki eftir neinu að bíða, frv. væri tilbúið og það ætti að leggja fyrir þingið. En það var ljóst af orðum hæstv. forsrh., að 1. mars var ekki nokkur dagsetning í hans huga, þótt það væri e. t. v. dagsetning í huga hv. flm.

Sannleikurinn er sá, að dagsetningar hafa margar verið nefndar síðan núv. hæstv. ríkisstj. settist að störfum. Við höfum heyrt dagsetningar eins og 1. des., eins og fyrir jól miðað við afgreiðslu fjárl., eins og 1. febr., eins og 1. mars. Við höfum heyrt ýmsar aðrar viðmiðanir, eins og t. d. að fjárlög skyldu afgreidd hallalaus og ríkissjóð skyldi reka án greiðsluhalla. Og þegar þurft hefur á að halda hefur almanaksárið verið lengt úr 12 mánuðum í 16 mánuði, eins og bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa látið sér um munn fara. Allar þessar starfsaðferðir, allar þessar tímaviðmiðanir eru með þeim eindæmum að sagan segir ekki frá öðru eins í starfi einnar ríkisstj. svo að ég muni eftir, a. m. k. ekki meðan ég hef setið hér á Alþingi.

Það er talið að ef þjóðaratkvgr. eigi að ná tilgangi sínum sé eðlilegt að um sé að ræða málefni eða ákvörðunarefni sem auðvelt sé eða tiltölulega einfalt sé að gera upp við sig með því að svara já eða nei. Frv. það, sem hér um ræðir, auk þess að vera ekki komið á borð þm., er í 50 eða 60 greinum og mörg eru þar álitamálin, og þess vegna er því ekki þannig farið að það eigi vel við að leggja það fyrir þjóðaratkvgr. til ákvörðunar.

En hér ber og meira til. Það væri vissulega mikil lítillækkun, sem alþm. gerðu sjálfum sér og Alþ. sem stofnun, ef þeir ætluðu að samþykkja að skírskota til þjóðaratkvgr. varðandi málefni sem þeir hafa ekki sjálfir kjark til þess að taka afstöðu til, vegna þess að öðruvísi yrði samþykkt till. ekki túlkuð. Það er auðvitað í fyrsta lagi skylda núv. hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar á Alþ., alþm. Alþb., Alþfl. og Framsfl., að koma sér saman um efnahagsmálastefnu. Þeir þóttust hafa gert það fyrir 1. sept., þeir þóttust hafa gert það fyrir jól, þeir þóttust ætla að gera það fyrir 1. febr. og þeir þóttust ætla að gera það fyrir 1. mars, en ekkert af þessu hafa þeir efnt. Þessir stuðningsmenn ríkisstj. hafa staðið fyrir bráðabirgðaúrræðum æ ofan í æ, hverjum á fætur öðrum — bráðabirgðaúrræðum sem eingöngu hafa verið til þess fallin að auka á vandann sem við hefur verið að glíma. Þannig er ferill þessarar hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar. Þingstörfin hafa borið þessu glögg vitni og hafa verið með þeim eindæmum, að sú þáltill., sem nú er kynnt hér á þingi og beðið um afbrigði um, er í raun og veru ekki nema í stíl við þau vinnubrögð sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir.

Ég er þeirrar skoðunar, að á það verði að reyna og það sé skylda stuðningsflokka núv. ríkisstj. að láta það koma fram, hvort þeir geti komið sér saman um stefnu í efnahagsmálum eða ekki. Það verður að reyna á það hér innan veggja Alþ. Ef svo fer, að núv. hæstv. ríkisstj. kemur sér ekki saman um efnahagsstefnu, þá getur sú spurning vaknað hvort annar meiri hluti þm. geti komið sér saman um efnahagsstefnu. Ef svo reynist ekki, þá er auðvitað ekkert annað fyrir hendi en að áfrýja til þjóðarinnar, rjúfa þing og efna til nýrra kosninga. Þá standa allir þm. reikningsskap gerða sinna og þá stendur núv. hæstv. ríkisstj. reikningsskap gerða sinna eða réttara sagt aðgerðaleysis.

Það er fróðlegt að bera saman ummæli þm. stjórnarliðs, þótt ræður hafi verið tiltölulega stuttar af hálfu stuðningsmanna núv. hæstv. ríkisstj. í þessum umr. enn sem komið er í dag. Ég heyrði ekki betur en hv. flm. teldi þetta einfalt mál: að frv. forsrh. væri það bjargráðið sem til ætti að taka. Hæstv. forsrh. talaði um að það mundi verða úr að þm. stjórnarliðsins kæmu sér saman um frv. eilítið breytt, eins og hann komst að orði. En síðan kemur formælandi Alþb., hæstv. menntmrh., hér upp og segir að ekki eingöngu örfáir þm. Alþb. hafi lýst andstöðu sinni við frv., eins og komist sé að orði í grg. þáltill., heldur hafi allir þm. Alþb. lýst andstöðu sinni við frv. og það þurfi að breyta frv. í veigamiklum atriðum til þess að það hljóti stuðning þeirra. Ég held að það væri rétt að þessir þm. gerðu það upp við sig, hvort þeir fylgja og að hve miklu leyti þeir fylgja þessu frv. og hvort þm. stjórnarliðsins yfir höfuð geta komið sér saman um eitt eða neitt.

Það er svo fullkomin ástæða til að gefnu þessu tilefni að ræða nokkuð um efnahagsmálin. Á þessu stigi málsins skal ég þó ekki lengja þessar umr., en ítreka það sem ég hef þegar sagt.

Ég tel að flutningur þáltill. sé ekki með meiri undarlegheitum eða frumleika í þingstörfum en annað það sem við þm. höfum vanist fyrr í vetur, og á ég þá ekki við að um gott fordæmi sé að ræða, og því mun ég persónulega ekki leggjast á móti því að till. verði rædd, þótt afbrigða þurfi með. En ég hlýt að benda á það og undirstrika, að frv. forsrh. er ekki vel til þess fallið, að þjóðaratkvgr. fari fram um það. Enn fremur hlýtur flutningur og samþykkt till. að bera vitni um að þm. sjálfir skjóta sér undan skyldustörfum og ábyrgð og lítillækka Alþ. með slíkum starfsaðferðum. Það er skylda þm. sjálfra að marka efnahagsstefnu, og síðan geta þeir áfrýjað til þjóðarinnar og þjóðin og kjósendur endurkosið þá eða sýnt þeim vantraust með því að kjósa aðra.

Þá fæ ég ekki heldur skilið það kapp sem lagt er á afgreiðslu þessarar þáltill. fyrir 1. mars, vegna þess að hún hefur auðvitað ekki út af fyrir sig lagagildi. Til viðbótar henni þyrftu að koma lagaákvæði sem yrði þá að

afgreiða innan 34 tíma eða svo, og flm. gerði ekki grein fyrir efni þeirra. Ég sé ekki heldur í fljótu bragði, þótt frv. forsrh. hefði verið samþykkt fyrir 1. mars, að það hefði gert allan mun, vegna þess að í frv. er sá mikli munur miðað við frv. Alþfl.-manna, sem þeir höfðu milli handanna fyrir jól, að 1. mars var felldur niður í frv. forsrh. En vera má að mér hafi sést yfir einhver ákvæði sem gera að verkum að þessi dagur hafi ákveðna þýðingu. Mér er að vísu ljóst að þetta er ein af þeim dagsetningum sem stjórnarliðar hafa miðað aðgerðir sínar við, en þetta er líka ein af þeim dagsetningum sem þeir hafa þurft að heykjast á að halda.

Tími er vissulega til kominn að þeir geri hreint fyrir sínum dyrum, stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj. Eftir því er beðið. Við sjálfstæðismenn fögnum hverju því tækifæri sem við höfum til þess að ræða efnahagsmálin hér í þingsölunum og leiða almenningi fyrir sjónir hve ráðalausir stuðningsflokkar ríkisstj. eru og hve stefnulausir þeir eru í þeim málum sem mestu varða fyrir alþjóðarheill.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði að það væri ekki nema gott eitt um það að segja að mál væru flutt með nýstárlegum hætti eins og hér er raunin á með þáltill. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, 7. þm. Reykv. Mér skildist á forsrh. að hann gleddist yfir því, að með þessu væri verið að breyta vinnubrögðum Alþ. og taka upp alveg nýjar þingvenjur, kasta hér þáltill. á borðið og hefja svo umr. utan dagskrár. Það hefur kannske komið hæstv. forsrh. vel, að það hefur náðst á síðustu vikum svo gott samband á milli hans og flm. þessarar till. að þar horfir til órofa vináttu — og er það vel. Hins vegar hefur aftur kólnað vináttan við suma aðra sem skrifuðu hæstv. forsrh. fyrir jólin vinarbréf, en hafa ekki skrifað nú síðustu vikur eða sýnt hæstv. forsrh. nein vinarhót.

Það er rétt, sem fram hefur komið hér í umr., að þessi till. um þjóðaratkvgr. um efnahagsfrv. forsrh., — um frv. sem hefur aldrei verið sýnt á Alþ., en hefur verið þess meira sýnt úti í bæ — jafngildir vantrausti á hæstv. ríkisstj., ef hún væri tekin alvarlega. En flm. þessarar till.. er ekki að flytja í alvöru vantraust á ríkisstj. Hann er fyrst og fremst, eins og fram kom hér, að vekja athygli á sjálfum sér og láta líta út enn þá að hann sé mjög nýstárlegur stjórnmálamaður sem komi mönnum á óvart. En hann er líka að fá einn frestinn enn þá. Hann er líka að reyna að komast fyrir næsta horn og fela sig eftir öll stóru orðin sem hann og flokkur hans hafa viðhaft allt frá því að hæstv. ríkisstj. var mynduð.

Það tók langan tíma að mynda hæstv. ríkisstj. og það vantar tvo mánuði upp á að þessi krógi eigi 6 mánaða afmæli. Það er þegar farið að halda upp á þetta afmæli og það líka með nýstárlegum hætti. 1. sept. voru gerð bráðabirgðaúrræði sem frægt er orðið. Hv. flm. þessarar till., sem hér er nú kominn í hörkuumr. utan dagskrár, sagði áðan að atvinnulífið hefði verið komið að því að stöðvast í þessu landi. Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert til styrktar atvinnulífinu? Jú, hún framkvæmdi lækkun á gengi krónunnar. Annað hefur hún ekki gert til styrktar atvinnurekstrinum í landinu. Ég bið hv. þm. og fleiri stjórnarliða að tíunda það, ef eitthvað er. Hins vegar beittu þeir afturvirkni skatta, bæði á almenning og almennar launatekjur í landinu sem og á atvinnureksturinn. Það var ekki til þess að styrkja stoðir atvinnurekstrarins í landinu, heldur fyrst og fremst til þess að kippa stoðunum undan honum. Og nú er verið að leggja á borð þm. tvö frv. sem liggur mikið á, að sagt er, en þó liggur auðvitað miklu meira á þáltill. Vilmundar. Þau frv. eru um að færa á milli innan greina sjávarútvegsins. Bera þau frv. vott um að ríkisstj. telur að illa hafi verið komið hjá atvinnurekstrinum í landinu, þegar á að bera uppi hækkun olíunnar með því að draga úr útflutningsgjaldi og draga úr greiðslum til einstakra verkefna sem útflutningsgjaldinu er ætlað að greiða, allt innan ramma sjávarútvegsins, vegna þess að þessir sjóðir standa það vel sumir hverjir að hægt er að gera það. Ríkisstj. eða ríkssjóður er ekki að taka á sig einnar krónu fórn í þessu sambandi. Þetta er reist á gömlum merg. Þessi ríkisstj. hefur ekkert gert til þess að styrkja atvinnulífið og atvinnureksturinn í landinu, og það veit hv. flm. þessarar makalausu tillögu.

Flm. segir í grg., að örfáir þm. úr Alþb. hafi lýst andstöðu við frv. Á þessu stigi er ekki kunnugt um afstöðu flestra Alþb.-manna né þm. Sjálfstfl. Til þess að vera kunnugur afstöðu þm. þarf að leggja frv. fyrir Alþingi Íslendinga, en ekki fyrir „Alþingi götunnar". Það var byrjað á því með nýstárlegum hætti eins og fleira að flytja frv. í Alþýðublaðinu í vetur, síðan er það flutt í ríkisstj., að vísu með nokkrum breytingum.

Hæstv. menntmrh. kemur svo í ræðustól. Hann sagði eina setningu sem er mjög góð, og hún er táknræn fyrir samstarfið í þessari ríkisstj. Vilmundur Gylfason greip fram í fyrir ráðh. og ráðh. sagði afskaplega sakleysislega og hreinskilnislega: Ég skil ekki þm. — Það er einmitt það sem hefur skeð frá því að ríkisstj. þessi var mynduð, að þeir hafa aldrei skilið hverjir aðra, á þessum tæpu 6 mánuðum sem eru liðnir. Þetta var satt og rétt hjá hæstv. samgrh., Ragnari Arnalds, að hann skildi ekki Vilmund og Vilmundur skilur ekki Ragnar. Svona hefur það verið og svona mun það verða.

En hann sagði annað, sami hæstv. ráðh. Hann sagði að þessi ríkisstj. hefði unnið alveg sérstætt afrek að koma verðbólgunni niður úr 52% í 24%, minnir mig að hann hafi sagt. En er nú ekki ráðh. að velta á undan sér 2000 millj. greiðslubyrði hjá Pósti og síma, sem heyrir undir þennan hæstv. ráðh.? Það er hægt að segja að það sé dregið úr verðbólgu á meðan verið er að velta svona hlössum á undan sér. Gleymdi hann ekki líka að ríkisstj. ætlaði við afgreiðslu fjárl. í byrjun þessa árs að lækka niðurgreiðslur á vöruverði um 2800 millj. kr.? Það er ekki farið að gera það enn þá. Því er líka velt á undan sér. Gleymdi hann ekki líka að við afgreiðslu fjárl. átti að hækka gjöld á lyf, sérfræðiþjónustu og göngudeildarstarfsemi, sem áttu að gefa ríkissjóði 940 millj. kr.? Því er einnig velt á undan sér. Af því að verið er að berjast við að koma verðbólgunni niður er öllu velt á undan sér. En ef þetta væri nú komið inn í dæmið, eins og það á að gera, hvernig stæði þá dæmið í dag?

Þessi till. Vilmundar Gylfasonar er, þó að hún sé að flestu leyti fíflaleg, að einu leyti snjöll. Með þessu getum við fengið enn þá tveggja mánaða frest, og það er það, sem þeir, blessaðir drengirnir, hafa alltaf verið að gera frá því að þeir gengu í þetta stjórnarsamstarf. Þeir hafa alltaf verið að tala um stefnumörkun til langs tíma, ítarlega stefnumörkun og brjóta í blað í efnahagsmálum þjóðarinnar, en hafa svo alltaf gleypt ofan í sig allar fullyrðingar. En er ekki rangt að taka svona hart á Vilmundi Gylfasyni þegar ekki eru eftir nema 36 stundir til

1. mars? Benedikt Gröndal utanrrh. sagði, að vísu ekki hér á landi, heldur á Norðurlöndum, að kratarnir færu úr ríkisstj. 1. febr. 1. febr. er ekki enn þá runninn upp hjá krötunum, svo að það er von að blessaður drengurinn haldi að það sé nægur tími til að afgreiða þessa till. Hinir þurfa ekkert að furða sig á því þó að kratarnir sitji hinir rólegustu, því að 1. febr. er ekki kominn enn, hvað þá heldur 1. mars.

Mér fannst nú vænt um að heyra það frá Alþb.-mönnum, að þeir viðurkenna að framkvæmdir í þessu landi séu nú í algeru lágmarki og telja þó — bragð er að þá barnið finnur — að það sé ekki hægt að halda áfram langtímum saman með sama hætti. En hins vegar telja kratarnir að það þurfi enn þá að draga saman seglin. Og nú langar mig til þess að minna kratana á það, að þótt þeir séu margir nýir hér á þingi eru þó hér enn þá tveir syndaselir sem voru á síðasta þingi, sem fluttu ótal hækkunartillögur við afgreiðslu fjárl. á síðasta kjörtímabili og greiddu atkv. með mörgum hækkunartill. kommanna á því sama kjörtímabili. Þar var ekki verið að skera hækkunartillögur við nögl í sambandi við framkvæmdir í þessu landi. Þær voru upp á marga milljarða, 1974, 1975 og 1976, hvað þá núna ef við umreiknuðum á verðlagi dagsins í dag. Þá voru þessir menn ekki að skera við nögl till. sínar.

Þeir eru hér enn þá, hæstv. utanrrh. og formaður þingflokks Alþfl., — þeir syndaselir sem voru á Alþ. á síðasta kjörtímabili. En nú skal draga úr öllu, því að nú hafa þeir ábyrgð, að þeir segja. Þeir segja einnig: Nú ætlum við að gera meira. Við ætlum með þessu frv. — Ólafur Jóhannesson vill endilega eiga þennan króa, en á sennilega lítið í honum — að draga úr öllum eða flestum lögboðnum framlögum til framkvæmda og til félagslegrar uppbyggingar í landinu. — Þetta frv. gerir ráð fyrir því að binda ekki framlög eins og til jarðasjóðs, til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, til Fiskveiðasjóðs, Byggingarsjóðs verkamanna, Lánasjóðs sveitarfélaga, Erfðafjársjóðs, Bjargráðasjóðs, jarðræktarframlaga, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Hafnabótasjóðs, Iðnrekstrarsjóðs, Byggðasjóðs, — það er eitt af áhugamálum forsrh. að hann ætlar alveg gersamlega að gelda Byggðasjóðinn, nú er hann hættur að vera dreifbýlismaður, hann var það alveg fram á þennan tíma, — til Fiskræktarsjóðs, Framleiðnisjóðs landbúnaðar, auðvitað til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, — við sjáum nú hve gengur vel hjá framsóknarmönnum þessa dagana í þeim efnum, — til búfjárræktar og til Kirkjubyggingasjóðs, enda er Ólafur Jóhannesson hættur að vera kirkjumálaráðh., Steingrímur tekinn við, og til styrktarfjár og eftirlauna embættismanna, til styrktarfjár og eftirlauna ýmissa ekkna, — það er sennilega gert fyrir Alþfl., — til eftirlauna aldraðra í stéttarfélögunum, til Ferðamálasjóðs, Iðnlánasjóðs og Styrktarfélags vangefinna. Þar endaði upptalningin og þar hefur sennilega Alþfl. sett punkt. En á sama tíma og þetta gerist berjast kratarnir fyrir að fá einn sjóð lögfestan, fyrir öryrkja, með því að taka sérstakt brennivínsgjald til þess sjóðs. Hann er búinn að vera hér á dagskrá, og voru stjórnarflokkarnir klofnir í því máli. Annan daginn koma þeir saman og segja: Við skulum afnema öll lögbundin framlög, svo flytjum við aftur frv. um nýja sjóði. (Gripið fram í.) Það eru sjálfvirkir sjóðir inni í þessu líka, og það eru markaðir tekjustofnar. Þetta er sýndarmennskan ein. Af hverju á að skera niður Styrktarsjóð vangefinna, en stofna svo aftur nýjan sjóð í staðinn með sölugjaldi á brennivín, sem ríkið hefur hirt? Ríkið hefur sannarlega þurft á því að halda og meira en nokkru sinni fyrr, því að aldrei hefur nokkurn tíma verið beitt þeim vinnubrögðum að hafa brennivínsbúðirnar opnar á Þorláksdag og auglýsa að það vanti enn þá í tekjuáætlun ríkissjóðs og því séu menn vinsamlegast beðnir að herða nú sóknina í brennivínsbúðina rétt fyrir jólin. Það hefur engin ríkisstj. gert fyrr en þessi. Það kom einu sinni fyrir að vísu á dögum fyrri ríkisstj., að einn málglaður ráðh. sagði frá því, að brennivínið mundi hækka næsta dag. Þá tæmdust pallarnir hérna og það er ekki örgrannt að sumir þm. hafi farið líka.

Stjórnmálaflokkar taka sig saman og ætla að stjórna landinu, koma sér saman um efnahagsúrræði, koma sér saman um stefnu, að halda uppi fullri atvinnu og eðlilegum rekstri þjóðarbúsins. Það hefur verið með þeim hætti nú, að einn stjórnarflokkurinn auglýsir fund á Hótel Borg, og hann hefur verið auglýstur fyrir sennilega tugi þúsunda á þessa leið: Ágreiningurinn í ríkisstj. Fundur Alþfl. á Hótel Borg. — Þar var auðvitað rætt um ágreininginn í ríkisstj., hvað allt væri ómögulegt og samherjarnir, samstarfsflokkarnir, væru gersamlega óhæfir menn. Lengi var nú Framsókn slæm, en hefur batnað mikið síðustu dagana. Alþb. mátti ekki láta sitt eftir liggja og það hélt fund, ég held að Hótel Sögu. Þar sagði formaður Alþb. að illur andi væri yfir Ólafi. Og ekki mátti „maddaman" missa af öllu saman, því að hún hélt líka fund, gamla Framsókn, og hún taldi, Framsókn gamla, að Alþb.-ráðh. hefðu ekki einu sinni lesið frv. hans Ólafs. Þar fengu þeir nú einkunnina, þessir þrír frá Alþb. í ríkisstj., þeir hefðu ekki einu sinni lesið doðrantinn!

Svavar Gestsson viðskrh. sagði að kratarnir væru í sandkassaleik hér fyrir jólin. Ég held að sandkassarnir séu orðnir þrír og þeir séu að leika sér a. m. k. þrír í hverjum sandkassa og hafi verið að gera undanfarna daga.

Hvað á svo að þýða að flytja till. um að efna til þjóðaratkvgr. með undirbúningi sem tekur allt að því tvo mánuði? Svo á blessuð þjóðin að segja til um það, hvort hún samþykki þennan doðrant Ólafs eða ekki, sennilega stendur á atkvæðaseðlinum: já eða nei, það þurfi ekki neinu að breyta því að þetta sé hin helga bók. Og þegar 9 menn í ríkisstj. geta ekki vikum saman komið sér saman um þessi úrræði, væri þá ekki ráð að gera sér grein fyrir því, að 1. febr. er liðinn og 1. mars alveg í farvatninu, og ríkisstj. settist á rökstólana og reyndi að koma sér saman um stefnu, um stjórn efnahagsmála og um ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgu og stuðla að framförum í þjóðarbúskapnum.

Þetta frv. stuðlar ekki nema að litlu leyti að framförum í þjóðarbúskapnum. Þetta er frv. hins kolsvarta afturhalds að verulegu leyti, og það ber Vilmundur Gylfason fyrir brjóstinu, hann vill koma því hér á. Hins vegar er því ekki að leyna, að í þessu frv. eru margt gott. Það fer ekki fram hjá neinum. En þegar við lítum á það í heild verður frv. ekki til þess að renna styrkum stoðum undir atvinnureksturinn í landinu og tryggja atvinnu landsmanna eða hins vinnandi manns í landinu. Það eru fyrst og fremst samdráttaraðgerðir á öllum sviðum þjóðlífsins með því að gera engar breytingar á þessu frv. Það, sem þessir flokkar eiga að gera, er að koma fram á Alþ. og segja: Við ætlum að ná og halda áfram samstöðu og samstarfi um leiðir í efnahagsmálum og öðrum þeim

málum, sem eru knýjandi nauðsyn. — Að öðrum kosti eiga þeir að lýsa yfir að þeir hafi gefist upp. Þá á ekki að leggja ágreininginn undir atkv. þjóðarinnar, heldur á þá að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga, leggja undir dóm þjóðarinnar hvort þeir 60 menn, sem síðast voru kjörnir á þing, eigi þangað allir afturkvæmt. Með það í huga hverjir eigi afturkvæmt eftir þá frammistöðu, sem þessir flokkar hafa sýnt, þá efast ég ekki um að þjóðin hafnar forustuhlutverki þessara flokka á næstunni að fenginni þessari tæplega 6 mánaða reynslu, sem verður haldið upp á nú eftir tvo daga, þegar 1. mars rennur endanlega upp og Alþfl. gerir sér ljóst að er að honum komið og 1. febr. fyrir löngu liðinn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er oft þannig þegar stjórnmálamenn ræða alvarleg mál, þá einkum og sér í lagi efnahagsmál, sem ekki eru skemmtileg umr., að þær hafa í för með sér skemmtikrafta til að létta mönnum lífið. Mér finnst að hv. síðasti ræðumaður, sem flutti hér mál sitt, gegni slíku hlutverki í íslenskri pólitík nú orðið og hefur þá lítið lagst fyrir kappann. Við vitum að hæstv. forsrh. er góðgjarn maður og hefur m. a. sérstakt lag á því að leita til hæfileikamanna um störf í þágu ríkisstj., jafnvel ágætra manna úr öðrum flokkum, eins og blaðafulltrúans sem hæstv. forsrh. réð til ríkisstj. Ég vil því leggja það til eftir þá skemmtilegu ræðu sem ég heyrði hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni áðan, að ríkisstj. stofnaði til embættis skemmtikrafts ríkisstj. og réði hv. þm. til starfa við það embætti, því að óneitanlega væri skemmtilegt að ræða efnahagsmálin, ef ávallt væri hægt að grípa til slíks skemmtikrafts til þess að létta mönnum lífið inn á milli.

Að öðru leyti ætla ég ekkert að tala um það, sem kom fram frá þeim hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem komu hér upp áðan. Við vitum það þm., og hv. þm. Stefán Jónsson líka, að þeir sjálfstæðismenn hafa verið í pólitísku orlofi síðan kosningabaráttu lauk og hafa ekki lokið sinni orlofsferð enn. Þeir eru m. a., hv. sjálfstæðismenn, eftir því sem málgögn þeirra segja, að semja sér efnahagsstefnu allar götur til ársins 2000. Ekki veitir af, ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Traustar heimildir skýra frá því, að sjálfstæðismenn séu komnir í þessu mikla verki sínu aftur til ársins 1974 og við skulum alls ekki tefja þá ágætu menn frá þeim þjóðhagslegu mikilvægu störfum fyrr en þeir a. m. k. verða komnir aftur til okkar tíma. Ég ætla því ekki að fara öllu lengra út í umr. um tillag það, sem þeir fluttu áðan, hv. skemmtikraftur ríkisstj. og hv. þm. Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstfl.

Það, sem ég gjarnan vil hins vegar taka fram, er það, að vakin hefur verið athygli á því af hæstv. forseta að það sé til mikils mælst af hv. þm. Vilmundi Gylfasyni að greidd séu atkv. um beiðni hans um afbrigði. Hæstv. menntmrh. hefur sagt að þm. neiti að lúta þingsköpum, og hv. 1. þm. Austurl. hefur sagt að það sé ekki í samræmi við þingsköp að ganga til atkv. um afbrigði um mál sem ekki sé orðið þingmál. Ég vil vekja athygli hv. 1. þm. Austurl. á því, að þegar búið er formlega að útbýta máli á þingfundi er málið þar með orðið þingmál. Það eru einnig fjölmörg dæmi fyrir því að afbrigði hafi verið veitt um mál sem ekki hefur einu sinni verið útbýtt. T. d. þegar afbrigði hafa verið veitt varðandi afgreiðslu fjárl. og brtt., sem fluttar hafa verið, hefur hv. Alþ. veitt afbrigði um að þær megi koma fyrir þó svo þær hafi aðeins verið afhentar hæstv. forseta skriflega og ekki sé búið að útbýta till. Vissulega er það rétt, að þegar búið er að — (Gripið fram í.) Ósköp hlýtur hann, hæstv. forseti, að hafa gengið illa þessi þingflokksfundur sem boðaður var skyndilega hjá Alþb. rétt áðan. Þeir hv. Alþb.-menn virðast ómögulega getað setið kyrrir í sætum sínum þegjandi. Ég held að það væri ráð að þeir héldu áfram þingflokksfundi sínum og lykju þeim umr. sem þeir auðsjáanlega hafa verið að hefja uppi í Hlaðbúð rétt áðan. En það sem ég vildi gjarnan taka fram. — (Gripið fram í.) Það virðist sem hv. 1. þm. Austurl. sé brátt líka. — Ég vil taka fram í þessu sambandi, að það er alveg fráleitt að till., sem búið er formlega að útbýta í þingi, sé ekki þingmál. Það var fyrsta verk hæstv. forseta á þessum fundi að tilkynna útbýtingu á þáltill. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Þar með er málið orðið þingmál og þar með getur þingheimur gengið til atkv. um það, hvort hann vill að um þetta mál verði viðhöfð afbrigði frá þingsköpum. Eðlileg ósk Alþb. kann það að vera, sem kom frá hæstv. menntmrh., að þeir þyrftu að fá a. m. k. tvo sólarhringa til þess að átta sig á því, hvort þeir ætluðu að greiða þáltill. atkv. eða ekki. Ég vil aðeins benda hæstv. menntmrh. á það, að hann er nú þegar búinn að fá tuttugu sinnum meiri tíma til þess að átta sig á efni þessarar tiltölulega einföldu þáltill. en hann taldi sig þurfa til þess að taka afstöðu til frv. hæstv. forsrh. á 60 vélrituðum síðum á fyrsta fundi ríkisstj., þegar hæstv. menntmrh. var sýnt þetta frv. Ég held því að það sé alveg útilokað að honum sé ekki treystandi til þess — og flokksbræðrum hans — að átta sig á þessari einföldu þáltill. á einum sólarhring eða svo.

Ég vil sem sé vekja athygli á því, að hér er ekki til mikils mælst, hæstv. forseti, sú ósk kemur oft fyrir þingið, bæði fyrir Sþ. og deildirnar að veitt séu afbrigði frá þingsköpum til þess að mál geti komið fyrir — mál af því tagi að þau eru jafnvel þýðingarminni en það mál sem hér um ræðir. Og það er ekki verið að neita að lúta þingsköpum, það er verið að fara þess á leit að þessi eðlilega beiðni, sem mörg fordæmi eru fyrir, sé afgreidd eins og þingsköp mæla fyrir um, þ. e. a. s. að alþm. gangi til atkv. um þessa beiðni og taki afstöðu til þess, hvort þeir vilja fallast á hana eða ekki. Það er hins vegar mjög eðlilegt að það fari fram nokkur efnisleg umr. um málið, vegna þess að í efnislegri umr. eru fólgnar röksemdirnar fyrir því að leyfa afbrigðin. (**StJ:** Eru afbrigðin undir þjóðaratkv. líka?) — Er algerlega útilokað, hæstv. forseti, að þeir Alþb.-menn geti haldið flokksfundi sína í eigin þingflokksherbergi og þurfi ekki að ástunda köll úr stólum sínum í þinginu. Ég hef sagt hv. þm. Stefáni Jónssyni áður, og ég skal endurtaka það við hann nú, ef hann man það ekki, að stólarnir, sem þarna eru, og þeir, sem þar sitja, eiga að þegja. Þeir, sem ætla að tala hér í þingsölum, fara upp í ræðustól. (Gripið fram í.) Ég held að það sé ekki ástæða til þess að munnhöggvast við þá Alþb.-menn ýkjamikið núna. Þeim virðist vera mikið í mun að fá að kallast á við mig, en ég hef munnhöggvist við þá fyrr og ég sé enga ástæðu til þess að bæta við það. Ég skal gera það síðar, ef þeir ágætu Alþb.-menn kæra sig um. En ég held að á meðan geti þeir dundað sér við að munnhöggvast innbyrðis.

Herra forseti. Það hefur komið fram, að auðvitað þarf að rökstyðja þá beiðni, sem hér hefur komið frá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, með efnislegri röksemdafærslu, og þó svo það geti orðið til þess að umr. verði nokkuð langar utan dagskrár, þá styttir það að sama skapi umr. sem verða kann um þessa þáltill., ef Alþ. fellst á að taka hana

til umr. með þeim hætti sem óskað hefur verið eftir. Ég ætla samt ekki að orðlengja mjög mikið um málið, þar sem ég ætla að taka tillit til þeirrar beiðni hæstv. forseta að hafa þessar umr. ekki ýkjalangar.

Það er alveg ljóst að fyrstu ráðstafanir hæstv. ríkisstj., sem hún gerði í efnahagsmálum í sept. s. l., voru tímabundnar aðgerðir gegn verðbólgu, sem fólust fyrst og fremst í því að greiða niður vöruverð í vísitölu með álagningu skatta sem ekki voru í vísitölu. Engin ríkisstj. getur að sjálfsögðu lagt upp til þess að stjórna landinu í 4 ár á slíkum grundvelli, enda tók hæstv. ríkisstj. fram að þetta væru aðeins fyrstu aðgerðir, varanlegri aðgerðir mundu fylgja í kjölfarið. Eðlilegt hefði verið að þær varanlegu aðgerðir kæmu fram í kringum 1. des. Það var rétti tíminn fyrir þær varanlegu aðgerðir. Það gerðist hins vegar ekki, og við vitum allir hv. þm. hvers vegna. Við vitum hvers vegna ráðstafanirnar 1. des. voru því miður aðeins fólgnar í því að ná samkomulagi við verkalýðshreyfinguna um að breyta gerðum kjarasamningum um greiðslu verðbóta. Ég hef sagt það áður, að mér finnst það harla hart af mönnum, sem vilja kalla sig vinstri menn, að láta hafa sig til þess að ganga fyrir verkalýðshreyfinguna og krefja hana um að falla frá tilteknum réttindum til kaupgreiðslna sem henni ber, án þess að vera menn til þess að leggja jafnframt fyrir verkalýðshreyfinguna till. sínar um breytta efnahagsstefnu, um hvernig eigi að ná árangri með öðrum hætti en þeim að vinna hann ávallt á kostnað umsaminna launa verkafólks. Hafi verkalýðshreyfingin átt að rísa undir nafni 1. des., þá átti hún að krefjast þess af hæstv. ríkisstj. að hún legði slíkar till. fram jafnhliða því sem ríkisstj. óskaði eftir því við verkalýðshreyfinguna að hún félli frá kauphækkunum sem henni bar að réttum samningum. Við Alþfl.-menn vildum ekki að til þess þyrfti aftur að koma. Þess vegna lögðum við fram till. okkar um samræmda efnahagsstefnu þegar í desembermánuði, svo að hæstv. ríkisstj. fengi nægan tíma til þess að ræða slík mál og taka afstöðu til þeirra.

Hæstv. forsrh. tók undir þetta sjónarmið í umr. á Alþ. við afgreiðslu fjárl. í desembermánuði og lýsti því yfir, að hann mundi beita sér fyrir því, að vinna að gerð samræmdra efnahagsstillagna á vegum ríkisstj. hæfist þegar að jólafríi loknu, og við það stóð hæstv. forsrh. En það var gersamlega ómögulegt að fá ákveðna aðila, sem það verk áttu að vinna með öðrum stjórnarflokkum, til að taka afstöðu til eða frá um ákveðin mál. Eftir heils mánaðar starf í ráðherranefndinni voru sumir þar hvorki hráir né soðnir og eru það ekki enn. Þess vegna neyddist hæstv. forsrh. til þess að leggja sjálfur fram frv. það sem hann hafði falið ráðherranefndinni að semja, en ráðherranefndin hafði heykst á vegna þess að ákveðnir aðilar þar voru hvorki hráir né soðnir og hafa hvorki hráir né soðnir verið allt frá því að núv. ríkisstj. var mynduð.

Og allt frá því að hæstv. forsrh. lagði till. sínar fram hefur þessi sami hráskinnaleikur haldið áfram. Frv. var mótmælt af einum stjórnarflokknum. Það er liðinn hálfur mánuður síðan þau mótmæli komu fram, en ekki ein einasta brtt., ekki ein einasta hugmynd, ekki ein einasta ný hugsun, ekki ein einasta brtt. eða breytingabeiðni hefur komið frá þeim flokki sem mótmælti frv. allan þann tíma. Hann hefur ekkert annað gert en að segja: Nei, nei, nei, við viljum ekki þetta. Við viljum ekki hafa þetta svona. Við viljum ekki að þetta sé þarna. Við viljum ekki að þessi grein orðist svona. En ekki kom ein einasta heil hugsun frá mönnunum sjálfum. Og hvað skal segja um slíkt framferði eftir að hafa setið við samningaborð innan og utan ríkisstj. allt frá því að kosningum lauk? Hvenær haldið þið að þeir menn, sem ekki verða soðnir á 8 mánuðum, verði fullsoðnir, þegar ekki er einu sinni komin upp á þeim suðan enn?

Hvers vegna viljum við Alþfl.-menn og hvers vegna vilja framsóknarmenn — ég tala ekki fyrir þeirra hönd, en ég þykist vita hug þeirra — að efnahagsstefna sé mótuð í upphafi ársins 1979? Af augljósum orsökum. Viðbrögð eins stjórnarflokksins hafa nú orðið til þess að sá ákveðni, en tímabundni árangur í baráttu gegn verðbólgu, sem náðist fyrst með aðgerðunum 1. sept. og síðan með aðgerðunum 1. des., er að tapast. Það, að Alþb. skuli ekki enn þá vera tilbúið að taka afstöðu, ekki enn þá hafa komið með neinar brtt. af einu eða neinu tagi, heldur lagt alla áherslu á að tefja, standa í vegi og hafast ekki að, þýðir að frá og með 1. mars — eftir 36 klukkustundir — er auðséð að við höfum tapað í slagnum við verðbólguna a. m. k. 4 prósentustigum. Sú ákvörðun þessara háu herra að geta ekki enn þá sagt hug sinn, að enn þá skuli ekki vera komin upp á þeim suðan eftir 8 mánuði, þýðir að í stað þess að við hefðum getað gert okkur vonir um að ná verðbólgu niður undir 30% í árslok, getum við nú ekki gert okkur vonir um að ná henni lengra niður með sömu ráðstöfunum en í 32—33%. Það breytir engu um kaupmátt tekna launafólks. Hann verður sá sami eftir sem áður. Þessi andstaða Alþb. breytir engu um kaupmáttarstigið, en hún hefur orðið til þess að við höfum tapað 4% í baráttunni við verðbólguna.

Við Alþfl.-menn viljum leiða í ljós, hverjir bera ábyrgð á þessu. Við viljum að fram komi að við erum reiðubúnir og höfum verið reiðubúnir síðan í desember að afgreiða samfellt frv. um alhliða aðgerðir í efnahagsmálum til að koma í veg fyrir að Ísland — og þ. á m. íslenskir launþegar — farist í því verðbólguflóði sem ella er fyrirsjáanlegt. Við erum reiðubúnir til þess, þó svo við gerum okkur það fyllilega ljóst og höfum aldrei neitað því, að slíkur árangur næst ekki nema með því að leggja talsverðar byrðar á þjóðina — þá erum við reiðubúnir til þess að leita umsagnar þeirra aðila sem hafa kosið okkur á Alþ. til þess að fara með umboð sitt varðandi stjórn þjóðarskútunnar, leita til þjóðarinnar sjálfrar. Við erum reiðubúnir til að standa að því að láta þjóðina dæma um þau mál sem við erum að berjast fyrir á Alþ. Hv. þm. Matthías Bjarnason má kalla íslensku þjóðina „Alþingi götunnar" ef hann vill, en það er þó þetta „Alþingi götunnar" sem hefur kosið Matthías Bjarnason til að sitja í þessum stól. Hann talaði ekki um „Alþingi götunnar" þegar hann ávarpaði kjósendur sína vestur á fjörðum á s. l. vori og bað þá um að senda sig á þing aftur.

Við Alþfl.-menn erum reiðubúnir til að leggja frv. hæstv. forsrh., sem við höfum lýst yfir að við séum sammála, undir dóm þjóðarinnar og hlíta honum. (**Gripið fram í:** En þorið ekki í þingkosningar?) Við þorum líka í þingkosningar, vegna þess að afstaða okkar er ekki sú að reyna að sitja í þessum stólum eins lengi og við mögulega getum, eins lengi og sætt er. Okkar skoðun er sú, að við séum hingað kosnir til að framfylgja sannfæringu okkar. Við erum reiðubúnir til að berjast fyrir henni fram í rauðan dauðann og láta síðan kjósendur ráða og úrskurða eins og þeim ber. Við erum ekki komnir hingað til þess að sitja jafnlengi og hv. þm. Matthías Bjarnason

ætlar að sitja. Við erum kosnir hingað til þess að gera hluti sem hv. þm. Matthías Bjarnason hefur aldrei getað gert. (Gripið fram í.) Nei. Mér finnst alveg rétt að leita umsagnar þeirra aðila sem valist hafa til forustustarfa í hinum ýmsu stofnunum þjóðfélagsins, en auðvitað er miklu nærtækara að leita umsagnar þjóðarinnar sjálfrar.

En ég vil að lokum, og læt þá máli mínu lokið, hæstv. forseti, til þess að halda ekki uppi of löngu málþófi áður en málið gengur til efnislegrar afgreiðslu, taka það fram, að manni finnst svolítið skrýtið að menn skuli láta hafa sig til þess að koma saman, eins og miðstjórn Alþýðusambands Íslands gerði 13. febr. s. l., daginn eftir að hæstv. forsrh. flutti till. sínar í ríkisstj., og gefa þar samhljóða ályktun um efnislega afstöðu miðstjórnar Alþýðusambands Íslands til tillagna formanns vísitölunefndar, sem hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson tók síðan inn í frv. sitt, og kalla svo sömu miðstjórn saman til fundar 24 klukkustundum síðar og krefjast þess að afstöðunni, sem tekin var 24 stundum áður, verði breytt. Ég er með fyrir framan mig samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, sem gerð var 13. febr. s. l., þar sem fjallað var um till. formanns vísitölunefndar. Þessi samþykkt var gerð shlj. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, í sambandi við nýjan grunn kaupgreiðsluvísitölu:

„Við undangengna samninga hefur tíðkast að setja grunnviðmiðun verðbóta í 100 við upphaf samningstíma. Ákvæði af þessu tagi er því eðlilegt við gerð kjarasamninga. Í dag er ekki um að ræða samningsgerð með grunnkaupshækkunum eða hliðstæðum breytingum, og breyting af þessu tagi miðað við s. l. nóv. 1978 leiðir til 0.5% minni verðbóta 1. mars en ella væri."

Þá segir m. a. um till. formanns vísitölunefndar um meðferð skatta:

„Val á skattheimtuformi og verðlækkunaraðgerðum ætti ekki að mótast af vísitölutilliti, heldur almennum afleiðingum þeirra. Í nefndinni höfum við [þ. e. a. s. fulltrúar Alþýðusambands Íslands] sett fram till. um að allir skattar verði teknir inn í tillögur um verðbótaútreikning. Fái það sjónarmið okkar ekki framgang er rétt að kanna hvort mögulegt sé að ná hliðstæðum árangri með þeim hætti að taka breytingar allra skatta og niðurgreiðslna út við vísitöluútreikning." — Það er kostur n. 2 hjá miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

Síðan er bætt við:

Við teljum hins vegar að ekki sé mögulegt að mæla með neinum till. í því efni fyrr en ítarleg umr. hefur farið fram milli aðila og stjórnvalda um hvernig tryggja megi að stjórnvöld noti ekki hið breytta kerfi til þess að rýra kaupmátt ráðstöfunartekna með breytingu á sköttum eða niðurgreiðslum, svo og með hvaða reglum megi hindra að hægt sé að fara fram hjá vísitölukerfinu með styrkveitingum til atvinnurekenda".

Orðrétt las ég upp úr samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands frá 13. febr. s. l., þar sem miðstjórnin segir: Kostur nr. 1 að taka alla skatta inn í vísitöluna. Kostur nr. 2 að taka alla skatta og niðurgreiðslur út, en þá viljum við bara fá að semja við ríkisstj., ef það verður gert, um að tækifærið verði ekki notað til þess að fella niðurgreiðslurnar út eða hækka skatta.

Um viðskiptakjaravísitöluna sagði miðstjórn Alþýðusambands Íslands í þessari samþykkt sinni:

„Ákvæðin um viðskiptakjaraviðmiðun virðast framkvæmanleg og möguleiki getur verið að taka tillit til breyttra viðskiptakjara við útreikning verðbóta. Sé viðskiptakjaraviðmiðun tekin upp verður að semja um viðmiðunartíma og nánara fyrirkomulag."

Enginn, sem les þessar samþykktir, er í vafa um að þegar þessar samþykktir voru gerðar var miðstjórn Alþýðusambandsins að búa sig undir að semja við ríkisvaldið um einmitt þessar breytingar og tekur m. a. s. fram, að sumar þeirra séu bæði framkvæmanlegar og mögulegar og aðrar séu annar besti kosturinn að áliti verkalýðshreyfingarinnar. 24 klukkutímum síðar, þegar þingflokkur Alþb. hefur haldið fund sinn um till. forsrh., er miðstjórn Alþýðusambandsins aftur kölluð saman til að ræða sama mál. Þar er þess fyrst krafist, að þessari samþykkt sé svo rækilega breytt, að verkalýðshreyfingin kalli fulltrúa sína í vísitölunefnd út til þess að mótmæla sömu atriðum og 24 tímum áður var tekin sú afstaða til sem ég lýsti hér. Hvort sem sú hugmynd hefur fæðst í þessu húsi eða utan þess, að krefjast þess að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í vísitölunefndinni yrðu kallaðir út, þá varð hún ekki ofan á. En ég tel það talsvert alvarlegt, þegar t. d. hluti miðstjórnar Alþýðusambands Íslands hefur byggt afstöðu sína á þessari samþykkt, sem gerð var 13. febr. í miðstjórn ASÍ, og vísað til hennar, að þá skuli miðstjórn Alþýðusambandsins og starfslið Alþýðusambandsins ekki sjá sóma sinn í að birta samþykktina.

Og að lokum, hæstv. forseti. Hvað er á ferðum þegar menn láta hafa sig út í eftirfarandi — menn sem eru drengir góðir og réttsýnir? Þegar miðstjórn Alþýðusambands Íslands kom saman í gær til þess að fjalla um umsögn forsrh., þá myndast í þessum samtökum 40 þús. launþega á Íslandi meiri hluti og minni hluti, — mikill meiri hluti. og lítill minni hluti, að vísu. Að lokinni afgreiðslu málsins óskaði minni hlutinn eftir tvennu: Í fyrsta lagi að það kæmi fram í fréttinni frá Alþýðusambandinu, að það hefði verið um að ræða í miðstjórn Alþýðusambandsins skýran meiri hluta og minni hluta, hluti miðstjórnarmanna, fulltrúar stórra verkalýðsfélaga, hefði ekki greitt atkv. með umsögn meiri hlutans. Þessu neitaði forseti Alþýðusambands Íslands. Hann, sem er í oddi þessara voldugu samtaka, neitar þeirri sjálfsögðu beiðni minni hluta fulltrúa í miðstjórn ASÍ að fram fái að koma í frétt miðstjórnarinnar að það sé til minni hluti í samtökunum. Þá óskaði minni hlutinn eftir því, sem lét gera sérstaka bókun um afstöðu sína, að Alþýðusambandið birti bókun minni hluta um afstöðu hans um leið og Alþýðusambandið birti samþykkt um afstöðu meiri hlutans. Einnig þeirri ósk var neitað. Minni hluti miðstjórnar Alþýðusambands Íslands fékk ekki að njóta þeirra mannréttinda: í fyrsta lagi að hann væri til og í öðru lagi að hann fengi að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með sama hætti og meiri hlutinn. Minni hlutanum var tjáð það, þegar hann óskaði eftir því að bókun hans yrði send út, að því miður væri það ekki hægt því að búið væri að senda samþykkt meiri hlutans út.

Ég verð að segja eins og er, og byrja þá fyrst á því, að ég hef ávallt borið, og ber enn mjög mikla virðingu fyrir forustumönnum Alþýðusambands Íslands — mönnum eins og Snorra Jónssyni og hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni. En þarna tel ég að þeim hafi orðið á mjög alvarleg mistök, því að hvernig geta forsvarsmenn í samtökum 40 þús. launþega, sem lenda í meiri hluta í stjórn samtakanna, neitað þeim, sem í minni hluta eru, um þau sjálfsögðu mannréttindi að fá þess í fyrsta lagi getið að minni

hlutinn sé til og í öðru lagi að minni hlutinn njóti þess jafnréttis á við meiri hlutann að fá bókun sína og skoðanir sínar birtar samtímis skoðunum meiri hlutans?

Ég veit ósköp vel að þau ríki eru til þar sem meiri hluti — ja, ég veit ekki einu sinni hvort um meiri hluta er að ræða — alla vega geta ráðandi öfl þar lýst því yfir að enginn minni hluti sé til og væri minni hluti til hefði hann enga skoðun. Ég veit að í sumum ríkjum eru forustumenn kosnir með 99.98% atkv. Í þeim ríkjum er þó látið í það skína að 0.02% minni hluti sé til. En ég hefði aldrei trúað því á Alþýðusamband Íslands og þá ágætu, traustu og farsælu menn, sem þar fara með stjórn, að þeir létu slíkt og þvílíkt henda sig að neita minni hluta stjórnarmanna Alþýðusambands Íslands um það í fyrsta lagi að láta þess getið í frétt Alþýðusambandsins, að sá minni hluti hefði verið til, og í öðru lagi um þau sjálfsögðu jafnréttissjónarmið, að minni hluti fengi að kynna álit sitt samfara því sem álit meiri hluta er kynnt. Þetta eru alvarleg mistök, sem jafnfélagsreyndir menn og drenglyndir og forustumenn Alþýðusambands Íslands eiga alls ekki að láta henda sig og mundu ekki láta henda sig nema vegna þess að þeir hafa orðið fyrir utanaðkomandi þrýstingi, sem e. t. v. á rætur að rekja ekki ýkjalangt frá þeim ræðustól sem ég nú stend í.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég held að ekki þurfi að kvarta yfir því að suðan sé ekki komin upp í stjórnarflokkunum. Ég held að síðasta ræða hafi ekki leynt því. Auðvitað er öllum ljóst að þar sýður og kraumar á öllum vígstöðvum, enda er sú ástæðan til þess að þessi till. er borin fram.

Þessi till. er borin fram um það, að frv., sem ríkisstj. hefur ekki vegna sundrungar treyst sér til að leggja fyrir Alþ., verði í staðinn lagt fyrir þjóðina. Ég held að það sé ekki ofmælt hjá hæstv. forsrh. að þessi till. — og óskir um málsmeðferð — sé ærið nýstárleg og mjög frumleg, eins og hæstv. ráðh. komst að orði.

Í till. er m. a. getið um það frv. sem forsrh. hafi kynnt ríkisstj. mánudaginn 12. febr. Ég held að þetta sé nokkuð óvenjulegt. Venja er að láta sér nægja dagsetninguna, en kannske sé verið að minna á, með því að nefna mánudaginn sérstaklega, orðtakið um að mánudagur sé til mæðu, því að vissulega hefur stjórnin haft í mörgu að mæðast að undanförnu og virðist ekkert lát á því eftir þessum umr. að dæma.

Það er ekki ástæða til á þessu stigi að fara ítarlega út í efni þessa máls. Ég geri ráð fyrir að till. komi á sínum tíma til efnislegrar umr. Ég vil þó aðeins taka fram í sambandi við hugmyndir um þjóðaratkvgr. að ég er almennt fylgjandi heimild um þjóðaratkvgr. um mikilvæg málefni. En því verða menn að gera sér grein fyrir, að til þess að þjóðaratkvgr. nái tilgangi sínum verður að leggja skýrar spurningar fyrir þjóðina. Þjóðaratkvgr. hafa sums staðar farið fram t. d. um kosningaraldur: vilja menn færa kosningaraldur niður í 18 ár? Það er einföld og skýr spurning: já eða nei. Slíka þjóðaratkvgr. gætum við haft hér. Áður fyrr hefur tvívegis verið spurt á Íslandi: Vilja menn áfengisbann eða ekki? Það væri t. d. líka vel hægt að leggja þá spurningu fyrir þjóðina, leggja fyrir hana tvo valkosti: Er þjóðin samþykk skattastefnu Alþfl. fyrir kosningar eða andstæðunni — er hún samþykk skattastefnu Alþfl. eftir kosningar? Þetta væri upplagt efni til þjóðaratkvgr. Það er hægt að svara því einfaldlega og skýrt: já eða nei. Að leggja hins vegar fyrir þjóðina frv. í 62 greinum, sem ásamt aths. og skýringum er fjölritaðar eða vélritaðar 60 síður, er fráleit málsmeðferð og stangast gersamlega á við þá grundvallarhugsun sem liggur að baki þjóðaratkvgr.

Ef ætti að leggja fyrir þjóðaratkvæði efnahagsmálin almennt er líka alveg fráleitt, eins og hv. þm. leggur til, að þetta frv. sé lagt fyrir þjóðina, þar sem ekkert er minnst á skattana. Ég hefði haldið að eitt af hinum stóru málum í sambandi við efnahagsmálin væru einmitt skattamálin. E. t. v. væri hugsanlegt að forma einhverjar einfaldar spurningar, sem væri hægt að leggja fyrir þjóðina, þannig: Vill þjóðin viðhalda eða vill hún afnema þá skatta sem núv. stjórnarflokkar hafa á lagt? — En fráleitt er að telja að það sé mál fyrir þjóðaratkvgr. að leggja fram frv. eins og þetta, þar sem m. a. er ekki minnst á sum stærstu málin, eins og t. d. skattamálin, ekki heldur er komið inn á það mikla vandamál hvort eigi og hvernig að takmarka þorskveiðar á næstunni, þar sem fyrir liggja till. sérfræðinga um 250 þús. tonna hámark og till. hæstv. forsrh. um 300 þús. og margir aðrir hafa aðrar till. Ofan á þetta bætist að frv. hæstv. forsrh., sem menn hafa ekki enn þá treyst sér til þess að leggja fyrir Alþ., virðist vera svo flókið og torskilið að sögn hæstv. forsrh. sjálfs, að samráðh. hans sumir hafa ekki skilið það eða misskilið sumt. En slíkt frv. þess eðlis, að æskilegt væri að leggja það fyrir þjóðaratkvgr., þar sem hver hv. kjósandi yrði væntanlega fyrst að pæla í gegnum þessar 60 vélrituðu síður og væntanlega að þeim lestri loknum óska eftir margvíslegum skýringum og svörum til viðbótar?

Ég tek það fram, að ég er hlynntur hugsuninni um þjóðaratkvgr. En menn verða að gera sér ljóst að það verða að vera skýrar spurningar, sem eru lagðar fyrir kjósendur, sem tiltölulega einfalt og augljóst er að svara með já eða nei.

Ég skal, herra forseti, verða við óskum um að lengja ekki þessar umr. En með hliðsjón af því, hvernig þetta mál er allt saman til komið, það er komið til vegna ágreinings innan ríkisstj., sem hv. flm. þessarar till. vill þess vegna skjóta til þjóðarinnar, þá vil ég leggja til að till. Vilmundar Gylfasonar sé vísað til ríkisstj., og ég vænti þess, að hæstv. forseti muni bera upp þá till. á því stigi máls sem honum þykir henta.

Forseti (Gils Guðmundsson): Nú verður gengið til atkv. um hvort taka skuli á dagskrá þáltill. á þskj. 384, um þjóðaratkvæðagreiðslu um efnahagsfrv. forsrh. Ég ber þetta upp samkv. ákvæði 43. gr. þingskapa, þar sem segir:

„Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því aðeins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki 3/4 þeirra, sem á fundi eru".

ATKVGR.

Afbrigða synjað vegna samþykkis einungis 35 þm. af 53, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RH, SighB, SV, SvH, VH, VG, ÞK, AG, ASt, ÁG, BGr, ÁE, BN, BrS, EH, EG, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GH, GTh, GSt, JóhS, JH, JÞ, ÓB, KJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ.

nei: EÁ, HES, IG, JGS.

HBald, StJ, GF, SvJ, SvG, EðS, GSig, GeirG, EirS, HG, JónasÁ, KÓ, LJós, GilsG greiddu ekki atkv.

7 þm. (TÁ, ÞS, FTS, SteinG, LárJ, OÓ, ÓRG) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég tel að vísu tillögugerð þessa alveg fráleita, en það kynni þó að vera að við frekari umr. um hana tækist stjórnarliðum að verða sér til enn frekari skammar, og með vísun til þess og þeirrar ríku venju að veita afbrigði yfirleitt segi ég já.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég tel þessa till. ótímabæra og of seint fram komna, ef svo mætti segja. Það er ekki fræðilegur möguleiki til þess að mínum dómi að afgreiða hana sjálfa og svo aðgerðir samkv. seinni mgr. till. fyrir 1. mars, þ. e. á tæpum 31 klukkutíma. Þá tel ég fyrri hlutann raunar óframkvæmanlegan, eins og hér hefur verið sýnt fram á m. a. fyrir mjög skömmu. Ég sé því ekki að neina nauður reki til þess að afgreiða þessa till. með hraði.

Hins vegar tel ég að hæstv. forsetar hafi um alllanga hríð, ekki aðeins á þessu þingi, heldur á allmörgum þingum, sýnt okkur þm. mjög mikið og ég vil nú segja stundum helst til mikið umburðarlyndi og t. d. leyft helst til miklar umr. utan dagskrár og þá af helst til litlum tilefnum stundum. Um þetta má auðvitað deila. Og því verður ekki breytt hér og nú á þessari stundu. Það er e. t. v. athugunarefni í betra tómi. — Að skjóta þessari till. nú fram fyrir önnur þingmál, þótt allir sjái að slíkt hafi ekki praktíska þýðingu, sbr. dagsetningar og klukkustundir, er hins vegar fyllilega í hátt við það feiknalega mikla umburðarlyndi sem hæstv. forsetar hafa sýnt okkur hv. þm., og þess vegna segi ég já.

Bragi Sigurjónsson: Hæstv. forseti. Ég tel að mál eins og hér er hreyft eigi ekki erindi til þjóðaratkvgr. Hins vegar sé ég ekkert á móti því að taka málið á dagskrá, og því segi ég já.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þessi annars fáránlega till. lýsir ljósar en flest annað því stjórnleysi og þeirri upplausn, sem ríkir í stjórnarherbúðunum, og reyndar uppgjöf ríkisstj. og ríkisstjórnarflokkanna á því að leysa hin stærstu mál sem alla þjóðina varða. Ég tel sjálfsagt að þjóðin fái enn gleggri mynd af þessu ástandi með því að þessi till. fái frekari umr. hér á þingi, og þess vegna segi ég já.

Ingvar Gíslason: Ég er sammála hv. þm. Braga Sigurjónssyni um að þetta mál eigi ekki erindi til þjóðarinnar í þeim búningi sem það er borið fram hér. Ég sé enga ástæðu til að veita slíku skrípamáli sérstakan forgang og segi nei.

Forseti (Gils Guðmundsson): 53 hv. alþm. hafa tekið þátt í atkvgr. og þar sem ekki hafa nema 35 sagt já og viljað leyfa afbrigðin hefur þessi atkvgr. farið á þá leið að afbrigði hafa ekki verið leyfð, þar sem skýrt er að til þeirra þarf samþykki 3/4 þeirra sem á fundi eru. Afbrigði hafa þar með ekki verið leyfð. — Þessi till. til þál. verður þá að sjálfsögðu á dagskrá næsta fundar Sþ.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er í sjálfu sér kominn upp nýr flötur á þessu máli frá því að ég bað um orðið áðan. Það liggur fyrir hver er afstaða hv. Alþ. til þessarar till., sem hér var flutt, og þess vegna ástæðulítið að eyða löngu máli í umr. um hana. Það eru þó nokkur atriði, sem komið hafa fram í umr., sem nauðsynlegt er að drepa frekar á.

Það, sem mér finnst einna athyglisverðast við þessar umr. sem farið hafa fram í dag af hálfu hv. þm. Alþfl., er sú ofurtrú — ég vil nefna það trú — sem þeir hafa á frv. hæstv. forsrh. Það er ekki einasta að þetta frv. eigi að leysa úr tiltölulega einföldum efnahagslegum vandamálum, heldur líka að þetta frv., ef að lögum yrði, á að stöðva nánast að segja náttúrulögmálin í veigamiklum atriðum.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason notaði það sem rök fyrir nauðsyn þess að flýta afgreiðslu málsins, að olíuverðshækkanir væru að skella yfir. Þetta hlýtur að þýða það, að hann telji að samþykkt frv. hæstv. forsrh. í þeirri mynd, sem það er nú, muni koma í veg fyrir að olíuverðshækkanir skelli yfir í þessu landi. Hv. þm. Vilmundur Gylfason nefndi ástand fiskstofnanna sem alveg sérstök rök fyrir nauðsyn þess að samþykkja þetta frv. hið bráðasta. Í frv. hæstv. forsrh. er hvorki minnst á fiskstofnana né heldur olíuhækkanirnar eins og þær núna blasa við.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson notaði þau orð áðan: Ef frv. forsrh. verður ekki samþ., þá — sagði hann í framsöguhætti — ferst Ísland, árangurinn tapast. Ég hef ekki áður rekið mig á það, að forustumenn í stjórnmálaflokki hafi tekið jafnafdráttarlausa trú á nokkurn pappír og hv. þm. Alþfl. virðast hafa tekið á frv. hæstv. forsrh. Síðan notuðu hv. þm. Alþfl. það sem rök fyrir máli sínu, að hér á Alþ. væri pólitískur minni hluti að beita kúgun og ofbeldi til þess að koma í veg fyrir að tiltekinn meiri hluti, á Alþ. fengi sitt mál fram. Þeim Alþfl.-mönnum, sem eftir eru í salnum eftir úrslit síðustu atkvgr., vil ég hins vegar segja það, að þeim er að sjálfsögðu velkomið, ef þeir telja það rétt, og það er þeim raunar skylt, ef þeir telja það rétt, að leggja þetta frv. fram og afgreiða það hér á Alþ., ef þeir telja það þá sáluhjálp í íslenskum efnahagsmálum sem þeir vilja vera láta.

Í ræðu hv. formanns þingflokks Alþfl. var veist mjög harkalega að forustumönnum íslensku verkalýðshreyfingarinnar. Það er ekkert nýtt að af hálfu Alþfl. beri á kala í garð verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. Við höfum reynslu frá viðreisnarárunum, þegar Alþfl. var í ríkisstj. með íhaldinu, hvernig þá var komið fram við verkalýðshreyfinguna. Hins vegar hefur tekist á síðustu árum innan alþýðusamtakanna mjög gott samstarf meðal forustumanna úr Alþfl. og Alþb. og fleiri stjórnmálaafla. Það virðist nú vera ætlun þessara forvígismanna Alþfl. að spilla fyrir þessu samstarfi í stað þess að það ætti auðvitað að vera höfuðskylda Alþfl. við þær aðstæður, sem nú er við að etja í íslensku þjóðlífi, að reyna að tryggja að þessir flokkar, sem nefndir hafa verið verkalýðsflokkar, hvað sem um þá nafngift má nú segja, standi saman. Það er algjörlega horfið frá því virðist mér á málflutningi forustumanna Alþfl. hér á hv. Alþ. Í stað þess að reyna að stuðla að slíku hafði formaður þingflokks Alþfl. uppi heiftarlegar árásir og ósmekklegar getsakir í garð forustumanna Alþýðusambands Íslands hér áðan. Og forustugreinar Alþýðublaðsins undanfarna daga í garð forustumanna verkalýðshreyfingarinnar bera því vitni, hvaða viðhorf virðast ríkja, þegar til kastanna kemur, meðal forvígismanna og helstu valdamanna Alþfl. um þessar mundir.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði áðan: Auðvitað er það skylda stjórnarflokkanna að

reyna að koma sér saman um texta að frv. sem þeir ætla að flytja. Auðvitað er það skylda stjórnarflokkanna að vinna þannig, en ekki að sá fræjum sundrungar í stjórnarsamstarfið eins og hv. þm. Alþfl. hafa gert hér.

Sú almanakssýki Alþfl. sem hér hefur verið gerð nokkuð að umtalsefni, er ákaflega athyglisverð málfræðileg og pólitísk veila, sem full ástæða væri til að fjalla um í löngum og ítarlegum ræðum. Hv. þm. Geir Hallgrímsson vildi líta svo á að allir stjórnarflokkarnir væru haldnir nú orðið af þessari almanaksveiki. Ég vil bera þetta alveg af Alþb. Þó að þessi sýki kunni að vera smitandi hafa stjórnarflokkarnir ekki setið saman nema í 6 mánuði og Alþb. hefur ekki tekið þessa almanakssótt enn þá. (**Gripið fram í:** Hún er bráðsmitandi.) Hvað verður í framtíðinni, um það skal ég ekki segja. En hitt er ljóst, að þessi veiki hefur herjað mjög illilega á hv. þm. Alþfl.

Ég tel ekki að ástæða sé til þess, úr því að svona fór um þá atkvgr. sem hér fór fram áðan, að ræða ítarlega á þessu stigi málsins um þessi málefni. Það kemur kannske að því, ef ríkisstj. kemur frá sér sameiginlegu frv., að menn fái að ræða að vild um þessi mál hér á hv. Alþ. Og ég endurtek það, sem ég sagði áðan: Það er skylda stjórnarflokkanna að reyna að stjórna landinu og reyna að koma sér saman um málin.

Páll Pétursson: Herra forseti. Við höfum mildan og réttsýnan forseta, sérstaklega mildan, sem er greiðugur að lofa mönnum að koma með uppákomur úr ræðustólnum, hvort sem er rætt um úldna síld, skattframtöl, þjóðaratkvgr. eða hvað eina sem mönnum dettur í hug.

Þetta er óvanaleg till., sem hér kom á borð okkar, nema þá sem inngangur að kosningabaráttu. Nú treysti ég því, að sú hafi ekki verið meining flm. Þrátt fyrir það taldi ég rétt að verða við kvabbi hans og greiddi þessum afbrigðum atkv. mitt. En það er ekki það sama og að ég ætli að fara að samþ. þetta þingmál. Ef við viljum halda áfram stjórnarsamstarfi, þá vinnum við ekki svona, þá verðum við að gefa ríkisstj. starfsfrið.

Frv. forsrh. er í mótun, það er til meðferðar í ríkisstj., það er á viðkvæmu stigi, og ég vil undirstrika þau ummæli, sem hæstv. viðskrh. lét falla í ræðustól rétt áðan, að það er skylda stjórnarflokkanna að koma sér saman um frv. Það kann að vera að þeir bregðist þessari skyldu og við neyðumst til að skjóta efnahagsmálum undir dóm þjóðarinnar, en þá gerum við það ekki með þessu frv. eingöngu. Við gerum það í kosningum til Alþingis. Þá kemur í ljós hvaða úrræði menn hafa. Þá kemur í ljós hverjir vilja standa að raunhæfum aðgerðum og hverjir eru á móti þeim. Og þá kemur að sjálfsögðu í ljós, ef svo færi, að þeir, sem yrðu á móti því „prógrammi", sem kynni að verða kosið um, yrðu skyldugir að taka að sér sameiginlega stjórnina á landinu.

Hv. þm. Matthías Bjarnason talaði um að í þessu frv. væri kolsvart afturhald. Hann talaði um að það væri samdráttarfrv. Svipað orðalag hafa sumir hv. Alþb.-menn misst út úr sér í umr. Ég vona að þrátt fyrir að þarna sé mikil nálgun, eins og þeir segja í menntmrn., þá muni hv. þm. Matthías Bjarnason og Lúðvík Jósepsson framvegis sem hingað til hvor er hvor, þó að stutt sé að verða á milli, og til þrautavara vil ég nefna það, að danskir heiðursmenn rugluðust á fótunum á sér og urðu að berja í þá til þess að vita hver ætti hvern.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, hafði orð á því áðan, að þeim Alþfl.-mönnum þætti ganga of hægt að fá upp suðuna hjá okkur í Alþb. Ég vil segja í tilefni af þessum orðum, að það er víst enginn vafi á því að suðan er búin að koma upp hjá Alþfl., ekki bara einu sinni og ekki bara tvisvar, heldur ærið oft á undanförnum mánuðum. Og ég held að eftir þær umr., sem hafa farið fram í dag, og þann málatilbúnað, sem hafður hefur verið uppi af a. m. k. nokkrum hluta hv. þm. Alþfl., sé farið að sjóða ærið mikið upp úr potti þeirra og jafnvel vafi á því hvort ýkjamikið sé eftir í honum. En það er kannske bættur skaðinn.

Það er að sjálfsögðu sjaldgæfur atburður sem hefur gerst á þessum þingfundi í dag, þegar synjað er um að veita afbrigði um að taka mál á dagskrá. Ég hygg þó að flestir hv. þm. muni geta verið sammála um það, að svo sérstakur og óeðlilegur — leyfi ég mér að segja — málatilbúnaður var hér á ferð að það getur vart talist nema við hæfi að þessari beiðni hafi verið synjað.

Sá hv. þm., sem hóf þessar umr. utan dagskrár í dag, hv. þm. Vilmundur Gylfason, hefur trúlega ekki valið daginn í dag fyrir neina tilviljun. Ástæðan er þó varla sú, að dagsetningin 1. mars sé svo mjög á næstunni. Það er nefnilega rétt að allir hv. þm. hafi það vel í huga, að í því margumtalaða frv. eða frv.-drögum hæstv. forsrh. er ekki kveðið á um að neinar mikilvægar efnahagslegar ráðstafanir eigi að ganga í gildi sérstaklega 1. mars. Málið er því ekki á dagskrá þess vegna. Ég hygg hins vegar að hv. þm. Vilmundur Gylfason hafi kvatt sér hljóðs utan dagskrár í dag vegna þess að það var einmitt nú sem yfirlýsing eða umsögn miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um þau frv.-drög, sem hér hefur verið fjallað um, var lögð fram, og það er að sjálfsögðu sú umsögn um frv. sem hefur valdið þessum óróleika hjá hv. þm.

Það er nú svo, að enda þótt hv. þm. Vilmundur Gylfason og félagar hans vilji gera frv.-drögum hæstv. forsrh. svo hátt undir höfði sem hér hefur komið fram, þá er ærið mikill munur á málflutningi þeirra annars vegar og hins vegar málflutningi hæstv. forsrh. Hv. þm. Vilmundur Gylfason og Sighvatur Björgvinsson hafa sjálfsagt tekið eftir því eins og aðrir landsmenn, að í hvert sinn sem hæstv. forsrh. hefur rætt um þessi frv.-drög hefur hann — alltaf frá upphafi — tekið skýrt fram, að hann sé til viðtals og viðræðna um breyt. á frv. Þetta hefur hæstv. forsrh. undirstrikað við hvert einasta tækifæri alveg sérstaklega. Þm. Vilmundur Gylfason og Sighvatur Björgvinsson, sem hér hafa talað, hafa hins vegar lagt áherslu á að frv. beri að samþ. nákvæmlega óbreytt. Sú till., sem hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, lagði fram í dag, gerir m. a. s. ráð fyrir að frv. verði í heild borið undir þjóðaratkvgr.

Ég býst við að ærið margir hv. alþm. geti gjarnan hugsað sér, að hér séu mál oftar borin undir þjóðaratkvgr. en gert hefur verið, og ég er sjálfur í þeim hópi. En hugmynd um að bera undir þjóðaratkvgr. lagafrv. upp á 60 greinar, lagafrv. sem fjallar um fjöldamörg atriði, ekki kannske öll ýkjaskyld hvert öðru, og ætla kjósendum að segja til með jái eða neii, hygg ég að sé svo langsótt að ekki finnist dæmi um annað eins í nálægum löndum eða þeim þjóðfélögum sem okkur eru skyldust.

Það eru að sjálfsögðu til stjórnvöld sem viðhafa á stundum þá aðferð að láta fara fram sýndarþjóðaratkvgr. um margbreytt og flókin mál. Slík stjórnvöld er helst að

finna í þeim ríkjum þar sem lýðræði er af skornum skammti, þar sem einvaldsherrar, keisarar eða kóngar vilja auka dýrð sína með því að kalla þjóðina til sýndaratkvgr. um mál sem útilokað er að svara af nokkru viti með jái eða neii. Það mætti jafnvel halda að hv. 7. þm. Reykv. sjái orðið sjálfan sig í hlutverki einhvers þvílíks einvaldsherra hér í landinu.

Það eina, sem getur verið eðlilegur gangur mála varðandi frv.-drög forsrh., er að sjálfsögðu, að þeir flokkar, sem aðild eiga að ríkisstj., haldi áfram að fjalla um frv. í framhaldi af þeim umsögnum sem um það hafa borist frá fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar og öðrum aðilum sem þar kynni að verða um að ræða. Það er vart nokkur vafi á að hæstv. forsrh. gangi til þeirra umr. með það í huga að óhjákvæmilegt sé að breyta frv. í ýmsum greinum, og að sjálfsögðu verður á það að reyna á þessum vettvangi, hvort þær breyt., sem kostur kann að vera á að fá fram, dugi til þess að stjórnarflokkarnir geti komist að sameiginlegri niðurstöðu. Ef það tekst ekki, þá er stjórnin að sjálfsögðu fallin.

Það er opið fyrir hv. þm. Alþfl. hvenær sem er að leggja fram till. sínar í frv.-formi á Alþ. Kjósi þeir að gera það mun verða um þær fjallað og þær fá sína þinglegu meðferð. Enginn meinar þeim slíkt. Ef hv. þm. Alþfl. eru hins vegar þeirrar skoðunar, að óviðunandi sé að breyta hinum margumtöluðu frv.-drögum forsrh., þá er ekki gott í efni fyrir þá ríkisstj. þriggja flokka, sem hér situr, því ef við slíkri kröfu ætti að verða væri verið að ganga í berhögg við grundvallaryfirlýsingar stjórnarsamstarfsins um samráð við verkalýðshreyfinguna.

Ég vil vænta þess, að sá tillöguflutningur um þjóðaratkvgr. um frv.-drögin óbreytt, sem við höfum orðið vitni að, hafi ekki stuðning Alþfl. alls. Ég hafði reyndar hugsað mér að spyrja sérstaklega hvort svo væri. Ég sé að það eru heldur fáir af forustumönnum Alþfl. hér í þingsalnum, en þó er ég ekki frá því að ég hafi séð formanni þingflokks Alþfl. bregða fyrir í hliðarherbergi. Vegna þess að formaður flokksins er ekki viðstaddur vil ég beina þeirri spurningu til hans og óska svara við henni, hvort till. hv. 7. þm. Reykv. um þjóðaratkvgr. sé borin fram eða sé studd af þingflokki Alþfl. í heild eða hvort líta beri á till. sem till. þess einstaka þm., sem hana flytur eingöngu. Ég óska eftir svörum við þessu.

Ég ætla ekki að fara langt út í að ræða um efnisatriði þess máls sem hér er að baki, þ. e. a. s. um hugmyndirnar sem fram koma í frv.-drögum hæstv. forsrh. Það hefur þó verið tekinn af þessum drögum trúnaðarstimpillinn og með tilliti til þess vil ég leyfa mér að koma inn á örfá atriði að gefnu tilefni.

Ég vil minna á að þau atriði í þessum frv.-drögum, sem Alþb. leggur allra mesta áherslu á að fá breytt og verkalýðshreyfingin á Íslandi leggur allra mesta áherslu á að fá breytt, lúta að vísitölugreiðslunum á laun verkafólks í þessu landi. Það er öllum kunnugt að í frv.-drögunum, þessum frv.-drögum sem hv. 7. þm. Reykv. vill leggja undir þjóðaratkvgr. og fá þannig samþ., gerir sér vonir um það, þar er kveðið á um að kaupgjald megi ekki hækka, hvorki 1. júní, 1. sept. né 1. des., nema um 5% í krónutölu, hvað svo sem verðlagshækkunum í landinu líður. Þetta er að sjálfsögðu bein árás, ef af yrði, á kjarasamninga verkafólks í þessu landi og hvorki Alþb. né verkalýðsfélögin í landinu munu una slíkri ráðstöfun — ekki frekar nú en á síðasta ári. Og ég vil minna á það, að önnur atriði varðandi vísitöluna, þar sem fyrir liggur eindregin og afdráttarlaus andstaða þessara sömu aðila, bæði Alþb. og verkalýðshreyfingarinnar, lúta að því, að í frv.-drögunum er gert ráð fyrir að óbeinir skattar og niðurgreiðslur verði tekin út úr útreikningi kaupgjaldsvísitölunnar.

Ég veit ekki hvort hv. þm. Alþfl., sem hér sitja nú, eru búnir að gleyma hvernig þessi mál stóðu fyrir réttu ári, í febr. 1978. Þá var flutt hér á Alþ. frv. þar sem kveðið var á um að óbeinir skattar og niðurgreiðslur skyldu tekin út úr vísitöluútreikningnum. Alþýðusamband Íslands andmælti þá mjög harðlega þessum áformum og voru flutt af þess hálfu þau rök í málinu, þá eins og nú, að væri þetta gert gæti ein ríkisstj. hvenær sem er hækkað söluskatt eða vörugjald og þar með vöruverðið í landinu eins og henni sýndist, en þær verðlagshækkanir, sem af því leiddi, kæmu í engu fram í kaupgjaldi. Þannig gæti líka ríkisstj., hver sem hún væri, viðhaft þá aðferð að skera t. d. niðurgreiðslur niður um helming eða kannske alveg á einum degi, þannig að allt vöruverð í landinu hækkaði sem því svaraði, en kaupgjaldið ætti að haldast óbreytt í krónutölu eftir sem áður. Menn skulu ekki halda að það séu nein gamanmál hér á ferðinni eða að Alþýðusamband Íslands hafi verið að mótmæla þessum ráðagerðum eingöngu vegna þess að forsrh. var í febr. 1978 formaður Sjálfstfl., en ekki einhver annar. Svo er ekki. En hv. þm. Alþfl., hv. 7. þm. Reykv. og félagar hans, eru máske búnir að gleyma hver það var sem beitti sér harðast í þessum ákvörðunum Alþýðusambandsins fyrir réttu ári og mótaði þá afstöðu sem þá var tekin. Skyldu þeir muna það? Ef ekki, þá ætla ég að leyfa mér að minna þá á það úr þessum ræðustól. Það var forseti Alþýðusambands Íslands, Björn Jónsson, sem reyndar var kjörinn á þing fyrir Alþfl. í síðustu kosningum og ætti hér sæti ef hann hefði heilsu til. Og ég held að þeir hefðu gott af því, hv. 7. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Vestf., að fletta upp á þeim orðum sem þá féllu af hálfu forseta Alþýðusambandsins.

Hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, hélt hér alllanga ræðu og við könnumst mörg svolítið við málflutning hans og kemur kannske þess vegna ekkert á óvart, en næsta furðulegt er þegar þessi hv. þm. kemur og segir að það að binda kaupið fast í krónutölu, burt séð frá því hvað verðlag kynni að hækka í landinu, breyti engu um kaupmáttarstigið. Menn geta að sjálfsögðu verið þeirrar skoðunar og haft leyfi til að vera þeirrar skoðunar, að kaupgjaldið hjá verkafólki í þessu landi sé of hátt og þurfi að lækka það. Það er ekkert við því að segja. Það getur verið skoðun og hana er hægt að ræða. En þegar menn koma og halda því fram, að þó að það sé bundið í lög að krónutala kaups megi ekki hækka nema um 5% á þriggja mánaða fresti, hvað sem verðlagshækkunum í landinu líður, þá breyti það engu um kaupmáttarstigið, þá eru menn að fara með hreint rugl. Og það er kannske vegna þess hversu mjög sýður í potti þeirra Alþfl.-manna að slíkt hendir hér á Alþ.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson heldur því fram í öðru orðinu, að það þurfi að leggja byrðar á þjóðina. Gott og vel. Sjálfsagt eru flestir sammála um að byrðar þurfi að leggja á einhvern hluta þegnanna í landinu. Það hefur löngum þurft. Spurningin er: Hverjir eiga að bera þessar byrðar? Og þó að ég hafi ekki hugsað mér að fara langt út í að ræða efni þeirra frv.-draga, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason vill leggja undir þjóðaratkv., þá vil ég minna á að í þessu frv. er ekki bara gert ráð fyrir því að kaupið hjá

lægst launaða fólkinu í landinu verði bundið við 5% hækkun hvað sem verðlagsþróuninni líður, heldur er í frv. á sama tíma gert ráð fyrir að það þak, sem verið hefur á vísitölugreiðslum, það þak sem skert hefur laun þeirra hæst launuðu í landinu þannig að þeir hafa aðeins fengið sömu krónutölu og aðrir, sem hafa miðlungslaun, en ekki sína fullu prósentu, — það þak verði afnumið, sem þýddi stórkostlega kjarabót fyrir þá hæst launuðu í þessu landi, eins og t. d. okkur sem sitjum á hinu háa Alþingi.

Þetta vill hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, og félagar hans kalla að leggja byrðar á þjóðina, væntanlega þá á þann hátt sem þeir telja réttlátan, og hafa svo mikið við að nauðsynlegt sé að gefa þjóðinni kost á að binda sig sjálfa í þessum efnum í þjóðaratkvgr. Ég geng út frá því, að þeir leggi þessa till. fram vegna þess að þeir geri ráð fyrir að hún muni njóta meirihlutastuðnings og verði samþ.

Hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, leyfði sér að fara með hinar grófustu falsanir varðandi afstöðu Alþýðusambands Íslands til vísitölumálanna. Það hefur legið fyrir frá upphafi og það liggur fyrir enn, að verkalýðshreyfingin á Íslandi er til viðtals um að tengja viðskiptakjörin með nokkrum hætti við vísitölugreiðslur. Hún lætur sig miklu skipta hvernig þetta verður gert, ef af yrði, og hún leggur höfuðáherslu á það, eins og Alþb., að þetta komi því aðeins til greina að kaupgjaldið fylgi viðskiptakjörum, alveg jafnt annars vegar þegar viðskiptakjörin fara versnandi og hins vegar þegar þau fara batnandi. En ýmsar þær till., sem fram hafa komið, — ég tek þó fram, að það er ekki í frv. hæstv. forsrh., — gerðu ráð fyrir að kaupið ætti aðeins að lækka þegar viðskiptakjörin versnuðu, en ekki að hækka með sama hætti sjálfkrafa þegar þau bötnuðu. Það er full von til þess, að samkomulagi sé hægt að ná um tengingu verðbótavísitölu við viðskiptakjör, ef ákvæði gilda jafnt á báða vegu. En þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vill halda því fram, að Alþýðusamband Íslands hafi fyrr í þessum mánuði gert samþykkt, sem hægt sé að túlka svo að það hafi nánast fallist á að taka óbeina skatta og niðurgreiðslur út úr vísitölunni, þá er það alger fölsun, vegna þess að í þeirri samþykkt Alþýðusambandsins, sem hann las upp úr þessum ræðustól áðan, er aðeins sagt á þá leið, að Alþýðusambandið geti hugsað sér að þetta mál verði kannað, en geti þó alls ekki mælt með þessari leið, nema því aðeins að það fái fullgilda tryggingu fyrir því að vísitölugreiðslur á laun verði ekki lakari en áður. Og hver á sú trygging að vera? Menn geta gjarnan leitað að henni. Gerið þið svo vel! Hv. þm. Alþfl. geta leitað að henni bæði innanlands og utan, en það er heldur ólíklegt að þeir finni hana. Það væri fróðlegt að heyra um hugmyndir þeirra í þessum efnum, en þeir eru nú farnir úr salnum.

Ég ætla ekki að svara málflutningi þessara hv. þm. lið fyrir lið. Til þess er ekki ástæða, en væri þó auðvelt verk. En ég vil aðeins að lokum segja það, að hv. þm. Alþfl. töluðu mikið um það á síðasta ári, sérstaklega fyrir kosningar, að þeir vildu koma hér á því sem þeir kölluðu kjarasáttmála, sem átti að vera samningur ríkisstj., hver sem hún væri, við verkalýðshreyfinguna í landinu. Þetta er sjálfsagt fallegt orð, og þeir notuðu það mikið. En þeir voru alltaf og hafa verið til þessa dags heldur fámálir þegar þeir hafa verið krafðir sagna um hvað ætti að felast í þessum kjarasáttmála. Má vera að það séu að þeirra dómi þau atriði sem okkur greinir nú hvað harðast á um, sem þeir vilja leiða í lög og að verkalýðshreyfingunni snúa, en við neitum að leiða í lög. Þau hafa verið rifjuð upp og það er ekki þörf á að tína þau hér öll til. Menn geta flett í blöðunum. Menn geta lesið m. a. samþykkt miðstjórnar Alþýðusambandsins frá fundinum í gær. En öll þessi fallegu orð um kjarasáttmála, um samráð við verkalýðshreyfinguna, eru æðifljót að breytast þegar í ljós kemur að þessir hv. þm. geta ekki snúið verkalýðshreyfingunni í landinu utan um sjálfan sig eins og skopparakringlu. Og þá koma upp aðrir orðaleppar, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason leyfði sér að nota áðan úr þessum ræðustól þegar hann kemst svo að orði að þetta samráð ríkisstj. við verkalýðshreyfinguna væri nú orðið að „pólitískum ógnunum". Var það ekki hæstv. forsrh. sem óskaði eftir því að Alþýðusamband Íslands léti í ljós umsögn sína um þau margumræddu frv.-drög? Og er nokkur maður í vafa um að hæstv. forsrh. hafi átt von á því og hafi vitað það fyrir fram, að Alþýðusamband Íslands mundi hafa sínar aths. fram að færa og tilmæli um vissar breytingar á ýmsum greinum? Ég held varla. En í munni hv. 7. þm. Reykv. heita það pólitískar ógnanir þegar miðstjórn Alþýðusambandsins leyfir sér að bera fram óskir um breytingar á till. Hverjum er verið að ógna? Ja, það er best að aðrir svari því en ég. Það er gott að menn velti því fyrir sér.

Það er að sjálfsögðu svo, að hvaða aðili sem er, einstaklingar og félagasamtök, hefur fyllsta rétt til að tjá sig um svo mikilvæg mál sem hér er um að ræða, láta í ljós þá skoðun að þessari eða hinni greininni í frv.-drögunum þurfi að breyta á þennan veginn eða hinn, eftir því sem skoðanir manna falla til. Í því felst að sjálfsögðu engin pólitísk ógnun. Það er hins vegar svo, að þegar ólíkir aðilar vinna saman kemur oft upp það ástand, að menn eru ekki fyllilega sammála. Slíku fylgja auðvitað deilur og í hverju tilviki verður á það að reyna, hvort menn að lokum ná samkomulagi eða ekki. Og ég vil segja að lokum, að ég hef þá trú, hvort sem hún á eftir að reynast rétt eða ekki, að hæstv. forsrh. hafi frá upphafi reiknað með að umsögn Alþýðusambandsins um þessi frv.-drög yrði ekkert mjög ólík því sem nú hefur reynst. Ég vil líka treysta því, meðan annað kemur ekki í ljós, að hæstv. forsrh. muni hér eftir sem hingað til í þessu stjórnarsamstarfi einsetja sér að hafa fyllsta samráð við verkalýðshreyfinguna í landinu og taka tillit til þeirra atriða sem hún leggur mesta áherslu á.

Næstu dagar og vikur munu að sjálfsögðu leiða í ljós hvort mér verður að þessari minni trú eða ekki. Ef það bregst, ef þeir félagar, sem hér hafa staðið fyrir upphlaupi í dag, reynast standa nær hæstv. forsrh. þegar á reynir en verkalýðshreyfingin í landinu, þá verður það að koma í ljós. En þá tekur líka við í landinu annað stjórnarfar en það sem við höfum búið við undanfarið hálft ár.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það er gamall og góður siður á Íslandi að haldið sé upp á sprengidaginn. Ég sé ekkert á móti því að það sé líka gert á Alþ. Það veitir sannarlega ekki af að gera sér dagamun, þegar löng og ströng fasta fer í hönd.

Við stöndum nú í þeirri einkennilegu stöðu, að verið er að fjalla um mál sem Alþ. hefur nýlega tekið ákvörðun um að ekki skuli vera á dagskrá þessa fundar. En vegna þess að málið er tímabundið sér hæstv. forseti sér þann kost vænstan að láta allt að einu ræða um málið utan

dagskrár. Þykir mér það í sjálfu sér rétt ráðstöfun af hálfu hæstv. forseta. Það má vera að hv. Alþb.-menn telji þá, sem svo hugsa, hafa tekið snert af almanaksveikinni sem svo er kölluð og talin hrjá fyrst og fremst Alþfl.-menn.

Nú eru tæpir 30 klukkutímar þangað til 1. mars rennur upp, og þessi till., sem við höfum verið að ræða um í dag, er tímabundin. Flm. þessarar till. hefur hlotið ámæli, að ég held frá öllum ræðumönnum hér í dag, fyrir að hafa sett fram fáránlega till. Afstaða mín er sú, að þessi till. kunni e. t. v. að vera að einhverju leyti um fáránlegt efni, en engu að síður er hún, þegar á allt er litið, eðlileg miðað við aðstæður og sálarástand það sem hlýtur að ríkja hjá Alþfl.-mönnum eftir allt það sem á undan hefur gengið í vetur, eftir að hver merkisdagurinn af öðrum hefur liðið án þess að staðið yrði við þau orð sem ætlað var að efna á tilteknum dögum.

Þessi till., sem fjallar um þjóðaratkvgr., vekur einkennileg viðbrögð; hjá Alþb.-mönnum fyrst og fremst. Það eru þeir menn sem tala um nauðsyn þess að hafa samráð við alþýðusamtökin í landinu. En þá meina þeir ekki almenning, þeir meina nokkra pólitíska forustumenn alþýðusamtakanna í landinu. Þeir vilja sem sé hafa miklu lengri tíma til að kokka málið, láta það liggja í pæklinum svo að unnt sé að ræða betur við þessa tiltekna forustumenn. Þeir vilja samráð við þessa forustumenn. Samráð við þjóðina sjálfa varðar þá engu.

Þessi till., sem flm. hefur mjög hlotið ámæli fyrir, fjallar einmitt um samráð við þjóðina. Ástæðan til þess, að mér finnst þessi till. eðlileg og skiljanleg miðað við aðstæður, er sú, að þetta er till. þm. sem hefur gefist upp, sem hefur misst trú á þeim sem hann ætlaði að reyna að styðja. Það er ljóst að þetta er till. þm. sem hefur gefist upp gagnvart ríkisstj. sem hefur gefist upp líka. Þetta er yfirlýsing um að ríkisstj. landsins hafi gefist upp og nú verði almenningur að taka í taumana, og það er rétt. Eftir umr. í dag er deginum ljósara, að það getur ekkert verið rökrétt í stjórnmálum Íslands núna nema að almenningur kveði upp sinn dóm.

Menn hafa mælt hér hraustlega. Formaður þingflokks Alþfl. sagði: Alþfl. er reiðubúinn til þess að láta þjóðina dæma. — Formaður þingflokks Alþb. sagði líka: 1. mars höfum við tapað. — Svo bætti hann við: 4%. En það er sama. Það er skoðun hans að það, sem tapast hafi, séu einungis 4 prósentustig. Það, sem raunverulega liggur fyrir, er að ríkisstjórnarflokkarnir hafa tapað í þeirri glímu sem þeir stofnuðu til þegar þeir tókust á hendur að reyna að stjórna þessu landi.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson mælti á þá lund, að hann komst í raun og veru að sömu niðurstöðu. Hann sagði: Ef sameiginleg niðurstaða fæst ekki er stjórnin fallin. — Mér sýnist það líka vera ljóst. Ég held að það hljóti að vera fullreynt.

Fyrir nokkru hlustaði ég og margir fleiri landsmenn á kvöldútvarpið. Þar komu til viðtals menn sem miklar vonir voru bundnar við væntanlega, því að það voru þrír ráðh. sem áttu að sjóða saman frv. sem fæli í sér heildarúrlausn efnahagsmála. Þar kvað við nýjan tón. Ég verð að segja, þó að ég sé ekki sérlega hrifin af Framsfl. almennt, að mér finnst alltaf skemmtilegt þegar einhverjum flokki Alþ. fer fram, og svo var um Framsfl. að þessu sinni. Hingað til hafa verið þekkt orðtæki eins og „að fara hina leiðina“, „já, já — nei, nei“ afstaða o. fl., en fréttamaður Ríkisútvarpsins spurði hæstv. dómsmrh. hvernig tekist hefði að koma til móts við Alþfl. í þessum efnahagsmálatill. eða frv., eins og það var kallað, og hæstv. dómsmrh. sagði: Ja, það er eins og gerist í stjórnmálum. Þegar við fundum lausn fórum við bil beggja. Út úr því kom málamiðlun eins og gerist í lýðræðinu. — Við þekkjum þessar skýringar. Síðan kom erfiðari spurning. Hæstv. dómsmrh. var spurður: Hvernig tókst ykkur að koma til móts við Alþb. og þess sjónarmið? Þá sagði dómsmrh. þetta, sem mér finnst mjög eftirminnilegt og lærdómsríkt: Ja, við höfum reynt að fara bil — hann ætlaði að segja: bil beggja, en ráðh. er stærðfræðilega sinnaður, svo að hann gat ekki sagt það, þegar um þrjá var að ræða, svo að hann sagði: Við fórum bara leið allra. — Þetta frv. var einfaldlega leið allra, svo að það er von að hinir bjartsýnu ungu þm. Alþfl. vilji óhræddir leggja þetta frv. undir dóm þjóðarinnar, er þarna var farin leið allra. Hins vegar þykjast hv. þm. og ráðh. Alþb. sjá annan flöt á þessu máli, sem sjálfsagt er réttur frá þeirra sjónarmiði, að þetta sé eftir allt saman ekki allra leið. Það hafi komið töluverð lykkja á þessa leið og nú sé ekki lengur um að ræða leið allra, heldur leið sem Alþb. er ekki fært að ganga. Þess vegna verður óttinn við dóm almennings sterkasta aflið í huga Alþb. nú og þeir vilja fyrir engan mun láta fram fara þjóðaratkvgr. eða kosningar. Ég legg nefnilega þessa till. að ýmsu leyti að líku við almennar kosningar. Ég ætla að skýra það nánar.

Ástæðan er þessi: Efnislega getur ekkert komið út úr þjóðaratkvgr. um þetta margnefnda frv., sem aldrei hefur verið lagt fyrir Alþ., nema ákvörðun um hvort á að leggja málið fyrir Alþ. eða ekki. Svo örvæntingarfullur er hv. þm. Vilmundur Gylfason, flm. þessarar till., orðinn, svo gersamlega vonlaus um að ríkisstj. leggi nokkurn tíma efnahagsmálafrv. fyrir Alþ., að hann vill skjóta því til þjóðarinnar, spyrja þjóðina hvort ríkisstj. eigi að leggja fram frv. eða ekki. Varla getur spurningin öðruvísi orðið, því að fjalla verður um frv. á Alþ. hver sem niðurstaðan verður. Þar verður málið, hvort sem það verður í einu frv. eða mörgum, að fá sínar þrjár umr. í hvorri d., eins og venja er til eftir þingsköpum. Að þessu leyti til skil ég þá hugsun flm., sem að baki liggur. Þetta byggist á vonleysi og örvæntingu. Von hv. þm. Vilmundar Gylfasonar er fólgin í því, að þjóðin telji að í þessu frv. sé farin allra leið — eða a. m. k. velflestra — og að þjóðin samþykki að ríkisstj. eigi að leggja þetta frv. fyrir Alþ. En þá kemur upp hinn stóri galli á þessari hugmynd og þessari till. til þál., þ. e. kostnaðarhliðin. Óhjákvæmilegt er að önnur þjóðaratkvgr. verði að fara fram, ef það er einungis þetta sem þjóðin er spurð um. Það er vegna þess að ef þjóðin segir já, þá þarf að leggja frv. fyrir Alþ. og það að fá sína meðferð þar. Ef þjóðin segir nei verður ríkisstj. að segja af sér og þjóðin að ganga á ný til kosninga. Ef þjóðin segir já og frv. er lagt fyrir Alþ. sjáum við í dag að ríkisstj. nær ekki samstöðu. E. t. v. dregst þá næsta þjóðaratkvgr. eða almennar kosningar um nokkra mánuði. Þess vegna er miklu einfaldara að ganga heldur hreint til verks af þeirri ástæðu sem um getur í niðurlagi grg. þessarar þáltill. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skoðun flm., að þar sem þessar efnahagstill. hafa verið í fæðingu um margra mánaða skeið og liggja nú fyrir í fullmótuðu frv., þá sé ástæðulaust að halda áfram því skæklatogi, sem stundað hefur verið nú um nokkra hríð. Einfaldara er að spyrja þjóðina beint og milliliðalaust.“

Ég hefði viljað halda áfram þar sem punktur var settur

í grg. og segja: Einfaldara er að spyrja þjóðina beint og milliliðalaust, hvort ríkisstj. skuli fara frá og nýjum flokkum, nýju þingi, nýrri ríkisstj. verði falin forustan — eða á að halda áfram því sem flm. þessarar till. kallar svo réttilega skæklatog?

Því miður sýnist mér niðurstaðan í þessum umr. vera dapurlegri en svo, að við getum látið marga daga líða án þess að kveða upp úr með að kosningar skuli fara fram og það fyrr en síðar. Ég segi: því miður. Ég hefði gjarnan viljað að unnt hefði verið að finna einhverja lausn á ýmsum vandamálum sem við blasa og krefjast skjótrar lausnar. En mér sýnist, eins og raunar flm. þessarar þáltill. um þjóðaratkvgr., að það sé gersamlega vonlaust, eina úrræðið sé að ríkisstj. hafi ekki lengur einungis samráð við forustu alþýðusamtakanna, við forustu samtaka vinnumarkaðarins, heldur verði og höfð samráð við sjálfa þjóðina, það verði borið undir þjóðina hverjir skuli fara með stjórn, því að þessi ríkisstj. hefur sannað að hún getur það ekki.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér alls ekki að fara að ræða efnislega þá sýndartill. sem hér hefur verið borin fram, það gefst tækifæri til þess síðar. En orð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar gerðu að verkum að ég sá mig til neyddan að segja örfá orð.

Hv. þm. gerði að umtalsefni afgreiðslu Alþýðusambandsins á fundi þess í gær — og raunar fleiri fundum — og taldi að miðstjórn Alþýðusambandsins hefði þar algerlega talað tungum tveim og hún hefði beitt minni hluta miðstjórnar sambandsins bolabrögðum ekki allítlum. Það þarf ekki að vitna til þess sem hv. þm. las úr samþykkt miðstjórnarinnar frá 12. febr., sama dag og hæstv. forsrh. lagði frv.-drög sín fram í ríkisstj., en þessi hv. þm. lætur hins vegar ógert að skýra frá því, hvað það var sem miðstjórn Alþýðusambandsins var að afgreiða á fundinum 12. febr. og hve mikill munur er á því og því sem miðstjórnin afgreiddi daginn eftir, 13. febr.

Hinn 12. febr. stóðu mál þannig, að vísitölunefndin átti að skila af sér, og hafði verið ákveðinn lokafundur þeirrar nefndar 14. febr., þ. e. a. s. tveim dögum síðar. Miðstjórnin var á fundi sínum 12. febr. að fjalla um drög að niðurstöðum fulltrúa hennar í nefndinni, sem einnig var samstarf um við fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna- og fiskimannasambandsins. Hvað var verið að fjalla um í vísitölunefndinni? Var það frv. forsrh.? Svo var ekki. Það höfðum við ekki séð þá og höfðum ekki hugmynd um hver efnisatriði þess voru þegar við vorum á fundinum 12. febr. að undirbúa fund í vísitölunefndinni. Hverju var vísitölunefndin að vinna að? Það var ekki undirbúningur neinnar lagasetningar. Samkv. umboðsbréfi sínu frá forsrh. var vísitölunefndin að fjalla um það, hvort mögulegt væri í nefndinni eða hugsanlegt að verða sammála um meginatriði í rammasamningi milli aðila vinnumarkaðarins um þessi mál, ekki um neinn lagabókstaf. Þarna var verið að ræða um það, hvort hægt væri á þessum vettvangi, þ. e. a. s. í vísitölunefndinni, að undirbúa slíkan rammasamning. Það var ljóst, þegar við fjölluðum um þetta mál á fundi miðstjórnarinnar 12. febr., að slíkt samkomulag gat með engu móti orðið í þessari vísitölunefnd. Það strandaði fyrst og fremst á afstöðu fulltrúa atvinnurekenda í nefndinni. En það var einnig æðimikill skoðanamunur milli fulltrúa ríkisstj. í nefndinni og fulltrúa launþegasamtakanna.

Við vorum sem sagt mánudaginn 12. febr. að undirbúa lokafund í vísitölunefndinni, og þá gerðum við þær samþykktir, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson las upp, efnislega þó, ekki áttu þær að gilda orðrétt, heldur voru þetta efnisleg atriði sem fulltrúar í nefndinni og baknefnd miðstjórnar Alþýðusambandsins áttu eftir að ræða við fulltrúa hinna launþegasamtakanna í vísitölunefndinni. Það tókst hins vegar vel að ná samkomulagi við þá. En daginn eftir var haldinn fundur í miðstjórninni og um morguninn þann dag voru fulltrúar Alþýðusambandsins kallaðir á fund forsrh. og þeim þá fengið í hendur það frv. eða drög að frv. sem hann hafði lagt fram í ríkisstj. daginn áður. Með því að þetta frv. var fram komið var orðin gerbreyting á allri aðstöðu vísitölunefndarinnar til þess að vinna starf sitt. Með því að forsrh. tók nær óbreyttan þann kafla úr till. formanns vísitölunefndarinnar, Jóns Sigurðssonar hagrannsóknastjóra, litum við svo á að málið væri ekki lengur til meðferðar í vísitölunefndinni, nú væri þetta mál ríkisstj. og stjórnarflokkanna að fjalla um og því aðeins að við fengjum það til umsagnar mundum við auðvitað segja okkar álit.

Við litum svo á að málið hefði verið tekið af borði vísitölunefndarinnar og fært inn á svið stjórnmálanna, ríkisstj. og þingflokka. Ályktun sú, sem miðstjórnin gerði daginn eftir, þ. e. a. s. sama dag og við fengum málið í hendur, daginn eftir fyrra fund okkar, var því að fjalla um málið í þessu nýja ljósi. Niðurstaða umsagnar okkar í vísitölunefndinni var hins vegar efnislega hin sama. Á lokafundi vísitölunefndarinnar segir fulltrúi miðstjórnar Alþýðusambandsins og hinna launþegasamtakanna, BSRB og Farmanna- og fiskimannasambandsins, nákvæmlega það sama efnislega, raunar í miklu styttra máli, og sagt var daginn áður. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa það sem við sögðum daginn eftir. Hitt hafa hv. þm. fengið að heyra áður í dag.

Þar er sagt að miðstjórnin ítreki ákveðna andstöðu sína við efni þessa kafla um kjaramál og verðbætur og vísi til þess sem sagt er í bókun fulltrúa þessara samtaka í vísitölunefndinni, en í þeirri umsögn Alþýðusambandsins segir m. a., og er tekið nákvæmlega upp úr bókun okkar í vísitölunefndinni á skilafundi hennar: „Við erum algerlega á móti því að skattar og niðurgreiðslur verði tekin út úr vísitölu og að verðbætur verði frystar til 9 mánaða, svo að nokkur atriði séu nefnd.“ Þetta er nákvæmlega hið sama og sagt er í samþykktunum daginn áður.

Varðandi skattana vil ég aðeins segja það, að þar höfðum við gert þá till. eina, að beinir skattar yrðu teknir inn í vísitöluna, en ekki óbeinu skattarnir út. Það, sem síðan er sagt um óbeinu skattana, er raun og veru ekkert annað en það, og menn hefðu átt að geta skilið það, held ég, einnig hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, að ef rætt væri um að taka óbeinu skattana út úr yrði verkalýðshreyfingin að fá sömu tryggingu fyrir verðbótum á laun sín og fæst með því að hafa óbeinu skattana inni í vísitölunni. — Það eru áreiðanlega óteljandi möguleikar að fikta með óbeinu skattana ef þeir eru fyrir utan vísitöluna. Þarf, held ég, ekki að lýsa því fyrir mönnum.

Í framhaldi af því, sem segir í umsögn Alþýðusambandsins um frv. hæstv. forsrh. og er hið sama og við sögðum á skilafundi vísitölunefndarinnar, segir m. a.:

„Við höfum hins vegar lýst okkur reiðubúna að ræða þætti eins og hvernig beinir skattar séu teknir inn í vísitölugrundvöll og að setja grunn verðbótavísitölu á 100 í

tengslum við nýja samninga og hvort og hvernig taka mætti upp viðskiptakjaravísitölu í framtíðinni."

Þetta segir Alþýðusambandið í umsögn sinni um frv. forsrh. núna, og þetta sagði Alþýðusambandið á skilafundi vísitölunefndarinnar 14. þ. m. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vildi láta líta svo út, að þarna væru einhverjar mótsagnir, annað hefði verið sagt á fyrri fundinum en hinum síðari. Það er hreinn misskilningur og ekkert annað. Nákvæmlega það sama er sagt og afstaðan er hin sama. Ég vil fullyrða, að innan miðstjórnar Alþýðusambandsins, og ekki bara þar, heldur í verkalýðshreyfingunni yfir höfuð, er enginn vilji fyrir því að taka óbeinu skattana út úr vísitölunni. Það má vel vera að þessi hv. þm. sé á því máli að það eigi að gera.

Þá gerði hann ákaflega mikið veður út af þeim fundi sem var í miðstjórn Alþýðusambandsins í gær. Ég ætla ekki að fara að tíunda þann fund og held að það yrði ekki til neins framaauka fyrir þennan hv. þm. eða Alþfl.-menn yfirleitt. Ég held að það sé best að sem minnst verði sagt af þeim fundi, — best fyrir þá a. m. k. En hann sagði m. a. að við hefðum neitað minni hlutanum að álit hans kæmi fram og neitað að láta bókun hans fylgja umsögn miðstjórnarinnar. Ég skal skýra málið og þá kannske skilja menn hvernig þetta bar að.

Frv. forsrh. hafði verið til meðferðar í miðstjórninni í hálfan mánuð eða um það bil. Annar fundur hafði áður verið haldinn Sá fundur var haldinn s. l. fimmtudag. Á þeim fundi var sett sérstök undirnefnd í það að setja saman umsögn um frv. Þessi nefnd vann yfir helgina. Þar sátu fulltrúar allra pólitískra aðila innan miðstjórnar Alþýðusambandsins og fulltrúar allra stærstu sambandanna þar.

Við byrjuðum kl. 8 á sunnudagsmorgun að reyna að ljúka við þessi störf okkar. Sá fundur stóð til hádegis. Þá var samkomulag um að leggja þá umsögn, sem nú hefur verið gefin og menn hafa getað séð í dagblöðum í dag, fyrir miðstjórnarfund sem haldinn var í gær. Þetta var samkomulag allra sem voru í undirnefndinni. Hins vegar verður að segja það, að ekki voru allir jafnánægðir — og kannske enginn ánægður — með þessa umsögn í sjálfu sér. Ýmis atriði vildu menn á báða bóga hafa með öðrum hætti, en allir lögðu sig fram um að reyna að ná samstöðu um umsögn, þannig að hún gæti orðið einróma frá miðstjórninni. Það fór líka þannig, að þegar þessi umsögn var tekin fyrir lið fyrir lið, grein fyrir grein á fundi miðstjórnarinnar í gær var hver einasta grein út af fyrir sig afgreidd með shlj. atkv. Það voru stundum hjásetur nokkurra manna, þá einvörðungu þeirra þriggja Alþfl.-manna sem á fundinum voru. Allir aðrir greiddu atkv. með umsögninni. Og að lokum var umsögnin samþ. í heild með shlj. atkv., en 3 sátu hjá.

Þegar komið var að þessu stigi málanna upphófst hins vegar sá mjög einkennilegi þáttur fundarins sem kannske verður ræddur eitthvað opinberlega, en ég ætla ekki að gera að umtalsefni, en aðeins skýra frá því, að þá kom Karl Steinar Guðnason með mjög langa bókun, sem var hvort tveggja mjög einkennilegur samsetningur, sem ekkert snerti efnisatriði málsins, og svo nokkur atriði sem snertu efnisatriðin. Nú stóðu mál þannig, að hæstv. forsrh. hafði beðið um að fá umsögn Alþýðusambandsins — vissi að þessi miðstjórnarfundur var yfirstandandi — um leið og málið væri þar afgreitt. Hann lét skrifstofustjóra sinn í forsrn. bíða á skrifstofu sinni til þess að veita umsögninni viðtöku. Strax þegar búið var að afgreiða málið shlj. var það sent forsrh. og það var einnig sent fjölmiðlum. Þessi lokaþáttur, sem ég ætla ekki frekar að gera að umtalsefni, gerðist eftir að búið var að afgreiða málið. Ég held að það sé yfirleitt venja í samtökum, þegar mál eru afgreidd shlj., að það sé niðurstaða hverrar stjórnar eða fundar sem gildi. Og umsögnin var send þannig, en þessi sérstaka bókun hinna fáu manna, sem var ósköp stutt í lokin, var ekki tilbúin þegar umsögnin var send. Út af fyrir sig hef ég og áreiðanlega enginn sem var á þessum miðstjórnarfundi engan áhuga á að hún sé neitt feluplagg — hreint ekki.

Ég ætla ekki, eins og ég sagði, að hafa mörg orð um þetta mál. En það er eitt sem vekur sérstaklega athygli mína varðandi það sem felst í þessari till. til þál. sem hér hefur nú verið rædd utan dagskrár æðilengi, og það er 2. mgr. í sjálfri ályktunartill. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt ályktar Alþ. að fela ríkisstj. að gera og undirbúa ráðstafanir til að fresta þeim breytingum á efnahagskerfinu, sem verða áttu í tengslum við 1. mars, uns niðurstöður úr þjóðaratkvgr. liggja fyrir."

Menn velta því sjálfsagt fyrir sér, hvað hér sé átt við, og ég hef reynt að gera það. Ég man ekki eftir neinum efnisþáttum úr frv. hæstv. forsrh., eða drögum að frv., sem eru beinlínis miðaðir við 1. mars, öðrum en eru í VII. kafla frv., um kjaramál og verðbótagreiðslur. Ég sé ekki annað og get ekki skilið betur en að þessi ályktunargrein fjalli beinlínis um að ríkisstj. skuli sjá fyrir því að kaupgjald verði óbreytt eins og það er í dag þar til niðurstöður þjóðaratkvgr. liggi fyrir. Þetta er ákaflega vel í stíl við afstöðu sumra hv. Alþfl.-manna hér á þingi til kaupgreiðslumálanna og skerðingar á vísitölugreiðslunum. Þetta er ekkert í ósamræmi við þá mynd. En það vil ég segja, bæði hv. flm. þessarar till. og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, sem hafði hér mörg stóryrði um miðstjórn Alþýðusambandsins í ræðu sinni áðan, að innan miðstjórnar Alþýðusambandsins er enginn ágreiningur, ekki heldur þeirra Alþfl.-manna, um meðferðina á þessum kafla frv. Ég veit ekki betur en Alþfl.-menn í verkalýðshreyfingunni séu algerlega sammála þeirri umsögn sem miðstjórn Alþýðusambandsins hefur sent varðandi þennan kafla þessa margræddu frv. Það má hins vegar vera að ýmsir Alþfl.-menn séu á allt öðru máli og noti m. a. þessa aðferð til þess að skerða kaup launþega allverulega.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég skal stytta mjög mál mitt, enda mjög liðið á starfsdaginn. Það er ekkert á að lítast, ef svo heldur fram sem horfir um starf hins háa Alþingis að hér er tíma þingsins varið í endalausar umr. utan dagskrár af ekki merkilegri tilefnum en á stundum gefast og m. a. hefur gefist hér.

Umr. hefur verið allhávær á undanförnum missirum um að virðing Alþ. færi þverrandi, og ungir fullhugar, sem hafa viljað stuðla að aukinni virðingu Alþ., verið mjög háværir í gagnrýni sinni. Maður skyldi þess vegna halda að málflutningur þeirra og tillögugerð mundi að því beinast að auka og efla virðingu hins háa Alþingis. En það er sem jafnan fyrr, að það, sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann, og þessi tillögugerð er einna síst til þess fallin að auka veg og virðingu Alþ., svo fáránleg sem hún er í allri gerð sinni eins og rakið hefur verið í hinum löngu ræðum í dag.

En það hefur einnig verið á það drepið, hvaða ástæður

liggja til þessa tillöguflutnings, og það er auðvitað aðalatriðið að reyna að gera sér grein fyrir því. Hvað veldur því að svo fáránleg tillögugerð er fram flutt og með þeim hætti sem raun ber vitni? Nú þekktu menn hinn mikla örlagadag Alþfl., sem vera átti einn af mörgum, hinn 1. febr. s. l. Hann leið án þess að neitt væri aðhafst af þeirra hálfu. En örfáum klukkutímum, að segja má, áður en næsti örlagadagur þeirra, 1. mars, rennur upp er til þessara furðulegu leikbragða gripið, sem við sjáum í þessum tillöguflutningi. Og til hvers eru þessir refar skornir? Auðvitað ekki til þess að bjarga einu eða neinu í hinum vandasömu og flóknu efnahagsmálum okkar, eins og þar standa nú sakir. Það er allt um seinan, ef einhverju hefði átt að bjarga áður en rann upp hinn 1. mars, og það er auðvitað þeim, sem að þessu standa, fullljóst. Þeir hefðu sjálfsagt ekki flutt þetta ef þeir hefðu álitið að einhverju slíku yrði bjargað.

Hér er gerð ítrekuð tilraun til þess af hv. þm. Alþfl. að láta sem svo að þeir séu hinir ábyrgu aðilar sem vilji gera til þess hinar ítrustu tilraunir að bjarga á örlagastundu hinum erfiðu málum efnahagsþátta þjóðarinnar. Og nú var það svo, að við atkvgr. um afbrigðin mun það verða kennt Alþb. að hafa komið í veg fyrir að þessi nauðsynlega tillögugerð næði fram að ganga, sem hefði þó orðið til þess, eins og segir í 2. mgr. andlagsins fyrir þessari till., að ríkisstj. hefði verið falið að undirbúa ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir eða fresta þeim breytingum á efnahagskerfinu sem verða áttu í tengslum við 1. mars. Ef þeir hefðu — ég þarf ekki að gerast spámaður til þess að segja það fyrir — ef hv. Alþb. hefði viljað samþykkja svo sjálfsagða lýðræðisreglu og þá að taka þessa till. til afgreiðslu, þá mundi miklu hafa verið bjargað. Þannig verður þetta áreiðanlega túlkað — og þeir um það með hvaða hætti og með hvaða vopnum þeir vegast á, þessir herrar. En forsendur mínar tvær fyrir því að greiða þessu atkv. hafa reynst réttar, bæði hin víðtæka venja að veita afbrigði, sem er nærri ófrávíkjanleg, og eins það, að hv. stjórnarsinnum hefur gefist tækifæri til þess að verða sér til enn aukinnar skammar.

Hér er lagt til að frv., sem Alþ. hefur alls ekkert fjallað um, verði lagt undir dóm þjóðarinnar, margslungið og mjög flókið frv., sem engin tök eru auðvitað á að taka afstöðu til með atkvgr. í þjóðaratkv. — það sjá auðvitað allir menn. En Alþ. hefur ekki fengið neitt tækifæri til þess að fjalla um þetta frv. Væri nú ekki ráð fyrst að gera til þess tilraun að fjalla þar um málið og vita til hvaða úrslita dregur þar, áður en gripið er til þessara furðulegu bragða?

Og hvar hefur frv. verið til meðferðar? Hjá forsrh. fyrst og fremst, þetta er hans fjölmiðlafrv., og svo í ríkisstj. Og nú leggur hv. 7. þm. Reykv. til að hætt sé öllu því sem hann kallar skæklatog í hæstv. ríkisstj. Sú meðferð í ríkisstj., sem hið mikla frv. fær sem þeir Alþfl.-menn spordrenndu í heilu líki, er af hans hálfu kölluð, eins og segir, með leyfi hæstv. forseta orðrétt: „... þá sé ástæðulaust að halda áfram því skæklatogi, sem stundað hefur verið nú um nokkra hríð.“ Beinna og bersýnilegra vantraust er auðvitað ekki hægt að flytja á eina ríkisstj. en gert er með þessari tillögugerð. Það er lagt til að málið sé af henni tekið — þetta mikla mál sem Alþfl. telur að ráði úrslitum um framtíðarheill þjóðarinnar, verði af ríkisstj. tekið og tekið til úrskurðar — já eða nei — hjá þjóðinni allri, af því að sjálf ríkisstj. stundi ekkert nema skæklatog, þar liggi flokkar í hernaði hver við annan og fljúgist á um þetta örlagamál. Það er sagt hér, að það sé alveg ljóst að það strandi á flokkspólitískum ástæðum að frv. þetta verði að lögum fyrir 1. mars, án þess að nokkuð sé vitað um þjóðarvilja í þeim efnum. Hv. flm. og fylgismenn hans og aðstoðarsveinar, sem eru allmargir, ættu að kynna sér og gera sér grein fyrir hvaða skipulag við búum við þingræðislega, áður en þeir leyfa sér að tala með þessum hætti. Ákveðnar reglur gilda um hvernig ríkisstj. er mynduð og hvernig þjóðarvilji hefur fengið að koma fram og stendur til þess arna, og að þeim leikreglum hefur vissulega verið farið.

Hér er uppgjöf, hér hafa menn gefist upp við allar tilraunir til þess að ná samkomulagi í þessum miklu vandamálum. Það er lagt til að taka málið úr höndum hæstv. ríkisstj. þegar í stað, þar sem henni er ekki treystandi til þess að ráða fram úr málunum. Þar er ekkert um að tefla annað en ómerkilegt skæklatog. Og svo hafa menn sóst á með þeim hætti sem menn hafa séð hér. Það er mikill misskilningur ef menn halda að slíkt verði til þess að auka veg Alþingis. Þetta verður auðvitað líka til þess að auka vantrú fólks á þeim sem um stjórnvöl þjóðarinnar halda.

Þeir þræta stjórnarliðar um það, þegar nú virðast öll sund vera að lokast fyrir þeim, með hvaða hætti eigi að vinna að jafnþýðingarmiklum málum og hinni bráðu lausn sem ber að vinna að varðandi vanda efnahagslífsins. Og þeir eru ekki sammála um nokkurn skapaðan hrærandi hlut. Þeir tala í austur og vestur. Það er alveg augljóst mál að fyrir þessari ríkisstj. liggur ekkert annað en að skila af sér völdum, og þá fær þjóðin tækifæri til þess að kveða upp dóm sinn yfir þeim endemis vinnubrögðum sem eru í frammi höfð. Og ég er helst á því, úr því að menn vilja ekki hafa venjulegan hátt á um að bera fram vantraust á eina ríkisstj., þó að lesa megi það út úr hverri línu, að athuga verði það fljótlega að hjálpa til að bera slíka vantrauststill. fram á hinu háa Alþingi með eðlilegum hætti. Þá fengi líka þjóðin tækifæri til þess í opnum umr. að fylgjast með málflutningi þessara háu herra og með hvaða hætti þeir standa að málum sín í milli og hver við annan.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni, að úr því sem komið er á vantrauststill. á hæstv. ríkisstj. sannarlega rétt á sér og er eðlilegt framhald af þeim umr. sem fram hafa farið í dag.

Umr. þær, sem barið hafa eyru okkar í dag, þar sem stuðningsmenn ríkisstj. hafa enn einu sinni deilt miskunnarlaust hver á annan og ráðh. ekki látið sitt eftir liggja, vekja hjá mér þá spurningu, hvort ríkisstj. sé í raun og veru starfhæf. Er ríkisstj. í raun ekki fallin? Mér dettur í hug lítil saga sem ég heyrði fyrir löngu. Það getur vel verið að einhverjir fleiri hafi heyrt hana, en hún er svo hljóðandi:

Læknir nokkur kom inn í baðstofu í sjúkravitjun og sat þá eiginkonan á rúmstokki eiginmannsins og reyndi að koma ofan í hann meðali. Þá sagði læknirinn: „Hann er dáinn, væna mín.“ „Það getur vel verið að hann sé dáinn,“ sagði konan, „en það er líka þrjóska.“

Í mínum huga er hæstv. ríkisstj. óstarfhæf, hún er dauð. Það er aðeins þrjóska, má segja, sem eftir er. Forsrh. reynir að troða í hana pólitísku meðalasulli sem heldur henni uppi. Mér er næst að halda að hann einn geri sér ekki ljóst að ríkisstj. hefur misst traust þjóðarinnar. Og eins og komið hefur fram í þessum umr.

hefur hún einnig misst traust þeirra sem næst henni standa. Það virðist ekkert sameina stjórnarflokkana, en margt virðist sundra þeim. Ríkisstj., þessari skattpíningarstjórn, ber skylda til að segja af sér. Hún hefur hvorki starfsfrið né starfsgrundvöll. Nýjar kosningar hljóta að vera á næsta leiti, enda er það þjóðinni fyrir bestu og þjóðinni nauðsynlegt. Því miður er forsrh. fjarverandi, en við hann hefði ég viljað segja: Þér hafið ekki samstarfsmenn, þér verðið að vakna og velja — velja milli áframhaldandi öngþveitis í íslenskum stjórnmálum eða nýrra kosninga sem gefa þjóðinni kost á nýrri og farsælli ríkisstj. fyrir okkar kæra land.

Það hefur sýnt sig enn einu sinni, að þjóðin þolir ekki vinstri stjórn frekar en svo oft áður. Ég ítreka: Vaknið, ráðh. Íslands, fljótið ekki lengur sofandi að feigðarósi.

Sameinað þing, 59. fundur.

Þriðjudaginn 27. febr., að loknum 58. fundi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 60. fundur.

Miðvikudaginn 28. febr., kl. 2. miðdegis.

Tímabundið olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 393) — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt hefur verð á olíu á heimsmarkaði snarhækkað að undanförnu og leggst þar saman harður vetur í Evrópu og stöðvun olíuútflutnings frá Íran. Af þessum sökum hefur gætt skorts á gasolíu og hefur það leitt til gífurlegrar umframeftirspurnar eftir olíu og þar með til verðhækkunar.

Frv. það, sem hér er til 1. umr., gerir ráð fyrir 2.5% álagi á fiskverð til útgerðar eingöngu og er þannig þáttur í ráðstöfunum til þess að snúast við þeim vanda sem þessi stórfellda hækkun olíuverðs veldur íslenskum sjávarútvegi. Frá því í des. s. l. fram til 1. febr. kostaði hver lítri af gasolíu til fiskiskipa hér á landi kr. 57.50, en svartolíutonnið 39 þús. kr. Hinn 25. febr. s. l. var ákveðið nýtt verð á bensíni og olíu hér á landi, og var það verð ákveðið á grundvelli innkaupsverðs þeirrar olíu sem til var í birgðum í landinu. Samkv. því kostar hver lítri af gasolíu nú kr. 68.90 og svartolíutonnið 40 500 kr. Þetta viðmiðunarverð er mun lægra en skráð markaðsverð í Rotterdam þessa dagana, og þegar næsta verðlagning fer fram, væntanlega í apríl, yrði því að taka mið af verði á síðustu förmum, sem gæti orðið hátt og gæti leitt til verðs sem væri um 100 kr. á hvern lítra af gasolíu og um 48 þús kr. á hvert svartolíutonn, og er þá reyndar reiknað með að verðið lækki frá þeim toppi sem það var í um miðjan febrúar.

Hækkun gasolíuverðs úr 57.50 kr. í 68.90 kr. á lítra veldur kostnaðarauka hjá fiskiskipaútgerð um 2000 millj. kr. á heilu ári. Auk þess munu aðrir kostnaðarliðir, t. d. veiðarfæri, væntanlega hækka í kjölfar olíuverðshækkunarinnar. Jafnvel þótt nú sjáist þess nokkur merki, að olíuverðið sé á niðurleið, þá er engu að síður ljóst, að sú hækkun olíuverðs úr 57.50 í 68.90 kr. á hvern lítra, sem þegar er komin fram, er ofviða stórum hluta fiskiskipaflotans.

Óvissan í olíuviðskiptum gerir það að verkum, að ekki verður metið með vissu hvort verðhækkun sú, sem orðið hefur, er tímabundin eða varanleg. Skynsamlegt virðist að snúast við áhrifum hennar í fyrstu þannig að hún raski sem minnst verðlagi í landinu, en þó þannig að fullt mið sé tekið af þeirri nauðsyn sem er á því að hvetja til olíusparnaðar þegar í stað, og af þeim sökum verður ekki lagt út á þá braut að greiða olíuverðið niður. Hins vegar þarf að auka tekjur útgerðarinnar til þess að hún geti yfirleitt staðið undir auknum olíukostnaði.

Hlutaskiptaákvæði kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna gera það að verkum, að ekki er unnt að mæta kostnaðarauka af þessu tagi með hækkun almenns fiskverðs án þess að hlutur sjómanna hækki um leið. Þetta þýðir einfaldlega, að til þess að koma til skila fjármunum til þess að standa undir 10 kr. olíuverðshækkun þarf að óbreyttu 17 kr. tekjuauka hjá útgerðinni. Forustumenn sjómanna hafa lýst yfir því, að þeir vilji ekki hagnast á því óhappi sem olíuverðshækkunin er fyrir þjóðina. Fullt samráð hefur verið haft við sjómannasamtökin um þetta mál, og láta þau óátalið að tímabundið olíugjald af því tagi, sem lagt er til í 1. gr. þessa frv. og er meginefni þess, verði lagt á. Þessi afstaða er á því byggð að olíuhækkunin kunni að vera tímabundin og ákvæðin um olíugjald verði endurskoðuð þegar á árið líður. Fulltrúar sjómanna andmæla hins vegar ákvæði 2. gr. um 1% frádrátt frá söluverðmæti við landanir erlendis og benda á að útvegsmenn fái 1% lækkun útflutningsgjalds af söluverðmæti erlendis samkv. því frv., sem flutt er jafnhliða þessu og ég vík nánar að síðar.

Frv. það, sem hér er flutt, hefur einnig verið kynnt Landssambandi ísl. útvegsmanna og samtökum fiskvinnsluaðila, og geta þau í meginatriðum fallist á þessar till., en benda hins vegar á að mikilvægt sé, að frádráttur samkv. 2. gr. verði helst meiri en það 1% sem ég gat um áðan, eða a. m. k. svo hár sem hér er lagt til, til þess að skiptakjör við landanir erlendis verði ekki sjómönnum hagstæðari en við heimalöndun. Fulltrúar fiskvinnslunnar benda enn fremur á að mikilvægt sé að takmarkaður afli verði sem mest nýttur hérlendis og er það í samræmi við þau önnur sjónarmið sem 2. gr. byggist á.

Jafnframt þessu frv. er flutt annað frv. því tengt, sem kveður á um lækkun útflutningsgjalda af sjávarafurðum úr 6% af fob.-verðmæti í 5%, til þess að gera fiskvinnslunni auðveldara að rísa undir þeim kostnaðarauka sem olíugjaldið felur í sér. Þetta er mögulegt vegna þess að sjóðir þeir, sem útflutningsgjalda njóta, eru nú vel stæðir fjárhagslega og því unnt að draga nokkuð úr tekjum þeirra án þess að það komi niður á verkefnum þeirra að svo stöddu. Með þessum hætti er því snúist við olíuvandanum án þess að stofna til niðurgreiðslna á olíu og án þess að stækka sjóðakerfi sjávarútvegsins. Hvort þessar ráðstafanir eru fullnægjandi verður tíminn síðar að leiða í ljós.

Eins og ég gat um áðan er áætlað að hækkun gasolíu í kr. 68.90 á hvern lítra valdi útgerðinni um 2000 millj. kr. útgjaldaauka á árinu. Ef þessu yrði mætt að fullu með hækkun fiskverðs þyrfti álag á fiskverð því að vera að

meðaltali 4.4% að teknu tilliti til aflahluta, en 2.9% ef álagið kemur utan hlutaskipta á aflaverðmæti. Í frv. er gert ráð fyrir almennu 2.5% álagi á fiskverð til útgerðar og kemur það ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Gera má ráð fyrir að olíugjald samkv. frv. þessu muni á ári nema um 1600 millj. kr. fyrir útgerðina í heild, þannig að til að mæta því, sem á vantar, verður að koma sparnaður og/eða fiskverðshækkun. Nýtt fiskverð verður ákveðið frá 1. mars og er við því að búast að fiskverð hækki nú sem nemur þeim mun sem almenn launahækkun fer fram úr 5% þann dag, en hér er um 1.9% að ræða, sem ætla má að dugi til þess að fleyta útgerðinni yfir þann erfiða áfanga og bæta eilítið stöðu bátaflotans, sem er nú afar erfið. Hins vegar veldur olíuverðshækkun og fylgjur hennar óhjákvæmilega versnandi afkomu fiskvinnslu og þar með þrýstingi á gengið og ýtir undir verðbólgu í landinu. Hækki olíuverðið enn, t. d. í 100 kr., verður tekjuskiptingarvandinn í sjávarútvegi mun erfiðari viðfangs. Þrengist þá hagur sjávarútvegs í heild að óbreyttu markaðsverði afurða afar mikið og reyndar þjóðarbúsins alls og þyrfti þá stórtækari aðgerðir en nú eru ráðgerðar.

Ég leyfi mér að leggja til að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. þessarar d., en mikilvægt er að það fái skjóta meðferð þannig að það geti orðið að lögum þegar um þessi mánaðamót, um leið og nýtt fiskverð gengur í gildi. Því leyfi ég mér að fara fram á það við d. og hv. sjútvn., að þetta frv. fái afgreiðslu frá d. og n. í dag.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Sjálfstfl. getur í sjálfu sér mjög vel sætt sig við þá lausn sem hér er lögð fram. Þetta er rétt og eðlileg aðferð, að þegar svo stendur á sem nú sé tekið úr sameiginlegum sjóði og svo mikil hækkun á olíu sem orðin er hækki ekki sjálfkrafa kaup sjómanna. Hitt er svo annað mál, að einhver verður að greiða þetta. Loksins heyrist að einhver sjóður í landinu sé vel staddur. Nú kemur það allt í einu í ljós, að vel hefur verið talið skilið við þessa sjóði sjávarútvegsins, þeir eru allt í einu færir um að greiða þær geysiháu upphæðir sem hér er um að ræða.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að enda þótt hæstv. ráðh. haldi því fram að svo sé, þá leyfi ég mér fyllilega að efast um að t. d. sé gerlegt að taka af Aflatryggingasjóði svo mikið fé sem hér er um að ræða, vegna þess að þessi sjóður á fyrir sér mikil og vaxandi verkefni, ég tala nú ekki um ef frv. hæstv. forsrh. um efnahagsráðstafanir yrði samþ. Þá liggja fyrir Aflatryggingasjóði vaxandi verkefni og mikil útgjöld og sé ég þá ekki að hann gæti orðið fær um að reiða þessar greiðslur af hendi.

Sama vil ég segja um Fiskveiðasjóðinn. Það er óhæfa að ætla sér að taka af honum þennan tekjustofn að þessu leyti, vegna þess að sá sjóður hefur alls ekki verið fær um að sinna verkefnum sínum á undanförnum árum og við höfum í mínu kjördæmi sérstaklega fengið að finna fyrir því. Þar er þannig ástatt, að vegna skorts hans á fjármunum hefur hlutfallið t. d. á lánum til véla verið lækkað úr 50% niður í milli 30 og 40%. Þetta hefur komið mjög illa við og mundi að sjálfsögðu verða tilfinnanlegt ef ætti enn að rýra tekjur hans. Ég sé því ekki annað en finna verði aðrar leiðir til að mæta þessari tekjurýrnun.

Aftur á móti er það líklega öruggt, sem hæstv. sjútvrh. sagði, að a. m. k. Tryggingasjóðurinn muni vera fær um að taka á sig að tekjur hans minnki eitthvað að ráði.

Svo er eitt í þessu máli sem kemur svolítið spánskt fyrir sjónir. Af því að verið er að rýra tekjur þessara sjóða og ýmissa aðila af þessum óviðráðanlegu ástæðum, þá koma allt í einu aukin útgjöld til félaganna, bæði sjómannafélaga og útgerðarmanna og þeirra félaga. Þeir fá hækkun um 0.1%, 2 millj. hvor í sinn hlut, þegar verið er að rýra hluti annarra. Þetta finnst mér einhvern veginn að sé ekki viðkunnanlegt í þessu mikla og vandasama máli.

Ég er í n. sem þetta mál kemur til. Ég verð að segja það, að markmiðið er gott, en ég get ekki fallist á að það sé gerlegt að rýra svo mikið tekjur þessara tveggja sjóða sem ég gat um.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér ber það við rétt einu sinni, að mál eru lögð fyrir Alþ. — og þá í þessu tilfelli hv. Ed. — með þeim hætti að þm. gefst sáralítill tími til að fjalla um þessi mál, sem eru þó þess eðlis að verið er að ráðstafa milljörðum kr. Ekki er nú þetta gott. Hefði sannarlega verið ástæða til að fjalla um mál af því tagi, sem frv. þau tvö, er hér um ræðir, lúta að, af meiri vandvirkni í sjútvn. en hér er til ætlast. Hitt er ljóst, að hér brýtur, ef svo má segja, nauðsyn lög.

Það er tiltölulega stutt síðan ljóst var hvað fór að höndum í þessari bráðu olíuverðshækkun. Eins er hitt, að hæstv. sjútvrh. hefur þegar undirbúið þetta mál með viðræðum við samtök sjómanna og útvegsmanna. Þeir aðilar, sem eiga Aflatryggingasjóð — og við skulum gæta þess að eigendur Aflatryggingasjóðs eru sjómenn og útvegsmenn, hafa fallist á þá ráðstöfun á fjármunum sem hér er ráð fyrir gert. Leyfi ég mér, vegna þess að þessi frv. tvö sem tengd eru liggja hér frammi fyrir okkur samtímis og verða til umfjöllunar í sömu andránni, að vitna til hins síðara frv. sem hæstv. sjútvrh. mun gera grein fyrir á eftir.

Víst kemur þetta mál, sem lýtur að ráðstöfun Aflatryggingasjóðs, til kasta Alþingis með þessum hætti. En eigendur sjóðsins eru þeir sem ég gat um áðan, og ekki snertir það hjartataugar mínar þó svo sé ráð fyrir gert, að samtök sjómanna og útvegsmanna hvor í sínu lagi fái upphæð, sem nemur 500 þús. kr., í tengslum við þetta mál — síður en svo. Ég held að hv. d. verði, þótt annað væri okkur kannske ofar í sinni, að bregðast við þessum málum með þeim hætti sem hæstv. sjútvrh. bað okkur, og vil aðeins nota tækifærið núna, fyrst ég er hingað upp kominn, til þess að boða einn af þessum alræmdu nefndarfundum í stigaherberginu nú að loknum fundi í deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 394). — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., gerir ráð fyrir lækkun útflutningsgjalds úr 6% í 5% af útflutningsverðmæti sjávarafurða og miðar þannig að því að auðvelda fiskvinnslunni að greiða hið tímabundna olíugjald til fiskiskipa, sem nemur 2.5% af skiptaverðmæti og frv. er flutt um jafnhliða þessu. Lætur nærri að sú lækkun útflutn-

ingsgjaldsins, sem hér er ráðgerð, svari til 2—2.5% af skiptaverðmæti. Þannig er hér lagt til að hluti af því fé, sem að óbreyttum lögum rynni til sjóða sjávarútvegsins, færi til þess að létta útgerðinni róðurinn eftir þá miklu hækkun olíuverðs sem orðið hefur að undanförnu.

Eins og fram kom í framsöguræðu minni fyrir frv. um tímabundið olíugjald, nægir það ekki eitt sér til þess að greiða kostnaðarhækkun af olíuverðshækkuninni. Því verður einnig að mæta með öðrum hætti, bæði með olíusparnaði og hækkun fiskverðs, eins og ég gat um í framsöguræðunni fyrir frv. hér á undan. En eins og áður getur er mikilvægt að hvetja til sparnaðar og olían verði seld á fullu verði til notenda, en ekki greidd niður.

Ég ítreka það, að talið er fært að lækka útflutningsgjaldið úr 6% í 5%, a. m. k. að svo stöddu, vegna þess að fjárhagur mikilvægustu sjóðanna, sem útflutningsgjaldsins njóta, er traustur. Þannig átti hin almenna deild Aflatryggingasjóðs 2600 millj. kr. í sjóði um áramót. Áhafnadeild Aflatryggingasjóðs átti á sama tíma um 450 millj. kr. í sjóði og Tryggingasjóður fiskiskipa átti um 1000 millj. kr. á reikningi sínum í Seðlabankanum um áramótin. Að stórum hluta er það fé að vísu bundið til eins árs í senn. Að óbreyttum reglum og miðað við núverandi gengi og verðlag gætu heildartekjur þessara sjóða af útflutningsgjöldum á árinu 1979 numið 7.2 milljörðum og greiðslur úr þeim 5.2 milljörðum. Af þessum lauslegu áætlunum má ráða að þessir sjóðir þoli nokkra lækkun útflutningsgjaldsins án þess að það þurfi að koma niður á starfsemi þeirra.

Áhafnadeild Aflatryggingasjóðs þolir þó síður lækkun en hinir sjóðirnir, og er því nauðsynlegt að breyta nokkuð skiptingu tekna af gjaldinu um leið og heildarhlutfall útflutningsgjaldsins er lækkað. Frv. gerir því ráð fyrir að hlutfall almennu deildar Aflatryggingasjóðs lækki úr 22% í 19½% af heildartekjum af útflutningsgjaldi eða sem nemur 550 millj. til lækkunar á heilu ári. Á móti kemur hlutfallsleg hækkun áhafnadeildar úr 20 í 31% og skerðast tekjur hennar því óverulega. Hlutfall Tryggingasjóðs er lækkað úr 27 í 25%, eða sem nemur 600 millj. kr. á heilu ári. Og hlutur Fiskveiðasjóðs er lækkaður úr 21 í 20%, eða sem nemur 400 millj. kr. á ári. Samtals hefur þetta í för með sér um 1600 millj. kr. lækkun tekna af útflutningsgjaldinu og er þá miðað við 160 milljarða útflutningsverðmæti gjaldskyldra afurða. Sú aðgerð, sem hér er lögð til, kostar auðvitað fé, og verður ekki undan því vikist.

Rétt er að leggja áherslu á að hér er um tímabundna ráðstöfun að ræða til þess að mæta bráðum vanda útgerðarinnar vegna olíuverðshækkunarinnar, og verður þessi tilhögun vitaskuld tekin til endurskoðunar þegar línurnar skýrast um þróun olíuverðsins, væntanlega síðar á árinu.

Ég leyfi mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. Eins og um hið fyrra frv. er mikilvægt að það fái skjóta meðferð. Ég vænti þess, að nefndin geti afgreitt bæði þessi mál á nefndarfundi í dag, og ítreka þá ósk mína, sem ég bar fram varðandi hið fyrra frv., að n. og d. afgreiði þetta mál í dag, svo mikilvægt sem það er að það geti orðið að lögum þegar um þessi mánaðamót.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 227). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hefting landbrots, frv. (þskj. 374). — 1. umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 374 hef ég flutt frv. til l. um breyt. á l. um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna. Þau lög voru sett árið 1975 samkv. tillögu landnýtingar- og landgræðslunefndar. Var það fyrsta sérstaka löggjöfin um þetta málefni. Við undirbúning landgræðsluáætlunarinnar hafði n. látið gera athugun á landbroti af völdum fallvatna í öllum héruðum landsins, og kom þá í ljós að víða er um það að ræða. Með fyrrnefndum lögum er komið föstu skipulagi á þessi mál heima í héraði, þar sem tveimur matsmönnum, þ. e. héraðsráðunaut og umdæmisverkfræðingi Vegagerðarinnar, er falið að fylgjast með því, hvar er hætta á landskemmdum, og taka á móti ábendingum um það. Þessum upplýsingum er síðan komið til fjvn. Alþ. sem gerir tillögur um framlög á fjárl. til einstakra verkefna. Á þetta skipulag virðist hins vegar vanta að matsnefndirnar geri nægilega ákveðnar kostnaðaráætlanir um varnir, sem nauðsynlegt er að gera hið allra fyrsta, og síðan að einn aðili hafi yfirumsjón með starfi matsnefndanna og fylgi till. þeirra eftir.

Á undanförnum árum og áratugum hefur mikið starf verið unnið við að stöðva gróðureyðingu og snúa vörn í sókn með uppgræðslu örfoka lands. Enn þá sést samt allt of víða að vatnsföll eru að brjóta gróið land og skola gróðurmoldinni burt og sums staðar eru stór landssvæði í hættu. Virðist því eðlilegt að sami aðili, landgræðslustjóri, hafi umsjón með öllum þessum málum og geti metið hvert mest er þörf að beina því fjármagni sem til gróðurverndar og landgræðslu er veitt. Á þann hátt ættu að vera mestar líkur til að þær framkvæmdir sitji fyrir sem brýnastar eru hverju sinni, jafnframt því sem gleggra yfirlit ætti að liggja fyrir um ástand þessara mála. Þess vegna er í þessu frv. lagt til, að aftan við 1. gr. laganna komi setning um að landgræðslustjóri fari með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um, fyrir hönd landbrn. Skulu þá matsnefndir senda álitsgerðir sínar til landgræðslustjóra og Vegagerð ríkisins hafa samráð við hann um framkvæmdir.

Enn fremur er hert á ákvæði um að matsnefndirnar semji álitsgerð um allar nauðsynlegar framkvæmdir.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og landbn. Þar sem Búnaðarþing situr nú að störfum vil ég beina þeirri ósk til landbn., að þetta frv. verði sent til umsagnar og álits þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 373). — Frh. 1. umr.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hvergi skulu grið gefin, bara drepa og drepa. Ég verð að segja það, að mér finnst það vera mjög vafasamt fyrirtæki að opna Faxaflóa fyrir dragnót. Faxaflóinn gegnir í raun og veru sögulegu hlutverki, einnig í okkar landhelgismálum. Fyrir utan að vera það gósenhafsvæði sem við vitum að hann er, þá mun það hafa verið í upphafi okkar landhelgisbaráttu sem samþykkt fékkst fyrir því að friða flóann vegna mikilla möguleika hans á að ala upp ungfisk og vegna þess mikla gróðurs sem í honum er. Þetta hefur verið virt bæði af útlendingum og okkur sjálfum, enda hefur hann sýnt sig að vera uppeldisstöð fyrir okkar nytjafiska í ríkari mæli en margir vilja vera láta.

Hér hafa oft á Alþ staðið harðar deilur um það, hvort ætti að opna Faxaflóa fyrir dragnót. Dragnótarveiði hefur verið stunduð í Faxaflóa langtímum saman með nokkrum árangri, því er ekki að neita, og á undanförnum árum hefur verið nokkuð veitt í dragnót í Faxaflóa í tilraunaskyni. Að sjálfsögðu, þar sem einn bátur hefur verið að veiðum og veitt á ákveðnum, takmörkuðum svæðum, hefur hann aflað vel og þetta verið mikil búbót fyrir þann aðila sem hefur verið að verki. En það segir ekki að sagan frá því í gamla daga endurtaki sig ekki ef flóinn yrði opnaður til dragnótaveiða almennt. Og ég fyrir mitt leyti get ekki fellt mig við það, að við á þessum alvarlegustu tímum núna, þegar við sjáum fram á vafasama framtíð okkar helstu nytjastofna, förum þá að opna þennan flóa, sem hefur fengið að vera lokaður um alllangt skeið, fyrir þessu háskalega veiðarfæri. En ég vona að menn hugsi þetta mál vel áður en þeir greiða atkv. með slíkri samþykkt sem þessari. Við erum hér að bjóða hættunni heim. Ég held að það verði ákaflega erfitt fyrir okkur að snúa til baka, ef þetta verður samþykkt.

Það, sem allt snýst um, er að lagt er til, skilst mér, að veiða 1500 lestir af flatfiski í Faxaflóa. Það er vitað mál, að það er hægt að veiða þessar 1500 lestir fyrir utan flóann þegar kolinn gengur út. Það þarf ekki að veiða það á þeim tíma sem kolinn er erfiður til vinnslu, heldur má alltaf fá kola utan við flóann. Og ég hef ekki trúa á því, að kolastofninn sé svo sterkur sem fiskifræðingar segja, ef það er rétt að óskaplega erfitt sé að fiska þessi 10 þúsund tonn, sem þeir ráðleggja, umhverfis landið og eiginlega alls ekki hægt nema með því að opna Faxaflóa. Ég er í þeirri n., sem fær þetta mál til athugunar, og mun greiða því atkv., að það fari til n., en vil engu lofa um framtíðina. Ég vona að við fáum allar þær frekustu upplýsingar sem hægt er að fá um þetta mál, og ég vil taka það skýrt fram, að um þessi mál og önnur er svo lítið vísindalega vitað að við megum ekki á öllum sviðum, sem við eigum kost á, tefla á tæpasta vað.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Það verður víðar en hér í Reykjavík og víðar en á Akranesi sem menn hafa hrokkið við þegar þeir sáu þá till. sem hér liggur fyrir til umr. Mig langar aðeins til að segja það, að ég kom við á bensínstöð núna á leiðinni í bæinn, og þar sá ég að lá frammi undirskriftalisti þar sem menn voru hvattir til þess að skrifa nöfn sín til mótmæla gagnvart því frv. sem hv. þm. Ólafur Björnsson og Guðmundur Karlsson flytja í þingi um opnun Faxaflóans fyrir dragnót. Mér tjá sjómenn í mínu byggðarlagi, að svo eindregin reynsla sé af því að opna Faxaflóann fyrir dragnót að það þurfi meira en smákvak frá fiskifræðingum til þess að sanna þeim það, að þó að aukist hafi skarkoli í Faxaflóa sé það nægileg ástæða til þess að dragnótaveiði verði leyfð í flóanum. Þeir hafa nefnilega áður fyrr veitt nokkuð miklu fleira en skarkolann í dragnótina. Áætlanir sjómanna, sem ég hef talað helst við, eru þær, að eftir 2—3 ár verði komið sama ástand og var síðast þegar flóinn var opnaður, að ýsan verði nær horfin. Aflaskýrslur frá Akranesi sýndu það. Þeir vita það, trillukarlarnir á Skaga, að þeir þurfa ekki að búast við útgerð trillanna þar í mörg ár frá því að flóinn yrði opnaður, ef líkt verður fram haldið og síðast var þegar flóinn var opnaður. Þá getið þið hirt okkar trillur, segja þeir, og þá getið þið líka hirt okkur á atvinnuleysisstyrk eða hreinlega á bæjarframfæri.

Hvort það er rétt hjá þeim, að dragnótin muni algerlega ógna lífi í flóanum, sem er dýrmætasta uppeldisstöð nytjafiska við Ísland, um það get ég ekki sjálfur borið. En reynsla sjómanna er stundum fullt eins markverð og reynsla fiskifræðinga, sérstaklega ef þeir síðar neindu hafa ekki haft nema takmörkuð tök á því að byggja upp sínar ályktanir. Sjómenn segja mér, að það séu engar þær breiður af skarkola í flóanum að þar liggi hvert lagið ofan á öðru, það sé alrangt. Kolinn fer út úr flóanum að verulegu leyti þegar of mikið er orðið af honum þar inni. Ýsan gerir það líka þegar hún vex upp. En menn tortryggja þær veiðar, sem áður hafa gefið slæma raun, og það þarf sterkari rök en hér hafa verið flutt til að hleypa þessu stórtæka veiðarfæri inn í flóann aftur.

Ég mun því við afgreiðslu málsins núna samþykkja að það fari til n. og verði þar mjög vel athugað. En ég er sannfærður um að það munu rigna mótmælum yfir n., meðan hún hefur málið til athugunar, og hún verður að athuga vel sinn gang, því að sjómenn við Faxaflóa telja sig hafa töluvert vit á fiskimálum hér við flóann.

Svo er annað það, að eins og sakir standa eru sáralitlir möguleikar til þess að nytja skarkolaaflann nema með stórkostlegum tilkostnaði. Mér skilst að það sé aðeins ein vél við Faxaflóa sem getur flakað skarkola núna, og eins og 1. flm. þessa frv. tók fram, eru allar aðrar aðferðir til að koma skarkola í gott verð sem notaðar hafa verið, lítils virði. Það er vafasöm pólitík að fórna dýrmætum uppeldisstöðvum fyrir fáeina skarkola og mikinn tilkostnað. En ég vona, að n. taki sér góðan tíma til að athuga málið áður en það kemur til 2. umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða lengi um þetta mál sem lýtur að dragnótaveiði hér í Faxaflóa með takmörkuðum heimildum um skamman tíma og með sérstökum hætti. Hv. þm. Steinþór Gestsson minnti mig á það áðan, að í öllum þeim málum, sem lúta að snurvoð í Faxaflóa, hlýtur andi Jóns heitins Árnasonar að svífa yfir vötnunum hér í Ed. Þess er ég minnugur og gjarnan hefði ég nú viljað að hann hefði verið staddur hérna hjá okkur til að taka þátt í umr. um málið.

Ég er þeirrar skoðunar, að það liggi ekki í augum uppi að það mál, sem hér er flutt, brjóti algerlega í bága við þá afstöðu, sem sérstakir unnendur Faxaflóa hafa tekið hér í Ed. áður. Hér er um það að ræða að gera hér tilraun til þess að nytja kolann, með dragnót að vísu en gerbreyttu veiðarfæri frá því sem áður hefur verið, þar sem ekki verður aðeins stórstækkaður möskvinn í poka dragnót-

arinnar, heldur einnig í vængjunum og svo frá gengið að jafnvel hinir snjöllustu veiðimenn á Snæfellsnesi geti ekki hugsanlega séð nokkra leið til að hagræða dragnótinni þannig að smákolinn eða smáfiskurinn tolli í nótinni.

Ég skil undurvel þá afstöðu sem fram kom hjá hv. þm. Oddi Ólafssyni áðan í afstöðunni til Faxaflóa og eins í ræðu hv. þm. Braga Níelssonar. Ég minnist ákaflega vel þeirrar tíðar frá því fyrir stríð, þegar í tölublaði af Ægi eftir tölublað birtust myndir af trolli og dragnót hérna úr flóanum sem sýndu þessi veiðarfæri loðin af seiðum og uggvænlegar tölur um það, hversu nærri væri gengið fiskstofnum hér í flóanum, þessari aðaluppeldisstöð smáfisks á Íslandi. Þessar upplýsingar voru náttúrlega okkur vopn í baráttunni á móti ásókn útlendinga í veiði hér í flóanum.

Í frv., sem hér er til umr., er kveðið á um sérstakar ráðstafanir, sérstaka takmörkun á þessari veiði og sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að þessi tímabundna heimild verði misnotuð. Ég er þeirrar skoðunar, að enda þótt við eigum enn að taka fullkomið tillit til uppeldissjónarmiðanna, til þeirrar staðreyndar að Faxaflóinn er enn þá ein helsta, ef ekki helsta uppeldisstöð nytjafiska hér við land, þá þurfi ekki endilega að ákveða í eitt skipti fyrir öll að flóinn skuli verða jafnframt elliheimili fyrir gamla kola. Við vitum að flóinn er fullur af kola. Það er mjög mikið af kola í flóanum. Við náum honum ekki á línu. Við gætum hugsanlega náð honum að einhverju verulegu leyti í lagnet. En það eru ákaflega miklir annmarkar á lagnetaveiðum hér í Faxaflóa, svo sem þjóð veit, að sumrinu til og ýmiss konar annmarkar sem of langt mál væri að fara að rekja hér. Ég trúi því að möskvastækkunin hafi ákaflega mikla þýðingu í sambandi við t. d. verndun smáýsu og smáþorsks fyrir þessu veiðarfæri. Ég hef skoðað myndir og séð líka erlendar kvikmyndir teknar neðansjávar af þessu veiðarfæri í notkun og séð hvernig smáfiskurinn smýgur smærri möskva en þá sem ætlast er til að verði notaðir hérna.

1. flm. þessarar till. er sjómaður hér við Faxaflóa með mikla reynslu, að vísu einn af þessum dragnótargöntum sem var einna flinkastur við að nota þetta veiðarfæri — ég segi það ekki með lítilsvirðingu við hv. flm. Hann var frægur fyrir það á sínum tíma að vera snjall við að ná fiski í dragnót hérna og kann efalaust öll brögðin til þess. Að vísu var ég ekki sem unglingur nema tvö haust á dragnótaveiðum, — þá var hún ekki kölluð dragnót, heldur snurvoð upp á dönsku, — og sá dálítið til snillinganna líka. En ég fæ ekki séð með hvaða hætti jafnvel hinir útsjónarsömustu snurvoðarsnillingar gætu misnotað nótina, með þessum hætti eins og nú er, til þess að taka í hana nokkuð sem máli skiptir af smárri ýsu eða smáum þorski. Þeir geta náð ýsu og þorski í nótina enn þá. Ég tek undir með hv. þm. Braga Níelssyni og tel að n. eigi að fjalla mjög ítarlega um þetta mál og af varúð. Kæmi vel til greina að setja jafnvel inn ákvæði um það í sambandi við leyfisveitingar, hversu mikið mætti koma af ýsu og þorski með kolanum við þessar veiðar. Ég tel að það kæmi til greina. Enn fleiri atriði yrði að athuga í þessu sambandi.

Ég tek undir það með hv. flm., að ég hefði gjarnan viljað að Hafrannsóknastofnunin hefði sent menn niður með dragnót hér í Faxaflóa, eins og hefur verið gert erlendis. Sjálfur lifði ég það einu sinni að fara niður með dragnót fyrir löngu, en ég veit að við Skotland og eins við Jótland hafa hafrannsóknamenn sent niður kvikmyndatökumenn. Ég hef séð afleiðinguna af því. Það er mála sannast, að þegar áður hefur verið opnað hér í Faxaflóa voru ekki gerðar af hálfu hafrannsóknar neinar frumathuganir, það var plat. Það var fjárans plat og ekkert annað. Fiskifræðingar játuðu það í mín eyru, að frumforsendurnar voru athuganir á kolamagninu hérna í flóanum Þær frumathuganir voru aldrei gerðar. Það var vitnað í leiðangur sem Sæbjörg hafði átt að fara þá í þessu skyni. Hún fór í þennan leiðangur, en hún bleytti aldrei snurvoð í þessum leiðangri, því að vélin bilaði hérna fyrir utan Gróttu og hún var dregin inn til Hafnarfjarðar og þar lá hún allan þann tíma sem þessar athuganir höfðu átt að fara fram. Nú er hægt að standa allt öðruvísi að þessu máli.

Ég er því hlynntur, að þetta mál fái mjög nákvæma og ítarlega meðferð í sjútvn., en ég vil að þar verði fjallað um þetta mál með opnum huga og með tilliti til þess að nú getum við staðið öðruvísi að þessu máli en áður. Ég veit að dragnótin er eins og klakamoli við hjartarætur ýmissa manna, sem lengi hafa fiskað hér í flóanum. Ég veit líka að dragnótin er vel til þess fallin, ef rétt er með hana farið, þannig að hún skaði ekki, að sjá t. d. Reykjavíkursvæðinu fyrir góðum fiski að sumrinu — mjög góðum fiski. Og enda þótt ekki sé nú nema ein vél til þess að flaka kolann við Faxaflóa, þá er hann ákaflega ljúffengur splunkunýr og óflakaður á borðum fólks af þessu svæði og ekki tiltölulega dýr matur í þokkabót. Ég vil, að við athugum þetta mál vel í n., en vildi gjarnan að við ræddum þetta dálítið karlmannlega með fullu tillit til þeirra möguleika, sem við eigum nú á því að tryggja það, að dragnótin verði ekki misnotuð.

Umr. frestað.

Efri deild, 61. fundur.

Miðvikudaginn 28. febr., að loknum 60. fundi.

Tímabundið olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 393, n. 405). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Svo sem hv. dm. er kunnugt bar mál þetta skjótt að, sem hæstv. sjútvrh. er þó saklaus af. Við höfðum skamman tíma til umfjöllunar í n. í dag, en tókst þó að fá til viðtals við okkur forsvarsmenn sjómannasamtaka og útvegsmanna, Aflatryggingasjóðs og Fiskveiðasjóðs og fræddumst nokkuð af þeim ágætu mönnum á skömmum tíma.

Því er ekki að neita, að sjálfur hefði ég gjarnan viljað, og hið sama veit ég að gildir um hv. þm. Geir Gunnarsson, hann hefði einnig viljað að við hefðum getað tekið 2. gr. frv. til sérstakrar athugunar og leitað annarra fanga en þar eru ráðgerð til tekjuöflunar. Forsvarsmenn sjómannasamtakanna hafa andmælt þessari grein, a. m. k. forsvarsmenn nokkurs hluta sjómannasamtakanna, þótt aðrir geri minna úr. En vegna þess, hversu ástatt er með tímann hjá okkur, einnig vegna þess, að í ljós kom að samkomulag gat náðst í sjútvn. um að mæla með sam-

þykkt frv. í heild með þeim hætti og ekki er um stærri fjárhæðir að ræða en raun ber vitni, þá létum við þetta gott heita og samkomulag varð í n. um að mæla með því, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu einni, að 4. gr. orðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1979 og gilda til loka þess árs.“

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Svo sem ég gat um við 1. umr. þessa máls, er Sjálfstfl. samþykkur þeirri stefnu sem kemur fram í þessu frv., þ. e. a. s. að svo skyndilegar og óvæntar verðhækkanir á rekstrarvörum útgerðar sem hér er um að ræða séu teknar sérstökum tökum, en verði ekki til breytinga á hinum almennu kjörum. Þess vegna getum við mjög vel fallist á 1. gr. þessa frv., að útgerðinni séu greidd 2.5% fyrir utan venjulegt fiskverð. Hins vegar erum við ekki ásáttir með þá leið sem farin er til að afla fjár til þessa en um það mun ég ræða við afgreiðslu næsta frv. En ég vil taka það fram, að sá fyrirvari, sem við höfum gert við nál. um þetta frv., er gerður með tilliti til fjáröflunar til að mæta þessum 2.5%.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 405 (ný 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 394, n. 403 og 404). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Enn síður er ástæða til þess að orðlengja umfjöllun n. um þetta frv. en hið fyrra, þar sem hér er um að ræða frv. til 1. sem er nátengt hinu fyrra máli, sem við höfum nú þegar afgreitt til 3. umr. Þó vil ég geta þess, að það sem lýtur að sjóðunum, sem hér er sótt í fé vegna aðsteðjandi vanda í sambandi við olíuverðshækkun, þarf að koma til miklu ítarlegri álita en okkur gafst tóm til í dag, og ég vænti þess, að ekki fari með þessa gjaldtöku, sem hér er ráðgerð, svo sem farið hefur um aðra gjaldtöku til bráðabirgða löngum, að þær hafa verið framlengdar í óbreyttu formi ár frá ári og orðið sífellt bitbein, þótt forsendurnar, tímaþröng til úrbóta aðsteðjandi vanda, væru löngu horfnar. Með þessu fororði vil ég aðeins greina frá því, að n. klofnaði í málinu. Meiri hl., Stefán Jónsson, Ágúst Einarsson, Alexander Stefánsson, Ólafur Björnsson og Geir Gunnarsson, mælir með samþykkt þess óbreytts, en minni hl., Oddur Ólafsson og Steinþór Gestsson, skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Við Steinþór Gestsson, fulltrúar Sjálfstfl. í sjútvn., gátum ekki orðið ásáttir um að fylgja meiri hl. í afgreiðslu þessa máls. Þótt við hins vegar gerum okkur ljóst að fjár verði að afla til þess að standa undir þeim útgjöldum sem við vorum að samþykkja rétt áðan, þ. e. a. s. 2.5% til viðbótar við fiskverð, þá finnst okkur, að hér sé á svo vafasaman hátt að farið, að við sjáum okkur ekki annað fært en að gefa úr sérálit um þetta og benda á þá vafasömu aðgerð sem hér er verið að framkvæma.

Það eru aðallega þrír sjóðir, sem verða fyrir barðinu á þessari aðgerð.

Í fyrsta lagi er það Vátryggingarsjóður fiskiskipa. Sá sjóður er nú óvenjuvel staddur og talið er að hann muni á hverju sem gengur jafnvel eða a. m. k. undir venjulegum kringumstæðum þola þennan tekjumissi.

En síðan kemur Aflatryggingasjóður og enda þótt Aflatryggingasjóður eigi nokkurt fjármagn laust núna, þá er það sjóður sem jafnan hefur barist í bökkum þangað til nú síðustu árin, að frá honum var svo vel gengið að hann hefur verið nokkuð tryggur. En þá er um það að segja, að ekki þarf mikið áfall til að koma að Aflatryggingasjóður geti lent í miklum örðugleikum. Við skulum segja að það áfall skeði, að frv. hæstv. forsrh. yrði nú samþ. á Alþ. eða í þjóðaratkvgr., þá mundi það þýða hvorki meira né minna en 1000—2000 millj. útgjöld fyrir Aflatryggingasjóð að óðru óbreyttu. Að sjálfsögðu er alveg óhugsandi að samþykkja slíkt.

Í þriðja lagi er svo það, að Fiskveiðasjóður er stærsti stofnfjársjóður útgerðarinnar og fiskvinnslunnar og sjóður sem á undanförnum árum hefur alls ekki getað sinnt hlutverki sínu svo sem skyldi, sjóður sem hefur vantað hundruð milljóna, stundum milljarða til þess að geta sinnt þeim lánsbeiðnum sem áttu fullan rétt á sér. Þessi sjóður mun verða fyrir tekjumissi að upphæð 416 millj. kr. Þar við bætist svo að framlag frá ríkinu, sem nemur 75% af þeim tekjum sem hann hefur af útflutningsbótunum, mun lækka um 310—312 millj. þannig að tekjutap Fiskveiðasjóðs mun verða á áttunda hundrað milljóna. Þetta er sjóður sem er stoð og stytta útgerðarinnar og fiskvinnslunnar, og það er mjög erfitt að sætta sig við að svo skuli vera með hann farið eftir allt sem á undan er gengið. Sannleikurinn er sá, að það eru margir sem halda því fram að fiskiskip okkar séu nú orðin of mörg fyrir það fiskmagn sem í sjónum er, en einmitt þetta mikla magn af fiskiskipum, sem keypt hafa verið til landsins á undanförnum árum, hefur komið svo hrottalega niður á Fiskveiðasjóði að hann hefur orðið að færa lán sín, t. d. til uppbyggingar í fiskiðju, úr 60% niður í 40% og jafnvel niður í 34%. Þetta veldur því, að þeir, sem ekki höfðu fengið lán fyrr á árum, eiga í miklum erfiðleikum núna með að byggja upp atvinnutæki sín.

Þetta eru meginástæðurnar til þess, að við urðum að kljúfa okkur út úr n. Hins vegar verðum við að gera okkur það ljóst, að tíminn, sem við höfum til stefnu, er mjög naumur. Við sáum þetta frv. fyrst nú fyrir stuttum tíma. Þess vegna sjáum við okkur ekki fært að koma með neinar till. um aðrar tekjuleiðir og látum þá, sem betur og lengur hafa fjallað um þetta mál, um það.

Ég vil líka vekja athygli á því, að stjórnarandstaðan fékk mjög seint að vita um hvað til stæði og löngu eftir að búið var að ákveða hvað gera skyldi. Það er ekki heldur gott, sérstaklega ef ætlast er til einhvers af henni.

Við getum þess vegna ekki fallist á að samþykkja frv. óbreytt, en munum sitja hjá við afgreiðslu þess.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það má segja, eins og raunar oftar hefur verið sagt úr þessum ræðustól, að nú séu hafðar hraðar hendur við afgreiðslu mála, og held ég að öllum beri saman um að þar sé nú teflt á tæpasta vað. Til okkar komu á nefndarfund forstöðumenn sjóða, eins og hv. þm. Oddur Ólafsson gat um áðan, en ekki

gafst tími til að spyrja allra þeirra spurninga sem ástæða hefði verið til að spyrja þegar mál er rekið áfram eins og þetta. Mér datt það í hug á meðan félagi minn úr sjútvn., hv. þm. Oddur Ólafsson, stóð í ræðustól og gat þess, að tekjutap Fiskveiðasjóðs væri milli 700 og 800 millj. kr., að það kemur í raun og veru ekki fram í frv. sjálfu. En það er rétt skilið hjá honum, að eftir því sem venja og reglur segja til um, þá á ríkið að greiða 3/4 á móti framlaginu til Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu. Það skiptir ekki litlu máli, hvort ríkissjóður er losaður undan þessu gjaldi, sem ég sé enga ástæðu til að gera í þessu tilviki. Mér sýnist að það sé fullkomin ástæða til að fá úr því skorið, hvort það er ætlun ríkisstj. að skerða hlut Fiskveiðasjóðs að þessu leyti um 312 millj., sem þetta mundi sennilega kosta sjóðinn.

Ég vil enn fremur ítreka það sem kom fram hjá forstöðumanni Fiskveiðasjóðs á nefndarfundi áðan, að stjórn sjóðsins mun hafa gert um það tillögu, þegar undirbúin var lánsfjáröflun fyrir ríkissjóð, að sjóðnum yrðu ætlaðar á þeirri áætlun um það bil 800 millj. kr. fram yfir það sem ætlast er til að hann fái á lánsfjáráætlun.

Sumir segja að það sé ekki ástæða til að hafa ráðstöfunarfé Fiskveiðasjóðs ýkjamikið á þessum síðustu og verstu tímum. Það má vel vera að satt sé að það þurfi ekki að stækka skipastól okkar að neinu verulegu marki. Það verður þó alltaf að vera einhver hreyfing á endurnýjun og umbótum á honum. En það er annað sem er enginn vafi á að þarf að gera í stórum stíl, og það er margs konar hagræðing bæði í fiskvinnslunni sjálfri og fiskmjölsverksmiðjunum. Það fer ekkert á milli mála, að í þeim umr., sem hafa orðið um að spara orku, spara olíu, hefur komið fram hjá þeim sem eru sérfræðingar á þessu sviði, að það er margs konar útbúnaður, ekki síst fiskmjölsverksmiðjanna, sem hefur verið vanrækt að ganga endanlega frá á síðustu árum til fullnustu eins og venja er í hliðstæðum verksmiðjum með öðrum þjóðum, en það mundi hafa í för með sér mikinn sparnað á olíunotkun í þessum verksmiðjum. Ég álít þess vegna að það séu ekki rök fyrir því, að Fiskveiðasjóður þurfi minna fjármagn nú en áður. Og ég vil fara þess á leit við hæstv. sjútvrh., sem hér er staddur á fundi, að hann gefi um það yfirlýsingu, að ekki sé ætlunin að ríkissjóður lækki framlag sitt á móts við lækkun framlags af útflutningsgjaldinu.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það kom fram í framsöguræðu minni að aðgerðir af þessu tagi kostuðu auðvitað sitt. Engu að síður virðist ljóst af þeim áætlunum, sem fyrir liggja, að ekki sé gengið svo mjög á hlut Aflatryggingasjóðs að ástæða sé til sérstakrar svartsýni í þeim efnum. Eins og fram kemur í aths. með frv., er gert ráð fyrir að jöfnunardeildin muni hafa um 2100 millj. í tekjur, en um 1200 millj. í útgjöld, þannig að þarna er mismunur upp á 900 millj. auk þess sjóðs sem er fyrir hendi um s. l. áramót, þannig að þarna verður eftir sem áður verulegt svigrúm.

Um Fiskveiðasjóð er það að segja, eins og komið hefur fram í máli manna hér, að auðvitað er mikið átak fram undan í fiskvinnslunni. En menn virðast vera á því máli, og ég tel að það sé rétt, að varla sé svigrúm til þess að ætla mikið fé til fiskiskipakaupa. Í þeirri lánsfjáráætlun, sem liggur fyrir, hefur þessari stefnumörkun einmitt verið fylgt. Í þeirri lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að útlán fjárfestingarlánasjóða, þ. e. a. s. Fiskveiðasjóðs og Byggðasjóðs, til fiskvinnslu á þessu ári muni verða meira en tvöfalt hærri að krónutölu heldur en á árinu 1978, og það er náttúrlega af þessu svigrúmi sem verið er að taka. Það mun rétt, að sjóðsstjórnin hafi óskað eftir meiri framlögum en hér er gert ráð fyrir sem nemur 700—800 millj. kr., en á móti kemur sérstakt framlag í Byggðasjóð upp á 900 millj. sem verður til að mæta þessu sama verkefni.

Ég vænti þess, að þetta svari að hluta til þeim efa sem er í hugum þingmanna varðandi þetta efni. Í þeirri lánsfjáráætlun, sem lögð hefur verið fram hér á þinginu, hefur einmitt verið gert ráð fyrir þaki á mótframlag ríkissjóðs, sbr. þá stefnumörkun sem hefur komið fram í því frv. og í sambandi við afgreiðslu fjárl. og er þegar samþykkt. Það á því ekki að koma mönnum á óvart. Þar er um að ræða mótframlag upp á 1275 millj. kr. sem gert er ráð fyrir í þeirri lánsfjáráætlun og þeim útlánum sem hér eru lögð til grundvallar. Það er ekki verið að skerða þá tölu, þannig að skerðingin sem slík nemur þeim 400 millj. sem um ræðir í þessu frv.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mér finnst ekki verða hjá því komist að vekja athygli á því, að hæstv. sjútvrh. varð ekki við tilmælum hv. þm. Steinþórs Gestssonar um að gefa um það yfirlýsingu, að það væri ekki hugmyndin að ríkissjóður ætti þegjandi og hljóðalaust að losna við um það bil 312 millj. kr. framlög til Fiskveiðasjóðs. Ég skal játa að ég hef ekki gert mér grein fyrir þessu og ég hygg að svo muni vera um fleiri hv. þm., að þessu hefði átt að smeygja yfir okkur þegjandi og hljóðalaust. Það kom samt á daginn að þetta mundi vera hugmyndin, og hæstv. ráðh. smeygði sér algerlega undan því að svara þeim tilmælum og gefa þá yfirlýsingu að svona skyldi þetta ekki vera. Með hliðsjón af þessu og þó að við í stjórnarandstöðunni hefðum viljað greiða fyrir framgangi mála, þá leyfi ég mér nú að óska þess, að endanlegri afgreiðslu þessa máls og þessari umr. verði frestað til morguns, þannig að ekki sé verið að koma hér aftan að mönnum sem gjarnan vilja starfa að framgangi mála, menn fái að vita hvað um er að ræða, og 312 millj. eru líka peningar. Ég vonast til þess, að dm. allir séu sömu skoðunar og ég, að það hljóti að verða að athuga þetta mál til morguns.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil ekki fallast á að verið sé að fara aftan að mönnum að neinu leyti varðandi þetta atriði. Fjárlög eru löngu afgreidd, eins og mönnum er ljóst, og skýrsla um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hefur legið fyrir. Og ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, að samkv. henni er gert ráð fyrir um það bil tvöfalt hærri krónutölu á árinu 1979 en 1978 til fiskvinnslunnar. Sú skerðing, sem á sér stað frá fyrri tölum, þessari tvöföldun, er sú skerðing sem í raun og sannleika er um að tala og er 400 millj., þannig að það er alls ekki um að ræða neina aðra skerðingu en þessa frá þeim áætlunum sem þegar liggja fyrir og þm. hafa fyrir framan sig.

Ég hef sagt það áður, að þetta er ekki þrautalaust, og það kemur ljóslega fram af frv. að þarna sé um skerðingu að ræða hjá þessum sjóði eins og öðrum. Það hefur ekki verið farið á bak við menn um þau efni. Og skerðingin nemur þessari fjárhæð sem tilgreind er. Ég get alls ekki fallist á að hér sé á nokkurn hátt verið að fara aftan að þm. Þetta hefur legið fyrir í skjölum þm. Það, sem um er

að ræða, er að samkv. áætlunum var verið að tvöfalda fé einmitt til fiskvinnsluuppbyggingarinnar, og það er frá þeirri tvöföldun sem verið er að draga þá tölu sem hér um ræðir, 400 millj. Þó svo að sú skerðing komi til framkvæmda er um mjög mikla aukningu á fé að ræða til uppbyggingar í fiskvinnslu, eins og reyndar nauðsynlegt er.

Frsm. minni hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Það er ekki því að leyna, að hér er um ný viðhorf að ræða. Hvorki afgreiðsla fjárl. né lánsfjáráætlun hafa gert ráð fyrir þeirri olíuhækkun, sem nú hefur orðið, og þeim viðbrögðum, sem þyrftu að verða hennar vegna. Því er það að okkur finnst ósanngjarnt að vegna þess að þessar aðgerðir verður að gera nú minnki framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs, sem er mjög illa haldinn, og ég fyrir mitt leyti get ekki séð að hann verði fær um að sinna hlutverki sínu. Þær tölur, sem hæstv. ráðh. hefur nefnt, eru tölur sem búið var að gera ráð fyrir og Fiskveiðasjóður þurfti sannarlega á að halda. Þegar þær voru settar fram reiknaði stjórn Fiskveiðasjóðs að sjálfsögðu með því, að þetta fjármagn, þessar 312 millj., yrði fyrir hendi. Það er engin ný tala. Það er vitað mál, að áætlað var að þessar tekjur mundu verða af útflutningnum, því er augljóst mál að hér er verið að rýra að ástæðulitlu tekjur sjóðsins, — tekjur sem hann þarf mjög á að halda. Ég vil þess vegna enn skora á ráðh. að láta okkur fá að vita um það, að ríkissjóður muni standa við sitt.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Enda þótt ég hljóti að viðurkenna það, að ég hafði ekki hugleitt það mál sem hv. þm. Steinþór Gestsson vakti athygli á áðan, að hér yrði um að ræða eins konar sparnað fyrir ríkissjóð, þá fæ ég ekki séð að fram séu komin rök fyrir því að við frestum afgreiðslu þessa máls til morgundags, vegna þess að okkur verður gersamlega ómögulegt, þó að við legðumst allir á eitt, að pína út úr hæstv. sjútvrh. fyrirheit um að hann útvegi peninga í Fiskveiðasjóð umfram það sem lög heimila. Hlutfallið er bundið í lögum, og við erum ekki að fjalla um breytingar á þeim lögum, þar sem um er að ræða þriggja fjórðunga eða 75% framlag á móti úr ríkissjóði. Þetta atriði þarf ekki að tefja afgreiðslu þessa máls. Okkur liggur á að afgreiða þetta mál, eins og hefur verið margtekið fram og hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni er manna ljósast, hefur enda brosað hvað mest að þeim sannindum, að 1. mars er á morgun, og við þurfum ekki að fresta málinu þess vegna. Það er bara annað mál sem við þurfum að taka upp, sem er fjárhagur Fiskveiðasjóðs.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Til þess að taka af öll tvímæli og að höfðu samráði við fjmrh. vil ég lýsa því yfir, að framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs upp á 1275.5 millj. kr. verður innt af hendi óskert án tillits til þess frv. sem við erum nú að afgreiða. Ég vænti þess, að þetta fullnægi því, sem fram á hefur verið farið, og sé ótvíræð yfirlýsing um að ekki sé með því frv., sem við erum hér að afgreiða nú, verið að skerða framlag ríkissjóðs.

Frsm. minni hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þessi orð og vil tilkynna það, að við sættum okkur við þessa ótvíræðu yfirlýsingu um þetta efni. Enda þótt það sé augljóst að Fiskveiðasjóður verði ekki skaðlaus, þar sem 416 millj. standa, þá er samt að okkar áliti mikil bót að hafa fengið þessa yfirlýsingu og við munum sitja hjá við atkvgr., eins og áður er um talað, en álítum þetta mikils virði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 62. fundur.

Miðvikudaginn 28. febr., að loknum 61. fundi.

Tímabundið olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 407 (sbr. 393)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 394). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 364). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hinn 1. febr. 1979 var fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. samþykkt á ríkisstjórnarfundi. Áætlunin var síðan lögð fram á Alþingi í síðustu viku í ítarlegri skýrslu.

Ástæðan fyrir því, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin var ekki lögð fram fyrr en eftir áramót, var fyrst og fremst sú, að ekki vannst tími til þess vegna anna við fjárlagagerðina og tekjuöflunarfrumvörp ríkisstj. í tengslum við fjárlögin, sem nauðsynlegt var að afgreiða fyrir jólin. Ég vil geta þess, að veruleg samráð voru höfð

við aðila vinnumarkaðarins meðan unnið var að undirbúningi áætlunarinnar og við undirbúning frv. til l. um heimild til lántöku o. fl. sem hér er til umr.

Jafnhliða þessari skýrslu er nú flutt frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979. Tilgangur þessa frv. er að gefa lánsfjáráætluninni og fjárfestingaráformunum, sem hún lýsir, meiri festu. Efni frv. er tvíþætt. Annars vegar fjallar það um ráðstafanir á innlenda lánamarkaðnum til þess að tryggja fjáröflun fjárfestingarlánasjóða. Hins vegar felur frumvarpið í sér heildaráætlun um lántökur erlendis til allra opinberra framkvæmda, hvort sem þær eru á vegum ríkisins eða sveitarfélaga, og til fjárfestingarlánasjóða. Fram úr þessari áætlun má helst ekki fara á þessu ári, ef takast á að lækka skuldir þjóðarinnar út á við á næstu árum. Ég mun hér á eftir gera nánari grein fyrir þessu frv., sem kalla mætti frumvarp til lánsfjárlaga, fyrir árið 1979, þar sem það ákveður hvernig afla skuli lánsfjár til opinberra þarfa á þessu ári. Hér er um að ræða mikilvæga fjárráðstöfun sem rík ástæða er til að löggjafinn fjalli um.

Í hinu fræga frv. til l. um stjórn efnahagsmála og ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgu og stuðla að framförum í þjóðarbúskapnum, sem forsrh. hefur samið, eru sérstök ákvæði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. Þar er t. d. lagt til að ríkisstj. leggi fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn og að hún skuli fylgja fjárlagafrv. Markmið slíkrar áætlunar á skv. frv. að vera að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum og að fjármagni sé beint til þeirra framkvæmda, sem skila mestum arði í þjóðarbúið. Að sjálfsögðu ber ætíð að taka ríkt tillit til félagslegra sjónarmiða. Síðan eru mörg ákvæði um áætlunina, bæði undirbúning hennar og meðferð svo og hvað í henni skuli felast. Ég álít að það verði til mikilla bóta í hagstjórn ef þetta frv. forsrh. verður samþykkt, en ég vík hér sérstaklega að ákvæðum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þar sem ég er nú að ræða þau mál.

Áður en gerð er grein fyrir frv. í einstökum atriðum mun ég fara nokkrum almennum orðum um skýrsluna um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 og stefnu ríkisstj. í fjárfestingarmálum. Um einstök atriði vísa ég á skýrsluna sjálfa, sem er mjög ítarleg, en þm. hafa haft góðan tíma til að kynna sér hana.

Eins og fram kemur í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna er það meðal brýnustu verkefna á sviði efnahagsmála að tryggja hæfileg fjárfestingarumsvif í landinu og greiðsluafgang á fjárlögum ríkisins, en hvort tveggja er nauðsynlegt til þess að draga úr verðbólgu og koma í veg fyrir viðskiptahalla. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni er mörkuð sú umgjörð fjárfestingar og útlána á þessu ári sem ríkisstj. telur hæfilega til þess að ná þessum markmiðum. Áætlun þessi er fjórða árlega heildaráætlunin um lánastarfsemi í landinu sem lögð er fram á Alþingi. Fyrri áætlanir hafa í senn falið í sér stefnuyfirlýsingu ríkisstj. í lána- og fjárfestingarmálum og beina áætlun um framkvæmdir og lántökur á vegum hins opinbera í tengslum við fjárlagafrv. Í áætluninni fyrir árið 1979 er þessari venju fylgt, en í henni er lögð ríkari áhersla en áður á fjárfestingarstjórn, og er það í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Hér er því ekki síður um fjárfestingaráætlun en lánsfjáráætlun að ræða.

Í heild gefur skýrslan yfirlit yfir uppruna og ráðstöfun lánsfjár á árinu 1979 og skiptingu þess eftir lánveitendum og lánþegum. Áætlunin er samin á vegum fjmrn. í samvinnu fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Áætlanir og spár um fjárfestinguna í heild eru gerðar af Þjóðhagsstofnun. Undirbúningsvinna að því er tekur til lánamála er að mestu unnin í hagfræðideild Seðlabankans. Efni um ríkisframkvæmdir og fjáröflun til þeirra er unnið í fjárlaga- og hagsýslustofnun í samvinnu við hin einstöku ráðuneyti. Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða eru reistar á efni frá Framkvæmdastofnun ríkisins og Húsnæðismálastofnun ríkisins. Lánsfjáráætlunin er reist á þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar og spá Seðlabanka um þróun greiðslujafnaðar 1979, sem settar voru fram í desember 1978, en nokkur endurskoðun þessara áætlana hefur verið gerð samhliða lokafrágangi áætlunarinnar.

Í skýrslunni er fyrst fjallað um meginatriði efnahagsstefnu ríkisstj. og almennar efnahagshorfur. Síðan er fjallað um áætlun ríkisstj. um opinberar framkvæmdir sem fjár er aflað til með lánum. Þessu næst er vikið að málefnum banka, fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða svo og áformaðri erlendri lántöku. Þá er í sérstökum köflum heildaryfirlit yfir lánsfjármarkaðinn, fjárfestinguna og fjármögnun hennar, en í töfluviðauka er að finna yfirlit yfir niðurstöður áætlunarinnar. Í skýrslunni er einnig birt sérstakt yfirlit yfir opinbera öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáráætlun 1979. Þetta yfirlit fylgir einnig því frv., sem hér er til umræðu, og mun ég gera nánari grein fyrir því hér á eftir.

Markmið áætlunarinnar eru að:

Stefnt verði að jöfnuði í viðskiptum við útlönd á árinu 1979 og dregið úr erlendum lántökum.

Mörkuð verði gjörbreytt fjárfestingarstefna. Með samræmdum aðgerðum verði fjárfestingu beint í tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðfélagslega arðbærum atvinnurekstri. Fjárfesting í landinu verði sett undir stjórn sem marki heildarstefnu í fjárfestingu og setji samræmdar lánareglur fyrir fjárfestingarsjóðina í samráði við ríkisstj. Dregið verði úr fjárfestingu á árinu 1979 og heildarfjármunamyndun verði ákveðin takmörk sett.

Aðhald í ríkisbúskap verði stóraukið og áhersla lögð á jafnvægi í ríkisfjármálum.

Dregið verði úr verðþenslu með því að takmarka útlán og peningamagn í umferð.

Jafnhliða þessum markmiðum þarf að gæta þess, að atvinnuöryggi sé tryggt. Í samræmi við þessa stefnu er nauðsynlegt að halda aukningu þjóðarútgjalda í skefjum og er áhersla lögð á að draga úr fjárfestingarútgjöldum, en það verður að hafa í huga að fjárfesting úr hófi fram er ein af ástæðum verðbólguþróunar undanfarinna ára.

Til þess að sinna því tvíþætta verkefni að tryggja hæfileg heildarumsvif í fjárfestingarstarfsemi og beina fjármagninu í þau verkefni, sem skila mestu í þjóðarbúið, beita stjórnvöld ýmsum aðferðum:

Í fyrsta lagi beinum ákvörðunum um fjárfestingu hins opinbera með framkvæmda- og fjármagnsframlögum, hvort sem framkvæmdaféð er fengið með skattheimtu eða lántökum.

Í öðru lagi ákvörðunum um lánskjör bæði hjá bönkum og sparisjóðum og á lánum til fjárfestingar. Raunhæf vaxtakjör stuðla að auknum innlendum sparnaði og eru

þannig forsenda þess, að lánsfjárþörf til framkvæmda verði í ríkari mæli en ella mætt með innlendu fé. Lánskjörin þarf einnig að samræma milli lánastofnana.

Í þriðja lagi ráða fjárfestingarstyrkir, framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóða og skattmeðferð fjárfestingarfjár fyrirtækja miklu um fjárfestinguna.

Í fjórða lagi er mikilvægt að gerðar séu strangar og samræmdar kröfur til þjóðhagslegrar arðsemi þeirra framkvæmda sem framlög eða lán eru veitt til, hvort sem þær eru á vegum hins opinbera eða einkaaðila. Einnig er brýnt, að erlendar lántökur verði ákveðnar innan ramma heildaráætlunarinnar, sem markast af framleiðslugetu þjóðarbúsins og endurgreiðslugetu á komandi árum.

Fjárlögin og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í sameiningu lýsa stefnu ríkisstj. í þessum efnum.

Afskipti stjórnvalda mótast að talsverðu leyti af þeim markmiðum sem menn koma sér saman um, þótt auðvitað sé um það ágreiningur hvort þeim verði betur náð með beinum aðgerðum stjórnvalda eða óbeinum aðgerðum eða jafnvel afskiptaleysi. Fyrir mína parta mundi ég svara spurningunni um almenn afskipti hins opinbera gagnvart atvinnurekstri þannig, að ég tel að afskipti hins opinbera eigi einkum að beinast að umgjörð starfseminnar fremur en að starfseminni sjálfri.

Með markmiðinu um jöfnuð í viðskiptum við útlönd á árinu 1979 er vexti þjóðarútgjalda þröngur stakkur skorinn. Hallalaus utanríkisviðskipti eru hins vegar nauðsynleg forsenda þess, að unnt verði að draga úr skuldasöfnun erlendis á næstu árum. Þar sem horfur eru á að viðskiptakjör þjóðarinnar verði lakari á þessu ári en í fyrra felur það markmið í sér að halda verður vexti þjóðarútgjalda — og þar með innflutningi — innan þeirra marka sem möguleg útflutningsaukning setur. Í ljósi þess að áframhaldandi aðhald að þorskveiðum er nauðsynlegt, auk þess sem hyggja þarf að loðnuveiðunum, er ekki við því að búast að útflutningsframleiðslan í heild geti aukist um meira en 2-3% á þessu ári.

Í þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar, sem sett var fram í byrjun desembermánaðar s. l., var gert ráð fyrir 9—10% samdrætti fjármunamyndunar á árinu 1979. Fjárfestingaráætlunin felur í sér nokkru minni samdrátt, eða um 7%. Gætir hér einkum atvinnuöryggissjónarmiða, auk þess sem nú er meira vitað um fjárfestingaráformin. Með tilkomu hinnar geigvænlegu olíukreppu, sem nú ríður yfir hagkerfið, fer áhugi manna á orkuframleiðslu og vaxandi. Í áætluninni er gert ráð fyrir samdrætti í fjárfestingarframkvæmdum atvinnuveganna. Annars vegar dregur úr skipakaupum frá fyrra ári og hins vegar verða framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna mun minni á þessu ári en í fyrra. Bygging íbúðarhúsa er talin munu verða svipuð á yfirstandandi ári og var í fyrra.

Áætlun þessi gerir ráð fyrir samdrætti í framkvæmdum hins opinbera um 5% frá fyrra ári að raungildi. Hitaveituframkvæmdir eru í heild taldar munu dragast saman um 13—14%, enda er ýmsum stórum áföngum þar ýmist lokið eða um það bil að ljúka. Í þessari áætlun er þó gert ráð fyrir verulegum lánveitingum til hitaveituframkvæmda sveitarfélaga við ýmsar nýjar framkvæmdir. Stærsta verkefnið á þessu sviði er áframhaldandi framkvæmdir við Hitaveitu Akureyrar, eða alls 1800 millj. kr. Sennilega þarf eitthvað meira fé ef ákveðið verður að ljúka þessari framkvæmd að fullu á þessu ári, sem væri auðvitað mjög æskilegt, sérstaklega miðað við þau nýju viðhorf sem hafa skapast með tilkomu olíukreppunnar. En til annarra hitaveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga verður aflað alls 1345 millj. kr., m. a. til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Vestmannaeyja og Hitaveitu Egilsstaða. Auk þess nær lánsfjárútvegun til fjarvarmaveitu á Höfn í Hornafirði og á Ísafirði. Enn fremur er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Hitaveitu Reykjavíkur og Suðurnesja. Um nánari skýringar á þessum atriðum vísa ég til töfluyfirlita í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, þar sem öllum þessum atriðum eru gerð glögg skil.

Það má segja, að brýnt sé að þessum framkvæmdum verði hraðað eftir föngum þannig að þær komi sem fyrst að gagni, og veldur hér um, eins og ég tók fram áður, ekki síst hin geigvænlega olíuverðshækkun á síðustu vikum og mánuðum. Þessar framkvæmdir eru því tvímælalaust mikil þjóðþrifafyrirtæki vegna þess orkusparnaðar sem þær hafa í för með sér, bæði fyrir þjóðina í heild og eins fyrir þá sem þjónustunnar njóta. Til greina kemur að sveitarfélög fresti einhverjum framkvæmdum og gefi hitaveitum forgang. Innlend fjármögnun þessarar framkvæmda kemur úr Lánasjóði sveitarfélaga, Orkusjóði og einnig sjóðum sveitarfélaga og fyrirtækjanna. Í áætlun þessari er enn fremur sýnd erlend lántaka vegna framkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra, og vík ég nánar að því síðar.

Í öðrum greinum opinberra framkvæmda verður einnig nokkur samdráttur, en þó minni. Þannig felast í þessari áætlun veruleg umsvif á ýmsum sviðum framkvæmda sem til framfara horfa, t. d. á sviði orkumála og samgangna. Til vegamála verður t. d. varið 13 098 millj. kr. Lántökur til vegamála eru ráðgerðar samtals 3130 millj. kr. samkv. áætluninni.

Samkvæmt þessari áætlun verður heildarfjárfestingin í landinu innan við fjórðung af þjóðarframleiðslu 1979, samanborið við 26—27% árið 1978, 28½% árið 1977 og um 30% árið 1976. Nákvæmlega talið nemur heildarfjárfesting áætlunarinnar um 24.5% af þjóðarframleiðslu ársins, ef erlendi þátturinn í framkvæmdum við álverið er undanskilinn, enda eykur hann ekki erlendar skuldir Íslendinga.

Áætluð fjárfesting á árinu 1979 nemur 182 milljörðum króna, sem skiptist þannig, að fjárfesting atvinnuveganna nemur 79 milljörðum, íbúðabyggingar 44 milljörðum og opinberar framkvæmdir 59 milljörðum króna.

Þótt þeirri stefnu sé fylgt í þessari áætlun, að dregið verði úr fjárfestingu í heild, felur hún jafnframt í sér að fé er beint til framkvæmda í fiskvinnslu og iðnaði, fyrst og fremst til þess að bæta tæknibúnað og framleiðni. Þannig aukast útlán fjárfestingarlánasjóða til þessara greina að raunverulegu verðgildi verulega á þessu ári, einkum til fiskvinnslu, og er útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs, sem ríkisstj. hefur staðfest og hér er byggt á, við þetta miðuð. Í þessu skyni hefur einnig verið ákveðið að beina innlendu lánsfé, bæði frá lífeyrissjóðum og skyldusparnaðarfé ungmenna, til atvinnuveganna.

Nú er útlit fyrir að aukning þjóðarframleiðslunnar verði um 1.5% á árinu 1979. Viðskiptakjarahorfur eru hins vegar mjög óvissar, einkum vegna ástandsins í olíuviðskiptum í heiminum. Ef svo fer sem nú horfir, að viðskiptakjörin rýrni verulega á árinu, yrði aukning þjóðartekna minni eða jafnvel engin.

Framan af árinu 1978 fór verðbólga vaxandi. Í febrúar

1978 var vísitala framfærslukostnaðar 37% hærri en á sama tíma árið áður, en í ágúst var árshækkunin komin upp í nær 52%, eða nær jafnmikil og hún varð mest á árinu 1975. Með niðurfærsluráðstöfununum í september var mjög dregið úr hækkun framfærsluvísitölunnar frá ágúst til nóvember, en þrátt fyrir þessar aðgerðir var hækkunin milli nóvember 1977 og nóvember 1978 um 47%. Verðbreytingar í nóvember og desember voru hins vegar heldur minni 1978 en 1977, m. a. vegna aukinna niðurgreiðslna í desember, og var árshækkun vísitölu framfærslukostnaðar komin niður í 38% í lok ársins. Meðalhækkun milli áranna 1977 og 1978 var um 44%, en 30% milli áranna 1976 og 1977. Áætlað er að við lok síðasta árs hafi vísitala framfærslukostnaðar verið um 15% hærri en að meðaltali á árinu öllu. Í þessari tölu gætir verulegra áhrifa niðurfærslu verðlags í september og desember, að þeim frátöldum hefði vísitalan um áramót orðið rúmlega 20% hærri en ársmeðaltalið.

Í forsendum þjóðhagsspár fyrir árið 1979 er miðað við, að neysluvöruverð hækki um 33% að meðaltali á árinu og um 30% frá upphafi til loka ársins. Þetta fæli í sér umtalsverða verðbólguhjöðnun á þessu ári. Sá árangur næst þó ekki nema fylgt verði þeirri stefnu í kauplags- og verðlagsmálum, að hækkun peningalauna verði minni en fylgir óbreyttu kerfi vísitölubindingar launa. Þessu yrði einnig að fylgja strangt aðhald í verðlagsmálum. Á sömu forsendum er fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þessa árs miðuð við 34% hækkun byggingarvísitölu.

Til þess að ná því markmiði að draga verulega úr verðbólgu á þessu ári er ekki aðeins nauðsynlegt að móta markvissa stefnu í tekju- og verðlagsmálum. Aðgerðir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum og fjárfestingarmálum eru ekki síður nauðsynlegar. Aðhaldi í ríkisfjármálum er markaður rammi í fjárlögum fyrir árið 1979 og lánsfjáráætlunin mótast af þeirri nauðsyn, að útlán og peningamagn í umferð breytist ívið minna en verðhækkun samkvæmt þessari spá. Er þá einkum nauðsynlegt að hafa hemil á peningaútstreymi úr Seðlabankanum og lántökum erlendis.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að erlendar lántökur verði takmarkaðar við 39 milljarða króna á þessu ári og miðist við að mæta afborgunum erlendra lána og nauðsyn þess að bæta gjaldeyrisstöðuna. Almennar erlendar lánsfjárþarfir ríkisins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirrar fjármögnunar sem tryggð verður með sérstökum hætti, nema samtals nálægt 11 677 millj. kr. eða 34.3 millj. Bandaríkjadala, miðað við 340 kr. gengi dalsins. Auk þess bætast svo við þarfir Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggðasjóðs, samtals að upphæð 5430 millj. kr., eða um 16 millj. Bandaríkjadala.

Heildarfjárþarfirnar virðast því vera nálægt 17 107 millj. kr., eða um 50.3 millj. dala.

Á þessu ári og næstu árum er nauðsynlegt að greiða niður að verulegu leyti gjaldeyrislán sem Ísland fékk hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á erfiðleikaárunum 1974 og 1975. Brýnt er að þessi lán verði greidd nú þegar bærilega árar, til þess að eiga á ný aðgang að þeim þegar á móti kann að blása. Lántökur á næstu árum verður að miða við að greiðslubyrði erlendra lána fari ekki upp fyrir 14—15% af gjaldeyristekjum og verði þó helst lægri til jafnaðar.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er lögð á það áhersla, að stefnt verði að jöfnuði í viðskiptum við útlönd og dregið verði úr erlendum lántökum. S. l. 4 ár hefur greiðslubyrði afborgana og vaxta af löngum erlendum lánum verið þessi í hlutfalli við útflutningstekjurnar: Árið 1978 nálægt 13.7%, árið 1977 13.7%, árið 1976 13.8% og árið 1975 14.2%. Árið 1979 er greiðslubyrðin áætluð innan við 14%.

Á yfirstandandi ári munu áætlaðar nettólántökur nema 4% af útflutningstekjum og 1.8% af vergri þjóðarframleiðslu, en samsvarandi tölur fyrir árið 1978 eru 4.2% og 2.2%.

Þrátt fyrir að nokkuð hafi hægt á skuldaaukningunni erlendis á árinu 1978 er engu að síður ljóst að greiðslubyrðin kann að þyngjast á næstu árum, jafnvel þótt útflutningstekjur aukist jafnt og þétt, hvað þá ef afturkippur kemur af einhverjum sökum í útflutningstekjur. Þessi áætlun felur þó í sér að nettólántaka Íslendinga erlendis verði lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu en á undanförnum árum. Frekari framkvæmdir en gert er ráð fyrir í þessari áætlun hljóta að kalla á aukna erlenda skuldasöfnun og eru því ekki ráðlegar.

Það er rétt að vekja á því athygli, að smátt og smátt sverfur að svigrúmi til að fjármagna framkvæmdir með innlendu lánsfé. Verðbólgan brennir innlenda fjármagnsmyndun á báli sínu meira og meira eftir því sem hún geisar lengur. Fyrir þessu mega menn ekki loka augunum.

Meðan Íslendingar geta fengið erlent lánsfé til framkvæmda er hægt að byggja upp og halda uppi atvinnu með þeim hætti. En hvað gerist svo þegar erlenda lánstraustið er þorrið?

Á öllu veltur að efla og treysta heilbrigt atvinnulíf í landinu. Á þann hátt einan getum við tryggt næga atvinnu. Um sinn kann mikil verðbólga og mikil atvinna að fara saman. En að því kemur e. t. v. fyrr en margan grunar, að svona gífurleg verðbólga kippir fótum undan mikilli atvinnu og háu kaupgjaldi. Við þurfum því einnig að treysta efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

En víkjum nú nánar að frv. því sem hér er til umræðu. Eins og ég gat um áður, felur frv. þetta í sér nauðsynlegar ráðstafanir til þess að markmiðum stjórnvalda í fjárfestingar- og lánamálum verði náð. Í sérstöku yfirliti, sem fylgir athugasemdum við frv., er sýnd opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáráætlun 1979.

Heildarlánsfjáröflun er áætluð röskleg 51 milljarður króna, þar af nemur innlend fjáröflun 23 milljörðum og erlendar lántökur 28 milljörðum. Á síðasta ári nam heildarlánsfjáröflun tæplega 41 milljarði og er hér því um að ræða fjórðungsaukningu að krónutölu, en 6—7% samdrátt að raunvirði. Innlend fjáröflun nam í fyrra 21 milljarði, en erlendar lántökur 20 milljörðum. Innlend fjáröflun til opinberra framkvæmda er talin nema 5.2 milljörðum króna, þar af 4.2 milljarðar með sölu ríkisskuldabréfa og tæplega 1 milljarður af innheimtufé af endurlánuðu spariskírteinafé ríkissjóðs. Innlend fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða nemur 17.8 milljörðum. Erlend lán vegna opinberra framkvæmda nema 22.6 milljörðum og vegna fjárfestingarlánasjóða 5.4 milljörðum, þar af nemur erlend lánsfjáröflun vegna Framkvæmdasjóðs alls 3950 millj. kr. og til Byggðasjóðs er áformað að afla erlendra lána alls 1480 millj. kr. til greiðslu á fjármagnsútgjöldum við byggðalínur.

Ráðstöfun þessa lánsfjár skiptist þannig, að til opinberra framkvæmda renna 27.8 milljarðar, en til fjárfestingarlánasjóða um 23.3 milljarðar. Má þar nefna að frv.

felur m. a. í sér ákvæði um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum, m. a. af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði ríkisins, og að húsnæðismálastjórn veiti Framkvæmdasjóði Íslands lán af skyldusparnaði ungmenna.

Ég mun nú fara nokkrum orðum um einstakar frumvarpsgreinar, en þó aðeins stikla á stóru og vísa í athugasemdir frv. um nánari skýringar.

1. og 2. gr.: Erlendar lántökur til framkvæmda vegna A- og B-hluta ríkissjóðs nema alls 9295 millj. kr., en námu 4866 millj. kr. í lögum um heimild til erlendrar lántöku fyrir árið 1978 sem afgreidd voru með lánsfjáráætlun þess árs. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1979 nemur erlend lánsfjáröflun til A- og B-hluta fjárlaga alls 10 555 millj. kr. Nauðsynleg lántökuheimild er 1260 millj. kr. lægri þar sem erlendrar lántökuheimildar vegna byggingar jarðstöðvar var aflað í lögum nr. 120/1978, um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978. Innlendar lántökur vegna A- og B-hluta fjárlaga nema hins vegar 5175 millj. kr., þar af verðbréfaútgáfa 4200 millj. kr. og innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé 975 millj. kr.

Ástæða er til að geta þess, að við höfum nokkrar áhyggjur af sölu verðbréfa á innlenda markaðnum. Verðbólgan er hér að verki sem víðar og vegur jafnt og þétt að sparnaðarviðleitni almennings. Um ráðstöfun lánsfjárins vísast til fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og nánari skýringar yfirlitsins sem fylgir frv.

Ég vil þá víkja næst að 3. gr. frv. Nýmæli þessarar greinar er að inn í lög nr. 82/1977 eru nú sett ákvæði um að lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ kaupi skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af ráðstöfunarfé, innan þess ramma er lögin að öðru leyti setja. Jafnframt er ákveðið að fjmrn. setji með reglugerð ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og hafi heimild til ákvörðunar um af hvaða aðilum lífeyrissjóðirnir kaupa skuldabréf, enda séu ávöxtunarkjör sambærileg. Gert er ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð. Talið er að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í landinu nemi um 27 milljörðum króna á þessu ári. Gert er ráð fyrir að um þriðji hluti þess fjár verði lánaður til íbúðarlánasjóða og atvinnuvegasjóða. Það er ákaflega þýðingarmikið að samstaða náist um skipulega ráðstöfun verulegs hluta af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Má raunar segja að það sé ein af veigameiri forsendum fyrir áætlunarvinnubrögðum og allri viðleitni til að beina lausu fjármagni þjóðarinnar að þjóðhagslega hagnýtum verkefnum.

4. gr.: Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar eru áformaðar alls 7320 millj. kr. á árinu 1979. Framkvæmdir við Hrauneyjafoss nema alls 4860 millj. kr., en þá hafa stjórnvöld ákveðið að dregið verði úr framkvæmdaáætlun ársins 1979 um sem svarar 2600 millj. kr. Þrátt fyrir minni verkhraða 1979 en áður var áformað er að því stefnt, að virkjuninni megi ljúka haustið 1981. Til lokaframkvæmda við Sigöldu er fyrirhugað að verja 674 millj. kr. og 397 millj. kr. til annarra verkefna á vegum fyrirtækisins. Þá nema vaxtagreiðslur 1299 millj. kr. Erlendar lántökur nema alls 6500 millj. kr., en eigið fé fyrirtækisins og framlag ríkissjóðs nemur 730 millj. kr.

Framkvæmdir Hitaveitu Akureyrar hófust 1977 og standa enn. Til þessara framkvæmda var veitt ábyrgðarheimild að fjárhæð 4800 millj. kr. 1978. Í frv. þessu er leitað heimildar til ábyrgðar á erlendu láni, alls 1800 millj. kr., vegna ársins 1979.

Einnig er leitað heimildar um ábyrgð vegna lántöku alls 1345 millj. kr., en fjármagn þetta er ætlað til hitaveituframkvæmda víðs vegar um landið. Lánsfjáröflun þessi miðast við eftirtaldar framkvæmdir: Hitaveita Egilsstaða 170 millj. kr. Hitaveita Vestmannaeyja 300 millj. kr. Fjarvarmaveita á Höfn í Hornafirði 65 millj. kr. Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness 750 millj. kr. Hitaveita Sauðárkróks 60 millj. kr. Fjármögnun þessara framkvæmda verður einnig innlend, bæði úr Lánasjóði sveitarfélaga, Orkusjóði og einnig sjóðum sveitarfélaga og fyrirtækjanna. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra hitaveitna fyrr en iðnrh. hefur veitt einkaleyfi til rekstrar og skilyrðum orkulaga um einkaleyfisveitingu er fullnægt. Í orkulögum segir að einkaleyfisumsókn skuli fylgja fullnægjandi uppdrættir af fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun. Einkaleyfi skal því aðeins veitt að ráðherra telji, að fengnu áliti Orkustofnunar, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki og fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflunarlaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Mun ég þá víkja að 6. gr. frv. — Í fyrri lögum um lántökur hefur ekki verið gerð sérstök grein fyrir lánsfjáröflun Reykjavíkurborgar eða borgarfyrirtækja. Þetta er nú gert enda þótt Reykjavíkurborg ábyrgist sjálf eigin skuldbindingar. Lántökuheimild til annarra sveitarfélaga nemur alls 900 millj. kr. Af þessari fjárhæð eru 245 millj. kr. vegna fjárhagsvanda Vestmannaeyjakaupstaðar í samræmi við tillögur úttektarnefndar þeirrar er um málið fjallaði, 340 millj. kr. vegna sorpeyðingarstöðvar á Suðurnesjum og 315 millj. kr. vegna annarra verkefna.

Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða á sviði raforkumála eru fyrirhugaðar alls 450 millj. kr., þar af nemur lánsfjáröflun 400 millj. kr. Einnig er heimild til lántöku alls 65 millj. kr. vegna fjarvarmaveitu Ísafjarðar.

Erlend lántaka fjárfestingarsjóða mun aukast verulega frá fyrri árum, einkum af völdum aukinna hagræðingarlána og fyrirgreiðslu við skipasmíðastöðvar. Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs er áætluð 3950 millj. kr. Auk þess mun Byggðasjóður hafa milligöngu um útvegun erlends láns vegna fjármagnsútgjalda byggðalína.

Þrátt fyrir nokkurt aðhald í útlánum verður svigrúm til þess að beina sérstaklega fjármagni til fiskvinnslu og iðnaðar. Lánsfé til Fiskveiðasjóðs hefur verið aukið að því marki, að sjóðurinn geti lánað 2000 millj. kr. til fiskvinnslu. Til viðbótar kemur svo lánafyrirgreiðsla til hagræðingarlána af gengismunarreikningi að fjárhæð 1200 millj. kr.

Fiskveiðasjóður mun því lána 3200 millj. kr. til fiskvinnslu. Auk þess verður Byggðasjóði aflað sérstaks lánsfjár, 900 millj. kr., frá Framkvæmdasjóði til að bæta stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi. Ríkisstj. mun svo beita sér fyrir því, að Byggðasjóður láni af öðru fé sínu 1000 millj. kr. til fiskvinnslu á þessu ári. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin gerir því ráð fyrir að beina samtals 5100 millj. kr. til fiskvinnslufyrirtækja, jöfnum höndum til uppbyggingar, hagræðingar og til að bæta stöðu sjávarútvegsfyrirtækja.

Á árinu 1972 ákvað stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að gera áætlun um uppbyggingu og hagræðingu í

frystiiðnaðinum. Á árunum 1972—1978 munu heildarframkvæmdir í hraðfrystihúsunum hafa numið um 30 milljörðum kr. á verðlagi ársins 1978 og eru þá framkvæmdir ársins 1978 áætlaðar. Lánveitingar Fiskveiðasjóðs til frystihúsa á sömu árum og sama verðlagi námu um 8.8 milljörðum kr. og Byggðasjóðs um 3.4 milljörðum kr., eða samtals um 12.2 milljörðum kr., sem er um 40% af heildarframkvæmdum. Auk þessara sjóða hafa aðrir smærri veitt nokkur lán til frystihúsa og umtalsverðar fjárhæðir erlendra lána hafa fylgt vélum og tækjum sem keypt hafa verið erlendis.

Landshlutaskipting framkvæmda á verðlagi ársins 1978 er svo hljóðandi: Suðurland 2505 millj. kr., Reykjanes 5009 millj. kr., Reykjavík 3296 millj. kr., Vesturland 3315 millj. kr., Vestfirðir 6044 millj. kr., Norðurl. vestra 1728 millj. kr., Norðurl. eystra 2799 millj. kr., Austurland 5494 millj. kr. Alls 30 193 millj. kr. sem varið hefur verið til uppbyggingar í hraðfrystiiðnaðinum á árunum 1972—1978.

Þá er einnig áformað að halda áfram uppbyggingu vinnslustöðva í landbúnaði, en til þess hefur verið varið 4 milljörðum kr. á árunum 1974—1978, ef miðað er við verðlag ársins 1978.

Á lánsfjáráætlun er áformað að Framkvæmdasjóður útvegi Byggðasjóði 200 millj. kr. til þess að breyta lausaskuldum bænda í löng lán.

Í því skyni að tryggja skipasmíðastöðvunum verkefni mun ríkisstj. beita sér fyrir erlendri lántöku Framkvæmdasjóðs og annarri fjárútvegun þannig að Framkvæmdasjóður geti lánað sérstaklega 1250 millj. kr. til skipasmíðaverkefna á árinu 1979. Þessu fé verður ráðstafað með samþykki iðnrh., sjútvrh. og fjmrh. Lánveiting þessi er háð samkomulagi við launþegasamtökin um kaup skuldabréfa af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði ríkisins. Þetta fé renni til hagræðingar og til viðbótar venjulegri fyrirgreiðslu Fiskveiðasjóðs og annarra sjóða við fiskiskipasmíði innanlands, sem áætluð er 2700 millj. kr. á árinu, og venjulegu lánsfé til viðgerða á fiskiskipum innanlands úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði.

Ráðgert er að innlendum skipasmíðastöðvum verði heimilað að taka erlend bráðabirgðalán á byggingartíma skips sem Fiskveiðasjóður yfirtaki og verði lánsupphæðin miðuð við sama hlutfall og Fiskveiðasjóður lánar hverju sinni. Heimildin taki bæði til nýsmíði og meiri háttar breytinga, en einungis til stærri skipa, þ. e. togara og nótaskipa. Tímalengd hins erlenda láns skal miðast við það sem almennt tíðkast um útflutningslán með skipum smíðuðum erlendis. Heildarlánveitingar Fiskveiðasjóðs til þessa verkefnis verða ákveðnar síðar, m. a. með tilliti til hagræðingarfjár vegna skipasmíða, og koma til frádráttar samsvarandi lánveitingum sem innifaldar hafa verið í áætlunum Fiskveiðasjóðs og Framkvæmdasjóðs innan marka lánsfjáráætlunar þessa árs.

Ríkisstj. getur auk þess, sem fram er sett hér, heimilað Framkvæmdasjóði að taka 1000 millj. kr. sérstaklega að láni á árinu til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins.

Verulegu fjármagni verður beint til uppbyggingar iðnaðar, auk þess sem áður er greint frá. Ráðgert er að Iðnlánasjóður láni 2613 millj. kr. og Iðnþróunarsjóður 1000 millj. kr. Þá munu Byggðasjóður, veðdeild Iðnaðarbankans og Iðnrekstrarsjóður einnig lána talsvert til iðnaðaruppbyggingar. Á árunum 1972—1978 hafa verið lánaðir 21.5 milljarðar kr. til iðnaðaruppbyggingar í landinu og er þá miðað við verðlag ársins 1978.

Í fjárfestingarspá er reiknað með svipuðu magni framkvæmda við íbúðabyggingar og árið 1978 og munu útlán íbúðarlánasjóða aukast sem svarar áætlaðri hækkun byggingarkostnaðar. Lánveitingar þessara sjóða munu því nema svo til sama hlutfalli af fjárfestingu í íbúðarhúsnæði, tæpum 30% bæði árin. Á móti nokkrum samdrætti almennra íbúðabygginga koma framkvæmdir á félagslegum grundvelli sem færst hafa í aukana og bera með sér hærra lánahlutfall en almenn íbúðarlán, svo og tilfærsla íbúðarlána í sveitum frá Stofnlánadeild landbúnaðarins til Byggingarsjóðs ríkisins.

Heimilt er að taka fjáröflun Byggingarsjóðs ríkisins til endurskoðunar á árinu ef: sjóðurinn getur ekki staðið við lögbundnar og venjubundnar skuldbindingar og hætta er á að til alvarlegs atvinnuleysis komi í byggingariðnaði.

Í 11. gr. er fjallað um skyldusparnaðarfé ungmenna, en það mun nú koma til skiptingar þannig, að til Byggingarsjóðs ríkisins renna 2500 millj. kr., til Framkvæmdasjóðs Íslands 2000 millj. kr. og Stofnlánadeildar landbúnaðarins 400 millj. kr. Skyldusparnaður ungmenna í sveitum, 400 millj. kr., mun enn á þessu ári ganga til Stofnlánadeildar landbúnaðarins til þess að mæta viðbótarlánum til íbúðarhúsa. Frá og með árslokum 1979 er sparnaði þessum ætlað að ganga til Byggingarsjóðs ríkisins eins og lánveitingar til íbúðarbygginga í sveitum. Lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands hjá Byggingarsjóði ríkisins af skyldusparnaðarfé verður með hliðstæðum kjörum og Byggingarsjóur nýtur að jafnaði af þessu lánsfé. Ég vil þó taka fram að til greina kæmi að Byggingarsjóður lánaði Framkvæmdasjóði aðeins 1 milljarð af skyldusparnaðarfé, en Atvinnuleysistryggingarsjóður 1 milljarð í staðinn. Þetta má athuga nánar í meðferð þeirrar nefndar sem fær þetta mál til meðferðar.

Í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum um skerðingu á framlögum til fjárfestingarsjóða er nauðsynlegt að lögum nokkurra sjóða verði breytt og fjalla 12.—19. gr. frv. um það. Sé ég ekki ástæðu til að fara um það sérstaklega fleiri orðum.

Lögbundnar fjárveitingar til Ferðamálasjóðs voru lækkaðar um 10% eins og framlög til annarra fjárfestingarsjóða og nemur framlagið því alls 36 millj. kr. Samkvæmt lögum nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal tiltekinn hluti af veltu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli renna til þessarar starfsemi. Tekjustofni þessum er nú breytt þannig að 10% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs renna til ferðamála. Þetta mál er rétt að athuga nánar í n. sem fjallar um þessi mál. Það er nokkuð stórt stökk tekið í þessu sambandi og e. t. v. ástæða til að athuga það nokkru nánar.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma, miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Rétt þykir að fjmrh. geti í samráði við fjvn. tekið lán til greiðslu annarra lána sé slíkt talið heppilegt. Sams konar heimild er nú veitt stjórn Landsvirkjunar til breytingar lána og af sömu ástæðum.

Ég hef nú gert grein fyrir skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 og frv. til laga um

heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og ráðstafanir vegna áætlunarinnar, sem ef til vill væri rétt að nefna einu nafni lánsfjárlög. Ég er sannfærður um að þennan þátt í fjármála- og fjárfestingarstjórninni þarf að bæta og skapa þannig meiri festu í undirbúningi og þinglegri meðferð fjárfestingaráætlana og lánsfjáröflunar. Hvort tveggja hefur nokkuð farið úr böndum á undanförnum árum, og mun ég fyrir mitt leyti vinna að því að koma þessum málum fyrir með ákveðnari hætti en verið hefur. Ég hef áður vikið að fyrirhugaðri lagasetningu í þessu sambandi.

Ég leyfi mér að leggja til að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Til umr. er frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Áætlun hæstv. ríkisstj. um fjárfestingar og lánsfé á árinu 1979 hefur legið fyrir um nokkurt skeið, að vísu styttri tíma en þurft hefði að vera. Ég vil í upphafi vekja athygli á því, sem reyndar kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að við ræðum þessa áætlun nú 28. febr. eða rúmum tveimur mánuðum eftir að fjárlög voru samþ. á Alþingi. Ég minnist þess frá því að lánsfjáráætlun var fyrst samin í því formi sem hún er til umr. í dag, þ. e. a. s. fyrir árið 1976 og reyndar síðar, að gagnrýnt var hversu seint hún væri lögð fyrir Alþ. og þm. gæfist ekki tækifæri til að fjalla um þessa áætlun á sama tíma og fjárlög væru til umr. hér á hv. Alþ. Þetta var vissulega rétt gagnrýni og var reynt að bregðast við henni með þeim hætti að áætlunin væri fyrr á ferðinni. Tókst við 2. umr. fjárl. fyrir árið 1978 að leggja áætlunina fram og gera grein fyrir henni þegar 2. umr. fjárl. fór fram. Jafnframt var það frv., sem er fylgifiskur þessarar áætlunar, lagt fram, en fyrir því mælt síðar.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. lagði fram fjárlagafrv. sitt gerði hún vitaskuld ráð fyrir að svipuð vinnubrögð yrðu viðhöfð og taldi eðlilegt að þessi áætlun yrði enn fyrr á ferðinni en tíðkast hafði. Ég held að það hafi komið fram í grg. fyrir fjárlagafrv. eða í framsöguræðu hæstv. fjmrh., fjárlagaræðu hans. En raunin hefur orðið önnur.

Hæstv. fjmrh. vildi afsaka þennan drátt með því, að hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarþm. hefðu verið svo önnum kafnir fyrir jól að ekki hefði unnist tími til að koma þessari áætlun saman og því hefði þessi dráttur orðið. Það er einmitt grundvallaratriðið fyrir slíkri lánsfjáráætlun að hún fylgi fjárl. og hægt sé að afgreiða lánsfjáráætlun og þau lög, sem eru grundvölluð á þeirri áætlun, á sama tíma og fjárlög, þannig að rammi efnahagsmála, fjármála og peningamála sé afgreiddur á Alþ. á sama tíma. Þm. er hins vegar ljós ástæðan fyrir því, að þetta mál er svona seint á ferðinni. Það er ekki tímaskortur hjá hæstv. ríkisstj. og hv. þm. stjórnarliðsins að öðru leyti en því, að þeir voru uppteknir í desembermánuði við að vera ósammála, eins og þeir hafa oft verið, og beinlínis var það skilyrði eins af stjórnarflokkunum að lánsfjáráætlun yrði ekki afgreidd á þeim tíma. Stjórnarliðið hafði ærið nóg að gera, eins og ég hef gert grein fyrir, og meginverkefni þess í desembermánuði var skattpíningin sem alþjóð er nú kunnugt um og þýðir, eins og fram hefur komið, miðað við þá tekjustofna, sem ríkið hefur, milli 25 og 30 milljarða nýjar tekjur á árinu 1979 umfram það sem ella hefði orðið.

Ef það er hugsun hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. að nota lánsfjáráætlun sem það stjórntæki sem hún getur vissulega verið og hefur verið, er algerlega ófyrirgefanlegt að lánsfjáráætlunin sé á ferðinni rúmum tveimur mánuðum eftir að fjárlög ríkisins hafa verið afgreidd, enda sýnir það sig, sem ég mun koma að síðar, að allar forsendur þessarar lánsfjáráætlunar eins og fjárlaganna eru brostnar, þannig að hér er í raun og veru verið að tala um hluti sem ekki fá staðist. Auk þess að þessari áætlun er ætlað að ná yfir lánamarkaðinn, innlendan sem útlendan, varðandi opinberar framkvæmdir svo og aðrar framkvæmdir í landinu og fjalla um lánakjör, þá er þessari áætlun og efni hennar ætlað samkv. samstarfsamningi núv. ríkisstj. meira hlutverk en áður. Þar er farið inn á miðstýringu og fjárfestingarhöft, sem eins og fram hefur komið voru eitt af stefnuskráratriðum núv. hæstv. ríkisstj. Þeir aðilar, sem aðhyllast ekki þá stjórnarhætti, hljóta að gagnrýna það. Við teljum að hér sé horfið 20—30 ár til baka í sambandi við stjórnarhætti okkar lands.

Ég vék að því áðan að sú þjóðhagsspá, sem þessi lánsfjáráætlun er byggð á, hefur breyst, forsendur hennar eru nú í dag allt aðrar en þær voru þegar hún var að verulegu leyti samin, og þau hrossakaup, sem þessi áætlun ber með sér, fóru fram á milli ráðh. Slíkt er ofur eðlilegt, einfaldlega vegna þess að ríkisstj. hefur ekki enn getað eftir 6 mánaða starfstíma sinn mótað stefnu sína í efnahags- og fjármálum. Þar er það sundurlyndi sem við verðum æ ofan í æ vör við hér á hv. Alþ., síðast í gær, og er nánast allt látið reka á reiðanum. Það er ekki svo, að í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. hafi ekki verið gefin fyrirheit um það, með hvaða hætti hún hygðist framkvæma stefnu sína í þessum málum. En þar hefur ekkert verið um að ræða annað en bráðabirgðaúrræði. Það voru bráðabirgðaúrræði í sept., það voru bráðabirgðaúrræði aftur 1. des. og síðan hefur nánast ekkert gerst, og eins og hæstv. forsrh. orðaði það sjálfur: þeir eru búnir að tapa 1. mars sem nánast var næsti áfangi í bráðabirgðaráðstöfunum þeirra, þ. e. a. s. 1. febr. hjá Alþfl. En bæði líður febrúarmánuður og marsmánuður byrjar án þess að nokkuð hafi verið aðhafst. Ein af forsendum þessarar lánsfjáráætlunar og forsendum fjárl. er þróun launamála, gengið út frá ákveðnum launahækkunum. En ég held að þegar morgundagurinn rennur upp séu komnar í launamálunum aðrar stærðir en forsendur lánsfjáráætlunar gera ráð fyrir, og eru það ekki stærðir sem eru raunverulegar, einfaldlega vegna þess að þar hefur verið haldið aftur af og enn á ný leikið sér að vísitölu, en fyrir það var vinstri stjórnin 1971—1974 hvað frægust. Í þá vísitölu, sem tekur gildi um launagreiðslur á morgun, hækkun um tæp 7%, skortir a. m. k. 1.5—2% að hún sé raunveruleg. Ef þessu heldur fram má búast við að vísitöluhækkun 1. júní á þessu ári verði ekki 5%, eins og talað hefur verið um og er m. a. forsenda þessarar lánsfjáráætlunar, heldur má búast við að um verði að ræða 10% vísitöluhækkun, ef ekki verður leikinn sami leikur og nú hefur verið leikinn í sambandi við vísitöluna 1. mars.

Ég sagði áðan að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, væru bráðabirgðaúrræði og stjórnarþm. hafi ekki komið sér saman um neitt annað en þá skattpíningu, sem ég vék að áðan. Lánsfjáráætlunin og fjárl. byggðu á því, að útkoma og niðurstaða fjárlagaársins 1978 yrði með 400 millj. kr. halla, en það dæmi kom allt öðruvísi út en

gert hafði verið ráð fyrir. Niðurstaðan varð sú, að skuldasöfnun ríkissjóðs við Seðlabankann jókst um 3.9 milljarða og skuldasöfnun ríkisins í heild, þ. e. a. s. bæði A- og B-hluta fjárl., nam um 5 milljarða. En í fjárl. fyrir 1979 er gert ráð fyrir niðurgreiðslum í Seðlabankanum um 5 milljarða kr.

Þá hefur hæstv. fjmrh. staðfest það, sem hefur verið haldið fram af okkur sjálfstæðismönnum í sambandi við fjárl. 1979, að þau séu með innbyggðum halla, einfaldlega vegna þess að í útgjöldin skortir nokkra milljarða til að mæta þeim útgjöldum ríkissjóðs í sambandi við niðurgreiðslur sem þarf til að verðlag desembermánaðar geti haldist. Ef enn er haldið áfram og talað um forsendur fjárl., og þessarar lánsfjáráætlunar, þá var gert ráð fyrir því í þjóðhagsspánni í desember, að hagstæður viðskiptajöfnuður yrði um 4 milljarða á árinu 1979. Þegar þessi lánsfjáráætlun er lögð fram er sú spá komin niður í 2 milljarða. Síðan hafa gerst hlutir sem okkur er öllum kunnugt um, þó að þar sé e. t. v. eitthvað bjartara fram undan en okkur hefur virst vera s. l. daga. Á ég þar við þá miklu olíuverðshækkun sem orðið hefur í heiminum.

Ég held að þegar þessi atriði öll eru skoðuð, þá geri menn sér grein fyrir því, að sú áætlun, sem við erum hér að ræða um, sé nánast pappírsgagn eitt. Forsendur hennar eru allar brostnar og ekkert af þeim stefnumiðum, sem sett eru fram í þessari skýrslu, í kafla II, hefur verið hér til umfjöllunar öðruvísi en í því fræga frv., eins og hæstv. fjmrh. orðaði það, sem forsrh. samdi. Í lögfestingu hér á Alþ. hefur ekkert gerst sem getur rennt stoðum undir þá stefnu sem ríkisstj. mótaði sér og kemur fram í þessari skýrslu, í II. kafla hennar.

Þegar lánsfjáráætlun er nú lögð fyrir Alþ. og frv. um ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar er einnig lagt fram, kemur í ljós að núv. hæstv. ríkisstj. hefur farið hér að með allt öðrum hætti en tíðkast hefur. Alþingi samþykkir fjárlög, fjvn. fær fjárlög til meðferðar og fjvn. hefur fengið til meðferðar og umfjöllunar lánsfjáráætlun. Nú er lögð fram á Alþ. lánsfjáráætlun án þess að fjvn. hafi nokkurn tíma fengið tækifæri til að fjalla um það sem þar er lagt til. Og ekki nóg með það, heldur er hér gengið þvert á samþykkt fjárlög og ákvarðanataka Alþ. samkv. till. fjvn. að engu höfð.

Það er hægt að renna yfir töflu á bls. 8 og gera sér grein fyrir því þar, að lánsfjáráætlunin hækkar fjárþörf til opinberra framkvæmda um rúma 5 milljarða. Fjárl. gera ráð fyrir 10 milljörðum 722 millj., en lánsfjáráætlunin 15 milljörðum 730 millj. Þannig er lagt til nú af hæstv. ríkisstj. að hækka opinberar framkvæmdir með lánsfjáráætluninni og því frv., sem henni fylgir, um 50%. En með hvaða hætti? Það liggur í augum uppi. Það er með þeim hætti að hækka lántökur. Lántökur, sem fjárlög gerðu ráð fyrir að yrðu 5.6 milljarðar, erlendar lántökur, er lagt til að hækka í 10.5 milljarða, sem er um 90% hækkun frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Þá eru einstakar framkvæmdir, sem fjvn. hafði fjallað um og hafnað, teknar upp aftur, sumar hverjar vegna fyrirvara sem hæstv. ráðh. gerðu við samþykkt fjárl., aðrar ekki. Við höfum lesið um það í blöðum að undanförnu, að einstakir embættismenn hafa verið úti í heimi, gengið þar í banka til að slá lán til kaupa á t. a. m. einni flugvél, án þess að fjvn. hafi nokkuð um þau mál fjallað. Ég gat á sínum tíma vel skilið þá gagnrýni sem hv. núv. formaður fjvn. hafði uppi við meðferð fjárl. Ég reyndi að bæta úr því eftir því sem mögulegt var, og ég er þess fullviss, að þessar starfsaðferðir eru ekki honum að skapi né neinum af þeim mönnum, sem í fjvn. sitja, né heldur alþm., því að hér er beinlínis verið að ganga fram hjá þeim ákvörðunum, sem Alþ. hefur tekið og vísvitandi verið að gera það sem alþm. að fengnum till. fjvn. hafa hafnað.

Ég vík að þessu sérstaklega þar sem það kom glöggt fram í ræðu hæstv. fjmrh., að hann og þá að sjálfsögðu í umboði ríkisstj. vildi hafa stjórn á fjármálum ríkisins, á þeim vinnubrögðum sem við væru höfð. En þau vinnubrögð, sem höfð eru, eru í þveröfuga átt við það sem talað er. Það er kannske ekki neitt til þess að kippa sér upp við. Þannig eru og hafa verið vinnubrögð hæstv. ríkisstj. allan þann tíma sem hún hefur setið.

Ég vék að því hér áðan, að ekki bara þessi lánsfjáráætlun, heldur einnig forsendur ríkisfjármálanna 1979 vegna útkomunnar 1978 eru þegar brostnar. Við sjáum fram á að öllu óbreyttu, að árið 1979 kemur til með að skila miklum halla hjá ríkissjóði, og við heyrum líka í fréttum, að ríkisfyrirtækin standa uppi og benda á að hjá þeim muni verða margra milljarða kr. halli ef fer fram sem horfir. Má þar benda á Póst og síma. Forráðamenn Pósts og síma gerðu fyrir skömmu heyrinkunnugt, að 2 milljarða kr. halli væri á því fyrirtæki að öllu óbreyttu.

Ég held að það, sem ég hef nú sagt, að þessi lánsfjáráætlun og öll meðferð hennar stefni í nákvæmlega sömu átt og við töldum fjárl. gera og útkoman verði allt annað en aðhald í ríkisfjármálunum, samdráttur í framkvæmdum, — hér muni verða miklu verri stjórn á ríkisfjármálum og stjórnleysi á þeim sviðum sem ég vék að áðan.

Í þessari lánsfjáráætlun er vikið að ýmsum grundvallaratriðum sem stjórnarflokkarnir hafa lýst sig ósammála um. Má benda á í sambandi við fjárfestingarlánasjóðina, hvernig stjórnarflokkarnir eru gersamlega ósammála um þau lánskjör sem skuli gilda í landinu. Ég þarf ekki að rifja það upp, hvert er sjónarmið Alþfl. Ég þarf ekki heldur að rifja upp sjónarmið Alþb. og Framsfl. Þetta kemur gleggst fram í nál. sem liggja fyrir Alþ. og sýna þá ósamstöðu sem er hjá stjórnarflokkunum, nema þeir hafi seinustu dagana, en þeir bera ekki vitni um það, komið sér saman um hvernig með lánskjörin skuli fara. En það er að sjálfsögðu eitt af grundvallaratriðum þess, að árangur náist í slíkri stjórn peningamála sem lánsfjáráætlunin gerir ráð fyrir.

Hæstv. fjmrh. vék hins vegar að málefnum fjárfestingarlánasjóðanna og sagði að í samræmi við markaða stefnu í fjárl. um skerðingu á framlögum til fjárfestingarsjóða væri nauðsynlegt að lögum nokkurra sjóða verði breytt. Það sagði hann um 12.—19. gr. frv. Þetta er allt annað en við höfum heyrt varðandi það frv. sem hæstv. forsrh. samdi og hefur verið til umr. síðustu daga. Hefur komið fram gagnrýni stjórnarflokkanna á þær hugmyndir sem þessum greinum er ætlað að lögfesta í því frv. sem fylgir lánsfjáráætlun, en þær koma einnig fram í því frv. sem forsrh. samdi.

Því er haldið fram, að stefnt sé í þessari áætlun að minnkun erlendra lántaka. Ég get ekki betur séð en það sé þvert á móti. Greiðslubyrði okkar varðandi erlend lán minnkaði á árunum 1975—1978, að vísu ekki mjög mikið. En það staðfestir það, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. og í þessari skýrslu, að greiðslubyrðin jókst ekki, heldur minnkaði örlítið. En það er gefið fyllilega í skyn og það sýnir sig á öllu, að greiðslubyrðin muni hækka. Það sýnir sig líka, hvert stefnir, þegar breytt er frá því að

um helmingur af því lánsfé, sem útvega þarf, væri erlent lán, í það, að um 60—65% af þeim lánum, sem afla verður til opinberra framkvæmda, verða á árinu 1979 erlend lán, á móti 35—40% innlendum lánum. Það kom fram að á s. l. ári voru lántökur 41 milljarður, þar af 21 milljarður á innlendum lánamörkuðum, 20 á erlendum. En í ár er gert ráð fyrir 28 milljörðum á erlendum lánamörkuðum, en 23 milljörðum kr. á innlendum lánamarkaði.

Þegar vikið er að því, hvernig staða þjóðarbúsins verður samkv. þjóðhagsspánni í lok þessa árs og þá í sambandi við erlendar lántökur og þær forsendur sem þjóðhagsspáin byggir á, þá er hvorki tekið tillit til þeirra verðhækkana, sem orðið hafa á olíuvörum, né heldur til þeirra aðgerða, sem e. t. v. verður að grípa til í sambandi við verndun fiskstofna okkar. Við skulum vona að til þess þurfi ekki að koma, að þar verði á mikil breyting. Viðskiptajöfnuður var á s. l. ári 1.5%, en til upplýsinga má vekja athygli á því, að viðskiptajöfnuðurinn var neikvæður um áramótin 1974—1975 á milli 11 og 12%, þannig að frá 1974—1978 hefur orðið mikill bati í þessum efnum.

Þá er varðandi fjárfestingarsjóði gert ráð fyrir miklu meiri erlendri lántöku á árinu 1979 heldur en nokkru sinni fyrr. Er gert ráð fyrir að lántaka þeirra aukist um nærri 200%, eða úr 1664 millj. í 5 milljarða 430 millj. kr. Þannig verða fjárfestingarlánasjóðir á árinu 1979 fjármagnaðir með þrisvar sinnum hærri upphæð af erlendu fé heldur en á árinu 1978, eins og sú áætlun kemur út.

Ég held að það verði ekki hægt að halda því fram, þegar þetta er skoðað, að stefnt sé að minni lántökum erlendis enda þótt í heild komi dæmið þannig út, þegar bæði hlutfallið af því lánsfé, sem hið opinbera tekur, eykst varðandi erlendu lántökurnar og fjárfestingarlánasjóðirnir verða háðari erlendum lánum.

Þá er gert ráð fyrir því í þessari lánsfjáráætlun, að fjárfestingar á árinu 1979 verði innan við fjórðung af þjóðarframleiðslu eða útflutningstekjum. Þetta var eitt af þeim atriðum sem Alþfl. gerði kröfu til. Hann taldi ekki á sínum tíma mögulegt að standa að afgreiðslu fjárl. né heldur afgreiðslu lánsfjáráætlunar í ríkisstj., þannig að með einum eða öðrum hætti varð að gera í þessari áætlun þá lagfæringu að hægt væri að segja að hún þýddi í fjárfestingu innan við fjórðung af þjóðarframleiðslu. En með hvaða hætti er þetta gert? Jú, það er gerð till. um að hluti af jarðstöðinni verði ekki greiddur fyrr en á árinu 1980 og þannig skotið yfir þau áramót allsæmilegri upphæð til þess að ná tölunni niður. Það er farið fram á frestun á Hrauneyjafossvirkjun að ákveðnum hluta og reynt að koma því þannig fyrir, að hægt sé að skjóta yfir á árið 1980 verulegri upphæð til greiðslu og draga úr hraða þeirra framkvæmda. Það er jafnframt gert ráð fyrir breytingu hjá járnblendiverksmiðjunni. Þessar tilfærslur verða til þess, ásamt breytingu á framkvæmdum hjá álverinu, að sú heildartala, sem út úr þessu dæmi kemur, getur rúmast innan við fjórðung af þeirri þjóðarframleiðslu sem spáð er á árinu 1979.

Ég hef það fyrir satt, að hér sé um að ræða meira bókhaldsatriði heldur en hér komi til að framkvæmdir dragist mjög, því að samtenging þeirra mun vera með þeim hætti að þegar ákveðin verkefni eru komin í gang verði að ljúka þeim enda þótt þau verði ekki greidd fyrr en komið er fram yfir áramót. Með þessum hætti er komist, eins og ég sagði áðan, niður fyrir 25% af þjóðarframleiðslu í fjárfestingum á næsta ári.

Ég hef nú vikið að þeim helstu atriðum, sem ég vildi koma á framfæri við 1. umr. þessa máls, og þá aðallega á grundvelli þeirrar skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem ríkisstj. hefur lagt fram. Það eru að sjálfsögðu fjölmörg önnur atriði sem hægt væri að benda á til stuðnings þeirri skoðun minni, að forsendur fyrir þeirri þjóðhagsspá, sem fjárl. 1979 og lánsfjáráætlun 1979 eru byggð á, séu brostnar. Það verður að sjálfsögðu í þeirri n., sem fær frv. til meðferðar, farið í saumana á þessum atriðum og gerð nánari grein fyrir þessu og fengnir þar til þeir aðilar sem staðið hafa að samningu áætlunarinnar og þeir beðnir skýringa á þessum atriðum.

Varðandi frv. sjálft, þá eru þar atriði sem ég vil mega víkja að.

Fyrstu greinar frv. eru bein afleiðing af þeim till. hæstv. ríkisstj., með hvaða hætti verði staðið að lánsfjáröflun á vegum ríkisins, á vegum Landsvirkjunar, á vegum sveitarfélaga og í 7. gr. á vegum Orkubús Vestfjarða. Í 8. gr. frv. er svo komið að Byggðasjóði og lausninni af hálfu núv. ríkisstj. á því, hvernig Byggðasjóð skuli fjármagna. Það var á það bent við gerð fjárl., að þar skorti stórar upphæðir til þess að hægt yrði að standa við þá löggjöf sem gildir um Byggðasjóð, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Hér er ætlað að bæta úr með því að Byggðasjóður taki lán að upphæð 1 milljarð 480 millj. kr. til þess að standa undir fjármagnsgjöldum vegna byggðalína. Þetta sýnir í raun og veru hver hugur fylgir máli hjá þeim aðilum sem mest hafa talað í þessu efni, og er vert að vekja athygli á því.

9. gr. gerir ráð fyrir mikilli lántökuheimild fyrir Framkvæmdasjóð, sem er hluti af því sem ég vék að áðan varðandi fjárfestingarlánasjóðina. 10. gr. þarfnast hins vegar ekki skýringa. Í 11., 12., 13. og 14. gr. eru breytingar á lögum um Framkvæmdasjóð, um Jarðasjóð, um Stofnlánadeild og um Fiskveiðasjóð og þær tölur, sem fjárl. gera ráð fyrir, þar bundnar, en sú sjálfvirkni, sem verið hefur, er dregin til baka. Hér er um að ræða atriði sem ekki hefur verið samstaða um af hálfu stjórnarflokkanna, eftir því sem þeir hafa talað hér á síðustu dögum. Kemur á daginn við afgreiðslu málsins hvernig þeir standa að þessum greinum. Þetta er eitt af þeim vandamálum sem ríkisstj. hefur glímt við þegar fjárl. voru samþ., sú sjálfvirkni sem er í hinum ýmsu lögum. Í þessum till. er brugðist við því með þeim hætti að láta standa þau framlög sem í fjárl. hafa verið ákveðin, enda þótt til hærri upphæðar hefði átt að koma samkv. gildandi lögum.

Í 15. gr. frv. er ríkissjóði hins vegar skapaður nýr tekjustofn, því að þar er farið eins að með tekjur Byggingarsjóðs ríkisins og einnig Byggingarsjóðs verkamanna, en sérstakur tekjustofn er til þessara sjóða og í fjárl. því aðeins um millifærslu að ræða inn og út. Hér er gert ráð fyrir, að enda þótt tekjur af þessum tekjustofnum yrðu meiri en fjárl. gera ráð fyrir yrði það ekki greitt til Byggingarsjóðs ríkisins eða Byggingarsjóðs verkamanna, heldur renni það í ríkissjóð. Með því er verið að skapa ríkissjóði auknar tekjur. Um Lánasjóð sveitarfélaga og Erfðafjársjóð svo og Bjargráðasjóð gildir það sama og ég vék að hér áðan.

20. gr. fjallar hins vegar um tekjur Ferðamálasjóðs og með hvaða hætti þær skuli reiknaðar af tekjum ríkissjóðs frá Fríhöfn, svo og greiðslur af kostnaði Ferðamálasjóðs og starfsemi Ferðamálaráðs. Þær hugmyndir, sem hér

eru, ganga einnig í þá átt að skerða þann tekjustofn sem sá sjóður hafði fengið. Hafa verið uppi hugmyndir um slíkt, og sú till., sem hér liggur fyrir, kemur ekki ókunnuglega fyrir. Spurningin er hins vegar: Eru stjórnarflokkarnir sammála í þessu máli í þeirri veru sem þeir hafa talað varðandi skerðingu á sjálfvirkni þeirra laga sem hér hafa verið til umr?

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að fara fleiri orðum um þá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem lögð hefur verið fram, og það frv., sem hér er til umr. En ég held að það megi öllum ljóst vera, að hún er með sama hætti og annað það sem komið hefur frá þessari hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. er ekki ljóst hvert hún stefnir í efnahags- og fjármálum. Það er verið með bráðabirgðaaðgerðir. Hlutirnir gerast ekki á réttum tíma. Allt sýnir þetta betur, eftir því sem lífdagar stjórnarinnar verða fleiri, að hún er ekki fær um að gegna því hlutverki sem hún hefur tekið að sér.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í fjvn. vil ég við 1. umr. þessa máls gera nokkrar aths. bæði við málatilbúnað þann, sem hér hefur verið í frammi hafður, og nokkur efnisatriði þessa máls.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1979, sem kom óvenjuseint fram á þessu þingi, eins og hv. þm. er kunnugt, var fjallað um lánsfjáráætlun í aths. frv. og þar var sagt: „Lánsfjáráætlunin 1979 verður væntanlega lögð fyrir Alþingi í nóvember.“ Í samræmi við þetta var settur á laggir sérstakur starfshópur fjvn.-manna í haust til þess að fjalla um lánsfjáráætlun ríkisstj. Undanfarin ár var sá háttur hafður á. Því miður reyndist það oft svo að lánsfjáráætlun kom seint fram, en þó aldrei svo seint síðari árin að hún væri ekki til milli 2. og 3. umr.

Það liggur í augum uppi, að frv. sem þetta fjallar um veigamikla þætti fjárl. í raun, og eins og hæstv. ráðh. sagði skýrt og skorinort, þá er hér í raun um lánsfjárlög að ræða. Ég tek undir það með honum. En þeim mun andkannalegra verður hvernig vinnubrögðum í þessu efni er háttað. Þegar fjárlög eru ákveðin liggja ekki fyrir ákvarðanir um til hvers konar opinberra framkvæmda og ýmissa þarfa hins opinbera skuli taka lán og til hvers ekki. Það hlýtur að liggja í augum uppi, að slík vinnubrögð eru ótæk og eitt rekst á annars horn í ákvarðanatöku um þessi efni, eins og glöggt kemur fram í þessari skýrslu og frv. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1979. Ég vil taka undir þá hugmynd sem hæstv. ráðh. vitnaði til úr frv. hæstv. forsrh. sem hefur verið mikið rætt á Alþ., en ekki séð dagsins ljós, og eru það út af fyrir sig nýstárleg vinnubrögð. Kannske væri hægt að afgreiða það á einum eða tveimur dögum vegna þeirra umr. sem orðið hafa um þetta ágæta frv. hér á Alþ. án þess að það hafi verið lagt fram. En þar er vikið að því, að áætlun um lánsfé og fjárfestingu hins opinbera skuli gerð og lögð fram jafnframt fjárlagafrv. Það er mikill munur á þeim hugmyndum og þeim vinnubrögðum sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur í þessu efni.

Ég vil aðeins undirstrika það, að að sjálfsögðu skiptir meginmáli að þessar ákvarðanir séu teknar samtímis, ákvarðanir um lánsfjáráætlun og fjárfestingaráætlun og fjárlög, vegna þess að með þeim hætti einum er hægt að koma við heildarstjórn á ríkisfjármálunum og með þeim hætti einum vita menn hvað menn eru að gera þegar verið er að samþykkja fjárlög og lánsfjáráætlun. Ég veit að hæstv. ráðh. er mér sammála um þetta. En af því að ég tel hann vera glöggan mann á ríkisfjármálin vil ég mjög gagnrýna það, að ekki skyldi vera gerð tilraun til þess frá 1. febr., þegar mér skilst að lánsfjáráætlunarskýrslan hafi legið fyrir og verið samþ. í ríkisstj., til þess að skýra þessa skýrslu eða sýna hana fjvn. Á hinn bóginn var hún eins og önnur gögn hæstv. ríkisstj. sýnd öðrum samtökum utan Alþ. Hún var sýnd aðilum vinnumarkaðarins, að mér skilst, og við þá voru höfð samráð um gerð áætlunarinnar, en að sjálfsögðu var litið fram hjá þeirri stofnun í Alþ. sem þó fram til þessa hefur verið stuðst við sem þá stofnun sem gæti gefið Alþ. upplýsingar um hvernig líta beri á afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar.

Það er út af fyrir sig athyglisvert, að í þessari skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og frv., sem henni fylgir, er mikið talað um fjárfestingarstjórn, eins og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen kom hér inn á. Í raun er hér þó fyrst og fremst um að ræða ákvæði nokkurra greina frv. sem fjalla fyrst og fremst um að skerða framlög til einstakra fjárfestingarsjóða og um leið framlög sem ganga til fjárfestingarsjóðanna vegna markaðra tekjustofna. Þar er t. d. um að ræða launaskatt, sem á að ganga til húsnæðismálakerfisins. Það er því kannske fyrst og fremst markmið þessara ákvæða frv. um fjárfestingarstjórn, sem núv. hæstv. ríkisstj. gumar mikið af að hafi verið tekin upp, að seilast í nýjar tekjur fyrir ríkissjóð. Þetta er sem sagt hluti af skattastefnu núv. hæstv. ríkisstj. miklu fremur en stefnu í fjárfestingarmálum.

Í annan stað er athyglisvert, þegar gluggað er í hver stefna þessa frv. er og skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, að gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting opinberra framkvæmda minnki að magni til um 5% á árinu 1979. Á hinn bóginn er þess getið í þessari skýrslu, að magnminnkun opinberra framkvæmda 1978 hafi verið 14%. Frá þessu framkvæmdastigi er sem sagt skorið niður um 5%. Það er athyglisvert að gera sér þetta ljóst. Nú kann þetta að vera nauðsynlegt, á það ætla ég ekki að leggja neinn dóm. Ég lít svo á að meginstefnu til sé æskilegt að draga saman opinberar framkvæmdir eins og sakir standa í þjóðarbúskapnum. En það er athyglisvert, þegar þessi staðreynd er ljós, hvað hv. þm., sem að þessari ákvörðun standa, þeir Alþb.-menn og Alþfl.-menn, hafa sagt um slíka stefnu á árum áður.

Ég minnist þess, að í fjárlagaumr. sagði fulltrúi Alþb. um svipaða stefnu 1978: „Af hálfu áköfustu hægri manna í Sjálfstfl. hafa kröfurnar verið þær í ræðu og riti, að það eigi að vera markmið stjórnarstefnunnar að skera niður þátt ríkisins í verklegum framkvæmdum og þjónustu.“ Og hann bætti við: „Þetta er hin alkunna stefna hægri flokka.“ — Ég býð hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, velkominn í þennan hóp.

Fulltrúi Alþfl. sagði í þessum sömu umr.: „M. ö. o.: niðurskurðarstefnan, sem talað er um að fólgin sé í þessu frv.,“ — og þá er verið að fjalla um frv. til fjárl., — „er fyrst og fremst á þessum sviðum, að skornar eru niður framkvæmdir og sú þjónusta þar sem fólkið fær áþreifanlegasta sönnun fyrir því, að þeir fjármunir, sem það leggur til sameiginlegra þarfa, komi að gagni.“ Þá var hann að tala um skóla, hafnir, sjúkrahús o. s. frv.

Í þessu frv. er sem sagt gert ráð fyrir heildarniðurskurði um 5% frá því framkvæmdastigi, sem áður var ákveðið, en ekki er gert ráð fyrir niðurskurði til skóla, hafna og sjúkrahúsa um 5%, heldur var okkur sagt að það væru 12% þegar fjárlög voru afgreidd. Það er meiri niðurskurður til þessara áþreifanlegu þarfa fólksins, þar

sem sveitarfélög og ríki standa sameiginlega að framkvæmdum úti um landið við skóla, sjúkrahús og hafnir, en á öðrum sviðum opinberra framkvæmda. Þetta er mjög athyglisverð stefna í ljósi þeirrar gagnrýni og þess sem þessir hv. þm. hafa haldið fram á undanförnum árum. Ég álít að sú stefna að draga meira úr þessum framkvæmdum en öðrum á vegum hins opinbera sé mjög óraunhæf og ekki eðlileg. Ég álít að það eigi að ráðast frekar á garðinn þar sem hann er hærri en í þessum efnum.

Um fjárfestingarlánasjóði og þau áform, sem koma fram í þessu frv. og skýrslu um lánsfjáráætlun, hef ég á þessu stigi ekki mikið að segja. Ég vil þó aðeins benda á að að sumu leyti er þarna stefnt langt út fyrir það sem manni hefur skilist á hv. stjórnarsinnum í umr. hér að þeir stefndu að. Það er t. d. svo um Framkvæmdasjóðskerfið, að mér sýnist það bólgna um meira en 100% frá því sem það var í fyrra. Ég vil þó vekja fyrst og fremst athygli á einu. Það er hugmynd um það í skýrslu ríkisstj. að taka erlend lán til skipasmíða á byggingartímanum hér innanlands. Hér er um eðlilega hugmynd að ræða. Ég vil taka undir það að þetta sé kannað. Það er óeðlilegt að á einn eða annan hátt sé auðveldara fyrir menn að fá skip sín smíðuð erlendis heldur en innanlands, og þarna er um að ræða hluta af úrbótum í þeim efnum. En ég vil í þessu sambandi benda á að hér er verið að fara enn lengra út á þá braut að taka erlend lán til þess að reka íslenska atvinnuvegi. Þetta var gert með þeirri nýju tilhögun sem Seðlabankinn tók upp nú ekki alls fyrir löngu um það að taka erlend lán til að lána íslenskum atvinnuvegum vegna útflutningsbirgða. Ég skil mætavel að það skuli vera farið út á þessa braut eins og komið er núna með lánsfjármagn í landinu. En mér er fyrirmunað að skilja það, að mönnum, sem stefna í þessa átt, skuli ekki detta í hug að veita íslenskum sparifjáreigendum sömu kjör til þess að lána íslenskum atvinnuvegum og þeir vilja að útlendir sparifjáreigendur fái, því að að sjálfsögðu eiga einhverjir útlendir menn það sparifé sem tekið er að láni til íslenskra atvinnuvega, fyrst til fiskiðnaðarins og útgerðarinnar og til afurðalána í afurðalánakerfinu og síðan nú með þessari hugmynd um að taka erlend lán til skipasmíðastöðva til skipasmíða á þeim tíma sem skipin eru í smíðum. Væri æskilegt að menn hygðu að því, hvort ekki væri rétt að gera íslenskum sparifjáreigendum sömu kjör, veita þeim sama rétt til að lána innlendum atvinnuvegum með sömu kjörum og útlendingar fá nú að gera, þ. e. a. s. með gengistryggingu. Ég hefði gjarnan viljað sjá hugmyndir um þetta koma fram jafnframt því að fara meira út á þessa braut. Ég styð þessa hugmynd um að erlend lán séu tekin í þessu skyni, miðað við aðstæður eins og sakir standa, en ég vil aðeins benda á að þarna er verið að ganga lengra út á þá braut að veita erlendum sparifjáreigendum fríðindi hér til að lána íslenskum atvinnuvegum fé sitt, miðað við það sem íslenskir sparifjáreigendur hafa.

Í þessu frv. og skýrslu um lánsfjáráætlun er mjög vikið frá því sem ákveðið var í fjárl. að yrði tekið að láni til opinberra framkvæmda. Í fjárlagafrv. var t. d. gert ráð fyrir að tekið yrði 200 millj. kr. lán til þess að reisa þjóðarbókhlöðu. Þetta var skorið niður í meðförum Alþingis, niður í 75 millj. Síðan á samkv. þessu frv. að hækka þetta aftur í 200 millj. Það er sem sagt: upp með bókhlöðuna, niður með bókhlöðuna og upp með bókhlöðuna. Þetta er til merkis um stefnufestu ríkisstj. á þessu sviði. En þetta er líka dæmi um hvað það er fráleitt að vinna þetta svona, að vinna að lánsfjáráætlun og fjárlögum sitt í hvoru lagi.

Hér eru liðir eins og hækkað lán til vegagerðar frá fjárl. um 430 millj., til Lánasjóðs námsmanna um 700 millj., til flugmálastjórnar um 160 millj. Mér skilst að ætlunin sé að Alþ. leggi blessun sína á það, að flugmálastjórn hafi þegar keypt flugvél til umráða fyrir sig, en það mál hefur aldrei verið lagt fyrir fjvn. Ætlunin er sem sagt að nú taki önnur n. ákvörðun um það og leggi til við Alþ. að þetta verði heimilað samkv. þessu frv. — enn nýtt dæmi um hvað hér er um óhæf vinnubrögð að ræða.

Ég gæti talið svona lengi, en samtals er áformað að taka 5 milljörðum kr. meira að láni til framkvæmda vegna A- og B-hluta fjárl. heldur en gert var fyrir rúmum tveimur *mánuðum þegar fjárlög voru afgreidd.*

Ég vil vegna opinberra framkvæmda og lánsfjárþarfar almennt í þjóðfélaginu víkja hér að einu atriði sem hæstv. ráðh. kom raunar inn á, en það eru lántökur til hitaveituframkvæmda. Samkv. töflu í þessari skýrslu, á bls. 33, er gert ráð fyrir að þörfin fyrir útgjöld og fjárfestingu á þessu sviði séu 7.7 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir að úr rekstri eða sjóðum sveitarfélaga geti komið 3.3 milljarðar kr. í þessu skyni. Þarna er yfirleitt um nýframkvæmdir að ræða, nýjar hitaveitur, mjög mikið a. m. k., og mér þykir afskaplega ósennilegt að þær sé hægt að fjármagna með þessum hætti. Mér sýnist þarna vera um óraunhæfa áætlun að ræða og ef það er út af fyrir sig ekki markmið stjórnvalda að skera þessar framkvæmdir sérstaklega niður þurfi að gera þarna á bragarbót í viðbót við það sem búið er að gera með þessari áætlun og ég kom inn á áðan. Á þessu sviði er stærsta framkvæmdin Hitaveita Akureyrar. Til hennar er áætlað að verja 1800 millj. samkv. þessari áætlun, en fjárþörfin er talin nema allmiklu hærri upphæð. Hæstv. ráðh. minntist á þetta á jákvæðan hátt í máli sínu, og ég vil taka mjög undir það, að þetta verði endurskoðað í ljósi þeirrar staðreyndar að illa horfir um hækkanir á olíu, eins og mönnum er kunnugt, og að sjálfsögðu eru þetta framkvæmdir sem síst má skera niður eins og sakir standa. (**Forseti:** Mig langar að mega fara fram á það við hv. ræðumann, að hann fresti nú máli sínu til kl. 6. Ætlunin er að halda þingflokksfundi kl. 4 og halda síðan fundinum áfram kl. 6.) Ég hefði ekki orðið nema nokkrar mínútur að ljúka henni, en ég skal verða við tilmælum forseta. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Við fundarhlé var ég kominn að því í ræðu minni að ræða um lánsfjáröflun til hitaveituframkvæmda og nauðsyn á endurskoðun á þeim hluta lánsfjáráætlunarinnar. Því til viðbótar vil ég nefna annað atriði í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni sem mér sýnist að mistök hafi orðið í og þurfi að leiðrétta. Það kemur fram í 20. gr. frv., að fyrirhugað er að skera niður framlög til ferðamála og Ferðamálasjóðs. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að við gerð fjárl. var rekstrarkostnaður Ferðamálaráðs strikaður út úr fjárl., *en í frv. til fjárl. var gert ráð fyrir ákveðnum launakostnaði* og öðrum rekstrarkostnaði til starfsemi Ferðamálaráðs. Þetta var strikað út við afgreiðslu fjárl. samkv. till. meiri hl. fjvn. Ég benti á það í fjvn., að hér væri mjög óeðlilega að farið. Að sjálfsögðu væri það pólitískt atriði, hvort skera ætti niður framlög til ferðamála, en eðlilegt væri að gera ráð fyrir að rekstrarkostnaður Ferðamálaráðs væri útgjaldamegin í fjárl., en á móti yrði þá gert ráð

fyrir tekjum. Ef það væri ætlun hæstv. ríkisstj. og meiri hl. n. að það kæmi fé úr 10% skatti sem lagður er á sölu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, til þess að standa undir rekstrarkostnaði Ferðamálaráðs, þá væri að sjálfsögðu eðlilegt að taka þarna tekjur inn á móti eðlilegum útgjöldum vegna rekstrar ráðsins. Ástæðan fyrir því, að þetta er skynsamleg og eðlileg aðferð við fjárlagagerð, er einfaldlega sú, að með þessum hætti er hægt að hafa eftirlit með útgjöldum, mannahaldi og rekstri Ferðamálaráðs. En með þeim hætti að fella þetta algerlega út úr fjárl. er þessi stofnun skilin eftir algerlega í lausu lofti og fyrir utan allt fjármálakerfi ríkisins. Hér er sem sagt um enn eitt dæmi að ræða. Ef þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hefði verið unnin jafnhliða og afgreidd jafnhliða fjárl., þá hefði komið enn þá gleggra í ljós að þarna er um fráleit vinnubrögð að ræða, bæði við fjárlagagerðina og eins varðandi þessa 20. gr., enda kom hæstv. ráðh. lauslega inn á það í ræðu sinni að þetta þyrfti að endurskoða.

Ég vil vekja athygli á því, að ef þessi 20. gr. stendur óbreytt, þá verður ekki einungis um það að ræða að þetta fjármagn, sem átti að renna til ferðamála, komi ekki, heldur verður ekki samkv. rauntölum ársins í fyrra, 1978, um að ræða möguleika á að standa undir eðlilegum rekstri Ferðamálaráðs, hvað þá að það kæmi eitthvert fé til landkynningar og ferðamála eins og gert er ráð fyrir samkv. lögum þar um. Í þessu sambandi er rétt að minna á það, að tekjur af ferðamönnum á Íslandi eru þriðju hæstu einstakra útflutningsgreina eða aðrar þær hæstu og koma á eftir sjávarútvegi. Þær voru um 11 milljarðar kr. á s. l. ári. Hér er því ekki um neinn smáræðisatvinnuveg að ræða, og ef þetta mál fer svo fram sem gert er ráð fyrir í þessu frv. er það ljóst dæmi um hvernig óhentug og óeðlileg vinnubrögð geta hreinlega orðið til þess að menn skeri niður framlög sem eru jafnnauðsynleg og raun ber vitni til þess að stuðla að framgangi þessarar atvinnugreinar.

Að lokum, herra forseti, vil ég aðeins koma inn á eitt aðalmarkmið með þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem um er getið í skýrslu ríkisstj. Þar segir, að með henni sé stefnt að aðhaldi í ríkisbúskapnum, hann verði stóraukinn og áhersla lögð á jafnvægi á þessu sviði, á jafnvægi í ríkisfjármálunum. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að við fjárlagaafgreiðslu voru nokkrir endar lausir. Greiðsluafgangur á fjárl. er tæpir 2.5 milljarðar kr. reikningslega séð, eins og fjárl. voru afgreidd. En ég vil aðeins mega spyrja hæstv. fjmrh. varðandi fjárlagadæmið, vegna þess að það hefur ekki komið fram, hvort hæstv. ríkisstj. hyggst standa við ýmsar ákvarðanir sem þessi fjárlagaafgreiðsla byggðist á, þ. e. a. s. þegar greiðsluafgangur var fundinn, tæpir 2.5 milljarðar kr.

Í fyrsta lagi vil ég spyrja hann: Hefur ríkisstj. hugsað sér að lækka niðurgreiðslur um 2.8 milljarða? Er hún staðráðin í því að lækka niðurgreiðslur um 2.8 milljarða, en á því byggðist fjárlagaafgreiðslan? Hvenær er þá hugsað að þessar lækkuðu niðurgreiðslur komi til framkvæmda, og ef hann hefur upplýsingar um það, hvað mundi þetta þá hafa mikil áhrif á verðlag?

Ekki var gert ráð fyrir að laun opinberra starfsmanna hækkuðu 1. apríl, svo sem þau eiga að gera samkv. samningum. Þau eiga þá að hækka um 3%. Þetta mundi kosta ríkissjóð um 1300 millj. kr., að ég hygg, á árinu í ár. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Eru enn þá horfur á því, að ríkissjóður muni ekki þurfa að reiða fram þetta fé, 3% kauphækkun til opinberra starfsmanna 1. apríl.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í fjárlagadæminu, að í tryggingakerfinu verði sparaðar 940 millj. kr. með því að hækka gjöld á lyf og vegna sérfræðilæknishjálpar, hækka gjöld á sjúklingum um allverulegar fjárhæðir, og heildarsparnaðurinn átti að vera 940 millj. kr. á árinu. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvað líður þessum áformum? Eru enn þá horfur á því, að hægt sé að spara á þennan hátt í tryggingakerfinu 940 millj. kr.?

Þá vil ég gjarnan fá upplýsingar um það, hvort ráðstafanir hafi verið gerðar til að afla fjár vegna ýmissa opinberra þjónustustofnana, en eins og fram hefur komið hér á hinu háa Alþ. mun þær skorta margar hverjar verulegar fjárhæðir til þess að endar nái saman í rekstri þeirra. T. d. mun vera svo um Póst og síma, að hann skorti um 2000 millj. kr. til þess að endar nái saman.

Og í síðasta lagi spyr ég, hvenær sé að vænta till. ríkisstj. eða meiri hl. hv. fjvn. um niðurskurð útgjalda, en heimild er í fjárl. til 1000 millj. kr. niðurskurðar á ríkisútgjöldum.

Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um þetta. Ég hygg að hv. dm. vanti slíkar upplýsingar til þess að hafa einhverja mynd af því, hvernig staða ríkisbúskaparins er, og það hlýtur að þurfa að gera sér grein fyrir því að einhverju leyti þegar verið er að taka afstöðu til raunar nýrra fjárl., eins og hæstv. ráðh. benti á, þ. e. a. s. lánsfjárlaga fyrir árið 1979.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um heimild til lántöku vegna lánsfjáráætlunar ársins 1979. Jafnhliða þessu frv. er til umr. sú skýrsla sem með frv. fylgir, skýrsla ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1979.

Þegar frv. hliðstæð þessu hafa verið hér til umr. á undanförnum árum hef ég tekið þátt í nokkuð almennum umr. um málið. En það verð ég þó að segja, að þær umr. hafa orðið miklu minni en efni stóðu til, og hef ég gjarnan kvartað undan því að svo hefur til tekist. Í sambandi við það, sem upp var tekið fyrir nokkrum árum, að láta fylgja hliðstæðu frv. þessu, um heimildir í sambandi við lánsfjáráætlun, allítarlega skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjármál hef ég talið og tel enn að það hafi verið mjög til bóta í okkar efnahagsmálum að fá skýrslu af þessu tagi og þá grg. sem felst í henni. Hins vegar hef ég og reyndar fleiri bent á að það hafi verið galli á þessu að ekki skuli hafa verið unnt að leggja fram þessa skýrslu samhliða fjárlagafrv., svo að hægt væri að ræða um fjármálastefnuna ekki aðeins í því formi, sem fjárlagafrv. gefur tilefni til, heldur einnig á þeim breiðari grundvelli sem slík grg. sem hér liggur einnig fyrir sem fskj. með þessu frv. gefur tilefni til.

En það er ekki aðeins að svo hafi til tekist áður eins og nú, að þessi skýrsla er nokkuð seint á ferðinni, heldur er hitt, og það er kannske enn þá verra, að þannig hefur verið staðið að málum nú nokkrum sinnum að það hefur í rauninni orðið lítil aðstaða hér á hv. Alþ. að taka þetta mál í heild fyrir til umr. Því miður hefur jafnvel borið á því, að það væri ekki aðeins að þeir, sem farið hafa með ríkisstj. á hverjum tíma, hafi dregið fremur úr því að slíkar umr. gætu farið fram, heldur virðist ekki hafa verið mjög mikill áhugi á hv. Alþ. fyrir því að hafa þessar umr. á því stigi sem ég tel að eðlilegt væri.

Hér er um það að ræða að gefin er skýrsla um hvernig

til hefur tekist á liðnu ári um ýmsa meginþætti í efnahagsmálum landsins. Og það liggur fyrir nokkur samanburður á því, hverngi til hefur tekist í sambandi við það sem áætlað hafði verið. Síðan liggur fyrir ný spá um hvað væntanlega muni gerast og ný áætlun sem fara á eftir varðandi þessi mál í heild. Þá er ekki verið að ræða einvörðungu um fjárlög ríkisins í þrengri merkingu, heldur um ríkisbúskapinn allan. Ég tel að það hefði vissulega verið þörf á því hér á Alþ. að fá ítarlega umr. um þessi mál, og þá stæðu menn kannske svolítið öðruvísi að ýmsu því sem er verið að taka ákvarðanir um í efnahagsmálum þjóðarinnar, ef slík umr. færi hér fram á eðlilegan hátt.

Mér sýnist að að þessu sinni fari eins og farið hefur í a. m. k. 2—3 undangengin ár, ósköp svipað um þessa umr. og þá hefur farið, að umr. ætli í sjálfu sér að verða lítil um þetta höfuðmál sem fyrir þinginu er. Ég verð að segja það, að mér þykir næsta einkennilegt að ekki skuli takast að fá fram almenna umr. um jafnmikilvægt mál og hér er á ferðinni. Þegar menn eru að öðru leyti að springa af áhuga út af vissum þáttum efnahagsmála, t. d. hvaða prósentur skuli skrifa fyrir árið 1980, þá virðast menn ekki hafa getu til að taka þátt í almennum umr. um þróun efnahagslífs okkar bæði á liðnu ári og varðandi þær spár sem fyrir liggja.

Það er enn sá sami galli á nú og áður hefur verið í sambandi við þá skýrslu, sem hér er lögð fram, og þær áætlanir, sem hér er verið að ræða um, að ekki er nema að litlu leyti um að ræða skýrslur ríkisstj. sjálfrar. Hér koma til stofnanir, sem þegar hafa tekið til sín ærið mikið vald: annars vegar Þjóðhagsstofnun, sem semur heilu kaflana og er kannske ekki að semja þá eða láta hafa það eftir sér í fyrsta skipti í þessari áætlun og hliðstæðum áætlunum, eða þá það eru grg. frá Seðlabankanum um ýmsa þætti málsins. Það fer ekkert á milli mála, að það eru þessir aðilar sem semja þessa þætti. (**LárJ:** Hvað heitir skýrslan?) Jú, jú, hún heitir það sama og hún hefur heitið í langan tíma eða að mestu leyti sama nafni, en eigi að síður er svona að málinu staðið. Og hér er ekki eingöngu um það að ræða, að Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun séu að gera grein fyrir staðreyndum sem fram hafa komið í sambandi við efnahagsmál þjóðarinnar, heldur eru þessir aðilar í grg. sínum einnig að segja hvað skuli gera og hvað eigi að gera og hvernig eigi að standa að málum. Og því miður efast ég um að ríkisstjórnir, sem leggja fram skýrslu eins og þá sem hér liggur fyrir, hafi að öllu leyti gert sér grein fyrir hvað í skýrslunni segir, bæði nú og áður. Ég vil t. d. benda á að samkv. fastri venju, a. m. k. í seinni tíð, er þó alltaf einn kafli á algeru hrognamáli, sem flestir, sem hér eru inni, vita hver hefur búið til. Auðvitað vilja ríkisstjórnir alltaf segja: Þetta eru ekki mín orð og þetta er ekki frá mér, — af því að þetta er á þessu einstaka hrognamáli sem enginn maður skilur. En það sýnir aðeins hvernig að þessu er staðið, að menn hafa ekki einu sinni gefið sér tíma til að setja einhvern í að þýða hrognamálið á mælt mál. Þetta er eins nú og það hefur verið áður. En þetta er í rauninni aukaatriði málsins, þótt ég bendi aðeins á það sem greinilegt sönnunargagn um hvernig ýmsar þær aths., sem hér eru settar fram, eru raunverulega til komnar.

Með þessu vildi ég segja það, að mér þykir miður að ekki skuli takast fremur nú en áður að fá hér fram — nú langar mig til að nota frægt orð sem mjög er farið að ryðja sér til rúms í efnahagsmálum: heildstæðar umr. um það — sbr. heildstæðar till. — heildstæðar umr. um þetta mikilvæga mál sem hér liggur raunverulega fyrir. (**Gripið fram í:** Á ársgrundvelli?) Já, heildstæðar umr. á ársgrundvelli eða eitthvað líkt því. En mig langar til að víkja þrátt fyrir allt að ýmsum þáttum þessa máls, hafandi sagt þetta almennt um málið.

Frv., sem hér er raunverulega á dagskrá, það má segja að það sé í öllum meginatriðum í hefðbundnum búningi, því að þar er einkum verið að leita eftir heimildum til lántöku umfram þær heimildir sem liggja fyrir annars staðar til þess að hægt sé að framkvæma þau atriði sem tekin hefur verið ákvörðun um að skuli reyna að framkvæma. Raunverulega er því frv. um það sem heitir lánsfjáráætlun hjá okkur. En að þessu sinni er búið að setja dæmið þannig upp, að hér er farið að kalla þetta fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Um það vil ég segja nokkur orð.

Raunverulega er það svo að mínum dómi, að hér er um tvær alveg aðgreindar áætlanir að ræða. Það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því, að hér er um tvær alveg aðgreindar áætlanir að gera.

Fjárfestingaráætlun, sem mikið hefur verið rætt um í mörg ár, hefur hingað til verið samin þannig að hún hefur verið mjög ófullkomin, og það hefur verið viðurkennt af öllum, að sá hluti áætlunarinnar, sem ætti að heita fjárfestingaráætlun, hefur alltaf verið mjög ófullkominn. Segja má þó að nokkur hluti fjárfestingaráætlunarinnar, sá sem snýr beint að ríkinu og ríkisstofnunum, hafi verið í sæmilegum búningi, af því að inn í þessa fjárfestingaráætlun hefur verið tekið það sem búið er að ákveða varðandi fjárfestingar í fjárl., og einnig er tekið inn í fjárfestingaráætlunina það sem ákveðið hefur verið í öllum meginatriðum og snertir hið opinbera eða fyrst og fremst ríkið.

Að nokkru leyti hefur verið tekið inn í þessa áætlun spá um það, hver muni verða fjárfesting á vegum annarra opinberra aðila, þ. e. a. s. sveitarfélaga. Þó verður að segja það eins og er, að í fjárfestingaráætluninni hefur sá þáttur verið tekinn afar lauslegum tökum, þ. e. a. s. að setja upp raunverulega áætlun um hver fjárfestingin muni verða á árinu á vegum sveitarfélaga. Þó er í áætluninni alltaf að finna nokkra spá um það.

En þegar komið hefur svo að hinum hluta þessarar fjárfestingaráætlunar, sem snertir fjárfestingu annarra aðila, sem ekki flokkast undir opinbera aðila, þá hafa menn talað um fjárfestingu atvinnuveganna og fjárfestingu einstaklinga og þá hefur það verið gert með þeim hætti, þó að tölur hafi verið settar inn í fjárfestingaráætlun, að það hefur í rauninni verið ýmist um framreikning að ræða frá árinu á undan eða mjög lauslega spá. Við skulum taka sem dæmi að í þessari fjárfestingaráætlun hefur verið gert ráð fyrir að til framkvæmda í sambandi við byggingar á verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og hótelum yrði varið tiltekinni fjárhæð. En hvernig hefur hún verið fundin? Hún hefur yfirleitt verið tekin þannig, að fjárfestingin, sem metin hafði verið í þessari grein árið á undan, hefur verið framreiknuð sem nemur verðhækkun á milli ára. Þeir, sem þessa áætlun hafa gert, þ. e. sérfræðingar í Þjóðhagsstofnun, hafa viðurkennt að hér væri um algera spá af sinni hálfu að ræða, ekki venjulega áætlun um hvað menn ætli sér fyrir fram að verja miklu af þjóðartekjunum í þessu skyni og hvaða ráðstafanir menn ætli að gera til þess að farið verði eftir slíkri áætlun. Að þessu leyti til hefur hin raun-

verulega fjárfestingaráætlun okkar alltaf verið mjög ónákvæm og ófullkomin, og satt að segja geri ég ekki neinn teljandi mun á þeirri fjárfestingaráætlun, sem hér liggur fyrir nú, varðandi þetta og öðrum þeim áætlunum sem áður hafa verið lagðar hér fram. Það byggist á því, hvernig að því hefur verið staðið að gera þessa áætlun, og svo á hinu, að það eru ekki gerðar neinar teljandi ráðstafanir til að fylgja því eftir, að við þessa áætlun sé staðið, ekki nema þá helst í sambandi við opinbera aðila.

Það er auðvitað gefið mál, að þegar búið er að gera fjárfestingaráætlun um þjóðarbúið í heild, þá þarf að gera aðra áætlun, sem er í rauninni ákveðinn útdráttur úr fjárfestingaráætlun, en það er lánsfjáráætlun, því að það þarf að gera sérstakar ráðstafanir til að sjá um varðandi þann hlutann, sem opinberir aðilar hafa með að gera fyrst og fremst, að útvegað verði fjármagn til að framkvæma áætlunina. Af þessum ástæðum er lánsfjáráætlunin aðeins undiráætlun til þess að reyna að tryggja að vissum hluta að hægt verði að standa við fjárfestingaráætlun.

Ég tel það síður en svo til bóta nú frá því sem verið hefur að gera ráð fyrir að hræra þessu tvennu saman í eitt og búa til eina áætlun sem heitir fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, því að í eðli sínu er hér um tvær aðgreindar áætlanir að ræða, ef menn hugsa sér að gera heilsteypta áætlun fyrir fjárfestingarnar í þjóðarbúinu í heild, ekki aðeins á vegum opinberra aðila, heldur einnig á vegum annarra. En sá háttur hefur verið tekinn upp nú að reyna að hræra þessu saman og kalla þetta fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. En það skiptir ekki höfuðmáli að mínum dómi þó að þetta sé gert svona, á meðan við búum enn við það að gera okkar fjárfestingaráætlun með þeim hætti sem við gerum hana nú, því að ég tel að það sé í rauninni alveg óhjákvæmilegt, ef menn ætla að taka fjárfestingaráætlun alvarlega, að vinna hana á allt annan hátt en nú er gert.

Í þessu efni vil ég minnast á það, að snemma á þessu þingtímabili, eða í októbermánuði, var ég tilnefndur í sérstaka n. á vegum ríkisstj. ásamt með fulltrúum frá Alþfl. og Framsfl. til þess að fjalla um það, hvernig ætti að koma fyrir því ákvæði í stjórnarsáttmálanum að hér yrði tekin upp ný fjárfestingarstjórn, stjórn á fjárfestingunni. Þessi n. varð að lokum sammála um það, eftir að búið var að halda marga fundi með þeim aðilum sem þarna áttu hlut að máli, hvernig ætti að vinna að því að semja fjárfestingaráætlun og hvernig ætti við núverandi aðstæður að standa að því að reyna að fylgja henni eftir og sjá um að hér væri um að ræða meira en spá, heldur væri þetta alvöruáætlun sem ætlað væri að fylgja fram og hafa þannig stjórn á fjárfestingunni. En svo undarlega hefur tekist til, þó að hæstv. ríkisstj. hafi sett þessa n. og skipað fulltrúa frá öllum stjórnarflokkunum til að fjalla um málið og sú n. hafi orðið sammála, þá vill hæstv. ríkisstj. ekki fara eftir þessum till., en heldur sig alveg við gamla kerfið, þ. e. a. s. að láta hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun og Seðlabankann búa til spádómsplagg, sem kallað er fjárfestingaráætlun, í alveg hliðstæðu formi og verið hefur, þó að allir hafi viðurkennt að við höfum hingað til ekki búið við eiginlega fjárfestingaráætlun, heldur að verulegu leyti aðeins spádóm um hvernig fjárfestingin muni ganga fyrir sig.

Ég vil því undirstrika það, að það er skoðun mín, að eigi raunverulega að taka hér upp skipulega fjárfestingarstjórn þurfi að verða breyting á því, hvernig fjárfestingaráætlun er samin, og eins á því, hvernig eigi að standa að því að reyna að fara eftir henni. Á meðan ekki er gerð breyting á þessu frá því skipulagi sem verið hefur, þá verður ekki nema um lauslega áætlun að ræða sem vikið verður frá í mjög ríkum mæli í framkvæmd. Því vil ég þó ekki neita, að áætlun í þessum efnum í þeim búningi, sem verið hefur, sé með öllu gagnslaus. Hún hefur haft gildi, hún hefur verkað sem aðhald á vissum sviðum. Menn hafa verið að gera sér að einhverju leyti betur grein fyrir því, í hvaða átt væri stefnt og hvaða markmiðum menn ætluðu að ná, en það hefur ekki verið gert á skipulegan hátt.

Mig langar þá til að víkja nokkuð að þeirri merkilegu skýrslu, sem hér liggur fyrir, þar sem um er að ræða verulega grg. um það, hvernig til hefur tekist á ýmsum sviðum og hvað menn hafa í huga í sambandi við ýmsa mikilvægustu þætti efnahagsmála á komandi ári.

Fyrst vil ég benda á það, að í þessari grg. er skýrt nokkuð frá því, hvernig sá mikilvægi þáttur hefur orðið í framkvæmdinni sem snertir erlendar lántökur í sambandi við framkvæmdir. Í skýrslunni er sagt frá því, að árið 1977 hafi farið þannig, að þá hafi verið farið fram úr ráðgerðri lántökuáætlun upp á tæpa 10 milljarða kr., 9800 millj. kr., sem sagt, reynslan hafi orðið sú, að þó að menn hafi gert áætlun um erlendar lántökur fyrir árið 1977 tókst það þannig í reynd, að áætlunin bilaði og menn fóru fram úr því, sem áætlað hafði verið, sem nam tæplega 10 milljörðum kr. En hvernig tókst þetta til á nýliðnu ári, árinu 1978? Þá tókst þetta enn lakar til, því að þá fóru menn fram úr áætlun í þessum efnum upp á 12 milljarða kr. á sambærilegum grundvelli. M. ö. o.: þó að menn hefðu sett þarna upp áætlun, gert ráð fyrir að ekki yrðu tekin meiri erlend lán en tiltekinni upphæð nam, þá brast áætlunin í framkvæmd og það varð að víkja frá henni. Ég deili ekki á þá sem stóðu að þessum framkvæmdum. Ástæðurnar til þess að áætlunin hélt ekki er hvort tveggja þetta sem ég hef minnst á: Áætlunin hefur ekki verið nægilega vel gerð og einnig skorti verulega á um það að ganga þannig frá hnútum að það væri farið eftir áætlun. Ég tel fyrir mitt leyti, eins og þessi mál ber að nú, um þá áætlun, sem nú er upp sett t. d. varðandi þennan mikilvæga þátt, varðandi erlendar lántökur, að mestar líkur eru til þess að það fari svipað með þá áætlun og farið hefur með hliðstæðar áætlanir á liðnum árum. Hér er aðeins um lauslega áætlun að ræða sem menn í upphafi ársins ætla sér að reyna að fara eftir, en þar bilar einn þátturinn af öðrum vegna þess að ekki hefur verið tekið upp nægilegt heildarskipulag um þessa hluti eða þá menn hafa byrjað með því að setja slíkar reglur að þær voru öldungis óframkvæmanlegar. Ég skal t. d. segja það nú þegar, að það er skoðun mín að sú upphæð, sem nú er sett inn í áætlun varðandi einn þátt sem ég minntist á, þ. e. a. s. erlendar lántökur í sambandi við kaup á nýjum fiskiskipum, — ég er sannfærður um það fyrir mitt leyti, að sú áætlunartala, sem hér liggur fyrir, fær ekki staðist, ekki nema þá ríkisstj. ætli svo að segja að skrúfa fyrir það með öllu að ný fiskiskip verði keypt til landsins með þeim venjulegu lánskjörum sem hafa fylgt slíkum kaupum. Ég tel algerlega óraunhæft að búast við því, að hægt verði að mestu leyti að loka fyrir slíkar lántökur, jafnvel þó að menn gengju út frá því, sem ég fellst ekki á, að fiskiskipafloti okkar sé nægilega stór, og þá venjulega mælt í rúmlestum, hversu stór hann sé að rúmlestatölu til. Jafn-

vel þó menn féllust á að svo væri ástatt og af þeim ástæðum gætu menn svo að segja lokað fyrir kaup á fleiri skipum, þá er með öllu útilokað að taka tillit til sérstæðna varðandi þennan málaflokk eftir því, hvernig málin ber að. Það hefur farið þannig og mun fara þannig áfram, að það koma upp mörg atvik sem gera í rauninni alveg óhjákvæmilegt að heimilaðar verði lántökur í þessum efnum, og ég reikna með því, að sú tala, sem sett hefur verið inn í dæmið að þessu leyti til, reynist óraunhæf, jafnvel þó að einnig hafi verið sett inn í heildardæmið fjárveiting til innlendrar skipasmíði sem er nokkru betri en sú sem áður var.

Það hefur verið bent á það í þessum umr., og ég get tekið undir það, að auðvitað þýðir afskaplega lítið í þessum efnum, þegar menn eru að reyna að setja sér nokkurn ramma um framkvæmd á efnahagsmálum, að skrifa annaðhvort á loforðalista eða jafnvel að setja það í lög, eins og nú hefur verið barist fyrir, að fjárfestingin skuli vera einhver tiltekin prósentutala. Sumum, eins og t. d. þeim Alþfl.-mönnum, hefur ekki dugað minna en að það væri heilagt atriði, að fjárfestingin færi ekki yfir 24.5%, og hefur í þessu efni verið afskaplega skemmtilega á þessum málum haldið. Fulltrúar Framsfl. hafa komið fram og sagt: Við getum fallist á að þarna standi talan 25%. — Alþfl. svarar aftur og segir: Alls ekki nema 24.5%. — Auðvitað vitum við að þetta er hreinn skrípaleikur og í rauninni alveg sama, við þær aðstæður sem við búum við dag, hvort við skrifum í lagagrein eða annars staðar 24.5% eða 25%. Það eru önnur lögmál sem grípa hér inn í og breyta þessu í reynd, á meðan ekki er gengið öðruvísi frá grundvallaratriðum þessa máls. En það er auðvitað hið táknræna í sambandi við þessa umr. eins og aðrar efnahagsumr. hér, að menn geta blásið sig upp út af slíku aukaatriði sem þessu og þykjast vera þeir einu sem vilja negla það niður með lögum að verðbólgan skuli ekki vera meiri en eitthvað tiltekið, eins og það sé hægt að setja bara lög um verðbólguna. Þeir Alþfl.-menn þykjast vera þeir einu sem af alvöru berjist fyrir því og hafi jafnvel svo mikinn áhuga að þeir biðja um orðið utan dagskrár út af till. sem þeir hafa fundið upp til þess að undirstrika brennandi áhuga sinn á baráttunni við verðbólguna. En þeir virðast ekki hafa áhuga á því að ræða hér um grundvallaratriðin í stjórn efnahagsmála, hvernig til hefur tekist, hvernig áætlanir eru gerðar, hvernig á að standa að framkvæmd þeirra og til hvaða atriða menn verða að taka tillit í sambandi við efnahagsmál.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls, hef ég gert tilraunir til þess á Alþ. ár eftir ár að reyna að fá hér fram almennar umr. um þessi þýðingarmiklu mál, en það hefur verið takmarkaður áhugi á því. Auðvitað hafa hinir vísu menn í Þjóðhagsstofnun eða í Seðlabankanum skrifað ritgerðir sínar eins og þeir gera nú og segja með alls konar fyrirvörum: Sé miðað við þetta og eftir líklegri spá, þá má telja o. s. frv. Og ætlunin er að starfa innan þessara marka, þ. e. a. s. miðað við 24.5% eða eitthvað þess háttar. En auðvitað gera þessir ágætu menn sér það ljóst, að hér er aðeins um tiltölulega óákveðin áform að ræða. Það eru ekki skilyrði enn fyrir því, hvorki í okkar löggjöf né í okkar framkvæmdakerfi, að hægt sé að líta á þetta öðruvísi en sem viljayfirlýsingu eða spá.

Þetta er auðvitað svipað og það, að menn geta líka haldið áfram að deila um slík aukaatriði eins og þau, að sumir vilja negla það niður í lögum að ákveðið sé að ríkisumsvifin svonefndu, þ. e. a. s. útgjöld á fjárl., skuli ekki fara yfir tiltekna prósentu af þjóðarframleiðslu. Og nú er klifað á því hér, að með því, sem þegar hafi verið ákveðið með fjárl. og öðrum fjármálalegum ákvörðunum hæstv. ríkisstj., séum við örugglega innan 30% markanna hvað þetta áhrærir varðandi yfirstandandi ár, árið 1979. En þetta er alveg augljóslega rangt. Ástæðurnar liggja í því, að fjárl. eru miðuð við tiltekin útgjöld á desemberverðlagi 1978, þ. e. a. s. útgjöld fjárl. eru um 209 milljarða kr. miðað við verðlagið í des. 1978. Varla er nokkur maður hér inni sem lætur sér til hugar koma að þessi áætluðu útgjöld á desemberverðlagi 1978 verði hin raunverulegu útgjöld í krónum talið á árinu 1979. Allir vita að útgjöldin verða hærri. Ef á að miða við þær forsendur, sem fjárlagafrv. var byggt á, þ. e. a. s. 30—34% verðbreytingu á milli ára, þarf vitanlega að bæta við útgjöldin, 209 milljarða kr., a. m. k. 15% til þess að fá meðaltalshækkunina á næsta ári og þá yrðu, ef fjárl. stæðust þetta, útgjöldin á fjárl. kringum 240 milljarða. **(Gripið fram í:** Þm. verður að reikna með þjóðarframleiðslunni á sama verði.) Það er það sem ég ætlaði að koma að. Þjóðarframleiðslan, sem menn hafa verið að spá er á verðlagi ársins 1979 áætluð 733 milljarðar kr. Hún er ekki verðlögð í þessari tölu á desemberverðlagi 1978. Ef menn taka þennan samanburð á sambærilegu verðlagi, hvort tveggja t. d. á verðlagi 1979, þá kemur auðvitað í ljós að ríkisútgjöldin eru í kringum 33% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Ef talan 30 er skrifuð einhvers staðar og einhver jir menn geta róast út af því að sjá töluna 30% einhvers staðar fyrir árið 1979, þá höfum við sagt, Alþb.-menn: Ef hægt er að lækna einhvern sjúkdóm með því að menn fái að reikna þetta með þessum hætti, þá látum það standa. Það er búið að ákveða fjárlög fyrir árið 1979. Við eigum eftir að sjá hver þjóðarframleiðslan árið 1979 verður, við höfum aðeins áætlun um hana. Þessi tala getur því í rauninni ekki breytt neinu um það. Reynslan ein verður að sýna hvort við verðum innan 30% markanna eða ekki varðandi 1979. Hins vegar höfum við sagt: Það fær okkur enginn til að fara að setja í lög ákvörðun um það, að við skulum einnig vera innan 30% marka á árinu 1980. Þá vitum við ekki nema menn komi sér saman um að reikna dæmið rétt þá, og þá yrði auðvitað um stórkostlegan samdrátt að ræða, ef menn færu þá að reikna dæmið rétt.

Þetta nefni ég líka sem dæmi um það, hvað menn geta æst sig upp út af miklum aukaatriðum varðandi stjórn efnahagsmála. En þeir virðast ekki hafa nokkurn minnsta áhuga á því að ræða skýrslu eins og þá sem hér liggur fyrir um það, hvernig farið hefur á nýliðnu ári, árinu 1978, um þær áætlanir sem gerðar voru fyrir það ár, hvernig tókst til, hvað við fórum þar mikið fram úr áætlun á hinum ýmsu sviðum og hvernig þær áætlanir eru byggðar upp sem liggja fyrir varðandi árið 1979. Í þessari hvítu bók sem hér fylgir með, sem heitir Skýrsla ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979 og er byggð á þeim grundvelli sem ég hef verið að lýsa og samin að verulegu leyti af þeim aðilum, sem ég hef greint hér frá, — í þessari skýrslu er margt fróðlegt að finna og býsna þýðingarmikið. En þar er líka um að ræða spár eða fullyrðingar sem ég fyrir mitt leyti tek ekki undir. Ég tel að þar sé ýmislegt skrifað alveg út í bláinn og hafi ekkert á bak við sig eða þá þar sé um skoðanir og óskir að ræða frá hálfu Seðlabankans eða Þjóðhagsstofnunar, en ekki að hér sé um eitthvað bindandi að ræða.

Í þessum efnum skal ég fyrst vitna í það að í þessari

skýrslu stendur neðst á bls. 5 og efst á bls. 6 orðrétt það sem hér skal nú lesið, með leyfi forseta:

„Í forsendum þjóðhagsspár fyrir árið 1979 er miðað við að neysluvöruverð hækki um 33% að meðaltali á þessu ári og um 30% frá upphafi til loka ársins. Þetta fæli í sér umtalsverða verðbólguhjöðnun á þessu ári.“ Svo segir áfram: „Sá árangur næst þó ekki nema fylgt verði þeirri stefnu í kauplags- og verðlagsmálum að hækkun peningalauna verði minni en fylgir óbreyttu kerfi vísitölubindingar launa.“

Þetta segir á mæltu máli, að spáin sé byggð á því, að það verði gert frávik til lækkunar frá samningum sem fyrir liggja um útreikning á launum. Þetta geta þeir auðvitað sagt sem búið hafa til tilteknar spár um þróunina 1979. En það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um þetta og verði hún ekki tekin er auðvitað spáin reist á röngum forsendum. Þetta er aðeins eitt dæmi um það, hvernig staðið er að gerð þeirrar spár, sem hér liggur fyrir, og síðan ýmsum útreikningum, sem miðað er við.

Ég veit ekki, vegna þess að langt er liðið á fundartímann, hvað ég á við 1. umr. að vekja athygli á mörgum atriðum í þessari skýrslu, sem hér liggur fyrir, þar sem er verið að gera grein fyrir ýmiss konar atriðum. Ég vík þó sérstaklega að nokkrum atriðum, sem tími ætti að gefast til að minnast á.

Á 16 bls. í þessari skýrslu um fjárfestingu og lánsfjáröflun er gert ráð fyrir því, að sú breyting verði gerð á varðandi svonefndan skyldusparnað, að verulegur hluti af skyldusparnaði, sem innheimtur er samkv. lögum um Húsnæðismálastofnun, verði tekinn og varið í allt öðru skyni en ætlast er til samkv. þeim lögum. Ég vil taka það strax fram, að um þetta atriði hef ég algeran fyrirvara. Ég tel fyrir mitt leyti að það séu alveg fráleit vinnubrögð að standa þannig að málum að sérmerkja skattlagningu eða innheimtu, ákveða með lögum að leggja á tiltekið gjald í alveg ákveðnu og afmörkuðu skyni og svo þegar búið er að leggja gjaldið á, búið er að innheimta það, þá sé tekin ákvörðun um að nota fjármagnið í allt annað en ákveðið hafði verið með lögum að ætti að gera. Ég tel að þetta séu afleit vinnubrögð. Hitt viðurkenni ég fullkomlega, að eins og fjárfestingaráætlunin er byggð upp, þá er augljóst að það vantar fjármagn til þess að tryggja að hægt sé að standa við þá fjárútvegun sem gert ráð fyrir til ýmissa sjóða. Það er hreinlega gert ráð fyrir að þarna vanti fjárhæð til starfsemi sjóðanna, einkum atvinnuvegasjóða, sem þessari fjárhæð nemur sem ætlað er að úr húsnæðismálakerfinu eða af þessum skyldusparnaði. Þarna er auðvitað vandi á ferðum og það þarf að leysa þennan vanda, vegna þess að það er skoðun mín, að teflt sé á tæpasta vað í þessari áætlun um fjáröflun til ýmissa stofnlánasjóða sem eru mjög þýðingarmiklir í atvinnulífinu. Ég vil því ekki skorast undan á neinn hátt að taka þátt í að tryggja að þessir sjóðir fái það fjármagn a. m. k. sem gert er ráð fyrir í þessari áætlun. En þá leið, sem þarna er valin, þ. e. a. s. að taka merktan tekjustofn og verja honum til allt annars en gert hafði verið ráð fyrir með lögum, tel ég alveg fráleita.

Það er auðvitað líka mjög mikilvægt að vita það, sem ekki kemur fram í þessari skýrslu eða í sjálfu frv. sem hér liggur fyrir, hvort hér er aðeins um að ræða að þeir 2 milljarðar kr., sem ætlað er að taka af skyldusparnaði ungmenna og færa til annars verkefnis en þeir áttu að renna til samkv. lögum, séu aðeins lán til eins árs, aðeins til bráðabirgða, eða ætlunin sé að taka þessa fjárupphæð frá húsnæðismálakerfinu og færa hana yfir til stofnlánasjóðanna í formi venjulegra lána, sem er verið að afla handa þeim, og láta þá þessa sjóði fá þessa fjárhæð að láni til 10, 12 eða 15 ára. Ég nem staðar við þessa ráðagerð, sem þarna er á ferðinni. Ég tel að þarna sé farið inn á mjög varhugaverða braut.

Þetta er nokkuð skylt þeirri hugmynd sem fram hefur komið í annarri tillögugerð, að hægt sé að taka t. d. fjármagn, sem lagt hefur verið sem sérstakur launaskattur á öll greidd laun í landinu og ákveðið hefur verið að rynni í Byggingarsjóð ríkisins, til húsnæðismálakerfisins, — að ætla sér að taka þetta fé, sem svona verður til, og láta það renna í ríkissjóð eða því verði ráðstafað til að leysa einhver önnur vandamál en áætlað hafði verið þegar gjöldin voru lögð á. Það tel ég líka alveg fráleitt. (**Gripið fram í:** Þetta er ein af forsendum fjárl., 10% af launaskatti.) Ég verð að segja það, að sé það í sambandi við fjárl., þá hefur það farið fram hjá mér. Hitt er mér vel kunnugt um, að það var samkomulag um það á milli stjórnarflokkanna að ganga út frá því, að hinir eiginlegu stofnlánasjóðir atvinnuveganna skyldu ekki fá allt það framlag á árinu 1979 sem lög gerðu ráð fyrir, það yrði minnkað. En það hefur aldrei hvarflað að mér, að til þess gæti komið að tekinn yrði markaður tekjustofn eins og sá sem rennur til húsnæðismálakerfisins og er í formi launaskatts, — hann yrði tekinn til þess að standa undir allt öðru en áætlað var. Við þetta geri ég aths. líka fyrir mitt leyti.

Í þeim kafla þessarar skýrslu, sem nefndur er bankakerfið og fjallar um bankakerfið, koma fram ýmsar áætlanir sem þeir aðilar hafa sett upp sem skrifað hafa þennan kafla sem augljóslega kemur beint frá Seðlabankanum, en þessi kafli er reyndar á mæltu máli og ágætu máli og þannig auðskilinn. Þar segir t. d. á einum stað, á bls. 19, orðrétt á þessa leið:

„Stefnt er að því að takmarka aukningu almennra lána innlánsstofnana við tæp 33% og heildarútlán þeirra við rúm 30%. Náist jafnframt fyrrgreint markmið um greiðslujöfnuð ríkissjóðs verður útlánaaukning bankakerfisins í heild aðeins um 20% samanborið við 30 og 40% síðustu tvö ár.“

Jú, vissulega er hægt í grg. eins og þessari að tala á þessa lund, að miðað við tiltekin atriði geti þetta farið svona og svona, og auðvitað er ekkert við því að segja þó að menn hafi í svona skýrslu, að stefnt sé að þessu eða hinu. En ég fyrir mitt leyti geri við þetta aths. vegna þess, að ég tel að það verði að fara mjög gætilega í að beita slíkri pólitík við núverandi aðstæður í okkar efnahagslífi, að herða verulega á útlánum af hálfu bankakerfisins. Það er skoðun mín að þegar sé farið að bera á alvarlegum kreppingi í okkar atvinnulífi vegna þess að bankarnir beiti mjög hörðum reglum varðandi lán til atvinnurekstrarins. Ég er því ekki samþykkur þeirri pólitík að ætla að herða hér verulega á, þ. e. a. s. að draga verulega frá því sem nú er úr lánveitingum til atvinnurekstrarins að því leyti til sem um er að ræða eðlileg rekstrarlán. Hitt er hins vegar gefið mál um þær reglur sem hér er stuðst við varðandi stofnlán, að þar er búið að binda veitingu stofnlána býsna fast, þannig að stofnlánasjóðirnir eiga ekki að ráða yfir nema tilteknu fjármagni. Má því segja að búið sé að taka þar fyrir alla aukningu og í rauninni gera ráð fyrir ákveðnum samdrætti í sambandi við fjárfestingu. En að draga síðan af því þá ályktun, að rétt sé að

stefna að enn frekari samdrætti í bankakerfinu varðandi lánveitingar til atvinnulífsins, undir það tek ég ekki.

Sá kafli í þessari skýrslu, sem ber nafnið lánsfjármarkaðurinn, er á þessu sérstaka máli sem ég hef minnst hér á. Það er mjög torskilið margt sem þar er sagt og í rauninni þannig sett fram, að það er með öllu óverjandi að halda því öllu lengur að leggja fyrir Alþ. þýðingarmiklar grg. sem eru settar fram á slíku máli sem þar er um að ræða. Það er full ástæða til þess að undan því sé kvartað enn einu sinni. Hér þarf að gera á breytingu og segja þetta á þann hátt að allir geti skilið það. Í þessum kafla er þó gerð grein fyrir því, að stefnt sé að því að draga mjög verulega úr heildarframboði á lánsfé til atvinnuveganna, gert sé ráð fyrir að draga mjög verulega úr því frá því sem var á s. l. ári. Um það atriði gildir hið sama og ég hef sagt áður um hliðstæð atriði.

Ég skal svo víkja örfáum orðum að nokkrum greinum frv. sjálfs sem eru um viðbótarheimildir handa ríkisstj. til að taka ný lán í samræmi við þá fjárfestingaráætlun sem hér er gerð grein fyrir. Mér sýnist að það sé full ástæða til að veita ríkisstj. allar þær heimildir sem hún fer hér fram á til þessara framkvæmda, ég er ekki á móti því á neinn hátt. Ég vil sérstaklega minnast á það, að gert er ráð fyrir í þeirri áætlun, sem hér er lögð fram, að ríkisstj. fái heimild til þess að taka lán til Bessastaðaárvirkjunar upp á 600 millj. kr. Við vitum að það er áður búið að eyða allmiklu fjármagni í undirbúning að þessari virkjun, og við á Austurlandi höfum lagt á það mjög ríka áherslu að tekin yrði ákvörðun um framkvæmdir í þessum efnum. Í þessari skýrslu er ekki aðeins gert ráð fyrir því, að áætlaðar séu til Bessastaðaárvirkjunar 600 millj. kr. til að ljúka við allan undirbúning og til framkvæmdarinnar, en í grg., sem fylgir með, segir um þetta atriði orðrétt á þessa leið:

„Hvenær ráðist verður í framkvæmdir ræðst af því hvenær virkjunin telst hagkvæm í heildarskipulagi orkumála landsins, þar með talin öryggissjónarmið."

Hér er sagt: „hvenær ráðist verður í framkvæmdir". Ég tel að með því orðalagi, sem hér liggur fyrir, og með þeirri ákvörðun, sem fram kemur í till. um beina fjárveitingu, hafi verið tekin ákvörðun um að ráðast í þessa virkjun. Aðeins er eftir að ákveða hvenær ráðist verður í framkvæmdina, því að hér er ekki lengur um það að ræða, hvort ráðist verði í framkvæmdina, heldur aðeins hvenær framkvæmdin á að hefjast. Leikur því að mínum dómi enginn vafi á því, að hér er um beina ákvörðun um það að ræða, að í þessa framkvæmd verði ráðist, og er sannarlega kominn tími til að taka þessa ákvörðun, miðað við allar aðstæður í okkar fjórðungi í rafmagnsmálum og miðað við allan þann drátt sem á því hefur orðið að taka þessa ákvörðun. Ég vænti að þeir, sem hafa framkvæmdavaldið, sjái nauðsynina á því, að í þessa virkjunarframkvæmd verði ráðist sem fyrst, en að sjálfsögðu verða þeir að meta það með hliðsjón af öðrum orkuframkvæmdum, hvenær réttast þyki að fá þá orku inn á kerfið sem gert er ráð fyrir að fáist úr þessari virkjun.

Herra forseti. Ég skal svo ljúka þessu máli mínu. Hér er um að ræða 1. umr. um það frv. sem fylgir þessari áætlun. Væntanlega verður einhver tími til þess að ræða nánar um skýrsluna í heild og þá stefnu sem felst raunverulega í því frv. sem hér liggur fyrir, ræða það nánar þegar málið kemur úr n. Er nú kominn tími til að fara að vinna að því, að það geti orðið sem fyrst, því að þó nokkuð er liðið á árið og er þá nauðsynlegt að þær heimildir liggi fyrir sem framkvæmdirnar verða að byggjast á. Ég sem sagt fæ aðstöðu til að ræða nánar um þetta mál síðar, þegar kannske stendur eitthvað betur á í þinginu en nú um þetta leyti dags.

Umr. frestað.

Efri deild, 63. fundur.

Fimmtudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 316, n. 392 og 399, 397). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Iðnn. klofnaði í þessu máli. Meiri hl., Vilhjálmur Hjálmarsson, Jón Helgason, Ágúst Einarsson, Þorv. Garðar Kristjánsson og Stefán Jónsson, ritar undir meirihlutaálitið, Þorv. Garðar Kristjánsson þó með fyrirvara, en framannefndir fulltrúar mæla með samþykkt frv. án breytinga. Minni hl., hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, skilar séráliti.

Svo sem fram kom í ræðum okkar allra, ætla ég, sem meiri hl. myndum, við 1. umr. er enginn okkar út af fyrir sig þeirrar skoðunar að taka verðjöfnunargjalds af raforku með þeim hætti, sem ráðgerður er í þessu frv., sé æskileg lausn á vandanum. Öllu fremur má segja að við samþykkjum þessa lausn til bráðabirgða vegna þess að önnur sé ekki tiltæk og í trausti á yfirlýsingar hæstv. iðnrh. um að stefnt sé að varanlegri og skynsamlegri lausn og unnið kappsamlega að undirbúningi hennar. Andmæli, sem fram hafa komið í umsögnum, svo sem frá Sambandi ísl. rafveitna, prýðilega rökstudd og borin fram af frómum huga, eru þess háttar að til þeirra verður aðeins tekið tillit á síðara stigi málsins, er ígrundaðar verða leiðir til þess að jafna aðstöðu rafmagnskaupenda um land allt til frambúðar.

Geta má um bréf frá Rafveitu Siglufjarðar, þar sem andmæli eru raunar eingöngu við það miðuð að undanþiggja Siglfirðinga greiðslu jöfnunargjaldsins. N. gerði sér grein fyrir sérstökum vanda þessarar rafveitu vegna slæmrar fjárhagsstöðu, en telur að þar sem útsöluverð á raforku í Siglufirði er neðan meðalmarkanna sé ekki unnt að greiða þangað verðjöfnunargjald. Fjárhagsvanda þeirrar stofnunar verður að leysa, en eftir öðrum leiðum.

Við okkur blasa nú geigvænleg vandamál sem lúta að verðlagi á orku og þá fyrst og fremst á olíu, — verðhækkun sem skellur nú á okkur eins og öðrum þjóðum. Þessi verðhækkun er raunar vísbending um það sem koma hlýtur. Við eigum það nokkurn veginn víst, að verð á olíu mun halda áfram að hækka og sennilega með vaxandi hraða samtímis því sem framboð á olíunni minnkar af þeirri einföldu ástæðu að hún er á þrotum.

Ég geri ráð fyrir því, að erfitt verði fyrir velflesta að hugsa um vandamál, sem skapast af mjög svo mismunandi verðlagi á raforku á landi hér, án þess að hugsa um þann mismun sem landsmenn búa við í orkuverði yfirleitt. Ég var einmitt þessa dagana að fá hitaveitureikninginn minn heim til mín hér í Reykjavík, þar sem kemur í ljós að meðalhitunarkostnaður á íbúð minni er rétt röskar 4 þús. kr. á mánuði, en við okkur blasir núna að húshitunarhækkunin, sem fólki utan hita-

veitusvæðanna er búin af olíuverðshækkuninni, fyrir samsvarandi íbúð nemur rösklega 20 þús. kr. á mánuði.

Ég vil ekki andmæla þeim sjónarmiðum að rétt sé að láta það fólk njóta fyrirhyggju og dugnaðar sem slíkt hefur sýnt af sér á liðnum árum í sambandi við öflun raforku og jarðvarma til þess að hita upp hús. Ég vil að það fólk verði sannarlega látið njóta fyrirhyggju sinnar í nokkru. En svo er komið að ég tel alveg óhjákvæmilegt að við gerum ráðstafanir til þess að jafna aðstöðumuninn að þessu leyti sem víðast um landið. Sjálfur sé ég ekki nokkra leið til þess að gera það í raun og veru með öðrum hætti en þeim að koma á nokkurs konar jöfnunargjaldi og jafna þessum kostnaði niður með einhverjum hætti. En ég ítreka að ég geri mér grein fyrir því, að verðjöfnunargjald af raforku, sem framlengt hefur verið ár eftir ár nú um sinn, er bráðabirgðaráðstöfun. Þessi aðferð við verðjöfnun er ekki til frambúðar, getur ekki orðið það, en eins og stendur eigum við ekki annarra kosta völ að mínum dómi.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Vegna sérskoðunar minnar í þessu máli bar ég ekki gæfu til þess að vera í þeim annars glæsilega félagsskap sem skipar meiri hl. iðnn. þessarar hv. d. Ég sagði: sérskoðunar minnar, en ég sé raunar eftir að hafa hlustað á ræðu frsm. meiri hl. að ég hef alls ekki haft neina sérskoðun í þessu máli. Ég sé ekki betur en meiri hl. hafi verið mér sammála, og í trausti þess að hv. þm. verði nú minnugir þess, þegar að akvgr. kemur, að þeir eru ekki við neitt bundnir nema sannfæringu sína, vonast ég til að þeir fylgi þeim hugmyndum eða þeirri skoðun sem ég set fram í nál.mínu. Ef hv. þm. treysta sér ekki til þess vegna þess að þar sé of langt gengið, þar sem ég vil ganga alfarið gegn frv., þá væri hugsanlegt að athuga það á síðara stigi, þ. e. a. s. við 3. umr., að flytja brtt. sem skemur gengur og væri þá einungis um að falla frá hækkuninni á verðjöfnunargjaldinu.

Stefán Jónsson, hv. 4. þm. Norðurl. e., sagði að enginn í meiri hl. iðnn. væri út af fyrir sig á þeirri skoðun að verðjöfnunargjald á raforku, eins og gert væri ráð fyrir í frv., væri lausn á vandanum. Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum eru þá hv. þm. að skrifa undir meðmæli með frv. sem felur í sér till. um slíka lausn? Hv. þm. talar um að slík lausn sé til bráðabirgða, því að önnur sé ekki tiltæk. Það er nú svo með þær bráðabirgðalausnir, sem ýmsir hv. þm. geta hugsað sér að fylgja, að þær eru ansi langvinnar oft og tíðum, og það á ekki einungis við um þetta mál. Lausnir til bráðabirgða geta varað mörg ár ef því er að skipta, og svo er í þessu tilfelli. Það eru orðin æðimörg ár síðan fyrst var farið inn á þessa leið, og þegar gripið var til hækkunar var ævinlega sagt að það yrði í engu tilfelli lengur en eitt ár staðið þannig að málum. Nú er enn vegið í þennan sama knérunn og gjaldið á að hækka úr 13% upp í 19%. Minna má ekki gagn gera. Fara á enn þá lengra á þessari leið sem allir hv. þm. virðast vera sammála um að óskynsamlegt sé að fara. Menn sætta sig við þá lausn sem þeir telja sig hafa í sjónmáli og felst í því, að hæstv. iðnrh. lýsi því yfir í des. að stefnt mundi að annarri lausn. Ja, hv. þm. er nægjusamir.

Hv. þm. Stefán Jónsson lét í ljós mér til mikillar gleði skoðun sem ég vil túlka sem visst grundvallarlífsviðhorf. Hann sagði að hann vildi sannarlega láta það fólk njóta fyrirhyggju og dugnaðar sem slíkt hefði sýnt, og á þá við þau sveitarfélög sem hafa haft fyrirhyggju og dugnað til þess að ráðast í framkvæmdir á réttum tíma og réttum stöðum og geta því selt þjónustu sína við eftir atvikum hóflegu verði. Vitanlega eiga þau sveitarfélög, sem svo stendur á um, og íbúar þeirra, viðskiptavinir orkuveitnanna, að njóta slíkrar fyrirhyggju og dugnaðar. Hitt er annað mál, að það geta verið þær ástæður fyrir hendi sem hvorki koma við fyrirhyggju né dugnaði. Það geta verið fyrir hendi landfræðilegar, félagslegar eða aðrar óviðráðanlegar orksakir, sem verða til þess að orðið hefur að gera ráðstafanir sem leiða til dýrari raforku en ella hefði orðið. Það er meginskoðun mín, sem fram kemur í því litla nál. sem ég hef sett fram, að við slíkum vanda eigi að snúast með öðru móti en þessu. Og ég fæ ekki betur séð en a. m. k. hv. frsm. meiri hl. iðnn. sé sjálfur líka þeirrar skoðunar og telji að aðrir nm. séu á sama máli. Ég læt því í ljós að við kunnum að sameinast um tillögugerð í þessu máli við 3. umr., jafnvel þó hún væri líka til bráðabirgða. Það gæti verið bráðabirgðalausn sem skárri væri en þessi.

Það hefur komið fram í umr., bæði í þessari d. og í Nd., að þegar um vanda af félagslegum eða landfræðilegum ástæðum sé að ræða sé miklu eðlilegra að leysa slíkt á almennari grundvelli, af almennu ríkisfé, en að láta þá, sem við hagstæðara verð búa vegna þess að þeir hafi notið skynsemi og dugnaðar forustumanna sinna, bera kostnað fyrir önnur sams konar fyrirtæki. Slíkt er vitanlega engum til góðs og felur ekki í sér hvatningu til þess að fara skynsamlega að ráði sínu, heldur þvert á móti. Það dregur úr því að menn vandi sig, sýni ráðdeild, skynsemi og dugnað í mikilvægum framkvæmdum eins og þeim sem liggja til grundvallar við öflun og miðlun raforku.

Í nál. mínu nefni ég fjórar röksemdir og þá fyrst og fremst þá grundvallarástæðu, að það sé röng stefna að fyrirtæki, sem fjárfest hefur með hagstæðum hætti og er vel rekið, eigi að greiða kostnað annarra sams konar fyrirtækja, þar sem ekki hefur eins vel tekist til. Í öðru lagi nefni ég þá röksemd að raforkuverðshækkun, sem yrði vegna samþykktar frv., mundi hækka vísitölu og þar með allt verðlag í landinu. Í þriðja lagi, að fyrirkomulagið, sem hugsað er samkv. frv., komi jafnvel þyngst niður á þeim notendum rafmagns sem við hæst verð búa nú þegar. Og í fjórða lagi nefni ég þá röksemd, sem sérstaklega á við um Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en hún er, að Rafmagnsveita Reykjavíkur á við fjárhagsvanda að etja vegna þess að ríkisstj. hefur neitað henni um verðhækkunarheimild. Þess vegna varð Rafmagnsveita Reykjavíkur að taka dýr erlend lán og stendur undir miklum fjármagnskostnaði af þeim sökum. Hugsanleg hækkun á raforkuverði í Reykjavík væri þess vegna betur komin hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur en annars staðar. Held ég að hljóti að liggja í augum uppi, að það geti ekki verið skynsamlegt ráðslag að láta Rafmagnsveitu Reykjavíkur fyrst fara í dýra fjármagnsöflun, standa undir kostnaði þess vegna og taka síðan að sér að bera kostnað vegna annarra veitna á landinu sem verr eru settar og e. t. v. hafa ekki getað annaðhvort fjárfest eins skynsamlega eða jafnvel eru ekki af einhverjum ástæðum reknar með eins hagkvæmum hætti.

Ég læt, herra forseti, þetta duga. Það kom fram ábending til n. og eindregin ósk frá Siglfirðingum um að þetta frv. yrði sérstaklega athugað með tilliti til þeirra. Það má vel vera að sú yrði niðurstaða d. að það verði

gert. En á þessu stigi vil ég freista þess að láta á það reyna, hvort hv. þm. greiða ekki atkv. með þeirri sannfæringu sinni að sú leið, sem almennt er lögð til í þessu frv., sé óskynsamleg, og muni því standa að því að fella frv.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Við hv. þm. Hannes Baldvinsson flytjum litla brtt. þannig, að orðalag á 2. mgr. 1. gr. breytist og við bætist þar:

„Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og annarra rafveitna sem við sambærilegan fjárhags- og orkuöflunarvanda eiga að etja.“ — Þetta mun naumast geta átt við aðrar en Rafveitu Siglufjarðar, en svo háttar til að hún er ekki samtengd rafveitukerfi landsins. Siglfirðingar hafa af eigin rammleik risið undir orkumálum sínum, bæði að því er rafveitu varðar og eins hitaveitu, sem var tiltölulega dýr framkvæmd, og nýja virkjunin í Fljótaá er mjög dýr og fjármögnuð með erlendu fé. Ríkisvaldið hefur ekkert á sig lagt til þess að sjá Siglfirðingum fyrir orku, gagnstætt því sem víðast er annars staðar. Þess vegna er ekkert réttlæti í því að síhækka skatta á þessa rafveitu.

Ég treysti því, að hv. þm. muni geta greitt atkv. með þessari litlu till. Þetta munar Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins nánast engu, þetta yrði örlítil upphæð og á valdi ráðh. þar að auki að ákveða hver hún yrði. Gjarnan má geta þess líka, að Siglfirðingar hafa séð t. d. Fljótum og Ólafsfirði fyrir raforku með því að selja Rafmagnsveitum ríkisins af sinni orku. Hins vegar hefur ekki náðst fram að tengja Skeiðsfossvirkjun við raforkukerfið í Skagafirði t. d., sem var reynt að gera fyrir nokkrum árum þegar nýja virkjunin var að komast í gagnið. Ef það hefði verið gert hefði verið hægt að létta mjög miklum olíukostnaði af Rafmagnsveitum ríkisins og þessi virkjun hefði þá fengið auknar tekjur sem hefðu létt henni þá baráttu sem hún nú stendur í.

Síhækkandi gjald á Siglfirðinga, sem einskis hafa notið af ríkisfé, er ekkert réttlæti. Ég ætla að vonast til þess, að hv. þm. í þessari virðulegu og réttsýnu d. muni nú treysta sér til að greiða atkv. með þessari litlu till. og sýna þar tillitssemi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er um framlengingu á verðjöfnunargjaldi af raforku og með nokkurri hækkun frá því sem verið hefur.

Menn hafa í þessum umr. lítillega komið inn á ástæðuna fyrir því, að tekið var upphaflega að leggja verðjöfnunargjald á raforku. Ástæðan var sú, að nauðsynlegt þótti að gera nokkurt átak til þess að leiðrétta það misræmi sem var á orkuverði því sem þeir, er voru á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins, greiddu og svo aðrir. Ég hygg að aldrei hafi verið bornar brigður á það, að mikið misrétti væri í þessum efnum og menn byggju við mjög mismunandi kjör eftir því hvar þeir væru búsettir á landinu. Um það er ekki ágreiningur. Þetta er staðreynd. Og þetta var staðreynd þegar verðjöfnunargjaldið var upphaflega lögleitt. En menn hafa alla tíð haft nokkuð mismunandi skoðanir á þeirri leið sem farin er til þess að stuðla að meira jafnrétti og draga úr misréttinu með því að leggja á verðjöfnunargjaldið. Þó er það svo, að ágreiningur um þetta efni hefur ekki verið hávær. Það hefur verið svo í verki, að flestir og ég vil segja allir stjórnmálaflokkarnir hafi látið sér lynda að fara þessa leið.

Þessi leið var tekin upp 1965 af þáv. ríkisstj., viðreisnarstjórninni. Okkur sjálfstæðismönnum þótti þá rétt að fara þessa leið, og hefur ekki verið ágreiningur innan okkar raða um það, þegar málið hefur verið tekið fyrir á Alþ. og lög þessi hafa verið framlengd og verðjöfnunargjaldið áður hækkað. Við höfum staðið að því, og við höfum talið að við værum að gera rétt, vegna þess að verðjöfnunargjaldið stuðli að meira réttlæti í þessum málum en yrði ef verðjöfnunargjaldið kæmi ekki til.

Frá mínu sjónarmiði hefur ekkert breyst í þessu efni. Það er ekki minni ástæða til þess að viðhalda verðjöfnunargjaldi í þessum tilgangi en áður hefur verið. Þarf ekki að fara mörgum orðum um það, því að aldrei hefur misréttið verið meira en einmitt nú. Og þegar riðin er yfir sú verðhækkunaralda á olíu, sem nú er búist við og er vitað að kemur, eykst um allan helming það misrétti sem ekki hefur tekist að leiðrétta. Það er því ekki að mínu viti kjörið tækifæri nú til að snúast gegn þeirri ráðstöfun sem felst í verðjöfnunargjaldinu.

Eins og ég kom að áðan felur það frv., sem hér er til umr., ekki einungis í sér að endurnýja ákvæði um verðjöfnunargjald af raforku, heldur er gert ráð fyrir að þetta gjald hækki um 6%. En gert er ráð fyrir að sérstök ákvæði gildi varðandi þessa hækkun. Þau ákvæði er að finna í 2. mgr. 1. gr. frv., því að þar segir að hækkun gjaldsins um 6% skuli varið til að ná fram verðjöfnun á töxtum til heimilisnotkunar og iðnaðar hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Ef menn halda að það sé ofgert gagnvart því fólki, sem býr á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, með þessari hækkun á verðjöfnunargjaldinu, eins og nú er ástatt, þá þykir mér það ekki bera nægilega mikinn vott um skilning á því misrétti sem hefur verið í þessu efni og nú eykst verulega þrátt fyrir þessar aðgerðir. Í raun og veru er aðeins um að ræða viðleitni til þess að hamla nokkuð á móti misrétti, en það er enn langt frá því að þessar aðgerðir nægi. Og þá kem ég að því, sem menn hafa vikið að, að verðjöfnunargjaldið er að sjálfsögðu ekki neitt allsherjarráð í þessum efnum. Það þarf miklu meira að koma til en þær ráðstafanir sem felast í frv. því sem hér er til umr. Um það mætti ræða langt mál. En ég hygg að kjarni þess máls sé sá, að koma þurfi á fót nýju skipulagi í orkumálum þjóðarinnar, — nýju skipulagi sem miðar að því að það geti verið sem mestur jöfnuður manna á milli í þessum efnum, hvar sem þeir eru búsettir á landinu.

Það vill svo til, að á borð hv. þm. var lögð í byrjun nóv. s. l. skýrsla með till. um skipulag orkumála landsins. Þessar till. voru með grg. frá sérstakri nefnd sem hafði verið skipuð af fyrrv. orkumálaráðh. til að vinna að þessum málum. Nefndin gerði margar till. og var sammála í öllum atriðum, nema varðandi skipulag á raforkuframleiðslu landsins. Ég skal ekki fara að ræða þetta álit, en ég vil taka það fram, að þó að allir nm. væru ekki sammála um hvaða skipulag ætti að vera á raforkuframleiðslunni voru allir sammála um að það bæri að stefna að sem mestum jöfnuði á raforkuverði hvar sem væri á landinu. Og menn voru líka sammála um að einn liðurinn í þessari viðleitni væri sá að leggja niður Rafmagnsveitur ríkisins, eftir því sem við yrði komið, og miðað við að koma á því skipulagi sem tryggði landsmönnum þá þjónustu sem Rafmagnsveitur ríkisins inna

nú af höndum.

Ég sagði að ég ætlaði ekki að fara að ræða um þann ágreining um skipulag raforkuvinnslunnar sem fram kom í þessari nefnd og við vitum að er uppi. En í fáum orðum sagt er það annað sjónarmiðið, að það eigi að vera eitt aðalorkuvinnslufyrirtæki fyrir allt landið, en hins vegar það sjónarmið að orkuvinnslan geti verið í höndum landshlutafyrirtækja og komið verði upp skipulagsbundinni samvinnu milli allra þeirra fyrirtækja sem orkuvinnsluna hafa með höndum.

Ég fyrir mitt leyti tel að þýðingarmest sé að koma á því skipulagi sem stuðlar best að hagkvæmum rekstri orkufyrirtækja eða orkuvinnslunnar. Mér er engin launung, enda er það kunnugt, að ég er á þeirri skoðun, að það verði betur gert með því að fleiri orkufyrirtæki komu þarna við sögu en ef orkufyrirtækið væri eitt. Með því tækist betur en ella að virkja þann kraft, sem sveitarfélögin geta lagt fram í þessu efni, og þá staðarþekkingu, sem fyrir hendi er í sveitarfélögunum, en síður þegar þessi mál eru miðstýrð úr Reykjavík. Það er nefnilega ekki aðalatriðið að hafa sama orkuverð um allt land, ef orkuverðið er óþarflega hátt, ef skipulagið stuðlar ekki að lægsta orkuverði sem mögulegt er. Það er enginn fengur í því að stefna á sama orkuverð ef það þýðir að orkuverð þurfi að verða hærra. Aðalatriðið í þessu máli er að hafa það skipulag sem stuðlar að sem hagkvæmustum rekstri og sem lægstu orkuverði og jafnframt að orkuverðið verði sem jafnast um allt land.

Ég skal ekki ræða meira um þessi efni. Ég vík aðeins að þeim til þess að vekja athygli á því, hvað mikil verkefni eru fyrir höndum að koma orkumálum landsins, og þá sérstaklega raforkumálum sem við hér ræðum um, í það horf sem þarf til þess að við getum vænst þess að búa við það ástand að ekki verði lengur um að ræða hrópandi misrétti milli fólks eftir því hvar það er búsett í landinu.

Frv. það, sem hér er til umr., er aðeins vottur, liggur mér við að segja, af viðleitni til þess að bæta úr. En þó að frv. þetta leysi ekki allan vandann er full þörf á að það nái fram að ganga, vegna þess að svo mikið er misréttið og óréttlætið í þessum efnum að það ætti að vera skylda okkar að stuðla að því að bæta úr í hvað litlum mæli sem vera kann. Ég skrifaði undir nál. með þessu máli með fyrirvara. Sá fyrirvari átti að vera til þess að leggja áherslu á hvað það væri mikil þörf á frekari aðgerðum í þessum efnum en felast í því frv. sem hér er til umr.

Ég vil svo víkja nokkrum orðum að brtt. þeirri sem er fram lögð á þskj. 397 af þeim Eyjólfi K. Jónssyni og Hannesi Baldvinssyni. Ég held að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því, hvernig það kom til að verðjöfnunargjaldið var lagt á, — ég kom raunar inn á það í upphafi ræðu minnar, — en það var til þess að bæta rekstur Rafmagnsveitna ríkisins og til þess að stuðla að meira jafnrétti og jafnara orkuverði milli þeirra, sem bjuggu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins, og hinna, sem fyrir utan það bjuggu. Ég held að ekki hafi verið neinn ágreiningur um það, þegar þessi lög voru upphaflega sett 1965, að það væri tvennt ólíkt, annars vegar orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og hins vegar aðrir hlutar landsins. Og svo er enn. Það hefur aðeins orðið sú breyting, að þegar Orkubú Vestfjarða var stofnað var tekinn hluti af orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og lagður undir Orkubú Vestfjarða. Það voru sömu ástæður á Vestfjörðum og annars staðar á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins. Þess vegna var verðjöfnunargjaldinu skipt á milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubúsins í réttu hlutfalli við umsvif og rekstur Rafmagnsveitna ríkisins eins og þau voru á Vestfjörðum áður og eins og þau voru í öðrum landshlutum. Ég sé ekki að neitt hafi skeð nú sem réttlæti að taka aðra landshluta með orkuveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og veita verðjöfnunargjaldinu þangað. Það eru engar efnisástæður fyrir því, vegna þess að enn sem fyrr sker orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða sig algerlega frá öllum öðrum landshlutum. Það er nálægt 100% hærri raforkukostnaðurinn á svæði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubúsins en annars staðar.

Þetta þýðir ekki að það geti ekki verið ýmis fjárhagsleg vandamál hjá ýmsum öðrum rafveitum en Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Auðvitað getur það verið. Við vitum líka að svo er. En það réttlætir hins vegar ekki að grípa til þeirra ráða að ætla að skerða eða opna möguleika fyrir því að skerða þann stuðning sem Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hafa haft af verðjöfnunargjaldinu. Af þessum ástæðum er ég á móti brtt. á þskj. 397. Mér finnst satt að segja, að þetta mál sé allt orðið tilgangslítið ef menn samþykkja brtt. með því hugarfari að vilja nota heimildir til þess að skipta andvirði verðjöfnunargjaldsins á rafveitur hvar sem er á landinu ef þær eiga í fjárhagslegum erfiðleikum.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Þegar mál þetta kom fyrir til 1. umr. í þd. lét ég í ljós ýmsar efasemdir varðandi réttmæti hækkunar á verðjöfnunargjaldi því sem þetta frv. gerir ráð fyrir, enda þótt ég væri í grundvallaratriðum fylgjandi verðjöfnun á orkuverði að vissu marki milli staða.

Í fyrsta lagi taldi ég grunninn óeðlilegan, réttara væri að leggja jöfnunargjaldið í peningaeiningum á selda kwst. ekki hlutfallslega á orkusölutekjur, því að m. a. leiddi núgildandi háttur til þess, að rafveitur með hæstu taxtana greiddu hlutfallslega hæst jöfnunargjald, og þó segja mætti að þessi skakki grunnur væri ekki sök núverandi stjórnvalda yrði skakkinn því meiri sem fleiri prósentum væri á hann bætt. Því væri óskynsamlegt að halda áfram á þessari götu.

Í öðru lagi leiddi ég að því rök, að hækkun verðjöfnunargjaldsins mundi gefa meiri tekjur til RARIK en fjárlög reiknuðu skattinn, eða vísast 1 milljarð fremur en 700 þús. eins og segir í aths. við frv., og væri þá þó ekkert mið tekið af væntanlegum hækkunum rafmagnstaxta á þessu ári eða nú síðast olíuverðshækkununum sem einhver aukaverðhækkunaráhrif munu hafa á t. d. hitataxta rafveitnanna eða RARIK. Við þennan rangreikning eða felureikning var ég ekki sáttur.

Í þriðja lagi benti ég á að mig grunaði að útreikningar RARIK á verðsamanburði við ýmsar þéttbýlisrafveitur væru umdeilanlegir.

Með þessar efasemdir í huga lýsti ég því yfir við 1. umr. um frv. sem nú er til umfjöllunar, að ég mundi ekki taka ákvörðun um fylgd við það eða andstöðu fyrr en iðnn. hefði fjallað um málið, en sú umfjöllun liggur nú fyrir. Þar eð ekkert kemur nýtt fram í henni sem réttlætir meira en fyrr grundvöll verðjöfnunargjalds þessa né hrekur vanáætlun frv. um tekjur af því né rennir styrkari stoðum undir verðsamanburð, sem umdeildur hefur verið, þ. e. að verðtaxtar RARIK séu um ýmislegt óeðlilegir, sé ég mér ekki fært að fylgja frv., heldur mun greiða atkv. gegn

samþykkt þess.

Til enn frekari rökstuðnings því, að verðtaxtar RARIK séu um suma hluti óeðlilegir, vil ég benda á niðurlag á skýrslu Orkustofnunar til Sambands ísl. rafveitna, er þd. hefur haft til athugunar, þar sem gerður er allítarlegur samanburður á ýmsum verðtöxtum rafveitnanna. Orkustofnun kemst að þeirri niðurstöðu, að árið 1977 virðist henni að hitun eftir marktaxta hafi verið seld á vegum RARIK á um 2.60 kr. miðað við hitunartaxta í þéttbýlisstöðum ca. 3.68 kr. Undir þessa skoðun virtist mér renna stoðum smáathugun sem ég gerði um jólaleytið þegar ég var heima í mínu byggðarlagi.

Ég hafði gengið frá húsi mínu þannig, þegar ég fór suður á þing, að ég hafði lítinn eða sem minnstan hita á húsinu, aðeins næturhitun í lágmarki eftir hitunartaxta Rafmagnsveitu Akureyrar, og það var náttúrlega engin eldun í húsinu og enginn ljósagangur. Reikningurinn fyrir tvo mánuði eftir þessum hitunartaxta var upp á 52 þús. kr. Rétt þegar ég var að velta þessu fyrir mér hringdi í mig náfrændi minn, sem er bóndi í sveit, rekur stórt bú, eða félagsbú með syni sínum, og kaupir raforku eftir marktaxta. Tveggja mánaða reikningur hans eftir þeim taxta, þar með öll hitun á stóru húsi og eldun fyrir tvær allstórar fjölskyldur, — þ. e. a. s. önnur fjölskyldan er allstór, hin er minni, — öll ljósanotkun í íbúðarhúsi og útihúsum var um 76 þús. kr. Þetta sýndist mér mundi færa frekar stoðir undir það, að marktaxtinn væri hagkvæmur gagnvart þessu gjaldi sem ég hefði verið að greiða. Þessu vildi ég skjóta inn í til dæmis um það, að ég held að bændur yfirleitt, sem hafa getað notað sér marktaxta RARIK, hafi farið tiltölulega vel út úr húshitun sinni gagnvart t. d. þéttbýlisbúum.

Nú má enginn skilja orð mín þannig, að ég sjái út af fyrir sig eftir þessu. En mér finnst þetta renna stoðum undir það, að RARIK þyrfti að endurskoða margt í töxtum sínum. M. a. vegna þess finnst mér vafasamt að hrapa að þeirri hækkun sem hér er til meðferðar.

Varðandi ýmislegt, sem komið hefur fram í þd. varðandi jöfnun orkutaxta milli staða og jöfnun á orkuverði, endurtek ég að út af fyrir sig er ég fylgjandi nokkurri jöfnun á slíku milli staða. Þó mundi ég aldrei láta mér detta í hug algera jöfnun á því stigi sem mál standa nú. Má t. d. nefna að hitaveitur hafa sums staðar verið reknar mörg ár, en eru annars staðar í byggingu. Mér dytti t. d. aldrei í hug að það væri nokkur jöfnuður í því að algert jöfnunargjald væri milli Reykjavíkur, sem hefur haft hitaveitu lengi af miklum myndarskap, og Akureyrar, þar sem hitaveita er í byggingu. Ég tel að það væri ójöfnuður að ætlast til að þarna væri sett fullkomlega jafnt verð á. Og þegar við erum að ræða um jöfnun, svo að ég taki þetta almennt séð, verðum við alltaf að taka með í reikninginn í sambandi við þá jöfnunarhugsun: Hvað fáum við annars vegar fyrir að búa á þessum stað eða hinum? Það má ekki líta alltaf á peningaverðið eitt. T. d. get ég sagt það, að ég hef undir höndum íbúð hér í Reykjavík, sem kostar að mínu mati hlægilega lítið að hita upp, og aðra íbúð á Akureyri, sem ég var áðan að lýsa hvað kostaði að hita upp en ekki mundi hvarfla að mér að flytja til Reykjavíkur vegna mismunar á upphitunarverði. Það er ýmislegt, sem ég tek fram yfir, við það að búa Akureyri frekar en að búa í Reykjavík, og þannig hygg ég að sé með marga, t. d. til sveita. Þeir gera sér ljóst hvers vegna þeir velji að búa þar, þó að það sé að ýmsu leyti dýrara en að búa í kaupstað eða í höfuðborginni. Við megum ekki alfarið líta á peningagildið í þessu máli eða öðrum slíkum jöfnunarsamanburði. Við verðum að taka margt inn í þann jöfnunarreikning.

Þetta var útúrdúr. Ég vildi, af því að ég var hvorki hrár né soðinn í fyrri umr., lýsa því afdráttarlaust yfir, að ég mun verða á móti frv.

Hannes Baldvinsson: Herra forseti. Það má segja að umr. um það mál, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, þ. e. a. s. frv. til 1. um verðjöfnunargjald af raforku, séu orðnar æðilangar, bæði hér á hv. Alþ. og eins víða annars staðar þar sem þessi mál hefur borið á góma. T. d. má benda á að tilefni þess, að ég er staddur hér í ræðustól, er það, að allverulega hefur verið fjallað um þessi mál í bæjarstjórn og rafveitunefnd Siglufjarðar og gerðar þar um það ályktanir, sem sendar hafa verið hingað á hv. Alþ. Það er einmitt í samræmi við þá ályktun, sem bæjarstjórn Siglufjarðar sendi frá sér á fundi sínum í jan., sem ég hef ákveðið að gerast meðflm. með hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að brtt. við það frv. sem hér liggur fyrir til umr. Og satt best að segja hefði ég flutt þessa brtt. einn, ef Eyjólfur hefði ekki verið búinn að boða flutning hennar og haft um það frumkvæði.

Það hafa þegar við þennan hluta umr., sem fram hefur farið í dag, komið fram nokkrar aths. við þessa brtt., og ég held að ég verji nokkrum hluta af tíma hv. d. til að fjalla örlítið nánar um þessi mál, ef takast mætti að gera dm. svolítið gleggri grein fyrir þeirri sérstöðu sem býr að baki þessum tillöguflutningi að því er varðar aðild Rafveitu Siglufjarðar. Ég vil taka fram í þessu sambandi, að þegar verið er að tala um rafveitur verður að gera skýran greinarmun á dreifiveitum og svo aftur rafveitum, sem standa sjálfar í orkuöflunarframkvæmdum, en þannig er einmitt háttað með Rafveitu Siglufjarðar og hefur reyndar verið um langt árabil því að hún er ein af elstu rafveitum á Íslandi. Ég held að hún sé annaðhvort sú elsta eða næstelsta sem enn er starfandi að orkuöflun á eigin vegum. En aldurinn skiptir í þessu tilfelli ekki neinu meginmáli, heldur hvernig starfsemi Rafveitu Siglufjarðar hefur verið á annan veg háttað en margra annarra kannske hliðstæðra fyrirtækja.

Eftir að ráðist hafði verið í virkjun í Fljótum á fimmta áratug þessarar aldar kom fljótlega í ljós, að rafmagn skorti í Ólafsfirði. Var þá lögð háspennulína frá Skeiðsfossvirkjun í Ólafsfjörð. Um þá línu hefur um það árabil, sem liðið er síðan, verið seld raforka til Ólafsfjarðar. Fyrst var það til Rafveitu Ólafsfjarðar, en síðar, eftir að Rafmagnsveitur ríkisins yfirtóku Garðsárvirkjun og dreifiveituna í Ólafsfirði, hefur þessi sala farið fram til Rafmagnsveitna ríkisins. Ekki alllöngu seinna hófst sala á rafmagni til bænda í Fljótum, sem sömuleiðis fer fram á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, þ. e. a. s. dreifingin. Rafmagnsveitur ríkisins hafa því svo til frá upphafi verið stór viðskiptaaðili við Rafveitu Siglufjarðar og þessi viðskipti hafa farið vaxandi ár frá ári. Ég hef fyrir framan mig yfirlit um viðskipti þessi og hversu stórt hlutfall þau hafa verið í rafmagnsframleiðslu og rafmagnssölu hjá Rafveitu Siglufjarðar. S. l. 10 ár hafa þessi viðskipti þrefaldast á sama tíma og heildarframleiðsla á rafmagni á vegum Rafveitu Siglufjarðar hefur tæplega tvöfaldast. Liggur því í augum uppi að þessi viðskipti Rafmagnsveitna ríkisins og Rafveitu Siglufjarðar hafa verið verulega þýðingarmikil og hagkvæm, a. m. k. á tímabili, fyrir báða aðila.

Árið 1963 var tekin ákvörðun um að ráðast í viðbótarvirkjun í Fljótum. Urðu nokkrar deilur á Siglufirði um þá ákvörðun og hversu hagkvæm hún kynni að vera, og þær umr., sem þá fóru fram, mótuðust mjög af þeim anda sem yfirleitt virðist vera ráðandi í sambandi við umr. um raforkumál á Íslandi, því að þar má segja að tilfinningarnar beri skynsemina æðioft ofurliði. Rafveita Siglufjarðar og umr. um hana hafa ekki verið undanþegnar þeirri reglu, en því verður ekki breytt. Það var ráðist í þessa virkjun og hún hefur nú framleitt rafmagn fyrir Siglufjörð og fyrir Rafmagnsveitur ríkisins um nokkurt skeið.

Fjárhagsvandi sá, sem Rafveita Siglufjarðar á við að stríða, er fyrst og fremst til kominn af þessum virkjunarframkvæmdum. Eldri virkjanir í Fljótaá og varaaflsstöðvar, sem settar höfðu verið upp á Siglufirði, sem drifnar eru með dísilorku, voru svo til fullborgaðar þannig að á þeim var enginn skuldabaggi sem umtalsverður var. En nú er svo komið að skuldir, sem fylgt hafa í kjölfar þessara virkjunarframkvæmda, hinnar svokölluðu „neðri virkjunar", eru að sliga fjárhag Rafveitu Siglufjarðar og munu gera það ef ekkert verður aðhafst til að leysa þann vanda.

Ég vil nota þetta tækifæri sérstaklega til þess að vekja athygli hv. þm. hér í d. á því, að þær virkjunarframkvæmdir á vegum Rafveitu Siglufjarðar, sem ég hef gert að umtalsefni, hafa á síðustu þremur áratugum sparað Rafmagnsveitum ríkisins ómældar fjárhæðir og þær hafa líka gert unnt að fresta á vegum þeirra víðtækum og kostnaðarsömum framkvæmdum við öflun rafmagns á þessu svæði, því að ef Siglufjörður hefði ekki gripið þarna inn í með sínu frumkvæði hefði þetta hlutverk örugglega lent á Rafmagnsveitum ríkisins, og ég er ekki viss um að aðstæður hefðu boðið jafnhagkvæmar aðgerðir og oft hefur verið hægt að nota á Siglufirði.

Þrátt fyrir þessi stóru viðskipti, sem átt hafa sér stað á milli Rafmagnsveitna ríkisins og Rafveitu Siglufjarðar, hefur nú um s. l. 14 eða 15 ár ekki tekist að gera samning við RARIK um rafmagnssölu frá Siglufirði. Hverjar skýringar kunna að vera á því kann ég ekki skil á, en ég veit að um langt árabil var leitað eftir því af hálfu Rafveitu Siglufjarðar að gera um þetta raforkusölusamning, en því hefur verið hafnað af Rafmagnsveitum ríkisins. Þegar kemur að því að ákveða verð á því rafmagni, sem framleitt er og selt til RARIK, er það ákveðið hverju sinni með tilliti til sölu hjá Laxárvirkjun á rafmagni til Rafmagnsveitna ríkisins, en Laxárvirkjun er, eins og menn vafalaust vita, einhver hagkvæmasta virkjun á landinu og getur þar af leiðandi selt raforku til Rafmagnsveitnanna á einhverju lægsta og hagkvæmasta verði sem hægt er að hugsa sér. Þessu til viðbótar hafa svo Rafmagnsveiturnar fallist á að taka þátt í olíukostnaði við framleiðslu á rafmagni með dísilvélum þegar á hefur þurft að halda. Um þessi atriði hefur verið samið hverju sinni. En Rafmagnsveitur ríkisins hafa hins vegar reynst algerlega ófáanlegar til að taka þátt í þeim óumdeilanlega aukna kostnaði sem orðið hefur í sambandi við rafmagnsframleiðslu með tilkomu hinnar nýju virkjunar í Fljótaá, sem ég var að lýsa fyrir ykkur áðan. Hver skýringin á því kann að vera skal ég láta ósagt, en ég sjálfur fæ ekki komið auga á að það sé einhvers annars eðlis að taka þátt í kostnaðaraukningu af því að framleiða rafmagn með dísilorku en að taka þátt í kostnaðaraukningu af því að framleiða rafmagn með vatnsafli. Þarna hljóta einhver önnur sjónarmið að ráða afstöðu hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Í sambandi við fjárhagsvandamál, sem risið hafa út af þessari nýju virkjun, er hægt að tína æðimargt til sem þar veldur vandanum. En ég vil leyfa mér að benda á eitt atriði sem kannske er þýðingarmikið, að aðalaukningin á sölu á rafmagni á vegum Rafveitu Siglufjarðar er fyrst og fremst á hinum ódýrustu töxtum, þ. á m. til Rafmagnsveitna ríkisins, til húshitunar og til stórnotkunar í sambandi við loðnubræðslur. Allir þessir aðilar og sú raforkunotkun, sem fram fer á vegum þeirra, er í lægstu töxtunum, sem eru notaðir hjá Rafveitu Siglufjarðar, og svo mun reyndar víðast vera annars staðar. Taxtar til húshitunar og til stórnotkunar eru mun lægri en aðrir taxtar. Þessu til sönnunar vil ég leyfa mér að benda hv. þm. á að aukning á raforkunotkun, sem seld er eftir svokölluðum heimilistaxta í Siglufirði, hefur á sama 10 ára tímabili og ég var að skýra frá að viðskipti við Rafmagnsveitur ríkisins hefðu þrefaldast aðeins aukist um 400 þús. kwst., og Rafmagnsveitur ríkisins kaupa nú af Rafveitu Siglufjarðar meira en tvöfalt það magn sem fer til notkunar á heimilistaxta í sjálfum Siglufirði.

Ég hef séð í þingtíðindum, að hæstv. iðnrh. hafi talið að ekki væri ástæða til að ljá fylgi þeim hugmyndum, sem settar hafa verið fram af bæjarstjórn Siglufjarðar og liggja til grundvallar þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, að ekki sé ástæða til að sinna þessum erindagerðum Siglfirðinga vegna þess að taxtar, sem ákveðnir eru af Rafveitu Siglufjarðar, séu ekki hærri en almennt gengur og gerist og álíka háir og hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og á meðan Siglfirðingar hækki ekki þessa taxta sína sé engin von til þess, að þeir geti vænst einhverrar fyrirgreiðslu í sambandi við þann fjárhagsvanda sem þeir eiga við að etja núna. Ég vil leyfa mér að benda á að það er ósköp eðlilegt að menn hugsi sig um oftar en einu sinni og oftar en tvisvar í því að taka ákvörðun um að leysa fjárhagsvanda Rafveitu Siglufjarðar með því að hækka taxtagjöldin. Ef við færum þá leið værum við, jafnframt því að taka að okkur að leysa vanda Rafveitunnar á Siglufirði, að taka að okkur að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs með hækkuðum söluskatti og að leysa fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, því að ekki nema rétt rúmlega helmingur af taxtahækkuninni skilar sér til þess að leysa vanda Rafveitu Siglufjarðar með því fyrirkomulagi og þeirri verðlagningaraðferð sem notuð er nú um rafmagn í landinu.

Ég er ekki í neinum vafa um að ef Siglfirðingar væru þann veg settir að þeir gætu notað og hefðu tryggt að öll sú hækkun, sem yrði á rafmagni hjá þeim, færi í að leysa vanda rafveitunnar, þá mundu þeir athuga það mál vandlega. En það er ákaflega eðlilegt að það mæti andstöðu heima fyrir, að jafnhliða því sem við eigum við þennan stóra vanda að glíma skuli okkur gert skylt, ef við ætlum að leysa hann með því að taka lausnina í hækkuðu raforkuverði, að borga stóran skatt til ríkissjóðs og nú jafnstóran skatt til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Við förum þess vegna fram á með þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, að opnuð verði leið til að endurgreiða a. m. k. þann hluta í þessu verði sem ætti annars að fara til þess að bjarga við fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, sem við teljum reyndar að við höfum styrkt með viðskiptum Rafveitu Siglufjarðar og RARIK á undanförnum áratugum, og að það sé hægt að færa fram fullgild rök fyrir því að rafmagn, sem RARIK selur, yrði að selja

hærra verði ef ekki hefði verið um viðskipti við Rafveitu Siglufjarðar að ræða á undanförnum árum. Við viljum af þeim sökum ekki taka á okkur stærri bagga en gengur og gerist í þessu landi varðandi það að leysa þennan vanda, eingöngu vegna þess að við eigum sjálfir við vandamál að etja. Við gerum kröfu til þess að hafa a. m. k. möguleika á því að sannfæra sjálfan iðnrh. um það, að við þurfum á aðstoð að halda.

Það felst ekki nein sjálfgefin fjárveiting eða stuðningur í þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, heldur liggur sá vandi eftir sem áður á herðum forráðamanna Siglufjarðarkaupstaðar að sannfæra iðnrh. um að þann vanda verði að leysa með þátttöku í eða aðild Siglufjarðar og Rafveitunnar að verðjöfnunargjaldinu, og þar yrði aldrei um neinn stóran hlut að ræða. Þess vegna er það alger misskilningur, sem kom fram hjá hv. þm. Þorvaldi Garðari þegar hann varaði við því, að þessi brtt. yrði samþ., vegna þess að þá væri hugmyndin um verðjöfnunargjaldið að glata tilgangi sínum. Þessi fullyrðing er, eins og menn vafalaust sjá þegar þeir velta henni fyrir sér, byggð á algerum misskilningi, því að ég er ekki í neinum vafa um að hæstv. iðnrh. er ekki svo talhlýðinn maður að hann láti einhverja sendinefnd frá Siglufirði telja sér trú um hluti sem ekki eru fyrir hendi.

Því miður hef ég ekki í höndunum tölur til þess að sýna hv. d. fram á raunverulegan fjárhagsvanda Rafveitu Siglufjarðar. En ég get að lokum leyft mér að nefna eitt lítið dæmi. Gengistap og hækkun vegna verðtryggðra lána ásamt tilheyrandi vaxtahækkunum á s. l. ári nema h. u. b. jafnhárri upphæð og bráttótekjur Rafveitu Siglufjarðar það sama ár. Þetta er staðreynd, og ég held að þetta eina atriði ætti að nægja fyrir hv. þingheim til að gera sér grein fyrir því, að þarna er við það stóran vanda að etja og hann verður ekki leystur með gjaldskrárhækkunum eingöngu, heldur verður að koma til velvilji ríkisvaldsins. Með þeirri brtt., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er aðeins verið að gera tilraun til að opna leið fyrir þann velvilja sem við vonum að sé fyrir hendi.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að geta þess, að 1965, þegar fyrst var lagt á verðjöfnunargjald af raforku, var þeirri framkvæmd eða þeirri tilætlun mjög kröftuglega mótmælt af stjórn Rafveitu Akureyrar. Þessi lagasetning fór því fram gegn eindregnum mótmælum okkar Akureyringa, og ég hygg að fleiri aðilar hafi andæft þessum ráðstöfunum, því að ég held að það hafi verið álit manna að þarna væri ekki valin besta leiðin til þess að ráða fram úr þeim mikla vanda sem Rafmagnsveitur ríkisins voru komnar í og, eins og ég hef áður tekið fram þegar ég hef verið að ræða þessi mál hér, m. a. stafar af félagslegum ástæðum. — Þetta fyrirtæki þarf að þjóna dreifbýlismarkaði, sem engan veginn getur staðið undir þeim mikla kostnaði sem fjárfesting við raforkuframkvæmdir leiðir af sér, og verður því að leita annarra ráða í því sambandi.

Eins og ég hef tekið fram fyrr þegar ég hef verið að ræða þessi mál, er ég alveg öruggur um að aðalorsökin fyrir þessum miklu fjárhagsvandræðum, sérstaklega Rafmagnsveitna ríkisins, er hinn gífurlegi aðstöðumunur í fjármögnun fyrirtækisins. Um það leyti sem þetta frv. var til fyrri umr. í þessari hv. d. lagði ég fram fsp. í Sþ., þar sem ég bað um upplýsingar um hvernig væri háttað fjármögnun hinna ýmsu raforkuvera í landinu. Ég hafði búist við því, að svör við þeirri fsp. mundu liggja fyrir áður en þetta mál yrði afgreitt við 2. umr., en því miður hefur ekki orðið sú raunin á. En til staðfestingar þessum skoðunum mínum vil ég aðeins geta þess, að mér er kunnugt um að af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins munu um 6 milljarðar hafa verið um s. l. áramót í svokölluðum vísitölutryggðum skuldabréfum. Með slíkar staðreyndir fyrir augum, að eitt fyrirtæki er með skuldbindingar sem geta borið allt að 50% ársvexti, held ég að það geti ekki vafist fyrir neinum manni lengi að slík fjármögnun nær ekki neinni átt. Það að fara að halda áfram þessari fjáröflun með því að leggja á svokallað verðjöfnunargjald og auka það nærri því um 50%, sem hefur þær afleiðingar að þeir, sem nú gjalda hæst raforkuverð, koma til með að verða enn þá meiri órétti beittir, held ég að hljóti að skýra fyrir mönnum að slíkt geti ekki gengið til áfram.

Þetta er ekki rétt viðleitni til að bæta úr aðsteðjandi vanda. Og það kemur upp í huga manns, þegar verið er að ræða þessi mál, hvort beinlínis álagning á verðjöfnunargjald er ekki orðin í vissum tilfellum hemill á að hlutaðeigandi rafveitur og raforkuver geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess með taxtabreytingum og öðru að bæta útkomu sína. Ummæli hv. þm. Hannesar Baldvinssonar í ræðu hans áðan gáfu fyllilega í skyn að svo gæti verið.

Þess vegna, herra forseti, mun ég halda fast við þá ákvörðun mína, sem ég lýsti við 1. umr. þessa frv., að ég mun greiða atkv. gegn samþykkt þessa frv. Ég held einmitt að fall þessa máls hér í hv. Ed. gæti orðið til þess að við tækjumst á við þau vandamál, sem við er að etja og allir eru sammála um að eru mikil vandamál og nauðsynlegt að leysa. Ég held einmitt að ef sú staðreynd blasir við, að þetta frv. verði fellt, verði menn fáanlegri til þess að takast á við vandamálið og leysa það af þeirri skynsemi og þeirri hagsýni sem mundi duga til að þetta mál leystist til frambúðar öllum aðilum til hagsbóta.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég lýsti afstöðu minni til þessa máls við 1. umr. um málið hér í hv. d. og hef raunar litlu þar við að bæta. Ég vil þó taka sérstaklega undir ræðu hv. 5. þm. Vestf. í dag og undirstrika hið alvarlega misrétti sem íbúar landsins verða við að búa í þessu máli, sem að mínu mati er að verða eitt stærsta vandamál landsbyggðarinnar: 100% hærra raforkuverð og nú bætist við olíuvandamálið. Ég hef dæmi um húseiganda úti á landi, sem greiddi 1978 713 300 fyrir ljós og hita fyrir íbúð sína. Samkv. núverandi upplýsingum mun sami aðili þurfa að greiða í ár um 1.4—1.5 millj. kr. fyrir rafmagn og olíu til íbúðar sinnar.

Ég vil einnig taka undir með hv. 5. þm. Vestf., að nýtt skipulag í orkumálum er mjög aðkallandi. Vil ég leggja áherslu á eitt landsfyrirtæki, er sjái um orkuöflun og aðaldreifingu, og heildsöluverð á orkuverði sem næst svipað hvar sem er á landinu.

Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli á ummælum hv. 5. þm. Reykv., þar sem hann lagði sérstaka áherslu á sérréttindi þeirra er búa nú við ódýra orku, þar sem sýnd hafi verið sérstök ráðdeild, dugnaður o. s. frv. við öflun orkunnar á sínum tíma. Heldur hv. þm. að allt það fólk og ráðamenn í landinu, sem búa á orkusvæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða, sé annars eða þriðja flokks fólk sem sé gersneytt dugnaði og ráðdeild til framkvæmda og framfara? Ég trúi ekki að hv. þm. hafi þá skoðun. RARIK og Orkubúið hafa það meginhlutverk að sjá dreifbýli landsins fyrir orku. Aðrir möguleikar voru ekki

fyrir hendi, það er ljóst. Verðjöfnun á þessu sviði er því réttlætismál. Það má deila um hvort það verðjöfnunargjald, sem hér er til umr., sé réttasta aðferðin. En ég tel að það ákvæði að hækka um 6% til að jafna húshitun, þ. e. að ná fram verðjöfnun á töxtum til heimilisnota og iðnaðar á svæðum RARIK, sé vissulega spor í rétta átt.

Hér þarf miklu stærri og meiri aðgerðir. Ég vil taka undir það álit, sem hefur áður komið fram við umr. um þetta mál, að athuga eigi nú þegar á hvern hátt væri hægt og hvernig væri hægt að láta stóriðju hér á landi taka verulegan þátt í aukinni verðjöfnun.

Það mætti ræða langt mál í sambandi við þær umr. sem hér hafa farið fram. Ég vil t. d. benda á það eftir ræðu hv. þm. Hannesar Baldvinssonar, að í raun og veru sannaði hann með ræðu sinni um erfiðleika Rafveitu Siglufjarðar að þörfin fyrir nýtt skipulag þessara mála, eitt orkuöflunarfyrirtæki, er orðin mjög brýn. Margar rafveitur sveitarfélaga þurfa nú verulegrar endurnýjunar við og margar þeirra hafa ekkert eða a. m. k. mjög lítið fjármagn til þess að standa undir slíkri endurnýjun.

Herra forseti. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. vinni ötullega að því að byggja upp nýtt skipulag orkumála í landinu og hefji aðgerðir til að vinna að því að innlend orka verði sem fyrst allsráðandi til þess að leysa þörf landsmanna á þessu sviði. Ég mun greiða atkv. með þessu frv.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það væri ástæða til að hafa sömu orð og hv. þm. næsti á undan, að það mætti eyða alllöngu máli að ýmsu því sem fram hefur komið í máli hv. þm. við umr. um þetta mál í dag og raunar fyrr, bæði í þessari hv. d. og einnig í Nd.

Ég verð að segja, að það hafa verið mér nokkur vonbrigði og raunar veruleg að hlýða á mál margra hv. þm. sem andmælt hafa þessu frv. Þar finnst mér að slegist hafi í hóp með andmælendum ýmsir þeir sem ég hefði vænst að hefðu meiri víðsýni og litu á þessi mál heildstæðar og af meiri sanngirni með tilliti til efnisatriða en fram hefur komið. Þó hafa verið frá þessu undantekningar og þm., sem eru fulltrúar svæða sem búa nú við hvað hagstæðast raforkuverð, hafa gerst stuðningsmenn þessa frv. um verðjöfnunargjald. Þeir hv. þm. eru menn að meiri eftir en áður að mínu mati.

Ég á afar erfitt með að skilja hvernig frv. sem þetta getur mætt svo mikilli andstöðu sem raun ber vitni um hér á hv. Alþ., og það án þess að andmælendur þess bendi á aðrar og skynsamlegri leiðir til þess að bæta úr því geysilega og alvarlega misrétti sem hér er við að eiga. Það hafa að vísu komið fram ábendingar um eitt og annað, hvar leita mætti fjár til þess að jafna metin, og ég út af fyrir sig tel að á þær ábendingar sé hægt að líta. Hins vegar hafa þær ekki komið fram þannig að þær væru líklegar til lausnar á þessu stigi mála. En það er auðvitað það sem gildir, að menn séu með till. og málflutning sem líklegur er að skila okkur að landi, ekki bara einhvern tíma í framtíðinni, heldur hér og nú.

Ég vil eyða örfáum orðum að því áliti, sem kom frá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur sem minnihluta álit iðnn., þar sem að því er vikið m. a., að leita beri annarra leiða til þess hugsanlega að hlaupa undir bagga með veitum sem verst eru settar en það almenna álit sett fram, að fyrst og fremst eigi viðskiptavinir hverrar rafveitu að bera þann kostnað sem af framleiðslunni þar hlýst. Þessi sjónarmið tel ég að séu úrelt, það sé fullkomlega eðlilegt að hlaupa undir bagga þegar verðmunur á lífsnauðsyn sem raforku er 100% — eða nærri því — á milli landsins þegna.

Þá er gripið til þess rökstuðnings í nál. hv. þm., að samþykkt þessa frv. muni leiða til hækkunar á vísitölu og verðlagi. Það hefur komið fram við umr. þessa máls að sú hækkun, sem hlytist af hækkun úr 13% í 19% á verðjöfnunargjaldi, nemur 0.06% í verðbótavísitölu. Segir það afar lítið í því sambandi, þó að vissulega muni um allt á neikvæða hlið sem veldur hækkun vísitölu. En það tel ég ekki vera gild rök í þessu máli.

Og svo kemur fram undir 3. lið í nál. hv. þm. röksemd sem hefur verið borin fram af mörgum við þessar umr., þ. e. a. s. að það fyrirkomulag, sem hér viðgengst, komi þyngst niður á þeim notendum rafmagns sem við hæst verð búa. Ég veit ekki hvort ég heyrði rétt, að hv. þm. Jón Sólnes hafi tekið undir þessa ábendingu. Ég vil ekki alveg fara með það, hvort ég heyrði rétt, en hann er talnaglöggur maður og það mundi undra mig ef hann sæi það ekki, eins og fleiri eiga að geta séð, að gjaldtöku af þessu tagi má auðveldlega nota til verðjöfnunar og henni er beitt til verðjöfnunar, þar sem yfirgnæfandi meiri hl. þeirra, sem greiða fyrir raforku, býr við lægri taxta. Þannig skilar innheimta þessa gjalds hlutfallslega mun meiri tekjum til þeirra fyrirtækja, sem eiga að njóta þess, en það sem innheimtist af þeim gjaldendum sem borga hærri krónutölu á viðkomandi svæðum. Ég hef sagt það áður við umr. hér í hv. d. um þetta mál, að ég hefði kosið að undanþiggja gjaldendur á þessum svæðum verðjöfnunargjaldinu. En ef sú stefna hefði verið valin hugsa ég að hefði hvinið hér hærra í sölum en gert hefur fram til þessa.

Í hópi þeirra, sem snúist hafa gegn þessu frv., er nú síðast, að ég hef heyrt, hv. þm. Bragi Sigurjónsson. Mér þótti mjög leitt að hann skyldi við athugun málsins komast að þeirri niðurstöðu sem hann túlkaði í ræðu sinni áðan. Ég hafði talið hann mann sanngjarnan í máli sem þessu og vænst þess að hann gerðist stuðningsmaður þess. Ég tel að þau rök, sem hann viðhafði, séu engan veginn til þess fallin að styðja þá niðurstöðu sem hann túlkaði. Hann var m. a. að tala um taxta, að þeir væru ekki sem skyldi hjá Rafmagnsveitum ríkisins, og vitnaði til marktaxta í því sambandi, tók dæmi frá árinu 1977 og des. 1978 og vitnaði í samanburð milli einstaklinga, kunningja sinna, að mér skildist. Það hefur komið fram í gögnum, sem hv. þm. hafa fengið frá Rafmagnsveitum ríkisins, hvernig marktaxti er uppbyggður og að þar er yfirleitt við það miðað að sala á raforku til húshitunar til þeirra, sem kaupa eftir marktaxta, fylgir sem næst olíuverði. Frávik frá þessu hafa verið einhver, þegar veruleg hreyfing hefur orðið á olíuverði og dregist hefur að færa taxtann til samræmis, en endurskoðun af þessu tagi fór fram nýlega og olli nokkurri hækkun á húshitunarþætti marktaxtans. Nú verð ég að segja það, að ég tel það vera mikið álitamál, hvort það eigi að vera algild viðmiðun að raforka til húshitunar eigi að fylgja olíuverði og það á tímum eins og þeim sem nú eru fram undan. Það tel ég orka verulega tvímælis og hljóti að verða að líta á það mál og endurskoða og það þurfi ekki að vera nein heilög sannindi eða algild viðmiðun að þessu sé haldið. En þessu hefur verið haldið í aðalatriðum og yfir þessi mál hefur verið farið af sérfróðum aðilum, og ég tel að sá litli munur, sem á vissum tímabilum kann að hafa verið hægt að sýna fram á, hafi verið óverulegur og hann hafi verið leiðréttur stig af stigi eftir því sem olíuverð hefur

hreyfst.

Þá endurtók hv. þm. Bragi Sigurjónsson einnig þá staðhæfingu sína, sem hann viðhafði fyrr í umr., að álagning þessa gjalds skilaði meiri tekjum til Rafmagnsveitna ríkisins en áætlað hefði verið og fram hefði komið í mínu máli og gögnum frá Rafmagnsveitum ríkisins. Ég heyrði hann ekki styðja þessa fullyrðingu frekari rökum. Ég taldi mig hafa leiðrétt þann misskilning, sem gætti í máli hans hvað þetta snerti, í umr. fyrr í hv. þd.

Hv. þm. lauk sínu máli með því að lýsa þeirri skoðun sinni, að ekki væri ástæða til að stefna að fullkominni jöfnun orkuverðs um land allt. Það getur verið álitamál, hvort menn eiga að setja það alveg niður á samasemmerki í aurum talið. En þegar munur er slíkur sem hér er um að ræða finnst mér langsótt að menn, sem teljast fulltrúar alþýðu á Alþ., slást úr hópi þeirra sem styðja sanngirnismál af þessu tagi.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., Hannes Baldvinsson, flutti rök talsmanna Rafveitu Siglufjarðar og hefur gerst meðflm. að brtt. sem á að opna fyrir það, að þessi rafveita geti orðið aðnjótandi verðjöfnunargjaldsins. Ég hef komið til hv. iðnn. gögnum varðandi taxta Rafveitu Siglufjarðar og þann vanda sem hún á við að glíma, og talsmenn hennar og forráðamenn hafa komið ábendingum þar að lútandi hér á framfæri. En það, sem ég tel að skipti hér meginmáli og er ástæðan fyrir því, að ég hef ekki gerst talsmaður þess, að þessi rafveita verði aðnjótandi verðjöfnunargjalds, er sú staðreynd að viðskiptavinir hennar búa við síst óhagstæðara raforkuverð en viðskiptavinir Rafmagnsveitu Reykjavíkur og flestra annarra rafveitna í þéttbýlisstöðum þessa lands. Ef það lægi fyrir að Rafveita Siglufjarðar og forráðamenn hennar hefðu gripið til þess ráðs til að mæta aðsteðjandi vanda, sem marglýst hefur verið af þeim sjálfum, að hækka taxta sína og þarna væri kominn umtalsverður munur, þá hefði ekki staðið á mér að leggja til eða stuðla að því að tekið væri tilllit til þessa og hlaupið undir bagga með þessari rafveitu.

Ég tel að þau rök, sem fram hafa verið borin af talsmönnum Rafveitu Siglufjarðar um fjárhagsvanda að öðru leyti, styðji ekki það sjónarmið að samþykkja eigi framkomna brtt. sem þetta varðar. Það er hins vegar rangt sem hv. þm. staðhæfði, að Siglfirðingar geti ekki vænst neinnar fyrirgreiðslu stjórnvalda í sambandi við þetta mál og það hafi fram komið. Ég tel að hið gagnstæða hafi komið fram, jafnt í viðtölum sem erindum til talsmanna og forsvarsmanna Rafveitu Siglufjarðar af hálfu iðnrn. Við höfum lýst okkur þar reiðubúna til þess að hefja viðræður við talsmenn Rafveitu Siglufjarðar um aðsteðjandi fjárhagsvanda hennar og hvort stjórnvöld með einhverjum hætti komi til aðstoðar í sambandi við lausn þeirra. Mér er fyllilega ljóst að þarna er við erfiðan vanda að fást. Sá vandi verður að mínu mati ekki leystur til frambúðar og þá ekki heldur orkuöflun á þessu svæði nema til eðlilegrar samtengingar þess komi við landskerfið. Og það er atriði sem ég tel eðlilegt að horft verði til og athugað verði um. En mér er ekki kunnugt um að sérstaklega hafi verið knúið á um það af Siglfirðingum og má þó vera að það hafi verið gert.

Þá fræddi hv. þm. okkur á því, hvernig hagað væri viðskiptum Rafveitu Siglufjarðar og Rafmagnsveitna ríkisins, en því miður fór hann þar ekki rétt með mál hvað snertir orkukaup Rafmagnsveitnanna á raforku vegna þeirra svæða sem eru innan þessa litla samtengissvæðis, þ. e. a. s. fyrst og fremst Ólafsfjörður og Fljót, þar sem menn greiða samkv. hinum háu töxtum Rafmagnsveitnanna. Fyrir þessi orkukaup greiða Rafmagnsveiturnar nú samkv. orkukaupasamningi Laxárvirkjunar eða þeim viðskiptasamningi sem þar um gildir og þar á ofan 30% hvorki meira né minna, þannig að hér er alls ekki því saman að jafna sem hv. þm. vék að. Einnig liggur fyrir að Rafveita Siglufjarðar fær stuðning í sambandi við dísilorkuvinnslu á þessu samveitusvæði og það er gert upp. T. d. er vegna dísilorkuvinnslu á Ólafsfirði gert upp í hlutfalli við orkunotkun aðila, en Rafmagnsveiturnar standa undir kostnaði vegna dísilvinnslu á Siglufirði að ég hygg að fullu, þó ég vilji ekki staðhæfa nú að það kunni ekki að vera frávik frá því, þar sem ég hef ekki viðkomandi samninga fyrir framan mig. En samanlagt tel ég, að þær röksemdir, sem fram hafa verið bornar af talsmönnum fram kominnar brtt., mæli ekki með að við henni verði orðið, og tel að líta beri á vanda Rafveitu Siglufjarðar með öðrum hætti en þar er lagt til.

Hér hefur verið minnst á skipulagsmál raforkumála í tengslum við þessa umr., og ég get undir það tekið, að afar miklu máli skiptir að á skipulagsmálum raforkuiðnaðarins finnist haldgóðar lausnir fyrr en seinna. Að því er unnið nú af stjórnvöldum, og ég vænti þess, að það verði þáttur í lausn þess erfiða viðfangsefnis, sem við erum hér að fást við, að jafna milli landsmanna varðandi aðgang að þeim grundvallargæðum sem hér er um að ræða.

Það hefur verið dregið í efa að sá mikli verðmunur, sem er á orku milli einstakra svæða í landinu, geti skipt sköpum um búsetu manna, og menn hafa lýst því persónulega viðhorfi, að þeir hrekist ekki úr heimabyggð sinni af þeim sökum. Ég get ekki tekið undir þetta viðhorf, þó að ég vænti þess að menn hugsi sig um áður en þeir bregða búi vegna þess mikla vanda sem við er að fást í sambandi við ókjör varðandi orkuverð og aðgang að orku. En ég held að það geti engum hugsandi manni dulist, að þegar svo er komið að munur á raforkuverði er nærri tvöfaldur á milli svæða og munur á orku vegna húshitunarkostnaðar er margfaldur á milli svæða, þá hljóti það að hafa varanlega og veruleg áhrif á viðhorf manna til búsetu, á aðstöðu atvinnurekstrar á viðkomandi svæðum og á almennan hag, þar með talið verð á fasteignum og öðru þess háttar sem menn leggja fjármagn sitt í.

Ég treysti því, að hv. þm. í þessari d. endurskoði hug sinn eða skoði vel hug sinn áður en þeir greiða atkv. gegn þessu frv. Þessu frv. til l., ef að lögum verður, er ekki ætlað að gilda, nema út þetta ár. Ég hef lýst því við umr. áður, að ég vil beita mér fyrir grundvallarathugun á þessum málum til þess að leita leiða sem hægt er kannske að ná meiri samstöðu um en raun ber vitni með þetta, til þess að ná fram verðjöfnun á orkuverði, fyrir utan breytt skipulagsform. En ég vænti þess að menn geri ekki þann óvinafagnað að fella þetta mál sem er fram borið af brýnni nauðsyn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég tek fyrst og fremst til máls vegna þess, að mér fannst hæstv. iðnrh. fara heldur ómjúkum höndum um þá sem gerðust svo djarfir að andmæla till. hans. Ég vil taka það skýrt fram, að ég býst við að flestir þeir, sem ekki treysta sér til þess að fylgja þessu frv. hans, líti ekki svo á að peninganna sé ekki þörf, heldur sé hér eins og oft áður spurning um aðferðir.

Við 1. umr. þessa máls sagði ég nokkur orð og benti þar á aðrar leiðir til þess að ná, að mér fannst vera, eðlilegri og skemmtilegri árangri. Ég benti á þá leið, að stóriðja í landinu, sem nú fer vaxandi, greiddi gjöld til ríkisins. Mér fyndist eðlilegt að þessi gjöld rynnu til þess að auðvelda rafmagnsdreifingu um landið. Ég benti á að í því fyrirtæki, sem um er að ræða, hefur þótt full þörf á að hagræðing færi fram og hægt væri að spara á þann hátt. Hefur verið talað um að það væri full nauðsyn að breyta slæmum lánum í betri lán. Allt þetta mundi koma í staðinn fyrir fjárframlög og mundi spara fjármagn.

Ég benti einnig á að það væru fleiri aðilar einkum þó Byggðasjóður sem mér fyndist eðlilegt að hlypi eitthvað undir bagga þarna. Hér er um bráðabirgðaástand að ræða. Við skulum segja að farin yrði sú leið að stóriðja í landinu létti þarna undir. Strax eftir eitt til tvö ár mundi þar verða um verulegar fjárhæðir að ræða, en í millitíðinni gæti Byggðasjóður hlaupið undir bagga. Ég held að það væri ekki óeðlilegra að Byggðasjóður treysti byggð í landinu með þessu móti en t. d. með að létta undir með atvinnuvegum á stöðum þar sem yfirdrifin atvinna er.

Allt er þetta umdeilanlegt, ég viðurkenni það, en mér finnst vera alveg ástæðulaust að jafnvel þótt hæstv. ráðh. hafi borið þetta frv. fram geti engar aðrar leiðir komið til greina.

Ég viðurkenni fyllilega, að það er ákaflega erfitt að skýra að eina leiðin til þess að lækka rafmagnið hjá þeim sem borga mest sé að hækka taxtann hjá þeim hlutfallslega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 55. fundur.

Fimmtudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Tímabundið olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 407 (sbr. 393)). — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt hefur verð á olíu á heimsmarkaði snarhækkað að undanförnu og leggst þar saman harður vetur í Evrópu og stöðvun olíuútflutnings frá Íran. Af þessum sökum hefur gætt skorts á gasolíu og hefur það leitt til gífurlegrar umframeftirspurnar eftir olíu og þar með til verðhækkunar.

Frv. það, sem hér er til 1. umr., gerir ráð fyrir 2.5% álagi á fiskverð til útgerðar eingöngu og er þannig þáttur í ráðstöfunum til að snúast við þeim vanda sem þessi stórfellda hækkun olíuverðs veldur íslenskum sjávarútvegi. Frá því í desembermánuði s. l. fram til 21. febr. kostaði hver lítri af gasolíu til fiskiskipa hér á landi 57.50 kr., en svartolíutonnið 39 þús. kr. Hinn 21. febr. s. l. var ákveðið nýtt verð á bensíni og olíu hér á landi og var það verð ákveðið á grundvelli innkaupsverðs þeirrar olíu, sem til var í birgðum í landinu. Samkv. því kostar hver lítri af gasolíu nú 68.90 kr. og svartolíutonnið 40500 kr. Þetta viðmiðunarverð er mun lægra en skráð markaðsverð í Rotterdam þessa dagana og þegar næsta verðlagning fer fram, væntanlega í apríl, verður því að taka mið af verði á síðustu förmum. Það verð gæti orðið hátt, eða um 100 kr. á hvern lítra af gasolíu og um 48 þús. kr. á hvert svartolíutonn, og er þá reyndar reiknað með að verðið lækki frá toppinum um miðjan febrúar.

Hækkun gasolíuverðs úr 58.50 kr. í 68.90 kr. á lítra veldur kostnaðarauka hjá fiskiskipaútgerð um 2000 millj. kr. á heilu ári. Auk þess munu aðrir kostnaðarliðir, t. d. veiðarfæri, væntanlega hækka í kjölfar olíuverðshækkunarinnar. Jafnvel þótt nú sjáist þess nokkur merki að olíuverðið sé á niðurleið er engu að síður ljóst að sú hækkun olíuverðs úr 57.50 kr. í 68.90 kr. á hvern lítra, sem þegar er komin fram, er ofviða stórum hluta fiskiskipaflotans. Óvissan í olíuviðskiptum gerir að verkum að ekki verður metið með vissu hvort verðhækkun sú, sem orðið hefur, er tímabundin eða varanleg. Skynsamlegast virðist að snúast við áhrifum hennar í fyrstu þannig, að hún raski sem minnst verðlagi í landinu, en þó þannig að fullt mið sé tekið af þeirri nauðsyn sem er á því að hvetja til olíusparnaðar þegar í stað. Af þeim sökum verður ekki farið út á þá braut að greiða olíuverðið niður. Hins vegar þarf að auka tekjur útgerðarinnar til þess að hún geti yfirleitt staðið undir auknum olíukostnaði.

Hlutaskiptaákvæði kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna gera það að verkum, að ekki er unnt að mæta kostnaðarauka af þessu tagi með hækkun almenns fiskverðs án þess að hlutir sjómanna hækki um leið. Þetta þýðir einfaldlega, að til þess að koma til skila fjármunum til að standa undir 10 kr. olíuhækkun þarf að óbreyttu 17 kr. tekjuauka hjá útgerðinni. Forustumenn sjómannasamtakanna hafa lýst því yfir, að þeir vilji ekki hagnast á því óhappi sem olíuverðshækkunin er fyrir þjóðina. Fullt samráð hefur verið haft við sjómannasamtökin um þetta mál, og láta þau óátalið að tímabundið olíugjald af því tagi, sem lagt er til í 1. gr. þessa frv. og er meginefni þess, verði á lagt. Þessi afstaða er á því byggð, að olíuhækkunin kunni að vera tímabundin og ákvæðin um olíugjald verði endurskoðuð þegar á árið líður. Fulltrúar sjómanna andmæla hins vegar ákvæðum 2. gr. um 1% frádrátt frá söluverðmæti við landanir erlendis og benda á að útvegsmenn fái 1% lækkun á útflutningsgjaldi af söluverðmæti erlendis samkv. því frv. sem flutt er jafnhliða þessu og ég mun víkja nánar að síðar.

Frv. það, sem hér er flutt, hefur einnig verið kynnt Landssambandi ísl. útvegsmanna og samtökum fiskvinnsluaðila og geta þeir í meginatriðum fallist á þessar till., en benda á að mikilvægt sé að frádráttur samkv. 2. gr., er um var getið áðan, verði helst meiri, eða a. m. k. svo hár sem hér er lagt til, til þess að skiptakjör við landanir erlendis verði ekki sjómönnum hagstæðari en við heimalöndun. Fulltrúar fiskvinnslunnar benda á að mikilvægt sé að takmarkaður afli verði sem mest nýttur hérlendis.

Jafnframt þessu frv. er flutt annað frv. því tengt, sem kveður á um lækkun útflutningsgjalds af sjávarafurðum úr 6% af fob.-verðmæti í 5% til þess að gera fiskvinnslunni auðveldara að rísa undir þeim kostnaðarauka, sem olíugjaldið felur í sér. Þetta er mögulegt vegna þess að sjóðir þeir, sem útflutningsgjalda njóta, eru nú vel stæðir fjárhagslega og því unnt að draga nokkuð úr tekjum þeirra án þess að það komi niður á verkefnum þeirra að svo stöddu. Með þessum hætti er því snúist við olíuvandanum án þess að stofna til niðurgreiðslna á olíu og án þess að stækka sjóðakerfi sjávarútvegsins. Hvort

þessar ráðstafanir eru fullnægjandi verður tíminn að leiða í ljós.

Eins og ég gat um áðan er áætlað að hækkun gasolíu í 68.90 kr. á hvern lítra valdi útgerðinni um 2000 millj. kr. útgjaldaauka á ári. Ef þessu yrði mætt að fullu með hækkun fiskverðs þyrfti álag á fiskverð því að verða að meðaltali 4.4% að teknu tilliti til aflahluta, en 2.9% ef álagið kemur utan hlutaskipta og aflaverðlauna. Í frv. þessu er gert ráð fyrir almennu 2.5% álagi á fiskverð til útgerðar og kemur það ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna. Gera má ráð fyrir, að olíugjald samkv. frv. þessu muni á ári nema um 1600 millj. kr. fyrir útgerðina í heild, þannig að til að mæta því, sem á vantar, verður að koma sparnaður og/eða fiskverðshækkun. Nýtt fiskverð verður ákveðið frá 1. mars, þ. e. a. s. frá deginum í dag, og er við því að búast að fiskverðið hækki nú sem nemur þeim mun sem almenn launahækkun fer fram úr 5% í dag, og verður sú tilkynning væntanlega gefin út í dag. Hér er um 1.9% að ræða, sem vænta má að dugi til að fleyta útgerðinni yfir þennan erfiða áfanga og bæta nokkuð stöðu bátaflotans sem nú er afar erfið. Hins vegar veldur olíuhækkun og fylgjur hennar óhjákvæmilega versnandi afkomu fiskvinnslu og þar með þrýstingi á gengið og ýtir undir verðbólgu í landinu. Hækki olíuverð enn, t. d. í 100 kr., verður tekjuskiptingarvandinn í sjávarútvegi mun erfiðari viðfangs og þrengist þá hagur sjávarútvegs í heild, og reyndar þjóðarinnar allrar, að óbreyttu markaðsverði afurða og þyrfti þá stórtækari aðgerðir en nú eru ráðgerðar.

Ég leyfi mér að leggja til að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. þessarar d. En *mikilvægt er að það fái skjóta meðferð þannig að það geti* orðið að lögum þegar um þessi mánaðamót og þá um leið og nýtt fiskverð gengur í gildi. Því leyfi ég mér að fara fram á það við d. og hv. sjútvn., að þetta frv. verði afgreitt frá d. í dag og afbrigða verði leitað svo að það megi gerast.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessu frv., sem hæstv. sjútvrh. var að mæla fyrir, fylgir annað frv. sem verður til umr. á eftir. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að ræða bæði frv. í sömu ræðu, þó að sjútvrh. hafi ekki enn þá mælt fyrir hinu frv.

Í þessu frv. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa er um að ræða að lögbinda ákveðið verð ofan á fiskverð Verðlagsráðs sjávarútvegsins fram hjá hlutaskiptum og aflaverðlaunum. Sjálfstfl. fékk þessi frv. ekki fyrr en seinni part mánudags og þá með þeim skilaboðum að ríkisstj. ætlaðist til þess og vonaðist eftir því að reynt yrði að afgreiða þessi mál með miklum flýti. Þó að hér sé um stórt mál að ræða, sem gefur tilefni til þess að ræða almennt um málefni útvegsins, um fiskverðið, finnst mér að ríkisstj. ætli stjórnarandstöðunni skamman tíma með því að fara þannig að í þessum málum, þegar Alþ. hélt alveg sérstaklega upp á næsta dag — sprengidaginn — með eftirminnilegum hætti og þessi mikilvægu mál komust ekki að vegna þeirra umr. sem þá áttu sér stað í Sþ.

Ég og minn flokkur fögnum því, að það skuli vera tekin ákvörðun um að mæta hækkun á olíuverði með þeim hætti að útgerðin fái þessa hækkun að nokkru leyti uppi borna, eða ca. 1600 millj. á móti þeim 2000 millj. sem áætlað er að þessi hækkun muni nema. Ég tel sömuleiðis að eðlilegt sé að þetta gjald komi ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna. Mér finnst mjög athyglisvert og í raun og veru eftirminnilegt, að sjútvrh., sem telur sig til Alþfl., verkalýðsflokks, skuli leggja til að þetta viðbótarfiskverð fari fram hjá hlutaskiptum og aflaverðlaunum. Ég tel ekki síður frásagnarvert, að frv. rann í gegnum Ed. alveg eins og heitar lummur með atkv. fulltrúa Alþfl. og fulltrúa Alþb., sem hafa talið allt til þess í gær að löggjafinn ætti aldrei að lögbinda og breyta kjarasamningum. Þetta finnst mér vera stórfelld breyting sem sé ástæða til að vekja sérstaka athygli á. Hafa þessir flokkar sýnt með þessu, að þegar slík nauðsyn á sér stað sem nú viðurkenna þeir, þó seint sé, þá stefnu Sjálfstfl. að þetta hafi oft þurft að gera og þurfi oft að gera. Þetta hefur Framsfl. margoft viðurkennt. Mér finnst vera ekki síður tilefni til að halda upp á þennan dag en að halda upp á 6 mánaða afmæli ríkisstj. og 66 ára afmæli forsrh. Þar með eru þessi tvö öfl orðin 66 ára og 6 mánaða í dag.

Mér finnst af þessu tilefni gefast tækifæri til og sé nauðsynlegt að nefna það, að þegar farið var út í endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins á árinu 1975, sem lögfest var fyrri hluta febrúarmánaðar á árinu 1976, var gerður stórfelldur uppskurður á sjóðakerfi sjávarútvegsins, þar sem það var þá, miðað við reglurnar sem voru á undan, komið í 5965 millj. kr. Eftir endurskoðun sjóðakerfisins var það lækkað niður í 2271 millj. kr. samkv. þáverandi lögum um útflutningsgjald. Þessi niðurskurður á sjóðakerfinu gerði það að verkum, að 16. febr. 1976 varð meðaltalshækkun á fiskverði samkv. ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins 32.7%. Þar af voru um 24% vegna breytingar á sjóðakerfi sjávarútvegsins. Sú breyting á niðurfærslu sjóðakerfisins færði m. ö. o. á þeim tíma næstum því 4 milljarða sem áður voru í *sjóðakerfinu, til skipta á milli sjómanna og útgerðar.*

Þessi uppskurður kostaði mikla fyrirhöfn. Meðal annars, sem um var samið í sambandi við það, undirrituðu fulltrúar sjómanna og fulltrúar útgerðarmanna samkomulag þar sem segir, að þar sem ríkisstj. hafi lýst því yfir að hún muni beita sér fyrir setningu laga og reglugerða í samræmi við till. og ábendingar tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, þá lýsi aðilar yfir að þeir muni gera samninga sín á milli, sem nú séu lausir, um kjör sjómanna á grundvelli tillagna og ábendinga sem fram koma í skýrslu nefndarinnar dagsettri 19. jan. 1976. Í öðru lagi lýstu aðilar yfir að þeir mundu beita sér fyrir því, að heimildir yrðu veittar til þess að taka þegar upp samninga á grundvelli breytinga á þeim kjarasamningum aðila, sem ekki hefði verið sagt upp, með sama hætti og væru þeir lausir. Aðilar þessa samkomulags gerðu ráð fyrir að ríkisstj. léti fara fram sérstaka athugun á kjörum áhafna og afkomu útgerðar á stærri togurum, þ. e. togurum yfir 500 brúttólestir, við þessar breytingar, og athugun þessi yrði gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og fulltrúa þeirra byggðarlaga sem sérstakra hagsmuna ættu að gæta, með það fyrir augum að tryggja atvinnu sjómanna og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á þessum stöðum, sbr. bréf rn. til Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda. Undir þessa yfirlýsingu eða þetta samkomulag rituðu fulltrúar Sjómannasambands Íslands, Alþýðusambands Austurlands, Alþýðusambands Vesturlands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda.

12. febr. 1976 voru svo tvö lagafrv., sem ríkisstj. hafði flutt samkv. till. þessarar nefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, afgreidd sem lög frá Alþ., og ákvæði

þessara laga tóku gildi 16. febr. 1976. Fyrri lögin fólu í sér lækkun greiðslna í Stofnfjársjóð fiskiskipa úr 15% í 10% af verðmæti alls heimalandaðs afla og úr 21% í 16% af afla sem landað er erlendis. Síðari lögin kveða á um afnám Olíusjóðs fiskiskipa og sem næst helmingslækkun á útflutningsgjöldum til Tryggingasjóðs fiskiskipa. Samkv. lögunum lækkuðu útflutningsgjöld af sjávarafurðum úr 16% að meðaltali í 6% af fob.-verðmæti útflutnings. Í grg. fyrir þessum frv., við umr. á þingi og í skýrslu tillögunefndar, sem fylgdi þskj. í máli þessu, kom fram að forsenda þessarar lagasetningar var allsherjarendurskoðun á hlutaskipta- og aflaverðlaunaákvæðum kjarasamninga vegna þess aukna kostnaðar sem útgerðinni væri nú ætlað að rísa beinlínis undir með bátshlutnum í aflaverðmætinu. Og að kvöldi 28. febr. þetta sama ár lágu fyrir samningsdrög sem samninganefndir sjómanna og útvegsmanna höfðu náð samkomulagi um með fyrirvara um fiskverðsákvörðun.

Fiskverðsákvörðunin var tekin 16. febr. og þá hækkaði fiskur, eins og ég sagði áðan, að meðaltali um 32.7%. En upp úr þessu fór að kárna gamanið. Þegar búið var að pæla í þessari miklu breytingu á sjóðakerfinu og færa yfir til sjómanna verulegan hlut, þá hófst mikill áróður í mörgum sjómannafélögum og þessir samningar voru ýmist samþykktir eða felldir, en flotinn hélt áfram. Þeir, sem voru á fundi og felldu samningana á einum stað, fóru í bíl til næstu verstöðvar og réðu sig þar á skip, en skildu hina eftir í verkfalli. Og það var reynt að kynda undir þessari óánægju af vissum öflum, sem eru ekki óskyld þeim tveimur stjórnarflokkum sem nú hafa kúvent í þessum málum.

Haldið var áfram að reyna að ná samkomulagi og sáttatillögur voru bornar fram fleiri en ein, fleiri en tvær, þær voru þrjár, sem komu fram, og fram eftir öllu sumri. Að lokum var ástandið orðið þannig í sumum verstöðvum að eftir þær atkvgr., sem áttu sér stað, og samningarnir voru jafnvel felldir með nokkrum atkvæðamun, en þó ekki mjög miklum, sá ríkisstj., sem þá var, ekki annan kost vænni en að grípa inn í með setningu laga um kaup og kjör sjómanna á grundvelli síðustu sáttatillögu, þar sem réttindi sjómanna umfram það sem um var samið voru lögfest, eins og hækkun sjómannatryggingar o. fl., sem ég ætla ekki að fara út í. En þegar þessi lög komu út, þá riðu hetjur um héruð, m. a. s. menn sem skrifuðu undir þetta samkomulag og áttu samkv. sinni undirskrift og því, sem þeir höfðu heitið, að hlíta samningum. Þá fóru þeir um til þess að mótmæla slíkum lögum, slíku gerræði sem þáv. ríkisstj. hefði gripið til, og það endaði á því að safnað var undirskriftum og menn gengu hús úr húsi og fengu fólk til þess að skrifa undir mótmæli við setningu þessara laga, fólk sem ekki gerði sér nokkra grein fyrir hvað það var að skrifa undir, og það komu fulltrúar hingað í þinghúsið með kassa sem voru fullir af þessum mótmælum, — ég held að þeir hafi verið 6 eða 8. Þá reis upp einn af þm. Alþfl., sem lýsti því yfir af miklum fjálgleik, eins og hans er von og vísa, að hér væri um svívirðilegt athæfi að ræða gagnvart sjómannastéttinni sem næði ekki nokkurri átt, hér væri verið að grípa inn í kjarasamninga af löggjafanum, þar sem sjómenn og útvegsmenn ættu sjálfir að semja um þessi atriði. Og það stóð ekki á fulltrúum Alþb., þess mikla verkalýðsflokks, sem aldrei lætur sitt eftir liggja í baráttunni fyrir kjörum verkalýðsins, að taka mjög sterklega undir þetta.

Þetta frv. sýnir þá miklu breytingu sem hefur orðið á þessum sósíalistísku flokkum. Nú eru þeir komnir svo langt til hægri að lengra komast þeir ekki. Þeir eru báðir alveg klesstir úti í hægra horninu. Og það er vel. Þetta er það sem við sjálfstæðismenn höfum beðið eftir, að karlar kúventu. En hverjir ætla svo að trúa þessum mönnum þegar þeir fara aftur að söðla um og segja að það megi aldrei grípa inn í kaup og kjör launþeganna í landinu? Það trúir þeim ekki einn einasti maður. Og það er mjög gott, því að nauðsynlegt er að enginn maður trúi þessum flokkum. Þeir hafa svikið allt sem þeir lofuðu. Það er ekkert eftir. Þeir töluðu ekki svona fyrir kosningarnar. Það var annað hljóð í kratadrengjunum þá, þegar þeir gengu á vinnustaðina, — eða kommunum. En nú er allt breytt, nú er þetta allt í lagi. Og ég fagna því, eins og ég sagði áðan, og ég óska hæstv. sjútvrh. til hamingu með að bera fram stefnubreytingu Alþfl. í þessu formi, því að hún er alveg að skapi okkar sjálfstæðismanna.

M. ö. o.: við erum sammála því að frv. um tímabundið olíugjald verði samþykkt, sem kveður á um að útgerðinni verði greidd 2.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins, og sama gildi, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn, og jafnframt af þessari ástæðu komi þetta viðbótarfiskverð ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

En ég ætla ekki eingöngu að snúa mér að Alþfl. og Alþb. í þessum efnum. Ég ætla einnig að senda nokkra kveðju til fulltrúa sjómannasamtakanna fyrir þá breytingu sem þeir hafa sumir hverjir gert á afstöðu sinni. Ég tel þessa breytingu þeirra mjög skynsamlega og fagna því, að þeir hafa tekið málinu með þessum hætti.

Um 2. gr. frv. má hins vegar deila frekar. Hún er um frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjald, að það megi draga 1% olíugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti við ákvörðun aflaverðlauna. Sennilega verður það rætt nánar í n. Með þessu frv. um tímabundið olíugjald á að bæta fiskvinnslunni upp þessa útgjaldaaukningu með því að breyta lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 frá 13. febr. 1976, á þann veg, að útflutningsgjald af sjávarafurðum skuli vera 5% af fob.-verðmæti útflutnings í staðinn fyrir 6% eins og það var ákveðið með lögum 13. febr. 1976. Er áætlað að útflutningsgjaldið lækki um 1600 millj., eða um 400 millj. minna en olíuhækkunin er talin kosta fiskiskipaflotann. Og þessi breyting á útflutningsgjaldinu á að nást með þeim hætti að lækka framlag til þeirra sjóða, sem nú njóta útflutningsgjaldsins, og þá er það fyrst og fremst Aflatryggingasjóður og þá hin almenna deild Aflatryggingasjóðs, en talið er að tekjur hennar muni við þessa breytingu minnka um 552 millj. kr. Talið er að tekjur áhafnadeildar muni minnka með þessu frv. um 16 millj. kr. Fé, sem fer til greiðslu á vátryggingarkostnaði fiskiskipa samkv. reglum sem sjútvrn. setur á hverjum tíma, tekjur vátryggingarsjóðs, er talið að muni skerðast um 592 millj. kr., tekjur Fiskveiðasjóðs um 416 millj., tekjur Fiskimálasjóðs um 6 millj. og til ýmissa smærri liða, eins og sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða um 21 millj. En það er einn liður, sem að upphæðinni til skiptir ekki höfuðmáli, sem hækkar þegar verið er að rýra útflutningsgjaldið úr 6% í 5%, eða um 1600 millj. kr. þá er hækkað frá gildandi lögum framlag til Landssambands ísl. útvegsmanna og framlag til samtaka sjómanna samkv. reglum, sem sjútvrn. setur, úr 0.4% til hvors aðila um sig í 0.5%. Þessir tveir aðilar eiga, þegar skorin eru niður framlög til sjóðanna um 1600 millj., að

fá 2 millj. í umbun hvor fyrir sig. Mönnum verður hugsað: Er þessi uppsetning til þess að hafa þá góða sem eru þarna á skrifstofunum? Þetta lítur engan veginn nógu vel út.

Því er nú fyrir að þakka, að sumir þessir sjóðir geta tekið á sig lækkun tekna, að fyrir þeim var vel séð á tímabili fyrrv. stjórnar. Það er annað en hægt var að segja þegar sú stjórn tók við. Þá tók hún við gjaldþrota sjóðakerfi, algerlega. Þá vantaði hundruð milljóna í suma þessa sjóði. Olíusjóðurinn var algerlega gjaldþrota þegar ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar tók við 28. ágúst 1974. Tryggingasjóðurinn var á vonarvöl, hann stóð ekki við greiðslur. Tryggingafélögin fengu alls ekki skilvíslegar greiðslur, sem gerði að verkum að þau gátu engan veginn staðið í skilum með greiðslu bóta á tjónum. Það fyrsta, sem núv. ríkisstj. gerir, er að gefa ávísun á það sem fyrrv. ríkisstj. skildi eftir. Hér er ríkisstj. ekki að leggja til að koma útgerðinni til hjálpar. Hér er aðeins um að ræða að færa til innan sjávarútvegsins sjálfs.

En við skulum aðeins líta á hina hliðina. Aflatryggingasjóðinn, almennu deildina. Hér er sagt að hún eigi mikið fjármagn. Það er alveg rétt. Aflatryggingasjóðurinn á mikið fjármagn — eða átti um áramót og á það enn. Það er auðvitað blekking að tala um að áhafnadeildin eigi mikið. Hún átti inni um áramótin af því að eftir var að greiða sjómönnum fæðiskostnaðinn frá hausti til áramóta. En hitt er svo annað mál, að Aflatryggingasjóð hefur stundum líka skort tekjur þegar bætur hafa verið óvenjumiklar, eins og var á árunum 1967 og 1968 og mig minnir 1971 og 1972. Þá skorti Aflatryggingasjóð fé til þess að standa undir bótagreiðslum. Það er því auðvitað hygginna manna háttur að ganga ekki svo nærri sjóðum sem þessum að þeir standi uppi alveg berskjaldaðir og standi ekki við hlutverk sitt. En ég fyrir mitt leyti og við sjálfstæðismenn getum vel fallist á að Aflatryggingasjóður verði eitthvað skertur á þessu ári vegna þess og það þó nokkuð.

En annað veldur okkur stórum áhyggjum. Það er Ólafs doðranturinn Jóhannessonar, sem Alþfl. hefur gert að sinni biblíu. Þar á að breyta hlutverki Aflatryggingasjóðs. Hann hefur það hlutverk að bæta aflahluti skips og áhafnar þegar almennan aflabrest ber að höndum eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjafiskstofnum á Íslandsmiðum. Líka segir í sama frv.: „Við ákvörðun meðalveiðimagns, sem bætur miðast við, er heimilt að taka sérstakt tillit til sóknartakmarkana, sem stjórnvöld ákveða, og til langvarandi aflaleysis á einstökum svæðum vegna breytinga á fiskgengd og veiðisókn við landið, þannig að meðalveiðimagn miðist við aflabrögð þegar sókn og ástand fiskstofna er með eðlilegum hætti. Leita skal álits Hafrannsóknastofnunar um þetta atriði.“ — Það er dálítið skrýtið, því að Aflatryggingasjóður og Fiskifélagið safna skýrslunum. En látum það nú vera.

Hvað mundi þetta kosta ef það væri orðið að lögum og takmarkanir væru gerðar? Þessar bætur mundu skipta milljörðum. Hvar á Aflatryggingasjóður þá að leita fanga? Hefur hæstv. sjútvrh. gert sér grein fyrir þessu, þegar hann heldur dauðahaldi — og Alþfl. — í þetta orðalag? Þetta orðalag nær auðvitað ekki nokkurri átt. Það er verið að fara út á svo hála braut í þessum efnum, að mér dettur ekki í hug að ætla að nokkur sjómaður eða útgerðarmaður ætlist til svo geigvænlegra fórna af samfélaginu sem hér á að gera. Á sama tíma og þeir eru með þetta í bígerð á að stífa framlögin til Aflatryggingasjóðs. Þetta er ekki gott samspil, hæstv. sjútvrh., þetta er ekki hægt. Þegar annar fóturinn fer áfram, þá fer hinn aftur á bak. Það er þó auðvitað ekki í fyrsta skipti sem göngulagið er með þeim hætti hjá þessari hæstv. ríkisstj.

Um greiðslu á vátryggingarkostnaði fiskiskipa get ég verið sammála því að lækka tekjur hans um þetta, því að vátryggingarsjóður þolir þessa lækkun, mér er það alveg ljóst. Það er fyrir það, að síðan gjaldið var ákveðið á sínum tíma hefur verðmæti útflutnings okkar aukist meira en vátryggingariðgjöldin hafa hækkað. Þar með hefur þessi sjóður fengið meiri tekjur en við mátti búast þegar lögin voru sett í febr. 1976.

En þriðji liðurinn, sem er þriðja aðalupphæðin, lækkun á tekjum Fiskveiðasjóðs um 416 millj., er auðvitað algerlega út í hött. Ég er undrandi á hæstv. sjútvrh. og ríkisstj. að leggja fram frv., sem gerir ráð fyrir því að lækka tekjur Fiskveiðasjóðs sem nemur þessari upphæð. Við vitum að Fiskveiðasjóður getur engan veginn afgreitt nema hluta af þeim lánsumsóknum sem fyrir honum liggja. Það er sjálfvirkt kerfi í sambandi við skipakaupin. Það er búið að binda stórkostlegt fé fram í tímann eftir þeim erlendu lánum sem eru. Innlenda skipasmíðin tekur sitt og þarf sitt, þar verðum við að halda áfram, því að við hljótum þó öll að vera sammála um að við getum ekki stöðvað innlenda skipasmíði og gert atvinnulaust allt það fólk sem vinnur við þær iðngreinar. En það er annað sem kemur líka inn í. Með því að skerða framlag Fiskveiðasjóðs með þessum hætti erum við að draga úr eigin fjármagni Fiskveiðasjóðs, við erum um leið að hækka vextina af öllum stofnlánum í öllum greinum Fiskveiðasjóðs, ef hann á eingöngu að byggja á lántökum eða svo að segja, sem mér virðist vera stefna þessarar hæstv. ríkisstj., bæði með framlagningu þessa frv. og eins því frv. um lánamál — ég man nú ekki nafnið á því — sem fjmrh. flutti framsögu fyrir í gær, að setja ákveðið hámark því sem ríkissjóður greiðir, bæði til Fiskveiðasjóðs og annarra stofnlánasjóða. Mér finnst eiginlega vera allur vindur úr sumum stjórnarþm., sem hafa hvað harðast barist fyrir því að skerða ekki framlög sérstaklega til atvinnumálasjóða. Það á kannske eftir að heyrast eitthvað í þeim síðar, en lítið hefur farið fyrir þeim að undanförnu í sambandi við þennan niðurskurð allan.

Styrkveitingar Fiskimálasjóðs eru lækkaðar um 6 millj. Ekki er hægt að segja að það sé há upphæð, en sá sjóður hefur hlaupið oft undir bagga í sambandi við ýmsar fiskirannsóknir sem ekki hafa verið innan ramma fjárlaga.

Sömuleiðis á að lækka upphæð til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða um 21 millj. Það er sennilega ekki í samræmi við þær umr. sem fóru fram fyrir nokkrum dögum utan dagskrár um Framleiðslueftirlit sjávarafurða í sambandi við galla á gaffalbitum seldum til Sovétríkjanna. En það er eins og áður: eitt skref áfram og annað aftur á bak.

Eitt finnst mér mjög undarlegt í sambandi við þá tilburði alla sem uppi eru til að draga úr veiði í ofnýtta fiskstofna og auka aftur veiðina í stofna sem eru ekki fullnýttir, eins og karfa og grálúðu sem menn eru hvattir til þess að auka veiðar á í ríkari mæli. Nú gerir þetta frv. ráð fyrir að fiskverð til útgerðarinnar hækki um 2.5%. Verðlagsráðið hefur samþykkt að hækka fiskverð að meðaltali um 1.9%, og það var samþykkt þar með 4:1

atkv. Þorskur, ýsa og steinbítur hækka um 2.2%, en karfinn, ufsinn og grálúðan, sem sagt er að eigi að stefna að því að auka veiðar á, hækka ekki neitt. Er þetta hvatning fyrir útgerðarmenn og sjómenn til að stunda þessar veiðar? Ég held ekki. Ég ætla í fullri vinsemd að benda hæstv. sjútvrh. á það, að á tímabili fyrri ríkisstj. beitti ég mér fyrir því og var samþ. af þáv. ríkisstj., sem sýndi öll, allir ráðh. þar, fullan vilja að gera umtalsverða hækkun á karfa. Það var gert með þeim árangri að veiðarnar jukust. Það var auðvitað teflt í töluverða óvissu, en þessi ákvörðun heppnaðist vel vegna þess að það fór saman við hækkandi markaðsverð erlendis, einkum í Bandaríkjunum. Þetta hefði þurft að gera að mínum dómi. Sama er með grálúðuna og ufsann.

Það er talið að hækkun gasolíulítra um 13.60 kr., eða úr 69 kr. í 82.60, muni færa ríkisvaldinu 200—220 millj. kr. í opinberum gjöldum miðað við að ársnotkunin verði 80—90 millj. lítra. Þessar 13.60 kr. á gasolíulítra skiptast þannig, að 6.23 kr. eru hækkun á cif-verði, en opinber gjöld nema 2.53 kr., 1.50 er álagning, 3.09 kr. er innlegg til innkaupajöfnunarreiknings og 25 aurar mæta gengissigi, svo að eitthvað er nú ætlað að það eigi að síga á næstunni. Mér finnst ástæðulaust að ríkisvaldið og ríkisstj. séu að gera sér þetta óeðlilega ástand á olíumörkuðunum núna að féþúfu, að ríkisvaldið — ríkisstj. og ríkissjóður — eigi eitt að græða, það eigi að færa til innan sjóða sjávarútvegsins, en ríkið eigi aftur að hafa af þessu tekjur. Það er alveg einstakt happ fyrir ríkissjóð að olían hækkar núna á heimsmarkaðinum, og hann ætlar til fullnustu að notfæra sér þessa ógæfu alls almennings í landinu með því að kroppa fleiri krónur í ríkissjóð.

Hvað á svo að gera í framhaldi af þessu gagnvart öllum almenningi í landinu, sem verður að nota olíu til upphitunar, gagnvart þeim hluta atvinnulífsins, sem verður að taka á sig þessar fórnir? Ætlar ríkisvaldið á þennan hátt að skattleggja það fólk líka? Fjmrh. segir og setur upp sinn góðlátlega, eðlilega svip: Þetta er allt saman til athugunar. — Og svo gengur bara allt í gildi og allt á að taka af almenningi í landinu. Þarna finnst mér skjóta skökku við það sem hefur verið látið uppi í þessum efnum.

Samkv. því, sem ég hef hér sagt, ætlar ríkissjóður ekki að leggja neitt í púkkið. Það liggur ekki fyrir að hann ætli að leggja fram neitt af tekjum sínum til að koma á móti útgerðinni, heldur aðeins að færa til í sjóðum sjávarútvegsins og þrengja verulega kosti stærsta stofnlánasjóðs hans. En það er annað, sem hefur ekki komið fram og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvrh. um: Getur það verið ætlun sjútvrh. og hæstv. ríkisstj., þegar tekjur Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu eiga að lækka um 416 millj. kr., að ríkissjóður ætli þá að nota sér það að samkv. gildandi lögum um Fiskveiðasjóð Íslands lækkar hluti ríkissjóðs sjálfkrafa um 75% af þeirri upphæð sem niður er skorin? Er það ætlun ríkisstj. að nota sér ákvæði c-liðar 3. gr. laga um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að lækka framlag ríkissjóðs um 75% af þessari upphæð eða um nákvæmlega 312 millj. kr.? Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að ætlunin sé að firra ríkissjóð um 312 millj. kr. greiðslu til Fiskveiðasjóðs, sem hann á að inna af hendi lögum samkv. og gert hefur verið ráð fyrir í fjárl. Í 3. gr. laga um Fiskveiðasjóð, b-lið, segir um tekjur sjóðsins: „Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkv.“ Í c-lið segir: „Til viðbótar tekjum sjóðsins samkv. b-lið greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð er nemi 3/4 hlutum af tekjum samkv. b-lið.“ — Ef tekjurnar samkv. b-lið lækka um 416 millj. og ekki er gerð nokkur breyting á lögum um Fiskveiðasjóð hlýtur framlag ríkissjóðs að lækka um 312 millj. kr.

Sama er að segja um Aflatryggingasjóðinn. 25% af tekjum hans koma af útflutningsgjaldi, sem ríkissjóður verður að greiða á móti, og við það að lækka tekjur Aflatryggingasjóðs um 558 millj. kr. kæmi framlag ríkissjóðs til með að lækka um nálega 140 millj. kr. til Aflatryggingasjóðs frá gildandi lögum. Ég trúi ekki að þetta sé gert viljandi, og ég vænti þess, að hæstv. sjútvrh. upplýsi hvort það er ætlunin með þessum frv., ef þau verða lögfest, að spara með þessum hætti eða lækka framlög ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs og Aflatryggingasjóðs um samtals 442 millj. kr. Þá finnst mér skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Hvernig á að mæta allri þeirri þörf, sem Fiskveiðasjóður hefur fyrir peninga, ef farið er að með þessum hætti?

Þeir, sem semja frv. eins og þetta, stilla því sérstaklega vel upp í frv., hvað sjóðirnir standi vel að vígi, og telja að bæði Aflatryggingasjóður og Tryggingasjóður fiskiskipa standi undir þessum tilfærslum, en þeir hlaupa alveg yfir að segja eitt einasta orð um Fiskveiðasjóð. Mér finnst þetta ekki heiðarleg framsetning í aths. með frv. Ég held að það væri full þörf á því fyrir þá menn, sem þetta verk vinna, að láta það koma fram. A. m. k. auka slík vinnubrögð ekki traust þm.

Ég vænti þess, að hæstv. sjútvrh. svari þessum fsp. mínum nú við 1. umr., svo að við höfum alveg á hreinu hvort sú er ætlun ríkisstj. að nota sér óhagstæða stöðu í olíuverðinu til þess að komast undan því að greiða lögboðin framlög til þessara tveggja sjóða með þeim hætti sem ég hef greint frá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 394). — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til 1. umr., gerir ráð fyrir því, eins og ég gat um í framsögu fyrir hinu fyrra frv., að útflutningsgjald verði lækkað úr 6% í 5% af útflutningsverðmæti sjávarafla, og miðar þannig að því að auðvelda fiskvinnslunni að greiða hið tímabundna olíugjald, sem nemur 2.5% af skiptaverðmæti og frv. er flutt um jafnhliða þessu og fjallað var um áðan. Lætur nærri að sú lækkun útflutningsgjaldsins, sem hér er ráðgerð, svari til 2-2.5% af skiptaverðmæti. Þannig er hér lagt til að hluti af því fé, sem að óbreyttum lögum rynni til sjóða sjávarútvegsins, fari til að létta útgerðinni róðurinn eftir þá miklu hækkun olíuverðs sem orðið hefur að undanförnu.

Eins og fram kom í framsöguræðu minni fyrir frv. um tímabundið olíugjald nægir það ekki eitt sér til þess að greiða kostnaðaraukann af hækkun olíuverðs til fiskiskipa úr 57.50 kr. í 68.90 á lítra af gasolíu og úr 39 þús. kr. í 40 500 kr. á lítra af svartolíu, sem ákveðin var 21. febr. s. l. Því verður einnig að mæta með öðrum hætti,

bæði með olíusparnaði og hækkun fiskverðs, eins og ég gat um.

Það er talið fært að lækka útflutningsgjaldið úr 6% í 5%, a. m. k. að svo stöddu, vegna þess að fjárhagur mikilvægustu sjóðanna, sem útflutningsgjaldsins njóta, er traustur. Þannig átti almenna deild Aflatryggingasjóðs um 2600 millj. kr. í sjóði um áramót, áhafnadeild Aflatryggingasjóðs átti á sama tíma um 450 millj. í sjóði og Tryggingasjóður fiskiskipa um 1000 millj. kr. á reikningi sínum í Seðlabankanum. Að stórum hluta er það fé þó bundið til árs í senn. Að óbreyttum reglum og miðað við núverandi gengi og verðlag gætu heildartekjur þessara sjóða af útflutningsgjöldum numið 7.2 milljörðum árið 1979 og greiðslur úr þeim 5.2 milljörðum kr.

Af þessum lauslegu áætlunum má ráða, að þessir sjóðir þoli nokkra lækkun útflutningsgjaldsins án þess að það þurfi að koma niður á starfsemi þeirra. Áhafnadeildin þolir þó síður lækkun en hinir sjóðirnir og er því nauðsynlegt að breyta nokkuð skiptingu tekna af gjaldinu um leið og heildarhlutfall útflutningsgjaldsins er lækkað.

Frv. gerir ráð fyrir, að hlutfall almennu deildar Aflatryggingasjóðs lækki úr 22% í 19.5% af heildartekjum af útflutningsgjaldi, eða sem nemur um 550 millj. til lækkunar á heilu ári. Á móti kemur hlutfallsleg hækkun áhafnadeildar úr 26% í 31% og skerðast tekjur hennar því óverulega. Hlutfall Tryggingasjóðs er lækkað úr 27 í 25%, eða sem nemur um 600 millj. kr. á heilu ári, og hlutur Fiskveiðasjóðs er lækkaður úr 21 í 20%, eða sem nemur um 400 millj. kr. á ári. Samtals hefur þetta í för með sér 1600 millj. kr. lækkun tekna af útflutningsgjaldinu og er þá miðað við 160 milljarða útflutningsverðmæti gjaldskyldra afurða.

Ég held að það, sem menn hafa rætt um varðandi Landssamband ísl. útvegsmanna og samtök sjómanna, sé að þar standi á hálfum tug, þegar ákveðið er að breyta úr 0.4 í 0.5%. Það er heldur tilviljun en að hlutfallið verði miklu hærra. A. m. k. lít ég engum öfundaraugum á það þótt þar verði 2 millj. kr. hækkun, eða úr 38 í 40 millj. kr. í hvoru tilviki.

Að því er varðar stöðu sjóðanna er á það að líta, að gert var ráð fyrir því samkv. afar lauslegum áætlunum að því er varðar jöfnunardeild Aflatryggingasjóðs að tekjur af útflutningsgjöldum væru um 900 millj. kr. að óbreyttu um greiðslur samkv. gildandi reglum. Þar er sem sagt verið að taka rúmlega helminginn af þeirri fjárhæð, þannig að það er ekki gengið nær sjóðnum en þetta, auk þeirrar sjóðseignar sem fyrir hendi er og ég gat um áðan. Hitt er auðvitað rétt að til greina kemur að þessi sjóður sinni margvíslegum verkefnum. Það er þó ekki nær honum sneitt en þetta.

Um áhafnadeildina er það að segja, að þar er áætlað að tekjur umfram gjöld samkv. gildandi áætlun verði 400 millj. kr. og er þar ekki um lækkun að ræða sem neinu nemur, eða einungis 16 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að tekjur Tryggingasjóðs umfram áætlaðar greiðslur verði um 700 millj. kr., en af þeim eru teknar 600. Þar er þá nákvæmlega skammtað samkv. þessu.

Varðandi Fiskveiðasjóð er rétt að benda á að í fyrirliggjandi lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir verulegri aukningu fjárframlaga til fiskvinnslu af hálfu fjárfestingarlánasjóða, þ. e. a. s. af hálfu Fiskveiðasjóðs og Byggðasjóðs. Þannig hefur lánsfé til Fiskveiðasjóðs verið aukið, sérstaklega í því skyni að hann geti staðið undir hagræðingu í fiskvinnslunni, um 2000 millj. kr. auk framlags upp á 1200 millj. kr. af gengismunarreikningi, eða alls um 3200 millj. kr. til fiskvinnslu á vegum Fiskveiðasjóðs. Auk þess er gert ráð fyrir að Byggðasjóði sé aflað sérstaks lánsfjár, 900 millj. kr., frá Framkvæmdasjóði til að bæta stöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Jafnframt mun ríkisstj. beita sér fyrir því, að Byggðasjóður láni af öðru fé sínu a. m. k. 1000 millj. kr. til fiskvinnslu á árinu 1979. Úthlutun þessa fjár, sem alls nemur þannig 5100 millj. kr., miðast við að greiða fyrir rekstri í fiskvinnslunni, einkum þar sem ástandið er erfiðast. Þessi lánsfjáráætlun felur því í sér að útlán fjárfestingarlánasjóða til fiskvinnslu á árinu 1979 muni verða meira en tvöfalt hærri að krónutölu en á árinu 1978. Auk þess er gert ráð fyrir því í lánsfjáráætluninni, að til skipasmíða innanlands verði aflað þess fjármagns sem talið er að muni nægja til þess að halda uppi allöflugri skipasmíði. Þessi lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir 1275 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði, og það frv., sem hér er til umfjöllunar, mun ekki skerða það framlag úr ríkissjóði, þannig að það verður áfram 1275 millj. kr., eins og gert er ráð fyrir í lánsfjáráætluninni og í frv. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979. Fjmrh. hefur staðfest í samtali við mig, að sú upphæð muni ekki skerðast af völdum þess frv. sem hér er fjallað um. — Ég tek þetta fram til að koma í veg fyrir misskilning.

Sú skerðing, sem um er að ræða á lánum til fiskvinnslunnar, sem vissulega er skerðing, er því þær 400 millj. sem ég gat um hér áðan og er skerðing frá þeirri aukningu sem gert er ráð fyrir í heild til fiskvinnslunnar samkv. lánsfjáráætluninni og nemur um það bil tvöföldun að krónutölu milli ára.

Að því er varðar Aflatryggingasjóð mun ég að sjálfsögðu beita mér fyrir því, að sömu vinnubrögð verði viðhöfð af hálfu ríkisstj. og að þau frv., sem hér eru til umfjöllunar, verði ekki til þess að skerða tekjur hans.

Ég tel rétt að lokum að leggja áherslu á að hér er um tímabundna ráðstöfun að ræða til þess að mæta bráðum vanda útgerðarinnar vegna olíuverðshækkunarinnar. Þessi tilhögun verður vitaskuld tekin til endurskoðunar þegar línurnar fara að skýrast um þróun olíuverðsins, væntanlega síðar á þessu ári. Ég vil enn fremur ítreka, að allgóð samstaða hefur náðst með aðilum í fiskveiðum og fiskvinnslu og sjómönnum um þessi frv.

Ég leyfi mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn., en það er mikilvægt að frv. fái skjóta meðferð þannig að það geti orðið að lögum þegar í dag. Þess vegna vil ég ítreka ósk mína til hv. sjútvn. og d. um að þetta frv. verði afgreitt frá d. í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Fimmtudaginn 1. mars, kl. 6 síðdegis.

Tímabundið olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 407 (sbr. 393), n. 410, 409). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Sjútvn. Nd. hélt fund um þetta mál í dag og fékk til viðræðna við sig fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Fiskveiðasjóðs.

Eins og fram kemur á nál., sem er á þskj. 410, leggur n. til að frv. verði samþ. Lúðvík Jósepsson boðaði brtt. við 2. gr. frv. Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Garðar Sigurðsson og Lúðvík Jósepsson skrifa undir nál. með fyrirvara.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Við tveir fulltrúar Alþb. í sjútvn. Nd., ég og hv. þm. Garðar Sigurðsson, flytjum á þskj. 409 brtt. við 2. gr. frv. um að greinin falli niður.

Við erum sammála því, sem felst í þessu frv. og einnig í því fylgifrv., sem hefur verið rætt samhliða, að sá vandi, sem nú er uppi hjá fiskiskipaflotanum í sambandi við hækkandi olíuverð, verði leystur á þann hátt að komið verði við þeirri millifærslu sem felst í þessum frv. tveimur. En 2. gr. þessa frv. er ærið skothend í þessu máli, því að hún kemur málinu í sjálfu sér ekkert við. Hér er aðeins um að ræða að breyta gildandi kjarasamningum á milli sjómanna og útvegsmanna þegar um er að ræða siglingu skipa til útlanda.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir því, að greitt verði hærra verð en um hefur verið samið fyrir aflann sem nemur 2.5% og að þessi hækkun skuli renna til útgerðarinnar án þess að koma til hlutaskipta, án þess að sjómenn fái nokkurn aflahlut úr þessari upphæð. Þetta samþykkja fulltrúar sjómanna sem eðlilegt er, vegna þess að hér er raunverulega um að ræða að greiða útgerðinni tilteknar bætur úr sjóðakerfinu vegna olíuverðshækkunarinnar. Það væri í sjálfu sér óeðlilegt að mínum dómi að hlutaskiptasjómenn fengju aflahlut úr þeirri sérstöku fiskverðshækkun sem til er komin á þennan hátt, og á það fallast þeir. Í 2. gr. er hins vegar gert ráð fyrir því, að þegar skip sigli með afla sinn á erlendan markað verði dregið ákveðið olíugjald frá þeirri hlutaskiptatölu sem átti að gilda samkv. kjarasamningi. Þá á að fara að láta sjómennina taka þátt í stuðningi við útgerðina og breyta þar með gildandi kjarasamningi. Þetta er algerlega óþörf grein á allan hátt, nema aðeins til þess að færa nokkurn hluta af aflahlut sjómanna yfir til útgerðarinnar.

Við, sem stöndum að þessari brtt., getum ekki fallist á þetta, því að það er engin þörf á því á nokkurn hátt. Ef það yrði gert mundi það frekar ýta undir að útgerðarmenn sigldu með afla sinn á erlendan markað, vegna þess að búið er að taka nokkurn hluta af því, sem átti að fara í hlut sjómannanna, og færa yfir til útgerðarinnar.

Ég tel sem sagt, að í 1. gr. frv. felist ekki nein skerðing á aflahlut sjómanna, þrátt fyrir þá millifærslu sem gerð er, en í 2. gr. felist greinileg skerðing, sem er að mínum dómi algerlega tilefnislaus. Við, sem þessa till. flytjum, styðjum þessi tvö frv., sem eiga saman og ná öllum sínum tilgangi þó að þessi grein sé felld niður, en við leggjum til að hún verði felld niður.

Ég tel líka að hér sé um afar óhyggilega ráðstöfun að ræða. Það er í rauninni ekki aðeins verið að ganga á gerða kjarasamninga á milli útgerðarmanna og sjómanna, heldur er verið að efna til óánægju út af tiltölulega mjög smávægilegum hlut. Þessi frádráttarliður dregur ekki mikið fyrir útgerðina, en er hins vegar brot á gerðum kjarasamningi. Ég fyrir mitt leyti vil ekki ýta undir það á neinn hátt, að útgerðarmenn sigli fremur með afla sinn en ráðstafa honum á annan hátt. Ég vil þvert á móti draga frekar úr því, þannig að útgerðarmaðurinn standi frammi fyrir því, að ef hann sendi skip sitt á erlendan markað verði hann að bera af sínum hlut þann aukakostnað sem felst í hækkandi olíuverði, en ef hann landi aflanum hér heima sé þessi hækkun á olíuverðinu greidd eftir sérstakri millifærsluleið sem felst í 1. gr.

Um þetta þarf ég ekki að hafa fleiri orð, till. okkar er á þskj. 409. Ég vil aðeins segja að samþykkt hennar raskar ekki á neinn hátt meginmáli því, sem hér er um að ræða, að gera kleift að koma fram umræddri millifærslu. Till. okkar er í samræmi við óskir sjómanna, en að sjálfsögðu á móti því sem útgerðarmenn vilja fá, því að þeir vilja þarna, eða fulltrúar þeirra, næla sér í svolítinn hluta af aflahlut sjómanna upp í olíukostnað sinn. Slíku er ekki fyrir að fara í hinni greininni, 1. gr. Þar er ekki um að ræða að skerða á neinn hátt aflahlut sjómanna. Að öðru leyti stöndum við að samþykkt frv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Við tveir, ég og hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, undirritum þetta nál. með fyrirvara og ég vil gera grein fyrir fyrirvara okkar, hann er sama eðlis. Hann á við 2. gr. þessa frv., sem hér er til umr., og gæti ég, svo merkilegt sem það nú er, reyndar látið við það sitja að vísa til þess rökstuðnings sem hv. 1. þm. Austurl. fór með, en ég ætla að bæta aðeins um betur, því að áherslurnar eru ekki þær sömu.

Það vill svo til að ég er í grundvallaratriðum andstæður því að löggjafinn sé að hafa afskipti af kjarasamningum, nema í ítrustu neyð og rík rök hnígi að því. Ég játa að vísu að slíkt getur verið nauðsynlegt, enda hefur það margoft verið gert, en á hinn bóginn liggja engar ástæður fyrir nú til þess að hafa afskipti með þessum hætti af hlutaskiptasamningum sem í gildi eru. Auk þess er hér um hreint smáræði að tefla sem vegur lítið til þess að rétta hlut útgerðar og er ekki til annars gert en að ýfa upp óánægju. Þetta er aðalafstaða mín, og ég mæli þar fyrir munn hv. 1. þm. Vestf. einnig, og þess vegna er það að við mælum með því að brtt. á þskj. 409 verði samþykkt.

Það er svo aftur á móti annað mál, sem ég get vikið að við umr. um það frv. sem næst er á dagskrá, að hæstv. ríkisstj. ætti að leggja fyrir hér með hvaða hætti hún sjálf ætlar að gefa eftir af stórauknum tekjum sínum vegna stórhækkaðs olíuverðs. Það er eitt höfuðmálið og það snýr ekki eingöngu að útgerðinni í landinu, heldur öllum landslýð, ég tala nú ekki um þá sem verða að búa við olíukyndingu í húsum sínum. Þess vegna var það rangt, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Austurl., að það væru

allir útgerðarmenn að reyna að næla sér í smáræði af hlut háseta.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þau frv., sem hér eru til umr., efnislega að öðru leyti en því að lýsa stuðningi mínum við þetta frv. eins og ráðh. lagði það fram í þinginu fyrir hönd ríkisstj. Aftur á móti ætla ég að gera að umræðuefni brtt. frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni og Garðari Sigurðssyni.

Ég veit ekki hvort það er tilviljun, að hæstv. ráðh. Alþb. sitja ekki í stólum sínum í þessum sal eða eru ekki viðstaddir. Hér eru á ferðinni óábyrg vinnubrögð af hálfu þingflokksformanns Alþb., hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, að leggja fram brtt. við frv. sem okkur Alþfl.-mönnum hefur skilist að væri samkomulag um í ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar. A. m. k. höfum við ekki vitað betur en að hæstv. þrír ráðh. Alþb. í ríkisstj. hafi samþ. þetta frv. í ríkisstj. og samþykkt að sjútvrh. flytti málið í þinginu fyrir hönd ríkisstj. (**Gripið fram í:** Nú gengur ráðh. í salinn.) Nú gengur einn hæstv. ráðh. Alþb. í salinn, rétt er það, og þá getur hann e. t. v. svarað því, hvort hér sé um að ræða brtt. frá þingflokki Alþb. eða hvort hér sé eingöngu um að ræða dúett hv. nm. í sjútvn. Nd. Alþ. Um þetta vil ég fá skýr svör, vegna þess að ef svo heldur fram sem horfir, að um slík áframhaldandi óábyrg vinnubrögð verði að ræða og okkur verði boðið að starfa með svo óábyrgum samstarfsflokki sem Alþb. virðist vera og speglast í brtt. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, formanns þingflokks Alþb., þá verður að endurskoða ýmsa þætti í ríkisstjórnarsamstarfinu. Þetta eru vinnubrögð sem ég sætti mig ekki við og vil fá skýringar á, hvort það eru ráðh. Alþb. sem standa að þessu, hvort það er þingflokkurinn allur eða hvort það er eingöngu dúett.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð af minni hálfu. Það hefur verið gerð grein fyrir brtt., sem ég stend hér að, áður í umr. Það má vera öllum ljóst, sem lesa þessa till., hverjir eru flm. — það þarf ekkert að spyrja að því. Það erum við tveir, ég og hv. þm. Lúðvík Jósepsson. (**Gripið fram í:** Er Lúðvík hættur að vera formaður þingflokksins?) Það kom fram í ræðu hv. 4. landsk. þm., að þetta séu óábyrg vinnubrögð að hans dómi. Ég neita því algerlega, a. m. k. hvað minn þátt varðar í þessari till., vegna þess einfaldlega að með 2. gr. í frv. er verið að brjóta samninga á sjómönnum og ég lít á mig sem fulltrúa sjómanna á Alþ. og ég kalla það ábyrg vinnubrögð, en ekki óábyrg, þegar ég legg til að slík samningsbrot séu felld niður úr frv. Þetta ætti þessi ungi þm. að reyna að skilja.

Í 1. gr. þessa frv. er getið um hækkun fiskverðs til útgerðar og það hefur verið, eða var mjög lengi, reglan að sjómenn áttu að fá og fengu sinn hluta, umsaminn hluta, af því verði sem fyrir aflann fékkst. Svo var þessu breytt á viðreisnarárunum og prósentan, sem tekin var af brúttóafla, var orðin býsna há. Hún hefur nú sem betur fer verið lækkuð. En þarna er verið að hækka fiskverð til útgerðar og sjómenn hafa fallist á að fara ekki fram á sinn hluta úr þeirri hækkun. Þeir hafa samþykkt það með tilliti til olíuhækkana sem nú hafa dunið yfir. Þarna hafa þeir í raun og veru gefið talsvert eftir af sínum rétti og að mínum dómi er það nægilegt. En í 2. gr. er ekki um þetta að ræða. Þar er hreinlega verið að leggja til að skerða umsaminn hlut sjómanna og brjóta á þeim samninga með lögum. Á það get ég ekki fallist.

Þegar fiskiskip selur í erlendri höfn fer mikill hluti af brúttóaflaverðmæti í burtu. Það má upplýsa þennan hv. þm. um það, að 16% af brúttóverðmæti þess afla, sem landað er í erlendri höfn, eru tekin til þess að standa undir greiðslum af skipinu. Þarna er í raun og veru tekinn stór hluti af því, sem sjómenn ættu að fá, til þess að borga skipið niður. Það fer mikill hluti af þessum peningum í kostnað erlendis, eins og menn vita. Ég sé síst ástæðu til þess að bæta við þann hluta, rýra hlut sjómanna enn meir en þá er orðið. Þess vegna legg ég til að þessi brtt. verði samþykkt.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Vegna þeirrar brtt., sem hér hefur komið fram, er það vitaskuld svo, að þau 2.5%, sem hér er talað um, eru skerðing á samningum sjómanna, því verður ekki á móti mælt, og það er hliðstæðan í sambandi við siglingar sem hér er um að ræða. Ég get ekki séð að það gildi neitt annað að því er siglingarnar varðar að þessu leyti en þegar landað er heima. Það er samræmið þarna á milli sem menn höfðu í huga þegar ákveðið var að taka þetta 1% gjald í höfn þegar landað er erlendis.

Það er svo af undirbúningi þessa frv. að segja, að sérstök samstarfsnefnd allra þriggja stjórnarflokkanna átti viðræður við fulltrúa þá, sem um getur í aths. með lagafrv. þessu, og það var undirbúið af henni. Mér kemur ákaflega á óvart að fá þessa till. frá einum stjórnarflokknum inn á þessu stigi. Tilgangurinn með 2. gr. er að halda jafnvægi milli þess þegar landað er erlendis og þegar selt er heima. Til þess að fullt jafnvægi væri þyrfti þessi prósenta í rauninni að vera 1.5%. Það þekkja auðvitað allir, hver þrýstingur er á siglingar hér á landi. Sá þrýstingur kemur auðvitað allt eins frá sjómönnum og útgerðarmönnum. Samræmisins vegna hefur þess vegna 2. gr. verið sett inn í þetta frv. til l. og þetta er flutt sem stjfrv. með samþykki allrar ríkisstj. og allra ráðh.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Mér þykir nú komin upp ný kenning um það, hvernig fara eigi með stjfrv. sem lögð eru fyrir Alþingi. Það er engu líkara en menn telji að sé flutt stjfrv., þá megi ekki breyta því, þá verði allir stuðningsmenn stjórnarinnar undantekningarlaust að fylgja því frv. eins og það er. Menn ættu að kynna sér svolítið betur söguna í þessum efnum, athuga hvað hefur gerst varðandi hliðstæð mál. Auðvitað er ekkert um að villast í þessu tilfelli, að hér er um stjfrv. að ræða, ríkisstj. öll samþykkir að leggja fram frv. Ekki dettur mér til hugar að undanþiggja það á neinn hátt að ráðh. Alþb. hafi samþ. að frv. yrði lagt fram á þessa lund. En vitanlega stendur það opið fyrir hvorri þd. sem er og þinginu sem heild að breyta stjfrv., eins og algengt er.

Kjarni málsins er auðvitað sá í þessu tilfelli eins og öðrum að athuga um hvað þetta mál snýst og um hvað brtt., sem liggur fyrir, fjallar. Hér er um að ræða að koma málum þannig fyrir, að útgerðin í landinu sleppi nokkurn veginn skakkafallalaust frá tiltekinni olíuverðshækkun. Það er gert samkv. 1. gr. í því frv. sem hér fylgir með. En hver segir að það hafi verið einhver nauðsyn í sambandi við þetta mál að bæta svo því við, að gerð skyldi breyting á skiptakjörum ef um útsiglingu væri að ræða? Hvað er það sem kallar á slíkt?

Það var svolítið einkennileg röksemd, sem kom fram

hjá hæstv. sjútvrh.: til þess að halda samræmi á milli. Í fyrsta lagi er ákaflega vafasamt að tala um að eitthvert samræmi sé á milli launakjara hjá okkur núna í sambandi við útsiglingar og heimalandanir. Í annan stað er augljóst að samræmið er þannig, að samkv. 1. gr. er ekki ætlast til að sjómennirnir leggi af sínum hluta einn einasta eyri í þessa millifærslu. Það er efni 1. gr. Það á að hækka fiskverðið um 2.5% til þess að útgerðarmenn fái borið uppi hækkandi olíuverð og sjómennirnir fallast á að þeir eigi ekki að fá aflahlut úr þessari sérstöku fiskverðshækkun sem verður til með þessum hætti. Samkv. 1. gr. frv. eru því sjómennirnir gersamlega á því stigi sem þeir höfðu samið um í sínum kjarasamningum. En svo kemur 2. gr. frv. og þar er hreinlega um það að ræða, að farið er fram á það við sjómennina að þeir fórni nokkru af aflahlut sínum til þess að greiða útgerðarmanninum umfram það sem er í samningnum, vegna þess að hann verði fyrir hækkandi olíuverði. Ef menn hefðu viljað hafa samræmi í þessu, hvers vegna voru þá ekki sjómennirnir einnig látnir leggja fram tilsvarandi hluta af kaupi sínu þegar þeir landa innanlands? Af hverju bara þegar þeir landa erlendis? Af hverju var ekki samræmið þannig, að þeir væru látnir taka þátt í auknum olíukostnaði er þeir lönduðu innanlands? Vitanlega kallar ekkert á það að samþykkja þurfi þetta frv. nákvæmlega í þeim búningi sem það kemur í frá ríkisstj. Það liggur líka fyrir, að forustumenn sjómanna mótmæla þessu, sem eðlilegt er, og málin liggja nú einnig þannig fyrir, að t. d. hv. þm. Sverrir Hermannsson, sem oft er kallaður hér útgerðarmaður og tekur þátt í útgerð, segir fyrir sitt leyti: Ég er á móti því að vera að ákveða með lögum að taka þetta af hlut sjómannanna og færa það yfir til útgerðarinnar. — Honum er ljóst að hér er ekki um stórt atriði að ræða og hann telur ástæðulaust að efna til deilna út af þessu. Hitt er rétt, að forustumaður í Landssambandi ísl. útvegsmanna, formaður þess, hefur lagt áherslu á að reyna að ná þessari breytingu á gildandi kjarasamningum fram. En hvaða nauðsyn er að samþykkja þessa beiðni hans?

Ég fyrir mitt leyti neita því algerlega sem stuðningsmaður ríkisstj., að ég sé skyldugur til þess að samþykkja öll frv., sem koma frá ríkisstj., án allra breytinga. Ég vil standa með því sem felst í þessum frv. til þess að ná þeim árangri sem þar er um að ræða. En þegar árangrinum hefur verið náð er ástæðulaust að bæta inn í frv. aukaákvæði aðeins til þess að koma á einhverjum ýfingum á milli útgerðarmanna og sjómanna. Ég læt mér í léttu rúmi liggja þó að einstakir þm. úr Alþfl. tali um það sem óábyrga afstöðu hjá mér að ég flytji till. til breytinga á þennan hátt. En hitt ætla ég að segja: Það er óábyrg afstaða hjá þm. Alþfl., sem vilja standa að því að efna til deilna á milli sjómanna og útgerðarmanna í þessu tilfelli að ástæðulausu. Það er algerlega að ástæðulausu. (**Gripið fram í:** Hvað með ráðh. Alþb.? Er þetta afstaða Alþb.?) Ég var að enda við að segja að þeir hefðu eflaust samþykkt í ríkisstj. að málið yrði lagt fyrir. Það breytir ekki afstöðu minni. (**Gripið fram í:** Hver er afstaða þingflokksins?) Ja, það kemur eflaust í ljós við atkvgr. Málum er nú ekki þannig hagað hjá okkur að bera þurfi upp hverja einustu till. í þingflokknum, enda ekki aðstaða til þess að halda þingflokksfundi um allar till. sem eru lagðar fram, t. d. í þessu tilfelli. (Gripið fram í.) Hvaða ósköp eru mennirnir viðkvæmir og aumir! Þola þeir ekki að heyra þann sannleika sem er verið að segja þeim?

Mönnum kemur á óvart, sagði hæstv. sjútvrh., að fram skuli koma brtt. við frv. Það er þá eingöngu vegna þess að hann hefur ekki kynnt sér hvernig vinnubrögð eru almennt í sambandi við stjfrv. Auðvitað eru þm. ekki skyldugir til að samþykkja stjfrv. með ágöllum, ef ágallar eru á þeim.

Það er enginn vafi á því, að það er alger skilsmunur á efni 1. gr. og 2. gr., og ég satt að segja lýsi furðu minni á því, að hæstv. sjútvrh. skuli ætla að gera samanburð á þessum tveimur greinum. Hann segir t. d. í máli sínu, að auðvitað sé það brot á kjarasamningum sjómanna að þeir skuli ekki fá aflahlut úr því 2.5% hækkaða fiskverði sem felst í 1. gr. Þetta er auðvitað alveg rangt hjá honum. Fiskverðið er ákveðið í Verðlagsráði sjávarútvegsins og sérstakir samningar eru um það. Þar er búið að ákveða það grundvallarverð sem hlutaskiptin eiga að byggjast á. Ef gerðar eru sérstakar ráðstafanir til þess að færa fjármagn til, þó að það sé í formi fiskverðs, á þann hátt sem gert er í þessum frv., þá hefði verið óeðlilegt að aflahlutur sjómanna hefði hækkað bara vegna þess að það var verið að koma tiltekinni fjárhæð yfir til útgerðarinnar með millifærslu.

Forustumenn sjómanna viðurkenndu strax að þeir ætluðu sér ekki að fara að hengja sig aftan í það, að ástæða væri til þess að þeir fengju aflahlut úr þeirri millifærslu í gegnum fiskverðið sem felst í 1. gr. frv. En augljóst er að 2. gr. frv. felur í sér beina kjaraskerðingu, hún felur í sér beina skerðingu á gerðum samningum milli útgerðarmanna og sjómanna, og það er þarflaust með öllu eða hefur a. m. k. ekki verið upplýst fyrir mér enn þá að grundvallaratriði sé að knýja slíkt fram í leiðinni. Og eins og ég hef sagt áður, þá tel ég einnig að það sé hreinlega til hins verra að hafa í frv. ákvæði 2. gr., því að það ýtir fremur undir að útgerðarmenn sigli með afla á erlendan markað þegar þeir fá ákveðinn hluta af olíuverðshækkuninni greiddan af hálfu sjómanna eftir ákvæðum 2. gr. frv.

Hér var sagt eins og stundum er gert þegar þessi mál eru rædd: Það eru sjómennirnir engu síður en útgerðarmenn sem ráða því eða þrýsta á um það að siglt sé með aflann á erlendan markað. Auðvitað vita allir að útgerðin ræður því, hvort siglt er eða ekki, ekki hinn almenni sjómaður. Hann getur engu ráðið um það og allra síst við þær aðstæður, sem við höfum búið við í útgerðarmálum nú. Þegar mestallur fiskurinn gengur til löndunar innanlands og það tilheyrir undantekningum að sigla með aflann á erlendan markað, þá er auðvitað víðs fjarri að sjómaðurinn ráði einhverju um það, hvort siglt er eða ekki.

En ég vildi sérstaklega undirstrika í þessum efnum, að ég dreg ekki í efa á neinn hátt að ráðh. Alþb. hafi í ríkisstj. samþykkt að þetta frv. yrði flutt, og þeir bera ábyrgð á því eflaust, eins og hæstv. sjútvrh., að frv. er flutt í þessum búningi. En spurningin er ekki um það. Spurningin er um hitt: Hvað er það sem rekur á eftir því að þurfa að hafa 2. gr. í þessu frv. eins og hún er? Ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess.

Að sjálfsögðu hafa stuðningsmenn ríkisstj. fullan rétt til þess, sbr. margfalda hefð í öllum ríkisstjórnum, að standa að því að frv. sé breytt. Það hefði auðvitað verið miklu stærra mál ef hér hefði verið um að ræða að brtt. flutt við frv. hefði gjörbreytt efni frv. sem hér var um að ræða, þannig að ekki hefði náðst sá tilgangur sem vakti fyrir ríkisstj. með flutningi málsins. Hér er ekki um það

að ræða. (**Gripið fram í:** Er Alþb. klofið í málinu?) Það á eftir að koma í ljós. Vissulega getur komið til mála að menn greiði þar misjafnlega atkv. En hv. þm. ætti að skoða hug sinn um það: Hefur hann enga efnislega afstöðu til málsins? Ætlar hann bara að samþykkja frv. vegna þess að ríkisstj. hefur lagt það til? Nær sjálfstæði hans ekki lengra en það, að ef ríkisstj. hefur komið sér saman um eitthvað, jafnvel þó að það sé óréttlátt og ranglega að máli staðið, hafi hann enga skoðun í málinu, hann geti ekki farið eftir eigin skoðunum. Til hvers ætlar hann að styðja þetta? Við flm. þessarar till. höfum ákveðna skoðun á því, hvað sé fyrir bestu í þessum efnum. Við viljum ná því markmiði, sem að var stefnt, án þess að efna til úlfúðar eða árekstra að ástæðulausu.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þegar það lá fyrir fyrir nokkrum vikum að verulegar hækkanir yrðu á olíuverði, þá tók ríkisstj. ákvörðun um að samhliða þeirri hækkun, sem yrði að koma inn nú í lok febrúarmánaðar, yrðu gerðar sérstakar pólitískar ráðstafanir til að tryggja að útgerðin í landinu fengi nokkurn veginn bættan þann kostnaðarauka sem af olíuhækkuninni hlytist. Ríkisstj. fjallaði um þessi mál á nokkrum fundum og m. a. ég og hæstv. félmrh. ræddum um þessi mál allítarlega og höfðum um þau samráð við sjómannasamtökin. Þá lá málið þannig fyrir, að bæði þau frv., sem nú liggja fyrir hv. Alþ., voru nokkurn veginn tilbúin. Þó var í frv.-uppköstunum ákvæði um það, að þegar skip landaði í erlendri höfn ætti að draga frá 1.3% olíugjald, og í hinu frv. var ákvæði um það, að hlutfall til áhafnadeildar skyldi breytast þannig að tekjur hennar skertust nokkuð frá því sem ella hefði verið.

Á þessum samráðsfundi kom það fram af hálfu fulltrúa sjómannasamtakanna, að þeir töldu óráðlegt að skerða tekjur áhafnadeildarinnar með þeim hætti sem uppkastið gerði ráð fyrir, og þeir bentu einnig á að þeir væru andvígir 2. gr. frv. um tímabundið olíugjald. Á þessum fundi með fulltrúum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands var það í rauninni strax samkomulagsatriði að breytt yrði prósentunni til áhafnadeildarinnar, þannig að hún héldi sínum hlut frá því sem áður hefði orðið að óbreyttu útflutningsgjaldi. En til samkomulags við sjómannasamtökin var prósentan á olíugjaldi færð úr 1.3 niður í 1% þegar landað er erlendis. Í grg. frv. þessa segir að fulltrúar sjómanna andmæli hins vegar ákvæði 2. gr. um 1% frádrátt frá söluverðmæti við landanir erlendis. Á fundinum með fulltrúum sjómannasamtakanna var greinilega um að ræða mismunandi áherslu af hálfu forráðamanna Farmanna- og fiskimannasambandsins annars vegar og Sjómannasambandsins hins vegar. Þessi varð því niðurstaðan í ríkisstj., vegna þess að þarna komu ekki fram kröftug mótmæli frá sjómannasamtökum, — ekkert sjómannafélag í landinu hefur sent frá sér mótmælaályktun út af þessu máli. — Af þeirri ástæðu var kleift fyrir okkur hæstv. iðnrh. að fallast á að flytja frv. og standa að því með þeim hætti sem það liggur nú fyrir. Þetta er nauðsynlegt að komi fram vegna þeirra fsp. og umr. sem hér hafa átt sér stað síðustu mínúturnar.

Meginefni frv. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa er auðvitað í 1. gr. Efni 2. gr. er samkomulagsatriði milli okkar sem sitjum í ríkisstj. Efni 2. gr. hefur ekki verið mótmælt kröftuglega af forráðamönnum sjómannasamtakanna, þó að viss gagnrýni hafi af fullkomlega eðlilegum ástæðum komið fram af þeirra hálfu. — Þetta taldi ég nauðsynlegt, herra forseti, að kæmi fram.

Frsm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál efnislega, en ætla aðeins að benda á og ítreka það, sem komið hefur fram bæði hjá hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh., að meginefni frv. er fólgið í 1. gr. þess. Ég bendi í því sambandi á að í aths. við lagafrv. stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Hlutaskiptaákvæði kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna gera það að verkum, að ekki er unnt að mæta kostnaðarauka af þessu tagi með hækkun almenns fiskverðs án þess að hlutir sjómanna hækki um leið.“

Vegna þess að svo stendur á er sú meginefnisbreyting gerð á hlutaskiptaákvæði kjarasamninga sjómanna sem fram kemur í 1. gr. þessa frv. Það er því rangt ef menn halda að aðeins í 2. gr. sé gerð breyting á hlutaskiptaákvæðum kjarasamninga sjómanna. Meginbreytingin, sem með lögum er gerð á samningum þessarar stéttar, er fólgin í 1. gr. Ég veit ekki til þess, að þeir tveir hv. þm., sem brtt. flytja, sem hér hefur verið til umr., hafi haft nokkuð við það að athuga að gerð verði sú meginefnisbreyting á frjálsum kjarasamningum sjómanna sem gert er ráð fyrir í 1. gr. Ég vil ekki fara öllu ítarlegar út í þessi efnisatriði, en aðeins undirstrika það sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh. og er að sjálfsögðu meginefni málsins.

Ég vil að lokum aðeins taka það fram, að ríkisstj. er ekki aðeins studd af þeim ráðh., 6, 7, 8 eða 9, sem í stjórnarstólunum sitja hverju sinni, heldur er ríkisstj. engu síður studd þeim flokkum sem veita henni meiri hl. hér á Alþ. Það er því vanalegt þegar ríkisstj. leggur fram mál, og þá ekki síst jafnviðkvæm mál og hér um ræðir, að hún leiti fyrst eftir því í þingflokkum sínum, hvort hún hafi stuðning við þá stefnu sem ríkisstj. er að leggja fram á Alþ. Þetta er yfirleitt vaninn og hefur verið vaninn að gera varðandi ég vil leyfa mér að segja öll stjfrv. hjá öllum ríkisstj. sem máli skipta. Ég vil taka það fram, að frv. þau, sem hér eru til umr. um ráðstafanir vegna olíuverðhækkana, voru með þeim hætti kynnt í þingflokki Alþfl. af hæstv. sjútvrh. og leitað eftir því í þingflokkunum, hvort þm. gætu hugsað sér að standa að slíkri lagasetningu eða hvort þeir mundu, einhver þeirra, einn eða fleiri, vilja fá fram breytingar á frv. Og þá kom að sjálfsögðu fram, út á það leggja ráðh. Alþfl. þetta frv. fram og standa að því sem stjfrv., að þingflokkur Alþfl. styður málið.

Mér finnast það vera harla undarleg vinnubrögð ef allir ráðh. í þessari ríkisstj. gera ekki slíkt. Hvernig getur ríkisstj. lagt fram afdrifarík mál á Alþ. ef hún hefur ekki áður kannað hvort hún hafi stuðning við málið í þeim þingflokkum sem veita henni brautargengi? Og hvers konar samskipti eru það milli ráðh. og þingflokks, ef kemur í ljós í umr. á þingi, í miðjum klíðum þegar fjallað er um mál eins og þetta í síðari d., að sjálfur formaður þingflokks eins stjórnarflokksins er andvígur máli sem hans eigin ráðh. leggja fram? Vegna þessa langar mig til að spyrjast fyrir um það hjá ráðh. Alþb. eða hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, formanni þingflokks Alþb., sem e. t. v. hefur þegar kvatt sér hljóðs, og a. m. k. stendur ekkert í vegi fyrir því að hann geri það, hvort þetta mál hafi aldrei verið kynnt í þingflokki Alþb. áður en það var lagt fram sem stjfrv. Ef það hefur ekki verið gert er að sjálf-

sögðu um að ræða ný vinnubrögð, sem ekki er vani að viðhafa. Ef ráðh. stjórnarflokks kynna ekki mál, sem þeir eru að leggja fyrir þingið, fyrir þingflokki sínum, og þá ekki síst þegar um svo afdrifaríkt mál er að ræða, þá eru það ný vinnubrögð á Alþ. Væri gott að fá upplýst hvort svo er. Hafi ráðh. hins vegar gegnt þeirri sinni flokkslegu skyldu að kynna þingflokki sínum málið, þá hlýtur þessi afstaða hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og Garðars Sigurðssonar að hafa komið fram. Þá ber ráðh. Alþb. að sjálfsögðu skylda til að skýra samstarfsmönnum sínum frá því, að þó að málið njóti e. t. v. meirihlutafylgis þm. Alþb. styðji þó tilteknir þm. ekki það mál.

Ég óska mjög eindregið eftir því, að þetta sé upplýst hér. Ég sé ekki neitt á móti því, að þetta komi fram, því að ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt með tilliti til framtíðarsamstarfs þessara stjórnarflokka, hvort sem það verður stofnað á þeirra vegum þúsund ára ríki eða ekki, að það sé alveg ljóst — t. d. viljum við Alþfl.-menn gjarnan vita það, — þegar ríkisstj. leggur fram stjfrv., sem við höfum fjallað um með venjulegum og eðlilegum hætti, hvort við megum eiga von á því að t. d. Alþb. sé á öndverðum meiði í slíkum málum við sína eigin ráðh., þannig að vera kunni að okkar menn í ríkisstj. eða á Alþ. þurfi að taka upp — hvað eigum við að segja — diplómatísk samskipti við þingflokk Alþb. til þess að fá úr því skorið hvort þm. Alþb. séu á sama máli og þeirra eigin ráðherrar.

Hins vegar kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. í ræðu á Alþ. í gær, að illa horfði með ýmis mál ríkisstj. því að þau væru á svo torskildu máli að ekki væri fyrir alla að skilja þau öðruvísi en málið væri þýtt. Það getur vel verið að þetta sé skýringin. Það getur vel verið að gáfumenn Alþb. hafi skotist í þýðingunni og annaðhvort hafi ráðh. flokksins ekki skilið hvað í frv. stóð, sem ég leyfi mér stórlega að efast um því að allt eru þetta greindir og gegnir menn, eða þá hitt, að þeir hafi gleymt að þýða það fyrir hv. 1. þm. Austurl. Það getur svo sem ósköp vel verið skýringin, að þarna sé ekki um að ræða samráðsbrest, heldur skort á þýðingu.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Meginefni þessa frv. er í 1. gr. þess og virðast menn vera nokkuð sammála um að fallast á hana. Ágreiningur er um 2. gr., um að frá söluverði fiskiskipa í erlendri höfn skuli draga 1% olíugjald sem renni til útgerðar og dragist frá heildarsöluverðmæti. Ég vil taka það fram, að ég fellst á þær röksemdir, sem þeir hv. 1. og hv. 5 þm. Austurl. hafa flutt í þessu efni, að ekki sé ástæða til að samþykkja þessa grein. Það liggur einnig fyrir í grg. að fulltrúar sjómanna andmæla þessu ákvæði. Ég vil bæta því við, að þegar málið var til meðferðar í hv. Ed. í gær skrifuðu sjálfstæðismennirnir tveir í sjútvn. Ed. undir nál. með fyrirvara. Í þeim fyrirvara fólust m. a. aths. við þessa grein og að þeir ættu erfitt með að fella sig við það ákvæði.

En aðalástæðan til þess að ég kveð mér hljóðs hér er yfirlýsing hæstv. viðskrh., sem ég tel til stórtíðinda. Hann telur að vísu að fulltrúar sjómanna hafi eitthvað verið að mótmæla, en með mismunandi áherslum, en hæstv. viðskrh., sem hingað til hefur látið þannig, að löggjöf og stjórnarathafnir ættu ekki að ganga gegn vilja verkalýðssamtakanna, lýsir því nú yfir, að út af fyrir sig hafi sjómenn andmælt þessu, en það hafi ekki komið fram kröftug mótmæli. Þess vegna getur hann fallist á að ganga gegn vilja sjómanna, þar sem þetta séu aðeins andmæli, en ekki kröftug andmæli. Og nú vil ég spyrja hæstv. viðskrh.: Hvað þarf þessi kraftbirtingarhljómur að vera sterkur til þess að tekið sé mark á honum? Ég held að það sé rétt að verkalýðssamtökin í landinu viti að hæstv. viðskrh. telur nú, gagnstætt því sem áður hefur verið, að það sé ekki nægilegt fyrir stéttarfélögin að mótmæla, heldur þurfi þau að mótmæla kröftuglega. Þess vegna hljóta þau náttúrlega að spyrja eins og við alþm.: Hvað þarf krafturinn að vera mikill í andmælunum til þess að hæstv. viðskrh. taki mark á verkalýðsfélögunum? Og í öðru lagi: Hver í ríkisstj. og þingmeirihl. á að meta styrkleikann í andmælunum?

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs enn einu sinni í þessu litla máli til þess að undirstrika það enn frekar en ég hef gert áður, hvers konar hrapallegur misskilningur hér er á ferðinni, sem ég held að geti verið nokkuð hættulegur upp á eftirleikinn, ef stuðningsmenn ríkisstj. eru á þeirri skoðun að þeir megi aldrei breyta neinu í stjfrv.

Það er alveg greinilegt, að þeir Alþfl.-menn vilja túlka málið þannig, að jafnvel þó að augljóst sé að það sé til bóta að breyta stjfrv., þá megi þeir ekki gera það, því að þeir séu svo dyggir stuðningsmenn stjórnarinnar. En mætti ég þá t. d. minna á það, að hér hefur verið á ferðinni stjfrv. um verðjöfnunargjald af raforku. Þá sprakk Alþfl. heldur betur, hann stóð ekki allur með því. (**Gripið fram í:** Og Alþb.) Jú, jú, þar voru líka skiptar skoðanir. Það sannar bara mitt mál enn þá betur, að menn eru ekki bundnir af því að mega ekki flytja brtt. við mál sem koma frá ríkisstj. (Gripið fram í.) Nei, en sprungnir menn ættu sem minnst að tala.

Aðalatriðið er að sjálfsögðu að menn hafi það til að bera að treysta sér til þess að leggja mat á það sem um er rætt, hvort einhverjum tilgangi þjóni að hafa eitthvert tiltekið ákvæði í frv. eða ekki. Ég kannast svo sem við það, það hefur komið fram á Alþ. áður, að ekki mátti einu sinni leiðrétta málvillur sem voru augljósar og allir viðurkenndu. Það þótti rétt að halda málvillunum, því að menn voru svo dyggir stuðningsmenn. Það getur auðvitað verið að þeir Alþfl.-menn standi þannig að málum núna, að þeir hugsi sér að af því að þau séu frá stjórninni megi ekki breyta neinu.

En ég held að það sé hollast fyrir alla að átta sig á því, að það verður í tíð þessarar stjórnar eins og í tíð annarra ríkisstj. að hingað koma stjfrv. sem eðlilegt er að geti þolað einhverjar breytingar í meðförum Alþingis. Það var líklega á fundi í þinginu í gær frekar en í fyrradag, að við ræddum um lánsfjáráætlun og tilheyrandi frv. Þá lýsti ég yfir að þar væri að finna ákvæði sem ég gæti ekki fellt mig við og vildi vinna að breytingum á. Þar var gert ráð fyrir að færa á milli um 2000 millj. kr. fjárhæð af skyldusparnaði ungmenna, sem innheimtur hefur verið í sambandi við húsnæðismálalöggjöf, og ráðstafa þessum fjármunum í allt öðru skyni. Ég tók fram í sambandi við þetta mál, að ég viðurkenndi að afla þyrfti fjár í því skyni, sem ríkisstj. væri að gera till. um, það þyrfti að leysa þann vanda, en ég féllist ekki á þá till. Þannig hefur þetta auðvitað verið í þinginu árum saman, að stjfrv. kann að vera breytt ef mönnum sýnist ástæða til þess. Spurningin í þessu máli er eingöngu sú: Er með því að fella niður 2. gr. frv. verið að trufla á nokkurn hátt þann tilgang sem vakir fyrir mönnum í sambandi við flutning á þessu máli? Ég er aðeins að ræða þá ætlun að klípa nokkuð af um-

sömdum launum sjómanna, þegar þeir sigla út, og færa það yfir til útgerðarmanna.

Það liggur fyrir samkv. grg. frv., og kom auðvitað greinilega fram á fundi sjútvn. um málið, að fulltrúar sjómanna mótmæla þessari grein. Og þegar þeir mótmæla þessari grein og það er engin þörf á því að hafa hana í frv. til að ná því markmiði sem að er stefnt, þá er ósköp eðlilegt að lagðar séu fram till. um að fella greinina niður. En þá kemur í ljós að í hópi Alþfl. eru þm. svo réttrúaðir að þeir geta ekki hugsað sér að leiðrétta það sem skakkt er eða illa á haldið í frv., af því að það kemur frá ríkisstj. Ég held, að við séum að gera ríkisstj. gott með því að fella niður þessa grein, og held því fast við till. mína sem fullkomlega eðlileg vinnubrögð. Hitt ræðst að sjálfsögðu í atkvgr., hvort ráðh. Alþb. vilja hafa frv. óbreytt eins og þeir höfðu gert samkomulag um að flytja það eða ekki. En það breytir ekki afstöðu minni. Og ég er sannfærður um að ég er að gera ríkisstj. meira gagn með því að vinna að því að fella þessa grein en hinir gera, sem ætla að standa að því að halda greininni inni með þeim afleiðingum sem það getur haft.

Frsm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég ítreka þær spurningar, sem ég bar fram. Það er knýjandi nauðsyn fyrir samstarfsflokka þá, sem standa að núv. ríkisstj., að fá að vita hvort ekki tíðkist lengur þau vinnubrögð sem ríkisstj. hafa viðhaft þegar um er að ræða jafnmikilvæg stjórnarmál og mál þau sem hér eru rædd, að áður en ráðh. standa að framlagningu stjfrv. á Alþ. séu þau kynnt í þingflokkum viðkomandi stjórnarliða og síðan tekin afstaða til þess, hvort þingflokkarnir ætla að standa að frv. eða ekki. Ég óskaði eftir því við hv. 1. þm. Austurl., að hann gæfi okkur svör við eftirfarandi: Kynntu ráðh. Alþb., sem standa að þessu frv. eins og aðrir ráðh. ríkisstj., þetta frv. ekki í þingflokki Alþb. með sama hætti og ráðh. Alþfl. gerðu í þingflokki Alþfl. og ráðh. Framsfl. gerðu í þingflokki Framsfl. og með sama hætti og ríkisstj. gerði í þingflokki stjórnarandstöðunnar, vegna þess að þingflokki stjórnarandstöðunnar var sýnt þetta frv. áður en það var lagt fram? Var þingflokkur Alþb., einn flokka í þinginu, settur hjá? Fékk hv. þm. Lúðvík Jósepsson, formaður þingflokks Alþb., ekki að sjá þetta frv. fyrr en því var útbýtt til hans þar sem hann sat í sæti sínu? Ég vil endilega fá úr því skorið vegna framtíðarsamstarfs þessara stjórnmálaflokka, hvort ekki megi treysta því að standi ráðh. Alþb. að frv. hafi þeir gengið úr skugga um það áður, hvort frv. nyti stuðnings þm. Alþb. eða ekki.

Ég efa ekki að ráðh. Alþb. hafi kynnt þetta frv. fyrir þingflokki Alþb. Hafi svo verið leikur mér forvitni á að vita hvort það hafi komið fram hjá hv. 1. þm. Austurl., formanni þingflokks Alþb., að hann hygðist flytja þá brtt. sem hann hefur gert. Hafi hv. þm. ekki gert það er hann að sjálfsögðu að taka upp vinnubrögð sem hann sem formaður þingflokks ætti umfram allt ekki að temja sér. Hafi hann hins vegar látið þess getið, að hann mundi hafa þessa afstöðu hér í d., þá eru það vítaverð vinnubrögð ráðh. Alþb. að skýra ekki samstarfsmönnum sínum frá því.

Ég óskaði eftir því, að hv. þm. Lúðvík Jósepsson svaraði þessari spurningu sem formaður þingflokks Alþb. (**Gripið fram í:** Það er búið að svara henni.) Hann hefur ekki svarað henni enn. Hann getur talað þrisvar við þessar umr., getur væntanlega fengið að gera aths., þannig að hann hefur möguleika á því. Hann getur líka talað þrisvar við næstu umr. Ég ætla að halda áfram að spyrja hv. þm. að þessu þangað til hann annaðhvort svarar eða heykist á því að svara.

Að lokum vil ég geta þess, að fram kom hjá hv. þm. í umr. um lánsfjáráætlun að slíkt mál væri á ýmsum skjölum, plöggum og till. sem ríkisstj. legði fram á Alþ., að hann gæti ekki skilið það, það þyrfti að þýða það. Á hvaða mál vill hv. 1. þm. Austurl. að till. ríkisstj. séu þýddar, svo að hann skilji? Rússnesku? Hvaða þýðingu óskar hv. 1. þm. Austurl. að fá á þeim plöggum, sem hann skilur ekki vegna þýðingarörðugleika, frá þeirri ríkisstj. sem hann sjálfur styður? Sé það nauðsynlegt til þess að fá atfylgi hv. þm. við mál, sem ríkisstj. leggur fram á Alþ., að þau séu þýdd á rússnesku, þá er ekki um annað að ræða en Alþ. verði að ráða sér rússneskan túlk.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 394, n. 411 og 413, 412). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Sjútvn. Nd. hélt fund um frv. þetta í dag og fékk til viðræðna við sig fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Fiskveiðasjóðs.

N. varð sammála um að gera till. um breytingu á 3. gr. frv., sem er á þskj. 412. Efnisatriði þeirrar brtt. er að þær breytingar, sem gerðar eru með 1. og 2. gr. frv., verði ekki í gildi lengur en frá febrúarmánuði 1979, eins og frv. gerði ráð fyrir, til áramóta 1979, frá og með 1. jan. 1980 taki síðan gildi eldri ákvæði laga nr. 5 frá 1976.

Þessi breyting er gerð vegna þess að í frv., sem er 202. mál þessarar d. og þetta frv. er fylgifrv. með, er gert ráð fyrir að breytingar samkv. því gildi aðeins til n. k. áramóta. Þess vegna telur sjútvn. Nd. að eðlilegt sé að þær breytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, hafi sama gildistíma og það frv. sem þetta frv. er flutt sem fylgifrv. við.

Að öðru leyti klofnaði n. um afstöðu sína til frv. Meiri hl. n., sem auk mín er myndaður af hv. þm. Páli Péturssyni, Lúðvík Jósepssyni, Garðari Sigurðssyni og Eiði Guðnasyni, leggur til að frv. verði samþ. með þessari breytingu, sem ég greindi frá áðan og n. stendur öll að, en minni hl. sjútvn. mun skila séráliti.

Frsm. minni hl. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég get haft stutta framsögu fyrir nál. á þskj. 413 frá okkur hv. 1. þm. Vestf. og get látið mér nægja að vísa til ítarlegrar ræðu sem hann flutti um viðhorf okkar til þessa máls við 1. umr. málsins. Það er ekki svo að skilja að við metum ekki mikils þær aðgerðir, sem nú er lagt til að gerðar verði til þess að rétta hlut útgerðar vegna hinna miklu olíuverðshækkana sem nú hafa orðið. Hitt er annað mál, að með þessum aðgerðum teljum við að aðeins sé stutt skref stigið, að eftir sé að ríkisstj. taki ákvörðun um með hvaða hætti hún ætlar að lina á hinni miklu innheimtu í ríkissjóð af bensíni og olíu, sem fer auðvitað stighækkandi eftir því sem olía hækkar.

Þetta mál hefur verið rætt hér og ég minnist þess að

hafa heyrt fjmrh. lýsa yfir að ekki væri ætlunin að ríkissjóður græddi fé á þessari olíuverðshækkun. En það eru fleiri en ríkissjóður þannig settir að þeir græða þeim mun meira fé sem olíuverð hækka. Þannig er um olíufélögin sjálf. Um þetta hefur verið rætt hér, og einnig gefst tækifæri til þess að ræða það síðar, því að fljótlega hljóta að koma á dagskrá fsp. um verðmyndunarþætti á olíu og á bensíni sem ég hef flutt fyrir löngu í Sþ. En það liggur ljóst fyrir, að verðmyndunarþættir á olíu eru einir 20 og þar eru margir undarlegir hlutir á ferli, t. a. m. að olíufélögin skuli hafa til þess heimild að leggja á fyrir landsútsvari og er næsta fágætt. Ég ætla ekki að ræða hér alla þá furðulegu þætti, en það liggur sem sagt ljóst fyrir, að þeim mun meira fjárstreymi er í ríkiskassann sem þessar lífsnauðsynlegu vörur hækka í verði. Það er höfuðatriði og snýr ekki, eins og ég hef áður tekið fram, einvörðungu að útgerðinni. Það þarf ekki síður, og þó miklu fremur, að hugsa fyrir þeim sem hita hús sín með olíukyndingu. Ég er hræddur um að þessar miklu olíuverðshækkanir verði þungur baggi á mörgu heimili, og við væntum þess fastlega að innan tíðar sjái aðgerðir til úrbóta dagsins ljós af hálfu hæstv. ríkisstj.

Eins og fram kemur í nál. treystum við okkur ekki til að fylgja þessu frv. til l. um breyt. á l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum á þskj. 394. Aðalástæðan fyrir því er sú, að þarna verður hinn lífsnauðsynlegi aðallánasjóður útvegsins fyrir skakkafalli. Þetta stingur mjög í stúf við þær till. og ráðagerðir sem fram hafa verið fluttar af hálfu hæstv. ríkisstj. og lesa má um í lánsfjáráætlun sem nú hefur verið lögð fram. Þar hafa fjárframlög og lánsfjárheimildir til handa Fiskveiðasjóði hækkað gífurlega frá síðasta ári. Ég ætla ekki að draga í efa að það séu allt saman nauðsynlegar till. sem þar eru færðar fram, en eiginfjárstaða Fiskveiðasjóðs hefur hríðversnað og alveg sérstaklega á síðasta ári. Vegna sjálfvirkni í lánareglum henti hann það slys að lána um 1000 millj. kr. umfram útlánagetu sína á s. l. ári, og staða Fiskveiðasjóðs er ákaflega alvarleg, sérstaklega eiginfjárstaðan. Það vill svo til, að með þessari tillögugerð og verði þetta frv. að lögum skerðist framlag til hans tölulega, eins og hér stendur, um 416 millj., en vegna reglunnar um greiðslur til Fiskveiðasjóðs yrði það sem næst 312 millj. kr. sem beint fjárframlag mundi skerðast um. Þarna er ekki verið að tala um að ræna Fiskveiðasjóð útlánsmöguleikum einvörðungu, heldur verið að skerða eiginfjárstöðu hans, sem er miklu alvarlega en hitt. Þó er alveg nauðsynlegt að okkar dómi að Fiskveiðasjóður fái til ráðstöfunar það fé sem honum hefur verið ætlað samkv. lánsfjáráætlun, og enda þótt við höfum ekki till. í frammi um það treystum við því að hæstv. ríkisstj. sjái svo um.

Þetta er aðalástæðan fyrir því, að við treystum okkur ekki til að ljá þessu frv. fylgi okkar, og svo á hinn bóginn, þó að við metum þetta að vísu mikils, bíðum við eftir því að miklu stórtækari og alvarlegri ráðstafanir verði gerðar varðandi og vegna hinna miklu olíuverðshækkana sem nú hafa dunið yfir.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 411, þar sem er nál. meiri hl. sjútvn., er ég fylgjandi því frv. sem hér liggur fyrir. Mér er þó ljóst að það eru ýmsir annmarkar á því að þurfa að grípa til þeirra ráða sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og þann annmarka tel ég mestan, að gert er ráð fyrir því að skerða enn tekjur Fiskveiðasjóðs. En hér er úr vöndu að ráða, því það þarf óhjákvæmilega að útvega fjármagn til að standa undir þeim greiðslum sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og frv. sem því fylgir og hefur verið til umr. fyrr á fundinum. Ég viðurkenni að hér er um svo mikið vandamál að ræða, að það verður að reyna að leysa þennan vanda, og fellst því á að gera það á þann hátt sem lagt er til í þessu frv.

En þó að illt sé að þurfa að skerða tekjur Fiskveiðasjóðs á þann hátt sem lagt er til, er þó hægt að bæta úr því að nokkru leyti með því að tryggja Fiskveiðasjóði á þessu ári jafnmikið fjármagn að láni og lagt er til að taka af honum með þessu frv., þannig að umsvif hans og lánveitingar geti orðið jafnmiklar og gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Ég tel fyrir mitt leyti alveg fráleitt að semja lánsfjáráætlun fyrir fáum mánuðum og koma síðan með till. um að ætla að raska þeirri lánsfjáráætlun varðandi jafnþýðingarmikinn stofnlánasjóð og hér er um að ræða, þar sem Fiskveiðasjóður er. Ég vil því að staðið verði við það, sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætluninni, og Fiskveiðasjóður hafi fjármagn að því magni til, sem gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun, til starfsemi sinnar. Ég mun því beita mér fyrir því, þegar kemur að afgreiðslu lánsfjáráætlunar, að gert verði ráð fyrir því, að Fiskveiðasjóði verði útvegað lán sem þessari fjárhæð nemur og þannig verði staðið við lánsfjáráætlunina. Mér er ljóst að Fiskveiðasjóður stendur auðvitað ekki jafnréttur eftir sem áður þó að það verði gert. Hann hefur misst samkv. þessu frv. eigin tekjur, en fengið í staðinn lánsfé til að geta staðið undir verkefnum sínum. En ég tel það svo mikilvægt, að Fiskveiðasjóður hafi a. m. k. það fjármagn til starfsemi sinnar, sem gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun, að ég mun beita mér fyrir því, þegar kemur að afgreiðslu lánsfjáráætlunar, að úr þessu verði bætt á þann hátt að Fiskveiðasjóður fái lánsfé sem þessu fjármagni nemur sem nú á að taka af.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Í framhaldi af þeim umr., sem hér hafa orðið, get ég lýst því yfir, að höfðu samráði við fjmrh. og viðskrh., að við erum sammála um að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að Fiskveiðasjóði verði útvegað lánsfé til þess að bæta honum þá skerðingu upp á 416 millj. kr., sem hann verður fyrir samkv. þessu frv., þannig að heildarumsvif hans samkv. lánsfjáráætlun verði óbreytt.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég tel rétt að lýsa yfir, að eins og hver annar traustur stjórnarsinni styð ég auðvitað þau tvö frv. sem hér hafa verið rædd í dag og nú í kvöld. Ég vil fara eins að og hv. þm. Matthías Bjarnason gerði hér í dag. Mig langar til að ræða þau nokkuð saman, og mig langar til að leitast við að skýra það sem hér hefur verið að gerast í dag með hið fyrra frv.

Þó að ég sé ekki reyndur hér í þinginu, þá þarf enginn að segja mér að það sé venjulegt mál þegar formaður svokallaðs stjórnarflokks flytur brtt. við stjfrv. Hann lýsir yfir í leiðinni engu að síður að hér sé um smámál að ræða. Ég held að skýringin á þessu sé að hluta sú, að það var sagt já já í þingflokknum um daginn og nei nei í dag. Eftir að Alþb. gekk í Möðruvallahreyfinguna fyrir nokkrum árum tók það upp eitt helsta stefnuskráratriði sem þá var kennt Framsfl. og hreyfingar í tengslun við hann og kallað var já-já- og nei-nei-stefna, og það er einmitt það sem við höfum séð í dag. En ég held að skýringarnar á þessu séu fleiri. Eins og þingheimi hefur verið ljóst í vetur, virðist það vera svo og hefur bitnað

svolítið á okkur í Alþfl., að hv. 1. þm. Austurl. virðist ekki þola þá sem eru í stjórnmálunum og eru undir fimmtugu. Þannig mun vera að a. m. k. tveir af þremur ráðh. Alþb. eru undir fimmtugu og hann þolir ekki „strákana" og hann er að hirta „strákana" alveg með sama hætti og hann hefur verið að hirta okkur í Alþfl. í blaðagreinum og fundið okkur það helst til foráttu, að við höfum aldrei rekið svo mikið sem hænsnabú! Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða innanflokksmál sem komi efnisatriðum þessa máls nákvæmlega ekkert við, þó að hv. 1. þm. Austurl. gefi annað í skyn, heldur hitt, að hér er verið að hirta þá sem hv. þm. finnst vera „strákarnir" í ríkisstj., sem eru þó að minni hyggju um margt frambærilegir menn og meira að segja allágætir.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði í dag, að hann væri sammála hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, og sagði: „svo skrýtið sem það nú er." — Það er ekkert skrýtið. Það er þvert á móti afar eðlilegt. Þeir eru sammála um þetta mál, alveg eins og þeir eru sammála um vaxtasukkið og hvað annað sukk sem hér hefur, að mér hefur fundist, komið til umræðu í vetur. Það, sem er að gerast, er ekkert annað en að bláa íhaldið og rauða íhaldið eru að ná höndum saman. Þeir eru að ganga saman í eina sæng og ef þeir geta eitthvað — sem ég raunar efast um — þá yrði það þokkalegur krógi — eða hitt þó heldur. Ég hef einhvern veginn á tilfinningunni, að það bandalag, sem hér er í uppsiglingu á milli rauða íhaldsins og bláa íhaldsins, sé forboði um aðrar og stærri breytingar sem hér eiga eftir að gerast.

Ég vil segja það, að í þessu máli þá stend ég með hæstv. ráðh. Kjartani Jóhannssyni og Svavari Gestssyni, og ég held að þeir hafi haft svo mikil samráð sem mögulegt hefur verið, eins og hæstv. ráðh. Svavar Gestsson lýsti hér á ábyrgan hátt í dag. Það má segja að það er munurinn á órólegu deildinni í Alþfl. og í Alþb., að það er rétt að við í órólegu deildinni í Alþfl. höfum talað út og við höfum sagt meiningu okkar, en við höfum staðið með þessari ríkisstj. og lyft upp höndum hversu erfitt sem okkur hefur fundist sú ákvörðun vera.

Það er rangt hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni að bera þetta saman við umr. um verðjöfnunargjald af raforku, vegna þess að þegar það var kynnt í þingflokkum höfðu allir þingflokkar fyrirvara á því. Mér er fullkunnugt um það, vegna þess að ég hafði það, talaði svo og greiddi svo atkv., svo að það er um allt annars konar mál að ræða heldur en hér hefur verið á döfinni. Órólega deildin í Alþb. fer öðruvísi að. Ég geri ráð fyrir að hún sé í minni hl. í sínum flokki. Allt um það, það hefur stundum verið þungbært að rétta upp hendur, en við höfum gert það. Auðvitað er það svo, að það er fallið til vinsælda að vera maður fólksins og vilja ekki skerða kjör fólksins. En samt er það svo, að stundum þarf ríkisstj. á traustum bakvarðasveitum að halda, og þá sjálfsagt að hún fái þær.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil fagna þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. sjútvrh. gaf hér áðan varðandi það, að hann muni vinna að og beita sér fyrir því, að Fiskveiðasjóður fái svipaða upphæð og hann kemur til með að tapa við samþykkt þessa frv. Og ég vil fagna þeirri yfirlýsingu hv. 1. þm. Austurl., að hann muni beita sér fyrir því sama, þó að mér sé ljóst að þeir fjármunir séu auðvitað með allt öðrum hætti. Það er ætlað að taka lán með fremur óhagstæðum kjörum, og sennilega erlent lán. En það verður þó til þess, að ráðstöfunarfé sjóðsins til lána á þessu ári rýrnar ekki frá upprunalegri hugmynd.

Þær eru táknrænar um samstarf og samvinnu og elskulegheit á 6 mánaða afmæli ríkisstj., þær umr. sem hafa farið hér fram í dag. Hér hefur verið hnakkrifist um tiltölulega ákaflega ómerkilega hluti og lítilfjörlega. Formaður sjútvn. og jafnframt formaður þingflokks Alþfl. taldi að hér hefði verið stofnað til þúsund ára ríkis með myndun þessarar ríkisstj., svo það á eftir að standa í 999 ár og 6 mánuði, ef spádómur hans verður að veruleika. Ég er hræddur um að sumir verði orðnir þreyttir þá.

Ég ætla ekkert að blanda mér í það, að stofnuð hafi verið Möðruvallahreyfing í Alþb. Framsfl. átti á sínum tíma þann þunga kross sem hann þurfti að bera með hinni svokölluðu Möðruvallahreyfingu. Þetta finnst mér vera einkamál stjórnarflokkanna sem við eigum ekkert að vera að skipta okkur af. En það er rétt hjá Vilmundi Gylfasyni — alveg hárrétt, að hann hefur lyft hendi sinni í hvert skipti sem ríkisstj. hefur þurft á að halda, þó að það hafi verið honum oft ærið þungbært eins og hann sagði sjálfur. Hann hefur talað hér á móti miklu fleiri stjfrv. en hann hefur talað með, en alltaf að lokum lyft hendinni með þeim. Þetta er óskaplegt álag á ungan mann og hann er vafalaust orðinn töluvert þreyttur og þá sérstaklega í handleggjunum, — ég hef ekki orðið var við þreytu í talandanum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, því að hæstv. sjútvrh. lagði töluverða áherslu á að þessi frv. yrðu orðin að lögum 1. mars. Nú eru senn ekki nema tveir og hálfur tími eftir af 1. mars, og ef brtt. verður samþ. er eftir að halda fund í Ed. um málið. Ef verður komið fram yfir 1. mars verður aftur að breyta 1. mars í 2. mars og frv. að fara aftur til Nd., og ég ætla ekki að standa að því. En ég vil þó að lokum segja það við mína elskulegu vini á stjórnarheimilinu að slíðra nú sverðin í tvo og hálfan tíma og reyna að koma þessum stjfrv. áleiðis svo þau verði að lögum og það geti farið fram atkvgr. sem allra fyrst, þannig að menn geti einu sinni enn lyft sinni hendi til þess að framkvæma sína þungu skyldu við núv. hæstv. ríkisstj. Ég ætla ekkert að tala um hvort hún á langt eftir ólifað eða ekki, en hvort sem er þá verður þetta ekkert líf hjá þessari blessaðri ríkisstj.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er af umr. hér undanfarna daga og mánuði, þá er dagurinn 1. mars í dag og fyrir þann dag átti að vera búið að leysa öll efnahagsmál Íslendinga með ákveðnu frv. eða löggjöf sem þeir hv. Alþfl.-menn hafa hampað hér eins og Biblíunni eða Kóraninum, rétt eins og texta sem innihéldi hinn endanlega sannleik. Ísland ferst, sagði formaður þingflokks Alþfl. hátíðlega hér í fyrradag, ef svo illa fer að þetta frv. nær ekki að verða afgreitt.

Nú er þessi stund upprunnin og enn lifir þetta land og þessi þjóð sem betur fer. Og þau tíðindi hafa gerst, þó að þetta frv. hafi enn ekki séð dagsins ljós á Alþ., að hæstv. núv. ríkisstj., sem hefur stundum átt pínulítið erfitt með samkomulagið á eigin heimili, hefur eignast ötula stuðningsmenn hér á hv. Alþ. Órólega deildin í Alþfl., sem skv. yfirlýsingu 7. þm. Reykv. er meiri hl. þingflokksins, styður ríkisstj. heils hugar hér eftir. Þó að það hafi gengið illa fram að 1. mars mun ekki standa á stuðningi þeirra hér eftir. Þrautpíndir munu þeir lyfta upp hendinni með hverju einu sem hæstv. ríkisstj. lætur

frá sér fara og verða henni bakhjarlar í hvívetna. Þennan fyrirvaralausa stuðning órólegu deildarinnar, meiri hl. í þingflokki Alþfl., ber ráðh. að sjálfsögðu alveg sérstaklega að þakka.

Í þeim umr., sem hér hafa farið fram í dag, kom þó fram eitt atriði sem ég vil alveg sérstaklega frábiðja mér og ég vona að ég eigi ekki skilið, og það er hól frá meiri hl. í þingflokki Alþfl., sem kallaði okkur ráðh. Alþb. frambærilega og ágæta menn. Ef svo er komið fyrir okkur að flytja verður hólræður um okkur hér af hv. Alþfl.-mönnum, þá er illa komið og ég vona að það standi ekki öllu lengur. Ég kom hingað upp til að undirstrika sérstakar þakkir mínar fyrir það, að eftir að 1. mars er kominn og þeir Alþfl.-menn hafa dottið upp fyrir með þjóðaratkvgr. sína, þá skuli þeir fyrirvaralítið eða fyrirvaralaust ætla að styðja ríkisstj. Fyrir þetta er mér er skylt að þakka, en hitt afþakka ég.

Frsm. meiri hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að láta það koma fram, að ég hef grun um að það verði ekki aðeins hin órólega deild Alþfl. sem á eftir að lýsa sérstakri ánægju með hæstv. viðskrh. Ég heyrði það hér niðri í sal rétt áðan frá einum traustasta stuðningsmanni hæstv. ráðh., að honum hafi tekist að afsanna það í 6 mánaða setu í stól viðskrh. í þessari ríkisstj. sem hann hefði leitast við að sanna með 6 ára setu í stól ritstjóra Þjóðviljans, og jafnframt, að það skyldi þó ekki vera að einkum og sér í lagi sú stétt manna sem hæstv. viðskrh. hefur skrifað mikið og skrafað um, sú stétt sem kennd er oft við heildverslun og innflutning, ætti þegar upp er staðið eftir að vera álíka þakklát og ánægð með hæstv. viðskrh. í starfi eins og sumir Alþfl.-menn eru. **(Gripið fram í:** Má ég frekar biðja um heildsalana.) Já, það getur vel verið að hæstv. viðskrh. fái þakkirnar frekar frá þeirri ágætu stétt manna, en þá held ég að hv. formaður þingflokks Alþb., Lúðvík Jósepsson, muni segja „njet".

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 60. fundur.

Föstudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Endurskoðun laga um almannatryggingar, þáltill. (þskj. 371). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins, þáltill. (þskj. 377). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um efnahagsfrumvarp forsætisráðherra, þáltill. (þskj. 384). — Hvernig ræða skuli.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég vil vekja athygli á því, að í till. þessari er gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum, sem eiga að taka gildi fyrir 1. mars. Ég vil spyrja hv. flm. hvort þetta ákvæði í sjálfri till. geri það ekki að verkum, að hann dragi þá till. sína til baka. (Gripið fram í.) — Þáltill. er dregin til baka.

Niðurfelling leyfisgjalda af litlum bifreiðum, þáltill. (þskj. 395). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þingrof og nýjar kosningar, þáltill. (þskj. 408). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Gjald á veiðileyfi til útlendinga, þáltill. (þskj. 18). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 56). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 66). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Leit að djúpsjávarrækju, þáltill. (þskj. 85). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj 85 ásamt þeim hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, Pálma Jónssyni og Sverri Hermannssyni till. til þál. um aukna leit að djúpsjávarrækju fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að auka skipulega leit að djúpsjávarrækju, einkum úti fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi, og hafa í því sambandi samráð við þá útgerðarmenn og sjómenn sem reynslu hafa af veiðum á rækju á djúpmiðum."

Árið 1969 fundust rækjumið við Grímsey og Kolbeinsey, þau fyrstu sem nefna má djúprækjumið. Fram til 1976 var oft leitað rækju á djúpslóð, en sú leit var með öllu ónóg og ekki nægjanlega samfelld. Á árinu 1976 var gert verulegt átak í þessu efni fyrir forgöngu Matthíasar Bjarnasonar fyrrv. sjútvrh. Farnir voru nokkrir leiðangrar og keyptar voru m. a. frá Færeyjum sérstakar rækjuvörpur, hliðstæðar þeim sem Færeyingar hafa notað við Vestur-Grænland með góðum árangri, en þeir hafa veitt þar þúsundir tonna undanfarin ár af stórri

úthafsrækju sem selst á ótrúlega háu verði. Láta mun nærri, ef tekið er mið af nýlegri reynslu hér á landi, að stór úthafsrækja, 70—90 stykki í kg, seljist á nálægt 75% hærra verði en ef stykkjatalan er 120—150 og 50% hærra verði ef stykkjatalan er 90—120 í kg.

Árangurinn af aukinni rækjuleit árin 1976 og 1977 varð umtalsverður. Einkum fundust mið á Dohrnbanka og flákanum norðan hans, en þar veiðist nú stærsta rækja sem veiðst hefur við Ísland, allt niður í 50 stk. í kg. Djúprækjumið, sem nú eru nýtt, eru orðin 5: Dohrnbanki, Norðurkantur, Kolbeinseyjar- og Grímseyjarsvæði og Eyjafjarðaráll.

Ástæða er til að ætla að mati fróðra manna, að víða umhverfis land, einkum úti fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi, sé að finna djúprækjumið. Sú litla reynsla, sem við Íslendingar höfum á sviði djúprækjuveiða, bendir ótvírætt til að þar sé um að ræða ónýtta auðlind sem getur gefið ótrúlega mikinn afrakstur, auk þess sem aukin áhersla á djúprækjuveiðar gæti dregið úr sókn í ofnýtta fiskstofna, en á því er ekki vanþörf eins og nú standa sakir og hv. þm. er kunnugt um. Flm. þessarar till. vilja vekja athygli á þessu og hvetja til þess, að skipuleg leit að djúpsjávarrækju verði verulega aukin, eins og till. ber með sér.

Sú tilhögun rækjuleitar, sem vænlegust er til árangurs og jafnframt er fjárhagslega hagkvæmust, er að leigja fiskibáta eða togara til leitarinnar. Það er áreiðanlega miklu farsælla að fara þá leið heldur en láta Hafrannsóknastofnunina annast þessa leit að mestu eða öllu leyti. Bæði er útgerðarkostnaður slíkra hafrannsóknaskipa mikill og vinnutími á sólarhring styttri en tíðkast á fiskiskipum. Þessu til viðbótar er áreiðanlega farsælt að skip með reyndum skipstjórnarmönnum séu leigð og Hafrannsóknastofnunin, sem að sjálfsögðu stjórnar leitinni og hefur fiskifræðing um borð, sé með í ráðum. Þannig nýtist starfsreynsla skipstjórnarmanna og fiskifræðinga best og árangur tryggður til frambúðar þegar hagnýta á nýfundin mið.

Í þessu sambandi er rétt að minna á langa reynslu og frumkvæði Snorra Snorrasonar skipstjóra á Dalborgu, eina djúpsjávarrækjutogara Íslendinga á þessu sviði. Að öðrum íslenskum skipstjórnarmönnum ólöstuðum er það staðreynd, að Snorri hefur langmesta reynslu í veiðum á djúpsjávarrækju. Samvinna milli Hafrannsóknastofnunarinnar og útgerðar Dalborgar er því sjálfsögð að mínu mati, ef standa á að leit að djúpsjávarrækju umhverfis landið á hagkvæman og hagnýtan hátt. Í þessu sambandi vil ég minna á að þetta útgerðarfyrirtæki hefur sóst eftir að kaupa nýtt skip til djúpsjávarrækjuveiða og mun það mál nú vera fyrir ríkisstj. Vil ég nota tækifærið til þess að mæla með því, að þetta sjálfsagða mál verði afgreitt sem fyrst. Það hlýtur að vera nauðsynlegt og styrkja þetta útgerðarfyrirtæki mjög að hafa tvö skip til þessara veiða og það mundi áreiðanlega að mínu mati verða til þess, að Íslendingar yfirleitt fengju aukinn áhuga á útgerð á þessu sviði.

Ég þarf ekki, herra forseti, að hafa um þetta mál frekari orð. Till. þessi er mjög einföld og auðskilin og ég vænti þess, að þetta mál fái góðar undirtektir, en ég geri till. um að þessu máli verði, þegar umr. er frestað, vísað til atvmn.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við þá till. sem hér var lýst áðan. Ég vil líka taka undir það sem hv. flm. sagði áðan og það er einlæg ósk mín, að sjútvrn. verði við tilmælum Snorra Snorrasonar og þeirra félaga um að leyfa þeim að kaupa rækjutogara. Ég vil einnig taka undir þau orð flm., að Snorri Snorrason hefur sýnt alveg einstæðan áhuga og dugnað í sambandi við rækjuveiðar og rækjuleit.

Umr. frestað.

Efri deild, 64. fundur.

Föstudaginn 2. mars, kl. 2.15 miðdegis.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 62, n. 380, 382). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Allshn. athugaði þetta mál og leitaði umsagna um það hjá lagadeild Háskólans, Hæstarétti, Dómarafélaginu, Lögmannafélaginu og réttarfarsnefnd. Umsagnir bárust frá þessum aðilum öllum og þeir mæla allir eindregið með því að frv. verði samþykkt.

Í aths. eru greindar ástæður fyrir flutningi frv., og dómsmrh. gerði líka grein fyrir því við 1. umr. svo þau rök verða ekki rakin hér. N. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. En eins og nál. ber með sér voru tveir nefndarmenn, Jón G. Sólnes og Ólafur Ragnar Grímsson, fjarstaddir þegar málið var afgr. í nefndinni.

Ég vil geta þess, að n. láðist að gera till. um breyt. á gildistökuákvæði, sem í frv. er miðað við dag sem nú er liðinn. Ég hef þess vegna flutt brtt. um þetta atriði, þar sem lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Þetta virðist nánast vera eðlileg leiðrétting. Sem sagt, n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar þetta mál kom hér fyrst til umr. lét ég í ljós ýmsar efasemdir um að það spor, sem hér væri stigið til breytingar á Hæstarétti Íslands, væri rétt og sú röksemdafærsla, sem væri að finna í grg. frv., styddi alls ekki þau efnisatriði sem í frv. eru. Í störfum n. lét ég í ljós áframhaldandi efasemdir um það, að þetta frv. til l. um breyt. á l. um Hæstarétt Íslands ætti á þessu stigi erindi til þess að breyta skipan dómsins. Eftir því sem lengra hefur liðið á meðferð málsins hef ég sannfærst æ meir um að það sé ekki rétt á þessu stigi að fjölga dómurum í Hæstarétti. Ég hefði kosið að hæstv. dómsmrh. væri viðstaddur þessa umr., en hann er nú fjarverandi, situr ekki á þingi, og mér er ekki kunnugt um hver fer með málefni dómsmála nú, þannig að ég á erfitt með að kalla til viðkomandi ráðh. En mér finnst að það mál, sem hér er til umr., sé svo veigamikið að það geti ekki orðið afgr. hér frá d. eða þinginu án þess að nánari skýringar og röksemdafærslur komi fram hjá hæstv. dómsmrh. Ég mun þó núna vegna fjarveru ráðh. þess, sem fer með dómsmál, samt sem áður gera grein fyrir meginröksemdum mínum fyrir andstöðu við þetta frv. í núverandi búningi.

Í fyrsta lagi lét ég — **(Forseti:** Má ég vekja athygli hv. ræðumanns á því, að verið er að freista þess að fá þann hæstv. ráðh., sem gegnir störfum dómsrh., til að ganga í

salinn.) Já, ég þakka fyrir. (**Gripið fram í:** Nú þykir mér hv. ræðumaður hugsa sig lengi um.) Hv. ræðumaður bíður spenntur eftir að vita hvaða ráðh. birtist í dyrunum, til að sjá hvaða ráðh. fer með dómsmál um þessar mundir. En ef hæstv. forseti óskar, þá get ég haldið áfram ræðu minni. (**Forseti:** Hv. þm. er frjálst að halda áfram.) Ég þakka fyrir.

Þegar þetta mál kom fyrst til umr. benti ég á það, að sú fjölgun, sem lagt er til að verði í Hæstarétti, og sú skipting á dómnum í undirdóma, sem fjölgunin gerir mögulega, feli í sér viss þáttaskil í eðli dómsins. Það er greinilegt, að sú hugsun liggur að baki þessu frv., að Hæstiréttur eigi í æ ríkari mæli en hingað til að fara að starfa í einstökum deildum, hann eigi að starfa í tveimur þriggja dómara deildum. Það er meginröksemdin fyrir því, að talið er að þessi breyting flýti gangi dómsmála.

Ég vek hins vegar athygli á því, að slík skipan skapar margvíslega möguleika, ef ekki hættur á því að ólíkir túlkunarskólar kæmu upp í réttinum um gildi laga og réttmæti úrskurða hver þeirra sinni. Um þetta hafði ég nokkur orð í framsöguræðu, sem ég tel ekki ástæðu til að ítreka hér, en vil þó strax í upphafi geta þess sem fyrstu ástæðu varrúðarorða minna gagnvart breytingu af þessu tagi, að þarna er stigið mun stærra spor til breytinga á eðli Hæstaréttar en menn almennt gera sér grein fyrir og fram kemur í grg. frv.

Meginröksemd stjórnvalda og þeirra, sem að þessu frv. standa, fyrir fjölgun dómara í Hæstarétti er sú, að málum hafi fjölgað svo í réttinum að nauðsynlegt sé að fjölga dómurum ef eigi að hraða meðferð dómsmála. Nánari athugun á fjölda mála fyrir réttinum á síðustu árum leiðir í ljós að þessi grundvallarforsenda frv. er ekki rétt. Árið 1974 var stigið það spor að dómurum í Hæstarétti var fjölgað í sex. Síðan þá hefur fjöldi mála í réttinum verið á þessa leið: 1974 223 mál, 1975 185 mál, 1976 244 mál og 1977 240 mál. M. ö. o.: málum hefur ekki fjölgað að neinu ráði og meira að segja á einu ári, 1975, hefur orðið allveruleg fækkun mála. Það er því ljóst að fjölgun dómara úr 5 í 6 árið 1974 hefur ekki haft nein áhrif á að hraða málsmeðferð fyrir réttinum á þeim fjórum árum sem síðan eru liðin. Dómararnir hafa verið fleiri. Málunum hefur ekkert fjölgað. Í frv. eða í umfjöllun þess í n. komu ekki fram neinar röksemdir fyrir því, að fjölgun um einn dómara í viðbót kynni að hraða málsmeðferð enn frekar, nema það sé ætlunin, að rétturinn fari í mjög ríkum mæli að starfa í tveimur deildum, að deildaskiptur Hæstiréttur verði miklu tíðara starfsform en hefur verið til þessa. Sú grundvallarforsenda, að málum hafi fjölgað í réttindum, finnst mér alls ekki koma þarna fram, og árangurinn af fjölgun dómara 1974 hefur alls ekki orðið sá sem menn vilja vera láta.

Ég lýsti því jafnframt við 1. umr. þessa máls, að það væri veruleg hætta á því, að hér væri verið að gera tilraun til að gera umbætur í réttarfarskerfi landsmanna með því að byrja á öfugum enda, ef svo mætti orða það. Miklu nær væri að fara aðrar leiðir til úrbóta til að hraða meðferð dómsmála og það væri mjög villandi, ef ekki beinlínis hættulegt, að leggja mjög þunga áherslu á að fjölga bara dómurum í Hæstarétti.

Í þessu sambandi vil ég nefna þrjár aðrar leiðir til að hraða meðferð dómsmála hér á landi. Tvær þeirra tengjast Hæstarétti sjálfum og hin þriðja felur í sér nýtt dómstig.

Í fyrsta lagi vil ég koma því á framfæri hér, að Hæstiréttur hefur á undanförnum árum hvað eftir annað sótt um sérstaka fjárveitingu til fjárveitingavaldsins, fjmrn. væntanlega, til þess að hægt sé að ráða aðstoðarmenn, löglærða starfskrafta, í réttinn til þess að aðstoða dómara við gagnaöflun, til að fletta upp í dómsskjölum, dómabókum, lagasöfnum og öðrum gögnum sem nauðsynleg eru til þess að kveða upp úrskurði í málum. Fjárveitingavaldið, að því er mér skilst fjmrn., hefur ár eftir ár neitað að verða við þessari beiðni réttarins. Ég tel að það sé mjög varhugavert að neita Hæstarétti um aðstoðarfólk, sem alls staðar í nágrannalöndum okkar er talinn nauðsynlegur þáttur við dómsstörf af þessu tagi, en fara í staðinn þá leiðina, sem var gert 1974 og virðist eiga að gera enn, að fjölga dómurum í réttinum sjálfum og skipta honum í deildir. Ég held að það hefði verið miklu eðlilegra og réttara og í samræmi við þær starfsvenjur, sem tíðkast á okkar tímum, að gera Hæstarétti kleift að ráða sér það aðstoðarfólk sem dómstóllinn óskar eftir. Ég tel það satt að segja mjög varhugaverða stefnu af fjárveitingavaldi að neita Hæstarétti ár eftir ár um þá starfskrafta sem hann óskar eftir. Ég tel að það geti skapað margvíslegar hættur fyrir réttarfar í landinu, ef misskilin sparnaðarstefna hjá fjmrn. og öðrum fjármálayfirvöldum þrengir svo að æðsta dómstóli landsins að eina ráðið til úrbóta eftir nokkur ár verði að breyta um eðli dómstólsins, fjölga dómurum og skipta honum. Það hefði verið miklu réttara að verða við óskum dómstólsins sjálfs um aðstoðarfólk, um viðbótarstarfskrafta, en að fara sí og æ þá leið sem stjórnvöld virðast ætla að fara nú. Ég hefði talið réttara, áður en þetta spor væri stigið til breytinga á eðli réttarins, að gefa honum kost á að fá það aðstoðarfólk sem dómararnir hafa ítrekað óskað eftir á undanförnum árum.

Í öðru lagi má benda á það, að frá fyrri tímum tíðkaðist í Hæstarétti mjög langt réttarhlé, u. þ. b. þriggja mánaða réttarhlé á ári, þar sem dómurinn starfar ekki og dómararnir eru í fríi, ef svo má orða það. Miðað við almenna vinnuhætti í okkar þjóðfélagi finnst mér á margan hátt óeðlilegt að dómstóllinn, einkum og sér í lagi ef svo brýna nauðsyn ber til að hraða afgreiðslu mála sem látið er liggja að í grg. þessa frv., haldi áfram uppteknum hætti frá fyrri hluta þessarar aldar að taka sér þriggja mánaða starfshlé á ári. Það væri þá miklu nær að breyta starfsháttum réttarins á þann veg, að þar væri eðlilegt sumarleyfi eins og í öðrum stofnunum í þessu landi, en fjórðungur ársins væri ekki dauður starfstími í réttinum. Það má geta þess, að miðað við núverandi dómarafjölda og það, að eingöngu væri um mánaðar sumarleyfi að ræða eins og í öðrum opinberum stofnunum, jafngildir sú viðbót, sem þannig fengist, þeim viðbótarmanni sem hér er verið að óska eftir. Með breyttum starfsháttum dómaranna sjálfra og með ráðningu þess aðstoðarfólks, sem Hæstiréttur hefur óskað eftir, tel ég miklu eðlilegra að reyna að hraða afgreiðslu mála í Hæstarétti en að fara einfaldlega þá leið enn og aftur að fjölga sjálfum dómurunum.

Þriðja og kannske veigamesta ástæðan er hins vegar sú, að erfiðleikar í meðferð dómsmála, seinagangurinn, stafa að mínu viti alls ekki af þeim atriðum sem látið er að liggja að knýi á um fjölgun dómara í Hæstarétti, heldur fyrst og fremst að það vantar öflugt og sterkt nýtt dómstig, hið svokallaða lögréttudómstig, fjórðungsdóma, sem séu öflugar og virkar dómsstofnanir og geti kveðið upp fullnaðarúrskurði í miklum fjölda þeirra

mála sem nú ganga beint og milliliðalaust úr héraði og fyrir réttinn. Með því að setja á stofn slíkt nýtt dómstig, slíka lögréttuskipan sem verið hefur í undirbúningi, væri miklu líklegra að hægt væri að minnka streymi mála til réttarins, vegna þess að ef lögréttudómstigið væri vel mannað mætti vænta þess, að innan tíðar mundi það hljóta þá virðingu með þjóðinni að þeir úrskurðir, sem þar væru uppkveðnir, væru af málsaðilum taldir fullnaðarúrskurðir. Þess vegna óskaði ég eftir því við 1. umr. þessa máls að fá nánari upplýsingar um það, hvað liði undirbúningi og endurframlagningu lögréttufrv. Það var upplýst í allshn., að verið væri að vinna að undirbúningi þess, en ekki lá neitt ljóst fyrir um hvort málið yrði lagt fram nú á þessu þingi.

Mér finnst því allt stefna í það, að hið eina, sem gert hafi verið á þessu ári, á síðasta ári og árinu þar á undan, fyrir utan nýskipan rannsóknarlögreglunnar, en hvað snertir dómstólaskipunina sjálfa í landinu, — hið eina til að hraða gangi dómsmála sé að fjölga í Hæstarétti. Það tel ég alranga stefnu og — eins og ég sagði áðan — gersamlega tekið í öfugan enda dómstólaskipunarinnar í landinu. Nauðsynlegt er að mínum dómi, að allveruleg festa sé um þennan æðsta dómstól í landinu, og mjög varhugavert að vera að hreyfa eðli hans til og frá, fjölga í dómstólnum, skipta honum í starfsdeildir o. s. frv., eingöngu á grundvelli röksemda um seinagang í dómstólakerfinu, þegar liggur ljóst fyrir að rétturinn hefur sjálfur óskað eftir ýmsum öðrum leiðum, þegar liggur ljóst fyrir að fjölgun dómara í sex fyrir fjórum árum hefur ekki borið þann árangur sem menn ætluðu, og þegar liggur þar að auki ljóst fyrir að með ýmsum breytingum á starfsháttum dómaranna sjálfra væri hægt að koma á allverulegum breytingum.

Ég vil taka það skýrt fram, að það er ekki ætlun mín að fara að efna hér til pólítískra deilna um Hæstarétt, — ég vil taka það alveg skýrt fram, — og ég var þess vegna lengi vel að velta því fyrir mér, hvort ég ætti að láta afgreiðslu málsins afskiptalausa og sitja hjá við afgreiðslu þess. Ég var fjarverandi lokaafgreiðslu í n. En mér finnst, eftir því sem ég kynni mér þetta mál nánar, sífellt fleiri og fleiri röksemdir mæla gegn því, að þessi leið sé farin og þess vegna sé nauðsynlegt að röksemdir komi fram hér í deildinni, ábendingar um aðrar leiðir séu undirstrikaðar með andstöðu við frv., til þess að knýja bæði fjármálayfirvöld, sem hafa neitað Hæstarétti um nauðsynlega fyrirgreiðslu á starfskröftum á undanförnum árum, og einnig forstöðumenn dómsins sjálfs til að íhuga aðrar leiðir í þessum efnum. Mér þykir einsýnt að fjölgun dómara nú í 7 muni ekki frekar bera afgerandi árangur heldur en fjölgun dómara í 6 fyrir fjórum árum. Ef menn fara ekki inn á aðrar brautir í þessum efnum, þá munu ekki líða mörg ár þangað til kemur fram frv. um enn eina fjölgunina í Hæstarétti. Eins og ég sagði áðan finnst mér að það eigi að vera síðasta aðgerð manna til þess að hraða meðferð dómsmála í landinu að breyta skipan Hæstaréttar, það eigi að leita allra annarra leiða fyrst. Þeirra leiða hefur ekki verið leitað, það liggur ljóst fyrir. Undirbúningi lögréttufrv. hefur ekki verið hraðað nægilega til að það geti legið fyrir þinginu, þó að dómsmrh. hefði um það góð orð þegar hann lagði þetta frv. fram, fjármálayfirvöld hafa neitað Hæstarétti á undanförnum árum um nauðsynlega starfskrafta og þannig mætti lengi telja. (Gripið fram í.) Já, það væri hugsanlegt að leyfa það á fyrsta degi hvers mánaðar og í samræmi við ýmis önnur stefnumál þess flokks. Burt séð frá þessari aths. hv. þm. Stefáns Jónssonar vil ég undirstrika að það er ekki ætlun mín að efna til deilna um þetta frv. hér í d., en mér finnst málið, eins og ég sagði áðan, eftir því sem ég kynni mér það meira vera tilefni til alvarlegra aths. sem ég hef hér sett fram.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil ekki fremur en hv. 3. landsk. þm. fara að efna til neinna deilna um þetta frv. hér. En það eru örfá atriði sem ég vil koma inn á í framhaldi af ræðu hans.

Hv. þm. sagði réttilega, að það væri ekki æskilegt að hringla mikið með málefni þessa æðsta dómstóls þjóðarinnar. Ég tel að það hafi ekki verið gert, t. d. að því er snertir fjölda dómara. Að undanskildu því, að dómurum var fjölgað um einn fyrir fjórum árum, hefur þeim, eins og fram kemur í aths. með frv., ekki verið fjölgað í þriðjung aldar.

Það er satt, að það kemur ekki fram í aths. með frv. samanburður á fjölda mála fyrr á árum og aftur núna. Það er ekki settur upp slíkur samanburður í aths., heldur aðeins getið um þann mikla málafjölda, sem nú kemur fyrir Hæstarétt árlega. En það hef ég fyrir satt, að miðað við t. d. það tímabil, sem ég nefndi áðan, hafi málum fjölgað mjög mikið, enda liggur það í hlutarins eðli. Þjóðinni hefur fjölgað og allt mannlíf er orðið flóknara en áður. Það er staðreynd, að það gengur seint að afgreiða mál frá Hæstarétti, þ. e. a. s. mál liggja þar nokkuð. Þetta er ekki vefengt. Það, sem fyrst og fremst virðist vaka fyrir ráðh. með því að fjölga dómurum núna, er að rýmka ákvæðið um þriggja dómara dóm, rýmka þá heimild og gefa þar með möguleika til þess að fjalla í vaxandi mæli, eins og það er orðað, um kærumál, minni háttar einkamál og minni háttar sakamál í tveimur dómum. Ég vil leggja áherslu á það, að ekki er verið að brjóta þarna upp á nýrri hefð eða starfsvenju í Hæstarétti, heldur hefur þetta þriggja dómara kerfi verið notað áður í nokkur ár, þ. e. síðan fjölgað var í réttinum. Ég er ekki svo fróður að ég geti fullyrt hvort það var borið við áður. Það virðist vera samdóma álit Hæstaréttar sjálfs, lagadeildarinnar og lögmanna, sem leitað var umsagna hjá, að þetta kerfi hafi gefist vel. Þá finnst mér ekkert óeðlilegt þó að menn, eftir að hafa reynt það í litlum mæli í nokkur ár, láti sér nú detta í hug að færa það nokkuð út og þá með þessu móti.

Hv. þm. minntist á það, að fjárveitingavaldið hefði verið tregt til að leyfa aukið starfslið í Hæstarétti. Almennt talað get ég alveg fallist á það með honum, að mér virðist stundum að fjárveitingavaldið: hagsýslan og fjvn. og auðvitað við sem höfum starfað í Alþ., því ekki er hægt að mæla sig þar undan ábyrgð, — það líti ekki nógu raunhæft á þessi mál og spari stundum eyrinn, en kasti krónunni að því leyti, að það er neitað um ódýrara starfsliðið. Menn fá ekki aðstoðarmenn eftir þörfum, sem er þó ódýrara vinnuafl en sérfræðingarnir, hvort sem það er í þessari fræðigrein eða annarri, og af þessum sökum vinnast málin verr. Alltaf verður þó að taka það fram, þegar verið er í gagnrýnistón að tala um ráðstafanir til þess að halda í og hemla, þá verður líka að viðurkenna það, að þeir, sem þessi verk vinna, liggja undir látlausri skothríð úr öllu kerfinu. Það er auðvitað erfið staða, því jafnframt erum við alltaf að gagnrýna þensluna.

Varðandi það að leysa vandamál Hæstaréttar með þessu móti, að láta nú kyrrt liggja um fjölgun dómara og

reyna þá heldur að knýja á við fjárlagagerð á næsta ári að fá fleira aðstoðarfólk, þá get ég ekki fallist á að það sé skynsamlegt. Ég veit ekki nema það verki öfugt á fjárveitingavaldið þegar Alþ. sjálft hefur neitað um viðbótardómara, væntanlega á þeim forsendum að hans sé ekki þörf. Ég held því að það sé ekki rétt að vísa hreinlega til aðgerða fjárveitingavaldsins í þessu máli og á þennan hátt.

Það var fleira, sem kom fram í máli hv. þm., og auðvitað er þetta allt saman álitamál. En út af því sem hann minntist á um breytingar á lægri dómstigum, þá hafa þær verið í undirbúningi og verið er að vinna að lagafrv. um það efni. Var svolítið rætt um það við ráðuneytisstjórann í dómsmrn. þegar hann kom á fund n. og svaraði þar nokkrum fsp. Það var ekki skoðun hans, að það væri nein trygging fyrir því, þó að breytt yrði til þar, að að verulegu marki fækkaði þeim málum sem til Hæstaréttar fara.

Ég vildi sem sagt láta þetta koma fram og vil aðeins segja það að lokum, árétta það, að það er staðreynd að í Hæstarétti er mikill fjöldi mála. Menn eru sammála um að það gangi ekki nógu greiðlega að afgreiða þau. Ég tel þess vegna rétt að verða við þeim tilmælum, sem í frv. felast, og samþ. frv.

Umr. frestað.

Neðri deild, 57. fundur.

Föstudaginn 2. mars, kl. 2.30 miðdegis.

Tímabundið olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj, 407 (sbr. 393), n. 410, 409). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 409 felld með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, JónasÁ, JÞ, LárJ, LJós, MB, ÓE, PJ, AG, EH, FÞ, FrS, GSig.
nei: GilsG, GSt, HS, HG, JóhS, KÓ, MHM, SighB, SV, GF, SvJ, SvG, TÁ, VG, ÞS, ÁG, BGr, EG, FTS, IG.
EBS greiddi ekki atkv.
6 þm. (MÁM, PP, SvH, EðS, EÁ, GH) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 20:11 atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 394, n. 411 og 413, 412). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 412 samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 58. fundur.

Föstudaginn 2. mars, að loknum 57. fundi.

Tímabundið olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 407 (sbr. 393)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 416).

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 415 (sbr. 394)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Efri deild, 65. fundur.

Föstudaginn 2. mars, kl. 2.55 miðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 415 sbr. 394)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hér kemur aftur til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, þar sem í meðförum Nd. hefur orðið sú breyting á 3. gr. frv., sbr. brtt. á þskj. 412, að aftan við 3. gr. bætist ný mgr. þess efnis, að ákvæði þessara laga gildi til ársloka 1979 og frá 1. jan. 1980 gildi eldri ákvæði laga nr. 5/1976. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau, að sú breyting, sem gerð er að því er varðar olíugjaldið, nær einungis til ársloka 1979, þess vegna sé eðlilegt að þessi breyting sé gerð á lögum um útflutningsgjald og gildistími breytinganna sé hinn sami, þ. e. til ársloka 1979.

Ég mæli með því, að frv. með þessari breytingu verði samþ. í deildinni. — [Fundarhlé.]

Frsm. meiri hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Viðstaddir sjútvn.-menn d. hafa rætt brtt. sem samþ. var í Nd. Nm. virðist að þessi breyt., sem gerð var á frv. í Nd., sé óþörf, og það fer varla á milli mála að hún er vanhugsuð og ber nokkurn blæ af því, með hvaða hætti sjútvn. Nd. hefur fjallað um þetta sérstaka mál. En sökum þess að við erum komnir í tímaþröng getum við ekki leyft okkur það sem okkur væri skapi næst og vert væri, að

senda frv. aftur til Nd. með áminningu þessarar hv. d. um vandaðri vinnubrögð og frekari nýtingu handbærrar greindar. Því höfum við ákveðið að mæla með því að frv. verði samþ. með á orðinni breytingu.

Þegar ákvörðun okkar um að mæla með því, að hin vanhugsaða till. verði samþ., er rétt ígrunduð, þá leyfist deildinni það.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 418).

Efri deild, 66. fundur.

Mánudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 316, n. 392 og 399, 397). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 397 felld með 11:2 atkv.
1. gr. samþ. með 11:6 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:4 atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 322). — Frh. 1. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson, [frh.]: Herra forseti. Það er nú nokkuð liðið síðan hv. flm. Ragnhildur Helgadóttir flutti hér eins og hálfs klukkustundar framsöguræðu fyrir frv. Sú ræða hefur verið gefin út nú þegar í þingtíðindum og jafnframt þær aths. sem ég gerði upphaflega við málflutning hennar. Þegar við höldum nú áfram umr. um þetta frv. vil ég strax í upphafi gera skýran greinarmun annars vegar á ýmsum þeim efnisatriðum, sem í þessu frv. er að finna, og hins vegar á þeirri framsöguræðu, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir flutti hér fyrir málinu.

Eins og ég vék að í upphafsorðum mínum fyrir 2—3 vikum, notaði hv. flm. tilefnið, sem framsöguræðan gaf, til þess að ráðast í löngu máli á nokkra unga íslenska fræðimenn sem hafa stundað rannsóknir á unglingum í þágu sálarfræði, uppeldisfræði og annarra þeirra fræðigreina sem nauðsynlegar eru til þess að fá á okkar tímum ítarlega þekkingu um skólann sem félagsstofnun.

Það ber vissulega að harma að hv. flm., Ragnhildur Helgadóttir, skyldi finna sig knúna til þess að flytja hér inn í þingsalina slíkan málflutning í garð þessara ungu fræðimanna. Ef það hefði verið ætlun flm. að taka eingöngu fyrir efnisatriði frv., þ. e. a. s. knýja á um breytingar á heimildum til þess að stunda rannsóknir í skólum, og svo hins vegar að breyta ákvæðum grunnskólalaga um fræðslu um trúar- og lífsskoðanir, — ef það hefði verið tilgangur flm. að fjalla um þessi efnisatriði, þá hefði ekki verið nokkurt tilefni til þess að ráðast svo á þessa ungu fræðimenn sem hv. flm. gerði. Hins vegar verður það augljósara við lestur Morgunblaðsins þessar vikurnar og fréttir af flokksstarfi Sjálfstfl., hver er raunverulegur tilgangur þessa frv. og þeirrar ræðu sem flm. flutti. Það virðist vera sem svo, að í málefnafátækt sinni, í stjórnmálalegri vesöld sinni og í því uppgjafar- og aumingjaskaparástandi, sem nú virðist vera ríkjandi í herbúðum Sjálfstfl., sjái hann það einna vænlegast sjálfum sér til fylgisöflunar að taka fyrir verk nokkurra ungra fræðimanna og reyna að tortryggja og ráðast á þessi verk eftir bestu getu og það á þeim vettvangi þar sem þessir fræðimenn geta ekki komið vörnum við, eins og hér á hv. Alþ. Þetta er svo gert með fögur orð kristindómsins og fögur orð umhyggju fyrir börnum og unglingum að yfirvarpi. Í raun og veru er hér á ferðinni frekar ómerkileg gamalkunn pólitísk brella sem hefur það falið í sér, að þeir, sem telja sig standa illa á atkvæðamarkaðnum, ef svo má að orði komast, fara í nafni kristindóms og góðra siða, verndunar fjölskyldu, barna og unglinga að ráðast á fræðimenn, ráðast á þá, sem eru að reyna að útvíkka svið mannlegrar þekkingar, og gera öll þeirra verk eins tortryggileg og hægt er til þess að Sjálfstfl. geti halað inn á því atkv.

Í þeim upphafsorðum, sem ég lét hér falla fyrir 2—3 vikum, minntist ég á það, að það er ekki nýtt í mannlegri sögu að íhaldsöfl af þessu tagi telji það sjálfum sér þóknanlegt og þjóna pólitískum markmiðum sínum að fara slíkar krossferðir gegn fræðimönnum, vekja slíka tortryggni á þeim, sem eru að brjóta nýjar brautir fyrir mannlega þekkingu, reyna að gera verk þeirra tortryggileg, reyna að sverta starf þeirra á allan hátt og er krefjast þess í nafni kristindóms og góðra siða, að þessum fræðimönnum verði meinað að sinna sínu starfi.

Ég minnti í því sambandi á það, að þegar fræðigreinar á sviði eðlis- og efnafræði voru að brjóta braut nýrri þekkingu á heimsmynd mannsins, þá bar það líka við, að íhaldssamir pólitíkusar af því tagi, sem Ragnhildur Helgadóttir hv. þm. virðist vilja skipa sér í flokk með, fóru slíkar herferðir gegn þessum fræðimönnum. Ég minnti á það, að í Suðurríkjum Bandaríkjanna var frægt mál, þar sem ungur kennari var sóttur til saka fyrir dómstólum fyrir að fjalla um þróunarkenningu Darwins í skólastofunni. Það er hægt að nefna fjölmörg önnur dæmi þessu til stuðnings. Ætíð þegar ýmsar nýjar fræðigreinar eru að reyna að afhjúpa ýmiss konar fordóma, ýmiss konar vanþekkingu, þá rísa upp íhaldsöfl, sem telja sig hafa pólitíska hagsmuni af því að varðveita óbreytt ástand og fara í herferð gegn þessum fræðimönnum. Eins og ég sagði við upphaf þessarar umr., þá finnst mér það eitt hið ljótasta í þessum leik þegar þessi öfl telja sig heyja slíka baráttu í nafni kristinnar trúar.

Ég benti einnig á það í þessu samhengi, að það vill svo einkennilega til hér á Íslandi, að þeir tveir meginstraumar, sem erlendis hafa verið aðgreindir í óskylda stjórnmálaflokka, hugmyndafræði frjálshyggjunnar og hugmyndafræði íhaldsstefnunnar, hafa hér á Íslandi runnið saman í einn og sama flokkinn. Það er stundum dálítið erfitt að átta sig á því, til hvaða flokks ýmsir af forystumönnum Sjálfstfl. í raun og veru eiga að teljast. Þetta hefur einkum og sér í lagi verið erfitt nú á síðari árum þegar ýmsir af forsvarsmönnum Sjálfstfl. hafa í hugmyndafræðilegri fátækt sinni tekið upp á arma sína ýmsar hugmyndir erlendra frjálshyggjumanna og farið að reyna að gera þær að boðskap Sjálfstfl. Þess vegna er það út af fyrir sig þakkarvert, að við og við skuli hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir rísa hér upp á Alþ. og minna okkur og þjóðina á það, hvert er hið raunverulega íhaldsinnihald þeirrar stefnu Sjálfstfl. sem hún telur sig vera fulltrúa fyrir, hvort sem það er í ræðuflutningi hér á Alþ. um Félaga Jesú eða í þeirri framsöguræðu sem hún flutti hér um þetta mál. Það er svo mál Sjálfstfl., en ekki okkar hér, hvort hann telur það vera nauðsynlegan þátt í sinni pólitísku endurreisn að fara herferð gegn þeim ungu fræðimönnum á sviði margvíslegra mannvísinda sem hér hafa á undanförnum árum verið að hasla sér völl í rannsóknum á íslensku þjóðfélagi. En það verður mjög fróðlegt að fylgjast með þessum herferðum Sjálfstfl. gegn ungum menntamönnum, gegn ungum skáldum og gegn ungum vísindamönnum, hvort sem það er þýðandi Félaga Jesú eða þeir fræðimenn sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir varði mestum hluta framsöguræðu sinnar til þess að tortryggja og ráðast á hér í þingsölunum eftir

bestu getu.

Ekki ætla ég í sjálfu sér að lasta að þessi fulltrúi Sjálfstfl. skuli koma svona skýrt og greinilega til dyranna eins og hún og hennar flokksbræður virðast greinilega vera klæddir hugmyndafræðilega séð. Og ég get fullvissað hana um að við munum vissulega ekki láta það hjá líða, að þessi andfélagslegu viðhorf, þessi andfræðilegu viðhorf, þessi þekkingarfjandsamlegu viðhorf, sem allur hennar málflutningur bar keim af, skulu fá að komast til skila. Og fyrst hv. þm. hefur kosið að gera Alþingi Íslendinga að vígvelli baráttunnar um framgang fræðilegrar þekkingar á Íslandi, gera hana að vígvelli baráttunnar um það, hvað megi rannsaka og hverjir megi rannsaka hvað snertir þjóðfélagslegar og mannvísindalegar rannsóknir, þá er alveg sjálfsagt að taka þátt í þeirri umr. Ég hefði hins vegar kosið það, að Alþingi Íslendinga hefði verið hlíft við málflutningi af því tagi sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir varði hér einum og hálfum klukkutíma til þess að koma á framfæri, vegna þess að ég hélt satt að segja að það væri liðin tíð, að það þyrfti að standa hér á Alþ. í vörn vegna tilrauna skammsýnna, þröngsýnna og íhaldssamra stjórnmálamanna til þess að leggja steina í götu og tortryggja starf ungra vísindamanna. En eins og ég sagði áðan, þá er greinilegt að ræða hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur er bara liður í herferð Sjálfstfl. gegn mannvísindunum, herferð Sjálfstfl. gegn rannsóknum á félagslegum vandamálum þessa þjóðfélags og í raun og veru herferð Sjálfstfl. gegn andlegu frelsi.

Ég sagði áðan að margt af því, sem er að finna í frv. þm. og grg., er fyllilega eðlilegt og í raun og veru hægt að styðja. En það, sem gerir málið hins vegar allt annarrar tegundar, er röksemdafærslan með frv., tilgangur flutningsins, sem greinilega kom fram í framsöguræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur og þeirri fundarherferð og þeim blaðaskrifum sem Morgunblaðið og Sjálfstfl. hafa verið með í kringum þetta mál. Ég tel þess vegna að það sé alveg nauðsynlegt að greina í þessum umr. á milli þriggja þátta. Í fyrsta lagi nauðsynjar þess að setja reglur um rétt manna til þess að stunda rannsóknir í skólum og rannsóknir á börnum og unglingum og reyndar öðrum þjóðfélagshópum, því að það eru sjálfsagt fleiri í þessu þjóðfélagi, sem þarf að vernda fyrir vísindamönnunum, ef má orða það þannig, heldur en börn og unglingar. Ég mun koma að því hér á eftir. Í öðru lagi er síðan sú hatramma árás á rannsóknir þessara tilteknu fræðimanna, sem þm. hefur gerst aðaltalsmaður fyrir, og í þriðja lagi er síðan 1. gr. frv., sem í raun og veru fjallar um allt annað en ákvæðin um aðgang að rannsóknum í skólum og miðar fyrst og fremst að því, eins og flm. sjálfur rakti hér ítarlega, að reyna að hindra það sem hún kallaði óeðlilegan áróður í skólum.

En áður en ég kem að þessum atriðum vil ég aðeins minna hv. þdm. á að það er ekkert nýtt á Íslandi að sálfræðingar og aðrir mannvísindamenn og læknar stundi margvíslegar rannsóknir á einstaklingum: börnum, unglingum og fullorðnum. Það er ekkert nýtt. Hér hafa verið um árabil stundaðar margvíslegar rannsóknir, sem vissulega eru um viðkvæm efni, persónulega viðkvæm efni, rannsóknir á þjóðfélagshópum sem við teljum sjálfsagt öll að þurfi að fara mjög varlega með hvað snertir rannsóknir. Það er hins vegar sameiginlegt með þessum rannsóknum, eins og rannsóknum þeirra ungu fræðimanna sem hv. flm. gerði hér að umtalsefni, að þessir fræðimenn reyna að fara vandlega með sínar heimildir, og umfram allt beinist athygli þeirra ekki að einstaklingum eins og hv. flm. virðist annaðhvort af pólitískri illkvittni eða vankunnáttu halda, heldur fyrst og fremst að hópum, félagslegum hópum af ýmsu tagi til þess að reyna að kanna samspil orsaka í þróun ýmissa félagslegra fyrirbæra og í meðferð félagslegra vandamála. Hér er ekki verið að rannsaka einstaklinga. Hér er ekki verið að taka Jón Jónsson eða Pál Pétursson eða Pétur Pálsson eða aðra slíka til meðferðar og rannsaka þá, heldur er verið að taka til skoðunar hópa, félagslega hópa sem hafa ýmis sameiginleg einkenni, hvort sem það eru unglingar í skólum, áfengissjúklingar, geðveilt fólk af ýmsu tagi eða aðrir. Það er heldur ekkert nýtt, að það sé safnað mjög ítarlegum upplýsingum um nána persónuhagi fólks og þessar upplýsingar séu teknar í tölvur, geymdar á tölvuböndum, unnið úr þeim og skrifað um þær ritgerðir, þar sem sjálfsagt væri hægt að finna út nöfnin á einstaklingunum ef menn væru nægilega illkvittnir eða hefðu á því áhuga.

Einn íslenskra fræðimanna hefur hvað mest stundað rannsóknir á þessu sviði og hann hefur getið sér alþjóðlegt orð. Hann hefur þróað nýtt svið í sinni fræðigrein og jafnframt eflt íslensk mannvísindi og sálarfræði á þessu sviði. Hann hefur tekið til meðferðar margvíslega þjóðfélagshópa, unga sem gamla, sem eiga um sárt að binda, aflað ítarlegra upplýsinga um nákvæma persónulega hagi þessa fólks og unnið upp úr þessu fræðiverk. Enginn hefur neitt haft við þessar rannsóknir að athuga. Enginn hefur fundið ástæðu til þess að tortryggja þessar rannsóknir dr. Tómasar Helgasonar prófessors. Þær hafa verið veigamikið spor í þróun íslenskrar sálfræði og mannvísinda. Rannsóknir hans, og ég tek þær bara sem dæmi hér, á áfengissjúklingum og geðheilsu eru aðeins eitt dæmi af mörgum um aragrúa af rannsóknum sem hér hafa verið stundaðar, þar sem gagnaöflun á nákvæmum, persónulegum högum einstaklinga hefur átt sér stað. Rannsóknir dr. Tómasar Helgasonar prófessors eru með því besta, sem gert hefur verið á þessu sviði. Ég held að það beri frekar að fagna því heldur en lasta það og hvað þá að telja það tilefni til þeirrar pólitísku ófrægingarherferðar sem hv. flm. hafði hér uppi, að ungir sálfræðingar og fræðimenn skuli vilja taka sér þessa fremstu íslensku fræðimenn, eins og dr. Tómas Helgason prófessor, til fyrirmyndar, afla upplýsinga um á hvern hátt ýmis persónuleg vandamál hjá ýmsum félagshópum, afstaða til áfengisneyslu, afstaða til kynlífs, afstaða til heimilishalds, þróun geðræns ástands yfir lengri tíma og í tengslum við félagsleg einkenni, — hvernig allir þessir þættir spila saman.

Þessi sami fræðimaður, dr. Tómas Helgason, hefur einnig unnið mjög ítarlega könnun á sjómönnum, þar sem aflað var upplýsinga um persónulega hagi þeirra og fjölskyldna þeirra, kynlífsreynslu, sjúkdóma og annað mjög ítarlega, og með álíka vilja og prófessor Ragnar Ingimarsson setur fram í Morgunblaðsgrein, sem ég mun koma að hér á eftir, væri sjálfsagt hægt að rekja hverjir þessir einstaklingar eru. Allar þessar rannsóknir eru nauðsynlegur þáttur í því að þróa fræðilega þekkingu á samfélaginu, á margvíslegum hópum þess og á þeim félagslegu vandamálum, sem við eigum við að glíma. Það er ekki tilefni til þess að fara einhverja pólitíska herferð gegn þessum rannsóknum né þeim rannsóknum sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni, þótt sjálfsagt megi eitthvað að þeim finna, bæði frá aðferðafræðilegu sjónarmiði og

eins frá sjónarmiði ályktana.

Það er nú einu sinni þannig, þótt hv. flm. sé það kannske ekki kunnugt, en hver einstakur fræðimaður á þessum sviðum hefði getað upplýst hv. flm. um með lítilli fyrirhöfn, að á þróunarstigi þessara fræðigreina á okkar tímum er í flestöllum tilfellum það fleira, sem er gagnrýnivert, það fleira, sem má benda á að betur megi fara, það fleira, sem aths. má gera við, heldur en það sem er í raun og veru ávöxturinn af hverri einstakri rannsókn. Slík gagnrýni, slík umr. á jákvæðan, gagnrýnan hátt um fræðiverk af þessu tagi er einmitt forsenda fyrir framþróun fræðigreinanna. Það er nánast hægt að taka hverja einustu rannsókn, sem hér hefur verið gerð eða annars staðar á núverandi þróunarstigi sálarfræði og annarra greina mannvísinda, líka rannsóknirnar um áfengisneyslu og geðræn vandamál eða sjómannarannsóknina sem dr. Tómas Helgason stóð fyrir, og gera hana tortryggilega með nákvæmlega sömu aðferðum og hv. þm. beitti hér gagnvert þeim ungu fræðimönnum sem hún kaus að gera að skotspæni sínum. En auðvitað er það ekki gert og auðvitað verður enginn til þess, vegna þess að við ætlum ekki að taka þátt í þessari ófrægingarherferð gegn mannvísindunum, sem hv. þm. og ýmsir fulltrúar Sjálfstfl. virðast telja nauðsynlegan lið í endurreisn Sjálfstfl. Hitt þykir okkur verra, að þessar pólitísku hetjur, Ragnhildur Helgadóttir og samflokksmenn hennar, skuli ekki reisa merkið hærra, en beina spjótum sínum eingöngu að þessum hópi ungra fræðimanna og lokaritgerðum þeirra við erlendan háskóla. Ef þeir hefðu *virkilega ætlað að ríða sem hetjur um þessi vísindalegu héruð*, þá hefðu rannsóknirnar á áfengisneyslu og geðheilsu og sjómannakönnunin mátt koma fyrr.

Hér er starfandi í landinu stofnun, Erfðafræðinefnd, sem hefur safnað miklu ítarlegri og miklu nákvæmari upplýsingum um persónuhagi og persónulegan feril fólks heldur en kemur fram í þessari rannsókn sem hv. þm. gerði að umtalsefni hér. Ef það er virkilega ætlun þm. að fara að taka til meðferðar spurninguna um rétt til upplýsingaöflunar um persónuhagi og persónuleg einkenni hópa og einstaklinga, hvers vegna í ósköpunum tekur hún þá ekki starfsemi Erfðafræðinefndar til meðferðar? Hvers vegna í ósköpunum greinir hún ekki frá þeirri ítarlegustu upplýsingaöflun um slíka hagi sem hér fer fram í landinu? Hvers vegna í ósköpunum kýs hún eingöngu að taka til meðferðar verk nokkurra ungra fræðimanna sem engum vörnum geta við komið hér í sölum Alþingis? (**RH:** Ég veit ekki til að þessir fræðimenn séu nokkuð á móti því, að sett séu lög um þetta efni.) Ég sagði áðan, hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, að því miður verður maður að gera mikinn greinarmun á þeim texta, sem er í þessu frv. til l. og er, eins og ég sagði áðan, að mörgu leyti þess eðlis, að hægt er að styðja ýmislegt í honum, og jafnvel í grg. og þeirri löngu framsöguræðu sem flutt var um þetta mál og var allt annars eðlis. (**RH:** Það er hugarfarið.) Nei, það er ekki hugarfarið, það er orðræða hv. flm., það er tilefni frv.-flutningsins og það tækifæri sem hún notaði hér til þess að verja meginhluta ræðu sinnar til þess að fjalla eingöngu um þessa svokölluðu Árósarannsókn. Það var alveg ljóst af málflutningi hennar, svo og skrifum í Morgunblaðinu, sem birst hafa síðan um þetta, að það er verið að nota verk ungra fræðimanna til þess að ala á tortryggni, til þess að koma inn vantrausti í garð rannsókna af þessu tagi og til að *réttlæta frv. af þessu tagi með slíkum árásum*, — tilefnislausum árásum á unga fræðimenn. Það er það sem ég er að gera aths. við, og hv. þm. getur varla kveinkað sér undan því, að það meginefni, sem hún gerði grein fyrir í sinni ræðu, sé hér tekið til meðferðar. Ef það kom málinu ekkert við, þá var engin þörf fyrir hv. þm. að flytja um það svo langt mál sem hún gerði í sinni framsöguræðu.

Staðreynd málsins er nefnilega sú, að sú rannsókn, sem hér var gerð að svo ítarlegu umræðuefni, er aðeins lítið brot af þeim miklu rannsóknum sem hafa farið fram og fara nú fram. Sú upplýsingaöflun, sem þessir ungu fræðimenn framkvæmdu í grunnskólum, er aðeins lítið brot af margvíslegri upplýsingasöfnun um persónuhagi og lífsferil einstaklinga og hópa. Vissulega er það alveg rétt hjá hv. flm., að það þarf að setja reglur. En það þarf þá ekki eingöngu að setja þær reglur gagnvart rannsóknum í grunnskólum, heldur þyrfti þá líka að setja þær reglur gagnvart rannsóknum á sjúklingum t. d., rannsóknum á geðveilu fólki t. d., eða ýmsum öðrum sem menn telja nauðsynlegt að varðveita gagnvart rannsóknum af þessu tagi. Og ef menn hafa einhverja ástæðu til þess að vantreysta heiðarleika þessara fræðimanna, sem fá þessi gögn til geymslu, þá er nauðsynlegt að setja reglur ekki bara um geymslu í gögnum rannsókna sem fara fram í grunnskólunum, heldur líka þeim, sem fara fram í tengslum við sjúkrahúsin, fara fram í tengslum við ýmiss konar stofnanir, sem einstaklingar dvelja á, o. s. frv. Þegar hv. þm. spyr hér með tortryggni og mjög retorískum hætti í sinni framsöguræðu: hvar eru spólurnar? — *þá er í raun og veru verið að gera því skóna*, að spólurnar séu geymdar einhvers staðar þar sem fræðimennirnir ætla að hafa af þeim einhvern hag. Þetta er nákvæmlega sama hugarfarið og kemur fram hjá prófessor Ragnari Ingimarssyni, sem flm., ef ég man rétt, gerði að ítarlegu umræðuefni hér, því að ég held að hún hafi lesið hér upp úr grg. hans, enda birtist þessi texti í Morgunblaðinu nokkrum dögum síðar. Ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp úr þessari grg., vegna þess að hún lýsir ósköp vel hvers eðlis þessi herferð er gegn þessum ungu fræðimönnum, og hvers konar fræ kornum tortryggninnar gagnvart mannvísindunum er hér verið að sá.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gerir sjálfsagt þessi orð Ragnars Ingimarssonar að sínum og þau eru þannig, með leyfi hæstv. forseta, eins og þau komu fram í Morgunblaðinu fyrir nokkru:

„Í spurningaskrám er ítarlega spurt um afstöðu barnsins til fíkniefna. Ekki væri ónýtt fyrir fíkniefnasala að hafa þessar upplýsingar til að ná tökum á viðkomandi. Ítarleg svör um afbrot, afstöðu til lagabrota, kynferðismál, skapferli, innræti og hugsunarhátt viðkomandi má auðveldlega nota til þvingana gagnvart þessum unglingum, jafnvel mörgum árum eftir að könnunin var gerð.“ Og síðan kemur: „Með þessum orðum er ekki látið að því liggja að þeir, sem að könnuninni stóðu, hafi ætlað að misnota gögnin.“ Til hvers er þá verið að setja þessi orð fram? Til hvers? Til hvers er verið að gera því skóna, að þessir ungu fræðimenn ætli sér að nota þessar upplýsingar til að selja þær fíkniefnasölum sem geti síðan grætt á því að selja fíkniefni unglingum sem í einhverri könnun hafa e. t. v. látið í ljós einhvern áhuga á slíku? Það dettur ekki nokkrum lifandi manni í hug að halda að dr. Tómas Helgason muni selja sprúttsölum aðgang að upplýsingum sínum eða rannsóknum á áfengisneyslu og geð-

rænum vandamálum.

Prófessor Ragnar Ingimarsson og aðrir þeir, sem taka þátt í þessari herferð, hafa ekki verið að skrifa greinar þar sem þeir hafa bent á gróðamöguleika Tómasar Helgasonar eða annarra, sem hafa framkvæmt slíkar rannsóknir, ef þeir færu að selja þær sprúttsölum. En jafnfáránlegt er að reyna að gera þessa rannsókn þessara ungu fræðimanna tortryggilega með því að benda á það, að þeir gætu hugsanlega selt fíkniefnasölum þessar upplýsingar einhvern tíma síðar. En þessi tilvitnun sýnir í raun og veru hver er andinn í þessari herferð gegn þessari rannsókn. Hún sýnir að hér eru ekki á ferðinni andstæðingar, sem í raun og veru bera umhyggju fyrir framþróun mannvísindanna. Hér er ekki heldur á ferðinni fólk sem er í raun og veru að vernda einstaklinginn. Nei, því miður er hér á ferðinni tiltölulega gamaldags og mjög ógeðfelld pólitísk herferð, sem fólgin er í því að reyna að sá fræjum tortryggni, vantrúar, hræðslu og annarra óttakenndra viðhorfa gagnvart því fólki sem stundar fræðistörf á mannlegu samfélagi, á félagshópum í þjóðfélaginu og ýmsum félagslegum vandamálum sem við eigum við að glíma, eða þeim hópum manna sem vilja rannsaka skólann sem félagsstofnun til þess að geta endurbætt hann og eflt, svo að hann stuðli að betri þroska einstaklinganna. Þetta er hin gamla herferð íhaldsins gegn framþróun þekkingarinnar, þar sem öllum herbrögðum er beitt.

Vegna þess að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, þó að hún segi að þeir ungu fræðimenn, sem að þessari rannsókn stóðu, hafi ekkert við það að athuga að sett séu lög, og sagði með frammíkalli sínu hér áðan nánast að þeir væru henni sammála, það var helst á henni að skilja, þá ætla ég — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér grein frá einum þessara manna, Ásgeir Sigurgeirssyni, sem var bæði svar til Morgunblaðsins og svar til Ragnhildar Helgadóttur og birtist í Morgunblaðinu fyrir rúmri viku. Þar sem hv. þm. hefur gert þessa rannsókn að ítarlegu umræðuefni, þá finnst mér rétt að þingtíðindin fái einnig að geyma aths. og svör þessara ungu fræðimanna. Þessi grein heitir: „Um ógeðfellda tilburði í Reykjavíkurbréfi" — og er á þessa leið, með leyfi hæstv forseta:

„Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 11. þ. m. er vikið að málflutningi Ragnhildar Helgadóttur á Alþingi þar sem „hún gagnrýnir afskipti af persónulegum einkamálum unglinga í grunnskólunum og hnýsni í hagi þeirra." Millifyrirsögn blaðsins yfir skrifum þessum er „Ógeðfelldir tilburðir — í nafni vísinda."

Það hefur komið fram í máli Ragnhildar Helgadóttur í þingsölum, að áhyggjur hennar af málum þessum séu einkum sprottnar af félags- og sálfræðilegri könnun, sem gerð var í 8. bekk grunnskólans í Reykjavík í febr. 1976. Er greinilega átt við þá könnun í skrifum höfundar Reykjavíkurbréfs.

Sjö íslenskir sálfræðinemar við Árósaháskóla stóðu að könnun þessari og notuðu tölulegar niðurstöður hennar við ritgerðarsmíðar í námi sínu. Er mér undirrituðum málið skylt á þann veg, að ég var einn af nefndum sjömenningum.

Nú er það sjálfsagt og eðlilegt, að rætt sé um réttmæti og siðfræðileg atriði félagsvísindalegra rannsókna, þar sem fjallað er um atriði, sem mega teljast einkamál hvers og eins. Sömuleiðis tel ég eðlilegt, að settar séu ákeðnar reglur um slíkar rannsóknir í íslenskum skólum. Við slíkri umræðu skal síst amast út af fyrir sig.Hins vegar er óhjákvæmilegt, eigi slík umr. að fara fram af nokkru viti, að velta fyrir sér í hvaða tilgangi félags- og sálfræðilegar rannsóknir eru gerðar, hvernig að þeim er staðið og hvernig farið er með þær upplýsingar, sem gefnar eru þeim, er rannsóknina annast. Hafi höfundur Reykjavíkurbréfs velt þessum atriðum fyrir sér, hefur hann í besta falli lent á villigötum, a. m. k. hvað ofangreinda unglingakönnun varðar. Af einhverjum illskiljanlegum ástæðum virðist honum einungis hafa komið í hug, að hér hafi verið að verki „pólitíkusar á vinstri væng" í leit að ómerkilegum kjaftasögum um einkalíf einstakra unglinga í grunnskólum borgarinnar. Trúi því hver sem vill.

Vegna þessara skrifa í Reykjavíkurbréfi verður ekki hjá því komist að gera eftirfarandi aths.:

1. Fyrrgreind unglingakönnun var gerð með fullu samþykki menntmrn. og fræðslustjórans í Reykjavík, að höfðu samráði við prófessorana í sálfræði og uppeldisfræði við Háskóla Íslands. Sá spurningalisti, sem lagður var fyrir nemendurna, var því að sjálfsögðu lagður fyrir þessa aðila til samþykktar. Auk þess var könnunin, tilgangur hennar og efni spurningalistans, kynnt ítarlega á fundi með skólastjórum viðkomandi skóla. Veittu þeir góðfúslega aðstoð sína við framkvæmd verksins. Þess má og geta, að þáverandi borgarstjóri í Reykjavík, sem vissulega er þekktur fyrir flest annað en stuðning við „pólitíkusa á vinstri væng", greiddi götu okkar við prentun spurningalistans. Kunnum við þessum aðilum bestu þakkir fyrir veitta aðstoð.

2. Það var skýrt tekið fram við nemendur, að þeir skyldu ekki rita nafn sitt á spurningalistann. Þá var ekki spurt um atriði, sem varpað gátu ljósi á hverjir hefðu svarað einstökum spurningalistum, svo sem bekkjardeild, fæðingardag (einungis var spurt um fæðingarmánuð), nafnnúmer ellegar önnur persónuleg auðkenni. Einu auðkenni spurningalistanna voru númer, sem notuð voru til að geta borið saman hin ýmsu skólahverfi borgarinnar, enda var að sjálfsögðu aldrei ætlunin að afla upplýsinga um ákveðna einstaklinga, heldur skyldi reynt að draga upp mynd af unglingahópnum sem heild. Allar dylgjur höfundar Reykjavíkurbréfs um, að hér hafi verið á ferðinni „pólitíkusar á vinstri væng", sem hafi viljað „lykta af hvers manns koppi", eru því gersamlega tilhæfulausar og út í hött.

3. Hér voru hins vegar á ferðinni nokkrir sálfræðinemar, sem vildu afla upplýsinga um 14 ára unglingahópinn sem heild. Tilgangur okkar var nánar tiltekið sá að sameina í eina rannsókn þær námskröfur, sem nám okkar fól í sér, og þá þörf, sem við töldum vera á því að afla upplýsinga um íslenska unglinga. Hugðum við þá og teljum enn, að sem gleggstar upplýsingar um þennan aldurshóp geti auðveldað hlutaðeigandi yfirvöldum, einkum á sviði æskulýðs- og skólamála, að gera sér grein fyrir þörfum og óskum unglinganna og lífi þeirra að öðru leyti. Það segir sig sjálft, að því fleiri gögn sem fyrir liggja í þessum efnum, þeim mun auðveldara ætti að vera að taka ákvarðanir þar að lútandi.

Þess má geta hér, að í samþykktum Sameinuðu þjóðanna um yfirstandandi barnaár er einmitt hvatt til þess, að gerðar séu félagsvísindalegar rannsóknir á högum barna til þess að auka skilning á þörfum þeirra. Í nágrannalöndum okkar eru starfandi sérstakar rannsóknastofnanir til slíkra verkefna (t. d. Social forskningsinstituttet í Danmörku).

Sérstaklega hefur verið amast við í málflutningi Ragnhildar Helgadóttur og Morgunblaðsins, að nokkrar

spurningar fjölluðu um kynþroska, kynfræðslu og hugsanlega reynslu unglinganna af kynlífi. Í því sambandi er rétt að geta þess, að í námsskrám íslenska skólakerfisins hafa lengi verið ákvæði um kynfræðslu. Undanfarin ár hefur námsefni á þessu sviði verið endurskoðað og hefur það verið aukið og bætt verulega. Það ætti að vera augljóst mál, að til þess að geta metið þörfina fyrir kynfræðslu á grunnskólastigi og til þess að geta samið viðeigandi kennsluefni í því sambandi eru nauðsynlegt að til séu upplýsingar um kynþroska og hugsanlega kynlífsreynslu. Slíkar upplýsingar um íslenska unglinga hafa ekki legið fyrir þar til nú, og er Ísland sennilega eina landið, a. m. k. í Vestur-Evrópu, þar sem þeim hefur ekki verið leitað fyrr. Könnun okkar leiðir reyndar í ljós, að kynlífsreynsla reykvíska unglinga virðist öllu meiri en sumir kunna að kæra sig um að vita, og hefur kynfræðsla í skólum verið í engu samræmi við raunveruleika í þeim efnum. Vil ég aðeins benda á, að vafalasut er það heppilegra, að þörfin fyrir kynfræðslu sé metin út frá raunveruleikanum en að getgátur og óskhyggja ráði þar ferðinni.

Ekki er mér að fullu ljóst hvað veldur því, að þyrlað er upp slíku moldviðri kringum margnefnda unglingakönnun nú, þrem árum eftir að hún var gerð, því ekki verður sagt að leynt hafi verið farið á sínum tíma. Haldinn var blaðamannafundur er könnunin var gerð og voru henni gerð allítarleg skil í útvarpi, sjónvarpi og í flestum dagblaðanna. Okkur, sem að könnun þessari stóðu, er það hins vegar síst á móti skapi, að vakin sé nú athygli á könnuninni og þeim niðurstöðum hennar, sem þegar liggja fyrir. Við álítum, að niðurstöður þessar eigi ekki einungis erindi til yfirvalda skóla og æskulýðsmála, heldur einnig til foreldra og annarra, sem áhuga hafa á málefnum unglinga. Að sjálfsögðu gefst ekki rúm hér til að rekja niðurstöður könnunarinnar, en gleggstar upplýsingar um framkvæmd hennar og niðurstöður er að finna í þeim skýrslum, sem skrifaðar hafa verið þar um og m. a. eru fáanlegar í Bóksölu stúdenta.

Ásgeir Sigurgestsson."

Hér lýkur, herra forseti, þessari tilvitnun. Hún svarar allmörgum af þeim atriðum sem hv. flm. Ragnhildur Helgadóttir þyrlaði upp í sinni ræðu. Ræðan væri þar að auki tilefni til langra og ítarlegra útskýringa á eðli félagslegra rannsókna, á eðli spurningalista og annars þess sem þar kemur við sögu. Er greinilegt af ræðu hv. þm., að hún hefur ekki mikla kunnáttu á slíku, enda ekki von og geri ég ekki kröfu til þess, en vil hins vegar benda á í nokkrum orðum, að mörg af þeim atriðum, sem hún benti á í spurningalistanum, er mjög algengt að hafa í slíkum spurningalistum, ekki beinlínis til þess að ætla sér að leiða í ljós hið rétta, ef svo má að orði komast varðandi slíkar spurningar, heldur til þess að geta notað svörin til að bera saman við svör við ýmsum öðrum spurningum og fá þannig mælistiku á það, að hve miklu leyti viðkomandi einstaklingur kann að hafa svarað öðrum spurningum trúverðuglega. Ég tel varla að hv. Alþ. sé rétti vettvangurinn til þess að fjalla um slík aðferðafræðileg vandamál í félagsvísindum á ítarlegan hátt, þó að það kunni kannske að koma að því, ef hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og aðrir skoðanabræður hennar ætla að fara að gera að umtalsefni allar þær ítarlegu rannsóknir sem sálfræðingar, geðlæknar og aðrir mannvísindamenn hér á landi hafa framkvæmt, þar sem nauðsynlegt hefur verið að afla ítarlegrar þekkingar á nánum persónulegum högum einstaklinga, bæði sjúkdómum, kynlífsreynslu, viðhorfum, fjölskylduháttum og öðru slíku, sem flm. virðist telja nánast bannorð í slíkum rannsóknum. Það hefur hins vegar aldrei gerst fyrr en nú, að komið hafi fram hópar manna, eins og hv. þm. og nokkrir skoðanabræður hennar í Morgunblaðinu hafa gert, sem hafa talið nauðsynlegt að tortryggja meðferð fræðimannanna á slíkum gögnum og jafnvelýja að því og segja það berum orðum, að þeir geti hugsanlega notfært sér þetta í auðgunarskyni.

Ég ætla að öðru leyti ekki að gera að ítarlegu umræðuefni hér þá rannsókn sem hv. þm. kaus að gera að aðalefni ræðu sinnar. Ef hún hins vegar ætlar að halda áfram umr. um þessa rannsókn hér í d., þá er sjálfsagt að taka þátt í því. Ég vil hins vegar ítreka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að það frv., sem hér hefur verið flutt, hefur að verulegu leyti verið skemmt með þeim rökstuðningi sem það hefur fengið, með þeirri upplýstrun um tilgang þess sem fram kom í ræðu hv. þm.

Ég hef áður á Alþ. lýst áhyggjum mínum yfir því, að hér á Íslandi skorti löggjöf og annað sem verndi rétt einstaklinga gagnvart upplýsingasöfnun af þessu tagi, ekki bara upplýsingasöfnun sem er á sviði rannsókna, heldur líka á sviði stjórnsýslu og fjölmargra annarra sviða í þessu þjóðfélagi. Það er velkomið, ef hv. þm. óskar þess, að taka þátt í því með henni og öðrum að taka það mikla vandamál til umfjöllunar hér á Alþ. En sú rannsókn, sem henni er greinilega tilefni til þessara orða, er mjög lítið brot af því sem þegar er safnað og hefur verið safnað um þessi efni hér á landi. Væri þá t. d. fróðlegt fyrir hv. d. að fá ítarlega skýrslu um þær upplýsingar sem Erfðafræðinefnd undir stjórn Sturlu Friðrikssonar og Tómasar Helgasonar og með styrkjum frá bandarísku kjarnorkuvísindastofnuninni hefur aflað á einstaklingum og hópum einstaklinga á undanförnum árum.

Þriðja atriðið og það síðasta, sem þetta frv. felur í sér, er það sem felst í 1. gr., þessu orðalagi: „Virða skal rétt forráðamanna nemenda til þess að tryggja það, að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra. Í skólastarfinu skal forðast einhliða áróður um slíkar skoðanir og um álitaefni og ágreiningsmál í þjóðfélaginu."

Það er eins með þessa grein og 2. og 3. gr., að texti greinarinnar fær dálítið annan lit þegar maður hefur málflutning frsm. fyrir eyrum og augum. Það virðist á ræðu Ragnhildar Helgadóttur, hv. þm., að skilja, að þetta vandamál hafi ekki verið vandamál fyrr en nú á allra síðustu árum, þegar nokkrir Alþb.-menn fóru að gerast virkir í kennarastétt. Og það var alveg greinilegt á þeim málflutningi, sem hér kom fram, að hér virtist eingöngu átt við fyrirbyggjandi aðgerðir gegn Alþb.-mönnum í kennarastétt. Enda sagði hv. þm. að hætta stafaði af slíkum mönnum.

Nú vill svo til að staðreyndir málsins eru allt aðrar, að sú umfjöllun um trúar- og lífsskoðanir, sem gerð er að umræðuefni í 1. gr. laganna, er ekki í höndum manna úr Alþb. sem stjórnmálaflokki. Ég hugsa að meginþorri þeirra, sem annast þessa fræðslu, aðhyllist allt aðrar stjórnmálaskoðanir, og ég hugsa að það viðkvæmasta efni, sem tengist þessari 1. gr. og nú er fjallað um í skólakerfinu, sé ekki hinar pólitísku skoðanir, heldur

fyrst og fremst sú trúarbragðakennsla sem fram fer í skólakerfinu, þar sem með mjög mismunandi hætti er tekið á hinum ýmsu trúarbragðakerfum og hinum ýmsu skoðunum sem eru ríkjandi innan Lútherstrúarinnar, svo að maður tali nú ekki um kristindómsfræðslu sem felst í því að koma inn hjá nemendum, svo að ég taki eitt dæmi sem mér er kunnugt um að var niðurstaðan af kristindómsfræðslu eins ágæts prests hér í Reykjavík í einum skóla borgarinnar, að unglingarnir töldu að lokinni þeirri kennslu að trúarbragðaskiptingin væri annars vegar í kristna menn og hins vegar í kaþólikka. Miðað við þær miklu deilur, sem hafa verið og eru innan íslensku ríkiskirkjunnar, og miðað við þær deilur, sem eru milli ýmissa safnaða hér á landi og íslensku ríkiskirkjunnar, hugsa ég að það sé einmitt á sviði kristindómsfræðslunnar sem þetta vandamál er hvað mest.

Þar að auki vil ég benda hv. flm. á að miðað við þjóðfélagsþróunina á okkar tímum, svo að ég taki dæmi af Bandaríkjunum sem hv. flm. telur sjálfsagt fyrirmyndarland í þessu tilliti eins og öðrum, væri slík lagagrein, ef taka ætti bókstaflega, talin bæði mjög ófullkomin og óeðlileg af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að í þjóðfélagi, þar sem jafnmikill breytileiki ríkir í félagsháttum og t. d. í hinum þróuðustu iðnríkjum, sem fela í sér mikla aukningu hjónaskilnaða og þá staðreynd, að fjölmörg börn hafa haft samneyti við ekki bara tvö foreldri, heldur 3, 4, 5 og jafnvel 6 á sínum uppeldisárum, þá er beina sambandið milli foreldra annars vegar og barna hins vegar mjög flókið félagslegt og lögfræðilegt fyrirbæri. Þessir breyttu fjölskylduhættir, þessi breytti fjölskyldustíll, sem er afleiðing af aukinni tíðni hjónaskilnaða í iðnaðar- og velferðarþjóðfélögum okkar tíma, hefur leitt til þess, að eitt af brýnustu vandamálunum innan lögfræði og samfélagsfræða er einmitt að vernda rétt barnsins í slíkum félagslegum kringumstæðum, að skapa barninu og unglingum rétt gegn yfirráðasemi foreldranna eða hinna ólíku foreldra, þar eð barnið verður síðan oft bitbein í valdaátökum foreldranna um yfirráðaréttinn, bæði hina upphaflegu líffræðilegu foreldra, fósturforeldra af ýmsu tagi o. s. frv. Og það er ein af nýrri greinum nútímalögfræði, sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi einhver kynni af, að fjalla um slíkt. (**RH:** Það væri gott að fá leiðbeiningu í henni líka.) Já, það veitir kannske ekki af því. Eins og kom fram í málflutningi hv. þm., þá virtist henni þetta vandamál eingöngu vera út frá foreldrunum, eingöngu vera byggt á því að tryggja rétt foreldranna, eins og hvað eftir annað var sagt í framsöguræðunni efnislega og orðrétt, ef ég man það rétt. En sú þjóðfélagsþróun, sem við búum nú við í hinum þróaðri hluta heims, felur hins vegar í sér að lykilvandamálið er að tryggja rétt barnanna, tryggja rétt unglinganna, bæði gagnvart ýmsum starfsmönnum skólanna og eins gagnvart því flókna foreldraneti, ef má orða það þannig, sem hugsanlega kemur fram, þegar hjónaskilnaðir eru tíðir og fjölmörg börn hafa samneyti við mun fleiri en tvo foreldra á sínu uppeldis- og vaxtarskeiði. En um þennan rétt barnanna, um þennan rétt unglinganna til að fá kennslu og fræðslu í samræmi við sínar eigin trúar- og lífsskoðanir er ekkert fjallað í frv. né heldur í framsöguræðunni, heldur virðist allt miða að því að geirnegla rétt foreldranna einna saman. Þess vegna held ég að við meðferð í n. þurfi þetta frv. að taka verulega mið af þessum nýju sjónarmiðum um rétt barnsins, rétt unglinganna til að fá uppeldi í samræmi við eigin skoðanir og þarfir.

Ég tel þess vegna að í þessu frv. sé annars vegar að finna vissar ábendingar um lagasetningar, sem nauðsynlegt er að þessi hv. d. og Alþ. taki til ítarlegrar, nákvæmrar og rólegrar yfirvegunar, en hins vegar hafi því miður nauðsynin á lagasetningu af þessu tagi orðið tæki í höndum flm. og annarra skoðanabræðra hennar í Sjálfstfl. og Morgunblaðinu til þess að reyna að sá fræjum tortryggni í garð mannvísinda, í garð sálfræði sérstaklega og í garð þess stóra hóps sálfræðinga, geðlækna og mannvísindamanna sem þurfa nauðsynlega á slíkri upplýsingaöflun að halda til þess að geta þróað fræðigreinar sínar. Og ég tel það illt verk, að þegar nokkrir ungir sálfræðingar vilja ganga í fótspor ýmissa eldri íslenskra sálfræðinga, eins og t. d. dr. Tómasar Helgasonar prófessors, og leggja af mörkum álíka nýsköpun þekkingarinnar á sínu sviði og hann hefur gert á sínu, skuli Ragnhildur Helgadóttir koma í fararbroddi árásar hér á hv. Alþ. gegn þessum ungu fræðimönnum. Það er í ætt við tilraunir íhaldsafla fyrr á tímum og einnig í okkar samtíð að reyna að beita pólitískum valdastofnunum til þess að hefta framþróun mannlegrar þekkingar. Ég átti satt að segja ekki von á því, að í okkar lýðræðislega þjóðfélagi þyrfti hér á Alþ. að standa vörð gegn því, að pólitískt vald væri notað til þess að hefta framgöngu mannlegrar þekkingar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Enn ber það við sem fyrrum, að flokksbróðir minn, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, verður hissa á ýmsu sem ekki kemur mér á óvart, svo sem því, að sjónarmið eins og þau, sem fram komu í framsöguræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur með frv. því sem hér um ræðir, skuli koma fram á Alþ. Við því bjóst ég. Raunar hafði ég fullkomna ástæðu til þess að gera ráð fyrir að þessi sjónarmið kæmu formlega fram eftir utandagskrárræðu hv. þm. fyrr í vetur, þegar fjallað var um útgáfu á bókinni um Félaga Jesús. Ef mig minnir rétt, þá bar ég hól á hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur þá fyrir að láta þessi sjónarmið koma fram hér á Alþ., — fyrst hv. þm. hefði þessi sjónarmið væri það eðlilegt og raunar þakkarvert að fá opnar umr. um þessi sjónarmið einmitt hér í þingsölunum.

Ein af ástæðunum til þess, að ég kveð mér hljóðs í þessu máli, er raunar tengd umr. utan dagskrár um útgáfu bókar þessarar, vegna þess að ég hljóp undir bagga með hv. þm. einmitt í framsöguræðu hennar, þegar hún kvaðst hafa gleymt því, hvað Þjóðviljinn hefði kallað viðhorf hennar í blaðagreinum um þá ræðu, — þá hljóp ég undir bagga með hv. þm. úr sæti mínu og minnti hana á þessi ummæli Þjóðviljans, svo að hún þyrfti ekki að kvarta undan minnisleysi sínu í því sambandi, en hann kallaði þau „svart íhald“ (**RH:** Biksvart.) — „biksvart íhald.“

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fjallaði mjög ítarlega í ræðu sinni um þann hluta málsins sem lýtur að títtnefndri rannsókn sem framkvæmd var af sálfræðinemum í 8. bekk grunnskóla í Reykjavík. Ég er ekki ákaflega uggandi um að þær upplýsingar, sem þar komu fram, verði misnotaðar. Að vísu er mér það ljóst, að slíkir einstaklingar eru til og hafa jafnvel með sér samtök í samfélagi okkar, sem til þess væri trúandi að hnýsast í slík mál, ef hugsast gæti að kjaftaklúbbar í líkingu við þá, sem Ibsen kallar í leikriti sínu um máttarstólpa þjóðfélagsins viðreisnarfélög fallinna kvenna, kæmust með svona

upplýsingar í tölvur til þess að svala sinni sérstöku persónugerðu fróðleiksfýsn. Þeim væri trúandi til þess. En ég tel gersamlega ástæðulaust að ætla að í fyrsta lagi þessir sálfræðinemar, sem nú munu vera í þann veginn að ljúka prófi, eða aðrir ærlegir einstaklingar færu að misnota slíkar upplýsingar, hvað þá að leggja vinnu í að grafast fyrir um hvaða strákar og hvaða stelpur það voru sem þarna svöruðu.

Meginhugsunin, sagði hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, á bak við þetta frv. er sú lífsskoðun, að fjölskyldan sé grundvallareining þjóðfélagsins og fjölskyldan sé sú félagseining sem börnunum sé hollast að alast upp í. Hv. þm. sagði margt greindarlegt í framsöguræðu sinni, þeirri framsöguræðu sem ég er að gagnrýna, þ. á m. þetta. Ef mig minnir, úr því að ég minntist á Ibsen í þessu sambandi, að Bernick konsúll hafi orðað þessa hugsun í gegnum penna Ibsens örlítið snjallar, þar sem hann segir í upphafi sinnar persónugerðu sjálfsdýrkunar: „Fjölskyldan er kjarni samfélagsins." — Í þessum upphafsorðum sínum innleiðir raunar hv. flm. frv., Ragnhildur Helgadóttir, báða meginþætti tilgangsins með þessu frv. og ekki síður þann sem felst í 1. gr. frv., þar sem segir: „Virða skal rétt forráðamanna nemenda til þess að tryggja það, að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra."

Hv. þm. rökstuddi þessa grein frv., sem lýtur að kennslu í íslenskum grunnskóla, með ívitnun í mannréttindayfirlýsingu í Evrópusáttmálanum svonefnda um verndun mannréttinda, þar sem stendur, með leyfi forseta: „Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum virða rétt foreldra til þess að tryggja það, að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðun þeirra." Hv. flm. frv. kvaðst heldur hafa kosið að íhuguðu máli að orða þetta eins og í frvgr. hennar segir: „Virða skal rétt forráðamanna nemenda til þess að tryggja það, að *menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoð*unum þeirra."

Ég tek undir með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, er hann taldi að í meginatriðum væri efni frv. góðra gjalda vert ef það væri lesið án þeirra skýringa sem fólust í framsöguræðu hv. flm. Ég er ekki að halda því fram, að tilgangur hv. flm., Ragnhildur Helgadóttir, sé sá með þessu frv. að banna kennurum, koma í veg fyrir að kennarar leiðrétti bull sem foreldrar kunni að hafa innrætt börnum sínum. Það hvarflar ekki að mér að það vaki fyrir hv. flm. — óraveg frá því. En skoðað í ljósi framsöguræðu hv. þm. er það ljóst, að tilgangurinn er sá að geta komið í veg fyrir með valdboði að kennarar haldi að nemendum á grunnskólastigi upplýsingum eða skoðunum sem brjóta í bága við mótaða, viðurkennda lífsskoðun — við skulum segja í þessu tilfelli valdastéttar eða þjóðfélagshóps — og brjóti í bága við viðurkenndar trúarskoðanir. Það er verið að undirbúa þann möguleika, að slíkum kennurum sé vikið úr vegi.

Dæmin um það, að slíkum kennurum hafi verið rutt úr vegi, eru náttúrlega ótalmörg og misjafnlega fræg í mannkynssögunni.

Sókrates var sakfelldur um það röskum 400 árum f. Kr. að spilla hugarfari ungra manna í Aþenu með nýstárlegum kenningum sínum, halda að æskumönnum Aþenu skoðunum sem brutu í bága við það sem kalla mætti lífsviðhorf fjölskyldunnar. Við höfum samtímaheimildir um þetta æviskeið og kenningar Sókratesar, einnig um lífsviðhorf hans, þar sem Plató er. Fyrir utan fræði Platós, samtíðarmanns Sókratesar, vitum við að vísu fátt eitt um að telja hann sannverðugan í frásögnum sínum. Það eina, sem mér er kunnugt um að vitað sé um Sókrates fyrir utan skrif Platós, eru upplýsingar Aristofanesar um göngulag Sókratesar á flóttanum frá Falerun, þar sem hann sagði að hann hefði verið eins og pelíkani í göngulagi. En frá Plató sjálfum höfum við frásagnir af þrætum hans við Þrasymakus, þar sem hann fékk hann til þess að viðurkenna það, að samkv. skoðunum sófista, íhalds síns tíma, væri réttlæti hagsmunir hins sterka. Þeir losnuðu við kennarann Sókrates í Aþenu forðum með því einfalda ráði að dæma hann til þess að taka inn eitur og þar með var rutt úr vegi kennara sem hélt fram skoðunum sem gengu gegn lífsviðhorfum og trúarskoðunum foreldra í Aþenu.

Röskum 400 árum síðar, — og það er e. t. v. enn þá tiltækara dæmi í þessu sambandi, þar sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir af skiljanlegum ástæðum vitnaði til hins kristilega viðhorfs, — röskum 400 árum síðar var Jesús Kristur leiddur fyrir rétt í Jerúsalem sakaður um kennslu sem braut í bága við lífsviðhorf og trúarskoðanir foreldra. Hann hafði rekið víxlara út úr musterinu og hamrað á því, að frekar kæmist úlfaldi gegnum nálarauga en ríkur maður í himnaríki. Formælendur íhaldsins í Júdeu, farísear og fræðimenn, studdir rómönsku hervaldi skárust í leikinn. Hér er e. t. v. rétt að staldra við og hugleiða aðeins hvatann að því, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir flutti nú þetta frv. í Ed., sem ég hygg að hafi verið í raun og veru mál það sem upp kom í vetur og bar á góma í Sþ., þar sem var þýðingin á bókinni um Félaga Jesús. Mig minnir að ég hafi tekið það fram er ég tók þá til máls, að mér þótti það ekki góð bók, mér þótti hún ekki nógu góð til þess að gera sérstakar ráðstafanir til að koma henni út á íslensku, ekki nógu góð, — kannske vegna þess að hún fellur ákaflega vel að minningu minni um það viðhorf sem ég hafði til þessa vinar míns í æsku, á aldursskeiðinu á milli 8 og 10 ára. Mér finnst, að Che-Gevara-hugmyndirnar, sem fram koma í þessari bók um Jesús Krist, séu mótaðar af álíka þroska og dagdraumar mínir um möguleikana á því að koma til hjálpar vini mínum Jesú Kristi á Golgata á þeim dimma degi þegar ég ímyndaði mé hvernig farið hefði, ef ég hefði komist þangað með þá Njálssyni í fylgd með mér, Tarzan og blökkumanninn Umslopagas úr sögu Haggards með öxina Inkosikas, og svo náttúrlega husquarna-byssu föður míns, hvernig við hefðum púlverísera Kaífas og allt það dót. Það virtist aftur á móti ekki hvarfla að höfundi þessarar barnabókar, sem gjarnan hvarflaði að mér þá, að þá urðum við að hafa skjótar hendur og gera þetta áður en Jesús Kristur kæmi í veg fyrir það, vegna þess að hann vildi ekki láta drepa fólk. En hann var krossfestur fyrir að halda fram kenningum sem brutu í bága við lífsviðhorf og trúarbrögð foreldranna, sem brutu í bága við lífsviðhorf og trúarbrögð valdhafanna, sem brutu í bága við það sem íhald Júdeu taldi að halda ætti að æskulýðnum.

Röskum 16 öldum síðar tóku þeir Galíleo í gegn, sjálfstæðisforsprakkarnir á Ítalíu, rannsóknarrétturinn. Hann hafði sannað fyrir nemendum sínum í Genúa fræðilega þyngdaraflið. Auk þess hafði hann sannað það og kennt, að jörðin væri ekki flöt, heldur hnöttótt og snerist í kringum sólina, en ekki öfugt. Kenningar hans brutu gegn lífsviðhorfum og trúarbrögðum fjölskyld-

unnar, og umboðsmenn hins viðtekna réttar hinnar íhaldssömu fjölskyldu á Ítalíu og í öllum hinum kaþólska heimi, rannsóknarrétturinn, gekk í málið. Galileo var fluttur til Rómaborgar og með kyndil rannsóknarréttarins við klæðafaldinn var hann látinn játa að ekkert þyngdarafl væri til, látinn játa að víst væri jörðin flöt og víst snerist sólin í kringum jörðina, því að ella hefði hann verið dæmdur.

Ef kennurum hefði verið bannað með órofa lögum frá upphafi tíðar að halda fram við nemendur sína, kenna annað í skólum, á strætum og gatnamótum heldur en það sem foreldrarnir töldu vera rétt, þá hefði framför orðið lítil, og einnig hefði hún orðið lítil, framför mannlegrar hugsunar, ef ekki hefðu verið kennarar í hópnum sem brutu slík lög og guldu fyrir með lífi sínu.

Það hvarflar ekki að mér, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vilji stöðva þroska mannssálarinnar eða mannlegrar hugsunar. En ég fæ ekki betur séð, þegar ég skoða frv. hennar og grg. þess í því myrka ljósi sem framsöguræða hennar varpar á málið, en hún sé með þessari lagagerð, þessum frv.-flutningi, eigi að síður, efalaust gegn vilja sínum, að opna fyrir þann möguleika að Sókrates verði nú drepinn á eitri öðru sinni, Kristur verði krossfestur aftur og Galileo brenndur. (**RH:** Áttaði hv. þm. sig á þessu þegar samþykkt var að fullgilda mannréttindasáttmála Evrópu?) Ég þakka hv. þm. fyrir framíkallið sem er sprottið af sömu hvötum og framíkall mitt til þess að rifja upp og skýra hugsun, en vil vekja athygli hv. þm. á því, að grein þessi í mannréttindasáttmálanum var ekki rökstudd með álíka ræðu og hv. þm. flutti með þessu lagafrv. á dögunum.

Ég minnist þess, að er ég aðstoðaði hv. þm. með framíkalli mínu þegar hún mundi ekki hvaða einkunn Þjóðviljinn hafði gefið henni fyrir viðhorfin sem fram komu fyrr í vetur, — það var „biksvart íhald", — þá brosti hún við, kankvís og broshýr hér í ræðustólnum, eins og Rauðhetta litla eftir að hún var búin að skjóta ömmu sína og gleypa úlfinn og sagði: Ég er stolt af því að vera kölluð biksvart íhald af því málgagni. Ég er stolt af því, sagði hún.

Ef við ætlum okkur að tryggja rétt grunnskólabarnanna okkar til fræðslu án fordóma, ef við ætlum að gera tilraun til þess að tryggja þau gegn afmenntun, hvort sem er af hálfu kennara eða foreldra, þá verðum við að standa að því máli með öðrum hætti en staðið er að þessu frv. Og ég ítreka það í lok ræðu minnar, að ég hlýt að trúa því, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vilji í raun og veru leita ráða til þess að tryggja eðlilega og fordómalausa fræðslu í skólum landsins þrátt fyrir þetta undarlega og fremur ógeðþekka hugarfar sem fram kom í framsöguræðu hennar, sem kannske orsakast af ótta.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Undir ræðum tveggja hv. þm. hef ég skrifað örfá minnisatriði með rauðum penna. Þau segja fátt eitt af því sem hv. þm. létu sér um munn fara hér, en þeir höfðu áttað sig á því að þetta frv. væri þeim ekki alls kostar þóknanlegt. Það var ekki vegna þess að þeir sæju neitt að frv. í sjálfu sér, heldur vegna þess sem þeir töldu að ég hefði hugsað þegar frv. var samið. (**ÓRG:** Það kemur allt fram í ræðunni.) Það kemur fram í ræðunni, og þess vegna tók ég nú ræðuna með mér. En svo mikið er alveg ljóst, að hv. þm. eiga nú töluvert erfitt af áhyggjum yfir því að þeim skyldi ekki hafa dottið sjálfum í hug að flytja jafnágætt frv. Það er nú svo. Ég veit ekki, herra forseti, hvort á að fara mörgum orðum um þó þá löngu ræðu sem hv. 3. landsk. þm. flutti hér, jafnbarmafulla af rangfærslum, getsökum, hroka og ég vil segja óheiðarlegum málflutningi.

Hv. þm. sagði í ræðu sinni að ég hefði haldið þessu og þessu fram í ræðu minni, sem ég gerði ekki. Hv. þm. sagði að ég hefði vitnað til tiltekinna orða í ræðu minni, sem ég gerði ekki. Hv. þm. sagði að ég hefði varið ræðu minni til þess að ráðast gegn ungum fræðimönnum. Rétt er að ég skýrði í ræðu minni, fór nokkrum orðum um dæmi þess, að ekki hafi verið að öllu leyti nægilega vel staðið að tiltekinni þjóðfélagslegri könnun í grunnskóla. Um þetta held ég, að sé út af fyrir sig ekki deilt, og ég veit ekki til að slík verk né ýmis önnur í þjóðfélaginu séu yfir gagnrýni hafin. Vitanlega hafa menn frelsi til að gagnrýna. Ef menn telja gengið með einhverjum hætti á rétt einstaklinga vegna þess að þar um skortir lagareglur, þá er rétti vettvangurinn til að ræða slíkt einmitt Alþ., því að lög eru nú ekki annars staðar sett, svo mikið veit ég, þó að hv. þm. léti það koma vel fram í ræðu sinni, að hann teldi okkur aðra þm. heldur fákunnandi í flestum sökum. Hann vildi bæta þar um, það er sannarlega góðra gjalda vert, en þá skiptir miklu að rétt sé og heiðarlega að farið.

Ég margtók fram í framsöguræðu minni, að ég einmitt undirstrikaði mikilvægi sálfræðilegra rannsókna, ekki síst í grunnskólanum, og það er einmitt vísindunum til framdráttar, en ekki til óþurftar, að um slíkar rannsóknir gildi reglur í þjóðfélaginu. Þetta viðurkenna öll menningarríki og hafa sett slíkar reglur hjá sér, að því er ég best veit. Ég átti fyrir skömmu tal við formann n. sem undirbjó norsku tölvulöggjöfina, Helge Seip, fyrrv. menntmrh. þar í landi, og hann skýrði mér frá að það væri sérstök n. á vegum menntmrn. í Noregi sem einmitt fjallaði um öll leyfi til rannsókna í skólakerfinu, þar sem nota þyrfti þau gögn sem þar væru til, að ég ekki tali um ef safna ætti persónulegum upplýsingum með öðrum hætti. Þetta er raunar sjálfsagt í nútímaþjóðfélagi, sérstaklega þegar fyrir hendi eru tæknilegir möguleikar til þess að gera yfirlit yfir slíkar upplýsingar miklu fyllra og nákvæmar en áður var möguleiki á. Með þessu er ekki verið að tortryggja einn eða neinn.

Áður hafa flokksmenn þessa hv. þm. talað um þessa hluti með þeim hætti, að þeir ekki einungis tortryggðu fjarstaddar persónur í því sambandi, heldur beinlínis báru þeim á brýn glæpi. Það er ekki gert í þessu tilviki. Þvert á móti er sagt í framsöguræðu minni fyrir þessu frv., ef ég má leyfa mér, herra forseti, að endurtaka það, því að ég sé ekki betur en hv. 3. landsk. þm., sem fór mörgum orðum um ræðu mína, hafði ekki varið til þess tíma að lesa hana, því að svo rangt fór hann með. (**ÓRG:** Ég bæði hlustaði og las.) Ja, þá þarf hv. þm. að lesa betur. Ég leyfi mér að segja, herra forseti: „Ég mun ekki, herra forseti, hafa fleiri orð um þetta stóra plagg, þennan spurningalista, því að hann sjálfur er ekkert atriði. Það er í sjálfu sér ekki hægt að áfellast þá, sem gerðu þessa könnun, fyrir að hafa gert hana, því að þeir fengu tilskilin leyfi hjá þar til bærum yfirvöldum."

Þannig var þetta. Þar fyrir getur verið að þau yfirvöld, sem til þess voru bær, hafi e. t. v. ekki haft nægilega víðfeðma fræðilega þekkingu. Þó að þau yfirvöld, sem um þetta hafa fjallað, hafi haft þekkingu á sínu sviði, þá virðist mér ljóst að þarna hafi verið staðið að máli sem menn hefðu ekki gert með þessum hætti ef meiri þekkingu hefði verið til að dreifa.

Ég bætti við, herra forseti, í þessum kafla ræðunnar, þar sem fjallað var um þar til bær yfirvöld sem veittu leyfið, og vitnaði til viðtals í dagblaðinu Tímanum við ráðuneytisstjóra menntmrn., að menntmrn. leyfði allar kannanir „vísindalegs eðlis" að þeirra dómi, en ekkert lá fyrir um það, hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla til þess að kannanir væru vísindalegs eðlis.

Til þess að minna frekar á, að hvaða leyti ég undirstrikaði í ræðu minni að ekki væri verið að vinna gegn sálfræðilegum rannsóknum, vil ég taka fram, að ég sagði, með leyfi hæstv. forseta, sem hér segir:

„Ég vil þá víkja nánar að þessari sérstöku könnun sem kynnt hefur verið á Alþ. með svari hæstv. menntmrh. Við hana er ýmislegt stóralvarlegt að athuga. Ég vil þó taka fram að ég efa ekki að bæði hafi leyfið verið í góðum hug veitt og rannsóknin gerð af fróðleiksfýsn og vafalaust í góðum hug. En þegar á málum er haldið með þeim hætti sem hér var gert tel ég að það sé hvorki greiði gerður börnum, foreldrum, þjóðfélaginu yfirleitt né þeirri fræðigrein sem fékkst við úrvinnslu þessara gagna.

Ég er í hópi þeirra sem telja að sálfræðiþjónusta í skólum hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna. Hins vegar tel ég að vinnuaðferðir, sem rýra traust á þessari fræðigrein, séu mjög bagalegar. Og ég tel að það geri skaða að ekki séu reglur um slík störf sem séu þess eðlis að ekki sé unnt að tortryggja þau vinnubrögð sem viðhöfð eru."

Ég held að það geti varla verið deila um að lagasetning um slíkt væri öllum til góðs. Mér sýnist það liggja í augum uppi, og mér finnst það fráleitt og furðulegt að nútímamaður skuli rísa upp á hv. Alþ. og segja að með slíkri tillögugerð sé verið að vinna gegn vísindum og segja að í því birtist andfélagsleg viðhorf og andfræðileg viðhorf og fleira í þeim dúr. Og hv. þm. vék að andlegu frelsi. Þessi grein er einmitt sett vegna andlegs frelsis, til þess að vernda andlegt frelsi. Ég veit ekki betur en sálfræðilegar rannsóknir, þjóðfélagslegar rannsóknir, mannvísindalegar rannsóknir, eins og hv. þm. orðaði það, séu framkvæmdar þannig og eigi að vera framkvæmdar þannig að þeir, sem spurðir eru í slíkum könnunum, þurfi að veita samþykki sitt til þátttökunnar í könnuninni. Það var málið. Ef um ósjálfráða börn er að ræða, þá þurfi einnig samþykki foreldranna. Þetta lá hvorugt fyrir í þessu tilviki sem ég tók hér sem dæmi, en allt að einu, leyfin lágu fyrir, þannig að ég endurtek að það er ekki sérstaklega hægt að áfellast þessa ungu stúdenta sem þarna stóðu að verki. Það má segja að þeir gátu ætlast til þess að þeir fræðimenn, sem á þetta litu, hefðu getað sagt þeim til, þeir hefðu átt að geta bent þeim á þetta. Mér virðist það ljóst vera. Annars hef ég ekki fræðilega þekkingu til að meta hvað þeim fræðimönnum hefði borið að gera. Alla vega lág það fyrir að leyfið var veitt þótt framkvæmdin hafi verið umdeilanleg, og það viðurkenndi hv. þm.

Ég tók fram í framsöguræðu minni á sínum tíma, herra forseti, þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þessu frv. mínu er alls ekki verið að vinna gegn vísindalegum rannsóknum. Þvert á móti er gert ráð fyrir töluvert rúmum undantekningarákvæðum og möguleikum á leyfisveitingum. Mér er vel ljóst að slíkar rannsóknir þjóna mikilvægum tilgangi, en nauðsynlegt er að þar sé allrar varúðar gætt vegna þeirra einstaklinga, sem í hlut eiga, og líka vegna þeirra fræðigreina, sem í hlut eiga. Enn fremur þarf að gá að því, hvert er verkefni grunnskólans. Það er ekki alveg sjálfsagt að grunnskólinn, þótt hann sé forvitnilegur, sé notaður til margs annars en að uppfræða börnin, en vissulega geta miklir þjóðfélagshagsmunir eða miklir vísindahagsmunir mælt með því, og þá er gert ráð fyrir að til slíks sé möguleiki."

Það er einmitt gert ráð fyrir að vísindarannsóknir geti farið fram, en þá þurfi vitanlega að liggja fyrir samþykki þeirra sem í hlut eiga.

Það, hvernig hv. 3. landsk. þm. fjallaði um ræðu mína, sýnir einungis sérstaka aðferð við málflutning. Hún getur varla talist vísindaleg, hvorki er hún „exakt" né „objektiv", svo að ég noti orð sem hv. þm. notar sjálfsagt í fræðum sínum stundum. Hún er í hæsta máta óvísindaleg og hún er ekki heldur góð pólitísk aðferð, vegna þess að hún er augljóslega óvönduð og ósönn. Það kann að vera að hv. þm. sé að tala til einhverra sem meta mikils slíkar aðferðir. En ég er ansi hrædd um að hinir séu fleiri, sem láta sér slík hróp út í myrkrið í léttu rúmi liggja.

Ég vil nú víkja að því, að hv. þm. sagði að ég hefði lesið upp úr greinargerð Ragnars Ingimarssonar, því að þau orð væru skrifuð í grein hans í Morgunblaðinu. Þetta er alrangt. Nú veit ég að prófessor Ragnar Ingimarsson er maður til að svara fyrir sig ef svo ber undir. En þetta er ekki rétt, ég las ekki upp úr þessari grein, enda birtist hún ekki fyrr en umr. hérna höfðu farið fram. (**ÓRG:** Hver er höfundur að grg. sem þú vitnaðir í?) Ég sagði í framsöguræðu minni að höfundur grg. væri einn færasti stærðfræðingur landsins. Hann er væntanlegur til landsins innan skamms og lét mér þessa grg. í té fyrir umr. (**ÓRG:** Er það kannske leyndarmál hver þetta er?) Það er að vísu ekki, en ég kann betur við að hafa þann hátt á, ef ég vitna til slíkra orða, að fá sérstaka heimild höfundar til þess að geta nafns hans. Að vísu geri ég ráð fyrir að sú heimild sé auðfengin, en ég vil allt að einu láta það vera þar til hann er kominn til landsins. Og ég sé ekki að nafn höfundar breyti stærðfræðinni, hún stendur fyrir sínu. (**ÓRG:** Skyldleikinn við grg. Ragnhildar Helgadóttur.) Skyldleika hefur hv. þm. mikinn áhuga á. Það er ekki í fyrsta sinn hér í dag sem hann grípur til þess, þegar eitthvert mál er flutt sem fer í taugarnar á hv. þm., að reyna þá að draga einhver skyldmenni flm. inn í málflutninginn. Þetta er einhver tegund af spaugsemi eða eitthvað sem hv. þm. finnst ofurskynsamlegt, vísindalegt, greindarlegt eða skemmtilegt. Ég veit ekki hver ástæðan er, en slíkar aðferðir lýsa fremur þeim, sem þær hafa í frammi, heldur en þær feli í sér efnislegt innlegg í málin.

Ég held að ekkert í þessari vanstillingarræðu hv. þm. sé í raun og veru þess eðlis að það hreki einn einasta staf í frv. mínu né heldur eitt einasta orð í ræðu minni.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. einbeitti kröftum sínum fyrst og fremst að 1. gr. frv. og seildist til furðulegra dæma úr sögunni, líkinga að hans dómi. En dæmin voru fráleit. Það væri að vísu ósköp gott ef allt væru það Sókratesar sem kenndu á grunnskólastigi á Íslandi, — vissulega væri það æskilegt, — eða þá Platóar. En hvað sem líður Sókratesi og Plató, þá held ég að það sé alveg ljóst og löngu viðurkennt — já, vel gæti ég hugsað af öllum í þjóðfélaginu, nema kannske einhverjum örfáum sérvitringum, að foreldrar hljóti að bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og það beri að virða rétt foreldra til þess að sinna því uppeldishlutverki. Það liggur að baki þessari frvgr., og ég hef skilið sams konar grein í mannréttindasáttmála Evrópu svo, að þessi hugsun liggi þar að baki og líka hin sem hv. þm. nefndi, að fjölskyldan væri grundvallareining þjóðfélagsins. Mér er alveg sama þótt við notum

orð Ibsens, að hún sé kjarni þjóðfélagsins, því að það er hún og hefur verið á Íslandi í mörg hundruð ár. Ég er ekki viss um að það væri neitt betra fyrir Ísland að við hyrfum frá því fyrirkomulagi. Bollaleggingar Ólafs Ragnars Grímssonar, hv. þm., í sambandi við hjónaskilnaði í iðnvæddum þjóðfélögum, — það var víst nánast eitthvert svoleiðis viðfangsefni sem hv. þm. fjallaði um, — þeir koma þessu ekki hið minnsta við. Forráðamenn barna hafa uppeldisskyldur allt að einu. Því miður breyta svona lagagreinar og grundvallarmannréttindaákvæði litlu um hjónaskilnaði. En af því að hv. þm. talar um rétt barnsins, þá er rétt að minna hann á að í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna er einmitt fjallað um réttindi þeirra til umhyggju foreldra. Og það verður þá líka að virða rétt foreldra til þess að láta þeim í té þá umhyggju.

Ég held að tilraunir hv. 4. þm. Norðurl. e. til þess að ráðast gegn þessu grundvallarákvæði um réttindi foreldra og barna úr mannréttindasáttmála Evrópuráðsins séu ákaflega hjáróma. Það má vera að hv. þm. vilji ekki undirgangast slíka mannréttindasáttmála, en hv. þm. ætti þá ekki heldur að samþykkja á Alþ. till. um að fullgilda slíka sáttmála. Þá ætti hann að segja skýrt og skorinort að hann sé á móti slíkum mannréttindum. Ég sé ekki betur en það hafi verið tónninn í ræðu hv. þm. Það er nefnilega svo, að þegar á reynir kemur það stundum í ljós, að hv. þm. Alþb., af hvaða tagi sem þeir eru, hvort heldur það eru kommúnistar til hægri, vinstri, í miðjunni eða einhverjir aðrir Alþb.-menn, þá er þetta fólk sem því miður gerist hvað eftir annað bert að því að vera á móti mannréttindum. Það er deginum ljósara þegar menn standa hér í ræðustól á Alþ. og keppast við það, eftir því sem þeir hafa krafta til, að berjast gegn hugsuninni á bak við alþjóðleg mannréttindaákvæði um réttindi foreldra og barna. Ég held að sómi hv. umræddra þm. mundi e. t. v. verða örlítið meiri ef þeir samþykktu nauðsynina á því, að slík ákvæði væru í lög leidd á Íslandi, og með því mundu þeir fremur tryggja þann rétt sem börn eiga á því, að foreldrar geti sinnt uppeldishlutverki sínu, að skólinn og heimilið vinni saman — ekki hvort gegn öðru, heldur saman að því markmiði að koma börnunum til hins besta þroska á allan hátt.

Ég held, herra forseti, að ég fari ekki frekar út í einstök atriði í hinum furðulegu ræðum hv. þm., 3. landsk. þm. og 4. þm. Norðurl. e. Það væri auðvitað hægt að tína endalaust til setningar úr ræðum þeirra. En að mínu mati væri þá komið langt frá efni þessa máls. Sannleikurinn er sá, að ég er þeirrar skoðunar að það liggi á því að lögfesta þetta mál. Mér finnst ekki vansalaust að nútímaþjóðfélag eins og Íslendingar fari ekki að koma því í verk að lögfesta ákvæði eins og þau sem eru í þessu frv.

Það var nú svo, þegar hv. þm. Alþb. voru í stjórnarandstöðu, að þá hömuðust þeir mikið við að leggja áherslu á nauðsyn þess að setja lög um tölvunotkun. Það leiddi þá m. a. ásamt hugmyndum fleiri þm. til þess, að n. undirbjó lög um vernd manna gegn söfnun upplýsinga um einkahagi, gegn söfnun skrásettra upplýsinga um einkahagi. Þetta frv. hefur ekki verið lagt fram í tíð núv. hæstv. ríkisstj. af einhverjum furðulegum ástæðum. Ég bið hæstv. forseta að leiðrétta mig ef ég fer rangt með, en ég hef ekki fundið þetta frv. í mínum skjölum. Af einhverjum ástæðum virðist Alþb. allt í einu vera orðið á móti því að vernda rétt einstaklinga í slíkum tilvikum. Nú er möguleikinn að koma málinu fram eða ætti að vera, ef þeir vilja vera alveg vissir um framgang þess. En sá möguleiki er ekki notaður, og þegar fram kemur frv. sem beinist í slíka átt á því grundvallarstigi þjóðfélagsins sem skyldunámið getur kallast, þá ærast hv. þm. og hrópa um það, að verið sé að hneppa vísindin og fræðimennina í fjötra. Það er engu líkara en hv. þm. vilji láta það gott heita og sjálfsagt vera, að einskis sé virtur réttur einstaklingsins til friðhelgi einkalífs í slíkum tilvikum. Og börnin, sem skylduð eru til að vera í skóla, eru að þeirra dómi svo sem rétt mátuleg til að gefa hvaða upplýsingar sem er um sjálf sig og foreldra sína.

Ég endurtek einu sinni enn, eins og raunar stendur í frv., að gert er að sjálfsögðu ráð fyrir möguleika til vísindalegra rannsókna. Og ég endurtek, að ég met mikils þá gagnsemi sem að slíkum rannsóknum getur verið. En slík gagnsemi verður því aðeins veruleg að um þær rannsóknir gildi skynsamlegar reglur sem fullnægja bæði kröfum um vísindaleg vinnubrögð, um vísindaleg gæði verksins, og kröfum sem virði rétt manna til friðhelgi einkalífs.

Umr. frestað.

Neðri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Orlof, frv. (þskj. 227). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. þetta er eitt af allmörgum frv. sem flutt eru í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstj. gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 103 frá 30. nóv. s. l.

Það hefur viljað brenna við að þegar launþegi ætlar að fara í sumarfrí fær hann ekki útborgað orlofsfé sitt vegna þess að vinnuveitandi hans hefur ekki gert skil á því til Póstgíróstofunnar. Þetta er sem betur fer ekki algengt, en ákaflega hvimleitt og óþægilegt fyrir þá sem í slíku lenda. Með breyt., sem gerð er á reglugerð um orlof samhliða lögfestingu þessa frv., er algerlega sett undir þennan leka. Nú verður skylt að greiða launþeganum út orlofsfé hans þegar hann hyggst taka sér frí, jafnvel þótt launagreiðandi hafi ekki skilað því til Póstgíróstofunnar. Auk þessarar reglugerðarbreytingar er svo gerð breyt. á lögum um orlof sem nauðsynlegt er að ráðast í samhliða. Þar er Póstgíróstofunni eða öðrum innheimtuaðila orlofsfjár veitt heimild til að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum launagreiðanda ef slíkt er nauðsynlegt til að staðreyna upplýsingar um greitt eða vangreitt orlofsfé.

Viðræður hafa farið fram við Póstgíróstofuna annars vegar og Seðlabankann hins vegar um hækkun þeirra vaxta, sem greiðast af orlofsfé. Þeir hafa fram að þessu verið aðeins 5%, sem dugir skammt í þeirri verðbólgu sem við höfum búið við. Í þessum viðræðum hefur komið fram, að nettóvextir, þegar búið er að draga frá rekstrarkostnað Póstgíróstofunnar, munu a. m. k. rúmlega tvöfaldast og er hugsanlegt að hægt sé að ná þar meira fram.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn. og vona að þar

hljóti það skjóta afgreiðslu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér liggur fyrir d. frv. til l. um breyt. á l. um orlof. Eins og fram kom hjá hæstv. félmrh. hefur verið haft samband við bæði Seðlabankann og póst- og símamálastjórnina, en það er einmitt hún sem ávaxtar orlofsfé það sem þeir launþegar eiga rétt á sem ekki eru í fastri vinnu, eins og allir vita.

Ég vil ekki láta hjá líða þegar við 1. umr. málsins að gera grein fyrir skoðunum mínum á þessu máli, en þær eru, að það beri að leggja niður það orlofskerfi sem hér hefur gilt um nokkra áratugi. Ég held að það sé kominn tími til þess að orlof sé greitt út beint á laun þeirra manna sem ekki eru fastráðnir. Það er eina tryggingin fyrir því að réttlæti geti verið í þessu máli.

Mér er kunnugt um að það eru ýmis mótrök gegn þessum sjónarmiðum og þau eru þá helst að halda beri eftir af launum starfsmanna sem nemur orlofsfénu til þess að starfsmenn taki örugglega orlof á þeim tíma sem heppilegast þykir. Ég vil benda á að í nútímaþjóðfélagi, þar sem ýmislegt keppir um laun launamannanna, velja menn á milli þess, hvort þeir fara í orlof, kaupa sér litsjónvarpstæki, bifreið eða hvað annað sem menn geta fengið fyrir peninga sína. Ég bendi jafnframt á að varðandi vextina er það engin lausn þótt vextir af þessu fjármagni fari upp í 10% á meðan verðbólgan er á því stigi sem hún er hér á landi. Að sjálfsögðu eiga launþegarnir að fá þessa peninga til sín beint, síðan eiga þeir og geta ávaxtað sína peninga. Til mála kemur að það gerist þá með hjálp lífeyrissjóðakerfisins þannig að allir eigi rétt á því að leggja þessa peninga sína til hliðar inn í lífeyrissjóðakerfið og fá þá síðan verðbætta. Það er öllum ljóst, að þegar fastir starfsmenn taka sér leyfi fá þeir leyfið útborgað í frídögum og það þýðir að þeir fá það útborgað í þeim launum sem eru í gildi þegar fríið er tekið. Lausráðnir starfsmenn, sem aftur á móti fá orlofsfé, verða kannske að una því að orlofsféð sé geymt mánuðum saman, 8—9—10 mánuði, á 5% vöxtum, en nú á það að hækka upp í 10% og samt sem áður kemur fram að það kostar Póst og síma tugi milljóna að halda úti þessari starfsemi. Ég spyr því: Er ekki kominn tími til þess að við breytum þessu kerfi, að við látum þá, sem eiga þessa peninga, launþegana sjálfa, um að ávaxta sitt fé, en reyna frekar að finna út hvar og hvernig þeim býðst best tækifæri til þess að svo geti orðið, t. d. í samvinnu við lífeyrissjóðina eða aðra aðila?

Ég vil þess vegna eindregið hvetja til þess að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, kanni rækilega hvort við eigum ekki kost á betra kerfi fyrir þann fjölda launþega sem þarf að una þeirri vitleysu sem nú viðgengst í þessu kerfi. Ég skora þess vegna á þá menn, sem fá þetta mál til meðferðar, að skoða það með opnum huga og spyrja um leið hvort við getum ekki sparað ríkinu útgjöld og aukið möguleika á því að þeir starfsmenn, það launafólk sem verst er sett, geti fengið meira út úr sínum fjármunum með því að treysta því sjálfu fyrir því að ávaxta sitt pund og með því að leita leiða sem gefa þessu fólki tækifæri til að fá orlofsféð verðbætt, eins og allt fast starfsfólk í landinu fær í raun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 222, n. 331). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Tilgangurinn með þeirri lagabreyt., sem hér er lögð til, er að tryggja að frjáls atvinnuleikhús fái stuðning þann sem um getur og gert er ráð fyrir í leiklistarlögunum. Það var tilgangur löggjafans þegar lögin voru sett, að fjárveitingar næðu einnig til frjálsrar leiklistarstarfsemi, en þeir, sem með framkvæmd þessara laga fara, telja að ekki sé nógu skýrt gengið frá því í lögunum. Þessi breyting er því lögð til til þess að taka af allan vafa um það.

Þetta frv. hefur verið afgr. frá Ed. og í meðferð Ed. var sú breyting gerð, að lögin skyldu einnig ná til óperustarfsemi.

Allshn. Nd. skilar nál., sem hún stendur öll að, nema hvað tveir nm. skrifa undir með fyrirvara, þeir Ólafur G. Einarsson og Ellert B. Schram. N. leggur til eina breytingu og hún varðar 4. gr. N. leggur til að I. tölul. 4. gr. orðist svo:

„Að vera vettvangur umræðna um leiklistarmál og stuðla að því að leiklistarstarfi séu búin þroskavænleg skilyrði."

4. gr. fjallar um hlutverk leiklistarráðs. Um I. tölul. í núgildandi lögum urðu miklar umr. hér á sínum tíma. Það er rétt að ég lesi hann eins og hann stendur nú í lögunum, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur að leiklistarráð skuli „vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma."

Það var aðallega þetta orð: „stefnumótun", sem menn töldu að ýmsu leyti varhugavert að festa í lögum. Sjálf var ég þeirrar skoðunar á sínum tíma og er enn þeirrar skoðunar. Ég held að bestu rökin í því máli séu þau, að orðið „stefnumótun" getur verið villandi vegna þess að „stefna" er fagorð í listum. Við tölum um raunsæisstefnu, rómantíska stefnu. Þess vegna er fyllilega réttlætanlegt að mínum dómi að vara við því að festa í lögum að leiklistarráð skuli móta stefnu. Hugsast gæti að þetta yrði skilið á þann veg, að leiklistarráð ætti að ráða því eða hafa áhrif á hvaða tökum listamaður, hvort sem það er rithöfundur eða leikhúsfólk, taki viðfangsefni sitt.

Það kom fram í umr. þegar lögin voru sett, að þetta var alls ekki tilgangur þeirra, sem frv. höfðu samið, né var það tilgangur þeirra alþm. sem stóðu að þessari lagasetningu. En til þess að eyða tortryggni í þessum efnum töldum við rétt, að ákvæðið yrði almennara eðlis, og leggjum til þá breytingu sem er á þskj. 331.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 331 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, frv. (þskj. 228). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 420).

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 364). — Frh. 1. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Áður en ég kem að meginefni máls míns, sem eru nokkur orð í tilefni af skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og frv. því á þskj. 190, sem flutt er í tengslum við skýrsluna, langar mig að fara örfáum orðum um nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hv. 1. þm. Austurl. þegar málið var til umr. fyrir nokkrum dögum.

Hv. 1. þm. Austurl. kvartaði m. a. yfir því að sér hefði ekki tekist þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að fá í gang almenna umr. um efnahagsmál. Ég held að við þm. getum kvartað yfir flestu öðru en því, að ekki hafi verið rædd efnahagsmál á þessu þingi frekar en á flestum öðrum þingum, því ég man ekki til, að vísu hef ég ekki setið á þingi nema tiltölulega skamman tíma, að í upphafi þings og upphafi ferils nýrrar ríkisstj. hafi eins mikið verið rætt um efnahagsmál og það sem af er þessu þingi.

Ástæðan fyrir hversu okkur hefur oft greint á í málflutningi, Alþfl.-menn annars vegar og Alþb.-menn hins vegar, á hins vegar e. t. v. rætur sínar að rekja til þess, að þegar við Alþfl.-menn fórum inn í þessa ríkisstj. á s. l. hausti fórum við fyrst og fremst til þess að reyna að ná árangri í baráttu við verðbólgu. Markmiðið, sem við Alþfl.-menn settum okkur í kosningunum á s. l. vori, var að fá stuðning til þess að koma verðbólgunni niður á eðlilegt stig, eða a. m. k. jafnlangt niður og hún er hjá helstu viðskiptaþjóðum okkar. Út á þessa meginstefnu okkar, sem var mörkuð af öllum frambjóðendum og málgögnum okkar í kosningabaráttunni, fengum við 14 þm., þrefölduðum nærri því þingmannatölu okkar á Alþ. Þegar við göngum til ríkisstjórnarmyndunar eftir slík kosningaúrslit hljótum við að sjálfsögðu að leggja megináherslu á að sú ríkisstj., sem við gerumst aðilar að, axli þær skyldur að reyna að ná árangri í baráttunni við verðbólguna. Baráttan gegn verðbólgunni var því meginmál okkar þegar við fórum inn í þessa ríkisstj.

Að sjálfsögðu eru mörg önnur þýðingarmikil viðfangsefni í stjórnmálum en bara baráttan við verðbólguna. Það er ekki sagt neinum til hnjóðs þó að ég láti þau orð falla, að það geti vel verið að fyrir Alþb. hafi vakað önnur markmið en endilega þau að ná árangri í baráttu við verðbólgu. Ég held að ástæðan fyrir þeim mikla ágreiningi, sem verið hefur á þessum fyrstu mánuðum ríkisstj. milli Alþfl. annars vegar og Alþb. hins vegar, sé sú, að ekki vakti sama markmið fyrir þessum tveimur flokkum við myndun núv. ríkisstj. Ég er ekki að áfellast Alþb.-menn fyrir það, þó að meginstefnumál þeirra sé ekki það sama og okkar, þó að þeir leggi ekki jafnmikla áherslu á baráttuna við verðbólguna og við. Það er fyllilega heiðarlegt og eðlilegt að menn hafi áhuga á öðrum hlutum. En ég held að ágreiningurinn á milli þessara tveggja flokka hafi fyrst og fremst byggst á því, að við höfum og höfðum meginláhuga á því að veita verðbólgunni viðnám með störfum okkar í ríkisstj., en Alþb. hefur áhuga á öðrum málum.

Ég ítreka að þetta er ekki á nokkurn hátt sagt Alþb. til hnjóðs. En það hlýtur að segja sína sögu, að Alþb. á skömmum lífsferli sínum hefur tvisvar sinnum áður átt aðild að ríkisstj., í fyrra skiptið í fyrstu vinstri stjórninni sem endaði sína ævi á því, eins og allir muna, að forsrh. lýsti því yfir að þjóðin stæði á barmi efnahagslegs hengiflugs og ekki væri samstaða í ríkisstj. um neinar leiðir til lausnar. Í annað skiptið, sem Alþb. fór í ríkisstj., tók það við stjórnveli þegar verðbólga hafði að meðaltali verið 10—12%, en skildi við verðbólgu á bilinu 40—50%. Þriðja skiptið, sem Alþb. á aðild að ríkisstj., er nú. Það er kannske ósköp eðlilegt með hliðsjón af forsögunni að Alþb. hafi engan sérstakan áhuga á baráttu við verðbólgu, á því að ná verðbólgu niður, en hafi þeim mun meiri áhuga á öðrum málum. En enginn mætti skilja orð mín svo, að séu lítilsvirðandi. Þarna held ég að sé ástæðan fyrir þeim ágreiningi sem verið hefur á milli Alþfl. og Alþb. Það er ekki ágreiningur sem verið hefur að skapast í þessu stjórnarsamstarfi, heldur er hann sprottinn af því, að flokkarnir höfðu mismunandi áhugamál þegar þeir fóru inn í þessa ríkisstj. Við litum svo á að hún væri sett á stofn fyrst og fremst til að ná niður verðbóglu jafnframt því sem atvinnuöryggi væri varðveitt, það væri meginviðfangsefni ríkisstj. En mætti ekki segja að Alþb. hefði gengið til liðs við ríkisstj. út á meira hefðbundin viðhorf flokks sem ætlar sér inn í ríkisstj. til þess að sinna ýmsum málaflokkum, en gefur engu einu máli og þá ekki verðbólgunni frekar en öðrum sérstakan forgang?

Það er ekki rétt hjá hv. 1. þm. Austurl., að ekki hafi farið fram á Alþ. mjög almennar umr. um efnahagsmálin, sem talsvert vægi hefur verið í. En ég verð að segja eins og er, og það er líka áreitnislaust að öllu leyti, að mér finnst sá munur vera á málflutningi okkar og Alþb.-manna, að við viljum nýta þá sérfræðiþekkingu, sem til er í landinu, bæði hjá einstökum mönnum, sem lagt hafa fyrir sig að nema efnahagsmál hjá erlendum og innlendum háskólum og aflað sér mikillar sérfræðiþekkingar á því sviði, svo og hjá þeim sérfræðistofnunum sem þjóðin á. Við viljum styðjast við þá kunnáttu sem þarna er að finna. En því miður virðist mér málflutningur Alþb.-manna oftar en ekki hafa borið svip af því, að þeir séu raunar að deila við þessa sérfræðimenntuðu menn, neita að taka nokkurt tillit til sanninda sem eru jafnvel almennt viðurkennd í hinum vestræna heimi, a. m. k. neita að njóta leiðsagnar og njóta aðstoðar frá þeirri þekkingu og þeim vísindum sem til eru í landinu á þessu sviði. Ég er ekki með þessu að segja að sérfræðingar í efnahagsmálum eigi að ráða ferðinni, þeir eigi að segja stjórnmálamönnum hvað stjórnmálamenn eigi að gera, síður en svo. En það er hrein afturhaldssemi að láta sér detta í hug að þessir menn geti ekki verið til gagns á eina eða neina lund. Það á auðvitað að virkja þessa sérfræðimenntun, þessa þekkingu, eins og aðra þekkingu í landinu, og stjórnmálamenn eiga að nota sér þessa þekkingu, ekki til þess að láta sérfræðingana ákveða fyrir sig, heldur til þess að leita umsagnar og upplýsinga hjá þessum sérfræðingum, nota þá eins og tæki eins og aðrir sérfræðingar eru notaðir sem tæki til þess að auðvelda stjórnmálamönnum starf þeirra. Mér finnst oft að mál-

flutningur Alþb. beri þess merki, að þeir séu að berjast, ekki endilega við skoðanir annarra stjórnmálamanna, heldur gegn því að nokkurt tillit sé tekið til ráðlegginga sérfræðinga og yfirleitt nokkuð sé gert með þá sérfræðiþekkingu á sviði efnahagsmála sem handbær er í landinu. Það er auðvitað öfugmæli fyrir flokk, sem vill kenna sig við sósíalisma, að byggja ekki málflutning sinn á við getum sagt vísindalegum grundvelli eða a. m. k. hafa hliðsjón af þekkingu, viti og reynslu við málflutning í efnahagsmálum eins og öðrum efnum.

Ég held það sé ekki rétt að fara öllu lengra út í þessa sálma, til þess gefast næg tækifæri síðar, en ég vildi aðeins í tilefni af orðum hv. 1. þm. Austurl. um útgjöld fjárlaga samanborið við þjóðarframleiðslu taka það fram, að í þessu sambandi ber mönnum að sjálfsögðu að leita upplýsinga þangað sem upplýsingar er að fá, en ekki láta sér nægja að slá á einhverjar tölur á hné sínu. Ég vil til upplýsingar fyrir hv. 1. þm. Austurl. og þm. alla láta þess getið að þjóðarframleiðsla á árinu 1979 var áætluð á desemberverðlagi 665 milljarðar kr. Þá voru útgjöld fjárlaga á sama verðlagi 202 milljarðar, eða 30.4% af *vergri þjóðarframleiðslu, og tekjur fjárlaga á sama* verðlagi 209.3 milljarðar, eða 31.6% af vergri þjóðarframleiðslu. Á verðlagi ársins 1979 er þjóðarframleiðsla áætluð 733 milljarðar kr., en spá um tekjur ríkissjóðs á sama verðlagi fyrir árið 1979 er 217 milljarðar kr., eða 29.6% af vergri þjóðarframleiðslu. Ástæðan fyrir þessum mun, hvernig á því stendur að miðað við verðlagsþróun lækkar hlutur tekna ríkissjóðs af þjóðarframleiðslu, er ákaflega einföld. Ástæðan er sú, að hluti af þessum tekjum er bundinn fastur í krónutölu *og vex ekki með verðlagsþróun á viðkomandi ári.* T. d. eru tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti óháðar því, hvernig verðlagið er á viðkomandi ári, vegna þess að skatttekjurnar eru lagðar á tekjur fyrra árs, sem að sjálfsögðu standa ekki í neinu sambandi við verðhækkanir á greiðsluári. M. ö. o.: það má ekki gera eins og hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, gerði, að slá á einhverjar tölur á hné sér, segja að verðlagið vaxi um 30% á árinu og þá megi áætla að útgjöld ríkissjóðs eða tekjur ríkissjóðs vaxi að jafnaði um 15%, þ. e. a. s., helminginn af áætlaðri verðbólguþróun á árinu, eins og hv. þm. gerði, vegna þess að þessar tekjur og útgjöld ríkisins raunar líka eru samsett annars vegar af föstum stærðum, sem ekki verða fyrir neinum áhrifum af verðlagsþróun, og hins vegar af stærðum, sem verða að sjálfsögðu fyrir áhrifum af verðlagsþróun. Þetta verður til þess að prósentan, sem við nefndum hér áðan, hlutfall ríkisútgjalda og ríkistekna af vergri þjóðarframleiðslu, eykst ekki í sama hlutfalli og verðbreytingar á vergri þjóðarframleiðslu. Þetta kom mjög glögglega fram t. d. í fjvn. í desember*mánuði, svo aðeins með viðræðum við flokksbræður sína* hefði hv. 1. þm. Austurl. getað fengið þessa einföldu viðmiðun uppgefna. Honum til frekari skýringar skal ég taka það fram, að eftir þær kauphækkanir, sem urðu 1. mars, sem urðu 1.9% umfram þá spá sem þessar verðlagsforsendur, sem ég áðan rakti, byggjast á, má búast við að verðlagið á þjóðarframleiðslu ársins 1979 verði allnokkru hærra en 733 milljarðar kr., tekjur ríkissjóðs verði að sama skapi nokkru hærri en 217 milljarðar kr., en mismunurinn þarna vaxi. Eins og nú standa sakir stefnir því tekjuhlið fjárlaga talsvert niður fyrir það 29.6% mark sem ég nefndi áðan. Útgjöld fjárlaga eru að sjálfsögðu enn lægri hundraðshluti, eða um 28.5% af vergri þjóðarframleiðslu, miðað við verð*lagsforsendurnar sem ég gat um áðan. Þannig er ljóst* að á árinu 1979 stefna bæði útgjöld og tekjur ríkissjóðs nokkuð niður fyrir 30% af vergri þjóðarframleiðslu.

Það er kannske torskilið fyrir marga, hvers vegna menn eru endilega að miða við einhverjar svona prósentutölur, hvers vegna verið er að miða útgjöld eða tekjur ríkissjóðs við einhverja prósentutölu af vergri þjóðarframleiðslu. En menn skyldu gá að því hvað á bak við þetta felst. Á bak við slíka viðmiðun felst sú einfalda staðreynd að þar er ríkisvaldið að lýsa því yfir, að það ætli sér ekki á árinu að auka skattheimtuna frá því sem áformað er við upphaf árs. Með því að binda ríkisútgjöld og ríkistekjur með þessum hætti er verið að gera tvennt í senn. Það er verið að lýsa því yfir, að ríkisvaldið ætli hvað tekjuhliðina varðar ekki að auka skattheimtuna með nýjum sköttum á viðkomandi ári, og tel ég það talsvert þarflega yfirlýsingu ríkisstj. í upphafi árs, ekki síst fyrir launþega, að þeir gætu gengið að því sem gefnu að ekki væri tilgangur ríkisvaldsins að hækka skatta á árinu. Varðandi bindingu á útgjaldahliðinni hins vegar þýðir það yfirlýsingu frá ríkisvaldinu um að það muni halda útgjöldum í skefjum, m. a. þannig að til þess komi ekki, eins og verið hefur undanfarin ár, að þegar tekjur ríkissjóðs hafa ekki nægt fyrir útgjöldunum, þegar útgjöldin hafa á árinu vaxið svo mikið umfram tekjur að hinir nýju tekjustofnar hafa ekki dugað til, þá hefur ríkisstj., eins og menn vita, brugðið á það ráð að láta prenta fyrir sig peninga í Seðlabankanum sem ekkert stendur á bak við, og er nú svo komið að við skuldum Seðlabankanum vegna yfirdráttar ríkissjóðs milli 25 og 30 milljarða kr.

Þessi yfirlýsing um 30% markið er því engin prósentutala út í loftið. Þetta þýðir að ríkisstj. lýsir því yfir varðandi tekjuhlið fjárlaga að hún ætli sér ekki að auka skattheimtuna frá því sem ákveðið er við afgreiðslu fjárlaga, og varðandi útgjaldahlið fjárlaganna, að hún ætli sér ekki að fara út á þá braut, sem fyrrv. ríkisstjórnir hafa farið út á, að eyða umfram aflafé árinu, þannig að það verði að grípa til þess ráðs að auka skuldasöfnun við Seðlabankann með því að láta Seðlabankann prenta seðla fyrir ríkissjóð sem engin innstæða er á bak við.

Hvað varðar önnur atriði, sem fram komu hjá hv. 1. þm. Austurl., fannst mér það atriði einna merkilegast þegar hann lét í það skína að þeim Alþb.-mönnum, sem auðvitað standa að ríkisstj. eins og við Alþfl.-menn og eins og framsóknarmenn gera, hafi nánast komið þessi skýrsla um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun alveg á óvart. Hv. þm. lét þess getið, að sumir kaflar skýrslunnar væru svo torskildir að menn hefðu raunar ekki áttað sig á hvað þeir þýddu. Undir rós var látið í það skína, að þó svo að ríkisstj. hafi lagt fram þessa skýrslu með þeim umsögnum og stefnumörkunum sem í henni felast bæri Alþb. ekki nema takmarkaða ábyrgð á henni vegna þess að sumir kaflarnir hefðu verið of torskildir, það hefði þurft að þýða þá. Ég skal samsinna orðum hv. þm. um að það er heldur hnökrótt orðalag á ákveðnum kafla í skýrslunni, en þó ekki þannig að fólk með almenna skynsemi geti ekki mætavel skilið hvað þar stendur. Hv. þm. virtist sem *sé láta í það skína, að það hefði verið einhvers konar slík* afgreiðsla á þessari skýrslu að a. m. k. hluti stjórnarsinna hefði ekki áttað sig á hvað í henni fælist.

Ég vil í þessu sambandi láta það koma fram, að ég efast um að nokkurt mál hafi fengið eins miklar umr. í ríkisstj. og eins gagngera skoðun og skýrslan um fjárfestingar- og

lánsfjáráætlun. Ég efast um að ríkisstj. hafi haldið fleiri fundi eða að ráðh. hafi talað meira um nokkurt annað mál en þetta. Að sjálfsögðu fengum við þm. Alþfl. að fylgjast með undirbúningi að gerð skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, og ég vil gjarnan upplýsa það, að bæði inngangskafla, stefnumörkunarkafla skýrslunnar, og eins um einstakar stærðir og töflur fékk ríkisstj. í hendur mörg uppköst. Hún fékk í hendur mörg uppköst af þessum köflum, fyrst frumuppköst, sem ráðh. gerðu tillögur um breytingar við, og síðan hvert uppkastið á fætur öðru. Síðan gerðu ráðh. auðvitað hver um sig sínar aths. við kaflana og endanlega var síðan, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, skýrslan í hinni endanlegu mynd samþ. á ríkisstjórnarfundi hinn 1. febr. s. l. Hafi einhver stjórnarflokkurinn ekki vitað eða honum komið á óvart hvað í þessari skýrslu stóð hefur hann ekki við neinn að sakast nema sjálfan sig.

Ég hef ekki trú á því að það geti verið rétt, sem marka mátti af orðum hv. 1. þm. Austurl., að allir ráðh. hafi ekki lesið skýrsluna. Hafi þeir ekki lesið skýrsluna hafa þeir að sjálfsögðu ekki við neinn að sakast nema sjálfa sig. Og hafi ráðh. ekki haft samband við flokksmenn sína um efni skýrslunnar og greint frá henni geta viðkomandi flokksmenn ekki við neina sakast nema eigin ráðh. Þetta segi ég aðeins vegna orða hv. 1. þm. Austurl. og enn fremur vegna þess að daginn sem skýrslan kom á borð þm. og var dreift vitnaði ég í ræðu til nokkurra atriða í skýrlsunni sem virtust koma hv. 1. þm. Austurl. mjög á óvart. Þetta fannst mér mjög undarlegt vegna þess að þessi atriði voru búin að liggja á borðum allra ráðh. vikum saman. Það höfðu verið gerð mörg uppköst, sem hafði verið breytt af viðkomandi ráðh. og breytingarnar teknar með í næstu útgáfu, síðan var málið endanlega afgreitt á fundi ríkisstj. 1. febr. Auðvitað er alveg fráleitt að ætla síðan að halda því fram, að menn hafi ekki haft nema kannske óverulega vitneskju um hvað í skýrslunni stóð. Ef menn hafa ekki tíma til þess að lesa jafnmikilvæg gögn og þessi geta þeir auðvitað ekki við neina sakast nema sjálfa sig þó að þeim sé bent á eitthvað, þegar skýrslan er lögð fram, sem þeim virðist koma á óvart.

Í þeim afgreiðslum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, hefur hún að sjálfsögðu þegar markað ákveðna stefnu. Það vill oft verða svo, að menn sjá ekki skóginn fyrir trjánum, en hitt er heldur verra þegar menn sjá hvorki skóginn né trén, þegar menn sjá ekki skóginn fyrir trjánum og ekki trén fyrir skóginum.

Ég held það sé mála sannast, að það sé ákaflega nauðsynlegt að rakið sé í nokkrum atriðum hvaða stefnu ríkisstj. hefur nú þegar mótað við þær afgreiðslur sem hún hefur gert og lagt fyrir þingheim og við stjórnarsinnar, þ. á m. hv. 1. þm. Austurl., höfum stutt hana í.

Í fyrsta lagi hafa þegar verið afgreidd fjárlög með atkv. allra stjórnarsinna undantekningarlaust. Á þeim fjárlögum voru m. a. gerðar þær breyt. milli 2. og 3. umr., að tiltekin útgjöld voru skorin niður um 1830 eða mig minnir 1834 millj. kr. Hvers vegna var þessi niðurskurður gerður á milli 2. og 3. umr.? Til þess að hægt væri að ná því markmiði að útgjöld og tekjur fjárlaga yrðu á árinu 1979 innan við 30% af vergri þjóðarframleiðslu, eins og einn stjórnarflokkurinn óskaði eftir. Fjárlögin voru sem sé afgreidd og þeim var breytt milli 2. og 3. umr. til þess að þetta væri hægt. Í annan stað var sú stefna mörkuð í fjárlögum að sýna mjög verulegan rekstrarafgang hjá ríkissjóði til þess að tvíþættu markmiði væri náð. Í fyrsta lagi því, að jöfnuður yrði á því tímabili, sem ríkisstj. starfaði á, frá 1. sept. 1978 til 31. des. 1979, þ. e. a. s. að sá halli, sem orðið hafði á ríkissjóði vegna ráðstafana 1. sept., yrði bættur upp með rekstrarafgangi á árinu 1979. Þetta var annað atriðið.

Hitt stefnuatriðið, sem einnig var markað við afgreiðslu fjárlaga, var að hluti af þessum rekstrarafgangi yrði notaður til þess að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs.

Ég vil vekja athygli hv. þingheims á því, að bæði þessi markmið byggjast á því, að forsenda þjóðhagsspár um verðlagsþróun á árinu 1979 fái staðist. Ef menn ætla ekki að standa á forsendum þjóðhagsspár árið 1979 um verðbólguþróun, sem yrði komin niður í nánast 30% í árslok, gerist einfaldlega það, að grundvöllurinn undir fjárlagaafgreiðslunni hrynur. Þá eru menn að ákveða í marsmánuði að eyðileggja þær afgreiðslur sem þeir gerður í desember. Ef ekki verður staðið við þetta markmið, sem sett var m. a. með grg. með frv. 1. des. og við afgreiðslu fjárlaga, eru þessi þættir fjárlagagerðarinnar hrundir til grunna. Þá verður enginn rekstrarafgangur hjá ríkinu á árinu 1979, heldur rekstrarhalli. Og ef það verður rekstrarhalli er að sjálfsögðu hvorugt hægt að gera: að ná jöfnuði á tímabilinu frá 1. sept. 1978 til 31. des. 1979, eins og ríkisstj. þó lofaði í stjórnarsáttmálanum að gert yrði, og ekki heldur hægt að viðhalda því takmarki ríkisstj. að verja allverulegu fé af rekstrarafgangi ríkisins til þess að greiða niður erlendar skuldir. Menn skyldu því gera sér grein fyrir því, að þeir mega ekki eyðileggja það í síðara verkinu sem þeir hafa gert í því fyrra. Menn skyldu líka muna eftir því, hvað það er sem þeir eru búnir að gera, þegar þeir ræða um og ákveða hvaða viðbrögð og vinnubrögð þeir ætla að hafa í framtíðinni.

Fjórða og mjög mikilvægt atriði var líka ákveðið við fjárlagaafgreiðsluna, en þar var ákveðið að afnema hina svokölluðu sjálfvirkni í útgjöldum ríkisins. Það furðulega hefur gerst, að einn stjórnarflokkur hefur mótmælt því með bókun. Við afgreiðslu fjárlaganna var nefnilega gert ráð fyrir að þessi sjálfvirkni yrði afnumin um mjög verulega þætti fjárframlaga, sjálfvirk fjárframlög úr ríkissjóði, og í þessu frv. á þskj. 190, sem er til umr. nú, er þessari ákvörðun einmitt fylgt eftir. Ég held að hv. 1. þm. Austurl. og aðrir, sem stóðu að afgreiðslu fjárlaga í des., ættu heldur betur að gefa því gaum, því að í þessu frv., í hverri greininni á fætur annarri, er sagt: Þrátt fyrir ákvæði þessara og hinna laga. T. d. í 12. gr.: „Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 33. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, skal framlag ríkissjóðs til Jarðasjóðs eigi fara fram úr“ o. s. frv. Í 13. gr.: „Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tölul. 4. gr. l. nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. l. nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1979 ekki fara fram úr 643 millj. og 500 þús. kr.“ Í 14. gr.: „Þrátt fyrir ákvæði C og D-liðar 3. gr. l. nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1979 ekki fara fram úr 1 milljarði 275 millj. og 500 þús. kr.“ Í 15 gr.: „Þrátt fyrir ákvæði a-, b-, c- og d-liðar 2. mgr. 4. gr. l. nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins“ o. s. frv.

Í þessu frv. er í hverri greininni á fætur annarri verið að leita eftir staðfestingu Alþ. á afnámi sjálfvirkni í ýmsum framkvæmdum og framlögum úr ríkissjóði, sem ákveðið var við afgreiðslu fjárlaga í desember. Þess vegna kemur

það manni mjög á óvart að lesa bókun um það frá einum stjórnarflokknum í miðjum klíðum að þessu sé mótmælt. Það er eins og mennirnir hafi ekki hugmynd um hvað þeir eru búnir að samþ. og hvað þeir eru að leggja til. Hæstv. ríkistj. og flokkar hennar eru búnir að leggja það til og búnir að fá það samþ. við fjárlagaafgreiðsluna, að á þessum tilteknu framlögum, sem eru sjálfvirk og hafa verið sjálfvirk á undanförnum árum, skuli sjálfvirknin afnumin. Og nú leggur hæstv. ríkisstj. fyrir Alþ. að samþ. staðfestingu á því afnámi, en í millitíðinni kemur einn flokkurinn og mótmælir því að þetta sé gert! Þetta er nú að lifa kristilega þannig að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir! Ég held að það væri ráð hjá mönnum, áður en þeir halda áfram svona bókunum, að gefa sér a. m. k. tíma til þess að lesa eigin tillögur. Auðvitað geta menn komið með alls konar afsakanir eftir á og sagt: Við áttum ekki við þessa sjálfvirkni, við áttum við allt aðra sjálfvirkni. Það var bara ekki tekið fram í bókuninni. Í bókuninni var því alfarið mótmælt að þessi sjálfvirkni í útgjöldum ríkisins væri afnumin. Annaðhvort virðast menn ekki hafa vitað hvað þeir voru búnir að samþ. áður en þeir gerðu bókunina eða að í bókuninni hafi menn talað þvert um hug sinn.

Ég verð að segja það eins og er, að mér er fullvel kunnugt um að það er álit fjölmargra þm. úr Alþb. að þessi sjálfvirkni, sem bindur á árinu 1979 22.5 milljarða af ríkistekjunum, — 22.5 milljarða af því fjármagni, sem ríkissjóður hefur úr að spila, fara vegna þessarar sjálfvirkni út og inn án þess að stjórnvöld geti haft nokkur áhrif á, — að ýmsir af þm. Alþb., þ. á m. allir þeir þm. Alþb. sem ég hef unnið með í fjvn., eru mjög andvígir því að þessi sjálfvirkni skuli viðhöfð, einkum og sér í lagi gagnvart ýmsum framkvæmdaframlögum, t. d. gagnvart jarðræktarstyrkjum o. fl., vegna þess að þessi sjálfvirkni í jarðræktarstyrkjunum gerir að verkum að það er bókstaflega verið að ýta undir aukna ræktun og aukna uppbyggingu í sveitum, sem kallar á aukna framleiðslu og aukið offramleiðsluvandamál. Þess vegna kemur mér það ákaflega spánskt fyrir sjónir, loksins þegar segja má að framsóknarmenn hafi áttað sig á því, hvílík endaleysa er að binda slíkt sjálfvirkt þannig að menn geti ekki haft stjórn á slíkum hlutum frá ári til árs eða frá tímabili til tímabils, hvort sem tímabilið er eitt ár eða lengra með tilliti til aðstæðna í þjóðfélaginu, að Alþb.-menn skuli rjúka upp. Þegar framsóknarmenn átta sig á þessum hlutum og gera till. um breyt. rýkur Þjóðviljinn upp og segir: Hvað vakir eiginlega fyrir ykkur? Ætlið þið virkilega að fara að afnema sjálfvirkni varðandi landbúnaðarframlög? Hvers konar flokkur er Framsfl. orðinn? — Þetta segir Þjóðviljinn. Þetta kalla ég líka að tala þvert um hug sinn, vegna þess að ég veit að sú er ekki skoðun margra af mætustu þm. Alþb. En hins vegar er alltaf freistingin sú, það skal ég viðurkenna, þegar um erfiðar aðgerðir er að ræða, að koma þá alltaf í bakið á samstarfsmönnum sínum og vera öfugur og snúinn vegna þeirra einföldu sanninda að það verður engu breytt nema einhver verði óánægður. Flokkar, sem alltaf eru að hugsa um að ná sér í atkv. eins margra óánægðra aðila og mögulegt er, eru yfirleitt alltaf á móti öllum breytingum og þá helst ef þeir hafa grun um að aðrir ætli að beita sér fyrir samþykkt þeirra. Þá getur flokkurinn sagt: Ég var á móti, ég vildi ekki láta fara svona með ykkur. Það voru bara hinir sem réðu. Og af því að ég var á móti, þá á ég auðvitað að fá öll óánægjuatkvæði. — Auðvitað geta menn hugsað svona, ef menn vilja tína upp alla óánægða þjóðfélagsþegna, þennan hóp hér, þennan hóp þar, 20 atkv. hér, 100 þar o. s. frv. En auðvitað verður aldrei nein heildarstefna úr þessu mótuð. Það má kannske fá atkv. í svip, en þeim verður ekki einu sinni haldið vegna þess að það er ekki hægt. (Gripið fram í.) Ég held að hv. þm. viti ósköp vel hvaða flokkur það er, ég held að hann kannist við innviðina, þekki sig í þessum heimkynnum.

Það má vel vera að nokkuð vel gangi að afla sér stundarfylgis út á slíkt, en hitt er alveg ljóst, að flokkur, sem ástundar svona tínslu, verður auðvitað aldrei farsæll í ríkisstj. vegna þess að hann getur aldrei stjórnað. Hann getur aldrei tekið afstöðu til neins máls. Hann getur aldrei lagt fram neinar till. sjálfur. Og hann getur aldrei sagt já eða nei við till. annarra. Þetta er einmitt það sem hefur gerst undanfarna 6 mánuði, t. d. í efnahagsmálum, t. d. í viðureigninni við verðbólguna, að Alþb. hefur engar till. getað lagt fram sjálft og Alþb. hefur aldrei getað gert upp hug sinn um að segja já eða nei við þeim till. sem aðrir hafa haft, heldur alltaf sagt: Ja, við erum að skoða, við erum að athuga, við þurfum að stúdera þetta betur. Við verðum að vita hvort einhver annar í þjóðfélaginu vill ekki taka ákvörðun fyrir okkur. Við skulum leita umsagnar þessa aðila og vita, hvort hann vill taka ákvörðun fyrir okkur, eða hins aðilans, svo við getum skotið okkur bak við einhverja. — Þetta er dæmigerð aðferð hjá mönnum sem stunda eggjatínsluaðferðina á atkvæðaveiðum, stela þessu eggi úr hreiðrinu þarna og og hinu egginu úr hreiðrinu þarna o. s. frv., heyja sér 20 óánægjuatkv. þarna og 100 óánægjuatkv. þarna og vita svo ekkert, geta svo ekkert gert við þetta allt saman, vegna þess að þrátt fyrir að það sé búið að heyja sér öll þessi atkv. er flokkurinn gersamlega ófær að beita þeim og gersamlega ófær að valda því hlutverki sem öll þessi atkv. hafa fært honum í íslensku þjóðfélagi. (Gripið fram í.) Það er hætta á því, a. m. k. verður svolítið skrýtið að sjá þegar allir þessir ungar fara að skríða úr eggjunum. Þá verður skrýtið að sjá hvernig sambúðin verður í hreiðrunum þegar allir ungarnir eru komnir úr eggjunum. Það skyldi þó ekki vera að hv. 1. þm. Austurl. vantaði páskaegg líka!

En það er alla vega ljóst að þessi aðferð hlýtur að gera flokki erfitt um vik að sitja í ríkisstj. og innleiða það öfugmæli að flokkar séu að safna atkv. til þess að komast til áhrifa m. a. í ríkisstj. Til þess verður að fá fylgi. Það er auðvitað öfugmæli, ef flokkur fær fylgi, en getur ekki í ríkisstj. farið vegna þess að ef hann fer í ríkisstj. er hann hræddur um að tapa fylgi.

Öfugmælið í íslenskri pólitík viðkomandi Alþb., eins og málin standa núna, því miður, er það, að mjög erfitt er að ná árangri í ríkisstj. sem Alþb. á ekki sæti í, en það er jafnerfitt að ná árangri í ríkisstj. sem Alþb. situr í. Þetta er hið erfiða öfugmæli íslenskrar pólitíkur, að það er nokkurn veginn sama hvað uppi er á teningnum, það er nokkurn veginn sama hvort Alþb. er innan eða utan ríkisstj. — allt virðist vera jafnerfitt þrátt fyrir það. Ég held að menn verði að hugsa sig í alvöru um, og ég segi það líka áreitnislaust, hvort það á að vera meginverkefni þessa stóra og volduga flokks að standa alltaf í vegi fyrir því, að hægt sé að stjórna efnahagsmálum í landinu, án tillits til þess hvort flokkurinn er í ríkisstj. eða utan. Það getur ekki verið í samræmi við hagsmuni neinna að ekki sé hægt að stjórna efnahagsmálum á Íslandi. Það er mjög alvarlegt mál þegar það er orðið helsta hlutverk jafn-

öflugs flokks og Alþb. er orðið af ýmsum ástæðum sem ég hirði ekki um að rekja hér, m. a. þeim sem ég nefndi áðan, að þora aldrei að styggja neinn, vera alltaf reiðubúinn til þess að heyja sér fylgi frá öllum óánægjuöflum í þjóðfélaginu, — þegar það verður hlutverk slíks flokks, án tillits til þess hvort hann er í ríkisstj. eða utan ríkisstj., að koma í veg fyrir að hægt sé að stjórna efnahagsmálunum, ekki þannig, að hann hafi till. að gera sem aðrir flokkar geti ekki fallist á, heldur hefur hann engar till. að gera sem aðrir flokkar geti fallist á og er ekki heldur í stakk búinn til að segja já eða nei við till. annarra flokka. Það hlýtur að verða talsvert erfitt fyrir þá, sem sitja í þessum flokki og kjósa hann, ef þeir átta sig á því að þetta er staðreynd. Ég vona að svo sé ekki, ég vona að Eyjólfur hressist. En þetta atriði er ástæða til að hugleiða, bæði fyrir Alþb.-menn og aðra. Það er náttúrlega ekki vel gott ef næststærsti flokkur þjóðarinnar, sem nú er orðinn, er þannig að hann getur hvorki verið í ríkisstj. né utan ríkisstj.

Fleiri merkileg atriði koma fram í þessari skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem lúta að þeirri stefnu sem ríkisstj. er að marka, í stuttum skrefum að vísu, eins og hæstv. forsrh. sagði, en þó vissulega í skrefum. Það er t. d. athyglisvert, að hér er í fyrsta sinn lögð fram lánsfjáráætlun sem jafnframt er skýrsla um fjárfestingaráætlun, þ. e. a. s. hér er mörkuð sú stefna að jafnhliða áætlun um lánsfjáröflun hins opinbera á árinu 1979 skuli gerð áætlun um fjárfestingu í þjóðarbúskapnum. Og það er markviss stefna um það, hvernig eigi með áætlunarbúskap að standa að þessari fjárfestingu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með samræmdum aðgerðum verði fjárfestingu beint í tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðfélagslega arðbærum atvinnurekstri."

Almennt um fjárfestinguna er þetta sagt. Í einstökum atriðum fyrir árið 1979 er hins vegar mörkuð mun ákveðnari stefna. Þar er sagt í fyrsta lagi, — og ég tek það fram enn og aftur að hér er um að ræða stefnuyfirlýsingu ríkisstj. sem er margyfirfarin af ráðh. og var endanlega samþykkt sem stefna ríkisstj. á fundi hennar 1. febr. s. l. Þar segir ríkisstj. nánar um þessa stefnumörkun sína, með leyfi forseta, að „dregið verði úr fjárfestingu á árinu 1979 og heildarfjármunamyndun verði ákveðin takmörk sett." Í öðru lagi segir hún, „að gerðar séu strangar og samræmdar kröfur til þjóðhagslegrar arðsemi þeirra framkvæmda sem framlög eða lán eru veitt til." Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að heildarfjárfesting nemi um 24.5% af þjóðarframleiðslu. Það segir hæstv. ríkisstj. beinum orðum á bls. 5 í þessari áætlun sem stefnu sína. Enn fremur má benda á að samkv. þessu er ráð fyrir því gert að samdráttur verði um 5% að raungildi milli ára, hitaveituframkvæmdir dragist sérstaklega saman, um 13—14%, o. s. frv., o. s. frv.

Þetta er hin nákvæma stefnumörkun hæstv. ríkisstj. í sambandi við þá fjárfestingaráætlun sem hún er hér að gera. Auðvitað geta menn ekki komið á eftir og sagt að þeir hafi aldrei séð þessar tölur eða bókað mótmæli við þessum tölum þegar á að staðfesta þær með lögum. Það er nákvæmlega sams konar athæfi og að samþykkja í fjárl. þær afgreiðslur, sem þar voru gerðar á sjálfvirkum framlögum, og ætla svo að neita að staðfesta þær í frv. til l. um heimild til lántöku o. s. frv. á þskj. 190 sem hér er til umr. Ég veit ekki til að neinn stjórnarflokkur ætli sér að gera það, þó svo í millitíðinni hafi einn stjórnarflokkur gert bókun þar sem hann mótmælir því, að staðfestar séu þær samþykktir og ákvarðanir sem hann hefur þegar gert.

Það eru ýmsar fleiri stærðir ákveðnar í þessari lánsfjáráætlun. Á bls. 44 er t. d. vikið að öðrum mikilvægum þætti í stefnumörkun hins opinbera, þ. e. a. s. ákvörðun peningamagns í umferð. Á bls. 44 í lánsfjáráætluninni segir ríkisstj., að á peningamagni í umferð á árinu 1979 samkv. þeirri lánsfjáráætlun, sem hún er að biðja Alþ. að staðfesta, verði 24.9% aukning frá árinu áður. Í margumræddu frv. Ólafs Jóhannessonar er þessi tala 25%.

Því hefur verið harðlega mótmælt og óskað eftir því að Alþ. staðfesti lánsfjáráætlun upp á 24.9. Þetta er ekki mjög lágt mark. Mörg ár, sem við getum bent á, hefur þessi ákvörðun verið sett við lægra mark en þetta. Ég vil aðeins benda á að að sjálfsögðu verður frá þessu marki vikið ef það sýnir sig að þetta eru of miklar hömlur á aukningu peningamagns í umferð, m. a. þannig að atvinnuöryggi stafi hætta af. En ef þetta er ákveðið svona, þá er m. a. komið í veg fyrir að ríkisvaldið geti brugðið á það ráð, sem reynst hefur ansi dýrkeypt, mælt á verðbólguskala á undanförnum árum, að fyrirskipa Seðlabankanum að prenta stöðugt seðla þegar tekjur ríkissjóðs nægja ekki fyrir útgjöldum. Þannig er í þessari lánsfjáráætlun mörkuð stefna varðandi beitingu peningapólitíkur sem er í margumræddu frv. Ólafs Jóhannessonar og einn stjórnarflokkurinn, sem leggur þessa skýrslu fram með þessum tölum, hefur mótmælt í millitíðinni. Það er alveg furðulegt að eftir mótmælin skuli hann samt sem áður leggja slíka afgreiðslu fyrir Alþingi.

Varðandi fjárfestingarhlutfallið, sem ég nefndi áðan, vil ég segja örfá orð. Auðvitað kemur mönnum dálítið spánskt fyrir sjónir að það skuli vera deilt um hvort fjárfesting eigi að vera 24.5 eða 25% af þjóðarframleiðslu eða eitthvað slíkt. Hvað munar um hálft prósent í þessu sambandi? Er þarna ekki verið að deila um keisarans skegg? Nei, aldeilis ekki. Á bak við þessar tölur standa auðvitað efnahagslegar stærðir sem einhverju máli skipta. Ef t. d. fjárfesting yrði meiri en 24.5%, eins og gert er ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979, og færi t. d. upp 25% af vergri þjóðarframleiðslu, þá þýddi það einfaldlega, að til þess að það væri hægt yrði að afla erlends lánsfjár umfram það, sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun, um ca. 5 milljarða kr. Þessi litli ½% munur þýðir aukningu á erlendum skuldum um 5 milljarða. Ef það væri gert væri búið að auka erlendar skuldir þjóðarinnar á árinu 1979 um 17 milljarða kr. og þá væri meiri aukning á erlendum skuldum á árinu 1979 en dæmi eru til um frá öðrum árum. Það er að sjálfsögðu í algerri andstöðu við stefnu ríkisstj., eins og hún er sett fram í stjórnarsáttmálanum, og í algerri andstöðu við þær yfirlýsingar sem t. d. hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hafa gefið hér á Alþ. í nafni ríkisstj.

En á bak við deiluna um hinn litla mismun, hálft prósentustig, sem mönnum finnst svo hlægilegur — hvort heldur fjárfesting eigi að miðast við 24.5 eða 25% af vergri þjóðarframleiðslu — er þetta: Þeir, sem berjast fyrir hækkun á þessu margumræddu prósentustigi, eru að berjast fyrir því m. ö. o. — annað væri ekki hægt — að afla þessa fjár, þessara tæpu 5 milljarða, með erlendum lántökum. Skuldin yrði aukin um tæplega 5 milljarða kr., sem yrði til þess að erlend skuldasöfnun hefði slegið öll

fyrri met á árinu 1979. Þessu atriði ætti að sjálfsögðu að koma á framfæri við þá sem af einhverjum ástæðum vilja ekki skilja að deila um 24.5% eða 25% af vergri þjóðarframleiðslu er engin deila um keisarans skegg, heldur deila um hvort eigi að standa við eitt af meginatriðunum í sjálfum stjórnarsáttmálanum, þ. e. a. s. stöðvun á erlendri skuldasöfnun. Þeir, sem heimta að það verði ekki gert, eru að heimta meiri framkvæmdir en lánsfjáráætlunin gerir ráð fyrir. Þeir eru að heimta að það verði ekki staðið við ákvæði í stjórnarsáttmálanum. Þeir eru að krefjast þess, að erlendar skuldir þjóðarinnar verði á þessu ári auknar um 17 milljarða kr.

Það er fleira athyglisvert um stefnumörkun í þessari skýrslu en varðandi fjárfestingarmörkin, peningamagn í umferð og fleira slíkt. Ákveðin stefna er mörkuð varðandi fjárfestingarmál, því að berum orðum segir í II. kafla skýrslunnar að setja skuli samræmdar lánareglur fyrir fjárfestingarsjóðina. Þetta er eitt af meginatriðunum í frv. hæstv. forsrh. Það er dálítið undarlegt að sjá því mótmælt að lánareglur fjárfestingarlánasjóða skuli samræmdar, en lesa það svo nokkrum dögum seinna í þinginu að sömu aðilar og því eru að mótmæla eru að leggja til við okkur þm. að við staðfestum þetta við afgreiðslu lánsfjáráætlunar.

Það er líka ákvæði um vaxtastefnuna í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun. Í þeirri áætlun, sem hún er að biðja okkur óbreytta þm. um að samþykkja og leggur fram eftir samþykkt sína 1. febr., segir:

„Raunhæf vaxtakjör stuðla að auknum innlendum sparnaði og eru þannig forsenda þess að lánsfjárþörf til framkvæmda verði í ríkari mæli en ella mætt með innlendu fé. Lánskjörin þarf einnig að samræma milli lánastofnana."

Það dylst engum hvað hér er boðað. Hér er boðuð stefna um raunvexti, hvort heldur sem það á að gera með háum vöxtum eða verðtryggingu og lágum vöxtum. Það skiptir ekki neinu máli. Niðurstaðan er sú sama. En auðvitað verða menn að vera sjálfum sér samkvæmir. Ef þeir ætla að boða slíka stefnu, eins og þeir hafa gert í grg. með 1. des. frv. margfræga, og ætla sér að óska eftir því að Alþ. staðfesti hana með umfjöllun sinni um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, þá geta menn að sjálfsögðu ekki mótmælt henni þegar á að staðfesta þessa stefnu í frv.

En einna athyglisverðast frá sjónarmiði ýmissa aðila er þó sú stefna sem boðuð er í sambandi við kaupgjaldsmálin. Menn hafa haldið því fram úr þessum ræðustól, að boðorðið sé að marka enga launamálastefnu. Auðvitað er það rangt, auðvitað hefur alltaf vakað fyrir ríkisstj. að marka launamálastefnu. Það er megininntakið í því sem við Alþfl.-menn börðumst fyrir í síðustu kosningum, kjarasáttmálanum. Þar er mörkuð launamálastefna, samningar milli ríkisvalds og verkalýðshreyfingar um mörkun launamálastefnu. Auðvitað þarf mörkun launamálastefnu. Þegar 1. des. s. l. var gert um það samkomulag við verkalýðshreyfinguna að hún breytti kjarasamningum sínum, félli frá kauphækkunum sem hún átti rétt á samkv. gildandi kjarasamningi, var auðvitað launamálastefna í því fólgin — sú stefna, að ekki sé rétt að ákveðin prósentuhækkun á kaupgjaldi komi til framkvæmda. En hvað segir hæstv. ríkisstj. um launamálastefnu sína í skýrslunni um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á árinu 1979 — í málsgrein sem hlýtur að hafa verið lesin 10 sinnum 10 sinnum af öllum ráðh. í ríkisstj. og maður skyldi ætla að bæði ráðh. Alþfl. og ráðh. Alþb. hefðu gefið meiri gaum en nokkurri annarri setningu í þessari skýrslu? Hvað segir ríkisstj. um stefnu sína í launamálum? Hún segir: „Í forsendum þjóðhagsspár fyrir árið 1979 er miðað við að neysluvöruverð hækki um 33% að meðaltali á þessu ári og um 30% frá upphafi til loka ársins. Þetta fæli í sér umtalsverða verðbólguhjöðnun á þessu ári." — Þetta er stefnan, sem mörkuð var 1. des. um umtalsverða verðbólguhjöðnun, fjárlagaafgreiðslan miðaðist við, lánsfjáráætlunin miðaðist við, allar aðgerðir ríkisstj. hafa miðast við, og spurningin er hvort hún ætlar að standa við það eða ekki. Síðan segir um stefnuna í launamálum: „Sá árangur næst þó ekki nema fylgt verði þeirri stefnu í kauplags- og verðlagsmálum að hækkun peningalauna verði minni en fylgir óbreyttu kerfi vísitölubindingar launa." — Þetta, herra forseti, er álit allra 9 ráðh. núv. ríkisstj., sem þeir hafa fjallað um á mörgum og löngum fundum í ríkisstj., fleiri og lengri fundum en um nokkra aðra lánsfjáráætlun hafa fjallað. Þetta er sú stefna sem þeir boða hér, og það er ekki bara ábyrgðarleysi, það er ekki bara ódrengskapur, heldur er það lítilmannlegt af mönnum, sem styðja þessa ríkisstj., að ætla að afsaka sig með því, þegar slík yfirlýsing kemur fram, að plaggið sé á svo torskildu máli að þeir hafi ekki skilið það, eða að segja að ráðh. hafi gleymt að lesa þetta, eða að segja að einhverjar stofnanir úti í bæ hafi samið þetta fyrir ráðh. og laumað þessu atriði inn í skýrsluna fram hjá þeim, eða að segja að ráðh. hafi gleymt að sýna þingflokknum þetta. Þetta eru auðvitað lítilmannlegar afsakanir. Þær eru að sjálfsögðu ósannar, þær eru að sjálfsögðu ódrengilegar, en þær eru lítilmannlegar, það er það sem mestu máli skiptir.

Ég held að það sé ljóst, hæstv. forseti, að sú stefna, sem ríkisstj. hefur þegar markað og kemur fram í fjárlagaafgreiðslu hennar og í þessari skýrslu hennar, er við það miðuð að þau atriði, sem þjóðhagsspáin fyrir árið 1979 felur í sér, standist. Ef nú í miðjum klíðum verður beitt þeirri afsökun að menn hafi ekki lesið frv., menn hafi ekki skilið það, einhver úti í bæ hafi platað þá eða einfaldlega það hafi gleymst að segja þeim frá því, — ef þeim afsökunum verður beitt til að hlaupa undan árunum, hætta í miðjum klíðum og hopa af hólmi með einum eða öðrum hætti, skulu menn átta sig á því, að þá er fjárlagaafgreiðslan frá því í des., sem allir þm. stjórnarflokkanna stóðu að, hrunin. Þá stendur ríkissjóður uppi með miklum greiðsluhalla á þessu ári, þá verður ekki hægt að ná jöfnuði á því tímabili sem ríkisstj. lofaði að jöfnuði skyldi náð á, þá verður ekki hægt að standa við fyrirheitin um greiðslu erlendra skulda, þá er hruninn grundvöllurinn undan þeim afgreiðslum sem ríkisstj. hefur þegar gert í efnahagsmálum.

Auðvitað geta menn hlaupið undan árunum og flúið af hólmi ef þá lystir. Auðvitað geta þeir hlaupið aftur af stað til þess að stela eggjunum úr hreiðrinu með því að mótmæla þessu hér og hinu þar. En menn geta aldrei hlaupist undan því að þeir hafa greitt atkv. sitt hér á Alþ. með ákveðinni stefnu, og þeir geta aldrei hlaupist undan því að þeirra eigin ráðh. hafa beðið óbreytta þm. að samþykkja aðra þætti í þessari stefnumótun — þætti sem menn eru kannske að gefast upp við núna og þora ekki annað en hlaupa frá. Undan slíkum tvískinnungi getur enginn flúið, vegna þess að þá eru menn að flýja sjálfa sig. Og hvað svo sem einstakir menn hlaupa hratt, þá geta þeir aldrei stungið sjálfa sig af.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að taka þátt í þessum miklu almennu umr. um efnahagsmál sem fram hafa farið, þó að kannske væri freistandi að fara út í það. Ég er ekkert að lá mönnum það, þó þeir fari út í slíkar almennar umr. þegar þetta mál er til umr., því að vissulega er þetta mál eitt af hinum meiri háttar atriðum í sambandi við efnahagsmálastefnu ríkisstj. En ég mun samt sem áður ekki fara út í neinar almennar umr. um þetta. Ég vil aðeins geta þess, að ég er í flestum meginatriðum sammála þeirri stefnu sem fram kemur í því frv., sem hér liggur fyrir og eins og hæstv. fjmrh. hefur túlkað það, og ætla þess vegna ekki að fara út í almennar umr. um það.

Hitt er annað mál, að í þessu frv. eru auðvitað mörg einstök atriði sem bæði ég og margir aðrir sjálfsagt mundu vilja gera aths. við. Ég hef sérstaklega hugsað mér að ræða eitt atriði sem ég finn í skýrslunni sem fylgir þessu frv., skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979, en þetta atriði, sem ég ætla að tala um, er í sambandi við Kröfluvirkjun.

Það kemur fram á bls. 10 í þessari skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, að ekki er fyrirhugað af ríkisstj. hálfu að láta bora frekari vinnsluholur fyrir Kröfluvirkjun. Segir beinlínis í skýrslunni, að frekari framkvæmdum við Kröfluvirkjun verði slegið á frest og eingöngu fylgst með þróun svæðisins næstu tvö árin. Nú er það svo með þetta mál og borunina við Kröflu, að það er svo sannarlega búið að vera mikið og erfitt mál og það er mikið búið að ræða um þessi mál og menn hafa sannarlega ekki verið á eitt sáttir um hverjar ástæður liggi til þess, að svo erfiðlega gekk með borun vinnsluholanna við Kröflu. Ég skal ekki fara mikið út í þetta, en vil þó aðeins í fáum almennum orðum segja að ástæðan til þess, að svo hefur farið, er fyrst og fremst sú, að þeir, sem stóðu að borunarframkvæmdunum, voru naumast nógu vel að sér í þeim verkefnum sem þeir höfðu tekið að sér. Nú eru þeir reynslunni ríkari og það er búið að fara mikið ofan í þessi mál. Ég hygg að segja megi að það sé þegar búið að ná þeim tökum á borunartækninni við Kröflu sem nauðsynlegt er til þess að árangur náist. Þess vegna finnst mér satt að segja að það sé dálítið vafasamt og einkennilegt við þessar aðstæður, þegar menn eru loksins búnir að átta sig á hvernig á að bora við Kröflu, þegar þeir menn, sem við treystum til þeirra hluta í upphafi, en því miður kunnu illa verk sitt, eru loksins búnir að átta sig á því, hvernig þetta eigi að gerast, — þá finnst mér mjög vafasamt að það sé verið að slá á frest frekari borun við Kröflu. Þetta er sú aths. sem ég vildi gera við þessa skýrslu og við þessa lánsfjáráætlun. Ég hef því í hyggju að flytja brtt. við þetta frv. um þetta mál. Brtt. verður efnislega um það, að tekið verði lán að upphæð 660 millj. kr. til þess að bora tvær vinnsluholur á Kröflusvæðinu. Ég skal fara um þetta nokkrum orðum.

Það hafa, eins og menn vita, verið boraðar alls 10 vinnsluholur á Kröflusvæðinu og 5 af þessum holum eru virkar og tengdar við gufuveituna. Það má auðvitað segja að þessar 5 vinnsluholur hafi ekki skilað þeim árangri sem vænst var í upphafi, en þær eru eigi að síður virkar og tengdar við gufuveituna. Heildarmagn háþrýstigufunnar, sem kemur frá þessum holum, er 91.6 tonn á klst., en það er um 45.4% þess gufumagns sem þarf til þess að framleiða 30 mw. af orku eins og nú er stefnt að og vélakostur virkjunarinnar annar.

Þannig er, eins og oft hefur verið um rætt og margir þekkja orðið, eðli jarðhitasvæðisins við Kröflu háttað, að innstreymið í borholurnar kemur frá tveimur aðskildum og ólíkum innstreymiskerfum. Efra innstreymiskerfið nær frá um það bil 300 m dýpi niður á 1200 m dýpi. En þetta innstreymiskerfi er hins vegar aðeins 220° heitt. Þess vegna hefur efra kerfið reynst óhagkvæmt til orkuvinnslu. Þetta kom í ljós þegar farið var að vinna á Kröflusvæðinu, en þetta var jarðfræðingunum ekki ljóst áður en farið væri út í þessa virkjun, nema síður væri, heldur töldu þeir að efra innstreymiskerfið væri nýtanlegt og það jafnvel til bóta að hafa þessi tvö kerfi. Neðra innstreymiskerfið er aftur á móti miklu neðar, en er miklu heitara og er það kerfið sem er fyrst og fremst nýtanlegt.

Ég hef talað um vandamál gufuöflunar við Kröfluvirkjun og bent á að fyrst og fremst ollu því bortæknilegar ástæður og ýmis vanþekking á eðli svæðisins, sem þar kom í ljós. En nú eru menn sannarlega reynslunni ríkari, og þess vegna held ég að ekki sé rétt að hörfa frá því að halda áfram borunum á Kröflusvæðinu.

Ég ætla að víkja svolítið að því sem varðar rannsóknir á virkjunarþörf næstu ára. Það hefur komið fram í ýmsum rannsóknum um virkjunarþörf næstu árin, að árin 1979—1982 og aftur 1985—1987 verða mjög erfið hvað snertir fullnægingu orkuþarfar landsmanna. Svo að úr þessu geti ræst þarf að koma til afl af svipaðri stærð og vélakostur Kröfluvirkjunar getur framleitt, eða 30 mw. Þetta afl þarf að vera óháð árstíma og veðurfarsbundnum áhrifum til þess að nýtast að fullnustu. Sá innlendi orkugjafi, sem best fullnægir þessu skilyrði, er jarðvarminn.

Eins og mál standa nú er orkuvinnslugeta Norðurlands og Austfirðingafjórðungs langt undir orku- og aflþörf þeirra. Byggðalínan er því líflína þessara landshluta hvað raforku snertir. En slitni byggðalínan í einhverjum illviðriskaflanum, t. d. á Holtavörðuheiði eða á Öxnadalsheiði, er hvorki nægjanleg raforka fyrir hendi á Norðurné Austurlandi, þótt allar tiltækar dísilstöðvar væru keyrðar. Háspennulínan frá Laxárvirkjun er orðin mjög gömul og ótrygg og gerir öryggi Norðurlands í bilanatilfellum mjög ábótavant. Hagkvæmasta trygging fyrir öryggi í rafmagnsmálum Norður- og Austurlands er áframhaldandi borun við Kröflu.

Borun tveggja borhola fyrir Kröfluvirkjun á því sumri, sem er að koma, og tenging þeirra næsta haust er nauðsynleg til þess að tryggja nægjanlegt viðbótarafl í tæka tíð. Kostnaður við framkvæmd þessa er nú áætlaður um 660 millj. kr. og mundi gefa aflaukningu, sem er allt að því 10 mw., sem þýðir að virkjunin færi þá að skila a. m. k. 18—19 mw.

Ég vil benda á að það er mikil áhætta tekin með rekstri byggðalínunnar til Austurlands með aðalinnkeyrslu aflsins á Suðurlandi eins og nú er. Miklar spennusveiflur eru þessu samfara og í bilunartilfellum, sérstaklega á miklum álagstímum, er mjög hætt við að spennusveiflur verði illviðráðanlegar og valdi skemmdum á rafbúnaði. Þannig er Kröfluvirkjun nauðsynleg til tryggingar nauðsynlegum rekstri á Austurlínu og það hefur þegar sýnt sig. Keyrsla umtalsverðs afls frá virkjuninni og inn á línuna gerir allar spennustillingar mun auðveldari, auk þess að rekstur byggðalína verður bæði öruggari og fjárhagslega hagkvæmari.

Það hefur komið fram í sambandi við orkuþörfina, og einkum orkuþörf Austurlands, að það eru þrír valkostir

nú fyrir hendi til þess að tryggja viðbótarorkuþörf fyrir Austurland innan þeirra tímamarka sem nauðsynlegt er. Í fyrsta lagi er það að ljúka hringlínu frá Hryggstekk í Skriðdal að Sigöldu. Stofnkostnaður er um það bil 10 milljarðar kr. Annað er að hækka stíflu Laxárvirkjunar og lagning háspennulínu frá Laxárvirkjun í Kröflu. Stofnkostnaður þar er um 3000 millj. kr. En við vitum að *þetta mál er reyndar úr sögunni og kemur ekki til greina.* Slík hækkun á stíflu Laxárvirkjunar er ekki til umræðu og því held ég að flestir alþm. geri sér grein fyrir. En þá kemur til gufuöflun til að koma fyrri samstæðu Kröfluvirkjunar í full afköst, en stofnkostnaður þar er 3.2 milljarðar kr. Þannig er síðasti kosturinn, sem ég er að tala um, greinilega hagkvæmastur þegar litið er á allar hliðar málsins, þ. e. að halda áfram borun við Kröflu og koma virkjunarsamstæðunni þannig fyrir, að hún geti farið að framleiða a. m. k. 30 mw. Þess vegna, eins og ég hef sagt, mun ég leggja til að tekið verði lán á þessu ári til borunarframkvæmda við Kröflu, 660 millj. kr., og mun flytja formlega brtt. um það efni.

Í sambandi við þessi borunarmál þykir mér rétt að minnast á verkefni stóru boranna, sem eru Dofri og Jötunn, en samkv. ummælum orkumálastjóra virðist vera mjög lítið um verkefni fyrir hina stóru bora, Dofra og Jötunn, á þessu ári og e. t. v. á næsta ári líka. Verkefnin, sem virðast vera fram undan, eru að bora eina holu í Bjarnarflagi í Mývatnssveit og eina holu í Svartsengi. Orkumálaráðh. hefur lýst yfir því, og það kemur einmitt fram í þeirri skýrslu sem ég var að vitna til áðan og fylgir þessu frv., að það verði ekki borað við Kröflu, en þetta þýðir að stóru borarnir verða athafnalausir eða athafnalitlir næstu tvö ár e. t. v. Áhrifin á rekstrarafkomu boranna verða mjög neikvæð fyrir þetta. Það verður að segja upp hluta af starfsliði Jarðborananna, sem hefur áreiðanlega mjög slæm áhrif á tæknilega stöðu þess fyrirtækis, og kostnaður við stóru borana tvo minnkar ekki nema að litlu leyti þegar þeir eru ekki í notkun, vegna þess — *ég hef um það upplýsingar* — að fastakostnaður Jötuns er um það bil 200 millj. kr. á ári að viðbættum launakostnaði. Það þarf að hafa a. m. k. 5 fasta menn við borinn og auk þess kemur til geymslukostnaður, þannig að allur fastakostnaður Jötuns er álitinn vera um það bil 250 millj. kr.

Þetta er það sem ég vildi segja einkum í sambandi við þann tillöguflutning, sem ég hef boðað, um að leggja til að 660 millj. verði varið til borana við Kröflu. Ég hef líka í höndum bréf frá Orkustofnun — það er til iðnrn. — dags. 7. 2. M. a. segir, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt í þessu bréfi:

„Með hliðsjón af þeirri stöðu, sem Kröfluvirkjun er nú komin í vegna þess að lítið sem ekkert hefur verið borað þar undanfarin ár, hefur Orkustofnun tekið til gagngerðrar athugunar vænlegustu leiðir til að sjá fyrir raforkuöflun landsmanna fram til aldamóta og þátt Kröfluvirkjunar í þeim, svo og hvaða hlutverki Bessastaðaárvirkjun, báðir áfangar, gæti þar gegnt á hagkvæman hátt. Og niðurstöður þessarar athugunar má draga saman þannig..." Það er gert hér í dálitlu máli og ég les meginniðurstöðuna úr því. Þar segir í fyrsta lagi, að „miðað við orkuspá A frá orkuspárnefnd ber að halda áfram borunum í suðurhlíðum Kröflu af fullum krafti fram til 1980, þ. e. 4 holur á ári." Og einnig segir: „Miðað við sömu orkuspá eru ekki kostnaðarleg eða rekstrarleg rök fyrir því að reisa Bessastaðaárvirkjun fyrir 1990 og líklega ekki fyrir aldamót."

Í þessu bréfi kemur því fram hjá Orkustofnun, að það er vænlegur kostur að halda áfram borun hjá Kröflu, bora tvær holur a. m. k. á þessu ári og hinu næsta. Aftur á móti telja þeir að Bessastaðaárvirkjun sé mjög óvænlegur virkjunarkostur og langt í það að hagkvæmt verði að virkja í þeirri á.

Í *þessu bréfi Orkustofnunar segir enn fremur orðrétt í* kafla sem heitir: „Athugun á stöðu Kröfluvirkjunar í röð virkjunarframkvæmda til aldamóta" — með leyfi hæstv. forseta:

„Sem fyrr segir hefur Orkustofnun tekið til gagngerðrar athugunar á hvern hátt heppilegt væri að fella framhald Kröfluvirkjunar inn í væntanlega virkjanaröð allt fram til aldamóta. Í því skyni hefur hún í fyrsta lagi látið gera áætlun um kostnað við lúkningu Kröfluvirkjunar og um rekstrarkostnað hennar miðað við mismunandi forsendur um borunarárangur og endingartíma borhola. Upplýsingar um stöðvarhússhlutann í þessum kostnaði eru fengnar frá ráðgjafarverkfræðingum Kröflunefndar með munnlegu leyfi framkvæmdastjóra hennar."

Þá hefur Orkustofnun látið gera samanburð á heildarkostnaði fram til aldamóta við að sjá fyrir raforkuþörf landsmanna samkv. orkuspá um það frá orkuspárnefnd eftir mismunandi leiðum, og síðan er vísað í fskj. Að því er Kröflu varðar eru tekin þrjú tilvik til athugunar: Að frekari borunum við Kröflu sé alveg hætt eftir árslok 1978, en virkjunin rekin áfram til 1980, er Hrauneyjafossvirkjun tekur til starfa, en rekstri hennar þá hætt. Að borun verði haldið áfram af krafti í suðurhlíðum Kröflu sumarið 1980, en síðan hætt alveg. Að orkuverið verði rekið fram til 1986, en rekstri þess þá hætt. Og í þriðja lagi verði borunum haldið áfram af krafti þar til stöðin skilar 70 mw. afli og vinnsluholur verði boraðar eftir þörfum til þess að halda þeim afköstum og stöðin rekin til frambúðar.

Þannig mætti vísa í mörg atriði fleiri í þessu bréfi frá orkumálastjóra. En það er sem sagt meginniðurstaðan í þessu sambandi, sem ég vil vitna til, að orkumálastjóri telur eðlilegt og hagkvæmt að borunum verði haldið áfram við Kröflu í sumar. Með vísan til þessa vil ég gera aths. við það sem segir í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun. Ég tel að það eigi að halda vinnu áfram með þeim hætti sem lagt hefur verið til, reyndar bæði af iðnrn., Orkustofnun og af Rafmagnsveitum ríkisins nú, sem hafa tekið við rekstri og framkvæmdum við Kröflu. Ég mun því flytja formlega brtt. í þessa átt.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er á dagskrá, um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979, hefur þegar verið allmikið rætt. Ekki er að undra að um slíkt frv. verði miklar umr. og er eðlilegt að í þeim umr. sé fjallað á víð og dreif um efnahagsmálin og stefnu stjórnvalda í þeim. Ég ætla ekki að víkja mörgum orðum að þeim þætti málsins, almennum umr. um efnahagsmál. Ég ætla t. d. ekki að blanda mér mikið inn í þær viðræður sem hér hafa farið fram á milli ýmissa stjórnarliða og hafa farið fram, eins og hv. næstsíðasti ræðumaður komst að orði, með kristilegu hugarfari og í eggjatínsluatkvæðaveiðastíl, en láta þeim sjálfum eftir þær deilur.

Hins vegar vil ég minnast á það sem hér hefur komið

fram frá hv. stjórnarliðum, t. a. m. frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, þar sem hann talaði um að ef ekki væri fylgt þeirri stefnu, sem boðuð er með þessu lánsfjáráætlunarplaggi, kynni að raskast grundvöllur fjárlagaafgreiðslunnar og lítið mætti út af bera svo að tekjuafgangi fjárlagaafgreiðslunnar væri ekki stefnt í voða og grundvöllur fjárl. hruninn. Ég get upplýst þennan hv. þm. um, þó að það hafi verið gert fyrr, að það er ákaflega auðvelt og fljótgert að eyða greiðsluafgangi fjárl. og er álitamál, hvort sá grundvöllur sé ekki þegar hruninn og hafi í rauninni ekki verið til þegar fjárl. voru afgreidd. Ekki þarf að benda á nema tvær tölur í fjárl. sem eyða í raun og veru þeim greiðsluafgangi sem þar er á pappírnum. Greiðsluafgangur fjárl. er, ef ég man rétt, um 2.5 milljarðar kr. samkv. því sem þar stendur á pappírnum. Ef teknar væru inn í dæmið vantaldar útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir á þessu ári, sem nema 1.2—1.3 milljörðum, og vantaldar niðurgreiðslur á þessu ári, sem nema 2.8 milljörðum, eða samtals 4.1 milljarði kr., þá er þessi greiðsluafgangur fjárl. farinn og 1.5 milljarði betur þó. Þess vegna þarf ekki nein ný þskj. eða nein ný lög til þess að grundvöllur fjárl. sé hruninn, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson orðaði það. Þessi grundvöllur var ekki til þegar fjárl. voru afgreidd.

Í umr. í síðustu viku gerðu talsmenn Sjálfstfl. grein fyrir sjónarmiðum flokksins að því er varðaði ýmsa þætti sem snerta þetta frv. almennt séð. Mér nægir því að vitna til þess, sem þar kom fram, og þarf ekki að orðlengja um það að öðru leyti en því, að ég legg á það mikla áherslu, sem ég og gerði við afgreiðslu fjárl., að það á að vera krafa Alþ. að lánsfjáráætlun sé komin fram a. m. k. — og helst afgreidd — um leið og fjárlagaafgreiðslan fer fram. Það er óhætt að segja bæði óheppilegt og algerlega röng vinnubrögð að afgreiða lánsfjáráætlun mörgum mánuðum eftir að fjárlög eru afgreidd, — lánsfjáráætlun sem í ýmsum tilvikum stefnir í allt aðra átt en gert var með fjárlagaafgreiðslunni. Dæmi voru rakin um þetta í síðustu viku af t. d. hv. þm. Lárusi Jónssyni sem ég ætla ekki að fara að tefja tímann á að endurtaka, en hér er um vinnubrögð að ræða sem ekki er hægt að láta óátalin.

Í því lánsfjáráætlunarplaggi, sem fylgir því frv. sem hér er á dagskrá, eru raktar ýmsar fyrirætlanir ríkisins hvað snertir framkvæmdir og um lántökuheimildir til þess að standast þau framkvæmdaáform. Ég hafði ætlað mér að gera að umtalsefni einkum tvo þætti sem snerta orkumál, og ég verð að segja að mér þykir mjög svo miður að hæstv. fjmrh., sem hefur fjarvistarleyfi og er veikur, en þó sérstaklega iðnrh., skuli ekki vera viðstaddur.

Í lánsfjáráætluninni er bætt úr í ýmsum greinum að því er varðar orkumálin, þó að þar sé sumpart, eins og að því er snertir endurbyggingu dreifikerfa, allt of skammt gengið. Látum svo vera. Það er þó sýndur litur á því að mæta þeirri brýnu þörf sem þar er.

Hér hafa á Alþ. farið fram á undanförnum mánuðum iðulega allítarlegar umr. um fjármál Rafmagnsveitna ríkisins. Innan þeirrar stofnunar hafa verið settar fram till. um að fjárhagsvanda væri mætt að verulegu leyti með beinum framlögum úr ríkissjóði. Till., sem komið höfðu frá starfsmönnum stofnunarinnar til iðnrn. í haust, voru m. a. áréttaðar á fundi í stjórn Rafmagnsveitnanna hinn 19. des. s. l., þar sem gerð var svo hljóðandi bókun, með leyfi forseta:

„Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins ítrekar tillögur stofnunarinnar um bein framlög úr ríkissjóði til þess að mæta fjármagnskostnaði vegna félagslegra framkvæmda síðustu ára og fjárfestingarkostnaði vegna félagslegra og óarðbærra framkvæmda í framtíðinni. Stjórnin samþykkir þær till., sem mótaðar hafa verið fyrir næsta ár og kynntar hafa verið stjórnvöldum, þ. e. að á fjárl. 1979 verði gert ráð fyrir óendurkræfum framlögum úr ríkissjóði að upphæð 800 millj. kr. til að mæta hluta af núverandi fjármagnskostnaði og 680 millj. kr. vegna félagslegra framkvæmda næsta ár. Jafnframt leggur stjórnin áherslu á að þegar verði hafinn undirbúningur að gerð tillagna um þetta efni fyrir árið 1980, þannig að þær geti legið tímanlega fyrir."

Við þessum till. stjórnarinnar og till., sem mótaðar höfðu verið að undirlagi stjórnar af starfsmönnum stofnunarinnar, lét hæstv. iðnrh. m. a. orð falla í umr. á Alþ. hinn 15. des. s. l., með leyfi hæstv. forseta, eftir að hann hafði lýst fjármagnsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og þeim kröfum sem uppi væru frá þeirri stofnun til þess að ráða bót á honum:

„Við þessum aðstæðum, sem eru tilefni þessarar orðsendingar, hefur verið rætt í ríkisstj. að bregðast með tvennum hætti: annars vegar með beinu fjárframlagi ríkisins til Rafmagnsveitnanna, sem a. m. k. nemi 600 millj. kr. og iðnrn. hefur gert till. um í tengslum við lánsfjáráætlun, og hins vegar með framlengingu og þeirri hækkun verðjöfnunargjaldsins, sem lögð er til með þessu frv."

Með þessum orðum og raunar ýmsum fleiri yfirlýsingum gaf hæstv. iðnrh. ótvírætt til kynna að stefnt væri að því, að Rafmagnsveitum ríkisins væri aflað eigi minna en 600 millj. kr. framlags við afgreiðslu lánsfjáráætlunar. Í því plaggi, sem hér liggur fyrir um þetta efni, segir hins vegar, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að leysa úr þeim fjárhagsörðugleikum, sem nú steðja að RARIK, er ákveðið að taka 600 millj. kr. lán. Lánsfjáröflunin er til þess ætluð að fyrirtækið geti m. a. endurgreitt Landsbanka Íslands 200 millj. kr. lán frá árinu 1977. Ríkissjóður mun á næstu fimm árum leggja RARIK til árlega 120 millj. kr. til endurgreiðslu lánsins, en að öðru leyti annast fyrirtækið greiðslur vaxta og afborgana."

Ég verð að játa, að þegar ég sá þessar niðurstöður varð ég bæði undrandi og fyrir miklum vonbrigðum. Í þessari yfirlýsingu í lánsfjáráætlunarplagginu er falin alger brigð á ummælum iðnrh. frá því fyrir jólin, og ég harma að hæstv. ráðh. skuli ekki vera viðstaddur til að hlusta á þessa umr. Hæstv. ráðh. mun vita að það leysir ekki fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins að þar séu tekin ný lán, og þó að nú séu gefin fyrirheit um að ríkið útvegi 600 millj. kr. lán til þessarar stofnunar til þess að geta greitt önnur lán er ekki í því lausn fólgin og alls ekki á þann hátt sem hæstv. iðnrh. gaf yfirlýsingu um fyrir jól.

Enn eru í þessu fólgnar yfirlýsingar um það, að á næstu 5 árum muni ríkissjóður leggja til 120 millj. kr. á ári til þess að mæta fjárhagsvanda þessarar stofnunar. Ég get ekki annað sagt en hér sé löðurmannlega að verki staðið.

Í sambandi við þetta mál gerði stjórn Rafmagnsveitna ríkisins samþykkt á fundi sínum hinn 27. 2. s. l., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins leyfir sér hér með að vitna til samþykktar sinnar, dags. 19. des. s. l., þar sem farið er fram á óendurkræf framlög úr ríkissjóði, samtals að upphæð 1480 millj. kr., til þess að mæta að hluta núverandi fjármagnskostnaði fyrirtækisins og einnig

vegna félagslegra framkvæmda á þessu ári. Enn fremur leyfir stjórnin sér að vitna til ummæla iðnrh. á Alþ. 15. des. 1978 um að bregðast við fjárhagsvanda Rafmagnsveitnanna með beinu fjárframlagi ríkisins til Rafmagnsveitnanna sem a. m. k. nemi 600 millj. kr. Með tilliti til þess, er að framan greinir, lýsir stjórn Rafmagnsveitnanna því yfir, að hún telur óviðunandi, sem fram kemur í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1979, 600 millj. kr. auknar lántökur til Rafmagnsveitna ríkisins sem á engan hátt kemur til móts við tillögur stjórnarinnar varðandi lausn á fjárhagsvanda stofnunarinnar á þessu ári. Því ítrekar stjórnin fyrri samþykktir sínar um þessi efni og beinir þeim eindregnu tilmælum til iðnrh. og ríkisstj., að 600 millj. kr. lán samkv. fjárhagsáætlun verði breytt í óendurkræft framlag úr ríkissjóði." (**Forseti:** Nú slær klukkan 4. Þar sem ég þykist vita að hv. þm. eigi margt eftir ósagt enn mælist ég til þess við hann að hann fresti ræðu sinni og komi tvíefldur til baka á miðvikudaginn kemur.) Sjálfsagt. — [Frh.]

Umr. frestað.

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði, þáltill. (þskj. 43). — Ein umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 43 flyt ég till. til þál., sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf er banni að geyma hvers konar kjarnorkuvopn hér á landi, sigla með þau eða fljúga með þau eða flytja þau með öðrum hætti um íslenskt yfirráðasvæði. Jafnframt verði kveðið á um eftirlit Íslendinga til að tryggja að þessi lög verði virt."

Ég vek athygli hv. alþm. á því, að þarna er prentvilla, orðið „virk" á að vera „virt", og sams konar prentvilla er í grg., 3. línu a. n.

Það munu nú um 3 ár síðan ég flutti till. um þetta efni áður á Alþ. ásamt Magnúsi Torfa Ólafssyni, sem þá átti sæti á þingi. Till. hlaut þá ekki afgreiðslu úr utanrmn. Till., sem ég flyt nú, er efnislega eins og sú fyrri, með þeirri viðbót þó, að bætt er við banni á flutningi kjarnorkuvopna með skipum. Er það gert samkv. ábendingu frá Benedikt Gröndal, núv. utanrrh., en hann benti réttilega á það í umr., sem áttu sér stað á Alþ. um fyrri till., að hætta á slíku væri ekki veigaminnst. Í umr. þá sagði hæstv. utanrrh., Benedikt Gröndal:

„Hafnirnar eru enn nær íslensku þéttbýli, og erlend skip hafa verið hér t. d. á ytri höfninni í Reykjavík og lagst upp að bryggju, fjöldamörg skip frá ýmsum löndum sem vel gætu verið með þessi vopn innanborðs. Ég veit ekki til að það hafi nokkurn tíma verið um það spurt, þótt gengið sé út frá því að það sýni enginn þann dónaskap að sigla hingað með slík vopn innanborðs án þess að láta vita af því og spyrja um leyfi."

Þetta var auðvitað sjálfsögð og fyllilega réttmæt ábending.

Umr. um hugsanleg kjarnorkuvopn á Íslandi hafa farið fram á Alþ. þó nokkrum sinnum að gefnu tilefni. Í þessum umr. hefur komið fram, að það er stefna allra stjórnmálaflokka að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn. Með þessari till. er því verið að leggja til að festa í lögum óumdeilda stefnu allra stjórnmálaflokka og stjórnvalda sem um þetta mál hafa fjallað. Hugmyndin að baki tillöguflutningnum er sá skilningur, að það sé skylda Alþ. gagnvart þeim Íslendingum, sem nú eru uppi, og gagnvart afkomendum okkar í þessu landi að gera allt sem í okkar valdi stendur til að bægja frá þeirri ógn sem af kjarnorkuvopnum stafar. Tilgangurinn er sem sé sá að tryggja framkvæmd þessarar stefnu með lagasetningu og eftirliti.

Með till. er lagt til algjört bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði — bann sem væri afdráttarlaust og almennt gagnvart hverjum sem er. Hitt dylst auðvitað engum, að nauðsyn á slíku banni er enn brýnni sakir þess að mesta kjarnorkuveldi heims hefur hér herstöð.

Í fyrri umr. um kjarnorkuvopn á Íslandi hafa stjórnvöld vitnað til þess, að sérstakt samkomulag sé til milli íslenskra stjórnvalda og bandarískra um að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. En til þess að slíkt samkomulag hafi nokkurt gildi fyrir Íslendinga verður að vera fyrir hendi í fyrsta lagi ótvíræð viðurkenning af hálfu beggja aðila um að slíkt samkomulag sé til og í öðru lagi full trygging fyrir okkur að það samkomulag sé haldið. Því fer fjarri að nægilega vel sé frá þessu gengið.

Árið 1968 urðu umr. á Alþ. um kjarnorkuvopn á Íslandi. Tilefnið var að bandarísk flugvél hlaðin kjarnorkuvopnum fórst á Grænlandi. Ferð flugvélarinnar var skýlaust brot á samkomulagi milli Bandaríkjamanna og Dana. Í umr. þeim á Alþ., sem hér um ræðir, sagði þáv. utanrrh., Emil Jónsson, orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég hef raunar ekki annað um þetta að segja en það, að það er fullt samkomulag á milli ríkisstj. Íslands og varnarliðsins, þeirra sem því stjórna, um það, að hér á Íslandi séu ekki kjarnorkusprengjur af neinu tagi."

Og síðar í sömu ræðu sagði Emil Jónsson, að hann hefði heyrt viðtal í útvarpi við þáv. yfirmann varnarliðsins þar sem hann hefði einmitt ítrekað og undirstrikað að um þetta væri fullt samkomulag einnig af þeirra hálfu. Hér skýrir þáv. utanrrh. Íslands frá því, að yfirmaður varnarliðsins hafi lýst því yfir að samkomulag væri við íslensk stjórnvöld um að hér væru ekki kjarnorkuvopn.

Ég vek á þessu athygli vegna þess að annað var upp á teningnum nokkrum árum síðar, á árunum 1975—1976. Þá urðu mikil blaðaskrif erlendra manna, m. a. í fréttabréfi kjarnorkuvísindamanna og sérfræðiritum, og þar var fullyrt að flugvélar Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli væru búnar djúpsprengjum með kjarnaoddi. Viðbrögð yfirmanna hersins og sendiherra Bandaríkjamanna á Íslandi við fyrirspurnum um þetta voru þá á annan veg en áður og hafði orðið nánast furðuleg breyting. Svör þeirra þá voru ekki önnur en þau, að Bandaríkjamenn segðu aldrei neitt um kjarnorkuvopn sín né hvar þeim væri búinn staður. Það væri stefna þeirra að játa hvorki né neita ef þeir væru spurðir slíks.

Nú er full ástæða til að spyrja með hliðsjón af því sem á undan hafði gerst: Hvenær breytti Bandaríkjastjórn um stefnu gagnvart Íslendingum varðandi þetta mál? Áður höfðu þeir fullyrt að samkomulag væri í gildi. Af hverju mátti nú ekki kannast við slíkt samkomulag? Fullyrðingar Bandaríkjamanna um að þeir gæfu aldrei neitt upp varðandi kjarnorkuvopn sín stóðust ekki heldur, því

einmitt um þessar sömu mundir var skýrt í fréttum frá samkomulagi milli Bandaríkjamanna og Spánverja um framtíð bandarísku herstöðvanna á Spáni og einn liður í því samkomulagi fjallaði einmitt um kjarnorkuknúna kafbáta sem skyldu fjarlægðir úr tiltekinni flotastöð þar í landi. Um þennan samning var fjallað í bandaríska þinginu og síður en svo að yfir honum hvíldi nokkur sú leynd sem var við brugðið þegar umr. urðu um kjarnorkuvopn hér á landi.

Áður en ég flutti fyrri till. mína hér á Alþ. 1975 reyndi ég að grafast fyrir um hvenær þetta margumrædda samkomulag Bandaríkjamanna og Íslendinga varð til og hvar það væri að finna. Þær eftirgrennslanir mínar báru engan árangur. En þáv. utanrrh. Einar Ágústsson upplýsti að það hefði ætíð verið skoðun íslenskra ríkisstj. að túlka bæri 3. gr. varnarsamningsins á þann hátt, að ekki bæri að geyma kjarnorkuvopn á Íslandi án heimildar íslenskra stjórnvalda. 3. gr. hins svonefnda varnarsamnings hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Það skal háð samþykki Íslands, hverrar þjóðar menn eru í varnarliðinu, svo og með hverjum hætti það tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum."

Ef þetta er rétt túlkun varðandi 3. gr. varnarsamningsins og kjarnorkuvopnin, þá þýðir það einfaldlega að íslensk stjórnvöld geta eða hafa heimild til að opna landið fyrir kjarnorkuvopnum Bandaríkjamanna, án þess að Alþ. sé spurt og án þess að Alþ. hafi hugmynd um. Einmitt þetta gerðist raunar í Noregi. Árin 1959—1960 voru reistar lóranstöðvar á Norður-Noregi og á Jan Mayen að tilmælum bandarískra stjórnvalda. Látið var í veðri vaka að þær þjónuðu borgaralegum samgöngum, en í reynd eru þær til aðstoðar kafbátum búnum atómvopnum. Um þetta voru harðar deilur í Noregi á síðustu árum, svo sem hv. alþm. er sjálfsagt kunnugt um, og því haldið fram að þessar stöðvar væru algert brot á stjórnarskrá Noregs og yfirlýstri stefnu Noregs í herstöðva- og kjarnorkumálum.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að 3. gr. varnarsamningsins gildir ekki um aðrar þjóðir sem ráða yfir kjarnorkuvopnum. Þær gætu hugsanlega siglt hér að landi með kjarnorkuvopn innanborðs eða flugvélar þeirra flogið yfir án þess að til væri stafkrókur á Íslandi sem bannaði slíkt, eins og núv. utanrrh. hefur raunar réttilega bent á. Íslensk stjórnvöld hafa ekki einu sinni gefið út opinbera yfirlýsingu um þá stefnu sína, að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn. Sýnist það þó vera algert lágmark í þessum efnum.

Till. þessi kveður einnig á um eftirlit Íslendinga sjálfra til að tryggja að þessi lög yrðu virt. Til þess að annast eftirlit það, sem gert er ráð fyrir í þessari till., þarf ekki neitt íslenskt herlið, heldur hóp sérmenntaðra manna sem hefðu í þessu skyni allan nauðsynlegan aðgang að herstöðinni. Mér er tjáð af sérfræðingi, sem ég hef haft samband við, að slíkir eftirlitsmenn yrðu að hafa séð og lært að þekkja kjarnorkuvopn. Slíkan lærdóm yrði að sækja til annarra landa þar sem þá þekkingu er að finna. Enn fremur væri höfuðnauðsyn að þeir hefðu algeran aðgang að herstöðinni í þessu skyni, þar sem mjög auðvelt væri að skerma af plútonium, sem væri líklega notað í hinum smærri sprengjum.

Að lokum vil ég aðeins ítreka það sem ég hef sagt áður í þessum ræðustól, að það er skoðun mín að sjálfstæðri þjóð beri að tryggja öryggishagsmuni sína sjálf með þeim ráðum sem henni eru tiltæk. Hún á að hafa yfirsýn yfir það sem gerist í landi sínu. Hún tekur sjálf ákvarðanir og krefst þess að aðrir virði þær kröfur. Það væri að mínu viti spor í rétta átt, ef Alþ. samþykkti þá till. sem hér liggur fyrir.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir það sem frsm. minnti á, að það er óumdeild stefna allra íslensku stjórnmálaflokkanna að hér á landi skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Ég vil láta í ljós þá von mína, að það sé leit að nokkrum einstaklingi í landinu sem ekki er samþykkur þeirri stefnu.

Eins og aðstæður hafa verið hér á landi undanfarna áratugi er engan veginn óeðlilegt að umr. verði um þetta mál á Alþ. öðru hverju og dvöl bandarískra varnarliðsins dragist inn í þær umr. Hingað til hefur niðurstaða þeirra ávallt orðið sú, að utanrrh., hverjir sem þeir hafa verið, hafa fullyrt að samkv. varnarsamningnum, eins og hann er skilinn, hafi Bandaríkjamenn ekki leyfi til að flytja hingað kjarnorkuvopn, þeir hafi aldrei farið fram á slíkt leyfi, það hafi aldrei verið veitt og frá því sjónarhorni sé ekki ástæða til að ætla að slík vopn hafi verið eða séu í landinu. Komið hefur til tals hvort til séu einhverjar viðráðanlegar og einfaldar aðferðir til þess að sannprófa hvort kjarnorkuvopn eru þarna, en ekki virðist liggja á lausu að slík tækni sé fyrir hendi. Hins vegar hafa þeir, sem spurðir hafa verið víða erlendis um þessi mál, yfirleitt bent á að meðferð kjarnorkuvopna af hvaða stærð sem er útheimti svo miklar öryggisráðstafanir að það sé með öllu óhugsandi að þær gætu átt sér stað á varnarstöð sem er jafnopin og Keflavíkurstöðin ávallt hefur verið og er, án þess að eftir því væri tekið. Ég hygg að þetta sé raunar mesta öryggisatriðið. Ég hygg að þetta sé raunar mesta öryggisatriðið. Ég efast ekki um að væri hér öryggisviðbúnaður sem nauðsynlegur er fyrir slík vopn, hefðu Sovétríkin séð hann með eftirlitsgeimförum sínum, en bæði risaveldin hafa náð ótrúlega langt með eftirliti úr geimförum, geta jafnvel talið fingur á hendi manns á jörðu niðri, að því er sagt er. Um það hefði því vafalaust verið formlega kvartað. En það hefur ekki verið gert.

Mér er ekki kunnugt um, hvenær til kom sú fyrirskipun til allra bandarískra hermanna, að þeim væri með öllu bannað að svara játandi eða neitandi neinu um kjarnorkuvopn, jafnvel þó þeir sitji á einni slíkri sprengju, en þeirri reglu hafa varnarliðsmenn hér fylgt um alllangt skeið. Það, sem gerðist á Spáni, brýtur ekki í bága við þessa reglu vegna þess að það var opinbert mál af Spánverja hálfu að í flotastöð á Suður-Spáni voru kjarnorkukafbátar. Það var víðfrægt hneyksli þegar slys kom fyrir einn slíkan kafbát og mikil leit var að honum gerð. Var því ekki von að nein leynd væri í kringum það.

Ég legg áherslu á að ég tel að stöðin á Keflavíkurflugvelli sé svo galopin hverjum þeim, sem vill skoða hana, að ekki ætti að geta farið leynt ef þar væri sá vígbúnaður sem óhjákvæmilegur er þar sem einhvers konar kjarnorkuvopn eru á ferð.

Í umr. fyrir nokkrum árum um þessi mál var vísað til þess, að í tveimur til þremur tilfellum hefðu erlendir sérfræðingar fullyrt að hér væru bandarísk kjarnorkuvopn. Ein af þeim stofnunum, sem lét slíka fullyrðingu á prent, var sænska friðarstofnunin, SIPRI. Það vill svo til, að það er ekki langt síðan ég fékk tækifæri til að heim-

sækja þessa stofnun og kynnast því, hvernig hún starfar að upplýsingaöflun og úrvinnslu upplýsinga. Þá spurði ég að því, á hverju þeir byggðu þá fullyrðingu að kjarnorkuvopn væru á Íslandi. Þeir svöruðu: Við byggðum það á því einu, að á Íslandi eru flugvélar sem geta borið kjarnorkuvopn. — Þetta er óneitanlega heldur veikur rökstuðningur, af því að það hefur verið opinbert mál, rætt í þessum sal í 15—20 ár, að a. m. k. tvær tegundir flugvéla, sem aðallega eru á Keflavíkurflugvelli, gætu borið kjarnorkuvopn. En nú á dögum er leit að þeim tegundum flugvéla, sem ekki gætu það, því fjölbreytni í gerð kjarnorkuvopna er sögð vera orðin svo mikil.

Ég ætlaði mér annars ekki að endurtaka frekar fyrri umr. um þessi atriði, heldur snúa mér að einu sem mér fannst vanta í málflutning hv. frsm.

Fyrir rúmlega áratug var gerður alþjóðlegur samningur gegn dreifingu kjarnorkuvopna. Það voru risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, sem höfðu frumkvæði um að gera þennan samning og mikill fjöldi þjóða um allan heim gerðist aðilar að honum. Þó voru undantekningar frá því. Lönd eins og Kína, Indland, Ísrael og Egyptaland neituðu að skrifa undir samninginn, en það er á hvers manns vitorði að þessi ríki voru þá einmitt talin standa nærri því að geta orðið kjarnorkuveldi og eru sum hver orðin það síðan. Íslendingar gerðust aðilar að þessum samningi. Hann var undirskrifaður á löglegan hátt af þáv. ráðh. samkv. ákvörðun ríkisstj. og nokkru síðar var tilkynning birt um það í Stjórnartíðindum. Hann var fyrst birtur í Stjórnartíðindum í heild og nokkru síðar, þegar tiltekinn fjöldi ríkja hafði staðfest þennan samning, var birt tilkynning í Stjórnartíðindum um að hann hefði tekið gildi og hefði því sem alþjóðlegur samningur, gerður á löglegan hátt af íslenskum yfirvöldum, lagagildi á Íslandi.

Í þessum samningi er afdráttarlaust sagt, að hvert ríki, sem undirskrifar hann og staðfestir, skuldbindi sig til þess að ekki verði flutt kjarnorkuvopn beint eða óbeint á neinn hátt eða þau framleidd á landssvæði og yfirráðasvæði viðkomandi ríkis. Þessi ákvæði eru ákaflega skýr og ljós. Af þessu leiðir að íslenska ríkið hefur í tæplega áratug verið skuldbundið til þess með aðild að alþjóðlegum samningi, ásamt tugum annarra ríkja, að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn og hingað megi ekki flytja kjarnorkuvopn. Þegar sagt er: „hvorki beint né óbeint" — getum við túlkað það þannig: hvorki á okkar vegum né t. d. varnarliðsins. Þessi skuldbinding er þýðingarmikil og hún er algjörlega ótvíræð og greinileg yfirlýsing af hálfu íslenskra yfirvalda um það, að ekki sé ætlan þeirra að hér verði kjarnorkuvopn á meðan þessi skuldbinding helst og samningurinn er í gildi, sem er um óákveðinn tíma.

Þar sem varnarlið Bandaríkjanna blandast í málið tel ég sérstaklega rétt að benda á að Bandaríkin voru ásamt Sovétríkjunum annað aðalhvataríkið að því að þessi samningur varð til. Ef Bandaríkjamenn flyttu til Íslands eða geymdu á Íslandi kjarnorkuvopn án þess að við vissum af því, — sem ég tel ólíklegt og erfitt, en engu að síður skulum við segja svo, — væru þeir að fremja mjög gróft brot á þessum mikilvæga samningi sem þeir sjálfir lögðu mikla áherslu á að fá ríki um allan heim til að gerast aðilar að.

Þessi samningur var ekki lagður fyrir Alþ. af þeirri einföldu ástæðu, að samkv. stjórnarskránni er þess ekki þörf. Samkv. henni ber að leggja alla samninga, sem fela í sér hið minnsta afsal á landsréttindum, undir Alþ. Aðra samninga getur forseti Íslands gert, þ. e. ríkisstj., og með réttum staðfestingum og réttum auglýsingum hljóta þeir lagagildi hér á landi, eins og var um þennan samning. Ég ítreka því að íslenska ríkið er fullkomlega og á ótvíræðan hátt skuldbundið í þessum efnum og er búið að vera það í 8—10 ár. Með því að undirrita þennan samning, taka á sig þessa skuldbindingu, gaf íslenska lýðveldið út eins ljósa stefnuyfirlýsingu í þessu máli og hugsanlegt er. Þessi samningur er í fullu gildi og stendur því allt sem í honum er og hann snertir og með honum var gert.

Kjarnorkumál hafa að sjálfsögðu verið feikimikið til umræðu á alþjóðlegum vettvangi, sérstaklega í sambandi við hugsanlega afvopnun. Á s. l. sumri efndu Sameinuðu þjóðirnar til sérstaks aukaþings um afvopnunarmál og þar mættu háttsettir þjóðarleiðtogar víðs vegar að úr heiminum. Var einna helst til tíðinda af ræðum þeirra á þessu aukaþingi, að æðstu menn, bæði Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, gáfu loforð — að vísu með dálítið mismunandi orðalagi — um að þessi ríki skyldu aldrei beita kjarnorkuvopnum gegn neinu því ríki sem ekki býr yfir kjarnorkuvopnum sjálft, hvað þá ef það er skuldbundið með aðild að þessum samningi eða á svipaðan hátt. Þetta er yfirlýsing af því tagi að ég tel að hana beri að taka fullkomlega alvarlega og að hún geti orðið til aukins öryggis fyrir okkur eftir að við höfum gerst aðilar að samningnum gegn dreifingu kjarnorkuvopna. Við höfum í raun og veru vilyrði beggja þessara risavelda um að þau muni aldrei beita kjarnorkuvopnum gegn landi eins og okkar, þar sem engin kjarnorkuvopn eru og þar sem ríkið hefur skuldbundið sig á þann hátt sem við höfum gert með aðild að umræddum samningi.

Þetta taldi ég rétt að kæmi fram. Ég tel að sjálfsögðu eðlilegt að málið gangi til utanrmn. og að n. kynni sér þetta allt nánar, svo að hægt verði að leggja nánari upplýsingar fram, t. d. samninginn í heild svo að hv. alþm. geti rifjað hann upp og athugað hann. Í því ljósi má síðan meta hvort sérstök ástæða er til frekari lagalegra aðgerða af okkar hálfu.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Till. þessari mun verða vísað til utanrmn., eins og hæstv. utanrrh. tók fram, svo ekki er þörf á langri ræðu á þessu stigi mála. Hæstv. utanrrh. gat þess, að n. mundi kynna sér öll atriði sem þetta varða, og ég leyfi mér þá að vekja athygli á því, hvort ekki væri þarflegt að utanrmn. tæki sér einhvern tímann ferð á hendur suður á Keflavíkurflugvöll og liti á allar aðstæður. Ég segi fyrir mig, ég kem þar aldrei nema þegar ég er að fara utan eða koma heim aftur. Og ég hygg að við fulltrúar í utanrmn. vitum í sjálfu sér sáralítið um þann stað eða hvað þar fer fram.

Till. þessi gerir ráð fyrir lagasetningu er banni að geyma hvers konar kjarnorkuvopn hér á landi, sigla með þau eða fljúga með þau eða flytja þau með öðrum hætti um íslenskt yfirráðasvæði. Í grg. gerir flm. ráð fyrir því, að enda þótt skoðanir séu skiptar um réttmæti erlendra herstöðva hér á landi, muni þó allir Íslendingar sammála um að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Skal einnig út frá gengið að sú sé almenn afstaða landsmanna, eða eins og hv. frsm. tók til orða: Stefna allra stjórnmálaflokka er að hér séu ekki geymd kjarnorkuvopn.

Fyrst skal að því vikið, hvort ætla megi að sérstök löggjöf treysti hag okkar og aðstöðu að þessu leyti umfram þau samningsákvæði sem í gildi eru og snerta þessi

mál og hér hefur þegar verið að vikið. Í því efni verður fyrst fyrir að benda á 3. gr. varnarsamningsins svokallaða, en hann hefur að sjálfsögðu lagagildi hér á landi, birtist í Stjórnartíðindum árið 1951, þ. e. a. s. auglýsing um varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins. Þar segir svo í 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Það skal vera háð samþykki Íslands, hverrar þjóðar menn eru í varnarliðinu, svo og með hverjum hætti það tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum."

Þessi grein hefur ávallt verið skilin svo að Íslendingar hefðu þessa hluti í hendi sér að svo miklu leyti sem unnt er. Einnig gerði hæstv. utanrrh. nokkra grein fyrir samningi um bann við dreifingu kjarnorkuvopna, en sá samningur er frá 23. okt. 1969 og hefur einnig lagagildi hér á landi. Í 2. gr. hans segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérhvert kjarnavopnalaust ríki, sem er samningsaðili, skuldbindur sig til að taka ekki við frá neinum afhendingaraðila, hverjum sem er, hvorki beinlínis né óbeinlínis, kjarnavopnum eða öðrum kjarnasprengjutækjum eða yfirráðum yfir slíkum vopnum eða sprengjutækjum: að framleiða ekki eða útvega sér með öðrum hætti kjarnavopn eða önnur kjarnasprengjutæki; og að leita ekki eftir eða fá nokkra aðstoð við framleiðslu kjarnavopna eða annarra kjarnasprengjutækja."

Því hefur verið slegið föstu og hvarvetna út frá því gengið, að ég ætla, að Norðurlönd öll séu kjarnorkuvopnalaust svæði. Á því byggist eitt og annað í varnarkerfi þeirra og umr. um það, eins og t. d. hin svonefnda Kekkonen-áætlun. Hitt er svo annað mál, og má aðeins vikja að því, hvort þeim ríkjum, sem á annað borð hugsa eitthvað um landvarnir, þyki henta að ræða mikið um það opinberlega í hverju varnir þeirra séu fólgnar. Ég býst við því, að okkur sé flestum svo farið að ef við værum ákveðin í því að reyna að verjast einhverri meintri árás, hvort sem um væri að ræða einstaklinga eða þjóðina, dytti okkur síðast í hug að útskýra nákvæmlega fyrir meintum árásaraðila á hvern hátt við hefðum ákveðið að verja hendur okkar. Flestir mundu telja það harla óhyggilegt.

Það mætti auðvitað nefna eitt og annað í þessu sambandi, svo sem Saltviðræður þær, sem fram hafa farið og ég ætla að séu í þann veginn að bera einhvern árangur, a. m. k. verður að binda nokkrar vonir við að svo sé.

Ég er alveg sammála hv. flm. um það, að ef þurfa þætti að setja slíka löggjöf sem hér er vikið að, ofan á þau samningsákvæði sem lagagildi hafa og nefnd hafa verið, yrði jafnframt að tryggja að hún yrði ekki bara dauður bókstafur, verri en engin. Hvernig á að tryggja það? Það er nefnt í niðurlagi grg., að það yrði að koma á eftirliti Íslendinga sjálfra til þess að tryggja að slík löggjöf yrði virt meðan erlendur her og erlendar herstöðvar eru í landinu. Slíkt eftirlit þurfa að annast sérmenntaðir menn, segir þar, sem hefðu í því skyni allan nauðsynlegan aðgang að herstöðinni.

Það er alveg rétt, að komið hafa fram um það raddir af og til hér á landi að setja þurfi á fót einhvern hóp sérmenntaðra manna sem gæti gert sér grein fyrir þessum málum. Sumir hafa jafnvel nefnt að stofna þyrfti innlendan her. Það hefur verið nefnt oftar en einu sinni. En hvað sem um það er að segja er ljóst að lítið þýddi að hafa eftirlit Íslendinga með þessum málum án þess að þar væri um sérmenntaða og nokkuð herfóða menn að ræða. Að því vék frsm. raunar í máli sínu.

Vitanlega erum við Íslendingar ekki hernaðarlega sinnaðir — friðsöm þjóð frá aldaöðli, sem hefur jafnvel allt að því forðast að ræða utanríkismál, hvað þá heldur hermál. Ég kannast við það af reynslunni. Við höfum tekið þátt í samstarfi Þingmannasambands Atlantshafsríkjanna, en það er þingmannasamband sem byggt er upp með venjulegum hætti. Á þess vegum starfa nokkrar aðalnefndir. Ein þeirra nefnda er hin svokallaða hermálanefnd. Ég ætla að íslenskir fulltrúar á þeim fundum hafi naumast litið inn í það herbergi þar sem aðalstöðvar þessarar hermálanefndar eru, svo fjarlægir erum við því að vilja ræða eða setja okkur inn í þessi mál. En vel má vera að þetta sé ekki rétt. Við hefðum e. t. v. átt að gera meira að því, eins og við vikið er að í grg., að búa okkur undir það að geta a. m. k. fylgst með hernaðarmálum að einhverju leyti. (**StJ:** Jón Sólnes á sæti í hernaðarnefnd.) Hann hefur einhvern tíma komið á þessa fundi. Ekki veit ég hvort hann hefur beinlínis gengið á fund þeirrar nefndar að vísu. — Það er deginum ljósara að við Íslendingar höfum ekki vanist vopnaburði um margar aldir og erum þeim málum algerlega afhuga. Geta má þess, að bann við dauðarefsingu var sett í lög hér, að vísu ekki fyrr en með lögum nr. 51/1928. Það voru lög um breytingu á hegningarlögum frá 1869. En þá hafði aftaka ekki farið fram í næstum því 100 ár.

Við erum óvanir vopnaburði. Hér við land hefur ekki verið háð nema ein sjóorrusta sem nokkuð bragð er að: Flóabardagi árið 1244. Tveimur árum seinna var raunar háð hér á landi mannskæðasta orrusta í Íslandssögunni: Haugsnesbardagi í Skagafirði, 19. apríl 1246, að ég ætla. En hinu megum við ekki gleyma, að stjórnaskráin minnir okkur á, í 75. gr., að sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum. Kannske yrði nánar að því vikið í væntanlegri lagasetningu sem hér er gert ráð fyrir.

Svo er að lokum rétt að minnast á samstarfsyfirlýsingu núv. ríkisstj. V. kaflinn eða 5. greinin í því samkomulagi fjallar einmitt um að sett skuli á fót nefnd um athugun á öryggismálum — nefnd allra þingflokka. Þar er m. a. gert ráð fyrir því, að sú nefnd geri ítarlega úttekt á öryggismálum þjóðarinnar, stöðu landsins í heimsátökum, valkostum öryggisstefnu, núverandi skipan öryggismála, áhrifum á íslenskt þjóðlíf svo og framtíð herstöðvanna eftir að herliðið fer og varnir gegn hópum hryðjuverkamanna.

Það er ágætt að núv. hæstv. ríkisstj. virðist ætla að taka þessi mál til rækilegrar athugunar. Væri ekki úr vegi að þessi nefnd, sem ég held að sé nú fullskipuð, liti m. a. á þá till. sem hér liggur frammi. En um allt þetta gefst væntanlega tækifæri til að ræða nánar á seinna stigi málsins.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þegar ég sá í morgun dagskrá þess fundar, sem nú stendur yfir, sýndist mér að hér mundi verða dagur utanríkismála öðrum fremur. Og ég vil byrja þessi fáu orð mín á því að lýsa nokkurri furðu á því að þáltill. til staðfestingar á samkomulagi milli Færeyja og Íslands, sem lengi hefur legið fyrir til síðari umr., skuli enn tekin af dagskrá, því ég tel nokkurt ósamræmi í því að leyfa framkvæmd hennar áður en Alþ. hefur veitt samþykki sitt fyrir henni. Ég ætla ekki að hefja gagnrýnisumr. um þetta. Ég vek hins vegar athygli á þessu: Utanrmn. fékk till. til afgreiðslu. Hún afgreiddi

hana mjög fljótt og mjög jákvætt — svo jákvætt, að allir nm. skrifuðu einróma undir álitið. Og þó að síðar hafi komið fram brtt., sem e. t. v. leiðir til nokkurrar umr., tel ég að ekki beri að fresta málinu af þeim sökum. — Nóg um þetta í bili.

Ég ætla ekki fremur en aðrir, sem hér hafa tekið til máls, að rifja mikið upp af því sem oft hefur verið sagt úr þessum ræðustól um það tiltekna mál, sem hér er til umr., þ. e. a. s. kjarnorkuvopn á Íslandi, hugsanlega tilvist þeirra og hvaða ráðstafanir gera beri til að koma í veg fyrir að þau geti hér verið. Ég man eftir nokkrum umr. um þessi mál, bæði um till. og af tilefni umr. utan dagskrár, og vísa að mestu leyti til þess sem ég hef áður sagt.

Ég er viss um það, og það sýna allar staðreyndir, að sú yfirlýsing í grg. umræddrar till., að allir flokkar á Íslandi séu andvígir geymslu og meðferð kjarnorkuvopna hér á landi, sé rétt. Þetta hefur margsinnis verið staðfest og ég tel enga ástæðu til að draga eitt andartak í efa að muni vera vilji alls þorra Íslendinga og vonandi allra. Þess vegna og með hliðsjón af þeim ákvæðum, sem fyrir hendi eru, *mætti kannske virðast sem lagasetningar í þessu* tilviki væri ekki þörf. En mál geta breyst. Nýjar kynslóðir vaxa upp í landinu, og það er ekki alveg víst að allir afkomendur okkar og annarra Íslendinga séu eða verði um alla framtíð jafnsannfærðir um þetta mál og við og það fólk sem lifir á okkar tímum. Þess vegna tel ég nú ekkert fráleitt að leiða þessi ákvæði í lög.

En þá vaknar auðvitað sú erfiða spurning, sem hér hefur raunar verið að vikið: Hvernig á að tryggja að eftir þessum lögum sé farið? Verða þau ekki bara viljayfirlýsing, eins og margsinnis hefur verið gefin út, eða höfum við ástæður til að tryggja að hér verði um raunhæfa lagasetningu að ræða sem verði farið eftir og þá væntanlega refsað fyrir ef brotin er? Ég vil ekki taka fyrir það, að þannig megi málum fyrir koma. En það kostar áreiðanlega verulegan undirbúning af okkar hendi. Ég er hræddur um og ég þykist raunar vita það, að við séum nokkuð varbúin að taka þetta hlutverk að okkur eins og sakir standa.

Hér hefur verið rætt um það, sem af sjálfu leiðir, að till. sem slík gangi til utanrmn. Þar mun ég eins og aðrir nm. að *sjálfsögðu hafa tækifæri til að kanna aðstæður*, sem þetta mál varða, betur en ég enn hef gert. Þó að ég telji mig hafa nokkuð hugleitt þessi mál á undanförnum árum má alltaf betur gera. En hér hefur einnig verið minnst á það, að nú hefur nýverið verið sett á laggirnar nefnd sem hlotið hefur nafnið öryggismálanefnd manna á meðal. Það var gerð grein áðan fyrir verkefni þessarar nefndar. Ég vil nota þetta tækifæri fyrst til þess að upplýsa að þessi nefnd er nú þegar fullskipuð og að hún hefur þegar haldið fyrsta fund sinn og rætt að nokkru um það verkefni sem henni er ætlað og hvernig að því verði staðið. Ég tek þó fram, að nefndarinnar verk eru á algeru frumstigi, þannig að lítið hefur verið gert, en þó ákveðið að hefja störf nefndarinnar á því að leita eftir upplýsingum frá þeim aðilum annars staðar í veröldinni sem búa yfir vitneskju sem við e. t. v. eigum ekki yfir að ráða. Og nú *hafa þegar verið lögð drög að því að skrifa til nokkurra* stofnana og biðja um allar þær upplýsingar, sem þar er hægt að fá og á lausu liggja, um það hvernig þessi mál standi í heiminum í dag. Þær stofnanir, sem hér er um að tefla í fyrstu lotu, eru fimm. Þær eru: í Svíþjóð sú stofnun sem hæstv. utanrrh. nefndi áðan, tilsvarandi stofnun í Noregi, *stofnun í Danmörku*, að *vísu minni í sniðum en* þessar tvær, stofnun í Englandi og stofnun í Kanada. Ég vænti þess að áður en langt um líði fari að berast svör frá þessum stofnunum með upplýsingum sem nm. þá byrja á að kynna sér áður en lengra er haldið.

Tilgangur þessarar nefndar, eins og ég skil hann, er öðru fremur sá að hefja umr. um utanríkismál, og á ég þá ekki bara við þessi eilífu varnarmál, heldur utanríkismál í miklu víðtækari skilningi, upp á nokkru hærra svið en þau hafa verið á nú um langt skeið og líklega alla tíð síðan sjálfstæðisbaráttan náði hámarki sínu. Við ætlum m. ö. o. að freista þess að gefa fólkinu í landinu tækifæri til þess að ræða þessi mál á grundvelli vitneksju og skilnings og raka í staðinn fyrir tilfinninganna einna, sem fram að þessu hafa ráðið ferðinni að mestu leyti. Um það, hvernig til tekst, er ekki gott að segja að svo stöddu. Og ljóst er auðvitað að ef þessi tilgangur á að nást, þó ekki væri nema að litlu leyti, þarf þessi nefnd að fá nokkra aðstöðu til þess að vinna, því það er ekki hægt að ætlast til þess að nm. bæti þessu öllu á sig til viðbótar við umsvifamikil þingstörf, sem við flest gegnum án þess að njóta til þess nokkurrar aðstoðar. Ég vænti þess að slík aðstoð muni fást, enda er í fjárl. að finna heimild fyrir ríkisstj. til að greiða þann kostnað sem af slíku starfi kann að leiða.

Það kemur auðvitað ekki til á þessu stigi, að öryggismálanefnd fjalli um till. sem utanrmn. verður send, en hugsanlegt er, þegar tímar líða fram og ef öryggismálanefnd verður þess umkomin að láta í té einhverja aðstoð eða upplýsingar, að takist samstarf með þessum tveim n., enda er það þannig að nokkru leyti að sömu menn sitja í báðum nefndunum. Ég vil þess vegna vona að sú athugun, sem utanrmn. gerir á umræddri till., geti notið að einhverju góðs af því starfi sem hin nefndin vinnur í næstu framtíð.

Það hefur oft verið spurt að því, hvenær Íslendingar hafi lýst yfir þeim afdráttarlausa vilja sínum að hér séu ekki geymd kjarnorkuvopn og þau komi ekki hingað til þessa lands. Þetta hefur oft verið gert. Það hefur verið minnt á milliríkjasamninginn, sem nú er að verða 10 ára gamall, og hann er auðvitað afdráttarlaus svo langt sem hann nær. Ég hef það fyrir satt, að sú túlkun utanrrh. sé rétt að ekki þurfi að leggja hann fyrir Alþ. þar eð hann afsali engum réttindum. Þó tel ég á því geta leikið nokkurn vafa, hvort ekki hefði átt að leggja hann fyrir Alþ., en ég fór eftir því sem mér var sagt í þessu efni meðan ég hafði tök á því að leggja samninginn hér fram.

Ég vil geta þess, að í minni tíð sem ráðh. utanríkismála, tók ég það æðioft fram í NATO að við vildum ekki hafa slík vopn. Síðasta tækifærið, sem ég hafði til þess og notaði, var 8. des. 1977 á fundi í Brussel þar sem NATO þá þingaði. Mér er auðvitað fullkomlega heimilt að skýra frá þessu og hef raunar gert það áður, þar eð í samþykktum Atlantshafsbandalagsins eru skýr ákvæði um að hver þátttakandi geti vitnað í sjálfan sig og það sem hann hefur sagt, þó að ekki sé heimilt samkv. þeim samþykktum að vitna til þess sem aðrir hafa sagt. Ég tel það án efa einnig, að hæstv. núv. utanrrh., Benedikt Gröndal, hafi fengið tækifæri til þess að tjá þessa skoðun Íslendinga í sinni ráðherratíð, þar eð hann hefur sótt a. m. k. einn fund þessara samtaka svo ég viti.

Það skjóta alltaf af og til upp kollinum ágiskanir um eitt og annað. Ég vil kalla það ágiskanir, sem hér var gert að umræðuefni fyrir u. þ. b. tveimur árum og byggt á útlendum blöðum, að hér hlytu að vera kjarnorkuvopn.

Það voru ekki neinar sannanir í þessum greinum. Við ræddum þetta þá og ég tel ástæðulaust að við förum að endurtaka það, en við getum auðvitað flett upp þessum umr., ef okkur þykir ástæða til að hafa þær yfir að nýju. (**StJ:** Voru sannanir fyrir hinu gagnstæða?) Nei, það voru ekki sannanir fyrir því, og það er einmitt það sem ég var að víkja að í upphafi máls míns áðan, að e. t. v. gætum við með stofnun nýrrar nefndar og með auknu starfsliði gerst færir um að ganga úr skugga um hvort við getum afsannað þetta, herra þm.

Af þessu tilefni vil ég gjarnan segja það, að það hefur oft komið upp í minn huga, hvort ekki ætti að fela þetta íslenskum mönnum. Við eigum nokkra sem gætu með tiltölulega litlu aukanámi, hygg ég, öðlast möguleika til þess. Það eru til hér sjóliðsforingajr. Ég ætla ekki að nefna hér nöfn, en þeir hafa komið upp í huga minn. Ég get t. d. nefnt einn mann, Gunnar Bergsteinsson, sem ég hygg að allir hv. þm. mundu treysta vel til þess að gerast þáttakandi í slíkri athugun og könnun. Ég viðurkenni það, og þýðir auðvitað ekki annað þar sem staðreyndir tala sínu máli, að úr þessu varð ekki hjá mér. Þess vegna vil ég nú fagna því, að hæstv. núv. ríkisstj. hefur ákveðið að setja á stofn þá nefnd sem ég hef gert hér lítillega að umtalsefni. Nú verð ég bara að setja fram þá von mína, að hæstv. ríkisstj. endist aldur til þess að nefndin fái starfsfrið.

Forseti (Gils Guðmundsson): Hv. 9. þm. Reykv. vék að því í upphafi ræðu sinnar, að hann furðaði sig á því að 1. dagskrármálið á þessum fundi, þ. e. a. s. fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, eða sá samningur sem gerður var þar um, skyldi vera tekið út af dagskrá. Af þessu tilefni vil ég aðeins segja, að ýmsar ástæður hafa því miður valdið því að undanförnu að þetta mál hefur líklega þrisvar ef ekki fjórum sinnum verið tekið út af dagskrá. Ég ætla ekki að fara að rekja ástæðurnar lið fyrir lið, en vil aðeins minna hv. þm. á að ástæðan til þess, að þetta mál, sem var eitt af hinum fyrstu á fundi Sþ. s. l. fimmtudag, var tekið út af dagskrá þá, var sú, að hv. frsm. utanrmn., hv. 9. þm. Reykv., var fjarstaddur. Ég vona að næst þegar þetta mál verður á dagskrá verði hægt að ljúka umr. um það.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er hingað kominn til þess að lýsa stuðningi mínum við þessa till. Ég tel að þetta sé sjálfsagt mál. Það kann m. a. s. að vera svo sjálfsagt að hér séu ekki kjarnorkuvopn, að ástæðulaust sé að álykta um það. Ég er þess reyndar fullviss, hvaða afstöðu sem menn hafa til veru Bandaríkjahers á Íslandi, að allur þorri Íslendinga óskar ekki eftir því að hér sé kjarnorkustöð. Við tökum að mínum dómi ægilega áhættu Íslendingar af veru Bandaríkjahers hér á landi, en það er önnur saga.

Hæstv. utanrrh. stendur í þeirri meiningu, að ekki séu kjarnorkuvopn í Keflavík, og hann er sæll í sinni trú. Ég vildi gjarnan geta deilt þessari fullvissu með honum. En getgátur sitt á hvað um það efni eru ekki til þess fallnar að fullvissa mann um eitt eða neitt. Þó ekki væru geymd kjarnorkuvopn í Keflavík tekur þessi tillgr. út yfir það að sigla með þau eða fljúga um íslenskt yfirráðasvæði, og sá þáttur málsins er kannske ekkert síður mikilvægur, þó á því sé erfiðara að festa hönd.

Starf hv. utanrmn. hefur borið nokkuð á góma.Ég er þeirrar skoðunar, eins og reyndar hefur sannast í umr., að hv. utanrmn.-menn séu fremur hugsjónafræðingar en herfræðingar. Þeir eru, sem betur fer, fremur friðarhöfðingjar en herkonungar.

Okkur er nauðsyn þess að fá trúverðuga Íslendinga til þess að kynna sér málefni eins og þetta. Ég vil árétta ummæli hv. fyrrv. utanrrh., sem hann var að hafa yfir rétt áðan, um nauðsyn þess. Öryggismálanefnd sú, sem ríkisstj. hefur sett á fót, er skref í rétta átt.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson talaði um að hér væru menn að forðast að ræða utanríkismál. Ég er ekki sammála því. Ég held að það hafi ekki alltaf verið svo. Ég hygg að með því að rekja alþingistíðindi nokkuð aftur í tímann komist menn að raun um að hér hafa orðið á stundum miklar umr. um utanríkismál, t. d. um þann þátt utanríkismála sem lýtur að landhelgismálum o. s. frv. En e. t. v. er það þó svo, að einhverjir hér inni fyrirverði sig fyrir að ræða einhverja þætti utanríkismála og reyni að hliðra sér hjá því.

Ég vona að utanrmn. sjái sér fært að afgreiða þetta mál fljótt og vel. Hæstv. utanrrh. vísaði réttilega til skuldbindinga sem við höfum tekið á okkur vegna aðildar að alþjóðlegum samningi um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna. Það er að vísu rétt svo langt sem það nær. Það er hugsanlegt líka, að við eignumst einhvern tíma utanrrh. sem ekki verða jafnóþreytandi og hæstv. fyrrv. utanrrh. að lýsa yfir þeim vilja Íslendinga að hér séu ekki geymd kjarnorkuvopn. Þá hygg ég að till. eins og þessi og lagasetning í framhaldi af því sé eðlileg árétting og raunar nauðsynleg árétting á vilja Alþingis og — með leyfi að segja — ég held íslensku þjóðarinnar.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Hér er till. til umr. sem felur í sér að sett verði löggjöf er banni veru kjarnorkuvopna í landinu og umferð kjarnorkuvopna um íslenskt yfirráðasvæði. Einnig hafa blandast inn í þessar umr. þær getgátur, hvort kjarnorkuvopn séu nú þegar í landinu eða ekki. Þetta er raunverulega kjarnaspurningin og meginmálið og þurfa að fást skýr svör um það, hvort kjarnorkuvopn séu í landinu eða ekki.

Það er dálítið furðulegt að eftir allar þær umr., sem hafa farið fram um það hvort kjarnorkuvopn séu í landinu eða ekki, hafi ekki verið gengið í það í eitt skipti fyrir öll, af fyrrv. hæstv. utanrrh. t. d., að ganga úr skugga um hvort kjarnorkuvopn séu í landinu eða ekki. Það er eins og þetta sé eitthvert feimnismál. Það verður að ganga hreint til verks, spyrja bandarísk yfirvöld að því, hvort hér séu kjarnorkuvopn, og láta fara fram sjálfstæða rannsókn. Þetta þarf að gera. Það er dálítið skrýtið að það skuli ekki hafa verið gert enn þá. En umr. um þessi mál stendur enn þá í sömu sporunum og þegar hún var hafin, ekkert nýtt hefur raunverulega komið fram, gömlu ræðurnar haldnar aftur og aftur og getgátum vex fylgi. Það er meginmálið.

Ég hefði nú óskað þess að núv. hæstv. utanrrh. gæfi um það yfirlýsingu hér og nú að ganga fram í því að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll hvort kjarnorkuvopn séu á Keflavíkurflugvelli eða ekki. Þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh., hvort hann sé tilbúinn að gefa yfirlýsingu í þinginu í dag um að beita sér fyrir því af öllum mætti að ganga úr skugga um hvort þessi vopn séu á Keflavíkurflugvelli eða ekki. Það er löngu kominn tími til þess, að lagðar verði einhverjar sannanir á borðið um að kjarnorkuvopn séu ekki á Keflavíkurflugvelli. Það getur enginn ásakað okkur, sem höldum því fram að það geti e. t.

v. verið kjarnorkuvopn á þessum stað, fyrir að halda fram þeirri skoðun á meðan ekki liggja fyrir sannindi um að ekki séu kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli.

Hæstv. utanrrh. o. fl. tóku undir þá skoðun, að menn væru yfirleitt sammála um að ekki ættu að vera kjarnorkuvopn í landinu. En kann nú ekki að vera að þeir fyrirfinnist, jafnvel hér á hv. Alþ., sem ákafastir eru um áframhaldandi hersetu, að varnirnar séu sem öflugastar hverju sinni og að fullkomnasta herútbúnaði sé beitt til varnar, til eftirlits og til árásar, vegna þess að í vörnum felst líka ákveðið árásargildi? Það kann að vera að þessir menn fyrirfinnist utan þings sem innan, og það er ekkert óeðlilegt að ætla sem svo, að þeir menn, sem vilja áframhaldandi hersetu, leggi áherslu á að hersetan þjóni þeim tilgangi að varnirnar séu sem fullkomnastar og að vopnin, sem til þess þarf, séu sem fullkomnust. Er óeðlilegt að ætla að það sé krafa þeirra sem vilja fylgja öflugri áframhaldandi hersetu? Þess vegna held ég að ekki þurfi endilega allir að vera sammála um að ekki sé nauðsyn á kjarnorkuvopnum á Keflavíkurflugvelli, svo framarlega sem herstöðin á að fullnægja óskum þeirra manna, sem vilja áframhaldandi hersetu, um að standa sig miðað við þróun vopnabúnaðar í heiminum á undanförnum árum.

Hæstv. utanrrh. ætlaði að reyna að sætta okkur hv. alþm. við þá skýringu, að kjarnorkuvopn væru svo erfið í meðförum, þyrftu á svo mikilli gæslu og eftirliti að halda, að það væri ekki hægt annað en verða kjarnorkuvopna vör á Keflavíkurflugvelli, miðað við hvað vallarsvæðið væri allt opið fyrir frjálsri umferð Íslendinga og annarra. Ekki skal ég segja um hversu mikillar gæslu kjarnorkuvopn krefjast. En eitt veit ég, að á Keflavíkurflugvelli eru svæði, sem er gætt mjög gaumgæfilega og engir Íslendingar fá tækifæri til að fara inn á. Og það vita menn einnig suður á velli, þeir sem þar vinna, að varningur, sem flugvélar hersins flytja, þarfnast mismunandi strangrar gæslu vegna meðferðar þess varnings sem flugvélarnar koma með hingað til landsins, og stundum er mjög strangrar gæslu krafist. Þessi rök um að almenn gæsla sé svo lítil á Keflavíkurflugvelli, en þurfi að vera ströng til þess að fullnægja reglum um eftirlit með kjarnorkuvopnum, þar sem þau eru, eru því léttvæg í eyrum okkar sem eitthvað þekkjum til suður á Keflavíkurflugvelli. Þannig held ég að sé ástæða til að ganga nú fram í því og upplýsa það í eitt skipti fyrir öll, hvort þessi vopn séu þarna eða ekki.

Að síðustu vil ég benda á það, að hræðsla stjórnvalda við að ganga fram í málinu gefur getgátunum byr undir báða vængi. Það hlýtur vissulega að vera krafa þjóðarinnar hverju sinni að fá í megindráttum upplýsingar um það, hvað herstöð felur í sér og hvaða hættur og hvaða öryggisleysi þeir verða að þola sem í nálægð herstöðvarinnar búa. Þetta er sjálfsagt lýðræðismál, réttlætismál, ef við ætlum okkur að geta veitt eðlilega lýðræðisþjónustu í þessu landi. Þess vegna vil ég skora á hæstv. utanrrh. að gefa nú yfirlýsingu um það, að hann vilji ganga fram í því að upplýsa þetta mál, þannig að ekki þurfi í framtíðinni að gagnrýna stjórnvöld á sama hátt og áður fyrir feimni og hræðslu við að afla þeirra upplýsinga sem Alþ. og þjóðin öll á kröfu á að fá.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Af þeim sökum get ég ekki tekið undir með hv. síðasta ræðumanni, Gunnlaugi Stefánssyni, sem flutti hér ágæta ræðu áðan, tekið undir áskorun hans á hæstv. utanrrh. að lýsa nú yfir því, að hann ætli að láta ganga úr skugga um hvort kjarnorkuvopn séu á Keflavíkurflugvelli, — af þeim sökum get ég nú ekki tekið undir þá áskorun, að yfirlýsing hæstv. utanrrh. Benedikts Gröndals þar að lútandi mundi ekki nægja mér, og vík ég að því aftur síðar hvers vegna ekki.

Ég vil þakka hv. þm. Einari Ágústssyni, fyrrv. utanrrh., fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf áðan eða öllu heldur fyrirheit um það, með hvaða hætti hann hygðist stýra störfum öryggismálanefndar sem skipuð hefur verið, að hann miði að því að n. fái til þess aðstöðu að geta látið þegnum landsins í té raunverulegar, haldgóðar upplýsingar sem geti orðið grundvöllur að skynsamlegum umræðum um öryggismál landsins og þ. á m. þetta atriði sem við nú fjöllum um. Ég minnist umr. fyrir tveimur árum, sem hv. þm. rifjaði upp fyrir okkur, um þessi mál einmitt, þegar hann neyddist til, þó utanrrh. væri á þeim tíma, að játa að hann hefði því miður engin sönnunargögn um þetta mál, þau væru ekki fáanleg. Sjálfur hefði hann ekki orðið var við neitt það sem benti til að kjarnorkusprengjur væru á Keflavíkurflugvelli.

Ég dreg ekki í efa að hæstv. utanrrh. hafi sagt okkur satt áðan frá viðræðum sínum við aðila úti í Svíþjóð og annars staðar, sem hnigu að því, að hann hefði getað dregið þær ályktanir í fyrsta lagi, að sænskir friðarsinnar hefðu engar sannanir fyrir því að hér væru kjarnorkuvopn, og í öðru lagi að því, að þess háttar umstang væri í kringum kjarnorkuvopnageymslur að þess hlytu Íslendingar að hafa orðið varir ef kjarnorkuvopn væru geymd á Keflavíkurflugvelli. Þó hygg ég að þrátt fyrir þessa yfirlýsingu hæstv. utanrrh., sem er góðra gjalda verð, hljóti það að verða eitt af viðfangsefnum öryggismálanefndar og þeirrar stofnunar eða þeirra aðila, sem falið yrði skv. því þingmáli, sem hér um ræðir, að fjalla einmitt um þessi mál, — eitt af fyrstu verkum þessara aðila yrði að sannprófa einmitt þessi atriði í máli hæstv. utanrrh., kanna, hvort hann hefði dregið réttar ályktanir af þeim upplýsingum sem hann fékk, og eins það, hvort upplýsingar hans séu nógu haldgóðar.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson bar fram þá uppástungu áðan, að utanrmn. tæki sig nú til og færi út á Keflavíkurflugvöll til þess að athuga þessi mál, þangað hefði n. ekki komið í hans tíð í nefndinni og e. t. v. aldrei að athuga þar nokkurn skapaðan hlut. Þá vík ég að því sem ég í upphafi sagði um ástæðu mína til þess að trúa ekki bókstaflega öllu sem hæstv. utanrrh. segir hér í þingsölunum í viðurvist okkar Alþb.-manna. Nú vil ég varpa fram þeirri spurningu, — ég mun skýra það nánar síðar, — til hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar öðrum fremur og síðan e. t. v. til utanrrh., hvort svo yrði hagað til að fulltrúar Alþb. yrðu með í slíkri för. Því ber ég fram þessa spurningu við hv. þm. Friðjón Þórðarson, en fyrst og fremst við hæstv. utanrrh., að eftir honum var haft í dagblaði fyrir skemmstu og því hefur hann ekki mótmælt, að hann héldi leyndum fyrir meðráðherrum sínum, ráðh. Alþb., öllum þeim skjölum og upplýsingum sem vörðuðu öryggismál Íslands og á hans borð kæmu eða í hans hendur og taki sér þar til fyrirmyndar Guðmund Í. Guðmundsson, sem frægur varð af því á sinni tíð að leggja niður störf utanrrmn. af því að Alþb. átti þar fulltrúa. Svo ætlast þessi hæstv. ráðh. til þess, að þm. Alþb. og ráðh. þess, sem hafa þó að baki sér nær fjórðung atkvæða íslenskra alþingiskjósenda, — taki mark á einu orði sem hann segir um öryggismál, — hann segi okkur satt um þau, hann haldi engu leyndu um þau hér í sölum Al-

þingis. Hvernig ætlast hæstv. utanrrh. til þess, að nokkur ærlegur maður, sem hugsar af alvöru um öryggismál Íslands eða utanríkismál, taki mark á fullyrðingum hans eftir þetta, nema því aðeins að hann beri þessi ummæli til baka, en þau viðhafði hann í hópi ungra sjálfstæðismanna hér í bæ þar sem hann mun hafa ætlað að þau féllu í nokkuð góðan jarðveg.

Það er rétt, við verðum að ganga úr skugga um þetta atriði, hvort hér eru geymd kjarnorkuvopn eða ekki. Sjálfur tel ég okkur ekki ákaflega mikið öryggi í yfirlýsingum risaveldanna tveggja, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, um að þau skuldbinda sig til þess að beita ekki kjarnorkuvopnum gegn landi þar sem ekki eru geymd kjarnorkuvopn, — ekki fyrir okkur, vegna þess að við höfum sem þjóð ekki tekið við kjarnorkuvopnum úr hendi Bandaríkjamanna fremur en öðrum vopnum. Og þótt svo sé sem hv. þm. Friðjón Þórðarson sagði, að Norðurlöndin væru talin kjarnorkuvopnalaust svæði, þá er það svo með hin önnur Norðurlönd, að þar eru ekki heldur erlendar herstöðvar, en erlenda herstöð höfum við á Íslandi, og það leikur sannarlega vafi á því, hvort þar eru geymd kjarnorkuvopn, hvort þar koma og lenda og taka sig á loft herflugvélar með kjarnorkuvopn innanborðs. Að því leyti er sannarlega vert að rifja upp spænsku samningana varðandi kjarnorkukafbátana, að við höfum ástæðu til þess að óttast að einnig hér, þrátt fyrir yfirlýsingar, sennilega gefnar af frómum huga af hálfu íslenskra ráðamanna, um að hér geti ómögulega verið geymd kjarnorkuvopn, — þrátt fyrir slíkar yfirlýsingar erum við ekki ugglaus um að svo kunni að vera eigi að síður. Það er rétt sem hæstv. utanrrh. sagði, að mál þetta varð brýnt á Spáni þegar slys varð í sambandi við kjarnorkukafbáta. Þá varð þetta mál brýnt á Spáni og reginhneyksli. Slys, sem verða kynni samkynja vegna geymslu kjarnorkuvopna á Keflavíkurflugvelli, vegna þess að flugvél með slíkt vopn innanborðs hlekktist á, kynni að hafa þess háttar afleiðingar að það væri ekki öldungis víst hvort eftir yrði hér í Reykjavík eða á Suðvesturlandi nokkur ráðh. til þess að lýsa yfir því, að hann teldi slíkt hafa verið reginhneyksli. Umfang þess háttar óhapps gæti orðið slíkt. Og fari svo illa að til þess komi að kjarnorkuvopnum verði beitt í átökum stórveldanna, þá eigum við ekki griða að vænta, ef nokkur vafi leikur á um það hvort kjarnorkuvopn séu geymd á Keflavíkurflugvelli.

Ég tel það ákaflega mikilvægt, án tillits til afstöðu Íslendinga til herstöðvarinnar sem slíkrar þar sem hún er, — og ekki leikur vafi á hver afstaða okkar Alþb.-manna er til hennar sem slíkrar, — en án tillits til þeirrar heildarafstöðu tel ég ákaflega mikilvægt að úr því verði skorið svo ugglaust megi telja og allir góðir menn geti treyst, að ekki séu geymd kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli, engum flugvélum, sem beri slík vopn, sé leyft að lenda þar eða hefja sig til flugs og engu skipi, sem flytur slík vopn, verði leyft að koma inn í íslenska landhelgi, hvað þá að neinu slíku skipi sé veitt þjónusta í íslenskum höfnum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 62. fundur.

Þriðjudaginn 6. mars, kl. 8 síðdegis.

Þingrof og nýjar kosningar, þáltill. (þskj. 408). — Ein umr. (útvarpsumr.).

Forseti (Gils Guðmundsson): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða 30 mínútur er skiptast í tvær umferðir, 15—20 mínútur í þeirri fyrri og 10—15 mínútur í þeirri síðari. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Alþb., Alþfl. og Framsfl. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Geir Hallgrímsson, 4. þm. Reykv., og í síðari umferð Gunnar Thoroddsen, 11. þm. Reykv. Fyrir Alþb. í fyrri umferð Hjörleifur Guttormsson iðnrh. og í síðari umferð Svavar Gestsson viðskrh. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð Benedikt Gröndal utanrrh. og í síðari umferð Kjartan Jóhannsson sjútvrh. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð Ólafur Jóhannesson forsrh. og í síðari umferð Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls 1. flm., Geir Hallgrímsson, 4. þm. Reykv.

Flm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Allir þm. Sjálfstfl. flytja till. til þál. um að Alþ. verði rofið og efnt verði til nýrra, almennra kosninga svo fljótt sem við verður komið.

Í grg. með þáltill. er greint frá rökum fyrir samþykkt till., en áður en vikið er beint að þeim bið ég þm. og aðra áheyrendur að fara með mér eitt ár — 12 mánuði aftur í tímann.

Þáv. ríkisstj. hafði sett svonefnd febrúarlög til þess að veita verðbólgunni viðnám innan við 30% á síðasta ári og ná svo meiri árangri á þessu ári. Stjórnarandstaðan og kommúnistar og kratar í launþegasamtökunum höfðu þá þegar upp hersöngva mikla um „samningana í gildi", „kauprán" og „kosningar eru kjarabarátta", enda bæði sveitarstjórnar- og alþingiskosningar á næsta leiti. Hvatt var til ólögmætra verkfalla, útflutningsbann sett á og allsherjarverkfalli hótað. Þáv. ríkisstj. leitaðist við að ná samkomulagi og slakaði á í viðnámi gegn verðbólgunni með maílögunum, en allt kom fyrir ekki. Pólitísk skemmdarverk í nafni verkalýðshreyfingarinnar voru aðalvopn bæði Alþb. og Alþfl. í kosningabaráttunni og þessir flokkar urðu sigurvegarar kosninganna.

Við stjórnarmyndunartilraunirnar á s. l. sumri gerðist Framsfl. síðan hækja hinna tveggja sigurvegara og tók undir heróp þeirra „samningana í gildi".

En allir þrír stjórnarflokkarnir svikust undan merkjum, fyrst í borgarstjórn Reykjavíkur, síðan með brbl. í byrjun sept. Þegar samningar voru aðeins settir í gildi að hluta og hinir lægst launuðu dagvinnumenn fengu enga hækkun, en hinir hærra launuðu 10—12% kauphækkun.

Í stað þess að setja samningana í gildi hafa kaup og kjör verið ákveðin einhliða af svokallaðri vinstri stjórn þvert ofan í fyrri stefnu launþegasamtakanna, að samningsrétturinn væri helgur og ætti að vera frjáls.

Þótt tímabil fyrri samninga launafólks og vinnuveitenda rynni út 1. des. s. l. sér ekki enn fyrir endann á einhliða valdboði ríkisstj. um kaup og kjör manna.

Forvígismenn Alþb. og Alþfl. í launþegasamtökum hafa afsalað og lagt blessun sína á að 8% verðlagsbætur komi ekki til útborgunar 1. des. s. l.

Vinstri stjórnin hefur beitt niðurgreiðslum til að falsa kaupgjaldsvísitöluna og hækkað skatta svo að mönnum hefur með þeim hætti verið sjálfum gert að greiða niður kaupið sitt.

En skattpíningin og niðurgreiðslurnar hafa reynst skammgóður vermir í baráttunni gegn verðbólgu. Ríkissjóður er tómur. Draga verður úr niðurgreiðslum á miðju ári og munu landbúnaðarvörur þá hækka af þeim sökum til viðbótar öðrum ástæðum sem samanlagt leiða 1. júní n. k. til meiri en 12—20% hækkunar landbúnaðarvara, eins og var um síðustu helgi.

Talið er að hækkun verðbótavísitölu með óbreyttum útreikningsreglum vísitölu verði frá febr. til maí á þessu ári frá um 8.5 til 10.5% og er þá ekki gert ráð fyrir að mæta nema að hluta 2000 millj. kr. greiðsluhalla Pósts og síma, *2000—3000 millj. kr. greiðsluhalla Landsvirkjunar* og rafmagnsveitna í landinu, um 1000 millj. kr. fjárvöntun í olíuverðjöfnunarsjóði né heldur ýmsum hækkunarþörfum einkaaðila. Núv. ríkisstj. hefur velt vandanum í verðlagsmálum á undan sér og við það hefur vandinn vaxið, bætt utan á sig eins og snjóbolti.

Það eina, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um hingað til, skattpíningin og niðurgreiðslurnar, hafa þannig gengið sér til húðar og megna ekki að draga fjöður yfir úrræðaleysi vinstri stjórnar eða raunverulega verðbólguþróun í landinu.

Fyrir einu ári og jafnvel einu missiri sögðu kommúnista- og kratabroddar að samningarnir í gildi fælust í því að tryggja þann kaupmátt sem að var stefnt með kjarasamningum vorið 1977. Sá kaupmáttur kauptaxta hefði verið samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar 111 á árinu 1978 miðað við 100 á árinu 1977. En hverjar voru efndirnar eftir að vinstri stjórnin settist að völdum 1. sept.? Kaupmátturinn reyndist um 107.5 á s. l. ári eða tæpu einu stigi hærri en hefði orðið með óbreyttum mælögum fyrri ríkisstj.

Er útlit fyrir að vinstri stjórnin bæti ráð sitt á þessu ári? Með 3% almennri grunnkaupshækkun 1. apríl n. k., eins og áskilið er í samningum við BSRB, hefði kaupmáttur kauptaxta átt að hækka í 113 stig. En þótt vísitölukerfið verði óbreytt megum við þakka fyrir óbreyttan kaupmátt frá því í fyrra.

Mönnum eru áreiðanlega í fersku minni gífuryrði og vopnabrak kommúnista og krata fyrir kosningar og undirlægjuháttur Framsóknar eftir kosningar. En þetta er þá allur árangurinn: Kaupmáttur kauptaxta er nálega sá sami, verðbólgan meiri og kaupmáttur ráðstöfunartekna *minni vegna aukinnar skattbyrði en hefði verið* með mælögunum. Þetta eru efndir á loforðinu „samningarnir í gildi".

Fullkomin ástæða er til þess að kjósendur fái að kvitta fyrir þessar blekkingar og svik með því að ganga aftur að kjörborðinu sem fyrst.

En ekki er nóg með það að öll kosningabaráttan og efndir kosningaloforða séu með ólíkindum og slíkur „hókus-pókus" eigi sér tæpast hliðstæðu í íslenskum stjórnmálum. Þessir sjálfkjörnu vinstri flokkar, sem töldu sig hafa ráð undir rifi hverju fyrir kosningar, hafa ekki komið sér saman um neina stefnu í efnahagsmálum. Þeir reyndu að ná saman í tvo mánuði í sumar og þóttust hafa himin höndum tekið og mynduðu ríkisstj.

En ríkisstj. hafði ekki að eigin sögn annað en bráðabirgðaúrræði að bjóða. Þau juku á vandann, en leystu hann ekki. *Allt var afsakað með tímaskorti, betur skyldi* gert fyrir 1. des. En sagan endurtók sig: bráðabirgðaúrræði sama eðlis og fyrr sáu dagsins ljós.

Óánægja Alþfl. braust út í gerð efnahagsfrv. í desembermánuði, sem hann þó hvorki hafði þor né kjark til að leggja fram á Alþ. Forsrh. bannaði það og lofaði bót og betrun. Ráðherranefnd var stofnuð og skilaði áliti sem sagði ekki neitt. Forsrh. samdi frv. og lagði fram í ríkisstj. Alþb. fór í fýlu og sigaði verkalýðsleiðtogum sínum á frv. forsrh.

Forsrh. glúpnar og snýr frv. við í veigamiklum atriðum með þeim árangri að báðir samstarfsflokkarnir í ríkisstj., Alþb. og Alþfl., eru óánægðir og flokkur forsrh. er afhjúpaður sem stefnulaust rekald, haldinn þeirri minnimáttarkennd sem dregur hann í átt til þess samstarfsflokksins sem hærra lætur í og hann hyggur meiri máttar þá stundina.

Einn stjórnarflokkannna lýsir uppgjöf og vantrausti á ríkisstj. með því að flytja till. um að þjóðarstkvgr. fari fram um efnahagsfrv. forsrh. sem enn hefur ekki verið lagt fram á Alþ. Alþb. vill ekki vera minna en hinir stjórnarflokkarnir og leggur fram frumvarpslíki um efnahagsmál, að því er fregnir herma, 2. mars s. l. Eins og sakir standa eru í umferð í ríkisstj. þrjú eða fleiri frv. um efnahagsmálastefnu, frá hverjum stjórnarflokkanna fyrir sig. Eftir 8 mánaða samningaþóf eru stjórnarflokkarnir engu nær og landið er stjórnlaust.

Vinstri stjórnin var andvana fædd. Skýringin er sú, að fyrsta og helsta hugsun hvers stjórnarflokksins var og er að koma hinum tveim á kaldan klakann. Þeir sitja á svikráðum hver við annan og gera sér grein fyrir því og eru því tortryggnir á varðbergi hver gagnvart öðrum. *Í það fer tími þeirra, orka og áhugi svo að ekkert leyfir af* til að beina athyglinni að þjóðarhag.

Þegar svo stendur á er ný verðbólguholskefla fram undan, en jafnvel áður en áhrif hennar eru komin fram er sjávarútvegurinn rekinn með margra milljarða kr. halla svo og ýmsar aðrar atvinnugreinar í landinu, eins og landbúnaður, og afkoma iðnaðar og verslunar er síst betri.

Hér á ég eingöngu við afkomu atvinnuveganna án viðbótarvanda sem olíuverðshækkun erlendis skapar, vonandi tímabundið, og treysta verður að þjóðin í heild taki á sig. Þá hef ég ekki gert að umtalsefni tillögu fiskifræðinga um takmörkun þorskveiða, enda hefur ráðgjafarnefnd skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka ekki skilað áliti og sem betur fer hefur mikil veiði úr öðrum fiskstofnum bætt okkar hag á yfirstandandi ári umfram það sem var á síðasta ári.

Herra forseti. Almennur skilningur hefur aukist á því, að raunhæf efnahagsstefna felst í samræmdum aðgerðum á mismunandi sviðum efnahags- og atvinnulífs: ríkisfjármála, peninga- og bankamála, kjara-, launa- og verðlagsmála. Núv. stjórnarflokka greinir á á flestum þessum sviðum. Þá greinir á um hver ríkisumsvif eigi að vera, hvort auka skuli eða draga úr skattbyrði atvinnuvega og/eða einstaklinga, hve fjárfestingin eigi að vera mikill hluti þjóðarframleiðslu og hvernig henni skuli stjórnað, hver stefnan skuli vera í vaxta- og verðtryggingarmálum, *hvernig vísitölubindingu launa og samn*ingum um kjaramál skuli háttað eða verðlagsmálum og niðurgreiðslum hagað, svo að nokkuð sé nefnt. Jafnvel

þótt núv. ríkisstjórnarflokkum tækist að klambra saman frv. um efnahagsmál benda öll sólarmerki til þess, að um hreina ómynd yrði að ræða, sama marki brennda og bráðabirgðaúrræði ríkisstj. hingað til, sem sífellt hafa aukið á vandann.

Hér verður að brjóta blað og hverfa að öðrum ráðum. „Stuðningsflokkar ríkisstj. sjá fátt annað til úrbóta en aukin ríkisafskipti og meiri skattheimtu. Sjálfstæðismenn hafna þessum vinnubrögðum sem leiða til áframhaldandi verðbólgu og versnandi lífskjara. Þess í stað vilja sjálfstæðismenn," eins og segir í stefnuyfirlýsingu þeirra um efnahagsmál, „auka frelsi einstaklingsins til þess að ráðstafa eigin aflafé og hvetja hann til dáða. Þeir telja almennar reglur heppilegri en boð og bönn og vilja draga úr miðstýringu með því að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga. Þeir vilja nýta kosti frjálsra viðskipta og markaðskerfis og tryggja að ákvarðanir séu teknar af ábyrgð og þekkingu."

Í efnahagsyfirlýsingu Sjálfstfl. er greint frá því, hvernig auka skuli verðmætasköpunina í þjóðfélaginu, bæta hag almennings og takast á við verðbólguvandann. Það veltur á svari þínu, áheyrandi góður, hvort þú fellst á leið okkar sjálfstæðismanna eða mismunandi leiðir andstæðinga okkar.

Viljum við Íslendingar að gjaldmiðill okkar sé gjaldgengur hvar sem er í heiminum og launþeginn telji alvörupeninga upp úr umslaginu, eða viljum við loka okkur frá umheiminum með gervigjaldmiðli sem er aðeins skömmtunarseðill á það sem valdhafarnir á hverjum tíma vilja láta í té?

Viljum við að sá sem sparar fái sparnað sinn endurgreiddan í jafnverðmætum krónum og lántakandi beri ábyrgð á að nota lánsfé og endurgreiða með þeim hætti, eða á lántakandi að græða á verðbólgu og lánsfjárskömmtunarstjórar að úthluta verðbólgugróða til óverðugra sem verðugra?

Vilja menn auka sparnað, örva atvinnulíf og arðsemi og bæta þannig þjóðarhag, eða leyfa verðbólguspekúlöntum að ráðskast með sparifé þjóðarinnar svo að það brenni upp á verðbólgubálinu?

Vilja menn draga úr skattheimtu og umsvifum hins opinbera til þess að auka þannig forræði fólks yfir eigin tekjum, eða treysta menn betur valdhöfum til að sjá fólki farborða?

Vilja menn fella niður þá auknu skattheimtu sem núverandi stjórnarflokkar hafa lögfest, þannig að almennar launatekjur verði tekjuskattsfrjálsar og opinber gjöld af viðbótartekjum fari ekki yfir 50%, eða vilja menn sjá eftir tekjum sínum í verðbólguhítina, óeðlilegar niðurgreiðslur sem reynst hafa skammgóður vermir?

Vilja menn frjálsa verðmyndun og stuðla þannig að lægra vöruverði og húsbóndavaldi neytenda, eða treysta menn á einokun ríkisverslunar eða opinberar verðlagsákvarðanir?

Vilja menn frjálsa kjarasamninga á ábyrgð aðila, eða einhliða ákvörðun stjórnvalda um kaup og kjör eins og núv. stjórnarflokkar tíðka?

Hér hafa verið nefndar ýmsar þær spurningar, sem greina stefnu sjálfstæðismanna frá stefnu eins eða fleiri annarra stjórnmálaflokka í landinu. Sjaldan hafa verið skarpari skil milli stefnu Sjálfstfl. og annarra stjórnmálaflokka.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki innbyrðis komið sér saman um heildstæða efnahagsstefnu. Því er ekki eingöngu ástæða, heldur og brýn nauðsyn að kjósendur fái tækifæri til að velja og hafna í almennum þingkosningum.

Aðrir stjórnmálaflokkar láta að vísu í veðri vaka að fyrir þeim vaki einnig að byggja upp atvinnulífið og draga úr „kerfinu". Þessir flokkar sýna hug sinn í verki með því að draga fjármagn úr atvinnulífinu með aukinni skattheimtu, en bjóða í staðinn mun lægri upphæðir í styrki og hagræðingarfé eftir mati og náð stjórnvalda.

Þessir flokkar segjast vilja draga úr „kerfinu" með því að setja sífellt ný lög og reglugerðir um það, hvernig einstaklingar eigi að haga samskiptum sín á milli og við hið opinbera. Margar slíkar reglugerðir eru smásmugulegar og andstæðar siðferðisvitund þjóðarinnar, eru til þess fallnar að auka misrétti og spillingu í þjóðfélaginu, binda allt á klafa kerfisins, og endirinn verður sá að helmingur landsmanna verður settur til að rannsaka og hafa eftirlit með hinum helmingnum. Ljóst dæmi þessa er fyrirætlun stjórnarflokkanna um eignakönnun.

Sjálfstfl. er andvígur slíkri forsjá ríkisvaldsins, andvígur foreldravaldi yfir fullorðnu fólki og skírskotar til ábyrgðar einstaklingsins, framtaks hans og dugnaðar, sem leyst úr læðingi hafta og miðstýringar mun efla þjóðarheill andlega sem efnalega. Sjálfstfl. bendir á órjúfanleg tengsl efnalegrar verðmætasköpunar og andlegrar listsköpunar, efnalegrar framfarasóknar til að tryggja félagslegt öryggi og framgang mannúðarstefnu.

Núv. ríkisstjórnarflokkar hafa nú fengið starfsfrið til þess að sýna stefnu sína í verki. Þeim hefur mistekist, þeir ráða ekki við vandann og sitja aðeins til að halda krampataki í völdin. Því ber nauðsyn til að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga.

Herra forseti. Hv. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson, flytur brtt. við þingrofstillögu okkar sjálfstæðismanna, annars vegar til að fá enn 10 daga frest fyrir ríkisstjórnarflokkana til að koma sér saman og ef það bregst, þá hins vegar mánaðarfrest til að mynda nýja ríkisstj. áður en til þingrofs kæmi. Brtt. þessi er aðeins staðfesting á fyrri sýndarmennsku Alþfl.-þm. Þeir hafa fyrr nefnt ákveðnar dagsetningar þegar undur og stórmerki áttu að eiga sér stað, en þessir dagar komu og liðu og kratarnir koðnuðu niður.

Við sjálfstæðismenn höfnum þessari brtt. og munum greiða atkv. gegn henni Þessi brtt. ber vitni um að Alþfl.-menn skortir kjark til að leggja verk sín og stefnu undir dóm kjósenda. Spurning er hvort þeir og aðrir stjórnarþm., sem eru sáróánægðir með stjórnarsamstarfið, herða upp hugann í atkvgr. um till. okkar sjálfstæðismanna og greiða henni atkv.

Sjálfstfl. telur eðlilegt með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, að gengið verði til þingkosninga áður en til nýrrar stjórnarmyndunar kemur. Sjálfstfl. væntir þess, að reynslan af þessari vinstri stjórn sannfæri íslenska kjósendur um nauðsyn stefnubreytingar, svo að þeir veiti Sjálfstfl. þann styrk að honum verði falin ábyrgð á stjórnarathöfnum eftir kosningar.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Sú till., sem hér liggur fyrir frá öllum þm. Sjálfstfl. um þingrof og nýjar kosningar, leiðir hugann að hlutverki stjórnarandstöðu og því gildi sem málefnalegt andóf gegn ríkisstj. getur haft og þyrfti að hafa á hverjum tíma. Hlutverk stjórnarandstöðu er ekki aðeins mikil-

vægt til að ylja stjórnarsinnum undir uggum, veita ríkisstj. aðhald og skapa ferskan andblæ í þingsölum, heldur geta flokkar í stjórnarandstöðu einnig haft mikil áhrif með markvissu starfi og tillöguflutningi. Slíkt hlutskipti og það hlé, sem þannig gefst, geta flokkar í stjórnarandstöðu notað til að vinna málstað sínum fylgi, ef hann á annað borð er til þess fallinn að fá hugsandi fólk til að leggja við hlustir.

Því miður hefur stjórnarandstaða Sjálfstfl. það sem af er þessu þingi ekki verið af slíkum toga og sannast sagna hefur ótrúlega lítið farið fyrir þessum 20 manna þingflokki. Þeir, sem litið hafa hér inn á þingpallanna til að hlýða á mál manna í umr. á þessu þingi, hafa vafalítið talið sig fara húsavillt í leit að stjórnarandstöðu, nema svo hafi viljað til að þeir hittu á óróleikadaga hjá hluta af stuðningsliði ríkisstj. sem helst hefur borið upp á síðustu viku hvers mánaðar og dagana fyrir stórhátíðir.

Raunar kemur þeim, sem til þekkja eða fylgst hafa með heimilisástandi hjá forustuliði Sjálfstfl., ekki svo mjög á óvart þótt lítið fari fyrir málefnalegum tillöguflutningi af hálfu þm. flokksins. Þar á bæ hafa menn verið uppteknir af hjaðningavígum og var sundurþykkjan raunar borin á torg í höfuðmálgagni Sjáflstfl., Morgunblaðinu, skömmu eftir að þing kom saman s. l. haust. Þá, sem lásu þar veturnóttaskrif hv. 1. og hv. 5. þm. Reykv., þeirra Alberts Guðmundssonar og Ragnhildar Helgadóttur, undrar að þau skuli eira undir sama þaki hér á Alþ., og öfundar enginn hv. 11. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, af því hlutskipti að eiga að stýra þessu liði eftir þær kveðjur og einkunnir sem honum hafa verið valdar frá þessari sundurleitu sveit.

Stóryrðin, sem flutu úr penna áðurnefndra flokkssystkina skömmu eftir þingbyrjun í haust, verða ekki rifjuð upp hér af tillitssemi við sár sem kannske eru tekin að gróa. En því er á þetta minnst, að það varpar nokkru ljósi á andrúmsloftið innan veggja hjá forustuliði þessa stærsta stjórnmálaflokks landsins og þar hlýtur skýringanna að vera að leita á atburðaleysi stjórnarandstöðunnar síðustu mánuði.

Svo virðist sem þurft hafi hávaðann frá Vilmundarbúðum Alþfl. til að þessi formlega stjórnarandstaða rumskaði, og líklega hefur hin rómaða sprengidagstillaga *varðandi þjóðaratkvgr. um frv.-drög forsrh.* þrátt fyrir allt borið þann árangur, áður en flm. dró till. til baka, að laða hið sundurþykka lið Sjálfstfl. saman um eitt málefni, þ. e. þessa dulbúnu vantrauststill. um þingrof og nýjar kosningar sem er tilefni útvarpsumr. hér í kvöld.

En lítum á efnisrök þessarar till. Í grg. með henni og í máli hv. síðasta ræðumanns, Geirs Hallgrímssonar, gætir mikillar vandlætingar út af 6 mánaða starfsferli ríkisstj. og er henni brugðið um algert stefnu- og úrræðaleysi, því verði þjóðin nú að fá tækifæri til að kveða upp sinn dóm. Ja, öðruvísi mér áður brá, mun margur hugsa. Hv. þm. Geir Hallgrímsson telur minni landsmanna greinilega tekið að hraka ef hann væntir uppskeru fyrir flokk sinn í kosningum á næstunni.

Sá þungi áfellisdómur, sem hægri stjórnin undir forsæti Geirs Hallgrímssonar fékk í alþingiskosningunum s. l. sumar, var ekki neitt bráðræðisuppgjör reiðra kjósenda, heldur andsvar við stjórnarstefnu sem einkenndist af látlausu stríði við launþega í landinu og samfelldari óðaverðbólgu en dæmi eru um áður í sögu lýðveldisins. Um það leyti sem Geir Hallgrímsson kvaddi Stjórnarráðið með liði sínu að morgni 1. sept. s. l. blasti við allsherjarstöðvun atvinnulífs í stærstu verstöðvum landsins og hlaupið var frá tómum sjóðum. Jafnframt hafði stjórn hans efnað saman í enn eina gengislækkun og við blasti stórlega aukinn skriður á óðaverðbólgunni frá þeim degi sem ný ríkisstj. settist á stóla ef haldið hefði verið óbreyttri stefnu. Þar skall hurð nærri hælum. Rekstur helstu atvinnuvega landsmanna var kominn í þrot og stórfellt atvinnuleysi fram undan vegna yfirvofandi stöðvunar atvinnulífs. Þessar staðreyndir eru mönnum enn í fersku minni, þótt þinglið Sjálfstfl. vildi gjarnan að yfir þær hefði fennt á þessum snjósæla vetri hér í höfuðstaðnum. Hitt er mikil kokhreysti og ofætlun að búa nú til grýlu úr verkum þeirrar ríkisstj. sem Alþb. átti drýgstan þátt í að mynda og leyst hefur á stuttum tíma úr bráðum vanda. Þar mun stjórnarandstöðunni ekki takast að mála skrattann á vegginn, þótt íhaldinu bjóðist nú öðru hvoru hávær aðstoð nokkurra angurgapa sem virðast miða hlutverk sín hér á Alþ. við ærsl og upphlaup og kunna illa hverjum þeim degi sem skilar þeim ekki inn á útsíður síðdegisblaðanna.

Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar var mynduð á elleftu stundu, eins og forsrh. komst réttilega að orði í stefnuræðu sinni s. l. haust, og hún getur horft feimnislaust til baka yfir skamman feril. Samstarfsyfirlýsing flokkanna, sem tryggðu myndun hennar, hefst með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. telur það höfuðverkefni sitt á næstunni að ráða fram úr þeim mikla vanda sem við blasir í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Hún mun því einbeita sér að því að koma efnahagsmálum á traustan grundvöll og tryggja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, rekstrargrundvöll atvinnuveganna, fulla atvinnu og treysta kaupmátt launa.

Ríkisstj. mun leggja áherslu á að draga markvisst úr verðbólgunni með því að lækka verðlag og tilkostnað og draga úr víxlhækkunum verðlags og launa og halda heildarumsvifum í þjóðarbúskapnum innan hæfilegra marka. Hún mun leitast við að koma í veg fyrir auðsöfnun í skjóli verðbólgu.

Ríkisstj. mun jafnframt vinna að hagræðingu í ríkisrekstri og á sviði atvinnuvega, sparnaði og hagkvæmri ráðstöfun fjármagns.

Ríkisstj. mun vinna að félagslegum umbótum. Hún mun leitast við að jafna lífskjör, auka félagslegt réttlæti og uppræta spillingu, misrétti og forréttindi."

Þetta var tilvitnun í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna. Hér verður því ekki haldið fram, að ríkisstj. hafi náð þeim markmiðum að fullu sem fram voru sett í upphafi sáttmála stjórnarflokkanna, enda munu fáir stuðningsmenn hennar hafa gert sér vonir um kraftaverk. Hitt leyfi ég mér að staðhæfa, að verulegur árangur hefur náðst á þeim sviðum þar sem dekkst var í álinn við upphaf ferðar.

Hjól atvinnulífsins hafa snúist og atvinnuleysi verið bægt frá til þessa að heita má. Kaupmáttur hjá láglaunamönnum og fólki með miðlungstekjur hefur verið tryggður að fullu í samræmi við kjarasamningana frá sumrinu 1977, og hafa kjör alls þorra almennings ekki í annan tíma verið betri, og merkar réttarbætur náð fram að ganga eða eru í burðarliðnum með lagasetningu hér á Alþ. Og það sem ekki er minnst um vert er sú staðreynd, að jafnframt þessu hefur tekist að draga stórlega úr verðbólgu og hamla gegn verðhækkunum. Því meiri ástæða er til að undirstrika þessa ávinninga sem sumir úr

þingliði stjórnarflokkanna telja sér ekki henta að rifja þá upp, ekki einu sinni í hálfum hljóðum, og er þá hinni formlegu stjórnarandstöðu vissulega nokkur vorkunn þótt hún hafi ekki hátt um það sem vel hefur til tekist á síðasta missiri.

En er þetta ekki glansmynd sem hér er dregin upp munt þú e. t. v. spyrja, hlustandi góður. Ég veit að vísu, að þorri launþega mun geta tekið undir mál mitt, en við skulum samt líta á nokkrar kaldar tölur í þessu samhengi og þá staldra fyrst við hina umtöluðu og lífseigu verðbólgu.

Þar er lærdómsríkt að bera saman verðbólguvöxt eins og hann birtist okkur í vísitölu framfærslukostnaðar síðasta hálfa árið sem fyrrv. ríkisstj. sat að völdum og það hálfa ár sem núv. stjórn hefur að baki. Á tímabilinu 1. febr. til 1. ágúst 1978 hækkaði framfærsluvísitalan samkv. útreikningi Hagstofunnar um 24.14 stig eða sem svarar 54.1 stigi á ársgrundvelli. Á tímabilinu frá 1. ágúst 1978 til 1. febr. 1979, þ. e. á öðru sex mánaða tímabili, sem fellur nær allt á starfstíma núv. ríkisstj. hækkaði sama vísitala um aðeins 11.18 stig, sem þýðir 23.6% hækkun framfærsluvísitölu ef miðað er við heilt ár.

Þessar tölur, rösk 54% og 23.6%, segja okkur ótvírætt að verðbólguvöxturinn hefur rénað um meira en helming á tólf mánuðum, og skilin eru einkar skörp frá og með stjórnarskiptunum. Þetta eru opinberar tölur sem hver og einn getur sannreynt. Stjórnarandstæðingar halda því að vísu fram, að beitt hafi verið brögðum, eins og þeir vilja kalla það, til að ná þessum árangri og segja ríkisstj. hafa fryst verðbógluna inni í ríkissjóði og eiga þá við niðurgreiðslur vöruverðs. Á það drögum við enga dul, að einmitt niðurgreiðslurnar á lífsnauðsynjum hafa slegið mikið á verðbólguna og reynst áhrifamikið tæki í glímunni við þann vágest. Með niðurfærslu- og millifærsluleiðinni, sem valin var s. l. haust með aðgerðunum 1. sept. og 1. des., tókst að bæta launþegum nær 8 stiga hækkun, sem ella hefði orðið á kaupi, með niðurgreiðslum og koma þær aðgerðir láglaunafólki sérstaklega til góða.

Verðlækkun á fjölmörgum lífsnauðsynjum almennings er nýbreytni sem fólk kann vel að meta, og með skattlagningu, sem nauðsynleg var til að jafna metin, hafa umtalsverðir fjármunir verið færðir til í þjóðfélaginu frá hinum betur megandi til hinna sem minna höfðu til skiptanna. Það er þessi skattlagning, m. a. á eignir, atvinnurekstur og hátekjufólk, sem stjórnarandstaðan hefur helst reynt að gera sér mat úr þá sjaldan hún rumskaði í skammdeginu og ætlaði sér að villa og trylla þá sem gengið hafa í björg með Glistrup-álfum íslenskum. Það varðar miklu að alþýða manna sjái í gegnum þá gjörningaþoku þar sem reynt er að gera alla skattheimtu tortryggilega og svipta þannig stjórnvöld þeim tækjum sem helst eru fallin til að ná jöfnuði og bæta félagslega aðstöðu þegnanna. Grátt er sannarlega það gaman sem haft er uppi í þessu samhengi.

Fjölmargar fleiri tölur má draga fram sem gefa vísbendingu um skörp skil til hins betra frá og með stjórnarskiptum s. l. haust. Þannig batnaði gjaldeyrisstaða bankanna um 24 milljarða kr. á síðustu 4 mánuðum ársins 1978, en hliðstæð hreyfing á 4 síðustu mánuðum ársins 1977 nam aðeins 2 milljörðum. Hjöðnun erlendra skulda nam á sama tímabili 1978 13 milljörðum kr. á móti hins vegar 3 milljarða kr. skuldaaukningu síðustu 4 mánuði ársins 1977. Samanburður af þessu tagi gefur vísbendingar, en myndin mun skýrast frekar ef lengri tími fæst til samanburðar.

Nú blasir að vísu við nýr og óvæntur vandi, þar sem er gífurleg hækkun á olíuverði, þótt enn sé ekki séð fyrir hversu varanleg sú þróun verður. Ríkisstj. undirbýr nú aðgerðir til að mæta þeim mikla vanda, sem óhjákvæmilega kemur illa ofan í árangursríkt viðnám hennar gegn verðbólgu. En nái menn saman um stefnumörkun í efnahagsmálum, sem að hefur verið unnið af stjórnarflokkunum að undanförnu, munu einnig finnast leiðir til að standa af sér þær skúrir sem fylgja hækkuðu olíuverði.

Hér sem á öðrum sviðum skiptir það öllu máli að ríkisstj. rjúfi ekki griðin við launþegasamtökin og annað alþýðufólk til sjávar og sveita. Þar er sá aflvaki sem þeir, er til forustu hafa valist, verða að treysta á og kunna að taka mið af. Slíkt á ekkert skylt við alþýðudekur eða þjónkun við örfáa forustumenn samtaka launamanna, eins og reynt er að læða inn hjá almenningi af þeim sem sundra vilja og leita sér halds á öðrum vettvangi.

Í þeirri samningalotu, sem nú stendur yfir milli ríkisstjórnarflokkanna um stefnumörkun í efnahagsmálum og fleiri þætti þjóðarbúskaparins til tveggja ára, hefur Alþb. kosið að rækta það samráð við stéttarsamtök alþýðu sem það telur hornstein þessa stjórnarsamstarfs og skýrt er skráð í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna. Full atvinna og varðveisla kjara og kaupmáttar sem flestra launþega eru forgangsatriði í till. Alþb. ásamt sókn gegn verðbólgu svo sem frekast er kostur. Árangur í glímunni við verðbólguna er afar mikils virði til að renna hér stoðum undir traust atvinnulíf. Þar þarf launafólk að leggja sitt af mörkum um leið og það stendur vörð um kjör sín. Endurskoðun á fyrirkomulagi kauptryggingar hefur ekki verið neitt bannorð hjá launþegasamtökunum að undanförnu og enn er boðið til viðræðna við vinsamlegt ríkisvald um tiltekin atriði varðandi vísitölumál. Launþegasamtökin í landinu hafa á undanförnum mánuðum sýnt í verki að þau kunna að meta samráð af hálfu ríkisstj. og krónuhækkanir hafa ekki forgang á þeim vettvangi ef réttarbætur og önnur hagsmunamál fá byr.

Alþb. stendur ótrautt á þeim grunni sem lagður var með myndun ríkisstj. eftir erfiða fæðingu hennar s. l. sumar. Alþb. stóð þá gegn því, að aðsteðjandi efnahagsvandi væri leystur á kostnað láglaunafólks, og það hefur síðan varist með árangri sókn þeirra afla sem halda því fram, að allir verða að fórna, láglaunafólkið í landinu ekki síður en aðrir.

Í stefnuræðu sinni úr þessum stól hér á Alþ. mælti Ólafur Jóhannesson forsrh. m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held ég geti sagt án þess að það séu innantóm orð, að við viljum stjórna fyrir fólkið og með fólkinu.“ Og hann bætti við: „Gengi þessarar stjórnar er því ekki hvað síst undir því komið, að henni takist að fylgja þeirri leiðarstjörnu. Og menn geta spurt sjálfa sig: Ef þessari stjórn tekst það ekki — hvað þá?“

Undir þessi orð oddvita ríkisstj. vil ég taka og jafnframt fullyrða að hann hefur í reynd fylgt þessum vegvísi hingað til með því að stuðla að skynsamlegum samráðum við launþega. Svo lengi sem það er gert og engir hlaupa frá borði eða yfir í sveit andskotaliðsins getur þessi ríkisstj. staðið og eflst til góðra verka. Menn skulu hafa það vel í huga, að ríkisstj. hefur ekki ætlað sér einvörðungu að hugsa um efnahagsmál, heldur er tekist á við

þýðingarmikil verkefni á öllum sviðum þjóðmála. Efnahagsmálin hefur eðlilega borið hæst til þessa og þau eru nú til sérstakrar meðferðar á vettvangi ríkisstj. og þingflokka er hana styðja. En einnig er fastmælum bundið í samstarfsyfirlýsingu aðildarflokka ríkisstj. að málefnasamningur hennar verði tekinn til endurskoðunar í heild á þessu ári. Þar er og verður ekkert undan skilið og stöðugt er raunar unnið að því að marka stefnu til lengri *tíma í einstökum málaflokkum.*

Stjórnarandstaðan og málgögn hennar láta mjög að því liggja að hér hafi ríkt eins konar stjórnarkreppa allt frá síðustu kosningum og heldur lítið hafi farið fyrir aðgerðum hjá okkur ráðh. í ríkisstj. hverjum á sínu verksviði. Nú ætla ég ekki að gerast dómari í eigin sök, en þó hefur það farið svo, að ég hef ekki fundið fyrir verkefnaskorti í iðnrn. þótt svo vaskur maður sem Gunnar Thoroddsen hafi setið þar undanfarin 4 ár. Bæði í iðnaðar- og orkumálum hefur ríkisstj. sett sér myndarleg markmið og flest af því er komið á einhvern rekspöl, þótt hraðar mætti ganga og æskilegt væri að betra tóm fengist til að sinna slíkum verkum.

Af stórum verkefnum á mínum vettvangi nefni ég t. d. áætlun um iðnþróun, almenn aðbúnaðarmál íslensks iðnaðar og aðgerðaáætlun fyrir einstakar iðngreinar. Í orkumálum er unnið að því að koma á fót einu landsfyrirtæki og leitað leiða til að jafna raforkuverð. Dreifing raforkunnar með *nýjum línum* og styrkingu þess kerfis, sem fyrir er, ekki síst í strjálbýli, er afar aðkallandi. Mikil verðhækkun á innfluttu eldsneyti kallar á skjót viðbrögð og aukna áherslu á hitaveitur og annað það sem flýtt getur fyrir að innlendir orkugjafar taki við af innfluttum eftir því sem hagkvæmt er talið. Þá má ekki dragast lengi úr þessu að tryggð verði aukin aðstoð við þá sem kynda verða hús sín með olíu enn um sinn. Þannig mætti lengi telja á sviði þessa eina ráðuneytis orku- og iðnaðarmála. *En ég verð ekki síður var við athafnasemi hjá samráðh.* mínum, hverjum á sínum vettvangi, og þrátt fyrir háreysti í kringum þjóðarskútuna og olnbogaskot við og við af stöku þóftu er ástæðulaust að halda að ekki sé lagst á árar.

Stjórnarandstaðan, sem loks er nú skriðin úr híði sínu eftir dásvefn skammdegisins, gerist nú allveiðibráð, eins og þessi þáltill. um þingrof og nýjar kosningar ber glöggan vott um, og hyggst henda á lofti einstakar hnútur er *hér hafa borist um sali frá óstýrilátum þm.* Flest *bendir* þó til að væringar haustsins og innbyrðis átök eftir dúndrandi ósigur í kosningum á síðasta sumri hái enn stjórnarandstöðuliðinu til muna, svo vart sé það vígfært hvað þá til stórorrustu fallið. Því virðist ætla að dragast að Sjálfstfl. nái fullri heilsu aftur, eins og hv. 1. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, sá raunar fyrir um síðustu veturnætur.

Vinstri menn á Íslandi þurfa nú að nota það lag sem því fylgir að *hafa náð saman um meiri hl. í höfuðstað* landsins og standa saman að ríkisstj. Geysilegt verk er að vinna að treysta undirstöður íslensks efnahagslífs, ná upp akri fiskimiðanna og snúa vörn í sókn í verndun og nýtingu landgæða. Þar og í fjölþættum iðnaði í okkar eigin höndum er sú undirstaða fólgin sem góð lífskjör og gæfa þessarar þjóðar hvílir á. Um leið og við fyrirgefum stjórnarandstöðunni frumhlaup hennar hér á Alþ. með flutningi þessarar þáltill. skulum við treysta samstöðu vinstri manna til heilla fyrir land og lýð.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Hlustendum þakka ég áheyrnina.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir mörgum árum — á blómaskeiði stjórnar Sjálfstfl. í Reykjavík — sagði þekktur embættismaður borgarinnar að þegar þeir væru allir sammála í borgarstjórn væri það um mál sem annaðhvort væri helber vitleysa eða kostaði stórfé.

Á *þessu þingi hafa ýmsir haft á orði* að Sjálfstfl. hlyti að vera í felum, svo litlir hafa tilburðir hans í stjórnarandstöðu verið. En nú hafa þm. hans allir sem einn komið fram í dagsljósið og flutt í einingu andans næsta óvenjulega till. um þingrof og nýjar kosningar. Það má segja um þetta mál eins og þau sem þeir voru allir sammála um í borgarstjórninni forðum, að það er bæði fráleitt og mundi verða rándýrt fyrir þjóðina.

Sjálfstfl. er enn þá sundurtættur eftir síðustu kosningar og þar eru linnulaus innri átök um forustu og stefnu, en hvort tveggja vanhagar flokkinn um. Sem stjórnarandstaða hefur flokkurinn brugðist því hlutverki að leggja fyrir þingið aðra kosti, aðra stefnu en ríkisstj. hefur fylgt. Það á svo að heita að Sjálfstfl. hafi nýlega birt nýja efnahagsstefnu, en hún bráðnaði og gleymdist eins og snjókorn í sólskini, enda hafði hún engin ný úrræði fram að færa, ekkert nema almenn slagorð, eins og formaður Sjálfstfl. las, — slagorð sem ekki geta leyst vanda *þjóðarinnar í dag eða næstu mánuði. Hið versta við till.* sjálfstæðismanna um þingrof og kosningar er þó það ótrúlega ábyrgðarleysi að ætla sé að skilja efnahagslífið eftir stjórnlaust fram á sumar, hleypa verðbólgunni lausri í marga mánuði. Það mundi reynast dýrkeypt.

Áður en gengið var til kosninga í fyrravor gaf Alþfl. út samandregna stefnu sína í efnahagsmálum í aðgengilegu formi. Bar hún heitið „Gjörbreytt efnahagsstefna" og undirheitið „Aðgerðir til frambúðar". Stefnan var í bláum *bæklingi dregin saman í 10 atriði og er þar að finna* meginhugmyndir flokksins um baráttuna gegn verðbólgunni, fyrir fullri atvinnu, auknu félagslegu jafnrétti og öðru því sem jafnaðarmönnum er hjarta næst í þessum efnum.

Ekki veit ég hvort margir kjósendur hafa geymt þennan litla pésa, en hitt get ég sagt ykkur, að hann sést oft á fundarborði þingflokks Alþfl. um þessar mundir. Hinir nýkjörnu fulltrúar Alþfl. á Alþ. hafa ekki gleymt því sem *þeir sögðu fyrir kosningar. Það hefur verið kjarninn í* starfi þingflokksins í allan vetur að standa við orð sín og heit.

Enginn vafi er á að verðbólgan er við hlið fiskveiðistefnunnar langalvarlegasta vandamál sem íslenska þjóðin á við að stríða. Eyðilegging verðmætustu fiskstofna getur sett efnahag okkar í rúst. Það skilja allir. En þetta getur óðaverðbólgan ekki síður gert, og hún er að því leyti hættulegri að hún grefur undan siðferði þjóð*arinnar og gerir íslenskt þjóðfélag spilltara með hverju* ári sem líður.

Við höfum lengi búið við nokkra verðbólgu, og þjóðin hefur lært að laga sig að henni, jafnvel verjast henni af mikilli kænsku, en slíkar varnir einstaklinganna eru alltaf á kostnað heildarinnar. Það var því slæmt að þola 10% verðbólgu árum saman, en síðustu 4—5 ár hefur verðbólgan verið 40—50% — og það er annar handleggur.

Slík óðaverðbólga getur valdið því, að rekstur fyrirtækja siglir í strand og framleiðsla þeirra verður ekki samkeppnisfær, svo að afleiðingin verður stórfellt at-

vinnuleysi. Bráðabirgðaráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert öðru hverju síðustu 6 mánuði, hafa yfirleitt verið við það miðaðar að hindra slíka óheillaþróun, að halda fyrirtækjunum gangandi og tryggja atvinnu fólksins, enda þótt þetta hafi því miður oftast verið skamma stund í senn.

Óðaverðbólgan býður einnig heim stórfelldu verðbólgubraski, svo stórfelldu að eldri reynsla okkar bliknar við hlið þess, og hún leiðir til hrikalegra misréttis meðal þegnanna en við höfum þekkt um aldir.

Af öllu þessu, sem ætti að vera alkunna, er ljóst að ríkisstj. verður að setja það markmið ofar öllu öðru að draga verulega úr verðbólgunni án þess að til atvinnuleysis komi. Þeir stjórnendur, sem ekki viðurkenna þetta höfuðmarkmið, leiða þjóðina út í ógöngur.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna, sem þeir gáfu út við myndun ríkisstj., eru tveir meginkaflarnir að sjálfsögðu um efnahagsmálin. Hinn fyrri fjallar um bráðabirgðaráðstafanir sem voru að mestu gerðar 1. sept. Síðari kaflinn heitir „Breytt efnahagsstefna" og er þar horft lengra fram um veg. Í þeim kafla eru með öðru langflest þeirra atriða sem sett voru fram í þeirri yfirlýsingu Alþfl. sem ég áðan nefndi.

Höfuðerfiðleikar núv. stjórnarsamstarfs hafa verið að stjórnin hefur viljað festast í endurteknum bráðabirgðaráðstöfunum eða átt erfitt með að ná sér á braut hinnar breyttu efnahagsstefnu sem lofað var við myndun ríkisstj. Þarna hefur Alþfl. komið til sögunnar og spyrnt fast á móti. Flokkurinn hefur reynt að gera það lýðum ljóst, að hann muni ekki standa að sífelldum bráðabirgðaúrræðum á þriggja mánaða fresti, eins og þau vilja koma hér á landi, með þeirri afleiðingu að óðaverðbólgan haldist að öllum líkindum óbreytt og þjóðin hjakki þegar til lengdar lætur í sömu förunum.

Um þetta hafa vissulega staðið átök síðustu þrjá mánuði, þó margvíslegur árangur hafi náðst í starfi stjórnarinnar á ýmsum sviðum. Smám saman hefur Alþfl. tekist að ná árangri og knýja fram mótun heilsteyptrar efnahagsstefnu sem mundi að bestu manna yfirsýn færa verðbólgu ársins 1979, sem nú er að líða, niður í 30% og síðan lengra niður. Þessi barátta Alþfl. hefur verið háð með öllum ráðum, því skal ég ekki neita, upphlaupum á Alþ., stórum orðum í ræðum og fjölmiðlum og stundum hefur skapast hálfgert ófriðarástand milli stjórnarflokkanna þegar hinir flokkarnir eða a. m. k. annar þeirra hefur svarað í sömu mynt. En baráttan hefur líka verið háð með málefnalegri vinnu, samningu veigamikils efnahagsfrv., samningu fjölda tillagna, með löngum viðræðum og sáttfýsi þegar aðrir hafa lagt fram skynsamlegar hugmyndir. Ágreiningur þessi innan stjórnarflokkanna hefur málefnalega verið langmestur milli Alþfl. og Alþb., eins og ljóst er af umr. Hins vegar virðast leiðir Alþfl. og Framsfl. í þessum efnum geta legið saman í mjög veigamiklum atriðum.

Það hefur verið samhengi í atburðarás þeirri sem leitt hefur til atburða undanfarinna daga. Þegar hinn 1. des. knúði Alþfl. fram veigamikla stefnuyfirlýsingu af hálfu ríkisstj. og hefði eftirleikurinn verið léttur ef allir hefðu fengist til að standa hiklaust við þá yfirlýsingu. Þá lagði Alþfl. fram heilsteypt frv. sem þingflokkurinn hafði lagt í mikla vinnu, og markaði það verk tímamót í málinu. Slík heildaráætlun um hagstjórn í landinu, um yfirstjórn efnahagsmálanna hefur ekki sést hér á landi síðan í upphafi viðreisnarinnar 1960.

Forsrh. sýndi skilning á þessu máli, og við afgreiðslu fjárl. gaf hann yfirlýsingu um að hann mundi láta semja slíkt heildarfrv. þegar eftir áramót. Ráðherranefnd undirbjó málið, en forsrh. setti saman frv. sem deilur hafa nú snúist um í tæplega mánuð.

Alþfl. hefur frá öndverðu stutt þetta frv. forsrh. Við teljum það vera gott og skynsamlegt frv. miðað við allar aðstæður og þau verkefni sem verður að leysa. Það er sett til höfuðs verðbólgunni og óbreytt hefði það getað náð því marki að koma henni niður í 30% á árinu sem er að líða.

Alþb. hefur hins vegar snúist ótrúlega önugt gegn frv., og mætti á stundum ætla af málflutningi forustumanna þess, að sá flokkur hefði hvorki alvarlegan áhuga á baráttu við verðbólgu né skynsamlegum áætlunarbúskap, sem ætlunin er að beita, og setti e. t. v. önnur markmið ofar.

Forsrh. hefur til þessa leikið hlutverk sáttasemjara og lagt fram allmikinn fjölda af brtt. við frv. sitt til að reyna að koma á samkomulagi. Alþfl. hefur enn sýnt sáttfýsi og gengið að mörgum till. ráðh., en nokkrar þeirra, sem snerta veigamikil atriði að okkar hyggju, samþykkjum við ekki. Afstaða þingflokks Alþfl. liggur þar algjörlega ljós fyrir.

Efnahagsfrv. er það sem kallað er „bandormur", af því að það fjallar um margvíslega og mismunandi málaflokka, sem þó hafa það sameiginlegt að snerta allir baráttuna við verðbólguna á Íslandi. Í hinum venjulegu bráðabirgðalausnum á þriggja mánaða fresti, sem Íslendingar hafa kynnst mörg undanfarin ár og ekki eiga að neinu leyti sérstaklega við síðasta hálfa ár, hefur yfirleitt öll deila snúist um kaupið sem launþegarnir eiga að fá. Með því heildarfrv., sem nú liggur fyrir, kemur glöggt í ljós að ráðstafanir eru einnig gerðar á sviði peningamála, ríkisfjármála, vaxta, bankastarfsemi, fjárfestingar og raunar mörgum fleiri sviðum. Það eru settar skrúfur á fjölmarga aðra en launþega. Það er ætlunin að enginn sleppi við að taka einhvern þátt í þessari baráttu. Rétt er þó að segja — og segja það svo að enginn geti misskilið — að frv. gerir ráð fyrir að allir aðilar í þjóðfélaginu: einstaklingar, fyrirtæki, sjóðir, bankar og opinberar stofnanir — verði að færa verulegar fórnir ef við ætlum að ná þeim árangri, sem við höfum sett okkur, og koma verðbólgunni jafnlangt niður og við óskum á þessu ári og væntanlega hinum næstu.

Ríkisstj. hét í upphafi að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, og það hefur hún gert. Fjölmargar álitsgerðir hafa borist og verður án efa mikið tillit tekið til þeirra við meðferð málsins. En það verður að segjast eins og er, að engin þessara samtaka bjóðast til að taka á sig fórnir eða veita samþykki fyrir þeim. Við því er e. t. v. ekki hægt að búast. En að höfðu samráði við aðila reynir því meira á stjórnmálamennina. Þeir verða að gera upp við sig, hvort þeir ætla að stjórna landinu og gera það, sem þeir sjálfir telja óhjákvæmilegt, í samráði við þá, sem þeir vilja ráðgast við til að ná settum markmiðum í baráttunni við verðbólguna, og þá e. t. v. treysta því, er þeir hafa tekið tillit til ýmissa till. frá samráðsaðilum, að þessi hagsmunasamtök vinnumarkaðsins umberi úrræðin þótt þau samþ. þau ekki formlega.

Alþingi Íslendinga stendur nú frammi fyrir slíkri prófraun, í rauninni bæði stjórnarflokkar og stjórnarandstaða, því báðir bera mikla ábyrgð. Eina svar stjórnarandstöðunnar er sú furðulega till. sem við ræðum

í kvöld. Stjórnarsinnar hafa hins vegar á borðum sínum lausnina og skortir aðeins endahnútinn til að málið verði afgreitt, menn geti brett upp ermar og tekið til starfa í stað þess að deila innbyrðis vikum eða mánuðum saman. Það er meira en nóg af vandamálum sem bíða óleyst á meðan þessi deila hefur staðið.

Mikil þolinmæði hefur verið sýnd og miklum tíma eytt í þetta mál. En nú er tíminn þrotinn. Ríkisstj. verður að leiða málið til lykta fyrir lok þessarar viku, annaðhvort með samkomulagi eða samstarfsslitum ef annað er ekki hægt. Efnahagsfrv. verður að leggjast fyrir Alþ. eins fljótt og unnt er, helst í næstu viku, og ég vona að það fái sem minnst breytt skjóta afgreiðslu. Ef stjórnarflokkarnir bera ekki gæfu til að sameinast um þetta mál og leiðir þeirra skilur, þá ber skylda til að kanna hvort unnt sé að mynda aðra ríkisstj. á grundvelli núv. þings. Þá fyrst ef það tekst ekki er réttlætanlegt að tala í alvöru um þingrof og kosningar.

Þetta er að minni hyggju ábyrg stefna eins og staða mála er í dag, þegar talað er af fullri hreinskilni, hversu mjög sem sigraða flokka dreymir um að rétta hlut sinn og flokkar í sókn iða í skinninu eftir tækifæri til nýrrar sóknar.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. áheyrendur. Þetta er ákaflega einkennileg tillaga. Hún er svo einkennileg að það er ekki einu sinni hægt að líta hana alvarlegum augum. Það er því sannarlega óþarfi að eyða á hana miklu púðri. Það er engu líkara en að sumir þm. séu komnir í kapphlaup um það, hver geti flutt framúrstefnulegustu þáltill. Fyrst flytur Vilmundur Gylfason sína nýstárlegu till., svo sem frægt er orðið, og nú flytur Sjálfstfl. allur og óklofinn, aldrei þessu vant, þessa furðulegu till. sem ég ætla að sé næsta fátíð í okkar þingsögu, að ég nú ekki tali um brtt. Braga Sigurjónssonar. Hún fer fyrir neðan garð hjá mér og ég ætla að leiða hjá mér að sinni að ræða hana.

Það er eins og fyrri daginn, að fádæmin eru verst, en frumleg er till. sjálfstæðismanna. Það er synd og skömm að ekki skuli upplýst hver er hinn raunverulegi höfundur þessa hugverks. Maður með slíka hugkvæmni og sköpunargáfu væri að mér finnst sjálfkjörinn í heiðurslaunahóp höfunda. Þar væri hann þó í góðum félagsskap.

Þessi till. er ekki vantraust á ríkisstj. Ef flm. væri einhver alvara hefðu þeir auðvitað borið fram vantrauststill. En þeim er engin alvara. Og út frá því sjónarmiði verður að ræða hana. Hún er ákall til mín, hún er áskorun á mig. Á ég að skoða það sem vantraust á mig eða á ég að skoða hana sem traustsyfirlýsingu? Hver getur skorið úr því? Þetta er ekki út í bláinn sagt. Það sýnist gert ráð fyrir því, að stjórnin sitji áfram með fullu umboði þrátt fyrir þingrof, stjórni kosningaframkvæmd og geti gefið út brbl. eftir því sem nauðsyn krefur. Ekkert er sagt um að stjórnin skuli segja af sér eftir kosningar. Gerir þó Sjálfstfl. tæplega ráð fyrir að hann fái hreinan meiri hl., þannig að allar líkur eru til að stjórnarflokkarnir hefðu meiri hl. eftir kosningar. Það er sem sagt engan botn hægt að fá í það, hvað fyrir flm. vakir.

Auðvitað er þessi till. einber sýndarmennska, örvæntingarfull tilraun á elleftu stundu til að auglýsa stjórnarandstöðu sem flestir voru búnir að gleyma að væri til.

Núv. ríkisstj. hefur starfað í hálft ár. Hún er samsteypustjórn ólíkra flokka. Í henni hefur gætt ágreinings um ýmis atriði. Á því er engin launung, enda má segja að stjórnin vinni fyrir opnum tjöldum og hefur það ekki bætt starfsskilyrði hennar. Það skal fúslega játað, að ágreiningur innan stjórnarflokkanna hefur nokkuð tafið afgreiðslu mála. Það hefur stundum tekið lengri tíma en æskilegt er að nauðsynleg niðurstaða fengist.

Þrátt fyrir nokkra agnúa á stjórnarsamstarfinu hefur ríkisstj. fylgt fram markaðri stefnu í efnahagsmálum, en að þeim málaflokki er kastljósi fyrst og fremst beint nú. Með markaðri stefnu á ég við þá stefnu sem ákveðin var í málefnasamningi stjórnarflokkanna. Hitt er rétt, að framkvæmdin hefur ekki orðið eins hröð og ráð var fyrir gert þegar lagt var af stað.

Hér er það fyrst að nefna, að fjárlög og lánsfjáráætlun voru afgreidd í samræmi við mótaða stefnu. Það er ákaflega mikilvægt, því að þar er mótuð í veigamiklum atriðum efnahagsstefna fyrir þetta ár. Í annan stað bendi ég á að þær ráðstafanir, sem í samstarfsyfirlýsingunni eru kallaðar fyrstu aðgerðir, hafa allar verið framkvæmdar. Þar er um að ræða ráðstafanir sem nauðsynlegar voru til að koma í veg fyrir stöðvun atvinnurekstrar og tryggja áframhaldandi rekstur, a. m. k. fyrst um sinn. Þá fólu og þessar ráðstafanir í sér fyrstu spor til hjöðnunar verðbólgu í áföngum. Það er staðreynd, að þessar aðgerðir hafa þegar leitt til umtalsverðrar lækkunar frá því verðbólgustigi sem var þegar ríkisstj. tók við. Þessar aðgerðir hafa verið framkvæmdar í áföngum. Ráðstafanir þær, sem gripið var til í sept. s. l., sbr. lög um kjaramál, mörkuðu fyrsta áfanga. Með ráðstöfunum samkv. lögum um viðnámsaðgerðir gegn verðbólgu frá því um mánaðamótin nóv.—des. var verkinu áfram haldið og í reynd þá hafinn annar áfangi þess starfs í efnahagsmálum sem um var fjallað í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj.

Ráðstafanir þær, sem framkvæmdar voru í þessum tveimur áföngum, voru ekki bráðabirgðaúrræði í þeim skilningi að þær væru tímabundnar og væru úr sögunni að tilteknum tíma liðnum. Á hitt var engin dul dregin, að þær fólu ekki í sér varanlega lausn efnahagsvandans og ekki nema að nokkru leyti þá breyttu efnahagsstefnu sem boðuð var. Með því lagafrv. um stjórn efnahagsmála o. fl., sem er í smíðum, er ætlunin að ákveða varanlegri úrlausnir. Það frv. ber að skoða sem þriðja og langsamlega veigamesta áfangann á þeirri braut að móta og síðan fylgja fram samræmdri aðhaldsstefnu í fjárfestingarmálum, peningamálum og verðlagsmálum í samhengi við heildarstefnu í skattamálum og efnahagsmálum almennt. Stefnumið þessa frv. þurfa að vera þau að marka stefnu í efnahagsmálum til næstu ára, að tryggja atvinnuöryggi, að grípa til ráðstafana þegar í stað á sviði fjármála, peningamála, launamála og verðlagsmála sem stefna að hjöðnun verðbólgu í áföngum og ekki hvað síst með endurskoðun vísitölukerfisins að búa í haginn fyrir efnahagslegar framfarir og bætt lífskjör í landinu.

Það hefur dregist lengur en góðu hófi gegnir að ganga frá lagasetningu um þessi efni. Af því hefur þegar hlotist alvarlegt tjón. En dettur nokkrum í hug að úr því tjóni yrði dregið með þingrofi, nýjum kosningum og stjórnarmyndunarviðræðum sem eftir reynslunni gætu dregist nokkuð á langinn? Mundu slíkar aðgerðir flýta fyrir nauðsynlegri lagasetningu um efnahagsmál? Ætli þau mál yrðu ekki lögð til hliðar a. m. k. að mestu leyti á meðan kosningabaráttan og stjórnarmyndunarsamningar stæðu yfir? Hvert ætli verðbólgan

yrði þá komin? Þessum spurningum getur hver og einn velt fyrir sér.

Um væntanlegt efnahagsmálafrv. ræði ég hér ekki frekar. Það er þá fyrst viðeigandi er það hefur verið lagt fyrir Alþingi.

Sjálfstæðismönnum verður tíðrætt um skattaálögur. Það er alveg rétt, að skattar á hærri tekjum og eignum einstaklinga og fyrirtækja hafa verið hækkaðir. Það var óhjákvæmilegt vegna ráðstafana sem gerðar voru til að draga úr verðbólgu og víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Auðvitað finna einhverjir fyrir þessum hækkunum. En hvar hefðu þeir verið staddir, t. d. atvinnurekendur, ef engar aðgerðir hefðu verið gerðar til að hefta verðbólguvöxtinn? Vilja þeir ekki bera saman skattahækkanir sínar og kostnaðarlækkanir vegna lægri kaupgreiðslna? Að sjálfsögðu á slíkur samanburður ekki við hjá öllum og efalaust koma þessar nýju skattaálögur illa við einhverja.

En sjálfstæðismönnum gleymist að þeir skildu eftir sig skattalög. Þeir beittu sér á s. l. vetri fyrir setningu nýrra skattal. Það eru lög nr. 40/1978. Þau eru nú gengin í gildi, en koma ekki til framkvæmda fyrr en við skattlagningu á árinu 1980. Þá fyrst sjá menn ávexti þessarar löggjafar. Efalaust er margt til bóta í þessum skattalögum, en annað orkar tvímælis, svo að ekki sé meira sagt. Og hvað sem öðru líður, þá er á þeim sá annmarki, að sum ákvæði þeirra eru ærið torskilin venjulegu fólki. Þau virðast helst vera gerð fyrir skattamálasérfræðinga. Eitt er þó alveg augljóst, að í þeim felst stórkostleg skattahækkun og þá sérstaklega á atvinnurekendum, sbr. 44. og 45. gr. laganna. Ég dreg ekki í efa, að slíkt geti átt rétt á sér, en þessi lagaákvæði eru svo haganlega gerð að það er ómögulegt að sjá fyrir fram hve miklu þessar skattahækkanir nemi. Ég get a. m. k. ekki ráðið þá gátu. Þess háttar lagasetning kann að vera klókindaleg frá pólitískum sjónarhóli, en tæplega til fyrirmyndar frá lagatæknilegu sjónarmiði.

Sjálfstæðismenn hafa lýst mikilli hneykslun yfir því, að rætt hafi verið um að fela ríkisskattstjóra að gera könnun á eignum manna og skuldum og þá einnig þeirra sem undanþegnir eru framtalsskyldu. En hvað segir í þeirra eigin lögum? Í 94. gr. laganna segir svo, með leyfi forseta:

„Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila, sem beiðninni er beint til, eða aðra aðila, sem hann getur veitt upplýsingar um.

Vegna skatteftirlits skv. lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsókna samkv. 102. gr.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar gr. gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir, svo og öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.“ — Ég les ekki lengra.

Hér er í rauninni heimild til stöðugrar eignakönnunar hvenær sem er. Hvenær sem er geta skattaeftirlitsmenn gert þá leit, sem í greininni segir, og á þeim stöðum, sem þar greinir, án þess að nokkur dómsúrskurður liggi fyrir. Þeir geta leitað í skrifborðum og frystikistum og raunar hvar sem er. Það getur verið hyggilegra að geyma ekki gömul bréf um viðkvæm málefni. Það eru þessar víðtæku leitarheimildir án atbeina dómara sem ég hef leyft mér að segja að minni óneitanlega á lögregluríki. Og það mætti nefna fleiri dæmi úr lögunum í svipuðum dúr.

Auðvitað er ég ekki að mæla skattsvikum bót og vissulega er þörf á skilvirku skattaeftirliti. En hóf er best í hverjum hlut. En á þetta bendi ég umfram allt til þess að sýna fram á þá hræsni sem sjálfstæðismenn hafa borið á borð fyrir menn í þessum efnum. Og svo þykjast þeir vera sjálfkjörnir verndarar friðhelgi einkalífs. Það væri ákaflega þarft verk ef fyrrv. fjmrh., vinur minn elskulegur, Matthías Á. Mathiesen, tæki sér fyrir hendur, á meðan hann bíður eftir ráðherrastóli og hefur dágott næði, að semja skýringarrit við þessi lög sín. Ég hefði t. d. sérstaka unun af að lesa skýringar hans á ákvæði til bráðabirgða nr. 4 og svo mundi vera um fleiri.

Þetta ætti að nægja um skattamálin, en þau hafa hingað til átt að vera aðaltromp sjálfstæðismanna. Þeir hafa meira að segja boðað til sérstakra funda um þau. Á þeim fundum ættu þeir framvegis að ræða um eigin afrek á þessu sviði.

Sjálfstæðismenn brýna Alþb.-menn og Alþfl.-menn mjög á því, að þeir hafi ekki sett samningana í gildi svo sem þeir hafi heitið í kosningabaráttunni, og í grg. með þáltill. er það nefnt sem fyrsta ástæða fyrir till., að þetta fyrirheit hafi ekki verið efnt. Fyrrv. ríkisstj. gerði ráðstafanir í efnahagsmálum sem hún taldi óhjákvæmilegar. Þær gripu m. a. inn í kjarasamninga. En nú þegar sjálfstæðismenn eru komnir í stjórnarandstöðu mana þeir og særa sigurvegara kosninganna til að setja samningana í gildi, þ. e. a. s. að gera það sem sjálfstæðismenn áður töldu ófært og þjóðarbúinu ofviða. Hvaða samræmi er í svona málflutningi? Hvernig á að treysta mönnum sem breyta afstöðu sinni til mála svo gersamlega eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu? Hver er kjölfesta slíkra stjórnmálaskoðana og stjórnmálamanna? Hvernig geta þeir ætlast til þess að þeir séu teknir alvarlega?

Þessi þáltill. fær auðvitað þinglega afgreiðslu með eðlilegum hætti. Hvort sem fyrir flm. hennar hefur vakað að votta mér vantraust eða veita mér traust, þá vil ég að lokum taka fram, að í samræmi við óformlegt samkomulag stjórnarflokkanna við stjórnarmyndun mun ég samstundis segja af mér ef þessi till. verður samþykkt, sem ég hef raunar enga ástæðu til að ætla. Þar með er stjórnin fallin. Þeir, sem vilja drepa stjórnina, greiða því þessari þáltill. atkv. — aðrir ekki. Verði þessi till. samþ. þurfa því engir að velkjast í vafa um það, hverjir þurfa að lýsa vígi á hendur sér, og þá eru þeir auðvitað siðferðilega skuldbundnir til þess að mynda nýja stjórn.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. forsrh. var í nokkrum vafa um hvernig skilja bæri þessa till., taldi að hún væri einkennileg og fátíð. Sams

konar till. og þessi var flutt áður þegar hér var önnur vinstri stjórn, Hermanns Jónassonar, og var þá flutt af þeim Ólafi Thors og Bjarna Benediktssyni. En til þess að hæstv. forsrh. velkist ekki í vafa um hvað þessi till. felur í sér, þá vil ég taka það skýrt fram, að auðvitað felur þessi till. um þingrof og nýjar kosningar í sér fullkomið vantraust á núv. ríkisstj., enda fór það ekki milli mála í lok ræðu hæstv. ráðh., að hann skildi till. þannig ef samþykkt yrði, þar sem hann mundi þá tafarlaust biðjast lausnar. Ég vil taka það fram út af ummælum hæstv. ráðh., að hér er ekki um að ræða sérstakt vantraust á hendur honum eða persónulegt vantraust, heldur er það vantraust á ríkisstj. í heild og stjórnarsamstarfinu sem hér er á ferðinni.

Hæstv. ráðh. minntist hér á skattalögin frá síðasta þingi. Ég vil taka það fram, að um ýmis ákvæði þeirra skattalaga voru skiptar skoðanir innan stjórnarflokkanna. En hitt vil ég taka fram um leið, að þessi skattalög voru ekki síður skattalög Framsfl. heldur en Sjálfstfl.

Hæstv. iðnrh. taldi að þegar núv. ríkisstj. tók við hefði hún komið að tómum sjóðum. Dálítið stangast þetta á við frv. sem ríkisstj. flutti nú fyrir nokkrum dögum og er orðið að lögum. Það er um breytingu á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Þar var m. a. ákveðið að lækka útflutningsgjald til tiltekinna sjóða úr 6% í 5%. Í grg. ríkisstj. með þessu frv. er það rökstutt með því, að þrír meginsjóðir, sem um er að ræða, þoli nokkra lækkun útflutningsgjaldsins án þess að það þurfi að koma niður á starfsemi þeirra. Ekki bendir þetta til þess að sjóðirnir hafi verið galtómir þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við.

Hæstv. iðnrh. taldi að lítið hefði farið fyrir stjórnarandstöðunni á þessu þingi. Ég vil taka það fram, að þetta þing hefur verið með alveg sérstökum og nýstárlegum hætti, m. a. vegna þess að einn stjórnarflokkanna hefur leikið það hlutverk að vera samtímis í stjórn og stjórnarandstöðu. Þetta hefur leitt til ákaflega mikilla deilna og háværra í þingsölum. Stundum hefur ekki annað komist að heilu dagana í Alþ. heldur en rifrildi milli Alþfl. og Alþb. Vitanlega hefur þetta rifrildi og hörkudeilur stjórnarflokkanna innbyrðis vakið ákaflega mikla athygli, vegna þess að þetta er svo nýstárlegt. Slíkt og annað eins hefur aldrei gerst fyrr á Íslandi.

Í fuglabjargi stjórnarflokkanna er í rauninni erfitt að greina nokkurn samhljóm, heldur syngur þar hver með sínu nefi. Hæstv. forsrh. hefur reynt að samstilla kórinn, en söngstjórinn er píptur niður einn daginn af öðrum samstarfsflokknum og annan daginn af hinum. Mishljómarnir magnast dag frá degi. Einn af háværustu bjargfuglunum segist t. d. hafa setið í festum og verið heitbundinn hæstv. forsrh. í hálfan mánuð, en nú hafi ráðh. heykst á öllu trúlofunarstandinu, og virðist nú festarmaðurinn helst vilja snúa prófastinn úr hálsliðnum. Kannske má því ekki síður búast við „begrafelsi“ en brúðkaupsveislu á næstunni.

Öll þessi ósköp, sem yfir ganga og hæstv. iðnrh. kallar samningslotu, en réttara væri að líkja við hnefaleikalotu, — öll þessi ósköp eru með þeim ólíkindum að engin ríkisstj. á Íslandi hefur áður lifað eða framkallað slíkt. Allt sýnist þetta fyrst og fremst stafa af ósamkomulagi og illindum um efnahagsmálin. Ágreiningurinn stendur milli Alþfl. og Alþb., en þeir flokkar tveir töldu sig í fyrrasumar hafa næg úrræði í þeim málum — úrræði til að leysa efnahagsvandann — og gáfu fögur fyrirheit.

Í þessum furðulega og fjörmikla stríðsdansi stjórnarflokkanna og ógnvekjandi úrræðaleysi er það því ekki að ófyrirsynju að sjálfstæðismenn hafa flutt till. um þingrof og nýjar kosningar.

Ég vil, áður en lengra er haldið, minnast á ummæli hæstv. iðnrh. um vísitöluna, hvað hún hefði hækkað miklu minna nú en ári áður. Sannleikurinn er sá, eins og hann lítillega kom inn á, að hér er að verulegu leyti leikið með tölur. Sumpart eru þarna að verki niðurgreiðslur sem fengnar eru með stórfelldri hækkun beinna skatta sem ekki koma inn í vísitölna. Í öðru lagi má nefna að hækkun á gjaldskrá fyrir ýmsar opinberar stofnanir hefur verið frestað og er þess vegna ekki komin enn inn í vísitöluna. En með þessum aðgerðum er verið að stofna til stórfellds hallarekstrar hjá ýmsum stofnunum. Meira að segja er svo komið að jafnvelstætt fyrirtæki og Landsvirkjun hefur opinberlega lýst yfir miklum greiðsluhalla hjá sér. Það er verið að halda vísitölunni niðri á óeðlilegan hátt með því að fresta slíkum gjaldskrárhækkunum. Allt þetta hlýtur að koma fram fyrr eða síðar. En stórfelldur hallarekstur opinberra stofnana er verðbólguaukandi. Þetta er sami leikurinn og leikinn var af vinstri stjórninni árin 1973—1974, þar sem frestað var nauðsynlegum gjaldskrárhækkunum til þess að halda vísitölunni niðri, en allt þetta varð svo að leiðrétta og laga, og varð það eitt af erfiðustu viðfangsefnum á fyrsta ári fyrrv. ríkisstj.

Einn þáttur efnahagsmálanna liggur þó fyrir Alþ. nú, þótt efnahagsfrv. forsrh. hafi ekki litið dagsins ljós. Það er stjfrv. um lántökur, fjárfestingu o. fl., og tel ég nauðsynlegt að gera það nokkuð að umtalsefni hér.

Að því er varðar fjárfestingu og verklegar framkvæmdir í landinu, þá verður að vara við þeirri allt of útbreiddu kenningu, að mikil fjárfesting sé einhver bölvaldur og meginorsök verðbólgunnar. Þvert á móti verða menn að gera sér grein fyrir að fjárfesting í atvinnutækjum, samgöngu- og orkumálum og ýmsum öðrum opinberum framkvæmdum er undirstaða framfara í landinu og grundvöllur vaxandi velmegunar. Endurnýjun atvinnutækja, bættur vélakostur, næg orka, greiðar samgöngur, — alls þessa má þjóðin ekki án vera ef hún vill sækja fram. Þess vegna á ekki að stefna að því að fjárfesting í þjóðarbúskapnum fari minnkandi í hlutfalli við rekstrarútgjöld, heldur fremur að setja það mark að draga úr rekstrarútgjöldum hins opinbera.

Það er líka varhugavert að búa sér til þá reglu fram í tímann, að fjárfesting í landinu megi ekki vera t. d. nema 24½% af þjóðarframleiðslunni.

Hér verður að greina glöggt í sundur hvers eðlis framkvæmdirnar eru. Þótt stefnt sé að því að draga úr erlendum lántökum, þá getur verið hyggilegt að taka erlend lán ef sú framkvæmd sparar meira í erlendum gjaldeyri en vöxtum og afborgunum lánsins nemur. Þá væri það glapræði að neita um slíkt erlent lán vegna þess að einhverri fyrir fram tilbúinni hámarkstölu væri náð. Í fjárfestingaráætlun og lántökufrv. ríkisstj. ber of mikið á slíkum almennum reglum og þar er ekki alltaf tekið mið af heilbrigðri skynsemi. Hér skulu nefnd dæmi.

Samdráttaraðgerðir stjórnarflokkanna eru þegar farnar að hafa alvarleg áhrif. Í byggingariðnaðinum hafa verkefni minnkað, og þó að þau séu talin viðunandi víða sem stendur, þá eru svo óskyggilegar horfur í haust og næsta vetur að búast verður við verulegu atvinnuleysi meðal byggingarmanna. Hefði því verið fullkomin

ástæða til að auka frekar fjármagnsmöguleika í þeirri grein. En stjórnarflokkarnir gera þveröfugt. Í ofurkappi sínu að skera niður fjárfestingu sjást þeir ekki fyrir, þeir leggja til í 11. gr. stjfrv., að Byggingarsjóður sé sviptur í ár 2000 millj. kr. af starfsfé sínu og því ráðstafað til annarra verkefna.

Í hitaveitumálum varð gerbreyting við stjórnarskiptin haustið 1974. Í stað hins vanhugsaða áróðurs iðnrh. Alþb. áður fyrir aukinni rafhitun með þilofnum, sem hefur orðið þjóðinni þungur baggi, var lagt kapp á að finna og nýta heitt vatn og gera nýjar hitaveitur. Árangurinn er skýr. Olíunotkun til húshitunar hefur stórminnkað á þessum árum vegna hitaveitnanna, til hagsbóta fyrir fólkið og gjaldeyrissparnaðar fyrir þjóðina. Ég skal nefna hér til skýringar, að árið 1973 var olíunotkun til húshitunar hér á landi 160 þús. tonn, en á síðasta ári var notkunin komin niður í 95 þús. tonn. Á þessum tíma hefur útsöluverð á olíu til notenda tólffaldast. Þessi minnkun á olíunotkun til húshitunar, sem fyrst og fremst stafar af hinum nýju og auknu hitaveitum, sparar þjóðinni hvorki meira né minna en 3.5 milljarða ísl. kr. á ári, en gjaldeyrissparnaðurinn nemur tæpum 3 milljörðum.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. nú hefur verið dregið úr og frestað ýmsum hitaveituframkvæmdum í stað þess að greiða sem mest fyrir þeim. Hér er vissulega rangt að farið.

Hæstv. iðnrh. sagði áðan að hann þyrfti ekki að kvarta um verkefnaleysi í iðnrn. þótt þar hefði verið vaskur maður áður. Ég vil segja að svo mikil og stórbrotin verkefni eru í orku- og iðnaðarmálum, að það mætti furðu sæta ef nokkur iðnrh. yrði þar nokkurn tíma verkefnalaus. Hins vegar eru mér það nokkur vonbrigði, að hæstv. núv. iðnrh. skuli ekki hafa fylgt fastar eftir undirbúningi og framkvæmdum um nýtingu innlendra orkugjafa.

Landkynning og ötul starfsemi við ferðamál hafa stóraukið gjaldeyristekjur landsmanna. Þær námu á s. l. ári rúmum 10 milljörðum kr. Hér hafa Ferðamálaráð, ferðaskrifstofur, Náttúruverndarráð og fleiri aðilar starfað saman með góðum árangri. Þessi atvinnugrein, móttaka erlendra ferðamanna, skilar nú nær jafnmiklum gjaldeyri og útfluttar iðnaðarvörur. En með þessu stjfrv. á að svipta Ferðamálaráð að mestu þeim tekjum, sem það hefur haft til starfsemi sinnar, og lama þar með þessa mikilvægu atvinnugrein.

Ég hef nefnt hér þrjú dæmi um það, hvernig ekki á að standa að því að stjórna landinu. Í einu þessara dæma eru gerðar ráðstafanir sem munu leiða til atvinnuleysis í byggingariðnaði og vaxandi húsnæðisvandræða. Í hinum dæmunum er komið í veg fyrir gjaldeyrissparnað og gjaldeyrisöflun, og hefur þó gjaldeyrisskorturinn löngum hrjáð þessa þjóð.

Þótt framkvæmdir og fjárfesting hafi á sumum sviðum verið um of á undanförnum árum, þá réttlætir það ekki slíkar aðgerðir sem leiða til atvinnuleysis og gjaldeyrissóunar. Það er jafnvægið, sem verður að finna, og alltaf er hollt að hafa heilbrigða skynsemi þar með í ferðum. Það þarf að sporna við óeðlilegri eftirspurn eftir vinnuafli í hverri grein, því að slík spenna eykur verðþenslu. Til þess að koma í veg fyrir ofþenslu í framkvæmdum má ekki grípa til skömmtunar og hins illræmda fjárfestingarleyfakerfis. Hins vegar væri ráðlegt að beita hér aðferð hins frjálsa aðhalds. Ríkisvaldið þarf að fela einhverjum aðila, sem fyrir er í ríkiskerfinu, að fylgjast að staðaldri með ástandi og horfum í hverri atvinnugrein. Ef útlit er fyrir ofþenslu og mikla eftirspurn eftir vinnuafli í einhverri grein, þá þarf sá aðili að gera aðvart í tæka tíð. Þá skal reynt að draga úr hættunni með því að ríkið og ríkisstofnanir dragi úr eða fresti einhverjum framkvæmdum og leitast verði við með samráði og fortölum að fá sveitarfélög, atvinnufyrirtæki og einstaklinga til hins sama. Eins þarf að fylgjast vandlega með því, ef hætta er á atvinnuleysi í einhverri grein, og gera allt sem unnt er til þess að auka atvinnu og bægja frá því böli sem atvinnuleysið er.

Ég hef bent hér á hina frjálsu leið í stað fjötra. Og þannig er það viðhorf og stefna sjálfstæðismanna í öllum þjóðmálum, að frjálsræðið er farsælast. En frjálsræðinu þarf að fylgja eftirlit til þess að taka í taumana, ef frelsið er misnotað. Hið gamla skipulag verðlagsmála hefur t. d. ekki fært mönnum hagkvæmni í vöruvali og vörugæðum, heldur þvert á móti, oft og tíðum valdið óhagkvæmum innkaupum. Við sjálfstæðismenn viljum afnema þetta úrelta fyrirkomulag sem er styrjaldarrústir og aðrar þjóðir hafa löngu grafið í jörð. Við viljum frelsi um verðmyndun, en með eftirliti sem grípur inn í ef hinar frjálsu samkeppni nýtur ekki nægilega á einhverju sviði. Og eins og við viljum frjálsræði í stað ríkisforsjár viljum við auka ráðstöfunarrétt borgaranna á tekjum sínum og munum því beita okkur fyrir að afnema allar hinar nýju skattaálögur sem núverandi stjórnarflokkar hafa leitt yfir þjóðina.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Umr. um efnahagsmál hér á landi síðustu missiri eru engu síður verðbólgin en efnahagslífið sjálft. Stjórnarmálamenn leggja sig í framkróka um að vekja á sér athygli með ómerkilegri auglýsingamennsku, og raunverulegt starf kemst ekki á dagskrá Alþingis fyrir látlausum málfundum. Gengisfelling íslensku krónunnar undanfarin ár hefur vissulega verið mikil, en gengisfall orðsins engu minna. Af umr. mætti ætla stundum að þjóðin byggi við önnur móðuharðindi, að annar hver maður væri kominn á vonarvöl og byggi við sult og seyru.

Umræður um verðbólguna er orðin eins og verðbólgan sjálf. Hún bregður sér í allra kvikinda líki, afmyndar umhverfi sitt og villir mönnum sýn. Þó að það liggi t. d. fyrir að núv. ríkisstj. hafi á aðeins 6 mánuðum komið verðbólgunni niður fyrir 25% á ári miðað við 50% á ári þegar ríkisstj. tók við er haldið áfram í sífellu að klifa á 40—50% verðbólgu. Jafnvel einstakir ráðh. láta eins og ekkert hafi gerst, þegar þó liggur fyrir samkv. óvefengjanlegum tölum Hagstofu Íslands, að vísitala framfærslukostnaðar bætti við sig aðeins 4.7% á síðustu þremur mánuðum eða sem samsvarar liðlega 20% á ári.

Alþb. hefur vissulega haft forustu um þær efnahagsaðgerðir sem gripið hefur verið til, og árangurinn liggur nú fyrir. Alþb. leggur hins vegar áherslu á að launafólkið í landinu eigi ekki að kosta stríðið gegn verðbólgunni, heldur þeir sem hafa nærst á henni undanfarna áratugi. Umfram allt leggjum við áherslu á að baráttan gegn verðbólgu má undir engum kringumstæðum hafa í för með sér atvinnuleysi.

Alþb. hafði ásamt verkalýðshreyfingunni forustu um þá stefnu sem fylgt hefur verið, — þá stefnu sem hefur skilað þeim árangri í glímunni við verðbólguna sem ég hef nú getið um. Forsendur þessarar stefnu eru tvær: Í

fyrsta lagi skal kaupmætti launa haldið í samræmi við kjarasamningana 1977. Í öðru lagi verður að tryggja fulla atvinnu í landinu. Á þessum forsendum viljum við heyja baráttuna gegn verðbólgu. Við neitum að fallast á það, að því aðeins sé unnt að draga úr verðbólgu að ráðist sé á almenn launakjör. Við neitum að fallast á till. um skipulagt atvinnuleysi til þess að koma verðbólgunni niður.

Í þeim deilum, sem að undanförnu hafa átt sér stað um frv. forsrh. um efnahagsmál o. fl., hefur einmitt verið tekist á um þessi meginatriði. Í frv. er t. d. gert ráð fyrir því, að verðhækkanir, sem fara fram yfir 5%, megi ekki bæta í kaupi, og þar eru einnig fjölmörg ákvæði um samdrátt og niðurskurð sem gætu leitt af sér stórfellda atvinnuleysishættu. Þessum atriðum hafnar Alþb. alfarið, og þessum atriðum hafnar verkalýðshreyfingin einnig, eins og fram hefur komið í umsögnum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Alþb. stóð með verkalýðshreyfingunni í baráttunni gegn fráfarandi ríkisstj., og flokkur okkar mun fyrr yfirgefa þessa ríkisstj. en að fallast á kauplækkunar- og atvinnuleysiskröfur.

Samstarfsflokkar okkar halda því stundum fram, að engin veruleg hætta sé á atvinnuleysi og færi svo illa að atvinnuleysi gerði vart við sig yrði vafalaust unnt að snúa við og rétta af atvinnuástandið. Þetta er því miður grundvallarmisskilningur. Eftir að atvinnuleysisvofan hefur einu sinni gert vart við sig er afar erfitt að kveða hana niður. Hvað segir ekki reynslan frá Vestur-Evrópu okkur í þessum efnum? Þar er alls staðar um að ræða atvinnuleysi, sums staðar mjög tilfinnanlegt, og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að snúa við hefur það mistekist. Við Íslendingar megum aldrei láta slíkt henda okkur.

Atvinna og framleiðsla eru undirstaða allra framfara, samneyslu og einkaneyslu. Atvinnuleysi grefur undan sjálfstæði þjóðar, hrekur fólk úr landi og ýtir undir óþjóðleg viðbrögð, eins og dæmin sanna frá viðreisnarárunum þegar atvinnuleysið náði hámarki, þegar okkar eigin framleiðslutæki, frystihús og fiskiskip, grotnuðu niður, en ráðamenn seldu raforkuna smánarverði til erlends auðhrings. Baráttan fyrir fullri atvinnu og batnandi lífskjörum er því um leið barátta fyrir sjálfstæði þessarar þjóðar.

Alþb. leggur ríka áherslu á að bregðast enn við vandanum — einnig verðbólguvandanum — með jákvæðum hætti, með uppbyggingu íslenskra atvinnuvega, aukinni framleiðslu og framleiðni, en ekki með neikvæðum niðurskurðar-, kauplækkunar- og samdráttaraðgerðum.

Í íslenska þjóðfélaginu takast nú á tvö meginöfl: annars vegar Alþb. og verkalýðshreyfingin, hins vegar Sjálfstfl. og auðstéttin í landinu. Milliflokkarnir hafa valsað þarna á milli eftir aðstæðum hverju sinni. Stundum halla þeir sér að íhaldinu um sinn, lengst allra Alþfl. frá 1960—1971, seinna Framsfl. s. l. 4 ár. Samlífið fór með líftóru þessara flokka, eins og um getur gleggst í kosningahandbókum, og því þarflaust að rifja það upp hér. Í samstarfi við Alþb. hefur hins vegar mörgu miðað vel áleiðis. Fer þó ekki hjá því að vanlíðan einstakra samstarfsmanna okkar birtist stundum eins og útbrot á síðum síðdegisblaðanna.

Þær höfuðandstæður íslenskra stjórnmála, flokkur sósíalista, Alþb., og Sjálfstfl., sem ég gat um, hafa tekist á í áratugi og þrátt fyrir nokkurn stærðarmun hefur hér ríkt svokallað jafnvægi stéttanna, þannig að þjóðfélagsleg valdaaðstaða hefur verið nokkuð ámóta á stundum. Nú brá hins vegar svo við á s. l. sumri, að Sjálfstfl. missti meirihlutaaðstöðu sína í Reykjavík eftir hálfa öld og um leið áhrifastöðu í ríkisstj. Íslands. Þessi niðurlæging Sjálfstfl. hefur orðið til þess, að hans getur vart á blöðum þessa vetrar nema í sambandi við innri átök flokksins. Nefndakjör veldur þar jafnan deilum og hann hefur enga stefnu, engar till. til lausnar þeim vandamálum sem við er að glíma í íslensku þjóðfélagi í dag.

Nýlega birtist að vísu plagg sem nefnist efnahagsstefna Sjálfstæðisflokksins og felur í sér átakanlega sönnun þess, að Sjálfstfl. hefur gefist upp við að reyna að finna lausn efnahagsvandans á íslenskum forsendum. Till. Sjálfstfl. jafngiltu í raun uppgjöf í baráttunni fyrir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Þar er gert ráð fyrir að gengisskráning verði látin laus, verðlag gefið frjálst, eins og það er kallað, viðskiptabankar og aðrar fjármagnsstofnanir eigi að ákveða vexti af lánum og allar fjárskuldbindingar innanlands megi tengja erlendum gjaldmiðlum, sem þýddi í raun að leggja niður íslenska mynt. Kórónan á þessu sköpunarverki er svo sú, að gert er ráð fyrir að opna landið algerlega fyrir erlendum lánum af hvaða tagi sem er, eða eins og segir orðrétt í till. Sjálfstfl.: „Erlendur gjaldfrestur verði heimill í öllum vöruflokkum eftir sömu reglum. Frjálslegar reglur gildi um erlendar lántökur."

Í uppgjafarstefnu Sjálfstfl. kemur að sjálfsögðu fram til hvers hann hyggst opna hér allar gáttir fyrir erlendu fjármagni og erlendu lánsfé. Það eru að sjálfsögðu fyrirtækin, en ekki fólkið, sem eiga að njóta góðs af till. hans, því fyrirtækjunum á að heimila að „leggja fé í verðtryggða og bundna varasjóði gegn skattfrelsi eða frestun skattlagningar", eins og segir orðrétt í till. Sjálfstfl. En skattfrelsi fyrirtækjanna á ekki aðeins að birtast í þessari mynd. Skattana á að lækka á fyrirtækjunum. Eignarskatt á að lækka, nýbyggingargjald á að fella niður og að sjálfsögðu sérstakan skatt sem núv. ríkisstj. lagði á skrifstofu- og verlsunarhúsnæði. Sömuleiðis á að heimila á ný stórauknar fyrningar til skattfrádráttar fyrirtækja. Samtals ætlar Sjálfstfl. að fella niður skatta af fyrirtækjum upp á nærri tug milljarða kr. Á móti á síðan að draga úr niðurgreiðslum. Ef miðað er við þær niðurgreiðslur einar sem núv. ríkisstj. hefur bætt við, nema þær um 8% í kaupi. Auðvitað ætlar Sjálfstfl. ekki að hækka kaup sem þessu nemur. Kauplækkun er æðsta boðorð hans, eins og einnig gengur fram af nefndum efnahagstillögum.

Góðir tilheyrendur. Ég hef varið hér nokkrum orðum til að lýsa till. Sjálfstfl. í efnahagsmálum til þess að sýna fram á að ránfuglarnir bíða eftir því tilbúnir að hremma ránsfenginn. Þeir eru reiðubúnir að hleypa erlendum hagsmunum inn á gafl. Þeir ætla að skerða lífskjörin. Þeir ætla að veikja forsendur efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar, afnema íslenskan gjaldmiðil og að sjálfsögðu að afhenda auðstéttinni aftur þá milljarða sem núv. ríkisstj. hefur lagt á til þess að greiða niður landbúnaðarafurðir og til þess að fella niður söluskatt af öllum matvælum.

Gegn þessari úlfahjörð íhaldsins stendur verkalýðshreyfingin og Alþb. Lengst af hefur baráttan við þessi öfl verið háð í stjórnarandstöðu, í varnarbaráttu verkalýðsins með verkföllum og kröfugöngum. Nú í eitt missiri hafa málin horft öðruvísi við. Verkalýðshreyfingin hvatti til myndunar þessarar ríkisstj., og samkv. gefnum fyrirheitum á Alþ. nú að vera svo skipað að unnt sé að verja

stjórnarstefnu eins og þá sem núv. ríkisstj. hefur fylgt og grundvallast á samráði við verkalýðshreyfinguna eins og margoft hefur verið lýst yfir. Á þeim forsendum munum við enn gera tilraun til að halda þessari ríkisstj. saman, enda þótt það sé enn ekki ljóst, hvort það tekst. Enn er ágreiningur um þýðingarmikil atriði í margnefndu frv. forsrh. Það mun þó nást samkomulag ef ríkisstj. tekur tillit til ábendinga sem borist hafa frá verkalýðshreyfingunni. Alþb. leggur ríka áherslu á að svo verði gert. Ef hinir stjórnarflokkarnir hins vegar neita að starfa á þeim grundvelli eru forsendur ríkisstjórnarsamstarfsins brostnar.

Herra forseti. Einn þm. Alþfl. segir í grein í einkamálgagni sínu, Dagblaðinu, í dag, að ríkisstj. beri að segja af sér þar sem verkalýðshreyfingin vilji ekki fallast á till. forsrh. í efnahagsmálum. Þessi afstaða þm. byggist á þeim reginmisskilningi, að margnefnt frv. sé óumbreytanlegt. Forsrh. hefur þó sjálfur hvað eftir annað lýst því yfir að mörgum atriðum í frv. þessu megi breyta. Með þeim hætti gæti ríkisstj. áfram haldið samfylgd sinni með verkalýðshreyfingunni. Hins vegar eru orð þessa þm., sem reyndar er fremsti eða a. m. k. háværasti talsmaður Alþfl. á Alþ. um þessar mundir, til marks um það, að sá flokkur eða a. m. k. hluti hans virðist vera kominn ákaflega langt frá uppruna sínum. Sýnist þessum hluta Alþfl. líða afar illa í vinstri stjórn sem starfar með verkalýðshreyfingunni að framfaramálum. Innan Alþfl. virðast líka vera háværar raddir sem krefjast opinskátt stjórnarsamvinnu við Sjálfstfl. Til marks um það er till. frá einum þm. Alþfl. sem útbýtt var á borð þm. áðan. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á forsrh. — náist ekki fyrir 17. þ. m. samkomulag milli núv. stjórnarflokka um stjórn efnahagsmála o. s. frv. — að leggja til við forseta Íslands, að kannaðar verði nýjar leiðir til stjórnarmyndunar. Leiði þær kannanir ekki til árangurs fyrir 20. apríl n. k. verði Alþ. rofið og efnt til nýrra almennra þingkosninga svo fljótt sem við verður komið."

Þessi till. fjallar einfaldlega um það, að hluti Alþfl. virðist nú vilja skilyrðislaust í stjórn með íhaldinu gegn verkalýðshreyfingunni. Till. þessi er flutt sem brtt. við þá till. íhaldsins sem hér er til umr. um þingrof og nýjar kosningar. Þm. Alþfl. leggur einnig til, að fyrirsögn till. breytist og verði á þessa leið:

„Till. til þál. um nýja stjórnarmyndun" — ég endurtek: „um nýja stjórnarmyndun eða þingrof og kosningar."

Þannig er það bert hverju auga, hvernig hluti eins stjórnarflokksins er á sig kominn. Hann strekkir yfir til íhaldsins eins og hestur með stroksótt. Af þessu skilja allir, sem virða fyrir sér stjórnmálasviðið um þessar mundir, af hverju það er bæði erfitt og flókið þolinmæðisverk að halda núv. ríkisstj. saman. Þess mun Alþb. enn freista og því að sjálfsögðu greiða atkv. gegn þeirri till. Sjálfstfl. sem hér liggur fyrir, en till. gerir í raun ráð fyrir því, að Alþ. lýsi vantrausti á núv. ríkisstj.

Nú þarf að leggja vinnu í að reyna að ná samkomulagi. Nú verða krataþm. að fara að vinna, en hætta verðbólguauglýsingaskrumi. Takist hins vegar ekki að leiða stjórnarflokkana til samstarfs á þeim grundvelli sem lagður var með samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna frá 1. sept. s. l. mun Alþb. sjálft taka sínar ákvarðanir, en ekki láta till. íhaldsins hafa áhrif á sig. Þeir, sem rjúfa þetta stjórnarsamstarf, munu verða dæmdir af verkum sínum. Alþb. er einnig reiðubúið til þess að leggja athafnir sínar fyrir dóm kjósenda. En Alþb. mun ekki láta Sjálfstfl. ákveða orrustuvöllinn. Það munum við sjálfir gera.

Góðir hlustendur, góðar stundir.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Sú umr. um efnahagsmál og efnahagsstefnu, sem nú fer fram, á sér langan aðdraganda. Allt frá því fyrir kosningar hefur Alþfl. lagt áherslu á nauðsyn þess, að tekin yrði upp samræmd efnahagsstefna á öllum sviðum efnahagsmála sem miðaði að því að halda jafnvægi í ríkisbúskapnum og hefði að markmiði að draga verulega úr verðbólgunni og auka stöðugleika í efnahagslífinu. Við Alþfl.-menn höfum allar stundir bent á að slíkum árangri yrði ekki náð án verulegra fórna um stundarsakir og allir aðilar yrðu að láta af ítrustu kröfum sínum. Í samræmi við þessa stefnu var í aths. við frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu frá því í nóv. s. l. tekið fram að lagasetningunni væri ætlað að vera liður í þeirri viðleitni að ná fram varanlegum breytingum í efnahagsmálum sem komi til framkvæmda þegar á árinu 1979. Þar var enn fremur tekið fram að ríkisstj. væri sammála um að mótun slíkrar samræmdrar efnahagsstefnu skyldi verða forgangsverkefni ríkisstj. á n. k. mánuðum þar á eftir.

Það er ekki að ástæðulausu að Alþfl. hefur lagt svo ríka áherslu á það viðfangsefni, að mótuð yrði samræmd og varanleg stefnumörkun í efnahagsmálum. Allt s. l. stjórnartímabil, samstjórnartímabil Sjálfstfl. og Framsfl., einkenndist af lausatökum og hringli í stjórn efnahagsmála. Allt var látið reka á reiðanum, og í stað þess að taka efnahagsmálin föstum tökum ríkti stjórnleysi með þeim afleiðingum að verðbólgan geisaði hömlulaust og erlendar skuldir hlóðust upp. Fyrrv. ríkisstj. kórónaði svo getuleysi sitt í efnahagsstjórn með því að skilja við efnahagsmálin í rúst, þannig að rekstur frystihúsa hafði stöðvast algerlega í vissum landshlutum og yfirvofandi var stöðvun um landið allt. Og það var reyndar þrátt fyrir það að greiddur var um ½ milljarður á mánuði úr ríkissjóði með rekstri frystihúsanna. Þetta var sá arfur frá samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sem núv. ríkisstj. tók við. Þetta var árangurinn af þeirri efnahagsstefnu sem Sjálfstfl. hafði forustu um í fyrri ríkisstj.

Í framhaldi af ráðstöfunum í desembermánuði samdi Alþfl. frv. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum þar sem meginatriði hinnar samræmdu efnahagsstefnu voru dregin skýrum línum. Þetta var tímamótafrv. Við afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar hefur Alþfl. fylgt þeirri meginlínu, sem mótuð var annars vegar af grg. með frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir gegn verðbólgu frá því í nóv. s. l., og hins vegar þeirri stefnumörkun, sem birtist í frv. flokksins um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum frá því í des. Í afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar hefur þannig verið lagður grunnur sem er liður í heildarstefnumótuninni. Frumkvæði Alþfl. um heildarstefnumótun í efnahagsmálum varð spori þess frv. sem hæstv. forsrh. lagði fram í ríkisstj. hinn 12. febr. s. l. um stjórn efnahagsmála og ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgu og stuðla að framförum í ríkisbúskapnum. Ekkert í frv. um stjórn efnahagsmála og ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgu og stuðla að framförum í ríkisbúskapnum hefði átt að koma neinum stjórnarflokkanna á óvart. Upphlaup Alþb. í þessu sambandi var því tilefnislaust og algert vindhögg, enda margt af því, sem tals-

menn Alþb. mótmæltu þá, áður samþ. í ríkisstj.

Framlag Sjálfstfl. til efnahagsmálaumr. hefur á hinn bóginn verið beinlínis aumkunarvert. Árangurinn af stjórn hans á efnahagsmálum á síðasta kjörtímabili gaf að vísu ekki ástæðu til þess að ætlast til mikils, en sú grautargerð, sem felst í nýbirtri efnahagsstefnu flokksins, bendir ekki til þess, að Sjálfstfl. hafi áttað sig á þeim meginviðfangsefnum, sem við er að fást, eða sé á nokkurn hátt reiðubúinn til að takast á við vandamálin. Svonefnd efnahagsstefna Sjálfstfl. er með því marki brennd, að hægt sé að gera allt fyrir alla, eitt rekur sig á annars horn, og að hafa megi alla enda lausa. Viðbrögð Sjálfstfl. við frv. um stjórn efnahagsmála hafa svo að öðru leyti einkennst af útúrsnúningi og yfirboðum.

Í frv. um stjórn efnahagsmála felst í veigamiklum atriðum sú kerfisbreyting sem Alþfl. hefur boðað, svo sem uppskurður á sjóðakerfi, sjálfstætt mat á nytsemi ríkisframlaga og ríkisframkvæmda, afnám sjálfvirkni í lánaúthlutun sjóðakerfisins án tillits til arðsemi, eins og hefur verið tíðkað, skorður við heildarfjárfestingu og ríkisumsvifum, raunvöxtun sparifjár og útlána og samræmd launastefna. Talsmenn Sjálfstfl. eru ýmist með eða móti raunvöxtum og hafa flúið í það skjól að það sé best að bankarnir móti stefnuna fyrir flokkinn. Til fjötra sjálfvirkninnar í ríkisfjárlögum þora þeir ekki að taka afstöðu, en stunda þess í stað hártoganir sem lýsa engri málefnastöðu. Um afstöðu Sjálfstfl. til annarra þátta í frv. er enn þá minna vitað.

Þetta stefnuleysi, þetta ósamræmi, þessi tregða minnir óneitanlega óþyrmilega á það skilningsleysi og þau losaralegu tök sem komið hafa fram hjá ýmsum fulltrúum sem þeir hafa gagnrýnt mest að því er varðar stjórn efnahagsmála. Ég spyr: Er það svo, að þarna sé samræmi á milli stefnu Alþb. og Sjálfstfl.? Er það svo, að það sé samnefnari og sameiginlegt álit þessara flokka, að stefnuleysið og lausatökin séu best? Seinustu vikurnar hafa leitt í ljós ýmis merki um þess konar bandalag milli þessara tveggja flokka. Miðað við þá stefnu, sem þeir hafa boðað í þjóðmálum og fólki hefur a. m. k. verið talin trú um að þeir ætluðu sér, verður ýmislegt a. m. k. andkannalegt. Annars vegar blasir við taglhnýting Sjálfstfl. aftan í ýmsa Alþb.-þm., eins og t. d. varðandi frv. um tímabundið olíugjald. Á hinn bóginn er einkennileg sú árátta Alþb. sem lýsir sér í því að fylgja lausaleiksstefnu Sjálfstfl. í efnahagsmálum.

Að því er Sjálfstfl. varðar er sannleikurinn vitaskuld sá, að Sjálfstfl., sem hefur verið í pólitísku orlofi, horfir á það með skelfingu að þurfa að taka afstöðu til efnahagsmálanna. Hann vill vera í fríi áfram.

Sú till., sem hér liggur fyrir um þingrof, er eins konar neyðaróp stefnuleysisins. Sjálfstfl. flytur ekki þessa till. til þess að fá fram kosningar, heldur til þess að fá afsökun fyrir stefnuleysi sínu. Sannleikurinn er vitaskuld sá, að áður en gengið er til kosninga á að þrautreyna á Alþ. hvort meiri hl. sé fyrir samræmdri efnahagsstefnu sem skili þeim meginmarkmiðum í efnahagsmálum sem boðuð hafa verið og fram koma í grg. með frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu frá því í nóv. s. l. og í frv. forsrh. Sjálfstfl. óttast það umfram aðra hluti að þurfa að taka afstöðu til frv. Hann hefur ekki áhuga á kosningum. Hann vill ekki axla ábyrgð, heldur hugsar um það eitt að sleppa „billega" frá öllu saman. Honum líður kannske vel við það að þvælast svolitið fyrir í leiðinni.

Engum, sem lítur fram á veginn, dylst að við mikinn vanda er að etja í efnahagsmálum. Verðbólgan og neikvæðir vextir leika þjóðfélagið grátt, draga úr framþróun, flytja til stórkostlega fjármuni og leika þá verst sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Óréttlæti og spilling grefur um sig. Þjóðfélagið er sjúkt. Ábyrgðartilfinning, sparnaðarviðleitni, hagkvæmni og nýtni, sem eru undirstaða réttláts þjóðfélags og heilbrigðs efnahagslífs og skynsamlegrar þjóðfélagsuppbyggingar, allt þetta dvínar og fjarar út í verðbólgunni og verðbólgukapphlaupinu.

Árum saman hefur verið talað um verðbólguvandann, en minna hefur farið fyrir samstilltum aðgerðum og árangri. Á þessu bera þeir flokkar ábyrgð sem hafa farið með stjórn landsins á undanförnum árum. Þrátt fyrir ýmsa möguleika, sem þeim buðust, hafa þeir ekki nýtt þá. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa og hafa dunið yfir þessa þjóð. Hin eilífa og árangurslitla umfjöllun um verðbólguna á undanförnum árum hefur staðið í vegi fyrir margvíslegum þjóðfélagsumbótum sem nauðsyn ber til að hrinda í framkvæmd. Verðbólgan er í raun og sannleika þjóðarvoði sem þjóðin öll verður að takast á við. Hún er þjóðarvoði sem enginn ábyrgur stjórnmálamaður getur leitt hjá sér, hvort sem hann telst í stjórn eða stjórnarandstöðu. Það er hlutverk allra stjórnmálamanna að horfast í augu við þennan vanda og leggja sig fram um málefnalega stefnumörkun í þessum efnum.

Sjálfstfl. hefur átt sinn ríka þátt í að við höfum búið við þá óðaverðbólgu, sem hér hefur geisað, og þótt verðbólgan sé mikil núna hefur hún þó verið enn meiri á stjórnartímabili Sjálfstfl. Hann er því síst af öllu saklaus af því ástandi sem ríkir, og á honum hvílir ábyrgð sem hann og talsmenn hans ættu að hafa í huga.

Ég er ekki í vafa um það, að þjóðin öll og kjósendur Sjálfstfl. ekki síst ætla honum ekki að vera „stikkfrí" í efnahagsmálum. Þjóðin og kjósendur Sjálfstfl. ekki síður ætlast auðvitað til þess af honum, að hann taki afstöðu til meginþátta efnahagsmála. En heimilisástandið hjá Sjálfstfl. mun hafa hindrað hann í því hlutverki sínu. Þess vegna flýr hann nú í það skjól að flytja þá till. sem hér er til umr.

Ég gat þess áðan, að fram undan væri mikill vandi í efnahagsmálum með tilliti til hinnar öru verðbólguþróunar. Þar við bætist að fyrirsjáanleg er mikil verðhækkun á olíuvörum sem verður mikill búskellur og skerðir mjög verulega viðskiptakjör þjóðarinnar og þar með afkomu þjóðarbúsins. Verðbólguviðbót af þessum sökum bætist nú við þann vanda sem fyrir var, og hvernig svo sem við verður brugðist er augljóst að fyrr eða síðar og með einum eða öðrum hætti mun þessi olíuhækkun bitna á kjörum fólksins í landinu. Þess skyldi enginn ganga dulinn.

Allt þetta gerist jafnframt því að svigrúm til þess að auka tekjur þjóðarbúsins með auknum fiskveiðum er ekki fyrir hendi. Vegna aðhaldsleysis á fyrri árum er augljóst að draga verður úr sókn í mikilvægustu fiskstofna til þess að treysta lífskjör þjóðarinnar í lengd og koma í veg fyrir hættu á því að þessar undirstöður þjóðfélagsins og lífsins sjálfs í landinu bresti. Öllum er kunnugt um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til af hálfu sjútvrn. varðandi loðnuveiðar. Jafnframt er nú unnið að stefnumörkun af hálfu rn. varðandi bolfiskveiðarnar á árinu, og vænti ég þess, að hún geti legið fyrir innan tíðar. Hinu er ekki að leyna, að þetta viðfangsefni er mun torleystara þar sem andvaraleysi hefur löngum ríkt á

undanförnum árum í þessum málum.

Herra forseti. Skynsamleg efnahagsstjórn er forsenda raunverulegs sjálfstæðis þjóðarinnar. Þess vegna verða allir landsmenn að leggjast á eitt og leggja sitt af mörkum til þess að hér komist á heilbrigt og traust efnahagslíf. Ef við höfum ekki tök á efnahagsmálunum er stutt í að þjóðin glati raunverulegu sjálfræði sínu. Þess vegna er brýnt að samræmt átak í efnahagsmálum takist. Þetta skyldu allir stjórnmálamenn hafa í huga, hvar í flokki sem þeir standa. Þetta skyldi þjóðin öll hafa í huga. Það er m. a. á þessum grunni sem Alþfl. hefur barist og mun halda áfram að berjast gegn verðbólgunni og fyrir traustara efnahagslífi. — Góðar stundir.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þessi till. sjálfstæðismanna um þingrof og nýjar kosningar er vægast sagt ótímabær og illa rökstudd, eins og hefur verið sýnt fram á af mörgum ræðumönnum. Það er út af fyrir sig rétt, að stjórnarsamstarfið hefur að ýmsu leyti verið misbrestasamt, en því fer fjarri að það hafi misheppnast. Þvert á móti verða leidd að því rök, að ríkisstj. hefur náð þeim markmiðum sem hún stefndi að í fyrstu lotu. En á hitt ætla ég ekki að draga dul, að óvissa ríkir um hinar síðari lotur stjórnarsamstarfsins. Þótt svo sé, þá er of snemmt að ræða um stjórnarslit, hvað þá þingrof og kosningar.

Ég held að ráðlegast sé fyrir núv. stjórnarflokka að halda áfram samstarfi sínu. Ég álít að með því væri hagsmunum þjóðarinnar best borgið. Sannleikurinn er sá, að þessi ríkisstj. á almennu fylgi að fagna meðal þjóðarinnar. Það er meirihlutafylgi í landinu fyrir stjórnarsamstarfi þeirra flokka sem nú fara með völdin. Fólk er almennt þeirrar skoðunar, að ríkisstj., sem nýtur stuðnings þessara þriggja flokka, sé hæfust til að ráða fram úr vanda efnahagsmálanna til nokkurrar frambúðar. Forustumenn stjórnarflokkanna eiga því að setjast niður og ræða í hreinskilni þá misbresti, sem komið hafa fram í stjórnarsamstarfinu, og verða ásáttir um að eyða þeim. Almenningur í landinu vill að stjórnarsamstarfið haldi áfram. Okkur ber skylda til að taka tillit til almenningsálitsins í þessu efni. Almennir kjósendur til sjávar og sveita, launafólk, bændur og sjómenn, svo ég nefni fjölmennustu starfsstéttir þjóðfélagsins, vænta mikils af þessari ríkisstj. og vilja að stjórnarsamstarfið haldi áfram undir forustu Ólafs Jóhannessonar.

En ef þetta stjórnarsamstarf á að halda áfram, þá þarf vissulega ýmsu að breyta í sambúðarháttum stjórnarflokkanna eins og þeir hafa verið til þessa. Sannleikurinn er sá, að hinn málefnalegi ágreiningur hefur ekki valdið mestum erfiðleikum í stjórnarsamstarfinu, heldur liggur beinast við að tala um „hegðunarvanda", svo að gripið sé til orðalags sem stundum heyrist í umvöndunarræðum skólastjóra og uppeldisfræðinga.

Alþfl. hlaut mikla fylgisaukningu í síðustu kosningum með því að beita lýðskrumsaðferðum. Því miður er skrumið enn í hávegum haft hjá vissum öflum í þessum flokki, og það gerir samvinnu við Alþfl. erfiða að mínum dómi og e. t. v. ómögulega ef haldið verður áfram á sömu braut.

Það er hins vegar þakkarvert, að Alþfl. hefur fallist á stefnu Framsfl. í efnahagsmálum og er fús til að hlíta leiðsögn okkar framsóknarmanna um efnahagsúrræði til frambúðar, ekki síst hvað varðar vísitölumál og fyrirkomulag verðlagsbóta á laun svo og vaxtamál og verðtryggingu sparifjár og útlána. Við framsóknarmenn teljum það mikilvægan ávinning, að okkur skyldi heppnast að fá Alþfl., sem hélt uppi miklum áróðri gegn okkur fyrir kosningar, til þess að fallast á grundvallaratriði í efnahagsmálastefnu okkar. Þannig höfum við unnið málefnalegan sigur sem lengi mun í minnum hafður.

En svo ég snúi mér að Alþb. — hinum samstarfsflokknum — þá horfir málið að sumu leyti öðruvísi við. Því miður er enn ekki svo langt komið í samstarfinu að okkur framsóknarmönnum hafi tekist að sannfæra Alþb.-menn um ýmsa villu síns vegar í efnahagsmálum. Kommarnir eru nokkuð seigir undir tönn, en við erum alls ekki vonlausir um að okkur takist að leiða Alþb. inn á rétta braut í öllum meginatriðum. Okkur tókst vel með kratana, og við erum í miðjum klíðum við að sannfæra kommana um ágæti þeirra efnahagsúrræða sem Ólafur Jóhannesson og aðrir ráðh. Framsfl. beita sér fyrir innan ríkisstj. með fullum stuðningi þm. og miðstjórnar Framsfl.

Á meðan sakir standa þannig er með öllu ótímabært að tala um stjórnarslit og þingrof. Þess vegna ætti enginn að taka þessa vantrauststillögu alvarlega. Hún er út í hött. Það má vissulega sjá snögga bletti á stjórnarsamstarfinu. En hvað er það hjá eymdarástandi stjórnarandstöðunnar? Sjálfstfl. er í litlu áliti hjá þjóðinni og stefna hans er reikul. Forusta flokksins er veik og sjálfri sér sundurþykk. Ég held að sjálfstæðismenn ættu að taka til í eigin húsi áður en þeir fara að vanda um við aðra og heimta kosningar.

Ríkisstj. hefur unnið margt vel á 6 mánaða ferli sínum. Ef horft er fram hjá tilteknum hegðunarvandamálum á stjórnarheimilinu kemur í ljós að stjórnarflokkunum hefur tekist að leysa ýmis brýnustu verkefni sín farsællega.

Hinar fyrstu aðgerðir í efnahags- og ríkisfjármálum hafa verið framkvæmdar eins og ráð var fyrir gert í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna. Ég nefni í því sambandi í fyrsta lagi septemberaðgerðir í efnahagsmálum, sem m. a. urðu til þess að hjól atvinnulífsins tóku aftur að snúast þar sem þau höfðu þegar stöðvast, t. d. í Vestmannaeyjum og á Suðurnesjum. Í öðru lagi nefni ég ráðstafanir gegn hækkanaholskeflu kaupgjalds og verðlags 1. des. s. l. Ég nefni í þriðja lagi afgreiðslu hallalausra fjárlaga fyrir árið 1979, og í fjórða lagi samkomulag innan ríkisstj. um lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Allt eru þetta merkar stjórnarframkvæmdir og nauðsynlegur undanfari framtíðaraðgerða í efnahags- og ríkisfjármálum. Tímanum síðan 1. sept. hefur því síður en svo verið eytt til ónýtis. Við skulum ekki gleyma því, að ríkisstj. hefur með þessu lagt grundvöll undir frambúðarlausn efnahagsvandans, þó að jafnframt sé viðurkennt að enn stendur upp á stjórnarflokkana að segja sjálft lausnarorðið í þeim efnum. Það hafa þeir ekki gert nákvæmlega á þessari stundu. Og er það nokkuð óeðlilegt? Er eitthvað undarlegt eða óeðlilegt við það, þó að stjórnarflokkarnir hafi ekki að öllu leyti lokið samtölum sín á milli um frambúðarlausn efnahagsmálanna? Það hefur fyrr staðið í stjórnmálamönnum og öðrum valdamönnum í þjóðfélaginu að verða ásáttir um skynsamlegar efnahagsaðgerðir. Hitt er annað mál, að þetta stjórnarsamstarf má aldrei komast á það stig að því sé haldið uppi fyrir siðasakir. Ríkisstj. má ekki druslast áfram aðgerðalaus í aðalvandamálum efnahagslífsins.

Að því verður að koma — og það sem fyrst — að þessi mál verði leyst til frambúðar. Framsóknarmenn eru ekki í þessari stjórn til þess að leggja stund á bráðabirgðareddingar frá degi til dags. Það er komið nóg af slíku undanfarin ár og áratugi.

Framsóknarmenn eru í þessari stjórn til þess að hafa forustu um óhjákvæmilegar efnahagsaðgerðir. Við gengum til stjórnarsamstarfsins í þeirri von, að vilji væri fyrir hendi hjá samstarfsflokkum okkar og forustu stéttarsamtaka í landinu til að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Á henni þarf að sigrast. Það er misskilningur sem Alþb.-menn, eins og viðskrh. áðan, halda gjarnan fram, að við höfum náð tökum á verðbólguþróuninni þótt úr verðbólgu hafi dregið um sinn á meðan hinna fyrstu aðgerða ríkisstj. í efnahagsmálum nýtur við. Verðbólgan er því miður enn á flugstigi og í engu samræmi við kröfur heilbrigðs efnahagslífs. Það mun ekki takast að hefta verðbólguna til frambúðar nema m. a. að ný kauplags- og verðlagsstefna verði tekin upp. Í því sambandi er grundvallaratriði að breyta vísitölufyrirkomulagi því sem nú gildir og greiðslu verðbóta á laun. Að halda öðru fram er að berja höfðinu við steininn. Verði engu breytt er líklegast að verðbólguvöxtur haldi áfram að vera 40—50% á ári áður en langt um líður.

Það er reginmisskilningur að halda því fram, að launamenn hagnist á núverandi vísitölukerfi og greiðslu verðlagsbóta. Vísitölukerfið er einn aðalorsakavaldur verðbólgunnar og af þeim sökum skaðræði fyrir efnahagslífið. Vísitölukerfið í núverandi mynd tryggir ekki heldur kaupmátt launa. Það hefur skeð á síðustu árum að kaup hefur hækkað um 50—60% á ári í krónutölu, en kaupmáttaraukning hefur verið innan við 10%. Launþegar hafa engan raunverulegan ávinning af þessu verðbólguaukandi vísitölukerfi þegar til lengdar lætur. Það verður því að finna nýja leið í sambandi við greiðslu verðbóta á laun. Við verðum að forðast það að festast í úreltum kreddum í sambandi við kjaramál og hanga á kreddunum eins og hundur á roði.

Stefna Framsfl. í kjaramálum er í stuttu máli sú, að haldið sé uppi fullri atvinnu í landinu og að launamunur sé ekki óeðlilega mikill. Við viljum létta vinnuoki af fólki. Við viljum láta stytta vinnudaginn án kaupskerðingar, m. a. með því að taka upp nýtt verkstjórnarskipulag og vinnutilhögun, ekki síst í frystihúsum og í verksmiðjum. Við viljum láta gerbreyta lífeyrissjóðakerfinu þannig að allir séu í verðtryggðum lífeyrissjóði og þar ríki jöfnuður og réttlæti. Við viljum að Alþ. sé vettvangur félagslegra umbóta og ríkisstj. hafi forgöngu um kjara- og mannréttindamál. Við viljum að sjálfsögðu opið og lífrænt samband ríkisvaldsins við samtök stéttanna og aðra hagsmunaaðila í landinu. En við hljótum að gera þá kröfu til þeirra að þeir virði úrskurðavald Alþingis í öllu sem varðar efnahagsstjórn og hvers kyns löggjafarmálefni.

Viðhorf Framsfl. í kjaramálum eru í samræmi við nútímaaðstæður í þjóðfélaginu m. a. að því leyti, að stéttaandstæður eru litlar á Íslandi. Stéttaandstæður hér eru ekki meiri en við er að búast í mannlegu samfélagi þar sem verkaskipting á sér stað, hlýtur að verða og er nauðsynleg.

Höfuðatriðið er að móta launa- og verðlagsstefnu sem tryggir launþegum rétta hlutdeild í þjóðartekjum og þjóðarframleiðslu sem og kaupmátt launa, en veldur ekki sífelldum víxlverkunum milli verðlags og kaupgjalds, þ. e. a. s. niðurdrepandi verðbólgu, eins og við höfum orðið að þola í marga áratugi og þó hvað mest á þeim áratug sem nú er að líða. Verðbólgan er efnahagslegt vandamál, en hún er líka siðrænt vandamál sem liggur á þjóðinni eins og mara. Við þurfum að létta af okkur martröð verðbólgunnar og koma efnahagskerfi okkar í eðlilegt horf. Slíkt er vandalaust ef samstarfsvilji stjórnmálaflokka og hagsmunasamtaka er fyrir hendi. Íslendingar eru ekki fjölmennari en það og hagsmunaárekstrar ekki meiri en svo, að menn ættu að geta unnið saman að rekstri þessa litla samfélags í sæmilegum friði og án stórátaka milli stjórnmálaflokka, stétta og hagsmunahópa.

Ég held að það sé kominn tími til þess að Íslendingar fari að létta af sér fargi ófrjórra deilna um efnahags- og atvinnumál. Sannleikurinn er sá, að þjóðfélagsumr. hér á landi er í vítahring. Má svo heita að öll stjórnmálaumr. snúist um efnahags- og kjaramál í allra þrengstu merkingu.

En stjórnmál spanna miklu víðara svið en svo, að þau eigi að snúast um þetta eitt. Hvers vegna er ekki meira gert að því að ræða almenn félagsmál, samskipti kynslóðanna og mannréttindamál í ýmsum myndum? Hvers vegna eru menningarmálin hornreka í þjóðmálaumr.? Hvers vegna taka skóla- og fræðslumál jafnlítið rúm í daglegri pólítík og raun ber vitni? Hvers vegna er svo lítið talað um grundvallarþætti stjórnskipunar landsins og sjálft „valdið" í þjóðfélaginu? Hvar er „valdið" í þjóðfélaginu? Hvers vegna er ekki vakinn upp áhugi hjá fólki að ræða alþjóðamál sem svo mjög snerta líf okkar og afkomu? Og þannig mætti lengi telja.

Herra forseti. Góðir útvarpshlustendur. Ég vil endurtaka upphafsorð mín um það, að þessi till. sjálfstæðismanna um þingrof og nýjar kosningar er ótímabær og illa rökstudd. Þótt ýmsu sé áfátt í þessu stjórnarsamstarfi getur ekki talist fullreynt enn um samkomulag stjórnarflokkanna að því er varðar varanlegar efnahagsaðgerðir. Nýjar kosningar leysa ekki þann vanda sem við er að glíma. Þrátt fyrir þessi orð mín útiloka ég ekki þann möguleika að stjórnarsamstarfið geti rofnað vegna skoðanaágreinings, en mér finnst að það verði þá að bera að með öðrum hætti en með þeim samþ. till. af þessu tagi.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Góða nótt.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 63. fundur.

Miðvikudaginn 7. mars, kl. 2. miðdegis.

Þingrof og nýjar kosningar, þáltill. (þskj. 408, 421). — Frh. einnar umr.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þá till. sem hér liggur fyrir til umr. og þar sem henni hefur verið dreift á borð þm. sé ég ekki ástæðu til að lesa hana upp. Ég þykist raunar vita að hún hafi verið gegnumlýst þegar af hálfu þm. En ástæður fyrir því, að ég hef flutt þessa brtt., eru fyrst og fremst þessar:

Ég er sammála flm. till. á þskj. 408, að líkur fyrir því, að núv. stjórnarflokkar nái heils hugar samstöðu um

samræmda og heillavænlega stefnu í efnahagsmálum, séu ekki miklar, fyrst þeir hafa ekki náð slíkri samstöðu enn á nú um 6 mánaða valdaferli. Ástæðurnar fyrir sambúðarvanda þessum eru margvíslegar í hugum manna og hér tel ég ekki ástæðu til að bollaleggja um þær.

Þar sem nú stendur hins vegar yfir lokatilraun til að ná samkomulagi um samræmda stefnu í efnahagsmálum og fleiri stjórnunarmálum með stjórnarflokkunum og ég er þeirrar skoðunar að verulegur meiri hl. þjóðarinnar óski þess, að núv. stjórnarsamstarf blessist, en þá skoðun mína styður m. a. dræm fundarsókn hjá Sjálfstfl. víða um land undanfarið í herhlaupi hans, þá þykir mér rétt að ríkisstj. fái lokafrest, en afmarkaðan, til að ganga fullkomlega úr skugga um hvort viðhlítandi samstarfsgrunnur er til. Reynist svo ekki, sem nú horfir helst, eru vissulega aðrir hugsanlegir ríkisstjórnarmöguleikar, svo sem minnihlutastjórn Framsfl. og Alþfl., þar sem þeir virðast nú helst samstíga í viðhorfum til efnahagsmála, og yrði þá að reyna á víxl á fylgi Alþb. og Sjálfstfl. til framgangs átakamála. Þá er hugsanleg sú stjórnarmyndun, að Sjálfstfl. og Alþb. taki höndum saman. Hefði slík stjórn þingmeirihl., 20 sjálfstæðismenn og 14 Alþb.-menn. Þessi stjórnarmyndun er ekki jafnfjarstæðukennd og ýmsum kann að þykja við fyrstu sýn, og nægir þar að vísa til líkrar afstöðu Vinnuveitendasambands Íslands, en þar ráða sjálfstæðismenn mestu, og Alþb.-manna og sjálfstæðismanna í ASÍ til efnahagstillagna forsrh., svo sem kunnugt er nú af frásögnum fjölmiðla. — Hér vil ég skjóta inn í, að Alþb.-menn og sjálfstæðismenn mundu auk þess geta ráðið meiri hl. í ASÍ ef þeir tækju höndum saman. Enn er lík afstaða þessara tveggja flokka gagnvart því, að óðaverðbólga sé ekki svo mikið háskaspil þjóðinni og t. d. Alþfl. hefur sannfæringu fyrir að verðbólgan sé og þá ekki síst launþegum.

Enn verður að benda á þá staðreynd, að þingræðisform okkar ætlast til þess, að þingrofsréttur og örari kosningar en á fjögurra ára fresti sé notað af fyllstu varfærni og tillitssemi, þ. e. þjóðin ekki kvödd til slíkra kostnaðarsamra skoðanaátaka nema annars sé ekki kostur eða búast megi við umtalsverðum umskiptum. Hér verður því haldið fram að hvorugt sé fyrir hendi. Mismunandi kostir til nýrrar stjórnarmyndunar, ef þessi stjórn finnur sér ekki fótfestu, hafa ekki enn verið kannaðir, og verulega breytt vígstaða stjórnarflokkanna sýnist ekki fyrir hendi. Vísast hér á ný til dræmrar fundarsóknar hjá núv. stjórnarandstöðu undanfarið.

Í brtt. minni felst einfaldlega það, að ríkisstj. sé gefinn frestur, en afmarkaður, til að finna sér fótfestu. Takist það ekki innan tilskilins tíma séu aðrar leiðir til stjórnarmyndunar kannaðar og leiði þær ekki til neins innan tilskilins tíma, þá en ekki fyrr sé þingrofi beitt.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Umr. þær, sem fóru fram hér á hv. Alþ. í gærkvöld, endurspegla það ástand sem verið hefur í stjórnarherbúðunum allt frá því að stjórnarmyndunarviðræðurnar hófust fyrir 8 mánuðum. Ég hefði samt sem áður haldið að stjórnarflokkarnir teldu sér það ekki til framdráttar að koma fram fyrir þjóðina eins og þeir gerðu í gærkvöld. A. m. k. minnist ég þess ekki þann tíma sem ég hef setið hér á Alþ., að útvarpsumr. færu fram með slíkum hætti að þær nánast væru slagsmál á milli stjórnarflokkanna og lýsingar þeirra á mönnum og málefnum með þeim hætti að þeir, sem vilja tala fyrir fjölmiðla, hefðu stundum látið ýmislegt af því ósagt.

En það var vissulega þýðingarmikið, eins og málum er komið í dag, að þessi mynd af Alþingi, eins og við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram að hún væri, kæmi fyrir alþjóð og kjósendur fengju tækifæri til að meta það, sem hér hefur farið fram, og stöðu þeirra mála eins og hún er. Ég verð hins vegar að segja, að þær lýsingar á mönnum, lýsingar á verkum einstakra ráðh., einstakra þm. úr stjórnarliðinu, voru með þeim hætti, að ég er sannfærður um að ríkisstj. hefur ekki aukið traust sitt meðal þjóðarinnar. Mér er líka ljóst að það hefur verið harla lítið upp á síðkastið og e. t. v. allt frá því að ríkisstj. var formlega mynduð, þ. e. a. s. ráðh. tóku sæti í ríkisstj., en það hefur verið orðað af einum af stjórnarstuðningsmönnum þannig, að stjórnin sem slík byggð á samstarfsgrundvelli hafi ekki orðið til. Það var ekki aðeins að hér kæmu fram í gærkvöld furðulegar yfirlýsingar og lýsingar á mönnum og störfum þeirra, heldur var það, sem sagt var, sitt með hverjum hætti og rak sig hvað á annars horn.

Mig langar til að rifja upp örfá atriði úr ræðum þeirra hv. þm., sem hér töluðu, og víkja að því, hverjar þversagnir voru í málflutningi þeirra svo og hvað þeir voru sjálfum sér og verkum sinna eigin flokka ósamkvæmir.

Hæstv. utanrrh. lýsti því yfir, að flutningur þessarar till. væri ótrúlegt ábyrgðarleysi aðeins örfáum dögum eftir að hans eigin flokkur flytur till. um að fram fari þjóðaratkvgr. um drög að frv. sem hæstv. forsrh. hafði samið og lagt fram í ríkisstj. og var um 60 greinar. Formaður Alþfl. heldur því fram og segir að það sé ábyrgðarleysi að flytja till. þess efnis, að þjóðin fái að kveða upp sinn dóm um stefnu og störf núv. ríkisstj. Hann vék svo að því, hvernig málum hefði verið háttað á Alþ. síðan þing kom saman, síðan ríkisstj. var mynduð, og sagði, að unga fólkið sitt, eins og hann orðaði það, — hv. 1. þm. Austurl. metur það nú ekki allt jafnungt, þann hóp, — en hæstv. utanrrh. sagði, að ungi hópurinn sinn hefði setið niðri í flokksherbergi í allt haust, lesið og lesið bókina sem þeir gáfu út, en vissu ekki hvað stóð í, heldur prentuðu, og reynt að gera sér grein fyrir, hvað þar stóð, til þess að geta staðið við þau fyrirheit sem þar voru gefin. Svo kom rúsínan í pylsuendanum. Þeir hefðu ekki getað staðið við nokkurn skapaðan hlut af því sem stóð í bókinni og nú væri tíminn að renna út, það yrði að verða samkomulag í ríkisstj. fyrir helgina, ef ekki, þá væri forsenda fyrir þingrofi og kosningum. Enn ein ný dagsetningin. Fyrst var það 1. des., svo kom 1. febr., svo 1. febr. frestað til 1. mars og hann gerður tvíheilagur því að hæstv. forsrh. átti þá afmæli. Síðan kom 10. mars, síðan 17. mars, svo kemur 1. apríl, svo 20. apríl, og svo kemur 1. maí um land allt, eins og karlinn sagði. Ég spyr: Hvenær á hæstv. utanrrh. afmæli? Yrði það ekki næsti dagurinn til þess að hægt væri að hafa tvíheilagt, eins og gert var við 1. mars, — öllum þessum dagsetningum verði frestað til afmælis utanrrh. og þá haldið tvíheilagt? Hv. 1. þm. Reykv. vill heldur fresta til afmælisdags 1. þm. Austurl., heldur að það verði meiri hátíð út úr því. (**Gripið fram í:** Það er of seint, það er ekki fyrr en í sumar.) Hv. 1. þm. Austurl. telur að það verði allt of seint, stjórnin verði þá fallin, — var það ekki rétt skilið?

Lítum á það sem hæstv. utanrrh. sagði, að ungliðarnir hans væru búnir að lesa og lesa og berðust um á hæl og hnakka við að koma þessu í framkvæmd, en það gengi

ekki neitt. Enda kom hæstv. sjútvrh. rétt á eftir og staðfesti það, að meginvandamálið væri hin öra verðbólguþróun sem við blasti. En voru þeir sammála, hæstv. utanrrh. og hæstv. iðnrh.? Það heyrðist mér ekki á ræðu hæstv. iðnrh. þegar hann fékk lánaðar tölurnar frá yfirráðh., 1. þm. Austurl., og var að lýsa fyrir þjóðinni hvernig verðbólgan væri nú komin niður í á milli 20—25% samkv. þeim útreikningum sem fram komu hjá hv. 1. þm. Austurl. í sjónvarpsviðtali fyrir nokkru, og hann sagði að þetta væru opinberar tölur og hæstv. iðnrh. endurtók að þetta væru opinberar tölur. Hann gleymdi hins vegar því, að vísitalan eins og hún er reiknuð út í dag, er byggð á fölskum forsendum. Hann gleymdi að segja frá því, hvernig vísitöluútreikningurinn er byggður á því, að ríkisfyrirtæki safna stórum skuldum. Hann gleymdi að segja frá því, hvernig millifærsluleiðir Alþb. hafa verið notaðar 1. sept. og 1. des. til þess að framkalla þessa fölsku vísitölu. En nú hafa þeir gefist upp, því að 1. mars lögðu þeir ekki í neinar slíkar aðgerðir. Hann gleymdi sjálfsagt því, að gjaldskrá Pósts og síma fékkst ekki hækkuð fyrir það fyrirtæki vegna þess. Hann gleymdi því líka, að gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er vegna þess ekki með þeim hætti sem þar hefur verið óskað eftir og fjárlög gerðu ráð fyrir. Hann gerði ekki heldur grein fyrir því, að hjá ríkisstj. lágu beiðnir um hækkanir á verðlagi sem hefðu þýtt nokkur stig til hækkunar vísitölu. Öllu þessu gleymdi hann. Þetta sýnir að þessi ríkisstj. notar nákvæmlega sömu aðferðir og fyrri vinstri stjórnir í sambandi við vísitöluna. Rétt fyrir vísitöluútreikninginn eru gerðar falsanir til þess að halda vísitölunni niðri og reynt að sýna fram á með opinberum tölum hvernig verðbólgan sé.

Ræður þessara þriggja hæstv. ráðh. hnigu þó að því, að þeir litu svo á að nú væru miklar líkur á að þetta tækist, það væri búið, eins og hæstv. iðnrh. sagði, að ná tökum á verðbólgunni og það væri bara óbilgirni hjá samstarfsflokkunum að fallast ekki á kröfur þeirra, og hv. 1. þm. Norðurl. e. orðaði það þannig, að þarna væri um að ræða hegðunarvandamál hjá þm. stjórnarliðsins. En hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, lýsti það mikinn misskilning hjá þessum hæstv. ráðh., að ríkisstj. hefði náð tökum á verðbólgunni, og hann var síður en svo bjartsýnn á að þeir næðu nú saman. Hann orðaði það svo, að vel mætti svo fara, að ríkisstj. yrði að fara frá vegna þess að hún næði ekki samstöðu í þessum miklu vandamálum sem hún á við að glíma. Síðan kom rétt áðan flm. brtt. sem hér er til umr., hv. þm. Bragi Sigurjónsson, og var að heyra á honum, að að hans dómi væru ekki miklar líkur til að stjórnarflokkarnir næðu saman eftir þetta 6 mánaða þóf — reyndar 8 mánaða — sem nú hefði staðið yfir. Þegar þessar ræður og þær yfirlýsingar, sem hafa komið fram við þessa umr., eru skoðaðar, þá held ég að það blandist engum hugur um að það sé full ástæða til að þjóðin fái tækifæri til að kveða upp sinn dóm.

Hæstv. utanrrh. sagði, að það væri það alvitlausasta að þjóðin fengi að kveða upp sinn dóm. Sjálfsagt var það í hans huga, að það væri miklu skynsamlegra að fá að halda þessu áfram og fresta þessum dagsetningum, láta allt reka á reiðanum eins og hingað til hefur verið.

Ekki má ég gleyma garminum honum Katli. Hæstv. forsrh. kom hér og flutti eina mikla ræðu. Hann byrjaði á því að segja þjóðinni að hann liti ekki alvarlegum augum þessa þáltill. sem hér væri flutt. Hann tók fleygt orðatiltæki sem við höfum heyrt. En svo talaði hann sig upp í þann hita í ræðunni, að hann leit till. að lokum svo alvarlegum augum, eins og réttilega var bent á í umr., að hann sagði: Ef hún verður samþykkt, þá segi ég af mér. — Ég get ekki séð annað en frá upphafi ræðu hæstv. forsrh. og til loka hafi honum snúist hugur í málinu. Það er a. m. k. allt annað sjónarmið sem kemur fram í upphafi heldur en í lok ræðunnar. Hvort þessi till. sé persónuleg eða ekki, — hann var að velta því fyrir sér, — þá liggur það ljóst fyrir, að hér er verið að flytja till. um þingrof og nýjar kosningar til þess að ríkisstj. hans fái dóm hjá kjósendum. Þegar hann var kominn fram í miðja ræðu, þá byrjaði hann á skattalögunum. Það var eins og sá ruglingur, sem hann hafði orðið fyrir fyrir nokkrum dögum eða vikum í sambandi við skattalög nr. 40/1978, sæti enn í honum. Hann vék sérstaklega í þessari ræðu sinni að 94. gr. laga nr. 40/1978, og hann las upp fyrir þjóðinni verulegan hluta af þessari grein og taldi að þeir, sem hefðu staðið að setningu þessara laga, hefðu verið að innleiða lögregluríki á Íslandi. Ég held að það sé ástæða til að víkja örlítið að 94. gr. þessara laga. Að vísu gerði ég ekki það sem hæstv. forsrh. lagði til í útvarpinu í gær, en ég gerði hins vegar ráðstafanir til þess að hann gæti fengið umsögn eða útlistun á 4. tölul. bráðabirgðaákvæðisins. Ég tók hér saman á blað ákvæði 94. gr. laga nr. 40/1978 og samsvarandi ákvæði laga nr. 68/1971, og það má segja að ákvæði 94. gr. núgildandi skattalaga séu svo til samhljóða 36. gr. 1. mgr., 36. gr. 4. mgr., 50. gr. 1. mgr. og 50. gr. 3. mgr. laga nr. 60/1971. Framsfl. var að vísu ekki í ríkisstj. þegar þessi lög voru sett, það er alveg rétt. Hann tók hins vegar við völdum skömmu seinna. Hann flutti frv. til breytinga á þessum lögum 1972, og ég minnist þess ekki að hann hafi komið fram þá með till. í þá átt að breyta þessum ákvæðum. Ef einhver skyldi halda að þessi ákvæði séu í fyrsta skipti tekin upp 1971, þá er það líka misskilningur. Eftir því sem ég komst næst, þegar ég var að vinna morgunverkin, eins og hæstv. forsrh. orðaði það, þá er um að ræða ákvæði í lögum nr. 46/1954 um upplýsingaskyldu og eftirlitsheimildir skattyfirvalda. Þessi lög voru sett í tíð ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl., og ég hef hvergi heyrt það, enda þótt fjmrh. þá hafi verið framsóknarmaður, Eysteinn Jónsson heitir hann, kunnur fjmrh., að Sjálfstfl. hafi ekki ævinlega verið reiðubúinn að bera ábyrgð á þeirri grein sem þar var sett inn. Ég hef hér í fórum mínum ljósrit af samanburðinum og greinarnar í skattalögunum frá 1954, og mig langar til að afhenda hæstv. forsrh. þetta til þess að hann geti fengið tækifæri til að bera þetta saman.

Útlistanir til viðbótar við þetta er sjálfsagt að gefa hæstv. forsrh. þó að við vitum að hann sé góður lögfræðingur og hafi staðið í fremstu röð þeirra frá því að hann lauk prófi, þá held ég samt sem áður að það sé til of mikils ætlast að einn maður, enda þótt hann sé vel að sér í lögum, muni hvert einasta ákvæði sem í skattalög er sett. Ég vík aftur að þessu ákvæði 94. gr. Það ákvæði var í frv., sem flutt var hér á þingi 1976—1977, með sama hætti og samþ. var, þannig að þetta ákvæði fór ekki fram hjá einum eða öðrum þm. Og ef ég man rétt var gerð breyting á þessari grein í meðförum þingsins af fjh.- og viðskn. sem tók þessi mál til skoðunar.

Ég spyr hæstv. forsrh.: hvað kemur honum til? Hvað er í þessum greinum sem hann getur ekki fellt sig við? A. m. k. trúi ég því varla, að hann hefði þá staðið að samningu samstarfsyfirlýsingar ríkisstj. og látið þar koma

fram 13. lið í liðnum um efnahagsmál, stefnumótun ríkisstj. Þar segir: „Skattaeftirlit verði hert og ströng viðurlög sett gegn skattsvikum.“ Þegar fjárlög 1979 voru samþ. var lagt til af hæstv. fjmrh. til þess að framfylgja þessari stefnu, að gjöld til skattaeftirlits yrðu aukin um 75 millj. kr. Ef ég skil rétt það sem hér stendur og gerðir ríkisstj., þá hefur henni ekki fundist lagasetningin frá því í vor vera nægjanlega ströng, vera nægjanlega skýr til þess að fara eftir. Hér stendur: „Skattaeftirlit verði hert og ströng viðurlög sett gegn skattsvikum.“ Og til þess eru ætlaðar til viðbótar 75 millj. kr. Þessu til viðbótar er svo í drögum að frv. forsrh., sem hann kynnti á blaðamannafundi, gert ráð fyrir sérstakri eignakönnun til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig eignir manna væru til komnar, og þá að sjálfsögðu til þess að hægt væri að auka skattálögur.

Ég læt útrætt um þessar greinar, en ég vek samt sem áður athygli á ummælum hæstv. forsrh., þegar hann býsnaðist yfir því, sem þarna stóð, án þess að gera sér grein fyrir því, að allt, sem í þessum greinum stendur um framkvæmd skattalaga hefur verið í gildi á undanförnum áratugum.

Þá sagði hæstv. forsrh., að hann teldi að nú væri svo komið að menn yrðu að passa sig á því að láta ekki bréf liggja í hirslum sínum, það væri kannske skynsamlegra að rífa þau eða brenna. (**Gripið fram í:** Hvernig bréf?) Alls kyns bréf. Ég held að það samrýmist ekki því sem við erum að reyna að framfylgja í okkar réttarþjóðfélagi, að menn tali um að brenna eða rífa eitthvað til þess að sannleikurinn geti ekki komið í ljós, að ég tali ekki um þær starfsaðferðir sem ég verð að segja að ég hef orðið ákaflega hissa á hjá hæstv. forsrh., þegar hann hefur æ ofan í æ reynt að telja kjósendum trú um að það illa í skattalögunum sé sjálfstæðismönnum að kenna. Ég veit ekki betur en vinnubrögðin í sambandi við þá löggjöf, sem sett var, hafi verið með þeim hætti, að báðir stjórnarflokkarnir hafi haft þar áhrif á gang mála, í því máli eins og öðrum. Og ég segi það eins og er, að mér finnst það ekki vera til eftirbreytni, ef mönnum finnst einhvern tíma eitthvað hafa í raun og veru verið öðruvísi en þeir vildu, að þá séu þeir ekki reiðubúnir til þess að axla þá ábyrgð sem þeir raunverulega höfðu.

Ég vík að því enn og einu sinni, að þegar skattalögin voru samþ. hér á Alþ. höfðu þau fengið óvenjulega — ég segi: óvenjulega góða og yfirgripsmikla meðferð, miklar umræður meðal almennings, umræður í þinginu, og þau voru samþ. hér samhljóða. Það var enginn sem greiddi atkv. á móti. (Gripið fram í.) Þau voru afgreidd shlj. þegar lokaatkvgr. fór fram við 3. umr. í Ed. samkv. því sem í Alþingistíðindum stendur.

Hæstv. forsrh. vék að þeim vandamálum sem við er að glíma og vissulega eru mikil. En ég segi: Hann glímir þar við eigin verðbólgudraug, því að þróun verðbólgunnar breyttist mjög mikið þegar vinstri stjórnin tók við 1971 og varð þá vandamál í íslensku þjóðfélagi. Þá var hæstv. forsrh. tekinn við stjórn þannig að hann glímir við eigin verðbólgudraug.

Í umr. í gær vék hæstv. iðnrh. að stöðu mála um síðustu áramót og vék þar sérstaklega að gjaldeyrisstöðunni og viðskiptajöfnuðinum. Hann vildi túlka það sem árangur af starfi núv. ríkisstj., hvernig gjaldeyrisgreiðslujöfnuðurinn breyttist til hins betra við áramótin, og taldi að þar hefði verið að verki ný ríkisstj. Allir þeir, sem til þekkja, gera sér grein fyrir því, að um áramótin 1977—1978 höfðu safnast upp miklar birgðir af útflutningsframleiðslunni, skreiðarframleiðslan 1976—1977 öll óseld, að einhverju leyti saltfiskur. Allt þetta var flutt út á síðari hluta ársins 1978 og átti fyrst og fremst þátt í því, að gjaldeyrisstaðan og viðskiptajöfnuðurinn breyttist og varð hagstæður um þau áramót miðað við óhagstæðan viðskiptajöfnuð um 11—12% miðað við árið 1974, sem var seinasta árið sem vinstri stjórnin frá 1971—1974 starfaði. Ég veit að hæstv. iðnrh. datt ekki í hug að fólk tryði því, að þeir hefðu vaknað svo snemma að morgni 1. sept., að þeir hefðu veitt allan þennan fisk fram eftir sept. og okt. og það hefði verið búið að herða hann og ganga frá honum til útflutnings í des. Hitt er svo auðvelt, að misfara með tölur, jafnvel þó að þær séu opinberar.

Hjá núv. ríkisstj. hefur á 6 mánaða valdaferli, 8 mánaða umræðusamstarfi, komið upp sama staða og hjá vinstri stjórninni 1971—1974 og vinstri stjórninni 1956—1958, að stjórnarflokkarnir hafa svikið kosningaloforðin. Þeim er það gjarnt, það sýnir sagan. Bráðabirgðaaðgerðir voru gerðar í sept., aðrar í des. Þær lágu allar í því að skattpína borgarana, falsa vísitöluna, eins og ég sagði áðan, með skuldasöfnun og lækkun kaupgreiðsluvísitölunnar og svokölluðum félagslegum umbótum, sem nánast voru sáralítill hluti þess sem launþegar hefðu fengið ef þeir hefðu fengið fullar vísitölubætur. Það voru afgreidd fjárlög með halla. Jafnvel þó að 1. þm. Norðurl. e. haldi því fram, að þau séu hallalaus, þá hefur sjálfur hæstv. fjmrh. viðurkennt opinberlega að það vanti milljarða í útgjöld fjárl. til þess að hægt sé að halda niðurgreiðslustigi vöruverðs sem var í des. Sennilega skortir hér um 3 milljarða. Svo vita allir að 1. apríl er samkv. samningi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gert ráð fyrir launahækkun sem þýðir 2 milljarða fyrir ríkissjóð og ekki heldur fyrir því séð, heldur treyst að samningar náist um að fella hana niður. Það var auðvitað ekki vitað í desembermánuði, hvað Kjaradómur gerði í sambandi við mál Bandalags háskólamanna, en úrskurður hans eykur enn á vandann. Ég trúi því ekki, að menn geti staðið hér í ræðustólnum og haldið því fram í alvöru að hér sé um að ræða hallalaus fjárlög.

Lánsfjáráætlun er sett saman á fölskum forsendum. Það er gefið sér ákveðið mark á fjárfestingu sem hlutfalli af þjóðarframleiðslu. Til þess að ná því eru gerðar breytingar, lagt til að greiðslur vegna jarðstöðvar komi ekki fyrr en á árinu 1980, járnblendiyfirfærslur, álverksmiðjan, Hrauneyjafossvirkjun frestað. Þegar svo útboð er gert kemur hins vegar í ljós, að ef á að byggja stöðvarhúsið þar skortir a. m. k. eitthvað á annan milljarð í lánsfjáráætlunina svo að hægt sé að ljúka þeim áfanga sem talað hefur verið um. Þar er gert ráð fyrir tveggja milljarða lántöku, en lægsta tilboð sem kom mun vera eitthvað á fjórða milljarð. Það er ekki staðið við samninga fjmrn. við Seðlabankann. Lánsfjáráætlunin gerir ekki ráð fyrir því. Þeir, sem mest hafa gagnrýnt skuldasöfnun ríkissjóðs á árunum 1974 og 1975, koma nú og hyggjast ekki greiða þá skuld sem þeir söfnuðu á s. l. ári, sögðu í upphafi starfstíma síns, að það yrðu um 400 millj., en hafa reynst 4 milljarðar hjá ríkissjóði og 1 milljarður til viðbótar hjá ríkisstofnunum, eða um 5 milljarðar kr. Það, sem er verst í þessu öllu saman, er að hv. stjórnarþm. standa hér algerlega ráðalausir uppi. Hv. 1. þm. Norðurl. e. segir, að það sé búið að afgreiða Alþfl., en Alþb. sé seigt undir tönn, eins og það megi þá skilja að þeir séu búnir að renna Alþfl. niður, spörenna

Alþfl., ákaflega mjúkum, en eitthvað hafi Alþb. verið seigara undir tönn og vafasamt að þær tennur vinni á Alþb. A. m. k. var hv. þm. svo raunsær, að hann taldi, að stjórnarsamstarfinu gæti lokið áður en langt um liði. Hann talaði alveg þvert á við það sem hæstv. forsrh. gerði.

Það er fátt, sem við höfum ekki heyrt í sölum Alþ. þessa dagana. Í málefnaþrotum sínum í gærkvöld var meira að segja aðalinntak talsmanna stjórnarflokkanna að Sjálfstfl. væri sundraður og klofinn og of upptekinn við innri vandamál til þess að huga að vandamálum þjóðarinnar. Þessar áhyggjur eru óþarfar. Sjálfstfl. leysir sín vandamál eins og hann hefur alltaf gert. Sjálfstfl. er flokkur sem byggir á breiðum grundvelli. Innan hans eru starfandi fjölmargir skoðanahópar, eins og eðlilegt er. Sjónarmiðin eru margvísleg og á allan hátt endurspeglar Sjálfstfl. í ríkara mæli en nokkur annar stjórnmálaflokkur þau mismunandi viðhorf sem uppi eru meðal borgaralega sinnaðs fólks. Þessi fjölbreytilegu sjónarmið fá að koma fram og njóta sín til fulls innan Sjálfstfl. Endanleg afstaða er svo tekin á lýðræðislegan hátt. Hvorki formaður Sjálfstfl. né aðrir talsmenn flokksins tala eins og einvaldar án þess að taka tillit til sjónarmiða flokksbræðra sinna. Í því felst lýðræði m. a. að hlusta á og taka tillit til sjónarmiða annarra. Þetta er styrkleiki Sjálfstfl., en ekki veikleiki, eins og hefur sýnt sig. Þeir, sem sjálfir sitja uppi með margklofna ríkisstj., margklofna flokka að baki henni ættu að huga meira að eigin vandamálum en málefnum Sjálfstfl. Framsóknarmönnum er áreiðanlega hollast — og þá brosir hv. þm. — að huga að flokksmálum sínum en ekki hafa áhyggjur af velferð Sjálfstfl. sem sér um sig. Forustuvandamál Framsfl. eru bersýnilega fólgin í því, að þm. og fagráðh. flokksins, hvað þá óbreyttir flokksmenn, hafa ekki hugmynd um hvaða stefnu formaðurinn tekur næst. Þeim er ekki sýnd sú kurteisi að við þá sé talað, hvað þá að lýðræðisleg vinnubrögð ríki í þeim flokki. Afleiðingin er sú, að Framsfl. hefur verið að minnka og minnka, og allt bendir til þess að sú þróun haldi áfram. Framsóknarmönnum er nú hollast að mínum dómi að huga að þessum innri vandamálum flokks síns og þeim foringjavandamálum sem þessi þróun endurspeglar.

Alþfl.-menn hafa líka áhyggjur af okkur sjálfstæðismönnum, jafnvel fundarsókn hjá okkur á fundum úti á landi, eins og þeir séu þar tíðum gestir. Þeir ættu að huga betur að velferð eigin flokks. Ástandið á þeim bæ er nú slíkt, að flokksformaðurinn er bersýnilega í felum. Hann varast eins og heitan eldinn að láta til sín taka í þeim brennandi vandamálum þjóðarinnar sem hafa verið til umr. á undanförnum vikum og mánuðum. Þetta á einnig við varaformanninn. Við höfum að sjálfsögðu tekið eftir því hér í sölum Alþ. hvernig feluleikurinn gengur. En það virðist sem forusta Alþfl. hafi dregið sig í hlé og farið í pólitískt orlof upp í Stjórnarráð. Það hefur áður komið fyrir að Alþfl. hafi dregið sig út úr pólitík. Þingflokkur Alþfl. er sundurlaus, sjálfum sér sundurþykkur og þar veit enginn hvað snýr upp og hvað snýr niður. Alþfl. er ljóst nú þetta ástand, og ég sé á andlitum þeirra margra í gær og í dag, að þeir hafa miklar áhyggjur.

Alþb. hefur líka látið í ljós áhyggjur sínar yfir velferð Sjálfstfl. En ég segi: einnig þeir ættu nú að líta í eigin barm. Innan Alþb. fer nú fram hrikaleg valdabarátta á milli ráðh. flokksins og yfirráðh., formanns Alþb. Þessi valdabarátta endurspeglast rækilega hér í þingsölunum eins og við höfum orðið vör við síðustu dagana. Ráðh. sameinast um að draga úr áhrifum flokksformanns síns og síðan munu þeir berjast um völdin innbyrðis. Þeir flokkar, sem þannig er ástatt um, hafa áreiðanlega um þarfari málefni að hugsa en hugmyndir þeirra sjálfra um ástandið á heimavígstöðvum okkar sjálfstæðismanna.

Það er auðvitað ástæða til þess, þegar þessar umr. fara fram, að muna og rifja upp að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, sem þó á varla nafnið skilið, eins og einn fylgismaður hennar hefur bent á og sagði réttilega og ég vék að áðan, dregur á eftir sér langan slóða svikinna loforða og ríkisstj. mun aldrei geta brúað bilið á milli orða og verka. Ég tel þó enn meiri ástæðu til þess að horfa á heildarmyndina í stjórnmálum þessa lands en að rekja syndaregistur þessarar ríkisstj. meira en ég hef gert við þessar umr.

Það er hollt að velta fyrir sér þeim vandamálum, sem við blasa í þjóðlífinu, og reyna að velja þau glímutök á þeim vandamálum sem best geta dugað. En til þess að leysa vandamálin, þau sem við er að glíma, verðum við að velja rétta leið að því marki að örva hagvöxtinn, skila betri afköstum og ná betri efnahagslegum árangri. Við höfum um tvær leiðir að velja. Önnur er leið miðstýringar, hin er leið frjálshyggjunnar. Núv. ríkisstj. hefur tvímælalaust valið leið miðstýringarinnar og ríkisafskiptanna á öllum sviðum eftir eðli þeirra flokka sem hana styðja. Við skulum spyrja okkur: Hvert liggur sú leið? Hún liggur til verri lífskjara. Það er ekki ríkið sem er uppspretta gæðanna, heldur einstaklingurinn. Það er ekki ríkið sem framleiðir, heldur atvinnulífið. Betri lífskjör fást ekki með pólitískum hrossakaupum, heldur með aukningu framleiðslunnar. Hlutverk ríkisins á að vera að búa framleiðslunni þau skilyrði sem nauðsynleg eru til framleiðsluaukningar.

Við verðum líka að koma auga á eina einfalda staðreynd, og hún er sú, að öllum rétttindum fylgja skyldur, að öll þjónusta ríkisins kostar peninga, að bakhliðin á óskalistanum er reikningurinn. Við verðum að skilja það, að kröfupólitíkin hefnir sín þegar til lengdar lætur og þess, sem við krefjumst af öðrum, erum við að krefjast af okkur sjálfum. Byrðarnar lenda á okkur sjálfum hverjum einum. Þær lenda á öllum almenningi. Þessa einföldu staðreynd virðast vinstri sinnar ekki skilja. Þeir skilja það ekki, að lýðræðið hvílir á gagnkvæmum rétttindum og skyldum, á jafnvægi tekna og útgjalda. Þeir halda að barátta skipti öllu máli. Þeir blása í herlúðra, æsa til ófriðar á milli stéttanna, verkfalla og jafnvel lögbrota. Við aukum ekki framleiðsluna, við bætum ekki lífskjörin með því að blása í herlúðra. Við bætum lífskjörin með því að auka framleiðsluna, með því að vinna saman stétt með stétt, með því að hver fái að nýta hæfileika sína sér og sínum í hag. Það, sem gerir okkur kleift að bæta lífskjörin og nýta þekkingu okkar, er frjálst framtak einstaklingsins. Menn hafa komið auga á þessa staðreynd í öðrum löndum, jafnvel þótt þeir séu sósíalistar.

Ríkisstjórnarflokkarnir eru mörgum áratugum á eftir tímanum. Við sjáum hvarvetna í hinum vestræna heimi að augu manna eru að opnast fyrir því, að þjónusta ríkisins getur verið miklu dýrari en þjónusta markaðarins, að menn velta að lokum byrðinni yfir á enga aðra en sjálfa sig. Sósíalisminn ógnar ekki einungis hagvextinum, hann ógnar ekki aðeins hinum efnahagslega árangri, hann er líka farinn að ógna þeim mannréttindum sem við

búum við. Ef vald einhvers aðila verður of mikið, þá er mannréttindum einstaklinga ógnað. Þjóðfélagið verður að vera í jafnvægi. Valdinu verður að dreifa.

Sagt hefur verið að verkalýðshreyfingin sé of valdamikil. Það er rétt, að valdi hennar hefur stundum verið misbeitt. Henni hefur verið beitt fyrir vagn pólitískra loddara eins og þeirra sem kröfðust þess, að samningarnir væru settir í gildi, eins og þeir orðuðu það. Ég held að verkalýðshreyfingin sé þó varla of sterk. Miklu frekar er einkaframtakið of veikt, þannig að mótvægi skortir, það er ekki jafnvægi. Einkaframtakið er of veikt vegna þess að ríkisvaldið er of sterkt. Sósíalisminn hefur dregið mátt úr atvinnulífinu, og verkefni næstu ára að mati okkar sjálfstæðismanna er að efla frjálshyggju og draga úr ríkisvaldinu til þess að skapa það jafnvægi í þjóðfélaginu sem er nauðsynlegt. Við þurfum að skapa jafnvægisþjóðfélag. Við þurfum að snúa af leið sósíalisma inn á leiðir frjálshyggjunnar.

Ríkisafskiptin, sem núv. stjórnarflokkar beita sér fyrir og hafa stóraukið, eru auðvitað réttlætt með því, að þau séu félagsleg. Tískuorðið á Íslandi hefur lengi verið orðið félagshyggja, en mig grunar að á bak við félagshyggjutalið sé falin sú staðreynd, að núverandi valdhafar ætli að stýra fjárfestingunni pólitískt í einhverri framfaranefnd, sem er svipað rangnefni og félagshyggja hjá þeim. Aðalatriðið er að þessi ríkisstj. verði stöðvuð á þeirri fleygiferð til sósíalisma, sem hún er á. Þingrof og nýjar kosningar eru nauðsynleg. Þjóðin hefur verið blekkt og þess vegna verður valið að vera hennar á ný. Leiðirnar eru tvær: frjálshyggja eða sósíalismi. Kostirnir eru skýrir, og ég er ekki í nokkrum vafa um hvorn kostinn meiri hl. kjósenda velur.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég held að öllum sé ljóst og ekki síst sjálfstæðismönnum sjálfum, sem bera fram þá þáltill. sem hér liggur fyrir um þingrof og nýjar kosningar, að ekki býr nein alvara á bak við slíkan tillöguflutning. Það, sem á bak við býr, er fyrst og fremst að láta reyna á þolrif þm. Alþfl. vegna þess að þeir hafa hvað harðast knúið á um að brotið verði blað í þróun efnahagsmála undanfarinna ára og áratuga, þannig að skammtímalausnum á fárra mánaða fresti linni sem gert hafa alla uppbyggingu atvinnuveganna erfiða, atvinnuöryggi ótryggt, auk þess sem launafólk hefur þurft að heyja harða baráttu til að reyna að viðhalda kaupmætti tekna sinna frá ári til árs. Hefur sú barátta oft kostað 40—50% krónutöluhækkun launa árlega og skapað sífellda hringrás kaupgjalds og verðlags, og hefur verðbólgan í reynd alltaf bitnað mest á þeim sem minnst mega sín, enda er launafólki farið að skiljast að einasta kjarabótin, sem það getur treyst á, er hjöðnun verðbólgunnar, en ekki aukning á verðlausum krónum í umslag þess á fárra mánaða fresti, sem oft og tíðum halda ekki einu sinni í þann kaupmátt sem það áður bjó við.

Víxlgangur kaupgjalds og verðlags, sem nú gefur aukningu í krónum talið í umslag launafólks, en viðheldur oft ekki einu sinni kaupmætti launa þess, vindur upp á verðbólguna og grefur undan atvinnuöryggi þess og enginn græðir á nema þeir sem í skjóli forréttindaaðstöðu geta hagnast á henni og það eingöngu á kostnað heildarinnar og þá sérstaklega láglaunafólks. Tilburðir Alþb. til að reyna að sýna launafólki í reynd fram á annað en að það er hjöðnun verðbólgunnar og það eitt sem skilar því aukningu á kaupmætti eru því að verða úreltir og úr sér gengnir, því launafólki er farið að skiljast að annað getur ekki skilað því betri kjörum.

Ég skal upplýsa þá Alþb.-menn um það, sem halda að blekkingaleikur þeirra um annað skili árangri til launafólks, sem gerist aðeins með samstilltu átaki á öllum sviðum efnahagsmála, að það er ekki ósjaldan sem ég hef heyrt það hjá láglaunafólki, meira að segja ellilífeyrisþegum, að það væri tilbúið til að fórna einhverju af láglaunatekjum sínum ef það mætti verða skerfur til að vinna á verðbólgunni. Dagar slíkra blekkingatilrauna eru því á undanhaldi undan staðreyndum þeirra sem tilbúnir eru í slaginn við verðbólguna. Fyrir breytingu á þeirri þróun, sem verið hefur á efnahagslífinu undanfarin ár, hefur Alþfl. barist allt frá stjórnarmyndunarviðræðunum s. l. sumar og ekki síður eftir að ríkisstj. var mynduð 1. sept. s. l., en við dræmar undirtektir samstarfsflokkanna í ríkisstj. og þá sérstaklega Alþb., sem hefur haldið uppi sýndarmennsku og blekkingum við launafólk og það á svo grófan hátt, að það hefur fjarstýrt fáeinum forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, beitt þeim fyrir sinn pólitíska vagn til yfirlýsinga gegn ýmsum mikilvægum verðbólguhjaðnandi markmiðum í frv. því sem liggur fyrir ríkisstj. um samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu og jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem getur í reynd tryggt viðunandi lífskjör og atvinnuöryggi. En það mega þeir Alþb.-menn vita og ættu ekki að fara í grafgötur um eftir þá baráttu sem Alþfl. hefur háð undanfarna mánuði, að Alþfl. hefur ekki áhuga á að skipa sér í þá fylkingu verðbólguflokka sem ber ábyrgð á 40—50% verðbólgu undanfarinna ára og þar með versnandi afkomu alls launafólks og ótryggu atvinnuástandi. Og það er reyndar grátbroslegt að Sjálfstfl., sem ekki síður en Alþb. ber ábyrgð á slíkri verðbólgu og ekki nema örfáir mánuðir síðan hann yfirgaf valdastóla, innbyrðis sundraður og rassskelltur af þjóðinni í kosningunum s. l. sumar fyrir fjögurra ára óstjórn, helstu undirstöðuatvinnuvegirnir við að stöðvast, ótryggt atvinnuástand og ókyrrð á vinnumarkaðinum, — hann þykist nú hafa efni á eftir sex mánaða valdasetu þessarar ríkisstj., sem notaðir hafa verið til þess að hreinsa til eftir hann, að biðja um þingrof og biðla til þjóðarinnar um nýtt umboð til áhrifa.

Það hlýtur að vera erfitt og ósannfærandi, að í raun sé takandi mark á slíkum tillöguflutningi, enda býr pólitísk afbrýðisemi þar á bak við eins og hjá hinum flokkunum sem ábyrgð bera á 40—50% verðbólgu undanfarinna ára, vegna þess að Alþfl. er einn allra flokka undanskilinn þeim verðbólgustimpli undanfarinna ára og hefur það einkennt hann frá þeim flokkum sem ábyrgð bera á örri verðbólgu með þeim afleiðingum að afkoma þjóðarbúsins og atvinnuöryggi hefur verið í hættu og stuðlað hefur verið að versnandi afkomu alls launafólks í landinu.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka og segja hér frá baráttu Alþfl. undanfarna mánuði til breytinga á því efnahagsástandi sem þjóðin hefur þurft að búa við mörg undanfarin ár, svo mjög hlýtur það að vera í fersku minni, og hve djarft þar hefur stundum verið nauðsynlegt að spila til að koma þessum flokkum í skilning um þá alvöru sem að baki býr hjá Alþfl. að ná þjóðinni út úr verðbólgunni, enda náðist sá árangur, að í grg. frv. um viðnám gegn verðbólgu 1. des. varð samkomulag um verðbólguhjaðnandi markmið, sem allir flokkarnir í ríkisstj. stóðu að og frv. Alþfl. í des. s. l. var að verulegu

leyti byggt á og einnig það frv. sem nú er til umfjöllunar í ríkisstj. Og það er rétt að undirstrika það sérstaklega til að hressa upp á minni Alþb.-manna, því að þeir virðast stundum gleyma fljótt hvað þeir samþykkja hér á hv. Alþ., að þeir stóðu einnig að þeirri grg. og ýmsar þjóðhagsstærðir og markmið, sem frv. byggist á, hafa þeir samþykkt þar og einnig í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, þó að upp á síðkastið virðist hafa verið uppi önnur sjónarmið. Þegar á þarf að reyna og ábyrgðina þarf að axla til að ná árangri í baráttunni við verðbólguna, — árangri sem fært getur launafólki raunverulega kaupmáttaraukningu og tryggt atvinnuöryggi og atvinnuuppbyggingu, þá sýna þeir sitt rétta andlit að þora ekki að bera ábyrgðina.

Þó að þeir flokkar, sem þessa ríkisstj. mynda, þurfi nú á næstu dögum að gera það upp við sig hvort þeir þori í slaginn við verðbólguna og þar með að axla þá ábyrgð sem þeir voru kosnir til, þá tel ég að sá flokkur, sem enn er í sárum vegna dóms þjóðarinnar fyrir 9 mánuðum eftir fjögurra ára óstjórnartímabil þeirra og innbyrðis sundurlyndi, sé ekki rétti aðilinn til að kveða upp úr um stund fyrir flokkana, sem þessa ríkisstj. mynda, til að gera upp hug sinn um hvort þing verði rofið og efnt til nýrra kosninga.

Enn hefur ekki reynt á hvort meiri hl. sé á Alþ. fyrir frambúðarlausn í efnahagsmálum sem náð getur tökum á verðbóglunni. Fyrr en það er fullreynt tel ég að enginn ábyrgur stjórnmálamaður, hvorki þeir, sem mynda núv. ríkisstj., né stjórnarandstaða, geti skorast undan að taka afstöðu til eins mikilvægra mála og frambúðarlausn efnahagsmála er. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að flytja þær umr. um efnahagsmál, sem nú um tíma hafa legið fyrir ríkisstj., inn á Alþ. Þá fyrst fæst úr því skorið, hvort meiri hl. er hér á Alþ. fyrir að axla þá ábyrgð sem því fylgir að vinna á verðbólgunni og koma á fót þeirri undirstöðu undir heilbrigt efnahagslíf sem tryggir framgang undirstöðuatvinnuveganna, atvinnuöryggi og varanlega tryggingu fyrir bættum hag launafólks. Þeim mun óábyrgari er sú afstaða á þessari stundi, þegar enn er ekki fullreynt hvort meiri hl. er fyrir ábyrgri efnahagsstefnu, að þingrof verði nú, áður en sú afstaða liggur fyrir. Það getur orðið dýrkeypt fyrir þjóðina, þar sem það þýðir nokkurra mánaða stjórnlaust ástand og yfirvofandi er holskefla olíukreppunnar ofan á aðra erfiðleika sem þjóðin á við að glíma. Þetta mega þeir hugleiða sem bjóða þjóðinni stjórnlaust ástand í nokkra mánuði, sem verður undanfari nýrra kosninga ef þing væri nú rofið áður en — og ég undirstrika: áður en fullreynt er hvort meiri hl. er hér á Alþ. fyrir ráðstöfunum sem geta leitt þjóðina út úr vítahring þeirrar óðaverðbólgu sem m. a. sá flokkur, sem nú gerir till. um þingrof, hefur leitt yfir þjóðina.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég held að það sé rétt í upphafi þessarar ræðu að ég hafi svipaðan hátt á og helsta fyrirmynd mín í nútíma ræðumennsku, hv. 7. þm. Reykv., og lýsi því yfir að þrátt fyrir það sem ég kann að segja í þessari ræðu styð ég ríkisstj. og þess vegna mun ég greiða atkv. gegn báðum þeim till. sem hér eru til umr., þ. e. a. s. bæði till. Sjálfstfl. um þingrof og nýjar kosningar og eins brtt. frá hv. þm. Braga Sigurjónssyni.

Ég verð að segja það í fyrsta lagi um þessa þáltill., að mér finnst hún næsta furðuleg. Er ekki miklu nær að flytja hreinlega vantraust á ríkisstj., ef svo er komið málum að Sjálfstfl. telur hana einskis nýta og eiga að fara frá? Ég tel það réttara. Það er a. m. k. venjulegri aðferð, eftir því sem ég man best. En þeir hafa kosið að hafa þennan háttinn á og hafa sjálfsagt sínar ástæður til þess. Ég ætla ekkert að fara að leiða getum að því, hverjar þær munu vera.

Brtt. hv. þm. Braga Sigurjónssonar miðar bersýnilega að því og því einu að útvega Alþfl. nýjan frest til þess að gera upp hug sinn, hvort hann vilji styðja þessa stjórn eða ekki. Það er búið að rekja nokkrar dagsetningar og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, en eins og bent hefur verið á er stungið upp á enn nýjum degi sem eigi að verða eins konar dómsdagur eða úrslitadagur í þessu máli, 17. þ. m., sem er eftir 10 daga, og síðan á svo að reyna að mynda nýja stjórn eftir einhverjum öðrum leiðum. Hv. þm. gat um þá möguleika sem hann kom auga á í því skyni. Hæstv. fyrrv. forseti Ed. hefur greinilega leitað til Ítalíu um fyrirmynd að stjórnarsamstarfi, þar sem hann ráðleggur flokkum að mynda minnihlutastjórn og leita til sitt hvorrar handarinnar eftir því sem þörf er á. Þessi hugmynd virðist vera fundin upp í Róm. Það virðist fylgja forsetastóli hv. Ed. að sækja fyrirmyndir til Ítalíu, því að hæstv. núv. forseti Ed. hefur flutt frv. um alveg óskylt mál, sem að mínu mati virðist ættað úr Vatíkaninu.

Hæstv. utanrrh. sagði í gær, að stjórnmálamenn yrðu að gera málin upp sjálfir. Þetta tek ég heilshugar undir. Það þýðir ekkert fyrir ráðh., hverju nafni sem þeir nefnast, hvaða embætti sem þeir gegna, að koma sér einir og einangraðir saman í gamla tugthúsinu um einhverja moðsuðu sem enginn skilur og að því er virðist þó allra síst þeir sjálfir. Við, sem eigum sæti á þingi, munum gera upp okkar hug og samþykkja það eitt sem við getum varið fyrir samvisku okkar, kjósendum og þjóðinni. Engin fyrirmæli að ofan verða tekin til greina. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. utanrrh. að koma til mín og segja: Þetta skaltu samþykkja eða hafa verra af ella. — Því mun ég ekki hlíta.

Hv. sjálfstæðismenn hafa gert mikið með það, að viðskilnaður ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hinnar fyrri hafi verið mjög slæmur. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., lagði mjög ríka áherslu á þetta áðan og fór að minna á ýmis atriði í því sambandi. Það er auðvitað rétt, að það voru erfiðleikar þegar sú stjórn var mynduð. En ég vil minna á að 1971 voru líka erfiðleikar, þegar þáv. ný ríkisstj. tók við. Þá var mjög mikið af óafgreiddum málum í stjórnarráðinu, sem ekki hafði verið séð fyrir fjárveitingum til á fjárl. þess árs. Ég er ekki svo minnugur og hef ekki búið mig undir það að geta rakið einstök dæmi um þetta. En ég skora á hv. sjálfstæðismenn að mótmæla þessu ef þeir geta. (**Gripið fram í:** Ég hef þegar mótmælt.) Ég mun þá reyna að afla gagna fyrir hv. 1. þm. Vestf. til þess að hressa upp á minni hans, ef hann er búinn að gleyma þessu. (**M.B.:** Þm. hafa þessi gögn.) Ég veit þetta. Já, já, ég veit það mjög vel. Ég ætla ekki að fara að hafa það eftir eftir minni, en þetta liggur fyrir. Það er alveg guðvelkomið að fletta þessu upp fyrir hv. þm., ef hann er svo önnum kafinn að hann má ekki vera að því sjálfur. (**Gripið fram í.:** Vantaði alla peninga í tekjutryggingu?) Já, til að mynda það. (Gripið fram í.) Ég geri ósköp lítinn mun á því, hver það er sem kallar fram í, hvort það er hv. 1. þm. Vestf. eða hv. 1. þm. Austurl. Ég tel mig hafa orðið og ætla mér að halda áfram ræðu minni án afskipta þeirra.

Ég vil segja það út af þeim útvarpsumr., sem fram fóru í gær, að talsmenn Alþb. og Alþfl. hafi greinilega ekki hlustað á þann fréttaauka sem fluttur var í Ríkisútvarpinu í gærkvöld, en þar var haft viðtal við hagfræðing sem vinnur hjá EFTA í Genf og heitir Björn Matthíasson. Hann var spurður af fréttamanni, hvernig ástandið væri í EFTA-löndunum. Og hann lét nokkuð vel af því, hvernig þau hefðu komist í gegnum olíukreppu og önnur vandræði. Þá spurði fréttamaður hann sérstaklega hvernig staða Íslands væri í þessu sambandi. Og ef ég man rétt sagði hagfræðingurinn: Ísland er eins og skínandi stjarna í þessum hópi og jafnvel þótt víðar væri leitað. Þið hafið ekkert atvinnuleysi, þið hafið aukinn hagvöxt og þið hafið betri lífsafkomu en þið hafið áður haft. Ég tel ástæðu til þess að minna á þetta þegar því er haldið fram af hæstv. ráðh., bæði Alþ. og Alþfl., að viðskilnaður síðustu stjórnar hafi verið með þvílíkum endemum að það sé nánast óviðráðanlegt vandamál að ráða fram úr því. Og ég segi það alveg hiklaust, að ég mun ekki una því til frambúðar að slíkum fjarstæðum sé haldið fram, jafnvel þó að þeir geri það sem ég nú styð til stjórnarsetu.

Það þarf auðvitað ekki að minna hv. þm. á það, að ýmis loforð voru gefin af þessum flokkum fyrir s. l. kosningar. Eitt af þeim loforðum var: „samningana í gildi". Nú hefur það gerst, að Kjaradómur hefur kveðið upp dóm um að svokölluðu vísitöluþaki skuli lyft af launum Bandalags háskólamanna. Í Morgunblaðinu í dag er viðtal við einn af þeim mönnum, sem heimtuðu hvað ákafast „samningana í gildi", og hann spurður álits á þessum dómi. Og álit hans er skýrt og skorinort: „Vont er þeirra ranglæti, en verra er þeirra réttlæti." Sem sagt, þessi dómur er að hans mati fráleitur. En þarna er verið að setja samningana í gildi — er það ekki? Voru það ekki þessi laun sem þessir menn sömdu um? Það getur vel verið að ýmsum þyki betra að hafa samningana í gildi, og það má náttúrlega segja að það sé siðferðilega rétt að samningar séu í gildi. En hvaða munur er á því í reynd, að launagreiðslur séu nokkuð skertar eða skattaálögur verulega hækkaðar? Munurinn er einfaldlega sá, að fólkið fær fleiri krónur í hendur til þess að ganga með niður í Gjaldheimtu og skila þar. Þetta náttúrlega eykur atvinnuna og spornar gegn því atvinnuleysi sem við erum allir að berjast við, en önnur áhrif á hag launafólks held ég tæpast að um sé að tefla.

Þó að ég hafi nú sagt þetta vil ég taka fram, eins og ég raunar gerði í upphafi, að ég hef alla tíð eindregið verið fylgjandi þessari ríkisstj. og er enn. Ástæðan er þó ekki sú, að ég sé svo yfir mig hrifinn af öllu sem stjórnin hefur gert. Ástæða fyrir þessari afstöðu minni er fyrst og fremst sú, að með skipbroti þessarar ríkisstj. fara fyrir borð um langa framtíð vonir þeirra manna sem telja sig hafa starfað og vilja geta haldið áfram að starfa í anda samvinnu og félagshyggju. Þessu vil ég með atkv. mínu freista að afstýra. En öllu eru þó takmörk sett. Ég mun ekki miklu lengur, frekar en ýmsir aðrir, sætta mig við þessa endalausu grautargerð, sem fyrir utan það að vera orðin vítamínlaus fyrir lifandi löngu er líka áreiðanlega orðin lífshættuleg fæða öllu venjulegu fólki, þótt vera kunni að einstaka ofurmenni þoli inntökuna enn. Ég er hræddur um að ef þessu heldur svona áfram reki að því, sem Grímur Thomsen orðar svo á einhverjum stað, að enginn þoli drykkinn nema jötnar.

Þá langar mig í þesu sambandi að nefna það einu sinni enn, að sá hringleikahússsýningarleikur, sem undanfarna daga, vikur, mánuði hefur sett svipmót sitt á störf Alþingis, hefur þegar gengið mikils til of langt og er orðinn fyrir löngu þeim sem taka þátt í honum til ævarandi skammar. Já, og ekki einungis þeim, heldur líka okkur hinum, sem fram að þessu höfum látið bjóða okkur að horfa upp á og hlusta á þessi skrípalæti. Ef það er svona virðing sem þessir hv. þm. vilja sýna þeirri stofnun, Alþ., sem þeir nú starfa í, sýnist mér ekki vera nema tvennt til: annaðhvort er að loka Iðnó og Þjóðleikhúsinu og flytja allar sýningar í Austurbæjarbíó og sýna þar um miðnætti á þeim forsendum að önnur gamanmál séu flutt við Austurvöll milli kl. 2 og 4 á daginn eða þá að flytja öll gamanmál í húsið hérna og loka öllum öðrum skemmtistöðum borgarinnar — og selja þá dýrt inn til þess að rétta við fjárhag ríkissjóðs, því að það getur vel verið að einhverjir vildu koma. Það má vel vera að þetta sé til athugunar á æðri stöðum, ég skal ekkert um það segja. En mikil umskipti mundi þá vera orðin í þessu húsi frá því að hér var lagður grundvöllur að sjálfstæði landsins og fleiri alvörumál voru rædd og til lykta leidd. Þetta er eflaust tímanna tákn, og auðvitað er það hárrétt, sem einhvers staðar var sagt, að þjóð á ekki skilið betri þm. en hún hefur sjálf kosið sér. Gleggsta dæmið, sem ég hef rekið mig á um niðurlægingu Alþingis, er að finna í leiðara Dagblaðsins í gær, en þar er yfirstandandi þing talið eitt hið allra skemmtilegasta og þá að sama skapi eflaust merkasta í samanlagðri sögu Alþingis. Þegar Dagblaðið fellir þennan dóm er ég fyrst algerlega sannfærður um að hér er alvörumál á ferðinni sem þarf að ráða bætur á.

Ég get svo sem látið þess getið að jafnvel ég kann nokkrar gamansögur sem ég gæti haft yfir hér og kannske skemmt vissum hluta þjóðarinnar með — og jafnvel fengið mynd af mér í Dagblaðinu ef mér tækist vel upp. En ég tel ekki að ég hafi verið kosinn hingað til slíks, heldur til hins, að reyna að hjálpa til við að ráða fram úr þeim óumdeilanlega vanda sem íslensk þjóð stendur nú frammi fyrir. Þessa mun ég nú enn um sinn freista, en að lokum í þessum kafla aðeins segja það, að svo mikils virði er þingmennskan mér ekki að ég vilji allt í sölur leggja til þess að halda henni.

Það hefur verið minnst á það hér að atvinnuvegirnir séu undirstaðan, og vissulega ber enginn á móti því, og það þurfi að búa framleiðslunni hagstæð skilyrði, eins og ég held að hv. 1. þm. Reykn. hafi komist að orði. Þetta er nákvæmlega það sem þessi ríkisstj. hefur fram að þessu verið að gera. Hún hefur haldið áfram því verki sem undanfarið hefur verið unnið að og er unnið að, að atvinnurekstur gæti verið starfandi í landinu. Og við skulum gæta þess, að ef undirstaðan brestur er yfirbyggingunni hætt.

Svona til þess að ljúka máli mínu í þeim stíl, sem ég var að reyna að temja mér í upphafi, vil ég gjarnan líkja þessu við eftirfarandi: Sagan segir að maður hafi staðið í stiga og verið að mála tiltekið sjúkrahús, þá hafi komið þar að einn af þeim, sem þar var sjúklingur, horft á hann um stund og sagt: Hvað ert þú að gera? — Og hinn segir: Ég er að mála húsið. — En svo allt í einu segir sjúklingurinn: Haltu nú fast í pensilinn, því að nú tek ég stigann. — Það er einmitt þetta sem aldrei má gerast hjá okkur, að undirstaðan sé tekin, því að þá hrapar þjóðfélagið. Þess vegna er áríðandi að þessi ríkisstj. geti komið sér saman um tillögur og úrræði, sem dugi til þess að at-

vinnulífið geti haldið áfram, sem dugi til þess að þjóðin geti búið við áframhaldandi hagstæð lífskjör, til þess að Ísland geti haldið áfram að vera eins og lýsandi stjarna í hópi þeirra ríkja sem borið er saman við.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er almennt viðurkennt, að stjórnarandstaða gegnir veigamiklu hlutverki í lýðræðislandi, en til þess að hún valdi því hlutverki þurfi hún að vera jákvæð. Nú hefur því oftlega verið haldið fram, að stjórnarandstaða Sjálfstfl. við núverandi þríflokkastjórn sé næsta máttlaus og veigalítil. Því er til að svara, að eðlilegt er að nýrri ríkisstj. sé gefið nokkurt tóm og tími til að átta sig á og ná tökum á stjórnartaumunum. En þegar vikur og mánuðir líða svo að lítið er gert af viti og fátt eitt fréttist af stjórnarathöfnum utan hávaða og heimiliserjur, er ofureðlilegt að stjórnarandstaða og raunar allur almenningur vilji vita hvað er á seyði. Varla verður því neitað, að alþjóð eigi heimtingu á að fá nokkra vitneskju um hvernig stjórnarherrarnir haga leikjum sínum við taflborð ríkisvaldsins, svo mikið sem er í húfi.

Núv. ríkisstj. er orðin missirisgömul, að tilhugalífi frátöldu sem stóð í fulla tvo mánuði. Hinn mikli viðmiðunardagur, 1. mars, sem ekki tókst að fresta, er liðinn. Og enn ágerist hávaðinn á stjórnarheimilinu, svo að heyra má um gervalla landsbyggðina. Hvað er þá eðlilegra en ábyrg stjórnarandstaða banki upp á dyr í slíku stjórnarráðshúsi og leiti fregna af því sem er að gerast? Eftir 6 mánaða þóf er full þörf á að gera stuttan stans, smáúttekt á því sem gert hefur verið, áður en lagt er upp í næsta áfanga. Þess vegna hafa nú allir þm. Sjálfstfl. flutt þáltill. um þingrof og nýjar kosningar.

Talsmenn stjórnarsinna hafa við þessa umr. látið svo sem till. þessi væri ákaflega furðuleg, einkennileg, fátíð, einber sýndarmennska, frumhlaup, ótímabær og illa rökstudd, svo að nokkur af málblómum þeirra séu tínd til. Þeir fjargviðrast yfir formi till. eins og þeir hafi aldrei augum litið slíka till. En mikið mega þeir vera fáfróðir í þingsögunni ef þeir sjá ekki og skilja að slík till. um þingrof og nýjar kosningar felur í sér hið fyllsta vantraust á núv. valdhafa, — vantraust sem þeir verða að þola og reyna að bregðast mannlega við vegna þess að þeir hafa ekki staðið við þau fyrirheit sem þeir gáfu þjóðinni í síðustu alþingiskosningum. Svona einfalt er það.

Í því flóði upplýsinga og áróðurs, sem yfir þjóðina gengur úr öllum áttum, er haldbest fyrir hvern og einn að reyna að bera saman orð og efndir þeirra alþm., sem viðkomandi hefur trúað og treyst fyrir atkv. sínu, en láta innantóm kosningaloforð og glamuryrði eins og vind um eyru þjóta.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna frá liðnu sumri er auðvitað sitthvað nýtilegt að finna, svo sem þá stefnumörkun í upphafi að ríkisstj. telji það höfuðverkefni sitt á næstunni að ráða fram úr þeim mikla vanda sem við blasir í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Í því höfuðmáli sem og reyndar flestum öðrum gerir ríkisstj. greinarmun á svonefndum „fyrstu aðgerðum" annars vegar og „frambúðarlausn" hins vegar eða „breyttri efnahagsstefnu", eins og þeir kalla svo. Ef litið er til liðins missiris er aðeins unnt að greina bráðabirgðaúrræði í starfi stjórnarinnar frá degi til dags. En markmiðið er að taka upp gjörbreytta stefnu í efnahagsmálum, stendur þar. Um þessa stefnu hafa stjórnarflokkarnir ekki enn getað náð samstöðu og spurningin er: Treystir almenningur núv. ríkisstj. til að taka upp og framkvæma gerbreytta stefnu í efnahagsmálum í landinu, jafnvel þótt hægt yrði um síðir að hengja upp slíka samstöðu í stjórnarherbúðunum? Eftir öllum sólarmerkjum að dæma mundi slík heildarstefna fela í sér aukna skattheimtu, ríkisíhlutun, eignakönnun, sviptingu bankaleyndar og fleira af þeim toga, svo að nokkuð sé nefnt, en inni á milli línanna sæist glitta í aðgerða- og úrræðaleysi í öllum meginmálum. Þetta er sennilega hin samræmda efnahagsstefna sem stjórnarflokkarnir leita að um þessar mundir.

Það kom fram í máli eins stjórnarsinna, það mun hafa verið hv. 1. þm. Norðurl. e., við umr. í gærkvöld, að ríkisstj. ætti almennu fylgi að fagna í landinu. Sá hávaði, sem kæmi frá stjórnarheimilinu, væri aðeins hegðunarvandamál, eins og hér hefur verið minnst á. En nær samtímis gat hann þess, að þeir Alþb.-menn væru stundum nokkuð harðir undir tönn. Erant arma pugnus et dentes, stendur þar. Einn af ráðh., það mun hafa verið hæstv. iðnrh., gat þess af sama tilefni að aðeins væri um að ræða hnútur frá óstýrilátum þm. Já, hnútur fljúga um borð. Hv. 9. þm. Reykv. vitnaði áðan í Grím Thomsen og þá má spyrja hæstv. iðnrh. af þessu tilefni: Ætlar hann, sá hinn sami ráðh., aðeins að brosa lítið eitt þegar brotna hausar og blóðið litar storð?

Hæstv. utanrrh. varð að viðurkenna að stundum hefur skapast hálfgert ófriðarástand innan stjórnarflokkanna. Varla er það ofmælt, þegar á það er litið að flokksbróðir hans og náinn samherji segir í blaðagrein í gær um núv. hæstv. ríkisstj.: „Blessuð sé minning hennar."

Hæstv. iðnrh. ræddi í gærkvöld um frumhlaup stjórnarandstöðunnar með flutningi þessarar till. Því fer fjarri að hann hafi rétt lög að mæla. Þvert á móti er stjórnarandstaðan að gegna þeirri frumskyldu sinni að gera landsmönnum grein fyrir stöðu þjóðmála og stjórnmálaviðhorfi eftir 6 mánaða feril vinstri stjórnar. Ef svo heldur fram sem horfir, hvort sem æviskeið þessarar vinstri stjórnar verður langt eða skammt, má ekki minna vera að mínum dómi en að staldrað sé við á 6 mánaða fresti, horft til veðurs, reynt að ná áttum og athuga gaumgæfilega hvert stefnir. Slík áning á að geta orðið þörf og hörð áminning til ríkisstj., en jafnframt getur stjórnarandstaðan notað tækifærið til að draga lærdóma af liðnum tíma. Stjórnarandstaðan, Sjálfstfl., verður að muna að hún er stærsta stjórnmálaafl þjóðarinnar, sá flokkur sem þjóðin hefur treyst mest á á 50 ára ferli. Hann má ekki bregðast því trausti þegar mest á reynir. Hann verður að gera þjóðinni glögga grein fyrir því, hvernig málin standa, og vera viðbúinn því að leggja hönd að lausn þjóðarvandans á hverri tíð.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það kom fram í umr. í gærkvöld, og raunar áðan í máli þm. sem telja sig til svokallaðs stjórnarliðs, — sem á nú fátt sameiginlegt nema telja sig til stjórnarliðs og þar með er eiginlega upp talið, — að þessi till., sem þm. Sjálfstfl. flytja, sé ekki tímabær og jafnframt sé undarlegt að flytja ekki fremur till. um vantraust en að flytja till. um þingrof og nýjar kosningar. Till. um þingrof og nýjar kosningar felur það í sér að þeir, sem flytja till. og leggja til að skora á forsrh. að leggja til við forseta Íslands að Alþ. verði rofið og efnt til nýrra almennra þingkosninga svo fljótt sem við verður komið, telja að sú ríkisstj., sem setið hefur frá 1. sept., sé allsendis ófær um að stjórna landinu. Því flytja þeir till.

um þingrof og nýjar kosningar, en ekki till. um vantraust og þá aftur langvarandi umr. um myndun nýrrar ríkisstj. Sjálfstfl. er ekki þeirrar skoðunar, að eftir starf þessarar ríkisstj. í 6 mánuði, ef hún fer frá, sé ekki grundvöllur fyrir myndun nýrrar ríkisstj, heldur sé ekki um annað að ræða en þingrof og nýjar kosningar. Að þeim loknum er grundvöllur að ræða um nýtt stjórnarsamstarf.

Það kom greinileg í ljós strax eftir kosningar, þegar sigurvegarar kosninganna, Alþfl. og þar næst Alþb., hófu viðræður sínar, það sá hver maður fljótlega, að ekki var um að ræða sérstaka samvinnu milli þessara flokka, vegna þess að þó að þeir kalli sig sjálfir verkalýðsflokka er bilið á milli þeirra svo geigvænlegt að þessir flokkar ná síst af öllum saman í þjóðfélagi okkar. Þeir trúa ekki hvor öðrum til nokkurra hluta og eru jafnhliða tilbúnir að gera hvor öðrum alla þá bölvun sem þeir geta. Þetta eiga svo þessir tveir flokkar sameiginlegt, í þessu ná þeir saman og um það verður ekki deilt. Það þýðir ekki fyrir nokkra aðra að halda því fram, að þessir flokkar vinni ekki á þennan hátt, enda hafa þeir áþreifanlega sýnt það á þessum mánuðum og geta aldrei dregið fjöður yfir það, ekki einn einasta dag.

Nú er það að verða mikið uppáhaldsumræðuefni kratanna í uppreisnarliðinu, sem þeir kalla það, eða „órólegu deildinni", eins og kommarnir kalla þá, að kalla ákveðna flokka verðbólguflokka. Þeir eru aftur á móti flokkurinn sem berst gegn verðbólgunni, þeir eru flokkurinn sem tekst núna á við vandann, eins og þeir segja. Lengi vel grunuðu þeir hæstv. forsrh. um græsku, en núna hefur gengi hans hækkað óðfluga og í fullu samræmi við gengislækkun íslensku krónunnar.

Eitt af því, sem þessir flokkar töldu sig hafa náð samstöðu um fyrir jólin, var afgreiðsla á fjárlagafrv. Lánsfjáráætlunin sást ekki fyrr en seint í febrúar, og 1. umr. í fyrri d. um frv. sem fylgir henni, um lántökuheimildir, er enn ekki lokið. Það varð mikill darraðardans hér í þingi út af þessu fjárlagafrv. og sérstaklega kvöldið sem órólega deild Alþfl. flutti margar brtt. við fjárlagafrv., en það stóð ekki lengi, þeim var smalað saman í eitt herbergið niðri í húsinu og þar voru þeir flengdir og þegar þeir komu upp voru þeir eins og barðir barnsrassar allir og tóku till. aftur. Á þessum grundvelli var svo fjárlagafrv. afgreitt og þá var sagt að full samstaða ríkti um afgreiðslu þessa fjárlagafrv. En í kjölfar þess þurfti að fara í ýmsar aðrar aðgerðir, sem eru alveg lausar við það efnahagsfrv., sem alltaf er verið að tala um og hefur mest verið um talað. Þessir stjórnarflokkar tóku þá ákvörðun um að breyta niðurgreiðslum á vöruverði og lækka útgjöld ríkissjóðs um 2800 millj., tóku ákvörðun um að hækka gjöld á þeim, sem þurfa að leita til sérfræðinga, kosnaðarhlutdeild í lyfjum þeirra sem leita á göngudeildir, sem áttu að gefa ríkissjóði 940 millj. kr. Ekkert af þessu hefur enn þá verið gert. Það var sagt við allar dagsetningar, sem ýmsar ákvarðanir í ríkisstj. hafa verið miðaðar við, að þetta væri ekki alveg tilbúið, en væri að koma. Ég spyr: Hvernig ætlar ríkisstj. að reka ríkissjóð með þessum hætti? Hefur hún fundið einhverjar tekjur annars staðar til þess að mæta því, að hér á ekkert að gera samkv. þeirri ákvörðun sem þeir tóku sjálfir? Það var ekki stjórnarandstaðan, sem tók þessa ákvörðun fyrir þá eða með þeim.

Aðrar ákvarðanir hafa verið teknar í sambandi við rekstur ýmissa ríkisstofnana. Hv. 1. þm. Reykn. gat áðan í ræðu sinni um ástand í rekstri Pósts og síma. Þar er reiknað með og talið að muni verða greiðsluhalli upp á 2 milljarða á þessu ári. Allir vita að upphæðir í fjárl. í ár til sjúkratrygginganna og að nokkru leyti til lífeyristrygginga þyrftu að vera nokkrum milljörðum hærri. Það er líka vitað mál, það vita allir, að uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir eru allt of lágar samkv. fjárl. yfirstandandi árs og vantar þar stórar upphæðir. Öllu þessu er velt á undan sér. Svo koma talsmenn ríkisstj. og hæla sér af því, hvað þeir hafi náð miklum árangri í baráttunni við verðbólguna. Allir vita að verðbólgan heldur áfram með fullri ferð og baráttan við verðbólguna hefur engin verið. Hvernig á ríkisstj., sem er alltaf að berjast innbyrðis, að berjast við verðbólgudrauginn? Það er ekkert afl eftir til þess að berjast við verðbólgudrauginn af því að þeir eru alltaf að berjast innbyrðis, bæði er barist innan þessara þriggja flokka og á milli þessara sömu flokka. Það er hvorki eftir tími né orka til þess að berjast við vandamálin í þessu þjóðfélagi.

Eitt af fáum atriðum í hinu margumtalaða efnahagsmálafrv., sem ekki hefur séð dagsins ljós á Alþ., er afnám launaþaksins. Þar náðu þeir saman allir. Hvað gerir svo meiri hlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur, sem er myndaður af fulltrúum þessara ríkisstjórnarflokka? Hann afnemur launaþakið? Hver er svo ástæðan fyrir því, að Kjaradómur, eða meiri hluti hans, kveður upp þann dóm, að launin skuli hækka alveg upp úr? Það sem hefur gerst á undan, fordæmin sem vinstristjórnarflokkarnir í borgarstjórn Reykjavíkur hafa sýnt. Þessar launahækkanir kosta 1 milljarð, að sagt er. Þetta er baráttan við verðbólguna. Það er von að menn haldi áfram að gorta af þeirri baráttu. Ég spyr formann órólegu deildarinnar í Alþfl., hv. 7. þm. Reykv.: Er Björgvin Guðmundsson borgarfulltrúi Alþfl. ekki enn þá í Alþfl.? Er afnám launaþaksins og fullar verðbætur á hæstu laun ekki verðbólguhvati? Er það barátta við verðbólguna? Er hann þá kominn í verðbólguflokk og verðbólguflokksdeild í Alþfl.? Hann er ekki alveg saklaus, Alþfl. Það þýðir ekki alltaf að setja upp sitt gamla Aragötubros, frá því að þú varst lítill, saklaus drengur. Og blessuð frúin, hv. 12. þm. Reykv., sem var að tala áðan um verðbólguflokkinn, — hún átti við Sjálfstfl., hann væri eini verðbólguflokkurinn, því að hann hefur leitt verðbólgu yfir þjóðina, — hún er svo langt leidd núna í Framsóknardekrinu að hún hefur alveg gleymt því, að Framsfl. átti aðild að síðustu ríkisstj. og núv. hæstv. forsrh. fór með viðskipta- og verðlagsmál í þeirri ríkisstj. Nú er Framsókn orðin svona góð hjá blessaðri frúnni, að hún kom ekkert nálægt neinu sem lýtur að verðlagsmálum eða átti neina aðild að verðbólgu. En hverjir ætli séu höfuðtalsmenn og þeir sem mest hafa stutt verðbólgu á liðnum árum? Kratarnir þurfa ekki að fara í geitarhús að leita ullar, því að þeir hafa tekið undir allar kröfur í þessum efnum með kommúnistum á liðnum árum. Ef þeir hefðu tekið undir skynsamlegar aðgerðir fyrrv. ríkisstj. í þeim efnum, þá væri vandi þeirra nú allur annar en raun ber vitni. Þar voru elskendur verðbólgunnar á ferðinni. Og hvað segir sá ágæti landsfaðir og landsstjóri um vísitöluþakið og um dóm Kjaradóms, Guðmundur jaki, sem við köllum? Hann er ekki ánægður í dag. Nú er hann búinn að fá nóg. Bragð er að þá barnið finnur! Það er nú komið að því.

Ég held að það ætti að hafa sér umr. um skattamálin og skattalög á liðnum árum. Ég held að gamla Framsóknarmaddaman verði ekki hvítþvegin af afskiptum sínum

af skattamálunum frekar en öðrum málum. Það eru tekin inn í fjárlög 75 millj. kr. ný útgjöld á ríkið í aukið skatteftirlit. Það er engin smáupphæð þegar verið er að skera flest annað niður. En það er ekki gert ráð fyrir neinum tekjum af þessu aukna aðhaldi. Lagðar eru til grundvallar sömu spár um skatttekjur. Á þetta aukna skatteftirlit ekki að gefa neinar auknar tekjur? Er þetta aðeins gert til þess að koma einhverjum nýjum á spenann hjá ríkinu, það sé ekki nóg fyrir, og eyða 75 millj. kr.? Á enginn afrakstur að vera af þessu starfi? Það virðist ekki vera samkv. þessu.

Hv. 9. þm. Reykv., Einar Ágústsson, kreisti það upp úr sér, að hann styddi ríkisstj. Ég kalla það vel gert af honum að koma þessari setningu heilli út úr sér. En svo komu auðvitað margir fyrirvarar á eftir. Hann minnti á ástandið sem hefði verið, og hann sagði líka að hann teldi að það væri ekki sama hvað þessir nýju gerðu sem væru í ráðherrastólunum, það þyrfti líka að koma til þeirra sem ættu að greiða atkv. til að koma málum fram hér í þingi, og hann væri ekki tilbúinn að taka við öllu því sem þeir aðhefðust — þessir 9 sem eru í sandkassaleiknum. En það þarf líka að bæta einu við. Það kemur að því, þó að till. okkar um þingrof og nýjar kosningar verði felld, að þessi ríkisstj. verður að leggja starfsleysi sitt og vangetu að lokum undir dóm þjóðarinnar. Og ég skil ósköp vel þá menn, sem sópuðu til sín atkv. á s. l. sumri á fölskum forsendum og með lyginni einni saman og hafa staðið sig jafnhörmulega og þeir hafa staðið sig frá því að núv. ríkisstj. var mynduð, að þeir séu hræddir við nýjar kosningar og dóm fólksins. Ég er ekkert að álasa þeim fyrir það. Þeir eru ekki kjarkmeiri menn en það, að þeir þora ekki að standa frammi fyrir þjóðinni og leggja úrræðaleysi sitt og aumingjaskap undir dóm hennar. Það er ekki alltaf reglulegur svefn sem þeir hafa, þessir piltar, ef þeir hafa einhverja samvisku.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði að sig minnti að þegar hann varð ráðh. 1971 og fyrri vinstri stjórn var mynduð hefðu verið einhverjir erfiðleikar, hann hefði ekki verið að tíunda þá, en bauðst til þess að fletta þessu upp fyrir mig. Hann þarf ekki að fletta neinu upp fyrir mig varðandi þetta, en hann þyrfti að fletta því upp fyrir sjálfan sig, því að hann mundi, þegar til kom, ekki eftir neinu. Þegar sú stjórn var mynduð tók hún við gildum sjóðum. Þá vann hún sér nokkuð til inntekta, þessi stjórn. Hún var fljót að hækka bætur almannatrygginga vegna þess að páv. fjmrh. skildi kassann eftir alveg fleytifullan. En hækkunin átti ekki að taka gildi fyrr en 1. ágúst og karlar voru fljótlega útausandi. Það var mjög þarft verk sem þeir gerðu þá og hefði verið nær af þeirri ríkisstj. að láta þær bætur taka gildi fyrr. Ég veit að hann man þetta, hv. 1. þm. Austurl., hann er svo minnisgóður.

Við skulum nefna líka viðskilnað þeirrar ríkisstj. sem sat 1971—1974. Hvernig var hann? Það er þó skemmri tími síðan og hv. 9. þm. Reykv. ætti að muna við hverju þá var tekið. Þá var tekið við mörgum víxlum sem átti eftir að greiða, m. a. niðurgreiðslu á vöruverði og gjaldþrota sjóðum í sjávarútvegi. Atvinnulífið var að stöðvast þá og það sem verra var, sem sú stjórn gat ekki gert að frekar en aðrir, það var hríðfallandi verð á erlendum mörkuðum. Við þessu tók sú ríkisstj. og það ástand hélt áfram allt árið 1975. Það fór ekki að rétta við aftur fyrr en í ársbyrjun 1976. En sú stjórn tók öðruvísi á kjaramálum en núv. ríkisstj. Hún setti á láglaunabætur og hún setti sér það takmark að láta ekki við slíkar aðstæður alla fá fulla verðlagsuppbót á laun, heldur fyrst og fremst lágtekjufólkið. En ástandið hefur verið þannig í þessum málum, að verkalýðsfélögin hafa aldrei ráðið við það að styðja láglaunastefnuna, því að þeir, sem hafa haft góðar tekjur, hafa sagt: Við verðum að fá alveg fullar verðbætur á hverjum tíma. — Og þeir hafa látið undan þessum þrýstihópum og það er gert enn í dag. Það er ógæfan. Við værum kannske betur á vegi stödd nú í baráttunni við verðbólguna, ef annað hefði orðið ofan á.

En þrátt fyrir allt, þrátt fyrir erfiðleika útflutningsatvinnuveganna hélt fyrrv. ríkisstj. sínu striki áfram. Hún vann frækna sigra á verðbólgunni þangað til aðilar vinnumarkaðarins sömdu um þá gífurlegu kauphækkun sem engan veginn fær staðist, hvorki í okkar þjóðfélagi né nokkru öðru. Kauphækkanir geta átt sér stað alveg eins og hver og einn bíður um. Ef menn vilja fá 1 millj. á tímann, þá er það hægt strax í dag. En fólk fær ekkert meira fyrir það af því sem þarf að kaupa ef þetta er ekki raunveruleg kjarabót. Það fer eftir framleiðslu þjóðfélagsins, það fer eftir útflutningsversluninni og mörgu öðru sem of langt mál yrði upp að telja. Það er þetta sem við sjálfstæðismenn höfum verið að reyna að hamra inn hjá bæði launþegum og atvinnurekendum, að það er ekki hægt að gera sífelldar kröfur, því að þessar kröfur verða til þess að verðbólgan heldur áfram að vaxa. Það eru viss öfl í þessu þjóðfélagi, sem bölva verðbólgunni daginn út og daginn inn, en innst inni vill þetta fólk verðbólgu.

Hjöðnun verðbólgu er ekkert höfuðatriði fyrir atvinnurekanda sem getur velt síhækkandi framleiðslu sinni út í verðlagið hér innanlands, en hún er aðalatriði fyrir þá, sem eru að framleiða til útflutnings. Þeir eru háðir markaðskerfinu erlendis, þeir eru háðir samkeppni við aðrar þjóðir þar sem verðbólgan er mun minni. Þeir kvarta fyrst og fremst í þessum efnum. Fyrir mestum skaða verða þó þeir sem hafa lægstar tekjurnar. Þeir sem hafa ekki nema rétt til þess að fæða sig og klæða og lifa mjög einföldu og sparsömu lífi. Það fólk verður alltaf undir í baráttunni við verðbólguna, því að það getur ekki gert ráðstafanir sem ýmsir aðrir geta gert sem hafa nóga peninga handa á milli og geta fylgst með í því happdrætti sem þessi þjóð hefur tekið sig til og viðhaft í mörg undanfarin ár. Það er þess vegna sem við höfum litið á láglaunabætur og takmörkun verðbóta á laun við lægstu launin, til þess að raska ekki þessu nauðsynlega jafnvægi sem þarf að vera í þjóðfélaginu. Það var hrapallega og viljandi misskilið af ýmsum af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar á s. l. vetri og vori. En nú er það að koma í ljós, að með því að efla vinstri flokkana, kommana og kratana, til valda, bæði í ríkisstj. og þá ekki síður í Reykjavíkurborg, er verið að halda áfram að dansa þennan tryllta verðbólgudans á kostnað þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu.

Það er talað um að núv. hæstv. ríkisstj. hafi gert ráðstafanir til að halda uppi atvinnu í landinu og renna stoðum undir atvinnulífið. Hún hefur sem sagt ekki sagt við atvinnurekendur að halda sér fast í pensilinn og kippt stiganum undan þeim, eins og hv. 9. þm. Reykv. orðaði það. Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert til þess að renna traustum stoðum undir atvinnulíf landsmanna og þá sérstaklega undir það sem við köllum hornstein íslensks efnahagslífs, sjávarútveginn og aðrar greinar útflutnings? Jú, við hina miklu verðbólgu felldi þessi ríkisstj., um leið og hún tók við, gengi íslensku krónunnar. Annað var ekki hægt að gera. Ég er ekki að álasa henni fyrir það,

því að það er nákvæmlega sama og við sjálfstæðismenn hefðum gert í þessum efnum. En það sem verra var og hún gerði: um leið og hún með þessum hætti var að koma því til leiðar að útgerð, fiskvinnsla og önnur framleiðsla til útflutnings héldi áfram lagði hún nýja skatta á þennan atvinnurekstur í landinu. Þar með var hún að veikja grundvöll þessa atvinnurekstrar sem alls annars. Og hún tekur upp það siðleysi í skattamálum ein allra ríkisstjórna, og er vonandi sú allra síðasta sem það gerir, að beita afturvirkni skatta, leggja aftur skatta á sömu tekjur, sem aldrei var í fyrri ríkisstj. orðað að taka upp af framsóknarmönnum sem sæti áttu þar eins og í þessari. Og ég hef aldrei heyrt þess getið, að í vinstri stjórn þar á undan, þegar vantaði stórfé til þess að standa undir rekstri þjóðarbúsins, dytti nokkrum slíkt siðleysi í hug. Hver upphafsmaður þessa siðleysis er veit ég ekki, enda skiptir það ekki öllu máli. Hitt skiptir máli, að 40 alþm. á Alþingi Íslendinga hafa lagt blessun sína yfir þetta einstaka siðleysi í skattamálum. Það hefði verið nær fyrir hv. 9. þm. Reykv. að segja stopp við þá í ríkisstj., þessa 9, þegar þeir fluttu það frv., en rétta ekki upp höndina með því.

Það var verið að gera ráðstafanir í sambandi við olíuverð til fiskiskipa um daginn. Hvaða fórnir lagði ríkisstj. á sig? Hvað lagði ríkissjóður af mörkum til að mæta þessu? Ekki eina krónu, ekki einu sinni álkrónu sem flýtur. Það var aðeins tekið af öðrum sjóðum sjávarútvegs og fært yfir. Sjómenn samþykktu að gera ekki tilkall til þeirrar fiskverðshækkunar sem varð með þeim hætti að bæta 2.5% ofan á fiskverð fram hjá hlutaskiptum og aflaverðlaunum og síðan bæta aftur fiskvinnslunni með því að draga úr tekjum í sjóðakerfi sjávarútvegsins. Af hverju var þetta hægt? Það var hægt vegna þess að áður var stjórn á þessum sjóðum sjávarútvegsins. Þeir áttu flestir, nema Fiskveiðasjóður, peninga sem hægt var að taka í þessu skyni. Þetta var eina afrekið sem hægt er að státa af og menn eru að reyna að státa af.

Það er sagt að athuga eigi með olíuverðið til þeirra sem þurfa að kynda hús sín með olíu. Það má ekki heldur gleyma þeim gífurlega aðstöðumun sem er á ýmsum atvinnurekendum, atvinnurekendum á hitaveitusvæðinu eða þeim atvinnurekstri sem verður að nota olíu, því að það hefur ekki verið komið til móts við þá aðila. Þetta er sagt að sé í athugun. Það er líka sagt að það eigi að athuga með bensínið. Við verðum nú að athuga að cif.-verð á bensínlítranum er innan við 50 kr. af 205 kr. verði. Ég held að tekjur ríkissjóðs af bensínverðinu séu 54 eða 55%, eða nokkuð á annað hundrað kr., og þar með er veggjaldið, sem fer beint til veganna og er, að mig minnir, tæpar 50 kr. á lítra. Ég held að ríkissjóður verði nú við þessar breytingar allar að draga úr eigin innheimtu til þess að jafna metin og jafna þann aðstöðumun sem er hjá hinum ýmsu þjóðfélagsþegnum.

Ég held að skattíþyngingar núv. ríkisstj. séu orðnar það margvíslegar, að þjóðin sé búin að fá nóg af þeim aðgerðum öllum. Það er því ekki að ástæðulausu að við sjálfstæðismenn flytjum till. um þingrof og nýjar kosningar. Við höfum heyrt frá þessum hv. stjórnarþm., að við værum grútmáttlausir, eins og þeir orða það, í stjórnarandstöðu og við hefðum ekkert látið til okkar heyra. Það er alveg rétt, við sjálfstæðismenn höfum verið mjög hóflegir í stjórnarandstöðu, vegna þess að þegar ný ríkisstj. er mynduð teljum við sem ábyrgur flokkur í þjóðfélaginu að hún eigi að fá starfsfrið til þess að gera ráðstafanir til lausnar aðsteðjandi vandamálum í þjóðfélaginu og stjórnarandstaða eigi ekki alltaf, svo að segja á hverjum degi, að ráðast að ríkisstj. sem er að undirbúa nauðsynleg úrræði. Það er svo aftur stjórnarandstöðu að gagnrýna þau úrræði, þegar þau eru komin fram. Þetta er ástæðan fyrir því, að við höfum fengið að heyra frá hv. stjórnarsinnum, að við værum grútmáttlaus stjórnarandstaða. En við sjálfstæðismenn spyrjum þjóðina: Telur þjóðin ekki heiðarlegra og skynsamlegra af Sjálfstfl. að reka slíka stjórnarandstöðu en að vera uppi í ræðustól á hverjum einasta degi og gagnrýna allt sem er verið að gera eða er verið að reyna að gera?

Frá því að ég tók sæti á Alþ. hefur sá siður verið allsráðandi, að stjórnarþm. fóru sjaldan í ræðustól, en stjórnarandstæðingar því oftar. Þá var það talið sjálfsagt í stjórnarherbúðum að reyna að greiða þannig fyrir framgangi mála að stjórnarliðar hefðu um þau sem fæst orð nema framsöguræður og skýringar, en hins vegar var það aftur háttur stjórnarandstæðinga að láta mun meira í sér heyra. En á þessu þingi, sem nú situr, hefur þetta breyst og það er fyrsta þingið sem ég verð var við þessa gífurlegu breytingu, en hún er sú, að nú eru stjórnarsinnar alltaf í hári saman á hverjum einasta degi, alltaf að skjóta hver á annan og segja ýmislegt illt í fari hver annars. Við stjórnarandstæðingar höfum oft setið og horft á. Þetta er það sem hv. 9. þm. Reykv. kallaði leiksýningu. Ég verð nú að segja það, að ég brosti og hló stundum fyrst í haust, en ég er orðinn hundleiður á þessum sömu leiksýningum þegar komið er fram í marsmánuð. En það getur vel verið að stjórnin taki sig til í harðri samkeppni við Austurbæjarbíó og sýni „Rúmrusk" seint að kvöldinu, því að það hefur ekki verið sýnt hérna enn þá.

Nú segja stjórnarsinnar: Eigum við ekki að halda áfram að reyna? — Alþfl. segist ekki vera til viðtals um nein bráðabirgðaúrræði í efnahagsmálum. Hann sagði það strax 1. sept., þegar brbl. voru gefin út um bráðabirgðaúrræði í efnahagsmálum. Hann sagði, þegar þing kom saman, að hann væri ekki til viðræðu og mundi aldrei afgreiða fjárlög sem fælu ekki í sér heillega efnahagsstefnu til langs tíma. Hann heyktist á því. 1. des. rann upp. Hann heyktist þá og við afgreiðslu fjárl., og allir vita hvað gerst hefur síðan. Hann flutti frv. um efnahagsmál í Alþýðublaðinu. Það er í fyrsta skipti sem frv. um efnahagsmál hefur verið flutt í dagblaði, en ekki á Alþ. Síðan fór það í ríkisstj. Það vita allir hvað þar hefur gerst síðan. Hæstv. forsrh. sveiflast eins og kólfur í klukku á milli kratanna og kommanna. (**Gripið fram í:** Það fór aldrei í ríkisstj.) Jæja, í hvaða stjórn var hann þá eða stjórnleysi? (**Gripið fram í:** Það var bara í Alþýðublaðinu.)

En nú komum við að því: Hvernig geta menn bjargað sér? Menn eru misjafnlega liprir að bjarga sér út úr ógöngum. Gamall vinur minn, sem er nú látinn fyrir nokkrum árum, hafði gaman af því að segja af sér frægðarsögur nokkrar. Hann sagði okkur strákunum þessa: Hann var við iðnnám úti í Kaupmannahöfn og hann var uppi á „stillans" á 4. hæð að vinna. Þá hrundi „stillansinn". Hann gekk niður stigana og þegar hann kom út á götuna sá hann „stillansa"-hrúguna og fólkið hrópaði: Maðurinn hefur orðið undir „stillönsunum". Hann hlýtur að vera dáinn. — Þá sagði karl að hann hefði sagt: Nei, ég er hér. Ég er sprellifandi. Ég stökk inn um glugga á 2. hæð þegar „stillansinn" hrundi. — Og nú er það: Hverjir

úr stjórnarliðinu geta nú stokkið inn um glugga á 2. hæð til þess að bjarga sér þegar „stillansinn" er hruninn?

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að blanda mér lítillega í þessar umr. og það er kannske ekki síst vegna þess að ég á ekki von á því, þegar væntanlega verður lagt fram frv. um efnahagsmál, að verða viðstaddur til að taka þátt í þeim umr. Hér er þó í raun og veru ekki efnahagsmál á dagskrá, heldur þáltill. um þingrof og nýjar kosningar, en ég vil leyfa mér að gera slíkt hið sama og margir ræðumenn hafa gert undir þessum dagskrárlið sem og í umr. um aðra dagskrárliði á liðnum dögum, að minnast nokkuð á efnahagsmál og þá stöðu, sem nú er upp komin. Er ekki síst ástæða til þess þar sem þessi þáltill. er einmitt fram komin vegna umr. um efnahagsmál.

Ég vil í því sambandi leyfa mér að hverfa ofurlítið til baka, minnast á forsendur fyrir því að sú staða er uppi sem nú er komin. Ég vil leyfa mér að rifja upp, að í kosningabaráttunni á s. l. sumri töldu ákveðnir flokkar sig vera flokka og fulltrúa launþeganna í landinu. Fyrir utan það að Sjálfstfl. hefur jafnan kynnt sig sem fulltrúa allra stétta töldu núv. samstarfsflokkar Framsfl. í ríkisstj. sig vera sérstaka málsvara launþeganna. En það er athyglisvert að leiða að því hugann, hve stór hluti þjóðarinnar launþegarnir eru. Hér er um að ræða alla þá sem eru innan vébanda ASÍ, ekki aðeins verkafólkið, heldur og ýmsa aðra, svo sem hinn svonefnda uppmælingaraðal, marga hátekjuhópa sem eftir sérstökum leiðum hafa komist undir það vísitöluþak sem ákveðið var á liðnu ári. Undir skilgreiningu launþega falla líka allir sem eru starfandi innan BSRB, allir ríkisstarfsmenn, allir starfsmenn sveitarfélaganna í landinu, allir sem eru undir hatti BHM, þ. e. a. s. nánar tilgreint allir þeir sem taka laun hjá öðrum en sjálfum sér. Og ef við lítum á málið nánar, hvað ætli þeir séu mörg prósent þjóðarinnar? Það kann að fara nokkuð eftir því, hvort bændur í landinu eru skilgreindir sem atvinnurekendur eða launþegar. En burtséð frá því hvar sú skilgreining fellur hygg ég að hér sé um yfir 90% þjóðarinnar að ræða. Og ég tel að það hafi verið býsna mikil kokhreysti, enda ekki nema í samræmi við önnur áróðursbrögð, að telja sig vera *sérstaka málsvara svo stórs hluta þjóðarinnar.*

Hins vegar var vitanlega vitandi vits ruglað saman í öllum umræðum launþegasamtökunum annars vegar og verkalýðsbaráttunni hins vegar, þar sem verkalýðshreyfingin er aðeins hluti af launþegasamtökunum. Ég efast ekki um að enn í dag telja þessir samstarfsflokkar Framsfl. í ríkisstj. sig vera fulltrúa launþeganna. En þá hljótum við að koma að þeirri spurningu: Hvernig stendur á því, að þessa tvo flokka greinir svo mjög á um það, hvernig þeir geti staðið við fyrri yfirlýsingar sínar og verið áfram fulltrúar launþega?

Þessir flokkar tveir höfðu tvö meginatriði á oddinum — þau atriði sem eflaust færðu þeim þann kosningasigur sem raun varð á. Það var annars vegar að berjast fyrir því að samningarnir tækju gildi og hins vegar var talið nauðsynlegt að vinna að hjöðnun verðbólgu, hvor tveggja málin vinsæl og sigurstrangleg. *Þá var hins vegar* ekki gerð tilraun til þess að brjóta það til mergjar, hvernig saman gæti farið að ná tökum á verðbólgunni annars vegar og að láta samningana taka fullt gildi hins vegar, enda alls ekki til þess ætlast að hinn almenni *kjósandi í landinu hefði möguleika á að kafa svo djúpt í* málið að hann gerði sér þetta ljóst eða bryti það til mergjar.

Atvinnuleysi var þá talið vera eins og umræður um eitthvern hitabeltissjúkdóm úti í hinum stóra heimi sem kæmi ekki par við hið íslenska þjóðfélag. Og þegar minnst var á að ýmsar aðgerðir hefðu verið gerðar og kostað verðbólgu til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi, þá var lítt á það hlustað.

Ef við athugum svo söguna í framhaldi af þessu þá virðist Alþfl. hafa gleymt fyrra atriðinu, þ. e. a. s. um samningana í gildi, og hann hefur raunar ekki minnst á þennan þátt baráttunnar frá liðnu sumri. Það hefur jafnvel verið viðurkennt opinberlega, að í raun og veru hafi það ekki legið ljóst fyrir í flokksherbergi Alþfl., hver þróun væri fram undan í efnahagsmálum. Hins vegar hefur Alþfl. nú lagt höfuðáherslu á hjöðnun verðbólgunnar. *Og ég verð að segja að mér þykir á margan* hátt virðingarvert að hann skuli nú vera reiðubúinn til þess að taka á sig óvinsældir. Þar sem hann hefur horfið frá hinum fyrri stefnumiðum í kosningabaráttunni að því er varðar samningana í gildi, og staðið við hitt atriðið: að leggja áherslu á hjöðnun verðbólgu. Mér hefur að vísu oft fundist í þeim umr., að hann nálgaðist aðgerðir eða sjónarmið sem uppi voru höfð þegar atvinnuleysið heimsótti okkur á árunum 1967—1968, og við verðum vissulega að gjalda fullan varhug við að við lendum aftur í þeirri gryfju sem íslenska þjóðfélagið lenti í þá.

Afstaða Alþb. hefur hins vegar verið sú, að Alþb. hefur haldið fast við þá túlkun að fá samningana í gildi þar sem mögulegt hefur verið, en hins vegar hefur ekki, a. m. k. að mínu mati, að svo miklu leyti sem ég hef kynnst málum, verið nein fótfesta varðandi það markmið að ná verðbólgunni niður fyrir 30%. Alþb. hefur gjarnan túlkað hugmyndir sínar um samráð við launþegasamtökin á þann veg, að hlíta bæri þeirri forskrift sem launþegasamtökin hafa sett fram. Við verðum að athuga það, að þegar við erum að takast á við verðbólgumálin dugar í raun og veru *ekki nein óskhyggja. Við vitum að* enginn læknir sker burt magann að öllu leyti úr magasjúklingi. Hann reynir að nema burt þær meinsemdir, sem hann telur sér fært að taka, en lækna hitt. Og alveg á sama hátt fer með þennan sjúkdóm. Ég held að það sé óskhyggja að gera ráð fyrir öðru en að hjöðnun verðbólgu verði að eiga sér stað í áföngum, þannig að það sé keppt að vissu marki, en það taki ekki 1—2 ár, það gæti jafnvel verið 3—4 ára markmið að ná því takmarki að við séum á svipuðu stigi og nálægar þjóðir.

En svo að ég víki aftur að afstöðunni til launþegasamtakanna, þá hljóta þar að vera býsna sundurleit sjónarmið. Eins og ég gat um áðan, þegar ég taldi upp hver væru launþegasamtökin í landinu í raun og veru, eru innan þeirra vébanda bæði hátekjuhópar og lágtekjumenn, og við höfum heyrt, ekki síst í umr. um svokallað vísitöluþak, að þar eru skiptar skoðanir. Þess vegna hlýtur að vera erfitt verk að miðla málum og kom raunar fram, þegar átti að leita til launþegasamtakanna í heild, að þau gátu ekki komið sér saman og það þurfti helst að ræða við hvern hóp út af fyrir sig.

Ég held að það sé líka rétt að minnast á að hin „vonda hægri stjórn" setti lög um láglaunabætur. Ég efast um að það hafi nokkur reiknað með því, að við meðferð áframhaldandi samninga við launþegasamtökin mundu láglaunabæturnar verka alla leið upp í gegnum launaflokkana og verða til þess m. a. að laun þm. lækkuðu.

Aftur voru sett lög, lög sem voru sprengd upp nú fyrir tveimur dögum eða svo með kjaradómi, og við stöndum nú aftur frammi fyrir því, að hlutur láglaunastéttanna í landinu, miðað við óbreytt vísitöluform og miðað við þá verðbólgu sem nú er, hlýtur enn að versna í þessari samkeppni og því herða á því, að tökum verði náð á verðbólgunni. Miðað við hin sundurleitu sjónarmið, sem hljóta að koma frá launþegasamtökunum, hlýtur ríkisvaldið að verða að meta til hvers það tekur tillit og hverju er hafnað.

Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að minna á það, og kem aðeins þá aftur að því sem sagt var þegar talað var um samningana í gildi, að eitt af þeim árásaratriðum, sem voru mjög uppi gagnvart fyrrv. ríkisstjórnarflokkum, var sú hugmynd að taka óbeinu skattana út úr vísitölunni. Ég verð líka að vekja athygli á því, að það var vegna samráðs við launþegasamtökin að þetta ákvæði var fellt út. En það var ekki metið að neinu. Ég vil líka varpa fram þeirri spurningu til þeirra, sem að ríkisstj. standa, hvort þeir á liðnu hausti hefðu ekki haft rýmri möguleika til þess að ákvarða tekjur ríkissjóðs fyrir árið 1979 ef þetta ákvæði hefði verið lögfest og komið til framkvæmda 1. jan. s. l. Ég vil varpa því fram, hvort það hefði ekki einfaldað þann dans sem stiginn er ekki aðeins af þessari ríkisstj., heldur af öllum ríkisstjórnum, — þann dans, sem stiginn er í kringum vísitölukerfið. Alþfl. hafði lýst yfir að hann vildi jafnvel afnám tekjuskatts. Ætli það sé ekki liður í því, að hann hefur horfið frá því, að það var þröngt um vik að marka tekjur ríkissjóðs fyrir árið 1979 vegna þess að þessi ákvæði voru ekki lögfest?

Það væri út af fyrir sig langt mál að tala um vísitöluleikinn. Ég vil leyfa mér í því sambandi að vekja athygli á því hér á Alþ., að eitt af þeim atriðum, sem nauðsynlegt er að endurskoða í forsendum útreiknings um vísitöluna, er að taka inn fleiri þætti en nákvæmlega það sem gerist hér í Reykjavík. Mér hrýs t. d. hugur við því, að á sama tíma og setið er á hækkunum hitaveitugjalda í Reykjavík vegna vísitölu, þá kemur ekki svo mikið sem brot af prósentuhækkun vísitölunnar til hagsbóta launþegum úti um landið vegna hækkunar hjá þeim sem kynda með olíu. Ég nefni aðeins eitt atriði í þessu dæmi.

Ég vil leyfa mér í framhaldi af þessu að benda hv. Alþb.-mönnum á það, þar sem kemur mjög fram að þeir vilja taka fullt tillit til afstöðu launþegasamtakanna, að eitt af því, sem kemur fram af hálfu Alþýðusambands Íslands, er að halda við það að óbeinir skattar verði ekki teknir út úr vísitölunni, en vilja gjarnan að beinir skattar verði teknir inn í hana. Ég hygg að þeir geri sér ljósa grein fyrir því, að ekki er stætt á því að hafa hluta af skatttekjum ríkisins bundinn vísitölu, en annan hluta utan við. Það kemur líka í veg fyrir að stjórnvöld hverju sinni geti markað ákveðna stefnu í skattamálum.

Ég vil benda á hvaða áhrif það hefur ef beinu skattarnir verða nú líka teknir inn í vísitöluna, ef við einföldum dæmið fyrir okkur. Það þýðir bókstaflega það, að ef samdráttur verður í ríkisumsvifum, ef við drögum saman félagslegar framkvæmdir og aðgerðir verður lækkun á kaupi. Í hvert einasta skipti sem samþykkt er fjárveiting fyrir sjúkrahús, skóla eða dagheimili, eða hvaða nöfnum sem við nefnum það, erum við að samþykkja hækkun á almennu kaupi í landinu. Þetta tel ég vera algerlega ófært.

Ég vildi leyfa mér, herra forseti, að benda á þessi atriði. Að síðustu vil ég segja það, að mér finnst að samstarfsflokkar okkar í ríkisstj. þurfi að framkvæma nokkra sjálfsskoðun. Þar á ég ekki við neina naflaskoðun, en ég á við að þeir þurfi að kanna, a. m. k. sumir aðilar þar, hvort þeir kunni að hafa kok og maga til þess að kyngja ýmsum þeim stóryrðum sem fallið hafa á milli þessara samstarfsflokka okkar framsóknarmanna í ríkisstj. á undanförnum dögum og á undanförnum vikum. Ég vona sannarlega að þeir komist að þeirri niðurstöðu, að þeim verði það kleift. Ég vona að þessir þrír flokkar, sem hafa það sameiginlegt að vera félagshyggjuflokkar og vilja koma fram mörgum félagshyggjusjónarmiðum og aðgerðum, setjist við eitt borð og stuðli að því í framtíðinni að ýmis þau stefnumál nái fram að ganga sem stjórnin hefur einsett sér að vinna að.

Varðandi þá till., sem hér liggur fyrir, treysti ég því, að á næstu dögum fáist úr þessu skorið og þess vegna skuli ekki settur með þáltill. einhver eindagi á Alþ., sbr. brtt. hv. 3. þm. Norðurl. e., Braga Sigurjónssonar, né heldur er ég samþykkur því, að Alþ. samþykki að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga. Ég lít svo á að þættir í þeim frv.-drögum, sem hafa legið fyrir ríkisstj., — þá á ég fyrst og fremst við verðtryggingu á sparifé og útlánum og eins að hægt verði að breyta vísitölugrundvellinum til réttara forms, — séu þann veg vaxnir að ég vil freista þess að þessir þrír flokkar nái aftur saman.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er satt að segja ekki ýkjamargt í þessum umr. af því tagi að nauðsynlegt sé að svarað sé. Þó eru ýmsir athyglisverðir punktar sem ekki er fráleitt að drepa lítillega á.

Þeir framsóknarmenn hafa t. d. sýnt af sér meiri frumleika í samlíkingum en þeir eru vanir í þessum umr. Hv. 1. þm. Norðurl. e. komst þannig að orði í gær, að þeir framsóknarmenn væru, skildist mér, búnir að éta kratana og langleiðina komnir með okkur, en hins vegar heldur hv. 2. þm. Vestf., Gunnlaugur Finnsson, sig öðruvísi að málinu, en þó á sviði gastronómíunnar, og talar um að hann vænti þess mjög fastlega að við höfum kok og maga til þess að gleypa stóryrðin frá í kosningabaráttunni í vor. (**GF:** Sem hafa átt sér stað hér að undanförnu.) Já, stóryrði, sem fallið hafa hér síðustu daga, en ekki fyrir kosningar, það megi sleppa þeim. Þannig hafa hv. þm. Framsfl., að ég tali nú ekki um hv. þm. Einar Ágústsson með söguna um pensilinn og stigann, sem er einhver sú fróðlegasta sem ég hef heyrt hér héðan úr þessum ræðustól, verið með allra skemmtilegasta móti í þessum umr. Ég vildi aðeins vekja á því athygli, vegna þess að það er ekki ákaflega algengt.

Hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, flutti þá gömlu ræðu sem hv. 4. þm. Reykv. hefur verið að flytja hér í allan vetur og Morgunblaðið verið að prenta upp nokkurn veginn daglega, um það, að við höfum svikið kosningaloforðin um samningana í gildi, að við séum að skattpína fólkið í landinu, niðurgreiðslurnar séu fölsun vísitölunnar og félagslegar umbætur, sem heitið var um 1. des., séu einskis virði.

Ég vil í fyrsta lagi segja, að það liggur vitaskuld fyrir samkv. lögum um kjaramál, sem sett voru 6. sept. s. l., að samningarnir voru settir í gildi. Og ég vil minna á að sá, sem mótaði kjörorðið „samningana í gildi", var fyrrv. og reyndar núv. forseti Alþýðusambands Íslands, Björn Jónsson. Við tókum mjög eindregið undir það kjörorð í kosningabaráttunni og erum ekki tilbúnir að gleyma þessu kjörorði eða slá af því. Hins vegar er það alveg rétt,

sem hér hefur komið fram og einna best hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að með hlutfallslegu vísitölukerfi, sem mælir upp úr, er auðvitað verið að tryggja tilteknum hópum auknar bætur umfram láglaunafólkið. Ég segi fyrir mig persónulega, að ég er andvígur slíku kerfi. Ég tel, að vísitölubætur eigi ekki að koma hlutfallslega upp eftir öllum launastiganum.

Nú liggur fyrir dómur Kjaradóms að því er varðar laun Bandalags háskólamanna og við því er ekkert að gera. Hann liggur fyrir og mun vera óáfrýjanlegur. En það breytir ekki þeirri skoðun minni, að ég tel að vísitölukerfi, sem afhendir hálaunamönnum margfaldar bætur á við það sem láglaunamenn fá, sé í grundvallaratriðum rangt. Við Alþb.-menn höfum ekki dregið neina dul á þetta í málflutningi okkar, hvorki nú að undanförnu né heldur fyrir kosningarnar. Ég hygg að það hafi a. m. k. komið mjög skýrt fram í skrifum mínum og málflutningi ýmissa okkar fyrir síðustu alþingiskosningar, að við töldum að vísitölukerfið, sem mældi hlutfallslega upp úr, væri í raun og veru ranglátt. Hins vegar hefur það verið þannig, að verkalýðshreyfingin í landinu hefur tekið þannig á málunum undanfarin ár og áratugi í kjarasamningum, a. m. k. alþýðusambandsfélögin, að gera kröfur um að vísitölubætur kæmu í krónutölu á tiltekinn stað í launaskalanum. En þá hefur það komið á daginn hvað eftir annað, að atvinnurekendasamtökin, Vinnuveitendasamband Íslands, m. a., hafa krafist þess, að þetta mældi alla leið upp úr. Þá hefur auðvitað verið býsna vandasamt, eins og allir skilja, fyrir talsmenn verkalýðsfélaganna að setja sig upp á móti vísitölubótum af þessu tagi handa tilteknum hópum innan raða Alþýðusambands Íslands t. d.

Hér er engan veginn um einfalt mál að ræða fyrir verkalýðshreyfinguna. En ég vil láta það koma fram, að af hálfu Alþýðusambandsins hefur sú stefna yfirleitt verið ljós, að það hefur talið að vísitölubætur ættu ekki að mæla hlutfallslega upp úr. Og ég man ekki betur en að einmitt í samþykkt alþýðusambandsþingsins haustið 1976, sem var undanfari samninganna vorið 1977, hafi þessum grundvallaratriðum verið slegið föstum.

Hv. 1. þm. Reykn. flutti áðan eftir formanni sínum eins og fyrri daginn, að við í þessari ríkisstj. hefðum verið að skattpína landsmenn. Við viðurkennum vitaskuld að við höfum lagt skatta í mjög verulegum mæli á fyrirtæki og ýmsa aðra aðila. Við höfum lagt sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, við höfum lagt á nýbyggingargjald, við höfum dregið úr þeim skattafrádráttum sem fyrirtæki hafa fengið út á fyrningar. Við höfum hins vegar notað þessa peninga til þess að greiða niður matvörur og til þess að fella niður söluskatt á matvælum. Ég er alveg sannfærður um að þessi skattastefna, sem núv. ríkisstj. mótaði með kjaramálalögunum 6. sept. s. l., kemur launafólki í landinu til góða og alveg sérstaklega láglaunafólki. Þessi skattastefna kemur við hálaunafólk, hún kemur við stóreignamenn og hún kemur við fyrirtæki, það er alveg rétt, en hún kemur láglaunafólkinu í landinu hins vegar til góða. Á því er ekki nokkur vafi og það viðurkenna allir sanngjarnir menn sem athuga þetta nákvæmlega.

Þess vegna er það tal vitaskuld alveg fráleitt, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur haft uppi hvað eftir annað í umr. að undanförnu og m. a. í gærkvöld, að niðurgreiðslurnar jafngiltu vísitölufölsun. Þetta er þvílík endileysa, og hún er þeim mun dapurlegri að heyra úr hans munni vegna þess að hann veit að þetta er vitleysa. En hann tyggur þetta hins vegar nógu oft, — svo oft að einstakir flokksmenn hans, eins og t. d. hv. 1. þm. Reykn., eru farnir að trúa þessu, og blaðakosti Sjálfstfl. gervöllum, Morgunblaðinu, hefur verið beitt til að troða þessari kenningu upp á landsmenn. En ég hygg að hver einasti maður, sem hefur af eigin raun kynnst þeim breytingum sem orðið hafa á verðlagi matvæla á undanförnum mánuðum vegna fyrstu ráðstafana ríkisstj. í sept. og des., hver einasti slíkur maður viðurkenni að þarna hafi núv. ríkisstj. gert rétt og skynsamlega.

Síðan kom það atriði fram hjá hv. 1. þm. Reykn., að „félagslegi pakkinn", sem svo var kallaður, eða sérstakar aðgerðir í félagsmálum, væri afar ómerkilegur og lítilfjörlegur í raun og veru. Þegar þessir talsmenn Sjálfstfl. koma í ræðustól við slíkar kringumstæður, þá kveður við þessi tónn. Þegar hins vegar þessi mál eru til umr. í deildum Alþ. sem einstök þingmál, hin félagslegu málefni, ætlar allt um koll að keyra af hálfu Sjálfstfl. Þá er verið að drepa atvinnuvegina með álögum og byrðum sem þessi félagslegi pakki veldur. Og hvað þýðir það þá? Auðvitað það, að þessi félagslegi þáttur, sem lofað var í kringum 1. des., kemur launafólkinu í landinu til góða. Þetta viðurkenna hv. þm. Sjálfstfl. í raun í verkum sínum, í afstöðu sinni til þessara frv. þegar þau koma til meðferðar í d. hv. Alþingis.

Annars var skemmtilegast að heyra í hv. 1. þm. Reykn. þegar hann var að lýsa frelsinu í Sjálfstfl. og tók þannig til orða, sem ég vissi ekki fyrr, að þar væru beinlínis starfandi fjölmargir skoðanahópar. Hins vegar vissi ég fyrr að það væru fleiri hópar í Sjálfstæðisflokknum en í nokkrum öðrum flokki, eins og hann orðaði það í ræðu sinni. Aftur á móti lagði hann mjög mikla áherslu á að við þm. stjórnarflokkanna ættum ekki að hafa miklar áhyggjur af innanflokksástandinu í Sjálfstfl., og ég segi fyrir mig að ég hef ekki nokkrar áhyggjur af því, hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, — ekki nokkrar áhyggjur. Mér sýnist þvert á móti að innanflokksástandið í Sjálfstfl. sé með miklum ágætum miðað við það sem við andstæðingar flokksins hljótum að óska eftir. Þetta kom t. d. mjög vel fram í skrifum Morgunblaðsins í haust. Þar komst t. d. hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir svo að orði þegar hún var að lýsa ástandinu í eigin flokki:

„Á það hefur oft verið bent, að þingflokkurinn gæti unnið miklu betra starf en hann gerir og hefur gert um nokkurra ára skeið. Til þess að svo megi verða þarf mörgu að breyta. Ekki er hægt að horfa fram hjá því, að miklu veldur hver á heldur. En þá er komið að viðkvæmu máli", segir þm. og orðrétt: „Það er afar þjakandi hve mjög menn eru hræddir hver við annan í þingflokki Sjálfstfl." Og þm. heldur áfram: „Menn verða að geta verið óhræddir við að segja það, sem þeir meina, og gera það, sem þeim finnst sjálfum rétt."

Ég vil vekja athygli á því, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir var ekki í þessari grein sinni að lýsa ástandinu í austantjaldsríkjunum, heldur innanflokksástandinu á fundum í þingflokki Sjálfstfl. Og ég verð að segja fyrir mig, að svona lýsing hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur á ástandi innan Sjálfstfl. gleður mig ákaflega. Hún sýnir að Sjálfstfl. er á réttri braut. Það er á þessari forsendu auðvitað, vegna hins gagnkvæma og þjakandi ótta, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir lýsti svo átakanlega s. l. haust að ríkti í þingliði Sjálfstfl., að það tók allan þennan tíma, 6 mánuði frá myndun

stjórnarinnar, að koma flokknum saman um eina till., og þá er það þessi vesældarpappír sem hér liggur fyrir um þingrof og nýjar kosningar.

Það er mikil hreysti hins vegar, sem birtist í því af talsmanni Sjálfstfl. í umr. t. d. í gærkvöld, hv. 4. þm. Reykv. — og hv. 1. þm. Reykn., ég tala nú ekki um fyrrv. fjmrh., þegar þeir bölsótast yfir efnahagsstefnu núv. ríkisstj. í einu og öllu. Í því sambandi láðist þessum mönnum auðvitað að rifja upp hvernig hlutirnir voru á þeim tíma t. d. þegar hv. þm. Matthías Á. Mathiesen fór með fjármál íslenska ríkisins. Matthías Á. Mathiesen hlýtur að muna eftir því t. d., hvernig ríkissjóður kom út árið 1975. Þá var halli ríkissjóðs 7.5 milljarðar, en tekjur 51 milljarður. Samsvarandi hlutföll fyrir árið 1979 ættu að vera 30 milljarða kr. halli á ríkissjóði. Menn, sem hafa afrekað annað eins og þetta, eru að sjálfsögðu kjörnir til þess að koma hingað upp í ræðustól til þess að leiðbeina núv. ríkisstj. um það, hvernig hún á að halda á málum. Hitt efast ég um, að almenningur í landinu sé búinn að gleyma þeirra eigin ráðslagi og vinnubrögðum.

Hv. þm. Matthías Bjarnason, svo að ég nefni það nafn, segir að fráfarandi ríkisstj. hafi unnið frækna sigra á verðbólgunni. Matthías Bjarnason, hv. 1. þm. Vestf., er jafnan skemmtinn hér í ræðustól og svo var í þetta skipti. Hins vegar eru auðvitað takmörk fyrir því, hvað þm. geta boðið eigin flokksbræðrum í skopi og kaldhæðni af því tagi sem hv. þm. Matthías Bjarnason flutti hér áðan.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson lýsti því yfir, þegar hann tók við sem forsrh. 1974, að hann ætlaði að koma verðbólgunni niður í 15% mjög flótlega. Tölur tala sínu máli um þann frækilega árangur hv. þm. Geirs Hallgrímssonar í þessum efnum. Árið 1975, á fyrsta heila valdaári hægri stjórnarinnar, var verðbólga 48.5%, þ. e. hækkun vísitölu framfærslukostnaðar. Árið 1976, á öðru heilu ári hægri stjórnarinnar, var verðbólgan 32.2%. Og árið 1977, á þriðja heilu ári hægri stjórnarinnar, var verðbólgan 30.5%. Ekki stafaði verðbólgan árið 1975 af því að kaupmáttur launataxtanna í landinu væri að vaxa mjög mikið, því að á þessu sama ári og verðbólgan jókst um 48.5% mælt á kvarða vísitölu framfærslukostnaðar skertist kaupmáttur atvinnutekna, eins og það er kallað í Hagtölum mánaðarins, um 15.5% og kaupmáttur ráðstöfunartekna um 16.4%. Á þessu sama ári varð að vísu verulegur eða 6% samdráttur í þjóðartekjum á mann, vergum þjóðartekjum, en þær höfðu þó farið mjög verulega vaxandi næstu árin á undan. Þegar þessir menn koma svo hingað upp á hv. Alþ. með tillögur og leiðbeiningar, þá er von að öðrum hv. þm. hætti til þess að taka það sem gamanmál. En ég verð að endurtaka það, að ég tel að þó að hv. 1. þm. Vestf. sé gamansamur og skemmtinn hljóti að vera takmörk fyrir því, hvaða kaldhæðni hann getur boðið hv. formanni Sjálfstfl. Geir Hallgrímssyni. Það er ekki hægt, hv. 1. þm. Vestf., að segja að hv. þm. Geir Hallgrímsson hafi unnið frækna sigra á verðbólgunni. Það er örugglega ekki hægt.

Það er nokkuð til í því sem hv. þm. Gunnlaugur Finnsson nefndi áðan, að það er engu líkara en Alþfl. hafi gleymt kjörorðinu um samningana í gildi. Þetta hefur verið mikið vandamál hjá okkur í ríkisstj., satt best að segja, að Alþfl. virðist hafa gleymt þessu kjörorði og telji að það sé kleift að standa að því að skerða kjör með þeim hætti sem kom fram í frv. því sem Alþfl. birti lesendum Alþýðublaðsins um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum sem kom út fyrir jólin. Þar var gert ráð fyrir lögbundinni kaupskerðingu, það fer ekkert á milli mála. Það kemur mér ekkert á óvart þó að Framsfl. detti slíkt í hug. Það kemur mér ekkert á óvart miðað við þá fortíð sem hann átti þegar hann var í ríkisstj. með hv. þm. Geir Hallgrímssyni. Ég er ekki búinn að gleyma Framsfl., hvernig hann hagaði sér á þeim tíma. Ég tel enga ástæðu til þess að draga neina fjöður yfir það. En það kom mér — a. m. k. fyrst — á óvart hvað Alþfl. virtist vera létt um að gleyma þessu kjörorði, sem þó einn af forustumönnum Alþfl. mótaði fyrir kosningarnar 1978, Björn Jónsson.

Sú till., sem hér liggur fyrir, fær að sjálfsögðu eðlilega og þinglega afgreiðslu. Um hana er ekki margt fleira að segja. Þessi till. hlýtur að verða felld. Um brtt. Braga Sigurjónssonar, hv. 3. þm. Norðurl. e., veit ég hins vegar ekki. Ég geri ráð fyrir að hún verði felld líka. Hún gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. fái enn einn frestinn. Ríkisstj. fékk samkv. almanaksveiki Alþfl. einn frest til 1. mars. Það var afmælisdagur hæstv. forsrh. Og nú á ríkisstj. að fá frest til 17. mars, en það er afmælisdagur hv. þm. Páls Péturssonar, sem er 2. þm. Framsfl. í Norðurl. v. Þannig ber þessi till. hv. þm. Braga Sigurjónssonar auðvitað mjög keim af þessari alvarlegu veiki, almanakssýkinni, sem grasserar í Alþfl. um þessar mundir. Við því er ekkert að gera, þetta er eins og hver önnur flensa sem vonandi gengur yfir.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Sú ríkisstj., sem nú situr að völdum í þessu landi, vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, hefur setið í 6 mánuði og fengið góðan frið til að athafna sig, enda er það regla í stjórnmálum að nýjar stjórnir fá hjá almenningi tækifæri til að sýna, hvað í þeim býr, óáreittar, a. m. k. um tíma. Nú er þessi reynslutími liðinn og almenningur er farinn að spyrja um árangur.

Það má segja í stuttu máli, að árangurinn sé í fyrsta lagi: Íslandsmet í skattpíningu, sem hæstv. viðskrh. var að viðurkenna hér úr ræðustól áðan með því að rifja upp, hvernig því meti var náð, með því að rifja það upp, hvernig þeir lögðu skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði þeirra fyrirtækja sem gátu ekki greitt full laun að þeirra áliti, hvernig lagt var á nýbyggingargjald, hvernig var komið í veg fyrir að fyrirtæki gætu endurnýjað vélakost sinn og húsakost með lækkun fyrningarreglna. Allt þetta var að sjálfsögðu gert, eins og hæstv. ráðh. drap á, til að greiða niður matvörur og fella niður skatt af matvörum. Þegar þessi hæstv. ríkisstj. lækkar skatta, þá talar hún um kjarabætur, þegar hún hækkar skatta, þá minnist hún aldrei á kjararýrnum. Hvernig í ósköpunum stendur á þessu?

Varðandi niðurgreiðslurnar skal það sagt, að þar er um að ræða einhverja dýrustu gerð millifærslu sem við eigum kost á í þessu landi. Það getur vel verið að það sé einmitt þess vegna sem núv. hæstv. ríkisstj., — og það ætti talsmaður hennar hér á þingi að vita, sá eini sem hér er staddur, hæstv. ráðh. Svavar Gestsson, — hún er að gefast upp á þessari millifærsluleið, á þessari niðurgreiðsluleið, eins og hefur komið fram hér í þingsölum að undanförnu. Þetta er dýr leið, vegna þess að þeir, sem betur mega sín, njóta að sjálfsögðu þessara niðurgreiðslna. Þetta breytir neysluvenjum fólks, og má gera ráð fyrir að þeir, sem eru hærra launaðir, þeir, sem hafa meiri tekjur, meira ráðstöfunarfé, kaupi meira af þeirri vöru, sem er niðurgreidd, en jafnvel þeir, sem þetta var ætlað, þeir haldi áfram að kaupa enn aðrar vörur, sem

ekki njóta niðurgreiðslanna.

Síðan kemur þessi ráðh., hæstv. viðskrh., hér í ræðustól og neitar því, að um fölsun á vísitölunni hafi verið að ræða. Er það ekki fölsun á vísitölunni, þegar niðurgreiddar eru vörur sem ekki eru til í landinu, sem ekki eru til á boðstólum nema þá bara á pappírnum? Er þetta ekki að falsa vísitöluna? Hvað er þetta annars? Í mínum augum er þetta fölsun. Það getur vel verið að Alþb.-ráðh. kunni að gefa þessu eitthvert annað nafn, en ég spyr bara: Ef þetta er ekki fölsun, hvað er þetta þá?

Í öðru lagi hefur náðst sá árangur af þessari ríkisstj., að stjórnarflokkarnir, a. m. k. tveir þeirra, sem kallaðir voru rauðu tvílembingarnir fyrir kosningar, — það er varla hægt að tala um að þeir séu Síamstvíburar lengur því að það langt er á milli þeirra, einn flokkur, Framsfl., getur dinglað á milli þeirra, — þessir flokkar sviku kosningaloforð sín. Hér var í ræðustólnum hæstv. viðskrh. og var að neita því, að þeir hefðu svikið loforð sín, kosningaloforð, slagorðið: samningana í gildi, sem Björn Jónsson hafði samið fyrir þá fyrir kosningar. Mér verður á að spyrja: Hvar eru þær 8% verðbætur sem áttu að leggjast á tekjur fyrir jól, 1. des.? Af hverju komu þær ekki á tekjurnar? Það var vegna þess að fyrirtækin í landinu höfðu að áliti þessarar ágætu ríkisstj. ekki efni á því að greiða þessi laun. Það var mat ríkisstj. og þess vegna var farin önnur leið. Það var farin sú leið að rétta þeim í staðinn svokallaðar félagslegar úrbætur. Félagslegar úrbætur áttu að koma í staðinn fyrir þessi 8% eða hluta af þeim á tímabilinu frá 1. des. 1978 til 1. mars 1979. Tökum eftir þessu. En hvenær koma þessar félagslegu úrbætur? 1. mars er kominn, en sumar úrbæturnar eiga að sjálfsögðu ekki að sjá dagsins ljós fyrr en jafnvel á árinu 1982, svo að ég noti orð hæstv. viðskrh. sjálfs hér í ræðustól á sínum tíma þegar þessar ráðstafanir voru til umr. á Alþingi.

Síðan kemur hæstv. viðskrh. með enn eina fullyrðinguna, sem sé þá, að hans flokkur, Alþb., sé mesti launajöfnunarflokkur á Íslandi. Tókuð þið eftir þessu? Alþb. er mesti launajöfnunarflokkur á Íslandi. Man þáv. ritstjóri Þjóðviljans ekki eftir því, að vorið 1974, þegar fyrri — og ég undirstrika: fyrri ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, því að vonandi er þetta sú síðari og síðasta af þeim öllum sem nú situr og er nú væntanlega að fara, hrökklaðist frá völdum vegna þess að það var þá samið langt umfram það sem hún treysti sér til þess að láta ná fram að ganga? Hvernig voru þeir samningar? Var ekki Alþb. í ríkisstj.? Hvernig voru þeir samningar? Þeir voru þannig, að aldrei fyrr hafði verið meiri munur á launum þeirra hæstu og þeirra lægstu í Alþýðusambandi Íslands, og var það ekki helvítis íhaldið sem kom þarna nálægt? Var það ekki íhaldið sem spillti þessum samningum? Nei, það var ekki íhaldið, það voru sjálfir verkalýðsforingjar kommúnista, sem þar bárust á banaspjót og reyndu að vega hverjir aðra. Þetta skulum við hafa hugfast þegar hæstv. viðskrh. kemur hér í ræðustól á Alþ. og segir: Við í Alþb. erum fulltrúar þeirra sem eru launajöfnunarmenn. — Er svona lagað hægt?

Í þriðja lagi, og það er kannske það sem er einna mest áberandi, má meta árangur ríkisstj. fyrst og fremst á því, hvernig henni hefur tekist að sýna hálfgerðan hnefaleik með tilkomumiklum innbyrðis átökum. Eftir því verður munað.

Á sex mánaða afmæli ríkisstj. er orðið ljóst, að í fyrsta lagi hefur Alþb. aldrei ætlað sér að ráðast gegn verðbólgunni. Það telur önnur markmið vera æðri. Í öðru lagi hefur Framsfl., einkum foringi hans, hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson, engar hugsjónir aðrar en þær að sitja í stjórn. Sáttasemjarahlutverkið, sem þeir guma af, byggist á því að gefa Alþfl. og Alþb. til skiptis undir fótinn. Í þriðja lagi, hefur Alþfl. verið dreginn á asnaeyrunum allan stjórnartímann án nokkurs sjáanlegs árangurs fyrir sína stefnu. Það er athyglisvert að heyra þá yfirlýsingu kratanna nú, að þeir muni ekki styðja framkomna þáltill. Sjálfstfl. um þingrof og nýjar kosningar í ljósi þess sem Þjóðviljinn hefur eftir hv. þm. Vilmundi Gylfasyni nú í morgun, þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Stjórnin er efnahagslega dauð. Það er aðeins smekksatriði hve henni er haldið lengi á floti."

Stuðningurinn grundvallast ekki lengur á hugsjónum eða framtíðarvonum, heldur aðeins á geðþóttaákvörðun Alþfl. hvenær slátrun skal fara fram. Þetta er nú ærið köld kveðja til samstarfsflokkanna. Formaður þingflokks Alþfl. reynir aðeins að bera í bætifláka fyrir stjórnina með þeirri yfirlýsingu sinni í blöðum nú um helgina, að í raun sé stjórnarmyndunartilraununum ekki lokið þótt formlega hafi verið mynduð ríkisstj. s. l. haust. Sem sagt, þegar hv. þm. Vilmundur Gylfason segir að það sé aðeins smekksatriði hvenær stjórnin sé slegin af, þá segir hv. þm. og flokksbróðir hans, Sighvatur Björgvinsson, að hún sé ekki kominn í heiminn. Það er von að stjórninni sé líkt við andvana örverpi, eins og sumir hafa gert.

Þátttaka Alþfl. í þessari hæstv. ríkisstj. hefur verið mikil harmsaga frá upphafi. Hann vann í kosningunum stóran sigur sem nú hefur breyst í martröð. Eins og allir muna taka Alþfl.-menn mikið mark á skoðanakönnunum, enda hafa þær reynst sannspáar. Oft og tíðum voru þær það t. d. fyrir síðustu kosningar. Nú kom ein slík spá í dag hjá Dagblaðinu, og ég leyfi mér — með leyfi forseta — að lesa hér smáklausu úr Dagblaðinu í dag. Þar segir um úrslit þessarar skoðanakönnunar:

„Alþfl. mundi nú fá 15.1% atkv. og tapa hátt í þriðjung fylgisins. Alþfl. fékk 22% í síðustu kosningum, fylgi flokksins var 21.1% samkv. könnun Dagblaðsins í desember."

Auðvitað má ekki taka slíkar kannanir bókstaflega. En ég held að Alþfl.-menn geti verið sammála mér um það, að slíkar kannanir sýna ákveðna tilhneigingu, og þetta er dómur um hve mikinn árangur þeir hafa upp skorið í þessari ríkisstj. Mér segir svo hugur um, að kjósendur séu búnir að missa trú á Alþfl., ekki síst vegna síendurtekinnar undansláttarstefnu hans, eins og hún birtist í þeim almanaksleik sem þm. hans hafa stundað hér á Alþ. í allan vetur og hæstv. viðskrh. kallaði hér réttilega áðan almanakssýki. Sú sýki hófst s. l. haust, 1. sept., þegar gerðar voru ráðstafanir og í kjölfar þeirra lýsti hv. þm. Vilmundur Gylfason yfir að hæstv. utanrrh. hafi verið of heiðarlegur og bláeygur í viðskiptum við Lúðvík Jósepsson, hæstv. yfirráðh. þessarar ríkisstj., svo ég gleymi nú ekki að titla hann með sæmd eins og hann á skilið, og hæstv. forsrh. Með leyfi forseta langar mig til að lesa hér örstutt úr grein sem hv. þm. Vilmundur skrifaði 7. sept. í Dagblaðið. Hún er svohljóðandi:

„Alþfl. vann í vor mesta kosningasigur í sögu lýðveldisins. Því er ekki að neita að sá kosningasigur hefur illilega forklúðrast nú um sinn. Hann hefur forklúðrast sennilega fyrst og fremst vegna þess að okkar foringi var of heiðarlegur, kurteis og bláeygur til þess að eiga póli-

tísk viðskipti við Ólaf Jóhannesson og Lúðvík Jósepsson, leifarnar af pólitísku kerfi sem er að ganga sér til húðar."

Og síðar í sömu grein segir hann:

„Alþfl. vann kosningasigur vegna þess að hann ætlaði að ráða bug á verðbólgu með gerbreyttri efnahagsstefnu. Þessi ríkisstj. markar ekki gerbreytta efnahagsstefnu. Frambjóðendur Alþfl. í vor vörðu raunvexti og þjóðhagsvísitölu. Hvorugt er til vinsælda fallið samkv. gömlu skrumformúlunum. En fólkið sá og skildi og kaus Alþfl. Alþfl. barðist fyrir þéttriðnu neti af umbótum, uppskurði gegn skattsvikum og neðanjarðarhagkerfi yfir höfuð að tala, umbótum á dómskerfi og atlögu gegn efnahagslegum afbrotum. Þessa sér enn ekki merki. Lúðvík Jósepsson og Ólafur Jóhannesson skilja þetta ekki. En þeir vilja ná sér niðri á Alþfl., þó ástæðurnar séu ólíkar. Og vissulega hefur þeim tekist það í bili."

Ég vek athygli hv. þm. á því, að ég er ekki að lesa grein eftir Vilmund Gylfason sem birtist í Dagblaðinu í gær. Ég er að lesa grein eftir hv. þm. Vilmund Gylfason sem birtist í Dagblaðinu fyrir sléttum 6 mánuðum, 7. sept. Í dag er 7. mars árið eftir. Þessi grein hefði samt sem áður vel getað verið skrifuð í gær, nema nú liggur fyrir að við höfum 6 mánaða reynslu af undanslætti þessa hv. þm. Hann hefur að vísu haft stór orð á hverjum degi hér í þingsölunum, en það hefur ekkert komið út úr því — ekki neitt, og nú eru atkv. farin að hrynja af þessum spekingum í Alþfl.

En stuðningurinn í haust, stuðningur hv. þm. Vilmundar Gylfasonar við ríkisstj., réttlættist þrátt fyrir allt þetta af því, að fyrir 1. des. yrði tekið tillit til kratanna. Það var ekki gert, eins og allir vita, og hv. þm. Bragi Sigurjónsson sagði af sér frosetatign í Ed. með braki og brestum. Hann vildi ekki vera samstarfstákn ríkisstj. sem notar rangsleitnar og bitlausar aðgerðir gegn verðbólgunni.

Eftir að kratarnir höfðu enn einu sinni látið í minni pokann 1. des. var almanakið stillt á jólin, þ. e. a. s. við afgreiðslu fjárl. Allt fór á sömu leið. Það var sorgleg sjón að horfa á allt þinglið Alþfl. þurfa að greiða atkv. gegn eigin sparnaðartillögum og fá í staðinn loðið loforð hæstv. forsrh. um að eitthvað ætti að gerast eftir jólin.

Aftur var dagatal kratanna dregið fram og nú var gerður kross við 1. febr. Svo komu fréttir frá útlöndum, nánar til tekið frá Noregi, þar sem hæstv. utanrrh. lét hafa það eftir sér, að stjórnin væri í hættu ef ekki væri búið að leysa málið fyrir 1. febr. (**StJ:** Hann var í Svíþjóð.) Var hann í Svíþjóð, ég biðst afsökunar á því. Hann var í Stokkhólmi, það leiðréttist hér með. Alla vega bárust fréttir utan úr hinum stóra heimi, en þaðan berst nú ýmislegt fleira frá þessum ágæta hæstv. ráðh.

Hinn 1. febr. fékk forsrh. síðan handrit frá bestu flug- og skíðaköppum ríkisstj., en ekkert gerðist, bara löng þögn. Hæstv. utanrrh. fór hins vegar ekki á fund Norðurlandaráðs, enda hefðu norrænir blaðamenn gjarnan viljað spyrja hann ýmissa spurninga.

Svo kom mánudagurinn 12. febr., eini ljósi punkturinn í harmsögu Alþfl. Hæstv. forsrh. lagði fram drög að frv. í ríkisstj. og þau voru þannig, að það var hægt fyrir Alþfl. að hrópa húrra — ekki einfalt og ekki tvöfalt, heldur ferfalt húrra. Hér hefði Alþfl. vegna verið gaman að geta sett punkt. En tíminn verður ekki stöðvaður. Og á þessari stundu ætti sjálfsagt betur við að biðja hv. þm. um að rísa úr sætum til að minnast þess flokks sem fyrir 9 mánuðum átti glæsta framtíð, en á nú aðeins mismunandi flekkótta fortíð.

Óþarfi er að nefna fleiri dagsetningar, það hafa aðrir gert. Sprengidagurinn leið með smásprengingum og leiksýningu hér í þingsölunum. Síðan kom 1. mars og hann er liðinn, og nú hefur hv. þm. Bragi Sigurjónsson bætt 17. mars og 20. apríl inn á almanak Alþfl.

Sjálfstfl. hefur lagt fram hér á Alþ. till. um þingrof og nýjar kosningar. Það er rétt til getið, að tilgangurinn er auðvitað sá að gefa krötunum tækifæri til að koma sér út úr því pólitíska stofufangelsi sem þeir sitja nú í. Nú reynir á kjark þeirra og þor. Vilja þeir þingrof og nýjar kosningar eða vilja þeir styðja efnahagslega dauða ríkisstj., svo að notuð séu ummæli hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, sem á engan möguleika í baráttunni við verðbólguna og ýtir á undan sér verðhækkunarskriðunni, eða vilja þeir nýjan frest, eins og brtt. hv. þm. Braga Sigurjónssonar ber með sér, í þeirri von að kraftaverk gerist á næstunni? Í nýjum kosningum yrði kosið um skýra kosti: annars vegar efnahagsstefnu Sjálfstfl., sem byggist á stórauknu frjálsræði í viðskipta- og athafnalífi, og hins vegar stefnu ríkisstj.: meiri skattaáþján, meiri ríkisafskipti, minna athafnafrelsi, boð og bönn. Ég tel tímabært, herra forseti, að leggja valið í hendur kjósenda.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Einn er reginmunur á Sjálfstfl. annars vegar og Alþfl. hins vegar. Hann er sá, að Alþfl. er stjórnmálaflokkur sem Sjálfstfl. hins vegar er ekki. Það, sem stjórnmálaflokkur gerir m. a. er það, að hann fer í kosningar. Þar kynnir hann kosningastefnuskrá. Hann hefur grundvallarstefnuskrá að auki. Í kosningum vinnur stjórnmálaflokkur eða tapar, og venja í vestrænum þingræðisríkjum er sú, að þeir stjórnmálaflokkar, sem mestu hafa bætt við sig, leggja í stjórnarsamvinnu. Það verður að vera mat á hverjum tíma, hvort nægilega mikið af kosningastefnuskrá náist fram, sé um samsteypustjórnir að ræða, til þess að réttlæta stjórnarþátttöku. Og auðvitað er það alltaf svo, að þegar um samsteypustjórnir er að ræða, getur stjórnarandstaða leikið sér að því að bera saman kosningastefnuskrár, þar sem auðvitað er ekki nema hluta náð fram, annars vegar og verk þeirra ríkisstj., sem um ræðir, hins vegar. Allt um það, svona hagar stjórnmálaflokkur sér. En ég fæ ekki séð að Sjálfstfl. hafi hagað sér svona á s. l. 4 árum eða það standi til að hann ætli að fara að haga sér svona. Ég sé hvergi skýra stefnu. Ég sé engar till. Ég sé ekkert skýrt neins staðar í þessum hópi eða flokki. Það, sem ég sé fyrir framan mig, eru tveir tugir af atvinnupólitíkusum, og ég hef á tilfinningunni að utan á þeim hangi örfáir embættismenn sem gefi þeim línuna. Þetta samkrull örfárra atvinnupólitíkusa og embættismanna er það sem við köllum Sjálfstfl. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé rétt út af fyrir sig, að þessari ríkisstj. gengur illa og fyrir vikið blæs byrlega fyrir stjórnarandstöðu að sinni. Ég hef tilhneigingu til að taka bókstaflega slíkar skoðanakannanir sem hér var lýst af síðasta hv. ræðumanni. Engu að síður held ég að til þess komi, að þegar þjóðin stendur frammi fyrir tveimur eða fleiri valkostum og þegar verkin liggja ljóst fyrir, þá verði valið ekki svo auðvelt sem hv. síðari ræðumaður gaf í skyn.

Hv. síðasti ræðumaður, þm. Friðrik Sophusson, hefur raunar lýst þessu fyrirbrigði, Sjálfstfl., ágætlega í blaðagrein nýverið. Og hv. þm. Friðrik Sophusson sagði um Sjálfstfl., að hann væri flokkur sem væri of hræddur til

þess að berjast og feitur til þess að flýja. Ég ætla ekki að mótmæla hv. þm. Friðrik Sophussyni og ekki ætla ég að rífast við hann um þetta. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég er honum hjartanlega sammála, þessu ásigkomulagi sem hann þarna er að lýsa, mér finnst hann hitta glettilega ágætlega í mark. En allt um það, mér sýnist að raunveruleg stjórnmál fari fram innan þessarar ríkisstj. Sjálfstfl. hefur ekki verið þátttakandi í stjórnmálum þennan vetur. Líkið virðist að vísu vera að lifna við nú um nokkurt sinn. Þeir hafa komið sér saman um eina till. og sú till. er um þingrof og nýjar kosningar. Mér sýnist þetta vera um það bil eina till. sem þeir hafa komið sér saman um hér í vetur, og ég efast um að samstaðan *dugi til mikils annars en flutnings þessarar till.*

Allt um það, það er auðvitað rétt að það eru vandræði á ríkisstjórnarheimilinu af þeirri einföldu ástæðu að ríkisstj. hefur ekki enn komið sér saman um heildstæða stefnu til þess að vinna bug á verðbólguvanda með fyrirsjáanlegum hætti. Þetta er staðreynd, og ég veit ekki til þess að nokkur talsmaður þessarar hæstv. ríkisstj. hafi gert hina minnstu tilraun til að afneita þessari staðreynd. Og með því nú að 1. mars er kominn og enn stefnir í sama farveg, þessi ríkisstj. verður með hverjum deginum líkari og líkari embættismannastjórninni sem sat hér s. l. 4 ár, frá 1974—1978, þá segir sig auðvitað sjálft að forsendur þessarar ríkisstj. eru brostnar. Og þar sem efnahagslegar forsendur þessarar ríkisstj. eru brostnar, þá lít ég svo á að það sé einn leikur eftir enn áður en við förum í að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga. Það er að reyna til þrautar hér á Alþ., hvort einhvers staðar sé 32 manna þingmeirihl. sem er tilbúinn til að taka þátt í slag sem hafi það að marki og miði að ná verðbólgu varanlega, áþreifanlega og í áföngum niður. Ég tel það skyldu okkar og að til þess séum við hingað kosin að þrautreyna þetta hér á Alþ. áður en kemur til þingrofs og nýrra kosninga. Það þarf ekki að taka langan tíma. Ef það er vitavonlaust að finna út slíkan 32 manna meiri hl. eða stærri hér á Alþ., þá er ekki um annað að gera en fara eins að og Sjálfstfl., hv. stjórnarandstaða, leggur til í sinni tillögu.

Af einni ástæðu hef ég ríka ástæðu til að bera hlýjar taugar til Sjálfstfl. Af sögulegum ástæðum er ég aðdáandi viðreisnarstjórnarinnar, sem hér sat 1959 og áfram, og þeirra aðgerða, sem hún greip til þá og á næstu árum á eftir. Ég er þeirrar skoðunar, að þá hafi verið framkvæmdur uppskurður á efnahagskerfinu. Það var verið að útrýma spillingu sem fólst í höftum og leyfum, og það var gerður aðdáunarverður uppskurður á efnahagskerfinu. Ég held að samfélagið allt hafi haft mikinn hagnað af þeim aðgerðum, sem þá var lagt út í, þegar til lengri tíma er litið. Af þessum sökum m. a. hefði ég getað haldið að í a. m. k. hliðstæðum málum og þessum væri hægt að eiga samvinnu við Sjálfstfl. Upp á slíka samvinnu var boðið, t. d. með því að í upphafi þings var flutt frv. um raunvexti, þar sem verið er að útrýma annars konar, en þó sams konar spillingu, þ. e. a. s. skömmtun á lánsfé sem hér hefur varað í efnahagskerfinu. Og viti menn, það hafði ekki fyrr verið talað fyrir þessu frv. og hv. þm. Lúðvík Jósepsson talað gegn því, sem er nánast kækur hans þegar ég hef mælt fyrir einhverju máli, þá kom Geir Hallgrímsson og flutti ágætan menntaskólafyrirlestur um vexti og lýsti yfir samstöðu með þessu frv. Hann hafði ekki fyrr sleppt orðinu en ríkiskapítalistinn Sverrir Hermannsson, hv. þm., kom upp til að lýsa gagnstæðri skoðun. Það reyndist vera í þessum málum sem fleiri slíkum, að formaður Sjálfstfl. virðist ekki hafa nema lágmarkstök á sínum þingflokki og þingflokkurinn er rótklofinn. Og þegar betur er að gáð, þá er ekkert skrýtið að þingflokkur Sjálfstfl. skuli vera rótklofinn. Þar sýnist manni vaða uppi — ekki einkaframtaksmenn í einum eða neinum skilningi, heldur menn sem hafa það eitt að pólitísku marki og miði að koma sér fyrir í ríkisjötunni, úthluta þaðan atvinnuleyfum, fjármagni og öðrum slíkum fyrirgreiðslum sem hægt er að ráða yfir í nafni ríkisvalds. Það er alveg sama þó að stofnunin heiti Framkvæmdastofnun og hv. þm. heiti Sverrir Hermannsson, eða hvort stofnunin heiti Krafla og hv. þm. heiti Jón G. Sólnes, eða hvort um er að ræða skuttogara og hv. þm. heiti Matthías Bjarnason. Ég gæti nefnt þann fjórða af þessum skóla, sem er hv. þm. Lúðvík Jósepsson. Hann er nákvæmlega eins þenkjandi. Og þeir koma hér stundum upp og kvaka og þykjast vera á öndverðum meiði um einhver mál og annar þykist vera félagshyggjumaður og hinn þykist vera einkaframtaksmaður. Raunverulega *eru þessir menn nákvæmlega sömu skoðunar.* Og sem gamall væntumþykjumaður um Sjálfstfl., vegna þess að hann var okkur þolanlegur í byrjun viðreisnar meðan við í Alþfl. höfðum betri tök á honum, þá finnst mér að sjálfstæðismenn ættu að hafa nokkrar áhyggjur af þessari þróun í sínu liði. Manni sýnist að liðið sé algerlega sundurlaust, *eins og hefur verið þráfaldlega undirstrikað í* umr. um vaxtamál, sem þeir svo hafa leyst með því að flytja slíka dellutillögu að engu tali tekur, eins og þinginu mun vera um kunnugt. Það er ekki ágreiningur um þetta. Ágreiningurinn er um það, að að hluta til eru þetta gamlir huggulegir viðreisnarsjálfstæðismenn sem um margt duga ágætlega, en hin manntegundin er bara orðin atkvæðameiri í þingflokknum. (**FrS:** Hverjir eru í þessum huggulega flokki? Geturðu ekki nefnt þá líka?) Þeir eru nokkrir sem hægt væri að nefna. En þeir ráða hins vegar engu. Og ef ætti að tugta íhaldið svolítið betur til, þá getur vel verið að sú stund komi að þeir fari að duga til betri verka heldur en þeir dugðu á árunum 1974—1978 og hafa dugað og sýnt nú um nokkurt skeið.

Það er út af fyrir sig rétt, sem fram kom áðan hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, að það var birt skoðanakönnun í Dagblaðinu í dag. Ég hef tilhneigingu til að taka slíkar skoðanakannanir nokkuð bókstaflega. Þær hafa reynst vera allnákvæmar, og það er út af fyrir sig rétt að það er áhyggjuefni fyrir okkur í Alþfl., sem vissulega gáfum mikil fyrirheit, að við þau fyrirheit hefur enn ekki verið staðið, að það sé nokkur sjáanlegur árangur í verðbólgumálunum. Fyrir okkur, sem höfum tekið þessi mál mjög alvarlega, þessi verðbólgumál, er þetta auðvitað allmikið áfall, og því verður ekki neitað og það segir sig líka sjálft, að einhver hluti kjósenda okkar er orðinn langþreyttur eftir árangri, en árangur virðist enn ekki vera í sjónmáli.

Nú er talað um það og mér skilst að hæstv. forsrh. hafi sagt það í hádegisútvarpi, að frv. yrði lagt fram í næstu viku. Úr því sem komið er er auðvitað ekki spurning um það að leggja fram eitthvert frv. Aðalatriðið er hvers konar frv. hér verður um að ræða. Það er ljóst frá okkar bæjardyrum séð, til hvers við ætlumst í verðbólgumálum. Jafnljóst er hitt, að á allra næstu dögum verður þessi umr. samkv. yfirlýsingum hæstv. forsrh. flutt inn á hið háa Alþ. og þar tel ég það vera skyldu þm., hvar í flokki sem þeir standa, tilheyrandi núv. ríkisstj. eða stjórnarandstöðu, að þrautkanna hvort einhver meiri hluti sé til á

Alþ. sem hefur til þess möguleika að ná árangri í þessum efnum.

Það er eftirtektarvert, hve margir af sjálfstæðismönnum leggja mikið upp úr því að okkur í Alþfl. hafi mistekist. Ég veit að það er eðli málsins samkv., að til okkar eru gerðar meiri kröfur en annarra. Ég get út af fyrir sig vel tekið þeirri stöðu. En ég vil minna á það, að 1971—1974 sat hér önnur vinstri stjórn, svokölluð, undir forustu sama hæstv. og ágæta manns, Ólafs Jóhannessonar. Þannig var að þá hafði viðreisnin skilað af sér, en tapað í kosningum. Hún skildi hins vegar þokkalega við efnahagsmál. Stjórnmálabaráttan á næstu árum á eftir snerist þess vegna ekki um efnahagsmálin, heldur annan málaflokk, um utanríkismál. Stjórnarsáttmáli þessarar ríkisstj. var afskaplega skorinort orðaður, en þar sagði að að því skyldi stefnt að herinn skyldi fara burt í áföngum, eins og allir þekkja. Síðan upphófst stöðugt skæklatog um það, hvað þessi orð ættu að þýða, og það var stöðugt árásarefni Sjálfstfl. og Morgunblaðsins á þessa ríkisstj. hvernig með utanríkismálin skyldi farið. Í þessari ríkisstj. hins vegar eru utanríkismálin naglföst með þeim hætti sem Alþfl. hefur boðað. En það fer minna nú fyrir ánægjuhrópum Sjálfstfl. um utanríkismál heldur en harmhrópum þeirra um efnahagsmál. Það er auðvitað út af fyrir sig allverulegur árangur. Stefna okkar og Framsfl. raunar einnig fer saman um þessi utanríkismál. Menn geta, ef þeir vilja og hafa nennu til, velt Alþb. upp úr því að hafa látið undan í þessu máli. Það er það sem við gerum í stjórnarsamvinnu. Þó tel ég rétt að minna á það, að fleira er pólitík heldur en efnahagsmál.

Einn hlut til viðbótar má nefna. Hér er talað um samningana í gildi, og í grg. með þeirri till., sem hér er til umr., er sagt að það hafi verið stefna tveggja ríkisstjórnarflokka, þ. e. a. s. Alþfl. og Alþb., að samningarnir skyldu fara í gildi. Sannleikurinn er sá, að þetta er ekki rétt. Það var ekki stefna Alþfl. að samningar skyldu fara í gildi. Við gáfum út pésa sem við kölluðum: Gerbreytta efnahagsstefnu. Eitt af því, sem við þar lögðum til, var breytt vísitölukerfi eða svokölluð þjóðhagsvísitala, sem er annað nafn á því sem nú er kallað viðskiptakjaravísitala. Við höfum alltaf gert okkur ljóst og talsmenn flokksins hafa margsinnis um það fjallað, að vísitölukerfið er meingallað og það er verðbólgualandi á margan hátt og án þess að af því sé sá hagur fyrir launafólk sem til var stofnað.

Um slagorðið „samningana í gildi" er rétt, að einstakir frambjóðendur Alþfl. og þá auðvitað fyrst og fremst maður, sem hér er fjarverandi af veikindaástæðum, Björn Jónsson, forseti Alþýðusamands Íslands, barðist auðvitað fyrir þessu máli. Ég vil samt segja fyrir mig, að viku fyrir kosningarnar sat ég fyrir svörum fyrir hönd Alþfl. í sjónvarpi, þar sem spurt var um þessi mál. Ég veit að einhverjir þm. muna eftir því. Þá var til umr. módel sem Reykjavíkurborg hafði þá sett á laggirnar. Morgunblaðið réðst á þetta kerfi af mikilli hörku. Ég lýsti því, að ég gerði mér sams konar hugmyndir um það, hvernig skyldi með launa- og vísitölumál farið. Þetta var viku fyrir kosningar. Og ég held ekki að nokkur maður hafi verið um þessa hluti blekktur, enda hefur Morgunblaðið verið að leita með logandi ljósi að því, hvað menn sögðu í fyrra og hvað menn segja nú, og það er satt að þeir hafa strítt nokkrum kommum allverulega um þessi mál. En ég hef ekki enn séð einn einasta krata sem þarna hefur verið dreginn fram á síðum Morgunblaðsins, og þó hygg ég að þeir hafi leitað að þeim nokkrum.

M. ö. o.: ég neita því, að þetta hafi verið kosningastefna Alþfl. Við lýstum almennri samstöðu með launþegahreyfingunni, en ekki í þeim smáatriðum að við skilyrðislaust mundum alltaf og um alla ævi hafa vísitölukerfið í fullum gangi, enda hef ég sjálfur margoft lýst því sem mér þykja vera ágallar á núverandi vísitölukerfi.

Formaður Alþfl., hæstv. utanrrh. Benedikt Gröndal, lýsti hér í gær hver afstaða okkar í Alþfl. er til þessara miklu efnahagsmála úr því sem komið er. Og ég vil bæta um betur. Ég er sammála formanni mínum um þessa hluti eins og flest annað og vil bæta um. Ég vil lýsa því aðeins, að vandi þessarar ríkisstj. er m. a. sá, að það virðist vera óvinnandi vegur að ná um það samstöðu með Alþb. að gera áætlun í efnahagsmálum sem taki til langs tíma. Þetta þekkja menn. Ríkisstj., sem Alþb. hefur átt aðild að, hafa aldrei varað lengur en í hálft þriðja ár til þessa, og núv. ríkisstj. virðist ætla að vara eitthvað styttra, eins og öllum er um kunnugt. Úr því sem komið er, held ég að ekki sé nema einn leikur eftir áður en verður farið í kosningar og þjóðin látin dæma, og það er að þrautreynt sé hér á Alþ. og í gegnum hinar venjulegu þingræðislegu leiðir hvort í fyrsta lagi núv. ríkisstj. er tilbúin. Ef hún er það ekki, er þá einhver annar möguleiki til? Ef þessi annar möguleiki er ekki til, hvort sem það yrði t. d. eins og hv. þm. Bragi Sigurjónsson hefur talað um, Alþb. og Sjálfstfl., eða einhverjir enn aðrir möguleikar, þá er auðvitað ekki um annað að ræða en að spyrja þjóðina.

Ég flutti hér þáltill. fyrir ekki mörgum dögum þar sem lögð var til sú hugmynd, að það frv. forsrh., sem þá var þekkt og hafði legið frammi um langan tíma og verið til sýnis hjá helstu þrýstihópum samfélagsins, yrði borið undir þjóðaratkv. Ég er þakklátur hv. stjórnarandstöðu fyrir að hún vildi þó leyfa okkur að ræða málið og afgreiða það. En eitthvað kom það verr við Alþb., og það kom í veg fyrir að umr. og afgreiðsla færi fram um þetta mál, með því að neita því um afbrigði, svo sem þekkt er.

Kjarni þessa vanda er auðvitað sá, sem hv. þm. Ingvar Gíslason vék raunar að í gærkvöldi, að við verðum að fara að svara þeirri spurningu hreinskilnislega en við höfum gert nú um nokkurt skeið, hvar liggi valdmörk Alþingis annars vegar og þrýstihópanna hins vegar. Það, sem þarna var verið að leggja til, eftir að frv.-drög höfðu verið send milli foringja þrýstihópa sem margir hverjir eru ekki annað en pólitískt máttlausar, en fjarstýrðar strengbrúður hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, og þessar sendingar höfðu tafið og þæft þetta mál, var að þjóðin sjálf væri spurð álits. Ég er og hef lengi verið þeirrar skoðunar, að hér sé orðinn svo alvarlegur þverbrestur og veikleiki í okkar lýðræði, að þegar ljóst er að stórmál hafa verið tafin og þæfð um langan tíma, kannske af litlum minni hl., þá eigum við í vaxandi mæli að grípa til þess að skjóta slíkum málum fram hjá þessu flókna foringjakerfi þrýstihópanna og til þjóðarinnar sjálfrar. Ef í ljós kemur með þeim hætti, að það er óravegur, eins og mig grunar reyndar oft, frá þessu þrýstihópsforingjakerfi og til þjóðarviljans, þá á samt sem áður þjóðarviljinn að fá að brjótast í gegn. En það er með þetta eins og annað, að kommarnir koma í veg fyrir umr. um þetta og afgreiðslu af alkunnri lýðræðishugsjón sinni, svo að þessi hugmynd náði ekki fram að ganga að sinni. En engu að

síður, þessum spurningum verðum við að fara að svara hreinskilnislegar og skýrar en við höfum gert.

Það er einn af veikleikum núv. hæstv. ríkisstj., að þó að samráð sé auðvitað ágætt og þm. noti auðvitað allir samráð þegar þeir eru að semja frv. um hvaða efni sem um er að ræða, smá eða stór, þá getur þetta samráð snúist í hina fullkomnu andhverfu sína, nefnilega pólitíska misnotkun, þar sem pólitískir foringjar eru að nota strengbrúður, fjarstýra þeim og búa til einhvern þjóðarvilja sem þó reynist hvergi vera til staðar. Og ég hef staðfastlega grun um að nákvæmlega þetta hafi átt sér stað á tímabilinu frá 12. febr. og til 1. mars og hæstv. forsrh. illu heilli hafi beygt sig undir þennan falska blekkingavef og fyrir það eigi þjóðin eftir að gjalda.

Ég hef hér verið að reifa í almennu máli afstöðu mína til þessara mála sem þessi till. gengur auðvitað út á. Ég lít sem sagt svo á, að það sé rétt að nú þegar frv. — við vitum ekki nákvæmlega hvernig frv. — er að sjá dagsins ljós í Alþ., þá sé þrautkannað hvort meiri hl. sé til þess að ná árangri í verðbólgumálum. Eru kommanir til þess mögulegir að eiga við þá samvinnu um slíkt eða eru þeir ómögulegir til slíkra hluta? Að þessu eigum við að vinna hér í þinginu. Það þarf ekki að taka langan tíma. Ef Alþ. er óstarfhæft, ef hvergi er að finna heildstæðan meiri hl. um neina slíka lausn, þá er ekki um annað að gera auðvitað en skjóta málinu til þjóðarinnar, rjúfa þing og efna til nýrra kosninga. Þrautreynum þetta fyrst. Ef það gengur ekki, þá verður auðvitað að spyrja þjóðina, og þar verður hver að treysta á verk sín að undanförnu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það kom ýmislegt fram í máli hv. síðasta ræðumanns. Nú veit þingheimur að Alþfl. vildi ekki samningana í gildi og vill ekki samningana í gildi. Þar er komið eitt nýtt ágreiningsefni milli núverandi stjórnarflokka, að manni sýnist. Samt sem áður tók þessi hv. ræðumaður fram, að forseti ASÍ og ágætur krati hafi verið sá sem stóð fyrir þessu slagorði: „Samningana í gildi." Samt sem áður vildi Alþfl. ekki samningana í gildi og vill það væntanlega ekki enn.

Það sýnist nú kannske fleirum en mér erfitt að melta þetta loforð. Hv. þm. sagði að forsendur fyrir þessu stjórnarsamstarfi væru brostnar og honum sýndist að það ætli að vera eitthvað styttra, þetta stjórnarsamstarf, en annað vinstristjórnarsamstarf, að mér skildist, eins og öllum væri kunnugt. Þá er okkur þetta kunnugt, að hv. þm. spáir þessari ríkisstj. ekki langra lífdaga.

Hins vegar var ég að reyna að hlusta eftir því, hvort hv. þm. tæki efnislega afstöðu til þeirrar till. sem hér er á dagskrá. Hann talaði hér langt mál og skörulegt, en ég fékk ekki botn í það. Ég ætlaði raunar að kalla fram í fyrir honum og fá svar við því, hvort hann væri með eða móti þessari till. um kosningar. (**VG:** Ég tel það ekki tímabært af ástæðum sem ég lýsti áðan.) Það er gott að þessi afstaða hv. þm. er komin fram. En þá er það eins og önnur röksemdafærsla hjá honum að flytja fyrst till. um þjóðaratkvgr., sem væntanlega yrði umfangsmikil kosning, og höfða til þjóðarinnar um mjög flókið mál. Ég hef raunar aldrei skilið hvernig sú þjóðaratkvgr. ætti að fara fram, kannske ætti hún að vera eins konar krossapróf eins og tíðkast núna í gagnfræðskólum, að menn setji kross við já eða nei hjá hverri efnisgrein frv., sem er stór og mikill langhundur eins og alþjóð veit. Ég sagði við einn góðan fylgismann þessa hv. þm. fyrir norðan, — hann spurði mig: Hvernig stendur á því að þú situr ekki að á þingi? — ég þurfti af persónulegum ástæðum að vera fyrir norðan um sinn, — ég sagði að ég biði eftir krossaprófinu mínu hérna, því að nú ætti að fara að stjórna með krossaprófum og láta þjóðina skera úr með því að segja já eða nei um allflókin mál, eins og efnahagsmálin. Þeir fengju send frv. heim til sín, kratarnir fyrir norðan, og fengju þau sem krossapróf og segðu bara já eða nei við hverri grein og þannig ætti að fara að stjórna þjóðinni. (**Gripið fram í:** Var ekki hv. þm. kosinn með krossaprófi?) Ja, það er önnur saga. Það er það sem ég er að fara fram á, að þjóðin fái að velja nýja menn, nýja forustu, með krossaprófi. En það er einfaldara að gera heldur en greiða atkv. um 60 gr. um flókin efnahagsmál í þjóðaratkvgr.

Í þessum umr. hefur ýmislegt fróðlegt komið fram. Hjá hæstv. utanrrh. kom það fram, að hann setti í raun inni núv. ríkisstj. enn einn úrslitakostinn um enn einn almanaksdaginn. Hann endaði ræðu sína á því að segja að yrði frv. ekki komið fram í næstu viku, þá væri þessu stjórnarsamstarfi slitið, þannig að hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., heldur sig enn við þessa almanakssýki sem hæstv. viðskrh. kallaði svo. Hann hefur í raun tekið undir þá till., sem hér hefur komið fram sem brtt. við till. okkar frá hv. þm. Braga Sigurjónssyni um að veita nú ríkisstj. einn almanaksfrestinn enn og ef sá frestur verði notaður sé hugsanlegt að stjórnarsamstarfinu verði haldið áfram, en að öðrum kosti verði því slitið. En þá er það athyglisvert, sem kom fram í máli hans, að hann taldi að það ætti þá fyrst að reyna nýja stjórnarmyndun án þess að fara til þjóðarinnar og spyrja hana. Hann virðist ekki vera á sama máli og hv. þm. Vilmundur Gylfason um að spyrja þjóðina í gríð og erg hvað hún vilji, heldur var hann þeirrar skoðunar — og raunar kemur þetta fram í till. hv. þm. Braga Sigurjónssonar — að hann vill stefna að nýrri stjórnarmyndun á grundvelli núverandi þings án kosninga.

Ég verð að segja það við þá menn, sem tala um það úr hópi þessara manna að þetta sé furðuleg tillaga okkar sjálfstæðismanna um að við viljum þingrof og nýjar kosningar, við viljum leita til þjóðarinnar að hún kjósi sér nýja forustu vegna þess að sú forusta, sem fyrir er, hefur sýnt að hún er ekki verkinu vaxin, — að mér finnst það allfurðulegur málflutningur hjá þessum ágætu mönnum að tala í öðru orðinu um að það þurfi að fara til þjóðarinnar og það þurfi að leita atfylgis hennar í flóknum efnahagsmálum beint, en það má ekki efna til kosninga. Það sýnir að þeir trúa staðfastlega, eins og kom fram hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, á það, að það sé fylgishrun meðal þjóðarinnar hjá þeim, eins og kom fram í skoðanakönnun Dagblaðsins, enda er þjóðin orðin mjög undrandi yfir þeim vinnubrögðum sem þessir hv. þm. hafa beitt sér fyrir hér á hinu háa Alþ. og oft og tíðum hefur verið vitnað til sem eins konar trúðleiks.

Hæstv. forsrh. er víst því miður ekki staddur hér, en ég verð að fara nokkrum orðum um það sem hann sagði hér í gær, um nokkur efnisatriði ræðu hans sem komu mér allundarlega fyrir sjónir. Hann sagði að þessi till. væri fátíð í þingsögunni og eiginlega ekki lítandi alvarlegum augum, eins og hann sagði. Hins vegar sagði hann það sem stórkostlega frétt, eins og það ætti að koma þjóðinni afar mikið á óvart, að ef till. yrði samþykkt mundi hann samstundis segja af sér. Það var sem sagt stórfrétt í þingræðislandi að forsrh. mundi segja af sér ef till. um þingrof og nýjar kosningar hlyti meirihlutafylgi á Alþ. Ég

held að það hefði verið stórfrétt í hvaða þingræðislandi sem var, að sjálfur forsrh. skyldi segja slíkt, eins og það væri ekki sjálfsagt að hann segði að sér ef þingmeirihl. væri fyrir þingrofi og nýjum kosningum.

Hæstv. forsrh. veittist mjög að okkur sjálfstæðismönnum fyrir okkar skattalög. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur talað um þau mál og ég þarf ekki mikið um þau að fjalla hér, en vil þó aðeins benda á nokkur atriði.

Hæstv. forsrh. sagði að það væri rétt, að skattar hefðu verið hækkaðir á hærri tekjum og eignum og atvinnurekstri, og hæstv. viðskrh. tók undir þetta. Hann sagði að skattar hefðu verið hækkaðir á eignum og atvinnurekstri umfram allt. Ég vil benda þessum hæstv. ráðh. á að kynna sér betur þeirra eigin stefnu í skattamálum, eins og hún kemur fram í því sem þeir eru að samþykkja hér á hinu háa Alþ. Það eru milljarðar sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur hækkað óbeina skatta á fólki, eins og t. d. í formi vörugjalds sem kemur við hvern einasta mann í landinu, hvern einasta mann, hvort sem hann hefur háar eða lágar tekjur. Hæstv. ríkisstj. hefur líka beitt sér fyrir öðrum skattaálögum, og ég vil taka hér eitt dæmi. Það er raunar í sambandi við þingmál sem hér er til afgreiðslu á Alþ., en þar er hugmynd hæstv. ríkisstj., og það voru raunar forsendur fyrir fjárlagaafgreiðslunni, að taka í ríkissjóð a. m. k. 10% af launaskatti sem lagður er á fólk. Og ekki nóg með það. Það er þannig um hnútana búið, að launaskatturinn er áætlaður eins og hann yrði á desemberverðlagi, en ef það frv., sem hér er til umr. um lánsfjáráætlun og er stjfrv. og ég vænti að ríkisstj. sé um það sammála, verður að lögum, þá fer öll hækkun launaskattsins beint í ríkissjóð. Þetta þýðir í raun sérstakan tekjuskatt á allan almenning í landinu, hvort sem menn hafa nokkur hundruð þús. kr. í árslaun eða nokkrar milljónir.

Það er kannske rétt að endurtaka það hér einu sinni enn, að að sjálfsögðu verður slík gífurleg skattahækkun sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir ekki framkvæmd öðruvísi en hún komi við hvern einasta mann, því að svo gífurlega er skattheimtan aukin að 31.5% af þjóðartekjum fara nú í ríkissjóð í stað þess að þetta hlutfall var komið niður í 28% áður. Þetta hef ég beint eftir forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Þetta eru orð sem hann lét falla á fjvn.-fundi, að á árinu 1979 mundu 31.5% af þjóðartekjum fara í ríkissjóð, miðað við þær tekjuáætlanir sem voru lagðar til grundvallar fjárlagafrv. Þarna er um að ræða 25—30 milljarða kr. á desemberverðlagi. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson gerði harða hríð að Alþfl. út af þessum prósentureikningi á sínum tíma og sagði að þeir reiknuðu alltaf skakkt og að þessi tala væri í raun 33% sem færi í ríkissjóð, en ekki 30 eins og þeir vildu vera láta, kratarnir. Þessi útreikningur hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni sýndist mér ekki nákvæmlega réttur, enda vil ég heldur hafa það sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar segir. En þarna er náttúrlega um að ræða svo gífurlega aukna skattheimtu, að það er ekki hægt að koma henni fyrir öðruvísi en hún komi við hvert mannsbarn, enda hef ég bent á tvennt sem er áþreifanlegt. Vörugjald og neysluskattar eru hækkuð um 4 milljarða og síðan er hugmyndin að taka nýja skatta af umferðinni, láta alla hækkun á launaskatti í krónutölu eins og hún leggur sig renna beint í ríkissjóð o. s. frv., þannig að hér er auðvitað um skattlagningu að ræða á allan almenning, hvort sem menn hafa háar eða lágar tekjur, þó að reynt sé að halda því fram, og það sé rétt að vissu marki að eignir manna séu fyrst og fremst skattlagðar og hærri tekjur með 50% skattþrepinu o. s. frv.

Þá sagði hæstv. forsrh., að lög nr. 40 frá 1978 um skattamál, sem fyrrv. ríkisstj. stóð fyrir að væru samþ. á Alþ., fælu í sér stöðuga eignakönnun og lögregluríki. Ég lít á þetta sem dálítið alvarlegt mál, þegar hæstv. forsrh., sem var þá dómsmrh.- og framsóknarmenn áttu drjúgan þátt í að móta þessi skattalög ekkert síður en sjálfstæðismenn, — þegar hann lýsir því yfir að hann sem dómsmrh. hafi rétt upp hönd hér á Alþ. og samþykkt lögregluríki í skattamálum. Ég held að það sé leitun að því, ef það er til í lýðræðislandi, að slíkar yfirlýsingar finnist, að forsrh. lýsi slíku yfir eða aðrir lægra settir ráðh. Ég efa að það sé til.

Sem betur fer er þetta misskilningur hjá hæstv. ráðh. Hann vildi koma höggi á okkur sjálfstæðismenn, fyrrv. samstarfsmenn sína, eins drengilegt og það er nú, með þessum málflutningi. En á það hefur verið bent og um það lögð fram gögn sem ég vona að hann lesi bæði kvölds og morgna, eins og hann ráðlagði okkur einu sinni, óbreyttum þm. að lesa samstarfssamning fyrrv. vinstri stjórnar, hann ráðlagði okkur að lesa þann samstarfssamning bæði kvölds og morgna, — ég vona að hann lesi þessar greinar og sjái að hér er um að ræða svo til óbreyttar greinar um skatteftirlit frá lögum sem áður giltu. Þó er það alveg einstakt í þessu sambandi, að hæstv. ráðh. hneykslaðist alveg sérstaklega á einni mgr. 94. gr. þessara margræddu laga þar sem er talað um óframtalsskylda aðila, hvaða eftirliti megi beita gagnvart þeim, en þar er um að ræða þrengingu frá því sem var eftir að núv. skattalög eru gengin í gildi. Samkv. breytingunni er skattstjórunum sjálfum óheimilt að knýja fram ýmis gögn og upplýsingar frá óframtalsskyldum aðilum, en það var heimilt samkv. fyrri lögum. Það er sem sagt um þrengri heimildir að ræða einmitt í því sem hæstv. ráðh. hneykslaðist mest yfir og benti sérstaklega á að væri eins konar lögregluríki í skattamálum. Ég segi því um þennan málflutning eins og sagt var einu sinni um mann sem svipað stóð á og hæstv. ráðh.: Ekki sér hann sína menn, svo hann ber þá líka. — Hann lemur sjálfan sig og samstarfsmenn sína mest með svona málflutningi.

Þá ræddi hann og aðrir stjórnarþm. og ráðh. um efnahagsstefnu ríkisstj., hallalaus fjárl. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Ég skal ekki þreyta menn á að fara að ræða það hér, það er búið að ræða það mikið, en ég vil aðeins benda á það enn einu sinni, að fjárl. ársins 1979 eru ekki hallalaus nema á pappírnum. Það er einvörðungu pappírsgagn. Þar vantar stórar fjárhæðir á að endar nái saman, — fjárhæðir sem ekki eru reiknaðar með. Enn hefur ekki verið dregið úr niðurgreiðslum eins og ætlað var. Enn hafa ekki verið hækkuð lyf hjá sjúklingum og læknishjálp, eins og ætlað var með þessu frv. Enn hefur ekki verið komist hjá því að greiða 3% til BSRB-launþega nú 1. apríl. Einn milljarður bætist við núna vegna vísitöluþaksins á bakið á ríkissjóði. Og svo mætti lengi, lengi telja.

Það er því algerlega borin von eins og sakir standa, nema hæstv. ríkisstj. hugsi sér að nota bágindi fólks í sambandi við olíuhækkanir til að ná stórfelldum skattahækkunum til ríkissjóðs, að ríkissjóður verði rekinn hallalaus, enda er það svo, að jafnvel þó ríkissjóður væri rekinn hallalaus, þá er stórfelldur greiðsluhalli hjá flestum stærstu ríkisstofnunum: Pósti og síma, Landsvirkjun

og hinum og þessum þjónustuaðilum sem auðvitað verða einhvers staðar að taka peninga. Og hvaðan taka þau peninga? Úr Seðlabankanum, eins og ríkissjóður gerir þegar hann er rekinn með halla.

Það kom fram í umr. um lánsfjáráætlun um daginn, að það er langt frá því að samstaða sé í stjórnarherbúðunum um frv. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þó það hafi verið flutt sem stjfrv. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson hafði mikla fyrirvara þegar hann flutti hér klukkutímaræðu um fyrirvara sína um samþykkt á þessu frv. M. a. sagði hann þá, að það kæmi ekki til mála, það væri siðleysi, algert siðleysi, að taka skatta sem væru markaðir tekjustofnar og ætti að nota til sérstakra þarfa, eins og t. d. launaskatt sem á að nota til húsnæðismálakerfisins, — að taka hann til almennra þarfa ríkissjóðs. Hann sagði það algert siðleysi. Ég benti honum á að það hefði verið forsenda fyrir fjárlögunum sjálfum að gera slíkt. Hann virtist ekki hafa lesið aths. við fjárlagafrv. svo vel, að hann áttaði sig á því. Ég býst við að um þetta verði stórkostlegur ágreiningur milli stjórnarflokkanna, þannig að mér finnst að bæði hæstv. forsrh. og fleiri talsmenn ríkisstj. ættu að bíða þangað til þetta frv. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður samþ. hér á hinu háa Alþingi. Rétt er að bíða með að hæla sér af þeirri markvissu stefnu, sem í því frv. kemur fram og verður rædd við þá umr. sem um það mál verður væntanlega næst þegar deildafundir verða hér á hinu háa Alþingi.

Hæstv. ráðh. talaði líka um það, að við sjálfstæðismenn værum afskaplega óábyrgir í málflutningi, við værum að brýna Alþfl. og Alþb. á því að taka samningana í gildi. Við höfum að sjálfsögðu aldrei brýnt þessa ágætu menn á því að taka samningana í gildi, heldur aðeins bent á að það, sem þeir sögðu fyrir kosningar í þessum efnum, hefur ekki gengið eftir. Það er kominn upp hér nýr stórisannleikur um það, að Alþfl. hafi aldrei viljað samningana í gildi, svo að um þetta ætti ekki að þurfa að gera stórt mál milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Sennilega verður það orðið svo að lokum, að enginn vill bera ábyrgð á þessu mikla slagorði sem síðustu kosningar snerust um.

Herra forseti. Ég get farið að stytta mál mitt. Það var margt, sem kom fram við þessa umr., sem væri freistandi að ræða hér. Eitt af því er t. d. hinn skemmtilegi og kúnstugi talnaleikur Alþb. með vísitöluna. Hæstv. viðskrh. sagði það og endurtók eftir hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni, að verðbólgan væri 22% á þessu stjórnartímabili á ársgrundvelli. Komist er að þessari niðurstöðu eftir að stórfelldar skattaálögur eru lagðar á fólk til þess að greiða niður vísitöluna. Skattaálögurnar eru ekki inni í vísitölunni, en hins vegar reiknast niðurgreiðslurnar inn í vísitöluna. Öllum hækkunum þjónustustofnana er frestað o. s. frv., o. s. frv. Hér er því náttúrlega um að ræða algera fölsun, eins og hæstv. viðskrh. var að reyna að verja áðan að væri ekki fölsun, en er að sjálfsögðu alger fölsun á verðlaginu.

Á það má náttúrlega benda, að þó að landbúnaðarafurðir séu greiddar niður og vísitala framfærslukostnaðar lækki við það, þá er jafndýrt að framleiða landbúnaðarafurðir, og það er alveg jafnmikil verðbólga í landinu hvort sem niðurgreiðslur eru hækkaðar eða ekki.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki fleira um þetta að segja að sinni.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég tók með mér í nesti rannsóknarblað og bið fyrir fram velvirðingar á því, ef mér skyldi verða á að vitna í það. Gaman væri og gott og ánægjulegt ef herra forsetinn gæti, svo skel hæfði kjafti, séð um það að smala hingað inn rannsóknarblaðamönnum. En þannig stóð á fyrir mér, að ég varð að hverfa af vettvangi með næsta löglegum hætti, þannig að ég hef ekki átt kost á því að fylgjast með umr. hér í dag. Ég skildi síðast við þar sem hv. 9. þm. Reykv. var að segja skemmtisögur af því, þegar maður var í stiga að mála og sjúklingur kom til hans og spurði hvað hann væri að gera og hann sagðist vera að mála, og þá tilkynnti sjúklinguriinn að nú skyldi hann halda sér fast í pensilinn því nú tæki hann stigann. Kraftaverkin gerast enn. Uppi í háum stiga hefur átt að heita að ríkisstj. hafi verið að mála rósrauðum litum fyrir þjóðinni hvernig hún ætlaði að fara að því að stjórna. Og svo hafa þeir gengið til og brotið þrep eftir þrep, hv. 7. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Austurl., og í gær fór hv. þm. Bragi Sigurjónsson með stigann. En ríkisstjórnin hangir á penslinum, og það er hið mikla kraftaverk sem við erum áhorfendur að. En hversu vel henni tekst til við málverkið sitt áfram, það er svo önnur saga.

Ég get stytt mál mitt og verð að gera, enda er sjálfsagt búið að drepa á flest þau atriði, sem máli skipta, í umr. hér í dag. En umr. stjórnarliðsins og ræðuhöld hér í gær á hinu háa Alþ. við útvarpsumr. eru langómerkilegasta málafylgja sem ég hef nokkurn tíma heyrt, og er þó langt til jafnað. Þeir vöfðu tungu um höfuð sér, og það var helsta haldreipi þeirra að fara um það mörgum orðum hvernig við hefðum það í Sjálfstfl., og ég get upplýst að við höfum það gott. Helst var á þeim að skilja að það kynni að verða þeim til varnar að halda því fram að Sjálfstfl. ætti í erfiðleikum og hann væri ekki reiðubúinn að ganga til kosninga.

Nú liggur alveg ljóst fyrir af ýmsu því sem fram hefur komið, að a. m. k. aðalforustumenn stjórnarflokkanna hafa lítið álit á Sjálfstfl. Þeir hafa hina mestu skömm á þeim flokki. En hvernig skyldi þá standa lessið hjá þeim sjálfum, þegar það liggur nú fyrir og við hv. 7. þm. Reykv. trúum því báðir, að þrátt fyrir það að svona standi nú á fyrir Sjálfstfl. eins og þeir álíta, þá ætlar samt helmingurinn af kjósendum að kjósa Sjálfstfl. ef það yrði kosið í dag. Þá er spurningin um hvernig ástæður eru innan dyra hjá þeim sem telja sig eða hafa talið sig vera að reyna að stjórna landinu, þótt ýmsir hverfi nú úr þeim hópi.

Ég ætla að gera smátilraun til að fletta upp á smálýsingu á hæstv. ríkisstj. Ég er ekki eins þaulkunnugur innandyra þar eins og greinarhöfundur sem lýsir henni. Kannske er búið að fara með þessa lýsingu áður í dag, en ekki verður góð vísa of oft kveðin. Með leyfi hæstv. forseta, alveg sérstöku leyfi:

„Hafi þessi ríkisstj.“ — þ. e. núv. hæstv. ríkisstj., — „ætlað sér að hafa hemil á þessum vanda,“ — þ. e. verðbólguvandanum, — „þá hefur henni mistekist hrottalega. Um það er auðvitað engum blöðum að fletta. Ólafur Jóhannesson stendur nú í sömu sporum og Hermann Jónasson stóð haustið 1958. Auðvitað væri heiðarlegast að fara þannig að.“

Hv. þm. Vilmundur Gylfason, sem skrifar þessi orð, getur nú stuðlað að því að heiðarlega verði að málum staðið, og það getur hann bara með einu móti núna eins og á stendur, og það er að samþ. till. okkar um þingrof og nýjar kostningar, nema hann vilji hafa þann hátt á að

bera fram vantraust, þannig að hæstv. forsrh. geti sagt af sér með þeim hætti, og þá skulum við enda fylgja honum í því.

Hv. þm. blessar minningu þessarar ríkisstj. í grein í rannsóknarblaði í gær. Hann kveður það hafa verið lífsreynslu — ég er nú hálfuppgefin á að lesa þetta orði til orðs — að hafa verið heitbundinn hæstv. forsrh. í eina 14 daga. Hann skýrir frá því, sem við vissum allir og horfðum á, að Alþfl. sporðrenndi athugasemdalaust öllu frv. hæstv. forsrh. sem hann lagði fram 12. febr. s. l., og hæstv. forsrh. hefur síðan verið að gera til þess tilraun að dorga einhvern hluta af því upp úr Alþfl. aftur.

Hann talar um það, að hæstv. forsrh. hafi sýnt af sér röggsemi 1973 þegar hann kom heim frá London, sé ég hér, en varðandi þetta frv. segir svo: „En Ólafur heyktist, beygði sig undir vilja nokkurra komma og þrýstihópaforingja og missti buxurnar niður um ríkisstj. þar með.“ Það er von mér gangi illa að komast fram úr þessu, en bið að herra forseti minn álíti ekki að þetta séu mín orð. „Og eftir stendur að forsrh. virðist vera eins og skoðanalaus vindhani sem sveiflast á milli án þess að hafa nokkra skoðun aðra en þá að vera eins og krati í dag, en kommi á morgun.“ Svo mörg eru þau orð. En þessa lýsingu gefur einn hv. fyrrv. stuðningsmanna núv. ríkisstj. og fer miklu nær um þetta og getur lýst þessu miklu betur en ég treysti mér til.

Svipað mátti raunar lesa út úr öllum orðum hv. stjórnarsinna í umr. í gær. Það var blöskranlegt að hlusta á hæstv. utanrrh. Okkur hefur sýnst hann hér í þingsölum lóna um í meinleysi, en eftir ræðu hans í gær að dæma svinglar hann um hálfmeðvitundarlaus. Lýsingin og hneykslun hans á því að nú skyldi vera borin fram till. um þingrof og kosningar, þá þótti honum heldur betur stungin tólg og sagði að það væri, eins og ég hripaði hjá mér þó ég hefði margt annað þarfara að gera, að þessi tillögugerð Sjálfstfl. væri ótrúlegt ábyrgðarleysi, að hlaupa frá efnahagsvandanum og ætla að efna til kosninga. Samt er það svo, að menn úr hans flokki hver um annan þveran leggja hið sama til, þó með örlítið öðrum hætti sé, hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, fyrir nokkrum dögum og svo þetta sem kölluð er brtt. frá hv. þm. Braga Sigurjónssyni. Allt að einu virtist þetta vera viðhorf hæstv. utanrrh., formanns Alþfl., og hann sagði að nýkjörnir þm. Alþfl. hefðu ekki gleymt því sem þeir sögðu fyrir kosningar. Það getur vel verið að þeir hafi ekki gleymt því, en þeir hafa ekki gert nokkurn skapaðan hræranlegan hlut með það sjálfir. Þeir muna það sjálfsagt orði til orðs, nema mér virtist áðan á ræðu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar sem honum væri nokkuð farið að förlast, því það er í fyrsta skipti sem ég heyri það, að þeir hafi ekki tekið undir það og haft það sem einarða stefnu sína að samningarnir gengju í gildi. Ég hef aldrei heyrt fyrr úr því dregið á einn eða annan hátt, og það er nokkuð seint í rassinn gripið að fara að halda slíku fram nú þegar svo er komið sem komið er. Nei, hann sagði, að þeir kepptu að því með því að glugga í útgáfurit sín og ritlinga fyrir kosningar að standa við öll þau fyrirheit sem þeir gáfu þá. Kannske á þetta líka við um skattamálin. Er það misminni mitt, að Alþfl. hafi haldið því fram í ræðu og riti að það ætti að lækka tekjuskatt? Er þetta misminni mitt líka. (Gripið fram í.) En hverjar eru staðreyndirnar sem við okkur blasa í þessu efni? Ég skal ekkert segja hvað hægt væri að fá þá til þess að gera t. d. í samvinnu við góða menn eins og Sjálfstfl.-menn. Þeir hafa framkvæmt allt annað. Og hvort sem þeir halda því fram nú, að það standi til að gera eitthvað af því sem þeir áður hafa lofað, þá hafa þeir breytt allt öðruvísi en hingað til. En formaður flokksins er eins og hann eigi heima hinum megin á sjöstjörnunni, og þannig hefur hann raunar löngum verið frá því að þetta stjórnarsamstarf hófst, að mér hefur ekki þótt sem hann væri mikið með í leik.

Vel kann að vera, eftir að þjóðin hefur metið þá Alþfl.-menn á nýjan leik, að það mætti fá þá til ýmissa þarfra verka. Það hefur okkur sjálfstæðismönnum tekist áður. Og ég er ekki viss um, eins og málafylgjan er hér á hinu háa Alþ., nema þetta þurfi að taka til sérstakrar athugunar. En fyrst þarf auðvitað að lofa þjóðinni að endurmeta þá og a. m. k. að skoða tunguna í einstaka manni.

Ég er ekki viss um nema það sé ýmislegt hirðandi af ýmsu því, sem fram hefur komið í því ódæma mál- og orðaflóði sem á okkur hefur dunið hér á hinu háa Alþ., fyrir t. d. sjálfstæðismenn og þá stefnu sem Sjálfstfl. vill fylgja. Og ég ætla að nota tækifærið og þessar mínútur sem eftir eru til kl. 7 til að víkja aðeins að einum þætti sem ég hef látið afskiptalausan um alllanga hríð. Það er mjög mikilvægur þáttur í okkar efnahagsmálum og einn snarasti þátturinn í því að vinna bug á verðbólgu sem við öll stefnum að, og það eru vextir.

Ég spurði hér í haust, og það var eiginlega eina framlag mitt til umr. um þann þátt, hvernig undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar ættu nú að standa undir greiðslu vaxta sem næmu verðbólgustigi. Þetta var fsp. mín. Ég upplýsti af kunnugleikum mínum á t. a. m. fiskvinnslu og sjávarútvegi, að þetta væri útilokað. Ég fékk auðvitað ekkert svar við þessu annað en það, að fullyrt hefur verið síðan að ég væri lágvaxtastefnumaður. Þess vegna ætla ég að nefna nokkur dæmi sem afsanna þessa kenningu. Þau fyrst, að um nokkurra ára bil hefur það verið hlutverk Framkvæmdasjóðs og Seðlabanka að gera till. um ávöxtun á fé sjóða t. a. m. Þessar till. hafa verið gerðar af okkur sameiginlega, og ég hef árum saman staðið að tillögugerð sem gekk miklu lengra í ávöxtunarátt, ef við getum nefnt það svo, verðtryggingarátt og upphæð vaxta, heldur en ríkjandi stjórnvöld hafa treyst sér til að framkvæma. Hv. 7. þm. Reykv., sem hefur mikið um þetta fjallað, ætti að leggja lykkju á leið sína og kynna sér tillögugerð mína í þessu efni nú, því ég hef nú sent hana frá mér. Sú tillögugerð er um verðtryggingu allra lána, fulla verðtryggingu allra lána, en að vísu mjög lága vexti. Ég veit ekki hvort við getum orðið sammála um það.

Enn eitt dæmi er það, að ég hef stjórnað þeim sjóði á Íslandi sem rekinn hefur verið harðast af öllum sjóðum að þessu leyti undanfarin 4 ár a. m. k., Framkvæmdasjóði Íslands. Við höfum talið vegna tillögugerðar okkar um ávöxtun fjár að okkur bæri skylda til að ganga á undan með góðu eftirdæmi, eins og það heitir, enda getum við sýnt fram á það með reikningum sjóðsins, að vel hefur tekist til um ávöxtun hans og meira en það. Þegar allir sjóðir hafa verið tómir um öll áramót, þá hefur alltaf verið ærið fé í þessum sjóði, t. a. m. nú, ef ég man rétt, yfir 800 millj., þótt fast hafi verið leitað um fjárframlög úr öllum áttum.

Eins er það að nefna um Byggðasjóðinn, að þegar ég kom að stjórn hans var hann ávaxtaður með 6% óverðtryggt. Það hefur að vísu ekki náðst stór árangur og ekki frambærilegur árangur þegar okkur hefur aðeins tekist í miklum nauðum að tosa þetta úr 12% í 14%. Ég minnist

þess, að það tók upp undir hálft ár að fá 7 manna þingkjörna stjórn til þess að fallast á það, þar í bland var hæstv. utanrrh., þáv. og núv. formaður Alþfl., hann var í þeirri stjórn. Ég varð ekki var við að hann lyfti hendi til þess að aðstoða við að ná þessu fram, þótt í litlu væri.

Herra forseti. Ég skal nú ljúka máli mínu. Þessari leiksýningu, sem við höfum verið áheyrsla og áhorfendur að í rúma 6 mánuði, er lokið. Ég verð nú að segja að sumt hefur verið gróflega dapurlegt, en að öðru leyti hef ég haft af þessu allnokkurt gaman. Og ég vona að mér fyrirgefist það. En leiksýningunni er alveg lokið. Þeir, sem nú þykjast vera að stjórna landinu, eru sjálfir búnir að missa trú á að þeim takist það. Þegar af þeirri ástæðu er þýðingarlaust að hanga áfram á penslinum. En þjóðin er búin að því líka. Og þeim er alveg lífsnausynlegt að ganga úr skugga um hvort svo sé ekki, því stjórn, hversu fjölmenn sem hún er að þingmannaliði, getur engu stjórnað og engu komið í framkvæmd ef hún er búin að missa traust helmings að ég tali nú ekki um meiri hl. þjóðarinnar. Slíkt er gersamlega þýðingarlaust, enda orðaði hv. 1. þm. Norðurl. e. það þannig í gær, eða í þá átt, að það væri auðvitað ekki líðanlegt að ríkisstj., ef hún næði ekki tökum á viðfangsefnum sínum, druslaðist áfram við að stjórna landinu. Þannig var orðalag hans. Og margir þeirra tóku fram að svo kynni að fara að upp úr þessu stjórnarsamstarfi slitnaði og þessi stjórn viki.

Þeir geta, svo ég noti orðalag hv. 1. þm. Norðurl. e., druslast áfram enn um einhverja hríð, en það er alveg þýðingarlaust og það verður ekki til neins nema til hins verra. Það er lífsnauðsyn að þjóðin fái að endurmeta stöðuna. Það fer ekki milli mála, að hver flokkur fyrir sig hefur nú e. t. v. skýrar mótaða stefnu í þjóðmálun en við höfum áður haft fyrir augum, að segja að undanteknum amtmanninum, undanteknum Framsfl., en það er ekkert nýtt að þessi flokkur aki seglum einvörðungu eftir hentistefnu og flokkslegum hagsmunum. Í áratugi hefur hann eftir engu öðru farið, þannig að það er ekki von að sá Eyjólfur hressist.

En að öðru leyti er það skoðun mín, að þjóðin ætti hægar um vik að endurmeta stöðuna nú og kveða upp réttlátan dóm en jafnan áður. Það er svo komið fyrir þessari hæstv. ríkisstj., að henni ber siðferðileg skylda til þess að skila af sér þessum völdum. Þjóðinni bráðliggur á því og það er blátt áfram þingræðisleg skylda hennar, eftir að svo er komið sem blasir við allra augum, að hún þegar í stað segi af sér eða rjúfi þing og efni til nýrra kosninga, eins og við höfum lagt til.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr. Þess vegna gerir mér það ekki mikið til þó að margir séu fjarverandi þegar það er sagt sem ég ætla að segja, því sá er hér kominn sem gerði það að verkum að ég fór að biðja um orðið.

Það kom fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf., að hann tók að vitna til fjármálastjórnar á árunum 1971—1974, og síðar hefur komið fram í ræðum hv. þm., hv. 7. þm. Reykv., sem kemur víða við, að vitna til ágætis þess tímabils sem kennt var við viðreisn, en því lauk með þeim dómi, að einn af samherjum ríkisstj. og þm. þáv., Ólafur Björnsson prófessor, líkti ástandinu fyrir kosningarnar 1971 með orðinu „hrollvekja." Það var hrollvekja af hans hálfu að horfa til þess ástands sem væri í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég er ekki viss um að hv. 1. þm. Vestf. hafi haft þetta í huga í dag þegar hann talaði um gilda sjóði sem sú ríkisstj. hefði skilið eftir. Ég held líka að það muni ekki hafa verið í hans huga eða annarra hv. alþm., að sú ríkisstj. hafði því miður ekki skilað miklu, hvorki í flota til fiskveiða fyrir landsmenn né útfærslu landhelgi, svo sem kunnugt er. Ég skal svo ekki fleiri orðum að þeirri stjórn eyða.

Ég sagði við hv. 1. þm. Reykn., að hann mundi vera einn af þeim fáu mönnum sem settust í fjmrh.-stól og hefðu með sér í ríkisstj. fyrirrennara sinn og meira að segja tvo frekar en einn, og það væri ekki lítils virði þegar fjmrh. nyti þess ef horft er á gagnrýnina. Þau ár, sem ég fór með embætti fjmrh., þurfti ég ekki undan því að kvarta að gagnrýni væri ekki haldið uppi hér á hv. Alþ. Og satt að segja hef ég oft hugsað til þess á þessu hausti, hvað minna hefur verið að gert í þeim efnum nú en þá var gert. En það var Gunnar Thoroddsen, hv. þm., sem hafði líka verið fjmrh. og sat í síðustu ríkisstj.

Þá vil ég gefa skýringar á því, því að ég hef ekki eytt í það miklum tíma hér á hv. Alþ., síðan ég hætti fjmrh.-starfinu, að verja gerðir fjmrh. vinstri stjórnarinnar sem sat frá 1971—1974, en að gefnu þessu tilefni í dag langar mig til að gefa yfirlit yfir stöðu þá sem var hjá ríkissjóði þegar vinstri stjórnin tók við í júlí og þegar hún fór frá völdum 31. ágúst 1974 og svo það sem nú var skilið við hinn 31. ágúst 1978.

Skuldir ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands á þeim dögum, þegar viðskilnaður átti sér stað, var þannig, að skuld ríkissjóðs 1971 var 1 milljarður 204 millj. kr. Þess vegna er það á misskilningi byggt að við einhverjum sjóði hafi verið tekið. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hinn 31. 8. 1974, þegar ég fór úr stól fjmrh., var 2.4 milljarðar kr. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann nú 31. 8. 1978 var 25.1 milljarður kr. Þessar staðreyndir eru til vitnis um það sem að var vikið hér í dag og knúði mig til þess að skýra frá þessu hér á hv. Alþ. Ég vil þessu til viðbótar geta þess, að í júlímánuði 1974, þegar hv. 4. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, gerði tilraun til stjórnarmyndunar, gerðu þeir úttekt á þjóðarbúinu fyrir hans tilstilli, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, Jón Sigurðsson, og bankastjóri Seðlabankans, Jóhannes Nordal. Í þeirri skýrslu, sem þeir afhentu þá og við þáv. ráðh. fengum í hendur, þ. á m. ég, taka þeir fram að það sé allt útlit fyrir að það megi halda þannig á fjármálum ríkissjóðs að það verði ekki halli á ríkissjóði í árslok 1974. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það fer jafnan svo, að þegar nýr fjmrh. tekur við hefur það áhrif á uppgjör þess árs sem þá er að líða, svo var og 1974. En þetta er í skýrslunni sem ég fékk í mínar hendur og hef enn um þeirra spádóm, og þar töluðu þeir sem áttu að hafa vitið og þekkinguna.

Ég vil líka benda á það, að fjárlagagerð ársins 1974 var mjög erfið vegna þess að þáv. ríkisstj. hafði ekki meiri hl. hér á Alþ. Bjarni Guðnason hafði þá yfirgefið þá ríkisstj., svo að hún hafði ekki meiri hl. Eitt af þeim verkum, sem þurfti að leysa af hendi við þá fjárlagagerð, var að lækka tekjur af tollum vegna samninganna við EFTA og EBE. Þá var það fellt hér í hv. Alþ. eða það fékkst ekki fyrir því samstaða að koma í gegn tekjuöflun á móti þessu. Þess vegna átti þáv. fjmrh. ekki nema um tvo kosti að velja. Annar var sá fyrir hann og ríkisstj. í heild að brjóta þessa samninga, — það var auðvitað mjög andstætt bæði forsrh. og utanrrh., — eða þá að taka áhættuna af tekjuöflun vegna tollalækkunar, sem ég held að ég muni rétt að var um 400 millj. kr. Þá tókst mér að

gera samkomulag við Alþfl. óformlega, formann hans og varaformann, að ef ég næði samkomulagi við ASÍ, sem þá átti eftir að gera kjarasamninga og var verið að reyna að semja við, m. a. um að fella niður úr vísitölunni áfengi og tóbak og bensín og þungaskatt af bifreiðum, þá lofuðu þessir forustumenn Alþfl. mér því, að ef ég næði samkomulagi við ASÍ um að hækka söluskattinn um 5% eða 5 stig, sem stefnt var að, þá skyldu þeir fylgja þessari ákvörðun. Svo fór um þetta fyrirheit, að 4 stig fengust samþykkt síðar á þinginu þrátt fyrir að ég stæði við það samkomulag sem ég hafði gert við þá ASÍ-menn, en fékk þó ekki út úr því annað en taka áfengi og tóbak út úr vísitölu, sem hefur verið svo síðan. Þessi áhætta var því veruleg og þetta var ekki leiðrétt fyrr en eftirmaður minn var kominn í sæti fjmrh. Þá var þetta samþ. hér á hv. Alþ., og stóð ég fast með honum í þeirri nauðsyn að afla þeirra tekna og fleiri tekna sem þá var aflað, eins og þeir hv. þm., sem þá sátu hér á Alþ., muna eftir. Og þegar var verið að reyna þá að mynda ríkisstj. með Alþfl. og Alþb., þá var m. a. um það deilt, hvort þörf væri á þessari tekjuöflun. En í stjórn Geirs Hallgrímssonar var þetta viðurkennt og þá varð þetta að raunveruleika.

Ég vil líka minna á það í sambandi við árið 1974, að það var langt frá því, eins og kom fram í umr. í gærkvöld, að það væri neitt gæðaár. Þá varð verðfall á aðalútflutningsafurðum okkar og meira en það, það var sölutregða á árinu 1974, og það var ekki fyrr en á árinu 1976 sem raunverulega rættist úr þeim erfiðleikum í sambandi við sölu á íslenskum fiski til annarra landa sem komu upp árið 1974.

Ég vil líka minna á það, að á árinu 1973 skall á olíukreppa ekki minni en sú sem nú er mikið rædd, en þá ræddu menn ekki eins um hana, því að þá gerðu þeir sér ekki eins grein fyrir afleiðingum hennar og nú virðist vera orðið. Hún kom fyrst til áhrifa á árinu 1974. Hún hafði geysileg áhrif á verðbólgu og afkomu ríkissjóðs. Sama er að segja um Vestmannaeyjagosið sem kom upp á því kjörtímabili sem vinstri stjórnin sat. Það hafði meiri áhrif en menn hafa almennt gert sér grein fyrir, bæði á tekjuöflun ríkissjóðs og stöðu hans, enn fremur á verðbólguna. Allt þetta hafði geysileg áhrif á þessa tvo höfuðþætti í efnahagsmálum. Auk þess varð það svo, að í baráttunni um landhelgina var ekkert í það horft eða til sparað sem út þurfti að greiða vegna þess máls. Það var látið hafa svo algeran forgang að ekki þótti ástæða til annars en virða það á hvaða veg sem var. Það var lagt kapp á að ná því máli fram, sem og tókst, og það var aðalatriðið. Hins vegar varð ríkissjóður oft að gjalda þar meira en hugsað hafði verið.

Þessar upplýsingar vil ég nú gefa vegna þess sem fram hefur komið hér í dag og kom mér á vissan hátt á óvart. En út af fyrir sig er ég því þakklátur, því að hið rétta hefur nú komið fram. Ég vil líka segja það, að það hefur komið fram í þessum umr. og kom fram í umr. í gærkvöld, að verk þeirrar ríkisstj., sem frá verki fer, verða oft lítils metin af þeim sem við taka. Auðvitað er það rétt, að mörg voru þau atriði hjá síðustu ríkisstj. þar sem hún náði ekki þeim árangri sem hún ætlaði sér að ná. Um það ætla ég ekki að fara að deila. En ég vil minna á það, að s. l. ár var meiri atvinna hér á landi og stöðugri og öruggari en sennilega nokkru sinni fyrr. Þjóðarframleiðslan jókst á því ári um 3.5%. Þjóðartekjur jukust um 3%, því að viðskiptakjörin versnuðu seint á árinu vegna þess að dollarinn lækkaði. Vöruskiptajöfnuður var hagstæður um 6—7 milljarða eða um 1% af þjóðarframleiðslu. Greiðslujöfnuður var hagstæður um 10 milljarða, svo að gjaldeyrisstaðan batnaði á árinu um ca. 11 milljarða. Erlendar lántökur til langs tíma voru helmingi minni á árinu 1978 en á næsta ári á undan. Ég vil líka minna á það, að á þessum árum var gert margt til þess að bæta stöðu þjóðarinnar gagnvart þeim erfiðleikum sem nú er að fást við á nýjan leik, þar sem er olíukreppan. Í hitaveitumálum var unnið hér geysilega mikið, og að virkjunarmálum var á s. l. 5 árum unnið hér á landi meira en á nokkrum 5 árum öðrum. Ég vil líka minna á það, að einkaneysla á mann var meiri á s. l. ári en nokkru sinni fyrr. Það þýðir að afkoma fólksins í landinu varðandi tekjur var betri en áður hefur verið. Þetta mega þeir gjarnan heyra og vita sem hafa talað um þá stjórn sem einhverja vandræðastjórn, þó að henni hafi ekki allt vel tekist.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég aðeins í lokin, vegna þeirra umr. sem hafa farið fram hér á hv. Alþ. í vetur og eins víðar í þjóðfélaginu um afkomu landbúnaðarins, segja það, að á s. l. ári var framleiðsla landbúnaðarins á Íslandi meiri en hún hefur nokkurn tíma verið áður. Tekjur bænda á árunum 1977 og 1978 eru líka meiri en nokkru sinni fyrr. Á þessum síðustu árum hafa orðið glæsilegar framkvæmdir, bæði í sveitum landsins og í þeim vinnslustöðvum er landbúnaði tilheyra. Allt þetta gerir það að verkum, að þjóðin og bændastéttin í þessu tilfelli er betur undir það búin að fást við þau átök sem vandamálin, sem nú er við að fást, skapa henni. Einhvern tíma hefði það verið talin saga til næsta bæjar hér á landi, að landbúnaðarframleiðsla í okkar landi væri orðin of mikil og við hefðum af því miklar áhyggjur, og hitt, að við hefðum fóður svo að við gætum selt öðrum þjóðum. Þannig hafa verk okkar, þeirra kynslóða sem að þessu hafa unnið um langt skeið, skilað árangri, og ég efast ekkert um að í veröld sem sveltir munu matvæli verða þess virði að verð fyrir þau fáist með eðlilegum hætti, svo að ekki verði vandræði við að búa. En hitt vil ég líka taka undir, að ef við byggjum ekki við jafnmikla verðbólgu og við gerum, þá væru þessi vandamál að sjálfsögðu minni sem og önnur vandamál okkar í viðskiptum við aðrar þjóðir. Þess vegna tek ég undir það, að þjóðin í heild þarf að gera sér grein fyrir því að leysa þennan vanda, en hann verður ekki leystur að mínu mati á nokkrum vikum og ekki með hávaðagjálfri hér í þingsölum, heldur með samstilltu átaki þeirra sem þar eru að verki og forustuna hafa. Það er ég sannfærður um að er sú eina farsæla leið til að leysa þessi vandamál sem við er að fást.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þetta innskot í ræðuhöld dagsins, sem nú var rétt áðan þegar hv. 1. þm. Vesturl. hélt ræðu sína, var ákaflega eðlilegt og skiljanlegt. Það var eðlilegt að einhver þyrfti að mæla fyrir minni síðustu vinstri stjórnar, þ. e. a. s. hinnar næstsíðustu vinstri stjórnar, því að enginn hafði vikið hlýlegu orði að þeirri vinstri stjórn. Það var eins og maður væri kominn aftur til ársins 1973 og hér stæði sjálfur fjmrh. í stóli. Af svo miklum hlýhug varði hann málstað þeirrar stjórnar. Það var einnig skemmtilegt að heyra, að hann vék nokkrum hlýlegum orðum að síðustu ríkisstj., ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, og það þótti mér drengilega gert. Hins vegar vék hann ekki orði að þessari ríkisstj., sem nú situr, og það þykir mér skiljanlegt.

Það eru fleiri hv. þm. en hv. 1. þm. Vesturl. sem hefur

ofboðið allt umtalið um þessa skringilegu hæstv. ríkisstj. sem nú situr, því að hv. 7. þm. Reykv. sá sig knúinn til að *mæla sérstaklega fyrir minni viðreisnarstjórnarinnar*, og það þykir mér eðlilegt og sjálfsagt. Hann lét einnig í ljós miklar Viðreisnaróskir og sýndi ýmiss konar Viðreisnartilhneigingar, og vildi ég óska að aðrir tilburðir hv. þm. hnigju í þá átt og væru jafnábyrgðarþrungnir og við á þegar menn vilja undirbúa slíkt starf sem þar var unnið.

Ég hafði hugsað mér, hæstv. forseti, gagnstætt því sem *margir hafa gert í þessum umr., að ræða um þá till.* sem hér er á dagskrá. Margir hv. þm. hafa sveiflað sér vítt og breytt yfir allt þjóðmálasviðið, farið með margar tölur af sviði efnahagsmála. Þær eru, eins og allir vita, allar lausar vegna verðbólgunnar og erfitt að festa, og það er verkefnið sem mest er aðkallandi. Það, sem hér er á dagskrá, er till. til þál. um þingrof og nýjar kosningar, flutt af öllum þm. Sjálfstfl., hinnar þingræðislegu stjórnarandstöðu.

Það hefur komið fram sérkennileg brtt. við þessa tillögu. Hún er einstök í sinni röð, að ég held. Ég veit ekki til að nokkurn tíma hafi verið fram borin brtt. við þingrofstillögu. En það er um þessa tillögu eins og fleira í þessu þinghaldi, að ýmislegt ber hér nýtt við, sumt slæmt og annað ekki sem verst. Það aleinkennilegasta við þessa brtt. er það, að hún er ekki um neitt ákveðið. Till. er um annaðhvort eða. Hv. þm. Bragi Sigurjónsson vill að fyrirsögn tillögu okkar verði: Tillaga til þingsályktunar um nýja stjórnarmyndun eða þingrof og nýjar kosningar. — Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa skoðað svo vel öll skjöl Alþingis frá upphafi, að þeir hafi nokkurn tíma rekist á nokkuð þessu líkt. Ég veit ekki til að nokkurn tíma hafi verið gerð þáltill. um annaðhvort eða, annaðhvort stjórnarmyndun eða þingrof og nýjar kosningar. Einhvern veginn finnst manni að slíkir valkostir tveir passi ekki í eina og sömu þáltill. En menn flytja hér till. um sitt hvað, sem e. t. v. hefur ekki hingað til þótt við eiga að setja fram sem þáltill.

Það er í sjálfu sér skiljanlegt, að menn vilji reyna til hins ítrasta að gefa núv. hæstv. ríkisstj. færi á því að bæta ráð sitt. Það er út af fyrir sig uppörvandi að sjá að það eru til einstaklingar í þingsölum sem hafa ekki misst vonina að því leyti. Að því er dagsetningar í till. hv. þm. Braga Sigurjónssonar varðar, þá hef ég engar aðrar till. um það. *Ég hef eins og fleiri þm. skoðað vandlega spjaldanna á* milli og upp og niður lítinn bækling sem hver þm. hefur á borði sínu, sem er eins konar afmælisdagatal þm., og þar finnst ekki nokkur brúkleg dagsetning. Það eru aðeins tveir afmælisdagar eftir í mars. Annan á að vísu Alþfl.-maður og hinn afmælisdaginn á sjálfstæðismaður, svo að ég get ekki séð að nokkuð sé hægt að nota þá daga. En hvað sem því líður, *þá skiptir það engu höfuðmáli.* En ég get ekki séð að það sé neitt lítið úr því gerandi, að menn vilji í raun standa við ákveðnar dagsetningar. Það er einungis partur af þeim skyldum er menn taka að sér að ljúka ákveðnum verkum fyrir ákveðinn tíma. En einhvern veginn lætur þessi hæstv. ríkisstj. sér slík tímamörk svo innilega í léttu rúmi liggja. Dæmi um það í allt öðru máli var hér í gær á fundi Sþ., þar sem 1. mál á dagskrá var till. til þál. um staðfestingu samninga um fiskveiðiheimildir Færeyinga. Hún var tekin út af dagskránni af einhverjum ástæðum, sem ég áttaði mig ekki á. En það virðist ekki skipta nokkru einasta máli, hvort verið er að fjalla um það mál sem kann að vera orðið úrelt þegar að afgreiðslu kemur. Ég geri ráð fyrir að Færeyingar séu búnir að veiða upp í þennan kvóta sem Alþ. hefði þurft að samþykkja að mætti leyfa þeim að veiða. Út af fyrir sig hefði það samþykki vafalaust fengist og síst mæli ég því gegn. En þetta litla dæmi sýnir að tilsettur tími, ákveðnir dagar, ákveðnar vikur og ákveðnir mánuðir er nokkuð sem ríkisstj. Íslands kemur ekki við, aðeins ef hún situr í friði í sætum sínum. Ja, ég sé nú ekki að ríkisstjórn Íslands sitji í sætum sínum, allir ráðherrastólarnir eru tómir. (**Gripið fram í:** Ráðherrarnir eru á skíðum.) Eða *þá að þeir eru í afmæli. Ég fékk afmælisdagabókina upp í* ræðustólinn, og það er rétt sem ég hóf ræðu mína á að segja, að hv. 1. þm. Vesturl. er maður drenglyndur og hjartagóður. Hann rétti mér afmælisdagabókina þar sem vakin er athygli á afmælisdegi hv. þm., bóndans á Höllustöðum, sem er 17. mars og till. hv. þm. Braga Sigurjónssonar fjallar um. En ég hafði að vísu talið að vonin um þá afmælisveislu væri fyrir bí og væri þess vegna ekki fjallað sérstaklega um þann dag. Þess vegna var ég með hugann við daga einhvern tíma eftir það. En hver veit nema við getum í gleði okkar farið norður að Höllustöðum, ég og hv. 1. þm. Vesturl., ef farsællega verður ráðið til lykta þessu máli sem nú er hér til umr.

Hv. þm. Bragi Sigurjónsson, sem vill annaðhvort nýja stjórnarmyndun eða þingrof og nýjar kosningar, ætti að fara að ráðum flokksbróður síns sem talaði hér í dag, hv. 7. þm. Reykv., sem var augljóslega þessarar sömu skoðunar, að það ætti fyrst að reyna nýja stjórnarmyndun. En hv. þm. Vilmundur Gylfason lagði á það áherslu í ræðu sinni oftsinnis, að það yrði að reyna þennan síðasta leik og „það þyrfti ekki að taka neinn tíma," sagði hann, „það þarf ekki að tefja málið." Þess vegna leyfi ég mér að beina þeim orðum mínum til hins djarfa unga þm., hv. 7. þm. Reykv., að hann noti nú þessa kvöldstund til þess að ganga snöggvast úr skugga um það, hvort þessi 32 manna meiri hl. sem hann lýsti svo mjög eftir, muni vera fyrir hendi. Þá er hægt að ganga til atkv. á tilsettum tíma, og þá þarf Alþfl. ekki enn einu sinni að ganga í gegnum þær þrengingar að horfa upp á það að málin séu ekki afgreidd á réttum degi. Ég veit ósköp vel að það er rétt hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni eins og fleira sem hann segir — í og með — að það tekur engan tíma að ganga úr skugga um þetta. Ég veit að hv. þm. telur sér eiga Viðreisnar von (með stórum staf). Hann lýsti því hér í dag, að hans óskastjórn væri ný Viðreisnarstjórn, og 32 þm. vill hann hafa að baki þeirri stjórn. Ég get flýtt fyrir hv. þm. og sparað honum nokkurn snúning með því að sýna honum fram á það, að í hópi þessara 20 manna, sem flytja þáltill. á þskj. 408, er enginn til í slíkan hóp — ekki hér og nú. Við skulum athuga málið að loknum kosningum.

Ég hef farið nokkrum orðum um till. hv. þm. Braga Sigurjónssonar. Ástæðan til að ég vék hér að hv. 7. þm. Reykv. var sú, að hægt er að flýta fyrir afgreiðslu efnis hennar með því að nota þær aðferðir sem hv. 7. þm. Reykv. benti á hér í dag.

Ég vil þá víkja að þriðja þskj. sem varðar það mál sem hér er á dagskrá, og það er eiginlega upphafsskjalið. Með nokkrum rétti má segja að höfundur þess sé einnig upphafsmaður að þskj. 408, og nú upplýsi ég hlut sem lýst var eftir í umr. hér í gærkvöld. Einn ræðumanna stjórnarliðsins lét í ljós þá ósk sína, að það væri skemmtilegt að fá að sjá hver væri höfundur þessa plaggs. Ég skal upplýsa það. Hinn raunverulegi upphafsmaður stendur hér í dyrum þingsalarins og er hv. 7. þm. Reykv. Það má segja — (**ÓRG:** Getur flokkurinn

ekki einu sinni samið þetta sjálfur?) Hinn raunverulegi höfundur, upphafsmaður málsins. Það má segja að till. sjálfstæðismanna á þskj. 408 sé túlkun á þeirri hugsun sem fram kemur í þáltill. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Það, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason raunverulega vill, er að þjóðin kveði upp sinn dóm. Ástæðan fyrir því er, að hann ber vantraust til núv. hæstv. ríkisstj. Þetta er klætt í óskiljanlegan búning í till. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar eða alltorskilinn. Til að koma þessari hugsun á mælt mál og gera hana framkvæmanlega var þessi till. orðuð í Sjálfstfl. og þar með staðfest að Sjálfstfl. er heill og óskiptur, þessi hópur sem hv. þm. kallar ekki einu sinni stjórnmálaflokk. En það er vegna þess að í Sjálfstfl. er sjálfstætt fólk. Hann er samsettur af einstaklingum sem eru sjálfstæðir menn. Allur þessi hópur sjálfstæðra einstaklinga sameinast um að fylgja hv. 7. þm. Reykv. í því að snúa sér til þjóðarinnar og biðja um aðra skipan Alþingis og leysa þessa hæstv. ríkisstj. frá störfum. (**Gripið fram í:** Enda er hún farin). Hæstv. ríkisstj. er annaðhvort á skíðum eða í afmæli, það hefur verið upplýst hér, nema hvort tveggja sé.

Það sem sameinar okkur sjálfstæðismenn, hv. 7. þm. Reykv. og marga fleiri hv. þm., er sú bjargfasta skoðun, að ákveðnar till. um lausn efnahagsmálanna þola ekki bið. En á meðan meiri hl. sjálfs Alþingis er sammála um að þessi mál þoli ekki bið, þá er frv. sjálfrar ríkisstj., sem svo á að heita, að velkjast úti um allt þjóðfélagið til skoðunar hér og þar. (**Gripið fram í:** Hvaða frv?) Eitthvert frv. sem menn hafa verið að tala um að hæstv. forsrh. hafi samið í eldhúsinu sínu. Það er talað um að til sé eitthvað sem heitir frv. um efnahagsmál og sé að velkjast hjá þrýstihópum þjóðfélagsins, en hefur ekki verið lagt fram á Alþingi. Sjálfur forsrh. sagði í gærkvöld: „Um efnahagsfrv. tala ég ekki, því það hefur ekki verið lagt fram á Alþingi." Hæstv. forsrh. landsins ásamt öðrum ráðh. ríkisstj. er talandi um þetta frv. úti um allt land, úti í ýmsum hópum í þjóðfélaginu, leggur það ekki fram á Alþ. og neitar að tala um það á sjálfu Alþingi.

Ég held að það sé kominn tími til þess að farið verði að koma á skaplegu þingræði á Íslandi á ný. Það er þingræði á Íslandi að nafninu til og í lagalegum skilningi, en þingræðið gegnir ekki því hlutverki sem lýðræðishugsunin ætlar því að gegna. Það ríkir ekki lengur fulltrúalýðræði á Íslandi. Ég leyfi mér að segja þetta: Fulltrúalýðræði ríkir ekki á Íslandi. Að það ríki lýðræði á Íslandi sem sé fólgið í því, að kjósendur landsins kjósi sér stjórnendur til þess að fara með ráðstöfun mála á Alþ., það er orðið blekking, og þeirri blekkingu fagnar einn flokkur ríkisstj., Alþb., og undir þá blekkingu beygja sig hinir flokkar ríkisstj., ekki með glöðu geði, það væri of mikið sagt, því enginn er þar ánægður, enginn er þar heldur sérlega hryggur. Ekki ætla ég að fara með vísuna um Halldór Snorrason: „Aldrei hryggur og aldrei glaður," því að hún var ort um skemmtilegri hluti, ef mér leyfist að vera ósvífin að segja: heldur en hæstv. ríkisstj.

Hæstv. viðskrh. Svavar Gestsson var svo vinsamlegur mér hér í dag að lesa upp dálítinn greinarstúf, eða stúf úr greinarstúfi, sem birtist í Morgunblaðinu í haust og voru hugleiðingar bæði um þingflokk sjálfstæðismanna svo og um þingflokka almennt og hlutverk þeirra. Hv. þm. var afar ánægður með þessa ritsmíð, því að hv. þm. — ja, þetta er fyrirboði greinilega, hæstv. ráðh., átti ég við, var afar ánægður með þessa ritsmíð, því að hann taldi hana lýsa einhverju voðalegu ástandi innan Sjálfstfl. Ég man nú ekki sjálf alla tilvitnunina og fletti henni ekki heldur upp, en aðalatriðið var þetta og það sem hæstv. ráðh. fannst mestur fengur í, að ég hefði sagt í greininni, að það væri afar þjakandi hve menn væru hræddir hver við annan. Þetta finnst mér. Ég bætti við: „Menn verða að vera óhræddir við að segja það sem þeir meina," og ég er svo gersamlega sannfærð um það. Ég held að hér á Alþ. ætti að gera meira að því og þá gegndu þm. betur skyldu sinni. Ég setti fram almenna aths. um þann mannlega eiginleika að menn séu hræddir hver við annan. Þetta þekkja menn. Menn eru hræddir hver við annan, við álit náungans, við álit kjósenda. Ég þarf ekki að útskýra það með mörgum orðum, því að við höfum fyrir augunum oft — að vísu ekki nú í kvöld, — hrikalegasta dæmið um það í öllum stjórnmálum Íslands, og það er sjálf hæstv. ríkisstj. Hún er hrikalegt dæmi um hræðslu manna, hræðslu eins við annan. Hæstv. ráðh. eru afar hræddir. Þess vegna er ríkisstj. ekki enn þá farin frá. Hæstv. Alþfl.-ráðh. eru afar hræddir við Alþb.-ráðh., og Alþb.-ráðh. er afar hræddir við Alþfl.-ráðh. (**Gripið fram í:** Nei.) Það eru þeir, annars væru þeir farnir úr ríkisstj. Þá hefðu þeir fyrir löngu farið að ráðum hv. 1. þm. Austurl. og farið úr ríkisstj. eins og hann vill. Og hæstv. forsrh. er hræddur við þessa flokka báða og við að sleppa þeim lausum. Allir eru þeir hver um sig hræddir um sjálfa sig, og sameiginlega eru þeir allir hræddir við dóm kjósenda — og það er verst.

Þessi till. fjallar um það, að nú sé kominn tími fyrir dóm kjósenda. Það er löngu ljóst, að þessi ríkisstj. hefur gefist upp við að sinna því hlutverki sem henni var falið og hún tókst á hendur eftir almennar kosningar og eftir stjórnarmyndunina, og almenningur verður að taka í taumana. Að því leyti hafði hv. 7. þm. Reykv. rétt fyrir sér í till. um þjóðaratkvgr., og að því leyti vill Sjálfstfl. styðja hann og hjálpa honum áleiðis með þá hugmynd. Og ég veit að margir hv. þm. stjórnarliðsins vilja styðja þá hugmynd í raun og veru, ef þeir eru ekki hræddir annaðhvort um sjálfa sig, hver við annan eða þá við að þurfa að láta þjóðina dæma um verk sín.

Hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson vék að svipuðu viðfangsefni að því er varðaði Sjálfstfl. og hæstv. viðskrh., vék að greinaskrifum og orðaskiptum okkar hv. 1. þm. Reykv., því sem hann kallaði veturnóttarskrif sjálfstæðismanna. Það er rétt, að þar ræddu sjálfstæðismenn um viss ágreiningsefni fyrir opnum tjöldum. Það er ósköp einfaldlega þannig, að okkur finnst betra í Sjálfstfl. að ræða um þessa hluti fyrir opnum tjöldum heldur en að sitja undir getsökum, dylgjum og ámæli fyrir eitthvað, sem rangt er, úr ýmsum áttum í fjölmiðlum. Okkur finnst miklu betra að ræða þá opinskátt okkar ágreining, þó kannske sé fast að orði kveðið. Það má vera að mörgum hafi þótt þetta alveg yfirgengilegt, en þó er þetta ekki — (**PP:** Ekki þeim sem til þekktu.) Ef ég má bæta við: Ekki þeim sem þekkja jafnvel til í stjórnarliðinu og hv. þm. gerir, sá er nú greip fram í, því að hann veit að þetta voru blíðmæli og barnaleikur hjá því sem gerist í stjórnarherbúðunum. En okkur finnst það nefnilega betra í Sjálfstfl. að ræða svona mál, koma því frá, í stað þess að vera bólginn af fýlu allan veturinn og geta ekki gert neitt verk af viti. Við viljum klára svona hluti, afgreiða þá og snúa okkur svo að verki. Það er svo. Og Sjálfstfl. stendur að því heils hugar og óskiptur að gera um það till. og fylgja fram till. um að nú fái þjóðin að kveða upp dóm á ný.

Ég heyri að hv. þm. er að stinga upp á því að flutt verði þáltill. um að leitað verði að ríkisstj. Það kann að vera að það sé óþarft að ræða þetta mál. Ríkisstj. er e. t. v. farin frá. Það kann vel að vera. A. m. k. hefur það verið svo í seinni tíð, að þm. hafa lítið vitað um það í dag hvað ríkisstj. mundi gera á morgun. Það gildir jafnt um fylgismenn ríkisstj. og stjórnarandstöðu. Mér skilst að hæstv. forsrh. komi fylgismönnum ríkisstj. ekki minna á óvart en ýmsir þeir sem flytja þáltill.

Hæstv. forsrh. telur að till. okkar sjálfstæðismanna kunni að innihalda traustsyfirlýsingu á sig. Hann var að vísu fullvissaður um það í gærkvöld að svo væri ekki. En hæstv. forsrh. veltir því mjög fyrir sér, af hverju sjálfstæðismenn fluttu ekki fremur till. um vantraust. Forsrh. taldi ríkisstj. alveg geta setið þrátt fyrir samþykkt þessarar tillögu. Ég mun víkja að þessu. Tilgangurinn með till. okkar um þingrof og nýjar kosningar er sá að koma ríkisstj. frá. Svo skringilega sem það hljómar þá vitum við af reynslunni að þáltill. um vantraust, sem fyrir fram hefur meirihlutafylgi, er ekki leið til að koma frá ríkisstj. sem hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson er í forsvari fyrir. Það sannar reynslan. Það var nefnilega svo árið 1974, að þá fluttu sjálfstæðismenn till. um vantraust. Hæstv. forsrh. vissi að þingmeirihl. var fyrir þessari till. Hann sá svo um að þessi till. kom aldrei til umr. Hæstv. forsrh. rauf þingið til þess að láta ekki samþykkja vantrauststillögu. (**Gripið fram í:** Hann stökk fyrir borð.) Þnnig var það. Hann stökk einmitt ekki fyrir borð strax, hann hélt sér í flotholtin og vitnaði *alltaf til þess*, að ekki hefði verið samþ. vantraust. Hæstv. ráðh. mundi hafa þann hátt á ef það væri flutt till. um vantraust og vitað um meirihlutafylgi við tillöguna. Þá mundi hæstv. forsrh. rjúfa þingið að bragði og sitja áfram í ríkisstj. meðan sætt væri og segja að aldrei hefði verið samþ. vantraust.

Till. um þingrof og nýjar kosningar, sem væntanlega fær meiri hl., nær því nákvæmlega sama tilgangi. en kemur meira til móts við t. d. Alþfl. að sú till. leiddi ekki heldur til þess, að ríkisstj. færi frá fyrr en um það leyti sem kosningar færu fram. En nú liggur að vísu fyrir yfirlýsing hæstv. ráðh. um að ríkisstj. segi samstundis af sér ef tillagan verður samþykkt. Það er því ljóst, að þessi till., sem hér liggur fyrir, er nú áhrifaríkara tæki til að koma frá óhæfri ríkisstj., — ríkisstj. sem sinnir ekki einföldustu reglum um lýðræði og þingstjórn í landsmálum, — hún er í þessu tilviki áhrifaríkara tæki til þess heldur en nokkur vantrauststillaga. Svona er komið tilfinningu ráðamanna á Íslandi fyrir sjálfu þingræðinu.

Það er sérkennilegt og væri mikið athugunar- og umræðuefni, hvernig menn geta notið þess að sitja í ráðherrastörfum við þær aðstæður sem nú blasa við. En að vissu leyti er þetta skiljanlegt. Þessi hæstv. ríkisstj. er *undir forsæti sama manns og sú ríkisstj. sem mestu olli* um það efnahagsástand sem nú ríkir hjá þjóðinni. Hin fyrri vinstri stjórn, sú sem hv. 1. þm. Vesturl. minntist hér af mjög hlýjum hug, afrekaði það að koma bærilegu efnahagsástandi út í algera ófæru. Næsta ríkisstj. stóð í því að reyna að bæta fyrir verk ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Henni tókst mjög vel framan af. Það verður ekki hrakið, að verðbólgunni náði hún á tímabili niður um 50%. En þá kom til sögunnar einn flokkur sem nú er aftur kominn í ríkisstj., Alþb. Þessi flokkur og fulltrúar hans í ýmsum þrýstihópum komu því til leiðar, að þessi efnahagslegi árangur, sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar hafði náð, eyðilagðist. Það var pólitískt verk Alþb.-manna. Þá á ég ekki við að það hafi verið pólítískt verk launþeganna sjálfra, heldur fulltrúa Alþb. í launþegahreyfningunni, fulltrúa þeirra Alþb.-manna sem hafa vaxið upp eins og drifhúsgræðlingar án þess að hafa nokkurn tíma dýft hendi í kalt vatn og þykjast tala fyrir munn verkalýðsins og leika sér að því, því miður, að skammta skoðanir mönnum sem taka að sér að vera í forsvari fyrir kjarabaráttu launþeganna í þjóðfélaginu. Þessir Alþb.-menn, sem voru hvað ötulastir við að hjálpa hæstv. núv. og fyrrv. ráðh. Ólafi Jóhannessyni við að drífa verðbólguna upp í yfir 50% í tíð fyrri vinstri stjórnarinnar, þeir eyðilögðu árangurinn af starfi ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar við að laga þetta ástand. Og nú eru þeir aftur komnir í ríkisstj. og enn sigur á ógæfuhliðina. Því miður eru ekki mjög margir nægilega vel verki farnir til að sópa upp eftir sjálfa sig. Einkennilegt hlutskipti er það og erfitt fyrir Sjálfstfl. að þurfa alltaf að hreinsa til eftir vinstri menn. En það virðist blasa við einu sinni enn. Ég veit að það er ekki fýsilegt verkefni, en Sjálfstfl., sem er eina ábyrga þjóðfélagsaflið í þessu landi, verður að gera það. Það er ekki nokkur leið að komast hjá því.

Þannig heldur Alþb. áfram að eyðileggja, hvort sem það er í stjórn eða utan stjórnar. Þegar það er utan stjórnar keppist það við að eyðileggja. Þegar það er innan stjórnar getur það ekki sópað upp eftir sig en heldur áfram að eyðileggja. Þetta er því miður allt of satt. Mér þykir leitt að þurfa að horfast í augu við þetta aftur og aftur, því að ég veit að meðal þeirra, sem kosið hafa Alþb., *eru margir einstaklingar sem ættu miklu betra* hlutskipti skilið og ætlast áreiðanlega ekki til að umboðsmenn þeirra hagi sér svo.

Menn tala um það í stjórnarliðinu, að sjálfsagt sé að hafa samráð við aðila utan þings, og það er rétt. Nú legg ég til að þeir samþ. það, að samráð séu höfð við sjálfa þjóðina um hvernig megi hafa Alþ. og ríkisstj. betur skipaða. Þó að ríkisstj. hafi setið skamman tíma, þá er því miður löngu tími til þess kominn að hún flýti sér aftur úr þeim stólum sem hún tók sér sæti í.

Hæstv. forseti Nd. talaði hér í gærkvöld um það, að menn þyrftu að gera sér grein fyrir því í alvöru hvar væru valdamörk Alþingis og annarra hópa í þjóðfélaginu. Ég hélt í einfeldni minni að þetta lægi ljóst fyrir, um þetta hefðum við stjórnarskrá og um þetta hefðum við lög. En ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa ekki virt þessi mörk. Þessu þarf að breyta. Það er tími til þess kominn, að við förum að rifja það upp, að Íslendingar eru lýðræðissinnuð þjóð, sem býr við þingstjórn í landsmálum. Íslendingar hafa til þess rétt að kjósa sér fulltrúa til að setja lög, til að ráða málum, og það eiga þeir að gera. Ef kjörnir fulltrúar gefast upp við það, þá er ekki leiðin að snúa sér með vandasöm frv. til þjóðarinnar og spyrja: „Á að leggja þetta fyrir Alþ. eða ekki?“ Það er ekki leiðin, enda ofbýður hæstv. ríkisstj. slíkt. Ég man ekki betur en hæstv. menntm.- og samgrh. segði hér í forundran þegar till. um þjóðaratkvgr. var til umr.: „Ætlast hv. 7. þm. Reykv. virkilega til að þjóðin fari að fjalla um þetta? Ætlar þm. þjóðinni að gleypa allan grautinn?“ Þetta var álit hæstv. ráðh. á þeim verkum sem hann sjálfur hafði búið í hendur hæstv. forsrh. og hæstv. forsrh. hafði betr*umbætt að nokkru, þannig að framsóknarmenn gætu* sagt í gleði sinni að nú væri „farin leið allra“. Einhvern veginn varð það þó þannig, að ekki geta menn unað þessu, eitthvað skortir á að þessi „allra leið“ sé fær leið eða æskileg leið. Og það er gersamlega ómögulegt að sjá

út úr þessu myrkviði, sem ríkisstj. hefur stýrt okkur í — gersamlega ómögulegt. Það eina, sem hægt er að gera, er að nema nú staðar, láta stjórnendurna fá öðrum taumana, spyrja þjóðina hverja hún vill láta ráða málum sínum.

Ég legg til, herra forseti, að þegar þessum umr. lýkur verði ekki beðið í marga daga, heldur verði strax á næsta degi gengið til atkv. um þessa till.

Ég geri ráð fyrir að ég hafi nú talað nægilega lengi til þess að hv. 7. þm. Reykv. hafi haft tíma til að kanna hvort fyrir hendi sé 32 manna meiri hl. einhvers staðar, eins og hann sagði í dag: Finnst ekki 32 manna meiri hl. einhvers staðar hér? sagði hv. þm. og fórnaði höndum. Það verður að finna hann, það verður að ganga úr skugga um það, það þarf ekki að taka langan tíma. Ef ekki er hægt að finna slíkan meiri hl., þá er ekkert annað að gera en að samþ. þessa till. — Nú er hv. þm. sjálfsagt búinn að ganga úr skugga um þetta og hefur ekki fundið þennan meiri hl. Að þessum umr. loknum er því ekkert annað að gera en að ganga til atkv. um þessa þáltill. og samþ. hana.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég var að velta því fyrir mér meðan stóð á flutningi ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, hver væri tilgangurinn með þessum málflutningi öllum saman. Satt að segja var ræða hennar lítt til þess fallin að styðja þá till. sem Sjálfstfl. hefur flutt hér. Þm. var svo elskulegur í lok ræðu sinnar að upplýsa að þetta málþóf, sem hún hafði uppi, var eingöngu gert í þágu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, svo að hann gæti kannað hvort einhvers staðar væri að finna 32 þm. Ég verð að segja að lágt er orðið risið á þessari miklu till. Sjálfstfl. ef eini tilgangur þriggja stundarfjórðunga ræðu hér er að þjónusta hv. þm. Vilmund Gylfason.

Hins vegar má segja að það er athyglisvert við þessar umr. hér í kvöld, að þingflokkur Alþfl. er nánast víðs fjarri. Lengi fram eftir kvöldi mátti hv. þm. Vilmundur Gylfason eiga það, að hann var sá eini sem enn hafði þol til þess og þor að vera hér í salnum. Lengi kvölds var það einnig athyglisvert, að forusta Sjálfstfl., þess flokks sem flytur þessa blessuðu till., var líka víðs fjarri. En upp úr 10 birtist þó formaður Sjálfstfl. hér í salnum, en formaður þingflokksins, sem loksins hefur sameinast í þessum tillöguflutningi, er enn þá víðs fjarri. Ég vænti þess því, að þegar hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir fer að leita að ríkisstj., sem hún kvartaði mjög undan að væri ekki hér í salnum í kvöld, þá leiti hún einnig að vini sínum, formanni þingflokks Sjálfstfl., Gunnari Thoroddsen. (**Gripið fram í:** Getur ræðumaður upplýst hvar ríkisstj. er?)

Ríkisstj. er að stjórna landinu. (**Gripið fram í:** Mikið var. Er það myrkraverk?) Nei, það er ekki myrkraverk. Hins vegar er það mikið og stórt verk að koma þessu landi á réttan kjöl eftir fjögurra ára stjórn hv. þm. Geirs Hallgrímssonar og Matthíasar Á. Mathiessen. Menn geta varla ætlast til þess, að það takist á nokkrum mánuðum, en ég mun koma að því síðar.

Það var annars athyglisvert í ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, að upprifjun á bréfaskriftum hennar og hv. þm. Alberts Guðmundssonar fyrr í vetur hefur greinilega komið mjög við hjartað á hv. þm. og hún hafði um það stór orð og mikil að þetta væri dæmi um hinn opna málflutningi í Sjálfstfl. Það er athyglisvert við þennan opna málflutning, að hann stóð bara í tvo daga. Eftir að hv. þm. Albert Guðmundsson hafði svarað Ragnhildi Helgadóttur upphófst þögnin á nýjan leik. Og hún hefur ekki verið rofin síðan. Það væri fróðlegt ef hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vildi upplýsa hvers vegna þessi opinskáa og djarfa umræðu, — ég veit nú ekki hvaða lýsingarorð hún notaði yfir þessi orðaskipti hennar og Alberts, — hvers vegna hún hætti allt í einu þegar Albert hafði svarað og nefnt hv. þm. orði með upphafsstaf sem ég ætla ekki að hafa eftir hér í þingsölum, en kunnugir greinilega þekkja mjög vel.

Staðreyndin er sú, að það er einmitt þessi ótti, þessi aumingjaskapur og hugmyndafátækt, — kemur þá ekki formaður þingflokks Sjálfstfl. í salinn? — ég sé að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir er duglegri við smölunina en Vilmundur Gylfason, sem hefur greinilega týnt sjálfum sér í þeim leiðangri sem hann fór í úr þingsalnum fyrr í kvöld, — að þessi till. er það eina sem þingflokkur Sjálfstfl. hefur getað sameinast um til þessa. Við stjórnarsinnar höfðum þá kurteisi að hæla því nokkuð hér í dag og meira að segja í útvarpsumr. í áheyrn alþjóðar, að loksins hefði þó þessari voluðu stjórnarandstöðu tekist að koma sér saman um eitthvað, loksins hefði henni dottið eitthvað í hug sem bæði Gunnar og Geir og Albert, hv. þm. allir saman, að ógleymdri Ragnhildi Helgadóttur, gátu sameinast um. Það var vissulega lofsvert, að loksins skyldi hv. þm. Gunnar Thoroddsen, eftir þær ákúrur sem hann fékk frá þm. Ragnhildi Helgadóttur fyrir lélega stjórn á þingflokknum, takast að sameina þingflokkinn um eina merka tillögu.

En það var greinilegt að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gat ekki setið undir þessu lofi okkar. (**Gripið fram í:** Nú er Vilmundur fundinn.) Hann hefur fundið sjálfan sig, en ekki hina. Það var greinilegt að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gat ekki setið undir þessu lofi okkar um formann þingflokks Sjálfstfl. Hún þurfti endilega að koma hér upp í ræðustólinn og tína þessa einu rós sem hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur í hnappagati sínu eftir allan veturinn, tína hana úr hnappagatinu. Ragnhildur Helgadóttir upplýsti að Sjálfstfl. hefði alls ekki dottið þessi till. í hug, það væri hinn mesti misskilningur að Sjálfstfl. væri höfundur að þessari till. Hugmyndin hefði alls ekki fæðst í Sjálfstfl. Hún hefði fæðst hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni. (**VG:** Vestur á Aragötu.) Já, vestur á Aragötu. Það upplýsist margt í þessum umr., það má nú segja. Ragnhildur Helgadóttir hafði um það mörg orð og sór það greinilega af Sjálfstfl., að hann ætti hugmyndina að þessari till., meira að segja útlistaði það sérstaklega, að það eina, sem Sjálfstfl. hefði gert, væri að orða hugmyndir Vilmundar Gylfasonar. Ja, hvílík reisn, hvílík örlög fyrir stærsta stjórnmálaflokk þjóðarinnar, þetta sameiningartákn, þetta ábyrga afl, sem þm. Ragnhildur Helgadóttir talaði um áðan í lok ræðu sinnar, að það eina, sem hann hefur afrekað í sameiningu í vetur, er að orða hugsanir Vilmundar Gylfasonar.

Það er von að það hafi smátt og smátt farið að minnka risið á talsmönnum Sjálfstfl. í þessum umr., en að sama skapi geti Vilmundur Gylfason hrósað happi yfir því, að þegar þingflokkur Alþfl. er hættur að taka við hugmyndum frá honum, þá skuli þingflokkur Sjálfstfl. vera tekinn við.

Nei, staðreyndin er sú, að málflutningur Sjálfstfl. í þessum umr. hefði ekki gefið tilefni til svara. Satt að segja hafa röksemdir Sjálfstfl. fyrir þessari till. verið afar ómerkilegar, og mér fannst ræða hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur fara með það litla sem var eftir af þessum

málatilbúnaði, þegar hún upplýsti okkur um hvernig þessi till. fæddist: Þegar þeir settust saman, hv. þm. Gunnar Thoroddsen, Geir Hallgrímsson og Albert Guðmundsson og fóru að ritstýra hugsunum Vilmundar Gylfasonar.

Ég hefði ekki staðið hér upp í kvöld vegna málflutnings Sjálfstfl. Það var ekki nokkur þörf á því. Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hér hljóðs, var sú sama og almennt hefur verið fyrir því, að við þm. stjórnarliðsins höfum kvatt okkur hljóðs hér í vetur. Það hafa verið ræður annarra stjórnarstuðningsmanna. Það merkilegasta í þessum umr., eins og oft áður, var ræða hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Hann má vissulega eiga það, að hann var ekki aðeins einn þm. Alþfl. þar til hv. þm. Eiður Guðnason birtist hér í salnum síðla kvölds, heldur er hann sá eini sem hefur í raun og veru megnað að draga okkur óbreytta þm. Alþb. hér upp í ræðustólinn.

Áður en ég kem að þessari merku ræðu Vilmundar Gylfasonar vil ég aðeins fara nokkrum orðum um þær þrjár röksemdir sem Sjálfstfl. hefur haft uppi fyrir þessum tillöguflutningi, því þær hafa í raun og veru ekki verið nema þrjár.

Fyrsta röksemdin hefur verið gamla skattpíningarplatan sem Sjálfstfl. spilaði hér fyrir jól og upp úr áramótum með þeim ósköpum að hv. fyrrv. fjmrh., Matthías Á. Mathiesen, hefur ekki enn tekist að sannfæra þjóðina um þessa miklu herferð okkar til aukinnar skattpíningar, en stendur nú í bullandi vörn fyrir eigin skattalög vegna málflutnings fyrrv. samherja síns, hæstv. forsrh. Við Alþb.-menn og Alþfl.-menn getum tekið okkur frí frá þessari skattaumr. meðan þeir halda áfram á næstu vikum, Matthías Á. Mathiesen og Ólafur Jóhannesson, að bítast um eigin skattalög.

Sú aukning skatta, sem þessi ríkisstj. hefur lagt fyrst og fremst á fyrirtæki, á ýmsa gróðaaðila í þjóðfélaginu og hátekjuhópa, er stríðskostnaður okkar til þess að vinna upp það skaðræði á efnahagskerfinu sem hv. fyrrv. fjmrh. skildi eftir sig, skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann og þá miklu verðbólgu sem hann skildi hér við. Það er satt að segja ótrúlega lítill stríðskostnaður sem við höfum þurft að leggja á þjóðina, vegna þess að við höfum beitt öðrum ráðum í þessu efni. Ef við hefðum ekki beitt öðrum ráðum, þá mundi okkur ekki hafa enst allt kjörtímabilið til þess að láta þjóðina standa straum af þeim skuldum sem þessir herrar skildu eftir sig. Og það er mjög sláandi dæmi sem hæstv. viðskrh. tók hér í dag, fyrr í umr., að sá greiðsluhalli, sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen skildi eftir sig á sínu fyrsta heila ári, mundi jafngilda í dag 30 milljarða halla á fjárl. Menn geta rétt umreiknað það yfir í nýjar skattaálögur, ef ætti að borga það allt upp á fáeinum árum.

Nei, staðreyndin er sú, að þetta tal Sjálfstfl. um skatta er annaðhvort frekar ómerkilegur áróður eða ábending um það, að þegar komið er við budduna hjá hinum efnuðu fyrirtækjum í landinu; þegar komið er við budduna hjá auðstéttinni og þegar komið er við budduna hjá eignamönnunum, þá rennur Sjálfstfl. blóðið til skyldunnar og hann hrópar hátt um að slíkt megi ekki gera. Ég nenni satt að segja ekki að elta ólar við þetta skattatal allt saman, vegna þess að það er meira og minna marklaust. En ef hv. þm. Sjálfstfl. vilja endilega halda þeirri umr. uppi, þá er ég reiðubúinn til að tala um það hér í alla nótt og rökstyðja og ræða fram og aftur þá skattastefnu sem þessi ríkisstj. hefur beitt, tilgang hennar, orsakir og eðli. (Gripið fram í.) Nei, ég ætla ekki að gera það, vegna þess að það er alger óþarfi. Það þarf ekki að eyða orðum á þann málflutning.

Annað atriðið í málflutningi Sjálfstfl. var um mótun efnahagsstefnunnar. Hún hefur ekki tekið nema tvo mánuði. Það var ljóst þegar í upphafi, að ríkisstj. var mynduð um aðgerðir í fyrstu áföngum í baráttunni gegn verðbólgunni. Það var gert ljóst allri þjóðinni í þeirri starfslýsingu sem ríkisstj. kom sér saman um í upphafi, þannig að allir gátu búist við því, að í upphafi árs 1979 hæfust viðræður milli stjórnarflokkanna um efnahagsstefnuna til næstu tveggja ára. Ég verð að segja eins og er, að mér finnst þær umr. ekki hafa tekið neitt langan tíma. Það er bara óþolinmæði eða e. t. v. vísvitandi áróður að saka ríkisstj. um einhvern drátt í þeim efnum, vegna þess að það hefur ekki enn neitt komið að sök þó að þessi umr. standi innan ríkisstj. Það hefur ekkert enn farið úr skorðum, og sá mikli hávaði sem hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur haft um það, að hér hafi allt farið í rúst 1. mars, að þá hafi mikil holskefla skollið yfir þjóðina, er mesti misskilningur. Þess vegna er bókstaflega ekkert upp á þessa ríkisstj. að klaga þó hún hafi tekið sér þennan tíma. Það er fullkomlega eðlilegt, vegna þess að fyrst þurftu að eiga sér stað viðræður innan ríkisstjórnarflokkanna, og þær fóru fram á einum mánuði, og síðan hefur þessi mánuður verið notaður til samráðs við samtök launafólks í landinu, meira að segja samtök vinnuveitenda líka. Nauðsynlegt var að gefa þeim eðlilegan tíma til þess að móta sínar skoðanir. Ríkisstj. er nú að vinna úr þeim málum og mun í næstu viku, eftir því sem forsrh. hefur boðað, leggja frv. fram.

Það eru engar efnislegar röksemdir og síst af öllu frá þeim mönnum, sem fóru með stjórn landsins hér á s. l. fjórum árum, til þess að telja það tilefni til kosninga að það hafi liðið tveir mánuðir þar sem mótun þessarar efnahagsstefnu hefur haft fullkomlega eðlilegan gang. Ég hélt nú að hv. þm. Geir Hallgrímsson hefði ekki verið það hraðvirkur sem forsrh. í sinni stjórnartíð að hann þyrfti að hrista mjög höfuðið yfir þeim tíma sem í þetta hefur farið. Ég er reiðubúinn að telja hér upp miklu lengri tíma, sem hann hefur tekið sér í ýmiss konar minni háttar embættisverk í sinni tíð heldur en það sem ríkisstj. hefur nú verið að vinna að. Vinnubrögð ríkisstj. varðandi mótun efnahagsstefnunnar eru því ekki neitt tilefni til þess að leggja þessa till. fram.

Þriðja ástæða Sjálfstfl. fyrir því, að það þurfi að efna til kosninga, er að hv. þm. Matthías Bjarnason er orðinn leiður á því að þjóðin fær að vita hvaða skoðanir við þm. ríkisstjórnarliðsins höfum. Hann er orðinn þreyttur á því að Alþingi Íslendinga sé notað til þess að tilkynna þjóðinni hvaða skoðanir þm. ríkisstjórnarliðsins hafa. Hann er orðinn leiður á því, að hér eru komnar upp í landinu hreinskilnislegar og opnar umr. um þjóðmálin, þar sem hver og einn borgari þessa lands veit nánast samdægurs hvað er að gerast í stjórnmálunum og hefur jafngóð tækifæri til þess og forustan í Sjálfstfl. að mynda sér skoðanir um gang mála. M. ö. o.: hv. þm. Matthías Bjarnason er orðinn þreyttur á því lýðræði, á þeirri opnu og lýðræðislegu umr. sem hafist hefur með þessu nýja þingi s. l. haust. Hann er orðinn leiður á þessu. Hann þolir ekki þá nýju lýðræðislegu hætti sem hér hafa verið innleiddir, og hann vill endilega láta kjósa á nýjan leik, svo Sjálfstfl. geti lokað umr. aftur inni í þögn, — þeirri

þögn sem tók við þegar Ragnhildur Helgadóttir og Albert Guðmundsson, hv. þm., hættu að skrifast á. (Gripið fram í.) Nei, ég er að reyna að leiða hv. þm. í skilning um það, í hverju opin og lýðræðisleg umr. er fólgin. Hún er ekki fólgin í þeim starfsháttum sem þingflokkur Sjálfstfl. hefur tamið sér á þessu þingi, þ. e. a. s. að loka allan ágreining inni í læstum herbergjum þar sem engin fær að vita um ágreining Gunnars og Geirs, Alberts og Ragnhildar eða annarra þeirra sem sitja í þingflokki Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Kannske ekki. Hver veit? Það veit ekki nokkur maður, nema við fengum í kvöld yfirlýsingu frá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur um það, að þau bréfaskipti, sem hún og hv. þm. Albert Guðmundsson áttu hér s. l. haust, væru dæmi um þau nýju vinnubrögð sem hún vildi innleiða í þingflokki Sjálfstfl.

Vissulega getum við deilt um þær skoðanir sem þm. stjórnarliðsins hafa látið frá sér fara hér í vetur. Ég ætla ekki að segja að það hafi allt verið skynsamlegt. Ég ætla ekki að segja, að það hafi allt verið rétt. En það er ekki það sem skitpir höfuðmáli. Það, sem skiptir höfuðmáli, er að menn hafa haft djörfung, hreinskilni og einurð og það traust á þjóðinni til að bera að tilkynna jafnóðum á opinberum vettvangi hvaða skoðanir og hvaða tillögur væru uppi í ríkisstjórnarflokkunum, þannig að nánast öll þjóðin veit um hvað er verið að tala hverju sinni. (Gripið fram í.) Við erum ekki hræddir við eitt eða neitt. Við höfum einmitt haft kraft í okkur til þess að leggja allar okkar tillögur, allar okkar röksemdir fyrir þjóðina jafnóðum. En hvaða skýringar hefur þjóðin fengið á því, hvers vegna hér hefur orðið hvað eftir annað í vetur að fresta umr. og fundum í Alþ. vegna þess að þingflokkur Sjálfstfl. hefur ekki getað komið sér saman? Hvaða fréttir hefur þjóðin fengið af þeirri hatrömmu valdabaráttu sem nú fer fram í Sjálfstfl. vegna hins væntanlega landsfundar? Hún hefur ekki fengið neinar fréttir af því, vegna þess að málflutningur Sjálfstfl. í þessum umr. og fyrr á þessu þingi er fyrst og fremst staðfesting á því, að Sjálfstfl. vill lokað stjórnkerfi. Hann þolir ekki opnar og lýðræðislegar umr. Hann kveinkar sér undan hreinskilnislegum skoðanaskiptum. Hann vill flýja. Hann er orðinn leiður á þeim, eins og hv. þm. Matthías Bjarnason lýsti í þessum umr. (**Gripið fram í:** Af hverju lokar Alþb. flokksherberginu þegar þar eru flokksfundir? Af hverju er nýjasta frv. trúnaðarmál?) Nýjasta frv. er ekkert trúnaðarmál. Alþb. birti sínar till. jafnóðum og það lagði þær fram (Gripið fram í.) Já, og ég hélt satt að segja að ýmsir yngri þm. Sjálfstfl., eins og hv. þm. Ellert B. Schram og Friðrik Sophusson og aðrir slíkir, hefðu frekar gerst liðsmenn í því að opna þjóðmálaumr. í þessu landi, eins og gert hefur verið í vetur, en að ganga með ýmsum eldri leiðtogum Sjálfstfl. í því að reyna að loka henni á nýjan leik.

Hins vegar er það alveg rétt, að sú harða og grimma orðræða, sem hér hefur verið höfð uppi af stjórnarliðinu í vetur, hefur að ýmsu leyti skapað ýmsa erfiðleika í stjórnarháttum, m. a. vegna þess að menn hafa ekki enn þá fyllilega áttað sig á því, hvernig beri að taka slíku, hvernig beri að laga starfshætti þings og ríkisstj. að þessum nýju umræðuháttum. Ég held að það sé varla tilefni til þess að lasta og gagnrýna það, þegar liðsmenn ríkisstj. lýsa jafnóðum fyrir þjóðinni hvaða skoðanir eru þar uppi.

Í raun og veru finnst mér engin einasta gild röksemd hafa komið fram hjá Sjálfstfl. fyrir því, að nú sé tilefni til nýrra kosninga, tilefni til að flytja þessa till. og greiða um hana atkv. hér á Alþ. Ég held satt að segja að tilgangur þessarar till. hjá Sjálfstfl. sé í raun og veru hinn sami og tilgangur hv. þm. Vilmundar Gylfasonar með till. um þjóðaratkv., þ. e. a. s. fyrst og fremst ákveðin fjölmiðlaæfing, fyrst og fremst ákveðin tilraun til þess að vekja athygli á því, að Sjálfstfl. geti þó loksins sameinast um eitthvað, sem þó hefur hér verið upplýst að er í raun og veru hugmynd Vilmundar Gylfasonar.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason flutti hér fyrr í kvöld að ýmsu leyti mjög athyglisverða ræðu. Þjóðin hefur verið að velta því fyrir sér, hvers vegna órói hefur í vetur verið í hv. þm. Vilmundi Gylfasyni og ýmsum öðrum þm. Alþfl. Nánast frá því að ríkisstj. var mynduð hefur hann og ýmsir félagar hans haft uppi margvíslegar tilraunir til þess að gagnrýna ríkisstj., til að setja henni stólinn fyrir dyrnar, til að hrópa hana út og suður og til að sverta samstarfsflokkana í augum þjóðarinnar. Í þessari ræðu, sem var flutt í kvöld, kom í raun og veru fram skýring á þessari andstöðu, þessum óróleika hv. þm. Vilmundar Gylfasonar gagnvart ríkisstj. Skýringin fólst í ýmsum atriðum sem hann kom með í ræðu sinni og ég ætla að víkja að nokkrum orðum.

Í fyrri hluta ræðu sinnar lýsti hv. þm. mikilli aðdáun á viðreisnarárunum, eins og hann orðaði það. Sú stjórnarstefna, sem þá var við lýði, var greinilega óskadraumur hv. þm. Það var nánast hugnæmt að hlýða á hvernig hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir tók síðan undir þennan lofsöng um viðreisnarárin. Kannske er hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir í þeim hópi Sjálfstfl.-manna sem þm. Vilmundur Gylfason kallaði hér fyrr í kvöld, „huggulega sjálfstæðismenn", e. t. v. er hv. þm. Albert Guðmundsson einnig í þeim hópi og e. t. v. hv. þm. Gunnar Thoroddsen. Ég óska hv. þm. Vilmundi Gylfasyni góðs gengis ef hann á einhvern tíma eftir að hafa samfélag með þessum þremur ágætu og huggulegu þm. Sjálfstfl.

En hv. þm. Vilmundur Gylfason gleymdi að lýsa því, hvað gerðist á þessum viðreisnarárum, hvaða þróun átti sér þá stað í íslensku þjóðfélagi. Það hefur svo oft verið rifjað upp, að ég ætla ekki að fara um það mörgum orðum hér í kvöld. Ég ætla aðeins að drepa á nokkur meginatriði, vegna þess að það er ein af skýringunum á þeim ágreiningi sem uppi hefur verið milli Alþfl. annars vegar, sérstaklega ákveðinna þm. hans, og þm. Alþb.

Fyrsta megineinkenni viðreisnaráranna var að atvinnuvegir landsmanna sjálfra, sjávarútvegur, fiskiðnaður og almennur iðnaður, voru settir til hliðar. Þróunarstefna atvinnulífsins á Íslandi fólst ekki í þeim atvinnuvegum sem landsmenn höfðu sjálfir forræði yfir og byggðu á innlendum auðlindum. Togaraflotinn var látinn grotna niður. Fiskiðnaðurinn var látinn grotna niður. Og almennum iðnaði í landinu var teflt í þá tvísýnu, sem hann hefur verið í síðan, með inngöngunni í EFTA. Í staðinn hófst hér innreið erlendrar stóriðju, sem talin var framtíðarstefna íslensks efnahagslífs í krafti þeirra röksemda sem þá voru hafðar uppi af viðreisnarráðh., að innan 10 ára væri kjarnorkan orðin svo ódýr að ef við ætluðum að hagnast á vatnsorkunni, þá yrðum við á þeim tíma að hagnýta hana alla í þágu erlendra álverksmiðja.

Grundvallarágreiningur var annars vegar krafa um erlenda stóriðju, erlent fjármagn og erlenda rekstrarhagsmuni sem drifkraft í íslensku efnahagslífi og hins vegar krafan um uppbyggingu atvinnuvega landsmanna sjálfra, uppbyggingu fiskiskipaflotans, uppbyggingu

fiskiðnaðar og almenns iðnaðar. Þetta voru grundvallarátökin sem áttu sér stað á viðreisnarárunum.

Annað megineinkenni þessara ára var að þegar þessi atvinnustefna viðreisnarstjórnarinnar hafði fengið að bera ávöxt fram eftir áratugnum, þá hófst hér einhver mesti landflótti sem þekkst hefur í Íslandssögunni frá Ameríkuferðum. Þúsundum saman þurfti íslenskt launafólk að leita sér vinnu á Norðurlöndum og jafnvel í öðrum heimsálfum. Landflótti launafólks og sífelld hnignun innlendra atvinnuvega var sá raunverulegi árangur sem viðreisnartímabilið skildi eftir sig. (Gripið fram í.) Ja, mikil er trú þín kona, liggur mér við að segja, að ætla að kenna blessaðri síldinni um rökrétta afleiðingu þeirrar efnahagsstefnu sem mótuð var af viðreisnarherrunum og rökstudd löngu áður en ljóst var hvað mundi verða um síldina. Það er nefnilega ekki söguleg fölsun, heldur er það bókfast, að meira að segja hæstv. viðskrh. þeirrar ríkisstj. vildi mörgum árum áður en síldarstofninn var í hættu tengja Ísland við Efnahagsbandalag Evrópu, vegna þess að örlög þjóðarinnar ættu ekki að vera önnur en að vera smákæna sem hengdi sig aftan í stóra skútu. Það er velkomið að rifja það allt saman upp.

Staðreyndin er nefnilega sú, að allan þennan áratug börðust Alþb. og Framsfl. gegn þessari stefnu. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, að hann skuli hér koma upp og lýsa aðdáun sinni á þessari stefnu, vegna þess að kjarninn í því efnahagsfrv., sem Alþfl. hefur lagt fram, er einmitt að endurvekja þessa stefnu, að stefna innlendum atvinnuvegum landsmanna í stórfellda hættu og skapa hér slík samdráttareinkenni á vinnumarkaðnum að landflótti launafólks blasir í raun og veru við. Ég vil hæla hv. þm. Vilmundi Gylfasyni fyrir að vera þó sjálfum sér samkvæmur hvað þetta snertir. Það er alveg rétt hjá honum, þó að enginn annar af þm. Alþfl. hafi haft kjark til að orða það, að þetta fræga frv., sem lagt var fram, er einmitt frv. um viðreisnarstefnu, enda hefur leiðarahöfundur Alþýðublaðsins verið svo hreinskilinn fyrir nokkrum dögum að bjóða Framsfl. velkominn í hóp viðreisnarflokkanna, eins og það var orðað, þótt mér finnist nú satt að segja dálítið kaldhæðnislegt fyrir suma þm. Framsfl. að sitja undir því að vera boðnir velkomnir í þennan viðreisnarhóp, enda er það greinilegt samkv. yfirlýsingum sama þm., Vilmundar Gylfasonar, að Framsfl. hefur kunnað illa við sig í þessari viðreisnarvist og þessari viðreisnartrúlofun var slitið eftir hálfan mánuð.

Það er líka alveg rétt skilið hjá hv. þm., að við Alþb.-menn munum berjast áfram gegn því að viðreisnarstefnan verði innleidd hér á nýjan leik. Við munum berjast gegn því.

Það er athyglisvert að Alþfl., sem í síðustu kosningum hafði uppi mikil orð og stór um kerfisbreytingu, um nauðsyn þess að hreinsa til, hefur lagt fram efnahagsfrv. og lýst yfir stuðningi við frumvarpsútgáfu frá forsrh. sem felur ekki í sér neina hreinsun í efnahagskerfinu, sem felur ekki í sér neina atlögu við það mikla gróðabákn t. d. í innflutningsversluninni sem kostar þjóðina tugi milljarða í umframeyðslu á ári, felur ekki í sér neina tilraun til þess að takast á við hin öflugu og sterku braskaraöfl í þessu þjóðfélagi, felur ekki í sér neina tilraun til þess að útrýma í reynd þeirri marghátturðu spillingu í efnahagslífinu, sem hér hefur ríkt, með því að hreinsa til í ákveðnum stofnunum og ákveðnum valdastofnunum, þar sem sameiginlegir hagsmunir embættiskerfisins og gróðaaflanna hafa fengið að þróast.

Ég átti satt að segja von á því, að þegar þessi ríkisstj. tók til starfa mundum við fá stuðning frá hv. þm. Alþfl. í því að hreinsa til, í því að takast á við þetta gróðabákn, þessa gífurlegu yfirbyggingu spillingar og gróðasöfnunar sem hefur þróast í þessu þjóðfélagi. En það er greinilegt að áhuginn á þeirri kerfishreinsun virðist vera frekar lítill. Þegar lagt er fram frv., sem ekki snertir þetta vandamál, þá er bara hrópað húrra fyrir því á einum degi í þingflokki Alþfl. og talið að nú þurfi ekki frekar að gera neitt, nú sé komin efnahagsstefna til tveggja ára. Hreinsunina hefði kannske ekki átt að hefja fyrr en 1981?

Staðreyndin er sú, að eitt af því, sem gerir það erfitt að stjórna með Alþfl. í þessari ríkisstj., er sá hugmyndafræðilegi og hagsmunalegi tvískinnungur, sem greinilega þjáir flokkinn um þessar mundir. Í forustu flokksins í dag og í þingmannahópi hans eru áhrifaríkir menn sem í raun og veru aðhyllast ekki jafnaðarstefnu, ef dæma má af öllum þeirra málflutningi. Þeir aðhyllast frekar frjálslynda íhaldsstefnu í öllum efnahagsmálum og eru að nokkru leyti sjálfum sér samkvæmir hvað það snertir að reyna að hafa það sem meginmarkmið í sinni stjórnmálalegu starfsemi að heyja sér fylgi, slíkt frjálslynt íhaldsfylgi frá Sjálfstfl. Þessi afstaða birtist í þeim efnahagstillögum sem lagðar hafa verið fram. Hún birtist í lofsöngnum um viðreisnarárin. Hún birtist í þeim gífurlega fjandsamlegu yfirlýsingum gagnvart verkalýðshreyfingunni sem hér hafa komið fram í dag og komið hafa fram í skrifum frá sumum af þessum mönnum, eins og hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, og ekki nokkur sannur og einlægur sósíaldemókrat mundi láta frá sér fara á Norðurlöndum eða á meginlandi Evrópu. Ég held að það sé ein af tímaskekkjum ættarveldisins á Íslandi, að þessir ágætu menn hafa villst inn í Alþfl. Þeir eiga þar í raun og veru ekki heima, nema það sé tilgangur þeirra og ætlunarverk að breyta Alþfl. í frekar frjálslyndan íhaldsflokk og minnka Sjálfstfl. á þann hátt, taka í raun og veru við hlutverki Sjálfstfl. Kannske tekst þeim það, þótt nýjasta skoðanakönnun sýni að eitthvað miðar nú öfugt í því ætlunarverki.

Og þá er ég einmitt kominn að þessari skoðanakönnun sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði að hann tæki mark á — og ég geri það líka. Þótt ég hafi ýmsar efasemdir um skoðanakannanir af þessu tagi, þá sýna þær í stórum dráttum meginstrauma. En ég ætla aðeins ef ég má, að biðja hv. þm. að hugsa málið með mér áfram. Hann velti því lítið fyrir sér, hvernig stendur á því að á þremur mánuðum, frá desemberbyrjun og til marsbyrjunar, skuli fylgi Alþfl. samkv. þessari skoðanakönnun hafa minnkað um þriðjung. Fram að desemberbyrjun hélt Alþfl. fylgi sínu frá kosningunum. En hvað gerðist í desember., hvað fór að gerast í desember sem orsakaði þetta mikla fylgishrun Alþfl.? Jú, það er eitt sem stendur upp úr umfram allt annað. Alþfl. lagði fram þetta margfræga frv. um efnahagsmál og síðan þá hefur málflutningur Alþfl. ekki snúist um neitt annað en þetta frv. um efnahagsmál. Frá desember og til marsbyrjunar hefur þetta frv., sem hv. þm. Vilmundur Gylfason ásamt nokkrum öðrum skoðanabræðrum sínum samdi og talaði fyrir á flokksstjórnarfundi Alþfl. og lagði þar fram fyrir sína hönd og annarra vandamanna, verið kjarninn í öllum málflutningi Alþfl. Ef maður ætlar að leita orsaka á því fylgishruni Alþfl. um þriðjung sem virðist birtast í

þessari skoðanakönnun, ef maður telur hana marktæka, sem hv. þm. gerði, þá er alveg ljóst að það er fyrst og fremst þessi frumvarpsflutningur sem hefur breyst á þessu tímabili. Það eru hin stóru þáttaskil milli tímabilsins fram að desemberbyrjun og tímabilsins eftir desemberbyrjun, eða m. ö. o.: Það er þetta frv. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar sem hefur kostað Alþfl. tæplega þriðjung af því fylgi sem hann hafði í desember, vegna þess að það er í raun og veru engin önnur meginorsök sem maður getur leitað. Meðan Alþfl. fylgdi ráðleggingum okkar Alþb.-manna um áfangaaðgerðir í efnahagsmálum hélt hann fylgi sínu samkv. skoðanakönnuninni í stórum dráttum. En þegar Alþfl. fór að taka upp hina frjálsu íhaldsstefnu gömlu viðreisnaráranna og klæddi hana í frumvarpsbúning, þá fór hann að tapa fylgi, þá fór hann að hrapa niður á það stig sem hann var á viðreisnarárunum og tapaði, að því er virðist, allri þeirri viðbót sem kom með þessari endurnýjun. Af því að ég vil Alþfl. tiltölulega vel og af því að ég vil þetta ríkisstjórnarsamstarf áfram sem lengst, þá vil ég nú mælast til þess við hv. þm. og aðra þá, sem stóðu að þessu frv., að hugleiða í alvöru hvort það kynni ekki einmitt að vera að það sé þessi frumvarpsflutningur, sú stefna sem þar er boðuð um samdrátt, um atvinnuleysi, um kjaraskerðingu, sem hafi reynst Alþfl. svona dýr, öll þessi upphlaup, allar þessar dagsetningar, allar þessar tillögur, allir þessir svardagar í nafni þessa margfræga frv. hafi gert það að verkum, að þriðjungur af kjósendum Alþfl. segi nei og yfirgefi flokkinn. Og er það ekki eitthvað til að draga lærdóm af, ef hv. þm. vill taka mark á þessari könnun, að sá flokkur sem sagði skýrast og afdráttarlausast nei af stjórnarflokkunum við þessu frv., hann einn heldur sínu og bætir frekar við sig? Er það ekki yfirlýsing um það eða a. m. k. ábending um það, að stuðning við málflutning Alþb. sé frekar að finna meðal þjóðarinnar heldur en við það frv. sem Alþfl. hefur sett fram? Enn er ég nokkurn veginn viss um það, að þegar þjóðin hefur skilið, eins og hún hefur greinilega gert, hvað felst í þessu frv., þá hafnar hún þeim sem það flytja, vegna þess að þjóðin hefur lifað þetta, hún hefur reynt þetta. Hún er ekki skyni skroppin, hv. þm. getur varla ætlað henni það fyrst hann var reiðubúinn að leggja þetta frv. undir þjóðaratkv.

Ég vil vona að þessi könnun, sem hv. þm. lýsti að hann tæki mark á, verði Alþfl. tilefni til þess að hugsa alvarlega sitt ráð. Enn er tími til að breyta um skoðun, enn er tími til að hætta blindum átrúnaði á hagstýringartölur, sem eru ávísun á samdrátt, atvinnuleysi og kjaraskerðingu, og taka upp aftur fyrri þráð samstarfs við okkur Alþb.-menn um aðra tillögugerð, um virkt samstarf við samtök launafólks, í stað þessara hörðu orða í garð verkalýðshreyfingarinnar og forustu hennar sem hv. þm. hafði hér uppi.

Ég sagði það áðan, að varla trúi ég að nokkur jafnaðarmaður í löndunum hér í kringum okkur hefði haft uppi þau orð um verkalýðshreyfinguna og um stefnu forseta Alþýðusambands Íslands, hv. þm. Alþfl., Björns Jónssonar, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason gerði að umræðuefni hér í þingsölum fyrr í dag, þótt Björn Jónsson hafi ekki getað setið hér á þingi í vetur vegna veikinda. En þetta er ekkert nýtt. Þessi grundvallarágreiningur milli verkalýðsarmsins í Alþfl. og þess sem ég hef kallað Aragötuarmsins í Alþfl. er ekki nýr.

Fyrir nokkrum árum, ég held að það séu tvö ár síðan eða kannske þrjú næsta vor, flutti Björn Jónsson, forseti ASÍ, stefnuræðu 1. maí á Lækjartorgi. Þessi ræða varð hv. þm. Vilmundi Gylfasyni tilefni til þess að skrifa kjallaragrein þar sem hann hafnaði algjörlega þeim boðskap Alþýðusambandsins sem páv. forseti þess, Björn Jónsson, flutti. Neitunarorðið var: „Alþýðuvöld, nei takk, þá viljum við á Aragötunni fá að halda okkar". Einmitt þessi neitun á alþýðuvöldum, þessi neitun á hlutverki verkalýðshreyfingarinnar, þessi hatramma árás á verkalýðshreyfinguna í heild sinni, bæði skipulega og stefnulega séð, sem hv. þm. hefur haldið uppi, ekki bara nú í vetur, heldur líka fyrir nokkrum árum þegar hann tók upp þessa baráttu, er í raun og veru staðfesting á því, að sú stefna, sem hann aðhyllist, er íhaldsstefna af evrópskum skóla, en alls ekki sósíaldemókratisk jafnaðarstefna, eins og hún hefur verið framkvæmd í löndunum í kringum okkur. Það er gífurleg gjá, það er ótrúlega stórt bil á milli þess málflutnings, sem forustumenn Alþýðusambandsins ásamt Birni Jónssyni höfðu uppi, og þeirrar ræðu, sem flutt var hér fyrr í kvöld af hv. þm. Vilmundi Gylfasyni. Hann lýsti því stoltur yfir, að það hefði ekki verið málflutningur hans: „samningana í gildi", nei takk. Hann tók ekki undir með kröfu Alþýðusambands Íslands. Hann tók ekki undir mótmælaverkfall ASÍ og BSRB 1. og 2. mars. Hann gekk til vinnu. Þannig mætti fleira nefna.

Ég held þess vegna að það sé mjög mikilvægt, að þeir menn í Alþfl., sem eru raunverulegir alþýðusinnar, sem vilja alþýðuvöld í góðum og gegnum anda jafnaðarstefnu eins og hún hefur tíðkast best, átti sig á því, að það er verið að gera tilraun af ákveðnum forustumönnum Alþfl. til að breyta Alþfl. úr jafnaðarmannaflokki í frekar frjálslyndan íhaldsflokk, sem heyr sér fylgi í nafni þess að berjast gegn verkalýðshreyfingunni, berjast gegn samvinnuhreyfingunni og berjast yfirleitt gegn þeim meginsamtökum fólksins sem jafnaðarmannaflokkar á Norðurlöndum og í Bretlandi hafa yfirleitt stutt. Ég held — það er a. m. k. mín skoðun — að hv. þm. Vilmundur Gylfason sé að gera þetta vitandi vits. Hann veit ósköp vel hvað hann er að gera. Í hans huga er Alþfl. bara tæki. Hann er bara tæki sem á að nota til þess að knýja fram þessa breytingu, til að draga millistéttarfylgið, sem Sjálfstfl. hefur haft áður, inn í þessar nýju herbúðir og ætla sér svo að nota leifarnar af verkalýðsfylgi Alþfl., leifarnar af verkalýðsforustu Alþfl. til að koma þessu í kring. Um þetta snýst þessi pólitík að mínum dómi. Um þetta snúast öll þessi upphlaup í vetur. Um þetta snýst andstaðan við þessa ríkisstj., vegna þess að þessi ríkisstj. mun aldrei taka upp þá viðreisnarstefnu sem þessir heiðursmenn vilja fá fram, hún mun aldrei taka upp þá baráttu gegn verkalýðshreyfingunni sem hann hefur nú þegar krafist að ríkisstj. taki upp, og þannig mætti fleiri dæmi nefna. Þess vegna er það ósköp eðlilegt, að það sé dálítið óróasamt í stjórnarherbúðunum. Inni í þeim miðjum eru menn sem eru vitandi vits að afneita þeirri grundvallarstefnu sem vinstri stjórn á Íslandi hlýtur að byggjast á.

Um þetta mætti í sjálfu sér hafa mörg fleiri orð, en ég ætla ekki að gera það hér í kvöld. Ég gat ekki látið það hjá líða þegar Vilmundur Gylfason, hv. 7. þm. Reykv., hafði til þess hreinskilni og djörfung að koma hér og lýsa í einni ræðu í raun og veru kjarnanum í þeirri pólitík sem hann hefur verið að reyna að reka hér í allt haust og er greinilega enn að reyna að reka. Það er hins vegar mikill

misskilningur hjá honum, að þessi pólitík sé eitthvað ný. Af því að hann var að tala hér um ýmsa gamla karla, sem sætu hér á þingi, og nefndi til þess menn úr ýmsum flokkum, þá get ég sagt honum það, að þessi pólitík er miklu eldri en þessir menn. Þetta er í raun og veru pólitík íhaldsflokkanna í Evrópu á seinni hluta 19. aldar og ekkert annað. Það er engin ný hugsun í þessum málflutningi sem ekki má finna í málflutningi íhaldsflokkanna í Evrópu á seinni hluta 19. aldar. Þetta er í raun og veru svo stórt spor aftur á bak, að ég held að þjóðin mundi ekki trúa því ef henni væri sagt hve stór spor aftur á bak þessi pólitík í raun og veru þýðir. Hins vegar hefur hún verið klædd í tískulegan búning. Hún hefur verið „poppuð upp", eins og ég sagði hér fyrr í vetur. Hún hefur notað ýmis sniðug tæki, eins og prófkjörin og ýmislegt annað, fjölmiðlana síðast, en ekki síst til að koma þessu áfram.

Það er kannske mælikvarði á það, hve snjall pólitíkus hv. 7. þm. Reykv. í raun og veru er, að hann skuli þó hafa komist þetta langt áleiðis með þessa tilraun sína. En það skal hann vita, að við í Alþb. munum standa traust og fast gegn því, að þessari stjórn verði breytt í „viðreisnarstjórn". Við munum standa traust og fast gegn því, að fjandskapur við verkalýðshreyfinguna verði grundvallarregla í starfsháttum þessarar ríkisstj. Við munum standa fast og traust gegn því, að þessi ríkisstj. verði tæki til þess að koma í veg fyrir alþýðuvöld, vegna þess að við höfum ætlað þessari ríkisstj. að þoka þjóðinni eitthvað áleiðis að þeim alþýðuvöldum sem forseti Alþýðusambandsins, Björn Jónsson, talaði um 1. maí fyrir nokkrum árum og hv. núv. þm. Vilmundur Gylfason afneitaði síðan í blaðagrein nokkrum dögum síðar.

Það er hins vegar von mín, að ýmsir aðrir þm. Alþfl., sem ég veit að eru ekki fylgjandi þessari stefnu, taki á næstu dögum höndum saman með okkur öðrum þm. ríkisstjórnarflokkanna og komi í höfn efnahagsfrv. því sem ríkisstj. hefur unnið að, — komi í höfn frv. sem felur í sér kjarastefnu sem er í samræmi við hagsmuni launafólks, — frv. sem felur í sér atvinnustefnu sem í senn heldur áfram endurreisn íslensks atvinnulífs og skapar grundvöllinn fyrir raunverulegar lífskjarabætur og felur í sér stefnu sem þokar okkur áfram í því verki að rífa niður þá yfirbyggingu gróðaafla og spillingar, þau braskbákn sem þróast hefur í þessu landi. Um þetta snúast till. okkar Alþb.-manna. Um þetta snúast umr. innan ríkisstj. Ég vona, að þm. Alþfl. beri gæfu til þess að skilja það, þó ekki væri nema vegna þeirrar skoðanakönnunar sem ég og hv. þm. Vilmundur Gylfason höfum gert að umræðuefni hér í kvöld, að á meðan Alþfl. stóð með okkur hinum í ríkisstjórnarliðinu að þessu verki og hafði í heiðri þessarar grundvallarreglur, þá hélt Alþfl. sínu trausta fylgi, en við að „viðreisnarfáninn" var dreginn að hún, eftir að hv. þm. Vilmundur Gylfason hafði náð fram þeirri ætlun sinni að fá „viðreisnarfrv." samþ. á flokksstjórnarfundi Alþfl. fór Alþfl. að tapa. Þjóðin hefur þegar kveðið upp sinn dóm, ef marka má þessa könnun, dóm yfir þessu frumvarpsævintýri. Nú vona ég að hv. þm. Alþfl. dragi á næstu dögum lærdóm af þessum dómi og hugleiði að sú stefna, sem er farsælust fyrir raunverulegan Alþfl., er ekki gamaldags frjálslynd íhaldsstefna frá 19. öld, heldur sú stefna alþýðuvalda sem forseti Alþýðusambandsins, Björn Jónsson, mælti fyrir 1. maí fyrir tveim árum.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Við Háskóla Íslands eru kennd þjóðfélagsvísindi og ein greinin, sem kennd er í þeirri deild, fjallar um stjórnmálafræði. Við heyrðum nú síðasta klukkutímann eða svo sýnishorn af fyrirlestrum sem sjálfsagt eru haldnir í þessari deild Háskólans. Hér var um að ræða fyrirlestur og fræðilegar vangaveltur um það, af hvaða hvötum einstakir þm. flyttu till. sínar eða héldu uppi ákveðnum málflutningi. Hér voru miklar vangaveltur um það, af hvaða hvötum og af hvaða toga ákveðnar stefnur og sjónarmið væru sett fram af ákveðnum flokkum í þessu landi, og ég held að ef þetta sýnishorn er dæmigert um það, hvernig stjórnmálafræði er kennd við Háskólann, þá sé ekki von á góðu úr þeirri átt.

Ég get sagt hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni það, að við ungir sjálfstæðismenn, sem m. a. eigum sæti hér á þingi, erum eindregið fylgjandi því að opna skuli umr. í íslenskum stjórnmálum, en við vildum ekki opna þá umr. með því að heyra svona gamalkunnar „klisjur", svona vangaveltur, eins og fram komu í þessari ræðu, heldur viljum við að umr. sé raunverulega opin, hún sé hreinskilin og heiðarleg og að stjórnmálamenn séu í raunverulegu jarðsambandi við fólkið og það sem er að ske í kringum þá. Ég held að þessi ræða, sem var flutt áðan, sé besta staðfestingin á því, hvers vegna þessi hv. þm. hefur komið við í a. m. k. þremur stjórnmálaflokkum.

Hv. þm. Ólafur Ragnar hefur tamið sér ákaflega sérstæðan ræðustíl. Hann gefur sér fyrst forsendur, yfirleitt rangar forsendur, og eyðir síðan löngu máli í að draga af þeim ályktanir, auðvitað líka rangar ályktanir. Hann vék lítillega að þeirri skoðanakönnun, sem Dagblaðið birti í dag, þar sem fram kemur að Alþfl. hefur tapað umtalsverðu fylgi, en Alþb. stendur nokkurn veginn í stað. Hann vekur athygli þeirra Alþfl.-manna réttilega á því, að þetta tap Alþfl. stafi fyrst og fremst af því að þeir hafi haldið uppi vitlausum málflutningi og röngum tillögubúningi. Og ég held að það sé rétt niðurstaða hjá Dagblaðinu, að Alþfl. sé búinn að dæma sig sjálfur í þá stöðu sem þessi skoðanakönnun sýnir. Fólkið er búið að sjá að Alþfl.-menn og fulltrúar þess á þingi eru spjátrungar, lýðskrumarar sem ekki er hægt að taka mark á.

En Alþb. stendur í stað samkv. þessari skoðanakönnun. Ég vil aðeins segja að ég held að skýringin sé á því sú, að þm. Alþfl. hafa haft of hátt hér í þinginu. Þeir hafa haldið svo margar ræður að aðrir hafa ekki komist að, og m. a. hefur hv. þm. Ólafur Ragnar því miður ekki komist að sem skyldi. Nú ætla ég að beina þeirri velviljuðu ábendingu til þeirra Alþfl.-manna, að þeir hægi nú aðeins á sér, minnki nú aðeins ræðuflutninginn svo að hv. þm. Ólafur Ragnar komist sem oftast að, vegna þess að ég held að eftir því sem hann heldur fleiri ræður af því tagi sem hann flutti áðan muni fylgi Alþb. hrynja niður og verða nokkurn veginn það sama og fylgi Alþfl. er nú samkv. þessari skoðanakönnun.

Hv. þm. Ólafur Ragnar ruglar saman mjög einföldum hugtökum. Hann t. d. ruglar saman orðum eins og „tilgangi" og „tilefni". Hann sneri út úr orðum hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur með þeim hætti áðan. Hún var að tala um það, hvert væri tilefni þess að sjálfstæðismenn flyttu þessa till. sem er nú á dagskrá. Tilefni þessarar till. er einmitt sá málflutningur og sundrung og þau ummæli sem stuðningsmenn þessarar stjórnar hafa viðhaft undanfarna daga og vikur, og tilefnið er m. a. sú till. sem hv. þm. Vilmundur Gylfason flutti fyrir nokkrum dögum

um þjóðaratkvgr. Þetta er tilefnið. En tilgangurinn er allt annar og tilgangur er ekki sama og tilefni. Og nú skal ég svara spurningu hv. þm., þegar hann spyr hver sé tilgangurinn með þessum tillöguflutningi. Það liggur ljóst fyrir. Tilgangur okkar sjálfstæðismanna er að upplýsa þjóðina um það ástand sem ríkir núna innan ríkisstj. og þeirra flokka sem styðja hana, upplýsa þjóðina um þá sundrungu sem ríkir um þau veigamestu mál, efnahagsmálin, sem nú eru efst á baugi, og það er tilgangur okkar að gefa þessum flokkum, sem nú standa að ríkisstj., tækifæri til þess að leggja stefnu sína eða stefnuleysi í dóm þjóðarinnar, þannig að hún geti sjálf tekið ákvörðun um það, hvort hún vilji að þessir menn stjórni áfram eða ekki. Og ef ástandið er svo gott sem t. d. hæstv. iðnrh. gaf í skyn í gær og reyndar fleiri hæstv. ráðh. gerðu, hvers vegna eru þeir þá hræddir við að leggja stefnu sína undir dóm þjóðarinnar? (Gripið fram í.) Ekki eru þeir mjög áhugasamir um að samþ. þessa till., enda þótt öllum sé ljóst hvernig ástandið er innan ríkisstj., og kem ég betur að því á eftir.

Kosningaúrslitin frá því í sumar eru flestum, ef ekki öllum í mjög fersku minni. Þáv. stjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., urðu fyrir verulegu áfalli. Þetta áfall eða þessi úrslit hafa verið túlkuð á þann veg, að fólk hafi verið að hafna þeim till. og þeim tilraunum, sem þessir flokkar gerðu varðandi efnahagsmál, og það má vissulega taka undir þau rök. Það má vel vera að það sé rétt ályktun af þessum úrslitum, að fólk hafi verið að lýsa yfir óánægju sinni með vanmátt fráfarandi ríkisstj. til þess að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Fólk var líka sjálfsagt að mótmæla þeim lögum sem sett voru á síðasta ári, sem kölluð eru febrúarlög og að einhverju leyti a. m. k. skertu kjarasamninga. Við sjálfstæðismenn höfum aldrei mótmælt því, að þessi lög hafi m. a. falið þetta í sér, en við reyndum án árangurs að útskýra að þessi skerðing kæmi til góða þegar til lengdar léti og hún hefði umtalsverð áhrif í baráttunni gegn verðbólgunni. Við sjálfstæðismenn getum vel fallist á að þessi lög hafi ekki verið nægilega víðtæk, þau hefðu kannske átt að ná til fleiri atriða, og við getum líka viðurkennt að okkur hafi ekki tekist nægilega að útskýra tilgang þessara laga. Þetta rifja ég upp til þess að benda á að á sama tíma sem þetta var áfellisdómur yfir fráfarandi ríkisstj., og þetta var ein höfuðástæðan fyrir því að núv. stjórnarflokkar, m. a. Alþfl. og Alþb., unnu umtalsverðan sigur, þá stendur um það aðaltogstreitan innan þessarar ríkisstj., hvort eigi að ganga nokkurn veginn sömu leið efnislega og fyrri ríkisstj. fór með febrúarlögunum frá 1978.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð bundu margir nokkrar vonir við hana. Þær vonir byggðust fyrst og fremst á því, að af hálfu Alþfl. höfðu valist margir ungir menn sem höfðu haft uppi nýjan tón í íslenskum stjórnmálum, höfðu haft uppi djarflegar hugmyndir um það, hvernig ætti að takast á við vandamálin. Og þeir töluðu vissulega af nokkurri einurð, sem skal virt og metið. Enn fremur byggðu menn nokkrar vonir á því, að Alþb. gekk til stjórnarsamstarfs við aðra flokka, en Alþb. á vissulega nokkur ítök í verkalýðshreyfingunni. Það var því ekki að ófyrirsynju að menn gerðu ráð fyrir því, að þessi ríkisstj. gæti staðið við fyrirheit og loforð um að grípa til langtímaráðstafana í efnahagsmálum sem raunverulega hefðu áhrif í baráttunni gegn verðbólgunni. Og ég vil taka það fram, að enda þótt ég hafi núna sest á þing sem stjórnarandstæðingur, þá gerði ég mér vonir um að þessari ríkisstj. yrði ágengt í baráttu sinni og hún fengi nokkru áorkað, ekki vegna þess að ég vildi þessari ríkisstj. sérstaklega vel, heldur vegna þess að ég vil þessari þjóð vel og ég vil gjarnan að við náum verðbólgunni niður og þá skiptir minna máli kannske hver á í hlut. Með hliðsjón af þessum vonum og með hliðsjón af þeim staðreyndum, sem ég hef nú verið að tala um, og mögu-leikum þessarar stjórnar, sem vissulega voru allmiklu meiri en t. d. fráfarandi stjórnar af ástæðum sem ég skal ekki rekja núna, þá hefur það valdið gífurlegum vonbrigðum meðal alls almennings að þessi ríkisstj. hefur hvað eftir annað gripið til margvíslegra bráðabirgðaráðstafana, og við skulum ekkert vera að orðlengja það eða snúa út úr því, að allt, sem skeð hefur í efnahagsmálum og efnahagsaðgerðum fram að þessu, eru bráðabirgðaaðgerðir. Það er aftur og aftur gripið til þeirra. Ég ætla ekki að fara að telja upp allar þær dagsetningar, allar þær ráðstafanir sem upp hafa komið frá því að þessi ríkisstj. var mynduð, það hefur margoft verið gert í þessari umr.

En nú spyrja menn til hvers sjálfstæðismenn séu að leggja fram till. núna um þingrof og nýjar kosningar, hvort eitthvert tilefni sé til þess. M. a. sagði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson áðan: Það er bókstaflega ekkert upp á þessa ríkisstj. að klaga. Það er allt saman í stakasta lagi. — Þá er kannske ástæða fyrir mig til þess að draga fram frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Menn minnast þess, að um þessar ráðstafanir stóðu miklar deilur innan ríkisstj., en að lokum var þetta frv. lagt fram og þó sérstaklega var grg. með þessu frv. lögð fram. Það þóttu einna merkust tíðindi í stjórnarherbúðunum hvað stóð í grg., og m. a. gat hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir um það fyrr í umr., að þessi grg. væri það merkilegasta sem fram hefði komið frá þessari ríkisstj. fram að þessu. Og hvað stendur þá í þessari grg.? Ég ætla ekki að fara að lesa hana alla upp, en aðeins nefna örfá veigamestu atriðin. Hér segir í 1. lið:

„Stefnt verði að því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að verðlags- og peningalaunahækkanir 1. mars 1979 verði ekki meiri en 5%."

Hefur verið staðið við þetta? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, segir hv. þm. Það er rétt, það hefur ekki verið staðið við það.

Í öðru lagi: „Leitast verði við að ná svipuðum markmiðum fyrir önnur kaupgjaldsbreytingatímabil á árinu 1979, þannig að verðbólgan náist niður fyrir 30% í lok ársins."

Má búast við að við þetta verði staðið? Verður þetta efnt? Hv. þm. svarar ekki, en ég skal svara fyrir hann. Nei, það liggur auðvitað ljóst fyrir, að það er útilokað að ná þessum markmiðum og ná verðbólgunni niður fyrir 30%, einmitt með hliðsjón af því að það tókst ekki að grípa til réttra aðgerða fyrir 1. mars. Þetta hvort tveggja helst í hendur.

Í þriðja lagi: „Vísitöluviðmiðun launa verði breytt fyrir 1. mars 1979 að höfðu samráði við fjölmennustu heildarsamtök launafólks. Gert er ráð fyrir því, að vísitölunefnd skili till. fyrir 15. febr., sem unnt verði að byggja á í þessu sambandi. M. a. verði athuguð viðmiðun við viðskiptakjör og fleira."

Samkv. þessu átti að breyta vísitöluviðmiðun fyrir 1. mars 1979. Allir vita að þetta hefur ekki verið gert. Það var gert ráð fyrir að vísitölunefndin skilaði till. fyrir 15. febr. Það var auðvitað aldrei gert. Nú er svo komið að

forsrh. bókstaflega rak þessa nefnd frá störfum.

Í fjórða lagi segir í upptalningu í grg. með frv. ríkisstj. varðandi efnahagsaðgerðir 1. des.: „Skattalög verði jafnframt endurskoðuð til þess að tryggja aukið réttlæti í skattlagningu. Beinir skattar af almennum launatekjum og þá sérstaklega tekjuskattur og sjúkratryggingagjald verði lækkaðir á næsta ári.“

Hefur þetta verið gert? Nei, það hefur svo sannarlega ekki verið gert. Og svo kemur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hingað upp í stólinn og segir að allt sem við sjálfstæðismenn séum að tala um, sé markleysa. (**Gripið fram í:** Rétt.) En ef það er nú rétt, hv. prófessor Ólafur Ragnar Grímsson, þá er spurningin þessi: Hafa skattalög verið endurskoðuð til þess að tryggja aukið réttlæti í skattlagningu? Hafa tekjuskattar verið lækkaðir? Ef þm. eru það ósvífnir að fara bæði með ósannindi uppi í ræðustólnum og eins úti í sal, þá hætti ég að beina til þeirra spurningum og þá hætti ég að hlusta á þá þegar þeir tala, því að sannleikurinn er auðvitað sá, að í stað þess að efna þetta loforð, sem þarna er tekið fram, hafa skattar verið hertir og tekjuskattar verið hækkaðir á almennar launatekjur. Aðrir skattar hafa verið hækkaðir líka, t. d. vörugjald, svo að eitthvað sé nefnt. Ég gæti, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar, fjallað hér um skattamálin í alla nótt og ég er tilbúinn í þá umr. Á þessu stigi málsins skal ég ekki orðlengja þetta frekar vegna þess að það er margstaðfest, m. a. af hæstv. forsrh. hér í ræðustól fyrir nokkrum dögum og liggur fyrir í Alþingistíðindum, að almennir tekjuskattar hafa hækkað, að skattlagning hefur aukist. T. d. snertir ein ósvífnin varðandi þessa skattlagningu m. a. fyrirtæki, en í frv. þessarar ríkisstj. til fjárlaga, sem lagt var fram í haust, var sérstaklega tekið fram, að ekki væri unnt að leggja frekari skatta á fyrirtækin vegna þess að þau hefðu ekki bolmagn til þess að rísa undir þeirri skattálagningu. Nokkrum vikum eða mánuðum seinna eru skattar vísvitandi stórkostlega hækkaðir á allan atvinnurekstur í landinu. Svo kemur hv. þm. Ólafur Ragnar og hælist um af öllu saman!

Allt það, sem ég er búinn að nefna núna og lesa upp úr grg. með 1. des. frv., er staðfesting á því, að ríkisstj. hefur ekki staðið við þau aðalloforð sem hún hefur gefið, og þetta eitt, sem talið er þó eitt merkilegasta framlag þessarar ríkisstj., þ. e. þessi grg., — þetta eitt, sem ég hef *núna sýnt fram á að hefur verið vanefnt, undirstrikar og* réttlætir að sjálfsögðu fullkomlega framlagningu þeirrar till. sem við sjálfstæðismenn höfum lagt fram um þingrof og nýjar kosningar.

Ég vil leyfa mér að koma með aðra tilvísun til upprifjunar. 21. des. fóru fram umr. utan dagskrár hér í þinginu. Þá höfðu átt sér stað haträmm átök eins og fyrri daginn innan ríkisstj. og spurningin var þá sú, hvort Alþfl. mundi greiða atkv. með fjárl. eða hvort ríkisstj. mundi springa vegna þess að ekki næðist samstaða um þau. Þá fann Alþfl. útgönguleið sem m. a. byggðist á þeirri grg. sem ég var að vitna til áðan, og formaður flokksins, hæstv. utanrrh. Benedikt Gröndal, kvaddi sér hljóðs utan dagskrár og las upp ályktun, yfirlýsingu sem samþykkt hafði verið af flokksstjórn Alþfl., eftir því sem mér skilst, og þingflokkurinn að sjálfsögðu tók við og hugðist fylgja fast eftir. M. a. sagði í þessari yfirlýsingu formanns Alþfl.:

„Áframhaldandi stjórnarsamstarf Alþfl. er bundið því, að eigi síðar en 1. febr. hafi ríkisstj. lokið gerð lagafrv. um samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu til a. m. k. tveggja ára. Það frv. verði lagt fyrir flokksstjórn Alþfl., er þá tekur ákvörðun um framhald stjórnarsamstarfsins. Flokksstjórnin telur að efnahagsástandið fram undan sé svo viðsjárvert að *framkvæmd samræmdrar langtímastefnu* þoli ekki lengri bið.“ — Svo stór voru þau orð.

21. des. lýsir sem sagt formaður Alþfl. yfir skýrt og skilmerkilega, að áframhaldandi stjórnarsamstarf Alþfl. sé bundið því, að eigi síðar en 1. febr. hafi ríkisstj. lokið gerð lagafrv. um samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu. Nú er kominn 8. mars og enn er verið að tala um að gefa þessari ríkisstj. frekari fresti. Enn eru Alþfl.-menn að leggja fram nýjar dagsetningar sem miðast við 17. mars og 20. apríl. Og svo eru menn hissa á því, að stjórnarandstaðan hér á Alþ. leyfi sér að leggja fram till. um þingrof og nýjar kosningar! Ætlast þessir menn alls ekki til að það sé tekið mark á þeim? Sú spurning er auðvitað orðin harla áleitin bæði fyrir þing og þjóð. Það er bókstaflega ekkert upp á þessa ríkisstj. að klaga, segir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Það er nákvæmlega ekkert að. Þetta er allt saman í stakasta lagi. — En þá spyr ég: Til hvers eru ráðh., ríkisstj. og flokkarnir, sem standa að þessari ríkisstj., að eyða tímanum, nótt sem degi, viku eftir viku í að semja alls kyns lagafrv.? Til hvers var Alþfl. að leggja fram í Alþýðublaðinu fyrr í vetur frv. um jafnvægisaðgerðir í efnahagsmálum og krefjast þess, að það yrði samþykkt á undan eða jafnhliða fjárlagafrv.? Var það vegna þess að allt væri í stakasta lagi? Til hvers var hæstv. forsrh. að standa upp í þinginu og lýsa því yfir, lofa því, að samið yrði nýtt frv. sem lagt yrði fram fyrir 1. febr., ef allt var í góðu lagi? Til hvers þurfti að leggja fram slíkt frv.? Til hvers var Alþb. að semja álitsgerð um efnahagsmál í tugum liða nú einhvern tíma um jólaleytið, ef ekkert var að? (Gripið fram í.) Einmitt. En engu að síður sá þessi flokkur ástæðu til þess að leggja nokkra vinnu í að búa út slíkar till. Framsfl. pússaði rykið af stefnuskrá sinni. Allt var þetta lagt inn til ríkisstj. sem skipaði síðan þriggja manna ráðherranefnd. Hvað gerir sú ráðherranefnd? Hún lagði nótt við nýtan dag til þess að semja sérstakt samkomulag og sérstakar till. til þess að leggja fyrir ríkisstj. fyrir 1. febr. Það voru svo mikil tíðindi, að sjónvarpið dreif sig niður í rn. til þess að taka mynd af mönnum og láta þá lýsa því yfir, að þessar till. mörkuðu tímamót í efnahagsmálum á Íslandi. Það var *hvorki meira né minna, alger tímamót!* Og til hvers var það gert, ef allt var í stakasta lagi, bókstaflega ekkert upp á þessa ríkisstj. að klaga?

Þarna eru nú komin, að ég hygg, fjögur eða fimm frv. Sjötta frv. var frv. Ólafs Jóhannessonar sem þeir Alþfl.-menn hafa sérstakt dálæti á um þessar mundir. Og enn berast tíðindi um að Alþb. hafi lagt fram nýtt frv. til l. innan ríkisstj.

Og þá kem ég að því sem hv. þm. Ólafur Ragnar talaði um áðan, að það ætti að hafa umr. opna og djarfa. Hann bar sérstakt lof á samherja sína í ríkisstj. fyrir einurð, djörfung og hreinskilni, þeir létu allt flakka og segðu frá bókstaflega öllu, sem þeir hefðu skoðanir á, og yfirleitt létu þeir ekkert færi sér út greipum ganga til þess að bítast í þinginu um hin smávægilegustu mál. Það hefur verið svo í þingsölum í vetur, að ekkert mál hefur komið inn í þingið öðruvísi en stjórnarsinnar hafi staðið upp og rifist um þau mál. En hv. þm. Ólafur Ragnar taldi það lofsverðast við þennan nýja tón, þessa nýju menn hér á þingi, hvað þeir væru hreinskilnir og opnir og þeir hefðu *svipt hulunni* — þessari leyndardómshulu — af öllum

málum. Ég las þó ekki betur í blöðunum um daginn — og ég bið hæstv. iðnrh., sem ég sé að er eini Alþb.-maðurinn hér inni í augnablikinu, um að vitna með mér um það — en að þingflokkur Alþb. mundi samkv. áreiðanlegum blaðafrásögnum í Þjóðviljanum hafa samþykkt að þetta nýjasta frv. þeirra væri trúnaðarmál. Ég tek þögn hæstv. ráðh. sem samþykki við þessum ummælum mínum, enda fer hann varla að mótmæla því sem í Þjóðviljanum segir. Algert trúnaðarmál! Það mátti ekki spyrjast út hvað stæði í þessu frv. Þetta frv. var nr. 7. Það hefur haft þau áhrif, að manni skilst, að forsrh. er búinn að leggja fram nýja till. í ríkisstj. sem m. a. felur í sér sérstaka framkvæmdanefnd, sem þeir kalla „Rauðku", og ýmislegt fleira, sem er væntanlega þá frv. nr. 8. Og nú hefur hann gefið yfirlýsingar um það í fjölmiðlum, að í næstu viku verði lagt fram frv. á Alþ. Það teljast nú sérstök tíðindi að frv. skuli komast inn á Alþ. Þessu fagna þeir Alþfl.-menn alveg sérstaklega, og nú segja þeir að það skuli þrautreyna hvort þetta frv. nái fram að ganga eða ekki. Þeim er alveg hjartanlega sama hvað stendur í þessu frv., enda hefur þessi frv.-leikur allur verið þannig, að það skiptir nánast engu máli hvað stendur í þessum frv. Þetta er bara orðaleikur og einhverjar skylmingar innan ríkisstj. um það, hvort þetta ákvæði eigi að vera svona eða hinsegin. Við höfum fengið ítarlegar lýsingar á þessum skylmingum, m. a. frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni í fróðlegri ræðu fyrir 2—3 dögum.

Ég vil taka undir þau ummæli sem hv. þm. Einar Ágústsson viðhafði fyrr við þessa umr., að þetta er endalaus grautargerð, þetta er lífshættuleg fæða, svo að ég noti hans orð. Þessi moðsuða, sem þarna á sér stað, er slík að þjóðinni blöskrar. Það er skylda stjórnarandstöðunnar að vekja athygli á þessu ráð- og dáðleysi ríkisstj., og það er skylda stjórnarandstöðunnar að krefjast þess, að þjóðin fái að kveða upp sinn dóm um þessi vinnubrögð.

Verðbólgan hefur verið og er langsamlega stærsta vandamál stjórnmálanna á Íslandi. En það er margt fleira sem við stjórnmálamenn erum að kljást um. Hér er verið að fjalla um landbúnaðarmál, vaxtamál, orkumál o. s. frv., o. s. frv. Um þessi mál öll er meiri og minni ágreiningur, djúpstæður ágreiningur innan stjórnarflokkanna, og maður veltir fyrir sér á hverjum degi hvernig raunverulega standi á því, að þessir flokkar hafi yfirleitt myndað stjórn og hvers vegna þeir séu að hanga saman þegar löngu er orðið ljóst, þeim er orðið mjög ljóst öllum saman, að það er ekki samstaða um nokkurt mál, nema með einhverjum úrslitakostum og þvingunum á báða bóga. Niðurstaðan er auðvitað sú, að það eina, sem heldur þessari ríkisstj. saman, eru völdin. Það eru möguleikarnir til þess að fá að ráða. Það eru sem sagt verðbólgukarlarnir, kerfiskarlarnir og þrýstihópar nir sem öllu ráða um þessar mundir, en ráðh. sitja aðeins vegna þess að þeir geta hrært í pottinum. Þeir sitja við kjötkatlana og njóta góðs af því um stundarsakir.

Ég tók fram áðan að Sjálfstfl. vildi fyrir sitt leyti stuðla að því, að okkur Íslendingum tækist að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Ég held að Sjálfstfl. sé tilbúinn að gera það, hvort sem hann situr í stjórn eða er utan stjórnar. Við sjálfstæðismenn hikum ekki við að segja, að í því frv., sem er kennt við Ólaf Jóhannesson og hann hefur lagt fram í fjölmiðlum, er margt gott og margt af því getum við með góðu móti stutt. En við getum að sjálfsögðu ekki stutt frv. eða till. sem ekki eru lagðar fram í þinginu. Við efumst líka um að það sé rétt af lögþingi þjóðarinnar, af þeim mönnum sem eru kosnir til þess að stjórna og ráða, að þeir séu bundnir í báða skó, þeir séu háðir því að fá samþykki fyrir úrræðum einhvers staðar úti í bæ. Þessi ríkisstj. hefur haft stór orð um að nauðsynlegt sé að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna. Alþfl.-menn hafa talað um kjarasáttmála. Ef ríkisstj. eða einhverjir flokkanna, sem standa að henni, manna sig upp í það að leggja fram frv. sem á að taka á verðbólgunni og á að vera langtímaráðstafanir í efnahagsmálum, þá verður auðvitað að standa eitthvað í því frv. sem bitastætt er, eitthvað sem skiptir einhverju máli. Ef frv. er lagt fram í þeim búningi sem hæstv. forsrh. hefur kynnt það í og miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur mótmælt, þá er það frv. lagt hér fram og það væntanlega samþykkt eða því synjað án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Það er Alþfl. auðvitað að biðja um núna, að þetta frv. sé lagt fram, þó að hann viti að Alþýðusambandsstjórnin, eða a. m. k. meiri hl. ASÍ-stjórnarinnar, sé andvígur þessu frv. og þá spyr maður náttúrlega sjálfan sig: Hvað er orðið af kjarasáttmálanum? Hvað er orðið að samráðunum? Hvað er orðið af samningunum í gildi? Og eru þeir þá ekki að gera það sama og fráfarandi ríkisstj. gerði tilraun til, að leggja fram till. sínar og úrræði um lausn á vandanum í samræmi við samvisku sína og eftir því sem þeir telja sannast og réttast? Ef þetta frv. verður hins vegar lagt fram þannig að allar tennur verði dregnar úr því og farið að vilja þeirra Alþb.-manna og meiri hl. verkalýðsforustu innan ASÍ, breytir það nákvæmlega engu í baráttu okkar gegn verðbólgunni. Þá verður það bara eitthvað um ekki neitt.

Herra forseti. Nú velta menn því mjög fyrir sér, hvað muni ske á næstu dögum. Verður haldið áfram í þeim hringleikhúsasýningarleik, eins og hv. þm. Einar Ágústsson orðaði það, þar sem þeir stjórnarandstæðingar eyða mestum tíma í innantómt karp og fræðilegar vangaveltur um af hvaða ástæðum þeir skrifi hinar og þessar greinar eða greiði atkv. í einu eða öðru málinu, eða verður á næstu dögum raunverulega tekist á við þann vanda sem blasir við? Þessari spurningu get ég ekki svarað frekar en aðrir, en ég held að allar líkur séu á því, að Alþfl. renni á rassinn einu sinni enn, hann verði að viðundri einu sinni enn, hann kokgleypi allar sínar fyrri yfirlýsingar, hann láti undan þrýstihópunum, kerfiskörlunum, verðbólgubröskurunum og samþykki að hér sé eitthvert frv. keyrt í gegnum þingið til málamynda — frv. sem tekur raunverulega ekki á neinum vanda.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason tók það fram mjög hróðugur í ræðu sinni fyrr í dag, að hann hefði ekki tekið eftir því í Morgunblaðinu að vitnað væri til ummæla krata fyrir og eftir kosningar í sambandi við samningana í gildi. Ég held að það eigi við um ummæli kratanna hvað önnur mál varðar, því að sannleikurinn er sá, að andrúmsloftið er orðið þannig, viðhorf almennins er orðið þannig, að hann tekur ekkert mark á því sem Alþfl. segir, hvorki því, sem hann sagði fyrir kosningar, né heldur því, sem hann segir eftir kosningar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Mönnum hefur orðið nokkuð tíðrætt um skoðanakönnun sem birt var í dag, og það er rétt, að samkv. henni er hlutur Alþfl. nokkru minni en áður var. En það breytir ekki því, að við erum í engu hræddir við að leggja mál í dóm kjósenda. Við erum

þar hvergi hræddir hjörs í þrá. Við stöndum á því sem við sögðum fyrir kosningar. Við stöndum á því að berjast gegn verðbólgunni, að ná verðbólgunni niður. En það hefur á stundum verið erfið staða í þessari þríhöfða ríkisstj.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson notaði mjög áðan orðin „traust og fast". Það sem Alþb. hefur helst gert í þessari ríkisstj. er kannske að standa traust og fast gegn því að eitthvað af viti væri gert til að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Þannig hefur Alþb. staðið. En hvar hefur Sjálfstfl. staðið? Hann hefur staðið utan við, hann hefur staðið fyrir sunnan sól og austan mána, eins og þeir, sem fylgjast með stjórnmálaumr., gera sér mætavel grein fyrir og málflutningur þeirra í kvöld ber raunar vitni um. Við erum ekki hræddir við að leggja mál í dóm kjósenda, þegar það er tímabært.

Þessi till., sem hér er til umr., segir auðvitað meira um þá, sem hana flytja, en þá, sem henni virðist helst beint gegn. Maður skyldi ætla að hjá flokki, sem áður fyrr var sterkur, hafði sterka forustu, fylgdi hugur máli þegar fjallað er um jafnalvarlegt mál og mikilsvert og till. um þingrof og nýjar kosningar hlýtur að vera. En það er nú aldeilis eitthvað annað. Það er til marks um málafylgjuna og af hve miklum þunga stjórnarandstaðan fylgir þessu máli eftir, að lengi kvölds í gærkvöld var það svo hér, að ekki einn einasti þm. Sjálfstfl. var á þessari hæð þinghússins og ræðumenn flokksins voru fljótir héðan úr salnum um leið og þeir höfðu lokið máli sínu. Og það leynir sér ekki, að það á að fylgja þessu eftir af þeirri hörku og þeirri markvissu einbeitni sem Sjálfstfl. hefur verið svo lagin í þessari stjórnarandstöðu, og væntanlega verða örlög þessarar till. líka í samræmi við það. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að hér er verið að berja í brestina og loksins er fundið eitt mál sem þingflokkur Sjálfstfl. gat sameinast um, till. um þingrof og nýjar kosningar til að hylja þverbrestina sem nú eru að liða þennan landsins stærsta flokk í sundur — flokkinn þar sem heimilisbölið er að verða þyngra en tárum taki að mati margra flokksmanna.

Ég get verið heldur fáorður um afstöðu mína til þessarar till. Ég mun greiða atkv. gegn henni, vegna þess að með því greiði ég atkv. gegn því að hér taki við tímabil stjórnleysis sem enginn veit hversu langt yrði, þar sem verðbólgan mundi æða áfram óheft. Líklega er það það sem Sjálfstfl. vill. Það má vel vera að komi til þess fljótlega að gengið verði til nýrra kosninga, en það verður þá líka að vera fullreynt að hér sé ekki meiri hl. fyrir aðgerðum til frambúðar í baráttunni við verðbólguna, fyrir efnahagsaðgerðum til lengri tíma en horft hefur verið að undanförnu. Það verður og hlýtur að verða að fullreyna áður en þing er rofið og efnt til nýrra kosninga. Þessi till. er þess vegna í senn bæði ótímabær, óhugsuð og hin ógæfulegasta í alla staði. En því er ekki að neita, að það hefur reynt á þolrifin hjá þeim sem styðja þessa stjórn, og þar er nú áreiðanlega að flestra dómi að verða fullreynt og skammt í það að til úrslita dragi á annan hvorn veginn, því auðvitað sjá allir að svona getur ekki gengið miklu lengur.

Það hefur skapast samstaða með Alþfl. og Framsfl. um ýmis veigamikil atriði efnahagsaðgerða til að draga úr verðbólgu og stuðla að framförum í þjóðarbúskapnum, eins og það hefur verið kallað. En Alþb. er samt við sig og við sama heygarðshornið og heykist á því að taka ákvarðanir sem gætu hugsanlega bakað einhverjar óvinsældir. Það virðist í eðli þess flokks að þora ekki að taka ákvarðanir, heldur á að halda áfram endalausu þvargi, endalausum samningum fram og til baka um þessi sömu mál aftur og aftur þangað til þeim kynni að þóknast að hætta.

Það var talað áðan um hina frjálsu og opnu umr. Það gerði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Hv. þm. Ellert B. Schram vék að því líka. Það er staðreynd að síðustu till. Alþb. í efnahagsmálum höfum t. d. við þm. Alþfl. ekki séð. Þær eru trúnaðarmál. Það getur vel verið að það liggi einhverjar ástæður því til grundvallar, en þá eiga menn líka að haga orðum sínum á annan veg en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði áðan. Það er nefnilega svo, að það samrýmist ekki stefnuskrá Alþb. að takast á við erfiðleika. Þess vegna hefur ferill þessarar ríkisstj. verið eins og raun ber vitni. Þessu verða menn, held ég, að gera sér grein fyrir, að það samrýmist ekki stefnuskrá Alþb. að vera í stjórn þegar við erfiðleika er að etja.

En nú hlýtur að vera komið að lokaprófi þessarar ríkisstj., það er a. m. k. mín skoðun. Í því sambandi er kannske ástæða til þess að rifja upp ummæli hæstv. forsrh. frá því í umr. í Sþ. utan dagskrár 14. febr. Þá sagði hæstv. forsrh. orðrétt, með leyfi forseta, þegar hann ræddi um margnefnt frv. um stjórn efnahagsmála:

„Afstaðan til þess máls og frv. gæti orðið nokkur prófsteinn á það, hvað menn meina með þessu tali, og það er kannske kominn tími til að láta á það reyna, hver alvara býr að baki öllu talinu um skaðsemi verðbólgu og nauðsyn þess að draga úr henni."

Og hæstv. forsrh. lét ekki þar við sitja. Hann ítrekaði þessi ummæli sín þegar næsta dag er hann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Eins og ég held að ég hafi sagt í gær tel ég að viðbrögð þings og þjóðar við þessum till. verði nokkur prófsteinn á það, hvað menn meina og hafa meint að undanförnu þegar þeir hafa verið að tala um þá geigvænlegu hættu sem stafi af verðbólgu og hvílík nauðsyn væri að hamla gegn verðbólgu og gera það í áföngum. Vonandi á það ekki eftir að koma á daginn að slík ummæli hafi verið aðeins þægilegt efni í framboðsræður eða greinar, heldur hitt, að mönnum hafi verið alvara, að menn hafi skilið að áframhaldandi óðaverðbólga hlýtur að bjóða á sínum tíma heim atvinnuleysi hér á landi."

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði áðan: Við sjálfstæðismenn viljum stuðla að því að ráða niðurlögum verðbólgunnar. — Og hann sagði líka: Það er margt gott í frv. forsrh. — Nú hefur hæstv. forsrh. sagt að hann muni leggja fram frv. í næstu viku, og þá reynir á það hvort sjálfstæðismenn vilja standa við þessi orð eða hvort það fer eins og venjulega með sjáflstæðismenn, að flokkurinn tvístrast út og suður — og kannske norður og niður í þessu tilviki. (**Gripið fram í:** Ellert var að tala um frv. nr. 6, en ekki 9.) Hann var að tala um frv. forsrh. (**Gripið fram í:** Já, þetta er nr. 6, en ekki 9.) Já, já, þið getið deilt um númerin. Það er ykkar mál.

Við Alþfl.-menn höfum fyrir löngu sagt það, að við erum tilbúnir til að standa að aðgerðum til að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Framsóknarmenn eru tilbúnir til þess líka, að því er virðist. Nú er bara spurningin, hvort hinir lausgyrtu Alþb.-menn ná upp um sig áður en það verður um seinan. Ef þetta frv. kemur fram í næstu viku og verður eins bitastætt og við vonum, þá verður úr því skorið hverjir meintu það sem þeir sögðu í vor og hverjir fóru þar með glamur eitt og hvort það sannast þá

einu sinni enn, að það er ekkert gagn í Sjálfstfl. til slíkra hluta, og hvort það sannast þá líka, að í Alþb. er enginn bakfiskur. Um bakfiskinn í Sjálfstfl. þarf ekki að tala, það er fyrir löngu búið að bíta hann úr þeim flokki. Og þá fæst úr því skorið, hvort það er rétt, að með Alþb. sé ekki hægt að vinna þegar við erfiðleika er að glíma, vegna þess að það geti ekki, vilji ekki og þori ekki, hvort hinn pólitíski heigulsháttur verður þar ofan á enn einu sinni og tækifærismennskan heldur áfram að ríða þar húsum.

Menn vitnuðu óspart í Grím Thomsen í dag og ég beið nú eiginlega eftir því að einhver færi með síðustu línuna úr því kvæði um Glæsivallahirðina sem mest var vitnað til: „kalinn á hjarta þaðan slapp ég", en það gerðist ekki. En Grímur Thomsen orti margt gott. Hann orti m. a. vísu sem hér ætti kannske ekki illa við og hljóðar svo:

Trúa þeir hvor öðrum illa,
enda trúðu fáir báðum.
Orðunum þeir ávallt stilla,
yfir köldum búa ráðum.
Tækifæris báðir bíða,
búnir ofan hinn að ríða.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þarf ekki að taka það fram, að ég er móti þessari till. Ég er hins vegar ekkert hissa þó að sjálfstæðismenn langi til að minna á sig. Það hefur verið róstusamt á stjórnarheimilinu og stundum hefur manni fundist að stjórnarandstaðan, sú raunverulega stjórnarandstaða, væri innan stuðningsmannaliðs ríkisstj. Ég vil ekki taka svo sterkt til orða sem hv. síðasti ræðumaður gerði áðan þar sem hann fór með vísu eftir Grím Thomsen, en allt um það hafa menn kastað hnútum og verið óþolinmóðir og stundum látið hálfilla. Það er leiðinlegt fyrir sjálfstæðismenn, ef þeir hafa alveg gleymst, og þess vegna hafa þeir flutt þessa till.

Það var reyndar upplýst í umr., að höfundur till. væri hv. þm. Vilmundur Gylfason. Mér finnst, með fullri virðingu fyrir hv. þm. Sjálfstfl., að þeir þyrftu að fá sér betri ráðunaut til þess að semja fyrir sig till. en þennan tiltekna ágæta þm. Ég er ekki þar með að mæla með hv. þm. Braga Sigurjónssyni, sem bætti um betur með brtt. á þskj. 421. Þeir eru miklu betri sumir Alþfl.-þm. til þess arna, að koma skynsamlegum till. saman fyrir Sjálfstfl. Ég bendi t. d. á bræðurna. Hv. þm. Sjálfstfl. hefur bæst liðsauki, vegna þess að við sáum í dag að nú er Dagblaðið hætt stuðningi við Alþfl. og farið að styðja Sjálfstfl. Það er orðið leitt á Alþfl.-mönnum og er nú hætt að styðja þá, farið að renna blóðið til skyldunnar, búið að setja upp skoðanakönnun þar sem það spáir Sjálfstfl. sigri, reynir nú að koma einhverjum vindi í seglin hjá sjálfstæðismönnum og setja á svið skoðanakönnun, sem birt er í dag.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason var óhress yfir þessari skoðanakönnun og trúir eins og nýju neti að þetta sé tilfellið. Ég vil benda hv. þm. á miklu betra ráð. Hann ætti að láta Alþýðublaðið, Vikuna eða tímaritið Samúel efna til skoðanakönnunar til styrktar Alþfl. Það er eina viðeigandi svarið sem hv. þm. gæti átt við þessum ljóta leik Dagblaðsins.

Hvað hefði svo þjóðin upp úr kosningum núna, ef þessi till. væri samþykkt? Hvað hafa hv. sjálfstæðismenn til málanna að leggja? Þeir voru þrautreyndir síðustu 4 ár. Ég var stuðningsmaður ríkisstj. og samstarfsmaður þeirra í 4 ár — og við framsóknarmenn. Þetta eru góðir náungar. Þetta eru elskulegir menn og skemmtilegir. En þeir eru ekki góðir til að stjórna efnahagsmálum. Ég ætla ekki að fara að rekja raunasögu fjögurra síðustu ára. Það er orðið kvöldsett og það er ekki vert að vera að rifja slíkt upp undir svefninn. Það er ekki heppilegt að fara að tala um febrúarlögin frá í fyrra. Þeim var klúðrað, þeim var endurklúðrað, þeim var síklúðrað, þráklúðrað og þrautklúðrað. Og ég tala ekki um verkfallsrétt opinberra starfsmanna, ég sleppi því. Það mætti kannske rifja fleira upp. Það var gjarnan tvístigið í „den tid", það var gjarna huklað, og menn drifu sig ekki í nauðsynlega hluti. Menn byrjuðu eða hættu við, menn voru lengi að koma sér saman, m. a. s. í þingflokki Sjálfstfl., þar voru heldur en ekki þingflokksfundir.

Hvað hefur svo breyst á þessum 6 mánuðum sem Sjálfstfl. hefur verið utan stjórnar? Sjálfstfl. er búinn að prenta, í Morgunblaðinu 21. febr., efnahagsmálaprógramm. Það er nú heldur en ekki efnahagsmálaprógramm sem þeir bjóða þjóðinni. Gengið verði nú látið lafa eða leka, hver mætti okra að getu sinni, félagsleg þjónusta skorin niður, ótakmörkuð og eftirlitslaus skuldasöfnun erlendis. Svo á að létta af sköttum til þess að gera þetta gómsætara fyrir fólkið. En nafnið er gott. Það heitir: „Endurreisn í anda frjálshyggju." Þetta er nú meiri „renaissansinn"!

Hv. þm. Vilmundur Gylfason talaði fyrr í kvöld af aðdáun um viðreisnarstjórnina. Hann langar í þess háttar stjórn aftur. Hann er að vísu búinn að skrökva svo upp á suma hv. þm. Sjálfstfl., að hann er farinn að trúa því sjálfur að þeir séu slæmir, og kann ekki við að biðla opinberlega til þeirra í bili, enda sjálfsagt hræddur um að fá hryggbrot og láir honum það enginn. Hann vill viðreisnarstjórn og fer ekki dult með það. En þó hv. þm. sé sögufróður að vissu leyti, þá er ég hræddur um að hann viti ekki gjörla hvað gerðist, nema þá á ónefndri götu vestur í bæ, á þessum árum. Það var allt öðruvísi ástand í Norðurlandskjördæmi vestra en í þessari ónefndu götu, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er búinn að tala svo mikið um að mér dettur ekki í hug að nefna með nafni. Það var hreint ekkert gæfulegt atvinnuástand í Norðurl. v. á þessum árum. Þá urðu heimilisfeður á Skagaströnd, á Sauðárkróki, á Hvammstanga, á Siglufirði, á Hofsósi að flengjast um allt land í von um vinnu. Það var enga vinnu heima hjá þeim að hafa. Það var ekki fyrr en með tilkomu ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar 1971 að þetta breyttist. Á þessum áratug hefur fólk í Norðurl. v. yfirleitt alltaf haft vinnu þegar það vildi og eins mikla og það vildi.

Það var að vísu rétt hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, að verðbólgan var ekki eins ör á áratugnum 1960—1970 og hún hefur verið síðan. Það er það ólukkulega við efnahagskerfið okkar, að meðan við höfum skattana inni í vísitölunni hlýtur verðbólgan að aukast, það er óhjákvæmilegt. Þegar launþeginn fær ævinlega endurgreiddan skattinn sinn í hækkuðu kaupi næst þegar vísitalan er reiknuð út, þá getur ekki nema sigið á ógæfuhlið. Þetta er skiljanlegt lögmál. Verðbólgan var ekki eins mikil og hún er nú. Það var þó ekki að þakka neinni snilldarstjórn þá. Ætti ég að velja milli ástandsins eins og það var meðan viðreisnarvesöldin var fyrir 10 árum og ástandsins eins og það er í dag, þrátt fyrir mikla verðbólgu, allt of mikla verðbólgu, stórhættulega og skaðlega verðbólgu, sem ég er á móti eins og hæstv. fjmrh. Tómas Árnason, þá held ég að ég vildi heldur ástandið eins og það er í dag.

Menn hafa vitnað hér óspart í Grím Thomsen og gert það að umræðuefni, að nú væru sumir ráðh. að renna sér á skíðum, sumir væru í afmælisveislu eða einhvers staðar fjarstaddir. Við erum nú alveg einfærir um það, þó að eitthvað af ráðh. vanti, að halda uppi umr. í hv. Sþ. En ég held að það sé góðs viti að ráðh. hafi þá mannrænu í sér að bregða sér á skíði. Eins og títtnefndur Grímur Thomsen sagði um Halldór Snorrason var það svo með Halldór, „þó að komið væri í óvænt efni, ekki stóð honum það fyrir svefni". Og kannske eru þeir farnir að sofa einhverjir, enda er orðið kvöldsett eins og menn vita. Ég held meira að segja að það væri heppilegt fyrir fleiri þm. en tiltekna ráðh. að fara á skíði, og mættu sumir vera lengi í túrnum.

Við erum ekki þjakaðir af hræðslu hver við annan, stjórnarsinnar. Það var ekki rétt athugað hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur. Við erum ekki þjakaðir af hræðslu hver við annan. Það er allt gott um það sem hún sagði, að menn eiga að gegna skyldu sinni og tala fullum hálsi hver við annan. Það var vel mælt hjá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur. Á mánudaginn var töluðust þau við, hún og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, alveg óhrædd. Þau þurftu þá að ræða málin nokkuð djarflega. Þau gerðu það líka í kvöld. Ég held að það væri þó samt betra fyrir okkur hin, fyrir okkur Nd.-menn, ef þau gætu komið sér saman um að láta þessar umr. fara fram í Ed., þegar sá gállinn er á þeim að þau þurfa að gegna þeirri skyldu sinni.

Ráðh. okkar verða að drífa sig í að koma sér saman og þessi ríkisstj. verður að sitja áfram. Hún þarf að sitja áfram af því að þjóðin þarf á því að halda að hún sitji áfram. Samstarfsflokkar okkar verða að passa það að vera ekki að hugsa um að níða hvor annan niður. Þeir verða að sýna ábyrgðartilfinningu og fyrirhyggju. Þeir verða að takast á við þennan vanda af ábyrgðartilfinningu og hjálpa okkur við að leysa hann. Önnur ríkisstj. mundi nefnilega ekki fremur, þegar allt kemur til alls, ráða við það verkefni.

Ég átti eftir að koma aðeins að dómsdögunum. Hæstv. forsrh. benti um daginn hv. þm. Vilmundi Gylfasyni á það, hvort hann vildi ekki prófa að flytja till. um að fresta 1. mars. Ég vil út af mínum afmælisdegi taka það fram, að ég tek það ekki í mál að fresta 17. mars, vegna þess að ég hlakka til að eiga afmæli. Ég bendi hins vegar á að ýmsir góðir framsóknarþm. eiga afmæli síðar á árinu og það er hægt að fara að sigta á þá, ef menn þurfa á að halda. Hæstv. viðskrh. kallar þetta almanaksveiki. Ég held að það sé ekki rétt orð, þetta komi ekkert almanakinu við. Ég held að þetta sé eitthvað í sambandi við tunglið.

Flm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Það dregur nú að lokum þessara umr. um þáltill. okkar sjálfstæðismanna um þingrof og nýjar kosningar. Ég skal engu spá um úrslit þeirrar atkvgr., sem fram fer á morgun. Að vísu sýnist, eftir yfirlýsingum þm. að dæma, að hún muni ekki njóta fylgis meiri hl. þm. Er það út af fyrir sig illt, vegna þess að hún er tímabær og það væri þjóðarnauðsyn að hún yrði samþ. Samt sem áður hefur þessi tillöguflutningur og þær umr., sem orðið hafa um þessa þáltill., náð ákveðnum tilgangi og gert sitt gagn.

Það fer ekki milli mála, að hér hafa verið upplýstir ýmsir athyglisverðir þættir í samstarfsháttum núv. ríkisstjórnarflokka. Það hafa verið upplýstir ýmsir þættir í bardagaaðferðum núv. ríkisstjórnarflokka, bæði fyrir og eftir kosningar.

Það hefur komið fram í umr. manna, að saknað hefur verið ræðuhalda af hálfu okkar sjálfstæðismanna á yfirstandandi þingi. Það er vel, að menn vilji gjarnan heyra meira í þm. sjálfstæðismanna á Alþ., og furðar mig ekki á því. Við höfum kvatt okkur hljóðs og tekið þátt í umr., flutt mál eftir því sem tilefni hafa gefist, en við höfum af ásettu ráði viljað gefa núv. ríkisstj. starfsfrið og sýnt með því ábyrgðartilfinningu. Við höfum ætlast til þess, að ríkisstj. notaði þennan starfsfrið til góðra verka. Hún hefur að vísu notað þennan starfsfrið, en ekki til neinna annarra verka en þeirra að deila innbyrðis. Og sannleikurinn er sá, að það hefur oft og tíðum verið svo upplýsandi að hlusta á þessar innbyrðis deilur stuðningsmanna ríkisstj. að við höfum ekki haft ástæðu til þess að kveðja okkur hljóðs, og að sumu leyti á það við við lok þessarar umr. eins og ég drap á áðan.

Önnur meginröksemdin fyrir tillöguflutningi okkar sjálfstæðismanna er vanefndir ríkisstjórnarflokkanna allra þriggja á loforðinu „samningana í gildi", eins og getið er um í grg. fyrir till. okkar. Að vísu eiga aðallega Alþb. og Alþfl. hlut að vanefndunum, en þó hefur Framsfl. einnig tekið á sig ábyrgð á vanefndunum með því að gangast fyrir myndun þessarar ríkisstj. og taka á sig ábyrgð á því að hrinda þessu loforði í framkvæmd. En hvað kemur fram í umr. í gærkvöld og í dag? Að þessir málsvarar Alþb. og Alþfl. eru komnir svo upp að vegg, orðnir svo rökþrota, þegar þeir þurfa að verja kosningaloforðið „samningana í gildi" og vanefndir þeirra sjálfra á því kosningaloforði, að þeir segja hver um annan þveran að þeir hafi í raun og veru alls ekki lofað því að setja samningana í gildi.

Þannig lýsir Svavar Gestsson því yfir í ræðu, að hann hafi í raun og veru aldrei ætlað sér að setja samningana alveg í gildi, hann hafi alltaf verið fylgismaður hins svokallaða vísitöluþaks, hann persónulega sé á móti úrskurði Kjaradóms. En ekki heyrðist þessi skoðun hans fyrir kosningar. Þá var krafan og kosningaloforðið um „samningana í gildi" alveg óskilorðsbundið af hálfu Alþb. Þá átti að veiða atkv. frá Bandalagi háskólamanna, þá átti að veiða atkv. frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og þá átti að vinna atkv. frá t. d. mönnum innan Alþýðusambands Íslands er höfðu hærri tekjur, þannig að þeir hlytu að verða fyrir barðinu á þessu vísitöluþaki. En jafnvel eftir kosningar, þegar Reykjavíkursamþykktin var gerð af hinum nýja meiri hl. borgarstjórnar, var ákveðið að samningarnir skyldu aðeins taka gildi í áföngum og ekki ná fullu gildi fyrr en eftir að samningstími almennra launþegasamtaka innan ASÍ væri á enda runninn, þ. e. a. s. nú um síðustu áramót, með því að hafa ekkert vísitöluþak. Og það létu menn gott þykja þá, vegna þess að alþingiskosningar voru þá eftir. Nú eftir kosningar er sagt að þeir hafi ekki lofað „samningana í gildi" eins og þeir sögðu fyrir kosningar.

Eftirtektarverð var yfirlýsing Vilmundar Gylfasonar, sem sagði að Alþfl. hefði aldrei staðið að því að ~~lofa~~ að samningarnir færu í gildi. Hins vegar hefði Alþfl. látið kyrrt liggja þótt forseti Alþýðusambands Íslands og jafnframt einn af frambjóðendum þeirra hefði barist fyrir því. Hann lét í veðri vaka, að Alþfl. hefði stutt forustumenn launþegasamtakanna þegar þeir hefðu sagt að samningarnir ættu að ganga í gildi. Og enn fremur fullyrti hv. þm. Vilmundur Gylfason, að hann hefði í sjónvarpsviðtali milli sveitarstjórnarkosninga og al-

þingiskosninga sagt að hann felldi sig við samþykkt meiri hl. borgarstjórnar Reykjavíkur, sem var þess eðlis að setja samningana í gildi á mörgum mánuðum í stað þess að þeir áttu að komast í gildi strax, en í þeim fólst m. a. að virða ekki vísitöluþakið. Hver er nú siðferðisvitund þm. eins og hæstv. viðskrh. og hv. þm. Vilmundar Gylfasonar að koma nú eftir kosningar og segja: Við lofuðum nú eiginlega ekki að setja samningana í gildi. En við höfum þó sett samningana í gildi að nokkru leyti?

En það er ekki eingöngu þetta ábyrgðarleysi þessara forsvarsmanna Alþb. og Alþfl. sem við sjálfstæðismenn gagnrýnum, heldur og beinar vanefndir þessara flokka á þessu kosningaloforði — vanefndir sem út af fyrir sig gefa tilefni til þess að kjósendur, sem gengu í góðri trú að kjörborðinu á síðasta ári, fái nú tækifæri til þess að greiða atkv. aftur, eftir að blekkingar þessara flokka og fulltrúa þessara flokka eru afhjúpaðar og vanefndirnar komnar í ljós.

Sannleikurinn er sá, að auðvitað hafa samningarnir ekki verið settir í gildi, hvorki með samþykkt hins nýja meiri hl. borgarstjórnar Reykjavíkur á miðju s. l. sumri né með brbl. núv. ríkisstj. í byrjun sept. s. l. Það er fjarri því. Það er upplýst, og ég gat um það í framsöguræðu minni í gærkvöld, að það, sem formælendur verkalýðssamtakanna og launþegasamtakanna áttu við þegar krafist var að samningarnir gengju í gildi, var að kaupmátturinn yrði sá hinn sami og samningarnir stefndu að. Sá kaupmáttur hefur ekki náðst, hvorki á s. l. ári né næst hann á þessu ári — fjarri fer því. Kaupmátturinn var á síðasta ári og verður ekki meiri á þessu ári en heföi orðið með maílögum fráfarandi ríkisstj., sem mestur gauragangurinn var út af af hálfu forsvarsmanna Alþb. og Alþfl.

Til viðbótar þessu hafa ríkisstjórnarflokkarnir auðvitað vanefnt loforðið „samningana í gildi" með misbeitingu niðurgreiðslna bæði í byrjun september og í desembermánuði. Þeir hafa vanefnt þetta loforð með því að láta ekki 8% verðbótaauka koma til útborgunar kaups í byrjun desember. Það felst engin afsökun í því að segja að niðurgreiðslur hafi komið á móti né heldur að skattalækkun komi á móti, vegna þess að hvað skattalækkunina snertir liggur fyrir sú yfirlýsing hagfræðings Alþýðusambands Íslands, að almennir félagsmenn Alþýðusambands Íslands muni ekki njóta neinnar 2% skattalækkunar á þessu ári eins og þá var lofað. Og hvað snertir félagslegar umbætur, þá hafa þær ekki séð dagsins ljós og sjá ekki dagsins ljós nema þá á löngum tíma og koma þá, eins og hér hefur verið bent á, sem byrði á atvinnureksturinn, engu ódýrari en samsvarandi launahækkun.

Með öllu þessu hafa þessir ríkisstjórnarflokkar vanefnt loforðið „samningana í gildi" og þeir hafa játað það sjálfir. Og það er kannske von að þeir hafi vanefnt þetta loforð, vegna þess að það er útilokað að efna það.

Það var þrennt sem ríkisstj. gerði í upphafi síns ferils. Það var í fyrsta lagi að lækka gengið. Út af fyrir sig var það ekki gagnrýnisefni að lækka gengið um 15% í byrjun september. En það er líka sú eina ráðstöfun sem gerð var til þess að halda atvinnuvegunum gangandi, og það var það eina sem nauðsynlegt var að gera til þess að atvinnureksturinn héldist með sæmilegum hætti. Vegna hvers þurfti í rauninni ekki á því stigi málsins að gera aðrar ráðstafanir? Það var vegna þess að viðskilnaður fyrri ríkisstj. var svo traustur að atvinnuvegirnir þurftu ekki á öðru að halda en þessari 15% gengisbreytingu í sept. s. l.

Það er ólíku saman að jafna, viðskilnaði fyrri ríkisstj. og ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar 1974, vinstri stjórnarinnar þá. Þá var mikill halli á viðskiptunum við útlönd. Nú hafði fyrri ríkisstj. náð viðunandi viðskiptajöfnuði við útlönd, bæði árið 1976 og 1977, og skildi svo vel við að hagstæður viðskiptajöfnuður var á síðasta ári gagnstætt miklum halla á fráfararári fyrri vinstri stjórnar, á árinu 1974. Þessi árangur náðist þrátt fyrir að viðskiptakjör út á við versnuðu um 25—30% á fyrstu tveim starfsárum fyrri ríkisstj. Í öðru lagi náðist í tíð fyrri ríkisstj. jöfnuður í ríkisfjármálum á s. l. ári miðað við áætlun sem gerð var þegar hún fór frá. En svo snarlega snerist á verri veginn þegar núv. ríkisstj. tók við, að um 4—5 milljarða kr. halla á ríkissjóði var um að ræða til viðbótar 11 milljarða kr. gengistapi sem varð á skuld við Seðlabankann. Það er núverandi ríkisstj. sem eykur nú skuldina við Seðlabankann jafnt og þétt. Og í þriðja lagi var ólíku saman að jafna viðskilnaði fyrri ríkisstj. og forvera hennar hvað snertir jafnvægi í peningamálum. Á árinu 1974 voru allir viðskiptabankarnir komnir í stórkostlegan yfirdrátt við Seðlabankann, en jafnvægi í peningamálunum tókst á síðasta ári, og stöðvuð var í tíð fyrrv. ríkisstj. rýrnun sparifjár miðað við þjóðarframleiðslu með því að koma á vaxtaaukareikningunum og meira raunsæi í vaxta- og verðtryggingarmálum, þótt ekki hafi náðst sá árangur að auka sparifé landsmanna vegna ágreinings innan fráfarandi ríkisstj. í vaxta- og verðtryggingarmálum.

Það er alveg rétt, að baráttan gegn verðbólgunni náði ekki þeim árangri sem að var stefnt í fráfarandi ríkisstj. En jafnvel hæstv. viðskrh. taldi upp tölur, sem þó voru ekki nákvæmar og þarfnast leiðréttingar, þar sem kom fram að á tveim starfsárum fráfarandi ríkisstj. var verðbólgan þó um 30%, gagnstætt yfir 50% í tíð vinstri stjórnarinnar 1974, og var komin niður í 26% vorið 1977, áður en hinir óraunsæju kjarasamningar voru gerðir þá um vorið. Og hvað er núv. ríkisstj. að reyna að miða við í baráttunni við verðbólguna? Hún er að reyna að miða við að koma henni niður í 30% á yfirstandandi ári, en ráðstafanir fráfarandi ríkisstj. í febrúar og maí s. l. hefðu komið verðbólgunni niður í 30% á s. l. ári, þannig að andstaða Alþb. og Alþfl. og óábyrgra verkalýðsleiðtoga þeirra flokka gegn ráðstöfunum fráfarandi ríkisstj. hefur aðeins orðið til þess að fresta að sá árangur náist, sem nauðsynlegur er í baráttunni gegn verðbólgunni, að lækka hana niður í 30% í fyrsta áfanga, og þessi frestur verður ekki eingöngu eitt ár, vegna þess að þessu marki verður alls ekki náð á yfirstandandi ári eins og útlit er nú varðandi þau mál.

Gengisbreytingin eða gengislækkunin í upphafi hjá núv. ríkisstj. er ekki gagnrýnisverð nema að einu leyti, að Alþb. og formælendur þess töldu gengislækkunina óþarfa og töldu unnt að leysa efnahagsmálin án breytingar á gengi íslensku krónunnar, en gáfust upp þegar þeir komu í ríkisstj. og féllust á nauðsyn þessarar gengisbreytingar. Og þeir hafa gert meira. Þeir hafa haldið áfram að fella gengið eftir sept. s. l. Frá þeim tíma hefur gengið sigið um 6—8%. Samkv. venju fráfarandi ríkisstj. voru starfshættirnir þeir, að viðskrh. þurfti að gefa út heimildarbréf til Seðlabanka Íslands um að hann gæti látið gengið síga um 2 prósentustig í senn. Ég geri ráð fyrir að þessi starfsháttur hafi haldist, þ. e. a. s. núv.

hæstv. viðskrh., fulltrúi Alþb. í ríkisstj., hafi haldið áfram að lækka gengið, gagnstætt því sem Alþb. sagði fyrir kosningar, að gengisbreyting væri algerlega nauðsynjalaus, það væri hægt að færa peninga til í þjóðfélaginu og heimta skatta af hinum ríku og þeim atvinnugreinum sem hefðu hagnað til þess að borga tapið hjá helsta útflutningsatvinnuvegi landsmanna. Ég er hræddur um að hæstv. iðnrh. *lítist ekkert á slíkt, ef hann ber hag* iðnaðarins fyrir brjósti. Ef gengi íslensku krónunnar er ekki skráð með raunhæfum hætti væri samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar algerlega vonlaus og hann algerlega úr sögunni.

Það er þessi tvískinnungur, þessi loforð fyrir kosningar og vanefndir þeirra loforða eftir kosningar, sem er auðvitað ein höfuðástæðan fyrir flutningi þingrofstill okkar. Alþb. hefur, sérstaklega hvað snertir gengislækkunarstefnu sína eftir kosningar, gert þveröfugt á við það sem það lofaði kjósendum sínum fyrir kosningar.

Og komum svo að niðurgreiðslunum, sem var önnur efnahagsráðstöfun núv. hæstv. ríkisstj. þegar hún tók við völdum í septembermánuði. Hér hafa menn hrósað ríkisstj. fyrir þá ráðstöfun. En hvernig er henni beitt? Henni er auðvitað beitt fyrst og fremst til þess að lækka kaupið í landinu. Það er ljóst mál, að allar ríkisstj. hafa notað niðurgreiðslur að vissu marki sem hagstjórnartæki og að vissu marki í þeim tilgangi að draga úr hækkun kaupgjaldsvísitölu. En vegna þess að framfærsluvísitalan mælir útgjöld vísitölufjölskyldunnar í matvörum meiri og þyngri en þau útgjöld raunverulega eru, þá er þarna auðvitað verið að rýra kaupmátt launa. Þess vegna verður að fara varlega þessa leið og af fleiri sökum, m. a. þeim, að óeðlilegt er að greiða landbúnaðarvörur meira niður en sem nemur mismuninum á verði til bóndans og verði til neytandans. Vegna þessa má segja að óhófleg notkun þessarar aðferðar sé fölsun á kaupgjaldsvísitölunni, þótt ekki sé tekið tillit til að í upphafi stjórnarferilsins var kjötið, sem miðað var við í vísitölunni, alls ekki til á markaðinum, þ. e. a. s. gamla kjötið. Þess vegna er ekki ofmælt að þessi ríkisstj. hafi falsað vísitöluna og dregið þannig úr kaupmætti launa.

En þarna hangir meira á spýtunni. Núv. ríkisstj. hefur heykst á þessari stefnu, hún er sprungin á þessari stefnu, hún hefur ekki treyst sér til þess að ætla nægilegt fjármagn á fjárl. til þess að halda núverandi niðurgreiðslustigi út árið. Það er fyrirsjáanlegt, að landbúnaðarvörur munu um mitt árið hækka meira en þær hækkuðu um s. l. mánaðamót. Hæstv. viðskrh. hrósaði sér af því, að matvörur væru nú í lægra verði en fyrir 6 mánuðum. Það er skammgóður vermir. Þegar eftir hækkunina um síðustu mánaðamót eru landbúnaðarvörur orðnar í hærra verði. Og það segir sig sjálft, að þegar landbúnaðarvörur hækka í verði um 12—20%, en laun ekki nema um 6.9%, þá rýrnar kaupmátturinn. Þetta eru nú efndir í lagi hjá fulltrúum Alþb., Alþfl. og raunar Framsfl. líka.

Og hvernig eru svo auknar niðurgreiðslur fjármagnaðar? Þær eru fjármagnaðar með skattheimtu á hina ríku, á fyrirtækin í landinu. Það er tilflutningur á fjármagni, segja stjórnarsinnar. Er þetta rétt? Við skulum segja að hér sé um skattheimtu að ræða á atvinnufyrirtæki, á nýbyggingar og verslunar- og skrifstofuhús. En dettur nokkrum í hug annað en þessi skattheimta lendi að lokum á öllum almenningi í landinu? Fyrirtækin verða síður þess megnug að bæta rekstur sinn, síður þess megnug að greiða hærra kaup. Það er kvartað yfir nýbyggingarskattinum, ekki bara af þeim sem ætla að byggja, heldur og af iðnaðarmönnunum í landinu, þar sem farið er að bera á atvinnuleysi. Og halda menn að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði komi ekki niður sem hærri húsaleiga notenda þessara húsa og að þeir muni velta honum yfir í vöruverðið? Það liggur í eðli málsins. En sannleikurinn er sá, að hér er um annað og meira að ræða en skattheimtu á fyrirtæki. Skattheimtan hlýtur að lenda á öllum almenningi. Hesturinn ber ekki það sem ég ber, sagði karlinn einhvern tíma. Þetta er hundalógik sem er ekki sæmandi að flytja í þingsölum eins og málsvarar ríkisstj. hafa gert.

Nei, sannleikurinn er sá, að þessi aukna skattheimta lendir á öllum almenningi í landinu. Bæði eignarskattar einstaklinga og tekjuskattar einstaklinga stórhækka samkv. fjárl. um u. þ. b. 100%, ef ég man rétt. Og þetta eru ekki eingöngu skattar á hátekjufólk eða stóreignamenn. Þetta eru skattar á millitekjufólk, menn sem eiga kannske rúmlega íbúð og bíl, sem getur ekki verið neitt til þess að sjá ofsjónum yfir. Þetta er skattur á forsjálni fólks og sparnaðarviðleitni fólks. Þetta er skattur á þær höfuðdyggðir sem hafa verið í metum meðal Íslendinga og eru undirstaða framfara í efnahags- og atvinnulífi.

Með sama hætti eru auðvitað fyrirætlanir núv. hæstv. ríkisstj. um eingnakönnun. Það er von að hæstv. forsrh. reiðist, þegar bent er á skaðsemi fyrirætlana ríkisstj. hans um svo aukna skattheimtu sem raun ber vitni og eignakönnunina. En hinu bjóst ég ekki við, að hæstv. forsrh. brygðist svo ódrengilega við að fara að reyna að rangtúlka lög sem hann sjálfur ber ábyrgð á jafnt og við aðrir sem sátum í fyrri ríkisstj. og studdum hana. Fyrst var vitnað í 44. og 45. gr. skattalaganna, sem afgreidd voru á þinginu s. l. vor, en þegar upplýst var að þessar greinar fjölluðu eingöngu um hvernig fara skyldi með skattlagningu á söluhagnaði eigna þegar skuldir stæðu á bak við þá eignamyndun, þá þagnaði hæstv. forsrh. og sagði ekki meira um þær greinar, en hvarf aftur til ákvæða 94. gr., sem hann líkti við lögregluríki. Upplýst hefur verið fyrr í dag, að hér er um nákvæmlega sams konar heimildir skattaeftirlits að ræða og hafa verið í lögum síðustu áratugi, enda er það svo, að það væri ekki þörf á eignakönnun ef innihald þessara greina skattalaganna, sem afgreidd voru á s. l. vori, væri eitthvað í líkingu við það sem hæstv. forsrh. lætur sér sæma að túlka.

Ég vildi þess vegna segja að allt þetta, sem ég nú hef talið, sýnir að núv. ríkisstjórnarflokkar hafa gengið á bak orða sinna gagnvart kjósendum og vanefnt kosningaloforðin, þótt varðandi skattheimtu hafi e. t. v. enginn vanefnt meira en Alþfl., sem ætlaði að afnema tekjuskattinn, að því er manni skildist jafnvel algerlega.

Til viðbótar þessu hefur komið fram, að þessum flokkum, sem þóttust hafa ráð undir rifi hverju til að marka efnahagsstefnu til frambúðar, hefur verið um megn að koma sér saman um nokkra efnahagsstefnu eftir kosningar. Þá greinir á um öll aðalatriði efnahagsstefnunnar, eins og ég gat um í frumræðu minni í gær og skal ekki rekja nákvæmlega nú.

Ég nefni sem dæmi að þá greinir á um hver ríkisumsvifin eigi að vera. Þau eru talin af hæstv. fjmrh. vera 30% og þá miðað við ríkisútgjöld í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Við sjálfstæðismenn teljum það vera of mikil ríkisumsvif og teljum að fjárl. hafi í raun í för með sér 31—32% ríkisútgjöld miðað við þjóðarframleiðslu, sem þýðir í heild sinni 25—30 milljarða kr. aukna skatt-

heimtu á landsmenn á þessu ári, og er þá ekki talin aukin skattheimta sveitarfélaga.

Ríkisstjórnarflokkana greinir á um, hvað fjárfestingarstigið eigi að vera og hvernig stjórn fjárfestingarmála eigi að vera fyrir komið. Ríkisstjórnarflokkarnir eru jafnvel komnir í þær ógöngur að till. liggja fyrir ríkisstj. um haftaráð, sem heitir víst framfaranefnd atvinnuveganna eða eitthvað því um líkt.

Ríkisstjórnarflokkana greinir á um vexti og verðtryggingu, um vísitölumál og um verðlagsmál. Raunar er ekki unnt að nefna þann þátt í efnahagsstefnunni sem flokkana greinir ekki á um.

Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju að við sjálfstæðismenn höfum flutt till. um að þing verði rofið og nýjar kosningar fari fram. Það er nauðsynlegt til þess að dómur verði kveðinn upp yfir ríkisstjórnarflokkunum hvað snertir vanefndir og hvað snertir getuleysi þeirra og vanmátt að marka eða móta efnahagsstefnu til úrlausnar þeim vandamálum sem við er að glíma, ekki síst varðandi viðnám og baráttu gegn verðbólgunni.

Það er út af fyrir sig afskaplega lítið öfundsvert hlutverk sem hæstv. forsrh. hefur — og raunar Framsfl. í heild — að snúast sitt á hvað í átt til Alþb. eða Alþfl. án þess að hafa nokkra sjálfstæða stefnu. Og það er merkilegt að hæstv. forsrh. og framsóknarmenn vilja ekki í rauninni ganga til kosninga og standa einhvern tíma á eigin stefnu í stað þess að vera í hlutverki sendisveins og sendiboða á milli Alþb. og Alþfl. Ástandið á stjórnarheimilinu er svo illt, að hæstv. forsrh. verður að tala við ráðh. stjórnarflokkanna í sitt hvoru lagi til þess að kynna þeim hugmyndir sínar um stefnumörkun!

Það er líka afskaplega merkilegt, að Alþb.-menn skuli ekki vilja þingrof og nýjar kosningar. Hæstv. yfirráðh. Lúðvík Jósepsson lét þess þó getið í áramótaspjalli, að það væri sín skoðun að réttast væri að stefna að nýjum kosningum á þessu ári. En þeim hefur snúist hugur. Sumir segja að ein skýringin sé sú, að ráðh. Alþb. kunni svo vel við sig í ráðherrastólunum að þeir hafi gleymt hugsjónunum og stefnunni og vilji halda í völdin.

Það er líka afskaplega merkilegt, að hv. þm. Vilmundur Gylfason og þeir Alþfl.-þm. skuli ekki vilja þingrof og nýjar kosningar og segja núna að nauðsynlegt sé að fullreyna hvort unnt sé að fá 32 þm. til þess að samþykkja efnahagsstefnu. Þeir hafa verið að reyna þetta, að því er manni skilst, í 6 mánuði — og tveimur mánuðum betur þó. Þessi ástæða vafðist ekki fyrir hv. þm. Vilmundi Gylfasyni þegar hann flutti till. sína um þjóðaratkvgr. um frv. forsrh. Þá þurfti ekkert að fullreyna hvort 32 þm. fengjust hér á þinginu til þess að samþykkja það frv. í upphaflegu eða breyttu formi.

Það er talað um að ef till. okkar sjálfstæðismanna yrði samþykkt hæfist tímabil stjórnleysis. Það getur ekki verið meira stjórnleysi hér á landi en er nú og búið er að vera í margar vikur og mánuði, og þingrof og nýjar kosningar geta farið fram innan tveggja mánaða ef menn hafa vilja til þess.

Ég skal, herra forseti, láta máli mínu lokið, en hlýt þó að segja það að lokum um ummæli eins og hér hafa fallið um að hugur fylgdi ekki máli í tillöguflutningi okkar sjálfstæðismanna, að þá skýtur skökku við þegar hver ræðumaðurinn á fætur öðrum spáir okkur svo mikilli fylgisaukningu að nærri liggur að við fáum hreinan meiri hl. á Alþ. Hvað skyldi vera meiri hvati fyrir okkur sjálfstæðismenn en ef rétt væri sú spá sem ýmsir alþm. hafa viðhaft og ég tek fram að ég skal engan dóm á leggja á þessu stigi málsins? Og skyldi það þá ekki vera skýringin á því, að öðrum hv. þm., sem hingað til hafa talað um dóm kjósenda í ágreiningsefnum milli stjórnarflokka og hér á þingi, hefur nú snúist hugur og vilja ekki um það heyra?

Langlundargeð þeirra Alþfl.-manna er með eindæmum, eins og fram hefur komið af málflutningi fulltrúa þeirra. Tilvitnun hv. þm. Eiðs Guðnasonar í Grím Thomsen var svo dæmigerð lýsing á heimilisástandi hjá ríkisstjórnarflokkunum, að önnur orð hitta ekki betur í mark.

Herra forseti. Ég vonast til þess að sú atkvgr., sem fram fer á morgun um þáltill. okkar sjálfstæðismanna, leiði í ljós hvaða þm. hafa þor og kjark til þess að áfrýja málum til kjósenda. Ég vil svo láta það verða lokaorð mín í þessum umr., að hvort sem þessi þáltill. verður samþ. eða felld og hvort sem núv. hæstv. ríkisstj. kemur sér saman um málamyndafrv. um efnahagsmál eða ekki, þá er ljóst, m. a. af umr. um þessa þáltill. okkar, að þessi ríkisstj. verður aldrei til stórræðanna fallin. Hún er í raun dauð úr öllum æðum og það er því þjóðarnauðsyn að hún fari frá sem allra fyrst og landsmenn marki að nýju ferska stefnu sem megnug sé þess að leiða þjóðina á heillavænlegri brautir en hún hefur gengið síðustu mánuðina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 64. fundur.

Fimmtudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Þingrof og nýjar kosningar, þáltill. (þskj. 408, 421). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 421 felld með 45:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrS.

nei: GeirG, GH, SteinG, GTh, HES, EirS, HG, IG, JH, JÁ, JÞ, KÓ, LárJ, LJós, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓRG, ÓlJ, PP, PJ, RA, RH, StJ, SV, GF, SvJ, SvG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, AG, AS, EðS, EH, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GSig, GilsG.

GSt, JóhS, ÓB, KJ, MHM, SighB, VG, BGr, ÁE, BN, EG, FTS greiddu ekki atkv.

2 þm. (JGS, ÁG) fjarstaddir.

Tillgr. felld með 39:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu.

já: MB, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, RH, SvH, ÞK, AG, EH, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GH, SteinG, GTh, JÞ, LárJ.

nei: ÓRG, ÓlJ, PP, RA, SighB, StJ, SV, GF, SvJ, SvG, TÁ, VH, VG, ÞS, AS, BGr, ÁE, BN, BrS, EðS, EG, EÁ, FTS, GSig, GeirG, GSt, HES, EirS, HG, IG, JóhS, JH, JÁ, ÓB, KJ, KÓ, LJós, MHM, GilsG.

2 þm. (ÁG, JGS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Á fundi í þingflokki Alþfl., sem haldinn var núna áðan, var eftirfarandi

samþykkt gerð:

„Með vísan til samþykktar þingflokksins þann 6. þ. m. og yfirlýsingar formanns Alþfl. í útvarpsumr. s. l. þriðjudagskvöld ítrekar þingflokkur Alþfl. það álit, að ríkisstj. verði í þessari viku að leiða til lykta umr. um flutning stjfrv. um aðgerðir í efnahagsmálum. Takist það ekki telur þingflokkurinn að frekara málþóf í ríkisstj. sé tilgangslaust. Þingflokkur Alþfl. mun þá færa umr. um málið af vettvangi ríkisstj. og inn á Alþ. með flutningi frv. um efnahagsmál.

Þingrof nú ásamt óhjákvæmilegum kosningaundirbúningi og e. t. v. löngum eftirleik kosninga án starfhæfrar meirihlutastjórnar gæti haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir þróun efnahagsmála, og að knýja fram slíkt ástand án þess að hafa áður látið á það reyna, hvort samstaða er fáanleg á Alþ., væri ábyrgðarlaust athæfi. Þá fyrst þegar staðfest hefði verið, að engin slík samvinna um úrræði í efnahagsmálum væri fáanleg, og ljóst væri, að enginn starfhæfur meiri hl. væri til á Alþ., væri tímabært og rétt að rjúfa þing og kjósa upp á nýtt.

Því samþykkir þingflokkur Alþfl. að greiða nú atkv. gegn till. Sjálfstfl. um þingrof og nýjar kosningar, en lýsir því jafnframt yfir, að þingflokkurinn mun beita sér fyrir slíku úrræði fari allar samkomulagstilraunir út um þúfur, þannig að þjóðin geti á komandi vori kjörið sér nýja forustu."

Með vísan til þessarar samþykktar þingflokks Alþfl. frá því í dag segi ég nei.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ekki hefur það brugðist í vetur, þegar formaður þingflokks Alþfl. gerir grein fyrir atkv. sínu, að það er til þess að segja frá því, hvers vegna hann greiðir það gegn samvisku sinni, sem sýnir að hvorki hefur okkur tekist í 6 mánaða samstarfi við þennan flokk að göfga hann né gera hann fróman, og ekki er gleðileg tilhugsun að þurfa þrátt fyrir allt að vinna með honum framvegis. En þess vegna segi ég nú nei.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Í grg. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar kemur fram, að líklegt er að till. sem þessi hlyti meirihlutafylgi á Alþ. ef atkvgr. færi fram á mánudaginn kemur. Þetta eflir mig enn í afstöðu til þessarar till. Og enn fremur eflir það mig að segja já, að ég er á öndverðum meiði við hv. þm. Stefán Jónsson, að ég hlakka fremur en hitt til að starfa með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Sverrir Hermannsson segir já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Með tilliti til þess rúmrusks, sem orðið hefur í stjórnarsænginni, segi ég já.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Með vísun til þess rökstuðnings, sem ég hafði hér í gær á Alþ. fyrir brtt. minni við þál.till., sem nú er til atkvgr., segi ég nei.

Efri deild, 67. fundur.

Fimmtudaginn 8. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 316). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:5 og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 435).

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 373). — Frh. 1. umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í hefðbundið dragnótaþras, nóg er um málalengingar á hv. Alþ. samt. Reynsla mín er nefnilega sú, að þeir, sem á annað borð eru bólusettir fyrir þessu veiðarfæri, segja hlutina lygi, jafnvel þó að þeir séu ljósmyndaðir.

Kunnugir viðurkenna að með engu móti er hægt að beita dragnót á nema innan við 10% af Faxaflóa vegna botnlags. 90% eru því af sjálfu sér friðuð frá náttúrunnar hendi hvað þetta veiðarfæri varðar. Ef af opnun verður tel ég eðlilegt og sjálfsagt að farið yrði eftir þeim till. sem fiskveiðilaganefnd gerði á sínum tíma varðandi svæði í bugtinni, þ. e. að dragnótaveiðar yrðu bannaðar frá línu sem hugsast dregin úr Hólmbergsvita í bauju nr. 6 — hún er fram undan Akranesi eða út við hraunkantinn þar — og þaðan í Kirkjubólsvita. Enn fremur væri dregin lína úr Þormóðsskeri í Göltinn. Þar með yrði lokað fyrir öll þau svæði sem smáýsa heldur sig alljafna á, Strandaleir og Innbugtina, enn fremur fyrir Hafursfjörðinn, þar sem yfirleitt er eingöngu smákoli.

Ég er sammála hv. þm. Geir Gunnarssyni um að sjálfsagt er að setja hámark fyrir alla dragnótabáta um hvað mætti vera af öðrum fiski en kola, og þau mörk gætu verið um 20—25%. Ég vil einnig ítreka að hér er verið að tala um dragnót með 170 mm möskva, sem er allt annað en sú nót sem áður tíðkaðist, sem yfirleitt var með 110—120 mm möskva. Þá tel ég að skipuleggja ætti veiðarnar miðað við nýtingu á tveimur kolaflökunarvélum. Hæfilegt fyrir hvora vél er um 45—50 tonn á viku. Aðalsteinn Sigurðsson forstöðumaður flatfiskadeildar Hafrannsóknastofnunarinnar telur hæfilegt að taka um 1900 tonn af skarkola á Faxaflóasvæðinu, þ. e. 1400—1500 tonn úr Faxaflóanum sjálfum og svona 400—500 tonn af Hafnaleir og því svæði. Með því móti að taka það sem þeir telja hæfilegt yrði þetta um 20 vikna úthald. Mér sýnist að þá væri hæfilegt að 6 bátar stunduðu veiðarnar í senn, og vel kæmi til mála að skipta tímanum í tvennt, þannig að 12 bátar nytu þessara veiða. Mér er kunnugt um að í vor verður komin kolaflökunarvél í Ísbjörninn í Reykjavík og ein er þegar í Njarðvíkunum í hraðfrystihúsi Sjöstjörnunnar.

Fyrr í þessum umr. hlakkaði hv. þm. Bragi Níelsson yfir því, að hafin væri undirskriftasöfnun móti dragnót á

einhverri bensínstöð hér í Reykjavík. Þar þóttist hv. þm. hafa fengið bandamenn sem mark væri takandi á. En það er svona og svona með undirskriftir. Mér þykir trúlegt að vandalaust væri að fá undirskriftir á hverri bensínstöð hér í Reykjavík undir það, að hómopatar mættu opna lækningastofur rétt eins og þeir „kollegar", hv. þm. Bragi Níelsson og Oddur Ólafsson.

En að lokum: Ef við hefðum hér sjúkling mundum við láta þá hv. þm. Braga Níelsson og Odd Ólafsson líta á sjúklinginn og meðhöndla hann samkv. þeirra ráðum. Ég legg til að það mál, sem við höfum hér til meðferðar, fiskveiðar, látum við í úrskurð fiskifræðinga og veiðarfærafræðinga.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða. Friðun Faxaflóa fyrir dragnótaveiðum hefur nú staðið í langt árabil og það er bjargföst trú sjómanna og margra fleiri aðila, að þessi friðun hafi þegar borið umtalsverðan árangur. Eins og allir vita er Faxaflói uppeldisstöð fyrir nytjafiska, ekki síst ýsustofninn. Þetta sjónarmið hefur ekki verið hrakið, hvorki af fiskifræðingum né öðrum. Áður en friðun hófst var ördeyða á fiskislóðum í Faxaflóa. Um þetta eru til óyggjandi skýrslur.

Í Breiðafirði hafa dragnótaveiðar verið leyfðar í áratugi, enda er það veiðisvæði öðruvísi samsett en Faxaflóasvæðið. Voru dragnótaveiðar um árabil undirstaða fiskveiða og fiskvinnslu á Snæfellsnesi. Sjómenn og útgerðarmenn við Breiðafjörð hafa ávallt haldið því fram, að í Breiðafirði innanverðum væri hrygningar- og uppeldissvæði fyrir þorskinn. Þess vegna börðust þeir fyrir því að svæði innan línu úr Eyrarfjalli í Skor yrði alfriðað fyrir dragnót, fiskitrolli og netum allt árið. Sumir fiskifræðingar okkar lögðust gegn þessu áliti sjómanna og útgerðarmanna og fullyrtu að fiskur hryndi ekki í Breiðafirði. Gamlir reyndir sjómenn voru svo sannfærðir um álit sitt að þeir buðu fiskifræðingunum birginn. Niðurstaðan varð sú, að þessi friðun var viðurkennd og sett í reglugerð sem enn gildir, og sjómenn, útgerðarmenn og fiskifræðingar viðurkenna nú að sjá megi greinilegan árangur þessara aðgerða í aukinni fiskigengd, ekki síst ýsu, sérstaklega á norðanverðum Breiðafirði. Hins vegar blasir ein staðreynd við sem ég tel nauðsynlegt að komi fram við þessa umr. Hún er sú, að dragnótaveiði í Breiðafirði hefur algerlega brugðist s. l. þrjú sumur með þeim afleiðingum að áhugi útgerðarmanna og sjómanna er nú enginn fyrir þessum veiðum. Og það furðulega er, að þar sem áður fyrr voru árviss auðug skarkolamið, sem aldrei brugðust, eins og á Skarðsvík og Beruvík, fæst nú enginn afli. Hvað veldur kann ég ekki svar við, en svo mikið er víst að á þessu svæði er ekki finnanlegur gamli skarkolinn hans Stefáns Jónssonar, hv. þm., sem var að senda sjómönnum á Snæfellsnesi miður smekklega kveðju við þessar umr. fyrr.

Ég skal ekki vefengja það álit fiskifræðinga að skarkolastofninn sé vannýttur, og vafalaust væri hægt að veiða talsvert magn af þessum ágæta fiski í Faxaflóa, en ég dreg í efa að opnun Faxaflóa fyrir dragnót verði heillaspor eða hafi afgerandi þýðingu fyrir fiskveiðar og afkomu sjávarútvegs á Íslandi.

Á undanförnum árum hefur skarkolinn ekki skipað þýðingarmikinn sess í útflutningsframleiðslunni, enda oftast heilfrystur, mikil afföll í nýtingu og oft mátti sjá þrær fiskmjölsverksmiðja hálffullar af þessu hráefni og ekki sjaldan komið úr frystiklefunum sjálfum. Ástæðurnar voru að varan var óseljanleg. Flökunarvélar munu að sjálfsögðu breyta þessu verulega. En er það örugg fjárfesting og markaður sem um munar? Hvar eru tölulegar upplýsingar um slíkt?

Ég vil endurtaka það, að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða. Mitt álit er að við eigum að flýta okkur hægt í þessu máli og þessi till., sem hér er til umr., sé ekki tímabær. Við erum með sérstaka nefnd, fiskveiðinefnd, til að athuga öll þessi mál, þ. e. a. s. nýtingu fiskimiðanna umhverfis landið og hvernig best verður náð árangri í að byggja upp þorskstofninn. Á því veltur framtíð þjóðarinnar, það er ekki of sterkt til orða tekið. Þess vegna ber að taka tillit til reynslu af friðunaraðgerðum, sem í gildi hafa verið í Faxaflóa og á Breiðafjarðarmiðum, og varast að taka einhliða ákvarðanir um eina fisktegund, sem talin er vannýtt, og leyfa veiðarfæri á friðuðu svæði, sem margir telja að valdið gæti óbætanlegu tjóni á öðrum nytjafiskum.

Það vantar stórlega meiri rannsóknir, víðtækari þekkingu á fiskimiðunum umhverfis landið, meiri staðreyndir um nytjafiska. Ég nefni sem dæmi skelfiskinn, hörpudiskinn í Breiðafirði. Í Stykkishólmi hafa um árabil verið byggðar upp vinnslustöðvar sem vinna nær eingöngu þetta hráefni til útflutnings. Er nú svo komið að treyst er á þessa fisktegund sem aðalatvinnugrein í byggðarlaginu, og raunar hafa önnur byggðarlög áhuga á málinu til atvinnuauka. Það er því ekki lítið mál, að fullkomin rannsókn fari sífellt fram á hegðun þessa fisks — rannsókn er leiði í ljós nákvæmar upplýsingar um magn skelfisks, viðkomu hans, vaxtarhraða — og allt veiðisvæði hörpudisks í Breiðafirði sé kortlagt og síðan skipulagt til veiða, miðað við að skynsamlega verði að farið, svo þarna geti þróast fastmótuð atvinnugrein er byggist á vísindalegum staðreyndum sem allir viðurkenna og geta treyst. Á það skortir í dag. Þannig mætti taka dæmi um aðrar fisktegundir, svo sem rækju, humar, síld svo og allar tegundir botnfiska. Sem fiskveiðiþjóð megum við ekki vera fastir á fjármagni til rannsóknastarfa á þessu sviði. Því þurfum við að átta okkur á í tíma. Oft hefur verið þörf, en nú er nauðsyn.

Ég var fyrir nokkrum dögum á ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands um hagnýtingu fiskimiða eða fiskstofna, og þar komu fram ýmsar fróðilegar upplýsingar um þessi mál sem vert er að gefa gaum. Ég er reiðubúinn að ræða ýmsar aðgerðir til verndunar fiskstofnum, friðun fiskveiðisvæða, stjórnunaraðgerðir við fiskveiðar og skipulag veiða. Ég tel að hefja eigi umr. um þessi mál sem víðast. Það eigi að fá okkar ágætu fiskifræðinga til viðræðna við sjómenn okkar og útgerðaraðila og reyna að ná sem víðtækustu samstarfi til að standa að aðgerðum er tryggi skynsamlega nýtingu fiskimiðanna og fullnýtingu sjávarafla.

Ég vil leggja áherslu á það, hversu það varðar miklu að efla þátt fiskifræðinga okkar og annarra sérmenntaðra manna á þessu sviði, vísindalegar rannsóknir hvað varðar fiskstofna, nýtingu fiskimiða, úrvinnslu og skipulag þessara mála almennt. Það sæmir ekki annað fiskveiðiþjóð, sem á alla tilveru sína undir fiskveiðum og fiskvinnslu. Hér er ekki við aðra að sakast. Við ráðum sjálf yfir fiskimiðunum, 200 mílna fiskveiðilandhelgi. Við hljótum því að horfast í augu við þá staðreynd, að framtíð þjóðarinnar er í veði ef við kunnum ekki með

fjöreggið að fara.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil skýrt taka það fram að ég treysti fiskifræðingum mjög vel og ég treysti *læknum betur til að lækna fólk en hómópötum, en ég* treysti ekki alltaf læknum best til þess að vinna að heilsuvernd yfir höfuð og það er sama með fiskifræðinga: ég treysti þeim ekki endilega best til að ákvarða um lífríki, náttúruvernd og verndun sérstakra svæða.

Þegar ég lýsi andstöðu minni við opnun Faxaflóa fyrir dragnótaveiðum, þá er það ekki af því að ég óttist útrýmingu skarkolans, síður en svo. Ég veit að fiskifræðingurinn hefur fullkomlega rétt fyrir sér þar sem hann segir að það sé óhætt að veiða 10 þús. tonn við strendur Íslands af skarkola, það er enginn vafi á því. Það, sem ég tel mikils virði, er að við eigum þarna stórkostlega merkilegt og mikið svæði sem við höfum verndað fyrir árás bæði trolls og dragnótar nú um langan tíma. Ég álít að vissir fiskstofnar hjá okkur sýni að þarna hafi verið vel að verki staðið og við eigum ekki núna á þessum viðsjárverðu tímum að gefast upp, enda þótt örðugleikar séu á flestum sviðum hjá okkur. Þess vegna eigum við enn um sinn að halda Faxaflóanum lokuðum fyrir þessu veiðarfæri. Ég tel að við getum veitt þessi 10 þús. tonn við strendur landsins þó að við verndum þetta merka svæði okkar áfram.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, að sumir eru hálfgert bólusettir gegn dragnót — en hvers vegna? Þeir vita nefnilega hver hefur verið reynslan af notkun dragnótar, t. d. í Faxaflóanum. Síðast þegar leyfð var dragnót í Faxaflóanum voru líka til fiskifræðingar og það voru líka til skip sem áttu að fylgjast með veiðinni, en það var ekki gert. Verulegur hluti af fiskafla úr Faxaflóanum rýrnaði til stórkostlegra muna á örfáum árum sem dragnótin var leyfð. Um þetta þarf ekkert að deila, því að það eru til aflaskýrslur sem sanna þetta. Faxaflóanum var aftur lokað fyrir dragnót. Líka eru til skýrslur, aflaskýrslur, sem sanna að fiskgengd óx í flóanum eftir að honum var lokað. Með hverju einasta ári þar á eftir jókst afli smábáta hér við flóann, á hvern róður og á hvern bát. Bátunum fjölgaði líka. Þá á ég fyrst og fremst við smábátana, en einnig stærri bátana.

En við erum bólusettir, segir hv. þm., og rétt er það að því leyti líka, að við treystum ekki einu sinni alltaf ljósmyndum. Því var áður fyrr treyst sem stóð á prenti, það væri ekki logið á prenti. Og það er ekki logið á myndum. En það er bæði hægt að ljúga á prenti og ljúga á myndum ef þær eru þannig teknar, ef þær eru teknar í ákveðnum tilgangi, þegar myndin á að sanna fyrir fram ákveðna stefnu, sanna það sem menn hafa áhuga á. Hv. þm. Ólafur Björnsson sýndi mér einmitt sumar af þessum myndum og þær sönnuðu mér líka svolítið annað en hann ætlaði að sanna. Möskvinn, sem er að vísu mjög stór, 17 cm, í þessu hleralausa trolli verður nefnilega ekki eins og ferhyrningur í langinu, heldur eins og tígull og tígullinn í snurvoðinni hleypir ekki stórum fiskum í gegn. Hann hleypir nánast engu í gegn þegar vængurinn er farinn virkilega að strekkjast. Og þegar nokkur kolaafli er kominn í pokann þar að auki, og að ég tali nú ekki um að þeir hnýti fyrir pokann, eins og sagt var að væri gert á vissum stöðum, þá fer ekki neitt í gegnum möskvana nema vatnið. Þetta vita menn líka. Smábátaeigendurnir við Faxaflóann, hvort sem er á Akranesi, í Reykjavík, Hafnarfirði, jafnvel sums staðar á Suðurnesjum, vita ósköp vel að það er verið að eyðileggja miðin þeirra með þessu. Það er kannske ekki stórt innlegg í þjóðarbúið, en það er þó töluvert drjúgt.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar gerði samþykkt um þetta efni fyrir skömmu, þar sem hún skoraði á Alþ. að opna ekki Faxaflóann fyrir dragnót. Ég býst við að þessi samþykkt sé engu ómerkari en það sem gert var í Keflavík og Njarðvík. — Menn skyldu nú vara sig, því að menn vita hver hefur verið reynslan af þessu.

En hvernig sem við treystum læknum, hómópötum, fiskifræðingum eða sjómönnum, þá vil ég segja að ég treysti fiskifræðingum æðivel, ef þeir hafa aðstæður til þess að dæma um það sem þeir eru að segja, ef þeir hafa mannafla, skipakost og fjármuni til þess að gera sér grein fyrir hver miðin eru, hvað þau eru stór og afkastageta þeirra er mikil og að þeir geti fylgst með þeim. Jafnvel þar sem þeir hafa sumsstaðar vel gert og fylgjast náið með hefur þeim orðið á ill skyssa í því að dæma um stöðu fiskstofnanna. Þessa höfum við dæmi alls staðar í kringum landið og um hvern einasta fiskstofn sem um hefur verið fjallað. Ég bið því fyrst og fremst um það, að hér verði ekki flanað að neinu.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Þetta frv. beinist að því að opna Faxaflóa fyrir dragnótaveiðum á kola. Þá hugsun styð ég og það frv. sem hér hefur verið lagt fram. Það má benda á að frv. er þannig orðað, að það gildir einungis fyrir tvö ár. Þetta mál kemur því til kasta Alþingis aftur, ef áhugi verður á að halda opnu áfram. Í öðru lagi kveður þetta frv. á um að möskvastærð sé 170 mm. Eru það hvort tveggja mjög jákvæð atriði í þessu frv.

Það eru einungis tvö atriði í viðbót sem ég vil vekja athygli á og e. t. v. væri ástæða til að taka mið af. Það er í fyrsta lagi, að bundinn yrði í lögum sá hámarksafli á bát sem hann mætti koma með að landi á viku hverri. Þetta er svipað og er gert við aðrar veiðar — þær veiðar sem eru kvótaskiptar. Sömuleiðis væri e. t. v. ástæða til að taka inn í lögin það atriði, hver mætti vera hámarksafli af öðrum fiski á þessum veiðum. Mætti ímynda sér einhverja prósentutölu í því samhengi, e. t. v. 20% annar fiskur í hverri viku.

Ég hef trú á því, ef þessi tvö atriði kæmu inn í viðbót við hin, að leyfið er einungis veitt til tveggja ára og möskvastærðin er lögbundin, að þau ættu að geta orðið til þess að eyða síðustu efasemdum í sambandi við þetta mál.

Það hefur heyrst hér á Alþ. eins og oft áður, að menn hafa skiptar skoðanir um þetta mál. Ég fæ ekki betur séð á þessu frv. og e. t. v. ef þessar lagfæringar næðu fram að ganga í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um þetta mál, og á Alþingi, en að þessa tilraun beri að gera. Sumir eru núna heitir á móti þessu máli, eins og við höfum heyrt á þm. Vesturl. og reyndar einum þm. Reykn. líka. En ég held að menn geti verið sannfærðir um að eftirlit með þessum veiðum verður þvílíkt, að það hefur sjálfsagt aldrei annað eins þekkst, því að þetta mál er það viðkvæmt. Ég hef ekki nokkra trú á öðru en að staðið verði að þessum veiðum þannig að ekki skapist nein hætta fyrir annan fisk í flóanum.

Ég vil að lokum lýsa stuðningi við þetta frv. og vona að það fái fljóta afgreiðslu á þinginu, því að stutt er í það að sú vertíð geti hafist sem um er talað í þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 383). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Í aths. með frv. því til breyt. á lögum um 40 stunda vinnuviku, sem hér er nú til umr., er tekið fram að tilgangur þess sé tvíþættur. Því er annars vegar ætlað að leiðrétta ákveðið misrétti, sem nú er orðið með launþegum þessa lands, og hins vegar að verka sem hemill á þá óhóflega miklu yfirvinnu sem tíðkast hér á landi og allir ábyrgir menn viðurkenna að sé stórfellt vandamál.

Ég vík fyrst nánar að síðasta atriðinu, þá skal fúslega viðurkennt að hér er ekki stigið neitt tímamótaspor í átt til raunverulegrar vinnutímastyttingar, aðeins lagt á vogarskálarnar lítið lóð sem engri byltingu mun valda, en vegur þó óumdeilanlega eitthvað og gerir það réttu megin á voginni.

Ég ætla að allir alþm. séu á einu máli um að vinnutíminn hér á landi sé óhóflega langur, að að því beri að stefna að draga úr honum þar sem slíks er kostur og ekki síst af þeim sökum að ýmislegt bendir til þess, að sömu eða svipuðum afköstum megi ná með aukinni hagræðingu og skipulagi þótt eitthvað sé dregið úr lengd vinnutímans. Það eru svo sjálfsagt skiptar skoðanir um það, hver sé hin rétta leið að því marki og hvort hana beri að fara í stórum áföngum eða stuttum skrefum. Það er sannfæring mín og hluti af mínu almenna lífsviðhorfi, að hægfara, en jöfn og sígandi þróun sé yfirleitt sú tilhögun sem vænlegust er til árangurs. Í þessu ljósi bið ég hv. þm. að skoða þann þáttinn í rökstuðningi með samþykkt frv. sem lýtur að styttingu vinnutíma í landinu.

Ég sagði áður að tilgangur frv. væri öðrum þræði sá að leiðrétta ákveðið misrétti í kjörum launafólks. Að mínu mati er þar um sanngirnismál að ræða. Í aths. með frv. er það skýrt hvernig lögin um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, urðu þess valdandi að sumir launþegar gátu þurft að vinna eftirvinnu í tvær stundir eftir að vinnuvikunni var að fullu lokið, en hjá öðrum tók næturvinna strax við, eins og tíðkast hafði fram til þess tíma, þ. e. a. s. kl. 12 á hádegi á laugardögum. Við þessa óeðlilegu tilhögun hafa launþegasamtökin aldrei getað sætt sig, en leitað þráfaldlega eftir leiðréttingu á þessu atriði í almennum kjarasamningum. Hafa fjölmennir launþegahópar þegar fengið viðurkenningu vinnuveitenda sinna á þessari kröfu, þ. á m. öll hin stóru aðildarfélög innan Málm- og skipasmíðasambandsins, starfsmannafélögin í ríkisverksmiðjunum og hjá álverinu í Straumsvík. Fer þá, þegar svo er komið, best á því, að þessi regla verði almennt látin gilda fremur en sú hending sem því getur oft ráðið hvaða vinnuveitendur menn fá. Sú regla ætti að ráða úrslitum um það, hvort menn þurfi að sæta skertu álagi á laun sín eftir að þeir hafa skilað af sér fullri vinnuviku.

Í aths. með frv. er að því vikið, að á það megi líta sem fyrsta skrefið að því marki að öll eftirvinna verði felld niður í áföngum. Ljóst er að næsta skrefið að því marki verður ekki stigið á þeim forsendum að jafna þurfi misrétti sem orðið er í þjóðfélaginu. Það hlýtur að skoðast sem áframhald þeirrar viðleitni, sem ég hér áður ræddi um, að draga úr hinum langa vinnutíma, sem stundum er nefndur vinnuþrælkun og það með nokkrum rétti. Hvenær þær aðstæður verða fyrir hendi í þjóðfélaginu, að slík breyting sé í raun til þess fallin að ná þessum tilgangi sínum, verður ekki fullyrt um á þessari stundu. Í því efni verður framtíðin að skera úr.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. þessarar hv. d. og 2. umr.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði rétt í þessu, að það kann að vera ákveðið misrétti með launþegum þessa lands. Raunar er það æðimikið og hefur fremur farið vaxandi að undanförnu en hið gagnstæða, enda viljandi brotin á bak aftur löggjöf og aðgerðir, sem á s. l. ári voru gerðar til að jafna launakjör í þessu landi, með hinum svokölluðu samningum í gildi, og svo því reginhneyksli að ekki skyldi um löggjöf landsins búið betur en svo, að nú hefur hið svokallaða „þak" verið tekið af, þannig að hæstlaunuðu menn þessa lands fá margfaldar kaupbætur móti láglaunafólki. Þetta er svo sem ekki nema í samræmi við allt endemi annað í fari núv. hæstv. ríkisstj.

Víst er svo, og þm. eru sammála um það, ég dreg það ekki í efa, að vinnutími sé of langur hér, og skoðun mín er sú, að með mun styttri vinnutíma mætti afkasta jafnmiklu og nú er gert og kannske meiru. Hv. þm. muna kannske eftir því, að það var hér japönsk stúlka í útvarpsviðtali fyrir einu eða tveimur árum, gift Íslendingi, hygg ég að hafi verið, sem var spurð að því, hvort henni fyndist Íslendingar ekki vinna mikið. Hún svaraði: „Nei, mér finnst þeir ekki vinna mikið, en þeir vinna lengi." Ég hygg að það sé nokkur sannleikur í þessum orðum, að hér á landi mætti mun betur skipuleggja vinnu og stytta vinnutíma, og vissulega á löggjafinn að hlutast til um aðgerðir í því efni.

Hitt er svo allt annað mál, að ég tel það alranga stefnu, sem hæstv. ríkisstj. fylgir, að ætla með löggjöf að ákveða svo til allt í kjaramálum þessarar þjóðar. Svo er í raun inni komið, að íslensk verkalýðsfélög hafa ekki lengur neinn tilgang. Þau koma aldrei saman til funda. Það er aldrei talað um verkfallsaðgerðir eða neitt slíkt. Það eru litlar klíkur, sem eru í nánu samstarfi við pólitíkusa, pólitíska valdamenn þessarar þjóðar, sem ráðska með hagsmuni launþega þessa lands án þess að spyrja þá að einu eða neinu. Það er verið að gera verkalýðsfélög á Íslandi álíka áhrifalaus og þau eru í sósíalískum ríkjum, kommúnískum ríkjum, einræðisríkjum, ef svo heldur fram sem horfir.

Það hefur verið meginkrafa íslenskra verkalýðsfélaga allt frá því að þau voru stofnuð, og ætti að vera enn, og ég vona að það sé meginkrafa íslenskra launþega almennt, að fullt samningsfrelsi ríki og fullur verkfallsréttur. Það eigi að vera á valdi verkalýðsfélaganna að semja um sín málefni og ráða því sjálf, án afskipta og íhlutunar ríkisvalds, nema þá í undantekningartilfellum, hvernig með samningamál sé farið.

Nú er hins vegar til þess ráðs gripið til þess að falsa vísitölu og skerða kjör manna að bera fram svokölluð — ja, hvað er þetta nú kallað á fína málinu, ég er nú búinn að gleyma því, jú, „félagsmálapakki", segja þeir. Frv. þetta er flutt í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstj. gaf

launþegum samfara þeim ráðstöfunum sem gerðar voru. Þetta á að vera einhvers konar kjarabótaatriði, metið til svo og svo margra vísitölustiga. Það veit hvert einasta mannsbarn, ríkisstj. jafnt og allir aðrir, að hér er ekki annað um að vera en að falsa vísitölu og skerða kjör manna og síðan á að pota inn einhverri löggjöf um atriði sem auðvitað ætti að vera samningsatriði milli launþega og vinnuveitenda og ekki að koma til kasta Alþ., eins og háttar í okkar þjóðfélagi, þar sem verkalýðsfélög gætu verið, sem betur fer, mjög sterk og fullfær um að semja um kjör sín, og án efa mundu kjör vera hér betri ef samningsfrelsi væri virt og pólitískir spekúlantar og pótintátar létu þessi samtök fólksins í landinu í friði um að gæta hagsmuna sinna og væru ekki að skerða hagsmuni þeirra hvenær sem þeim dettur í hug til þess að halda pólitískri valdastöðu og banna þeim þar með að njóta þeirra réttinda sem verkalýðsfélög hafa hér á landi lengst af notið, þ. e. a. s. bæði verkfallsréttar og samningsréttar.

Ég vil aðeins vekja athygli á þessu án þess að fara að halda langa ræðu. Ég gæti talað langt mál um þetta og við getum sjálfsagt rifist um það lengi. Ég vil vekja athygli á þessu við 1. umr., vegna þess að öll þessi mál, sem núna er verið að renna inn í Alþ., eru lögð fram til þess að reyna að sannfæra fólk um að ríkisstj. sé svo óskaplega góð við launamenn, henni sé svo annt um þeirra hag, það sé svo sem ekkert verið að skerða hag manna þótt eitt og eitt vísitölustig sé tínt burt og þó að vísitalan sé svolítið fölsuð með niðurgreiðslum, því að allt eigi þetta að bæta með þessum hliðarráðstöfunum.

Þetta mál kemur að sjálfsögðu til 2. umr. — og þó, ætli það geri það nú? Ef ríkisstj. fellur kann svo að fara að það verði ekki mikið um þetta rætt. En ég vildi í þessum örfáu orðum vekja athygli á þeirri óheillavænlegu stefnu sem verið er að leggja út á núna. Fyrst og fremst er hún óheillavænleg fyrir félagslegt réttlæti í þessu landi og fyrir launþegasamtökin, að það skuli í bókstaflegri merkingu vera búið að firra þau öllu valdi. Það kemur varla fyrir að það sé boðaður almennur fundur í verkalýðsfélagi, og þó hann sé boðaður mæta þar örfáir menn, vegna þess að þeir vita fyrir fram að pólitískir pótintátar eru búnir að semja við aðra pólitíska pótintáta um hvernig með hag launþega skuli farið, og þeir hafa þess vegna ekkert erindi á neina slíka fundi. Þetta er það sem Vilmundur eldri, landlæknir, mundi sjálfsagt hafa kallað sósíalisma — og hitt orðið má ég víst ekki nefna úr þessum stól, en það þekkja allir þetta orðatiltæki. Ég vara menn við því að ganga lengra á þessari braut, ekki síst þá, eins og ég tel hæstv. ráðh. vera, sem vilja hag launþega vel og vilja ekki að hér verði komið á því kerfi, — a. m. k. verði það ekki fullkomnað, — sem hér er verið að stíga eitt skref af öðru yfir í, þ. e. a. s. að gera verkalýðsfélögin gjörsamlega máttvana og færa öll kjaraákvörðunarvöld til ríkisstj. eða þá til Alþ. Ég veit að í hjarta sínu vill hann þetta ekki. Þess vegna skulum við fara varlega að stíga spor eins og þessi. Verkalýðsfélögin gætu verið nógu sterk til að knýja þetta fram og miklu meiri kjarabætur en þeim eru skammtaðar nú af hæstv. ríkisstj.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Að sjálfsögðu er það rétt hjá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, að margt mætti fara betur um stjórnun verkalýðsfélaga, eins og reyndar um mörg önnur mál hjá okkur á okkar ágæta landi.

Hann telur að verið sé að falsa vísitöluna í sambandi við þessi mál öll. Atvinnurekendur hafa nú metið að þetta mál eitt þýddi 1.3% kauphækkun, af þeim 3% sem um var að ræða og um var samið.

Ég vil neita því varðandi lagasetningar af þessu tagi, að það sé verið að taka völd frá verkalýðsfélögunum. Í flestum nálægum löndum og einmitt í þeim löndum, sem verkalýðsfélögin eru sterkust, þ. e. a. s. á Norðurlöndunum, koma stjórnvöld alltaf inn í myndina til þess að létta undir hornið hjá þeim sem verst eru settir, þeim sem minnstu ná í gegnum samninga, þ. e. a. s. lægst launuðu verkamönnum og verkakonum. Það er alltaf í þessum löndum þannig, að stjórnvöld og löggjafinn koma inn í myndina til þess að bæta þeim upp til að jafna hlut þeirra miðað við þá sem betri árangri ná í samningum.

Eyjólfur K. Jónsson: Það er aðeins örstutt aths. til þess að andmæla þeirri skoðun hæstv. félmrh., að verkalýðsfélög séu sterkust á Norðurlöndum. Ég held að þau séu ekki sterk þar. Ég held að þar sé nákvæmlega það að gerast sem hér er nú að gerast, að þar séu litlar klíkur jafnaðarmanna í samvinnu við ráðandi öfl í þjóðfélaginu venjulega, ef við tökum t. d. Svíþjóð. Það er líka náið samband á milli Wallenbergkapítalistanna og jafnaðarmannanna þar og svo fámennra hópa sem telja sig verkalýðsleiðtoga.

Ég held að verkalýðsfélög á Norðurlöndum séu ekki tiltakanlega sterk, enda bendir þróunin, sem þar hefur verið að gerast, til þess að vandræði þessara þjóða séu kannske að verða miklu meiri en menn höfðu búist við fyrir nokkrum árum, einmitt vegna ýmiss konar vitlausrar löggjafar. Verkalýðsfélög eru án efa langsterkust í ríkjum eins og t. d. Bandaríkjunum og Vestur-Þýskalandi. Þar eru þau gífurlega sterk. Sumum finnst nóg um. Þau eru líka það fjárhagslega sterk þar, að þau geta haldið úti verkföllum mánuðum saman ef þeim sýnist, án þess að það komi mikið við verklýðsforingja. Að vísu er mikið um verkföll í Vestur-Þýskalandi sérstaklega, en alvarleg verkföll hafa oft orðið í Bandaríkjunum. Þar eru verkalýðsfélög gífurlega sterk.

Að sumu leyti er það kannske ískyggilegt, hvort heldur eru vinnuveitendur eða verkalýðsfélög, að samtök hafi allt of mikið fjármagn undir höndum. Það verður auðvitað að vera þarna ákveðið jafnvægi á milli, og ég held að best færi á því, bæði fyrir launþega og þjóðarheildina, að nokkurt jafnræði væri á milli vinnuveitendasamtaka og launþegasamtaka. En það, sem ég aðeins vildi hér vara við, var að menn gengju of langt í því að grípa fram fyrir hendur þessara frjálsu samtaka, nema í þeim neyðartilfellum þegar þau ná ekki saman sjálf, ef t. d. vinnuveitendur neituðu alfarið styttingu vinnutíma í samningum. Nú hafa engar samningaumleitanir farið fram í háa herrans tíð, eins og menn vita. Segjum að vinnuveitendur neituðu alfarið að semja um vinnutíma og segðu: Við ætlum bara að láta verkalýðinn vinna, hann er ekkert of góður til að vinna 60—80 tíma, eins og hér var áður. — Auðvitað á þá löggjafinn að grípa inn í í slíkum tilfellum. En fyrst á að reyna á frjálsa samninga, ekki síst vegna mikilvægis verkalýðssamtakanna.

En ég skal ekki lengja þessar umr.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. og alveg sérstaklega þá hugmynd sem að baki því felst að stytta vinnutíma. Ég tel

að bæði yfirvinna og næturvinna sé eitt af því sem eigi að forðast eftir föngum, þó ég viti vel að hér séu atvinnuvegir að sumu leyti þannig að ekki sé alfarið hægt að leggja slíka vinnu niður. Í mínum huga eru það sjálfsögð mannréttindi, sem koma skulu, að engir þurfi að vinna fyrir sínu daglegu brauði lengur en um 8 stundir á dag og að kaup sé það hátt að slík vinna nægi fólki til framfæris.

Ég tel að þetta frv. stuðli að því að við förum inn á það kerfi sem mest, að hér sé vinnudagur stuttur, og vonandi komi á eftir því, að hér séu vinnulaun há, eins og ég tel að þau eigi að vera. Eins og hv. þingdeild er kannske kunnugt um flutti ég í vetur till. um það í Sþ., að breyting yrði á fyrirkomulagi vinnunnar í þá veru að það væri tekið mið af því að engir hefðu hærri laun hér á landi en eins og í hæsta lagi þreföld laun verkamanns sem vinnur 8 stundir. Þetta var hugsað í þá átt náttúrlega, að báðir aðilar drægju hvor annan upp, eða öllu heldur að hátekjumaðurinn drægi láglaunamanninn upp og að stefnt yrði að því með þessu kerfi að verkamannalaun, hin daglegu laun 8 stunda vinnudagsins, yrðu mun hærri en nú er, en að forðast yrði yfirvinnu í hvaða mynd sem væri, sem nú er ýmist kölluð eftirvinna eða næturvinna.

Ég endurtek það, að ég er eindreginn stuðningsmaður þessa frv. og ég efast um að það sé rétt hjá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, að við þurfum, þó að ýmsir gallar séu á verkalýðshreyfingunni hér á landi og stjórn hennar, að leita til Bandaríkjanna eftir sérstaklega mikilli forsjá eða skynsamlegri fyrirmynd þar. (**EKJ:** Það sagði ég ekki.)

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, að þetta frv. til l., sem hér liggur fyrir, sé spor í rétta átt og þarna sé um að ræða löggjöf sem miðar að því að draga úr óhóflegu vinnuálagi og kalli jafnframt á nauðsynlegt skipulag við framleiðslustörf og aðra vinnustarfsemi í landinu.

Ég er fylgjandi því, að þessi mál séu jafnframt skoðuð með tilliti til þess að gera vinnutímann sveigjanlegri og reyna að taka upp breytta stefnu í þessum málum hér á landi. Það hefur örugglega verið of lengi þögn um að taka þessi mál til skoðunar fyrir opnum tjöldum og reyna að aðstoða við að tileinka verkalýðshreyfingunni hér á landi nútímaaðferðir og reyna að finna þar upp frjálslegra form, sem mundi auka réttindi verkafólks og gera þessi mál miklu sveigjanlegri til hagsbóta fyrir launþega, og að hægt sé að taka mið af ýmsum sveiflum og framförum sem eru í þjóðfélaginu á hverjum tíma.

En ég ætlaði nú aðallega að benda á í sambandi við það, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði áðan, að mér finnst að það, sem hann túlkaði í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, sé nokkuð mikið í mótsögn við það sem hann og skoðanabræður hans hafa haldið fram undanfarið á hv. Alþ.: að verkalýðshreyfingin og slíkir hagsmunahópar ráði eiginlega öllu sem fram fer í þjóðfélaginu, þeir setji ríkisstj. upp við vegg o. s. frv. Það er ekki hægt að marka af því, að verkalýðshreyfingin sé þar með valdalaus eða áhrifalaus í þjóðfélagi okkar, nema síður sé.

Ég er sannfærður um að þessi mál þurfa skoðunar við. Ég er ekki sammála um að það kerfi, sem við búum við sé endilega það hagstæðasta, og þar þarf að gera vissar breytingar, eins og ég sagði áður. En ég vil mótmæla því, að það sé hægt að taka þessa löggjöf sem sérstakt dæmi um neikvæð áhrif verkalýðshreyfingarinnar á sviði löggjafar á Íslandi. Mér finnst það alveg vera þversögn og ég vil mótmæla því um leið og ég styð þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 322). — Frh. 1. umr.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Mér varð nú á, eins og sumum frægum persónum í mannkynssögunni, að gleyma ræðunni minni heima. Þetta hefur stundum komið sér illa, en ég veit ekki hvort það skiptir öllu máli hér.

Þetta mál, sem hér er til umr., hefur tekið afskaplega undarlega stefnu í umr. í þessari d., þar sem sáralítið hefur raunverulega verið um efni frv. talað, hins vegar miklu meira um pólitískar skoðanir og þá jafnvel jaðarskoðanir frá vinstri til hægri. Ætla ég engan veginn að taka þátt í slíkum umr., enda þykist ég ekki vera neinn útkanta maður í pólitík.

Hitt var svo, að þegar ég leit þetta frv. fyrst fannst mér líklega ekki vera mikið mál þarna á ferðinni. En ég fór að kynna mér þetta. Ég ræddi við skólamenn, sem ég þekki, og hef þar af leiðandi komist að nokkuð annarri niðurstöðu.

Með auknum áhuga á félagsvísindum hafa skólarnir nokkuð breytt um svip. Þeir hafa breytt um svip m. a. þannig, að allt niður í grunnskóla hafa félagsvísindin svo þrykkt sér inní áhugasvið nemendanna, að 10—12 ára krakkar haga sér í námi sínu eins og þjálfaðir félagsfræðingar. Hins vegar er mér sagt að það séu stundum allundarlegar skoðanakannanir sem börnin eru að gera á sambekkingum sínum. Virðast þá mál koma til greina sem ekki væri alveg heppilegt — a. m. k. frá foreldralegu sjónarmiði — að væri flaggað mikið.

Að sjálfsögðu eigum við mikið ólært í félagsvísindum og mikið órannsakað hér á landi, því félagsvísindin eru ung fræðigrein, fyrst og fremst hér á landi. Ég er því vissulega fylgjandi að rannsóknir fái að fara fram, en ég er líka fylgjandi frv., sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir flytur hér, því að mér er fullljóst að verulegar skorður verður að gera gagnvart ungmennum, svo að ekki verði misbeitt valdi sem kennarar eða einhverjir nemendur í félagsvísindum vildu beita gagnvart þessu unga fólki. Mér er t. d. kunnugt um að það þykir ekki við eiga að börn eða unglingar séu yfirheyrð af lögreglu öðruvísi en að viðstaddir séu einhverjir menn, t. d. frá barnaverndarnefnd, svo að tryggt sé að hvorki sé níðst á nemendum né aðstandendum þeirra. Málið er nefnilega tvöfalt. Það er líka verið að hugsa um að vernda nemendurna og aðstandendur þeirra gagnvart utanaðkomandi áhrifum hvort sem það eru lögforeldrar eða aðrir.

Við Íslendingar höfum sjálfsagt verið yfirleitt það bláeygir, eins og sagt er, að við höfum ekki verið að gruna menn um að þeir séu að fara þarna út á vafasamar brautir, t. d. að fara út í svo nákvæma könnunarsöfnun að kannske ekki þeir sjálfir, sem að könnuninni standa, heldur e. t. v. aðrir, sem ekki væru með jafngöfuga hugsun á bak við sig, vildu að fara að kíkja í skýrslur og athuga segulbönd. Þá erum við vissulega komin út á hála brautir.

Hitt atriðið, sem hefur komið fram í þeim löngu umr., sem hafa orðið um þetta mál, er pólitíkin sem þrýst er inn í skólana. Ég hélt í upphafi að hún kæmi ekki þessu máli við. En ég hef lesið dagblöðin — skrykkjótt eins og aðrir — og sá það m. a. í Þjóðviljanum fyrir skömmu, að æskulýðsnefnd Alþb. gerir nú skipulagsbundna herferð inn í framhaldsskólana með pólitískum áróðri. Þessa heimild hef ég fyrst og fremst frá Þjóðviljanum, þ. e. a. s. orðalagið er mitt, en ekki Þjóðviljans. Þess vegna má vel vera að full ástæða hafi verið fyrir hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur að vega nokkuð að þeim stjórnmálaflokki í þessu tilviki.

Mér er sem sagt tjáð af skólamönnum, sem ég hef haft samband við, að svo lausar séu skorður gegn mögulegu misrétti gagnvart börnum og aðstandendum þeirra að full ástæða sé til að herða á í þá átt sem flm. vill gera með þessu frv. Af þeim ástæðum mun ég vissulega styðja það, að þetta mál haldi áfram til mjög vandlegrar skoðunar í n. Ég býst við að þarna séu göt í íslenskri löggjöf sem full ástæða væri til að reyna að stoppa eitthvað í.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég verð að segja eins og hv. síðasti ræðumaður, að ég hélt að um þetta mál væri nokkurn veginn samstaða, það væri ekki neitt sérstakt ágreiningsefni. Ég byggði það m. a. á því, sem er vitað mál, að tækniöldin hefur breytt mörgu hjá okkur á stuttum tíma. Hún hefur skapað visst öryggisleysi um einkalíf einstaklingsins, og hún hefur framkallað vissar hættur sem alls ekki voru fyrir hendi áður. Í öðru lagi er að geta sérstöðu þjóðfélags okkar, sem er lítið þjóðfélag, tiltölulega vel upplýst. Þykir mörgum í útlöndum girnilegt að fá aðstöðu til þess að gera rannsóknir hér á landi, og á þetta við bæði um heilbrigðis- og önnur félagsmál og félagsvísindi. Það er alllangt síðan aðilar úti í löndum sýndu áhuga á slíkum verkefnum, og það mun fara í vöxt að leitað verði eftir slíku.

Ég taldi því öruggt mál hvað varðaði kannanir í skólum okkar, að það væri í raun og veru sjálfsagt að binda hnútana nokkuð fast og örugglega svo að erfitt yrði að misnota kannanirnar síðar meir. Málið hefur nú snúist á allt annan veg og ég á svolítið erfitt með að skilja það, að þeir hv. tveir þm. Alþb., sem hér hafa talað, hafa virst algjörlega andvígir þessu frv. Þeir vilja samt halda því fram, að það sé ekki efnislega, heldur vegna þess sem hv. flm. hefur sagt hér, en sýnilega er það efnislega líka, að þeir eru því ekki sammála. Og þetta kemur mér enn þá meira á óvart vegna þess að ég veit ekki betur en núv. hæstv. menntmrh. hafi síðan ég kom hingað inn í Alþ. a. m. k. sýnt mikinn áhuga á því að hér kæmu lög um tölvunotkun og lög um möguleika til að takmarka upplýsingar um einkahagi einstaklingsins. Í öðru lagi eru mér ofarlega í huga viðbrögð þessara aðila þegar Bragi okkar Jósepsson var að gera könnun vestur á Snæfellsnesi. Þau viðbrögð voru heldur óblíð og virtust eindregið benda til þess, að þeir væru mjög einhuga um að hafa hemil á öllum slíkum könnunum og að þar væri vel og rækilega að öllu staðið.

Varðandi þá könnun, sem hér um ræðir og hefur verið mest um rædd, þ. e. a. s. Árósakönnunina, hef ég það frekast heyrt um niðurstöður hennar, að skátar og íþróttaunglingar á Íslandi hefðu meiri glæpahneigð en aðrir unglingar. Þetta gaf manni strax hugmyndir um að einhvers staðar væru annaðhvort dregnar skakkar ályktanir eða að á vafasaman hátt væri að málum staðið. Þótt ég hafi ekki kynnt mér þá könnun rækilega, sýnist mér að hún hafi að verulegu leyti verið gerð í þeim tilgangi að finna út hvort hér væri stéttaþjóðfélag eða ekki, hvort hér væri stéttafélag meira en annars staðar miðað við afkomu. Það hefur komið fram í skrifum sumra þessara manna, að þeir hafi beinlínis verið að leita eftir því. Skýrist þá e. t. v. einnig hvernig raðað var í sósíalflokkana. Það held ég að hafi verið svolítið öðruvísi gert en venja er að gera. Það lítur út fyrir, að það hafi verið gert nokkuð mikið með þetta atriði í huga.

Það er sem sagt að mínu viti fyrst og fremst sú breytta afstaða, sem tækni nútímans og þá fyrst og fremst tölvuvinnslan veldur, sem gerir að verkum að ný ákvæði í lögum eru nauðsyn til þess að fyrirbyggja að skaði geti skeð.

Ef við tölum um þá sérstöku spurningalista, sem rætt hefur verið um, má segja að flest af því, sem þar er spurt um, sé ósköp eðlilegt, sanngjarnt og sjálfsagt. Er ekki líklegt að það geti valdið unglingum eða fullorðnum mönnum neinum vandræðum þótt farið yrði að gramsa í því seinna meir. En viss atriði gætu þó leitt til leiðinda, svo ekki sé meira sagt. Sumar spurningar, sem þarna er um að ræða, eru svolítið óvenjulegar. Kannske er það af því að ég er orðinn svo gamall að mér finnst ekki viðeigandi t. d. þegar verið er að spyrja um hvort unglingarnir hafi káfað á kynfærum ýmist hins kynsins eða sama kyns. Ýmislegt annað í þessum kynferðisspurningum er frá mínu sjónarmiði mjög vafasamt, eins og að gengið er út frá því að unglingarnir hafi kynmök við sama kyn, enda þótt ekki sé um kynvillu að ræða. Ég veit að þetta kann að vera rétt, en ég held að það sé vafasamt að vekja athygli á þessu. Og ýmislegt er í þessu sem ég býst við að menn vildu ekkert sérstaklega vera að láta hrista upp í seinna meir þegar þeir væru komnir á fullorðinsaldur, en allt slíkt er mögulegt. Þetta fer inn í tölvur, a. m. k. að einhverju leyti, og það m. a. s. úti í útlöndum, og það er vitað mál að sé það þangað komið er aldrei öryggi um leyndina.

Það hefur af hv. flm. verið gerð rækileg grein fyrir því, að hér er ekki um neina nafnleynd að ræða. Það er ákaflega auðvelt, skilst mér, að komast til botns í því hver aðilinn sé.

Það er mikill misskilningur að með frv.-flutningnum sé verið að torvelda vísindarannsóknir. Grundvöllurinn fyrir því, að hægt verði að veita heimild til vísindarannsókna sem þessara í framtíðinni, er einmitt að svo rækilega sé gengið frá ýmsum atriðum, sem menn geta orðið sammála um að nauðsynleg séu, að ekki leiki vafi á því að óhætt sé að hleypa hverjum sem er til vísindarannsókna undir handleiðslu háskóla í þau verkefni.

Það pólitíska moldviðri, sem hér hefur skollið á, álít ég sem sagt að sé út í hött og algjörlega ástæðulaust. Það er enginn vafi á því, að almennur áhugi er á því, að pólitískur áróður sé ekki viðhafður í skólum. Þar með er ekki verið að segja að kennarar þurfi endilega að vera hlutlausir, en þar verður að vera hóf á. Það er það sem verið er að sækjast eftir og virðist vera algjörlega sjálfsagt.

Hvað viðvíkur breytingum á grunnskólalögunum, sem hér er um að ræða, og þá sérstaklega breytingum á 1. og 2. gr., sé ég ekki að það sé annað en það sem við vorum að samþykkja nú alveg nýlega í Sþ. Þar var verið að staðfesta mannréttindasáttmála og þar eru þessi ákvæði efnislega, þótt með eitthvað öðru orðalagi sé. Hér er ekki um að ræða annað en það sem ég hélt að hægt væri að

vera nokkurn veginn einhuga um.

Mér finnst sem sagt óeðlileg afstaða, sem þeir tveir hv. fulltrúar Alþb., sem hér hafa talað, hafa tekið, og skil í raun og veru ekki hvað liggur til grundvallar málflutningi þeirra. Ég er búinn að taka það fram áður. Mér finnst það hafa komið fram, að flokkslega séð sé það stefna þeirra að ganga rækilega frá því að ekki sé hægt að misnota tölvur og koma fram síðar meir með upplýsingar sem hafa átt að vera leyndarmál og öllum huldar.

Varðandi þau atriði, sem um er að ræða, er t. d. tekið skýrt fram í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, að fjölskyldan sé í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins og beri þjóðfélagi og ríki að vernda hana. Það stendur í 16. gr. hennar og er eitt af því sem er verið að kveða nánar á um í þessu frv. Enn fremur er það, að fræðslan sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir. Það finnst okkur í raun og veru eðlilegt og sjálfsagt enda þótt það þýði ekki að þar sé gengið út í öfgar.

Það er nokkuð ljóst að við þurfum að fá þessa breytingu á grunnskólalögunum. Ég held að það sé eðlilegt að við verðum að vera nokkuð varkárir með leyfisveitingar til rannsókna, jafnvel þó um stúdenta sé að ræða og þó það sé á ábyrgð prófessora eða kennara, vegna þess að rannsóknirnar geta verið grundvöllur að alls konar upplýsingum sem við kærum okkur ekki um að sé á hvers manns færi að vita. Og ég vil geta þess, að eftir þessu er hægt að fá mjög miklar upplýsingar um þessa unglinga þegar þeir eru komnir á þrítugs- eða fertugsaldurinn. Segjum svo, að sú breyting yrði á, að stjórnvöld fengju sérstakan áhuga á að fá nánari upplýsingar um hagi og fortíð þessara unglinga, sem þá eru orðnir fullvaxið fólk, þá væri opið fyrir þau að fá mjög nákvæmar upplýsingar um allt atferli þessa fólks á fyrrnefndu æviskeiði.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í ræðu minni fyrir nokkrum dögum gerði ég skýran greinarmun á því, sem hefði verið rökstuðningur flm. fyrir þessu frv., og því, sem í frv. er. Í svarræðu sinni sagði hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, að hún hefði aðeins farið nokkrum orðum um Árósakönnunina og vildi gera sem minnst úr meðhöndlun sinni á þeirri könnun í tengslum við þetta frv. Staðreyndin er samt sem áður sú, að 7 af 15 dálkum framsöguræðu frv. í þingtíðindum eru eingöngu helgaðir þessari Árósakönnun. Ef það eru nokkur orð, þá ætti sjálfsagt öll framsöguræða hv. þm. á sömu mælistiku að vera fáeinar setningar. En ég fagna því að vissu leyti, ef ég get skilið þá ræðu svo, sem hv. þm. flutti sem svarræðu, að hún sjái að hún hafi gengið of langt í árásum sínum á þessa ungu fræðimenn, að hún í svarræðu sinni og með birtingu hennar í opnu Morgunblaðsins daginn eftir og þeim texta, sem þar er valinn, vill greinilega draga í land hvað þessar árásir snertir. Ekki skal ég lasta það, þótt hv. þm. vilji nú gera sem minnst úr þessum atriðum. Ég held að það sé varla með nokkurri sanngirni hægt að telja að öll sú umfjöllun, sem könnunin fékk í framsöguræðu hv. flm., séu nokkur orð, eins og hún sagði í svarræðu sinni, enda kemur fram í framsöguræðunni að þessi könnun er tilefni frv.

Ég benti hv. frsm. á það, að margar aðrar álíka kannanir hefðu farið hér fram um hliðstæð efni, þar sem jafnnákvæmra persónulegra upplýsinga hefði verið aflað, það væri algjörlega ástæðulaust að fara að gera svona mikið mál úr þessari könnun þessara ungu fræðimanna, nema það þjóni ákveðnum pólitískum tilgangi. Ég mælti gegn því, að þm. væru hér að taka verk fjarstaddra fræðimanna til umr. á þennan hátt og hagnýta þau í þessu skyni þegar af nógu væri að taka. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm., ef hún heldur að þessi könnun sé eitthvert einsdæmi. Enn fremur lét ég það koma fram áður og vil undirstrika það aftur nú, að þetta frv. er að nokkru leyti flutt undir merkjum frjálshyggju og merkjum mannréttinda, eins og hvað eftir annað hefur komið fram í málflutningi flm., en bæði í framsöguræðu og eins að nokkru leyti í frv. eru skoðanir og ákvæði sem ganga þvert á þessa frjálshyggju og eru í reynd í ætt við íhaldsstefnu þeirra sem vilja beita pólitískum valdastofnunum, bæði embættisstofnunum og stjórnstofnunum, til þess að setja framþróun mannlegrar þekkingar margvíslegar skorður.

Það er hins vegar ósköp eðlilegt, að þegar allur þungi málflutningsins hjá flm. er byggður á svonefndri Árósarkönnun, þá sé meginsvarið, sem kemur fyrst fram, tengt þessari sérstöku könnun. Enn fremur er ekki óeðlilegt þótt tveir síðustu ræðumenn hafi furðað sig á því, að inn í þessar umr. hafi blandast það sem þeir kölluðu pólitísk skoðanaskipti, vegna þess, að hvað eftir annað í framsöguræðu flm. kemur fram, að hvatinn að flutningi frv. er af pólitískum toga spunninn. T. d. er ákvæði 1. gr. frv. rökstutt á þann hátt, eins og segir orðrétt í framsöguræðu, að „það stingur óþyrmilega í augun vissan pólitískan flokk manna hér á landi. Það undrar mig í sjálfu sér ekki og samrýmist þeim aðferðum sem sá flokkur notar" o. s. frv. Og enn fremur segir í ræðunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Og ekki er síst þörf á því þegar þeir, sem vilja beita pólitískum áróðri í skólum telja sér nú auðvitað alla vegi fremur færa þar sem Alþb., skjól og skjöldur vinstri öfgamanna, fer með þriðjung ríkisstjórnarinnar í landinu."

Ég vil spyrja hv. síðustu ræðumenn báða, hvort rökstuðningur af þessu tagi fyrir frv. gefi ekki tilefni til pólitískrar umr. og um þann pólitíska tilgang, sem þarna liggur að baki. Eini rökstuðningurinn, sem kom fram fyrir 1. gr. þessa frv. frá hv. flm., var sú staðhæfing hennar, að öfl hlynnt eða undir skjóli Alþb. stunduðu pólitískan áróður í skólum. Það var tilefni greinarinnar.

Ég benti á það í minni ræðu, að slíkt væri algjörlega út í hött, enda hefur flm. ekki nefnt nein sérstök dæmi um það, heldur farið með þessa almennu staðhæfingu, sem lesa má í Morgunblaðinu og víðar, að Alþb.-menn stundi áróður í skólum. (**RH:** Hvar í ræðunni er sú staðhæfing?) Ég skal lesa þessa tilvitnun aftur fyrir hv. flm., með leyfi hæstv. forseta:

„Og ekki er síst þörf á því þegar þeir, sem vilja beita pólitískum áróðri í skólum, telja sér nú auðvitað alla vegi fremur færa þar sem Alþb., skjól og skjöldur vinstri öfgamanna fer með þriðjung ríkisstjórnarinnar í landinu."

Hér er sem sagt verið að staðhæfa — (Gripið fram í.) Það má vel vera að ræða — (**RH:** Hún er ekki þarna.) Nei, það má vel vera að hv. flm. hafi samið ræðuna svo lymskulega að það sé hvergi að finna fullgilda staðhæfingu, heldur sé reynt að gefa eins mikið í skyn og hægt er án þess að þurfa að standa ábyrgð orða sinna. Hún birti hér ítarlega gagnrýni, sem hún kallaði svo, á þetta fræðiverk frá nafnlausum fræðimanni. Það yfirskin, að sá fræðimaður sé staddur í útlöndum, er léttvægt yfirskin vegna þess að það er símasamband við útlönd. Þegar

fluttur er hér inn á Alþ. málflutningur af þessu tagi, þá er ekki mikið verk að fá gagnrýnandann til þess að þora að standa við það undir nafni. Það er siðvenja í samskiptum fræðimanna, að það birtist aldrei nafnlaus gagnrýni á fræðiverk annarra. Þar eru öll skoðanaskipti undir nafni, en það er ein af þeim aðferðum, sem beitt er í þessum málflutningi, að birta nafnlausa gagnrýni af þessu tagi, — sagt er að vísu að hún sé eftir þjóðkunnan stærðfræðing. (**RH:** Það eru beinharðir útreikningar.) En ef þessi gagnrýni er lesin, þá er í henni að finna margvíslegar fullyrðingar sem eru ekki í neinni ætt við stærðfræðikunnáttu, heldur byggjast fyrst og fremst á hugsanlegri þekkingu á uppeldisvísindum og sálarfræði, sem þessi gagnrýnandi greinilega telur sig hafa. Ég skal ekkert um það segja, hver þessi gagnrýnandi er. Það verður fróðlegt að fylgjast með því, ef það verður einhvern tíma upplýst, en það er eitt dæmið um vinnubrögðin í þessu efni.

Ég vil frekar kjósa að skilja það svo, að þá ræðu, sem flm. flutti hér, beri að skilja á þann veg, að hún sé að draga í land með það að nota þessa Árósakönnun sem alfa og ómega þessa máls. Fjölmargir aðrir fræðimenn komu hér við sögu, og ég nefndi þann fremsta á því sviði, dr. Tómas Helgason, — og ég get því miður ekki gert að því þó hann sé bróðir hv. flm., það kemur málinu ekkert við, — nefndi þann fremsta á þessu sviði og gaf honum allt það lof og hól, sem hann á í þessum efnum. Þær rannsóknir hafa verið stundaðar miklu lengur og miklu ítarlegar og eru í raun og veru miklu meira virði, enda ganga þær miklu nær persónulegum högum manna. Það, sem ég sagði í minni ræðu, er að allur þessi málatilbúnaður ásamt skrifunum sem eru í kringum þetta mál í Morgunblaðinu, í kringum þetta mál í leiðara Vísis og á fundum Sjálfstfl., sem ég reikna með að hv. flm. hafi haft einhver afskipti af, er verið að reyna að nota verk ungra fræðimanna sem tilefni pólitískra árása. Eins og ég sagði í ræðu minni er auðvitað hægt að finna sitthvað og oft á tíðum fjölmargt gagnrýnisvert í fræðiverkum sem eru prófritgerðir við erlenda háskóla. Það er einu sinni eðli prófritgerðar. En ég var að mótmæla því og geri það enn og aftur, að pólitíkusar á atkvæðaveiðum telji sér kleift og mögulegt, telji það jafnvel til góðra siða í stjórnmálum að seilast til slíkra fræðiverka og nota þau sem vopn.

Ég verð að segja, að mér fannst málflutningur tveggja síðustu ræðumanna hér í raun og veru vera af allt öðru tagi. Ég sagði í svarræðu minni að það hefði verið hægðarleikur fyrir hv. flm., ef hún hefði viljað fá málefnalega umr. um frv. hér í d., að halda sér frekar við efnislegar röksemdafræðslur af því tagi sem tveir síðustu ræðumenn, væntanlegir stuðningsmenn frv., höfðu hér uppi, eða þá, ef það var ætlun hennar að nota einstakar rannsóknir sem dæmi, að ganga þá í smiðju til þeirra, sem hafa yfirlit yfir þær rannsóknir sem hafa verið stundaðar af þessu tagi, og hafa þá allt með. Mér finnst það satt að segja vera frekar ómerkilegt að vera að ráðast með öllu því valdi, sem hv. formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefur, á unga fræðimenn sem eru að skila prófritgerðum. Mér finnst það satt að segja ekki sæmandi. Mér finnst það lágt lagst í pólitískum málflutningi. En nóg um það.

Ég ætla að vona að þau orðaskipti, sem hér hafa átt sér stað, geti orðið tilefni til þess, að við í raun og veru látum þessa Árósakönnun algjörlega liggja á milli hluta. Ég vil þó aðeins vekja athygli tveggja síðustu ræðumanna á því, að það má vel vera að spurningar um kynferðismál í þessari könnun séu tilefni til þeirra aths. sem hér komu fram hjá síðasta ræðumanni, en eins og komið hefur fram hjá aðstandendum þessarar rannsóknar var m. a. markmið hennar að afla þekkingar sem yrði lögð til grundvallar ákvörðunartöku um kynlífsfræðslu í skólum, — *þekkingar sem er fyrirliggjandi í fjölmörgum nágrannalöndum okkar*, en liggur ekki fyrir hér. Það er a. m. k. mitt viðhorf, að vísu að lítt athuguðu máli, að það sé gagnlegt, áður en menn ákveða hvernig á t. d. að meðhöndla kynvillu í kynlífsfræðslu í skólum, að hafa einhverja hugmynd um hugsanlega reynslu nemenda eða upplifun af mismunandi tegundum kynlífsneyslu. Ég sé satt að segja ekki hvernig á að vera hægt að byggja upp raunhæfa kynlífsfræðslu í skólum án þess að hafa ítarlegar upplýsingar um þær miklu breytingar, sem orðið hafa á kynlífsupplifun ungs fólks á allra síðustu árum, því þar hafa orðið, eftir því sem fræðimenn í öðrum löndum hafa leitt í ljós, afgerandi breytingar. Ef við hefðum ekki þekkingu um þau efni, þá gætum við lent í þeirri gryfju að vera með algjörlega óraunhæfa kynlífsfræðslu á okkar skólastigi.

Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, að könnun á kynlífsreynslu, kynlífsupplifun unglinga, er nauðsynlegur þáttur til þess að geta skipulagt raunhæfa kynlífsfræðslu í skólum. (**RH:** Áttu þessir stúdentar að skipuleggja þá fræðslu?) Nei, en ég reikna hins vegar með því, að þau yfirvöld, sem þessa könnun leyfðu, telji nauðsynlegt að hafa einhverjar slíkar upplýsingar, enda var það ekki ætlun stúdentanna að skipuleggja fræðsluna. Sú verkaskipting er mjög algeng á fjölmörgum sviðum, að fræðimenn taka að sér að afla þekkingarinnar og síðan taka embættismenn og önnur stjórnsýsluyfirvöld við þeirri þekkingu og byggja á henni tillögur um nýja skipulagshætti o. s. frv., og má vísa til enn fjölmargra dæma úr hagfræði, úr verkfræði og úr læknavísindum í því sambandi.

Að þessum orðum mæltum ætla ég að víkja nokkrum orðum að því, sem ég hef ekki gert til þessa og það með ráðnum huga, að fjalla um ákveðin, nákvæm efnisatriði í þessu frv. Mér fannst árás flm. á þessa ungu fræðimenn færa umr. á allt annað stig og í raun og veru gera það að verkum að það væri varla virðingu deildarinnar samboðið að ræða frv., sem þannig væri rökstutt, á efnislegum grundvelli, þá væru menn í raun og veru að leggja lið þeirri árásarherferð á þessa ungu fræðimenn sem hefur gengið eins og rauður þráður í gegnum allan þennan málflutning, allt frá ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur yfir í grein Ragnars Ingimarssonar í Morgunblaðinu, þar sem hann er að leiða líkur að því, að þessir ungu fræðimenn geti kannske selt þessar upplýsingar einhvern tíma síðar til fíkniefnasala og grætt á því stórfé.

Það, sem mér finnst vera megingallinn á því frv. sem hér liggur fyrir, miðað við þann tilgang sem því er greinilega ætlað að ná, er ýmislegt og ég ætla fyrst að taka þær greinar frv., 2. og 3. gr., sem snerta rannsóknarmöguleika í skólum, vegna þess að 1. gr. frv. er af allt öðru tagi. Hún er í raun og veru um allt annað mál. Það er eitt af því sem er e. t. v. ekki heldur tilviljun um upphaf málsins, að þessum tveimur nokkuð óskyldu málum er blandað saman, annars vegar spurningunni um rétt manna til þess að fá fræðslu í samræmi við trúar- og lífsskoðanir og hins vegar rannsóknarstefnu í skólakerfinu, sem er í eðli sínu allt annað.

Markmið þessara greina virðist vera að veita forráðamönnum nemenda verulegan rétt og vald til þess að setja skorður við þeim spurningum sem fræðimenn telja nauðsynlegt að nemendur svari í skólunum, og í öðru lagi að veita menntmrn. nánast alræðisvald, eins og ég skil þennan texta, um hvaða rannsóknir eru stundaðar á íslenska skólakerfinu. (Gripið fram í.) Ja, ekki sýnist mér það nú, eins og ég les þennan texta. Mér finnst að í 3. gr. frv. sé vald menntrmrn. á þessu sviði eflt enn frekar.

Ég skal reyna í stuttu máli að rekja ýmis atriði sem mér finnst vera tilefni til þess að draga í efa að þessir tveir meginþættir, sem þarna koma fram í frv., séu efnislega réttir. Ég rakti það í síðustu ræðu minni, sem flutt var fyrir nokkrum dögum, að á íslensku þjóðfélagi eru að gerast breytingar sem gerst hafa í ýmsum þróaðri þjóðfélögum á síðustu 10—20 árum. Fjölskylduferlið er að taka slíkum breytingum að stór hluti ungmenna eignast fleiri en tvö foreldri á sínum lífsferli. Þessi breyting á eðli fjölskyldunnar hefur knúið fram umr. um nýjan skilning á réttarstöðu forráðamanna barna og nemenda annars vegar og réttarstöðu barnanna eða nemendanna og unglinganna sjálfra hins vegar. Verulegur þáttur þessarar umr. felur í sér að það sé nauðsynlegt að tryggja nemendunum sjálfum ákvörðunarrétt um fjölmörg málefni sem til þessa, í samræmi við eldri þjóðfélagshætti, hafa verið taldir í verkahring foreldra eða forráðamanna. Ein af ástæðunum, sem ég nefndi og hv. flm. virtist eiga nokkuð erfitt með að skilja ef dæma má af hennar svarræðu, var að unglingar með 3- 4- 5 foreldri lenda oft í átökum við eða milli foreldranna um hvers konar uppeldi, hvers konar lífsstíl, hvers konar fjölskylduhætti nemandinn á að temja sér.

Í þessu sambandi er alveg greinilegt, eftir því sem margvíslegar upplýsingar leiða í ljós, að það er beinlínis nauðsynlegt barnanna, nemendanna og unglinganna sjálfra vegna að tryggja þeim ákveðið forræði eða aðgang að ákveðnu forræði. Lagafrv. nær til grunnskólans sem er með unglinga á því aldursskeiði þar sem nauðsynlegt er að tryggja þeim einnig ákveðinn rétt, ekki bara forræði foreldranna, heldur líka vissan sjálfsákvörðunarrétt nemendanna.

Ég vil aðeins til gamans geta þess hér, að ég var ásamt þremur öðrum þm. í einum af grunnskólum borgarinnar fyrir nokkrum dögum þar sem nemendur í efri bekkjum grunnskólans lögðu fyrir okkur spurningar um þjóðmál. Þessar spurningar voru svo beittar, sýndu svo þroskaðan skilning á því sem er að gerast í sjórnmálalífinu, að ég efast um að þm. hefðu getað orðað þær betur eða skarpar. Við töluðum um það, allir þm., að loknum þessum fundi, hve í raun og veru þekking og áhugi og skarpskyggni nemendanna, þessa unga fólks, á þjóðmálunum hefðu verið rík.

Ég held að allir þeir, sem hafa fylgst með þessum breytingum, hljóti að gera kröfu til þess, að þegar verið er að setja lög af þessu tagi, þá feli það í sér ákvæði um það, hver eigi að vera réttur nemendanna sjálfra.

Hvað snertir rannsóknirnar, þá drap hv. þm. Bragi Níelsson á það áðan, að það er orðið mjög algengt í grunnskólum og framhaldsskólum að nemendurnir eru sjálfir látnir stunda alls konar rannsóknarstarfsemi. Þessi kennsluaðferð er talin nauðsynleg til þess að þroska og þjálfa nemendur í grunnvinnubrögðum fræðimannanna sjálfra. Þessi kennsluaðferð er ekki bundin við félagsvísindi eða uppeldisvísindi. Hún ruddi sér braut fyrst og fremst við eðlisfræðikennslu og efnafræðikennslu. Kennslustefnan byggist á því að þjálfa nemandann frá unga aldri, jafnvel frá fyrstu bekkjum grunnskólans, í grundvallarvinnubrögðum og grundvallaraðferðum þekkingarleitar sem vísindamenn á æðri menntastigum beita. Til að ná þessu fram hefur í eðlis- og efnafræðikennslu skólakerfisins verið innleidd margvísleg ný tækni sem byggist á því að þjálfa nemandann sem rannsóknarmann. Þessari kennslutækni er einnig farið að beita í mannvísindunum svokölluðum. Ein af þeim aðferðum, sem mjög er beitt í þeim efnum, er að gefa nemendum kost á því að semja alls konar spurningalista, þjálfa þá í aðferðunum, veita þeim tækifæri til að fá mismunandi svör, flokka þau, skerpa athygli þeirra við að greina á milli mismunandi tegunda af svörum o. s. frv.

Í þessu frv. er alls ekki ljóst hvort þyrfti leyfi menntmrn. til þess að beita slíkum kennsluaðferðum í grunnskólanum, hvort kennara, sem vill fara með nemendahóp í gegnum einhverja litla rannsókn af þessu tagi, jafnvel spyrja um tómstundalíf eða það sem er kallað heimilishagir í frv., — hvort honum væri það bannað, hvort hann þyrfti að sækja um það til menntmrh. Það fer sjálfsagt eftir því, hvaða skilningur yrði lagður í hugtakið fræðileg rannsókn. Það er hugsanlegt að þröngsýn embættisyfirvöld vildu beita ákvæði þessarar greinar í því skyni að leggja bann við slíkum könnunum eða þá að foreldrar eða forráðamenn notuðu þessa lagagrein til þess að grípa inn á verksvið kennarans og reyna að koma í veg fyrir að fullkomlega eðlilegum kennsluaðferðum af þessu tagi væri beitt. Ég tel þess vegna að þessi grein sé ekki nægilega skýr um það, hvort hún í raun og veru leggur stein í götu þeirra kennsluaðferða í þessum greinum sem færustu uppeldis- og kennslufræðingar, sem á þessu sviði starfa, telja höfuðnauðsyn ef á að vera hægt að beita sams konar þroskaaðferðum við kennslu í þessum fræðigreinum og nú er beitt í raunvísindum. Það er ein af ástæðunum fyrir því, að í fjölmörgum grunnskólum og framhaldsskólum þessa lands eru nemendur að gera margvíslegar kannanir af ýmsu tagi. Þessar kannanir eru kennslutæki. Þær eru ekki fyrst og fremst fræðilegar í þeirri merkingu, að niðurstaða þeirra verði ritgerðir sem gefnar eru út í fræðitímaritum, en þær eru hins vegar brot af fræðilegu uppeldi.

Annað atriði, sem ég vil nefna, er að hvergi í þessu frv. er minnst á þær tvær menntastofnanir sem falið er skv. lögum að annast vísindalegar rannsóknir í uppeldisfræðum á Íslandsi. Í þessu frv. er hvergi að finna ákvæði um rétt Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands til rannsókna í uppeldisfræðum í skólakerfinu. Skv. texta frv. virðist vera ætlast til þess, að menntmrn. hafi algjöran úrskurðarrétt um hvaða aðgang þeir fræðimenn, prófessorar og aðrir kennarar við Kennaraháskóla Íslands og Háksóla Íslands sem skv. lögum ber skylda til þess að þróa uppeldisfræði og kennslufræði sem vísindagrein á Íslandi, geta haft til þeirrar starfsemi sinnar.

Nú vil ég taka það fram vegna þess sem ég segi hér á eftir, að ég hef í sjálfu sér enga ástæðu til þess að vantreysta núverandi embættismönnum í menntmrn. né núv. og fyrrv. menntmrh. Þau orð, sem ég segi hér á eftir, má alls ekki skilja á þann hátt, að nokkuð slíkt tilefni sé í þeim að finna. Hins vegar vara ég nokkuð við því að fela einum aðila — og það embættisstofnun — slíkt miðstjórnarvald varðandi vísindastarfsemi sem þarna er gert. Það er væntanlega gert í trausti þess, að viðkomandi

embættisstofnun hafi nægilegt víðsýni, nægilegan skilning á eðli og þörfum vísindalegrar framþróunar til að misbeita ekki þessu valdi á þann hátt að þrengja mjög möguleika fræðigreinanna til allrar framþróunar.

Ég held að reynslan úr fjölmörgum löndum öðrum ætti að vera okkur til varnaðar að stíga ekki spor af þessu tagi eða festa enn frekar í sessi þá skipan, að það sé menntmrn. eitt sem fari með þetta vald, en þær tvær vísindastofnanir, Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands, sem ætlað er skv. lögum að annast fræðilegar rannsóknir á þessu sviði, hafi nánast engan sjálfsákvörðunarrétt í þessum efnum, ekki nokkurn.

Ég er ekki viss um að kollegar tveggja síðustu ræðumanna, læknar á Íslandi, myndu telja það eðlilega skipan ef rn. í heilbrigðismálum hefði svo algert vald yfir því að ákveða hvaða rannsóknir í heilbrigðismálum væru stundaðar á Íslandi og hverjar ekki. Ég held að tryggingin fyrir því, að fræðimenn misnoti ekki aðstöðu sína, setji ekki fram rangar niðurstöður eða mistúlki ekki heimildirnar sem þeir hafa aflað, — sú trygging geti aldrei til lengdar falist í valdi embættisstofnunar. Sú trygging tel ég að felist til lengdar fyrst og fremst í því, að allar rannsóknirnar séu opnar fyrir gagnrýni annarra fræðimanna, að þær séu allar, gögn þeirra, lögð fram á þeim stöðum þar sem fræðimennirnir vita að samstarfsmenn þeirra, aðrir fræðimenn í þessum greinum, geta tekið rannsóknirnar til gagnrýnnar skoðunar, geta dregið niðurstöður þeirra í efa með þeim gagnrýnisaðferðum sem tíðkast innan fræðigreinanna. Ég er nokkurn veginn viss um að það væri raunhæfari trygging fyrir því, að þessari aðstöðu væri ekki misbeitt, að skylda fræðimenn til þess að leggja gögn sín inn á opinberan geymslustað, t. d. í Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands, þar sem þau væru opin til keyrslu og annarrar meðferðar fyrir aðra fræðimenn. Það væri í raun og veru miklu raunhæfari trygging fyrir eðlilegri þróun þessara rannsókna heldur en að fela þetta eingöngu embættisstofnun sem á síðan að halda sér í tilkynningar í Lögbirtingablaði sem aðhaldsákvæði.

Ég sé, hæstv. forseti, að klukkan er kortér yfir fjögur. Ég vildi spyrja hvað hæstv. forseti hefur hugsað sér. (**Forseti:** Það var ætlunin að halda fundi áfram dálítið fram yfir venjulegan fundartíma.) Já, en einn þingflokkanna hefur boðað þingflokksfund kortér yfir fjögur. (**Forseti:** Mér hefur ekki verið tjáð það, heyri það fyrst núna, og mun verða tekið tillit til þess. En hefur ræðumaður senn lokið ræðu sinni? Þá mundi ég hinkra við meðan hann lyki ræðu sinni eða fyndi heppileg þáttaskil.) Ég skal reyna að koma þessum meginatriðum á framfæri á næstu mínútum. Ég er ekki viss um að mér takist að tæma öll þau atriði, en mér gefst þá kannske tækifæri til að gera örstutta aths. síðar ef þörf er á.

Ég tel að við endurskoðun 2. og 3. gr. í nefnd þurfi að kveða miklu skýrar á um rétt forráðamanna nemenda annars vegar og nemendanna sjálfra hins vegar, það þurfi að kveða miklu skýrar á um heimild starfsmanna skólanna til þess að stunda rannsóknarstarfsemi í skólunum sjálfum, það þurfi að kveða á um hlutdeild þeirra vísindastofnana í landinu sem falið er að fjalla um þessi málefni, eins og Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Það þarf að tryggja að íhlutunarréttur forráðamanna um rannsóknir í skólunum komi ekki í veg fyrir eðlilegar rannsóknir. Það vita allir, sem fengist hafa við kannanir af þessu tagi, að ef spurningalistinn er kynntur — (Gripið fram í.) Eðlileg rannsókn er rannsókn sem er ætlað að leiða í ljós ákveðna nýja þætti í þekkingu manna á skólanum sem uppeldis- og fræðslustofnun og á ýmsum einkennum félagshópa af ýmsu tagi. Óeðlilega rannsókn myndi ég telja þá sem fyrst og fremst beindist að því að kanna persónuhagi einstaklinga sem einstaklinga. Eðli kannana, sem byggjast á spurningalistum eða viðhorfslýsingum og frásögnum af atferli, er nú einu sinni þannig, að ef spurningalistarnir eru teknir til ítarlegrar meðhöndlunar og umræðu, t. d. af starfsmönnum skólans eða foreldrum til kynningar áður en könnunin fer fram, þá getur það jafngilt því að ónýta könnunina vegna þess að þá fara að eiga sér stað gagnkvæmir áhrifastraumar um það, hvernig spurningunum sé svarað, og sjálfsögð og eðlileg svör við spurningunum koma ekki fram. Ákvæði af þessu tagi geta vissulega verið veruleg hindrun á því að hægt sé að stunda eðlilega rannsóknarstarfsemi af þessu tagi, sérstaklega hér í okkar litla þjóðfélagi. Ég er ekki að segja að þar með sé óeðlilegt að forráðamenn viti um hvað könnunin er. En ef íhlutunarrétturinn er t. d. í því fólginn að fá að grandskoða spurningalistann, senda hann heim á heimilin áður hann gengur í skólanum o. s. frv., þá getur það jafngilt því að eyðileggja gjörsamlega allt fræðilegt gildi rannsóknarinnar.

Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að ljúka þessari ræðu. En ég sé að hv. flm. frv., hefur ekki sérstakan áhuga á því, að umr. um málið sé lokið nú, með fjarveru sinni úr salnum. Ég ætla þess vegna að fresta ræðu minni, ef ég má, með leyfi hæstv. forseta. [Frh.]

Umr. frestað.

Neðri deild, 60. fundur.

Fimmtudaginn 8. mars, að loknum fundi í Sþ.

Aukin gæði fiskafla, þáltill. (þskj. 386). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hleðsla fiskiskipa, þáltill. (þskj. 387). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Matvælarannsóknir ríkisins, frv. (þskj. 425). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. þau, sem ég hér mæli fyrir, — ég hef fengið leyfi hæstv. forseta til að taka 4., 5. og 6. dagskrárlið saman, þ. e. a. s. frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 frá 1977, um matvælarannsóknir ríkisins, frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 frá 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, og frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 frá 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, — eru samin í heilbr.- og trmrn. og er til þess ætlast, að með lögfestingu þeirra verði rekstur Matvælarannsókna ríkisins samkv.

lögum nr. 74 frá 1977 tryggður. Þessi frv. stefna í sömu átt, og hef ég því kosið að flytja hér framsögu fyrir þeim öllum í einu, enda fjalla þau í reynd um einn og sama hlutinn.

Með lögum nr. 74 frá 1977 var ætlunin að tryggja starfsemi Matvælarannsókna ríkisins til frambúðar. Stofnunin hafði áður starfað í um þriggja missira skeið án þess að um hana giltu nokkur lagaákvæði. Stofnuninni var komið á fót til að annast gerlafræðilegt eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum í kjölfar þess að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hætti þeim störfum um áramót 1975—1976. Erfiðlega hefur gengið að tryggja eðlilegan rekstur Matvælarannsókna ríkisins vegna fjárskorts. Miðað við fjárlög yfirstandandi árs er greinilegt að draga verður stórlega úr þjónustu stofnunarinnar við heilbrigðiseftirlitið í landinu komi ekki annað til. Þarf ekki að lýsa því hvaða afleiðingar slíkt kynni að hafa þar sem þetta eru einu gerlarannsóknirnar sem framkvæmdar eru á matvælum hér á landi. Fáist ekki aukið fé til starfsemi stofnunarinnar er einsýnt að segja verður upp um helmingi starfsfólks, en slíkt yrði nánast dauðadómur yfir stofnuninni.

Það er skoðun mín, að það beri að reyna til þrautar að tryggja starfsemi Matvælarannsókna ríkisins þannig að starfsemin dragist ekki saman miðað við liðið ár. Í rauninni þyrfti frekar að auka við þjónustuna heldur en hitt, enda er gert ráð fyrir því í lögum um stofnunina, að hún annist enn fremur efnafræðilegar rannsóknir á matvælum. En vegna fjárskorts hefur ekki orðið af því enn.

Með frv. til l. um breyting á lögum um matvælarannsóknir ríkisins vil ég leitast við að tryggja það, að starfsemi stofnunarinnar verði a. m. k. óbreytt, þ. e. a. s. þær gerlarannsóknir, sem stofnunin annast sem þjónusturannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu, haldi áfram. Með frv. er lagt til að stofnuninni verði tryggðar vissar árlegar tekjur á þann hátt, að heimilt verði að taka gjald fyrir rannsóknir á vegum heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Margar af þeim rannsóknarstofnunum, sem starfa á vegum hins opinbera, hafa heimild til gjaldtöku. Má sem dæmi nefna Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Samkv. gjaldskrá þeirrar stofnunar fyrir árið 1979 og fjölda sýna, sem bárust Matvælarannsóknum ríkisins á árinu 1978, ættu Matvælarannsóknir ríkisins að geta fengið rúmar 20 millj. kr. í tekjur á þessu ári. Þetta yrði kostnaður sem sveitarfélögin yrðu þá að greiða vegna rannsókna í þágu heilbrigðiseftirlits í héraði. Ætla má að tekjur, er nema 20—30 millj. kr. til viðbótar við þau fjárframlög sem stofnuninni eru ætluð í fjárl., eigi að geta tryggt a. m. k. óbreyttan rekstur stofnunarinnar um næstu framtíð.

Til þess að búa sem best um hnútana álítur rn. nauðsynlegt að breyta einnig greinum tvennra annarra laga sem nefnd eru hér að framan.

Samkv. núgildandi lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, nr. 24 frá 1936, hvílir sú skylda á ríkissjóði að standa undir kostnaði vegna eftirlits samkv. þeim lögum. Segja má að þetta sé óraunhæft ef litið er á matvælaeftirlit sem heilbrigðiseftirlit, eins og óneitanlega ber að gera, þar sem allt heilbrigiðiseftirlit samkv. lögum nr. 12 frá 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er á kostnað viðkomandi sveitarfélaga. Hins vegar hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins yfirumsjón með matvælaeftirliti í landinu og er slíkt að sjálfsögðu algerlega á kostnað ríkissjóðs.

Litið hefur verið svo á, að skylda ríkissjóðs til þess að greiða kostnað við eftirlitið nái einnig til matvælarannsókna. Þótt deila megi um lagaskyldu ríkissjóðs til þess að standa undir þessum rannsóknakostnaði verður að ætla slíka skyldu helgaða fyrir langa venju. Miðað við þau fjárframlög, sem ætluð eru til þessara rannsókna utan Reykjavíkur, þ. e. a. s. á Akureyri, í Vestmannaeyjum og á Ísafirði, getur ríkið ekki staðið undir kostnaðinum nema að óverulegu leyti, en aðeins 2 millj. kr. er varið til þessa. Það er því skoðun rn., að breyta þurfi nefndum lögum, m. a. til þess að kveða skýrt á um skyldu sveitarfélaganna til að greiða hér eins og gildir um annað heilbrigðiseftirlit og eins vegna þess að ríkissjóður hefur ekki peninga til að greiða þetta samkv. þeim fjárl. sem nú eru í gildi.

Með breytingum á lögum nr. 24 frá 1936 er lagt til að sveitarfélög standi straum af kostnaði við eftirlit samkv. þeim hvert á sínu svæði. Enn fremur er gert ráð fyrir að ráðh. geti sett sérstaka gjaldskrá þar sem kveðið er á um gjald á þær vörur sem háðar eru eftirliti. Sveitarstjórnir munu innheimta þessi gjöld og njóta þeirra og kemur það á móti þeim kostnaði sem sú breyting hefði í för með sér sem ég áður ræddi um.

Þriðju lögin, sem lagt er til að breytt verði, eru lög nr. 12 frá 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Í þeim lögum er í 16. gr. kveðið á um það að rannsóknastofnanir ríkisins skuli annast nauðsynlegar rannsóknir á sýnishornum vegna heilbrigiðseftirlitsins samkv. lögum. Engin ákvæði eru um það, hver skuli standa straum af kostnaði við þessar rannsóknir, en sum sveitarfélög hafa litið svo á að ríkinu beri samkv. þessari grein að standa undir slíkum kostnaði. Eins og fjárframlögum er háttað í dag getur ríkissjóður á engan hátt staðið undir slíku, enda má segja að slíkt samrýmist ekki aðalreglunni um það, að heilbrigðiseftirlit sé í höndum sveitarfélaga og á kostnað þeirra. Hér er lagt til að sveitarfélög standi undir kostnaði við rannsóknir þessar í samræmi við gildandi lög um einstakar stofnanir, þ. e. a. s. greiði samkv. gjaldskrám viðkomandi stofnana. Með vísan til þess, sem ég hef áður sagt, tel ég brýna ástæðu til að nefndum lögum verði breytt í þá átt sem ég hef lagt til hér, til þess að rannsóknir á matvælum dragist ekki stórlega saman, sem hefði í för með sér ómælda erfiðleika fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu.

Ég sé að svo stöddu ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um efnisatriði þessara frv., en vísa til aths. um þau. Ég vil að lokum geta þess, að sem stendur er unnið að heildarendurskoðun á lögum nr. 12 frá 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og er stefnt að því að frv. verði tilbúið n. k. haust. Mun í því frv. verða tekin afstaða til þess af hálfu heilbrigðisyfirvalda, hvernig þessum málum verði skipað til frambúðar, auk þess sem stefnt verði að sem mestri sameiningu og samnýtingu þeirra stofnana er starfa á vegum hins opinbera að þessum málum, bæði á eftirlitssviðinu og rannsóknasviðinu.

Herra forseti. Ég legg til að þessum þremur frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og trn. þessarar d. með ósk um að þau hljóti skjóta afgreiðslu, enda eru frv. í sjálfu sér einföld og kveða skýrt á um hluti sem slá þarf botn í. Auk þess legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessi þrjú frv. fylgja í reynd hvert öðru og byggjast á því, eins og kom

fram í máli hæstv. ráðh., að í lögum um matvælarannsóknir, sem sett voru 1977, er gerð sú breyting, að í stað þess að ríkið standi undir öllum greiðslum við starfsemi matvælarannsóknanna á að taka upp sérstakt greiðslukerfi fyrir þá sem um rannsóknir biðja, og það er auðvitað sjónarmið út af fyrir sig. Hins vegar þegar þessi löggjöf var sett, þá byggðist hún á ákvæðum þeirra laga sem hér er einnig flutt breyting á, sem eru lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit hafa verið túlkuð á þann veg, að rannsóknastofnanir ríkisins skuli annast nauðsynlegar rannsóknir á sýnishornum vegna heilbrigðiseftirlitsins, og með tilliti til þess, eins og sú grein er í gildandi lögum, hafa sveitarfélög ekki talið að þeim beri að greiða rannsóknastofnunum ríkisins fyrir þá þjónustu sem þær veita sveitarfélögunum í þessu sambandi. Þó má kannske segja það, að sýnishornum, sem send eru til Matvælarannsókna ríkisins, hefur farið ört fjölgandi á síðustu árum, og kannske eru þau fleiri vegna þess að þegar viðkomandi aðilar vita að þeir eiga ekki að standa undir neinum greiðslum sjálfir, þá er ekki verið að skera við nögl að biðja um þessa þjónustu. Hefur það gert að verkum að starfsemi Matvælarannsókna ríkisins hefur stóraukist á undanförnum árum.

Þessar matvælarannsóknir voru lengst af til húsa í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og voru unnar þar af tiltölulega fáum aðilum. Sá, sem aðallega sinnti þessu, er núv. forstöðumaður Matvælarannsókna ríkisins, sem þá var starfsmaður eða deildarstjóri í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. En vegna margþættrar aukinnar starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins var lögð *mikil* áhersla á að matvælarannsóknir yrðu lagðar niður eða fluttar frá þeim, og voru þegar uppi óskir um það á árinu 1974. Að því kom að ekki var hægt að streitast gegn því lengur vegna stóraukinna verkefna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og þá var stofnað til sjálfstæðra matvælarannsókna, og sá starfsmaður, sem annaðist þessi mál, tók stjórn þeirra að sér. Þessi starfsemi var tekin um tíma, þangað til lög voru sett á árinu 1977 um matvælarannsóknir ríkisins og þeim komið fyrir í góðu húsnæði og vel að þeim búið. En það kom fljótt í ljós, að aukning var svo mikil, bæði á starfsliði og öðru, að fjárveitingavaldið fór að spyrna gegn því að taka inn fleiri starfsmenn eða ganga lengra í greiðslum til matvælarannsóknanna, og sérstaklega kom það fram við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1979. Þá var séð að matvælarannsóknirnar gátu engan veginn gegnt því þjónustuhlutverki, sem þeim er ætlað lögum samkv., vegna takmarkaðra fjárframlaga.

Ég fyrir mitt leyti tel ekkert því til fyrirstöðu, að stofnun eins og Matvælarannsóknir ríkisins fái samkv. þessu frv. heimild til þess að taka greiðslu fyrir verk sem unnin eru fyrir aðra, og hér er auðvitað fyrst og fremst um að ræða að íþyngja töluvert sveitarfélögunum. Það er verið að færa kostnað, sem ríkið hefur staðið áður undir að öllu leyti, yfir á sveitarfélögin. Ég tel ekkert óeðlilegt við þessa breytingu, og ég tel þörf á því og það kemur mjög til álita að breyta lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit hvað þetta snertir, vegna þess að þau voru túlkuð með þeim hætti frá hendi sveitarfélaganna, sem sennilega stenst lagalega, að þau gátu neitað að greiða rannsóknastofnunum á vegum ríkisins fyrir þessa þjónustu. En nú var talið rétt að láta á þetta reyna.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hafi verið haft samband við Samband ísl. sveitarfélaga um þessa breytingu og þá hvort þetta frv. og þessi fylgifrv. eru flutt með vitund og vilja stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég tel eðlilegt að um þetta sé spurt við 1. umr., áður en málin fara til n., af því að hæstv. ráðh. gat ekkert um Samband ísl. sveitarfélaga í framsöguræðu sinni. Hins vegar undirstrika ég það sem mína persónulegu skoðun, að ég tel fyrir mitt leyti, ekkert óeðlilegt við að gera breytingu í þessa átt.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir góðar undirtektir. Það er auðvitað rétt sem kom fram í hans máli, að það er verið að færa kostnað frá ríkinu yfir á sveitarfélögin, en það er svo líka til að taka, að í öðru af fylgifrv. þessa frv. er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin fái þennan kostnað greiddan aftur, þ. e. a. s. það verði samin gjaldskrá sem heimilar þeim að taka þennan kostnað af þeim sem unnið er fyrir í hvert skipti. Vona ég að það fari langleiðina með að greiða þann kostnað sem sveitarfélögin verða fyrir.

Ég verð að játa það, að ég hef ekki haft samband við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta mál. Ég taldi satt að segja að með því fylgifrv. og þeirri gjaldskrá, sem verður sett í framhaldi af því, mundu sveitarfélögin fara út úr þessu máli skaðlaus. Það var a. m. k. von mín.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þessi þrjú frv., sem hér eru til umr., fela í rauninni í sér einungis þau efnisatriði að þeir, sem njóta þjónustu Matvælarannsókna ríkisins og rannsóknastofnana sem hér um ræðir, skuli greiða *fyrir þá þjónustu, og út af fyrir sig vil ég að það komi hér* fram að ég tel það heilbrigða stefnu að svo sé.

Vegna ummæla hér um afgreiðslu fjárveitingavaldsins, fjvn., á fjárveitingabeiðnum frá þessum aðilum í haust, þegar undirbúningur stóð vegna afgreiðslu fjárl., þá vil ég upplýsa það, að fyrir n. lágu allverulegar fjárveitingabeiðnir til að standa undir þessum kostnaði, en fjvn. leit svo á að það þyrfti fyllri upplýsingar um rannsóknastarfsemina sem þessi rannsóknarstarfsemi snerti hjá öðrum stofnunum, og þess vegna m. a. var ekki fallist á þessar fjárveitingabeiðnir. Það er einnig svo, að yfirleitt líta menn svo á í fjvn. að nauðsynlegt sé að endurskoða fjárveitingar til rannsóknastarfseminnar allrar hjá okkur, til opinberra eftirlitsstofnana og rannsóknastarfsemi. Það má heita að þessar stofnanir séu nær einvörðungu kostaðar af ríkissjóði. Það er ekki gert meðal nágrannaþjóðanna. Þar eru þessar stofnanir meira látnar standa á eigin fótum, selja meira af þjónustu sinni til þeirra aðila sem æskja eftir henni. Og þessi frv. ganga einmitt í þá átt. Þess vegna get ég tekið undir það, að hér sé um heilbrigða stefnu að ræða.

En út af þessu óskaði fjvn. eftir því við Rannsóknaráð ríkisins í haust, að Rannsóknaráð gerði úttekt á rannsóknastarfsemi, bæði þessari og annarri, og gæfi fjvn. skýrslu um það. M. a. vakti fyrir n. að fá úr því skorið, hvort hér væri um að ræða að sams konar rannsóknir væru stundaðar í mörgum stofnunum og ekki á sem hagkvæmastan hátt.

Ég fagna því, sem kom fram í máli hæstv. ráðh., að í endurskoðun munu vera lög um hollustuhætti sem einmitt miða að því að reyna að samræma rannsóknastarfsemina. Ég held að full þörf sé á að gera slíka úttekt og fylgja henni eftir með lagabreytingu. En ég vildi sem

sagt að það kæmi hér fram, að þessi skoðun hefur verið gerð í fjvn., skýrsla Rannsóknaráðs liggur fyrir. Hún hefur ekki enn fengið afgreiðslu í n., en þessi mál eru í athugun og einmitt í þá veru sem kemur fram í þessum frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. (þskj. 426). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Eftirlit með matvælum, frv. (þskj. 427). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 419). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 364). — Frh. 1. umr.

Pálmi Jónsson [frh.]:Herra forseti. Í fyrri hluta af ræðu minni s. l. mánudag hafði ég lokið við að greina frá brigðum á yfirlýsingum hæstv. iðnrh. varðandi óendurkræf framlög úr ríkissjóði til þess að mæta fjármagnsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Þessi ummæli hæstv. iðnrh. voru m. a. flutt á fundi hv. Nd. 15. des. s. l. þegar rætt var frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku. Þar lýsti hann yfir að hæstv. ríkisstj. hugsaði sér að mæta fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins með tvennum hætti: Í fyrsta lagi með því að ríkissjóður legði stofnuninni til 600 millj. kr. óendurkræft framlag af lánsfjáráætlun ríkisstj. og svo í öðru lagi með framlengingu og hækkun verðjöfnunargjalds af raforku. Það hefur nú komið í ljós, að ekki er staðið við fyrra fyrirheitið. Á því eru alger brigð, vegna þess að í þessari lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að afla að láni 600 millj. kr. sem stofnunin á að taka og standa undir kostnaði við, en ríkissjóður leggi Rafmagnsveitum ríkisins til 120 millj. kr. á ári á næstu 5 árum, sem er nokkuð annað. Ég hafði einnig í fyrri hluta ræðu minnar lokið við að lýsa viðbrögðum stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins og þeim samþykktum, sem þar höfðu verið gerðar um áskoranir til hæstv. iðnrh. og ríkisstj. í heild um að breyta þessu lánsfé í óendurkræft framlag, eins og fyrirheit voru gefin um.

Ekki er þörf á að tíunda það frekar, að fjárhagsvandi Rafmagnsveitna ríkisins verður ekki leystur með nýjum lántökum. Fjármagnsskuldbindingar fyrirtækisins eru þegar það miklar, m. a. vegna óarðbærra félagslegra framkvæmda sem stofnunin hefur orðið að ráðast í, að það leysir ekki þann vanda að taka ný lán eða framlengja eldri lán, eins og hér er gert ráð fyrir. Enn fremur hefur verið iðulega úr þessum ræðustól, bæði af mér og öðrum, lýst því, að upp hefur verið tekin ný stefna af hálfu forráðamanna fyrirtækisins í þá átt að greina í sundur framkvæmdir á vegum þess, m. a. á þessu ári, í annars vegar svokallaðar félagslegar framkvæmdir, sem ekki verður staðið undir kostnaði við af orkusölu á þeim svæðum sem þær eiga að þjóna og hefur verið farið fram á að fá óendurkræf framlög til þess að mæta slíkum framkvæmdum að hluta, og svo hins vegar framkvæmdir sem eru þess eðlis að orkusala getur staðið undir kostnaði við þær.

Í framhaldi af þessu þarf ekki að ítreka það, að sú niðurstaða, sem birtist í lánsfjáráætlun með þessu frv. sem hér er á dagskrá, er í fyllsta máta alvarleg fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og þó ekki einasta fyrir það fyrirtæki, heldur fyrir alla þá sem skipta við það fyrirtæki. Rafmagnsveitur ríkisins hafa mótað stefnu sína varðandi gjaldskrármál nú síðustu mánuðina með tilliti til yfirlýsinga hæstv. iðnrh. sem hér hefur verið vitnað til og nú hafa því miður brugðist.

Það hefur verið rakið hér á hv. Alþ., að á síðasta ári var svo komið að m. a. heimilistaxtar hjá Rafmagnsveitum ríkisins voru orðnir um 88% hærri en t. a. m. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, svo að einhver viðmiðun sé gerð. Þessi mikli munur á orkuverðinu í landinu er óþolandi og getur ekki gengið til frambúðar.

Í framhaldi af yfirlýsingu hæstv. ráðh. og fyrirheitum um hækkun verðjöfnunargjaldsins hefur verið haldið nokkuð aftur af gjaldskrárhækkunum hjá Rafmagnsveitum ríkisins, þó að gjaldskrárbreytingar hafi raunar orðið nokkrar. Gjaldskrá breyttist hinn 15. febr. s. l., en þó miklu minna en hjá ýmsum öðrum orkusölufyrirtækjum. Þetta leiddi til þess, að nokkuð hefur dregið saman með verði raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins annars vegar og ýmsum orkusölufyrirtækjum sveitarfélaga hins vegar. Þannig er t. d. heimilistaxtinn nú hjá Rafmagnsveitum ríkisins frá 56.1% upp í 72.5% hærri en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur eftir notkun, en það breytist miðað við hversu mikið magn er notað, í stað þess sem áður var, að á þessum liðum munaði kringum 88%. Húshitunartaxti er nú 56.5% hærri hjá Rafmagnsveitum ríkisins og vélataxti er frá 63.7% upp í 70% hærri en er hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og er þessi munur nokkuð miklu minni en var fyrir þær gjaldskrárbreytingar sem urðu hinn 15. febr. s. l. Þetta er gert í trausti þess, að staðið yrði við þær yfirlýsingar sem hæstv. iðnrh. hafði gefið hér á hinu háa Alþ. og í viðræðum við starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins. Þess vegna hlýtur að verða spurt hvort hæstv. ríkisstj. ætli sér að reka þetta

þannig áfram að ekki verði hjá því komist að stórhækka gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins vegna þess að þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið, hafa reynst orðin tóm. Ég harma það að hæstv. ráðh. skuli ekki geta verið hér viðstaddur þessa umr., en ég get sagt það og hef sagt það fyrr úr þessum ræðustól, að mér hefur fundist að það ríkti skilningur á því hjá hæstv. iðnrh., að það þyrfti að koma til móts við Rafmagnsveitur ríkisins og það fólk, sem það fyrirtæki þjónar í orkumálum, til þess að draga úr þeim mismun sem er á verði orkunnar hjá þessu fyrirtæki og ýmsum öðrum fyrirtækjum í landinu sem fást við orkusölu. En þegar ekkert kemur annað en orðin tóm, þá fer ekki hjá því að það dregur úr því trausti sem ég hafði tilhneigingu til þess að bera til þessa hæstv. ráðh.

Ég ítreka þá kröfu Rafmagnsveitna ríkisins, að þeim 600 millj. kr., sem lánsfjáráætlunin gerir ráð fyrir að varið verði sem lánsfé til Rafmagnsveitna ríkisins, verði breytt í óendurkræf framlög. Og ég hlýt að greina frá því, að það verður ekki hjá því komist að leggja fram brtt. við þetta plagg, ef ekki verður orðið við þeirri kröfu sem ég hef borið fram við meðferð þessa máls. Ég mun ekki ræða þetta að sinni frekar, aðeins ítreka að þær lagfæringar, sem orðið hafa á orkuverðinu og að nú skuli nokkuð hafa dregið saman með verði á seldri raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins annars vegar og ýmsum öðrum orkusölufyrirtækjum í landinu hins vegar, það er auðvitað háð því, að orðið verði við þessari kröfu sem er alger lágmarkskrafa. Verði það ekki gert þá hlýtur að draga þarna stórkostlega sundur að nýju, óréttlæti í orkumálum að vaxa. Og það verður þá að bregðast við því með nýjum hætti og m. a. með því að það fólk, sem býr við það misrétti sem hér virðist stefnt að, láti til sín heyra.

Í þessu frv. og þeirri skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir næsta ár, sem frv. fylgir, er gert ráð fyrir að varið sé 600 millj. kr. til Bessastaðaárvirkjunar. Að undanförnu hafa orðið miklar umr. um Bessastaðaárvirkjun og raforkumál Austurlands í tengslum við hana. Þessar umr. hófust með því, að tveir starfsmenn Orkustofnunar ríkisins rituðu öllum alþm. bréf þar sem þeir bentu á að hér væri um óhagkvæman kost að ræða til þess að ráða bót á orkumálum Austurlands og aðrir kostir væru vænlegri. Í umr. um þetta mál hefur nokkrum sinnum verið vitnað til samþykktar sem gerð var í des. 1977 af fyrrv. stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, en þar mælti sú stjórn Rafmagnsveitna ríkisins með því, að haldið yrði áfram af fullum krafti við undirbúning Bessastaðaárvirkjunar og ráðist yrði í þá framkvæmd. Í tilefni þeirra umr., sem orðið hafa um þessi mál nú síðustu mánuðina, tók ég þetta mál upp í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og á fundi hinn 14. febr. s. l. var gerð svofelld bókun á fundi stjórn RARIK, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þeirra umr., sem orðið hafa um Bessastaðaárvirkjun í fjölmiðlum að undanförnu, og af því að Rafmagnsveiturnar mæltu með virkjuninni á sínum tíma samþykkir stjórn Rafmagnsveitnanna að fela starfsmönnum stofnunarinnar að gera nýja úttekt á hagkvæmni hennar miðað við þær aðstæður sem nú eru fyrir hendi, þ. e. Kröfluvirkjun í rekstri og/eða miðað við lagningu línu Sigalda-Hryggstekkur sunnan jökla. Eins verði tímasetning Bessastaðaárvirkjunar endurskoðuð út frá þessum forsendum. Grg. þessi verði lögð fyrir stjórnarfund."

Síðan þessi samþykkt varð gerð í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins hafa starfsmenn stofnunarinnar unnið að nýrri úttekt á þeim kostum sem eru fyrir hendi til þess að leysa orkumál Austurlands á næstu árum. Þeir hafa tekið það ráð að vinna þessa úttekt í samvinnu og samráði við starfsmenn Landsvirkjunar. Þessari úttekt er ekki að fullu lokið, en bráðabirgðaniðurstöður benda samt mjög sterklega til að Bessastaðaárvirkjun sé nú óhagkvæmasti kosturinn sem sé að finna til þess að leysa orkumál Austurlands. Enn er ekki tímabært að fullyrða um þetta, en vísbendingar eru mjög sterkar í þessa átt. Enn fremur hefur Orkustofnun unnið að úttekt á þessu máli sem send hefur verið iðnrn., og í þeirri úttekt hygg ég að niðurstöður *lúti mjög í sömu átt. Það kemur sem sé í ljós*, að við þessa frumkönnun virðist lína sunnan jökla frá Sigöldu um Hornafjörð, Djúpavog og að Hryggstekk í Skriðdal vera hagkvæmari kostur til þess að leysa orkumál Austurlands nú á næstu árum, auk þess sem það tengist þessum framkvæmdum að stórkostlegur sparnaður verður á dísilvélaorku í Höfn í Hornafirði og á sunnanverðum Austfjörðum, en með hækkun á olíuverðinu, sem nú hefur skollið yfir, og horfum í þeim efnum hafa þessi atriði verulega þýðingu. Einnig er talið að öryggi í orkumálum Austurlands og orkumálum Norðurlands muni vaxa, einkanlega orkumálum Norðurlands, við hringtengingu þá sem hér er um að tefla. Inn í þetta dæmi kemur svo Kröfluvirkjun, sem nú hefur um hríð framleitt nokkuð stöðugt um 8 mw. af raforku. Ef aukning verður á orkuframleiðslu þar, þá er ekki eins brýn þörf á öðrum virkjunarkostum fyrir Austurland sérstaklega, vegna þess hve stutt er frá Kröflu að aðveitustöðinni í Hryggstekk og flutningsgeta milli þessara úttakspunkta raforku á byggðalínunni vex stórkostlega við að orka kemur inn á línuna hjá Kröflu.

Nú er auðvitað Krafla, eins og allir þekkja, þeim annmörkum háð, að menn vita ógjörla hvað þar gerist. En þó virðist sem hin stöðuga orkuframleiðsla, sem þar fer nú fram, gefi bendingar um að tekist hafi að ná betri tökum á bæði borholum og orkuframleiðslu en áður var. Á mánudaginn var flutti hv. 1. þm. Norðurl. e. ræðu um þetta mál og boðaði brtt. við frv. á þá lund að verja 600—660 millj. kr. til borunarframkvæmda við Kröflu og þarf ég ekki að fara út í það frekar. En mér sýnist að slíkar framkvæmdir þurfi að takast til athugunar í sambandi við aðrar leiðir til þess að mæta orkuþörf Austurlands á næstu árum. Rétt er að geta þess í sambandi við það, hvort ráðist skuli nú í frekari boranir við Kröflu eða ekki, að í þessari lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að bora í Bjarnarflagi og flytja bor þangað norður, en mér er tjáð að flutningur borunartækja norður í Bjarnarflag og suður aftur kosti um 40 millj. kr. Þess vegna hlýtur að koma til athugunar í sambandi við þá framkvæmd hvort þá sé ekki rétt að ráðast á borun á einni eða tveimur holum við Kröflu í því skyni að auka þar orkuframleiðslu. Það hefur sem sé komið í ljós, að ef borholur við Kröflu eru fóðraðar niður í hin svokölluðu neðri jarðlög, þá hafa þær haldist óskemmdar, en sé tekin gufa inn í holurnar í efri jarðlögunum, þá hafa þær holur ekki staðist. Þessi nýja *vitneskja gefur þarna nokkru meiri líkur um öryggi en* áður hefur verið.

Í bráðabirgðaniðurstöðum starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins og starfsmanna Landsvirkjunar er gert ráð fyrir að lína sunnan jökla með tengingu á milli Sigöldu og Hryggstekks geti frestað Bessastaðaárvirkjun til áranna 1986 og 1988, og þrátt fyrir að þá yrði ráðist í Bessastaðaárvirkjun, sem er mjög dýr virkjun miðað við orku-

einingu, kemur út verulegur sparnaður. Ef unnt er að fresta Bessastaðaárvirkjun til 1986, þá hljóta að verða uppi spurningar um það, hvort ekki eigi að ráðast í aðrar virkjanir fyrr sem gætu mætt orkuþörf Austurlands um leið og þær fóðruðu landskerfið í heild. Þessar spurningar hljóta að vakna vegna þess að þær kostnaðaráætlanir, sem gerðar hafa verið um Bessastaðaárvirkjun, eru þess eðlis, að sú virkjun virðist 50—60% dýrari á orkueiningu en ýmsir aðrir virkjunarkostir í landinu.

Við þurfum að gæta þess að verja fjármagni til þess að nýta innlenda orkugjafa. Þetta höfum við vitað undanfarin ár. Ný verðhækkunaralda á olíu hvetur okkur til þess að draga ekki úr á þessum vettvangi, bæði á sviði varmaveitna og raforkuframkvæmda, en við þurfum jafnframt að gæta þess að verja því fjármagni, sem til þessara hluta verður varið, skynsamlega. Orkuframkvæmdir eru ákaflega dýrar. Þær kosta gífurlegt fjármagn. En þær eru nauðsynlegar til þess að við getum hagnýtt okkar innlendu orkugjafa og séum ekki háðir þeim ósköpum sem kunna að verða á olíumörkuðum heimsins, hvað þá þegar að því kemur að olían fer þverrandi, sem spáð er að gerist innan mjög langs tíma. En það er alveg nauðsynlegt að við nýtum þetta mikla fjármagn af hyggindum og framsýni. Þar þurfum við auðvitað að mæta þörfum allra landshluta, en við eigum þá jafnframt að hafa hagsmuni landsins alls eða allrar þjóðarinnar í huga og haga framkvæmdum í samræmi við það.

Ég taldi skylt að geta hér um þá athugun, sem er í gangi í þessum efnum, og þær horfur, sem eru á hverjar niðurstöðurnar verði, vegna þess að það kann að verða um algera breytingu að ræða á afstöðu Rafmagnsveitna ríkisins til þessa máls. En eins og ég hef áður sagt mælti fyrrv. stjórn RARIK með því að ráðist yrði í Bessastaðaárvirkjun og hraðað undirbúningi þess mannvirkis.

Ég sagði áðan að Bessastaðaárvirkjun væri kannske 50—60% dýrari heldur en ýmsir aðrir virkjunarkostir. Ég er ekki með nýjar tölur um þessi efni, en tölur, sem ég man eftir frá sept. 1977 bentu til þessa. Þá var t. d. Blanda á 2.90—3 kr. kwst., en Bessastaðaárvirkjun milli 4.50 og 4.60 kr. kwst., ef virkjunin var þar tekin í heild, en fyrri áfangi mun dýrari. Þá var t. d. smávirkjun, um 30 mw. virkjun við Villinganes í Skagafirði, talin kosta 4 kr. á kwst. eða verulega lægra en Bessastaðaárvirkjun, og flestar stærri virkjanir voru þarna mun hagkvæmari.

Nú er það svo, að á Austurlandi eru einhverjir mestu virkjunarkostir okkar Íslendinga. Ég hef nýlega fengið í hendur skýrslu um það dæmi í heild eins og það liggur fyrir miðað við þær frumáætlanir sem gerðar hafa verið. Þar kemur fram að virkjanlegt vatnsafl á Austurlandi eða virkjanleg orka er hvorki meira né minna en 10 300 gwst. á ári. Ýmsir þeir kostir, sem þar er um að tefla, eru mjög miklu ódýrari en Bessastaðaárvirkjun. Og ef það kemur í ljós, að við getum frestað þessari virkjun með aukinni hagkvæmni, jafnmiklu eða meira öryggi en aðrar leiðir til þess að mæta orkuþörf Austurlandsveitna, þá er að mínum dómi rétt að staldra við og hugleiða þær leiðir í fullri alvöru, því að eins og ég hef þegar sagt, allar framkvæmdir í þessum efnum kosta gífurlegt fjármagn og það mikla fjármagn, sem við verjum til þeirra mála, þurfum við að nota af hyggindum og hagsýni. Bruðl á þessum vettvangi sem gert er kannske með ónógar upplýsingar að grundvelli, er ákaflega misráðið og skaðlegt.

Herra forseti. Ég skal ekki ræða þessi sérstöku mál frekar. Ég taldi mér skylt að benda hér á þessi efni er varða Bessastaðaárvirkjun. Væntanlega liggur sú úttekt, sem ég hef gert hér að umtalsefni, fyrir að fullu áður en þetta frv. verður afgreitt. Ég hef einnig í þessari ræðu minni, sem er slitin í tvennt, mótmælt harkalega þeim brigðum sem orðið hafa á fyrirheitum iðnrh. að því er snertir Rafmagnsveitur ríkisins og verða til þess, ef ekki verður úr þeim brigðmælum bætt, að ójöfnuður í þjóðfélaginu fer vaxandi, og það kemur harkalega niður á því fólki sem kaupir orku frá RARIK. Almenna umr. um lánsfjáráætlunina ætla ég ekki frekar út í að þessu sinni og get þess vegna látið máli mínu lokið.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki í mínu máli að fara í neinar almennar umr. um lánsfjáráætlun eða það frv. sem hér liggur fyrir. Það er aðeins ein grein þess sem ég ætlaði að gera að umtalsefni. Það er 3. gr., sú sem varðar lífeyrissjóðina. Hér er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir verði með lögum skuldbundnir til að kaupa skuldabréf af fjárfestingarsjóðum ríkisins. Þetta hafa lífeyrissjóðirnir gert og að sjálfsögðu vegna þess að þeir þurfa á því að halda að verðtryggja fjármuni sína. En fram til desembermánaðar 1977 eða þar til fyrir rösku einu ári gerðist þetta með þeim hætti, að samkomulag var á milli lífeyrissjóðanna annars vegar og ríkisstj. hins vegar um þessi verðbréfakaup. En í des. 1977, þegar svipað frv. lá fyrir Alþingi, þ. e. a. s. um ýmsar heimildir og ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978, var sett inn í það frv. grein sem skyldaði lífeyrissjóðina til að kaupa verðbréf af fjárfestingarsjóðum ríkisins aðallega fyrir 40% af ráðstöfunarfé sínu.

Þegar þetta frv. kom fram var því mjög eindregið mótmælt af hálfu lífeyrissjóðanna, af hálfu verkalýðssamtakanna og ekkert síður af hálfu fulltrúa atvinnurekenda í stjórnum lífeyrissjóðanna en fulltrúum launþegasamtakanna, en eins og kunnugt er eru stjórnir lífeyrissjóðanna skipaðar fulltrúum beggja þessara aðila. Í des. 1977 var ekki látið nægja það samkomulag sem verið hafði milli lífeyrissjóðanna og ríkisstj. fram að þeim tíma, en oftlega hafði komið til álita hjá ríkisstj. að lögfesta skyldukaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfunum. Í þessu sambandi vil ég minna á að þegar samningar voru gerðir á vinnumarkaðinum 1974, þá var gert samkomulag við þáverandi ríkisstj. um að lífeyrissjóðirnir keyptu af Byggingarsjóði ríkisins verðbréf fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu. En í móti átti að koma að ríkisstj. sæi til þess með lagagerð, að íbúðabyggingar á félagslegum grundvelli yrðu stórauknar, og var um það rætt að 1/3 af íbúðarhúsnæðisþörfinni yrði byggður á þeim grundvelli. Lífeyrissjóðirnir hafa staðið við þessa skuldbindingu sína alla tíð, en það verður því miður ekki sagt um gagnaðilann, og þó að allar ríkisstj. síðan hafi viðurkennt þetta samkomulag hefur minna orðið úr framkvæmdum. Ég vona fastlega, að sú ríkisstj., sem nú situr, taki vel til hendi varðandi þetta mál, og geri mér vonir um, að það verði ekki langt í að frv. í þessa átt verði lögð fram hér á Alþingi.

Aðalrök lífeyrissjóðanna og samtaka, sem að þeim standa, gegn því að lögfesta svona ákvæði eru fyrst og fremst þau, að lífeyrissjóðirnir eru óumdeilanlega eign sjóðfélaganna og svo til allir þessir lífeyrissjóðir, — á ég þar ekki við lögbundnu lífeyrissjóðina, en hina svokölluðu frjálsu lífeyrissjóði, — þeir hafa orðið til í frjálsum samningum milli aðila, annars vegar verkalýðssamtakanna og hins vegar samtaka atvinnu-

rekenda, og þess vegna sé slík lagasetning íblöndun í innri mál sjóðanna, og ef á að fara inn á þær brautir að skylda einstaka aðila í þjóðfélaginu til verðbréfakaupa af þessu tagi, þá er vandséð hvar mörkin yrðu sett. Það eru fleiri en lífeyrissjóðirnir, sem hafa undir höndum æðimikið fjármagn og eru frjálsir að ráðstöfun þess að svo miklu leyti sem skattalög grípa ekki inn í.

Eins og ég tók fram er lífeyrissjóðunum sannarlega mikil nauðsyn á góðri ávöxtun á fjármagni sínu. Lífeyrissjóðirnir hafa notað alla möguleika til þess að verðtryggja laust fjármagn sitt svo sem þeir hafa getað. Ég held að það þurfi ekki undan því að kvarta að lífeyrissjóðirnir hafi ekki ávaxtað fjármuni sína á þann besta hátt sem möguleiki hefur verið fyrir hendi hverju sinni.

En það er annað sem kemur inn í þetta mál. Auðvitað er verkefni lífeyrissjóðanna fyrst og fremst að sjá um lífeyrismál sjóðfélaganna, og það hafa lífeyrissjóðirnir gert og raunar langt umfram það sem reglugerðir þeirra sögðu til um við stofnun. Þeir hafa tekið á sig verðtryggingu lífeyris og hafa með því móti létt mjög mikið á almannatryggingum í landinu með því að taka á sig verðtryggingu lífeyris frá lífeyrissjóðunum og ekki aðeins það, heldur einnig lífeyris sem greiddur er samkv. lögum. Lífeyrissjóðirnir hafa staðið undir verðtryggingu á þeim þætti.

Það gefur auga leið, að þó að þessir lífeyrissjóðir séu flestir ekki gamlir, um það bil að verða 10 ára, þá eru lífeyrisgreiðslur stöðugt að verða þyngri og þyngri baggi á þeim, ef maður má nota það orð: baggi. En það er auðvitað helsta verkefni þeirra að greiða lífeyri til sjóðfélaganna. Annað verkefni, sem lífeyrissjóðirnir fyrst og fremst hafa haft með höndum, eru lán til sjóðfélaganna sem auðvitað eru mjög mikilvæg fyrir þá því að þau lán hafa fyrst og fremst farið til byggingarmála, en með þeim hætti hafa lífeyrissjóðirnir einnig létt af öðrum sjóðum í þjóðfélaginu sem undir byggingarframkvæmdum eiga að standa. En það verður sífellt örðugra að framkvæma þennan þátt í starfi lífeyrissjóðanna, vegna þess að ráðstöfunarfé verður minna sökum þyngri lífeyrisgreiðslna. Þetta voru fyrir rösku ári rök okkar sem höfum verið talsmenn fyrir lífeyrissjóðina. Það voru svo til engar undantekningar. Þó var ein sú, að einn hv. þm., sem hér átti sæti þá, Guðmundur H. Garðarsson, taldi að það væri rétt að lögfesta þessi ákvæði, en hann hefur nú nýlega í Morgunblaðinu snúist á sveif með þeim sem voru andvígir þessari lagasetningu og telur hana stjórnarskrárbrot.

Það frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir nokkurri breytingu á lögum frá því í des. 1977. 1. gr. í þeim, sem skyldar alla lífeyrissjóði til þess að kaupa fyrir 40% af ráðstöfunarfé sínu verðbréf á ári hverju, eins og það er þar orðið, er að því leyti óbreytt. Breytingin, sem gerð er frá þeim lögum, er sú, að bætt er tveim setningum inn í 2. mgr. laganna frá 1977 og þær gera það að verkum að lögin eru þrengd frá því sem þau voru þá. Ég þarf ekki að ítreka það hér, að mótmælin sem borin voru fram þegar við lagasetninguna í des. 1977, eru áreiðanlega enn í fullu gildi og skulu hér ítrekuð. Ég ætla ekki hér að fara að tína upp öll þau rök sem þá voru flutt. Það voru miklar umr. hér um málið og til þingsins dreif að mótmæli úr öllum áttum. Breytingin, sem nú er fyrirhugað að gera, er einvörðungu sú, að fram er tekið að lífeyrissjóðir á samningssviði Alþýðusambands Íslands skuli kaupa fyrir sem nemur 20% af ráðstöfunarfé verðbréf Byggingarsjóðs ríkisins. Þessi félög hafa gert það og raunar allmiklu meira. Í síðustu lánsfjáráætlun, fyrir 1978, var, ef ég man rétt, gert ráð fyrir að þessi kaup ættu að nema 500 millj. kr., en þau urðu nokkuð yfir 1 milljarð.

Önnur breytingin, sem gerð er hér, er eins og hér segir: „Ríkisstj. kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn skuli kaupa bréf af hvorum þessara fjárfestingarsjóða" — þ. e. a. s. af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði ríkisins. Síðan er sama undantekning og er í lögunum frá 1977, þar segir: „Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðunum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands." Þetta er shlj. því sem er í lögum nú, en við er bætt: „enda sé sala skuldabréfa þessara í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstj."

Hér er sem sagt í fyrsta lagi gert ráð fyrir að ríkisstj. geti úthlutað hverjum sjóði um sig, hverjum einasta lífeyrissjóði í landinu um sig, af hvaða sjóði og hvenær þeir skuli kaupa skuldabréf. Þetta er algert nýmæli í lögum og er engan veginn gefið að það geti gengið upp við þá möguleika sem lífeyrissjóðirnir hafa hverju sinni. Það að lífeyrissjóðir á samningssviði Alþýðusambandsins kaupi fyrir 20% af Byggingarsjóði er að mínu viti ekkert annað en viðurkenning á þeim samningum sem gerðir voru 1974, en segir í rauninni ekki neitt.

Varðandi síðari breytinguna sem bætt er við þarna: „enda sé sala skuldabréfa þessara í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstj.", vakna spurningar. Í lögunum er í raun og veru aðeins talað um tvo sjóði, þ. e. a. s. Framkvæmdasjóð og Byggingarsjóð ríkisins, og ríkisstj. getur sem sagt ákveðið samkv. þessu, af hvorum þessara sjóða lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf og í öðru lagi hvenær. En þá vaknar sú spurning: Er verið að afnema það, að lífeyrissjóðirnir geti keypt af öðrum en þessum tveimur fjárfestingarsjóðum skuldabréf sem fullnægja sömu verðtryggingu?

Nú er það vitað mál, að t. d. lífeyrissjóðir, sem eru á samningssvæði Sambands ísl. samvinnufélaga, þ. e. lífeyrissjóður sambandsins og einstakra fyrirtækja, þessi sjóður hefur einbeitt kaupum sínum að skuldabréfum eða verðbréfum sem fjárfestingarsjóðir sambandsins hafa gefið út. Nú veit ég ekki hversu vel þetta gengur upp í lánsfjáráætlun ríkisstj. hverju sinni, ekki aðeins núna, heldur hverju sinni.

Í öðru lagi er vitað, að Lífeyrissjóður verslunarmanna, sem er einn stærsti lífeyrissjóður í landinu, — og þessir tveir, sem ég hef nefnt, eru með þeim allra stærstu, — sá sjóður, Lífeyrissjóður verslunarmanna, hefur að langmestu leyti keypt verðbréf af framkvæmdasjóði verslunar, held ég, eða fjárfestingarsjóði verslunarinnar, sáralítil önnur kaup. En hann keypti, held ég, á s. l. ári skuldabréf fyrir nokkuð yfir hálfan milljarð kr. Ég veit ekki heldur hvernig þetta gengur inn í lánsfjáráætlun eða kemur heim og saman við lánsfjáráætlun ríkisstj. hverju sinni. Það er a. m. k. ekki séð á lánsfjáráætlun nú, að þetta dæmi gangi upp, þ. e. a. s. kaup þessara lífeyrissjóða óbreytt frá því sem verið hefur.

Í þriðja lagi má minnast á það, að ýmsir sjóðir, sérstaklega iðnaðarmanna, hafa keypt af Iðnlánasjóði sín bréf. Enginn efi er á því, að það, sem að baki liggur skuldabréfakaupum þessara sjóða sem ég hef nú nefnt, er að fólkið í þessum lífeyrissjóðum, sjóðfélagarnir, telur sig með þessum bréfakaupum vera að stuðla að atvinnu-

öryggi sínu.

Eins og ég hef tekið fram, þá er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að lífeyrissjóðirnir ávaxti fjármuni sína í verðtryggðum skuldabréfum að svo miklu leyti sem þeir geta því við komið. En með slíkri lagasetningu eins og gerð var 1977 og nú er gerð og þrengd frekar en þó var í lögunum 1977, þá sýnist mér að sé verið að setja lífeyrissjóðunum slík skilyrði um sín fjárráð og hvernig þeir fara með sína fjármuni, að það sé aldeilis ófært.

Hinir almennu lífeyrissjóðir hafa mjög gjarnan viljað styðja við bakið á Bygginarsjóði ríkisins í tvennum tilgangi: Í fyrsta lagi til þess að sem mest væri byggt af hagkvæmu húsnæði fyrir launafólk í landinu, — húsnæði sem væri með hagkvæmari, lengri og betri lánum en nú er, þannig að húsnæðismálin þyrftu ekki um alla eilífð að vera sá þungi baggi á hverjum sem leggur í íbúðabyggingar eða íbúðakaup í fyrsta sinn. Þetta hefur verið eitt aðalsjónarmið lífeyrissjóðanna á þessu sviði. Þó nú sé gert ráð fyrir í þessu frv. að lífeyrissjóðir á samningssviði Alþýðusambandsins kaupi skuldabréf af Byggingarsjóði, þá eru jafnframt með þessu frv. þrengdir kostir Byggingarsjóðs ríkisins að mínu viti mjög hættulega. Ef þessu færi fram eins og er gert ráð fyrir í 3. gr., þá er í fyrsta lagi algerlega augljóst að kaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði yrðu mun minni en þau hafa verið, en í öðru lagi er samkv. 11. gr. þessa frv. gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fái nú á þessu ári 2000 millj. kr. af skyldusparnaðarfé sem runnið hefur óskipt til Byggingarsjóðsins, þannig að það er verið á þann hátt einnig að þrengja kosti Byggingarsjóðs að mínu viti langt um of, ekki síst þegar við blasir og öllum er ljóst að einmitt í þessari grein, þ. e. a. s. byggingariðnaðinum, er fyrirsjáanlegt atvinnuleysi. Þegar þannig horfir við þurfa einmitt ríkið og Byggingarsjóður ríkisins að gera frekar sérstakt átak til þess að bægja frá atvinnuleysi í þessari grein og um leið að byggja hentugt húsnæði fyrir launafólk með betri kjörum en nú eru fyrir hendi.

Ég vil taka það fram, að á samráðsfundum, sem fulltrúar Alþýðusambandsins áttu með ráðh. úr ríkisstj. meðan lánsfjáráætlunin var í undirbúningi, var þessu ákvæði mjög sterklega mótmælt og er ekki samþykki okkar, sem í því samráði höfum staðið, fyrir því. Og satt að segja kom mér mjög á óvart þegar ég sá þessi ákvæði í frv. eins og það er lagt fram.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta. En ég ætla að beina þeim eindregnu tilmælum til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að athuga það vel og a. m. k. hvort ekki sé eðlilegt og raunar sjálfsagt að fella 3. gr. niður úr frv. og láta nægja það sem nú er í lögum um þessi mál, þó að ég lýsi yfir fyllstu andstöðu við þau lög eins og ég hef áður gert.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 65. fundur.

Föstudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Heilbrigðisþjónusta, þáltill. (þskj. 417). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Iðnnám, þáltill. (þskj. 422). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Starfsreglur Póst- og símamálastofnunarinnar, þáltill. (þskj. 423). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Áætlanagerð, (þskj. 428). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, þáltill. (þskj. 320, n. 349, 347). — Síðari umr.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Utanrmn. Alþingis hefur haft til meðferðar till. til þál á þskj. 320 um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga. Þessi þáltill. var talsvert rædd, þegar hún var hér til fyrri umr., og ég sé ekki ástæðu til að halda langa ræðu af því tilefni.

Ég vil í fyrsta lagi greina frá því, að utanrmn. hefur skilað svofelldu nál.:

„Nefndin hefur athugað þáltill. og leggur til að hún verði samþykkt. Jónas Árnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins."

Allir aðrir nm. undirrita: Einar Ágústsson, Árni Gunnarsson, Gils Guðmundsson, Vilmundur Gylfason, Ragnhildur Helgadóttir og Friðjón Þórðarson.

Efnið er í afar stuttu máli það sem við þekkjum, að samningurinn er gagnkvæmur. Færeyingar hafa heimild til að veiða hér loðnu með 15 skipum allt að 17500 smálestum og enn fremur hafa þeir heimild til að veiða með 15 skipum allt að 17500 smál. af kolmunna á tilteknum svæðum. Í samkomulaginu er enn fremur ákvæði um tilkynningarskyldu og um framkvæmd sem hv. alþm. þekkja.

Ég vil geta þess, að það hefur nokkuð dregist af ástæðum sem hæstv. forseti hefur þegar gert grein fyrir á öðrum fundi, að þessi síðari umr. um till. og atkvgr. gæti farið hér fram. Í morgun leitaði ég upplýsinga hjá fiskimálastjóra um það, hversu mikil veiði hefði þegar átt sér stað og samkv. upplýsingum hans hafa öll færeysku loðnuskipin nema eitt nú fiskað að fullu upp í kvóta sinn. Segja má því að samningurinn hafi að því leyti runnið sitt skeið nú þegar Alþ. greiðir atkv. um hann. Hins vegar gegnir auðvitað öðru máli um kolmunnann. Hvorki við

né Færeyingar höfðum byrjað á þeim veiðum. Færeyingar fiska kolmunna fyrst á heimamiðunum og svo elta þeir gönguna norður eftir þegar þar að kemur. Fiskimálastjóri taldi ekki ólíklegt að nokkur af stærri loðnuskipum okkar hæfu kolmunaveiðar við Færeyjar seinni part aprílmánaðar eða jafnvel fyrr, eftir því hvenær ganga hefst. — Ég er ekki fiskifróður, eins og oft hefur komið fram, og þær upplýsingar, sem ég hef, eru fengnar frá öðrum. Aðrir eru hér miklu kunnugri þessum málum, þó að ég hafi dálítið kynnst þessu meðan „ég var á freigátunni", eins og karlinn sagði. Það er önnur saga.

Nú hefur komið fram og ég vil gera að umtalsefni í örfáum orðum brtt. á þskj. 347 frá hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefáni Jónssyni, þar sem hann leggur til að aftan við tillgr. komi:

„Jafnframt felur Alþ. ríkisstj. að segja upp nú þegar, með eðlilegum fyrirvara, samningum þeim sem heimila útlendingum botnfiskveiðar á Íslandsmiðum."

Ég hef oft, held ég, og a. m. k. síðast þegar þessi mál voru hér til umr., sagt það sem mína skoðun að auðvitað geti dregið að því að við verðum að segja upp öllum *fiskveiðisamningum við útlendinga, og ég tel ekkert* óeðlilegt að mönnum detti það í hug eins og ástand fiskstofnanna er. Engu að síður vil ég við þetta tiltekna tækifæri lýsa þeirri skoðun minni, að þetta mál þurfi nánari athugunar við og það sé ekki rétt að tengja uppsögn allra fiskveiðisamninga við þetta mál, sem einungis fjallar um tímabundinn samning um fiskveiðiréttindi Færeyinga á gagnkvæmnigrundvelli. Af þeim ástæðum mun ég ekki treysta mér til að greiða atkv. með brtt. á þessu stigi, heldur óska tækifæris til þess að athuga það mál miklu betur, ekki einungis að því er snertir ástand *fiskstofnanna, heldur einnig með tilliti til annarra atriða* sem þarf að hafa í huga þegar slík mikilvæg utnaríkismálaákvörðun er tekin.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, vegna þess að ég veit að mörg mál eru á dagskrá og þetta mál hefur þegar verið mikið rætt, að hafa þessi orð fleiri, endurtek aðeins að lokum það samdóma álit utanrrn. að þáltill. verði samþykkt.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þetta mál hefur verið allengi þæft hér á hinu háa Alþingi. Mig minnir að þetta hafi verið fyrsta málið sem kom á dagskrá að loknu jólaleyfi og gerði ég þá þegar viðvart um löngun mína í orðið, þó það hafi ekki orðið fyrr en nú.

Ég vil leggja áherslu á það í örstuttum aths. mínum, að *við Íslendingar verðum að leggja mikla áherslu á samn*inga við aðrar þjóðir, nágranna okkar, sérstaklega Norðmenn, Færeyinga og Grænlendinga. Hafa verið hér lagðar fyrir till., sem snerta þau mál og hv. 5. þm. Norðurl. v. hafði forustu um í upphafi þings, þannig að ég þarf ekki að víkja frekar að því nú. Þetta vil ég taka sérstaklega fram, svo að ég verði ekki misskilinn þegar ég segi aftur á móti að ég get með engu móti fallist á þá till. til þál. sem hér liggur fyrir. Ástæður fyrir því eru þær, að ég fæ með engu móti skilið, eins og staða okkar er nú, að við getum samið við aðrar þjóðir um eitt eða neitt varðandi fiskveiðar á fiskimiðum okkar. Ég var þeirrar skoðunar um hríð, að það hefði gjarnan mátt semja við Færeyinga um einhverja meiri veiði á loðnu, en ég hef nú horfið einnig frá því og ástæðurnar eru afar einfaldar. Þær eru að við erum að skerða mjög sókn okkar sjálfra, draga mjög úr þeirri sókn. Og hvernig í ósköpunum eigum við að fara að því að sýna slíkt örlæti við aðrar þjóðir þegar svo er komið? Mér býður í grun, þótt ég hafi ekki fyrir því vissu, að við eigum bráðlega eftir að fá að sjá harkalegar till. um stórkostlegan niðurskurð á sókn Íslendinga í þorskstofninn, jafnvel svo harkalegar till., að ef þær ná fram að ganga er augljóst að það mun setja mikilvægustu útgerðarþætti okkar á hliðina.

Ég er mikill vinur Færeyinga og þeir eru mestir vinir okkar af öðrum þjóðum og nánastir frændur, en við höfum ekkert leyfi til þess að gefa það sem við ekki eigum og höfum ekki ráð á. *Þetta er að vísu ekki till. um* nýjan samning um þorskveiðar Færeyinga, þótt í leiðinni, þegar samið var um minnkun á loðnuveiðinni, væri samið um 1000 tonna minnkun á þorskveiðum þeirra. En því er það, að ég hlýt að fylgja þeirri brtt. sem hefur verið flutt hér. Ég geri lítið með það formsatriði að hún sé flutt sem brtt., en ekki sem sjálfstæð till., þótt uppsögnin snerti að sjálfsögðu margar fleiri þjóðir en Færeyinga, sem þáltill. fjallar einvörðungu um. Það er algert formsatriði sem menn geta ekki sett fyrir sig ef þeir á annað borð eru þeirrar skoðunar að nú sé mál að linni. *Það getur vel verið, að í allsherjarsamningum við þessa* nágranna okkar komi málum svo, að við teljum okkur beinan hag að því að semja við aðrar þjóðir, og þessar þjóðir þá aðallega, um veiðar á Íslandsmiðum. Það getur vel verið. En þau viðhorf blasa auðvitað ekki við og koma ekki til að blasa við fyrr en við höfum sest að samningaborði með þeim. Ég veit ekki betur en hinn auðugu efnahagsbandalagsríki hafi þorskveiðiréttindi eða botnfiskveiðiréttindi við Færeyjar. Það væri nú athugandi og allt annað, a. m. k. í mínum augum, að semja við Færeyinga ef þeirri ásókn linnti.

Fiskifræðingar vara okkur alvarlega við, og við höfum gengið miklu lengra og sótt miklu fastara í þorskstofninn en ráðleggingar þeirra segja til um. Það kann vel að vera, að þeir hafi málað þetta of dökkum litum. En allt að einu höfum við gerst svo miklum mun stórtækari en ráðleggingar þeirra hljóða upp á, að ég held að við neyðumst til þess að spyrna við fótum, enda þótt ég telji hins vegar að of djúpt sé tekið í árinni með þeim till. sem ég hef heyrt á skotspónum, að nú sé byrjað að ræða um takmarkaða sókn togaraflotans t. a. m. og fiskveiðiflotans alls í þorskstofninn.

Þegar við þurfum að beinskera niður afla okkar í þorskveiðum, sem er okkar eini og sanni stóriðnaður og mun verða um fyrirsjáanlega framtíð, er alveg gersamlega útilokað, án þess að nýjar forsendur skapist, að veita *öðrum heimild til þessara veiða. Fyrir því er það*, að ég hlýt að snúast gegn þessari till. og óhjákvæmilega að fylgja till. um að samningunum verði öllum sagt upp. Eins og ég sagði kunna að skapast forsendur í samningaviðræðum við þessa nágranna okkar sem sýna okkur beinlínis fram á að hagkvæmt sé að semja um einhverjar veiðiheimildir til handa öðrum þjóðum, en þær eru ekki fyrir hendi enn og skapast ekki fyrr en þá í þeirri samningsgerð.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu með brtt. minni, sem ég flyt á þskj. 347, við till. þessa til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga.

Ég vil taka undir aths. frá hv. þm. Einari Ágústssyni hér á dögunum vegna þess hversu dregist hefur að af-

greiða málið úr Sþ. Eins og hann upplýsti í ræðu sinni munu Færeyingar þegar hafa veitt svo til alla þá loðnu sem ráðgert er í þessari þáltill. að leyfa þeim að veiða hér við land, og eftir því sem mér var sagt í gær munu þeir vera búnir að bræða a. m. k. 3/4 hluta þessarar loðnu. Ef galli nokkur er á máli þessu, að brtt. meðtalinni, hygg ég hann vera einna helst þann, að svo rækilega eru hendur alþm. bundnar í málinu, þar sem ég sé á því hina stærstu annmarka að Alþ. geri Færeyingum að skila aftur þeirri loðnu sem svo rækilega hefur nú þegar verið deydd.

Ég greindi frá því hið fyrra sinnið þegar þáltill. um fiskveiðiheimildir Færeyinga var til umr. hér, að ég treysti mér ekki til þess að greiða atkv. gegn till., og tíndi til ýmsar ástæður. Flestar hverjar eru þær þó tilfinningalegs eðlis. Enn síður mundi ég treysta mér til þess að greiða atkv. gegn till. nú, eftir að Færeyingar hafa í góðu trausti á orð háttsettra viðmælenda sinna hér í Reykjavík tekið sig til og veitt þetta magn af fiski — efalaust vissir um að Alþ. mundi staðfesta þessa gjörð. Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar, að nú sé svo komið að við verðum að taka til eigin nota botnfiskstofnana sem við höfum leyft Belgíumönnum, Norðmönnum og Færeyingum að veiða úr hér við land, á landgrunninu okkar. Það er ljóst mál að við þurfum nú þegar að halda í við sjálfa okkur við veiðarnar og að við höfum ekki efni á því að leyfa útlendingum samtímis veiði á íslenskum botnfiskum. Þegar ég segi að við „höfum ekki efni á", þá væri kannske réttara að orða það þannig, að Alþ. hefði vafasama heimild til þess að leyfa útlendingum veiðar á þessum fisktegundum hér við land samtímis því sem okkar eigin fiskimönnum verður boðið í land nokkrar vikur á sumri komanda og efalaust að starfsfólki í frystihúsunum verði gefið frí um það leyti, þó e. t. v. kunni sums staðar að verða reynt að haga því svo til að það leyfi, sem stafar af hráefnisskorti, komi þá heim og saman við tíma sem nýta mætti til sumarleyfa.

Ég gerði það að yfirveguðu ráði að orða svo brtt. að hún hlyti að skilyrða hina fyrri þáltill., vil aðeins biðja ónafngreinda alþm. afsökunar á því, að mál þetta bar svo brátt að við fyrri umr. um þáltill. að mér gafst ekki tóm til, þó ég vissi að fleiri vildu gjarnan vera meðflm. að þessari till., að sækja nöfnin þeirra á brtt.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mig langar aðeins að vekja athygli á því, sem hv. alþm. auðvitað er kunnugt, að fundur Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sá næsti í röðinni, hefst eftir örfáa daga, þann 19. mars, minnir mig, og þar verða þau mál, sem hér er um fjallað, m. a. til umr.

Ég tel að það sé óhyggilegt fyrir okkur Íslendinga á þessu stigi málsins að segja upp samningum við Norðmenn og Færeyinga t. d. eða þá Belgíumenn, að segja almennt upp öllum fiskveiðisamningum einmitt á þessu viðkvæma stigi. Það eru hafnar viðræður við Norðmenn um margfalt sinnum þýðingarmeiri réttindi á Jan Mayen-svæðinu en þau réttindi sem Norðmenn hér hafa — gífurlega þýðingarmikil réttindi um alla framtíð fyrir okkur Íslendinga. Það kynni að verða túlkað sem illvilji af okkar hálfu eða frekja eða yfirgangur, að við nákvæmlega á sama tíma sem þessar umr. eru að hefjast segðum upp þessum litlu samningum sem nú eru í gildi.

Á sama hátt liggur það fyrir, að við munum taka upp samvinnu við Færeyinga til þess að reyna að gæta sameiginlegra réttinda langt suður í höfum, þar sem kann að vera mjög þýðingarmikil réttindi að sækja fyrir þessar þjóðir tvær, og þar að auki held ég að það mundi verka illa fyrir okkur almennt á ráðstefnunni, þegar við berjumst fyrir málstað okkar, að við hefðum mætt þar nokkrum dögum eftir að Alþ. var búið að ákveða að við ætluðum við enga að tala, við ætluðum bara að nota rétt okkar til hins ítrasta og vildum í engu slaka til um eitt eða neitt, vegna þess að það er einu sinni andi á þessari ráðstefnu að sanngirnissjónarmið eigi fyrst að ríkja.

Ég skil mjög vel hug og vilja hv. flm. og þeirra annarra, sem undir mál hans hafa tekið, en ég bendi á að ég tel þetta óhyggilegt. Ég teldi æskilegast ef hv. flm. vildi draga þessa till. til baka og taka hana síðan upp um það leyti sem Hafréttarráðstefnu lyki, ef mál þá horfðu þannig að talið væri æskilegt og heppilegt að gera slíka samþykkt. En ef hann gerir það ekki sé ég ekki annað en við neyðumst til að fella þessa till., því að það er án efa óhyggilegt að samþykkja hana á þessu viðkvæma stigi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varnir gegn olíumengun í nágrenni Keflavíkurflugvallar, þáltill. (þskj. 44). — Frh. einnar umr.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þetta verður aðeins örstutt aths. í tilefni af því sem fram hefur komið fyrr í umr. um þetta mál.

Hv. 4. landsk. þm., flm. þessarar till., lét í ljós þá skoðun sína að ég ruglaði saman tveimur atriðum, annars vegar því, þegar þn. íhugi að taka sjálf frumkvæðið um rannsókn tiltekinna mála, hins vegar því, að Alþ. samþykkti að fela utanrmn. að láta gera eitt eða annað. „Hér er um tvennt skylt, en ólíkt að ræða, sem ég held að sé ekki rétt að rugla saman," sagði hv. þm. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta.

Það má vafalaust hafa ýmsar skoðanir á þessu. Ég held þó að ég hafi ekki ruglað neinu saman í þessu sambandi. Ég vísa til þess sem um utanrmn. Alþingis segir í þingsköpum. Ég vona að ég finni þetta von bráðar, herra forseti, þannig að ég þurfi ekki að tefja fundinn of lengi. — Þar segir, eins og þm. er að sjálfsögðu kunnugt um, að til utanrmn. skuli vísað utanríkismálum. Utanrmn. starfar einnig milli þinga og er ríkisstj. til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstj. ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma.

Ég tel ekki að í þessu ákvæði þingskapa felist heimild eða skylda n. til þess að gerast rannsóknaraðili, jafnvel þótt Alþ. kunni að ákveða svo. Þetta skal ég viðurkenna að er umdeilt mál og má hver hafa sína skoðun á því, og hefur raunar verið nokkuð athugað á vegum Alþ. af öðru tilefni. En í fyrsta lagi vil ég með vísun til þessarar greinar nokkuð draga í efa að olíumengun á Suðurnesjum sé meiri háttar utanríkismál, og í öðru lagi vil ég enn fremur draga það í efa að utanrmn. sé skylt að gerast rannsóknaraðili. Ég vil m. a. s. draga í efa að n. sé það heimilt. En að sjálfsögðu mun n. taka þetta mál til yfirvegunar svo og önnur svipaðs eðlis sem til hennar hefur verið vísað, og ég vil á þessu stigi ekki fella neinn hæstaréttardóm um að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hafi farið með rangt mál. Ég vil aðeins segja það sem mína skoðun, að ég er ekki að byggja málflutning minn á neinum misskilningi. Ég byggi málflutning minn á þeim skilningi sem ég hef á þessu tiltekna ákvæði þingskapa.

Meira var það raunar ekki sem ég taldi mig þurfa að segja við þessa umr. og sér í lagi vegna þess að ég sé að hv. þm. Jónas Árnason, 4. þm. Vesturl., er ekki í salnum. Hann benti mér af sinni alkunnu góðvild á að umrætt svæði, sem till. fjallaði um, héti Suðurnes, en ekki Keflavíkurflugvallarsvæði. Ég er fús til þess að taka þá aths. til greina, einkum ef það er skilningur þeirra, sem till. flytja og hana styðja, að það sé um aðra olíumengun að ræða á Suðurnesjum en þá sem frá hernum stafar.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið alllengi á dagskrá þingsins og það er alllangur tími síðan það var fyrst tekið til umr. hér í þinginu. Ég vil leggja áherslu á það, að málið komist til n., verði afgreitt héðan í dag til n., þannig að utanrmn. Alþ. *geti hafið störf í málinu og kannað það.*

Það er ljóst að hér er um mikinn vanda að ræða, sem löngu er kominn tími til að leysa úr. Það er ánægjulegt að heyra að hæstv. utanrrh. hafi skipað þriggja manna nefnd sérfræðinga til þess að gera frumkannanir á svæðinu á Suðurnesjum, sem talið er að sé mengað af olíu sem lekið hefur úr olíuleiðslum og olíutönkum eða farið niður í jarðveginn vegna slælegrar meðferðar á undanförnum árum. Þessu vil ég sérstaklega fagna, og ég tel að hæstv. utanrrh. hafi gripið þarna fljótt inn í málið. Ég treysti þeim mönnum, sem í þessari nefnd eru, mjög vel, enda er nefndin þannig skipuð að um náin samráð er að ræða við þá aðila á Suðurnesjum sem mestra hagsmuna eiga að gæta.

Eigi að síður tel ég að utanrmn. Alþ. hafi hlutverki að gegna í málinu, fyrst og fremst því hlutverki að fylgjast með því að þessi rannsókn, sem nú er hafin, gangi eðlilega og að fylgjast með því að í framhaldi af þessari rannsókn verði tekið til við framkvæmdir sem muni leysa olíumengunarvandann. Þrátt fyrir það, sem hv. þm. Einar Ágústsson segir, að e. t. v. sé olíumengun ekki meiri háttar utanríkismál, þá er þarna olíumengun sem á sér stað m. a. af völdum hersins á Keflavíkurflugvelli. Alla vega kemur hún frá Keflavíkurflugvelli eða olíugeymum og olíuleiðslum sem eru í tengslum við starfsemina á Keflavíkurflugvelli. Málefni Keflavíkurflugvallar og hersins hafa löngum einkennt umr. utanrmn. og falla undir verksvið hennar samkv. því sem ég álít.

Þá er ekki síður mikilvæg í þessu máli sú deila sem hefur einkennt framgang þessa máls eða umr. um þetta mál á undanförnum árum, en hún er um það, hver eigi að greiða kostnaðinn af þeim framkvæmdum og rannsóknum sem þurfa að fara fram á svæðinu. Þetta er úrskurðar- og ákvörðunaratriði, sem mér skilst að ekki hafi enn þá verið tekin ákvörðun um. Um þetta stóð deila á milli fyrrv. heilbrrh. og varnarmáladeildar utanrrn. fyrir nokkrum árum og gerði að verkum að málið komst aldrei fram. Heilbrrh. krafðist þess að kostnaður við rannsóknir og framkvæmdir á flugvallarsvæðinu vegna olíumengunar yrði greiddur af hernum eða bandarískum stjórnvöldum, en á það gat, eftir því sem næst verður komist, varnarmáladeild ekki fallist. Féll málið jafnan niður vegna þessarar deilu. Þetta atriði þarf að úrskurða og það hlýtur að koma til kasta Alþ., annaðhvort fjvn. eða utanrmn. Ég tel að eðlilegast sé að utanrmn. fjalli um þetta, a. m. k. fyrsta kastið, og sé ráðgefandi um að leysa þessa deilu.

Þetta skulum við hafa í huga þegar við ræðum málið. Þess vegna snertir þetta mál Alþingi og nefndir Alþingis og þá fyrst og fremst utanrmn. Ég veit það og trúi því, að utanrmn. undir forustu hv. þm. Einars Ágústssonar muni taka þetta mál föstum tökum strax og það er komið í n. *Ég vil ítreka þá von mína, að það fái þann framgang sem* eðlilegt er, þannig að fólkið á Suðurnesjum megi búa við frekari öryggi í vatnsöflunarmálum en nú er.

Að lokum vil ég þakka almennt jákvæðar undirtektir við þetta mál, enda er hér brýnt nauðsynjamál á ferðinni. Ég vil geta þess, að umr. um þetta mál hafa verið allmiklar *á Suðurnesjum og mér hafa verið sagðar ýmsar sögur* um það, hvernig komið er á ýmsum stöðum. Jafnvel er svo langt gengið að við garðshorn nokkurra íbúa í Njarðvík t. d. og Keflavík er að finna hreina olíupytti. Það sýnir fram á að ekki er verið að fara hér með neitt fleipur í fáfræði. Hér er um raunverulegan vanda að ræða sem verður að leysa. Er heldur leiðinlegt til þess að hugsa að eftir öll þau ár sem umr. um þetta hafa farið fram, líklega ein 7—8 ár, skuli málið þó ekki vera komið lengra. Þess vegna er þetta mál komið til kasta Alþ. fyrst núna í tillöguformi og ég treysti utanrmn. til að leiða það til lykta á farsælan hátt.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að sú nefnd, sem skipuð var til að fylgjast með þessum málum eftir að vatnsveitustjóri Reykjavíkur hafði gefið skýrslu um málið í janúarmánuði, hefur tekið til starfa og hún skilur verkefni sitt á réttan hátt. Hún á að fylgjast með þessu alveg án takmarkana, og það verður tryggt að hún geti farið hvert sem hún vill og skoðað hvað sem hún vill í þeim efnum.

Það hefur verið fullyrt af ýmsum aðilum varðandi það sem skeði s. l. áratug, sem ég að vísu þekki ekki nema af afspurn, að þá hafi verið deilt um hver ætti að borga kostnaðinn af hugsanlegum ráðstöfunum. Það mál mun ekki hafa verið leitt til lykta, en hins vegar lá einnig fyrir, að verulegar deilur voru milli íslenskra aðila um hvað ætti að gera. Þær voru ekki heldur leiddar til lykta. Við skulum vona að þær verði það núna.

Af því, sem síðast hefur gerst, get ég skýrt frá því, að í ljós komu miklir gallar á frárennsli frá radarstöð í Sandgerði. Varnarliðið hefur nú tilkynnt að það hafi tryggt sér fjárveitingu til að bera allan kostnað af því að gera fullkomlega nýtt holræsi frá stöðinni. Standa nú yfir viðræður á milli íslenskra yfirvalda og varnarliðsins um staðsetningu.

Í öðru lagi vil ég geta þess, að gerðar hafa verið mjög margvíslegar ráðstafanir í kringum flugskýlið á Vellinum til að endurbæta varnir gegn olíumengun. Þær hafa allar verið greiddar að fullu af varnarliðinu. Ég hygg að óhjákvæmilegt muni verða að leysa kostnaðarhlið þessara mála jafnóðum og þau koma upp, jafnóðum og sú nefnd, sem nú starfar að þessu, bendir á verkefni sem leysa þarf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útflutningsstarfsemi, þáltill. (þskj. 90). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 90 till. til þál. um samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi, ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera úttekt á

skipulagi og aðstöðu útflutningsverslunar landsmanna og leita leiða til þess að efla og samræma útflutningsstarfsemi fyrir íslenskar framleiðsluvörur og þjónustu. Um úttekt þessa, samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi skal hafa samráð við þá aðila sem nú annast útflutning og markaðsstarfsemi.

Í þessu sambandi skal áhersla lögð á eftirfarandi:

1. að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að koma á fót samstarfi allra aðila, sem vinna að útflutningsstarfsemi, m. a. í því skyni að stuðla að á skipulegan hátt almennri kynningu á íslenskum vörum og þjónustu erlendis og þjálfun starfsfólks, sem vinna mun að hvers konar útflutningsstarfsemi;

2. að marka enn frekar þá stefnu í skatta- og tollamálum, svo og annarri opinberri fyrirgreiðslu, sem auðveldar íslenskum útflytjendum samkeppni á erlendum mörkuðum;

3. að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að samræma eða sameina starf utanrrn. og viðskrn. á sviði útflutningsstarfsemi og efla starf utanríkisþjónustunnar í markaðsmálum."

Till. þessi var flutt á tveimur síðustu þingum. Á fyrra þinginu fékk hún ekki afgreiðslu, en á síðasta þingi var henni að tillögu þáv. utanrmn. vísað til ríkisstj. án formlegs samþykkis Alþingis. Þetta urðu okkur flm. vonbrigði. Við viljum því freista þess að flytja till. á ný. Hún hlaut mjög góðar undirtektir þáv. utanrrh. og þeirra, sem fjölluðu um þessa till. hér á hv. Alþ., enda er till. fyrst og fremst um að gera ákveðna hluti í fullu samráði við þá, sem annast útflutningsstarfsemi, og miklu frekar um að kanna þetta mál en að hér sé Alþ. að setja einhverjar ákveðnar leikreglur fram í þessu efni.

Það er svo, að ég flutti á tveimur síðustu þingum mjög ítarlega ræðu um þessa till. og tel ekki ástæðu til, herra forseti, að fjalla ítarlega um hana í þriðja sinn, en vil þó leggja áherslu á nokkur atriði.

Hér á landi eru fjölmargir aðilar sem annast útflutningsstarfsemi. Ýmsir þessara aðila hafa náð góðum árangri, og er rétt að það komi skýrt fram að þessari tillögugerð er ekki ætlað að skerða á neinn hátt sjálfstæði þeirra, heldur þvert á móti að treysta og efla starfsemi þeirra, sem fyrir eru á þessu sviði. Meginatriði till. er að koma á samvinnu þessara aðila, þannig að það sé til einn samnefnari fyrir íslenska útflytjendur sem geti kynnt íslenska útflutningsvöru sem gæðavöru hvarvetna á útflutningsmörkuðum okkar. Það er svo nú, að það er einungis nefnd, sem starfar á vegum viðskrn., sem sér um vörusýningar erlendis, en hefur mjög lítil fjárráð, sem getur komið fram sem samnefnari fyrir íslenska útflytjendur. Því miður hefur starf hennar fyrst og fremst verið í því fólgið að styrkja með nokkrum smáupphæðum vörusýningar erlendis.

Í nágrannalöndum okkar hefur það gerst á síðustu árum, að viðkomandi stjórnvöld hafa aflað og lagt fram geysilega miklar fjárfúlgur til eflingar útflutningsstarfsemi. Því miður hefur lítið sem ekkert þokast í þessa átt hjá okkur. Ástæðan fyrir því, að ríkisstjórnir í nágrannalöndunum, t. d. á Norðurlöndum, leggja svo mikla áherslu á þetta og leggja svo mikið fé fram í þessu skyni er sú, að þegar samkeppni hefur harðnað vegna tollalækkana og vegna þess að höft eru lögð niður hafa menn gripið til ýmissa ráða í samkeppninni. Eitt af því, sem best hefur reynst, er einmitt efling útflutningsstarfsemi. Með þessari till. eru fskj., þar sem lýst er í stuttu máli tilhögun þessarar starfsemi á Norðurlöndum, og þar er bent á hversu mikið átak hefur verið gert í þessum efnum í þessum löndum.

Ég held sem sagt að hér sé á ferðinni mjög brýnt og veigamikið mál. Við vitum að Íslendingar eru mjög háðir utanríkisverslun. Við verjum sennilega um 40% af þjóðartekjum okkar til þess að kaupa vörur erlendis og verðum að sjálfsögðu að flytja vörur út í staðinn til þess að ná jöfnuði í viðskiptum okkar. Þess vegna er þetta mál e. t. v. enn þá brýnna fyrir okkur Íslendinga en aðrar þjóðir og sárt til þess að vita hversu skammt hefur þokast á þessum sviðum hjá okkur síðustu árin og áratugina.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þessa till. að sinni, herra forseti, en ég legg til að henni verði vísað enn til utanrmn. Ég vænti þess að utanrmn., sem hefur áreiðanlega í fórum sínum umsagnir um þessa till., sjái sér fært að afgreiða hana fljótt og vel þannig að Alþ. geti tekið efnislega afstöðu til hennar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hámarkslaun, þáltill. (þskj. 72). — Ein umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Till. þessi, sem við flytjum nú, hv. þm. Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Kjartan Ólafsson og Ólafur Ragnar Grímsson, hefur áður verið flutt á þremur þingum og varð aldrei útrædd. Fram kom fyrir jólin í vetur önnur till. til þál., þar sem kveðið er á um hámarks- og lágmarkslaun. Þessi till. gerir raunar endurflutning þessarar till., sem hér um ræðir nú í fjórða sinn, óhjákvæmilegan þar sem augljóst er af grg. þeirri, sem fylgir með hinni till., — ég sé að hv. þm. Bragi Sigurjónsson hefur horfið úr salnum, en ég hefði gjarnan viljað beina til hans orðum mínum, — að hann hefur misskilið þessa till. um hámarkslaun, þótt hún hafi verið rædd þrisvar hér í þinginu. Hann hefur misskilið hana, sennilega talið sig grípa hér til útfærslu þingmáls sem hlotið hafi almennar vinsældir, þótt hann skilji raunar ekki hvers vegna.

Ég hafði ekki ætlað mér að ræða till. hv. þm. Braga Sigurjónssonar í sambandi við lágmarkslaun og hámarkslaun og skorður við yfirvinnu, en vil aðeins geta þess, að það eru verkalýðssamtökin á Íslandi sem semja við atvinnurekendur og vinnuveitendur um lágmarkslaun — slíkt er í verkahring verkalýðsfélaganna. Í velflestum kjarasamningum og að því er ég best veit öllum eru nú ákvæði um það, sem hann geri ráð fyrir í sinni till. að sett skuli í lög, að semja verði við viðkomandi launþegafélög um yfirvinnu. En að öðru leyti en þessu hefur hv. þm. Bragi Sigurjónsson flutt hér till. til þál. um hámarkslaun og er góðra gjalda vert að hann tekur upp þetta eldskírða þingmál okkar Alþb.- manna og er síst undan því að kvarta, ef hann hefði ekki misskilið tilgang þeirrar tillögu.

Með ráðstöfun þeirri, sem reifuð er í till. okkar, hyggjumst við koma því til leiðar að kjarabætur handa þeim, sem lægst eru launaðir, verði algjör og ófrávíkjanleg forsenda hverrar launahækkunar til þeirra sem betur eru settir í þjóðfélaginu. Að dómi flm. er unnt að búa svo um hnútana að kjarabætur til handa verkamönnum verði sá biti í aski hinna hálaunuðu sem þeir fái alls ekki vikið til hliðar ef þeir ætla að bæta sína mötu. Svo að dæmi sé tekið yrði það óframkvæmanlegt eftir setningu slíkra

laga sem eru ráðgerð í till. okkar að kveðið verði á um það með lögum, að hæstu laun á landi hér verði hærri en tvöföld laun verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku. Þá yrði algerlega óframkvæmanlegt fyrir ýmsa háttsetta aðila og forsjónarmenn efnahagsmála á Íslandi að hækka eigin laun, svo sem við hefur borið, samtímis því sem þeir hafa fellt þann úrskurð að efnahagur landsins þyldi ekki hækkun verkamannalauna.

Því er það nú að við kveðum á í þáltill. okkar um tvöföld verkamannslaun sem hámark, að við tökum mið af fornri hefð hérlendri um hlutaskipti á sjó, þar sem þeim skipverjum, er mesta bera ábyrgðina á úthaldinu og lífi og limum áhafnar að auki, voru ætluð tvöföld laun hásetans, hins almenna verkamanns á skipinu. Að okkar áliti yrði torfundið það starf á þurru hér á landi sem hefði í för með sér meiri ábyrgð og vert væri af þeim sökum meiri umbunar en starf skipstjóra á fiskiskipi. Mun það einnig mála sannast, að þá fyrst hafi slíkur forsjónarmaður unnið til verðlauna þegar hlutur háseta hans er orðinn svo góður að hlutskipti hans sjálfs er orðið ágætt.

Að vísu og til þess að koma í veg fyrir misskilning skal það tekið fram, að mér er ljóst að mikið hefur verið hróflað við hlutaskiptum á íslenska flotanum síðan sú var hefðin, og að mínu viti ekki allt til bóta, og ekki vil ég deila við hv. þm. Braga Sigurjónsson um það, hvort réttlátara sé að hin hæstu laun, svo sem hann kveður á um í sinni þáltill., skuli vera þreföld verkamannslaun eða tvöföld. Fyrr hef ég tekið það fram, þegar ég hef mælt með þessari þáltill., að fyrir mér er þetta hlutfall, sem hér er nefnt, alls ekki heilagt á nokkurra handa máta, heldur er það mál sem íhugunar þarfnast.

Að dómi flm. er óþarft að kveða sérstaklega á í till. um sérstöðu hlutarsjómannsins í launakerfi á Íslandi, enda má náttúrlega til sanns vegar færa að sú kauptrygging, sem hlutarsjómaðurinn hefði mátt una allt frá upphafi, er svo lág að óhæfilegt hlýtur að teljast og ævitekjur fiskimanna við verkalok yfirleitt í rýrasta lagi. Einnig má efalaust bæta kjör þeirra manna mjög, ef siðgóðar reglur yrðu teknar upp við launagreiðslur í landi og felldar að þeirri grundvallarhugsun hinnar ævafornu skiptareglu sem réttlætiskennd kynslóðanna hefur talið viðunandi.

Nú bar einmitt svo við í vetur, að við flm. þessarar þáltill. þóttumst sjá hilla undir það, að svo yrði gengið frá framkvæmd verðbótavísitölu að launamismunur á landi hér mundi minnka smám saman, þar sem sett hafði verið þak á kaupgjaldsvísitölu og launafólk með lægri tekjur en 280 þús kr. fékk óskerta verðbótavísitölu, en þeir, sem hærri launin höfðu, fengu aðeins krónutöluna, þannig að við útreikning hverrar kaupgjaldsvísitölu dró saman að þessum hætti með hinum hæst launuðu og með þeim sem lægra voru launaðir. Þetta taldi ég góðra gjalda vert og stefna í rétta átt, þótt enn væri ég þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri, sem ég nú er enn, að kveða á um það með lögum, hvert vera skuli kaupgjaldshlutfall á landi hér, og að kjör þess fólks, sem vinnur að undirstöðuatvinnuvegunum, skuli verða órofa mælikvarði á laun þeirra sem meira er ætlað að bera úr býtum. Ég hefði ekki sætt mig við það eitt, að þakið á kaupgjaldsvísitölunni yrði smám saman látið jafna þennan mun sem er á launum manna á landi hér, heldur hefði ég eigi að síður haldið áfram að beita mér fyrir því, að kveðið yrði á um þetta með lögum.

Ég er þeirrar skoðunar, að þróun kaupgjaldsmála á landi hér á síðustu áratugum hafi verið mjög svo í ranga átt. Ég hef áður haldið því fram og er best að gera það aftur af því að hv. þm. Gunnar Thoroddsen gekk nú í salinn — ég var svo heppinn — að breyting hafi orðið á þessum málum í þann mund sem hann var fjmrh. upp úr 1960. Fram að þeim tíma hygg ég að það hafi verið almennt viðurkennt æskilegt markmið, að miðað yrði að launajöfnuði á landi hér, en um þetta leyti, í tiltölulega góðri tíð, hafi menn svo hneigst til þess, og það upp úr kjarasamningum sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja gerði við fjmrn. í tíð Gunnars Thoroddsens, að launamunur nokkur — efalaust ekki ótakmarkaður — gæti talist æskilegur hvati til athafna og dáða. Síðan þeir kjarasamningar voru gerðir hygg ég að hafi viljað gleikka nokkuð bilið á milli launaflokkanna á landi hér og að fólk, sem þiggur laun fyrir almenna verkamannavinnu, hafi dregist mjög mikið aftur úr. Fram að þeim tíma var það metið býsna hátt til launa að menn gengu í líkamlega erfið störf og óþrifaleg störf, oft og tíðum við undirstöðuframleiðsluna, og svo í þriðja lagi hitt, að þau störf, sem þær stéttir vinna, eru grundvöllur undir öðru launakerfi á landi hér.

En það skeður síðan sem sagt fyrir nokkrum dögum, að Kjaradómur kveður upp þann úrskurð að „vísitöluþakið" svonefnda á laun skuli víkja, ákvæðin um krónutöluregluna fyrir hina hærra launuðu skuli taka gildi, að maðurinn með tífölð verkamannalaun skuli fá tífalt meiri verðbætur en maðurinn með einföld verkamannalaun. Það er því meira en hugsanlegt og mun vera raunverulegt, þó guði sé lof í frekar fáum tilfellum, að þegar verkamaðurinn fær verðbætur sem nema 10 þús. kr., þá fá einstakir hátekjumenn verðbætur sem samsvara heilum verkamannslaunum.

Kjaradómurinn hljóðaði upp á launakjör fólks í Bandalagi háskólamanna, og ekki hafði úrskurðurinn fyrr verið kveðinn upp en lýst var yfir því af hálfu fjmrn., að hin nýja regla, sem Kjaradómur hafði úrskurðað, skyldi jafnframt gilda um hina hálaunuðu sem taka laun samkv. samningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það má blasa við hverjum manni, hvernig aðstaða er nú fyrir þessa blessaða ríkisstj. til þess að ganga til þess fólks, sem hefur hin lægri launin, og segja við það: Það er nú svo, að „vísitöluþakið" hefur verið afnumið, allir skulu fá sömu hlutfallstölu í verðbætur á laun sín, en þið verðið að gera það fyrir okkur að fallast á að taka ekki af okkur 3% kauphækkun í júní í sumar sem þið hafið þó samið um áður. Þið verðið að gera það fyrir okkur — þið sem lægri launin hafið. Þið verðið að fallast á þetta, enda þótt svona hafi verið unnið af þeim sem hærri launin hafa.

Ekki vil ég hrakyrða þá menn sem skipa Kjaradóm. Ég fékk ástæðu til þess fyrr meir, áður en ég kom hingað inn á Alþ., að segja álit mitt á störfum Kjaradóms, og ég hygg að þar hafi Kjaradómur nú — þessi Kjaradómur sem gjarnan var sakaður um að hlusta eftir vilja ríkisvaldsins og þá sérstaklega fjmrh. hverju sinni áður en hann felldi úrskurði sína — þá afsökun að forsrh. hafi sjálfur lagt fram í ríkisstj. drög að lagafrv. þar sem gert var ráð fyrir að „vísitöluþakið" yrði afnumið. Annar af stjórnarflokkum í ríkisstj. hafði lýst yfir fylgi við þessa till. forsrh. Ég geri því ráð fyrir að Kjaradómur hafi út af fyrir sig, eða dómarar í Kjaradómi, talið sig hafa ástæðu til þess að ætla að pólitískur vilji væri fyrir því á Alþ. að taka upp þessa skipan mála að nýju. En hvað sem því líður er það skoðun mín, að launamunur sé allt of mikill á landi hér.

Hann sé þess eðlis, að hann dragi úr okkur pólitíska þrótt. Þessi launamismunur á sér sannarlega víðar stað en í launakerfi hins opinbera. Fullvel vitum við að innan raða alþýðusamtakanna, Alþýðusambands Íslands, ríkir geysilegur launamunur þegar allt kemur til alls — óhæfilegur launamunur.

Loks vil ég víkja að því atriði í þessari þáltill. okkar sem að því lýtur, að numdar verði úr lögum allar heimildir fyrir því að einstaklingar geti gegnt nema einu fastlaunuðu starfi, og eins að loku verði fyrir það skotið, að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi neins konar fríðinda umfram hámarkslaun. Okkur er það kunnugt, alþm., að í ýmsum tilfellum eru launagreiðslur duldar í ýmiss konar fríðindum og aukasporslum, og sá háttur við launagreiðslur er ekki til þess fallinn að auka trúna hvorki í kjarasamningum né í starfi innan opinberra stofnana eða á milli launaþiggjenda og launagreiðenda. Við flm. erum þeirrar skoðunar, að það sé ákaflega þýðingarmikið að hvað eina það sem lýtur að launagreiðslum sé einfalt og opinbert þannig að ekki verði um deilt og þær tölur, sem notaðar eru í samanburði þegar rædd eru launakjör hér á landi og samið um laun, séu áreiðanlegar og óumdeilanlegar.

Og svo að lokum þetta: Ég er þeirrar skoðunar, að hvort sem það yrði með þeim hætti að hv. Alþ. samþykkti áskorun eins og þá sem felst í þessari þáltill. til ríkisstj. um að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri laun hér á landi en tvöföld verkamannalaun, eða hvort það verður með öðrum hætti, þá sé bráðnauðsynlegt í þeirri stöðu sem við nú erum í að Alþ. grípi undraskjótt í taumana og láti uppi þann skýlausa vilja sinn, að sá háttur, sem var upp tekinn fyrir nokkrum dögum með úrskurði Kjaradóms, að þeir, sem best eru settir fjárhagslega hvað laun snertir, skuli í sívaxandi mæli hljóta launabætur umfram þær, sem til framfærslu þyrfti, við hverja lagfæringu sem gerð er á kaupgreiðslum til hinna lægst launuðu, sem lafa í því að hafa framfærslulaun, og er til þess síðferðilega ætluð að tryggja að þeir hafi áfram framfærslulaun þrátt fyrir verðhækkanir, — að þessi skipan verði ógilt og annað verði fært í lög. Ég hef áður sagt það úr þessum ræðustól, og kveðið allsterkt að orði um það, að það er óratími síðan kaupgjaldsvísitalan í núverandi mynd hætti að vera einhvers konar heilög kýr í minni vitund. Það er orðið býsna langt síðan, að minni hyggju, að hún hætti að vera vopn í réttlætisbaráttu launafólks. Það varð dálítið annað í framkvæmdinni. Ég er því sannarlega þeirrar skoðunar að á lögunum, sem að henni lúta, þurfi að gera ákveðnar breytingar til þess að tryggja hinn upprunalega tilgang með kaupgjaldsvísitölunni, sem var að vernda hag fólks sem hafði svo lág laun að það mátti ekki við að taka á sig skell vegna dýrtíðar.

Ég vil svo, herra forseti, mælast til þess að að lokinni umr. verði till. vísað til allshn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Fáein orð um þá þáltill. sem hér er til umr.

Það er augljóst á þingsölunum í dag, að hér ríkir logn. Það er sjálfsagt það logn sem hefur komið á eftir þeim stormi sem hefur geisað í þingsölum undanfarna daga og alþjóð hefur veitt eftirtekt. (**StJ:** Líka á undan öðrum stormum.) Ég efa ekki, hv. þm. Stefán Jónsson, að það eigi eftir að hvína í stjórnarsambúðinni næstu viku. Það er orðið svo, að maður getur varla sofið á nóttunni fyrir spenningi, vitandi að eitthvað skeður á hverjum degi í þingsölum eða þá á forsíðufregnum dagblaðanna í þessu stjórnarsamstarfi, sem hefur ekki einungis orðið okkur þm. til mikillar skemmtunar, heldur þjóðinni allri á undanförnum dögum, vikum og mánuðum.

Ég fagna því, sem hv. flm. sagði um vísitöluna, að hún væri orðið úrelt tæki til þess að mæla kjör manna og kaup, það væri kominn tími til að fara að breyta til í þeim efnum. Varðandi það, sem hann sagði í sambandi við Kjaradóm, vil ég minna á, án þess að ég sé að leggja dóm á þann dóm, að ágætur flokkur, Alþb., hafði kjörorð fyrir síðustu kosningar. Það kjörorð var, ef ég man rétt, „samningana í gildi" eða eitthvað í þá veru. Það voru reyndar fleiri slagorð svipuð þessu, og ef þetta eru annað en orðin tóm, bara slagorð sem slengt er fram fyrir kosningar, þá verða menn að taka afleiðingunum af því. Ég get ekki annað séð en að dómur Kjaradóms byggist einmitt á því að koma í gildi samningum þeirra, sem voru sviptir, svo að ég noti nú ákveðið orðalag, launum sínum, þ. e. a. s. fengu ekki hækkanir sínar allar, þær komu ekki til skila. Þeir fengu með þessum dómi fram, að launagreiðendum væri skylt að greiða þeim laun samkv. samningum. Dómurinn gengur í meginatriðum út á þetta. Ég vil minna á þetta einmitt vegna þess að hv. flm. kemur úr þeim flokki sem hafði þetta á stefnuskrá sinni, verður nú að taka afleiðingum verka sinna, en harmar samt sem áður þá niðurstöðu.

Ég er alveg handviss um að það er góður hugur á bak við þá þáltill. sem hér liggur frammi, alveg á sama hátt og það var góður hugur sem bjó að baki ályktunargerð hv. þm. Braga Sigurjónssonar, sem hv. flm. ræddi talsvert um í framsöguræðu sinni. En ég verð að segja að eftir að hafa lesið þessa þáltill. skil ég mætavel hvers vegna hún hefur ekki náð fram að ganga og er nú flutt í fjórða sinn. Ég er hér um bil viss um að hún nær ekki fram að ganga heldur á þessu þingi, þrátt fyrir að hv. flm. — eða flm. allir saman — sitji nú við stjórnvöl þjóðarinnar og séu stuðningsmenn núv. ríkisstj. og þar af leiðandi miklir áhrifamenn í þjóðfélagi okkar.

Það vaknar alltaf aftur og aftur spurningin um það, hvenær löggjafinn á að hafa afskipti af gerðum og athöfnum manna. Það vill stundum gerast, og er kannske ekkert óeðlilegt og hefur kannske ágerst í seinni tíð, að stjórnmálamenn telja að þeir geti sett lög sem allir hljóti að fara eftir. Þeir hafa oftrú á getu sinni. Þeir hafa reyndar líka oftrú á verksviði sínu, og þetta leiðir oft til hinnar skringilegustu niðurstöðu. Það er einhvers konar þráhyggja skipulagsmanna að telja að það sé hægt að koma öllu fyrir í lögum. Þetta satt að segja stríðir algerlega gegn hugmyndum mínum um það, hvert sé verksvið löggjafans. Kannske komum við þar að kjarna stjórnmáladeilnanna. (**StJ:** Við höfum haft hlutaskipti í meir en 700 ár, hlutaskiptalög.) Við höfum ekki haft hlutaskiptalög um alla vinnu hér á landi. Við verðum að átta okkur á því, að þjóðlífið hefur breyst, hv. þm. Stefán Jónsson, á 700 árum. Það hafa orðið breytingar. Ég vil, án þess að um samtal sé að ræða, aðeins gera grein fyrir því. Hins vegar skal ég viðurkenna það, að hv. flm. hefur afskaplega fallega rödd. Ég skora á hæstv. forseta að leyfa honum að koma aftur í ræðustólinn, þannig að við getum hlustað á fögur hljóð hans. En á meðan ég er í ræðustólnum vildi ég gjarnan fá tækifæri til þess að koma mínu máli til skila.

Það er þannig hér á landi, að við höfum grundvallar-

reglu, sem bæði verkalýðssamtökin og vinnuveitendur telja að eigi að framfylgja, þótt okkur hafi gengið það harla illa, en það er sú grundvallarregla að hér eigi að vera frjáls samningsréttur, frjálsir samningar. Ég skal gjarnan viðurkenna að þessi regla hefur æðioft verið brotin. En samt sem áður held ég að þessi regla sé skynsamleg. Í stað þess að löggjafinn sé að skipta sér nákvæmlega af því, hvað sé greitt í laun í það og það skiptið, hefur hann önnur ráð til þess að bæta lífskjör og jafna lífskjör manna í landinu. Það er einmitt með þeim hætti sem löggjafinn hefur á undanförnum áratugum beitt sér og það er einmitt í þeim efnum, sem líf þjóðarinnar hefur kannske breyst hvað mest. Þegar rætt er um 700 ár, þá er ég viss um að á síðustu 30—40 árum hafa orðið þær gífurlegu breytingar á þjóðfélagi okkar að það sveltur enginn, við höfum tekjujöfnunarúrræði, við höfum almannatryggingar, við höfum menntakerfi sem er borgað af almannafé, heilbrigðiskerfi sem sér okkur fyrir lágmarksnauðsynjum á því sviði. Allt er þetta gert í ákveðnu tekjujöfnunarskyni, til þess að bæta lífskjör þeirra þjóðfélagsborgara sem minnst mega sín og við viljum vernda með slíku samstarfi.

Hitt er svo annað mál, að það getur verið að efni þessarar þáltill. sé ekki langt frá því að vera það sem gildir í dag, þegar allt er tekið saman. Ég væri fylgjandi því að gerð væri könnun á því, hver raunveruleg ráðstöfunarlaun þjóðfélagsborgaranna eru. Ég bendi á að skattar hér á landi koma ekki jafnt niður. Að sjálfsögðu borga þeir, sem eru mjög tekjuháir, hærri skatta. Ef þeir hafa eignast eitthvað fyrir tekjur sínar eru þeir áfram látnir borga skatta af þeim eignum. Ég held að núv. hæstv. ríkisstj. hafi ekki verið eftirbátur annarra ríkisstjórna í að jafna kjör þjóðfélagsborgaranna með þeim hætti að leggja skatta á þegnana.

Ég get tekið undir eitt af því sem segir í grg. þessarar þáltill., og það eru öftustu orðin, um duldar greiðslur og það sem þar á eftir kemur í grg. Ég held að það hljóti að vera sanngirnismál að a. m. k. sé þarna um að ræða framtalsskyldar tekjur. Ég viðurkenni það að vísu, og við höfum fyrir skömmu haft í þingsölum umr. um það efni, að sumt af því, sem þarna er kallað tekjur eða duldar greiðslur, er til að mæta útlögðum kostnaði. Við skulum hafa í huga að þarna eru takmarkatilvik, en ég get tekið undir það með hv. flm. að í þessum efnum megi ýmislegt breytast.

Ég kemst ekki hjá því, þegar rætt er um vinnu manna og laun fyrir vinnuna, að minnast örlítið á atriði sem undanfarið hafa verið talsvert í umr. og eiga sjálfsagt eftir að verða enn meira, en það eru hugmyndir manna um að gera vinnuna léttbærari en hún er í dag með því að taka tillit til einkaaðstæðna hins vinnandi manns hverju sinni. Ég er viss um að alþm. geta t. d. skorað á stjórnvöld, þar sem þeim er málið skylt, að kanna, t. d. í stofnunum og ríkisfyrirtækjum, hvort ekki sé kominn tími til að gera vinnutímann sveigjanlegan, þannig að tekið sé tillit til sérhvers starfsmanns. Auðvitað verður að taka tillit til þjónustuhlutverks þessara stofnana og fyrirtækja, þ. e. a. s. taka tillit til neytendanna annars vegar, til borgaranna sem eiga undir þessar stofnanir að sækja, og svo að kanna hins vegar hvort ekki sé hægt að taka upp sveigjanlegri vinnutíma fyrir starfsfólk og stjórnendur, sem gerði að verkum að fólkið í þessu landi yrði hamingjusamara við störf sín. Ég er sannfærður um að þetta er hægt og get reyndar nefnt um það nokkur dæmi, því að ég er málinu kunnugur, hef fylgst með þessari þróun, ekki aðeins hér á landi, heldur annars staðar, og hef í hyggju og er nú með í undirbúningi að flytja þáltill. um þetta atriði. Ég vildi, af því að hér er verið að nefna kaup og kjör, koma inn á þennan þátt. Hann er að mínu viti mjög merkilegur.

Að öðru leyti skal ég ekki hafa fleiri orð um þessa till. Þó væri ástæða til þess að ræða frekar um umbun fyrir vinnu, ræða um bónuskerfi, hvernig á að greiða mönnum og fleira í þeim dúr. En ég vildi ekki láta hjá líða að koma upp nú þegar og gera grein fyrir skoðunum mínum, herra forseti, sem eru í þá veru að þessi till. leiði einungis til þess að löggjafinn hafi óæskileg áhrif á þá skipan mála sem er að mínu áliti og ég held margra annarra best geymt hjá annars vegar verkalýðssamtökunum og hins vegar vinnuveitendasamtökunum — þeim samtökum sem eiga í þessu þjóðfélagi, samkv. mínum skoðunum, að fara með samningsréttinn. Ég held að það sé komið of mikið af því, að þessi hv. stofnun, sem við störfum í, hafi afskipti af slíkri samningsgerð. Ég hef ekki getað komið auga á að þau afskipti hafi allajafna verið æskileg. Því miður hefur það oftar og kannske oftast leitt til þess að menn hafa í staðinn reynt að fara í kringum lögin, gerst lögbrjótar vegna þess að siðgæði þeirra segir þeim að það skuli gerast. Það er stundum svo, þegar við erum að reyna að lögbinda siðgæði manna og förum gegn þeim siðgæðishugmyndum sem eru ríkjandi, að fólk telur sér skylt að brjóta lögin. Þá brýtur nauðsyn lög.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég er einn af flm. þeirrar till., sem hér er til umr. í dag um hámarkslaun, og vildi gjarnan leggja fáein orð í belg till. til stuðnings.

Meginefni hennar er það, að ríkisstj. verði falið að undirbúa löggjöf sem innifeli að hámarkslaun í landinu skuli ekki fara fram úr tvöföldum verkamannalaunum á hverjum tíma miðað við dagvinnu. Það er ákaflega athyglisvert og segir líklega nokkra sögu, að hv. 5. landsk. þm., sem talaði næst á undan mér, lét þau orð falla að samþykkt till. sem þessarar mundi brjóta í bág við siðgæðisvitund manna og þar af leiðandi væri jafnvel eðlilegt að slík lög, ef sett yrðu, væru að engu höfð. Það er ákaflega breytilegt, hvaða siðgæðishugmyndir menn ala með sér. Þær eru ólíkar. Ég hygg að þeir séu enn þá ærið margir í þessu landi sem telja, þveröfugt við skoðun hv. 5. landsk. þm., Friðriks Sophussonar, að það sé í raun-inni siðlaust að greiða mönnum í kaup þreföld eða fjórföld verkamannalaun, að það sé siðleysi, en ekki hitt, að setja um það lög að einhver takmörk skuli vera fyrir launamismuninum í landinu.

Hv. þm. Friðrik Sophusson hafði orð á því, að löggjafinn ætti ekki að vera að skipta sér af því hvað greitt væri í laun. Það er vissulega rétt, að hjá verkalýðsfélögunum er sú krafa uppi að þau fái að halda frjálsum samningsrétti. Ég tel að sú krafa sé réttmæt og sjálfsögð. En þessi till. snertir ekki þann rétt. Það eru allt aðrir aðilar og launakjör þeirra sem verið er að fjalla um — þá sem nú bera úr býtum fyrir dagvinnu eina mun meira en svarar tvöföldum verkamannalaunum.

Ég vil segja fáein orð í tilefni af þessum ummælum hv. þm. Friðriks Sophussonar og líka í tilefni af orðum hans þegar hann minnti á að við Alþb.-menn hefðum á síðasta ári haldið uppi kröfunni um kjarasamningana í gildi. Hvað hafði þá verið að gerast í þessum efnum? Var virðing hv. þm. Sjálfstfl. fyrir hinum frjálsa samningsrétti

verkalýðsfélaganna í landinu mjög áberandi þegar sett voru febrúarlögin á Alþ. í fyrra? Nei, það vantaði víst ærið mikið á að svo væri. Þá var verið að setja lög sem skertu mjög alvarlega lífskjör láglaunafólksins og hins almenna launafólks í landinu. Og þá varð ekki vart við neinn í hópi þm. Sjálfstfl. sem teldi ástæðu til að hafa orð á því að kjarasamningar, sem gerðir hefðu verið á milli aðila vinnumarkaðarins, frjálsir kjarasamningar, ættu að standa, þvert á móti.

En þegar hv. þm. Sjálfstfl. eru að minna okkur í Alþb. á kröfu okkar um kjarasamningana í gildi, sem við settum fram fyrir kosningar, og vilja halda því fram, að ef við látum okkur detta í hug að setja einhver takmörk á hæstu laun séum við að ganga gegn þessari okkar eigin kröfu, þá er þarna um að ræða málflutning sem á enga stoð í veruleikanum, vegna þess að við í Alþb. lítum á okkur, bæði nú og áður, sem talsmenn verkafólksins í landinu, talsmenn almenns launafólks í landinu, og þegar við gerum kröfur um að kjarasamningar fái að standa erum við að tala um kjarasamninga þess fólks. Við erum að sjálfsögðu ekki að tala um kjarasamninga hálaunahópanna í landinu: flugmanna, ráðuneytisstjóra, bankastjóra, lækna, hæstaréttardómara eða annarra slíkra. Ef við gerum kröfu um kjarasamningana í gildi er sú krafa miðuð við hið almenna launafólk. Og það hefur ekkert breyst í þeim efnum af okkar hálfu, þó að ártalið sé nú 1979, frá því sem var árið 1978.

Ég vil einnig minnast lítillega á það, sem gerst hefur síðustu daga í sambandi við þróun launamála og þá ekki síst þróun launabils í þjóðfélaginu, þar sem eru niðurstöður Kjaradóms fyrir nokkrum dögum. Með því launaþaki sem hæstv. núv. ríkisstj. setti á s. l. hausti, var mælt svo fyrir, að allir þeir, sem hefðu þá í laun það sem nú samsvarar að kaupmætti fyrir dagvinnu eina rétt um 300 þús. kr. á mánuði miðað við marslaun nú, skyldu fá fullar vísitölubætur á laun sín. Ég leyfi mér að halda því fram, að allur meginþorri almenns launafólks í landinu sé með laun innan við þetta mark fyrir dagvinnuna eina. Það má heita að svo sé um alla félagsmenn í verkalýðsfélögunum innan Alþýðusambands Íslands, sem eru langsamlega fjölmennustu samtök launafólks í landinu, og það er einnig svo um a. m. k. milli 80—90% af félagsmönnum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem eru næstfjölmennustu samtök launafólks í landinu, og þetta fólk allt hefur undanfarið hálft ár fengið verðbætur á laun að fullu. Samkv. þeirri ákvörðun, sem tekin var við upphaf núv. ríkisstj., var líka mælt fyrir um að þeir, sem hafa hærri dagvinnulaun, ekki 300 þús. kr. eða lægri, heldur t. d. 500 þús. kr. eða máske 1 millj. í dagvinnulaun á mánuði, skyldu ekki fá fullar verðbætur, heldur aðeins sömu krónutölu og þeir, sem hefðu 300 þús. kr. fyrir dagvinnu á mánuði. Þetta var rétt og sjálfsögð ákvörðun að mínu viti. En nú hefur það gerst, að Kjaradómur, meiri hluti hans, 3 menn af 5, hefur svipt þessu þaki af og kveðið á um að þeir, sem hafa t. d. millj. kr. í mánaðarlaun fyrir dagvinnutíma, skuli ef verðlagið í landinu hækkar um svo sem 10% á einhverju tímabili, fá 100 þús. kr. í verðbætur á laun á sama tíma og þeir, sem hafa 200 þús. kr. í mánaðarlaun fyrir dagvinnu, fái aðeins 20 þús. í verðbætur.

Ég vil einnig minna á annað. Hv. 5. landsk. þm., Friðrik Sophusson, segir að till. okkar um hámarkslaun, sem nemi eigi meira en tvöföldum verkamannalaunum, sé ekki langt frá því að samsvara því ástandi sem ríki nú í þessum efnum, að það sé í raun og veru ekki um öllu meiri launamun að ræða í landinu. Þetta var ein af þeim fjarstæðum sem hv. þm. hélt fram. Ég vil t. d. minna á að enda þótt laun lægst launaða fólksins í landinu séu enn innan við 200 þús. kr. á mánuði stendur einmitt yfir kjaradeila þessa daga og hefur staðið yfir undanfarnar vikur þar sem flugmenn, hópur manna sem hafa í laun frá því um ½ millj. kr., þeir sem eru algjörir byrjendur í starfi, og upp í rösklega 1 millj. á mánuði, gera launakröfur um nokkra hækkun á launum. Það er vitað að stjórnendur Flugleiða gætu kannske hugsað sér að koma þarna nokkuð til móts, ef slíkt kallaði ekki á nýjar launakröfur annars hóps með enn hærri laun, enda er krafan hjá viðkomandi flugmannahópi sett fram sem jafnréttiskrafa. Hvernig skyldi nú standa á því? Ósköp einfaldlega þannig, að um er að ræða enn annan hóp flugmanna, sem hefur enn þá hærri mánaðarlaun en þessu svarar. Og þeir, sem nú eiga í launabaráttu í flugmannahópnum og hafa hálfa til heila millj. í mánaðarlaun, réttlæta kröfur sínar með því að þarna séu aðrir við sambærileg störf enn þá hærri í launum. Svo talar hv. þm. um að það sé í raun og veru engin ástæða til að flytja till. af þessu tagi vegna þess að efni hennar sé í raun og veru í gildi nú þegar.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég koma því á framfæri, sem var kannske aðalefni þess sem ég hafði hugsað mér að segja við þessa umr. Hvort sem tekur lengri eða skemmri tíma að fá þessa þáltill. samþ. og hvernig sem það kann að ganga, verði hún samþ., að fylgja henni fram í reynd, — ég er við því búinn að það geti kostað ýmsa erfiðleika, — tel ég fulla ástæðu til þess samt að till. verði samþ. En hvað sem því líður er ástæða til þess nú, enda þótt enginn hæstv. ráðh. sé reyndar hér í salnum — af skiljanlegum ástæðum eru þeir fjarverandi — að orða það héðan úr þessum ræðustól á hinu háa Alþingi, sem er skoðun mín og í raun skýlaus krafa mín, að áður en hæstv. ríkisstj. leyfir sér að koma til verkalýðshreyfingarinnar í landinu og fara fram á meiri eða minni eftirgjöf af hennar hálfu hvað varðar greiðslur verðbóta á laun það sem eftir er af þessu ári, áður en slík spor verði stigin verði byrjað á því að lögleiða á ný launaþak af svipuðu tagi og hér hefur verið í gildi undanfarið hálft ár, þangað til að það var afnumið af Kjaradómi fyrir fáum dögum. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé alger frumforsenda þess að ríkisstj. geti leyft sér að biðja láglaunafólkið í landinu um eitt eða neitt í þessum efnum, að komið sé fyrst að því hálaunafólki og hæst launaða fólki í landinu, sem fékk stórkostlegar kjarabætur með afnámi launaþaksins fyrir fáum dögum. Ég tel reyndar að það sé ákaflega slæmt ef kjaradómurinn, — ég sé að hv. 7. þm. Reykv. er kominn í salinn og hann hefur kennt okkur að nota ýmis ágæt orð, m. a. orðið „kerfiskarlar“, sem ég hygg að sé frá honum komið, og ég vil leyfa mér að taka mér það í munn, — sá úrskurður, sem þessir þrír hallærislegu kerfiskarlar, eins og hv. 7. þm. Reykv. mundi orða það, — ef þessir þrír menn í Kjaradómi eiga að ráða og ef úrskurður þeirra á að standa, þá ætti ríkisstj. í fyrsta lagi ekki að orða nokkra beiðni við láglaunafólkið í landinu um skerðingu á verðbótum.

Það, sem ég vil segja til viðbótar, er að það er mjög slæmt að þessir þrír hallærislegu kerfiskarlar skuli geta vitnað til þess, að sjálfur forsrh. landsins, Ólafur Jóhannesson, hafi í frv. sínu, sem að vísu hefur aldrei verið lagt fram á Alþ., en hins vegar lagt fram í ríkisstj. og birt í fjölmiðlum, geri till. um að vísitöluþakið verði

afnumið.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta öllu frekar, en von mín er sú, að ef ríkisstj. lifir af næstu viku, þó ekki væri nema fram að dánardægri Sesars 15. mars, muni hún fyrr ganga til þess verks að setja vísitöluþak á laun á nýjan leik en hún gengur til hins verksins, að fara hvort heldur sem er bónarveg eða lögskipanaveg í átt til skerðingar verðbóta launa láglaunafólksins og hins almenna launafólks í landinu.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ein af ástæðum þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að mér fannst ekki óeðlilegt að allir viðstaddir hv. alþm. tækju þátt í þessari umr. Það ætti ekki að þurfa að taka svo langan tíma miðað við þann mannfjölda sem staddur er í húsinu. Ég er nánast að leggja mitt af mörkum til að svo geti orðið, en þó ekki eingöngu það.

Menn hafa að undanförnu í ræðum ýmist verið að endurtaka það, sem áður hefur verið sagt, ellegar þá að gefa nýjar útskýringar á því, sem þeir hafa áður sagt, og hvernig það eigi að skiljast við nútímaaðstæður í þjóðfélaginu, og er allt vel um það. Því vil ég leyfa mér að endurtaka nokkuð af því sem ég hef áður sagt um þessi mál.

Ég vil þá byrja á því, — ég skal ekki hafa þetta langt, herra forseti, — að segja, að ég tel að tilgangur þessarar till. sé vafalaust góður, en till. er ekki að mínu skapi. Tilgangurinn náttúrlega, ef hann er góður, er að mínu skapi. Ástæðan fyrir því, að ég hef þessa skoðun, er sú, að *í mínum huga er það algert aðalatriði að allir þegnar* þjóðfélagsins búi við góð lífskjör og að sú trygging lægstu launanna, sem ég álít að oft hafi verið að stefnt í mörgum ríkisstj., nái enn fremur fram að ganga nú en enn er orðið. Hins vegar verð ég að segja alveg eins og er, að ég sé engum ofsjónum yfir því að tilteknir hópar í þjóðfélaginu hafi hærri laun en þetta, ef þjóðfélagið hefur efni á að greiða þau. Og miða ég þá þar við störf sem mjög mikil ábyrgð fylgir, sem krefjast dugnaðar og útsjónarsemi umfram það sem aðrir hafa. Menn eru ekki *allir eins og menn vinna ekki allir hliðstæð störf, það er* staðreynd. Ég get ekki talið óeðlilegt að launakjör séu þá eitthvað misjöfn fyrir þessi störf. Nú er till. auðvitað ekki um að allir hafi sömu laun. Ég tek það fram til þess að fyrirbyggja að menn haldi að ég standi í þeirri villu, — *það geri ég ekki. Það er gert ráð fyrir þarna allt 100%* launamismun.

Ég vil þá endurtaka að ég er þeirrar skoðunar og hef verið og hef lýst því héðan oftar en einu sinni á þeim tíma sem ég hef verið á Alþ., og einkum eftir að þessi till. eða aðrar svipaðs eðlis hafa komið fram, að ég tel það ekki neitt meginatriði að enginn megi hafa meira en þessu svarar, ef við höfum ráð á því.

Ég sagði hér einhvern tíma í vetur — ég held að það hafi verið við fjárlagaafgreiðsluna — að auðvitað væri ég ekki hrifinn af þeim háu sköttum sem ríkisstj. er að leggja á. Ég hugsa að við séum það ekki ýkjamörg. En ég sagði, held ég, þá líka að ég mundi sætta mig við þá og greiða þeim atkv. vegna þess að með þeim væri verið að færa til í þjóðfélaginu frá þeim, sem meira hafa, til þeirra, sem minna hafa, og nota það fjármagn, sem inn kemur í ríkissjóð í formi skatta, til þess að lækka verðlag á nauðsynjum sem allur almenningur getur ekki án verið, auka þjónustu, sem fólk á kröfu til og verður að njóta, o. fl. í þeim dúr. Við þetta skal ég standa.

Hins vegar vil ég svo bæta því við, að í mínum huga er það aðalatriði í skattamálum hverju menn halda eftir. Það er aðalatriðið að menn, einnig þó þeir greiði háa skatta, haldi eftir góðum lífeyri. Ég get ekkert séð rangt í því, að skattprósenta fari verulega hátt á háar tekjur. Ef ég hefði 10 millj. kr. tekjur á ári sæi ég ekkert *á móti því* að borga verulega háa skatta. Ef ég hefði 100 millj. kr. tekjur mætti mjög gjarnan taka af mér svo sem eins og 95% í skatta. Ég hefði nægilegan lífeyri eftir. Þess vegna þýðir ekkert, finnst mér, eins og oft er gert hér, að bera saman skattprósentur í hinum og þessum löndum og taka það sem eitthvert dæmi um hvernig lífskjörin séu. Það er ekki dæmi um það. Það er þessi samstilling sem verður að koma til. Það verður að meta og reikna út hvað þú hefur í tekjur og hverju þú þarft að halda eftir til þess að geta lifað því sem oft hefur verið nefnt hér mannsæmandi líf og taka þá mismuninn til þess að aðrir geti líka lifað mannsæmandi lífi. Þetta er mín skoðun á þessum málum.

Ég vil svo gera að umtalsefni aðeins þær duldu greiðslur sem vikið er að í grg. Ég tel þær mjög ranglátar og er þess albúinn að standa að ráðstöfunum, sem koma t. a. m. í veg fyrir að framfærslueyrir heilla fjölskyldna sé færður á fyrirtæki og gerður skattfrádráttarbær þar með, sem þýðir í reynd að aðrir borga framfærsluna. Það erum við, sem teljum fram rétt, sem borgum þessa eyðslu. Það er ranglátt. Ég vil í sambandi við skattana taka mér í munn margþvælda setningu, en þó alltaf jafngilda, sem sé þá, að eitt af frumskilyrðum þess að við getum lifað við jöfnuð í þjóðfélaginu er að skattframtöl séu rétt, að skatteftirlit sé virkt og að skattar séu réttlátlega lagðir á, þannig að þá beri þeir sem sannanlega hafa tekjurnar, en ekki bara þeir sem vegna aðstæðna sinna geta ekki skotið undan.

Ég, herra forseti, skal ekki vera að lengja þessa umr. að neinu marki, þó margt mætti auðvitað um þetta segja og ég hafi einhvern tíma sagt meira um þessi mál en ég ætla að gera núna. En ég vil endurtaka það að lokum, að þrátt fyrir að ég sjái ýmislegt gott við þessa till. er hún ekki mér að skapi af þeim ástæðum sem ég tel mig hafa *gert grein fyrir.*

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að þakka hv. þm., sem tekið hafa til máls um þessa þáltill. okkar sexmenninganna, vingjarnlegar undirtektir.

Hv. þm. Friðrik Sophusson og Einar Ágústsson lýstu yfir því hér úr stólnum, að því er mér fannst í einlægni, að þeir efuðust ekki um að hugarfarið á bak við till. væri gott, þótt mér virtust þeir ekki skilja hana til hlítar. Ég held að þeir hafi bætt skilningsskortinn upp með frómu *hugarfari, og frómleiki hugans hefur mér oft og tíðum* fundist, eftir að ég varð starfsmaður innan þykkra múra þessa gráa og virðulega húss, meira virði en hæpinn skilningur.

Við komumst ekki hjá því, jafnvel þeir okkar sem virðast hafa numið þau fræði Bismarcks að stjórnmál séu list hins mögulega, í umr. okkar hér á þinginu að velta því fyrir okkur, og hver fyrir öðrum stundum, hvað sé rétt og hvað sé rangt. Og ég efast ekkert um það, ég vil ekki snúa á þann veg út úr orðum hv. þm. Friðriks Sophussonar, að hann sé þeirrar skoðunar að rétt væri að laun á landi hér væru miklu jafnari en þau nú eru. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, svo ég vitni til orða hv. þm. Einars Ágústssonar, sem talaði um það, að verður væri sá maður hárra launa sem tæki á sig mikla ábyrgð og sýndi mikinn

dug, — ég er þeirrar skoðunar að það geti ekki hlutfallslega meiri ábyrgð í nokkru starfi á þurru landi á Íslandi en þá ábyrgð sem fiskiskipstjóri tekst á herðar um borð í skipi sínu gagnvart áhöfn sinni, gagnvart eigendum skipsins og gagnvart þessari blessuðu þjóð sem á allt sitt undir sjávarafla. Ég hef ekki enn þá kynnst því starfi á landi sem vert væri meiri hlutfallslegrar umbunar en starf skipstjóra á fiskiskipi. Og þess ber að gæta að hin hæstu laun á Íslandi geta orðið býsna há, þótt ekki megi þau verða nema tvöföld laun verkamanns, ef laun verkamannsins eru bara nógu há.

Ég tók fagnandi því sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði um hugleiðingar sínar og starf að þingmáli sem upp á það hljóðaði að gera starfið skemmtilegra, viðkunnanlegra og þolanlegra fyrir þá sem starfið ynnu, jafnt undirmenn sem yfirmenn, þar sem hægt yrði að taka tillit til ýmissa atriða. Gjarnan vildi ég sjá málunum komið fyrir á þá lund að gefið yrði frí almennt þá fáu sólskinsdaga sem upp á ber hér á Suðvesturlandi, ef það væri hægt. (Gripið fram í.) Og ég trúi því, að fær sé leið til þess að koma málunum í það horf að starfið geti m. a. s. orðið skemmtilegt í ákaflega mörgum tilfellum. En nú ber svo til að í ýmsum starfsgreinum er boðið upp á þessa möguleika nú þegar, að þegar sólin skín geta menn hlaupið út og notið hennar. Ég hlakka til að sjá hugmyndir, sem lúta að því skipulagi í fiskiðjuverunum okkar, í frystihúsunum, þegar rofar til, að þær geti nú allar hlaupið út, blessaðar dömurnar, og lagst í sólbað. Kannske má koma því til leiðar með einfaldri kælingu, betri kælingu á fiskinum, að hann þoli slíka bið.

Ég er ekki að gera tilraun til þess að skopast að þeim hugmyndum sem hv. þm. Friðrik Sophusson kann að hafa um möguleika á því að gera starfið almennt skemmtilegra. Nú þegar ég læt augun hvarfla um þessi fallegu og fáguðu eikarbök, sem blasa við í salnum óyfirskyggð af gáfulegum ásýndum alþm., sem við blasa daglega, kemur mér í huga að kannske lumi hv. þm. á einhverjum ráðum t. d. til þess að gera þingstörfin hérna svo skemmtileg að hv. alþm. vildu ekki af neinu missa, heldur kæmu til starfa allir dag hvern. Það væri sannarlega góðra gjalda vert ef slíkt mætti heppnast. En við okkur blasir sú staðreynd, að það er a. m. k. hægt að taka sér frí úr Sþ. þegar sólin skín. Ég vildi gjarnan líka og bíð raunar með eftirvæntingu eftir að heyra og sjá hugmyndir hv. þm. um útfærslu á venju sem ég tel ekki góða í sambandi við styttingu starfsævi. Ég vildi gjarnan sjá það leitt í lög, að fólk megi halda áfram í starfi, ekki bara eftir 65 ára aldur, ekki bara eftir sjötugt heldur á meðan það getur unnið og vill vinna, af því að það hefur gaman af því að vinna, af því að það er miklu betra að fá að vinna en að fá ekki að vinna, af því að þegar til kastanna kemur er starfið ekki leiðinlegt eða þarf a. m. k. ekki að vera.

En aðeins í lokin, sem lýtur beint að þáltill. sem hér hefur verið rædd, staðhæfi ég það, að gegnum aldirnar, kynslóð fram af kynslóð, hafi það verið réttlætiskennd fólksins, sem vann við sjóinn, sem heflaði og slípaði og meitlaði ákvæði Gulaþingslaga og síðar Jónsbókar um það, með hvaða hætti væri hæfilegt að skipta afla til hlutar og hvað teljast yrði eðlileg umbun í fyrsta lagi fyrir skipstjórn, í öðru lagi fyrir skipseign og í þriðja lagi fyrir störf háseta á bát við fiskdrátt við land hér. Og ef við erum þeirrar skoðunar að við getum byggt löggjöf á öðru fremur en réttlætiskennd, þá verðum við að taka upp allt annars konar viðhorf í umr. og samningum um kjaramál en bæði ég og hv. þm. Friðrik Sophusson höfum, því að þar hygg ég að beri ekki ákaflega mikið á milli.

Ég tel að það sé bráðnauðsynlegt fyrir okkur að meta upp á nýtt framlag einstaklinga okkar, vinnuframlag þeirra, til verðs. Þá verður það ekki fyrst og fremst krónutalan sem gildir, heldur samanburðurinn á milli vinnustéttanna og milli starfanna þegar rætt er um gildi starfs. Ein af ástæðunum fyrir því, hvernig farið hefur, í hvert óefni komið er oft og tíðum hér, þegar um það er að ræða að manna vinnuplássin við frumframleiðsluna t. d. á vetrarvertíð hér syðra, er sú, hversu þau störf, sem þar eru unnin, hafa verið vanmetin, hvað þau skipa lágan sess þegar störf eru metin til sæmdar. Og eins og aðstaðan er núna hjá okkur getum við ekki sýnt mat okkar á þessum störfum með öðrum hætti en þeim að launa þessi störf hlutfallslega vel.

Við eigum allt okkar, ég vil nú segja: guði sé lof, enn þá undir störfum þess fólks sem vinnur með höndunum, sem beitir enn þá líkamlegu afli sínu við vinnuna. Þetta fólk verðum við að launa miklu betur en nú er gert og við verðum að skipa þessu fólki miklu hærri félagslegan sess en nú er gert, ef þetta þjóðfélag okkar á að standa.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég lofa því að vera mjög stuttorður að sinni.

Þegar það er einangrað sem eftir verður, þegar búið er að klippa útúrsnúning, hártogun og almenna gamansemi úr ræðu hv. 3. þm. Vestf., Kjartans Ólafssonar, sem hann flutti við þessa umr., standa eftir tvö atriði sem ég vil gjarnan drepa á, þannig að þau megi nú standa upp úr í þessum umr.

Í fyrsta lagi er það ljóst, að slagorð Alþb.: „kjarasamningana í gildi“ — þýddi ekki alla kjarasamninga í gildi, heldur bara suma. Í öðru lagi vil ég minnast á það, að hv. þm. talaði um hallærislega kerfiskarla og fékk þar lánað hugtak hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og taldi að Kjaradómur — eða þeir menn sem sitja í Kjaradómi — væri dæmi um hallærislega kerfiskarla. (**Gripið fram í:** Bara þrír af þeim.) Bara þrír þeirra. Það er rétt, það var meiri hluti og minni hluti. Þrír þeirra í Kjaradómi svo að ég hafi þetta alveg hárnákvæmt, sagði hann að væru hallærislegir kerfiskarlar. Nú fór ég fram undir þessum umr. og las í blaði allra landsmanna forsendur dómsins. Þar kom í ljós að í þeim forsendum stendur að tveir aðilar á Íslandi hafi þegar lyft þessu þaki. Annar er að sjálfsögðu ÍSAL, sem lyfti þessu þaki í samningum við starfsmenn sína. En hver skyldi hinn vera. (**Gripið fram í:** Ekki segja það.) Jú, svo sannarlega skal ég segja það. Það var borgarstjórn Reykjavíkur sem hækkaði laun starfsmanna sinna, sem voru mjög hátt launaðir samkv. því sem hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði áðan. Hver skyldi nú vera forseti borgarstjórnar og hver skyldi vera þar aðalmálsvarinn? Það er von að þm. sýni það með látæði sínu að þeir vilji ekki að ég segi frá því, en ég ætla nú samt að gera það. Þessi ágæti maður er enginn annar en flokksbróðir hv. þm. Kjartans Ólafssonar Sigurjón Pétursson. Hlýtur hann þess vegna að vera hallærislegasti kerfiskarlinn af þeim öllum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jöfnun rafmagnsverðs, þáltill. (þskj. 87). — Ein umr.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Þáltill. þessi er flutt af mér og hv. þm. Kjartani Ólafssyni. Það er langt síðan till. var lögð fram og mikið hefur gengið á síðan. Hér eru mættir tiltölulega fáir þm. og sé ég því ekki ástæðu til að halda langa og ítarlega ræðu um efni till., enda er það í rauninni mjög einfalt og skýrt.

Í till. er lagt til að tekin verði sú afstaða og Alþ. lýsi því yfir, að það vilji að ríkisstj. beiti sér fyrir því að koma fram meira réttlæti í raforkuverði á milli landsmanna en nú á sér stað.

Með þessari þáltill. er grg. þar sem gerð er nokkur grein fyrir því, hvernig ástatt er um raforkuverð á hinum ýmsum stöðum á landinu. Rétt um það leyti sem þessi till. var flutt hafði borist í hendur þm. allítarleg skýrsla frá nefnd sem hafði starfað alllangan tíma og vann að skipulagsmálum í raforkumálum og gerði þessa skýrslu. Samkv. henni kemur í ljós að á þeim stöðum á landinu, þar sem Rafmagnsveitur ríkisins annast raforkusöluna, á þeim tíma þegar skýrslan var gerð, var verð á raforku til heimilisnotkunar 88% hærra en t. d. hér í Reykjavík og verð á raforku til iðnaðarframleiðslu á stærri vélar 82% hærra en hér í Reykjavík. Þessi munur er enn þá meiri þegar um er að ræða rafmagn til húshitunar. Það sjá væntanlega allir að hér er um hið herfilegasta misrétti að ræða. Það er fyllilega eðlilegt að Alþ. lýsi yfir þeim vilja sínum, að þetta mikla misræmi verði leiðrétt. Í till. er gert ráð fyrir að leiðréttingunni verði komið fram í nokkrum áföngum.

Af því að hér eru fáir þm. mættir sé ég ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð, en legg áherslu á að koma till. til n. Ég vil vænta þess, að sú n., sem fær till. til meðferðar, sjái sér fært að afgreiða hana fljótlega. Ég sé enga þörf á því að senda þessa till. út og suður til umsagnar. Hér er um það að ræða hvort Alþ. vill lýsa þessu yfir sem stefnu sinni og leggja fyrir ríkisstj. að að því sé unnið að draga úr því mikla misrétti sem till. fjallar um.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn. til fyrirgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes, þáltill. (þskj. 86). — Ein umr.

Flm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Það er eins með þessa till. og aðrar þær þáltill. sem eru á dagskránni í dag, að það er orðinn alllangur tími liðinn síðan þær voru lagðar fram. Það hefur vissulega ekki verið rekið mikið á eftir því að þessi till. kæmi á dagskrá í hv. þingi. Hins vegar hefur verið rekið á eftir öðrum till. með miklu offorsi og afbrigðakröfum. (Gripið fram í.) Eins og t. d. þjóðaratkvæðagreiðslutillögu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. (Gripið fram í.) Sannleikurinn um þá till. er sá, að það er ekki heil brú í henni, en í till., sem ég hef leyft mér að flytja, er svo sannarlega heil brú. (**Gripið fram í:** Það er ekkert smásmíði.) Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes.

Sjálf till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar hefja allan nauðsynlegan undirbúning að smíði brúar yfir Ölfusá við Óseyrarnes, þannig að hönnun brúarinnar liggi fyrir og framkvæmdir við brúargerðina geti hafist strax og aðalframkvæmdum við Borgarfjarðarbrúna er lokið.“

Þannig hljóðar sjálf till. Efni hennar er, eins og af þessu má heyra, um það, að nú þegar verði hafist handa um undirbúning og hönnun brúarinnar. Hún fjallar hins vegar ekki um að farið verði að smíða brúna núna, heldur aðeins um það, að þegar því stóra brúarverkefni lýkur, sem nú er unnið að í landinu, verði brú þessi næsta stóra brúarverkefnið sem við tökum okkur fyrir hendur. Það er skoðun mín að brúargerð þessi sé ein sú nauðsynlegasta sem við getum lagt í vegna eðlis brúarinnar, þar sem hún er ekki aðeins venjulegt samgöngutæki í venjulegum skilningi, heldur kemur hún einnig að miklu meiri notum öðrum, eins og fram kemur í grg.

Herra forseti. Ég vil ekki að þessu sinni hafa um þetta mál langa ræðu, en svo sannarlega væri ástæða til þess, ekki síst vegna þess, hvernig ýmsir hafa leyft sér að tala um þennan tillöguflutning og kalla það mikið ábyrgðarleysi að leggja til að farið verði að smíða brú af þessari stærð og þessum dýrleika. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem svo tala, tala auðvitað þannig vegna þess að þeir vita ekki betur. Menn hafa sem sagt ekki reynt að gera sér grein fyrir því, hvert er eðli þessarar brúar.

Ég vil leyfa mér að lesa grg., sem fylgir frv. Hún er svo hljóðandi:

„Þrjú sjávarþorp eru á suðurströndinni, Þorlákshöfn vestan Ölfusár, en Eyrarbakki og Stokkseyri austan ár. Þorlákshöfn var til skamms tíma lítil og opin fyrir haföldunni, en er nú komin í allgott horf og öryggi skipa í höfninni allt annað og betra en var.

Útgerð hefur verið stunduð um mjög langan tíma frá Stokkseyri og Eyrarbakka, þrátt fyrir erfið hafnarskilyrði. Með kröfum um meiri sókn, lengri róðra, meiri og fjölbreyttari veiðarfæri og bættan aðbúnað og vinnuskilyrði stækkuðu bátarnir og þeir minni urðu síður samkeppnisfærir. Þar með dugðu ekki lengur hafnirnar á Eyrarbakka og Stokkseyri, svo fiskibátar þeirra landa nú og hafa gert um langt skeið nær öllum afla sínum í Þorlákshöfn og aflanum og afurðunum ekið á milli — vegalengdin fram og til baka er á annað hundrað km.

Með tilkomu skuttogaranna var unnt að reka fiskiðnað eins og verksmiðjuiðnað — hráefnið berst jafnt til vinnslustöðvanna allt árið um kring, skapar betri og öruggari rekstrarmöguleika og jafnari og tryggari vinnu fiskvinnslufólks. Þessi þróun hefur orðið í nær öllum verstöðvum landsins, en hefur ekki náð til þorpanna austan Ölfusár, því þau eru nú orðin hafnlaus í nútímaskilningi.

Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes mundi tengja saman þorpin báðum megin ár og skapa auk þess mikla möguleika fyrir alla byggðina í vesturhluta Árnessýslu neðanverðri.

Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes losaði að mestu leyti þorpin austan ár undan niðurdrepandi oki hafnleysisins — kæmi í stað tveggja hafna, að svo miklu leyti sem það er unnt án hafnargerða.

Þessi brú yrði ekki aðeins samgöngubót í þeim venjulega skilningi þegar um almennar brúargerðir er rætt, heldur auk þess gegna allt öðru og mikilvægara hlutverki, eins og nokkuð hefur verið drepið á hér að framan, og er þá ekki allt talið.

Tímabundið atvinnuleysi hefur ríkt í þessum þorpum báðum, einkum á Eyrarbakka — og miklir erfiðleikar steðja þar að fiskvinnslunni af fyrrgreindum ástæðum. Brýna nauðsyn ber til að tryggja aukið og jafnara hráefni til þessara sjávarþorpa — þar bíða vinnufúsar hendur eftir að fá tækifæri til að sækja sjávarafla og vinna hann, eins og þar hefur verið gert um aldir. Mesta nauðsynjamál þessara þorpa og þessa svæðis alls er að fá þessa brú; þess vegna er þessi till. flutt og þess vegna verður barist fyrir framgangi þessa máls þar til sigur vinnst.

Að lokum má geta þess í tengslum við þá umr., sem farið hefur fram vegna mikillar jarðskjálftahættu á Suðurlandi, að núverandi brú yfir Ölfusá er á einu mesta hættusvæðinu, en ekki eru heimildir um skjálfta þar sem gert er ráð fyrir að hin nýja og mikilvæga brú rísi."

Það er kannske einfaldast til þess að vekja athygli á höfuðatriði þessa máls að leggja fram spurningu — koma aðeins með eina spurningu: Hvað er það sem eitt sjávarþorp má síst missa? Svarið er að vísu afar augljóst. Það er auðvitað höfnin sem útgerðarstaðir og sjávarþorp mega síst vera án. En hafnirnar á Stokkseyri og Eyrarbakka eru ekki nægilega góðar til þess að taka inn skip af þeirri stærð, sem nú eru í notkun, og alls ekki auðvitað togara af einni eða neinni stærð. Þessi þorp eru hafnlaus. Það er auðvitað hægt að nota þarna mjög smáa báta, sem eiga ákaflega erfitt með að standast samkeppnina við aðra sem hafa betri skip að bjóða, bæði hvað snertir aflamöguleika og eins það að fá mannskap á þessi skip.

Þannig eru þessi tvö merku sjávarþorp orðin hafnlaus og það er afar dýrt að gera hafnir á þessum stöðum, jafnvel þó ekki væri gert nema á öðrum staðnum. Það hafa legið frammi teikningar og útskýringar á hvernig hægt væri á ódýrastan hátt að gera höfn á Eyrarbakka. En þær upphæðir eru allt aðrar og miklu hærri en þær sem koma fram þegar athugað er hvað þessi brú mundi kosta, því samkv. nýjustu tölum er álitið að kostnaður við gerð þessarar brúar væri um 2 milljarðar kr. — auðvitað margfalt minna en Borgarfjarðarbrúin kostar. Það yrði talinn lítill kostnaður við hafnargerð fyrir eins mikilvægt og stórt svæði og þarna er um að ræða, en brúin gæti komið í staðinn fyrir slíka hafnargerð.

Hins vegar er kostnaður, sem yrði við samþykkt þessarar till., sáralítill: að hanna þetta mannvirki. Kostnaðurinn er svona lágur vegna þess að brú, sem þarna yrði smíðuð, yrði svipuð í lagi og þær brýr sem lagðar voru yfir vötnin miklu í Skaftafellssýslu. Í smíði slíkra brúa hafa menn mikla reynslu og hönnunarkostnaður á þessu fyrirtæki yrði þess vegna miklu lægri.

Einnig er óhætt að geta þess, að ýmsar kannanir hafa þegar farið fram á brúarstæðinu. Það hafa þegar verið rannsakaðar undirstöður undir brúna. Það hefur komið í ljós að það er allvæn hraunhella undir öllum ósnum, svo að þar getur brúin fengið ágæta undirstöðu. Þannig hafa nú þegar verið rannsakaðir ýmsir þeir hlutir, sem minnst er á í þessari till., — viss hluti undirbúningsins er í raun og veru a. m. k. langt kominn, þó ekki sé hægt að segja að honum sé lokið.

Ef till. þessi yrði samþ. kostaði það ekki mikil fjárútlát, síður en svo. Ég treysti mér ekki til þess að nefna tölur í því sambandi. Ég átti tal við vegagerðarmenn um þetta nú í vetur og þeir höfðu ekki tölurnar handbærar. Ég kann varla við að vera að nefna hér ágiskunartölur þeirra, en þar er sannarlega ekki um háar upphæðir að ræða. Það er einhvers staðar á milli 10 og 20 millj. kr. sem giskað er á að sá kostnaður gæti orðið. Það er ekki meira. Hins vegar er kostnaðurinn við smíði brúarinnar, eins og ég sagði áðan, um 2 milljarðar kr. Til samanburðar má geta þess, að nú er verið að smíða fiskiskip hér í landinu sem áætlað er að kosti tæpa 2 milljarða kr.

Helstu mótbárurnar, sem fram koma þegar talað er um þessa brúarsmíði, eru auðvitað eðli málsins samkvæmt, að það er spurt um hvort þessi brúarsmíði sé hagkvæm, þ. e. a. s. menn reikna út hagkvæmnina: hvað hún kosti, hver sé vaxtabyrðin og hvað komi í staðinn. Slíkt á auðvitað alltaf að gera. En það er nú svo, að þegar menn reikna út hagkvæmni við mannvirki af þessu tagi geta menn kannske ekki haft aðrar forsendur en þær sem þegar liggja fyrir. Það er að mínum dómi ákaflega ótraust niðurstaða úr slíkum útreikningi. Ég held að þegar menn fara að velta málinu fyrir sér gaumgæfilegar sé nauðsynlegt að taka tillit til þess, hvernig aðstæður breytast við tilkomu brúarinnar og þá myndist aðrar forsendur við útreikning dæmisins.

Það er enginn vafi á því að fiskvinnslufyrirtækin í þessum þorpum, sem fólkið vinnur við og lifir á og öll þorpin raunar, munu að sjálfsögðu lyftast upp og eflast öll við að hafa greiðari aðgang að sjónum — við að fá betri og hagkvæmari tæki til að afla sér hráefnis og miklu betri skilyrði til að nýta hráefnið eins og best verður á kosið. Nú þurfa hinir litlu bátar þeirra, sem komast inn í hafnirnar við bestu skilyrði, þó ekki nálægt því allir, að landa afla sínum í Þorlákshöfn. Á undanförnum árum hafa þeir landað um og yfir 80% af afla sínum þar, sem þeir hafa síðan þurft að keyra austur eftir ákaflega misjöfnum vegum og við misjöfn skilyrði. Það er þekkt staðreynd, að þegar menn aka sjávarfangi á vörubifreiðum langan og vondan veg er hægt að reikna út rýrnunina á aflanum og það gætu jafnvel, ef menn væru reikningsglaðir og vildu fara að reikna út hversu mikið hefði tapast af verðmætum á undanförnum 10—20 árum á því að aka öllum þessum afla þarna á milli, svo ég tali nú ekki um allan viðbótaraflann og viðbótarvinnsluna, sem þarna hefði getað farið fram við miklu betri og hagkvæmari skilyrði, þá gætu komið út býsna háar upphæðir, sem jafnvel væru farnar að nálgast þennan kostnað allan. (**Gripið fram í:** Vörubílstjórarnir hafa haft mjög gott upp úr þessu.) Það er rétt hjá hv. þm., að ákveðnar þjónustugreinar hagnast á þeirri niðurlægingu þessara sjávarþorpa að hafa ekki hafnir. Það er eins og segir í kapítalíska kverinu: Eins dauði er annars brauð.

Ég vil ekki sætta mig við að það séu rök á móti málinu að einhverjir þjónustuaðilar missi vissan spón úr aski sínum á móti öllu því hagræði og öllum þeim verðmætum sem í staðinn kæmu. Það er sannleikur, sem við þekkjum sem höfum komið til Eyrarbakka, að þar hafa ekki orðið miklar framfarir — manni finnst eins og þorpið hafi dregist aftur úr. (**Gripið fram í:** Hvað er brúin löng?) Hún er 400 m. Þorpið sýnist hafa dregist aftur úr og stundum vera býsna líflítið og erfiðleikarnir miklir þarna í vinnslu, eins og maður getur rétt ímyndað sér. Hafnirnar hafa verið svo lélegar að þær hafa rústað niður þennan flota með vissu millibili. Það er ljót lesning að lesa alla þá löngu og miklu lista yfir sjótjón á fiskiskipum þeirra manna sem hafa verið að reyna við hin ótrúlega erfiðu skilyrði að sækja sjó frá þessum stöðum. Ég þori ekki að nefna það, hversu stór hluti flotans hefur eyðilagst einu sinni eða kannske tvisvar á síðustu 20 árum. Ég gæti trúað að það væri eitthvað nálægt því allur.

Herra forseti. Ég talaði um að tala stutt og skal verða við því eigin loforði, eins og sjálfsagt er og vandi minn er. En ég legg áherslu á að hv. alþm. kynni sér hið raunverulega eðli þessa máls, en líti ekki á það sem tilraun til þess að koma í gegnum þingið einhverju ómerkilegu kosningaloforði, eins og flestum dettur oft í hug þegar menn eru að fjalla um svona kjördæmismál. Þetta er sannarlega verulega mikið alvörumál. Ég verð að segja það eins og er, að mér líst ekki vel og mér líst m. a. s. illa á framtíð þessara þorpa, ef ekki verður bætt úr í þessum efnum, og mér sýnist — og öllum sem til þekkja þarna — að eina ráðið til þess að einhverjar umtalsverðar úrbætur verði í þessa átt sé að smíða brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég get vel tekið undir margt af því sem flm. sagði. Ég held að það sé löngu tímabært að hætta káki við hafnargerð á Stokkseyri og Eyrarbakka og byggja heldur brú yfir Ölfusárósa.

En í sambandi við þetta mál dettur mér í hug að oft hefur á hinu háa Alþingi verið rætt um hættu sem stafað gæti af tilvist Keflavíkurflugvallar — eða kannske öllu heldur þeirri starfsemi sem þar fer fram. Ef hætta skapaðist á svæði þessu eiga nágrannar Vallarins ekki aðra leið í burt en í gegnum Reykjavík, og það er nú ekki greið leið ef þeir þyrftu kannske líka að vera á ferðinni. Mér hefur dottið í hug hvort það væri ekki rökrétt að láta NATO, sem við höfum leyft þá starfsemi á Vellinum sem hættan getur stafað af, um það að kosta hraðbraut beinustu leið og austur yfir Ölfusárósa. Ég veit að Norðmenn, frændur okkar og vinir, stoltir mjög, hafa ekki vílað fyrir sér að láta NATO kosta vegagerð í stórum stíl í landi sínu. Mér fyndist rökrétt að við hefðum það svipað.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ekki svo að skilja, að ég ætli nú að lengja umr. um þetta þjóðþrifamál, að mínum dómi, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson mælti fyrir. Ég er ekki viss um að haldinn hafi verið öllu gagnorðari eða styttri ræðu um þörf fyrir svo langa brú sem hv. þm. gerði áðan. Ég er honum í öllum atriðum sammála um nauðsyn þess að brúa Ölfusá við Óseyrarnes.

Ég hefði sennilega látið nægja að fylgjast af athygli með ræðu hans og þakka honum fyrir hana á eftir, ef ekki hefði komið þetta innskot, þessar glaðlegu undirtektir frá hv. þm. Ólafi Björnssyni. Ég veit að hv. þm. gerir sér grein fyrir hættunni sem lífi og limum landsmanna er búin af herstöðinni í Keflavík. Ég er næstum því alveg viss um að hann er mér samdóma um að einfaldasta ráðið til þess að stugga þessari hættu burt er náttúrlega að losa okkur við herstöðina og þar með hættuna um leið.

Norðmenn hafa efalítið neytt ýmissa ráða til þess að koma vegum um sitt óralanga land. Hvert stolt þeirra hefur verið í sambandi við þá vegagerð veit ég ekki, en hitt veit ég, að stolt þeirra og vitsmunir hafa komið í veg fyrir að þeir leyfðu Atlantshafsbandalaginu, og þó fyrst og fremst Ameríkumönnum, að koma upp herstöð í landi sínu. Þeim vanda hafa Norðmenn komið yfir á Íslendinga, að hýsa þá herstöð.

Ekki má ég til þess hugsa að við færum að biðja Kanann um að brúa fyrir okkur Ölfusá við Óseyrarnes. Það er á valdi okkar sjálfra. Við höfum efni á því að gera það. Ég er alveg viss um það, að ef við neytum nú nýrra ráða í útreikningum, verðútreikningum og arðsemiútreikningum, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson benti á, förum ekki að miða arðsemina við núverandi umferð yfir Ölfusárós, eins og þessir hv. sérfræðingar virðast í raun og veru gera, heldur miðum við umferð um þessa brú þegar hún verður komin, þá mundi það blasa við okkur að við fengjum þessa peninga ákaflega fljótt til baka. Og vel gæti það haldist í hendur við þá róttæku aðgerð, sem ég minntist á, að stugga burt frá okkur hættunni af Keflavíkurflugvelli.

Umr. frestað.

Umboðsmaður Alþingis, þáltill. (þskj. 93). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á yfirstandandi þingi hafa verið fluttar allmargar till. um skipun rannsóknarnefnda sem eiga að hafa það verkefni að taka til athugunar einstök verkefni, fyrirtæki eða stjórnsýslu, sem flm. telja að rannsaka þurfi vegna þess að réttur almennings sé fyrir borð borinn. Engan dóm skal leggja á tilgang eða réttmæti þessara till., en vegna þeirra hafa skapast miklar umr. innan þings sem utan um hlutverk slíkra rannsóknarnefnda og afstöðu Alþ. í þessu tilliti.

Nú fer ekki milli mála að það er hlutverk Alþ. að taka til rannsóknar mikilvæg mál sem almenning varða, enda reyndar beinlínis gert ráð fyrir því í stjórnarskrá lýðveldisins. Það er hins vegar athyglisvert, hversu sárasjaldan þingið hefur notfært sér þennan rétt. Að mínu mati eru skýringarnar einkum tvenns konar. Í fyrsta lagi hafa till. um skipan rannsóknarnefnda oftast verið af pólitískum toga spunnar og bornar fram af stjórnarandstöðu til að koma höggi á ráðh. eða ríkisstj. Þær hefur því oftast dagað uppi eða verið beinlínis felldar. Í öðru lagi stafar að mínu mati tregða þingsins á að samþykkja slíkar till. af því, að yfirgnæfandi skoðun þm. hefur a. m. k. til skamms tíma verið sú, að það væri fremur hlutverk dómstóla að annast slíkar rannsóknir sem sprottnar væru af ásökunum eða grun um saknæmt atferli eða misbeitingu valds. Þannig held ég að mjög skýrt hafi komið fram skilningur Alþ. og alþm. á þeirri þrískiptingu sem stjórnarskráin og stjórnarfar okkar byggist á.

Hins vegar er það svo, að í seinni tíð hefur orðið æ ljósara að með aukinni stjórnsýslu og viðameira framkvæmdavaldi þyrfti að tryggja betur en áður að réttur væri ekki brotinn á einstaklingum og rangindum ekki beitt í stjórnsýslu. Þá er átt við að slíkur réttur sé brotinn eða rangindum beitt án þess að um bein lögbrot sé að ræða. Þess vegna hefur í vaxandi mæli verið talað um að einhverju eftirliti þyrfti að beita til þess að koma í veg fyrir slíkt athæfi.

Flestir eru sammála um að það sé afar erfitt fyrir Alþ. að taka sér slíkt eftirlitshlutverk. Á þessu þingi hefur verið flutt till., sem lýtur að þessu, og mér er kunnugt um að ein n. hefur í störfum sínum í vetur haft uppi hugmyndir um það og stefnt að því að taka að sér rannsóknarhlutverk í einu tilteknu máli. Á því hafa verið nokkrir erfiðleikar að hrinda þessu af stað og framkvæma þá rannsókn eins og til var stofnað og komið í ljós hjá fræðimönnum og hjá þeim, sem best þekkja til, að verksvið hinna reglulegu nefnda Alþingis nái ekki að fullu leyti til þessa verkefnis. Enn fremur hafa skiptar skoðanir manna á þingi og annars staðar um það, hvernig sú rannsókn skuli fara fram, valdið því, að málið hefur nokkuð þvælst fyrir þessari n. og afgreiðslu á því máli

sem hér um ræðir.

Skipun sérstakra rannsóknarnefnda getur verið háð margvíslegum tilviljunum og jafnvel pólitískum valdahlutföllum á þingi. Það er engin sérstök trygging fyrir því, að réttmætar till. séu samþ., en jafnmiklar líkur á því, að óraunhæf og tilefnislaus mál verði samþ. til slíkra rannsókna. Það getur því verið erfitt fyrir alþm., ef þessi regla yrði tekin upp í ríkari mæli en verið hefur, að meta hvenær á að skipa rannsóknarnefnd og hvenær ekki, hvaða hlutverki hún raunverulega eigi að gegna, hvort hún eigi að kveða upp dóma eða þá að safna upplýsingum án þess að draga nokkrar ályktanir af þeim upplýsingum. Þá er aftur komið að því, til hvers er af stað farið ef niðurstaðan verður engin önnur en eingöngu upplýsingaöflun. Það yrði auðvitað mjög rík hætta á því, að slíkar rannsóknir drægjust inn í flokkspólitískar deilur, þannig að alþm., hvort sem þeir sitja í n. eða hér á þingi almennt talað, taki afstöðu til till. með hliðsjón af almennum stjórnmálaskoðunum sínum.

Síðast en ekki síst hefur verið vakin athygli á því og bent á það, að eins og starfsaðstöðu þingsins sé háttað nú og tíma þm. varið séu afar litlir möguleikar til þess fyrir Alþ. að taka að sér slíkar rannsóknir og sökkva sér niður í svo umfangsmikið mál sem slík hlutlaus ítarleg rannsókn hlýtur að vera.

Jafnframt því sem fallist er á, að einhvern veginn þurfi að koma til móts við hagsmuni einstaklinga og borgara, gefa þeim tækifæri til að leita réttar síns og tryggja að ekki sé gengið á réttindi þeirra og þeir rangindum beittir, hafa menn leitað leiða til þess að ná fram þeim markmiðum og tryggja rétt þennan.

Á þessum áratug hafa tíðum verið lagðar fram till. og jafnvel frv. um að setja á stofn sérstakt embætti umboðsmanns Alþingis. Þessari hugmynd var m. a. hreyft á þinginu 1970—1971 af hv. þm. Pétri Sigurðssyni, en efnislega var sú till. lík þeirri till. til þál. sem hv. þáv. varaþm., Kristján Thorlacius, hafði flutt ásamt fleiri þm. á þinginu 1966—1967. En ég nefni till. Péturs Sigurðssonar vegna þess að sú till. var samþ. sem þál. 19. maí 1972 og í framhaldi af þeirri samþykkt var lagt fram stjfrv. á þinginu 1972—1973 um umboðsmann Alþingis, en það frv. dagaði uppi.

Aftur var lagt fram frv. sama efnis af hv. þm. Benedikt Gröndal á Alþingi 1976—1977, og enn dagaði það frv. uppi.

Á árinu 1973 var lagt fram frv. af ríkisstj. um umboðsmann Alþingis. Það frv. var samið af Sigurði Gizurarsyni lögfræðingi og var með því frv. mjög ítarleg og fróðleg grg.

Við flm. þessarar till., sem nú er til umr., erum í öllum meginatriðum samþykkir því frv. sem Sigurður Gizurarson samdi og lagt var fram árið 1973. Við teljum að nú sé tímabært að leggja slíkt frv. fram aftur og reyna að knýja á um að það verði að lögum. Við teljum að sú aðferð sé heppilegust til að ná fram því, sem ég hef verið að fjalla um, að tryggja rétt einstaklinga og gefa ákveðnum embættismanni umboð til þess að taka til meðferðar mál sem einstaklingar eða samtök bera upp við Alþ. eða þennan embættismann, þannig að hann geti gengið úr skugga um hvort ásakanir, sem fram eru bornar, eigi við rök að styðjast. Við erum þeirrar skoðunar, að með þessari aðferð sé gengið til móts við þau sjónarmið, sem eiga nokkurn rétt á sér, að Alþ. hafi frekara eftirlit með framkvæmd laga en nú er, enda starfar þá umboðsmaðurinn í umboði Alþingis. Hann nefnist umboðsmaður Alþingis.

Þau mál, sem borin eru undir umboðsmanninn, ættu að fá skjótari meðferð en slík mál fengju ef þau væru til rannsóknar í þinginu. Þau ættu líka að fá skjótari meðferð en ef um er að ræða ákærur sem hljóta meðferð hjá dómstólum landsins. Hlutverk umboðsmannsins væri jafnframt víðtækara en hlutverk almennra dómstóla, svo sem sakadóms og saksóknara, er að því er varðar rannsóknarhlutverkið. Hann starfaði í þágu allra þegna þjóðfélagsins og auðveldaði að veita stjórnvöldum aðhald. Hann tæki við ýmsum kvörtunum, ásökunum eða ábendingum sem vörðuðu misbeitingu valds, vörðuðu rangindi. Hann gæti kannað mál á hlutlausan hátt með því að afla vitneskju með skýrslum frá stjórnvöldum og einstaklingum og sem sagt tekið að sér að hafa eftirlit með og rannsaka mál, enda þótt þau vörðuðu ekki beinlínis við lög í strangasta skilningi.

Ég held, herra forseti, að það sé ástæðulaust fyrir mig að hafa ítarlegra mál um þessa till. Kjarni málsins er sá sem ég hef nú rakið. Þetta er mönnum vel þekkt efnislega. Við leggjum til að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að leggja fram frv. til l. um umboðsmann Alþingis. Ef þessi till. verður ekki samþ. er auðvitað auðveldur leikur að leggja frv. fram í eigin nafni, en við teljum að eðlilegra væri að slíkt frv. yrði lagt fram í nafni ríkisstj. nú eins og endranær, þegar um svo viðamikið og flókið mál er að ræða sem hér er, og ríkisstj. hefði jafnframt möguleika til þess að lagfæra frv. þetta með hliðsjón af ýmsum þeim aths. og ábendingum sem fram hafa komið á undanförnum árum, einkum og ekki síst nú á síðasta ári, sem gæti verið til bóta þegar málið er nú aftur lagt fram.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari till. til þál. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verklegar framkvæmdir kostaðar af ríkissjóði, þáltill. (þskj. 95). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 95 till. til þál., sem hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að fylgt verði þeirri meginreglu, sem fram kemur í 13. gr. l. nr. 63/1970, að verklegar framkvæmdir kostaðar af ríkissjóði og verklegar framkvæmdir ríkisstofnana með sjálfstæðan fjárhag verði boðnar út á frjálsum verktakamarkaði."

Þetta mál er að mínu mati mjög aðkallandi og er brýnt hagsmunamál að því verði hrundið fram. Gæti ég haft um þessa till. langt og mikið mál því til rökstuðnings. Eins og nú er háttað um mætingu í þinginu mun ég stytta mjög mál mitt, en harma að fleiri þm. hafa ekki séð sér fært að hlýða á framsögu með till. þessari. Það dregur engan veginn úr mikilvægi málsins, þótt mæting sé ekki betri hér, og verður að leita annarra skýringa á því.

Ég vil aðeins minna á það, að samkv. lögum um opinberar framkvæmdir frá 1970 hljóðar 13. gr. svo:

„Verk skal að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð telst ekki munu gefa góða raun, er heimilt, að fenginni umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr., að víkja frá útboði, sbr. þó 2.

mgr.

Ef tilboð eru óhæfilega há eða öðru leyti ekki aðgengileg, skal verkinu ráðstafað á grundvelli fasts samningsverðs eða eftir reikningi.

Útboðslýsingar, verklýsingar og verksamningar skulu vera í samræmi við áætlun skv. 9. gr."

Eins og fram kemur í þessari grein er aðalreglan sú, að verk skulu boðin út — verk, sem eru unnin og kostuð af ríkissjóði, eða verk, sem eru unnin á vegum ríkisstofnana, sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Þrátt fyrir þessa meginreglu leyfi ég mér að fullyrða að víða sé pottur brotinn í þessum efnum. Margar stofnanir ríkisins bjóða svo til ekkert af verkum sínum út. Vil ég leyfa mér í því sambandi að vísa sérstaklega til Vita- og hafnamálastofnunar og Vegagerðar ríkisins. Vegagerð ríkisins mun bjóða smávegis út af sínum verkum, talið er að það sé um 3—4% af heildarfjárveitingu til þeirrar stofnunar, en Vita- og hafnamálastofnun hefur nánast ekkert boðið út. Ég held þó að þau verk, sem unnin eru á vegum þessara stofnana, séu þess eðlis að auðvelt sé að koma við útboðum. Mér er kunnugt um það, hef fengið upplýsingar um það, að í þeim tilfellum sem Vita- og hafnamálastofnun hefur boðið út eða gefið öðrum kost á að vinna verkin, sem er nánast sáralítið, hafa þau verk verið unnin margfalt ódýrar en þau sambærileg verk sem unnin eru af stofnuninni sjálfri. Gæti ég í því sambandi nefnt tölur, en þreyti ekki þingheim og herra forseta á slíkri upptalningu nú, nema sérstakt tilefni gefist til.

Um allan hinn vestræna heim er meginreglan sú, að verklegar framkvæmdir á vegum ríkja eru boðnar út. Það er gert vegna þess að það er auðvitað miklu mun hagstæðara að láta vinna verkin þannig frekar en ríkið sjálft framkvæmi þau.

Í grg. með till. þessari er bent á nokkur atriði sem ótvírætt rökstyðja að hagkvæmt sé að bjóða út verk, og renna stoðum undir þær fullyrðingar sem ég hef viðhaft í þessari ræðu.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að þessum atriðum:

Alkunna er að hönnun verka, sem boðin eru út, er betur undirbúin en ella. Hönnuður, sem útbýr verk til útboðs, hefur hugfast að aðrir aðilar eiga að fást við framkvæmd og því nauðsynlegt að hafa hönnun sem fullkomnasta.

Þegar hönnuðir framkvæma jafnframt verk, má gera ráð fyrir að til undirbúnings sé ekki eins vandað, þar sem þeir vita að þeir eiga sjálfir möguleika á því að breyta án þess að hátt fari og e. t. v. oft og tíðum enginn aðili utan stofnunar sem fylgist með. — Þetta er öllum ljóst og þarf ekki að fara frekari orðum um.

Þegar ríkisfyrirtæki eða ríkisstofnanir annast verkin sjálf, hanna þau sjálf, er sífellt hætta á því og sannarlega orðið svo, að verkin eru illa hönnuð og sífellt verið að breyta frá upphaflegri hönnun. Þetta veldur því auðvitað að kostnaðurinn hraðvex og verður miklu meiri en áætlanir segja til um frá því að verkin voru upphaflega ákveðin.

Þegar samið hefur verið við tilboðsgjafa liggur fyrir áætlun og tilboðsverð. Við tilboðsverð bætast aðeins hugsanlegar verðbætur og aukareikningar. Aðrir aðilar en verktakar, t. d. stofnun sú sem lætur framkvæma eða sjálfstæðir eftirlitsmenn, hafa eftirlit með framkvæmdum verktaka og taka út verk í verklok. Þegar ríkið sjálft eða stofnanir þess framkvæma verk er hins vegar mikið álitamál hvort framkvæmd stenst peningalega. Menn velta því t. d. fyrir sér, hvort hækkanir verka á vegum ríkisins séu alltaf vegna verðhækkana eða hvort það sé vegna þess einfaldlega að illa sé að verkinu staðið. *Þessu er mjög erfitt að svara þar sem bæði eftirlit og úttekt er í höndum sama aðila.*

Nú á seinni árum hefur risið upp nokkur verktakastarfsemi hér á landi. Íslenskir verktakar hafa bæði sýnt og sannað að þeir hafa reynslu og þekkingu til að ráðast í hin stærstu verk. Má í því sambandi benda á vegalagningu í og umhverfis Reykjavík á árunum 1970—1973. Það má benda á virkjunarframkvæmdir sem íslenskir aðilar hafa komið nærri og verið aðalverktakar við. Ég held að það sé til hagsbóta fyrir hina íslensku þjóð, að verktakastarfsemin sé og verði fær um að taka að sér hin stærstu verkefni.

Verktakar geta flutt mannafla og tækjakost á milli verka og unnið á hinum ýmsum sviðum. Það gerir ástæðulaust fyrir ríkisstofnanir að koma sér upp miklum tækjum og ráða mikinn mannafla, en allt kostar það auðvitað mikið bundið fé hjá ríkinu. Hættan er sú, að þessum mannskap verði ekki hægt að segja upp. Tækin eru auðvitað fjárfesting sem ekki verður aftur tekin. Allt hleður þetta utan á sig og gerir kostnað ríkisins og umsvif þess meiri ár frá ári. Við viljum tvímælalaust stefna í öfuga átt, ekki síst við flm. þessarar till.

Ég held að það sé samdóma álit allra þeirra, sem fylgst hafa með verktakaiðnaði á Íslandi og fylgst hafa með verkum og framkvæmdum á vegum hins opinbera, að það megi treysta íslenskum verktökum til hinna vandasömustu framkvæmda og það sé full ástæða til að efla þennan iðnað og að hrinda í framkvæmd þeirri aðalreglu sem lögin um opinberar framkvæmdir fela í sér — þeirri reglu, að verk á vegum hins opinbera séu að jafnaði boðin út.

Ég treysti því, að þessi till. nái fram að ganga og að ríkisstj. og stjórnvöld hlutist til um að þessari reglu verði fylgt til hins ítrasta, nema þá ef um mjög óvenjulegar aðstæður er að ræða. En ef þessi aðferð varðandi tillöguflutninginn ber ekki þennan árangur hlýtur það að vera næsta skrefið hjá mér sem flm. þessarar till. og þeim, sem fylgja efnislega þessari till., að bera fram frv. til l. um breyt. á lögum um Vita- og hafnamálastofnun, lögum um Vegagerð og aðrar ríkisstofnanir, þar sem sé skýrt og skilmerkilega tekið fram að verk skuli boðin út. Þá geta þessar stofnanir ekki skotið sér undan því að fylgja þeirri reglu og þeirri hugsun sem býr á bak við 13. gr. laganna sem ég hef verið að vísa til.

Herra forseti. Ég leyfi mér að lokum að leggja til að þessari till. verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 68. fundur.

Mánudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 381). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er tekið til umr., fjallar um að undanþiggja vélavinnu við snjómokstur söluskatti.

Eitt af því, sem við er að stríða í samgöngumálum okkar Íslendinga, er snjórinn. Þjóðvegir teppast vegna snjóa og byggðarlög og heilir landshlutar einangrast í skemmri eða lengri tíma á vetrum svo sem kunnugt er. Með bættri vegagerð og uppbyggðu vegakerfi verður samgöngum stöðugt betur haldið uppi þrátt fyrir snjóa. En hvað sem því líður og hvað sem gert er í vegamálum verður aldrei komist hjá því að ryðja þurfi snjó úr vegi svo að haldið verði uppi eðlilegum samgöngum. Þess vegna hlýtur snjómokstur til að greiða fyrir samgöngum að vera mikilvægur þáttur samgöngumálanna.

Svo sem kunnugt er sér Vegagerð ríkisins um allan snjómokstur á þjóðvegum samkv. sérstökum reglum. Núgildandi reglur um snjómokstur á þjóðvegum eru frá 9. febr. 1977. Samkv. þessum reglum greiðir Vegagerðin allan kostnað við snjómokstur nokkurra mikilvægra samgönguleiða. Kveðið er á um hvað snjómokstur skuli vera tíður á hinum einstöku þjóðvegum. Ef þörf er skal moka suma vegi alla daga, aðra vegi alla virka daga, þá aðra vegi tvo daga í viku, en aðra vegi einu sinni í viku o. s. frv. Auk þess skal Vegagerðin greiða helming kostnaðar við snjómokstur, sem einstakir aðilar óska eftir. Heildarkostnaður Vegagerðarinnar af snjómokstri nam árið 1978 tæpum 819 millj. kr.

Til viðbótar framangreindum kostnaði af snjómokstri á þjóðvegum kemur svo sá kostnaður sem greiddur er að hálfu á móti Vegagerðinni. Þar er um að ræða kostnað sem borinn er af þeim aðilum sem óska eftir snjómokstri, svo sem einstökum sveitarfélögum, mjólkurbúum og öðrum aðilum.

En snjómokstur er ekki bundinn við þjóðvegi. Hann er einnig nauðsynlegur innan marka hinna einstöku þéttbýlisstaða. Sveitarfélögin ein, hvert í sínu umdæmi, standa undir þeim mikla kostnaði sem af snjómokstri leiðir.

Og enn er þess að geta, að það er um að ræða snjómokstur á flugvöllum landsins þegar þörf krefur vegna flugsamgangna. Kostnaður af þessum snjómokstri er greiddur af rekstrarfé flugvallanna.

Snjómokstur, hvort sem er á þjóðvegum, í þéttbýli eða á flugvöllum, er nú aðallega unninn með stórvirkum vélum. Samkv. lögum ber að greiða 20% söluskatt af þessari vélavinnu. Þessi skattheimta er af ýmsum ástæðum bæði óeðlileg og ranglát. Þegar ríkið í einu eða öðru formi greiðir kostnaðinn af snjómokstri er það að greiða sjálfu sér söluskatt. Niðurfelling þessa söluskatts rýrir því í sjálfu sér ekki stöðu ríkissjóðs. Þegar aðrir en ríkið greiða söluskatt af snjómokstri kemur það oft verst við þá sem síst skyldi. Það kemur harðast niður á þeim sem í mesta fámenninu og mestu einangruninni eiga ekki annars úrkosta en að leggja í aukakostnað fram yfir aðra landsmenn vegna snjómoksturs.

Herra forseti. Það er með tilliti til þessa sem ég hef leyft mér að bera fram frv. það sem hér er til umr. og felur í sér, eins og áður sagði, að fella niður vélavinnu við snjómokstur. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái að hér er um visst sanngirnis- og réttlætismál að ræða og að mál þetta fái greiðan gang hér í hv. deild.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við það frv. sem hér liggur fyrir til umr. En þegar maður fer að ræða frv. að efni eins og þetta kemur upp í huga manns spurningin um hvort það sé ekki kominn tími til að taka til endurskoðunar frá grunni samskipti sveitarfélaganna og ríkissjóðs í sambandi við söluskattsmálin í heild. Eins og öllum er kunnugt er sveitarfélögum ætlaður verulegur tekjustofn af söluskattinum í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hins vegar er orðinn svo mikill frumskógur af reglugerðarákvæðum og ákvæðum um greiðslu söluskatts sem þarf að inna af hendi í ýmsum stofnunum sem reknar eru af hinum einstöku sveitarfélögum, að ég tel að það væri báðum aðilum til mikillar hagkvæmni að þessi mál fengju góða íhugun. Ég vil í þessu sambandi benda á að það er greiddur söluskattur af öllum aðgöngumiðum við t. a. m. sundlaugar og önnur íþróttamannvirki sem sveitarfélögin reka. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ef væri farið að kryfja þessi mál til mergjar, þá mundi áreiðanlega vera möguleiki til að spara mikinn mannafla sem fer í það að finna út úr því myrkviði sem þar er — ég vil leyfa mér að nota það orð — í sambandi við að reikna alla þessa flækju út, fyrst að innheimta öll þessi margvíslegu söluskattsgjöld hjá hinum ýmsu sveitarfélögum og síðan að skila þessum sömu gjöldum — stundum öllum til baka og stundum að hluta til.

Herra forseti. Ég tók til máls í sambandi við þetta frv. aðeins til þess að koma þessari hugmynd á framfæri. Að öðru leyti tel ég að með flutningi þessa frv. sé af hv. flm. hreyft þörfu máli og ég mun veita því minn stuðning.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við frv. sem hér liggur fyrir til umr., og jafnframt tel ég rétt að vekja athygli á því, að það hefur verið baráttumál sveitarfélaga árum saman að fá því framgengt að söluskattur af tækjum sveitarfélaga við eigin framkvæmdir verði felldur niður. Þarna er um verulega skattheimtu að ræða, því að eins og margir vita hafa framkvæmdir sveitarfélaga aukist mjög á síðari árum, ekki síst í sambandi við gatnagerð og aðrar framkvæmdir, svo sem holræsagerð og vatnsveitur. Þetta hefur orðið til þess, að sveitarfélögin hafa í vaxandi mæli notað til þessa eigin tæki. Það hefur verið hagkvæmara og betra að koma við smærri framkvæmdum einmitt á þennan hátt. En af framkvæmdum, sem þessi eigin tæki eru notuð við, verður að greiða söluskatt, eins og hér kemur fram, í sambandi við snjómokstur o. fl. Það hefur verið reynt á undanförnum árum að fá á þessu leiðréttingu og hefur áður komið fram hér á Alþ. till. í þá átt að reyna að fá þessu aflétt, en ekki náð fram að ganga. Ég tel rétt að vekja á þessu athygli hér, og það er spurning, hvort ekki er rétt að kanna það í þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort einhver grundvöllur væri fyrir því að fjmrn. vildi fallast á meiri breytingu en hér er lagt til.

Ég vil einnig taka undir það sem kom fram áðan hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. í sambandi við söluskattsmálin í heild, að það er vissulega kominn tími til þess að endurskoða sérstaklega þennan hátt í samskiptum ríkis og

sveitarfélaga. Það er rétt að nefna það hér, að eitt af því, sem hefur valdið mikilli óánægju, sérstaklega úti um landsbyggðina, í sambandi við söluskattinn, er söluskattur á frjálsa félagastarfsemi sem hv. þm. hafa sjálfsagt orðið varir við, að bæði íþróttafélög, ungmennafélög og aðrir, sem vinna að félagsstarfsemi úti um landið, þurfa að greiða af þessari starfsemi söluskatt. Þetta er mál sem þarf vissulega að fara að taka til leiðréttingar. Ég er sammála síðasta ræðumanni um nauðsyn þess að taka þessi mál til rækilegrar endurskoðunar þegar farið er að ræða um vissa þætti söluskatts, eins og hér er gert nú. Að öðru leyti mun ég fylgja þessu frv. En ég legg eindregið til að sú n., sem fær þetta mál, skoði þessa þætti varðandi söluskatt af tækjum sveitarfélaga um leið.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst lýsa stuðningi mínum við þetta frv. Snjómokstur er mjög þýðingarmikið atriði af mörgum ástæðum. Við vitum hvað einangrun hefur nú á dögum mikil áhrif á fólk. Þetta er í raun og veru líka sálfræðilegt atriði. Margir eiga erfitt með að þola að vera einangraðir og sætta sig við að vera innilokaðir — kannske langtímum saman. Á snjómokstri, jafnvel í ríkari mæli en sinnt hefur verið hingað til, er því mikil þörf um allt land.

En það, sem ég vil vekja sérstaklega athygli á, er hvort ekki sé kominn tími til að athuga hvort sveitarfélögin gætu ekki undir vissum kringumstæðum framkvæmt snjómokstur með meiri árangri og með ekki meiri kostnaði en Vegagerðin. Sveitarfélögin eru komin með margs konar tæki sem þau þurfa að nota til ýmissa verka, og mætti segja mér að þau, sem vita hvar skórinn kreppir, væru ekki síður fær um að moka snjó af vegum innan sveitar og jafnvel úti á þjóðvegum í næsta nágrenni og gætu gert það á auðveldari hátt og þegar veruleg þörf er fyrir, ekki síður en sá aðili sem nú sér um þessar framkvæmdir. Ég veit að það hefur verið vilji ýmissa sveitarfélaga að fá að vinna þetta verk, en erfitt hefur verið að ná samningum um það við Vegagerðina. Ég vildi sérstaklega vekja athygli þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, á því, hvort ekki væri ástæða til að athuga þennan möguleika, sem ég held að gæti orðið til þess að verkið yrði ekki síður vel unnið, en gæti líka orðið til sparnaðar og hagkvæmni.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég get vel tekið undir það og að sjálfsögðu, að reglur um snjómokstur þurfi að athuga og endurskoða, og mér er það ljóst ekki síður en þeim hv. þm., sem hafa talað hér, að mikill vandkvæði eru oft á ferðum með snjóinn, ekki síst hjá sveitarfélögunum og jafnvel einstaklingunum á þeim köflum sem þeir þurfa að annast. Þessar reglur hafa verið endurskoðaðar ekki alls fyrir löngu að vísu, en það breytir ekki því, að það er stöðugt þörf á því að hafa þetta mál á hreyfingu, ef svo mætti segja. Nýjar þarfir hafa komið til á allra síðustu árum, mjög brýnar, þar sem er annars vegar tankvæðingin og hins vegar flutningar skólabarna, daglegur flutningur víða. Svo er auðvitað líka og þarf ekki orðum að því að eyða, að almenn umferð vex jafnt og þétt. Við búum þannig að þarfirnar fyrir að komast á milli daglega fara vaxandi með breytingu á okkar lífsvenjum. Undir þetta allt saman get ég tekið og skal styðja að því fyrir mitt leyti að þessi mál verði tekin til endurskoðunar.

Aftur á móti er það svo, þegar flutt er mál um niðurfellingu skatta í einhverri mynd, að þá er ég yfirleitt ekki reiðubúinn til að taka undir það án verulegrar athugunar. Mér blöskrar sá hráskinnaleikur sem leikinn er alls staðar í þjóðfélaginu, annars vegar um skattheimtu, þar sem nálega hver aðili sem lætur til sín heyra, hvort sem það eru stjórnmálaflokkar, félagasamtök eða einstaklingar, þeir tala um skattpíningu og um að það eigi að leggja niður þennan eða hinn skattinn eða gera frávik frá honum, og svo eru hins vegar látlausar kröfur frá sömu aðilum um allt milli himins og jarðar sem krafist er að hið opinbera geri. Ég er sífellt meira og meira undrandi þegar ég heyri þetta, því náttúrlega sjá allir menn að þetta dæmi gengur ekki upp, og það er þess vegna sem ég geri það ekki að lítt athuguðu máli að lýsa yfir stuðningi við niðurfellingu neinna skatta, liggur mér við að segja.

Hitt er svo annað mál, eins og ég sagði í upphafi, að ég ætla ekki að lýsa andstöðu við þessa hugmynd hv. þm. um að fella niður söluskatt af þessu tiltekna verkefni. En það er alls ekki víst að það sé auðvelt að skilja þar á milli, en þó skal ég engu um það spá og það er óþarfi að vera að deila um það nú hvort finnist leið til þess. Ég er ekki að lýsa neinni harðri andstöðu við þessa hugmynd út af fyrir sig, en ég er ekki heldur tilbúinn að samþykkja hana að lítt athuguðu máli. En ég árétta það sem ég sagði, að ég vil mjög styðja að því að reglur um snjómokstur verði endurskoðaðar. Hitt er þó vissulega ljóst, að þar er líka togast á. Við viljum fá vegasamband og komast um vegina að vetrinum einnig. En auðvitað hika menn við og horfa í peninginn sem í það fer að ryðja burt snjónum, og auðvitað vildu allir heldur að þær fjárhæðir mætti nota til að byggja upp vegina svo að þeir tepptust ekki eins oft af snjó. Þarna togast á tvö sjónarmið. En það breytir ekki því, að við verðum að horfast í augu við það að snjórinn er vandamál, glíman við hann, sérstaklega í þeim vetrum sem erfiðir eru.

Mér fannst rétt að láta þetta koma fram hér. Alveg sérstaklega vegna þess hvað margir hv. dm. lýstu þegar í stað yfir stuðningi við þetta frv., þá vildi ég ekki villa á mér heimildir með því að þegja, því ég er alls ekki tilbúinn að samþykkja það án nánari athugunar.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í tilefni af orðum síðasta ræðumanns, en ég vil nota tækifærið til að þakka hinar góðu undirtektir sem hafa komið fram við þetta mál.

Hv. síðasti ræðumaður fór að tala um endurskoðun á snjómokstursreglum. Það er alger misskilningur að þetta mál varði snjómokstursreglurnar. Það er algerlega óháð þeim. Hv. þm. hafði, að því er virtist, áhyggjur af tekjumissi Vegasjóðs. Eins og ég tók fram í ræðu minni áðan er meginkostnaðurinn við snjómoksturinn greiddur af Vegagerð ríkisins. Ríkið er að greiða sjálfu sér söluskatt, eins og ég sagði, og þetta hefur engin áhrif á stöðu ríkissjóðs að því leyti sem um þennan kostnað er að ræða. Ég sagði að þær reglur, sem giltu nú um þetta efni, væru bæði óeðlilegar og ranglátar. Það er óeðlilegt að ríkið sé að greiða sjálfu sér söluskatt, en þetta er ranglátt vegna þess að þær regur gilda að þar sem fámennið er mest, þar leggst söluskatturinn á íbúana sjálfa, sveitarfélög þar, mjólkurbú og aðra aðila sem hafa beina hagsmuni af því að halda þjóðvegunum í byggðarlaginu akfærum. Ég vil leyfa mér að halda því fram og endurtaka það sem ég sagði áðan, að þetta er ranglátur skattur og þess vegna ber að fella niður söluskatt af snjómokstri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn, frv. (þskj. 438). — 1. umr.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn er flutt í þeim tilgangi að draga saman í ein lög öll meginákvæði um landhelgi og lögsögu lýðveldisins Íslands á hafinu umhverfis landið og á landgrunninu og lögfesta ný réttindi á þessu sviði Íslendingum til handa með hliðsjón af þróun þjóðaréttar að undanförnu. Frv. hefur verið undirbúið í utanrrn. og er aðalhöfundur þess Hans G. Andersen sendiherra, en aðrir sérfræðingar hafa einnig unnið að fullnaðargerð þess. Þá hefur frv. verið lagt fyrir landhelgisnefnd, þar sem allir flokkar eiga fulltrúa, og komu þar fram margar mjög gagnlegar ábendingar. Þó tel ég rétt að taka það fram, að nm. þar eru ekki þar með bundnir um afstöðu sína til málsins á einn eða annan hátt og geta því tekið afstöðu til hugsanlegra brtt. að vild.

Ég vil segja um málið í heild, að það er einlæg von mín að um það náist, eins og um öll veigamikil skref í landhelgismálinu, sem víðtækust og helst alger samstaða. Skorti eitthvað á að svo geti orðið, þá vænti ég að starf í nefndum þingsins geti leitt til þess, að það megi laga þangað til við getum öll vel við unað.

Í þessu frv. eru m. a. eftirtalin aðalatriði:

1. Sjálf landhelgin, en með því hugtaki er átt við hafsvæðið þar sem ríkið hefur fullveldisrétt hliðstæðan og yfir landinu, er færð úr 4 upp í 12 mílur.

2. Fiskveiðilögsaga okkar, sem hefur síðan 1975 verið 200 sjómílur, hefur ávallt verið ákveðin með reglugerðum sem byggðar hafa verið á landgrunnslögunum frá 1948. Ef þetta frv. yrði að lögum mundi það breytast og 200 mílna fiskveiðilögsagan sjálf verða fest í lög, en ekki hvíla á reglugerð sem ráðh. geta breytt í framtíðinni, heldur mundi þurfa að koma til breyting frá Alþingi sjálfu.

3. Auk þess sem fiskveiðilögsagan yrði þannig lögfest tekur Ísland sér 200 mílna lögsögu yfir vísindarannsóknum á hafsvæðinu umhverfis landið.

4. Þessu til viðbótar tekur Ísland sér 200 mílna mengunarlögsögu. Veitir það íslenskum stjórnvöldum rétt til að gera ráðstafanir til að vernda hafið umhverfis landið fyrir mengun og mengunarhættu.

5. Með 200 mílna efnahagslögsögu og öllu, sem í henni felst, tryggir lýðveldið sér allan rétt til að ráða byggingu mannvirkja eða afnot af þeim innan 200 mílna og gæti þetta í framtíðinni haft þýðingu t. d. í sambandi við hugsanlega olíuvinnslu.

6. Í síðasta lagi vil ég geta þess, að með frv. þessu eru ítrekuð reglugerðarákvæði um miðlínur milli Íslands og Grænlands og Íslands og Færeyja, eins og þau ákvæði voru í reglugerðinni frá 1975, en ákvæðið, sem þar var um að Íslendingar mundu ekki framfylgja fiskveiðitakmörkunum gagnvart Jan Mayen nema að miðlínu, er fellt niður. Þegar þetta ákvæði var sett voru aðstæður töluvert aðrar en þær eru nú og óvissa miklu meiri um hvernig háttað yrði línum á milli landa heldur en nú er. Þótti því skynsamlegt að setja þetta ákvæði til bráðabirgða eða þangað til annað yrði ákveðið, ef ég man orðalagið rétt. Þess ber og að geta, að þáv. sjútvrh., sem gaf reglugerðina út, hv. þm. Matthías Bjarnason, lét í ljós alveg ótvírætt að með þessu væru Íslendingar ekki að láta frá sér nokkurn rétt sem þeir kynnu að eiga eða eignast.

Nú er Jan Mayen-málið komið á dagskrá og fer að líða að því að það verði rætt nánar og ítarlegar heldur en gert hefur verið hingað til. Ég tel því tvímælalaust rétt að afnema nú þetta ákvæði. Það mundi verða okkur til trafala í viðræðum við Norðmenn um það mál ef slíkt ákvæði væri þá enn í gildi. Á hinn bóginn sendum við þeim mjög skýr boð með því að afnema þetta miðlínu- eða punktalínuákvæði einmitt nú.

Þegar lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins voru sett 1948 var við það miðað að útfærsla fiskveiðimarkanna héldist í hendur við þróun þjóðaréttar, og má segja að svo hafi verið. Samkv. því voru mörkin færð út í 4 mílur 1950—1952, út í 12 mílur 1958, í 50 mílur 1972 og í 200 mílur 1975. Nú er svo komið að á vettvangi Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem hófst árið 1973 eftir margra ára undirbúning, hefur náðst víðtæk samstaða um rétt strandríkja til 12 mílna landhelgi, þar sem strandríkið hefur fullveldisrétt að mestu hliðstæðan því sem það hefur yfir eigin landi. Á Hafréttarráðstefnunni og raunar utan hennar hefur einnig náðst samstaða um 200 mílna efnahagslögsögu þar sem miðað er við víðtækar heimildir strandríkis yfir auðlindum sjávar undan ströndum. Loks hefur einnig náðst víðtæk samstaða um rétt strandríkis yfir landgrunni, landgrunnsbrekku og landgrunnshalla, allt að endimörkum landgrunnsins, einnig utan 200 mílna frá grunnlínu. Er þá fjarlægðin miðuð við lögun og gerð hafsbotnsins. Ég vil þó bæta við að ákvæði um mörk landgrunnsins eru eitt af því viðkvæmasta og erfiðasta sem má segja að sé ekki enn fullfrágengið og togast þar á 2—3 mismunandi hugmyndir á Hafréttarráðstefnunni. En eins og fram hefur komið í umr. um þessi mál, ekki síst af hálfu hv. 5. þm. Norðurl. v., geta niðurstöður þess máls orðið ærið örlagaríkar fyrir okkur Íslendinga og ráðið því, hvort við fáum rétt til landgrunnssvæðis, þ. e. hafsbotnssvæðis, á ýmsum stöðum utan við 200 mílna mörkin. Þar getur verið til mjög mikils að vinna, því að möguleikar eru á að ærin auðæfi sé að finna í hafsbotninum.

Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefur enn eigi lokið störfum, aðallega vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag um skipan mála á hinum alþjóðlega hafsbotni utan við mörk strandríkja. Þrátt fyrir það þykir nú tímabært að lögfesta þau atriði sem að ofan eru greind, og er það sjónarmið lagt til grundvallar í frv. þessu. Aðalatriðið er að lögfesta þær meginreglur sem nú liggja ljósar fyrir. Eftir vandlega íhugun hefur verið valin sú leið að hafa þetta frv. ekki ítarlegt, heldur aðeins með meginreglum, en ætlast til að einstök svið, einstakir málaflokkar verði ákveðnir með sérstakri löggjöf. Sem dæmi má nefna að við getum búist við því að þurfa alltaf öðru hverju að gera breytingar á þeim lögum, sem gilda varðandi fiskveiðar, eftir ýmsum aðstæðum og vaxandi þekkingu, og getur þá verið viss kostur að grundvallaratriðin séu í einum heildarlögum sem yrðu þá eins konar stjórnarskrá fyrir landhelgi og lögsögu, en auðveldara sé að breyta hinum einstöku lögum þegar Alþingi sýnist svo. Eins má geta þess, að rétt þykir að setja sérstök lög

um hugsanlega mengun hafsins sem er flókið mál og getur líka tekið ýmiss konar breytingum á næstu árum. Í því sambandi vil ég minna á að Alþ. hefur nú til meðferðar nokkra alþjóðlega samninga um olíumengun sem lúta mjög að því sviði.

Verði þetta frv. að lögum verður óhjákvæmilegt að gera ýmsar breytingar á nokkrum öðrum gildandi lögum til samræmis, t. d. tollalögum, sóttvarnalögum, áfengislögum o. fl., þar sem finna má í slíkum lögum landhelgisákvæði, sem svo mætti kalla, í flestum tilfellum nú 4 mílur, sem þá mundu breytast í 12 mílur samkv. aðalreglunni sem hér er fylgt.

Herra forseti. Ég vil ítreka það, að þetta frv. er lagt fram í þeirri von að um það geti náðst samstaða og að Alþ. eins og það hefur ávallt gert, þegar mest hefur á reynt í landhelgismálum, verði sammála um að við tryggjum okkur þau auknu réttindi sem í þessu frv. felast. Það hefur alla tíð verið ljóst og ætlan allra þeirra, sem hafa unnið að landhelgismálum, að síðar meir yrði slík heildarlöggjöf sett, og það er skoðun sérfróðustu manna að nú sé tímabært og gagnlegt að ganga til þess verks.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa fyllsta stuðningi við þetta mál í einu og öllu. Ég get satt best að segja tekið undir hvert einasta orð sem hæstv. utanrrh. sagði og hygg að ég tali þar fyrir stjórnarandstöðuna í heild. Á því ekki að vera neinn vafi á því, að alger samstaða muni nást um mál þetta. Það kann að vera að hnika megi til orði og orði einhvers staðar, en það er þá til að gæta sameiginlegra hagsmuna og tryggja þá enn betur. En frv. er mjög vel úr garði gert, eins og vænta mátti þar sem Hans G. Andersen, okkar helsti sérfræðingur í hafréttarmálum og einn af okkar bestu lögfræðingum, hefur samið það. Það er stutt, einfalt, skýrt og afdráttarlaust, svo var og um skýringar hæstv. utanrrh., sem ég hygg að þm. geti allir tekið undir með glöðu geði.

Ég gat þess, að það væru kannske atriði sem mætti eitthvað hnika til. Ég bendi t. d. á 6. gr., þar sem í 1. mgr. er talað um nýtanlegar lífverur, sem annaðhvort eru „hreyfingarlausar á hafsbotni eða í honum eða geta ekki hreyft sig án stöðugrar snertingar við hafsbotninn". Hér er auðvitað átt við t. d. krabbadýr ýmiss konar, sem við vitum ekki hvers eðlis kunna að vera á hafsbotninum utan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Á Hafréttarráðstefnunni hefur nokkuð verið skipst á skoðunum um hvaða orðalag þarna ætti að vera. Það hefur ýmist verið talað um „direct contact" eða „constant" og ég held að t. d. orðið „stöðugur" mætti gjarnan niður falla. Við þurfum ekki nákvæmlega að þýða textann eins og hann nú er. Við getum gjarnan haft orðalagið ótvíræðara fyrir okkur, þannig að það sé alveg ljóst, að öll þau dýr, sem á hafsbotni lifa, heyri honum til, þótt þau séu ekki alveg í stöðugri snertingu við hann, heldur hreyfi sig með einhvers konar stökkum eða slíku. Þetta er náttúrlega lítið atriði, virðist vera, en kynni þó að skipta einhverju máli. Þetta orðalag er ekki orðið fast mótað í hafréttarsáttmálanum fremur en annað er þetta varðar, þ. e. a. s. hafsbotninn utan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Eins og hæstv. ráðh. réttilega gat um, er einna mest um það mál rætt nú og deilt og verður á þeim fundi Hafréttarráðstefnunnar sem nú er að hefjast. Þetta verður þar eitt meginmálið.

Ég tek eindregið undir þá skoðun hæstv. ráðh., að rétt hafi verið að fella niður úr lögum undanþáguna í reglugerð varðandi útfærsluna í átt til Jan Mayen, þannig að ótvírætt sé að við teljum okkur eiga fullan rétt á 200 mílunum óskertum þar. Þetta mál kemur auðvitað upp í þeim viðræðum við Norðmenn sem hafnar eru óformlega og verða væntanlega formlegar áður en langt um líður. Eins og hæstv. ráðh. gat um, getur verið þarna um gífurlega þýðingarmikið mál að ræða. Þessi sneið þarna norður frá er aukaatriði samanborið við þau gífurlega miklu réttindi sem þessar þjóðir væntanlega sameiginlega öðlast með 200 sjómílna efnahagslögsögu umhverfis Jan Mayen. En í samningum við Norðmenn hljótum við að keppa að því, að það stóra hafsvæði verði hagnýtt sameiginlega af þessum frænd- og vinaþjóðum og um það náist samkomulag, því að skoðun mín er sú, að Norðmenn geti ekki einir helgað sér þetta hafsvæði, en með samkomulagi við okkur geta þeir það og eftir þeim grundvallarreglum sem lausn hafréttarmála fyrst og fremst á að byggjast á samkv. drögum að hafréttarsáttmála, þ. e. a. s. að svona mál eigi að leysa með samningum eftir sanngirnissjónarmiðum þar sem allar aðstæður séu metnar. Það er inntak og meginregla hafréttarsáttmálans, og þess vegna hljóta Norðmenn og Íslendingar að semja um allt þetta hafsvæði, ekki eingöngu þessa sneið, sem við teljum okkur auðvitað eiga, heldur um hafsvæðið allt. Þeir samningar eru, eins og hæstv. ráðh. gat um, ýmist í undirbúningi eða hafnir óformlega og þeim verður fram haldið og við treystum og vonum að farsæl lausn finnist á því máli, því að eins og margsinnis hefur verið bent á er Jan Mayen á íslenska landgrunninu, en ekki hinu norska, og þess vegna taka auðvitað ákvæði III. kafla þessa frv. og væntanlegra laga til Jan Mayen-svæðisins að mati okkar Íslendinga. Við teljum að við eigum þar hafsbotnsréttindi, og ef við gefum þau að einhverju leyti eftir í samningum við Norðmenn, þá öðlumst við þess í stað fiskveiðiréttindi, en eðlilegast er auðvitað, eins og ég áðan sagði, að þessar þjóðir sameiginlega semji um öll þessi mál.

Ég held að það hafi verið hyggilegt í aths. í 6. lið almennu aths. að sneiða alveg fram hjá Rockall, nefna Rokkinn ekki á nafn, eins og gert er. En hinu er ekki að leyna, að Bretar reyna að ásælast ekki einungis eignarrétt að Rockall, heldur beinlínis að ná efnahagslögsögu umhverfis þann klett. Ef það tækist mundu þeir í fyrsta lagi skerða okkar efnahagslögsögu ef miðlína ætti að ríkja. Það viðurkennum við auðvitað aldrei, og íslenska ríkisstj. hefur bæði beint og óbeint mótmælt öllu tilkalli Breta til þessa kletts og sérstaklega til efnahagslögsögu. Mitt mat er að það mætti gjarnan nota gott tækifæri til að herða á þeim mótmælum, og veit ég að hæstv. ráðh. mun hafa það í huga ef slíkt tilefni gefst, þannig að engum geti dulist hugur okkar Íslendinga í því efni. Hæstv. utanrrh. hefur raunar nýlega með orðsendingu, hygg ég, bent á að Íslendingar munu ekki undir neinum kringumstæðum breyta reglugerð sinni vegna Rockalls. Og því endurtek ég: Ég held að það hafi verið hyggilegt að sneiða hjá því að nefna hann nokkuð í aths., svo augljóst sem það er að umhverfis hann geti engin efnahagslögsaga orðið. Oslóar-samkomulagið gekk einmitt út frá því samkomulagi sem Bretar gerðu án fyrirvara um Rockall, að okkar lína ætti að gilda. Þar með viðurkenndu Bretar í verki og raunar með samningi að þeir ættu ekki þessi réttindi, og

við það ber okkur auðvitað stíft að halda okkur. Jafnvel þótt svo kunni að vera að það hafi verið yfirsjón af þeirra hálfu að gera ekki þann fyrirvara, þá var þannig frá samningnum gengið að enginn fyrirvari af Breta hálfu var gerður, og við það höldum við okkur auðvitað að þeir geti engin réttindi átt þarna.

Eins og hæstv. ráðh. gat um, verða þessi mál, hafsbotnsmálin, aðallega rædd nú á næsta fundi Hafréttarráðstefnunnar. Við skulum játa að við höfum verið nokkuð svifaseinir að gefa þeim málum gaum. Ég játa það fyrir mitt leyti, þó að ég hafi verið á nokkrum fundum Hafréttarráðstefnunnar, þá var það ekki fyrr en nú fyrir réttu ári á fundi úti í Genf, þegar kort af heimshöfunum var lagt fram og ég sá setlagasvæðin og þau hugsanlegu réttindi sem Íslendingar gætu átt, sem ég gerði mér grein fyrir því að þarna gæti verið stórmál á ferðinni. Við vorum auðvitað með allan hugann við fiskinn og efnahagslögsöguna, að gæta réttinda okkar þar. Nú eru þau að fullu tryggð, hygg ég, það er engin leið að snúa neitt til baka þar, og þess vegna sjálfsagt að lögfesta þau ákvæði og eins þau önnur sem í þessu frv. eru. En nú þurfum við að snúa okkur að hafsbotnssvæðunum.

Það eru þrjú svæði sem við leggjum áherslu á. Ég hef þegar rætt um Jan Mayen-svæðið. Þar teljum við okkur eiga réttindi a. m. k. til jafns við Norðmenn. Það er auðvitað gífurlega stórt og mikið svæði sem þar verður um samið milli þessara tveggja þjóða. Í öðru lagi er svo Reykjaneshryggurinn og umhverfi hans. Ég hygg að þar verði ekki árekstrar við aðrar þjóðir. Við munum teygja okkur þar suður í höf, væntanlega milli 100 og 200 sjómílna út fyrir efnahagslögsöguna. Það veit enginn hvaða verðmæti þar kunna að finnast. Væntanlega eru þar ekki málmar, olíur eða jarðgös. Hins vegar veit enginn um þær lífverur sem þar eru, en hafdýpi er ekki meira þar en svo að búast má við að þar verði hægt að koma við veiðarfærum fyrr en síðar, enda eru nú menn byrjaðir að toga á hafdýpi sem er álíka og á þeim landgrunnssvæðum sem hér um ræðir, þ. e. a. s. Jan Mayen-svæðinu, Reykjaneshryggnum og síðast, en ekki síst því svæði suður af Íslandi og suðvestur af Færeyjum sem við þurfum nú að gefa sérstakan gaum að. Það liggur nú fyrir, að á fundum Hafréttarráðstefnunnar munu Íslendingar og Færeyingar bera saman bækur sínar og taka upp samráð um að gæta sameiginlegra réttinda þjóðanna og réttargæslu á þessu hafsvæði. Þar er gífurlega stórt sokkið land sem menn ætla að kunni að geyma bæði málma, olíur, jarðgös og auk þess kunni að vera þar mikilvægar lífverur. Ég hef á það bent, að auðvitað hljótum við að halda til streitu öllum okkar réttindum þar, eins til olíuleitar og gastegunda, þó ekki væri til annars en að hindra aðra í því að gera þar jarðrask sem gæti stofnað lífi í Norður-Atlantshafi í hættu. Um þetta eru Íslendingar auðvitað allir sammála.

Ekki leikur nokkur vafi á því, að einróma samþykkt mun fást á þessu frv. eins og hæstv. utanrrh. hefur vikið að og vonast til, og ég get fullvissað hann um að af stjórnarandstöðunnar hálfu er vilji til þess.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Ég fagna framlagningu þessa frv. og sérstaklega vil ég fagna ummælum hv. 5. þm. Norðurl. v. áðan. Í þessu frv. eru dregin saman á mjög ljósan og skýran hátt öll mikilvægustu ákvæði í landhelgisstefnu okkar. Einkum fagna ég því að miðlínan við Jan Mayen er nú úr sögunni, og ég vænti þess, að góður árangur náist af þeim viðræðum við Norðmenn, sem nú eru í gangi, og vona að úrslit í þeim viðræðum liggi fyrir sem fyrst, þar sem mikil hætta beinist þar að okkur varðandi loðnuveiðar á næsta sumri. Er óskandi að þessi mál verði komin á hreint áður en þær hefjast.

Í þessu frv. eru mikilsverð ákvæði um 200 mílna efnahags- og vísindalögsögu og mjög ítarleg og jákvæð ákvæði varðandi rannsóknir innlendra svo og erlendra aðila á auðæfum hafsins umhverfis Ísland. Virðist mér að í þessu frv. séu margir varnaglar við því að erlendir aðilar geti nýtt auðæfi landgrunnsins umhverfis Ísland. Einnig er vert að vekja sérstaka athygli á ákvæðum um 200 mílna mengunarlögsögu sem er ekki síst mikilvæg nú á dögum.

Það má segja að landhelgisstefnu okkar Íslendinga ljúki aldrei, en álit mitt er að með þessu frv. sé lokið einum kafla í þessari sögu. Ég vil ekki hafa orð mín fleiri um það, en fagna bæði frv. og einkum þeim ummælum hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar, að þetta sé ekki mál neins eins stjórnmálaflokks, heldur sameiginlegt mál allra þeirra sem sitja hér á þingi.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka hv. ræðumönnum fyrir mjög góðar undirtektir og skynsamlegar aths. sem þeir hafa gert.

Það er mjög til athugunar hvernig á að haga orðalagi, t. d. um hugsanlegar lífverur á hafsbotni. Menn veltu þessu dálítið fyrir sér, m. a. í landhelgisnefndinni, en í því sambandi er vert að minnast þess, að það hefur þegar orðið eitt — ekki þorskastríð, heldur krabbastríð á milli Frakka og Brasilíumanna, sem snerist um hvaða krabbategundum Brasilíumenn ættu fulla lögsögu yfir og hverjum ekki, hvað Frakkar mættu veiða þar, svo að slíkt getur komið fyrir.

Hugmyndin með því að nefna ekki Rockall er auðvitað sú sem hv. þm. nefndi, að við lýstum yfir fullri 200 mílna lögsögu gagnvart Rockall og hefur engin breyting orðið á því af okkar hálfu. Bretar hafa hins vegar verið að senda mótmæli, síðast fyrir örfáum vikum, og þeir hafa fengið svör sem á diplómatíska vísu eru eins afdráttarlaus og hörð og þar tíðkast. Ég vænti því að þar sé a. m. k. enginn misskilningur, hvað sem þeir kunna að gera í mótmælasendingum framvegis.

Varðandi Jan Mayen er á þessu stigi búist við að næsta skref í sambandi við Norðmenn verði að þeir Hans G. Andersen og Jens Evensen, sem er fremsti hafréttarsérfræðingur Norðmanna, og báðir verða formenn sendinefnda á Hafréttarráðstefnunni í Genf, ræði sín á milli um þessi mál. Má búast við að það verði á tæknilegum grundvelli.

Hin mikla þýðing, sem hafsbotninn og ytri mörk hans hafa nú á síðasta snúningi Hafréttarráðstefnunnar, er mönnum ljós, þó að það hafi kannske dagað fyrir okkur mörgum í heldur seinna lagi. Það hefur a. m. k. verið viðurkennt nú með því, að einn af sendinefndarmönnum er jarðfræðingur frá Orkustofnun og ég hef fengið heimild fjmrh. til þess að verja nokkru fé, eftir því sem hægt er, á næstu mánuðum til þess að auka söfnun upplýsinga á því sviði.

Ég vil svo ítreka þakkir mínar fyrir undirtektir þm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Félagsheimili, frv. (þskj. 25, n. 378, 379). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til meðferðar tvö frv. til breyt. á lögum um félagsheimili. Hið fyrra, 24. mál, á þskj. 25, er um að sjómannastofur skuli eftirleiðis njóta byggingarstyrks úr Félagsheimilasjóði. Síðara frv., sem er 48. mál, gerir ráð fyrir að gerðar verði nokkrar breytingar á starfsháttum Menningarsjóðs félagsheimila. Leggur n. til að þessi frv. verði sameinuð í eitt og að því lúta brtt. n. á þskj. 379. Þar er lagt til að ákvæðið um sjómannastofur verði látið standa óbreytt eins og það er í fyrrnefndu frv. Varðandi síðara frv. er þess að geta, að tveir þm. hafa flutt frv. um sama efni í Nd. Formaður menntmn. ræddi við flm. beggja frv. Féllust þeir á að gerðar yrðu þær breytingar á málinu í meginatriðum, sem felast í brtt. n., enda er þá efnisatriðum að mestu haldið.

Hér er lagt til að skipuð verði þriggja manna n. sem geri till. til ráðh. um úthlutun úr Menningarsjóðnum. Skipar menntmrh. einn nm. samkv. sameiginlegri tilnefningu Ungmennafélags Íslands og Bandalags ísl. leikfélaga, einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og svo formann án tilnefningar. Það þótti rétt að hafa n. fámenna. Samband ísl. sveitarfélaga er hér valið vegna þess hvað sveitarfélögin eiga yfirleitt mikla fjárhagslega aðild að félagsheimilum. Aftur um hina tilnefningaraðilana er það að segja, að einhver umfangsmesta starfsemi, sem fram fer í félagsheimilum, er tengd leiklistinni, og svo er Ungmennafélag Íslands samnefnari félaga sem eru öllum opin og ná yfir allt landið. Allir þessir aðilar þrír hafa starfsemi og skrifstofur á höfuðborgarsvæðinu og eiga því væntanlega að geta tilnefnt í n. fólk sem getur komið á fundi með litlum fyrirvara. Ég held að það reynist æskilegt og raunar óhjákvæmilegt vegna þess, hvers eðlis starf þessarar n. er, þ. e. að vera ráðgefandi fyrir ráðh. um úthlutun úr Menningarsjóðnum, að sú nefnd sé ekki þunglamaleg stofnun, heldur tiltæk og líkleg til að vinna greitt sitt verk. Auðvitað gátu komið til greina ýmis fleiri bandalög, eins og fram kemur í sumum þeim till. sem fyrir liggja. En þetta var valið og af þeim ástæðum sem ég nú greindi.

Samkv. gildandi lögum má Menningarsjóður félagsheimila því aðeins veita styrki til menningarstarfsemi að hún fari fram í félagsheimili. Þannig er þetta núna. Þessi löggjöf, sem hér um ræðir, fjallar um félagsheimili og um Menningarsjóð félagsheimila. Þess vegna þótti n. ekki rétt að ganga lengra en svo að veita heimild til að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer utan félagsheimila ef sérstaklega stendur á, eins og segir í brtt. n. En reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að veita slíka heimild. Ég get aðeins nefnt sem dæmi, að það getur naumast talist réttmætt og alls ekki heppilegt að binda styrk til tónlistarflutnings við félagsheimili á staðnum, ef t. d. kirkjan eða eitthvert annað hús býður betri skilyrði, t. d. betri hljómburð.

Bent skal á það, að enda þótt fjórar mgr. séu hér teknar upp í heild í frv. á þskj. 25 og í brtt. n., þá eru breytingarnar aðeins fólgnar í þeim atriðum sem hér hefur verið vikið að. Það þótti greinilegra að taka mgr. alveg upp heldur en flytja till. um breytingar á þeim, en það var leitast við að hafa þessar breytingar sem umfangsminnstar og þannig að þær féllu sem best að lögunum eins og þau eru núna og eins og þau hafa verið framkvæmd.

N. leggur sem sagt til að málið verði afgreitt með þeim hætti sem greinir í brtt. á þskj. 379.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 379, a (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 379, b (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 429). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 61. fundur.

Mánudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Aukin gæði fiskafla, þáltill. (þskj. 386). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 21. shlj. atkv. og umr. frestað.

Hleðsla fiskiskipa, þáltill. (þskj. 387). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 22 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 364). — Frh. 1. umr.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það er nú orðið æðilangt síðan ég kvaddi mér hljóðs við umr. um þá skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar, og lánsfjáráætlun sem hér er til umr. og mikið vatn runnið til sjávar síðan. Ég bað um orðið undir langri ræðu sem hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, formaður þingflokks Alþfl., flutti við fyrri umr. um þetta mál, og ég hafði hugsað mér, áður en ég kæmi að öðrum atriðum sem ég vildi hér minnast á, að drepa á nokkuð af því sem hann kom hér inn á.

Sannleikurinn er sá, að sú ræða hv. þm., sem ég hér minni á, fjallaði reyndar ekki fyrst og fremst um það efni sem þá var til umr. og nú er til umr., heldur snerist hún nær eingöngu um Alþb. og afstöðu þess til ýmissa mála. Hv. þm. kvartaði mikið yfir því, að það væri erfitt að ná árangri í stjórn efnahagsmála vegna stífni og þvermóðsku af hálfu Alþb. og þessir erfiðleikar væru í rauninni jafnmikilir hvort heldur Alþb. væri innan ríkisstj. eða utan, alltaf stæði það í veginum fyrir því sem þm. talaði um sem skynsamlega stjórn efnahagsmála. Ég vil aðeins segja í tilefni af þessum orðum, að ég tel ástæðu til að fagna því alveg sérstaklega, ef hv. þm. formaður þingflokks Alþfl. hefur fundið til þess að Alþb. stæði nokkuð þétt í andstöðunni við þá stefnu í efnahagsmálum sem forustumenn Alþfl. — og þá ekki síst hv. 4. þm. Vestf. — hafa boðað sem hina einu skynsamlegu efnahagsstefnu okkar Íslendinga. Og ég ætla að vona að hv. þm. muni hafa ástæður til að kvarta yfir þessu áfram.

Það hefur ekki farið neitt á milli mála, að milli þingflokka ríkisstj. hefur hart verið deilt um það, hvaða leiðir ætti að fara til að vinna bug á verðbólgunni í þessu landi og til að ná ýmsum öðrum mikilvægum efnahagslegum markmiðum. Hv. þm. formaður þingflokks Alþfl. lét að því liggja í ræðu sinni, að máske væri skýringin á þessum ágreiningi sú, að Alþfl. væri miklu áhugasamari um að kveða verðbólguna niður heldur en aðrir flokkar í ríkisstj. og þá sérstaklega Alþb. Ég hygg að engin rök séu fyrir þeirri skýringu, enda voru þau ekki færð fram, en hitt er staðreynd, að flokkana hefur greint alvarlega á um það, hvaða leiðir ætti að fara til þess að ráðast gegn verðbólgunni. Það hefur komið fram við umr. hér á Alþ. hvað eftir annað á þessum vetri, að Alþfl. hefur viljað ganga — ég leyfi mér að segja: allra flokka lengst í þá átt að skera niður kaupmátt launa hjá almennu launafólki, eins og endurtekinn tillöguflutningur og yfirlýsingar af hans hálfu eru til marks um, og þá ekki síður í þá átt að draga úr framkvæmdum í þjóðfélaginu og beita þar ákveðnum reglustrikuaðferðum sem þm. hans hafa viljað halda fram að gætu dugað sem allsherjarlækningameðal. Till. þeirra um leiðir í baráttunni við verðbólguna hafa allar mótast eingöngu af þessu tvennu: að verðbólguna hefur átt að kveða niður með niðurskurði kaupmáttar launa og með stórkostlegum samdrætti í framkvæmdum í landinu.

Við Alþb.-menn höfum hins vegar haldið því fram, að það væri hægt að ná allverulegum árangri í því að draga úr verðbólgunni án þess að það þyrfti að kosta verulega skerðingu almennra launa og án þess að það þyrfti að kosta verulegan samdrátt atvinnuframkvæmda í landinu. Við höfum meira að segja leyft okkur að halda því fram, að jafnvel þótt leið Alþfl. um stórkostlega kjaraskerðingu og stórkostlegan samdrátt væri farin, þá væri ekki einu sinni víst að það leiddi til sigurs yfir verðbóglunni.

Við höfum fyrir okkur blákaldar staðreyndir um þann árangur sem nú þegar er búið að ná í viðleitninni til að draga úr verðbólgunni. Það liggur við að það sé óþarft að rifja upp hvernig þau mál standa. Þar er þannig málum háttað nú, að í stað þess að framfærsluvísitala hafði hækkað um 52—53% síðustu 12 mánuði sem fyrri ríkisstj. sat að völdum síðasta árið, þá hefur samsvarandi hækkun framfærsluvísitölunnar og vöxtur verðbólgunnar á því hálfa ári, sem liðið er frá stjórnarskiptum, verið innan við helming af þeim verðbólguhraða sem var á síðasta heila ári fráfarandi ríkisstj. Sé tekið mið af þessum 6 mánuðum núv. ríkisstj. hafði framfærsluvísitalan aðeins hækkað um rúmlega 11% á 6 mánuðum eða um 23% á ársgrundvelli. Og sé tekið mið af síðustu 3 mánuðum sem fyrir liggja útreiknaðir og spurt hver hreyfingin sé á vísitölunni miðað við ársgrundvöll og byggt á hreyfingunni þessa síðustu 3 mánuði, þá er verðbólguhraðinn kominn niður í rétt liðlega 20% á ársgrundvelli. Þarna er auðvitað um mjög mikinn árangur að ræða, og hann hefur náðst fyrst og fremst vegna þess að farnar voru þær leiðir sem Alþb. gerði frá upphafi kröfur um, t. d. um afnám söluskatts á matvælum, stórauknar niðurgreiðslur á matvælum, mikla hörku af hálfu verðlagsyfirvalda í flestum tilvikum og viðskrn. varðandi beiðnir um hækkanir, þar sem þar hefur verið staðið fast á móti flestum hækkanabeiðnum nema þeim sem óhjákvæmilegar hafa mátt kallast. Það er vegna þessara aðgerða og þessarar stefnu sem árangurinn í baráttunni við verðbólguna er þó orðinn sá sem hann er og ekki lítill nú þegar frá stjórnarskiptum. Og þetta hefur tekist án þess að farið væri í þá miklu árás á kaupmátt almennra launa, sem Alþfl. hefur krafist, og án þess að farið væri út í þann stórkostlega niðurskurð á framkvæmdum, sem Alþfl. hefur krafist. Hitt vil ég taka fram, að bæði í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og í sambandi við þá skýrlsu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem hér liggur fyrir og við erum nú að ræða, kemur auðvitað fram að þarna hefur orðið að semja, þarna hafa báðir aðilar orðið að slaka nokkuð til. Verði lánsfjáráætlun ríkisstj. endanlega samþ. í svipuðu formi og hún liggur nú fyrir og eftir henni farið og sömuleiðis þær ákvarðanir teknar gildar sem í fjárl. standa, þá verður auðvitað allverulegur samdráttur í þjóðfélaginu í framkvæmdum og að mínu viti — það vil ég undirstrika — meiri en góðu hófi gegnir og þegar um þjóðhagslega brýnar framkvæmdir er að ræða, eins og margar sem hér er verið að fjalla um, þá vil ég segja: allt of mikill. En staðreyndin er sú, að bæði í umr. fyrir afgreiðslu fjárl. og í umr. til undirbúnings lánsfjáráætlun hefur Alþfl. krafist þess, að þessi niðurskurður yrði þó miklu meiri, og þarna hefur verið mæst, ekki kannske nákvæmlega á miðri leið, en einhvers staðar á milli sjónarmiða þessara tveggja flokka.

Gert er ráð fyrir því í þessari lánsfjáráætlun, að vöxtur verðbólgunnar á árinu 1979 verði með þeim hætti að framfærsluvísitalan hækki frá ársmeðaltali 1978 til meðaltals 1979 um 33% og að framfærsluvísitalan hækki á árinu 1979, frá upphafi þess til loka þess, um 30%, en byggingarvísitalan, ársmeðaltal 1978 til ársmeðaltals 1979, um 34%. Ég vil í þessu sambandi undirstrika tvennt. Ég vil undirstrika það, að takist að halda verðlagsþróuninni innan þeirra marka sem þarna eru sett, þá er þar um mjög verulegan árangur að ræða í þessum efnum frá því ástandi sem var þegar núv. ríkisstj. tók við. Á þær tölur minnti ég áðan. Og ég vil líka undirstrika það, að ef tekið er mið af fyrstu 6 mánuðum frá stjórnarskiptum, þá eru horfur á að þessu marki verði náð hvað verðbólguna snertir í rauninni mjög miklar. Til að ná þessu marki, 30% hækkun framfærsluvísitölu, frá upphafi ársins 1979 til loka þess mætti verðlagið hækka býsna miklu meira á þeim tíma, sem eftir er af þessu ári, en það hefur gert undanfarna 6 mánuði — býsna miklu meira. Það sýna þær tölur sem ég drap á áðan og alls staðar liggja fyrir.

Ég held að það væri full ástæða til verulegrar bjartsýni

í þessum efnum ef ekki hefði komið til sú alvarlega hækkun á olíu sem við öll þekkjum. En jafnvel þrátt fyrir þau alvarlegu tíðindi vil ég leyfa mér að ætla að góðar líkur séu á að þetta mark náist. En ég vil leyfa mér líka að segja það, að ef við getum gert okkur vonir um að ná verðbólgunni á þessu ári niður í kringum 30—33%, þá eru ýmis mikilvæg markmið sem ég tel ástæðu til að komi ofar í röð heldur en krafa um að ætla að ná verðbóglunni enn lengra niður á þessu ári, 1979. Þar vil ég telja á undan alveg hiklaust t. d. varðveislu kaupmáttar almennra launa, einnig að þjóðhagslega nýtum framkvæmdum verði haldið uppi helst ekki í minna mæli en á síðasta ári. Ég hefði talið það lágmarkskröfu. Það hefur að vísu verið á það fallist að nokkur samdráttur eigi sér stað. Og ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. komist að þeirri niðurstöðu áður en lýkur, að til þeirra viðhorfa, sem ég hef þarna lýst í þessum efnum, verði tekið tillit.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hélt því fram í þeirri ræðu sem ég vitnaði til áður, að Alþb. hafi í rauninni skrifað upp á það, að ekki sé hægt að ná verðbólgunni niður nema með því að lækka kaupið hjá verkafólkinu, og hann vitnaði í þeim efnum í ákveðna setningu hér í skýrlsunni. Ég vil nú leyfa mér að andmæla því harðlega, að af okkar hálfu í Alþb. hafi nokkru sinni verið á það fallist að ekki sé hægt að ráða bug á verðbólgunni í landinu nema með því að lækka hin almennu laun hjá vinnandi fólki. Við vitum að flokkana hefur greint á í þessum efnum. Það var kenning þeirrar ríkisstj., sem hér fór með völd á síðasta kjörtímabili, bæði í orðum og á borði, að ekki væri hægt við verðbólguna að ráða nema með því að lækka verulega kaupið, og það var reyndar gert, kauplækkunin framkvæmd, en árangurinn gagnvart verðbólgunni varð hins vegar minni en enginn.

Það er að vísu alveg rétt hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að á bls. 6 í skýrslu ríkisstj. segir svo um þá tilraun til að koma verðbólgunni niður í það að neysluvöruverð hækki ekki nema um 33% að meðaltali frá 1978 til 1979, að „sá árangur næst þó ekki nema fylgt verði þeirri stefnu í kauplags- og verðlagsmálum að hækkun peningalauna verði minni en fylgir óbreyttu kerfi vísitölubindingar launa". Þessi setning stendur þarna, það er út af fyrir sig alveg rétt. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að þarna sé um að ræða fullyrðingu sem sá sem hana hefur sett á blað trúir ugglasut, en að henni eru engin rök færð og væri auðvelt að færa fram margvísleg rök gegn því að þessi fullyrðing sé rétt. Þarna er settur fram spádómur eða kenning sem ég tel að ekkert erindi eigi inn í þá skýrslu sem þarna er sett fram, slíkur sleggjudómur sem þarna er um að ræða — hreinn sleggjudómur. Hitt vitum við vel, að einstök rn. senda frá sér margvísleg plögg, smá og stór. Hér er um að ræða skýrslu upp á 61 síðu. Þetta er ekki lagagrein, það skal líka minnt á. Þetta er setning í skýrslu. Og það er auðvitað hrein fjarstæða að halda því fram, að enda þótt ein slík setning komi í skýrslu frá fjmrn. — skýrslu upp á 61 bls. — þá hafi einstakir ráðh. Alþb. tekið ábyrgð á þessari setningu sérstaklega. Það hafa þeir örugglega ekki gert. Ég treysti mér til að staðhæfa fyrir hönd þeirra allra, að enginn þeirra er á þeirri skoðun, sem þarna kemur fram. Hér er sem sagt um hreinan útúrsnúning að ræða af hálfu hv. þm. Og þar sem þetta er ekki einu sinni lagagrein sem þarna er verið að leggja til, heldur setning í skýrslu, þá væri auðvitað alveg fráleitt að ætla að fara að halda uppi löngu málþófi innan ríkisstj. um það, hvað fjmrn. setur þarna inn, því varla gæti sá ágreiningur varðað stjórnarslitum.

Ég vil koma hér inn á nokkur atriði í viðbót. Það hefur verið uppi deila um það, hvort ætti eða hvar ætti að setja markið í sambandi við opinberar framkvæmdir á þessu ári, og um það, hvað ríkissjóður ætti að taka í sinn hlut mikinn part af okkar þjóðarframleiðslu í heild. Um þetta hefur verið mjög deilt. Alþfl. hefur haldið því fram, að fjárfestingin í landinu mætti undir engum kringumstæðum, hvorki á árinu 1979 né á árinu 1980, fara fram úr 24.5% af okkar þjóðarframleiðslu. Það fór svo, að að lokum var af hálfu Alþb. fallist á þessa kröfu fyrir árið 1979, en hins vegar hefur því af okkar hálfu verið neitað varðandi árið 1980. En ég vil í tilefni af því, sem sagt var af hálfu formanns þingflokks Alþfl. um þessi efni, leyfa mér að minna á það, að sú lánsfjáráætlun og fjárfestingaáætlun, sem við erum hér að ræða, gerir ráð fyrir að samdráttur í opinberum framkvæmdum á árinu 1979 verði 5%. Þetta á að bætast við 14.3% samdrátt í opinberum framkvæmdum á árinu 1978 og 16% samdrátt í framkvæmdum á árinu 1977. Þetta þýðir það, að verði eftir þessu farið verður samdrátturinn í opinberum framkvæmdum orðinn það mikill að framkvæmdir á árinu 1979 munu ekki ná 70% af því sem um var að ræða fyrir þremum árum, á árinu 1976. Og ég hika ekki við að halda því fram, að hvort sem litið er til þeirrar samfélagslegu nauðsynjar, sem kallar á að margvíslegum opinberum framkvæmdum verði hraðað, eða til hins, hvaða alvarleg áhrif þessi samdráttur getur haft á atvinnuhorfur og á tekjuöflunarmöguleika lágtekjufólks í landinu, hvort heldur sem horft er á, er þessi samdráttur orðinn allt of mikill.

Auðvitað skiptir alveg gífurlega miklu máli hvernig fjármagninu er ráðstafað. Það segir sig sjálft. Og mörg eru dæmin um að illa hafi verið farið með opinbert fé. En ég læt mér ekki detta í hug að enda þótt hægt sé að benda á slík dæmi, jafnvel óumdeild, þá sé hægt að draga af því þá ályktun, að þess vegna verði að keyra þessar nauðsynlegu framkvæmdir niður. Ég held að það sé alveg eins hjá ríkissjóði og hjá hvaða fyrirtæki sem er eða einstöku heimili, að þegar erfiðleikar steðja að, þá hljóti að vera hyggilegra en allt annað að festa fé í framkvæmdum sem annaðhvort eru til þess fallnar að spara útgjöld, þegar til lengri tíma er litið, eða gefa af sér aukinn arð. Og það eru ótal slíkar framkvæmdir sem kalla að — og kalla mjög mikið að.

Ég vil nefna tvö dæmi sem mér koma í hug, og af því að ég minntist nokkuð á ræðu hv. 4. þm. Vestf., þá er best að ég nefni hér fyrst dæmi úr því kjördæmi sem við erum reyndar báðir fulltrúar fyrir. Í þessari fjárfestingaráætlun, sem hér er verið að ræða, er gert ráð fyrir að á árinu 1979 verði varið um 1550 millj. kr. til byggingar Vesturlínu, sem svo hefur verið kölluð, þeirrar stofnlínu sem á að tengja Vestfirði við aðalorkuveitusvæði landsins og tryggja þeim það rafmagn, þá orku sem þar skortir svo mjög, og tekið er fram að þessu stóra verkefni skuli lokið á árinu 1980. Ég vil minna á það, að þarna er t. d. um svo ótvírætt þjóðhagslega hagstæða framkvæmd að ræða, að gert er ráð fyrir að sparnaðurinn við að koma þessari línu á nemi fast að 1 milljarði kr. á einu einasta ári. Og það er auðvitað nokkuð augljóst að slíkar framkvæmdir sem kalla að eru miklu víðar og þær eru á miklu fleiri sviðum. Það er með öllu fráleitt að ætla að koma með eina reglustriku og segja: Hvernig sem allt veltist

skal fjárfestingin í þjóðfélaginu undir engum kringumstæðum fara fram úr 24.5% af þjóðarframleiðslunni.

Ég vil minna á það, að nú þegar hækkun olíuverðsins hefur orðið jafngífurleg og við öll þekkjum, meira en tvöföldun á verði, og óvíst nema sú hækkun verði varanleg, er auðvitað alveg einsýnt mál, að jafnvel þó einhvers staðar standi í skýrslum eða samþykktum að fjárfestingin megi ekki vera nema sem svarar ákveðinni prósentutölu, þá ber ríkisstj., verði þessi olíuhækkun varanleg, skylda til að hafa forgöngu um að frá slíkri reglu verði hiklaust vikið og veitt verði fjármagn í þær framkvæmdir sem brýnastar eru og jafnframt tryggastar framkvæmdir á þessu sviði og að því miða að koma í veg fyrir þá olíunotkun sem enn er því miður óhjákvæmileg í svo miklum mæli sem raun ber vitni í þessu landi.

Ég vil aðeins minna á annað dæmi af öðru sviði, en sviðin eru tvö sem eðlilegt er að horft sé á á undan öllum öðrum þegar við veltum fyrir okkur hvernig eigi að ráðstafa fjárfestingunni, burt séð frá því hvað hún sé mikil. Það hljóta annars vegar að vera orkumálin til þess að spara okkur olíuna og hins vegar vinnsla okkar sjávarafla til að vinna upp þær hömlur sem óhjákvæmilegt getur orðið að setja á veiðar okkar mikilvægasta fiskstofns. Og ég verð að segja það, að ég tel í rauninni alveg fráleitt að ætla að stöðva ýmsar framkvæmdir í sambandi við uppbyggingu fiskiðnaðarins í landinu út frá þeirri reglu að það sé bann við fjárfestingu nema upp að einhverju takmörkuðu og mjög lágu marki. Okkar ágætu sjómenn eru t. d. undanfarnar vikur búnir að moka hér upp einhverjum reiðinnar ósköpum af loðnu og munu meira að segja nú þegar vera að ná því marki sem ætlunin var af hálfu sjútvrn. að láta gilda sem hámark, 450 þús. tonn. Það er komið yfir það, heyrðum við í fréttum nú. En hvernig förum við með þessa loðnu? Ég minni á það, að samkv. skýrslu, sem unnin var fyrir tveimur árum af Framkvæmdastofnun ríkisins, er nýtingin í þessari mikilvægu grein með þeim hætti, að á þáverandi verðlagi náðum við út úr sama magni af loðnu og Norðmenn, og þá miðað við okkar aflamagn, rösklega 1.5 milljörðum minna en verið hefði ef nýtingin hér hefði verið sú sama og í Noregi. Þetta þýðir, framreiknað til núgildandi verðlags, ekki minna en það, að mismunurinn á því, sem við náum út úr loðnunni út á okkar nýtingu, og því, sem við gætum náð ef við nýttum loðnuna á borð við Norðmenn, — hann er ekki minni en 3 milljarðar kr. Og þá er ég aðeins að tala um það magn af loðnu sem hér var veitt 1977, en yrði auðvitað enn þá meira ef aflaaukningin, sem orðið hefur síðan, væri tekin inn í. Og þannig væri hægt að halda áfram að telja upp.

Ég segi það enn og aftur, að sú stefna að keyra niður fjárfestinguna, bæði í opinberum framkvæmdum og í atvinnulífinu, er röng, hvaða ríkisstj. sem fyrir henni stendur og hvaða flokkur sem hana boðar. (Gripið fram í.) Það er gott.

Ég vil aðeins minna á það til viðbótar, að þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður þingflokks Alþfl., talar um það, að ef fjárfestingin yrði ekki miðuð við þessi heilögu 24.5%, heldur aðeins við 25%, þá væri hér stórkostlegur voði á höndum. Hann orðaði það meira að segja svo, að það væri í fyrsta lagi útilokað að auka fjárfestinguna nema með því að hækka erlend lán og ef við hækkuðum erlend lán sem næmi þessu hálfa prósenti, þá værum við á þessu ári að taka meiri erlend lán en nokkru sinni fyrr. Hér er um svo grófar falsanir að ræða að ég get ekki látið þeim ómótmælt fyrst ég er farinn að minnast á þessa endemisræðu úr þessum ræðustól.

Í fyrsta lagi er það auðvitað ljóst, að það hálfa prósent af okkar þjóðarframleiðslu, einhvers staðar milli 3 og 4 milljarða, er upphæð sem að sjálfsögðu væri hægt að færa til í okkar þjóðarbúi frá eyðslu til brýnna þjóðhagslega nauðsynlegra framkvæmda án þess að erlendar lántökur þyrftu að koma þar til. Það er í fyrsta lagi ljóst. (Gripið fram í.) Í öðru lagi vil ég til upplýsingar benda á hvernig þróun hinna erlendu lána hefur verið háttað á allra síðustu árum og hvernig gert er ráð fyrir að þeim verði háttað í þessari lánsfjár- og fjárfestingaráætlun sem við erum hér að ræða. Ég vek athygli á þessum tölum og tek fram að þær er að finna hér á bls. 20 í þessari margumtöluðu skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Þær eru á þessa leið: 1976 er nettóaukning langra erlendra lána 10.4% af útflutningstekjum en 4.2% af þjóðarframleiðslu. 1977 er nettóaukning langra erlendra lána 13.4% af útflutningstekjum, en 5.3% af þjóðarframleiðslu. 1978 er nettóaukning langra erlendra lána 4.8% af útflutningstekjum, en 2.2% af þjóðarframleiðslu. Og 1979 er áætlað skv. þessari lánsfjár- og fjárfestingaráætlun, sem við ræðum hér, að nettóaukning langra erlendra lána verði 4% af útflutningstekjum, en 1.8% af þjóðarframleiðslu.

Ég vek á þessu athygli bæði vegna þess að það er fróðlegt að sjá hvað hér er gífurlega mikill munur á hvað lántökurnar eru áætlaðar minni 1979 en þær voru á árunum 1976 og 1977, þar sem munurinn er mest áberandi, en einnig vek ég athygli á þessu til að sýna fram á hversu fráleit sú fullyrðing er, að jafnvel þótt við tækjum erlend lán til að halda uppi þeim framkvæmdum sem um væri að ræða á þessu ári eða á næsta ári, — þeim framkvæmdum sem svaraði mismuninum á 24.5% af þjóðarframleiðslu og 25%, þá fer því víðs fjarri, þó að sú upphæð, sem er 3—4 milljarðar, væri öll tekin að láni erlendis, að lántökurnar yrðu meiri en nokkru sinni fyrr. Nettóaukning á löngum erlendum lánum á árinu 1979 er ráðgerð 13.4 milljarðar og þó að þar væri bætt 3—4 milljörðum við yrði ekki um að ræða nema 6—7% af okkar útflutningstekjum á þessu ári á móti 10.4% 1976, og 13.4% 1977. Þetta er út af fyrir sig fróðlegt til skoðunar.

Það eru atriði hér í viðbót sem ég vil ekki láta hjá líða að minnast á. Ég hef drepið á allra nauðsynlegustu þætti okkar í sambandi við þörf á aukinni fjárfestingu, þ. e. a. s. orkumálin og fiskvinnsluna. Ég hika ekki við að segja að ef á þyrfti að halda, þá væri jafnvel réttlætanlegt að taka erlend lán til að bæta þar um betur — alveg hiklaust. En það þarf ekki einu sinni á því að halda, vegna þess að við höfum nóg fjármagn hér innanlands sem sóað er í óþarfa.

Þá vil ég koma aðeins inn á annan þátt. Mér þykir satt að segja engan veginn ánægjulegt að sjá á bls. 61, öftustu lesmálsblaðsíðu í þeirri skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem hér er til umr., að gert sé ráð fyrir á þessu ári, 1979, að verja 7.7 milljörðum kr. í byggingar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þarna er um að ræða tölu sem ég leyfi mér að halda fram að sé allt of há. Deilan er nefnilega ekki bara um það, hvað fjárfestingin eigi að vera mikil sem hluti af þjóðarframleiðslu, heldur líka um það, hvernig þeim upphæðum sé varið, þeim rösklega 182 milljörðum sem gert ráð fyrir að verja til fjárfestingar. Ég tel að ef á annað borð á að viðurkenna að hér sé brýn þörf á fjárfestingarhömlum, það sé nauð-

synlegt að hamla gegn fjárfestingu í orkumálum, í atvinnumálum, þ. á m. fiskvinnslunni, þá væri nær að ganga mun lengra en hér er gert í niðurskurði á þessum lið: verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Að vísu er skylt að taka það fram, að það er reiknað með að niðurskurðurinn á þessum lið verði 8.5% að magni á móti því að hann er 5% í heild, þ. e. a. s. 50% á opinberum framkvæmdum og tæplega 7% á fjárfestingu í landinu í heild. Niðurskurður á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er 8.5%. En þetta er allt of lítill mismunur. Ég hefði talið óhætt að skera verslunar- og skrifstofuhúsnæði niður um helming, og það hefði átt að gera áður en fjárveitingar til fiskvinnslunar og orkuframkvæmdanna væru takmarkaðar með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Það væri lengi hægt að halda áfram að telja upp sitt af hverju úr því plaggi sem við erum hér að ræða. Ég mun nú spara mér það samt. Ég á sæti í þeirri nefnd sem mun fjalla um þessa till. Ég held að það hljóti að geta orðið ærið mörgum til umhugsunar um það, hvernig fjármagni er ráðstafað hér, ekki bara hér innan hins háa Alþingis, heldur hjá þjóðinni allri, að virða fyrir sér þessar tölur, að við skulum enn ætla að fjárfesta í verslunar- og skrifstofuhúsnæði upp á 7.7 milljarða, á sama tíma og gert er ráð fyrir að fjárfestingin í fiskvinnslunni sé 9.7 milljarðar. Þarna er um ekkert ólíkar upphæðir að ræða, og er þetta þó að sjálfsögðu framför í þessum efnum frá því sem verið hefur, það skal tekið fram.

Það er ekki margt fleira sem ég bæti hér við á þessu stigi málsins. Það er stundum höfð uppi sú ásökun, og kom reyndar fram í þessum umr., að við Alþb.-menn viljum gera lítið að því að nota okkur þá sérfræðiþekkingu í efnahagsmálum sem ýmsir langskólagengnir menn á því sviði hafa aflað sér. Ég held að þessi ásökun sé ekki fyllilega réttmæt, en vera kann að samt sé ekki alveg ástæðulausu að hún er borin fram, sérstaklega sé við það miðað hvernig ýmsir þeir, sem við stjórnmál fást, og ekki hefur það síst verið áberandi um hluta af forustuliði Alþfl. að undanförnu, virðast láta sér duga að taka við því hráu, sem þessi eða hinn svokallaði sérfræðingurinn um efnahagsmál kann að hafa fram að færa á hverjum tíma, og ætla jafnvel að láta sér duga þær reglustrikur og þá reikningsstokka sem slíkir aðilar bjóða. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að langskólagengnir menn í hagvísindum séu jafnmisjafnir, jafnmisjafnlega góðir fræðimenn og um er að ræða í öðrum slíkum greinum. En það er þó ekki aðalatriðið í þessum efnum, heldur hitt, að hér í þessu landi eins og víðast annars staðar fara fram þjóðfélagsleg átök, þar sem andstæðir hagsmunir takast á. Hið pólítíska vald og þau pólítísku öfl, sem ætla að taka þátt í þessum átökum, verða auðvitað fyrst og fremst að gera það upp við sig, hverra hagsmuna skal gæta, hverra fulltrúar menn vilja vera á hinum pólítíska vettvangi. Og það er mikill misskilningur að halda að það sé hægt að fara í smiðju til einhverra ágætra hagfræðinga, hversu ágætir svo sem þeir eru, til að fá svör við þeim spurningum, sem í þessum átökum hljóta jafnan að vakna. Þarna er að sjálfsögðu fyrst og fremst um að ræða pólítískt val, — það t. d. hvernig á að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Á að gera það með því að skerða kaupmáttinn, draga saman framkvæmdir, opinberar framkvæmdir og í atvinnulífinu? Það er ein pólítísk leið. En það er önnur pólítísk leið sem hefur aðra hagsmuni að leiðarljósi, sú að ráðast gegn verðbólgunni með því að færa til fjármuni í þjóðfélaginu, frá eyðslunni, frá eignastéttinni og yfir til þeirra sem við lakari kjör búa. Menn læra það ekki í neinum háskólum, hvað sé rétt og hvað sé rangt í þessum efnum. Þess er ekki að vænta. En hitt er annað, að auðvitað er ekki nema sjálfsagt að ætla þeim sérfræðingum, sem íslenska ríkið hefur í sinni þjónustu á sviði efnahagsmála að vinna mörg mikilvæg verk. En spurningin er hvernig á að setja þeim fyrir. Hver ætlar að setja þeim fyrir og hvernig á að setja þeim fyrir? Það erum við, sem erum kosin pólítískir fulltrúar í almennum kosningum, sem eigum að stjórna þessu landi, eigum að setja sérfræðingunum verkefnin fyrir, en ekki öfugt. — Hér get ég sem best látið máli mínu lokið, herra forseti, og geri það.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 er nú hér til 1. umr. í fyrri d. þó að senn sé komið að miðjum marsmánuði. Þetta frv. og lánsfjáráætlun hefðu auðvitað átt að liggja fyrir við afgreiðslu fjárl., eins og við sjálfstæðismenn tókum þá fram. Hæstv. forseti þessara hv. d. sagði áðan að það væri til þess ætlast af ríkisstj. að hraða afgreiðslu þessa máls, og kom slík yfirlýsing hæstv. forseta mér ekki á óvart þó að hún hefði jafnvel komið fyrr frá hæstv. ríkisstj.

Þegar ég kom hér á þing fyrir allmörgum árum var mjög gildandi sú regla, að flokkar stjórnarliðs sem lögðu mál ríkisstj. fram, ræddu málin það ítarlega innan flokkanna áður en málin kæmu hér til umr., að þeir reyndu að stilla mjög í hóf ræðum sínum og tefja ekki fyrir framgangi mála. En nú er öldin önnur. Nú er tekin upp sú venja hér í þinginu að stjórnarliðar tala hver um annan þveran og megintíminn af ræðum þeirra fer í það að hnýta hver í annan. Nú var að ljúka máli sínu hv. 3. þm. Vestf. og hann hefur talað hér um þetta frv. í næstum því heilan klukkutíma. Meginþorrinn af þeim tíma fór í að snupra 4. þm. Vestf., formann þingflokks Alþfl., fyrir ræðu sem hann hélt um þetta mál fyrr. Síðast þegar þetta frv. var hér á dagskrá og til umr. hvarf skyndilega öll ríkisstj. eins og gröfin hefði gleypt hana. Daginn áður eða tveimur dögum áður talaði enginn um það, að hæstv. fjmrh. var þá ekki viðstaddur vegna þess að hann var sjúkur, en þennan dag var hann kominn til starfa og þá skeður það að ofan í umr. hér í þingi er ríkisstj. boðuð til ríkisstjórnarfundar. Þetta eru vinnubrögð sem voru harðlega gagnrýnd hér fyrr á árum, og ef ráðh. voru ekki viðstaddir umr. um mál, sem undir þá heyrðu, stóðu m. a. bústnir og miklir framsóknarmenn hér í ræðustól og neituðu að halda áfram ræðum sínum nema væri kallað í þessa ráðh. Ég man eftir slíkum atburðum og það oftar en einu sinni, oftar en tvisvar, þetta var algilt. Og þá var talin sjálfsögð skylda ráðh. að mæta við umr. En það koma nýir siðir með nýjum herrum. Þegar hin mikilvægustu mál, sem þeir leggja fyrir þingið, eru tekin hér til umr. þá hverfa þeir allir, þá detta þeir hér niður úr gólfinu og hverfa. Og það er móðgun við þingdeildina og það er móðgun við forseta d. að taka mál eins og þetta hér á dagskrá og sýna þinginu þá óvirðingu að hverfa burt þegar málið er til umr. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og fordæmi þau.

Klukkan 15.45, þegar **þetta frv. var síðast til umr.**, voru 9 menn hér í d. Það var **forseti d., sem** að sjálfsögðu gat ekki farið. Það voru **tveir Alþb.-menn**, einn framsóknarmaður fyrir utan forseta d., einn Alþfl.-maður og

fjórir sjálfstæðismenn. Nú hefur töluvert vænkast frá því sem var undir miðri ræðu 3. þm. Vestf., því lengst af voru 8—9 manns hér inni í d. þegar þetta mikilvæga mál er til umr. En menn eru þó að koma inn og sitja hér og hlýða á umr.

Ég furða mig á því, að þm. stjórnarliðsins, sem talaði hér langt mál síðast þegar þetta frv. var til umr., hv. 6. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, og gagnrýndi margt í frv. og lánsfjáráætluninni, — að hann skyldi tala og flytja sína löngu og ítarlegu ræðu. Hann talaði mjög málefnalega og gerði ákveðnar aths., en enginn ráðh. var til þess að hlýða á þær aths. sem þessi stjórnarþingmaður hafði fram að færa. Nú höfum við heyrt það oftar en einu sinni og þá ekki síst hjá hæstv. forsrh., að ríkisstj., sem nú situr, ætli ekki að gera nokkurn skapaðan hlut nema í nánu samstarfi og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og þá alveg sérstaklega verkalýðshreyfinguna. En þessi ágæti þm., 6. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, sagði að það hefði verið við þá rætt um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða og að hann hefði mælt mjög gegn því sem fram kemur í 3. gr. þessa frv. og á þann hátt, var hægt að skilja á honum, að það kæmi að hans dómi ekki til greina að taka um 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og verja því til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Þetta er í samræmi við skoðun þessa hv. þm. í samskiptum við fyrri ríkisstj. og því ekkert óeðlilegt við að hann láti þessa skoðun frá sér fara og veki á henni athygli. En ég spyr hæstv. fjmrh.: Eru fleiri aðilar verkalýðshreyfingarinnar en Eðvarð Sigurðsson á móti því að lögbinda 20% af þessu ráðstöfunarfé? Er það ætlun hæstv. ríkisstj., er það ætlun þessara þriggja stjórnarflokka að lögbinda fimmtung af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í andstöðu við verkalýðshreyfinguna? Er þetta allt samstarfið og samráðið sem á að hafa? Ég er ekki að leggja efnislegt mat á það, hvort þetta sé rétt eða rangt. Ég legg á það áherslu, að þeir, sem eiga að stjórna fjármálum ríkisins, verða að ráða yfir meginþorra af lánsfénu, til þess að ráða eitthvað við fjárfestinguna og hvað gert er við peningana hverju sinni, sértaklega í landi eins og okkar þar sem mikill lánsfjárskortur er ríkjandi. En fyrrv. ríkisstjórn og fyrrv. ríkisstjórnir fóru ekki þá leið að ráðstafa fjármunum í andstöðu við verkalýðshreyfinguna, því spyr ég: Ætlar þessi ríkisstj. — samráðsríkisstj. við verkalýðshreyfinguna — að brjóta hér blað? Nær þetta tal þá ekki lengra? Er það búið að vera? Hvenær varð þessi stefnubreyting, og hafa allir stjórnarflokkar samþ. þetta? Þetta væri fróðlegt að fá upplýsingar um og skylt að gefa þær upplýsingar.

Mér fannst vera heldur ergilegur tónninn í ræðu hv. 3. þm. Vestf. áðan, og samt gaf hálfbróðir hans í pólítík, Sighvatur Björgvinsson, þá skýringu að ræðan hefði verið samin í síðustu viku, því hann er búinn að vera lengi á mælendaskrá eins og ég, þessi hv. þm. En ef ræðan hefur verið samin í síðustu viku, þá er auðvitað ekkert óeðlilegt við það, að ergelsistónn hafi verið í ræðunni. En hvernig væri tónninn ef hann hefði samið hana í gær? Formaður þingflokks Alþfl. má mjög vel við una að hv. 3. þm. Vestf. flutti gamalsamda ræðu, en ekki nýsamda.

Hv. 3. þm. Vestf. sagði að núv. ríkisstj. hefði hamlað mjög á móti hækkunarbeiðnum. Það var á honum að skilja að það hefði tekist, af því að það hefði verið skelegg ríkisstj. og samhent, eins og öll þjóðin veit, samtaka til allra átaka, að ráða við þróun verðbólgunar með því að standa gegn hækkunarbeiðnum. Nú vill svo dásamlega vel til að Alþb. eða Alþb.-ráðh. fer með yfirstjórn eins stærsta ríkisfyrirtækisins, Pósts og síma, og ríkisstj. samþ. fyrir nokkru að leyfa hluta af beiðni um hækkun gjaldskrár þessarar stofnunar að koma til framkvæmda. En stofnunin sjálf telur að það vanti 2000 millj. kr. til þess að endar nái saman á þessu ári. Nú er fróðlegt að vita hvort snillingnum Ragnari Arnalds tekst að reka Póst og síma hallalaust, því það er það sem máli skiptir, en ekki að reka fyrirtæki með stórum halla og velta á undan sér skuldabyrði. Það verður mjög eftirtektarvert að sjá og finna þegar líður á árið hvort Ragnari Arnalds tekst að reka Póst og síma hallalaust, þrátt fyrir fullyrðingar forráðamanna þessarar stofnunar. Ef honum tekst að afsanna það sem forvígismenn stofnunarinnar segja, að það vanti 2000 millj., þá hefur hann unnið stórafrek, að reka Póst og síma hallalaust á árinu 1979, og þá getur hv. 3. þm. Vestf. komið hér í ræðustólinn aftur og hælt þessum samflokksmanni sínum fyrir alveg sérstakan rekstur. En um þetta getum við ekki sagt fyrr en komið er að lokum þessa árs, hvort snillingnum, sem nú á sæti í ráðherrastól og fer með samgöngumál, tekst þetta eða ekki. En takist það ekki og verði það ofan á að þetta eitt stærsta ríkisfyrirtæki á landinu verði rekið með umtalsverðum halla, þá er auðvitað hægt að beita þvingunum í garð annarra sem þurfa að mæta auknum útgjöldum, m. a. hækkun launa og vísitöluhækkunum bæði launa og annarra útgjalda, með því að neita þeim um allar hækkanir. Það er ekkert afrek hjá einni ríkisstj. ef ekki er gert annað en að reka öll fyrirtæki með stórum halla. Á þetta kemur til með að reyna.

Hv. 3. þm. Vestf. sagði að það hefði ekki verið hægt að ráða við verðbólguna nema lækka kaupið, að dómi fyrrv. ríkisstj., og það var gert, en verðbólgan hélt áfram, sagði hann. Já, mikið lækkaði kaupið á tíma fyrrv. ríkisstj.! Kauptaxtar verkamanna hækkuðu á tímabili fyrrv. ríkisstj. um 261.1%, frá því í ágústlok 1974 til 1. júní 1978, og kauptaxtar allra launþega í landinu hækkuðu um 252.7%. Þetta kallar hv. 3. þm. Vestf. að laun hafi lækkað. Hann gæti auðvitað alveg eins sagt að hvítt væri svart og svart væri hvítt, enda munar hann ekkert um það.

Þetta var stefna fyrrv. ríkisstj. Hún var mynduð af tveimur flokkum, Sjálfstfl. og Framsfl. Hefur Framsfl. þá alveg skipt um skoðun? Var hann tekinn svona og algerlega hreinsaður fyrir 1. sept.? Hann taldi fyrir þann tíma að það væri ekki hægt að ráða við verðbólguna nema hafa einhver tök á launamálum og kaupgjaldsmálum í landinu. Hefur hann þá alveg snúið við blaðinu að dómi hv. þm.? Það væri líka fróðlegt að fá að vita.

Þessi hv. þm. vék að skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á þessu ári og taldi — og það réttilega — að þar væri allt of mikill samdráttur í margvíslegum framkvæmdum í atvinnulífinu. Sérstaklega gerði hann að umræðuefni framkvæmdir á sviði sjávarútvegs. Ég hef heyrt suma sérfræðinga á sviði peningamála eða efnahagsmála tala mikið um það á undanförnum árum, hve fjárfesting í sjávarútvegi væri gífurleg og það þyrfti að draga verulega úr þeirri fjárfestingu. Að vissu leyti er hér rétt með farið, að það hefur þurft að draga úr fjárfestingu í sambandi við skipakaup. Hins vegar hafði fyrrv. ríkisstj. þá stefnu að halda áfram skipasmíðum innanlands, og núv. ríkisstj. segist hafa sömu skoðun í þeim efnum, enda ekki annað fært, vegna þess að ef samdráttur yrði þar svo

mikill að þyrfti að stöðva rekstur þessara mikilvægu iðngreina, þá mundi það leiða til stórfellds atvinnuleysis, og sömuleiðis er hitt, að þó að skipastóllinn sé talinn af flestum vera nægilega stór nú, þá verða alltaf mikil afföll, gömul skip fara úr notkun og allmörg skip stranda, farast og þess háttar. Það þarf því sífellt að endurnýja þessi mikilvirkustu atvinnutæki okkar Íslendinga. Þess vegna höldum við áfram á þeirri braut. En fyrrv. ríkisstj. dró mjög úr skipasmíðum erlendis og tók í raun og veru fyrir þau hálfu öðru ári áður en hún fór frá völdum.

Hinu er ekki að leyna, að á sama tíma og menn tala um að auka hagræðingu í vinnslu hvers kyns sjávarafla, þá þarf auðvitað að breyta vinnslustöðvum sem fyrir eru og verja miklu fjármagni til þeirra breytinga, en fara ekki í algert bindindi í þessum efnum og strika yfir öll slík framlög. Með þessari skýrslu og þessu frv. er verið að ganga of langt að mínum dómi, sérstaklega þó á sviði sjávarútvegs og sömuleiðis í öðrum atvinnugreinum. Ég er sammála hæstv. ríkisstj. um að það verður að gæta hófs í fjárfestingu, en það má ekki heldur ganga svo langt að það leiði til atvinnuleysis eða verulegs samdráttar.

Það er verið að tala um að það þurfi að gera ráðstafanir til að draga mjög verulega úr sókn fiskiskipaflotans í þorskinn og aðra þá nytjafiska sem eru ýmist fullnýttir eða ofnýttir. En þá þurfum við að fara yfir á nýjar brautir. Nú er sagt við menn: Minnkið sóknina í þorskinn. Aukið sókn í karfa, er sagt við þá sem togveiðiskip eiga og reka, og aukið sóknina í grálúðuna, bæði togveiðiskip og línuskip. Hvernig á að mæta þessu nema með því að skapa þessum vinnslustöðvum skilyrði til að vinna þennan afla? Á mörgum minni stöðum er ekki möguleiki að vinna úr feitum beinum. Það er kippt burt öllu framlagi til að lána í það að koma slíkum verksmiðjum upp eða endurbyggja þær þar sem þær eru ekki fyrir. Það er bara strikað út með einu pennastriki. Hvernig á þá að breyta um og verða við óskum þeirra sem þjóðfélaginu stjórna í þessum efnum? Er verið að því með þessum ráðstöfunum og með því að minnka sífellt við afgreiðslu fjárl. það fjármagn sem á að verja til þess að auka fjölbreytni í veiðum, vinnslu og sölu sjávarafla?

Það var sagt fyrir tveimur árum, að það væri svo mikið af loðnu í sjónum að við mundum ekki á næstu árum geta fullnýtt þá möguleika, sem loðnan hefur að bjóða. Fiskifræðingar töluðu um að það mætti veiða 1—1½ millj. lesta á ári og það hefur aldrei verið farið upp í nema 820 þús. lestir. En kvótinn var skyndilega lækkaður, kvóti vísindanna, án þess að farið hefði verið í lægri töluna, sem þeir nefndu, hvað þá hærri. Ekki var þar um ofveiði að ræða. Og í vetur hefur veiðum verið háttað þannig, að það hafa verið gefnar yfirlýsingar frá degi til dags. Haldið þið að það sé létt verk að byggja upp fiskveiðiflota og verksmiðjur og selja þessar afurðir eftir því sem gefnar eru út tilskipanir sem eiga að gilda einn og einn dag í einu? Og svo hneigja menn sig í duftið fyrir vísindunum og þakka þeim allt sem þau hafa gefið.

Það hefur ekki staðið á yfirlýsingum sjútvrh. að undanförnu, að hann færi alveg eftir vísindunum. En nú er komið langt fram úr seinna markinu, og sagt var í fréttunum í dag, að nú ætlaði rn. að taka ákvörðun í dag, sennilega í kvöld eða undir miðnætti, en hins vegar væri ekki búið að fiska upp í tiltekna samninga. Kannske rn. sé að bíða eftir því að fiska upp í tiltekna samninga, frysta loðnu og hrogn. Svo kemur auðvitað að því, að loðnuveiðarnar fjara út þegar kemur fram í þennan mánuð, eins og hefur gerst á undanförnum árum, og þá þarf auðvitað enga tilskipun að gefa því þá hætta menn þessum veiðum. Og loðnan, sem er komin að hrygningu og er ekki drepin, hrygnir og deyr síðan, að því að sagt er.

Við afgreiðslu fjárl. og í fjárlagafrv. var reiknað með að Byggðasjóður tæki lán á árinu 1979 upp á 1480 millj., eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til þess að standa undir fjármagnsútgjöldum vegna byggðalína. Þessi útgjöld voru fyrir hendi, fjármagn til að fjármagna byggðalínur. Þær voru ekki innan Framkvæmdastofnunar eða innan Byggðasjóðs. En hæstv. fjmrh., sem var framkvæmdastjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins, minnkar, um leið og hann verður ráðh., ráðstöfunarfé þessarar gömlu stofnunar sinnar um þessa upphæð og fær henni jafnframt þetta verðuga verkefni sem áður var í fjmrn., að annast greiðslu afborgana og vaxta af lánum vegna byggðalína.

Framsfl. hélt því lengi fram að hann væri hinn eini sanni og rétti byggðaflokkur í landinu. Og á fyrstu árunum sem ég átti sæti hér á þingi fluttu framsóknarmenn undir forustu Gísla heitins Guðmundssonar frv. um að 2% af útgjöldum ríkissjóðs skyldi varið til byggðamála. Viðreisnarstjórnin, sem þá sat að völdum, féllst aldrei á þetta. Það var ekki fyrr en síðasta ríkisstj. — ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar — var mynduð að þessi ákvæði voru tekin upp. Ég sá það mjög víða haft eftir talsmönnum Framsfl., að þeir hefðu knúið Sjálfstfl. til þess að fallast á að lögbinda þetta framlag. Nú vil ég segja það til þess að fyrirbyggja allan misskilning, þó að það kannske hryggi einhverja framsóknarmenn, að innan Sjálfstfl. eru ekki minni byggðamenn en innan Framsfl., og þess vegna var það ekki deilumál á milli áhugamanna um byggðamál í báðum þessum flokkum að vinna að framgangi mála með þessum hætti. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að framlagið til byggðamála eigi ekki að vera framlag um aldur og ævi til einhverra ákveðinna byggða í landinu, heldur til allra byggða landsins, eftir því sem aðstæður eru hverju sinni og þörf krefur. Það getur verið byggðavandamál á þessu ári norður í landi, en næsta ár aftur hér á Suðurlandi — eða öfugt. Við sjálfstæðismenn töldum því ekki að það ætti að staðsetja þessi framlög í ákveðnum byggðum eða ákveðnum landsfjórðungum. Og mér skildist á talsmönnum Alþfl. og Alþb. fyrir kosningarnar í sumar að vandamálin væru svo gífurlega mörg og aðkallandi að það þyrfti óhemjumikið fjármagn til að lækna og græða þau sár sem voru víða í landinu. En hvernig er svo að því staðið? Það hefur verið staðið að því að græða þessi sár með því að spara lyf og alla meðferð þessara sjúklinga, með því að skera niður stórkostlega þessi framlög. Hvar er nú byggðaáhugi Framsfl. í dag? Datt hann niður við það að mynda ríkisstj. með krötum og kommum? Dó hann með myndun þessarar ríkisstj.? Af hverju á þá að guma næst þegar verður ferðast um landið vítt og breitt, því einhvern tíma kemur að því að það verði kosið, þó að það hafi náðst samkomulag að sinni.

Mér finnst furðulegt í þessu frv., hvað nærri er gengið atvinnumálasjóðunum og hve hæstv. fjmrh. ætlar að nota sér það að takmarka hér við ákveðnar upphæðir, eins og t. d. framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs. Það hlýtur að leiða af sér að 90% af tekjum af launaskatti fari ekki allar til Byggingarsjóðs, heldur fari verulegur hluti til ríkissjóðs. Ég hefði gaman af því, að hæstv. fjmrh. segði frá því hér á eftir í þessum umr. hvað hann telur að ríkið fái

mikið í aðra hönd vegna þessarar stýfingar til þessara sjóða, hvað ríkið spari sér í sumum tilfellum og hvað ríkið hrifsi aftur til sín af tekjum sem ákveðnir sjóðir eiga að fá, eins og t. d. Byggingarsjóður. Hér er loppa afturhaldsins að verki. Það er ekki frjálslynd vinstri stjórn sem ræður ríkjum í þessu landi. Hér er svartnætti afturhaldsins sem er að brjóta niður framfarir í landinu, sem er að stefna að því að samdráttur verði í öllum höfuðatvinnugreinum í þessu landi. Svo kenna þeir sig við frjálslyndi og vinstri stefnu, þessir kónar! **(Gripið fram í:** Þetta er ný viðreisn.) Þetta er ný viðreisn, já. Það var nú öðruvísi viðreisn sem kratarnir tóku þátt í en þessi vinstri viðreisn.

Í skýrslu ríkisstj. segir um byggðalínur: Ráðgerð er 2207 millj. kr. lántaka vegna byggðalína. Er það nokkru hærri fjárhæð en í fjárlagafrv. og fjárl. Veigamesta verkefni ársins 1979 er bygging Vesturlínu og renna til þeirrar framkvæmdar alls 1549 millj. kr. Miðað er við að Vesturlína verði tengd samveitusvæði Mjólkárvirkjunar á árinu 1980, og er Rafmagnsveitum ríkisins heimilað að panta efni á árinu 1979 vegna framkvæmda 1980 svo að það verði unnt.

Fyrir þremur árum var ég staddur á fundi Fjórðungssambands Vestfirðinga á Klúku í Bjarnarfirði í Strandarsýslu, og þá talaði þáv. og enn verandi hv. 2. þm. Vestf. af miklum áhuga um Vesturlínu. Hann var stjórnarþm. þá og er stjórnarþm. líka nú og auk þess ráðh. En honum tókst ekki, þrátt fyrir mikinn áhuga, að ná því að Vesturlína yrði byggð þá á næsta ári, eins og hann orðaði það. En Vesturlínan var tekin inn í lánsfjáráætlunina 1978. (Gripið fram í.) Hún var tekin inn áður en lánsfjáráætlunin var lögð fram, og lánsfjáráætlun var lögð fram af þáv. stjórn, hv. þm., áður en fjárl. voru afgreidd, þar sem sú stjórn taldi heilaga skyldu sína að láta Alþ. sjá bæði lánsfjáráætlun og fjárlagafrv. samtímis eða áður en fjárlagafrv. væri afgreitt. Og þá var ætlunin að ljúka Vesturlínu á tveimur árum, sem sagt á helmingi lengri tíma en hæstv. núv. landbrh. taldi fært fyrir þremur árum að gera. En hvað gerist svo nú þegar hann er kominn í ríkisstj.? Þá liggur ekkert á þessari Vesturlínu. Og það verður ekki séð af þeim tölum, sem hér eru, að nokkur áfangi náist sem kemur að gagni.

Hv. 3. þm. Vestf. sagði áðan að það væri brýn nauðsyn að hraða byggðalínum vegna þess mikla aðstöðumunar sem er hjá fólki sem býr á hitaveitusvæðum og hefur nægа raforku og víða annars staðar. Hann nefndi lítillega það ástand sem nú er í sambandi við olíuverðið. Olíuverðið fer upp úr öllu valdi. Aðstöðumununrinn hjá fólki, bæði í þessum landshluta og öðrum þeim byggðum sem þurfa að nota olíu til upphitunar, fer stórvaxandi og þess vegna hefði maður haldið að hæstv. ríkisstj. gerði stórátak til þess að hraða framkvæmd sem þessari. En á meðan byggðalínan til Norðurlands var í fullum gangi og þurfti að fjármagna hana, þá fannst 2. þm. Vestf., núv. landbrh., enginn hlutur sjálfsagðari en að gera þetta allt í einu og á sama ári. En nú virðist verið farið að dofna yfir karli. Kannske færist aukið fjör í hann eftir skíðaferðina til Austurríkis?

Nei, það er ekki að sjá á því, sem hér liggur fyrir, að hæstv. ríkisstj. ætli að bregðast myndarlega við þeim vanda sem fram undan er vegna hinnar miklu olíuhækkunar sem við blasir. Það er töluvert annað en gert var í byrjun síðasta kjörtímabils. Mér finnst Framsfl. hafa farið kollhnís á þessum skamma tíma og komið illa niður.

Í sambandi við það sem ég nefndi áðan varðandi aukin verkefni Byggðasjóðs með því að taka afborganir og vexti af byggðalínum og lækka framlög sem því nemur, þá get ég alveg tekið undir það, og vil vera fullkomlega sanngjarn við hæstv. ríkisstj., að það hefði þurft að draga úr framlögum til Byggðasjóðs undir þeim erfiðu kringumstæðum sem nú eru. En þá hefði mér fundist það vera heiðarlegra og eðlilegra að breyta lögunum og lækka það tekjuhlutfall sem er nú í gildi. Mér finnst líka ákaflega óviðeigandi þegar stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins eða meiri hl. þeirrar stjórnar gerir samþykkt þess efnis fyrir áramót, að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins fari þess á leit við hæstv. ríkisstj. að hún endurskoði ákvörðun sína um skerðingu á ráðstöfunarfé Byggðasjóðs árið 1979, svo sem fram hafði þá komið í frv. til fjárl. fyrir þetta ár. Stjórnin tekur fram að hún telji að svo mikill niðurskurður á ráðstöfunarfé sjóðsins muni verða honum alvarlegur fjötur um fót að sinna nauðsynlegri fyrirgreiðslu til eflingar atvinnuvegunum í landinu. Og þá vill stjórn Framkvæmdastofnunar vekja athygli á 32. gr. laga þeirrar stofnunar þar sem lántökuheimild Byggðasjóðs er takmörkuð við lántöku að hámarki 600 millj. kr. á ári, en skv. frv. til fjárlaga er sjóðnum ætlað að taka lán að fjárhæð 1130 millj. kr. Þetta var skýrt undir umr. fjárl. En síðan segir í þessari samþykkt:

„Stjórnin fer enn fremur fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún endurskoði þá áætlun sína að skerða framlag sitt til Byggðasjóðs á þessu ári um 75 millj. Slíkur niðurskurður svo seint á ári gerir sjóðnum erfitt um vik að standa við skuldbindingar sínar."

Mér finnst ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, þegar slík tilmæli koma frá einni stofnun, að ríkisstj. svari þeim tilmælum formlega, en svar hefur ekki borist við þessu. Og haldið er áfram í þessum dúr. Ég spyr hæstv. fjmrh. enn þá einu sinni: Finnst honum ekki sem fyrrv. framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins verkefni Byggðasjóðsins vera æðimörg fram undan? Telur hann ekki vera of langt gengið að skera framlögin með þessum hætti svona geigvænlega niður, þó að við getum orðið sammála um að skera framlög eitthvað niður?

Hv. 3. þm. Vestf. sagði, og það alveg rétt, að hann hefði áhyggjur af því að skera svo niður framlög til atvinnumála, en þó væri framför í framlögum til sjávarútvegs frá því sem verið hefur. En hann gerði ekkert meira til að rökstyðja það að hér væri um framför að ræða. Ég vil mjög eindregið mælast til við þennan hv. þm. að hann sanni þessi orð sín. Hér er ekki um framfarir að ræða. Ef við tökum það fjármagn allt sem á að fara t.d. til Fiskveiðasjóðs og til annarra þeirra sjóða og stofnana sem lána til sjávarútvegs og tökum tillit til verðlags á þessu ári, þá er hér um stórfellda skerðingu að ræða.

Hæstv. sjútvrh. sagði hér fyrir nokkrum dögum í umr. um aðgerðir vegna verðs á olíu til fiskiskipa og niðurskurð á framlagi til Fiskveiðasjóðs af tekjum af útflutningsgjaldi, að fjmrh. hefði heitið því að framlag ríkissjóðs yrði ekki skorið niður til jafns við niðurskurðinn á útflutningsgjaldinu. Ég efast ekkert um að þessi yfirlýsing sjútvrh. er rétt, en ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji að það þurfi ekki að breyta lögum um Fiskveiðasjóð, um tekjur af útflutningsgjaldi, til samræmis við þessa yfirlýsingu sem sjútvrh. gaf fyrir sína hönd og fjmrh. í þessum umr.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að hafa hér miklu

fleiri orð. En ég vil að lokum segja það, að ég tel að sú stefna, sem er innsigluð með þessari skýrslu og þessu fjárlagafrv., sé geigvænleg samdráttarleið fyrir atvinnureksturinn í landinu og þá sérstaklega fyrir útflutningsatvinnuvegina. Það á ekki að vera kappsmál stjórnvalda að ganga svo langt í að takmarka nauðsynleg framlög til atvinnulífsins að það geti leitt af sér stöðvun og samdrátt og uppsagnir fólks í atvinnurekstrinum, sem ég, því miður, er hræddur um ef farið verður að öllu eftir þessu frv. og þessum áformum og því sem lofað er að komi á eftir.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég hafði talað áður við þessa umr. almennt um frv., sem hér er til umr., og skal ekki fara út í almennar umr. um þetta mál hér, hvorki það sem hefur komið fram í dag né áður, að öðru leyti en því, að ég vildi gera aths. við ýmislegt sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Austurl., talsmanns Alþb., áður í þessum umr. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að það vantar þennan þingflokk hér í salinn. Hvorki hv. talsmaður hans, hv. 1. þm. Austurl., né aðrir Alþb.-menn eru hér við. (**Forseti:** Hv. 1. þm. Austurl. hafði samráð við mig og óskaði eftir því að fá fjarvistarleyfi. Hann hefur það leyfi, þannig að ég á erfitt með að kveðja hann til starfa nú á þessari stundu.) Þá er rétt að ég að honum fjarverandi geri örstuttar aths. við það sem hann sagði.

Hv. þm. sagði að það hefði aldrei hvarflað að sér, að til þess gæti komið að markaðir tekjustofnar, eins og launaskattur, yrði teknir til annarra þarfa en ætlað er í lögum. Og hv. þm. margendurtók það, að þetta væri siðleysi. Ég ætlaði mér að varpa fram spurningu til hans um þetta atriði og biðja hann að svara því, með hvaða hætti hv. Alþb.-menn hugsuðu sér þá að afgreiða þetta frv. En þar sem hann er ekki viðstaddur vil ég biðja hæstv. fjmrh. að upplýsa hvort þessi skilningur hefur komið fram innan ríkisstj.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að skerða allverulega marga markaða tekjustofna með þeim hætti að þeir renni í ríkissjóð. Á bls. 147 í aths. við fjárlagafrv., sem afgreitt var hér fyrir þinghlé, er yfirlit yfir þessa mörkuðu tekjustofna og skerðingu þeirra. Hér er um að ræða byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga sem á að renna í Byggingarsjóð ríkisins, byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga sem einnig á að renna í Byggingarsjóð ríkisins, hluta af eignarskatti sem á að renna í Byggingarsjóð ríkisins, erfðafjárskatt, en hann rennur í Erfðafjársjóð, byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga sem á að renna í Byggingarsjóð ríkisins, einnig af tekjuskatti félaga sem rennur í sama sjóð, byggingarsjóðsgjald af innflutningi og einnig launaskatt, en þar er um langstærstu fjárhæðina að ræða. Þessar skerðingar skv. fjárlagafrv. á tekjustofnum, sem eiga að renna skv. lögum til annarra þarfa en ríkissjóðs, eru tæpar 700 millj. kr.

Í þessu frv. eru heimildir og beinlínis fyrirmæli um að skerða þessa tekjustofna og láta þennan hluta þeirra, sem er 10%, ganga í ríkissjóð. En það er ekki nóg með það, heldur er það svo t. d. með 15. gr. þessa frv., að þar er launaskattur skertur um 10%, eins og hann er áætlaður í des., og sá hluti hans látinn ganga í ríkissjóð. Allar hækkanir á launaskatti, sem verða á árinu 1979, eiga líka skv. þessari grein að ganga til ríkissjóðs. Ef laun hækka á þessu ári um milli 20—30%, sem ég held að sé alger lágmarksáætlun, þá mundi þetta þýða að ríkissjóður fengi þennan kúf óskiptan, og hann er ekki minni en 1—2 milljarðar. Ég sé að hæstv. fjmrh. brosir. Hann gerir sér grein fyrir því, hvað hér er á ferðinni. Ég vildi sem sagt benda á þetta. Og það kom mjög ákveðið fram í málflutningi hv. 1. þm. Austurl., formanns þingflokks Alþb., að Alþb. eða a. m. k. hann sjálfur lítur á þessa framkvæmd, að skerða þannig markaða tekjustofna sem ætlaðir eru til sérstakra þarfa, sem sérstakt siðleysi og að slíkt hljóti að vera öndvert honum og að manni skildist ætti að vera öndvert Alþ. að gera slíkt nema þá með sérstakri breytingu á þeim lögum sem fjalla um viðkomandi markaða tekjustofna.

Ég vil líka í þessu sambandi benda á það, að með 15. greininni, ef öll kurl koma til grafar, eru tekjur Byggingarsjóðs ríkisins skertar um 1½—2 milljarða kr. — það fer eftir því hvað menn áætla launahækkanir miklar í landinu á þessu ári. Með 11. gr. er ráðstöfunarfé húsnæðismálastjórnar einnig skert um 2 milljarða kr. með því ákvæði sem þar greinir.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh., ef hann vill svara því hér og nú, hvort þetta muni ekki valda því að Húsnæðismálastofnun ríkisins verði fjár vant á yfirstandandi ári og hvort hann telji þetta rétt skref í þá átt sem hann hefur áður sagst stefna að, að veita húsbyggjendum allt að 90% lán út á íbúðir.

Ég hefði gjarnan viljað fara fleiri orðum um þetta ef hv. 1. þm. Austurl. hefði sýnt deildinni þá virðingu að vera viðstaddur þessa umr., en ég skal ekki fjölyrða meira um þetta að sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 66. fundur.

Þriðjudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Endurgreiðsla almannatrygginga vegna ferðakostnaðar, fsp. (þskj. 341). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 341 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Kjartani Ólafssyni að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„Hverjar eru þær höfuðreglur, sem tryggingaráð hefur sett varðandi ferðakostnað sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar, sbr. j-lið 43. gr. laga um almannatryggingar?“

Hér er um að ræða breytingu á lögum, sem gerð var á s. l. vori, þar sem segir að auk þeirra réttinda, sem um ræðir í greininni á undan, 42. gr., skuli sjúkrasamlag veita þá hjálp, sem hér er talin, og í staflið j segir:

„Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum, sem tryggingaráð setur og ráðh. staðfestir, fyrir sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar.“

Hér er um mjög mikilvægt mál fyrir sérstaklega landsbyggðarfólk að ræða, sem mestu þarf til að kosta á fund þeirra sérfræðinga, sem aðallega eru á suðvesturhorninu, og þarf ófáar ferðir til þeirra að fara. Ég fagnaði því sér í lagi þessu ákvæði, sem kom í lög í fyrra eftir að endurskoðunarnefnd tryggingalaganna hafði lagt það til og hæstv. þáv. heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason lagt

svo fram. Ég vissi þó að eftir færi um nytsemi þessa ákvæðis, hvernig tryggingaráð tæki á þessu, hvaða reglur tryggingaráð setti. Ég hafði tvívegis áður flutt í Ed. Alþ. lagafrv. um þetta efni. Það lagafrv. náði nokkru lengra hvað snertir bein ákvæði og skyldur sjúkratrygginganna til greiðslu á þessum ferðakostnaði, en mér var þó ljóst að það, sem gert var í fyrra, var stórt skref í rétta átt, að því tilskildu að tryggingaráð setti skýrar og ljósar reglur og reglur sem væru sanngirnisreglur fyrst og fremst með tilliti til þess mikla kostnaðar sem fólk hlýtur að verða að bera af þessum sökum.

Ég held að nauðsynlegt sé að fá þessar reglur fram hér á Alþ. fólki til upplýsingar. Fólk veit það reyndar sumt, sumt ekki, að um endurgreiðslu á þessum ferðakostnaði getur verið að ræða, en fsp. er fyrst og fremst borin fram til að fá það ljósar fram, hvaða reglur hafa verið settar, því að ég veit að þær hafa verið settar, og fólki til glöggvunar þannig að það liggi sem ljósast fyrir fólki hvaða rétt það á í þessum efnum, því að eins og er í dag, þrátt fyrir upplýsingastarfsemi Tryggingastofnunarinnar, hef ég ekki, a. m. k. ekki opinberlega, séð þær reglur sem hér er farið eftir.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Það er ljóst að margt fólk þarf iðulega að takast skemmri eða lengri ferð á hendur vegna lækniserinda og sér í lagi er það þá dreifbýlisfólk, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Meiri hluti slíkra ferða er ýmist ekki svo kostnaðarsamur eða svo vel aðgreinanlegur frá öðrum erindum fólks að rétt eða fært hafi þótt að fella kostnað við þær undir bótagreiðslur sjúkratrygginga. Hins vegar er á stundum um verulegan og óhjákvæmilegan kostnað að ræða, þegar sömu sjúklingarnir komast ekki hjá því að ferðast hvað eftir annað, jafnvel um langan veg, til þess að njóta sérfræðilegrar læknishjálpar.

Það var til að bæta úr brýnni þörf af þessu tagi sem ákvæði í staflið j í 44. gr. laga um almannatryggingar var sett inn á s. l. vori, en það tók gildi nú um áramótin. Tryggingaráð samþykkti reglur um ferðakostnað sjúklinga á fundi sínum 13. des. s. l. Reglurnar eru svo hljóðandi, með leyfi forseta:

1. gr. Þegar sjúklingur þarf ítrekað að takast ferð á hendur til þess að njóta óhjákvæmilegrar sérfræðilegrar meðferðar eða eftirlits á spítala eða göngudeild spítala tekur sjúkrasamlag þátt í ferðakostnaði hans, svo sem segir í næstu greinum.

2. gr. Um endurgreiðslu ferðakostnaðar getur orðið að ræða þegar sjúklingur er talinn þurfa að koma til meðferðar eða eftirlits a. m. k. þrisvar á 12 mánaða tímabili, en tvisvar á 12 mánuðum eftir fyrsta árið, ef þá verður þörf á framhaldsmeðferð.

3. gr. Eftir fyrstu ferðina leggur sjúklingurinn inn hjá sjúkrasamlagi sínu skýrslu frá sérfræðingi við þá stofnun, sem meðferðina veitir, þar sem gerð sé grein fyrir sjúkdóminum og nauðsynlegri meðferð, hversu títt sjúklingurinn þurfi að koma og — ef unnt er — hversu oft. Skýrsluna má, ef henta þykir, senda Tryggingastofnuninni beint, en annars sendir samlagið stofnuninni skýrsluna til greiðsluákvörðunar.

4. gr. Tryggingastofnunin sendir samlaginu ákvörðun um greiðsluheimild samkv. skýrslunni, en samlagið geymir hana ásamt afritum af greiðslukvittunum. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir samlagið fyrstu ferð að frádregnum 10 þús. kr., en síðari ferðir að frádregnum 5 þús. kr. Til endurgreiðslu reiknast aðeins fargjald með áætlunarferðum. Fargjald fylgdarmanns telst því aðeins til ferðakostnaðar að sjúklingurinn sé 12 ára eða yngri eða ósjálfbjarga.

5. gr. Endurgreiðsla ferðakostnaðar kemur einkum til greina vegna: 1) geislameðferðar æxla, 2) lyfjameðferðar æxla, 3) nýrnabilunar, 4) gláku, 5) starfrænnar blindu, 6) sjónhimnuloss af völdum sykursýki, 7) lýtalækninga í brýnum tilfellum, 8) dreyrasýki, 9) polypsydomia, 10) bæklunarlækningar, þegar um barn er að ræða, 11) hvítblæðis og annara sambærilegra tilfella. — Læknisvottorð skal lagt fram eftir hverja ferð."

Í því, að meðferðin verður að vera óhjákvæmileg, liggur að erindin verða að vera nokkuð brýn. Eru í reglunum til leiðbeiningar taldir upp 11 sjúkdómsflokkar sem veita mundu ástæðu til greiðslu ferðakostnaðar, sbr. 5. gr. Endurgreiðsla kemur einnig til greina í öðrum sambærilegum tilfellum. Reglurnar bera þess merki að þessar greiðslur eru taldar nokkuð vandmeðfarnar og það er aðeins allverulegur kostnaður sem stefnt er að að bæta. Reglurnar má taka til endurskoðunar þegar reynsla er fengin af framkvæmdinni og verður það að sjálfsögðu gert að nokkrum tíma liðnum.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, skýr og glögg, um þessar höfuðreglur sem tryggingaráð hefur sett. Ég geri mér ekki ljóst í fljótu bragði hvað víðtækar þær eru, en ég þykist þó sjá af þessu svari að hér sé gengið verulega til móts við þá, sem mesta hafa þörfina í þessum efnum, og það er auðvitað það sem nauðsynlegast er í þessu tilfelli.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. kom inn á, að hér var og er vissulega um vandmeðfarnar reglur að ræða og helstu mótbárurnar, sem voru á sínum tíma við frv. mínu varðandi þetta efni, voru auðvitað misnotkunarhættan. Sú misnotkunarhætta er reyndar hvarvetna í tryggingakerfi okkar og erfitt að komast fram hjá henni algerlega, en ég hygg að þarna hafi þó a. m. k. verið farin sú leið sem tryggi örugglega að um slíkt verði ekki að ræða. Hvort þarna hefði e. t. v. mátt teygja sig eitthvað lengra skal ég ekki um segja á þessu stigi. Ég mun reyna að kynna mér það. Það er komið þarna inn á sambærileg tilfelli og vitnað til þeirra alveg sérstaklega, og ég treysti því þá, að þegar um þau einstöku tilfelli er að ræða taki tryggingaráð jákvætt á því.

Ég legg hins vegar höfuðáherslu á að hæstv. ráðh. og formaður tryggingaráðs, sem báðir heyra mál mitt, sjái til þess að Tryggingastofnun ríkisins dreifi þessum upplýsingum sem allra best til fólksins úti á landsbyggðinni, til lækna og til heilsugæslustöðva og til umboða sinna að sjálfsögðu, sem eflaust eru með þær nú þegar, og það verði rækilega til þess séð að fólk geti notfært sér þennan rétt. Ég hygg að það muni taka allnokkurn tíma að fólk átti sig á því nægilega vel að það á þennan rétt. Það á hiklaust að nota sér hann, svo mikill og bagalegur kostnaður, fyrir utan öll óþægindin, sem stafar af margítrekuðum ferðum þessa fólks á fund sérfræðinga og fund lækna hér á þessu svæði.

Fjármögnun virkjunarframkvæmda, fsp. (þskj. 341). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Á yfirstandandi þingi hafa farið fram miklar umr. um fjárhagsleg vandamál hinna ýmsu orkuvera dreifbýlisins og hafa vandamál RARIK þá alveg sérstaklega verið í sviðsljósinu. Í sambandi við þessi mál hefur verið upplýst að fjármögnunarmál hinna ýmsu raforkuvera landsins munu vera með margvíslegum hætti. Ástæða er til að ætla að orkuver utan svokallaðs Landsvirkjunarsvæðis búi við mjög miklu erfiðari lánakjör en t. d. Landsvirkjun. Telja margir að til þessara þátta megi rekja að verulegu leyti hina miklu fjárhagslegu erfiðleika umræddra orkuvera.

Til þess að hægt sé að gera sér ljósa grein fyrir því, hvernig þessum málum er háttað, er nauðsynlegt að fá ljósar upplýsingar um það, hvernig fjármögnun hinna ýmsu orkuvera er til komin. Af framangreindu tilefni hef ég, herra forseti, leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh., sem birt er á þskj. 341 og er svo hljóðandi:

„1. Hve hárri upphæð nam skuld Landsvirkjunar við ríkissjóð í árslok 1978 vegna svokallaðra víkjandi lána og hvernig er háttað greiðsluskilmálum og öðrum lánakjörum að því er snertir þessi lán?

2. Að hve miklu leyti hafa framkvæmdir neðangreindra virkjunaraðila verið fjármagnaðar með vísitölutryggðum lánum, og hve háum upphæðum nema skuldir þessara fyrirtækja í slíkum lánum í árslok 1978: a) Landsvirkjunar, b) Laxárvirkjunar, c) Rafmagnsveitna ríkisins, d) Kröfluvirkjunar?"

Ég leyfi mér að vænta þess, að þegar skýr svör liggja fyrir í sambandi við þessa fsp. verði **léttara** fyrir Alþ. að finna sem réttlátasta leið til þess að **jafna** hugsanlegan mismun, sem kann að vera fyrir hendi að því er snertir fjármögnun orkuvera almennt, til þess að hægt sé að finna viðunandi grundvöll fyrir því að orkuverð í heildsölu megi verða sem jafnast á landinu öllu. Það er áreiðanlega yfirgnæfandi meiri hl. innan Alþ. fyrir því, að að slíku skuli stefnt hið bráðasta, þar sem hér er um mikið réttlætismál að ræða fyrir þjóðina.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Árið 1967 veitti ríkissjóður Landsvirkjun 200 millj. kr. víkjandi lán til Búrfellsvirkjunar og því til viðbótar 350 millj. kr. árið 1974 vegna Sigölduvirkjunar. Af þessum 550 millj. kr. voru 100 millj. í innlendri mynt og 450 í erlendri, á gengi þess tíma þegar lánin voru veitt. Enn sem komið er hafa engar greiðslur af lánunum farið fram og vextir bæst við höfuðstól árlega.

Staða þessara lána í árslok 1978 var þannig: Íslenskar kr. 202 002 347, vextir af því láni eru 6% og lánstími er frá 1967 til 1991. Lán í sterlingspundum: 459 915 sterlingspund, vextir 7.5% og lánstími 1967—1986. Önnur tegund lána: í sterlingspundum 1381 839, vextir af þeim lánum eru 9% og lánstími frá 1967—1991. Og að lokum: lán í Bandaríkjadölum 6 millj. 383 045, vextir af þeim eru 10% og lánstími 1974—1993. Umreiknað á gengi í árslok 1978 samsvarar þetta um 3430 millj. kr., en það er 5.6% af heildarlánum Landsvirkjunar í lok sama árs. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að lánin verði greidd fyrir lok lánstímans og er reiknað með að greiðslur hefjist þegar tekjur að frádregnum rekstrarkostnaði eru orðnar jafnar vöxtum og afborgunum. Eru þá meðtaldir þeir vextir sem færðir eru á byggingarkostnað mannvirkja. Enn hefur ekki tekist að ná þessu marki vegna hinnar öru uppbyggingar Landsvirkjunarkerfisins.

Ef frá eru taldar framangreindar 202 millj. kr. og stutt 27 millj. kr. lán hjá ríkissjóði, sem er að mestu greitt, hefur Landsvirkjun engin innlend lán fengið og þá ekki heldur vísitölutryggð lán.

Seinni liður spurningarinnar fjallar um það, að hve miklu leyti framkvæmdir neðangreindra virkjunaraðila hafi verið fjármagnaðar með vísitölutryggðum lánum og hve háum upphæðum skuldir þessara fyrirtækja nemi í slíkum lánum í árslok 1978. Hér er spurt um Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og Kröfluvirkjun. Um það hef ég þetta að segja:

Um það, að hve miklu leyti framkvæmdir virkjunaraðila hafa verið fjármagnaðar með vísitölutryggðum lánum, er það eitt hægt að upplýsa, að vísitölutryggð lán til þeirra hafa numið sem hér segir:

Til Landsvirkjunar engin vísitölutryggð lán.

Til Laxárvirkjunar 69 millj. kr., eftirstöðvar 31. 12. 1978 að nafnverði 33 583 335 kr., áfallin vísitöluálög 31. 12. 1978 310 724 208 kr. og eftirstöðvar alls 31. 12. 1978 344 307 543 kr., en upphaflega var lánið 69 millj. kr.

Rafmagnsveitur ríkisins: 3 milljarðar 606 millj., eftirstöðvar 31. 12. 1978 að nafnverði 3 250 751 591 kr., áfallin vísitöluálög 31. 12. 1978 4 930 427 743 kr., eftirstöðvar alls 31. 12. 1978 8 181 179 334 kr., en upphaflega var lánið 3 milljarðar 606 millj. kr. Ekki er rn. kunnugt um hvort lánin hafi einvörðungu verið notuð til virkjunarframkvæmda eða að einhverju leyti til línulagna.

Kröfluvirkjun: Upphafleg fjárhæð 3 298 389 071 kr., eftirstöðvar 31. 12. 1978 að nafnverði 3 120 227 795 kr., áfallin vísitöluálög 31. 12. 1978 2 013 358 083 kr. og eftirstöðvar alls 31. 12. 1978 5 133 585 878 kr., en upphaflega fjárhæðin um 3.3 milljarða kr.

Lán Laxárvirkjunar yfirtók ríkissjóður í sambandi við lausn Laxárdeilunnar.

Af lánum Rafmagnsveitna ríkisins hafa yfirfærslur átt sér stað til Orkusjóðs vegna framkvæmda á Vestfjörðum svo sem hér segir: Upphafleg fjárhæð 1 milljarður 139 millj. kr. Eftirstöðvar 31. 12. 1978 að nafnverði 897 742 862 kr., áfallin vísitöluálög 31. 12. 1978 1 988 908 686 kr. og eftirstöðvar alls 31. 12. 1978 2 886 651 548 kr. Þessi lán hafa allt að því þrefaldast.

Til skulda RARIK eru ekki talin vísitölulán vegna byggðalínu, en þau eru sem hér segir: Upphafleg fjárhæð 987 128 186 kr., eftirstöðvar 31. 12. 1978: nafnverð 833 351 201 kr., áfallin vísitöluálög 31. 12. 1978 1 228 919 820 kr. og eftirstöðvar alls 31. 12. 1978 2 062 271 021 kr. Þetta lán hefur því í krónum rúmlega tvöfaldast frá því að það var tekið.

Fyrirspyrjandi (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar greinargóðu upplýsingar og svör sem hann hefur veitt við fsp. sem ég hef borið fram. Af svari hæstv. ráðh. kemur fram, sem ég reyndar þóttist hafa nokkra hugmynd um áður, að sá aðilinn í virkjunarmálum þjóðarinnar, sem býr við hagstæðasta markaðinn og hefur að mörgu leyti haft bestu aðstöðuna, býr einnig við best lánakjör. Það gefur auga leið að á

þeim verðbólgutímum og hávaxtatímum, sem gilda í fjármálakerfi þjóðarinnar, eru það ekki lítil hlunnindi að geta verið með 3.5 milljarða í skuldum, sem eru ekki verðtryggð lán og bera ekki hærri vexti en frá 6 og upp í 10%, og óneitanlega hvarflar að manni spurningin um það, hversu mikil upphæð þessi höfuðstóll mundi vera nú ef hann hefði verið reiknaður á svipaðan hátt og t. a. m. lánin sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa verið látnar taka og Kröfluvirkjun.

Það hefur þó nokkrum sinnum verið rætt um að jöfnun orkuverðs til almennings í landinu, að hafa a. m. k. heildsöluverðið sem næst því jafnt á aðalafhendingarstöðunum með þjóðinni, mundi orsaka verulega hækkun á rafmagnsverði á þéttbýlissvæðinu. En í sambandi við það dettur mönnum í hug að varpa fram þeirri aths., hversu mikið hinn almenni skattþegn greiði niður orkuverðið á þéttbýlissvæðinu með því að haga lánakjörum til aðalorkusölufyrirtækisins á þéttbýlissvæðinu á þann veg sem gert hefur verið.

Ég held að ekki verði hjá því komist að þessi mál öll verði tekin til gaumgæfilegrar athugunar og endurskoðunar í sambandi við þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru í framtíðinni til að leysa þessi mál á þann veg að viðunandi sé fyrir þjóðfélagið í heild. Slíkt hlýtur þó að vera ósk og vilji okkar allra sem á þingi sitjum og eigum að útkljá þessi mál og leiða þau til lykta.

Að öðru leyti vil ég svo endurtaka þakklæti mitt fyrir greinargóðar upplýsingar.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu enginn tími eða tækifæri til þess að ræða raforkumálin í heild til nokkurrar hlítar í fsp.-tíma þar sem ræðumaður hefur 2 mínútur. Ég vil þess vegna áskilja mér rétt til að ræða þessi mál við aðrar aðstæður. En ég vil þó ekki láta hjá líða að koma því á framfæri að þær tölur, sem hæstv. fjmrh. las upp, eru aðeins örlítið brot af lántökum Landsvirkjunar, eins og kom fram hjá honum, 5.6%. Til þess að fá raunhæfan samanburð á fjármagnskostnaði þessara virkjunarfyrirtækja þarf auðvitað að upplýsa líka hvað erlend lán Landsvirkjunar hafa hækkað, sem eru langsamlega stærsti hluti af lántökum þess fyrirtækis. Áður en það liggur fyrir geta menn, held ég, ekki gert raunhæfan samanburð á því, hver búi við bestu kjörin og hver sé að greiða niður raforkuverðið fyrir hinn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hjó eftir því í svari hæstv. fjmrh., að innlend lán til Landsvirkjunar væru um 200 millj. kr. Ég geri ráð fyrir, og vona að ég skilji það rétt, að þessi lán til Landsvirkjunar séu vegna Sigöldu og þá vegna seinkunar framkvæmda við Grundartangamannvirkið.

Að öðru leyti vil ég segja það, að þær 3430 millj., sem Landsvirkjun skuldar erlendis, eru að hálfu á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Mér finnst rétt að það komi fram.

Ég lít á þessa fsp., sérstaklega eftir að spyrill lét koma fram að sá aðili, sem býr við bestu aðstæður, hafi bestu lánakjörin, þannig að hún sé sett fram til að réttlæta frekari álögur á Reykvíkinga til jöfnunar á rafmagnsverði í landinu, enda sagði hann það beinum orðum. Ég harma að til slíkra umr. skuli stofnað hér á hv. Alþingi. Ég held að öllum sé ljóst að þegar skynsamlega hefur verið staðið að uppbyggingu orkuvera í langan tíma, þá skapi það traust hjá lánveitendum og það traust eigi ekki aðrir íbúar þessa lands að skattleggja.

Fyrirspyrjandi (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Aðeins örstutt aths. — Til að fyrirbyggja misskilning vil ég geta þess, að þær upphæðir, sem hér hafa verið upplýstar, eru ekki skuldir Landsvirkjunar erlendis heldur skuldir Landsvirkjunar við ríkissjóð Íslands. Það er ríkissjóður Íslands sem hefur veitt þetta lán. Og ég hef m. a. s. hér afrit af lánssamningnum eins og gengið er frá honum. Þetta eru ekki skuldir á nafni Landsvirkjunar erlendis, heldur skuld við ríkissjóð Íslands — ekkert annað. Og það er það sem ég var að tala um að gæfi ástæðu til samanburðar. (Gripið fram í.) Þessir 3 milljarðar 430 millj. kr. í árslok 1978 eru skuld við ríkissjóð Íslands.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil aðeins staðfesta það aftur, að hér er um að ræða lítið brot af skuldum Landsvirkjunar, 3430 millj. kr., sem eru lán Landsvirkjunar í erlendum gjaldeyri að mestu leyti, í sterlingspundum og Bandaríkjadollurum.

Í þessu sambandi er e. t. v. ástæða til að velta því aðeins fyrir sér, hvernig skynsamlegast sé að standa að lántökum til opinberra framkvæmda í landinu. Um það geta verið skiptar skoðanir og það er oft mjög mikið matsatriði hvernig taka skuli lán til opinberra framkvæmda. Ég hygg þó að það sé ríkjandi skoðun þeirra, sem við þessi mál fást, að það sé heppilegast að taka mestan hluta þeirra lána, sem til þarf á hverju ári, í einu lagi, en þó sé rétt og eðlilegt að útiloka ekki svokölluð „project"- lán — þau lán sem eru tekin sérstaklega til ákveðinna framkvæmda, eins og t. d. orkuframkvæmda. Það er vegna þess að stundum er hægt að komast að betri kjörum með slíku lánaformi en með því að taka þau lán sem lið í einni heildarupphæð.

Ég held að það sé ástæða til að athuga nánar hvernig þessum lánamálum er háttað, því að það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að auðvitað er fjármagnsbyrðin liður í **rekstrarkostnaði og þess** vegna ástæða til að athuga það nánar. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvernig sá samanburður yrði t. d. milli einstakra virkjana í landinu, en það væri fróðlegt að gera slíkan samanburð, og er ég ekki að gefa eitt eða annað í skyn í því efni, aðeins að það væri fróðlegt að sá samanburður yrði gerður.

Varðandi þessi mál öll er það orðið svo, að rafmagnsverð og hitunarkostnaður er að verða býsna stór þáttur í *kostnaði við rekstur heimila í landinu og er það verulegt* áhyggjuefni. Það háttar nú svo til, að sem betur fer eru í flestum byggðarlögum, eða sem svarar um 80% af fólksfjöldanum, möguleikar á að hita upp híbýli manna með hitaveitu með nútíma borunartækni. Þeir, sem ekki hafa þá möguleika, verða að hita híbýli sín upp með olíu, og eins og nú er að verða er það í raun og veru ókleift án þess að ríkissjóður eða almannavaldið komi til aðstoðar, samhjálp komi til aðstoðar, ella mundu þær byggðir, sem þannig eru settar, sennilega smátt og smátt hreinlega eyðast. Sumar er þannig í sveit settar að þar er nauðsynleg byggð til þess að nýta náttúruauðlindir, eins og t. d. fiskimiðin, og margt fleira kemur þar til. En það má vel vera að með enn þá meiri borunartækni en við ráðum nú yfir verði mögulegt að hita upp svo að segja öll híbýli á landinu þegar tímar líða og það verði hægt að komast hjá því vandamáli sem þessar staðreyndir, sem við nú stöndum frammi fyrir, valda.

Ég held að ekki sé skynsamlegt fyrir þjóðina að taka upp illvígar deilur um þessi mál. Þau eru þess eðlis að það

er ekki hægt að komast hjá því að grípa til samhjálpar. Annað er í raun og veru ekki forsvaranlegt. Ella verða menn hreinlega að flýja heil héruð, eins og þessi mál hafa þróast og eins og líklegt er að þau muni þróast, e. t. v. hraðar en við gerum okkur grein fyrir nú. Ég vil því leggja á það áherslu í sambandi við þessi mál, að raforkan og upphitunin eru hvor tveggja þættir sem verður að huga að og verður að ganga þannig frá að menn sitji nokkurn veginn við sama borð hvar sem menn eru búsettir á landinu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðh. fyrir að leiðrétta hv. fyrirspyrjanda og staðfesta að þær 3430 millj., sem Landsvirkjun skuldar, eru erlent lán, en ekki lán sem ríkissjóður hefur veitt, og ábyrgðin á þessu erlenda láni hvílir að jöfnu á ríkissjóði og Reykjavíkurborg.

Ég vil taka undir það, að jafna þarf kostnað, m. a. rafmagnskostnað, eftir búsetu manna hér í landi. En það á ekki að gera með því að auka álögur á íbúa Reykjavíkur eða íbúa þéttbýliskjarna, heldur á sú samhjálp að koma frá opinberum almennum sjóðum, t. d. ríkissjóði, en alls ekki sem aukaálag á íbúa þéttbýliskjarna.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Það voru mjög athyglisverðar upplýsingar, sem komu fram í ræðu hæstv. fjmrh., og vissulega var gagnlegt að fá þær. Það er auðvitað óumdeilanlegt, að Landsvirkjun og áður Sogsvirkjun hefur staðið mjög vel að virkjunarframkvæmdum og eru þær langmikilvægustu virkjunarframkvæmdir fyrr og síðar á Íslandi. Að sjálfsögðu hafa eignaraðilar, Reykjavíkurborg og ríkið, greitt fyrir þessum virkjunarframkvæmdum á ýmsa lund. Það kemur m. a. fram í þessum hagstæðu víkjandi lánum. Þau eru í því fólgin, að fyrirtækið þarf ekki að greiða vexti og afborganir af þessum lánum fyrr en afkoma þess er með þeim hætti að það geti undir því staðið. Í öðru lagi hafa bæði Reykjavíkurborg og ríkið veitt óafturkræf framlög sem eigendur þessa fyrirtækis. Þetta hefur auðvitað orðið til þess að greiða fyrir virkjunarframkvæmdum og þær orðið yfirleitt mjög hagkvæmar.

Hins vegar kemur það fram, að ýmsir aðrir virkjunaraðilar hafa ekki, a. m. k. enn þá, notið sams konar fyrirgreiðslu, eins og kemur fram í því t. d., að Rafmagnsveitur ríkisins hafa orðið að notast fyrst og fremst við vísitölutryggð lán, og vitanlegt er að undanfarin ár hafa vísitölutryggð lán innanlands verið miklu óhagkvæmari en erlend lán, þau hafa hækkað miklu meira en gengisbreytingum nemur.

Ég held að það sé alveg ljóst, að það, sem fyrir hv. fyrirspyrjanda vakir, er ekki að skattleggja Landsvirkjun eða þá sem eru á veitusvæðum Landsvirkjunar, heldur þvert á móti að fá þessar upplýsingar til þess að vinna að því að sum önnur virkjunarfyrirtæki í landinu geti annaðhvort á næstunni eða smám saman fengið svipaða fyrirgreiðslu og Landsvirkjun hefur fengið. Það finnst mér ákaflega eðlileg og sanngjörn ósk.

Sameinað þing, 67. fundur.

Þriðjudaginn 13. mars, að loknum 66. fundi.

Könnun á stærð selastofnsins, þáltill. (þskj. 440). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Meðferð íslenskrar ullar, þáltill. (þskj. 79). — Ein umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. „Illa gengur að afgreiða póstinn", var sagt forðum tíð og það má kannske svipað segja, stundum fyrr og áreiðanlega nú um afgreiðslu mála í Sþ. Það eru margar till. fram lagðar og margar ókomnar til n. og nú tekur nokkuð að líða út á. Það hefur verið algengt að fluttar séu mjög langar ræður og margar við fyrri hluta umr., þegar þær ná að fara fram fyrir umræðum utan dagskrár, sem hafa verið mjög tíðar og stundum langar. Ég held að það sé því rétt að ég hafi fremur stutta framsögu fyrir þessari tillögu.

Flm. auk mín eru þeir Stefán Valgeirsson, Þórarinn Sigurjónsson, Alexander Stefánsson og Einar Ágústsson. Till. er um meðferð íslenskrar ullar, að eiginleikar hennar verði rannsakaðir og kannað hversu bæta megi ræktun hennar og meðferð yfir höfuð að tala, allt frá því að hún tekur að vaxa á kindinni, ef svo mætti segja, og þar til flíkin er fullfrágengin.

Hvatinn að flutningi þessarar till. er bréf það frá nokkrum samtökum áhugafólks um meðferð ullar, sem m. a. var sent alþm. í þann mund sem þing kom saman í haust. Í upphafsorðum benda bréfritarar á að íslenska ullin á sér jafnlanga sögu og landsmenn sjálfir. Landnámsmenn fluttu sauðfé ásamt öðru góssi sínu er flytja mátti sjóleiðis á þeim tímum þegar Ísland byggðist. Þeir benda á að í sameiningu aðlagaðist fólk og sauðfé ókunnu, harðbýlu landi, sem gaf því svip og sérkenni. Og þeir rifja það upp í bréfi þessu, hvernig ull hefur verið unnin í landinu í 1100 ár og hversu sérkenni hennar eru sterk og vel þekkt öllum þeim sem úr henni hafa unnið á margvíslegan og nytsaman hátt: Langt sterkt og gljáandi tog, mjúkt og fjaðurmagnað þel. Það er rakið hversu fjölbreytt framleiðsla úr ull hefur verið áður á öldum, því að þá var unnið úr ull miklu fleira en efni til fatnaðar. Enn er á það bent, hversu allir þættir ullarframleiðslu og úrvinnslu fyrrum voru nátengdir, þar sem allir þættirnir fóru fram á heimilunum sjálfum. Tengslin milli ræktunar og úrvinnslu voru þá sjálfsögð og eðlileg. Á síðari árum aftur á móti hefur orðið mikil breyting á þessu með gerbreyttum atvinnuháttum og margvíslegri verkaskiptingu, sem viðgengst í nútímaþjóðfélagi, svo okkar þjóðfélagi sem öðrum.

Nú dettur mér vitanlega ekki í hug að freista að rekja yfirgripsmikla sögu um ullarvinnslu, það hefur ekki neina sérstaka þýðingu í sambandi við þetta mál, né heldur að ræða um notkun Íslendinga á umliðnum öldum á ull og ullarvörum. En ég stilli mig ekki um að benda á fróðlegt og skemmtilegt erindi: „Ullin og íslenska

þjóðin" — sem dr. Gylfi Þ. Gíslason flutti á samkomu þýsk-íslensku félaganna í Köln og Hamborg 5. og 6. apríl s. l. — það var prentað í Fjármálatíðindum, 3. hefti síðasta árgangs, trúi ég. Og ég vil einnig benda á að fagmenn í greininni, t. d. dr. Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri og dr. Stefán Aðalsteinsson, hafa ritað margt ágætra greina um íslensku ullina nú og fyrr.

Þegar hér er lagt til að stjórnvöld hefji skipulegar aðgerðir til úrbóta á sviði ullarvinnslunnar, þá er það ekki neitt nýtt. Það eru aldir liðnar síðan stjórnvöld fóru að hafa afskipti af þeim málum. Ég vil rifja það upp til gamans, að í ferðabók Olaviusar segir frá tilraunum á vegum hins opinbera með vetrarrúningu sauðfjár. Þar segir m. a. að Jón Jakobsson sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu hafi látið klippa fé sitt um jólaleytið og gefið því inni allan veturinn og fengið með því móti helmingi meiri ull en áður, en þetta kostaði mikið fóður. Og svo segir orðrétt: „Af þessum sökum hefur konungi þóknast að láta fyrst um sinn hætta að gera tilraunir í þessu efni, uns fullkomnari reynsla er fengin!" Þetta segir í konungsúrskurði frá 24. mars 1977: „En menn eru hvattir til að halda tilraunum áfram á eigin spýtur, einkum þeir, sem nægilegt fóður hafa, og þeir eru margir, jafnvel meðal bænda," segir þar. En þetta lýtur að því að þá gerðu menn ráð fyrir að það væru fyrst og fremst embættismennirnir sem þannig væri ástatt um að þeir gætu leyft sér að halda áfram þessum tilraunum. Þetta var sem sagt fyrir röskum 200 árum. Svo langt er síðan ríkisstj. eða stjórnvöld tóku að gefa gaum að gildi ullarinnar.

Nú er það spurningin, hvað stjórnvöld geta aðhafst í dag til þess að bæta meðferð og vinnslu íslenskrar ullar og ég held að það sé í rauninni býsna margþætt. Þá er fyrst að nefna að láta fram fara ítarlega og víðtæka rannsókn á þessu sviði. En margt fleira kemur til. Sitthvað er hægt að gera til þess að hafa heppileg áhrif á þróun mála nú þegar. Þar má nefna að húsvist fjárins hefur mikil áhrif á gæði ullarinnar. Rannsóknarstofnun landbúnaðarins hefur sótt um fjárveitingu til tilraunastarfsemi varðandi húsvistarmálin. Það hefur ekki enn þá fengist fé til þeirra hluta, enda ekki langt síðan þeir brutu upp á þessu. En það er áreiðanlega skaði, því það er mjög þýðingarmikið grundvallaratriði hversu ullin fer með sig meðan hún enn er á fénu og á þeim tíma sem fé er á húsi. Rúningstíminn hefur og ákaflega mikil áhrif og það ættu að vera miklu meiri möguleikar til þess nú en áður var, að maður nú ekki tali um fyrir 200 árum, að hagræða rúningstímanum.

Með ýmsu móti er hægt að hafa áhrif á það, t. d. með skynsamlegri verðlagningu á þessu þýðingarmikla iðnaðarhráefni, ullinni. Og þá kemur til flokkunin og ullarmatið. Alþ. hefur alveg nýlega sett löggjöf um það efni, þ. e. flokkun ullar og ullarmat, allítarlega löggjöf, sem nú þarf að framkvæma og e. t. v. þá að breyta og endurskoða eftir því sem reynslan gefur tilefni til. Þá ætti að vera unnt að stuðla að því með ýmsum hætti að ullarverksmiðjurnar leggi áherslu á sem fjölbreyttasta og vandaðasta framleiðslu á ullinni, þar sem séreinkenni þessa hráefnis yrði nýtt eftir því sem unnt er í verksmiðjuframleiðslu.

Þá er og mikils vert, og kannske meira virði en menn gera sér grein fyrir í fljótu bragði, að örva allt sem gæti heitið listiðnaður og handverk ýmiss konar úr íslensku ullinni, t. d. með því að stuðla að námskeiðahaldi eða annarri kennslu í meðferð ullar og ullarefna, svo að eitthvað sé nefnt. Þetta atriði var dálítið rætt, þegar ég var menntmrh., áhugamenn áttu viðræður við rn. um aukna kennslu í meðferð íslensku ullarinnar, en þær viðræður hafa ekki enn þá borið tilætlaðan árangur.

Loks vil ég svo nefna útflutningsstarfsemina. Það er ekki minnsta atriðið, að jafnframt því sem stuðlað væri að vaxandi framleiðslu úr ull og ullarefnum, betri framleiðslu og vandaðri, sé allt gert sem unnt er til þess að greiða fyrir útflutningnum og sölunni. Það fer ekkert á milli mála að hér er til nokkuð mikils að vinna. Útflutningur ullarvara er þegar orðinn umtalsverður, eins og glöggt hefur komið fram í fréttum að undanförnu, og skal ég ekki fara að rekja þær tölur hér. Ullariðnaðurinn gefur því nú þegar verulegan erlendan gjaldeyri í þjóðarbúið og veitir atvinnu og gefur tekjur ótrúlega mörgu starfsfólki. Ullarvinnslan er mikilsverður þáttur í því líka að efla jafnvægi í byggð landsins og renna stoðum undir atvinnugrein — útflutning sem eitt sinn var þýðingarmikill í verslun Íslendinga, en var nálega alveg niður fallinn um áratugaskeið, eins og hv. þm. munu kannast við. Ullin getur haft verulega þýðingu í sambandi við byggðajafnvægi, einfaldlega vegna þess að framleiðsla íslenskrar ullar og framleiðsla úr ull kostar ekki það miklar tilfæringar að það er tiltölulega auðvelt að koma henni við víða og í smærri einingum en ýmsum öðrum iðngreinum.

Ég vil svo að lokum minna á það, að Íslendingar hafa um sína daga mátt þola marga slorbáruna varðandi bjargræði sitt til lands og sjávar. Þrátt fyrir alla velmegun og velsæld nú á tímum er hér ekki lát á. Áföllin eru að vísu með öðrum hætti en áður var. Varðandi landbúnaðinn er of mikið framboð á mat: kjöti, mjólk og mjólkurvörum, þ. e. a. s. það er ekki unnt að selja þessar vörur á viðhlítandi verði. Svo í annan stað eru menn neyddir til að draga nokkuð við sig veiðar á ýmsum helstu nytjafiskum: síld, þorski og loðnu. Þetta er alveg nýtt í okkar sögu eða a. m. k. höfum við ekki staðið frammi fyrir því í neitt slíkum mæli sem nú. Þetta skýtur heldur skökku við, því alveg fram undir þetta var keppikefli að rækta sem mest og framleiða sem mest og alveg eins að flytja sem allra mestan fisk að landi og ná sem mestri brúttóframleiðslu. Það hefur verið höfuðeinkenni á íslenskum atvinnurekstri, í megingreinum a. m. k., að hafa sem allra mest undir höndum, klófesta sem allra mest af gæðum lands og sjávar, en minna fengist um það að vinna hráefnið til sem mestra verðmæta. Nú verða menn nauðugir viljugir að hverfa frá þessari grundvallarstefnu, hvort sem um er að ræða veiði á sjó eða framleiðslu hinna hefðbundnu búvara, og þá hlýtur það að vera höfuðmarkmið framvegis að vinna okkar eigin innlendu hráefni til sem allra mestra verðmæta um leið og fullt tillit er tekið til markaðsástæðna að sjálfsögðu.

Ég held að það sé óhætt að segja að íslenska ullin er dæmigerð að þessu leyti. Bætt meðferð hennar frá fyrstu hendi og fyllsta alúð við úrvinnsluna, tóskapinn, fellur fullkomlega að því sem koma verður og koma skal almennt á sviði atvinnumálanna eða framleiðslunnar. En einmitt á þessu sviði hefur okkur orðið hrapallega á í messunni. Það sést ákaflega vel á því, að ullin, sem eitt sinn var einn helsti gjaldmiðill bændanna og jafnvel þjóðarinnar eða landsins út á við, hrapaði niður í það að verða nánast einskis nýt og svo lágt verðlögð að verðsins vegna borgaði sig varla að hirða lagðinn. Það hefur verið snúið við blaði að þessu leyti og ullariðnaðurinn er í sókn. Með þessari till. er lagt til að stjórnvöld taki til

hendi, enda er áreiðanlega nauðsynlegt að fylgja þeirri þróun eftir, sem nú er byrjuð, bæði með stjórnvaldaaðgerðum og aðgerðum af hálfu almennings.

Ég legg til, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til atvmn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa stuðningi mínum við þá till. sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Þessi till. er að verulegu leyti byggð á ályktun eða áliti samtaka sem láta sig handiðnað miklu varða, þ. e. a. s. Heimilisiðnaðarfélags Íslands, Handprjónasambands Íslands, Félags ísl. vefnaðarkennara, Handavinnukennarafélags Íslands, Textílfélagsins og Tóvinnustarfshóps svonefnds.

Hér er á ferðinni hið merkasta mál. Það þekkja allir þeir sem ferðast hafa og farið um landið og koma úr þeim kjördæmum þar sem ullariðnaður er veruleg lyftistöng fyrir allt atvinnulíf. Það, sem hér þarf að gerast, eins og í fjöldamörgum öðrum úrvinnslugreinum hér á landi, er einfaldlega það, að verð ullarinnar þarf að tengjast gæðum hennar. Það er ekki ýkjalangt síðan íslenskir bændur hirtu varla ull af fé sínu og gjarnan mátti sjá kindur í tveimur reyfum vaga um haga og eiga bágt í sumarhitum. Þetta var m. a. af þeim sökum að verð á ull var mjög lágt og er raunar hlutfallslega mjög lágt enn í dag miðað við þau verðmæti sem sköpuð eru úr ullinni.

Við höfum á undanförnum missirum og árum staðið frammi fyrir því, að erlendir menn hafa reynt að líkja eftir eiginleikum hinnar íslensku ullar og merkja sér íslensku ullina á þann hátt að við höfum hlotið nokkurn skaða af. Þó virðist þetta vera að breytast á þann veg, að einmitt sú samkeppni, sem hefur átt sér stað úti í hinum stóra heimi, hefur auglýst meir og betur íslensku ullina en margt annað. Engu að síður ber okkur að gera átak í þeim efnum að auka gæði þessa mikilvæga hráefnis, en því miður hefur það verið svo að undanförnu að lítill hluti ullar, sem kemur á markað hér, er í háum gæðaflokki. Hér þarf því að gera átak á mörgum sviðum, eins og hv. frsm. nefndi, bæði meðal bænda, í verksmiðjum og hjá starfsfólki verksmiðja og þegar ullin kemur til fullvinnslu.

Íslensk ull hefur að undanförnu verið blönduð erlendri ull og sá háttur hefur verið umdeildur. Skoðun mín er sú, að við eigum í framtíðinni að stefna að því að nota eingöngu eigin ull í þann varning sem við flytjum úr landi undir okkar merkjum. Fyrst og fremst ber okkur þó að hafa í huga að auka gæði ullarinnar, auka verðmæti hennar í réttu hlutfalli við aukningu gæðanna, þannig að það verði verulega eftirsóknarvert fyrir bændur m. a. að hirða ullina og fyrir þá menn, sem stuðla vilja að atvinnuuppbyggingu í hinum dreifðu byggðum þessa lands, að stofna til hvers konar framleiðslu á ullarvarningi, sem á síðustu árum hefur orðið verulegur hornsteinn að atvinnulífi í landshlutum og á stöðum þar sem atvinna hefur verið takmörkuð.

Ég vildi aðeins láta þessi orð falla um þá þáltill., sem hér er til umr., lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel þessa till. mjög tímabæra og ég vænti þess, að hún geti haft þau áhrif að a. m. k. fjárveitingavaldið sjái sér fært að veita meira fjármagn til rannsókna sem fram hafa farið og væntanlega eiga eftir að fara fram á gæðum íslenskrar ullar og hvernig megi bæta þau gæði og auka í alla staði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kornrækt til brauðgerðar, þáltill. (þskj. 89). — Ein umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Að undanförnu hefur mjög verið rætt um markaðserfiðleika og sölu-vandamál í sambandi við íslenskan landbúnað og þá jafnframt um þörfina á að draga úr framleiðslu á þeim vörutegundum sem erfiðast er að fá viðunandi markað fyrir. Hér skal ekki dregið úr því, þar sem þar er um ærinn vanda að ræða. En með till. til þál. um kornrækt til brauðgerðar, sem ég hef flutt á þskj. 89 ásamt Þórarni Sigurjónssyni og Friðrik Sophussyni, er gerð tilraun til að benda á eina leið til að snúast við þessu vandamáli á jákvæðan hátt, þ. e. að leita að nýrri framleiðslu sem viðunandi markaður væri fyrir. Á þann hátt gætu einhverjir bændur breytt um framleiðslugreinar til ávinnings fyrir sjálfa sig og stéttina í heild.

Í þessari þáltill. er ríkisstj. falið að kanna að hve miklu leyti er hægt að nota íslenskt korn til brauðgerðar. Jafnframt hefji ríkisstj. skipulegt starf til að reyna að stuðla að aukinni kornrækt þegar á komandi vori.

Í grg. eru í stuttu máli rakin þau rök, sem að baki þáltill. liggja, og bent á nokkrar staðreyndir í því sambandi. Annars vegar er sá mikli ávinningur sem væri af því að geta tryggt nýtt og ómengað mjöl til brauðgerðar hérlendis. Það er einnig mikilsverður áfangi til að framleiða sem mest af neysluvörum okkar hér innanlands. Flestar þjóðir leggja kapp á það með því að styrkja landbúnað sinn á margvíslegan hátt og telja það þátt í að treysta sjálfstæði sitt. Og hv. alþm. hafa staðreynt að hér er ekki um skýjaborgir að ræða, þar sem undanfarnar vikur hefur brauð úr íslensku byggi verið á boðstólum í kaffistofu Alþingis. Hins vegar er um að ræða nýjan markað fyrir innlenda búvöruframleiðslu sem ætti að geta hvatt til að kornrækt verði fastur liður í búrekstri í sumum héruðum landsins. Eins og áður sagði er slíkt sérstaklega brýnt nú, þegar erfiðlega gengur að selja alla framleiðslu þeirra búgreina sem mest eru stundaðar.

Reynslan á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum og á tilraunastöðinni á Sámsstöðum í Fljótshlíð síðustu árin bendir til þess að byggrækt sé þar ekki áhættusamari en kartöfluræktin, sem sjálfsagt er talið að stunda hérlendis þrátt fyrir misjafna uppskeru milli ára. Og enda þótt með kynbótum á byggi erlendis hafi fengist nýir stofnar sem henta okkur betur en þeir sem reyndir voru hér fyrir nokkrum áratugum, þá má tvímælalaust með slíku kynbótastarfi, sem fyrst og fremst væri miðað við íslenskar aðstæður, fá bæði harðgerari og uppskerumeiri stofna, þar sem tækni við slíkar kynbætur hefur fleygt ört fram.

Enda þótt hér sé sérstaklega bent á notkun á byggi til brauðgerðar þarf ekki síður að hafa í huga það mikla magn af kolvetnum til skepnufóðurs sem flutt er til landsins, en miklar niðurgreiðslur Efnahagsbandalagsins á þeim vörum til útflutnings valda harðri samkeppni við fóðurframleiðslu íslenskra bænda. Með innflutningi á slíkum fóðurvörum, sem hægt væri að komast hjá með betri fóðurframleiðslu innanlands, annaðhvort með betri heyverkun eða innlendri kornrækt, er verið að flytja atvinnumöguleika íslenskra bænda úr landi.

Í þessari þáltill. er aðeins fjallað um kornrækt, enda þótt á fleira mætti benda og þá sérstaklega í því sambandi minnast á frærækt, sem er þó nokkuð hliðstætt. Á

undanförnum árum hafa verið gerðar athyglisverðar tilraunir með fræræktá Sámsstöðum. Niðurstöður þeirra gefa vonir um að viðunandi árangri megi ná með ræktun fræs af túnvingli, vallarsveifgrasi og jafnvel vallarfoxgrasi og ef tekst að ná nógu góðum tökum á þeirri framleiðslu muni nokkur hópur bænda geta stundað þessa framleiðslu á býlum sínum.

Í umr. um nýjar búgreinar hefur enn fremur loðdýrarækt borið á góma. Hefur landbrh. skipað nefnd til að athuga hvernig best sé að vinna að framgangi þeirra mála hér og þá sérstaklega refarækt. Þá er öllum kunnugt um vaxandi áhuga á fiskrækt. Þessi þáltill. fjallar því aðeins um eitt mál af mörgum sem nauðsynlegt er að hafa í huga og vinna að til þess að snúa þeirri vörn, sem íslenskur landbúnaður hefur verið í á síðustu mánuðum og árum vegna erfiðleika á sölu framleiðsluvörunnar, í öfluga sókn. En það verður ekki gert nema með því að nýta vel hvert það tækifæri sem þar getur komið til greina.

Ég legg svo til að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landgræðsla árin 1980—1985, þáltill. (þskj. 114). — Ein umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 114 hef ég leyft mér ásamt nokkrum hv. þm. öðrum að flytja till. til þál. um áætlun um landgræðslu árin 1980—1985. Í sambandi við flutning þessarar þáltill., sem er flutt til þess að koma í veg fyrir að stöðvuð verði landgræðsla sú sem unnið hefur verið að á síðustu árum, vil ég leyfa mér að gera grein fyrir þeim árangri sem náðst hefur í sambandi við landgræðsluáætlunina frá 1974, og styðst ég þar við frásagnir sem ég hef fengið frá Landgræðslu ríkisins.

Landgræðslu ríkisins voru ætluð 70% af þjóðargjöfinni. Árleg grunnfjárhæð, sem féll í hlut Landgræðslunnar, var því um 140 millj. kr., að viðbættum verðbótum sem greiddar hafa verið árið eftir samkv. útreikningi Hagstofu Íslands og komu fyrst til greiðslu árið 1976. Landgræðsluáætlunin gerir ráð fyrir að hlutverk Landgræðslunnar í framkvæmdaáætluninni skiptist í sex meginþætti:

Stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og sandfoks. Þetta er megintakmarkið í landgræðsluáætluninni og til þessa verkefnis hefur verið varið megninu af því fé sem til umráða hefur verið. Þessum þætti er skipt í þrjá þætti, þ. e. uppsetningu nýrra girðinga og landgræðslu innan þeirra, í öðru lagi viðhald uppgræðslu innan eldri girðinga og svo vinnu við sáningu.

Í landgræðsluáætluninni er getið um 19 uppblásturssvæði sem nauðsynlegt er talið að girða samkv. tillögum Landgræðslu ríkisins. Nú er búið að girða 12 af þessum svæðum. Girðingaframkvæmdir eru í undirbúningi á 4 svæðum, sem tilnefnd voru, en 3 svæði eru ekki enn þá á dagskrá, fyrst og fremst vegna þess að önnur válegri uppblásturssvæði hafa komið til eftir að áætlunin var samin. Er þar sérstaklega um að ræða svæði innan Suður-Þingeyjarsýslu.

Uppgræðsla hefur að langmestu leyti verið framkvæmd með áburðarvélum. Um framhald af uppgræðslu eldri svæða er það að segja, að á 12 svæðum var aukinna aðgerða talin þörf, og hefur mikið verk verið unnið á þeim öllum og einnig á fjölmörgum af þeim liðlega 100 svæðum sem Landgræðslan hefur aðallega starfað á á liðnum árum. Skipulega hefur verið unnið að endurnýjun þeirra landgræðslugirðinga sem Landgræðslan annast vegna ofbeitar á landi eða hún telur að viðkomandi landssvæði þoli ekki neina beit á næstu árum.

Uppgræðsla jarðvegs. Unnið hefur verið ötullega að jöfnun rofabarða og var lítil jarðýta keypt og notuð til þess verks. Unnið hefur verið bæði utan og innan landgræðslugirðinganna, aðallega hefur verið unnið austur í Mýrdal, undir Eyjafjöllum, á Rangárvöllum, í Hrunamannahreppi, á Haukadalsheiði og í Ölfusi. Rétt er að taka það fram, að víða hafa heimamenn tekið virkan þátt í þessu starfi, bæði stungið niður rofabörð og einnig mjög víða sáð þar sem jarðýta hefur verið að verki. Þar fyrir utan hefur svo mikið áhugamannastarf verið unnið á þessu sviði á vegum Landverndar.

Í lögum um landgræðslu segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 8. gr.:

„Heimilt er Landgræðslu ríkisins að styrkja sveitarfélög, upprekstrarfélög eða einstaklinga til uppgræðslu, jarðvegs- og gróðurverndaraðgerða, svo sem til að koma upp girðingum í kringum uppblásturssvæði eða vangróið land, græða það og halda við girðingum. Framlög mega vera allt að 2/3 kostnaðar við þessar framkvæmdir, að meðtöldum þeim framlögum, sem kunna að verða greidd samkv. jarðræktarlögum.

Landssvæði, sem að dómi Landgræðslunnar eru í hættu eða þar sem þröngt er í högum og þörf hagabóta, ganga fyrir með slíka aðstoð.

Aðstoð skal binda skilyrðum um meðferð landsins, og er heimilt að krefjast endurgreiðslu á framlagi, ef út af þeim er brugðið."

Í 25. gr. sömu laga eru ákvæði um heimild til að styrkja gróðurverndaraðgerðir sem hafa verulegan kostnað í för með sér. Yfirleitt hefur aðstoð Landgræðslunnar verið bundin við að styrkja sveitarfélög til uppgræðslu stórra samfelldra heildarbeitilanda á örfoka landi á mörkum afréttar og byggðar, eins og áður hefur verið vikið að. Einstaklingum hefur verið veitt aðstoð við að stöðva uppblástur og gróðureyðingu á heimajörðum, þar sem ástæða hefur þótt til að hefta fokið.

Uppgræðsla samfellds beitilands er víða í gangi og eru þau svæði nytjuð verulega, en undir eftirliti Landgræðslunnar. Má þar nefna svæði í Biskupstungum, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Landmanna-, Holts-, Hvols-, Fljótshlíðar- og Vestur-Eyjafjallahreppum í Árnessýslu og Rangárvallasýslu, Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, í afrétti Reykjavíkur og Kópavogs og nokkurt land í hreppum í Suður-Þingeyjarsýslu. Rétt er að ítreka það hér, að um er að ræða uppgræðslu gróins lands í langflestum tilfellum, þar sem heimamenn taka verulegan þátt í uppgræðslukostnaði, og er alveg ljóst að þessar aðgerðir hafa víða létt gífurlega beitarálagi af nálægum svæðum. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að farið hefur verið út fyrir beitarsvæði til gróðurverndar, t. d. hér í nágrenni Reykjavíkur, og var með styrktarframlagi af hálfu Landgræðslunnar komið til móts við Reykjavíkurborg vegna unglingavinnu sem hér var unnin.

Um landgræðsluáveitur er það að segja, að veruleg reynsla hafði fengist við að stöðva jarðvegsfok með vatni

áður en landgræðsluáætlun var samþykkt. Það, sem helst hefur verið framkvæmt í áveitum, er í Langvíuhrauni, upp af Keldum á Rangárvöllum, við Kirkjubæjarklaustur, á Brunasandi í Landbroti og Vogsósum. Ástæður hafa verið kannaðar allrækilega við Sandvatn og við Sandkluftavatn, en það eru stærri framkvæmdir en fjárveitingar hafa fengist til.

Ekki þarf að taka það fram, að melgresið hefur verið helsta vopn landgræðslumanna í heftingu sandfoks hér á landi. Á nokkrum stöðum á landinu lá við hreinni auðn vegna sandfoks áður en melgresi var sáð þar, og hafa ýmsir fullyrt að á þessum stöðum væri ekki búið nú ef melgresi hefði ekki verið notað. Fjármagn var veitt til að smíða melskurðarsláttuvél sem hefur reynst mjög vel. Undanfarandi ár hefur mest verið skorið af mel í Sauðlauksdal, Meðallandi, Álftaveri, Kelduhverfi, á Hólsfjöllum og í Þorlákshöfn. Ekkert sjálfboðastarf kemur Landgræðslunni eins vel og við söfnun melfræs og verður því að harma hvað þessi starfsemi hefur dregist saman. Hún féll að mestu leyti niður á s. l. ári.

Unnið hefur verið að ræktun innlends fræs í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, eins og hv. 6. þm. Suðurl. komst að orði áðan. Nú er ljóst að það er framkvæmanlegt að rækta innlent grasfræ, en mikið vantar á að fjármagn sé fyrir hendi til þess að rækta hér fræ í stórum stíl.

Þá vil ég geta þess, að flugvellir þeir, sem Landgræðslan hefur notað, hafa verið endurbættir mjög verulega á síðustu árum, sérstaklega hjá Gunnarsholti.

Um gróðureftirlit er það að segja, að þetta er eitt af þremur meginverkefnum Landgræðslunnar samkv. lögum. Fylgst hefur verið með gróður- og beitilöndum úr lofti og af láði. Sérstaklega hefur verið fylgst með ástandi gróðurs við afréttargirðingar, sem oft hefur nálgast verulegt hættuástand. Einnig hefur verið unnið að því að draga úr upprekstri stóðhrossa á viðkvæm afréttarlönd og fækka beitarhögum þeirra, þar sem þau keppa um beitargróður við sauðfé á ofsetnum afréttum. Hrossum virðist fjölga stöðugt hér á landi og þess vegna hefur þetta eftirlit verið upp tekið.

Um leið og ég lýk máli mínu vil ég geta þess, að niðurstaðan af því, sem að framan hefur verið sagt um árangur af þjóðargjöfinni sem gefin var til verndar landgræðslu hér á landi 1974, er sú, að hún hafi valdið straumhvörfum í íslenskum landgræðslumálum. Að vísu hefur verið um það deilt, hvort svo hafi verið, en sannanlegt er að verulega hefur á unnist, þó enn þá séu til uppblásturssvæði. Hitt er ljóst, að til þess að sú sókn nýtist, sem þá var hafin, þarf að halda áfram í ekki minna mæli og með svipuðum hætti í aðalatriðum og verið hefur, þ. e. að skipta fjármagni því, sem fer til landgræðslu og landverndar, eftir svipuðum leiðum og gert hefur verið á síðustu 4 árum. Úr fjármagni til landgræðslu má því ekki draga. Lífbeltin tvö, landgrunnið og gróður landsins, skapa grundvöll að tilveru þessarar þjóðar í landi okkar. Þau verk, sem unnin hafa verið á síðustu árum í þróun í þessa átt, mega ekki falla í gleymsku hjá þjóðinni. Það má ekki heldur gleymast að starfræksla í þessum verndarþáttum þarf að halda áfram. Það þarf að vera örugg sókn og vísindaleg rannsókn til þess að staðfesta hvað að gagni megi koma til landverndar og landgræðslu á þann veg sem sótt hefur verið fram á síðustu árum. Til þess að tryggja stöðuga sókn á sviði landgræðslunnar er þessi þáltill. flutt. Hún gerir ráð fyrir að unnið verði að þessum málum með sama fjármagni eða svipuðu fjármagni og síðustu 4 árin og farnar verði svipaðar leiðir og verið hefur til þess að nýta það.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. þessari verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orkusparnaður, þáltill. (þskj. 46). — Frh. einnar umr.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Þessi till. um orkusparnað, sem við Bragi Sigurjónsson, hv. 3. þm. Norðurl. e., flytjum á þskj. 43, hefur áður verið flutt á hv. Alþ. af Alþfl.-mönnum. Hún mun lítinn hljómgrunn hafa fengið í þau skipti. En nú hafa hins vegar gleðilega skipast veður í lofti, eins og m. a. hefur mátt heyra af ræðum hæstv. iðnrh., og ber vel að þakka það.

Það er svo með okkur Íslendinga, að okkur hættir nokkuð til að hegða okkur líkt og sagt er að nýríkir menn geri. Það er í einn stað að sóa og bruðla, en að hinu leyti að nýta ekki það sem við þegar eigum. Margt af því, sem við nú köllum mengun, en áður hét ófínni nöfnum, svo sem óþverri eða skítur, er aðeins vannýtt verðmæti á röngum stað sakir sinnuleysis eða kunnáttuleysis. Mér er í því sambandi löngum minnistætt þegar ég vann sem ungur maður í síldarverksmiðjum á Siglufirði og sá sjóinn út allan fjörð verða gráan af skolvatni verksmiðjanna. Síðar var úr sams konar skolvatni unninn soðkjarni og þótti verðmæt vara, auk þess sem óþrifin minnkuðu í firðinum. Svipað má vissulega segja þegar kolsvartur reykur stendur upp úr reykháfi á olíukyntu húsi. Þar er um að ræða vannýtta orku vegna rangrar stillingar kynditækja. Afleiðingin verður hár hitakostnaður og loftmengun að auki.

Ég vil nota þetta tækifæri til að andmæla ummælum hv. 5. þm. Austurl., sem hann hafði í Sþ. 15. febr. s. l., þegar þetta mál var til umr., jafnvel þó að hv. þm. sé ekki við núna og reyndar ekki í landinu heldur, þar sem hann taldi að lítill árangur hefði orðið af för nemenda Vélskólans til Akraness fyrir nokkrum árum — ég hygg að það hafi verið 1975 — þar sem þeir stilltu kynditæki manna. Það var helst á hv. þm. að skilja að árangur af þessari ferð vélskólanema hefði helst orðið sá, að þrátt fyrir áframhaldandi kyndingu Skagamanna sætu þeir síðan eftir í köldum íbúðunum, því að húsin hitnuðu ekki eftir þessa aðgerð. Ég leyfi mér hins vegar að fullyrða að þetta **er alrangt** og er á allt annan veg farið. Bæði er að húsin hitnuðu betur og olíukostnaðurinn varð verulega minni. Ég held að yfirleitt hafi olíukostnaðurinn orðið meira en 10%, eða 10—15% minni almennt á hvert hús eftir að þetta framtak þeirra vélskólanema var um garð gengið. En hitt var svo annað mál að annar og meiri árangur varð af fyrrnefndri för vélskólanemanna, en hann fólst í því, að augu manna opnuðust fyrir þessum sparnaðarmöguleika og var því þessu starfi haldið áfram af heimamönnum. Eins hygg ég að verði um för nemenda hinna þriggja skóla sem nú nýverið hafa verið í þorpum á sunnanverðum Austfjörðum. Þeir vinna sjálfsagt ekki stórkostlegt þjóðþrifaverk sjálfir, en för þeirra mun verða hvatning fyrir aðra til áframhaldandi starfa á þessu sama sviði.

Það leikur varla nokkur vafi á því, að við Íslendingar eigum eftir að nýta í stórauknum mæli orku lands okkar

og við munum fara út í orkufrekan iðnað í einhverri mynd. En ég vil engan veginn fara að spá nokkru um það, hvort það verður á alíslenskum grundvelli, eins og er með áburðarverksmiðjuna og sementsverksmiðjuna, eða í samvinnu við aðra, eins og t. d. er um ál-, kísilgúr- og járnblendiverksmiðjurnar. En í sambandi við stofnun slíkra verksmiðja verðum við áreiðanlega að hyggja betur að orkunýtingunni en við höfum áður gert.

Hér á Alþ. hefur verið bent á að hitaorka fari forgörðum í frystihúsum okkar í stórum stíl. En vita menn nokkuð hvernig þessu er varið hvað álverið snertir, sem notar þó nærfellt helming allrar raforku sem framleidd er í landinu? Vita menn að þegar sementsverksmiðjan var byggð voru uppi áætlanir um að hita hluta Akraneskaupstaðar með afgangsorku frá henni, en framtakssemi og áhuga vantaði? Mér er einnig kunnugt um að við rekstur járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga *myndast miklu meira en næg afgangshitaorka, er nægja* mundi til að hita upp öll hús í Akraneskaupstað. Á þessu hefur tvívegis verið gerð frumrannsókn, en áhuga hefur skort til frekari framkvæmda. Og nú leitar Akranes eftir heitu vatni innan úr Reykholtsdal. En það er trúlega ekki öll nótt úti enn hvað orkuvinnslu snertir frá Grundartanga, því að þar þarf að brenna miklum býsnum af kolmónoxýð — kolsýringi hygg ég að það heiti á íslensku — sem er banvænt loft, en breytist við brunann í *koldíoxíð — koltvísýring eins og ég held að það heiti á* nútímamáli.

Ég sagði að það mætti sennilega nýta þetta á annan hátt. Í viðtali, sem birtist í Dagblaðinu 28. febr. s. l. við prófessor Braga Árnason, segir hann einmitt frá þessu og ef ég mætti, með leyfi forseta, lesa smáklausu úr því viðtali, þá stendur þar:

„Bragi kvað Grundartangaverksmiðjuna verða er tímar líða, aflögufæra um 25 þús. tonn af kolmónoxíði. *Ef það magn yrði notað til metanólframleiðslu í stað* kolsýru, væri hægt að fá ódýrara metanól, t. d. á bifreiðar, en núverandi bensín er og mundi kolmónoxíðframleiðslan á Grundartanga nægja til eldsneytisframleiðslu, sem svarar til 12% af núverandi bensíninnflutningi."

Það er því augljóst að umframorka í stóriðjuverum getur orðið verulegt umhugsunarefni og verulega þýðingarmikið atriði í nýtingu orku á Íslandi. Það er mjög ánægjulegt að nú virðast augu manna vera að opnast fyrir gildi þess að spara orku. Það er að vísu olíukreppan, sem fram undan virðist vera, sem hefur meira en annað opnað augu manna fyrir þessu, en vonandi má þessi till. verða til þess að opna enn betur augu manna fyrir nauðsyn þess að nýta sem best íslenska orku.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Leit að djúpsjávarrækju, þáltill. (þskj. 85). — Frh. einnar umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég var á mælendaskrá þegar mál þetta var reifað fyrir nokkru. Ég get ekki látið hjá líða að segja örfá orð og lýsa stuðningi mínum við þáltill. þessa sem fjallar um aukna leit að djúpsjávarrækju fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi, skipulagða leit að djúpsjávarrækju.

Ég vil þó gera eina aths. við þessa till. Hún takmarkast við Vestfirði, Norður- og Austurland, en ég álít að það sé í sjálfu sér ekki rétt. Ég tel að það sé full ástæða til að leita að þessari verðmætu fisktegund allt í kringum Ísland.

Það er svo, að leitað mun hafa verið að rækju á djúpslóð fyrir nokkuð mörgum árum, en fram til 1976 a. m. k. var sú leit með öllu ónóg og ekki nægilega samfelld. Á árinu 1976 verður á þessu breyting og gert átak í þessum efnum, ekki síst fyrir forgöngu Matthíasar Bjarnasonar, fyrrv. sjútvrh.

Flm. þessarar till. vekja athygli á því með flutningi hennar, að hér þurfi að hefja skipulega leit að djúprækju og auka hana. Í grg. er vikið að því, hverjir hófu þessar tilraunir og hvenær þær hófust almennt. Það mun hafa verið árið 1934 og síðan gerð alvarleg tilraun í þessu skyni á árinu 1972. Oft hafa þær tilraunir, sem á seinni árum hafa verið gerðar, verið orðaðar við Snorra Snorrason skipstjóra á Dalvík, sem manna mest hefur sýnt þessum málum áhuga, svo að mér sé kunnugt um. *Þó að tilraunir hans hafi oft gengið með ýmsu móti og* þar hafi verið mörgum erfiðleikum að mæta var aflahlutur á Dalborgu, úthafsrækjutogara þeirra Dalvíkinga, mjög glæsilegur á s. l. hausti eða s. l. hálfu ári.

Ein þau mið, sem stunduð hafa verið, rækjumið, sem hafa reynst gjöful, eru rækjumiðin á Breiðafirði. Þar hófst rækjuvinnsla fyrir 1970 og þar er hinn besti aðbúnaður í landi, í Grundarfirði, til þess að veita rækjunni viðtöku og verka hana. En nú er svo háttað á þessum *slóðum, eins og þeir, sem best þekkja til þeirra veiða,* taka til orða, að nú er ýsan búin að yfirtaka hin gjöfulu rækjumið á Breiðafirði", og hefur það verið nefnt í mín eyru, að það þyrfti svo að segja að veiða ýsuna ofan af rækjumiðunum, ef stunda ætti þessi mið áfram.

Hvað sem þessu líður er deginum ljósara að mikil og brýn ástæða er til þess að sinna skipulegri leit af þessu tagi. Vona ég að n. sú, sem fær þessa till. til athugunar, taki þau orð til greina sem ég hef haft um þetta mál, og það er alveg víst, að djúprækjan er auðlind, sem við eigum, sem ekki hefur verið nýtt fram á þennan tíma að kalla. En það er samt mjög greinilegt, að það er þjóðhagslega mikilvægt að þessum rannsóknum sé sinnt þannig að þær megi koma að notum bæði nýjum stórvirkjum úthafsrækjutogurum, en einnig þeim bátum, sem hingað til hafa stundað þessar veiðar á vissum árstíma, og geti orðið til nytja þeim byggðum sem hafa búið sig undir að nýta þennan dýrmæta sjávarfisk og vinna hann í mjög verðmæta vöru.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 68. fundur.

Miðvikudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svohljóðandi *bréf:*

„Reykjavík, 14. mars 1979.

Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér samkv. 138. gr. laga

um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Sváfnir Sveinbjarnarson sóknarprestur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram rannsókn kjörbréfs í sameinuðu þingi.

Ingvar Gíslason,
forseti. Nd."

Mér hefur borist einnig í sambandi við þetta bréf svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. 3. 1979.

Hér með tilkynnist yður, að vegna sérstakra anna heima fyrir mun ég ekki geta tekið sæti á Alþingi í fjarveru Þórarins Sigurjónssonar, 2. þm. Suðurl.

Virðingarfyllst,
Hilmar Rósmundsson,
1. varaþm. Framsfl. í
Suðurlandskjördæmi.

Einnig hefur mér borist kjörbréf til handa séra Sváfni Sveinbjarnarsyni. Vil ég nú óska þess, að kjörbréfanefnd taki þessi gögn til athugunar og gef 8 mínútna fundarhlé meðan kjörbréfið er rannsakað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Sváfnis Sveinbjarnarsonar, 2. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi. N. hefur komist að þeirri niðurstöðu, að kjörbréfið er að öllu leyti löglegt, og mælir með samþykkt þess. Þess skal getið, að fyrir liggur einnig bréf frá 1. varaþm. Framsfl. í þessu kjördæmi, Hilmari Rósmundssyni, um að hann geti ekki vegna sérstakra anna heima fyrir tekið sæti á Alþingi.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þm., Sváfnir Sveinbjarnarson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Gils Guðmundsson): Sváfnir Sveinbjarnarson hefur undirritað eiðstafinn og tekur nú sæti á Alþingi sem 2. þm. Suðurl. Býð ég hann velkominn til starfa á þingi.

Fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, þáltill. (þskj. 320, n. 349, 347). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 347 felld með 42:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁE, EðS, GSig, GeirG, HFS, HG, JÁ, LJós, ÓRG, RA, StJ, SvJ, SvG.

nei: BN, BrS, EH, EG, EÁ, EBS, EKJ, FTS, GH, GK, GSt, HES, IG, JóhS, JH, JGS, JÞ, KSG, KJ, KÓ, LárJ, MHM, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SighB, SV, GF, TÁ, VH, VG, ÞK, SvS, AG, AS, ÁG, GilsG.

5 þm. (BGr, FÞ, FrS, GTh, SvH) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er skoðun þingflokks Framsfl., að ákvörðunartaka um uppsögn allra fiskveiðisamninga við erlendar þjóðir sé ekki mál sem rétt sé að tengja við þáltill. þessa sem einungis fjallar um tímabundinn samning um fiskveiðiréttindi Færeyinga á gagnkvæmnisgrundvelli. Ég segi því nei.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Eins og ég greindi frá í umr. um þetta mál, þá er ég þeirrar skoðunar að það beri að segja upp hið fyrsta fiskveiðisamningum við bæði Norðmenn og Belga. En ég lít öðrum augum á þá samninga, sem um er að ræða við Færeyinga, og er ekki tilbúinn til þess að hengja till. um uppsögn samninga við þá aftan í þá heimild sem hér er lagt til að samþykkt verði. Með tilliti til þess, að ég vil ekki tengja þetta þannig saman og er ekki tilbúinn að fallast á að samningum við Færeyingana beri að segja upp, segi ég nei við þessari tillögu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég er andvígur því að segja upp samningi við Færeyinga. Ég tel samning við Norðmenn lítils virði fyrir báða aðila og er algerlega í höndum sjútvrh. Íslands hversu mikið Norðmenn fá að veiða hér. Á s. l. ári voru veiðar Norðmanna skornar niður í 2026 tonn úr 3122 tonnum árið áður. Samningurinn við Belga er of hár að mínum dómi, vegna þess að belgískum togurum hefur fækkað frá því að samningurinn var gerður úr 12 niður í 8. Ég er því fylgjandi, að utanrrn. Íslands í samráði við sjútvrn. taki upp frjálsa samninga við Belga um að lækka frá gildandi samningi hámarksafla þeirra úr 6500 tonnum, sem þeir hafa ekki komist upp í á undanförnum árum að veiða, og niður í a. m. k. 4400 tonn og þorskafla þar af um helming frá því sem hann er í gildandi samningi. Með tilliti til þessa segi ég nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48:6 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 457).

Varnir gegn olíumengun í nágrenni Keflavíkurflugvallar, þáltill. (þskj. 44). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hámarkslaun, þáltill. (þskj. 72). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 48 shlj. atkv. og umr. frestað.

Jöfnun rafmagnsverðs, þáltill. (þskj. 87). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 50 shlj. atkv. og umr. frestað.

Útflutningsstarfsemi, þáltill. (þskj. 90). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 51 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umboðsmaður Alþingis, þáltill. (þskj. 93). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 49 shlj. atkv. og umr. frestað.

Verklegar framkvæmdir kostaðar af ríkissjóði, þáltill. (þskj. 95). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 48 shlj. atkv. og umr. frestað.

Orkusparnaður, þáltill. (þskj. 46). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 50 shlj. atkv. og umr. frestað.

Meðferð íslenskrar ullar, þáltill. (þskj. 79). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 51 shlj. atkv. og umr. frestað.

Leit að djúpsjávarrækju, þáltill. (þskj. 85). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 50 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kornrækt til brauðgerðar, þáltill. (þskj. 89). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 48 shlj. atkv. og umr. frestað.

Landgræðsla árin 1980—1985, þáltill. (þskj. 114). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 47 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 69. fundur.

Miðvikudaginn 14. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 419). — Ein umr.

Frsm. meiri hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þetta frv. er komið aftur til okkar frá Nd. þar sem Nd. hefur gert á því nokkra breytingu — breytingu reyndar á orðalagi sem var mjög til umr. fyrir áramótin. Þá var mjög um það rætt, hvort niður ætti að fella úr 2. gr. setningu, sem þá hljóðaði eitthvað á þá leið, að starf leiklistarráðs skyldi að því beinast að stuðla að stefnumótun á sviði leiklistarmála, og um það var einnig flutt sú brtt. hér að það orðalag félli niður. Nú hefur Nd. gert þá breytingu á þessu orðalagi, að í stað þess að standi:„að stuðla að stefnumótun á þessu sviði“ — stendur nú: að vera vettvangur umræðna um leiklistarmál og stuðla að því að leiklistarstarfi séu búin þroskavænleg skilyrði.

Ég tel að vísu að fyrra orðalagið hafi verið betra og held mig við það, en ég hef haft samband við velflesta nm. í menntmn. Ed. og ég hygg að þeir geti fyllilega sætt sig við þetta orðalag, hef tryggingu fyrir því. Þá er úr sögunni deilumálið um það, hvað þessi orð tákni, hvort þau séu svo hættuleg sem sumir hafa viljað vera láta, og kannske einhverjum í Nd. hefur þótt ástæða til að breyta af þeim ástæðum. Alla vega er þetta komið í það horf nú, að menn ættu almennt að geta sætt sig vel við það. Ég segi enn og aftur, með tilliti til þess hvernig þetta orðalag var upphaflega komið inn í lögin, að ég hefði frekar kosið það orðalag, þó ég sætti mig við þetta. Ég geri varla ráð fyrir því, að við þurfum að halda sérstakan fund í menntmn. um þetta mál, nema þess verði þá sérstaklega óskað.

Frsm. minni hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að fagna þeirri sendingu sem við höfum fengið úr hv. Nd. Það er ánægjulegt þegar frv. breytast til bóta, og ég tel að svo hafi verið í þessu tilfelli. Að vísu tel ég að tilganginum að búa leiklistinni í landinu þroskavænleg skilyrði eigi að vera náð eftir því sem hægt er með 1. gr. þessara laga, en með því að fella burt skilyrðið um að leiklistarráð skuli vera vettvangur stefnumótunar tel ég að sé þó heldur stefnt í rétta átt eða öllu heldur líti það ekki eins illa út og áður. — Annars er ég enn þá þeirrar skoðunar sem áður, að leiklistarráðið sé í raun og veru óþörf silkihúfa og fremur til lýta heldur en hitt, alla vega óþörf. Það var mjög óviðfelldið að í lögunum stæði að sérstök nefnd manna skyldi móta stefnu í leiklistinni í landinu. Auðvitað á leiklistin í landinu að vera frjáls. Stefna í henni á ekki að vera undir stjórn einhvers ráðs, sem auk þess er styrkt af

hinu opinbera.

Ég tel að þetta litla frv. horfi annars mjög til aukins frelsis í menningarmálum í landinu, því núna er heimilt og er stuðlað að því að hið opinbera styrki leiklistarstarfsemi, þó ekki sé það í formlegum atvinnuleikhúsum, svo og óperustarfsemi.

Í vetur var hér minnt á Alþýðuleikhúsið. Ég vil nota þetta tækifæri til að minna sérstaklega á Ferðaleikhúsið sem ég tel að vinni mjög mikilsvert menningarstarf. Þar er um að ræða leiklistarstarfsemi sem felst í því að ýmis íslensk bókmenntaverk eru flutt á erlendu máli fyrir erlenda ferðamenn. Með þeim hætti er unnið að mikilsverðri landkynningu, þannig að útlendingar, sem eiga þess lítinn kost að kynnast af eigin raun leikbókmenntum Íslendinga í löndum sínum, eiga slíks kost á einni kvöldstund þegar þeir hafa viðdvöl hér. Slíka starfsemi ber vitanlega að efla, einkanlega þegar um er að ræða að þarna hefur flutningur leiklistar verið í höndum mjög lærðra og vel færra leikara. Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni þegar stuðlað er að því að slíkir hópar njóti opinbers stuðnings. Ég held að ýmislegt, sem óþarfara er, sé stundum styrkt af hinu opinbera.

Herra forseti. Aðalatriði málsins er það, að ég fagna því að þessi óviðkunnanlega klausa um að sérstakt ráð skuli móta stefnu í leiklistarmálum í landinu skuli vera fallin brott.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 458).

Félagsheimili, frv. (þskj. 446). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Grunnskóli, frv. (þskj. 322). — Frh. 1. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson [frh.]: Herra forseti. 1. umr. um frv. er að verða eins konar framhaldssaga í d. Má segja að fyrst hafi umr. snúist um almenn atriði og þær hugmyndir sem komu fram hjá hv. flm., Ragnhildi Helgadóttur. Hún kvartaði að vísu undan því í svarræðu sinni að ég hefði ekki tekið efnisatriði frv. til umfjöllunar. Ég gerði það hins vegar ítarlega í ræðu minni í lok síðustu viku, en þá brá svo við að hv. flm. hafði ekki áhuga á efnisathugasemdum við frv. og hvarf úr þingsalnum. Ég skal ekki segja hvernig eigi að túlka það. Flm. sat hins vegar sem fastast meðan hin almenna pólitíska umr. um frv. fór fram. Má kannske leiða að því nokkrar líkur að það sanni það mál, að meginhvatinn að þessum frv.-flutningi hafi ekki verið raunverulegur áhugi á rannsóknastarfsemi í skólakerfinu, heldur fyrst og fremst undirbúningur undir þá pólitísku herferð um þetta mál sem fram hefur farið í flokksdeildum Sjálfstfl. og í málgögnum hans, Morgunblaðinu og Vísi, eins og leiðaraskrif beggja þessara blaða bera með sér.

Ég lýsti því í síðustu ræðu minni, að ég vænti þess að hægt væri að skoða árás hv. flm. á þá ungu fræðimenn, sem stóðu að Árósakönnuninni, sem kafla þessa máls sem flm. hefði lokað í krafti þess að það þjónustaði ekki málið. Ég rakti síðan, ég ætla aðeins að hlaupa á því með örfáum orðum, aths. við frvgr. eins og þær liggja nú fyrir.

Ég benti á það í fyrsta lagi, að í frv. er eingöngu fjallað um forræði foreldra gagnvart rannsóknastarfseminni og enn fremur gagnvart flutningi trúar- og lífsskoðunar í skólanum, en vakti athygli á því, að á síðari árum hefur verið talin rík þörf á því að tryggja einnig forræði nemendanna, sérstaklega unglinga sem grunnskólinn nær til, og það sé verulegur galli á þessu frv., eins og það nú er, að það tekur á engan hátt tillit til réttinda nemendanna og unglinganna til þess að hafa sjálfir ákveðinn íhlutunarrétt um það, hvað gerist í skólanum og hvers konar kennsla þar fer fram eða hvers konar rannsóknastarfsemi er stunduð, en eingöngu byggt á algjöru forræði foreldranna. Þetta taldi ég vera íhaldssöm sjónarmið og alls ekki í samræmi við þroska, sérstaklega nemenda í efri bekkjum grunnskólans, og þau almennu viðhorf, sem rutt hafa sér til rúms á síðari árum, að það beri í auknum mæli í löggjöf að tryggja rétt unglinga og barna yfir eigin málum.

Í öðru lagi vakti ég athygli á því, að frv. í núverandi búningi þess kynni að leggja margvíslega steina í götu þeirra kennsluhátta, sem hafa verið að ryðja sér til rúms í skólakerfinu á síðari árum og félast m. a. í því, að nemendur stundi sjálfir undir leiðsögn kennara margvíslega rannsóknastarfsemi í skólunum. Frv. í þeim búningi sem nú er, ef þröngt er túlkað af yfirvöldum, gæti í raun og veru hindrað að slík eðlileg framþróun nýtískulegra kennsluhátta í mannvísindum í skólakerfinu gæti átt sér stað á eðlilegan hátt.

Í þriðja lagi benti ég á að í frv. er gengið út frá að því kerfi sé við haldið og það fest enn frekar í sessi, að embættisstofnun — menntmrn. — sé veitt algjört vald yfir þeirri rannsóknastarfsemi sem fram fer á íslenska skólakerfinu. Ég benti á að í öðrum lögum er tveimur háskólum í þessu landi, Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands, lögð sú skylda á herðar að þróa uppeldisfræði og kennslufræði sem vísindagrein á Íslandi. Ég tók það fram, að aths. mínar bæri ekki að skoða sem gagnrýni á núverandi embættismenn eða fyrrv. eða núv. ráðh. í menntmrn., en þarna er samt sem áður allveruleg hætta á því, að þegar slíkri embættisstofnun er falið svo yfirgnæfandi vald yfir rannsóknastarfseminni geti það hindrað frjálsa rannsóknastarfsemi í landinu á margvíslegan hátt og jafnvel komið í veg fyrir að þær vísindastofnanir við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, sem falin er sú skylda samkv. lögum að þróa þessar fræðigreinar, geti gert það með réttum og eðlilegum hætti.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að í skólakerfi eins og hinu íslenska, þar sem menntmrn. hefur jafnafgerandi vald yfir öllum starfsháttum skólans, eru miklar líkur á því að í rn. þróist tilhneiging til að vernda þá skólastefnu, sem rn. hefur beitt sér fyrir, og kunni að koma upp þau tilfelli — það er a. m. k. hugsanlegt — að rn. vilji koma í veg fyrir að rannsóknir á þeirri skólastefnu, sem gætu leitt til þess að ýmsar undirstöður þeirrar skólastefnu væru dregnar í efa, fengju að þróast á eðlilegan hátt í skólakerfinu. Ég held að þeir, sem hafa einhver náin kynni af þróun uppeldis- og kennslufræða á s. l. árum, séu sér mjög meðvitandi um þá hættu, að

embættisstofnun, pólitísk valdastofnun, af þessu tagi geti hugsanlega beitt valdi, sem henni er ætlað hér og hún hefur haft, til þess að hindra eðlilega framþróun frjálsrar rannsóknastarfsemi, sem m. a. hefur það hlutverk, eins og rannsóknir í hagfræði, rannsóknir í læknavísindum og fjölmörgum öðrum greinum, að varpa nýju ljósi á ríkjandi stefnu á ýmsum sviðum.

Ég held þess vegna að nauðsynlegt sé, ef ætlunin er að setja lög um skipulag rannsóknastarfsemi í uppeldis- og kennslufræðum í þessu landi, að þetta hugsanlega afgerandi vald embættisstofnunarinnar yfir rannsóknastarfseminni sé takmarkað allverulega og vísindastofnunum, sem hafa lögbundna skyldu að þróa þessar fræðigreinar, eins og Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, sé veittur sjálfstæður réttur til rannsóknastarfsemi í skólakerfinu. Ég held að sú framkvæmd sé meir í samræmi við framþróun vísindanna, við það nauðsynlega rannsóknafrelsi sem vísindunum er nauðsynlegt, en oftrú á forræði valdastofnunar og forræði foreldra yfir rannsóknastarfseminni.

Ég benti í fjórða lagi á það, að ef bæri að skilja ákvæði þessa frv. á þann veg, að forráðamenn barna og unglinga hafi rétt til þess að fá t. d. senda heim á heimilin þá spurningalista sem lagðir eru fyrir í skólunum, geti það í fjölmörgum tilvikum jafngilt því að ónýta algjörlega rannsóknastarfsemi af þessu tagi, vegna þess að það er alkunna að ef slíkt er gert leiðir það til umræðna um spurningalistann. Það leiðir til margvíslegra áhrifastrauma á það, hvers konar svör séu sett fram, og þannig koll af kolli, svo að sú eðlilega upplýsingaöflun, sem spurningakönnununum er ætlað að láta fræðimönnunum í té, yrði þá nánast gjörsamlega ónýt og einskis virði. Þess vegna er hugsanlegt að það séu beinir árekstrar á milli þess annars vegar að veita fræðistarfsemi á þessu sviði fullkomlega eðlilega og fullkomlega heiðarlegan grundvöll til þess að þróa mannlega þekkingu á svo mikilvægri félagsstofnun sem skólinn er og svo hins vegar hinu afgerandi foreldravaldi sem flm. virðist vilja ganga út frá.

Ég vil í því sambandi vekja athygli flm. á því, að í frv., og einkum og sér í lagi í framsöguræðunni, virtist vera gengið út frá þeim skilningi að foreldrarnir eða forráðamennirnir bæru einir ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þetta kann að vera rétt í vissum þröngum lögfræðilegum skilningi, en í félagslegum skilningi nútímaþjóðfélags er þetta ekki rétt. (**RH:** Er hann ekki samkv. lögum?) Flm. frv. veit væntanlega að samkv. lögum er menntastofnunum í þessu landi falin margvísleg skylda, margvísleg ábyrgð gagnvart uppeldi, menntun og þroska barna, og það tíðkast í æ ríkari mæli, hvort sem hv. flm. líkar það betur eða verr, að margvíslegar stofnanir í þessu þjóðfélagi taka að sér að annast í meira eða minna mæli uppeldi barna og unglinga. Það er m. a. talin nauðsynleg forsenda þess að konur geti farið út af heimilunum og sinnt sínum störfum, — konur, sem hafa t. d. hlotið menntun eins og hv. flm. frv., geti starfað allan daginn á því starfssviði sem menntun þeirra veitir þeim rétt til að starfa á, að margvíslegum stofnunum sé falið uppeldi og menntun barnanna.

Ég veit að vísu að sumir flokksbræður hv. flm. og e. t. v. flm. sjálfur hafa haldið því fram á undanförnum árum að það fæli í sér verulegar hættur fyrir börn og unglinga ef konur færu út af heimilunum og ýmiss konar þjóðfélagslegum stofnunum væri falin ábyrgð á uppeldi barnanna. Ég vil hins vegar vekja athygli bæði flm. og deildarmanna á frásögn af erindi sem Helga Hannesdóttir, læknir flutti á einhvers konar flokksfundi í Sjálfstfl. fyrir nokkrum dögum, þar sem hún rakti meginatriði í læknisfræðilegum og sálfræðilegum rannsóknum, sem framkvæmdar hafa verið á undanförnum árum og áratugum, sem sýna að starfsemi slíkra uppeldisstofnana og útivinna mæðra hefur engin neikvæð áhrif á sálarlíf eða þroska barna og unglinga, ef tilteknum umgengnisskilyrðum er fullnægt. Slíkt er þess vegna bábilja ein sem rannsóknir á uppeldisfræði og rannsóknir á sálarfræði, jafnvel rannsóknir sem spyrja um slíka heimilishagi sem hv. flm. vill banna með lögum að spurt sé um, nema með sérstökum leyfum, hafa sýnt fram á hvers eðlis eru.

Ég held að ef við viljum skapa konum í þessu þjóðfélagi skilyrði til raunverulegs jafnréttis sé það óhjákvæmileg afleiðing þeirrar stefnu, að þjóðfélagsstofnanir af ýmsu tagi, uppeldisstofnanir, skólar og dagvistunarstofnanir af ýmsu tagi beri í æ ríkari mæli hina raunverulegu ábyrgð á uppeldi barnanna og unglinganna. Og þegar svo er, þá er líka óhjákvæmileg afleiðing að sköpuð sé aðstaða til að afla með jöfnu millibili ítarlegrar þekkingar á þeirra starfsemi, þeim starfsháttum og afleiðingum þeirra, sem tíðkast í þessum stofnunum. Í raun og veru er framganga uppeldis- og kennslufræðilegra rannsókna nauðsynleg forsenda þess, að jafnrétti kynjanna geti orðið í raun. Þetta er hið raunverulega þjóðfélagslega samhengi milli annars vegar hinnar breyttu menntastefnu, hinnar breyttu skipunar í þjóðfélaginu hvað snertir ábyrgð á uppeldi barna og unglinga annars vegar og þeirrar jafnréttisbaráttu þjóðfélagshópa og kvenna á síðustu árum og áratugum.

Mér finnst margvíslegt orðalag í þessu frv. fela í sér möguleika á því að forræði foreldra og valdi embættisstofnunar sé beitt til þess að hindra að þessi að mínum dómi óhjákvæmilega og eðlilega þjóðfélagslega þróun geti fengið að gerast með fyllilega eðlilegum hætti. Þess vegna tel ég að ákvæði 2. og 3. gr. þessa frv. þurfi rækilegrar endurskoðunar við, ef tilgangurinn er ekki sá að leggja margvíslegar hindranir í götu framþróunar kennslufræða og uppeldisfræða í íslensku þjóðfélagi.

Ég vil að lokum víkja að tveimur atriðum til viðbótar. Fyrra atriðið er, að flm. var að gera því skóna í svarræðu sinni að ég og aðrir þm. Alþb. værum á móti löggjöf um þessi atriði, værum á móti eftirliti með söfnun upplýsinga í tölvuformi, geymslu þeirra o. s. frv. Þetta er alger misskilningur sem ég vona a. m. k. að hv. flm. geri sér grein fyrir. Ég hef hvað eftir annað í vetur lýst hér í d. skoðunum mínum um hve eindregin nauðsyn sé á slíkri löggjöf. Ég ræddi um það sérstaklega á sínum tíma, þegar hæstv. dómsmrh. flutti frv. um upplýsingaskyldu stjórnvalda, hvernig liði frv. um lagasetningu um tölvunotkun og tölvuvæðingu upplýsinga. Ég hef einnig í sambandi við þetta frv. vakið rækilega athygli á því, að í raun og veru væri það að mínum dómi miklu raunhæfari trygging gegn misnotkun heimilda til fræðilegra rannsókna af þessu tagi, að kveðið væri á um að öll rannsóknagögnin — í flestum tilfellum spólur — væru opin fyrir aðra fræðimenn til skoðunar og rækilegrar meðhöndlunar, að þau væru lögð inn til geymslu og varðveislu, t. d. hjá Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum fræðistofnunum, þar sem aðrir vísindamenn gætu að fengnum tilskildum leyfum farið í gegnum rannsóknina alla. Það raunverulega aðhald, sem gagn-

rýni fræðimanna hvers á öðrum veitir í þróun greinanna, væri til lengdar miklu raunhæfara og virkara eftirlit með því, að þarna væri ekki um misnotkun að ræða, en að treysta á embættisstofnun eins og menntmrn. og birtingu auglýsinga í Lögbirtingablaðinu.

Ég held einmitt að það sé eitt af höfuðatriðunum varðandi þróun rannsókna af þessu tagi að kveða á um að rannsóknagögnin verði lögð þannig fram að aðrir fræðimenn geti gengið úr skugga um að þarna sé rétt á málum hadlið. Og ég vil benda á það, að hliðstæð sjónarmið komu fram í viðtali sem Morgunblaðið átti nýlega við dr. Þórólf Þórlindsson lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands — þann mann sem meðal núlifandi Íslendinga hefur aflað sér einna ítarlegastrar þekkingar á aðferðafræði og ýmsum vandamálum varðandi tölvuvæðingu rannsókna í sálarfræðum, félagsfræðum og uppeldisfræðum.

Síðara atriðið er túlkun hv. flm. á nauðsyn þess að setja 1. gr. frv. fram á þann hátt sem hún gerir. Flm. hefur haft um það mörg orð hér, að þetta sé allt gert í nafni mannréttinda og það sé eitthvað skrýtið ef menn séu á móti því að lögfesta almenn mannréttindaákvæði. Það hefur enginn lýst andstöðu sinni við það, hv. flm., en það, sem gerst hefur hér, er að sú röksemdafærsla, sem hv. flm. setti fram fyrir máli sínu, gaf ræki lega til kynna að hvatinn að þessum flutningi væri alls ekki sprottinn af hreinum og sönnum mannréttindaanda. (Gripið fram í.) Nei, einmitt ekki. Það kom greinilega fram hjá hv. flm., eins og ég hef reynt að sýna fram á hvað eftir annað og einnig af öðrum tilefnum, að því miður þjáir hv. flm. sá alvarlegi misskilngingur, að hún flytur hér hvað eftir annað íhaldsskoðanir af margvíslegu tagi, en getur þess svo við og við að þetta séu frjálshyggjuskoðanir og þetta sé allt saman gert í nafni frelsisins, þar sem hið raunverulega innihald er mjög svo íhaldssamar skoðanir í menningarmálum, í þjóðfélagsmálum og í réttindamálum. Það kemur m. a. fram í því, að hv. flm. útskýrir texta þessarar greinar á þann veg, að það eigi eingöngu að fjalla um fræðslu í trúmálum og lífsskoðun, eigi eingöngu að fjalla um þær hugmyndir, og — ég les orðrétt úr framsöguræðu hv. flm., með leyfi forseta — „þær hugmyndir sem lögverndaðar eru í stjórnarskrá og öðrum lögum landsins."

M.ö.o.: það eru pólistískar valdastofnanir, pólitískur meiri hl. á Alþ. hverju sinni, sem á að ákveða hvað eru réttar lífsskoðanir sem er heimilt að fjalla um í skólunum. Það á ekki að vera réttur hvers og eins þegns þjóðfélagsins, eins og hin klassíska frjálshyggja hefur löngum boðað, að ákveða um hvaða lífsskoðanir sé í raun og veru fjallað, heldur setur flm. gagngert fram þá skýringu á þessari grein að það séu eingöngu lögverndaðar skoðanir, það séu eingöngu lögverndaðar hugmyndir, þær hugmyndir sem hlotið hafa blessun valdastofnana í landinu, sem eigi að fjalla um í kennslustofnunni. Nú vill svo til sem betur fer, að fjölmörg atriði í þjóðfélagi okkar sem snerta trúar- og lífsskoðun manna, hafa ekki tengst lagasetningu á neinn hátt í þessu landi. Við búum ekki við stjórnkerfi þar sem löggjafarstofnunin, pólítískir valdaaðilar, er að setja flóknar lagasetningar um það, hvaða trúar- og lífsskoðanir eigi að vera ríkjandi. En samkv. þeim skilningi, sem hv. flm. hefur lagt í þessa grein, má ekki í skólanum fjalla um neitt annað. Hin frjálsa og opna umræða skólans um trúar- og lífsskoðunarviðhorf, sem hlýtur að vera eðlilegur þáttur í uppeldi sérhvers einstaklings, á samkv. þessum skilningi í raun og veru að vera bönnuð. Og það er einmitt þessi krafa um að ríkisvaldið ákveði hvað séu réttar lífsskoðanir, hvað séu réttar trúarskoðanir, sem kemur hvað eftir annað fram og kom m. a. fram hjá hv. flm. í umr. í vetur um „Félaga Jesús", sem ég tel staðfesta að hún afneitar í raun grundvallarlögmálum frjálshyggjunar, en hefur uppi kröfur um beitingu ríkisvaldsins í þágu ákveðinna lífsskoðana.

Þetta kemur m. a. fram í því, að hv. flm. telur eðlilegt að kristindómsfræðsla sé meginuppistaðan í þeirri trúarfræðslu sem fer fram í skólanum. Nú er ég alls ekki að leggjast gegn því, að slík fræðsla sé í skólakerfinu, en ég vil hins vegar benda á að trúarbragðafræðsla er miklu víðtækara fyrirbæri en fræðsla um kristindóm. Trúarbragðafræðsla er í reynd miklu flóknari og umfangsmeiri starfsemi en eingöngu að fræða nemendur um kenningar þeirrar ríkiskirkju sem er í landinu, sem hv. flm. vill greinilega að sé meginuppistaðan í þessari fræðslu. Það vill svo til, að ákveðið trúfrelsi er í landinu, en samt sem áður vill flm. og ýmsir pólítískir samherjar hennar beita skólakerfinu til þess að þjónusta fyrst og fremst þær trúarskoðanir sem lútherska ríkiskirkjan hefur uppi, ekki ýmsar aðrar trúarskoðanir, t. d. frjálshyggjusafnaða af ýmsu tagi eða annarra trúarbragða.

Ég benti á það í upphafsræðu minni, að í reynd væri það trú mín að líklegast væri ábótavant við trúarbragðafræðslu, í skólakerfinu væri út frá almennum lögmálum um opna og heiðarlega fræðslu í þeim efnum gengið, en reyndin væri sú, að í skólunum væri rekinn mjög víðtækur pólítískur áróður, eins og hv. flm. virðist gera skóna, vegna þess að hún segir í framsöguræðu sinni orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hef fyrst og fremst í huga, að einhverjar skorður séu reistar gegn pólítískum áróðri í skólum." Og síðar í ræðunni kemur fram, að sá pólítíski áróður, sem hún hefur hér í huga, er í einhverjum tengslum við Alþb.

Nú vill svo til, að það hefur á síðari áratugum verið talinn æ nauðsynlegri þáttur í uppeldi þegna í nútímaþjóðfélögum að fræða þá um mismunandi hugmyndastefnur sem uppi eru, um mismunandi stjórnkerfi sem uppi eru, um það flókna fyrirbæri sem nútímalýðræði og nútímastjórnkerfi er. Samkv. þeim skilningi, sem flm. virðist leggja í þessa grein, á eingöngu að vera heimilt að fjalla um þá stjórnskipun sem lögvernduð er hér á Íslandi. Mér finnst alveg sjálfsagt að um hana sé fjallað. En ef á að efla viðsýni nemenda er jafnframt nauðsynlegt að fjalla um margvíslegar aðrar tegundir stjórnskipana sem mjög áhrifaríkar eru í heiminum í dag. Þess vegna vil ég taka það skýrt fram, að sá texti, sem í frvgr. er, gefur kannske ekki tilefni til þessara aths., en þegar túlkun flm. á lagatextanum og tilgangur greinarinnar er hafður í huga, eins og hann birtist í framsöguræðu, lítur þetta mál allt öðruvísi út.

Ég vil að lokum undirstrika það, að ég held að nemendur, sérstaklega nemendur efri bekkja grunnskólans, séu fyllilega færir um að meta í stórum dráttum hvers konar fræðslu um trúar- og lífsskoðanir þeir kjósa að fá. Ef lagagreinin á eingöngu að tryggja rétt foreldranna gagnvart þessu efni er hún í raun og veru spor aftur á bak. Það er mikilvægt í okkar nútímaþjóðfélagi að tryggja ekki síður rétt unglinganna sjálfra til þess að vera umsagnaraðili um þessi efni, í stað þess að reyna að rígbinda með lögum æ fleiri og afdrifaríkari svið foreldravaldsins í okkar flókna þjóðfélagi. Eins og ég hef sagt áður í þess-

um málflutningi hafa breyttir þjóðfélagshættir á síðustu áratugum, breyttur þjóðfélagsskilningur, aukinn þroski unglinga, leitt í ljós að æ fleiri telja að það sé kannske meira vandamál í skólakerfinu í dag að tryggja með lögum rétt unglinganna gagnvart fræðslukerfinu en það, sem virðist vera meginverkefni flm. hér, að tryggja rétt foreldranna.

Ég held þess vegna, herra forseti, að þetta frv. þurfi bæði efnislega og hvað tilgang þess snertir að fá mjög ítarlega og gagnrýna meðferð í nefnd.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Óvenjulega ítarlegar umr. fara fram um þetta frv. Ég held að það sé kannske út af fyrir sig ekki vanþörf á því og ég get alveg tekið undir orð hv. þm., sem talaði hér á undan mér, því ég held að frv. og þær hugmyndir, sem þar eru fram settar, þurfi miklu nánari skoðunar við áður en lögfestar yrðu.

Hv. 5. þm. Reykv., flm. þessa frv., fylgdi því úr hlaði á sínum tíma með alllangri ræðu og ítarlegri á vissan hátt, en mér þótti þó ræðan nokkuð einhliða í byggingu. Án þess að ég ætli að hafa uppi langt mál um þetta allt saman, sem er þó vissulega þess virði að það sé íhugað vandlega og rætt um það ítarlega, ætla ég að víkja að því örfáum atriðum, bæði að því sem fram kom í máli hv. flm. og eins í tillögugerð þm.

Þessi könnun, sem hv. þm. varð tíðrætt um og mér skildist að þm. hneykslaðist mjög á, var leyfð á þeim missirum þegar ég var menntmrh., fyrir nokkrum árum. Ég er dálítið undrandi á því, hvað mikið er gert með þessa könnun. Það hefur verið óskað eftir því að prenta í þingtíðindum allan spurningalistann — þetta er þykkur bunki — og framsöguræða hv. þm. snerist að mjög miklu leyti um könnunina. Ég skal ekki fjölyrða um það út af fyrir sig, enda er sá þáttur, könnunin eiginlega þrautræddur hér í hv. d. nú þegar. Ég vil þó í þessu sambandi taka fram örfá atriði, bara af því að þetta gerðist á þeim dögum sem ég var í rn.

Ég vil í fyrsta lagi taka það fram, að ég kynnti mér að sjálfsögðu innihald könnunarinnar. Hins vegar taldi ég alls ekki rétt að ég tæki ákvörðun um, hvort leyfa skyldi, á hné mér, eftir persónulegu mati mínu. Í stað þess að gera það leitaði ég álits sérfræðinga á grunnskólasviðinu og í uppeldis- og sálarfræði við Háskóla Íslands og byggði svo ákvörðun mína um hvort leyfa skyldi m. a. á niðurstöðum sérfræðinga þessara og viðræðum við þá. Ég hygg að menntmrn. hafi leyft og leyfi yfirleitt þær rannsóknir í skólunum sem við athugun þar til kvaddra manna og svo þeirra, sem í rn. starfa teljast vísindalegs eðlis og þá náttúrlega ekki skaðsamlegar þátttakendum — menn reyna að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því.

Mér finnst að þessi meginhugsun felist einnig í frv. hv. 5. þm. Reykv., ef vel er að gáð, þó að ummælin um þessa könnun gætu bent til annars. Ég vil í þessu sambandi taka undir orð hv. 3. landsk. þm., að það verður að leggja mikla áherslu á nauðsyn þess að fram fari rannsóknir og margvíslegar athuganir í skólum hér á landi, á skólastarfinu og uppbyggingu íslenska skólakerfisins, sem menn setja sem stóra lagabálka. Þetta verður allt að vera sífellt í mótun og verður að vera á hreyfingu. Og þá er gífurlegt atriði kennaramenntunin og sú aðstaða sem henni er búin hér á landi. Fyrir nokkrum árum var eftir miklar sviptingar í málefnum þeirrar skólastofnunar stofnaður hér Kennaraháskóli Íslands. Ég held að það hafi verið gott spor og þarft. En þá verður náttúrlega að halda áfram að byggja upp þá stofnun og efla hana til þess að vera raunverulegur háskóli og um leið miðstöð vísinda og vísindalegra rannsókna á kennslusviðinu. Það er eðlilega ekki komið nema mjög skammt á veg með slíka uppbyggingu. Og ég er ákaflega sár yfir því og mig undrar það satt að segja þegar ég verð var við vissa viðleitni til þess að reka þarna eins konar hentistefnu, eins og t. d. hefur komið fram í sambandi við umr. um Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans nú nýlega. Menn eru að velta því fyrir sér að fara með hann eitthvað út í bæ, burt af lóð Kennaraháskólans. En það er ekki af tilviljun að þessi tilraunaskóli er byggður á sömu lóð. Mönnum hefur dottið þetta í hug vegna þess að það er röskun á fjölda nemenda í einstökum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Það er hvatinn að þessum hugmyndum en ekki hitt, að það sé verið að gera breytingarnar vegna þess að það eigi að fullkomna aðstöðuna eða starfsemina sem þarna fer fram. Ég er alveg undrandi satt að segja á þessum umr., því þetta finnst mér vera svo mikið grundvallaratriði, kennaramenntunin, uppbygging Kennaraháskóla Íslands og aðbúnaður, að það megi ekki vinna þar að breytingum á grundvelli þess arna, þó aldrei nema við séum að tala um að spara og gæta hagsýni. Ég held nefnilega að þarna verðum við að halda strikið. Lög hafa verið sett og Kennaraháskóli Íslands stofnaður. Þau voru svo endurskoðuð og það er verið að fara yfir frv. á ný í rn. Þar kemur nýr ráðh. Það er allt eðlilegt. En okkur ber að halda strikið, afgreiða ný lög eða ljúka endurskoðun á lögum með því að afgreiða ný lög frá Alþingi. Síðan verða menn að halda áfram að byggja upp húsnæði með eðlilegum hætti og í samhengi.

Auðvitað geta svokallaðir erfiðir tímar seinkað framkvæmdum á þessu sviði, en hvað um það þarf að halda fastri stefnu í þessu og reyna eftir því sem efni og möguleikar eru á að byggja upp rannsóknaraðstöðu. Og svo er það gífurlegt atriði í sambandi við þetta mál, kennaramenntunina og alla framþróun í því sviði, að treysta í vaxandi mæli tengsl Kennaraháskólans við ýmsa aðra starfsemi t. d. skólarannsóknadeildina, Ríkisútgáfu námsbóka, væntanlega námsgagnagerð og svo alveg sérstaklega við Æfinga- og tilraunaskólann, sem er óaðskiljanlegur hluti af Kennaraháskóla.

Í frv. hv. 5. þm. Reykv. eru settar ýmsar skorður í sambandi við kannanir í skólum og allnákvæm fyrirmæli um framkvæmd kannana eða rannsókna innan veggja skólanna. Enda þótt það sé gert, álít ég að það vaki raunverulega fyrir hv. flm. að alls ekki skuli loka fyrir slíkar vísindalegar kannanir. Ég er út af fyrir sig sammála þm. um að það sé a. m. k. rétt að huga að því og e. t. v. nauðsynlegt að setja nánari ákvæði um þetta efni en nú eru í lögum. En ég er alls ekki sannfærður um að öll ákvæði frv. séu heppileg eða skynsamleg eins og það er hér flutt. Það er t. d. eitt atriði — og hefur verið rætt um það hér — að ætlast sé til þess að verkefni, t. d. spurningalistar sem á að leggja fyrir einstaka hópa, verði kynnt forráðamönnum barnanna áður en þau eru lögð fram. Mér sýnist, alveg eins og hv. síðasti ræðumaður gerði grein fyrir, að þetta geti í ýmsum tilvikum og kannske oftast verið alveg ósamrýmanlegt framkvæmd slíkra kannanna eða rannsókna, þar sem fyrirframkynning hlýtur að valda gagnkvæmum áhrifum innan hópsins, sem kannaður er, og svo áhrifum frá öðrum kunnugum, hvort sem það eru nú forráðamenn, foreldrar eða ein-

hverjir aðrir sem börnin umgangast. Þetta gæti hreinlega ónýtt og gert að engu þann tilgang sem fyrir vakir með könnuninni.

Svo sýnist mér að það geti reynst býsna örðugt að samrýma ákvæði frv. ákvæðum grunnskólalaganna í 2. gr., þar sem segir: „Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi.“ Ég skal aðeins skýra nánar hvað ég á við með því að þarna kunni að verða erfitt að samrýma ákvæði frv. og þessi ákvæði laganna, sem ég veit að síst vakir fyrir hv. flm. að raska. Samkv. 1. gr. frv. skal það vera réttur forráðamanna, eins og þar stendur, að „tryggja það, að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra.“ Þá koma mér í hug t. d. ýmis trúfélög hér, t. d. ásatrúarfólkið, og svo fólk sem aðhyllist einræðiskenningar í stjórnmálum. Hvernig á að gera þetta mögulegt, bókstaflega, gagnvart forráðamönnum barna, sem hafa þessar skoðanir að tryggja að börnum þeirra sé ekki kennt annað en það sem er í samræmi við þeirra hugsanir?

Svo er þetta með rétt forráðamanna almennt í þessu tilfelli. Það er ekkert einfalt mál að kveða á um það, eins og hér hefur verið bent á í allítarlegu máli. Ég vil, til þess að spara tíma, vísa til ummæla hv. 3. landsk. þm. um það efni síðast þegar þetta mál var til umr. — og reyndar aftur nú, því að hann rifjaði þetta aðeins upp. En ég vil aðeins segja það, að í mínum huga getur aldrei verið um að ræða alger yfirráð forráðamanna eða foreldra, heldur hljóta þau yfirráð ætíð að takmarkast margvíslega í þjóðfélagi eins og okkar, eins og það er byggt upp. Já, við getum tekið skólaskylduna. Foreldrar hafa ekki leyfi til að brjóta hana niður. Og ýmis önnur lagaákvæði takmarka foreldravaldið þannig að það getur aldrei orðið um að ræða neitt alræðisvald foreldra yfir börnum sínum. Þó að ég vilji ekki gera lítið úr ábyrgð heimilanna, þá er þetta nú svona.

Hv. flm. vitnaði í alþjóðasamþykktir, sem Íslendingar eiga aðild að, og þær eru nú orðnar margar og sum ákvæði frv. eru sniðin eftir þeim — a. m. k. einni þeirra. Vissulega viljum við hafa þær samþykktir að leiðarljósi sem við höfum gerst aðilar að og teljum að stefni til góðs. En það er ekki þar með sagt að vel fari á því og sjálfsagt sé að taka þær inn alveg orðréttar í hina ýmsu löggjöf okkar, þó að við viljum tileinka okkur anda þeirra, enda held ég að það sé ekki gert yfirleitt meðal þjóða sem eru aðilar að þessum samtökum. Svo er hitt, að það getur náttúrlega verið spursmál um það, hvar í íslenskri löggjöf einstök ákvæði slíkra samþykkta eiga heima, t. d. í þessu tilviki, hvort þessi ákvæði, sem þarna er leitast við að fella inn í grunnskólalöggjöf okkar, eiga heima þar eða kannske í einhverri annarri löggjöf. Ég held að þetta atriði þurfi miklu nánari athugunar við en fram hefur farið, að athuga þurfi miklu nánar hversu með skuli fara og um hnúta búa í sambandi við þáttöku okkar í alþjóðasamningum, hversu fella skuli ákvæði þeirra að eða inn í íslenska löggjöf. Og mér finnst alveg sérstaklega að það þurfi að koma til nokkru víðari yfirsýn bókstaflega en mér fannst koma fram hjá hv. flm. þegar þm. gerði grein fyrir máli sínu í frumræðu sinni, sem ég hlýddi á á dögunum. Mér fannst rétt að taka þetta fram og það lýsir nokkuð viðhorfi mínu til frv. Ég held að málið þurfi miklu ítarlegri skoðunar við.

Það eru sjálfsagt flestir sammála hv. flm. þessa frv. um það sem hann gerði að nokkru umræðuefni, að einhliða pólítískur áróður sé ekki æskilegur innan veggja skólanna og í raun óþolandi og eftir því verri sem hann kemur niður á yngri aldursflokkum. Menn hafa verið á því að reyna að fyrirbyggja þetta eftir því sem unnt er. Það getur þó verið svolítið erfitt á stundum. Pólítísk sannfæring er stundum eins konar trúaratriði, svo hjá kennurum sem öðru fólki, og það getur verið erfitt að fyrirbyggja slíkt gersamlega. En ég er sammála því, að við eigum að reyna eða halda skólunum utan við pólítísk slagsmál eða harðar deilur um önnur þjóðfélagsleg viðhorf, og menn geta þurft að setja skorður við þessu í löggjöf. En þó vil ég jafnframt segja það og leggja á það áherslu, að ég tel æskilegt almennt að opna skólana og tengja þá sem best umhverfi sínu og athafnalífi fólksins. Þetta kemur ekki í bág við það sem ég sagði áðan — ég vek athygli á að ég talaði um einhliða áróður. Þetta á að vera opið almennt. Og þetta álít ég að eigi að gera og það eru menn að leitast við að gera nú í grunnskólunum og í öðrum skólum landsins, bæði með því að bjóða þangað velkomna ýmsa fleiri en börnin og kennarana og svo með hinu, að leiðbeinandinn og nemendurnir fari á vettvang og kynni sér það sem fram fer í þjóðfélaginu utan skólans. Þessi starfsemi er mjög vaxandi, grunnskólalöggjöfin ýtir undir þetta og sama felst ábyggilega í þeim hugmyndum, sem menn gera sér um framhaldsskóla, að reyna að tengja hann betur en áður umhverfi og athafnalífi. Þetta er gífurlega mikið atriði.

Ég vil minnast nokkuð á þær þjóðir sem kannske eru lengst komnar í skólahaldi, hafa þróað lengst skólakerfi sitt, hafa lengsta skólagöngu o. s. frv. Mér er tjáð að þar hafi menn nokkuð rekið sig á að fólk, sem búið er að vera í skólum árum saman án þess að hafa nokkur tengsl við það sem fram fer að öðru leyti í þjóðfélaginu, við annað starf, á erfiðara með það en okkar fólk oft og einatt að koma sér inn í störfin utan skólanna þegar til kemur. Þarna held ég að við séum tvímælalaust á réttri leið. Sú viðleitni, sem nú fer fram, að leiða kennsluna meira inn á það að vera leiðbeinandi um að kenna mönnum að vinna en að vera einhliða kennsla í alls konar minniatriðum, það held ég að sé alveg tvímælalaust af hinu góða. Og það sem gerir þetta enn þá nauðsynlegra hjá okkur en það var fyrir skömmu, að tengja skólana umhverfinu með ýmsu móti, það eru þær óskaplegu breytingar sem orðið hafa í þá veru að fjarlægja heimili og vinnustað hvort öðru. Áður var það svo hjá öllum þorra landsmanna, að vinnustaður og heimili var eitt og hið sama og ungmennin kynntust þar margs konar vinnubrögðum alveg sjálfkrafa. Nú er þetta breytt. Í öllum þéttbýlisstöðum er heimilið ekki lengur vinnustaður, heldur svefn- og griðastaður fjölskyldunnar. Þess vegna þarf að ástunda sem allra nánust tengsl skóla og heimilis — og atvinnulífs eins og auðið er. Þetta eru grundvallaratriði. Og einmitt vegna þessara stórkostlegu breytinga, sem eru að verða alls staðar, ekki einasta á þessu sviði, heldur á ótalmörgum öðrum sviðum þjóðlífsins, mikil þörf á alls konar athugunum og rannsóknum til að undirbyggja sem best það sem gert skal þá og þá til breytinga og úrbóta.

Mér fannst málflutningur hv. flm. bera svolítinn keim af því, að þm. vildi tryggja eins konar alræðisvald foreldra gagnvart börnum og ganga í því efni öllu lengra en ég fyrir mitt leyti tel fært eða æskilegt að gera af almennum og félagslegum ástæðum. — Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta öllu meira.

Ég vil að lokum árétta það, að ég tel æskilegt að þetta

mál verði skoðað mjög vel. Mér þykir líklegt að að þeirri athugun lokinni þyki ástæða til þess að setja fyllri ákvæði um ýmis þau atriði, sem frv. fjallar um, en nú er að finna í lögunum. Ég er ekki alveg viss um að þessi ákvæði kunni að eiga heima þá í grunnskólalögunum, — kynnu að eiga heima í annarri lagasetningu, sem sumpart er nú verið að vinna að, t. d. um skoðanakannanir og um vísindalegar rannsóknir, sem byggðar eru á persónulegum upplýsingum einstaklinga, um öflun og úrvinnslu slíkra gagna. Það er hugsanlegt a. m. k. Ég vil þó ekki fullyrða neitt um þetta. En sem sagt, ég vil ekki leggja stein í götu þessa frv., að það fái þinglega meðferð og vandlega athugun, því það er vitanlega nauðsynlegt.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þetta frv. hefur fengið allnákvæma umfjöllun og margt verið einkennilegt um það sagt. Sérstaklega hefur verið um það fjallað, að að baki frv. hljóti að vera einhver skuggalegur tilgangur, að mati ýmissa sem tekið hafa til máls. Menn hafa sagt að að baki mannréttindaákvæða þessa frv. liggi ekki hugsun um mannréttindi, heldur íhaldsskoðanir. Er víst útilokað, eftir mati hv. 3. landsk. þm., að það tvennt fari saman. Eftir minni skoðun er ekki útilokað að það tvennt fari saman. Þegar menn velta því fyrir sér hvort sá tilgangur, sem að baki þessu frv. liggur, heyri undir íhaldshyggju, frjálshyggju eða einhverja aðra hyggju, þá byggist sá málflutningur ekki á áhuga á þessu máli, heldur eru menn að velta fyrir sér í hvaða dálk eigi að skipa þessum og þessum skoðunum í einhvers konar skipulagsriti hugans sem menn þurfa að hafa handbært þegar hvað eina í pólítísku starfi er túlkað og um það fjallað. Fyrir mér er það ekkert áhyggjuefni, hvort menn halda sér við einhverjar tilteknar kennisetningar, ef þær kennisetningar geta með engu móti fallið saman við raunveruleika lífsins og það sem við teljum lifandi fólki heppilegast. Hvort við getum komið einhverri pólitískri yfirlýsingu eða hugsun undir einhvern sérstakan dálk í þjóðfélagsfræðinni eða ekki skiptir mig nákvæmlega engu máli, heldur að frv., sem við setjum fram á Alþ., og lögin, sem við setjum, geri gagn í raunverulegu lífi og verði fólki til gæfu og í þessu tilfelli börnum til þroska.

Hv. 3. landsk. þm. lagði á það mikla áherslu, að hann teldi að í þessu frv. væri öll áhersla lögð á forræði foreldra, ekkert væri fjallað um forræði nemenda. Fyrir mér vakir að undirstrika, að forræði foreldra fyrir börnum sínum falli saman við rétt barna til foreldraumhyggju. Svo einfalt er það. Með þessari frvgr. er alls ekki verið að skerða rétt barna í neinu, heldur verið að tryggja rétt barna. Ég hef lagt á það áherslu áður, að ég tel mikils virði fyrir andlegt öryggi barna að skólinn og forráðamaður barnsins, í flestum tilfellum foreldri, vinni saman að sameiginlegu uppeldismarkmiði, það sé ekki togast á um það sem máli skiptir, heldur vinni þessir aðilar saman. Menn hafa reynt að gera það afar tortryggilegt, að ég hef byggt þessa frvgr. á greininni úr mannréttindasáttmála Evrópu sem fjallar um réttindi foreldra til þess að sinna uppeldishlutverki sínu og réttindi barna til þess að njóta þess uppeldis og þeirra uppeldisáhrifa og það er fram sett með þeim hætti sem segir í 1. gr. frv. Menn hafa dregið af þessu svo fráleitar ályktanir að ég held að ég eigi ekki að vera að eyða tíma hv. d. í að hrekja þær. Svo lágt hafa menn lagst að þeir hafa jafnvel verið að gera því skóna að þetta þýddi einhvers konar „Berufsverbot" eða slíkt, sem er náttúrlega fjarri öllu lagi, en sýnir þá aðferð sem ég hef áður vakið athygli á, að þegar Alþb.-menn þurfa að hrekja eitthvert mál, hrekja einhverja skoðun, þá grípa þeir til slíkra ásakana sem eru gersamlega úr lausu lofti gripnar og ósannar. Þegar maður svo rís upp og hrekur þau ósannindi gerist það næst, að þau eru endurtekin. Ég veit ósköp vel að ýmsum áróðursmeisturum veraldarinnar hefur reynst vel þessi aðferð. En þeir, sem þær nota, þykir mér ekki auka líkur sínar til þess að hljóta traust. Þeir um það. Þeir eru vafalaust annarrar skoðunar.

Hv. 2. þm. Austurl. vék einnig að þessu ákvæði, um rétt forráðamanna til að tryggja að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra, og tók undir þá skoðun hv. 3. landsk. þm., a. m. k. að nokkru leyti, að með þessu og raunar með hinni greininni líka væri verið að undirstrika um of forræði foreldranna. Ég verð að segja að þarna finnst mér hv. þm. vera á töluvert hálum brautum. Ég held einmitt að í þjóðfélaginu, eins og það er í dag, þurfi að styðja foreldrana í því að sinna uppeldishlutverki sínu og það þurfi að tryggja enn betur rétt barnsins til að njóta uppeldis foreldranna, einmitt vegna breytinga á þjóðfélagsháttum og heimilisháttum sem orðið hafa. Og sú breyting á þjóðfélaginu og heimilisháttum og breyting á atvinnulífinu dregur að mínu mati alls ekki úr gildi heimilisins fyrir barnið, þvert á móti. Þeim mun meira atriði er að þær stundir, sem barnið á á heimilinu með foreldrum sínum og undir handarjaðri foreldranna, verði því til góðs og að foreldrarnir geti með aðstoð skólanna og barnaheimilanna sinnt hlutverki sínu. Það er ekki verið að gera lítið úr hlutverki skóla og barnaheimila þegar sagt er að þær stofnanir megi ekki og eigi ekki að koma í stað heimilanna, heldur að vera þeim til hjálpar. Það uppeldisstarf, sem þar fer fram, á að mínu mati að vera í eins konar umboði foreldranna. Þegar annað brestur er það foreldrið sem ber ábyrgðina. Mér skildist helst á hv. 3. landsk. þm. að þjóðfélagsfræðin hefði ekki þann skilning. En þá hef ég misskilið það sem ég hélt að þjóðfélagsfræðin væri. Ég hélt að þjóðfélagsfræðin hlyti að viðurkenna grundvallarlög landsins í þessu efni sem öðrum. (**ÓRG:** Eins og margt annað er þetta misskilningur hjá ræðumanni.) Það er gott að þetta er misskilningur. Það gleður mig að heyra það, því að þarna er um mjög mikilsvert atriði að ræða. Þegar þeir hörmulegu árekstrar verða, sem stundum eiga sér stað, um forræði barna. Þá er á fáu eins mikil þörf og skýrum ákvæðum til að tryggja rétt og gæfu barnanna og draga úr hugsanlegum deilum.

Vegna þeirra orða hv. 2. þm. Austurl., að vafamál væri hvort slík mannréttindaákvæði ættu að vera í lögum, vil ég taka það fram, sem ég held raunar að ég hafi gert í frumræðu minni, að þau ákvæði eru einmitt lögfest í mjög mörgum aðildarríkjum þessa sáttmála. Í þeim aðildarríkjum ættu menn ekki að fullgilda slíka sáttmála ef menn treysta sér ekki til að framkvæma þá í löndum sínum. Sums staðar hefur Mannréttindasáttmáli Evrópu lagagildi allur í heild og sums staðar eru ákvæði hans tekin upp í einstök lög.

Hv. 3. landsk. þm. vék í sambandi við 1. gr. frv. einnig að hugleiðingum í þá átt, að einungis væri leyfilegt að kenna í skólanum það sem lögverndað væri í þjóðfélaginu. Látum það vera þó lögvernd sé í þjóðfélaginu yfir því sem fer fram í skólanum. En ég undirstrika það ákvæði grunnskólalaganna sem segir að skólastarfið skuli leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda.

Það er í 4. mgr. 2. gr. grunnskólalaganna. (Gripið fram í.) Rétt er það. Og einmitt vegna þessa ákvæðis, að skólastarfið á að leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda, er rétt að hafa í lögum ákvæði sem reisir skorður við einhliða áróðri í skólanum — einmitt til þess að staðið sé við það ákvæði að skólinn geti lagt grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda.

Að því er varðar umfjöllun hv. þm. um trúarbragðafræðslu í skólanum er það alveg rétt, að ég hef þá skoðun að vitanlega eigi þar kristinfræði að hafa forgang fram yfir t. d. kennslu í Búddhatrú eða Múhameðstrú. Það er alveg rétt. Mér finnst sjálfsagt að halda sér við ákvæði stjórnarskrár og íslenskra laga um það efni. Ég held að þarna sé um að ræða svo mikil grundvallaratriði í íslenskri menningu og það mikið grundvallaratriði í öllu lífi Íslands í mörg hundruð ár, að það sé sjálfsagt. Hitt er svo annað mál, ef foreldrunum þykja þau fræði vera algerlega óframbærileg eða óholl barni sínu, þá hefur það tíðkast að foreldrar gætu tekið barn sitt úr kennslutímum í þeirri grein. Svo einfalt er það. Þannig mundi verða túlkun eða framkvæmd slíkrar lagagreinar ef árekstrar yrðu.

Hv. 3. landsk. þm. hefur lagt sérkennilega mikla áherslu á að vinna gegn því að lögfest yrði aðhaldsgrein eins og sú sem fjallar um rannsóknir í grunnskólanum. Nú verðum við að hafa í huga að grunnskólinn er stofnun sem börnum er skyldugt að sækja. Grunnskólinn hefur fyrst og fremst fræðsluhlutverk. Það er ekki hlutverk barnanna að fræða nemendur í öðrum skólum. Það er ekki hlutverk barnanna að vera kennslugagn fyrir nemendur í öðrum skólum. (Gripið fram í.) Hitt er annað mál, að svo getur borið undir að einstakir nemendur, eftir atvikum með samþykki foreldra sinna, vilji gjarnan vera til aðstoðar í slíkum rannsóknum og þá er það auðvitað hægt. En hér er um það að ræða að með vaxandi starfsemi af slíku tagi, þó góð sé og í góðum tilgangi gerð, og með vaxandi tækni geri menn sér ljóst að það sé nauðsynlegt að hafa jafnvel strangari reglur um slíkt í grunnskólanum. Þar er um að ræða hópa ósjálfráða barna við störf — barna sem e. t. v. átta sig ekki á því, hverjum skilyrðum rannsókn þarf að fullnægja til þess t. d. að um raunverulega nafnleynd sé að ræða. Ef börnum er sagt að um nafnleynd sé að ræða verður vitanlega að standa við það, annað er ekki siðferðilega rétt. Í sambandi við þetta hlýt ég að draga það fram, að mér þótti það dálítið umhugsunarvert að hv. 3. landsk. þm. lagði mikla áherslu á að rannsóknagögn við kannanir, eins og t. d. þá sem hér hefur verið nefnd sem dæmi í þessu máli, ættu að vera opin öðrum fræðimönnum til afnota. Það er ágætt að hafa rannsóknagögn víðast sem aðgengilegust. En við verðum líka að taka tillit til hins aðilans, sem hefur lagt þessa vitneskju til, þ. e. svarað spurningunum. Hvað t. d. ef börnum eða fullorðnum er sagt að um nafnleynd sé að ræða, síðan eru gögnin geymd á stað, þar sem fjöldi manna getur vinsað úr þeim sitt af hverju og notað það til einhverra annarra fræðilegra rannsókna. Þá er ekki lengur um nafnleynd að ræða, jafnvel þó menn, sem um þetta fjalla, séu fræðimenn. Svörin segja oft til um hver svarandinn er. (**ÓRG:** Nafnleyndarinar er gætt í skránni.) Nafnleyndarinnar á að vera gætt. Svörin eru trúnaðarmál. Það, sem fram fer, hlýtur að vera trúnaðarmál milli þess, sem svarar spurningum í könnun, og hins, sem könnunina gerir. Ef slíkri nafnleynd er lofað og síðar er farið að nota gögnin handa öðrum í öðrum tilgangi, þá tel ég það vera algert trúnaðarbrot. Það getur vel verið að þjóðfélagsfræðin telji eitthvað annað. Mér þykir það ótrúlegt. (**ÓRG:** Flm. skilur ekki hvernig nafnleynd er geymd.) Flm. skilur ekki hvernig hægt er að kalla það nafnleynd ef brotin er trúnaður. Það skilur ekki flm. Flm. skilur svo mikið, að tölvugögn ýmiss konar, viðtækar persónuupplýsingar af ýmsu tagi um sömu persónuna eru í mörgum löndum geymdar á ákveðnum stöðum. Þetta þykir í flestum ríkjum óheppilegt og jafnvel hættulegt. Þess vegna þótti mér einkennilegt að hv. 3. landsk. þm. lagði svo mikla áherslu á að slíkum gögnum væri safnað á einn stað. E. t. v. væri tilefni til að spyrja hvort hv. þm. viti til þess, sem ég reyndar spurði hæstv. menntmrh. um í frumræðu minni, að gögn úr þeirri könnun, sem nefnd hefur verið sem dæmi, hafi verið látin í té Háskóla Íslands eða einhverri deild hans eða kannske Kennaraháskólanum.

Hér hefur hv. 3. landsk. þm. fjölyrt um það, að verið sé að vinna gegn — ég held að hann noti orðin „eðlilegri framþróun mannvísinda í nútímaþjóðfélagi“ eða eitthvað á þá leið, ég man ekki alveg orðalag hv. þm. Út af þessum áhyggjum hv. þm. held ég að sé rétt að ég fái að lesa, með leyfi hæstv. forseta, fyrri mgr. frvgr. sem um þetta fjallar, það er í 3. gr. frv., og hún hljóðar svo.

„Við bætist ný grein, sem verður 64. gr. A, svo hljóðandi:

Menntmrn., fræðslustjórum, skólastjórum, kennurum og öðrum starfsmönnum grunnskóla, námsstjórum og starfsmönnum við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskólum er heimilt að stunda fræðilegar rannsóknir í skólunum sjálfum og heimill aðgangur að gögnum þeirra. Þeir, sem stunda vilja rannsóknir eftir þessari mgr., skulu skýra menntmrn. frá því fyrir fram.“

Þar er ekki talað um leyfisveitingu. Hins vegar, herra forseti, svo ég haldi áfram lestrinum:

„Rn. skal setja nauðsynleg skilyrði eða synja um rannsóknaaðstöðu. Skal þá litið til fræðilegs gildis hinna fyrirhuguðu rannsókna, menntunar og reynslu þeirra, sem rannsóknirnar vilja stunda, og rannsókna- og úrvinnsluaðferða. Þá þarf og til rannsóknanna leyfi viðkomandi fræðslustjóra, skólastjóra og forráðamanna barna. Menntmrn. getur leyft rannsóknirnar gegn áliti þessara aðila, ef ætla má að þær hafi verulegt gildi. Ef rannsóknin varðar ekki einkahagi eða skoðanir nemenda, heimilishagi þeirra, hagi forráðamanna nemenda eða annarra, þarf ekki leyfi forráðamanna.“

Ég held, herra forseti, að varla sé hægt að fara öllu mildilegar í sakirnar en gert er með þessari grein.

Ef ég fæ að lesa, með leyfi hæstv. forseta, síðari mgr. líka þessu til fyllingar, þá hljóðar hún svo:

„Menntmrn. getur leyft öðrum en greindir eru í 1. mgr. fræðilegar rannsóknir í grunnskólum og á gögnum þeirra. Um leyfi viðkomandi fræðslustjóra, skólastjóra og forráðamanna nemenda fer eftir 1. mgr. Leyfi eftir þessari mgr. skal aðeins veita ef fyrir liggur rannsóknaáætlun, starfsmenn við rannsóknina hafa nægilega menntun og reynslu, rannsóknin hefur verulegt fræðilegt gildi og með trúverðugum hætti er gætt hagsmuna sem varða friðhelgi einkalífs. Kannanir á viðhorfum nemenda, einkalífi þeirra og heimilishögum, einkalífi og högum forráðamanna þeirra, skólafélaga og annarra og á tilteknum atburðum, sem nemendur hafa orðið vitni að, skal ekki leyfa, nema sérstaklega mikilvægir hagsmunir krefjist þess. Ef leyfi er veitt skv. þessari mgr., skal birta

um það auglýsingu í Lögbirtingablaði og geta þess, hverjum það er veitt og í hvaða skyni. Sá, sem leyfið fær, er bundinn fullri þagnarskyldu, sem menntmrn. getur mælt nánar fyrir um, og hann ber að því leyti ábyrgð sem væri hann opinber starfsmaður. Hið sama er um starfsmenn hans."

Þessi lagagrein er að mörgu leyti ákaflega svipuð og reglur sem um þetta gilda í ýmsum löndum, þar sem menn eru farnir að fara mjög varlega í þessum sökum nú á dögum vegna hinnar miklu framþróunar í tækni sem hægt er að nota við úrvinnslu upplýsinga. Jafnvel þótt tækninni væri ekki til að dreifa hafa menn einnig við notkun hennar vaknað til vitundar um nauðsyn reglna um friðhelgi einkalífs manna.

Mér hefur þótt það ákaflega sérkennilegt hvernig Alþb.-menn hafa snúið við blaðinu í afstöðu til þessarra mála. Nú skiptir friðhelgi einkalífs ekki lengur máli í augum Alþb.-manna (Gripið fram í.) Ég get ekki séð það eftir ræðu hv. þm. Hv. þm. talar ævinlega um nauðsyn frjálsrar rannsóknastarfsemi til að efla framþróun mannlegrar þekkingar á sviði mannvísinda". (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. þm. á að venjulegur fundartími er liðinn. Spurningin er, hvort hv. þm. á langt eftir og hvort hann geti ekki fundið þáttaskil í ræðu sinni eða hvort hann geti lokið henni nú.) Ég skal ljúka máli mínu, herra forseti, innan 5 mínútna.

Ég ætla aðeins að fá að lesa upp úr því ágæta blaði, Þjóðviljanum, með leyfi hæstv. forseta, og nota þessar dýrmætu mínútur til þess. Það er fimmtudaginn 8. apríl 1971. Þar er fjallað um víðtæka rannsókn sem ungur fræðimaður gerði í grunnskólanum og hafði hlotið mikið ámæli af hálfu Alþb.-manna. Það eru í Þjóðviljanum margar greinar í einum og sama mánuðinum, þar sem hinn ungi fræðimaður var gerður mjög tortryggilegur. Hann var talinn stunda njósnir fyrir erlent stórveldi og hvaðeina. Einn hv. Alþb.-maður tók til máls utan dagskrár á Alþ. og hneykslaðist á því, að enginn vernd væri veitt friðhelgi einkalífs í slíkum tilfellum. Það allra hneykslanlegasta taldi hann að menntmrn. skyldi hafa leyft þá könnun sem þarna fór fram. Meðal þess, sem fram kom t. d. í einni greininni — og reyndar mörgum fleiri, var krafa um að tafarlaust yrði bundinn endir á *hátterni þessa unga fræðimanns og gerð upptæk þau* gögn sem hann, eins og blaðið orðaði það, hafði „klófest um einkahagi barna og foreldra þeirra". „Láti stjórnarvöld undir höfuð leggjast," segir með leyfi hæstv. forseta, „að taka í taumana, er þess að vænta að skólastjórar og foreldrar grípi til sinna ráða".

Í grein í Þjóðviljanum þennan tiltekna dag, — Austragrein — segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„. . .en börnin töldu það skyldu sína að svara þegar lagðar voru fyrir þau spurningar í kennslustund.

Hverskonar félagsfræðilegar kannanir eru nú mjög vinsælt rannsóknarefni víða um lönd. Þær geta veitt afar fróðlega vitneskju um tengsl manna við umhverfi sitt, viðbrögð þeirra og háttsemi. En hér er einnig um mjög viðkvæmt svið að ræða. Friðhelgi einstaklingsins er verðmæti sem ekki má skerða, en miklar hættur vofa yfir í nútímaþjóðfélögum. Því verður að framkvæma allar slíkar kannanir af mikilli gát, eins og yfirleitt hefur verið gert af íslenskum aðilum, m. a. þeim sem tengdir eru hinni nýju félagsfræðistarfsemi við Háskóla Íslands. Aðferð Braga Jósepssonar er hins vegar brot á öllum siðaðra manna reglum og hlýtur að vera framkvæmd í annarlegum tilgangi."

Þetta sagði Þjóðviljinn um sams konar aðferðir árið 1971.

Í greininni stendur enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fróðum mönnum á þessu sviði ber saman um að íslenskt þjóðfélag sé á margan hátt sérstaklega forvitnilegt til rannsókna af þessu tagi, og því má telja mjög sennilegt að þær fari mjög í vöxt á næstunni. Í því sambandi ber að leggja áherslu á að slíkar kannanir verður að framkvæma af Íslendingum sjálfum eða undir strangri eftirliti þeirra. Nú gilda réttilega þær reglur að erlendir menn mega ekki koma hingað til rannsókna á náttúru Íslands nema með leyfi Rannsóknaráðs ríkisins og þeir verða að hlíta fyrirmælum ráðsins um öll vinnubrögð. Hliðstæðar reglur ber tafarlaust að setja um félagsfræðilegar rannsóknir hér á landi. Það er fráleitt að erlendir háskólar eða erlend ríki geti sent hingað menn með morðfjár til þess að safna vitneskju um einkahagi manna og mata með henni tölvur í erlendum stofnunum."

(**Gripið fram í:** Þetta er harla góð grein.) Það er margt gott í þessari grein. Í því tilviki sem ég nefndi sem dæmi í því máli, sem ég er að fjalla um, gerðist það, að þessir ágætu stúdentar, þó íslenskir væru og ynnu vafalaust í góðum tilgangi, voru allir nemendur við erlendan háskóla, sögðu könnunina framkvæmda á ábyrgð útlendings og úr könnunninni yrði unnið í erlendum tölvum nákvæmlega það sem verið er að segja í þessari grein.

Hvað sem því líður hvort sem mönnum líkuðu þessar rannsóknir betur eða verr — hvort þessi viðbrögð áttu betur við pólítík Alþb. eða af hvaða ástæðum öðrum Alþb. hefur snúið við blaðinu veit ég ekki. Hvort sem það er rétt eða ekki, að eitthvað hafi verið ámælisvert við þá rannsókn, sem fór fram árið 1971, er jafnrétt nú, og ekki síður en það var þá, að nauðsynlegt er að setja reglur um þetta efni. Ég tel, herra forseti, að þær reglur, sem lagt er til að settar séu í þessu frv., geti ekki mildari verið. Ef eitthvað er hef ég fengið þær aðfinnslur í sambandi við þetta frv. utan þings, að það sé e. t. v. ekki nægilega strangt. Ég vil þó ekki ganga lengra fyrir mitt leyti. Þingið yrði þá að skera úr um það. En ég leyfi mér að vísa á bug ásökunum um að með þessu frv. sé verið að *leggja stein í götu vísindalegra rannsókna. Það er ekki* verið að því. Það er verið að gera þær trúverðugri, en það er mjög mikið atriði til þess að upplýsingar, sem safnað er, séu marktækari. Það hlýtur að vera skilyrði til þess, að upplýsingarnar séu marktækar, að þeir, sem þátt taka í könnuninni, geti treyst rannsóknninni, geti treyst því að trúnaður sé virtur.

Að því er þær ásakanir varðar, sem hv. þm. hefur hvað eftir annað haft í frammi, að allt þetta mál sé fram sett til þess að ráðast á unga fræðimenn, þá hef ég áður vísað því á bug, og ég gerði það með því sem ég sagði nú rétt áðan, að þetta er tvímælalaust vísindunum til framdráttar. Það er áreiðanlega ekki vísindunum til framdráttar, ef þau eiga að halda áfram að efla alla dáð, að gengið sé á svig við friðhelgi einkalífs manna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 62. fundur.

Miðvikudaginn 14. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, frv. (þskj. 196, n. 406). — 2. umr.

Frsm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 406, nál. sjútvn. um frv. þetta, hélt n. fund mánudaginn 26. febr. 1979. Fjarverandi á fundinum voru Lúðvík Jósepsson, Garðar Sigurðsson og Páll Pétursson. Fyrir fundinum lá bréf frá utanrrn., dags. 30. jan., þar sem þess var farið á leit, að höfðu samráði við sjútvrn. og fengnu samþykki þess, að tilteknar breytingar verði gerðar á 2. mgr. 2. gr. frv. N. féllst á tilmælin að flytja þá brtt. sem er á þskj. 406 og er flutt, eins og fram kemur í nál., að beiðni utanrrn. Undir þetta nál. skrifa auk mín Matthías Bjarnason, Eiður Guðnason og Sverrir Hermannsson, en eins og fram kom áðan voru 3 nm. ekki mættir á fundinum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 406 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 100, n. 400). — 2. umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Félmn. hefur haft til umfjöllunar frv. til 1. um breyt. á 1. nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Umsagnaraðilar, sem n. sendi málið til umsagnar, lýstu sig fylgjandi frv., en þó kom fram í umsögn félmrn. og Húsnæðismálastofnunarinnar, að nauðsynlegt sé að Byggingarsjóði ríkisins verði tryggður öruggur tekjustofn til þess að standa undir þeim lánveitingum sem í frv. eru ætlaðar til dagvistarheimila. Forráðamenn Byggingarsjóðs höfðu reiknað með að hann fengi að selja lífeyrissjóðunum mun meiri skuldabréf en raun hefur orðið á, þannig að hann hefur nú mun minna fé til ráðstöfunar en ráð var fyrir gert. Engu að síður gæti heimildarákvæði það, sem ráð er fyrir gert í frv., ef samþykkt yrði, hugsanlega örvað slík skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af Byggingarsjóði, þar sem bygging dagvistarheimila fyrir yngri sem eldri borgara er í þágu þeirra eigin félagsmanna og því ekki óeðlilegt að þeir væru fúsari til skuldabréfakaupa af Byggingarsjóði en öðrum aðilum. Þar sem sýnt er að litlar líkur eru á að hægt verði að ráðast í byggingu dagvistarheimila að einhverju marki á næstunni mundi slíkt heimildarákvæði hjá Húsnæðismálastofnuninni til lánveitinga til byggingar dagvistarheimila stuðla að örari byggingu þeirra en ella væri. Slíkt heimildarákvæði byggðist vitaskuld á hvað fjárhagur Byggingarsjóðs ríkisins leyfði hverju sinni, þ. e. skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna sköpuðu grundvöll fyrir.

Þótt sýnt þyki, að fjárhagur Byggingarsjóðs leyfði ekki slíkar framkvæmdir strax þótt þetta heimildarákvæði fengist samþykkt, þá þykir n. rétt að slíkt ákvæði verði fyrir hendi þegar fjárhagur Byggingarsjóðs leyfir lánveitingar til dagvistarheimila sem frv. gerir ráð fyrir. N. mælir því einróma með samþykkt frv. og vonar að frv. fái greiða afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 375, n. 434). — 2. umr.

Frsm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Upphaflega var þetta frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr. í hv. d., flutt í Ed. á þskj. 69 af hv. þm. Alexander Stefánssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni. Fjh.- og viðskn. Ed. varð sammála um álit og afgreiðslu frv. eins og það kom frá Ed. á þskj. 375. Mál þetta gekk til fjh.- og viðskn. Nd. Efni þess er það, að lagt er til að auka fjölda bifreiða til öryrkja, sem njóta eiga eftirgjafar tolla og aðflutningsgjalda, úr 350 í 400 bifreiðar. Þannig kom málið frá Ed., að lækkun gjalda á bifreið geti numið 1 millj. kr. í stað 500 þús. eins og er núna. Þessi var sameiginleg niðurstaða hv. Ed. og einnig sameiginleg niðurstaða fjh.- og viðskn. þessarar d. Hún leggur því til að frv. verði samþ. óbreytt eins og Ed. gekk frá því.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hve greiða afgreiðslu þetta frv. hefur fengið hér í þessari hv. d., að ekki skuli hafa tekið lengri tíma en að ég hygg 10 daga að afgreiða það gegnum tvær umr. til 3. umr. í þessari d. og fær það örugglega fljóta afgreiðslu þar einnig.

Þetta frv. miðar að því að lagfæra einn hluta af vandamálum þess fólks, sem við skerta starfsorku býr, og auðvelda því þátttöku í hinu daglega lífi. Er ánægjulegt að vita til þess, hversu áhugi og skilningur ráðamanna í þjóðfélaginu fer ört vaxandi á vandamálum líkamlega og andlega fatlaðra.

Ég vil minna á, um leið og ég sé fulla ástæðu til að þakka hve skjóta afgreiðslu þetta mál, sem snýr að öryrkjum, hefur fengið hér á hv. Alþ., að annað frv., sem gæti orðið geysileg lyftistöng í málefnum öryrkja, hefur verið til meðferðar hér í hv. Alþ. frá því í byrjun þings í okt. og er ekki komið lengra en til 2. umr. í fyrri d. og hefur raunar verið á dagskrá nú í 6 vikur í þessari d. án þess að vera tekið til umr., en það er frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja. Ég legg áherslu á og þykist raunar vita að forseti þessarar hv. d. mun taka því vel að það mál fái einnig skjóta meðferð og afgreiðslu í þessari hv. d. og ekki dragist lengur að fá það til umr. hér.

Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum að í nál. frá fjh.- og viðskn. skuli upphæðin vera lækkuð og fækkað þeim bifreiðum til öryrkja sem frv. gerir ráð fyrir. Í grg. með frv. segir að þeir, sem njóta ívilnunar tolla og aðflutningsgjalda samkv. núgildandi lögum, séu um 350 öryrkjar og nemur ívilnunin nú 500 þús. kr. Í frv. er gert ráð fyrir að hækka þá upphæð í 1 millj. og að slík fyrir-

greiðsla nái til 500 öryrkja í stað 350 áður.

Samkv. upplýsingum frá úthlutunarnefnd þeirri, sem sér um umsóknir þær sem berast vegna slíkrar eftirgjafar, hefur fjöldi þeirra öryrkja, sem sótt hafa um slíkar eftirgjafir, verið mun hærri en hámarkið, 350, gerir ráð fyrir, eða 635 umsóknir 1977 og 830 1978. Í nál. fjh.- og viðskn. er aðeins gert ráð fyrir aukningu á fjölda bifreiðanna um 50 frá því sem nú er í lögum. Virðist þetta því lítið vega til að fullnægja þörfinni, ef miðað er við 1978, sem var 830 bifreiðar, ef fjöldinn verður aðeins samtals 400 í lögum samkv. till. fjh.- og viðskn. Engin ofrausn hefði það verið þótt hv. Alþ. hefði samþykkt að lækka eða fella niður gjöld til 500 öryrkja, eins og frv. gerir ráð fyrir, og auka það þannig um 150 bifreiðar frá því sem nú er. Ætla verður, að það hlutfall sé síður en svo hátt miðað við að skráðir eru kringum 4500 75% öryrkjar hjá Tryggingastofnuninni og ekki óeðlileg tala að 10—15% þeirra séu í mjög brýnni þörf fyrir slíka fyrirgreiðslu sem frv. gerir ráð fyrir.

Frv. gerir einnig ráð fyrir að fella algerlega niður gjöld af 25 bifreiðum árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar. Er það mjög eðlilegt með tilliti til nauðsynjar þeirra á sérstaklega útbúnum bifreiðum sem geta þá verið mjög dýrar, og það gefur auga leið að starfsgeta slíkra öryrkja hlýtur að vera mjög skert þannig að tekjur eru kannske oft ekki miklu meiri en örorkulífeyririnn. En þó að fjh.- og viðskn. geri einnig aths. við þessa grein og mæli með að það séu aðeins að hluta til felld niður gjöld til þessara öryrkja, til þessara 25 aðila sem mundu fá slíka fyrirgreiðslu, þá vil ég ekki gera aths. eða brtt. við það með tilliti til þess, að það mundi seinka afgreiðslu málsins hér á Alþingi, og vil því ekki gera neina breytingu til þess að það fái hraðari afgreiðslu hér.

Einnig hlýtur sá hópur, sem mundi fá lækkun samkv. 1. mgr. frv., að stórum hluta að vera láglaunafólk með tilliti til að starfsgeta hlýtur að vera skert miðað við 75% örorku. Með tilliti til þess fjölda, sem nauðsynlega þarf á þessari fyrirgreiðslu að halda, og ekki síður að hér hlýtur að vera um láglaunafólk að ræða sem ekki getur eignast slíkar bifreiðar nema með slíkri aðstoð, þá er veruleg ástæða til að rýmka þau ákvæði, sem fyrir eru í lögum um slíkar eftirgjafir til öryrkja. En ég tel, þó að ekki beri að vanmeta neitt sem gert er til að bæta afkomu öryrkja, að aukning um 50 bifreiðar frá því sem fyrir er sé allt of lítil til að mæta þeirri þörf sem er á slíkri fyrirgreiðslu. Ég tel að sá fjöldi bifreiða, sem ráð er fyrir gert í frv., 500 bifreiðar, hefði verulega komið til móts við þarfir öryrkja í þessu efni.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að tefja afgreiðslu þessa máls á þessu stigi, þar sem ég hef ekki annan vettvang til að gera aths. en þd. Alþ., eins og ég hef áður sagt. En á þskj. 375 kemur fram breyting og er síðasta mgr. svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Enn fremur er rn. heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af hjálparáhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess samkv. læknisvottorði og henta ekki öðru fólki.“

Nú vita allir, sem þurfa að hafa afskipti eða samskipti við rn., að hvergi er að finna meiri seinagang í afgreiðslu mála en einmitt hjá hinu opinbera, og því tel ég rétt að Alþ. sjálft taki ákvörðun í málum sem þessum, en skilji ekki eftir heimildarákvæði um svo sjálfsagða hluti sem hér getur. Ég tel að innflutningur á hjálpartækjum, svo sem gervilimum o. fl. þess háttar, eigi ekki undir neinum kringumstæðum að vera tekjulind ríkissjóðs. Það er okkur öllum til skammar að misnota þannig þann hluta af innflutningi. Það má segja að við séum að skattleggja þau vandamál, sem þeir einstaklingar eiga við að búa sem eru að einhverju leyti með skerta starfsorku eða líkamsorku.

Ég vil ekki tefja framgang þessa máls í þessari hv. d. Þetta er gott mál að öðru leyti, og ég tek að öllu leyti undir það sem kom fram hjá hv. 12. þm. Reykv. áðan. En þetta er, eins og ég sagði, vettvangur minn til að gera aths. við það sem kemur frá n., og ég vil beina því til hv. fjh.- og viðskn. að hún athugi þennan hluta frv. og felli niður heimildir rn. til að taka ákvörðun um hvenær á og hvenær á ekki að fella niður aðflutningsgjöld af gervilimum og öðrum slíkum tækjum sem ekki er hægt að framleiða hér innanlands.

Frsm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að fjh.- og viðskn. Nd. gerði enga breytingu á frv. frá því sem upphaflega var. Það var gert í hv. Ed. Það var mat allra fjhn.-manna í Nd., að brýna nauðsyn bæri til að hraða málinu og þó þeir hefðu gjarnan viljað hafa það á annan veg, þá vildu þeir ekki fara að gera breytingu til að senda það á milli deilda. Þess vegna samþykkti n. einróma að leggja til að frv. yrði samþ. óbreytt. Nm. var kunnugt um að eftir málinu er beðið, og þess vegna vildu þeir að frekari breytingar yrðu að koma síðar, en leggja alla áherslu á að fá málið afgreitt eins og það liggur nú fyrir hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ., með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, frv. (þskj. 115, n. 444). — 2. umr.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til 1. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu. Svo sem fram kemur á þskj. 115 er hér um að ræða eftirtalda samninga: alþjóðasamning frá 29. nóv. 1969 um íhlutun á hafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamning frá 29. nóv. 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamning frá 18. des. 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar. Þessir samningar fylgja allir á þskj. sem ég áðan nefndi.

Ástæðan fyrir því, að lengi dregst að staðfesta alþjóðasamninga, er sú, eins og hefur áður verið upplýst og að ég hygg oftar en einu sinni, að erfiðlega gengur að fá þá þýdda eða skráða á okkar máli. Það eru þó nokkuð margir slíkir samningar sem eru til meðferðar hjá þeim mönnum sem við þau mál fást.

Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og þar var mælt með því shlj. Svo er einnig í allshn. þessarar hv. d. Allir nm. mæla shlj. með því að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 364). — Frh. 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Skýrsla ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina ásamt frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir o. fl. hefur verið hér til meðferðar í hv. þd. alllengi. Ég vildi leyfa mér að beina því til hv. fjh.- og viðskn., sem eflaust fær málið til meðferðar, að reyna að hraða afgreiðslu þess þegar þar að kemur, vegna þess að það fer að verða óþægilegt að bíða eftir samþykkt frv. Það eru ýmsar fjármálaráðstafanir í sambandi við lánsfjár- og fjárfestingaráætlunina sem þarf að fara að afgreiða og taka ákvarðanir um, lántökur o. fl., og það fer að líða að því að þetta fari að valda truflunum í atvinnulífinu, sérstaklega þó í sambandi við ýmiss konar uppbyggingu sem er í gangi og þyrfti að geta gengið áfram truflunarlaust.

Það hafa orðið miklar umr. um þetta mál hér í d. og er full ástæða til þess. Hér er um að ræða stórt mál, eitt af stærstu málum sem ríkisstj. og Alþ. fjalla um á hverju ári. Og það er margt sem komið hefur fram í þessum umr., miklu fleira en ég mun drepa á í þessari ræðu. Ég vil þó vekja á því athygli, að áður en farið var að semja fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina lá það fyrir, að ríkisstj. hafði sett sér ákveðin markmið í sambandi við fjárfestinguna eða fjármunamyndunina á árinu 1979. Það kemur fram í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna að draga skuli úr fjárfestingu á árinu 1979 og heildarfjármunamynduninni verði ákveðin takmörk sett. Enn fremur kemur fram í grg. með frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu frá 1. des. s. l., að ríkisstj. lýsir því yfir í þessari grg. að hún muni m. a. beita sér fyrir því, að heildarfjárfestingin á árinu 1979 verði ekki umfram 24—25% af vergri þjóðarframleiðslu. Breytingar í fjárfestingarmálum eru í undirbúningi, segir enn fremur, og er gert ráð fyrir lagafrv. um þau mál innan tíðar. Síðan segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir því, að fjárfestingu verði beint frá verslunar- og skrifstofubyggingum í tækni- og skipulagsumbætur, m. a. í fiskvinnslu og iðnaði. Í landbúnaði verði dregið úr fjárfestingu sem leiði til aukinnar framleiðslu, en áhersla lögð á hagræðingu og á uppbyggingu vinnslustöðva landbúnaðarins. Útlánareglum fjárfestingarlánasjóða og útlánum banka verði breytt í samræmi við þessa stefnu."

Öll þessi atriði voru lögð til grundvallar þegar fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin var samin, og einnig var að þessu hugað, þegar fjallað var um skattamálin fyrir jólin. M. a. var þá ákveðið að leggja sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, og það var gert öðrum þræði í þeim tilgangi að hægja á þessum byggingarframkvæmdum í samræmi við það sem kemur fram í grg. sem ég var að lesa upp. Og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin er einmitt byggð í aðalatriðum á þessari stefnumótun, sem ríkisstj. hafði einsett sér. Það var ákveðið fyrir fram, að fjárfestingin á þessu ári yrði 24—25% af vergri þjóðarframleiðslu. Þannig voru sett hér ákveðin mörk þegar í upphafi. Þeim hefur verið fylgt, og eins og áætlunin er nú lögð fram er gert ráð fyrir 24,5% af vergri þjóðarframleiðslu í fjármunamyndun á þessu ári.

Ýmsir hv. þm. hafa tekið til máls í þessum umr., þ. á m. hv. þm. Matthías Á. Mathiesen. Ég sé að hann er nú ekki viðstaddur umr., en ég vil drepa á örfá atriði sem hann gerði að umræðuefni.

Hann minntist á forsendur fjárl. og forsendur fjárfestingar- og lánsfjááætlunar. Um það vildi ég segja það og endurtaka, að forsendur fjárl. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunarinnar varðandi framkvæmdir eru almennt séð miðaðar við 34% verðbólgu á árinu 1979, og við skulum vona að takist að halda verðbólgunni innan þeirra marka. Þó ber að hafa í huga að fjárhæðir fjárl. eru fastar upphæðir þegar um framkvæmdir er að ræða.

Ég vil vekja á því athygli, að í raun og veru kom það ekki fram hjá stjórnarandstæðingum í þessum umr. að þeir gagnrýndu heildarstefnuna í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni, að þeir gagnrýndu það að setja fjárfestingunni takmörk á þessu ári sem væri miðuð við 24—25%. Og þetta er auðvitað eitt af meginatriðum málsins, því að þetta er aðalstefnuskráratriði sem kemur fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni. Ég varð ekki var við, að stjórnarandstæðingar gagnrýndu þetta höfuðatriði, og vil vekja alveg sérstaka athygli á því.

Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen minntist á launahækkanir í sambandi við fjárl. sérstaklega, launahækkunina 1. mars, sem er 6,9% í stað 5% sem stefnt var að af hálfu ríkisstj., en ekki tókst að ná því markmiði. Um þetta vil ég aðeins taka fram að 1% launahækkun á ársgrundvelli þýðir í útgjöld fyrir ríkissjóð hvað snertir bein laun 540 millj. kr., en önnur útgjöld ríkissjóðs, þar sem eru lífeyristryggingar og sjúkratryggingar, 360 millj., eða samtals um 900 millj. kr. Ég vil endurtaka það, sem ég hef raunar sagt áður um þessi mál varðandi ríkissjóð, og ég get sagt frá því hér, að ég hef ítrekað gert fsp. um það til Þjóðhagsstofnunar og hagsýslustofnunarinnar, hver sé skoðun þessara stofnana á þeim áhrifum sem almennar launahækkanir í landinu hafi á rekstur og greiðslustöðu ríkissjóðs. Það er samdóma álit þessara stofnana, og ég hygg að það hafi ekki breyst frá því sem var á síðasta kjörtímabili, að almennar launahækkanir, ef þær eru jafnar alls staðar í þjóðfélaginu, hafi ekki áhrif á rekstrarstöðu ríkissjóðs. Ég hef verið dálítið vantrúaður á það, svo að ég segi alveg frómt frá, að sama máli gegni fullkomlega um greiðslustöðu ríkissjóðs, vegna þess að þessi útgjöld fara út strax, en tekjurnar, sem leiðir af almennum launahækkunum, koma yfirleitt seinna til skila. Þó er því haldið fram, að þegar yfir vofa launahækkanir hagi menn sér nokkuð í samræmi við það og auki útgjöld sín nokkuð í samræmi við það fyrr en menn hefðu annars gert og það komi ríkissjóði fyrr til góða. Um þetta skal ég þó ekki fullyrða, en vil greina frá þessu að gefnu tilefni. Ég held þar til ég sé annað, — sem ég geri sennilega aldrei, því að það er afar erfitt að mæla þetta, — að almennar launahækkanir mundu hafa þau áhrif að greiðslustaða ríkissjóðs versnaði, a. m. k. í bili, ég skal ekki fullyrða um það á ársgrundvelli. Ég vildi taka þetta fram í tilefni af þessum ummælum í sambandi við launahækkanirnar.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að skattamálunum og gera grein fyrir því, hvaða áhrif skattbreytingarnar, sem gerðar voru fyrir áramótin, hafi á innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1979. Ég hef látið Þjóðhagsstofnun

athuga þetta mál alveg sérstaklega til þess að menn þurfi ekki að deila um það, og niðurstaðan af þessari athugun er sú, að heildaráhrif skattbreytinganna, sem gerðar voru fyrir jólin, á innheimtar tekjur ríkissjóðs 1979 umfram það sem verið hefði ef engar breytingar hefðu verið gerðar, valdi skattahækkunum sem nema 3910 millj. kr. Þá er að sjálfsögðu tekin inn í þetta dæmi lækkun aðflutningsgjalda vegna EFTA-samninganna um áramótin og lækkun aðflutningsgjalda af fiskvinnsluvélum og lyftarum, sem voru afnumin, nemur nokkurri fjárhæð, það er tekið inn í þetta og reiknað með um 2050 millj. kr., sem ég hygg að sé heldur lág fjárhæð í þessu efni, en skal þó ekki um það fullyrða. Niðurstaðan er sem sagt sú, að breytingin nemi 3910 millj. kr. Það er öll skattahækkunin, það er öll skattpíningin sem fólst í ráðstöfnunum sem gerðar voru fyrir jólin. Þannig er ekki rætt neitt um þær tilfærslur sem áttu sér stað og urðu verulegar innan skattkerfisins, og um það ætla ég ekki að deila.

Í þessu sambandi hef ég vakið athygli á því, að nýr útgjaldaliður kom um áramótin inn í fjárl., sem aldrei hefur verið þar áður, og þar á ég við útgjöld vegna fjármagnskostnaðar við Kröfluvirkjun. Þessi útgjöld nema 2380 millj. kr. Auðvitað hefði þurft að afla fjár til að standa undir þessum útgjöldum eða skera niður útgjöld í sama skyni. Ef þetta atriði er tekið inn í dæmið, þá er heildarbreytingin ekki nema einar 1500 millj. kr. En eins og ég tók fram áður og vil undirstrika, þá eru ýmsar tilfærslur innan kerfisins, þ. á m. meiri skattar og hærri skattar á atvinnurekstur og hærri skattar á hærri tekjur. Þessi heildaráhrif eru ekki nema 0.6% af þjóðarframleiðslu og 2% af ríkistekjum. — Þetta vildi ég taka fram í sambandi við endurteknar umr. og skrif um hina svokölluðu skattpíningu.

Hv. þm. Matthías Á Mathiesen kom nokkuð inn á ríkissjóðinn og afkomu ríkisins. Það er verið að undirbúa venjulega skýrslu í fjmrn. og hagsýslustofnuninni um greiðsluafkomu og rekstrarafkomu ríkissjóðs á síðasta ári. Hliðstæðri skýrslu var útbýtt á síðasta Alþ. 13. mars hér á Alþ. Ég geri mér vonir um að þessi skýrsla verði mjög fljótlega tilbúin og þá verður henni að sjálfsögðu útbýtt hér á Alþ. eins og venja hefur verið. Þess vegna mun ég ekki gera þetta mál nú að sérstöku umræðuefni, en aðeins endurtaka það, að heildarskuldir ríkissjóðs við síðustu áramót voru 26 milljarðar kr. og höfðu vaxið um 11 milljarða frá áramótum 1977—1978. Þar af voru um 7 milljarðar gengisuppfærsla, þ. e. a. s. eingöngu hækkun ríkisskulda í íslenskum kr. vegna gengisbreytinga sem orðið höfðu á síðasta ári.

Þá gat hv. þm. nokkuð um fjárl. og fjárfestingaráætlunina og meðferð málsins og kem ég nánar að því síðar.

Varðandi stjórnleysið, sem mikið er talað um, vil ég aðeins við þetta tækifæri segja það, að þegar núv. ríkisstj. tók við völdum í septemberbyrjun s. l. var verðbólgan 52%, og það verður að viðurkennast að það er nokkurt vorkunnarmál að fjalla um ríkisfjármál og efnahagsmál við slíkar aðstæður. Ég hygg að hvaða ríkisstj. sem er muni veitast erfitt að ná tökum á efnahagsmálunum á nýjan leik og koma verðbólgunni niður í það sem hún verður að komast í, hliðstætt við það sem gengur og gerist hjá okkar nágranna- og viðskiptaþjóðum. Til viðbótar við þetta koma svo stórfelld vandamál, þar sem er olíukreppan, hin nýja olíukreppa, þar sem er ástand fiskstofnanna, sem er vissulega mjög alvarlegt vandamál, og einnig þau vandamál sem blasa við í íslenskum landbúnaði vegna offramleiðslu á landbúnaðarvörum eins og sakir standa. Þetta eru allt saman erfið mál úrlausnar og torvelda að sjálfsögðu að menn nái tökum á efnahagsmálunum á nýjan leik, en ég tel ekki að það verði nema menn nái verðbólgunni verulega niður. Ég held, án þess að ég vilji nú stofna til almennra umr. um verðbólgumálin, að verðbólgan sé enn þá skaðsamlegri en menn gera sér grein fyrir, og ég held, að hún smátt og smátt sjúgi merg og blóð úr atvinnulífi okkar og atvinnuvegum, staðfestu í efnahagsmálum og fjármálum og leiði, ef hún stendur lengi svona mikil, til atvinnuleysis og versnandi lífskjara í landinu.

Hv. þm. Lárus Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., gerði að umræðuefni ýmis sömu atriði og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen. Hann minntist t. d. á meðferð málsins, þ. e. a. s. fjárfestingar- og lánsfjáráætlunarinnar, og gagnrýndi það að áætlunin var ekki samferða fjárl. Ég get tekið undir þá gagnrýni. Það er mjög æskilegt að fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin sé samferða fjárl. Ég get tekið undir það. Og það er til tjóns að ekki tókst að afgreiða þessa áætlun fyrir áramót, eins og var upphaflega ætlun mín. En það fór, eins og hv. þm. minnast, miklu lengri tími í afgreiðslu fjárl. fyrir jólin en ástæða var til að ætla að þyrfti, og þess vegna varð því ekki komið við að afgreiða fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina fyrir áramót og það er verra, það viðurkenni ég.

Varðandi samráð við fjvn., þá er það auðvitað svo, að þegar fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin er samferða fjárl. koma þessi samráð frekar af sjálfu sér, og það er eðlilegt í sumum efnum að höfð séu samráð við fjvn. þegar um er að ræða atriði sem snerta sérstaklega fjárveitingar úr ríkissjóði. Það eru einstök atriði, að vísu ekki mörg, í þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem eru þess eðlis. Það er t. d. gert ráð fyrir því, að framlag til Rafmagnsveitna ríkisins verði 120 millj. á 5 árum, þ. e. a. s. 600 millj. kr. lán, sem tekið verður til að styðja Rafmagnsveitur ríkisins, verði greitt þannig til baka að ríkissjóður veiti sérstaka fjárveitingu á 5 árum til að greiða þetta lán upp, þ. e. a. s. höfuðstólinn, ekki vextina. Þetta er mál sem væri e. t. v. eðlilegt að væri rætt um við fjvn. En vegna þess að meðferð þessara mála fór ekki saman var það ekki sérstaklega gert.

Enn fremur má minna á mál eins og flugvélakaup eða flugvélaskipti flugmálastjórnarinnar, sem hér hafa verið gerð að umræðuefni. Ég ætla ekki að ræða það mál nánar. Ég mun gera fjvn. grein fyrir því máli. Það eru ýmsir fletir á því sem ég er ekki ánægður með, ég get viðurkennt það. Síðan kemur einnig til í þessu efni atriði eins og það, hvernig eigi að nota þessa nýju flugvél. Ég setti það skilyrði, þegar gengið var endanlega frá málinu, það kom ekki til mín fyrr en á seinni stigum þess, að eðlilegt væri að þessi flugvél yrði notuð öðrum þræði í þjónustu fyrir landhelgisgæsluna. Og það er að sjálfsögðu rétt að ræða það mál við fjvn.

Ég get tekið undir þá gagnrýni og viðurkennt hana, að það er æskilegt að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé samferða fjárl., enda er gert ráð fyrir að lögfesta þá skipan í því frv. til l. um efnahagsmál o. fl. sem forsrh. hyggst leggja fyrir Alþingi á morgun.

Ég tók það fram áðan og vil gjarnan endurtaka það, að það kom fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni að hann var samþykkur þeirri meginstefnu að draga saman opinberar framkvæmdir eins og sakir standa. Ég vil aftur vekja

athygli á því, að þetta höfuðstefnuskráratriði fjárfestingaráætlunarinnar, að draga heldur úr framkvæmdum, hefur ekki sætt gagnrýni af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Hv. þm. Lárus Jónsson studdi einnig þá nýju stefnu, sem kemur fram í áætluninni, að heimila innlendum skipasmíðastöðvum að taka innlend bráðabirgðalán á byggingartíma skips eða til meiri háttar breytinga á skipum. Hér er um að ræða aðeins stærri skip, þ. e. a. s. nótaskip og togara. En ég vil taka það fram í þessu sambandi, að það er ekki hugmyndin að þessi lán verði nema til bráðabirgða, í raun og veru rekstrarlán, og þau verði tekin innan þeirra marka, sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin setur, og verði greidd upp af lánum sem tekin eru í samræmi við lánsfjáráætlunina.

Ég vil vekja athygli á því, að þarna er um að ræða í raun og veru eitt af mörgum atriðum sem hafa verið að gerast á undanförnum árum, að við erum að seilast æ lengra í að nota erlent fjármagn. Þetta eru ekki varanleg lán, heldur eru þetta lán innan marka lánsfjáráætlunar sem ég gerði ítarlega grein fyrir í framsöguræðu. En þetta eru þó merki um það, að við erum að seilast lengra en áður í þessum efnum. Verðbólgan er að brenna upp fjármagnið í lánsfjárstofnunum okkar hægt og bítandi, og við erum að hörfa lengra og lengra í þessum efnum og nýta erlent lánsfé bæði til uppbyggingar og rekstrar.

Þá minntist hv. þm. aðeins á þjóðarbókhlöðuna. Það kemur fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á bls. 9, að gert er ráð fyrir 200 millj. kr. lántöku til áframhaldandi framkvæmda við þjóðarbókhlöðu. Afgangur fjárveitinga fyrri ára nemur 32 millj. kr., og nemur því heildarframkvæmdafé, sem verður til reiðu, væntanlega 232 millj. Framlagið var lækkað við afgreiðslu fjárl., en það kom fram í máli margra þm. þegar fjárl. voru til afgreiðslu hér í þinginu, að þeir voru mótfallnir þessu, og ég átti von á því að það kæmi hreinlega fram brtt. við fjárl. út af þessu máli. Þess vegna lýsti ég því yfir við afgreiðslu fjárl., að ríkisstj. mundi beita sér fyrir lántöku í þessu skyni, og það er gert með því að heimila sérstakt lán til þjóðarbókhlöðunnar á þessu ári.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð um Lánasjóð ísl. námsmanna. Framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna er 2 milljarðar 234 millj. 861 þús. kr. á fjárl. og síðan er lántökuheimild í fjárl. eða ábyrgðarheimild upp á 400 millj., að sjóðurinn taki 400 millj. kr. lán sem verði ábyrgst af ríkissjóði. Og síðan kemur í lánsfjáráætlun 700 millj. kr. lántökuheimild til handa sjóðnum. Samkv. aths. við fjárlagafrv. er framlag að viðbættum lántökuheimildum miðað við að lánshlutfall sjóðsins verði 85% af umframfjárþörfinni. Við það eru þessar heimildir miðaðar, við þessa stefnu sem var ákveðin af fyrrv. ríkisstj.

Þá gerði hv. þm. að umræðuefni fjárþörf til hitaveitna. Það er gerð sundurliðuð og ítarleg grein fyrir því í skýrslunni, hvernig áformað er að afla fjár til hinna ýmsu hitaveitna, sem þar eru nefndar, og fjarvarmaveitna. Til viðbótar við það vil ég aðeins nefna það, — ég hygg að ég hafi komið inn á það í framsöguræðu minni fyrir skýrslunni, — að sennilega skortir 700—800 millj. til þess að hægt sé að ljúka framkvæmdum við Hitaveitu Akureyrar á þessu ári. Ég álít að ef hægt sé að gera það með sæmilega góðu móti, þá sé sjálfsagt að greiða fyrir því, ekki síst vegna þeirra nýju aðstæðna sem hafa skapast við tilkomu olíukreppunnar. Sama er e. t. v. að segja um fleiri hitaveitur. Það er ástæða til að hraða þeim eftir því sem föng eru á vegna þessara nýju viðhorfa, og það er þá hægt að afgreiða þau mál þegar þar að kemur. Um þessi efni er ekki svo gott að ræða á þessu stigi málsins, vegna þess að undirbúningi hinna ýmsu framkvæmda er mjög misjafnlega langt á veg komið.

Hv. þm. gerði Ferðamálaráð að umræðuefni. Ég tók það fram í minni framsöguræðu, að athuga þyrfti það mál nánar í fjh.- og viðskn., sem eflaust fær málið til meðferðar. Gert er ráð fyrir því á þessu ári, 1979, að seldar vörur og þjónusta frá Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli nemi um 1802 millj. kr. og það sérstaka gjald, sem samkv. lögum um skipulag ferðamála var sett á, 10% gjald af árlegu söluverðmæti, nemi um 164 millj. kr. á þessu ári, en það mundi verða reiknað af 1638 millj. kr. Hins vegar samkv. lagafrv., sem hér er til umr., mundi þetta gjald ekki nema hærri fjárhæð en 47.9 millj. kr. Hér hygg ég að sé of stórt stökk stigið og þess vegna hefði ég viljað leggja til að þessi 10%, sem reiknað er með í lagafrv., 20. gr., og er gert ráð fyrir að verði 10% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, — þetta verði hækkað upp í 20%, þannig að það verði um 90 millj. sem mundu þá renna til Ferðamálaráðs í staðinn fyrir 164 millj. Ég hef sannfrétt það, að þegar þetta frv. var til meðferðar hér á þingi hafi það farið í gegn að þessu leyti til án þess að menn veittu þessu nægilega mikla athygli. Í raun og veru er ákaflega óeðlilegt að hraða málum þannig að ríkissjóður geti greiðslulega séð tapað á rekstri Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, en það gerir hann ef 10% af seldum vörum og þjónustu verða meira en það sem er í afgang. Þess vegna er eðlilegt og sjálfsagt að mínum dómi að miða við skilin, miða við skil á hagnaði sem rennur til ríkissjóðs á hverju ári, og vil ég biðja hv. þm. að taka þetta mál til athugunar.

Hv. þm. setti fram nokkrar fsp. sem voru sumar almennar.

Fyrsta fsp. varðaði áform ríkisstj. um niðurgreiðslur. Áformin um niðurgreiðslur eru þau, að gert er ráð fyrir því á fjárl. að til niðurgreiðslna verði varið 18.9 milljörðum kr., og það er ekki nægilegt fjármagn til að standa undir því niðurgreiðslustigi sem nú viðgengst. Það skortir rúmlega 3 milljarða kr. til þess. Og það er áform ríkisstj. að gera breytingar á í þessu efni þannig að þetta fé hrökkvi til niðurgreiðslna eins og áformað er, en að líkindum mundi það hafa 1.5% hækkunaráhrif á verðbætur á síðari hluta ársins.

Þá spurðist hv. þm. fyrir um laun opinberra starfsmanna, hvað það mundi kosta ríkissjóð ef grunnlaun hækkuðu um 3% 1. apríl. Það mundi kosta ríkissjóð á þessu ári um 1300 millj. kr. Talið er að að viðbættum þessum 6.9%, sem launin hækkuðu nú 1. mars, nemi launagreiðslur úr ríkissjóði á þessu ári um 58 milljörðum kr., 1% af því eru þá 580 millj. og 3% 1740 millj., en eftir eru 9 mánuðir ársins, þannig að hér mundi vera um að ræða útgjöld sem nema á þessu ári um 1300 millj. kr. Að öðru leyti vil ég vísa í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna um þetta mál, þar sem gert er ráð fyrir samningum við BSRB um að fella þessi 3% niður gegn því að það fái í sinn hlut aftur réttindi sem tilgreind eru í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna.

Þá spurði hv. þm. um lyfjakostnað, þar sem fjárlög voru afgreidd þannig að miðað var við að þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði og kostnaði vegna sérfræðiþjónustu ykist sem nemur um 940 millj. kr. á árinu 1979. Þessu vil ég svara því, að þessi hækkun verður framkvæmd, en ríkissjóður mun tapa á þessu það sem af

er árinu um 400—450 millj. kr. Ég hygg að það sé nálægt 150 millj. sem seinkun á þessari hækkun valdi í útgjöldum ríkissjóðs á hverjum mánuði.

Síðan spurði hv. þm. um það, hvenær væri að vænta tillagna um niðurskurð útgjalda í samræmi við fjárl. Því er til að svara, að það er verið að undirbúa það mál og munu verða gerðar um það till. alveg á næstunni og teknar ákvarðanir um það.

Gert er ráð fyrir því í fjárl., að tekjur umfram gjöld séu 6.6 milljarðar, og ef 1 milljarður kemur til viðbótar í lækkuðum ríkisútgjöldum mundi rekstrarafgangur á fjárl. verða 6.7 milljarðar, ef allt gengur eftir eins og ætlast er til.

Hv. þm. spurði enn fremur um stöðu ríkisbúskaparins, og vísa ég til þess sem ég sagði áður um það efni.

Hv. þm. *Matthías Bjarnason gerði að umræðuefni* Byggðasjóðinn og taldi að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs yrði skert verulega umfram það sem til væri ætlast í lögum, ef farið væri eftir fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni eins og hún er sett fram. Ég vil svara þessu á þann veg, að Byggðasjóður hefur aldrei haft meira fé til ráðstöfunar en hann kemur til með að hafa á þessu ári. Samkv. því, sem kemur fram í töflu á bls. 40 í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni, hefur Byggðasjóður 367 millj. kr. til ráðstöfunar af eigin fé, hann fær frá ríkissjóði 2458 millj., svo fær hann sérstakt fé, 1100 millj., af því eru 900 millj. ætlaðar til að bæta stöðu sjávarútvegsfyrirtækja og 200 millj. til að létta lausaskuldir bænda. Síðan eru 1480 millj. sem ganga út og inn, vegna þess að það er tekið lán og endurlánað vegna kostnaðar við byggðalínur. Samtals verður ráðstöfunarfé sjóðsins 5405 millj. kr. á móti 2700 millj. á seinasta ári. Ef 1480 millj. eru dregnar frá verður ráðstöfunarfé sjóðsins rétt um 4 milljarða, en útgjöld fjárl. eru rúmir 200 milljarðar, þannig að það stendur nokkurn veginn heima að sjóðurinn hafi til ráðstöfunar á þessu ári 2% af útgjöldum fjárl. eins og gert er ráð fyrir í lögum.

Hv. þm. kom nokkuð inn á þetta mál almennt séð. Þegar lög um Framkvæmdastofnun ríkisins voru endurskoðuð á seinasta kjörtímabili var um það nokkur deila á milli Framsfl. og Sjálfstfl. hvernig þetta skyldi gert. Við lögðum áherslu á okkar stefnu, að 2% af ríkisútgjöldunum rynnu til Byggðasjóðs, en Sjálfstfl. vildi ekki fallast á það, heldur vildi orða þessa reglu þannig, að á ári hverju hefði Byggðasjóður til ráðstöfunar sem svarar 2% af fjárl., og það var samþ. og lögfest. En það þýðir að það þarf ekki að renna til sjóðsins fullt framlag frá ríkissjóði, heldur getur hann tekið lán til þess að hafa til ráðstöfunar. *Og það er í samræmi við þessa reglu sem* sú uppstilling hefur verið gerð sem kemur fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni.

Þá minntist hv. þm. Matthías Bjarnason á Fiskveiðasjóð og nýsett lög um útflutningsgjald, þar sem útflutningsgjaldið er lækkað. Það er rétt hjá hv. þm., að Fiskveiðasjóður tapar nokkru fé á þessu, og hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir hér á Alþ., að Fiskveiðasjóði verði bætt það upp. Ég vil því beina því til hv. fjh.- og viðskn., sem eflaust fær þetta mál til meðferðar, að hún athugi alveg sérstaklega hvað mikið það er sem Fiskveiðasjóður tapar á þessu í framlögum og að það verði gerðar breytingar með lántöku til þess að Fiskveiðasjóður hafi til ráðstöfunar það sem ætlast er til samkv. lánsfjáráætluninni.

Að lokum vil ég aðeins drepa á það, að það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin er eitt af stórmálum Alþ. og ríkisstj., eitt allra stærsta mál sem þessir aðilar fjalla um á ári hverju og þess vegna full ástæða til að það séu miklar umr. um málið hér á Alþ., enda hefur svo verið að þessu sinni. Það hafa verið mjög miklar umr. um málið í þessari hv. deild.

Um þátt stofnana í þessu verki vil ég aðeins segja það, að áætlunin er lögð fram á ábyrgð ríkisstj. Það er ekki stórmannlegt að varpa ábyrgð á svona verki yfir á stofnanir. Það er ríkisstj. sem ber ábyrgð á því, það verður að hafa í huga þegar svona skýrsla er lögð fram. Hitt er annað mál, að þegar þrír flokkar vinna saman í ríkisstj., þá hafa þeir auðvitað skiptar skoðanir á málum og verða því að bræða sjónarmið sín saman, ef þeir ætla að koma *málum sameiginlega fram.*

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson minntist alveg sérstaklega á skyldusparnaðinn. Það kemur fram í töflu á bls. 40 í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni hvernig fyrirhugað er að haga þessum málum. Samkv. því er fyrirhugað að af skyldusparnaðinum, sem nemur 4900 millj. kr. á þessu ári, verði lánaðar til íbúðalánasjóða eða Byggingarsjóðs ríkisins 2500 millj., til Framkvæmdasjóðs 2400 millj. og til Stofnlánadeildar landbúnaðarins 400 millj., þ. e. a. s. skyldusparnaður ungmenna í sveitum. Ég tók fram í framsöguræðu minni, að mér er það ekki fast í hendi og í raun og veru ekki ríkisstj., hvernig þessu er fyrir komið. Af hennar hálfu er alveg opið að haga því öðruvísi, en þó þannig að menn nái þeim markmiðum sem sett eru í áætluninni, eins og t. d. að í staðinn fyrir að lána af skyldusparnaðarfé 2400 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs, þá verði Framkvæmdasjóði lánað af fé Atvinnuleysistryggingasjóðs í staðinn og Byggingarsjóður ríkisins fái aftur meira af skyldusparnaðarfé. Þetta eru málefni sem hv. þn. mun taka til athugunar.

Ég vil svo að lokum aðeins minnast á það, að hvaða leyti fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin er raunveruleg áætlun. Ég hef gert grein fyrir því, að heildarstefnan sé að fjárfesting ársins verði 24—25% af þjóðarframleiðslu þess eða um 182 milljarðar kr., og það hefur ekki sætt gagnrýni af hálfu stjórnarandstöðunar. Þetta er meginstefnumarkið. Í öðru lagi er skipting fjárfestingarinnar, sem kemur fram í áætluninni, þannig, að heildarframkvæmdir á vegum hins opinbera nema 32.5% af heildarfjárfestingunni eða 59 milljörðum 297 millj. kr. Heildarframkvæmdir á vegum atvinnuvega nema samkv. áætluninni 43.2% á árinu af heildarfjárfestingu eða 79 milljörðum 300 millj. kr. Og heildarframkvæmdir íbúðarhúsa nema 24.3% eða 43 milljörðum 640 millj. kr.

Þarna er um að ræða stærstu drættina í þeirri stefnumörkun sem lánsfjár- og fjárfestingaráætlunin boðar. Opinberum framkvæmdum er í áætluninni skipt í fjóra flokka: Það eru rafvirkjanir og rafveitur, hita- og vatnsveitur, samgöngumannvirki og byggingar hins opinbera. Síðan kemur fram í einstökum atriðum hvað á að framkvæma.

Framkvæmdum á vegum atvinnuvega er stýrt gegnum fjárfestingarlánasjóðina sem eru tvenns konar: annars vegar íbúðarlánasjóðir og hins vegar atvinnuvegasjóðir. Íbúðarlánasjóðirnir eru þrír og lána tæpa 13 milljarða kr. á þessu ári samkv. áætluninni. Langstærstur þeirra er Byggingarsjóður ríkisins sem stjórnar hinu almenna íbúðalánakerfi. Eins og kunnugt er, eiga allir, sem fullnægja tilteknum skilyrðum, rétt á láni frá Byggingar-

sjóði, og í áætluninni er gert ráð fyrir að auka húsbyggingaframkvæmdir á félagslegum grundvelli. Auk þess er gert ráð fyrir því, að ef sérstakar aðstæður steðja að, svo sem atvinnuleysi eða því um líkt, þá er heimilt að auka fé Byggingarsjóðs til þess að mæta því ástandi. Húsnæðismálastjórn stýrir þessum lánveitingum. Þá koma atvinnuvegasjóðirnir, sem eru samtals 14 og allir hafa þeir yfir sér sérstaka stjórn. Þeir lána samtals samkv. áætluninni 25 milljarða 946 millj. kr. Framkvæmdasjóður Íslands er sérstakur sjóður sem lánar öðrum fjárfestingarlánasjóðum og lánar mjög lítið beint í framkvæmdir, en Fiskveiðasjóður er langstærsti atvinnuvegasjóðurinn og er gert ráð fyrir að hann láni 9780 millj. kr. + 1200 millj. úr gengismunarsjóði, eða samtals 10 milljarða 980 millj. kr. á þessu ári. Stjórn Fiskveiðasjóðs lánar úr sjóðnum eftir vissum reglum, aðallega í eftirgreinda þætti: 1) til erlendra skipakaupa, 2) í innlenda skipasmíði, 3) til tækjakaupa, viðgerða og breytinga og 4) til vinnslustöðva í sjávarútvegi. Og þannig skipta allir atvinnuvegasjóðirnir lánveitingum niður í einstaka þætti. Forráðamenn sjóðanna ræða ítarlega við Framkvæmdastofnun ríkisins um fjárvöntun og Framkvæmdastofnun ræðir svo málin við ríkisstj. Þannig verður áætlun um útlán atvinnuvegasjóðanna til.

Svo lengi sem ég man hefur aldrei verið hægt að fullnægja öllum óskum atvinnuvegasjóðanna og þess vegna þurfa menn að gera áætlun um hvernig lánveitingum verði skipt, og þá er það m. a. gert í þá þætti hjá Fiskveiðasjóði sem ég nefndi áðan sem dæmi. Það er heimild í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins til þess að skilyrða lánveitingar úr Framkvæmdasjóði og gera það þannig, að Framkvæmdasjóður skilyrði lánveitingar sínar þannig að Fiskveiðasjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóður og aðrir fjárfestingarlánasjóðir láni það fé, sem Framkvæmdasjóður veitir að láni, með tilteknum hætti í tilteknar greinar. Þessi heimild hefur ekki verið notuð og ég er nú fyrir mitt leyti frekar hlynntur því að reyna samninga um þessa mál. Þó kann að vera að menn hafi ekki beitt þessari heimild nægilega til þess að beina fjármagni til ákveðinna greina, en heimildin er til og gerir auðvitað stöðu Framkvæmdasjóðs og Framkvæmdastofnunarinnar sterkari í þessu sambandi. En auðvitað eru skiptar skoðanir um það, hve afskipti hins opinbera eigi að vera víðtæk í þessum málum. Ég hallast að því, að afskiptin eigi að beinast að umgjörð starfseminnar frekar en að starfseminni sjálfri, en eigi að síður er ég fylgjandi því að beina fjármagninu inn á ákveðnar brautir, alveg sérstaklega við verðbólguaðstæður, til þess að koma í veg fyrir að fjármagnið renni eftir farvegum verðbólgu í óarðbæra og óæskilega fjárfestingu.

Í löngum og ítarlegum umr. hafa að sjálfsögðu komið fram fjölmörg atriði umfram þau sem ég hef hér drepið á. Það atriði sem hvað flestir hafa gert að umræðuefni, er spurningin um hvort 182 milljarða fjárfesting á þessu ári muni tryggja nægilega atvinnu eða muni leiða til atvinnuleysis í landinu. Í þessu efni er tvenns að geta. Annars vegar segir svo í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna, að það skuli draga úr fjárfestingu á árinu 1979 og heildarfjármunamynduninni verði ákveðin takmörk sett. Ég gerði grein fyrir því í upphafi máls míns, hvernig þessi mörk hefðu verið sett um 24—25% fjárfestingu af þjóðarframleiðslunni. Hins vegar segir einnig í samstarfsyfirlýsingunni, að draga skuli úr erlendum lántökum á þessu ári. Það er að sjálfsögðu vandaverk að meta fjárfestingarstigið annars vegar með það í huga að draga úr spennu í efnahagslífinu og minnka á þann hátt verðbólguna og hins vegar að tryggja fulla atvinnu í landinu. En það er mat ríkisstj. að miða heildarstefnuna í samræmi við það sem kemur fram í skýrslunni um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Það, sem hefur þó úrslitaáhrif á atvinnustigið, er allt annað að mínu mati, þ. e. a. s. að atvinnuvegunum séu búin þau rekstrarskilyrði sem tryggja þróttmikla atvinnustarfsemi og mikla atvinnu í landinu. Fjárfestingin er ekki nema liður í því að tryggja fulla atvinnu. Þar koma að sjálfsögðu til fleiri greinir og þá auðvitað sérstaklega ástand atvinnuveganna og af hve miklum þrótti þeir eru reknir.

Varðandi fjárfestinguna verður að hafa í huga að til þess að auka hana við núverandi aðstæður verður að taka meiri erlend lán. Menn hafa hreinlega ekki getað með skipulegum hætti aflað meira lánsfjár innanlands í fjárfestingu en gert er ráð fyrir í þessari áætlun og er þó gagnrýni á ýmsa þætti í þessu efni, eins og t. d. frá lífeyrissjóðakerfinu, svo að dæmi sé tekið. En lífeyrissjóðafjármagnið er hvorki meira né minna en 27 milljarðar hvað ráðstöfun snertir á þessu ári og er ákaflega mikilsvert til að standa undir uppbyggingu og fjárfestingu. En ríkisstj. metur það svo, að það sé ekki ráðlegt við núverandi aðstæður að auka meir á erlendar lántökur en gert er samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem hér liggur fyrir.

Ég vil svo að lokum leyfa mér að endurtaka þá ósk, að hv. fjh.- og viðskn., sem eflaust fær málið til meðferðar, reyni að hraða afgreiðslu málsins í n., vegna þess að drátturinn á málinu er að byrja að valda truflunum í uppbyggingu. Það verður að fara að taka ákvarðanir um lánveitingar til vissra þátta, og það fer að valda erfiðleikum og er þegar farið að valda erfiðleikum ef ekki kemur fjármagn t. d. til iðnaðaruppbyggingar og alls konar uppbyggingar í atvinnulífinu sem gert er ráð fyrir í áætluninni

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Í þessum umr. um lánsfjáráætlun hefur nokkuð verið rætt um skerðingu á tekjustofnum Byggingarsjóðs ríkisins, og hafa menn látið í ljós áhyggjur annars vegar af stöðu hans og hins vegar af því, að í sumum tilfellum sé gengið nokkuð á svig við áður gert samkomulag við aðila vinnumarkaðarins. Þessar áhyggjur skil ég mætavel.

Auðvitað hefði ég og flestir aðrir kosið að tekjustofnar Byggingarsjóðs yrðu með öllu óskertir á yfirstandandi ári frá því sem verið hefur og helst auknir frá því sem áður var. En vegna þeirrar nauðsynjar að draga úr spennu í þjóðfélaginu og ekki síður vegna þeirrar nauðsynjar að beina síminnkandi innlendum sparnaði í auknum mæli til stuðnings undirstöðuatvinnuvegum okkar var fallist á að skerða markaða tekjustofna Byggingarsjóðs eins og alla aðra markaða tekjustofna um því sem næst 10% á yfirstandandi ári.

Enn fremur var fallist á 2 milljarða kr. tilflutning á skyldusparnaðarfé frá Byggingarsjóði til Framkvæmdasjóðs á þessu ári. Þetta hefur nokkuð verið gagnrýnt og það að vonum. Hæstv. fjmrh. kom inn á þetta í ræðu sinni í dag og sagði, að þessi tilflutningur eða samsvarandi mætti allt eins vera af ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs, en 40% af tekjum hans eru lánaðar Byggingarsjóði. Ég var og er andvígur því og þá fyrst og

fremst með hagsmuni Byggingarsjóðs í huga. Lán þau, er Byggingarsjóður tekur hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, eru með sömu kjörum og lán þau, sem Byggingarsjóður veitir, hann hvorki græðir né tapar á þeim viðskiptum. Skyldusparnaðarféð er aftur á móti mun óhagkvæmara. Það er til mun styttri tíma, verðtryggt að fullu og með talsverðum vöxtum. Á móti þessum tilfærslum á skyldusparnaði kemur að lán lífeyrissjóða til Byggingarsjóðs hækka mjög mikið, eða úr 500 millj. kr., eins og þau voru á lánsfjáráætlun s. l. árs, í 2755 millj. í áætlun þessa árs, og er þá miðað við að fullnægja samkomulagi við lífeyrissjóði launþegasamtakanna um að þeir láni 20% af ráðstöfunarfé sínu til Byggingarsjóðs.

Þrátt fyrir það, sem ég nú hef sagt, vil ég undirstrika eftirfarandi:

1. Lán Byggingarsjóðs til nýbygginga og til kaupa á eldra húsnæði hækka að fullu til samræmis við hækkun byggingarvísitölu.

2. Í lánsfjáráætlunni er gert ráð fyrir að heildarútlán Byggingarsjóðs verði óbreytt frá fyrra ári að raungildi, og er þá reiknað með 34% verðhækkunum á milli ára.

3. Ekkert bendir nú til þess, að Byggingarsjóður geti ekki á þessu ári staðið við lögbundnar eða héfðbundnar skuldbindingar sínar.

4. Ef áætlanir húsnæðismálastjórnar um fjölda umsókna og fjölda lána á þessu ári standast ekki og ef stofnunin sér fram á verulegan fjárskort, þá er opin leið fyrir ríkisstj. til að grípa þar inn í, og vísa ég þar til sérstakrar bókunar í lánsfjáráætluninni um þessi mál, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Heimilt er að taka fjáröflun Byggingarsjóðs ríkisins til endurskoðunar á árinu 1979 ef: a) sjóðurinn getur ekki staðið við lögbundnar og venjubundnar skuldbindingar, b) hætta er á að til alvarlegs atvinnuleysis komi í byggingariðnaði."

Ég treysti því að ríkisstj. muni ekki hika við að beita þessari heimild, ef nauðsyn ber til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kirkjubyggingasjóður, frv. (þskj. 439). — 1. umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Mér þykir vænt um það að fá tækifæri til þess með örfáum orðum að mæla fyrir þessu frv. sem ég flyt hér ásamt þremur öðrum hv. þm. Ástæðan til þess, að mér fannst brýnt að flytja þetta frv., er einfaldlega sú, að lög um Kirkjubyggingasjóð eru vegna ákvæða um lágmarksupphæðir nánast orðin óvirk. Lögin eru nr. 33 frá 14. apríl 1954, en árið 1962 var þeim breytt þannig að eftir þessi 8 ár var lágmarksupphæðunum breytt til samræmis við breytt verðlag. Þau eru þannig núna, að gert er ráð fyrir framlagi af hálfu ríkisins, 1 millj. á ári, og auk þess eru sett inn í lögin hámarksákvæði um það sem heimilað er að veita hverri kirkjubyggingu, þ. e. a. s. 400 kr. á hvern rúmmetra, eða ef óeðlilega hátt er talið vera til lofts í viðkomandi kirkju, þá 2000 kr. á hvern fermetra. Segir sig sjálft að það er ótækt undir því að búa að eiga að úthluta lánsfé þar sem er um að ræða takmarkanir sem eru orðnar svo gamlar, þar sem nú þegar eru liðin 17 ár frá því að þessum tölum var síðast breytt.

Við athugun á þessum lögum kom enn fremur í ljós, að ástæða var til þess að breyta öðrum ákvæðum í lögunum. Gildandi lög eru raunar ekki nema þrjár greinar, og var ástæða til að breyta þeim öllum og þess vegna eðlilegt að semja nýtt frv.

Við athugun á því, í hverjum mæli Kirkjubyggingasjóður hefur verið fær um að sinna því hlutverki, sem honum var ætlað þegar lögin voru sett, og endurskoðun talna kemur í ljós að það er mjög langt frá því að hann geti sinnt þessu hlutverki. Það hefur komið í ljós, að miðað við þær hámarksupphæðir, sem settar voru, hefur hann að undanförnu aðeins getað lánað sem svarar 9.78% af því sem hann hugsanlega hefði átt að lána og þannig hefur orðið uppsöfnuð lánsþörf, sem hann hefur ekki getað sinnt, upp á rúmlega 500 millj. kr. Það skal að vísu tekið fram, að þá er miðað við að framreiknaðar séu þær hugmyndir sem uppi voru við setningu laganna.

Nú fer víðs fjarri að við flutning á þessu frv. sé gert ráð fyrir að þetta bil verði brúað. Hins vegar er gert ráð fyrir að sjóðurninn verði gerður starfhæfari til að koma til móts við upphaflegan tilgang með því að hækka nokkuð til samræmis við breytt verðlag þau lágmarksákvæði um framlög sem þá voru sett. Það er rétt að geta þess líka, að í lögunum er gert ráð fyrir að sjóðnum sé heimilt að lána til endurbygginga og endurbóta kirkna 40%. Í framkvæmd hefur þetta orðið þannig, að í árslok 1978 hafði hann getað lánað til þessara framkvæmda aðeins 13.8%. Það segir sig sjálft, að hér er um ákaflega lítinn stuðning að ræða. En það hefur komið í ljós, að fjárveitingavaldið hefur verið ákaflega tregt til að veita aukið fjármagn til sjóðsins vegna þess að það er bundið í lögum að hann skuli lána vaxtalaus lán.

Samkv. fjárl. ársins 1979 er framlag í Kirkjubyggingasjóð á árinu 13.5 millj. kr. Það hefur að sjálfsögðu ekki verið fylgt því lágmarki sem í lögunum er, enda er þar talað um lágmarksupphæð, en þessi upphæð fyrir árið 1979 er samt töluvert lægri, eða 1.5 millj. kr. lægri en hún var í fjárl. fyrir árið 1978 og gengur þess vegna þróunin þar í öfuga átt við það sem ætla mætti.

Ég tel að það sé nokkuð til að koma til móts við þau sjónarmið sem ég nefndi, að í þessu frv. er fellt niður ákvæðið um að lánað skuli vaxtalaust, en að öðru leyti byggt á gildandi lagagreinum. Í staðinn er gert ráð fyrir að sjóðsstjórn setji sjóðnum starfsreglur og þar með innifalið að setja honum lánareglur sem hljóti samþykki kirkjumálaráðherra.

Í annan stað er gert ráð fyrir því, að breytt verði um varðandi stjórnarkjör. Biskup Íslands hverju sinni er formaður stjórnarinnar. Þegar lögin voru sett var Kirkjuþing ekki starfandi og höfðu ekki verið sett lög um það og gert ráð fyrir að Prestastefna tilnefndi tvo menn í sjóðsstjórn. Á Kirkjuþingi eiga hins vegar sæti bæði leikmenn og prestar og þess vegna ekki óeðlilegt að hvor aðilinn um sig tilnefni sinn fulltrúa, m. a. vegna þess að leikmenn þurfa ekki síður og jafnvel miklum mun fremur að takast á við þau vandamál sem fylgja því að reisa kirkjur í sínum söfnuðum. Þess vegna er í annan stað lagt til að þannig verði breytt til um varðandi stjórnarkjör.

Í þriðja lagi er breytt upphæðum varðandi það hámark sem má lána, en þeim upphæðum er breytt eingöngu í samræmi við þá lágmarksupphæð sem getið er um í frv. nú, þ. e. a. s. lágmark 35 millj. kr. á hverju ári.

Þá er og þess að geta, að miðað við þau viðhorf, sem hafa verið uppi að undanförnu, er gert ráð fyrir að lánatíminn styttist miðað við það sem verið hefur. Ætti það að vera liður í því að sjóðurinn geti byggt sig upp sjálfur

og haft eitthvert eigið fé til ráðstöfunar til að mæta aðkallandi þörfum.

Mér er ljóst að þetta frv. kann að ganga dálítið þvert á þær umr. sem hafa verið á þessu þingi um að fella niður lögbundin sjóðatillög. Í því sambandi vil ég aðeins segja það, að hvað sem verður ofan á í því og hvernig sem framkvæmdin verður í framtíðinni varðandi það atriði, þá tel ég ekki að allar ákvarðanir um ákveðin framlög verði numdar úr lögum, heldur verði þar miðað við hið lögbundna framlag og það svo kannske lækkað, annaðhvort um ákveðna prósentu eða einhver ákveðin hlutföll, þó að þar frá yrðu e. t. v. gerð einhver frávik. Ég tel þess vegna þýðingarmikið að hér sé sett einhver ákveðin viðmiðun, það sé gengið út frá því, að þessi lágmarkstala verði endurskoðuð árlega, og það verði þá jafnframt gert með hliðsjón af byggingarvísitölu hverju sinni, en þessi sjóður síðan meðhöndlaður á svipaðan hátt og aðrir sjóðir. Þetta finnst mér ástæða til að taka sérstaklega fram.

Ég held, herra forseti, að það sé ekki ástæða til að tefja tímann með því að hafa um þetta fleiri orð, en vænti þess, sérstaklega af því að ég mun ekki hafa möguleika til að fylgja þessu máli eftir, að Alþ. fallist á að greiða götu þessa frv. gegnum þetta þing þannig að það nái lögfestingu fyrir vorið. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 445). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 445 frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 frá 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, svo hljóðandi:

„1. gr. Við 8. gr. laganna, A-lið, komi ný mgr. er hljóði svo:

Húsnæðismálastjórn hefur einnig heimild til að veita lán til byggingar vistheimila fyrir aldrað fólk, enda geti það eigi lengur búið á eigin heimilum og þarfnist umönnunar, án þess þó að hafa þörf fyrir sjúkrahúsvist. Skal ráðh. með reglugerð setja ákvæði um fjárhæð slíkra lána, lánstíma og tryggingar þeirra.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Með leyfi forseta mun ég lesa hér upp grg. Hún er svo hljóðandi:

„Nú munu vera um það bil 10 ár liðin frá því að Alþ. veitti Húsnæðismálastofnun ríkisins fyrstu heimild til þess að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar leiguíbúða fyrir aldrað fólk í elliheimilum og byggingum Öryrkubandalags Íslands. Með núgildandi húsnæðismálalöggjöf, sem er að stofni til frá 1970 (nr. 30 1970, var sú heimild færð mjög út. Á grundvelli hennar hafa síðan verið veitt lán úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar 821 íbúðar, sem velflestar eru komnar í notkun í dvalarheimilum aldraðra og öryrkja um land allt, en enn eru þó nokkrar í byggingu. Þegar mun hafa verið varið um 1.5 milljörðum kr. úr Byggingarsjóði ríkisins í þessu skyni og er fyrirsjáanlegt framhald á því.

Ljóst er, að margir þeirra, sem flust hafa og dveljast nú í ofangreindum íbúðum í dvalarheimilum aldraðra, geta varla búið þar og annast sjálfir allt sitt heimilishald þegar aldurinn færist meir yfir. Þeir, sem sjúkir eru, hljóta þá að fara á sjúkrahús, en hinir, sem frískir eru án þess að geta sakir ellihrumleika annast sitt heimilishald, verða í vandræðum. Hyggilegast er þá að búa þeim stað á vistheimilum, þar sem þeir njóta verulegrar umönnunar jafnframt því sem þeir hafa aðstöðu til þess að bjarga sér sjálfir eftir því sem kraftar og heilsa leyfir.

Vistheimili þau, sem hér um ræðir, eiga ekki að óbreyttum lögum kost á fjárframlögum úr ríkisssjóði. Í þeim yrðu ekki íbúðir, heldur herbergi með eldunaraðstöðu, og því eiga þau ekki heldur kost á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins að óbreyttum lögum. Því er með till. þessari lagt til að húsnæðismálastjórn verði veitt heimild til þess að veita lán til bygginga af þessu tagi, sem telja má víst að bráðnauðsynlegt verði að koma á laggirnar um land allt á næstu árum."

Herra forseti. Grg. þessi er í sjálfu sér nægjanleg sem málflutningur með þessari till. minni. Mér þykir þó rétt að geta þess, að þau vistheimili, sem hér um ræðir, eru undir þeirri stærð á einingu vistarvera sem lög nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, leyfa að lánað sé út á. Þessi vistheimili eru til þess hugsuð að veita öldruðu fólki áfram þjónustu og umhyggju eftir að það getur ekki lengur hugsað um sig sjálft af nokkru öryggi í sjálfstæðum íbúðum fyrir aldraða. Með tilkomu þessara vistheimila verður hægt að losa íbúðir fyrir aldraða með meiri hraða en hingað til og þar með veita fleira öldruðu fólki þjónustu við hæfi eða eftir þörfum hvers og eins.

Þjónustukeðja sú, sem stefnt er að því að fullkomna hér í Reykjavík, er byggð í samræmi við þá reynslu, sem hæfustu læknar og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar hafa lagt til að komið yrði á fót, og hliðsjón höfð af reynslu annarra þjóða í þessum málaflokki.

Ég vil geta þess, að í Reykjavík hafa verið byggðar þó nokkuð margar íbúðir. Ég ætla ekki að fara að telja þær upp, en þó minna á Furugerði 2, Lönguhlíðarhúsin, Dalbrautarhúsin, sem eru í byggingu og verður líklega lokið fyrir n. k. áramót, Norðurbrún, Vesturbrún o. fl. Þetta eru allt íbúðir fyrir aldraða. En svo mikil er þörfin hér í Reykjavíkurborg fyrir umhugsun og öryggi fyrir þetta aldraða fólk, að meðalaldur þeirra, sem síðast fengu úthlutaðar íbúðir í Lönguhlíðarhúsunum, er um 80 ár. Má öllum skiljast að ekki er langt í að þetta aldraða fólk geti ekki hugsað um sig sjálft, án þess þó að það þurfi á sjúkrahúsvist að halda. Því hefur verið ráðgert að á vegum Reykjavíkurborgar verði næsta heimili, sem byggt verður fyrir aldraða, vistheimili sem staðsett verður á milli Heilsuverndarstöðvar og Sundhallarinnar í Reykjavík. Er þá kominn stærsti hlutinn af þeirri keðju sem stefnt er að því að byggja, þ. e. a. s. íbúðir með eldhúsplássum, íbúðir með tiltölulega mikilli þjónustu og svo íbúðir með nokkurri hjúkrunarþjónustu. Síðan eru þessi vistheimili, sem hugsuð eru fyrir það aldraða fólk sem ekki er sjúklingar, en þarf á umönnun að halda, meiri eða minni. Síðan er Heilsuverndarstöðin sjálf, sem er langlegudeild. Endanlega kemur svo B-álma Borgarsjúkrahússins, sem lokar þannig keðjunni að Reykjavíkurborg á í því tilfelli að geta veitt öldruðu fólki alla þá þjónustu sem það þarf á að halda til lausnar vandamálum sem skapast af ellinni sem slíkri.

Þetta er vandamál fleiri sveitarfélaga en Reykjavíkur. Þetta er vandamál landsmanna og byggðarlaganna allra. Því vona ég að sú n., sem ég geri till. um að fjalli um þetta frv., taki hana til skjótrar afgreiðslu. Ég legg til að henni

verði vísað til félmn. og 2. umr. að þessari umr. lokinni.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil byrja á því að hrósa hv. 1. þm. Reykv. fyrir áhuga hans á vistunarmálum aldraðra, bæði nú og áður. Ég er mjög fylgjandi þessu frv. Í þessum málum hefur verið allt of mikið skipulagsleysi hjá okkur og of lengi. Út á venjulegar smáíbúðir fyrir aldraða kemur fullt lán frá Húsnæðismálastofnun. Út á íbúðir í vistheimilum fyrir aldraða kemur líka fullt lán frá Húsnæðismálastofnun. Út á vistheimili fyrir aldraða, sem er næsta stig eða þriðja stig, kemur ekkert lán, engin fyrirgreiðsla af einu eða neinu tagi frá ríkinu. Þetta hefur orðið til þess, að það hafa verið byggðar íbúðir í vistheimilum og það einnig fyrir fólk sem alls ekki getur gert neitt sjálft, getur ekki lagað kaffi eða gert nokkurn skapaðan hlut. Það eru sett upp eldhús til þess eins að komast inn undir reglur húsnæðismálastjórnar og er það alveg fráleitt. Vitanlega eiga svona íbúðir í vistheimilum fullan rétt á sér, en vistheimilin líka. Hin venjulegu vistheimili eiga það ekki síður. Þegar við komum að fjórða stiginu erum við komin upp í 85% beina þátttöku ríkissjóðs, og það er afskaplega mjótt bil milli vistheimila og hjúkrunarheimila og notuð reyndar sitt á hvað þannig að þarna er algert ósamræmi.

Hjá okkur er það þannig, að við höfum fleiri vistunarpláss fyrir aldrað fólk en nokkur önnur þjóð, sem ég þekki til, nema Grænland. Þó er oft á tíðum neyðarástand hjá okkur og þetta er að verulegu leyti vegna skipulagsleysis. Það vantar að samrýma þessa þætti alla. Það vantar samspil þarna á milli.

Að mínu mati verður ríkissjóður að gerast beinn eða óbeinn aðili að öllum þessum þáttum vistunarmála aldraðra með lánum eða beinum framlögum. Ég tel, að bein framlög til vistheimila aldraðra eigi að taka upp aftur. Þau voru í lögum 1972, ef ég man rétt, sett í lög og felld niður aftur, sem ég tel að hafi verið mjög til hins verra, þó ekki væri annað í huga haft heldur en að koma þarna á samræmi.

Ég vil líka geta þess um alla þessa fjóra þætti sem ég ræddi um, að það er ekki bara verið að hugsa um — þó að það sé auðvitað aðalatriðið — gott líf fyrir gamla fólkið, eins gott og það getur best orðið, heldur einnig það, að allir þessir þættir spara ríkissjóði sjálfum stórfé, vegna þess að þeir fresta því um mörg ár, oftast nær, að þetta fólk þurfi að fara á miklu dýrari stofnanir. Ég tel sem sagt að það eigi að ganga lengra en þetta frv. gerir ráð fyrir, en þó svo sé ekki gert, þá er það mjög til bóta og því lýsi ég fullum stuðningi mínum við frv.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir hans hlýju orð í minn garð, og ég tek á móti ummælum hæstv. ráðh. fyrir hönd minna samstarfsmanna. Það hefur verið með eindæmum gott samstarf um þessi mál í borgarstjórn Reykjavíkur og hefur þar ekki farið eftir neinum pólitískum skoðunum eða flokkum, allir hafa unnið jafngott starf, og það hefur verið mér ánægja að starfa að þessum málum. Ég tel ómetanlegt að hafa þessi hlýju orð sem fararnesti frá hæstv. félmrh.

Það er rétt að undirstrika þá ósk mína, að þessu frv. verði hraðað í gegnum n., og ég vona að hæstv. ráðh. veiti því brautargengi og aðstoð á leið þess gegnum Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Erfðafjárskattur og erfðafé erfðafjársjóðs, frv. (þskj. 356). — 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 356 um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjársjóðs er flutt af mér ásamt 4 öðrum hv. þm. úr þremur stjórnmálaflokkum. Vænta má því að frv. þetta fái greiða leið í gegnum hv. Alþ. og vænti ég að það takist að afgreiða það á þessu þingi. Frv. er endurflutt, var í fyrsta sinn flutt á síðasta Alþ., en hlaut þá eigi afgreiðslu vegna þess að það kom þá eigi fram fyrr en síðla þings.

Eins og kunnugt er greiðist skattur af öllum dánarbúum sem ná ákveðinni lágmarkseign, erfðafjárskattur. Erfðafjárskattur er mishár, frá 5% af fyrstu 200 þús. kr. erfð til niðja og upp í 50% af arfi þegar um útarfa er að ræða. Þá falla til erfðafjársjóðs þeir fjármunir dánarbúa sem erfingjar finnast ekki að.

Samkv. gildandi lögum rennur erfðafjárskattur til erfðafjársjóðs, sem er í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins og er ráðstafað þaðan að fengnum till. hennar eftir ákvörðun félmrn. Fé þessu hefur að mestu verið varið til félagssamtaka sem vinna að uppbyggingu mikilvægra þjónustustofnana, einkum fyrir fólk sem er fatlað að einhverju leyti eða með skerta starfsgetu. Reyndin hefur orðið sú, að þessar stofnanir hafa nær einvörðungu risið á höfuðborgarsvæðinu. Þangað hefur fé sjóðsins runnið og þangað leitar þá um leið það fólk sem þarf á vistrými að halda í stofnunum af þessu tagi. Þörfin fyrir slíkar byggingar á höfuðborgarsvæðinu verður þá alltaf meiri og meiri, fjárþörfin brýnni og ekkert verður eftir af fé sjóðsins til uppbyggingar úti á landsbyggðinni.

Vegna hinna miklu fólksflutninga úr sveitum og raunar úr flestum byggðum landsins til fárra þéttbýlisstaða, aðallega við Faxaflóa, kemur það oft fyrir að mikið af arfi og mjög oft allur arfur fellur til fólks sem býr ekki í heimahéraði arfláta, sem þá hefur einn orðið eftir eða af tryggð haldið heimili sínu í ættarbyggð sinni. Þannig hafa orðið gífurlegir fjármagnsflutningar frá landsbyggðinni til nokkurra þéttbýlissvæða, einkum við Faxaflóa, — fjármagnsflutningar sem gerst hafa við erfðir. Erfðafjárskatturinn er því oft og tíðum það eina úr dánarbúum sem getur orðið eftir í heimahéraði, en þó því aðeins að ákvæðum laga um ráðstöfun erfðafjárskatts sé breytt í það horf sem lagt er til í þessu frv.

Hér er lagt til að erfðafjárskattur, sem til fellur í hverju lögsagnarumdæmi landsins, renni í sérstakan sjóð sem varðveittur sé í heimahéraði og gangi þar til uppbyggingar á aðstöðu fyrir fatlað fólk, gamalt fólk og börn, einkanlega ef um þroskaheft börn er að ræða. Með þessu móti væri tryggt að alltaf yrði þó eitthvað eftir í heimahéraði af því fé, sem þar er aflað, þegar skipti verða á dánarbúum. Þörfin fyrir þetta fé heima fyrir er víðast hvar ærin.

Á nokkrum stöðum á landsbyggðinni eru til elliheimili, en áform uppi um byggingu þeirra annars staðar. Á sumum þessum heimilum eru möguleikar til að taka við fötluðu fólki, en víða skortir þó breytingar til þess að aðstaða þess geti verið nægilega góð. Slíkri aðstöðu þarf að gera ráð fyrir við byggingu nýrra heimila. Fjármagn skortir hins vegar mjög til þessara framkvæmda.

Komist þær breytingar fram, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er ekki á nokkurn hátt verið að vinna gegn hags-

munum Reykvíkinga eða þéttbýlissvæðanna við Faxaflóa. Í fyrsta lagi getur það naumast talist keppikefli fyrir Reykjavík að draga til sín meginhlutann af öryrkjum og gamalmennum landsins. Og í öðru lagi er réttmætt að þeirri skerðingu, sem verða kann á framlögum erfðafjársjóðs til þýðingarmikilla framkvæmda á því svæði, verði mætt með öðrum hætti.

Hinn mannlegi þáttur þessa máls má ekki gleymast. Flestum þeim, sem þurfa að dveljast langdvölum í húsnæði sem sérstaklega er byggt fyrir öryrkja eða gamalt fólk eða fatlað fólk, er kærara að geta notið þeirrar aðstöðu í heimabyggð sinni heldur en fjarri eigin heimkynnum. Tengslin við kunnugt umhverfi, vini og venslafólk gefur lífinu gildi sem ekki er auðfengið annars staðar. Einnig þessi mannlegi þáttur er röksemd sem þarf að hafa í huga þegar fjallað er um mál af þessu tagi.

Ég sagði áðan að frv. þetta væri flutt af þm. þriggja stjórnmálaflokka hér á hv. Alþ. Ég vænti þess, að það fái góðan byr í gegnum báðar deildir þessarar stofnunar. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 333). — 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 333 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. ásamt hv. 1. þm. Reykv., Albert Guðmundssyni, um breyt. á l. nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Frv. þetta er aðeins tvær greinar og er ekki viðamikið, hvorki að efni né formi. Fyrri gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 12. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Umboðslaun vegna sölu landbúnaðarvara erlendis skulu greiðast sem ákveðinn hundraðshluti af því verði sem fyrir þær fæst. Landbrh. ákveður umboðslaun fyrir útfluttar landbúnaðarvörur að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þó að þetta frv. sé ekki efnismikið og ekki margar gr., þá fjallar það um nokkur þýðingarmikil atriði. Það fjallar um breytt fyrirkomulag á töku umboðslauna fyrir útfluttar landbúnaðarvörur. Sú regla hefur gilt um þetta efni, að aðalútflytjandi landbúnaðarafurða, búvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga, hefur tekið sem umboðslaun 2% af heildsöluverði vöru eins og það er ákveðið í upphafi verðlagsárs. Gildir þá einu hvort hærra verð eða lægra fæst fyrir vöruna. Þessi prósentutala hefur verið föst og ákveðin og breytist ekki við verðbreytingar eða við það verð sem fæst fyrir vöruna erlendis. Með þessum hætti, sem tæplega er í samræmi við venjulegar viðskiptavenjur, felst engin hvatning til útflytjenda í þá átt að ná sem hagstæðustu verði og afla hinna bestu markaða. Nauðsynlegt er að umboðslaun verki hvetjandi á söluaðila til þess að ná sem hagstæðustum árangri við sölu vörunnar og miðar frv. að því að koma þeim breytingum fram. Þetta kerfi hefur einnig orðið tilefni til þess að vekja tortryggni og bjóða grunsemdum heim um að ekki sé alltaf eins vel staðið að sölumeðferð búvara á erlendum markaði og æskilegt væri. En meginatriðið er að kerfi það, sem notað er við töku slíkra umboðslauna, feli í sér hvatningu til þeirra, sem vinna að útflutningi vörunnar, til þess að þeir leggi sig fram við að ná sem hagstæðustum samningum og hinu besta verði sem tök eru á hverju sinni.

Með þeirri skipan, sem gilt hefur, er ekki einungis að umboðslaun séu föst og miðuð við heildsöluverð eins og það er ákveðið í upphafi verðlagsárs. Umboðslaun eru þá einnig tekin af því fé sem varið er til útflutningsuppbóta. Ef svo fer, eins og horfur eru á t. d. á þessu verðlagsári, að verulega skorti á að útflutningsbætur nægi til að náð verði fullu verði, þá tekur útflytjandi einnig umboðslaun af þeim hluta heildsöluverðsins sem hvorki fæst við sölu varanna né með verðtryggingu frá ríkissjóði í útflutningsbótum.

Þetta er auðvitað óhæft kerfi og þarf að breyta þessu í eðlilegt horf og til þess að það verði í samræmi við eðlilegar viðskiptavenjur. Með þessu er ekki verið að fella neinn dóm um það, hvort sú heildarfjárhæð, sem tekin er í þessum umboðslaunum, sé of há eða hæfileg. En kerfinu þarf að breyta.

Ef litið er á það, hvaða fjárhæðir hér er um að tefla í umboðslaunum af öðrum þáttum heildsöluverðsins en sem eiginlegu söluverði nemur, þá verður að segja það eins og er, að ég hef ekki getað fengið söluskýrslur útflytjenda yfir búvörur síðustu árin. En miðað við útflutningsáætlun Framleiðsluráðs um landbúnaðarvörur á þessu verðlagsári liggur það fyrir, að útflutningsbætur muni nema um 5.7 milljörðum kr., og 2% af þessum 5.7 milljörðum kr. eru 114 millj. kr. Það er enn fremur gert ráð fyrir því, að um 5 milljarða skorti á útflutningsbótafé til þess að náði verði fullu verði miðað við heildsöluverð, og eru þá um ca. 100 millj. kr. sem útflytjandinn fær í umboðslaun af reiknuðu heildsöluverði vörunnar sem hvorki fæst í gegnum verð vörunnar erlendis né verðtryggingu ríkisins. Hér er ákaflega óeðlilega að verki staðið. Ef þetta er lagt saman eru þarna 214 millj. kr. sem útflytjandi tekur í umboðslaun alveg án tillits til þess verðs sem fyrir vöruna fæst. Ég tel að menn verði að vera sammála um að þessu þurfi að breyta og taka upp kerfi eins og frv. gerir ráð fyrir, sem miðast við söluverð vörunnar erlendis og felur í sér hvatningu til útflytjandans um að ná sem allra hagstæðustu verði.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta langa framsögu. Þetta sýnist vera einfalt og sjálfsagt mál, og má í rauninni furðu gegna að þessi skipan hefur haldist um langa hríð og að þessu skuli ekki hafa þegar verið breytt. Ég vænti því að þetta frv. þurfi ekki að velkjast lengi fyrir mönnum hér í hv. Alþ. og að þessu verði breytt til þess að ná þeim markmiðum sem ég hef þegar minnt á, að eðlilegar viðskiptavenjur gildi í þessum efnum.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa yfir eindregnum stuðningi við þetta frv. og þá grundvallarhugsun sem þar liggur að baki. Ég vil fyrir mitt leyti eiga þátt í því að þetta frv. verði gert að lögum nú þegar á þessu þingi. Það er auðvitað svo, eins og hér hefur komið fram í umr. áður, að að minni hyggju telst það til þess að vera meiri háttar hneyksli, að umboðslaun af þeirri útfluttu vöru, sem hér um ræðir, skuli hafa verið greidd — ekki af verðinu, sem fyrir vöruna fæst, heldur af þeim niðurgreiðslum einnig sem frá ríki og þar með skattgreiðendum koma. Þarf auðvitað ekki að

fara um það mörgum fleiri orðum, hvers konar óhagræði hlýtur að hafa leitt af þessu, hvernig þetta hlýtur að hafa slævt hvatann til þess að leita hagstæðra markaða og hvernig eðlileg viðskiptalögmál eru gersamlega fótum troðin. Kjarni málsins er engu að síður sá einnig, að sú n., sem þetta mál fær til umfjöllunar, ætti jafnframt að leita þeirra upplýsinga, sem hv. frsm. ræddi um, en kvaðst ekki hafa fengið, hvað miklir fjármunir hafa á undanförnum árum verið færðir frá skattborgurum til útflytjenda þessara vara, hvað fjallar þetta um stórar upphæðir, því að skattgreiðendur eiga auðvitað að hafa til þess rétt og eiga á því heimtingu að fá um slíkt að vita.

Almennt um þetta mál má segja að það hefur efalítið verið til mikils skaða í þessu þjóðfélagi, að neytendur og fulltrúar þeirra hafa ekki fjallað nógsamlega um þennan mikilvæga málaflokk, þ. e. landbúnaðarmál, og hvernig þeim málaflokki skuli sem haganlegast fyrir komið. Dæmi um þetta er m. a. það sem kalla mætti á vondri íslensku „landbúnaðarlobbýið" hér á hinu háa Alþ. Það safnast saman í eina nefnd, og mér hefur sýnst að þær landbúnaðarnefndir, sem mér þykja ekki vera hinar róttækustu hér á hinu háa Alþ., hafi sér það helst að marki og miði að drepa hvert einasta framfaramál sem að landbúnaðarmálum lýtur. En þess vegna segi ég þetta, að ég er ósammála því niðurlagi ræðu hv. frsm. þessa máls, að þetta mál verði sent til landbn. Ég sé enga ástæðu til þess. Þvert á móti geri ég það að till. minni að þetta mál verði sent til fjh.- og viðskn. Þetta frv. er um fjárhagsmál, og það er líklegra að þar sitji menn sem hafa til þess getu að skoða þetta frá almennari sjónarhóli heldur en hinir, sem í landbn. sitja. Þess vegna, herra forseti, vil ég gera það að till. minni, að þessu máli verði vísað — ekki til landbn., heldur til fjh.- og viðskn. Mér sýnist að þar megi mæla af nokkurri reynslu, að með þeim hætti kunni að vera á því líkur að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. Fari það hins vegar til landbn. tel ég alveg vitavonlaust að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi.

Neytendur ættu að hafa meiri afskipti af og áhuga á þessum málaflokki en þeir hafa haft. Það er nú einu sinni svo, að öðrum megin á þessum ferli eru framleiðendur vörunnar, en hinum megin á sama ferlinum eru neytendur þessarar vöru, sem að stórum hluta auðvitað búa í þéttari byggðum þessa lands. Hin æskilegasta lausn liggur í stórum sáttmála og samvinnu þessara tveggja aðila, neytenda og framleiðenda. Sú einstefna, sem í þessum málum hefur verið rekin og þá ekki síst hér á hinu háa Alþ., m. a. með því kerfi að helstu hagsmunaaðilar í þessum málaflokki safnast saman í nefndir, sem varla yrðu taldar umbótasinnaðar, — ég tel að hún hafi ekki orðið til góðs og ítreka þá ósk mína, herra forseti, að þessu máli verði vísað til fjh.- og viðskn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það til l., sem hér er flutt af okkur hv. þm. Pálma Jónssyni, sem er 1. flm., og mér, er flutt í framhaldi af þeim svörum sem hæstv. landbrh. gaf við fsp. minni varðandi umboðslaunagreiðslur af útfluttum landbúnaðarafurðum. Í því svari staðfesti hæstv. landbrh. að útflytjendur á íslenskum landbúnaðarafurðum hefðu um árabil reiknað sér umboðslaun af niðurgreiðsluupphæðinni líka.

Það var gott að fá fram þessa staðfestingu hæstv. ráðh., en eins og hv. síðasti ræðumaður, 7. þm. Reykv., sagði, þá nær það náttúrlega ekki nokkurri átt að útflytjendur eða milliliðir geti leyft sér að taka umboðslaun af skattpíningu þjóðarinnar.

Eins og hv. 1. flm. þessarar till. tók fram, hefur hvorugum okkar tekist að fá þær upplýsingar sem við höfum beðið um frá Framleiðsluráði landbúnaðarins. Hefði óneitanlega verið þægilegt að hafa þær hér við höndina.

Til þess að tryggja mér umbeðnar upplýsingar hef ég gripið til þess ráðs að óska eftir því við þingflokk Sjálfstfl. að skrifa Framleiðsluráði bréf þar sem beðið er um svör við ákveðnum spurningum. Bréf þetta hefur þegar verið sent, og er nú beðið eftir svari Framleiðsluráðs.

Umboðslaun í almennum viðskiptum, þegar um háar upphæðir er að ræða, eru mjög lág í prósentum og gæti ég lagt fram umboðslaunasamninga við erlenda aðila fyrir hv. Alþingi máli mínu til stuðnings ef óskað er.

Umboðslaun geta verið 2—3%, ef um tugmilljóna viðskipti er að ræða, en fari upphæðirnar yfir 100 millj. minnka umboðslaunin niður í 1—½%.

Ef það er hugur talsmanna útflytjenda hér á hv. Alþingi að takmarka umboðslaunagreiðslur við umboðslaun af því verði sem erlendu kaupendurnir greiða fyrir vöruna, en jafnframt að hækka álagningarprósentuna, svo að eftir sem áður fái útflytjendur sömu krónutölu í þóknun fyrir vinnu sína, þá vil ég mótmæla slíkum vinnubrögðum.

Hér hefur átt sér stað óeðlileg umboðslaunagreiðsla sem verður að koma í veg fyrir.

Það er ýmislegt annað sem ekki er eðlilegt í sambandi við útflutning landbúnaðarafurða okkar. Ég hef undir höndum skeyti frá Danmörku sem staðfestir óeðlilegan verðmismun á afurðum okkar. Spurningum varðandi þetta mál hefur Framleiðsluráð ekki svarað.

Óeðlileg undirboð, sem koma frá útflytjendum á íslenskum landbúnaðarafurðum, þegar nýir aðilar leita nýrra viðskiptavina erlendis, koma í veg fyrir hærra verð á afurðum okkar á erlendum mörkuðum og það þarf að rannsaka. Þessi þáttur er e. t. v. ekki til umræðu nú heldur mun sú umræða fara fram þegar ég flyt framsögu fyrir þeirri þáltill. sem ég hef flutt og gerir ráð fyrir allsherjarrannsókn á starfsemi Sambands ísl. samvinnufélaga.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka yfirlýstan stuðning hv. 7. þm. Reykv. við þetta frv. Ég vil taka það fram, að ég held að hv. þm. geri óþarflega mikið úr því, að hv. landbn. Alþ. drepi öll þörf mál, eins og hann komst að orði, og að lítil hætta sé á að landbn. þessarar hv. d. hafi ekki getu til að skoða málið frá almennu sjónarmiði. Ég tel að í sjálfu sér gildi nokkuð einu hvort landbn. eða hv. fjh.- og viðskn. fái mál af þessu tagi til meðferðar. Ég held að öllum eða nær öllum hv. alþm. hljóti að vera ljóst að hér er um einfalt og eðlilegt mál að tefla sem hljóti að fá jákvæða afgreiðslu, og þess vegna hef ég fullt traust á bæði hv. landbn. og hv. fjh.- og viðskn. til þess að fást við mál af þessu tagi og skila frá sér jákvæðu áliti.

Hitt er svo annað mál, að þetta frv. er flutt til breytinga á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins og frv. um það efni hafa ævinlega, frá því að ég kom hingað á Alþ., gengið til landbn. og verið um þau fjallað þar. Þess vegna finnst mér eðlilegt að þeirri þingvenju sé haldið, að frv., sem fjalla um breytingar á þessum lögum, sé vísað til þessarar þn.

Annað, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði, skal ég láta liggja á milli hluta. Það er rétt, að það er æskilegt

að sjónarmið neytenda komi til athugunar í sambandi við ýmsa þætti landbúnaðarmála og að þeirra sjónarmiða sé þar einnig gætt. Ég held að þetta mál sé þess eðlis, að þess þurfi ekki sérstaklega við hvað snertir athugun á þessu máli.

Ég vil svo aðeins segja það, að það er enn fremur hárrétt, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv., að þetta frv. er flutt í framhaldi af fsp. sem hann flutti hér í Nd. Alþ. til hæstv. landbrh. og hann fékk svör við. Við í landbn. Nd. fengum einnig skýr svör við slíkum fsp., þegar við lögðum þær fsp. þar fram. Ég hygg að það sé að meira eða minna leyti af vangá sem þessi ákvæði hafa verið með þeim hætti sem gilt hefur að undanförnu og hér er lagt til að breyta með þessu lagafrv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 69. fundur.

Fimmtudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Könnun á stærð selastofnsins, þáltill. (þskj. 440). — Ein umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ég sé að mönnum er glatt í sinni í upphafi starfsdags og vona að svo verði líka þegar honum lýkur. Og ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að mæla fyrir þessu máli, vegna þess að það eru síðustu forvöð fyrir mig í dag að gera það.

Ég hef leyft mér að flytja hér till. til þál. um könnun á stærð íslenska selastofnsins og könnun á áhrifum hans á fiskveiðar og vinnslu sjávarafla. Þessi ályktunartillaga er í 4 liðum, þ. e. a. s. fyrst, að það verði könnuð stærð selastofnsins frekar en gert hefur verið, könnuð áhrif hans á vöxt og viðgang íslenskra fiskstofna, og þar með eru talin hrognkelsi, lax og silungur, og ekki að ástæðulausu að kanna fylgni á milli stærðar selastofnsins og hringormamagns í nytjafiski, og í fjórða lagi að gera athugun á kostnaðarauka fiskvinnslunnar og markaðstjóni af völdum hringormsins.

Selveiðar hafa verið snar þáttur í búskaparháttum Íslendinga um langan aldur, einkum þeirra sem á hlunnindajörðum sitja, og nytjar af sel víða verið ein meiri háttar undirstaða þess að jarðir hafa verið setnar. Almennt séð hefur mikilvægi þessara veiða minnkað. Menn veiddu sér til matar, selspik var mikilvægur þáttur í feitmetisneyslunni og kjötið var gjörnýtt. Nú hefur annað kjöt og feitmeti leyst þessar fæðutegundir af hólmi og kópaveiði verið nær eingöngu stunduð af hlunnindabændum vegna skinnanna sem hafa til skamms tíma verið verðmæt útflutningsvara. Þrátt fyrir verðfall á selskinnum virðist veiði á landselskópum ekki hafa dregist saman fram til ársins 1977, enda þótt telja megi víst, að veiðin hafi á síðari árum ekki verið stunduð af jafnmiklu kappi og áður var. Gæti það bent til stækkandi landselsstofns. Hins vegar hefur veiði útselskóps því sem næst lagst niður.

Á árunum 1966—1970 var árleg veiði að meðaltali 472 kópar, á árunum 1971—1975 396 kópar, árið 1976 voru veiddir 274 kópar, en 1977 dettur veiðin niður í þrjá kópa. Þessar till. eru byggðar á innkaupaskýrslum útflytjenda. Hér munu svo bætast við þau skinn sem seld eru á markaði innanlands, en haldbærar upplýsingar liggja ekki fyrir í hve miklu magni það er.

Ekki hefur mér unnist tími til að afla þeirra gagna sem gætu gefið til kynna veiðina 1978, en ég hygg að óhætt sé að fullyrða að veiði á útselskóp hafi ekki verið stunduð að neinu ráði. Mér hefur tjáð glöggur maður vestur á fjörðum, sem stundað hefur hrognkelsaveiði mörg undanfarin vor, að aðgangur útsels og eyðilegging á netum af völdum hans hafi aukist mjög nú hin síðari árin. Þetta kemur raunar fram í viðtali sem eitt dagblaðanna hér í borg, Tíminn, átti við þennan mann fyrir skömmu. Þessi maður er einnig refa- og minkaskytta og þekkir því vel til náttúrufars alls og dýralífs fyrir annesjum vestra. Hann hefur einnig sagt svo frá, að á einni tiltekinni flögu, þar sem áður lágu oft og tíðum 4—5 útselir, megi oft telja 40—50 fullvaxna seli, þetta sé aðeins dæmi, en svipuð breyting hafi víða átt sér stað fyrir annesjum þar vestra.

Mér þykir rétt að taka það fram, að tilgangurinn með flutningi þessarar þáltill. er ekki sá að hvetja til aðgerða, sem leiða til þess að hagsmunir þeirra, sem byggja afkomu sína á kópaveiði, verði fyrir borð bornir. Ekki heldur er hún flutt með því hugarfari að mannshöndin breyti að marki því náttúrufari sem þróast hefur um aldir við strendur landsins. Tilgangurinn er hins vegar sá, að fylgst verði með því hvort breyttir búskaparhættir landsmanna verða til þess að nýir meðbiðlar til matarins vaxa okkur yfir höfuð, hvort og hve mikil áhrif fjölgun — í þessu tilviki fjölgun sela — hefur á afkomu þjóðarbúsins. Er hér fyrst og fremst um tvennt að ræða: Annars vegar sýkingu fiskstofnanna, þeirra sem við fyrst og fresmt viljum vernda, sýkingu af völdum sela. Það er álit manna, sem gerst fylgjast með, að hún fari vaxandi, það sé ekki aðeins hringormur í fiski af grunnslóð nú, heldur finnist hann líka í afla togara sem tekinn er á djúpmiðum. Í öðru lagi að fylgjast með hvert er líklegt magn þess fisk sem selurinn neytir. Það kemur fram í grg. með þessari þáltill., að fiskifræðingar telja að um 30% af neyslu selsins séu þorskfiskar, hann lifi lítt á krabbadýrum eða öðru slíku. Hann neytir alls kyns fisks, loðna t. d. er veruleg uppistaða í fæðuöflun hans, sandsíli og ýmis annar fiskur, ekki síst flatfiskur. Og það er í hugum sumra að hann kunni að eiga verulega sök á minnkandi lúðuafla við landið. Menn hafa horft á útselinn taka stórar sprökur, rífa af þeim rafabeltið, gæða sér á því, en skilja annað eftir.

Við hljótum að meta það, hvort við viljum láta það nægja til viðhalds selastofninum að ætla honum afla sem nemur um það bil ársafla 10—15 skuttogara eða hvort gripið verði til aðgerða ef þetta magn eykst verulega.

Þessi þáltill. er ekki heldur flutt vegna þess að rannsóknir hafi verið litlar nú að undanförnu. Eins og fram kemur í grg. var n. skipuð í upphafi árs 1976 af hæstv. þáv. sjútvrh., Matthíasi Bjarnasyni, til að kanna þessi mál. Þessi n. hefur skilað mjög góðu starfi. Formaður hennar var Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson og starfsmaður og ritari Björn Dagbjartsson, sem þá var forstöðumaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Í skýrslu n. sem og í grein, sem Björn Dagbjartsson birti í 9. tbl. Ægis í ágúst s. l., ágúst 1978, kemur fram fjölþættur fróðleikur varðandi þær rannsóknir sem þegar hefur verið unnið að. En það gengur sem rauður þráður í gegnum þau ummæli,

sem fram koma hjá n., að hér hefur ekki verið hægt að vinna til enda, eins og segir í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Flest þau rannsóknarverkefni, sem bryddað hefur verið upp á, hafa reynst vera það umfangsmikil, að engin leið hefur verið fyrir n. sem slíka að ljúka þeim. Nokkur óvissa ríkir um stofnstærð, einkum útsels. Af þessu leiðir einnig, að ekki er fyrir hendi nægilega örugg vitneskja um fjölda sela á tilteknum svæðum og breytingar á stofninum frá ári til árs. Breyting byggðar og atvinnuhátta á undanförnum áratugum kann að hafa áhrif á fjölda sela, og hefur því m. a. verið haldið fram að útsel hafi fjölgað verulega af þessum sökum.

Þá er þörf upplýsinga á aldurssamsetningu, viðkomu og dánartölu beggja selategunda hér við land. Slíkar upplýsingar fást varla nema með því að safna stórum úrtökum til rannsókna. Enn fremur er æskilegt að kanna hreyfingar sela hér við land, m. a. með merkingum. Einnig er ljóst að mun ítarlegri rannsókna er þörf á fæðuvali sela, bæði á mismunandi árstímum og einnig eftir svæðum. Ítarlegum rannsóknum á lífsferli hringormsins, m. a. sýkingu þorsks á mismunandi aldursskeiði, er nú um það bil að ljúka. Hins vegar er brýnt að rannsaka betur sýkingu sela af hringormi, bæði eftir tegundum, aldri og svæðum. N. telur þó að það, sem unnið hefur verið á hennar vegum, sé mjög nauðsynleg undirstaða eða grundvöllur undir frekari rannsóknir og geysimikils viðbótarfróðleiks hafi verið aflað sem kemur að fullum notum fyrir framtíðina."

Ég vil leggja áherslu á það síðasta sem ég las, sem staðfestir það sem fram kemur í þessari þáltill., að frekari rannsókna sé þörf.

Varðandi það sem snertir sýkinguna, þá kemur líka fram í þessari skýrslu að útselurinn virðist vera mun meiri sýkingarvaldur heldur en landselurinn. Þar hefur í öllum tilvikum verið um kynþroska hringorm að ræða, aðeins í 70—75% tilvika hjá landsel, en aftur á móti ekki í öðrum selategundum, eða hringanóra sem er nefndur í skýrslunni.

Það kemur líka fram, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur gert nokkra könnun á markaðstjóni og þá fyrst og fremst kostnaðarauka fiskvinnslunnar. Að hennar mati er erfitt að dæma um hið raunverulega markaðstjórn. Það er tekið fram í skýrslunni sem dæmi, að veitingahús með íslenskan fisk, þar sem ormur hafi fundist, hafi tæmst. Og við getum ímyndað okkur hver áhrif eitt slíkt tilvik getur haft og hversu mikils virði það er að við flytjum út ósýkta og óskemmda vöru. Enn fremur hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gert tiltölulega einfaldan útreikning á því, hve mikinn hún telji vera aukinn vinnslukostnað í landinu vegna hringorms í fiski. Þær tölur eru að vísu nokkuð gamlar, byggðar á a. m. k. ársgömlu verðlagi, en þá er þetta metið til aukins vinnslukostnaðar upp á 100—150 millj., á því bili.

Varðandi þann lið till. er fjallar um tengsl á milli selastofnsins og hringormamyndunar, þá er mér kunnugt um að slík rannsóknarverkefni eru í gangi. Að þeim vinnur Jón Björn Pálsson sem nú vinnur úr þessum verkefnum sínum í háskóla í Bandaríkjunum.

Ég vil svo, áður en ég lýk máli mínu, aðeins minnast á það, að þessi þáltill. gengur raunar ekki lengra en svo, að ætlast er til að áframhaldandi verkefni verði unnin þannig að komist verði að niðurstöðu um það og fengin séu haldbær rök fyrir því, hvort ástæða er til að grípa til aðgerða eða ekki. En ég vil leyfa mér þá um leið að benda á það, að aðgerðir geta farið fram á mismunandi vegu. Það er hægt að fara t. d. þá leið, sem farin er til að halda í skefjum ref og mink og vargfugli, þ. e. a. s. að verðbæta hvert kópskinn og á þann hátt að halda stofninum í skefjum ef æskilegt þykir. Það er líka hægt að hefja veiðar og taka ákvörðun um það, hvað ætti að fækka um mörg dýr, og veiða þau á skipulegan hátt. Þar hafa Norðmenn t. d. töluverða reynslu. Mér er kunnugt um að þeir nota til þessara veiða léttbáta, hafa skutla til þess að selurinn sökkvi ekki. Skinnin eru verkuð og bæði kjöt og spik fullnýtt. Það er hægt að fullnýta það hér til vissra hluta ef það er skipulagt. Skinnin sjálf geta hugsanlega verið hráefni til létts iðnaðar fyrir þá sem ekki hafa þrek til að vera á vinnumarkaðinum við hin erfiðari störf.

Ég vil svo vænta þess að lokum, að það hafi komið skýrt fram hver tilgangur minn er með þessum tillöguflutningi: að fá niðurstöðu til að byggja á frekari ákvarðanir og að framkvæma þær að sjálfsögðu þegar till. verða fram settar. Og þegar umr. lýkur, herra forseti, tel ég eðlilegt og legg til að till. verði vísað til atvmn.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég skil þetta frv. þannig, að hér sé einungis um könnun að ræða til þess að meta hvaða áhrif íslenski selastofninn hefur á fiskveiðar Íslendinga og hvaða áhrif hann hefur í sambandi við vinnslukostnað og þá hugsanlega markaðsáhrif. Athuganir af þessu tagi hafa verið í gangi að undanförnu og hefur verið óskað eftir því af hálfu sjútvrn. að fá till. frá Hafrannsóknastofnuninni um það, með hvaða hætti mætti kanna stærð selastofnsins og þessi áhrif. Það hefur nýverið borist svar sem beinist að flestum þeim atriðum sem upp eru talin í till. Það eru hugmyndir um talningu á loftmyndum, um merkingar, um rannsóknir á aldursdreifingu og um rannsóknir á fæðuvali. Það eru enn fremur hugmyndir um að taka nokkuð stórt úrtak á afmörkuðu, staðbundnu svæði til þess að athuga hringormatíðnina og hvort staðbundin friðun af þessu tagi mundi hafa áhrif á fiskgengd og á hringormatíðni í fiski. Kostnaðaráætlanir fylgja með þessu svari frá Hafrannsóknastofnun upp á 12 millj. kr. Það er unnið að því á vegum sjútvrn. að athuga með fjáröflun til þessara rannsókna og í hve ríkum mæli í þær verði lagt. Varðandi ákvarðanatökuna sjálfa koma auðvitað fleiri sjónarmið til greina, eins og kom reyndar fram í ræðu frsm., t. d. náttúruverndarsjónarmið. Á þessu stigi vildi ég upplýsa stöðu málsins að þessu leyti sem er sú, að till. liggja fyrir frá Hafrannsóknastofnun um könnun sem víkur að flestum þeim atriðum sem upp eru talin í þessari þáltill.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hlakkaði til þess að fá tæki færi til þess að ræða um selastofninn. Að vísu ætlaði ég að víkja dálítið að öðrum selum en þeim sem lifa sérstaklega í sjó. Ég ætlaði að tala um húðarseli og svo í bland um blöðruseli og syndaseli, alla þessa stofna. En úr því sem þessi merkilega till. var á þessum degi tekin fram yfir allar aðrar til umr., þá ætlaði ég að grípa tækifærið vegna þess að nú stendur alveg sérstaklega á hér á hinu háa Alþingi.

Nú eru loksins hættar að berast lausafregnir frá hæstv. ríkisstj. Nú hefur það sem sé komið á daginn að hún hefur klofnað um þann málaflokk, það höfuðmálefni sem hún var mynduð til þess að leysa, efnahagsmálin. Og

þetta er um þingsköp af því sem ég álít að þessi málaflokkur ætti að ganga fyrir selastofninum. Og það er það sem ég er að setja út á, að það skyldi ekki vera fyrsta umræðuefni hér í dag, t. a. m. að hv. 1. þm. Austurl. færi með þær yfirlýsingar, sem hann gaf í gærkvöld í löngum yfirlýsingum í fjölmiðlum, og teldi að þær ættu erindi til hins háa Alþ. ekki síður en í fjölmiðla. Það er þetta sem ég er að setja út á, að í upphafi þessa fundar skyldi ekki vera farið með þessar undirstöðuyfirlýsingar sem fluttar voru fram í fjölmiðlum í gær. Og ég er að finna að því að hinu háa Alþ. sé sýnd lítilsvirðing með þessum hætti. Ég beini máli mínu til hv. 1. þm. Austurl. sérstaklega, þar sem hann lýsti yfir tvímælalausu vantrausti á hæstv. forsrh. ef þetta frv. sæi dagsins ljós. Ég skora nú á hann að koma og gera þessi mál að umtalsefni og gera hinu háa Alþ. grein fyrir afstöðu sinni, en láta ekki við það sitja að tala við misgóða blaðamenn eða fjölmiðlara úti um borg og bý.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég vil lýsa því yfir, að ég hef ekki enn heimilað umr. utan dagskrár. Það hefur verið svo, að þeir, sem hafa æskt þess að taka upp umr. utan dagskrár, hafa a. m. k. látið forseta vita áður en þeir tækju til máls, og ég vænti að hv. alþm. almennt geti fallist á að það sé sanngjarnt.

Hv. 4. þm. Reykv. hafði fyrir skömmu samband við mig um það, að hann æskti þess að taka til máls utan dagskrár, þegar hæstv. forsrh. væri kominn í salinn, en það hafði ekki þá náðst til hæstv. forsrh. í sambandi við þau tilmæli.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það má telja það til merkisatburða, að nú í dag, 15. mars, hefur verið lagt á borð þm. frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl. frá forsrh. og mun það verða tekið til umr. í Ed. eftir helgi og skal ég því ekki fara efnislega í umr. um þetta frv., en hlýt þó að vekja athygli á þeim einstæða atburði þegar það á sér stað að forsrh. flytur frv., að vísu í embættisnafni, en í raun sem þm., vegna þess að samstaða hefur ekki náðst innan ríkisstj. um flutning þessa frv.

Ég vil láta í ljós þá skoðun mína, að forsrh. og ríkisstj. sem auðnast ekki að ná samstöðu um flutning svo mikilvægs frv., sem þar að auki varðar aðalstefnumál stjórnarinnar, hljóti að eiga að segja af sér fyrir sína hönd og rn. síns. Ég vil líka láta þá skoðun í ljós, að þegar slíkt frv. er fram komið og þá ekki síst með þeim atvikum sem liggja að baki þessum frv.- flutningi, þá beri þeim ráðh., sem eru andvígir frv. og flutningi þess, að segja af sér, þ. e. a. s. ráðh. Alþb. En því kveð ég mér hljóðs að í hádegisútvarpinu í dag birtist yfirlýsing sem ráðh. Alþb. eiga að hafa gefið á ríkisstjórnarfundi í morgun, þess efnis, að þeir muni þá fyrst segja af sér ef þetta frv. verður samþ. óbreytt.

Þá er rétt að það komi fram sem gagnrýni á alla þá ráðh., sem hér hafa verið að gefa yfirlýsingar í fjölmiðlum, að æskilegra, eðlilegra og þingræðislegra væri að slíkar yfirlýsingar væru gefnar hér á hv. Alþ. Það er líka ámælisverður þáttur ríkisfjölmiðlanna í fréttaflutningi varðandi deilurnar innan ríkisstj., þar sem deiluaðilum er gefinn kostur á að breiða sig út. Við stjórnarandstöðuna er takmarkað talað, en mér sýnist líka vera gert upp á milli þátttakenda í deilum ríkisstjórnarflokkanna innbyrðis og ólíkum tíma skammtað þeirra á milli.

Það er með eindæmum að slíkar yfirlýsingar sem dunið hafa yfir landslýð skuli heyrast frá ábyrgum stjórnvöldum, og sú ályktun ein verður af þeim dregin að engin ábyrg stjórnvöld séu raunar að starfi hér fyrir okkur Íslendinga. Það er að vísu gott að inn á Alþ. færist umr. þessi mál. En ég gat ekki orða bundist, þar sem ég hygg að það gangi fram af landsmönnum öllum hvernig þessar yfirlýsingar hafa skipst á milli ráðh. og stjórnarflokka um hótanir á víxl, sem er auðvitað fyrir neðan virðingu ráðh. og ríkissti.

Ég skal láta mér nægja, herra forseti, að fjalla um formlega hlið þessa máls, sem þó hefur efnislegt gildi um leið, og ég ítreka þá skoðun mína, að þetta sé svo óvanaleg málsmeðferð og raunar óeðlileg málsmeðferð að ekki verði látið hjá líða að gagnrýna hana harðlega úr ræðustól Alþingis, til þess einnig að fá fram hér í sölum Alþingis þær yfirlýsingar, þótt seint sé, sem fram hafa komið á almennum vettvangi, m. a. í ríkisfjölmiðlunum. Það er svo ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. hvernig hann hyggst standa að flutningi þessa frv. og — að gefnu tilefni spurningar þeirra Alþb.-ráðh. — hvort hann hyggst standa að þeim breytingum á því frv. sem hann hér flytur, svo að hótun þeirra Alþb.-ráðh. komi ekki til framkvæmda.

Ég veit ekki hvort það er tilviljun eða af ásettu ráði, að frv. þetta er flutt 15. mars, á banadægri Sesars. Og þá er spurningin: Hver er Brútus?

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að vera með miklar yfirlýsingar á þessu stigi. Ég mun mæla fyrir þessu frv. á mánudaginn kemur væntanlega, og þá gefst mér kostur á að skýra þetta mál og málsmeðferð eftir því sem á þarf að halda.

Ég held að ég hafi gert skyldu mína með því að leggja málið fyrir Alþingi. Alþingi er nú einu sinni löggjafarsamkoma Íslendinga og einhverju hlutverki á það að sinna, og það að mál er lagt fyrir það þýðir auðvitað ekki að það eigi að fara í gegn óbreytt, heldur er það lagt fram í því skyni að alþm. og þær nefndir, sem fá það til meðferðar, skoði það samviskusamlega og fái sem bestar upplýsingar um það og reisi síðan sinn dóm, sína niðurstöðu á því. Það verður væntanlega gert í þessu máli. Við skulum taka þessu öllu rólega í svipinn og sjá til hverju fram vindur.

Það má segja, að það sé ekki hversdagslegt, að einstakur ráðh. leggi fram frv. í sínu nafni. Sé hann þm. hefur hann auðvitað sinn þingmannsrétt. Það er alltaf rétt, eins og einhver sagði, að hafa vaðið fyrir neðan sig. Þess vegna legg ég nú frv. fram í Ed., af því að ég á nú sæti þar, og væntanlega verður ekki dregið í efa að ég hafi heimild til þess að leggja fram frv. í Ed. ef mér býður svo við að horfa.

Ég kann ekki við að fara að gera grein fyrir þessu máli nú, áður en það er tekið til umr. með reglulegum hætti og þm. hafa fengið tækifæri til þess að lesa ekki aðeins frv. sjálft, texta þess, heldur og grg. En þá verður tækifæri til þess að skoða þetta nánar.

Ég vil þó segja það, að ég tel á engan hátt óeðlilegt, og mun endurtaka það í framsöguræðu minni í Ed., þó að

Alþ. kunni að telja ástæðu til að gera einhverjar breytingar á þessu frv. Þetta frv. hefur verið lengi til meðferðar í ríkisstj. og það hefur tekið ýmsum breytingum þar, og í þessu frv. er fjallað um efni sem á margan hátt er álitamál. Þess vegna mun ég ekki kippa mér neitt upp við það þó að kunni að verða gerðar einhverjar breytingar á því. En áður en menn gera þær breytingar verða menn að gera það upp við sig að hvaða marki þeir keppa, hverju þeir ætla að ná.

Að öðru leyti vil ég svo bara segja það í tilefni af ummælum síðasta hv. ræðumanns, að ég mun að sjálfsögðu beygja mig algerlega fyrir þingviljanum, og um leið og Alþingi vottar mér vantraust og ríkisstj., sem nú situr, mun ég segja samstundis af mér, en fyrr ekki.

Forseti (Gils Guðmundsson): Áður en lengra er haldið vil ég taka það fram, að ég tel óeðlilegt að hér hefjist almennar umr. um frv., sem lagt hefur verið fram í Ed. Alþingis. Þær umr. utan dagskrár, sem hér kunna að fara fram, hljóta því að snúast um formsatriði þessa máls, en ekki efnisatriði þess frv. sem lagt hefur verið fram í Ed. og væntanlega verður tími til að ræða ítarlega í næstu viku.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu halda mig við þau formsatriði sem hér hefur borið á góma, en tel þó nauðsynlegt að svara einu atriði sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Reykv. áðan.

Auðvitað er það ekki nokkur vafi að Ólafur Jóhannesson, hv. 1. þm. Norðurl. v., hæstv. forsrh., hefur tvímælalausa heimild til að leggja fram frv. á Alþ. Hitt er aftur annað mál, að við Alþb.-menn teljum að það að leggja fram frv. með þessum hætti geti spillt fyrir möguleikum á því að ná samstöðu milli stjórnarflokkanna um þau mikilvægu mál sem hér eru á ferðinni. Við teljum að rétt sé þó að kanna til hlítar hversu til tekst um að fá þessum texta breytt. Við munum leggja á það áherslu að ná fram á honum breytingum. En við höfum jafnframt sagt, og ég endurtek það hér sem við höfum margoft sagt í ríkisstj., að verði það niðurstaða samstarfsflokka okkar að ganga yfir okkur í þessum efnum og samþykkja greinar verðbótakafla þessa frv. gegn Alþb., þá munum við að sjálfsögðu segja af okkur ráðherrastörfum. Þá hefur skapast ný pólitísk staða í landinu. Þá virðist vera um að ræða annan pólitískan vilja en við töldum að væri forsenda fyrir núv. ríkisstjórnarflokkasamstarfi og viðhorfin væru gerbreytt.

Ég vil, vegna þess sem fram kom í máli hv. 4. þm. Reykv., láta koma hér fram við þessar umr. utan dagskrár mótmælabókun sem við ráðh. Alþb. gerðum á fundi ríkisstj. í morgun. Þessi bókun er á þessa leið:

„1. Við mótmælum því harðlega að frv. það um efnahagsmál, sem rætt hefur verið á undanfarandi ríkisstjórnarfundum, verði lagt fram af forsrh. einum, eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum. Það er mikill hnekkir fyrir stjórnarsamstarfið að þannig skuli að málum staðið, og slíkt gæti torveldað það að samkomulag næðist á milli stjórnarflokkanna um þau ágreiningsatriði frv. þessa sem óleyst eru, einkum verðbótakafla þess. Vinnubrögð af þessu tagi eru algert einsdæmi, og þau eru í fullri andstöðu við yfirlýsingu stjórnarflokkanna á s. l. hausti um samráð við verkalýðshreyfinguna. Við viljum leggja á það áherslu, að það var fyrst á mánudag og þriðjudag að fyrir lágu opinberar upplýsingar í ríkisstj. um þau áhrif sem verðbótakafli frv. þessa hefði á kjör launafólks í landinu. Á þeim forsendum og öðrum viljum við harðlega gagnrýna það, að hvað eftir annað var neitað um frestun á afgreiðslu þessa máls í ríkisstj., enda þótt það hafi verið viðtekin venja innan ríkisstj. frá því að hún var mynduð að verða við beiðni eins ráðh., hvað þá heils flokks, um frestun á máli milli ríkisstjórnarfunda.

2. Við mótmælum sérstaklega ósvífnum fullyrðingum samráðh. okkar um það, að við ráðh. Alþb. höfum ekki haft fyrirvara um ýmis atriði í þessu frv. eftir ríkisstjórnarfundinn á laugardaginn og þá alveg sérstaklega verðbótakafla frv. Við minnum á að við höfðum ítrasta fyrirvara um það í fyrsta lagi, hvernig ákveða ætti viðmiðunartíma við útreikning á vísitölu viðskiptakjara, í öðru lagi höfðum við fyrirvara um meðferð á uppsöfnun frádráttarliða í vísitölunni og í þriðja lagi lögðum við áherslu á að aðeins ætti að setja vísitölugrunninn á 100 einu sinni, en ekki við hvert vísitölutímabil. Þá viljum við leggja á það sérstaka áherslu, að niðurstaða þeirrar umr., sem fram fór í ríkisstj. s. l. laugardag um olíumál, varð sú, að málið yrði tekið til framhaldsumr. á næstu ríkisstjórnarfundum, og að á fundinum á laugardag lágu engar ákvarðanir fyrir um það, hversu með olíumálin skyldi farið.

3. Við teljum að samstarfsflokkar okkar hafi með óbilgjörnum hætti tekið sig saman um að ganga gegn þriðja stjórnarflokknum með framlagningu þessa frv. Á fyrri ríkisstjórnarfundum, í síðustu viku og alveg sérstaklega á ríkisstjórnarfundi s. l. mánudag, hótaði hæstv. forsrh. því að leggja frv. fram sem stjfrv. með atbeina tveggja stjórnarflokka gegn mótmælum þriðja flokksins. Þessu höfðum við harðlega mótmælt, og við höfum jafnframt lýst því yfir á fyrri fundum ríkisstj., að verði frv. samþ. óbreytt á Alþ. í andstöðu við Alþb. munum við að sjálfsögðu segja af okkur ráðherrastörfum."

Þetta taldi ég óhjákvæmilegt, herra forseti, að kæmi fram þegar á þessum fundi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Í grg. með frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem samþ. var sem lög í nóvembermánuði s. l., boðaði ríkisstj. m. a. í mjög greinargóðu máli hvaða aðgerðum hún hygðist beita sér fyrir á árinu 1979. Þar kom m. a. fram, að ríkisstj. mundi beita víðtæku aðhaldi að breytingu verðlags og launa, að nauðsynlegt væri að vísitöluviðmiðun launa yrði breytt í því skyni að draga úr víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds og þar með úr verðbólgu. Þar var lögð áhersla á nauðsyn jafnvægis í ríkisfjármálum, niðurskurðar á rekstrarútgjöldum og tekið fram að heildarfjárfesting á árinu 1979 skyldi ekki vera meiri en sem næmi 24—25% af vergri þjóðarframleiðslu. Ríkisstj. hefur síðan unnið að þessu verkefni sínu um margra vikna skeið og leitað samráðs þeirra aðila, sem henni ber samkv. stjórnarsáttmálanum að leita samráðs við, og tekið tillit til ábendinga þeirra.

Nú fyrir helgina náðist samkomulag um það í hæstv. ríkisstj., hvernig málið skyldi lagt fram. Það samkomulag var lagt undir verkalýðsmálanefnd Alþfl., þingflokk hans og flokksstjórn, og þessar stofnanir staðfestu það að Alþfl. stæði að því samkomulagi sem við teljum að gert hafi verið á laugardag. Við það stendur Alþfl. að sjálfsögðu nú eins og hann gerði s.l. laugardag. Hvers vegna breytingar hafa orðið á flutningi málsins vil ég ekki ræða.

Ég tel að það séu frekar ástæður, sem ég er ekki dómbær um, sem því valda, frekar en ástæðan sé ágreiningur milli ráðh. í hæstv. ríkisstj.

Um það, sem fram kom í orðum hv. þm. Geirs Hallgrímssonar um fréttaflutning ríkisfjölmiðlanna í gær, vil ég taka fram að það er mjög óæskilegt þegar svona stendur á, að báðir ríkisfjölmiðlar skuli taka höndum saman um það, að því er virðist, að veita einum stjórnmálaflokki sérstakt ráðrúm, bæði í fréttatíma útvarps og sjónvarps, til að veitast að öðrum, án þess að gefa þeim flokkum, sem að var veist, og þeim mönnum, sem að var veist, tækifæri til andsvara og til þess að bera hönd fyrir höfuð sér. Þetta tel ég vera mistök ríkisfjölmiðla sem ber að harma. Ég mun ekki svara þessu. Ég tel, að það sé ástæðulaust að vera að bítast um slík mál nú, og mun því ekki fara að svara þeim ásökunum sem hafðar voru frammi um þetta mál í gær.

Ég vil aðeins vekja athygli á einni staðreynd í lokin, hæstv. forseti, sem er alkunn.

Á s. l. ári hækkuðu peningalaunatekjur um u. þ. b. 55%. Þrátt fyrir það jókst kaupmáttur launatekna því miður aðeins um u. þ. b. 5% eða um svipað magn og þjóðartekjur uxu. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að kaupmáttur launa á árinu 1979 aukist um 1% þrátt fyrir það að þjóðartekjur standi í stað. Það er hins vegar mjög eðlilegt, að þegar gerðar eru ráðstafanir til að draga úr verðbólgunni lækki að sama skapi útborgaðar peningalaunatekjur, því að fylgni milli peningalaunatekna og verðbólgu er alþekkt í okkar þjóðfélagi. Spurningin, sem mestu máli varðar, er ekki upphæð peningalaunatekna, heldur kaupmáttur launa verkafólks sem það fær greidd.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég mun að sjálfsöðgu halda mig innan ramma þingskapa í þessari umr. og ég hef fulla biðlund til þess að bíða eftir því að frv. það, sem hér er til umr., fái þinglega meðferð eins og önnur frv. sem hér eru flutt. En það, sem vekur nokkra furðu mína, er að undanfarið hefur það verulega verið gagnrýnt að Alþ. hafi ekki fengið tækifæri til þess að fjalla um efnahagsmál. Nú þegar Alþ. er gefinn kostur á því með flutningi viðamikils frv., þá er það líka gagnrýnt. Þessa afstöðu fæ ég ekki skilið með góðu móti.

Hv. alþm. verða að hafa það í huga, að ríkisstj. er ekki sá aðili í þjóðfélaginu sem ræður úrslitum um meðferð mála, heldur Alþ. sjálft. Ríkisstj. situr í umboði okkar sem hér sitjum, og mér finnst fullkomlega eðlilegt að Alþ. fái nú þetta mál til eðlilegrar meðferðar og að umræðum utan dagskrár verði a. m. k. stillt í hóf þegar 30 mál eru á dagskrá og fundartími auk þess nokkuð takmarkaður.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal halda mig innan þeirra marka að fara ekki að ræða efnislega frv. um stjórn efnahagsmála sem lagt er fyrir Ed. af forsrh. En ég vil taka það fram, að frá því að fundur hófst kl. 2 hef ég þrisvar sinnum beðið um orðið, í fyrsta skipti út af till. til þál. um könnun á stærð íslenska selastofnsins og áhrifum hans á fiskveiðar og vinnslu sjávarafla. Hæstv. forseti gaf þá skýringu, að flm. þessarar ágætu selatillögu hafi þurft að ljúka sér af vegna þess að hann er að hverfa af þingi, og er það ekki nýr háttur í störfum Alþ. að mál varamanna sem koma skamman tíma, séu tekin fram fyrir önnur, og það dettur mér ekki í hug að gagnrýna. Það, sem ég gagnrýni, er að hæstv. forseti tók einn þm., þó að hann sé ráðh., og gaf honum orðið á undan. Er ráðh. að fara burt af þingi? Er hann að hverfa héðan? (**Gripið fram í:** Á skíði.) Kannske það sé önnur skíðaferð.

Það var hlegið að því þegar hæstv. forseti tók þetta mál til umr. og gaf flm. þessarar till. orðið hér í þingsalnum. Að vísu er engin ástæða til þess að hlæja að því, því að hér er verið að hreyfa máli sem skiptir mjög miklu efnahagslega fyrir íslensku þjóðina, þó að margt sé um það mál að segja. (**StJ:** Er þm. að ræða um frv. forsrh. eða önnur frv.?) Vill ekki hv. þm. hafa örlitla biðlund? Hann er það skarpur maður, að hann kemst þá að niðurstöðu sjálfur án þess að grípa fram í. Þegar þetta mál var tekið fyrir, þó að það sé alvarlegt, hló þingheimur, af því allir bjuggust við ao hér yrðu teknar fyrir til umr. þær yfirlýsingar sem forustumenn stjórnmálaflokka hafa verið að gefa í ríkisfjölmiðlum og í samtölum við dagblöðin. Þess vegna var hlegið. Þó að till. hv. þm. Gunnlaugs Finnssonar fjalli um ýmsar tegundir sela, þá söknuðu menn þess, að þar var hvergi minnst á þá syndaseli sem hafa verið að leika sér að málum undanfarna mánuði í sambandi við efnahagsmál. Og það var þetta sem menn bjuggust við að fá umr. um og yfirlýsingar. Ég er þó þakklátur hæstv. viðskrh. fyrir að hafa þó manndóm í sér til þess að koma upp í ræðustólinn og skýra fyrir Alþ. þann ágreining og þá bókun sem ráðh. Alþb. hafa gert í ríkisstj. Ég tel það manndómsmerki.

Ég ætla að taka undir þau orð hv. 4. þm. Reykv., formanns Sjálfstfl., Geirs Hallgrímssonar, að mér finnst alveg furðulegt framferði ríkisfjölmiðla í þessu landi. Hér eru ströng ákvæði í þingsköpum um útvarpsumr. á Alþ. Umræðutíma er skipt hnífjafnt á milli stjórnmálaflokka. En á undanförnum vikum og jafnvel mánuðum leita ríkisfjölmiðlar til ákveðinna manna og flokka og gefa þeim rúm í sínum tíma, en ganga fram hjá ýmsu öðru, sem aðrir segja. Það hefur aldrei verið jafnsvívirðilega gengið á rétt stjórnarandstöðu og nú á þessum vetri. Þetta er alveg óhætt að gagnrýna og lýsa yfir að slík fréttamennska hjá ríkisfjölmiðlum er algerlega óhafandi. Oft þegar skýrt er frá þingmálum, þá er það hvað eftir annað gert af mikilli hlutdrægni, að ég segi ekki oft og tíðum mjög illa þar að auki.

Hæstv. forsrh. sagði áðan eina mjög spaklega setningu. Hann sagði að einhverju hlutverki eigi Alþ. að gegna. Það hefur sennilega komið við nokkuð marga, að hæstv. forsrh. sé nú kominn á þá skoðun að Alþ. eigi að lokum einhverju hlutverki að gegna og því hafi hann nú flutt frv. um stjórn efnahagsmála o. fl., því að oft hefur verið kvartað undan því á undanförnum árum og áratugum að ríkisstjórnir hafi lítilsvirt Alþ. En ég held að aldrei hafi nokkur ríkisstj. lítilsvirt Alþ. meira en núv. hæstv. ríkisstj., því að hún hefur talið það heilaga skyldu sína að hafa samstarf við alla aðra en sjálft Alþ. til lausnar málum, en að lokum hefur hún neyðst til að leggja frv. fyrir Alþ. Þetta eru nýir siðir. Það hefur aldrei fyrr í sögu þjóðarinnar verið fyrst flutt frv. í dagblaði og síðan lagt fyrir ýmis hagsmunasamtök fyrr en nú á þessum vetri. Og það er að vissu leyti ánægjulegt til þess að vita, að loksins hefur hið langþráða frv. um stjórn efnahagsmála verið lagt fram á Alþingi Íslendinga í dag, 15. mars, á dánardegi Sesars, rétt áður en þm. fara til þingveislu.

Hæstv. forsrh. sagðist ætla að segja að sér ef vantrauststill. verði samþykkt. Ég get nú ekki verið sérstaklega að þakka honum það, þó að hann ætli að segja af sér og virða samþykkt Alþingis ef Alþ. samþykkir vantraust

á hann eða hæstv. ríkisstj. Ég sé enga sérstaka ástæðu til að ljúka lofsorði á lýðræðisást hæstv. forsrh. þótt hann gerði það. Hann sagðist líka hafa rétt og eiga sinn þingmannsrétt til þess að leggja fram frv. sitt í Ed. Það dregur ekki nokkur maður í efa. En sem forsrh. leggur hann fram þetta frv. og hefði ekki farið að mörgu leyti betur og verið að mörgu leyti stórmannlegra að leggja þetta frv. um stjórn efnahagsmála, sem er nú jafnviðamikið og það er, fram í Nd. Alþingis af eftirgreindum ástæðum? Í Nd. Alþ. eru bæði formaður stjórnarandstöðuflokksins og formaður þingflokks stjórnarandstöðuflokksins. Í Nd. á enn fremur sæti formaður Alþfl., sem er bræðraflokkur að þessu frv., og formaður þingflokks Alþfl., enn fremur formaður Alþb., sem jafnframt er formaður þingflokks Alþb., og í síðasta lagi formaður þingflokks Framsfl. — Þó að ég dragi ekki í efa að hæstv. forsrh. geti talað fyrir þá báða í Ed. Þetta hefði mér fundist vera eðlilegra. En hitt er alveg rétt, að hvorki ég né aðrir þm. geta sagt hæstv. forsrh. Ólafi Jóhannessyni fyrir verkum í þessum efnum. Hann sagði það alveg réttilega, að hann ætti þennan rétt, og það telur enginn neitt vafamál að hann hafi.

Það, sem hér er gagnrýnt, er ekki það, eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði, að frv. þetta væri lagt fram, en það er vafalaust á misskilningi byggt hjá hv. þm. Það hygg ég að enginn þm. geri, jafnvel þó fyrr hefði verið. En það, sem hér er verið að gagnrýna, er að setið hefur að völdum ríkisstj. í þessu landi sem mynduð var 1. sept. á s. l. hausti, og hún setti sér það markmið að vinna að því að kveða niður verðbólguna með mjög eftirminnilegum hætti og í nánu samstarfi og samvinnu við launþegasamtökin í landinu og þá alveg sérstaklega við verkalýðshreyfinguna. Það hefur margoft verið endurtekið hér það sem af er þessu þingi, að þessi ríkisstj. ætlaði ekki að taka neinar veigamiklar ákvarðanir nema í samráði við launþegahreyfinguna í landinu. En nú er svo komið að a. m. k. hluti launþegahreyfingarinnar er upp á kant við hæstv. ríkisstj., og það, sem er meira áberandi, er að þeir þrír flokkar, sem til þessa dags hafa staðið að þessari ríkisstj., hafa verið að rembast eins og rjúpan við staurinn að framleiða þetta efnahagsfrv. og það hefur ekki tekist með betri hætti en svo, að forsrh. sér sig að lokum til knúinn að leggja frv. fram í eigin nafni sem forsrh. og vitandi að ráðh. eins stjórnarflokksins, ráðh. Alþb., lýsa því yfir og hafa mótmælt því, að þetta frv. sé lagt fram. Þetta hlýtur að sýna það og sanna, ekki fyrir þm. einum, heldur allri þjóðinni, að sú ríkisstj., sem mynduð var 1. sept. á s. l. hausti, er ófær um að leysa nokkurn vanda. Það er rifrildi þar upp á hvern dag, bæði fyrir luktum dyrum og opnum tjöldum, allt frá því að ríkisstj. var mynduð. Og það er ekki að sjá að það sé neinnar breytingar að vænta til batnaðar, heldur er nú að loga upp úr og þessi stjórn á því ekki neinna annarra kosta völ en að lýsa því yfir við þjóðina að henni hafi ekki tekist að stjórna þessu landi, hún hafi ekki náð samkomulagi um nokkurn skapaðan hlut, þrátt fyrir að ráðh. þessarar ríkisstj., þegar þeir hafa verið spurðir allt fram á síðustu daga hvernig þeim litist á framtíðina og lausn þessara mála, hafi brosað mjög breitt og sagt að þeir væru mjög bjartsýnir. Nú virðist bjartsýni þeirra vera algerlega horfin, og ég minnist sérstaklega eins sjónvarpsþáttar þar sem Ólafur Ragnar Grímsson og Sighvatur Björgvinsson, sem enn á að heita samherji hans, lýstu yfir af mikilli bjartsýni að þeir mundu leysa þennan vanda alveg á næstunni og núv. ríkisstj. væri alveg óhrædd um að mjög gott samkomulag væri fyrir hendi til lausnar þeim erfiðu vandamálum, sem fram undan væru.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Áður en ég kem að erindi mínu í ræðustólinn vil ég mælast til þess við hv. þm. Matthías Bjarnason að hann hætti að láta liggja svona illa á sér. Hann var lengi í haust ósköp kátur í þingsölum, en upp á síðkastið er hann orðinn argur mjög og kvartandi yfir vonsku heimsins, umr. okkar stjórnarsinna og nú síðast ríkisfjölmiðlunum, sem hann telur að hafi ekki skýrt nægilega vel frá málflutningi Sjálfstfl. á þingi í vetur. Ég verð að segja að ég skil það fyllilega að erfitt hefur verið fyrir ríkisfjölmiðlana að skýra frá því sem lítið hefur verið.

Formaður þingflokks Alþfl., Sighvatur Björgvinsson, hafði hér uppi ásakanir í garð ríkisfjölmiðlanna. Ég held að það komi úr hörðustu átt þegar þm. Alþfl. eru að koma með vandlætingartal af þessu tagi. Í sjónvarpinu í fyrrakvöld voru allir ráðh. Alþfl. og fluttu útskýringar til þjóðarinnar hver á fætur öðrum, hæstv. dómsmrh., nýkominn úr hálfs mánaðar skíðadvöl í Ölpunum, birtist þjóðinni og flutti ávarp af tröppum stjórnarráðshússins til útskýringar á þessu frv., og forsrh. sjálfur birtist þar.

En upphaf þessa máls er þó fólgið í því, að á sunnudagskvöld kom frétt í Ríkisútvarpinu á þá leið, að samkomulag hefði náðst í ríkisstj. um frv. þetta. Það var skýrt frá því, hver væru höfuðatriðin í því samkomulagi. Þessi frétt Ríkisútvarpsins var röng í öllum höfuðatriðum. Þegar ég hringdi á fréttastofu Ríkisútvarpsins til þess að spyrja hvaðan fréttastofa Ríkisútvarpsins hefði þessa frétt, þá fékk ég það svar, að þm. Alþfl. hefði hringt á fréttastofuna og skýrt frá þessari frétt og það hefði verið samið um það milli fréttamannsins og þm. Alþfl. að skýra ekki frá því hver þessi þm. Alþfl. væri, þótt slíkt sé algert brot á fréttareglum Ríkisútvarpsins, þar sem það er höfuðatriði í þeim fréttareglum, sem þar er starfað eftir, að ávallt skal skrá og geta heimildarmanna að öllum fréttum. Ég held að það komi úr hörðustu átt þegar menn úr þingflokki Alþfl., sem vísvitandi eru að færa ríkisfjölmiðlunum skröksögur af gangi stjórnmálanna, gera við þá samninga um að geta þess ekki hver sé heimildarmaðurinn að þessari frétt, koma hér með ásakanir af þessu tagi og þykjast vera að flytja siðaprédikanir um það, hvernig fjölmiðlarnir eigi að starfa. Ég hef enga ástæðu til þess að vantreysta orðum þess fréttamanns, sem sagði að þessi frétt hefði verið fengin undir því fororði að samkomulag væri gert um það við þm. að ekki yrði skýrt frá því hver hann væri. (**Gripið fram í:** Hver er fréttamaðurinn?) Sá fréttamaður, sem skýrði mér frá þessu, er Gunnar Eyþórsson. Ég skora nú á þann þm. Alþfl., sem flutti Ríkisútvarpinu þessa röngu frétt og var ekki maður til þess að leyfa Ríkisútvarpinu að hafa nafn hans fyrir söguburðinum, að koma nú hér upp í þinginu og standa við fréttina.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það var að vísu furðulegt sem hv. 3. landsk. þm. upplýsti hér áðan um frétt í fjölmiðlum s. l. sunnudagskvöld. Hann upplýsti um fréttamanninn. Ég held að það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði áðan, hafi verið fyllilega orð í tíma töluð. Ég vænti þess, að það upplýsist í umr. þeirra í milli, hv. 3. landsk. þm. og formanns þingflokks Alþfl., ef þm. upplýsir það ekki sjálfur sem á hann var borið áðan, og við fáum um

það vitneskju.

Erindi mitt upp í ræðustólinn í dag voru orð hv. 9. þm. Reykv., þar sem hann vildi meina að nú væri stjórnarandstaðan farin að gagnrýna að frv. lægi fyrir Alþ. Það er síður en svo, heldur hitt, að það hefur verið venja hingað til í þingræðisríkjum að ríkisstj., sem ekki kemur sér saman í fjármálum, í efnahagsmálum, léti af völdum, segði af sér. Við þekkjum þetta úr sögu Alþingis. Fleyg urðu þau orð þáv. hæstv. forsrh., Hermanns Jónassonar, 1958, að engin samstaða hefði verið í ríkisstj. og hann hefði þess vegna sagt af sér. En við virðumst í dag fá aðrar fréttir um gang slíkra mála, því að sú ríkisstj., sem lagði fram fjárlagafrv. með fyrirvörum næstum allra ráðh., treystir sér ekki til þess að leggja fram frv. í efnahagsmálum, heldur leggur hæstv. forsrh. það fram. Við höfum heyrt yfirlýsingar ráðh., og það liggur ljóst fyrir að ríkisstj. kemur sér ekki saman í efnahagsmálum frekar en hún kom sér saman um stefnuna í fjármálum ríkisins á s. l. hausti. Ríkisstj. hyggst hins vegar sitja, enda þótt hún komi sér ekki saman um stefnuna í hinum veigamestu málum. Stjórnarandstaðan gagnrýnir það, ekki hitt, að alþm. fái á borð sín þau frv. sem um skal fjalla varðandi fjármál eða efnahagsmál ríkisins. Við teljum að þessar starfsaðferðir séu með þeim hætti að þingræðinu, lýðræðinu, sé hætta búin.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Forsrh. gat þess í máli sínu, að hann hefði rétt til að leggja fram frv. eins og hver annar þm. Það dregur enginn í efa. En hæstv. viðskrh. hóf mál sitt með því og lagði mikla áherslu á að framlagning þessa frv. hæstv. forsrh. í eigin nafni gæti spillt fyrir samkomulagi milli stjórnarflokkanna. Þess vegna vekur það furðu mína að hæstv. forsrh. skyldi hætta á slíkt. Hæstv. viðskrh. mótmælti framlagningu frv. forsrh. vegna þess að hann leyfði sér að standa einn að framlagningu frv. Hæstv. viðskrh. mótmælti sérstaklega ósvífni fullyrðinga samráðh. sinna. Hvaða ósvífni tók ég ekki eftir, eða hann hefur ekki getið um hvaða ósvífni hann átti við. Hæstv. viðskrh. sagði að samstarfsflokkarnir gengju með óbilgirni gegn þriðja samstarfsflokknum.

Herra forseti. Enn einu sinni upphefst hér á hv. Alþ. deila milli stjórnarflokkanna. Deila þessi er ekki ný af nálinni. Hún hefur ýmist brotist út hér á hv. Alþ. eða í stjórnarráðinu og þá borist þaðan um fjölmiðla til þjóðarinnar. Augljóst er að hæstv. ríkisstj. fær ekki starfsfrið, enda enginn starfsgrundvöllur fyrir hendi milli stjórnarliðanna. Á meðan styrjöld þessi geisar á stjórnarheimilinu bíður þjóðin eftir festu í stjórn lands og þjóðar. Þær vonir, sem e. t. v. voru bundnar við samstarf vinstri flokkanna, hafa brostið. Stjórnarliðar með ráðh. í broddi fylkingar hafa gert sér ljóst að fólkið í landinu á þá ósk heitasta að starfhæf ríkisstj. taki hið fyrsta við stjórnartaumunum. Til þess að svo megi verða þarf núv. ríkisstj. að fara frá völdum. Með því að hún fari frá völdum birtir yfir þjóðinni og fólk mun aftur fyllast bjartsýni. Því vil ég beina þeirri ósk til forsrh., að hann taki ábendingum hv. 4. þm. Reykv. um að hann segi af sér, þannig að nýir aðilar geti komið í staðinn, að sjálfsögðu að afstöðnum kosningum, og borið smyrsl á sárin sem vinstri stjórn skilur eftir sig enn einu sinni á þjóðarlíkamanum.

Það munu allir kunna ykkur þakkir góðar, hæstv. ráðh., ef þið kveðjið fljótt, áður en tjónið af sundurlyndi ykkar verður þjóðinni enn dýrara. Ég tek því heils hugar undir þær vinsamlegu ábendingar og áskorun hv. 4. þm. Reykv. til hæstv. ríkisstj. að hún fari frá völdum hið fyrsta.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fréttamenn ríkisfjölmiðla geta að sjálfsögðu ekki farið hingað upp í ræðustól til að bera af sér sakir sem á þá eru bornar af þm.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði að sér hefði verið skýrt frá því á fréttastofu Ríkisútvarpsins, að þm. úr Alþfl. hefði gefið fréttastofu upp fregnir um samkomulag í ríkisstj. um framlagningu efnahagsfrv. þess sem hér er til umr., en verið tekið fram, að þm. Alþfl., þessi ótilgreindi, hefði neitað fréttastofunni um heimild til þess að láta þess getið hver hann væri. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson nefndi, eftir þráföld framíköll, hver þessi fréttamaður væri, það væri Gunnar Eyþórsson fréttamaður. Því miður getur fréttamaðurinn að sjálfsögðu ekki, frekar en aðrir þeir sem ekki eru kjörnir á Alþ., borið hönd fyrir höfuð sér.

Ég hringdi hins vegar til fréttastofu Ríkisútvarpsins um leið og hv. 3. landsk. þm. hafði borið þessa ásökun fram. Ég náði sambandi við Gunnar Eyþórsson og óskaði eftir því, að hann kæmi niður í Alþingishús til viðræðna við hv. 3. landsk. þm., svo að hv. 3. landsk. þm. yrði ljóst að það, sem ég hef eftir fréttamanninum, er rétt. Fréttamaðurinn segist aldrei hafa nefnt það við Ólaf Ragnar Grímsson eða nokkurn annan mann, að heimildarmaður að frétt þeirri, sem Ríkisútvarpið flutti, hafi verið alþm., aldrei að Alþfl. hefði komið þar við sögu og hvorki nefnt aukateknu orði í viðræðum við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson nafn Alþfl. né þm. úr einum eða öðrum flokki né látið þess getið að þm. úr einum eða öðrum flokki hefði átt hlut að máli.

Ég tek það aftur fram, að ég óskaði eftir því við fréttamanninn að hann kæmi niður í þinghús svo að hv. 3. landsk. þm. gæti rætt við hann beint og fengið staðfest að það, sem ég hef eftir fréttamanninum, er satt og rétt. Fréttamaðurinn er nú á leiðinni niður í þinghúsið, ef hann er ekki kominn.

Herra forseti. Ég held að það sé ekki ástæða til þess að fara frekari orðum um þetta, en ég vil enn taka það fram, að það þykir ekki tilhlýðilegur málflutningur, og hefur ekki þótt hingað til, að nafnkenndir menn, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér, séu bornir sökum með þessum hætti úr ræðustól á Alþ., þegar það er ljóst, eftir því sem þeir sjálfir segja, að þar er farið rangt með og þeim lögð í munn orð og skoðanir sem þeir hafa aldrei haft. Ég held að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson væri maður að meiri ef hann ræddi sjálfur við fréttamanninn hér í Alþingishúsinu, þegar hann kemur, áður en hann hleypur upp í ræðustól til þess í annað sinn að bera saklausum manni óhróður á brýn.

Ég vil svo aðeins nefna það í lokin, að í 7. gr. reglna um fréttaflutning Ríkisútvarpsins stendur svo, með leyfi forseta:

„Við birtingu frétta af deilum, svo sem vinnudeilum eða víðtækum ágreiningsmálum, skal leita upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og kynna sjónarmið þeirra sem jafnast."

Þetta tel ég, hæstv. forseti, að ekki hafi verið gert t. d. í fréttatímum útvarps og sjónvarps í gær. Ég kem ekki þar með neinar ásakanir á einn eða neinn fyrir vísvitandi misferli í starfi, síður en svo. Ég segi aðeins að hér sé um

mistök að ræða.

Ég sagði einnig að ég ætlaði ekki né við Alþfl.-menn að svara í sömu mynt þeim árásum sem þar voru á okkur gerðar. Ég ætla ekki að gera það hér. Ég ætla ekki að gera það á öðrum vettvangi. Ég held að núna sé margt þarfara að gera hér á Alþingi Íslendinga en að standa í slíkum skattyrðum.

En ég tek það fram enn og aftur, að ég skora á hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson að vera sá maður að ræða við fréttamanninn sem hann hafði fyrir þessum ósönnu fullyrðingum úr ræðustól, áður en hann hleypur upp í ræðustólinn enn til að halda áfram að bera saklausan mann ósannindum af þessu tagi.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur, sem hér hafa orðið um fréttaflutning úr þessu hv. Alþingishúsi. Ég ætla að halda mig við það sem ég talaði um í fyrri ræðu og skal hafa það aðeins örfá orð.

Nú segja hv. talsmenn Sjálfstfl. að það sé á misskilningi byggt hjá mér að þeir hafi gagnrýnt frumvarpsflutning hæstv. forsrh. Ég hlýt þá að draga þá ályktun af þessum yfirlýsingum, að þeir telji að forsrh. hafi gert rétt í því að flytja þetta frv. Jafnljóst er þá hitt, að tæplega flytti hann frv. ef hann væri búinn að segja af sér.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég skil ósköp vel, að það komi við kaunin á hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, formanni þingflokks Alþfl., þegar drepið er á það hér í þingsölum hvers konar vinnubrögðum Alþfl. hefur beitt gagnvart fjölmiðlum á undanförnum árum. Það vita allir, sem til þekkja, hvernig tengslum Alþfl. m. a. við ríkisfjölmiðlana hefur verið háttað, eins og sjá má m. a. hér í þingsalnum. Ég er reiðubúinn að ræða við hv. þm. Sighvat Björgvinsson löngum stundum í þingsölum um hvernig Alþfl. hefur markvisst reynt að hagnýta sér ríkisfjölmiðlana. (Gripið fram í.) Ég ætla að koma að því.

Ég átti langt samtal við þennan ágæta fréttamann. Hann tók ekki sjálfur við þessari frétt sem flutt var í Ríkisútvarpinu. Ég ræddi einnig við hann um það, að það væru algjörlega ný vinnubrögð þegar fréttastofa Ríkisútvarpsins tæki að sér að flytja fréttir af óorðnum atburðum og það mjög veigamiklum pólitískum atburðum, skýra frá niðurstöðum þeirra atburða og megineinkennum þeirra, eins og gert var í þessari frétt, þar sem því var lýst yfir að megineinkenni samkomulagsins væri að allar tölulegar birtingar þjóðhagsstærða, sem Alþfl. hefði lagt til upphaflega, eins og allir vita, og svokallaðir raunvextir, sem hafa verið slagorð hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, væru í frv. (Gripið fram í.) Það er allt í lagi. Ég er í ræðustól og hef ekkert á móti því að ræða við þennan fréttamann, eins og ég mun koma að á eftir. (Gripið fram í.) Það er skemmtilegt fyrir þingheim að sjá óróleikann í þm. Alþfl. þegar farið er að ræða um samskipti Alþfl. við ríkisfjölmiðlana. Það er greinilega dálítið heitt þarna undir.

Ég benti þessum ágæta fréttamanni á að þetta væru algjörlega ný vinnubrögð. Þetta eru að vísu vinnubrögð sem síðdegisblöðin hér hafa tíðkað og gefist vel til söluaukningar, en fréttastofa Ríkisútvarpsins hefur verið bundin öðrum reglum. Ég óskaði eftir því að fá það gefið upp, hver væri heimildarmaður þessarar fréttar, og því var neitað. Ég veit ósköp vel að Gunnar Eyþórsson mun standa við það. Við ræddum þetta mál lengi í símanum. Við ræddum um heimildarmann fréttarinnar, eðli hans og uppruna, þar sem þm. úr hópi Alþfl. bar mjög oft á góma. Ég er ekkert hræddur við að ræða við fréttamanninn um þetta mál oft og lengi, hvar sem er, og aðra fréttamenn Ríkisútvarpsins. En það er í raun og veru óþarfi, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, vegna þess að þetta mál má leysa á ofureinfaldan hátt. Í 3. gr. reglna um fréttaflutning Ríkisútvarpsins stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Við skráningu frétta skal þess jafnan gætt að heimildir séu sem fyllstar og að þær séu óyggjandi. Þegar ástæða er til að ætla, að frétt verði vefengd eða aðrar ástæður eru fyrir hendi, skal getið heimildarmanna. Ríkisútvarpið verður jafnan að vera viðbúið að gera grein fyrir heimildum frétta."

Ef fréttamaðurinn er mættur hér í húsinu og aðrir starfsmenn fréttastofunnar, þá er það einfaldasta í þessari veröld að þeir uppfylli ákvæði 3. gr., eins og ég óskaði eftir á sunnudagskvöld, að þeir upplýsi mig og þá þjóðina um leið, því ég mundi koma því á framfæri, hver væri heimildarmaður þessarar fréttar. Það er í raun og veru kjarni málsins, vegna þess að þessi frétt var ómerkileg tilraun til þess að koma pólitískum áróðri til þjóðarinnar í þágu Alþfl. í gegnum fréttatíma Ríkisútvarpsins og það undir fölsku flaggi. Þess vegna er hægt að leysa þetta mál á mjög einfaldan, skýran og glöggan hátt. Fréttastofa Ríkisútvarpsins uppfylli skilyrði 3. gr. og segi hver heimildarmaður að þessari frétt var. Þá þarf ekkert að deila neitt um það. Þá þarf ég ekki að fara um ganga þinghússins eða annað til að ræða við ágæta fréttamenn, heldur kemur hreinlega í ljós hver heimildarmaðurinn var. Ef hann hefur ekki verið þm. úr Alþfl., þá er ég reiðubúinn að taka orð mín til baka. En ég tek þau ekki til baka fyrr en fréttastofan hefur uppfyllt ákvæði 3. gr. reglna um fréttaflutning Ríkisútvarpsins og skýrt frá því hver heimildarmaðurinn var.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Mín aths. skal vera örstutt. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær sérkennilegu deilur sem hér hafa farið fram milli tveggja hv. þm. stjórnarflokkanna. Þær segja sína sögu um málflutningsaðferðir og þær segja sína sögu um hug eins stjórnarflokks til annars. Við höfum um það mörg dæmi.

Það, sem ég ætlaði að gera aths. við, herra forseti, var ræða og raunar báðar ræður hv. 9. þm. Reykv. Hv. 9. þm. Reykv. sagði að ríkisstj. hefði verið gagnrýnd fyrir að leggja ekki fram frv. um efnahagsmál, og það er rétt. Hv. 9. þm. Reykv. sagði að hæstv. forsrh. væri gagnrýndur fyrir að leggja fram frv. um efnahagsmál, og það er líka rétt. En það er ekki stjórnarandstaðan sem gagnrýnir hæstv. forsrh. fyrir að leggja fram frv. Ég leyfi mér að segja sem einn þm. stjórnarandstöðunnar, að ég virði það við hæstv. forsrh. að hann leggur fram frv., þó um síðir sé.

Ég held að skoðun allra þm. Sjálfstfl. sé á þann veg, að við hugsum: Þetta hefði mátt gerast fyrr. — En þeir, sem gagnrýna hæstv. forsrh. fyrir að leggja fram frv. um efnahagsmál, eru Alþýðubandalagsráðh., eins og fram kom í bókun þeirra í ríkisstj. Það eru sem sagt þátttakendur í ríkisstj. sem gagnrýna að frv. um efnahagsmál skuli vera lagt fram á Alþ. Hæstv. ráðh. Alþb. vilja m. ö. o. halda áfram umfjöllun um efnahagsmálin utan Alþingis. Þeir telja óskynsamlegt að fjalla um málin á Alþ. og gagnrýna með hörðum orðum hæstv. forsrh., bæði í bókun á ríkis-

stjórnarfundi, sem lesin er upp í fjölmiðlum, og í ræðu viðskrh. hér á Alþ., þegar upplestur hennar var endurtekinn með hans aths. Þeir gagnrýna sjálfan forsrh. landsins fyrir að reyna þó að gegna þeirri skyldu sinni að leggja með formlegum hætti fram á Alþ. efnahagsmálafrv., sem ríkisstj. hefur að vísu misheppnast að kokka saman. Auðvitað varð að reyna að leggja fram málið. Við gagnrýnum það ekki. Okkur finnst sjálfsagt að málið sé lagt fram, en jafnsjálfsagt finnst okkur að ríkisstj. reyni að haga sér með þingræðislegum hætti.

Við lesum á forsíðu Alþýðublaðsins í dag, að ríkisstj. sé að vísu ekki fallin, en hún sé klofin. Ég veit ekki í hve marga hluta ríkisstj. er klofin, en á næstu dögum kemur í ljós hvaða hluti af ríkisstj. það er sem stjórnar. E. t. v. verður það innan tíðar enginn.

Ég ítreka það, herra forseti, að erindi mitt í ræðustól var einungis að vekja athygli á því, að það var ekki stjórnarandstaðan sem gagnrýndi það að frv. um efnahagsmál væri loksins lagt fyrir Alþ., heldur voru það sjálfir ráðh. úr einum stjórnarflokknum, Alþb.

Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes, þáltill. (þskj. 86). — Frh. einnar umr.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég var því miður ekki viðstaddur er fyrri hluti umr. um Ölfusárbrú fór fram í síðustu viku, en ég vil þakka hv. 3. þm. Suðurl. fyrir frumkvæðið að koma Ölfusárbrúnni á dagskrá og þar með vekja athygli Alþingis og þjóðarinnar á því nauðsynjamáli sem þessi brú er fyrir Sunnlendinga. Það er sannarlega þörf á að setja fullan kraft í allan nauðsynlegan undirbúning, þannig að fullnaðarhönnun liggi sem fyrst fyrir.

Ég harma hins vegar að hv. þm. skyldi ekki hafa samstarf við aðra þm. Suðurl. um flutning till., og hefði þá mátt koma í veg fyrir að orðalag till. væri svo veikt sem það er og einnig villandi að því leyti að þó nokkur hönnun hefur þegar átt sér stað. Ég mun því flytja brtt. við þáltill. Henni hefur þegar verið útbýtt og skal ég því ekki fara nánar út í að lýsa henni. Þm. geta borið hana saman við till. eins og hún liggur fyrir.

Þó brú á Ölfusá við Óseyrarnes sé lengi búin að vera í vegalögum má segja að tæknilegur undirbúningur hafi fyrst hafist í ráðherratíð Ingólfs Jónssonar, en segja má að hinar miklu hraðbrautaframkvæmdir á því tímabili hafi tafið fyrir þessu nauðsynjamáli. Samkv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins hefur á árunum 1962—1969 verið veitt til grundvallarrannsókna 200 þús. kr., sem þýðir 3.4 millj. á ríkjandi verðlagi. Á árinu 1971 voru veittar 300 þús. kr., á árinu 1975 voru veittar 5 millj. kr. og á árinu 1976 var 1 millj. veitt. Samtals er því búið að veita til undirbúnings og hönnunar brúarinnar um 20—25 millj. kr. á núverandi verðlagi. Fyrir þetta fjármagn hafa verið framkvæmdar landmælingar og gerð korta af svæðinu. Ísalög hafa verið athuguð og gerðar vatnafræðilegar mælingar af ýmsu tagi. Jarðfræðirannsóknir hafa einnig verið gerðar á svæðinu. Á grundvelli þessara athugana hefur veglína verið ákveðin í megindráttum og hún staðfest sem skipulag. Þá hafa verið gerðir fyrstu uppdrættir að brú svo og lauslegar áætlanir um kostnað við veg og brú. Sú kostnaðaráætlun er allt að 2 milljarðar á verðlagi í ágúst 1978.

Gerð hefur verið umferðarspá fyrir þetta vegasamband og arðsemi þessarar framkvæmdar. Samkv. þeim athugunum skila þessar framkvæmdir ekki arði, ef eingöngu er miðað við núverandi umferð og aðstæður sem hið lélega vegasamband Þorlákshafnar við Suðurland gefur. En til þess að fá rétta mynd af arðseminni þarf að sjálfsögðu að taka inn í dæmið þá umferð, sem mundi verða vegna stórbættra atvinnuskilyrða svo og félagslegra og menningarlegra tengsla þegar brúin væri komin, eins og fyrri ræðumenn, sem hafa talað í málinu, hafa réttilega tekið fram.

Nú búa á Árborgarsvæðinu hátt í 7 þús. manns. Með tilkomu brúarinnar mundu skapast stórauknir möguleikar til atvinnuuppbyggingar og eflingar þessa svæðis vegna beinna tengsla við höfnina í Þorlákshöfn. Atvinnuvandamál Eyrarbakka og Stokkseyrar, sem mögnuðust við náttúruhamfarirnar 1976—1977, leysast ekki nema með tilkomu þessarar brúar. Því er þessi framkvæmd bæði vegasamband og hafnarframkvæmd gagnvart kauptúnunum austan Ölfusár.

Af framansögðu er því ljóst að það þolir enga bið að tekin sé endanleg pólitísk ákvörðun um framkvæmd verksins þannig að fullnaðarhönnun geti legið fyrir og þar með framkvæmd brúargerðarinnar hafist strax og veitt hefur verið til þess fé.

Þm. Sjálfstfl. úr öllum kjördæmum landsins hafa lagt fram till. á Alþ. um vegagerð, þar sem Ölfusárbrú er sem sérverkefni. Rétt fyrir jólin mátti heyra það á öldum ljósvakans hjá einum ráðh. í ríkisstj., að í samstarfsyfirlýsingu núv. ríkisstj. væri þessi brú niðurnegld, og er það vissulega vel ef rétt er.

Því miður er hæstv. samgrh. ekki viðstaddur, en ég hefði viljað beina til ráðh. þeirri spurningu, hvort svo sé, að brúargerðin sé ákveðin og þá hvenær megi vænta þess að framkvæmdir hefjist af fullum krafti.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég lýsi fullum stuðningi við þá þáltill., sem hér er til umr., og tek undir rökstuðning þann sem í grg. till. felst. Við hann vil ég þó bæta nokkru.

Það vita allir að þéttbýliskjarnar verða ekki síst eftir að olían hefur hækkað svo mikið sem raun ber vitni, að leita leiða til upphitunar húsa með hitaveitu. Þessir staðir, Eyrarbakki og Stokkseyri, munu örugglega gera það eins og aðrir staðir. Þar koma tveir möguleikar til greina: annars vegar að fá vatn frá Selfossi og hins vegar að fá vatn úr Ölfusi. Á Selfossi er ekki vitað hvort vatn er nægilegt fyrir Selfoss, hvað þá meira. Aftur á móti er vitað að það er yfirdrifið vatn í Ölfusinu. Auk þess er mun ódýrara að leggja hitaveituna þaðan. En það er ekki hægt að gera nema brúin komi.

Ég tel, eins og fram hefur komið hjá flm. og hv. 1. þm. Suðurl., að framtíð þessara byggðarlaga, Eyrarbakka og Stokkseyrar, og reyndar fleiri byggðarlaga þarna í grenndinni, sé öðru fremur undir því komin að þessi brú verði byggð og það sem fyrst. Brtt. hv. 1. þm. Suðurl. gengur nokkuð lengra en þáltill. Því styð ég hana.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við það mál sem er um að ræða í þessari þáltill., brúarsmíði yfir Ölfusá við Óseyrarnes. Þetta er mjög brýnt hagsmunamál Sunnlendinga og þetta mál er baráttumál allra þm. Suðurl., í hvaða flokki sem þeir eru. Þessi brú skiptir öllu máli fyrir þorpin austan við Ölfusá, fyrir Stokkseyri og Eyrarbakka, þar er um að ræða hvort

þessi þorp eiga að halda áfram að vera til eða ekki.

Það hafa verið nefndir í umr. arðsemiútreikningar sem hafa verið gerðir af hálfu Vegagerðarinnar. Arðsemiútreikningar þessir miða einungis við umferðarþunga eða fjölda bíla og samkv. þeim er ekki talin nein ástæða til að reisa þessa brú. Aftur á móti eru fjölmargir aðrir kostir við þessa brúarsmíði sem ekki hafa komið inn í þá arðsemiútreikninga sem nú liggja fyrir, og ber þar hæst tengslin við Þorlákshöfn og Selfoss og þó aðallega Þorlákshöfn, en þá mundi höfnin í Þorlákshöfn vera aðalhöfnin fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri og fiskur yrði keyrður þar á milli á mjög auðveldan og fljótlegan hátt.

Einnig má geta fleiri kosta við þessa brúarsmíði. Nú á nýafstöðnu Norðurlandaráðsþingi var fjallað um þá ferju, sem ganga á milli Íslands og hinna Norðurlandanna, og gert ráð fyrir að viðkomustaður ferjunnar á Íslandi verði í Þorlákshöfn. Það er ekki að efa, ef af þessu máli verður, — og mér skilst að það sé komið það langt á rekspöl að það verður af því, — að þetta verður mikil lyftistöng fyrir Þorlákshöfn og svæðin þar í grennd, bæði hvað varðar útflutning svo og ferðamannastraum með ferjunni.

Hæstv. félmrh. nefndi annan kost, sem væri hitaveitan sem hægt væri að leiða með brúnni. Einnig hafa fleiri kostir verið nefndir, eins og að jarðskjálftasvæði er á Suðurlandi og þessi brú mundi bæta mikið úr því öryggisleysi sem nú ríkir þar um slóðir.

Ég vil ekki að svo stöddu lengja þessar umr., þó að flytja megi langt mál um þessa till., — það er orðið áliðið fundar, — en vil leggja aftur áherslu á að þetta hagsmunamál Sunnlendinga verður að komast í framkvæmd sem allra fyrst og, eins og gert er ráð fyrir í grg. svo og í brtt. hv. þm. Eggerts Haukdal, að það sé mörkuð sú stefna, að næsta stóra brúarsmíði á eftir Borgarfjarðarbrúnni verði þessi brú. Það er reiknað með að þessi brú kosti u. þ. b. 2 milljarða. Það er ekki mikið fé. Þetta er álíka og einn skuttogari og er ekki voðalega stór upphæð, ef tekið er tillit til þess mikla gagns sem þessi brú mundi hafa í för með sér.

Það er ánægjulegt við þetta mál, að allir þm. Suðurl. hafa sameinast um það og fleiri reyndar. Það er stuðningur fyrir þessu máli í öðrum kjördæmum. Þetta mál er gjörsamlega laust við flokkadrætti, og það er von mín að Alþ. beri gæfu til að samþ. þessa till. og að þessu máli verði sem allra fyrst hrundið í framkvæmd.

Jón Helgason: Herra forseti. Það hefur komið fram í þessum umr., að mál þetta er sameiginlegt áhugamál allra þm. Suðurl. og Sunnlendinga yfirleitt.

Það er rétt, sem kom fram í máli hv. 1. þm. Suðurl., að þegar hefur nokkuð verið unnið að athugunum og undirbúningi að þessu máli. Það kom einnig fram í máli hans, að stærsta fjárveitingin, sem sérstaklega hefur verið ákveðin til undirbúnings að brúargerðinni, var veitt á árinu 1975. En eitt mikilvægasta skrefið í þessu máli held ég þó að hafi verið yfirlýsing fyrrv. samgrh. Halldórs E. Sigurðssonar um það, að hann teldi að rétt væri að brúin yfir Ölfusá væri næsta stórframkvæmdin í brúarmálum þegar Borgarfjarðarbrúnni væri lokið. Þessa yfirlýsingu ítrekaði hann. Og ég held að það væri ótvírætt ákaflega mikils virði ef núv. hæstv. samgrh. treysti sér til að gefa slíka yfirlýsingu.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál nú, en vænti þess að samstaða verði hér á Alþ. um að hrinda þessu brýna hagsmunamáli í framkvæmd sem allra fyrst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurskipulagning á olíuverslun, þáltill. (þskj. 104). — Fyrri umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég get varla stillt mig um það í upphafi orða minna um þessa till. að lýsa þeirri tilfinningu minni, að það fari nú að verða harla tilgangslaust að ræða á Alþ. einhver mál, sem þjóðina varða einhverju, vegna þeirra mála sem hér hafa verið til umr. í dag, harla tilgangslítilla að minni hyggju, og hefði kosið að lengri tími gæfist en 5 mínútur af fundartíma Sþ. til þess að ræða jafnmikilvægt mál og þessi tillaga felur í sér.

Ég vil í sambandi við þessa till. minna á það ástand, sem nú hefur skapast í orkumálum í heiminum, þar sem þessi orkulind fer nú mjög þverrandi og horfir svo að um næstu aldamót verði ekki til olía svo nokkru nemi, nema þá til iðnaðarframleiðslu. Það er því mikil nauðsyn að leita allra leiða til þess að lækka dreifingarkostnað á olíu hér á landi, einkum og sér í lagi, og þar með olíuverð. Þessi till. hefur komið fram á hinu háa Alþingi áður, till. Alþfl.-manna um breytingu á olíuverslun hér á landi.

Í till. segir, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd til að gera tillögur um endurskipulagningu á innflutningi á olíuvörum og dreifingu þeirra um landið. Nefndin hafi það verkefni að tryggja fyllstu hagkvæmni í innkaupum, sölu og dreifingu á olíuvörum innanlands, svo þær geti jafnan verið á boðstólum á lægsta verði til notenda. Nefndin hraði störfum sínum eftir mætti og skili till. til ríkisstj. og Alþ. eigi síðar en 1. ágúst 1979. Æskilegt væri, að nefndin beindi athygli sinni einkum að eftirfarandi atriðum: 1. Hugsanlegri einkasölu ríkisins á olíuvörum. 2. Sameiningu olíufélaganna. 3. Aðhaldi í rekstri félaganna og meira frjálsræði í olíuinnflutningi, er gæti aukið samkeppni í olíukaupum og olíudreifingu."

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess, eins og málum er nú háttað í Sþ., að hafa fleiri orð um þessa till. Ég hefði kosið að hún hefði komið hér á dagskrá þegar ástand var öðruvísi í þinginu, við aðrar aðstæður en hér hafa ríkt í dag. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hann skyldi taka till. á dagskrá, en áskil mér rétt til þess að flytja fyrir henni lengri framsögu þegar hún verður tekin upp aftur, enda vænti ég þess að umr. um málið verði frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 70. fundur.

Mánudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Grunnskóli, frv. (þskj. 322). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Stjórn efnahagsmála o. fl., frv. (þskj. 453). — 1. umr. (útvarpsumr., ef deildin leyfir).

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf frá Ríkisútvarpinu:

„Vegna fyrirspurna og óska frá hlustendum fer Ríkisútvarpið þess hér með á leit, að heimilað verði að útvarpa frá 1. umr. um efnahagsmálafrv. forsrh. sem fram á að fara síðdegis í dag. Verði á það fallist óskar útvarpið þess jafnframt af hagkvæmnisástæðum að gert verði um það bil hálfrar klukkustundar hlé á umr. um kl. 16 og útvarpi verði lokið um kl. 18.30. Þessari ósk er hér með komið á framfæri við yður.

Virðingarfyllst.
Andrés Björnsson,
útvarpsstjóri."

Hér er um að ræða málaleitan samkv. 60. gr. þingskapa, sem gerir ráð fyrir að Ríkisútvarpið geti farið fram á að útvarpa umr. frá Alþ. Ég vil leyfa mér að gera það að till. minni, að d. samþykki þessa málaleitan, enda skiptist ræðutími sem jafnast milli flokka.

ATKVGR.

Till. forseta um að leyfa útvarpsumr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., flyt ég sem þm. í þessari hv. þd., en það á sér langan og merkilegan aðdraganda innan ríkisstj., sem ég mun þó ekki á þessu stigi rekja ítarlega. Það er flutt með samþykki bæði Framsfl. og Alþfl. Alþb., þriðji stjórnarflokkurinn, vildi ekki standa að flutningi þess sem stjfrv., þar sem hann gat ekki fallist á ákvæði VIII. kafla frv. sem fjallar um verðbætur á laun, svo sem þau eru úr garði gerð, og höfðu þó verið gerðar á þeim verulegar breytingar, m. a. samkv. ábendingum launþegasamtaka og ekki hvað síst Alþýðusambandsins. Þessi afstaða ráðh. Alþb. kom samstarfsflokkunum nokkuð á óvart, þar sem þeir höfðu fyllstu ástæðu til að ætla að samkomulag hefði náðst um frv. innan ríkisstj. Ég flyt því þetta frv. óbreytt og í þeirri mynd sem það var, sem ég taldi vera niðurstöðu samkomulags og málamiðlunar milli ríkisstjórnarflokkanna.

Ég legg á það áherslu, að hér er um málamiðlun að ræða og því ýmis atriði öðruvísi en ég og Framsfl. hefðum kosið, ef ekki hefðu komið til sjónarmið samstarfsflokkanna. Ég minni á að í febrúarmánuði voru gerð opinber frv.-drög um sama efni, sem ég lagði þá fram í ríkisstj. og hv. þdm. hafa haft tækifæri til að kynna sér. Með samanburði má sjá að margvíslegar breytingar hafa verið gerðar og er það árangur samráðs, sem haft var við samtökin á vinnumarkaðinum, og samkomulags innan ríkisstj. Það er athyglisvert að þótt Alþýðusamband Íslands hafi mótmælt verðbótaákvæðum frv. samþykkir það fyrir sitt leyti samráðstilhögun þá, sem frv. gerir ráð fyrir, en samráð var einmitt haft við þá um þetta mál með þeim hætti sem þar er gert ráð fyrir. Hins vegar ætlast enginn til þess af Alþýðusambandinu eða öðrum hagsmunasamtökum að þau gerist sjálf aðilar að till. sem þeir telja ganga gegn hagsmunum þeirra, eins og þeir eru metnir á líðandi stund.

Ég hefði kosið að mál þetta væri hér flutt sem stjfrv. En þótt stuðningur Alþb.-ráðh. við málið hafi bilað á elleftu stundu flyt ég það óbreytt í þeirri von að þeir sýni því í reynd stuðning á þingi, þegar öll kurl eru komin til grafar og málið og málavextir allir kannaðir hér á hv. Alþ. Ég vona að slík könnun geti leitt til samkomulags stjórnarflokkanna og til sem víðtækastrar samstöðu um frv.

Ég ætla að allir hv. þdm. fallist á að þetta mál sé þess eðlis að það eigi erindi inn á Alþ. og ekki hefði reynst heppilegt að halda áfram umr. um það utan þings með þeim hætti sem gert var, án þess að það kæmi til kasta Alþ. Vera má að við athugun málsins komist menn að þeirri niðurstöðu, að ágreiningurinn um verðbótakaflann sé í reyndinni ekki eins alvarlegur og menn hafa ætlað, þ. e. a. s. um það atriði hans, sem hlýtur að vera höfuðatriði frá sjónarmiði launþega, þ. e. um sjálfan kaupmáttinn, þegar á allt árið er litið, þó að ráðh. væru ekki í stakk búnir til að leysa þann hnút.

Ég sný mér þá að efni frv.

Í aths. við frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem samþ. var sem lög nr. 103 í lok nóvembermánaðar s. l., var tekið fram, að lagasetningunni væri ætlað að vera liður í þeirri viðleitni að ná fram varanlegum breytingum í efnahagsmálum sem kæmu til framkvæmda þegar á árinu 1979. Þar sagði m. a.:

„Ríkisstj. er sammála um, að mótun samræmdrar stefnu um aðgerðir á öllum sviðum efnahagsmála, sem ráðið geti úrslitum um verðbólguþróun á næstu missirum, skuli vera algert forgangsverkefni. Fyrir utan langtímastefnu í verðlags- og launamálum, verður að marka samsvarandi stefnu í ríkisfjármálum, peningamálum, fjárfestingarmálum og skattamálum."

Í aths. með viðnámsfrv. var einnig vikið að þeim meginaðgerðum sem ríkisstj. hygðist beita á árinu 1979. Var því lýst, að beita þyrfti víðtæku aðhaldi að breytingum verðlags og launa og að nauðsynlegt væri að vísitöluviðmiðun launa yrði breytt í því skyni að draga úr víxlhækkun verðlags og kaupgjalds og þar með úr verðbólgunni.

Enn fremur var í aths. lögð áhersla á nauðsyn jafnvægis í ríkisfjármálum og niðurskurðar á ríkisrekstrarútgjöldum og tekið fram að heildarfjárfesting á árinu 1979 skyldi ekki vera meiri en sem næmi 24—25% af vergri þjóðarframleiðslu. Jafnframt var í grg. lýst yfir aðhaldssamri stefnu í peningamálum, þar sem útlánaþörf bankanna og bindiskylda Seðlabankans yrði ákveðin þannig að peningamagn í umferð yrði í samræmi við stefnuna í launa- og verðlagsmálum almennt.

Með viðnámslagafrv. frá nóvembermánuði s. l. var þannig boðuð samræmd heildarstefna í efnahagsmálum þjóðarinnar fyrir árið 1979 og næstu ár. Á grundvelli þessarar stefnumörkunar lögðu stjórnarflokkarnir á fyrstu vikum þessa árs fram tillögur sínar í efnahagsmálum. Sérstök ráðherranefnd, sem ríkisstj. skipaði að tillögu forsrh., vann mikið starf að því að samræma till. flokkanna. Í febrúarmánuði s. l. lagði forsrh. fram í ríkisstj. drög að frv. til l. um efnahagsmál. Þessi frv.-drög voru samin á grundvelli þeirrar stefnu, sem mörkuð var í grg. viðnámslagafrv., og þeirra till. sem ráðh.-nefndin lagði fram. Jafnframt hafði forsrh. hliðsjón af till. formanns vísitölunefndar varðandi verðbólgukafla frv., en nefndin lauk störfum um miðjan febrúar.

Ríkisstj. leitaði umsagnar aðila vinnumarkaðarins um frv.-drögin, og á grundvelli þess samráðs og umfjöllunar í ríkisstj. og stjórnarflokkunum voru gerðar á þeim talsverðar breytingar, m. a. að því er varðar ákvörðun verðbóta á laun. Einnig var bætt við sérstökum kafla um þróun atvinnuvega og hagræðingu í atvinnurekstri.

Markmið stefnunnar í efnahagsmálum og þessa frv. er að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings. Frv. stefnir jafnframt að því, að ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum séu jafnan við það miðaðar, að stefnt sé að framangreindum markmiðum án þess að efnahagslegu jafnvægi sé raskað eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við teflt í tvísýnu.

Með þeim ráðstöfunum, sem frv. kveður á um, er stefnt að því að draga úr verðbólgu án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu. Jafnframt er stefnt að jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar án þess að kaupmáttur launa sé skertur. Hér er því um að ræða samræmdar aðgerðir á flestum sviðum efnahagsmála, sem ekki horfa einungis til næstu mánaða, heldur næstu missira og ára. Þótt mikilvægt sé að draga úr verðbólgu verður árangur á því sviði einungis mikilsverður ef jafnframt er tryggð full atvinna. Þetta er meginsjónarmiðið, sem frv. þetta er byggt á. Frv. kveður á um róttækar breytingar á stjórn ríkisfjármála og fjárfestingar, á sviði peningamála, launa- og kjaramála og verðlagsmála og stuðlar að aukinni sveiflujöfnun í sjávarútvegi. Enn fremur er gert ráð fyrir að endurskoða þá sjálfvirkni sem færst hefur í aukana á ýmsum sviðum efnahagsmála á undanförnum árum og kann að hafa átt talsverðan þátt í aukningu verðbólgu og gert skynsamlega stjórn í efnahagsmálum erfiðari en ella.

Veigamikið atriði þeirrar heildarstefnu, sem mótuð var í grg. með viðnámslagafrv., er að dregið verði að mun úr verðbólgu á þessu ári og hinu næsta. Meginatriði þess frv., sem hér er lagt fram, felst í markvissri tilraun til þess að hamla gegn verðhækkunum á þessu ári og raunar næstu árum með kerfisbreytingum og aðgerðum á mörgum sviðum efnahagslífsins.

Í desembermánuði s. l. setti Þjóðhagsstofnun fram spá um þjóðarhag á árinu 1979, og var spáin m. a. byggð á grundvelli þeirrar verðlags- og launastefnu sem sett var fram í viðnámslagafrv. í nóv. Niðurstaða þessarar spár Þjóðhagsstofnunar var sú, að vöxtur þjóðarframleiðslu yrði um 1—1.5% á árinu 1979 og vöxtur þjóðartekna yrði svipaður, þar sem þá var gert ráð fyrir óbreyttum viðskiptakjörum á þessu ári.

Horfurnar fyrir árið 1979 um aukningu þjóðarframleiðslu og tekna eru nú tvísýnni en þegar desemberspáin var gerð. Viðskiptakjör hafa snarsnúist til hins verra á síðustu vikum, og veldur þar mestu mikil hækkun olíuverðs umfram það sem reiknað var með á síðustu mánuðum ársins 1978. Síðustu áætlanir benda til þess, að viðskiptakjör séu um þessar mundir mun lakari en þau voru á árinu 1978, og hefur þó verið tekið tillit til verðhækkunar á frystum fiskflökum á Bandaríkjamarkaði og verðhækkunar á frystum fiskflökum til Sovétríkjanna. Þótt hin stórfellda hækkun olíuverðs kunni að ganga til baka að einhverju leyti síðar á árinu og viðskiptakjörin gætu skánað, bendir flest til þess að viðskiptakjörin verði til muna lakari að meðaltali á þessu ári en í fyrra, e. t. v. um 6—7%. Því eru horfur á að þjóðartekjur muni standa í stað hið mesta og gætu jafnvel dregist saman á þessu ári, þótt framleiðsluaukning verði svipuð og áður var spáð. Brýnt er að tekið verði tillit til þessara atriða við ákvörðun verðbóta á laun þannig að öfugþróun viðskiptakjara valdi ekki hækkun launa. Í frv. er lagt til að tekið verði tillit til breytinga á viðskiptakjörum við ákvörðun verðbóta. Andstreymi í ytri skilyrðum þjóðarbúsins gerir enn brýnna en áður að traustu jafnvægi sé náð í hagkerfinu og búið í haginn fyrir framfarir sem byggja á innlendum auðlindum.

Í þjóðhagspánni í des. var reiknað með 2% aukningu sjávarafla og hefur þeirri spá ekki verið breytt. Hins vegar er ljóst, að til þess að þessi spá gangi eftir þurfa að verða verulegar breytingar á sókn í hina ýmsu fiskstofna, einkum ef gripið verður til strangari takmarkana á þorskveiðum en var í fyrra, eins og boðað hefur verið.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. er gert ráð fyrir að fjármunamyndun dragist saman um 7% að raungildi frá fyrra ári. Í þeirri áætlun er reiknað með að á þessu ári verði rösklega 182 milljörðum kr. varið til fjárfestingar. Er það innan við fjórðung af áætlaðri þjóðarframleiðslu ársins og því innan þeirra marka sem að er stefnt með frv. þessu. Þessi spá felur í sér um 11% samdrátt í fjárfestingu atvinnuveganna, sem skýrist fyrst og fremst af því, að fiskiskipainnflutningur minnkar mikið og framkvæmdir við járnblendiverksmiðju verða aðeins helmingur þess sem var 1978. Þótt spáð sé samdrætti í fjárfestingu fellur hann að svo miklu leyti á innflutning, einkum skipainnflutning, að minna dregur úr byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð innanlands. Bygging íbúðarhúsa er þannig talin munu verða svipuð á þessu ári og í fyrra. Enn fremur er í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni gert ráð fyrir 5% samdrætti í framkvæmdum hins opinbera. Þó er gert ráð fyrir verulegum umsvifum á ýmsum sviðum framkvæmda sem til framfara horfa, t. d. á sviði orkumála og samgangna.

Í fjárfestingaráætlun þessari er reiknað með 34% hækkun byggingarvísitölu milli áranna 1978 og 1979. Í ljósi þeirrar miklu verðhækkunar á olíuvörum, sem orðið hefur að undanförnu, og þeirrar launastefnu, sem m. a. er fylgt í þessu frv., má hins vegar búast við að verðhækkunin verði meiri en áður var reiknað með og gæti þetta orkað að nokkru leyti til rýrnunar á raungildi framkvæmdafjár og þar með ívið meiri samdráttar í fjárfestingu eða e. t. v. um 7—7.5%. Í frv. eru hins vegar settir fyrirvarar þess efnis, að jafnan skuli horft til þess að ráðstafanir þær, sem í því felast, stefni atvinnuöryggi ekki í hættu.

Forsendur desemberspárinnar um þróun kauptaxta

voru þær, að hækkun kauptaxta færi ekki fram úr 5% á þriggja mánaða fresti. Við endurskoðun áætlunar um breytingar verðlags og verðbótagreiðslna á laun hefur bæði verið tekið mið af hinni stórfelldu hækkun olíuverðs, *sem nú er fram komin, og ákvæðum þessa frv.* Í frv. er gert ráð fyrir að versnun viðskiptakjara á árinu valdi ekki verðbótahækkun launa. Er talið að áhrif olíuverðshækkunarinnar einnar gætu leitt til 7—8% versnunar viðskiptakjara á þessu ári miðað við 1978, en sé reiknað með nokkurri hækkun útflutningsverðs umfram verð á öðrum innflutningi en olíu yrði viðskiptakjararýrnunin nokkru minni en sem nemur áhrifum olíuverðshækkunar, eða 6—7% milli 1978 og 1979. Viðskiptakjarafrádráttur frá hækkun verðbóta mun hafa áhrif á verðbótagreiðslur í júní og yrðu þær af þeim sökum 2.5—3% minni en ella, en ekki er gert ráð fyrir frekari viðskiptakjaraáhrifum á árinu. Í frv. þessu eru einnig gerðar till. um að þær ráðstafanir, sem gerðar kynnu að verða til að jafna þann aðstöðumun sem olíuverðhækkunin veldur, skuli ekki valda launahækkun. Hins vegar eru ekki settar beinar skorður við verðbótahækkun á árinu. Í ljósi þeirra breytinga, sem orðið hafa á þjóðarhag að undanförnu, telur ríkisstj. óráðlegt að hækka *grunnlaun á árinu* 1979 og hyggst beita sér fyrir því í samkomulagi við samtök launafólks að fallið verði frá 3% hækkun grunnkaups hjá opinberum starfsmönnum sem ráðgerð er 1. apríl n. k. Ég vænti þess, að allir hljóti að sjá að ef sú launahækkun kæmi til framkvæmda mundi hún draga dilk á eftir sér.

Ofangreindar forsendur um þróun verðlags og launa eru á ýmsan hátt óvissar, ekki síst vegna þeirrar óvissu sem ríkir um framvindu verðlagsmála, einkum olíuverðs, en samkv. þeim má ætla að kauptaxtar hækki um 34—35% að meðaltali á árinu. Að meðtalinni fjölgun fólks í vinnu gætu atvinnutekjur því hækkað um 36—37%, en ráðstöfunartekjur sennilega ívið minna, eða um 35%.

Áðurnefndar forsendur um launabreytingar svo og ákveðnar forsendur um hækkun innflutningsverðlags benda til þess, að framfærslukostnaður geti e. t. v. hækkað um 32—33% frá upphafi til loka árs, en meðalhækkun milli 1978 og 1979 yrði þá um 33—34%. Samkv. þessu má ætla að kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild aukist aðeins, eða e. t. v. um allt að 1%, en í fyrri spám var reiknað með að hann stæði í stað frá fyrra ári.

Í ljósi þessarar kaupmáttaraukningar mætti búast við því, að einkaneysla yrði nokkru meiri að magni en á *árinu* 1978. *Sé litið á þróun kaupmáttar og einkaneyslu* árin 1977 og 1978 virðist líklegt að um nokkra aukningu verði að ræða á þessu ári, e. t. v. um 2—3% á mann og 3—4% í heild. Einkaneysla jókst minna en kaupmáttur á árinu 1977 og í fyrra fylgdust breytingar kaupmáttar og einkaneyslu sennilega nokkurn veginn að. Kaupmáttur jókst nokkuð á síðari hluta árs 1978 miðað við það sem var á fyrri hluta ársins, og er líklegt að það hafi áhrif á einkaneysluútgjöld á þessu ári þannig að þau aukist ívið meira en kaupmáttur.

Séu þessar lauslegu spár um einstaka þætti þjóðarútgjalda, útflutning og innflutning dregnar saman verður niðurstaðan sú, að þjóðarframleiðsla gæti aukist um 1.5%, en vegna versnandi viðskiptakjara sé í mesta lagi unnt að reikna með að þjóðartekjur standi í stað. Gangi þessar spár eftir virðist mega halda sem næst jöfnuði í viðskiptum við útlönd á árinu 1979, en sá jöfnuður gæti þó hæglega snúist í halla ef sjávarafli verður minni en hér er reiknað með eða útflutningur tregari eða ef innflutningseftirspurn eykst að mun með vaxandi kaupmætti.

Áhersla skal á það lögð, að lítið má út af bera til þess að útkoman á árinu verði önnur og lakari en hér er gert ráð fyrir. Ljóst er að víða er teflt á tæpasta vað, ekki síst um jafnvægið í utanríkisviðskiptum og afkomu atvinnuvega. Þau umsvif, sem hér er stefnt að í þjóðarbúskapnum á árinu 1979, ættu að nægja til þess að tryggja fulla atvinnu, ef marka má fyrri reynslu. Hætta er hins vegar á að hugsanlegt framhald öfugþróunar verðlags, m. a. af völdum olíuverðshækkunar, grafi undan rekstrargrundvelli atvinnuveganna og valdi atvinnubresti. Ríkisstj. mun verða á varðbergi gagnvart þessum hættum í atvinnumálum og snúast við þeim eftir því sem þörf krefur.

Þetta mat á efnahagshorfunum á þessu ári sýnir glöggt þann búskell sem þjóðarbúið hefur þolað vegna stórhækkunar olíuverðs að undanförnu. Ekki síst af þessum sökum verður sá árangur, sem að er stefnt með þessu frv., minni en ella á þessu ári, einkum hvað varðar hjöðnun verðbólgu. Mikilvægara er þó í þessu sambandi að þær *ráðstafanir og ekki síður* þær breytingar á stjórnarháttum í efnahagsmálum, sem felast í till. þessa frv., horfa til mun lengri tíma en til loka þessa árs og fela í sér að ná megi varanlegum árangri í baráttunni við verðbólguna og stjórn efnahagsmála almennt, ef vel er á haldið. — Það verður auðvitað verkefni þn. að kanna nánar allar þær spár og forsendur sem hér hefur verið vikið að.

Ég mun nú gera stuttlega grein fyrir efni einstakra kafla frv., en vísa að öðru leyti til ítarlegra aths. sem frv. fylgja.

I. kaflinn fjallar um almenna stefnumörkun í efnahagsmálum, þar sem annars vegar er kveðið svo á, að ráðstafanir stjórnvalda í efnahags- og fjármálum skuli jafnan miðaðar við helstu markmið efnahagsstefnunnar, án þess að efnahagslegu jafnvægi sé raskað eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við teflt í tvísýnu. Hins vegar er þar kveðið á um skipulega gerð þjóðhagsáætlunar á hverju ári til viðmiðunar við stefnumótandi ákvarðanir í efnahagsmálum.

Forsrh. mun fyrir hönd ríkisstj. gera grein fyrir þjóðhagsáætlun þeirri eða þjóðhagshorfum, sem ríkisstj. leggur til grundvallar stefnu sinni í efnahagsmálum, á sama tíma og stefnuræða hans er flutt á þingi. Með þessu *móti fæst skýr undirstaða undir umræðu og ákvarðanir á* einstökum sviðum efnahags- og fjármála í störfum þingsins.

Í II. kafla frv. er mælt fyrir um reglubundið samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum. Er það í samræmi við þá meginstefnu ríkisstj., að árangursríkri og farsælli stjórn efnahagsmála verði ekki komið á nema í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Meginverkefni á samráðsfundum yrði að fjalla um helstu þætti efnahagsmála og mörkun efnahagsstefnu í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum um efnahagsmál. Þá yrði einnig fjallað um þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir hins opinbera, tekjustefnu og forsendur þeirra. Loks yrði fjallað um önnur þau atriði sem horfa til framfara á sviði atvinnu- og kjaramála og raunar efnahagsmála almennt. Gert er ráð fyrir að nánari

reglur um samráð verði settar í reglugerð eftir því sem þurfa þykir.

III. kaflinn fjallar um ríkisfjármál. Ákvæði hans skiptast í þrjá þætti: í fyrsta lagi ákvæði er lúta að gerð fjárl. og heildarstjórn ríkisfjármála; í öðru lagi eru ákvæði um breytingu ríkisfjármála á árunum 1979 og 1980 í því skyni að setja ríkisumsvifum hæfileg mörk til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og þar með draga úr verðbólgu, í þriðja lagi eru ákvæði er varða eftirlit með framkvæmd fjárl. og hagsýslustarfsemi, í því skyni að auka aðhald og hagkvæmni í ríkisrekstri og draga úr útgjöldum.

Í kaflanum er lagt til að með fjárlagafrv. ár hvert verði lögð fram áætlun til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárlagaárs sem fjárlagafrv. tekur til. Áætlun þessi skal vera vísir að langtímafjárlögum. Ekki er þó ætlast til að áætlunin verði bindandi, heldur er henni ætlað að sýna þá meginstefnu sem móta á í ríkisfjármálum og fjárlagafrv. er hluti af. Með þessu móti fengist betri yfirsýn yfir stefnuna í ríkisfjármálum, sem styrkir þær ákvarðanir er varða tekjuöflun og skiptingu útgjalda á fjárl. Jafnframt verður gleggra hvaða mörk þarf að setja ríkisfjármálum og hvaða svigrúm er fyrir hendi til framkvæmda, uppbyggingar og endurbóta á sviði opinberrar þjónustu. Áætlunargerð sem þessi er að auki ein meginforsenda þess, að raunhæft sé að taka á föstum og reglubundnum eða sjálfvirkum fjárframlögum samkv. öðrum lögum en fjárl. svo og mörkuðum stofnum eins og till. er gerð um í 8. gr., en í henni er lagt til að tekin verði til endurskoðunar á þessu ári helstu lagaákvæði af því tagi. Sú till. miðar fyrst og fremst að því að auka svigrúm ríkisstj. og Alþ. til að hafa áhrif á fjárfestinguna í landinu. Þau sjálfvirku framlög og þær mörkuðu tekjur, sem hér um ræðir, hafa í raun bundið nokkuð hendur fjárveitingavaldsins og skert möguleika þess til að marka og framfylgja ákveðinni stefnu í efnahagsmálum og fjárfestingarmálum, sérstaklega með virkri beitingu ríkisfjármálanna. Hér er að því stefnt, að ákvarðanir um þessi fjárframlög verði teknar til endurskoðunar og það kannað að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa skuli framvegis ákveðin með fjárl. ár hvert og til frambúðar í langtímaáætlun samkv. 7. gr.

Þau fjárframlög, sem verið hafa lögbundin og hér um ræðir, nema samtals 14.2 milljörðum kr. á fjárl. ársins 1979. Þeir tekjustofnar, sem ráðstafað hefur verið til sérstakra þarfa, nema alls 18.1 milljarði kr. á fjárl. ársins 1979. Eru þá undanskilin ýmis framlög og stofnar, og má þar nefna framlög atvinnurekendda til almannatrygginga og gjaldskrár þjónustufyrirtækja.

Í greininni er lögð áhersla á að tillit sé tekið til félagslegra markmiða og samráð haft við hagsmunaaðila við endurskoðunina. Með aths. með frv. er lögð fram skrá — fskj. — yfir helstu framlög og tekjustofna sem hér um ræðir. Þegar menn athuga þá skrá geri ég ráð fyrir því að menn komist að þeirri niðurstöðu að ýmsum þeirra lagaákvæða verði ekki breytt.

Þá er í þessum kafla einnig gerð till. um að niðurgreiðslu landbúnaðarafurða verði sett ákveðið hámark fyrir hverja afurð og miðist hámarkið við verð til framleiðenda. Ljóst er að niðurgreiðslur fela jafnan í sér röskun á verðhlutföllum gagnvart öðrum vörum, auk þess sem mismiklar niðurgreiðslur á einstökum búvörum raska verðhlutföllum innbyrðis. Í þessu er fólgin sú hætta, að hvatt sé til framleiðslu á vörum, sem offramboð er á, og niðurgreiðslurnar seinki og torveldi þær breytingar sem þurfa að eiga sér stað í samsetningu framleiðslunnar eigi hún að geta staðist til lengdar. Með þessari till. er leitast við að ráða hér nokkra bót á, bæði hvað snertir röskun verðhlutfalla gagnvart öðrum vörum og eins gagnvart öðrum búvörum. Er gert ráð fyrir að þessu markmiði verði náð í áföngum á árunum 1979, 1980 og 1981.

Sú viðmiðunarregla, sem hér er gert ráð fyrir, er einföld í meðförum þegar um er að ræða afurðir, svo sem mjólk og kjöt, þar sem unnt er að hafa beina viðmiðun við verð til bænda. Um aðrar afurðir, sem meira eru unnar, svo sem rjóma, smjör og ost, er þetta ekki eins einfalt, en helst hefur verið gert ráð fyrir að niðurgreiðslur megi mest nema þar sama hlutfalli af heildarkostnaðarverði og á mjólk og kjöti. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að fjárhæðum, er verja skal til niðurgreiðslna á þessu ári samkv. fjárl., verði ekki breytt.

Í 10. gr. frv. er að finna ákvæði um framkvæmd þeirrar lækkunar ríkisútgjalda um 1 milljarð kr. sem heimild var veitt fyrir í fjárl.

Í 11. gr. er stefnumarkandi ákvæði um heildarumfang ríkisfjármála á árunum 1979 og 1980. Lögð er áhersla á að við núverandi efnahagsástand verði ríkisfjármálunum beitt til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum, en með fyllsta tilliti til atvinnuástands.

Loks eru í 12. og 13. gr. tillögur um endurbætur á eftirliti með framkvæmd fjárl. og aukna hagsýslustarfsemi í því skyni að auka aðhald í ríkisrekstri og tryggja sem hagkvæmasta meðferð opinberra fjármuna. Þessi ákvæði yrðu til fyllingar gildandi ákvæðum laga nr. 61/1931, um ríkisendurskoðun, og laga og reglugerðar um Stjórnarráð Íslands frá 1969. Gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun fylgist með framkvæmd fjárl. í umboði Alþingis. Í framhaldi af þessari till. hyggst ríkisstj. beita sér fyrir því á þessu ári að sett verði ný lög um Ríkisendurskoðun er feli í sér grundvallarbreytingu á stöðu stofnunarinnar og hlutverki hennar. Gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðunin starfi í nánum tengslum við fjvn. og undirnefnd hennar. Lögð er aukin áhersla á hagsýslustarfsemi ríkisins í því skyni að auka hagkvæmni og sparnað í ríkisrekstri. Læt ég nægja að vísa þar um til aths.

Í IV. kafla frv. er fjallað um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstj. er lagðar skulu fyrir Alþ. í tengslum við fjárlagafrv. Verða þær lagðar fram samtímis, væntanlega í einu lagi eins og gert var árið 1979. Í kaflanum eru ákvæði um að í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skuli setta fram heildaráætlanir um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra og ákvarðanir um framkvæmdaframlög og framlög til fjárfestingarlánasjóða og útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða, auk þess sem ákvæði eru um undirbúning áætlananna og nauðsynleg atriði vegna framkvæmdar þeirra. Einnig eru í kaflanum ákvæði, sem ætlað er að leggja áherslu á nauðsyn þess að draga úr fjárfestingarútgjöldum og þau verði innan við fjórðung af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Einnig er ákveðið að stefna að meira aðhaldi í erlendum lántökum en verið hefur á undanförnum árum. Í kaflanum eru einnig ákvæði um að útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða verði samræmd á þessu ári.

Það er nauðsynlegt að fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir séu lagðar fram um leið og fjárlagafrv. til þess að fyrir liggi heildaryfirlit yfir fjármunamyndun og fjár-

mögnun í samhengi þjóðhagsáætlunar, þegar fjárlagafrv. er til meðferðar á Alþ. Áætlanirnar eru gerðar til eins árs í senn, en þegar fram í sækir er nauðsynlegt að þær verði gerðar til nokkurra ára í senn, en verði jafnframt endurskoðaðar árlega. Að þessu verður stefnt á árunum 1979 og 1980. Þá er gert ráð fyrir að áætlununum fylgi stefnumótun í meginatriðum fyrir næstu 3 árin eftir gildistíma þeirra, og er þetta til samræmis við ákvæðin um langtímafjárlög í 7. gr. frv.

Í 15. gr. frv. eru skilgreindir nánar einstakir þættir fjárfestingar- og lánsfjáráætlana í samræmi við það markmið sem sett er í 14. gr., og leyfi ég mér að vísa til greinarinnar um það.

Í þessari grein er loks mælt fyrir um mat á mannaflaþörf áætlaðra framkvæmda í heild og að sérstaklega verði metið atvinnuástand við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, þar sem sveiflur í atvinnustigi koma yfirleitt fyrst fram.

Í 16. gr. er kveðið á um lagasetningu um lántökuheimildir, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það, nema undirstrika að fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal einnig fylgja rammaáætlun um erlendar lántökuheimildir einkaaðila, sem langlánanefnd skal framfylgja, en á undanförnum árum hefur skort á að erlendar lántökur einkaaðila væru metnar út frá slíkri rammaáætlun.

Aðkallandi er að efla áætlanagerð um einstakar greinar opinberra framkvæmda. Í 17. gr. er ákvæði þess efnis. að einstök rn. undirbúi slíkar áætlanir hvert á sínu verksviði, en fjárlaga- og hagsýslustofnun samræmi undirbúning og gerð þessara áætlana. Aðrar stofnanir, svo sem Framkvæmdastofnun, Orkustofnun og Þjóðhagsstofnun, munu einnig geta lagt lið í þessum efnum, en frumkvæðið er hjá rn. Nauðsynlegt er að því verði sem fyrst komið á, að áætlanir hvers árs verði gerðar innan ramma áætlana til nokkurra ára, til þess að unnt verði að marka stefnu í fjárfestingarmálum og ríkisfjármálum til lengri tíma en árs. Samhliða þarf að leggja áherslu á að bæta tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning einstakra verka.

Í 18. gr. er fjallað um atvinnuvegaáætlanir. Áætlanir um þróun einstakra greina atvinnulífsins eru á verksviði Framkvæmdastofnunar samkv. núverandi skipulagi, en frumkvæði og þátttaka frá hlutaðeigandi rn. er hér einkar mikilvæg. Þróun atvinnulífsins er í ríkum mæli háð stefnu og aðgerðum stjórnvalda, ekki síst þar sem lánveitingar bæði til stofnlána og rekstrarlána eru að mestu leyti á vegum banka og fjárfestingarlánasjóða í opinberri eigu. Mikilvægt er að settir séu upp könnunarreikningar um þróun einstakra greina á næstu árum til þess að taka megi ákvarðanir um lánveitingar og önnur atriði er hagi atvinnugreinanna varða, með yfirsýn yfir stöðu og þróun greinanna og gildi einstakra verka og framkvæmda. Nokkurt starf hefur verið unnið á þessu sviði af Framkvæmdastofnun, Rannsóknaráði ríkisins og einstökum rn. Virðist eðlilegt að frumkvæði og ábyrgð á áætlunargerð um einstakar atvinnugreinar sé hjá viðkomandi rn. í samvinnu við samtök greinanna sjálfra, en þau njóti aðstoðar Framkvæmdastofnunar og Þjóðhagsstofnunar við verkið. Hlutverk Þjóðhagsstofnunar væri þá fyrst og fremst að láta í té upplýsingar og sjónarmið varðandi almenna efnahagsþróun og tengja áætlanir annarri áætlunargerð. Verkefni Framkvæmdastofnunar væri hins vegar að gera sérstakar kannanir og áætlanir fyrir einstakar greinar, en einnig, í samvinnu við Seðlabankann, að semja fjáröflunar- og útlánaáætlanir fyrir fjárfestingarlánakerfið, sem gera mætti markvissari væru þær tengdar atvinnuvegaáætlun.

Í 19. gr. er fjallað um undirbúning lánsfjár- og fjárfestingaráætlana og vísa ég til þess sem þar segir.

Í 20. gr. eru heildarfjárfestingu sett mörk á árinu 1979.

21. gr. frv. fjallar um útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða, en þær ráða miklu um framgang stefnunnar í fjárfestingarmálum og því er nauðsynlegt að marka skýra stefnu í þessu efni sem miði að því að einfalda og samræma öll lánskjör sambærilegra lána, einkum að því er varðar nafnvexti, verðtryggingu og lánstíma. Með ákvæði þessarar greinar er stefnt að því að ljúka þessu starfi á þessu ári. Starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna hefur einkennst af því, að útlán þeirra hafi í of ríkum mæli ráðist af sjálfvirkum reglum, t. d. sem ákveðinn hundraðshluti af framkvæmd, ef vissum skilyrðum er fullnægt, en í of litlum mæli af kröfum um arðsemi einstakra framkvæmda. Þessu verður að breyta með því að afnema eftir því sem fært þykir hinar sjálfvirku útlánareglur, en koma í staðinn á samræmdum reglum um arðsemismat á einstökum framkvæmdum. Með sama hætti þarf að kanna lagaákvæði um framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða eftir sjálfvirkum reglum og athuga hvort ekki eigi að taka í staðinn upp beinar fjárveitingar á fjárl. Í þessu sambandi þarf einnig að skoða verkefni einstakra sjóða með tilliti til félagslegra markmiða.

Í V. kafla frv. eru ákvæði um atvinnuvegaáætlanir til nokkurra ára í senn og frumkvæði rn. að gerð þeirra. Mælt er fyrir um hvernig samræma skuli áætlanagerð, form áætlananna á Alþ. og rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þá eru ákvæði um fjáröflun til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins og skýrslugerð um fjárfestingu í atvinnuvegunum. — Ákvæði þessa kafla geta orðið mikilvæg, þegar til lengri tíma er litið, og ég vil sérstaklega benda á 22. gr., sem er þar aðalákvæði.

Efni VI. kafla er tvíþætt. Í fyrsta lagi eru settar fram almennar viðmiðanir fyrir stjórn peningamála og ákvörðun gengis og vaxta. Í öðru lagi eru gerðar ákveðnar tillögur um hvernig beita skuli stjórntækjum peningamála gegn verðbólgu til jafnvægis í efnahagsmálum á þessu og næsta ári.

Í 28. og 29. gr. er áréttuð sú skylda Seðlabankans að vinna að því að peningamagn í umferð og heildarútlán séu í samræmi við stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum. Þá er ákveðið að Seðlabankinn skuli gera áætlun til tveggja ára um breytingar á helstu peningastærðum og um lánamarkaðinn í heild á grundvelli þjóðhagsáætlunar, sbr. I. kafla frv. þessa.

Í 30. gr. er gerð till. um viðmiðun fyrir aukningu peningamagns á næstu tveimur árum, vegna þess að ýmsar utanaðkomandi breytingar geta haft áhrif á þessa stærð. Verður hér að vera um stefnuyfirlýsingu að ræða fremur en alveg ákveðið mark. Hins vegar er það ákveðinn vilji ríkisstj., að peningamálum verði beitt á virkari hátt en verið hefur til viðnáms gegn verðbólgu. Til þess að svo megi verða þarf að gera breytingar á nokkrum helstu stjórntækjum peningamála, auk þess sem jafnvægi í ríkisfjármálum er mikilvæg forsenda þess að aukning peningaframboðs sé hófleg.

Í lok greinarinnar er settur sá fyrirvari, að víkja megi

frá markmiðum hennar ef óvæntar breytingar verði í þjóðarbúskapnum.

Í 31. gr. er lagt til að bætt verði inn í Seðlabankalögin ákvæði um viðmiðun gengisskráningar íslensku krónunnar á hverjum tíma. Brýnt er að þessi almenna viðmiðun sé bundin í lög þegar um jafnmikilvægt hagstjórnartæki og gengisskráningu er að tefla.

Í 32. gr. er gerð till. um að tekin verði upp í áföngum á þessu og næsta ári almenn verðtrygging, en vextir verði jafnframt lækkaðir verulega. Hin öra verðbólguþróun hérlendis að undanförnu hefur eðlilega leitt til þess, að leitað er leiða til að leiðrétta skekkju af völdum verðbólgunnar á ýmsum sviðum efnahagslífsins. En tilfærsla eigna frá þeim, sem skulda í peningum með vöxtum, sem liggja undir hraða verðbólgunnar, til hinna, sem geyma fé sitt á vöxtum undir verðbreytingum, er e. t. v. einn alvarlegasti fylgikvilli verðbólgunnar. Auk eignatilfærslu fylgir því ástandi, sem hér hefur ríkt, óhófleg eftirspurn eftir lánsfé og jafnframt brenglar verðbólga mat á framtíðargildi fjárfestingar þegar raunverulegur vaxtakostnaður kemur ekki fram í lánskjörum. Leiðirnar til að verjast þessu eru tvær: hækkun nafnvaxta eða verðtrygging með lágum vöxtum. Hækkun nafnvaxta og lækkun eftir verðbólgustigi hefur ýmsa ókosti sem verðtrygging hefur ekki, einkum ef hraði verðbólgunnar er breytilegur. Á hinn bóginn er ljóst að verðtrygging eftir á hentar ekki öllum lánsviðskiptum til skamms tíma. Í þessari grein er lagt til að stefnt verði að verðtryggingu — og þar með jávkæðum, en lágum raunvöxtum — með vaxtaákvörðun Seðlabankans á næstunni. Hér er um vandasamt verk að ræða sem hlýtur að taka nokkurn tíma að koma á, en í frv. þessu er mörkuð skýr stefna í þessu efni.

VII. kaflinn fjallar um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Það er eitt af markmiðum ríkisstj. í peningamálum að tryggja örugga ávöxtun sparifjár með því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Í lögum um verðtryggingu fjárskuldbindinga, nr. 71/1966, er gert ráð fyrir verulegum takmörkunum á notkun verðtryggingarákvæða í lánsviðskiptum. Í tillögum þessa kafla felst að þau ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir, komi í stað laga nr. 71/1966.

Það er meginstefna þessara tillagna, að tekin verði upp sem almennust verðtrygging á inn- og útlánum. Með samþykkt þeirra væru því sett almenn lagaákvæði um ákvörðun verðtryggingar, bæði í viðskiptum innlánsstofnana og utan þeirra, en nánari reglur varðandi verðtrygginguna yrðu settar af Seðlabankanum með sama hætti og vextir eru ákveðnir. Gert er ráð fyrir, að verðtrygging útlána verði einkum með þeim hætti að verðbótaþáttur vaxta leggist við höfuðstól láns í lok hvers vaxtatímabils. Þetta hefur þau áhrif, að raunverulegri greiðslubyrði afborgana og vaxta er dreift sem jafnast á lánstímann. Þessi aðferð er þó ekki framkvæmanleg að því er varðar viðskiptavíxla og verður því að taka tillit til verðtryggingar við ákvörðun forvaxta og verðbótaþáttar þeirra.

Ég mun nú ekki fara nánar út í einstök ákvæði í kaflanum. Þau eru mörg hver tæknilegs eðlis. Þó er rétt að undirstrika að í 36. gr. eru sett sérstök ákvæði um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna, þannig að ríkisstj. skuli ákveða hvaða reglur skuli gilda um verðtryggingu þeirra, að fengnum tillögum Seðlabankans.

Í VIII. kafla er fjallað um greiðslu verðbóta á laun. Tillögur þessa kafla eru byggðar á aths. viðnámslagafrv. frá því í nóv. 1978, á starfi vísitölunefndar og samráði við samtök launafólks. Með tillögum frv. eru settar almennar reglur um verðtryggingu launa. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að um grunnkaup verði samið í kjarasamningum. Kveðið er á um greiðslu verðbóta á þriggja mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu sem reiknast eftir framfærsluvísitölu. Þó er dregin frá framfærsluvísitölu sú hækkun hennar eða lækkun sem leiðir af breytingum búvöruverðs vegna breytinga á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru, breytingum vegna áhrifa olíuverðshækkana umfram beina rýrnun viðskiptakjara og breytingum á áfengis- og tóbaksverði. Auk þess er nýmæli í þessum kafla, að gert er ráð fyrir sérstökum tímabundnum frádrætti frá breytingum verðbótavísitölu, ef viðskiptakjör þjóðarbúsins rýrna frá viðskiptakjarastigi ársins 1978, en frádráttur þessi fellur niður ef viðskiptakjör batna og gæti þá snúist í viðbót.

Við endanlega gerð þessa kafla hefur verið tekið verulegt tillit til ábendinga frá samtökum launafólks, bæði í vísitölunefnd og í skriflegum umsögnum um upphafleg frv.-drög forsrh.

Í 47. gr. er fjallað um gildistíma og tíðni verðbótagreiðslna og kveðið á um greiðslu verðbóta á þriggja mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu sem kauplagsnefnd reiknar á sama tíma og vísitölu framfærslukostnaðar.

Í 48. gr. er fjallað um grunn verðbótavísitölunnar, þar sem kveðið er á um að hún skuli reiknuð eftir framfærsluvísitölu og miðast við grunntöluna 100 miðað við febrúarvísitölu 1979. Hér er vísitala sett á 100 í eitt skipti — auðvitað alls ekki gert ráð fyrir því að hún sé sett á 100 hvern útreikningsdag.

Í 49. gr. er fjallað um hugsanleg frávik við útreikning verðbótavísitölu eftir framfærsluvísitölu. Í fyrsta lagi skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun hennar eða lækkun er leiðir af breytingum búvöruverðs milli útreikningsdaga vísitölunnar er leitt hefur af breytingum á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru og stafa af launahækkun á almennum vinnumarkaði. Hér er um að ræða að takmarka víxlhækkanir launa og verðlags, þar sem þær eru augljósastar og reyndar lögboðnar, en þessi leiðréttingarliður hefur verið í gildi að meira eða minna leyti allt frá 1950. Í öðru lagi skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun sem verða kynni á sköttum — eða jafngildi annarra fjármálaráðstafana — annars vegar til að draga úr áhrifum olíuverðshækkunar á hag þeirra heimila, sem helst verða fyrir barðinu á henni, og hins vegar til að draga úr því öryggisleysi sem olíuverðshækkunin veldur í þeim atvinnugreinum sem hvað mest eru háðar olíu. Þykir sanngirnismál að ráðstafanir til þess að jafna nokkuð aðstöðumun, sem af þessu hlýst, valdi ekki hækkun verðbóta. Gert er ráð fyrir að eftir því sem þörf krefur verði flutt sérstök lagafrv. um ráðstafanir í því skyni að jafna aðstöðumun heimila og einstaklinga og draga úr áhrifum olíuverðshækkunar á afkomu fyrirtækja og atvinnugreina til þess að tryggja að hún valdi ekki atvinnubresti. Ríkisstj. hefur þegar gert grein fyrir almennum viðhorfum til olíuvandans og hefur þegar beitt sér fyrir lagasetningu vegna fyrstu áhrifa hans á hag fiskveiða. Á næstunni mun hún leggja fram tillögur um fleiri ráðstafanir á þessu sviði. Í þessu ákvæði felst ekki út af fyrir sig heimild til neins konar skattlagningar.

Þar verða auðvitað að koma til lög hverju sinni. Í þriðja lagi er lagt til að breytingar á áfengis- og tóbaksverði hafi ekki áhrif á verðbætur. Hafa svipuð ákvæði, en þó nokkuð breytileg, verið um nokkurt skeið í kjarasamningum. — Gert er ráð fyrir að kauplagsnefnd setji nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

Í 50. gr. er að finna það nýmæli, að við útreikning verðbótavísitölu skuli tekið tillit til versnandi ytri aðstæðna í þjóðarbúskapnum er leiðir af hækkun innflutningsverðs umfram hækkun útflutningsverðs. Hér er kveðið svo á um útreikning verðbótavísitölu, að rýrni viðskiptakjör þjóðarbúsins frá viðskiptakjarastigi ársins 1978, þannig að innflutningsverð hækki umfram útflutningsverð, skal draga frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu sem viðskiptakjararýrnuninni nemur. Hlutfallstalan 30% er valin með tilliti til hlutfalls vöruinnflutnings af þjóðarframleiðslunni, að áli undanskildu. Við mat á viðskiptakjaraviðmiðun verðbóta frá 1. júní 1979 skal byggt á viðskiptakjaravísitölu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar fyrir fyrsta ársfjórðung 1979 að $^2/_3$, en að $^1/_3$ á mati á viðskiptakjörum á grundvelli dagverðs á helstu útflutnings- og innflutningsvörum eftir miðjan apríl 1979. Hliðstæð tímaviðmiðun skal gilda fyrir síðari verðbótaútreikning á gildistíma laganna. Batni viðskiptakjörin eiga þau með hliðstæðum hætti að verka til hækkunar verðbótavísitölu, sbr. 2. mgr. 50. gr.

Til grundvallar ákvæðum þessarar greinar liggur sú skoðun, að eðlilegt sé að taka tillit til ytri skilyrða þjóðarbúsins vegna versnandi eða batnandi viðskiptakjara við útreikning verðbótavísitölu.

Gert er ráð fyrir að kauplagsnefnd setji nánari reglur um tilhögun viðskiptakjaraviðmiðunar verðbótavísitölu. Drög að slíkum reglum voru samin á vegum svonefndrar vísitölunefndar og birt í skýrslu um störf hennar frá 14. febr. 1979. Væntanlega yrði á þessum drögum byggt er kauplagsnefnd setur reglurnar endanlega. En það má einmitt undirstrika, að framkvæmd þessa verðbótakafla alls er mjög undir ákvörðunum kauplagsnefndar komin, og er það undirstrikað í 51. gr.

Í IX. kafla er fjallað um vinnumarkaðsmál. Þar er kveðið á um stofnun sérstakrar vinnumálaskrifstofu innan félmrn., þar sem samræmd verði upplýsingasöfnun og skýrslugerð um atvinnumál launafólks í landinu öllu. Enn fremur beiti vinnumálaskrifstofan sér fyrir ráðstöfunum, í því skyni að greiða fyrir tilfærslum starfsmanna milli atvinnugreina, veiti öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi og geri till. um úrbætur á sviði atvinnumála. Loks er það nýmæli í þessum kafla, að atvinnurekendum er gert skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi með fyrirvara ráðgerðar breytingar í rekstri er leiði til uppsagnar starfsfólks.

Þá er vinnumálaskrifstofunni falið að fylgjast náið með þróun atvinnumála og gera tillögur um úrbætur í þeim efnum. Þannig er í þessari grein sumpart nánar um að ræða útfærslu á starfi sem þegar hefur verið hafið, en einnig kveðið á um ýmis nýmæli á þessu sviði í því skyni að koma á samræmi og bættri skipan atvinnumála. Þannig er t. d. í 54. gr. um merk nýmæli að ræða, þar sem atvinnurekendum er gert skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi með tveggja mánaða fyrirvara fyrirhugaðan samdrátt eða aðrar þær varanlegar breytingar á rekstri er leiða til uppsagnar fjögurra starfsmanna eða fleiri, þannig að úrræða megi leita í tæka tíð. Með þessu ákvæði er leitast við að tryggja betur en nú er unnt atvinnuöryggi launafólks, en svipuð ákvæði er t. d. að finna í sænsku vinnumálalöggjöfinni.

Í X. kafla er fjallað um verðlagsmál. Vegna tímatakmarkana læt ég nú nægja að vísa til aths. varðandi skýringar á einstökum greinum. Sama verð ég líka að gera varðandi XI. kaflann, sem fjallar um Verðjöfnunarsjóð og Aflatryggingasjóð. XII. kafli þarfnast ekki skýringar.

Vegna fyrirkomulags umr. hef ég orðið nokkuð að takmarka skýringar á einstökum greinum frv., en þeim verður þá e. t. v. hægt að koma að síðar.

Herra forseti. Ég hef nú lokið því að gera grein fyrir efni frv. þessa í einstökum atriðum. Ég held að óhætt sé að segja að frv. feli í sér merka tilraun til þess að ná tökum á verðbólgunni og þeim óstöðugleika sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf, um leið og komið er á skipulegu samráði við samtök launafólks, bænda, sjómanna og vinnuveitenda og lagður grunnur að skynsamlegri áætlunargerð á sviði efnahagsmála. Auk þess felur frv. í sér tilraun til þess að taka með nýjum tökum á þeim sérstöku vandamálum sem að okkur steðja þessa dagana, þar sem er annars vegar stórfelld hækkun olíuverðs og nauðsyn þess að sveigja sókn fiskiskipa frá ofveiddum fiskstofnum til vannýttra stofna á Íslandsmiðum.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. segir m. a., að vinna skuli að gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar sem marki stefnuna í atvinnumálum, fjárfestingarmálum, tekjuskiptingu og kjaramálum. Jafnframt verði mörkuð stefna um hjöðnun verðbólgu í áföngum og ráðstafanir ákveðnar sem nauðsynlegar eru í þessu skyni, m. a. endurskoðun á vísitölukerfinu, aðgerðir í skattamálum og mótun nýrrar stefnu í fjárfestingar- og lánamálum.

Þær ráðstafanir, sem gripið var til í sept. s. l., mörkuðu fyrsta áfanga þessa verks. Með ráðstöfununum í nóv. og des. s. l. var þessu verki fram haldið og í reynd hafinn annar áfangi þess starfs sem um er fjallað í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Meginefni þessa frv. er í fyrsta lagi að marka stefnu í efnahagsmálum til næstu ára, í öðru lagi að bæta skipulag og stjórntæki efnahagsmála í landinu, í þriðja lagi að grípa til ráðstafana þegar í stað á sviði fjármála, peningamála, launamála, verðlagsmála og sveiflujöfnunar í sjávarútvegi sem svari kalli á líðandi stund, í fjórða lagi að búa í haginn fyrir efnahagslegar framfarir og bætt lífskjör í landinu á grundvelli auðlinda lands og sjávar.

Það má segja að verðbólguhjöðnunarmarkmiði viðnámslaganna frá í nóv. sé ekki náð með þessu frv. Það er sumpart af því að tekið hefur verið tillit til ábendinga umsagnaraðila, en sumpart af því að atvinnuöryggi hefur verið sett í efsta sæti. En ég vil vara við því að einblína í þessu sambandi aðeins á verðbótakaflann. Önnur ákvæði í frv. eiga að stuðla að hjöðnun verðbólgu, þó að áhrif þeirra séu ekki mælanleg fyrir fram. Forsenda þess, að unnt verði að koma á bættri skipan við stjórn efnahagsmála, er að dregið verði úr verðbólgunni með samræmdum aðgerðum sem þannig séu valdar að hvorki sé atvinnuöryggi teflt í tvísýnu né efnahagslegu jafnvægi eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við raskað. Til þess að slíkar ráðstafanir beri tilætlaðan árangur þarf skilning og víðtækt samráð og samstarf allra þeirra sem hlut eiga að máli. Verðbólgan hefur á undanförnum árum fært íslenskt efnahagslíf og ýmsan opinberan

rekstur svo úr skorðum að lífskjör hafa ekki batnað í kjölfar ytri skilyrða, þar sem hún rýrir beinlínis vöxt þjóðartekna og þar með þjóðarhag. Til lengdar geta kjör launþega því aðeins batnað að þjóðartekjur vaxi. Við viljum halda því aðalsmerki íslenskra efnahagsmála á undanförnum árum að allir hafi nægа atvinnu. Það tekst okkur ekki ef verðbólgan fær óáreitt að naga að rótum þjóðlífsins og atvinnuöryggis. Út henni verður að draga. Afleiðingar verðbólgu bitna á þjóðfélaginu í heild, en þegar til lengdar lætur fyrst og fremst á launþegum og sparifjáreigendum. Til þess að tryggja örugga undirstöðu farsældar og framfara í landinu þarf að koma varanlegu jafnvægi á í efnahagsmálum. Það er megintilgangur frv. þessa.

Herra forseti. Ég vona að afgreiðslu þessa máls verði hraðað eftir því sem kostur er. Ég tel eðlilegt að viðkomandi nefndir beggja deilda vinni saman að athugun málsins. Þær munu fá í hendur allar fram komnar umsagnir. Ég leyfi mér svo að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Uppruna þess frv., ef frv. skyldi kalla, sem hér er til umr., verður líklega að rekja til Alþfl. Hæstv. forsrh. sagði áðan aðdragandann hafa verið langan og merkilegan. Langur hefur hann a. m. k. verið.

Eins og menn minnast lagði Alþfl. fram frv. í Alþýðublaðinu fyrir jól og því var síðan vísað til nefndar í Framsfl. Þegar síðari útgáfur þessa skjals með áorðnum breytingum eru bornar saman við frumritið verður að játa að upphaflega gerðin ber í einu og öllu af hinum síðari, enda þótt réttilega væri á það bent, er hún fyrst sá dagsins ljós, að margt væri skrýtið í kýrhausnum.

En hvað sem um Alþfl.-frv. má segja er þar gerð tilraun til að horfast í augu við staðreyndir og leita leiða til að kljást við verðbólgudrauginn sem hér hefur riðið húsum síðan hæstv. forsrh. myndaði hina fyrri ríkisstj. sína 1971. Hitt er svo annað mál, að úrræði Alþfl.-manna hefðu engan vanda leyst, hvorki í bráð né lengd, því að þau byggja frá upphafi til enda á alrangri forsendu, þ. e. a. s. þeirri að kerfið margnefnda geti leyst allan mannlegan vanda, aðeins ef það sé styrkt, eflt og falin forsjá, falið alræði í efnahagsmálum. Má í því sambandi t. d. nefna að þeir Alþfl.-menn hugsuðu sér að fá Seðlabanka og ríkisvaldi í hendur 40% alls sparifjár landsmanna og í samvinnu við Kerfið bjuggu þeir til lítið raunalegt kerfi í vaxta- og peningamálum. Þangað má rekja snilliyrði eins og það sem lögfesta átti, að raunvextir verði jákvæðir. Litla kerfið átti síðan í áföngum að byggja á verðbótaþáttum vaxta, vaxtaaukalánum, vaxtaaukum og hvað það allt saman hét. Um þetta spunnust, eins og menn minnast, kátbroslegar umr. milli hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og Lúðvíks Jósepssonar, þar sem sá síðar nefndi benti á að við 50% verðbólgu mundu 40% vextir reka hana áfram, en hinn fyrr nefndi, að þá væri bara að elta drauginn. Og þá fundu snillingarnir upp hugtakið „neikvæðir raunvextir". Þá dámaði mér ekki, eins og þar stendur.

Þá er rétt að minna kjósendur Alþfl. frá í fyrra á 5. gr. frv.-draga þeirra, þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Með tilliti til sérstakrar skattlagningar verðbólgugróða skulu stjórnvöld á árunum 1979 og 1980 láta kanna eignamyndun einstaklinga og fyrirtækja í skjóli verðbólgu undanfarinna ára."

Í tengslum við þessa hugsjón Alþfl. flutti svo hæstv. viðskrh. frv. til l. um peningaskipti, svo að hvergi skyldi króna sleppa undan aðgerðum réttvísinnar. Auk þess boðuðu Alþfl.-snillingarnir svo harðsnúnari verðlagsákvæði og höft en nokkru sinni áður. Þeir héldu — og halda sjálfsagt enn, að það sé leiðin til að kljást við verðbólgu. Þeir boðuðu, og boða enn, verulega kjaraskerðingu. Þar eru þeir raunsæir, því að versnandi kjör hljóta að verða fylginautur þess einkennilega samblands stjórnleysis og ofstjórnartilburða sem nú einkenna störf og starfsleysi hæstv. ríkisstj. Þetta var sem sagt upphafið að endalokunum og nú er komið að þeim.

Frv. forsrh., eins og það er kallað, hefur séð dagsins ljós, síðasta útgáfa. Lítum á það. Fljótt er hægt að fara yfir sögu.

I. kafli, sem fjallar um ýmiss konar áætlanir og skýrslugerðir, segir ekki neitt, eins og ljóst varð af orðum hæstv. forsrh. áðan. — Hann las æðimargt úr frv. og grg. Engin var það skemmtilesning og endurtek ég lítið af því og er honum þakklátur fyrir að koma til skila þeirri endaleysu sem þar stendur í ýmsum greinum.

II. kafli í svonefndu eldhúsfrv. Ólafs, sem raunar var aldrei lagt fram á þingi, fjallaði um stofnun kjararáðs. Í lokaútgáfunni var hausinn höggvinn af, hætt við að stofna ráðið, en verkefni þess látin standa í lögunum, ef þessi ósköp verða þá einhvern tíma að lögum en eftir standa spakmæli eins og t. d.: „Verkefni samráðs þessa skal m. a. vera" og: „Samráðsfundi má halda bæði með fulltrúum einstakra samtaka og fulltrúum ríkisstj. og öllum samráðsaðilum í senn." Það á sem sagt að festa það í lögum landsins, að ríkisstj. og einstökum ráðh. sé heimilt að tala við hvern sem er án þess að vítum verði við komið.

III. kafli er sagður fjalla um ríkisfjármál. Þar er talað um áætlanir og skýrslur fyrir þjóðhagsárið, næstu þrjú ár o. s. frv., o. s. frv. „Skal að því stefnt að sýna m. a.", segir orðrétt, „dæmi um líklega þróun ... samræmi heildarstefnu" o. s. frv., o. s. frv.

Í 11. gr. á svo að koma til móts við krata. Þar er sagt að miða skuli að því, að heildartekjur og útgjöld í fjárl. haldist innan marka sem svara til 30% af vergri þjóðarframleiðslu. Þessi tala var raunar komin niður í 28% í tíð fyrri ríkisstj., en látum það vera. Kratarnir eru sælir í sinni vitleysu og það er auðvitað fyrir mestu.

3. gr. í frv. þeirra hljóðaði svona, með leyfi hæstv. forseta: „Skylt er", ég endurtek, „skylt er að halda heildartekjum og heildarútgjöldum ríkisbúskaparins innan við 30% af vergri þjóðarframleiðslu á árunum 1979 og 1980". En í 11. gr. núverandi frv. er talað um að miða við þetta og svo er bætt við smásetningu um að frá þessu skuli þó víkja, ef o. s. frv., o. s. frv. Og það eru raunar alls staðar, þar sem á kratahugsjónir er yfirleitt minnst, settir fyrirvarar. Allt, sem inn er sett fyrir krata, er samstundis tekið út aftur fyrir komma.

En í þessum kafla skýtur allt í einu upp grein sem gæti þýtt eitthvað, það er 9. gr. Þar er talað um að niðurgreiðsla landbúnaðarafurða skuli ekki vera hærri en svo, að útsöluverð hverrar afurðar til neytenda verði lægra en svarar verði til framleiðenda. Gerði hæstv. forsrh. nokkra grein fyrir þessu áðan. En um þetta segir í aths. með frv., að niðurgreiðslur þyrftu þá að lækka um 5.4—6.7 milljarða. Það er bara svona, kynni nú einhver

launþeginn að segja. Eru ekki niðurgreiðslurnar aðalhagsbótin okkar? Er ekki ríkisstj. okkar alltaf að lækka vöruverð okkur til hagsbóta og svo til þess að halda í skefjum vísitölunni, svo að kaupið rjúki ekki upp úr öllu valdi? Eða var þetta allt saman misskilningur? Var tölvan kannske mötuð vitlaust?

Þetta sneri að neytendunum, en hvað sneri að bændum? Um landbúnaðarmál er ekkert annað í þessu frv. Þó liggur fyrir að í vor er hugmyndin að skattleggja bændur um svo sem eins og 1 milljón hvern eða rúmlega það, og reynt er að tildra upp ofstjórnarkerfi í málefnum bænda sem riðið gæti fjölda þeirra að fullu. En ríkisstj. og hæstv. landbrh. vita ekkert um vandamál í landbúnaði eða vilja ekki um þau vita. Er þar þó um að ræða svo stórfelldan vanda að honum verða auðvitað engin skil gerð í þessari umr., en Alþ. þyrfti sannarlega að taka þar til hendinni.

IV. og V. kafli frv. eru með þeim hætti að langt er fyrir neðan virðingu Alþingis svo mikið sem að ræða þá, þótt hún sé stundum talin takmörkuð. En þeir eru sagðir fjalla um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir og framfarir í atvinnuvegunum. Hæstv. forsrh. gerði sér lítið fyrir og ræddi svolítið um þessa kafla og menn heyrðu þær raddir og ætti það að nægja.

Raunar má segja það sama um VI. kaflann þar sem fjallað er um stjórn Seðlabankans á peningamálum. Það, sem í kaflanum segir, er allt þegar í lögum, ýmist í 3. eða 4. gr. Seðlabankalaganna. Raunar orðaði hæstv. forsrh. það svo áðan, og það var hreinskilnislegt, að það væri „áréttað" í sambandi við peningamál. Það voru orð að sönnu, því að allt er þetta fyrir í lögum.

En þá er komið að kafla sem óneitanlega segir eitthvað. Það er VII. kaflinn, sem fjallar um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, en þar er gert ráð fyrir að allvíðtæk verðtrygging verði upp tekin. Vissulega mundi það geta verið liður í aðför að verðbólgunni, ef aðrar forsendur væru fyrir hendi og traust stjórnarfar. Allt er málið þó klætt kerfisbúningi og fléttað ofstjórnaræði. Engu að síður er það góðra gjalda vert, að stjórnarflokkarnir allir skuli lýsa fyllsta stuðningi sínum við verðtryggingu fjárskuldbindinga, enda má segja að það sé kaldhæðni að ganga ætíð á eftir erlendum sparifjáreigendum og biðja þá að fjármagna íslenskar framkvæmdir með fullri verð- og gengistryggingu á sama tíma sem íslenskum sparifjáreigendum er það fyrirmunað.

Strax á haustþinginu lögðu sjálfstæðismenn fram þingmál sem varða þennan þýðingarmikla þátt efnahagsmála. Þar er gert ráð fyrir afnámi laga um bann við verðtryggingu fjárskuldbindinga og valdsvið Seðlabanka mjög takmarkað — gert svipað og í öðrum vestrænum ríkjum. Þar er um að ræða frjálsræðisstefnu í peningamálum sem gengur í berhögg við ofstjórnarstefnu núverandi valdhafa, enda er þetta liður í þeirri heildarstefnumörkun Sjálfstfl. sem landslýð hefur verið kynnt og verður betur kynnt áður en til kosninga verður gengið. Hér má þó gjarnan skjóta því inn, þótt það auki eitthvað á angur vinstri manna, að óeiningin, sem þeir segja vera í Sjálfstfl., er ekki meiri en svo, að báðar þær till., sem á þingi hafa verið lagðar fram, um fjármálastjórnina og heildarstefnu í efnahags- og atvinnumálum, voru einróma samþykktar í þingflokki, efnahagsmálanefnd og miðstjórn Sjálfstfl. Sjálfstfl. er þess vegna albúinn að takast á við vandamálin hvenær sem er og leysa þau í anda frjálshyggju — í fyllstu andstöðu við vinstri vitleysurnar. Verður þar um svipaðar aðgerðir að ræða og árið 1960, en þær entust sem kunnugt er á annan áratug. Þó er gert ráð fyrir meira frjálsræði en þá var og enn öflugri atvinnuuppbyggingu sem tryggt getur batnandi lífskjör, og meginhersla er lögð á að höggva að rótum ofstjórnarvaldsins og færa fjármuni til almennings, gagnstætt skattáþján þeirri sem nú ríkir.

En hvað sem kerfisdýrkun stjórnarflokkanna líður hljóta sjálfstæðismenn að fagna þeirri hugarfarsbreytingu sem í VII. kafla frv. birtist, enda er hann í rauninni það eina sem bitastætt er í í þessu langa og mikla þskj., að því þó undanskildu að næst er fjallað um verðbætur á laun og stjórnarflokkarnir allir ásáttir um að breyta vísitölugrundvelli og draga með þeim hætti úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Ekki eru þeir þó sammála um hve mikil kjaraskerðingin eða kaupránið, svo að notuð séu þeirra eigin orð, skuli vera. En allir eru þeir sammála um að þar þurfi að taka til hendinni en hressilegar en fram að þessu hefur verið gert. Aðeins er um það deilt, hvort næsta kjaraskerðing eigi að vera svo sem eins og 5% eða 7%, og svo er deilt um hvað eigi að kalla þetta, hvaða búning eigi að færa það í. Og ríkisstj. riðar til falls út af svo sem tveim hundraðshlutum — einum blóðmörskepp í sláturtíðinni.

Við sjálfstæðismenn höfum gefið þessari stjórn starfsfrið og við höfum lagt okkur fram um að greiða fyrir þingstörfum, þótt alger upplausn hafi verið í stjórnarliðinu, eins og t. d. síðustu dagana fyrir jól. Þá hefðu engin mál náð fram að ganga, hvorki fjárlög né annað, ef stjórnarandstaðan hefði ekki lagt nótt við dag til að greiða fyrir þingstörfum og bjarga því sem bjargað yrði, svo að heitið gæti að þjóðarskútan væri þó á kili, en ekki á hvolfi. Og nú langar mig að gefa stjórnarflokkunum eitt gott ráð, enn eitt ráð, sem ég hygg að mundi leysa þessa 2% deilu þeirra sem svo erfið er úrlausnar. Það þarf bara eina grein í viðbót við hinar 66, hygg ég þær vera. Hún kæmi í lok vísitölukaflans og hljóðaði eitthvað á þessa leið:

„Þrátt fyrir kauprán samkv. þessum kafla skulu láglaunamenn halda þeim kjörum sem þeim voru tryggð með maílögunum 1978."

Þannig væru kjör þeirra, sem lakast eru settir, og raunar mikils fjölda launamanna, að fullu tryggð og kjaraskerðing vinstri stjórnarinnar lenti á þeim sem betur geta þolað hana. Þetta er sem sagt veganesti sem ég vil gefa sáttasemjaranum mikla, landsföðurnum og sameiningartákni vinstri aflanna fyrir næsta ríkisstjórnarfund. Annars á ég von á því, að um þessa hlið mála verði svo rækilega fjallað hér af öðrum, kannske í bróðerni, að engu þurfi ég við að bæta. En við sjáum hvað setur.

Höldum þá áfram skoðun umbúðanna um vísitöluskerðinguna. IX. kafli er um svokallaðar félagslegar ráðstafanir og heitir: „Um vinnumarkaðsmál." Þar er enn fylgt þeirri mörkuðu stefnu að færa hefðbundin völd verkalýðsfélaganna inn í stjórnarskrifstofur og ríkiskerfið. Íslensku verkalýðsfélögin eiga ekki lengur að vera að bjástra við neina samningsgerð við vinnuveitendur. Þroskinn þarf að komast á svipað stig og er í sósíalistaríkjum, þar sem velviljað ríkisvald leysir allt saman. Þar semja sjálfkjörnir verkalýðsforingjar við flokkinn sinn og tryggja hag alþýðu. Hún þarf þar hvergi nærri að koma og síst af öllu að ómaka sig á fundi í félögum. Ef þeir kynnu að vera haldnir, sem ástæðulaust er raunar, er það bara til þess að fá stimpil á aðgerðir sem

þegar eru ákveðnar af fínu mönnunum í stjórnarráðinu og palisanderskrifstofunum sem verkamenn eru látnir kosta. Og sjá ekki launamenn hve dýrðlegt þetta allt saman er og elskulegt? Félagslegar ráðstafanir hér og félagslegar ráðstafanir þar, kjörin batna dag frá degi, verðlagið er alltaf að lækka, verðbólgan er dauð eða svo til, engir félagsfundir og verkfallastúss. Svona er sósíalisminn unaðslegur. Og allt er þetta oddvitanum blessuðum að þakka, sem sameinaði verkalýðinn undir framsóknarstjórn.

Þá er komið að X. kafla frv. sem fjallar um verðlagsmál. Í upphaflegu frv. Ólafs var gert ráð fyrir að flýta gildistöku nýju verðlagslaganna, en í síðustu útgáfunni eru þau hreinlega afnumin eða allt sem máli skiptir í þeim. Þetta mun gert að kröfu hæstv. viðskrh., sem mun hafa álitið að sér yrði fremur vært í ráðherrastóli eftir stórfelldar kjaraskerðingar ef hann hyrfi frá villu síns vegar í verðlagsmálunum. En í þessari d. lýsti hæstv. viðskrh. því yfir skýrt og skilmerkilega á s. l. hausti, að hann mundi sjá til þess, að af viðskrn. hálfu yrði hraðað öllum undirbúningi svo að nýju lögin gætu tekið gildi á tilskildum tíma. En svona smásvik eru ekki bara réttlætanleg í röðum kommúnista, þau þykja þar sniðug.

Þá er komið að lokum frv. og þar flaug síðasta skrautfjöður kratanna. Þeir ætluðu sér að breyta ákvæðum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins þannig að hann yrði betra stjórntæki en nú er og þjónaði betur hinum upprunalega tilgangi að jafna verðsveiflur á erlendum mörkuðum. Lúðvík gerði sér þá lítið fyrir og bætti við einni setningu svo hljóðandi: „Við ákvarðanir sínar skal sjóðsstjórnin einnig líta til afkomu viðkomandi sjávarútvegsgreina“ o. s. frv. Opið er því frv. líka í þennan endann og það kemur sér vel fyrir sjútvrh. Alþfl., því að hann hefur nú greitt bætur á loðnu, þó að bæði verðlag og aflabrögð hafi verið með eindæmum góð, í stað þess að styrkja Verðjöfnunarsjóðinn, eins og kratar hafa mjög gumað af að væri eitt meginbaráttumál þeirra. Og ég leyfi mér að spyrja hæstv. sjútvrh., sem talar síðar í umr., hvað þessari algeru kúvendingu, algeru stefnubreytingu Alþfl. hafi valdið, hvers vegna þeir vilji nú ekki lengur styrkja Verðjöfnunarsjóð þegar mjög góð vertíð er og verðlag stöðugt og gott, heldur greiða þá líka með útveginum. Þeir hafa sem sagt horfið frá þessari stefnu. Og væntanlega svarar ráðh. því, hvað valdið hafi.

Og svo kemur í lokin ein loforðagreinin, sem ég held að ég verði að lesa, með leyfi forseta. Hún er svona:

„Á árinu 1979 verði lög um Aflatryggingasjóð tekin til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum, að sjóðurinn gegni því hlutverki sínu að jafna aflasveiflur sem best við þær aðstæður, sem nú eru, m. a. vegna takmarkana á sókn í mikilvæga fiskstofna. Í þessu sambandi verði m. a. heimilað að beita fjármagni sjóðsins til þess að bæta upp verð á þeim tegundum, sem vannýttar kunna að vera, og leggja í því skyni sérstakt gjald á afla af þeim tegundum, sem taldar eru ofnýttar.“

Þarna er svo sem ekki um að ræða neitt smámál, auðlindaskattur með öðru. En greinin segir raunar ekkert annað en að lög verði sett. Það á sem sagt að lögfesta rétt einu sinni að lög verði sett. Þetta er í samræmi við þá lögskýringu sem hæstv. forsrh. og lagaprófessor gaf í umr. um desemberlögin, þar sem 2. og 3. gr. þeirra laga byrjuðu á orðunum: Ríkisstj. mun gera þetta og hitt. — Hann kallaði þetta loforðagreinar, loforðaparagrafa og sagði þetta altítt í rétti margra þjóða, m. a. s. væri loforðagreinar að finna í stjórnarskránni. Enginn lögfræðingur, sem ég hef spurt, og eru þeir þó margir síst lakari fræðimenn en prófessorinn, kannast við þessi ósköp. Auðvitað skilur hvert mannsbarn að það, sem er á ferðinni bæði nú og áður, er samsuða af grg. embættismanna og stjórnmálamanna sem síðan er hrúgað upp í lagaform og settar á kaflafyrirsagnir og númerað. Þetta á ekkert skylt við heilbrigða löggjöf. En skrumskæling íslenskrar löggjafar er auðvitað líka heimil þegar verið er að sætta stríðandi öfl og þjóna alþýðunni. Loforðagreinar skulu það heita, dengjum því í lagasafnið og svíkjum svo allt saman. Það var lóðið. — En þetta er svo sem ekkert meira en sú yfirlýsing dómsmrh. síðustu ríkisstj. nú nýverið, þess sem dómsmrh. var í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, að hann hafi staðið að lagasetningu sem einungis þekkist í lögregluríkjum.

Ég hef nú rakið efni þessarar frumvarpsnefnu hæstv. forsrh. Það er útþynning þess fræga frv. sem sagt var að hæstv. forsrh. hefði lengi haft í eldhúskróknum heima hjá sér. Hann sýndi það um síðir, en þá brugðust kommarnir ókvæða við. Hæstv. forsrh. glotti og sagði að þeir hefðu aldrei lesið frv. og vissu ekkert hvað í því stæði, en leyfði þeim svo að krukka í það og síðan krötunum aftur með alkunnum afleiðingum. En hvað sem um Alþb.-mennina má segja hygg ég að þeir hafi lesið betur en hæstv. forsrh. og ekki verði um þá sagt eins og Odd þann, sem lítt kunni til lestrar, en var upp með sér og drýldinn og vildi lítið láta vita af vankunnáttu sinni. Einu sinni bað hann um bók þar sem hann var gestkomandi. Honum var lánað Nýja testamentið. Oddur læst lesa nokkra stund, lítur svo upp úr bókinni og segir: „Mikill maður var Bósi, drepur hann enn.“ Ef einhver einn maður ætti þetta svonefnda frv., hefði samið það og gengið frá því, sem raunar mun ekki vera rétt, þá er ég ansi hræddur um að fólkið mundi velja honum heiti eins og t. d. Bögu-Bósi. En spurningin er svo hin, hvern drepur Bósi næst? Það mun framtíðin bera í skauti sér.

Sigurvegarar 1978 hafa afturkallað allar dagskipanir. Nú er ekki hrópað: Samningana í gildi, meiri kaupmátt, betri kjör. — Síst af öllu dettur þessum mönnum í hug launajöfnunarstefna eins og sú sem fyrrv. ríkisstj. barðist fyrir, enda eru þeir slíkir snillingar í löggjafarmálum að í fárviðrinu, sem geisað hefur í stjórnarherbúðunum, hreinlega fauk þakið af þegar Kjaradómur fjallaði um launamál BHM, og fjmrh. sá sitt óvænna og tilkynnti að þakið á BSRB hefði líka hrunið.

Nú segja stjórnarherrarnir: Við þurfum að keppa að sama kaupmætti og 1978. Við þurfum að nálgast kjörin á tíma síðustu ríkisstj. — Þegar betur er að gáð var þetta allt heldur skárra hjá Geir Hallgrímssyni, en þeir vita bara ekki hvernig þeir eiga að fara að því að tryggja svipuð kjör og þjóðin þó bjó við þegar þeir tóku völdin, og síst af öllu munu þeir þiggja það ráð sem ég gaf þeim áðan, að hverfa að þeirri stefnu sem mörkuð var í maílögunum í fyrra, með því að þá var aðallega hugsað um láglaunafólkið. En það lætur ekki svo mikið í sér heyra hvort sem er. Líf stjórnarinnar gæti aldrei byggst á slíku fólki. Þess vegna svarar ekki kostnaði að hugsa um það.

Í annan stað segjast þeir svo berjast hetjubaráttu við verðbólgudrauginn. Fyrst stóð til að á þessu ári yrði verðbólgan komin niður í hvorki meira né minna en 30%. Nú tala þeir um 35—40%. Engum dettur víst í hug, nema þá blindum reiknimeisturum, að þar verði staðnæmst, ef áfram stefnir sem horfir um stjórnarhætti.

En hvar er þennan verðbólgudraug að finna? Menn segja að hér hafi verið stöðug verðbólga síðan á stríðsárunum, og víst er um það, að verðlag hefur jafnt og þétt heldur farið hækkandi. En allan síðasta áratug var sæmilega stöðug þróun hér á landi og verðbólga ekki ýkjamikil, yfirleitt þetta frá 3—10%, eða áþekk og í nágrannalöndunum. En hvenær tók þá verðbólgudraugurinn völdin? Hvers vegna er þetta allt svona miklu erfiðara á áttunda áratugnum en hinum sjöunda? Verðbólgudraugurinn tók völdin sama daginn og Ólafur Jóhannesson, hæstv. forsrh., myndaði hina fyrri vinstri stjórn sína árið 1971. Hún kom verðbólgunni í hvorki meira né minna en 54 stig. Síðasta ríkisstj. kom verðbólgunni um tíma niður í 26%, en aðgerðir hennar voru brotnar á bak aftur með sólstöðusamningunum 1977, enda verður að játa að verðbólgudraugurinn var á kreiki í þeirri stjórn líka, þótt hann sæti þar ekki í öndvegi. Og hvar er verðbólgudrauginn nú að finna? Því svari hver fyrir sig.

Frv. þetta er fyrst og fremst umbúðafrv. Það eru umbúðir um þá kjaraskerðingu sem stjórnarflokkarnir allir eru sammála um að framkvæma. Allir höfðu ráðh. samþykkt milli 6 og 7% kjaraskerðingu til viðbótar þeim kauplækkunum sem áður höfðu verið framkvæmdar. Reynt hefur verið að færa þetta allt saman í einhvers konar stefnumörkunarbúning, en umbúðirnar um kjaraskerðinguna ætíð verið gegnsæjar. Og þetta síðasta frv., umbúðafrv., er rétt eins og það sé klætt í „sellofan".

Einn þm. Alþfl. líkti stjórnarstefnunni nýlega við nýju fötin keisarans. Sú samlíking er ekki nógu góð. Það þarf ekkert barn til að benda fullorðnu fólki á allsnekt ríkisstj. Þótt sjónin sé ófögur, má nú enginn undan líta. Það skulu verða mín síðustu orð, herra forseti, fengin að láni frá Blöndal sýslumanni Húnvetninga: „Enginn má undan líta."

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hér liggur fyrir til umr. afar sérstætt þingmál. Það heitir frv. til l. um stjórn efnahagsmála, án þess að það geti þó leitt til nokkurrar skynsamlegrar stjórnar efnahagsmála þótt samþykkt yrði. Það er flutt af hæstv. forsrh. án þess þó að hæstv. ríkisstj. styðji það. Hæstv. forsrh. hefur nú mælt fyrir frv. án þess að fram hafi komið nokkur skýring á málinu fremur en í skjalinu stendur.

Ríkisstj. tók við störfum 1. sept. s. l. í þeim tilgangi að berjast gegn verðbólgunni. Þetta þskj. er árangurinn af starfi hennar í hátt á sjöunda mánuð. Segja verður sem er að árangurinn er harla lítill og raunar enginn. Ríkisstj. setti sér sjálf ýmsa eindaga til lausnar efnahagsmála, sem frægt er orðið, en hvert úrslitadægrið af öðru leið án þess að ríkisstj. tækist að koma sér saman um efnahagsfrv. Ýmsar efnahagsfrv.-nefnur frá stjórnarsinnum eða ráðh. höfðu þó verið á umboðslausum þeytingi vítt og breitt um landið meðal allra annarra en þeirra sem í almennum þingkosningum höfðu verið til þess kjörnir að fara með mál þjóðarinnar. Alþ. og ríkisstj. fara saman með landsstjórnina samkv. stjórnskipan Íslands. En þessi ríkisstj. tekur sér vald til þess að sniðganga þriðja hluta Alþ. Í umr. á Alþ. um miðjan febr. hefur hæstv. forsrh. sjálfur sagt að hann telji stjórnarandstöðuna á Alþ. engan samráðsaðila ríkisstj. Leynir sér ekki hvaða andi svífur þarna yfir vötnunum. — Má minna á að í stjórnarandstöðunni eru 20 þm. Sjálfstfl., kjörnir í lýðræðislegum kosningum til þess að eiga hluta að landsstjórninni, og á bak við þá stóðu í síðustu kosningum um 40 þús. kjósendur, nánar tiltekið 39 982, og hefðu verið enn fleiri ef sjálfstæðismenn hefðu ekki verið næstu 4 árin á undan í ríkisstj. með Framsfl.

Þar kom þó í síðustu viku, að hæstv. forsrh. landsins leitaði til Alþ. um efnahagsmálin, en þó ekki fyrr en allt um þraut. Þetta kallaði málgagn eins stjórnarflokksins, Þjóðviljinn, í fyrirsögn ritstjórnargreinar s. l. föstudag. „Að gefast upp við að stjórna", en svo hét leiðarinn. Sannleikurinn var auðvitað sá, að Þjóðviljanum gramdist að svo leit út sem forsrh. hefði gefist upp við að láta stjórnast, og það líkaði þeim ekki í Alþb. Nú hefur sjálfur forsrh. landsins setið nokkra daga beygður undir vandarhöggum samráðh. sinna úr Alþb. fyrir að ganga í berhögg við hina raunverulegu húsbændur á heimilinu með framlagningu þessa frv.

Í framlagningu þessa frv. felst í raun yfirlýsing af hálfu forsrh. um það, að ríkisstj. hans ráði ekki við efnahagsvandann sem hún var stofnuð til að leysa. Næsta skrefið hefði vitanlega átt að vera að biðjast lausnar fyrir ríkisstj. Engan þarf að undra þótt kommúnistar víkist undan þeirri lýðræðisskyldu að fjalla um málin á Alþ., það er í samræmi við eðli þess flokks. En hitt er torskildara, hvernig hæstv. forsrh. getur varið það fyrir sjálfum sér, fyrir þinginu og þjóðinni að una þessum viðbrögðum félaga sinna í hæstv. ríkisstj.

Í umr. utan dagskrár í Sþ. s. l. fimmtudag las Alþb.-ráðh. Svavar Gestsson bókun Alþb.-ráðh. á ríkisstjórnarfundi, en hún hafði raunar áður verið kynnt landslýð í fjölmiðlum. Þar sagði m. a.:

„Við mótmælum því harðlega að frv. það um efnahagsmál, sem rætt hefur verið á undanfarandi ríkisstjórnarfundum verði lagt fram af forsrh. einum, eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum. Það er mikill hnekkir fyrir stjórnarsamstarfið að þannig skuli að málum staðið og slíkt getur torveldað að samkomulag náist milli stjórnarflokkanna um þau ágreiningsatriði frv. þessa sem óleyst eru, einkum verðbótakafla þess. Vinnubrögð af þessu tagi eru algert einsdæmi og þau eru í fullri andstöðu við yfirlýsingu stjórnarflokkanna á s. l. hausti um samráð við verkalýðshreyfinguna."

Það má segja, herra forseti, að sínum augum líti hver á silfrið. Í bókuninni bera síðan Alþb.-ráðh. samráðh. sínum ýmis ósannindi á brýn, en slíkt er orðið daglegt brauð í samskiptum stjórnarflokkanna, eins og glöggt mátti heyra í orðaskiptum þeirra hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og Sighvats Björgvinssonar, formanns þingflokks Alþfl., í umr. í Sþ. á fimmtudaginn var.

Í niðurlagi bókunar kommúnistaráðherranna segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„S. l. mánudag hótaði hæstv. forsrh. því að leggja frv. fram sem stjfrv. tveggja stjórnarflokka gegn mótmælum þriðja flokksins. Þessu höfum við harðlega mótmælt og höfum jafnframt lýst því yfir á fyrri fundum ríkisstj., að verði frv. samþykkt óbreytt í andstöðu við Alþb. munum við að sjálfsögðu segja af okkur ráðherrastörfum."

Þetta sögðu Alþb.-ráðh. og margt fleira. Vafalaust verður samþykkt einhver málamyndabreyting á frv., enda ekki trúlegt að Alþb.-menn víki sjálfviljugir úr valdastólum. En þessar yfirlýsingar sýna þrennt: Í fyrsta lagi fullkomna fyrirlitningu Alþb. á því lýðræðislega hlutverki og skyldu sem stjórnskipan okkar ætlar Alþ. og ríkisstj. Í öðru lagi fullkomna vissu Alþb. um að því sé óhætt að auðmýkja hæstv. forsrh. með þessum hætti, því

að hann bresti þor til að vísa á bug Alþb., hinu raunverulega húsbóndavaldi í ríkisstj. Í þriðja lagi eru lyklavöld í stjórnarráðinu meira virði en stjórn efnahagsmála, eða nokkur málefni yfirleitt. Allt þetta getur verið kjósendum til leiðbeiningar og varnaðar þegar þar að kemur, og hefur þá það gagn hlotist af framlagningu frv. þótt ekki sé annað.

En þetta ástand á stjórnarbænum hefur verið ærið hávaðasamt og það svo, að aðrir, utan stjórnarflokkanna, hafa tæpast getað yfirgnæft þann gauragang sem þar var, og er það skiljanlegt, eins og sjá má af frekari skýringum sem ég mun nú flytja og leita þá liðsinnis stjórnarblaðanna um það leyti sem ríkisstj. var sett á laggirnar. Ég vík að örfáum atriðum.

Hinn 1. sept. birtist á forsíðu Þjóðviljans mynd af hæstv. forsrh., Ólafi Jóhannessyni, undir hinni djarflegu fyrirsögn: „Meiri hluti þjóðarinnar vildi þetta." Í textanum lýsir hæstv. forsrh. mjög mikilli ánægju með að stjórnarmyndunartilraun hafi tekist og segir síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarmyndunarmálin voru komin í slíka sjálfheldu, að það hefði verið til mikillar vanvirðu fyrir Alþ. ef ekki hefði tekist að mynda stjórn núna."

Í Þjóðviljanum daginn eftir kemur útlegging á því, hver raunverulega myndaði ríkisstj. Þar segir svo í upphafi leiðara, með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn vafi leikur á því, að Lúðvík Jósepsson á stærri hlut í myndun vinstri stjórnar en nokkur annar maður." Í miðjum leiðaranum: „Og það var Lúðvík og enginn nema hann sem hlaut traust framámanna í launþegahreyfingunni, sem nauðsynlegt var til fyrirheita um vinnufrið til loka næsta árs."

Það leynir sér ekki, herra forseti, við hverja er átt. Það var auðvitað átt við þá sem höfðu rétta pólitíska yfirsýn að mati Þjóðviljans. Í lok leiðarans segir, með leyfi forseta:

„Lúðvík var ekki að mynda þessa ríkisstj. sjálfum sér til upphefðar, heldur til styrktar launafólki í landinu. Hins vegar væri það fölsun staðreynda að láta hlut Lúðvíks ekki koma í ljós."

Formaður þingflokks Alþfl. segir í Tímanum þennan sama dag, að hann hafi greitt atkv. á móti myndun þessarar ríkisstj., enda sé hann á móti þeim hugmyndum, komnum frá Alþb., að unnt sé að stjórna efnahagsmálum á Íslandi út frá skammtímalausnum Lúðvíks Jósepssonar. „Og þetta ættu vinstri menn að hafa lært af reynslunni að er gersamlega útilokað," segir Sighvatur Björgvinsson, formaður þingflokks Alþfl. Það er því eðlilegt að Tíminn beri klæði á vopnin hinn 3. sept. „Af fullum þunga", eins og leiðarinn heitir, og ég leyfi mér að vitna í, með leyfi hæstv. forseta:

„Annars vegar hafa framsóknarmenn eðlilega tekið að sér það þjóðholla hlutverk að laða starfskrafta annarra flokka fram til nýtra starfa fyrir þjóðarheildina, draga úr ágreiningi, en miðla málum, svo að nauðsynlegri gætni og hófsemi verði fylgt. Þessu hlutverki hefur á stundum fylgt sú kvöð að sitja undir ónytjuorðum. Þau hafa horfið eins og döggin, en verkin standa eftir."

Herra forseti. Við sjáum hvað gerist í dag. Hv. þm. hafa séð sýnishorn af þeim daggarperlum sem réttar eru milli ráðh. En lítum á verkin, sem standa eftir, þ. e. þetta frv.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur gert grein fyrir afstöðu sjálfstæðismanna til efnisatriða frv. þessa. Í heild má um það segja, að verði það samþykkt yrði þar um algeran aðskotahlut í allri íslenskri löggjöf að ræða, svo hjárænulegt er það og undarlegt að allri gerð. Mest af hinu langa máli þess er um atriði sem alls ekki eru framkvæmdaatriði, annað er þegar í lögum og enn annað vitagagnslaust til þess að vinna bug á verðbólgunni. En um þau atriði, er einhverju skipta, er engin samstaða í ríkisstj. og verða þau ekki framkvæmd þegar af þeirri ástæðu. Sú gagnsemi, sem af framlagningu þessa frv. gæti hlotist, væri helst sú að opna augu manna fyrir því, hve fráleitt það er að meiri hluti þjóðarinnar geti viljað þessa ríkisstj.

Hæstv. forsrh. sagði í niðurlagi ræðu sinnar: Verðbólguhjöðnunarmarkmiði viðnámslaganna frá því í nóv. er ekki náð. — En hæstv. ráðh. varaði við að einblína á verðbótakaflann. Önnur ákvæði frv. geta haft áhrif, sagði hæstv. ráðh., þótt þau séu ekki mælanleg. En í upphafi máls síns vitnaði hæstv. forsrh. til þessara orða, sem raunar eru frá því í haust: „Ríkisstj. er sammála um, að mótun samræmdrar stefnu um aðgerðir á öllum sviðum efnahagsmála, sem ráðið geti úrslitum um verðbólguþróun á næstu missirum, skuli vera algert forgangsverkefni." — Þetta algera forgangsverkefni hefur mistekist og forsenda þessa frv. er því ekki fyrir hendi, forsenda stjórnarsamstarfsins brostin.

Ríkisstj. er margklofin í öllum meginmálum og getur því enga forustu veitt í landsmálum. Hinn 1. sept. sagði hæstv. forsrh. að það væri Alþ. til vanvirðu ef þessi ríkisstj. hefði ekki verið mynduð. Í dag, herra forseti, er það Alþ. til vanvirðu ef þessi ríkisstj. fer ekki frá.

Tími er til þess kominn að almenningur taki nú í taumana og tryggi landinu starfhæfa stjórn í anda frjálshyggju til gæfu og öryggis fyrir lifandi og starfandi fólk í stað þeirrar kerfisofstjórnar, að ég ekki segi ráðstjórnar, sem við nú búum við og hvílir á burðarási Alþb., eins og einn hv. Alþb.-þm. orðaði það í haust, undir forustu hæstv. forsrh. Ólafs Jóhannessonar og með aðstoð Alþfl. Við þurfum nýtt Alþ. sem skilur ætlunarverk sitt og hefur kjark til að leysa það verk af hendi með þinglegum og lýðræðislegum hætti.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir til umr., finnst mér ekki úr vegi að rifja nokkuð upp það ástand, sem ríkti hjá okkur fyrir rúmu ári, nánar tiltekið þegar hér á hinu háa Alþingi voru afgreiddar svokallaðar efnahagsráðstafanir, sem fólust í samþykkt lagasetningar um þau efni í febr. 1978. Undanfari þeirrar lagasetningar var skipun svokallaðrar verðbólgunefndar, sem skipuð var haustið 1977 fyrir tilstuðlan þáv. forsrh., Geirs Hallgrímssonar, formanns Sjálfstfl. Fyrrgreind nefnd var skipuð fulltrúum allra þingflokka og fulltrúum allra launþegasamtaka landsins, hvar í stétt sem þeir stóðu, og mun sjaldan hafa verið haft af ríkisvaldsins hálfu samband við aðila vinnumarkaðarins af meiri trúnaði og einlægni en fólst í störfum fyrrgreindrar verðbólgunefndar. — Á þessar staðreyndir minnist ég hér vegna þess að í kosningabaráttunni sumarið 1978 var margstaðhæft af andstæðingum Sjálfstfl. að „ekkert samráð" hefði verið haft við launþegasamtökin um febrúarlögin eins og þeir orðuðu það.

Ljóst er af skýrslu verðbólgunefndar að vandamálið, sem við var að etja, duldist engum. Af óteljandi yfirlýsingum ráðamanna allra stjórnmálaflokka og hags-

munasamtaka, jafnt launþega sem vinnuveitenda, lá fyrir skýlaus yfirlýsing allra þessara aðila um að verðbólgan í þjóðfélaginu væri höfuðóvinur þess. Eðlilegur rekstur atvinnuvega þjóðarinnar og þar með talið atvinnuöryggi almennings væri í bráðri hættu, ef ekki væru gerðar án tafar nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Þrátt fyrir þessar samhljóða yfirlýsingar hinna mörgu hagsmunaaðila var þó sá ljóður á, að ekki tókst að skapa almenna samstöðu þessara aðila um nauðsynlegar og réttlátar varnaraðgerðir í þessum vandasömu málum. Enginn vafi er á því, að þar gætti tilhneiginga svokallaðra verkalýðsflokka til þess að misnota aðstöðu sína hjá launþegasamtökunum þessum flokkum til pólitísks ávinnings.

Eftir að margítrekaðar tilraunir af hálfu stjórnvalda til að skapa almenna samstöðu um nauðsynlegar viðnámsaðgerðir gegn verðbólguvandanum milli stjórnmálaflokka og aðila vinnumarkaðarins höfðu reynst árangurslausar stóðu mál þannig hjá þjóðinni að það hlaut að falla í hlut stjórnvalda að gera nauðsynlegar ráðstafanir til björgunar. Þegar svo er komið hjá einu þjóðfélagi, að krónuhækkun kaups um 60—70% milli ára gefur ekki nema 8—10% kaupmáttaraukningu, en veldur hins vegar óstöðvandi verðbólguhraða, sjá allir viti bornir menn að stefnt er í hreina ófæru sem getur ekki endað nema á einn veg, að gjaldmiðillinn lætur undan, krónan minnkar stöðugt og endalokin verða allsherjar efnahagslegt hrun.

Með efnahagsráðstöfunum þeim, sem samþ. voru á Alþ. í febr. 1978, var reynt að takast á við þessi mál af djörfung og festu. Til hins ítrasta var þess freistað að þeir, sem breiðust hefðu bökin, bæru þyngstu byrðarnar, og hinum, sem minni máttar voru, var hlíft eftir því sem unnt var, þó að um leið væri viðurkennd sú staðreynd að ef umtalsverður árangur á að nást í baráttunni við hinn sameiginlega óvin þjóðarinnar, verðbólguna, sem ekki hvað síst var afleiðing af óstjórn vinstri stjórnarinnar sem sat hér að völdum 1971—1973, verða allir að fórna einhverju, hjá því verður ekki komist.

Strax og ráðstafanir ríkisstjórnarflokkanna tóku gildi hófust gegn þeim hatrammar og hömlulausar mótmælaaðgerðir, pólitísk öfl, sem því miður eiga allt of mikil ítök í samtökum launþega, sáu sér leik á borði til að rangtúlka, afflytja og bera fram alls konar villandi upplýsingar um efnahagsaðgerðir stjórnarflokkanna. Tókst andstæðingum þáv. ríkisstjórnarflokka á þann veg að villa almenningi svo sýn að þessum lífsnauðsynlegu viðnámsaðgerðum stjórnvalda til bjargar efnahagslífi þjóðarinnar allrar var mætt með slíkum mótmæla- og lögbrotaaðgerðum að slíks ofstækis eru fá dæmi, þó að af mörgu slíku sé að taka hjá okkur í þessum málum á liðnum árum. Einnig skal á það bent, að aldrei fyrr munu stjórnmálaflokkar hafa misnotað aðstöðu sína í launþegasamtökunum af jafnmikilli fólsku og gerræði og viðhaft var strax við gildistöku febrúarlaganna. Nægir í því sambandi að benda á yfirgripsmikil ólögleg skyndiverkföll, sem hófust strax um mánaðamótin febr.-mars, víðtækt útflutningsbann á allar helstu útflutningsafurðir landsmanna og innflutningsbannið á olíu. Með þessum gerræðislegu ráðstöfunum, sem áttu eftir að hafa í för með sér stórkostlegt fjárhagslegt tjón fyrir þjóðina í heild, var beinlínis gerð tilraun til þess að skera á lífæð þjóðarinnar, slíkt var ofstækið og það allt af pólitískum uppruna.

Það er mál manna, að mjög hafi verið líkt á með þeim Alþb.- og Alþfl.-mönnum komið um skömm og heiður í sambandi við allt það gerningaveður sem þessir flokkar skópu í sambandi við efnahagsmálin, enda uppskera þessara flokka af hinni miklu formyrkvunar- og gerningastarfsemi, sem þeir viðhöfðu, allsvipuð, þó að fengur Alþfl. af þessari þokkaiðju hafi verið eitthvað ríflegri. Eftir stendur sú staðreynd, að aldrei mun í íslensku þjóðlífi hafa tekist að blekkja jafnmarga á jafnskömmum tíma þegar um almennar kosningar hefur verið að ræða, eins og þessum flokkum tókst í kosningunum 1978.

Ég hef talið rétt að rifja þessi mál upp allnákvæmlega með hliðsjón af þeirri fullyrðingu núv. stjórnarflokka, sem sýknt og heilagt eru að halda því fram að allar aðgerðir núverandi valdhafa byggist fyrst og fremst á svokölluðu nánu samráði við launþegasamtök landsmanna. Slíkt eru hin mestu öfugmæli. Það er fyrir löngu komið í ljós að slíkt samráð er hjóm eitt sem ekki byggist á neinu raunverulegu samráði eða samstarfi við launþegahreyfinguna í heild, eins og glögglega hefur komið fram hjá hæstv. forsrh., heldur er aðeins nú sem fyrr megináherslan lögð á það hjá stjórnarflokkunum, og á það alveg sérstaklega við um Alþb. og Alþfl., að halda pólitískri aðstöðu innan launþegasamtakanna. Það er aðalatriðið. Afkoma, hagsmunir allra hinna fjölmennu launþega, hinna ýmsu launþegasamtaka, skipta hér litlu máli. Höfuðmálið er pólitískur ávinningur þessara flokka hverju sinni, þó að slíkur ávinningur náist með blekkingum einum.

Lítið hefur orðið úr loforðum núv. stjórnarflokkanna um „samningana í gildi". Enn er við lýði hið svokallaða kauprán þeirra og kjaraskerðing. Hins vegar hefur bæst við stórkostleg hækkun almennra skatta, innflutningsgjöld hafa verið stórhækkuð og veruleg gengislækkun framkvæmd. Hliðarráðstafanir telja stjórnarflokkarnir sig hafa gert til þess að láta líta svo út að þeir hafi ekki svikið öll fögru loforðin sem þeir gáfu fyrir kosningarnar. En svo óskiljanlegar og vandreiknaðar eru þessar aðgerðir, hvort heldur er á sviði efnahagsmála eða svokallaðra félagslegra úrbóta, að einn af varaþm. Framsfl., sem hefur mikla þekkingu til að bera á sviði efnahagsmála, hefur haft um þessar ráðstafanir eitt orð, sem honum fannst lýsa ráðstöfunum þessum skýrast, en það er orðið „sullumall". Er það almennt mál manna að þar hafi umræddur aðili mjög vel hitt naglann á höfuðið.

Skjalfastar sannanir liggja hins vegar fyrir um það, að hefði febrúarráðstöfununum svokölluðu verið mætt — þó ekki hefði verið nema með hlutleysi, að maður tali ekki um með velvild og skilningi hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins, væri kaupmáttur launa svipaður og hann nú er. Þá hefði ekki þurft — og ég bið hlustendur að taka vel eftir því — að gera þær gífurlegu skatthækkanir og jafnstórfelida gengislækkun og framkvæmdar voru af núv. stjórnvöldum — og það sem kannske er hvað þýðingarmest, að væntanlega hefði fullur jöfnuður — ég endurtek: fullur jöfnuður náðst í ríkisfjármálunum. En eins og öllum er kunnugt vantar milljarðatugi á núgildandi fjárlög til þess að greiðslujöfnuði verði náð og það þrátt fyrir gífurlega aukna skattbyrði á einstaklinga og fyrirtæki. Staðreyndin er einnig sú, að ýmsar ríkisstofnanir skortir marga milljarða til þess að þær geti staðið undir rekstri eins og hann hefur verið ákveðinn af núv. stjórnvöldum, en með því móti er kaupgjaldsvísi-

tölunni haldið niðri og kaupmáttarstigi almennings haldið uppi á reikningslega fölskum forsendum. Hér fer ríkisstj. nákvæmlega að eins og fyrri vinstri stjórnir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að fjölyrða um einstaka kafla og greinar þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr. Hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Reykv. hafa í ræðum þeim, sem fluttar hafa verið á undan, gert frv. greinargóð skil.

Um frv. í heild má segja, að það markist fyrst og fremst af margvíslegum mismunandi sjónarmiðum. En við lestur þess verður maður þess greinilega var, að markmið frv. er umfram allt að þjóna þeim tilgangi að reyna að halda saman þeim sundurlyndu flokkum sem nú standa að stjórn landsins og, að því er best verður séð, eiga það nú eitt sameiginlegt að hanga í ráðherrastólunum svo lengi sem unnt er. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir, að umræddir flokkar hafa gersamlega misst tök á því að stjórna málefnum þjóðarinnar á þann veg að atvinnuvegir þjóðarinnar megi þróast og starfa með eðlilegum hætti.

Öll er stefna frv. óljós, hikandi og sundurlaus. Yfirleitt mótast ákvæði frv. af því að hindra eðlilegt, frjálst framtak einstaklinga og fyrirtækja. Hvergi finnst minnsti vottur af hvatningu til athafna eða framkvæmda. Í sumum greinum frv. er beinlínis að finna brigðmæli um áður markaða stefnu sem flm. þess, hæstv. forsrh., stóð þó að. Á ég þar við kaflann sem snertir verðlagsmál og framkvæmd þeirra. Að vísu var í svokallaðri samstarfsyfirlýsingu núv. stjórnarflokka ákvæði um frestun á gildistöku vissra þýðingarmikilla ákvæða hins nýja frv. um verðlagsmál sem samþ. voru á síðasta þingi, en þar var aðeins um frestun að ræða og í þessari hv. d. gaf hæstv. viðskrh. yfirlýsingu í þá átt, að ráð væri gert fyrir því að umrædd ákvæði tækju fullt gildi síðar.

Þá byggir frv. þetta mjög á ákvæðum væntanlegra reglugerða í sambandi við framkvæmd frv., ef það verður samþ. Það er hvorki meira né minna en fimm rn., nærri því helmingur allra rn., ætlað með reglugerðum að setja nánari ákvæði um framkvæmd hinna og þessara kafla frv., eins og það er orðað í því. Slík málsmeðferð sýnir best viðurkenningu flm. frv., hæstv. forsrh., á tómleikanum og vansmíðinni sem er á þessum mikla frv.-bálki. Stjórn með tilskipunarvaldi er ætlað að sitja í öndvegi. Íslendingar hafa langa reynslu af því að láta stjórna sér með tilskipunum og hana ekki góða. Ekkert er það í þessu frv. sem bendir til þess, að hinar nýju tilskipunarreglur muni reynast þjóðinni neitt betur en fyrr. Það ber því allt að sama brunni: Hvar sem maður ber niður í þessu frv. og hvernig sem reynt er að skilgreina efni þess er grundvallarbygging þess grautur af þeim ósamstæðu skoðunum sem þeir flokkar styðjast við sem standa að stjórn þeirri sem núv. hæstv. forsrh. veitir forustu.

Í samstarfsyfirlýsingu núv. stjórnarflokka, sem gefin var út við myndun núv. hæstv. ríkisstj., stendur svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hún (þ. e. ríkisstj.) mun einbeita sér að því að koma efnahagsmálum á traustan grundvöll og tryggja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, rekstrargrundvöll atvinnuveganna, fulla atvinnu og treysta kaupmátt launa."

Hvernig hefur núv. stjórnvöldum tekist að framkvæma þetta aðalatriði stjórnarsáttmálans? Staðreyndirnar blasa við. Stjórnin hefur gersamlega brugðist þessu hlutverki sínu, og það sem meira er: engri, blátt áfram engri eðlilegri verkstjórn hefur verið komið á innan ríkisstj. um skynsamlega framkvæmd mála. Ætli það sé ekki einsdæmi í stjórnarsamstarfi á Íslandi, að þannig fari að formaður ríkisstj. og aðalverkstjóri verði í áheyrn alþjóðar að skýra frá algeru samstöðuleysi innan stjórnar sinnar í þýðingarmestu málum þjóðarinnar? Með því að taka þann kost að standa einn að flutningi þessa frv. hefur hæstv. forsrh. beinlínis staðfest að liðsmenn hans í ríkisstj. láti ekki að stjórn, þ. e. að almennri yfirstjórn og stefnumörkun í málefnum þjóðarinnar verði ekki við komið. Allt er þetta vegna sundurlyndis og sundrungar stjórnarflokkanna, sem ekki geta komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut. Þegar svo er komið, er þá nokkur furða þó að spurt sé hvort nú sé ekki mælirinn fullur? Það liggur fyrir að innan ríkisstj. og stuðningsflokka hennar er ekki fyrir hendi sá kjarkur og dugur sem nauðsynlegur er til að taka á og leysa allra þýðingarmestu og vandasömustu málefni þjóðarinnar á hættutímum, þegar úrlausn þeirra þolir enga bið.

Þegar svo er komið sem nú hefur verið lýst er það hið minnsta sem hægt er að fara fram á við þessa úrræðalausu valdamenn, að þeir a. m. k. sýni þann kjark og manndóm sem þarf til þess að mæta til dóms hjá þjóðinni, sem sækja og verja mál sín í almennum kosningum og síðan sæta þeim úrskurði sem þjóðin kann að kveða upp í frjálsum lýðræðislegum kosningum. Þetta er það minnsta sem hægt er að krefjast af þeim villuráfandi ráðamönnum, sem nú sitja í valdastólunum. Þeim er stefnt fyrir dómstól þjóðarinnar og þeirri stefnu ber þeim að hlýða.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur lagt fram lagafrv. um stjórn efnahagsmála o. fl. Frv. þetta er ekki stjfrv., heldur er það flutt af ráðh. einum. Þetta er heldur óvenjuleg málsmeðferð, ekki síst í svo stóru og afdrifaríku máli. Við ráðh. Alþb. höfum mótmælt þessum vinnubrögðum og teljum þau óhyggileg. Að sjálfsögðu eiga stjórnarflokkarnir allir að standa sameiginlega að frv. um efnahagsmál — og það hefði vafalaust orðið ofan á ef ríkisstj. hefði tekið sér nokkurra daga frest til að leysa málið. En við lokaafgreiðslu þessa máls í ríkisstj. var lítill sveigjanleiki sýndur af hálfu samstarfsflokka Alþb. Neitað var frekari viðræðum um ágreiningsmál, sem upp kom rétt undir lokin. Öllum samráðum við fulltrúa launþegahreyfingarinnar var hafnað. Neitað var viðræðum við forustumenn Alþýðusambands Íslands og almennt neitað öllum frekari samningaviðræðum. Þannig var málinu siglt í strand meira af kappi en forsjá og öllum á óvart. Afleiðingin er að sjálfsögðu sú, að fullt samkomulag verður hálfu torfengnara en ella hefði verið. Þessi niðurstaða er þeim mun dapurlegri þegar haft er í huga að aðeins vantaði herslumuninn á að fullt samkomulag væri fengið.

Frv. það, sem hæstv. forsrh. flytur hér, er í raun og veru samkomulagsfrv. stjórnarflokkanna allra, ef VIII. kafli frv., um verðlagsbætur á laun, er undanskilinn. Þetta frv. byggir raunar í meginatriðum á sameiginlegu áliti þriggja ráðh. sem skiluðu skýrslu sinni til ríkisstj. 1. febr. s. l. Í þessari ráðherranefnd náðist samkomulag um 31 tillögu um aðgerðir í efnahagsmálum. Í tillögum þessum var fjallað um flesta þætti efnahagsmála, ríkisfjármál, peningamál og atvinnumál, en hæstv. forsrh. tók síðan að sér að setja saman frv. með hjálp embættismanna sinna.

Þegar frv. forsrh. sá dagsins ljós 12. febr. s. l. kom í ljós að hann hafði í fjölmörgum atriðum farið út fyrir þann

samkomulagsgrundvöll sem fyrir lá af hálfu ráðherranefndarinnar. Hann hafði í ýmsum efnum þrætt þá línu, sem samkomulag var um milli Alþfl. og Framsfl., þótt fyrir lægi að Alþb. væri á allt annarri skoðun og væri alls ekki reiðubúið að skrifa upp á slíka stefnu. Þess voru jafnvel dæmi, að í frv. hæstv. forsrh. væri hlaupið eftir hugmyndum sem Alþfl. hafði einn lagt áherslu á og fulltrúi Framsfl. í ráðherranefndinni hafði talið fásinnu að samþykkja. Þessi vinnubrögð hæstv. forsrh. komu mjög á óvart og eiga vafalaust lengi eftir að verða mönnum nokkur ráðgáta. Eðli sínu samkv. hlutu þau að tefja verulega fyrir því að samkomulag gæti tekist, hlutu að valda því að hávær átök hæfust milli stjórnarflokkanna á opinberum vettvangi. Það kom líka á daginn að í stað þess að afgreiða efnahagsmálin upp úr miðjum febrúar, eins og ráðgert hafði verið og allir áttu von á að loknum störfum ráðherranefndarinnar, hefur tekið rúman mánuð að ná samkomulagi um meginatriði frv. og vantar þó enn herslumuninn.

Við Alþb.-menn brugðumst hart við þegar frv. hæstv. forsrh. var lagt fram fyrir rúmum mánuði. Frv. þetta var líka verulega gallað, m. a. vegna þess að það samrýmdist ekki tveimur meginstefnumiðum þessarar ríkisstj., að tryggja fulla atvinnu í landinu og viðhalda þeim lífskjörum láglaunafólks sem um samdist í seinustu kjarasamningum. Þetta frv. var hlaðið af ískyggilegum tilhneigingum til að framkalla atvinnuleysi, eins og síðar verður nánar vikið að, og þótti mörgum með ólíkindum að framsóknarmaður hefði lagt þar hönd á plóginn.

Einum mánuði síðar hafa náðst fram stórfelldar breytingar á frv. þessu. Mörgum greinum þess hefur verið verulega breytt. Verstu ákvæði þess hafa verið strikuð út og tveir nýir kaflar komið inn í frv. Endanlegt samkomulag var því loksins í augsýn. Ekkert gat því réttlætt það, að forsrh. færi að flytja frv. í eigin nafni áður en allir þættir samkomulagsins væru komnir á hreint. Þessi vinnubrögð eru þeim mun óeðlilegri þegar haft er í huga að lengi hefur legið fyrir um hvað væri hægt að ná samkomulagi í vísitölumálinu og um hvað ekki. Síðan ráðherranefndin var að störfum hefur verið vitað að samkomulag gæti fyrst og fremst tekist um að setja verðbótavísitölu í 100 í eitt skipti og taka kerfisbundið tillit til viðskiptakjara að 30 hundraðshlutum. Þessi niðurstaða lá í loftinu þegar í fyrri hluta febrúar, en þegar hæstv. forsrh. lagði frv. sitt fram 12. febr. s. l. sáu allt aðrar hugmyndir dagsins ljós. Þar voru þræddar margvíslegar tillögur sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar voru þegar búnir að hafna í vísitölunefndinni, enda miðuðu þær bersýnilega að því að brjóta niður það varnarvirki launafólks sem verðtrygging launa felur bersýnilega í sér. Afleiðingin af þessum óheppilega tillöguflutningi varð svo sú, að vísitölunefndin leystist upp og samkomulag við fulltrúa launamanna náðist ekki að sinni.

Mánuði síðar, þegar samkomulag var loksins í augsýn um breytt frv., voru þessi mál komin nokkurn veginn í fyrra horf og við það var miðað að gera tvær meginbreytingar á verðbótavísitölu: að setja í 100, eins og það er kallað, og taka mið af viðskiptakjörum að 30 hundraðshlutum. Við ráðh. Alþb. höfðum hins vegar margfaldan fyrirvara á því, að um nánari útfærslu þessara breytinga yrði að hafa samráð við fjölmennustu heildarsamtök launafólks. Hér var um tæknilega útfærslu málsins að ræða sem hlaut að skipta verulegu máli, en þegar á reyndi neituðu samstarfsflokkar okkar öllum samráðum við launþegasamtökin um þennan þátt málsins, og sérstaklega neituðu ráðh. Alþfl. að taka nokkurt tillit til ábendinga sem fram komu frá miðstjórn Alþýðusambands Íslands. Sá texti, sem fyrir lá, var auðvitað ekki sá eini sem til greina gat komið. Þessi texti var undirbúinn af embættismönnum, og það var fyrst á mánudag að ráðh. varð almennt ljóst hvað á bak við hann bjó. Þetta var einfaldlega óhagstæðasti kosturinn sem völ var á frá stjórnarmiði verkalýðshreyfingarinnar, eins og ég mun nánar víkja að síðar, og fól í sér 2—3% meiri kjaraskerðingu en menn höfðu almennt gert ráð fyrir að fylgdi þessum breytingum. Í þennan texta embættismanna hélt Alþfl. dauðahaldi fram á seinustu stund og neitaði öllum brtt., stórum og smáum.

Nú var það bersýnilega ekki lengur aðalatriði, hvort mótuð yrði efnahagsstefna til langs tíma. Nú virtist það skipta öllu fyrir Alþfl., hvort honum tækist að raga niður tekjur láglaunafólksins um nokkur prósentustig. Í þessu skyni virtist flokkurinn reiðubúinn að fórna hverju sem var, jafnvel stjórnarsamvinnunni. Hver væri svo ávinningurinn af slíkri þrákelkni, ef stjórnarsamvinnunni væri fórnað? Afleiðingin yrði stjórnarkreppa, efnahagsleg ringulreið og ófriður á vinnumarkaði. Verðbólgan mundi æða aftur upp og árangursrík barátta stjórnarflokkanna gegn verðbólgunni á undanförnum mánuðum væri meira eða minna unnin fyrir gýg. Það er þetta sem heitir að henda barninu út með baðvatninu. Menn gerast svo gráðugir í að skera niður fleiri og fleiri prósentur, að áður en þeir vita af hafa þeir breytt góðum vinnufriði í opið stríð við launafólk í landinu.

Hver man ekki eftir slagorðum Alþfl. í seinustu kosningum um kjarasáttmála? Þetta var gott slagorð meðan verið var að fiska atkv. En hvernig birtist kjarasáttmáli Alþfl. í reynd? Kjarasáttmáli Alþfl. er einhliða lögbinding kjaraskerðingar í trássi við verkalýðshreyfinguna. Kjarasáttmáli Alþfl. er í því fólginn að hundsa algerlega ábendingar miðstjórnarmanna í Alþýðusambandi Íslands, hvort sem þeir koma úr flokki þeirra eða öðrum flokkum. Frekar skal samstarfi stjórnarflokkanna stefnt í bráðan voða en að gefið sé ráðrúm til að ræða við fulltrúa þessara fjölmennustu samtaka launamanna. Og þegar allt er svo komið í hnút, eins og var á þriðjudaginn var, þá er hlaupið í fjölmiðlana til að ljúga því að fólki að þrátt fyrir umtalsverða kjaraskerðingu muni kaupmáttur launa fara vaxandi á þessu ári. Líklega trúðu furðulega margir þessum fjarstæðukenndu fullyrðingum fremur en að treysta heilbrigðri skynsemi. Og hverju eiga menn ekki að trúa þegar fréttastofur útvarps og sjónvarps endurtaka þessa fjarstæðu að eigin frumkvæði hvað eftir annað? Staðreynd málsins er hins vegar sú, að vegna kaupránslaganna, sem sett voru fyrir einu ári og afnumin voru á s. l. hausti, er allt útlit fyrir að meðalkaupmáttur á þessu ári geti verið 1% hærri en meðalkaupmáttur á síðasta ári. Það er mál sem ekki varðar þetta frv., heldur skýrist einfaldlega af stórfelldri kjaraskerðingu á fyrri hluta seinasta árs. En afleiðingar þessa frv. eru ótvírætt þær, að kaupmáttur launa fer verulega rýrnandi frá því sem var á fyrsta ársfjórðungi, eins og hver maður getur sagt sér sjálfur og þarf ekki reiknimeistara til.

Það, sem á milli ber í þessari deilu, svarar til 3—4% í kaupi. Mörgum þykir það mikið, öðrum ekki. En munurinn er bersýnilega ekki meiri en svo, að ekki sé unnt að fara bil beggja. Satt að segja tel ég að þegar á allt er litið séu vinnubrögðin, sem viðhöfð hafa verið, það versta við

þetta frv.

Við Alþb.-menn erum eindregnir stuðningsmenn þessa samstarfs. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að sættir geti tekist og frv. fái afgreiðslu með ákveðnum breytingum. En við látum ekki ganga yfir okkur. Sjónarmið og ábendingar samtaka launafólks verður að taka til meðferðar með jákvæðu hugarfari og reyna samningaleið þegar á milli ber. Við Alþb.-menn getum ekki unað því, að heildarsamtökum launafólks — Alþýðusambandi Íslands — sé sýnd sú lítilsvirðing sem fólst í viðbrögðum ráðh. Alþfl. og Framsfl. við bréfi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands s. l. mánudag.

Í þingflokki Alþb., stjórn verkalýðsmálaráðs og framkvæmdastjórn hefur áldrei verið minnsti ágreiningur um að sjónarmið miðstjórnar Alþýðusambandsins hlytum við að styðja. Á fjölmennum fundi þessara stofnana með þeim miðstjórnarmönnum, sem náðist til s. l. mánudag, var alger eining um að Alþb. stæði ekki að flutningi þessa frv. nema tekið yrði tillit til sjónarmiða miðstjórnar Alþýðusambandsins um vísitölumálið. Um þetta var alger eining, enda var þessi afstaða í fullu samræmi við margyfirlýsta fyrirvara okkar ráðh. á fyrri fundum í ríkisstj. Tröllasögur dagblaða um átök og ágreining á þessum Alþb.-fundi milli stuðningsmanna og andstæðinga ríkisstj. eru alger uppspuni frá rótum, eins og þeir fjölmörgu geta vitnað um sem sátu þennan fund. En áður en ég vík nánar að atburðarásinni þessa seinustu daga, áður en frv. var lagt fram, vil ég fjalla um nokkur helstu efnisatriði þess og almennt um málefnaágreining stjórnarflokkanna þessa seinustu tvo mánuði.

Ég hef áður nefnt að í ráðherranefndinni var samstaða um rúmlega 30 efnisatriði. Hins vegar kom það strax fram þar, að áherslur flokkanna væru nokkuð mismunandi. Allir flokkarnir lögðu áherslu á sparnað og samdrátt í útgjöldum með einum eða öðrum hætti. Allir voru þeir sammála um að spara í ríkisrekstri, enda vafalaust víða unnt að auka hagkvæmni hjá hinu opinbera. En munurinn á afstöðu flokkanna lá einkum í því, að Alþfl. vildi stuðla að sem mestum samdrætti í framkvæmdum og draga með ýmsum hætti úr kaupmætti launa með breytingum á vísitölukerfi, en við Alþb.-menn lögðum mesta áherslu á sparnað í milliliðakerfi og í rekstri atvinnuveganna. Við bentum jafnframt á að markvissar hagræðingaraðgerðir, einkum á sviði sjávarútvegs og iðnaðar, eins og ég mun nánar víkja að á eftir, væru brýnasta verkefnið í íslenskum efnahagsmálum og þar mætti ná fram sparnaði á tiltölulega skömmum tíma sem næmi tugum milljarða kr. Við töldum sem sagt vænlegast að móta efnahagsstefnu til langs tíma með róttækum kerfisbreytingum sem stuðluðu að minni yfirbyggingu, minni tilkostnaði og meiri framleiðslu.

Núv. ríkisstj. setti sér þrjú meginmarkmið þegar hún kom til valda: að tryggja fulla atvinnu, tryggja óskert lífskjör og draga verulega úr verðbólgu. Þessi markmið eru öll mjög mikilvæg og þá ekki síst tvö þau fyrri. Verðbólgan er á niðurleið. Við höfum þegar náð umtalsverðum árangri í baráttunni við verðbólguna. Við skulum ekki fórna atvinnuöryggginu eða lífskjörum almennings í örvæntingarfullri tilraun til að draga hraðar úr verðbólgu en unnt er að gera með þolanlegum og skaplegum hætti.

Hlutfall fjárfestingar miðað við þjóðarframleiðslu er í algeru lágmarki á þessu ári, um 25%, og hefur ekki orðið lægra síðan á kreppuárunum 1969—1970 í tíð viðreisnarstjórnar. Núverandi atvinnuástand verður að heita viðunandi miðað við árstíma, en má þó ekki tæpara standa. Við Alþb.-menn höfum samþykkt þetta fjárfestingarhlutfall til bráðabirgða sem lið í baráttunni gegn verðbólgu, en við neitum frekari samdrætti í framkvæmdum og neitum raunar að fallast á þetta fjárfestingarhlutfall sem varanlega viðmiðun. Við teljum okkur skylt að vera vel á verði gagnvart atvinnuleysisvofunni. Þann draug viljum við hiklaust berja niður hvar sem hann birtist, a. m. k. meðan það er í okkar valdi.

Fjögur atriði í frv. forsrh., sem hann lagði fram um miðjan febrúar, voru bersýnilega að nokkru í ætt við atvinnuleysisdrauginn og hefðu óskyggileg samdráttaráhrif umfram það sem orðið er ef þau yrðu að lögum. Ekkert þessara atriða var að finna í sameiginlegu áliti ráðherranefndarinnar. Í þessu efni fór hæstv. forsrh. langt út fyrir þann ramma sem sameiginleg niðurstaða ráðherranefndarinnar markaði. En öllum þessum fjórum atriðum hefur nú verið breytt eftir mánaðar samningaþóf stjórnarflokkanna og er það vel.

Fyrst vil ég nefna vaxtamálin. Í ráðherranefndinni var það afstaða Alþb., að við gætum fallist á verðtryggingu lána sem tekin væru til lengri tíma en tveggja ára. Það er svo með skammtímalán, að enginn munur er á verðtryggingu annars vegar og háum vöxtum hins vegar þegar skammtímalán eiga í hlut. Við erum og höfum alltaf verið algerlega á móti því, að háir vextir yrðu settir á rekstrar- og afurðalán. Í fyrsta frv. hæstv. forsrh. var gengið út frá því sem meginreglu, að öll lán yrðu verðtryggð með einum eða öðrum hætti. Þetta hefði óhjákvæmilega þýtt, að mjög háir vextir hefðu einnig orðið á rekstrar- og afurðalánum og hvers konar skammtímalánum. Þessi ráðstöfun hefði haft lamandi áhrif á margvíslegan smárekstur. Ég er ekki í neinum minnsta vafa um að hundruð fyrirtækja hefðu orðið að draga saman seglin og segja upp starfsliði sínu ef þessi hefði raunin orðið á, þessi hefði orðið niðurstaðan. Afleiðingin hefði sem sagt óhjákvæmilega orðið almennur samdráttur í atvinnulífi. Nú hefur verðtryggingarkafla frv. verið breytt á þann veg, í samræmi við málamiðlun stjórnarflokkanna, að gengið er út frá því að sérstakar reglur gildi um rekstrar- og afurðalán.

Náskylt þessu atriði er það ákvæði fyrra frv. hæstv. forsrh. að hækka bindiskyldu úr 25% í 30%. Það var mat okkar Alþb.-manna, að hefði ákvæði þetta orðið að lögum hefði það haft þær afleiðingar að frysta um 7—10 þús. millj. kr., eftir því hvernig reiknað er og við hvað miðað er, af ráðstöfunarfé banka og sparisjóða. Áhrif þessara aðgerða hefðu óhjákvæmilega orðið stórfelldur samdráttur í atvinnulífi. Þjónusta bankakerfisins hefði dregist verulega saman. Nú er hins vegar samkomulag um það milli stjórnarflokkanna, að þessi grein skuli felld niður, og hún er ekki í þessu síðara frv. sem hæstv. forsrh. flytur. En samanlagt hefðu þessi tvö atriði, sem ég hef nú nefnt, ef þau hefðu orðið að lögum, óhjákvæmilega stuðlað að verulegu atvinnuleysi hér á landi að nokkrum tíma liðnum.

Þriðja atriðið þessu skylt er það ákvæði 30. gr. frv., að peningamagn í umferð skuli bundið þeim takmörkum að það aukist ekki um meira en 25% frá upphafi til loka árs, að teknu tilliti til árstíðabundinna sveiflna. Ef ákvæði þetta væri tekið bókstaflega og verðbólgan í þjóðfélaginu frá upphafi til loka árs væri 30% hlyti afleiðingin að verða neyðarástand í bankakerfinu. Það var vissulega

aðalkosturinn við þetta frv.-ákvæði, að enginn virtist gera ráð fyrir að þetta ákvæði yrði nokkurn tíma tekið alvarlega. Bankastjórar Seðlabankans höfðu m. a. lýst yfir í viðtölum við ráðherranefndina í janúar að hvergi á byggðu bóli fyndust lagaákvæði af þessu tagi, og í ráðherranefndinni taldi hæstv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, að fráleitt væri með öllu að lögfesta ákvæði í þessa átt.

Það er vissulega alveg ljóst, að þetta ákvæði var komið inn í frv. hæstv. forsrh. á sínum tíma fyrst og fresmt til þess að friða ákveðna menn í Alþfl., án þess að menn gerðu ráð fyrir að efni þess hefði nokkurt raunverulegt gildi. En til þess að tryggja að þessi grein verði merkingarlaus og geti með engum hætti orðið til skaða hefur sem *betur fer verið bætt þessum orðum inn í frvgr. ég* les viðbótina, með leyfi forseta:

„Frá þessum markmiðum má þó víkja, ef óvæntar breytingar verða á þjóðarbúskapnum, t. d. þannig, að atvinnuöryggi sé í hættu, eða ef séð er, að forsendur þjóðhagsspár um verðþróun á árinu 1979 standist ekki."

Nú veit auðvitað hver einasti þm. hér í salnum, að þessar forsendur eru þegar brostnar, og þarf þá enginn að hafa frekari áhyggjur af framkvæmd þessarar lagagreinar.

Fjórða ágreiningsatriði, ákvæði 11. gr. frv., að á árinu 1979 skyldu ákvarðanir í ríkisfjármálum við það miðaðar að heildartekjur og útgjöld á fjárl. héldust innan marka sem svaraði til 30% af vergri þjóðarframleiðslu og sama mark yrði 1980. Fjárlög 1979 hafa þegar verið afgreidd, eins og öllum er vonandi kunnugt um, og það er því einungis hjákátlegt að Alþ. ætli nú að setja lög um það, *hvernig* afgreiða skuli fjárlög fyrir árið 1979. Hitt ákvæðið er raunverulegt efnisákvæði, hvernig þessum málum skuli hagað á árinu 1980. Í fyrsta frv. forsrh. var beinlínis tekið fram, að sömu mörk skyldu þá gilda. Vissulega er ekki um það að ræða, að framkvæmd þessa ákvæðis hefði í för með sér samdrátt frá því fjárfestingarhlutfalli sem nú er ríkjandi. Fjárlagatölur ársins 1979 reiknaðar í hlutfalli við áætlun um verga þjóðarframleiðslu á verðlagi þessa árs leiða til þeirrar niðurstöðu að hlutfallið sé nú 28.5%, og því er hér nokkurt svigrúm fyrir hendi. Hitt er ljóst, að atvinnustarfsemi getur dregist saman af ýmsum ástæðum. Það hefur því verið sjónarmið okkar Alþb.-manna, að í því væri fólginn mikill öryggisventill að ríkisvaldið gæti aukið umsvif sín ef atvinnuleysi vofði yfir. Með lögbindingu væri hins vegar verið að binda hendur ríkisstj. með óeðlilegum hætti. Því höfum við neitað svo afdráttarlausu ákvæði um heildarútgjöld og tekjur ríkisins á árinu 1980. Nú hefur hins vegar orðið málamiðlunarsamkomulag milli stjórnarflokkanna um að orða þessa grein með þeirri viðbót varðandi markmiðið á árinu 1980, að frá því skuli víkja ef óvæntar og verulegar breytingar verði í þjóðarbúskapnum og sérstaklega ef ætla megi að hætta sé á atvinnuleysi. Þetta teljum við viðunandi breytingu og hefðum ekki verið reiðubúnir að samþykkja frvgr. í hinum fyrra búningi.

Fimmta meiri háttar ágreiningsefni varðar framlög til sjóða og félagslegra verkefna sem bundin eru í lögum. Alþfl. hefur um margra mánaða skeið lagt allt kapp á það í samvinnu og viðræðum stjórnarflokkanna, að öll framlög til sjóða og félagslegra framkvæmda, sem bundin eru í lögum, skyldu numin úr lögum, en ákveðin í fjárl. hverju sinni. Við Alþb.-menn höfum hins vegar verið andvígir slíkri ákvörðun. Vissulega getum við fallist á að lagaákvæðum af þessu tagi verði nokkuð fækkað, en í mörgum tilvikum er um að ræða framlög til félagslegra réttindamála, t. d. framlög í Byggðasjóð, framlög í Byggingarsjóð, Vegasjóð, Félagsheimilasjóð eða til ýmiss konar menningarmála. Við erum ekki reiðubúnir, án þess að hafa athugað málið miklu nánar, að slá því föstu að fé til þessarar starfsemi og þessara mála renni í ríkiskassann, en síðan eigi þingmeirihl. að slumpa á hverju ári á þá upphæð sem gangi til þessara þarfa hverju sinni. Ríkisstjórnir koma og fara og hreinskilnislega sagt óttumst við að framlög til félagsmála og ýmiss konar þjóðþrifamála mundu hugsanlega minnka verulega, ef þessi breyting yrði gerð. Við viljum því engu slá föstu nema að *nánar athuguðu máli*, og við fögnum því að orðalag þessarar greinar er á þann veg, að þessi framlög skuli tekin til endurskoðunar og kannað að hve miklu leyti þessi framlög verði framvegis ákveðin með fjárl. ár hvert.

Sjötta meiri háttar ágreiningsefnið í viðræðum stjórnarflokkanna hefur snúist um fjárfestingarmálin. Í ákafanum að skera niður fjárfestingar ríkisins til félagslegra þarfa hafa ýmsir samstarfsmenn okkar viljað gleyma því, að framkvæmdir ríkisins eru aðeins lítill hluti af heildarfjárfestingunni. Fjárfestingar annarra aðila eru harla skipulagslausar og oft mjög óhagkvæmar. Við höfum því lagt þunga áherslu á að komið yrði á heildarstjórn fjárfestingarmála, en samstarfsflokkar okkar hafa því miður ekki verið ýkjaopnir fyrir miklum breytingum á þessu sviði. Þó er nú kominn inn í þetta frv. nýr kafli, V. kafli, sem komið hefur inn í frv. við seinustu meðferð þess í ríkisstj., og við í Alþb. teljum að þessi kafli sé mjög til bóta. Þar er fjallað um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri. Þar segir, í 22. gr., að rn. einstakra atvinnuvega skuli hafa forgöngu um gerð atvinnuvegaáætlana hvert á sínu sviði. Við áætlanagerðina skuli sérstaklega miðað að frekari vinnslu og bættri nýtingu innlendra hráefna og kannaðar hugmyndir og gerðar áætlanir um nýjar atvinnugreinar er treyst gætu undirstöðu þjóðarbúskaparins.

Í 23. gr. er um það fjallað, að ráðh. viðkomandi atvinnugreina ásamt forsrh. annist nauðsynlega samræmingu við gerð atvinnuvegaáætlana. Við Alþb.-menn teljum að þarna sé fenginn nokkur vísir að raunverulegu áætlunarráði. Þessir aðilar eiga að sjá til þess, að samræmi sé milli atvinnuvegaáætlana og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar, en í 19. gr. kemur skýrt fram, að undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlana sé á vegum ríkisstj. og að ríkisstj. leggi fyrir Alþ. slíkar áætlanir fyrir eitt ár í senn og skuli þær fylgja fjárlagafrv. Öll eru þessi ákvæði mjög til hins betra og við fögnum því að þessi breyting hefur verið gerð á frv.

Við undirbúning þessa frv. höfum við Alþb.-menn lagt mjög þunga áherslu á stóraukna hagræðingarstarfsemi. Ég held að það sé ekki um deilt að íslenskur atvinnurekstur sé mjög óhagkvæmur og illa búinn að tækjum og vélum. Með skipulagsbreytingum og hagræðingu, einkum í sjávarútvegi og almennum iðnaði, væri vafalaust unnt að stórauka verðmæti framleiðslunnar og draga úr framleiðslukostnaði. Við teljum því að þau ákvæði, sem finna má í 26. gr. frv., séu til mikilla bóta, en þar er gert ráð fyrir að til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins skuli ríkisstj. útvega sérstaklega 1000 millj. kr. að láni á þessu ári og 2000 millj. á næsta ári. Ákvæði

um sparnað í milliliðakerfinu eru því miður nær engin í þessu frv.

Við Alþb.-menn höfum ítrekað gert kröfu til þess að dregið sé úr þeim gífurlega kostnaði sem núverandi milliliðakerfi hefur í för með sér. Við höfum bent m. a. á að eðlilegt sé að rækileg athugun fari fram á vöruflutningum til landsins og frá landinu með það fyrir augum að draga úr kostnaði við þessa flutninga og lækka þannig almennt vöruverð í landinu og minnka útgjöld útflutningsaðila. Við höfum í öðru lagi lagt til hvað eftir annað að boðinn yrði út innflutningur á vissum stórum vöruflokkum og útboðsskilmálar yrðu í samræmi við lægsta verð á erlendum mörkuðum. Við höfum enn fremur lagt það til, að komið yrði á einfaldara og ódýrara rekstrarkerfi í olíusölumálum. Fyrsta skrefið í þá átt yrði stofnun olíuheildsölu ríkisins. Olíuheildsalan hefði svo með höndum öll innkaup til landsins á bensíni og hvers kyns olíuvörum til brennslu og smurnings og annaðist flutning á þeim til birgðastöðva í landinu og ræki slíkar innflutnings- og birgðastöðvar. Við höfum ennfremur lagt það til, að knúið yrði á um lækkun vátryggingagjalda, m.a. með útboði á stórum tryggingaþáttum, og að sett yrðu í lög ströng starfsskilyrði fyrir tryggingafélög, þeim fækkað og iðgjöld lækkuð. Því miður hafa þessar tillögur okkar ekki átt enn sem komið er upp á pallborðið hjá samstarfsflokkum okkar. Í ráðherranefndinni var ákveðið að leggja til að nefnd yrði skipuð til að gera tillögur um skipulag olíuverslunar í landinu. Ég vænti þess, að tillaga þessi komi til framkvæmda fyrr en síðar, en ég harma hins vegar að í frv. skuli ekki vera nein ákvæði sem stuðla að því að draga verulega úr þeim gífurlega kostnaði sem núverandi milliliðakerfi hefur í för með sér.

Um viðskiptamál er nokkuð fjallað í frv. þessu, enda hafa þau mál verið mjög til umr. nú í seinni tíð. Í fyrsta frv. hæstv. forsrh. var gert ráð fyrir varðandi hin nýju verðlagslög, sem samþykkt voru með stuðningi Framsfl. og Sjálfstfl. og með atkvæðum eins eða tveggja þm. Alþfl. á þingi fyrir einu ári, að framkvæmd þeirra laga yrði flýtt um tvo mánuði. Nú stóð það að vísu aldrei til af hálfu okkar Alþb.-manna að þessi lög tækju gildi óbreytt. Við höfðum ávallt gert ráð fyrir því, að þessi lög yrðu tekin til endurskoðunar áður en þau kæmu til framkvæmda. Það er því alrangt, sem fram kom áðan í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að gefin hafi verið fyrirheit um að þessi lög kæmu til framkvæmda óbreytt. Þá hefur hann misskilið málin heldur en ekki. Það datt okkur Alþb.-mönnum aldrei í hug.

En nú hefur verið fjallað um þessi mál og í því nýja frv., sem hér liggur fyrir, eru gerðar verulegar breytingar á lögum þessum. Í gildandi lögum er það meginreglan, að álagning skuli vera frjáls nema í undantekningartilvikum. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er þessu hins vegar snúið við, enda segir í 3. mgr. 58. gr., með leyfi forseta:

„Það skal vera meginregla að vöruverð sé háð verðlagseftirliti og verðlagsákvæðum. Þó getur verðlagsráð, að fengnu samþykki ríkisstj., heimilað að fella einstaka vöruflokka undan verðlagsákvæðum."

Frjáls álagning er hér aðeins hugsanleg sem undantekningartilvik. Ég þarf víst engum að segja það, að við teljum að þessi breyting á frv. sé mjög verulega til bóta.

Herra forseti. Því miður leyfir tími minn ekki að farið sé yfir öll þau ákvæði sem tekið hafa breytingum við meðferð ríkisstj. og umr. seinasta mánuðinn um þetta frv. Ég hef hins vegar dregið hér fram helstu ágreiningsmálin. En þó hef ég lítið vikið að seinasta ágreiningsefninu, sem enn bíður úrlausnar, þ. e. að kjaramálum og að verðbótaákvæðum frv.

Það hefur áður komið fram í máli mínu, að um seinustu helgi hafði tekist samkomulag um alla kafla þessa frv. nema VIII. kaflann. Varðandi þann kafla hafði þó tekist óformlegt samkomulag á þann veg, að einu breytingarnar, sem yrðu gerðar á núverandi verðbótakerfi, miðuðust við að verðbótavísitala yrði sett í 100 og tekin yrði upp viðmiðun við viðskiptakjör. Við ráðh. Alþb. höfðum hins vegar margfaldan fyrirvara á orðalagi þessara ákvæða og hvernig tæknilegri útfærslu málsins yrði háttað. Auðvitað var óhjákvæmilegt að ræða þessi mál nánar við hagfræðinga Þjóðhagsstofnunar og þá ekki síður við forustumenn launþegasamtakanna og hagfræðilega ráðunauta þeirra áður en endanlegar ákvarðanir yrðu teknar. Ýmis tæknileg atriði hlutu að orka tvímælis, enginn gat verið í vafa um það. Einföld setning, sem lætur lítið yfir sér, getur búið yfir talsverðri kjaraskerðingu þótt lítið beri á, og einmitt þannig var það í þessu tilviki. Tímans vegna get ég aðeins leyft mér að nefna hér eitt atriði af mörgum sem verið hafa til umr. og snerta tæknilega útfærslu málsins, en það er það atriði sem varðar viðmiðun við viðskiptakjör.

Við Alþb.-menn höfðum fallist á að við útreikning verðbótavísitölu verði tekið eðlilegt tillit til breytinga á viðskiptakjörum. Það er ekki eðlilegt að ef verðlag á innfluttum vörum hækkar snögglega upp úr öllu valdi fái þjóðin öll kauphækkun út á það, þá fái sérhver launamaður það borið uppi í hækkuðu kaupi. Við föllumst fúslega á að breytingar, sem sníða af þær hækkanir eða lækkanir sem verða á vísitölu viðskiptakjara, séu skynsamlegar frá efnahagslegu sjónarmiði. Þær stuðla að efnahagslegu jafnvægi og leiða til þess að sveiflur í verði vöru, sem við flytjum inn á hverju ári og raunar á hverjum degi, jafnist frekar út í efnahagskerfi okkar en að þær magnist upp. Nú seinustu mánuði hafa viðskiptakjör farið versnandi. Vissulega hlýtur viðmiðun við viðskiptakjör þá að hafa einhverja kjaraskerðingu í för með sér til bráðabirgða. En viðskiptakjörin geta allt eins farið batnandi þegar fram líða stundir, eins og þau hafa gert, og þá mundi þessi tenging við viðskiptakjör verða kjarabót, en ekki kjaraskerðing.

Það er einnig staðreynd að viðskiptakjör hafa farið hægt og þétt batnandi seinustu áratugi. Við teljum því að verkalýðshreyfingin geti óhrædd fallist á kerfi af þessu tagi. Í fyrsta frv. forsrh. var við það miðað, að mæling viðskiptakjara yrði miðuð við meðalviðskiptakjör 1978 annars vegar og hins vegar sem síðari tímapunkt við viðskiptakjör á seinasta ársfjórðungi 1978 að miklum meiri hluta til. Þessi tilhögun hefði táknað minni hækkun verðbóta á laun sem numið hefði rúmu 1 prósentustigi þegar tillaga forsrh. var lögð fram í febrúarmánuði. Í síðari útgáfu frv. hafa allar dagsetningar hvað þetta atriði snertir verið færðar fram um þrjá mánuði, þannig að nú er talað um fyrsta ársfjórðung 1979 í staðinn fyrir fjórða ársfjórðung 1978, nú er talað um 1. júní í staðinn fyrir 1. mars o. s. frv., að undanskildu einu atriði, þ. e. a. s. við hvað grunnviðmiðun viðskiptakjara miðist. Við ráðh. Alþb. bentum strax á að eðlilegast væri að breyta grunnviðmiðun viðskiptakjaranna í samræmi við þá breytingu á dagsetningum sem þegar hafði verið gerð í frv., þannig

að í staðinn fyrir 12 mánuði ársins 1978 væri miðað við viðskiptakjör á 9 mánuðum ársins 1978 og þremur fyrstu mánuðum ársins 1979. Við töldum að eðlilegt væri, úr því að öllum dagsetningum hafði verið hnikað til sem svaraði þremur mánuðum og þær færðar fram, að þessi dagsetning væri einnig háð nákvæmlega sömu breytingu. Þetta töldum við eðlilega og sanngjarna kröfu. Þannig reiknuð hefði viðskiptakjaraviðmiðunin valdið hliðstæðri skerðingu og áður hafði verið reiknað með, eða 1.3 hundraðshlutum. En samstarfsflokkarnir héldu fast við það að breyta ekki grunnviðmiðun viðskiptakjaranna, því að með því að halda fast í þessa einu dagsetningu og breyta öllum hinum verður kjaraskerðingin 3%, en ekki rúmlega 1%, þegar aðrar dagsetningar hafa verið færðar fram. Það er sem sagt vísvitandi valin sú tæknilega útfærsla sem mestri skerðingu veldur. Sama gildir um ýmislegt annað orðalag í verðbótakafla frv. Þar hallar alvarlega á rétt launafólks til verðbóta, svo að samanlagt verður kjaraskerðingin, sem fólgin er í þessum kafla frv., rúm 6%.

Auðvitað var óhjákvæmilegt að ræða þessi tæknilegu og flóknu atriði, sem ég hef nú gert að umtalsefni, við fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. Auðvitað kom ekki til greina að velja óhagstæðustu útgáfuna á þessu ákvæði. Það var okkar fyrirvari, þegar frv. var öðru sinni sent út á mánudag fyrir einni viku, m. a. til miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, að þetta yrði að ræða nánar. Þá höfðu forustumenn Alþýðusambands Íslands haft þennan texta til athugunar að mínu frumkvæði í rúman sólarhring og hagfræðilegir ráðunautar miðstjórnarinnar höfðu þá haft ráðrúm til að átta sig á ýmsum kjaraskerðingaráhrifum þess texta sem fyrir lá. Á fundi þingflokks, miðstjórnar og framkvæmdastjórnar Alþb., þar sem einnig voru saman komnir fulltrúar í stjórn verkalýðsmálaráðs Alþb., greindum við ráðh. Alþb. frá þessum margyfirlýstu fyrirvörum okkar, og það var þá einróma niðurstaða fundarmanna að fyrirliggjandi texti verðbótakaflans væri óviðunandi með öllu. Hins vegar brá svo við á ríkisstjórnarfundi þetta sama kvöld, að ábendingum miðstjórnar Alþýðusambandsins var algerlega hafnað og hafnað að taka upp viðræður um tæknilega hlið málsins.

Á fundi þingflokks Alþb. og stjórnar verkalýðsmálaráðs daginn eftir, þ. e. a. s. l. þriðjudag, var samþykkt í samráði við okkur ráðh. flokksins og með öllum greiddum atkv. gegn tveimur — þessir tveir vildu ganga lengra — að leggja fram till. í ríkisstj. um málamiðlun, þar sem lagfærð yrðu þrjú af þeim fimm atriðum sem deilan stóð um. Það var síðan gert. En ráðh. Alþfl. neituðu enn á ný að fallast á nokkra minnstu breytingu á þessum kafla frv. Auðvitað hefði verið eðlilegast, þegar hér var komið, að leggja frv. fram án þessa kafla, meðan samkomulag var ekki fengið, og gefa sér tíma til að semja um málið, en sú varð ekki niðurstaðan og því er nú málið allt erfiðara viðfangs en ella hefði verið.

Ég hef gert grein fyrir atburðarás seinustu daga eins og hún kemur okkur Alþb.-mönnum fyrir sjónir, og ég hef fjallað hér um þær breytingar sem orðið hafa á efnahagsfrv. í seinasta mánuði. Vissulega hefðum við Alþb.-menn viljað gera miklu meiri breytingar á þessu frv. Það er ekkert launungarmál að ýmislegt í frv. er okkur lítt að skapi. En við höfum sannarlega reynt að teygja okkur til hins ítrasta til að samkomulag gæti tekist. Á hitt er og að líta, að stórfelldar breytingar hafa verið gerðar á frv. í samræmi við óskir okkar, og það ber alls ekki að vanmeta. Þó er augljóst að margt vantar í frv. þetta. Hér er ekki að finna þá markvissu fjárfestingarstjórn sem við höfum lagt hvað þyngsta áherslu á. Hér eru ekki nein ákvæði, eins og ég rakti áðan, um sparnað í hagkerfinu, t. d. endurskipulagningu olíusölu eða vátryggingarmála, fækkun banka eða róttækar ráðstafanir til lækkunar á verði innfluttra vara. Hér eru ekki heldur nein ákvæði um skattamál, eins og við höfum þó margoft gert kröfu til, eða skattlagningu stóreigna, sem ýmsir hafa komist yfir á ótrúlega skömmum tíma í krafti verðbólgu seinustu ára. En þrátt fyrir alla þessa annmarka, þrátt fyrir ófullkomleika þessa frv. og þrátt fyrir megna óánægju með vinnubrögð í ríkisstj. við undirbúning þessa máls erum við Alþb.-menn reiðubúnir til að samþykkja frv. með nokkrum breytingum, sem úrslitum hljóta að ráða.

Ég held að það leyni sér ekki, að allur þorri fólks vill að þessi stjórn sitji áfram. Mér virðist margt benda til þess, að núverandi stjórnarsamstarf njóti stuðnings langt út fyrir raðir þeirra manna sem talist geta stuðningsmenn einhvers stjórnarflokkanna. Ástæðan er einfaldlega sú, að fólk veit og sér að ef þessi stjórn færi frá tæki við stjórnleysi og efnahagsleg ringulreið um margra mánaða skeið. Fólk óttast efnahagslegt öngþveiti eins og það sem var að skella yfir þjóðina s. l. haust þegar þessi stjórn tók við. Fólk óttast atvinnuleysi ef allt fer í hnút. Fólk hræðist þá íhaldsstjórn sem hugsanlega tæki við að nokkrum tíma liðnum.

Menn fagna þeim vinnufriði, sem skapast hefur á undanförnum mánuðum, og menn finna að þessi ríkisstj. hefur ein möguleika til að ná upp því samstarfi milli ríkisvalds og verkalýðshreyfingar sem þarf að vera til staðar á erfiðum tímum. Þess vegna eru þeir býsna margir sem horfa til okkar með þá von í brjósti, að okkur takist að setja niður þessar deilur og semja um þann ágreining sem enn ógnar framtíð þessa stjórnarsamstarfs. Við Alþb.-menn teljum að þessir þrír flokkar geti unnið saman og eigi að vinna saman. Að vísu skal það játað að þriggja flokka stjórn er vafalaust erfiðari í framkvæmd en tveggja flokka stjórn. Samningar verða tímafrekari og flóknari, þegar þrír eiga að semja, og ágreiningsefnin að sama skapi erfiðari viðfangs. En við verðum að sætta okkur við hlutina eins og þeir eru. Hitt kemur á móti, að þessir þrír flokkar eiga margt sameiginlegt. Ekki er þó unnt að loka augunum fyrir því, að í Alþfl. er hópur manna sem hefur verið andvígur þessari ríkisstj. frá öndverðu. Þessi hópur á talsverð ítök í þingflokknum og þó enn meiri í flokksstjórn og hefur haldið uppi látlausum skæruhernaði á hendur þessari ríkisstj. allan starfstíma hennar með stöðugum kröfum um að lagt sé í styrjöld við verkalýðshreyfinguna og samtök bænda. Ráðh. Alþfl. eru ekki í þessum hópi. Þeir hafa aftur og aftur lent í minni hl. í sínum flokki og verið beygðir undir ok þessa íhaldssama hóps. Samkomulag um þetta frv. og þar með um framtíð ríkisstj. veltur sem sagt algerlega á því, hvort þeir menn verða ofan á innan Alþfl. sem ekkert vilja gefa eftir í einu eða neinu og stefna því bersýnilega að stjórnarslitum nú þegar, eða þá hitt, hvort þau öfl í flokknum ná aftur forustunni sem vilja áframhaldandi samvinnu.

Í máli mínu hér á undan hef ég nokkuð gagnrýnt hæstv. forsrh. fyrir meðferð hans á þessu máli. Það verður að segja hverja sögu eins og hún er. Laumuleg meðferð ágreinings í svo mikilvægu máli er ekki í neinu samræmi

við tímans kall. Hitt vil ég láta koma fram, að við Alþb.-menn treystum forsrh. fullkomlega til að beita sér nú fyrir nauðsynlegri málamiðlun, svo að frv. þetta nái fram að ganga. Hann hefur traust okkar og við væntum forustu hans á lokastigi þessa máls. Vissulega hefði hann ekki átt að leggja frv. fram einn og í andstöðu við stærsta stjórnarflokkinn. Hann hefði fremur átt að fresta afgreiðslu málsins og standa fyrir frekari viðræðum um verðbótakafla frv., m. a. við miðstjórn Alþýðusambands Íslands. Hitt hefur komið skýrt fram í máli mínu, að forsrh. var bersýnilega reiðubúinn að ganga til móts við málamiðlunartillögur okkar Alþb.-ráðh. á seinasta ríkisstjórnarfundinum sem fjallaði um frv. Þar stóðu framsóknarmennirnir ekki í veginum, en það voru ráðh. Alþfl. sem neituðu allri málamiðlun.

Ég er ekki í vafa um að nú á lokastigi málsins væri auðvelt fyrir Framsfl. og Alþb. að ná samkomulagi, sem báðir flokkar geta við unað, um lausn þeirra ágreiningsmála sem eftir standa. Ég veit líka að margir Alþfl.-menn gera sér fullkomlega grein fyrir því, að verði flokkur þeirra áfram ósveigjanlegur í afstöðu sinni til málamiðlunar og verði þannig valdur að því að kollvarpa þessari ríkisstj. uppsker hann litlar þakkir í þeim kosningum sem á eftir munu fylgja. Staðreyndin er sú, að fólk er ekki ákaft í kosningar, ekki ákaft í að fella þessa stjórn og ekki ákaft í að skerða kjör láglaunafólks um 6—7% á sama tíma og „þökin" rjúka af launum hátekjumanna, sem flestir fá nú 5—10% kauphækkun. Þetta skilja forustumenn Alþfl. og því er full ástæða til bjartsýni um framgang þessa frv. þegar nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, á sér þó nokkurn aðdraganda. Í desembermánuði s. l. setti Alþfl. fram hugmyndir sínar um þetta efni í frv.-formi, um leið og hann knúði á um að slíkt frv. yrði flutt. Fyrirliggjandi frv. er þannig skilgetið afkvæmi frv. Alþfl. og framtaks Alþfl. frá því í desembermánuði s. l. og í því frv., sem hér er til umr., er að finna flest þau atriði sem fram voru sett í frv. Alþfl. frá þessum tíma. En menn kunna að spyrja: Hvers vegna hefur Alþfl. lagt slíkt kapp á að flutt yrði frv. um efnahagsstefnu og efnahagsstjórn? Svarið er einfalt. Til þess að árangur náist þarf samræmt átak á mörgum sviðum efnahagslífsins. Þessi sjónarmið Alþfl. hafa nú hlotið stuðning með flutningi fyrirliggjandi frv.

Auðvitað er þetta frv. málamiðlun milli ýmissa skoðana og ekki að öllu leyti eins og Alþfl. hefði helst kosið, en í því er þó að finna merka stefnumótun. Alþfl. hefur því lýst yfir stuðningi við frv. eins og það liggur fyrir, enda hefur verið um það fjallað í helstu stofnunum flokksins, svo sem flokksstjórn, þingflokki og verkalýðsmálaráði.

Undanfarin ár og missiri hafa einkennst af linnulausum umr. um efnahagsmál. Látlaust er talað um að koma verðbólgunni niður eða stemma stigu við verðbólgunni. Látlaust er talað um að draga úr erlendri skuldasöfnun. En árangurinn hefur látið á sér standa. Þegar markmiðin eru rædd eru allir sammála, en þegar kemur að framkvæmdinni hefur samstaðan reynst minni, bæði milli flokka og úti í þjóðfélaginu, og á meðan bíða framfaramálin.

Þegar menn skoða frv. það, sem hér er til umr., held ég að menn eigi að skoða það í ljósi þessarar linnulausu umr. og hvernig hafi til tekist á undanförnum árum. Hvernig tókst t. d. til hjá seinustu ríkisstj.? Hefur hún mikið til að guma af? Á stjórnartímabili hennar var verðbólgan á bilinu 32—53% á ári hverju. En hvað hefur þá verið að? Jú, að menn hafa ekki sameinast um að beita þeim tækjum, sem nauðsynleg eru, með samræmdum hætti og talið um markmið eins og að draga úr verðbólgu og erlendri skuldasöfnun hefur því reynst marklítið. Og enn er verðbólgan geigvænleg. Sumir græða á henni, en aðrir tapa og þeir tapa mest sem verst eru settir og ekki hafa aðgang að bankakerfinu og alls konar fyrirgreiðslum.

Menn benda á að þetta frv. sé að ýmsu leyti sérstætt og það er rétt. Þetta frv. er í sjálfu sér einstætt. Það er einstætt vegna þess að þau viðfangsefni, sem við er að fást, eru geigvænleg. Það er einstætt vegna þess að aldrei áður hefur verið gerð tilraun til þess að taka á efnahagsmálunum með þessum hætti. Við kunnum því vel, Alþfl.-menn, að þannig sé um þetta frv. rætt rétt eins og sagt var um frv. okkar frá því í des., því að við lifum á einstæðum tímum og við meiri óvissu og erfiðari aðstæður en oftast áður. Gömlu aðferðirnar hafa ekki dugað. Þess vegna er þörf nýrra aðferða. Þetta frv. vísar til réttrar áttar.

Ég mun ekki fjalla um alla þætti frv., en vil minna á nokkra þeirra. Þar er að finna atriði sem varða bætta hagstjórn, eins og það að fjárlög og lánsfjáráætlun skuli lögð fram samtímis og afgreidd samtímis á grundvelli þjóðhagsáætlunar. Það er einmitt misræmi í þessum efnum og skortur á heildaryfirsýn sem hefur orðið til þess að fjárlög ríkisins og lánsfjáráætlun hafa ekki orðið þau stjórntæki sem þau geta verið og nauðsynlegt er að þau séu. Fjárl. hafa togað í norður og lánsfjáráætlun í suður, og hin þjóðfélagslegu markmið, atvinnan, verðlagsþróunin og erlend skuldasöfnun, hafa þá gleymst. Þær forsendur, sem fyrir hendi eru í þjóðarbúskapnum, hafa svo legið á milli hluta. Þessar aðferðir hafa leitt til óförnaðar. Þær eru stjórnleysið uppmálað.

Í II. kafla frv. er fjallað um samskipti stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda. Með því er ætlað að tryggja að samráð geti verið á milli þessara mikilvægu heildarsamtaka og ríkisvaldsins. Í frv. er enn fremur að finna takmörkun á niðurgreiðslum og markmið sem eru sett fram til þess að draga úr niðurgreiðslum í áföngum. Þessi ákvæði eru mikilvæg, af því að ótæpilegar niðurgreiðslur skekkja verðmyndunina og framleiðsluna til lengri tíma litið og þær bjóða heim misnotkun eins og dæmin sanna.

Þá eru í frv. ákvæði sem varða takmörkun á ríkisumsvifum, þannig að heildartekjur og heildargjöld ríkisins skuli ekki fara yfir 30% af vergum þjóðartekjum. Þetta er beinlínis trygging gegn ótæpilegri skattlagningu. Í frv. eru ákvæði um að draga úr peningamagni í umferð, um að koma á raunvöxtum í áföngum á næstu tveimur árum og um verðtryggingu sparifjár og útlána. Þá er gert ráð fyrir uppskurði á sjóðakerfinu og bundnum framlögum ríkisins. Í frv. er fjallað um vinnumarkaðsmál sem feli í sér upplýsingamiðlun til þess að auðvelda yfirsýn yfir vinnumarkaðinn. Þá eru líka kaflar um launastefnu og þar með verðbætur á laun, verðlagsmál, atvinnuvegaáætlanir og jöfnunarsjóði sjávarútvegsins.

Þeir, sem halda því fram, að þetta frv. fjalli einungis um verðbætur á laun, fara vissulega villir vegar. Mörg merkustu ákvæði frv. eru einmitt um önnur efni. Ég tek það í fyrsta lagi, að sett skuli fram tiltekin töluleg

markmið, tiltekin viðmiðunaratriði til þess að miða stjórn efnahagsmála við á næstu árum. Þau markmið eru auðvitað sett án þess að atvinnu sé stefnt í hættu, enda beinlínis tilgangurinn að treysta atvinnuöryggið í bráð og lengd. Ég vísa algerlega á bug öllum fullyrðingum um að stefnt sé að atvinnuleysi. En verðbólgan og stjórnleysið *getur hins vegar lagt atvinnuvegina í rúst. Ég tek það líka* sem stefnumarkandi atriði, tímamótaatriði, að koma skuli á jákvæðum raunvöxtum í áföngum. Ég tel það líka til tímamótaatriða að upp skuli tekið ákvæði um að ná heildarendurskoðun á sjóðakerfinu og taka viðjar hinna bundnu framlaga ríkisins til endurskoðunar. Allt eru þetta baráttumál. Alþfl., og ég ítreka það enn og aftur, að þeir, sem einskorða umr. sínar við verðlags- og launamál og gera því skóna að það sé meginefni frv., renna enn skeið hinnar gömlu steinrunnu og ófrjóu umræðu um efnahagsmál sem hefur haldið þjóðinni og stjórnmálunum í viðjum á undanförnum árum. Út úr því eigum við að brjótast.

Lítum nánar á nokkur þessara atriða.

Við Alþfl.-menn höfum barist fyrir því að upp verði teknir jákvæðir raunvextir jafnframt því sem greiðslubyrðin yrði lækkuð á lánum og henni dreift yfir lengri tíma. En hvers vegna höfum við barist fyrir þessu máli? Jú, vegna þess að þá peninga, sem menn fá að láni, eiga menn að greiða til baka í sömu verðmætum og þegar þeir fengu þá að láni. Annars er hreinlega um skuld að ræða. Og þeir, sem eiga sparifé, eiga að fá eðlilega ávöxtun af því. Annars er frá þeim stolið.

En fleira kemur til. Ef á að stjórna fjárfestingunni *verða vextir að vera jákvæðir, annars brestur kerfið og* skömmtunarvald bankastjóra og sjóðsstjórna verður yfirgnæfandi. Fjárfestingin leitar ekki þangað sem hún skilar mestum afrakstri í þjóðarbúið, mestu til vinnandi handa, heldur leitar hún til þeirra sem eiga gott samband við bankastjóra og sjóðsstjóra. Hinir jákvæðu raunvextir fela því í sér margþætta bragarbót eða í fáum orðum sagt: betri fjárfestingarstjórn og aukið réttlæti.

Talsmenn Sjálfstfl. hafa tjáð sig bæði með og móti þessu ákvæði og í rauninni flúið í það skjól að segja sem svo, að bankarnir skuli ákveða stefnuna fyrir Sjálfstfl. Við Alþfl.-menn höfum háð harða rimmu við aðra flokka um þetta mál. Þeir, sem berjast gegn þessu máli, vilja áframhaldandi spillingu, vilja áframhaldandi óstjórn.

Þá er í frv. ákvæði um að halda peningamagninu í skefjum. Óheft seðlaprentun, sem ekkert stendur á bak við, kyndir undir verðbólguna og hún getur einungis endað með því að erlend skuldasöfnun aukist.

Lítum svo á ákvæðið um uppskurð á sjóðakerfinu. Tilgangur þess er tvíþættur. Annars vegar á það að vera til að samræma lánskjörin milli sjóðanna, en eins og nú er ræður happa- og glappaaðferðin því, hvers konar kjör eru á lánum. Í öðru lagi þarf að breyta útlánareglum sjóðanna *þannig* að lánsfé fari til þeirra hluta sem skila þjóðfélaginu áleiðis til betra mannlífs, fari í þjóðhagslega arðbæra fjárfestingu og félagslegar framfarir. Er t. d. nokkurt vit í því að lánsfé til gaddavírsgirðinga skuli vera með niðurgreiddum kjörum á sama tíma og lánsfé til uppbyggingar við fiskvinnslu skuli vera með ströngum kjörum, eða lán til jarðakaupa skuli vera með niðurgreiddum kjörum, en lán til uppbyggingar í iðnaði skuli vera með þungum kjörum? Uppskurðurinn á hinum bundnu framlögum ríkisins er ekki síður mikilvægur. Mörg þessara framlaga eru samkv. lögum sem sett voru fyrir löngu. Markmiðið með þeim á sínum tíma kann að hafa verið góðra gjalda vert, en þjóðfélagið hefur breyst og við þurfum að stefna að annars konar uppbyggingu en átti við þá.

Ég nefni t. d. jarðræktarframlög. Er nokkurt vit í því að *bundin skuli ákveðin framlög til jarðræktar á sama* tíma og vitað er að um offramleiðslu er að ræða á landbúnaðarvörum, sem leiðir til þess að alþýða þessa lands verður að greiða með útflutningi á þessum sömu landbúnaðarafurðum? Eins og þjóðfélagsuppbyggingin er núna er greinilega óviturlegt og óhagkvæmt að ýta með þessum hætti undir enn frekari offramleiðslu. Sama gildir t. d. um framlög til framræslu samkv. jarðræktarlögum. Útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir hafa verið greiddar eftir sjálfvirku kerfi, þannig að almenningur í landinu er skattlagður til að greiða með útflutningi á þeim. Þetta ákvæði þarf greinilega endurskoðunar við.

Það hefur verið snúið út úr þeim ákvæðum frv., sem lúta að hinum bundnu framlögum og endurskoðun þeirra, og látið sem svo, að endurskoðunarákvæðin þýddu í öllum tilfellum að ekkert fé færi til þeirra verkefna sem hér um ræðir. Þetta er hið argasta öfugmæli. Engum hefur t. d. dottið í hug að hætt yrði að tryggja fé til Byggingarsjóðs ríkisins, og allra síst hefur það verið í hugum Alþfl.-manna. En það er meginatriði, að sjóðakerfi þetta og framlög verði tekin til endurskoðunar í ljósi þess, að þjóðfélagið hefur breyst síðan lögin um hin margvíslegu framlög voru sett, og til þess að auka *hagstjórn. Einmitt þess vegna höfum við talað fyrir því,* að þau skuli ákveða í sem ríkustum mæli í fjárl. hverju sinni. Sjálfvirkni framlaga og útlána án tillits til arðsemi er verðbólguhvetjandi og dregur úr lífskjarabótum.

XI. kafli frv. fjallar um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins, annars vegar um Verðjöfnunarsjóð og hins vegar Aflatryggingasjóð. Varðandi Verðjöfnunarsjóðinn eru gerðar tvær breytingar. Gert er ráð fyrir að ákvörðun um verðgrundvöll liggi fyrir áður en Verðlagsráð sjávarútvegsins fjallar um fiskverð, og í annan stað er ákvæði um að við ákvörðun þessa skuli það meginsjónarmið ríkja að líta á markaðsaðstæður, en ekki horft beinlínis á afkomu fiskvinnslunnar, heldur einungis að svo miklu leyti sem það samrýmist tilgangi sjóðsins og raunverulegri verðjöfnun. Með þessu móti er ætlunin að girða fyrir misnotkun á sjóðshugmyndinni, en eins og kunnugt er hafa ákvarðanir oft verið af því tagi að sjóðurinn væri rekinn sem eins konar styrktarsjóður eða millifærslusjóður úr ríkissjóði, og er skemmst að minnast þess ástands sem ríkti í þessum efnum á s. l. sumri.

Breytingar á lögum um Aflatryggingasjóð snúa einungis að almennum reglum um bótarétt, en á vegum sjútvrn. er nú unnið að endurskoðun á starfsemi Aflatryggingasjóðs í heild. Tilgangur Aflatryggingasjóðs og hlutverk er að tryggja afkomu sjómanna og útgerðar þegar aflabrest ber að höndum. Segja má að þær breytingar, sem hér eru settar fram, feli það í sér að taka ekki einungis tillit til aflabrests af náttúrlegum orsökum, heldur einnig aflabrests sem rakinn verður til manna og *er af manna völdum. Þannig eru ákvæði um bætur til* skips og áhafnar, þegar nauðsynlegt er talið að minnka sókn til verndar mikilvægum nytjafiskstofnum, og um að taka sérstakt tillit til langvarandi og staðbundins aflaleysis, er stafar af breytingum á fiskgengd. Með þessu er í

reynd aukið svigrúm til aðgerða í fiskveiðimálum sem brýn þörf er á um þessar mundir. Af sama toga eru ákvæði um endurskoðun á lögum sjóðsins með það fyrir augum að sjóðurinn gegni hlutverki sínu sem best við þær aðstæður að beina þurfi sókn úr ofnýttum stofnum í vannýtta stofna, og gert ráð fyrir lagasetningu til að heimila að bæta upp verð á vannýttum tegundum og leggja sérstakt gjald á ofnýttar fisktegundir. Í því felast líka auknir möguleikar til fiskveiðistjórnar.

Einn kafli frv. fjallar um launamál og um hann hefur verið meira rætt en alla aðra. Launamálastefna er þó ótvírætt hluti af efnahagsstefnu, hvað sem tautar og raular. Allir flokkar, allar ríkisstjórnir hafa með einum eða öðrum hætti haft afskipti af launamálum, þrátt fyrir allt tal um annað. Sé um sekt að ræða í þessum efnum, þá er hún því sameiginleg.

Talsmenn Alþb. hafa nú á seinustu dögum gert mikinn hávaða út af þessum kafla sem ráðh. flokksins tóku þó þátt í að ganga frá fyrir rúmri viku. Offors Alþb.-mannanna verður einungis skýrt með ástandinu innan þeirra eigin flokks. Allir skynsamir menn vita auðvitað að þegar dregið er úr verðbólgu dregur úr peningalaunahækkunum. En það er ekki peningafjöldinn í umslaginu sem skiptir máli, heldur hvað fæst fyrir peningana. Það má ekki blanda saman kjörum og peningalaunum, eins og hæstv. menntmrh. gerði áðan og nefndi ýmsar prósentur í því sambandi.

Við höfum dæmin fyrir augunum. Á s. l. ári hækkuðu peningalaun um 55%, en kaupmátturinn jókst aðeins um fáein prósentustig, eða álíka og þjóðartekjur. Menn eru engu bættari með hækkun peningalauna sem jafnharðan er aftur tekin í verðbólgunni. Menn eru m. a. s. verr settir, því að peningarnir nýtast verr, menn vita ekki hvað hlutirnir kosta og eyðslan verður skipulagslaus. Þess vegna er það kjarabót í reynd að draga úr verðbólgunni, og það er kaupmáttur launanna sem gildir. Með frv., eins og það er, er unnt að auka lítillega kaupmátt launa á árinu 1979 frá árinu 1978 eða — ef menn vilja heldur nota þá viðmiðun — að viðhalda svipuðum kaupmætti og laun höfðu í febrúarmánuði s. l.

Við Alþfl.-menn höfum lagt sérstaka áherslu á þetta kaupmáttarmarkmið jafnframt markmiðinu um verðbólguhömlur. Það slaknar á peningalaunahækkunum, en yfir árið í heild næst með þessu móti að auka kaupmáttinn lítillega, eða um nálægt 1%, sem er sömu stærðar og áætlaður vöxtur þjóðartekna. Og reyndin hefur verið sú, að á undanförnum árum hefur kaupmáttaraukningin verið nálægt vexti þjóðarteknanna. Það hefur verið útkoman á endanum. Tölur, sem fara fram úr því sem í frv. felst, eru eintómur vindur. Þær þýða einungis örari verðbólgu, örara gengissig eða gengisfellingar og aukna skuldasöfnun erlendis, hvað sem endalausum prósentureikningi líður. Þeir, sem tala fyrir hærri tölum, eru því að tala fyrir aukinni verðbólgu. Kaupið verður ekki búið til úr engu. Sé stefnt að hærri tölum stefna menn um leið að verðminni krónum. Sé stefnt að hærri tölum er verið að stefna að aukinni skuldasöfnun erlendis og rýrari lífskjörum í framtíðinni. Það er auðvelt að líta einungis einn mánuð eða tvo fram á veginn. En í því er fólgin argasta blekking sem hefnir sín þegar til lengdar lætur. Atvinnuvegir og atvinnuöryggi standa tæpt þegar verðbólgan geysist áfram með ógnarhraða. Hvert spor, sem stigið er til að draga úr verðbólgunni, treystir atvinnuöryggið og stefnir að réttlátara þjóðfélagi.

Fyrirliggjandi frv. er byggt á samkomulagi, sem gert var í ríkisstj. næstsíðasta laugardag. Þetta samkomulag var líka t. d. staðfest af einni aðalmálpípu Alþb., Ólafi Ragnari Grímssyni, í viðtali við Vísi s. l. mánudag, eða fyrir réttri viku. Í því viðtali er hvergi minnst á ósamkomulag, þar er hvergi minnst á fyrirvara. Þeim mun einkennilegra er því nú á seinustu dögum að hlusta á hið hótunarfulla tal um endalausa fyrirvara frá Alþb.-ráðh. Samkomulag breytist í mótmæli og mótmæli síðan í margfalda afturvirka fyrirvara og hótanir, og atburðarásin er svo skýrð að nýju eins og gert var áðan.

Sjálfstfl. segir hins vegar að flokkarnir, sem lofuðu samningana í gildi, séu nú sífellt að fikta við samningana. Alþfl. tekur þetta ekki til sín. Við bentum á það í kosningastefnuskrá okkar, að það kostaði átak að komast út úr verðbólgunni og það kostaði byrðar. En meðal annarra orða: Hver stóð að og gerði þessa samninga? Það var fyrrv. ríkisstj., ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. Og hverjir afskræmdu þessa sömu samninga sem þeir sjálfstæðismenn virðast bera svo mikla umhyggju fyrir núna? Það var ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. Fyrst gera þeir samninga, svo svíkja þeir samninga og afskræma, en núna þykjast þeir bera sérstaka umhyggju fyrir þessum samningum og tala nú um frjálsa kjarasamninga. Ég spyr: Verða þeir eftir sama mynstri og á ferli seinustu ríkisstj.?

Herra forseti. Alþfl. styður þetta frv. og framlagningu þess. Hann hefði gjarnan kosið að frv. væri snarpara vopn í efnahagsstjórn og í viðureign við verðbólguna. En frv. er byggt á samkomulagi sem flokkurinn vill standa við, og aðrir flokkar eiga að gera slíkt hið sama. Hótunartali öllu vísum við til föðurhúsanna.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það, sem í fyrstu gaf launþegasamtökunum gildi í huga þeirra er raðir þeirra fylltu, var hin raunhæfa barátta er einkenndi allt starf þeirra. Það var í raun og sannleika barist fyrir réttinum til að lifa og geta lifað eins og frjáls maður. Sigur í þeirri baráttu er löngu unninn. Barátta hins vinnandi manns á síðari árum hefur langtum fremur snúist um að lifa betra lífi en áður, lifa öruggara, fyllra lífi en áður. Og fyrir því ber samtökunum að berjast um ókomin ár, án tillits til þess hverjir sitja í ráðherrastólum, því sú barátta er enn þá einn helsti aflgjafi til bættra lífskjara.

Innan verkalýðshreyfingarinnar er oft deilt um leiðir að markinu og oft og tíðum eiga menn erfitt með að átta sig á því, hvaða valkostur er bestur. Ekki er sagan mjög til leiðsagnar í þessum efnum, því að margbreytileiki aðgerða og stefnumótunar er svo afskaplega mikill. Á seinni árum er það þó athyglisvert, að verkalýðshreyfingin hefur átt í stöðugum útistöðum við óvinveitt ríkisvald. Það hefur sett mark á baráttuna, og ekki er að efa að margur maðurinn telur það sína helstu skyldu að vera á móti ríkisvaldinu hverju sinni. Slíkur hugsunarháttur þjónar ekki verkafólkinu í landinu. Slík vinnubrögð eru til þess eins fallin að rýra áhrifamátt verkalýðshreyfingarinnar.

Hjá nágrönnum okkar í Evrópu hefur tekist mjög gæfuríkt samstarf milli verkalýðshreyfingar og vinveitts ríkisvalds. Þessi samvinna hefur fært launþegum mjög verulegar kjarabætur, öryggi og farsæld. Þar þykir sjálfsagt að verkalýðshreyfingin skoði málin frá öllum hliðum

án fordóma og fullyrðinga. Þar og reyndar víðast hvar í heiminum þekkist ekki sú kommúnistíska árátta að saka fólk og flokka um hefndarhug og illgirni í garð launafólks. Slíkur málflutningur er ekki heldur tekinn alvarlega, og það er skoðun mín að sá svartnættisáróður, sem Alþb. hefur haft uppi, og tilbúinn ágreiningur verði talinn ómerkur og einskis verður þegar fólk veit hið sanna.

Ekki fer á milli mála að höfuðágreiningur stjórnmálaflokkanna á undanförnum mánuðum hefur markast af afstöðunni til verðbólgunnar. Annars vegar er Alþfl., sem einn íslenskra stjórnmálaflokka ber ekki ábyrgð á 40—50% verðbólgu. Hins vegar eru verðbólguflokkarnir þrír, sem allir hafa það sameiginlegt að hafa kynt undir verðbólgunni og magnað hana á allan hátt. Það kostar vissulega átök þegar breyta þarf til. Við Alþfl.-menn gengum til kosninga með fyrirheit um gerbreytta efnahagsstefnu. Við unnum mikinn sigur. Fólkið vildi greinilega breytingu. Við sögðum fólki að við mundum berjast á móti verðbólgunni, það mundi kosta stundarfórnir, en árangurinn mundi skila betri lífskjörum, öruggari atvinnu, betri framtíð.

Þrátt fyrir mikinn kosningasigur dugði það engan veginn. Við bundum þó sterkar vonir við þá staðreynd, að verkalýðsflokkarnir höfðu næstum meiri hluta á Alþ., með því þingfylgi væri hægt að ráðast gegn óvættinum mikla, verðbólgunni. Strax að kosningum loknum hófust því viðræður. Í ljós kom að ágreiningur var sáralítill hvað hugsjónamálin snerti. Það kom þó brátt fram, að vilji til samstarfs var mjög blandinn. Ljóst var að gera þurfti ráðstafanir, sem um stund urðu óvinsælar. Það var þessum mönnum ógeðfellt. Þeir höfðu aldrei þurft að axla ábyrgð og voru því vanbúnir til slíkra verka. Það var ekki fyrr en Verkamannasamband Íslands tók af skarið, að þessi ríkisstj. var mynduð. Það hefur gengið á ýmsu í þessu samstarfi og hinir ábyrgðarlausu hafa ráðið of miklu.

Við búum nú við niðurgreidda verðbólgu. Fjallháir skattar hafa verið lagðir á fólkið í landinu, en samt sér ekki til lands. Verkalýðshreyfingin hefur unað því hvað eftir annað að krukkað hafi verið í kaupið, án þess að nokkur viðleitni hafi verið uppi um að móta heildstæða efnahagsstefnu til langs tíma. Nú er komið að því að það verði gert. Deilurnar um efnahagsfrv. eru í reynd deilur um það, hvort halda eigi áfram á þeirri braut að krukka aðeins í kaupið eða hvort móta eigi heildstæða efnahagsstefnu.

Það er mikil ógæfa fyrir íslenska verkalýðshreyfingu að verkalýðsflokkarnir tveir skuli ekki koma sér saman. Og það er furðulegt að nú, þegar öll skilyrði eru fyrir hendi, skuli ekki reynt til hins ítrasta að ná sáttum. Það eru vissulega mörg ljón í veginum. Það, sem nú gerir erfitt um samstarf við Alþb., eru þau botnlausu óheilindi og vingulsháttur í afstöðu þess til mála. Það er aldrei neinum treystandi, það er aldrei að vita við hvern verið er að semja. Þeir slá úr og í í takt við breytingar á sjávarföllum. Í þeim samningum, er átt hafa sér stað um margumrætt efnahagsfrv., hefur kjarni deilumálanna alls ekki verið um það, hvort kaupmáttur eigi að vera meiri eða minni. Það skiptir ráðh. Alþb. engu. Deilt er um það, hvort verðbólgan eigi að vera meiri eða minni.

Alþfl.-menn og Alþb.-menn hafa talað sitt hvort tungumálið. Alþfl.-menn hafa þó ætíð talað um kaupmáttinn, en kommarnir um fleiri krónur. Þeir hafa á undanförnum vikum verið eins konar brjóstvörn braskara í landinu. Þeir hafa heimtað meiri verðbólgu, þeir hafa krafist óbreyttrar stefnu, þeir vilja í raun „Geirismann“ ómengaðan, sem er helst í því fólginn að láta reka á reiðanum. Þeir vilja að þjóðarskútan verði stjórnlaus, að ferill þessarar ríkisstj. verði ferð án fyrirheits. Þó eru það nokkur atriði sem þeir hafa staðnæmst við — atriði sem furðu gegnir að þeir skuli setja á oddinn.

Á undanförnum mánuðum hafa átt sér stað magnaðar deilur um raunvaxtastefnuna. Alþfl.-menn hafa haldið því fram, að slík stefna gæti hægt á verðbólgu og minnkað eignatilfærslu frá fátækum til ríkra. Alþb.-menn hafa barist á móti eins og oft áður. Þeir vilja í rauninni óbreytt kerfi, engar breytingar. En viti menn: Einn daginn gleyptu þeir raunvaxtastefnuna með einu skilyrði. Það skilyrði kom okkur jafnaðarmönnum mjög á óvart. Þeir kröfðust þess, að atvinnurekendur þyrftu ekki að greiða háu vextina, það skyldu aðeins þeir fátæku gera. Braskararnir yrðu að hafa sitt, þeir skyldu undanskildir. Um það ber 36. gr. frv. glöggt vitni.

Það hefur og gert erfitt um vik, að innan Alþb. eru uppi feikilegar og illvígar deilur. Annars vegar og í minni hl. eru þeir sem vilja styrka samhenta stjórn sem tekur á vandamálunum með hagsmuni verkalýðshreyfingarinnar fyrir augum. Hins vegar eru hinir pólitísku geldingar sem hafa á undanförnum árum hlaupist frá æskuhugsjónum sínum og gerst talsmenn eigin metnaðar og framagirni. Það er þessi manngerð sem mestu ræður í Alþb. í dag — manngerð sem í raun er sama um allt annað en sjálfa sig. Þeir líta á stjórnmál sem eitt allsherjar spilverk án markmiða, án fyrirheits. Svo langt hafa þessir geldingar komist, að nú gína þeir yfir framkvæmdastjórn flokksins, og hefur einn þeirra komist í þá lykilstöðu að heita ritstjóri málgagnsins, sem í tíð Magnúsar Kjartanssonar bar mikla reisn og hafði sitthvað til málanna að leggja. Nú hefur þessi pólitíski geldingur komið þessu blaði niður á svið lágkúrunnar, sem helst er í því fólgið að ráðast að verkalýðshreyfingunni og forustumönnum hennar með dylgjum og ósannindum. Það er skiljanlegt að Alþb.-menn almennt séu ekki ánægðir með þetta lið.

Menn spyrja líka hvernig á því standi að mætir menn eins og Guðmundur J. Guðmundsson eru settir í skuggann, svo að þetta tætingslið geti baðað sig í ljóma yfirborðsmennskunnar. Menn spyrja líka hvernig á því standi að maður eins og Ásmundur Stefánsson er barinn niður, svo að Coca Cola-drengurinn í ráðherrastólnum geti notið sín. Það er ekki óeðlilegt að hrikti í svona flokki. Og það eykur ekki tiltrúna hjá viðsemjendum og reyndar almennu flokksfólki þegar það kemur í ljós að samningar standa ekki, þegar það kemur í ljós að ráðh. vissu ekki hvað þeir höfðu samþykkt og hvað ekki. Minni hl. í Alþb., hugsjónamennirnir, gerir sér hins vegar ljóst að hlaupi Alþb. nú úr ríkisstj. vegna tilbúins ágreinings við Alþfl. er líklegt að fjandmenn verkalýðshreyfingarinnar nái völdum. Þeir vita sem er, að almennt verkafólk vill þessa ríkisstj. — að fólk gerir sér grein fyrir því, að hugsanlega þarf nú að færa nokkra fórn til að koma efnahagsmálum á réttan kjöl.

Við höfum búið við stjórnleysi til þessa. Það er athyglisvert að á tímabili og þar til 1971 voru lífskjörin í landinu betri en gerðist á Norðurlöndum. Þegar verðbólgan tók heljarstökk fóru lífskjörin að versna. Nú búum við við mun verri lífskjör en nágrannar okkar t. d. í Færeyjum. Það er staðreynd, sem ekki verður umflúin,

að verðbólgan hefur meiri áhrif á kaupmáttarrýrnun en nokkuð annað. Verðbólgan er versti óvinurinn og einkum þeirra er ekki geta spilað á hana. Það er hinn óbreytti alþýðumaður sem verst verður úti. Hinir, sem betur mega sín, hagnast á verðbólgunni. Það er raunalegt, að okkur í verkalýðshreyfingunni hefur ekki tekist, þrátt fyrir ýmsa viðleitni, að auka kaupmátt launa með þeim aðferðum sem við höfum notað. Ef við skoðum línurit um kaupmátt launa verkafólks, sjáum við að línuritið er eins og sagarblað. Það gengur upp og niður. Þegar samningum hefur verið lokið, hækkar strikið, en daginn eftir og í hæsta lagi eftir viku snarlækkar strikið. Þannig hefur þetta gengið. Við höfum í raun háð arðlausa kjarabaráttu.

En ekki skeður það af tilviljun. Hér hafa ríkt dáðlausar ríkisstj. sem hafa verið tilbúnar til að koma aftan að verkalýðshreyfingunni með hroka valdsins. En núna er tækifærið — tækifæri sem kannske býðst aldrei aftur. Við getum nú breytt hinni arðlausu kjarabaráttu þannig að árangur náist, þannig að kaupmáttur aukist, að félagslegar umbætur fáist, að atvinnuöryggi verði tryggt, meðan höfuðfjandinn, verðbólgan í landinu, er barinn niður.

Á því er ekki nokkur vafi, að hjá flokksmönnum verkalýðsflokkanna beggja er mikill og sterkur vilji fyrir því að tækifærinu mikla verði ekki glutrað niður. Það er almenn krafa að deilur um smáatriði verði settar niður, en hin stóru verkefni tekin fyrir. Fólkið í landinu botnar ekkert í þessu ómerkilega pexi. Það vill fórna peði fyrir mann. Það vill gjarnan fórna nokkru, svo að mögulegt verði að skapa heilbrigt efnahagslíf í landinu. Ályktanir berast nú frá verkalýðsfélögum og samböndum víða að í landinu. Alls staðar er þess krafist að samstarfinu verði haldið áfram. Alls staðar er þess getið, að annað væri svik við verkalýðshreyfinguna. Við skulum vona að Alþb. sjái að sér. Við skulum vona að hugsjónamennirnir beri hina pólitísku geldinga ofurliði. Takist það mun íslenskt alþýðufólk geta horft fram til betri tíma, öruggari framtíðar og bættra lífskjara.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér hefur verið lagt fyrir Alþingi, er mikilsverður sigur fyrir Alþfl. Alþfl. hafði forgöngu um frv.-smíð af þessu tagi og lagði frv. sitt fram í desembermánuði s. l., eins og menn minnast. Frv. það, sem hér er til umr., tekur mjög mið af frv. Alþfl. og er mjög svipað í allri uppbyggingu. Alþfl. þakkar kosningasigur sinn frá síðasta ári fyrst og fremst því að hann lagði aðaláhersluna á baráttuna gegn verðbólgunni og lagði þá fram raunhæfar tillögur til lausnar á þeim vanda. Þetta kosningaloforð hefur Alþfl. tekið mjög alvarlega í þessu ríkisstjórnarsamstarfi. Mörgum finnst að hann hafi tekið þetta einum of alvarlega, en þm. Alþfl. og Alþfl. hafa haldið uppi látlausum áróðri fyrir því að lagður yrði hornsteinn að ráðstöfunum sem sýndu varanlegan árangur í baráttunni við verðbólguna, og þetta frv. er árangur af þeirri baráttu, þótt vissulega sé margt í því sem betur mætti fara að mati Alþfl.-manna. Þó hefur Alþfl. lýst yfir að hann styðji þetta frv.

Þess ber að geta, að ríkisstj. hefur náð verulegum árangri í baráttunni gegn verðbólgunni. Þegar ríkisstj. tók við 1. sept. s. l. var verðbólgan 52%, en nú er hún um það bil 35%. Hins vegar ber að geta þess, að margt er í farvatninu, hækkanir ýmsar, svo og þær olíuverðshækkanir sem átt hafa sér stað undanfarið. En eitt mikilsverðasta atriðið í þessu frv. er það, að byltingarástandið í Íran eigi ekki að valda því að kaup hækki á Íslandi. Þó er gert ráð fyrir mjög verulegum hliðarráðstöfunum út af olíuverðshækkuninni til að létta byrði þeirra sem hita hús með olíu.

Mig langar í nokkrum orðum að drepa á ýmsa þætti þessa frv.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að hagstjórn verði aukin til mikilla muna. Þetta eru langtímaráðstafanir og kostir þessara áætlana, sem lagðar eru fram í frv., koma ekki fram fyrr en eftir 1—2 ár, þannig að sú ríkisstj., sem þá situr, mun uppskera það sem nú er verið að sá. Það er ekkert vafamál, að þau atriði í frv., sem lúta að almennri hagstjórn, munu verða mikilsverð tæki við stjórn efnahagsmála í framtíðinni.

Veigamikið atriði í frv. er uppskurðurinn á sjóðakerfinu sem kallaður er svo. Fjárlög íslenska ríkisins eru með þeim ósköpum gerð, að Alþ. og fjárveitingavaldið hefur mjög lítið svigrúm til að ráðstafa tekjum ríkisins, þar sem mjög mikill hluti af ríkisútgjöldum er bundið í sérstökum lögum til einstakra sjóða. Í frv. er gert ráð fyrir gagngerri endurskoðun á þessu kerfi með það fyrir augum að fella niður þessi bundnu framlög, svo að fjárveitingavaldið geti ákveðið á hverjum tíma framlög til sjóða eftir því sem samrýmist almennri efnahagsstefnu.

Einn veigamesti kafli frv. fjallar um verðtryggingu inn- og útlána. Flestir vita að rýrnun sparifjár í landinu hefur verið með eindæmum síðustu ár. Þetta hefur valdið mjög miklum samdrætti í sparnaði, sem er raunar ekkert skrýtið þar sem fólk vill frekar fjárfesta fyrir fjármuni sína heldur en brenna þá upp á verðbólgubálinu, þar sem enn hefur ekki verið boðin viðeigandi ávöxtun sparifjár. Meginhugsun þessa frv. er sú, að innlán verði verðtryggð svo og útlán með fullri verðtryggingu og lágum vöxtum. Er þá fyrst og fremst miðað við lán til fjárfestingar. Þetta er stefnuatriði, sem Alþfl. hefur lagt mjög mikla áherslu á frá því í kosningabaráttunni á síðasta ári og í störfum sínum hér á Alþ. Það er ekkert vafamál að það mun reynast mjög drjúgt tæki í baráttunni gegn verðbólgunni ef þessi kafli frv. verður framkvæmdur eins og þar er gert ráð fyrir. Jafnframt er gert ráð fyrir því í frv., að aukningu peningamagns í umferð verði ákveðin takmörk sett, en verðbólga undanfarinna ára hefur því miður oft verið fjármögnuð með prentun seðla sem lítið eða ekkert stendur á bak við.

Það er vissulega ánægjulegt fyrir Alþfl. að þetta stefnuatriði hans er nú komið inn í þetta frv. og samkomulag hefur náðst um þessa stefnu innan ríkisstj., enda er þetta einn af þeim köflum í frv. sem ekki er umdeildur milli stjórnarflokkanna. Vert er þó að geta þess, að samkomulag náðist í ríkisstj. á laugardaginn fyrir 9 dögum um alla kafla þessa frv., sbr. yfirlýsingar forvígismanna Alþb. í blöðum um þær mundir, þótt ráðh. Alþb. neiti nú að standa við það samkomulag. En það er innanflokksmál Alþb. sem það verður sjálft að ráða fram úr.

Það má vissulega segja að nú er einungis einn kafli frv. sem er umdeildur milli hinna þriggja stjórnarflokka, og það er vísitölukaflinn. En vert er að geta þess, að allir hinir kaflarnir, ellefu að tölu, lúta einnig að mjög mikilvægum atriðum í hagstjórninni.

Meginstefna frv. hvað varðar launamál er að viðhalda kaupmætti og auka hann aðeins, en ekki láta peningalaunahækkanir, sem ekkert stendur á bak við, slá ryki í augu sér, eins og reynt hefur verið að gera á undan-

förnum dögum af ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu.

Í þessu frv., sem hér er til umr., er lítið fjallað um skattamál, enda hefur ekki gefist tími til að taka öll atriði efnahagsmála inn í þetta frv. Fólk á vafalaust eftir að undrast það mikið, þegar það fær skattseðlana sína í vor, hve skattarnir hafa hækkað mikið. Þessir hærri skattar eru ekki vegna þess að einhver skattpíning eigi sér stað, heldur er aðalástæðan sú að tekjur hækkuðu mjög mikið á milli áranna 1977 og 1978 eða um rúmlega 50%. Því verða skattar mun hærri í krónutölu í vor þó að hlutfallslega sé skattbyrðin mjög svipuð. Þó hafa skattar verið lækkaðir ívið á lægri tekjum, en hækkaðir á þeim hærri. Því viðbótarfjármagni, sem kemur í skattlagningu, hefur verið varið að langmestu leyti til niðurgreiðslna sem koma launþegum vel. Jafnframt hefur skattaeftirlit verið hert í tíð núv. stjórnar og mátti lesa í blöðunum fyrir nokkru að hópur skattaeftirlitsmanna hefði verið ráðinn, og er það liður í stefnu þessarar ríkisstjórnar.

Alþfl. hefur lagt mikla áherslu á skattamál í málflutningi sínum og ekki fengið öllu því framgengt sem hann vildi. En aðaláherslan hefur verið lögð á hert skatteftirlit til að fyrirbyggja skattsvik. Ríkisstj. hefur gert þessa stefnu að sinni, enda er hér ekki um að ræða einkastefnu Alþfl. Unnið er að því að endurskoða þau skattalög sem sett voru í tíð fyrrv. stjórnar. En eins og hefur komið fram í máli hæstv. forsrh. á öðrum vettvangi er um að ræða mjög mikla vankanta á þeim lögum sem ástæða er til að breyta og nú þegar er unnið að.

Þess má geta í sambandi við stefnu ríkisstj., að menn hafa e. t. v. ekki veitt því athygli, að gengi íslensku krónunnar gagnvart dollar hefur haldist mjög stöðugt það sem af er árinu. Vissulega eru blikur á lofti hvað varðar olíuverðshækkanir. Í því sambandi er rétt að geta þeirrar farsælu lausnar við ákvörðun fiskverðs nú nýverið, þegar tekið var tillit til fyrstu hækkunar á olíu. Er þar mótuð stefna sem hægt er að fylgja í framtíðinni, þ. e. að taka olíuverðshækkanir út úr skiptaverði.

Frv. þetta, sem forsrh. hefur nú lagt fram á Alþ., ber merki mikilla samráða. Það hefur verið haft samráð við öll helstu hagsmunasamtök vinnumarkaðarins og borist hafa neikvæðar umsagnir frá vinnuveitendum og mjög sterkar aths. við einn kafla frv. frá launþegum. Nú er það svo, að samráð þýðir ekki það að taka eigi valdið af Alþ. Það eru alþm. sem eru kjörnir til að stjórna þessu landi, og alla vega ætla þm. Alþfl. ekki að láta segja sér fyrir verkum hvað varðar störf þeirra hér á þingi. Hins vegar erum við fúsir eins og aðrir þm. að hlusta á aths. við störf okkar eða við frv. sem við erum að fjalla um og taka tillit til þeirra aths., ef okkur sýnist svo.

Þess má geta varðandi þetta frv., að því hefur verið breytt í veigamiklum atriðum frá því að það var lagt fram í ríkisstj. 12. febr. s. l. Miðað við frv.-drög frá því um miðjan febr. hefði verðbólgan á árinu 1979 orðið innan við 30%, en nú má reikna með að þessi tala verði 33—34%. Óbreytt ástand, eins og manni virðist að sumir vilji, þýðir yfir 40% verðbólgu á þessu ári. Ljóst er að Alþfl. mun ekki taka þátt í því að verðbólgan fari svo upp. Þetta frv. er því merki um samráð og samvinnu og er hornsteinn að góðu efnahagslífi hér á næstu árum. Því væntum við þess, að þetta frv. fái fljóta afgreiðslu hér á þingi. Alþfl. mun stuðla að hraðri meðferð þessa máls.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Núv. ríkisstj. hefur nú setið í rúmlega 6½ mánuð og efnahagsmálin hafa allan þennan tíma og reyndar miklu lengur yfirskyggt flestöll önnur mál á þinginu. Það var vissulega engin furða þótt fyrstu mánuðirnir færu til þess að finna lausnir þeirra mála, því að enn muna allir hversu ógæfulegur viðskilnaður ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar var á þeim þegar sú stjórn fór frá. En ég ætla ekki að fara að rifja það upp hér fyrir mönnum. Þau mál eru svo fersk enn þá að ég veit að flestir sjálfstæðismenn hafa enga löngun til að fara út í kosningar núna. Þeir munu vilja bíða eftir því að þessi ríkisstj. hjari nokkru lengur, til þess að þau vandamál og þau mistök, sem þeir eiga sök á, máist nokkuð út áður en til kosninga kemur.

Þetta frv., sem hér er nú til umr., hefði vissulega þurft að vera komið fram fyrir 4 mánuðum a. m. k., í stað þess frv. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu sem við samþykktum hér í lok nóvembermánaðar. En þjóðin veit ósköp vel hvers vegna þá og síðan hefur ekki verið staðið við það heit sem er að finna í 2. gr. samstarfsyfirlýsingar stjórnarflokkanna frá 31. ágúst s. l. um breytta efnahagsstefnu. Þrátt fyrir það að allir viðurkenndu að sú óðaverðbólga, sem tröllriðið hefur efnahagslífi þjóðarinnar á síðustu árum, væri meginbölvaldur og alþýða landsins yrði verst úti ef áfram yrði haldið á sömu braut, þá hafa Alþb.-menn sífellt svikist um að vinna að framtíðarlausn á þessum illa vanda. En þegar þeim hefur nú tekist að afskræma frumvarpsdrög hæstv. forsrh. frá því í febr., þá loksins laugardaginn 10. mars samþykktu ráðh. Alþb. þetta frv. Það breytir svo engu hvað þeir hafa sagt síðar með nýjum bókunum. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sessunautur minn í þessari d., hefur í blaðaviðtali 12. mars lýst því yfir að samkomulag var orðið um þetta mál. En að þeir umsnerust algerlega á einni helgi, það hlýtur að vera innanfélagsmál þeirra, heimilisböl.

Enn ein afleiðingin af langloku efnahagsmálanna, sem staðið hefur frá þingbyrjun, er sú, að bráðnauðsynleg mál komast ekkert áfram. Bæði í þinginu og hjá ríkisstj. hrúgast upp mál án þess að fá afgreiðslu. Ráðh. geta staðið að því að samþykkja eitt í dag og svíkja það á morgun með útúrsnúningum og bókunum á ríkisstjórnarfundum. Mig langar til að nefna nokkur mál og sýna ykkur afleiðingarnar af vinnubrögðunum.

Ef við tökum t. d. fyrst landbúnaðarmálin, þá horfum við á að birgðir landbúnaðarafurða hrúgast upp í fjöll og offramleiðslan eykst stöðugt þrátt fyrir að geymslukostnaðurinn á ári sé meiri en hægt er að fá fyrir sömu vöru á erlendum markaði, sbr. smjörið sem við vitum öll um. Hæstv. landbrh. lagði á fyrstu vikum þingsins frv. fyrir Nd. sem ætlast var til að leysti a. m. k. að nokkru leyti vanda offramleiðslunnar. Og þar sem vandinn var vissulega brýnn var óskað eftir að málið fengi greiða meðferð í þinginu. En enn þá er málið ekki komið í gegnum Nd., hvað þá í gegnum þessa hv. ágætu deild. Stjórnlaus vitleysa gengur sinn gang.

Seint á sumri hétum við því, að bankakerfið í landinu skyldi tekið til endurskoðunar og bönkum fækkað, skipulag olíusölu og vátryggingarmála endurskoðað sem og lyfjaverslunar, en vitanlega hefur lítill tími unnist til þeirra mála.

Við vorum einnig að heita því að djúphiti í jörðu og virkjunarréttur fallvatna yrði gerður að þjóðareign, en þetta bíður síns tíma og sá tími verður langur ef þessi ríkisstj. okkar, sem enn þá hjarir, svíkst um að standa við þetta loforð sitt, því hægri stjórn á Íslandi mun aldrei

gera það. Nú rennur til sjávar heitt vatn úr iðrum jarðar og við bíðum eftir að fá að virkja það, en getum ekki, því að einkarétturinn á vatninu úr iðrum jarðar hindrar að hægt sé að virkja það. Því brennum við fokdýrri olíu.

Mér er tjáð að tími minn sé útrunninn í þessum umr. En ég verð að benda á það, að svona er fjölda mála komið nú. Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn liggur á borði ríkisstj. Þrátt fyrir mikinn dugnað hæstv. félmrh. kemst hann ekki þaðan. Við höfum ekki tíma til þess, því að við erum alltaf að staglast á efnahagsmálunum og þar gengur hvorki né rekur.

En þrátt fyrir hótanir Alþb.-manna, þá vona ég þó að þeir sjái að sér og standi ekki við það að eyðileggja þessa stjórn sem er þó, þegar allt kemur til alls kannske, skásti möguleikinn sem við höfum um langa framtíð.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég væri að tala þvert um hug mér, ef ég segði um það 6½ mánaðar samstarf núv. stjórnarflokka: Ó, þetta var indælt stríð. — Vissulega hefur verið stríð, nær samfellt stríð, en það hefur ekki verið indælt, það hefur verið sorglegt, því að í raun hafa bræður borist á banaspjót. Alþb. og Alþfl., fulltrúar hins breiða hóps launþega, hafa ekki náð að vera samstiga til sóknar í þjóðmálum, flokkarnir sem voru sigurvegarar síðustu alþingiskosninga og kjósendur þeirra að stærstum hluta ætluðust til að ynnu saman heilshugar. Sífelldur ágreiningur um það, hvernig taka skuli á efnahagsmálum þjóðarinnar til úrbóta, hefur gert ríkisstj. fjölmörg önnur mál seinunnin til þjóðþrifa eða sem verra er: ekki unnin. Og ég þykist þess fullviss, að mörgum áhorfanda og áheyranda sé illskiljanlegt hve þessi ágreiningur er sílogandi. Þótt einn eldurinn sé vaðinn til samkomulags virðist annar taka við. Segja má að sá eldurinn, sem við erum nú að reyna að vaða til úrlausnar vandamálum þjóðarinnar, sé þriðji eða fjórði í röðinni síðan núv. ríkisstj. var mynduð.

Í kosningastefnuskrá Alþfl. á s. l. vori lagði hann megináherslu á gerbreytta stefnu í efnahagsmálum, þannig að horfið yrði frá skuldasöfnun erlendis, hallarekstri á ríkissjóði, atvinnuvegirnir efldir gegnum skipulega áætlunargerð og endurskipan, svo að full atvinna væri tryggð og þar með kjör almennings traust. Flokkurinn lagði áherslu á að straumhvörf yrðu að gerast í stjórn peningamála, m. a. að peningar gengju á raunverði á milli sparenda og framkvæmenda eða eigenda, launamál öll þyrftu endurskoðunar við svo og lengd og tilhögun vinnutíma, allt í samráði við aðila vinnumarkaðarins undir leiðsögn ríkisvaldsins.

Alþfl. lagði sérstaka áherslu á það sjónarmið sitt, að besta kjarabót launþegum til handa og þar með í raun meginhluta alls almennings í landinu væri umtalsverð lækkun verðbólgu, þar eð mönnum væri mikilsverðara raunvirði þess, sem þeir öfluðu, heldur en krónutöluhæðin. Jafnframt þessu leyndi Alþfl. enga því, að þessar lagfæringar allar mundu kosta þjóðina umtalsverðar fórnir meðan þær væru að komast á, en þær fórnir mundu seinna vinnast meir en upp í betra efnahagsástandi, blómlegra atvinnulífi og traustari launakjörum þegar frá liði.

Við, sem í framboðseldinum stóðum s. l. vor, urðum ekki annars varir en Alþb. deildi í meginatriðum þessum skoðunum með okkur, og hin gífurlega fylgisaukning Alþfl. í kosningunum varð ekki skilin á annan hátt en þann, að umtalsverður hópur landsmanna gerði skoðanir og stefnu Alþfl. að sínum. Við urðum þess líka greinilega vör, að kjósendur Alþfl. og Alþb. ætluðust til þess að stærstum hluta, að þessir tveir flokkar stæðu saman að nýrri ríkisstj. með annaðhvort Sjálfstfl. eða Framsfl. Við Alþfl.-menn horfðum fremur á aðild Sjálfstfl. vegna meira fylgis hans í röðum launþega, Alþb. meir á aðild Framsfl., þar sem það taldi þar meira vinstra samstarfs að vænta. Þetta kom strax fram í kosningaslagnum, en málefnaágreiningur var að hverfandi hluta.

Okkur Alþfl.-mönnum kom því mjög á óvart þegar áþreifingar um nýja stjórnarmyndun hófust eftir kosningarnar, hve ósamvinnuþýðir Alþb.-menn reyndust og hve lítið þeir töldu sig bundna af óskum kjósenda frá okkar sjónarhóli séð. Þeim virtist allt önugt og tilfyndni þeirra um ágreining fannst okkur blöskrunarleg. Nærtækasta skýringin var sú, að það hefði orðið Alþb. slíkt áfall að Alþfl. hefði komist upp að hliðinni á því um fylgi og þm.-fjölda, að það gæti með engu móti litið raunsætt á hlutina, og frómt frá sagt hefur okkur Alþfl.-mönnum æ síðan fundist Alþb. leggja orku sína meir í það að finna upp á ágreiningi heldur en að leita samkomulags af heilindum. Og það er ákaflega slítandi í samstarfi að geta aldrei treyst á ábyrgðarkennd, heilindi né samstarfseinlægni samstarfsaðila.

Persónulega held ég að vandræði Alþb. séu djúpstæðari en öfundin og afbrýðin ein út í kosningasigur Alþfl. Við skulum rifja upp tvö grundvallaratriði: Annars vegar það, að Alþfl. hefur frá upphafi sínu að hornsteinum jafnaðarstefnu sem stefnir að þjóðfélagsumbótum eftir leiðum óheftra skoðanaskipta, frjálsra almennra kosninga og þingræðis. Alþfl. er og hefur verið umbótaflokkur, ekki byltingarflokkur. Hins vegar var upphafskjarni núverandi Alþb., Kommúnistaflokkur Íslands, sem var hreinræktaður byltingarflokkur með Kommúnistaflokk Rússlands og byltingu hans að fyrirmynd. Síðan fékk hann brot úr Alþfl. sér til styrktar og tók þá upp nafnið Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn, enn síðar bættust honum leifar Þjóðvarnarflokks og nýtt brot úr Alþýðuflokki og kallast upp frá því Alþb. Loks kom síðast inn í þessa fylkingu brot úr svonefndri Möðruvallahreyfingu. En frumkjarninn virðist alltaf hafa verið hinn sami, eins konar æðsta ráð flokksins, Kommúnistaflokkur Íslands, sem hafði að markmiði umbyltingu ríkjandi þjóðskipulags og telur þann stjórnmálaflokk, sem leitar fastast umbóta innan þess, Alþfl., háskalegastan þránd í götu sinni. Hvað sem hin opinbera rödd Alþb. mælir er þetta grundvallarskoðun æðsta ráðsins innan þess, hinna raunverulegu kommúnista, kjarnans, sem ræður Alþb., að Alþfl. sé höfuðandstæðingurinn þegar til kastanna kemur. Þetta er hið raunverulega innanmein Alþb. sem stór hluti Alþb.-manna ýmist veit ekki um eða neitar að gera sér fyllilega ljóst og dylur að sjálfsögðu trúlega fyrir kjósendum sínum, heldur miklar fyrir sér og þeim umbótavilja sinn, sem vissulega er ríkulega fyrir hendi hjá mörgum þeirra, enda margt mætra manna innan raða Alþb. svo sem allra annarra flokka. En þetta dulvitaða innsta eðli Alþb., að umbætur tefji aðeins fyrir umbyltingu sem koma eigi, varð æðsta ráðinu í Alþb. kosningasigur Alþfl. slíkt reiðarslag að það hefur fram á þennan dag verið Alþb. alger hindrun til góðra samstarfsverka, og vil ég þó staðhæfa að greindari og hyggnari menn flokksins sjái vel að gott samstarf núv. stjórnarflokka sé það sem almenningur vonast eftir að takist til gagns fyrir land og þjóð. Þess

vegna mælist ég til þess hér og nú, að þessi vængur Alþb. íhugi af heilindum og ábyrgðartilfinningu þetta efnahagsfrv., sem hér liggur frammi, og fái sem flesta liðsmenn sína til hins sama.

Formaður Sjálfstfl. hefur gefið þá yfirlýsingu í aðalmálgagni flokksins, að Sjálfstfl. muni greiða atkv. gegn þessu efnahagsfrv. hér í þinginu. Engum þarf að koma slíkt á óvart. „Sjálfstæðið" veit um sjúkleika núv. stjórnarsamstarfs, afbrýðisemi Alþb. í garð Alþfl. og vangaveltur innsta ráðs þess um að kannske sé efnahagsöngþveitið besta vatnið á myllu Alþb.-valda. „Sjálfstæðið" stenst því ekki þá freistingu að hóa í lætin. En eins og Alþb. gengur með innanmein óeiningar og sundurþykkju ætti „sjálfstæðið" ekki að leyna sig því, að það gengur með líkan kvilla. Draumur „sjálfstæðisins" um mikinn kosningasigur á vori komanda, ef kosið yrði, kynni að verða því mikill blekkingardraumur. Flokkur, sem er sjálfum sér sundurþykkur svo sem Sjálfstfl. er nú og hefur verið um skeið, vinnur varla stóra sigra nema í þykjustunni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 63. fundur.

Mánudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 364). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, frv. (þskj. 115, n. 444). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 333). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur og erfðafé erfðafjársjóðs, frv. (þskj. 356). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Kirkjubyggingasjóður, frv. (þskj. 439). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 445). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, frv. (þskj. 474 (sbr. 196)) — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Félagsheimili, frv. (þskj. 446). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Tollskrá o.fl., frv. (þskj. 375). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 470).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 100). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 147, n. 391, 398). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Strax eftir að mál þetta kom til landbn. hv. d. var boðað til fundar með n. beggja d. og frv. og málsmeðferð þar rætt allítarlega. Niðurstaða þess fundar varð sú, að samþ. var að senda frv. til umsagnar stjórnar Búnaðarfélags Íslands og öllum búnaðarsamböndunum í landinu. Strax þegar þinghaldið hófst eftir áramótin var hafist handa um að athuga mál þetta. Unnu landbn. beggja d. saman að því verki og voru haldnir 10 fundir um málið. Umsagnir bárust frá stjórn Búnaðarfélags Íslands og öllum búnaðarsamböndunum í landinu að einu undanteknu. Einnig bárust umsagnir frá framleiðsluráðslaganefnd, Félagi kjúklingabænda, Sambandi eggjaframleiðenda og Félagi svínarræktarmanna og frá tveimur búnaðarfélögum: Búnaðarfélaginu Ófeigi í Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, og Búnaðarfélagi Dyrhólahrepps. Einnig bárust umsagnir eða álitsgerðir frá nokkrum einstaklingum.

Ekki sé ég ástæðu til að taka hverja og eina umsögn fyrir og tilgreina sérstaklega hvað fram kemur í hverri þeirra um sig, enda væri það allt of langt mál upp að telja. En í þessum umsögnum kom fram, að bændur telja yfirleitt að gera beri ráðstafanir til að reyna að ná stjórn á framleiðslunni og það hafi dregist úr hömlu að lögfesta heimildir fyrir bændasamtökin á þann hátt sem aðalfundur Stéttarsambands bænda hafi í mörg undanfarin ár farið fram á.

Meiri hl. búnaðarsambandanna ýmist leggur til eða skorar á Alþ. að lögfesta frv. Sum þeirra draga þó í efa að það frv., sem lagt var fyrir Alþ., nái þeim tilgangi sem til er ætlast, a. m. k. óbreytt. Margir umsagnaraðilarnir mótmæla fóðurbætisskatti, þ. á m. allar aukabúgreinarnar.

Þessar umsagnir eru misjafnlega ítarlegar, sumar aðeins nokkrar setningar, en aðrar mjög ítarlegar þar sem gerðar eru ákveðnar tillögur um breytingar á frv. og langar og ítarlegar grg. Greinilegt er t. d. að Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefur lagt mikla vinnu í að fjalla um þetta mál, og bárust frá því brtt. ásamt langri grg. Fleiri umsagnaraðilar voru með svipaðar tillögur eða hugmyndir og Eyfirðingar, hvaða heimildir ætti að lögfesta fyrir bændasamtökin eða til hvaða ráða ætti að grípa nú í þeim vanda sem bændastéttin stendur frammi fyrir.

Á þeim tíma sem landbn. hafa verið að fjalla um þetta mál eftir áramótin hefur fjöldi bænda víðs vegar að af landinu haft samband við einstaka nm. og hafa flestir þeirra, eftir því sem mér hefur skilist, viljað fara inn á leið Eyfirðinga eins og hún mun almennt kölluð, þ. e. a. s. að hver framleiðandi fái grundvallarverð fyrir tiltekið magn sinnar framleiðslu og ef framleiðslan fer yfir þessi tilteknu mörk, þá fái hann fyrir það, sem fram yfir er, það verð sem fyrir hana fæst á erlendum mörkuðum, og að hver framleiðandi fái tiltekið magn af kjarnfóðri gjaldfrítt miðað við þann framleiðslukvóta sem honum verður úthlutað, en ef hann kaupir meira af kjarnfóðri en þetta tiltekna magn verði settur á það hár skattur.

Miklar umr. fóru fram í landbn. um það, hvort heimildirnar ættu að vera rúmar eða þröngar og voru skiptar skoðanir þar um. Hins vegar aðhyllast flestir nm. efnislega tillögur Eyfirðinga. Þá var mikið rætt um þann mikla vanda sem bændur standa nú frammi fyrir, þar sem upplýst hefur verið að vanta muni um 200 kr. á hvert kg kindakjöts á þessu verðlagsári og 16—17 kr. á hvern mjólkurlítra vegna þess að vanta muni um 4 800 millj. kr. til að útflutningsbætur dugi á yfirstandandi ári, eða 1200—1300 þús. á grundvallarbú, og þær heimildir, sem rætt er um að bændasamtökin fái nú og felast í þessu frv., mundu ekki hafa áhrif til að minnka þann vanda á þessu ári.

Formaður Stéttarsambands bænda, Gunnar Guðbjartsson, kom á tvo fundi hjá nefndunum, svaraði fyrirspurnum, útskýrði ýmis atriði málsins og útvegaði gögn sem einstakir nm. komu fram með ósk um. Er enginn vafi á að landbn. höfðu mikið gagn af hans mörgu upplýsingum og útskýringum. Hákon Sigurgrímsson aðstoðarmaður landbrh. sat alla fundi nefndanna nema einn. Gaf hann einnig nefndunum ýmsar upplýsingar og aðstoðaði þær eftir því sem um var beðið, og má segja að þeir Gunnar og Hákon hafi auðveldað mjög störf nefndanna.

Á fyrstu fundum nefndanna eftir áramótin kom fram að heildarendurskoðun á framleiðsluráðslögunum er að ljúka og átti að vera lokið fyrir síðustu áramót. Þó að sú n., sem um málið hefur fjallað, hafi ekki náð samstöðu í mörgum veigamiklum atriðum hefur henni þó tekist að ná samkomulagi í nokkrum veigamiklum atriðum, og stefnt hefur verið að því að leggja frv. fram á þessu þingi með þeim ásetningi að koma því í gegnum þingið fyrir lok þess, ef nokkur tök verða á.

Eftir að þetta lá fyrir varð fullt samkomulag í landbn. um að fella niður 1. og 3. gr. þessa frv. sem hér er á dagskrá og lögfesta nú 2. gr. eina, þ. e. a. s. heimildirnar fyrir Stéttarsambandið til að reyna að hafa áhrif á framleiðslumagnið.

Í sambandi við þá umr., sem hér fór fram um þetta mál, kom fram áhugi ýmissa nm. fyrir því, að gerð yrði nú þegar tilraun um, hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi á milli allra stjórnmálaflokkanna til að reyna að finna viðunandi lausn á þeim vandamálum sem blasa við landbúnaðinum nú, og væri mjög brýnt að sú tilraun yrði gerð án tafar.

Fyrst kom sú hugmynd fram að þeir, sem sæti eiga í landbn. þingsins, færu með þessa málaleitan inn í sína þingflokka með tilmælum um að einn maður yrði tilnefndur úr hverjum flokki í þessa viðræðunefnd. Þegar ég fór að ræða þessi mál við hæstv. landbrh. kom strax fram að hann var með í undirbúningi svipaðar hugmyndir og við ræddum um á fundum landbn. Var þá ákveðið, að hann skrifaði þingflokkunum með tilmælum um að þeir tilnefndu mann í þessa viðræðunefnd.

Það, sem kom fram á landbúnaðarnefndafundunum og í viðræðum á milli einstakra nm., var að þessi samstarfsnefnd ætti fyrst og fremst að kynna sér hvort hægt væri að finna leiðir sem líklegt væri að allir eða a. m. k. flestir þingflokkarnir gætu náð samstöðu um, svo að ekki þurfi til að koma tekjuskerðing að neinu ráði a. m. k. hjá bændastéttinni á þessu og næsta verðlagsári. Reynt yrði til hins ýtrasta að ná samstöðu milli stjórnmálaflokkanna um framleiðsluráðsfrv. þegar það kemur úr n. og semja um það þannig að strax á næsta vori geti Stéttarsamband bænda samið beint við ríkisvaldið um öll sín mál og þar á meðal stefnuna í landbúnaðarmálum, t. d. til næstu 5 ára,

því e. t. v. væri hægt að tengja saman að einhverju leyti lausn vandans í dag miðað við það að upp verði tekin ákveðin stefna í þessum málum tiltekið tímabil.

Þá var rætt um að fram yrði að fara marktæk könnun á gildi sauðfjárframleiðslunnar fyrir iðnaðinn og atvinnulífið í landinu. Komu fram efasemdir um að þjóðin í heild mætti við því að dregið yrði úr sauðfjárframleiðslunni a. m. k. að nokkru ráði. Voru allir nm. sammála um að þetta mál yrði að kanna til hlítar — og ekki mætti gleyma byggðasjónarmiðinu í slíkri könnun. Þarf n. að gera sér grein fyrir á hvern hátt slík könnun á að fara fram til þess að hún verði ekki vefengd og nái tilgangi sínum. Þáltill. um þetta efni liggur að vísu fyrir Alþ. frá hv. þm. Jóni Helgasyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni, en ekki er hægt að bíða með þetta verkefni eftir samþykkt hennar. Það þyrfti enn fremur að reyna að gera sér ljóst, hvort nýja framleiðslustarfsemi sé hægt að taka upp bæði í sveitum og á þéttbýlisstöðum í staðinn fyrir þann samdrátt sem verða kann í hinum hefðbundnu búgreinum og þá hvort sú breyting á atvinnustarfseminni, sem til greina kemur að komi í gang, verði í reynd arðsamari fyrir þjóðarheildina en t. d. sauðfjárframleiðslan er og úrvinnslan úr þeim afurðum líkt og hún er í dag. Ef ný atvinnustarfsemi verður upp tekin úti um allt land þarf að gera sér grein fyrir hvernig á að standa að því svo það verði gert á skipulegan hátt, ekki síst til þess að hagnýta markaðsskilyrði sem best og ef hægt væri á þann hátt að draga úr raunverulegum tekjumun bænda og koma í veg fyrir atvinnuleysi á þéttbýlisstöðunum, þar sem atvinna mundi minnka ef búvöruframleiðsla dregst saman að nokkru ráði.

Það ánægjulega við þessa umr. var, að allir nm., sem tjáðu sig á annað borð um þessi mál, litu svo á að sá vandi, sem landbúnaðurinn stendur nú frammi fyrir, sé ekki honum að kenna og því beri þjóðfélaginu að leysa þetta mál á viðunandi hátt. Nú hafa allir stjórnmálaflokkarnir tilnefnt mann í þessa viðræðunefnd og hún tekið til starfa. Reynslan ein mun sýna hver árangur verður af starfi hennar og hvað menn eiga við þegar talað er um viðunandi lausnir á þessum málum. Og nú er framleiðsluráðslaganefndin búin að skila af sér sínu verkefni.

Eins og áður segir voru skiptar skoðanir um það í landbn., hvort heimildirnar ættu að vera rúmar eða þröngar. Eftir því sem fleiri fundir voru haldnir og málið meira rætt kom betur í ljós að tillögur Eyfirðinganna höfðu mikið fylgi nm. Hins vegar taldi formaður Stéttarsambands bænda, Gunnar Guðbjartsson, að það væri miklum erfiðleikum háð að fara þá leið, þ. e. a. s. að bændur fengju fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslu sinnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er, nema þá að ekki þyrfti að gera afurðalánin að öllu leyti upp fyrr en heildaruppgjör fer fram til framleiðenda eða fá fjármagn til þess með öðrum hætti. Endirinn varð sá, að a-liðurinn var að mínum dómi rýmkaður frá því sem hann var í frv., en þó vil ég að það komi greinilega fram, að landbn. ætlast til þess, a. m. k. til að byrja með, að reynt verði að setja ákveðinn framleiðslukvóta fyrir hvern og einn framleiðanda á svipaðan hátt og Eyfirðingar leggja til. Hins vegar var b-liðurinn þrengdur, en við teljum að eins og hann er nú muni hann reynast meira stjórntæki en hafa flatan skatt.

Þegar búið var að forma tillögugreinina var hún send til stjórnar Stéttarsambands bænda til umsagnar, en hún gerði tvær athugasemdir sem samkomulag varð um hvernig leyst yrði. Stjórn Stéttarsambands bænda sendi n. eftirfarandi bréf, með leyfi forseta, — þetta er úr bókun frá fundi í stjórn Stéttarsambandsins:

„Formaður kynnti nýjar till. sem fram hafa komið í landbn. Alþingis til breytinga á frv. til l. um breyt. á lögum um Framleiðsluráð. Breytingarnar taka til 2. gr. frv. og lágu þær fyrir á fundinum

Till. voru ræddar. Ekki þótti ástæða til að mæla gegn þeim breyt. sem í till. felast, en samþ. var að benda á nauðsyn þess, að til kæmi fjárstuðningur ríkisins til þess að mæta þeim vanda sem vaxið hefur óðfluga vegna þess, hversu dregist hefur að ráða bót á því erfiða ástandi sem skapast af miklum útflutningi og birgðasöfnun búvara.

Stjórnin mælir með samþykkt frv. með þessum breyt., en telur sér ekki fært á þessu stigi að gefa yfirlýsingar um hvernig framkvæmd yrði hagað, þar sem fulltrúafundur Stéttarsambandsins á samkv. ákvæðum frv. að taka þær ákvarðanir."

Undir þetta skrifar Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambandsins.

Nú er ég líka með í höndum umsögn Búnaðarþings um þetta mál, og ég tel rétt að lesa hana upp hér, með leyfi forseta:

„Ályktun.

I. Búnaðarþing telur að það ástand, sem nú hefur skapast í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðarins af ýmsum samverkandi orsökum, sanni enn nauðsyn þess að hafa í lögum heimildir til aðhaldsaðgerða gegn offramleiðslu búvara. Minnir þingið á samþykktir síðasta Búnaðarþings um þessi mál. Búnaðarþing harmar hve treglega gengur að fá slíkar heimildir lögfestar þrátt fyrir margítrekaðar óskir bændasamtakanna á undanförnum árum.

Búnaðarþing þakkar starf sjömannanefndar, er skipuð var að ósk þess 1978. Frv. til breyt. á l. 101 frá 1966, sem samið er í framhaldi af starfi n., hefur verið lagt fyrir Alþingi og borist Búnaðarþingi á þskj. 7. Í því felast, ef að lögum verður, heimildir handa Framleiðsluráði til ákveðinna aðgerða til aðhalds búvöruframleiðslu.

Búnaðarþingi er ljóst, að mál þetta er enn í mótun Alþingis, en leggur áherslu á að þannig sé gengið frá þessum ákvæðum, þegar lögfest verða, að Framleiðsluráð hafi svigrúm til þess með samþykki Stéttarsambandsfunda að beita þeim aðferðum sem heimilaðar verða (kvótakerfi, kjarnfóðurgjald) á þann hátt sem best á við hverju sinni, án þess að lagabreytinga þurfi.

Þannig séu ákvæðin svo skýrt orðuð að ekki orki tvímælis að Framleiðsluráð geti valið um hvers konar útfærslu kvótakerfis og kjarnfóðurgjalds, ákveðið viðmiðun við framleiðslu tiltekinna ára, og sé heimilt að taka tillit til bústofnsstærðar.

II. Búnaðarþing telur mjög brýnt nú að framleiðslustefnan í landbúnaði verði endurskoðuð í samstarfi bændasamtaka og stjórnvalda og jafnframt myndað virkt kerfi til að laga framleiðsluna að aðstæðum hverju sinni. Þingið fagnar því að landbrh. undirbýr nú slíka endurskoðun (sbr. Drög að þáltill., þskj. 36) og að stjórnarandstaðan hefur reifað sama stefnumið og skyld viðhorf (sbr. þáltill., þskj. 58).

Búnaðarþing telur að markmið samræmdrar framleiðslustefnu og byggðastefnu eigi að vera þannig:

1. Byggð verði viðhaldið í öllum meginatriðum.
2. Búvöruframleiðsla fullnægi jafnan innanlandsþörf,

leggi til iðnaðarhráefni og beinist að útflutningi, þegar viðunandi verðlag næst erlendis.

3. Tekjur og félagsleg aðstaða sveitafólks sé sambærileg við það sem aðrir landsmenn njóta.

Til að ná þessum markmiðum þarf: að endurbæta lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. með tilliti til framleiðslustjórnar og samræma framkvæmd þeirra laga og hagstjórnaraðgerðir hins opinbera (svo sem niðurgreiðslur, verðtryggingu, byggðastuðning o. fl.) til að laga framleiðsluna að markaði hverju sinni, — að miða mjókurframleiðslu sem mest við innanlandsneyslu og leitast við að jafna hana eftir árstíðum, — að koma á framleiðslu- og söluskipulagi sem nái til allrar kjötframleiðslu í landinu, svo að unnt verði að hafa áhrif á hlutfallið milli framleiðslugreina, — að auka hagfræðileiðbeiningar til bænda og vinna að auknu búreikningahaldi, — að stuðla að bættri heyverkun hjá bændum og efla innlendan fóðuriðnað, — að efla rannsóknarstarfsemi sem stuðlar að hagkvæmari búskap, — að styðja fjölbreyttari atvinnumöguleika í dreifbýli, bæði nýjar og eldri aukabúgreinar, nýtingu hlunninda og iðnfyrirtæki.

III. 1. Þar sem mestan hluta framleiðsluvandamála landbúnaðarins má rekja til samfélagslegra aðstæðna, verðbólgu, ýmissa framleiðsluhvetjandi þátta og skorts á lagaheimildum til stjórnunar, þá telur Búnaðarþing rökrétt að gera þá kröfu til Alþ. að það tryggi bændum fullt verð fyrir þær umframbirgðir búvöru sem nú eru í landinu svo og framleiðslu þess tímabils sem líður þar til stjórnunaraðgerðir hafa skapað jafnvægi í framleiðslunni.

2. Þingið telur mikilvægt að verðtrygging ríkisins (útflutningsbætur) haldist, enda þótt tekin sé upp framleiðslustjórnun.

3. Þingið telur að þær gífurlegu sveiflur, sem verið hafa í niðurgreiðslum búvara til neytenda á liðnum árum, hafi haft mjög óheppileg áhrif á sölu varanna á innanlandsmarkaði. Því skorar Búnaðarþing á Alþ. að setja niðurgreiðslunum fastar skorður í lögum, þannig að breytingar þeirra séu bornar undir samtök bænda áður en þær koma til framkvæmda og þær séu að jafnaði ákveðið hlutfall af útsöluverði búvara.

4. Búnaðarþing telur mikilvægt, með tilliti til aðstæðna, að stefnan í fjárfestingar- og lánamálum landbúnaðarins markist skýrt af hagkvæmnissjónarmiðum, þannig að ávallt sé haldið uppi framkvæmdum til eðlilegs viðhalds og endurnýjunar, en lagðar hömlur á þær framkvæmdir sem stefna beint að ótímabærri framleiðsluaukningu.

IV. Búnaðarþing leggur áherslu á að áfram verði skipulega unnið að markaðsmálum landbúnaðarins. Þingið skorar á stjórnvöld að vinna að því með viðskiptasamningum að fá fellda niður þá tollmúra og viðskiptahömlur sem svo mjög hafa staðið í vegi fyrir eðlilegri verslun með íslenskar búvörur erlendis. Ávallt sé leitast við að auka valkosti neytenda bæði á innlendum og erlendum mörkuðum með sem mestri fjölbreytni í vinnslu og afhendingu vörunnar.

Þingið þakkar markaðsnefnd það verk, sem hún hefur þegar unnið, og væntir mikils af áframhaldandi störfum hennar fyrir þennan þýðingarmikla málaflokk.

V. Búnaðarþing vísar til nokkurra fyrri ályktana sinna varðandi eignar- og umráðarétt á landi."

Með þessari ályktun fylgir löng grg. sem ég gef mér ekki tíma til að lesa hér, en ég beini því sérstaklega til landbúnaðarnefndarmanna að kynna sér hana vel.

Ekki var sett inn í frvgr. við hvaða framleiðsluár ætti að miða þegar framleiðslukvótinn verður settur. En að athuguðu máli var það álit n. að miða ætti við framleiðsluárið 1977. Árið 1977 var meðalár fyrir landbúnaðinn þegar á heildina er litið og að því leyti gott viðmiðunarár í þessu tilliti. Hins vegar er það ljóst, að ekki er hægt að taka neina viðmiðun sem látin er gilda án undantekninga, hvort sem tekið er eitt ár eða fleiri, því alltaf eru einhver óhöpp sem lenda á einstaka bónda og leiða til þess, að þó að aðalregla sé sett í þessu tilliti getur ekki farið hjá því að út af henni verði að bregða ef nokkurt réttlæti á að nást í þessum efnum. Hitt er annað mál, að það verður hvorki auðvelt né vinsælt að meta slíkar undantekningar og getur ekki orðið á annarra færi að gera það en Stéttarsambands bænda. Til þess að sýna hvernig horfir í þessum málum, þá reyndist vera 7.6% meiri mjólkurframleiðsla í janúarmánuði s. l. heldur en í janúarmánuði 1978, og svipuð aukning var í febrúarmánuði. Á þessu sést hvað er aðkallandi að setja í bili bremsu á þessa framleiðslu, þar til úr rætist í sölumálum mjólkurafurða. Hins vegar vil ég taka það fram, að það verður ekki fyrr en haustið 1980 sem hægt er héðan af að hafa áhrif á framleiðslumagn sauðfjárafurða, ef niðurstaðan verður sú að hagkvæmt þyki að draga einnig úr þeirri framleiðslu.

Á einum fundinum kom fram till. frá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni og bað hann um að hún yrði send til allra búnaðarsambanda í landinu til umsagnar og var það gert. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í stað frv. verði ákveðið að hluti niðurgreiðslna og útflutningsbóta verði greiddur beint til bænda, t. d. 6 millj. að hámarki til hvers bónda árlega eða 500 þús. kr. á mánuði miðað við verðlag 1978. Rækileg skoðun fari síðan fram á því, hvernig afganginum yrði ráðstafað."

Fjórar umsagnir hafa borist, sem ég hef séð, og er ein þeirra frá Búnaðarsambandi Skagafjarðar og eru allar neikvæðar.

Á síðasta fundi um mál þetta komu fram tvær till., sem báðar voru ákvæði til bráðabirgða: Önnur frá hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni, og var um þau atriði sem ég minntist á áðan að viðræðunefndir ættu að taka til athugunar og umfjöllunar. Hin till. frá Alþfl., borin fram af hv. þm. Finni Torfa Stefánssyni, um að innan tiltekins tíma skuli Alþ. taka til endurskoðunar þær heimildir sem n. leggur til með þessum brtt. að veittar verði. Þar sem áður hafði náðst samkomulag um að lögfesta að þessu sinni 2. gr. frv. og láta allt annað bíða þar til heildarlögin endurskoðuð kæmu fyrir Alþ., sem ætlað er að verði innan stutts tíma, var ekki á það fallist að nein bráðabirgðaákvæði væru sett nú í þetta frv. Hins vegar var talið eðlilegt, ef ástæða yrði talin til að setja bráðabirgðaákvæði í þessi lög, að það kæmi til álita þegar heildarlögin yrðu samþ. Efnislega tjáðu nm. sig sammála báðum þessum till., þó ekki væri fallist á að slík bráðabirgðaákvæði yrðu með þessu frv., þar sem búið er að setja fulltrúa frá öllum þingflokkunum til að fjalla um þau efnisatriði sem felast í till. Lúðvíks Jósepssonar, hv. 1. þm. Austurl., og frv. til l. um heildarendurskoðun á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. kemur fyrir Alþ á næstunni, eins og áður segir. Og á sama hátt var talið óeðlilegt að till. Alþfl. yrði tekin inn í frv. nú.

Þó þetta yrði niðurstaðan í n. hefur hv. þm. Lúðvík

Jósepsson flutt sína brtt. á þskj. 398. En þar sem ég veit að hv. þm vill ná samstöðu um landbúnaðarmálin á milli stjórnarflokkanna sé þess kostur og þar sem verið er að fjalla um þessi mál í viðræðunefnd sem allir stjórnmálaflokkarnir hafa tilnefnt mann í, vil ég fara þess á leit við hv. flm. að hann taki till. sína til baka og vísi henni til viðræðunefndar til umfjöllunar, ef honum sýnist svo.

Þar sem ég hef ástæðu til að ætla að gerð verði að umræðuefni afgreiðsla þessa máls út úr n., miðað við það sem við mig hefur verið sagt, vil ég taka eftirfarandi fram:

Fyrir fund, sem haldinn var 15. febr. s. l., var búið að tilkynna að á þeim fundi mundi verða látið reyna á að ganga frá málinu út úr n. En á þessum fundi 15. febr. fór hv. þm. Pálmi Jónsson fram á það, að málinu yrði frestað fram á þriðjudag 20. febr., þar sem ekki hefði fengist tími til að ræða mál þetta á þingflokksfundi Sjálfstfl. Orðið var við þessum tilmælum. Mánudaginn 19. febr. hringdi hv. þm. Pálmi Jónsson í mig og sagðist ekki geta mætt á boðuðum fundi daginn eftir og fór enn fram á að afgreiðslu á málinu yrði frestað. Afboðaði ég því fundinn, en tilkynnti honum þá að síðar í vikunni yrði lokafundur haldinn í þessu máli og það afgreitt út úr n. og fleiri frestir ekki gefnir af minni hálfu. Fimmtudaginn 23. febr. var fundur haldinn og málið þá afgreitt út úr n. Hins vegar kom í ljós að enn hefði ekki gefist tími hjá Sjálfstfl. að ræða málið í þingflokknum, og enn var beðið um frest, en var hafnað. Hins vegar bauðst ég til að skila ekki nál. fyrr en að loknum þingflokksfundi á mánudag. En ég tók þá sérstaklega fram, að ef sjálfstæðismenn væru þá ekki búnir að gera það upp við sig, hvort þeir ætluðu að skrifa undir nál. með n. eða skila séráliti, þá yrði þeirri ákvörðun ekki breytt, enda málið afgreitt úr nefndinni.

Nú er kominn 19. mars og síðan nál. var lagt fram hefur margoft verið beðið um af hendi sjálfstæðismanna að málið yrði ekki tekið fyrir og ýmsu borið við, t. d. að hæstv. landbrh. væri ekki viðlátinn, að beðið væri eftir umsögn Búnaðarþings, og s. l. miðvikudag, eftir að umsögn Búnaðarþings hafði borist og hæstv. landbrh. var kominn í þingsalinn þá var enn beðið um frest til dagsins í dag þar sem sjálfstæðismenn væru ekki enn búnir að gera málið upp í sínum flokki. Ekki veit ég hvaða ályktanir hv. alþm. draga af öllum þessum frestunarbeiðnum sjálfstæðismamma í sambandi við þetta mál, en benda þær ekki til þess að ekki sé mjög góð samstaða um málið í þessum flokki?

Eins og að framan greinir voru haldnir í n. tíu fundir um þetta frv. og margir þeirra langir, þar sem landbn. beggja d. fjölluðu um málið sameiginlega.

Auk mín skrifa undir þetta nál. ásamt meðfylgjandi brtt. hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson, Þórarinn Sigurjónsson, Lúðvík Jósepsson og Pálmi Jónsson, en þeir tveir síðarnefndu með fyrirvara. Hv. 1. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, sagði ekki n. hvort hann mundi skila séráliti, og hef ég a. m. k. ekki séð það enn. Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Brtt. eru svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Við 1. gr. Greinin falli niður.

2. Við 2. gr. Greinin, sem verður 1. gr., orðist svo:

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins, fyrir það sem umfram er, og eru þá Framleiðsluráði með samþykki landbrh. heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Einnig er heimilt að ákveða framleiðendum sérstakar verðbætur ef þeir draga úr framleiðslu sinni.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmda á ákvæðum þessa stafliðar, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessarar heimildar.

b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu fá tiltekið magn kjarnfóðurs gjaldfrítt miðað við framtalið magn afurða á skattframtali, skv. nánari ákvæðum í reglugerð. Skattstjórar skulu fyrir 1. apríl ár hvert gefa Framleiðsluráði upp framtalið afurðamagn á hverju lögbýli og hjá öðrum framleiðendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Ákvörðun um upphæð gjaldsins skal tekin á fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og er háð samþ. landbrh.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á skv. framangreindri heimild, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

c) Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann skv. a- og b-lið þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. M. a. er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, svo og til að jafna halla er verða kann á útflutningi milli söluaðila. Þá er heimilt, að fengnu samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, að ráðstafa hluta af þessu fjármagni til að jafna búskaparaðstöðu bænda, svo sem með því að jafna flutningskostnað á framleiðslu grænfóðurverksmiðja og öðrum fóðurbæti. Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir n. þriggja manna til úrskurðar. Nefndina skipa fulltrúar Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbrh.

Landbrh. setur reglugerð um framkvæmd heimilda er felast í þessari grein, að fengnum till. Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda.

3. Við 3. gr. Greinin falli niður.

4. Aftan við frv. komi ný grein, sem verður 2. gr. og orðast svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Það er auðvitað ljóst að þessar brtt., sem n. leggur til að gerðar verði á frv., verða til þess að það verður lítið af

fjármagni sem kemur til með að safnast upp, vegna þess að það verður ekki nema af þeim skatti sem menn kunna að kaupa meira af fóðurvörum en þeim verður úthlutað.

Þegar fjallað var um þetta mál í landbn. var rætt um það við landbrn. og aðallega þó Hákon Sigurgrímsson, að æskilegt væri að n. fengju í hendur drög að reglugerð um þetta mál, þar sem ekki væri búið að gera sér fulla grein fyrir ýmsum framkvæmdaratriðum í sambandi við að setja á framleiðslukvóta og tvenns konar verð á kjarnfóðri. Vegna anna hjá þeim aðilum, sem vinna áttu þetta verk, fengu n. ekkert í hendur áður en frá nál. og brtt. var gengið.

Nú er hins vegar búið að huga töluvert að þessu máli og í ljós hefur komið að það geti verið a. m. k. álitamál og e. t. v. nauðsynlegt að gera einhverjar breytingar á þessum tillögum sem ég er hér að tala fyrir, m. a. vegna þess að nýlega hefur fallið dómur um upplýsingaskyldu skattstjóra. Einnig verður athugað hvort ekki verður að leggja skatt á allt kjarnfóður nema grasköggla, en í till. okkar er talað um innflutt kjarnfóður. Fleiri atriði þarf að huga að, hvort ekki er hægt að koma þeim fyrir í reglugerð eða hvort verður að setja þau inn í lagagreinina, eins og t. d. að vitað er um að einhverjir bændur hafa ekki talið fram til skatts, en þar sem kjarnfóðrið, sem gjaldfrítt verður, ákvarðast af framleiðslumagni á skattframtali, þá er spurning hvernig með slíkt verður farið. Fleiri atriði væri e. t. v. hægt að telja upp, en ég ætla að láta þetta nægja. En af þessari ástæðu tel ég rétt, að landbn. beggja d. taki þessi og nokkur fleiri atriði til athugunar á milli 2. og 3. umr. Bið ég hæstv. forseta að taka það til athugunar og mun ég láta hann vita þegar þessi athugun hefur farið fram.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 466, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 25 shlj. atkv.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Í nál. á þskj. 391 kemur fram, að ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara. Ég vil því gera nokkra grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef í sambandi við afgreiðslu málsins.

Þegar mál þetta var hér til 1. umr. lét ég það koma fram sem mína skoðun, að ég teldi að mjög væri vafasamt að frv., eins og það var þá lagt fyrir, næði miklum tilgangi þó að það yrði lögfest. Ég lýsti því þá einnig yfir, sérstaklega varðandi þau ákvæði frv. sem snúa að því að leggja á sérstakan fóðurbætisskatt, að ég teldi á slíkum skatti mikla annmarka og væri mjög vafasamt að grípa til hans í ríkum mæli. Þessi skoðun mín er enn hin sama. Ég tel að það sé ekki mikils árangurs að vænta af þeim heimildum sem felast í þessu frv. En eins og ég sagði við 1. umr. málsins, þá vil ég ekki á neinn hátt standa í vegi fyrir því að samtök bænda fái þær heimildir sem þau óska eftir til þess að hafa áhrif á stjórn landbúnaðarmála. Og ég sagði að ég mundi annaðhvort miða afstöðu mína við að veita þeim slíkar heimildir, jafnvel þó að ég væri ekki ásáttur með þær leiðir sem þeir hygðust fara, eða þá að standa ekki í vegi með því að sitja hjá við afgreiðslu slíkra heimilda.

Sá vandi, sem við er að glíma í íslenskum landbúnaði í dag, má í rauninni segja að sé aðallega tvíþættur. Annars vegar er um að ræða það gífurlega mikla vandamál sem bændur standa frammi fyrir nú í dag vegna framleiðslunnar eins og hún er og vegna markaðsskilyrða þeirra sem fyrir hendi eru. Sagt hefur verið að þessi vandi muni nema því, miðað við það sem áætlað er varðandi útflutning á landbúnaðarafurðum, að bændur þyrftu að fá um 5 milljarða til viðbótar við það sem þeir eiga rétt á samkv. lögum í útflutningsuppbætur, eða ef þeir fái ekki þessa fjárhæð, þá muni það nema, eins og kom fram hjá frsm. meiri hl. landbn., hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, í áföllum á hvern bónda í landinu í kringum 1200—1300 þús. kr., þ. e. a. s. að tekjur bóndans mundu að meðaltali lækka um 1.2 millj. til 1.3 millj. kr. Þetta mun vera nærri því að bændur yrðu fyrir tekjufalli á þessu ári sem næmi í kringum 30% eða svo. Hér er auðvitað um gífurlegt vandamál að ræða. Þetta er annar hluti þess vanda sem menn eru nú að ræða um varðandi landbúnaðarmál.

Í rauninni snertir það frv., sem hér var flutt og er til umr., og í rauninni einnig þær till., sem eru fram komnar til breytinga á því, ekki þessa hlið vandans svo til ekki að neinu leyti. Hinn hluta vandans, sem við er að glíma í íslenskum landbúnaði í dag, má flokka undir það, að heildarframleiðslan er meiri en að vera í samræmi við markaðsskilyrði. Spurningin er: Hvað á að gera til þess að samræma framleiðslumagnið og markaðsskilyrðin? Ég hygg að það viðurkenni nær allir að slík samræming getur ekki farið fram í skyndi. Það tekur talsverðan tíma að vinna að því að þarna geti orðið sæmilegt samræmi á milli. Og það þarf í rauninni enginn að verða hissa á því, þó að menn séu ekki allir á eitt sáttir, hvorki í hópi bænda né annarra, um það, til hvaða ráða eigi að grípa til að ná þessari samræmingu.

Hvað felst í raun og veru í frv. sem hér liggur fyrir og þá í þeim breyt. sem lagt er til að gera á frv.? Það felst í því í stuttu máli, að það er verið að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins og að nokkru leyti landbrh. tvær meginheimildir. Í fyrsta lagi að veita Framleiðsluráði þá heimild að mega greiða bændum mishátt verð fyrir afurðirnar, að Framleiðsluráðið geti sett upp reglur um það, að t. d. tiltekin bú fái nokkurn veginn það verð fyrir framleiðslu sína sem við hafði verið miðað við verðákvörðun á landbúnaðarafurðum, en önnur bú fengju þá, af því að þau væru t. d. af annarri stærð, talsvert miklu minna verð fyrir framleiðslu sína sem meðaltalsverð. Sem sagt, þarna á að mismuna landbúnaðarframleiðendum í ýmsum greinum. Það er ekki óeðlilegt að veita þessa heimild sem hverja aðra neyðarráðstöfun eins og málin standa nú. Það er augljóst að við þau skilyrði, sem gilda í dag, er ekki hægt að greiða fullt framleiðsluverð til allra bænda fyrir alla framleiðsluna, þar vantar verulega upp á. Hér er því verið að leita eftir heimild til þess, hvernig megi jafna fjárhagsvandamálinu niður á milli bænda. En vitanlega leysir það ekki fjárhagsvandann. Það er aðeins um það að ræða að veita heimild til þess að bregðast við á þennan hátt: að greiða bændum mishátt verð fyrir afurðirnar.

Í öðru lagi felst í þessu frv. og einnig í brtt., sem gerðar eru af hálfu meiri hl. n., heimild handa Framleiðsluráði og að nokkru leyti ráðh. til að leggja á fóðurbætisskatt. En þó er nú gert ráð fyrir því, að skatturinn yrði lagður á með þeim hætti, að yfirleitt fengju bændur miðað við bústærð sína fóðurbætinn áfram á hinu almenna verði án sérstakrar skattlagningar upp að þeim mörkum sem telja má að sé hófleg notkun á fóðurbæti. Hins vegar er gert ráð fyrir að til komi allhár skattur á fóðurbæti þegar talið verður af þeim, sem eiga að sjá um þessa framkvæmd, að um sé að ræða óeðlilega mikla notkun á fóðurbæti. Ég

held að allir séu sammála um það, að miðað við þessa framkvæmd verður hér ekki um mikla skattlagningu að ræða, og það er skoðun mín að áhrifin af þessum skatti geti ekki orðið mikil. Það er hugsanlegt að þessi skattur gæti eitthvað dregið úr notkun kjarnfóðurs og þar með dregið nokkuð úr t. d. *mjólkurframleiðslu, en ég held að* næstum allir séu sammála um að það sé mjög ógætilegt, ef svo mætti segja, að reikna með því að áhrifin af þessu verði mikil. En þetta er það eina sem í rauninni felst í þessu frv., að veita þessar tvær aðalheimildir sem ég hef verið að gera grein fyrir.

Að mínum dómi leysa því þessar heimildir sáralítinn vanda. Þær leysa auðvitað nálega ekkert af þeim stóra og mikla fjárhagsvanda sem bændur standa frammi fyrir á þessu ári og örugglega á næsta ári líka, og þessar heimildir marka í rauninni enga nýja stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins. En það er einmitt um það sem ég tel að þetta mál snúist, að það hefði þurft að komast inn á þá braut að marka nýja stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins, sem sagt að vinna sig með einum eða öðrum hætti út úr þeim vanda sem við stöndum í, og svo að snúa sér að því, hvernig á að leysa þann gífurlega mikla vanda sem bændastéttin stendur frammi fyrir á fjárhagssviðinu á þessu og a. m. k. næsta ári.

Fyrirvari minn í sambandi við afgreiðslu málsins er bundinn við þetta sem ég hef verið að segja. Ég tel það sé að vísu ekki óeðlilegt að veita samtökum bændanna þessar heimildir, en tel að þær geti ekki ráðið hér neinum *úrslitum og þær grípi ekki nema að litlu leyti á vanda*málunum.

Ég ætla ekki að sinni að fara út í umr. um það, hvers eðlis þessi vandi er varðandi markaðsmálin og horfurnar í framleiðslumálum landbúnaðarins almennt. Ég hef gert það nokkuð áður, en skal ekki lengja þessar umr. með því að hefja a. m. k. almennar umr. um það mikla vandamál. En ég hef flutt brtt. við frv. á þskj. 398, þar sem ég geri ráð fyrir að jafnhliða þessum tveimur aðalheimildum, sem gert er ráð fyrir að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins, verði einnig tekið upp ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir að grípa með öðrum hætti á því vandamáli sem hér liggur fyrir. Til þess að skýra mál mitt betur þykir mér ástæða til að lesa þessa brtt. mína upp eins og hún liggur fyrir, með leyfi hæstv. forseta. Ég legg til að aftan við frv. komi ákvæði til bráðabirgða sem hljóði þannig:

„Ríkisstj. skal svo fljótt sem við verður komið taka upp samningaviðræður við Stéttarsamband bænda um þau rekstrarlegu og fjárhagslegu vandamál sem landbúnaðurinn a nú við að stríða.

Í þessum viðræðum skal að því stefnt, að gert verði samkomulag til næstu 4—5 ára um stefnuna í framleiðslumálum landbúnaðarins og um fjárhagsvandamál atvinnugreinarinnar.

Í samkomulagsumræðum þessum skal m. a. fjallað um eftirfarandi:

a) Stefnuna í framleiðslumálum landbúnaðar næstu 4—5 árin.
b) Hvernig mæta skuli þeim fjárhagsvanda sem bændastéttin stendur frammi fyrir, þar sem augljóst er að lögbundnar útflutningsbætur *muni* ekki duga til að tryggja bændum umsamið grundvallarverð.
c) Skipulag framleiðslunnar á þann veg að framboð landbúnaðarafurða verði í sem bestu samræmi við markaðsskilyrði.
d) Markaðs- og sölumál landbúnaðarafurða. Fyrirkomulag á greiðslum til verðlækkunar á landbúnaðarafurðum og útflutningsbótum.
e) Athugun á skiptingu landsins í framleiðslusvæði með það fyrir augum að beina framleiðslunni til þeirra landssvæða sem *hagkvæmast er í hverju tilfelli, en* draga úr framleiðslu þar sem náttúrlegar og markaðslegar aðstæður eru óhagkvæmar.
f) Ýmis hagsmunamál bændastéttarinnar og möguleika á því að draga úr þeim mikla mun sem nú er á afkomu bænda.
g) Önnur atriði sem aðilar telja rétt að taka upp í sambandi við samkomulag á milli bændastéttarinnar og ríkisvaldsins."

Það er skoðun mín að rétta leiðin í þessum efnum sé að hefjast þegar í stað handa um beina samninga um þessi mál á milli bændasamtakanna í landinu og ríkisvaldsins. Ég vek athygli á því, að með þessu ákvæði er ekki verið að ganga frá því atriði endanlega að Sexmannanefnd svonefnd skuli lögð niður og tekið skuli upp breytt form á því, hvernig verðlagning á landbúnaðarafurðum fer fram. Ég er þó á þeirri skoðun, að það eigi að breyta því á þann hátt að Sexmannanefnd verði lögð niður og að þarna verði um beina samninga að ræða. En þeir beinu samningar, sem hér er lagt til að taka upp, eru í sambandi við það vandamál sem við stöndum frammi fyrir nú. Og ég álít að um leið og ríkið semur við bændur um að reyna að leysa fjárhagsvandamál þeirra, sem þeir standa frammi fyrir nú, sé eðlilegt að semja við bændurna um vissar breytingar í framleiðslumálunum, hvernig þeir vilji standa að breytingum í framleiðslunni t. d. næstu árin, og inn í slíka samninga geta dregist ýmis önnur hagsmunamál stéttarinnar.

Satt að segja finnst mér hálfhjákátlegt að afgreiða þetta stóra mál á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frv., með því að veita aðeins þessar takmörkuðu heimildir, *eins og með því sé verið að leysa nokkurn vanda. Mér* finnst lágmarkið vera að ákveða að til þessara samninga, sem geta orðið allvíðtækir samningar á milli bændasamtakanna og ríkisvaldsins, sé ákveðið að ganga nú þegar.

Hv. formaður landbn., Stefán Valgeirsson, beindi því til mín, hvort ég vildi ekki draga til baka þessa till. mína, vegna þess að það væri hugsunin hjá hæstv. landbrh. að taka á þessum málum á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í till. minni. Ég vil svara því á þá lund, að gefi hæstv. landbrh. yfirlýsingu um að það sé ákvörðun hans að efna til formlegra viðræðna eins fljótt og tök eru á milli ríkisvaldsins og bændasamtakanna um þessi mál í þá átt sem gert er ráð fyrir í þessari till., þá skal ég draga till. mína til baka. Það skiptir mig ekki neinu máli. Ég yrði fullkomlega ánægður með það, því að þá liti ég á það sem hluta af þessari afgreiðslu ekki aðeins að veita þær heimildir, sem gert er ráð fyrir í frv., heldur kemur þá einnig fram formleg yfirlýsing á Alþ. um að ætlunin sé að taka upp beina samninga við bændastéttina um þessi vandamál. Þó að það sé gagnlegt að ræða vandamálið í sérstakri n. þingflokkanna og á Alþ., þá er ég þeirrar skoðunar að þessir samningar eigi að fara fram milli formlegra fulltrúa bændasamtakanna og ríkisvaldsins, af því að hér verður eflaust um nokkuð samanslungar samningaviðræður að ræða. Ef sem sagt hæstv. ráðh. lýsir yfir að hann muni taka upp beina samninga um þau atriði, sem hér er gert ráð fyrir, í a. m. k. meginefnum þess sem hér er um að ræða, þá er sjálfsagt að ég dragi till. mína til

baka. Ég er ánægður með þá lausn.

Afstaða mín til frv. hér að öðru leyti er sú sem ég hef sagt. Ég mun standa að því, ég mun greiða atkv. með því að veita þær heimildir sem gert er ráð fyrir í till. meiri hl. landbn., af því að ég vil að samtök bændanna hafi möguleika á að grípa til þeirra ráða sem samtökin telja nauðsynleg. Jafnvel þó að þau ráð, sem gripið verði til, séu ekki þau sem ég hefði talið hyggilegust vil ég eigi að síður veita samtökunum þessar heimildir.

Í sambandi við þetta mál vil ég þó vekja athygli á einu atriði. Auðvitað er það vandamál sem við stöndum frammi fyrir nú varðandi íslenskan landbúnað. Það er stórkostlegt vandamál. Augljóst er að það þarf að verða talsverð breyting á framleiðsluháttum og framleiðsluskipulagi, og augljóst er líka að það verður að grípa til einhverra stuðningsaðgerða við bændur eins og nú standa sakir. Ég tel að þær ákvarðanir, sem gripið var til á s. l. ári, fyrst af fyrrv. ríkisstj., líklega í júnímánuði eða þar um bil, og síðar af núv. ríkisstj., að auka mjög verulega niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum, auðvitað að verulegu leyti til þess að reyna að koma í veg fyrir mikla kauphækkun og þá efnahagslegu erfiðleika sem fylgdu miklum kauphækkunum við okkar aðstæður nú, en einnig til þess að greiða fyrir sölu á landbúnaðarafurðum, — ég tel að þessar ráðstafanir hafi verið mjög jákvæðar og hafi orðið til þess að minnka þann vanda sem við stöndum frammi fyrir. Það kom í ljós, að eftir að þessar niðurgreiðslur voru auknar á s. l. ári jókst sala á landbúnaðarafurðum verulega, eða í kringum 9%, þegar miðað er við árið sem heild. Salan á dilkakjöti fór úr réttum 9000 tonnum upp í rúmlega 9800 tonn, og það var alveg augljóst að ákveðið samhengi var á milli lækkunarinnar á landbúnaðarvöruverðinu með auknum niðurgreiðslum og aukinnar sölu. Það er því mjög líklegt að þarna hafi orðið um aukningu á innanlandsmarkaði að ræða á dilkakjöti sem nemur 800—900 tonnum, aðallega á síðari hluta ársins.

Nú hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins gert ráð fyrir því, að um söluaukningu muni verða að ræða á þessu ári sem nemi 12% eða í kringum 1100 tonnum til viðbótar við það sem var á s. l. ári. Ég hef sagt það, að mér þykir þarna gæta nokkuð mikillar bjartsýni af hálfu Framleiðsluráðs, að búast við að salan á dilkakjöti fari upp í rúmlega 11 þús. tonn samkv. þessu á árinu. Vonandi standast þessar áætlanir. En það er enginn vafi á því, að ef þetta stenst, þá verður hér um að ræða á 1½ ári aukningu á magnsölunni á dilkakjöti sem nemur um 2000 tonnum, og það er vitanlega ekkert smáræði að losna við þann vanda og hafa gert það um leið og menn náðu nokkrum árangri í því að koma í veg fyrir miklar kauphækkanir sem hefðu leitt af sér efnahagslegan vanda að öðru leyti.

Þegar þetta er haft í huga þykir mér næsta furðulegt, þegar menn tala um ráðstafanir í efnahagsmálum til langs tíma, miðað við allar þessar aðstæður, að þá er ein sú till., sem uppi er og er í því mikla og fræga frv. sem nú er til umr. í Ed., að grípa til þess að draga mjög verulega úr niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum. Í grg. frv. segir varðandi þetta atriði um 9. gr. frv., sem gerir ráð fyrir breytingu á niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum, að draga þurfi úr niðurgreiðslum frá því sem nú er sem nemur 5.4 millörðum til 6.7 milljörðum kr. á hverju ári, árinu 1979, þessu ári, 1980 og 1981, til þess að ná því markmiði sem þessi grein frv. segir til um. M. ö. o. er gert ráð fyrir því, að farið verði að grípa til mjög verulegrar minnkunar á niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum við þessar aðstæður, sem hlýtur vitanlega að leiða til aukins vanda. Það verður meira eftir óselt á innanlandsmarkaði. Með þessu er ekki aðeins verið að draga úr niðurgreiðslunum sem nemur 5.4 milljörðum, heldur mundi það hækka kaupgjaldsvísitöluna um 3% og auðvitað auka dýrtíðina, eins og hún er mæld hjá okkur, sem þessu nemur. Auðvitað hækkar líka kaupið sem þessu nemur. Það er augljóst eftir þeim reglum sem í gildi eru. Ég vek athygli á þessu vegna þess að menn mega sjá það glöggt, að sá vandi, sem við erum að ræða hér um varðandi landbúnaðinn, verður enn þá meiri, hann vex. Og það er ósköp hætt við því, a. m. k. ef á að grípa til þess að veita landbúnaðinum fjárhagslegan stuðning í þessari stöðu, að þá verði sá fjárhagslegi stuðningur að verða enn meiri.

Ég dreg enga dul á það, að ég er andvígur þessu. Ég tel þetta afar óhyggilegt við þær aðstæður sem við búum við í dag, því að af þessu mundi leiða bæði hækkað verðlag, minnkandi sölu innanlands, enn þá meiri vanda að fást við í þessum málum. Hér er því auðvitað um stórfelldan vanda að ræða og samslungið vandamál. Ég skal ekki eyða um það fleiri orðum en ég hef þegar gert.

Ég mun fylgja brtt. meiri hl. landbn. Ég tel að þær breytingar, sem þar er gert ráð fyrir, stefni í réttari átt en óskað var eftir í upphaflega frv., einkum og sérstaklega það form sem gert var ráð fyrir að taka upp á kjarnfóðurgjaldinu. Ég tel að þarna sé um heppilegri leið að ræða sem mun valda minni árekstrum. Ég mun því styðja það að veita þessar heimildir, en tek skýrt fram um leið, að ég tel að þessar heimildir leysi lítinn vanda og komi lítið að því vandamáli sem hér er við að glíma. Skoðun mín er sú, að það sé með öllu útilokað að ætla að skjóta sér undan því að taka á þessu vandamáli, þ. e. a. s. að veita bændum við þessar aðstæður verulega fjárhagsaðstoð, því að það sé útilokað að ætla að láta allan þennan fjárhagsvanda skella á þeim við þessar aðstæður.

Ég hef þá gert grein fyrir afstöðu minni til málsins. Ég er tilbúinn að draga till. mína. til baka ef hæstv. landbrh. lýsir því yfir, sem ég hef óskað eftir að hann gerði til þess að ég tæki till. til baka. Annars flyt ég till. áfram og vil þá fá úr því skorið, hvort þingið er á þeirri skoðun sem ég er á, að það eigi að taka upp þessar viðræður.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Þegar frv. þetta var til 1. umr. gerði ég nokkrar aths. við það, eins og það lá þá fyrir, og taldi óhjákvæmilegt að nokkrar breytingar yrðu gerðar á frv. Við þá umr. var nokkuð deilt á mig fyrir þessa afstöðu af hv. talsmönnum Framsfl., þ. á m. hv. formanni landbn., og þá um leið að ég skyldi ekki þegar vilja afgreiða málið óbreytt fyrir jólaleyfi þm.

Þegar hafið var að ræða þetta mál í hv. landbn. þessarar d. kom tiltölulega fljótt í ljós, að þar var ekki vilji fyrir því að afgreiða málið án breytinga, kannske ekki hjá nokkrum nm. Niðurstaðan varð enda sú, að meiri hl. n. hefur flutt verulegar brtt. við efni frv., og segir það sína sögu, að ekki var ástæða til þess að hrapa um of að afgreiðslu þessa máls.

Ég mun ekki ræða hér mikið þá vinnu sem í þetta frv. var lögð í hv. landbn. Ég tel að formaður n. og frsm. meiri hl. hafi gert grein fyrir því í stórum dráttum hvernig það fór fram. Afgreiðsla meiri hl. n., sem birtist á þskj. 391, felur í sér nokkrar breytingar á frv. eins og það var lagt fram af hálfu hæstv. ráðh. Þær breytingar eru í stórum

dráttum þessar:

Í fyrsta lagi að afgreiðsla á frv. einskorðist við 2. gr. þess og 1. gr. og 3. gr. verði felldar niður. Það hefur verið boðað að fram verði lagt annað frv., heildarfrv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., og þessar greinar verði látnar bíða afgreiðslu þess máls.

Í öðru lagi er í breytingum á þskj. 391 opnað fyrir leið til kvótakerfis sem verði með þeim hætti, að greitt verði fullt verð fyrir tiltekinn hluta framleiðslunnar, en aðeins markaðsverð eða útflutningsverð fyrir það, sem þar er fram yfir. Þessa leið benti ég á við 1. umr. sem hugsanlega leið án þess að ég tæki nokkra afstöðu til hennar. En þetta er sú leið sem hvað almennast hefur verið bent á af ýmsum bændafundum og í áliti t. a. m. Búnaðarsambands Eyjafjarðar, í áliti ellefumenninga, sem komu saman til fundar á Hótel Sögu, og fleiri aðila. Ég hafði ekki tekið neina afstöðu til þessarar leiðar enda þótt ég benti á hana við 1. umr.

Í þriðja lagi eru þær efnisbreytingar gerðar á frv. í nál. á þskj. 391, að kjarnfóðurskattur komi á þá notkun innflutts kjarnfóðurs sem er umfram eitthvert tiltekið mark og ákveðin grunnnotkun kjarnfóðurs verði skattfrjáls. Þetta atriði gerði ég verulega að umtalsefni í ræðu minni við 1. umr. og taldi nauðsynlegt að breyta frv. í þá átt að kjarnfóðurskattur yrði með þessum hætti.

Í fjórða lagi eru breytingar í brtt. meiri hl. n. á þskj. 391 í þá átt, að sé notuð heimild til þess að greiða fyrir samdrátt í framleiðslu, þá sé það bundið því að mótframlag komi úr ríkissjóði við það fé sem bændur leggja til þessara greiðslna, a. m. k. jafnhátt. Þetta atriði gerði ég einnig að umtalsefni í ræðu minni við 1. umr. og taldi ranglátt að fé, sem notað væri í þessu skyni, yrði alfarið tekið með skattlagningu af bændum sjálfum, vegna þess að hér væri um þjóðfélagslega aðgerð að ræða. Ég hef út af fyrir sig fallist á það, að sú millileið verði farin að mótframlag komi úr ríkissjóði sem sé jafnhátt eða meira en það sem bændur sjálfir leggja fram til þessara hluta, en það má segja að það sé gert til samkomulags.

Enn eru breytingar á frv. í brtt. meiri hl. n. í þá átt, að ef fé, sem inn kemur með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir, með misháum verðjöfnunargjöldum, kjarnfóðurskatti o. s. frv., verði notað til annarra hluta en að jafna verð á milli sölusvæða, þá komi það fjármagn inn í gjaldalið verðlagsgrundvallar. Þessa hafði ég krafist í ræðu minni við 1. umr., og þetta sjónarmið hefur verið viðurkennt í brtt. meiri hl. nefndarinnar.

Þessi atriði öll, þar sem hefur í allmörgum greinum verið komið til móts við þau sjónarmið sem ég hélt fram við 1. umr., hafa ráðið því, að ég hef skrifað undir það nál. sem hér liggur fyrir frá meiri hl. landbn. Frv. hefur verið breytt að efni til í verulegum atriðum til samræmis við þau sjónarmið sem ég lýsti sem mínum sjónarmiðum við 1. umr. Það er svo einnig rétt sem fram kom hjá hv. frsm. n., að sumt af þessu og kannske flest eða allt hefur komið fram í þeim ábendingum sem borist hafa n. frá hinum ýmsu búnaðarsamböndum í landinu sem sendu umsagnir um þetta mál. Ég hlýt að fagna því, að það skyldi koma á daginn að þau sjónarmið, sem ég hélt fram hér við 1. umr., skyldu einnig vera sjónarmið bændasamtakanna víðs vegar um land í svo mörgum greinum sem raun bar vitni. Það átti auðvitað sinn þátt í því — og ber ekki að lasta það — að meiri hl. n. féllst á að verða við þessum sjónarmiðum í þeim brtt. sem n. hefur flutt.

Í ræðu hv. frsm. n. kom fram í sambandi við meðferð þessa máls, að þm. Sjálfstfl. hefðu tafið afgreiðslu þess. Ég skal ekkert draga úr því, að bæði ég og aðrir þm. Sjálfstfl. hafa ítrekað óskað eftir að frestur væri gefinn til afgreiðslu á þessu máli. Það á sér hins vegar sínar orsakir, þ. á m. að hér er um næsta vandasamt mál að ræða. Búnaðarþing tók þetta mál til umfjöllunar og við töldum óeðlilegt að afgreiða málið meðan Búnaðarþing væri að fjalla um það. Það kom enda í ljós, að hv. frsm. n. taldi ástæðu til að álykta Búnaðarþings kæmist hér inn í þskj. Það tel ég einnig réttmætt. Og síðast, en ekki síst var mér ljóst að þær brtt., sem meiri hl. n. hefur látið frá sér fara í nál. á þskj. 391, eru með þeim hætti, þrátt fyrir þær efnisbreytingar sem þær fela í sér og hafa komið til móts við þau sjónarmið sem ég hef haldið fram, — þær eru sumar hverjar í því formi, að þar má bæta um betur.

Undir nál. á þskj. 391 skrifar meiri hl. hv. n., tveir þm. skrifa undir með fyrirvara, þ. e. ég og hv. 1. þm. Austurl. sem hér talaði áðan. Einn nm., hv. 1. þm. Suðurl., skrifar ekki undir, og einn nm. var lítt viðstaddur fundi n. um þetta mál. Ástæðan til þess, að ég ritaði undir þetta nál. með fyrirvara, er sú, að þrátt fyrir að í brtt. meiri hl. n. sé, eins og ég hef þegar lýst, gengið mjög til móts við þau sjónarmið sem ég hélt hér þegar fram við 1. umr. og síðan áfram í starfi n., þá var ég ekki og er ekki ánægður með þann búning sem þetta frv. er í með þeim brtt. sem n. hefur látið frá sér fara, auk þess sem enn þarf að mínum dómi að breyta þar nokkrum efnisatriðum. Það var þess vegna fullkomlega eðlilegt að ég skrifaði undir þetta mál með þessum hætti og hefði fyrirvara um brtt. við það. Þetta er einkanlega vegna þess að orðalag á sumum brtt. er fremur óskýrt. Það nær því ekki nægilega vel sem mér virtist að n. ætlaðist til að kæmi fram í brtt., miðað við þær umr. sem fram fóru í n. Og enn tel ég eðlilegt að nokkrar efnisbreytingar séu gerðar á þessu máli. Þetta kom ekki strax fram vegna þess að eftir að þessum brtt. hafði verið útbýtt til umr. innan n. var afgreiðslu þeirra nokkuð hraðað, og skal ég út af fyrir sig ekki lasta þau vinnubrögð hv. formanns n., en á þeim tíma vannst t. a. m. okkur hv. 1. þm. Suðurl. ekki tími til að fullmóta brtt. eins og við töldum þörf á.

Í framhaldi af þessu er rétt að það komi hér fram, að við hv. 1. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, höfum unnið að því að semja brtt. við þær brtt. sem meiri hl. n. lét frá sér fara. Eins og þegar hefur raunar komið fram í máli mínu er þetta sumpart gert til þess að ná skýrara eða ítarlegra orðalagi en er á till. á þskj. 391, en einnig um leið að koma fram með nokkrar efnisbreytingar. Þessar brtt. eru á þskj. 466, og skal ég ekki fara í það að lesa þær frá orði til orðs, heldur skýra helstu breytingar sem í þeim felast. Ég tel ekki ástæðu til að rekja allar þær orðalagsbreytingar sem eru til þess gerðar að ná skýrara orðalagi og að nálgast það meir sem mér virtist, miðað við umr. innan landbn., að nm. ætluðust til.

Í 1. mgr. er sú efnisbreyting ein, ef efnisbreytingu skal kalla, að þær leiðir, sem bent er á að heimilt verði að fara samkv. þessu frv., ef að lögum verður, verði bornar undir fulltrúafund í Stéttarsambandi bænda og hljóti þar samþykki. Þetta er sú eina efnisbreyting sem er í 1. mgr.

Meiri breytingar eru á uppsetningu a-liðs, en í till. meiri hl. n. er í a-lið nefnd ein leið sérstaklega, sem var skilið þannig af forustumönnum Stéttarsambands bænda og lögfræðingi Stéttarsambandsins að þá leið bæri að fara áður en aðrar leiðir væru reyndar, en það er hið svokallaða kvótakerfi.

Í a-lið í till. á þskj. 466 frá okkur hv. 1. þm. Suðurl. eru settar upp fjórar leiðir til þess að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Þessar leiðir eru að greiða með samþykki ríkisstj. hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en án tillits til framleiðslumagns þar fyrir ofan. Þetta er nýtt og er um efnisbreytingu að ræða. Allmiklar athuganir hafa farið fram á vegum Stéttarsambands bænda á þessari leið og hvernig best væri að framkvæma hana. Hefur það m. a. verið gert í framhaldi af þeirri till. hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar sem frsm. n. lýsti áðan. Það er skoðun þeirra manna, sem starfað hafa að athugun þessa máls hjá Stéttarsambandi bænda, að hér geti verið um álitlega leið að ræða að tilteknu marki, og er sjálfsagt og nauðsynlegt að opna heimild fyrir slíka leið í þessum lögum. Lengi hefur verið um það rætt og margsinnis gerð á því athugun, hvernig það komi út að greiða hluta af niðurgreiðslum á frumstigi framleiðslunnar í stað þess að greiða á lokastigi framleiðslu eins og nú er gert. Þessar leiðir hafa yfirleitt sýnst vera heldur óhagstæðari hvað snertir áhrif á vísitölu. Verðlagsbreytingar ýmiss konar geta þó haft þarna áhrif á og ekki er víst að alltaf gildi hið sama. Enn fremur kunna að verða ýmsar breytingar á vísitölunni sem má út þennan mun, ef hann er þá einhver nú sem ekki hefur endanlega verið athugað. En það er eðlilegt og nauðsynlegt að opna leið fyrir þetta í sambandi við þessi lög.

Þá segir í næsta málslið: „Að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er. Heimilt er að ákveða að skerðing grundvallarverðs sé engin eða hlutfallslega minni hjá bændum með meðalbú og minna." Þetta er hið svokallaða kvótakerfi sem þegar hefur verið minnst á og m. a. hefur verið bent á af Eyfirðingum og fleirum.

Þá segir í næsta málslið: „Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem getur verið mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til." Þessi málsliður nær m. a. þeirri leið sem bent er aðallega á í till. sjömannanefndar, en einnig er hægt eftir þessum lið að innheimta flatt eða jafnt gjald, ef það þykir betur henta, t. d. ef þessi liður er notaður ásamt hinum fyrri liðunum sem hér hefur verið bent á.

Í síðasta málsl. í þessari upptalningu segir: „Að ákveða framleiðendum sérstakar verðbætur ef þeir draga úr framleiðslu sinni um ákveðinn hundraðshluta." En í c-lið þessa frv. koma fram þeir skilmálar sem settir hafa verið inn í frv., að fé til þeirra nota komi a. m. k. jafnhátt frá ríkissjóði sem mótframlag við það fé sem bændur sjálfir leggja til þessa verkefnis. Hér segir á eftir þessari upptalningu að heimilt sé að nota samtímis tvær eða fleiri af ofangreindum leiðum.

Það verður að líta svo á í sambandi við þá upptalningu sem sett er inn í þessa brtt. við a-liðinn, að þær leiðir, sem bent er á, séu allar jafnréttháar og að heimilt sé að fara fleiri leiðir samtímis ef Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð samþykkja og landbrh. staðfestir.

Í b-lið er í raun og veru ekki um neina verulega efnisbreytingu að ræða. Þar er um allmargar orðalagsbreytingar að tefla, en þær orðalagsbreytingar hafa verið gerðar mjög í samráði við forustumenn og starfsmenn Stéttarsambands bænda til þess að nálgast það meir að þetta sé í því horfi sem best er framkvæmanlegt. En efnisbreyting í b-lið er að heita má engin nema það, ef það kallast efnisbreyting, að heimildin nær yfir það að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður og innlendar fóðurblöndur sem erlent fóður er notað í að hluta. Áður var aðeins talað um að leggja gjald á innflutt fóður. Það er ekki talið framkvæmanlegt, miðað við þetta form, að hluti kjarfóðurnotkunar skuli vera skattfrjáls. Þannig eru ýmsar orðalagsbreytingar í þessu sem eru til þess að orðanna hljóðan sé í samræmi við það sem talið er framkvæmanlegt.

Við c-lið er gerð brtt. á þskj. 466 frá okkur 1. þm. Suðurl. sem felur í sér tvær efnisbreytingar. Hin fyrri er að fella niður einn málslið úr brtt. meiri hl. n., — málslið er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er heimilt, að fengnu samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, að ráðstafa hluta af þessu fjármagni til að jafna búskaparaðstöðu bænda, svo sem með því að jafna flutningskostnað á framleiðslu grænfóðurverksmiðja og öðrum fóðurbæti."

Við, sem stöndum að þessum till., teljum að þessi ráðstöfun fjárins eigi ekki heima í þessu frv. Það fjármagn, sem hér er gert er ráð fyrir að innheimta, á að vera einvörðungu til þess að ná jöfnuði á verði til bænda á milli sölusvæða og á ekki að vera að innheimta þetta fé til annars. Þessum málslið mun hafa verið bætt inn í frv. af landbrn. áður en það var lagt fram, en var ekki í frv. sjömannanefndar. Það er hins vegar skoðun okkar tillögumanna, okkar hv. 1. þm. Suðurl., að réttmætt sé eða geti verið að jafna flutningskostnað t. d. á grasköglum og öðru kjarnfóðri, en þó er eðlilegt að það verði gert með öðrum hætti, þannig að sú verðjöfnun leggist sérstaklega ofan á verðið eða sé tekin með öðrum hætti en með skattlagningu á bændur eftir þessum leiðum sem á að nota einvörðungu til þess að ná jöfnuði í verði á framleiðslu milli sölusvæða.

Þá er örlítil efnisbreyting í c-lið að því er varðar skipun n. sem á að úrskurða ágreiningsefni ef þau koma til, að í stað þriggja manna n. verði um fimm manna n. að ræða, tveir verði tilnefndir af Búnaðarfélagi Íslands, tveir af Stéttarsambandi bænda og formaðurinn verði ekki skipaður af hæstv. landbrh., heldur því slegið föstu að það sé ráðuneytisstjórinn í landbrn. Það er gert til þess að það sé tryggt að landbrn. sé jafnan tengt þessum málum og fylgist með þeim og sé inni í framkvæmd þeirra, það trygggt með því að ákveða að formaður n. sé ráðuneytisstjórinn í landbrn., og ekkert gefið undir fótinn með að einn eða annar landbrh. kunni að skipa aðra menn og ótengdari rn. hvað þetta snertir.

Þá er hér gerð till. um að aftan við frv. bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1979 er heimilt að leggja fram nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara á þessu verðlagsári og birgðum búsafurða sem til eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi."

Hér er vitaskuld um veigamikið efnisatriði að ræða. Þetta ákvæði til bráðabirgða leggjum við til að samþykkt verði um leið og þær heimildir, sem hér er gert ráð fyrir að fella inn í lögin og bændasamtökunum eru veittar, til þess að ekki verði hægt að segja að Alþ. sé að varpa frá sér vandanum. Við treystum okkur ekki til þess að leggja til afgreiðslu á svona máli án þess að með einhverjum hætti verði tekið á þeim gífurlega miklu vandamálum sem á herðum bænda hvíla nú í sambandi við birgðir og óverðtryggða framleiðslu þessa verðlagsárs.

Ég vil taka það fram út af orðum hv. frsm. meiri hl. n.,

þar sem hann fjallaði um bráðabirgðaákvæði sem fram hefur komið frá hv. 1. þm. Austurl. og er í raun og veru í þáltill.-stíl, — og ég skal í sjálfu sér ekki lasta það þó að þáltill. sé hengd aftan í svona lagafrv., maður hefur séð stjfrv. sem hefjast með því að vera þáltill., svo að allar aðferðir eru í þeim efnum tíðkaðar hér á hinu háa Alþ., — en út af orðum hv. þm. Stefáns Valgeirssonar um þetta efni, að í raun og veru sé ekki ástæða til þess að gera till. *um að taka á þessu máli vegna þess að n. sé að störfum* sem í eigi sæti menn frá öllum þingflokkunum og sé að ræða landbúnaðarmálin á víðum grundvelli, þá get ég ekki fallist á að sú nefndarskipun komi á nokkurn hátt í veg fyrir að reynt sé að færa þetta vandamál inn á Alþ. og taka á því efnislega. Sú n., sem ég á sæti í og hv. þm. Stefán Valgeirsson er formaður fyrir, er skipuð einum þm. frá hverjum þingflokki, hefur haldið nokkra fundi og ýmsir þeirra funda verið gagnlegir. Þar er rætt á víð og dreif um vandamál landbúnaðarins, sem eru ærin, og án þess að það verði séð í fljótu bragði a. m. k. enn sem komið er hjá þeirri n., að hún muni gera beinar till. um hvernig á málum verði tekið. Það var enda skilningur minn, þegar ég tók sæti í þeirri n., að hún væri kannske ekki síst til þess gerð að allir þingflokkar hefðu aðstöðu til þess að fylgjast með því sem væri á döfinni af hálfu hæstv. landbrh. í þessum efnum. Það mætti e. t. v. verða til þess að auka miðlun frá n. inn í alla þingflokkana, þingflokkarnir gætu fylgst betur með málum og þannig gæti það orðið til þess að greiða fyrir því að mál gengju áfram, þau þyrftu ekki að taka eins langan tíma í þinginu og ella væri. Þetta held ég að sé skynsamlegt, og að ýmsu leyti hefur n. starfað á þessum grundvelli. En hún kemur vitaskuld hvergi í veg fyrir að einstakir þm. úr stjórnmálaflokkunum hér á hinu háa Alþ. færi þau vandamál, sem við er að fást í landbúnaðarmálum, inn á Alþingi.

Ég vil segja það út af þessum vandamálum sem við blasa, og er rétt sem hv. 1. þm. Austurl. sagði, að frv. sem slíkt tekur ekki á nema a. m. k. að mjög óverulegu leyti, að þau eru með þeim hætti, að það er útilokað að Alþ. ljúki svo að ekki verði á einhvern hátt á þeim tekið. Ég hef fyrr í vetur lagt fram fsp. til hæstv. landbrh. um hverjar fyrirætlanir ríkisstj. væru í þessum efnum og hef ekki mikil svör fengið við þeim, en ekki er að efa að hæstv. ráðh. hefur góðan vilja í því efni. Það er sannarlega ástæða til að það fari að koma till. til lausnar á þessum málum. Ef svo er ekki væri hægt að skilja það svo, að með þessu frv., sem við erum hér að fjalla um og er um hvernig bændasamtökin sjálf ætli að dreifa vandanum á herðar bændanna í landinu, væri lausn fengin og Alþ. varpaði öðrum þáttum þess máls frá sér. Það gengur ekki að skilja bændur eftir með þennan vanda á herðunum alfarið. Hér er, eins og fram hefur komið, um að ræða fjárhæðir sem nema 1.2—1.3 millj. kr. á bónda að meðaltali, og hæstv. ríkisstj. kemst auðvitað ekki hjá því að taka á þessum vanda með einhverjum hætti.

Í till. okkar hv. þm. Eggerts Haukdals um ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að á þessu ári verði heimilað að leggja fram nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þess að greiða úr þessum málum. Það má hugsa sér að það geti gerst með ýmsu móti. Ég leyfi mér t. d. að minna á till. til þál. frá hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni o. fl. um að ríkissjóður kaupi hluta af þessum vörum og sendi til þróunarlanda og það verði þáttur í aðstoð Íslands við þróunarlöndin, sem margsinnis hefur verið gagnrýnt að ekki væri nægilega mikil. Ég vil segja frá því, að nokkur athugun hefur þegar farið fram á því, hvort unnt væri að greiða fyrir því að íslenskur iðnaður gæti notað meira af þessum vörum en gert er og það hráefni, sem hér er um að tefla, einkum smjörið, verði meira notað í stað innfluttrar feiti. Þetta er mjög athyglisvert. (**Forseti:** Mig langar að spyrja hvort hv. ræðumaður eigi mikið eftir af ræðu sinni. Það var hugmynd mín að gefa kaffihlé núna, hlé um það bil hálftíma, síðan höldum við áfram svo lengi *sem dagurinn endist.*) *Ég á stutt eftir ræðunnar,* en það er sjálfsagt að gera hlé á henni. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var í ræðu minni að tala um ákvæði til bráðabirgða í brtt. okkar hv. þm. Eggerts Haukdals og leggja áherslu á það sem þar segir, að á árinu 1979 verði heimilað að leggja fram nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara á þessu verðlagsári og birgðum búsafurða sem til eru þegar lögin taka gildi. Ég hafði minnt á til að mynda till. til þál. frá hv. 2. þm. Vesturl. í þessu sambandi, að ríkissjóður keypti eitthvað af birgðum og kæmi til þróunarlandanna og væri það þáttur í aðstoð Íslands við þau lönd. Ég var að greina frá því, að nokkrar athuganir hafa þegar verið gerðar á því, og það fyrir frumkvæði þeirrar n. sem hér hefur verið talað um að tilnefnd hafi verið af hæstv. ráðh. í landbúnaðarmálum, að athuga hvort íslenski iðnaðurinn gæti tekið við meira magni af þessum vörum, einkanlega feitmeti í stað innfluttrar feiti. Það þarf að halda þeim athugunum áfram og greiða fyrir því að það geti tekist. Einnig verður að gæta þess, að verðlagningarkerfið og ýmsir þröskuldar í því verði ekki til þess að koma í veg fyrir að íslenski iðnaðurinn geti notað t. d. smjörfeitina íslensku í stað innfluttrar feiti á þann hátt að báðum aðilum sé til hags: íslenskum iðnaði og framleiðendum þessara vara. Það hefur m. a. komið til tals í viðræðum um þetta efni, að ef sælgætisiðnaðurinn notaði meira af t. a. m. smjöri í framleiðslu sína en gert er í stað innfluttrar feiti kynni hann að geta unnið sér markaði erlendis fyrir framleiðslu sína, vegna þess að þá væri framleiðslan betri að gæðum en samkeppnisvörur sem þar eru. Allt slíkt þarf að athuga og það má ekki dragast að ganga í slíkt. Enn fremur má benda á það, að réttmætt er *við þessar aðstæður að hefja samninga við varnarliðið* á Keflavíkurflugvelli um að kaupa þessar vörur af okkur. Það þarf að gera án allra undanbragða og ekki láta slíkt dragast. Þannig er ýmislegt sem getur verið til athugunar og þarf að vinna að og það snarplega í þessum miklu vandamálum, þessum birgðamálum bændanna. Ef ekkert er hafst að mun þessi vandi skella með fullum þunga á herðum framleiðenda og ríða ýmsum þeirra að fullu fjárhagslega.

Auðvitað er það rétt sem fram kom í máli t. a. m. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og raunar einnig hjá frsm. n., að það þarf að taka upp nýja stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins. Það er líka skoðun mín, að til þess að nægilegur skilningur verði hjá þjóðinni á þeirri nauðsyn, að hið opinbera komi til aðstoðar í þessum mikla vanda, þurfi þjóðin að sjá fram úr því að nýtt kerfi taki við, ný stefna verði tekin upp í framleiðslumálum, í markaðsmálum og í verðtryggingarmálum landbúnaðarins. Við sjálfstæðismenn höfum lagt fram till. um þetta efni á Alþ. og skal ég ekki rekja hana. Hæstv. landbrh. hefur boðað að hann muni flytja till. svipaðs eðlis um þessi mál, þannig að bæði stjórn og stjórnarandstaða hafa sýnt vilja á því að taka á þessu máli. Eins og það er útfært í þeirri till. sem við þm. Sjálfstfl. höfum flutt, þá er sýnt fram á

það í tillgr. sjálfri að nýtt kerfi tekur við sem hægt er að beita þannig að leiði út úr ógöngunum. Og það á að skerpa skilning þjóðarinnar fyrir því, að það sé eðlilegt og líka nauðsynlegt að koma þarna að einhverju verulegu marki til móts við bændastéttina í þeim geigvænlega vanda sem hún stendur frammi fyrir vegna framleiðslu þessa árs og þeirra birgða sem til eru. Þetta vil ég ítreka hér, og þetta er nauðsynlegt að hafa í huga og bíða ekki eftir starfi einhverra nefnda sem ég tel að séu góðra gjalda verðar til þess að fjalla um mál af þessu tagi með ýmsum hætti. Það má ekki bíða eftir því að einhverjar nefndir, sem eru að fjalla um mál á víðum grundvelli, ljúki starfi sínu.

Ég vil sem sagt segja það að lokum um þetta efni, að við fulltrúar Sjálfstfl. í hv. n. leggjum til að þessi heimild verði gefin sem er nokkuð rúm og hæstv. ríkisstj. ætti að taka með þökkum. En þetta er auðvitað gert af þeirri nauðsyn að hæstv. ríkisstj. eða hv. þm. stjórnarliðsins hafa ekki komið fram með neinar beinar till. um þetta mál og við svo búið má ekki standa. Ég vil aðeins segja það um þessar till. í heild, að þær eru þess eðlis að það ætti að geta orðið um þær gott samkomulag. Þær eru mótaðar í nánu samstarfi við fulltrúa Stéttarsambands bænda og ýmsa aðra aðila sem þessum málum eru gerkunnugir, og ég vænti þess, að hv. stjórnarliðar muni taka þessum till. vel og athuga þær gaumgæfilega áður en þeir hverfa að því að hafna þeim, því að það tel ég mjög óhyggilegt.

Ég vil aðeins segja í sambandi við texta í þessum till., sem hefur nú verið færður, eins og ég sagði, að ýmsu leyti í skýrara form til þess að ná því sem menn vilja segja og þarf að vera í lagagr., að það verður auðvitað aldrei orðað svo að nái til hins ítrasta. T. d. er í þessum texta tvisvar eða þrisvar sinnum talað um framleiðendur á lögbýlum sem eigi að fá tiltekið magn kjarnfóðurs gjaldfrítt, sem þeir liðir eiga að ná yfir sem nefndir eru í a-lið o. s. frv., o. s. frv. Þetta vil ég skilgreina þannig, að hér sé átt við bændur á lögbýlum ásamt skylduliði þeirra, ekki aðeins bændur ásamt fjölskyldu í þrengstu merkingu, heldur bændur, sem búa á lögbýlum ásamt skylduliði. Slíkar útlistingar kann að þurfa að rekja í reglugerð um þessi efni ef einhver vafi leikur á við hvað er átt. Ýmis fleiri hugtök í þessu efni má auðvitað ræða þó að það sé ekki gert hér. En það var vakin athygli á því af formanni Stéttarsambands bænda, að það væri til styrktar að skilgreina t. d. þetta orðalag sem hér er um rætt.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þetta frv. fjallar í rauninni einvörðungu um að fá auknar heimildir til þess að ná verðjöfnun á milli sölusvæða og það fjallar um heimildir til þess að leggja á kjarnfóðurgjald í takmörkuðu formi. Þetta er tiltölulega afskorið mál, tiltölulega þröngt svið sem þetta mál spannar yfir. Ég hef verið og er þeirrar skoðunar, að það sé réttmætt og hyggilegt að veita bændasamtökunum innan vissra marka og með staðfestingu landbrh. heimildir af þessu tagi, eins og þær eru orðaðar í brtt. okkar hv. þm. Eggerts Haukdals við till. meiri hl. n., — það sé til bóta að bændasamtökin hafi þarna nokkurt val. Þessar leiðir kunna að vera mismunandi auðveldar í framkvæmd og sést ekki allt fyrr en á reynir. Þess vegna er nauðsynlegt að fleiri leiðir sé unnt að fara, enda er í till. okkar hv. 1. þm. Suðurl. bent í a-lið á fjórar leiðir sem eru nokkuð jafnréttháar, og fimmta leiðin er raunar kjarnfóðurskatturinn. Þetta er hvað a-liðinn snertir rýmra og þar er hægt að fara nýjar brautir sem ekki eru í till. meiri hl. n., sem þó bendir á eina af þessum leiðum sem erfiðast er að sjá fyrir, að talið er, hvort sé framkvæmanleg. Þetta er m. a. það sem veldur því að við leggjum nokkuð mikla áherslu á að menn kasti ekki þessum till. fyrir róða án athugunar. Ég vænti þess, að þeim verði tekið með skilningi og að hv. þd. átti sig á því, að hér sé um till. að ræða sem séu til bóta.

Ég tel enga ástæðu til þess að um mál eins og þetta rísi neinar sérstakar deilur, og það er hyggilegt, ef hægt er, að ná um það eins góðu samkomulagi og mögulegt er. Ég tel að við tillögumenn, sem flytjum brtt. á þskj. 466, höfum lagt í þetta mikla vinnu í samstarfi við menn sem hvað best þekkja til, þ. á m. forustumenn og starfsmenn Stéttarsambands bænda. Og ég vænti þess, að þetta geti orðið grundvöllur að því að samkomulag takist um þetta mál.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál gerði ég ítarlega grein fyrir málinu og afstöðu minni til þess. Ég gerði þá grein fyrir því, að ég væri að flytja mál sem ég teldi vera flutt að ósk bændasamtakanna, enda hafði þetta mál verið tvívegis rætt á fundi Stéttarsambands bænda og 6 af þeim 7, sem sátu í svokallaðri sjömannanefnd, voru fulltrúar bænda. Ég gerði grein fyrir þessu — ekki til þess að komast undan neinni ábyrgð á að flytja málið að sjálfsögðu, heldur fyrst og fremst til þess að leggja áherslu á að ég taldi mér af þessum ástæðum ekki fært að gera veigamiklar breytingar á till. sjömannanefndar. Reyndar hefur verið aðeins gagnrýnt að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á till. sjömannanefndar. Segja má að ein efnisbreyting væri gerð. Hún var sú að fella niður heimild til þess að endurgreiða að hluta fóðurbætisgjald eða toll til framleiðenda nautgripa- og sauðfjárafurða. Þessi heimild var felld niður af því að ekki náðist samstaða um að takmarka þessa endurgreiðslu eingöngu við þessar afurðir. Að sjálfsögðu nota ýmsir aðrir fóðurbæti til framleiðslu sinnar á landbúnaðarafurðum. Ég gat þess hins vegar í framsögu að af minni hálfu kæmi vel til greina að setja þessa heimild að nýju inn í frv. Og þá að hafa hana jafnvel víðtækari.

Sjálfur hugleiddi ég í upphafi ýmsar aðrar leiðir, sem kæmu til greina í þessu máli, en kaus, eins og ég sagði, að flytja málið eins og það kom frá bændasamtökunum. Ég lagði jafnframt á það áherslu, að í mínum huga væru fáein atriði sem væru höfuðatriði, áhersluatriði í þessu máli. Skoðun mín var sú og er sú, að veita eigi samtökum bænda víðtækar heimildir til að þróa landbúnaðarframleiðsluna í þá átt sem æskilegt er, m. ö. o. að fela eigi samtökum bænda að gera slíkar ráðstafanir. Að sjálfsögðu hlýtur Alþ. hins vegar að setja þau markmið sem að ber að stefna, og ég hef áður greint frá því úr þessum ræðustól að slík markmiðasetning er í undirbúningi og verður lögð fyrir Alþ. nú eftir örfáa daga.

Í öðru lagi lagði ég áherslu á að þær aðgerðir, sem Framleiðsluráði yrði heimilt að grípa til, ættu að mínu mati að draga fyrst og fremst úr framleiðslu stóru búanna. Ég gerði grein fyrir því, að þetta teldi ég höfuðatriði, m. a. og ekki síst vegna byggðasjónarmiða sem ekki verður gætt með því að draga framleiðsluna saman á fárra hendur.

Í þriðja lagi lagði ég áherslu á að máli þessu yrði hraðað eins og frekast er unnt, þannig að þær aðgerðir, sem hér er um að ræða, gætu haft nokkur áhrif til að

draga úr þeim vanda sem nú blasir við bændastéttinni. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, m. a. hjá hv. 1. þm. Austurl. og ég lagði reyndar áherslu á í minni upphaflegu ræðu um þetta mál, að hér er raunar eingöngu um það að ræða að leggja verðjöfnunargjald á landbúnaðarafurðir á annan máta en heimild er til í lögum nú, eða það var hugmyndin með upphaflega frv. Ég kem að því síðar, að ýmsar þær till., sem nú eru uppi, miða ekki að þessu, þó þær geti verið góðra gjalda verðar til að breyta þeirri þróun sem verið hefur á landbúnaðarframleiðslunni.

Heimild er nú eingöngu til þess að leggja jafnt gjald á, þ. e. a. s. hvert kg kjöts og innvegið magn mjólkur, og gera þar engan mun á framleiðendum eftir stærð eða öðru. Hugmyndin var að þarna mætti ná saman fjármagni, eins og nú er gert með verðjöfnunargjaldi, og útdeila því síðan á milli sömu aðila sem verða fyrir, ef svo má segja, barðinu á mismunandi útsöluverði, þ. e. a. s. til útflutnings annars vegar og sölu á innanlandsmarkaði hins vegar. Þetta var raunar megintilgangur frv., þó jafnframt, eins og ég sagði í upphafi, væri vonast til að þessar aðgerðir yrðu til þess að minnka vandann og draga úr honum þegar fram í sækti.

Menn verða að gera sér grein fyrir því, hvers vegna verið er að leggja þetta gjald á. Þær sölustofnanir, sem selja allar sínar afurðir innanlands, fá þegar í hendurnar fullt innlent verð fyrir afurðirnar og geta síðan deilt því aftur út á meðal þeirra bænda sem við þær skipta. Aðrar stofnanir kunna að selja mikinn meiri hluta af afurðum sínum erlendis og fá þá að sjálfsögðu ekki nema útflutningsverðið og þá útflutningsbætur eingöngu á það sem þær hrökkva til að brúa.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um upphaflega frv. Ég kem e. t. v. að vissum þáttum þess síðar.

Ég þakka í fyrsta lagi landbn. fyrir mikið starf. Hún tók rösklega á þessu máli. Að vísu harmaði ég að ekki var unnt að fá frv. samþykkt strax, en ég skil mætavel að þegar um svo víðamikið og umdeilt mál er að ræða teldi n. skylt að athuga það vandlega, og það hefur hún sannarlega gert og fengið margar umsagnir. N. flytur nú ýmsar brtt. við frv. sem ég vil aðeins fara yfir með örfáum orðum.

Í fyrsta lagi fellir hún niður 1. gr. frv. á þeirri forsendu að efni hennar eigi fremur heima í almennri endurskoðun framleiðsluráðslaganna. Ég get fallist á þetta atriði, þetta er alveg rétt. Hins vegar var hugmyndin með því að flytja 1. gr. einmitt sú sem felst í brtt. um ákvæði til bráðabirgða hjá hv. 1. þm. Austurl., að koma Framleiðsluráði meira en nú er inn í þau vinnubrögð sem upp verður náttúrlega að taka, þ. e. a. s. Framleiðsluráð verður í vaxandi mæli að vinna með framtíðarsjónarmið fyrir framleiðsluna í huga, tengjast áætlunargerð og þess háttar sem undirbúningur þarf og er reyndar hafinn að. En vonandi er ekki langt í að heildarendurskoðunin fari fram, svo að ég geri engar aths. við þær breytingar sem n. hefur gert af þessari ástæðu.

Í meginefniskafla frv., sem er 2. gr. þess, gerir n. nokkrar breytingar. Í a-lið er m. a. tekið fram í sambandi við greiðslu mismunandi verðs á búvöru til framleiðenda, að heimilt verði að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunar, en útflutningsverð fyrir það *sem umfram er*. Þetta er að sjálfsögðu mjög hörkuleg leið í raun og veru, ef henni er beitt til hins ítrasta. Ef framleiðendur fá eingöngu greitt fyrir það sem fæst fyrir smjör á erlendum markaði, fá þeir hvergi nærri greiddan framleiðslukostnað, en að sjálfsögðu er hér átt við meðalverð. Þetta meðalverð yrði nokkuð lágt ef t. d. smjörið yrði allt selt úr landi. Og þetta hefur einnig tvo annmarka í mínum huga: Í fyrsta lagi þann, að með þessu móti safnast að sjálfsögðu ekkert fjármagn til að miðla á milli söluaðila sem fá mismunandi verð fyrir framleiðslu sína, eins og ég lýsti áðan og er grundvallaratriði í þessu sambandi. Og í öðru lagi verður tvímælalaust erfitt að gera upp útflutningsverðið á umframframleiðslunni fyrr en að nokkrum tíma liðnum, jafnvel eftir að framleiðsluárið er liðið. Aftur á móti þarf að greiða lán, sem á hvíla, um leið og selt er. Þar er því um framkvæmdaatriði að ræða. Að sjálfsögðu verður þessi leið vandlega athuguð. Hún er, eins og ég sagði, ákveðnari að því marki að draga úr framleiðslunni, en hefur að mínu mati þessa tvo annmarka.

Í b-lið er aftur á móti tekið upp mjög ákveðið, að ekki skuli lagt gjald eða almennur tollur á fóðurbæti, eins og ráð var gert fyrir í upphafi, heldur verði skömmtun þar sem ákveðið magn á hvern grip verði gjaldlaust eða skattlaust, en aftur á móti væntanlega allhátt á það sem umfram er. Ég viðurkenni einnig að þetta er ákveðnari leið að því marki að draga úr umframframleiðslunni, með því t. d. að setja verulega hátt gjald á það magn sem umfram skömmtun yrði. Í þessu sambandi má hafa í huga, að í sambandi við mjólkurframleiðsluna mundi verulega draga úr þeim vanda, sem nú blasir við, ef draga mætti úr fóðurbætisgjöf um u. þ. b. 10 þús. lestir. Hann yrði þá lítill, ef dregið yrði svo mjög úr fóðurbætisgjöf, en fóðurbætisgjöf í sambandi við mjólkurframleiðsluna mun vera um 30—40 þús. lestir, og að sjálfsögðu mætti með þessari leið jafnvel ná því. Og þegar menn segja að þetta frv. hafi lítil eða engin áhrif á vandann sem nú er í ár, þá vil ég þó benda á þetta, að með því að draga nú strax úr fóðurbætisgjöfinni svo gróflega eins og ég hef nú nefnt og er ekkert að leggja til út af fyrir sig, þá minnkar vandinn, sem við blasir í ár, að sjálfsögðu. En því minni áhrif hefur þetta, því síðar sem til framkvæmda kemur.

Þar kem ég að því sem ég óttast mest í sambandi við þessa leið. Ég óttast að það taki alllangan tíma að koma henni í framkvæmd. Það þarf að afla mikilla upplýsinga um bústofn, ákveða að sjálfsögðu fóðurbætisskömmtun, ná samkomulagi við skattstjóra og fleira. Reyndar er mikil spurning — ég hygg reyndar engin spurning, að skattstjórar mega ekki gefa upp það sem hér er sagt. Ég hugsa að það þurfi sérstaka heimild til þess að skattstjórar megi gefa það upp sem þeim er ætlað hér, þ. e. a. s. bústærð, þannig að ég er ragur við þessa framkvæmd og sérstaklega að *hún muni koma miklu seinna til* framkvæmda en fóðurbætistollur sem mætti endurgreiða. Honum væri unnt að skella á strax. Heimild er til þess m. a. í almennri löggjöf og í samningum við Efnahagsbandalagið að leggja á slíkan toll. Fóðurbætir er nú niðurgreiddur verulega í Efnahagsbandalagslöndunum, *líklega um 26.5%, þannig að heimilt mun vera samkv.* þeim samningum, sem við höfum gert við bandalagið, að vega þar gegn með innlendum tolli. En hér er sem sagt ákveðin önnur leið, og ég aðeins vek athygli á því, að hún mun verða miklu erfiðari í framkvæmd og taka lengri tíma að skipuleggja hana. Ég verð því að segja það, að ég harma að ekki skuli enn vera í frv. heimild til að fara leið fóðurbætistollsins og fá endurgreiðslu, jafnvel þótt það væri til bráðabirgða, meðan verið er að koma þessu á. Vil

ég biðja hv. landbn. að hugleiða hvort einhver slík heimild kæmi til greina.

Ég ætla að öðru leyti ekki að gera aths. við nál. Ég er ekki með þessum orðum mínum að leggjast gegn neinu sem þar er. Reynt verður að sjálfsögðu að framkvæma það sem Alþ. ákveður í þessum málum og eins fljótt og frekast er unnt. Ég vek aðeins athygli á þessum annmörkum sem ég tel mig hafa séð í þeim brtt. sem hér hafa komið fram.

Við þetta nál. hafa komið fram brtt. frá hv. þm. Pálma Jónssyni og Eggert Haukdal sem hv. fyrri flm. hefur lýst hér. Að sumu leyti er þar nánast um aðra uppsetningu að ræða, eins og hann sagði sjálfur, orðalagsbreytingar og þess háttar. Þó eru þar veigamiklar efnisbreytingar einnig, en þó eru þær ekki til að takmarka þær heimildir sem Framleiðsluráð mundi hafa samkv. till. n., heldur er þar um viðbætur að ræða. Ég vil segja það strax, að ég hef ekkert við það að athuga að heimildirnar verði sem víðtækastar, og ég fagna því að þar er ekki reynt að draga úr slíkum heimildum.

Í 1. lið 2. liðar er sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Að greiða með samþykki ríkisstj. hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en án tillits til framleiðslumagns þar fyrir ofan.“ Þetta er athyglisverð leið, ekki til að jafna milli útflytjenda og þeirra sem selja á innanlandsmarkaði, því að hún aflar engra tekna til slíks, heldur mjög athyglisverð leið til að bremsa þá þróun sem hefur verið hjá okkur, snúa henni við. Þarna er enn einu sinni verið að slá saman þessum tveimur markmiðum sem ég út af fyrir sig hef ekkert við að athuga, en er þó þegar búinn að vekja athygli á því, að það var raunar markmiðið að jafna öðruvísi á milli og var höfuðtilgangur frv. eins og það upphaflega var lagt fram. Þessi leið hefur verið athuguð miðað við mismunandi kosti: Að greiða 25% af niðurgreiðslum beint til bænda á þær afurðir sem nú eru greiddar niður upp að 500 ærgilda búi. Í öðru lagi að greiða 31% upp að 400 ærgilda búi. Í þriðja lagi að greiða 50% af niðurgreiðslum upp að 500 ærgilda búi. Og í fjórða lagi að greiða 60% upp að 400 ærgilda búi. Þegar farið er í gegnum þessi dæmi kemur í ljós, að vöntun í lokin, sem er núna nálægt 5 milljörðum, verður ákaflega svipuð. Það breytist dálítið á milli þessara dæma, allt frá 4.4 milljörðum í fjórða dæmi sem ég nefndi og upp í 5.1 milljarð í öðru dæminu. En það, sem þarna kemur að sjálfsögðu fram, er að byrðin á búin með yfir 500 ærgildi eða 400 ærgildi verður gífurleg og ég vil segja nánast þýðir að segja þeim að loka. Ef menn vilja það, þá er þetta sannarlega leið til þess. T. d. kemur í ljós ef 25% eru greidd beint til bænda upp að 500 ærgildum, að þá skiptist vöntunin þannig, að 2.8 milljarðar koma á alla bændur, sem sagt rúmlega 4000 bændur, en 2.1 milljarður kemur á þá sem eru með yfir 500 ærgildi, eða um það bil 1000 bændur, til viðbótar við það sem kemur á alla, þannig að byrði þeirra verður samtals líklega um 2.7—2.8 milljarðar. Það er ákaflega mikil byrði, og þarna er því um mjög harða aðgerð að ræða til þess að neyða stóru búin til að minnka, ef ekki að loka.

Eins og ég hef sagt áður, ef menn eru með svo harkalegum aðgerðum, þá er ég ekkert á móti því að þessi heimild verði sett inn í frv., þó að ég hefði heldur talið hana einhvers staðar neðar í þessari röð fjögurra leiða sem hér eru raktar, m. a. af þessu, sem ég hef nú nefnt, og einnig og ekki síður af hinu, að hún skapar ekkert fjármagn til miðlunar á milli þeirra, sem flytja úr landi, og hinna, sem selja innanlands, sem eins og ég hef margundirstrikað var megintilgangur þessa frv., sem sagt að finna aðrar leiðir til að ná slíku fjármagni, en þó til að sporna gegn.

Um aðrar leiðir í 2. lið þarf ég ekki að ræða. Það er efnislega það sama sem um er að ræða í frv. og till. n. Í till. þeirra hv. tvímenninga er hins vegar felldur niður liður um að jafna flutningskostnað á fóðurbæti. Ég tel ákaflega mikilvægt að jafna flutningskostnað á fóðurbæti, m. a. vegna þess að hugmyndir um byggingu grasköggla verksmiðju á Norðurlandi hefur verið frestað um sinn, á meðan þetta er allt í athugun, og ég tel sanngirnismál að fóðurbætir sé á sama verði um land allt, enda eru aðrir hlutir hjá landbúnaðinum mjög jafnaðir. Hitt er svo annað mál, að eins og frv. er orðið, bæði nál. og þessar till. þeirra hv. þm., þá er nánast ekkert fjármagn aflögu til að setja í þetta, því að það er enginn skattur lagður á fóðurbæti sem um munar. Það kemur skattur á það sem umfram er skömmtunina, og grunur minn er að það verði eitt út af fyrir sig ekki talið nægilegt til þess að muni verulega um það til þess að jafna á milli útflytjenda og þeirra sem selja innanlands. Ég geri út af fyrir sig ekki aths. við þetta, en ég vil lýsa því yfir að ég mun beita mér fyrir því, að slík heimild fáist eftir öðrum leiðum.

Hins vegar vil ég segja það um ákvæði til bráðabirgða, að ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Pálma Jónssyni og einnig hjá hv. 1. þm. Austurl., að að sjálfsögðu er það hinn stóri vandi bændastéttarinnar, sem bændur standa frammi fyrir í dag, að tekjur þeirra munu skerðast um títtnefndar 1.2 eða 1.3 millj. að meðaltali ef ekki fæst neitt þar á móti. Og ég tek undir það af heilum hug, að ekki kemur til mála að ein stétt sé látin bera slíkar byrðar. Hér er lagt til í ákvæðum til bráðabirgða að heimila greiðslu nauðsynlegs fjármagns úr ríkissjóði til að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvöru. Þetta er náttúrlega mjög óljóst orðað. Auðveldast er að selja þessa búvöru á sem lægstu verði, þá selst hún strax. En ég hygg að hér muni vera átt við að selja þannig að bændur fari skaðlaust út úr því. Það hygg ég vera þó að ég fái ekki lesið það beinlínis út úr greininni eins og hún er orðuð. Ef svo er, þá vantar um 5 milljarða, og ég verð að óska eftir því af hv. flm. að þeir bæti hér við till. um hvernig þessara 5 milljarða skuli aflað. Ég held að við verðum að horfa á þá hlið málsins einnig.

Ég skal fúslega viðurkenna það, að ég hef ekki treyst mér til þess að flytja till. um nýja skatta á þjóðina til þess að afla þessara 5 milljarða. Ég hef ekki talið hljómgrunn fyrir því að afla slíkra tekna. Þetta verður að fylgja, og ég leyfi mér að spyrja hv. flm. að nýju: Hvernig hugsa þeir sér að afla þessa fjármagns?

Ég hef talið að þennan vanda verði að leysa í tengslum við aðrar ráðstafanir í þágu landbúnaðarins. Ég veit að hv. þm. er kunnugt um það, og reyndar hef ég sýnt það frv. í þeirri samráðsnefnd sem hér hefur verið nefnd, að verið er að ganga frá frv. um breytingu á framleiðsluráðslöggjöfinni. Ég geri mér vonir um að hv. Alþ. fallist á að veita á fjárl. næstu 5 árin upphæð, sem haldi verðgildi sínu frá því sem nú er, til jarðræktarframkvæmda, en veiti jafnframt þá heimild, að það, sem ekki er notað í jarðræktarskyni, verði notað í aðra þágu landbúnaðarins. Ég geri mér vonir um að nokkur hundruð milljónir fáist þannig árlega sem ráðstafa megi til þess að

hjálpa bændastéttinni að komast yfir þessa erfiðleika, m. a. megi ráðstafa slíku til að koma á fót nýjum greinum og jafnvel beinlínis til þess að hlaupa undir bagga í sambandi við þann útflutning sem umfram verður.

Þetta frv. er nú í síðustu athugun hjá landbrn. eftir brtt. sem Búnaðarþing gerði við það, og ég vænti þess, að það verði lagt fram eftir næstu helgi. Þarna eygi ég því nokkurt fjármagn sem á megi vísa í sambandi við þennan vanda.

Í öðru lagi geri ég ráð fyrir því í þeirri þáltill., sem einnig verður lögð fram eftir næstu helgi, að ráðstafa megi útflutningsbótum fyrir fram, ef ég má orða það svo, þ. e. a. s. fara yfir það sem lög leyfa núna, enda sparist það á seinni hluta 5 ára áætlanatímabils. Þarna er einnig um nokkra von í fjármagni að ræða. Ég hef litið svo á að hv. Alþ. vildi sjá einhverja slíka viðleitni áður en það gæfi hæstv. ríkisstj. heimild til að greiða slíkar upphæðir sem hér er um að ræða.

Ég hef jafnframt talið eitt mikilvægasta atriði fyrir landbúnaðinn nú að fá sem allra fyrst beina samninga á *milli ríkisvalds og bænda. Því hef ég lagt á það áherslu* eins og ég hef getað við framleiðsluráðslaganefnd, að hún skili af sér sem fyrst. Það hefur því miður dregist, en nú er álit hennar komið fram og hefur verið mikið rætt nú síðustu vikurnar. Á því þarf að öllum líkindum að gera einhverjar breytingar. Þarna er um viðamikið og flókið mál að ræða. En a. m. k. það atriði að koma á beinum samningum milli bænda og ríkisvalds verður að fara í gegn á þessu þingi alveg tvímælalaust að mínu mati. Ég hef litið svo á að inn í þá samninga þegar í upphafi kæmi einmitt þessi vandi, því að menn verða líka að athuga að þessi vandi er ekki eingöngu bundinn við árið 1979. Það verður umframframleiðsla 1980 og tekur tíma að ná henni niður, þannig að þetta hlýtur að falla inn í meðhöndlun þessarar stofnunar eða nefndar, kjaranefndar — getum við kallað það — bænda og ríkisvaldsins sem þarf að taka til starfa sem allra fyrst. Ég hef því gert mér vonir um að á þessu þingi verði unnt að marka stefnuna, ekki aðeins í málefnum landbúnaðarins til lengri tíma, þ. e. a. s. hvernig áætlun skuli gerð, að hvaða markmiðum skuli stefnt, heldur einnig hvernig megi leysa sem mestan hluta af þeim stóra vanda sem blasir við bændastéttinni í dag. Ég hef að vísu ekki gert mér vonir um að takast megi að ná saman öllum þeim 5 milljörðum sem vantar til að brúa útflutningsbótabilið. Ég hef ekki gert mér vonir um það og vil láta það koma fram hér. En ég hef gert mér vonir um að verulegur hluti þess náist einmitt með slíkri stefnumörkun. Þess vegna hef ég ekki talið tímabært að leggja fram till. um þetta á þessu stigi málsins.

Að lokum vil ég segja nokkur orð um þá brtt. sem hv. 1 þm. Austurl. flytur. Ég get sagt það í upphafi, að efni hennar er ég mjög sammála og tel mig reyndar hafa verið að vinna að þessu sleitulaust frá því að ég kom í landbrh.-starfið. Skal ég gera grein fyrir örfáum atriðum þótt þar kunni að verða um einhverja endurtekningu að ræða.

Í því skyni að koma á öruggu sambandi við samtök bænda fékk ég heimild til þess í ríkisstj. strax að ráða sérstakan ráðunaut um stefnumörkun í landbúnaði. Sá maður hefur síðan verið, að ég hygg, daglega á fundum með hinum ýmsu samtökum bænda, í fyrsta lagi hjá Stéttarsambandi, Framleiðsluráði, Búnaðarfélagi o. s. frv. Og reyndar hefur ekkert atriði, sem lagt hefur verið til eða nú er í undirbúningi, ekki verið þaulrætt á milli þessara aðila. Auk þess hef ég sjálfur átt ótal fundi með ýmsum fulltrúum bændasamtakanna. Staðreyndin er vitanlega sú, að inn í þessi mál verða að koma ýmsar stofnanir bænda, ekki bara Stéttarsambandið, heldur líka Búnaðarfélagið og reyndar fleiri.

Í öðru lagi var til þess ætlast með 1. gr. frv., sem felld hefur verið út í till. landbn., að fyrsta skrefið væri stigið einmitt í þá átt sem rakið er í ákvæði til bráðabirgða, að vísu hvað viðkemur Framleiðsluráðinu, þ. e. a. s. Framleiðsluráðinu yrði beint inn á slíka stefnumarkandi starfsemi, t. d. í áætlanagerð, en um áætlanagerð liggja fyrir till. frá sjómannanefnd sem eru sumar hverjar að komast til framkvæmda. T. d. er nú verið að undirbúa hvernig meta megi búskaparaðstöðu, og hefur verið unnið að því af fyrrnefndum aðstoðarmanni ásamt fulltrúum bændasamtakanna. Þarna er um mjög viðamikið mál að ræða. Hugmynd okkar er að fela ráðunautum Búnaðarfélags Íslands að annast slíka úttekt eftir mjög ákveðinni forskrift sem verið er að undirbúa.

Ég nefni þá einnig þáltill. þá sem ég hef áður nefnt, þar sem farið verður fram á að Alþ. ákveði meginstefnumarkmið sem leggja verður til grundvallar. Við getum kannske gefið okkur slík markmið, en mér þykir eðlilegra að Alþ. ákveði hvert skuli vera framleiðslu- og tekjumarkmið landbúnaðarins, sem ég hef iðulega nefnt, þannig að þau lægju fyrir í beinum samningum bænda og ríkisvaldsins um þessi mál öll í heild sinni. Einnig mun í þeirri þáltill. farið fram á að ákveðið verði hvaða leiðir Alþ. heimili til að ná þessum markmiðum. Ég hef nefnt t. d. fyrirframgreiðslu á útflutningsbótum, sem er ákaflega stórt atriði. Þá hef ég nefnt jarðræktarlögin. Í samráði og eftir marga fundi með fulltrúum Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands var það mál lagt fyrir Búnaðarþing. Ég hef einnig nefnt framleiðsluráðslögin, þar sem fulltrúar bændasamtakanna hafa að sjálfsögðu verið ákveðnir og virkir aðilar, bæði í n. og eftir það. Þá hafa að tillögum, sem komið hafa m. a. frá sjómannanefnd, verið settar á fót nefndir, t. d. nefnd til að athuga hvort og þá hvernig innleiða eigi nýjar búgreinar hér. Refarækt er sérstaklega nefnd í því sambandi. Þótt ég geti ekki talað fyrir munn nefndarinnar hér geri ég mér vonir um að hún muni leggja fram vel undirbúnar tillögur um að nokkur slík bú verði sett á fót, skipulega og vandlega undirbúin í tengslum við fóðuröflun og skinnaverkun, hér á landi á næsta ári eða sem allra fyrst. Þá hef ég sett menn í að skoða hvernig hrossarækt megi verða að öflugri búgrein hjá bændum o. s. frv. Ég gæti reyndar nefnt þarna fleiri þætti sem allir hafa komið upp einmitt í þessu samstarfi og samráði við bændasamtökin. Þá hefur einnig verið talað um að athuga hvert er mikilvægi sauðfjárræktar fyrir þjóðarbúskapinn, láta sérfræðinga fara í að meta það. Eins konar forskoðun á því fór fram. Þetta er ekki einfalt mál. Þarna þarf að gefa sér vissa hluti, t. d. ákveðna vinnslu þeirra afurða sem um er að ræða, skinna og ullar, og þá meiri vinnslu en nú er og að sjálfsögðu er að því stefnt.

Ég vil segja það við hv. 1. þm. Austurl., að þó að ég líti svo á að allt það, sem talið er í hans 7 liðum, sé í virkri athugun og undirbúningi og muni koma í vaxandi mæli hér fram, þá er ég fús til þess, ef hann leggur á það áherslu, að biðja bændasamtökin að tilnefna formlega menn í slíkar viðræður. Ég skal ekki segja hve margir þeir þyrftu að vera, en þeir þyrftu að vera frá fleiri en einni stofnun bændasamtakanna. Ég skal með ánægju gera það.

Ég vil aðeins, af því að hv. þm. kom inn á það að draga úr niðurgreiðslum, segja það, að ég verð að viðurkenna að í grg. með frv. um stjórn efnahagsmála og fleira kemur fram, að því er mér sýnist, ákaflega vafasöm setning, vægast sagt, og ég skal fúslega viðurkenna að ég las hana aldrei eins og hv. þm. gerði. Þar er talað um að draga á ári úr niðurgreiðslum að meðaltali um 6 milljarða. En síðan segir að þetta skuli gera á þremur árum. Ég vil leyfa mér að fullyrða að þarna sé átt við það, að á þremur árum þurfi að draga úr niðurgreiðslunum til að ná þeim markmiðum sem frvgr. gerir ráð fyrir, enda sjá menn að niðurgreiðslur eru nú á fjárl. um 18.6 milljarðar og með þessu móti yrðu niðurgreiðslur engar að þremur árum liðnum, ef svona væri að farið. (Gripið fram í.) Þrisvar sinnum sex eru átján. (**LJós:** Þarna stendur 6 milljarða á ári.) Ef eru teknir 6 milljarðar á ári, þá er eftir 3 ár ekkert eftir. Ég held, að þetta liggi alveg ljóst fyrir, að þarna er að sjálfsögðu um misskilning að ræða.

Hitt er svo annað mál, að margir aðilar, m. a. bændur, hafa hvað eftir annað vakið athygli á þeirri hættu sem fylgir því þegar niðurgreiðslur eru orðnar mjög miklar. Miklum niðurgreiðslum hefur ávallt fylgt að kippt hefur verið rösklega í spottann og þær minnkaðar og þá mjög snöggt, og þetta hefur valdið sveiflu í sölu landbúnaðarafurða sem hefur verið ákaflega skaðleg fyrir bændastéttina og framleiðsluna í heild sinni. Slíkt hefur gjarnan dregið snögglega úr neyslunni, sem hefur svo ekki náðst upp aftur þegar niðurgreiðslur hafa verið auknar. Þess vegna held ég, að að því sé fengur fyrir bændastéttina að binda niðurgreiðslur í eðlilegu hlutfalli. Þarna á ég fyrst og fremst við framleiðslu eins og mjólk, kjöt og kartöflur, þ. e. a. s. frumframleiðslu. Erfiðara er að sjálfsögðu um vik í þeirri framleiðslu þar sem framleiðslukostnaðurinn er miklu meiri, eins og t. d. smjör. Er í grg. slegið fram ákveðinni hugmynd um það, sem ég segi fyrir mitt leyti að þarf að ræða vandlega. Hitt er svo annað mál, að það gildir einnig fyrir slíka framleiðslu að miklar sveiflur eru varasamar. T. d. sýna athuganir að við þær sveiflur, sem orðið hafa á niðurgreiðslum á smjöri, hefur ávallt markvisst dregið úr neyslu smjörsins þegar niðurgreiðslur hafa verið mikið minnkaðar, og það hefur ekki náðst upp þegar niðurgreiðslur hafa verið auknar að nýju. Það hefur breytt neysluvenjum mjög til hins verra fyrir landbúnaðarframleiðsluna.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. að ráði. En ég vil leggja á það áherslu, sem ég hef hvað eftir annað gert, að í þessum miklu vandamálum heillar, stórrar stéttar er ákaflega nauðsynlegt að sem víðtækust samstaða náist um þær aðgerðir, sem heimilaðar eru. Hér er um að ræða fyrst og fremst aðgerðir til að dreifa byrðunum á bændur, þar sem er verðjöfnunargjald, eins og hv. 1. þm. Austurl. hefur sagt og ég hef lagt áherslu á, þó inn í þetta hafi spunnist ýmsar aðgerðir til að snúa þróuninni við. Þetta eru allt mjög viðkvæm mál, og því legg ég ríka áherslu á að samstaða megi nást. Í því skyni hef ég beðið þingflokkana að tilnefna menn í viðræðunefnd um landbúnaðarmálin. Ég tek undir það með hv. þm. Pálma Jónssyni, að ég hef ekki gert ráð fyrir því að sú n. út af fyrir sig fari að afgreiða mál eða komi með ákveðin frv. eða þess háttar. Ég hygg að hv. þm. hafi lýst hér áðan réttilega hlutverki þeirrar n. Ég veit líka að hv. frsm. meiri hl. landbn. gerði sér fulla grein fyrir hvert hlutverk þessarar n. er, þannig að ég held að þarna sé um engan misskilning að ræða. En í þeirri von að hv. landbn. og hv. Alþ. nái samstöðu um þetta mál vil ég leyfa mér að fara fram á að hv. flm. þeirra till., sem hér liggja fyrir til breytinga, dragi þær til baka til 3. umr. og taki boði hv. frsm. n. um fund á milli umr. Ég leyfi mér að gera það að mínum lokaorðum.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það þarf engum að koma á óvart þó að allmiklar umr. spinnist út af því frv., sem hér er nú á dagskrá, og þeim brtt., sem hv. n. hefur lagt fram. Þær staðreyndir blasa við í þessu máli, að samkv. fjárl. er áætlað að verja rúmlega 18 milljörðum kr. til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og rúmlega 5 milljörðum kr. til útflutningsuppbóta, og gert er ráð fyrir samkv. útreikningum að þessu til viðbótar þurfi í niðurgreiðslur að koma um 2.5 milljarðar til þess að halda sama hlutfalli og verið hefur að undanförnu varðandi niðurgreiðslurnar og til viðbótar þurfi að bæta við um 5 milljörðum kr. til þess að leysa þann birgðavanda sem nú liggur fyrir. Jafnframt er upplýst að offramleiðsla á kindakjöti í landinu um þessar mundir sé um 30—35% og á mjólkurafurðum um 24%. Þessar tölur segja raunverulega allt um það, hversu gífurlegur vandi er hér á ferðinni, og hann er engan veginn auðleystur. En ég stend hér upp til að taka þátt í þessari umr. til að undirstrika það, að þessi vandi er ekki eingöngu vandi landbúnaðarins og bændanna. Þetta er vandi allrar þjóðarinnar, þetta er vandi skattgreiðenda og neytenda í þessu landi, vegna þess að þessar miklu upphæðir, sem ég hef nefnt, lenda auðvitað fyrr eða síðar á skattgreiðendum í landinu.

Auðvitað sýnist sitt hverjum um það, hvernig eigi að grípa á þessu vandamáli, og þesss vegna þarf engum að koma það á óvart, þó að t. d. þm. Sjálfstfl. þurfi að taka sér nokkurn tíma til þess að ráða ráðum sínum. Að svo miklu leyti sem fram kom í máli frsm. með meirihlutaálitinu gagnrýni á þær frestanir sem Sjálfstfl. bað um í þessu máli, þá er engin launung á því, að það stafaði í og með af því að um er að ræða nokkurn ágreining í þeim flokki um hvernig eigi að bregðast við. Og við teljum okkur ekkert minni menn af því að taka okkur tíma til þess að reyna að finna einhverja raunhæfa lausn á málinu, því að ég fullyrði að úr hvaða kjördæmi sem menn koma og hvaða afstöðu sem þeir kunna að hafa til landbúnaðarins út af fyrir sig, þá eru þeir allir sammála um að hér þurfi að bregðast við rösklega og drengilega. En það þarf að taka tillit til fleiri sjónarmiða heldur en aðeins þeirra sem framleiða vöruna. Það þarf að taka tillit til þeirra sem greiða ýmist vöruna niður eða standa undir útflutningsuppbótum vegna þessarar umframframleiðslu.

Það hefur verið vakin athygli á því, að í þessu máli sé ekki sanngjarnt að líta eingöngu á þær tölur, sem ég hef nefnt hér, og segja: Í þessu er vandinn fólginn og það þarf að draga úr framleiðslunni sem þessu nemur. — Menn hafa bent á að það þyrfti að gera úttekt á gildi landbúnaðarframleiðslunnar, á þjóðhagslegu gildi hennar, sem felst vitaskuld í því að hún skapar atvinnu við margvíslega úrvinnslu. Hún heldur uppi byggð á vissum stöðum í landinu, sem kannske mundu ekki vera byggðir ella, og hún skapar vissar tekjur fyrir þjóðarbúið með þeim hliðarframleiðslugreinum sem fylgja landbúnaðinum. Þetta skal ég taka undir. Ég held að slík úttekt sé nauðsynleg, og við skulum ekki rengja það, að ýmis úrvinnsla landbúnaðarafurða, ýmis hliðarframleiðsla hefur mikla

þýðingu, bæði í arðsemi og tekjuöflun og eins atvinnulega séð. Hins vegar mega menn ekki í þessu sambandi rugla saman framleiðslupólitík og byggðapólitík, vegna þess að það þarf engan veginn að haldast í hendur að byggð sé fyrir hendi því aðeins að þeir, sem þar búa, framleiði hinar hefðbundnu búvörur landbúnaðarins. Ég held að hægt sé að styðja byggðastefnu og hægt sé að halda við byggð í hinum ýmsu svæðum á landinu án þess að það haldist jafnframt í hendur að þeir sömu aðilar framleiði t. d. mjólkurvörur eða dilkakjöt. Þessu tvennu má alls ekki rugla saman.

Við deilum ekki um það, að nauðsyn er einhverra aðgerða um þessar mundir. Hins vegar verð ég að játa að mér kom nokkuð á óvart þegar frv. til l. um breytingu á framleiðsluráðslögunum var lagt hér fram fyrr í vetur, hversu skammt það náði og hversu lítil úrræði voru raunverulega í því fólgin. Bæði frv. og till. meiri hl. og að nokkru leyti þær brtt., sem lagðar hafa verið fram af einstökum þm. í þessu máli, eru yfirleitt með því marki brenndar, að þar er verið að leysa vandann innan frá, þar er verið að setja á ákveðið verðjöfnunargjald, þar er verið að ákveða kerfi um tilfærslur á þeim fjármunum sem í kerfinu eru án þess að gerð sé mjög alvarleg, áþreifanleg tilraun til þess að skera niður þá fjármuni sem til þessara mála fara. M. ö. o.: kerfið heldur sér í aðalatriðum, en breytingarnar eru allar í þá átt að setja sérstakar ítarlegri reglur innan þessa kefis, og mér finnst satt að segja allar þessar till. meira og minna gallaðar.

Ef ég vík að þeim brtt., sem meiri hl. landbn. hefur lagt fram og ég skil svo að séu nánast komnar í staðinn fyrir frv. eins og það var upphaflega lagt fyrir, — á ég þá við að hæstv. ráðh. hafi samþ. þær fyrir sitt leyti enn sem komið er — fela þær m. a. í sér að ákveða má mismunandi verð á búvöru til framleiðenda og í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er. Þarna er sem sagt gert ráð fyrir að viss hluti framleiðslunnar fái fullt grundvallarverð, en síðan eigi sér stað skerðing sem umfram þennan grundvöll er. Ég hef ástæðu til að halda að þessi regla mundi m. a. hafa það í för með sér að bændur, sem eru kannske undir meðaltali, sem ekki framleiða algerlega upp í þann kvóta sem ákveðinn er, mundu auka framleiðslu sína upp í þetta mark. Ef þetta er rangt hjá mér, þá leiðréttist það, en ég hef skilið þessa till. svo að þessa hætta sé fyrir hendi. Ég hef skilið þetta svo, að þarna sé viss hætta á að litlu búin stækki og enda þótt einhver samdráttur verði í stærri búunum, þá munum við standa í stað og framleiðslan ekki minnka sem neinu nemur vegna þessa ákvæðis. Jafnframt er gert ráð fyrir því í sambandi við kjarnfóðurskattinn, að ákveðinn hluti framleiðslunnar sé gjaldfrír, og ég óttast að niðurstaðan verði þess vegna sú sama hvað það varðar.

Ég hef líka þær aths. fram að færa varðandi þá tilhögun sem þarna er gert ráð fyrir á kjarnfóðurskattinum, að verið er að setja upp mikið kerfi um hverjir skuli fá hluta kjarnfóðurs gjaldfrítt, og mikil skriffinnska fylgir slíku, miklir útreikningar og mjög veruleg hætta á alls kyns misnotkun í því sambandi. Jafnframt vil ég gagnrýna það, að gert er ráð fyrir að kjarnfóðurskattur sé lagður á kjarnfóðursneyslu hjá öðrum framleiðendum en þeim sem framleiða dilkakjötið og mjólkurvörurnar, en ég hef a. m. k. skilið það svo, að verið sé að setja þennan skatt á til þess að reyna að draga úr þessari framleiðslu. Og þá er spurningin: Til hvers er verið að leggja skatt á aðrar framleiðslugreinar? Eð vísu eru þær ekki inni í vísitölunni og ráða nokkuð sínu verði sjálfar, en ég held að þarna sé of langt gengið.

Þetta kvótakerfi, sem verið er að setja upp, mismunar auðvitað bændum ótvírætt, og ég mundi ekki vilja vera í sporum Framleiðsluráðsins og þurfa að taka ákvarðanir um hvernig þessir kvótar eigi að vera. Ég held að þetta sé mjög óæskileg leið, óheppileg, bæði fyrir þá, sem eiga að stjórna því, og þá, sem eiga annaðhvort að njóta þess eða gjalda þess.

Ég spyr líka í þessu sambandi: Verður þá tekið tillit til þeirrar aðstöðu sem er til búrekstrar á hinum einstöku jörðum? Á að taka tillit til stærðar búa eða hagkvæmni í búrekstri? Verður þá gengið út frá þeirri framleiðslu, sem nú er fyrir hendi, án tillits til hagkvæmninnar sem er í rekstri hinna einstöku jarða o. s. frv., o. s. frv.? Ég verð því miður að segja það sem mína skoðun, að þessar leiðir, sem bæði í frv. og brtt. felast, eru hálfgert kák og engin vissa fyrir því, að þær hafi raunverulega þau áhrif sem ég skil þó að að sé stefnt: að draga úr framleiðslunni. *Engin vissa er fyrir því.*

Mér finnst líka mjög skorta á í þessum umr. öllum og í þessari tillögugerð, að tekið sé á útflutningsuppbótakerfinu sem að mínu mati er ákaflega gallað. Á sínum tíma var ákveðið að tryggja bændum bætur fyrir þann halla, sem þeir kynnu að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, með þeim hætti að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar yrði greitt til framleiðenda. Svona hefur það verið nú næstum því tvo áratugi í meginatriðum. Ljóst er nú, að ekki er lengur hægt að miða við þessi 10% vegna þess birgðavanda sem augljós er, það þarf að fara miklum mun hærra. En gallinn við þetta kerfi er sá, að þegar verið er að reikna út heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar eru teknar inn miklu fleiri stærðir en sem nemur þeim framleiðslugreinum sem verið er að greiða útflutningsuppbætur til. Það er allt lagt saman, hvort heldur er um að ræða svínarækt eða eggjaframleiðslu, jafnvel gróðurhúsarækt og allt hvað eina sem hægt er að tengja við landbúnaðinn. Þannig er fundin út heildarframleiðslan í landbúnaðinum og síðan eru reiknuð 10% út frá því. Sú tala verður fyrir vikið miklum mun hærri en í upphafi var reiknað með að miðað væri við.

Ég held að í þessum efnum þurfi að breyta til, það þurfi að ákveða eitthvert hlutfall af því verðmæti þeirrar búvörugreinar sem verið er að bæta upp, sem verið er að aðstoða, en ekki taka dæmið allt eins og hefur verið gert fram að þessu. Ég held líka að í þessu sambandi sé nauðsynlegt að skapa meiri hvatningu fyrir þá sem selja vöruna erlendis, sem standa fyrir útflutningi, að ná sem hagstæðustu verði. Það þarf t. d. að kveða á um það, að útflutningsbæturnar verði ekki veittar nema söluverðið nái ákveðnum hluta af heildsöluverðinu. Og það verður að segja þá sögu eins og er, að það fyrirkomulag, sem nú er, þegar menn þurfa ekki að hafa miklar áhyggjur af því hvaða verð færst fyrir vöruna erlendis, vegna þess að þetta fæst meira og minna allt á þurru, þá hefur það auðvitað dregið úr þeim litlu möguleikum sem við kunnum þó að hafa til þess að geta fengið betra verð fyrir vöruna og leita raunverulega að mörkuðum erlendis. Það eru meira að segja nefnd dæmi um það, að þegar fleiri en einn og fleiri en tveir aðilar íslenskir eru að selja eða leita að mörkuðum erlendis fyrir landbúnaðar-

afurðir, þá séu þeir að undirbjóða hver annan og eyðileggja markaðinn með þeim hætti. Þetta er auðvitað hið alvarlegasta mál, ef rétt reynist, og staðfestir raunar það, sem ég er að segja, að í kerfinu sjálfu felst engin hvatning af þess hálfu til þess að ná sem hagstæðustu verði erlendis. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt, þegar menn standa frammi fyrir svo geigvænlegum vanda sem raun ber vitni um, að þá verði það jafnframt að haldast í hendur að einhverjar breytingar séu gerðar á þessu fyrirkomulagi.

Ég vil líka beina því til þeirra sem fara með þessi mál núna, hvort ekki sé rétt að nýta þá miklu þekkingu og reynslu sem er hjá verslunarstéttinni íslensku til þess að standa í ríkari mæli fyrir útflutningi á þessum vörum. Íslensk verslunarstétt hefur sannað dugnað sinn og útsjónarsemi og staðið undir frjálsri, sjálfstæðri verslun, bæði hér innanlands og í innflutningi, og ég er sannfærður um að þeir kraftar, þeir menn og þeirra hæfileikar mundu koma sér vel ef hægt væri að nýta þá við útflutning landbúnaðarvara. Mér finnst þá jafnframt að ekki sé nægilega mikil áhersla lögð á það atriði að því er varðar að beina bændum og landbúnaðarframleiðendum inn á framleiðslu í öðrum búgreinum. Það er engan veginn tekið á því. Ég hjó að vísu eftir því í ræðu hæstv. ráðh. áðan, að hann hugsar svolítið um það, og mér þykir gott að heyra það, vegna þess að ég held að það hljóti að vera eitt meginatriðið í þeirri landbúnaðarstefnu, sem við verðum að taka ákvörðun um á næstunni, að styrkja menn og styðja til þess að taka upp aðra framleiðslu heldur en eingöngu á þessum hefðbundnu greinum, dilkakjöti og mjólk. Með þeim hætti ætti að vera auðvelt að halda byggðinni blómlegri og skapa arðbæra vinnu fyrir fólkið sem í landinu býr og við viljum að búi áfram í hinum ýmsu sveitum landsins.

Skoðun mín er í stuttu máli sú, að þær brtt., sem hér eru lagðar fram, nái mjög skammt, það sé vafasamt um árangurinn af þeim, og ég held að það sé miklu skynsamlegra fyrir okkur, þegar við erum að takast á við þennan vanda, að í staðinn fyrir að búa til einhverjar styrkja- og skömmtunaraðferðir innan kerfisins sem mismuna bændum og skapa hættu á ýmiss konar misnotkun á því kerfi, þá sé heiðarlegast að taka ákvörðun um að við ætlum að bæta umframframleiðsluna upp að einhverju tilteknu marki, taka ákvörðun um hvað útflutningsuppbætur eiga að vera mikið hlutfall og tilkynna það t. d. með eins eða tveggja ára fyrirvara, þannig að bændur viti um það og geti gengið að því sem vísu. Það er auðvitað sú leið sem er árangursríkust, vegna þess að ef bændur fá ekki sitt fyrir vöruna, þá hljóta þeir auðvitað að hætta að framleiða hana eða beina vinnu sinni inn á önnur svið. Þetta er auðvitað einfaldasta og árangursríkasta aðferðin, í staðinn fyrir að vera að búa til einhverjar gervilausnir. Það þarf sem sagt að beita einhverjum almennum hagstjórnaraðgerðum sem hafa almennt gildi, í stað þess að vera að setja upp reglur þar sem þarf að skoða hvern einasta bónda og taka ákvörðun um hversu mikla skerðingu hann eigi að búa við.

Mér fannst það rétt aths. sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. fyrr í dag, þegar hann benti á það ósamræmi sem er í afstöðu og núv. stjórnvalda til niðurgreiðslna. Auðvitað eru niðurgreiðslur að vissum og verulegum hluta til almenn efnahagsaðgerð. Það er ekki litið á þær sem beinan styrk eða beina aðstoð til landbúnaðarins, þó þær hafi auðvitað óbein áhrif að því leyti til, að því lægri sem varan er í verði, því meiri líkur eru á að hún seljist. Á sama tíma sem þessi stjórn talar um að það þurfi að leysa vanda landbúnaðarins og þennan vanda sem við erum að tala um gerir hún beinar till. um það í sínum frv. að draga mjög verulega úr niðurgreiðslunum. Ég leyfi mér að komast að sömu niðurstöðu hv. 1. þm. Austurl. um þetta atriði. Í grg., þar sem fjallað er um lækkun á niðurgreiðslunum, segir, með leyfi forseta:

„Miðað við niðurgreiðslustigið í marsbyrjun 1979 mundu niðurgreiðslur á ári væntanlega þurfa að lækka um 5400-6700 millj. kr. til þess að markmiði frvgr. yrði náð."

Ég held að það fari ekkert á milli mála að þetta er skilið á einn veg, þ. e. a. s. að þessi mikla lækkun þarf að vera á ári hverju. Ef það er hugsað öðruvísi, þá held ég að sé rétt að flytja þau boð yfir í Ed., þar sem þetta frv. og þessi grg. er til meðferðar nú.

Gallinn við niðurgreiðslurnar er auðvitað sá, að þær eru með í vísitölunni, og ég held að við komumst aldrei út úr því vandamáli nema niðurgreiðslur séu teknar út úr vísitölunni. Gallinn er líka sá við niðurgreiðslurnar, hvort sem þær eru hagstjórnartæki eða aðstoð við landbúnaðinn, að eftir því sem þær eru meiri eru þær auðvitað meiri hvati til offramleiðslu, til óeðlilegrar offramleiðslu, og að því leyti er ekki heppilegt, þegar verið er að tala um landbúnaðinn og efnahagsmálin í heild sinni, að viðhalda miklum niðurgreiðslum, ef við viljum á annað borð draga úr þeirri umframframleiðslu sem öllum er ljóst að er fyrir hendi.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta öllu lengur. Ég hef tekið þátt í þessari umr. til þess að undirstrika að þetta er ekki eingöngu mál þeirra, sem í dreifbýli búa, eða þeirra, sem bera hagsmuni bændanna fyrir brjósti fyrst og fremst. Ég bý í þéttbýlinu og ég tel mig bera hag bænda fyrir brjósti jafnmikið og aðrir hér á þingi. En ég legg áherslu á að þetta er vandi sem snýr að fleirum en bændastéttinni. Þetta snýr að skattgreiðendum, að fólkinu í landinu, og það verður þess vegna að ræða frá öllum sjónarmiðum. Ég held að þessar tillögur, sem við höfum hlýtt hér á, séu meira og minna vafasamar. Þær eru vandræðalausnir. Það er verið að mismuna bændum. Ég held að það verði að stíga miklu djarfara og stærra skref til þess að leysa þennan vanda heldur en þetta frv. felur í sér.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég er sannfærður um að bæði neytendur og þéttbýlisfólk vill horfast í augu við þann vanda sem nú er fyrir hendi, það vill aðstoða bændur við að leysa úr honum. En það er ekki hægt að halda áfram á sömu braut, það er ekki hægt að viðhalda því kerfi sem nú er, en leggja síðan á 5 milljarða kr. til viðbótar til þess að leysa birgðavandann. Þetta er ekki hægt nema jafnframt sé sýnt og staðfest svart á hvítu að það er vilji til þess hjá stjórnvöldum, hjá Alþ. og hjá ríkisstj., að komast út úr þessum vanda. Ef fólkið, almenningur, kjósendur, sér að það er verið að taka á vandanum til frambúðar, það er verið að leysa þannig vandann að verið sé að skrúfa niður, en ekki sífellt að auka útflutningsuppbætur og niðurgreiðslur, þá er áreiðanlega vilji til þess hjá mönnum að taka á sig nokkrar byrðar um þessar mundir í þeirri von og þeirri vissu að úr rætist innan tiltölulega stutts tíma.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Við 1. umr. gagnrýndi ég þetta frv. og lét í ljós þá skoðun, að það væri uppgjöf

að snúast við vandamálum landbúnaðarins eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. að gera bara eitthvað. Ég er enn sömu skoðunar, meðferð þessa máls hér á þinginu hefur ekki breytt þeirri skoðun minni, heldur sannfært mig um að hér er um kák eitt að ræða miðað við að afgreiðsla málsins verði eins og það kemur frá meiri hl. landbn. Bændastéttin biður um þessar aðgerðir, segja menn, og það er um að gera að veita henni sem flestar heimildir, opnar í báða enda, til að skattleggja sjálfa sig, er sagt.

Frsm. meiri hl. hefur nú gert grein fyrir sínu áliti. Það álit fékk þann dóm, vegna þess hvað það var illa útfært, hjá mönnum, sem lengi hafa starfað hjá Stéttarsambandi bænda, að það væri óframkvæmanlegt, — segi og skrifa: óframkvæmanlegt. Þetta var þá það sem hafðist út úr 10 fundum landbn. beggja d., eins og kemur fram í meirihlutaálitinu að haldnir hafi verið. Það er ekki lítill afrakstur og það hjá jafnþingvönum mönnum að skila frá sér slíku plaggi. Tveir nm. meiri hl. hafa að vísu haldreipi þar sem er fyrirvarinn, og fagna ég því þeirra vegna. En það sést af þessu, að lengi getur vont versnað. Aðeins glæta er þó í meirihlutaálitinu sem kom út úr umr. í n., en það væri líka skárra að allt plaggið væri óframkvæmanlegt.

Þessa dagana riðar ríkisstj. til falls, þó væntanlega muni Eyjólfur hressast að nýju, hvað sem sú dýrð stendur lengi. En um hvað er deilt í ríkisstj.? Jú, hvað skera eigi kaupið mikið niður hjá launþegum, um 3, 4, 5, 6, 7%. En á sama tíma er verið að afgreiða frv. í landbúnaðarmálum, þar sem verið er að fjalla um að jafna kaupskerðingu á bændurna sjálfa án stuðnings annarra sem nemur kannske allt að 20% eða meira. Og um þetta eru víst ríkisstjórnarflokkarnir sammála — eða hvað? Ekki skelfur ríkisstj. út af þessu máli.

Að óreyndu hafði ég ekki trúað að Alþb., sem fékk mikið fylgi í sveitum s. l. vor, mundi tilleiðanlegt til hvers sem væri. Um suma hina þarf kannske ekki að ræða. Af ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar hér áðan, þar sem hann var m. a. að biðla til hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar um samstarf í ríkisstj. að þessum málum, kom fram að hann var líka að leita eftir samstarfi við Sjálfstfl. Ríkisstj. hefur þó meiri hl. Vantar kannske á þetta mál stimpil Sjálfstfl. af því að þetta er orðið svo óvinsælt? Það er ágætt að hafa þjóðstjórn í þessum málum, en vantar hana þá ekki í fleirum? Ég vil þakka hv. frsm. fyrir þann heiður að nefna nafn mitt við þessa umr., en í meirihlutaálitinu þótti ekki taka því að telja upp nm., sem þó mun vera nokkur regla hér, skilst mér vera.

Hv. frsm. sagði að Sjálfstfl. hefði tafið þetta mál. Ég held að það, sem fyrst og fremst hefur tafið þetta mál, sé innbyrðis ósamkomulag hjá ríkisstjórnarflokkunum. Fyrir jólin var það a. m. k. svo. Þá var leitað til Sjálfstfl. í önnum síðustu daga í þinglokin til að drífa málin áfram. Þá virtist vera nóg að gera, og þá var einn hamagangurinn í ríkisstjórnarflokkunum sem nóg var að snúast utan um þá daga, þannig að ég held að það hafi varla verið hægt að koma því fram þá. Kannske það hefði gengið ef allt hefði verið í lagi í ríkisstjórnarflokkunum, en þá hefði ekki heldur þurft á Sjálfstfl. að halda. En Sjálfstfl. hefur fengið frest nú að undanförnu, bað um frest aðeins til að athuga þetta mál. Var það nokkuð óeðlilegt? Ég held ekki. Búnaðarþing var að störfum. Mátti það ekki skila áliti? Búnaðarþing óskaði eftir ýmsum athugunum á þessu máli. Það var sett í gang, en er ekki lokið. Það var ástæða til þess m. a. út frá því að doka aðeins. Hæstv. ráðh. var ekki heldur heima. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson greindi okkur þm. frá því á fimmtudaginn, að hæstv. ráðh. hefði verið á skíðum í Ölpunum. Bændastéttin brennur meðan ráðh., Neró landbúnaðarins, er á skíðum suður í Ölpum, mætti segja.

En hvers vegna var ekki lagt fram eitt frv. á þinginu í vetur um breytingu á framleiðsluráðslögunum, þar sem allt þetta var tekið fyrir, þ. e. að semja beint við bændur. Vandinn í dag á að skiptast bæði á ríkið og bændurna, en ekki, eins og í frv. er, bara á bændurna. Af hverju var þetta ekki tekið í einum pakka? Hvað hamlaði því?

Hv. frsm. talaði um í lok síns máls að það þyrfti að breyta ýmsu í till. meiri hl. Ja, bragð er að þá barnið finnur. Hefði þá ekki verið ágætt fyrir hann að nota þann frest, sem Sjálfstfl. fékk, til að skoða málið, hann hefði líka notað frestinn til að athuga betur sitt mál. Ekki mundi af veita, svo sem kom í ljós af hans orðum, að nú þyrfti að fara ofan í og breyta einmitt mjög nál. meiri hl., eða ég fékk ekki annan skilning út úr orðum hans, og er það ekki óeðlilegt, sem og kom fram í upphafi míns máls, að Stéttarsambandsmenn telja það óframkvæmanlegt eins og það liggur fyrir.

Ég gat ekki skrifað undir nál. meiri hl. og stend nú að brtt., eins og hér hefur komið fram, ásamt hv. þm. Pálma Jónssyni. Það er í fyrsta lagi, að þar er opin leið að beinar greiðslur á frumstigi gangi til bænda, þ. e. niðurgreiðslur. Hæstv. ráðh. minntist á þetta mál áðan og tók dæmi um að þetta kæmi mjög illa út. Það er ljóst að með þessu er ekki verið að skapa neitt nýtt fé, en það gengur hraðar með þessum hætti til bænda. En mátti skilja í orðum hans að ríkisstj. ætlaði að vera alveg „stikkfrí" í þessu máli? Á ekkert að koma til móts við bændurna í þessum vanda? Það er hægt að reikna þarna út stórar tölur ef ekkert verður komið til móts við bændastéttina. Ég trúi ekki fyrr en ég tek á að það mál verði leyst þannig að vandanum verði eingöngu velt á bændur.

Hæstv. ráðh. ræddi um fóðurbætisskattinn og taldi þetta seinvirkt með því kerfi sem sett er upp. Fóðurbætisskatturinn hefur mjög lagast í till. okkar, og ég held að hæstv. ráðh. geti varla dottið í hug, eins og nú er ástatt í sveitum, að bændur verði að borga tvöfalt gjald fyrir fóðurbætinn fyrst og fá það síðan endurgreitt að helmingi eftir dúk og disk. Ég held að það sé óframkvæmanlegt. Ég held að fóðurbætistillaga með skömmtunarkerfi verði að vera eitthvað með líkum hætti og er í till. okkar hv. þm. Pálma Jónssonar og að ekki komi til mála að bændur verði fyrst að greiða út tvöfalt verð fyrir fóðurbætinn. Það er alveg útilokuð leið.

Hæstv. ráðh. spurði og taldi ótímabæra till. okkar um að viðbótarfé kæmi til landbúnaðarins vegna þessara erfiðleika. (Gripið fram í.) Ég trúi ekki öðru en ríkisstj. sóma síns vegna komi til móts við bændurna í þessu máli, en á Sjálfstfl. vona ég að muni ekki standa í þessu máli, það vil ég láta heyrast, og þess vegna er till. okkar komin fram. En mál er orðið að fara að fá frumkvæði frá ríkisstj., og ég vona að það fari að koma.

Ég endurtek, að í okkar till. er í fyrsta lagi opnuð leið um beinar greiðslur. Í öðru lagi er tillaga um fóðurbætisskattinn mjög betrumbætt frá meirihlutaálitinu. Við tökum upp þarna óbreyttan lið sem er í meirihlutaálitinu. Það er um að borgað sé ákveðið fyrir samdrátt. Síðan er í fjórða lagi að við gerum kröfu til ríkisvaldsins, eins og ég vék að, að ríkisvaldið komi til móts í birgðavandanum. Og þetta mál verður ekki afgreitt að mínum dómi án þess

að tekin sé afstaða til þess máls, það eru alveg hreinar línur.

Draga þessar leiðir nóg úr framleiðslunni, sem allir tala um að verði að gera? Verður sá samdráttur, sem leitað er eftir, nægilegur með þessum leiðum? Um það veit enginn. En ég legg áherslu á þær skerðingar á kjörum bænda sem leiðir af frv. óbreyttu og virðist vera eins og nú stendur, að ríkisstj. ætlist til að bændurnir beri einir, — ég legg áherslu á að það má ekki ske að svo verði.

Herra forseti. Það er skoðun mín, að ef við viljum vera raunhæfir í þessum málum, þá verðum við að vega okkur út úr þessum offramleiðsluvanda, og við gerum það e. t. v. best með því að greiða verðbætur fyrir ákveðinn samdrátt, t. d. 10%, eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls. Það mundi verða minnsta skerðingin fyrir bændurna og jafnframt fyrir þjóðfélagið allt og neytendurna — borga mönnum t. d. allt að helmingsverðbætur og einnig bússkerðingarbætur. Þetta þyrfti að gera í 3—5 ár. En hafa verður í huga í þessum málum, að tíðarfar getur fljótt spilað þarna inn í, og ef það breytist til hins verra þarf vissulega að haga sér í samræmi við það. Komi aftur til bústofnsaukningar að árum liðnum, þegar fólki hefur fjölgað og neysla aukist, þá þyrfti og að koma til styrkur úr sama sjóði. Útfærðar till. að þessu leyti svo og um framleiðsluráð landbúnaðarins, sem ég hef í mínum fórum, mun ég e. t. v. sýna landbn. milli umr. og a. m. k. um framleiðsluskrána, sem verður nauðsynleg hvaða kerfi sem verður tekið upp. En það var að heyra á hv. frsm., Stefáni Valgeirssyni, að til stæði að athuga þetta mál vel milli umr. af landbn. beggja deilda Alþingis.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að leggja nokkur orð í belg í sambandi við umr. um þau alvarlegu mál sem hér eru á dagskrá.

Ég vil segja það strax í byrjun, að mér er það ákaflega vel ljóst, að sá vandi, sem íslenskur landbúnaður stendur nú frammi fyrir, er mun meiri en við hefur verið að glíma um langt skeið og að sjálfsögðu miklu meiri en nokkru sinni síðan upp runnu þeir tímar á landi hér, að um offramleiðslu varð að ræða í landbúnaðinum. Offramleiðslan hefur aldrei verið slík sem nú. Og það er ákaflega athyglisvert og mikið umhugsunarefni, að þrátt fyrir það að á þessu ári hafi verið gerðar mikilvægar opinberar ráðstafanir til þess að draga úr offramleiðsluvandanum með stórauknum niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum, með afnámi söluskatts á matvörum, þar með öllum landbúnaðarvörum, og þrátt fyrir það að þessar aðgerðir hafi leitt til nokkurrar aukningar í neyslu hér innanlands, þá skuli það verða á sama tíma, að birgðasöfnun landbúnaðarvara verði miklu meiri einmitt í ár en við höfum áður átt að venjast.

Það hefur verið tekið fram af þeim sem hér hafa áður talað, að það, sem segir í því frv. sem hér er til umr., þó samþykkt yrði, dregur í rauninni ákaflega skammt til að mæta þeim mikla vanda sem við er að glíma. Og ég er mjög sammála því, sem sagt hefur verið í þeim efnum, að frv. grípur ekki nema mjög takmarkað á þeim erfiðleikum sem við stöndum þarna frammi fyrir. Það hefur verið bent á það af mörgum, að eigi bændastéttin ein að bera þá 5 milljarða kr. sem áætlað er að nú vanti til þess að tryggja bændum grundvallarverð fyrir sína framleiðslu þegar búið væri að greiða þær 10% útflutningsbætur sem lög heimila, þá mundi þarna vera um að ræða 12-13 millj. á hvert býli á landinu. Þetta segir auðvitað ærna sögu. En það segir líka sögu ef við athugum hvað þetta væri þungur baggi á hverja meðalfjölskyldu í landinu, sé byrðinni dreift, ekki bara á það fólk sem býr í sveitum, heldur á landsmenn alla, en þá mun láta nærri að þarna sé um að ræða nálægt 100 þús. kr. á hverja meðalfjölskyldu í landinu öllu, enda um að ræða fjárvöntun sem nálgast það að vera jafnmikil og nemur öllum áætluðum útflutningsuppbótum samkv. fjárlögum eða um 5 milljörðum króna.

Ég vil láta þá skoðun hér í ljós strax, að ég tel með öllu útilokað að ætla bændastéttinni, þeim tæplega 4000 bændum sem á bújörðum sitja, að bera eina sér þá 5 milljarða sem þarna vantar. Það þarf engum orðum um það að fara, að ef slík stefna væri tekin gæti ekki annað af því leitt en verulega mannfækkun í sveitum landsins og að stór hluti bújarða legðist í eyði. Óhjákvæmilegt er þess vegna að finna leiðir til þess að dreifa þessari byrði á þjóðina í heild, og þegar ég segi: þjóðina í heild, þá vil ég bæta við: og þá fyrst og fremst á þá þegna þjóðfélagsins, hvar sem þeir búa, í sveit eða bæjum, sem nokkra greiðslugetu hafa. En jafnframt hygg ég að íslenskir bændur komist ekki hjá því að taka á sig nokkru meiri byrðar en aðrar fjölskyldur í landinu af þessum ástæðum, og ég hygg að bændum sé þessi stóri vandi það vel ljós að margir þeirra séu í rauninni til þess búnir.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á það og hana mikla, að um leið og komið er í fyrsta lagi til bændastéttarinnar og í öðru lagi til annarra landsmanna einnig og sagt við þessa aðila báða: Nú er óhjákvæmilegt að jafna hér niður þungri byrði vegna offramleiðslunnar, — þá er ákaflega áríðandi að stjórnvöld séu á sama tíma tilbúin að benda á leiðir sem hugsanlegt sé að fara á næstu árum til þess að draga úr offramleiðsluvandanum svo að um muni, þannig að þeir, sem þessa 5 milljarða eiga að bera og verða að bera nú, allir þeir þegnar þjóðfélagsins sem nokkra greiðslugetu hafa, þeir fái það ekki á tilfinninguna að þeir séu að moka í botnlausa tunnu, heldur sé verið að gera ráðstafanir sem dugað gætu til þess að það komi ekki 5 milljarðar í ár, síðan 7 milljarðar næsta ár og 10 milljarðar 1981 o. s. frv. En um þær leiðir sem þarna þarf að finna til úrlausnar, — og ég ætla í þeim efnum ekki að bæta á þessu stigi málsins mörgu við það sem áður hefur verið drepið á hér í umr. og víðar, það eru ýmsar til, þó engin ein sé fullnægjandi, — en um þær leiðir þarf að sjálfsögðu að leita víðtæks samkomulags við bændasamtökin. Og vegna þess, hversu einmitt það er nauðsynlegt, vil ég úr þessum ræðustól gera hvort tveggja: að lýsa stuðningi við brtt. hv. 1. þm. Austurl., Lúðvíks Jósepssonar, sem í þessa átt gengur, og einnig að fagna yfirlýsingu hæstv. landbrh. um stuðning við það sjónarmið sem þar kemur fram.

Sú grundvallarhugmynd, sem kemur fram í brtt. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, miðar að því að gerð verði áætlun til nokkurra ára í samráði við stéttarsamtök bændastéttarinnar og þá aðila sem mest hafa um landbúnaðarmálin fjallað, — áætlun sem miði að því að aðlaga framleiðsluna í meira mæli en nú er þeim markaðsaðstæðum sem fyrir hendi eru. Um slíka áætlun þarf ríkisvaldið að semja við samtök landbúnaðarins og það sem allra fyrst. En ég vil einnig af minni hálfu lýsa eindregnum stuðningi við þær kröfur, sem átt hafa vaxandi fylgi að fagna í hópi bænda og reyndar víðar, að stéttarsamtök bændanna semji einnig á hverjum tíma beint við ríkis-

valdið um kjör sín almennt ár frá ári, og ég vil vænta þess, að góður stuðningur hæstv. landbrh. við það mál, eins og hann lýsti áðan, geti m. a. átt þátt í því að slíkt fyrirkomulag komist á, því að það er tvímælalaust eðlilegt í alla staði að bændur njóti í þessum efnum sem líkasts réttar og þeir þegnar þjóðfélagsins sem aðild eiga að hinum ýmsu stéttarfélögum er fjalla fyrir þeirra hönd um kaup sinna félagsmanna og kjör. En ég vil einmitt í tengslum við þetta mál bæta því við, að ég hygg að nokkur ástæða væri hins vegar til þess að uppbyggingu stétttarsamtaka bændanna, þeirra samtaka sem ætlað væri það hlutverk að eiga í beinum kjarasamningum við ríkisvaldið, væri með góðu samkomulagi við bændastéttina almennt nokkuð breytt og þá í þá veru að hver einstakur bóndi hefði meiri möguleika en hann hefur nú til þess að hafa áhrif á ákvarðanir sinna stéttarsamtaka, að þar væri um að ræða að öllu leyti beinar kosningar t. d. og að samtök bændanna væru byggð upp að þessu leyti sem líkast því sem við þekkjum frá verkalýðsfélögunum. Þörfin á slíkum breytingum væri vissulega meiri en áður, ef það fyrirkomulag kæmist á sem ég hef hér lýst stuðningi við, að Stéttarsamband bænda semji beint við ríkisvaldið um helstu atriði er kjör bændastéttarinnar varða á hverjum tíma.

Ég vil fara fáeinum orðum um efni frv. og efni þeirrar brtt., sem fram hafa komið.

Ég vil segja þá í fyrsta lagi, að enda þótt mér sé ljóst að ekki verði hjá því komist að ætla bændum að taka á sig töluverða byrði þegar staðið er frammi fyrir þeim vanda sem við blasir, þá beinast áhyggjur mínar mjög að því, hvernig þessum vanda verði jafnað niður. Mér er það ákaflega ríkt í huga, að aðstæður bænda eru ákaflega ólíkar innbyrðis. Aðstæður bænda innan sama héraðs eru ákaflega ólíkar innbyrðis með tilliti til þess, hvaða kostum þær jarðir eru búnar sem þeir sitja, en þó oft miklu frekar með tilliti til þess, hvort bóndinn er búinn að koma sér vel fyrir í búskapnum, kannske fyrir 20 árum, eða hvort hann er að byrja á að byggja upp. Þessar aðstæður eru ólíkar. En mér er ekki síður í hug hvað búskaparaðstæður eru ólíkar eftir héruðum í landinu. Þar er í ýmsum tilvikum um mjög mikinn mun að ræða. Og ég óttast það, að þó ekki væri um að ræða nema tiltölulega litla byrði skoðað frá almennum sjónarhól, þá geti slík byrði lögð á þá bændur, sem verst eru settir, orðið til þess að flæma allmarga bændur frá búum sínum, og alveg sérstaklega óttast ég í þessum efnum um byggð í þeim sveitarfélögum sem höllustum fæti standa nú þegar. Og ég er þeirrar skoðunar, að nokkuð sé á sig leggjandi til þess að tryggja búsetu einnig í þeim sveitarfélögum þar sem þannig er ástatt. Ég ætla ekki að fara út í að færa rök fyrir þeirri skoðun nú, en gæti sannarlega gert það í löngu máli eða stuttu, ef ástæða þætti til. En af þessum ástæðum er ég almennt þeirrar skoðunar, að það beri við niðurjöfnun innan bændastéttarinnar sjálfrar að gæta þess mjög að þeim bændum, sem verst eru í sveit settir og tæpast standa, sé hlíft annaðhvort að öllu leyti eða að nær öllu leyti.

Það liggur hér fyrir að meginhugsun bæði í frv. upphaflega og í því nál. meiri hl., sem lagt hefur verið fram, er að Framleiðsluráð landbúnaðarins, þar sem stéttarsamtök bændanna sjálfra munu fara með meirihlutavald, fái í sínar hendur ákaflega víðtækar heimildir og í raun og veru svo víðtækar heimildir að það geti að mestu, að nær öllu leyti skipað þessum málum eftir því sem það telur skynsamlegast, hvernig þessi niðurjöfnun fari fram, bæði hvað varðar fyrirhugað framleiðslugjald og fyrirhugaðan fóðurbætisskatt. Ég geri mér grein fyrir að þarna er um að ræða ósk stéttarsamtaka bændanna sjálfra, að þetta mikla og víðtæka vald liggi hjá Framleiðsluráðinu, og ég vil ekki á þessu stigi málsins ganga gegn þeim óskum sem uppi eru um að þessar heimildir og þetta vald sé veitt í meginatriðum svo víðtækt sem þarna er gert ráð fyrir. En ég vil segja það, að ég er þó dálítið tortrygginn á að hafa þessar heimildir svona víðtækar og ég óttast nokkuð að þær kunni að verða notaðar með öðrum hætti en ég væri tilbúinn til að styðja með atkv. mínu hér á Alþ. ef á reyndi. Ég óttast það. En um þetta er að sjálfsögðu ekki unnt að staðhæfa neitt fyrir fram, og ég hlýt þess vegna að komast að þeirri niðurstöðu í þessum efnum, að hér verði að reyna á hvernig Framleiðsluráðið beitir þessu vandmeðfarna valdi. En við hér á hinu háa Alþ., þm., bæði ég og aðrir, ættum þá að hafa í huga, að ef með þetta vald verður farið á þann veg að þar sé talin ástæða til alvarlegra aths., þá höfum við að sjálfsögðu okkar möguleika til að hafa uppi tillöguflutning hér á Alþ. um breytingar í þessum efnum, og þann rétt hljótum við allir að áskilja okkur.

Það er gert ráð fyrir því í nál. meiri hl. landbn., að Framleiðsluráðið hafi heimild til að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda, og síðan segir í nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.“

Þetta skal vera heimilt. Þetta má túlka að sjálfsögðu á fleiri en einn veg, en sennilega lægi næst að beita þessari heimild þannig, að hver bóndi fengi fullt grundvallarverð fyrir einhverja ákveðna prósentutölu af framleiðslu sinni og að þessi prósentutala væri þá jöfn hjá öllum, hvort sem búin væru smá eða stór. Mér sýnist að það lægi jafnvel beinast við að túlka þetta svona. En ég tek fram að slíkri niðurstöðu — að beita heimildinni með þeim hætti — væri ég ekki samþykkur, vegna þess að ég tel að það sé eðlilegt að þeim, sem eru með stór bú, verði ætlað að bera hlutfallslega meiri skerðingu en þeim sem eru með smábúin. Sé sú leið farin, sem ég get út af fyrir sig mjög vel hugsað mér, að það sé borgað fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunar, þá tel ég að skerðingin eigi að koma til á stærri hluta af framleiðslu stóru búanna heldur en smábúanna. Ég legg áherslu á þetta atriði, og með tilliti til þess, að hæstv. landbrh. hefur óskað eftir því, sem ég vænti að við verði orðið, að landbn. athugi málið á nýjan leik milli 2. og 3. umr., þá vil ég leyfa mér að fara þess á leit, að einmitt þetta atriði verði athugað nánar. Ég tel að út af fyrir sig sé ekki um óskynsamlegt fyrirkomulag að ræða í áliti sjömannanefndar, sem hér fylgir í grg. með frv., þar sem út frá því er gengið að skerðingarhlutfallið, þ. e. framleiðslugjaldið, nemi 2% af framleiðslu þeirra búa sem hafa innan við 400 ærgildi, en hækki síðan stighækkandi eftir stærð búanna þangað til það nemi mest allt að 10%. Ég tel að vísu að það geti verið spurning hvort á að leggja þessi 2% á minnstu búin. Ég hefði hugsanlega viljað gera aths. við það. En þennan almenna tröppugang, sem þar er gert ráð fyrir, tel ég eðlilegan og ég tel ekki rétt að draga á neinn hátt úr þeirri leiðbeiningu til Framleiðsluráðsins, að einhver slíkur tröppugangur verði við-

hafður í sambandi við framleiðslugjaldið.

Varðandi fóðurbætisskattinn hefur verið gerð nokkur breyting á honum frá upphaflega frv. af hálfu meiri hl. landbn., og segir þar nú í meirihlutaálitinu: „Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu fá tiltekið magn kjarnfóðurs gjaldfrítt miðað við framtalið magn afurða á skattaframtali.“ Ég tel að þessi breyting sé út af fyrir sig að nokkru leyti til bóta, það sé í sjálfu sér eðlilegt að menn fái ákveðið magn gjaldfrítt. Þarna er þó gert ráð fyrir því, að hvort sem búin eru stór eða smá, hvort sem menn eru vel megandi grónir bændur á stórum býlum, sem þurfa kannske ekki mikið að kvarta yfir sínum kjörum, eða um er að ræða bændur sem berjast í bökkum og hafa því hlutverki að gegna fyrir okkur öll að glíma við erfiðar aðstæður við það að halda landinu í byggð, þá eiga báðir að sitja við sama borð að því leyti að þeir eiga að fá tiltekið magn gjaldfrítt miðað við sína framleiðslu: smábóndinn bara miðað við sína litlu framleiðslu, en bóndinn, sem stærsta búið hefur, miðað við sína miklu framleiðslu. Mér finnst að það mætti hugsa sér að þessi hlutfallsregla gæti e. t. v. gilt varðandi annaðhvort atriðið, annaðhvort fóðurbætisskattinn eða framleiðslugjaldið, en ef hún ætti að gilda um hvort tveggja, þá væri ég mjög óánægður með það, það legg ég áherslu á.

Ég tek eftir því, að í brtt. hv. þm. Pálma Jónssonar og Eggerts Haukdals segir á einum stað: „Heimilt er að ákveða, að skerðing grundvallarverðs sé engin eða hlutfallslega minni hjá bændum með meðalbú og minna.“ Ég vil taka það fram, að ég er samþykkur þessum hluta till. þeirra. Ég vil að þessi heimild sé skýrt og ótvírætt orðuð þannig að Framleiðsluráðinu sé beint inn á þá braut að nota slíka heimild að einhverju leyti. Aftur á móti vil ég taka það fram, að ég er mjög ósammála því atriði sem kemur fram í brtt. þeirra og lýtur að því að fella niður þá heimild sem í frv. er um jöfnun flutningskostnaðar á framleiðslu innlendra grænfóðurverksmiðja eða öðrum fóðurbæti. Ég tel að það sé sjálfsagt að hafa þá heimild þarna með, ekki síst vegna þess að hana væri hægt að nota — svo langt sem hún nær — og ég vil vænta þess að hún verði notuð til að hamla gegn því að byggð fari í auðn í þeim útkjálkahéruðum á landinu þar sem búskaparaðstaða er erfiðust fyrir og kostnaður hvað mestur við flutning á fóðurbæti, eins og nú háttar til.

Hv. landbn. þessarar d., þ. e. a. s. meiri hl. hennar, hefur gert þá till., að 1. og 3. gr. upphaflega frv. falli niður og aðeins 2. gr., sem felur í sér meginefni þess, má segja, standi eftir. Út af fyrir sig get ég fellt mig við það með tilliti til þess að von sé á frv.-flutningi af hálfu ríkisstj. innan mjög skamms tíma um frekari breytingar á framleiðsluráðslögum og nánari stefnumörkun í landbúnaðarmálunum. Ég sé þó eftir 3. gr. eða vissum atriðum í henni, vegna þess sem þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú verður búvöruframleiðsla of lítil í landinu eða einstökum hlutum þess, eða framleiðsluáætlanir samkv. 5. tölul. 2. gr. raskast verulega og skal þá Framleiðsluráð landbúnaðarins gera till. til sexmannanefndar og landbrh. um aðgerðir til úrbóta.“

Þarna er gert ráð fyrir því, að hugsanlegt sé að grípa til aðgerða vegna of lítillar búvöruframleiðslu í einstökum landshlutum, og slíkar ástæður geta vissulega verið fyrir hendi. Og það er mjög undarlegt að það skuli geta gerst, meðan hér flóir svo mjög út af framleiðslu á mjólk og mjólkurafurðum yfir landið í heild, að þá er þannig ástatt í allfjölmennum byggðarlögum í því kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir, að þar á fólk í mjög miklum erfiðleikum með að fá keypta mjólk og mjólkurafurðir vegna þess að framleiðslan á viðkomandi svæði er mjög takmörkuð og kerfið, sem á að tryggja að mögulegt sé að flytja mjólk frá öðrum landshlutum, svo þungt í vöfum að um mjög alvarlegan mjólkurskort og skort á mjólkurvörum hefur verið að ræða. Í slíkum tilvikum þarf auðvitað að tryggja annað tveggja aukna framleiðslu á viðkomandi svæði, — ég tek fram að ég er þó ekki endilega að leggja það til, — að flutningar séu svo öruggir eins og samgöngur frekast leyfa frá offramleiðslusvæðunum, en á það vantar nú mikið.

Það er í sjálfu sér ekki miklu meira sem ég sé ástæðu til að segja um málið hér við 2. umr. Ég get þó ekki stillt mig um að minnast örlítið á niðurgreiðslurnar. Það er vitað af öllum hv. þm., að þær eru vissulega mjög háar. En hitt er líka ekki síður ljóst, að þær hafa átt verulegan þátt í því að draga úr offramleiðsluvandanum, auka neysluna innanlands, og það er ekki að vita nema við stæðum frammi fyrir mun fleiri milljörðum en þessum 5 í sambandi við vöntun varðandi greiðslu útflutningsuppbóta ef niðurgreiðslurnar hefðu verið verulega minni. Og ég er þeirrar skoðunar, að það sé í rauninni ákaflega varasamt að ætla að draga mjög úr niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum meðan offramleiðsluvandamálið er jafnstórt og við vitum að það er, því að einn meginþátturinn í því að koma á samræmi milli framleiðslu og sölu hlýtur að vera sá að tryggja sem mestan markað hér innanlands.

Í þessum umr. hefur verið minnst lítillega á það sem segir í efnahagsmálafrv. hæstv. forsrh. um þessi efni. Það mun að vísu vera einhver misskilningur að greinin þar geri ráð fyrir að draga úr niðurgreiðslum um 6 milljarða á ári, eins og mætti skilja af aths., því að þá væru niðurgreiðslurnar komnar niður í núll á þremur árum. Ég vil hins vegar láta það uppi af minni hálfu, að þau ákvæði, sem þar eru sett fram í aths., um hvernig hagað skuli minnkun niðurgreiðslna á unnum afurðum, svo sem smjöri, ostum og öðru slíku, að þar skuli miðað við að slíkar niðurgreiðslur nemi hlutfallslega því sama og niðurgreiðslur á mjólk og kjöti og öðrum afurðum sem seldar eru frá bændum nokkurn veginn beint til neytenda, en jafnframt kveðið á um að útsöluverð á mjólk og kjöti yrði undir engum kringumstæðum hærra en svaraði framleiðsluverði til bænda, þá er það, sem ég vil segja, þetta: að það er út af fyrir sig eðlilegt og sjálfsagt að mínu viti, að varðandi mjólk og kjöt og aðrar landbúnaðarvörur, sem seldar eru beint frá bændum til neytenda, sé þessi viðmiðun viðhöfð, að útsöluverðið sé ekki lægra en svarar framleiðsluverðinu. En ég vil ógjarnan binda mig við eitthvert sams konar hlutfall þegar kemur að spurningunni um niðurgreiðslur á unnum landbúnaðarafurðum, því að ef þá reglu á að taka upp hlyti það að þýða mjög verulega minnkun á þeim niðurgreiðslum, sem nú eru fyrir hendi, með tilheyrandi afleiðingum, bæði hvað varðar framfærslukostnað hjá neytendum í bæjunum og einnig hvað varðar þann framleiðsluvanda sem við er að glíma í landbúnaðinum.

Ég vil að lokum láta í ljós þá von, að það takist hér á hinu háa Alþ. sem best samstaða ekki aðeins um afgreiðslu á þessu frv., heldur einnig um það, hvernig tekið verði á þeim stóra og mikla vanda sem íslensk bændastétt stendur frammi fyrir vegna offramleiðslunnar, — vanda sem öll þjóðin stendur frammi fyrir af þeim sökum. Og

ég vil leyfa mér að lýsa stuðningi við þær hugmyndir sem fram hafa komið og hæstv. landbrh. lýsti hér m. a. í ræðu sinni áðan, að það fjármagn, sem samkv. lögum og reglum hefði á þessu ári átt að verja að öllu óbreyttu til ræktunarframkvæmda, verði fært til innan landbúnaðarins. Mér hefur skilist að þetta væru þó nokkur hundruð millj., og þetta fjármagn á að renna í sjóðinn sem mynda verður þessa margumtöluðu 5 milljarða kr. sem nú vantar til að tryggja bændum grundvallarverðið. En þar er að sjálfsögðu bara um einn þátt að ræða sem er langt frá því að duga til einn sér, en getur engu að síður haft sína þýðingu til að draga nokkuð úr þeim byrðum sem óhjákvæmilega verður að jafna niður af þessum ástæðum, ekki aðeins á bændur — það legg ég áherslu á, heldur alla sæmilega gjaldfæra menn í þessu landi.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég var búinn að ætla mér að svara nokkru af því, sem sagt hefur verið hér um þetta mál, en því miður eru þeir sem tóku til máls um málið, að undanskildum hæstv. landbrh., ekki hér í salnum.

Þegar ég talaði fyrir nál. og brtt. í dag höfðu ekki komið á borð þm. till. Sjálfstfl., eða þeirra hv. þm. Pálma Jónssonar og Eggerts Haukdals, þannig að þó að ég hefði grun um að slíkar till. kæmu fram vissi ég ekki nema lítið um efni þeirra. En það er dálítið athyglisvert einmitt hvernig þessar till. eru, ef maður athugar þær umr. sem urðu í landbn. Þar var skoðun margra þm. og ekki síst hv. þm. Sjálfstfl. í n., að það þyrfti að hafa þessi heimildarákvæði mjög þröng, það væri aðalatriðið. Ég reyndi að þreifa á því eftir föngum að hafa heimildirnar rúmar, en menn aðhylltust yfirleitt að hafa þær þröngar og ekki síst einmitt sumir þm. Sjálfstfl. Hv. þm. Þorvaldur Garðar tók það hvað eftir annað fram, að hann vildi hafa þessar heimildir mjög þröngar. Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson var *aftur á móti með till., sem ég skýrði frá áðan í framsöguræðu minni*, um beinar greiðslur til bænda í staðinn fyrir það frv. sem lá fyrir. Hins vegar gat ég aldrei fundið að hv. 1. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, hefði neina skoðun á málinu. Mér kom því ákaflega spánskt fyrir sjónir, þegar ég sá till. þeirra hv. sjálfstæðismanna, eftir þær umr. sem fóru fram í landbn. og sérstaklega af þeirra hálfu.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði um þessar brtt., sem hann þó skrifaði undir, *að vísu með fyrirvara, að það væri lengi* hægt að bæta um betur. Ég geri ráð fyrir því, að það sé þannig um flestar till. okkar og flest mannanna verk, að það megi lengi bæta um betur, og e. t. v. væri hægt að segja það sama um þær till. sem hann er þarna flm. að.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði að það væri álitleg leið að greiða beint til bænda, eins og hann komst að orði. Mér þótti þetta dálítið athyglisvert vegna þeirrar umr., sem hefur farið fram um þetta mál, og ég hef misskilið hv. þm. *ákaflega mikið, ef hann aðhylltist þær leiðir sem hv. þm.* Eyjólfur K. Jónsson kom fram með í landbn. Hann hefur a. m. k. breytt mikið um skoðun frá því að við hættum að ræða um þessi mál í landbn. En það er auðvitað hans mál.

Það er líka athyglisvert að þeir sjálfstæðismenn ræddu um það, þegar var verið að ræða um það sem ég kalla framleiðsluskatt, eins og sjömannanefnd lagði til, að mjög hastarlegt væri að leggja háan skatt á þá bændur sem væru með t. d. yfir 500 ærgilda bú. Nú skilst mér að það sé komin dálítið ný stefna hjá Sjálfstfl. í þessu máli. Miðað við þá útreikninga, sem var verið að vitna í og ég geri ráð fyrir að liggi á bak við þessa heimildargrein, er gert ráð fyrir því að skerðingin hjá mönnum, sem eru með meira en 400 eða 500 ærgilda bú, verði eftir þeirri aðferð langtum meiri en sjömannanefndarálitið gerði ráð fyrir. Ég kem því ekki þessu öllu heim og saman.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði, að þó að nefnd væri að störfum til að ræða um landbúnaðarmál og um úrræði í þeim vandamálum sem blasa nú við landbúnaðinum, þá mætti það ekki verða til þess að ekki væri komið með till. inn á hv. Alþ. til lausnar þessum málum, og raunar komst hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, eitthvað svipað að orði. Ég hélt að það væri fyrst og fremst markmið a. m. k. þeirra, sem bera umhyggju fyrir landbúnaði og fyrir atvinnulífinu á þeim þéttbýlisstöðum sem byggja afkomu sína mikið á úrvinnslu úr landbúnaðarvörum, og þeir mundu frekar hugsa um það og hefðu það frekar að markmiði að reyna að finna lausn á þessum vanda en leggja fram einhverjar sýndartillögur á Alþ. En það er auðvitað mál þessara manna. Ég hefði haldið að það væri í raun og veru þýðingarlítið að ræða þessi mál hér á Alþ. fyrr en það lægi fyrir að einhver samstaða væri um einhver úrræði, og það væri grunnurinn að málinu.

Hv. þm. komst þannig að orði í lok ræðu sinnar, að það væri hyggilegt að reyna að ná samstöðu um þetta mál. Ég veit ekki betur en það hafi verið reynt að ná samstöðu. Við héldum 10 fundi um málið, marga þeirra langa. Við reyndum að miða tillögugerðina við þá umr. sem fram fór, og það var mitt mat og það var mat margra annarra, að það væri ekki samstaða um neitt annað. Það kann að reynast rangt mat, en þetta var okkar mat. Og það var reynt að leitast við að teygja sig eftir að ná samstöðu, ekki einungis með stjórnarflokkunum, heldur enn fremur með stjórnarandstöðunni, en þrátt fyrir það hefur því miður ekki tekist betur en raun ber vitni.

Ég ætla ekki að ræða á þessum vettvangi um það sem þessi viðræðunefnd er að reyna að gera, reyna að glöggva sig á stöðunni og á þeim möguleikum sem kunna að vera fyrir hendi í þessum málum. Það er ekki viðeigandi, finnst mér að ræða það mál nú, enda eru þessar athuganir komnar allt of skammt á veg til þess að hægt sé að draga af þeim nokkra lærdóma, og því mun ég leiða það alveg hjá mér.

Hv. þm. Ellert Schram ræddi þetta mál verulega. Ég verð að segja það, að mér fannst hann ræða málið af *meiri hreinskilni en ýmsir aðrir hafa gert. Verð ég að* segja það, að gott væri ef menn tækju sér það út af fyrir sig til fyrirmyndar, þó að ég sé ekki sammála hv. þm. um ýmis atriði sem fram komu í máli hans. Hann viðurkenndi það náttúrlega, sem þarf ekki að efast um eða gera mikið að umræðuefni hér, að það væri ágreiningur í Sjálfstfl. um þetta mál. Það getur beðið betri tíma að ræða um þann ágreining og hvernig hann er vaxinn, en við sem fylgdumst með málum í síðustu ríkisstj., gerum okkur e. t. v. ljóst *hvernig þessi ágreiningur er.*

Hv. þm. Ellert Schram tók undir það, að gerð væri úttekt á landbúnaðarframleiðslunni og það væri nauðsynlegt. En honum kom það á óvart hve þetta frv. gengur skammt. Sannleikurinn er sá, að þetta frv. er fyrst og fremst til þess að reyna að koma í veg fyrir að vandinn vaxi á meðan verið er að athuga um aðrar leiðir í þessu efni. En það er eins og sumir hv. þm. geri sér þetta ekki ljóst.

Ég sé að hv. þm. Ellert Schram er ekki hér inni, en hann ræddi um að sér sýndist að stefnt væri að því að litlu

búin mundu stækka. Bæði var það í till. sjömannanefndar og ég held að það hafi verið — a. m. k. hér um bil undantekningarlaust — skoðun þeirra sem best þekkja til þeirra mála, að það verði að skerða að einhverju leyti framleiðslu allra framleiðenda. Ef sú leið er farin áfram, sem er nú til í heimildum, verður að leggja sama verðjöfnunargjald á hverja einingu hjá þeim smæsta og hjá þeim sem eru með stærstu búin. Þarna er verið að reyna að finna leið til þess að milda þetta, en það má ekki fara þannig að að þeim, sem eru með 500—600 ærgilda bú, sé gert í raun og veru ókleift að halda rekstri sínum áfram. Það er sannleikurinn að bændur, sem eru með t. d. marga unglinga, þurfa að hafa slíkt bú til þess að geta séð fjölskyldu sinni farborða. Og þeir, sem hafa verið í framkvæmdum á undanförnum árum, — ég er hræddur um að það væri verið að kveða yfir þeim dauðadóm ef ætti að fara eftir þeim till. sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur verið að tala fyrir.

Hv. þm. Ellert Schram sagði að það mundi verða mikil skriffinnska við þá leið sem felst í þessum till. í sambandi við fóðurbætisskattinn. Ég held að það sé misskilningur að mjög mikil skriffinnska felist í því. Hún er auðvitað nokkur eins og hvaða leið sem við notum, en aðalatriðið í því að fara inn á þessa leið með fóðurbætinn er það, að þá næst miklu meiri stjórnun á framleiðslunni en að öðrum leiðum.

Hv. þm. ræddi um að það þyrfti að koma því á, að útflutningsbætur yrðu ekki greiddar á hverja einingu nema upp að vissu marki. Mér skildist að þetta ætti að verða til þess að menn drægju úr framleiðslunni, ef þeir vissu um þessa ákvörðun fyrir fram. En í þessu sambandi vil ég bara minna á að fyrir einum 4 árum var hægt að fá fyrir framleiðslu sauðfjárafurða á erlendum mörkuðum milli 80 og 90%, 82 — 83% , af grundvallarverðinu eða heildsöluverðinu, en í dag helmingi minna, þannig að þó það væri tekin einhver ákvörðun í þessu efni meðan verðlagsþróunin hér og annars staðar er eins og hún er, þá geta menn ekki mikið áttað sig á því löngu fyrir fram hvernig þróunin kann að verða, því að það gæti farið svo að aðrar þjóðir tækju upp aðra stefnu í þessum málum en þær hafa gert, en þær hafa greitt niður landbúnaðarvörur sínar til þess að geta svo flutt inn t. d. kjöt og aðrar landbúnaðarvörur fyrir sem lægst verð.

Hæstv. landbrh. sagði að þessi leið væri hörkuleg, þ. e. a. s. beinar greiðslur til bænda, eins og hún mun vera hugsuð og túlkuð. Ég vil alveg taka undir það. Ég held að það þurfi að athuga hana miklu betur. Hins vegar er í sambandi við þessa grein, miðað við það frv. sem hefur verið samið af framleiðsluráðslaganefndinni, einmitt í 18. gr., heimildarákvæði til þess að taka upp að borga á frumstigi. Sé ég ekki betur við fljótan lestur en það í raun og veru næði þessu atriði, ef slík grein yrði samþ. eins og hún er í frv. meiri hl. nefndarinnar.

Hæstv. landbrh. óskaði eftir því, að það yrði athugað í n. að gefa heimild til þess að leggja á fóðurbætisskatt, sem sagt flatan skatt, sem yrði þá endurgreiddur að einhverju leyti. Þetta var rætt dálítið í n. og það hefur þá eitthvað breyst ef auðvelt verður að fá n. til þess að breyta afstöðu sinni, en það er sjálfsagt að athuga það. Ég veit hver rök hæstv. landbrh. eru fyrir þessari beiðni, þó að ég ætli ekki að ræða það nú á þessum vettvangi.

Ég ræddi um það í landbn., hvort ekki væri skynsamlegra að taka upp 4—5% flatan skatt á allt kjarnfóður til þess að hægt væri að selja fóðurvörur á svipuðu verði alls staðar í landinu. Undir þetta var ekki tekið. En ég held að það sé ekki vansalaust af Alþ., þegar bændastéttin hefur farið fram á að fá slíkar heimildir, að verða ekki við því að gefa möguleika til að verðjafna flutningskostnaðinn með einhverju móti. Er sjálfsagt að athuga það nánar þegar aðalfrv. kemur til umfjöllunar hér í hv. deild.

Ég þarf ekki að svara miklu af því sem hv. 1. þm. Suðurl. gerði að umræðuefni. Mér skildist að hann hefði aldrei séð neina glætu, ekkert ljóst í till. þessum eða frv. Hann komst þannig að orði, að það væri bara að gera eitthvað, og það er sú einkunn sem hann gefur Stéttarsambandi bænda, Stéttarsambandsfundum og beiðni þeirra á undanförnum árum, að úrræði þeirra, ábendingar og óskir séu bara að gera eitthvað. Hann hafði það eftir forráðamönnum Stéttarsambandsins, að þær till., sem meiri hl. n. stendur að, væru ekki framkvæmanlegar, — fékk þann dóm, eins og hann komst að orði. En hver er nú breytingin á úrræðunum í sjálfu sér, sem felast í þeim till., sem hv. þm. er aðili að, þó að það séu orðalagsbreytingar, og þegar sleppt er þessum kafla um beinar greiðslur til bænda? Ég held að hv. þm. ætti að reyna að athuga hver sé munurinn á þessu áður en hann slær slíku fram.

Hv. þm. kvartaði um að það hefði ekki verið getið um nafn hans í nál. Vegna hvers átti að nefna það? Ætli hann hefði orðið ánægður með það, ef staðið hefði í nál. að ekki hefði verið vitað hvort hv. þm. ætlaði að koma með sérálit eða hvort hann hefði nokkra skoðun á málinu? Það kom nefnilega aldrei fram.

Hv. 1. þm. Suðurl. talaði um það, hvers vegna allt málið hefði ekki verið tekið í einum pakka, þ. e. a. s. að þessar þrjár greinar, sem í frv. felast, hefðu verið teknar úr og fluttar fyrir jól, en ekki beðið eftir að heildarendurskoðun á framleiðsluráðslögunum kæmi fram og væri hægt að leggja frv. um það fyrir þingið. Nú hefur það komið fram margoft, bæði hér í umr. og annars staðar, að þetta er ósk bændasamtakanna vegna þess að þá var sýnilegt að framleiðslan á t. d. mjólkinni mundi aukast og það yrði að reyna með einhverjum ráðum að setja bremsu á þá framleiðslu til þess að vandinn yrði ekki enn meiri. Ég hélt satt að segja að þetta hefði ekki farið fram hjá neinum hv. þm. og því síður þm. sem er bóndi sjálfur og fulltrúi fyrir landbúnaðarhéruð.

Hv. þm. talaði um að raunhæfasta leiðin, og það var það eina sem ég fékk raunar út úr máli hans, væri að borga fyrir að draga úr framleiðslunni. En til þess þarf peninga. Það er, að mér finnst, dálítið óeðlilegt ef á að taka gjald af bændum til þess að borga öðrum til þess að draga úr framleiðslu. Annars veit ég ekki hvort hv. þm. eða þingmenn vilja leysa þetta mál, en þetta er eitt af þeim atriðum sem verður að semja þá um við ríkið, ef hægt verður að fá samstöðu um að afgreiða frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., sem hæstv. landbrh. stefnir að og að leggja fram á Alþ. mjög fljótlega.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson kom inn á ýmis atriði og ég ætla ekki að ræða mikið um þau. En það kom fram í máli hans, sem kom fram hjá mörgum í landbn., að hann var hræddur við að gefa víðtækar heimildir. Hv. þm. lagði líka áherslu á að það væri lítið skert hjá minni búunum og þeim yrði lítið íþyngt, eins og hv. þm. komst að orði. Ég held að menn athugi það yfirleitt ekki, að eins og þessi framleiðsla er orðin, miklu meiri en neysla þjóðarinnar er, er ekki sú leið framkvæmanleg að draga eingöngu úr

framleiðslu stærstu búanna. Þau eru ekki það mörg. Ég veit ekki hvort menn gera sér það ljóst, að að mörgum þeirra búa, sem eru talin með 600 og upp í 1800 og jafnvel yfir 2000 ærgildi, standa margir aðilar í raun og veru, jafnvel þó að þau séu rekin að nafninu til á einni hendi. Ég þekki t. d. mörg bú sem eru þannig rekin. Kannske eru það menn sem búa með börnum sínum, sumum giftum, en eru sjálfir taldir fyrir búunum. Hvernig á með slíkt að fara? Það er ekki nokkur vafi á því, að þetta verður að meta og þá mun koma í ljós að hinum stóru búum mun fækka verulega, ekki síst ef á að taka upp slíkar ráðstafanir sem í raun og veru felast í till. hv. þm. Pálma Jónssonar og Eggerts Haukdal?

Áður en ég lýk máli mínu get ég tekið undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að það þarf að athuga mjög vel að minnka ekki niðurgreiðslurnar mjög mikið á næstunni a. m. k. Hitt er alveg rétt, að þegar er verið að þvæla með þessar niðurgreiðslur, auka þær í nokkra mánuði og minnka þær aftur, þá hefur það mjög neikvæð áhrif á neysluna. Menn verða líka að hafa annað í huga, að niðurgreiðslur á þessum vörum eru e. t. v. það tæki sem verkar meira en flest annað til launajöfnunar í þessu landi. Menn mega ekki sleppa sjónum af því. Þess vegna mundi ég vilja að það væri reynt að átta sig á einhverri stefnu í þessum málum. Það þýðir ekki fyrir einn eða tvo flokka, því þó að ein ríkisstj. sé í dag getur orðið önnur á morgun eða eftir ár eða tvö ár, og þegar stjórnarskipti verða og verður stórbreyting á niðurgreiðslunum, eins og hefur gerst á undanförnum árum og áratugum, leiðir það til mjög neikvæðra áhrifa á neyslu á þessum vörum.

Ef till. þeirra hv. þm. Pálma Jónssonar og Eggerts Haukdals verða teknar til 3. umr. mun landbn. auðvitað athuga þær eins og annað sem þarf að athuga á milli 2. og 3. umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Umr. er nú þegar orðin mikil um þetta frv. Ég á ekki sæti í landbn., en eftir því sem mér skilst hefur frv. verið athugað þar allrækilega.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., sem lauk máli sínu og er frsm. meiri hl. landbn., gat þess, að haldnir hefðu verið 10 fundir um málið með landbn. beggja d. sameiginlega. Ekki fannst mér hann þó vera alveg ánægður með samstarfsmenn sína úr Sjálfstfl. Mér skildist á honum að hjá þeim hefði ekki gætt fullrar hreinskilni. Hann varð þess vegna mjög ánægður og glaður þegar hv. 8. þm. Reykv., Ellert B. Schram, kom fram á sjónarsviðið síðdegis í dag og opnaði hjarta sitt fyrir honum í þessu máli af fyllstu hreinskilni. Um þetta er ég ekki fær að dæma til fulls af því sem ég hef þegar sagt. En hitt veit ég, að — (Gripið fram í.) ég hlustaði ekki á hv. 8. þm. Reykv. svo að ég get ekki um það dæmt — þetta mál hefur verið rætt mikið í þingflokki Sjálfstfl. Það hefur verið rætt á undanförnu nýafstöðnu Búnaðarþingi og mörgum fundum í félagasamtökum bænda, þannig að þetta mál er þegar mjög mikið rætt og krufið til mergjar svo sem vera ber.

Ég sagði nokkur orð við 1. umr. frv. Ég gat þess þá, að mér sýndust aðalbreytingarnar, sem væru fyrirhugaðar á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., nr. 101 frá 1966, í því fólgnar að fjölga heimildum sem unnt væri að grípa til ef slíkan vanda bæri að höndum sem nú blasir við. Ræðumenn þeir, sem hafa fjallað um málið, hafa einnig getið þess, að það sé nú þannig á vegi statt að þessum heimildum hafi fjölgað til muna eða ætlunin sé að fjölga þeim. Eina heimildin, sem unnt var að grípa til, var verðjöfnunin, en nú er gert ráð fyrir kjarnfóðurskatti og fleiri leiðum sem unnt er að fara ef slíkan vanda ber að höndum.

Ég ætla að geta þess, að ég er nokkuð undrandi yfir því hvað bændur margir virðast almennt mótfallnir kjarnfóðurskatti. Það er talað um að menn geti ekki verið þekktir fyrir að skattleggja sjálfa sig og þar fram eftir götunum. Tvennt er þó víst í þessu máli og öruggt. Hið fyrra er, að það er útilokað að láta allan vanda lenda á bændastéttinni í þessu máli. Hitt annað, að það er vonlaust að hún sleppi skaðlaus frá þessum vanda. Ég held að almennt séð þurfum við að gæta hófs í miklum innflutningi á erlendu niðurgreiddu kjarnfóðri. Það, sem við þurfum fyrst og fremst að leggja áherslu á þegar horft er til framtíðarinnar, er að leggja rækt við okkar innlenda fóður, sem í flestum tilvikum er fullnægjandi, að ég ætla, nú orðið. Það er lítið vit í því að mínum dómi að hrúga inn í landið erlendu kjarnfóðri í stórum stíl til þess að ausa í búpeninginn svo til á öllum tímum árs.

Það var einu sinni sagt, og það af mönnum sem þekktu vel til búskapar, að það ætti í raun og veru ekki að fara betur með búpeninginn en svo, að hann gæti a. m. k. farið jafnvel með sig sjálfur í grænum sumarhögum. En mér er ekki grunlaust um að nú sé farið að gefa kúm kjarnfóður jafnvel með sumarbeit á ræktað land.

Þá er líka þess að geta, að ég tel verðhlutfall milli kjarnfóðurs og afurða, a. m. k. eftir gömlu lagi, mjög skekkt nú frá því sem áður var. Ég hef heyrt talað um að mönnum þótti nokkuð við hæfi ef verð á mjólkurlítra var álíka hátt og á einu kg af kjarnfóðri. Þetta hygg ég að hafi mjög skekkst á síðustu tímum, þannig að mönnum er í sjálfu sér ekki láandi þó að þeir kaupi mikið af ódýrum fóðurbæti. Þetta tel ég að við þurfum að athuga. Þess vegna hefði ég ekki talið úr vegi að bændur samþykktu einhvern skatt af þessu tagi, kannske ekki mjög háan, en legðu á hinn bóginn meiri áherslu á að ríkið kæmi til móts við þá við að losna við umframbirgðirnar sem safnast hafa upp. En ég skil vitaskuld fyllilega að allt kapp er lagt á að leysa málin með sáttum, eins og vera ber, og hef þess vegna ekki fleiri orð um þetta atriði á þessu stigi.

En þá er að skoða nokkru nánar hvers virði hinar auknu heimildir eru, sem komið hafa fram frá landbn.-mönnum. Hvers virði eru þær auknu heimildir, ef að lögum verða? Ég er viss um það a. m. k., að þær leysa ekki allan vandann. Það er vægt til orða tekið. Það er þess vegna margt og mikið sem við þurfum að athuga að auki í þessum málum.

Ég gat þess, að mér hefði fundist hyggilegra af bændum og forsvarsmönnum þeirra að leggja áherslu á að ríkisvaldið kæmi til móts við þá t. d. í sambandi við lausn offramleiðslunnar, sem við erum mjög óvanir að fást við. Ég vil benda á að hér liggur fyrir till. í þinginu, 182. mál, ef ég man rétt, frá mér og þrem öðrum sjálfstæðismönnum, þar sem skorað er á ríkisstj. að leita allra ráða til þess að koma matvælum, sem við höfum of mikið til af, á framfæri við sveltandi þjóðir. Á ég þá við að framleiðendur matvælanna fengju fyrir þær grundvallarverð, en þær yrðu keyptar af ríkinu. Okkur hefur verið legið á hálsi fyrir að við létum mjög lítið af hendi rakna til þess að styðja vanþróaðar þjóðir. Það hefur komið fram í umr. þing eftir þing. Ég get ekki séð annað en það verði að leggja áherslu á að koma matvælum til þróunarland-

anna, þaðan sem of mikið er til af þeim þangað sem of lítið er til af þeim. Ég held að sá vandi verði ekki með nokkru móti leystur nema ráð finnist til að mæta honum á þennan veg.

Hv. frsm. meiri hl. landbn., sem áðan lauk máli sínu, komst svo að orði, að jafnvel þó að þetta frv. yrði samþ. yrði lítið gert meira en að koma í veg fyrir að vandinn yxi frá því sem nú er. Á því sést hvað hann er geigvænlega stór í sniðum. Þess vegna er það í sjálfu sér fagnaðarefni að margir hafa lagt sitt til málanna, — margir fremstu menn í bændastétt og einnig þeir þm. sem láta sig þessi mál nokkru skipta. Það hefur verið lögð fram þáltill. um stefnumörkun í landbúnaðarmálum af hálfu nokkurra sjálfstæðismanna. Það er boðað frv. um breytingu á framleiðsluráðslögunum, þar sem þau eru tekin til gagngerrar endurskoðunar. Hæstv. landbrh. hefur einnig boðað þáltill. um þessi mál. Við skulum vona að upp úr þessum umr. öllum spretti eitthvað hagstætt og hollt fyrir íslenskan landbúnað í framtíðinni.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Mál þetta er nú þegar orðið allmikið rætt. Er það kannske nokkuð að vonum, jafnmikil umr. og fram hefur farið um þessi efni í þjóðfélaginu á undanförnum mánuðum og raunar missirum og svo mjög sem þeim, sem um þetta mál hafa fjallað, hefur sýnst sitt hverjum oft og tíðum. Ég vil leyfa mér að gera að umtalsefni nokkur atriði sem fram hafa komið í máli þeirra sem tekið hafa til máls.

Hæstv. landbrh. tók vinsamlega á þeim till., sem hér hafa verið lagðar fram, og gat þess um ýmsar þeirra, að hann hefði ekki neitt við það að athuga þó að þær væru settar fram og, að manni skildist, samþykktar. Hann gerði hins vegar örfá atriði úr þessum till. að umtalsefni og á ég þá einkum við þær till. sem fluttar hafa verið á þskj. 466 af okkur hv. 1. þm. Suðurl.

Hann drap á þá leið, sem fyrst er fjallað um í a-lið, að greiða hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda, þ. e. að greiða niður verð vörunnar á frumstigi, og vitnaði til útreikninga sem gerðir hafa verið eftir ákveðnum formúlum af hálfu starfsmanna Stéttarsambands bænda og gert hefur verið m. a. til þess að svara fsp. frá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni. Það er rétt, að í þeim útreikningum er miðað við að greiða niður allt að tilteknu hlutfalli framleiðslukostnaðar, frá 25% og upp í 62%, greiða það til framleiðenda á frumstigi og í bústærð allt að 400—500 ærgildi. Þessi mörk hafa verið sett á blað til þess að reyna að glöggva sig á því, hvernig slíkt fyrirkomulag mund koma út eftir þeim formúlum sem þar eru valdar. Ég er hæstv. ráðh. sammála um að með því fyrirkomulagi, sem þar er sett á blað, mundu þær byrðar, sem lagðar væru á stóru búin, sennilega verða of þungar, eins og hann komst að orði. Svipaðar aths. komu rétt áðan frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. En eins og þetta er orðað í brtt. okkar, þá er þetta allt sett á vald Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráðs og með samþykki hæstv. ráðh. Ég vænti þess, að verði þessi leið farin, sem hér er bent á, verði fundnar formúlur fyrir greiðslum af niðurgreiðslufé til frumstigs framleiðslunnar, þannig að menn verði nokkuð ásáttir um að þar sé sanngjörn leið farin, og það, sem á vantar, deilist nokkuð sanngjarnlega niður á bændastéttina. Ég held því að þær aths., sem hér hafa verið gerðar við þennan þátt í brtt. okkar hv. þm. Eggerts Haukdals, séu algerlega út í hött, og ég treysti því, að ef það á annað borð sýnir sig, sem nú standa yfir athuganir á, að þetta sé ábyrg leið og góð leið til þess að jafna þessum byrðum á bændastéttina, sem við erum allir að tala um, þá takist að finna þar framkvæmdaleið sem ekki vegur of þungt að einhverjum hluta bænda um leið og öðrum er ívilnað. Þessu treysti ég alfarið.

Það er auðvitað margt um þetta hægt að segja, en ég skal ekki þreyta menn á því. Ég vil aðeins segja það, að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum á frumstigi eru tíðkaðar í ýmsum öðrum löndum og að ýmsu leyti getur verið hyggilegt að hafa opna leið til þess í lögum að gera það einnig hér á landi. Það kann að vera að þetta sé lítils virði og nái lítt tilgangi sínum ef farið verður eftir till. þeirra hv. framsóknarmanna, miðað við það sem er í frv. hæstv. forsrh., eins og hér hefur verið vikið að, sem ekki verður skilið á annan veg en að fella eigi niður niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum á næstu þremur árum, a. m. k. miðað við orðanna hljóðan í aths. með þeirri grein frv. Hæstv. landbrh. hefur sagt að hann hafi ekki skilið þessa grein frv. á þann veg sem hún er túlkuð í aths., og vel má vera að þessu verði breytt í meðferð málsins, en eins og aths. með frv. hæstv. forsrh. hljóðar verður það ekki skilið á annan veg en hér hefur verið sagt og þarf naumast að ítreka það. Þar segir, að til þess að ná þeim markmiðum, sem frvgr. gerir ráð fyrir, þurfi væntanlega að lækka niðurgreiðslur um 5400—6700 millj. kr. á ári, og eins og fram kemur í greinni er ætlunin að þetta gerist í áföngum á næstu þremur árum. Þetta er allt saman sagt berum orðum. En ég skal ekki um það segja, hvort þetta verður niðurstaðan. Það er auðvitað ekki alveg samhljóða vilji fyrir slíku og reikna má frekar með því að einhverjar niðurgreiðslur verði á búvörum á komandi árum, og þá er gott að hafa heimildir til þess að geta einnig ráðstafað þeim á frumstig framleiðslunnar ef það sýnist henta betur. Ég óttast ekki að Framleiðsluráði og Stéttarsambandi bænda takist ekki að finna leið til þess að framkvæma slíkt með nokkuð sanngjörnum hætti í garð bænda eftir mismunandi ástæðum þeirra.

Hæstv. ráðh. sagðist út af fyrir sig, eins og frv. er úr garði gert, miðað við brtt. meiri hl. n. og brtt. okkar Eggerts Haukdals, vel geta sætt sig við að sá málsl. væri felldur niður sem gefur heimildir til þess að jafna búskaparaðstöðu bænda, eins og þar segir, og m. a. með því að greiða niður flutningskostnað á fóðurvörum. Ég tel, eins og ég hef þegar sagt, að þessi ráðstöfun þess fjár, sem hér er um að tefla, eigi ekki heima í frv. þessu, ekki í þessari grein laganna. Hins vegar er ég því sammála, og ég hygg að a. m. k. flestir nm. í landbn. séu því sammála, að æskilegt sé að koma slíkri verðjöfnun við, og ég vil fagna því, sem hæstv. ráðh. sagði, að hann mundi beita sér fyrir að slík heimild yrði veitt eftir öðrum leiðum. Ég held að sé réttt að það verði gert, þó að það eigi ekki heima í þessu frv. sem aðeins fjallar um að veita fleiri heimildir til töku verðjöfnunargjalda og heimild til takmarkaðs fóðurbætisskatts og síðan ráðstöfun þess fjár til þess að dreifa þeim byrðum sem á bændastéttinni lenda, miðað við horfur, á þann hátt sem talið verður skynsamlegast.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri mjög óljóst orðað, bráðabirgðaákvæðið í till. okkar hv. 1. þm. Suðurl., og ekki ljóst hvað það þýddi. Nú er það svo, að þetta bráðabirgðaákvæði er fremur rúmt orðað. En það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1979 er heimilt að leggja fram nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri

framleiðslu búvara á þessu verðlagsári og birgðum búsafurða sem til eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi.“

Það er mjög svo erfitt að leggja þann skilning í þetta orðalag sem hæstv. ráðh. gerði, að það þýddi að tryggja ætti bændum fullt verð fyrir alla þessa framleiðslu. Ég held að þó að við, sem höfum starfað í hv. landbn. og hér höfum tekið til máls flestir í dag, viljum veg bænda góðan og viljum margt fram leggja til þess að leysa vanda þeirra, finnist tæplega pólitískur vilji til þess að ríkissjóður taki á sig allan þennan halla. Ég á ekki von á því og það er ekki ætlunin með þessari till. Heimildin er að vísu nokkuð rúm, en það er hægt að hugsa sér þetta eftir ýmsum leiðum, eins og ég gat um í minni fyrri ræðu, og það getur t. d. í sambandi við íslenskan iðnað þurft að breyta ákvæðum, sem gilt hafa, til þess að heimilt sé að veita sambærilega aðstoð og útflutningsbótafé er eða jafnvel að láta niðurgreiðslufé ná yfir það magn sem fer til sumra þátta í iðnaðarframleiðslunni. Það eru ýmsar hömlur á því að hægt sé að koma þessu við þannig að út komi skárri niðurstaða fyrir ríkissjóð og fyrir framleiðendur annars vegar og verði þó um leið framleiðendum iðnaðarvörunnar til hagsbóta. Þannig er ýmislegt í þessu sem þarf að greiða fyrir, þarf að lagfæra og liðka til þannig að hægt sé að nota þau tækifæri sem möguleg eru. Ástandið er það alvarlegt að það þarf að nota öll tækifæri.

Hæstv. ráðh. spurði, sem ekki var óeðlileg spurning: Hvar á að taka þetta fé? Vilja hv. fulltrúar Sjálfstfl. leggja til að það verði lagðir á auknir skattar, eða hvar vilja þeir ná þessu fé? — Mér finnst þetta eðlileg spurning. Hæstv. ráðh. vísaði fyrir sitt leyti á jarðræktarlögin og hann vísaði á fyrirframgreiðslu útflutningsuppbóta. Þessum leiðum vil ég ekki endilega mæla með eins og sakir standa. Það kann að vera að við þurfum þá verðtryggingu sem felst í útflutningsuppbótum á næstu árum, ef ekkert annað kemur í staðinn, og a. m. k. á þessu ári er búið að framkvæma í trausti þess að jarðræktarframlög fáist greidd, svo að það væri nú að koma aftan að mönnum að fara að kippa þeim til baka. Ég vil því hafa allan fyrirvara á um þær leiðir. En ég vil minna á það t. d., að við fjárlagaafgreiðslu lögðum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar fram till. um tveggja milljarða kr. sparnað í ríkisútgjöldunum. Nú er liðið nokkuð á árið og það þyrfti að grípa til annarra og meiri niðurskurðartillagna til þess að unnt væri að ná 2 milljarða sparnaði. En það var einnig boðað við afgreiðslu fjárl. af fulltrúum beggja aðila, bæði stjórnarliða og stjórnarandstöðu, að fjvn. í heild — stjórnarandstaðan ekki undan skilin — mundi halda áfram athugunum sínum á því, hvort ekki mætti koma við auknum sparnaði í ríkisrekstrinum. Það hefur lítið farið fyrir athugunum af þessu tagi, væntanlega verður það gert á næstu vikum, en það er þörf á að taka þau mál til athugunar áður en of langt líður á árið, ef slíkt á að verka að einhverju marki á þessu ári. Ég hygg að það sé margt til athugunar í þessu efni. A. m. k. ætti hæstv. landbrh. ekki að kvarta yfir því að fá inn í þessi lög heimildir eins og um er að tala í bráðabirgðaákvæði þessu.

Út af ræðu hæstv. ráðh. skal ég ekki lengja mál mitt. Hann talaði í þeim tón, eins og hann hefur raunar áður gert iðuleg, að vilja ná samkomulagi um mál það, sem hér er á ferðinni, og hann lauk máli sínu með því að bera fram ósk um að brtt. væru dregnar til baka til 3. umr., þannig að hv. landbn. gæti athugað þær á milli umr. Ég tel það sjálfsagt mál fyrir hönd okkar, sem flutt höfum brtt. á þskj. 466, að verða við þeirri ósk, þannig að hv. n. gefist betra tóm til þess að átta sig á þeim brtt. sem þar eru fluttar.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson gerði nokkrar aths. við einstaka liði frv., eins og það lítur út með brtt. frá meiri hl. n., og sagðist óttast að byrðinni yrði dreift þannig að litlu búin bæru of mikið, það væri óhjákvæmilegt að finna leiðir til þess að byrðinni yrði dreift réttlátlega, en hann taldi að mikil hætta væri á því, miðað við orðanna hljóðan í brtt. frá n., að litlu búin bæru einnig verulegan hluta byrðanna, bæði að því er snertir það sem segir í a-lið, þar sem heimilt er að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar og útflutningsverð fyrir það sem umfram er, og einnig eins og b-liður hljóðar, um kjarnfóðurgjald. Hann tók sig nokkuð á, þegar hann leit í till. okkar hv. þm. Eggerts Haukdals, hvað fyrra atriðið snertir, en þar segir um þá kvótakerfisleið:

„Heimilt er að ákveða að skerðing grundvallarverðs sé engin eða hlutfallslega minni hjá bændum með meðalbú og minna.“

Þessa leið er hægt að fara og nálgast hún a. m. k. það sjónarmið sem fram kom hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni. Einnig er í till. okkar hv. þm. Eggerts Haukdals gert ráð fyrir því, að hið gjaldfría magn kjarnfóðurs skuli miða við fram talið magn afurða og bústofns á skattframtali. Nálgast það einnig það sjónarmið hv. 3. þm. Vestf., Kjartans Ólafssonar, sem hann kvartaði undan að ekki væri gert eða búast mætti við að gæti orðið framkvæmt á þann hátt að hann gæti ekki fellt sig við. Þess vegna hefði ég haft tilhneigingu til þess að ráðleggja honum að lesa vel þær brtt. sem við Eggert Haukdal, hv. 1. þm. Suðurl., höfum flutt, til þess að átta sig á að í þeim till. er þessum sjónarmiðum mætt. Enda þótt heimildir séu rúmar og unnt að fara í aðra átt held ég að flestir séu um það sammála, að litlu búin þurfa a. m. k. að bera minni byrðar en þau stærri.

Það er rétt hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að þau tilvik, sem um er fjallað í 3. gr. frv. eins og það var lagt fram af hæstv. ráðh., þarf að taka til athugunar þegar lögin í heild verða endurskoðuð. Þar geta verið staðbundnar aðstæður sem þarf að muna eftir í heildarlöggjöf. Ég fagna því hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að hann taldi að útilokað væri að ætla bændastéttinni að bera allan þann halla sem fyrirsjáanlega verður af þeim birgðum sem til eru í landinu af framleiðslu þessa árs, sem af framleiðslu þessa árs einni eru um 5 milljarðar kr., og taldi óhjákvæmilegt að finna leiðir til þess að dreifa byrðinni á þjóðina í heild. Þessum sjónarmiðum vil ég fagna og vænti þess, að þessi sjónarmið eigi ríkan hljómgrunn.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson var byrjaður að tala meðan ég var enn frammi á gangi. Ég heyrði þó fljótt raust hans. En ég hef vanist því, að hæstv. forseti hringdi bjöllu sinni áður en fundur hefst, og missti því víst af fyrstu setningunni, en hún var, að mér er sagt, eitthvað á þá lund, að hann kvartaði yfir því að þeir, sem tekið hefðu til máls í umr. þessum, væru ekki mættir. En þó ég hafi misst af einni setningu hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að þessu sinni, sem gerist ekki oft, verð ég að segja að ræða hans kom mér í sjálfu sér dálítið á óvart. Við erum búnir að starfa að þessu máli margar vikur, jafnvel mánuði, og mér hefur ekki fundist hann vera í neinum sérstökum

bardagaham, þó við höfum verið að vinna að því að reyna að negla þetta mál saman þannig að menn gætu sæmilega við unað. En það var eins og hann væri kominn í einhvern bardagaham þegar hann kom upp í ræðustólinn áðan og kvartaði undan ýmsu og þó fyrst og fremst okkur þm. stjórnarandstöðunnar.

Hann taldi að till. okkar sjálfstæðismanna kæmu á óvart. Ég held að hann hafi varla getað ætlast til þess að við flyttum ekki till. Ég gerði auðvitað grein fyrir því strax þegar skrifað var undir nál., að till. yrðu fluttar, enda skrifa ég ekki undir nál. með fyrirvara án þess að eitthvað búi undir. Hv. þm. taldi að ég hefði breytt um stefnu og tekið upp greinar eða ákvæði í þessar brtt. okkar sem hann hefði ekki átt von á, og þar átti hann fyrst og fremst við heimild til þess að greiða niður vöruverð á frumstigi. Ég get sagt hv. þm. Stefáni Valgeirssyni það, að alla stund síðan ég fór að tala um þessi mál hef ég og fleiri rætt um þann möguleika að greiða niður vöruverð á frumstigi sem einn af þeim möguleikum sem þyrfti að athuga alltaf öðru hvoru. Og svo vill til, eftir því sem þeir segja mér forustumenn Stéttarsambandsins, að nú sýnist þessi leið ekki óálitleg. Það er í fullu samkomulagi við þá menn að heimild þessi er sett inn í brtt. okkar. Og ég verð að segja það, að ég fagna því ef það lítur nú betur út með þessa leið en stundum hefur gert áður.

Hv. þm. talaði um það með líkum hætti og hæstv. ráðh., að bú yfir 400—500 ærgildi ættu að fá alla skerðinguna. Það er bara ekkert áskilið í þessum till. Ég er sammála því, að ef t. d. bú yfir 500 ærgildi ættu að taka á sig alla þá bagga, sem virðast blasa við fyrir bændastéttina, og hið opinbera kæmi ekki þar til aðstoðar, þá mundi það ríða a. m. k. mörgum þeirra að fullu eins og sakir standa. Þannig má náttúrlega ekki að þessum málum standa og ég treysti Framleiðsluráði og Stéttarsambandinu til þess að haga málum á skynsamlegri máta.

Hv. þm. sagði að ég hefði talað um að ég vildi að við næðum samstöðu um þetta mál. Honum þótti einkennilegt að það hefðu verið haldnir 10 fundir í landbn. og samt væri samkomulagið ekki betra en raun er á. Ég tel mig vera að mæla fyrir brtt. í því skyni m. a. að ná samstöðu. Þær eru ekki fluttar í þeim anda að vera nein árás á hv. formann landbn. eða aðra þá sem skrifað hafa undir nál. Það er langt frá því. Hv. þm. sagði sjálfur, að svo væri um mannanna verk að þau mætti lengi bæta og átti þá við þær till. sem við Eggert Haukdal höfum flutt. Ég er ekkert að efa að þessar till. má enn bæta. Og þó að till. og ýmis orð hv. þm. Stefáns Valgeirssonar séu gáfuleg og með miklum ágætum, þá er jafnvel hægt að haga orðavali á betri máta á stundum en hann gerir, og svo er um öll okkar mannanna verk. Þess vegna er það síður en svo að það sé ástæða fyrir hv. þm. að vera að finna að því að þessar till. séu fluttar. Það er gert til þess að freista þess að bæta þetta mál, að ná fram því orðalagi sem túlkar það, sem við vildum í raun og veru gera, og túlkar það sem forustumenn Stéttarsambands bænda telja að sé framkvæmanlegt. Auðvitað eru þarna inni á milli nokkrar till. sem varða efnisatriði, og þeim gerði ég grein fyrir. Þó að þær séu fluttar, þá hef ég fulla heimild til þess að flytja slíkar till. ef ég tel að þær stefni í rétta átt og séu til bóta.

Ég tel að ég hafi ekki talað í það miklum áreitnistón í fyrri ræðu minni að ástæða væri til þess að nota það sem tilefni til þess að bendla það við einhverja óbilgirni í þessum efnum. Ég er alveg hissa á því ef svo er. Ég hafði búist við því að við mundum áfram, við hv. þm. Stefán Valgeirsson, reyna að ná þessu saman á þann hátt sem okkur sýndist best. Auðvitað kann svo að fara að okkur greini á, og þá geta leiðir skilið í vissum atriðum, en væntanlega getum við orðið um flesta þessa hluti sammála. Öll sú vinna, sem í þetta hefur verið lögð, hefur auðvitað verið til þess gerð að freista þess að ná því fram sem skárra er um leið og hafnað væri hinu sem lakara er.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson kastaði nokkrum hnútum að hv. 1. þm. Suðurl. og spurði í tilefni af því að hv. þm. Eggert Haukdal hafði það eftir starfsmönnum Stéttarsambands að till. eins og þær komu frá n. væru lítt eða ekki framkvæmanlegar, hver væri þá munurinn á till. n. og brtt. okkar Eggerts Haukdals. Munurinn er kannske fyrst og fremst sá, ef við höldum okkur við aðalefni málsins, að í a-lið, eins og till. koma frá meiri hl. n., er bent á eitt atriði sem forustumenn Stéttarsambands bænda eru ekki sannfærðir um að sé framkvæmanlegt enn sem komið er. Sá liður er hvað hæpnastur í þeirri upptalningu sem við hv. 1. þm. Suðurl. setjum hér á blað, en hann er þó með í trausti þess að hann verði notaður því aðeins að hann sýnist framkvæmanlegur, ef sú leið er ekki framkvæmanleg eða fær verði aðrar leiðir farnar. Þessi leið er gerð að aðalatriði í till. frá n. og því hefur verið lýst yfir af formanni Stéttarsambands bænda, og hann ber fyrir sig lögfræðing Stéttarsambandsins, að þeir telji sér skylt að fara þessa leið frekar en aðrar miðað við orðanna hljóðan í þeim brtt. sem frá n. koma. Í brtt. okkar Eggerts Haukdals eru aftur á móti þrjár aðalleiðir gerðar jafnréttháar í a-lið og þeirri fjórðu er bætt við, sem er raunar jafnrétthá líka, sem er um að heimila að framleiðendum séu greiddar sérstakar verðbætur til að draga úr framleiðslu sinni, en sú leið er þó auðvitað nokkuð annars eðlis. Uppsetningin er þannig, að þessar leiðir eru jafnréttháar, og Stéttarsamband bænda, Framleiðsluráð og landbrh. hafa þar frjálst val eftir því hvað sýnist henta best. Þetta er auðvitað aðalmunurinn á þessum tveimur till. Síðan eru orðalagsbreytingar að því er varðar b-liðinn, en þær eru allar í þá átt, í nánu samráði við forustumenn Stéttarsambandsins, að koma þessu þannig á blað að telja megi að það sé framkvæmanlegt. Eins og gengið er frá b-liðnum í brtt. frá meiri hl. n. stangast það nokkuð á. — Þetta er það sem hv. þm. Eggert Haukdal átti við, að ég hygg.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að bændur hefðu beðið um jöfnun flutningskostnaðar. Ég hygg að þetta sé rétt. Hins vegar er það ekki inni í frv. frá sjömannanefndinni. Það er sú skýring á því, að sjömannanefndin, eins og við hv. þm. Eggert Haukdal, telur að þetta eigi ekki heima í þessari grein laganna.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta frekar. Ég vænti þess, að hv. þm. Stefán Valgeirsson átti sig á því, að það er ekki verið að kasta neinni rýrð á þá vinnu sem unnin hefur verið í hv. landbn. undir hans forustu þótt brtt. komi fram, að miklu leyti um orðalag, en í öðru lagi um ný efnisatriði, sem allt er til þess að freista þess að koma þessu máli frá Alþ. á þann hátt sem skást má teljast.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að nú væri framleiðsla svo mikil að hana mætti ekki aðeins draga saman á stórum búum, heldur einnig á litlu búunum. Ég er sammála því, að framleiðsla er nú mikil, hún er meiri en þörf er á og æskilegt er, mjólkurframleiðslan sérstaklega. Í raun og veru þarf að draga saman mjólkurframleiðsluna

um ca. 20 millj. lítra á ári. Ég efast miklu meira um að sauðfjárframleiðslan sé of mikil.

Ég hef lagt fram ásamt fleiri þm. Sjálfstfl. till. um stefnumörkun í landbúnaði. Eitt aðalatriði þeirrar till., þegar kemur að því að velja leiðir til að ná aðalmarkmiðunum, er að gerð verði úttekt á svokallaðri umframframleiðslu í landbúnaði — úttekt sem skiptist á milli höfuðbúgreina. Það er nauðsynlegt að þeirri úttekt sé skipt annars vegar á milli mjólkurframleiðslu og hins vegar sauðfjárframleiðslu. Það blasir raunar við öllum að draga verður saman mjólkurframleiðsluna. En það er einnig nauðsynlegt að fá úr því skorið hvert er þjóðhagslegt gildi sauðfjárframleiðslunnar. Þó að ég geti sagt hér, að ég trúi því og ég treysti því að hægt sé að sanna að sauðfjárframleiðslan mestan part, a. m. k. eins og hún er í dag, sé þjóðhagslega hagkvæm, þá stendur ekkert annað en trú eða vissa mín þar á bak við. Það er eftir að sanna þetta og það þarf að sanna með úttekt á þjóðhagslegum grunni, eins og gert er ráð fyrir að gert verði í till. sem ég hef flutt og fleiri sjálfstæðismenn. Það þarf að setja í málið nefnd sem sé skipuð fulltrúum frá bændasamtökum, frá opinberum stofnunum — helst frá Hagstofu Íslands, frá samtökum iðnaðar og fleiri aðilum, er geri slíka úttekt. Það er allmikið verk og það er vandaverk, en það þarf að hverfa að því verki sem allra fyrst. Þegar sú úttekt liggur fyrir vænti ég þess, að hún sýni að sauðfjárframleiðslan sé ekki of mikil í landinu miðað við þjóðhagslegt gildi hennar. Þess vegna dreg ég mjög í efa að það sé rétt, sem hv. þm. sagði, að líka ætti að draga mjög saman litlu búin hvað sauðfjárframleiðsluna snertir.

Ég vil einnig taka það fram, að auðvitað er nauðsynlegt að mörkuð verði sú stefna í landbúnaðarmálum og þeirri stefnumörkun verði fylgt eftir með lagasetnignu sem geri kleift að vinna að því með samkomulagi fulltrúa ríkis og bænda að ná framleiðslumagninu að því marki, sem talið er hagkvæmt þjóðfélaginu, á nokkrum árum. Þetta verður ekki gert með því að setja upp áætlanir, heldur verður að gera þetta með samningum til nokkurra ára — samningum sem verða því aðeins virkir að verðtrygging fylgi á því heildarmagni sem samið er um. Að þessu efni öllu er komið ítarlega í þeirri stefnumörkunartillögu sem við sjálfstæðismenn höfum flutt, og ég vænti þess, hvort sem það verður nú fyrir þinglok eða á næsta Alþ., að takist að breyta framleiðsluráðslögum á þann hátt að þessi stefna verði virk. Þá þarf einnig að vera búið að gera þá þjóðhagslegu úttekt, sem ég hef hér gert að umtalsefni, og byggja m. a. á henni þau framleiðslumarkmið sem sett verða, til þess að við þurfum ekki að vera með endalausar spásagnir um það, hvert við eigum að stefna í framleiðslumálum í landbúnaði okkar.

Ég skal svo ekki, herra forseti, lengja þessar umr. Ég hef tekið það fram, að ég tel sjálfsagt að fresta afgreiðslu á þeim brtt., sem ég hef mælt fyrir, sem og öðrum sem fram hafa komið. Ég vænti þess, að þær verði ekki skoðaðar sem einhver árás á störf landbn. Nd., því síður á störf formanns n., sem yfirleitt hefur starfað að þessu máli eftir þeim leiðum, að mér hefur virst, að vilja komast að bestri niðurstöðu. Þó út af bregði þegar hann kemur í vígaham í ræðustól, þá rennur sá vígamóður af og hinn rétti hv. þm. Stefán Valgeirsson tekur til starfa þegar með birtingu í fyrramálið og þá mun renna upp fyrir honum það ljós að þær till., sem við hv. þm. Eggert Haukdal höfum flutt, séu allar til bóta.

Páll Pétursson: Herra forseti. Einu sinni höfðum við Íslendingar kóng sem hét Magnús og var kallaður lagabætir. Nú er öldin önnur, sem betur fer, en ég þykist nú sjá að arftakar konungs þessa sitji ekki í hv. landbn. d. Þeir hafa tekið við frv. sjömannanefndar, sem ég að vísu verð að viðurkenna að mér þótti aldrei sérstaklega gott eða sérstaklega skemmtilegt frv., en það var samið af nefnd sjö bænda eftir mjög vandaðan undirbúning og þorri bændastéttarinnar hafði sætt sig við þetta frv. og samtök bænda lagt blessun sína yfir það, en það er „hantérað" svo í hv. landbn. að það er óþekkjanlegt. Ég stóð að framlagningu þessa frv. m. a. vegna þess að ég leit svo á að þær heimildir, sem þar væru vaðtar, yrðu, þrátt fyrir að þær væru sumar óþægilegar og óskemmtilegar að þurfa að bera ábyrgð á þeim, þó skárri en verðjöfnunargjaldið sem innheimt var í fyrra og að mínum dómi er versta leið sem hugsanlegt er að fara.

Auðvitað er rétt að Alþ. á að setja lög í landinu. En eðli málsins samkv. hefði ég ekki talið óeðlilegt að tekið væri tillit til bændastéttarinnar, ekki síst þar sem hún fór þarna mjög fram af hófsemi og m. a. s. bauðst til að bera byrðarnar sjálf að það miklu leyti að sumum bændum þótti nóg um. En sjömannanefnd, Stéttarsambandið, Búnaðarfélag Íslands eða landbrn. virðast ekki eiga upp á pallborðið hjá hv. n. Ég er ekki fyllilega samþykkur þeim brtt., sem fram hafa komið, engum þeirra — það komu fram þrjú þskj. með brtt. Ég vil þó taka fram, að eitt og annað gagnlegt er í öllum þeim brtt.

Ég ætla að byrja á að nefna álit meiri hl. á þskj. 391. Það er nú kannske stórt orð, meiri hl., um þetta álit, vegna þess að einungis 3 menn af 7, sem í n. störfuðu, skrifuðu undir málið fyrirvaralaust, þ. e. hv. þm. Stefán Valgeirsson, Finnur Torfi Stefánsson og Þórarinn Sigurjónsson. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Pálmi Jónsson skrifuðu undir með fyrirvara og tveir nm., hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og Eggert Haukdal, skrifuðu alls ekki undir. Það má því kannske liggja á milli hluta hvað þetta er mikill meiri hluti.

Þetta nál. tekur í veigamiklum atriðum mjög mið, eins og kom fram hjá hv. frsm., af tillögum bænda í Eyjafirði. Það kom fram í framsöguræðu hans, að mig minnir, að hann taldi fjölda bænda aðhyllast þau sjónarmið. Ég er ekki einn af þeim. Ég lít svo á, að þarna komi fram fyrst og fremst stórbændasjónarmið. Hv. frsm. n. taldi að mikil vinna hefði verið lögð í þessar till., en ég vil minna á að það var mikil vinna lögð í fleiri umsagnir sem bárust og gengu ekki í sömu átt og till. Eyfirðinga. Ég vil nefna ágæta umsögn frá Búnaðarsambandi Austur-Húnvetninga, ég vil nefna ágæta umsögn frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga, en það vill svo til að mér eru þær báðar kunnar.

Í till. Eyfirðinga og í till. meiri hl. n. er tekið mikið tillit til óska kjarnfóðurinnflytjenda. Í áliti meiri hl. er gengið aftur verðjöfnunargjaldið sem mér þótti ástæða til þess að forðast og stóð í mér í fyrra og ég lagði mjög mikla áherslu á fyrir mitt leyti við síðustu stjórnarmyndunarviðræður að endurgreitt yrði bændastéttinni, vegna þess að ég taldi að bændur ættu það fjármagn, sem framkvæmdanefnd Framleiðsluráðs tók af þeim í fyrravor án vitundar stjórnvalda í landinu. Sagt er að heimilt sé að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er, svo að ég vitni til þskj., en setja

engin mörk um bústærð eða annað. Eftir orðanna hljóðan get ég ekki skilið þetta öðruvísi en sem verðjöfnunargjald.

Í áliti meiri hl. er felldur niður kjarnfóðurskattur, a. m. k. á hluta framleiðslunnar. Kjarnfóðurskattur var umdeilanlegur fyrst og fremst fyrir það, að sálfræðilega verkaði hann illa á allmarga bændur. Ég held að það sé jákvætt í þessum till., og kannske það jákvæðasta í brtt. meiri hl., að þær koma til með að stuðla að bættu framtali í framleiðslu hænsna- og svínaframleiðenda. Það sjónarmið er út af fyrir sig ágætt.

Á þskj. 466 eru brtt. frá hv. þm. Pálma Jónssyni og Eggert Haukdal. Ég verð að segja eins og er, að mér finnst í sumu tilliti á þeim till. vera markvissara orðalag en á till. meiri hl. og líkar mér það orðalag skár. Þarna koma fram hugmyndir, sem ekki eru í nál. meiri hl., um niðurgreiðslur. Með leyfi forseta segir: „Að greiða með samþykki ríkisstj. hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en án tillits til framleiðslumagns þar fyrir ofan.“ Þessi hugmynd er komin frá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, þannig að þó að hendurnar séu Esaú er þarna röddin Jakobs. Það er kaldhæðni örlaganna að horfa upp á að frá þessum þremur heiðursmönnum, sem bera þetta fram hver með sínum hætti, sé komin hrottalegasta kommúnistatillaga um landbúnaðarmál sem ég hef séð. Ég er ekki þar með að segja að það megi ekki vera sósíalistabragð að till. um landbúnaðarmál, en þessi till. gengur út á það, eins og hér hefur reyndar komið fram í umr., að takmarka með svakalegasta hætti framleiðslu á stærri búum. Það er sjónarmið út af fyrir sig, en mér þykir aðferðin í grófara lagi, þó að ekki sé meira sagt, því að þetta setur stórbændur væntanlega á hausinn. Bændur með tvöfalt vísitölubú mundu ekki fá nema 70—80% af grundvallarverði fyrir framleiðslu sína.

Mér finnst skynsamlegt í þessum till. hv. þm. Pálma og Eggerts að halda opinni heimildinni til að ákveða kvóta út á búfjártölu. Það er talað um framleiðslumagn í Eyfirðingatill. og í till. meiri hl. Ég held að það eigi ekki síður að íhuga búfjártöluna en framleiðslumagnið.

Hins vegar er í niðurlagi till. taugaveiklunaratriði frá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni um að fjölga í nefndinni og gera hana að 5 manna nefnd.

Það hafa fleiri verið hreinskilnir í umr. um þetta mál en hv. þm. Ellert B. Schram. Í Morgunblaðinu þriðjudaginn 27. febr. 1979 skrifaði hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson grein. Hann gefur stutta umsögn um það frv., sem hér er til umr., og ég vil leyfa mér að vitna til hennar, með leyfi forseta, — ég vil byrja á greininni:

„Nú dregur til tíðinda í málefnum bænda og allra annarra, því að mikill vandi landbúnaðarins snertir þjóðlífið allt.

Umræða um þessi mál hefur hægt og bítandi beint ljósi að kjarna vandans, kerfinu sjálfu.

Íslenska kerfið, sem tildrast hefur upp, ofstjórnin, skrifstofuvaldið og opinbert fjármálabrask er undirrót efnahagsvandans, og hvergi er kerfið jafnillyrmislegt og í málefnum bænda. Og nú er hugmyndin að fullkomna sköpunarverkið þannig:“ — Þá á hann við þá lagasetningu sem við erum að ræða.

„1. Alþingi afsali sér öllu áhrifavaldi í landbúnaðarmálum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem geti skyldað söluaðila til „að halda eftir af andvirði búvöru þeirri fjárhæð sem Framleiðsluráð ákveður“, þ. e. a. s. allt að 99.99% búvöruverðsins.

2. „Gæsla og ráðstöfun þess fjármagns, sem innheimtist“ samkv. framansögðu, „skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins“. — Djarfmannlegt og opinskátt lagaákvæði það, ótakmörkuð heimild til þess að ráðska með svo til alla fjármuni bænda og „gæta“ þeirra vel, t. d. í þágu SÍS.

3. Fjármunum skal m. a. varið til þessa og til hins. Allar heimildir ótakmarkaðar til mismununar.

4. En „rísi ágreiningur“ um ráðstöfun nokkurra milljarðatuga skal hann lagður fyrir nefnd þriggja framsóknarmanna „til úrskurðar“.

Þetta er í stuttu máli inntak þeirra lagabreytinga um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem nú á að reka í gegnum Alþingi.“

Ég læt nú lokið lestri úr þessari grein, þó að margt sé spaugilegt í henni fleira, en mér finnst sem sagt alveg ástæðulaust fyrir hv. flm. að fara að taka undir þetta sjónarmið hv. þm. Eyjólfs Konráðs um að þrem mönnum sé ekki treystandi til þess að vinna þetta verk.

Ég kem þá að þskj. 398, þ. e. brtt. frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Að mörgu leyti er ágæt stefnuyfirlýsing sett þar fram, en því miður svipar henni til ýmissa annarra úrræða Alþb., því að erfitt er að festa hendur á einstökum efnisatriðum og þau eru misjafnlega vænleg til árangurs. Mér dettur stundum í hug, þegar ég sé till. í þessum dúr, að þær séu skrifaðar fyrir kjörfylgismöppuna fremur en til að verða að gagni í þjóðfélaginu. Á þessu plaggi eru margar góðar hugmyndir og sjálfsagðir hlutir sem þar er drepið á, en það er ekki svo þægilegt að gera sér grein fyrir því hvað það felur í sér „að stofna nefnd“ sem m. a. „á að ræða um“, eins og segir í þskj. í g-lið, „ýmis hagsmunamál bændastéttarinnar og möguleika á því að draga úr þeim mikla mun sem nú er á afkomu bænda“, eða þá í h-lið: „Önnur atriði sem aðilar telja rétt að taka upp í sambandi við samkomulag á milli bændastéttarinnar og ríkisvaldsins.“ — Ég veit árakornið ekki hvað ég væri að samþykkja með því að standa að þessu og veit reyndar ekki hvort þetta yrði neitt að gagni.

Það hafa sem sagt komið fjölbreyttar skoðanir frá hv. nm. Ég hygg að hér séu allir á einu máli um það, að rétt sé að draga brtt. til baka til 3. umr. og rannsaka málið betur í n., og ég hygg að það sé vel farið. Ég held að menn ættu líka að sættast á, þegar brtt. eru komnar aftur til n., að endurskoða afstöðu sína til álits sjömannanefndar, hins upphaflega þskj., og þess vegna ómakaði ég mig í ræðustól í kvöld. Ég hef tekið eftir því að þrátt fyrir allt muni skásta till. í málinu líklega vera á upphaflega þskj.

Það er raunasaga, hvað Alþ. gengur illa að setja framleiðsluráðslög. 1972 tókst það ekki, 1977—1978 bilaði dugur okkar að setja framleiðsluráðslög eins og Stéttarsambandsfundur bað okkur um að gera. Ef við hefðum haft manndóm í okkur þá til þess að gera það væri áreiðanlega minni vanda við að glíma nú. Bændur hefur ekki vantað samstarfsviljann eða eggjanir til þess að þessi lagasetning næði fram að ganga.

Það má e. t. v. skoða í landbn. enn fleiri möguleika en nokkurn tíma er búið að ræða hér. Það er hægt að hugsa sér að mjög árangursríkt tæki til að draga úr framleiðslu væri bein skömmtun kjarnfóðurs á hvern grip í landinu. Þá á ég við lítinn skammt af kjarnfóðri, en ekki stóran skammt eins og Eyfirðingar voru að tala um.

Það má líka benda á að kjarnfóðurnotkun hefur við

allar þessar umr. aukist geysilega mikið. Það hefur verið yfirgengilega góð auglýsing fyrir kjarnfóðurkaupmenn að í eyrum bænda hefur glumið stöðugt þessi söngur um hvað kjarnfóðrið væri ódýrt. Fáir kaupmenn aðrir hafa fengið vöru sína jafnrækilega auglýsta fyrir kaupendum.

Það má líka hugsa sér þá hugmynd, sem var ofarlega á baugi í þingsölum í fyrravetur, að leggja toll á kjarnfóður sem gengi beint til að greiða niður áburð. Sú hugmynd þykir mér best. Þá var raunar einnig verið að velta fyrir sér að styrkja grasögglaframleiðsluna og að leggja gjald á kjarnfóður til þess. Sú hugmynd fannst mér ekki góð. Það má kannske leiða hugann að því hér og nú, að grasögglaframleiðsla kemur til með að verða örðug á Íslandi í sumar vegna hinnar miklu olíuverðshækkunar, og það er alls ekki fyrir séð á hvaða verði okkur standa til boða grasögglar annað haust.

Það er auðvitað ljóst að ríkisvaldið verður að taka á sig talsverðar byrðar til þess að leysa vanda landbúnaðarins, því það er ósanngjarnt að ætla bændum að gera það einum. Og Alþ. má ekki bregðast að leggja sitt af mörkum til þess að vandinn verði leystur áður en það er orðið of seint, að vandinn vaxi ekki fyrir seinlæti okkar eða kjarkleysi. En hugsanlega þarf raunar ekki að hafa svo miklar áhyggjur af of mikilli framleiðslu á þessu ári. Hafísinn liggur úti fyrir Norðurlandi og þá kann vel að vera að vel heppnað hallæri tempri okkar miklu framleiðslu og leysi fyrir okkur vandann.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Páll Pétursson, er kannske dálítið dæmigerður um það, hvernig umr. fer fram um þessi mál og hver samstaða er í raun og veru um þau.

Eins og ég reyndi að segja í framsöguræðu minni voru störf landbn. þannig, að menn skiptust á skoðunum um hvaða leiðir væri hugsanlegt að fara til samkomulags. Og einmitt vegna þess að þetta voru fyrst og fremst leiðir sem Eyfirðingar mótuðu og ég hefði orðið var við að sumt af því var mér eignað hafði ég þann háttinn á að hafa aðstoðarmann hæstv. landbrh. á þessum fundum til þess að hann setti á blað hvaða leiðir hann teldi, eftir að hafa hlustað á allar umr., að væru færar. Það voru sem sagt ekki till. mínar, heldur voru það till. sem hann setti á blað er hann hlustaði á þær umr. sem fóru fram í landbn. Ég lagði áherslu á það allan tímann, að heimildir væru sem rýmstar, en þetta varð niðurstaðan, — niðurstaða hans, ekki mín. Ég taldi að bændastéttin stæði betur að vígi með því að fá þessar heimildir en að fá ekki samstöðu um neitt. En það virðast vera skoðanir vissra þm. að besta leiðin sé að fá ekkert. Kannske að hafísinn bjargi því?

Ég kom aðallega upp í þennan ræðustól vegna þeirra ummæla sem hafa komið hér fram, að forráðamenn Stéttarsambandsins hafi talið að till., eins og þær liggja fyrir frá meiri hl. hv. landbn., væru ekki framkvæmanlegar. En þegar ég ræddi þessi mál í dag í framsöguræðu minni, las ég einmitt upp bréf frá stjórn Stéttarsambands bænda um till. Ég vissi nefnilega alveg fyrir fram hvað menn mundu segja hér. Ég hafði því vaðið fyrir neðan mig og sendi till. til stjórnar Stéttarsambandsins til umfjöllunar áður en væri gengið frá þeim. Stjórnin benti á tvö atriði, og það var orðið við því að breyta samkv. því. Í þessari bókun, sem er úr fundargerð stjórnar Stéttarsambandsins, segir, með leyfi forseta:

„Stjórnin mælir með samþykkt frv. með þessum breytingum, en telur sér ekki fært á þessu stigi að gefa yfirlýsingar um hvaða leið verði farin."

Hún mælir með. Svo koma menn hér unnvörpum og segja að sagt hafi verið að þetta væri óframkvæmanlegt. Hér er þetta skjalfest, formaður Stéttarsambandsins skrifar undir. Svona er nú málflutningurinn!

Menn ræða um muninn á verðjöfnunargjaldi og þessari leið, kvótafyrirkomulaginu. Munurinn er fyrst og fremst sá, að bóndinn veit fyrir fram fyrir hvað hann má framleiða til þess að hann fái fyrir þá framleiðslu fullt verð. En þegar er um verðjöfnunargjald að ræða kemur það eftir á og hann fær það á hverja einingu, hvað sem hann framleiðir, hvort sem það er minna eða meira. Þetta er munurinn. Ég held að það sé ólíkt skynsamlegra fyrir bændastéttina að vita fyrir fram fyrir hvað mikla framleiðslu hún fær fullt verð en að láta setja verðjöfnunargjald eftir á, enda treysti ég því, ég þekki marga bændur, að þeir muni haga framleiðslu sinni eins og kemur þeim best, ef þeir vita þetta fyrir fram.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta frekar, það eru orðnar langar umr., nema ég vil segja það við hv. þm. Pálma Jónsson, að eðlilegust vinnubrögð í landbn. eftir 10 fundi hefðu verið að þeir hv. þm. Sjálfstfl. í n. hefðu komið fram með till. sínar í n., eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson gerði og hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson, til þess að vita, ef þeir hefðu viljað fá samstöðu í n., hvort menn vildu fallast á till. þeirra. Þetta var ekki gert. Það var það sem ég átti við. Það kalla ég eðlileg vinnubrögð, hitt óeðlileg.

Ekki mun standa á mér að reyna að finna lausn á þessu máli ef hægt er að finna lausn, og ég vil treysta því enn að menn vilji taka á þessu máli nú, en ekki að segja: Ég vil þetta, hinn hitt, — menn vilji frekar fá eitthvað fram til þess að bændur geti stjórnað þessari framleiðslu eins og þeir hafa beðið um. Ég sé ekki betur og ég skil ekki till. meiri hl. n. á annan veg en þetta sé í raun og veru allt sett í hendur Stéttarsambands og Framleiðsluráðs með samþykki landbrh., þannig að þó í till. þeirra hv. þm. Pálma Jónssonar og Eggert Haukdals sé minnst á ákveðin atriði felist heimildirnar í till. meiri hl. n., að Stéttarsambandið hafi heimild til að fara allar þessar leiðir og hvernig sem Stéttarsambandsfundur samþykkir að ganga frá málinu.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Það virðist sem till. okkar sjálfstæðismanna í n. hafi sett hv. þm. Stefán Valgeirsson úr jafnvægi. Hann hefur allt á hornum sér. En í öðru orðinu segir hann þó, að enginn munur sé á þeim till. og hans, svo að þetta ætti ekki að fara í hann eins og raun ber vitni, ef það væri rétt.

Ég fann að því áðan í ræðu minni, að yfirleitt eru menn nafngreindir í nál. Þessu var nú rétt slegið fram og að gefnu tilefni frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. En auðvitað var hægt að segja að ég mundi skila séráliti, sem hér liggur fyrir í tillöguflutningi, ég veit ekki betur.

Hv. þm. sagðist ekki hafa heyrt skoðanir mínar á þessu máli. Ég vil aðeins upplýsa hann. Ég vil dreifa þessum byrðum á bændur og ríkið. Ég hef haldið þessu margoft fram. Annað er óhjákvæmilegt. Hann setur það í sínum tillöguflutningi á annan aðilann. Ég vil fóðurbætisskömmtun, en án þess að bændur verði fyrst að borga tvöfalt verð, en fá síðan endurgreiðslu eftir dúk og disk. Okkar till. eru skýrar að þessu leyti.

Hv. þm. sagði að ég hefði sagt: Bara að gera eitthvað. Það má að mörgu leyti segja það um það sem kom fram í landbn. Það lá ekki fyrir, þegar var beðið um upplýs-

ingar, hvað kæmi út úr till. Formaður var spurður, aðstoðarráðh. og fleiri — það fengust engin svör — hvað kæmi út úr till. Það hafa ekki fengist svör við því enn þá. Út frá því var ekkert óeðlilegt að segja þessi orð, sem fóru í hv. þm.: „bara að gera eitthvað", þegar ekki liggur fyrir hvað út úr till. á að koma.

Ég hélt fram í máli mínu að Stéttarsambandsmenn hefðu sagt að þetta væri ófframkvæmanlegt. Ég sagði ekki hverjir það hefðu verið í Stéttarsambandinu, en það voru ýmsir málsmetandi menn þar sem sögðu þessi orð. Ég nefndi ekki formann Stéttarsambandsins í þessu tilfelli. En ég stend við það enn, þeir sögðu þetta ýmsir, eftir að till. lágu fyrir.

Hér var minnst á niðurgreiðslur. Engin ríkisstj. hefur eins leikið sér með niðurgreiðslur og núv. stjórn. Hún hækkaði þær síðast heilmikið 1. des., en samþykkir svo í fjárl. nokkrum dögum síðar að lækka þær um 2.8 milljarða.

Hér hefur verið rætt um beinu greiðslurnar, að þær skerði mest hjá þeim stóru, segir hv. þm. Stefán Valgeirsson. Um þetta er að sjálfsögðu ekkert ákveðið. Það er eftir að útfæra það allt. Heimild er aðeins opnuð. Stéttarsambandsmönnum líst vel á þetta, en þarf þó enn að sjálfsögðu við mikillar skoðunar, en alveg óþarfi að afskrifa þetta fyrir fram.

Ég vil segja að lokum, að hv. þm. Stefán Valgeirsson þyrfti að taka með inn í allt dæmið að þessum vanda þarf að skipta á bændur og ríkið, það er kjarni málsins: á bændurna og ríkið. Og sem forustumaður í landbúnaðarmálum með svo mikinn þingmeirihluta að baki trúi ég ekki öðru en að honum verði vel ágengt í að dreifa þessum byrðum, en láta þær ekki lenda allar á bændunum.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. svo að neinu nemi. Ég vil leggja áherslu á það, að menn leiti samkomulags um þessi mikilvægu og viðkvæmu mál. Eðlilegt er að nokkuð sýnist sitt hverjum þegar um slík mál er að ræða, og tek ég þær stimpingar, sem hér hafa orðið, sem merki um það.

Ég vil koma inn á það sem menn hafa sagt hér að ekki sé framkvæmanlegt. Ég hef að sjálfsögðu látið athuga, hvernig framkvæma megi hinar ýmsu hugmyndir, og er alls ekki kominn til botns í því. En niðurstaða mín er sú, að allar þessar leiðir munu vera framkvæmanlegar, en misjafnlega auðveldar. Ég er sannfærður um að till. sjömannanefndar voru auðveldastar í framkvæmd. Það er auðvelt að leggja á fóðurbætisgjald og endurgreiða svo, og það er auðvelt að ákveða framleiðslugjald miðað við stærð búa. En ég nefni dæmi um fóðurbætisskömmtun. Þar er mér bent á ýmislegt sem mundi valda erfiðleikum í framkvæmd, a. m. k. nú í upphafi. T. d. eru ýmsir sem ekki telja fram, þó að þeir eigi að gera það, og á þá er þá áætlað. Frá slíkum aðilum liggja ekki fyrir upplýsingar fyrir 1. maí. Þeim yrði þá hegnt fyrir að telja ekki fram og fengju engan skammt. Auk þess er vafasamt að skattstjórar megi gefa upp eftir framtölum manna, svo að líklega þyrfti þetta að fara í gegnum hendur framteljandans sjálfs til að aðgengilegar upplýsingar fengjust. Ég nefni þetta sem dæmi, því hef ég komist að þeirri niðurstöðu að í raun og veru eru breytingar n. erfiðar í framkvæmd, en ég hygg þó framkvæmanlegar. Það var af þeirri ástæðu sem ég nefndi áðan að mér þætti skynsamlegt að n. athugaði hvort ekki mætti veita, jafnvel til bráðabirgða, heimild til að leggja á fóðurbætisgjald, sem mætti þá endurgreiða t. d. í samræmi við þann fóðurbæti sem síðar verður ákveðinn án slíks gjalds. Þetta mundi gera kleift að sporna þegar nokkuð við ofnotkun fóðurbætis.

Ég kemst ekki hjá því að gera aðeins aths. við það að málið hafi tafist af því að ég var fjarverandi. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Suðurl., að ég tók mér nokkurra daga frí og taldi mig eiga það inni. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að á mánudegi fyrir viku var ég mættur hér reiðubúinn að tala í þessu máli, en þá var það ekki unnt. Á miðvikudaginn var ég einnig reiðubúinn til þess og gekk eftir því að þá yrði rætt um málið. Þá lágu ekki fyrir brtt., sem hv. þm. hafði boðað, og þær komu ekki fyrr en þessi umr. var hafin. Ég er ekki út af fyrir sig að áfellast neinn, en ég vil vekja athygli á þessu. Ég held að það sé langsótt að telja að fjarvera mín hafi á einhvern máta tafið þetta mál. Þá hefðu allar till. í málinu átt að liggja fyrir þegar ég var mættur til þessarar umr.

Hv. 1. þm. Suðurl. spurði, sem eðlilegt er: Hvers vegna er þetta ekki allt saman í einum pakka, framleiðsluráðslögin, sem á að breyta, og þetta, sem nú er til umr.? Því er að vísu auðsvarað. Þegar í haust gerði ég athugun á því, hvort slíkt yrði unnt, og kallaði báðar þær nefndir, sem fjalla um þessi mál, fyrir mig. Í ljós kom þá strax, að útilokað var að ganga frá hinni gífurlega viðamiklu endurskoðun framleiðsluráðslöggjafarinnar í tíma, enda hefur komið í ljós að jafnvel þótt nefndin legði sig fram um að ljúka þeirri endurskoðun fyrir áramót gerði hún það þó ekki fyrr en fyrir um það bil tveimur vikum, og það er langt frá því að samstaða sé orðin um það mál. Hins vegar töldu forustumenn bænda — og ég tel réttilega — að hér væri um svo mikilvægt mál að ræða til þess að ná nokkurri stjórn á framleiðslunni og miðla byrðum með verðjöfnunargjaldi réttlátar en gert hefur verið að freista yrði þess að fá það fram sem fyrst. Þessi var ástæðan fyrir þeirri ákvörðun minni að leggja frv. fram fyrir áramótin.

Hér hafa ákvæði í grg. með frv. til l. um stjórn efnahagsmála verið dálítið til umr. Í raun og veru held ég að skýringin hafi komið að nokkru fram í því, hvernig hv. 2. þm. Norðurl. v. orðaði ákvæði greinarinnar. Hann sagði einhvern veginn á þann veg, að í grg. væri sagt að niðurgreiðslur mundu þurfa að lækka um 5400—6700 millj. kr. á ári. Er þetta ekki rétt? Þarna er ekki alveg rétt með farið. Í grg. segir: „Mundu niðurgreiðslur á ári væntanlega þurfa að lækka um 5400—6700 millj. kr." Ég viðurkenni fúslega að þetta er ekki skýrt orðað. En ég hef kannað málið í matarhléi. Maður getur eins lesið út úr þessu og sú er meiningin með greininni, að árlegar niðurgreiðslur, eins og þær eru nú, þyrftu að lækka um þá upphæð sem þarna er nefnd. Ég vek athygli á því, að í fjárl. í ár er gert ráð fyrir að lækka niðurgreiðslur um u. þ. b. þriðjunginn af því sem þarna er um að ræða. Og hugmyndin með þessu er að árlegar niðurgreiðslur lækki eins og þarna er gert ráð fyrir á þremur árum í áföngum. Þetta er hin rétta skýring. En ég vil taka fram, að þetta er ekki nógu skýrt orðað til þess að vera alveg tvímælalaust.

Hv. þm. minntist réttilega á ýmsa hluti, sem þarf að athuga, og get ég tekið undir það allt með honum, en vil aðeins koma því á framfæri í stuttu máli, að flest af því, sem hann hefur nefnt, höfum við verið að athuga, og því miður rekumst við aftur og aftur á sama vegg, að verð á

íslenskum landbúnaðarafurðum reiknuðum á fullu verði án útflutningsbóta er of hátt t. d. til að keppa við erlent feitmeti. Þetta hefur verið skoðað. Ég er að láta skoða núna jafnvel breytingu á lögum sem kann að þurfa til þess að heimila að nota smjörlíki í staðinn fyrir annað feitmeti í ákveðnu magni. Það kann að vera þar einhver möguleiki. En ég vil líka láta það koma hér fram, að ýmsir vara mjög við þeirri leið og telja að slík breyting mundi leiða til stóraukinnar neyslu á smjörlíki og draga úr neyslu á smjöri. Þetta er e. t. v. tvíeggjað, ef menn eru að hugsa um að auka smjörneysluna.

Ég hef einnig látið athuga hvort það komi til greina að greiða niður mjólkurduft, sem notað yrði í súkkulaði til útflutnings, og það virðist vel koma til greina. Það virðist vera möguleiki á því að það sé unnt. Hins vegar er niðurgreiðsla á mjólkurdufti beint til útflutnings eitt af því óhagstæðasta sem hægt er að nota útflutningsbætur í.

Ég vil einnig nefna í þessu sambandi, að athugað var hvort ekki mætti flytja út íslenskar landbúnaðarafurðir sem aðstoð við þróunarlöndin. Í fyrsta lagi kemur að sjálfsögðu í ljós, sem við gerum okkur auðvitað strax grein fyrir, að aðeins örfáar vörur koma þar til greina — þær sem geymast við ákaflega lélegar aðstæður, nánast bara mjólkurduft. Það var athugað. Hins vegar hygg ég að lítið þætti orðið úr því sem Alþingi ákveður sem aðstoð við þróunarlöndin ef kaupa ætti mjólkurduftið á kostnaðarverði. Það er að sjálfsögðu hægt að fá erlendis fyrir sömu peninga margfalt fleiri kg af mjólkurdufti en við mundum senda þá. Ef Alþ. ákveður að greiða þetta mjólkurduft niður, svo að það sé samkeppnisfært við erlent mjólkurduft í þessu skyni, er þar um að ræða frekari fjárframlög af Alþingis hálfu. Þetta ber allt að sama brunni. Það vantar meira fjármagn til þess að geta gert þetta.

Ég vil taka undir það með hv. þm. til að fyrirbyggja allan misskilning, að ég á að sjálfsögðu ekki við að skorin verði niður jarðræktarframlög í ár, það hefur mér aldrei dottið í hug, heldur hefur mér dottið í hug að næstu ár kynni að verða þar afgangur, sem nota mætti í þessu skyni og jafnvel að fá að ráðstafa nokkuð fyrir fram.

Ég get tekið undir það út af fyrir sig, að ég fagna því að fá heimildir í lögum, þó að reyndar megi alltaf um það deila hvað slíkar heimildir eigi að vera víðtækar, — heimildir til að greiða úr hluta af þessum vanda sem nú blasir við. Og ég þakka skýringar hv. þm. á því, við hvað þeir eiga með þessari grein, sem er, eins og hann sagði sjálfur, nokkuð lauslega orðuð. En þessi heimild er ákaflega lítils virði nema heimild sé jafnframt veitt til þess að afla fjármagns, annaðhvort með sköttum eða með sparnaði í ríkisrekstri. Ég get svarað hv. þm., en hann spurði um sparnað í ríkisrekstri, að það er ætlun ríkisstj. að spara 1 milljarð á þeim fjárl. sem nú eru, en eins og hann benti á sjálfur gerist það erfiðara eftir því sem tíminn líður. Grunur minn er sá, að það reynist allerfiður biti að kyngja að spara þennan 1 milljarð. Ég held að það þurfi því verulegan samdrátt jafnvel í framkvæmdaliðum fjárlaga, ef sparast á verulega miklu meira.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Ég vona að þær hafi orðið gagnlegar og vona að þær hafi orðið til þess að skýra þessi mál töluvert. Ég legg enn áherslu á að þetta mál fái skjóta afgreiðslu, vek athygli á því að Framleiðsluráð mun þurfa að taka nú í apríl ákvörðun um verðjöfnunargjald. Menn verða að minnast þess, að æðimikið af framleiðslu er selt og sumir framleiðendur kunna að vera búnir að fá meiri hluta sinn borgaðan og það er ekki hægt að ná til þeirra eftir á, þannig að það verður alls ekki beðið lengur með að leggja á verðjöfnunargjald. Ef heimild fæst ekki til annars en álagningar verðjöfnunargjalds mun Framleiðsluráð að öllum líkindum leggja í kringum 300 kr. á hvert kg af kjöti og í kringum 15—16 kr. á hvern innveginn lítra af mjólk. Það er mikil byrði. Því vona ég, að hv. n. taki málið nú til endurskoðunar, og lýsi enn þeirri von minni, að samstaða geti náðst um aðrar leiðir, — leiðir sem verða til þess að unnt sé að jafna þetta, en geti jafnframt orðið til þess að sporna við þeirri þróun, sem verið hefur, og geti komið til framkvæmda án tafar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 70. fundur.

Þriðjudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Brennsla svartolíu í fiskiskipum, fsp. (þskj. 257). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 257 á ég fsp., sem ég beini til hæstv. sjútvrh. um brennslu á svartolíu í fiskiskipum og hljóðar svo:

„Hvaða reynsla hefur fengist af tilraunum með brennslu svartolíu í íslenskum fiskiskipum?“

Það þarf ekki að halda langa framsöguræðu með þessari fsp. Undanfarin ár hefur í nokkrum skipum íslenska fiskiskipaflotans verið reynd brennsla á svartolíu. Að vísu á sú svartolía ekkert sameiginlegt með annarri svartolíu nema nafnið, þar sem hún er allt annarrar gerðar en hin eina og sanna svartolía. Í sambandi við þetta hefur verið upplýst í umr. hér á hinu háa Alþ., að það er óþekkt fyrirbrigði í öðrum löndum að menn brenni svartolíu í fiskiskipum. Og enda þótt hin rússneska svartolía sé allt annarrar gerðar en Amsterdam- eða Curacao-svartolía, þá inniheldur hún samt mjög varhugaverð efni sem reynsla er fyrir að valdið hafa skemmdum á vélum. Þetta á sérstaklega við um fiskiskip, vélar sem eru knúnar með mjög misjöfnu álagi, með misjöfnum gangi. Hins vegar hefur fengist reynsla af og er tíðkuð brennsla á svartolíu — og þá af allra svörtustu gerð — í farskipum sem byggð eru þungum vélum hæggengum, sem ganga með jöfnu miklu álagi langtímum saman.

Nú er það svo hins vegar, að eins og þróun á olíuverði hefur verið virðist svo komið málum að útvegsmenn neyðist til að taka þessa olíu í notkun og því er það, að nú er tími og ástæða til þess að spyrja um þá reynslu, sem fengist hefur af þessum tilraunum í hinum 10—12 togurum af minni gerð í landinu, og enn fremur væri ástæða til þess að gera fsp. um, hvort einhver frekari áform eru uppi varðandi brennslu olíunnar um tæknibúnað og annað þess háttar, en í því efni hefur menn mjög greint á, að hin íslenska útfærsla á málinu væri ekki nægjanleg. En sem sagt, hér er um þetta spurt og vænti ég svars hæstv. ráðh.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Fsp. varðar það, hvaða reynsla hafi fengist af tilraunum með brennslu svartolíu í íslenskum fiskiskipum. Vegna þessarar fsp., sem var borin upp fyrir jól, var haft samband við útgerðaraðila 10 togara af 15 sem brenna eða hafa brennt svartolíu. Reynslutími þessara aðila af svartolíu var frá 5 mánuðum og upp í 3 ár. Þeir voru allir á einu máli um það, að svartolíunotkun kæmi vel út, þ. e. a. s. að reynsla af henni væri góð. Einn tók sérstaklega fram að hafa bæri í huga að svartolían, sem hér væri notuð, væri þynnri en sú sem notuð væri í Evrópu og auðveldari í notkun og því ekki sambærileg, eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda. Þetta yrði að hafa í huga þegar stuðst væri við tilraunir og reynslu erlendra sérfræðinga um þetta mál.

Í þessari könnun rn. voru útgerðaraðilar spurðir hvort svartolíubrennslan hefði haft í för með sér aukið slit á tilgreindum vélahlutum, þ. e. strokkloki, stimplum, ventlum, loftblásurum og brennsluolíukerfi, en svartolía er ekki talin bilanavaldur umfram gasolíu á aðra vélarhluta. Hjá öllum var svarið hið sama, að ekkert mælanlegt eða óeðlilegt slit á vélum hefði komið í ljós við notkun svartolíunnar. Sumir hefðu sjálfir annast mælingar, en aðrir hefðu fengið sérfræðinga til að annast þær. Einn aðili átti í vandræðum með útblástursventla, en taldi þau ekki stórvægileg.

Ekki voru allir sammála um hvort svartolíubrennsla hefði í för með sér aukið vinnuálag vélstjóra. Meiri hlutinn taldi þó að um aukna vinnu væri að ræða vegna aukins eftirlits með ventlum. Ekki var talið, að hið aukna eftirlit leiddi til taps á veiðidögum. Vildi einn sérstaklega leggja áherslu á að hann hefði ekki tapað einum einasta veiðidegi vegna þessa á seinasta ári.

Útgerðaraðilarnir voru á einu máli um að aukinn kostnaður samfara auknu eftirliti, einkum á ventlum, væri sáralítill samanborið við þann sparnað sem notkun svartolíu í stað gasolíu hefði í för með sér. Sögðu þeir, sem höfðu gert samanburð, að sparnaður á ársgrundvelli á togara hefði 1978 verið frá 6 millj. og upp í 11—12 millj. kr. Þessar sparnaðartölur eru sjálfsagt í vægara lagi, og má í því sambandi benda á að ársnotkun togara af stærri gerð er um 1.7—2.1 millj. lítra. Miðað við verðlag um s. l. áramót kostar sú olía 84—108 millj. kr. Minni togarar eru taldir nota um 1.2—1.5 millj. lítra á ári og er kostnaður miðað við sama verðlag um 60—70 millj. kr.

Um s. l. áramót var svartolían 40% ódýrari en gasolía. Sá verðmunur bendir fremur til, miðað við verðlag þá, að árssparnaður á svartolíunotkun hafi verið allt að 24—30 millj. kr. á minni togurunum, en á bilinu 35—43 millj. á þeim stærri, og er þá náttúrlega ekki talinn kostnaður við að standa undir breytingum og auknu eftirliti og hugsanlegu viðhaldi.

Eins og alkunna er hefur verðlag á gasolíu hækkað síðan og mun meira en verðlag svartolíu. Mun láta nærri að svartolían sé um 60% ódýrari. Sparnaður af svartolíunotkun gæti því, miðað við núverandi verðlag, numið á ársgrundvelli jafnvel um 70 millj. kr. að meðaltali fyrir togara, en með sömu fyrirvörum um kostnað og áður, bæði að því er varðar fjármagn og viðhald.

Í áðurgreindri könnun var einnig rætt við allmarga útgerðaraðila skipa, sem brenna ekki svartolíu, og þeir spurðir hvers vegna þeir notuðu ekki svartolíu. Svör þessara manna bera þess e. t. v. merki að vera gefin fyrir síðustu olíuverðshækkun og hina miklu umr. um hagkvæmari orkunýtingu sem átt hefur sér stað undanfarið. Nokkrir sögðu að engin vísindaleg rannsókn hefði farið fram sem sannaði ágæti svartolíunnar og að notkun hennar leiddi til meira viðhalds og styttra úthalds, sem aftur leiddi til veiðitaps, og vélstjórar væru margir hverjir á móti notkun hennar, jafnframt að engar marktækar tölur sýndu sparnað. Svartolía væri e. t. v. hagkvæm á skipum sem sigldu á jafnri ferð, en ekki hjá togveiðiskipum. Hjá þeim vildi sót myndast í ventla, enda notuðu engin fiskiskip í Evrópu svartolíu. — Þetta voru þau helstu viðhorf, sem komu fram hjá þeim sem á þeim tíma höfðu ekki tekið upp notkun svartolíu í sínum skipum. En almennt kváðust þeir fylgjast með þróun í svartolíumálum og nokkrir tóku fram að mundi olíuverð hækka, sem það nú hefur gert reyndar, væru þeir að íhuga að skipta yfir í svartolíu, þar sem m. a. olíukostnaður væri að sliga útgerðina.

Einn aðili skilaði skriflegu svari dags. 5.2., sem lýsir trúlega allvel viðhorfum þeirra sem ekki hafa farið yfir í svartolíunotkun, en það var fyrirtækið Ögurvík hf., og ætla ég að leyfa mér að lesa hér hluta úr því bréfi. Það er þannig:

„Þegar Ögurvík hf. hóf samninga sem smíði togara 1969 var eitt aðaláhugamál félagsins að skipin yrðu búin vélum, sem brennt gætu svartolíu, vegna hins mikla verðmunar sem er á þeirri tegund olíu og gasolíu. Sá vélaframleiðandi varð ekki fundinn sem vildi taka ábyrgð á vélum á fiskiskipum sem knúðar voru svartolíu. Enn í dag er það staðreynd, að svartolíu er hvergi í heiminum brennt í vélum fiskiskipa nema á Íslandi. Vélaframleiðendur hafa gert tilraunir árum saman með brennslu svartolíu í vélum sem notaðar eru í fiskiskipum og ganga með mjög misjöfnu álagi, en tilraunir enn ekki gefið þá raun að þeir vilji mæla með notkun svartolíu.

Árið 1975 gerði þekkt vélafyrirtæki sérstaka rannsókn á máli þessu á vegum hollensku stjórnarinnar. Niðurstaðan varð neikvæð. Fyrirtækið komst að þeirri niðurstöðu, að þrátt fyrir verðmismun á svartolíu og gasolíu yrði dýrara að nota svartolíu í fiskiskipum en gasolíu. Af því yrði efnahagslegt óhagræði. Þá hefur enska fyrirtækið, sem framleiðir þá vélategund sem er í Ögra og Vigra, einnig gert athuganir á brennslu svartolíu, en fengið neikvæða niðurstöðu. Vélstjórar útgerðarinnar hafa frá byrjun fylgst vel með öllum breytingum, sem gerðar hafa verið á vélum togara til að brenna svartolíu, svo og reynslu af þeim breytingum. Engar þessar athuganir hafa leitt til þess, að vélfróðir ráðunautar okkar hafi viljað ráðleggja útgerðinni að breyta yfir í svartolíubrennslu.

Af framangreindum umsögnum erlendra vélaframleiðenda svo og vegna álits vélfróðra starfsmanna útgerðarinnar hefur ekki verið brennt svartolíu á vélum togaranna. Ögurvík hefur eins og aðrar útgerðir fullan hug á að halda útgerðarkostnaði sem lægstum, og þess vegna verður áfram fylgst með þessu máli af fullri athygli og vonandi tekst sem fyrst að yfirstíga þann annmarka sem nú er á þessu máli.“

Ég rek þetta hér vegna þess að ég tel að það lýsi allvel þeim viðhorfum sem munu vera ríkjandi hjá þeim aðilum sem ekki höfðu á þessum tíma tekið ákvörðun um eða framkvæmt að koma upp svartolíubrennslu í skipum sínum.

Um nokkurra ára skeið starfaði á vegum sjútvrn. sérstök nefnd, svartolíunefnd, að athugun á notkun svart-

olíu í dísilskipum svo og tæknilegum leiðbeiningum. N. taldist hafa lokið störfum á árinu 1978, en tæknideild Fiskifélags Íslands var um leið falið að annast þetta verkefni eftir því sem tilefni gæfist til. Eins og kunnugt er hefur Ólafur Eiríksson unnið manna mest að þessum málum og m. a. ritað grein um þetta mál í 11. tbl. Ægis 1978 og vísa ég til þess varðandi viðhorf hans.

Í jan. s. l. var settur á fót starfshópur þriggja rn. sem hafði það verkefni m. a. að gera till. um hvernig opinberir aðilar gætu stuðlað að aukinni notkun svartolíu í togurum. Í samandregnu máli eru helstu till. starfshópsins þær, að komið verði á fót ráðgjafarþjónustu með starfsmönnum hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna og verði hlutverk hennar að veita aðstoð við breytingar á fiskiskipum vegna svartolíubrennslu og einnig að fylgjast með þeim vandamálum sem upp kunna að koma í þessu sambandi, safna upplýsingum og miðla þeim til útgerðaraðila. Þessi ráðgjafarþjónusta yrði tengd iðnrn. og sjútvrn. þannig að fulltrúar frá þeim hefðu tækifæri til þess að fylgjast með því sem þarna væri að gerast. Í öðru lagi væri kostnaður í sambandi við þessa ráðgjafarþjónustu greiddur úr ríkissjóði. Það mál er nú til umfjöllunar í ríkisstj., að sjútvrn. verði veitt aukafjárveiting til að standa straum af þessum kostnaði. Samkv. áætlun starfshópsins er kostnaður við breytingar talinn um 6 millj. kr. á skip, og stjórnvöld hafa þegar tryggt að veitt verði 5 millj. kr. lán á skip vegna breytinga yfir í svartolíubrennslu. Hefur viðskrh. ritað bönkunum bréf þar sem þeir eru hvattir til þess að veita slíka fyrirgreiðslu, lán til þessara hluta.

Þessu til viðbótar er rétt að upplýsa eftirfarandi: LÍÚ hefur upplýst nú um mánaðamótin eða í byrjun þessa mánaðar, að eigendur 26 stórra skipa, mest togara, séu reiðubúnir og óski þess að ráðast í breytingar af þessu tagi, enda fái þeir lánafyrirgreiðslu til þess, tæknilega þjónustu og leiðbeiningar. Auk þess séu líklega um 40 skip, sem mætti breyta búnaði í í þessu skyni, þar af 10 með franskar vélar, sem rannsaka þarf betur hvort til þess séu hæfar.

Sú stefnumörkun hefur í rauninni verið tekin í þessu máli, að ríkisstj. vilji greiða fyrir því með ráðgjöf og lánafyrirgreiðslu að áframhald geti verið á þróun til þessarar áttar og geti verið sem greiðust. En ákvarðanir hljóta ævinlega að liggja hjá útgerðaraðilunum sjálfum, og nauðsynlegt er að fylgjast vel með þeirri reynslu sem hefur fengist og fæst varðandi breytingar af þessu tagi.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Í sambandi við þessa fsp. langar mig til að nefna nokkur atriði.

Í fyrsta lagi er það, að sú svartolía, sem menn kalla svo, er ekki svartolía, eins og hv. fyrirspyrjandi hefur reyndar getið um, heldur er hér um að ræða svartolíu sem er blönduð með gasolíu, keypt af Rússum. Þeir blanda hana ekki með gasolíu vegna þess að þeir vilji selja okkur betri olíu, heldur er það gert til að þeir eigi auðveldara með að dæla henni, því að þeir geta ekki flutt hana nema með leiðslum. En hin eiginlega svartolía er það þykk að hún dælist ekki.

Það hefur vantað í umr., þegar talað er um að setja fiskiskipaflotann á svartolíu, hvort það sé tryggt að við fáum þessa olíu í framtíðinni í miklu meira magni en við eyðum núna, og í öðru lagi, hvort verðið á olíunni verði svipað og nú er. Þetta svartolíuverð er hvergi skráð í heiminum, enda er þessi olía hvergi annars staðar til, og það er vafasamt að Rússar, sem selja okkur þessa olíu, geti í fyrsta lagi afgreitt til okkar þetta stóraukna magn, og í öðru lagi, þegar við erum orðnir algerlega háðir því, hvort þeir mundu þá ekki selja okkur þessa olíu á eðlilegu verði, en verðið, sem við kaupum þessa svartolíu á, er óeðlilegt.

Varðandi notkunina í fiskiskipum eru það eiginlega einungis japönsku skipin sem geta brennt þessari olíu og hafa brennt henni með mjög góðum árangri. Ég hef sjálfur staðið í nokkrum svartolíutilraunum og brenndi eitt ár svartolíu um borð í togara og hætti við þegar skemmdir komu fram í stífum og stimplum, en hef hug á því að fara í það aftur vegna þess að nú er komin betri útkoma með þetta. Þar er aðallega um að ræða skilvindur sem gera það kleift að fara yfir í svartolíu fyrir menn sem eru kannske ekkert sérstaklega fylgjandi svartolíu. Þeir fara í svartolíu eða hætta að gera út. Þeir, sem í hjarta sínu eru á móti svartolíu, hafa séð þessa valkosti: annaðhvort að hætta að gera út eða fara í svartolíu. Og eins og verðmunurinn er núna, þá má viðhaldskostnaður vera mjög mikill til að þetta borgi sig ekki eftir 2—3 ár, ef það er tryggt að þessi verðmunur haldist í framtíðinni.

En það er eitt atriði sem mig langar til að koma að í viðbót í sambandi við þetta mál. Hæstv. sjútvrh. vék að því áðan, og það hefur verið skýrt frá því á Alþ. af öðrum ráðh., bæði hæstv. viðskrh. og hæstv. iðnrh., að það eigi að stuðla að sérstakri lánafyrirgreiðslu í sambandi við að breyta skipum til svartolíunotkunar. Hæstv. sjútvrh. talaði um að ríkisstj. hefði tryggt að veitt yrði fjárhagsleg aðstoð sem samsvaraði 5 millj. kr. til að breyta yrði yfir í svartolíu. Þetta loforð hefur engan veginn verið efnt. Það bólar ekki á þessum peningum. Viðskrh. hefur að vísu ritað bönkunum bréf — það er alllangt síðan — og síðan hefur ekkert gerst í þessu máli. Ég talaði síðast í morgun við Ólaf Eiríksson sem er með hóp manna í vinnu að breyta togurum til svartolíubrennslu, en hann er þegar búinn að breyta nokkrum, og hann sjálfur er með verulegar áhyggjur af þessu máli. Ég vona að hæstv. viðskrh., sem mér skilst að hafi forgöngu um þetta mál innan ríkisstj., geti upplýst hvenær þessir peningar, sem talað er um og margoft lýst yfir og síðast af hæstv. sjútvrh., verði lánaðir í þessar breytingar, hvenær þeir komi, því að ástandið eins og það er núna hjá þessum manni, sem stendur aðallega fyrir þessu, Ólafi Eiríkssyni, varðandi að greiða mönnum sínum laun, leysa út skilvindur og annað slíkt er orðið gersamlega óbærilegt. Það er ekki hægt að þola það endalaust, að stjórnmálamenn lýsi yfir hvað þeir ætli að gera og hyggjast hafa gert og svo kemur í ljós að efndirnar eru ekki fyrir hendi og þannig er í þessu tilviki. Þess vegna vona ég að hæstv. ráðh., hvort sem það er viðskrh. eða sjútvrh., geti upplýst hvenær þetta loforð, sem var veitt fyrir 3—4 vikum, verður efnt.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. greinargóð svör og ætla ekki að hafa í frammi málalengingar nú um þetta mál. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að það er ýmislegs að gæta þegar menn reikna út gróðann af því að vélar í fiskiskipum brenni svartolíu, og það er ekki einhlítt að bera einvörðungu saman verðið. Bæði gengur í skilvindum allmiklu meira úr svartolíunni og enn fremur þarf af auðskildum ástæðum fleiri kg af svartolíu en af gasolíu til þess að knýja skip sömu vegalengd vegna mismunandi afls sem í þessum mismunandi hreinsuðu olíum er.

Ég ætlaði einmitt að víkja sérstaklega að því, sem fram kom í máli hv. 1. landsk. þm., og inna eftir því, hvaða líkur séu á því að við getum fengið í stórauknum mæli keypta hina rússnesku svartolíu áfram og á því verði sem hún hefur verið. Það fer ekkert á milli mála, að milli verðs venjulegrar gasolíu og hinnar rússnesku svartolíu hefur verið miklu meira bil, miklu meiri verðmunur á þessum tveimur tegundum olíu heldur en er á hinni illa svörtu svartolíu og venjulegri gasolíu. Þessi olía hefur verið keypt af Rússum í litlum mæli, og mér er kunnugt um að þeir hafa sótt mjög á um hækkun verðs á þessari olíu sem er blönduð, eins og fram kom, með gasolíu til þess að möguleiki sé á að dæla henni um langan veg eins og gert er.

Ef fiskiskipafloti okkar og togarafloti sérstaklega tekur upp að brenna þessari tegund olíu, þá er augljóst mál að um stóraukinn innflutning verður að tefla. Þá er enn spurningin, hvernig olíufélögin eru viðbúin að annast slíka dreifingu, því að þau hafa mjög erfiða aðstöðu til að sinna þeirri eftirspurn, sem þegar er fyrir hendi, vegna geymslurýmis og bifreiða. Allt þetta þarf að athuga áður en því verður alveg í gadda slegið að við höfum himin höndum tekið í þessu efni.

Það kom einnig fram hjá hv. 1. landsk. þm., að útvegsmenn eiga um fátt að velja þegar svo er komið sem komið er um verðmuninn á þessum tveimur lífsnauðsynlegu neysluvörum okkar. Þeir eiga um fátt að velja. Og þegar svo er komið að menn geta vegna brennslu á hinni ódýru olíu haft efni á því að afskrifa vélar sínar kannske þrefalt, fjórfalt hraðar, þá er augljóst mál að þetta er reikningsdæmi. En það verður líka að vera öllum mönnum ljóst, að ef lokast fyrir þessa olíutegund frá Rússlandi, þá eiga íslensk fiskiskip engra annarra kosta völ en að breyta þegar í stað yfir í gasolíu á nýjan leik.

Nú mætti kannske inna eftir því í leiðinni, enda þótt það komi kannske fram í svari við annarri fsp. sem ég á hér, hvort ekkert hafi verið athugað um innflutning á marinolíu svokallaðri, sem er millistig milli gasolíu og svartolíu, þó allmikið hreinsuð olía, en þessari olíu geta velflestir togarar okkar brennt og taka hana raunar á tanka sína þegar þeir kaupa olíu erlendis. Olíufélögin hins vegar hafa ekki flutt þessa olíu til landsins. Þessa olíu hafa millilandaskip okkar velflest, þau sem ekki hafa verið keyrð á svartolíu, keypt í erlendum höfnum. Þau eiga þangað leið og geta fyllt tanka sína. En olíufélögin hafa ekki sinnt þessu máli. Marinolían er nokkru ódýrari en gasolían. Allt þetta þyrfti, eins og ég segi, að athuga og það eru orð í tíma töluð að taka þetta til rækilegrar yfirvegunar.

Hins skulu menn einnig minnast, að víðfrægustu vélaframleiðslufyrirtæki hafa ekki enn náð tökum á því að brenna hinni eiginlegu svartolíu í vélum fiskiskipa. Hafa þó þessi heimsfrægu fyrirtæki gert með þetta tilraunir árum saman, þar sem þau hafa keyrt léttbyggðar vélar eða meðalléttbyggðar vélar með misjöfnu álagi á reynsluplönum sínum um árabil.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég tala stutt að þessu sinni af mörgum ástæðum. En vegna þess að menn hafa talað mikið um aukið slit á vélum hjá þeim sem brúka svartolíu eða réttara sagt hina rússnesku blöndu, sem er allt annað en hin venjulega svartolía, vil ég segja frá því, að Ólafur Eiríksson tæknifræðingur hefur mælt og látið mæla slit í vélum hinna japönsku togara sem lengst hafa notað þessa olíu, og keyrslutími þessara véla er á milli 35 og 40 þús. klukkustundir, og það voru slífarnar sem voru mældar. Þær eru þeir vélarhlutar sem helst ættu að láta undan vegna verri olíu, fyrir utan afgasventla, því að það eru auðvitað ekki nema hlutar vélanna sem gætu látið á sjá vegna þessarar olíunotkunar. Útkoman úr þessum mælingum sýndi það, að slitið á slífunum var 0.005 millímetrar fyrir hverjar 1000 klst. í notkun. Það þarf sem sagt ekkert að gera að slífunum eða skipta um þær samkv. þessum athugunum fyrr en búið er að nota þessar vélar í 400 þús. klst. í viðbót. Það þýðir það, að slífarnar í japönsku togurunum með svartolíunotkuninni gætu enst í 30—40 ár í viðbót, þ. e. a. s. til ársins 2020. Ég er ekki viss um að það sé nokkur maður hér inni sem heldur að þessir togarar verði í notkun þá. Það er sýnilegt á þessum upplýsingum og þessum rannsóknum, að vélarnar gera miklu meira en að endast í togarana þó að þeir séu keyrðir á þessari olíu. Allt fjas um annað er þess vegna hreinlega út í loftið.

Auðvitað væri hægt að — (**Forseti:** Tíminn er liðinn.) Það fór nú svo að tíminn dugði ekki til þess að veita hér upplýsingar. En herra forseti, ég skal ljúka máli mínu svo gott sem alveg strax. Ég vil leyfa mér að benda hv. alþm., sem vilja vita betur, ef einhverjir væru, á að mjög miklar upplýsingar í þessum efnum er að finna í tímaritinu Ægi, 11. tbl. frá árinu í fyrra, 1978. Þar geta þeir lesið sér til í þessum efnum, og ég er viss um að margir yrðu allmiklu fróðari eftir lesturinn.

Útgáfa fiskikorta, fsp. (þskj. 257). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 257 á ég fsp. til hæstv. sjútvrh. um útgáfu fiskikorta sem hljóðar svo:

„Hvað líður útgáfu fiskikorta, sem Alþ. ályktaði að út skyldu gefin með samþykkt sinni hinn 15. mars 1977?"

Ég spyr vegna þess að ég átti sannarlega von á því að við afgreiðslu fjárl. í desember s. l. yrði gert ráð fyrir fjármögnun á útgáfu þessara fiskikorta. Enda þótt þar væri ekki slíkan lið að finna bar ég enga brtt. fram við fjárl. í þessu skyni þar sem ég ber ekki hækkunartillögur fram við fjárlög. En mér hefur verið tjáð hins vegar að hv. fjvn. hafi hafnað till. rn. um fjárveitingu til útgáfu þessara fiskikorta. Að sjálfsögðu er það óhæfa að fjvn. eftir viljayfirlýsingu Alþingis hafi nokkurn rétt til þess að grípa þannig fram fyrir hendurnar á fyrri ákvörðunum Alþingis. Ég spyr vegna þess að þetta er mjög mikilvægt mál. Hér er um útgáfu fiskikorta að tefla sem okkur sárlega skortir. Við studdumst í gamla daga við ensk fiskikort, en vegna nýrrar tækni og eins vegna þess að við erum hættir að láta Breta þjónusta okkur að þessu leyti a. m. k., þá ber brýna nauðsyn til útgáfu þessara korta. Þau gætu vegna C-lóranlínunnar orðið skipum til hins mesta bjargræðis. Þar er hægt með ótrúlegri nákvæmni að setja niður skipsflök og aðrar festur sem mundi stórspara veiðarfæri. Það er hægt að staðsetja skip næstum því að segja nákvæmlega þannig að ekki muni breidd þeirra að kalla má. Vegna þessarar brýnu nauðsynjar, sem Alþ. hefur áður tekið undir með samþykkt sinni um útgáfu þessara korta, er þessi fsp. fram komin og vegna grunar míns að gefnu tilefni um það, að ekki sé staðið að útgáfunni eins og ætlast hafi verið til.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Fsp. fjallar um það, hvað líði útgáfu fiskikorta sem Alþ. ályktaði að út skyldu gefin með samþykkt sinni 15. mars 1977. Vegna þessarar fsp. hef ég aflað upplýsinga um hver gangur og staða þessa máls sé.

Það hefur verið unnið mikið starf hjá Sjómælingum Íslands til undirbúnings útgáfu fiskikorta með áprentuðum lóranstaðarlínum, og er talið að tæknilegum undirbúningi sé nú að mestu lokið. Lóranstaðarlínukortin eru nær eingöngu teiknuð í tölvustýrðum teiknivélum þar sem tölvan reiknar út staðsetningu lóranlínunnar um leið og hún er teiknuð. Teiknivél, sem hentar við gerð sjókorta, var ekki til hér á landi fyrr en snemma árs 1977, að verkfræðistofan Hnit hf. keypti slíka vél. Sjómælingarnar tóku þegar upp samvinnu við þetta fyrirtæki um notkun á teiknivélinni og tölvu, en vegna galla kom vélin ekki að fullum notum við teikningu á lóranlínum fyrr en s. l. haust, þ. e. a. s. haustið 1978. Í nóv. var svo lokið teikningu staðarlína fyrir 4 sjókort af 6 sem náðu yfir hafsvæðið allt í kringum landið. Endanlegum frágangi þessara sjókorta er nú lokið, en þau er talið að megi nota einnig sem fiskikort, og er vonast til að prentun hefjist alveg á næstunni. Það hefur verið byrjað á þeim tveimur kortum sem eftir eru, og lýkur með þeim nýrri útgáfu sjókorta sem yfirprentuð eru með lóranstaðarlínum. Mælikvarði þessara korta er 1:300 000 og ná þau, eins og fyrr segir, allt í kringum landið og yfir helstu fiskimið.

Sjútvrn. hefur í samvinnu við Sjómælingar Íslands og Fiskifélag Íslands hafið undirbúning að útgáfu lórankorta í mun stærri mælikvarða en þau 6 sem áður eru nefnd. Mundu þau ná yfir einstakar fiskislóðir og verða þannig eiginleg fiskikort og eingöngu ætluð sem vinnukort fyrir fiskimenn, væntanlega í mælikvarðanum 1:50 000 og 1:100 000, en hins vegar eru þau að sjálfsögðu ekki siglingakort. Segja má að tæknilegum undirbúningi að gerð slíkra fiskikorta sé að mestu lokið, enda má hér einnig nota þau tölvuforrit sem hafa verið gerð í sambandi við stærri kortin 6.

Á vegum rn. er nú að hefjast upplýsingasöfnun meðal fiskimanna um fiskislóðir, festur og aðrar upplýsingar sem á kortunum þurfa að vera.

Rétt er að taka fram að útgáfa fiskikorta í stórum mælikvarða er nokkrum vandkvæðum bundin vegna þess að útbreiðsluhraði radíóbylgju er misjafn eftir því hvort leið hennar liggur yfir sjó eða land og einnig eftir því hvers eðlis landið er. Getur því orðið töluverður mismunur á aflestri lóranviðtækis um borð í skipi og útreiknaðri lóranlínu, jafnvel allt að 1000 metrum, eftir þeim upplýsingum sem ég hef. Skekkja þessi er breytileg frá einum stað til annars og þarf allmiklar og tímafrekar athuganir til þess að finna þær leiðréttingar sem nauðsynlegt er talið að gera á útreiknuðum lóranlínum svo að staðsetning þeirra verði í fullu samræmi við aðrar upplýsingar sem á sjókorti eru. Lórankortin munu engu að síður geta komið fiskimönnum að góðum notum, og væntanlega má endurbæta þau smátt og smátt eftir því sem meira safnast í þau af upplýsingum frá fiskimönnum sjálfum.

Að því er varðar atriði þáltill., þá hefur hún víst verið send dómsmrn. þó að málið og sú stofnun, sem á að vinna þetta, heyri undir samgrn., en sjútvrn. hefur engu að síður gert ráðstafanir til þess að þeir eftirlitsmenn, sem eru á skipum, afli upplýsinga frá skipstjórum og að maður í rn. verði eins konar miðstöð og safni upplýsingum og komi þeim áleiðis til mælingastofnunarinnar. Þessum þætti verður mætt án sérstakrar fjárveitingar.

Það starf, sem Sjómælingarnar vinna að í sambandi við þann undirbúning sem nú er í gangi, verður líka unnið innan ramma þeirrar fjárveitingar sem Sjómælingarnar hafa, en ekki samkv. sérstakri fjárveitingu. En eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda hefur ekki verið samþ. hér á Alþ. sérstök fjárveiting til þessara nota og því er unnið að þessum málum innan þeirra marka sem fjárveitingarnar leyfa.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Út af því, sem kom fram hjá fyrirspyrjanda og hæstv. ráðh. í sambandi við fjárveitingar til fiskikortagerðar, þá vil ég upplýsa það, að þetta mál var tekið upp í fjvn. og á það bent að Alþ. hefði samþykkt um þetta sérstaka þál. Þetta mál var tekið upp af fulltrúum minni hl. í fjvn., en það fékk ekki náð fyrir augum annarra nm. í fjvn. og því fór sem fór, að ekki var ætlað fé til þessa nauðsynjamáls á fjárl. í ár. Ég vildi aðeins að þetta kæmi hér fram.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Minni hl. við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1979 var meiri hl. við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1978, og hvorugur meiri hl. treysti sér til að taka upp sérstaka fjárveitingu, þannig að bæði eru nú skæðin góð. En ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir greinargóð svör og ég lét nokkuð huggast. Það er unnið kappsamlega að framgangi málsins. Áhugi minn beindist sérstaklega að fiskikortum, en ekki siglingakortum. Og ég lýk máli mínu með því að skora á hæstv. ráðh. að beita sér nú vasklega fyrir því, hverrar ættar sem meiri hl. verður í fjvn. til undirbúnings og afgreiðslu næstu fjárl., að nú fáist nægjanleg fjárveiting til að staðið verði við þessa viljayfirlýsingu og ákvörðun Alþingis sem tekin var 15. mars 1977.

Verðmyndun á bensíni og olíu, fsp. (þskj. 257). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Sem betur fer verður þetta síðasta fsp. mín að sinni. Hún er á þskj. 257 og henni er beint til hæstv. viðskrh. um verðmyndun á bensíni og olíum og hljóðar svo:

„Hverjir eru verðmyndunarþættir bensíns og hinna ýmsu tegunda olíu?"

Þessi fsp. er orðin allgömul á dagskrá, en það er ekki hæstv. forseta um að kenna að hún hefur ekki komið til umr. fyrr. Að vísu hefur olíumálin og verðlagningu á olíu borðið á góma hér á hinu háa Alþingi, því þingi sem nú situr. Fyrir alllöngu birtist í einu dagblaðanna skrá um þessa verðmyndunarþætti og þeir reyndust 20. Kennir þar margra forvitnilegra grasa, svo að ekki sé meira sagt, eins og t. a. m. þeirra, að olíufélögin hafa til þess heimild að leggja á fyrir landsútsvari sínu. Og það sýnir sig vegna hlutfallsálagningar stöðugt í þessum liðum, að það er um að gera bæði fyrir ríki og olíufélögin að olía hækki sem mest, því að það skilar langmestum ágóða til handa olíufélögunum og í ríkiskassann.

Af því sem ég veit að hæstv. ráðh. hefur haft tækifæri til þess að kynna sér þetta mál rækilega vegna þessara upplýsinga sem birtust í dagblaðinu Þjóðviljanum á sínum tíma, þá væri forvitnilegt að vita hvort hann eða

hæstv. ríkisstj. hefur tekið afstöðu til þess, hvort ekki sé ástæða til að endurskoða frá grunni þessa furðulegu verðmyndunarþætti, og í öðru lagi, hvort það er ekki stefnan hjá hæstv. ríkisstj. að lina eitthvað á innheimtunni á þessari lífsnauðsynlegu vöru í ríkiskassann, sem margfaldast hefur nú hin síðustu árin vegna margföldunar á olíuverði. Er mjög mikilvægt að fá einhverja vissu um þetta, og eins og ég hef áður sagt snýr það að fleirum en útgerðarmönnum. Þetta snýr auðvitað enn fremur og frekar að öllum almenningi í landinu, þeim sem notar olíu til upphitunar húsa sinna.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái sér einnig fært að koma að áliti sínu á þessum atriðum sem ég hef nefnt, fyrir utan hina beinu skýrslugerð um verðmyndunarþættina sjálfa.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Sú fsp., sem hér er borin fram af hv. þm. Sverri Hermannssyni, hefur legið alllengi fyrir, og er við hvorugan okkar að sakast um það, hvað dregist hefur að ganga í það að svara þessu máli. Ég vil þó, áður en ég vík að efni fsp., leyfa mér að láta koma hér fram fáein atriði vegna þeirrar umr. sem hér fór fram áðan um svartolíu og verðlagningu á svartolíu og fleira í þeim tengslum.

Ég vil fyrst segja það, að það er auðvitað mesti misskilningur hjá hv. 1. landsk. þm. að verðið á þessari olíu sé eitthvað sérstaklega lágt; það er mesti misskilningur. Hér er um að ræða alþjóðlega skráningu sem miðað er við + 2 dollarar á tonnið, eins og þessir samningar eru núna, og ég tel að þessi verðlagning sé ekki þannig að það sé nein ástæða til að býsnast yfir henni sem neitt sérstaklega hagstæðri. Ég held að hér sé fylgt svipuðum reglum og gengur og gerist í verðlagningu á olíu.

Þá vil ég einnig láta það koma fram vegna þeirra umr. sem hér hafa verið um að það þyddi fleiri birgðastöðvar, meiri kostnað o. s. frv. ef fiskiskipin tækju að brenna svartolíu í auknum mæli, að út af fyrir sig er það rétt, að viðbótarbúnað þarf vafalaust í þessum efnum samkv. þeim upplýsingum sem ég hef frá olíufélögunum. En menn verða að gæta þess, að svartolíunotkun fiskiskipanna er afar lítill hluti þeirrar heildarnotkunar á svartolíu sem á sér stað í landinu. Á árinu 1978 notuðu togararnir um 13000 tonn af svartolíu og hvalveiðiskipin um 7000 tonn, en fiskimjölsverksmiðjurnar voru auðvitað yfirgnæfandi stærsti notandi olíunnar og voru með 84 þús. tonn. Jafnvel þó að svartolíunotkun togaranna tvöfaldaðist frá árinu 1978, þá þýðir það ekki nema um 10% aukningu í heildarsvartolíunotkun landsmanna. Og í þeim viðskiptasamningum, sem gerðir voru á síðasta ári við Sovétríkin og jafnan fyrr, er gert ráð fyrir að unnt sé að auka magn nokkuð frá þeim tölum sem settar eru á blað í samningum hverju sinni. — Þetta vildi ég láta koma hér fram í sambandi við svartolíumálin sérstaklega.

Viðvíkjandi fsp. sjálfri, þá er það rétt til getið hjá hv. þm., að ég hafði til þess tækifæri að lesa mér nokkuð til um þetta mál í blaðinu Þjóðviljanum ekki alls fyrir löngu, þar sem getið er um hina 20 verðmyndunarþætti á bensíni, gasolíu og svartolíu, og mun ég nú fara yfir þá. Þetta væri langt mál og bryti ramma þingskapa ef ég færi nákvæmlega í saumana á þessum hlutum, en ég mun nú telja upp þessa verðmyndunarþætti í meginatriðum.

Í fyrsta lagi er um að ræða magntölu, þ. e. a. s. magn á verðútreikningi er ávallt í samræmi við magn samkv. farmskrá, eins og segir í skýrslu til mín frá varaverðlagsstjóra.

Í öðru lagi er það fob.-verð. Samkv. samningum viðskrn. við ríkisstj. Sovétríkjanna fyrir hönd Sojusneftexport ákvarðast fob.-verð hvers farms að meðaltali af hæsta og lægsta verði eins og það er í Rotterdam á þeim degi sem skip lýkur lestun farms. Vegna mikilla sveiflna á dagverði á markaðnum í Rotterdam er aldrei sama fob.-verð milli einstakra farma. Öll olíuviðskipti við Sovétríkin fara fram í Bandaríkjadollurum, en vegna breytingar gengis íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar hefur yfirleitt verið reynt að áætla hækkun á Bandaríkjadollar fram í tímann við verðákvörðun. Þá er vert að geta þess í þessu sambandi, að á olíukaupum frá Sovétríkjunum er umsaminn 105 daga greiðslufrestur. Sigling með farm frá Sovétríkjunum er talin taka 17 daga og við áætlun á gengissigi fram í tímann er yfirleitt tekið mið af hækkun þeirri sem orðið hefur á Bandaríkjadollar næstu þrjá mánuði á undan verðákvörðun. Þegar sú hækkun er fundin hefur gengi á Bandaríkjadollar á komudegi skips verið hækkað hlutfallslega við áætlun á greiðslugengi hvers farms. Endanlegt uppgjör á farminum fer síðan fram á gengi því sem er í gildi á greiðsludegi farmsins.

Þriðji þátturinn í verðmyndun á bensíni og olíu er flutningsgjald. Gjaldið er ákveðið í viðskiptasamningum við Sovétríkin og er miðað við fjarlægð milli lestunar- og löndunarhafnar. Tekið er mið af heimsskráningu á flutningavísitölu Mullions á farmgjöldum yfir olíu. Flutningsgjöldin breytast að hluta til í samræmi við umbreytta skráningu hverju sinni þannig að hækki skráningin yfir 110 stig hækka flutningsgjöldin samsvarandi, en þó ekki hærra en í 250 stig nema í hlut eigi skip undir 12 þús. tonnum, þá er efra mark hækkunarinnar miðað við 300 stig.

Fjórði þátturinn er svokallað biðdagagjald. Í samningum við Sovétríkin er kveðið á um hámarkstíma sem losun skips má taka. Ef losun tekur lengri tíma en kveðið er á um kemur til sérstakt biðdagagjald, sem er ákveðið samkv. „world scale". Í dag er miðað við 36 stunda losunartíma og 6 stundir að auki. Frávik frá almennum skilmálum eru líka þau, að losunartími hættir að teljast um leið og slöngur hafa verið losaðar á skipinu að lokinni losun farms, enda þótt skipið eigi þá eftir að taka kjölfestu og bíða flóðs og birtu til útsiglingar. Þetta var fjórði þátturinn sem er biðdagagjald.

Fimmti þátturinn er gjald vegna losunar á tveimur höfnum. Í samningum við Sovétríkin árið 1967 kom inn sérstakt flutningsákvæði þannig að ef skip losar bæði á Seyðisfirði og Reykjavík kemur til aukagjald.

Sjötta er vátrygging. Hún er ákveðin sem hundraðshluti cif.-verðs og er háð ákvörðun tryggingafélaga. Þessi hundraðshluti er í dag 0.6% í óblönduðum farmi og 0.63% í blönduðum farmi.

Sjöundi þáttur í verðútreikningi olíu og bensíns er svokallaður leki í hafi. Þessi liður leggst við verðið áður en eiginlegt cif.-verð er fundið. Samkv. verðútreikningi er leki í hafi o.5%, en samkv. tollreikningi er liðurinn 1.04%. Mismunurinn stafar af því að talan 1.04% er fundin sem meðaltalsleki ársins 1977 á öllum innfluttum förmum og er því lögð til grundvallar við tollútreikning fyrir fram. Hins vegar er rétt að geta þess, segir í skýrslu varaverðlagsstjóra til mín, að tollur er greiddur í samræmi við „Bill of Lading" og þar af leiðandi af raun-

verulegum leka á hverjum farmi, sem árið 1977 reyndist vera með meðaltali 1.04%. Það er því rétt að benda á að nú er greiddur tollur að fullu af raunverulegum leka, þ. e. olíu sem í rauninni kemur aldrei til landsins, og er þess vegna heimilt að hækka olíuverð til þess að vega upp á móti þessu.

Áttundi þáttur í olíuverðsmynduninni eru tollar. Tollar af olíum eru tvenns konar, annars vegar þungatollur á gasolíu og svartolíu og hins vegar 50% verðtollur á bensín. Verðtollurinn er reiknaður af cif.-verði og magni samkv. „Bill of Lading" að viðbættri 0.33% vátryggingu. Verðtollurinn er því greiddur af raunverulegum leka í hafi hverju sinni, sem reyndist að meðaltali vera hjá olíufélögunum 1.04% árið 1977.

Níundi þátturinn í verðmyndun olíu og bensíns er innflutningsgjald af gasolíu og fuelolíu. Þegar söluskattur af þessum olíum til íslenskra fiskiskipa var endanlega felldur niður var gripið til þess ráðs að setja þetta gjald á til að bæta ríkissjóði tekjumissinn. Þetta var gert með lögum nr. 6 frá 13. febr. 1976 og er ákveðið kr. 1.33 af hverju kg.

Í tíunda lagi er um að ræða vegagjald, sem hv. alþm. þekkja.

Í ellefta lagi er um að ræða bankakostnað. Í verðútreikningi í dag er þessi liður 1.61% af cif.-verði. Þessi prósenta er fundin út frá hinum ýmsu gjöldum sem greiðast við bankameðferð, svo sem ábyrgðargjaldi, staðfestingargjaldi, burðargjaldi, símakostnaði o. fl.

Tólfti liðurinn eru leyfisgjöld. Eins og fram kemur á verðútreikningi eru leyfisgjöldin tvíþætt. Annars vegar er leyfisgjaldið 0.11% af fob.-verði. Þessi liður er þannig til kominn, að gjaldið er tekið af ábyrgðarupphæð þeirri, sem olíufélögin fá í bönkum, að viðbættum 10% af ábyrgðargjaldinu, sbr. lið 6 hér að framan: vátrygging. Hins vegar er reiknað með 1% í leyfisgjald af flutningsgjaldinu. Leyfisgjaldatekjur bankanna eru skattlagðar og renna um 75% af þeim til ríkissjóðs á árinu 1979.

Þrettándi liðurinn í verðmyndun olíu og bensíns er vörugjald. Hér er um magngjald að ræða sem rennur einkum til Reykjavíkurhafnar. Samgrn. ákveður gjaldið og til áramóta var það 284 kr. á hvert tonn, en hækkaði um 35% um áramótin.

Fjórtándi liður er uppskipun. Þessi liður er ákveðinn á hvert tonn og er þannig, að það eru 54 kr. á bensínið, 30 kr. gasolían, 35 kr. svartolían. Þessi liður hefur haldist óbreyttur um alllangt skeið.

Fimmtándi liður er svokallaður geymsluleki. Þessi liður í verðútreikningi er „til þess að bæta olíufélögunum það tjón", eins og hér stendur, „sem þau verða fyrir vegna leka eftir að á land kemur." Leki þessi er aðallega 2% uppgufunarleki bensíns ásamt leka vegna flutnings milli tækja og geyma.

Sextándi liður ber það merkilega heiti: +1%, og les ég nú skilgreininguna á því: „Liður þessi er þannig til kominn að þegar fyrirtækjum var heimilað að reikna ákveðna hundraðstölu til þess að mæta áföllnum vaxtakostnaði var olíufélögum heimilað það einnig. Hins vegar eru í dag liðir 16 og 17" — þ. e. a. s. næsti liður líka — „þannig samverkandi, að hækki sú krónutala á tonn, sem „+1%" gefur, lækka liður 17, sem er magnálagning, um sömu krónutölu í næstu breytingu á magnálagningunni.

Sautjándi liður er svo magnálagning. Magnálagningin er föst krónutala á tonn í samræmi við ákvörðun verðlagsnefndar hverju sinni. Til grundvallar krónutölu álagningar þessarar er lögð svokölluð vísitala rekstrarkostnaðar olíufélaganna. Þessi vísitala er mjög nákvæm að sögn þessa blaðs sem ég hef hér fyrir framan mig. „Samhliða langri reynslu af notkun hennar hefur hún reynst vera góður mælikvarði á rekstur olíufélaganna." En þetta er sem sagt magnálagning, föst krónutala á tonn.

Átjándi liður er verðjöfnunargjald, og menn kannast við hvernig það er lagt á. Það er lagt á samkv. sérstökum lögum og hirði ég ekki um að rekja það nánar.

Nítjándi liður er smásölulaun á bensíni. Hér er um að ræða í raun og veru megintekjulið þeirra aðila sem selja bensínið, þ. e. a. s. bensínafgreiðslustöðvanna. Í dag er smásölulaunum ætlað að standa undir vinnulaunum afgreiðslumanna á bensínstöðvum, þar sem sala er mikil, en á s. l. ári var talið að þessi álagning stæði engan veginn undir því. „Á smærri stöðum, sem hafa minni sölu, nægir þessi álagning ekki fyrir launum bensínafgreiðslumanna," segir hér, ef opnunartími bensínafgreiðslu er jafnlangur og í Reykjavík.

Tuttugasti og síðasti liðurinn í þessari messu ber nafnið „+2%" og hann skilgreinist svo: „Hér er um álagningu á alla aðra kostnaðarliði að undanskildum söluskatti að ræða. Af þessari álagningu fara 1,3514% til greiðslu á landsútvari, en það sem þá er eftir, eða 0,6486%, er álagning olíufélaganna og ein megintekjulind þeirra, eins og hér stendur.

Þannig held ég, að ég hafi rakið þessa 20 verðmyndunarþætti og mætti margt fleira um þetta mál segja. En ég held að það sé tæplega ástæða til þess á þessum stað að sinni. Mér hefur verið tjáð að svokölluð vísitala rekstrarkostnaðar olíufélaganna hafi verið notuð síðan 1959 eða svo og á árinu 1975 hafi hún verið tekin til sérstakrar endurskoðunar. Ástæðan til þess, að þessi vísitala hefur verið notuð og stjórnvöld hafa haft áhuga á þetta mikilli nákvæmni í útreikningi á verði bensíns og olíu, er sú, að stjórnvöld hafa vafalaust talið að með þessum hætti væri auðveldara að fylgjast með þeim stóra þætti í íslenskum þjóðarbúskap, sem þessi mál öll eru.

Varðandi svo að síðustu það sem hv. þm. nefndi um skattlagningu ríkisins í þessum efnum, þá vil ég láta það koma fram hér aftur, sem ég hef reyndar gert áður við umr. á Alþ., að ég tel eðlilegt að þegar þær sveiflur verða á þessum þrönga markaði í Rotterdam, sem ákvarðar okkar olíuverð, sem gerst hafa að undanförnu, — að vísu hefur verðið verið að lækka síðustu daga, — þá held ég að það sé óeðlilegt að ríkið taki til sín viðbótartekjur út á slíkar erlendar verðhækkanir. Það er mín skoðun. Við höfum rætt þetta nokkuð í ríkisstj. og m. a. hafa ráðuneytisstjórarnir í fjmrn. og viðskrn. fjallað um það, hversu á þessum málum mætti taka með nýjum hætti, í tengslum þá væntanlega við þær ráðstafanir sem ríkisstj. annars mundi gera á öðrum sviðum til þess að létta þeim kostnaðarauka af fólki sem verður við hækkanir á erlendu olíuverði.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. alveg sérstaklega fyrir þessar upplýsingar. Þetta var nú meiri lesturinn. Ég ætla ekki að setja á langa tölu um þessi ósköp, mig skortir þrek til þess. En það er leki þarna í þessu öllu, ýmist í hafi eða geymsluleki, og þar sem peningarnir enda nú flestir, í ríkiskassanum, þar er allt miglekt. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðh., að hann telji óeðlilegt að ríkissjóður

og olíufélög hafi af því stórtekjur, þegar sveiflan er svo hastarleg upp á við eins og við höfum haft fyrir augum núna á olíum og bensíni. Ég hvet enn fremur til þess, að þetta hrófatildur verði rifið að grunni og þetta endurskoðað allt saman. Hér er þetta upp sett til þess að leggja stig af stigi á álagningu til þess að ná peningum til eins eða annars. Þetta er heiftarleg skattlagning á landslýð. Það má enginn skilja það sem svo, að þessi gagnrýni beinist að hæstv. núv. ríkisstj., það er fjarri lagi. Þetta er eldgömul aðferð til þess að ná inn peningum í ríkissjóð og til þess að ESSO og Shell geti haft hæfilega afkomu: álagning á þessar vörur til þess að þau geti greitt landsútsvar sitt, álagning á þessar vörur til þess að þau geti greitt tugi millj. í beinum sköttum til hins opinbera.

Ég sem sagt þakka þessi greinargóðu svör, fagna því að sveifla upp á við verður ekki látin hvína á borgurum þessa lands, þeim sem nógu þungt stynja fyrir vegna kostnaðar við kyndingu húsa sinna, og hvet eindregið til þess að þetta verði allt saman eins og það leggur sig gegnumlýst og reynt að setja þetta upp af einhverri skiljanlegri skynsemi.

Neyðarþjónusta Landssímans, fsp. (þskj. 323). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 323 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„Hvaða ráðstafanir verða gerðar til að tryggja neyðarþjónustu í símamálum á þeim landssvæðum, sem ekki hafa sjálfvirkan síma, og koma þar með í veg fyrir neyðarástand sem víða er nú í þessum málum, sérstaklega eftir samdráttarráðstafanir póst- og símamálastjórnar á s. l. hausti?"

Á undanförnum árum hafa orðið miklar framfarir á landinu í símamálum. Fjölsímarásir eru komnar um mestallt landið, jarðsímaleiðir og fjölsímaleiðir í uppbyggingu, svo og radíóleiðir. Sjálfvirkum símstöðvum fjölgar með ári hverju og mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur aðgang að sjálfvirkum síma. Þessu ber að fagna og stefna markvisst að því, að landsmenn allir búi við sjálfvirkan síma sem allra fyrst.

Þá er það réttlætismál að gjaldskrá Landssímans verði leiðrétt til að minnka þann mikla mun á símagjöldum sem nú er í gildi, þó sjálfsagt sé að meta þá leiðréttingu sem gerð hefur verið nú síðari árin, ekki síst þá breytingu frá 1. mars s. l., að 5. gjaldflokkur var felldur niður, sem nemur verulegu fyrir símnotendur úti um land. Það er t. d. réttlætismál að skrefagjald sé hið sama innan hvers svæðis, svo að eitthvað sé nefnt. En aðalkrafan hlýtur að vera sú, að sama gjald sé alls staðar á landinu.

Samtök sveitarfélaga hafa mjög beitt sér fyrir þessum málum. Liggja fyrir tölulegar upplýsingar, sem Fjórðungssamband Vestfirðinga lét gera á s. l. ári, sem sýna ljóslega hversu gífurlegur þessi aðstöðumunur er. T. d. er meðaltal umframskrefa á ársfjórðung í Breiðholti hér í Reykjavík 1013, en á Egilsstöðum fyrir austan 6372. Umframgjald á síma í notkun á árinu 1977 með söluskatti í Reykjavík var 71544, en á Egilsstöðum 355013. Sama hlutfall er á öðrum svæðum úti um land. Þetta er því ekkert smámál í aðstöðumun, þótt leiðrétt hafi verið að nokkru, t. d. með ráðstöfunum 1. mars s. l.

Þrátt fyrir miklar framfarir í símamálum eru stór svæði á landinu sem ekki hafa sjálfvirkan síma, raunar meiri hluti dreifbýlishreppa landsins. Hefur verið lagður þungi á þá kröfu, að símaþjónusta við dreifbýlið verði bætt með lengingu afgreiðslutíma símstöðva og stefnt verði að sjálfvirkni.

Á s. l. hausti, nánar tiltekið frá 1. des. s. l., tóku gildi nýjar reglur hjá Pósti og síma sem voru í því fólgnar að stytta afgreiðslutíma símstöðva og leggja niður eða breyta neyðarþjónustu. Þessi ákvörðun Pósts og síma, sem er gerð í sparnaðarskyni, bitnar harkalegast á því fólki úti um landið sem hafði fyrir lélegustu símaþjónustuna og þarf öðrum fremur á því öryggi að halda sem síminn veitir. Breytingin á neyðarþjónustunni hefur þegar valdið mikilli röskun og er mildi að ekki hefur hlotist af slys. Á utanverðu Snæfellsnesi, þar sem ég þekki best til, var sú breyting gerð að neyðarþjónustan, sem verið hefur um símstöðina í Ólafsvík fyrir utanvert Snæfellsnes í tæp 20 ár, var lögð niður 1. des. s. l. Í jan. s. l. komu tvisvar fyrir alvarleg veikindatilfelli á þessu svæði þar sem ekki er sjálfvirkur sími, og varð í báðum tilfellum að brjótast áfram langan veg í fárviðri að nóttu til til að vitja læknis, og tók það margar klukkustundir. Sem betur fór varð ekki slys af, en óbreytt neyðarþjónusta hefði leyst þetta vandamál á fljótvirkan hátt.

Ég get verið sammála nauðsyn þess að gera ýmsar sparnaðarráðstafanir í rekstri Pósts og síma. En ég mótmæli því að slíkar ráðstafanir séu fyrst látnar bitna á sjálfsögðustu öryggismálum sem varða læknaþjónustu og slysavarnir og draga saman þjónustu við dreifbýlið með enn styttri afgreiðslutíma símstöðva. Það hljóta að finnast aðrir þættir í þessari starfsemi sem spara á frekar.

Á aðalfundi heilsugæslustöðvarinnar í Ólafsvík í byrjun jan. s. l., þar sem mættir voru allir hreppsnefndarmenn 5 hreppa er að heilsugæslustöðinni standa, var einróma samþykkt að skora á póst- og símamálastjórn, að öryggis- og neyðarþjónustu á Snæfellsnesi verði komið í viðunandi ástand. Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 17.—18. nóv. s. l. var gerð eftirfarandi samþykkt um símamál:

„Fundurinn leggur áherslu á, að símaþjónusta við dreifbýlið verði bætt með lengingu afgreiðslutíma símstöðva og stefnt verði að sjálfvirkni. Fundurinn mótmælir harðlega þeirri ákvörðun póst- og símamálastjórnar að stytta afgreiðslutíma símstöðva á Snæfellsnesi svo sem boðað er."

Herra forseti. Þessi fsp. er gerð í þessu máli vegna þess að það varðar líf og heilsu fjölda fólks í okkar harðbýla landi, að þess sé ávallt gætt að opinber þjónusta, eins og símaþjónusta, veiti íbúunum það öryggi sem nútímatækni á þessu sviði getur frekast veitt.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fsp. hv. þm. Alexanders Stefánssonar var send póst- og símamálastjórn til umsagnar og hefur borist svofellt svar:

„Stofnunin heldur uppi næturþjónustu á Landssímastöðinni í Reykjavík, Borgarnesi, Patreksfirði, Ísafirði, Sauðárkróki, Siglufirði, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Neskaupstað, Höfn í Hornafirði, Kirkjubæjarklaustri, Vestmannaeyjum og Selfossi eða á 14 stöðvum alls. Nú er á það að líta, að það að tryggja neyðarþjónustu í símamálum og að halda uppi næturþjónustu á landssímastöðvum er ekki í öllum atriðum sambærilegt. Á flestum framangreindra stöðva er t. d. einungis einn maður, venjulega talsímavörður, á vakt. Hin almenna

regla hefur frá upphafi verið sú, að stofnunin auðveldar sveitarfélögum að hagnýta símakerfin til svokallaðra neyðarhringinga utan hins daglega þjónustutíma. Í slíkum tilvikum eru látnar í té aukabjöllur eða næturbjöllur og nauðsynlegur búnaður til næturtengingar á línum notendum að kostnaðarlausu. Viðkomandi oddviti hefur þá samið sérstaklega við hlutaðeigandi símstjóra um að taka að sér að svara neyðarhringingum utan þjónustutíma stöðvarinnar.

Eins og að framan greinir, hefur það ekki verið í verkahring Póst- og símamálastofnunarinnar að halda uppi tryggri neyðarþjónustu og stjórnvöld hafa heldur ekki til þess ætlast. Hins vegar leysir sjálfvirki síminn mörg vandamál í þessu tilliti og þess vegna er hann talinn vera m. a. svo mjög nauðsynlegur.

Að lokum skal á það bent, að sparnaðarráðstafanir stofnunarinnar að undanförnu hafa yfirleitt verið við það miðaðar að símaþjónustutímar, sem ekki eru taldir eiga rétt á sér vegna notkunarleysis, hafa verið lagðir niður. Og enn fremur hafa nokkrar smærri símstöðvar verið lagðar niður og notendur þeirra tengdir til stærri símstöðva með lengri þjónustutíma, eftir því sem símalínur og annar tækjakostur leyfir á hverjum tíma."

Þetta var umsögn póst- og símamálastjórnar um fsp. hv. þm.

Til viðbótar þessum upplýsingum vil ég að þessu gefna tilefni taka það fram, að ég tel að við verðum á næstu árum að gera stórátak í símamálum landsmanna. Ég held að það eigi að vera öllum ljóst, að núverandi ástand í þessum málum er alls ekki í takt við tímann. Í fyrsta lagi er bersýnilega tímabært að stefna að því, að á fáum árum verði smástöðvar víðs vegar um land lagðar niður og sveitasímarnir verði þar af leiðandi almennt tengdir stórum stöðvum þar sem fyrir hendi er langur þjónustutími og víðast hvar næturvakt eða neyðarvakt. Þessi breyting kostar vissulega nokkurt fé í upphafi, en sparar einnig mikla fjármuni þegar frá líður.

Í öðru lagi þarf bersýnilega að hraða lagningu sjálfvirks síma um land allt. Það verkefni er aftur á móti margfalt kostnaðarmeira en það fyrra sem ég nefndi, en að því marki verður hiklaust að stefna á næstu árum. Ég vil upplýsa af þessu tilefni, að í undirbúningi er gerð áætlunar til nokkurra ára um úrbætur í símamálum, — enda tel ég algerlega óhjákvæmilegt að Alþingi, fjárveitingavaldið, veiti sérstakar fjárveitingar á næstu árum til að ljúka þessu verki.

Fyrirspyrjandi kom hér inn á annað málefni, sem ekki var drepið á í fsp. hans, þ. e. a. s. um nauðsyn þess að símagjöld víðs vegar um land yrðu jöfnuð. Ég tek undir þessi orð hans og hef lengi verið mikill áhugamaður þess, að í þessa átt yrði stefnt, en hef fengið að reyna það síðan ég kom til starfa í samgrn., að hér er við ramman reip að draga vegna þess að vísitala framfærslukostnaðar er Reykjavíkurvísitala og ef reynt er að færa til útgjöld með því að lækka símkostnað hjá dreifbýlisfólki og þar með hækka lítillega símkostnað hjá þéttbýlisfólki, þá kemur þetta fram í hækkun framfærsluvísitölu og því reynist mjög erfitt að taka stór stökk á þessu sviði á skömmum tíma. En vissulega má ná þessu marki í áföngum, og ég tel að það spor, sem stigið var um s. l. mánaðamót, hafi verið mjög afgerandi og mikilvægt spor í rétta átt því að þá var ákveðið að langlínusamtöl í 5. gjaldflokki féllu niður. Sá gjaldflokkur var sameinaður 4. gjaldflokki og hefur það í för með sér verulega útgjaldalækkun fyrir símnotendur, sérstaklega í fjarlægustu byggðum, miðað við Faxaflóasvæðið. Er þá átt við Austfirði, Norðausturland, nokkra staði á Norðurlandi og nyrstu staði á Vestfjörðum. Þessir staðir hafa mátt búa við það að mikill hluti langlínusamtala frá þessum stöðum hefur verið í þessum hæsta gjaldflokki, og í því skyni að fella nú niður þennan gjaldflokk er varið á einu ári 400—500 millj. kr. Breytingin kostar sem sagt ekkert smáræði, og ég tel að þetta sé þó þrátt fyrir allt mikilvægt spor í rétta átt.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Í framhaldi af fsp. hv. 5. þm. Vesturl. varðandi neyðarþjónustu Landssímans, þar sem hann vék réttilega að vanda sem við er að etja, vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að um það bil fyrir ári, eða í aprílmánuði 1978, bar ég fram fsp. til hæstv. þáv. samgrh.: Í fyrsta lagi um það, hvenær komið yrði á fót örbylgjusambandi milli Stykkishólms og Ólafsvíkur eða út á Snæfellsnes og í öðru lagi, hvenær Dalir yrðu tengdir símasvæði 93 þar sem þeir eiga réttilega heima. Hæstv. ráðh. svaraði þessari fsp. og gat þess, að stefnt yrði að því að bæta úr þessu tvennu á næstu tveim árum. Og rétt er að geta þess, að á fjárl. 1979 er gert ráð fyrir allmiklum framkvæmdum að því er varðar fjölsíma og radíóleiðir út um Snæfellsnes, en þær framkvæmdir eiga að bæta skilyrðin mjög í þessum efnum. Hins vegar var radíófjölsímalögn frá Búðardal til Stykkishólms felld út úr fjárlagatillögum fyrir árið 1979.

En því vil ég sérstaklega minnast á þetta nú, að það er svo enn eins og var á s. l. ári, að áhafnir báta á Snæfellsnesi kvarta mjög mikið undan því að þegar þær koma nokkuð út í sjó frá verstöðvum á Snæfellsnesi, — hafa sumir nefnt um klukkustundar siglingu frá landi, — þá hverfi þeim svo að segja samband við Snæfellsnes, sem geri þeim mjög erfitt fyrir í ýmsum efnum, bæði að láta vita af sér og tilkynna ef slys ber að höndum eða annað slíkt. Hins vegar tjá þeir mér, að þegar þeir komi nokkuð vestur á bóginn, t. d. vestur í Víkurálinn, þá glymji í eyrum þeirra strandstöðvaþjónustan frá Vestfjörðum sem þjónustar Vestfjarðabátana. Mér er sagt að það séu nú starfandi 7 strandstöðvar á landinu. Ein af þeim er á Patreksfirði, önnur á Ísafirði.

Því vek ég athygli á þessu að við svo búið má ekki sitja öllu lengur. Mér er að vísu tjáð af tækni- og forráðamönnum Landssímans, að við þessar fjölsíma- og radíóleiðir út um Snæfellsnes, sem ég áðan nefndi, batni mjög skilyrði til hvers konar þjónustu af þessu tagi. Það væri fróðlegt að fá um það frekari upplýsingar. Það kveður svo rammt að þessu, að útgerðarmenn í Stykkishólmi hafa talað um að koma á fót einkatalstöðvum til þess að eiga þægilegra með að hafa samband við sína báta. En vonandi stendur þetta allt til bóta og bætt ástand fram undan í þessum efnum.

Stéfán Jónsson: Herra forseti. Síður en svo vil ég fetta fingur út í það þótt þeir þm. Vesturl. einskorði nú tal sitt mjög við ástandið á Snæfellsnesi. Vel er ég fús að fallast á að Snæfellingar sitji fyllilega við sama borð sem aðrir landsmenn hvað varðar neyðarþjónustu Landssímans. En ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi, að mikið mun skorta á að neyðarþjónusta Landssímans sé fullnægjandi með ströndum fram allt í kringum landið og á það ekki síst við um Norðausturland. Í fyrra norðvestanhvellinum, þegar Húsavíkurbátarnir tveir fórust á leið frá Axarfirði til Húsavíkur í vetur, var svo að það náðist

ekki talstöðvarsamband við þá frá Húsavíkurradíói þegar þeir voru undir Tjörnesi austanverðu. Þegar rætt var um þetta mál við yfirstjórn Pósts og síma og vakin athygli á því, að Póstur og sími hefur ekki talstöðvarþjónustu á Kópaskeri og beðið hefur verið um að fá metrabylgjutæki til afnota á Kópaskeri til þess að fylgjast með bátunum, þá hefur verið gefinn kostur á því gegn gjaldi sem nemur 1900 kr. á dag, enda þótt Póstur og sími bjóði ekki þessa þjónustu frá Kópaskeri, þar sem þetta tiltölulega ódýra tæki átti að starfrækja Pósti og síma að kostnaðarlausu.

Nú skeður það í hinum síðara norðvestanhvellinum, þegar bátarnir sluppu undir Bangarstaðavörina og gátu legið þar í skjóli hér um bil sólarhring og ekki skeði stórslys, þá varð að senda snjóbíl frá Húsavík yfir Tjörnes fram á brúnina til þess að hægt væri að hafa talstöðvarsamband við þessa báta. Og enn sem fyrr er því svarað af hálfu yfirstjórnar Pósts og síma, að þetta mál verði að leysa á annan veg sökum kostnaðar. Og þegar boðið var að þeir miðuðu þá leiguna eða afnotagjaldið af metrabylgjustöð við það sem samsvaraði þeim tekjum sem Póstur og sími hefur haft af rækjuveiðibátunum á Öxarfirði að meðaltali undanfarin ár, þá var synjað eigi að síður á þeirri forsendu að þarna væri verið að gefa fordæmi um að menn kæmust fram hjá gjaldskrá.

Það er algerlega óviðunandi, að af stjórnunarlegum eða við skulum segja skriffinnskulegum ástæðum sé ekki séð fyrir sæmilegu neyðartalstöðvarsambandi kringum allt landið. Og enn má bæta einu við þegar talað er um neyðarþjónustu Pósts og síma. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég mun ljúka máli mínu núna á andartaki. Í notkun munu vera á landinu yfir 9000 svokölluð CBS-tæki, þ. e. a. s. örbylgjutæki til notkunar í bílum með mörgum rásum. Landssíminn hefur þrátt fyrir ára baráttu af hálfu samtaka eigenda þessara tækja ekki fengist til þess að koma upp hlustþjónustu við þessi tæki sem dreifð eru um allt land í jafnmörgum bílum og hér greinir frá og eru e. t. v., ef hlustþjónusta fæst við þessi tæki, mesta hjálpartækið, öruggasta neyðarþjónusta sem hægt er að fá. Synjað er af skriffinnskuástæðum að setja upp hlustþjónustu fyrir þessi tæki, enda þótt Landssímanum sé í lófa lagið að innheimta afnotagjöld af þessum tækjum og fá að fullu greiddan kostnað sinn af slíkri þjónustu. Hið sama mundi efalaust og augljóslega gilda um almennilega hlustþjónustu í kringum landið. Ég tel að yfirstjórn Pósts og síma hafi hér alls ekki staðið í stöðu sinni, og ef, herra forseti, það er ekki allt of óþinglega að orði kveðið, að það sé kominn tími til þess að það sé tekið í rassinn á þeim.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég kem nú ekki hingað til þess að draga neitt úr þeim málflutningi sem hér hefur verið haldið uppi í því skyni að fara fram á aukna neyðarþjónustu og þá einkum þeirra sem hafa ekki sjálfvirkan síma. Ég get vel skilið að það muni vera vandamál sem þarf að ráða bót á. En ég vek aðeins athygli á því í þessu örstutta máli, að víðar getur verið erfitt ástand en þar sem ekki er sjálfvirkur sími. Ég minni í því sambandi á smáfyrirspurn sem ég hef beint til hæstv. póst- og símamálaráðh. eða samgrh. og er á þskj. 450 og fjallar um símamál Mosfellinga. Ég mun ræða hana þegar þar að kemur, en ég bendi á þetta til þess að sýna að það geta víðar orðið slæmar uppákomur heldur en þar sem stuðst er við neyðarþjónustu símans eina saman, þó að ég muni ekki gera lítið úr því eins og ég áðan sagði.

Hæstv. ráðh. talaði um það í sínu máli, að það væri nauðsynlegt að gera stórátak á næstunni í símamálum landsmanna. Ég get vel fallist á að hér muni vera rétt frá greint. Hann talaði líka um að það væri erfitt að hækka gjaldskrá Pósts og síma vegna þess að í gildi væri í landinu svonefnd Reykjavíkurvísitala, eins og hann komst að orði, og þess vegna megi ekki hækka gjöldin á okkur, sem búum á þessu svæði, vegna þess hvaða áhrif það hefur á launagreiðslur almennt. En ég vil þá bara biðja guð að hjálpa okkur Reykvíkingum þegar farið verður að reikna vísitöluna eftir því hvað það kostar að vera einhvers staðar annars staðar, því að á undanförnum örskömmum tíma hefur gjaldskrá Pósts og síma hækkað um 400% á sama tíma og t. a. m. rafmagnsverð frá Landsvirkjun hefur hækkað um 200% — og þykir mörgum nóg um — og hjá Hitaveitu Suðurnesja líka. Það verður þá aldeilis tekið eftir því þegar farið verður að taka stóru stökkin, þegar þetta hefur gengið svona með smáskrefunum eins og ég var að lýsa hér áðan. Auk þess veit ég ekki og hirði svo sem ekki um að fá upplýsingar um það hér og nú, hvort inni í þessari 400% hækkun er fækkun á skrefum sem átt hefur sér stað. Ég veit það ekki. Mér er nær að halda að sú breyting og þar af leiðandi kostnaðarauki, sem af því leiðir, sé ekki innifalið í þessari hækkun.

Ég skal hætta þessu, herra forseti, og bíða með það mál sem mér er efst í huga á þessu augnabliki þar til að því kemur samkv. dagskránni.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er ekki mitt hlutverk nú að þurfa að verja Landssímann þó mér finnist að honum séu oft að óverðskulduðu sendar kaldar kveðjur, og er það alls ekki í samræmi við þá reynslu sem ég hef af forsvarsmönnum þeirrar stofnunar. En í sambandi við þessar umr., sem hér hafa farið fram og eru orðnar almennar, vil ég geta þess, að þessi stofnun, sem margir senda kaldar kveðjur, eins og ég sagði, hefur á 2—3 síðustu árum dregið úr sínum rekstrarkostnaði þannig að fólki hefur fækkað eða ársdagsverkum þar á annað hundrað. Ég efast um að önnur stofnun í þessu landi hafi tekið betur á í þeim efnum að skipuleggja starfsemi sína. Hitt er ljóst, að í slíkri stofnun sem Póstur og sími er, sem er ein stærsta stofnun landsins, tekur það sinn tíma að gera skipulagsbreytingar.

Ég vil líka segja það, að sú breyting hefur verið s. l. meira en 4 ár, þegar gjaldskrárbreytingar hafa orðið, að þá hefur verð símanotkunar verið jafnað á milli þéttbýlisins og annarra svæða til þess að draga úr kostnaðinum í dreifbýlinu sem er óhagstæður þeim sem úti á dreifbýlinu búa. Og ég vil geta þess út af því sem hv. 9. þm. Reykv. sagði, að einmitt þetta með skrefin var tekið inn í vísitöluna. Þess vegna var það svo, að það var talið af yfirstjórn Póst- og símamálastofnunarinnar þegar ég var þar að verki, að lengra væri ekki hægt að ganga í þá átt, heldur var þá ákveðið að verja 2% af hækkuninni til þess að jafna gjaldið, og ég held að sama hafi verið gert þegar breyting var gerð á þessu ári. Hins vegar get ég sagt það, að ég var ekki sáttur og er ekki enn sáttur við það að vera að hækka gjöld Pósts og síma í smástökkum eins og gert hefur verið. Mín besta reynsla var sú, þegar ákveðinn var fyrir árið 1977, áður en árið byrjaði, taxti sem gilti allt árið, og það varð notendunum langhappadrýgst. Það er alveg ljóst, að ekki verður breytt þessum málum svo

betur megi fara nema með því að hækka tekjurnar hjá þessari stofnun, því að það verða menn að muna, að um 60—70% af útgjöldum Pósts og síma eru vinnulaun og þau hafa hækkað allmikið á síðustu árum, eins og kunnugt er. Annaðhvort verður því að ske, að gjaldskráin verður að hækka eða ríkissjóður verður að veita fé til framkvæmda, ef á að ná þarna nokkrum árangri.

Um leið og ég lýk þessu og með því að syndga upp á náðina vil ég taka það fram, að það er þegar í athugun með Búðardal að færa hann inn á svæði 93, eins og gert var ráð fyrir og ég taldi að raunar hefði verið búið að lofa að gert yrði á þessu ári. Ég vona að það verði. Að öðru leyti skal ég ekki verja þá stofnun sem mér þótti ósköp gott að starfa með. Ég veit að núv. samgrh. mun gera það.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Fyrirspyrjandi talaði mikið um mun á símagjöldum í þéttbýlinu annars vegar og dreifbýlinu hins vegar. Þetta er vissulega rétt, sá munur er allt of mikill. Hann er til kominn fyrir áratugum, þegar það kostaði tvær stúlkur að afgreiða eitt símtal og svo tvo víra á milli staða. Þessi munur hefur sem sagt haldist nokkurn veginn óbreyttur. Nú er það svo, að innanbæjarsímtöl á Íslandi og afnotagjöld eru mun lægri en víðast hvar annars staðar í heiminum, líklega lægri en alls staðar annars staðar að Svíþjóð einni undantekinni. En langlínusamtölin hér eru jafndýr eða dýrari en annars staðar þekkist, og kemur þetta heim og saman við það sem ég var að segja.

Hæstv. samgrh. minntist á vísitöluna. Það er alveg rétt. Vísitalan gerir það að verkum, að það er ekkert hægt að laga hjá símanum í þessum málum eins og er. Það er helmingi ódýrara að tala eftir 7 á kvöldin og helmingi ódýrara eftir 3 á laugardögum og yfir helgar. Ekkert af þessu er metið í vísitölunni. Þar er aðeins skrefið í Reykjavík og aðeins að degi til, þó að helmingurinn af öllum einkasímtölum fari fram á kvöldin og um helgar. Það er því vísitalan sem þarna er hinn versti skaðvaldur.

Neyðarþjónustu hefur verið minnst á hér og sparnað. Það er rétt, að það er víða verið að leggja niður næturvaktir í sparnaðarskyni, en því er nú oftast nær mætt með því að tengja saman línur til þeirra stöðva sem hafa næturvakt. Allt kostar þetta peninga. Enn fremur væri hægt í mörgum tilfellum að fá sjálfvirkan útbúnað ýmiss konar, en hann kostar líka peninga.

Hv. þm. Stefán Jónsson talaði um vandræðaástand í sambandi við metrabylgjusamband á ákveðnum stöðum á landinu. Þetta er rétt, það er vandræðaástand á ýmsum svæðum. Með fjarstýrðum sendi- og viðtækjum væri hægt að lagfæra þetta. En þar er sama sagan. Það kostar líka mikið fé, og það er spurningin hvað við teljum okkur hafa efni á að nota mikið fé í þennan öryggisþátt. — Hann ræddi líka um CBS-stöðvarnar, að hafa hlustvakt hjá Pósti og síma fyrir þær. Ég tel það mjög skynsamlega lausn. Þessar stöðvar eru orðnar fjöldamargar í öllum landshlutum. Að vísu er ekki gert ráð fyrir því að forminu til og kannske einhvers staðar bannað að Póstur og sími eða slíkur aðili komi inn á þessar bylgjur, því þetta á að vera privat fyrir privatfólk til privatþjónustu. Eigi að síður held ég að það ætti mjög að koma til álita, að síminn tæki upp vakt á neyðarbylgju þeirra eða kallbylgju þeirra — stanslausa hlust — þar sem þeir eru með hlustvakt á annað borð, þ. e. a. s. á loftskeytastöðvunum, í Gufunesi og þar sem næturvakt er hjá símanum á annað borð.

Hv. 9. þm. Reykv. talaði um að skrefum færi fækkandi hér í Reykjavík. Það er rétt, þeim hefur fækkað nokkuð, en svæðið hefur að sama skapi stækkað, Hafnarfjörður er með, Breiðholtið með o. s. frv., en símtöl á svipuðum fjarlægðum mundu kosta stórfé úti á landi víðast hvar. En það er líka það eina sem hefur verið gert. Það er til þess að koma lítillega til móts við þann feikilega mismun sem um er að ræða. Það kostar tugum eða hundrað sinnum meira að tala héðan til Akureyrar heldur en innanbæjarsamtal í Reykjavík, en ég efast um að það kosti nema þrisvar eða fjórum sinnum meira í tækjabúnaði. (Gripið fram í.) Já, og það var aftur gert núna, en vísitalan metur það ekki, hún mælir bara í Reykjavík.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð vegna orða hv. 9. þm. Reykv., Einars Ágústssonar. Hann minntist á Reykjavíkurvísitölu sem við búum við, og það er einmitt kjarni málsins, að þegar reiknuð eru áhrif breytinga á gjaldskrá Pósts og síma á vísitölu, þá er einungis miðað við þá hækkun sem orðið hefur í Reykjavík, en ekki tekið tillit til þess þó að hlutfallsleg lækkun hafi orðið á öðrum stöðum á landinu á sama tíma. Hæstv. heilbrmrh. hefur nú tekið af mér ómakið að benda á það, að á sama tíma og verið er að jafna símagjöld með þessum hætti og það er reiknað inn í vísitölu, þá er ákvörðun um næturtaxta og þar með um lækkun á gjaldskrá Pósts og síma ekki talin með. Þetta er auðvitað óviðunandi með öllu vegna þess, eins og hér hefur komið fram, að ekki er unnt að koma á sanngjörnum töxtum hjá Pósti og síma meðan núverandi kerfi er fyrir hendi, því að það verður þá svo mögnuð andstaða gegn því að breytingin eigi sér stað að ekki er hægt að ná henni fram.

Ég hafði gert mér vissar vonir um að vísitölunefndin margfræga, sem var að störfum á síðari hluta seinasta árs og fyrri hluta þessa árs, tæki þetta vandamál til nánari yfirvegunar og miðaði við landið allt í sambandi við útgjöld Pósts og síma í sambandi við framfærsluvísitölu og gerði till. um slíka breytingu. Ég ritaði n. bréf og óskaði eftir að þetta mál yrði tekið til sérstakrar athugunar til þess að auðvelda það að unnt væri að framkvæma jöfnun símagjalda. En því miður hef ég ekki orðið var við að þessi n. hafi neitt sinnt þessu erindi.

Hv. þm. Einar Ágústsson hélt því fram, að símagjöld hefðu hækkað óeðlilega mikið á undanförnum árum, og nefndi málinu sínu til stuðnings að orðið hefði 400% hækkun á símagjöldum á sama tíma og miklu minni hækkun hefði orðið hjá annarri opinberri stofnun. Út af fyrir sig má þetta rétt vera, að þannig komi út samanburður á þessum tveimur stofnunum. En það hlýtur þá að eiga sér einhverjar aðrar skýringar en þær, að mikil hækkun hafi orðið hjá Pósti og síma, því að ég hef einmitt nú nýverið athugað hver hafi verið þróunin í símagjöldum á undanförnum árum, seinustu 8 árum, og ég sá það glögglega og ég held að það hafi komið mjög skýrt fram af þeim upplýsingum sem ég hafði í höndum, að símagjöld hafa dregist aftur úr í verðlagsþróuninni á undanförnum árum og þau hafa alls ekki hækkað í eðlilegu hlutfalli við hvort heldur sem er byggingarvísitölu eða framfærsluvísitölu. Því miður hef ég ekki þessi gögn við höndina nú, en ég mun örugglega vera með þessi gögn þegar ég svara fsp. frá hv. þm. um símamál innan tíðar og get þá gefið nánari upplýsingar um málið. Staðreynd er að símagjöld hafa ekki hækkað í neinu eðlilegu hlutfalli

við verðbólguþróunina í þjóðfélaginu, og afleiðingin hefur líka orðið sú, að undanfarin tvö ár hefur Póstur og sími verið rekinn með talsverðu tapi og er enn rekinn með tapi, vegna þess að ekki hafa fengist þær hækkanir sem bersýnilega eru óhjákvæmilegar.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil fyrst í einu og öllu taka undir það sem kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda áðan.

Það var minnt á það áðan að hjá Pósti og síma hefði orðið umtalsverður sparnaður. Sá sparnaður hefur farið nokkuð hratt hjá okkur úti á landsbyggðinni í mannafækkun þar, en ég efast um að hjá þeirri sömu stofnun hafi orðið vart við þann sama sparnað hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég stórefa það. Mér hefur þótt sá sparnaður fara allhratt hjá okkur úti á landi með fækkun starfsfólks þar og auknum lokunartíma, sem ekki hefur verið mætt af þessari annars mætu stofnun með þeim hætti sem vera hefði átt. Ég bendi t. d. á helgarlokunina núna á flestum stöðvum úti á landi og bendi á þau óþægindi sem t. d. loðnusjómennirnir hafa orðið fyrir af þessum sökum, vegna þess að þeir hafa ekki á fjölmörgum þéttbýlisstöðum átt kost á því að komast í síma og Landssíminn ekki komið upp þeim útbúnaði sem hann lofaði þó að yrði komið upp í kjölfar þess að stöðvarnar yrðu lokaðar bæði laugardaga og sunnudaga.

Um jöfnunarmálin mætti margt segja. Ég vil aðeins segja það, að yfirleitt þykir okkur úti á landi sem þar fari allt of hægt í jöfnunarátt. Það verður seint nægilega ítrekað. Ég vil hins vegar segja það, að átakið, sem nú var gert, ber að þakka, sérstaklega fyrir hönd okkar sem byggjum þann landshluta sem lengst er frá þessu þéttbýlissvæði og hefur orðið jafnframt að bera langhæstu símagjöldin að meðaltali. Ber að þakka það átak vegna þess að það kemur okkur sérstaklega til góða.

En ég get ekki stillt mig um það, af því að hér hafa kjördæmismál komið inn í, að minna á einn þéttbýlisstað sem hefur orðið út undan á Austurlandi með það að fá sjálfvirkan síma. Það er sá litli staður Bakkafjörður sem býr að öðru leyti við ófullkomna þjónustu á flestum sviðum, en skilar drjúgum arði í þjóðarbúið. Það er mín ósk til hæstv. ráðh., að séð verði til þess að þessi ágæti staður með sín fengsælu mið og duglegu aflamenn verði ekki lengi út undan einn allra staða á Austurlandi í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka svör hæstv. ráðh. og þær ágætu umr. sem hér hafa nú þegar farið fram um þetta áhugaverða mál.

Það kemur mér á óvart að það sé ekki í verkahring Pósts og síma að veita neyðarþjónustu í símaþjónustu úti um landið. Það kemur einnig fram í svari stofnunarinnar staðfesting á því, að samdráttur í þjónustu hennar hefur bitnað fyrst og fremst á þeim sem síst skyldi, þeim sem búa í strjálbýlinu. Ég vænti þess, að hv. þm. geti sett sig í spor þess fólks sem getur ekki notað símtækið hvað mikið sem liggur við.

Ég vil taka undir með hæstv. ráðh. í sambandi við nauðsyn á framkvæmdum í símamálum og sérstaklega að vinna að því að hraða því að sjálfvirkur sími komist sem víðast og raunar til allra símnotenda landsins. Það þarf ekki að undrast í raun og veru að sá óraunhæfi vísitölugrundvöllur, sem hefur verið rætt um oftar en einu sinni, skuli einnig hamla gegn svo sjálfsögðu máli sem jöfnun símagjalda, og það rennir stoðum undir þá nauðsyn að taka vísitölugrundvöllinn til rækilegrar endurskoðunar, eins og sem betur fer er nú þegar hafinn undirbúningur að.

Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna því sérstaklega í sambandi við fjárlagagerðina 1979, sem var ákaflega mikilvægt fyrir okkur á Snæfellsnesi, sem búum við mjög lélegar aðstæður að þessu leyti, að forustumenn Pósts og síma skyldu leggja á það aðaláherslu að þær framkvæmdir, sem yrðu í símamálum 1979, yrðu einmitt á okkar svæði, þ. e. í sambandi við jarðsímalögn og radíóleiðir. Það var vel að þessu staðið og staðfest hér á hv. Alþ. með samþykkt fjárl., þannig að við eigum von á verulegum úrbótum á þessu sviði nú á þessu ári. Því vil ég sérstaklega fagna.

Ég vil einnig taka undir það með hv. 2. þm. Vesturl., að vöntun á strandstöð á Snæfellsnesi, þar sem mikil útgerð er, er mjög mikið vandamál. Við höfum reynt á undanförnum árum að fá þetta lagfært með stuðningi Slysavarnafélags Íslands, en því miður hefur það ekki tekist. T. d. í mínu byggðarlagi er það Ólafsvíkurhöfn sem rekur sérstaka radíóstöð fyrir bátaflota okkar sem er kostuð af höfninni og útgerðaraðilum á staðnum, þannig höfum við reynt að leysa þetta mál. En heildarlausn er nauðsynleg, og ég vænti þess, að með nýrri tækni, sem kemur til á þessu svæði, verði úr þessu bætt, eins og raunar er þörf á víðs vegar um landið eins og hér hefur komið fram.

Ég endurtek þakkir til ráðh. fyrir svör hans og fyrir þann áhuga sem hv. þm. hafa á þessu máli.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan þakka hæstv. samgrh. fyrir það, að hann lofar í fyrsta lagi að svara innan tíðar þeirri fsp. sem ég hef borið fram og í öðru lagi að hafa með sér nauðsynleg gögn, svo að við getum stuðst við rök, en ekki fullyrðingar. Ég skal þá lofa því jafnframt að hafa mín gögn með mér, þannig að við getum þá borið saman hvort er réttara.

Hitt getur vel verið og ég út af fyrir sig vil fallast á það, að sá mismunur, sem ég gerði að umræðuefni á gjaldskrá Pósts og síma annars vegar og gjaldskrá t. d. Landsvirkjunar hins vegar, getur auðveldlega stafað af því að hækkun hafi verið svona lítil hjá Landsvirkjun. Og ég er ekki frá því að það sé nokkuð til í því, að ríkisstjórnir hafi verið fulltregar til þess að veita því fyrirtæki nauðsynlega hækkun á heildsöluverði rafmagns með tilliti til þeirra framkvæmda, sem það fyrirtæki stendur í, og þess mikla reksturs, sem þar á sér stað, og þess, hvernig nú hagar til í þeim rekstri, þar sem í fyrsta skipti í sögu fyrirtækisins er um verulegan rekstrarhalla að ræða á s. l. ári og útlit fyrir miklu verri útkomu á þessu ári en nokkru sinni fyrr. Þetta vil ég mjög gjarnan taka þátt í að athuga allt saman og að sjálfsögðu hafa það sem sannara reynist. Ef upplýsingar mínar eru rangar mun ég að sjálfsögðu leitast við að leiðrétta þær, en þangað til það er upplýst mun ég halda mig við þetta.

Sameinað þing, 71. fundur.

Þriðjudaginn 20. mars., að loknum 70. fundi.

Heilbrigðis- og félagsleg þjónusta fyrir aldraða, þáltill. (þskj. 443. — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisfyrirtækjum og stofnunum, þáltill. (þskj. 448). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framkvæmdir í orkumálum 1979, þáltill. (þskj. 454). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðstoð við aldraða og öryrkja við lagfæringu á gömlum íbúðum, þáltill. (þskj. 463). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samvinnufélagalög, þáltill. (þskj. 465). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes, þáltill. (þskj. 86, 464). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Endurskipulagning á olíuverslun, þáltill. (þskj. 104). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Umbætur í málefnum barna, þáltill. (þskj. 126). — Fyrri umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Hér er á ferðinni till. til þál. um umbætur í málefnum barna. Þessi till. er flutt í tilefni af barnaári sem mjög hefur verið um rætt. Ég tel ekki ástæðu til að flytja langa framsögu fyrir þessu máli, það skýrir sig að verulegu leyti sjálft, og vil ég því, með leyfi forseta, fá að lesa aðfaraorð og grg., þannig að skýrt komi fram hvað hér er á ferðinni. Í till. segir:

„Alþingi ályktar að fara þess á leit við ríkisstj., að hún skipi samstarfsnefnd stjórnmálaflokka og félagasamtaka, er fjalli sérstaklega um málefni barna í tilefni af ári barnsins 1979. Samstarfsnefnd þessi geri till. um nýja lagasetningu og umbætur í málefnum barna og liggi þær fyrir 101. löggjafarþingi haustið 1979. Í grg. með till. til þál. þessarar er bent á allmarga málaflokka, sem nefndin gæti hugað að."

Ár barnsins er á þessu ári, 1979. Til þess er ætlast, að á því ári verði börnum og málefnum þeirra sérstakur gaumur gefinn, enda ekki vanþörf á. Á þessu ári hafa átt sér stað talsverðar umr. um barnið og samfélag þess. Þetta er ekki síður mikilvægt á Íslandi en í öðrum löndum. Það er ekki fátækt né hungur er steðjar að íslenskum börnum. Það er miklu frekar umhyggjuleysi, sem stafar af hinni gífurlegu vinnu, er foreldrar og umráðamenn barna leggja af mörkum. Fyrir þetta líða börn stórlega, og má segja, að nokkurt málmhljóð hafi mátt heyra í umr. um lausn á uppeldismálum barna undanfarin ár.

Nútímaþjóðfélagið virðist í „framfara" vilja sínum hafa gleymt hinum mannlega þætti í uppbyggingu þjóðfélagsins. Það hefur verið andsnúið börnum að vissu leyti. Má t. d. benda á þá öfugþróun, að í flestum tilvikum eiga fjölskyldur og foreldrar barna í mestum fjárhagsörðugleikum þegar börnin eru yngst og þurfa á mestri umhyggju að halda. Þetta á við um þá, er stofna heimili, standa í íbúðarbyggingum eða íbúðarkaupum. Á því tímabili er mest vinna lögð af mörkum og minnstur tími gefst til að sinna barnauppeldi. Þjóðfélagið hefur ekki reynt að létta byrði þessa samfélagshóps, og er vert að gefa þessum þætti gaum á ári barnsins.

Þeir málaflokkar, sem flm. þessarar till. leggja mesta áherslu á, eru í samræmi við niðurstöður Sambands Alþýðuflokkskvenna, sem hefur fjallað mikið og ítarlega um málefni barna. Samband Alþýðuflokkskvenna hefur gefið út sérstaka stefnuskrá um barnið í þjóðfélagi jafnaðarstefnunnar og er einu stjórnmálasamtökin sem það hafa gert. Verður nú getið þeirra mála, sem flm. óska að samstarfsnefndin hugi að. Auðvitað kemur margt annað til greina, en nauðsynlegt er að afmarka starfssvið nefndarinnar eftir mætti.

1. Sett verði löggjöf um allt að 10 daga leyfi á ári á fullum launum fyrir hvort foreldri, sem er frá störfum vegna veikinda barna.

2. Sett verði lög, þar sem framleiðsla, innflutningur og sala á „stríðsleikföngum" verði bönnuð, einnig að hert verði allt eftirlit með kvikmyndum, útvarps- og sjónvarpsdagskrám, sem ætlaðar eru börnum.

3. Komið verði á fót embætti barnaumboðsmanns með eftirfarandi starfssvið m. a.: Fræðslu fyrir almenning um réttarstöðu barna, — eflingu áhugamála og réttindamála barna, — úrskurðarvald í ágreiningsmálum um börn, — eflingu réttaröryggis barna á heimilum og uppeldisstofnunum, — til að koma á framfæri og fylgja eftir hags- muna- og áhugamálum barna við skipulagningu á sviði umhverfismála og íbúðahverfa, — eflingu samvinnu, jafnréttis og gagnkvæmrar virðingar milli barna og annarra aldursflokka, án tillits til kynferðis og annarra sér-

ástæðna, — sem verði opinber áfrýjunaraðili, þegar grunur leikur á, að barn hefði verið órétti beitt.

4. Tryggt verði, að allar konur njóti fæðingarorlofs, og sett verði löggjöf þar um.

5. Stefnt verði að launalausu leyfi vegna fæðingar barna í allt að eitt ár fyrir hvort foreldri sem er, án réttindaskerðingar, einnig að gefa foreldrum ungra barna kost á styttri eða breytilegum vinnutíma.

6. Að endurskoðuð verði tollaálagning á ungbarnafæðu, barnavögnum og á öðrum nauðsynjavörum fyrir börn.

7. Sett verði löggjöf um foreldrafræðslu og fjölskylduráðgjöf, er felur í sér fræðslu fyrir foreldra í formi kynlífsfræðslu, hjónabandsráðlegginga, heimilisfræðslu, barnasálfræði og fræðslu um barnaumönnun og barnauppeldi.

8. Að komið verði á fót fjölskylduráðgjöf um allt land í umsjá hins opinbera.

9. Að börnum, sem eru foreldralaus eða vanrækt, verði samfélagið að sjá fyrir nægum fjölda aðlaðandi lítilla heimila með traustu starfsfólki af báðum kynjum.

10. Að stofnsett verði fósturheimili undir eftirliti sérhæfðs starfsliðs fullorðinna, sem sé nægilega vel launað fyrir vandasamt starf.

11. Ríkið taki að nýju þátt í rekstri dagvistarstofnana.

12. Þroskaheft börn fái aukna heilsugæslu á vegum heilsugæslustöðva. Staða þeirra í skóla- og dagvistarmálum verði endurskoðuð í samræmi við félagasamtökin Þroskahjálp.

13. Að um allt land verði starfandi kunnáttufólk og sérfræðingar, sem geti aðstoðað þau börn, sem eiga við einstök vandkvæði að etja.

14. Að tekin verði upp í efri bekkjum grunnskóla almenn fræðsla um réttindi og skyldur hvers einstaklings í íslensku þjóðfélagi.

15. Að gerð verði úttekt á almennri réttarstöðu barna í þjóðfélaginu með það fyrir augum að fá nákvæmt yfirlit yfir hana. Síðar verði komið á samræmdari og sjálfri sér samkvæmari löggjöf um börn.

16. Að endurskoðuð verði núgildandi lög um vernd barna og ungmenna (nr. 53 1966).

Það er einlæg von flm., að mál þetta fái skjótan framgang og innan þessarar samstarfsnefndar megi samræma þær hugmyndir, sem fram kunna að koma um réttindamál barna. Það hefur verið orðað svo, að fátt sé nútímabörnum nauðsynlegra en að fá foreldra sína aftur. Þessi setning segir meira en langar greinargerðir. Framfarir eru til lítils ef þær verða á kostnað þeirrar undirstöðu, sem hvert þjóðfélag byggir á, þ. e. nýjum kynslóðum.“

Herra forseti. Hér hefur verið rakin grg. sem fylgir till. til þál. um umbætur í málefnum barna. Það er sagt og hefur verið sagt að undanförnu, að svo mjög hafi málefnum barna verið gefinn gaumur í tilefni af barnaári að þar fari út úr að flóa. Þessi till. gerir einkum og sér í lagi ráð fyrir því, að málefnum barna verði sinnt á þann hátt að ekki sé hver að ota sínum tota, ef ég mætti orða það þannig, þ. e. a. s. hver sé í sínu horni að vinna að þessum málefnum, heldur verði reynt að sameina það starf og þá vinnu sem nú fer fram í þjóðfélaginu, í sambandi við málefni barna. Þetta er geysiviðamikið mál og mjög mikilvægt að fjallað verði um það af þekkingu og skilningi. Við flm. þessarar þáltill. um umbætur í málefnum barna teldum það mjög til sóma þessari stofnun, ef hægt væri að koma á fót slíkri nefnd eða samstarfshópi, eins og menn eru nú gjarnan farnir að kalla nefndir, er gæti á skipulegan hátt fjallað um þessi mál, sem nú virðast að mörgu leyti nokkuð laus í böndunum þar sem svo margir aðilar eru að fjalla um þau víða í stofnunum og félögum hér á landi.

Ég tel mig ekki þurfa að fara fleiri orðum um þessa till., herra forseti, en legg hana fram og vænti þess, eins og segir í grg. með henni, að hún geti fengið skjótan framgang, þannig að hún geti þó a. m. k. orðið framlag til þess sem af okkur er ætlast á ári barnsins 1979.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir og allir þm. Alþfl. standa að, felst að tekið verði á og gert átak á mörgum mikilvægum sviðum er varða hag og aðbúnað barna. Sú samstarfsnefnd, sem fengi þetta verkefni og í ættu sæti aðilar löggjafarvaldsins og ýmissa félagssamtaka, sem láta sig varða hag og aðbúnað barna, gæti, ef vel væri að staðið, markað mjög tímabæra stefnu sem varðar ýmis réttlætis- og mannréttindamál barna.

Þau atriði, sem drepið er á í grg., spanna yfir mörg mikilvæg svið og gætu stuðlað að aukinni velferð og umönnun barna. Í örri þróun þjóðfélagsins, sem fylgt hefur aukið lífsgæðakapphlaup, hafa börnin oft gleymst, gleymst að taka tillit til þarfa þeirra, aukin lífsgæði og velmegun oft fengist á kostnað þess öryggis sem þeim er nauðsynlegt í uppvexti og því skapað öryggisleysi margra barna. Slík þróun er mjög hættuleg og getur orðið einstaklingnum og þjóðfélaginu dýrari þegar fram í sækir en þó að einhverju þurfi að kosta til hvað varðar ýmsa þætti sem stuðlað gætu að aukinni velferð og öryggi þeirra í æsku.

Auðvitað er þarna um að kenna mörgun samverkandi þáttum. Sennilega vegur þar þyngst hið mikla vinnuálag sem er á mörgum fjölskyldum og þá kannske einkum foreldrum ungra barna sem eiga oft og tíðum í miklum fjárhagserfiðleikum fyrstu árin, meðan verið er að koma þaki yfir höfuðið, og einmitt á þeim tíma þegar börnin þurfa hvað mest á foreldrum sínum að halda. Samfara örri verðbólgu verður því með ári hverju erfiðara að framfleyta hverri fjölskyldu á dagvinnutekjum þess foreldris, sem úti vinnur, og vinnuálagið eykst stöðugt og rekur oft og tíðum báða foreldrana út á vinnumarkaðinn, burt frá uppeldi barnanna, burt frá því að geta sinnt þroska þeirra eins og börnin eiga kröfu til. Kannske ekki aðeins yfir daginn, heldur iðulega líka kvöldin og helgarnar sjá börnin ekki annað eða bæði foreldranna sökum vinnuálags. Og verst bitnar þetta á börnum láglaunafólks, fólksins sem mest þarf á sig að leggja til að framfleyta fjölskyldunni. En þjóðfélagið hefur ekki fylgt eftir þróuninni með því að skapa öllum þeim börnum, sem þurfa á því að halda, viðunandi aðstöðu og öryggi, þegar verðbólgan og þjóðfélagsþróunin ýtir foreldrunum meira og meira út á vinnumarkaðinn.

Það er óþarfi að hafa um þessa þáltill. langt mál, svo mjög liggur í augum uppi hve brýn nauðsyn er á umbótum á mörgum sviðum til þess að tryggja hag og aðbúnað barna sem stuðlar að auknu öryggi og nauðsynlegri umhyggju sem þau þurfa á að halda. Ýmis þau ákvæði, sem nauðsynlegt væri að nefnd sú tæki til athugunar, sem þáltill. gerir ráð fyrir, og nefnd eru í grg. till., þurfa ekki að hafa mikinn kostnað í för með sér, þó að ég geri mér fyllilega grein fyrir að ýmsar till. kosti nokkurt fjármagn.

En í forgangsröð þeirra verkefna, sem framkvæmd kunna að verða til að vernda hag barna, verða að vera framkvæmdir sem geta stuðlað að því að draga úr því öryggisleysi sem mörg börn hafa þurft að búa við samfara örri þjóðfélagsþróun sem fylgt hefur lífsgæðakapphlaup, oft á kostnað þeirra sem síst skyldi, barnanna. Í grg. er einmitt bent á mörg atriði sem hafa geysilega þýðingu varðandi það atriði og hag barna og aðbúnað almennt og mætti, ef vilji og áhugi væri fyrir hendi, hrinda í framkvæmd án mikils tilkostnaðar. Því vona ég að þessi þáltill. fái greiða afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þessa till. þó að hún gefi vissulega tilefni til margháttaðra umr., svo margir liðir eru taldir upp hér sem sú nefnd eða samstarfshópur eigi um að fjalla sem gert er ráð fyrir að komið verði á fót.

Það er vissulega þakkarvert þegar stjórnmálasamtök taka þannig á málum að þau einskorða sig við afmarkað verkefni og reyna að vinna þar eins vel og mér sýnist þarna hafa verið gert. Ég verð því að þakka það framtak sem Samband Alþýðuflokkskvenna hefur þarna gefið þingflokki sínum sem veganesti, sem hlýtur að teljast mjög til fyrirmyndar.

Ég veit að hjá því rn., sem fer með málefni varðandi barnaárið, er verið að vinna að ýmsu því sem komið gæti helst til greina að setja á oddinn á ári barnsins. Það er þegar að verki samstarfshópur um það, hvað þar skuli helst gera, sem ég hygg að nokkuð margir eigi aðild að. Það hefur þegar verið haldin ein ráðstefna, mjög fjölmenn, kannske of fjölmenn, varðandi það hvað gera ætti, en síðan aftur þrengri hópur myndaður til að vinna sérstaklega að þeim málaflokkum sem menn vildu leggja áherslu á. Till. þessi, ef samþ. yrði með þeim atriðum sem hún telur upp, ætti því að ganga til þess hóps á vegum menntmrn. sem er hér sérstaklega að að vinna.

Ég dreg auðvitað enga dul á það, að þó að þarna sé um markverð atriði að ræða út af fyrir sig hvert og eitt eru þarna nokkur atriði sem hafa í mínum huga forgang og ætti sérstaklega að taka upp. E. t. v. ætti að draga það út úr sem mestu skiptir í þessu máli, grisja örlítið, vegna þess að ég hygg að sumir liðirnir, ef grannt er skoðað, séu miklu þýðingarmeiri en aðrir, eins og eðlilegt er þegar um svona mikla og langa upptalningu er að ræða. Þar er ég ekki að gera lítið úr þeim liðum, sem minna skipta og eru eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, kannske þess eðlis að þeir kosta tiltölulega lítið nema viljann til að framkvæma þá.

Ég bendi alveg sérstaklega á þau viðamiklu verkefni sem reiknað er með í 3. lið í grg. að svokallaður barnaumboðsmaður fengi. Þar er um geysilega víðtækt starfssvið að ræða og e. t. v. væri í því tilfelli sjálfsagt að setja um það ákveðna löggjöf. Ég geri mér hins vegar ekki alveg ljóst hvernig á að framkvæma þetta, því að mér sýnist að það sé geysilega viðamikið verkefni sem þessi umboðsmaður fengi sérstaklega til meðferðar. Þar er upptalning á nokkrum atriðum, m. a. einhverjum viðkvæmustu og vandasömustu atriðum sem snerta t. d. foreldravaldið og áhugamál og réttindi barna í heild.

Í 5. liðnum er svo líka komið að máli sem ég tel mjög stórt, — hefur reyndar verið flutt á Alþ. sérstaklega. Ég geri mér von um varðandi fæðingarorlofið í heild, að það hljóti að koma inn í þá endurskoðun almannatryggingalaganna sem nú stendur yfir, þó að búast megi við að það yrði í öðru formi og ekki eins stórtæku og þarna er ráð fyrir gert.

Ég tek líka alveg sérstaklega undir 11. liðinn, um að ríkið taki að nýju þátt í rekstri dagvistarstofnana. Það mál er einnig komið hér inn sem beint þingmál.

Ekki síður legg ég áherslu á 12. og 13. lið, sem eru nátengdir. Þar er um einstaklinga að ræða sem við öll vitum að hafa verið um of vanræktir á undanförnum áratugum. En vaxandi skilningur á málefnum þeirra hefur valdið því að nú er farið að setja mál þessi á oddinn meira en gert hefur verið. Ég hafði gert mér svo sannarlega von um að sá samstarfshópur, sem vann að málefnum þroskaheftra á vegum þriggja rn. ásamt með fulltrúa frá samtökunum Þroskahjálp, birti okkur álit sitt í frv.-formi áður en þessu þingi lyki. Á því væri vissulega full þörf. Ég veit hins vegar ekki um stöðu þess máls í dag, en trúi vart öðru en þegar svo víðtæk samstaða hefur náðst um almenna heildarlöggjöf varðandi hið þroskahefta fólk hljóti það mál að sjá dagsins ljós fyrr en síðar. Þar er auðvitað komið inn á þau atriði sem 12. liðurinn og reyndar 13. liðurinn að hluta tekur til. Það, sem e. t. v. skiptir mestu, er að í áliti þessu eða frv.-drögum er komið inn á þau nútímavinnubrögð, sem verður að fara að viðhafa í málefnum þroskaheftra, sneitt fram hjá um margt úreltri hælastefnu eins og mögulegt er. Ég dreg enga dul á það og hef aldrei gert að sú stefna er löngu úrelt, þó að við höldum okkur enn við hana í allt of ríkum mæli, og jafnvel síðasti samstarfshópur, sem skilaði áliti á vegum sömu rn. í fyrra, hélt sig enn við hana að mjög miklu leyti.

Ég legg svo áherslu á 14. liðinn í þessari till., þó að ég viti að í efri bekkjum grunnskóla á að fara fram ákveðin fræðsla um þjóðfélagsleg efni, réttindi og skyldur einstaklingsins í þjóðfélaginu. Það er nú þegar gert. En ég dreg ekkert úr því, að þar megi betur gera. Það er staðreynd, að í skólakerfi okkar hefur þessi þáttur orðið um of út undan og menn heldur viðkvæmir fyrir honum. Það er varla viðeigandi hér og nú að benda á það, að þetta fer ansi mikið á skakk við nýframkomið frv. í Ed., þar sem manni sýnist í raun og veru að það eigi að takmarka þessa fræðslu sem allra mest. Vegna fjarveru flm. þess frv. er ekki viðeigandi að fara miklu nánar út í það atriði, en ef það frv. um breytingu á grunnskólalögunum kæmi til framkvæmda óbreytt eins og það er nú mundi það hreinlega loka fyrir þann þátt sem er vikið að í sambandi við sem eðlilegasta fræðslu í þessum efnum, sem hlýtur að koma meira og minna inn á þau svið sem frv. það fjallar um.

Ég sem sagt vildi nota þetta tækifæri til þess að taka undir meginmálið í þessari till. til þál. og þakka um leið það framtak, sem þarna er sýnt, og þar mættu fleiri huga að. En ég tel eðlilegast og sjálfsagðast að sá hópur, sem vinnur að þessu máli á vegum menntmrn., fái þetta sem verkefni, kannske að hluta til sem viðbótarverkefni. En e. t. v. er þessi hópur þegar farinn að huga að veigamiklum þáttum þess án þess að ég viti það.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ellefu hv. þm. Alþfl. hafa flutt hér till. til þál., og mér sýnist að nú muni vera lýðum ljóst að þar séu á ferðinni barnavinirnir mestu. Það er góðra gjalda vert að vera góður við blessuð börnin, og því stend ég upp að ég vil taka undir suma liði þessarar tillögu.

Ráðh. Alþfl. eru að sjálfsögðu ekki á þáltill. þessari,

enda ekki venja, en ráðh. hefðu getað upplýst að málefni barna munu vera til meðferðar í ríkisstj. Ég hygg að ég muni það rétt, að í málaskrá ríkisstj. sé áformað að flytja frv. til barnalaga. Það hefur að vísu komið áður á borð þm. Ef ég man rétt hefur það verið flutt þrisvar sinnum og aldrei hlotið afgreiðslu. Nú hlýtur það að koma fram í fjórða sinn og eiga þá greiða leið í gegnum þingið eftir allan þennan undirbúning. En það er engan veginn einföld löggjöf, sem felst í þessu frv. til barnalaga, og hreint ekki ástæða til að kasta að því verki höndunum, því að eins og glögglega hefur komið fram í máli þeirra, sem hafa talað á undan mér, er hér um hin mikilsverðustu mál að ræða.

Þessi þáltill. felur í sér stefnuskrá Alþýðuflokkskvenna, eins og síðasti ræðumaður komst að orði. Það er þakkarvert að þær skuli setja þessa stefnuskrá saman, og það er augsýnilegt að fleiri en tilteknir hv. þm. Sjálfstfl. láta velferð fjölskyldunnar til sín taka.

Hvað varðar hugmyndina um barnaumboðsmann, þá sé ég það í hendi mér að hann muni gegna vandasömu starfi — ekki lítið vandasömu starfi. Ef maður lítur á þau verkefni sem honum yrðu falin með þessu máli, ef að lögum yrði þessi barnaumboðsmannsgrein, yrði það starfssvið víðfeðmt og ekki vandalaust að meðhöndla, svo sem eins og úrskurðarvald í ágreiningsmálum um börn o. fl., o. fl. Ég held að kannske væri fullt eins gott að setja nefnd í málið.

Hvað varðar kynlífsfræðsluna, sem hér er blandað inn í, þá er slíkt verkefni heilbrrh. Hæstv. fyrrv. heilbrrh. vann mikið starf á því sviði, og ég treysti því að núv. hæstv. heilbrrh. láti það mál einnig til sín taka.

Í þessari þáltill. eru margar góðar hugmyndir sem ég er hrifinn af, og sumar þeirra eiga áreiðanlega eftir að verða einhvern tíma að veruleika. En þetta kostar peninga. Það er áreiðanlega hægt að koma fyrir í þessu þó nokkrum milljörðum, ef framkvæma ætti allt á árinu næst á eftir barnaárinu. En sumir liðir till. eru það mikilvægir, að ég held að ástæða væri til að taka þá út úr og grisja, eins og hér hefur verið að komist að orði, því að sumt af þessu kostar ekki ýkjamikla peninga og gæti orðið mjög til bóta að koma í verk.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þessa till. Hér er hreyft máli sem okkur ber skylda að taka til rækilegrar skoðunar á þessu ári, ári barnsins, og þó fyrr hefði verið. Það er raunar athyglisvert, að það skuli þurfa að koma frá alþjóðastofnunum ábending um að ræða svo viðamikil mál og nauðsynjamál í nútímaþjóðfélagi sem raunar er tilefnið.

Umr. um málefni barna þurfa að mínu mati að vera víðtækar og taka þarf mið af ýmsum undirstöðugreinum í uppeldismálum: fjölskyldumálum, skólakerfi og ýmsum félagslegum þáttum. Einnig kemur þar til greina, sem hér hefur aðeins lauslega verið minnst á, almannatryggingakerfi okkar, sem að mínu mati og margra fleiri er að mörgu leyti mjög ófullkomið og þarf að taka til endurskoðunar frá grunni, eins og áður hefur verið minnst á.

Um þessar mundir og á næstunni fara fram miklar umr. um málefni barna í eiginlega öllum sveitarstjórnum landsins samkv. sérstökum fyrirmælum, — umr. sem munu fara fram í samvinnu og samráði við skólana á hverjum stað. Ég er í engum vafa um að einmitt sá þáttur mun verða til þess að þessi mál fái rækilegri úttekt á hverjum stað og mun leiða til góðs fyrir þann nauðsynlega þátt að sinna málefnum barnanna okkar. Ég er því í engum vafa um að þetta málefni fær nú þá umfjöllun hjá ýmsum aðilum að það verður til mikils góðs.

Í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir, get ég ekki stillt mig um að lýsa því, að ég er algerlega andvígur 11. lið upptalningar þeirrar sem hér er gerð, þ. e. a. s. að ríkið taki að nýju þátt í rekstri dagvistarstofnana. Ég gæti talað um það langt mál. Ég tel að slíkt væri spor aftur á bak. Þetta er hlutverk sveitar- og bæjarfélaga, sem þau hafa tekið að sér af fúsum vilja að fyrir fram gerðum mörgum athugunum á vegum sveitarfélaga, og ég vil ekki blanda því aftur inn í samkrull við ríkisrekstur — alls ekki. Það er atriði sem ég vil leggja sérstaka áherslu á í þessu sambandi.

Ég vil taka undir með hv. 3. þm. Austurl. um nauðsyn þess að heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra nái fram að ganga — eða sjái dagsins ljós, mætti frekar orða það. Þetta er þýðingarmikið mál sem vissulega væri þörf á að ræða þegar rætt er um málefni barnsins sérstaklega, því að þetta er eitt af þeim málum sem hafa verið algerlega utangarðs í þjóðfélagi okkar til þessa og þörf er á að linni. Mér er kunnugt um að samið hefur verið frv. til l. um aðstoð við þroskahefta sem mun hafa legið á borði hæstv. félmrh. frá því um áramót. Hér er um að ræða frv. eða lagasmíð sem hefur verið unnin í samráði við áhugafólk á þessu sviði og samtök þeirra sem fjalla um þessi mál. Þetta frv. að l. er það viðamikið og yfirgripsmikið og svo nauðsynlegt að fara að sinna þessu máli á skipulegan hátt að ég vil einmitt nota tækifærið til þess að undirstrika sérstaka þörf á því að það verði farið að leggja frv. þetta fyrir Alþ. mjög fljótlega. Þá tengist sá nauðsynlegi þáttur umr. og ákvarðanatöku í sambandi við málefni barna, sem ég vil undirstrika að ég er innilega sammála flm. um að þurfi að fá framgang á þessu ári á myndarlegan hátt.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem þessi þáltill. hefur fengið hjá þeim hv. þm. sem hér hafa talað. Jafnvel hv. þm. Páll Pétursson sá sér fært að taka undir þessa till., þó að hún væri frá 11 Alþfl.-mönnum, og eru það nokkur tímamót í ræðuhöldum hv. þm. á þingi í vetur. Engu að síður vil ég þakka þessar undirtektir sem ég tel mjög ánægjulegar. Er kannske tímanna tákn að karlmenn skuli fjalla um þessi mál sem fram undir síðasta áratug voru talin nokkurs konar einkamál kvenna, þ. e. a. s. málefni barna. Ég held nefnilega að þessi karlasamkoma, sem við eigum aðild að, hafi — með fullri virðingu fyrir þeim fáu fulltrúum kvenna, sem hér eiga sæti, er þetta fyrst og fremst karlasamkoma — látið þessi mál nánast lönd og leið á undanförnum árum og ekki skipt sér af þeim að nokkru leyti, nema þá í sambandi við umr. um lagasetningu um málefni barna.

Það er hárrétt hjá hv. þm. Helga Seljan, að það er þegar samstarfshópur, sem á að fjalla um ýmis málefni barna, byrjaður að starfa á vegum menntmrn. Þessi till. er hins vegar búin að liggja á þingi frá því löngu fyrir áramót, og ég vænti þess fastlega að mál þessi og till., sem fram koma hér, geti einmitt farið til þessa hóps og væri það vel.

Hér eru vissulega settar fram ítrustu hugmyndir í þeim málaflokki, sem um er fjallað, og dettur varla nokkrum manni í hug að nema brot af þessu nái fram að ganga á næstunni, en engu að síður eru þarna á ferðinni mál, sem

hafa fengið mjög ítarlega meðferð á undanförnum tveimur árum hjá Sambandi Alþýðuflokkskvenna, og mál, sem ég vona að sem flestir geti gert að sínum málum.

Ég vil ekki hafa um þetta fleiri orð. Í till. eru margar nýjungar. Það er ekkert undarlegt, eins og oft gerist þegar bryddað er upp á nýjungum, að mönnum verði gjarnt að brosa þegar þeir heyra ýmsar hugmyndir um hvernig halda skuli á málum. En engu að síður er hér á ferðinni málaflokkur sem við höfum almennt látið allt of afskiptalítinn að undanförnu. Er fyllsta ástæða til þess að við förum að huga betur og meir að þessum málum, eins og hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, hafa bent réttilega á.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er misskilningur, að ég hafi tekið jafnvel undir alla þætti þessarar till., en ég er alltaf reiðubúinn að styðja mál sem Alþfl.-menn flytja, bara ef mér þykja þau skynsamleg. Í sumum þeirra, sem ég hef ekki verið tilbúinn að styðja, hafa verið settar fram, svo að ég noti orðalag hv. síðasta ræðumanns, ítrustu hugmyndir, sem engum dettur í hug að nái fram að ganga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipaútgerð ríkisins, þáltill. (þskj. 266). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 246 hef ég ásamt hv. þm. Kjartani Ólafssyni leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstj., að í þeirri endurskipulagningu á starfsemi og rekstri Skipaútgerðar ríkisins, sem fyrirhuguð er, verði að því stefnt að fyrirtækinu verði skipt í tvær deildir: Austurlands- og Vestfjarðadeild með aðsetri á Reyðarfirði og Ísafirði. Skal um þetta atriði tekið mið af till. stofnananefndar frá árinu 1975 og frv. hér að lútandi lagt fram þegar á næsta þingi."

Það má segja að hér sé um einn þátt að ræða í stóru máli — máli sem þarf vissulega að halda vakandi. Það er orðið nokkuð langt um liðið síðan birt var álit svokallaðrar stofnananefndar, ítarlegt álit um möguleika á flutningi ríkisstofnana út á landsbyggðina, skiptingu á vissum stofnunum í ákveðnar deildir eða útibú frá ákveðnum stofnunum. Í sambandi við það álit hefur verið nokkuð unnið, sérstaklega við þá endurskoðun sem síðasta hæstv. ríkisstj. lét fara fram á því, af tveimur hv. þm. þá. En sannleikurinn er sá, að þetta álit hefur um of gleymst. Þetta álit var, hvað sem menn vilja um það segja að öðru leyti, vel unnið að því leyti til að álits var víða leitað og samráð haft við hina einstöku aðila eins og kostur var og reynt að koma fram með rök bæði með og móti hinum einstöku liðum sem urðu svo niðurstaðan í áliti nefndarinnar. Ég verð að segja að mér þætti allhart ef sú mikla vinna færi til einskis með öllu, og mér dettur það raunar ekki í hug. Ég hef spurt um það áður, hvað í þessu eigi að gera. Mér hefur virst sem um of væri um áhugaleysi æðstu stjórnvalda að ræða að taka á þessu máli í heild eins og t. d. nágrannar okkar hafa gert með góðum árangri.

Hér er auðvitað um að ræða fyrst og fremst spurninguna um dreifingu á valdi og dreifingu á þjónustu, sem er um leið einn veigamesti þátturinn til byggðajafnvægis hér á landi. Ég tel að frumskilyrði þess, að hér sé rétt að staðið, sé að tekið sé skipulega á þessu verkefni. Einstök rn. hafa tekið góð spor í þessu efni. Ég minni t. d. á útibúin frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnun sem ákveðin voru í tíð hæstv. fyrrv. sjútvrh. Lúðvíks Jósepssonar. Einnig nefni ég ýmsar stofnanir, sem hafa gert verulegt átak í þessu efni og Vegagerð ríkisins er kannske gleggst dæmi um, þó að okkur sumum hverjum þyki að þeir mættu færa meira vald út í þessar stofnanir en nú þegar er þar komið og séu enn með of mikið miðstýringarvald í Reykjavík. En mér er ljóst að þó að þarna sé vel að unnið í einstaka tilfellum þarf að verða um heildstætt átak að ræða.

Ekki skal ég vera talsmaður þess að rasað sé að neinu um ráð fram, og álitið sjálft er ekki þann veg upp byggt, þó að ákveðin tímasetning hafi verið sett á hugsanlegan flutning stofnana og hugsanlega útibúa- og deildaskiptingu. Ég held nefnilega að þrátt fyrir allt hafi verið viss varfærni ríkjandi í sambandi við þetta álit, þótt að ákveðnu marki væri þar stefnt, alveg sérstaklega ef litið er til þess hvað nágrannar okkar, t. d. bæði Norðmenn og Svíar, hafa gert róttækar breytingar í þessu efni með tilfærslu valds og þjónustustofnana út á landsbyggðina hjá sér, sem hefur í raun ráðið miklu um aukið byggðajafnvægi í þessum þjóðlöndum.

Við vitum auðvitað ósköp vel, að það er tregða í öllu stjórnkerfinu til breytinga í þessa átt. Embættismennirnir vilja ekki mikla röskun. Þeir eru hræddir við að fara héðan burt, af þessu hitaveitusvæði, kannske eitthvað út á köldu svæðin, og þeir vita jafnvel að aðstaðan er langbest hér, sbr. ágætan forstöðumann ríkisstofnunar sem við var rætt um stað einn úti á landi sem við vorum með till. um að kæmi ákveðið útibú á. Staðurinn er Ólafsvík. Hann sagði: „Hvernig í ósköpunum á að vera hægt að bjóða mönnum, sem eru með börn á menntaskólaaldri, að fara vestur í Ólafsvík?" Hann sagði þetta í fullri alvöru, en láðist auðvitað að hugsa um þá menn sem búa í Ólafsvík og búa í hinum mörgu Ólafsvíkum landsbyggðarinnar og eiga börn á þessum aldri og eiga að sækja hina ýmsu þjónustu allt um of hingað á suðvesturhornið.

Ég veit að það má ekki ganga með öllu yfir vilja þessara manna eða skoðanir þeirra í þessu efni. En það er líka hart ef þær skoðanir eiga að vera ráðandi, eins og mér fannst um sumt vera í áliti þeirra tvímenninga í fyrra sem kom upp þetta mál, hv. þm. Ellerts Schram og hv. þm. Ingvars Gíslasonar. Mér þótti þeir um of í því efni taka tillit til þess sem embættismenn hinna einstöku stofnana höfðu um málið að segja, sem voru í viðtölum við okkur nm. á sínum tíma og auðvitað andvígir hvers konar breytingum og máttu helst ekki heyra neina röskun nefnda, nema þá einhver tiltölulega meinlaus útibú, sem réðu helst engu, eða deildir, sem hefðu ekki allt of mikið verkefni. Hér verða að koma til skipulegar, markvissar aðgerðir stjórnvalda, og auðvitað verða þær að vera byggðar á raunsæju mati.

Á eitt legg ég þarna höfuðáherslu, eins og ég hef gert frá því að þetta álit kom fram. Ég held að það verði ekkert marktækt í þessu gert fyrr en hinu svokallaða flutningsráði ríkisstofnana eða einhverri slíkri stofnun verður komið á. Eg gerði mér sannarlega vonir um að frv. þar að lútandi sæi dagsins ljós á þessu þingi frá hæstv. enn verandi ríkisstj., en það fer nú kannske að verða vonlítið um að það gerist. Ég mun því ásamt með öðrum

flytja málið í einhverju formi á þingi næstu daga, ef engin hreyfing verður sjáanleg. Reynsla nágranna okkar er slík, eins og margoft hefur verið bent á, að það væri óeðlilegt við okkar aðstæður og við okkar miklu byggðaröskun, sem hefur orðið á undanförnum áratugum, ef við gerðum ekki eitthvert skipulegt átak í þessu efni.

Þess ber líka að gæta, að í kjölfar þeirrar atvinnuuppbyggingar, sem óneitanlega hefur orðið víða úti á landsbyggðinni, hljóta að þurfa koma til ákveðin átök einmitt á sviði félagslegrar þjónustu og jöfnunar á lífskjörum að öðru leyti.

Um þessa till. vil ég aðeins segja það sem segir í grg., að á síðasta þingi var einmitt samþ. till. um almennan stuðning við alhliða uppbyggingu og eflingu Skipaútgerðar ríkisins, að nokkru eftir þeim hugmyndum sem framkvæmdastjóri hennar er uppi með og áætlanir hafa verið um, sem byggjast fyrst og fremst á endurnýjun skipakosts útgerðarinnar og gerbreyttum afgreiðsluháttum. Ef af framkvæmd þessara áætlana, sem þarna eru í gangi og Alþ. hefur lýst stuðningi við, ætti þjónustan við íbúa landsbyggðarinnar að verða betri og í kjölfar þeirrar bættu þjónustu kæmi líka betri og öruggari vörudreifing og afleiðing því minni flutningskostnaður og lægra vöruverð, sem við gerum okkur grein fyrir að þurfi líka að koma til með öðrum hætti en hjá þessu eina fyrirtæki.

Í þessari endurskipulagningu viljum við sem sagt að þessi kostur sé skoðaður. Flutningur þessarar starfsemi jafnt sem miðstöðva fyrir hana að því er tekur til heimahafnar skipanna tveggja, eins og gert er ráð fyrir í áliti stofnananefndar, er mjög veigamikið atriði fyrir viðkomandi staði. Hér er um aðalhafnir þessara tveggja landshluta að ræða, — þeirra landshluta sem við erfiðasta og dýrasta flutninga búa og um leið við hæst vöruverð, svo sem könnun, sem framkvæmd var, trúi ég það hafi verið, af byggðanefnd, leiddi mjög glögglega í ljós. Aðsetur hinna tveggja deilda á þeim stöðum gæti tvímælalaust haft jákvæð áhrif einnig á rekstur Skipaútgerðar ríkisins til hagsbóta fyrir landsbyggð alla. Við teljum líka að það sé margvíslegt hagræði að þessari skipan, að aukinni hlutdeild þeirra aðila í rekstrinum sem þjónustunnar eiga að njóta, til viðbótar við þá búsetuþýðingu sem þessi skipan hlýtur að hafa í för með sér.

Ég geri mér alveg ljósa þá annmarka sem eru á flutningi stofnana út á land, deilda- og útibúaskiptingu. En þýðing slíkra útibúa, slíkra deilda og slíks stofnanaflutnings er svo ótvíræð að ekki þarf að víkja nánar að því. Fordæmi granna okkar á Norðurlöndum er, eins og ég sagði áðan, gleggst þar til vitnisburðar.

Ég hef tekið þetta mál út úr, ekki af því að ég telji það alveg sérstaklega í brennidepli varðandi þau mörgu mál eða mörgu atriði sem stofnananefnd lagði til á sínum tíma, heldur kannske vegna þess að málefni þessa fyrirtækis, Skipaútgerðar ríkisins, eru nú í mikilli athugun. Því tel ég rétt að hreyfa því sem segir í áliti stofnananefndar, og ég vil leyfa mér að lesa það upp og láta vera mín lokaorð. En í álitinu segir, með leyfi forseta:

„Skipaútgerð ríkisins skiptist í strandferðadeild, landhelgisgæsludeild og hafrannsókna- og fiskirannsóknadeild: tvær síðarnefndu deildirnar annast skipakost viðkomandi stofnana og tengjast því fyrst og fremst starfsemi þeirra. Nefndin fjallar þess vegna hér fyrst og fremst um strandferðadeild sem aðallega fæst við vöruflutninga til og frá landsbyggðinni, einkum Vestfjörðum og Austfjörðum.

Starfsemi Skipaútgerðar ríkisins hefur dregist mjög saman á síðari árum og þjónar stofnunin nú aðallega þessum tveimur landshlutum. Þar eð þessi tegund starfseminnar er einkum hagsmunamál tveggja landshluta, leggur nefndin til að strandferðadeild verði skipt í tvo hluta, Vestfjarðadeild og Austfjarðadeild, sem fái aðsetur á Ísafjarðarsvæði og Austfjarðasvæði. Deildirnar fái hvor fyrir sig ákveðin skip til umráða sem annist flutninga innan þessara landshluta og við aðra landshluta, einkum Reykjavík og Akureyri. Deildum verði veitt verulegt sjálfstæði við rekstur skipanna. Í Reykjavík verði áfram afgreiðsla og vörugeymsluhús. Nefndin telur eðlilegt að sú starfsemi, sem einkum á að þjóna ákveðnum landshlutum, hafi aðsetur í þeim. Nefndin leggur jafnframt til að aðrir þættir í starfsemi stofnunarinnar hafi óbreyttan aðsetursstað. Gera má ráð fyrir að við skiptingu strandferðadeildar muni auk áhafna skipanna 5—10 menn fylgja hvorri deild, Vestfjarðadeild og Austfjarðadeild. Nefndin telur að slíkur flutningur muni færa stjórn flutninganna nær hagsmunum viðkomandi landshluta og þannig hafa fjölþætt áhrif á viðfang margvíslegrar starfsemi á þessum svæðum. Kostnaður við slíkar breytingar væri einkum fólginn í útvegun skrifstofuhúsnæðis. Á móti kæmi minni þörf stofnunarinnar fyrir slíkt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu."

Í lokin er svo bent á þá staðreynd, að einn þeirra nm., er að þessu áliti standa, er einmitt núverandi forstöðumaður byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Bjarni Einarsson, en flm. telja mjög eðlilegt að fela byggðadeildinni að vinna að þessu verkefni ásamt auðvitað viðkomandi rn. og stofnuninni sjálfri.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að óska þess, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókn á innsiglingunni á Höfn í Hornafirði, þáltill. (þskj. 318). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég mun hafa skammar signingar yfir þessari till., svo sjálfsögð er hún, enda degi tekið mjög að halla, þótt færð haldist að vísu enn sæmileg, en hún er um rannsókn á innsiglingarleiðinni í Höfn í Hornafirði.

Á haustdögum bar það við, að við borð lá að hinir minnstu landróðrabátar hættu að geta tekið þá höfn. Ástæðan var breyting á innsiglingunni og við það hefur bæst að landris virðist hafa orðið mikið um þessar slóðir. Menn sáu afleiðingarnar, flutningaskip strönduðu og lágu á strandstað um langa hríð áður en þeim var borgið, og eins og ég segi, allt leit þetta þann veg út að horfði til stórvandræða.

Það þarf ekki að rekja það, hver lífhöfn Höfn í Hornafirði er. Þar er afkastamesta og nýtískulegasta frystihús landsins, sem tekur á móti einhverjum mestum afla allra frystihúsa. Þar eru afkastamestu tvær síldarsöltunarstöðvarnar, sem þjóna miklu fleiri bátum en eru frá Höfn í Hornafirði. Þar er allafkastamikil loðnubræðsla og fiskmjölsverksmiðja. Og það má benda á að þetta er ört vaxandi staður, sem á lífsafkomu sína undir

útræði, og Höfn í Hornafirði enn fremur lífhöfn á langri hafnleysu.

Það var ráðin bót á mestu vandræðunum með því að dýpkunarskip var fengið til þess að dýpka bæði í innsiglingunni og í innri höfninni. Breytingarnar eru geysilega miklar. Eins og menn þekkja er innsiglingin til Hafnar um Hornafjarðarós, sem er ós Hornafjarðarfljótanna, og menn hafa reynslu af því að stórbreytingar hafa þarna orðið frá ári til árs. Það þarf að rannsaka — og á það legg ég höfuðáherslu — möguleika á að ráða bót á þessu vandamáli til frambúðar.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Sverri Hermannssyni, að brýna nauðsyn ber til þess að gera rannsókn og úttekt á innsiglingunni til Hornafjarðar.

Það var rétt fyrir jólin, þegar eitt af skipum Eimskipafélags Íslands strandaði í innsiglingunni í Hornafirði, að þessi mál komust í brennidepil. Fjölmiðlar fylgdust náið með því, hvernig málum var háttað og hvernig mál þróuðust, og umr. hófust um hvað til úrbóta kynni að verða.

Ég ætla ekki að deila um það núna, heldur e. t. v. seinna við tækifæri, hvernig við fyrsta vanda var brugðist. Til þess að bjarga, ef við getum orðað það svo, loðnuvertíðinni og vetrarvertíðinni var fengið skip til þess að hefja dýpkunarframkvæmdir í vetur, og látið var í skína að þetta dýpkunarskip ætti að ráða fram úr vandanum til frambúðar. Það hefði verið betur ef till. á borð við þá, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson kemur fram með núna, hefði verið samþykkt áður en út í það ævintýri var farið, vegna þess að eftir því sem mér skilst hefur árangurinn af þessum dýpkunartilraunum verið harla lítill. Eyða verður líklega sama fjármagni og kannske langtum meira til þess að hefja dýpkunarframkvæmdir aftur og til þess að gera höfnina til frambúðar þannig að um innsiglinguna geti siglt skip af flestum þeim stærðum sem byggðarlagið gerir kröfur til.

Það er einnig furðulegt, þegar þessi mál eru skoðuð, að ekki var leitað til Vita- og hafnamálastofnunarinnar varðandi þau tæki sem sú stofnun býr yfir, þegar um dýpkun á þessari höfn var að ræða, eða a. m. k. var sú leið ekki athuguð, en eftir því sem næst verður komist var hlaupið til þess að ráða til verksins dýpkunartæki í einkaeign á meðan Vita- og hafnamálastofnunin býr yfir fljótvirkum ágætistækjum, sem vinna þessi verk og hafa unnið víða um land. Samt skal það tekið fram, að þannig stóð á að eitt af tækjum stofnunarinnar, Hákur, hafði þá nokkru áður lent í óhappi þannig að hann var ekki strax fær til verksins, en þetta leiddi kannske til þess að horft var til þess að hann þyrfti að endurbæta, og vona ég að til þess verks verði gengið nú alveg á næstunni.

Eigi að síður held ég að þessi till., sem hv. þm. Sverrir Hermannsson kom fram með, sé tímabær og hefði mátt koma fram fyrr. Ég styð það heils hugar, að hún nái fram að ganga, og síðast en ekki síst hitt, að það verði nú staðið að málum þarna í ósnum til frambúðar þannig að til heilla megi horfa í stað þess að hlaupið sé til einhverra tilraunaframkvæmda sem lítinn eða engan árangur koma til með að bera.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að taka til máls í sambandi við þetta mál út af ræðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar og leiðrétta smámisskilning sem er ekki rétt að standi í þskj.

Hornfirðingar sneru sér með vandamál sitt til Vita- og hafnamálastofnunarinnar, og þær úrbætur, sem voru gerðar með því að leigja dýpkunarskip, voru gerðar í fullu samráði við þá stofnun. Það var ekkert tæki til hjá Hafnamálastofnuninni til þess að vinna þetta verk né heldur var það, sem gert var, til einskis. Stórkostlegar úrbætur gerði þetta skip á þessum stað og sú dýpkun, sem þarna var gerð, kemur einnig að gagni í sambandi við skipulag hafnarinnar, því að hvert einasta sandkorn, sem tekið var úr Hornafjarðarós, er nú komið í uppfyllingu í Hornafirði. Það er því alls ekki rétt að segja sem svo, að þarna hafi verið að gerast eitthvert ævintýri sem ekki var rétt undirbúið.

Hins vegar þarf að sjálfsögðu að endurbæta þarna og gera meira átak síðar. En alla vega hefur það, sem var gert, komið að fullum notum fyrir Hornfirðinga og það voru engin mistök þarna á ferðinni.

Ég taldi mér skylt að leiðrétta þetta, vegna þess að mér er málið kunnugt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 71. fundur.

Miðvikudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 429, n. 460). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 429 er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breyt., og er það hér til 2. umr. Frv. þetta flutti fjh.- og viðskn. að beiðni fjmrh. Samkv. því skal fjmrh. heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hin ýmsu afhendingarstig verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

Á þskj. 64 fluttu þeir Helgi F. Seljan, Eyjólfur K. Jónsson og Hannes Baldvinsson snemma á þessu þingi frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt og því frv. var þá vísað til fjh.- og viðskn. Samkv. því skal öll vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð vera undanþegin söluskatti, hvort sem hún er unnin á byggingarstað, eins og er í gildandi lögum, eða í verksmiðju, á verkstæði eða starfsstöð. Sama skal gilda um endurbætur og viðhald.

Hér væri um að ræða mjög umfangsmikla breytingu, þar sem samkv. henni félli niður söluskattur m. a. af öllum innréttingum og öðrum hlutum til húsbygginga, sem eingöngu eru unnir á verkstæðum eða í verksmiðjum. Er erfitt að sjá hvar ætti að setja þar mörk og vafaatriði við framkvæmd yrðu því mörg, jafnvel þótt menn vildu höggva svo stórt skarð í söluskattstekjur ríkissjóðs sem af því leiddi. Fjh.- og viðskn. hefur því ekki séð sér fært að mæla með samþykkt þess frv. Hins vegar er í grg. þess sérstaklega bent á þann mismun sem

er á greiðslu söluskatts af íbúðarhúsum eftir því hvort þau eru byggð á hefðbundinn hátt eða eru svonefnd einingahús, sem framleidd eru að nokkru eða miklu leyti á verkstæði. Um þennan mismun eru flestir sammála að hann sé bæði ósanngjarn og óheppilegur. En eins og fram kemur í grg. með frv. á þskj. 64 hefur það verið flutt áður, og sennilega eru það að nokkru leyti áhrif frá því, að það mál hefur verið í athugun í fjmrn. hvað þarna er um mikinn mismun að ræða og hvernig væri hægt að jafna hann. Á grundvelli þeirrar athugunar hefur frv. verið samið sem hér er til umr. og fjh.- og viðskn. flutti. Með nál. fjh.- og viðskn. eru prentuð sem fskj. frumdrög að reglugerð, þar sem tekin eru dæmi um tvenns konar byggingarstig verksmiðjuframleiddra húsa.

Í a-lið eru þau hús sem afhent eru tilbúin undir málningu og innréttingar, án allra lagna eða án verulegs hluta þeirra. Sýna niðurstöður á athugunum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á tilboðum frá húseiningaverksmiðjunum, að eðlilegt er að draga frá 43% af söluverði einingahúsanna áður en söluskattur er reiknaður. Í b-lið eru hús sem skemmra eru á veg komin. Þar væri frádrátturinn 42%. Um nokkurn mismun getur því verið þarna að ræða eftir byggingarstigi húsanna.

Endurbætur hafa orðið á framleiðslu verksmiðjuframleiddra húsa og margir telja sér hagkvæmt að velja þau. Mismunandi söluskattsinnheimta eftir byggingaraðferð er því líkleg til að draga úr hagræðingu við húsbyggingar. Þetta dregur hugann að því, hvort ekki væri á fleiri sviðum hægt að stuðla að aukinni framleiðni atvinnuveganna með breytingum á lögum sem kunna að standa þar í vegi. Sama má einnig segja um reglur og ákvæði á vinnumarkaðnum sem voru eðlileg og sjálfsögð þegar þau voru sett, en kunna nú að vera úrelt við gjörbreyttar aðstæður.

Það er a. m. k. hægt að benda á alkunn dæmi erlendis frá í þessu sambandi. Allir kannast t. d. við baráttu breskra hafnarverkamanna þegar svokallaðir gámar voru teknir til notkunar. Afstaða eins og kom fram hjá þeim er e. t. v. skiljanleg þar sem við atvinnuleysi er að stríða, en um slíkt þarf ekki að ræða hér þar sem of langur vinnutími er talinn vandamál og draga þarf úr nauðsynlegum framkvæmdum vegna of mikillar spennu á vinnumarkaðnum.

Það er a. m. k. íhugunarvert að mínu mati, hvort ekki væri hægt að ná fram aukinni hagræðingu og framleiðni í íslensku atvinnulífi, sem svo mjög er nú talað um, að einhverju leyti með breyt. á lögum og reglugerðum sem allir hafa raunverulega hagnað af og ég tel að sú breyt., sem hér er lögð til, sé eitt dæmi um. — En fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir afgreiðslu þessa máls, sem ég tel í raun og veru vera afgreiðslu á, eins og fram kom í máli hv. frsm., máli sem við þrír þm. þessarar deildar fluttum fyrr í vetur. Við getum fyllilega sætt okkur við þá afgreiðslu sem þarna hefur orðið hjá n., því að mér sýnist það, sem hér er lagt til, vera í fullu samræmi við aðaltilgang frv. okkar.

Það kom mjög glöggt fram í framsögu minni, að við flm. værum gjarnan til viðræðu um að þrengja heimildir og binda eingöngu við það markmið okkar að þeir byggingaraðilar, sem framleiða verksmiðjuframleidd hús, sætu við sama borð og aðrir byggingaraðilar. Það var megintilgangur frv. Þeim megintilgangi sýnist mér að sé náð einmitt með þessu frv. og ég get því fyllilega tekið undir það. Aðalatriðið er auðvitað að í þessu máli gildi sem mest jafnrétti, sérstaklega þar sem um svo hagstæðan byggingarmáta og raun ber vitni er að ræða, að þeim hagstæða byggingarmáta sé ekki beinlínis refsað, eins og nú er gert, með því að leggja söluskatt á sams konar vinnu og er undanþegin söluskatti ef hún er unnin á byggingarstað.

Ég hef auðvitað ekki tækifæri til að sannreyna þau hlutföll, sem þarna eru lögð til í frumdrögum að reglugerð, en ég reikna með því að þau hafi verið könnuð það ítarlega að fyllilega sé hægt að una við það.

Ég tel það sérstaklega til fyrirmyndar, að í fskj. með þessu nál. skuli vera frumdrög að reglugerð varðandi þetta atriði. Ég hef bent á það oft áður, og hef reyndar flutt um það ákveðna þáltill. áður, að Alþ. þyrfti að hafa meiri hönd í bagga með samningu reglugerða, en leggja það ekki eins alfarið í hendur embættismanna og raun ber vitni. Í till., sem ég flutti hér ásamt Sigurði Blöndal á sínum tíma, bentum við á það sem leið t. d., að þingnefnd eða þingnefndir, sem hefðu fengið þessi mál til meðferðar og afgreitt lög frá Alþingi, fengju reglugerðir til umfjöllunar og staðfestingar til þess að þar væru ekki embættismenn einir á ferð og þá ráðherrar. Ég tel sem sagt að ef þetta væri gert víðar væri það mjög til bóta. Oft verður maður var við að miðað við þá túlkun sem hefur verið á Alþ. á ákveðnum lagafyrirmælum hefur reglugerð hjá rn. skotið nokkuð skökku við. En ég skal ekki fara nánar út í það, heldur aðeins lýsa yfir stuðningi við þau vinnubrögð sem þarna eru viðhöfð og ég minnist tæplega að hafa orðið var við áður.

Ég vil svo aðeins, því að þetta byggingarform er hér til umr. og það er verið að aflétta refsiskatti af því byggingarformi, minna á það í leiðinni, að ég hef flutt till. í Sþ. sem miðar að því að rannsaka byggingarform þetta enn frekar og kanna þróun þess. Það gæti orðið til þess að lækka byggingarkostnað verulega ef þetta byggingarform fengi þá eðlilegu og sjálfsögðu þróun sem það á fyllilega rétt á. En einmitt í þeirri athugun allri er mjög verulegt atriði og stórt, að mál þetta skuli vera komið á þann rekspöl sem það er komið nú. Eg vænti þess að Alþ. nái að samþykkja fyrir þinglok að þessi refsiskattur verði afnuminn. Þar er um drjúgan áfanga að ræða í þá átt að þetta byggingarform geti náð frekari útbreiðslu og náð meiri þróun í átt til lækkunar byggingarkostnaðar en verið hefur.

ATKVGR.

1. gr. samþ., með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Almannavarnir, frv. (þskj. 385). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 385 flyt ég fyrir hönd ríkisstj. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, sbr. lög nr. 30/1967, um breyt. á þeim lögum.

Í raun og veru er hér um að ræða að lögfesta framkvæmd sem verið hefur hjá almannavörnum undanfarin

ár.

Lög um almannavarnir voru fyrst sett 1962, en þeim síðan breytt 1967. Í þeim lögum er gert ráð fyrir að í almannavarnaráði sitji landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Jafnframt er gert ráð fyrir að forstöðumaður stofnunarinnar sitji í almannavarnaráði og sé hann formaður þess.

Fljótlega kom í ljós, að mjög er nauðsynlegt að forstjóri Landhelgisgæslunnar eigi sæti í almannavarnaráði. Þarf ekki að benda hv. þm. á þá nauðsyn t. d. í sambandi við hafís og hvers konar aðgerðir á sjó sem nauðsynlegar kunna að vera í slíku sambandi. Því var horfið að því ráði 1968 að skipa forstjóra Landhelgisgæslunnar sem forstöðumann almannavarna og hlaut hann þannig sæti í almannavarnaráði. Hitt er svo jafnljóst, að allir þeir fimm menn, sem þarna eiga sæti, stjórna stórum og miklum stofnunum og fá að sjálfsögðu ekki sinnt hinum daglegu störfum á vegum almannavarnaráðs. Því var ráðinn fulltrúi til þeirra hluta og má segja að hann hafi í raun gegnt forstjórastarfinu.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að í almannavarnaráði sitji fimm menn, þ. e. a. s. til viðbótar þeim fjórum, sem ég taldi áðan, komi forstjóri Landhelgisgæslunnar, en jafnframt að sérstakur forstöðumaður almannavarna verði ráðinn og eigi hann ekki sæti í almannavarnaráði, þó að sjálfsögðu undirbúi hann mál og leggi fyrir ráðið. Um þetta fjallar 1. gr. frv. og síðari málsgr. 2. gr.

2. gr. frv. flytur einnig það verkefni, sem í gildandi lögum er falið forstjóra almannavarna, yfir til almannavarnaráðs. Það má segja að þarna sé verið að staðfesta þá framkvæmd sem verið hefur. Forstjóri almannavarna hefur og verið formaður almannavarnaráðs, og hefur almannavarnaráð fjallað um allar aðgerðir almannavarna, ekki eingöngu í neyðartilfellum sem hafa komið, heldur einnig í sambandi við undirbúning, skipulag o. s. frv.

Þetta eru þær breyt., sem hér er um að ræða, og ég tek það fram, að þær eru að sjálfsögðu fluttar í fullu samráði við og reyndar samkv. ósk almannavarnaráðs.

Langt mál mætti flytja um starfsemi almannavarna. Ég hygg þó að flestum sé kunnugt að þar er gott starf unnið. Það hefur komið í ljós í þeim náttúruhamförum sem hér hafa orðið síðustu árin, t. d. í Vestmannaeyjum og við Kröflu, þar sem almannavarnaráð hefur skipulagt varnaraðgerðir.

Almannavarnaráð er til húsa í kjallara lögreglustöðvarinnar nýju og hefur komið sér þar upp vel útbúinni miðstöð með fjarskiptum og annarri aðstöðu til þess að hafa stöðugt samband við alla hluta landsins, jafnvel þótt hið almenna fjarskiptakerfi bili. Engu að síður er það vaxandi áhyggjuefni að til almannavarna verjum við Íslendingar litlu fé og þar eru ákaflega stór verkefni enn ógunnin, þótt góður grundvöllur hafi verið lagður með því skipulagi sem á er komið með almannavarnanefndum um land allt og stöðugu sambandi við heimamenn um þau málefni.

Ég get getið þess til fróðleiks, að Svisslendingar, sem verja nú mestu til almannavarna, verja til þeirra tæplega 11 þús. kr. á hvern mann, en við Íslendingar um 165 kr. Þar er náttúrlega ekki jöfnu saman að líkja. Þeir eru þarna langsamlega hæstir, en við hins vegar með þeim lægri.

Vafalaust þarf að auka fjárframlög og vinna ýmis verkefni sem óleyst eru. T. d. liggja nú fyrir ítarlegar till. frá almannavarnaráði um rannsóknir og skipulagsmál vegna þeirrar hættu sem að steðjar af Suðurlandsjarðskjálfta. Þar er um víðtækar jarðfræðilegar rannsóknir að ræða og byggingafræðilegar rannsóknir, sem eru — ef ekki nauðsynleg, þá a. m. k. mjög æskileg undirstaða þess að setja reglur um byggingar á þessu svæði, þess að skipta þessu svæði í mismunandi mikil hættusvæði og gera, eins og ég sagði áðan, kröfur um byggingarstaðla.

Einnig er gert ráð fyrir með þessum rannsóknum að afla upplýsinga um það, hvernig spá megi betur en nú hefur verið talið unnt fyrir um jarðskjálfta og um eldgos. Hér á landi hefur ákaflega mikill fróðleikur safnast saman um þessi efni á undanförnum árum og við Íslendingar erum að öllum líkindum í forustu í jarðfræðilegum spám um slíkar náttúruhamfarir. Ég efast ekki um að þarna getum við miðlað öðrum þjóðum. Engu að síður er þarna mikið verk enn þá óunnið og ætti að vera okkur til sóma að vinna það vel og miðla því, auk þess sem það er nauðsynlegt til frekari og ítarlegri ráðstafana gegn þeim hættum sem þarna blasa við.

Þetta nefni ég sem dæmi um starf almannavarnaráðs utan hættutíma. Þar fer sem sagt stöðugt fram mjög mikilvægt starf að skipulagningu aðgerða og að söfnun frekari vitneskju og upplýsinga um þessi miklu og stóru mál.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt, þó þar mætti, eins og ég sagði áðan, margt um segja, en vildi þó hafa þessar stuttu skýringar með þessu frv. sem eru fyrst og fremst staðfesting á því sem verið hefur í framkvæmd undanfarin 10 ár.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr og hv. allshn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er án efa til bóta í stjórnun almannavarna. Mig langaði til að vekja athygli á því í fyrsta lagi, að mér finnst óeðlilegt að hvergi sé tekið tillit til þess aðila sem kannske þekkir best til slysavarna og aðgerða gegn slysum í þessu landi, þar sem er Slysavarnafélag Íslands. Mér hefði ekki fundist óeðlilegt að slíkur félagsskapur með sína sögu ætti fulltrúa í þessari stjórn. Hvað sem því líður finnst mér ástæða til að sú n., sem fær frv. til skoðunar, taki þetta aðeins til athugunar.

Í öðru lagi langaði mig til þess, þar sem ég bý í nágrenni birgðastöðvar almannavarna, að vekja athygli á þeim mikla fjárskorti sem þar virðist jafnan vera. Það er að mér skilst svo slæmt ástand, að ekki er einu sinni hægt að halda vegum opnum að hinni miklu birgðageymslu sem þar er, og mundi því valda erfiðleikum ef skyndilega þyrfti að taka.

Hvarvetna finnst mér skína í gegn það atriði sem hæstv. dómsmrh. kom inn á, að við leggjum lítið fjármagn til almannavarna og það svo lítið að þar verður úr að bæta sem allra fyrst. Ég held að það sé kominn tími til þess að athuga gaumgæfilega, hvort ekki sé ástæða til fyrir okkur að safna birgðum á fleiri sviðum en við gerum núna, jafnvel matvælabirgðum. Komið gæti t. d. fyrir að geislavirkt ský eyðilegði birgðir okkar og að til slíkra birgða þyrfti þá að grípa, — birgða sem geymdar væru á þeim stað þar sem geislavirkni gæti ekki skaðað. Þetta held ég að kominn sé tími til að athuga og — eins og getið hefur verið um og hæstv. ráðh. benti réttilega á — að við eigum núna það góð rannsóknatæki að við höfum e. t. v. einhverja möguleika til að fylgjast með hvað er í vændum

og gætum þá gert ráðstafanir, þ. e. a. s. ef fjármagn væri fyrir hendi. Ég held að það sé augljóst mál að þarna þurfum við að bæta úr sem allra fyrst.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Hetra forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Reykn. fyrir innlegg hans í málið.

Ég vil láta það koma fram, að ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga að vandlega verði skoðað hvort fleiri eigi að hafa aðild að almannavarnaráði. Við þurfum að ganga frá þeim málum á sem bestan máta. Hins vegar vil ég að það komi fram, að almannavarnaráð hefur kappkostað að hafa mjög gott samband við mjög marga aðila og þar eru að sjálfsögðu framarlega t. d. heilbrigðis- og heilsugæslan öll og slysavarnir. Ég vil gera það að till. minni til hv. n., að hún ræði slík mál við almannavarnaráð sjálft, formann þess og þann fulltrúa sem gegnir þar störfum, og leiti sér þar upplýsinga um slíkt. Hins er svo að gæta, sem allir þekkja, að þegar slíkt ráð verður mjög fjölmennt verður það erfiðara í meðferð og menn þurfa að rata meðalveginn.

Ég vil einnig taka mjög ákveðið undir það sem hv. þm. sagði um fjárskort almannavarna. Ég átti síðast í morgun fund með almannavarnaráði um ýmis almannavarnamál. Ég held að það sé ákaflega aðkallandi að taka saman nokkuð ítarlega skýrslu um starfsemi almannavarna og það sem þar sárast skortir til að almannavarnaráð geti sinnt verkefnum sínum. Staðreyndin er sú, svo að ég geti þess hér, að t. d. kom í ljós á fundi í morgun, að Póstur og sími á engar stöðvar sem hann getur í skyndi sett upp hingað og þangað um landið með nægilega mörgum rásum til þess að halda uppi fjarskiptum við svæðin. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt ástand. Einnig var mér sagt í morgun, að það væri til umræðu að reisa nýja útvarpsstöð á Suðurlandi, jafnvel á miðju sprungusvæðinu. Ég held að þá hljóti að verða athugað hvort möstur, sem til þess eru nauðsynleg, þola jarðskjálfta.

Verkefnin eru þarna ákaflega mörg og brýn og ég hef einmitt óskað eftir því að saman yrðu teknar upplýsingar um þau og mun að sjálfsögðu með ánægju láta Alþ. slíkt í té.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að hér sé hreyft þýðingarmiklu máli, þar sem um er að ræða endurskipulagningu og breytingu á stjórn almannavarna. Það skiptir að vísu ekki meginmáli í þessu sambandi, en þó hygg ég að það megi koma fram og sé nauðsynlegt að komi fram, að frá upphafi var þeirri stofnun eða því fyrirbæri, sem nefnist almannavarnir, ætlað annars konar hlutverk í raun og veru heldur en nú hefur orðið, heldur en þessi stofnun hefur þróast til. Til almannavarna var stofnað á þeim tíma kalda stríðsins þegar viðbúið þótti að meginverkefni þessarar stofnunar yrði að reyna að draga sem allra mest úr því tjóni sem við blasti að þessari blessuðu þjóð væri búið af erlendri hersetu. En nú, þegar heldur hefur hlánað í alþjóðaviðskiptum, hefur megináherslan verið lögð á aðra þætti, en almannavarnaráð þó raunar aldrei búið til þess starfs af fullkominni alvöru.

Ég ætlaði mér ekki að rekja forsöguna eða „fílósófera" um eðli almannavarnaráðs eða frumhugsunina að því, heldur var tilefni þess, að ég kom upp í ræðustól, síðasta aths. hæstv. dómsmrh., sem hné að því hversu vanbúinn landssíminn væri að stöðvum til fjarskipta í þágu þess arna. Það hygg ég muni vera rétt. En ég vil vekja athygli á því, og það mætti vera vísbending í þá átt, að ýmis tæki kunna að vera til í landinu. Hér er því e. t. v. fremur um að ræða skipulagsatriði en bara beinlínis skort á tækjum.

Á landi hér eru taldar vera um eða yfir 9000 svonefndar CBS-talstöðvar, flestar hverjar framleiddar í Bandaríkjunum, með mörgum talrásum. Eins og skammstöfunin bendir til þýdd á enska tungu eru þessar talstöðvar ætlaðar til borgaralegra nota fyrir einstaklinga þar vestra, og þannig eru þær notaðar þar. Hér eru þessar stöðvar í gangi í allt að því svo mörgum bifreiðum sem ég nefndi áðan. En þrátt fyrir margra ára tilraunir eigenda þessara stöðva og síðan félags, sem þeir stofnuðu með sér, hefur það ekki fengist fram, að landssími Íslands héldi uppi hlustvörslu á neyðarbylgju þessara stöðva á þeim símstöðvum þar sem radíóvakt er annars. Engin frambærileg ástæða hefur komið fram fyrir þessari synjun Pósts og síma, því að við blasir að hægt er lögum samkv. fyrir Póst og síma að taka afnotagjöld af stöðvum þessum, þótt þær séu í eigu einstaklinga, heldur virðist hér vera um að ræða þráa gróinnar stofnunar og um eðli slíks þráa mætti vísa til merkrar bókar sem á sínum tíma kom út á Íslandi og nefndist „Parkinsonslögmálið". Ég er ekki að sveigja hér að einstaklingum í yfirstjórn Pósts og síma, heldur virðist hér hafa komið fram eðli umfangsmikillar og flókinnar stofnunar. Þessar litlu, tiltölulega ódýru, en tæknilega vel gerðu talstöðvar eru, eins og ég sagði áðan, í nærri tug þúsunda bifreiða hér á landi. Notendur þessara stöðva hlusta á neyðarbylgjunni og kallbylgju að öðru jöfnu. Hér er um að ræða e. t. v. fullkomnasta upplýsinganet í neyðarþjónustu sem mögulegt væri að koma upp á Íslandi, ef því væri sinnt af opinberri hálfu að nota þá tækni sem við eigum í CBS-stöðvunum, sem eru í svo mörgum bifreiðum, og eins og líkur benda til er, þegar færð leyfir akstur um vegina, sjaldan mjög langt á milli bíla sem búnir eru þessum stöðvum.

Nú er rætt um yfirvofandi og meira og minna fyrirsjáanlegar náttúruhamfarir. Ef mér leyfist, herra forseti, að gera aths., vildi ég gjarnan að okkur tækist að finna eitthvert annað orð eða fleiri orð, sem næðu yfir hin ýmsu stig válegra umbyltinga höfuðskepnanna, en þetta eina orð: náttúruhamfarir. En einmitt þegar við hugleiðum möguleika okkar á að því að búa okkur undir slíka atburði, þá hygg ég að við ættum að hugsa mjög alvarlega um að nýta þau tæki og þá tækni, sem við höfum fyrir í landinu, og að reyna að vinna bug á tregðu opinberra stofnana í líkingu við þá sem ég nefndi áðan, sérstaklega þegar brottnám þess háttar hindrana mundi e. t. v. kosta bókstaflega ekki neitt.

Ég ítreka það enn, herra forseti, að ég beini ekki þessari gagnrýni minni að þeim einstaklingum sem nú stjórna Pósti og síma. Við höfum fleiri slík dæmi um hindranir sem eiga rætur að rekja til kerfisins, hindranir á því að beita ýmsum eignum okkar og tækjum á þessu landi til almannaheilla.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 62, n. 380, 382). — Frh. 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Eins og ég greindi frá þegar 2. umr. hófst um þetta mál, láðist n. að gera till. um breytingu á gildistökuákvæði og flutti ég till. í samráði við ráðuneytisstjóra í dómsmrn. um þetta atriði á þá leið, að lög þessi öðlist þegar gildi. Við nánari athugun í rn. hefur komið í ljós, að það er óheppilegt vegna ráðningar í þetta starf að miða ekki við ákveðinn mánaðardag. Þess vegna vil ég leyfa mér að taka fyrri till. mína til baka og leggja fram skriflega brtt. á þá leið, að lög þessi öðlist gildi 1. ágúst 1979. Vil ég afhenda hana hæstv. forseta með ósk um að leitað verði afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 473) samþ. með 13 shlj. atkv.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég hélt að ég hefði gert samkomulag við forseta og dómsmrh. um að hann svaraði þeim spurningum og aths. sem ég kom á framfæri síðast þegar þetta mál var til umr. (**Forseti:** Ég vil taka fram, að að ósk hv. 3. landsk. þm. hafði málinu verið frestað, en forseti getur ekki haft neitt forræði á því hvort ráðh. talar eða ekki.) Nei, ég hélt að ef ráðh. ætlar ekki að upplýsa þessi atriði — (**Dómsmrh.:** Má ég óska eftir því að ræðumaður endurtaki þessi atriði.) Það er alveg sjálfsagt að gera það með örfáum orðum.

Ég vakti athygli á því, þegar þetta mál kom úr n., að ég teldi rökstuðninginn fyrir því, að það ætti að fjölga dómurum í Hæstarétti, mjög hæpinn, dómurum hefði verið fjölgað fyrir nokkrum árum um einn, síðan hefði málum í réttinum ekki fjölgað neitt að ráði, fækkað beinlínis allverulega eitt árið. Það séu þess vegna engar líkur á því, ef dæma má af reynslu, að fjölgun um einn dómara hafi nein áhrif í þessum efnum. Hér sé því verið að fara inn á þá braut að hreyfa við lokastigi dómstigsins í landinu, Hæstarétti sjálfum, sem við ættum síðast að hreyfa við, til þess að glíma við þann mikla vanda sem seinagangur dómsmála er í þessu landi.

Ég benti á að samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið, hafa fjármálayfirvöld á undanförnum árum hvað eftir annað neitað Hæstarétti um að fá nauðsynlega starfskrafta, aðstoðarfólk með lögfræðimenntun, til þess að aðstoða dómarana við margvíslega upplýsingaöflun, fletta upp í dómabókum og öðru slíku, sem er nánast handavinna og þeir þurfa nú að annast sjálfir. Það væri mjög varhugaverð stefna af fjármálayfirvöldum að reyna að setja réttinum þannig starfsskorður með að mínum dómi óeðlilegri tregðu við að greiða götu réttarins hvað snertir eðlilega þróun starfshátta og grípa svo til þeirra örþrifaráða, þegar allt er komið í óefni að dómi þeirra sem þar starfa, að fjölga bara dómurum í réttinum og breyta að verulegu leyti eðli hans eins og gert er í þessum lögum.

Til viðbótar vakti ég svo athygli á því, að frá gamalli tíð hefur rétturinn starfað með mjög löngu dómhléi, sem er mjög óeðlilegt á okkar tímum, þriggja mánaða dómhléi eða frii á hverju ári, og það kæmi líka til greina að breyta þeim starfsháttum og taka upp eðlilegan vinnutíma í réttinum líkt og gerist í öðrum opinberum stofnunum.

Síðast en ekki síst minnti ég á það, að þegar þetta mál kom fyrst til umr. hefði ég vakið athygli á því, að það væri vænlegri leið til þess að leysa þetta vandamál að koma upp millidómstigi, svokölluðu lögréttudómstigi, sem, ef það væri vel mannað, mundi innan tíðar afla sér slíks álits að það mundi fækka mjög málum til Hæstaréttar, en þá hafði dómsmrh. gefið yfirlýsingu um að það mál væri í undirbúningi, en síðan hefur ekkert af því frést.

Ég vildi, áður en málið heldur lengra, fá upplýsingar frá ráðh. um hvar það mál er á vegi statt. Í öðru lagi, hvort það er rétt og þá hvers vegna fjármálayfirvöld hafa á undanförnum árum, þó að ráðh. beri að vísu ekki neina ábyrgð á því, því að hann er nýkominn í embætti, verið treg til að veita Hæstarétti eðlileg starfsskilyrði með því að ráða aðstoðarfólk og hvort það geti ekki verið tilefni til þess að athuga aðrar leiðir fyrst til þess að ráða bót á seinagangi í dómskerfinu í stað þess að grípa nú í þann endann, sem ég tel að ætti að vera síðastur, ætti í raun og veru að vera lokastig, þegar allt annað hefði verið reynt, að breyta skipan Hæstaréttar sem við þurfum að skapa stöðugleika um í dómskerfi okkar og þjóðfélagskerfi.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 3. landsk. þm. fyrir að reifa þessar spurningar. Mér þykir betra að hafa rökstuðninginn, þó hann sé kannske styttur, en spurningarnar einar. Skal ég leitast við að svara þeim.

Ég vil reyndar koma að því síðasta fyrst, um aðrar leiðir til þess að hraða meðferð dómsmála. Ég vil fullvissa hv. þd. um það, að unnið er ötullega að því að athuga fjölmargar aðrar leiðir. M. a. er verið að athuga tæknilegar endurbætur á meðferð dómsmála hjá embættum, þar sem mjög hefur á því borið að hin mörgu og viðamiklu dómsmál valda erfiðleikum í skjótri meðferð, eins og t. d. hjá saksóknara. Verið er að athuga tæknilegar leiðir, eins og að endurbæta aðgang að öllum skrám, sem er ákaflega mikið verk að fletta upp í og skoða aftur í tímann, og meðferð á gífurlegu magni af skjölum sem fylgir í vaxandi mæli öllum slíkum málum, m. a. vegna þess að allar rannsóknir hafa mjög verið bættar og miklu ítarlegar og skipulegar að slíku unnið en áður var unnt. Var það fyrst og fremst að þakka tilkomu Rannsóknarlögreglu ríkisins, en að þessu leyti kannske getum við sagt „að kenna". Þar þarf vitanlega ýmislegt til að setja hluti inn á míkrófilmu eða tölvu og þess háttar sem í fljótu bragði má fletta upp í. Jafnvel um slíka hluti, sem kunna að hljóma eins og smámunir, niðurröðun skjala fyrir undirrétt og fyrir Hæstarétt, gilda tvennar reglur, sem þýðir að þegar mál koma frá undirrétti þarf oft að verja verulegum tíma í það að raða skjölum á annan máta. Þetta er allt í gangi og verið að leita að leiðum sem gætu orðið til að flýta meðferð og jafnvel til að spara, þó að allt slíkt kosti verulegt fjármagn í upphafi, og ég stefni að því að leggja fyrir Alþ. með næstu fjárlagagerð hugmyndir og óskir um fjárveitingar til þess að gera ýmsar slíkar breytingar á dómkerfinu.

Um Hæstarétt sjálfan vil ég segja það, að ítarlega var rætt áður en þetta frv. var fram lagt, og reyndar var það rætt í fyrra á vegum fyrrv. dómsmrh. einnig, um aðrar leiðir til þess að auðvelda Hæstarétti störf sín. Staðreyndin er sú, að Hæstiréttur hefur sjálfur farið fram á hvort tveggja, fjölgun dómara, og þar er samstaða um að þetta sé lágmarksfjölgun dómara, en einnig meiri starfs-

krafta, t. d. lögfræðilega aðstoð. Um það atriði hafa hins vegar verið skiptar skoðanir, og ég leyfi mér að segja jafnvel á meðal dómara, og ýmsir lögfróðir menn, eins og t. d. síðasti hæstv. dómsmrh. hafa vissar efasemdir um það, hve þetta mundi flýta meðferð mála. Allir eru sammála um að lögfróður aðstoðarmaður mótar aldrei skoðun dómarans, m. ö. o.: dómarinn verður að fara í gegnum öll skjöl. Hins vegar, eins og hv. þm. sagði, er þarna um ýmis tæknileg atriði að ræða, sem ég hef rætt ítarlega við forseta Hæstaréttar, og ég mun fara fram á það við fjárlagagerð að veitt verði heimild til þess að ráða skrifstofustjóra til Hæstaréttar — það höfum við rætt um — þannig að hæstaréttarritari geti sinnt einmitt þessum málum. Og ég leyfi mér að segja að þetta er af forseta Hæstaréttar talin mjög viðunandi lausn á þessu tæknilega atriði.

Ég vil leggja áherslu á það, sem ég sagði áðan, að út af fyrir sig telja margir að þetta stytti lítið þann tíma sem dómarar þurfa sjálfir að ráðstafa til að setja sig sem vandlegast inn í mál, því að það gerir enginn fyrir þá, þeir verða að gera það sjálfir. Þess vegna er það einróma skoðun manna að mikilvægara sé, — þegar ég segi einróma skoðun, þá á ég við þá ráðunauta, sem ég hef stuðst við, — að fjölga hæstaréttardómurum. Hitt er svo alveg rétt, að við fjárlagagerðina hefur verið tregða að leyfa ráðningu aðstoðarmanna, en ég leyfi mér að segja að það sé fyrst og fremst vegna þess að komið hafa fram þær efasemdir sem ég nefndi áðan. Menn hafa ekki verið á einu máli um hve mikið þetta leysti, þannig að við höfum fremur kosið að leggja áherslu á fjölgun dómara.

Ég hygg að tvímælalaust muni fjölgun dómara auðvelda og hraða meðferð mála fyrir Hæstarétti. Eins og hv. þd. veit er með þessu gert ráð fyrir að dómurinn geti skipt sér og fjallað þar með, eins og liggur í hlutarins eðli, um fleiri mál á sama tíma. Þetta er sett dómnum sjálfum í vald. Maður minnist þess, að við 1. umr. þessa máls komu einmitt fram efasemdir hjá hv. þm. um þessa leið. Þetta er hins vegar háttur sem tíðkast í öllum nágrannalöndum okkar, að dómar skipta sér, og ég tel fullkomlega óhætt að treysta Hæstarétti — við getum hygg ég ekki treyst öðrum betur — til þess að ákveða í hvaða málum óhætt sé að rétturinn skipti sér. En þau munu vera allmörg þar sem Hæstiréttur telur að slíkt komi vel til greina. Með þessu móti verður allverulega aukinn hraði á meðferð mála fyrir Hæstarétti.

Hv. þm. minntist á að stytta mætti dómhlé o. s. frv. Þetta kemur að sjálfsögðu til greina, en ég vil vekja athygli á því, að dómhlé er mjög notað af dómurum til alls konar undirbúningsstarfa fyrir dómaraembætti. Þeir fara ekki upp í sveit og sitja þar, því fer víðs fjarri. Þessir menn eru starfandi, m. a. að kynna sér mál, vinna að rannsókn mála. Talið hefur verið nauðsynlegt að veita mönnum slíkt hlé, t. d. kennurum og mörgum fleiri, til þess að fylgjast vel með því sem gerist. Dómarar þurfa að kynna sér m. a. lög, sem Alþ. samþ., og margt þess háttar. Það er ekki síst af þeirri ástæðu sem kann að vera eðlilegt að dómarar fái nokkurt hlé frá dómstörfum, sem eru mjög knýjandi og krefjandi þann tíma sem dómurinn situr.

Að lokum minntist hv. þm. á svokallað lögréttumál, sem ég gerði stuttlega grein fyrir í framsöguræðu minni með þessu máli. Í örfáum orðum felst í því, eins og hv. þm., sem hafa setið fyrri þing, þekkja, að uppi er sú hugmynd að setja upp sérstakt dómstig. — Við getum kallað það mitt á milli undirréttar og Hæstaréttar — og þá er hugmyndin sú, að það dómstig geti létt verulega álagi af bæði undirrétti og Hæstarétti, þ. e. a. s. sum meiri háttar mál fari beint til lögréttunnar og síðan til Hæstaréttar, en önnur minni háttar mál byrji í undirrétti og endi í lögréttunni. Hins vegar verður að segjast eins og er, að um þetta eru ákaflega skiptar skoðanir með lögfróðum mönnum. T. d. hjá Lögmannafélagi, Dómarafélagi, innan Hæstaréttar, innan réttarfarsnefndar og eiginlega hvar sem ég hef borið niður.

Ég hef að sjálfsögðu farið ítarlega í gegnum þetta frv. Ég hef einnig mínar efasemdir um sumt, eins og t. d. þann kostnað sem upp var gefinn í sambandi við lögréttuna. Ég held að hann fái alls ekki staðist. Ég held að hann verði miklu meiri — án þess að ég ætli að nefna hér tölu um það, því þetta er í endurskoðun. Ég taldi mér skylt gagnvart hinu háa Alþingi að hafa nokkuð öruggar tölur um kostnað. Niðurstaðan varð því sú, að ég óskaði eftir því við réttarfarsnefnd, að hún tæki það frv. til endurskoðunar að nýju. Ég fór að vísu fram á, að hún hraðaði þeirri endurskoðun og kannaði þá m.a. aths., sem komu fram á hinu háa Alþingi í umr. um þetta mál á síðasta vetri. Í ljós kom hins vegar, að réttarfarsnefnd var alls ekki reiðubúin að afgreiða málið jafnvel að nýju með stuttum fyrirvara. Nokkrar breytingar urðu á réttarfarsnefnd. Ég skipaði í nefndina nýja menn, m.a. menn sem hafa opinberlega lýst efasemdum um þetta mál. Niðurstaðan í nefndinni varð sú, að fela tveimur mönnum í nefndinni, m.a. einum nýjum manni sem þangað kom, Friðgeiri Björnssyni lögfræðingi, að taka þetta mál alveg sérstaklega til meðferðar. Síðan hefur verið ítarlega að því unnið, en það verður ekki hægt að leggja málið fyrir það þing sem nú situr. Ég stefni hins vegar að því að endanlega verði upp gert, eins langt og það nær að vísu, hvort ég legg mál þetta fyrir Alþ. í haust. Réttarfarsnefnd fullvissar mig um það, að ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu að allar umbeðnar upplýsingar og endurskoðun liggi þá fyrir.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans, en ég verð því miður að segja að þau staðfesta þann grun minn, að það séu horfur á því að lítið gerist á þessu ári eins og hinu síðasta í dómskipan í landinu til þess að reyna að hraða afgreiðslu dómsmála annað en að fjölga í Hæstarétti. Ég fagna að vísu öllum tilraunum sem uppi eru til þess að taka upp ný vinnubrögð á þeim dómstigum, sem nú eru starfandi, tæknivæðingu upplýsinga og annað slíkt.

Mér fundust athyglisverðar þær upplýsingar sem hér komu fram, m. a. um andstöðu hæstv. núv. forsrh. og fyrrv. dómsmrh. við að Hæstiréttur fengi eðlilega starfskrafta — upplýsingar um efasemdir fyrrv. dómsmrh. um að rétt væri, að Hæstiréttur fengi þá viðbótarstarfskrafta sem slíkir dómstólar hafa fengið víðast hvar sem ég þekki til í nágrannalöndum. Lýsingin á þeim ólíku skoðunum, sem uppi eru um lögréttufrv., gefa til kynna að það, sem einna helst kunni að breytast á næstunni í meðferð þeirra mála, sé eingöngu að fjölgað verði í Hæstarétti. Og þetta er, eins og ég hef sagt hér áður, að mínum dómi röng braut. Ég tel að grundvallarstofnanir eins og Hæstiréttur eigi að hafa vissa friðhelgi, að það eigi ekki að vera að krukka í Hæstarétt hvað eftir annað og breyta honum og starfsháttum hans til þess að leysa vandamál sem eru fyrst og fremst af allt öðrum rótum sprottin.

Ég vona að hæstv. dómsmrh. taki þessi mál til meðferðar af sínum alkunna dugnaði, þannig að það þurfi ekki aftur að koma að því eftir 3 eða 4 ár, eins og virðist nú, að annaðhvort hann eða einhver annar dómsmrh. komi aftur með frv. um nýja fjölgun í Hæstarétti.

Það mætti t. d., ef mikið vinnuálag er á dómurunum, sem mér fannst koma fram hjá dómsmrh., leggja niður þann sið, sem löngum hefur tíðkast og mér skilst að tíðkist jafnvel enn þá, þó að mér sé ekki kunnugt um í hve ríkum mæli það er gert, að dómararnir séu að vinna alls konar handavinnu fyrir ráðh. við undirbúning löggjafar, ýmiss konar aðstoð við stjórnsýsluna af því tagi sem sjálfsagt er hægt að fá nægilega marga vel fróða og hæfa lögfræðinga til þess að sinna.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. frekar. Því miður, eins og ég sagði áðan, finnst mér skýrsla þessi staðfesta að ekki er *efnislegt tilefni til þess að fjölga í réttinum*, þó að ég skilji það út af fyrir sig að dómararnir sjálfir, sem sjálfsagt eiga við erfiðleika að etja, vilji fá fleiri til þess að standa í þessu puði með sér. En fyrir dómskipunina í landinu og þróun hennar held ég að þarna sé aftur verið að ganga sömu röngu brautina og gert var fyrir 4 árum árum án þess að sú endurbót, sem þá varð gerð, hafi leitt af sér nokkra breytingu til batnaðar.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að andmæla því, að fyrrv. hæstv. dómsmrh. hafi verið andsnúinn því að Hæstiréttur fengi eðlilega starfskrafta. Eg orðaði það ekki svo. Fyrrv. hæstv. dómsmrh. hafði efasemdir um að fjölgun lögfróðra manna við Hæstarétt mundi að nokkru ráði flýta meðferð réttarins á málum. Ég skýrði það jafnframt, að efasemdirnar væru byggðar á því að varla mundi styttast sá tími sem nokkru nemur sem dómarar þurfa sjálfir að verja til að kynna sér vandlega öll mál og grundvallaratriði. Ég vil hafa þetta alveg á hreinu. Hins vegar hefur lengi verið leitast við í dómsmrn. að fá meiri starfskrafta þarna, en það hefur staðið á því sama og við allar stofnanir, það er spyrnt gegn því. Því var valið núna að fjölga dómurum fyrst og fremst. En jafnframt skýrði ég frá því, að ég mun leita eftir því í haust að þarna verði ráðnir fleiri starfsmenn. Ég vona að hv. þm. veiti mér ötullega lið í þeirri viðleitni, mig grunar að ekki muni af veita, og væntanlega einnig flokksbróðir hans, hv. formaður fjvn. (Gripið fram í.) Þá heyrum við það. Hins vegar er illt ef sá dómari, sem þarna verður væntanlega ráðinn ef Alþ. fellst á það, þarf að vera að pikka á ritvél.

Svo vil ég minnast á störf dómara fyrir dómsmrh. Það er rétt, að nokkrir dómarar, að vísu ekki allir, hafa verið fengnir til þess að taka þátt í endurskoðun laga. Það hefur vitanlega ráðist af því, að þarna eru menn sem ég hygg að óumdeilanlega búi yfir víðtækastri þekkingu á ýmissi flókinni lagagerð og dómsmrh., ég hygg allri svo langt sem ég hef séð, hafa talið sjálfsagt að leita til þessara manna, þannig að slík lagagerð mætti verða sem best undirbúin fyrir hv. Alþ. að fjalla um. Ég skal fúslega viðurkenna að í vanþekkingu minni, því ég er eins og hv. ræðumaður ekki löglærður maður út af fyrir sig, hef a. m. k. ekki lært lög, hef ég talið ákaflega mikils virði að geta leitað til þessara manna um ýmis viðkvæm mál. Ég hygg hins vegar að þetta hafi ekki dregið úr starfi þeirra að dómsmálum. Ég hef ekki nokkra ástæðu til að ætla slíkt og vil alls ekki taka undir það.

Svo vil ég að lokum segja það, að hv. þm. segir að augljóst sé að ekkert verði gert til að hraða dómsmálum. (**ÓRG:** Varðandi dómskipun.) Já, dómskipunina. Ég vil hins vegar segja það, að ég hef ekki kosið að vera að bera á torg ýmislegt sem verið er að gera. Þetta eru viðkvæm mál. Ég get t. d. sagt það hér, að í athugun á einkamálum, sem taka að meðaltali 4 ár í kerfinu, sem er náttúrlega óheyrilega langur tími og allir sammála um að verður að stytta, kemur í ljós að það er ekki nema svona um helmingur, þó að það sé nógur tími, sem er hjá dómstólunum. Hitt er í alls konar undirbúningi lögfræðinga sem eru með þessi mál. Svo verður líka að viðurkenna að dómstólar og dómarar eru ákaflega tregir að neita um fresti ef færa má rök að því að sakborningur fái ekki eðlilegar aðstæður til að verja sig. Þarna er náttúrlega átt við, að enginn er sekur fyrr en sektin er sönnuð og allir verða að fá næg tækifæri til að sanna sakleysi sitt. Þetta eru því ákaflega vandmeðfarin mál.

Ég get jafnframt getið þess, sem ég mun gera miklu ítarlegar í sambandi við skýrslu um dómsmál, sem liggur fyrir Alþ., að við upplýsingasöfnun s. l. haust óskaði ég eftir tillögum frá öllum dómurum, sem til var leitað, um nýskipun í dómkerfinu sem gæti orðið til að hraða meðferð mála. Þarna komu fram margar athyglisverðar hugmyndir sem allar eru skoðaðar. Hins vegar kemur einmitt mjög ríkulega fram hjá dómurum að ekki megi þarna rasa um ráð fram. Ég hef því talið að ítarlegur undirbúningur á þessu viðkvæma sviði sé nauðsynlegur.

Ég hef áður lýst lögréttumálinu. Ég veit að hv. þm. getur flett upp í þskj. og lesið þar um mjög miklar efasemdir sem komu fram á s. l. ári um það mál, bæði um kostnað og einnig um hluti eins og hæstv. forseti þessara d. nefndi, að þarna væri ekki gætt byggðasjónarmiða t. d. og þess háttar, þ. e. a. s. málin væru færð úr byggðunum til Reykjavíkur eða a. m. k. miðstöðva sem var gert ráð fyrir að yrðu tvær á landinu. Ég hef talið skylt að skoða öll slík ummæli og aths. sem fram hafa komið. En ég endurtek það, að ef ég verð í þessu starfi verður lögréttumálið *annaðhvort lagt fram næstkomandi haust* eða aðrar hugmyndir um að flýta meðferð dómsmála.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum rifja það upp, af því að það er langt um liðið síðan þessi umr. hófst, að allir umsagnaraðilar, nokkuð margir, sem allshn. leitaði til, mæltu eindregið með samþykkt þessa frv. Það er talið að fjölgun dómara nú gefi miklu meiri möguleika til þess að nýta þriggja dómara kerfið en áður. Það, sem er aðalatriði hér og nú, er að reyna að greiða úr þeim hnút sem orðið hefur í Hæstarétti, þ. e. a. s. flýta fyrir afgreiðslu mála sem þar hafa safnast fyrir. Málafjöldinn hefur að vísu ekki aukist mikið á síðustu árum, en það hefur sýnt sig að umfang mála á þessu sviði eins og öllum öðrum sviðum þjóðfélagsins hefur vaxið gífurlega mikið og má ætla að það valdi fyrst og fremst þessari löngu töf.

Ég vil líka árétta það sem ég sagði áður í umr. um fjárveitingar til Hæstaréttar, að þetta er náttúrlega ekkert sérstakt varðandi Hæstarétt. Þetta er hluti hinnar eilífu baráttu um að reyna að standa gegn útþenslu kerfisins sem oft er talað um, en ég álít að stundum sé sótt meira af kappi en forsjá á báðar hliðar — líka af hálfu fjárveitingavaldsins og þá okkar þm. Stundum kynni að vera hægt með ódýrasta starfsliði að hagræða og jafnvel í raun að spara. Ég vil líka árétta það, að komið hefur fram og m. a. í viðræðum við ráðuneytisstjóra dómsmrn., að

þó að breytingar verði gerðar á lægri dómstigum með breyttri löggjöf og breyttum starfsháttum er ekki gert ráð fyrir að það dragi verulega úr verkefnum Hæstaréttar. Þetta ræddum við sérstaklega að frumkvæði hv. 3. landsk. þm. við ráðuneytisstjórann í dómsmrn. á fundi í allshn., og það var hans álit, og það var auðheyrt að það hafði verið rætt á þeim slóðum, að þetta mundi ekki skipta sköpum.

Hv. 3. landsk. þm. talar um að það eigi ekki að vera að krukka í löggjöf um Hæstarétt hvað eftir annað. En ég tel að það sé alls ekki verið að því. Og það var einnig skoðun þeirra nm. sem afgreiddu nál. Á allmörgum áratugum hefur aðeins einu sinni verið fjölgað dómurum þar til nú. Þetta er náttúrlega ekki að krukka í þriggja dómara kerfið, það hefur þegar verið prófað. Það er ekki verið að taka upp nýja tilhögun. Og það er till. allra umsagnaraðila um þetta, eins og ég sagði áðan, að reyna þetta, og hún er auðvitað byggð á þeirri reynslu sem fengist hefur af þessu formi, þetta hefur þótt gefast vel.

Ég vil árétta það að lokum, að auðvitað er aðalatriði í þessu máli að unnt sé að flýta fyrir afgreiðslu mála í Hæstarétti, og þetta er sú leið sem að dómi þeirra fjölmörgu aðila, sem ég hef vitnað til, er talin líklegust til þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:2 atkv.
2. — 3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 473 samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Happdrættislán vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, frv. (þskj. 15, n. 461, 462). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 frá 23. maí 1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg. N. hefur orðið sammála um að mæla með að frv. verði samþ. með þeirri breyt. sem felst í till. á þskj. 462. Samkv. því koma í 1. gr. frv. í stað, „gefur út" orðin: er heimilt að gefa út. Það er til að undirstrika að hér er um heimildarákvæði að ræða, enda þótt það felist raunverulega í ákvæðinu um að upphæðin skuli vera allt að 2 þús. millj. kr. Þar er því ekki um að ræða neina efnisbreytingu.

Síðara atriðið er að í frv. komi ný grein sem breyti 4. gr. núgildandi laga á þann veg að skuldabréfin verði verðtryggð eða gengistryggð í stað þess að nú er aðeins talað um verðtryggingu.

Það ætti ekki að þurfa að hafa mörg orð um þörfina fyrir aukið fjármagn til vegagerðar, þar sem vegaframkvæmdir eru áreiðanlega einna efst á óskalistanum í hugum flestra þm., enda með erfiðustu verkum þeirra að verða árlega að skipta allt of fáum krónum til margra og brýnna framkvæmda. Það er því mikils virði, að aðstæður í þjóðfélaginu verði slíkar að hægt verði að nota þá heimild til fjáröflunar sem í frv. felst, enda innlendum sparnaði varla á annan hátt betur varið en til framkvæmda í vegagerð.

Samkv. frv. skal á næstu 4 árum verja því viðbótarfjármagni, sem á þann hátt fæst sem gert er þar ráð fyrir, til framkvæmda við Norðurveg og Austurveg. Yrði þá hægt að ná mikilvægum áföngum við að koma þeim vegum í viðunandi horf.

ATKVGR.

Brtt. 462,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 462,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 100). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 64. fundur.

Miðvikudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Alþjóðasamningar um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, frv. (þskj. 115). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 477).

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 147, n. 391, 398, 466). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 391, 398 og 466 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. (þskj. 325). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir máli sem fjallar um breytingar á áfengislögum, sem eru frá árinu 1969, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Friðrik Sophusson, Eiður Guðnason og Ellert B. Schram.

Í sem fæstum orðum fjallar þetta frv. til 1. um nokkrar veigamiklar breytingar á áfengislögum eins og þau hafa

verið framkvæmd hér á landi um allnokkurt skeið, eða frá því að áfengisbanni var aflétt um miðjan fjórða áratuginn.

Meginatriði þeirra breytinga, sem hér er verið að leggja til, eru í fyrsta lagi þau, að afnumdar skulu hömlur sem gilt hafa um opnunar- og lokunartíma veitingahúsa og þá auðvitað þeirra húsa, sem vínveitingaleyfi hafa haft, en á móti komi til tryggingar fyrir neytandann skyldur þessara aðila til þess að auglýsa rækilega og í góðan tíma hvaða opnunar- og lokunarreglum verði fylgt.

Í annan stað er í þessu frv. til l. verið að leggja til að því fólki, sem áhuga hefði á því að opna og reka slíka veitingastaði, verði auðveldað að gera slíkt. Er lögð til sú almenna regla, að ef um færri en 60 sæti er að ræða á slíkum stöðum sem um ræðir sé að uppfylltum almennum heilbrigðisskilyrðum öllum sem slíkt vilja, heimilt að opna slíka staði, en ef þeir fara yfir þessi mörk, yfir 60 sæti, er hins vegar gert ráð fyrir að sérstaklega séu tryggð réttindi þeirra sem við slíka staði starfa, og þá auðvitað fyrst og fremst matreiðslufólks, þjóna svo og annarra þeirra sem við slíka staði starfa.

Um það þarf varla að fara mörgum orðum, að hætt er við því að smávægilegir hagsmunaárekstrar kunni að verða í viðskiptum af þessu tagi á milli þeirra annars vegar, sem við slíka staði starfa, og svo neytandans. Þarna er reynt að þræða eins konar milliveg, þannig að hagsmunir beggja séu tryggðir að nokkru.

Í þriðja lagi er sú meginbreyting lögð til að fólki 18 ára og eldra sé heimilt að sækja slíka staði, enda má segja að því fylgi sú almenna röksemd að þegar allt virðist í það horf sækja að kosningaraldur sé að verða 18 ár og það er alkunna að 18 ára er fólk iðulega harðgift og jafnvel foreldrar eins eða fleiri barna, þá sýnist það heyra til liðinni tíð að vera um þessa tilteknu þjónustu að hafa slíkar aldurshömlur.

Í fjórða lagi er lagt til að verðlagning sé gefin frjáls.

Hér má segja, að í sem allra stystu máli hafi verið lýst þeim meginbreytingum sem verið er að leggja til.

Um þetta frv. til l. hafa þegar farið fram allnokkrar umr. vítt og breitt um samfélagið og þá auðvitað einnig hjá þeim sem beinna hagsmuna eiga að gæta. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé um það kunnugt, að áfengisvarnaráð hefur sent grg. um skoðanir sínar hingað. Hv. þm. er auðvitað kunnugt um það, að áfengisvarnaráð hefur yfir höfuð að tala lýst sig andvígt þeim meginbreytingum, sem hér er verið að leggja til, og rökstyður mál sitt þeirri almennu skoðun, að séu hömlur teknar af í þessum efnum verði slíkt til þess einungis að auka áfengisbölið í þessu landi. Það þarf auðvitað ekki að fara um það mörgum orðum, að það er ekki vilji flm. að auka á áfengisböl. Þvert á móti geri ég ráð fyrir því að allir 4 flm. þessa frv. viti og viðurkenni að hér er verulegt áfengisböl og gegn því þarf og verður auðvitað að vinna með öllum þeim ráðum sem tiltæk eru. Í því sambandi ber auðvitað mjög að meta störf áfengisvarnaráðs, svo og annarra samtaka, frjálsra samtaka einnig, sem hafa látið sig þessi mál mikið skipta og hafa að minni hyggju lyft Grettistökum í þessum efnum.

En að þessu sögðu og þó að það sé auðvitað vilji flm. að á raddir þessar sé hlustað og til þeirra tekið mikið tillit, þá ber auðvitað að undirstrika að hér er ekki um að ræða þann vilja að auka á það böl, sem vissulega er fyrir hendi, heldur er það hugmynd flm. þvert á móti að með rýmri reglum, þar sem fólkinu sjálfu er treyst fyrir auknu valfrelsi í þessum efnum og einkum og sér í lagi þar sem lögin eru þannig úr garði gerð að þau stuðli að því að hinum smáu rekstrareiningum í þessari þjónustu sé gert auðveldara að starfa, þá verði slíkt aukið félagslegt valfrelsi til þess að auka á menningarlegra félagslíf í þessum efnum en hér hefur verið um langa hríð. Ég hygg að það þekki a. m. k. allir þeir sem nokkra þekkingu hafa á félagslífi á höfuðborgarsvæðinu, að ákveðin vandamál hafa verið hér. Það þarf ekki annað en keyra um borgina á föstudagskvöldum eða laugardagskvöldum á tilteknum tímum, en þá má sjá fólk hundruðum og jafnvel þúsundum saman vera að fara út á göturnar hér í alls konar veðrum. Flm. eru þeirrar almennu skoðunar, að þær ströngu reglur, sem um þetta hafa gilt og hafa átt að vera til hindrunar því að til vandræða kæmi, hafi iðulega beinlínis haft öfug áhrif við það sem til var stofnað.

M. ö. o.: hér er verið að leggja til aukið félagslegt valfrelsi í tiltekinni þjónustu. Það er verið að flytja ákveðið hegðunarvald frá þeim, sem sett hafa strangar reglur, til fólksins sjálfs — þess fólks sem þessarar vöru og þjónustu vill njóta og telur sig hafa af því nokkra félagslega fullnægingu.

Flm. gera sér auðvitað grein fyrir því, að um þetta eru skiptar skoðanir og þar kemur tvennt til. Bæði stafar allnokkur vandi af því, að menn eru ekki á eitt sáttir um hvort hömlur eða félagslegt val er heppilegra til þess að stuðla að aukinni menningu og forða frá ómenningu í þessum efnum, og annað vandamál kemur einnig til: vandi þeirra sem við þessar greinar starfa. Það þarf auðvitað að búa svo um hnútana að það fólk hafi tryggt atvinnuöryggi, en um leið séu hagsmunir neytenda tryggðir. Við, sem að þessu frv. stöndum, teljum að þeirra sjónarmiða hafi verið verulega gætt.

Að öðru leyti hygg ég ekki nauðsynlegt að fara um þetta frv. fleiri orðum. Ég hygg að þm. hafi kynnt sér skoðanir sem hingað hafa verið sendar. Það hafa fleiri en áfengisvarnaráð sent grg. hingað. Leigubílstjórar í Reykjavík hafa sent hingað erindi þar sem þeir benda á þau vandkvæði sem hafa fylgt hinum ströngu lokunarreglum sem hafa verið settar um þessi hús, og þeir eru því hlynntir að reglur þessar verði rýmkaðar þannig að þjónustan jafnist út, telja það verða til bóta.

Allt um það læt ég máli mínu um þetta frv. lokið, en vil ítreka þá meginhugsun að það er verið að leggja til aukið félagslegt valfrelsi til handa þeim sem telja sig hafa af því nokkra fyllingu að njóta þeirrar vöru og þjónustu sem í boði er hverju sinni.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hv. flm. frv. þessa segja það vera tilgang sinn að bæta veitingahúsamenninguna og danshúsamenninguna í landinu. Ég verð að taka undir það, að það er mjög góður tilgangur að gera slíkt og ástæða til að fagna hverri þeirri viðleitni sem sýnd er í þá átt. En ég hlýt jafnframt að segja það, að mér líst ekki sem best á efni þessa frv. Ég hef enga trú á því að samþykkt þess boði nýja og betri tíma í dans- og veitingahúsamenningu Íslendinga. Flm. tala um ómenningu í þessu sambandi og leggja á það nokkra áherslu í grg. fyrir frv. Þeir telja að það gæti ómenningar í sambandi við starfsemi dansstaða og veitingahúsa, og ég er því sammála. Ég er sammála þeim um að bæta beri úr því ómenningarástandi.

Hv. flm. koma mjög víða við þegar þeir ræða þetta

mál, einkum í grg. Þeir benda á margt sem aflaga fer í þessum efnum, og þeir koma með till. sem þeir telja vera til úrbóta.

Ein meginröksemd hv. flm. er sú að kenna lögum og reglugerðum um ástandið. Þeir segja að hömlur af hálfu löggjafans hafi valdið ómenningunni í dans- og veitingahúsastarfseminni. Þess vegna er það megintillaga þeirra að losa um lagahömlur á veitingastarfsemi og rekstri dansstaða. Þannig ætla þeir að stuðla að bættri samkomumenningu í landinu. En ég verð að segja eins og mér finnst, að þessar röksemdir hv. flm. eru fjarri því að vera óyggjandi. Þær þarf að athuga miklu nánar. Og margt af því, sem þeir kalla rök, eru aðeins hæpnar fullyrðingar sem ekki munu standast ef betur er að gætt.

Það má segja að gallinn við þetta mál sé m. a. sá, hversu það er mjög hroðvirknislega unnið. En grg., sem fyrir þessu frv. er, ef menn lesa hana, er einmitt mjög ljóst dæmi um það atriði. Grg. er ákaflega einhæf og ófullnægjandi og gefur ekki rétta mynd af því máli sem um er fjallað. Á því eru miklu fleiri hliðar en fram kemur hjá flm. Það er næsta auðvelt að skoða þetta mál í allt öðru ljósi en þeir gera.

Flm. gera mikið úr þeim hömlum sem eru á veitingahúsarekstri og rekstri danshúsa. Þeir nota orðið hömlur, sem er mjög neikvætt orðalag, í þessu sambandi. Greinilega er þetta orð notað til þess að gera sem allra mest úr frelsisskerðingu þeirra reglna sem um þessi mál gilda.

Það er sagt fullum fetum, að þessar reglur séu úreltar og stuðli að ómenningu, og maður finnur þann undirtón í máli flm. að reglur þessar eigi sér naumast fordæmi í öðrum löndum. A. m. k. veit ég fyrir víst að ýmsir skilja mál flm. þannig, að íslenskar reglur um opnun og lokun dansstaða og starfstíma veitingahúsa séu afturhaldssamar og forpokaðar og í engu samræmi við það sem gerist erlendis. Ég fullyrði gagnstætt fullyrðingum flm., að reglur um opnun og lokun veitingahúsa og dansstaða hér á landi eru ekki óeðlilegar né í ósamræmi við það sem yfirleitt gerist með öðrum þjóðum austan hafs og vestan. Þvert á móti, það þykir ekki sjálfsagt, jafnvel ekki í milljónaborgum, að menn geti farið út að borða, t. d. á venjulegu veitingahúsi, um miðjar nætur. Alls staðar í heiminum eru hömlur á slíkri starfsemi, m. a. af hálfu hins opinbera, og eins stríðir það gegn smekk og daglegum lífsháttum fólks að vera með þess háttar næturgöltur. Venjulegt fólk, sem fer út að borða eða dansa, gerir það snemma kvölds og er komið heim fyrir miðnætti.

Hitt er annað mál, að svokallað næturlíf blómgast í stórborgum. En þá erum við komnir inn á nýtt svið. Ég efast um að menn hér í Reykjavík, hvað þá annars staðar á landinu, geti farið að keppa við milljónaborgir í ástundun næturlífs með þeirri fjölbreyttni sem er í boði þar sem fjöldinn er mikill og ferðamannastraumur linnulaus. Ef það er eitthvað sem þessar opnunar- og lokunarreglur dansstaða á veitingahúsum gera, þá setja þær hömlur við næturlífi með stórborgarsniði. Þær setja skorður við því að hér starfi næturklúbbar eða næturskemmtistaðir eins og finna má í stórborgum erlendis. Strangleiki reglnanna er í þessu fólginn og varla öðru.

Þó er það svo að ýmsir útlendingar, sem kynnast danshúsamenningu á Íslandi, líta á danshúsin hér sem næturklúbba — og af hverju? Af því að þessir dansstaðir eru opnir fram yfir miðnætti, ýmist til kl. 1 eða 2. Munu ýmsir næturklúbbar erlendis ekki hafa opið miklu lengur á nóttunni, þó að aðrir hafi opið fram á bjartan dag, eins og alkunna er. Það er því skoðun mín að núgildandi reglur um opnun og lokun danshúsa og veitingastaða séu ekki úreltar og þær eigi sér eðlileg rök og eðlilegar ástæður. Þessar reglur eru alls ekkert frábrugðnar því sem gerist erlendis, heldur nauðalíkar. Ef nokkuð er eru opinberar reglur um starfstíma danshúsa frjálslegri hér en gerist víða annars staðar.

Sannleikurinn er sá, að danshús á Íslandi, t. d. í Reykjavík og á Akureyri, eru að hálfu leyti næturklúbbar. Ég fæ ekki séð að í þessum efnum ríki forpokun eða afturhaldssemi. En ef við viljum taka upp fullkomið næturlíf eins og það gerist í París, London og fleiri stórborgum heimsins, þá skulum við hugsa fyrir því sem alveg sérstöku verkefni sem verður að leysa í samræmi við eðli og tilgang málsins. Í því sambandi er þó skynsamlegt að spyrja ýmissa spurninga. Ekki síst er ástæða til að spyrja um það, hvert eigi að vera markmið og hvaða kröfum sé verið að þjóna með því að koma upp næturklúbbum og næturlífi og þar með hversu víðtækt það eigi að vera og hversu fjölþætt. En fyrst og fremst ættu menn að spyrja sig þeirrar spurningar, hver sé raunveruleg þörf fyrir næturklúbba og fjölþætt næturlíf í Reykjavík. Er ekki hugsanlegt að það sé gott að vera laus við þessa tegund stórborgarmenningar, og er ekki líklegt að innreið frekari næturmenningar í bæjarkríli á borð við Reykjavík verði þar eins og hver annar ljótur og leiðinlegur aðskotahlutur? Og má ég spyrja: Liggur fyrir einhver almenn krafa frá Reykvíkingum og öðrum landsmönnum um að breyta reglum um opnun og lokun danshúsa og veitingastaða? Mér er ókunnugt um að almenn rök eða krafa um slíkt liggi fyrir. Ég fullyrði hins vegar, og ég held að á því sé enginn vafi, að yfirgnæfandi meiri hluti Reykvíkinga og landsmanna yfirleitt er ekki þeirrar skoðunar að reglur um opnun og lokun danshúsa og veitingastaða sé ástæðan fyrir villimannlegum drykkjuskap margra Íslendinga og ógnvekjandi hegðun landans þegar hann er á fylliríi, en það er sannast mála að drykkjusiðir og hegðun drukkinna Íslendinga er skelfileg, svo að menn, sem þessu eru óvanir, verða beinlínis skelfingu lostnir þegar þeir horfa á það.

Það er tómur fyrirsláttur að halda því fram, að drykkjuómenning Íslendinga stafi af hamlandi reglum í áfengislögum og lögreglusamþykktum. Það er bábilja að halda því fram, að hér á landi séu ákaflega strangar reglur um sölu og veitingar áfengis. A. m. k. er ekki ástæða til að tala um slíkt hvað Reykjavík snertir. Ég veit ekki betur en áfengi sé verslunarvara sem hver fullveðja maður getur keypt hindrunarlaust í áfengisútsölum og eins mikið af því og hann er borgunarmaður fyrir og í ýmsum tilvikum langt fram yfir það.

Og hvað um áfengisveitingar á opinberum veitingastöðum? Í Reykjavík eru 13 veitingahús sem selja áfengi í veitingasölum eða vínstúkum, þar sem menn geta setið klukkutímum saman og drukkið allt það áfengi sem þeir geta í sig látið. Ég hygg að í mörgum veitingahúsum séu barir opnir alla daga, nema miðvikudaga, samtals 7 tíma á dag, frá 11.30—2.30 miðjan daginn og síðan frá kl. 19—23.30 á kvöldin og reyndar lengur um helgar. Ég get ekki betur séð en þetta sé alveg forsvaranleg þjónusta við frelsið og sérkröfur margra um að geta stundað drykkjuskap í fallegu húsnæði, en manni skilst að það sé mjög mikilvægt fyrir drykkjumenninguna að umhverfið

sé í samræmi við menningarviðleitnina, og skal ég ekkert úr því draga.

Í þessu sambandi væri ástæða til að athuga nánar um fjölda danssstaða og veitingahúsa í borginni. Eins og ég sagði áðan eru 13 föst vínveitingahús í Reykjavík með veitingasölum, mörg hver með mörgum veitingasölum, danssölum og vínstúkum og í sumum þeirra mörgum börum. Vínstúkurnar eru að vísu mismunandi stórar. Sumar þeirra rúma fremur fáa gesti, en aðrar marga tugi, ef ekki hundruð manna. Þessi 13 vínveitingahús, sem ég nefndi, rúma samtals yfir 8600 manns. Í þessum húsum geta sem sé yfir 8600 manns verið í einu að borða, dansa og drekka. Auk þess eru í Reykjavík ýmsir samkomustaðir, litlir salir og félagsheimili, þar sem er rúm fyrir 5222 gesti. Það vantar því ekki mikið upp á að um 14000 manns geti verið á balli í einu í Reykjavík.

Flm. þessa frv. tala mikið um biðraðirnar sem sjá má við danshúsin rétt fyrir kl. 11.30, a. m. k. á föstudags- og laugardagskvöldum, og það á að vera röksemd fyrir því að halda húsunum opnum lengur fram eftir. Ég skal ekki neita því að sjá megi slíkar biðraðir. Þó ætla ég að leyfa mér að draga í efa að þær séu eins miklar og almennar og hv. flm. halda fram. Ég hef leitað mér upplýsinga hjá mönnum, þ. á m. veitingamönnum, sem fylgjast með þessum málum. Þá kemur í ljós að þetta biðraðavandamál hefur stórlega minnkað á síðari árum. Það var fyrir hendi fyrir nokkrum árum, eða a. m. k. var það miklu verra áður. En hvað sem því líður tel ég það ranga kenningu að bregðast við biðraðavandamálinu á þann hátt sem flm. leggja til, þ. e. að hafa opnunar- og lokunartíma danshúsa frjálsan, sem þýðir í reynd að draga dansleikina lengra og lengra fram á nætur. Ég fullyrði að slík stefna yrði ekki til að efla íslenska menningu, íslenska vínmenningu og íslenskt skemmtanalíf sérstaklega. Þvert á móti mundi slík stefna hafa í för með sér nýjan vanda, en væri mjög óæskileg frá menningar- og félagslegu sjónarmiði, reyndar frá almennu þjóðfélagslegu sjónarmiði séð.

Það er alger miskilningur að slíkt frjálsræði yrði til þess að bæta drykkjumenninguna í landinu, — öðru nær, það yrði til þess að stórauka drykkjuskap og magna nætursvall í borginni. Ég held að það sé ekki á slíkt bætandi. *Íslendingar eiga við mikið áfengisvandamál að stríða*, eins og hv. 1. flm. þessa máls gat um áðan, og þetta vandamál birtist í ótal myndum. Ég ætla ekki að gera því náin skil hver þessi vandi sé. Algengast er nú á tímum að ræða um áfengisvandamálið sem heilbrigðis- og heilsufarslegt vandamál og sem fjölskyldu- og félagslegt vandamál. Síst vil ég gera lítið úr þessum vandamálum. Ég er þeim vel kunnugur og met mikils þá viðleitni sem nú er víða að finna til þess að bæta úr slíku áfengisböli, þ. e. a. s. böli drykkjusjúkra manna, sem kemur ekki aðeins niður á þeim sjálfum, heldur einnig vandamönnum þeirra, svo sem mökum og börnum eða foreldrum og öðrum nánum ættingjum.

Ég ætla að leyfa mér að benda á annað vandamál sem fylgir áfengisneyslu á Íslandi, en það er áberandi misnotkun áfengis í sambandi við skemmtanalífið og samkomur yfirleitt ef þar er víndropa að fá. Ofdrykkja á danssamkomum er landlægur ósiður hér og þaulseta við brennivínsdrykkju nánast þjóðareinkenni. Þetta setur svip sinn á samkomuhald og dansleiki og er réttnefnt vandamál. Ég er fráleitt þeirrar skoðunar, að ástæðan fyrir þessu vandamáli sé sú að hér séu miklar opinberar hömlur á vínveitingum og áfengissölu. Þess vegna tek ég ekki undir þá skoðun að frjálslegri reglur um veitingastaði og danssamkomur leysi þennan vanda. Þetta vandamál liggur miklu dýpra en svo, að lög og reglugerðir ráði við það, næstum að segja á hvorn veginn sem þeim er beitt, hvort heldur það er í aðhalsátt eða í frjálsræðisátt. Við erum e. t. v. að berjast við skapgerðarvandamál heillar þjóðar, e. t. v. uppeldisvandamál að einhverju leyti. Kannske eigum við í stríði við smekk fólksins gagnvart menningarlegri hegðun almennt. Sem sagt, ég er þeirrar skoðunar að meðferð Íslendinga á áfengi og umgengni Íslendinga í sambandi við áfengi sé einhvers konar sambland af uppeldiságöllum og skapgerðarveilum þjóðarinnar. Lög og reglugerðir leysa ekki slíkan vanda.

Þegar menn fara fram á það t. d., eins og gert er í þessu frv., að breyta reglum um lokun veitingahúsa, gera þær frjálslegri eins og sagt er, má vel halda því fram að verið sé að þjóna þeim eina tilgangi að opna mönnum leið til þess að þreyta brennivínsdrykkju á opinberum stöðum sem allra lengst fram eftir nóttu. Ég spyr: Er slíkt þjóðfélagslega æskilegt? Og ég spyr líka: Er uppi almenn krafa frá Reykvíkingum og öðrum Íslendingum um að gera þeim mögulegar sem lengstar drykkjur á veitinga- og danshúsum? Ég held að slík almenn krafa sé ekki fyrir hendi þrátt fyrir allt. Ég held að flest fólk átti sig á því, að slík krafa er dæmalaust heimskuleg og á engan rétt á sér þegar til kastanna kemur. Það getur verið notalegt að þjóna lund sinni og Íslendingseðli með því að koma seint á ball, helst ekki fyrr en um miðnætti, og hefja þá dugleg-an drykkjuskap sem gæti staðið fram undir morgun. En þó að slíkt sé þjóðlegt og ánægjulegt í svipinn munu flestir viðurkenna að afþreying af þessu tagi sé skyldari villimennsku en þroskaðri siðmenningu.

Ég átta mig ekki á því, hvaðan flm. er komin hugmyndin og baráttugleðin fyrir auknu næturs valli á Íslandi. Hverjir hafa hagsmuni af því að svo verði? Sannleikurinn er sá, að það er enginn skortur á veitinga- og danssölum á Íslandi, síst í Reykjavík. Reglur um starfstíma slíkra húsa eru engan veginn óeðlilegar né ólíkar því sem gerist í öðrum löndum. Áfengi er ekki bannvara á Íslandi, þótt um sölu þess og veitingar gildi vissar reglur. *Þessar reglur eru ekki strangari en svo, að auðvelt er hverjum manni að laga sig að þeim, ef hann vill, og teljast þó frjáls maður eftir sem áður.*

Sú viðbára kemur oft fram, þegar rætt er um þessi mál, og hún kemur einmitt fram hjá hv. flm. þessa frv., að nauðsynlegt sé að lengja næturs vall í veitingahúsum og dansstöðum til þess að koma í veg fyrir drykkju- og næturpartí í heimahúsum. Þetta kann að vera frómur tilgangur. En ósköp eru rök þeirra innantóm þegar betur er að gætt. Þau eru spegilmynd af því sem ég var að nefna áðan varðandi þá ónáttúru Íslendinga að þreyta brennivínsdrykkju og röfla tóma vitleysu heilar nætur og fram á rauðamorgun. Og hvað þarf mikið frjálsræði til þess að koma í veg fyrir næturpartí í heimahúsum? Hvað halda flm. að mundi nægja varðandi lokunartíma dansstaðanna til þess að stöðva næturpartí í Reykjavík og annars staðar? Ætli það sé ekki staðreyndin, að næturpartíin hafi eigið aðdráttarafl og menn vilji alls ekki missa þau úr skemmtanalífinu. Ég held að það yrði að hafa ansi lengi opið á Óðali, Þórscafé og öðrum slíkum stöðum ef það ætti að verða til þess að uppræta næturpartí eða aðrar langdregnar veislur í heimahúsum. Auk þess liggur ekk-

ert fyrir um það, hversu mikið og alvarlegt vandamál er fólgið í þess háttar afþreyingu. Og er ekki eins gott að fólk stundi fylliríisröfl og dragi sig saman í heimahúsum eins og á rándýrum veitingastöðum?

Reyndar er aldrei minnst á einn þátt þessa máls, nefnilega fjármálahliðina á næturvallinu. Hvað mun það kosta að reka dansstaðina sem næturklúbba, og hvert verður verðlagið á þjónustunni? Er eitthvert vit í þessu frá rekstrarlegu og fjárhagslegu sjónarmiði? Það er alveg augljóst mál, að t. d. starfsfólk veitingahúsa mun ekki láta bjóða sér aukið vinnuálag án þess að krefjast sérstakra launa fyrir. Og þá er hætt við að sjússinn verði orðinn nokkuð dýr um það er lýkur. Segja mætti mér að margur kysi heldur að róla heim í næturpartí en láta fé fletta sig í morgunsárið á opinberum veitingastað. Og hvað hefur þá unnist?

Eitt er það í máli flm. sem ástæða er til að gefa gaum sem jávkæðu framlagi í þessum umr., og það er sá vandi sem oft á sér stað við að útvega dansgestum leigubíla á nóttunni. Það hljóta allir að verða sammála um að rétt sé að athuga hvernig úr þessu verði bætt á raunhæfan og skynsamlegan hátt. Reyndar er það ekkert sérvandamál Reykvíkinga að finna leigubíla á nóttunni. Það held ég að sé algengt vandamál í flestum borgum heims. Ég held að það væri skynsamlegt að lögregluyfirvöld með atbeina ríkisstj., t. d. samgrh. og dómsmrh., hefðu forgöngu um viðræður við samtök leigubílstjóra um þetta mál. Ég hef trú á því að hægt sé að finna lausn á þessu vandamáli ef rétt er á haldið. Lögreglan hefur áhyggjur af þessu, og vil ég ekki gera lítið úr því, en mér finnst þetta einnig vera mál sem snertir leigubílstjórastéttina sjálfa. Það verður ekki leyst svo að vel sé nema í samráði við hana. E. t. v. mætti einnig huga að því, hvort sérstök strætisvagnaþjónusta gæti bætt eitthvað úr þessu vandamáli, a. m. k. að einhverju leyti, en ég sé enga ástæðu til að gera úr þessu óleysanlegt eða yfirþyrmandi vandamál.

Já, það er býsna margt sem hv. flm. ætla að gera til úrbóta á samkvæmismenningu Íslendinga. Eitt er það að auka fjölbreytni í veitingahúsarekstri hér á landi, auðvelda fólki að opna litla matsölustaði þar sem veitt yrði vín með mat ef svo þætti henta. Það mál vilja flm. m. a. leysa með því að gera minni kröfur um menntun og starfsþjálfun starfsliðs og um búnað í eldhúsi og veitingasölum. Ég get fallist á það með hv. flm., að margt mætti betur fara í veitingahúsarekstri hér á landi, t. d. í Reykjavík. Og ég hef samúð með þeirri hugmynd að rekin væru góð matsöluhús með minni íburði og tilkostnaði en tíðkast í sambandi við slíka staði nú. Mætti hugsa sér að slíkir staðir væru einhvers konar millistig á milli Hressingarskálans og Hótel Borgar, svo að ég nefni staði í miðborg Reykjavíkur til viðmiðunar. Annars er mér ókunnugt um rekstrargrundvöll slíkra staða og raunverulega eftirspurn eftir slíkum stöðum. Ég óttast líka að það þurfi að vera vel á verði fyrir því að slíkir staðir verði ekki drykkjuómenningunni að bráð. Þó veit ég ekki hvort það er ráð í sambandi við rekstur slíkra staða að fúska við matartilbúning og framreiðslu. Ég held að rétt sé að athuga hvort eitthvað vinnst við það. Matargerð er mjög vandasöm iðngrein. Hins vegar er auðvelt að koma þar við alls konar fúski. Hugmyndum um íburðarminni veitingahús vil ég þó alls ekki hafna, en mér finnst það vera veitingamanna sjálfra að sýna fram á það í verki hvernig slík hugmynd getur orðið að veruleika.

Eitt er það sem augljóslega vantar í samkvæmis- og veitingahúsamenningu okkar, en það eru góð kaffihús, eða öllu fremur virðist vanta áhuga hjá almenningi á kaffihúsamenningu. Íslendingar sýna sáralítinn áhuga á kaffihúsum, þannig að ekki er grundvöllur fyrir eiginlegum kaffihúsarekstri. Ég fæ ekki betur séð en mikil breyting hafi orðið á í þessum efnum frá því sem var fyrir 20—30 árum og ég ætla að leyfa mér að halda því fram, að veitingahúsamenningin hafi ekki batnað frá því sem var á þeim árum. Þessi breyting hefur gengið í átt til síaukinnar áfengisneyslu og langdregins næturvalls frá því að vera sæmilega fáguð kaffihúsamenning. Það er svo komið, að Íslendingar koma helst ekki saman upp á annað en drekka sig fulla og láta æra sig með rafmagnstólum. Það er út af fyrir sig ekki banvænt að lenda í slíku svo sem einu sinni á ári, en meira má það varla vera ef menn ætla að halda sönsum.

Ég held að það sé fullkomlega tímabært að fara að líta með gagnrýnisaugum á samkomu- og veitingahúsamenningu Íslendinga. Það væri verðugt verkefni fyrir félagsfræðinga að gefa því máli gaum, og mér sýnist að ástandið í þessum þætti þjóðmenningarinnar gæti verið eðlilegt tilefni til ráðstefnuhalds eins og nú er talsvert tíðkað um ýmiss konar málefni.

Herra forseti. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta mál og læt máli mínu lokið.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Mér finnst á hv. þm. að þeir séu undrandi á að ég skuli fara að taka til máls í þessu máli. Hitt er mín skoðun, að mál þetta komi ekkert síður við þeim mönnum sem hafa verið taldir lélegir þátttakendur í því sem heitir drykkjuskapur, en það hef ég verið um dagana. Mér finnst að málið út af fyrir sig sé ekki þess eðlis að um það eigi að fjalla á þann veg, heldur á þann veg, hvað maður álítur að megi verða til þess að hafa áhrif í þá átt er til betri vegar horfir á máli þessu.

Það er svo með frv. það, sem hér er á ferðinni, að ég hef hugsað mér fylgi við það. Hins vegar vil ég segja það, að ég vildi gjarnan óska eftir því að þegar frv. færi til n. væri lögð vinna í að vinna það betur en nú hefur verið gert. Ég er t. d. ekki fylgismaður þess að hafa opnunartíma samkomustaða allan sólarhringinn, það séu engin takmörk þar á. Hins vegar finnst mér að eins og þeim málum er fyrir komið núna verði að gera á breytingar.

Ég hafði nokkur kynni af þessum málum þegar ég var samgrh. og ræddi þá oft við forsvarsmenn leigubifreiðastjóra um þessi mál og það að fjölga leigubifreiðum á þeim tíma sem samkomur ættu sér stað, svo biðtíminn þyrfti ekki að vera svo langur og raun ber vitni um fyrir þá sem þaðan kæmu. Því miður tel ég að árangur af þeim aðgerðum, sem við í samgrn. gerðum tilraunir til þess að gera í sambandi við leyfisveitingar, hafi ekki náðst, sá sem við stefndum að. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er mjög óheppilegt að öllum samkomuhúsum sé lokað samtímis og þeir, sem þaðan koma, þurfi að fara út á götuna. Þessu tel ég að verði að breyta og þess vegna geti 1. gr. frv. þessa komið inn á það svið, ekki með því að vera takmarkalaus, heldur með því að í kjölfar þeirrar breytingar, sem þar yrði gerð, yrði sett reglugerð sem leyfði hreyfanleika í opnunartíma samkomuhúsanna. Þá geri ég mér grein fyrir því, að sá tími yrði að lengjast frá því sem nú er, en það yrði bara að vera með þeim hætti að sum samkomuhús lokuðu klukkan þetta þetta kvöldið og klukkan hitt hitt kvöldið. Ég tel að það beri brýna nauð-

syn til að koma þessu á og það sé engin menning fólgin í því að halda þeirri reglu sem nú er, að loka öllum samkomustöðum samtímis. Og ég held að það sé eins með að halda þeim opnum, því að það er staðreynd og þýðir ekkert að vera á móti því að mæla að biðraðirnar við samkomustaðina eru óhugnanlega miklar. Ég þekki þetta ekki af eigin raun, þó að ég sé svo gamall sem á hári mínu má sjá, og kannske álíta sumir mig þó eldri en raun ber vitni um, en hinu hef ég frásagnir af og frá ungu fólki, þessum stöðum og þessum hlutum. Um alllangt skeið hef ég kynnt mér þetta, bæði segja mér börn mín og annað ungt fólk, sem ég veit að er óhætt að taka tillit til, og veit að þetta eru staðreyndir sem ekki verða umflúnar.

Sama er að segja um þá reynslu sem ég hef haft af leigubifreiðarstjórum, sem ég tek mikið mark á. Þeir hafa einmitt sagt mér að mesta hættan væri fólgin í drykkjuskap og leiðindum hjá fólkinu sem kæmi að lokuðum dyrum og kæmist ekki inn fyrir.

Nú er mér ljóst, að það komast ekki allir á samkomustaði. Satt að segja finnst mér að málum hafi verið of lítið sinnt hér í Reykjavík. Mér finnst að samkomustaðir fyrir unga fólkið hér í borginni séu of fáir og of litlir. Þetta mun e. t. v. mörgum finnast skrýtinn hugsanagangur, en þetta er mitt mat á því að vilja hafa hemil á þessum málum eins og öðrum. Mér dettur ekki í hug að æskan í þessu landi sé neinir englar og kæri mig heldur ekkert um það. Mennirnir eiga ekki að vera englar. En ég vil hins vegar að þeir hafi uppi eðlilega siðmenningu og eðlilega framkomu. Til þess að það megi takast verður þjóðfélagið að taka til greina réttmætar kröfur og taka tillit til krafna þeirra sem æskan í landinu gerir til lífsins á því aldursskeiði.

Ég vil líka segja það, að mér þykir til bóta að færa aldurinn niður í 18 ár. Ég kann ekki við að fólk, sem er gift og farið að eiga börn, skuli ekki mega koma inn á samkomustaði, þó að vín sé þar veitt. Og mér dettur ekki heldur í hug að það verði til þess að forða því frá víndrykkju. Þess vegna tel ég breytingu aldurstakmarkanna spor í rétta átt. Ég man það, þegar var verið að fjalla um þessi mál síðast, að ég var með sömu skoðun, að 18 ára aldurinn ætti að gilda, en ekki 20 ára aldurinn. Ég tel að brýna nauðsyn beri til þess að breyta aldursákvörðunum.

Ég skal ekki fara að tefja fyrir neinum með því að ræða þetta mál eða lýsa frekar skoðunum mínum en ég hef þegar gert. Ég hef lýst þeim alveg eins og þær liggja fyrir. Ég vil endurtaka það, að ég legg áherslu á að málið verði skoðað vel í nefnd. Ég álít að það eigi að vera breytanlegur opnunartími á samkomustöðum, bæði um lokum þeirra á kvöldin og einnig hvað lengi samkomur megi standa, og það þurfi í reglugerð að kveða á um breytileika þann og dreifa þessu á samkomustaðina sem jafnast til þess að forðast að örtröð og leiðindi fylgi, bæði við upphaf og endi samkoma, eins og nú er. Og í því sambandi tel ég að eftir að þessi breyting væri orðin á væri betra fyrir samgrn. að hafa áhrif á það að leigubifreiðastöðvar höguðu rekstri í samræmi við þetta.

Þetta vil ég segja við þessa umr. málsins og tel að það sé eins með þetta og aðra hluti, að það beri alltaf að taka tillit til þess í hverja átt og veru hlutirnir stefna og reyna að hafa áhrif á og stjórna því, hvernig sú breyting kann að verða sem sjáanlega hlýtur að verða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn.

Alþt. 1978. B. (100. löggjafarþing).

með 24 shlj. atkv.

Réttur verkafólks til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, frv. (þskj. 273, n. 433 og 472). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til 1. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Frv. þetta, sem er stjfrv., er flutt í samræmi við fyrirheit sem ríkisstj. gaf launþegasamtökunum varðandi umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu frá því 30. nóv. s. l. Þetta frv. er veigamest þeirra mála sem eru í hinum margnefnda félagsmálapakka er bæti átti þá skerðingu á verðbótum á vinnulaun sem kom til framkvæmda 1. des. s. l. Frv. snertir einkum hag þeirra sem lægst hafa launin og jafnframt fátæklegustu réttindin. Félmn. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n., 5 nm., leggur til á þskj. 433 að frv. verði samþykkt óbreytt, en 2 nm., Gunnar Thoroddsen og Eggert Haukdal, skila sérálíti.

Þetta frv. felur í sér breytingar á lögum um sama efni nr. 16 frá 1958. Helstu breytingar frá gildandi lögum varða aukinn uppsagnarfrest og einnig auknar greiðslur í veikinda- og slysaforföllum.

Varðandi uppsagnarfrestinn felst í 1. gr. frv. sú breyting, að eftir eins árs starf í sömu starfsgrein er eftir sem áður jafnlangur uppsagnarfrestur, en í gildandi lögum er svo kveðið á að unnið skuli vera hjá sama atvinnurekanda, en nú er um að ræða að ef menn hafi verið í sömu starfsgrein í eitt ár, þá eiga þeir þennan rétt þótt þeir hafi unnið hjá fleiri en einum atvinnurekanda. Hér er um að ræða samræmingu á öðrum hlunnindaákvæðum sem komin eru inn í samninga, sem ekki eru bundin við að maðurinn hafi verið hjá einum og sama atvinnurekandanum, heldur í sömu starfsgreininni. Þetta á við um nokkur ákvæði í samningum og varðar t. d. starfsgreinar eins og fiskvinnsluna, fiskiðjuna, byggingarvinnu o. fl., þar sem menn mjög gjarnan flytjast — og af eðlilegum ástæðum — á milli atvinnurekenda. Þetta virðist vera sjálfsögð og eðlileg meðferð málsins.

Aðrar breytingar á uppsagnarákvæðum eru þær, að nú er því bætt við, að þegar maður hefur verið í 3 ár hjá sama atvinnurekanda, þá gildir ekki starfsgreinin, heldur skal hann hafa unnið hjá sama atvinnurekanda, og þá er uppsagnarfrestur 2 mánuðir, og eftir 5 ára starf hjá sama atvinnurekanda er uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Þetta er nokkuð til samræmis við það sem gerist mjög víða og er vel þekkt í atvinnulífinu hjá okkur, en það er sem sagt verið að færa almennt verkafólk nær þeim réttindum sem fjöldi annarra í þjóðfélaginu nýtur í dag. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur. Það er eins þó að launþeginn vilji skipta um, þá verður hann einnig að nota þennan uppsagnarfrest, vera bundinn þessum uppsagnarfresti nema samkomulag sé um annað, sem er nú vel þekkt.

Hin meginbreytingin og sú sem er veigamesta breytingin frá gildandi lögum varðar greiðslu í sjúkdóms- og slysaforföllum. Þar er það ákvæði tekið upp í fyrsta lagi í 4. gr. frv. og er nýmæli, að ef um er að ræða fjarvistir vegna slysa við vinnuna eða vegna atvinnusjúkdóma, sem stafa af atvinnunni, skal dagvinnukaup greitt í 3 mánuði án tillits til þess hve lengi maðurinn hefur unnið. Þetta er nú í samningum einn mánuður, en hefur ekki

verið ákvæði í lögum áður.

Í 5. gr. er svo breyting gerð til viðbótar. Þegar unnið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eiga menn rétt til eins mánaðar launa, eða fjögurra vikna launa, ef þeir forfallast. Að vísu er í eldri lögum aðeins hálfur mánuður, en samningar eru búnir að vera um í mörg ár að það skuli vera einn mánuður eða 28 virkir dagar. Þetta er sem sagt óbreytt frá því sem nú er, en til viðbótar er svo í 5. gr. að menn skuli halda dagvinnukaupi — ég undirstrika: dagvinnukaupi í einn mánuð eftir þriggja ára starfstíma og dagvinnukaupi í tvo mánuði eftir fimm ára starfstíma hjá sama atvinnurekenda til viðbótar þeim réttindum sem nú eru í lögum.

Í 6. gr., sem er að vísu nýmæli einnig, er kveðið svo á að á fyrsta starfsárinu skuli menn eiga rétt til tveggja daga fyrir hvern unninn mánuð, auk þeirra réttinda sem til geta fallið samkv. 4. gr. frv., ef um slys eða atvinnusjúkdóma er að ræða.

Þetta eru höfuðbreytingarnar sem felast í frv. þessu frá þeim reglum sem nú eru gildandi. Það er fyrst og fremst fjölgun veikindadaganna sem hér er stóra atriðið, greiðslur vegna fjarvista vegna veikinda eða slysa eru aðalatriði þessa frv.

N. sendi frv. til umsagnar og var það sent þrem aðilum, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Svör bárust frá öllum þessum aðilum. Alþýðusambandið tók jákvætt undir frv. og mælti eindregið með samþykkt þess, en í umsögn samtaka atvinnurekendanna komu fram ýmsar aths. Ég ætla stuttlega að rekja helstu aths. sem komu fram hjá samtökum vinnuveitenda.

Það er þá í fyrsta lagi að þeir telja og leggja áherslu á að málum eins og þessum, sem séu vandmeðfarin og viðkvæm, eigi að ráða með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og leggja áherslu á að þeir hafi við meðferð frv. þessa á undirbúningsstigi óskað eftir nefndarskipun af hálfu samtaka launþega og atvinnurekenda með fulltrúa ríkisins til þess að freista þess að ná samkomulagi um frv. Samráð var haft hvort tveggja við atvinnurekendur á frumstigi þessa máls og einnig við launþegasamtökin, eins og hæstv. félmrh. rakti ítarlega í framsöguræðu sinni.

Ég vil aðeins segja það, að það væri mjög gott ef hægt væri að hafa þann eðlilega hátt á að þessum málum væri skipað með samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins. Ég rakti það mál nokkuð við 1. umr. þessa frv. og ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði þá, en ég tel hins vegar mjög eðlilegt að slíkum málum, sem eru í raun og veru lágmarksmannréttindi launafólks í þessum efnum, sé skipað með löggjöf. Það væri út af fyrir sig ákaflega gott ef um þau væri samstaða milli aðila vinnumarkaðarins, en því miður hefur ekki reynst í gegnum árin möguleiki að fá samstöðu um þessi mál allt frá því að lögin frá 1958 voru sett. Þá var þrautreynt að um þau fengist samkomulag, en það var ekki fyrir hendi og það hefur því miður ekki verið fyrir hendi heldur síðan.

Í öðru lagi leggja vinnuveitendur þunga áherslu á að hin svokallaða staðgengisregla falli út. Ég rakti hér nokkuð við 1. umr., og einnig hæstv. félmrh., í hverju hún er fólgin. Í lögunum segir að launþegar skuli halda óskertum launum þann tíma sem ákveðinn er í lögum, í hverju sem þau eru greidd. Með dómum hefur það síðan verið staðfest að menn halda þeim launum, sem þeir annars hefðu haft ef þeir hefðu ekki forfallast frá vinnu. Um þetta efni hefur verið sífelldur ágreiningur og ég er engan veginn að halda því fram, og hef aldrei gert, að þetta sé gallalaus regla, en samkomulag hefur ekki tekist og dómar hafa orðið að ganga. Þetta er niðurstaða dómstólanna og eftir því hefur verið farið. Ég vil undirstrika að í 5. gr., þ. e. a. s. um réttindi eftir eitt starfsár, er engin breyting frá þeim reglum, sem nú gilda, það er algerlega óbreytt.

Ég vil í þessu efni undirstrika það sem hæstv. félmrh. tók fram við 1. umr. um frv., að hér er um að ræða endurgreiðslu fyrir verulega eftirgjöf á kaupi og áreiðanlega — og það var fram tekið af hæstv. félmrh. — hafði ríkisstj. ekki hugsað sér að greiða þetta gjald með því að skerða þann rétt sem nú er fyrir hendi í lögum.

Í þriðja lagi fólst í aths. atvinnurekenda það, að fjölgun á þeim dögum, sem greiddir eru í slysa- og veikindaforföllum, er ekki bundin við ákveðinn dagafjölda á hverju ári eða hverjum 12 mánuðum, eins og gjarnan þekkist og er kannske höfuðreglan. Þetta telja þeir mjög erfitt viðureignar og þessi endurtekningarregla, sem vissulega gæti komið til álita, gæti skapað þeim nokkurn vanda. Ég vil hins vegar undirstrika, að hér er ekki um að ræða staðgengisregluna, heldur einvörðungu greiðslu fyrir tapaða dagvinnu í hverju veikindatilfelli og því aðeins að ekki sé um sama sjúkdóm að ræða.

Aðalatriðið í gagnrýni atvinnurekendanna í þessu efni er það, að með þessari hugsanlegu endurtekningarreglu sé erfitt fyrir atvinnufyrirtækin að tryggja sig fyrir þessum útgjöldum. Það má vera að nokkuð sé til í því. Þó hygg ég að flestir atvinnurekendur ættu að hafa í fórum sínum hvaða útgjöld hér er um að ræða. Ég held að það séu lélegar tölfræðilegar upplýsingar í fyrirtækjunum, ef upplýsingar um fjarvistir vegna sjúkdóma og slysa eru ekki nokkurn veginn þar fyrir hendi. Það má vel vera að slíkt sé eitthvað mismunandi frá einu fyrirtæki til annars eftir eðli starfanna, en alla vega ætti hér ekki að vera neinn óyfirstíganlegur vandi varðandi það að endurtryggja slík útgjöld.

Í fjórða lagi segja atvinnurekendur, að um sé að ræða þyngri greiðslur á atvinnurekendur hér en t. d. gerist á hinum Norðurlöndunum. Það mun rétt vera, að hér greiði atvinnurekendur stærri hluta slíkra greiðslna en þekkt er á Norðurlöndunum, vegna þess að þar er stærri hluti af slíkum forfallagreiðslum greiddur af opinberum tryggingum, almannatryggingum eða öðrum tryggingum sem aðilar hafa komið sér saman um að annist slíkar greiðslur. Ég fyrir mitt leyti teldi mun æskilegra að þessi háttur væri hér á hafður. En vitaskuld yrðu atvinnurekendur þá að standa undir þeim tryggingum, þó þær væru inni í almannatryggingakerfi eða öðru slíku, á sama hátt og þeir gera á öðrum Norðurlöndum. Vitaskuld greiða þeir þessar tryggingar, en má segja að þá greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ég álít að þetta væri á ýmsan hátt mun hagkvæmara, einkum fyrir smærri atvinnurekendur, og tvímælalaust einnig öryggisatriði fyrir verkafólk, meira öryggisatriði en það sé komið undir atvinnurekendunum einvörðungu. En þetta er náttúrlega stærra mál en svo, að því verði nú breytt og þarf áreiðanlega miklu meiri undirbúning en nú er fyrir hendi.

N. ræddi öll þessi atriði, en meiri hl. hennar sá ekki ástæðu til að gera till. um breytingar, þótt ýmsir nm. gætu að sjálfsögðu hugsað sér að ýmsum atriðum í þessum vandmeðförnu málum væri betur borgið á annan veg en

beinlínis er tekið fram í þessu frv.

Ég vil sérstaklega undirstrika, að þrátt fyrir setningu laga á þennan hátt stendur málið vissulega opið fyrir aðila vinnumarkaðarins til þess að semja um og ekki síður eftir lagasetningu sem þessa. Svo sannarlega má segja í þessu efni, að það er enn borð fyrir báru. Hér er um að ræða frv. að lögum sem aðeins fela í sér lágmarksmannréttindi á þessu sviði, en sannarlega vantar enn æðimikið á að það fólk, sem hér um ræðir og minnst réttindi hefur á þessu sviði í þjóðfélaginu, nái neitt líkt því þeim réttindum sem fjöldi annarra launþega í landinu nú býr við.

Ég vil svo, herra forseti, aðeins ítreka það að lokum, að meiri hl. n. leggur áherslu á að frv. verði afgreitt óbreytt eins og það var lagt fyrir.

Frsm. minni hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. er einn hluti af félagsmálapætti þeim sem hæstv. ríkisstj. samdi um í vetur við verkalýðssamtökin. Frv. felur í sér ýmsar réttarbætur verkafólki til handa, ef það yrði að lögum og kæmist í framkvæmd. Í félmn. var ekki sérstaklega ágreiningur um efni málsins, heldur fyrst og fremst um málsmeðferðina. Minni hl. n. telur að undirbúningur málsins hefði átt að vera með öðrum hætti en verið hefur, því að samráð af hálfu stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins hefur verið of lítið.

Þetta mál er ákaflega flókið og vandasamt, eins og fram kemur í umsögnum aðila, og eins og ráða mátti einnig af framsöguræðu hv. 6. þm. Reykv., sem er þessum málum allra manna kunnugastur, eru hér ýmis vandamál og flókin viðfangsefni. Þetta mál er þess eðlis, að æskilegast hefði verið að aðilar vinnumarkaðarins hefðu getað samið um það. Kemur það glöggt fram í umsögnum aðila sem n. bárust. Vinnuveitendasamband Íslands segir í bréfi 25. jan., að það vilji ítreka þá kröfu að nú þegar verði skipuð nefnd frá vinnuveitenda- og launþegasamtökunum til að fjalla um frv. og freista þess að ná samkomulagi um efni þess. Vinnumálasamband samvinnufélaganna sendi n. einnig umsögn, sem var dags. 16. febr., og segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. það, sem hér um ræðir, fjallar um mjög flókin og vandmeðfarin samskiptamálefni á vinnumarkaðinum, auk þess aukna tilkostnaðar, sem það hefur í för með sér fyrir atvinnureksturinn. Það er þess vegna mjög misráðið af hálfu ríkisvaldsins að setja fram frv. sem þetta án þess að aðilar vinnumarkaðarins hafi fengið aðstöðu til þess að fjalla um efni þess sameiginlega."

Þetta segir m. a. í umsögn Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Í þessum umsögnum er bent á ýmsa annmarka á frv., óljós ákvæði og vafaatriði. Minni hl. n. telur því miður farið að ekki skuli hafa verið fallist á slíka eðlilega athugun á þessu vandasama máli einmitt í þeim tilgangi að reyna að tryggja að náð yrði samkomulagi aðila vinnumarkaðsins og tryggja þannig að verkafólk fengi í reynd og með viðráðanlegum hætti fyrir atvinnureksturinn þær réttarbætur sem hér er að stefnt. Af þessum ástæðum, sem ég nú hef greint, töldum við hv. 1. þm. Suðurl., Eggert Haukdal ásamt mér, rétt að skila séráliti og ég vil beina því enn til hæstv. félmrh., hvort hann telji það ekki málinu sjálfu til góðs að nú yrði enn freistað að ná slíku samkomulagi. Ætti það ekki að saka málið þó eitthvert stutt hlé yrði t. d. milli 2. og 3. umr. um málið, þar sem gerð yrði tilraun til að ná slíku samkomulagi. Ég held að það væri til góðs fyrir málefnið sjálft, sem er flókið og vandasamt.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. sagði að samráð um þessi mál hafi verið of lítil. Það má kannske segja það, að þau hafi verið fulllítil. Þó voru mikil samráð við launþega um þessi mál og við atvinnurekendur líka. Þeir vildu aftur á móti ekki ganga neitt til móts við þau sjónarmið sem hér er verið að tala um, heldur höfðu allt á hornum sér og töluðu um að þetta kostaði mikið, eins og reyndar hefur komið fram hér, tilkostnaður margfaldaður, og sögðu að þessi aukni tilkostnaður jafngilti margfaldlega 3%. Svo hamrar Morgunblaðið og önnur málgögn sjálfstæðismanna á því, að þetta hafi bara verið plat, verkamenn hafi ekkert fengið fyrir þessi 3%. Eitthvað stangast þarna á.

Það er talað um óljós ákvæði. Ég held að það sé ekki rétt að þau séu óljós. Það er talað um að það sé erfitt að tryggja sig fyrir staðgengisreglunni. Það er auðvitað hægt að kaupa tryggingu fyrir hverju sem er. Tryggingafélög mundu auðvitað vera tilbúin til að semja um þessi mál eins og önnur sem til þeirra hefur verið leitað um. Ég held að það séu engin vandkvæði á því í sjálfu sér. Ég vil líka vekja athygli á því eins og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, að staðgengisreglan sem slík er hvergi útvíkkuð nema þar sem talað er um tvo daga í veikindum fyrir hvern einn mánuð unninn á fyrsta ári. Og ég vil líka vekja athygli á því að endurtekningarreglan kemur hvergi inn nema þar sem fólk hefur unnið í 3 ár eða 5 ár hjá sama atvinnurekanda. Þau auknu réttindi frá því sem nú er í gildi koma fyrst og fremst inn þegar menn hafa unnið í 3 ár hjá sama atvinnurekanda eða 5 ár — m. ö. o. fólk sem atvinnurekendum líkar væntanlega vel við og gagnkvæmt. Ef um sviksamt fólk er að ræða ætti það tæplega að vera svona lengi í vinnu. Ég er ekki mjög hræddur við þann þáttinn.

Mikið af því efni, sem frv. þetta gengur út á, eru jafnréttismál, eru lágmarksmannaréttindi, eins og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson orðaði það. Þetta er réttindi sem fjöldinn allur af öðrum launþegum hefur notið um langan tíma og engum þótt mikið. Við erum þarna að auka réttindi þeirra, sem hafa haft þau minnst, og náum á engan hátt réttindum annarra, sem lengst eru komnir, en nálgumst þau réttindi sem aðrir hafa haft og hafa haft lengi. Það eitt út af fyrir sig er nægilegt til þess að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Atvinnurekendur, eins og áður hefur komið fram, eru á móti þessu og vilja tefja það á allan hátt, tala um nefndir og allt hvað eina. Þeir hafa haft þessi mál lengi til umfjöllunar, þeir hafa skrifað öllum þm. bréf og gert aths. Ég held að það sé nú öllum þm. ljóst, hverju þeir eru á móti, en þeir mega ekki gleyma því, þessir ágætu menn, atvinnurekendur, að launþegarnir hafa nú þegar greitt fyrir þau réttindi, sem þeir eru að fá núna með þessu frv., með því að gefa eftir 3% af umsömdum launum sínum 1. des. s. l. — 3% af þeim launum sem atvinnurekendur sjálfir voru búnir að semja um að þeir mættu fá. Launþegar eru fyllilega búnir, að mínu mati, að greiða fyrir þessi réttindi, sem þeir hefðu auðvitað átt að fá án þess að greiða neitt fyrir þau, því að þetta eru lágmarksmannréttindi eins og hér hefur komið fram.

Ég leggst eindregið gegn öllum frekari töfum á afgreiðslu þessa máls á hinu háa Alþingi og mæli með að frv. fái skjóta afgreiðslu og verði samþ. óbreytt.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Mig langar til að lýsa hinum fyllsta stuðningi við það mál sem hér er til umr. Hér er auðvitað um að ræða tiltekin mannréttindamál þeirra sem lökust hafa haft kjörin — mannréttindi sem aðrir hafa notið um langa hríð, og vitaskuld er þetta mál að öllu leyti tímabært og þó fyrr hefði verið.

Um efnisatriði þessa máls þarf, að ég hygg, ekki að hafa fleiri orð, en mig langar til að vekja athygli á „prinsip"-málum sem ég tel að varði frv. af þessu tagi. Hv. frsm. Eðvarð Sigurðsson vék raunar að því í lok máls síns. Þetta eru þau „prinsip" sem fjalla um það sem stundum er kallaður frjáls félagaréttur, stundum frjáls samningsréttur, og virðist fara eftir því hvernig hin pólitísku kaup ganga fyrir sig hverju sinni.

Mér hefur iðulega þótt gæta bæði ósamkvæmni í málflutningi af þessu tagi og eins hins, að það eru uppi ærið ruglingslegar hugmyndir um það, hvar hinn frjálsi félagaréttur er í landinu, hvað frjáls samningsréttur þýðir og hvenær þeim frjálsa samningsrétti lýkur og þingræðið tekur við. Réttilega vék hv. þm. að þessu í lok máls síns.

Því segi ég þetta, að frv. af þessu tagi hafa verið til umr. í þessari d. fyrr í vetur. Ég nefni sem dæmi frv. um beinar kosningar í samvinnufélögum. Slíku frv. hefur verið mótmælt á þeirri forsendu, að með því að ræða frv. væri Alþ. að ganga inn á hinn frjálsa félagarétt í landinu. M. a. s. var það formaður í flokki hv. frsm. sem ótæpilega beitti þessum rökum.

Rökum af þessu tagi hefur verið beitt um hin almennu efnahagsmál. Ég nefni fyrirkomulag vísitölu eða hver önnur almenn efnahagsmál sem hér eru iðulega til umr. Og mér þykir það satt að segja iðulega koma fram, og þá ekki síst í máli hv. frsm. fyrir þessu frv., að bæði séu menn í þessari hv. stofnun ærið ósamkvæmir sjálfum sér í málflutningi um hugmyndir þessar og eins hitt, að beinlínis séu lífsskoðanir manna orðnar ærið ruglingslegar um þessi atriði. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar, og neita að líta á það sem fjandskap, hvorki við launþegahreyfinguna né launþega í landinu yfir höfuð, þó að því hafi iðulega verið haldið fram, einkum af nokkrum forsvarsmönnum í Alþb., að sé það skoðun Alþ. að lög beri að setja til að uppfylla tiltekið réttlæti eða ná fram tilteknu jafnrétti, þá beri Alþ. og hafi til þess fullan rétt að setja slík lög. En fyrir slíkar hugmyndir hafa pólitískir aðilar iðulega verið að setja fót með almennum, en ruglingslegum hugmyndum um að einhvers staðar á óljósum stað liggi einhver óljós mörk á milli frjáls samningsréttar, frjáls félagaréttar annars vegar og þingræðis hins vegar. En hins vegar sýnist manni að í annan tíma, þegar mönnum þykja hinir pólitísku vindar blása öðruvísi, dragi þeir þessi mörk upp á nýtt og telji að nauðsyn brjóti þessa almennu reglu.

Ég tel að með því að styðja að framgangi þessa máls, styðja þetta frv., sé á engan hátt verið að ganga inn á frjálsan félagarétt eða frjálsan samningsrétt og vísa þar með til raka bæði hv. frsm. og hæstv. félmrh. Hins vegar og í ljósi svo margra umr., sem hér hafa farið fram í vetur á þinginu, finnst mér vert að undirstrika rækilega hversu hugmyndir þessar eru orðnar ruglingslegar og hversu menn skipta frjálslega um skoðun á þessu máli eftir því um hvað menn eru að semja og hvers konar lög menn eru að samþykkja.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson gat raunar um það undir lok máls síns, að hann teldi að hitt væri raunar æskilegra, að um málið næðist samkomulag í frjálsum samningum, og vék að því að áframhald á þessu máli kynni að verða í frjálsum samningum. Undir þau almennu rök og röksemdir má auðvitað taka. En ég held að það væri hollt fyrir þessa stofnun að hafa um það, þegar betra ráðrúm gefst, hreinskilnislegar umr., hvar menn telja að hin eðlilegu valdmörk liggi, hvenær frjálsum samningum og frjálsum félagarétti lýkur og þingræðið tekur við, því að það er satt að segja ærið þreytandi að menn taki sér þennan rétt þegar þeim býður svo við að horfa, en neiti hins vegar að ræða almennar leikreglur þar um.

Ég tel að ég sé að hegða mér nákvæmlega í samræmi við fyrri skoðanir og fyrri yfirlýsingar og þurfi á engan hátt að hika við að rétta upp hönd til að samþykkja þetta frv. Ég tel að þingræðið eigi svo að vinna. Ég get hins vegar vel skilið að þeim, sem leika sér að því að rugla með þessar almennu hugmyndir fram og til baka eftir því hvernig hin pólitíska verslun gengur fyrir sig hverju sinni, sé skringilega innanbrjósts, því að það er leikinn skollaleikur um þessar grundvallarhugmyndir. Mér hefur fyrir löngu ofboðið hvernig hann er leikinn og hygg að svo sé um fleiri úti um hið stóra samfélag.

Frsm. meiri hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tel að umr. þess efnis sem hv. 7. þm. Reykv. kom inn á núna eigi út af fyrir sig ekki heima varðandi þetta mál, en vegna orða, sem hann lét falla, vil ég aðeins segja örfá orð.

Frjáls félagaréttur, hugsanleg afskipti löggjafans af félagsmálum, frjáls samningsréttur o. s. frv. er geysilega mikið mál og þyrfti langan tíma til þess að gera því einhver skil. En í mínum huga er málið ákaflega einfalt. Í grundvallaratriðum álít ég að það sé affarasælast að aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um ekki aðeins hagsmunamál launafólks, heldur og einnig margs konar samskiptamál. Hins vegar er mér alveg ljóst, að eins getur það gerst að löggjafinn taki upp mál svipaðs eðlis og hér um ræðir, sem aðilar vinnumarkaðrins eru ekki eða kannske geta ekki orðið sammála um, og þá fer það að sjálfsögðu eftir stöðu hins pólitíska valds í landinu hvaða stéttir hafa mest áhrif hverju sinni á framgang slíkra mála.

Það, sem gerst hefur iðulega í samskiptum aðila vinnumarkaðarins, er að þeir hafa komið sér saman og samið um tiltekin mál sem síðan verða löggjafarmál. Þetta tel ég út af fyrir sig eðlilegt. Þar set ég hins vegar skörp skil, hvernig hagsmunamál um er að ræða. Það geta verið beggja aðila hagsmunir sameiginlega eða andstætt öðrum hvorum aðilanum. En þegar löggjafinn fer að skipta sér af, og kannske oft á grófan hátt, sjálfu félagafrelsinu, þ. e. a. s. láta til sín taka innri mál samtakanna, þá set ég mig í vörn. Slíkt álít ég að löggjafinn ætti ekki að gera nema því aðeins að áður væri búið að undirbúa þau mál þannig að samkomulag væri um þau. Þar er áreiðanlega það viðkvæma í þessu, sérstaklega varðandi verkalýðshreyfinguna, sem vissulega er stór aðili í þjóðfélaginu, að ef takmarka á félagafrelsi hennar og með löggjöf að fara að breyta skipulagi innri mála hennar er fyrst veruleg hætta á ferðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orlof, frv. (þskj. 227, n. 432, 441). — 2. umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 24. des. 1971, um orlof. Hér er um að ræða eitt af þeim frv. sem flutt eru í samræmi við fyrirheit ríkisstj. um umbætur í félags- og réttindamálum, sem gefin voru samfara lagasetningu um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu frá 30. nóv. s. l.

Meginefni frv. er að launagreiðanda er skylt að veita innheimtuaðila orlofsfjár upplýsingar um greitt og vangreitt orlofsfé starfsmanna sinna. Ef slíkt er talið nauðsynlegt til að staðreyna upplýsingar er heimill aðgangur að bókhaldsgögnum launagreiðenda.

Fram kom hjá n., að nauðsynlegt væri að leita leiða til að verðtryggja betur orlofsfé en verið hefur til þessa, en vextir af orlofsfé eru nú aðeins 5% og hefur slíkt lítið að segja í þeirri verðbólgu sem við búum við.

N. varð sammála um að mæla með samþykkt frv., en Gunnar Thoroddsen og Eggert Haukdal skrifa undir nál. með fyrirvara um að þeir eru andvígir síðari mgr. 1. gr. frv., sem kveður á um heimild innheimtuaðila til að hafa aðgang að bókhaldsgögnum launagreiðenda ef nauðsyn krefur að staðreyna þau ákvæði sem frv. kveður á um.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. frsm. félmn. voru nm. sammála um að mæla með samþykkt frv., en í 1. efnismgr. þess segir að launagreiðanda sé skylt að veita innheimtuaðila orlofsfjár upplýsingar um greitt og vangreitt orlofsfé starfsmanna sinna. Við hv. 1. þm. Suðurl. lýstum því hins vegar yfir, að við vildum fella niður seinni efnismgr. Hún hljóðar svo:

„Í því skyni að staðreyna slíkar upplýsingar er innheimtuaðila orlofsfjár heimill aðgangur að bókum og bókhaldsgögnum launagreiðanda."

Ástæðurnar fyrir því, að við erum þessari mgr. andvígir eru sumpart að við teljum þetta í rauninni óþarft, en hins vegar teljum við af „prinsip"-ástæðum varhugavert að veita slíka heimild. Það er varhugavert að okkar dómi að veita hvaða innheimtuaðila sem er beinan aðgang að bókum og bókhaldsgögnum. Hér er ekki aðeins um að ræða einn innheimtuaðila eða Póstgíróstofuna, það er ekki alls staðar sem hún fer með innheimtu orlofsfjár. Þetta teljum við varhugavert og leggjum til að það verði fellt niður úr frv.

Við 1. umr. þessa máls var vikið nokkuð almennt að orlofsmálum og m. a. þeirri skipan sem nú er á þeim málum. Það er vissulega mjög athugandi, sem fram hefur komið, og því var einnig hreyft í n., hvort ekki væri rétt að breyta núverandi skipan í þá átt, að vinnuveitendur greiddu jafnaðarlega orlofsfé með launum til launþega í stað þess að hafa þessa sérstöku stofnun eða þetta sérstaka fyrirkomulag sem orlofsfé greiðist til og safnar því saman og á svo að greiða það út í einu lagi til launþega að vori eða sumri, áður en orlof byrjar almennt. Það er vissulega athugandi, hvort er ástæða til að viðhalda því fyrirkomulagi, bákni eða hvað við viljum kalla það. Sumum virðist það óþarfur tilkostnaður og fyrirhöfn í þjóðfélaginu.

Þetta atriði ræddum við í félmn. Af hálfu eins nm., hv. 6. þm. Reykv., var skýrt frá því, að það væri eindregin krafa verkalýðssamtakanna að halda því skipulagi, sem nú væri í meginatriðum, en ekki að greiða launþegum orlofsfé jafnóðum með öðrum launum, og færði fram fyrir því ástæður. Hér er um mjög verulegan skoðanamun að ræða milli manna, en ég ætla að það sé fullkomin ástæða til að endurskoða fyrirkomulag þessara mála frá grunni.

Í öðru lagi var rætt um það í n., hvort hægt væri að finna leiðir til þess að verðtryggja orlofsfé, og er það vissulega annað atriði sem þarf að kanna gaumgæfilega.

Við hv. 1. þm. Suðurl. mælum því með frv., en leggjum til hins vegar að 2. mgr. verði felld niður.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Aðalefni þess máls, sem hér er til umr., er það, að nú verður Póstgíróstofunni gert skylt að greiða orlofsfé á réttum tíma, hvort sem atvinnurekandi hefur greitt orlofsfé til Póstgíróstofunnar eða ekki. Þetta verður gert með reglugerð, og það er vegna þeirrar reglugerðar sem þessi lagabreyting er nauðsynleg. Hvernig er hægt að gera Póstgíróstofunni skylt að greiða hluti sem hún veit ekki hverjir eru? Það var talað um það í Ed., að ekki væru nema einstaka svartir sauðir í atvinnurekendastétt. Ég er vissulega sammála því, og vitanlega verður ekki hreyft við öðrum en svörtu sauðunum. Ef maður svíkst um að greiða orlof, eru þá miklar líkur til þess að hann gefi nákvæmlega upp hvað þetta orlof hefði átt að vera mikið? Er þá ekki einhver óreiða hjá honum önnur og meiri? Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt að Póstgíróstofan geymi orlofsfé, sem er nú svo til eini aðilinn sem það gerir. Að vísu er það á einum stað á landinu, Útvegsbankinn, hvort sem það er nú heppilegt eða ekki. Ég reikna reyndar ekki með, að það verði til lengdar þannig, því að það eiga eftir að koma gallar í ljós við það fyrirkomulag. Póstgíróstofan verður að fá þessa heimild. Vitanlega notar hún hana ekki að öðru leyti en því, að hún fer í launabókhald og skoðar það sem hún þarf að skoða bara vegna þessa eina atriðis. Það er reynslan af öllum slíkum opinberum eftirlitsstofnunum, að þær skoða frekar of lítið en of mikið. Ég er ekki hræddur við þann þáttinn og tel alveg fráleitt að þetta sé óþarft miðað við þær skyldur sem Póstgíróstofan fær með þessari reglugerðarbreytingu. Ég tel aftur á móti að þetta sé algerlega nauðsynlegt.

Flestir okkar fá laun, þótt við séum í sumarfríum, og þurfum ekkert um það að hugsa. Nú er verið að fara fram á að nokkur hluti þjóðfélagsins taki frá peninga í hverjum mánuði og geymi þá þangað til farið er í sumarfrí. Ég held að það verði ekki til bóta. Ég hvorki treysti sjálfum mér né öðrum til þess að fara þannig að. Ég vil miklu heldur að föst regla sé á þessu og menn geti farið í sumarfrí án þess að tapa launum, og það er auðvitað höfuðtilgangurinn með orlofslögunum, en ekki bara kauphækkunaratriðið.

Ég vil ekki fara fleiri orðum um málið nú, því að ég vonast til að frv. fái afgreiðslu núna. Ég vonast til þess, að það verði samþ. óbreytt, og leggst því eindregið gegn brtt. þessari.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Um leið og ég leyfi mér að lýsa yfir stuðningi við álit minni hl. félmn. kemst ég ekki hjá því að ítreka þau sjónarmið, sem komu fram við 1. umr. í þessu máli og ég tel að ekki hafi verið nægilegur gaumur gefinn í nefndinni.

Þannig er, að á árinu 1971 voru gerðar breytingar á

orlofslögunum. Þær breytingar, auk þess að lengja orlofið eða hækka orlofsgreiðslur úr 7% í 8⅓%, eins og nú er, gengu út á að leggja niður orlofsmerki, en í stað þeirra var tekið upp það kerfi sem nú er notað og var örugglega til bóta tæknilega séð. En ég er hræddur um að þá hafi gleymst að spyrja réttra spurninga, hvort ekki væri kominn tími til þess að lausráðið starfsfólk í þessu landi ætti að fá orlofsfé öðruvísi greitt en hingað til hefur tíðkast. Það er ljóst að þegar þessir peningar voru í merkjum gengu þau kaupum og sölum manna á milli. Þetta hefur breyst. En það hefur ekki breyst að þetta fé liggur óverðbætt. Sá sem fær útborgað í sumarfríi, fastur starfsmaður, fær útborgað í kaupi sem gildir þegar hann tekur sumarfrí. Sá, sem hins vegar fær orlofsgreiðslur, fær þær þannig greiddar, að þær eru lagðar til hliðar og hafa hingað til verið á 5% vöxtum, en nú er gert ráð fyrir að þeir fari upp í 10%. Eigi að síður hlýtur sá maður, sem er lausráðinn, hvergi að ná fullum verðbótum eða því sem nemur launum á þeim tíma þegar hann tekur frí. Þetta skulum við hafa í huga.

Það er afturhaldssemi — ég skal ítreka það orð: það er afturhaldssemi hjá verkalýðshreyfingunni þegar hún *neitar að horfast í augu við slíkar staðreyndir. Það er líka* afturhaldssemi þegar því er haldið fram, að fólkinu sjálfu í þessu landi sé ekki treystandi fyrir eigin peningum og sé ekki treystandi til þess að taka sér frí. Nýjustu samningar í þessu efni eru hjá Íslenska álfélaginu. Þótt ég þekki þá samninga reyndar ekki út í hörgul veit ég að í þeim eru ákvæði þess efnis, að menn geta farið með reikninga úr sumarfríi sínu á skrifstofu álfélagsins og fengið þá greidda að einhverju marki. Þetta er auðvitað gert til að sýna fram á að menn hafi verið í fríi, en ekki verið að vinna hjá einhverju öðru fyrirtæki, en það er einmitt slík hugsun sem alltaf kemur fram hjá löggjafanum. Mér finnst vera kominn tími til að þeir, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, og þ. á. m. eru einmitt forustumenn verkalýðshreyfingarinnar og þeir sem starfa í verkalýðshreyfingunni sérstaklega fyrir þá sem eru lausráðnir, kanni gaumgæfilega hvort lífeyrissjóðakerfið getur ekki komið þarna til skjalanna, þ. e. a. s. þeir sjóðir sem þessir lausráðnu starfsmenn eiga eða hafa með að gera, hvort það geti ekki gripið inn í og verðbætt féð fyrir þá sem vilja.

Það, sem hefur gerst í þessu máli, er að frá því að talið var að þetta væri viðbót við laun er það orðinn eins konar skyldusparnaður án verðtryggingarskyldusparnaður með 10% vöxtum. Og ég spyr hv. þm. að því, hvort þeir teldu að unga fólkið, sem þarf að borga skyldusparnað í dag, mundi una því að teknir væru af því þessir peningar, sem eru teknir af því, og það fengi 5% vexti eða 10% vexti í þessu verðbólgubjóðfélagi. Ég er hræddur um að svarið við þeirri spurningu yrði eindregt nei. Það var um þetta atriði sem ég vildi enn og aftur ítreka skoðun mína.Mér er kunnugt um að þetta hafði komið upp í n., en að sjálfsögðu bráðliggur á að koma þessum pakka frá ríkisstj. og gegnum þingið. Það er nú þannig með stjórn landsmálanna að bráðliggur á sumu, en annað má aftur á *móti dankast eins lengi og einhverjum og einhverjum* dettur í hug. Þetta er hin nýja stjórnunaraðferð, sem er uppi hjá þeirri hæstv. ríkisstj. sem situr að völdum hér á landi. Ég skal ekki hafa mörg orð um það að sinni. (**Gripið fram í:** Það skiptir meira máli að koma böggla-pósti en ábyrgðarbréfi.) Það er vel orðað með þessum hætti. Ég vona að það hafi komst inn á bandið.

Ég ætla að nota tækifærið samt til þess að segja frá því, að ég hef í hyggju að undirbúa að flytja þáltill. um þetta mál og ef einhverjir hv. þm., sem eru hér á þingi, kæra sig um samstarf í þeim efnum vil ég gjarnan eiga samstarf við þá í þessu máli. Ég beini máli mínu ekki síst til þeirra, sem eru umboðsmenn í stórum verkalýðssamtökum, og vænti þess að við getum náð um það samkomulagi að bæta hag þeirra sem verst eru settir í þessum efnum.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Við 1. umr. um mál þetta hreyfði hv. þm. Friðrik Sophusson, 5. landsk. þm., atriðum varðandi orlofslögin og orlofsgreiðslur, sem hann nú hefur endurtekið og raunar einnig hv. 11. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, að nokkru leyti tekið undir. Það er alveg á sínum stað að hugleiða það, hvort ekki þurfi að taka allt þetta kerfi til endurskoðunar. Í raun og veru hefur það gjarnan verið mikið í endurskoðun, ekki svo mjög á löggjafarsviðinu, heldur í samningum.

Orlofslögin eru frá 1942 — eitt þeirra mála sem aðilar vinnumarkaðarins komu sér saman um að sett skyldi löggjöf um og hvernig hún ætti að vera í aðalatriðum. *Hugmyndin að baki þeirrar löggjafar er einmitt sú,* að þetta fólk, kannske jafnvel ekki síst lausráðna fólkið, eins og hv. þm. Friðrik Sophusson orðaði það áðan, hefði möguleika eins og fastráðið starfsfólk til þess að geta farið í orlof, ekki aðeins að eiga rétt á einhverjum tilteknum orlofsdögum, orlofstíma, heldur einnig, og það var kannske ekki síður aðalatriði laganna og hefur verið alla tíð, að fé væri fyrir hendi þegar orlof væri tekið.

Það er kannske ósköp gott að segja það, eins og kom fram í ræðu hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni við 1. umr. málsins, að orlofsfé ætti að greiða með launum hverju sinni og það ætti að láta launþegana sjálfa um að ávaxta þetta fé sitt og þar með að spara ríkinu veruleg útgjöld vegna þess kerfis sem haft er nú við orlofsgreiðslurnar. Þetta vissu menn einnig 1942 að hefði verið fyrir hendi. En grundvallarhugsunin var sú, að menn ættu þetta fé þegar þeir færu í orlof. Það væri kannske alveg á sama hátt hægt að leggja niður t. d. lífeyrissjóðina, það væri kannske hægt að leggja niður að verulegu leyti almannatryggingar, færa þessa kostnaðarliði inn í kaupið og segja svo við fólkið: Þið eruð búin að fá greitt vegna þessa kostnaðar. — Málið er ekki svona. Málið er þannig, að það væri aðeins í örfáum undantekningum, bæði varðandi orlofsfé og lífeyrisgreiðslur, að menn hefðu þennan hátt á. Þess vegna voru lögin sett, þess vegna hafa menn líka komið sér saman um lífeyrissjóðina. Þetta grundvallarsjónarmið verða menn að hafa í huga. Þetta fé á að vera fyrir hendi þegar orlof er tekið.

Hitt er svo annað mál, að sjálfsagt eru margar aðferðir hugsanlegar til þess að ná þessu marki. En þetta grundvallarmarkmið verður að vera fyrir hendi. Sjálfur hef ég gjarnan verið þeirrar skoðunar að 1971, þegar orlofsmerkin voru lögð niður og gírógreiðslurnar teknar upp, hefði gjarnan mátt taka í þetta kerfi, gírókerfi, greiðslur alls orlofsfjár allra launþega. Með því móti hefði skapast traustur grundvöllur fyrir því að hægt hefði verið að verðbæta þetta fé nokkurn veginn í samræmi við vöxt verðbólgu og dýrtíðar, vegna þess að þá hefði þarna verið um svo stórkostlega fjármuni að ræða sem aðeins örlítill hluti af hefði þurft að fara til rekstrar.

Í öðru lagi hefði að mínu viti, ef þessi leið hefði verið farin, verið hægt að fá grundvöll, og ákjósanlegasta

grundvöll sem menn hefðu getað fengið, fyrir margs konar launa-„statistik", sem því miður er ákaflega bágborin í landi okkar.

Ég vil undirstrika að þetta orlofsfé er ekki viðbót á launin í eðli sínu. Það er hluti af laununum sem geymdur er á þennan hátt. Ég held að það sé í verkalýðshreyfingunni fullkomm vilji til þess að skipa þessum málum á hagkvæmasta hátt, bæði hvað rekstur snertir og annað. En út frá því grundvallarsjónarmiði, þeirri grundvallarreglu að orlofsféð sé ekki eyðslureyrir, ekki daglegur eyðslueyrir, heldur eigi að vera fyrir hendi þegar orlof er tekið, verða allar aðferðir varðandi orlofskerfið að ganga.

Það má kalla kannske eitt og annað afturhaldssemi, en ég held að þetta grundvallarsjónarmið, sem ég hef verið að endurtaka hér, feli ekki í sér afturhaldssemi, síður en svo. Það á að vera öryggi fyrir verkafólkið, öryggi fyrir því að orlof sé hægt að taka.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta atriði, en aðeins fara örfáum orðum um þá brtt., sem minni hl. félmn. flytur þ. e. a. s. að fella niður 2. mgr. 1. gr. frv., að innheimtuaðilar orlofsfjár, þ. e. a. s. Póstgíróstofnunin, hafi heimild til þess að staðreyna upplýsingar innheimtuaðila með því að fá aðgang að bókum og bókhaldsgögnum launagreiðenda. Sú breyting, sem gerð er með þessu frv., er einvörðungu að skylda launagreiðendur að veita upplýsingar um greitt og vangreitt orlofsfé starfsmanna — þeir séu skyldir til þess. Sem betur fer er það ekki stór hópur sem stundar vanrækslu á þessum efnum. Langsamlega mestur hluti atvinnurekenda í landinu hefur reglu á þessu, og ég held að þeir séu ekki margir sem neita að gefa upplýsingar þegar orlofsfé hefur ekki verið greitt á þann hátt sem lög standa til, þeir gefi þá upplýsingar um hvað starfsmaður eigi inni ógoldið. Það heyrir til undantekninga að menn vanræki þetta, en undantekningar eru því miður fyrir hendi. Ég veit ekki til þess eða það er alveg nýtt fyrir mér, ef t. d. samtök atvinnurekenda vilja halda einhverri verndarhendi yfir þessum aðilum. Þeir eru jafnslæmir sínum samtökum og þeir eru með slíkum trassaskap því fólki, sem hjá þeim starfar. Þess vegna held ég ekki að það sé neitt varhugavert við það, eins og hv. 11. þm. Reykv. Gunnar Thoroddsen sagði áðan, að veita þessa heimild. Þeir, sem kynnu að verða fyrir því að þurfa að gefa svona upplýsingar, eru menn sem eru þá í raun syndaselir sem ekki eiga að komast upp með að geta hagað sér á þennan hátt.

Varðandi launþegann standa mál kannske þannig, að raunar því aðeins yrði þessi heimild notuð af innheimtuaðilanum að launþeginn hefði ekki í höndum sönnunargögnin, hann hefði glatað þeim eða ekki haft hirðu á því að halda saman þeim gögnum sem er mjög áríðandi að launafólk haldi vel saman, þ. e. a. s. skilagreinum fyrir greiðslum atvinnurekandans, bæði varðandi orlofsfé, lífeyrissjóði, skatta o. s. frv. Einvörðungu í því tilviki, að launþeginn hefði þetta ekki í höndum, er leitað til atvinnurekandans um sönnunargögn. Og ef atvinnurekandinn neitar að veita slíkar upplýsingar, sem hann náttúrlega lögum samkv. á að hafa fyrir hendi samkv. öllum bókhaldsreglum, stendur launþeginn uppi án nokkurra gagna, án nokkurra sannana, og málið verður þess vegna erfitt. Kannske kemst slíkur atvinnurekandi upp með að þurfa ekki að greiða tilskilin gjöld. Ég vænti þess, að það séu hvorki í samtökum atvinnurekenda né hér innan veggja neinir þeir aðilar sem vilja halda verndarhendi yfir slíkum mönnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 21. mars.

Námsstyrkir erlendra aðila til Íslendinga.

Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Matthíasar Bjarnasonar um námsstyrki erlendra aðila til Íslendinga, á þskj. 452, sent fyrirspyrjanda 21. mars.

Fyrirspurn til menntamálaráðherra frá Matthíasi Bjarnasyni á þskj. 452 er svo hljóðandi:

„1. Hvaða erlendir aðilar hafa veitt Íslendingum styrki til náms á s. l. fimm árum?
2. Hverjir hafa hlotið þessa styrki hvert ár fyrir sig og hve háa upphæð?
3. Hvaða reglur eru og hafa verið við úthlutun þessara styrkja þegar menntamálaráðuneytið, starfsmenn þess eða nefndir starfandi á vegum ráðuneytisins eða í tengslum við það voru umsagnaraðilar eða réðu hver hlaut styrk?
4. Hefur orðið ágreiningur milli fulltrúa menntamálaráðuneytisins og annarra umsagnaraðila eða þeirra sem styrki hafa veitt, um það, hvaða aðilar ættu að fá styrki? Ef svo er, hver var sá ágreiningur og í hvaða tilfellum var um ágreining að ræða?"

Svar:

1.—2. Á hverju ári berast jafnan nokkur boð frá erlendum stjórnvöldum um styrki handa íslenskum námsmönnum til náms í viðkomandi löndum. Er oftast um að ræða styrki til háskólanáms, boðna fram til eins skólaárs í senn og miðaða við að nægja fyrir brýnustu nauðsynjum. Oftast er aðeins einn styrkur í boði frá hverju landi, en stundum þó tveir eða jafnvel fleiri.

Við Bandaríkin er sérstakur samningur um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarsamskiptum, hinn svonefndi Fulbright-samningur. Samkvæmt honum eru m. a. veittir árlega nokkrir kandídatastyrkir til náms í Bandaríkjunum og ferðastyrkir til námsmanna, sem hafa útvegað sér námsvist og dvalarstyrk eftir öðrum leiðum. Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi úthlutar styrkjum þessum. Þá hefur Íslensk-ameríska félagið milligöngu um veitingu nokkurra styrkja árlega til náms í Bandaríkjunum, einkum til stúdenta, er ekki hafa lokið háskólaprófi.

Yfirlit um styrkveitingar fyrir skólaárin 1974/75, 1975/76, 1976/77, 1977/78 og 1978/79 fylgir hér með. Taka ber skýrt fram, að yfirlitið tekur einungis til styrkja sem menntamálaráðuneytið hefur með einhverjum hætti haft milligöngu um. Hér er því engan veginn um að ræða tæmandi skrá um alla styrki sem erlendir aðilar hafa veitt íslenskum námsmönnum á umræddu tímabili, sbr. t. d. það sem áður segir um styrkveitingar til náms í Bandaríkjunum. Í ýmsum tilvikum hafa einstakar menntastofnanir og sjóðir veitt Íslendingum námsstyrki án þess að menntamálaráðuneytið hafi komið þar við sögu eða fengið tilkynningu um það.

Svo sem fram kemur á yfirlitinu er ekki ævinlega unnt að tilgreina fjárhæð styrks, þar sem hún hefur ekki verið tilgreind í styrkboði. Oftast mun þá unnt að gera ráð fyrir, að styrk sé a. m. k. ætlað að hrökkva fyrir húsnæðis- og fæðiskostnaði.

3. Þegar menntamálaráðuneytinu berst tilkynning um styrkboð til handa íslenskum námsmönnum auglýsir ráðuneytið jafnan eftir umsóknum í Lögbirtingablaði og dagblöðum, auk þess sem fréttatilkynning um styrkboðið er send Ríkisútvarpinu. Stundum er gert ráð fyrir, að allar umsóknir séu sendar beint til styrkveitingaraðila, en miklu algengara er þó að ætlast sé til þess að ráðuneytið geri tillögu um ráðstöfun styrksins. Um tilnefning styrkþega úr hópi umsækjenda þegar svo háttar eru engar formlegar, almennar reglur. Oftast eru af hálfu styrkveitenda sett ákveðin skilyrði, mismunandi víðtæk, sem umsækjendur þurfa að fullnægja til að koma til greina til styrkveitingar. Ef fleiri umsækjendur fullnægja styrkskilmálum en styrkir eru í boði er við ákvörðun um tilnefningu höfð hliðsjón af ýmsum atriðum sem máli þykja skipta. Fyrst og fremst kemur þá til álita námsárangurs eins og hann verður ráðinn af umsóknargögnum, en einnig t. d. hvar umsækjendur eru staddir á námsferli. Ef fjöldi hæfra umsækjenda leyfir eru venjulega tilnefndir varamenn til styrkveitingar, auk þess eða þeirra sem aðallega er mælt með. Endanleg ákvörðun um styrkveitingu er síðan í höndum þess aðila sem að styrkboði stendur.

Algengast er að tilnefning styrkþega, þegar um hana er að ræða, sé ákveðin af ráðuneytinu samkvæmt framansögðu, án þess að formlegir umsagnaraðilar séu til kvaddir. Í einstökum tilvikum er þó af hálfu styrkveitanda gert ráð fyrir að um tillögur varðandi styrkþega sé haft samráð við sendiráð viðkomandi ríkis. Þetta á einkum við um styrki til náms í Bretlandi, Frakklandi og Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

4. Þegar um er að ræða samráð við fulltrúa sendiráðs styrkveitingarríkis um tilnefning styrkþega fer það fram á viðræðufundum eftir að báðir aðilar hafa kynnt sér umsóknargögn. Hefur jafnan náðst full samstaða um tillögur varðandi styrkþega.

Eins og áður segir er endanleg ákvörðun um ráðstöfun styrks á hendi þess aðila sem styrkinn býður fram. Langalgengast er að farið sé að þeim tillögum sem menntamálaráðuneytið gerir (að höfðu samráði við viðkomandi sendiráð þegar það á við). Í fáeinum tilvikum hefur þó verið brugðið frá þeim með þeim hætti, að styrkur hefur verið veittur varamanni í stað umsækjanda sem gerð hafði verið tillaga um sem styrkþega. Þetta hefur á umræddu tímabili t. d. gerst tvívegis að því er varðar einn af þremur styrkjum til háskólanáms í Sambandslýðveldinu Þýskalandi. Í annað skiptið var styrkur veittur námsmanni í sálarfræði, sem verið hafði fyrstur á varamannalista, í stað umsækjanda á sviði tónlistar. Í hitt skiptið var umsækjandi í efnafræði (varamaður) tekinn fram yfir námsmann í þýsku.

Yfirlit um erlenda námsstyrki, sem íslenskum námsmönnum voru veittir fyrir skólaárið 1974—75 og menntamálaráðuneytið hafði einhver afskipti af:

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Bretland	Ásmundur Jakobsson	framhaldsnám í eðlisfræði og efnafræði	fjárhæð ókunn	
	Guðný Eiríksdóttir	framhaldsnám í lífefnafræði	„	
	Jón Baldur Sigurðsson	framhaldsnám í sjávarvistfræði	„	
Danmörk	Hólmfríður Gísladóttir	nám við Kennaraháskóla Danmerkur	d. kr. 1 653 á mán.	
	Gísli Gunnarsson	hagsaga	„	4 mán. styrkur
	Valdís Jónsdóttir	nám v. Kennaraháskóla Danmerkur	„	„
	Árni Ragnarsson	arkitektúr	„	
	Víðir Hafberg Kristinsson	nám v. Kennaraháskóla Danmerkur	„	
	Sverrir Ólafsson	mjólkurfræði	d. kr. 7 000	
	Vilhjálmur H. Gíslason	nám v. Slagteriskolen í Hróarskóla	„	
	Ingólfur Þór Baldvinsson	„	d. kr. 3 500	
	Níels Hjaltason	„	„	
	Ásbjörn Þorvarðsson	nám v. Byggeteknisk Höjskole í Khöfn.	„	
	Vignir Albertsson	„	„	
Finnland	Trausti Júlíusson	framhaldsnám í finnskri tungu	900 finnsk mörk á mán.	
	Gísli Jón Kristinsson	arkitektúr	750 finnsk mörk á mán.	
	Elsa Margrét Þórsdóttir	hönnun leikbúninga	350 finnsk mörk á mán.	
	Karl Tryggvason	arkitektúr og læknisfræði	„	
	Kristín Jónsdóttir	arkitektúr	375 finnsk mörk á mán.	
	Óli Hilmar Jónsson	„	„	
Frakkland	Jakob Bergþórsson Smári	sálfræði	fjárhæð ókunn	
	Þór Rögnvaldsson	heimspeki og rökfræði	„	
	Karl Gunnarsson	þörungafræði	„	
	Börkur Vífill Bergmann	arkitektúr	„	
	Nína Gautadóttir	listvefnaður	„	
	Kristín Guðrún Lárusdóttir	franska	„	
	Tryggvi Sigurðsson	barnasálfræði	„	
	Þuríður Jóna Jóhannsdóttir	félagsfræði	„	
	Atli Gunnar Guðmundsson	sálarfræði	„	
	Helga Sveinsdóttir	franskar bókmenntir	„	
Írland	Margrét Gunnarsdóttir	enska og bókmenntir	£ 500	
Ítalía	Brynjar Viborg	ítalska og ítalskar bókmenntir	110 000 lírur á mán.	3 mán. styrkur

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
	Guðbergur Bergsson	listasaga	„	„
	Jóhanna S. Bogadóttir	myndlist	„	„
	Pétur Björnsson	ítalska, listasaga, bókmenntir	„	óstaðfest
	Grímhildur Bragadóttir	ítalska og listasaga	„	2 mán. styrkur
	Guðrún S. Friðbjörnsdóttir	söngur og ítalska	„	„
Noregur	Einar Þór Lárusson	frystiiðnaður	jafnv. d. kr. 7 000	
	Gunnar Þór Benjamínsson	sjónglerjafr.	„	
	Halldór Halldórsson	matvælatæknifræði	„	
	Magnús Jónsson	framhaldsnám v. Norsk hotelfagskole	„	
	Halldór Kristinsson	nám v. Tinius Olsens tekniske skole	jafnv. d. kr. 3 500	
	Arnar J. Magnússon	stærðfræði	„	
Rúmenía	Einar Örn Guðjohnsen	rúmenska	1 600 Lei á mán.	
	Guðmundur Hreiðarsson	hagfræði	„	
Sovétríkin	Sigríður Ingunn Ásdísardóttir	rússneska	fjárhæð ókunn	
Svíþjóð	Jóhann Pálsson	grasafræði	s. kr. 1 050 á mán.	
	Ástrún Kristjánsdóttir	nám v. Konstfackskolen í Stokkh.	jafnv. d. kr. 7 000	
	Hallgerður Arnórsdóttir	auglýsingaljósmyndun	„	
	Jóhannes Jóhannesson	tæknifræði	„	
	Kári H. Þórsson	nám v. Statens Scenskola í Stokkhólmi	„	
Sviss	Björn Oddsson	jarðfræði	750 s. fr. á mán	
	Sigrún H. Árnadóttir	þýska	900 s. fr. á mán.	
Sambandslýðveldið Þýskaland	Selma Guðmundsdóttir	pianóleikur	ca. 570 mörk á mán.	
	Guðmundur Viðar Karlsson	þýska	„	
	Bjarni Ingi Gíslason	efnafræði	„	
(háskólinn í Münster — í stað Kölnarháskóla.)	Bolli Héðinsson	jarðvísindi	ca. 500 mörk á mán.	

Åkerrén-ferðastyrkinn 1974, 1 000 sænskar krónur, hlaut **Sigrún Jónsdóttir** til náms í kennsluhjúkrun í Noregi.

Yfirlit um erlenda námsstyrki sem íslenskum námsmönnum voru veittir fyrir skólaárið 1975—76 og menntamálaráðuneytið hafði einhver afskipti af:

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Bretland	Ágúst Guðmundsson	kvikmyndaframleiðsla og stjórn.	greidd skólagjöld f. 1975—1976.	
	Kristján Árnason	málvísindi	fjárhæð ókunn	
	Ævar Petersen	fuglafræði	„	
Danmörk	Ásgeir Sigurðsson	sálfræði	um 1 905 d. kr. á mán-	8 mán.
	Guðmundur Sigurmonsson	nám v. kennaraháskóla Kbh.	„	„
	Þórólfur Friðgeirsson	„	„	„
	Friðgeir Björnsson	lögfræði	„	4 mán. st.
	Garðar Valdimarsson	„	„	„
	Árni Árnason	innanhúss- og húsgagnaarkitektúr	d. kr. 10 000	
	Jón Guðmundsson	byggingafr.	„	
	Ingólfur Thór Baldvinsson	matvælafræði	d. kr. 5 000	
	Níels Viðar Hjaltason	matvælafræði	„	
	Lúðvík Hermannsson	mjólkurfræði	„	
	Ólafur Örn Kristjánsson	mjólkurfræði	„	
Finnland	Sveinn Eldon	heimspeki	900 finnsk mörk á mán.	
	Elsa Margrét Þórsdóttir	fatahönnun	750 finnsk mörk á mán.	a. m. k. sept.—des. og sennil. allt skólaárið
	Gísli Jón Kristjánsson	arkitektúr	„	„
	Kristín Jónsdóttir	„	„	„
	Óli Hilmar Jónsson	„	„	„
Frakkland	Helgi Þórsson	stærðfræði	fjárhæð ókunn	
	Guðrún Magnúsdóttir	eðlisfræði	„	
	Ólöf Þórhildur Ólafsdóttir	franskar bókmenntir og málvísindi	„	
	Ragnheiður Guttormsdóttir Þormar	innanhússarkitektúr	„	
	Sigríður G. Hauksdóttir	landafræði	„	
	Vera Ósk Valgarðsdóttir	franskar bókmenntir	„	
Holland	Ólafur Óskar Lárusson	myndlist	á mán. 850 flórínur	
Írland	Margrét Jónsdóttir	írsk tunga og bókmenntir	600 sterlingspund	
Ítalía	Jónatan Þórmundsson	ítalska og ítalskar bókmenntir	110 000 lírur á mán.	3 mán. st.
	Rebekka Magnúsdóttir	ítalska	„	3 mán. st.
	Júlíana Guðrún Gottskálksdóttir	listasaga	„	2 mán. st.
	Sigurður Pétursson	ítalska	„	2 mán. st.
	Þuríður Magnúsdóttir	ítalska	„	6 mán. st.

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Kína	Ragnar Baldursson	kínverska og heimspeki	100 yen	
	Tryggvi Harðarson	kínverska og bókmenntir	„	
Noregur	Helgi Þorláksson	saga	1 100—1 300 n. kr. á mán.	jan.—júní '76
	Úlfar Bragason	bókmenntafr.	1 350 n. kr. á mán.	
	Kristín Benediktsdóttir	nám í menntaskóla	ókunn	nægi fyrir fæði og húsn. og e-m vasap.
	María Baldvinsdóttir	nám í lýðháskóla	„	„
	Ástþór Ragnarsson	iðnhönnun	jafv. d. kr. 7 000	
	Daníel Thorarensen	alm. matv. fr.	„	
	Emil Bjarni Karlsson	matvælatæknifr.	„	
	Gunnar Karlsson	hótelstjórn og rekstur	jafnviröi d. kr. 3 500	
	Kristrún Sigurðardóttir	klínisk pedagogik	„	
	Magnús Jónsson	hótelstjórn	„	
	Margrét Sigurðardóttir	kjólasaumur	„	
	Jóhann Guðnason	þýska	570 DM á mán.	
Sambandslýðveldið Þýskaland	Arthúr Björgvin Bollason	heimspeki og þýska	„	
	Baldvin Hreinn Steindórsson	sálfræði, heimspeki	„	
	Sigurborg Jónsdóttir	þýska	sem nemur dvalarkostn. og kennslugj. auk 600 DM ferðastyrks til að sækja 2 mán. þýsku-námskeið Goethe-Institut	
	Jóhanna Hálfdánsdóttir	þýska	„	
	Sigurður Gunnarsson	þýska	„	
	Jón Rúnar Gunnarsson	rannsóknir á samanburðarhljóð- og málmyndunarfræði.	1000 DM á mán.	3 mán. st.
	dr. Sigmundur Guðbjarnason	lífefnafræðirannsóknir	„	2 mán. st.
	dr. Sigurjón Norberg	efnafræðilegar rannsóknir	„	2 mán. st.
Sovétríkin	Jane Marie Pind	rússnesk tunga, bókmenntir og saga	fjárhæð ókunn	
	Áslaug Agnarsdóttir	rússnesk tunga og bókmenntir	„	
Sviss	Kristrún Þórðardóttir	húsagerðarlist	750 svissn. fr. á mán.	
Svíþjóð	Eiríkur Tómasson	lögfræði stjórnarfarsréttur	1 320 s. kr. á mán.	8 mán. st.
	Magnús Pétursson	hagfræði	1 320 s. kr. á mán.	9 mán. st.
	Erlendur Jónsson	heimspeki	„	„
	Margrét Hermannsdóttir	fornleifafræði	„	4½ mán. st.
	Katrín Friðjónsdóttir	félagsfræði	„	„
	Haukur S. Tómasson	landafræði	„	„
	Erlendur Lárusson	stærðfræði	„	„
	Brynleifur Jónsson	fatagerð	6 000 s. kr.	

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Svíþjóð	Hilmar Einarsson	viðgerðir á bókbandi	6 000 s. kr.	
	Sigríður Bjarnadóttir	kvenfatasaumur	„	
	Páll Reynisson	ljósmyndun	„	
	Ásrún Kristjánsdóttir	listvefnaður	„	
Þýska alþýðulýðveldið	Guðrún Snjólaug Matthíasdóttir	þýska	ókunn	
	Jón Guðmundsson	hagfræði	„	

Åkerrén-ferðastyrkinn 1975, jafnvirði 1 000 sænskra króna, hlaut **Harpa Karlsdóttir** til náms í talkennslu í Noregi. Styrki til hjúkrunarnáms erlendis hlutu **Erna Holse** og **Anna Sigríður Indriðadóttir,** að fjárhæð kr. 200 000 hvor.

Yfirlit um erlenda námsstyrki, sem íslenskum námsmönnum voru veittir fyrir skólaárið 1976—77 og menntamálaráðuneytið hafði einhver afskipti af:

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Bretland	Axel Jóhannsson	líffræði við Univ. of Cambridge	fjárhæð ókunn	
Danmörk	Ari Ólafsson	eðlisfræði við Árósarháskóla	d. kr. 2 030 á mán.	
	Jón Ingimarsson	verkfræði við Tækniháskóla Danmerkur	„	
	Bergþóra St. Kristjánsdóttir	nám við Institut for nordisk filologi, Kaupmannahafnarháskóla	„	
	Óttar Einarsson	danska og danskar bókmenntir við Kennaraháskóla Danmerkur	„	
	Albert J. Sigurðsson	málaraiðn við Odense tekniske skole	d. kr. 10 000	
	Einar H. Esrason	frh.-nám í gullsmíði við Guldsmedehöjskolen í Valby	„	
	Vilhjálmur H. Gíslason	matvælatækni við Slagteriskolen í Hróarskeldu	„	
Finnland	Guðrún Magnúsdóttir	finnska við Helsingforsháskóla	1 000 finnsk mörk á mán.	
	Trausti Júlíusson	finnska við Helsingforsháskóla	1 000 (frh.-styrkur)	
	Elsa Margrét Þórsdóttir	hönnun leikbúninga við Konstindustriella högskolan, Helsingfors	1 000 finnsk mörk á mán.	
	Málfríður Kristjánsdóttir	arkitektúr við háskólann í Oulu	„	
	Kristín Jónsdóttir	„	500 finnsk mörk á mán.	
	Óli Hilmar Jónsson	„	„	
Frakkland	Kristín Jóhannesdóttir	kvikmyndafræði	fjárhæð ókunn	
	Einar Símonarson	raflagnafræði við háskóla í París	„	

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Frakkland	Jón I. Magnússon	stærðfræði	fjárhæð ókunn	
	Jóhanna Hálfdánsdóttir	franskar bókmenntir	„	óstaðfest
	Hilmar Jón Hauksson	sjávarlíffræði við háskóla í París	„	„
Holland	Snorri Sigfús Birgisson	tónsmíðar	950 flórínur á mán.	
Ítalía	Inga Dóra Björnsdóttir	fornleifafræði	135 þús. lírur á mán.	6 mán. styrkur
	Anna Guðmundsdóttir	ítalska	„	2 mán. styrkur
	Árni Sigurjónsson	ítalska og bókmenntir	„	„
	Geirlaug Þorvaldsdóttir	ítalska og leiklist	„	„
	Hrafnhildur Schram	listasaga og ítalska	„	„
	Tómas R. Einarsson	ítalska	„	„
Japan	Þorsteinn Jónsson	kvikmyndagerð	111 þús. yen á mán.	
Kína	Ásta S. Kristjánsdóttir	kínverska og heimspeki	100—120 yen á mán.	
	Hjörleifur Sveinbjörnsson	kínverska, saga og heimspeki	„	
Noregur	Árni Ragnarsson	vélaverkfræði	n. kr. 1 450 á mán.	
	Sigríður Traustadóttir	nám við Statens lærerskole í forming, Ósló	um n. kr. 8 000	
	Daníel Thorarensen	matvælatækni	um nr. kr. 4 000	
Sovétríkin	Elísa Björg Þorsteinsdóttir	rússneska, saga og listasaga	fjárhæð ókunn	
	Ragnhildur Rós Indriðadóttir	rússneska og rússneskar bókmenntir	„	
Sviss	Sigurður R. Guðjónsson	nám við háskólann í Zürich	950 svissn. frankar á mán.	
Svíþjóð	Björn Marteinsson	arkitektúr	s. kr. 1 400 á mán.	
	Margrét Hallsdóttir	jarðfræði	a. m. k. s. kr. 1 400 á mán.	
	Rúnar I. Sigfússon	nám við Institutionen för medicinsk teknik við hásk. í Linköping	„	
	Gerður Steinþórsdóttir	bókmenntafræði	a. m. k. s. kr. 1 400 á mán.	4—5 mán. styrkur
	Pétur Pétursson	þjóðfélagsfræði	„	„
	Sigurður Hjartarson	saga	„	„
	Þorsteinn Helgason	hagsaga	„	„
	Brynleifur Jónsson	fatagerð við Lärarhögskolan í Gautaborg	s. kr. 6 000	
	Konstantin H. Hauksson	nám við Konditorfackskolan í Uppsölum	„	
	Þórhallur Jóhannesson	prentun	„	
	Sveinn Auðunn Blöndal	nám við Grafiska institutet í Stokkhólmi	„	
	Emilía Björg Björnsdóttir	auglýsingaljósmyndun	s. kr. 3 000	
Sambandslýðveldið Þýskaland	Jóhanna Bogadóttir	nám við grafíkdeild Konsthögskolan í Stokkhólmi	„	
	Kristjana Þorsteinsdóttir	tannlækningar	a. m. k. DM 650 á mán.	

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Sambandslýðveldið Þýskaland	Margrét Gunnarsdóttir	þýskar bókmenntir og málfræði	a. m. k. DM 650 á mán.	
	Þórlaug Haraldsdóttir	arkitektúr	„	

Åkerrén-ferðastyrkinn fyrir árið 1976, s. kr. 1 632, hlaut **Jóhanna Halla Þórðardóttir** til náms í talkennslu við Statens Spesiallærerskole í Noregi.

Yfirlit um erlenda námsstyrki, sem íslenskum námsmönnum voru veittir fyrir skólaárið 1977—78 og menntamálaráðuneytið hafði einhver afskipti af:

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Bretland	Eiríkur Örn Arnarson	sálarfræði við háskóla í Manchester	fjárhæð ókunn	
Danmörk	Hermann Guðjónsson	byggingaverkfræði við Tækniháskóla Danmerkur	um d. kr. 2 059 á mán.	
	Benedikt Jóhannsson	sálarfræði við Árósaháskóla	„	
	Auður Hauksdóttir	danska við Kennaraháskóla Danmerkur	„	
	Hörður Ó. Helgason	danska og enska við Kennaraháskóla Danmerkur	..	
	Guðjón Ól. Kristbergsson	fatahönnun við Dansk Konfektions- og trikotageskole	d. kr. 10 000	
	Stefán B. Stefánsson	gull- og silfursmíði við Guldsmedehöjsk. í Valby	„	
	María L. Ragnarsdóttir	fatahönnun við Margrethe-Skolen í Khöfn	d. kr. 5 000	
	Sigrún Baldursdóttir	innanhússarkitektúr við Fredriksbergs tekn. skole	„	
	Ingólfur Þór Baldvinsson	matvælatæknifræði, Slagterıskolen, Hróarskeldu	„	
	Níels Viðar Hjaltason	„	„	
Finnland	Þorgerður Árnadóttir	veirufræði við hásk. í Åbo	1 000 finnsk mörk á mán.	
	Elsa M. Þórsdóttir	nám við Konstindustriellahögsk., Helsingfors	„	
	Kristín Jónsdóttir	arkitektúr við háskóla í Oulu	„	
	Óli Hilmar Jónsson	„	„	
Frakkland	Bjarnþór G. Kolbeinsson	stærðfræði	fjárhæð ókunn	
	Eiríkur Brynjólfsson	stærðfræði við háskóla í París	„	
	Franz Á. Siemsen	stærðfræði	„	
	Guðmundur E. Níelsson	vélaverkfræði	„	
	Petrína Rós Karlsdóttir	franska og fr. bókmenntir Univ. de Prov.	„	

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Frakkland	Þorgeir Rúnar Kjartansson	franska og fr. bókmenntir við háskóla í París	fjárhæð ókunn	
Ítalía	Steinar V. Árnason	ítalska við háskóla í Perugia	200 þús. lírur á mán.	3 mán. styrkur
Noregur	Hafsteinn G. Guðfinnsson	sjávarplöntufræði, í Ósló	n. kr. 1 800 á má.	4½ mán.
	Ragnheiður H. Þórarinsdóttir	þjóðháttafræði Óslóarháskóla	„	„
	Ágúst Úlfar Sigurðsson	frh.-nám við Sörlandets Ingeniörhöjskole	8 000 n. kr.	
	Hafdís Grímsdóttir	gleraugnafræði	„	
	Vilborg Þorsteinsdóttir	loftskeytafræði Arendal Navigasjons- og radioskóla	„	
	Valgeir St. Kárason	rafmagnstæknifræði við Telemark Ingeniörshöjskole	4 000 n. kr.	
	Þorkell Jóh. Jónsson	„	„	
	Dóra S. Júlíusson	félagsráðgjöf Diakonhjemmets sosialskole, Ósló	n. kr. 4 800	á vormisseri 1978
	Inga Einarsdóttir	fóstrunám við Barnevernsakademiet, Ósló	„	„
	Jóhanna Halla Þórðardóttir	talkennsla við Statens spesiallærerskole, Hosle	„	„
	Ástþór Ragnarsson	iðnhönnun við Statens håndverks- og kunstindustriskole, Ósló	n. kr. 2 400	„
	Jóhanna Þórunn Ingimarsdóttir	nám við Statens lærerskole í forming, Ósló	„	„
Sovétríkin	Jörundur Hilmarsson	litháíska og baltnesk fræði við háskóla í Vilnius	fjárhæð ókunn	
Sviss	Magnús Ólafsson	frh.-nám í arkitektúr, Tæknihaskóla í Zürich	ca. 950 svissn. frankar á mán.	
Svíþjóð	Inga Jóna Jónsdóttir	viðskiptafræði v. hásk. í Lundi	s. kr. 1 555 á mán.	
	Margrét Hermannsdóttir	fornleifafræði v. háskóla Lundi	s. kr. 1 600 á mán. a. m. k.	
	Hermann Þórisson	frh.-nám í stærðfræði við háskóla Gautaborg	„	„
	Ingimar Þ. Gunnarsson	húsgagna- og innréttingahönnun v. Statens handverk- og kunstindustriskole í Óslo	n. kr. 8 100	óstaðfest
	Ólafur Kvaran	listfræði við háskóla í Lundi	s. kr. 1 600 á mán a. m. k.	
	Sigurður Þorgrímsson	frh.-nám í læknisfræði, Östra sjukhuset, Gautaborg	a. m. k. s. kr. 1 600 á mán.	4 mán. styrkur
	Guðmundur Örn Gunnarsson	frh.-nám í hagfræði, Uppsalaháskóla	„	„

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Svíþjóð	Hreinn Haraldsson	frh.-nám í jarðfræði, Uppsalaháskóla	a. m. k. s. kr. 1 600 á mán.	„
	Ása Ólafsdóttir	frh.-nám við Konstindustriskolan í Gautaborg	s. kr. 6 000	
	Guðrún E. Guðmundsdóttir	fatagerð við Konfektionsskolan í Gautaborg	„	
	Pétur Ágústsson	frh.-nám í prentiðn	„	
	Þorbjörn Brynjólfsson	verknámskennsla við Kennarahásk. í Möndal	„	
Sambandslýðveldið Þýskaland	Gestur Ólafsson	stærðfræði hásk. í Götingen	a. m. k. DM 650 á mán.	
	Rebekka Magnúsdóttir	þýsk málvísindi v. háskóla í München	„	
	Sigurborg Jónsdóttir	þýska við háskóla í Tübingen	„	

Åkerrén-ferðastyrkinn fyrir árið 1977, s. kr. 1 670, hlaut **Hrönn Pórisdóttir** til náms í félagsráðgjöf við Sosialskolen í Þrándheimi.

Yfirlit um erlenda námsstyrki, sem íslenskum námsmönnum voru veittir fyrir skólaárið 1978—79 og menntamálaráðuneytið hafði einhver afskipti af:

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Bretland	Áslaug Helgadóttir f. 17. 17. 1953	„Agriculture" við háskóla í Reading	líkl. 194 £ á mán.	
	Kjartan Magnússon f. 20. 3. 1952	„Mathematical Control Theory" við háskólann í Warwick	„	
	Jón G. Ottósson 27. 11. 1950	vistfræði við Exeter University	„	
Danmörk	Knútur Árnason 27. 3. 1952	eðlisfræði við Niels Bohr Institut	2 131 d. kr. á mán.	8 mán.
	Páll Jónsson f. 7. 8. 1954	eðlisfræði og stærðfræði við H. C. Örsted Institutet	„	
	Helga Guðmundsdóttir f. 9. 2. 1953	danska við Institutet for nordisk Filologi	„	
	Þorvaldur Kristinsson f. 19. 6. 1950	danskar nútímabókm. og alm. bókmenntasaga við Kaupmannahafnarháskóla.	„	
	Júlía Petra Andersen f. 24. 6. 1959	nám við Skolen for Boligindretning Frederiksberg Tekniske Skole	10 000 d. kr.	
	Guðbrandur Magnússon f. 17. 9. 1955	framhaldsnám við Den Grafiske Höjskole. Kaupmannahöfn	5 000 d. kr.	
	Guðmundur Hermannsson f. 8. 11. 1957	úrsmíði við Teknisk Skole Ringsted, Urmagersk.	„	

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Danmörk	Helgi K. Pálsson f. 19. 12. 1950	nám við Skolen for Boligindretning, Kaupmannahöfn	5 000 d. kr.	
	Páll Kárason f. 21. 1. 1953	matvælatæknifræði við Slagteriskolen í Roskilde	„	
Finnland	Ásdís Þórarinsdóttir f. 6. 10. 1957	finnska við Helsingforsháskóla	1 000 finnsk mörk á mán.	9 mán.
	Guðmundur Ketill Guðfinnsson f. 15. 12. 1947	innanhússhönnun	1 200 f. mörk á mán.	„
	Þorgerður Árnadóttir	veirufræði	800 f. mörk á mán. 1 200 f. mörk á mán.	4 mán. 5 mán.
	Sveinn Eldon f. 19. 3. 1950	heimspeki við Helsingforsháskóla	800 f. mörk á mán. 1 200 f. mörk á mán.	4 mán. 5 mán.
	Elsa Margrét Þórsdóttir	leikmyndateiknun	800 f. mörk á mán.	4 mán.
Frakkland	Helgi Þórsson f. 23. 4. 1951	stærðfræði	fjárhæð ókunn	
	Sighvatur S. Árnason f. 30. 12. 1952	dýralífsfræði	„	
	Gunnar Ág. Harðarson f. 15. 9. 1954	heimspeki og bókmenntir	„	
	Þorsteinn Hauksson f. 4. 8. 1949	tónsmíðar	„	
	Halldór Stefánsson f. 18. 8. 1950	mannfræði	„	
	Jóhanna Ingólfsdóttir f. 12. 1. 1956	iðjuþjálfun	„	
Holland	Helgi Þ. Friðjónsson f. 7. 3. 1953	myndlist	950 flórínur á mán.	9 mán.
Ítalía	Júlíana G. Gottskálksdóttir f. 26. 7. 1947	listasaga	240 000 lírur á mán. í 6 mán. '79	
	Nína Gautadóttir f. 28. 6. 1946	listvefnaður	sama fjárh. á mán. í 5 mán. '79	
	Halldór Þorsteinsson f. 18. 5. 1921	ítalska	sama fjárh. á mán í 3 mán '79	
Japan	Maríanna Alexandersdóttir f. 3. 9. 1949	fiskifræði	133 þús. yen á mán.	1½ ár
Kína	Edda Kristjánsdóttir f. 17. 2. 1952	kínverska	100 RMB á mán.	
Noregur	Steinar Þór Guðlaugsson f. 10. 2. 1951	jarðeðlisfræði við Oslóarháskóla	2 300 n. kr. á mán.	9 mán.
	Arnþrúður Jónsdóttir f. 6. 12. 1955	Specialpædagogik við Statens speciallærerskole, Osló	9 600 n. kr.	
	Frímann Helgason f. 7. 7. 1947	rafeindatæknifræði við Oslo ingeniörhögskole	„	
	Haukur Sölvason f. 20. 10. 1940	kennslufræði og vélfræði við Norges lantbrukshögskole	„	

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Noregur	Hörður Harðarson f. 29. 11. 1949	innanhússarkitektúr Statens Håndverks og Kunst industrieskole Osló	9 600 n. kr.	
	Kristján Elís Jónasson f. 27. 5. 1955	framhaldsnám í matreiðslu við Norsk hotelfagskole	„	
	Margrét Sigurðardóttir f. 19. 8. 1953	fatahönnun við Trondheim yrkesskole	„	
	Guðjón Magnússon f. 25. 4. 1956	rafeindatæknifræði við Agder Ingeniör- og distriktshögskole	9 600 n. kr.	
	Hafdís Grímsdóttir f. 13. 8. 1956	gleraugnagerð við Kongsberg yrkesskole	4 800 n. kr.	
	Sigvaldi Ásgeirsson f. 10. 3. 1950	skógrækt við Norges Landbrukshögskole	4 800 n. kr.	
	Dóra S. Júlíusson f. 14. 5. 1945	félagsráðgjöf við Diakonhjemmets Socialskole, Osló	4 600 n. kr.	
Sovétríkin	Brynja Dís Valsdóttir f. 7. 12. 1955	rússneska og saga við Moskvuskóla	fjárhæð ókunn	
Sviss	Þór Þorvaldsson f. 14. 10. 1953	rafmagnsverkfræði við ETH Zürich	800 eða 950 sv. frankar á mán. (eftir því hvort hann telst stúdent eða post-graduate)	
Svíþjóð	Jón Björgvin Hauksson f. 12. 9. 1956	efnaverkfræði við Háskóla í Lundi	1 725 s. kr. á mán.	skólaárið
	Halldór Torfason f. 10. 6. 1951	kvartärgeologi við Uppsala universitet	sama fjárhæð	8 mán.
	Steindór Guðmundsson f. 17. 6. 1952	„Byggnadsakustik“ við Lunds tekniska högskola	„	„
	Sigrún Sveinsdóttir f. 20. 9. 1950	öldrunarfræði við Lunds universitet	„	4 mán.
	Svava Guðmundsdóttir f. 15. 1. 1946	skólasálfræði við Göteborgs universitet	„	„
	Árni Bergur Sigurbjörnsson f. 24. 1. 1941	frh.-nám í guðfræði við Lunds universitet	„	„
	Helgi Bjarnason f. 8. 12. 1947	framhaldsnám við Nord. institut för samhällsplanering, Stokkhólmi	1 725 s. kr. á mán.	4 mán.
	Erika Petersen Sigurhannsdóttir f. 9. 6. 1936	iðjuþjálfun við Munksjöskolan Jönköping	7 000 s. kr.	
	Sveinn Finnbogason f. 9. 12. 1952	gervilimasmíði við Ortopedingenjörskolan, Jönköping	7 000 s. kr.	
	Júlíus Þórarinn Steinarsson f. 1. 12. 1958	feldskurður við Holavedskolan, Tranås	3 500 s. kr.	
	Sigrún Guðmundsdóttir f. 15. 1. 1959	pelsasaumur við Holavedskolan, Tranås	3 500 s. kr.	

Dvalarland	Nafn styrkþega	Aðalnámsgrein	Styrkfjárhæð	Aths.
Svíþjóð	Magnús Ólafsson f. 20. 5. 1951	framh.-nám við industri- och hantverkslärarlinjen, Göteborgs Universitet, Mölndal	3 500 s. kr.	
	Páll Melsted f. 16. 12. 1954	skrúðgarðatækni við Sveriges lantbruks-universitet	3 500 s. kr.	
	Þráinn Sigurðsson f. 31. 8. 1952	byggingatæknifræði við Stockholms Tekniska Institut	3 500 s. kr.	
	Guðbjartur Sigurðsson 7. 7. 12. 1949	framhaldsnám í prentiðn við Grafiska Institutet Stockholm	3 500 s. kr.	
Sam-bandslýð-veldið Þýskaland	Kolbeinn Árnason f. 24. 7. 1950	jarðeðlisfræði við Háskólann í München	650 DM á mán.	10 mán.
	Sigríður Jónsdóttir f. 20. 11. 1954	efnafræði við Háskólann í Hamborg	„	„
	Helgi Þorleifsson f. 22. 9. 1956	stærðfræði og eðlisfræði við Háskóla í Göttingen	„	„

Åkerrén-ferðastyrkinn fyrir árið 1978, s. kr. 2 160, hlaut **Einar Guðm. Torfason** f. 20. 12. 1948, við framhaldsnám í veirufræði í Uppsalaháskóla.

Vísindastyrkir á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO Science Fellowships) á árinu 1974.

Umsækjendur voru 27, og hlutu 14 þeirra styrki sem hér segir:

1. Hjalti Fransson, B. Sc. Hon., 100 þúsund krónur, til að vinna að doktorsverkefni í jarðfræði við Grant Institute of Geology, Edinborgarháskóla.
2. Sigurður V. Hallsson, verkfræðingur. 100 þúsund krónur, til rannsókna á þangi í Noregi, Skotlandi og Kanada til samanburðar við niðurstöður rannsókna frá Breiðafirði.
3. Stefán Vilhjálmsson, B. Sc. Hon., 100 þúsund krónur. til rannsókna í matvælafræði við University of Nottingham, School of Agriculture, Bretlandi.
4. Ævar Petersen, B. Sc. Hon., 100 þúsund krónur, til að vinna að doktorsverkefni í dýrafræði við háskólann í Oxford, Bretlandi.
5. Atli Dagbjartsson, læknir, 75 þúsund krónur, til framhaldsnáms í barnalækningum við Children's Hospital, National Medical Center, Washington, Bandaríkjunum.
6. Björn Árdal, læknir, 75 þúsund krónur, til framhaldsnáms í barnalækningum við Montreal Children's Hospital, Montreal, Kanada.
7. Eiríkur Örn Arnarson, B. Sc. Hon., 75 þúsund krónur, til framhaldsnáms í sálfræði við háskólann í Liverpool, Bretlandi.
8. Oddur Borgar Björnsson, verkfræðingur, 75 þúsund krónur, til framhaldsnáms í vélaverkfræði, straumfræði- og varmaflutningi með tilliti til nýtingar jarðvarma til orkuframleiðslu, við Heriot-Watt University, Edinborg, Skotlandi.
9. Þórdís Kristmundsdóttir, M. Sc., 75 þúsund krónur, til að vinna að doktorsverkefni í lyfjafræði við háskólann í Manchester, Bretlandi.
10. Jón Viðar Arnórsson, tannlæknir, 75 þúsund krónur, til framhaldsnáms í munnskurðlækningum við Lundúnaháskóla, Bretlandi.
11. Bragi Líndal Ólafsson, búfjárfræðingur, 50 þúsund krónur, til framhaldsnáms í fóðurfræði og lífeðlisfræði jórturdýra við Cornell University, Ithaca, Bandaríkjunum.
12. Víkingur H. Arnórsson, læknir, 50 þúsund krónur, til að sækja námskeið í barnalækningum við Harvard Medical School, Boston, Bandaríkjunum.
13. Þorsteinn Tómasson, B. Sc. Hon., 50 þúsund krónur, til framhaldsnáms í jurtakynbótum við Lantbrukshögskolan, Ultuna, Uppsölum, Svíþjóð.
14. Sigfús J. Johnsen, eðlisfræðingur, 35 þúsund krónur, til að vinna að doktorsritgerð um rannsóknir, sem hann hefur gert á eðlisfræði jökla og jökulíss við Geofysisk Isotop Laboratorium, Kaupmannahafnarháskóla, og kynna sér nýjustu rannsóknir Raunvísindastofnunar Háskólans á íslenskum jöklum.

Vísindastyrkir á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO Science Fellowships), á árinu 1975

Umsækjendur voru 20, og hluti 9 þeirra styrki sem hér segir:

1. Agnar Ingólfsson, prófessor, 250 þúsund krónur, til að stunda nám og rannsóknir í sjávarvistfræði, einkum vistfræði fjöru og grunnsævis, við Biological

Laboratory of the British Marine Biological Association, Plymouth, Englandi.
2. Gísli Már Gíslason, B.S., 150 þúsund krónur, til að ljúka doktorsprófi í vatnalíffræði við háskólann í Newcastle-upon-Tyne.
3. Guðni Þorsteinsson, læknir, 150 þúsund krónur, til að ljúka Mastergráðu í endurhæfingu og orkulækningum við Mayo Postgraduate School of Medicine, Rochester, Minn., Bandaríkjunum.
4. Gunnar Hrafn Ágústsson, verkfræðingur, 250 þúsund krónur, til að stunda nám í hafnarrekstri (Port and Shipping Administration) við University og Wales, Cardiff, Bretlandi.
5. Ólafur Sigmar Andrésson, B.S., 55 þúsund krónur, til að taka þátt í námskeiði um líffræði við háskólann í Tromsö, Noregi.
6. Sigurjón Arnlaugsson, tannlæknir, 150 þúsund krónur, til að halda áfram framhaldsnámi í tannholdssjúkdómum við University of Alabama, Bandaríkjunum.
7. Svend-Aage Malmberg, haffræðingur, 150 þúsund krónur, til að heimsækja og kynna sér hafrannsóknarstofnanir í Bandaríkjunum og Kanada um eins til tveggja mánaða skeið, í sambandi við rannsóknir á hafeðlisfræði hafsins fyrir norðan Íslands, við haffræðideild háskólans í Seattle Wash., Bandaríkjunum.
8. Viðar Hjartarson, læknir, 150 þúsund krónur, til að ljúka framhaldsnámi í svæfingum og deyfingum við University of Wisconsin Hospitals, Bandaríkjunum.
9. Grímur Þór Valdimarsson, B.S., 250 þúsund krónur til að ljúka doktorsverkefni í gerlafræði við Department of Applied Microbiology, University of Strathclyde, Glasgow, Skotlandi.

Vísindastyrkir á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO Science Fellowships) á árinu 1976.

Umsækjendur voru 23, og hlutu 6 þeirra styrki sem hér segir:

1. Axel Björnsson, eðlisfræðingur, 500 þúsund krónur, til jarðeðlisfræðirannsókna, einkum á nýjum aðferðum í rafleiðnimælingum, við jarðfræðistofnun Árósaháskóla og háskólana í Braunschweig og Göttingen í Þýskalandi.
2. Hörður Kristjánsson, B.S., 250 þúsund krónur, til framhaldsnáms og rannsókna í lífefnafræði við University of Maryland í Bandaríkjunum.
3. Jóhann Þorsteinsson, lífefnafræðingur, 500 þúsund krónur, til að kynnast nýjum aðferðum við rannsóknir á nýtingu aukaafurða í fisk- og sláturiðnaði við háskólana í Tromsö í Noregi.
4. Kristján R. Jessen, M. Sc., 250 þúsund krónur, til rannsókna á sviði taugalíffræði til undirbúnings doktorsprófi við University College í London.
5. Sigurður B. Þorsteinsson, læknir. 200 þúsund krónur, til að ljúka rannsóknum á öndunarvegasýkingum á sjúkrahúsum, við Baylor College of Medicine í Houston í Bandaríkjunum.
6. Örn Helgason, dósent, 500 þúsund krónur, til náms- og rannsóknadvalar við Verkfræðiháskóla Danmerkur í Kaupmannahöfn til að kynna sér jarðeðlisfræðilegar mælingar með sérstakri geislamælitækni.

Vísindastyrkir á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO Science Fellowships) á árinu 1977.

Umsækjendur voru 30, og hlutu 6 þeirra styrki sem hér segir:

1. Dóra S. Bjarnason, M.A., 300 þúsund krónur, til að vinna að doktorsritgerð við Keele University í Bretlandi um félagslegar breytingar á Íslandi eftir heimsstyrjöldina síðari.
2. Jón Bragi Bjarnason, B. Sc., 500 þúsund krónur, til að ljúka rannsóknum til doktorsprófs í lífefnafræðilegri greiningu blæðingarþátta við Colorado State University í Bandaríkjunum.
3. Logi Jónsson, cand. real., 500 þúsund krónur, til að halda áfram rannsóknum á líffræðilisfræði fiska við Florida State University í Bandaríkjunum.
4. Sigfús Jónsson, M. A., 500 þúsund krónur, til að ljúka doktorsritgerð um áhrif sjávarútvegs á byggðaþróun á Íslandi við University of Newcastle upon Tyne í Bretlandi.
5. Sigurður V. Hallsson, efnaverkfræðingur, 400 þúsund krónur, til þörungarannsókna við háskólann í Halifax, Nova Scotia í Kanada.
6. Sveinn Þorgrímsson, M. Sc., 500 þúsund krónur, til framhaldsnáms í hagnýti bergtækni og jarðgangagerð við University of Arizona í Bandaríkjunum.

Vísindastyrkir á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO Science Fellowships) á árinu 1978.

Umsækjendur voru 27, og hlutu 11 þeirra styrki sem hér segir:

1. Árni Ragnarsson, B. Sc., 600 þúsund krónur, til að ljúka námi til doktorsprófs í vélaverkfræði, aðalgrein varmafræði, við Tækniháskóla Noregs í Þrándheimi.
2. Björn Erlendsson, deildartæknifræðingur, 300 þúsund krónur, til rannsóknar- og námsdvalar í straumfræði við Tækniháskóla Noregs í Þrándheimi.
3. Björn Ævar Steinarsson, B. S., 600 þúsund krónur, til að ljúka doktorsverkefni í fiskifræði við Christian-Albrechts-Universität í Kiel.
4. Guðmundur Einarsson, M. Sc., 600 þúsund krónur, til náms til doktorsprófs í líffræðilisfræði fiska við Háskólann í Montreal.
5. Gunnar Steinn Jónsson, B. S., 600 þúsund krónur, til úrvinnslu gagna vegna rannsókna á lífríki Þingvallavatns, sem unnin er við Kaupmannahafnarháskóla.
6. Jón Bragi Bjarnason, Ph.D., 400 þúsund krónur, til rannsókna á meltingarhvötum, einkum trypsíni úr þorski, við lífefnafræðideild ríkisháskólans í Colorado, Bandaríkjunum.

7. Karl Gunnarsson, B.S., 300 þúsund krónur, til að ljúka doktorsprófi í jarðeðlisfræði við University of Durham.
8. Ketill Ingólfsson, 300 þúsund krónur, til rannsókna í stærðfræði við Háskólann í Zürich.
9. Ragnar Sigurðsson, læknir, 600 þúsund krónur, til rannsókna í augnlækningum við University of British Columbia.
10. Sigfús Þór Elíasson, tannlæknir, 300 þúsund krónur, til að kynna sér skrásetningu og úrvinnslu gagna við faraldsfræðirannsóknir tannsjúkdóma samkvæmt kerfi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.
11. Þorsteinn Loftsson, lyfjafræðingur, 600 þúsund krónur, til doktorsnáms í lyfjaefnafræði við University of Kansas.

Neðri deild, 65. fundur.

Fimmtudaginn 22. mars, kl. 2 miðdegis.

Réttur verkafólks til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, frv. (þskj. 273, n. 433). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 227, n. 432, 441). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 441 felld með 21:7 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 66. fundur.

Fimmtudaginn 22. mars, að loknum 65. fundi.

Réttur verkafólks til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, frv. (þskj. 273). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Orlof, frv. (þskj. 227). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 478).

Sameinað þing, 71. fundur.

Fimmtudaginn 22. mars, að loknum fundi í Nd.

Heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna, þáltill. (þskj. 469). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umbætur í málefnum barna, þáltill. (þskj. 126). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Skipaútgerð ríkisins, þáltill. (þskj. 266). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rannsókn á innsiglingunni í Höfn í Hornafirði, þáltill. (þskj. 318). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lífríki Breiðafjarðar, þáltill. (þskj. 35, n. 401). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég hefði e. t. v. átt að biðja forseta að fresta áframhaldi umr., því að þau gögn, sem ég ætlaði að vitna í, hef ég nú ekki tiltæk hér í salnum, en ég hætti við það, enda hygg ég að menn séu sammála um að þetta sé þess háttar mál að það þurfi ekki frekar að rökstyðja ágæti þess. Í stuttu máli sagt varð allshn. sammála um að mæla með samþykkt þessarar tillögu.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. allshn. fyrir það sem hún hefur gert fyrir þetta mál, svo og frsm. hennar, hv. 4. þm. Vesturl. Mér er kunnugt um það, að till. þessi hefur vakið töluvert mikla athygli og hafa margir sent Alþingi áskoranir og tilmæli um að hún yrði samþykkt. Öllum þessum aðilum kann ég hinar bestu þakkir fyrir veittan stuðning við þetta mál, og ég vona og veit að hann verður málefninu til mikillar styrktar í framtíðinni.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 479).

Nefnd þingmannam til að kanna rekstur Flugleiða og Eimskipafélags Íslands með tilliti til einokunaraðstöðu, þáltill. (þskj. 14). — Frh. fyrri umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er orðið alllangt umliðið síðan þetta mál bar á góma hér í Sþ. og kann því að virðast að þessar umr. séu nokkuð úr samhengi slitnar, en mönnum hefur verið ótrúlega mikið niðri fyrir við umr. þessa máls. Tveir hv. þm. hafa haldið hér sína ræðuna hvor og talað í hartnær 4 klukkustundir og hefði maður haldið að minna mætti gagn gera. En víst er það eðlilegt að rekstur stórra fyrirtækja eins og Flugleiða og Eimskipafélags Íslands beri á góma hér í þingsölum, svo mikils sem þessi fyrirtæki eru ráðandi um samgöngur okkar við umheiminn.

Í þeirri till., sem hér er til umr., eru bornar fram allmargar spurningar, en sé grannt skoðað, og raunar þarf ekki sð skoða mjög grannt, verður ljóst við lestur till. að hv. flm. gefur sér yfirleitt jafnframt svörin við þessum spurningum um leið og spurt er og skoðanir hans á því, sem um er spurt, virðast býsna fastmótaðar og skiptir sjálfsagt litlu í raun hver svörin verða. Það breytir sjálfsagt ekki skoðun flm. í einu eða neinu. Raunar sýnist mér þetta þannig upp sett í þessari þáltill., að þetta séu hrein skólabókardæmi um það, hvernig ekki eigi að spyrja spurninga, og er illt til þess að vita að jafnlærður fræðimaður og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem m. a. hefur það að starfi í Háskóla Íslands að kenna þeim, sem þar nema, að spyrja grannt og spyrja gagnrýnið, skuli ekki komast betur frá jafneinföldum hlut og hér er um að ræða.

Fyrir röskum 5 árum, þegar Flugfélag Íslands og Loftleiðir voru sameinuð í Flugleiðir hf., töldu víst flestir að stigið væri heillaspor. Þetta var gert fyrir sterka forgöngu og hvatningu hins opinbera, en ég hygg þó að þegar litið er til baka muni menn sammála um að að því máli hafi meir verið unnið af kappi en forsjá. Samkeppni þessara tveggja flugfélaga var vissulega komin út í öfgar. Þar var sólundað fjármagni og flugkosti. En alger sameining og þar með sú einokunaraðstaða sem nú hefur skapast hygg ég að í ljósi reynslunnar hafi tæplega verið af því góða í einu og öllu. Það hefði áreiðanlega mátt efna til margháttaðrar samvinnu um ýmsa þætti rekstrarins, þannig að hagræðingar væri gætt, en láta aðra þætti vera aðskilda áfram, einkum sjálfan flugreksturinn, eins og var ætlunin og yfirlýst stefna í upphafi, en einhverra hluta vegna var svo horfið frá því og m. a. var þar beitt atbeina ríkisvaldsins til að koma breytingu í gegn á aðalfundi Flugleiða í fyrra.

Ég skal ekki gerast jafnlangorður um þessi mál og ýmsir þeir sem talað hafa á undan mér, en einn þátt þessara mála held ég að sé ástæða til að gera að sérstöku umræðuefni. Það eru tengsl Eimskipafélags Íslands og Flugleiða. Þessi tengsl eiga sér sögulegar forsendur, sem munu vera þær, að þegar Flugfélag Íslands var í miklum fjárkröggum í fyrndinni, þá hljóp Eimskipafélag Íslands undir bagga og lánið var síðan endurgreitt með hlutabréfum, eins og algengt er í skiptum fyrirtækja. Við sameiningu flugfélaganna eignaðist Eimskipafélag Íslands þannig verulegan eignarhlut í Flugleiðum, og nú eru ýmsir stjórnarmenn þessara fyrirtækja hinir sömu. Þetta hlýtur á ýmsan hátt að teljast óeðlilegt, þar sem hér er um samkeppnisaðila að ræða. Vöruflutningar í lofti fara vaxandi og eiga eftir að vaxa verulega enn, og þar er um beina samkeppni milli þessara tveggja aðila að ræða. Þeir, sem sæti eiga í stjórnum þessara fyrirtækja beggja, eiga áreiðanlega erfitt með að þjóna hagsmunum beggja. Þetta samkrull er í alla staði heldur ógeðfellt og væri, held ég, báðum félögunum fyrir bestu að þessi tengsl væru rofin. Þótt auðvitað megi þess finna dæmi erlendis, að flugfélög eigi verulegan hlut í skipafélögum og andhverft, þá má einnig finna dæmi um að þetta sé ekki leyft. T. d. eru í Bandaríkjunum reistar verulegar skorður við því, m. a. í löggjöf, að fyrirtæki í einni samgöngugrein gerist áhrifaríkir innan annarrar samgöngugreinar, þar sem slíkt er talið stefna samkeppni í hættu. Eins og margoft kemur fram í blaðafregnum skerst bandarískа dómsmrn. gjarnan í leikinn, ef þykir stefna í óefni með þetta.

Í þessum umr. hafa verið nefndar ýmsar tölur um fargjöld annars vegar milli Íslands og Norðurlandanna og annarra Evrópulanda og hins vegar milli Íslands og Bandaríkjanna og síðan á flugleið Loftleiða milli Bandaríkjanna og Lúxemborgar. Það er auðvitað alveg rétt, að á þessum tölum er verulegt misræmi. Það er raunar svo með flugfargjöld yfirleitt, að þar geta menn nánast fundið sér þær tölur sem henta hverju sinni, þar eru engin rök, a. m. k. ekki sem venjulegt fólk skilur, og þar geta menn sem sagt eiginlega fundið öll þau dæmi sem þeir óska eftir að finna. Það er t. d. núna ekki aðeins hugsanlegt, heldur vel mögulegt að kaupa sér farmiða aðra leiðina frá Lundúnum og vestur til Los Angeles fyrir 60 þús. kr., frá Lundúnum til Los Angeles fyrir 86 sterlingspund, og þessi leið er 4800 mílur. En ef ferðamaður ætlar hins vegar frá Kaupmannahöfn til Helsinki kostar það 67 þús. kr. Það er 7 þús. kr. dýrara og er þó 10 sinnum styttri vegalengd. Það er hægt að halda áfram með svona tölur, sem eru ótrúlegar, og í rauninni er þetta slíkur frumskógur að þarna er ekki hægt að finna neinar reglur eða rök, a. m. k. ákaflega erfitt.

Það mætti taka dæmi um fargjöld milli Evrópu og Ástralíu, sem eru ákaflega dýr og óeðlilega dýr að margra dómi, en hins vegar fargjöldin milli Evrópu og Bandaríkjanna, sem e. t. v. eru óeðlilega ódýr vegna þess að mörg félög, sem halda uppi flugi til Ástralíu, eru talin nota hagnaðinn af því til að greiða niður Atlantshafsflugið þar sem samkeppnin er harðari og fleiri fljúga.

Ég sagði áðan að ég skyldi ekki lengja þessa umr. mjög. En um þessa till. í heild er hægt að vera tiltölulega fáorður. Það er auðvitað ekkert athugavert við það, að þessi fyrirtæki séu skoðuð sérstaklega, verðákvarðanir þeirra og markaðsaðstaða. En sérstaklega ætti að mínum dómi að athuga tengslin milli Eimskipafélags Íslands og Flugleiða, hvort slík tengsl svo stórra og mikilvirkra fyrirtækja sem hér er um að ræða í jafnsmáu þjóðfélagi og við búum í séu eðlileg, hvort þau geti ekki skapað margs konar hættur og erfiðleika. En slík skoðun á auðvitað að fara fram af fullri sanngirni og hleypidómalaust. Menn eiga að skoða þessi mál með opnum huga, en þó með fullri gagnrýni. Till. hér er hins vegar barmafull af alls konar sleggjudómum. Ég held að það hefði kannske leitt til meiri árangurs í þessu máli, sem er raunar ekki séð fyrir hvernig lyktar, ef þar hefði verið farið farið heldur meira með löndum og ekki með slíku offorsi sem þar er gert. Það vakna líka ýmsar aðrar spurningar í þessu sambandi sem mætti kannske spyrja um. Það hefur verið um það spurt og á það bent, hvernig á því standi að Flugleiðir virðast kaupa allar sínar flugvélar af einu og

sama fyrirtæki. Um það er ekki spurt hér. Flugleiðir kaupir sömuleiðis viðgerðarþjónustu af þessu sama fyrirtæki og hefur þó verið gagnrýnt harðlega að það skyldi ekki annaðhvort fara fram hér, þar sem aðstaða væri til, eða í Lúxembúrg, þar sem Flugleiðir eiga í fyrirtæki sem annast slíkar viðgerðir. Á þessu eru kannske einhverjar skýringar, en þær skýringar hafa aldrei komið fram. Mér skilst að allar sínar þotur frá því að félagið hóf þotuflug hafi Flugleiðir keypt af bandaríska vöruflutningafyrirtækinu Seaboard and Western. Frá sjónarmiði þeirra, sem fylgjast með þessu úr fjarlægð, lítur þetta svolítið undarlega út. Á þessu kunna að vera haldbærar skýringar. Um það skal ég ekki segja.

Annað er það sem hefði ekki verið úr vegi að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og flm. þessarar till. hefði spurt um. Það er hér rætt um Air Bahama, sem er íslenskt fyrirtæki, eign Flugleiða. Þetta félag hefur verið í fréttum m. a. vegna þess að íslenskir flugmenn hafa óskað eftir störfum þar, flugstjórastörfum m. a., sem bandarískir eftirlaunahermenn gegna nú á sama tíma og íslenskir flugmenn hafa verið atvinnulausir sumir hverjir. Það hefði ekki verið ófróðlegt t. d. að fá svar við því, og eru nú hæg heimatökin hjá hv. þm. Ólafi Ragnari að spyrja flokksbróður sinn, núv. samgrh., að því, hvers vegna íslensk loftferðayfirvöld veita bandarískum fyrrv. herflugmönnum á eftirlaunum, sem eru starfandi flugstjórar hjá Air Bahama, undanþágu til að fljúga fram til 63 ára aldurs á sama tíma og bandarísk loftferðayfirvöld neita einum reyndasta flugstjóra hér á landi um sams konar undanþágu til 63 ára aldurs til að fljúga breiðþotu Flugleiða, sem eins og stendur er skráð í Bandaríkjunum. Þessi mál heyra undir samgrn. og það hefði verið fróðlegt að fá svör við þessu, hvers vegna bandarískir flugmenn njóta hér meiri réttinda en íslenskir flugmenn fá notið hjá bandarískum yfirvöldum.

Ég held að lokum að það væri ekki úr vegi að varpa því fram, hvort ekki væri ástæða til gaumgæfilegrar athugunar á öllum þáttum samgöngumála okkar og þá í samhengi, hvernig þeim verði haganlegast fyrir komið. Ég veit ekki til þess að neins staðar sé unnið kerfisbundið að athugun þeirra mála, hvað þá að sett hafi verið markmið til að vinna að, en nauðsyn hlýtur að bera til að skoða mál þessi í samhengi, en ekki bara einn og einn afmarkaðan þátt í senn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Sú till. til þál., sem hér hefur verið til umr. síðan á haustdögum, sýnir glögglega að hv. flm., prófessor Ólafur Ragnar Grímsson, hefur tileinkað sér áróðurstækni jafnhliða stjórnmálafræðum. Þessi tillöguflutningur hans var fyrst og fremst sviðsetning, þar sem hann ætlaði sér aðalhlutverkið, enda greinilega vel undirbúið af hans hálfu. Hlutur fjölmiðla var til reiðu til að hylla aðalleikarann.

Það rifjaðist upp fyrir mér, þegar ég hlustaði á tveggja klukkustunda framsöguræðu hans fyrir þessu máli á hv. Alþ. s. l. haust, að ég hafði fyrir nokkrum árum, þegar hv. 3. landsk. þm. var fyrirferðarmikill félagi í Framsfl., heyrt hann halda tilþrifamikla ræðu um vissa trúða á Alþingi Íslendinga, sem hefðu þá iðju helsta að halda uppi málþófi og ómerkilegum tillöguflutningi á Alþ. í stað þess að snúa sér að alvöruvandamálum þjóðarinnar. Nú er þessi hv. þm. búinn að fá hlutverkið sem hann þráði svo heitt á þeim árum. Við venjulegir þm. eigum sjálfsagt að dást að þessum sérmenntaða stjórnlagafræðingi sem útdeilir á báðar hendur hverju málinu á fætur öðru og heldur hverja stórræðuna á fætur annarri til að bjarga okkar vesæla stjórnskipulagi frá eymd og volæði. Eða er ekki till. á þskj. 14 einmitt ein slík? Hv. 3. landsk. hlýtur að vita manna best þessa dagana hver vandi þjóðarinnar er og hvað okkur er fyrir bestu. Hans mat er ljóslega að koma verði stórfyrirtækjum í eigu Íslendinga, eins og Flugleiðum og Eimskipafélagi Íslands, fyrir kattarnef svo að þjóðfélagið þurfi ekki að vera að burðast með flugflota og myndarlegan skipastól. Með till. væri jafnframt verið að forða þjóðinni frá glæfralegum rekstri og fjárfestingarkapphlaupi. Öryggi þjóðarinnar á sviði samgangna við umheiminn væri í stórhættu í höndum einokunaraðila, sem fyrst og fremst störfuðu á grundvelli þröngra gróðasjónarmiða og teldu sig engar skyldur hafa við land og þjóð.

Skoðun mín er sú, að þetta sé svartnættishugsunarháttur og ég er undrandi að slíkt skuli koma frá tiltölulega ungum menntamanni, sem hefur átt þess kost að menntast og þroskast í lýðfrjálsu landi og verið a. m. k. áhorfandi að mesta framfaraskeiði í lífi þessarar þjóðar, átt þess kost að ferðast um heiminn og sjá framfarir og gildi þeirra. Á maður að trúa því, að unga fólkið á Íslandi í dag sjái ekki framfarir, vilji ekki framfarir, vilji ekki að í landi okkar séu athafnamenn til að byggja upp myndarlegan atvinnurekstur sem jafnast á við það besta meðal annarra þjóða? Ég leyfi mér að trúa því að hv. 3. landsk. þm., prófessor Ólafur Ragnar Grímsson, sé bara undantekning að þessu leyti.

Þannig er mat mitt á þáltill. hans og þá ekki síður á framsöguræðu í þessu máli. Þurfti það raunar ekki að koma á óvart eftir að hafa heyrt ræðu hv. þm. um Félagsmálaskóla alþýðu. Neikvæður málflutningur getur drepið gott mál, væri það í því máli. Ég tel það eina jákvæða við þessa till., að hún hefur vakið athygli margra á málinu og alþm. hafa þegar kynnt sér starfsemi þessara mikilvægu fyrirtækja landsins á sérstakan hátt og starfsemi fyrirtækjanna verið rædd ítarlega hér á hv. Alþ. og í fjölmiðlum fyrir opnum tjöldum og það er vel.

Vil ég taka undir ágætar ræður hv. þm., sérstaklega Friðriks Sophussonar og hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar, sem voru alveg frábærar. Það er full þörf á að benda sérstaklega á niðurrifsstefnu þessarar till. og hvernig slíkur tillöguflutningur á Alþingi Íslendinga getur beinlínis skaðað íslensk stórfyrirtæki á erlendum mörkuðum. Það er nauðsyn að menn sjái að sér í þessum efnum.

Ég hef þá skoðun, að bæði þessi stórfyrirtæki séu einn þýðingarmesti hlekkur, ekki aðeins í samgöngumálum, heldur einnig í viðskiptum og samskiptum Íslands við umheiminn. Þau eru stolt okkar út á við og ein mikilvægasta landkynning, því bæði þessi fyrirtæki eru rekin með myndarskap og hafa fengið viðurkenningu á alþjóðavettvangi sem eftir hefur verið tekið. Uppbygging þessara fyrirtækja hefur vissulega verið stórkostleg miðað við stærð þjóðfélagsins og hefur um leið sannað að við höfum átt og eigum atorkumenn sem hafa þorað að takast á við harða samkeppni á alþjóðamarkaði með glæsilegum árangri.

Við þekkjum öll sögu Eimskipafélags Íslands og mikilvægi þess í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Almenn þátttaka landsmanna í uppbyggingu félagsins sannaði best þörfina. Uppbygging þess og starfsemi öll hefur ávallt staðið á traustum grunni. Sama má segja um ís-

lensku flugfélögin. Þar hefur kraftur, bjartsýni og hæfileikar haldist í hendur með þeim árangri að ævintýri er líkast. Tímarnir hafa breyst og eru sífellt að breytast. Tæknin sér fyrir því. Ég er fylgjandi hæfilegri samkeppni. Hins vegar dreg ég í efa, að okkar litla þjóð hafi hag af því að mörg stór og smá fyrirtæki keppi sín á milli um flutninga milli landa, sem oft eru vissar skorður settar af alþjóðasamningum, ekki síst í flugsamgöngum. Þess vegna tel ég að vinstri stjórnin 1971—1974 hafi gert gott verk er hún stuðlaði að sameiningu flugfélaganna Loftleiða og Flugfélags Íslands, sem nú eru Flugleiðir hf.

Skoðun mín er sú, að hlut okkar sem þjóðar sé betur borgið með stórum vel reknum fyrirtækjum á þessu sviði, sem kappkosta góða þjónustu og vinna sér traust bæði innanlands og á erlendum markaði. Við eigum að stuðla að eflingu slíkra fyrirtækja. Ég skal engan dóm á það leggja, hvort Flugleiðir hf. og Eimskipafélag Íslands hf. fullnægja öllum kröfum okkar á þessu sviði, en ég ber virðingu fyrir þessari starfsemi og hef þá skoðun að þjóðfélagið megi ekki án hennar vera.

Ég endurtek að ég get vel samþykkt að þm. kynni sér starfsemi slíkra fyrirtækja opnum huga, ekki sem rannsóknaraðili, eins og þessi furðulega till. ber með sér, heldur til þess að vera betur færir um að meta gildi slíkra fyrirtækja fyrir þjóðarhag og gera ráðstafanir á hverjum tíma í íslensku efnahagslífi, svo að slík þjóðþrifafyrirtæki, ekki síst í milliríkjasamskiptum, geti starfað og eflst til hags og heilla fyrir þjóðina í heild.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og komið hefur fram í dag hefur liðið allnokkur tími síðan mál þetta kom fyrst til umr. og enn lengri tími síðan það var lagt fram. Ýmsar ástæður hafa legið til þess að umr. málsins hefur tekið þá stefnu sem hún hefur gert. Ég hef hins vegar kosið að reka ekkert á eftir því, svo að málið fengi þá umfjöllun sem þm. óskuðu eftir, og þess vegna verið reiðubúinn til þess að láta málið bíða þangað til allir þeir, sem um það vildu tala, hefðu aðstöðu til þess.

Ég tel að sá þáttur í íslensku þjóðfélagi, sem við erum hér að fjalla um, tvö af stærstu fyrirtækjunum í samgöngukerfi landsins, og jafnframt þær vinnuaðferðir og sú stefna í störfum þingsins, sem hér er að nokkru leyti lögð til, eigi eftir að setja allmikinn svip á umr. og störf þingsins á næstu árum og jafnvel áratugum, ef Alþingi Íslendinga ætlar sér að hafa forræði yfir stefnumótun þjóðfélagsins á mikilvægustu sviðum þjóðmálanna. Eins og hér hefur komið fram hvað eftir annað hefur þróunin orðið sú, að ýmis stór og öflug fyrirtæki hafa orðið voldugir aðilar í þjóðfélagi okkar og það er nauðsynlegur þáttur í þeirri lýðræðislegu þróun, sem ég og ég veit aðrir hér í þingsölum aðhyllast, að þessi fyrirtæki verði sett undir það lýðræðislega eftirlit og þá gagnrýnu skoðun sem nauðsynleg er.

Ég held að hólræður, nánast hátíðarræður, sem mætti prenta næstum því óbreyttar í auglýsingapésum fyrirtækjanna, eins og hv. þm. Alexander Stefánsson flutti áðan, sé ágætt dæmi um hvernig Alþingi Íslendinga í raun og veru afsalar sér, með slíkum hátíðarræðum, þeim lýðræðislegu skyldum sem því ber að rækja. Meðan slíkir menn eru í meiri hluta á Alþ., sem koma hér eingöngu upp til þess að flytja hátíðar- og lofræður um stórfyrirtæki í íslenskum þjóðarbúskap, geta forstjórar, stjórnendur og eigendur þessara fyrirtækja sofið á verðinum. Þá er ekki mikil hætta á að þeir, sem kjörnir hafa verið af þjóðinni til að móta meginstefnu í þjóðmálum, fari að róta við tilveru og lífi þessara risa.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mjög þótt vissulega væri tilefni til þess, þar eð svo einkennilega vill til að dómi sumra, en ekki að mínum dómi, að þeir mánuðir, sem hafa liðið síðan þetta mál kom fyrst fram, hafa dregið fram í dagsljósið nánast hvern atburðinn á fætur öðrum og fjölþættar yfirlýsingar frá starfsmönnum, stjórnendum, öðrum aðstandendum og jafnvel eigendum þessara fyrirtækja, sem eru stórfelld viðbót við það forðabúr röksemda sem ég flutti í upphafi fyrir því að brýn nauðsyn sé að Alþingi Íslendinga taki þessi mál til rækilegrar skoðunar. Og það væri vissulega tilefni til þess að fjalla hér nokkuð ítarlega um hvert stefnir í þessum málum.

Að mínum dómi hefur atburðarásin síðustu mánuði sannað enn frekar en ég gat leitt líkur að í framsöguræðu minni fyrir nokkrum mánuðum, að samgöngukerfi þjóðarinnar í flugi er í raun og veru í stórfelldri fjárhagslegri og rekstrarlegri hættu vegna þeirrar samtengingar, sem orðið hefur á því, og þess áhætturekstrar sem Ameríkuflugið hefur í för með sér. Það hefur komið fram í fjölmiðlum og það hefur ekki verið hrakið, en væntanlega kemur það í ljós á næstu vikum eða mánuðum endanlega, að á s. l. ári hafi verið um 1 milljarðs kr. tap á Ameríkuflugi Loftleiða. Ég sé að einn þm. hér í salnum gefur mér bendingu, sem gefur til kynna að hann hafi upplýsingar um að þetta hafi verið 3 milljarða kr. tap. En látum það vera. Á sama tíma hafa líka komið fram upplýsingar um að þessu tapi hafi verið mætt með því að hækka stórfelldlega flugfargjöld á Evrópuleiðum.

Það hefur jafnframt komið fram á þessum mánuðum, eins og ég benti á í minni framsöguræðu, að líklegt væri að í þennan leik mundu bætast fjöldamörg önnur erlend stórfyrirtæki, hvort sem okkur líkaði betur eða verr, sem hafa yfir slíkum flugflota að ráða, hafa yfir slíkri samkeppnisaðstöðu að ráða að það sé nánast vonlítið, ef ekki vonlaust, að lítið íslenskt flugfélag geti haldið uppi samkeppnisrekstri af þessu tagi. Það er mjög athyglisverður þáttur í þessari þróun þegar stórt flugfélag eins og Pan American gengur úr IATA-samtökunum til þess að hafa algerlega frjálsar hendur um þessi efni og þegar tilkynningar berast um að ýmis öflug flugfélög í Bandaríkjunum séu nú farin að bjóða flugfargjöld miklu lægri en Loftleiðafargjöldin, en á sambærilegan hátt, þ. e. a. s. með sambærilegum pöntunarskilyrðum og öðru slíku. Ég held þess vegna að það séu orð í tíma töluð, sem ég reyndi að setja fram á sínum tíma og mörgum hafa kannske fundist frekar fjarstæðukennd, en það séu orð í tíma töluð, sem hv. þm. Eiður Guðnason flutti í mjög athyglisverðri ræðu áðan, að stjórnvöld í þessu landi, stjórnvöld sem knúðu á um sameiningu þessara fyrirtækja, þurfi að endurskoða þá stefnu sína. Ég er ekki að segja að sú endurskoðun þurfi að leiða til þess að þarna sé aftur á ný slitið á milli. Ég held að bæði það, sem gerst hefur innan fyrirtækisins sjálfs, og það, sem hefur verið að gerast í ytri rekstrarskilyrðum fyrirtækisins, sýni að það sé höfuðnauðsyn fyrir íslensk stjórnvöld að taka afstöðu til þess hvort skilja eigi á milli annars vegar áhættuflugsins á Bandaríkjamarkaðnum og hins vegar hins innlenda flugkerfis landsmanna og flugsamgangna við helstu nágrannalönd okkar í Evrópu. Við horfumst fyllilega í augu við það, að miðað við breytt skilyrði

kunni það að hafa verið röng stefna að stuðla að sameiningu fyrirtækjanna áður fyrr. Ég vil minna á að það voru stjórnvöld landsins sem beittu sér fyrir þessari sameiningu, og það er þess vegna ekkert óeðlilegt við það, þó að hér á Alþ. eða annars staðar á opinberum vettvangi sé knúið á um endurskoðun þeirrar stefnu, þótt hv. þm. Alexander Stefánsson hafi flutt nánast óskoraða og hástemmda traustsyfirlýsingu til þeirra manna sem stjórna þessum fyrirtækjum og vilji afsala landsstjórninni nánast öllu yfirráðavaldi yfir þessum málum.

Ýmislegt fleira má benda á, sem komið hefur í ljós á síðustu mánuðum, sem að mínum dómi gerir nauðsynina á því að stjórnvöld í þessu landi, og ég tel Alþ. höfuðstofnun þeirra stjórnvalda, taki þessi mál til rækilegrar skoðunar. Við getum innan tíðar staðið frammi fyrir stórfelldari vanda í samgöngukerfi þjóðarinnar en við höfum staðið frammi fyrir um langa hríð vegna þess að þær meginstoðir, sem byggt hafa þetta samgöngukerfi upp, þau tvö fyrirtæki sem hér eru til umr., ráða einfaldlega ekki við það, eru að missa algerlega tökin á því og það komi í hlut þjóðarinnar að borga brúsann af því sem ég hef kallað ævintýramennsku í þessum efnum.

Það má e. t. v. segja sem svo, eins og hv. þm. Eiður Guðnason sagði áðan, að sumar af þessum spurningum séu orðaðar á þann veg að þær höggvi ansi nærri því að gefa sér e. t. v. niðurstöðu slíkra athugana. Það má vel vera. En oft er það nú þannig, að þegar er gengið inn á nýja braut, þegar gengið er inn á svið þar sem hefur verið ríkjandi hin hástemmda uppljómun um að allt sé í stakasta lagi og vel það, eins og kom fram hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni, sem bókstaflega ekkert fann athugavert við þessi mál í þjóðfélagi okkar í dag, þá þarf kannske stundum að orða hlutina nokkuð hvasst, nokkuð skarpt, e. t. v. of beitt, til þess að fá menn til að hugsa, til að fá menn til þess að nema staðar og spyrja hvort það kunni nú ekki að vera eitthvað hæft í þessu, hvort þessi mál þurfi e. t. v. ekki að taka til skoðunar. Það er hægt að nefna um það fjölmörg dæmi, og ég vék að því í framsöguræðu minni, hvernig forráðamenn þessara fyrirtækja hafa leikið þann leik í fjölmiðlum og jafnvel gagnvart stjórnvöldum og einstökum alþm. að fegra svo tilveru og rekstur þessara fyrirtækja að þar sé bókstaflega ekkert aðfinnsluvert.

Hér kom fyrstur til andmæla við þessa till. hv. þm. Friðrik Sophusson, og auk þess að fjalla um ræðu mína leyfði hann sér, eins og reyndar sumir aðrir þm. hafa gert, að víkja nokkuð að minni persónu, mínum æviferli og ýmsu öðru sem talið var koma málinu mjög mikið við. Nú skal ég ekkert skorast undan því, ef hv. þm. Alexander Stefánsson og Friðrik Sophusson hafa áhuga á því að ræða æviferil minn, að hann sé tekinn til umr. í þingsölum. (**Gripið fram í:** Það þyrfti að setja nýja rannsóknarnefnd í það.) Það gæti vel komið til greina. (Gripið fram í.) Já, það hafa nú verið nokkrir Aragötufundir um þann feril. En ég tel að það beri frekar vitni um að í málflutning þessara manna skorti efnisleg rök. En fyrst þeir hófu þennan leik ætla ég að leyfa mér að víkja nokkrum orðum að þessum tveimur ágætu ræðumönnum, Friðrik Sophussyni og Alexander Stefánssyni, vegna þess að þeir voru hver um sig að mínum dómi fulltrúar fyrir vissa, jafnvel að nokkru leyti stóra hættu í lýðræðislegu þjóðfélagi, þá hættu, að á þinginu sitji menn sem telji sig til þess kjörna að vernda í líf og blóð ýmiss konar öflugra hagsmunaaðila í þjóðfélaginu, vernda þá gegn því að fá eðlilega og lýðræðislega skoðun.

Hv. þm. Friðrik Sophusson er fulltrúi fyrir hina nýju kynslóð í þessum efnum og hv. þm. Alexander Stefánsson fyrir þá sem senn eru að líða út. Hér var tekið upp í nokkuð ríkum mæli á s. l. árum nýtt kerfi við framboðsval, prófkjör. Við þekkjum þetta kerfi frá ýmsum löndum. Þar sem það hefur tíðkast er orðið algengt að til þess að halda velli í prófkjörum koma þm. sér upp samböndum við ýmiss konar félagsskap, við ýmiss konar fyrirtæki og aðra þá aðila sem geta, þegar að prófkjörinu kemur, annast fyrir þá atkvæðasmölun sem þörf er á til þess að viðkomandi geti sigrað í prófkjörinu. Þessir hv. þm. taka svo að sér í staðinn að verja málstað þessara hagsmunasamtaka og þessara fyrirtækja í löggjafarstofnuninni. Í Bandaríkjunum, þar sem prófkjarakerfið hefur verið um langt skeið, hefur þetta gengið svo langt, að ákveðnir þm. eru í raun og veru fulltrúar fyrir ákveðin stórfyrirtæki. Ágætur öldungadeildarþm. í Bandaríkjunum var lengst af kallaður því ágæta heiti „Senator from Boeing", vegna þess að hann var í raun og veru bara fulltrúi fyrir Boeing-flugvélafyrirtækið á löggjafarstofnuninni og hafði sitt trausta fylgi í prófkjörinu frá þeim stuðningi. Það hvarflaði að mér, þegar hv. þm. Friðrik Sophusson var að flytja ræðu sína og blaðafulltrúi Loftleiða sat fullur aðdáunar hér á þingpöllum og ég bar texta ræðunnar saman við þær fréttatilkynningar og þær útskýringar, sem fyrirtækið hefur látið frá sér fara á undanförnum árum, hvort við værum núna að lifa fyrsta sporið í þessari nýju þróun, sem kemur í kjölfar prófkjarabreytingarinnar á íslenskum stjórnmálum. Ég skal ekkert um það segja. Ég skal ekki kveða upp neinn dóm um það. En óneitanlega sló þetta mig illa. Óneitanlega sló það mig, að nú værum við að sjá ýmsar hinar slæmu afleiðingar prófkjarafyrirkomulagsins í stjórnkerfinu. Vonandi er þessi grunur minn rangur. En samt sem áður var ræða hv. þm. Friðriks Sophussonar lítið annað en endursögn á gömlum fullyrðingum, á margtuggðum útskýringum, sem forsvarsmenn þessara fyrirtækja, einkum og sér í lagi Loftleiða, hafa látið frá sér fara. Kannske verður það þróun mála hér á Íslandi í kjölfar þessarar prófkjarabreytingar að inn á þingið koma menn sem eru í reynd fulltrúar fyrirtækja af þessu tagi. Ég skal ekkert um það segja. En með þessari ræðu fannst mér að vissu leyti mörkuð þáttaskil í þingsögunni. Nánast öllum þeim málflutningi og rökstuðningi, sem fram kom í ræðunni, hafði ég vikið að í framsöguræðu minni. Ég tel ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér. En ég vil þó aðeins benda hv. þm. Friðrik Sophussyni á það, að það er erfitt að bera saman flugfargjöld innanlands eða á meginlandi Evrópu, þar sem almenningur byggir afnot sín af samgöngukerfinu fyrst og fremst á járnbrautakerfi og öðrum slíkum ódýrum flutningatækjum, og kerfið hér á Íslandi, þar sem flugið er í raun og veru orðið aðalsamgöngutækið innanlands. Það vita allir, sem til þekkja, að innanlandsflugsamgöngur á meginlandi Evrópu og annars staðar, sem Loftleiðir hafa löngum gripið til í sínum samanburði, eru fyrst og fremst stundaðar af athafnamönnum, starfsmönnum fyrirtækja, embættismönnum og öðrum slíkum, sem láta annaðhvort hið opinbera eða fyrirtæki borga flugfargjöldin og þurfa að komast til funda með skömmum tíma og til baka aftur. Allur almenningur í þessum löndum notar járnbrautirnar og aðra þætti í samgöngukerfinu. Þegar verið er að bera saman fargjöld hér innanlands við flugkerfi á meginlandi

Evrópu, sem er ekki aðalsamgöngutæki almennings, heldur fyrst og fremst þeirra áhrifa- og efnamannahópa, sem ég gat um áðan, fæst eðlilega ekki út réttur samanburður.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að þótt það sé alveg rétt, sem fram hefur komið hvað eftir annað, að formlaga séð er í flugsamgöngum milli Íslands og umheimsins ekki um einokunarmarkað að ræða, þá er það hins vegar í reynd, vegna þess að flutningar á Íslendingum geta boðið erlendum flugfélögum svo lítinn markað að þau kæra sig ekki um að stunda þessa leið. Við erum þess vegna hér að fást við einokunarmarkað í reynd, þó að hann sé það ekki að forminu til. Ég hélt satt að segja að það þyrfti ekki að undirstrika þennan mun svo oft sem raun ber vitni af málflutningi hv. þm.

Hvað snertir þá ágætu þrjá þm. Framsfl. sem hér hafa talað, Vilhjálm Hjálmarsson, Halldór E. Sigurðsson og nú síðast lofræðumanninn hv. þm. Alexander Stefánsson, er í raun og veru ekki mikið um það að segja efnislega. Mér fannst í raun og veru þrennt gefa tilefni til að koma aths. á framfæri við þessar ræður. Í fyrsta lagi fannst mér skína í gegnum þessar ræður, sérstaklega þær tvær fyrri og e. t. v. að nokkru leyti þá síðustu, sem var flutt áðan, að óttanum, sem þarna kom fram, er kannske fyrst og fremst beint gegn þeirri till. sem hv. þm. Albert Guðmundsson hefur flutt hér á þingi og felur í sér rannsókn á rekstri Sambands ísl. samvinnufélaga. Undirtektir og rökræður þessara ágætu þm. um till. þessa byggðust á þeirri öfugu helmingaskiptareglu, að ef þetta yrði samþ. kæmi Sambandið í kjölfarið.

Annað atriðið fannst mér fela það í sér að nokkur munur kæmi fram hjá þeim annars vegar og mér og ýmsum yngri þm. hér hins vegar á því hvert væri verksvið og eðlileg starfsemi Alþingis. Þeir drógu í efa að Alþ. hefði möguleika á að afla sér þeirra upplýsinga sem hér er lagt til að sé gert. Sú fullyrðing, að Alþ. hafi ekki möguleika til að afla sér þessara upplýsinga, felur í raun og veru í sér afgerandi valdaafsal af hálfu þjóðþingsins gagnvart ýmsum embættisstofnunum í landinu eða stórfyrirtækjum af þessu tagi. Ef menn eru þeirrar skoðunar að Alþingi Íslendinga hafi ekki möguleika til að afla sér upplýsinga um þessi efni eru menn um leið að segja að Alþingi Íslendinga geti ekki á sjálfstæðan hátt metið umfangsmikla löggjöf, heldur þurfi í raun og veru í öllu því mati sínu að byggja á öðrum aðilum. Afleiðingin af því er í raun og veru sú að segja: Þingræði í nútímaþjóðfélagi er ekki raunhæfur möguleiki einfaldlega vegna þess að þm. hafa hvorki vit né möguleika til þess að kynna sér efnisgrundvöll þeirrar lagasetningar sem þeim er ætlað að fást við. — Þetta er að mínum dómi röng, úrelt og hættuleg stefna. Þetta er sú stefna sem hefur smátt og smátt gert ýmsum valdastofnunum í þessu þjóðfélagi kleift að taka til sín æ stærri hluta af því valdi sem á í reynd að vera hjá hinum kjörnu fulltrúum. Auðvitað hefur Alþ. möguleika til þess að afla sér þessara upplýsinga, ef menn vilja ráðstafa einhverju fjármagni til þess. Auðvitað geta þm. hagnýtt sér aðstoð sérfróðra manna á líkan hátt og þeir þm., sem gegna trúnaðarstörfum í ríkisstj., geta hagnýtt sér sérfræðikunnáttu þeirra manna sem þar eru. Og ef verksvið þingsins á ekki að vera það í framtíðinni að afla sér á sjálfstæðan hátt upplýsinga um þessi efni, eins og sérstaklega hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson og Halldór E. Sigurðsson héldu fram, eru menn í raun og veru að segja að verksvið Alþingis, vald Alþingis hlýtur smátt og smátt að minnka á ókomnum árum. Ég held þess vegna að það sé einmitt nauðsynlegt í umr. um þetta mál og nokkur önnur, sem hér liggja fyrir þinginu, að menn geri sér grein fyrir því, að auk þess efnisþáttar, sem í hverju máli er, hvort sem það eru Eimskip og Flugleiðir, í öðru tilfelli Íslenskir aðalverktakar o. s. frv., er í raun og veru verið að takast á um það, hver á að vera þróun löggjafarstofnunarinnar í stjórnkerfi okkar. Það er að vísu rétt, og það er þriðja atriðið, sem ég ætlaði að benda á og vék að vísu nokkuð að því í framsöguræðu minni, en þarf greinilega að gera enn og aftur, að það er dálítið óheppilegt að nefndarstörf af þessu tagi hafi fengið í almennri umr. heitið rannsóknastarfsemi o. s. frv. Ræðumenn mótfallnir þessari breytingu leika sér svo að því og fara létt með það að innleiða næst orðið rannsóknarréttur og rökræða málið síðan á þeim grundvelli. En eins og ég reyndi að gefa til kynna í framsöguræðu minni er þessi þýðing að ýmsu leyti óheppileg. Ég notaði hana hins vegar vegna þess að hún hefur feststað í sessi. En hún býður upp á þann misskilning sem ég vék að áðan. Hér er ekki um rannsóknarrétt að ræða. Hér er um könnunarstarfsemi, hér er um gagnrýna upplýsingaöflun að ræða, en ekki dómsmálaiðju. Þess vegna væri kannske heppilegt að við ýmsir, sem viljum flytja vinnubrögð þingsins meira yfir á þessi svið, reyndum að hugsa eitthvað annað orð yfir þessa iðju, vegna þess að menn komast of ódýrt frá því að leggjast gegn þessum breytingum með því að færa umr. *yfir á stig rannsóknarréttarins. Ég vil þess vegna enn og* aftur undirstrika, eins og rækilega kemur fram bæði í till. sjálfri og framsöguræðu minni, að hér er fyrst og fremst um nefnd að ræða sem á að kanna þessi mál, sem á að stunda gagnrýna upplýsingastarfsemi, gefa síðan skýrslu um niðurstöður sínar og taka stefnumótunina til skoðunar á þeim grundvelli.

Ég vék að því í upphafi ræðu minnar, að atburðarásin frá því að till. þessi kom fram hefur að mörgu leyti styrkt enn frekar nauðsyn á því að stjórnvöld í þessu landi taki á ný afstöðu til þess, hvernig menn vilja skipa rekstrarformum og rekstrarskipulagi í einum mikilvægasta þættinum í þjóðfélagi okkar, samgöngukerfinu, fluginu innanlands og milli landa. Enn fremur hefur það komið í ljós, að innan þessa stóra fyrirtækis magnast margvíslegar deilur og tortryggni. Það vekur upp spurningar um það, hvort yfir höfuð sé einhver möguleiki á því að innan slíks fyrirtækis sé hægt að taka eðlilega á þeim stórfelldu, nánast hrikalegu vandamálum sem þarf að takast á við á sviði íslenskra flugsamgangna á allra næstu vikum og mánuðum. Ég vil aðeins nefna nokkur dæmi, sem þm. hafa sjálfsagt lesið eins og ég á undanförnum vikum, til þess að sýna hvernig þessi tónn er, hvernig ástandið virðist vera innan þessara fyrirtækja og hvort líklegt sé að þar séu skilyrði og efnislegur grundvöllur til þess að þær ákvarðanir, sem eru bestar fyrir þjóðarhag, séu teknar.

Í yfirlýsingu frá Félagi ísl. atvinnuflugmanna kemur m.a. fram eftirfarandi lýsing, með leyfi hæstv. forseta, eins og fram kemur í Morgunblaðinu 18. jan. s. l.:

„Þá gerðu þeir einnig að umtalsefni eignarhlut ýmissa manna í Loftleiðum og kváðu þeir hann ekki vera til *kominn vegna þess að þeir hefðu lagt svo mikið fé af* mörkum, heldur fyrst og fremst vegna þess að verðgildi hlutabréfanna hefði hvað eftir annað verið hækkað, síðast um 100%. Félagið hefði verið byggt upp af íslensku þjóðinni og ætti það allt sitt undir íslenskum stjórn-

völdum. Það yrði því varla þolað öllu lengur að menn væru að kasta þessu fjöreggi þjóðarinnar, millilandafluginu, á milli sín, því að sú hætta væri þá alltaf fyrir hendi að það brotnaði".

Þetta er lýsing frá einu af áhrifaríkari félögum starfsfólksins í þessu fyrirtæki.

Í annarri yfirlýsingu, frá Starfsmannafélagi Flugfélags Íslands, sem birtist í Morgunblaðinu föstudaginn 19. jan., kemur fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skoðun fundarins að sú óeining, sem hér hefur verið rætt um að framan, stafi að nokkru af því hvernig eignaraðild að félaginu er háttað" — ég endurtek: „hvernig eignaraðild að félaginu er háttað. Þrátt fyrir að telja megi hluthafa félagsins í nokkrum hundruðum, ráða þar nokkrir stórir hluthafar félaginu að fullu og öllu".

Og í yfirlýsingu frá stjórn Félags Loftleiðaflugmanna, sem birtist í Morgunblaðinu 12. des. s. l., segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta stríð milli félaganna er ekki að hefjast þessa desemberdaga, það er orðið nokkuð gamalt. Þegar fyrsta Fokker-skrúfuþota kom til Flugfélags Íslands í maí 1965 flutti Örn O. Johnson, þáv. forstjóri Flugfélagsins, fræga ræðu sem dagblöðin skýrðu ítarlega frá. Þá sagði Örn Ó. Johnson: „Það vekur því bæði ugg og gremju, þegar þess verður vart að aðilar, sem vegna algerrar sérstöðu og sérréttinda, sem þeim hafa verið fengin í hendur, m. a. fyrir tilstilli ráðamanna þjóðarinnar í þeirri trú að slíkt leiddi til góðs fyrir þjóðarheildina, og hafa aflað meiri stórgróða á skömmum tíma en dæmi munu um með þjóðinni til þessa, skuli nú hyggjast nota þennan gróða til að knésetja og gleypa þetta félag okkar, Flugfélag Íslands, sem í öllu starfi hefur fyrst og fremst haft hagsmuni þjóðarheildarinnar í huga". Örn Ó. Johnson var þungorður í garð Loftleiða, því að hann sagði líka: „Þessir stórgróðamenn neyta nú allra ráða til að kaupa upp hlutabréf Flugfélags Íslands". Hvatti hann sína menn til að standa vörð um félagið.

En hvað skyldi svo hafa gerst síðan þessi orð voru mælt? Árið 1973 var ákveðið að sameina flugfélögin, þ. e. að nýr eignaraðili, Flugleiðir hf., tæki við. Þá var einnig ákveðið að sjálfur flugreksturinn skyldi vera aðskilinn sem fyrr af augljósum ástæðum og félögin héldu áfram sínum gömlu nöfnum. Þessi nöfn var búið að auglýsa erlendis og kynna um víða veröld með ærnum tilkostnaði og þótti því ekki fært að láta nöfnin fyrir róða og kasta þannig á glæ gífurlegum fjármunum, sem varið hefði verið til að festa þessi nöfn í hugum fólks hér heima og erlendis. Eftir sameininguna gekk rekstur félaganna óvenjuvel. T. d. hafa deilur við stéttarfélög flugmanna vart áður verið minni en á þessu tímabili. Það var svo við gerð kjarasamninga við Félag Loftleiðaflugmanna vorið 1978, að í ljós kom að nú voru sameiningarmálin að taka algerlega nýja stefnu. Um sama leyti var barist af mikilli hörku við atkvæðasmölun fyrir aðalfund Flugleiða hf. til að knýja fram lagabreytingu þess efnis að Flugleiðir hf. yfirtækju flugrekstur beggja flugfélaganna. Þetta tókst, en með naumindum þó. Þetta tókst með aðstoð Eimskipafélags Íslands, sem nú virðist vera að verða ráðandi aðili innan Flugleiða hf. og, til þess að keyra þessa breytingu í gegn voru líka notuð hlutabréf ríkissjóðs í Flugleiðum og þau atkv. sem þeim fylgja. Mjög hlýtur það að orka tvímælis, að hlutafé og atkv. ríkissjóðs er beitt á þennan veg í þágu annars aðilans. Þessi hlutabréf eru eign þjóðarinnar, líka minni hlutans, og hefði því verið eðlilegra að þeim atkv., er því fylgja, hefði ekki verið beitt undir þessum kringumstæðum. Síðan þetta gerðist hafa öll samskipti stjórnar Flugleiða hf. og Loftleiðaflugmanna gengið heldur stirðlega, sbr. blaðaskrif um þotukaup nú nýlega, og verður nánar vikið að því máli hér á eftir".

Þetta er tilvitnun í yfirlýsingu stjórnar Félags Loftleiðaflugmanna, sem birt var í desembermánuði s. l. Það væri hægt að rekja hér fjöldann allan annan af opinberum heimildum um það ástand sem nú virðist vera ríkjandi innan þessa fyrirtækis, — ástand sem virðist gefa til kynna að þar eigi sér stað hörð og grimm barátta, barátta um stefnu fyrirtækisins, barátta um eignir fyrirtækisins, barátta um forræðið yfir flugflota landsmanna. Það er alveg rétt, sem kemur fram í einni tilvitnun sem ég rakti hér áðan, að hér er verið að takast á með einhverjum grimmasta hætti auðmagnssamfélagsins, þar sem hlutabréfin og eignirnar virðast ráða öllu, takast á um fjöregg þjóðarinnar. Stjórnvöld hafa áður gripið inn í starfsemi þessara fyrirtækja, þegar þau voru á góðri leið með að brjóta þetta fjöregg. Ég tel að það sé fyllilega tími til þess kominn að Alþingi Íslendinga með upplýsingaöflun af þessu tagi skapi sér aðstöðu til þess að grípa inn í þetta á nýjan leik, þegar við höfum í huga þá þróun, sem hefur verið að gerast í Ameríkufluginu, og þegar við höfum í huga þá þróun, að ýmsir erlendir aðilar, eins og fyrirtæki og yfirvöld í Lúxembúrg, eru nú að gera kröfur um stærri eignaraðild í þeim dótturfyrirtækjum sem þarna hafa verið ráðandi.

Ég setti fram í framsöguræðu minni þá skoðun, að sú þróun kynni að verða í þessum málum og menn gætu ekki útilokað hættuna, ef menn vilja vera raunsæir á annað borð, ef menn vilja horfast í augu við þann kalda veruleika sem þarna blasir við, að sú þróun gæti hæglega orðið, að við sætum uppi með Loftleiðir og Flugfélag Íslands, þ. e. a. s. þann innlenda hluta þessarar fjölþjóðasamsteypu, þessa alþjóðlega auðhrings, ef ég má orða það réttilega, í rúst, en erlendu deildirnar, eins og Air Bahama, Cargolux og Hekla Holdings Company stæðu eftir með sinn mikla hlut. Mér sýnist margt benda til að það séu í gangi verulegar tilfærslur á áhersluþunga frá hinni íslensku deild þessa fyrirtækis, ef ég má orða það svo, þessari fyrirtækjasamsteypu, yfir til þess hluta, sem tengdur er Bahamaeyjum og Lúxembúrg. Og það væri kannske ekki úr vegi að hv. Alþ. kynnti sér það, hvers vegna þessi fyrirtækjasamsteypa leggur svona ríka áherslu á tengslin við Lúxembúrg og Bahamaeyjar. Kannske halda menn að það sé bara söguleg tilviljun eða það sé eitthvað til að hrópa hástemmt húrra fyrir, eins og hv. þm. Alexander Stefánsson gerði áðan.

Nei, því miður held ég að ástæðurnar séu aðrar, sumar e. t. v. sögulegar, en í nútíðinni eru þær fyrst og fremst þær, að þessi tvö landssvæði, Bahamaeyjar og Lúxembúrg, eru það sem á ensku er kallað „Tax Heaven", þ. e. a. s. þær eru í hópi þeirra örfáu lítilla landssvæða í heiminum þar sem mikill aragrúi alþjóðlegra auðfyrirtækja kemur sér upp dótturfyrirtækjum og útibúum til þess að geta flutt gróðann frá annarri starfsemi í öðrum löndum inn í þessi lönd og tekið hann út í Bahamaeyjum og í Lúxembúrg, vegna þess að þar eru engir skattar, þar eru engin gjöld, þar þarf ekki að borga neitt af hagnaðinum, þar geta menn haft allt sitt á þurru án þess að leggja eina einustu krónu í nokkurn sameiginlegan sjóð. Það er

einmitt þessi þáttur sem hefur verið að einkenna þessa þróun. Með því að hagnýta þær skattareglur, sem þessi smáríki hafa komið sér upp til þess að draga þangað inn alþjóðlegt fjármagn, er verið að draga út úr rekstrarþættinum hér verulegan hluta þess eðlilega fjármagns og þess eðlilega hagnaðar sem á að koma í hlut Íslendinga, hver svo sem á þetta fyrirtæki annars. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa gefið sér tíma eða fundið tilefni til þess að kynna sér það, hver þessi skatta- og rekstrarskilyrði á Bahamaeyjum og í Lúxemborg eru. Um þetta hafa þó verið gefnar út ýmsar handbækur, sem sýna í hvaða flokki þessi tvö landssvæði eru, hvers konar „kompaní" það er, sem tvær meginstoðir þessarar íslensku samsteypu virðast leggja æ aukna áherslu á að versla og hafa fyrst og fremst viðskipti við. Það eru ríki eins og Panama, Costa Rica, Hong Kong, Filippseyjar og Singapore, svo að nokkur dæmi séu nefnd.

Út af fyrir sig ætla ég ekki að fella nokkurn dóm um það, hvort íbúar og ráðamenn á landssvæðum þessum kjósa að haga stjórn sinni á þann veg að bjóða alþjóðlegum fyrirtækjum þá gífurlegu og einstöku gróðaaðstöðu, sem þarna er í boði, með því algera skattfrelsi gróðans sem þarna er ríkjandi. En það er hins vegar athyglisvert að þau tvö landssvæði, sem þessi stærsta íslenska fyrirtækjasamsteypa kappkostar nú að efla rekstrarhlutdeild sína í, eru einmitt Lúxemborg og Bahamaeyjar, þar sem þessi skilyrði eru fyrir hendi. Þeir, sem stjórna þessum fyrirtækjum, eru að mínum dómi mjög vel hæfir fjármálamenn, eða „bisnessmenn", en þeir eru að mínum dómi fyrst og fremst alþjóðlegir fjármálamenn og „bisnessmenn". Þeir leggja engan þjóðlegan mælikvarða á það, hvar gróðinn er tekinn. Þeir leggja einfalt og beinhart arðsemismat á það, hvar hann er tekinn, og arðsemismatið kallar á það, að æ stærri hluti af rekstrarþunganum í þessari fyrirtækjasamsteypu sé fluttur frá íslensku starfseminni, sem er látin bera margvíslegan kostnað, margvísleg gjöld og annað til þess að geta haft sem mestan hagnað af Air Bahama, Cargolux og öðrum þeim fyrirtækjum sem njóta þeirra hagstæðu skattareglna, og laga sem eru ríkjandi í þessum tveimur löndum.

Ég er ekki alveg viss um að það sé rétt fullyrðing, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði í annars ágætri ræðu, að Air Bahama væri íslenskt fyrirtæki, ég er ekki alveg viss um hvaða merkingu á þá að leggja í það orð, eða hvort Hekla Holdings sé íslenskt fyrirtæki. Ég held þvert á móti að ef við leggjum þann mælikvarða á það, að einhverjar íslenskar valdastofnanir eða ráðaaðilar geti á einhvern hátt haft um þessi fyrirtæki að segja, þá sé svarið við þeirri athugun nei. Það má vel vera að samgrh. Íslands hafi einhverjar leiðir til þess að hafa áhrif á það, hvaða flugmenn fljúga hjá Air Bahama. (**EG:** Það er íslensk flugvél.) Já, það er alveg rétt, en það, sem skiptir máli í þessum rekstrarsamsteypum, er það, hvar sé bókhaldslegt heimilisfang fyrirtækjanna, hvar rekstraruppgjör þeirra fer fram, hvar hagnaðurinn og gróðinn er metinn.

Hvað Eimskipafélag Íslands snertir held ég að það sé að verða æ fleiri ljóst, og um það er hægt að nefna fjölmörg dæmi á síðustu vikum og mánuðum, eins og t. d. ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar, sem ég get alveg tekið undir, að það vekur mjög margar spurningar um hættur eða erfiðleika þess, hve hin nánu tengsl eru orðin milli Eimskipafélagsins og Flugleiða, svo sem m. a. má sjá í ráðningu hins nýja forstjóra Eimskipafélagsins. Það hefur stundum verið sagt að Eimskipafélagið sé óskabarn þjóðarinnar og þar séu 12 þús. hluthafar eða 11 þús. og þeir eru taldir upp á hátíðlegri stundu. En enginn þessara aðila var spurður þegar hinn nýi forstjóri var ráðinn. Nei, hann var tekinn beint úr rekstrardeild Loftleiða og færður yfir í hina deildina í þessari samsteypu, sem nú heitir Eimskipafélag Íslands, og gengur sjálfsagt í gegnum það inn í stjórn Flugleiða eins og sá maður, sem hann er að taka við af, gerði á sínum tíma. Þarna er í raun og veru verið að færa til menn innan sömu fyrirtækjasamsteypunnar, þótt þeir gangi undir mismunandi nöfnum. Þetta spor finnst mér undirstrika enn frekar þau ríku tengsl sem þarna hafa orðið.

Ég benti einnig á það í framsöguræðu minni, að það mætti setja fram mjög margar spurningar um þau skipakaup sem Eimskipafélag Íslands hefur stundað á undanförnum árum, bæði um ástæður þeirra og ýmislegt fleira varðandi þau viðskipti, m. a. spurninguna um hagsæld þeirra fyrir íslenska þjóðarbúið. Fyrst þegar þessi gagnrýni mín og sjónarmið komu fram neituðu forráðamenn Eimskipafélags Íslands þessu með stórum orðum. En mér finnst vissulega athyglisvert að í nýjasta fréttabréfi Eimskipafélags Íslands er í upphafi þess afsökunargrein fyrir þessi skipakaup. Það er komið annað hljóð í strokkinn. Nú er greinilega miklum vafa undirorpið hvort rétt mat hafi þarna verið á ferðinni. Nú eru gerðir alls konar fyrirvarar. Nú eru þessi skipakaup sýnd í nýju ljósi. Ég fagna því vissulega að forsvarsmenn Eimskipafélagsins skuli hafa horfið frá því að setja fram þær einföldu og nánast fáránlegu fullyrðingar um ágæti þessara skipakaupa eins og þeir gerðu fyrst þegar þau voru gagnrýnd. Það viðhorf, sem kemur fram í nýjasta fréttabréfi fyrirtækisins, er í raun og veru miklu raunhæfara, miklu eðlilegra til þess að taka þessi mál til umr. á.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi mætti hafa mörg fleiri orð um þetta mál. Hér er á ferðinni, eins og margir hafa sagt, umr. um einhvern mikilvægasta þáttinn í íslensku þjóðfélagi, bæði efnahagslífi, félagslífi og menningarlífi. Og hér er líka á ferðinni umr. um ákveðinn þátt í þjóðfélagi okkar sem hefur afgerandi áhrif á það, hvort og á hvern hátt Íslendingar geta verið sjálfstæð þjóð. Hér er líka á ferðinni umr. um það, hvort Alþingi Íslendinga á að takast á raunhæfan hátt á við þann margslungna vanda sem er fólginn í því að eiga að móta stefnuna í því flókna þjóðfélagi embættisstofnana og stórfyrirtækja sem við búum við í dag.

Mín afstaða er sú, þótt menn geti gagnrýnt orðalag þessara spurninga á einn eða annan hátt, og aldrei verða þær svo fram bornar að ekki megi gagnrýna þær með einhverjum hætti, að hér sé í raun og veru á ferðinni spurningin um það, hvort fulltrúar þeir, sem kjörnir hafa verið af fólkinu í þessu landi til þess að móta stefnuna í öllum mikilvægustu greinum þjóðmála, ætla sér á eigin spýtur að heyja sér þann efnisforða sem þarf til þess að geta á raunhæfan hátt mótað þessa stefnu eða hvort við ætlum um langa tíð enn að vera algerlega háðir þeim upplýsingum og þeim túlkunum á veruleikanum, sem berast okkur frá forsvarsmönnum stórfyrirtækjanna, frá embættisstofnunum af ýmsu tagi og öðrum þeim sem annast þessa starfsemi. Afstaða mín er sú, að eigi lýðræðið í þessu landi að hafa eitthvert raunverulegt innihald verði Alþ. að breyta um vinnubrögð. Ég fagna því,

að í meiri hl. utanrmn. Alþingis hafi nú náðst samstaða um að taka til slíkrar athugunar fyrirtækið Íslenska aðalverktaka. Og ég hlakka til að heyra hólræðu hv. þm. Alexanders Stefánssonar um það fyrirtæki þegar sú till. kemur til umr.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að heita bæði forseta og þingheimi því að flytja ekki eins ógnarlega langar ræður og fluttar hafa verið í umr. um þetta mál hér á þingi. Þær ræður hafa kannske mótast meira af kennslu í stjórnlagafræðum en beinlínis væri rætt innihald þeirrar þáltill. sem hér er á dagskrá. En ég vil ekki láta hjá líða að taka undir ýmislegt sem fram kemur í þessari till. Ég tek undir það og tel eins og hv. flm., að tengsl Eimskipafélags Íslands og Flugleiða séu á margan hátt mjög óeðlileg. Ég tek undir með honum í þeim efnum að gagnrýna megi að mörgu leyti fjárfestingarstefnu Flugleiða á s. l. árum. Ég tek undir með honum um það, að það megi gæta að og fylgjast betur með fargjaldaáætlunum og fargjaldastefnu þeirri sem mótuð hefur verið af þeim tveimur flugfélögum sem nú heita einu nafni Flugleiðir. Ég vil líka geta þess, að margt í till. er þess eðlis að þar er að mínu mati skotið yfir mark og, eins og hv. flm. hefur sjálfur sagt hér í ræðu, stundum þurfi að taka svolítið stórt upp í sig svo að eftir sé tekið.

Mig langar að benda á nokkur atriði sem hljóta að skipta okkur mjög verulegu máli þessa daga og þessar vikur. Mig langar fyrst að víkja að þeirri fjárfestingarstefnu sem Flugleiðir hafa mótað á s. l. árum, þ. e. a. s. að fjárfesta ekki í fluginu eingöngu, heldur í ýmsum tengdum hliðargreinum. Það þarf ekki að minna á fjárfestingar félagsins erlendis í hótelum og flugfélögum, og það þarf ekki heldur að minna á fjárfestingu félagsins í hótelum og flugfélögum hér innanlands. Það verður að segjast eins og er, að hér er á ferðinni einokun á fólksflutningum innanlands og á milli landa. Störf Flugleiða eins og þau eru í dag mundu vera brot á löggjöf Bandaríkjamanna um einokunarhringi. Hins vegar verðum við að hafa í huga að forustumenn Flugleiða hafa væntanlega gert sér grein fyrir því, að loftferðasamningar Íslendinga og Bandaríkjanna voru eins konar stundargrið. Þeir hafa gert sér grein fyrir því, að flugið yfir Norður-Atlantshaf gat ekki haldið áfram endalaust í því formi sem það hófst. Það gat ekki gengið til lengdar að Loftleiðir gætu boðið sín lágu fargjöld m. a. vegna þess að það væri ekki aðili að alþjóðasambandi flugfélaga, IATA, og vegna sérstakra samninga við Bandaríkjastjórn, sem ég held að flesta renni grun í af hvaða rótum eru runnir. Ég er sannfærður um að þessir menn hafa gert sér ljósa grein fyrir því, að til þess að fyrirtækið héldi áfram að blómgast og dafna yrðu þeir að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum, sem þeir hafa og gert.

Menn geta deilt um þessa stefnu. Að mínu mati er hún og hefur verið að nokkru leyti röng, en að nokkru leyti einnig rétt. Ég vil minna á að t. d. eignarhlutur Flugleiða í Cargolux, sem á þar 1/3 á móti sænska félaginu Salenia og 1/3 á móti Lúxembúrgska flugfélaginu Lux Air, hefur rennt verulegum stoðum undir rekstur Flugleiða, bæði vegna þeirrar sameiginlegu þjónustu, sem hefur átt sér stað í Lúxembúrg, og margháttaðra samskipta og samvinnu. (**Gripið fram í:** Þetta er fjárfesting Loftleiða á sínum tíma.) Þetta er fjárfesting Loftleiða á sínum tíma, sem nú er hluti af Flugleiðum og breytir engu um að fjárfesting þessi er á ábyrgð þess félags sem nú heitir Flugleiðir.

Ég held að við verðum einnig að hafa hugfast að það, sem er að gerast þessa dagana, er það sem forustumenn Flugleiða óttuðust þegar þeir hófu fargjaldastríðið á Norður-Atlantshafi. Í fyrsta lagi gátu þeir ekki haldið þessu flugi áfram með þeim nánast úrelta flugkosti, sem þeir notuðu, á móti öðrum flugfélögum, sem voru bundin af fargjöldum IATA og urðu að halda sig við þær ákvarðanir, sem teknar voru á alþjóðlegum fundum þess félagsskapar. Það hefur líka komið í ljós að þau undirboð, sem nú eiga sér stað á flugleiðinni yfir Norður-Atlantshaf, eru að knésetja Flugleiðir. Annað mál er og það, að sú hækkun á olíukostnaði, sem orðið hefur, er að gera þessa flugleið nánast gersamlega óvirka, þ. e. a. s. það dettur varla nokkrum manni í hug að halda slíku flugi áfram með þeim stóra krók sem Flugleiðir verða að taka á sig vegna loftferðasamninganna við Bandaríkin, — krók til þess að lenda á Íslandi og hafa hér 2—3 klukkustunda viðdvöl. Þetta gengur ekki. Bæði eykst olíukostnaður stórlega og farþegar nenna ekki að hafa 2—3 klukkustunda viðdvöl hér á landi, þegar þeim bjóðast flugferðir af því tagi sem nú eru í boði.

Annað er að gerast sem veldur því að að mínu mati standa Flugleiðir núna á brauðfótum, og ég er þeirrar skoðunar að við horfum til þess á allra næstu missirum að hér verður að stokka upp málin stórkostlega, því að það verður kannske svo, þegar þessi till. kemst í höfn um könnun, að ekki verður um neina einokunaraðstöðu að ræða, heldur baráttu upp á líf og dauða til þess að halda áfram samgöngum á milli Íslands og Bandaríkjanna og Íslands og annarra landa á meginlandi Evrópu. Við skulum líka líta á þá aðstöðu, sem Flugleiðir hafa komið sér upp eða Loftleiðir, ef menn vilja hafa það svo, í Lúxembúrg, og þá samninga, sem þeir hafa gert við Lúxembúrgarmenn. Þessir samningar eru í mikilli hættu. Lúxembúrgarmenn gera tilteknar kröfur til þess að fá aðild að Flugleiðum. Þetta er á hreinu og það þarf enginn að fara í grafgötur með hvaða afleiðingar þetta getur haft. Það hefur einfaldlega þær afleiðingar, að ef verður orðið við kröfum Lúxembúrgarmanna flyst Flugleiðaflugið að mestu leyti eða öllu leyti yfir til Lúxembúrg. Lúxembúrgarmenn hafa orðið fyrir gífurlegum þrýstingi frá nágrannaþjóðum sínum, Belgum, Frökkum, Þjóðverjum og Hollendingum vegna þess að Lúxembúrgarmenn hafa leyft Flugleiðum að starfa í Lúxembúrg. Ég held að í þessu máli öllu þurfum við að gæta að og ræða einmitt framtíð Flugleiða og þetta, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði, að hugleiða mjög vandlega hvort ekki sé orðið tímabært að við förum að kanna endurskipulagningu allra flutninga og farþegaflugs til og frá Íslandi og einnig innanlands.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar, að framtíð Flugleiða sé nú í svo stórkostlegri hættu að alveg á næstunni kunni það að gerast að við verðum að láta undan kröfum Lúxembúrgarmanna um það að eignast stóran hlut í Flugleiðum og flytja megnið af starfi Flugleiða til Lúxembúrgar. Hvað stendur þá eftir af því flugi yfir Norður-Atlantshafið sem við höfum notið mikils góðs af á undanförnum áratugum? Það stendur nánast ekkert eftir annað en flutningur á ferðamönnum milli Bandaríkjanna og Íslands, sem gagngert eru að fara á milli þessara landa, en ekki annarra landa.

Ég vildi aðeins í sambandi við umr. benda á þessi atriði og taka undir það með hv. flm. till., að þessi mál ber

okkur að ræða og líta á nokkuð grannt og athuga og vera viðbúnir einkum og sér í lagi því sem kann að gerast í flugsamgöngumálum Íslands á næstu mánuðum og árum.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég mun ekki bregða vana mínum og halda langa ræðu. Ég tala í stuttan tíma.

Ég vil byrja mál mitt á því að taka undir og undirstrika margt af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði, Árni Gunnarsson, hv. 11. landsk. þm., og ætlaði raunar að benda á sum þeirra atriða, en hann tók það ómak af mér. Ég er þeirrar skoðunar eins og hann, að íslenskt millilandaflug standi nú á nokkrum tímamótum eða þau séu a. m. k. ekki langt undan. Með breyttum flugvélakosti og öðru slíku verður í æ meira mæli ónauðsynlegt að hafa viðkomu á Keflavíkurflugvelli til þess að fljúga til austurstrandar Bandaríkjanna, og það getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir flugreksturinn og fyrir flugvallarstarfsemina hér á landi. Þá hefur það enn fremur komið til, sem einnig var bent á, að stjórnvöld í Lúxembúrg hafa óskað eftir viðræðum við utanrrn. og utanrrh. — þó að hann hefði ekki haft tíma eins og þá stóð á til þess að taka þátt í þeim viðræðum hafa þær farið fram — um að Lúxembúrg eignaðist stærri hlut í Flugleiðum og jafnvel um að Lúxembúrg mundi sækja um lendingarleyfi í Bandaríkjunum og slíta þar með sambandinu sem hefur verið milli Flugleiða og þeirra, ef ekki semdist á hagstæðan hátt af því er þeir teldu. Hér er um geysilegar breytingar að tefla, ef úr verður, sem fyllst ástæða er til fyrir þjóðina alla og þar með ekki síst alþm. að gera sér grein fyrir.

Ég er ekki kominn hingað til þess að fella neinn dóm um það fyrir fram, hvernig starfsemi þessara félaga hvorki Eimskips né Flugleiða, hafi verið fyrir komið á umliðnum árum. Ég tel að mig skorti til þess forsendur. Sitthvað veit ég kannske eins og aðrir, en ýmislegt er óljóst í þeim fræðum sem full þörf væri á að kannað yrði. Ég er þess vegna ekki staðinn upp til þess að mótmæla þeirri athugun sem hér er verið að tala um, það er síður en svo. Ég hef heldur ekkert á móti því að starfsemi Sambands ísl. samvinnufélaga verði könnuð, og ég veit ekki til þess að neinn sé það í þeim röðum, a. m. k. hafa þær raddir ekki komið þaðan. Ég er ekki heldur á móti því að starfsemi Íslenskra aðalverktaka á Keflavíkurflugvelli verði könnuð, þó að ég ætti ekki samleið með meiri hl. hv. utanrmn. í því nál. sem hér var lítillega gert að umtalsefni áðan. Ég hef á öðrum vettvangi beitt mér fyrir einmitt nokkurri könnun, þegar ég starfaði í utanrrn., á starfsemi þessa fyrirtækis, sem er umfangsmikil og áreiðanlega full þörf á að fylgst sé með, eins og mörgu sem vaxið er kannske yfir höfuðið á stjórnendum sínum.

Það sem gerir það, að ég hef þessa afstöðu til till. um rannsókn á starfsemi Íslenskra aðalverktaka og þeirrar till., sem hér er til umr., er einfaldlega það, að ég tel ekki að Alþ. hafi aðstöðu til þess að framkvæma þá könnun í slíkum mæli sem hér er gert ráð fyrir. Það er vissulega sjónarmið út af fyrir sig, sem ýmsir af hinum yngri þm. eru talsmenn fyrir, að breyta hlutverki þn. og færa það meira yfir í það horf sem tíðkast t. d. í Bandaríkjum Norður-Ameríku, þar sem þn. eru áhrifamikill rannsóknar- og könnunaraðili og geysivaldamiklar. Það er sjónarmið út af fyrir sig. En ef út á þá braut á að fara tel ég að það eigi að gerast með þeirri endurskoðun þingskapalaga, sem fram fer, og það er alveg öruggt mál að engin slík rannsókn, sem nokkru því nafni getur nefnst, getur farið fram án þess að þn. verði sköpuð allt önnur og miklu betri aðstaða en þær búa við í dag bæði hvað snertir húsnæði, starfslið og annað slíkt, sem til þarf til þess að slík störf verði unnin. Ég tel því að ekki sé á rétta braut farið með því að samþykkja í smáskömmtum tiltekin verkefni fyrir nefndir Alþingis, án þess að huga jafnframt að því, hvernig þessi störf eigi að vinna, hvaða möguleika nefndin hafi á því að framkvæma þau, hvaða valdsvið nefndin hafi. Það er að vísu tekið fram í þessari till ., að nefndin skuli hafa eins og þar segir, — ég ætla ekki að lesa það, menn þekkja það, — eitt og annað í þeim dúr sem ég tel grundvallarforsendu fyrir því að þessi háttur verði tekinn upp. Þetta er það sem veldur því, að ég felli mig ekki við og mun ekki styðja þessar till. í því formi sem þær nú eru, en ekki hitt, að ég sé mótfallinn þeirri hugsun sem sett er fram, þ. e. a. s. að Alþ. hafi möguleika á því að kanna sjálfstætt eitt og annað í rekstri og fyrirkomulagi ýmissa starfsgreina. Ég tel það fyllilega koma til álita.

Í þessu sambandi langar mig enn einu sinni að minnast á umboðsmann Alþingis. Það er orðið gamalt mál hér og var flutt fyrst af Kristjáni Thorlacius, núv. formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þáv. varaþm. fyrir Framsfl., og það var flutt á mörgum þingum og það kom nokkrum sinnum í minn hlut að tala fyrir því, því að hann var þá varamaður, eins og ég segi, og ég var stundum inni og stundum hann þegar þessi mál voru til umr. Það var fyrst og lengi vel talað fyrir daufum eyrum. Og það var fyrst þegar þáv. forsrh., Bjarni heitinn Benediktsson, tók undir þessa till. í öllum aðalatriðum, eftir að hér hafði verið rakin starfsemi danska umboðsmannsins Stefans Hurwitz, sem hefur valdið þáttaskilum í samskiptum almennings við yfirvöld í Danmörku, að skriður komst á þetta mál. Þetta muna þeir sem nokkuð lengi hafa verið á þingi eins og ég. Till. var samþ. um þetta eftir langa mæðu, en það hefur bara ekkert gerst. Og enn liggur fyrir Alþ. annaðhvort frv. eða till. um þetta mál. Nú reynir á hvaða afdrif hún fær. En ég tel þetta ekki síðri leið fyrir Alþ. til þess að afla upplýsinga og vera um leið sá aðili sem óbreyttur borgari þessa lands getur leitað til þegar hann á í höggi við yfirvöld, hverju nafni sem þau nefnast, og þarf að fá úrskurð í sínum málum.

Ég vil eindregið beina því til allra þeirra flm., sem staðið hafa að till. um slíkar rannsóknir eða kannanir, — eða hvað menn nú vilja kalla það, ég ætla ekki að gera svo mikinn mun á því, — að þeir hugleiði hvort ekki sé nauðsynlegt að kveða annaðhvort í þingsköpum nánar á um starfsvettvang og skilyrði þn. eða koma á fót embætti umboðsmanns Alþingis sem gæti með starfsliði sínu framkvæmt þessi störf. Það hefur stundum verið haft á móti þeirri hugmynd að setja á stofn embætti umboðsmanns Alþingis að það yrði dýr stofnun. Það má vel vera að hún verði dýr. En ég held að við getum aldrei gert okkur vonir um að komast afskaplega létt frá því að tryggja réttarstöðu borgaranna. M. a. s. sú hugmynd, sem hér er hreyft og annars staðar við svipuð skilyrði, hlýtur að kosta fé, enda er gert ráð fyrir því í till. að fé verði lagt til þessarar rannsóknar. Annað er auðvitað algerlega óhugsandi. Með hvaða hætti því fé er varið er matsatriði, sem ég held að Alþ. ætti að gera sér grein fyrir áður en lengra er haldið í þessum efnum.

Þetta er það sem ég vildi segja um þessa till.

Það er auðvitað afskaplega margt sem mann gæti lang-

að til að ræða í sambandi við þau félög sem hér hafa verið gerð að umtalsefni og eru nefnd í till. þeirri sem hér er til umr. En þessar umr. eru þegar orðnar langar. Væntanlega kemur till. aftur til umr. og þá er kannske hægt að bæta einhverju við, ef maður hefur löngun til.

Ég ætla svo að síðustu að segja það við hv. 3. landsk. þm., að ég vona að ekki komi til þess að sett verði upp sérstök nefnd til þess að rannsaka æviferil hans, ekki af því að ég sé svo óskaplega hræddur við þá útkomu sem kæmi út úr því, ég held að hann sé ágætismaður, vammlaus halur og vítalaus, eins og þar stendur, heldur vegna þess að ef það veldist til þess maður að semja fsp. sem teldi sig þurfa að spyrja harkalega og spyrja skarpt til þess að það yrði tekið eftir honum, gæti nefnilega farið svo og niðurstaðan orðið sú, að fólkið í landinu færi að halda að það væri eitthvað hæft í því sem haldið væri fram.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eftirlitsnefndir Alþingis eiga að minni hyggju að vera einar af styrkustu undirstöðum í nútímalegu samfélagi, undirstöðum lýðræðis og þess nauðsynlega aðhalds sem kjörnir fulltrúar eiga að hafa með öðrum þáttum samfélagsins, og þá fyrst og fremst auðvitað bæði í embættismannakerfi og í viðskiptalífi. Ég vil taka undir það með hv. 1. flm. þessa máls, að það er út af fyrir sig rétt að orðið „rannsóknarnefndir" hefur orðið til nokkurs skaða öllum þessum málflutningi, vegna þess að sú hætta er fyrir hendi að orðið sé notað neikvætt, það þykir fela í sér dómsfellingu fyrir fram, og beinlínis að orðið sé neikvætt og hlutdrægt. Orðin „eftirlitsnefnd" eða „eftirlitshlutverk" eru sennilega af þessum ástæðum betur til þess fallin að lýsa því sem við er átt.

Þessi till., sem hér er til umr., gengur út á það að setja upp sérstaka rannsóknarnefnd og þá samkv. 39. gr. stjskr. (Gripið fram í.) Það mun að vísu vera rétt, að það urðu umr. um formið á sínum tíma, en efnislega geri ég ráð fyrir að það sé eins hugsað og 39. gr. gerir ráð fyrir. Allt um það vil ég lýsa þeirri almennu skoðun minni, að ég væri frekar þeirrar skoðunar og tel að það ættu að vera hin almennu vinnubrögð að einstakar sérnefndir Alþ., og þá í þessu tilfelli samgn., tækju að sér slík verkefni. En það er út af fyrir sig réttur skilningur hjá hv. 1. flm., að ég hygg, að bæði hefur vantað á að þessi skilningur sé til staðar og meðan svo er ekki er varla annað fært en fara að eins og hann gerir, þ. e. a. s. flytja till. um sérstaka rannsóknarnefnd, því að það orð er til staðar í íslenskri stjórnarskrá.

Ég fyrir mitt leyti mun styðja þessa till. Ég tel að að vísu hafi það skeð að of miklir dómar hafi verið felldir of snemma um þetta mál, og flm. hefur í dag gert grein fyrir af hverju hann hafi talið það vera nauðsynlegt. En það er út af fyrir sig ekki kjarni málsins. Kjarni málsins ætti að vera hinn, enda hygg ég að það vaki fyrir flm., að kanna rækilega og á rökstuddan hátt hvort ekki sé fyrir löngu kominn tími til þess að setja hér sérstaka auðhringalöggjöf — löggjöf sem á almennan hátt kemur í veg fyrir of mikið samansafnað auðmagn og of mikil pólitísk völd sem slíku fylgja. Í annan stað er ósvarað spurningum eins og þeim, hvert sé raunverulegt samspil fyrirtækja, eins og þeirra sem hér um ræðir, og pólitískra ákvarðana, sem teknar hafa verið á undanförnum árum og áratugum. Sér löggjafinn ástæðu til þess að koma þessum málum haganlega fyrir? Sannleikurinn er auðvitað sá, að að því er tekur til afstöðu til auðhringalöggjafar og afstöðu til þess samansafnaða valds, sem verður iðulega í skjóli fjármagns, erum við í þessu landi ákaflega aftarlega á merinni. Af þessum sökum, ekki vegna þess að ég vilji vera að taka, hvorki af eða á, undir dóma sem fallið hafa á þessu stigi málsins, heldur í upplýsingaskyni, tel ég fullkomlega tímabært að till. þessi nái fram að ganga.

Hv. flm. fór nokkuð vítt og breitt um og m. a. drap hann á mikið aðalatriði þessa máls, sem sé hvort Alþ. ætli að fara að afsala sér völdum. Hvar liggja valdmörk t. d. þjóðþingisins annars vegar og auðhringa hins vegar? Og vilja menn eins og hv. þm. Alexander Stefánsson líta svo á, að undir engum kringumstæðum komi Alþ. við með hverjum hætti auðurinn hefur safnast saman? Ég er hv. flm. hjartanlega sammála um að það séu hnignandi sjónarmið sem hv. þm. Alexander Stefánsson talaði fyrir. Þessi glæra ræða, sem hv. þm. flutti í dag, hefði getað verið upp úr auglýsingapésa. Slíkt held ég að eigi afskaplega lítið erindi inn á hið háa Alþingi, alla vega tel ég að málflutningurinn sé nokkrum áratugum á eftir tímanum.

Á hinu vil ég vekja athygli, vegna þess að hv. 1. flm. þessa máls gerðist sérstakur talsmaður þingræðis, sem ég kunni mjög vel að meta, og í þessu tilfelli gagnvart samansöfnuðum auði og gagnvart embættismannakerfi, að það er svolítil úlfakreppa í þesum málflutningi þegar sömu aðilar eru hins vegar þeirrar skoðunar að ekki megi setja lög um efnahagsmál nema spyrja Guðmund J. Guðmundsson leyfis eða aðra fulltrúa hins lélega lýðræðis sem stundum er í fjöldahreyfingum. Þetta tel ég vera grein af sama meiði. Mér fannst satt að segja vanta þennan þriðja kapítula í að öðru leyti ágæta ræðu hv. 1. flm. þessa máls um það nútímalega vandamál, hvar liggi valdmörk hinna þjóðkjörnu fulltrúa annars vegar og uppsafnaðs valds, auðs eða embætta úti um samfélagið hins vegar. Sjálfur er ég ekki í hinum minnsta vafa um, að slíkt vald á Alþ. að hafa, og hef margreifað þær hugmyndir. Stundum hefur það verið kallaður sérstakur fjandskapur við verkalýðshreyfinguna, sem menn rugla þá saman við launþega almennt, og aðrir kalla till. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sérstakan fjandskap við frjálst framtak í landinu. Hvort tveggja held ég að sé jafnrangt. Hér er aðeins verið að túlka og boða nútímaleg sjónarmið, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson virðist þó ekki skilja enn sem komið er nema að 2/3 hlutum og er miður farið.

Hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni þótti miður hvernig annar hv. þm., Friðrik Sophusson, hefði leikið persónu hans í þingræðu. Það er auðvitað rétt, að persónulegan skæting af þessu tagi á að forðast. En hv. þm., sem varla skrifar svo blaðagrein að hann noti ekki orðið Aragata sem atviksorð, er ég ekki viss um að sé sá heppilegasti til að fjalla um þessa hluti. Ég er honum samt sammála almennt.

En kjarni málsins er sá, að það er fyrir löngu orðið tímabært í fyrsta lagi að skilgreina upp á nýtt valdmörkin milli þjóðþingsins annars vegar og hinna einstöku þátta þjóðlífsins hins vegar. Ég vil að þeim hluta, sem ég hef þegar nefnt, taka undir með flm. þessarar tillögu. Ég held að almennt og efnislega horfi hún til réttrar brautar. En í annan stað er það auðvitað rétt, og ég undirstrika það þunglega, að enga dóma er verið að fella. Það fer ekkert á milli mála að þau fyrirtæki, sem hér hafa verið gerð að

umræðuefni, hafa í okkar litla samfélagi fengið á sig margháttuð einkenni þess sem annars staðar mundi vera kallað einokunarviðskipti. Um allt slíkt á Alþ. að hafa hinar fyllstu upplýsingar í því skyni að undirbúa löggjöf, ef þurfa þykir. Þennan grundvallartón tel ég vera réttan í þessari till. og enn fremur alla þá röksemdafærslu hv. flm. um þingræði, sem kom fram í dag, og af þeirri ástæðu finnst mér ekki vera ástæða til að vera að tíunda um hvað er spurt í grg. eða hvernig málflutningurinn að öðru leyti hefur verið. Það er ekki aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er hitt, að hér er verið að leggja til að Alþ. fari út á nýjar brautir — brautir sem Alþ. á að fara út á hvort sem um er að ræða samansafnað fjármagn, of mikil völd embættismanna eða vanþroskað lýðræði, sem iðulega setur heilbrigðri efnahagslöggjöf stólinn fyrir dyrnar.

Umr. frestað.

Virðisaukaskattur og afnám tekjuskatts, þáltill. (þskj. 84). — Ein umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því, að það er hálfóviðkunnanlegt á Alþ. því sem nú er við störf og hefur því miður ekki komið miklu í verk það sem liðið er af þingtímanum, og er hann senn allur úti, hversu mikið er um fjarvistir þm. á þingfundum. Nú á miðjum degi eru aðeins örfáir þm. mættir, nærri því sem telja má aðeins á fingrum annarrar handar. Ég held að sé mjög óæskilegt að ekki sé betur að málum staðið en hér um ræðir, og þá vek ég athygli á því enn, þegar svo er um þetta þing, að það hefur afgreitt óvanalega fá mál frá sér. En það er kannske ekki við neinn sérstakan að sakast. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, hæstv. forseti.

Á þskj. 84 flytjum við þm. Alþfl. till. til þál. um virðisaukaskatt í stað söluskatts og um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum. Þetta mál er 76. mál þessa þings, 100. löggjafarþingsins, og till. var lögð fram alllöngu fyrir jólin. Henni var þá fyrir jól frestað og hún tekin út af dagskrá hvað eftir annað. Í vetur hvarf till. af prentaðri dagskrá í um það bil heils mánaðar skeið, og það er loksins nú sem þetta mál kemur á dagskrá, 76. mál Alþingis, og er ekki vonum fyrr ef málið á að fá einhverja afgreiðslu á þessu þingi. Ástæðan mun vera sú fyrir því, að málið var um langa hríð ekki á dagskrá Alþ., að ýmsir þm., sem fjarverandi voru á þessu tímabili, m. a. meðan Norðurlandaráðsfundur stóð yfir, höfðu óskað eftir því að málið yrði tekið út af dagskrá þangað til þeir gætu verið viðstaddir til þess að taka til máls um till. Og ég kemst ekki hjá því að vekja enn og aftur athygli á því, að þegar málið kemur loksins til umr., eftir að hæstv. forsetar Sþ. hafa að beiðni þessara þm. tekið málið hvað eftir annað af dagskrá og ekki haft það á prentaðri dagskrá þingfunda, þá eru þessir sömu þm. ekki viðstaddir. Ég vil því beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. forseta um mál eins og þetta, sem lögð eru fram sem þingflokkamál, að hæstv. forseti fari ekki ýkjalangt út á þá braut sem hann hefur farið, að taka slík mál af prentaðri dagskrá æ ofan í æ samkv. beiðnum einhverra ótiltekinna þm., sem ekki sjá síðan sóma sinn í því, þegar málið loks kemst á dagskrá eftir langar tafir, að vera viðstaddir til þess að taka þátt í umr. Till. þessi á þskj. 84 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða gildandi skattalög með kerfisbreytingu fyrir augum, sem afnæmi úrelta og óréttláta skattstofna, einfaldaði skattkerfið og tryggði bætt framtöl, betri skattaskil og raunhæfara skattaeftirlit. Till. um breytingar verði m. a. miðaðar við þessi grundvallaratriði:

1. Að í ársbyrjun 1980 leysi virðisaukaskattur söluskatt af hólmi, og skal upphæð hans við það miðuð að tekjur af honum verði jafnmiklar og af núgildandi söluskatti og tekjuskatti að frádregnum þeim tekjuskatti sem áfram yrði greiddur af atvinnurekstri og hæstum tekjum samkv. síðari ákvæðum þáltill. þessarar. Sem undanfari þeirrar breytingar fari fram allsherjarendurskoðun á útgjaldakerfi ríkisins í því skyni að minnka tekjuþörf ríkissjóðs og auka stjórnunarsvigrúm við fjárlagagerð með því m. a. að draga úr sjálfvirkni útgjalda.

2. Að frá sama tíma verði felldur niður tekjuskattur af launatekjum nema þeim, sem ná hærri fjárhæðum en nemur tvöföldum meðaltekjum verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna á síðasta ári eftir að þær hafa verið leiðréttar samkv. kaupgjaldsvísitölu. Við ákvörðun á skattskyldum tekjum einstaklings af eigin atvinnurekstri skulu laun hans áætluð eins og telja má eðlilegt miðað við vinnuframlag hans í þágu fyrirtækis síns, svo og stöðu hans, og vera hliðstæð tekjum fyrir samskonar störf í atvinnurekstri eins og ráð er fyrir gert í lögum, en sérstöku eftirliti verði auk þess beitt til að koma í veg fyrir að fólk sé tekið á launaskrá án þess að það starfi í þágu fyrirtækisins, enda liggi þung viðurlög við slíku.

3. Hvort hjóna um sig verði sjálfstæður skattgreiðandi án tillits til þess, hvort vinna fer fram utan eða innan heimilis að hluta eða einvörðungu. Vinni annar aðilinnn einungis á heimili skal hann eiga rétt til ráðstöfunar á hluta af tekjum hins og greiða útsvar af þeirri fjárhæð, en þó aldrei til hærri hluta en svarar til helmings af tekjum heimilisins. Ef það hjóna, sem annast heimilisstörf, sýnir fram á að það hafi ekki fegnið til ráðstöfunar þann hluta teknanna sem hún eða hann er talinn eiga rétt á, ber þeim, sem tekna heimilisins aflaði, að greiða allt útsvar af þeim.

4. Af atvinnurekstri, hvort sem hann er stundaður af einstaklingum, sameignarfélögum, hlutafélögum eða opinberum aðilum, skal greiddur stighækkandi tekjuskattur.

5. Reglur um afskriftir eigna skulu annars vegar við það miðaðar, að afskriftirnar svari til eðlilegrar verðmætisrýrnunar miðað við verðmæti eignar þegar afskrift fer fram og hins vegar að jafnan sé miðað við mat á upphaflegum endingartíma eignarinnar, þ. e. að kaupandi eignar afskrifi hana með sama hætti og seljanda hennar hefði borið að gera, þannig að sama eign verði aldrei afskrifuð oftar en einu sinni.

6. Reglur um heimild til þess að draga vexti af skuldum frá tekjum skulu við það miðaðar, að um hafi verið að ræða nauðsynlega lánsfjáröflun í þágu atvinnurekstrarins.

7. Hagnaður af sölu eigna verði skattlagður að svo miklu leyti sem hann á ekki rót sína að rekja til rýrnunar á verðgildi peninga.

8. Hert verði eftirlit með framtölum og skattsvikum og skattsvik meðhöndluð með sama hætti og önnur fjársvikamál.

9. Jafnframt fari fram endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga með það fyrir augum að auka

frjálsræði þeirra til þess að ákveða á hvern hátt þau afli sér tekna sinna. Þó skulu þau ekki fá heimild til þess að innheimta söluskatt né virðisaukaskatt. Í sambandi við þessa endurskoðun verði m. a. sérstaklega athugað, hvort rétt sé að sameina í einn skatt tekjuskatt til ríkisins og tekjuútsvar til sveitarfélaga þannig að hinn nýi skattur yrði lágur, en stighækkandi bruttóskattur, sem staðgreiddur yrði og skipt yrði í ákveðnu hlutfalli milli ríkis og sveitarfélaga. Þar með félli tekjuskattur einstaklinga í núverandi mynd alfarið niður og sömuleiðis tekjuútsvar í núverandi mynd."

Herra forseti. Þar sem mál þetta hefur fengið svo langa bið hér á Alþ., þá hefur mönnum væntanlega gefist tími til grandgæfilegrar skoðunar. Í öðru lagi, þar sem hér er um að ræða mál sem þm. Alþfl. hafa áður flutt á Alþ. og fengið þar góða meðferð þó svo málið hafi ekki fengið samþykki, þá tel ég ekki ástæðu nú til þess að fara mjög mörgum orðum um efni þessarar till. og ætla því að stytta mjög mál mitt frá því sem ella hefði verið, ef till. þessi hefði komið til umr. á eðlilegum tíma, eins og ég mundi telja að hefði þurft að gera.

Á undanförnum árum hefur komið æ skýrar í ljós, að það skattkerfi, sem íslenska þjóðin býr við, er svo ranglátt að ekki verður við unað. Á grundvelli þessara skattalaga þrífst mesta þjóðfélagsmisrétti sem nú er um að ræða á Íslandi. Það er í því fólgið að meginþungi beinna skatta hvílir á herðum launafólks, en hins vegar greiða þeir, sem einhvern atvinnurekstur stunda, sáralítinn skatt af tekjum sínum. Á síðustu árum hefur það ranglæti, sem í þessu felst, verið svo augljóst og farið svo vaxandi að það er orðið eitt af brýnustu hagsmunamálum launþega að hér verði úr bætt.

Tvær síðustu ríkisstj. hafi gert talsverðar breytingar á skattalögum, en þær breytingar hafa ekki hnigið að því að gera þá kerfisbreytingu á skattheimtu ríkisins sem nauðsynleg er til að koma í veg fyrir að meginþungi beinna skatta hvíli á herðum launafólksins. Það markmið næst ekki nema með því að hverfa alveg frá innheimtu tekjuskatts í ríkissjóð af launatekjum öðrum en hæstu tekjum. Ég vil aðeins nefna það í þessu sambandi, hæstv. forseti, að að sjálfsögðu hafa með árunum stöðugt aukist skattar til ríkisins, skattbyrði þegnanna í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu. Á árunum 1950—1954 voru skattar til ríkisins sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu að meðaltali 17.8%. Á árunum 1955—1959, síðari helmingi sjötta áratugsins, hafði þetta hlutfall hækkað upp í 18.7%. Árið 1978, síðasta heila árið, nam þetta hlutfall 28.8% og hafði sem sé hækkað á tímabilinu frá 1955—1959 til ársins 1978 úr 18.7% í 28%, eins og ég nefndi áðan, og hækkanirnar á sköttum til ríkisins af vergri þjóðarframleiðslu, aukning skattbyrðar hefur frá árinu 1978 til ársins 1979 hækkað um hvorki meira né minna en tvö prósentustig, úr 28% í um það bil 30%. Á sama tíma hafa skattar til sveitarfélaga sem hlutfall af sköttum ríkisins ekki vaxið að sama skapi, raunar minnkað, þannig að frá meðaltali áranna 1955—1959 eru skattar til sveitarfélaga sem hlutfall af sköttum ríkisins 31%, en á árinu 1977 voru þeir komnir niður í 26.1%. Þessi samanburður sýnir það, að á sama tíma og ríkissjóður hefur tekið til sín skatta í sívaxandi mæli, m. a. með alls konar nýjum skattstofnum, hefur tekjuþörf sveitarfélaganna ekki verið sinnt að sama skapi, enda er nú svo komið að mörg sveitarfélög í landinu eiga í örðugleikum.

Ef við berum skattbyrði á Íslandi saman við ýmis nálæg lönd, þá er það að vísu satt og rétt, að skattbyrði hér á Íslandi er nokkru lægri en víða í nágrannalöndum okkar, en þó hvergi nærri þannig að Ísland sé mjög neðarlega á blaði. Ég er hér með töflu yfir skatttekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu á árinu 1976 í ýmsum löndum. Hæsta skattbyrðin, hæsta skatthlutfall í þessum samanburði er í Svíþjóð, en þar nema skatttekjur hins opinbera 51% af vergri þjóðarframleiðslu ársins 1976. Í öðru sæti er Noregur með 48%, í þriðja sæti Holland með 46%, í fjórða sæti Lúxembúrg með 46% og í fimmta sæti Danmörk með 44%. Á þessu ári, árið 1976, var skattbyrðin á Íslandi, sameiginleg skattbyrði, bæði beinir og óbeinir skattar, 35% af vergri þjóðarframleiðslu, og er Ísland í 12. sæti í þessum samanburði. Lönd með lægri skattbyrði á árinu 1976 eru t. d. Írland, Ítalía, Kanada, Sviss, Bandaríkin og Ástralía. Allt eru þetta þjóðir sem hafa mikla og góða afkomu og veita þegnum sínum margvíslega þjónustu, m. a. mun meiri þjónustu en íslenska ríkisvaldið veitir sínum þegnum. Það er því alls ekki rétt að halda því fram í fyrsta lagi, að Íslendingar séu með tiltölulega litla skattbyrði miðað við aðrar þjóðir, né heldur að halda því fram í öðru lagi, að þær þjóðir, sem eru með lægri skattbyrði en þekkist á Íslandi, veiti þegnunum minni félagslega þjónustu og minni tekjutilfærslu í formi almannatrygginga.

Lægst af þeim löndum, sem ég hef í þessum samanburði, eru Spánn og Japan, en bæði þessi lönd höfðu á árinu 1976 skattbyrði sem nam 22% skatttekna af vergri þjóðarframleiðslu. Í þessum samanburði, sem nær til 22 landa, er Ísland um það bil í miðið.

Það er að sjálfsögðu ekki skrýtið þó svo skatttekjur hins opinbera í hlutfalli af þjóðarframleiðslu hafi farið mjög vaxandi á undanförnum árum og þá skattbyrði þegnanna að sama skapi. Ein ástæðan er að sjálfsögðu sú, að mjög hefur verið aukin hvers konar félagsleg þjónusta og ýmsir þættir félagslegrar þjónustu, svo sem heilsugæsla, hafa orðið mjög dýrir með árunum og miklu dýrari en nemur aukinni og bættri þjónustu. Þó er ekki að leita skýringanna á þessari miklu auknu skattbyrði í þessum þáttum. Til dæmis að nefna lækkar samneyslan frá árinu 1978 til ársins 1979 í hlutfalli af ríkisútgjöldum á sama tíma og skattbyrði hækkar. Þetta kemur mönnum kannske á óvart. En árið 1978 námu samneysluútgjöld ríkisins 42.7% af heildarútgjöldum, en á yfirstandandi ári, árinu 1979, er samneyslan aðeins 38.8%, þannig að þrátt fyrir að útgjöld hafi hækkað á milli áranna og skattbyrði aukist hefur dregið úr samneyslu. Sama máli gegnir um almannatryggingar. Útgjöld til almannatrygginga í hlutfalli af ríkisútgjöldum hafa líka lækkað á milli þessara tveggja ára. Á árinu 1978 námu útgjöld til almannatrygginga 23.9% af ríkisútgjöldunum, en á árinu 1979 23.2 þannig að svarið við aukinni skattbyrði milli þessara ára liggur ekki í því, að útgjöld til almannatrygginga hafi verið aukin. Hins vegar er það talsvert í augu stingandi, að launakostnaður ríkisins og almenn rekstrarútgjöld ríkissjóðs og ríkisstofnana fara vaxandi á milli áranna 1978 og 1979, og í öðru lagi er það mjög áberandi, að útgjöld til niðurgreiðslna á vöruverði vaxa mjög mikið á milli þessara ára eða úr 4.8% árið 1978 í 9.16% á árinu 1979, og er þá átt við hlutfall af ríkisútgjöldum. Hin aukna skattbyrði á milli áranna stafar því í fyrsta lagi af auknum rekstrarkostnaði og launa-

kostnaði ríkisins og í öðru lagi af aukningu á niðurgreiðslum (**StJ:** Hvað með vaxtakostnað?) Því miður hef ég ekki tölur yfir vaxtakostnað hér fyrir framan mig, en það er að sjálfsögðu mjög auðvelt að fletta því upp, en það mun vera í töflum sem gerðar hafa verið um útgjöld ríkissjóðs og eru til í fjmrn. og menn geta fengið upp þar. En ég vil enn vekja athygli á því, að þrátt fyrir aukna skattbyrði á árinu 1979 miðað við skattbyrði ársins 1978 er skýringanna ekki að leita í aukningu á samneyslu né í aukningu almannatrygginga. Það hefur orðið samdráttur á báðum þessum sviðum. Ástæðurnar fyrir hinni auknu skattbyrði eru annars vegar auknar niðurgreiðslur — mjög auknar niðurgreiðslur, tilfærsla úr öðrum vasa yfir í hinn, og hins vegar mjög aukin launaútgjöld ríkisins og ríkisstofnana og aukin rekstrarútgjöld.

Þá er það einnig mjög athyglisvert, hversu mikið hefur þrátt fyrir þetta dregið úr beinni skattheimtu á Íslandi á undanförnum árum. Beinir skattar hafa sífellt lækkað sem hluti ríkisteknanna á sama tíma og óbeinir skattar hafa vaxið. Við höfum m. a. tekið upp ýmsa nýja skattstofna, sem áður voru óþekktir, svo sem tímabundið vörugjald, sem lagt var á í sinni tíð og átti að standa skamma hríð, en er nú, eins og kunnugt er, á ýmsum vörum komið upp í 30%, sem gerir það að verkum, eftir því sem ég best veit, að bifreiðavarahlutir t. d. hafa hækkað á einu ári um 150% sem afleiðing af hækkun vörugjalds. Og það er ein ástæðan fyrir því, — það er raunar útúrdúr, — að tryggingafélögin telja sig nú geta rökstutt hækkunarkröfur um u. þ. b. 76%. En þessir óbeinu skattar allir saman, sem lagðir voru á til viðbótar við þá óbeinu skatta sem við þekktum fyrir nokkrum árum, áttu allir að vera til skamms tíma, áttu allir að vera neyðarúrræði, bráðabirgðaúrræði. En sú neyð hefur reynst haldast allmiklu lengur en menn reiknuðu með í upphafi, og allir þessir skattar eða flestir þeirra eru nú orðnir varanlegir.

En það, sem ég ætlaði raunar að segja, var að þrátt fyrir þá aukningu á skattbyrði, sem orðið hefur á Íslandi á undanförnum árum, hefur mikilvægi beinna skatta í tekjuöflun ríkissjóðs sífellt farið minnkandi. T. d. voru beinir skattar árið 1974 27.7% af heildartekjum ríkisins, þar af tekjuskattur 23.3% af heildarríkistekjunum, en árið 1979, á yfirstandandi ári, nema beinir skattar 22.4% og tekjuskattur um það bil 17%. Hefur þó tekjuskatturinn í hlutfalli af ríkistekjum hækkað mjög verulega frá árinu í fyrra, eða heildarhluti beinna skatta í ríkistekjum úr 18.1% í 22.4 og tekjuskattur úr 13.7% af ríkistekjum í 17%. Þetta er næstum því einsdæmi í sögu skattheimtu s. l. áratuga, því að yfirleitt hefur skattbyrði beinna skatta og hluti beinna skatta í ríkistekjunum farið stöðugt minnkandi þangað til á árinu í ár, þegar skattheimta í formi beinna skatta hefur verið mjög aukin. Auðvitað er ljóst hver er ástæðan fyrir því. Ástæðan er þær tímabundnu aðgerðir sem gripið var til í septembermánuði og aftur nú við afgreiðslu fjárl., þar sem tekna var aflað með beinum sköttum t. d. til þess að greiða niður vöruverð til almennings. Hvers vegna var tekna frekar aflað með beinni skattheimtu heldur en óbeinni til þessara þarfa? Það var ekki vegna þess að það væri talin réttlátari skattheimta, heldur er sú einfalda skýring að beinir skattar eru ekki í vísitölu og aukning á beinni skattheimtu mælist því ekki til hækkunar á vísitölu, en þær vörur, sem niður voru greiddar, voru í vísitölu og auknar niðurgreiðslur færðu vísitöluna neðar þannig að þarna var um að ræða skammhlaup í kerfinu, ef svo má segja. Með því að hækka beina skatta var hægt að auka tekjur ríkissjóðs og rýra að sama skapi ráðstöfunartekjur heimilanna án þess að það hefði nein áhrif á vísitöluna sem ýmsir binda trúss sitt við, og þá gafst ráðrúm til þess að greiða niður vörur sem í vísitölunni voru, þannig að það virtist vera um að ræða mjög verulegar kjarabætur, sem e. t. v. hafa verið hjá einhverjum þó að það hafi ekki komið við þjóðina í heild.

Ég er hérna með fyrir framan mig töflur um skattbyrði beinna skatta á hverju ári frá árinu 1964 til ársins 1979, og það er mjög athyglisvert að það er aðeins tvisvar á þessu tímabili sem byrði beinna skatta tekur mjög verulegt stökk upp á við. Það er á árunum 1971—1972 þegar skattbyrði beinna skatta hoppaði úr 17% af tekjum fyrra árs upp í 20.2%, sem þýðir það að á árunum 1971—1972 eru tekjuskattar á landslýð stórhækkaðir, og síðan aftur á árunum 1978—1979 þegar byrði beinna skatta hrekkur úr 15.7% upp í tæplega 20%. Þá kemur aftur óvænt sveifla í þessa skattbyrði hinna beinu skatta sem stingur mjög í stúf við þá þróun sem yfirleitt hefur verið á þessu tímabili, sem hefur verið þannig að skattbyrði beinna skatta hefur að mestu staðið í stað, en þó heldur farið lækkandi, nema á þessum tveimur árum þegar verður stefnubreyting, fyrst árið 1971, þegar skattbyrði beinna skatta vex mjög verulega, og síðan aftur árin 1978—1979, þegar skattbyrði beinna skatta vex hvorki meira né minna en úr 15.7% af tekjum gjaldárs, upp í tæplega 20%. Þetta segir auðvitað sína sögu og ég ætla ekki að fara að rekja neitt frekar hver hún er, en treysti þm. til að geta sjálfir dregið nokkurn lærdóm af þeim tölum sem ég hef farið með.

Þingflokkur Alþfl. hefur allar götur síðan 1973 flutt tillögur um grundvallarbreytingu á skattkerfi ríkisins og flokksþing Alþfl. hefur markað flokknum þá stefnu. Snemma á árinu 1976—1977 flutti þingflokkurinn ítarlega till. um þessi efni. Í þeirri till., sem nú er flutt, er fram flutt sama stefna og Alþfl. hefur haft, en gert ráð fyrir að afnámi tekjuskatts af venjulegum launatekjum verði hrundið í framkvæmd samtímis því að söluskatti verði breytt í virðisaukaskatt og að það skuli eiga sér stað 1. jan. 1980. Það hefur verið yfirlýst stefna stjórnvalda á undanförnum árum, hverrar ríkisstj. á fætur annarri, að stefna að því að breyta söluskatti í virðisaukaskatt, eins og gert hefur verið í flestum nálægum löndum. Virðisaukaskattur er réttlátara innheimtuform en söluskattur sem innheimtur er þegar varan fer á lokastigi frá söluaðila til neytanda, og virðisaukaskatturinn innheimtist auk þess miklu betur, m. a. vegna þess að hann er mun lægri prósenta og safnast upp eftir því sem verðmæti vörunnar vex, eins og nafnið á skattinum bendir til. Mikill undirbúningur hefur þegar farið fram að breytingu söluskatts í virðisaukaskatt og er ástæðulaust að framkvæmdin dragist öllu lengur, því að lengi hefur mál þetta verið á ákvörðunarstigi og hvað undirbúning snertir þarf hann ekki öllu frekari að vera. Hér er aðeins um málefni að ræða sem er komið á ákvörðunarstig og er hægt að hrinda í framkvæmd ef pólitískur vilji er fyrir því á Alþ. og í ríkisstj.

Eins og ég benti á, hafa tekjur ríkissjóðs af tekjuskattinum á undanförnum árum ekki numið nema um 10% af heildartekjum ríkisins. Innheimta þessa tíunda hluta ríkisteknanna hefur hins vegar verið ákaflega kostnaðarsöm og veldur launafólki geysilegri fyrirhöfn

auk ranglætisins sem siglt hefur í kjölfar þessarar skattheimtu. En ríkissjóður þarf að sjálfsögðu að fá bættar þær tekjur sem hann missir við þá kerfisbreytingu sem till. gerir ráð fyrir. Þetta getur orðið á eftirfarandi hátt: Í fyrsta lagi að útgjaldakerfi ríkisins verði endurskoðað í því skyni að koma á auknum sparnaði, en það er þegar nauðsynlegt af öðrum ástæðum. Í því sambandi vek ég t. d. athygli á þáltill. sem lögð hefur verið fram mjög nýverið frá einum af þm.Sjálfstfl. um núllgrunnsáætlanagerð, sem ýmsir hafa tekið upp með góðum árangri og ég tel rétt að athugað verði hvort ekki beri að taka upp varðandi útgjöld ríkisins. Í öðru lagi mundi kostnaður ríkisins af innheimtu tekjuskatts stórlækka. Í þriðja lagi hefði ríkissjóður áfram tekjur af tekjuskatti af atvinnurekstri og af hæstu tekjum einstaklinga. Í fjórða lagi mundu breyttar reglur um afskriftir, vaxtafrádrátt og söluhagnað auka tekjur ríkissjóðs. Í fimmta lagi mundu verkefni skattstofanna vegna afnáms tekjuskatts af venjulegum launatekjum minnka verulega þannig að þær gætu í auknum mæli snúið sér að bættu eftirliti með framtölum þeirra sem greiða virðisaukaskatt, tekjuskatt og eignarskatt. Í því sambandi er vert að minnast á að flestallt starfslið skattstofanna er ekki sérmenntað fólk á bókhaldssviði. Meginhlutinn af þessu starfsliði hefur þeim störfum að gegna að skoða tekjuskattsframtöl almenns launafólks svo og að eltast við 5 eða 10 þús. kr. mistök í framtölum og leita uppi slík afglöp, ef afglöp mega kallast. Oft er það frekar gleymska en vilji til þess að skjóta undan skatti. Þetta er meginþátturinn í starfsemi skattstofanna og eru mörg dæmi um að skattstofuembættismenn og starfsmenn skattstofa hafi lítið annað við að fást en þessi verkefni. Til skamms tíma var það þannig hjá skattyfirvöldum, að aðeins örfáir menn, 1, 2 eða 3, höfðu nægilega menntun og kunnáttu til þess að snúa sér að eftirliti með t. d. söluskattsheimtu, en starf þeirra leiddi þó í ljós að þar var pottur mjög víða brotinn. Með tæplega mánaðarvinnu eins af þessum mönnum fyrir u. þ. b. tveimur árum kom t.d. í ljós hjá tilteknum fyrirtækjum hér í Reykjavík, að mjög verulega skorti á söluskattsskil frá þeim, svo nam um fimm tugum millj. hjá hverju fyrirtæki, en þau voru, að mig minnir, 4 eða 5. Þetta er gott dæmi um hvar potturinn er brotinn í skattheimtu okkar. Skattsvikin, ef skattsvik má kalla í þessu sambandi, eru ekki fyrst og femst hjá launafólki sem gleymir eða vanrækir að telja fram 5, 10 eða 15 þús. kr. á skattframtali sínu, heldur er það grunur minn, sem hefur verið staðfestur með dæmum, að miklu meiri brögð séu að því að söluskatti sé haldið undan, að þar sé svindlið, ef svindl má kallast. Þess vegna skýtur það nokkuð skökku við, að meginhlutinn af starfsliði skattstofa skuli snúa sér að því verkefni að leita uppi í tekjuskattsframtölum einstaklinga hvort ekki hafi gleymst 5 eða 10 þús. kr. hér eða þar, þegar allir vita og viðurkenna að svindlið í skattamálum okkar stafar ekki af slíku, heldur er hætt við að það séu margfaldar þær upphæðir sem með þessum hlutum má finna út, sem finna mætti t. d. í söluskattsskilum fyrirtækja og einstaklinga.

Mestu máli skiptir þó í sambandi við það að bæta ríkissjóði það tekjutap, sem hann yrði fyrir ef tekjuskattur á öðrum tekjum en hæstu tekjum verði felldur niður, að öruggt er talið að virðisaukaskatturinn innheimtist miklu betur en söluskattur. Í Noregi er t. d. gengið út frá því sem reglu að innheimta söluskatts sem á er lagður með sama hætti og gert er hér á landi. Enn skortir þó nokkuð á að virðisaukaskattur í Noregi innheimtist að fullu. Norsk skattayfirvöld ganga sem sé út frá því að fenginni reynslu, að jafnhár virðisaukaskattur skili sér 10% betur til ríkisins en söluskattur, einfaldlega vegna þess að innheimta virðisaukaskatts skili betri árangri en innheimta söluskatts. Tekjur af söluskatti á Íslandi í fyrra voru 34 milljarðar kr. Hækkun þeirra tekna um 10—15% nemur 3.5—5 milljörðum kr. Brúttótekjur af tekjuskatti í fyrra námu 10 milljörðum rösklega, en þar af gengu 4 milljarðar til barnabóta og til afsláttar af útsvari svo að nettótekjur af tekjuskatti námu aðeins 6.5 milljörðum kr. Hins vegar greiddi ríkissjóður til einstaklinga vegna barnabóta og til sveitarfélaga vegna útsvara rúman milljarð kr. Með því að taka virðisaukaskatt upp í stað söluskatts og gera ráð fyrir að hann innheimtist betur eftir breytinguna, eins og reynsla Norðmanna hefur leitt í ljós, auk þess sem gera ætti átak til að bæta innheimtuna, ætti virðisaukaskatturinn ekki að þurfa að hækka sem neinu næmi umfram það sem söluskattur er nú, þegar jafnframt er haft í huga, að af atvinnurekstri og hæstu tekjum yrði áfram greiddur tekjuskattur auk þess sem kostnaður ríkisins af tekjuskattsinnheimtu mundi stórlækka, en breyttar reglur um afskriftir, vaxtafrádrátt og söluhagnað mundu skila ríkissjóði auknum tekjum.

Það er því alveg ljóst, að með þessari kerfisbreytingu á söluskattinum, að taka hann upp í formi virðisaukaskatts í stað söluskatts, skapast svigrúm sem nemur hér um bil sömu upphæð og álagður tekjuskattur einstaklinga nemur undir eðlilegum kringumstæðum, þannig að með þessari kerfisbreytingu einni saman er því sem næst hægt að ná í tekjuauka þeirri fjárhæð er nægir til þess að hægt sé að fella niður tekjuskattinn á lægri tekjum.

Um þá skattkerfisbreytingu, sem þessi tillaga fjallar um, og fjárhagshlið hennar er almennt þetta að segja.

Álagning beinna skatta er að mörgu leyti ranglát, auk þess sem hún er afar dýr í framkvæmd. En eins og ég lýsti áðan starfar mestallt starfslið skattstofa að því að fylgjast með álagningu beinna skatta og framkvæmd innheimtu. Álagningarkerfið er auk þess orðið óeðlilega flókið og veitir skilyrði til margháttaðra undanbragða undan réttlátri skattgreiðslu, bæði löglegra og ólöglegra. Hlutfall tekjuskatts af tekjum launþega er t. d. nú orðið það hátt að almennir launþegar eru farnir að greiða mjög verulegan hluta tekna sinna í beinan skatt. Samtímis verða þeir vitni að því, að fyrirtæki, sem hafa gífurleg umsvif, greiða litla eða enga tekjuskatta og útsvör vegna rekstrar síns. Þessi óhóflega skattheimta tekjuskatts er í mörgum tilvikum orðin og verður í æ fleiri tilvikum fjötur á framtakssemi einstaklinga og vinnuvilja og getur því orðið hemill á heilbrigðan og eðlilegan vöxt þjóðartekna. T. d. þekki ég mjög mörg dæmi þess úr mínu kjördæmi, þar sem atvinna er mikil og tekjur geta oft verið miklar vegna mikillar atvinnu, að fólk er farið vegna skattbyrðarinnar, sérstaklega eftir síðustu skattahækkanir, að neita því að bjarga verðmætum frá skemmdum vegna þess að meginhlutinn af því fé, sem það fær í sinn hlut fyrir langan og erfiðan vinnudag, gengur til ríkisins í formi tekjuskatts. Auðvitað segir það sig sjálft, að þegar svo er komið að skattheimta er beinlínis orðin fjötur á vinnuvilja, þá er nokkuð langt gengið, þó að ég skuli verða síðastur manna til að halda því fram að það sé æskilegt út af fyrir sig að vinna sé eins mikil og vinnudagur eins langur og hann er víða á Vestfjörðum og á ýmsum öðrum stöðum á

landinu. Það á hins vegar ekki beinlínis að beita skattheimtu til þess að draga úr slíku, vegna þess að afleiðingarnar verða þær að annaðhvort skemmast þau verðmæti, sem reynt er að bjarga með slíkri vinnu, eða það verður að flytja að vinnuafl til þess, eins og mjög harðlega hefur verið gagnrýnt, m. a. úr ræðustól hér á Alþingi.

Gallar mjög víðtæks og flókins tekjuskattskerfis með mjög háum skattstigum er ekki einungis orðið vandamál á Íslandi, heldur einnig í nálægum löndum þar sem um er að ræða víðtæka og vaxandi gagnrýni á slíka skattheimtu. Þegar vitað er að um eða yfir helmingur viðbótartekna venjulegs launþega fer til greiðslu skatta af tekjum getur ekki hjá því farið, að það hafi lamandi áhrif á framtakssemi og vinnuvilja, svo ekki sé talað um þýðingu þess við hvers konar kjarasamninga. Þegar stighækkandi tekjuskattur var upphaflega lögfestur hér og annars staðar var hann eitt helsta tækið sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur manna og aðstöðu í þjóðfélaginu. Síðan hafa fjölmargir aðrir möguleikar komið til skjalanna til að ná tekjujöfnunarmarkmiðinu. Margir af þessum tekjujöfnunarmöguleikum eru miklu mikilvægari og mikilvirkari en tekjuskatturinn hefur nokkurn tíma verið eða getur nokkurn tíma orðið. Ber þar t. d. að nefna almannatryggingakerfið, en einnig ókeypis og ódýra þjónustu af hálfu hins opinbera á fjölmörgum sviðum, svo sem á sviði heilbrigðis- og skólamála. Jafnframt má nefna margs konar niðurgreiðslu á neysluvörum almennings og nú á síðari árum tryggingu lágmarkstekna og neikvæðan tekjuskatt. Er óhætt að fullyrða að álagning stighækkandi tekjuskatts hafi minni áhrif til tekjujöfnunar hér á landi en almannatryggingakerfið, ókeypis menntunarskilyrði og niðurgreiðslur, enda er vitað að það er ekki nema lítill hluti þjóðarinnar tiltölulega sem greiðir réttlátan hluta af raunverulegum tekjum sínum með tekjuskatti til ríkisins. Allt of stór hluti þjóðfélagsþegnanna ber úr býtum tekjur sem sá hluti þjóðfélagsþegnanna þarf engin gjöld að greiða af til ríkisins, og eru fjölmörg dæmi um þetta úr öllum byggðum, úr öllum sveitarfélögum þessa lands.

Tekjuskattskerfið er því orðið lamandi afl í þjóðfélaginu. Auk þess er það ranglátt, þar eð reynslan hefur sýnt, eins og ég sagði áðan, að fjölmargir aðilar koma sér undan að greiða þá skatta sem þeim ber skv. skattakerfinu, bæði með því að hagnýta heimildir laganna til frádráttar með vafasömum hætti og með beinum undandrætti tekna. Auk þess er tekjuskattsálagningin orðin svo flókin að það er ekki gerlegt fyrir venjulegan launamann sem þó gæti e. t. v. talið fram sjálfur, að gera sér grein fyrir því, þegar hann hefur lokið að ganga frá framtali sínu, hvaða gjöld muni verða lögð á hann, hve hár tekjuskattur muni verða lagður á hann. Það er að sjálfsögðu mjög óæskilegt og raunar óþarft að hafa skattlagningu svo flókna að hún sé illskiljanleg venjulegu fólki þannig að það sé ekki nema fyrir sérfræðimenntaða menn að komast að niðurstöðu um hvaða skattur verði á lagður skv. framtölum venjulegs launafólks.

Þegar óbeinn skattur, eins og virðisaukaskatturinn er, er greiddur, ræður skattgreiðandinn miklu meira um það sjálfur, hve mikið hann greiðir, með því að ákveða hvað og hversu mikið hann kaupir umfram nauðþurftir. Virðisaukaskattur hvetur því til sparnaðar í miklu ríkara mæli en stighækkandi tekjuskattur gerir, vegna þess m. a. að almennt er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur skili sér mun betur í ríkissjóð en söluskattur, enda hefur reynslan staðfest það erlendis. Auk þess sem innheimta hans er miklu einfaldari og ódýrari en tekjuskatts bendir allt til þess, að hægt sé að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum án nokkurrar teljandi hækkunar á þeim óbeina skatti sem innheimtur hefur verið sem söluskattur, en hér er lagt til að innheimtur verði sem virðisaukaskattur frá ársbyrjun 1980.

Eins og fram hefur komið hefur þingflokkur Alþfl. í framhaldi af stefnumörkun flokksins í skattamálum flutt á Alþ. undanfarin 7 ár till. um skattalagabreytingar eins og þær sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir. Till. þessar hafa ekki fengist samþ., en engu að síður hafa þær haft mjög mikil áhrif á umr. um stefnu í skattamálum. Við síðustu endurskoðun skattalaga var t. d. nokkurt tillit tekið til sumra þátta í stefnu Alþfl., en þó aðeins að nokkru leyti. Miklu meiri áhrif hafa till. Alþfl. hins vegar haft á alla skattamálaumræðu á almennum vettvangi, og stöðugt fleiri menn úr öllum flokkum og utan flokka hafa snúið til liðs við sjónarmið Alþfl. í skattamálum.

Eins og fram kemur í samstarfsyfirlýsingu núv. ríkisstj. er gert ráð fyrir að hún verði endurskoðuð þegar á árinu 1979. Eitt af meginatriðum í þeirri endurskoðun þarf að áliti Alþfl. að vera gagnger uppskurður á skattakerfinu með þá skattkerfisbreytingu að leiðarljósi, sem ráð er fyrir gert í þáltill. þessari. Sérstök n. stjórnarflokkanna vinnur nú auk þess að endurskoðun skattalaga og hefur þegar skilað af sér fyrstu till. sem miðuðust við bráðabirgða- og tímabundnar úrlausnir á þeim efnahagsvanda, sem við er að etja, fremur en þá gagngeru uppstokkun á skattakerfinu sem við Alþfl.-menn óskum að stefnt verði að. Við teljum rétt og eðlilegt að Alþ. láti nú í ljós vilja sinn um það, í hvaða átt sú endurskoðun á skattamálum eigi að beinast sem fram fer á vegum stjórnarflokkanna um þessar mundir. Till. sú, sem hér er flutt, efni hennar, hefur margoft komið til umr. hér á Alþ. og fengið gagngera skoðun. Ég tel því, þrátt fyrir að margvíslegar tafir hafi orðið á leið till. þessarar, að unnt eigi að vera, að afgreiða hana á þessu þingi, annaðhvort jákvætt eða þá neikvætt, ef Alþ. treystir sér ekki til eða telur ekki rétt að ganga á þá braut sem Alþfl. hefur bent á í sambandi við skattamál.

Herra forseti. Ég hef þetta ekki lengra að sinni, en geri að till. minni að að lokinni umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Forseti (Gils Guðmundsson): Vegna ummæla hv. 4. þm. Vestf. í upphafi máls hans um það, að miklar tafir hafi orðið á því að þessi þáltill. hafi verið tekin til umr., þá skal ég viðurkenna að svo er, eins og um fleiri mál í Sþ. á þessum vetri, og biðst velviríðingar á því að svo miklu leyti sem þar er við mig að sakast. Og það má segja að það sé að því leyti til, að ég hef e. t. v. tekið of mikið tillit til óska ýmissa hv. þm., bæði í sambandi við þessa þáltill. og aðrar, að taka mál ekki fyrir þegar viðkomandi þm. hafa verið fjarverandi.

Annars er það óneitanlega mikið áhyggjuefni hversu fjarvistir eru miklar þegar um það er að ræða að mæla fyrir þáltill. í Sþ. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú við það fámenni sem hér er, en mun gera það fljótlega þegar væntanlega verður hægt að ná til fleiri hv. alþm.

Þó vil ég aðeins geta þess í þessu sambandi, að ég lét kanna það nú klukkan rúmlega fimm, að af flm. 22 þingmála, sem eru á dagskrá þessa þingfundar, virtist svo

sem 15 flm. væru ekki í þinghúsinu, en þá voru hér aðeins 16 hv. alþm.

Ég verð að segja það, að mér þykir þetta mjög miður farið, og óneitanlega er það umhugsunar- og áhyggjuefni, að þetta er þriðji fundur Sþ. í röð þar sem svo virðist sem ekki verði hægt að nota tímann fram að kvöldmat til þess að taka fyrir þáltill. sem sumar hafa beðið lengi vegna fjarvista hv. flm. Hér þarf að breyta um.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta atriði nú, en mun gera það þegar fleiri hv. alþm. hlýða á mál mitt.

Jón Helgason: Herra forseti. Hér er til umr. þáltill. um skattamál, og enda þótt það sé rétt, eins og hv. frsm. sagði, að það hafi orðið miklar umr. um þau, og hann hafi flutt hér langt mál, þá ætla ég ekki að vera fjölorður um það, en vil aðeins koma fram hér með örfá atriði í sambandi við þau.

Það hefur oft verið talað um þörf á endurskoðun skattalaga. Þær eru hins vegar orðnar alltíðar breytingarnar á skattalögunum, þannig að ég held að það sé ekki beinlínis hægt að kvarta undan því, að þeim sé sjaldan breytt. Á s. l. ári voru samþ. ný skattalög sem fólu í sér mjög miklar breytingar frá þeim lögum, sem gilt hafa, og þessi lög eiga að taka gildi nú um næstu áramót — eða tóku gildi, réttara sagt, um s. l. áramót, en á síðan að leggja á skv. þeim á næsta ári.

Við endurskoðun þessara skattalaga, eins og sjálfsagt allar endurskoðanir, hefur verið reynt að hafa í huga a. m. k. tvennt og sjálfsagt fleira: Annað er að reyna að gera þau einföld ef hægt væri, — menn tala mjög um að einfalda skattalög svo auðvelt sé að skilja þau, — og hins vegar að gera þau réttlát. En þegar farið er að skoða þetta tvennt vill það gjarnan rekast á, því að um leið og farið er að reyna að uppfylla réttlætið fara reglurnar að verða heldur flóknar.

Eins og ég sagði voru í þessum lögum, margvísleg nýmæli og breytingar og einmitt sumar af þeim sem fjallað er um í þessari þáltill. Þar er t. d. tekið upp að hvort hjóna um sig verður sjálfstæður framteljandi, eins og gert er ráð fyrir í 3. tölul. þessarar þáltill. Einnig er reglum um afskriftir mjög mikið breytt, meira breytt en menn hafa að líkindum gert sér margir hverjir grein fyrir, þannig að það á eftir að hafa mjög róttækar afleiðingar. Þessi lög voru samþ. hér á Alþ. — ég held nærri samhljóða eða alveg, þannig að það var mjög mikil samstaða um afgreiðslu þeirra. Hins vegar þarf, áður en farið er að leggja á eftir þeim, að gera nokkrar breytingar á þeim og viðbætur. Sérstaklega er það að í fyrra, þegar frv. var lagt fram, var samhliða lagt fram frv. um staðgreiðslukerfi skatta sem ekki var afgreitt og hefur ekki verið lagt fram á þessu þingi, og þá þarf vitanlega að gera ráð fyrir einhverri annarri innheimtuaðferð skv. hinum nýjum lögum. Enn fremur held ég að það þurfi að reyna að einfalda þessar afskriftareglur, sem ég var að tala um, til þess að gera þær auðskiljanlegri. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um það.

Í þessari þáltill. er einnig talað um að taka upp virðisaukaskatt. Á sama hátt og nýju skattalögin eru mikil breyting, þá held ég að það yrði enn þá meiri breyting frá því formi sem nú er með söluskatti. Greiðendur virðisaukaskatts yrðu miklu fleiri en greiðendur söluskatts. Þess vegna finnst mér ákaflega hæpið að það sé einfaldara. Ég tek sem dæmi, að ef það væri ekki sérstaklega undanþegið, þá yrðu allir bændur greiðendur virðisaukaskatts, þannig að það er auðséð að þarna yrði um gífurlega fjölgun að ræða. Það eru eitt af grundvallaratriðum í sambandi við virðisaukaskatt, að engar undanþágur leyfist þar. Þá yrði að snúa frá þeirri braut sem hefur verið farið inn á nokkuð í vaxandi mæli síðustu árin, að undanþiggja helstu nauðsynjavörur söluskatti. Þá mundi virðisaukaskattur verða að leggjast á allar vörur. Þarna er, held ég, um mjög vandasamt mál að ræða sem þarf að skoða rækilega áður en út í það er lagt, til þess að menn geri sér vel grein fyrir hvernig það muni reynast í framkvæmd. Ég skal svo ekki að sinni tefja umr. um þetta frekar hér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Könnun á þætti landbúnaðarframleiðslu í atvinnulífi, þáltill. (þskj. 329). Ein umr.

Flm (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 329 hef ég ásamt Vilhjálmi Hjálmarssyni leyft mér að flytja till. til þál. um könnun á þætti landbúnaðarframleiðslu í atvinnulífi þjóðarinnar. Með till. er lagt til að Alþ. skori á ríkisstj. að láta kanna hvað stór hluti þjóðarinnar hefur atvinnu af framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða og þjónustu í sambandi við hana, enn fremur hvaða áhrif hugsanlegur samdráttur í búvöruframleiðslu hefði á atvinnulífið og þá sérstaklega á þá miklu möguleika til vaxandi ullar- og skinnaiðnaðar sem komið hafa í ljós á síðustu árum.

Það er ljóst að hér er um margþætt og umfangsmikið verkefni að ræða. Þörfin á að slík úttekt fari fram hefur oft komið til umr. á undanförnum árum hjá Stéttarsambandi bænda og víðar, t. d. hjá Fjórðungssambandi Norðurlands. En þeir aðilar hafa ekki haft aðstöðu til að vinna að þessu verki. Reynt hefur þó verið að gera lauslegar áætlanir um hvað margir aðrir en bændur hafa atvinnu sem byggist á einhvern hátt á búvöruframleiðslu. Sums staðar er þetta augljóst, t. d. í héruðum þar sem allir hafa atvinnu sína beint eða óbeint af henni. Annars staðar er þetta miklu flóknara mál. Þó ætti að vera hægt að gera sér nokkra grein fyrir þessu eftir þeim gögnum sem fyrir hendi eru hjá Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og fleiri opinberum aðilum. Í till. er því lögð áhersla á að þessi gögn verði notuð til að gera fyrstu áætlun um þetta, enda þótt síðan verði haldið áfram að afla ítarlegri gagna. Ástæðan fyrir því, að svo mikil áhersla er lögð á að fá sem fyrst fram áætlun um það, er það ástand, sem nú ríkir í markaðsmálum landbúnaðarins, og sú þörf sem talin er á að draga úr landbúnaðarframleiðslunni.

Það munu að vísu fáir draga í efa að við ríkjandi markaðsaðstæður er enginn grundvöllur fyrir ört vaxandi mjólkurframleiðslu síðustu ára, enda möguleiki á að draga nokkuð úr henni með fækkun arðminnstu gripanna og lækkun á framleiðslukostnaði hvers bús, með minni fóðursbætisnotkun og annarri hagræðingu sem til greina kemur, þannig að það hafi sem minnsta launalækkun í för með sér fyrir bóndann, enda nægði t. d. að mjólkurframleiðslan kæmist í svipað horf og hún var fyrir þremur árum. Samt sem áður þarf að athuga vel hversu víðtæk áhrif slíkur samdráttur, þó ekki væri meiri en þetta, hefði í för með sér.

Viðhorfið er nokkuð annað í sauðfjárrækt, þar sem

óhagkvæm þróun á erlendum mörkuðum síðustu árin á stærstan þátt í erfiðleikunum nú og samdráttur að því marki að kjötframleiðslan miðist aðeins við innanlandsmarkað hefði gífurlega röskun í för með sér og virðist alls ekki koma til greina. Til þess að gera sér sem besta grein fyrir þessu teljum við flm. þessarar þáltill. nauðsynlegt að gera glöggt yfirlit um áhrif landbúnaðarins á atvinnulífið í hverju héraði og landinu í heild, að kortleggja það, ef svo má að orði kveða, þannig að hægt sé með öruggri vissu að segja fyrir um það, hversu víðtækar afleiðingar það hefur ef framleiðslan minnkar eða bændum fækkar. Það er sannfæring okkar, að þá muni koma í ljós að það er raunverulega nokkuð stór hluti þjóðarinnar sem nýtur þess fjármagns sem nú er talað um að renni til landbúnaðarins. Þá væri hægt að gera beinan samanburð á þessu fjármagni og þeim kostnaði sem það hefði í för með sér að flytja fólk til, byggja yfir það og útvega því nýja atvinnu, ef það yrði að hverfa frá fyrri störfum.

Hér hefur aðeins verið minnst á fjárhagslega hlið þessa máls. En flestir viðurkenna að landbúnaður hefur meira gildi fyrir þjóðina en aðeins að framleiða kjöt og mjólk, hann er slíkt lífakkeri að með hruni hans stefndi þjóðin út í beinan voða. Það þarf því að líta á þetta mál frá öllum hliðum þegar verið er að fella dóma, enda þótt í þessari till. sé aðeins fjallað um þá fjárhagslegu. Það er sannfæring okkar flm., að hún ein nægi til að rökstyðja fjárveitingarnar til landbúnaðarins. Með þeim orðum vil ég ekki draga úr skyldu bænda að haga framleiðslu sinni í samræmi við markaðsaðstæður eins og frekast er kostur. Sú skylda hvílir vitanlega á þeim og styður kröfur þeirra um skilning og velvilja frá þjóðarheildinni.

Ég vil svo leggja til að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr). frestað.

Endurskoðun laga um almannatryggingar, þáltill. (þskj. 371). — Ein umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. þm. Páli Pétursyni, Jóni Helgasyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Ingvari Gíslasyni till. til þál. um endurskoðun laga um almannatryggingar og undirbúning löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Tillgr. hljóðar þannig:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að við heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sem gerð verði með það markmið í huga fyrst og fremst, að tryggingalöggjöfin verndi og styðji þá þjóðfélagsþegna, sem þurfa á samfélagsaðstoð að halda hverju sinni. Verði m. a. sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi atriða:

a) Auk lífeyristrygginga, er taki til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, ekkjubóta og ekkjulífeyris, slysatrygginga, sjúkratrygginga og annarra bóta, verði í löggjöfina sett skýr ákvæði um að almannatryggingar annist fyrirgreiðslur til lamaðra og fatlaðra, hreyfihamlaðra, blindra og heyrnarskertra, málhaltra, þroskaheftra, ofnæmissjúklinga og annarra þeirra er eiga við erfiða sjúkdóma að stríða, útvegi og greiði nauðsynleg hjálpartæki og áhöld fyrir þetta fólk, greiddur verði að fullu kostnaður vegna sjúkrameðferðar, þar með talinn allur kostnaður vegna læknismeðferðar hjá erlendum sérfræðingum og sjúkrastofnunum.
b) Almannatryggingar greiði afnotagjöld af síma, útvarpi og sjónvarpi fyrir þá þjóðfélagsþegna, sem engar tekjur hafa aðrar en lífeyrisbætur tryggingakerfisins.
c) Fæðingarorlof greiðist af almannatryggingum til allra fæðandi kvenna í landinu, hvort sem þær eru útivinnandi eða við heimilisstörf.
d) Sett verði löggjöf um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn."

Frá því að heildarlöggjöf um almannatryggingar var lögfest 1971 hafa verið gerðar margvíslegar breyt. á lögunum á hverju ári frá gildistöku. Allar þessar breyt. hafa miðað að því að bæta tryggingakerfið í vissum þáttum, en heildarendurskoðun, ekki síst miðað við breyttar þjóðfélagsaðstæður og ný vandamál, hefur ekki farið fram. Þess vegna teljum við flm. þessarar þáltill., að ekki megi draga lengur að hefja þessa endurskoðun, og viljum um leið benda á mörg vandamál þjóðfélagsþegnanna sem eiga heima í almannatryggingum. Við teljum að tryggingalöggjöfin eigi að vera þannig gerð, að hún veiti ekki aðeins fullkomið öryggi fólks á vissu aldurskeiði, heldur ekki síður vernd og afgerandi stuðning við alla þjóðfélagsþegna sem þurfa á samfélagsaðstoð að halda hverju sinni.

Við Íslendingar erum taldir stolt þjóð, viljum telja okkur til gildis að lífskjör okkar sem þjóðar séu með því besta sem gerist, svo og þjóðartekjur miðað við íbúa. Vissulega viljum við stefna að því markmiði, að við og niðjar okkar getum búið við afkomuöryggi sem frjáls og fullvalda þjóð. Kapphlaupið um lífsgæðin er sjálfsagt óskráð lögmál í hinum frjálsa heimi. En vill ekki oft gleymast, að ekki hafa allir þjóðfélagsþegnar jafnan rétt eða möguleika til að fylgjast með eða njóta lífsgæðanna? Það gleymist býsna oft, að ótalinn fjöldi meðbræðra og systra hefur af ýmsum ástæðum orðið fyrir áföllum sem skert hafa orku þeirra og getu til þátttöku í daglega lífinu og þannig útilokað frá eðlilegum samskiptum í þjóðfélaginu á mörgum sviðum.

Þetta á að sjálfsögðu við hvar sem er í heiminum. Við Íslendingar erum fámenn þjóð, þar sem segja má að allir þekki alla, og erum efnalega vel settir. Það ætti því að vera metnaður okkar og auðvelt fyrir okkur að sjá til þess, að þeir meðbræður og systur, sem hafa orðið fyrir áföllum í lífinu, fái eins góða meðhöndlun og samfélagslega hjálp og frekast er hægt að veita í nútímaþjóðfélagi. Það á virkt almannatryggingakerfi að gera. Við höfum fyrirferðarmikið tryggingakerfi og heilbrigðisþjónustu sem nemur yfir 40% af ársútgjöldum ríkis og sveitarfélaga. En því miður vantar stórlega á að þetta mikilvæga kerfi nái yfir það svið að aðstoða nægjanlega hinn mikla fjölda landsmanna sem eru öryrkjar, hreyfihamlaðir, blindir, heyrnarskertir, málhaltir, þroskaheftir, ellihrumir eða þjást af ýmsum alvarlegum sjúkdómum. Við rekumst daglega á þetta vandamál. Á þessu verður að ráða bót. Þess vegna má ekki draga lengur að endurskoða lög um almannatryggingar og aðlaga þau því hlutverki að vernda og styðja alla þá er verða fyrir áföllum og þurfa á samfélagshjálp að halda og þess sé gætt að sú aðstoð og hjálp komi að fullum notum og veiti öryggi til handa þessu fólki.

Við leggjum mikla áherslu á það atriði, að almanna-

tryggingar taki til allra þarfa þessa fólks svo það þurfi ekki að leita annað, t. d. sjái almannatryggingar um innkaup á öllum hjálpartækjum og áhöldum fyrir hreyfihamlaða og öryrkja, kennslubókum og tækjum fyrir blinda og málhalta. Sömuleiðis verði tryggilega fyrir því séð í lögum, að öll sjúkrameðferð og endurþjálfun sé greidd að fullu, þar með talið þegar um er að ræða sjúklinga sem sendir eru á sjúkrahús til erlendra sérfræðinga, þar með talinn allur ferðakostnaður.

Ég sagði áðan að núverandi virkni almannatrygginga væri of þung og seinvirk í mörgum tilfellum. Það vantar manneskjulega þáttinn í kerfið. Tökum dæmi: Eiginmaður fellur frá af slysförum, drukknar, ferst með skipi sem hverfur, leit ber ekki árangur. Ekkjan, e. t. v. með börn í ómegð, fær ekki greiddar bætur strax. Það kemur ekki til mála. Fyrst verður að sanna, jafnvel með málþófi og bíða eftir opinberum úrskurði, að maðurinn sé raunverulega dáinn. Tíminn, sem í þetta fer, getur tekið marga mánuði. Á meðan fær ekkjan engar bætur, sem oft veldur sársauka og efnahagslegum áhyggjum ofan á ástvinamissi. Almannatryggingakerfi okkar má ekki vera svona seinvirkt. Þessu þarf að breyta.

Það væri hægt að tilgreina í löngu máli óteljandi dæmi um hversu mjög skortir á að almannatryggingakerfi okkar fullnægi þörfum hins mikla fjölda landsmanna sem hafa orðið fyrir áföllum eða hafa skerta möguleika í einu eða öðru formi. Mitt mat er það, að tryggingakerfi okkar sé ranglega uppbyggt að því leyti til, að þeir, sem raunverulega þurfa á samfélagslegri aðstoð að halda, fái allt of lítið, en aðrir, sem eru efnalega vel settir, í mörgum tilfellum of mikið.

Eru nokkur skynsamleg rök fyrir því, að ekki sé til fjármagn til að láta t. d. blindu fólki í té nauðsynleg hjálpartæki, lestæki, kennslubækur, segulbönd o. fl. til að létta því lífsbaráttuna — eða heyrnarskertum og málhöltum. Við höfum horft of lengi fram hjá þessum vandamálum. Ef okkar þjóðfélag hefði verið með sívakandi augu og skilning á samhjálp þyrfti ekki sífellt að vera að tala um skort á fjármagni í þessum málum.

Það er skylda í lýðfrjálsu landi að tryggja almenn mannréttindi, að allir þegnar þjóðfélagsins eigi möguleika að almennum lífsgæðum. Það er þegar upplýst að hægt er með nútímaþekkingu að gera þær úrbætur að meiri hluti fólks, sem er öryrkjar, hreyfihamlað, blint, heyrnarskert, málhalt, þroskaheft, getur fengið þá meðferð í velferðarþjóðfélagi að það fái tækifæri til að lifa eðlilegu lífi og taka í vaxandi mæli þátt í störfum fyrir þjóðfélagið. Almannatryggingakerfi okkar á að stuðla að þessu hlutverki. Til þess verður það að breytast og verða manneskjulegra.

Fatlaður maður, sem misst hefur t. d. fót eða hönd, á ekki það þurfa að koma biðjandi um endurnýjun gervilims, sanna mál sitt með nýjum vottorðum og útfyllingum ótal eyðublaða og spurningslista. Kerfið á að vita allt um manninn, á að vera þannig uppbyggt að fylgst sé með slíkum aðilum og að fyrra bragði sé fylgst með högum hans og haft frumkvæði að því að uppfylla þarfir hans, bæði hvað varðar endurnýjun gervilima og hjálpartækja og eins um efnahagslegt öryggi, t. d. hjálpa til að koma viðkomandi í nauðsynlega þjálfun og vera ráðgefandi um vinnuútvegun. Sem sagt þetta mannlega samband má ekki gleymast.

Málefni þroskaheftra hafa verið talsvert til umræðu að undanförnu og er það vel. Stofnuð hafa verið landssamtök sem vinna að málefnum þroskaheftra, en þroskaheftur er nefndur hver sá sem af þekktum eða óþekktum ástæðum er þannig ástatt um, að hann geti ekki af eigin rammleik náð eðlilegum þroska, andlegum eða líkamlegum, til almennrar þátttöku í samfélaginu.

Engin sérstök lög eru til er tryggja þroskaheftum sömu réttindi og öðrum þjóðfélagsþegnum, þannig að þeim standi til boða bestu möguleikar til þjálfunar og náms, eins og þeir eru á hverjum tíma, eftir hæfileikum hvers og eins, og að þannig sé að þeim búið að þeir falli sem eðlilegast að þjóðfélaginu. Á þessu verður að ráða bót. Þótt margt sé vel gert fyrir þetta fólk í dag vantar samræmingu og stefnu í málin. Þarna eiga almannatryggingar að koma verulega inn í dæmið ásamt opnum skilningi fjárveitingavalds. Hér þarf til að koma löggjöf sem m. a. skipuleggur málin að því er varðar heilbrigðislöggjöfina.

Mér er kunnugt um að fullsamið frv. til l. um að aðstoð við þroskahefta hefur legið á borðum félmrn. síðan í des. s. l. Vil ég nota þetta tækifæri til að skora á hæstv. félmrh. að leggja þetta frv. fyrir Alþ. sem nú situr. Málefnið þolir ekki bið öllu lengur.

Eitt af nauðsynlegustu tækjum og um leið öryggismálum fyrir gamalt fólk, öryrkja og hreyfihamlaða eru sími, útvarp og sjónvarp. Við leggjum eindregið til að almannatryggingar greiði afnotagjald af þessum tækjum fyrir það fólk sem engar tekjur hefur nema lífeyrisbætur tryggingarinna. Þetta á hvergi heima nema í almannatryggingum. Það er alrangt að láta þetta vera mál landssíma, útvarps og sjónvarps. Almannatryggingar eiga að greiða beint til þessara stofnana þessi gjöld fyrir þetta fólk án afskipta hluteigandi. Almannatryggingar eiga að úrskurða hvaða fólk nýtur þessa.

Við flm. leggjum til að almannatryggingar greiði fæðingarorlof til allra fæðandi kvenna í landinu, hvort sem um er að ræða útivinnandi konur eða við heimilisstörf. Eins og öllum er ljóst er mjög mismunandi hvernig að þessu er staðið í okkar þjóðfélagi í dag. Hluti vinnandi kvenna fær fæðingarorlof gegnum stéttarfélög sem greitt er af Atvinnuleysistryggingasjóði, en mikill meiri hluti kvenna fær ekkert fæðingarorlof, enda þótt þær vinni við framleiðslustörf, eins og bændakonur í sveitum landsins svo og heimavinnandi konur. Okkur flm. finnst tími til kominn að tekið verði raunhæft á þessu máli og að allar fæðandi konur í landinu fái sama rétt. Þessar greiðslur eiga að okkar mati að koma frá almannatryggingum, en ekki úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Sá sjóður er myndaður til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og greiða atvinnuleysisbætur ef um atvinnuleysi er að ræða, en fyrst og fremst til að stuðla að atvinnuöryggi. Um fæðingarorlof þarf því að setja sérstök og skýr ákvæði í tryggingalöggjöfina.

Krafa um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn hefur orðið almennari með hverju ári. Löngu er ljóst að fjöldi lífeyrissjóða í landinu hafa ekki möguleika á að tryggja meðlimum sínum öruggan lífeyri og fjöldi landsmanna hefur engin lífeyrissjóðsréttindi. Við flm. teljum eðlilegt að endurskoðun almannatryggingakerfisins spanni yfir þetta verkefni og stuðli að setningu löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Við flm. viljum vænta þess, að endurskoðun almannatryggingakerfisins í heild verði tekin föstum tökum og þau atriði, sem við bendum sérstaklega á, verði

tekin til meðferðar. Við leggjum áherslu á að tryggingalöggjöfin er fyrir fólkið, sem á að njóta hennar, og þess sé ávallt gætt að auðvelda samskiptin og gera þau manneskjulegri. Það er von okkar að endurskoðuð lög um almannatryggingar, sem m. a. feli í sér þær breytingar, sem hér hefur verið bent á, komi til meðferðar á Alþ. sem allra fyrst.

Ég vil að lokinni þessari umr., herra forseti, gera það að till. minni að málinu verði vísað til allshn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Af því að ég hef alltaf litið svo á að það væri heldur hvimleiður siður að tala við sjálfan sig, þá er nú eiginlega brýn nauðsyn að sá hópur, sem hér er inni, láti í sér heyra. Ég vil taka það fram strax í upphafi, að ég get tekið undir hvert einasta orð sem hv. frsm. flutti hér. Hins vegar vil ég, og það er eingöngu erindi mitt hingað í ræðustól, benda á það, að þessi till. kemur, eins og kerlingin sagði, eins og þjófur úr heiðskíru lofti, m. a. vegna þess að í stjórnarsáttmálanum er sérstakt ákvæði um endurskoðun almannatryggingakerfisins. Ég hefði þess vegna talið eðlilegra að hv. flm. hefðu reifað þessar hugmyndir, sem fram koma í þáltill., við hæstv. félmrh. og bent honum á hvað þeir teldu að mætti gera til úrbóta. Ég teldi langeðlilegast að þessi till. færi beint til ríkisstj., þannig að hún gæti þá notfært sér þau atriði sem ekki hafa þegar verið athuguð í þeirri endurskoðun sem er hafin á almannatryggingakerfinu.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka síðasta hv. ræðumanni fyrir undirtektir hér. Ég vil aðeins undirstrika að það var einmitt vitað og er ekkert leyndarmál, að búið var að skipa sérstaka n. eða tilnefna sérstaka þingmannanefnd til að hefja endurskoðun almannatryggingalaga, og ég vona að sú endurskoðun sé hafin. Ekki síst þess vegna var nauðsynlegt að koma að þeim ábendingum sem eru í þessari þáltill. Mér finnst vera miklu eðlilegra að það komi fram á Alþ. skýrar og greinilegar umr. um það sem menn hafa áhuga á að komi inn í þessa löggjöf, því ef það liggur ekki fyrir þannig eins og hér er fram sett er hætt við að fari í sama farið og hefur verið á undanförnum árum. Löggjöfin hefur verið tekin til endurskoðunar, gerðar á henni ýmsar breytingar, en heildarendurskoðun hefur ekki náð því marki sem að hefur verið stefnt og reynslan hefur sýnt og sannað að hefði verið þörf á að gera. Þess vegna held ég að einmitt slík till. sem hér liggur fyrir sé nauðsyn. Hér er bent á marga þætti tryggingalöggjafarinnar sem ekki hafa náð fram að ganga, en ættu vissulega heima í samræmdri löggjöf. Þar af leiðandi vil ég endurtaka það, að ég vonast til að einmitt þessi þáltill. verði gott vegarnesti í þá vinnu sem þegar er hafin og ég vona að árangur af sjái dagsins ljós á því þingi sem nú situr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 72. fundur.

Mánudaginn 26. mars, kl. 2 miðdegis.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 475 (sbr. 62)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Happdrættislán vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, (þskj. 476). — 3. umr.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mig langar að fagna því að frv. þetta skuli nú komið til 3. umr. og væntanlega verður það afgreitt hér á eftir og bráðlega í hv. Nd. Á frv. voru gerðar smávægilegar breytingar með fullu samkomulagi. Í rauninni er fyrri breytingin efnislega engin því að þetta hafa aldrei verið nema heimildarlög og verið talað um að upphæðin væri allt að 2 000 millj. kr. Síðari breytingin er á þann veg að einnig sé heimilt að gengistryggja happdrættisbréfin eins og hafa þau verðtryggð með öðrum hætti.

Ég legg áherslu á að eins og frá þessu frv. er nú gengið er útilokað að nota þetta fé óðruvísi en til viðbótar fjármagni á vegalögum og til vegagerðarinnar sjálfrar, en ekki til einhverra annarra framkvæmda sem áður hafa verið teknar ákvarðanir um, eins og t. d. Borgarfjarðarbrúar eða einhvers slíks stórverkefnis. Samkomulag er sem sagt um þetta, að það fé, sem út verður boðið, hvort sem það verða 2 000 millj. á ári eða eitthvað minna, komi til viðbótar öðru fjármagni á vegáætlun til að vinna þetta mikilvæga verkefni sem Alþ. hefur lengi stefnt að.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Söluskattur, frv. (þskj. 429). — 3 umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 414). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. þetta felur í sér að þrengd er heimild til fóstureyðinga.

Skv. gildandi lögum er fóstureyðing heimiluð af þrenns konar ástæðum, þ. e. a. s. í fyrsta lagi af félagslegum ástæðum, í öðru lagi af læknisfræðilegum ástæðum og í þriðja lagi ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

Með frv. þessu er lagt til að fella niður að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu. Af þessu leiðir aðrar breytingar sem í frv. felast. Frv. þetta er flutt á þeirri forsendu, að félagslegar aðstæður eigi ekki að réttlæta fóstureyðingu. Í fyrsta lagi eru félagslegar ástæður ákaflega rúmt og teygjanlegt hugtak. Í öðru lagi á að bæta úr félagslegum ástæðum með öðrum hætti en að tortíma mannlegu lífi.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingu þegar ætla má, eins og það er orðað, að þungun og tilkoma barnsins verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Í lögunum er svo að finna leiðbeiningar um það, til hvers skuli tekið tillit við mat á því, hvað er „of erfitt“ í þessu sambandi og hvað eru „óviðráðanlegar félagslegar ástæður“. Það er tiltekið sem ástæða fyrir fóstureyðingu að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé frá síðasta barnsburði. Skv. þessari reglu getur fóstureyðing verið heimil þó að heimilisástæður séu góðar og heilsufar gott á heimilinu. Ef barnið er ekki velkomið í heiminn af einhverjum öðrum ástæðum skal lífi þess tortímt ef óskað er. Þá er önnur leiðbeiningarreglan sú, að fóstureyðing geti verið heimil ef kona býr við bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu. Og þriðja leiðbeiningarreglan er sú, að fóstureyðing geti verið heimil þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.

Tvær síðustu leiðbeiningarreglurnar byggjast vissulega á félagslegum ástæðum, en naumast verður það sagt um fyrstu leiðbeiningarregluna. Þessar heimildir eru því mjög rúmar og öll tvímæli eru tekin af um það með því ákvæði laganna sem heimilar fóstureyðingu af öðrum ástæðum séu þær sambærilegar við hinar tilgreindu ástæður.

Skv. þessum ákvæðum laganna liggur því nærri að ályktа, að fóstureyðingar séu frjálsar í þeim skilningi að fóstureyðing sé heimil af hvaða ástæðu sem er.

Lög nr. 25 frá 20. maí 1975 áttu sér þann aðdraganda, að fyrst var lagt fram á Alþ. 1973 frv. að þessari lagasmíði. Um það atriði, sem hér um ræðir, stóð þar sem hér segir:

„Fóstureyðing er heimil að ósk konu, sem búsett er hér á landi eða hefur íslenskan ríkisborgararétt, ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla á móti aðgerð.“

Skv. þessu átti fóstureyðing að vera heimil án nokkurra félagslegra eða læknisfræðilegra ástæðna eða sem eins konar getnaðarvörn er grípa mætti til sýndist konu svo. Þegar frv. var endurflutt árið 1974 var þetta ákvæði fellt niður og í staðinn sett þau ákvæði sem nú er í lögum og áður greinir. Þessi breyting átti að vera til bóta að áliti þeirra sem vilja hamla gegn fóstureyðingum. En þetta þótti breyting til hins lakara hjá þeim sem vilja sem mest frjálsræði í þessum efnum. Oddviti þeirra sagði samt sem áður í umr. á Alþ. 29. jan. 1975 um þær reglur, sem lögfestar voru, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er hægt að heimfæra svo til hvaða tilvik sem er undir þessar reglur. Ef menn lesa þær, þá ætti þeim að vera ljóst að það fer eftir mati læknis og félagsfræðings og það er hægt að framkvæma eiginlega hvaða fóstureyðingu sem er skv. þessum reglum. Ég hef ekki nokkra minnstu trú á því, að þetta feli í rauninni í sér einhverja takmörkun á þessum rétti, a. m. k. ekki miðað við þau viðhorf sem nú eru uppi hér á Íslandi“.

Ég held að þetta hafi á sínum tíma verið rétt mat á þeim ákvæðum um fóstureyðingu í frv. sem lögfest voru með lögum nr. 25 frá 1975. Það hefur reynslan síðan leitt í ljós.

Og hver hefur svo framkvæmdin verið? Í því sambandi skulum við athuga 28. gr. laga nr. 25 frá 1975. Í grein þessari segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Rísi ágreiningur um, hvort framkvæma skuli fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, skal málinu tafarlaust

vísað til landlæknis og skal hann tafarlaust leggja málið undir úrskurð n., sem skipuð skal í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Í n. skulu eiga sæti þrír menn og jafnmargir varamenn, einn læknir, einn lögfræðingur og einn félagsráðgjafi, og skulu þeir skipaðir af heilbrrh. til fjögurra ára í senn. N. skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur."

Þessi n., sem skal hafa eftirlit með framkvæmd laganna, hefur í fjögur ár ekki fengið nein mál til úrskurðar um fóstureyðingu fyrir lok 12. viku meðgöngutímans, nema tvö mál, en þá var svo ástatt að viðkomandi konur höfðu látið eyða fóstri áður á sama árinu og þessi mál komu fyrir.

Skv. 11. gr. laganna skal, áður en fóstureyðing má fara fram, liggja fyrir skrifleg, rökstudd grg. tveggja lækna eða læknis og félagsráðgjafa sé einungis um félagslegar ástæður að ræða.

Spurningin er þá sú, hvort konur, sem leita eftir fóstureyðingu við þessa aðila, fái yfirleitt vilja sínum framgengt án ágreinings þar sem mál eru ekki lögð undir úrskurð eftirlitsnefndar skv. 28. gr. laganna. Þetta er spurningin um hvort fóstureyðingar séu í raun og veru frjálsar hér á landi fyrir lok 12. viku meðgöngutíma — eða er á því sú skýring að eftirlitsnefnd fái ekki mál til úrskurðar vegna þess að þegar læknar og félagsfræðingar neita að fóstureyðingar fari fram, þá láti konan það gott heita og neyti ekki réttar síns til þess að skjóta máli sínu til eftirlitsnefndar?

Þrátt fyrir að dæmi eru til þess, að konur hætti við að láta eyða fóstri, renna staðreyndir því miður ekki stoðum undir síðari skýringuna, heldur hina fyrri og að fóstureyðingar fyrir lok 12. viku meðgöngutíma séu í raun frjálsar hér á landi eða því sem næst.

Síðan gildandi lög um fóstureyðingar komu til framkvæmda 1975 hefur fóstureyðingum fjölgað ískyggilega. Þetta kemur greinilega í ljós þegar bornar eru saman tölur fyrir og eftir 1975. Á tímabilinu frá 1950—1970 urðu fóstureyðingar fæstar 45 á ári, en flestar 107, á tímabilinu 1950—1960 voru þær að meðaltali 57 á ári, en árin 1961—1970 83 að meðaltali á ári. En ef við tökum tímabilið frá 1964—1974, þá urðu þær að meðaltali 123 á ári. Árið 1971 urðu fóstureyðingar 142, árið 1972 151, árið 1973 224 og árið 1974 224. Síðan koma umskiptin. Á árinu 1975 eru fóstureyðingar 308, árið 1976 367, árið 1977 447 og 1978 rúmlega 500. Þetta er reynsla okkar af því að heimila fóstureyðingar af svokölluðum félagslegum ástæðum.

Skráðar fóstureyðingar hér á landi á hverjar 1 000 konur á aldrinum 15—49 ára voru árið 1965 1.8, árið 1970 2.1, árið 1971 3, árið 1972 3.1, árið 1973 4.5, árið 1974 4.4, árið 1975 6, árið 1976 6.7, árið 1977 8.4 og á árinu 1978 um 9.3. Þessar tölur segja ótvírætt sína sögu.

Við Íslendingar erum ekki einir um þessa reynslu af því að fella niður hömlur á fóstureyðingum. Fjölgun fóstureyðinga í mörgum löndum hefur verið mjög mikil þar sem fóstureyðingar í reynd hafa verið gefnar frjálsar. Tölur frá Norðurlöndum fyrir og eftir að hömlum á fóstureyðingum hefur verið aflétt sýna þetta glöggt. Árið 1969 voru fóstureyðingar í Danmörku 7 474, en 1973, eftir að löggjöf hafði verið færð mjög í frjálsræðisátt, 18 750 og árið 1977 26 661. Í Finnlandi voru fóstureyðingar 1969 8 175, en 1973 23 362 og árið 1977 17 772. Í Noregi voru fóstureyðingar 6 270 árið 1969, en 13 680 árið 1973 og árið 1977 15 528. Og í Svíþjóð voru þær 1969 13 735, en 25 990 árið 1973 og árið 1977 31 462.

Af upplýsingum, sem má finna í heilbrigðisskýrslum, sem Sameinuðu þjóðirnar gefa út, má sjá t. d. að í New York-ríki í Bandaríkjunum var árið 1970 löggjöf um fóstureyðingar breytt í þá áttina að frjálsar fóstureyðingar voru upp teknar. 1971 voru skráðar fóstureyðingar í New York-ríki 179 900, árið 1972 urðu þær 228 100. Í Japan voru lög um fóstureyðingar færð í það horf að þar voru heimilaðar fóstureyðingar að ósk konu árið 1949. Á árunum 1949—1972 voru skráðar leyfðar fóstureyðingar í Japan um 20 millj. Þannig mætti telja áfram.

Hér þarf ekki lengur vitnanna við. Það er og staðreynd, að í þeim löndum, þar sem fóstureyðingar hafa verið gefnar frjálsar, yfirgengur reynslan það sem gert hafði verið ráð fyrir. Mönnum ofbýður hin óhugnanlega þróun sem málið hefur tekið. Á sama tíma sem Íslendingar hafa gengið til meira frjálsræðis í þessu efni hafa þær þjóðir, sem reynsluna hafa fengið af þessu frjálsræði, tekið til meðferðar nauðsyn þess að þrengja aftur heimildir og hamla á móti fóstureyðingum. Eru þess dæmi víða og hér í Evrópu bæði austan og vestan járntjalds.

Það væri fróðlegt að ræða hér frekar um reynslu annarra þjóða af fóstureyðingum. Þeim mun fremur væri ástæða til þess, að oft er látið liggja að því í umræðum um þessi mál að við gætum ýmislegt lært af þeim sem hömlulausastar hafa fóstureyðingar. En ég held að sá lærdómur örvi ekki til fóstureyðinga hér á landi. Þvert á móti hræða sporin. Þar sem ég þekki til virðist margt benda til þess að þróunin hnígi frekar í öfuga átt, þ. e. a. s. að þrengja heimildir til fóstureyðinga.

Það yrði of langt mál að fara að ræða þessi mál almennt í þessum umr., en ég get ekki stillt mig um að víkja rétt aðeins að tvennu í þessu sambandi.

Haustið 1972 var lögð fram á þingi Evrópuráðsins tillaga, vandlega undirbúin og ítarleg, um fóstureyðingar í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Um þessa tillögu urðu miklar og eftirminnilegar umr. Í till. þessari fólst m. a. áskorun á aðildarríki Evrópuráðsins að rýmka heimildir til fóstureyðinga þannig að í undantekningartilfellum, eins og það var orðað, yrðu fóstureyðingar heimilaðar af félagslegum ástæðum. Reglurnar um fóstureyðingar eru mjög mismunandi í aðildarríkjum Evrópuráðsins, svo sem kunnugt er. Það eru líka miklar deilur um mál þetta á þingi Evrópuráðsins og aðallega um heimild til fóstureyðinga af félagslegum ástæðum. Till. þessi hlaut þau örlög að vera felld, svo að ekki fékk Ísland sem aðildarríki Evrópuráðsins uppörvun úr þessari átt til að lögfesta heimild til fóstureyðinga af félagslegum ástæðum.

Ég skal víkja að öðru atriði erlendis frá um fóstureyðingar. Það er frá Vestur-Þýskalandi. Í júnímánuði 1974 samþykkti ríkisþingið í Bonn lög um fóstureyðingar sem rýmkuðu heimildir til fóstureyðinga. Þessi lög voru samþ. eftir mikinn ágreining og sterka andstöðu í vestur-þýska þinginu. Andstæðingar þessarar lagasetningar áfrýjuðu lögum þessum til stjórnlagadómstóls ríkisins á þeirri forsendu að sú rýmkun heimildar til fóstureyðinga, sem lögin fólu í sér, bryti í bága við stjórnarskrá Vestur-Þýskalands.

Stjórnlagadómstóllinn kvað upp úrskurð sinn 25. febr. 1975 á þá leið, að fóstureyðingalögin voru dæmd ógild þar sem þau samrýmdust ekki stjórnarskrá ríkisins. Í forsendum úrskurðarins vitnar dómstóllinn til 1. málsgr.

1. gr. stjórnarskrár ríkisins, þar sem segir að mannhelgi megi ekki raska og það skuli vera skylda ríkisvaldsins að virða hana og vernda. Dómstóllinn vitnaði og til 2. málsgr. 2. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að sérhver maður skuli hafa rétt til lífs og friðhelgi. Með þessum úrskurði hafnaði stjórnlagadómstóllinn að nokkur stjórnskipulegur mismunur væri á mannlegu lífi, hvort heldur það væri fætt eða ekki fætt. Þá var tekið fram í forsendum þessa úrskurðar, að hin bitra reynsla af þýska nasismanum hvetti til þess að ófætt mannslíf væri verndað.

Þessi tvö dæmi, sem ég hef nú drepið á erlendis frá, sýna harðnandi andstöðu gegn fóstureyðingum og vissa tilhneigingu til að þrengja heimildir til að eyða fóstri. Þetta er ekki að ófyrirsynju. Þetta er vegna hinnar hörmulegu reynslu sem fengist hefur víða um lönd af frjálsum fóstureyðingum eða rúmum heimildum til fóstureyðinga.

Það var því fullkomin öfugþróun sem átti sér stað hér á landi með setningu laga nr. 25/1975. Með frv. þessu er því lagt til að bregða á annað ráð. Það er lagt til að þrengja heimildir til fóstureyðingar. Frv. felur í sér að fóstureyðingar verði ekki heimilar af félagslegum ástæðum. Enginn neitar að félagsleg vandamál eru fyrir hendi. Bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður getur skapað félagslegt vandamál. En spurningin er hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimild til fóstureyðingar. Þjóðfélag, sem leyfir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, lítur fram hjá hinum raunverulega vanda, sættir sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verður ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum.

Það vill svo til að í þessu landi búum við við víðtæka almenna tryggingarlöggjöf og margs konar opinbera aðstoð í félagslegu tilliti. Við teljum okkur standa allframarlega í þessum efnum og erum stundum harla ánægð með það sem áunnist hefur á síðustu áratugum til lausnar hinum ýmsu félagslegu vandamálum. En satt er það, að mörgu er enn ábótavant og að ýmsu þarf að hyggja. Betur þarf að gera í málum barnshafandi kvenna, svo sem fæðingarorlofi og mæðraheimilum. Barnaheimilum þarf að fjölga og bæta, svo og vöggustofum, dagvistarheimilum og leikskólum. Það þarf að bæta félagslega þjónustu og ráðgjöf við barnshafandi konur svo að þær fái mætt tímabundnum erfiðleikum. Það þarf að beita almannavaldinu og samhjálp þjóðarinnar um land allt, jafnt í strjálbýli sem í þéttbýli, til aðstoðar við þá konu sem býr við slæmar heimilisaðstæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu, svo að barnið, sem hún gengur með, verði velkomið í þennan heim og góður aðbúnaður þess sé tryggður. Ekkert annað er til lausnar þeim vanda sem um er að ræða.

Hér þarf að ganga beint til verks. Þær konur, sem ekki eiga rétt á fæðingarorlofi, þurfa að fá greidda óskerta dagpeninga skv. 33. gr. almannatryggingalaga í þrjá mánuði vegna fæðingar. Mæðralaun greidd ógiftum, mæðrum og fráskildum konum skv. 15. gr. almannatryggingalaga þarf að hækka verulega. Setja þarf ný lagaákvæði um að einstæð móðir eigi auk þess rétt á greiðslum, t. d. í 6 mánuði eftir fæðingu barns, og nemi þessar greiðslur jafnhárri upphæð og ekkjulífeyrir. Ef einstæð móðir hefði barn innan 17 ára á framfæri sínu auk nýfædda barnsins ætti hún að eiga rétt á frekari greiðslum. Þessu til viðbótar ættu að vera heimildarákvæði um að greiða einstæðri móður um tiltekinn tíma allt að fullum lífeyri einstaklings ásamt tekjutryggingu, ef sýnt þykir að hún geti ekki komist af án þess og aðrar tekjur hennar en bætur almannatrygginganna fari ekki fram úr ákveðnu tekjumarki. Þetta ætti að gilda um einstæðar mæður. En tryggingaráð ætti að geta ákveðið að kona í hjúskap geti fengið sömu greiðslur og einstæð móðir ef tekjur hjónanna færu ekki fram úr ákveðnu tekjumarki. Þetta ætti þá að vera bundið því skilyrði að konan byggi við þær félagslegu aðstæður sem í gildandi lögum heimila fóstureyðingu, þ. e. 1) hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði, 2) eigi konan við að búa bágar heimilisaðstæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu, 3) vegna annarra ástæðna sem eru sambærilegar við þessar ástæður.

Það er skoðun mín að með slíkum eða álíka aðgerðum, sem ég hef hér vikið að, eigi að vera hægt að leysa þau félagslegu vandamál sem nú geta heimilað fóstureyðingu. Ég þekki hv. þdm. illa ef þeir kjósa ekki frekar að leysa hin félagslegu vandamál en að heimila fóstureyðingar á þeirri forsendu að þau séu óbreytt.

En var einhver að hugsa um kostnað? Það er rétt, þetta kostar peninga. Samt eru það smámunir, sem ekki er til að hafa orð á, samanborið við hið óbætanlega tjón sem blóðfórnir fóstureyðinganna valda nú hinni fámennu íslensku þjóð, sem þarfnast mest af öllu fleiri handa til að halda uppi sjálfstæðri tilveru sinni.

Við Íslendingar höfum sérstöðu í ýmsum efnum og svo er ekki síst að því er varðar áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í landinu. Í sumum löndum og þá einkum þeim fjölmennustu, er fólksfjölgun eitt meginvandamálið sem við er að glíma. Fólkinu fjölgar þar um of miðað við efnahag, félagslegar aðstæður, náttúruauðlindir og hagnýtingu þeirra til mannsæmandi lífskjara, jafnvel þótt takmarkaðar kröfur séu til lífsins gerðar. Áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í slíkum ríkjum eru oft sett í samband við offjölgunarvandamál sem þar er við að stríða, þótt það breyti engu um eðli þess verknaðar sem felst í fóstureyðingu. Hins vegar er þessu þveröfugt farið hjá okkur Íslendingum. Áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjöldann hljóta að vera mikið alvörumál.

Íslenska þjóðin hefur því sögulega hlutverki að gegna að halda uppi í þessu landi sjálfstæðu ríki með öllu sem því fylgir. Í þessu efni höfum við sérstöðu vegna fámennis þjóðarinnar. Okkur finnst þetta sjálfsagt og eðlilegt og getum ekki hugsað okkur annað en að halda okkar sjálfstæðu tilveru. En það hljóta samt að vera takmörk fyrir því hvað fámennið leyfir. Einhvers staðar eru takmörkin fyrir því, hve margar hendur þarf til að geta haldið uppi sjálfstæðu ríki og hagnýtingu auðlinda okkar til lands og sjávar. Ef farið er niður fyrir þessi mörk er í húfi að þjóðin megni að halda uppi sjálfstæðu ríki með þeim skyldum sem því fylgja. Það er í húfi að þjóðinni haldist á hinum miklu auðlindum sínum ef hún hefur ekki bolmagn til að hagnýta þær í þurfandi heimi. Sjálf tilvera hinnar íslensku þjóðar er þá í húfi. Að þessu er skylt að huga þegar rætt er um áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjölda þjóðarinnar.

Í Hagtíðindum frá nóvember s. l. er að finna upplýsingar um vaxtarmegin þjóðarinnar. Þar er um sérfræðilega útreikninga að ræða sem ég fer ekki hér út í. En þar segir að eftir fæðingum árin 1976—1977, kynferðis-

hlutfalli fæddra 1851—1977, og dánarlíkum árin 1975—1976 sé vaxtarmegin þjóðarinnar 0.53% á ári. Þetta svarar til tvöföldunar þjóðarinnar á 130 árum. Á árunum 1976 og 1977 voru að meðaltali rúmlega 400 fóstureyðingar á ári. Ég hef beðið Hagstofuna að reikna út eftir sömu forsendum hvaða áhrif breytt tala fóstureyðinga hefði á vaxtarmegin þjóðarinnar miðað við að fæðingartala breyttist að sama skapi. Eru það þrjú dæmi sem sett eru upp. Í fyrsta lagi, ef fóstureyðingar hefðu að meðaltali verið 250 færri eða um 150 að meðaltali þessi ár, þ. e. 1976 og 1977, hefði vaxtarmegin þjóðarinnar hækkað upp í 0.75% á ári, en það svarar til tvöföldunar þjóðarinnar á 92 árum. Í öðru lagi, ef fóstureyðingar hefðu verið 500 fleiri eða samtals 900 á ári færi vaxtarmegin þjóðarinnar niður í 0% á ári. Þetta þýðir þó ekki að fólksfjölgun stöðvist strax, þ. e. að lifandi fæddir verði jafnmargir og dánir. Vegna aldursskiptingar mannfjöldans nú liði á löngu þar til fólksfjölgun stöðvaðist, svo að að gefnum forsendum næði mannfjöldi á Íslandi um 335 þús. um miðja næstu öld og héldist síðan óbreyttur. Í þriðja lagi, ef fóstureyðingar væru 900 fleiri eða samtals 1300 á ári minnkaði vaxtarmegin þjóðarinnar í ÷0.38% á ári, en það svaraði til þess að þjóðinni fækkaði um helming á 180—190 árum. Í síðasta dæminu er reiknað með jafnmörgum fóstureyðingum og svarar til tíðni fóstureyðinga í Danmörku árið 1975.

Í útreikningum á vaxtarmegni þjóðarinnar er ekki tekið tillit til fólksflutninga inn og út úr landinu. Ég legg áherslu á að í öllum þessum útreikningum um áhrif fóstureyðinga á vaxtarmegin þjóðarinnar er gengið út frá ákveðnum forsendum varðandi aðra þætti sem eru ákvarðandi um fólksfjöldaspár. Þessar forsendur kunna að sjálfsögðu að geta breyst í einhverju, en samt sem áður hljóta þessar athuganir að gefa hugboð um hversu alvarlegur þáttur fóstureyðingar hljóta að vera fyrir vöxt og viðgang þjóðarinnar.

En hvað sem þessu líður, svo alvarlegt sem það er fyrir þjóðarheildina, varðar frv. þetta fyrst og fremst einstaklinginn, siðferðilega afstöðu og lífsskoðun. Hér er gengið út frá að félagslegar ástæður geti aldrei réttlætt fóstureyðingu. Þetta leiðir af því, að það er um mannslíf að tefla þegar rætt er um eyðingu fósturs. Það er grundvallaratriði að þetta mannslíf hefur rétt til þess að vera borið í þennan heim. Réttinn til lífsins verður að viðurkenna. Það er siðferðisleg skylda að varðveita líf, jafnvel líf ófædds barns. Fóstureyðing á því ekki að koma til greina nema líf móður sé í fyrirsjáanlegri hættu eða telja megi auðsætt að barnið verði svo vangefið að ekki verði komist hjá að grípa til örþrifaráða eða konan hafi verið þunguð af refsiverðu atferli. Á þessari forsendu er frv. þetta flutt.

En fóstureyðingar eru ekki einungis brot á rétti hins veika og varnarlausa mannlega lífs í móðurkviði. Þær fela í sér hættuna á þjóðfélagslegri upplausn. Ef þjóðfélagið viðurkennir að fólk geti notið hamingju, ánægju og unaðar, en það þurfi ekki að bera afleiðingarnar, ef það vill það ekki, þá er það sama þjóðfélag að kippa stoðunum undan sjálfu sér og stefnir til hruns. Þá duga ekki jafnvel félagslegar ráðstafanir. Þá getur til þess komið að jafnvel eigin geðþótti og makræðissjónarmið ráði því, hvort mannlegu lífi er tortímt eða ekki. Fjárhagur og félagsleg aðstoð verður þá aldrei einhlít vörn í þessum vanda, því það er ekki einungis um félagslegt vandamál að ræða, heldur siðrænt vandamál. Til þarf að koma lífs- og manngildismat á siðferðilegum grunni.

Oft liggur leiðin til varanlegrar hamingju gegnum andstreymi, að ófríska konan ali barn sitt og lifi með því og fyrir það. Þau eru óteljandi dæmin um börn sem hafa fengið góða umönnun og gott vegarnesti út í lífið þótt efni hafi verið af skornum skammti. Jafnvel ríkidæmi er engin trygging fyrir því að aðhlynning og uppeldi fari vel úr hendi.

Það verður að byggja á því lífs- og manngildismati sem er undirstaða íslenskrar menningar og arfleifðar. Samkv. því mati er rétturinn til lífs undirstaða allra annarra mannréttinda. Það er aftan úr grárri forneskju að ætla félagslegum ástæðum að breyta hér nokkru um. Langt er nú um liðið síðan aflagður var sá siður að heimila barnaútburð hér á landi. En barnaútburðurinn var heimilaður af félagslegum ástæðum þeirra tíma: ómegð, fæðuskorti og öðrum framfærsluvandamálum. Ef fóstureyðing hefði í þá tíð verið framkvæmanleg með sama hætti og nú hefði sú aðferð verið vafalaust notuð í stað barnaútburðar. Það var nefnilega ekki sama hve lífið hafði langt fram gengið þegar því var tortímt. Samkv. Grágás var ekki heimilt að bera út barn eftir að það hafði fengið næringu. Þá hét það morð og varðaði við lög. En verknaðurinn var heimill og löglegur ef barnið hafði ekki fengið næringu. Okkur finnast slík lög og reglur nú víðs fjarri. En árið 1975 setjum við samt lög sem heimila að mannlegu lífi sé tortímt af félagslegum ástæðum og um lögmæti þess fari eftir því hvað þroska þessa lífs sé langt komið. Hér var stigið spor um langan veg aftur á bak, því að félagslegar ástæður eiga aldrei að geta heimilað tortímingu mannlegs lífs, á hvaða þroskastigi sem það er.

Kristilegar siðgæðishugmyndir leiddu til afnáms hins forna siðar um tortímingu mannlegs lífs af félagslegum ástæðum. Síðan hefur þjóðin á löngum ferli við harðæri og áþján megnað að halda í heiðri þau lífsviðhorf sem liggja þessu til grundvallar. Það væri kaldhæðni örlaganna ef þjóðinni ætti ekki að takast þetta á mestu velmegunar- og velgengnistímum sem hún hefur búið við. Með frv. þessu er þess freistað að svo megi verða. Því verður vart trúað að þetta megi ekki takast.

Nú ber hátt umræður um velferð barnsins. Má ekki vænta þess að hið svokallaða barnaár, sem nú stendur yfir, verði okkur einhver hvatning í þessu efni? Hvarvetna í þjóðfélagi okkar leggur sig nú fram velviljað og áhugasamt fólk, einstaklingar og félagasamtök, um að vinna að velferðarmálum barnsins. Aldrei hefur áhugi og skilningur verið meiri á þörfum hinna umkomulausu og varnarlausu en einmitt nú. En ekkert er umkomulausara og varnarlausara en það mannslíf sem á undir högg að sækja um að það fái að vera borið sem barn í þennan heim. Þessa ætti að minnast á sjálfu barnaárinu og raunar alla tíð. Hér er verk að vinna. Hvað væri háleitari hugsjón en að þjóðin setti sér á þessu ári barnsins það markmið, að ekkert íslenskt barn væri óvelkomið í þennan heim af félagslegum ástæðum. Í því trausti er frv. þetta lagt fram.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Margt var sem vonlegt var mætavel sagt í máli hv. flm., þó að skoðanir okkar í því meginmáli, sem hann talaði um og er hér með frv. um, fari ekki saman. Ég tek undir margt af því sem hann þar sagði vel og fallega og skal koma örlítið nánar að því,

þó ég ætli ekki að upphefja hér neinar allsherjarumræður um þetta mál nú.

Ég tók á sínum tíma þátt í lagasetningu af því tagi sem hér er verið að leggja til breytingar á. Ég tók þátt í því að leggja til þá grein sem hér er lagt til að felld verði niður. Ég þóttist hafa gert það að vel yfirlögðu ráði og að höfðu góðu samráði við samvisku mína. Hitt er svo annað mál, að það er ósköp eðlilegt, eins og hér urðu um deilur á sínum tíma, að þetta mál komi fram aftur og menn vilji skoða það, m. a. í ljósi þess sem síðan hefur gerst. Þetta mál fer hins vegar til þeirrar n. sem ég á sæti í, svo ég tel óþarft að fara um það mörgum orðum nú, en vil aðeins leggja áherslu á fáein atriði.

Það er nauðsynlegt að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, kanni það mjög vel, ekki síst í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í frv. um fjölgun fóstureyðinga. Ég dreg ekkert úr því, að hér sé um viðkvæmt mál að ræða. Ég dreg ekkert úr því, að hér er komið að mörkum sem okkur er sannarlega vandi á höndum að setja þannig að séu sem réttlátust og taki um leið tilllit til sem flestra mannlegra sjónarmiða í þessu efni.

Ég lagði á það áherslu þegar þetta mál var hér til umr. á sínum tíma, að ég vildi leggja mikinn þunga á sjálfsákvörðunarrétt konunnar í þessu efni. Ég geri það enn og aftur. Ég gerði það m. a. á þeim forsendum sem ég er jafnsannfærður um og ég var þá, að fóstureyðing hljóti ævinlega að vera neyðarúrræði konunnar. Og mín skoðun, þrátt fyrir það sem segir í grg. frv., hefur þar ekkert breyst. Við fengum ýmis sjónarmið á þá nefndarfundi sem við héldum marga um þessi mál á sínum tíma, misjafnar skoðanir hinna færustu manna þar um. En þó voru þeir, sem gleggst máttu hér um fjalla og best vit áttu að hafa á, nokkuð á einu máli hér um, á þann hátt sem breytingin varð á sínum tíma, í átt til þess sem sagt er frjálsari fóstureyðingar — eða kannske í átt frá ólöglegum fóstureyðingum mætti jafnt kalla það eða fóstureyðingum erlendis.

Varðandi spurninguna um þá fjölgun fóstureyðinga sem vitnað er til í grg., þá held ég að það væri kannske það þarfasta sem við gerðum í þeirri n., sem fjallar um þetta mál, heilbr.- og trn., að reyna að átta okkur á því, hvað hefði valdið þeim fjölgunum sem hér er um að ræða og ég efa ekki að sé nákvæmlega rétt. Það voru nefnilega uppi sterkar grunsemdir um það, sem ekki tókst að kveða niður, að þeir, sem á því höfðu efni, leituðu til útlanda með fóstureyðingar af þeim sömu ástæðum sem og kannske enn síðri ástæðum en það sem við köllum félagslegar ástæður. Það voru einnig uppi sterkar grunsemdir um það, að framkvæmdar væru ólöglegar fóstureyðingar, og þeim grunsemdum var ekki heldur eytt. Um þetta verður kannske seint fullyrt, en engu að síður hlýtur það að koma inn í þetta dæmi þegar fjallað er um að fella niður þessa heimild sem vegur hér sannarlega þungt. Ég tek afstöðu mína enn sem fyrr, eins og ég sagði, varðandi þetta mál, afstöðu byggða á þeirri sannfæringu minni að sjálfsákvörðunarréttur konunnar í þessu efni hljóti að vera það sem við eigum að taka mest tillit til, þó fleira komi þar vissulega inn í.

Ég vil sem sagt líka vita um það og fæ upplýsingar um það í hv. n., hvort, eins og sagt er í grg., þetta er reynsla okkar af því að heimila fóstureyðingar af svokölluðum félagslegum ástæðum, að hve miklu leyti sú fullyrðing í grg. á við rök að styðjast. En svo að við víkjum að hinum félagslegu aðstæðum, þá kom hv. flm. þessa frv. beinlínis þar inn á. Hann segir þar margt í grg. og hann taldi upp enn fleiri atriði í máli sínu sem ég get verið honum hjartanlega sammála um og get tekið algerlega undir. En þegar hann ræðir um félagslegar ástæður og segir að þjóðfélag okkar eigi ekki að vera þannig að þær félagslegu ástæður, sem eiga að vera forsenda þessara heimilda, eigi hreinlega ekki að vera til, þá kemur hann engu að síður inn á það í grg. að mörgu sé enn ábótavant, að mörgu þurfi enn að hyggja. Síðan kemur löng upptalning á því sem þurfi úr að bæta og gera í þessum málum, og ég skal sannarlega taka undir með flm. og fylgja honum og þá væntanlega hans flokki í því að koma fram þeim úrbótum sem þar um ræðir og okkur hefur stundum ekki þótt vera allt of mikill áhugi á sums staðar í þeim röðum. Hann tók einnig fram í sinni framsögu veigamikil tryggingaleg atriði sem þarna kæmu inn í einnig, og ég skal sannarlega taka undir þau líka. Og þegar allt þetta er til framkvæmda komið, sem hv. flm. réttilega benti á að við ættum að stefna að, þá skal ég vera til viðræðna um breytingar hér á, en fyrr ekki.

Ég segi það enn og aftur, að hér eru það forsendur konunnar sem ég álít að eigi að ráða mestu, að konan sjálf beri þarna ábyrgð. Hún fær til þess ráðgjöf, fyrir því er séð í lögum, hún fær leiðbeiningar. Það er ekki rasað að neinu um ráð fram í því efni. En skoðun mín er sú, að enginn utanaðkomandi aðili geti þarna tekið ákveðnari og skýrari afstöðu en einmitt konan sjálf.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég var afskaplega hrifinn af ræðu flm., hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, því að ræðan var afburðavel gerð. En hún var að mörgu leyti mér mjög andstæð. Ég hef einhvern veginn þá trú að við eigum ekki leið aftur á bak í frjálsræði fólks. Við eigum ekki neina leið aftur á bak í lögum sem skapa fólki eðlilegt sjálfræði yfir sjálfum sér. Og ef, eins og segir í 1. gr. þessa frv., félagslegar ástæður falla niður, þá held ég að við séum ekki aðeins að fara aftur fyrir árið 1975, heldur erum við sennilega líka að fara aftur fyrir árið 1937, en mig minnir endilega að lög, sem þáv. landlæknir Vilmundur Jónsson stóð að samningu á, hafi verið frá þeim tíma. Og að fara svona aftur á bak í tímanum, aftur á bak í mannréttindum, það finnst mér næstum því eins og við færum að hlaupa í fótspor þess fræga manns sem núna ræður lögum í Íran og er kallaður Ayatollah Khomeini. En við getum þetta ekki. Við getum ekki farið aftur í tímann. Við getum lagfært verk okkar, en ég tel að þarna sé tekið svo stórt stökk aftur í tímann að ég get ekki fellt mig við það.

Ég er sammála flm. um það, að ég álít að nú séu á Íslandi allt að því frjálsar fóstureyðingar hjá konum sem eru ekki komnar lengra en 12 vikur í meðgöngu. En þó að þær séu allt að því frjálsar, þá eru þær alls ekki hömlulausar, eins og flm. sagði þó. Ákvæðin um greinargerð frá tveimur læknum eða lækni og félagsráðgjafa eru nefnilega þannig gerð að sé þeim rétt framfylgt, og ég held að svo sé í flestum tilfellum, eins og kemur fram í 11. gr. laganna, eru þar verulegar hömlur. Þessar hömlur koma þannig út að viðkomandi konur koma til með að geta rökrætt ástand sitt og ástæður fyrir beiðninni um fóstureyðingu. Og ég býst við að flestir héraðslæknar úti á landsbyggðinni, því þar er ekki um félagsráðgjafa að ræða nema þá að mjög litlu leyti, að ég held, — að flestir héraðslæknar þar og líklega flestir heimilislæknar í Reykjavík hafi mjög svo hindrað á hverju einasta ári

konur í því að óska eftir fóstureyðingu. Félagsráðgjafar eru trúlega enn þá betur færir um að gefa þessum konum ráð heldur en læknar þeirra, því læknarnir líta fyrst og fremst á hið læknisfræðilega viðhorf sjúklingsins. En þess ber þó að gæta, að oft á tíðum eru heimilislæknar að miklu leyti nokkurs konar sálusorgarar sjúklinga og mikill hluti af þessum konum eru konur innan við tvítugt eða alla vega innan við 25 ára aldur, úr því fer þeim mjög fækkandi, og þetta er á margan hátt lífsreynslulítið fólk og býr við vankanta í þessum málum, við erfiðleika sem læknar eiga stundum gott með að hjálpa til að leysa úr, en sennilega félagsráðgjafar oft á tíðum líka.

Ef við förum aftur í tímann, aftur fyrir 1975, þá skulum við gera okkur grein fyrir nokkrum hlutum. Þá munu aftur koma upp sögurnar um ólöglegu fóstureyðingarnar. Þá munu aftur koma upp sögurnar um dætur efnaðri manna sem fara til útlanda til þess að láta gera þessa aðgerð, og það sem ég veit glöggt um: þá koma læknar aftur til með að ýkja og ljúga upp andlegu ástandi í skýrslugerð sinni til landlæknis til þess að koma í gegn leyfinu um fóstureyðingar. Þetta var gert áður, og ég tel mig fullvissan um að þetta verði aftur raunin.

Ég felli mig afskaplega illa við orð í grg. þessa frv. og það er: að tortíma mannlegu lífi. Þegar fóstur er innan við 12 vikna gamalt getur það ekki lifað sjálfstæðu lífi. Ég geri mér líka grein fyrir því, að ég hef verið meðsekur um að svíkja minn Hippokratesareið með því að standa að og hjálpa til við löglegar fóstureyðingar á undanförnum árum. En ég sætti mig nokkuð vel við það að ég lifi á öðrum tíma en forfaðir minnar stéttar, Hippokrates, sem var uppi nokkuð löngu fyrir Kristsburð, og aðstæðurnar eru á allan hátt aðrar.

Hér á Íslandi var fóstureyðingum verulega farið að fjölga fyrir 1975. Hér á Landsspítalanum fóru fram 165 fóstureyðingar á árinu 1974. 1976 fóru fram á fæðingardeild Landsspítalans 274 fóstureyðingar, þar af voru konur 15 ára og yngri alls 15, 16—20 ára voru þær 47 og 20—25 ára voru þær 69. Rúmlega helmingurinn af þessum konum voru ógiftar konur eða fráskildar. Ógiftar voru 102, fráskildar 38 og giftar 123. Það segir nokkuð sína sögu, en ekki þó nema litla. Af þeim voru innan við 10% sem voru að láta framkvæma fóstureyðingu í annað skipti. Sjö höfðu þeyndar tvisvar áður látið gera fóstureyðingu. En hvað er þetta? A. m. k. allt til síðasta árs nær þetta ekki tíunda hlutanum af þungunum í landinu? En mér segir sá fróðasti maður sem ég held að sér hér á landi um þessi mál, að á árinu 1976 sé reiknað með að 35% kvenna noti svokallaða lykkju, þeirra kvenna sem eru á frjósemisaldri, 25% noti pillu. Þetta eru 60% af konum sem eru á frjósemisaldri, og ef við þurfum að fara að tala um vaxtarmegin og slíkt ættum við, held ég, að banna pilluna og slíkt.

Um 10% kvenna eru á þessu ári þungaðar og um 10% af þeim fá fóstureyðingu. Um 10% kvenna á þessu aldursskeiði vita að þær geta ekki átt börn. Sem sagt, fóstureyðing er á Íslandi sáralítið notuð sem getnaðarvörn, en getnaðarvarnir eru algengari á Íslandi en í nokkru öðru nágrannalandi okkar, eftir því sem mér er sagt.

Flm. gat þess, að þegar þing Evrópuráðs fjallaði um þetta mál hafi það ekki náð framgangi þar, og mikið skil ég það vel, því margir eru kaþólskir á því þingi að ég hygg, og við vitum ósköp vel hvernig kaþólska kirkjan lítur á þetta mál. Það hefði verið næsta furðulegt ef þetta hefði komist í gegnum þingið. Nú vitum við þar að auki að fólk, sem er komið yfir frjósemisaldurinn, er yfirleitt heldur með því að draga úr öllum heimildum til fóstureyðinga. Það er frekar yngra fólkið, sem eldurinn brennur á, sem er með því. Það kann svo sem vel að vera að þjóðarvöxtur minnki við þetta. En frjálsræði einstaklingsins má ekki skerðast af þeim ástæðum. Napóleon mun, held ég, einhvern tíma hafa sagt að hann sæi ekki fegurri sjón en þungaða konu, en þá var hann að spekúlera í fallbyssufóðrinu, og það hafa margir stjórnendur stórvelda gert. En slíkt og þvílíkt getum við ekki farið út í þegar við erum að ræða þessi mál.

Ég er hins vegar alveg viss um það, að ef við kæmum því í framkvæmd sem flm. talaði hér um bætur á almannatryggingum, þá mundi fóstureyðingum fækka. Ég er alveg sannfærður um það. Nokkur hluti af beiðnunum um fóstureyðingu stafar af því að þessar ungu stúlkur sjá næstum því ekki möguleika til þess að ala barn sitt, og þar kemur einmitt félagsráðgjafinn geysilega vel inn í málið ef hann stendur í stöðu sinni. Ég skal hins vegar ekki neita því, að ég hef heyrt einstakar raddir um að það sé ekki eins og skyldi, en ég er ekki dómbær um það.

Ég bið menn að skoða það ekki sem blóðfórn eða einhvern stórkostlegan glæp þó að fóstri, sem er innan við 12 vikna gamalt og getur ekki lifað sjálfstæðu lífi, sé útrýmt úr legi konu. Ég skoða það ekki sem morð. Ég skoða það ekki sem glæp. Ég mundi í sumum tilfellum skoða það frekar sem glæp að neita konu um þann rétt að losna við fóstur.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Tveir hv. þm. hafa nú rætt hér um frv. það, sem ég ber fram og er til umr., og eru ekki alls kostar sammála mér um það. Þó verð ég að segja að margt í því, sem þessir ágætu hv. þm. sögðu, fellur mér ekki illa, og ég vona að þegar grannt er skoðað séum við ekki ósammála með öllu í þessum efnum, enda kom það greinilega fram bæði hjá hv. 3. þm. Austurl. og hv. 8. landsk. þm. Mér virðist þó að eins og stendur greini okkur nokkuð á í grundvallaratriðum.

Hv. 3. þm. Austurl. lagði áherslu á það sem hann kallaði sjálfsákvörðunarrétt konunnar, og hv. 8. landsk. þm. sagði að frjálsræði einstaklingsins mætti ekki skerða. Þetta sögðu þeir til stuðnings þeirri skoðun sinni, að það ætti að vera konan sem réði eða tæki ákvörðun um það hvort fóstri yrði eytt. Um þetta er ég ekki sammála. Ég vona að ég geti talist eins mikill unnandi frelsisins og hv. 3. þm. Austurl. og hv. 8. landsk. þm. þó ég fallist ekki á þessa skoðun þeirra. Og mér finnst ástin á frelsinu ganga nokkuð langt ef hún á að ganga svo langt að menn hafi frelsi til þess að skerða frelsi annarra. Þar skilur á milli.

Hv. 3. þm. Austurl. sagði að það væri þýðingarmikið að það yrði rannsakað, hvernig stæði á því að fóstureyðingum hefði fjölgað svo mjög sem raun ber vitni um eftir að lögin frá 1975 voru sett. Ég hélt því fram að það væri vegna þess að tekin hefði verið upp heimild til fóstureyðinga af félagslegum ástæðum. Í mínum huga er enginn vafi á því að þetta er ástæðan. Ég vil ekki fullyrða að það geti ekki eitthvað fleira komið þarna inn í dæmið, eins og hv. 3. þm. Austurl. nefndi, að það væri minna um fóstureyðingar hjá íslenskum konum erlendis en áður. En skv. heilbrigðisskýrslum heilbrigðisstjórnarinnar í Bretlandi fyrir 1974 kemur fram að það eru 23 íslenskar konur sem létu eyða fóstri í Bretlandi það ár. Ég hygg að

slíkar tölur breyti ekki heildarmyndinni. Auðvitað hefur verið hægt að framkvæma þessa aðgerð á íslenskum konum víðar en í Bretlandi, en ég hygg að það muni þó aðallega hafa verið til Bretlands sem konur sóttu í þessu sambandi. Við lendum í miklum vanda, ef við gefumst upp við þá mótun löggjafar í þessu landi sem við teljum heilbrigða, eðlilega og nauðsynlega einungis vegna þess að einhverjir geti skotið sér undan lögum með því að geta farið til útlanda. Og þá getum við ekki heldur tekið mark á slíkum sjónarmiðum í því alvarlega máli sem þetta frv. fjallar um.

Hv. 8. landsk. þm. sagði að hann kynni illa við orð sem væru í grg. frv. og ég mun hafa einnig notað í ræðu minni áðan. Það er: að tortíma mannlegu lífi. Það má nota ýmis önnur orð. Ég sé nú ekki annað en að það sé réttnefni, að þegar líf er deytt sé því tortímt. En ég fer ekki út í málssmekk okkar hv. 8. landsk. þm. í þessu efni og skal ekki gera upp á milli hans.

Þá fór hv. 8. landsk. þm. nokkrum orðum um það, að takmörk væru fyrir því hve langt væri hægt að snúa til baka aftur í tímann. Hann taldi að með frv. því, sem hér er til umr., væri tekið harla langt stökk aftur í tímann, þ. e. a. s. ef við ætluðum að hverfa frá því sem við tókum upp 1975: að leyfa fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Mér finnst það ekki að fara langt aftur í tímann.

Hins vegar finnst mér það vera að fara harla langt aftur í tímann að viðurkenna félagslegar ástæður sem ástæður fyrir því að tortíma mannlegu lífi, því það hygg ég, eins og ég kom inn á í framsöguræðu minni, að hafi ekki verið gert síðan afnumin voru ákvæði um barnaútburð hér á landi.

Hv. 8. landsk. þm. fór nokkrum orðum um Evrópuþingið að gefnu tilefni. Ég vék að því. Hann taldi að þar hefði gætt mikilla kaþólskra áhrifa og þess vegna hefði heimild til fóstureyðinga í frjálsræðisátt ekki náð þar fram að ganga. Ekki er ég kaþólskur, en ég greiddi þó atkv. hér á móti, og það hygg ég að margur hafi gert sem ekki var kaþólskur. Ég gat þess í ræðu minni áðan, að nú færi um lönd hreyfing í þá átt að auka hömlur á heimild til fóstureyðinga. Það er í öfuga átt við það sem þróunin hefur verið hér á landi undanfarið. Og þessa gætir, eftir því sem ég best veit og ég vil leyfa mér að fullyrða, algjörlega án tillits til þess hvort menn eru kaþólskir eða ekki kaþólskir. Ég tók það reyndar fram, að þessara áhrifa gætti jafnt austan tjalds sem vestan, og ég hygg að kaþólska kirkjan hafi engin sérstök áhrif þar fram yfir ýmsa aðra aðila, enda er kaþólska kirkjan misjafnlega sterk í hinum einstöku þjóðríkjum eins og við þekkjum vel.

Ég veit að hv. 8. landsk. þm. hefur ekki ætlað sér að gera neitt lítið úr þeim aðvörunum sem ég var með um áhrif fóstureyðinga, ef þær ganga sérstaklega út í þær öfgar sem ég nefndi dæmi um í öðrum löndum, hvaða áhrif það gæti haft á vöxt og viðgang íslensku þjóðarinnar. Og ég veit að þó hann minntist á Napóleon í þessu sambandi, þá er hann ekki að gera mér það upp að fyrir mér vaki að hafa nægilegt fallbyssufóður, eins og hann sagði Napóleon hafa haft í huga. Þetta er allt of alvarlegt mál til þess að rugla þessu saman.

Eins og ég tók fram áðan þykist ég vita að ég og þessir tveir hv. þm., sem hér hafa talað á undan mér, höfum ýmislegt sameiginlegt í þessu efni. Ég efast ekki um að þeir hafi sama áhuga og ég á því að koma á þeim félagslegu umbótum sem nauðsynlegar eru og þarf til þess að fjarlægja þau vandamál sem nú eru látin heimila fóstureyðingu. En ég vona að menn geti fallist á að það er ekki rétt að láta félagslegar ástæður heimila fóstureyðingu þó að það sé ekki búið að koma í framkvæmd öllum þeim umbótum á félagslegu sviði sem stuðla að því að leysa þessi vandamál.

Ég lagði líka áherslu á það, að svo gæti farið að þetta mál yrði miklu meira en félagslegt vandamál, það væri siðferðilegt vandamál. Og það er þessi heimild sem nú er í lögum um að það megi eyða fóstri af félagslegum ástæðum sem getur ýtt undir að gera þetta mál að miklu meira siðferðilegu vandamáli en nú er orðið í dag.

Ég vænti þess, að hv. heilbr.- og trn. afgreiði þetta frv. svo fljótt sem verða má. Ég hef ekki ástæðu til þess að ætla að það skipti mjög miklu máli að hafa þetta mál lengi í n. Að sjálfsögðu vil ég ekki mælast til þess eða ætlast til þess að n. vinni ekki störf sín af fyllstu kostgæfni og samviskusemi. En ég tók það fram í minni frumræðu og ég vil leggja áherslu á það einnig nú og með tilliti til þess hraða sem ég vænti að verði á þessu máli, að við látum barnaárið, það ár sem nú er að líða, vera okkur nokkra hvatningu í þessu efni.

Eins og ég sagði er það velviljað fólk, einstaklingar og félagasamtök, sem nú berjast góðri baráttu til þess að koma hinum ýmsu málum fram í þágu barnsins. Ég verð að segja það, að ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum að hafa ekki tekið eftir því, að það hefði komið fram hjá þessum aðilum líka sá þátturinn að vinna að því að barnið þurfi ekki að sækja undir högg til þess að fá að fæðast í þennan heim. Víða er umkomuleysi og víða er varnarleysi, en hjá engum meira en einmitt þeim sem svo er ástatt um.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi að fjölyrða frekar um þetta mál og læt máli mínu lokið.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég hafði í raun ekki sérstaklega hugsað mér að taka til máls við þessa umr. um þetta mál þar sem ég á sæti í þeirri n. þar sem fjallað verður um málið. Um leið og ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir mjög glögga og greinagóða framsöguræðu og þeim hv. þm., sem til máls hafa tekið, einnig fyrir ábendingar þeirra, vil ég samt gjarnan að það komi fram nú þegar við þessa umr. hver forsendan var fyrir fylgi fjölmargra þm. við lögin eins og þau nú eru. Það kemur fram í Alþingistíðindum frá þeim tíma, í fyrirvörum við atkvgr., að þm. almennt ætluðust til að þessi lög yrðu túlkuð þröngt, heimildin til fóstureyðingar af félagslegum ástæðum yrði túlkuð þröngt. Ég óttast hins vegar að framkvæmdin hafi orðið rýmri eða enn frjálsari en þm. raunverulega ætluðust til. Ég var þeirra skoðunar sjálf, og mér er kunnugt um að margir aðrir þm. voru einnig þeirrar skoðunar, að sú heimild, sem nú er í 9. gr. laga um fóstureyðingar, hafi í raun og veru ekki þá orðið miklu rýmri en hún var í gömlu lögunum. Gömlu lögin voru samkv. orðanna hljóðan allmjög frjálsleg. Framkvæmdin var aftur á móti mjög örðug og ekki frjálsleg.

Ég minnist þess, að forsendan fyrir fylgi margra þm. við þessa 9. gr., þann part sem fjallar um félagslegar ástæður, byggðist á því að tekið var fram að heimildin væri vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Hvorki ég né margir aðrir þm. voru þeirrar skoðunar að nú á dögum væru fjárhagsástæðurnar óviðráðanlegar.

Ég held að hinar óviðráðanlegu félagslegu ástæður séu í ýmsum tilfellum einmitt ekki einvörðungu fjár-

hagslegar. Hins vegar hef ég ekki óyggjandi upplýsingar um þetta. Væri mjög gott ef n. gæti fengið glöggar upplýsingar um hvort þessi er raunin. Mig grunar að það sé misskilningur, sem ég raunar varð vör við að fram kom í hinni ágætu ræðu flm. frv., að ástæðan sé í mjög mörgum tilfellum fjárhagsleg örbirgð. Ég held, því miður, að það séu ýmsar aðrar ástæður sem þarna koma til, og ég segi: því miður, vegna þess að mér finnst fóstureyðingar hafa orðið tíðari en ég hélt þegar við samþ. þessi lög að þær yrðu.

Mér virðist skorta upplýsingar um það fyrir n., sem um þetta fjallar, hve stór hluti af öllum fóstureyðingum, sem framkvæmdar eru, er einvörðungu af félagslegum ástæðum. Það þyrftum við að vita til að átta okkur á hvort einhverju þyrfti að breyta, hvort þrengja þyrfti þá heimild sem þarna er fyrir hendi. Við þyrftum einnig að vita hvort nægilega tryggilega er frá því gengið í framkvæmd að fyrir liggi skrifleg og rökstudd grg. tveggja lækna eða læknis og félagsráðgjafa, sé eingöngu um félagslegar ástæður að ræða, eins og sagt er í 11. gr. frv.

Ég vil ekki halda því fram að þessi grein laganna sé ekki nægilega vel framkvæmd. Hins vegar þurfum við að hafa um það upplýsingar, hversu hart er gengið eftir að þetta ákvæði laganna sé framkvæmt eins og til var ætlast þegar lögin voru sett.

Ég lít ekki svo á að lögin, sem nú gilda í landinu, heimili frjálsar fóstureyðingar. Ég lít svo á að ákvæðið í 11. gr. laganna, ákvæðið í 9. gr. laganna og svo ákvæðið í 12. gr. laganna, sem fjallar um skyldu til að fræða konuna um þá áhættu sem samfara sé aðgerðinni, — allar þessar lagagreinar reisi skorður við því að fóstureyðingar séu algjörlega hömlulausar. Hins vegar verður það að liggja ljóst fyrir, að skilyrði, sem sett eru til þess að reisa skorður við hömlulausum fóstureyðingum, séu tryggilega uppfyllt. Það er líka réttur konunnar og réttur barnsins að þessi skilyrði séu uppfyllt. Þegar menn ræða þau mannréttindasjónarmið sem þarna liggja til grundvallar, þá þarf líka að vera ljóst að það eru ekki einungis mannréttindi konunnar að losna við þunga sem henni finnst í bili vera óvelkominn. Það eru líka mikilsverð mannréttindi að konan fái vitneskju um þá áhættu, sem slíkri aðgerð fylgir, og hún fái þá að njóta þeirra mannréttinda að fæða barn sitt í heiminn. Viðhorf hennar breytast oft á meðgöngutímanum og eftir að barnið er fætt. Og það er ekki einungis um að ræða réttindi konunnar. Það er líka um að ræða réttindi föðurins og réttindi barnsins sjálfs. Þess vegna kann ég því ekki vel þegar rætt er um þessi lög svo sem verið sé að fjalla um málefni er einvörðungu varði rétt konunnar. Ég held að það sé einfaldlega misskilningur að svo sé. Þarna er ekki einn aðili, heldur þrír sem koma til greina: móðirin, faðirinn og hið ófædda barn.

Eins og hv. flm. málsins heyrir, þá er ég ekki algjörlega sannfærð um að það sé rétt að ganga svo langt í breytingu laganna og hann leggur til. Ég held hins vegar, að að fengnum nánari upplýsingum geti það vel komið til greina að við verðum að grípa til þess að þrengja eitthvað þá heimild sem lögfest var á sínum tíma.

Fleira hafði ég ekki séð ástæðu til að láta sérstaklega koma fram á þessu stigi, en vil að við athugum þetta mál mjög vandlega í n. með þau sjónarmið í huga sem fram hafa komið í umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð að gefnu tilefni.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði að menn misskilji það ef þeir teldu að það væri fjárhagsleg örbirgð sem mestu réði eða miklu réði um það, hvort félagslegar ástæður heimiluðu fóstureyðingu. Ég vil taka fram að ég tel mig ekki hafa misskilið þetta, því að ég lagði einmitt sérstaka áherslu á að þarna væri margt fleira, þar sem ég ræddi um hina siðferðilegu hlið þessa máls.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði að hún teldi að það væru ekki heimilaðar frjálsar fóstureyðingar hjá okkur núna. Ég skal ekki mótmæla þessu. En ég vil undirstrika það sem ég sagði áðan, að það væri svo að fóstureyðingar væru frjálsar þegar um væri að ræða fyrir lok 12 vikna meðgöngutíma, þá væri það frjálst eða svo sem frjálst.

Það er, eins og hv. þm. gat um, fróðlegt að gera sér grein fyrir hvað félagslegar ástæður vega þungt í ástæðum sem metnar eru gildar fyrir fóstureyðingu. Hún talaði um að það þyrfti að fá upplýsingar um slíkt. Þessar upplýsingar liggja á lausu. Og það vill svo til að ég get t. d. látið þess getið núna, að 1976 voru 62% af fóstureyðingum af félagslegum ástæðum og 20% voru taldar bæði félagslegar og læknisfræðilegar. Árið 1977 voru þessar tölur 78% félagslegar ástæður og 11% bæði félagslegar og læknisfræðilegar. Af þessu má marka hve mjög þungt hinar félagslegu ástæður vega í þessu máli.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta.

Þó að við séum ekki öll sammála, þá vil ég þakka fyrir þær umr. sem hér hafa orðið og hafa verið málefnalegar. En ég vænti nú þess, að við getum áður en lýkur orðið meira sammála og það þurfi ekki að vera útilokað að við verðum sammála um að afnema hina félagslegu ástæðu sem heimild fyrir fóstureyðingu í stað þess að ganga hálfa leið og fara aðeins að þrengja heimildirnar. Mig uggir, ef sú leið yrði farin, að þá yrði í raun og veru ekki í framkvæmd mikil breyting á þessu, því það hefur sýnt sig hvernig framkvæmdin hefur orðið fram að þessu, þar sem, eins og ég sagði í upphafi, félagslegar ástæður eru svo rúmt hugtak.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Réttur verkafólks til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, frv. (þskj. 273). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt um rétt verkafólks til uppsagnarfrests og launa í sjúkdóms- og slysaforföllum og ríkisstj. hefur samþ. að standa að, hefur verið kynnt og rætt við fulltrúa launþegasamtakanna, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

Fulltrúar vinnuveitenda hafa mótmælt setningu þessara laga, bæði af formsástæðum, en raunar einnig efnislega að hluta. Hvað formið varðar telja þessir aðilar að hér sé á alls óviðunandi og íþyngjandi hátt seilst með einhliða valdboði inn á samningssvið sem sé löggjafanum óviðkomandi, eins og segir í grg. Vinnuveitendasambandsins um málið. Erfitt er að taka svona staðhæfingar alvarlega.

Er þess fyrst að gæta, að lagasetning um uppsagnarfrest og sjúkdóms- og slysagreiðslur til verkafólks er ekki nýmæli í íslenskri löggjöf. Við höfum nú um 20 ára skeið búið við löggjöf í þessum efnum, lög nr. 16 frá 9. apríl 1958. Getur það því vart talist óviðunandi og íþyngjandi íhlutun um mál sem sé löggjafanum óviðkomandi þótt ákvæði þessara laga séu tekin til endurskoðunar og færð í það horf sem breyttir tímar og ný viðhorf til almennra mannréttinda gera tilkall til.

Hins er einnig að gæta, að löggjafinn hefur þráfaldlega talið sig til þess knúinn að grípa inn í gerða kjarasamninga með þeim hætti að umsamdar launahækkanir hafa ýmist verið felldar alveg niður eða þeim breytt með ráðstöfunum í verðlags- og skattamálum, jafnvel skipt á þeim og úrbótum í réttinda- og félagsmálum. Slíkt gerðist fjórum sinnum á síðasta ári. Ég hef ekki orðið var við að vinnuveitendur kvörtuðu undan því, að slíkar ráðstafanir væru ósæmileg íhlutun í samningssvið sem löggjafanum væru óviðkomandi. Þvert á móti hafa þeir látið sér slíkt vel líka og raunar stundum kvartað undan því, að ekki væri nógu langt gengið, eins og skeði í tengslum við ráðstafanirnar 1. des. s. l. þegar 6% launahækkun af þeim 14%, sem launþegar áttu samningsbundið tilkall til, var talin allt of mikil og yfir því kvartað að atvinnureksturinn fengi ekki undir slíkri hækkun staðið.

Ef samningsrétturinn væri vinnuveitendum svo heilagur sem þeir nú vilja vera láta hefði þeim borið að mótmæla kröftuglega a. m. k. fjórum sinnum áður á síðasta ári einu saman, en ekki þá fyrst er verkafólk fær að endurgjaldi fyrir verulega eftirgjöf af umsaminni kauphækkun sjálfsagða leiðréttingu á lágmarksréttindum til atvinnuöryggis og afkomuöryggis þegar veikindi eða slys ber að garði.

Ég tel ekki þörf á að fara mörgum orðum um efni frv. eða einstakar greinar þess og vísa í því efni til þeirra aths. sem frv. fylgja. Ég mun þó ræða nokkuð um helstu breytingar frá gildandi lögum sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Réttur verkafólks til eins mánaðar uppsagnarfrests frá störfum er rýmkaður frá því sem nú er. Honum er breytt á þann veg, að eins árs samfellt starf innan sömu starfsgreinar nægir, en skv. eldri lögum þarf launþegi að vinna eitt ár samfellt hjá sama atvinnurekenda. Rétturinn er hins vegar takmarkaður við störf hjá aðilum sem fást við atvinnurekstur og nær því t. d. ekki til einstaklinga sem ráða verkafólk tímabundið til starfa, svo sem við húsbyggingu og þess háttar. Það er nýmæli að lögfesta með þessum hætti tiltekinn réttindaávinning með samfelldu starfi innan ákveðinnar starfsgreinar þótt hliðstæð ákvæði sé víða að finna í vinnulöggjöf nálægra þjóða. Raunar eru slík ákvæði þegar komin inn í kjarasamninga a. m. k. eins starfshóps hér á landi, þ. e. Sambands byggingarmanna. Þetta nýja ákvæði kemur einkum til góða því fólki sem stundar margvíslega árstíðabundna atvinnu, t.d. í fiskiðnaði, og hefur fram til þessa ekki náð að öðlast rétt til marktæks uppsagnarfrests. Jafnframt er þó með ákvæði í 1. málsgr. 1. gr. girt fyrir misnotkun þessara réttinda með því að setja það skilyrði, að rétt og löglega hafi verið staðið að brotthvarfi úr vinnu hjá fyrri atvinnurekanda. Auk þess koma inn ný ákvæði um lengri uppsagnarfrest þeirra sem hafa verið ráðnir samfellt hjá sama atvinnurekanda um tiltekið árabil. Eftir þriggja ára ráðningu kemur tveggja mánaða uppsagnarfrestur og eftir fimm ára ráðningu þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Ég vænti þess, að enginn hv. þm. telji það ofrausn að verðlauna með þessum hætti tryggð verkafólks við sinn vinnustað.

Í 4., 5. og 6. gr. er svo kveðið á um rétt til launa í veikinda- og slysatilfellum. Er sá réttur verulega mikið rýmkaður frá gildandi lögum, en þó á þann hátt að atvinnurekendum er gert mögulegt að tryggja sig fyrir þeim aukna tilkostnaði sem getur orðið samfara þessum breytingum.

Að vísu er þess að geta, að það getur skapað ákveðið vandamál um kaup á slíkum tryggingum, að hámarksréttur til veikinda- og slysagreiðslna innan sama 12 mánaða tímabils er ekki takmarkaður í 5. gr. Eins og frv. er nú getur sami starfsmaður átt rétt til þessara greiðslna oftar en einu sinni á sama ári. Hefur Vinnuveitendasamband Íslands bent sérstaklega á þetta í bréfi til hæstv. forsrh. frá 25. þ. m.

Þess er þó að gæta, að þau réttindi, sem verkafólki eru veitt með 5. gr. frv. til viðbótar þeim réttindum sem það nú þegar hefur, eru takmörkuð við tiltölulega þröngan hóp eða þá eina sem hafa unnið samfellt í 3 ár annars vegar og 5 ár hins vegar hjá sama vinnuveitanda. Þau koma því aðeins til góða því fólki sem sýnt hefur sig að því að vera traust og áreiðanlegt og ekki þarf að óttast að misnoti slík réttindi.

Á hitt vil ég líka benda, að þótt ekki sé til í reglum tryggingafélaganna í dag iðgjaldagrundvöllur fyrir þessari endurtekningaráhættu er ekkert vafamál að um slíkan grundvöll geta atvinnurekendur samið við tryggingarfélögin þegar það verður orðið nauðsynlegt. Hins vegar verður ekki fullyrt um það nú, hve há iðgjöld kann að semjast um vegna endurtekningaráhættunnar.

Í bréfi sínu til hæstv. forsrh., sem ég áður vitnaði til, leggur Vinnuveitendasambandið þunga áherslu á að staðgengisreglan verði algjörlega numin úr gildi. Nú skal ég játa það fúslega að ég tel þessa reglu alls ekki gallalausa, langt frá því. En við skulum minnast þess, að þessi lög eru ásamt fleirum að hluta til hugsuð sem endurgjald til verkafólks fyrir verulega eftirgjöf á launagreiðslum sem það átti samningsbundið tilkall til. Það endurgjald hefur ríkisstj. ekki hugsað sér að greiða með því að skerða þann rétt sem verkafólk hefur nú þegar skv. gildandi lögum.

Í 4. gr. er öllu verkafólki, sem slasast í vinnuslysi eða veikist af sjúkdómi sem rakinn verður til þeirrar vinnu sem það stundar, tryggður réttur til dagvinnulauna í þrjá mánuði. Rétturinn takmarkast þó við þá aðila sem stunda atvinnurekstur, og er þannig fyrir það girt að t. d. einstakur húsbyggjandi, sem þarf að ráða fólk til ýmissa starfa tímabundið, geti þurft að greiða slíkar veikinda- og slysabætur.

Í 5. gr. er lagt til að fastráðið verkafólk haldi þeim rétti sem það nú þegar hefur til greiðslu svonefndra staðgengislauna í einn mánuð í öllum veikinda- og slysatilfellum, til viðbótar komi svo daglaun í einn mánuð eftir þriggja ára ráðningu og í tvo mánuði eftir fimm ára ráðningu hjá sama atvinnurekanda. Hér liggur aftur til grundvallar sú hugsun, sem ég veit að vinnuveitendur eru efnislega sammála um, að eðlilegt sé að launa tryggð við ákveðinn vinnustað með auknum starfsréttindum. Réttur verkafólks til þessara greiðslna er einungis háður fastráðningu um tiltekið árabil. Hins vegar skiptir það ekki máli hver er orsök veikindanna eða hvar launþegi verður fyrir slysi. Þegar þetta fastráðna fólk lendir hins

vegar í eiginlegu vinnuslysi eða veikist af atvinnusjúkdómi getur það átt rétt til dagvinnulauna í allt að þrjá mánuði til viðbótar. Hámarksréttur til launa væri þannig í alvarlegustu vinnuslysum og atvinnusjúkdómum eftir 5 ára samfellda ráðningu hjá sama vinnuveitanda orðinn sex mánuðir og þar af einn eftir staðgengisreglunni.

Skv. 6. gr. fær verkafólk á fyrsta starfsári viðurkenndan rétt til staðgengislauna í tvo daga fyrir hvern unnin mánuð í stað eins, eins og nú er í flestum kjarasamningum, og er það eina tilfellið þar sem staðgengisreglan er útvíkkuð.

Loks er í 7. gr. ákvæði um lágmarksframlag til sjúkrasjóða verkafólks sem vera skal 1% af útborguðu kaupi. Slíka sjúkrasjóði hafa flestir launþegar nú þegar, þó ekki verslunarfólk, og iðgjald er víða í samningum hærra en 1%. Það kann að virðast ofrausn að viðhalda þessum greiðslum eftir þá miklu aukningu á launagreiðslum í veikinda- og sjúkdómstilfellum sem frv. gerir ráð fyrir. Hér er þó þess að gæta, að þótt þetta frv. verði að lögum eru *réttindi* nokkurs hluta verkafólks þó enn ótrygg og geta sjúkrasjóðir því vissulega haft mikilsverðu hlutverki að gegna áfram.

Eins kemur það til, að mikill áhugi er á því að taka upp reglubundið eftirlit með heilsufari alls verkafólks, t. d. með læknisrannsókn á tveggja ára fresti og oftar hjá því fólki sem starfar á vinnustöðum þar sem sérstök hætta er á atvinnusjúkdómum, t. d. vegna hávaða eða rykmengunar. Er ráðgert að setja slík ákvæði í lög þau, sem nú er verið að vinna að, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem ég vona að hægt verði að leggja fram hér á hinu háa Alþ. eftir eina til tvær vikur. Þykir mér eðlilegt að sjúkrasjóðirnir verði látnir koma þar til og greiða kostnað af slíku eftirliti eftir því sem aðstæður þeirra og geta gefur tilefni til.

Herra forseti. Að öðru leyti vísa ég til þeirra aths. sem frv. fylgja. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. þessarar hv. d., og vona að sú n. afgreiði það fljótlega frá sér. Einnig legg ég til að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 67. fundur.

Mánudaginn 26. mars, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, er meðferð frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslensku krónunnar sem lagt var fram í Ed. fyrstu dagana sem Alþ. sat og er 7. mál á þessu þingi. Það kom um miðjan desembermánuð til Nd. og var vísað til fjh.- og viðskn. sem hafði þetta frv. til meðferðar alllengi, en tók sig að lokum til og afgreiddi málið. Nefndin klofnaði um afgreiðslu málsins. Minni hl. skilaði sínu nál. 7. mars, meiri hl. n. skilaði sínu nál. 9. mars.

Fyrir viku spurði ég hæstv. forseta Nd. um hvernig á því stæði að þetta frv. væri ekki tekið til 2. umr. hér, svo langt sem liðið er frá því að n. skilaði áliti. Þegar þar við bætist að hér er um að ræða skiptingu á um 7 500 millj. kr. samkv. brbl., sem gefin voru út 5. sept. um ráðstöfun gengishagnaðar, og staðfestingu þess frv. sem lagt var fram í þingbyrjun, þá hefði ég talið — og ég vona að þm. geti verið mér sammála — að það liggi á að afgreiða slíkt mál.

Í Ed. var þetta mál afgreitt, eins og ég sagði áðan, fyrir miðjan desember. Þar skila fjórir nm. áliti og þar af skrifar einn undir álitið með fyrirvara, tveir nm. skila séráliti og einn nm. var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Í Nd. gerist það, að tveir nm. í fjh.- og viðskn., formaður n. og 3. þm. Suðurl., hafa lagt fram brtt. við frv., eðlilega brtt. sem ég ætla ekki að ræða fyrr en málið kemur til umr., og enn fremur höfum við nokkrir aðrir þm. lagt fram aðra brtt.

Ég tel í hæsta máta óeðlilegt, að mikilvægt stjfrv. skuli þvælast hér fyrir Alþ. allan veturinn, og skil ekki hvernig á því stendur að það sé legið á því að taka það fyrir. En hugboð hef ég um að hæstv. forseti hafi fyrir rúmri viku verið beðinn um að taka málið ekki fyrir, hæstv. forseti sem er nú fjarverandi, en 1. varaforseti gegnir nú störfum hans. Ég spyr því hæstv. forseta hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að taka þetta mikilvæga mál til umr. og afgreiðslu. Það er mikilvægt, eins og ég sagði áðan og ég ætla ekki að lengja þessar umr. með því, en ég legg á það ríka áherslu að við því verði orðið. Ég skil ekki annað en að hæstv. ríkisstj. hljóti að leggja áherslu á að þau frv. sem hún leggur fyrir Alþ., fái eðlilega þingmeðferð.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. þm. gerði mér aðvart um þessa fyrirspurn sína á föstudaginn var. Mér gafst kostur á að hafa tal af hæstv. forseta, áður en hann hélt af landi brott, og innti hann eftir skýringum á því, að þetta mál skuli ekki hafa komið fyrir til afgreiðslu, og hann kvað skýringuna vera tímaskort. Þó sagði hann að sig ræki minni til þess, að eitt sinn er hann var í tilhlaupi að taka málið fyrir hafi hæstv. forsrh. óskað eftir frestun á málinu.

Fyrir öðrum svörum get ég ekki setið. Óskar hv. þm. að gera frekari athugasemdir við þetta svar mitt? (**MB:** Ekki annað en ósk um að umr. um málið verði tekin fyrir á þessum fundi.) Ég mun gera ráðstafanir til og athuganir á hvort svo megi verða.

Veiting prestakalla, frv. (þskj. 456). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er samið af n. er skipuð var 20. júlí 1977 af fyrrv. kirkjumálaráðh. Ólafi Jóhannessyni. Frv. er lagt hér fram með samþykki ríkisstj., en án skuldbindinga af hendi einstakra ráðh. eða þeirra þingflokka sem ríkisstj. styðja. Frv. felur í sér nokkrar breytingar frá núverandi reglum um veitingu prestakalla.

Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir að meginreglan verði að prestar verði kosnir af svokölluðum kjörmönnum, en samkv. frv. eru kjörmenn sóknarnefndarmenn í hverri sókn.

Önnur meginbreytingin er að tekin eru upp ákvæði um svokallaða köllun prests. Köllun er fólgin í því að tiltekinn meiri hl. kjörmanna eða 3/4 geta farið fram á að

tiltekinn prestur taki þjónustu án þess að viðkomandi prestakall sé auglýst laust til umsóknar. Ef 3/4 hlutar kjörmanna samþ. síðan köllun á formlegum fundi, er prófastur stýrir, skal veita viðkomandi presti kallið. Gert er ráð fyrir í frv. að veiting, sem byggist á köllun, sé tímabundin og í lengsta lagi geti veiting í því tilfelli verið 4 ár.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir að almenn kosning geti farið fram að loknu vali kjörmanna, þ. e. ef 25% söknarbarna fara fram á það. Hér er opnuð leið fyrir söknarmenn að krefjast þess að fá að taka ákvörðun um val prests án milligöngu kjörmanna.

Allmiklar deilur hafa staðið um prestskosningar í núverandi mynd bæði á Alþ. og utan þess. Lögin um prestskosningar hafa staðið nær óbreytt frá því þau voru sett 1915. Þó hafa komið fram á Alþ allt frá 1930 nokkur frv. er lúta að breytingum á lögunum, og einnig hafa komið fram þáltill. um sama efni. Um þetta vísast nánar til nál. er fylgir frv. Á flestum Kirkjuþingum allt frá stofnun þeirra hefur þetta mál borið á góma. Komið hafa fram ákveðnar tillögur og lagafrv. Í því sambandi er rétt að minna á frv. er Kirkjuþing samþykkti 1972 og síðan 1976. Í nefndu frv. Kirkjuþings er gert ráð fyrir að kjörmenn velji söknarpresta. Einnig er það að finna ákvæði um köllun. Frv. Kirkjuþings gerir hins vegar ekki ráð fyrir að prestskosningar með þátttöku söknarmanna geti farið fram.

Hjá þeim, sem andsnúnir eru núv. reglum um prestskosningar, eru ýmsar ástæður tilfærðar, svo sem að prestskosningar leiði oft til sundurlyndis í söfnuðum vegna deilna sem oft séu fremur sprottnar af persónulegri afstöðu en málefnalegri, kosningabaráttan sé dýr fyrir umsækjendur og sé oft háð án þeirra vilja. Það er skoðun margra presta að núgildandi reglur um kosningar þeirra og skipun í embætti leggi of miklar hömlur á eðlilega tilfærslu þeirra í embættum og réttlátan og eðlilegan frama og eigi m. a. sök á því, að margir kandidatar fást síður til þess að fara í hin lakari brauðin, þar sem þeir eiga oft þeirra kosta einna völ að sitja í sama embætti alla ævi eða ganga hreinlega úr þjónustu kirkjunnar. Svo eru aftur aðrir sem telja núverandi fyrirkomulag, að söknarmenn fái við almennar kosningar að velja sér prest, lýðræðislegasta og heppilegasta fyrirkomulagið.

Nefndin, sem samdi þetta frv., hefur haft bæði þessi sjónarmið í huga og reynt að finna málamiðlunarleið.

Þótt menn greini á í þessum efnum er ljóst að endurskoða þarf ákvæði núgildandi laga um veitingu prestakalla. Þar má nefna t. d. að ýmis ákvæði laganna um framkvæmd kosningar eru úrelt.

Í III. kafla frv. eru ákvæði um almennar kosningar. Þar er að finna ákvæði um gerð kjörskrár sem eru skýrari en samkv. núgildandi lögum. Þar eru einnig ákvæði um utankjörstaðaratkvæðagreiðslu og er það nýmæli. Kosningaaldur er lækkaður niður í 18 ár. Gert er ráð fyrir að í hverju prófastsdæmi sé yfirkjörstjórn er annist framkvæmd kosninganna. Talning atkv. fer fram hjá yfirkjörstjórn í hverju prestakalli. Samkv. núgildandi lögum er ein yfirkjörstjórn fyrir allt landið. Ýmsum ákvæðum núgildandi laga um framkvæmd sjálfra kosninganna er sleppt, en vísað þess í stað til laga um kosningar til Alþingis. Þetta nefni ég sem dæmi um ýmsar breytingar og lagfæringar sem fram koma í þessu frv.

Rétt er að vekja athygli á ábendingu meiri hl. n., þar sem bent er á að nauðsynlegt sé að endurskoða ákvæði um kosningu söknarnefndarmanna. Ef frv. þetta yrði að lögum væri því rétt að fjölga í söknarnefndum í fjölmennari söknum. N. gerði hins vegar enga ákveðna tillögu í þessa átt.

Ég vil geta þess að lokum, að Kirkjuþing hefur fjallað um frv. þetta og mælt með samþykkt þess.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 449). — 1. umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um breyt. á lögum nr. 81 frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með þessu frv. er lagt til að heimila bátum, sem eru 20 m að lengd eða minni, að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tveimur svæðum út af Vestfjörðum á tímabilinu 1. sept. til 30. nóv. og fylgir kort sem sýnir þessi svæði sem eru merkt G2. Þessi svæði, sem hér um getur, eru viðurkennd skarkolasvæði og á þeim árum, sem botnvörpuveiðar voru þar leyfðar, gáfu þau góða veiði.

Eins og kunnugt er hafa fiskifræðingar og Hafrannsóknastofnunin lagt til að auka skarkolaveiðar vegna þess að sá stofn sé vannýttur, og með tilliti til þess að bátar af þessari stærð hafa haft mjög takmarkað verkefni að haustinu á undanförnum árum um langt árabil, þá hefur töluverður fjöldi þessara báta, einkum bátar frá Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði, stundað rækjuveiðar frá hausti og fram eftir vetri. En á s. l. árum hefur verið mikil seiðagengd á þessum svæðum og þó alveg sérstaklega á s. l. hausti, þannig að veiðar í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði voru ekki leyfðar fyrr en eftir áramót og sá aflakvóti, sem Hafrannsóknastofnunin lagði til að leyft yrði að veiða á s. l. hausti, var stórlega lækkaður nú fyrir nokkru. Þess vegan er það, að þessir bátar og fleiri bátar af þessari stærð hafa litla möguleika til útgerðar að haustinu, og því er eðlilegt að dómi okkar, sem þetta frv. flytjum, að afla lagaheimildar fyrir veiðum með botnvörpu og flotvörpu á þessum svæðum. En flm. þessa frv. eru ásamt mér þrír aðrir þm. Vestfirðinga, hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, hv. 2. þm. Vestf., Gunnlaugur Finnsson, sem átti hér sæti þegar þetta frv. var flutt, og hv. 3. þm. Vestf., Kjartan Ólafsson.

Þetta frv. er flutt að beiðni Félags smábátaeigenda við Ísafjarðardjúp sem þeir sendu þm. Vestfirðinga á s. l. hausti. Enn fremur hefur þetta frv. verið sent á aðra staði á Vestfjörðum, einkum til Bíldudals til útgerðaraðila þar. Eru menn yfirleitt á því að þessi heimild komi að miklu gagni fyrir útgerð á þessum stöðum og sömuleiðis er það einn liðurinn í að auka sókn í vannýtta fiskstofna.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Í tilefni af því frv., sem hér hefur verið flutt, leitaði rn. álits hjá Hafrannsóknastofnun sem ég tel rétt að komi strax fram. Í svari Hafrannsóknastofnunar er bent á að mál þetta hafi verið rætt þar og þá út frá minnisgreinum sem Aðalsteinn Sigurðsson hefur lagt fram og stofnunin telji

æskilegt að skarkolaveiðar með botnvörpu verði leyfðar undan Vestfjörðum á milli 4 og 12 sjómílna á svæðinu frá Látrabjargi að Djúpál á tímabilinu sept. til nóv. og jafnvel fram í des. Jafnframt telur stofnunin að riðill í poka botnvörpunnar ætti að vera 170 mm. En að því er frv. varðar, þá er syðra svæðið, sem lagt er til í frv. að opna, óþarflega lítið að dómi stofnunarinnar, en á hinn bóginn hefur Hafrannsóknastofnunin næstum engin gögn um skarkolaveiðar á nyrðra svæðinu sem frv. fjallar um. Hins vegar tekur hún fram að það sé vitað að það er á gönguleið skarkolans frá Norðurlandi á hrygningarstöðvarnar við Vestfirði og því megi vel vera að þar megi fá skarkola framan af vetri.

Að öðru leyti vil ég aðeins vekja athygli á því, að hér er gert ráð fyrir að leyfið sé bundið við skip sem eru 20 m að lengd eða minni, en það hljóti að koma til íhugunar hvort ekki sé mögulegt að hafa einhverja aðra lengdarviðmiðun. Af hálfu starfsmanna rn. hefur verið bent á að íhugunarefni væri að miða við 26 m, eins og víða er gert annars staðar, og þá með tilliti til þess að auka möguleikana á að nýta þennan stofn.

Það eru sem sagt þessi tvö atriði sem hljóta að koma til skoðunar og þá í nefnd væntanlega: annars vegar stærðarmörkin og hins vegar möskvastærðin sem eigi að miða við.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í þessu frv. er miðað við 20 lengdarmetra. Hér er um tvö ákaflega takmörkuð svæði að ræða og við flm. þessa frv. höfum miðað við 20 lengdarmetra, en það er sama stærð og gildir um dragnótaveiði. Í raun og veru eru þarna bátar af þeirri stærð og við teljum ekki eðlilegt að það séu heimilaðar á þessu svæði eingöngu dragnótaveiðar, heldur einnig botnvörpuveiðar. Það er þrjár stærðir: 20 lengdarmetrar, 26 lengdarmetrar og 39 lengdarmetrar, í núgildandi löggjöf, og við töldum eðlilegt, þar sem hér væri um afmörkuð svæði að ræða, að miða þetta við minnstu gerð. Eftir því sem fleiri hafa heimild til veiða á þessu svæði, því þrengra verður og minna er upp úr því að hafa og meiri erfiðleikar að gera upp á milli þeirra sem um leyfi sækja, svo að þetta atriði er fullkomlega viljandi gert, að vera ekki að miða þessa stærð við 26 m, heldur 20.

Ég get látið í ljós þá skoðun mína varðandi möskvastærð, að ef frv. fær afgreiðslu og samþykkt verður að heimila togveiðar á þessum tveimur svæðum, þá tel ég eðlilegt að þá sé gildandi sú möskvastærð sem er í togveiðarfærum almennt á hverjum tíma og ekkert frábrugðið á þessu svæði frá öðrum.

Ég ætla ekki að ræða um það, hvort fiskifræðingum finnst þetta svæði of lítið. Við erum auðvitað til umræðu um það. Hér eru tiltekin þau svæði sem áður voru leyfðar veiðar á eins og þessar, og það kemur mér nokkuð á óvart að heyra það frá hæstv. sjútvrh. að fiskifræðingar viti ekki um skarkola á nyrðra svæðinu. Þetta er margkannað svæði og þarna áttu dragnótaveiðar sér stað. Ég er hræddur um að það hafi einhver svarað þessu þar sem hefur ekki verið almennilega vaknaður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Vernd barna og ungmenna, frv. (þskj. 328). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. um vernd barna og ungmenna, nr. 53 frá 1966. Í grg. með þessu frv. segir m. a.:

„Fá mál eru viðkvæmari og vandmeðfarnari en barnavernd og afskipti af heimilum eða einstaklingum af þeim sökum. Það verður að teljast neyðarráðstöfun, þegar samfélagið þarf að grípa inn í fjölskyldumál og leysa úr vandamálum, sem stafa af sálrænum, tilfinningalegum eða persónulegum ástæðum, ekki síst þegar börn eða ungmenni eiga í hlut. Barnaverndarnefndir, barnaverndarráð, félagsfræðingar og aðrir, sem afskipti hafa af slíkum málum, bera að þessu leyti mikla og vandasama ábyrgð.

Allajafna fara störf þessara aðila fram í kyrrþey, og ljóst er, að hversu margar lagagreinar og reglur sem settar eru um framkvæmd og meðferð barnaverndarmála reynir fyrst og fremst á þroska, skilning og lipurð þeirra, sem til slíkra ábyrgðarstarfa veljast, að dæma um velferð barns eða ungmennis. Óhætt er að fullyrða, að við allan meginþorra barnaverndarmála gætir slíkra sjónarmiða.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt að löggjöf móti meginstefnu, sem taki tillit til mannúðlegra viðhorfa og beri hag einstaklinganna, sem í hlut eiga, fyrir brjósti.

Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, hafa verið í endurskoðun um nokkurt skeið, en lítið virðist miða og hljótt er um þá endurskoðun."

Af því tilefni hef ég leyft mér að flytja þetta frv., en það felur í sér nokkrar breyt. á nefndum lögum sem hníga allar í þá átt að tryggja betur en nú er rétt foreldra eða forráðamanna barna með hagsmuni barnsins fyrir augum. — „Er þá gengið út frá þeirri meginforsendu, að barnið sé hluti fjölskyldu, sem umfram allt megi ekki stía í sundur nema til þess liggi óumdeilanleg rök og ríkar ástæður. Í íslenskri löggjöf er allsráðandi sú meginregla, að fjölskyldan búi og lifi saman, og aldrei má til þess koma, að barni sé ráðstafað og það tekið úr umsjá foreldra vegna rangra upplýsinga eða á röngum forsendum."

Þær breyt., sem þetta frv. felur í sér, hníga allar að því að auka nokkuð það tillit sem tekið skal til forráðamanna eða foreldra barna, þannig að komið sé í veg fyrir að börn séu tekin úr umsjá foreldra og frá fjölskyldum án þess að fyllsta tillit sé tekið til hagsmuna fjölskyldunnar sem heildar og sjónarmiða foreldranna. Það felur sem sagt í sér að gögn og upplýsingar skuli liggja fyrir og sé ekki farið með sem trúnaðarmál á þann veg að forráðamenn barna fái ekki að kynna sér þau gögn.

Ég sé ekki ástæðu til að útskýra í smáatriðum eða ítarlegar einstakar greinar þessa frv. Þetta er meginkjarni frv., sem ég hef nú verið að lýsa, og allar ættu þessar breytingar að mínu mati að vera til mikilla bóta og tryggja rétt barnanna og foreldranna frá því sem nú er.

Ég held að það fari vel á því, að hv. Alþ. taki þetta mál til meðferðar og afgreiði málið frá sér á þessu þingi, þar sem nú stendur yfir barnaár og flestir gera sér far um að reyna að taka tillit til hagsmuna barnanna og rétta hlut þeirra í þjóðfélaginu.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil gefa hv. 7. þm. Reykv. svar við fsp. hans, að það er nokkuð seint eftir þessu innt, því ég hafði þegar tekið málið af dagskrá að beiðni hæstv. fjmrh.

Dómvextir, frv. (þskj. 19, n. 455). — 2. umr.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil byrja á því, áður en ég geri grein fyrir þessu nál., að spyrjast fyrir um hvernig sé með 12. mál á dagskrá, um tollskrá o. fl., sem varðar bílakaup ráðh., hvort þetta mál verði ekki tekið fyrir í dag. Ég satt að segja sé ekki að eftir neinu sé að bíða að þetta mál sé rætt og vil óska eftir að umr. um það verði flýtt.

Það nál., sem ég er hér að mæla fyrir, er frá allshn. Nd. og fjallar um dómvexti, sem var 19. mál Alþingis þessa vetrar. Flm var hv. þm. Ellert B. Schram. Allshn. hafði þetta mál til skoðunar um tveggja mánaða skeið eða svo og leitaði upplýsinga hjá allnokkrum sérfróðum aðilum um það. Ég hygg að það sé alveg ljóst hvað fyrir flm. vakir, sem sé að dómkröfur séu verðtryggðar, þannig að til þess komi ekki að sá, sem getur dregið dómsmál, sem um efnahagsleg efni fjalla, alllangan tíma, hagnist á drættinum.

Eftir allnokkra skoðun vildi allshn. breyta orðalagi á nefndri lagagrein þannig, að í ríkari mæli en flm. gerði ráð fyrir væru tekin af öll tvímæli um þessi efni. Allir 7 nm. lögðu þess vegna til að frv. yrði samþ., en með svofelldri breyt. á 1. gr. frv. sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta.:

„Á tímabilinu frá stefnubirtingu til greiðsludags í dómsmáli skal dómari ákveða, að kröfu stefnanda, að vextir af dómkröfu séu eigi lægri en nemur hækkun byggingarvísitölu eða annarri sambærilegri viðmiðun, sem taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómara er þó heimilt að gera frávik frá þessari reglu ef atvik þau, sem getið er um í 1. og 3. tölul. 2. málsgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við um stefnanda eða ef tekið hefur verið tillit til verðbólgu á ofangreindu tímabili við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útivistarmálum, ef stefndi skilaði ekki greinargerð."

Undir þetta nál. rita allir nm. í allshn. Nd., þ. e. Vilmundur Gylfason, Einar Ágústsson, Matthías Á. Mathiesen, Gils Guðmundsson, Árni Gunnarsson, Friðrik Sophusson og Svava Jakobsdóttir.

Nefndin leggur sem sagt einróma til að frv. um dómvexti verði samþ. með þeirri breyt. sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Þessi breyt. hefur verið borin undir flm., hv. þm. Ellert B. Schram, og hefur hann fyrir sitt leyti á hana fallist. Ég legg svo til að málinu verði vísað áfram hina venjulegu og hefðbundnu leið, en að lokum, herra forseti, ítreka ég spurningu mína um 12. mál á dagskrá.

ATKVGR.

Brtt. 455 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Orkuiðnaður á Vesturlandi, frv. (þskj. 355). — 1. umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 355 hef ég leyft mér að flytja frv. til 1. um orkuiðnað á Vesturlandi ásamt hv. 7. landsk. þm.

Allt frá 1970 eða u. þ. b. hafa miklar umr. farið fram meðal heimamanna í Vesturlandskjördæmi í þá átt að stækka athafnasvæði Andakílsárvirkjunnar þannig að það taki framvegis til alls Vesturlands frá Hvalfirði í Gilsfjarðarbotn. Liggja fyrir um þetta efni ítrekaðar samþykktir, bæði eigenda Andakílsárvirkjunar, sveitarstjórna, sýslunefnda, ýmissa félagslegra heildarsamtaka svo og samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, sem hafa hvatt til aukinnar samvinnu í orkumálum á þessu svæði öllu. Með hliðsjón af mikilvægi málsins og stærð og heildarskipulagi er þó talið rétt og eðlilegt að ríkisvaldið eigi verulegan hlut að þessu máli. Fyrirtæki, sem kynnu að verða stofnsett í þessu skyni, yrðu því sameign ríkisins og sýslu- og sveitarfélaga á Vesturlandi.

En þá er von að þeir, sem ekki eru kunnugir málum, vilji vita eitthvað um Andakílsárvirkjunina. Hún tók til starfa árið 1947 og hefur aðallega selt raforku til dreifiveitnanna á Akranesi, Borgarnesi og Hvanneyri, þ. e. a. s. annast orkuöflun og flutning á ákveðnu svæði Borgarfjarðarhéraðs. Þess skal getið að Andakílsárvirkjun annaðist alla orkuöflun fyrir Borgarfjarðarhérað til 1958, en orkuflutning frá Akranesi til Andakíls fyrir Rafmagnsveitur ríkisins hefur hún séð um fram á þennan dag.

Andakílsárvirkjun er sameign þriggja aðila, þ. e. Akraneskaupstaðar, Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu. Sameignin skiptist í þrjá jafna hluti. Virkjunin á sér langa sögu sem ekki verður rakin hér. En fyrstu hugmyndir um virkjunina verða raktar allt aftur til aldamóta. Síðan voru samþ. heimildarlög um virkjun Andakílsfossa 1921, en það er fyrst eftir 1941, er Akranes öðlast kaupstaðarréttindi, að Akraneskaupstaður og sýslurnar tvær bindast samtökum um að hrinda þessari merku hugsjón í framkvæmd. Andakílsárvirkjun tók til starfa í ársbyrjun 1947, eins og ég áðan sagði.

Svo sem kunnugt er hafa orkumál verið mjög ofarlega á baugi á undanförnum árum og mikið rædd í öllum byggðum landsins. Við valdatöku þeirrar ríkisstj., er áður sat, þ. e. a. s. síðsumars 1974, stjórnar Geirs Hallgrímssonar, var lögð áhersla á aukinn hraða í virkjun íslenskra orkugjafa, bæði til iðnvæðingar og í því skyni að gera Íslendinga óháðari en ella innfluttri orku. Þá var því lýst yfir að framkvæmdir til hagnýtingar innlendra orkulinda hlytu að hafa algeran forgang, enn fremur að endurskoða skyldi skipulag, stjórn og eignaraðild orkuöflunar- og dreifingarfyrirtækja og stefna að auknum áhrifum strjálbýlisins og sveitarfélaga á stjórn slíkra fyrirtækja.

Eins og kunnugt er störfuðu stjórnskipaðar n. að þessum málum í flestum kjördæmum landsins og þeim var sérstaklega ætlað að kanna hugi og viðhorf heimamanna til skipulagningar í orkumálum. Auk þess starfaði yfir-

nefnd í orkumálum, að því að gera till. um heildarskipulag og yfirstjórn þessara mála að því er tekur til landsins alls.

Ég mun í stuttu máli gera nokkra grein fyrir störfum raforkunefndar Vesturlands. Hún var skipuð hinn 4. maí 1976 af þáv. iðnrh., dr. Gunnari Thoroddsen. Það var sjö manna n. Hlutverk hennar var að starfa að endurskipan raforkumála í Vesturlandskjördæmi með stofnun Vesturlandsveitu fyrir augum. Í nefnd þessari áttu sæti eftirtaldir menn: Friðjón Þórðarson alþm., Stykkishólmi, formaður, Ásgeir Pétursson sýslumaður, Borgarnesi, Guðjón Guðmundsson skrifstofustjóri, Akranesi, Gunnar Guðbjartsson bóndi, Hjarðarfelli, Húnbogi Þorsteinsson sveitarstjóri, Borgarnesi, Óskar Eggertsson rafstöðvarstjóri, Andakílsárvirkjun, og Steinþór Þorsteinsson kaupfélagsstjóri, Búðardal. Ritari n. var kjörinn Guðjón Ingi Stefánsson framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, til heimilis í Borgarnesi. Ásgeir Sæmundsson tæknifræðingur hefur starfað með nm. frá upphafi og setið alla fundi nefndarinnar.

Í skipunarbréfi ráðh. segir að iðnrn. hafi ákveðið að skipa 7 manna n. til að starfa að endurskipun raforkumála í Vesturlandskjördæmi með stofnun Vesturlandsveitu fyrir augum. Þar er þess óskað að n. hafi í störfum sínum samráð við Rafmagnsveitur ríkisins.

Áð sjálfsögðu lét n. það vera fyrsta verk að skrifa öllum sveitastjórnunum í Vesturlandskjördæmi, kynna þeim verkefni n. og óska eftir hugmyndum eða till. sem þær kynnu að hafa fram að færa í þessum efnum. En svör *bárust ekki frá mörgum sveitarstjórnum. Þó komu*, að mig minnir, 5 eða 6 svör og voru þau yfirleitt á þá leið, að aðilar fýstu til þessara framkvæmda.

Með vísun til þessa erindisbréfs var að sjálfsögðu óskað eftir sjónarmiðum Rafmagnsveitna ríkisins, m. a. um fyrirkomulag á samstarfi við n. Var rætt við þáv. stjórnarformann, Helga Bergs, og framkvæmdastjóra RARIK, Kristján Jónsson. Stjórnarformaður tók strax fram að stjórn RARIK teldi það ekki hlutverk sitt að móta stefnu í raforkumálum framtíðarinnar, það væri verkefni stjórnvalda, hins vegar væru Rafmagnsveiturnar reiðubúnar til að veita n. allar þær upplýsingar, sem óskað væri eftir, og taka þátt í skoðanaskiptum.

Ég sagði áðan, að þessi mál hefðu verið mikið rædd og reifuð á Vesturlandi allt frá árinu 1970. Ég get nefnt hér nokkra þætti aðdragandans þó hann verði ekki rakinn ítarlega. Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi haustið 1971 var samþ. að láta fara fram athugun á hagkvæmustu lausn raforkumála á Vesturlandi í heild. Í því skyni var skipuð n. er vann að þessum málum. Formaður þeirrar n. var Óskar Eggertsson rafstöðvarstjóri í Andakílsárvirkjun, en ritari Magnús Oddsson, núv. bæjarstjóri á Akranesi. Þessi n. skilaði greinargóðu áliti til aðalfundar Samtakanna haustið 1972. Þar voru málin rædd ítarlega. Kom þar skýrt fram sú skoðun manna, að heillavænlegast væri að héraðsbúar réðu sem mestu í raforkumálum sínum sjálfir, og að færa ætti starfsemi Andakílsárvirkjunar út til kjördæmisins alls. Einróma ályktun í þessa átt var samþ. á þeim fundi. Í sama anda er og samþ. bæjarstjórnar Akraness frá 20. okt. 1972. Hinn 15. des. sama ár var haldinn sameiginlegur aukafundur sýslunefnda Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu. Fól hann stjórn Andakílsárvirkjunar að undirbúa stofnun slíkrar Vesturlandsveitu. Á fundi í stjórn Andakílsárvirkjunar 25. jan. 1973 var samþ. að skrifa oddvitum sýslunefnda á Snæfellsnesi og í Dölum varðandi stofnun slíks félags til að annast orkuvinnslu og orkuflutning, meginflutning á svæðinu milli Hvalfjarðar og Gilsfjarðar, þar sem öll sýslufélög á svæðinu verði aðilar að, eins og segir í bréfinu. Var óskað eftir tilnefningu þriggja manna frá hvorri sýslu til að mæta á fundi með stjórn Andakílsárvirkjunar, fulltrúum frá Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og fulltrúum frá iðnrn. til að ræða þessi mál og undirbúa félagsstofnun.

Í stuttu máli þróuðust málin þannig, að sýslunefndir bæði á Snæfellsnesi og í Dölum tóku þessum hugmyndum mjög vel og gerðu samþykktir í þá átt að þær næðu fram að ganga. En þessi tilraun, sem gerð var til að auka samstarf í þessum málum þegar á árunum 1972 og 1973, strandaði þá á afstöðu æðstu manna í orkumálaráðuneytinu, þannig að þessi tilraun, sem studd var mjög mörgum stoðum á Vesturlandi, rann út í sandinn í rn. Þó var haldið áfram að þoka þessum málum áleiðis. M. a. var samið allmikið rit um orkumál á Vesturlandi af Niröi Tryggvasyni verkfræðingi. Það var unnið á vegum Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og var prentað, að ég held, haustið 1975.

Eins og þeir vita, sem kunnugir eru, annast nú tveir aðilar öflun og meginflutning orku á Vesturlandi, þ. e. a. s. Andakílsárvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins. Eins og ég gat um áðan voru heimildarlög um virkjunina samþ. 1921, en málinu ýtt af stað árið 1942, og aflstöðin við Andakílsá var byggð á árunum 1945—1947. Þá þegar varð samkomulag um að hver eignaraðili ætti þriðjung *fyrirtækisins*, þ. e. a. s. Akranes, Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. Samstarf þessara aðila, þó ólíkir séu að stærð og að ýmsu öðru leyti, hefur verið ágætt og ágreiningslaust frá upphafi. Á árunum 1971—1974 var orkuverið við Andakílsá stækkað í rúm 7900 kw. En á árinu 1948 hófst rafvæðing dreifbýlis á Vesturlandi og ýmsar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, m. a. Rjúkandavirkjun í Fossá við Ólafsvík 1954. Og rafvæðingarframkvæmdum hefur verið haldið áfram fram á þennan dag. Nú eru aðeins örfá sveitabýli eftir á Vesturlandi sem ekki hafa fengið rafmagn, en vænta þess í náinni framtíð. En dreifing raforku til neytenda á svæðinu er í höndum Rafmagnsveitna ríkisins og sjálfstæðra dreifiveitna, svo sem Rafveitu Akraness og Rafveitu Borgarness.

Af störfum raforkunefndar Vesturlands er það helst að segja, að n. öll hélt 15 fundi um málið og auk þess 6 fundi í sérstakri undirnefnd, eða alls yfir 20 fundi, auk kynningarfunda sem vikið verður að síðar. Þar voru einstakir þættir þessara mála og málið í heild rætt og reifað við fjölmarga einstaklinga sem kallaðir voru á fundi n., svo sem sveitarstjórnarmenn, sérfræðinga og tæknimenn. Nefna má að á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, sem haldinn var í Munaðarnesi í nóv. 1976, gerði formaður n. ítarlega grein fyrir störfum hennar og viðfangsefnum eins og þau lágu þá fyrir. Að sjálfsögðu hefur n. svo safnað margvíslegum gögnum og upplýsingum af ýmsu tagi um þetta mál.

Það var vikið að því, ég ætla þegar á fyrsta fundi n., hvort hún ætti að láta jarðvarmann til sín taka. Hún hefur ekki gert það beinlínis, en þó hefur hún jafnan haft þetta atriði í huga, og á það má benda að í því frv., sem n. hefur sett saman, er jafnan talað um orkumál, en ekki raforkumál. Frv. er því þannig sniðið að undir það má fella

fjarvarma- og hitaveitur, ef samkomulag næst um það, á hliðstæðan hátt og rafveitur. Þess má geta, að Jakob Gíslason fyrrv. orkumálastjóri var fenginn til að semja skýrslu um eignir RARIK á Vesturlandi og fylgir hún með nál. þessu ásamt ýmsum öðrum skýrslum og gögnum.

Svo ég haldi áfram að rekja störf n. örlítið nánar, þá var ákveðið að formaður n. sækti aðalfund Andakílsárvirkjunar sem haldinn var í Borgarnesi 7. jan. 1977. Á þeim fundi var engin samþykkt gerð í þessu máli, en þar kom skýrt fram að forsenda fyrir þátttöku Andakílsárvirkjunar í Vesturlandsveitu væri sú, að dómi þeirra manna sem sátu þann fund, að lagaheimild fyrir virkjun Kljáfoss lægi fyrir. Var þá fyrirsjáanlegt að tafir yrðu á störfum raforkunefndar um sinn, og þetta er ein aðalorsök þess, hvað nefndarstörfin tóku langan tíma, því að það var sýnilegt að n. yrði að snúa sér að því að fá samþ. hér á Alþ. heimildarlög um virkjun Hvítár í Borgarfirði við Kljáfoss. Þau lög voru samþ. eftir venjulega þinglega meðferð á Alþ. 30. apríl 1977.

Undirbúningur að virkjun Kljáfoss í Hvítá á sér miklu lengri sögu. Það var þegar á árunum 1963 og 1964 að þessi undirbúningur hófst. Þá var gefið út virkjunarmat unnið af Rögnvaldi Þorlákssyni verkfræðingi og Ásgeiri Sæmundssyni tæknifræðingi. Þær virkjunarrannsóknir og allar síðari rannsóknir af sama tagi hafa verið unnar að frumkvæði Andakílsárvirkjunar og á hennar kostnað. En þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ráðamanna í héraði 1967 og síðar tókst ekki að sigrast á andstöðu embættismanna raforkuiðnaðarins við þetta mál. Því var það að alþm. Jón Árnason og Ásgeir Bjarnason fluttu frv. til l. um virkjun Hvítár í Borgarfirði í Ed. Alþingis 1976, samhljóða frv. sem dagað hafði uppi á þingi á árunum 1974—1975. Þetta frv. var samþ. á Alþ. 30. apríl 1977, eins og ég gat um. Ur grg. þess frv. vil ég aðeins nefna eina setningu orðrétta, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Þess skal og getið, að fyrir hendi er alger samstaða eigenda Andakílsárvirkjunar um að eignaraðild að fyrirhugaðri virkjun við Kljáfoss verði aukin þannig að Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla ásamt Dalasýslu verði meðeigendur orkuversins og þannig stefnt að því að öll grunnorkuvinnsla á Vesturlandi verði sameign íbúanna sem sjálfstæð Vesturlandsveita."

Það var snemma rætt um hvernig færi um þau dreififyrirtæki sem eru á þessu svæði, hvort þau mundu sameinast í eitt fyrirtæki eða hvernig þróunin yrði að öðru leyti. Ég tel að það hafi verið ljóst frá öndverðu, að forráðamenn Rafveitu Akraness vildu reka hana áfram sem sjálfstæða veitu með sama hætti og gert hefur verið. Því til styrktar má m. a. benda á samþykkt bæjarstjórnar á fundi 29. okt. 1976, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rafveitunefnd, rafveitustjóri og bæjarstjóri eru sammála um að stefna að því, að Andakílsárvirkjun útvíkki starfsemi sína og sjái um raforkuöflun og höfuðdreifingu á Vesturlandi og að stefnt verði að virkjun Kljáfoss í því skyni. Aðilar eru sammála um að eðlilegt og hagkvæmt sé að Akurnesingar annist áfram sjálfir smásöludreifingu raforku á veitusvæði Rafveitu Akraness."

Þessi 7. manna raforkunefnd, sem ég minntist á áðan náði að lokum algerri samstöðu. Þó óskaði sveitarstjóri Borgarness þess getið, eins og tekið er fram í grg., að þegar til stofnunar Vesturlandsveitu kæmi og yfirtöku hennar á eignum dreifiveitna yrði sú yfirtaka gerð með samkomulagi aðila og þá fullt tillit tekið til sérstöðu Rafveitu Borganess, sem vegna fyrirhyggju heimamanna er mjög vel stætt fyrirtæki fjárhagslega, eins og þar stendur.

Þegar n. hafði orðið sammála um það frv., sem hér liggur fyrir, var skv. óskum sveitar- og sýslufélaga á Vesturlandi svo og iðnrh. þannig til hagað, að frv. eða till. n. voru sérstaklega kynntar á fjórum kynningarfundum sem haldnir voru á Vesturlandi um þetta mál. Þeir voru haldnir í Búðardal, Stykkishólmi, Borgarnesi og Akranesi. Á fundi þessa voru sérstaklega boðaðir allir sveitarstjórnarmenn og aðrir forustumenn í héraðsmálum. Á þeim fundum voru málin rædd og reifuð. Það komu fram ýmsar aths. og ábendingar. M. a. var lögð áhersla á að stefnt yrði að jöfnun á raforkuverði á dreifiveitusvæði Vesturlandsveitu, að í samningum við Rafmagnsveitur ríkisins eða ríkissjóð yrði tryggt ákveðið framlag til Vesturlandsveitu af verðjöfnunargjaldi og einnig framlag úr Orkusjóði til endurnýjunar á dreifilínum, hliðstætt því sem gert var í samningum um Orkubú Vestfjarða. En það má fullyrða að á þessum fundum var mikill samhugur ríkjandi um áframhald málsins.

Eins og sagt var starfaði raforkunefnd Vesturlands á tímabilinu frá maí 1976 til mars 1978. Hún lauk störfum, skilaði áliti til iðnrh. með bréfi dags. 25. mars 1978. Þar með var málið lagt í hendur rn. og ríkisstj. Iðnrh. kynnti málið í fyrrv. ríkisstj., en ekki náðist þar samstaða um að málið yrði flutt sem stjfrv. Vitað er að frv. verður ekki flutt af núv. iðnrh. né ríkisstj. Var því um tvennt að velja: að láta málið kyrrt liggja og bíða þess er verða vildi eða hreyfa því frekar áleiðis í framhaldi af því sem unnið hefur verið. Seinni kosturinn var valinn og öllum þm. Vesturl. í Nd. boðið að flytja það í sameiningu, þ. e. a. s. öllum þm. Vesturl. sem eiga kost á að standa að þessu frv. ef það er flutt í þessari deild. En ekki náðist samkomulag um þetta atriði.

Þá var horfið að því ráði að flytja frv. í þeim búningi sem n. varð sammála um og láta fylgja því sömu gögn og grg. og fylgdu því til iðnrh. í mars 1978. Að þessu frv. stend ég ásamt 7. landsk. alþm., eins og ég gat um í upphafi.

Það er rétt, án þess að eyða í það of löngu máli, að víkja örlítið að frv. sjálfu. Það skiptist í fjóra kafla.

Í I. kafla er fjallað um Vesturlandsvirkjun, þ. e. sameignarfyrirtæki ríkis, Akraneskaupstaðar og sýslufélaga á Vesturlandi, sem ætlað er að annast orkuöflun og orkuflutning.

Í II. kafla er fjallað um Vesturlandsveitu, þ. e. sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga á Vesturlandi, sem ætlað er að annast orkudreifingu til neytenda á Vesturlandi utan Akraneskaupstaðar.

III. kafli fjallar um orkumálanefnd Vesturlands og IV. kafli um gildistöku o. fl.

Ég ætla ekki að rekja frv. grein fyrir grein, en víkja þó að helstu atriðum þess.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir því, að eigendur Vesturlandsvirkjunar verði þeir sem nú eru eigendur að Andakílsárvirkjun, þ. e. a. s. Akraneskaupstaður, Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla, að viðbættum ríkissjóði Íslands og hinum sýslunum í Vesturlandskjördæmi, þ. e. Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu. Til greina kom einnig að byggja þetta fyrirtæki upp af ríkissjóði og sveitarfélögum á Vesturlandi, en þau eru alls 39 að tölu. Um

þetta var í fyrstu nokkur meiningarmunur, þó að þetta sé nánast aðeins formsatriði, en að því var horfið að hafa þetta, ef svo má kalla, á sýslugrundvelli, enda höfðu sýslurnar, Borgarfjarðar- og Mýrasýsla, haft forgöngu um þetta mál áður fyrrum, eins og ég rakti áðan, svo að hlutur þeirra er ekki lítill í þessu máli. Og á það má líka benda, að í raun og veru eru sýslurnar í dag hin einu lögbundnu samtök íbúa heima fyrir á héraðsgrundvelli, því að landshlutasamtök sveitarfélaga hafa aldrei hlotið neinn sess í löggjöf.

2. gr. frv. fjallar um tilganginn. Tilgangur félagsins er að afla orku til almenningsnota, iðju og iðnaðar með eigin virkjunum eða samningum við aðra orkuframleiðendur.

Í 3. gr. er rætt um að Vesturlandsvirkjun taki við öllum eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Vesturlandi og Andakílsárvirkjunar til raforkuvinnslu og flutnings, réttindum þeirra og skyldum. Fyrirtækið yfirtekur skuldir vegna eigna þeirra, sem það tekur við, eftir nánara samkomulagi.

Í 4. gr. er rætt um eignahlutföllin að þessu fyrirhugaða fyrirtæki. Það er miðað við að um sameignarfélag sé að ræða, að eignarhluti ríkisins verði ákveðinn 40%, en Akraneskaupstaðar og sýslnanna samtals 60%. Með þessu er því alls ekki slegið föstu að eignarhlutdeild fari eftir stofnframlagi hvers og eins. Þvert á móti byggist ákvæði þetta á þeirri hugsun, að erfitt sé að leggja sanngjarnt mat á framlagðar eignir af þessu tagi, enn fremur hljóti að vera miklum erfiðleikum bundið að krefjast stofnframlags svo að um muni frá þeim aðilum sem á undanförnum árum hafa greitt raforku háu verði án þess að fá hlutdeild í nokkrum eignum á þessu sviði. Þess hefur þó verið getið og á það bent, að hið háa raforkuverð, sem fólkið hefur greitt, megi í raun og veru skoða sem framlag þess til raforkuvirkja á tilteknum svæðum.

Loks er þess að geta, að við ákvörðun um eignarhlutföll sameigenda var höfð hliðsjón af sambærilegum landshlutafyrirtækjum. Það má geta þess hér, að við samningu þessa frv. hefur verið höfð náin hliðsjón af löggjöf um önnur fyrirtæki á sama sviði, svo sem lögum um Orkubú Vestfjarða, lögum um Hitaveitu Suðurnesja, lögum um Landsvirkjun og Laxárvirkjun frá 1965 og að sjálfsögðu raforkulögum, nr. 58/1967, svo og annarri löggjöf sem snertir þessi málefni og snert hefur fyrr og síðar. Þessi tala eða þetta hlutfall, 40% og 60%, er ekkert heilagt hlutfall út frá sjónarmiði heimamanna. En það er valið með hliðsjón af því, að ég held að þetta sama hlutfall sé í öllum þeim lögum sem ég nefndi þar sem að eignarhlutföllum er vikið á annað borð. Og það er óeðlilegt, að þetta hlutfall rokki mikið til í sambærilegri löggjöf, að mínum dómi.

Þá er í 6. gr. vikið að stjórn félagsins er skipuð skal 7 mönnum og jafnmörgum til vara. Menn athugi það, að stjórnin er staðsett dreift um allt Vesturland, þ. e. a. s. einn valinn af bæjarstjórn Akraness, annar af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu, þriðji af sýslunefnd Mýrasýslu, fjórði af sýslunefnd Snæfellinga, fimmti af sýslunefnd Dalasýslu og svo sjötti og sjöundi tilnefndir af fjmrh. og orkumálaráðherra. Þessi stjórn er höfð svona dreifð í ákveðnum tilgangi. Það þýðir ekki sama sem eignarhlutföll. Að þeim er vikið nánar í 8. gr. þar sem rætt er um aðalfund, en það þykir henta og er raunar sjálfsagt að stjórnin sé búsett dreift um héraðið til þess að vandamálin séu litin með augum heimamanna sjálfra í sem flestu tilliti.

Í 8. gr. eru ákvæði um aðalfund sem ég ætla ekki að rekja nákvæmlega, en aðeins víkja að því, að ef ágreiningur verður í þessu fyrirtæki, þá er úr honum skorið skv. atkvæðisrétti sem er ákveðinn í hlutfalli við eignaraðild umbjóðendanna. Ég fer ekki nánar út í að skýra þetta, en við treystum á það, heimamenn, að í þessu stóra fyrirtæki verði eins gott samkomulag um öll höfuðmál og hefur verið í stjórn Andakílsárvirkjunar frá upphafi vega og fram á þennan dag.

Ég ætla svo ekki að rekja næstu greinar neitt að ráði vegna þess að ég held að það verði trauðla samið frv. um þetta efni án þess að það verði talsvert mikið líkt þeim greinum sem hér fara á eftir og eru svo að segja samhljóða í löggjöf um orkumál. Í raun og veru er það svo, að löggjöf um orkumál er ekki mjög ítarleg né margorð. Orkumálunum eða stórum hluta þeirra er miklu fremur stjórnað skv. ákvæðum reglugerða sem settar eru skv. orkulögum, og því er að sjálfsögðu vikið að því í 14. gr., að orkumálaráðh. staðfesti reglugerð er stjórn Vesturlandsvirkjunar undirbýr í samráði við eignaraðila, þar sem nánar skal ákveðið um framkvæmd þessara laga, starfsemi og orkuveitusvæði Vesturlandsvirkjunar. Þetta er í samræmi við álit mitt og margra annarra sem við löggjafarmálefni fást, að við viljum hafa löggjöfina frekar stuttorða og gagnorða, en stjórna einstökum þáttum mála meira skv. ákvæðum reglugerða sem settar eru skv. meginreglum laganna sjálfra.

Þess er svo getið í 15. gr., að með frv. þessu, ef að lögum verður, séu felldar úr gildi allar heimildir í lögum fyrir Rafmagnsveitur ríkisins eða aðra aðila til virkjunar fallvatna á Vesturlandi, nema í lögum nr. 26/1977, um virkjun Hvítár í Borgarfirði, sem eru prentuð sem fskj., en þar er gert ráð fyrir að Vesturlandsvirkjun taki við öllum réttindum og skyldum Andakílsárvirkjunar skv. þeim lögum.

Ég ætla svo að fara örfáum orðum um II. kafla frv. sem hefst á 16. gr. Þar er sett fram heimild til að stofna orkudreifingarfyrirtæki sem nær yfir allt Vesturland að frátöldu lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar. Gert er ráð fyrir að sameigendur að slíku orkudreifingarfyrirtæki, Vesturlandsveitu, verði ríkissjóður og 38 sveitarfélög á Vesturlandi.

Í þessum kafla eru hliðstæð ákvæði og í I. kafla, bæði um stofnun eða sameign að fyrirtækinu í 16. gr., um tilgang Vesturlandsveitu í 17. gr., eignarhlutföll í 18. gr., stjórn félagsins í 20. gr. og aðalfund í 22. gr., en að sjálfsögðu er aðalfundur í þessum félögum æðsti handhafi valds og æðsti ákvörðunaraðili eins og í öðrum hliðstæðum fyrirtækjum. En ef tala má um að orkuöflunar- og orkuflutningsfyrirtækjum sé að talsverðu leyti stjórnað með reglugerðarákvæðum, þá gildir þetta því fremur um dreifiveitur. Þess vegna eru ákvæði þessa kafla heldur fáorðari og styttri en í I. kafla og reiknað með því, að orkumálaráðh. staðfesti reglugerð er stjórn Vesturlandsveitu undirbýr í samráði við eignaraðila þar sem nánar skuli ákveðin starfsemi og orkuveitusvæði Vesturlandsveitu.

Í III. kafla settum við svo upp Orkumálanefnd Vesturlands. Sumir töldu það vera óþarfa, en við töldum rétt að láta þennan kafla og þessa grein fljóta með til þess að benda mönnum á það, að enda þótt tvær dreifiveitur störfuðu á Vesturlandi, þá verði þó brýnt fyrir öllum íbúum Vesturlands að þeir yrðu að hafa um þessi mál öll

góða samvinnu.

Samkv. því, sem ég hef rakið, er gert ráð fyrir að tvö orkudreifingarfyrirtæki starfi á Vesturlandi, þ. e. Rafveita Akraness og Vesturlandsveita, og eitt orkuöflunar- og meginflutningsfyrirtæki, Vesturlandsvirkjun. Það er deginum ljósara, að þessi fyrirtæki verða öll að vinna vel saman svo að æskilegum markmiðum verði náð í þágu allra íbúa í Vesturlandskjördæmi og þjóðarheildarinnar. Þess vegna er gert ráð fyrir samstarfsnefnd þriggja manna er skipuð sé einum frá hverjum framangreindra aðila. Hlutverk hennar skal vera að efla hagnýtt og traust samstarf á sviði orkumála um allt Vesturland, en það er einmitt sá tilgangur sem vakað hefur fyrir öllum áhugamönnum um þetta mál frá upphafi vega.

Í IV. kafla er rætt um það, hvenær lögin komi til framkvæmda, og þá vil ég sérstaklega vekja athygli á því, að hér er aðeins um heimildarlöggjöf að ræða. Það er aðeins um heimildarlöggjöf að ræða og hún kemur ekki til framkvæmda nema þeir aðilar, sem þarna er fjallað um, taki ákvörðun um að hrinda þessu mikilvæga máli í framkvæmd. En þegar það hefur verið ákveðið skv. m. a. 1. og 16. gr., þá skal orkumálaráðh. beita sér fyrir því að stofnfundir séu haldnir skv. reglum 8. og 22. gr., eftir því sem við á, og þá skal gengið frá sameignarsamningum. Og vitanlega veltur framhald þessara mála og mikilvægi og æskileg þróun í framtíðinni mjög á því hvernig til tekst með stofnfundina og þá grundvallarsamninga sem þar verða gerðir milli aðila.

Ég get svo senn látið máli mínu lokið. Við vitum það gjörla, sem hér erum inni, að orkumálin eru enn í deiglunni. Enn er rætt um skipulag orkumálanna, bæði heima í héruðunum og eins á alþjóðavettvangi. Fyrrv. iðnaðar- og orkumálaráðh. skipaði orkumálanefnd til þess að vinna að því, að gera till. um heildarskipan þessara mála. Þessi n. var skipuð 17. jan. 1977, en hún skilaði áliti 5. okt. 1978. Formaður hennar var Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþm., formaður Orkuráðs.

Síðan koma nýir siðir með nýjum herrum, og það var önnur skipulagsnefnd um raforkuöflun stofnuð á s. l. ári, í október 1978, og hún mun hafa skilað áliti ekki alls fyrir löngu. Formaður hennar var Tryggvi Sigurbjarnarson.

Það er deginum ljósara að mál þessi eru mjög mikilvæg enn þá. Þau tíðindi, sem borist hafa af enn nýrri olíuverðshækkun í heiminum og mikilli ókyrrð í þeim málum öllum, benda okkur á að mál þessi eru öll enn þá einna allra mikilvægust af þeim málefnum sem við fáumst við hér á hinu háa Alþingi. Það er fyllsta ástæða til að halda áfram að gefa þessum málum gaum, brjóta þau til mergjar og athuga hvernig þeim verði best fyrir komið.

Ég vil sérstaklega minnast á þátt fyrrv. iðnrh. í þessu máli, þar sem hann skipaði n. í hverju kjördæmi landsins til þess að vinna að orkumálum, eins og ég áðan gat um, til þess að kanna hugi og viðhorf heimamanna til þessara mála. Og það finnst mér mjög mikilvægt. A. m.k. er málum þannig háttað á Vesturlandi, að við höfum hingað til viljað aukna heimastjórn í þessum málum. Ég held að mér sé óhætt að tala þar fyrir munn flestra framámanna í Vesturlandskjördæmi.

Ég skal svo ekki tefja hv. þingheim miklu lengur með því að ræða þetta mál sem snertir okkur á Vesturlandi náttúrlega miklu meira en þm. hér almennt, svo ég læt máli mínu lokið að sinni, en fer fram á það við hæstv. forseta, að um leið og þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Alþt. 1978. B. (100. löggjafarþing).

Umr. frestað.

Sameinað þing, 73. fundur.

Þriðjudaginn 27. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. mars 1979.

Ritari þingflokks Sjálfstfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Lárusar Jónssonar, 6. þm. Norðurl. e., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Halldór Blöndal blaðamaður, taki á meðan sæti hans á Alþingi".

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Halldór Blöndal hefur áður tekið sæti á þessu þingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Gils Guðmundsson): Áður en gengið er til dagskrár vil ég aðeins víkja að því, hvernig ég hef hugsað mér að störfum verði hagað hér í Sþ. í dag. Eins og hv. alþm. sjá er margt mála á dagskrá. Á dagskrá fyrri fundar eru 13 mál og á dagskrá síðari fundar eru hvorki meira né minna en 30 mál og eru þó ekki alveg öll þau mál tekin á dagskrána sem fyrir þinginu liggja, en að vísu flest. Nú stendur þannig á að tveir hv. alþm. hafa óskað þess að taka hér til máls utan dagskrár og það um málefni sem að þeirra dómi og að athuguðu máli hjá mér varð niðurstaðan að annaðhvort væri að taka fyrir nú eða ekki, þar sem þau þyldu í rauninni ekki bið, svo ég hef orðið við þessu. Ég vil hins vegar haga málum þannig að taka nú næsta klukkutímann eða svo fyrir nokkrar fsp. og reyna að ljúka umr. um þær, en þessar umr. utan dagskrár, sem eru um mjög skyld málefni, þó ekki séu nákvæmlega um sama atriði, yrðu upp úr kl. 3 eða á fjórða tímanum, eftir því sem á stæði.

En vegna þess að svo mikið er á dagskrá síðari fundar vil ég geta þess, að hv. alþm. mega vera við því búnir að fundir verði allstrangir í Sþ. í dag fram eftir degi og ef með þarf þá einnig í kvöld. Þeir, sem eiga mál á dagskránni sem ekki eru komin enn til n., mega vera við því búnir að þeir geti komið sínum málum að síðar í dag eða í kvöld. Mér þætti vænt um að þeir, sem ekki ættu þess kost að fylgja þeim úr hlaði síðdegis eða í kvöld, létu mig vita, a. m. k. þegar líður á daginn.

Djúphiti í jörð, fsp. (þskj. 424). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. og stefndi henni til forsrh., því að ég vísa til greinar í samstarfsyfirlýsingu núverandi stjórnarflokka, þar sem stendur á bls. 9 að eitt af því, sem stjórnarflokkarnir gerðu samþykkt um, væri að djúphiti í jörð og virkjunarréttur fallvatna yrði þjóðareign. Undanfarin ár höfum við þm. í Alþfl. flutt ýmist þáltill. eða frv. til l. varðandi þessi gögn og gæði landsins og raunar fleiri, og þar sem ég hafði ekkert heyrt um þessi mál í vetur þótti mér hlýða að gera þessa fsp. til þess að ýta á eftir því að eitthvað gerðist í málinu.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta því ég veit að tími þingsins er naumur og tel mig hafa skýrt hvers vegna ég ber þessa fsp. fram og vænti upplýsinga.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal reyna að fara að dæmi fyrirspyrjanda og vera stuttorður. Það er rétt, sem hann sagði, að í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna var svofellt ákvæði:

„Djúphiti í jörð og virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign".

Framkvæmd þessa ákvæðis stjórnarsáttmálans er í höndum iðnrh. og eru upplýsingar í svari mínu frá iðnrn. komnar.

Þegar ríkisstj. tók við í september 1978 var starfandi nefnd, sem fyrrv. iðnrh. skipaði hinn 12. mars 1976 til að semja frv. til l. um réttindi yfir jarðhita. Í þessari nefnd voru hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, formaður, og Benedikt Sigurjónsson svo og Gunnar Helgi Sigurðsson verkfræðingur. Lét nefnd þessi af störfum í október s. l., en þá hafði hún viðað að sér miklum gögnum um málið, einnig erlendis frá, en ekki gengið frá frumvarpsdrögum. Hefur mál þetta síðan verið til skoðunar í iðnrn. og þar verið undirbúin drög að frv. um breyt. á orkulögum varðandi eignar- og umráðarétt jarðhita í samræmi við stefnumörkun stjórnarsáttmálans. Nú í vikunni verður gengið frá skipun nýrrar nefndar á vegum iðnrn. til að fullgera frv., og standa vonir til þess að unnt verði að leggja það fyrir yfirstandandi þing.

Hvað virkjunarrétt fallvatna áhrærir er athugun og undirbúningur þess máls skemmra á veg kominn, enda ýmsar lagaaðstæður um þau efni flóknari en varðandi jarðhitann. Frumvarpsdrög eru ekki tilbúin, en nefnd verður skipuð fljótlega til að semja frv. um þessi efni í anda stefnuyfirlýsingar ríkisstj. Þess er hins vegar tæpast að vænta, að það mál verði lagt fyrir það þing er nú situr.

Fyrirspyrjandi (Bragi Sigurjónsson): Forseti. Ég þakka upplýsingarnar. Ég þykist vita að málið sé komið á rekspöl og þykir það vissulega þakkarvert.

Byggingarsjóður ríkisins, fsp. (þskj. 359). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á þskj. 359 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. sem varðar húsnæðismál.

Húsnæðismálin eru ákaflega þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskap okkar, svo sem kunnugt er. Þarf ekki að fara orðum um það. Fyrst og fremst varðar þetta sjálft hið almenna húsnæðisástand í landinu. En húsnæðismálin hafa og mikla þýðingu í ýmsum öðrum samböndum. Ástand þeirra skiptir ekki litlu máli varðandi almennt verðlag og kaupgjald í landinu. Húsnæðismálin hafa mikla þýðingu varðandi byggðamálin í landinu. Ekki er það síst nú sem stendur, þegar svo er ástatt að víða úti um land eru framleiðslutækin það ríflega að það skortir fyrst og fremst mannafla til þess að þau séu hagnýtt með eðlilegum hætti, en til þess að mannafli fáist er frumþörfin sú, að fólkið hafi þak yfir höfuðið. Húsnæðismálin varða og atvinnumál í byggingariðnaðinum. Og svo mætti lengi telja. Það er því ekki að ófyrirsynju að flutt er fsp. varðandi þessi mál. Fsp. er, með leyfi forseta, á þessa leið:

„1. Hvað er áætlað, að mikið fjármagn fari til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1979, og hvernig skiptist það milli fjármögnunarleiða?
2. Hvað er áætlað, að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins til útlána verði mikið á árinu 1979, og hvernig skiptist það milli útlánaflokka?
3. Hvað er áætlað, að Byggingarsjóður ríkisins láni til margra íbúða á árinu 1979, og hvernig skiptist það á útlánaflokka?
4. Hvað er gert ráð fyrir, að lán Byggingarsjóðs ríkisins út á nýjar íbúðir (f. lán) á árinu 1979 nemi hárri upphæð í hlutfalli við byggingarkostnað?"

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Spurt er hve mikið fjármagn fari til Byggingarsjóðs ríkisins árið 1979 og hvernig það skiptist milli fjármögnunarleiða.

Innstreymi er áætlað á þessu ári þannig:

Frá ríkissjóði, þ. e. launaskattur og byggingarsjóðsgjald: 6 milljarðar 141 millj. kr.

Skyldusparnaður, innborgað: 2 milljarðar 500 millj. kr.

Skuldabréfakaup Atvinnuleysistryggingasjóðs: 2 milljarðar 70 millj. kr.

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða: 2 milljarðar 755 millj. kr.

Afborganir, vextir og vísitölutrygging: 3 milljarðar 485 millj. kr.

Tekjur af rekstri tæknideildar: 120 millj. kr.

Annað: 85 millj. kr.

Niðurstöðutala: 17 milljarðar 156 millj. kr.

Útstreymi er áætlað á þessu ári þannig:

Keypt skuldabréf af Framkvæmdastofnun ríkisins: 810 millj. kr.

Skyldusparnaður, endurgreiðslur: 3,1 milljarður kr.

Rekstrarkostnaður tæknideildar, brúttó: 140 millj. kr.

Rekstrarkostnaður lánadeildar og stofnunarinnar almennt, brúttó: 140 millj. kr.

Afborganir, vextir og vísitölutrygging: 1 milljarður 20 millj. kr.

Sjóðshækkun: 309 millj. kr.

Annað: 130 millj. kr.

Og þá verða eftir til ráðstöfunar í lánveitingar 12 milljarðar og 125 millj. kr.

Þá er spurt hvað ráðstöfunarféð til útlána verði mikið á árinu 1979 og hvernig það skiptist milli útlánaflokka. Samkv. því, sem ég sagði um útstreymið árið 1979, er áætlað að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins á því ári verði 12 milljarðar 125 millj. kr. Húsnæðismálastjórn hefur gert áætlun um hugsanlega lánsfjárþörf á þessu ári

og kynnt hana rn. Er skiptingin samkv. þeirri áætlun þessi:

Frumlán til nýbygginga: 2 milljarðar 416 millj. kr.
Viðbótarlán til nýbygginga: 4 milljarðar 235 millj. kr.
Lán til kaupa á eldra húsnæði: 3 milljarðar 188 millj. kr.
Leigu- og/eða söluhúsnæði sveitarfélaga: 2 milljarðar 235 millj. kr.
Ýmis framkvæmdalán: 1 milljarður 205 millj. kr.
Elli- og dvalarheimili: 456 millj. kr.
Verkamannabústaðir (f.lán): 405 millj. kr.
FB-íbúðir: 326 millj. kr.
Samtals verða þetta 14 milljarðar 466 millj. kr.

Samkvæmt þessari áætlun gætu lánveitingar farið á þessu ári allt að 2 milljörðum fram úr ráðstöfunarfé sjóðsins. Um þetta verður þó ekki fullyrt nú. Eftir er að koma í ljós hvort samdráttur í lóðaframboði hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa hefur áhrif á eftirspurn eftir nýbyggingarlánum, hvort framkvæmdageta sveitarfélaga við leigu- og söluíbúðir verður eins mikil og þarna er áætlað, svo og það, hver verður eftirspurn eftir lánum til kaupa á eldri íbúðum. Munu þessar línur ekki skýrast fyrr en lengra líður á árið.

Þótt líti út fyrir að fjárvöntun geti orðið nálægt 2 milljörðum kr. ber þess að gæta, að aldrei kemur til útborgunar fyrir áramót allt það fé sem ákveðið er að lána á árinu. Ljóst er þó og rétt að vera við því búinn að fjáröflun Byggingarsjóðs ríkisins geti þurft að endurskoða í samræmi við sérstakan fyrirvara þar að lútandi í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir þetta ár.

Í þriðja lagi var spurt um fjölda þeirra íbúða, sem lánað er til, og skiptingu þeirra.

Almenn frumlán til nýbygginga eru áætluð 1 450. Leigu- og/eða söluíbúðir sveitarfélaga eru áætlaðar 353, þar af verður smíði hafin á 188 á þessu ári. Framkvæmdalán verða veitt til byggingar 622 íbúða, þar af verður smíði hafin á 280 á þessu ári. Gert er ráð fyrir að lána til 251 íbúðar í verkamannabústöðum. Smíði 216 þeirra hefst á þessu ári. Íbúðir í elli- og dvalarheimilum verða 319, þar af 120 nýjar á þessu ári. FB-íbúðirnar verða 30 talsins, allar nýjar. Loks er fjöldi lána til kaupa á eldra húsnæði áætlaður 2 090. Alls eru þetta lán til 5 115 íbúða, þar af verður smíði hafin á 2 284 á þessu ári. Ekki er ástæða til að áætla fjölda þeirra íbúða sem á þessu ári fá veitt viðbótarlán.

Í síðasta lagi er spurt um hvað gert sé ráð fyrir að nýbyggingarlán verði á árinu 1979 hátt hlutfall af byggingarkostnaði.

Við þessari spurningu er auðvitað ekki hægt að gefa neitt einhlítt svar. Ákveðið hefur verið að hækka nýbyggingarlán til þeirra, sem gera fokhelt á þessu ári, til jafns við þá hækkun, sem orðið hefur á vísitölu byggingarkostnaðar frá síðasta ári, eða úr 3.6 í 5.4 millj. kr. Þetta hlutfall verður því óbreytt, eins og raunverulega hefur verið allar götur síðan 1970, er núgildandi lög um lánveitingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins voru sett. Lánin eru föst upphæð fyrir allar íbúðir, svo sem alkunna er, og hlutfall þeirra af byggingarkostnaði ræðst því algjörlega af því einu, hversu stórt og dýrt húsnæði menn byggja, getur trúlega sveiflast allt frá því að vera 10—15% af byggingarkostnaði dýrustu einbýlishúsa og upp í það að verða 40—50% af kostnaðarverði mjög lítilla íbúða í fjölbýlishúsum. Ef það mætti verða til einhverrar glöggvunar má nefna það dæmi, að samkv. upplýsingum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins var meðalbyggingarkostnaður íbúðar, sem að sameign meðtalinni var 100 fermetrar og byggð er í svonefndri vísitöluhúsi, þ. e. 10 íbúða fjölbýlishúsi, áætlaður 14.8 millj. kr. um síðustu áramót. Núverandi nýbyggingarlán eru um 37% af þeirri fjárhæð.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir greinargóð svör við spurningum mínum. Þessi svör eru þess eðlis, að þau gætu gefið tilefni til margháttaðra umr. um þessi þýðingarmiklu mál. Ég ætla mér þó ekki að fara að hefja almennar umr. um þessi mál, en aðeins víkja að nokkrum þýðingarmiklum atriðum sem svar hæstv. ráðh. gefur tilefni til.

Hæstv. ráðh. gaf okkur upp hvað væri áætlað að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs næmi miklu á þessu ári, og það voru rúmir 12 milljarðar. Hann gaf okkur einnig upp hverju var áætlað að útlán Byggingarsjóðs mundu nema, en það voru rúmir 14 milljarðar kr. Þarna er sem sagt gert ráð fyrir meiri útlánum en nú liggur fyrir að fjármagn hrökkvi til. Ég geri ráð fyrir að þessi áætlun sé sett upp í trausti þess, að leyst verði úr þessum málum þannig að nægilegt ráðstöfunarfé verði til að mæta fyrirhuguðum lánveitingum. Ég þekki það af nokkurri reynslu, að stundum hefur komið fyrir að stjórnvöld hafa ætlað að bæta úr slíkum vanda sem hér er fyrir hendi, en minna hefur orðið um framkvæmdir en ætlað var. Við skulum vona að slíkt verði ekki.

Annað mál, sem varðar þessar spurningar, er það, hve lánin eru há í hlutfalli við byggingarkostnað. Samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. hefur gefið, og miðað við að lánveitingar verði í samræmi við það ráðstöfunarfé sem nú er fyrir hendi, eða rúmir 12 milljarðar kr., hefur ráðstöfunarfé aukist um tæp 20% frá því á árinu 1977. En ef við reiknum með að hægt sé að auka þetta ráðstöfunarfé, eins og ráðh. gerði ráð fyrir, upp í rúma 14 milljarða hefur ráðstöfunarfé hækkað um tæp 40%. Á sama tíma sem ráðstöfunarfé hækkar við skulum segja um 40% hækkar lánsupphæð almennra íbúðarlána, þ. e. a. s. f. lána, um 50%. 1978 voru þau 3.6 millj. kr., en í ár eru þau 5.4 millj. kr. Þetta er 50% hækkun. Nú sýnist mér þetta benda til þess, að ætlunin sé að draga úr byggingarframkvæmdum á þessu ári frá því sem var á síðasta ári, því jafnvel þó að við reiknum með að þeir 2 milljarðar fjár, sem enn er óútvegað, fáist og verði fyrir hendi nægir það ekki til að mæta þeirri hækkun á lánsupphæðinni sem hefur orðið frá síðasta ári.

Þetta er, að ég hygg, allalvarlegt mál að ýmsu leyti. Ég skal ekki fara frekar út í það, en bendi á þetta. Hæstv. ráðh. sagði í þessu sambandi, að ekki ætti að reikna með fullri upphæð áætlunar um útlán á þessu ári vegna þess að öll útlán, sem nú eru áætluð, komi ekki til útborgunar á þessu ári. Það er rétt. En hæstv. ráðh. minntist ekki á það að til útborgunar koma á þessu ári ýmis lán sem voru ákveðin á síðasta ári. Ég hygg að þetta jafni sig nokkuð upp þannig að það sé ekki mikið traust í þessari röksemd.

Ég sagði, hæstv. forseti, að þessi svör gæfu tilefni til margháttaðra umr. um húsnæðismálin. Það er ekki staður né stund til þess nú, en mér þótti samt rétt að vekja athygli á þeim atriðum, sem ég hef hér rætt um, og vænti þess, að hæstv. ráðh. taki þau til nánari athugunar, um leið og ég þakka honum fyrir svör hans.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég skil mætavel áhyggjur hv. fyrirspyrjanda af þessum málum, því þau snerta margan manninn ef í óefni fer.

Vitanlega var það ekki gert að gamni sínu að minnka markaða tekjustofna Byggingarsjóðs um u. þ. b. 10%, eins og alla aðra markaða tekjustofna á fjárl. þessa árs. Það gerði enginn að gamni sínu, því vitanlega hefði frekar þurft að auka við tekjur Byggingarsjóðs en hitt. Hitt er svo annað mál, að þetta var gert af þeirri nauðsyn að draga úr þenslu í þjóðfélaginu og þó fyrst og fremst af þeirri nauðsyn að færa meira af síminnkandi innlendu sparnaðarfé yfir til atvinnuveganna. Þar við bætist svo að 2000 millj. kr. eru fluttar af skyldusparnaðarfé til Framkvæmdasjóðs af sömu ástæðu, vegna þess að þar vantar fé til atvinnuveganna. Þar á móti kemur svo að áætluð lántaka hjá lífeyrissjóðunum hækkar úr 500 millj., eins og hún var áætluð á síðasta ári, í 2755 millj. kr. Í heildinni kemur þetta þannig út, að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs er 34% hærra en á síðasta ári, eða hækkar álíka mikið og framfærsluvísitala, hækkar álíka mikið og verðlag er áætlað hækka, en þar verður að hafa í huga að byggingarvísitala hækkaði um 50% á síðasta ári og munurinn á framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu verður þarna Byggingarsjóði mjög svo í óhag, ef við miðum við fjölda íbúða sem hægt er að lána til. Aftur á móti kemur, að ef dregur úr verðbólgu nýtast að sjálfsögðu lánin betur en reyndin var á síðasta ári t. d. Þegar 50% verðbólga er rýrna lánin um þriðjung á árinu.

Það bætir þessa stöðu nokkuð, að 400 millj. kr. koma af skyldusparnaðarfé í sveitum til viðbótar því sem áður er talið og dregst þá frá þessum 2 milljarða mismun sem um er verið að ræða, en búið er að áætla lánin, en ekki tekjurnar sem koma þarna á móti. Ég reikna með að það, sem var ógreitt af útlánum síðasta árs, hafi verið tekið með inn í þessa áætlun, þannig að þarna verði um minnkun að ræða, þ. e. a. s. minnkun á fjárvöntun.

Að síðustu vil ég geta þeirra fyrirvara og ítreka þá fyrirvara sem eru í lánsfjár- og framkvæmdaáætlun fyrir þetta ár, en það eru fyrirvarar sem segja að taka skuli til endurskoðunar tekjuöflunarleiðir Bygginarsjóðs ef annað af tvennu skeður: í fyrsta lagi ef kemur til verulegs atvinnuleysis í byggingariðnaði eða ef sýnt þykir að Byggingarsjóður geti ekki staðið við lögbundnar eða venjubundnar skuldbindingar sínar. Ég treysti því, að ríkisstj. noti þessa heimild, ef sú staða kemur upp að þarna verði um verulegan skort að ræða.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég skal fylgja þingsköpum og gera aðeins örstutta aths.

Hæstv. ráðh. sagði að það hefði þurft að taka af tekjum Byggingarsjóðs og færa til Framkvæmdasjóðs vegna þarfa atvinnuveganna. Ég efast ekki um að atvinnuvegirnir eru í þörf. En það heyrir til góðra stjórnarhátta í þessum efnum að ekki þurfi að rýra tekjur Byggingarsjóðs til þess að leysa mál atvinnuveganna, vegna þess að Byggingarsjóður er mjög þýðingarmikill, eins og ég veit að við erum sammála um.

Ég vil aðeins láta það koma fram, sem mér láðist reyndar áðan, að það er hálfömurlegt til þess að vita, að á þeim áratug, sem nú er að líða, hefur okkur ekkert miðað áfram í því efni, sem er grundvallaratriði varðandi þessi mál, að íbúðalán húsnæðismálastjórnar geti orðið meiri hluti eða hlutfallslega meiri miðað við bygginarkostnað en nú er. Um 1970 og þar áður námu íbúðarlánin u. þ. b. 40% af byggingarkostnaði. Við höfum verið allan þennan áratug, sem nú er að líða undir þessu marki. Og það miðar ekkert áfram enn þá. Ef við tölum um þarfir Byggingarsjóðs miðað við að okkur miði ekki áfram í þessu efni, sjáum við að þarfirnar verða ærið miklar ef við setjum okkur það mark að miði áfram.

Síldarleit úr lofti, fsp. (þskj. 390). — Ein umr.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Fsp. sú, er hér liggur fyrir, er um framkvæmd laga um síldarleit úr lofti. Lög þessi voru sett árið 1954 — lög sem kveða á um að halda skuli uppi síldarleit fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumarmánuðina. Nú hefur síldarleit þessi verið aflögð. En fsp. er þannig:

„Hvert hefur verið verkefni síldarleitarnefndar s. l. áratug, þar sem ekki hefur verið um skipulega síldarleit að ræða úr lofti eða á annan hátt?

Hvenær var nefndin síðast skipuð?

Hverjar hafa verið tekjur og gjöld nefndarinnar á þessum tíma og hverjar eru eignir síldarleitarnefndar nú?

Hverjir eru endurskoðendur nefndarinnar og hvenær fór endurskoðun síðast fram?

Er ekki tími til kominn að leggja nefndina niður og skila eigendum eignum, ef einhverjar eru?"

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er rétt, sem kom fram í ræðu fyrirspyrjanda, að lög um síldarleit úr lofti eru frá 1954. Síldarleitarnefnd starfaði á sínum tíma einmitt með stoð í lögum þessum, sem eru reyndar nr. 56 frá 21. apríl 1954. Síldarleit úr lofti fór seinast fram árið 1968, en í desember 1972 voru nm. leystir frá störfum og nefndin lögð niður þar sem forsendur síldarleitar voru brostnar með hvarfi síldarinnar. Þetta ætti að svara þeim hluta fsp. sem varðar verkefni síldarleitarnefndar s. l. áratug.

Seinasta yfirlit yfir tekjur og gjöld nefndarinnar er að finna í reikningum Síldarverksmiðja ríkisins frá árinu 1968. Á s. l. áratug er því hvorki um tekjur né gjöld að ræða. Eignir síldarleitarnefndar eru húseign á Raufarhöfn, einnar hæðar, ca. 60 fm, ásamt einhverjum húsmunum. Þetta hús er í umsjá Síldarverksmiðja ríkisins. Enn fremur er innstæða á ávísanareikningi í Útvegsbanka Íslands, 346 881 kr., um seinustu áramót. Þetta er um eignir síldarútvegsnefndar að segja.

Varðandi spurninguna um endurskoðendur er því til að svara, að nefndin hafði aldrei neina endurskoðendur, en Kristinn Baldursson starfsmaður Síldarverksmiðja ríkisins annaðist fjármálin.

Af þessu sést að verkefni nefndarinnar og starfræksla hafa engin verið síðan 1968. Nm. voru leystir frá störfum 1972, en nokkrar eignir tilheyra nefndinni, sem eru í umsjá Síldarverksmiðja ríkisins.

Fæðingarorlof, fsp. (þskj. 396). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 396 fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh., sem er svo hljóðandi:

„Hvað líður könnun ríkisstj. á því, á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni, samkv. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 28 11. maí 1977."

Bráðabirgðaákvæðið, sem vitnað er til, er þannig, með leyfi forseta:

„Fyrir 1. janúar 1978 skal ríkisstj. kanna, á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof, og tryggja tekjustofna í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi."

Við Þórarinn Þórarinsson fyrrv. alþm. vorum flm. að bráðabirgðaákvæði þessu á þinginu 1976—1977 og var það samþ. á hv. Alþ. 2. maí 1977. Þegar lagasetningin um fæðingarorlof var samþ., sem var breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar, kom fram að sú löggjöf væri bráðabirgðalausn, en stefna yrði að því að allar konur í landinu sætu við sama borð í þessu efni. Rétta fyrirkomulagið væri að slíkar greiðslur yrðu látnar heyra undir almannatryggingar, og ekki mætti dragast að koma þessu réttlætismáli í höfn. Það kom fram hjá mörgum hv. þm., þegar lagasetningin um fæðingarorlofið var lögfesti, að stuðningur við málið í þeim búningi, sem það var þá í, væri með þeim fyrirvara að án tafar yrði málið athugað og sett í þann farveg sem að framan greinir. Þegar frv. kom fram um breyt. á fyrrgreindum lögum og liðin voru þá tvö ár frá samþykkt laganna án þess að heyrst hefði um að í gangi væri endurskoðun á því veigamikla atriði að fæðingarorlofið næði til allra kvenna í landinu, þá sáum við Þórarinn Þórarinsson að eitthvað yrði að gera frekar í málinu og fluttum því brtt. við fram komið frv., eins og að framan greinir.

Hv. þm. Helgi Seljan varð á undan mér á síðasta þingi að bera fram fsp. um það, hvernig athugun þessari liði, en því miður kom í ljós að mjög lítið hafði verið gert í málinu. Hins vegar hefði mátt gera ráð fyrir, að sú fsp. ýtti af stað könnun. En nú er liðið rúmt ár síðan þessari könnun átti að vera lokið samkv. bráðabirgðaákvæðinu og er því fsp. fram sett, þar sem niðurstöður könnunarinnar átti að leggja fyrir Alþ. þegar henni væri lokið og enn hefur ekkert af henni heyrst.

Ég man að í umr. um þetta mál voru bændakonur sérstaklega tilnefndar og þær konur sem ekki geta unnið úti, m. a. vegna fjölskyldustærðar. Ég held að enginn geti neitað því, að engar konur hafi meiri þörf fyrir fæðingarorlof en konur sem bundnar eru við heimili sín yfir stórum hóp barna. Ég hef líka orðið áþreifanlega var við að mikill áhugi er á því að viðunandi lausn finnist á þessu máli, því mikið er spurt eftir því, hvað könnun þessari líði. Það er ekki vansalaust að stjórnvöld skuli ekki láta framkvæma slíka könnun fyrir tilskilinn tíma, þegar lagafyrirmæli eru sett um að slík könnun skuli gerð.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Spurt er um hvað líði könnun ríkisstj. á því, á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni, samkv. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 28 11. maí 1977.

Svo sem kunnugt er var sú breyt. gerð á lögum um atvinnuleysistryggingar í maí 1975, að þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, skuli njóta atvinnuleysisbóta í samtals 90 daga. Tóku þessi lagaákvæði gildi hinn 1. jan. 1976. Framkvæmd lagaákvæða þessara olli nokkrum deilum og tókst ekki að ná samvinnu við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem þá var, um setningu reglugerðar um greiðslu þessara bóta. Reglugerðin var hins vegar samin af rn. og sett hinn 20. jan. 1976.

Það, sem deilum hefur valdið í þessum málum, er hvort bætur af því tagi, sem hér um ræðir, eigi að greiðast af atvinnuleysistryggingum eða almannatryggingum, en fjármögnun þessara tveggja trygginga er með mjög ólíkum hætti svo sem kunnugt er.

Þegar fyrrgreind lagaákvæði um fæðingarorlof voru samþ. í tíð fyrrv. ríkisstj. var starfandi nefnd undir forustu þáv. formanns tryggingaráðs til að endurskoða lögin um almannatryggingar. Sú nefnd skilaði nál. á s. l. ári, en í því nál. var ekki tekin afstaða til þess, hvernig með fæðingarorlof skyldi farið í almannatryggingum. Virðist nefndin ekki hafa rætt verulega um það atriði.

Síðan á árinu 1977 hefur starfað nefnd undir formennsku Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara að endurskoðun gildandi laga um atvinnuleysistryggingar. Gert er ráð fyrir að nefnd þessi fjalli um fæðingarorlofið eins og aðra þætti atvinnuleysistryggingganna, eins og þeir eru nú, og hefur verið gert ráð fyrir að nefndin skili till. sínum um lög um atvinnuleysistryggingar á þessu vori. Í bráðabirgðayfirliti nefndarinnar kemur þó fram, að hún telur óeðlilegt að fæðingarorlof sé á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Svo sem gert er ráð fyrir í samstarfssamningi ríkisstjórnarflokkanna hef ég nú skipað nefnd til að endurskoða lög um almannatryggingar. Í nefndinni eiga sæti Jón Ingimarsson skrifstofustjóri rn., sem er formaður nefndarinnar, Eggert G. Þorsteinsson forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, Jóhanna Sigurðardóttir alþm., Stefán Jónsson alþm., Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, Guðjón Hansen tryggingafræðingur og Halldór E. Sigurðsson alþm. Ritari nefndarinnar verður Jón Sæmundur Sigurjónsson deildarstjóri í rn. Þessi nefnd er nú tekin til starfa og fær það verkefni að gera heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar og þá sérstaklega að gera till. um hvernig fæðingarorlofi verði best fyrir komið. Ég geri ekki ráð fyrir að nefnd þessi skili áliti fyrr en seint á þessu ári, en vænti þess þó að till. frá henni, a. m. k. fyrstu till., komi það tímanlega að hægt verði að leggja þær fyrir þing á komandi hausti.

Ég er algjörlega sammála hv. fyrirspyrjanda, að það er ekki vansalaust hve mikill dráttur hefur orðið á afgreiðslu þessa máls hjá ríkisvaldinu, og ég bendi á að fyrir þessari hv. d. liggur þáltill. um þetta sama mál. Ég tek að endingu undir orð hv. fyrirspyrjanda um að allar konur eiga vissulega að sitja við sama borð í þessu efni.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Varðandi þá fsp., sem hér liggur fyrir, um fæðingarorlof, er orðið brýnt að leysa það mál. En það er engu síður ljóst að Atvinnuleysistryggingasjóður, sem staðið hefur undir greiðslum fæðingarorlofs, mun ekki geta tekið að óbreyttu við því álagi sem því fylgir að greiða fæðingarorlof, ef hann á í framtíðinni að geta sinnt því hlutverki sem honum var upphaflega ætlað. Hefur þetta fyrirkomulag fæðingarorlofsgreiðslna verulega dregið úr að hann geti risið undir því verkefni sem honum í reynd var ætlað áður en fæðingarorlofsgreiðslur voru fluttar yfir á hann.

Í ljós hefur komið að greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fæðingarorlofs eru rúmur helmingur af greiðslum sjóðsins, eða meira en sem svarar

öllum greiðslum vegna atvinnuleysisbóta og kauptryggingargreiðslum. Yrði því um mikið vandamál að ræða ef verulega bryddaði á atvinnuleysi hér hvað varðar greiðslugetu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Brýna nauðsyn ber því til að leita annarra leiða í þessu efni og hlýtur það að verða eitt af veigameiri verkefnum þeirrar nefndar, sem skipuð hefur verið til að endurskoða almannatryggingakerfið, að finna leið til þess að létta þessu álagi af Atvinnuleysistryggingasjóði með breytingum á greiðslufyrirkomulagi vegna fæðingarorlofs til þess að Atvinnuleysistryggingasjóður geti staðið undir því hlutverki sem honum var upphaflega ætlað.

Jafnframt verður að leita réttlátrar leiðar til að allar fjölskyldur njóti sama réttar í þessu máli, því engum getur blandast hugur um að barnmargar fjölskyldur, þar sem ekki nema annað foreldra getur komið því við að vinna úti, þurfa ekki síður — og kannske oft og tíðum frekar — á slíkum greiðslum að halda en margar þær fjölskyldur þar sem báðir foreldrar vinna úti. Hér er því um tvíþætt vandamál að ræða sem verður að leysa, bæði að því er snýr að Atvinnuleysistryggingasjóði og eins þeim foreldrum sem eiga mörg börn og njóta ekki þess réttar vegna þess að konan er ekki á vinnumarkaðnum. Slíkar fjölskyldur eru oft í mikilli og brýnni þörf fyrir þá hjálp sem fæðingarorlof veitir. Réttur þeirra gleymist of oft og það verður að leiðrétta. Því vona ég að bæði þessi atriði verði einnig vandlega skoðuð og reynt að finna viðunandi úrlausn við endurskoðun á almannatryggingakerfinu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég þarf í sjálfu sér litlu við það að bæta sem hér hefur komið fram. Þetta er í annað skipti sem hæstv. heilbr.- og trmrh. þarf á þessu þingi að svara fsp. af þessu tagi og svör hans eru mjög á þá lund, sem ég fagna, að sú nefnd, sem nú er að störfum varðandi tryggingamálin, sé með þetta verkefni. Ég vil aðeins leggja áherslu á það, vegna þess sem búið er að samþ. áður og hv. fyrirspyrjandi kom inn á, að tvisvar hefur mjög ákveðið ákvæði til bráðabirgða verið samþ. á Alþ., og þar af leiðir að hér hlýtur að vera um forgangsverkefni að ræða í þeirri endurskoðun sem fram fer á vegum þeirrar nefndar sem nú er að störfum — hreint forgangsverkefni.

Ég hafði satt að segja gert mér vonir um að í þeirri endurskoðun, sem fram fór á síðasta ári og við sáum árangur af í ljósi frv. í fyrra, yrði þetta verkefni tekið fyrir sem eitt af þeim forgangsverkefnum sem þyrfti að sinna. Það varð þó ekki og maður varð ekki var við mikinn þrýsting frá þáv. stjórnarþm. í þá átt að þessu sérstaka máli væri þá að komið.

Upphaf þessa máls á þingi, það ég man eftir fyrst frá minni setu hér, var till. Bjarnfríðar Leósdóttur um vandlega athugun á fæðingarorlofi fyrir allar konur og þá einmitt í því rétta formi, sem auðvitað á að vera á þessu, þ. e. a. s. í almannatryggingakerfinu.

Ég sagði, þegar við settum þessi ákvæði um Atvinnuleysistryggingasjóðinn, að hann tæki að sér verkefnið að þessum hluta, að ég væri sannfærður um að þetta mundi tefja fyrir raunverulegri framkvæmd þessa réttlætismáls í heild. Ég held að reynslan hafi sannað að það, að þetta var sett á rangan stað á sínum tíma inn í kerfið, þó vissulega væri um réttlætismál að ræða fyrir þær konur sem það snerti, hafi einmitt orðið til þess að tefja fyrir raunverulegri framkvæmd á þessu máli, þannig að allar konur hlytu sama rétt hvað þetta snertir.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svör hans. Ég varð að vísu fyrir vonbrigðum með að það skyldi ekki vera komið lengra á veg þessari könnun, en ég hygg þó að það fari ekkert milli mála hver hugur hans er í þessu máli.

Það kom fram í lok ræðu hans og verður að treysta því, að reynt verði að vinna að þessu máli eins fljótt og kostur er á. Það eru nú orðin 4 ár síðan verulegar umr. hófust hér á hv. Alþ. um þetta mál og ég hygg að það hafi verið á hverju ári síðan, en niðurstaðan er þó þessi.

Ég vil svo einungis segja það, að ég get tekið undir allt það sem kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Helga Seljan í þessu máli, en ég vona að við þurfum ekki að flytja fjórðu fsp. á Alþ. út af þessu máli.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég kom nú aðallega upp í ræðustólinn vegna þess að hæstv. trmrh. greindi frá því að nefnd til endurskoðunar á tryggingalöggjöfinni væri tekin til starfa. Þetta er að vísu rétt. Hún hefur komið aðeins saman. Hún hefur komið saman einu sinni til þess að koma sér saman um hvernig unnið skuli, og það er ljóst mál, eins og hæstv. ráðh. sagði, að þetta sérstaka mál hlýtur að verða eitt af þeim fyrstu sem nefndin fjallar um. Fyrir nefndinni liggur nú þegar til umsagnar þáltill. sú sem hæstv. ráðh. gat um áðan, sem fjallar raunar um að fæðingarorlof verði einnig látið ná til eiginkvenna bænda. Einhver hafði skrifað neðan á eyðublaðið, sem ég fékk í möppuna mína í hinni nýju nefnd: „Af hverju bara eiginkvenna?“

Ég tek undir það með hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að fáar konur munu hafa meiri þörf fyrir fæðingarorlof en þær sem bundnar eru heima fyrir yfir stórum hópi barna, að því tilskildu að þær séu þá þungaðar og ætli að fara að fæða. Sannleikurinn er sá, að hér er um að ræða mál sem verður að ná til allra kvenna á Íslandi. Þær verða að eiga allan þennan rétt.

Það er ljóst mál að Atvinnuleysistryggingasjóður var ekki til þess stofnaður í fyrsta lagi að inna þessar greiðslur af höndum. Í öðru lagi er hann þess vanmegnugur. En það blasir við okkur, þegar hæstv. trmrh. felur nú nefnd þeirri, sem endurskoða á tryggingalöggjöfina, að sjá þessu máli farborða, að til þess þarf allmikið fé. Það væri þá vingjarnlegt að þeir menn, sem hafa mest uppi nú að skera niður allar framkvæmdir og öll útgjöld, fengju það inn í kollinn á sér að það þarf sennilega yfir milljarð til þess arna á ári. Ég vildi sjá þá peninga liggja á borðinu í fjárhagsáætlunum, ef nefndinni er ætlað að leysa mál þetta fyrir næsta haustþing. Það vildi ég gjarnan sjá. Ég geri ráð fyrir að nefndin muni afgreiða þetta mál áður en þing kemur saman í haust, eitt af þeim fáu málum sem lúta að endurskoðuninni, en ég vildi gjarnan að séð væri fyrir peningum til þeirra hluta.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég saknaði þess í umr., að það virðist eiginlega ekki koma fram hvernig menn hugsi sér að fjármagn sé fengið til greiðslu á þessu hugsaða fæðingarorlofi.

Það er ástæða til þess að rekja það, að eins og allir hér innan dyra munu vita fá fastráðnar konur, t. d. hjá ríki eða bönkum, sem hafa ákveðin föst mánaðarlaun, greitt fæðingarorlof frá atvinnurekanda sínum í þrjá mánuði, þ. e. a. s. þær fá greitt kaup í þrjá mánuði þótt frá vinnu

séu vegna barnsburðar. Þá fær verulegur hópur kvenna greidda, eins og kom fram áðan, 90 daga gegnum atvinnuleysistryggingar. En svo er allstór hópur kvenna sem hvorugan þennan rétt á. Hefur hvað eftir annað verið rætt um að þetta yrði að greiða gegnum almannatryggingarnar.

Í mínum huga er allt sem lýtur að almannatryggingunum þannig úr garði gert, að ég hygg að það sé yfirleitt í hugum fólks, að það er ekki hægt að láta suma hafa réttinn og aðra ekki, þ. e. a. s. ef þetta kemur inn á borð almannatrygginga verða allar konur, sem ala barn og fá fæðingarorlof, að eiga þennan rétt gegnum almannatryggingar. Hvernig á þá að fjármagna þetta, eins og hér kom fram hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, og hvernig á að færa það inn í kerfið frá atvinnurekendum, sem hafa greitt þetta, og frá Atvinnuleysistryggingasjóði, sem hefur greitt hluta af þessu? Þetta finnst mér vanta í umr., að það er eins og enginn hugleiði hvernig þetta á að gerast.

Málið er margþætt og ég er búinn að velta mikið vöngum yfir því, hvernig eigi að fara að. Ég játa hreinskilnislega, að ég hef ekki fundið lausnina, en það væri full ástæða fyrir þm., sem hafa áhuga á þessum málum, að reyna nú að leggja höfuðið í bleyti og hugsa um, hvernig þetta eigi að gerast, og koma því til hv. nefndar sem þegar er farin að kanna málið.

Umræður utan dagskrár.

Páll Pétursson: Herra forseti. Á fimmtudaginn var óskaði ég eftir því að fá að taka til máls utan dagskrár í Sþ. um netaveiðileyfi til loðnubátanna sem sleppt hefur verið í hrygningarþorskinn. Hæstv. sjútvrh. baðst undan því að svara mér á fimmtudaginn, en hann hefur haft í ýmsu að snúast yfir helgina og var tilbúinn að fara í sjónvarpið og segja frá reglugerð sem hann er að setja um fiskveiðar.

Það er rétt að byrja á því að rifja upp að við lifum á fiskveiðum og okkur ber að vernda fiskstofnana. Ég er ekki á þessu stigi að draga í efa að fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunar greini rétt frá ástandi fiskstofnana og að við verðum að byggja upp þorskstofninn. Hins vegar er álitamál og um það stendur deilan, hvað við treystum okkur til þess að láta það taka skamman tíma. Ég ætla ekki að deila á það mark sem hæstv. sjútvrh. setur um heildaraflamagnið, svo framarlega sem hann sér möguleika á því að fleyta þjóðarbúinu áfram með 280—290 þús. tonna þorskafla, en ég ætla að gera aðferðirnar að umtalsefni.

Á miðvikudaginn var sagði dagblaðið Tíminn frá því, að 30 af 58 bátum, sem stundað hafa loðnuveiðar fram að þessu, hefðu nú verið útbúnir með leyfi til netaveiða á þorski. Hér finn ég ekki samræmið. Hvers vegna er verið að sleppa loðnubátunum, sem hafa þó hæsta aflahlut íslenskra fiskiskipa, beint í hyrgningarþorskinn fyrir Suður- og Suðvesturlandi, úr því að ráðh. hefur komist að því að 280-290 þús. tonn séu mátulegur þorskafli? Þetta er spurningin sem mig langar að vita svar við.

Raunar mætti spyrja ráðh., sem auðvitað er kunnugur vinnubrögðum á netabátum: Hvað telur hann að hver loðnubátur muni hafa að meðaltali mörg net í sjó? Hvað telur hæstv. sjútvrh. líklegt að báturinn verði lengi að sinna um net sín í eðlilegu veðurfari og við eðlilegar kringumstæður? Telur hæstv. sjútvrh. nokkra hættu á því að netabátar úr Reykjaneskjördæmi komi með tveggja nátta fisk að landi? Hvernig ætlar hæstv. sjútvrh. að verka þennan þorskafla?

Svo langar mig til þess að vita, ef unnt væri, hver væri verðmætisaukning þess þorsks sem ekki er veiddur 5½ árs á Halanum af togurum á Norðurlandi, Vestfjörðum eða Austfjörðum, en gerður 6 ára og þá veiddur í net af loðnubátum við Reykjanes, áður en hann hrygnir, og ýldaður í aflahrotum einhvers staðar í Reykjaneskjördæmi og verkaður svo í salt eða í lægri gæðaflokka í skreið og „fer upp á hjalla“, svo ég noti orðalag hv. þm. Ágústs Einarssonar í þáltill., miðað við þann þorsk sem veiddur er 5½ árs á Halanum og ísaður í kassa og verkaður að norðlenskum, vestfirskum eða austfirskum hætti í neytendapakkningar. Hvor þorskurinn telur hæstv. sjútvrh. að láti líf sitt föurlandinu til meiri nytja?

Það berst afli á land hér sunnanlands. Það er sem sagt landburður af þorski. Fyrir nokkrum vikum stóðu menn í þessum ræðustól með andarteppu út af því að skuttogarinn Dagný frá Siglufirði hafði neyðst til þess að fara til útlanda vegna skrúfuviðgerðar og seldi þá afla í leiðinni. Hvers vegna er Sandgerðistogarinn Ólafur Jónsson að sigla núna? Svona mætti lengi spyrja. Þessu mætti öllu saman velta fyrir sér. Hæstv. sjútvrh. er áreiðanlega fús til þess að gera grein fyrir þessum málum og ég fer áreiðanlega ekki í geitarhús að leita ullar.

Samkv. upplýsingum Landhelgisgæslunnar, sem birtust í Þjóðviljanum í morgun, hafði gæslan talið 105 netabáta að veiðum fyrir Suður- og Suðvesturlandi í gær. Þjóðviljinn gerði því skóna að væru netin tengd enda við endamundu þau ná frá Reykjanesi í Hornafjörð. Þess vegna þarf ég þessa fræðslu, þar sem ég veit allt of lítið um útgerð frá Reykjanesi til Hornafjarðar og ég er, eins og menn vita, bóndi að norðan.

Hæstv. ráðh. hefur sagt frá reglugerð sem hann ætli sér að setja. Ég treysti því að hann sé ekki enn þá búinn að staðfesta hana. Þessi reglugerð er í stuttu máli á þá leið, að maður gæti haldið að bátaútgerðarmaður úr Keflavík hefði samið hana. Hún gerir ráð fyrir takmörkun á þorskafla. Það sjónarmið er skiljanlegt, en takmörkunin kemur næstum öll niður á einni grein fiskveiða. Skerðingin kemur sem sagt öll á togarana. Að vísu eru þessar reglur ekki eins vitlausar og þær till. sem Morgunblaðið sagði að hæstv. sjútvrh. hefði viðrað upphaflega, en þær eru nógu slæmar samt.

Ef nú t. d. loðnumenn veiða 30 þús. tonn aukalega af þorski í mokinu fyrir sunnan og skerðingin frá í fyrra er 30 þús. tonn, kemur strax 60 þús. tonna skerðing á afla togaranna miðað við árið í fyrra. Og hvað á að gera við togarana 1. október, ef þorskaflinn verður þá kominn í 280—290 þús. tonn? Þetta eru sem sagt spurningarnar sem við bændur erum að velta fyrir okkur.

Ég vil endurtaka það sem ég hef áður sagt, að ég styð friðunaraðgerðir, réttlátar og skynsamlegar friðunaraðgerðir. Ég er tilbúinn að standa að því að banna smáfiskadráp, tilbúinn að mæla með því að stoppað sé við í aflatoppum, tilbúinn að banna dráp á hrygningarfiski. Ég er m. a. s. tilbúinn að binda flotann svo vikum eða jafnvel mánuðum skipti. En vel að merkja, þessar aðgerðir verða að vera réttmætar og skynsamlegar og þær verða að koma sem jafnast niður á öllum sjómönnum. Ég lýsi megnustu óánægju með ráðherratilskipanir um að

skerða tekjur togarasjómanna um 20—25% á meðan aðrir sjómenn halda öllu sínu, eða hér um bil öllu sínu, á sama tíma. Við erum að þrátta út af 3% hjá BHM, 3% hjá BSRB eða jafnvel ½% hjá ASÍ. Mér finnst það vera alvarlegt að hrekja okkar góðu togaramenn í land í betur launuð störf. Það eru nógir hér í bænum til þess að bera rukkaratöskur undir hendinni. Hitt er sýnu verra, ef togaraútgerðin er sett á hausinn. Því fylgir nefnilega bullandi atvinnuleysi um mikinn hluta landsins. Fiskiðnaðurinn kemur til með að lamast, en á honum byggja fjöldamörg byggðarlög tilveru sína. Það er gott fyrir kontórista á Faxaflóasvæðinu að hugsa út í það.

Forseti (Gils Guðmundsson): Áður en lengra er haldið vil ég einungis taka það fram, að ég tel mjög hæpið að rétt sé og eðlilegt að fara utan dagskrár út í mjög almennar umr. um hin stóru útgerðarmál, aflatakmarkanir og fiskverndarmál í heild. Ég hygg að það sé eðlilegra að þær umr. bæri að með öðrum hætti. En þar sem annar hv. þm. hefur einnig óskað þess að beina fsp. um útgerðarmálefni til hæstv. sjútvrh. held ég að það einfaldi þessa umr. utan dagskrár að hann komist að með fsp. sína nú, þó hún sé ekki um nákvæmlega sama atriði og hv. 4 þm. Norðurl. v. spurði fyrst og fremst um.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég þakka þetta tækifæri til þess að fá að vekja athygli utan dagskrár á málefni, sem ég tel okkur varða miklu og snertir að nokkru leyti þá fsp., sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, en einnig snertir hún nokkuð samgöngur.

Hafís er nú landfastur fyrir nær öllu Norðausturlandi og minnir okkur Íslendinga óþyrmilega á þær hættur og erfiðleika sem honum geta fylgt. Hafísinn hefur lokað höfnum á Norðausturlandi, stöðvað fiskveiðar og flutninga á sjó. Áður en langt um líður getur hann valdið mjög alvarlegum samdrætti í öllu atvinnulífi á þessu landssvæði. Löng vera hans við landið getur einnig haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í sjávarútvegi og fyrir atvinnulíf landsmanna almennt.

Áður en ísinn lagðist að Norðausturlandi hafði fiskafli glæðst mjög og var rígaþorskur algengur í afla togara og báta og eins og oft áður fiskaðist drjúgt við ísröndina. En nú hafa bátarnir orðið að hætta veiðum og svo snögglega lagðist ísinn að, að margir töpuðu netum og hafa þannig einstaklingar orðið fyrir talsverðu tjóni.

Nú er þegar farið að bera á verulegum hráefnisskorti í fiskvinnslustöðvum norðaustanlands og svo getur farið að vinna leggist þar alveg niður, a. m. k. um stundarsakir. Það er þó mun alvarlegra að margir bátar hafa flúið hafíssvæðið og haldið til veiða sunnan við land og vestan við land. Það er hætt við að þessir bátar snúi ekki til heimahafna á þessari vertíð.

Á Norðausturlandi er mikill uggur í mönnum vegna þessarar þróunar og ekki að ástæðulausu. Auk þessara frátafa eru fram undan margvíslegar veiðitakmarkanir, t. d. stöðvun þorskveiða um páskana. Af þessum sökum verða stjórnvöld nú að taka í taumana. Að vísu geta þau ekki ýtt eða rutt ísnum á brott, en þau geta veitt bátum á þessu landssvæði undanþágu til veiða, svo bæta megi það tjón sem hafísinn hefur þegar valdið og á eftir að valda.

Þeirri ósk er hér úr ræðustól komið á framfæri við stjórnvöld, að þau kanni þetta mál þegar í stað og kanni það vandlega. Það er nauðsynlegt að sjómenn og landverkafólk fái að vita sem fyrst til hvaða ráðstafana verður gripið. Fáist ekki vilyrði fyrir einhverjum undanþágum er hætt við að fleiri bátar fari frá heimahöfnum á Norðausturlandi og suður fyrir land. Þar með er mjög verulegu atvinnuleysi boðið heim á allra næstu dögum og vikum.

Það er þegar ljóst, að bæði Vestfirðingar og Norðlendingar verða að taka á sig talsverðar byrðar vegna fyrirhugaðra takmarkana á þorskveiðum. Slíkt jafngildir auðvitað tekjurýrnun, ekki aðeins sjómanna, heldur einnig landverkafólks sem byggir afkomu sína á fiskveiðum. Ef það bætist svo ofan á þetta að hafísinn dragi verulega úr afla báta á Norðurlandi eystra kemur ekki til greina að það tjón verði óbætt. Í þessu tilviki verður að líta á hafísinn sem hverjar aðrar náttúruhamfarir og það tjón, sem hann veldur, verður þjóðin öll að bera. Verði tilfinnanleg aflaminnkun umfram það sem eðlilegt getur talist er það einfalt réttlætismál að veita undanþágu til veiða frá þeim reglum sem nú hafa verið ákveðnar.

Það er von mín að stjórnvöld sjái sér fært að kanna þessi mál vandlega á næstu dögum og taka ákvarðanir er komið geta í veg fyrir alvarlegri samdrátt í atvinnulífi í þessum landshluta en þegar er orðinn og verður á næstu vikum ef ísinn lónar ekki frá landi. Mér þætti mjög vænt um ef hæstv. sjútvrh. gæti gefið upplýsingar um afstöðu sína og hugsanlega afstöðu ríkisstj. til þessa máls. Þá tel ég að stjórnvöld þurfi þegar í stað að kanna hvort ekki gæti verið hagkvæmt að greiða fyrir flutningum á fiski á landi frá íslausum höfnum til staða sem nú eru algjörlega lokaðir inni. Það hlýtur að vera tiltölulega einfalt reikningsdæmi, hvort hagkvæmara er að greiða fyrir slíkum flutningum eða borga mjög verulegar atvinnuleysisbætur.

Sem dæmi vil ég að lokum, herra forseti, nefna það, að á Þórshöfn á Langanesi er frystihúsið hráefnislaust og svo er að verða um fleiri frystihús á Norðurlandi eystra. Í morgun voru 70 manns á atvinnuleysisskrá á Þórshöfn. Það væri unnt að fá fisk af togurum og bátum, sem lönduðu t. d. á Vopnafirði, og flytja hann 80 km veg yfir til Þórshafnar. Þannig mætti koma í veg fyrir atvinnuleysi og þannig mætti koma í veg fyrir veruleg útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs og það kvalræði sem atvinnuleysinu fylgir.

Ég vil því í þessu sambandi beina þeirri spurningu til hæstv. samgrh., hvort hann hafi nokkuð íhugað þessi mál og hvort þessi mögguleiki er yfirleitt fyrir hendi.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og kom fram hjá fyrirspyrjendum hefur verið mótuð stefna af hálfu sjútvrn. um þorskveiðar á komandi ári. Sú stefna er auðvitað sett fram með því hugarfari að henni verði fylgt fram, en þó þannig, að hún komi til endurskoðunar með hliðsjón af hugsanlegum breytingum á ytri aðstæðum eftir því sem á árið líður og eftir því hvernig miðar að ná því marki að heildarþorskaflinn á árinu verði á bilinu 280—290 þús.

Að því er varðar fsp. hv. þm Árna Gunnarssonar tel ég að hún varði hinar ytri aðstæður, sem ég hef gert fyrirvara um, og það yrði að sjálfsögðu litið á það.

Hv. þm. Páll Pétursson gerði sérstaklega að umræðuefni þorskveiðar eða netaveiðar loðnubátanna, og það er þá best að afgreiða það mál fyrst. Á netavertíðinni 1978 voru netaveiðar í fyrsta skipti gerðar leyfisbundnar. Jafnframt var þá stigið fyrsta skrefið í þá átt að takmarka netaveiðar loðnuskipa. Það var gefin út fréttatilkynning

þess efnis að ekki fengju netaleyfi loðnuskip yfir 350 lestum, nema þau hefðu áður stundað netaveiðar. Samkv. þessu var á vertíðinni 1978 veitt leyfi 46 skipum, sem loðnuveiðar höfðu stundað um veturinn. Þeim var veitt leyfi til netaveiða. Á yfirstandandi vertíð var sama regla látin gilda og á s. l. vertíð og hefur 35 bátum, sem stunduðu loðnuveiðar, verið veitt netaveiðileyfi.

Við útilokun loðnubáta frá netaveiðum, þ. e. a. s. báta sem hafa stundað netaveiðar eftir loðnuvertíð, þá verður að gæta að ýmsum atriðum. Í fyrsta lagi þarf slík ákvörðun að liggja fyrir með nægum fyrirvara, einkum vegna netakaupa bátanna. Slík ákvörðun þyrfti þess vegna að liggja fyrir strax að hausti, svo menn viti að hverju þeir ganga. Í öðru lagi verða menn að horfa á það, að ekki er hægt að útiloka alla báta, sem loðnuveiðar hafa stundað, frá netaveiðum, t. d. minni báta sem stunda veiðar þegar kemur fram á vorið og veiða einkum til frystingar. Þess vegna yrði að miða við einhverja ákveðna stærð eða burðargetu, eins og reyndar var gert í reglunum frá 1978. Ákvörðun um, að þeir bátar, sem stundi loðnuveiðar, fái ekki leyfi til netaveiða, gæti haft þau áhrif að minni bátar færu ekki á loðnuveiðar, heldur vildu þá einungis stunda þorskanetaveiðar. Þetta styður það líka að ákvörðun verði að taka í þessu efni með verulegum fyrirvara ef hún á að hafa almennt gildi.

Jafnframt því sem sú regla hefur verið látin gilda, sem gilti á s. l. vertíð, er þess að geta, að í stefnumörkun rn. frá því um helgina hefur verið ákveðið að netaveiðar yfirbyggðra báta verði takmarkaðar með þeim hætti að þeir verði eftir 1. apríl n. k. að koma með net sín að landi, er þeir koma inn til löndunar, og jafnframt að þeim sé gert að ísa fisk í kassa ef afli verður ekki dreginn daglega. Þessi regla tekur til 26 af þeim 35 loðnubátum, sem hér um ræðir, og er nokkur takmörkun á svigrúmi þeirra.

Það kom fram í máli ræðumanns áðan, að hann væri samþykkur áliti fiskifræðinganna um nauðsyn þess að byggja upp þorskfiskstofninn, og hann deildi ekki á aflamagnið, ef það dygði til að fleyta þjóðarbúinu. Þetta er einmitt sú forsenda sem við höfum haft í rn. við þá stefnumörkun sem hér um ræðir. Tillögur fiskifræðinga voru um 250 þús. tonn og á s. l. ári veiddum við 317 þús. tonn. En það kom líka fram í áliti fiskifræðinga, að nokkurt svigrúm væri í veiðum á öðrum fisktegundum, t. d. ýsu, ufsa, karfa, skarkola, grálúðu og steinbít, og með hliðsjón af þessu hefur verið metið að það svigrúm, sem þarna væri fyrir hendi, gæti numið um 47 þús. tonna þorskígildi, þ. e. a. s. að skiptaverðmæti upp úr sjó. Á vegum rn. hefur verið kannað hver yrðu hin efnahagslegu áhrif af því að takmarka heildaraflamagn við 250, 280 eða 290 þús. tonn. Það er skemmst frá að segja að sú takmörkun, sem fæli í sér 250 þús. tonn, mundi hafa svo alvarleg áhrif í þjóðarbúinu að menn geta tæpast treyst sér til þess á þessu stigi, hversu æskilegt sem sumir kunna að telja það. Hins vegar er ljóst að það má ná nokkurn veginn sömu forsendum og við er miðað varðandi þjóðhagsáætlun og þjóðhagsspá fyrir næsta ár þó að aflamagn yrði takmarkað við 280—290 þús. tonn.

Til þess að ná þessu marki verður sjálfsagt að beita fjölþættum aðgerðum, og ýmsir valkostir hafa verið til umræðu í þessu sambandi að undanförnu. En þó er þess að geta í því sambandi, að um leið og menn hverfa frá því marki að heildarafli sé 250 þús. tonn eru menn auðvitað að hverfa líka frá því marki að uppbygging hrygningarstofnsins geti verið eins ör og fiskifræðingar gera ráð fyrir í till. sínum. Uppbyggingin mundi því miðast við nálægt 400 þús. tonna hrygningarstofn á árinu 1983 í stað 500 þús. tonna.

Við athugun á valkostum greinir menn gjarnan á og telja að þar sé ekki réttlátlega að farið. Það er nú eins og gengur og gerist að menn eru misjafnlega undir það búnir að fara í ræðu áðan, að menn eru reiðubúnir til friðunaraðgerða, menn eru reiðubúnir til þess að hindra smáfiskadráp, menn eru jafnvel reiðubúnir til þess að binda flotann. En menn verða að gæta að því, að friðunaraðgerðir og bann við smáfiskadrápi nær ekki því markmiði í sjálfu sér að heildaraflamagnið sé bundið eða nálgist eitthvert tiltekið mark. Þar þarf fleira til að koma.

Í sambandi við þá umr., sem hér hefur farið fram, verða menn að hafa í huga að það er meginmarkmið þessara aðgerða að beina veiðum úr þorski og yfir í aðra vannýtta stofna. Hvers vegna taka þá þessar aðgerðir alveg sérstaklega til togaranna? Jú, það er vegna þess að þeir geta fremur en aðrir — og í sumum tilfellum einir — sótt að ráði í þá vannýttu stofna sem nauðsynlegt er að nýta til þess að halda þeirri undirstöðu þjóðarbúsins sem ég gat um áðan, að ná nokkurn veginn því marki sem að er stefnt, bæði að því er takmörkunina á þorskveiðum varðar og að hinu leytinu að afkomu þjóðarbúsins sé ekki stefnt í voða á þessu ári og að menn stefni nokkurn veginn að þeim þjóðartekjum og því skiptaverðmæti sem hefur verið lagt til grundvallar áætlunum fyrir næsta ár. En menn verða líka að gæta að því í sambandi við þessar takmarkanir, að ekki er verið að stöðva togarana. Það er verið að beina þeim á tilteknum tímum í aðra stofna. Það er verið að beina þeim frá þorskveiðum. Það er gert ráð fyrir að þeir sæki í aðra stofna á tilteknum tímum. Það er ljóst að með þeim aðgerðum, sem hér er lagt til og ákveðið að farið verði eftir, verða útgerðaraðilar að skipuleggja veiðarnar að verulegu leyti sjálfir. Það getur vel hugsast, að einhvers staðar verði að taka sumarfrí í þessum efnum, en þeir ættu líka að geta miðlað og jafnað sín í milli, sbr. till. sem hefur komið fram í þinginu frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni o. fl., og það ættu útgerðaraðilarnir einkanlega að geta vegna þess að takmarkanirnar eru að verulegu leyti að sumarlagi.

Fleiri rök, sem styðja takmarkanir að sumarlagi, eru t. d. þau, að á þeim tíma hafa aflatoppar gjarnan verið hvað mestir og þess vegna hefur afli ekki nýst sem skyldi. Þess vegna er sérstök ástæða til þess að binda sig við sumarið að svo miklu leyti sem mögulegt er í þessum efnum. Önnur ástæða er auðvitað sú, að þeir vannýttu fiskstofnar, sem hér um ræðir, verða helst veiddir á þeim tíma. Skerðing togaranna af takmörkunum á þorskveiðiafla ætti a. m. k. að mestu leyti að nást upp með auknum afla úr öðrum botnfisktegundum.

Að því er smærri báta varðar er augljóst, að þeir eiga erfiðara með að rísa undir takmörkunum af þessu tagi. Hagur þeirra stendur tæpt, möguleikar þeirra til sóknar í þá stofna, sem eru vannýttir, eru takmarkaðir og þess vegna er erfiðara við það dæmi að fást, þó ég geti viðurkennt og skuli taka undir það, að til lengri tíma litið hljóti menn að líta á hagkvæmni veiðitækjanna, en þá jafnframt samræmi milli veiða og vinnslu í öllum landshlutum. Þær ákvarðanir, sem hér um ræðir, verða alls ekki teknar þannig að hér hafi verið mótuð fiskveiðistefna endanlega, en þar er mikið verk að vinna.

Til þess að auka gæði fiskafla og reyna að tryggja sem best, að sá þorskur, sem á land berst, sé eins góður og

kostur er, hefur jafnframt verið ákveðið að eftirlit með netaveiðum verði aukið bæði á sjó og landi í því skyni að bátar fari að settum reglum um netafjölda og dragi daglega, en leyfissviptingum verði beitt, vegna brota á settum reglum. — Ein slík leyfissvipting átti sér reyndar stað í dag.

Að því er varðar takmörkun á netaveiðum báta, sem stunda loðnuveiðar, hef ég sérstaklega getið um þær aðgerðir sem í gildi eru, en jafnframt tel ég sjálfsagt að athugað verði með hvaða hætti sé unnt að takmarka það nánar og að það miðist þá við burðarþol skipanna og nái til afkastamesta hluta fiskveiðiflotans. Í því skyni að draga úr aflatoppum er gert ráð fyrir að bannað sé að koma með fisk á millidekki nema hann sé ísaður í kassa á fullnægjandi hátt, og enn fremur er til athugunar að endurskoða reglur um útivistartíma skipa með tilliti til þess, hvort ástæða þyki til að setja ákvæði um geymslutíma hráefnis í vinnslustöðvum. Enn fremur verði óheimilt að skip fari aftur til veiða fyrr en öllum afla hefur verið landað úr því. Í því sambandi hafa komið fram hugmyndir um að heimilt verði að stöðva skip í einhverja daga berist mikið hráefni á land, en á því kunna að vera ýmsir annmarkar. Jafnframt þessu verður auðvitað fylgst með vetrarvertíðinni núna. Rn. hefur í huga, að það geti fyllilega komið til greina að stöðva vetrarvertíð á tilteknum degi ef svo þykir horfa.

Að því er togarana varðar að öðru leyti tel ég rétt að geta þess, að það hafa verið ræddir ýmsir valkostir í sambandi við takmörkun á veiði togaranna. Þessir valkostir hafa í rauninni verið til umræðu aftur og aftur á undanförnum árum og ýmsum vettvangi. Það hefur verið talað um kvótakerfi. Það hefur ýmsa augljósa galla. Það hefur verið talað um till. eins og þær sem komu frá Fiskifélagi Íslands um að aðeins þriðjungur af afla yfir sumartímann mætti vera þorskafli. Og það hefur verið talað um útfærslu af þeirri leið með þeim hætti, að ákveðið væri forskot á þessa hlutfallstölu. En engin þessara leiða hefur hlotið stuðning. Í þriðja lagi hefur verið talað um takmarkanir sem væru svipaðar að formi og þær sem giltu á s. l. ári, en mun strangari og beindust einkum að sumarmánuðunum. Það er sú leið sem hefur verið valin.

Ég tel ekki að með þessum aðgerðum sé á nokkurn hátt verið að níðast á neinum. Hitt er hins vegar ljóst, að allar aðgerðir af þessu tagi hljóta að koma að einhverju leyti — misjafnt niður — alveg með sama hætti og hinir ýmsu landshlutar hafa með mismunandi hætti notið þess, hvernig þorskveiðarnar hafa þróast á undanförnum árum. Ég tel að sú samstaða, sem náðist um þessar aðgerðir á vettvangi Landssambands ísl. útvegsmanna, styðji það, að sú leið verði farin sem hér hefur verið ákveðin, og ég tel alls ekki að togaraútgerð verði sett á hausinn með þessum aðgerðum né verið sé að stefna að því að skerða tekjur sjómanna í heild um 20%, þegar það liggur fyrir að möguleikar eiga að vera á því að halda því skiptaverðmæti sem upp úr sjó kemur. Hitt er ljóst, að allar aðgerðir af þessu tagi hafa í för með sér nokkurn tilflutning milli veiðitækja, milli landshluta og milli stöðva. En það verður verkefni þeirra, sem veiðarnar stunda, að skipuleggja þær með sem skynsamlegustum hætti innan þeirra marka sem hér eru sett fram.

Ég trúi því, að almenningur í landinu hafi skilning á að þorskveiðar verði takmarkaðar. Ég trúi því, að það sé skilningur meðal sjómanna og útvegsmanna og þeirra, sem í fiskvinnslu eru, á því, að það verði að grípa til takmarkana af einu eða öðru tagi. Og ég trúi því, að það sé skilningur á því, að með því að fara þá leið, sem hér er gert ráð fyrir, hafi menn verulegt svigrúm til þess að stjórna veiðum sínum sjálfir og menn muni gera það, þannig að það svigrúm, sem menn hafa, nýtist þeim sem best.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 74. fundur.

Þriðjudaginn 27. mars, að loknum 73. fundi.

Farstöðvar, þáltill. (þskj. 480). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Virðisaukaskattur og afnám tekjuskatts, þáltill. (þskj. 84). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Könnun á þætti landbúnaðarframleiðslu í atvinnulífi, þáltill. (þskj. 329). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Endurskoðun laga um almannatryggingar, þáltill. (þskj. 371). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.
Till vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár — frh.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. 11. landsk. þm., Árni Gunnarsson, vakti máls á samgönguvandamálum á Norðurlandi eystra af völdum hafíss. Ég held að það leyni sér ekki, að mjög alvarlegt ástand er að skapast á Norðurlandi og Norðausturlandi, þar sem nú er ís að leggjast að landinu og á nokkrum stöðum orðinn landfastur.

Hv. þm. spurðist fyrir um það, hvort ekki gæti komið til greina að styrkur yrði veittur til að halda uppi nauðsynlegum fiskflutningum þannig að ekki kæmi til langvarandi atvinnuleysis á þeim stöðum sem verst eru settir, og í máli hans lá það einnig, að gera yrði sérstakar ráðstafanir til snjómoksturs á þessu svæði. Ég held að það geti ekki verið neitt vafamál, að þegar samgöngur stöðvast á sjó verða landflutningar enn mikilvægari, og mér virðist að ekki verði undan því komist að auka snjómokstur þar sem mönnum eru allar bjargir bannaðar á sjó. Vissulega þarf að athuga vandlega hvernig ráðstafanir í þessa átt verða best fjármagnaðar og þ. á. m. hvaðan þeir styrkir ættu að koma sem veittir yrðu til að örva og styðja flutninga til þeirra staða sem svo er komið fyrir. En ég held að það geti ekki verið neitt áhorfsmál að

sérstakar ráðstafanir séu óhjákvæmilegar. Hafís hlýtur að flokkast undir náttúrhamfarir — hamfarir sem við megun alltaf eiga von á og höfum að nokkru leyti búið okkur undir. Í því skyni höfum við komið upp sérstöku kerfi: viðlagatryggingu. Það er nú áratugur liðinn síðan vandamál af þessu tagi voru hér á ferðinni og þá hafði ekki verið komið upp því fjárhagskerfi viðlagatrygginga sem nú er, þannig að auðveldara ætti nú að vera að mæta vandanum en þá var.

Það ástand, sem nú hefur skapast, getur staðið stutt, en svo kann að fara að það verði langvarandi. Um þetta getum við ekkert vitað. En allur er varinn góður. Ég minnist þess, að þegar ástandið var verst um miðjan seinasta áratug var talið sjálfsagt og eðlilegt að koma á fót sérstakri þingmannanefnd — nefnd sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka — sem ætlað var að gera till. um aðstoð og fyrirgreiðslu við íbúa á þeim svæðum þar sem hafís þá ógnaði afkomu manna. Ég held satt að segja að það hljóti að vera tímabært fyrir okkur að gera eitthvað af þessu tagi, koma á fót þingmannanefnd sem gerir till. til ríkisstj. um þær ráðstafanir sem óhjákvæmilegar og nauðsynlegar eru. Ég minnist þess, að seinasta nefnd sem starfaði hafði ekki lengi starfað þegar í ljós kom að hafís var allur á brott og ekki þörf á neinum ráðstöfunum. Við skulum vissulega vona að svo fari enn. (Gripið fram í.) Já, ekki verði þörf á því að gera miklar ráðstafanir. Ég hygg að þeir, sem voru í seinustu hafísnefnd, séu ekki margir hér á þingi nú. (**Gripið fram í:** Aðalmennirnir.) En kannske einhverjir. Og það mundi því vera framlag mitt til þessara umr. á þessari stundu, að við ræddum hvort ekki væri rétt að snúa við vandanum að setja nefnd, sem væri skipuð mönnum úr öllum flokkum, og hún áttaði sig fullkomlega á því við hvaða vanda væri þarna að etja og hvaða ráðstafanir væri eðlilegt að gera og hvernig þær yrðu helst fjármagnaðar.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það eru tvær fsp. til umr. í dag, og enda þótt ég gæti vel hugsað mér að leggja þeim röddum lið sem fara þess á leit að ráðstafanir verði gerðar til að koma til liðs við fólk í þeim byggðalögum sem nú hafa lokast inni af hafís, mun ég ekki nota tíma minn hér til þess að þessu sinni.

Ég hafði hugsað mér að taka undir gagnrýni hv. 4. þm. Norðurl. v., Páls Péturssonar, á þá ráðstöfun sjútvrh. að heimila 30—40 loðnuskipum netaveiðar á þessari vertíð. Alveg sérstaklega vil ég andmæla þeirri ákvörðun í ljósi stefnu þeirrar varðandi fiskveiðitakmarkanir sem hæstv. ráðh. boðað í Morgunblaðinu s. l. laugardag.

Það er ekki ágreiningur, að ég hygg, um það í hópi alþm., að ráðstafanir er óhjákvæmilegt að gera til að takmarka þorskveiðar á þessu ári. En það er hins vegar ágreiningur um, hversu mikið eigi að takmarka þorskveiðarnar, og einnig um það, hvaða ráðstöfunum eigi að beita, hvers eðlis þær ráðstafanir eigi að vera. Ég vil segja það af minni hálfu að ég tel að nægilegt hefði verið að takmarka þorskveiðarnar á þessu ári við 300 þús. tonn, þ.e. að minnka aflann um sem næst 10%. Þegar ég tala um þetta minni ég á það, að samkv. margbirtum upplýsingum fiskifræðinga okkar telja þeir að enda þótt þorskveiðar væru á þessu ári leyfðar upp að 300 þús. tonnum ætti að vera möguleiki á að tvöfalda hrygningarstofn þorsksins á fjórum árum, úr 200 þús. tonnum í 400 þús. tonn. Ég tel að það sé svo vandasamt að framkvæma meiri takmarkanir en þessu nemur og það hafi það alvarlegar afleiðingar í þjóðarbúskap okkar að óhyggilegt hafi verið að fara neðar með þetta mark.

Hitt er ekki síður meginatriði, að þess sé gætt við framkvæmd takmarkananna, við setningu þeirra reglugerða sem þar að lúta, að skerðingin komi sem jafnast niður, bæði sem jafnast milli landshluta og sem jafnast milli skipa, hvort sem þau stunda veiðar með þessum veiðarfærum eða hinum. Og ég kemst ekki hjá því í þessum umr. að vekja athygli á að sú stefna, sem hæstv. ráðh. boðar og fram kemur í viðtalinu í Morgunblaðinu á laugardaginn var, byggist á mjög alvarlegri mismunun. Það er ljóst að enda þótt hámarksafli þorsksins yrði miðaður við 280—290 þús. tonn, eins og hæstv. sjútvrh. hefur lýst yfir að stefnt yrði að, væri þar ekki um að ræða nema 12—14% niðurskurð að jafnaði.

Ég get ekki látið hjá líða að taka dæmi af því hvað sú stefna, sem hæstv. ráðh. hefur boðað, þýðir gagnvart togaraútgerðinni í því kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir.

Ég hef hér upplýsingar um það, að afli tíu Vestfjarðatogara, sem stunduðu veiðar allt árið 1978, og það eru allir togararnir á Vestfjörðum sem stunduðu veiðar allt það ár, var á s. l. ári 38 504 tonn, eða 3 850 tonn á skip að meðaltali yfir árið. Þetta er heildaraflinn. Það hefur nú verið boðað, að togurunum verði bannað að veiða í 70 daga á tímabilinu 1. maí til 1. okt., þar af 30 daga í júlí og ágúst. Einnig er boðað veiðibann um páska. Samtals yrðu þetta 77 eða máske 80 dagar alls, — ef páskabannið stæði í viku eins og í fyrra, þá 77 dagar, en 80 dagar ef páskabannið stæði 10 daga. Það, sem ég vil vekja athygli á alveg sérstaklega, er hvað mikill hluti af ársafla þessa togaraflota veiddist einmitt á þessum tíma í fyrra — á þeim tíma sem nú er talað um að stöðva veiðar. Meðalaflinn á hvern Vestfjarðatogara í júlí og ágúst í fyrra var 470 tonn. Meðalaflinn á þeim árstíma og öðrum, sem skerðingin nær til, þ. e. frá 1. apríl til 1. okt. að fráteknum júlí og ágúst, var mánaðarlega 285 tonn. Þetta er mánaðaraflinn. 285 tonn á mánuði gera því 475 tonn á skip að jafnaði á þeim 50 dögum sem ætlunin er að stöðva flotann í mánuðunum apríl, maí, júní og september. Síðan tapast 470 tonn á skip vegna stöðvana í júlí og ágúst miðað við meðalafla í fyrra og verða það þá alls 945 tonn á skip sem tapast á hálfu ári. Það þýðir fast að 25% heildaraflans yfir allt árið í fyrra. Og ef maður spyr hvað það sé mikið af heildaraflanum á meðalskip það hálfa ár sem þarna er um að ræða, frá 1. apríl til 1. okt., og miði við árið í fyrra, eru þetta um 45% aflans á þeim tíma.

Það er auðvitað ljóst að þarna er um að ræða skerðingu sem er langt fyrir ofan þau almennu skerðingarmörk, sem verið er að miða við, hvort sem þau væru nú 10%, eins og ég tel eðlilegt að þau hefðu átt að vera, eða 12—14%. Ég er ekki í neinum vafa um að það munu fleiri aðilar en vestfirsku togararnir eingöngu gjalda þessarar ráðstöfunar. Og að sjálfsögðu má reikna með því, að ef þarna verður um allt að 25% skerðingu ársafla að ræða, enda þótt heildarskerðingin yfir landið í heild á þorskafla verði 12—14%, verði skerðingin miklu minni sem því svarar hjá öðrum.

Það er sagt sem svo, að þessi skip eigi að geta stundað aðrar veiðar þá 77 eða 80 daga sem gert er ráð fyrir að þorskveiðar verði bannaðar á því hálfa ári sem fram undan er frá 1. apríl til 1. okt. Ég vil alls ekki andmæla því, að togurunum sé gert að veiða annað en þorsk einhverja túra, ef það er í samræmi við þær ráðstafanir, sem gerðar verða gagnvart öðrum veiðum, og af sann-

girni gert. En ég tel að þarna sé um óhæfilega mikla skerðingu að ræða. Það er ekki þannig ástatt, að þessi skip geti haldið á veiðar sem gefa af sér fyrir útgerð, fiskvinnslu og fyrir sjómennina eitthvað álíka og um er að ræða þar sem loðnuveiðarnar eru. Það er ekki um neitt slíkt að ræða. Það væri kannske hægt að hugsa sér nokkru lengri stöðvun ef þau skip, sem ég er þarna að tala um, ættu kost álíka uppgripa á öðrum veiðum, eins og skip þar sem loðnuveiðar stunda. En fyrst það þykir ekki fært að stöðva þau skip sem eru nýkomin af loðnuvertíð — við vitum hvernig sú vertíð hefur gengið — er ósanngjarnt að ganga svona langt gagnvart þeim veiðum, sem ég hef hér rætt um, og gagnvart þeim togaraflota, sem ég er að minnast á. Í því er ekkert samræmi. Og við vitum það öll, sem eigum sæti á hinu háa Alþingi, að það er þannig ástatt, bæði hvað varðar karfaveiðar og flestar aðrar þær veiðar sem til greina gætu komið, að þær eru lítt eða ekki arðbærar eins og nú háttar til. Eigi að beina flotanum í verulega auknum mæli í þessar veiðar þarf auðvitað að gera ráðstafanir til að gera þær arðbærari en þær eru.

Ég kemst ekki hjá að vekja einnig athygli á því, að jafnframt því sem hæstv. sjútvrh. boðar svo harkalega skerðingu gagnvart togaraútgerðinni og því fólki sem byggir afkomu sína á henni, þá er allt með öðrum brag þegar verið er að tala um netaveiðarnar. Í því viðtali við ráðh., sem ég vitnaði til áðan, í Morgunblaðinu á laugardaginn var, er í sambandi við netaveiðarnar tekið svo til orða, að meiningin sé að „fylgjast með", „einhverjar takmarkanir komi til greina" og annað í þeim dúr.

Ég tel að það væri full ástæða til þess, áður en reglugerðir yrðu gefnar út í þessum efnum, að lagðar yrðu fram rökstuddar grg. um það, hvað hæfustu menn til að meta slíkt, hlutlausir aðilar, telja að sú skerðing, sem boðuð er annars vegnar gagnvart togaraflotanum, þýði, og hins vegar hvað sú skerðing, sem ráðgerð er gagnvart netaveiðunum, þýði. Ég vil fara fram á að hæstv. ráðh. leggi slíkar hlutlausar upplýsingar fyrir okkur á Alþingi.

Það er gert ráð fyrir því að togveiðiflotinn verði stöðvaður nú í 77 eða 80 daga, eftir því hvort menn tala um viku eða 10 daga um páskana, 77 eða 80 daga á þessu hálfa ári sem fram undan er. Þetta er mjög verulega lengri stöðvun en á síðasta ári. Þá var stöðvunin á þessum 6 mánuðum í fyrsta lagi ein vika um páska, í öðru lagi önnur vika um verslunarmannahelgi og síðan var til viðbótar 23 daga stöðvun, sem þó var ekki endilega tekin fyrir septemberlok, heldur fyrir 15. nóv. En jafnvel þó maður gerði ráð fyrir að sú stöðvun hefði öll fallið á það hálfa ár sem ég er hér að ræða um, frá 1. apríl til 1. okt., er þar ekki um að ræða nema um 37 daga í staðinn fyrir 77 eða 80 daga nú, þannig að þarna er um að ræða mun meira en tvöfalt harðari aðgerðir.

Netaveiðivertíðinni hér sunnanlands fer nú hins vegar bráðum að ljúka án þess að við neinu hafi verið hreyft. Og ég verð að segja það, að þetta eru ekki gæfulegar ráðstafanir í svo viðkvæmu máli sem hér er um að ræða. Ég gæti haldið langa ræðu um áhrif þess, að til svo harkalegra ráðstafana á að grípa, — áhrifin á atvinnuástandið í þeim byggðarlögum sem fyrst og fremst byggja á togaraútgerð hvar sem er á landinu, — áhrifin á afkomumöguleika þess fólks sem við fiskveiðarnar og fiskvinnsluna vinnur. En ég ætla ekki að taka hér upp tíma í því skyni, það er okkur öllum svo vel ljóst. Hitt vil ég minna á, að ef á að ganga það langt í skerðingu á veiðimöguleikum einstakra greina sjávarútvegsins að það nemi allt að 25% skerðingu yfir árið, þá hlýtur það að vera skýlaus krafa að þær byrðar, sem þar með er verið að leggja á þá aðila sem málið varðar, hvort heldur eru sjómennirnir, fiskvinnslufólkið eða útgerðin, — ég tala þó fyrst og fremst um sjómennina og fiskvinnslufólkið, — þær verði þessir þegnar þjóðfélagsins ekki látnir bera — svo mikla skerðingu — bótalaust og alveg sérstaklega ekki ef meiningin er að mismuna á milli greina og á milli landshluta, eins og mér virðist standa til. Það er að sjálfsögðu þjóðin öll, og þá fyrst og fremst þeir sem einhvers eru efnalega megnugir, sem á sameiginlega að taka á sig byrðarnar sem því fylgja að byggja upp þorskstofn okkar, því óhjákvæmilegt er að þær byrðar verði allnokkrar.

Ég vil svo segja það í lokin, að ef einhvern útveg ætti að undanþiggja sérstaklega þeim skerðingarmörkum sem ég teldi almennt sanngjarnt að yrðu sett, ef einhvern ætti að undanþiggja eða einhverjum að hlífa, þá gæti ég hugsað mér að það væri helst trilluútgerðin sem farið væri um eitthvað mildari höndum. Að öðru leyti tel ég að skerðingin hefði eðlilega átt að vera um 10%. Ég hefði ekki kvartað yfir því gagnvart togurunum, síður en svo, en skerðingin átti þá að koma yfir alla, allar helstu veiðiaðferðir og alla landshluta. Og þó að heildarskerðingin verði 12 eða 13%, jafnvel upp í 15% — ég tel ekkert óeðlilegt að menn geti greint á um þau mörk, það er ekki óeðlilegt, — en hver sem sú meðaltalsskerðing verður er hitt meginatriðið, að slíku sé skipt réttlátlega niður, en mönnum ekki mismunað.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég mun verða við beiðni hæstv. forseta að fara ekki út í almennar umr. utan dagskrár, þó að ég sé einn af þeim sem eru mjög óánægðir og uggandi yfir þeim aflatakmörkunum sem mér skilst að eigi að setja á, en ég mun geyma mér að ræða það þar til síðar.

Eg bað um orðið vegna þess að við höfum þungar áhyggjur af hafísnum fyrir Norðurlandi og þeim áhrifum sem hann kann að hafa, ekki einungis á sjávarútveg, heldur einnig á landbúnað og sem sagt alla atvinnu í þessum landshluta.

Þegar ljóst var að fiskibátarnir væru allir stöðvaðir hafði ég samband við forsrh. og bað hann að ræða um það á ríkisstjórnarfundi í morgun, hvort ekki væri hugsanlegt að breyta veiðitakmörkunum um páskana, ef breyting yrði á á þessu tímabili þannig að ís færi frá, og þeir gætu notað páskavikuna til veiða. Það eru margir uggandi yfir því á Norðurlandi að bátar eru að fara suður. Ég held að þeir séu farnir fjórir frá Húsavík t. d. og einn frá Þórshöfn. Ef fleiri fara er hætt við því, þó að ísinn fari frá, að þeir komi ekki aftur norður á þessari vertíð. Ef þeir vissu hins vegar nú þegar að ekki mundi verða beitt aflatakmörkunum síðar á þessu ári út af þeirri stöðvun sem nú er, mundu e. t. v. sumir þeirra ekki fara, sem eru nú að velta því fyrir sér.

Hæstv. forsrh. sagði mér í byrjun þingfundar, að hann hefði rætt þessi mál og hæstv. sjútvrh. hefði tekið þessari málaleitan vel og mundi athuga hvort hægt væri að gera eitthvað í þessu máli. Ég vænti þess að þetta verði athugað eins fljótt og kostur er, einmitt vegna þess að það gæti haft áhrif á sum skipin, hvort þau fara eða ekki.

Enn fremur bað ég hæstv. forsrh. að athuga hvort ekki

væri líklegt að viðlagatrygging gæti komið eitthvað inn í það mál, ef farið yrði að flytja til, t. d. eins og gert er í dag frá Húsavík til Raufarhafnar eða frá Vopnafirði til Þórshafnar. Mér skildist á hæstv. forsrh., að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefði tekið að sér að athuga það mál. Ég hef líka rætt við hæstv. heilbr.- og trmrh. um þetta og veit að hann hefur skilning á málinu og vona að ekki verði töf á því að það verði athugað.

Það er náttúrlega athugandi í sambandi við þetta, hvort óeðlilegt sé — ég slæ því hér fram — að viðlagatrygging geri eitthvað til að auðvelda að haldið verði opnum leiðum svo að atvinnulífið stöðvist ekki á þessum stöðum, ef hægt er að koma því við. Ástandið er þannig núna, að það eru líkur fyrir því að enn muni ísinn þrengja að á næstunni, þó að það geti auðvitað brugðið snögglega til hins betra í því efni. Eins og veðurspá er nú og vindátt er líklegra að ísinn muni a. m. k. næstu dægrin þrengja enn að, og þá kann að vera að það verði erfitt um alla siglingu fyrir Norðurlandi. Og þá er spurningin, t. d. á Norðausturlandi, hvort ekki sé hægt að landa fiski á Vopnafirði fyrir Raufarhöfn og Þórshöfn.

Inn í þessar umr. hafa spunnist orðræður um hafísnefnd þá sem mun hafa verið kosin einmitt eftir þáltill. sem ég flutti fyrir 11 árum. Ef ég man rétt voru í henni Ólafur Björnsson, sem var formaður þessarar nefndar, og það var Jóhannes Stefánsson, ef ég man rétt, og hv. þm. Bragi Sigurjónsson og Pálmi Jónsson ásamt mér. (Gripið fram í.) Það er ekki rétt, hv. þm. Það er önnur nefnd, sem hæstv. samgrh. var að tala um, sem mun hafa verið sett, ekki eftir þáltill., heldur með samkomulagi þingflokkanna árið 1965 eða 1966. Hæstv. samgrh. mun hafa verið í þeirri nefnd og hefur sjálfsagt gengið svo rösklega að verki að hann hafi ýtt ísnum frá.

Við verðum að vona að hafísinn verði ekki margar vikur fyrir Norðurlandi. En við verðum að gera eins ráð fyrir því, að hann geti orðið það. Það sýnir okkur reynsla liðinna alda. Það er tvennt til í þessu efni, og þess vegna þarf að taka á þessu máli og haga sér miðað við þá þróun sem verða kann. Mér finnst það vera mjög athyglisverð og skynsamleg till., sem kom fram hjá hæstv. samgrh., að það verði einhvers konar hafísnefnd sett til þess að athuga alla þætti þessa máls og hvað sé til úrræða til að minnka það tjón, eftir því sem hægt er, sem menn verða fyrir.

En í sambandi við alla þessa umr. og um fiskinn og allt það hlýtur að koma sú spurning í hugann, hvernig ástatt var með fiskstofnana 1971. Það er upplýst, að um það bil sem landhelgin var færð út hafi erlendar þjóðir veitt hér við land meira fiskmagn en nú er stefnt að því að veiða með okkar skipum. Það var gefið upp að Bretar hefðu veitt 207 þús. tonn, Vestur-Þjóðverjar 119 þús. tonn, Færeyingar um 25 þús. tonn og aðrir í kringum 15 þús. tonn. Ef ástandið er þannig nú, að það þurfi að miða aflamagnið við innan við 300 þús. tonn, hvernig hefði þá ástandið verið nú ef útfærslan hefði ekki verið framkvæmd fyrir 8 árum? Það er umhugsunarefni fyrir okkur öll.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það hefði verið mjög æskilegt að geta orðið við tilmælum hæstv. forseta, af því að um er að ræða umr. utan dagskrár, til okkar þm. um að vera stuttorðir og beina frekar formlegum fyrirspurnum. En mér finnst að það hafi orðið æðimikil breyting á umr. þessum utan dagskrár eftir svar hæstv. sjútvrh., sem svaraði ekki eingöngu spurningum hv. 4. þm. Norðurl. v., Páls Péturssonar, heldur fór um fiskveiðistefnuna eða aðgerðir til fiskverndar almennum orðum og flutti allítarlega ræðu, og síðan hafa komið aðrir þm. í kjölfarið. Þó að ég tilheyri stjórnarandstöðu og taki fyrstur til máls af stjórnarandstæðingum eftir að hv. stuðningsflokkar og stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa rætt þessi mál, hlýt ég að eiga sama rétt til þess að ræða ítarlega um þessi efni og þeir sem hafa talað á undan.

Hæstv. sjútvrh. minntist ekki einu orði á að hann óskaði eftir því í fyrri hluta febrúar í vetur að þingflokkarnir tilnefndu fulltrúa í nefnd, sem átti að heita samráðsnefnd með sjútvrh. og rn. um takmörkun veiða á þessu ári eða a. m. k. á þessari vertíð. Það er að sumu leyti eðlilegt að hæstv. sjútvrh. hafi ekki minnst á nefnd þessa, því að samráðið var ekki að sama skapi. Þessi nefnd hélt fyrsta fund sinn 16. febr., annar fundur hennar var 23. febr., þriðji fundurinn var 7. mars og þrátt fyrir mjög sæmilegar samgöngur innan Stór-Reykjavíkursvæðisins fékk ég ekki það fundarboð fyrr en fundur var byrjaður. En þá tók nefndin, eða réttara sagt sjútvrn., æðilanga „pásu", því að síðasti fundur var ekki boðaður fyrr en 22. mars og þar með lauk starfi þessarar nefndar, ef starf skyldi kalla.

Það vantar ekki að það voru reifaðar allmargar hugmyndir og m. a., sem bókað er eftir mér á fundinum 23. febr. er: „Taldi hann þörf á því að gefa þegar út reglugerð um bann á þorskveiðum um páskana." En síðan líður febrúarmánuður allur og það er ekki fyrr en 27. mars, sem sagt í dag, að hæstv. sjútvrh. gefur út reglugerð um takmörkun þorskveiða sem nær til 30. sept. á þessu ári. Hann svaraði ekki þeirri fyrirspurn Páls Péturssonar, hvort reglugerð hefði verið gefin út, en það er mér sagt að hafi skeð í dag. Ég spyr í framhaldi af því: Hafa ráðh. í ríkisstj. lagt blessun sína yfir þessa reglugerð? Ég skal sýna fram á hvernig unnið var í þessum efnum þau 4 ár sem ég gegndi starfi sjútvrh. Ég bar allar slíkar reglugerðir undir samráðh. mína í ríkisstj. og þegar um mikilvægar reglugerðir var að ræða fengu menn þær til umfjöllunar í nokkra daga. Sömuleiðis hafði ég samband við þá menn úr þáv. stjórnarandstöðu sem létu sig þessi mál mestu varða, þannig að þeir gætu sagt frá málum í flokkum sínum og gert athugasemdir eða komið með ábendingar, sem við töldum, sem áttum að segja síðasta orðið, að hefði átt að taka tillit til og var oft tekið tillit til þegar þær voru gerðar.

Starf samráðsnefndarinnar endaði á því, að sjútvrh. hélt sér dauðahaldi í ákveðna valkosti, sem voru þeir að stöðva þorskveiðar að verulegu leyti hjá togurum um 5 mánaða skeið. Bæði ég og hv. 1. þm. Austurl., sem báðir höfðu gegnt starfi sjútvrh., lýstum yfir fullri andstöðu okkar við þessa hugmynd, en sögðum að við værum þeirrar skoðunar að taka ætti upp líkar takmarkanir og hefðu verið í gildi á s. l. ári, en værum fúsir til að bæta þar allmiklu við frá því sem verið hefði til þess að ná viðtæku samstarfi. Nú segir hæstv. sjútvrh., að hann hafi náð samstarfi við L. Í. Ú. Það er nú svo komið málum í landi okkar, að L. Í. Ú. er orðið umsagnaraðili fyrir sjómenn og landverkafólk í fiskiðnaði. Ekki hefði því einhvern tíma verið spáð, að ættjörðin frelsaðist þar. Það get ég sagt hæstv. sjútvrh., að það er engin gleði meðal meðlima L. Í. Ú. yfir þeirri blessun sem samþ. var á sennilega síðasta stjórnarfundi. Hins vegar voru sumir menn

hræddir til þess að samþ. þessar till. með því að segja að ekki væri annars úrkosta en samþ. 5 mánaða stöðvun togaranna á þann veg að þeir mættu fiska 600 tonn af þorski á 5 mánaða tímabili. Á þeim grundvelli samþ. sumir þessara manna tillöguna.

Ég spyr: Hvernig stendur á því að hæstv. sjútvrh. mannar sig ekki upp að gefa út reglugerð í ársbyrjun? Hvers vegna bíður hann til dagsins í dag til að gefa þessa reglugerð út, þegar liðnir eru þrír mánuðir af árinu? Er það vegna þess að netaveiðinni fer senn að ljúka? Var verið að bíða eftir því að hún væri svo að segja búin til þess að hægt væri að gefa út reglugerð? Þegar ég tók ákvörðun um að gera netaveiðarnar leyfisskyldar og stöðva um páskana á s. l. ári ætluðu sumir menn að tryllast gersamlega. Þá var það talin svívirðileg árás á menn að stöðva veiðarnar um páskana og talið stórhættulegt að skipa bátum að taka netin upp um páskana. Það voru að vísu ekki sjómennirnir sem svona létu. Það voru nokkrir sérhagsmunaseggir sem létu eins og blöðruselir dag eftir dag. Nú er sennilega orðið fullkomið öryggismál að taka upp net um næstu páska hjá þessum blöðruselum sem þá lét hæst í sér heyra.

Hæstv. ráðh. sagði að togarar gætu farið á aðrar veiðar en þorskveiðar. Telur hann hækkun olíunnar og hækkun útgerðarkostnaðar, sem hefur orðið nú, gera mönnum fýsilegra að fara í aðrar veiðar en þorskveiðar? Á sama tíma liggur ekkert fyrir um að hækka eigi verð á þeim fisktegundum sem nú eru ekki fullnýttar. Það er kominn 27. mars og ekkert heyrist um það. Er það leiðin til að auka veiðar á þessum tegundum að láta verðlag þeirra standa í stað við síðustu verðákvörðun? Þegar verðið hækkaði um aðeins 1.9% að meðaltali stóð í stað verð á karfa, grálúðu og þeim fisktegundum sem hæstv. sjútvrh. segist vera að rembast við að hækka. Það kemur ekkert frá honum þó þrír mánuðir séu liðnir af árinu.

Hvað er hugsanlegt að gera áfram í þeim áformum hæstv. sjútvrh. samhliða því að skera niður þorskveiðar að skattleggja þorskveiðarnar og sókn í aðra fiskstofna sem eru taldir ofnýttir eða fullnýttir? Er breyting á stefnu *ríkisstj. í þeim efnum frá Ólafsfrv., þar er gert ráð fyrir* slíkri skattlagningu? Alþfl. hefur talið það heilagt alveg fram á þennan dag að lögfesta hvert orð í þeirri vitleysu allri saman, sem hefur nú verið lögð á borð okkar alþm. Er þetta það sem koma skal? Er þetta til verndar útgerð, sjómönnum, vinnslustöðvum og vinnu fólksins í landi? Það er ekki að ástæðulausu að fólk víðs vegar um landið er orðið uggandi um sinn hag ef þannig á að standa að málum.

Ég ætla ekki að fara í meting á milli einstakra landshluta, það dettur mér ekki í hug að gera, eða að gera lítið úr einhverri annarri útgerð og hefja togaraútgerðina til skýjanna. Það, sem ég lét koma frá mér í þessari nefnd, var að þær aðgerðir, sem gerðar yrðu, samdrátturinn, ættu að koma við alla og eins jafnt og hægt er.

Við skulum taka bátaútgerð hér á Suðvesturlandi. Hún hefur átt mjög í vök að verjast á undanförnum árum. Afkoma hennar hefur verið mjög léleg vegna þess hve aflabrögð hafa verið rýr. En það hefur aldrei verið eiginlega minnst á að á þessu sama tímabili hófust að nýju eftir síldveiðibann síldveiðar sem bátar á þessu svæði fyrst og fremst fengu leyfi til og allt til Austfjarða. Það er ekki heldur minnst á að minni bátarnir á þessu svæði öllu hafa möguleika til humarveiða. Hins vegar er það líka satt og rétt að humarveiðin hefur dregist mjög saman, einkum á s. l. ári. En var ekki ástæða til þess, þegar vitað var um stórfellda breytingu á þorskveiðinetum með tilkomu blýteinsins í netunum, að breyta reglugerðinni um netafjölda? Ég hefði talið að það hefði verið full ástæða til þess, og þó slíkt hafi ekki verið gert í haust hefði mátt gera það a. m. k. áður en netavertíðin byrjaði. Það mátti gjarnan takmarka netafjöldann. Og ég spyr líka: Telur hæstv. sjútvrh. að það sé alveg óhugsandi að aflatoppar geti átt sér stað nema í júlí eða ágúst af því þeir voru þá í fyrra? Það hafa verið aflatoppar núna. *Skip, sem ekki hafa komið aflanum til vinnslu á fleiri en* einum og fleiri en tveimur stöðum, hafa neyðst til þess að sigla.

Togaraútgerðin býr ekki öll við það sama. Annars vegar eru það togarar sem eru ekki alveg rígbundnir við ákveðna staði að landa afla sínum og sækja eftir þeim fisktegundum, sem ekki eru fullnýttar, til þess að sigla með þær úr landi og selja þær á erlendum mörkuðum. Það er gott út af fyrir sig og nauðsynlegt. Þar fá þeir gífurlega hátt verð að jafnaði, þó það sé mjög misjafnt. Hins vegar er aftur stór hluti togara algerlega bundinn *við að landa afla sínum í heimabyggð sinni, þar sem hann* er unninn, og það er líka mismunandi eftir landssvæðum og innan landssvæða. Á sumum stöðum er togaraútgerðin eiginlega það sem allt atvinnulíf byggist á. Á öðrum stöðum í öllum landsfjórðungum eru líka til staðir sem byggja allt á bátaútgerð. Þetta er ekki einsýnt eftir landshlutum.

Hæstv. ráðh. sagði að loðnuskipum hefði verið veitt leyfi í fyrra, 46 skipum. Ég skora á hann að senda Alþ. grg. um það, hver nöfn þessi skip bera og hver veiði þeirra 46 skipa hafi verið á s. l. vetri. Ég held það sé dálítið frávik frá þessari tölu, þó ég hafi það ekki alveg í kollinum. Sömuleiðis mætti gjarnan fylgja listi yfir þau 35 skip sem nú hafa fengið netaveiðileyfi.

Ég skal taka undir það, vegna þess að ég skil það mjög vel, að það er ekkert gaman að segja alfarið að neita skuli bátum um leyfi til netaveiða. Hins vegar átti auðvitað að auglýsa eftir netaveiðileyfum með tilskildum fyrirvara og *þeir, sem ekki sæktu um veiðileyfi innan þess fyrirvara,* kæmu ekki til greina. En við báta, sem fara á loðnu kannske örskamman tíma og fiska sáralítið, er auðvitað ekki alfarið hægt að segja: Þið fáið alls ekki leyfi til þorskveiða í net. — Það verður að setja þar einhver mörk. Ég er sammála hæstv. ráðh. hvað þetta snertir, að slíkt verður auðvitað að meta og vega í einstökum tilfellum. Hins vegar fannst mér ekki koma til greina annað en að setja ákveðin stærðarmörk fyrir þá sem gætu sótt um netaveiðileyfi, því það er töluvert annað að hleypa stórum skipum, sem vel hafa aflað af þeirri fisktegund *sem mest veiðist nú af, í stofn eins og þorskinn.*

Mér finnst eðlilegt að gera sér grein fyrir því, hver verður samdrátturinn í þorskveiðunum á þessu ári. Ég leyfi mér að fullyrða, og það liggja fyrir tölur um það, að þorskaflinn er fyrstu tvo mánuði ársins 20 þús. lestum meiri en hann var þessa sömu tvo mánuði á árinu 1978, og allt bendir til að þessi munur verði í lok mars orðinn 35 þús. lestir. Ef við tökum meðaltalið af því sem sjútvrh. segist vilja heimila skipum að veiða af þorski á þessu ári og segjum 285 þús. lestir, þegar hann hefur nefnt 280—290 þús. lestir, þá er niðurskurður frá árinu á undan 35 þús. lestir. M. ö. o. eiga þorskveiðar að vera 70 þús. lestum minni á níu mánuðum en á sama tíma í fyrra. Með því að vakna ekki fyrr en í mars er búið að eyða ansi

miklum möguleikum og gera enn meiri ójöfnuð á milli fiskiskipa, fiskimanna og landverkafólks en ella hefði þurft að gera.

Hitt er svo annað mál, hverjar skoðanir manna eru á því hvað óhætt sé að veiða mikið af þorski. Sumir trúa á fiskifræðinga, að þær tölur, sem þeir nefna, séu heilagar tölur, eins og kristinn maður trúir á Biblíuna. En svo eru aftur aðrir ekki alveg eins sannfærðir í þeim efnum, draga sínar ályktanir af reynslu fjölmargra manna sem við fiskveiðar hafa fengist árum og áratugum saman. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég hef verið ólatur við að ræða við sjómenn, skipstjórnarmenn og aðra um fiskveiðar og fiskveiðimál, hlusta á skoðanir þeirra sem hafa reynslu og hvað þeir telja um þorskstofninn. Vísindamennirnir og vísindin eru góð út af fyrir sig, og ég tel alveg tvímælalaust rétt hjá fiskifræðingum að vera varfærnir í áætlunum sínum í þessum efnum, en ég tel það ekki heilaga skyldu að fara eftir því sem þeir segja. Ég er ekkert hræddur við það þó þorskaflinn verði 300 þús. tonn á þessu ári miðað við þá miklu fiskgengd, sem alls staðar er. Það er verið að drepa þúsund tonn af fiski sem er búið að spá og segja okkur frá í nokkur ár að sé allur útdauður. Þetta hljóta því að vera afturgöngur, allur þessi fiskur sem er verið að veiða. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Þetta er víst rétt, (**Gripið fram í:** Nei.) þó að faðir fiskifræðingsins segi annað. (**Gripið fram í:** Já, þetta er rangt.) Það er líka rétt, að fiskifræðingar sögðu að það mætti veiða 1—1½ millj. lesta af loðnu, því það væri nóg loðna í sjónum. Aldrei voru veiddar nema 820 þús. lestir, en þá urðu þeir lafhræddir og sögðu að nú mætti ekki fara yfir milljón lestir. Er það kannske ekki rétt?

Ég skil ekki menn sem gera svona mál að trúaratriðum. Hins vegar skilur maður ýmis fjölskylduvandamál sem kunna að koma upp ef menn hafa einhverjar aðrar skoðanir. Ég segi það alveg hiklaust, að sjútvrh. er búinn að missa af strætisvagninum þrátt fyrir þessar reglur. Hann getur ekki haldið sig við þetta, nema þá að stöðva veiðar allt haustið að auki. Og þá spyr ég hann: Hvar er atvinnan þá í þessu landi? Ekki í neinum einum stað eða einum landsfjórðungi frekar en öðrum, heldur um allt land verður geigvænlegur samdráttur og atvinnuleysi.

Við lifum í þjóðfélagi þar sem er mikið orðið af sérfræðingum og allir hafa þeir rétt fyrir sér og þó alveg sérstaklega þegar þá greinir á innan einnar og sömu stofnunar. Ef stjórnmálamenn ættu að fara eftir því, sem hagfræðingar og efnahagsráðunautar segja á hverjum tíma, og eftir því, hvað fiskifræðingar segja og yfirleitt allir sérfræðingar, ráðh. ættu að fara eftir áliti þeirra allra, mundi — (Gripið fram í.) — margt rekast á. Já, sumir eldgosafræðingar hafa spáð gosi dag eftir dag. (**Gripið fram í:** Það kemur.) Já, það kemur. Já, vonandi kemur það, segir Garðar.

Það er þannig með hin ýmsu vísindi. Menn vita þetta ekki sem ekki er von.

Fiskifræðingar hafa margt gott gert. Þeir hafa látið margt gott af sér leiða. Þeir hafa lagt fram margar góðar tillögur. Það hefur verið farið eftir flestum tillögum fiskifræðinga á liðnum árum, en það hefur ekki verið látið eftir þeim að framkvæma algert atvinnuleysi í landinu. Ég hef ekki séð hagfræðinga, ef stjórnvöld hafa ekki farið eftir till. þeirra, fara í blöð og sjónvarp og leggja undir sig dagskrárnar dag eftir dag. (**Gripið fram í:** Þeir hafa víst gert það.) Það hafa aðallega verið þínir gömlu kollegar sem hafa lyft þeim upp, Stefán Jónsson. Ef sérfræðingar eiga að segja fyrir öllu í þessu landi þarf enga ríkisstj. Þá þarf ekkert Alþ. Þá látum við sérfræðinga stjórna. En þeir draga úr tekjunum. Þeir segja þetta og hitt: Þá skal minn málaflokkur upp, en svo varðar okkur ekkert um hvar á að afla peninganna til þess að halda starfseminni uppi. — Og menn, sem setjast í ráðherrastóla og trúa algjörlega á sérfræðinga, þó þeir hafi sjálfir haldið lengi á reikningsstokknum, mega sannarlega passa sig þegar líður á vorið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætla af fremsta megni að verða við fram kominni ósk um að halda mig við þær tvær spurningar sem bornar voru fram utan dagskrár, enda hef ég ekki verið sjútvrh.

Ég er þeirrar skoðunar, að ýmsir menn, við nefnum engin nöfn til þess að valda ekki misskilningi, sem hrökkva upp núna og barma sér yfir því að gerðar verði ráðstafanir til þess að draga úr þorskveiðum á landi hér í vetur, hefðu gjarnan mátt hugsa dálítið út í þetta sem fyrirsjáanlegt var, þegar þeir greiddu atkv. gegn till. á þingi fyrir tiltölulega fáum dögum um að segja upp gildandi samningum við útlendinga um heimildir til botnfiskveiða á Íslandsmiðum. Annaðhvort eru menn örlátir í hjarta sínu og væla þá ekki á eftir yfir því að hafa gefið ellegar að þeir sýna þá samhaldssemi sem hæfir góðum búmönnum, sem harka þá af sér og bera sitt barr þegar þar að kemur.

Ég er þeirrar skoðunar persónulega, að hæstv. sjútvrh. hafi gefið okkur ónýt svör áðan við báðum spurningunum sem fram voru bornar. Hæstv. sjútvrh. afsakar sig ekki með því að taka nú mið af því sem gert var 1978 í þorskveiðileyfum til loðnuveiðibáta við þær aðstæður þegar ekki voru settar takmarkanir við þorskveiðum í líkingu við það sem nú er. Það hefur þegar komið fram á þessari vertíð í góðri fiskgengd, að ef gæftir haldast — það er alltaf stór spurning — sæmilegar á þessari vetrarvertíð verður hægt með þeim skipaflota, sem nú er haldið úti, að taka mjög verulegan hluta af þessum 280—290 þús. tonnum, sem leyfa á veiðar á af þorski á þessu ári, hér sunnanlands fyrir lok vetrarvertíðar. Verður þá lítið til skipta það sem eftir er ársins.

Ég átta mig ekki almennilega á því af máli hæstv. sjútvrh., með hvaða hætti hann ætlast til þess að framfylgt verði þessu herta eftirliti með netaveiðum fyrir Suðurlandi. Ég vildi gjarnan að hann segði okkur frá því, með hvaða hætti á að tryggja að loðnuskipin komi ávallt með netin með sér að landi þegar landað verður. Hver verður það sem telur net um borð í þessi fiskiskip? Eiga þau að standa skil á netum við vertíðarlok því til sönnunar að ekki hafi verið fleiri net í notkun en heimildir eru fyrir um? Um þetta hefur verið rætt áður æ ofan í æ og mér er ekki kunnugt um að sú siðbylting hafi orðið í netaveiðunum fyrir Suðurlandi frá því ég þekkti þar dálítið til, að við getum reiknað með að útgerðarmenn og fiskiskipstjórar leggi hönd á helga bók og sverji, svo Tómasar hinir trúlausu geti trúað a. m. k., upp á netafjöldann sem þeir hafa verið með hverju sinni.

Eftirlit með því að dregið verði daglega, — það hefur verið talað um það árum saman á netavertíðinni hér syðra að tryggja að dregið sé daglega. Svörin við þeirri kröfu hafa verið ákaflega einföld og það hefur ekki verið hægt að mæla gegn þeim. Það er ekki hægt að tryggja, að

dregið sé daglega, af þeirri einföldu ástæðu að veður leyfa það oft og tíðum ekki.

Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar áðan, er hann sagði okkur frá prýðilegri fyrirhyggju sinni í sambandi við þá vá sem norðlenskum fiskimönnum er nú búin af hafísnum, viðræðum sínum við hæstv. forsrh. um þau mál. Hann sagði okkur að hæstv. forsrh. hefði sagt honum það sem hann hygðist fyrir um úrlausn á vandamálum Norðlendinga ef svo skyldi nú fara að mjög verulegur hluti af þeim þorski, sem leyft verður að veiða í vetur, verði tekinn hér syðra á vetrarvertíð meðan þeir verða sjálfir ísbundnir í höfn og komast ekki til veiða. Í þeim fyrirætlunum, sem prentaðar hafa verið eftir hæstv. sjútvrh. um ráðstafanir til verndar þorskstofninum, er drepið á að takmarkaðar kunni að verða netaveiðar á næsta sumri annars staðar og þá m. a. fyrir Norðurlandi. Okkur, sem þekkjum til útgerðar frá Eyjafjarðarhöfnunum og vitum að verulegur hluti af þeim fiskafla, sem berst á land við Eyjafjörð, er tekinn í net á smáum bátum að sumrinu, liggur sú spurning mjög á tungu, með hvaða hætti því fólki, sem á afkomu sína undir útgerð þessara litlu báta, verði séð farborða á næsta sumri. Nú bætist það vandamál, sem stafar af hafísnum á miðunum fyrir norðan, ofan á. Vildi ég óska þess af hæstv. sjútvrh., að hann segði okkur þm. nú millimunnalaust það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að hæstv. forsrh. hefði haft eftir hæstv. sjútvrh. í þá veru að við ættum nokkra vissu í því að hagsmunum þessa fólks þarna fyrir norðan yrði séð farborða á næsta sumri. Það er ákaflega þýðingarmikið að þetta komi fram ljósum orðum af munni hæstv. sjútvrh. sjálfs.

Ég veit ekki hvort ég ætti að fara ítarlega út í það mál hér úr ræðustól, með hvaða hætti væri hægt að leysa úr hinni brýnustu þörf fiskiðjuveranna á Norðausturlandi, þ. e. a. s. á Þórshöfn og á Raufarhöfn, fyrir hráefni á næstu dögum. Það er ljóst mál að á báðum þessum stöðum blasir við atvinnuleysi og blasa við stórkostleg fjárútlát hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og einnig Aflatryggingasjóði. Með hvaða hætti verður hægt að tryggja hag þessara fiskiðjuvera og sneiða hjá stórfelldu tjóni, sem annars blasir við, af hálfu hins opinbera? Ég er ekki nógu fróður um þau mál, en mig minnir að viðlagatryggingu sé þannig háttað að hún bæti ekki annað en það sem brunatryggt er. Þetta mundi því tæplega ná til íss og mjallar á vegum eða jafnvel tjóns af völdum fiskflutninga. Á því kynni að verða nokkur hængur að viðlagatryggingar mundu bæta tjón af þessu tagi, en ég geri ráð fyrir að aðrir sjóðir kynnu þá að vera tiltækir. Ég trúi því ekki að meginvandamálið yrði kostnaður af flutningum með bílum á fiski, t. d. frá Vopnafirði til Þórshafnar á Langanesi eða til Raufarhafnar. Vandamálið yrði að halda þessum vegum opnum til þessara flutninga. Jafndýrt hráefni og þorskurinn er kynni við svo hagstæða vinnslu að standa undir þess háttar flutningum. Ef það er hægt að afhenda hráefni frá Vopnafirði til flutnings með bíl til Þórshafnar á Langanesi hygg ég að þetta væri hægt.

Og svo vil ég aðeins í lokin víkja að nokkru sem hv. þm., sem hér töluðu á undan mér, drápu á. Það var meðferðin á því hráefni sem aflast hefur í hinni snemmbornu páskahrotu, ef svo má segja um þá geysilegu fiskgengd, sem nú er á miðunum hér sunnanlands og var raunar norðanlands og austan líka, — af þessum fiski sem átti samkv. hinum fyrri fræðum að vera uppurinn úr sjónum. Mér segja fróðir menn um fiskverkun núna, að ef litið er til þjóðarhags af þessum verðmætum megi segja sem svo, að mismunurinn á verkun í neytendapakkningar á frosnum fiski nú og verkun í salt samsvari því að þriðja hverjum fiski sé kastað í sjóinn, og ef miðað er við þjóðarhag líka láti nærri, ef við reiknum allan hag af þeim fiski sem unninn er í landinu, og reiknum þá með kaup fólksins, sem við hann vinnur, og opinber gjöld þess, að þá samsvari tjónið af því að sigla með fiskinn og selja hann erlendis að þarflausu því, að öðrum hvorum fiski sé hent.

Við vitum að undanfarna daga, undanfarnar vikur hefur verið að berast á land afli hérna syðra, sem hefur verið sendur óunninn til útlanda til sölu þar vegna þess að ekki var möguleiki á því að vinna hann í fiskiðjuverunum, og við vitum að miklu meiri fiskur er frystur á þessum slóðum en eðlilegt væri ef fiskveiðunum væri í raun og veru stjórnað í þeim tilgangi að nýta þessi 280—290 þús. tonn handa fólkinu okkar á þessu ári til þess að bæta í verðmæti og til þess að hafa vinnu við. Ég fæ ekki með nokkru móti séð að á þessum málum sé hæfileg stjórn. Ég fæ ekki betur séð en sá fiskur, sem berst að landi um þessar mundir, á þessum vetri, sé meira og minna hafður í sukki og mikið bresti á að hér hafi verið þannig um hnútana búið að við megum sæmilega við una.

En aðeins í lokin vil ég ítreka þá ósk til hæstv. sjútvrh., að hann segi okkur þm. sjálfur það sem hefur farið af svo mikilli skyndingu og þó með kurteislegri leynd á milli hans, hæstv. forsrh. og Stefáns Valgeirssonar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Umr. hefur farið býsna langt út fyrir það sem hv. þm. Páll Pétursson vakti máls á í upphafi. Það hefur verið talað almennt um fiskveiðar og takmörkun fiskveiða og þá reglugerð sem verið er að setja núna um takmarkanir fyrir þetta ár. Í þessum málum er búið að segja margt og það er mikið komið fram hjá ræðumönnum, en eins og oft vill brenna við, þegar þessi mál eru á dagskrá, eru gæðin ákaflega misjöfn og fullyrðingar afar vafasamar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í málið almennt, það tæki auðvitað allt of langan tíma. Ég vil hins vegar vekja athygli á örfáum atriðum, sem fram komu hjá frummælanda — atriðum sem mér finnst hljóma ákaflega undarlega, svo ekki sé meira sagt, þar sem m. a. er verið að skipta landsmönnum í hópa með ákaflega óviðfelldum hætti.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði, þegar hann minntist á þann fisk sem væri veiddur af togurum vestur á Hala, út af Vestfjörðum og Norðurlandi, að hann væri verkaður með vestfirskum, norðlenskum og austfirskum hætti. Eftir því sem framhaldið gaf tilefni til þýddi það að verkun á fiski í þessum landshlutum einum væri það sama og að setja allar afurðirnar í neytendapakkningar, sem sagt, við hér á Suðurlandi og Faxaflóasvæðinu hentum öllum fiskinum í skítinn, hann færi ekki í neytendapakkningar hjá okkur. Þetta er auðvitað hin hraksmánarlegasta lygi, og vil ég alls ekki draga neitt úr þessu orði þó það sé gróft. Þetta er auðvitað ruddaskapur og ekkert annað og auk þess talað af vanþekkingu.

Þessi orð voru sögð í framhaldi af þeim undarlegu staðhæfingum að sá fiskur, sem loðnuskipin fá að veiða nú í net, færi eingöngu í salt og skreið eða gúanó. Þetta var hans fullyrðing: Hvernig stendur á því að þessi fiskur þarf endilega að fara í slíka verkun? Hann gerir það ekki,

alls ekki frekar en fiskur sem önnur skip veiða. Og séu net dregin daglega má gera ráð fyrir að langmestur hluti þess afla geti farið í frystingu.

Hv. ræðumaður Páll Pétursson bar engin rök fram máli sínu til stuðnings, enda á hann þau að sjálfsögðu ekki til. Maðurinn veit ekkert um málið. Hitt er svo, að það getur verið umdeilanlegt hvort nú, einmitt á þessari stundu eigi að vera að bæta fleiri skipum við á þorskveiðar með net. Það getur verið umdeilanlegt. Og það er vissulega ástæða til þess, og hefði verið fyrir löngu, að taka alla netaveiði okkar á vertíðinni til endurskoðunar, einkum með það í huga að sá fiskur, sem bærist að landi, væri góður og vel með hann farið, t. d. allur ísaður og aðgerður, svo ég nefni dæmi.

Við þurfum að leggja áherslu á að sá hluti þess þorskstofns, sem við erum að drepa og verðum að drepa, komi heill og óskemmdur á land. Þess vegna þarf auðvitað að taka til endurskoðunar alla meðferð á fiski og netaveiðarnar sem heild. Það var mjög merkilegt spor sem stigið var undir forustu fyrrv. hæstv. sjútvrh. Matthíasar Bjarnasonar, þegar netaveiðar urðu háðar leyfum. Ég taldi það mjög skynsamlegt þá og var raunar búinn að tala um það áður, eins og hv. þm. Matthías Bjarnason veit, að það þyrfti að gera. En það verður auðvitað að fara svolítið eftir því hver reynslan verður af þeim skilyrðum sem í leyfi eru sett, hvort ástæða er til þess að breyta þeim skilyrðum, herða þau, hvort sé ekki ástæða til að auka eftirlit o. s. frv., o. s. frv.

Í framhaldi af þessu er náttúrlega hægt að segja enn á ný varðandi þau leyfi sem loðnuskipin hafa fengið til veiða, að það getur á þessum forsendum verið umdeilanlegt og einnig öðrum að vera einmitt að bæta við netaveiðiflota þegar á að fara að draga úr veiðum á þorski. En upplýsingarnar, sem við fengum um ástæðuna til þess að þetta var gert, eru: Það var gert eins og í fyrra. — En sannleikurinn er sá, að það, sem gert hefur verið í þessum efnum öllum, er allt of seint á ferðinni og það hefur verið allt of lítið talað við þá, sem hafa fengist við þessa hluti hér í þinginu, um þessi mál. Samráðið þyrfti að vera viðar en við „aðila vinnumarkaðarins", eins og það heitir. Það þyrfti að hafa samráð einmitt við það fólk í þinginu sem hefur sýnt áhuga á þessum málum á undanförnum árum. Á þetta tel ég sjálfsagt að deila. Sú ádeila, sem fram hefur komið hjá mönnum um þau efni, er að mínum dómi réttmæt, þó að menn geti hagað orðum sínum með svolítið mismunandi hætti. En við erum auðvitað orðnir of seinir með þetta allt saman. Við hefðum þurft að skoða það í haust og vera tilbúnir fyrir áramót með þær reglugerðir, sem setja átti í sambandi við veiðar í net á vertíðinni, og að reyna að taka ákvörðun um það, hvernig best væri að haga friðun þorskstofnsins með takmörkun á veiði á þorski á þessu ári. Það má helst ekki gera þetta allt á síðustu stundu, því að þá vill svo oft fara, sem eðlilegt er að flýtirinn verður svo mikill að útkoman verður ekki nógu vönduð.

Hv. þm. Páll Pétursson kom ekki með nein rök fyrir því sem ég var að rekja áðan. Hann talaði um að fiskurinn, sem þeir veiddu, það fólk í landinu sem fer svona vel með fiskinn fyrir vestan, norðan og austan, væri 5½ árs. Hann er sem sagt fæddur í nóv. 1973 samkv. þessu. (Gripið fram í.) Það er ákaflega óvenjulegur hryggningartími hjá þessum stofni. En upp á öllum skrattanum getur nú þorskstofninn tekið. Ég nefni þetta aðeins til þess að menn sjái — á þessu einu — að það var auðvitað ekki heil brú í því sem maðurinn var að tala um. Ég skil ekki hvernig stendur á því að menn leyfa sér að koma í þennan stól og þylja svona vitleysur hverja á eftir annarri. Mér er það óskiljanlegt.

Netagirðingin er löng. Við gerum ráð fyrir að þegar nótaskipin eru komin á netin verði skipin ekki færri en 120—130. Og séu þau með u. þ. b. við skulum segja 10 trossur, 120 bátar — (**Gripið fram í**: Bara tíu?) Já, við skulum segja bara 10, því þeir eru flestir með meira. Hvert net er 30 faðmar á lengd, í hverri trossu eru 15 net og ef við margföldum þetta og deilum með 1 000 kemur út úr dæminu 540 sjómílur eða tvisvar sinnum lengra en hv. þm. áætlaði fyrr. (**Gripið fram í**: Það var fram og til baka.) Já, fram og til baka.

Hv. þm. lýsti sig reiðubúinn í næstum því hvað sem var. Það er svo sannarlega ekki á hverjum degi sem maður hittir svo óhrædda menn. Hann var tilbúinn í að banna veiðar á smávöxnum fiski. Hrygningarfisk var hann tilbúinn að friða algerlega. Auk þess var hann ekki síður reiðubúinn að leggja flotanum svo mörgum mánuðum skipti. Allt saman var hann reiðubúinn að gera. Ef menn eru reiðubúnir að gera allt þetta í einu þarf svo sannarlega ekki að hafa áhyggjur af því að við drepum yfir 300 þús. tonn af fiski á þessu ári.

Ég get vel skilið að hv. þm. hafi sárnað sá hávaði sem varð út af því að skuttogarinn Dagný þurfti að sigla til útlanda, vegna þess að það þurfti að festa á henni skrúfuna — hún hafði sem sagt losnað — því að það er engin ástæða til þess að ergja sig út af því þegar verið er að reyna að kippa í lag þeim vandræðum að einhverjir eru með lausa skrúfu.

Herra forseti. Ég vil þó segja örfá orð varðandi það sem hæstv. sjútvrh. sagði. Það var auðvitað margt rétt og satt sem hæstv. ráðh. sagði. En ég vil aðeins leyfa mér að víkja að einu atriði a. m. k., þegar hann segir að það sé ákveðið að yfirbyggðir bátar, eða stærri bátarnir, eigi ekki eftir 1. apríl að fá að stunda þorskveiðar öðruvísi en að þeir komi með net sín að landi hverju sinni. Ef menn stunda þorsknetaveiðar á annað borð, með venjulegum hefðbundnum hætti get ég ekki séð annað en þetta þýði einfaldlega að þeim sé bannað að vera á þorskanetum; nema þetta sé gert til þess að skylda þá eða hvetja þá a. m. k. til þess að vera eins lengi úti og þeir mögulega geta. Það finnst mér röng stefna, því að það fer enginn að taka eina eða tvær lagnir og koma síðan með allt draslið í sér til lands. Það gerir enginn maður. Það er auðvitað hugsanlegt að þau hafi kassa í allar sínar stóru lestar, þessi skip, og það sé hægt að ísa í þá í kassa a. m. k. 150 og jafnvel 200 tonn — þeir eru stórir þessir gámar. Þá gætu þeir auðvitað tekið einar 6—7 lagnir eða meira, 8 kannske og jafnvel enn fleiri, og komið svo með alla súpuna ísaða í land.

Hæstv. ráðh. gat þess einnig, að það yrði mikil takmörkun í því að skuttogararnir yrðu að ísa. Það væri eitt skilyrðið, að þeir yrðu að ísa í kassa á millidekki fiskinn sem þeir fengju umfram það sem fer í lestina. Ég hef að vísu ekki verið á mörgum skuttogurum, tveimur þó, og þar var allur fiskur ísaður í kassa, hvort sem hann fór í lest eða á millidekk. Ég hélt því að það væri siður að ganga þannig frá fiskinum, hvort sem lestin er full eða ekki. Þannig get ég ekki séð að þarna sé um neina takmörkun að ræða. Hins vegar er það auðvitað sjálfsögð leiðbeining til manna að koma ekki með fiskinn lausan í stíum eða lausan á dekki, en takmörkun er þetta ekki í

mínum augum, heldur áminning um að skemma ekki fiskinn.

En eitt undarlegasta atriðið í mínum augum af því, sem hæstv. ráðh. sagði, var það skilyrði að fiskiskip yrðu að vera búin að landa áður en þau færu aftur á veiðar. Það má vera að það tíðkist einhvers staðar á þeim svæðum landsins þar sem svona vel er farið með fiskinn að gera slíkt. En aldrei hef ég vitað annað en að það væri auðvitað byrjað á því að landa úr skipunum og þau ekki leyst fyrr en það væri búið a. m. k.

Ég vil að lokum, áður en ég lýk máli mínu, endurtaka það sem ég sagði áðan, að að þessu sinni eru tveir meingallar á allri þessari málsmeðferð að mínum dómi. Það er í fyrsta lagi sá skortur á samráði við Alþingi og nefndir þess, sem raun hefur orðið á, og í öðru lagi, að þarna er allt of seint verið með hlutina á ferðinni. En úr því að ekki var búið að setja þessa reglugerð fyrir vertíðina var auðvitað alveg sjálfsagt að gera það núna, því betra er seint en aldrei. Það fer ekki á milli mála.

Ég heyrði dálítið af ræðu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, ekki alla, en alla vega eitthvað af þeim hluta ræðunnar *sem fjallaði um hvað fiskifræðingar væru vont fólk* og þekkingarlítið, sem er fastur liður þegar hann *tekur til máls. Menn geta haft mismunandi trú á því,* hversu marktækar þær niðurstöður eru sem vísindamenn komast að. Forsendur vísindamannanna eru auðvitað misgóðar, vegna þess að þegar á að fylgjast með fiski á gífurlega stóru hafsvæði þarf til þess mikinn tækjabúnað, mikinn mannafla og mikið fé. Hafrannsóknastofnunin er sem betur fer með betri búnað en áður var, þannig að niðurstöðurnar ættu að vera betri og betri með hverju árinu. En svo sannarlega er ljóst að bæði um botnlæga fiska og aðrar fisktegundir, eins og loðnu og fleiri tegundir, eru mjög margir óvissuþættir, og það er víst að þeir vita ekki allt í þessum efnum. Á þeim forsendum að fiskifræðingarnir viti ekki allt, að þeim séu ekki allir hlutir ljósir, eiga menn einmitt að fara fremur varlega en hitt. Ég tel að þeim mun meira sem óljóst er í þessum málum, þeim mun varlegar verði menn að fara. Það er nefnilega ekki alveg víst að skekkjan sé þeim í vil sem *vilja fiska meira. Þeir hafa ekki sýnt fram á nokkurn* skapaðan hlut hingað til sem sanni að svo sé, nema segja, *eins og* hæstv. forsrh. og ýmsir aðrir hv. alþm.: „Mér finnst."

Ég tel að við megum ekki horfa fram hjá þeim rannsóknum sem einar eru til í þessu efni. (**StJ.:** Það er svo óskaplega mikið af fiski.) Já, herra forseti, það er óskaplega mikið af fiski. (**Gripið fram í:** Sérstaklega þorskfiski.) Menn hafa athugað það, af hvaða árgöngum þessi fiskur er sem leggur sig í þetta mark, og það kemur í ljós að helmingurinn og meira er af einum árgangi, frá 1973, sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði að menn hefðu haldið fram í langan tíma að væri búið að drepa. Þetta eru ósannindi. Menn hafa sagt það í mörg ár, allar götur síðan menn áttuðu sig á því að árgangurinn frá 1973 væri óvenjulega sterkur, að uppistaðan í aflanum hefur alltaf verið úr þessum árgangi, frá því að sá fiskur varð hirðanlegur. Samt sem áður hefur alltaf verið mikið til af honum og sem betur fer er það enn. En ef við drepum kannske 80—90% fiska af þessum árgangi eigum við ekki von á þeim afturgengnum á næstu vertíð. Og slíkar staðreyndir megum við ekki hafa á hv. Alþ. að neinum fíflskaparmálum. Þetta er undirstaða lífs okkar í landinu og það þarf að taka þetta allt alvarlega. Þó að það sé svona mikið til af árganginum frá 1973 og talsvert af árganginum frá 1972, vitum við að hrygningarstofninn í fyrra fór jafnvel niður fyrir það lágmark sem fiskifræðingar töldu að væri hættumarkið, því að með svo litlum hrygningarstofni gæti hrygningin misfarist. Hrygningarstofninn er, eins og menn hafa séð að undanförnu, talsvert öflugri en þá. En sú staðreynd, að mikið hefur veiðst núna af þessum árgöngum, segir ekkert um það, hvernig ástandið er í fiskstofninum að öðru leyti, því miður. (**StJ.:** Það sem eftir er, meinar þú.) Það segir ekkert um það. Menn verða að hafa í huga að þetta er ekki síðasta vertíðin sem við ætlum að gera út á eða síðasta árið sem við ætlum að fiska. Við ætlum að hafa þetta fyrir aðalundirstöðu íslensks atvinnu- og efnahagslífs í framtíðinni. Þeir menn, sem vilja leika sér of gálaust í þessum efnum, eru ekki borgunarmenn fyrir þeim skaða sem orðið gæti ef við förum út fyrir það mark sem hæfilegt er.

Herra forseti. Hv. þm. Matthías Bjarnason hélt áfram að *gera gys að fiskifræðingunum og sagði að þeir hefðu* lagt til að veiða mætti 1—1½ millj. tonn af loðnu, en *síðan hefðu þeir orðið lafhræddir,* og fengið fyrir hjartað og viljað stöðva miklu fyrr. Staðreyndin er sú, að á þessu ári, með sumar- og haustveiðinni í fyrra, er búið að drepa það magn sem liggur þarna á milli, eða tæplega 1 200 þús. tonn. Þeir hafa leyft að drepa milljón tonn. Ég get því vel skilið að á tímabili á þessari vertíð séu þeir svolítið hræddir, þegar hrygningarstofninn virtist vera bara sú ganga sem var austur í Meðallandsbugt. Ég verð að segja það, að ég taldi skynsamlegt að stöðva veiðarnar eins og gert var. Og að mínum dómi hefði alveg mátt stöðva þær aðeins fyrr. En ég held að viðunandi sé hvernig þessu var hagað. Það voru allir búnir að gera góða vertíð, við vorum búnir að fá mikið aflamagn og mikið verðmæti í land. Það má segja: „mikið vill meira", en þarna var búið að gera góða vertíð. Ég tel að einmitt vegna þess að viss göt eru í þekkingu fiskifræðinga í þessum efnum, eins og annars staðar, ósköp einfaldlega vegna þess að ýmsar forsendur eru ekki eins ljósar og æskilegt væri, — *einmitt* vegna þessarar óvissu, jafnvel þó að skekkjan, eins og ég sagði áðan, væri réttu megin, máttum við ekki gera þá skyssu núna að koma í veg fyrir að við gætum gert góða vertíð einnig á þessu ári.

Eins og hv. þm. Matthías Bjarnason talaði um fiskifræðinga og þekkingu sérfræðinga okkar á þessu sviði virtist ekki annað á honum að heyra en að það mætti alveg leggja fiskifræðinga og stofnun þeirra niður. Með þessu sífellda vantrauststali á sérfræðinga okkar mætti auðvitað alveg leggja Hafrannsóknastofnunina niður og láta þetta fræga tríó, sem hv. þm. Matthías Bjarnason getur alveg eins haft í höfðinu og ég, taka við þeirri starfsemi og gefa út tilskipanir eftir tilfinningum sínum. En ég er alveg sannfærður um að þó að á þekkinguna skorti fer hún vaxandi og ég tel að þessi stofnun og starfsemi hennar sé nauðsynleg þó að þar þurfi vissulega að bæta úr ýmsu og *nýta betur bæði mannafla og* skipakost en gert hefur verið og vinna að öðru leyti með *ýmsum öðrum hætti en tíðkast hefur, því að* það er aldrei svo góð stofnun til í þessu efni að ekki megi úr bæta.

Herra forseti. Ég ætla að láta þetta duga að sinni, þar til mér þætti kannske ástæða til að svara því sem fram kynni að koma síðar í umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tel það alls ekki óhjákvæmilegt, heldur þvert á móti mjög æskilegt og nauðsynlegt að umr. eins og sú sem hér fer fram fari fram á Alþingi Íslendinga um fiskveiðimálin. Ég býst við að fá mál, sem rædd hafa verið á Alþ. í vetur, skipti jafnmiklum sköpum fyrir afkomu þjóðarinnar í nútíð og framtíð og einmitt þessi mál, og við skulum gera okkur grein fyrir því, að á sama tíma og við erum að tala um hugsanlega kjaraskerðingu alls almennings, um þetta frá ½ til 1%, er hér um að ræða ráðstafanir sem, ef framkvæmdar yrðu, eins og sumir vilja láta framkvæma þær, mundu geta þýtt yfir 30% kjaraskerðingu fyrir ákveðinn hóp þjóðfélagsþegna.

Ég held að öllum sé ljóst, að það er óhjákvæmilegt og mjög nauðsynlegt að aðhafast eitthvað í fiskverndunarmálunum, og ég vil vekja athygli á því, að þær ráðstafanir, sem hæstv. sjútvrh. hefur beitt sér fyrir að gerðar yrðu, njóta stuðnings allra hagsmunaaðila sem sátu fund Landssambands ísl. útvegsmanna nýverið. Það segir sig auðvitað sjálft, að þegar svo er á málum haldið að öll þau ólíku öfl, sem áttu aðild að þeim fundi, geta sammælst um stuðning við þessar aðgerðir, þá hljóta þær að vera a. m. k. talsvert vandlega undirbúnar, því að hér er um að ræða aðila sem eiga mjög ólíkra hagsmuna að gæta.

Ég vil aðeins að fram komi að allir fulltrúar á umræddum L. Í. Ú.-fundi, hvaðan sem þeir voru af landinu og hvers konar veiðar sem þeir eru fulltrúar fyrir, studdu meginþættina í þeim aðgerðum sem hæstv. sjútvrh. hefur ákvarðað. Ég vil að sjálfsögðu fagna því, að þessir hagsmunaaðilar skuli sýna slíkan skilning og slíka ábyrgð. Færi betur ef ýmsir aðrir hagsmuna- og þrýstihópar í þjóðfélaginu gætu tileinkað sér svipaða afstöðu í öðrum málum. En látum það kyrrt liggja um sinn.

Ég ætla ekki í þessu sambandi, þó freistandi sé, að fara langt út í deilur við þm. annarra landshluta um fiskveiðimálin, því að eðlilega er ágreiningur á milli manna úr ýmsum landshlutum um þá stefnu, sem mörkuð er núna, með nákvæmlega sama hætti og sá ágreiningur hefur ávallt verið um þá fiskveiðistefnu sem mörkuð hefur verið, hvað svo sem sjútvrh. hefur heitið. Það hefur aldrei gerst, að neinn íslenskur sjútvrh., hvorki þáv. sjútvrh., Matthías Bjarnason, né sá sem gegndi því embætti á undan honum, Lúðvík Jósepsson, hafi markað fiskveiðistefnu sem ekki var gagnrýnd. Það hefur aldrei gerst, að íslenskur sjútvrh. hafi haft afskipti af þeim viðkvæmu málum öðruvísi en svo að hann kæmi talsvert við hag einhverra aðila í þjóðfélaginu sem ekki gátu vel við unað. Það gerist að sjálfsögðu ekki heldur nú, enda er nær óhjákvæmilegt að einhverjar deilur verði um afgreiðslu á máli eins og þessu.

Ég vil enn og aftur leggja áherslu á það, sem er mjög mikilvægt atriði í þessu sambandi, að um þær aðgerðir, sem hæstv. sjútvrh. hefur beitt sér fyrir, náðist samstaða á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna. Það segir talsverða sögu, að þó svo að þeir, sem þann fund sátu, séu að sjálfsögðu ekki ánægðir með ráðstafanir skilja þeir þær og una við þær.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fara ýkjalangt út í deilur við þm. annarra kjördæma um fiskveiðimálin. Ég vil aðeins láta þess getið, að einn af þm. Sjálfstfl. mun hafa látið þau orð falla í viðtali við eitt af síðdegisblöðunum í gær í sambandi við skoðanakönnun, sem gerð var um fylgi flokkanna, að það virtist vera að gerast það kraftaverk í íslenskum stjórnmálum að ákveðnir flokkar virtust geta vaxið í svefni. Það má segja um margan þann málflutning, sem maður heyrir um þorskveiðimál, að þar geti gerst kraftaverk líka, því ég held að það sé alveg ljóst, ef maður hlustar á þann málflutning sem oft er iðkaður m. a. héðan úr ræðustól, að sá þorskur, sem veiddur er í botnvörpu eða flotvörpu á Vestfjarðamiðum, virðist stækka mjög ört í lestum skipanna þegar þau eru komin suður fyrir Snæfellsnesið. Maður heyrir lítið um það talað, þó að allur togarafloti landsmanna sé á veiðum á vestfirskum miðum, að aðrir veiði þar smáfisk en Vestfirðingar og e. t. v. stöku norðlenskur togari sem þar er að veiðum. Aldrei hef ég heyrt sérstaklega um það talað, að þeim togurum af Suðurlandi og Suðurnesjum, sem veiða á þessum miðum og afla vel, hafi þótt ástæða til þess að benda á að þeir væru að koma að landi með mikinn smáfisk, heldur virðist fiskurinn í lestum þeirra hafa farið ört stækkandi eftir að þeir voru komnir suður fyrir Snæfellsnesið.

En ég vil þó aðeins — ég kemst ekki hjá því — vekja athygli á tveimur atriðum sem nýlega komu fram í Morgunblaðinu hjá blaðamanni, sem fór í róður með aflabát, netabát af Suðurnesjum. Þar segir blaðamaðurinn, í grein í Morgunblaðinu sunnudaginn 25. febr., orðrétt, með leyfi forseta:

„Þarna í „villta vestrinu" átti Geirfuglinn fjórar trossur og 15—17 net í hverri þeirra. Fjórar voru síðan annars staðar og tvær rétt undan Reykjanesinu. Í þær hafði lítið sem ekkert fengist fram til þessa, en von var á betri tíð. Þeir sögðu að þegar liði á vertíð gengi fiskurinn alltaf með nesinu og þá væri eins gott að hafa plantað niður nokkrum trossum þar. Að öðrum kosti væri ekki smuga að koma þar niður netstúf."

Ég býst við því, að það hafi komið einkennilegur svipur á marga sjómenn þegar þeir lásu þessa setningu. Til þess að hafa vaðið fyrir neðan sig höfðu a. m. k. sjómenn á viðkomandi bát, og sjálfsagt mörgum fleiri, tekið það ráð að „planta niður" nokkrum netum rétt undan Reykjanesinu til þess að hafa þau í sjónum þegar að því kæmi í framtíðinni að fiskurinn færi að ganga á þessari slóð, vegna þess að ef þessum netum væri ekki „plantað niður", eins og sagt er, væri sennilega ekki smuga til að koma þar svo mikið sem netstúf fyrir.

Ég býst við því, að a. m. k. skipstjórinn og sjómennirnir á þessum bát hafi ekki verið sérstaklega kátir yfir því að lesa þessa frásögn, en ekki hef ég orðið var við að henni hafi verið mótmælt. Og það er mjög athyglisvert að a. m. k. frá þessum róðri er sagt að báturinn, sem í hann fer, á net á þremur stöðum: þau sem hann „plantaði" einhvern tíma í fyrndinni suður af Reykjanesi, þau sem hann er að vitja um í „villta vestrinu" svokallaða og svo þriðja trossuhópinn einhvers staðar annars staðar á ótilgreindum slóðum. Í þessum róðri kemst viðkomandi bátur aðeins til þess að vitja um eina netaslóðina. Hann vitjar ekki um þau sem hann „plantaði" og ekki heldur um netin sem eru einhvers staðar á ótilgreindum stað. Og þegar hann loksins kemur í „villta vestrið", segir blaðamaður orðrétt, með leyfi forseta: „Fiskurinn var vel lifandi, enda ekki nema 1½ sólarhrings gamall." — Hann var sem sé sprelllifandi tveggja nátta fiskurinn!

Ég held að þessi frásögn, sem kemur væntanlega frá óhlutdrægum blaðamanni renni a. m. k. nokkrum stoðum undir það sem ýmsir, t. d. vestfirskir og norðlenskir sjómenn, hafa haldið fram um netaveiðina. Ég held að

okkur sé öllum kunnugt um það, Vestmanneyingum, Sunnlendingum, Vestlendingum, Reyknesingum, Vestfirðingum og öðrum alls staðar á landinu, að það hefur viljað brenna mjög við að menn hafi ekki virt reglur um fjölda neta í sjó. Það á ekkert endilega frekar við báta af suðvesturhorni landsins, heldur en báta af öðrum landshornum. Ég býst við að við Vestfirðingarnir, a. m. k. ef við værum þvingaðir mjög, gætum nefnt ýmis dæmi um slíkt úr okkar eigin kjördæmi. Ég vil því leggja sérstaka áherslu á það við hæstv. sjútvrh. — og veit raunar að hæstv. sjútvrh. hefur fullan vilja til þess, — að herða það eftirlit, sem nær ekkert hefur verið, með því að netabátarnir fari eftir settum reglum.

Ég vil einnig láta þess getið, að að sjálfsögðu er það rétt hjá hæstv. ráðh. að erfitt er, ef gera á ráðstafanir til þess að draga úr veiðum, hvort sem það er á þorski eða öðrum fisktegundum, ef slíkar ráðstafanir eru ekki gerðar með góðum fyrirvara, þannig að menn viti með góðum fyrirvara hvaða aðgerðir verði uppi hafðar. Sú er ástæðan fyrir því að hæstv. sjútvrh. hefur ekki beitt harðara aðhaldi að loðnuveiðibátunum en hann hefur gert. En ég tel að það hafi komið fram í máli hans áðan, að hann hefur þegar tekið til greina þá gagnrýni, sem fram hefur komið á þá ráðstöfun, og hefur í huga að beita sér fyrir því á næsta ári að enn frekar verði kreppt að þessum skipum, enda mjög eðlilegt þar sem hér er um að ræða skip sem hafa betri afkomu en flest önnur fiskiskip í landinu.

Ég vil láta það koma fram, að það er mikill misskilningur þegar menn halda því fram, að þær ráðstafanir, sem er verið að gera í sambandi við þorskveiðarnar og verndun þorskstofnsins, séu í því skyni einvörðungu að stækka hrygningarstofninn til þess eins að auka öryggi í þorskveiðum almennt með stærri hrygningarstofni. Ég vil láta það sérstaklega koma fram, að með slíkum aðgerðum er einnig verið að undirbyggja að þeir landshlutar, sem eiga sínar eðlilegu veiðislóðir á slóðum hrygningarfisksins, geti aukið afla sinn. Hér er ekki aðeins um að ræða verndun þorskstofnsins, heldur einnig verið að opna fyrir möguleikana á því, að þeir landshlutar, sem sækja afla á slóðir hrygningarfisksins, geti aukið sókn sína og aukið veiðar.

Ég vil í þessu sambandi til stuðnings orðum mínum vitna í setningarræðu Más Elíssonar fiskimálastjóra sem birt er í 1. tölublaði Ægis, í janúarmánuði, 1979. Þar segir fiskimálastjóri orðrétt, með leyfi forseta:

„Við óttuðumst mjög með réttu minnkandi hrygningarstofn þorsks. Þó hefur reynslan kennt okkur tvennt, — annað er hið augljósa, að lítill hrygningarstofn hefur í för með sér lélegan þorskafla á Suður- og Suðvesturlandi, og vissulega er það ein meginástæðan fyrir lélegri afkomu báta og vinnslustöðva á því svæði og þeirra er að þessum atvinnuvegi starfa.

Hitt var ekki eins augljóst, að lítill hrygningarstofn gæti gefið af sér jafngóða árganga fisks og dæmin frá 1976 og 1978 sanna.

Vandamál þau, sem glíma þarf við, eru því ekki síður félagsleg og efnahagsleg en líffræðileg, þ. e. að finna skynsamlegar leiðir til að efla svo hrygningarstofninn, að afkoma byggðarlaga sunnan- og vestanlands batni, jafnframt því að sæmilegir hrygningarstofnar auka á öryggi fyrir viðgangi stofnanna — án þess þó að raska um of afkomumöguleikum fyrirtækja og fólks í öðrum landshlutum.

Þetta er, eins og ég gat um, ekki síst félagslegt og efnahagslegt vandamál."

Þar með, herra forseti, lýkur tilvitnun minni í setningarræðu fiskimálastjóra frá 37. Fiskiþingi.

Ég vildi leggja sérstaka áherslu á það, að í orðræðum manna um nauðsyn á aðhaldsaðgerðum í þorskveiðimálum hefur af mörgum verið einblínt á það sjónarmið, að með því að takmarka þorskveiðarnar sé verið að auka öryggi þorskstofnsins, auka öryggi fyrir viðgangi stofnsins alfarið, og þeir menn, sem þessi rök hafa flutt, hafa því nefnt sig verndunarmenn — þeir séu að vernda ákveðna auðlind. En þetta er ekki alls kostar rétt. Þessir menn eru ekki aðeins að vernda auðlindina. Dæmin sanna, eins og fiskimálastjóri benti á, að jafnvel þó að hrygningarstofninn sé ekki stærri en hann er getur hann gefið af sér jafngóða árganga og dæmin frá 1976 og 1978 sanna. Og fiskifræðingar viðurkenna að það sé hægt að halda áfram að veiða álíka mikið magn af þorski og veitt hefur verið undanfarið án þess að frekari verndunaraðgerðir séu gerðar. — Þetta viðurkenna fiskifræðingar. Hins vegar segja þeir að sjálfsögðu að hættan sé sú, að allt fari á hliðina ef klakið mistekst. En meginástæðan, a. m. k. ein mjög rík ástæða fyrir málflutningi þeirra sem vilja gjarnan kalla sig verndunarmenn, er sú, að þeir eru að óska eftir að hrygningarstofninn verði stækkaður í því skyni að þau byggðarlög sunnan- og suðvestanlands, sem eiga sitt eðlilega veiðisvæði á slóðum hrygningarfisksins, geti aukið afla sinn og bætt afkomu sína. Þetta er alveg ljóst. Þetta er meginatriði í málflutningi mjög margra, hvað svo sem þeir segja að fyrir sér vaki. Og það er líka alveg ljóst að menn verða að fara mjög varlega í þessum málum, því það bjargar engu, hvorki fyrir ákveðna landshluta né þjóðfélagið í heild, ef gripið er til þess ráðs að sækja svo fast þessi mál að þeir landshlutar og þau fyrirtæki, sem vel standa sig í dag, séu neydd til taprekstrar og atvinnuleysi verði þar innleitt í þeirri von að á árinu 1983 og síðar verði endurskapaður sá mikli vertíðarafli hér sunnan- og suðvestanlands sem enn er í minnum manna og krafðist þess að íbúar Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða færu hingað í hálfgerðum hungurgöngum á vetrarvertíð á Suður- og Suðvesturlandi til þess að hafa í sig og á. Menn skyldu ekki gleyma því, að þessi svokallaða þorskverndun er ekki bara verndun. Þarna eru líka hagsmunaátök milli landshluta sem hófust þegar fyrirtæki í sjávarútvegi á Suður- og Suðvesturlandi fóru að grípa í tómt. Fyrr varð ekki verndunarstefna til í þessum málum en að útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í þessum fjölmennasta hluta landsins fóru að grípa í tómt. Þá byrjuðu menn að tala um verndun og nauðsyn þess að verðveita fiskstofna. Þetta skyldu menn hafa í huga, að það er rétt sem fiskimálastjóri sagði, að hér er síður en svo aðeins um að ræða líffræðileg vandamál, heldur ekki síst, sagði fiskimálastjóri, félagsleg og efnahagsleg vandamál.

Í skoðanakönnunum, sem gerðar hafa verið um vilja Íslendinga í þessum efnum, kemur það mjög glögglega fram, að því er virðist, að mikill meiri hluti þjóðarinnar vill leiða fiskifræðinga til hásætis yfir sjávarútvegsmálum landsmanna. Ætli það séu ekki um það bil einu sérfræðingarnir sem hafa svo takmarkalausa tiltrú þjóðarinnar. Meginhluti þeirra, sem spurðir hafa verið, hefur kveðið upp úr með það, og hafa það aðallega verið skrifstofumenn úr Reykjavík, að sjálfsagt væri að fara að tillögum fiskifræðinga og heimila aðeins veiði á 250 þús. tonnum

af þorski á árinu 1979 og jafnvel helst að fara neðar. Þetta sama fólk er hins vegar reiðubúið hvenær sem er til þess að lýsa því yfir, að það sjálft, án tillits til þeirra tekna sem það ber úr býtum, sé ekki reiðubúið svo mikið sem að sætta sig við óskertan kaupmátt á árinu 1979 frá kaupmættinum sem þetta fólk hafði á árinu 1978. Því finnst það allt í lagi, eins og flestum Íslendingum, að samþykkja kjaraskerðingar á aðra.

Þeim, sem ræða mest um þetta mál í blöðum og í útvarpi uppfullir af gagnrýni, finnst alveg sjálfsagt að sjómenn, útvegsmenn og verkafólk í fiskiðnaði á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi taki á sig 25—35% kjaraskerðingu. En þeim mundi ekki einu sinni detta í hug, ef þeir væru beðnir um það, að dreifa þeirri kjaraskerðingu á alla þjóðina, þannig að þeir þyrftu að sætta sig við 0.5% rýrari hlut á árinu 1979 en á árinu 1978. Þetta er gamla sagan um breiðu bökin, að allir eru sannfærðir um að það séu til breið bök í þjóðfélaginu, en þau eru bara ekki hjá viðkomandi. Og allir eru reiðubúnir til að taka undir það, að kjaraskerðing sé óhjákvæmileg, bara svo lengi sem hún lendir ekki á sjálfum þeim. Það er þetta sem þeir eru að gera sem eru að gera sig hvað breiðasta í blöðum og útvarpi um nauðsyn þess að skera þorskveiðar niður í 250 þús. tonn á árinu 1979. Þeim finnst sjálfsagt að fólkið úti á landi taki þá byrði á sig að fullu, en þeim kemur ekki til hugar að létta undir með þessu sama fólki með því að axla einhverjar byrðar. Þeim kemur ekki til hugar að staðfesta í reynd að þessi fiskverndunarstefna sé fórn fyrir þjóðina alla.

Nýlega sagði eitt af dagblöðunum frá ákveðnum hugmyndum, sem það taldi að ofarlega væru á baugi í þessum friðunarmálum, en í ljós hefur komið að úr lausu lofti voru gripnar. Þann dag, sem þessar fregnir komu á síðum Morgunblaðsins, gerði ég mér til dundurs að reyna að meta hvaða áhrif þær aðgerðir, sem Morgunblaðið var að skýra frá, en ekki urðu í reynd, hefðu haft á afkomu fólks í mínu byggðarlagi. Á s. l. ári var meðalafli vestfirsks togara á því tímabili, sem um ræddi í frétt blaðsins, 1600 tonn af þorski og 400 tonn af öðrum afla. Miðað við þá aflasamsetningu, sem var á s. l. ári, og það fiskverð, sem greitt er nú, áætlaði ég verðmæti þorskaflans — 1600 tonna — 208 millj. 320 þús. og verðmæti annars afla um 36 millj., eða heildarverðmæti afla meðaltogara á Vestfjörðum á þessu tímabili 244 millj. 320 þús. kr. Ef þær ráðstafanir hefðu verið gerðar, sem rætt var um í frétt Morgunblaðsins, hefði hámarksafli, sem unnt hefði verið að ná fyrir slíkan togara á Vestfjörðum, numið um 780 tonnum af þorski og um 900 tonnum af öðrum afla. Samanlagt aflaverðmæti miðað við óbreytta samsetningu í hverjum flokki frá því í fyrra og fiskverð í dag nemur 182 millj. kr. rúmlega. Tekjutapið á meðaltogara vegna þessara ráðstafana hefði þannig numið 61.7 millj. kr., eða um 25.3% tekjurýrnun milli ára.

Auðvitað segir það sig sjálft hvað hefði gerst með afkomu bæði útgerðar og sjómanna á Vestfjörðum ef þau hefðu þurft að taka á sig á einu ári 25.3% tekjutap. Þeir vestfirsku togarar, sem meira öfluðu en meðalskipið, voru t. d. togari eins og Guðbjörg, sem á árinu 1977 fékk 1903 tonn af þorski á þessum tíma og 1978 2 078 tonn af þorski á þessum tíma. Tekjutap þess fyrirtækis og sjómanna þess hefði numið um 34—35% milli ára. Það sér hver sjálfan sig að þurfa að taka á sig slíkt skakkafall. Hvernig ætli það fjölmarga fólk, sem hefur verið að belgja sig út á síðum dagblaðanna um nauðsyn þess að skera niður þorskveiðar í 250 þús. tonn, hefði tekið því ef á því hefði dunið 25—35% tekjuskerðing milli ára og það hefði þurft að standa undir þeirri tekjuskerðingu og greiða jafnframt af aflafé sínu skatta af tekjum fyrra árs, eins og þessir aðilar hefðu þurft að gera?

Til allrar lukku voru þessar fréttir Morgunblaðsins, ekki réttar og sú stefna, sem hæstv. sjútvrh. hefur boðað og sagt frá, mun ekki skerða tekjur sjómanna á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi neitt nálægt því um þetta hlutfall. En ég held að menn verði að gera sér það ljóst að hér er um að ræða ákvörðun sem tekin er af stjórnvöldum og skerðir stórkostlega tekjur ákveðins hóps í landinu, tiltölulega fámenns hóps. Þetta er ákvörðun af því tagi að þjóðinni ber siðferðisleg skylda til þess að axla tekjutapið, en láta ekki örfáa einstaklinga standa undir því eina.

Ég vildi svo aðeins að lokum geta þess, að því miður, þrátt fyrir þessar löngu og miklu umr. sem hér hafa farið fram, hefur lítið komið fram af nýjum hugmyndum eða öðrum hugmyndum um stjórnun á fiskveiðimálum en hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram. Þrátt fyrir miklar og langar umr. valinkunnra alþm., sem margir hverjir hafa mjög mikið vit á þessum málum, hefur harla lítið verið á þeim að græða hvað það varðar að það hafi komið fram aðrar og nýjar hugmyndir — aðrar hugmyndir en þær sem hæstv. sjútvrh. hefur mælt fyrir.

Hins vegar vildi ég láta þess getið, að mér fyndist það eðlilegra, í staðinn fyrir að vera stöðugt að horfa á einhverja tonnatölu, að reynt yrði að draga úr þorskveiðunum með því að draga úr kostnaðarhliðinni, með því að halda niðri kostnaðarhliðinni við að afla fisksins, m. a. með aðgerðum til þess að draga úr sókn, því að við hljótum að stefna að því um þennan atvinnuveg eins og allan annan, að það sé reynt að skila af honum mestum arði með minnstum tilkostnaði. Og ég held að það ætti a. m. k. í framtíðinni að athuga hvernig haga mætti fiskveiðistefnunni þannig að sú auðlind, sem fiskurinn er, nýttist þjóðinni til sem mests arðs með sem minnstum tilkostnaði, en það tel ég að hvorki þær aðgerðir, sem nú er gripið til, né þær aðgerðir, sem fyrrv. sjútvrh. beittu, hafi gert.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Þessar umr. utan dagskrár eru raunar tvíþættar, en lítið verið vikið að því máli sem síðar var hafið, varðandi hafísinn fyrir Norðausturlandi. Ég ætla því fyrst að víkja að því, þó fá orð verði.

Ég vil taka undir þá hugmynd, sem hér var hreyft á þinginu fyrr í dag, að það væri skipuð nefnd til að kanna þau mál, hvað hægt væri að gera til að bæta úr því ástandi sem menn óttast að sé að skapast á norðausturhorninu varðandi atvinnuhætti, en vil í þessu sambandi benda á hve gjörbreyttar aðstæður eru nú frá því fyrir um 10 árum þegar hafís rak að öllu Norðurlandi. Mikill ótti var í fólki um langvarandi siglingastöðvanir af þeim sökum. Þá var aðalóttinn um það, að ekki væru nógar olíubirgðir á höfnum á Norðurlandi til þess að sjá um upphitun o. fl. og ekki fóður fyrir búpening bænda. Nú eru það fyrst og fremst atvinnuhættirnir sem fólkið óttast um, þ. e. að ekki komi fiskur til þeirra hafna þar sem atvinnuhættirnir byggjast eingöngu á fiskvinnslu.

Þetta er að vissu marki athyglisverð breyting, sem orðið hefur, og vissulega eftirtektarverð, en engu að

síður þarf að gá að hlutunum, þó í öðru formi sé en fyrr.

Ég bendi á að það væri mjög æskilegt, ef hugsanleg og væntanleg nefnd fjallaði um þessi mál, að athugað væri fyrst og fremst hvernig og þá með hvaða hætti væri hægt að koma fiski til vinnslu á þær hafnir sem hættulegast er nú um að missi af hráefni sínu, eins og Þórshöfn og Raufarhöfn, og ég get trúað því að auðvelt væri að bæta úr þessu með flutningum á fiski t. d. eins og hér hefur verið nefnt fyrr í dag.

Ég vildi í fáum orðum taka undir þá hugmynd og þær umr., sem fram fóru, en ég vildi svo víkja að seinna málinu, sem hér hefur verið miklu meira rætt. Ég verð að lýsa því yfir, að ég hef verulegar áhyggjur af því, hvernig þau mál hafa æxlast, þegar ég lít á atvinnuhætti og aðstæður í mínu kjördæmi, þ. e. a. s. Norðurl. e.

Ég get ekki varist því að skýra frá því, að ég hrökk töluvert við þegar, eftir jafngóða loðnuvertíð og við höfum haft nú um sinn, þær fréttir komu að búið væri að setja á þorskveiðarnar um 30 loðnuskip sem færu að stunda netaveiðar á þorskinum á þeirri vertíð sem nú stendur yfir. Ég kem ekki auga á að það hafi verið nauðsynlegt, eins og vertíðin hefur verið góð fyrir loðnuskipin yfirleitt, að neyta þessara bragða, og miklu skynsamlegra hefði verið að takmarka þetta miklu meira eða helst ekki setja loðnuskipin neitt á þorskveiðar nú, og vík þá aftur að mínu kjördæmi, því að mér sýnist að það muni verða alveg sérstaklega harkalegar aðgerðir sem þessar stöðvanir yfir sumarið hljóta að verða fyrir hafnir eins og Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörð, Hrísey og Raufarhöfn, svo ég fari ekkert út fyrir Norðurl. e.

Ég ætla að benda þingheimi á það, að á Akureyri eru fimm togarar og þeir alfarið sjá um hráefni fyrir Hraðfrystihús Akureyringa, en þegar þeir verða að hætta veiðum um lengri eða skemmri tíma missir sá hópur manna, sem vinnur í hraðfrystihúsinu, vinnu um jafnlangan tíma og miklar tekjur í sambandi við það. Á Dalvík munu vera um þrír togarar, Ólafsfirði aðrir þrír, Hrísey einn togari, sem alfarið eða að meginhluta sér um frystihúsið þar, og á Raufarhöfn einnig einn togari og á Húsavík sömuleiðis, þó að þar sé betra hráefni frá bátum en á hinum stöðunum sem ég nefndi. Það eru m. ö. o. um 14 togarar á tiltölulega litlu svæði fyrir Norðausturlandi eða austanverðu Norðurlandi sem munu verða, eins og nú horfa sakir, að draga saman seglin á þeim tíma, sem um er talað, og þeim ætlað þá að sækja suður fyrir land í ufsa og karfa, sem er langsótt fyrir þessi skip og ekki hægt að sækja fyrir smærri togarana eins og eru á minni stöðunum.

Erindi mitt upp í ræðustól nú — ég skal ekki tefja þessar umr. lengur — var að taka undir það, sem hér hefur verið gagnrýnt varðandi loðnuskipin, og lýsa yfir óánægju minni og gagnrýni á það, að mér sýnist þarna búið harkalega að þeim landshluta sem ég þekki best. Áður hefur viðhorfum verið lýst yfir frá hendi Vestfirðinganna, og ég geri ráð fyrir að Austfirðingar muni einnig lýsa sínum viðhorfum, en einmitt þegar svona ráðstafanir eru gerðar þarf fólk að hafa tilfinningu fyrir því, að þetta komi sem jafnast niður, en sé ekki harkaleg beiting gagnvart sérstökum og ákveðnum landshlutum.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Minnugur þeirrar brýningar, sem mér fannst felast í orðum hæstv. forseta þegar hann setti fund í Sþ. í dag, hafði ég ekki hugsað mér að taka til máls í umr. þessum utan dagskrár þegar þær hófust, og ég skal reyna að fara að beiðni hæstv. forseta um að verða stuttorður í máli mínu, þó hins vegar sé vafasamt hvort ég geti orðið gagnorður.

Þegar maður situr jafnlangan tíma og við erum búnir að sitja undir umr. þessum utan dagskrár, þá verð ég að segja að óneitanlega hvarflar að manni stundum, bæði í dag og hefur komið reyndar fyrir áður, þegar menn hafa verið að kveðja sér hljóðs utan dagskrár, að oft sé það gert með tilliti til þess að vekja á sér athygli og fá auglýsingu í fjölmiðlum.

Hv. 11. landsk. þm. kom í stólinn utan dagskrár til að segja okkur frá því, að löng vera hafíssins á slóðum, sem loka fiskimiðum fyrir Þórshafnarbúum og þeim öðrum sem sækja sjó á Þistilfirðinum, gæti haft slæm áhrif á atvinnuástand og afkomu fólksins sem þar býr. Og honum fannst ástæða til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. utan dagskrár að því, hvort hann teldi ekki möguleika á því að þörfum þessara fiskimanna yrði sinnt með ívilnun og undanþágum til fiskveiða á þessum miðum síðar í sumar. Ég get ekki að því gert, að þegar ég heyrði þennan hv. frummælanda vera að tala máli sínu utan dagskrár finnst mér að það hefðu verið hæg heimatökin hjá þessum ágæta þm. að grennslast um viðhorf hæstv. sjútvrh. án þess að hefja umr. um þetta mál utan dagskrár.

Ég tók reyndar eftir því, að hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, sem oft hefur verið nefndur einn mest áberandi „alfaðirinn" í stjórnmálum á þingi, sefur auðvitað í þessu máli eins og öðrum aldrei nema með annað augað opið, því auðvitað hefur hann allan tímann frá því að fréttirnar komu af fyrsta íshraflinu þarna fyrir norðan verið í sambandi við hæstv. forsrh. og látið hann athuga þessi mál við hæstv. sjútvrh., og svo hafa skilaboðin náttúrlega gengið þarna á milli.

Það er nú svo, að það hvarflar stundum að manni þegar hv. 5. þm. Norðurl. e. er að túlka afstöðu sína til hinna ýmsu mála á hinu háa Alþingi, því að opinberlega er talað um að stjórnarflokkarnir séu þrír, stuðningsflokkar ríkisstj., hvort hv. 5. þm. Norðurl. e. sé eiginlega ekki fjórði stuðningsflokkurinn, svo sjálfstæður virðist hann vera í skoðunum og öllum aðgerðum.

Mér finnst ég ekki vera að troða neinar illsakir við þá hv. þm. sem ég er að ræða um í sambandi við þetta mál, sem var tekið til umr. utan dagskrár, þó ég bendi á að venjan hefur nú verið sú, a. m. k. þann tíma sem ég hef setið á þingi, að þegar staðbundin vandamál hefur borið að innan kjördæmisins hefur sú venja verið viðhöfð að haldnir hafa verið fundir allra þm. kjördæmisins til að ræða slík mál. Af minni reynslu í þeim málum held ég að hvað bestur árangur hafi fengist til úrlausnar aðsteðjandi vandamálum hverju sinni hafi sá háttur verið hafður, að þau hafi verið rædd sameiginlega af þm. kjördæmisins. Sú aðferð þeirra hv. þm., sem ég hef verið að gera að umtalsefni, að vekja athygli á sér utan dagskrár, er ástæðan fyrir því að mér finnst einhvern veginn að þarna gæti of mikillar ásóknar í að vekja athygli á sér og láta geta sín í fjölmiðlum, enda er sönnun þess, að áhuginn á að fylgjast með hvaða undirtektir umr. þessar utan dagskrár mundu fá á hinu háa Alþingi, var ekki meiri en svo, að sá, sem fyrst tók þátt í og vakti umr. á þessu máli, hv. 11. landsk. þm., yfirgaf salinn skömmu eftir að hann hafði flutt mál sitt.

Ég vil í sambandi við þessi mál lýsa því yfir, að mér sem öðrum er fullkomlega ljóst að það getur verið mikið alvörumál fyrir íbúa þess svæðis, þar sem hafísinn getur

orðið hinn mikli vágestur. En ég vil í því sambandi taka það mjög skýrt fram, að þó ég sé ekki stuðningsmaður núv. ríkisstj. dettur mér ekki sem þm. í hug eitt augnablik að ríkisstj. og ráðh. einnar ríkisstj., hvar í flokki sem hún er og hvaða flokkum hún nýtur stuðnings hjá, séu sér þess ekki meðvitandi á hverjum tíma og hafi ekki vakandi auga á því að í vandamálum eins og þessum verði þjóðfélagið að koma til hjálpar og það verði að finnast úrlausnir á þeim. Ég gangrýni aðeins vinnubrögð eins og þessi, þegar menn eru að koma í ræðustól utan dagskrár til þess að vekja athygli á slíkum málum og auglýsa sjálfa sig sérstaklega. Ég gæti skilið það ef reynt hefði verið til þrautar að reyna að skapa samstöðu aðila, sem málið er skylt og líklegir væru til þess að vinna að slíkum málum, og þeir hefðu brugðist þeirri ósk að veita stuðning og hefja samstarf í málinu.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr., aðeins lýsa því yfir, að ég trúi því ekki að þetta mál verði ekki athugað — að ríkisstj. og aðrir aðilar, sem um þetta fjalla, muni ekki reyna að leysa þetta mál á þann hátt sem bestan árangur gefur, hvort heldur stjórnin kýs að hafa þann hátt á að skipa sérstaka nefnd í málið eða ráða úr aðsteðjandi erfiðleikum á annan hátt. Ég vil a. m. k. lýsa því yfir, að ég er reiðubúinn til þess að leggja hverri till., sem jákvæð getur talist til þess að leysa vandræði þessa fólks, það litla lið sem ég get.

Út af þeim löngu og miklu umr., sem hafa farið fram um ákvarðanir í sambandi við fiskveiðitakmarkanir, skal ég ekki hafa mörg orð. Þar munu leggja hönd á plóginn aðilar sem hafa meiri sérþekkingu og reynslu á slíkum málum til að bera en ég. En einhvern veginn er það þó í huga mínum að ekki verði komist hjá því, a. m. k. að því er snertir þessi mál, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e., Bragi Sigurjónsson, benti réttilega á í ræðu sinni áðan að því er snertir þessi mál fyrir Norðausturland, að þá þurfi áreiðanlega að taka þessi mál til einhverrar endurskoðunar þegar líður á árið.

Herra forseti. Ég skal svo ekki lengja þessar umr. og lýk því máli mínu.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Nú fór í verra, lifandi þorskur sloppinn suður fyrir land! Ég man varla eftir öðru eins ergelsi og að mönnum væri jafnmikið niðri fyrir í Sþ. og hefur verið í þessum umr. Það virðist vera augljóst hvað um er að vera. Það er farið að fiskast fyrir Suðurlands- og Reykjaneskjördæmi. Það kom beinlínis fram í ræðu hv. frummælanda að það var það sem ergði hann.

Á undanförnum árum hefur komið fyrir að við þm. Reykjaneskjördæmis og Suðurlandskjördæmis höfum vakið athygli á því vandræðaástandi sem verið hefur þegar fiskilaust var langtímum saman á þessu svæði, reyndar, eins og kom fram hjá fyrrv. hv. sjútvrh., að fiskmagn hefur dregist mikið saman á 6—8 undanförnum árum á þessu svæði. En svo brá við allt í einu, það fór að fiskast. Ekki að það væri neitt mokfiskerí, eins og var hér fyrr á tímum, ekki að um nein uppgrip væri að ræða. Ég hef það fyrir satt að netafiskirí Eyjafjarðarbáta sé að meðaltali meira á hvern bát en á Suðurlandssvæðinu í ár. Nei, en nú varð eitthvað að gera. Það varð að taka í taumana. Hér var sýnilega eitthvað að breytast. Mér finnst þetta hörmulegt, en mér finnst það skýra ýmislegt sem skeð hefur á undanförnum árum, hve þm. finnst virkilega nauðsynlegt að grípa í taumana strax til þess að bjarga þorskstofninum.

Ég er sammála hæstv. sjútvrh. um, að það þarf að gera verulega áhrifaríkar ráðstafanir til þess að vernda þorskstofninn, og vil styðja hann eindregið í því efni. En ég verð að segja það, að mér finnst ekki óeðlilegt, þegar fiskur kemur snögglega á svæði sem er búið að vera fiskileysi á árum saman, þar sem hefur orðið að loka fjölda fiskvinnslustöðva, aðrar farnar á hausinn og jaðrar við atvinnuleysi árum saman, þó menn grípi ekki þegar í stað til ráðstafana. Mér finnst það ekki heldur neitt eðlilegt, enda þótt að meðalafli loðnuskipa kunni að vera góður og kjör sjómanna á loðnuskipum ágæt, að það sé sjálfsagt að taka loðnuflotann úr og hann skuli endilega eiga að vera í höfn mánuðum saman vegna þess að mennirnir hafa haft góðar tekjur þá fáu mánuði sem loðnuvertíðin stóð. Ég er þeirrar skoðunar, að ef meðaltal er tekið sé ekki mikill munur á launum loðnusjómanna og launum manna á minni skuttogurunum. Ég held því að það sé ekki eins sjálfsagt og látið hefur verið í veðri vaka hér, að stöðva beri loðnuskipin og hleypa þeim ekki á aðrar veiðar strax, — að það sé sjálfsagt vegna þess, hvað þeir hafi haft miklar tekjur á undanförnum mánuðum.

Ég vil svo einnig geta þess, að það hefur komið fram í sjónvarpinu að það er ekki allt þorskur sem verið er að drepa í netum við Suður- og Suðvesturland. Það var beinlínis sýnilegt á mynd, sem sýnd var þar fyrir nokkrum kvöldum, að verulegur hluti aflans er ufsi. Ufsi er ein af þeim fisktegundum sem eru e. t. v. ekki í eins bráðri hættu og þorskurinn. Ég vil enn fremur geta þess, að hér er um svo stuttan tíma að ræða að það er ekki mikið heildarmagn af þorski að ræða sem komið er á land.

Þá vil ég enn fremur vekja athygli á því, sem ég man ekki að hafi komið fram hér, að á þessu svæði er einmitt allstórt alfriðað hrygningarsvæði til þess að tryggja þorskinum hrygningu. Það verður því ekki sagt að á þessu svæði hafi verið staðið illa að málum.

Hitt er svo kannske rétt, að stofninn sé orðinn svo lítill og í svo mikilli hættu að nauðsynlegt sé að hamla eitthvað gegn veiðum í net. En þá finnst mér ekki nema sanngjarnt að ákveðnu heildarmagni verði náð. Ég vil sérstaklega taka það fram varðandi Suðurnes og Suðurland, að þar stendur mikið netafiskirí tiltölulega stuttan tíma — þetta mikla fiskirí. Ef að venju lætur er um skrap að ræða þar sem uppistaðan í aflanum er kannske allt annar fiskur en þorskur. Og ég held að Suðurnesjatogararnir a. m. k. mundu sætta sig vel við það þótt þeir þyrftu að fara niður fyrir 3 000 tonn af þorski á ári. Ég held að þar detti engum í hug að vera að tala um þorskafla sem nálgast 4 000 tonn á ári. Slíkt er hrein fásinna og kemur aldrei fyrir. Mér skildist á ræðu eins ræðumanns áðan, að þessar takmarkanir á vestfirsku togurunum gætu kannske nálgast það að vera jafnmiklar og allir Suðurnesjatogararnir hefðu verið í höfn allt árið. Svo mikill er aflinn á Vestfjörðum.

Auðvitað verða menn ekki á eitt sáttir þegar á að fara að taka af og hamla veiðum. En ég vil geta þess, að á undanförnum árum hafa verið aðilar á Alþingi sem hafa haft tilhneigingu til að hafa svolítið meiri jafnaðarmennsku á veiðunum m. a. með því að banna flottrollið. En við slíkt var ekki komandi og fékkst ekki samþ. í hv. Alþ. Með því móti hefði mátt jafna veiðarnar allmikið. Ég held að það hafi verið illa farið að slíkt fékkst ekki fram.

Við erum í miklum vanda staddir, og enda þótt fullyrðing standi gegn fullyrðingu hjá ýmsum mönnum um magn þorskstofnsins er enginn vafi á því að við verðum að fara varlega. Fæst okkar mundu geta hugsað sér það ástand sem skapast mundi hér á landi ef þorskurinn færi eins og Norðurlandssíldin.

Hér hefur verið mikið talað um að fiskurinn á Suðurnesjum og Suðurlandi væri 2. flokks fiskur eða verri og lélegri vara en annars staðar frá. Kann að vera að svo sé að einhverju leyti. Það mun alls staðar sem fisks er aflað í stórum stíl, að þar skemmist eitthvað af fiski. Varðandi það, að allur Norðurlandsfiskurinn fari í neytendapakkningar, hefði ég gaman af að heyra skýringu hv. ræðumanns á því, í hvers konar neytendapakkningar ungþorskurinn og þyrsklingurinn færi sem í hundruðum tonna var malaður í fyrra í beinamjöl.

Hins vegar er það vitað mál, að alltaf er eitthvað af fiski betur komið í salti en í frystingu. Það er ekki vafi á því, að hann nýtist betur á þann hátt ef hann er búinn að liggja í netum meira en eina nótt. En þá verður líka að taka tillit til þess, að hver þorskur, sem veiddur er á því svæði, sem nú er verið að ræða um, er á við tvo þorska eða þrjá þorska á „neytendapakkningasvæðinu", fyrir Norðurlandi eða Austurlandi. Og það má líka hafa það í huga. Það er ekki aðalatriðið hve mörg tonn við fiskum. Það er að sjálfsögðu aðalatriðið hve marga fiska við drepum. Ég er ansi hræddur um að meðalafli netabátanna á Suðurnesjum og fyrir Suðurlandi nú muni ekki vera öllu meiri, ef maður á við þorskfiskafjölda, en tvær tíu daga veiðiferðir vestfirsks togara ef maður miðar við venjulegan afla í sjóferð. Á þennan hátt getið þið gert ykkur í hugarlund, að það er auðvitað mikil nauðsyn að huga að ungfiskinum líka og að takmarka þær veiðar ekki síður en netaveiðar.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég skal lofa því að vera stuttorður, en ég þori ekki að lofa því að vera að sama skapi gagnorður. Það er sannarlega ekki að ófyrirsynju að þessi umr., sem nú á sér stað hér, fari fram um fiskveiðimál og satt að segja um stefnuna í fiskveiðimálum, því skortur hefur verið á umr. um þau mál í þinginu.

Ég vil leyfa mér að lýsa yfir eindregnum stuðningi við ákvörðun sjútvrh. um aflatakmarkanir á þorskveiðum í ár. Ég tel að öll sú veiði, sem fer fram yfir 280 þús. tonn, sé af fyrirhyggju- og ábyrgðarleysi. Það má segja að æskilegast hefði verið að reglur og takmarkanir hefðu verið komnar fram fyrir ársbyrjun, þannig að þessi leikur hefði hafist í raun og veru með vertíðarbyrjun í vetur, en sannarlega er betra seint en aldrei. Ég held að við verðum að taka þeim reglum sem settar verða nú.

Eftir þessum umr. að dæma, eins og þær hafa farið fram, finnst mér einhvern veginn að sjómenn, útvegsmenn og aðrir þeir, sem eiga þarna brýnna hagsmuna að gæta, hafi á þessum málum miklu meiri og betri skilning en við sem hér sitjum. Þeir gera sér fulla grein fyrir því, að svo verður ekki framhaldið sem verið hefur um þorskveiðarnar.

Auðvitað hlýtur þorskveiði að koma mest niður á þeim fiskimönnum og þeim svæðum sem mest hafa stundað þorskveiðar. Hjá því verður ekki komist. Það hefur verið eitthvað blandaðri afli sem Sunnlendingar hafa tekið en aðrir landsmenn. Þess vegna verður aflatakmörkunin kannske ekki eins mikil hjá þeim og öðrum.

Það hefur ýmislegt komið fram í þessum umr., sem hér hafa verið, t. d. um fiskifræðingana. Ég tel að við eigum mjög hæfa og vel menntaða fiskifræðinga og við komumst ekki hjá því að taka fullt tillit til skoðana þeirra og fylgja þeim að svo miklu leyti sem við verður komið. Það er eðlilegt að töluverður mismunur verði á skoðunum manna: fiskifræðinganna, sem verða að sýna varfærni í starfi, og aftur skipstjórnarmannanna, sem hljóta að verða að vera bjartsýnir og sýna í mörgu fyrirhyggjuleysi. Við vitum það allir, sem að máli þessu höfum komið, að það fer ekki öllu fram sem skyldi um borð í netabátunum sem veiða við Suðurland. En við vitum það jafnvel, að það fer ekki allt sem skyldi um borð í togurunum sem veiða annars staðar við landið. Þetta er ákaflega misjafnt. Menn ganga misjafnlega að þessu starfi sínu eins og öðrum störfum. Sumir stunda þetta starf af fyrirhyggju og ábyrgð, en aðrir ekki sem skyldi.

Það kom fram í máli Sighvats Björgvinssonar áðan, að það virtist vera að fiskurinn stækkaði í lestum veiðiskipanna á leiðinni suður fyrir Reykjanesið. Ég held að hann hljóti að hafa gleymt myndinni sem birtist í hittiðfyrra í Morgunblaðinu, sem bar saman þorsk, sem veiddur var á Vestfjarðamiðum, og þann þorsk, sem veiðist hér fyrir Suðurlandi á vertíðinni.

Það er enginn vafi að við verðum að haga svo málum að við náum hámarksnýtingu og hámarksgæðum á þann fiskafla sem á land berst, og við verðum líka að haga svo málum að við eyðum eins litlu af fjármunum til þessara veiða og kostur er. Þannig verður auðvitað að halda á stjórninni. Og það má segja að það valdi hver á haldi og mestu varði hvernig á málunum verður haldið í framtíðinni.

Ég tel að við þurfum núna að vinna að uppbyggingu raunhæfs fiskveiðieftirlits. Það er Landhelgisgæslan og þeir fáu eftirlitsmenn, sem settur eru um borð í veiðiskipin, sem hafa þetta starf með höndum núna. Ég tel að það sé spurning um hvort þeir hafa þá aðstöðu sem þarf til að stunda þetta starf sem skyldi. Ég tel að við þurfum að byggja nokkur lítil og ódýr skip, sem geti fylgt fiskveiðiflotanum meðan hann er að veiðum, bæði á vertíðinni og á síldveiðum og reyndar hvar sem er, sérstaklega bátaflotanum, og þessir menn séu tilbúnir að fylgjast með veiðarfærum, sem notuð eru, og með veiðinni, hvernig hún fer fram, og þeir viti þá gjörla um allt sem gerist, en ekki að menn séu að koma hér fram með sleggjudóma í landi um það sem fram fer á miðunum.

Ég tel að það sé ekkert óeðlilegt þó að á hverjum veiðistað eða í hverri verstöð sé skipuð nefnd skipstjórnarmanna sem hefði líka þarna hlutverki að gegna. Þetta var gert áður fyrr þegar stunduð var veiði bæði með línu og netum hér við suðurströndina. Þá voru nefndir skipstjórnarmanna sem fylgdust með veiðunum, með merkingu veiðarfæra og notkun þeirra, og ég tel ekkert óeðlilegt þó að þessu starfi verði haldið áfram, í annarri mynd að vissu leyti en var áður fyrr. Eins tel ég að það væri ekkert óeðlilegt að skipa trúnaðarmenn um borð í veiðiskipunum. Ég tel að sjómenn hafi orðið það mikinn skilning á nauðsyn þessara takmarkana og þess starfs sem þarna er verið að vinna, að þeir bæru þarna fulla ábyrgð og gætu þarna sinnt góðu starfi og unnið gott verk margir hverjir. Auðvitað yrði þarna einhver misbrestur, en ég held að þetta mundi fara vel fram að mestu leyti.

Ég held að við verðum að láta þau áföll sem orðið hafa

hjá okkur sjálfum, — ég á þar við það þegar síldarstofninn hér við Suðurland var drepinn niður, — verða okkur að kenningu og eins hitt, að aðrar þjóðir hafa orðið fyrir miklum áföllum, t. d. Kalifornfumenn þegar þeir drápu niður sardínustofninn, Norðmenn þegar þeir drápu niður síldina hjá sér, Perúmenn þegar þeir drápu niður ansjósuna og Bretar hvernig þeir hafa gengið í síldarstofninn. Og nú er nýtt dæmi eða ný mynd sem við fáum af því, hvernig Suður-Afríkumenn hafa gengið í pilchard-stofninn hjá sér. Þetta var stofn, sem skilaði þeim 1.5 millj. tonna. Árið 1975 var það komið niður í 545 þús. tonn. Síðan fer þessu hrakandi þangað til það er komið niður í 46 þús. tonn í fyrra, og nú í ár verður þeim einungis leyft að veiða 29 þús. tonn.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það hafa orðið mikil áföll og mikil slys í fiskveiðum ýmissa þjóða á undanförnum árum. Þessi slys skulum við láta okkur að kenningu verða og haga fiskveiðum okkar í framtíðinni með það fyrir augum að slíkt hendi okkur ekki að nýju. Eitt slys er nóg fyrir okkur.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær umr. sem hér hafa orðið um þetta mikilsverða mál. Ég fæ nú ekki séð annað en það hafi verið þörf á að hefja máls á þessu, því að það er áreiðanlegt að þetta mál hefur brunnið mönnum nokkuð á hjarta.

Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hann þó gaf við fsp. minni. Ég er ekki sammála um þessi svör öll. Sumt skýrðist, en ekki er ég t. d. sammála ráðh. um það, að ekki sé níðst á hagsmunum togaranna. Ég tel að fyrirhuguð skerðing komi fyrst og fremst niður á togurunum.

Í máli hæstv. sjútvrh. kom það fram, að hann taldi óhjákvæmilegt að veita loðnubátunum fiskveiðileyfi vegna þess m. a. að þeir hefðu verið búnir að útbúa sig á netaveiðar, þeir hefðu verið búnir að kaupa sér net o. s. frv. Ég vil taka það fram, að við fyrir norðan vorum búnir að útbúa okkur með togara, við vorum búnir að útbúa okkur með frystihús, við vorum búnir að útbúa okkur með sæmilega heilbrigt atvinnulíf, og það er slæmt ef það þarf að lamast. Við höfum í lítið annað að sækja en þorskinn. Fiskvinnslustöðvar okkar eru fáar, þar sem ég þekki best til, útbúnar til þess að taka á móti karfa í verulegum mæli. Svo er karfafiskiríið ekki freistandi eins og stendur. Það þarf auðvitað að stuðla að því að gera mönnum ljúfara að gera út á karfann. En verðið er þannig og vegalengd í fiskinn, að það er a. m. k. þriðjungi minna fyrir hvern túr sem farinn er á karfa heldur en á þorsk.

Loðnubátarnir hins vegar hafa í ýmislegt annað að fara heldur en þorskinn. Loðnuverð til sjómanna hefur verið hagstætt og loðnumenn eru búnir að gera það ljómandi gott, jafnvel þó þeir hafi verið stöðvaðir þó að enn væri veiðanleg loðna. Loðnubátarnir eru hentugir t. d. í kolmunnaveiðar o. s. frv., og þeir geta snúið sér að ýmsu öðru en þorskinum. Að vísu er það rétt, að þeir er mishentugir á kolmunnaveiðar, en stóru bátarnir henta þar vel og reyndar hafa stærstu skipin sem betur fer ekki fengið þorsknetaveiðileyfi.

Ég lít svo á að það verði a. m. k. að stöðva vertíðarfiskiríið strax þegar búið er að ná því aflamagni sem náðist á vertíð í fyrra. Það er komið fram í þessum umr. að í lok mars verði kominn 35 þús. lestum meiri afli á land en á sama tíma í fyrra. Þess vegna held ég að það sé rétt að vera viðbúinn að stinga við fótum.

Hvað varðar skyldu bátanna að koma með net að landi, þá er rétt að geta þess að a. m. k. einn bátur, þ. e. a. s. Pétur Jónsson, gerði þetta í fyrra ótilneyddur og af sjálfsdáðum og taldi þetta borga sig. Þeir hefðu ekki verið að þessu ef svo hefði ekki verið.

Þáttur L. Í. Ú. hefur komið hér nokkuð til umr. og ekki að ástæðulausu. Ég lít svo á, þrátt fyrir að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi talað um einhverja dæmalausa samstöðu og einingu sem orðið hafi um þetta mál hjá L. Í. Ú., að þá hafi L. Í. Ú. þarna fórnað hagsmunum togaranna fyrir hagsmuni bátanna. Þetta er eins og hæstv. ráðh. sagði, ef ég man rétt, þá er þetta tilflutningur á hagsmunum á milli landshluta. Mér finnst að þessi tilflutningur hafi verið allt of mikill, og ég trúi ekki einingartali hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Ef hann færi vestur á firði og ætti tal við togarasjómenn þar, þá væru þeir ekki á sama mála og hann, að frammistaða L. Í. Ú. hafi verið ljómandi góð í þessu efni.

Það hefur borið á góma hér í þessum umr., að hæstv. ráðh. sé að missa af strætisvagninum að grípa ekki fyrr til takmarkana, setja ekki reglugerðina fyrr og koma ekki skipulagi á málin fyrr en hann gerði. Þetta er kannske að nokkru leyti rétt og það hefði verið æskilegra hefði þetta legið fyrir fyrr.

Hitt er svo annað mál og ég vil biðja menn að velta því fyrir sér, hvort ekki væri skynsamlegra að færa þetta þorskveiðiplan ofurlítið til í árinu og reikna með því að þorskæviskeiðið byrjar að vorinu og telja svo 12 mánuði frá því. Það er ekki fráleitt, finnst mér, að miða ráðstafanir um afla og friðun frá vori til vors. Í verðlagningu landbúnaðarafurða er þetta miðað frá hausti til hausts, og það er ýmislegt sem mér finnst fljótt á litið geta mælt með því að menn geri þessa hluti upp við sig á vorin fremur en um áramót.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson tók hér til máls og það var heppilegt að heyra loðnusjómann blanda sér í málið. Ég var ekkert hissa á því að hv. þm. Guðmundur Karlsson sé þakklátur ráðh. og raunar ekki hissa á því að hv. loðnusjómaður Garðar Sigurðsson sé það líka. Hann dró í efa að ég færi með rétt mál þegar ég talaði um nýtingu á fiski í hinum ýmsu landshlutum. Ég vil leyfa mér að vitna til skýrslu frá Þjóðhagsstofnun sem út kom í október 1977 og fjallar um afkomu frystihúsa, en þar segir m. a.:

„Niðurstaða þessarar athugunar leiddi í ljós geysimikinn mun að því er varðar nýtingu aflans. Þannig nam framleiðslan á frystum þorski á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra um 40% af mótteknum þorski til frystingar, í Reykjavík og á Reykjanesi um þriðjungi".

Þetta er vitnisburður sem ég verð að taka mark á, jafnvel meira en hv. þm. Garðar Sigurðsson.

Nú stendur yfir ein mesta aflahrota í mannaminnum. Hvernig fer nú? Hv. þm. virtist ekki hafa fylgst með því sem ég sagði um aldur á þorski. Þetta er flugskarpur alþm. og gæti skilið mál mitt ef hann fylgdist með, auk þess kunnugur störfum til sjós. Það, sem ég sagði, var að þessi samanburður, sem ég vildi gera, var um þorsk, sem annars vegar var veiddur á Halanum í fyrrahaust og var þá 5½ árs, og bræður hans, sem ekki voru veiddir á Halanum, heldur syntu hér suður fyrir og er verið að veiða núna 6 ára gamlan missiri seinna.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson fór að tala um trossulengdina, og það er ágætt að hann leiðrétti Þjóðviljann. Ég vitnaði þarna umhugsunarlítið í þetta blað, en það

ætti maður náttúrlega aldrei að gera. Þeir hafa nefnilega stundum farið frjálslega með staðreyndir í Þjóðviljanum. En það var þó gott að ég ofsagði ekki neitt. Þetta var helmingi meira, sem er af netum, heldur en nokkurn tíma Þjóðviljinn sagði. Ég er vanur að líta svo á að Þjóðviljinn hafi heldur of en van, og stundum hef ég staðið hann að því að ljúga um helming eða meira.

Ég er ekki reiðubúinn að láta allar þær friðunarráðstafanir, sem ég nefndi í ræðu minni hér í upphafi, taka gildi í einu. Það er fjarri því. En ég vil láta athuga þessa möguleika og ég er tilbúinn að standa að einum og einum eftir atvikum, ef svo vildi verkast. Ég held að það væru heppilegri leiðir en þær sem nú er verið að fara.

Það er mikill misskilningur, sem hefur komið fram í þessum umr., að halda því fram að þorskurinn stækki um helming á einu missiri. Það held ég geti alls ekki komið fyrir. A. m. k. trúi ég því ekki að hann stækki um helming frá því hann er 5½ árs þangað til hann er orðinn 6 ára.

Hv. þm. Oddur Ólafsson taldi það mundu vera mér eitthvert harmsefni að lifandi þorskur hefði sloppið suður fyrir land. Það er síður en svo að það sé mér harmsefni, því að ég lít svo á að við þurfum að láta töluvert af þorski sleppa lifandi suður fyrir land, og á því byggist viðgangur okkar þorskstofns í framtíðinni að eitthvað sleppi lifandi og það töluvert mikið. En ég vil lofa einhverjum af þessum þorskum að hrygna. Ég vil ekki láta loðnubáta eða aðra góða fiskimenn moka þeim öllum upp áður en þeir ná að hrygna og leggja þar með grundvöll að áframhaldandi velmegun þessarar þjóðar.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég hef víst stundum látið það í ljós, að ég sé lítið hrifinn af umr. utan dagskrár og finnist þær stundum vera af litlu tilefni, en ég vil nú ekki segja það um þær umr., sem hér hafa farið fram, að þær séu af litlu tilefni.

Annars vegar var spurt út af því að loðnuskipin, stóru nótaskipin, hafa nú fengið leyfi til að fara á þorskveiðar og menn hafa hrokkið við út af því. Hæstv. sjútvrh. hefur gert nokkra grein fyrir ástæðum fyrir þessu. Hann telur að það sé ekki án fyrirvara hægt að synja þessum skipum um þessar veiðar, það er m. a. vitað að með löngum fyrirvara búa útgerðarmenn þessara skipa sig undir það að fara að stunda þessar veiðar. Þetta leiðir svo hugann að því, að við erum enn sem áður, allt frá því þessar tilraunir til takmarkana hófust, nokkuð seint á ferð. Þetta sýnir að við höfum ekki náð þeim tökum á skipulagningu okkar eigin veiða sem við í raun og veru þyrftum að gera. M. a. vantar okkur sjálfsagt ýmsar lagaheimildir til þess að gera tilteknar ráðstafanir sem ég hygg að kannske sé alger samstaða um að gera þurfi í ýmsum tilvikum, og það er áreiðanlega mjög nauðsynlegt að snúast við því og afla slíkra heimilda svo fljótt sem unnt er.

En mér finnst það mjög eðlilegt að um þetta atriði sé spurt hér utan dagskrár og þá ekki síður um hitt, um það hvaða áhrif lokun af völdum hafíss komi til með að hafa, hvernig hún verði metin gagnvart þeim veiðitakmörkunum sem nú er verið að framkvæma og ákveðnar hafa verið.

Þetta atriði með hafísinn er auðvitað óhjákvæmilegt að skoða alveg sérstaklega í þessu sambandi. Það hefur sjálfsagt engum komið annað til hugar.

Þó þetta séu þannig tímabær atriði til að ræða um má auðvitað alltaf deila um það, hvenær umr. eiga að fara fram utan dagskrár. Ég tók eftir því, að einn hv. þm. gagnrýndi það að menn skyldu ekki heldur ræða þetta við viðkomandi ráðh. o. s. frv. En ég lít nú svo á, að hér sé um það veigamikil atriði að ræða að eðlilegt sé að vekja athygli á þeim opinberlega á þennan hátt.

Ég er hins vegar sammála hæstv. forseta, að það er ekki unnt að ræða þetta gífurlega umfangsmikla, vandasama og viðkvæma mál og síst til neinnar hlítar í umr. utan dagskrár hér á Alþ. sem brotið er upp á fyrirvaralítið og menn eru þá ekki undir það búnir sérstaklega. Ég skal ekki heldur fara út í almennar umr. um fiskveiðistefnu og annað slíkt, enda er satt að segja tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs fremur lítið, en það er framíkall mitt í ræðu hv. 1. þm. Vestf., og ég skal ekki hafa um það atriði, sem okkur fór á milli, mörg orð.

Ég verð nú að segja að mér finnst það hálfbarnalegt hjá hv. þm. að fara að tala um „fjölskylduvandamál“ og að ég eigi fiskifræðing fyrir son út af svona framíkalli. Mér finnst þetta ákaflega barnalegt og eiginlega óviðeigandi. Og mér dettur ekki í hug að láta segja mér að þegja hér á hv. Alþ. um málefni eins og þetta þó að ég eigi t. d. einn son sem starfar á Hafrannsóknastofnun og annan sem starfar á togaraflotanum o. s. frv.! En hv. þm. ýfðist við og fór að tala um fjölskylduvandamál o. s. frv. Nú, en við skulum sleppa því!

Það eru tvö atriði í máli hv. 1. þm. Vestf., sem ég vil vekja sérstaka athygli á. Hv. þm. varaði þingbræður sína enn á ný — hann hefur oft gert það áður — við fiskifræðingum og varaði menn við oftrú á kenningum þeirra. Hann sagðist hins vegar styðjast við reynslu — áratugareynslu. En nú vil ég koma nokkuð á móti þessum hv. þm. og vara hann við því að taka of mikið mark á áratugareynslu, — vara hann alveg sérstaklega við því — og svo aðra sem mál mitt heyra eða kunna að lesa það seinna í Alþt. og það af ástæðum sem ég skal nú greina í örstuttu máli.

Á liðlega 20 árum hefur heildarstofnstærð þorksins minnkað úr 2.6 millj. tonna 1955 í 1.2 millj. tonna 1978. Hitt er þó miklu verra, að hrygningarstofninn er talinn 1 millj. tonna á árunum 1957—1959. Hann er talinn 700 þús. tonn 1970 og 165 þús. tonn árið 1978. Auðvitað dettur mér ekki í hug fremur en öðrum, að hér séu nákvæmar tölur upp á kg eða tonn eða jafnvel þúsund tonna, en það er alveg útilokað fyrir nokkurn mann að skella skollaeyrum við þessum tölum, að skella skollaeyrum við áliti fræðimanna á þessum efnum eða öðrum sem fræðimenn hafa rannsakað áratugum saman. Álit fiskifræðinganna var eitt beittasta vopn okkar þegar slegist var um þorskinn í þorskastríðinu, það fer ekkert á milli mála: eitt beittasta vopn. Og það vill svo til þá, að þegar farið er að gera upp sakirnar á erlendri grund verða útlendir fræðimenn að gera svo vel að samþykkja í meginatriðum niðurstöður íslenskra fræðimanna að þessu leyti. Það er alveg útilokað fyrir okkur nú, t. d. eftir þau not, þá reynslu sem við höfðum að þessum niðurstöðum af þessu starfi, að láta sem ekkert sé. Það er alveg útilokað. Það er þess vegna sem ég vil vara þennan hv. þm. og aðra við því að leggja að þessu leyti of mikið traust á reynslu fyrri áratuga, eins og hv. þm. orðaði það, vegna þess að á fyrri áratugum var allt annað upp á teningnum, eins og þessar tölur, sem ég áðan nefndi, gefa alveg ótvírætt til kynna eða öllu heldur gefa okkur vissu um. Þá var allt annað upp á teningnum, öðruvísi umhorfs í hafdjúpunum, og þess vegna er ekki hægt að taka þessa

svokölluðu reynslu fyrri áratuga eins hátíðlega og hv. 1. þm. Vestf. virtist vilja vera láta.

Svo var hitt atriðið. Ég kallaði fram í fyrir hv. þm. þegar hann sagði að nú væri verið að veiða þann þorsk sem ekki ætti að vera til í sjónum. Þetta er rangt. Það er einmitt þetta sem ekki hefur verið sagt! Það var spáð miklum afla úr árganginum 1973 starx þegar seiðarannsóknum lauk haustið 1973. Þá strax og ætíð síðan hafa fiskifræðingar spáð miklum afla úr þessum sterka árgangi. Og þessi sterki árgangur hefur reynst svo sterkur að árið 1978 hefur hann skilað 49% af afla togaranna á tilteknu svæði. Það er ekkert annað. En það er eins og sagt er um peningana: það er ekki hægt að nota sömu krónuna tvisvar. Og það er einmitt þessi árgangur sem fiskifræðingar telja nauðsynlegt að vernda eftir föngum til þess að efla veikan hrygningarstofn þorsksins og byggja hann upp. Þetta er lóðið, þetta vita fiskifræðingar og þetta skilja nefnilega sjómenn og útvegsmenn yfir höfuð að tala, eins og hér hefur komið fram í ræðum sumra hv. alþm., þó hv. 1. þm. Vestf. botni hvorki upp né niður í þessu.

Svo að lokum vil ég víkja að því, að þessi sami hv. þm. tók smárispu út af loðnuveiðum og loðnuspám. Það er nú ekki langt síðan farið var að veiða loðnu hér í stórum stíl og fylgjast með henni á vísindalegan hátt, en loðnuspár hafa ætíð verið settar fram með mjög miklum fyrirvörum og þær hafa í öllum meginatriðum gengið eftir til þessa. Hitt er svo annað mál, að veiðitoppurinn á loðnunni er núna orðinn óhugnanlega hár.

Herra forseti. Ég skal svo að lokum aðeins segja það, að takmarkanir á þorskveiðum geta orðið dýrar og komið illa við. Og auðvitað hefur verið reynt og verður reynt áfram, að hliðra þar til og jafna þar á milli svo sem menn hafa frekast getu og vit til. En þó að þessar takmarkanir geti orðið dýrar á einstökum svæðum fyrir einstakar greinar fiskveiða, þá er þó hitt áreiðanlega dýrast af öllu: að tefla á tvær hættur í þessum efnum.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég kem varla hér upp að þessu sinni til þess að leggja neitt verulega nýtt til málanna, heldur vil ég leyfa mér að gera örstuttar aths. við það sem tveir hv. ræðumenn hafa sagt hér.

Það er í fyrsta lagi vegna ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Það er auðvitað alveg sjálfsagt mál, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sem er formaður sjútvn. Nd., kveðji sér hljóðs hér í þinginu um sjávarútvegsmál. Hins vegar er það dálítið leiðinlegt þegar maður í þeirri stöðu talar þannig um netaveiðar að það er eins og hann hafi hvergi fengið neina hugmynd um hvernig þær ganga fyrir sig nema úr einni grein í Morgunblaðinu, og er ég þó síst að setja út á þá grein. Það er bara eðlileg frásögn blaðamanns sem fer um borð í veiðiskip og segir sína reynslu. Hins vegar held ég að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi misskilið eða ekki skilið það sem var á ferðinni í þessum róðri og einnig það sem hann hafði hér eftir fiskimálastjórna. Hann sagði að fiskimálastjóri hefði alveg rétt fyrir sér, en það var greinilegt að Sighvatur skildi ekki það sem fiskimálastjóri skrifaði.

Ég vil þá aðeins víkja að því fyrra, þar sem hv. þm. vitnaði í greinina í Morgunblaðinu og hneykslast mikið á því að fiskimenn úr Grindavík, minnir mig, hafi plantað niður trossum, eins og hann orðaði það, út af Reykjanesi. Þarna er auðvitað ágætis þorskveiðisvæði fyrir veturinn, margsinnis verið þar góður afli á undanförnum árum einmitt, meira að segja mjög grunnt. En staðreyndin er sú, að á þessu geysilega stóra netaveiðisvæði frá Hornafirði og vestur á Snæfellsnes, gífurlega mikla hafsvæði, þar er ekki trossunum lagt í tvær samhliða lengjur á þessari leið, heldur eru þær settar þar sem helst er von á fiski. Og þó að menn tali nú mikið um að fiskirí sé mikið, þá er staðreyndin sú, að það þýðir ekki mikið að leggja netatrossurnar núna, eins vel og þær eru útbúnar og góð veiðarfæri, hvar sem er. Það þýðir ekkert að leggja þær á gömul heðbundin mið á góðum botni, sand- eða leirbotni, þar sem mikið fiskaðist þegar ég var að byrja að róa á vertíð. Nú fæst þessi fiskur hvergi nema á hæstu hraunhólunum og versta botninum, á þeim stöðum þar sem hann hafði þó lengi frið því að menn köstuðu ekki veiðarfærum sínum á slíkan botn vegna þess hversu illa botninn fór með þau. Þess vegna er það, að þegar margir bátar fara að leggja á einu veiðisvæði, þá er það á mjög litlum blettum, mjög takmörkuðum blettum á hraunsnögunum, og þeir, sem eru búnir að leggja sína trossu þar, hafa helgað sér það svæði eða þann stað væri kannske rétt að segja, því að plássið er oft og tíðum ekki mikið. Það er þess vegna sem þessi mikli fiskimaður hafði sett þarna 4 trossur. Hann ætlar að vera búinn að helgs sér þetta svæði þegar fiskurinn fer að ganga þarna við Reykjanesið. Auðvitað draga þeir netin til þess að sjá hvort þorskurinn er farinn að ganga. Á meðan hann er ekki farinn að gera það í neinum verulegum mæli, þá er kannske afsakanlegt þó að það sé ekki dregið nema annan hvern dag. Hitt er svo annað mál, að þegar mjög langt er á milli staða, þegar bátar leggja kannske 3—4 trossur á þremur svæðum, þá er auðvitað hætta á því að menn dragi ekki daglega eins og menn þurfa yfirleitt að gera, og það að hafa allt of mikil veiðarfæri í sjó getur auðvitað leitt til þess að hráefnið verði ekki nægilega gott. Þetta var ég einmitt að tala um þegar ég tók til máls í fyrra skiptið, að taka þyrfti til verulegrar endurskoðunar í því skyni að bæta hráefnanýtingu allrar netaveiðinnar. En það er alger misskilningur að menn planti þarna niður trossum og fari svo að draga þær þegar fer að vora. Þetta er ósköp eðlilegt og venjulegt, að menn leiti fyrir sér á þessum veiðisvæðum, sem skyndilega geta gefið mikinn afla, og hafi þá þegar helgað sér þá bletti sem líklegastir eru. Að flatarmálinu til eru þessir blettir ekki stórir miðað við svæðið í heild. Við skulum athuga að það er oft þröngt á þingi þar sem fiskjar er von. Það þýðir ekkert að dreifa þessu einhvers staðar þar sem er pláss. Þar er enginn fiskur lengur.

Ég varð svolítið undrandi á þeirri meðferð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar þegar hann vitnaði í fiskimálstjóra þegar hann sagði að þetta mál væri ekki bara það að tryggja viðgang þorskstofnsins, heldur kannske ekki síður það að útgerð og fiskverkun á Austurlandi og Suðvesturlandi fengi meiri möguleika á veiðum, og það væri svo, að þetta væri ekki aðeins til að koma þorskstofninum upp, heldur væru þarna, eins og hann orðaði það, líka félagslegar og efnahagslegar ástæður. En hvað eru efnahagslegar ástæður ef ekki það að tryggja að við göngum ekki af þorskstofninum dauðum. Og svo segir hv. þm. að lítill stofn gæti gefið eins mikla útkomu í hrygningu og stór. Auðvitað er það rétt, auðvitað er stærð stofnsins aðeins einn þátturinn. En það gefur auðvitað auga leið, að við jafngóð skilyrði gefur stór stofn meiri möguleika en lítill. En menn skulu hafa það alvarlega í huga, að ef hrygningarstofninn fer niður fyrir

ákveðið lágmark, þá geta vond skilyrði í sjónum það árið gersamlega gert það að verkum að ekkert komi út úr hrygningunni. Hins vegar ef stofninn er miklu, miklu stærri, tvisvar, fjórum sinnum stærri, þá hljóta að vera meiri möguleikar, tölfræðilegar a. m. k., fyrir því að útkoman verði betri. En ég er ekki viss um, að þessir þættir vegi alveg hlutfallslega — það veit ég ekkert um. En það gefur auga leið og þarf ekki mikla reikningskúnst til að sjá það að stór hrygningarstofn er okkur alla vega, hvernig sem á er litið, meira öryggi en lítill. Þess vegna er *það hreint hneyksli þegar menn segja að sú þorskverndar*stefna, sem menn eru farnir að taka upp núna, sé ekki bara verndun, heldur átök milli hagsmunahópa. Það er ekki byrjað að tala um vernd fyrr en Sunnlendingar fóru að grípa í tómt, eins og hv. þm. orðaði það.

Af hverju gripu þessir menn í tómt? Það var vegna þess að hrygningarstofninn var ekki orðinn nema lítið brot af því sem hann var þegar hann var stærstur — lítið brot. Það er háskalegt. Hins vegar tel ég ekki ástæðu til þess að vera að rífast um slíkt. Það er augljóst. Við verðum að gæta hrygningarstofnsins. Það er auðséð að ef enginn fiskur fær að hrygna, þá geta menn ekki heldur drepið hæfilega stóran smáfisk á Vestfjörðum, þriggja eða fjögurra ára gamlan. Hann verður ekki heldur til. Sá, sem aldrei fæðist, verður ekki fjögurra ára.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði hér margt skynsamlegt eins og hans er vandi, en þurfti að sjálfsögðu að hnýta svolítið í Þjóðviljann, og það er ekki nema gott að reyna að klekkja á þeim sem ekki geta svarað fyrir sig. En ég vil nú taka upp hanskann fyrir það ágæta blað. Hann var að tala um lygi þessa blaðs o. s. frv. og það væri svona og svona mörg prósent. En það, sem þar var sagt, var haft eftir heimildarmanni sem Þjóðviljinn hafði haft samband við, sem áætlaði þetta svæði svona og svona stórt. Þjóðviljinn skrökvaði þar engu fremur en hann er vanur. Og að loðnuflotarnir hefðu útbúið sig fyrir þetta og hitt og svona, það hefði kannske verið ástæðan til þess að þeir hefðu fengið að veiða, ég skal ekkert vera að tala um það. Hins vegar sagði hann að þeir þarna fyrir norðan, í Húnavatnssýslunni, væru búnir að útbúa sig með frystihús með svona og svona mikil afköst og togara o. s. frv. Við skulum aðeins athuga það, að Íslendingar hafa útbúið sig býsna vel til þess að taka á móti miklum afla. Ég held að það sé ekki ágiskun, það sé nokkurn veginn öruggt að íslenskur fiskiðnaður væri ekki tilbúinn að taka á móti tvöföldu þorskmagni á við það sem veitt var hér í fyrra. Ég þori að fullyrða að það væri hægt að vinna hér með góðu móti hálfa milljón tonna af þorski, afköstin eru slík. Og að miða stefnu okkar og afstöðu við það, hversu mikið við erum búnir að útbúa okkur, það er hættulegt því að þá værum við ekki lengi að ganga af þessum kvikindum dauðum.

Það er varla þess virði að minnast á þá fullyrðingu að loðnubátarnir hafi í margt annað að sækja, það er alger misskilningur. Þeir hafa ekkert að fara ef þeir fara ekki á net. Þá fara kannske nokkrir þeirra á spærlingsveiðar, sem eru a. m. k. stundum býsna vafasamar. Ef litið er á þann afla sem kemur upp á sumum spærlingsveiðisvæðunum, þá er hann stundum býsna rauðleitur vegna humars. Í honum er oft talsvert af fiskseiðum, það fer dálítið eftir dýpi og ýmsum öðru, þannig að ég teldi ekki skynsamlegt að vísa mjög mörgum á þann nægtabrunn. En þeir hafa ekki mikið að sækja í kolmunna á þessum árstíma. Menn geta ekki farið og veitt kolmunna bara eftir einhverjum reglugerðum eða tilskipunum eða hugmyndum sem hv. þm. Húnvetninga fá í höfuðið, því að það verður að veiða fiskinn þegar hann er veiðanlegur, þegar hann gefur sig til, en ekki eftir einhverjum fyrir fram útbúnum kokkabókum af þessu tagi.

Ég sagði það og get sagt það aftur í sambandi við þann fisk sem loðnubátarnir eru að fiska og bátarnir hér við suðurströndina, að þessi fiskur getur auðvitað farið í neytendapakkningar alls ekki síður en sá fiskur sem hinir göfugu þjóðflokkar á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi verka. Svar hv. þm. Páls Pétursonar, lesið upp úr einhverjum skýrslum án þess að skilja þær, tölurnar koma málinu nákvæmlega ekkert við.

Ég var að tala um að þessi fiskur gæti alveg eins farið í neytendapakkningar. En því svarar hv. þm. Páll Pétursson þannig, að nýtingin á þorski, sem fer í frystingu fyrir norðan, sé 40%, en í Reykjavík og á Reykjanesi sé nýtingin á þorski í frystingu 33 1/3, þ. e. a. s. þriðjungur. Hvað kemur þetta málinu við? (Gripið fram í.) Nei, þessi mismunur er ekki vegna þess. Það eru ýmsar ástæður sem eru til þess að nýting er mismunandi. En ég vil leyfa mér að segja þessum hv. þm. það, að hjá okkur úti í Vestmannaeyjum er nýtingin á fiski, sem fer í frystingu, og framlag þess fisks jafngott og eða betra en hann sagði að væri fyrir norðan, 40% og yfir, þannig að þessi hv. þm. þyrfti að lesa þessar opinberu skýrslur af ofurlitlum meiri skilningi.

Ég undrast það þegar menn eru að reyna að vekja upp úlfúð á milli landshluta, þegar menn tala þannig. Sú aðgerð að leyfa þessum stóru loðnubátum að fara núna á netaveiðar getur auðvitað orkað tvímælis. Það er spurning hvað á að gera í þeim efnum. En að endilega þessi viðbót verði til þess að drepa allan fisk áður en hann hrygnir og þessi afli, sem þessir bátar koma með að landi, fari í salt og skreið frekar en af einhverjum öðrum skipum, það er misskilningur.

Þessi hv. þm. vill láta þorskinn hrygna áður en þessir vondu menn á loðnuskipunum drepa hann. En hvar í ósköpunum heldur þessi hv. þm. að togararnir hafi verið að veiða að undanförnu? Hann hefur auðvitað enga hugmynd um það, hann hefur ekki séð þá. Þeir hafa nefnilega verið fyrir sunnan býsna margir, úti í köntum að hirða þar þorskinn áður en hann gengur upp á grunn, þannig að það var eins og ljós í heimsborg að sjá togaraflotann þar fyrir utan. Hann lætur sig ekki vanta ef fiskurinn gefur sig til, hvort sem hann á eftir að hrygna eða ekki eða kemst aldrei til þess. Ég held að menn eigi ekki að dæma fyrr en þeir vita svolítið um hvað þeir eru að dæma.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það hafa komið fram hér fjölþætt sjónarmið við þessa umr. Það hafa líka komið fram ágiskunartölur sem ég held að séu heldur illa rökstuddar.

Það var rætt hér dálítið um fiskifræðinga og ég tek undir það sjónarmið sem hefur komið fram hér hjá sumum, að það sé nokkur ástæða til að taka mið af því áliti sem þeir láta frá sér fara. En ef menn vilja láta öll þeirra álit lönd og leið, þá þarf náttúrlega ekki heldur að hugsa neitt um þorskveiðitakmarkanir eða aðrar veiðitakmarkanir yfirleitt og þá verður eftirleikurinn allur auðveldari og kannske ekki sami áhugi á því að grípa til aðgerðanna.

Það var minnst hér á þann afla sem hefði borist á land

fyrstu mánuði þessa árs, og ég held að það sé rétt að upplýsa, þannig að ekki fari á milli mála, að aukningin fyrstu tvo mánuðina í þorskafla er 14 þús. tonn. Sú aukning er þó með þeim hætti að hún er langmest á Vestfjörðum eða um það bil 51% frá árinu á undan. Heildarþorskaflinn fyrstu tvo mánuðina hefur sem sagt verið 55 200 tonn á móti 41 200 árið á undan og sambærilega tala fyrir þorskafla fyrstu tvo mánuði ársins 1977 var um 50 þús. tonn. Ég læt þessa getið hér vegna þess að það hefur verið rætt nokkuð mikið um það að seint sé gripið til ráðstafana og þetta hafi allt fengið að ganga hömlulaust hér framan af. En orsakir aflahrotu núna geta kannske ekki síst verið þær, að hún sé fyrr á ferðinni en áður, og ýmislegt í gögnum fiskifræðinga bendir til þess að svo sé. Engu að síður hef ég lýst því yfir, að það verði fylgst með því hvernig þorskveiðar gangi og það geti vissulega komið fyllilega til álita að stöðva þorsknetaveiðar á vertíðinni síðar ef útlit er fyrir að í óefni horfi.

Hér var margítrekuð spurning, sem ég taldi mig hafa svarað strax í fyrstu ræðu minni, varðandi þann vanda sem upp er kominn á Norðurlandi vegna hafíssins. Ég tók það fram strax í fyrstu ræðu minni, að auðvitað yrði tekið tillit til hans og að sú raunverulega stöðvun, sem þar yrði á veiðum bátanna, yrði tekin til greina. Ég sé hins vegar ástæðu til að ítreka þetta vegna þess að þessi spurning hefur margítrekað verið borin fram eftir að ég taldi mig hafa svarað henni.

Það hefur mikið verið fjallað um loðnubátana. Ég lýsti því hér í upphafi hvaða reglur væru í gildi í þeim efnum, hvaða annmarkar væru á því að skerpa þær reglur eða auka vegna þess að það þyrfti að gerast með ákveðnum fyrirvara, en þó hefði verið gripið til ráðstöfunar sem mundi hafa nokkra takmörkun í för með sér. Hjá fulltrúum þingflokkanna kom einmitt fram á fundum með sjútvrn. að það mundi vera ógerlegt eða a. m. k. mjög torvelt að grípa til ráðstafana af þessu tagi til þess að takmarka veiðar loðnubátanna með svo skömmum fyrirvara sem hér um ræðir. Ég get þessa einungis til þess að það komi í ljós, að að þessu máli hefur verið hugað og reynt að stíga þar þau skref sem fær þóttu vera.

Það var minnst á það áðan, að rn. ætlaði að setja skilyrði um að ef fiskur kæmi á millidekki, þá skyldi hann vera ísaður í kassa og eins að ljúka yrði löndun úr skipi áður en það færi aftur til veiða. Þessar hugmyndir eru auðvitað settar fram að gefnu tilefni, vegna þess að mönnum er kunnugt um að þarna hafi orðið misbrestur á í mörgum tilvikum. Ég ætla ekki að draga neitt úr því, að aðalatriði málsins er auðvitað gæði aflans þegar um takmarkað aflamagn er að ræða sem mögulegt er að taka á land. Einmitt þess vegna er lögð sérstök áhersla á það af hálfu rn. að auka eftirlit með netaveiðum í því skyni að bátar fari eftir settum reglum og leyfissviptingum verði beitt vegna brota á þeim. Það hefur verið talað um að erfitt sé að hafa eftirlit með því, hversu mörg net séu í sjó og þar fram eftir götunum og hvort dregið sé daglega. En þá kemur líka með í þetta dæmi og ekki síst eftirlitið með gæðum aflans og leyfissvipting ef ítrekað er komið með mjög lélegan afla að landi, og þetta held ég, að geti nú gilt í öllum landshlutum.

Varðandi þessa umr. alla vil ég segja það, að eins og hún hefur gengið fyrir sig og undirbúningur þessa máls, þá hefur það verið meginhugmynd mín að lýsa eftir hugmyndum. Það hefur verið rætt við hagsmunaaðila, það hefur verið rætt við fulltrúa frá þingflokkunum, en það fer minna fyrir nýjum hugmyndum eða öðrum hugmyndum en þeim sem festar hafa verið á blað í rn. og ég hef lýst hér í megindráttum. Þó vil ég sérstaklega þakka gagnlegar ábendingar sem komu fram hjá hv. þm. Guðmundi Karlssyni, sem ég tel allrar athygli verðar.

Það mál, sem menn hafa nú kannske snúið umr. sínum mest um, sérstaklega þeir sem eru utan af landsbyggðinni, eru þær takmarkanir sem ákveðnar hafa verið vegna togaranna. Nú er það svo, að á s. l. ári voru þorskveiðar takmarkaðar í 58 daga, og það kom fram hjá fulltrúum þingflokkanna, sem ræddu við sjútvrn. um þessi mál, að þeir hefðu áhuga á því að fara svipaðar leiðir og áður en í víðtækara mæli. Breytingin er sú, að tíminn er lengdur. Breytingin er sú, að tíminn er fluttur yfir á sumarið, vegna þess að ef eigi að vera um raunverulega takmörkun að ræða, þá verður hún að gerast á þessum tíma og þá verður líka að lengja tímann. Þetta vil ég að menn hafi í huga. Hins vegar þykir mér mjög villandi þegar menn standa upp hér hver á eftir öðrum og tala um þær takmarkanir á þorskveiðunum sem hér er um að ræða sem stöðvun veiða. Auðvitað er aðstaða manna til þess að sækja í aðra fiskstofna misjöfn. En það er ljóst að einmitt yfir sumartímann er aðstaðan til þess betri en á öðrum árstímum, og það er líka alveg ljóst, að með góðu skipulagi veiðanna — og sú skylda hvílir auðvitað á útgerðarmönnum — í þessu tilviki eigi ekki að vera svo nærri mönnum gengið að ekki sé unnt að halda uppi fullri atvinnu. Aðstaðan er misjöfn að mörgu leyti. Aðstaðan hefur auðvitað verið nokkuð þung fyrir menn af ýmsum landshornum til þess að sækja þorskinn á Vestfjarðamið, og auðvitað verður heldur þyngra undir fæti fyrir Norðlendinga að sækja karfann suður fyrir. En þetta er svipað og þeir, sem sunnanlands hafa gert út, hafa þurft að búa við til þess að sækja í þorskinn.

Þá má koma fram að ég hef sérstaklega látið kanna að flestar stöðvar hafa möguleika til þess að taka á móti karfa. Það eru karfavélar t. d. á Ólafsfirði, Dalvík og Akureyri, svo að ég láti þess getið vegna þeirrar umr. sem hér hefur farið fram, og auk þess er ljóst að það munu vera til hjá Baaderþjónustunni um þrjár vélar sem menn geta nælt sér í fyrir sumarið, og auk þess eru sjálfsagt 3—4 vélar í nokkrum frystihúsum sem ekki gera út togara, þannig að þarna eiga líka að vera möguleikar til þess að ná sér í vélar af þessu tagi. Vestfjarðahúsin mörg hver hafa líka komið sér upp aðstöðu til þess að taka á móti karfa, þannig að ég get ekki séð að hér stefni í neitt sérstakt óefni. Hins vegar held ég að það sé alveg ljóst, að ef ekki yrði gripið til ráðstafana af því tagi, sem ég hef boðið, gæti stefnt í óefni til lengri tíma litið.

Það er auðvitað rétt, að gjarnan hefði ákvörðun um þetta átt að liggja fyrir fyrr. En úr því sem komið er held ég að það hafi verið nauðsynlegt að taka þessa ákvörðun nú. Það hafa átt sér stað margvíslegar viðræður, bæði við fulltrúa þingflokkanna og eins við hagsmunaaðila, og ég efast um að nokkurn tíma hafi verið jafnmikið um málin fjallað áður en til ákvörðunar kom. Hitt er svo ljóst að ákvarðanir af þessu tagi snerta menn eins og ég gat um í upphafi. Það kemur gjarnan upp hrepparígur, ef ég má orða það svo, og hér eru ýmsir hagsmunir sem rekast á og þess vegna getur þetta ekki verið með öllu sársaukalaust.

Fyrrv. sjútvrh. gat þess meira að segja í sinni ræðu, að þegar hann hefði verið að gefa út sínar reglugerðir hefði kveðið við ramakvein úr öllum áttum og mér sýnist það

bara sanna það, að í hvert skipti sem grípa á til takmarkana ætli menn að tryllast, eins og hann orðaði það, þannig að undan slíku verði ekki vikist. En ég legg áherslu á það, að til þess að ná raunverulegum árangri var nauðsynlegt að grípa til ráðstafana nú þegar og þær hlutu að ná mjög verulega til togaranna vegna þess að þeir höfðu og hafa besta möguleikana til þess að sækja í þá stofna, sem vannýttir eru, og ráðstafanirnar hlutu líka að beinast að sumrinu, vegna þess að þá eru bestir möguleikar til þessara veiða og þá hafa aflatopparnir verið mestir, þannig að eigi um raunverulega takmörkun að vera að ræða, þá hlýtur hún að gerast á þessum tíma.

Það hafa verið ræddar ýmsar aðrar hugmyndir í sambandi við þorskveiði- og fiskveiðistjórn, eins og t. d. möguleikinn á því að koma á aflamiðlun af einu eða öðru tagi, hvernig megi tryggja að það verði ekki offramboð á fiski sem leiði til atvinnumisvægis og lélegrar hráefnisnýtingar. Þetta mundi vera mögulegt að hindra með aflamiðlun eða jafnvel með tímabundinni veiðistöðvun, og það mál er sjálfsagt að athuga. En í því sambandi verður þá líka að athuga að tryggja greiðslu fyrir afla og eftir því sem best verður séð að setja löggjöf í þessu sambandi. Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess að það verði undirbúið í sjútvrn., en hitt er ljóst, að aðgerðir af þessu tagi eru að ýmsu leyti mjög erfiðar og þess vegna ekki hægt að grípa til þeirra fyrirvaralaust.

Ég tel líka að það beri að kanna leiðir til þess að Aflatryggingasjóður gegni hlutverki sínu sem best við að jafna aflasveiflur og tryggja afkomu sjómanna og útgerðar við ríkjandi aðstæður, sem einkennast af breyttri fiskgengd og nauðsynlegum sóknartakmörkunum í mikilvæga fiskstofna. Og ég held að þeir þm., sem óttast kvótakerfi, ættu að íhuga vel það hlutverk Aflatryggingasjóðs sem í þessu felst og hvort leiðin sé ekki einmitt sú að kanna leiðir til þess að bæta upp verð á vannýttum fisktegundum og leggja gjald á afla af ofnýttum fiskstofnun. Ég minni á það í þessu sambandi, að það er auðvitað stórt atriði fyrir okkur ekki einungis að takmarka veiðarnar á ofnýttum stofnum, heldur líka að nýta þá fiskstofna sem sannanlega eru vannýttir og það fer að aukast þrýstingur frá öðrum þjóðum um það að fá að sækja í þá stofna sem vannýttir teljast, ef við erum ekki menn til þess að sækja í þá sjálfir.

Ég ætla ekki að lengja þessa umr. öllu frekar. Ég tel að undirbúningur þessa máls hafi verið eins ítarlegur og kostur var. Ég tel að forsendurnar fyrir því að taka ákvörðun af því tagi, sem hér hefur verið tekin, hafi verið nægilega rökstuddar. Ég dreg enga dul á að þær aðgerðir, sem grípa þarf til til lengri tíma, þurfi að miðast í ríkari mæli en unnt er á þessari stundu við það að auka arðsemi veiðanna. En jafnframt verður unnið að því á vegum rn. að hafa sem best eftirlit með því að gæði þess afla, sem á land berst, séu sem best. Möguleikarnir í þeim efnum eru vissulega takmarkaðir, en það verður reynt að nýta þá eftir fremsta megni.

Varanleg vegagerð, þáltill. (þskj. 156). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 156 flyt ja 8 þm. Sjálfstfl. úr öllum kjördæmum till. til þál. um varanlega vegagerð þar sem lagt er til að Alþ. álykti að fella að nýrri vegáætlun sérstaka 15 ára áætlun um lagningu hringvegar og vega til allra þéttbýlisstaða í landinu með bundnu slitlagi. Þá er í till. tilgreint allnákvæmlega hvernig haga skuli framkvæmdum á árunum 15, frá árinu í ár til ársins 1994. Þessi till. var lögð fram á liðnu hausti og því er sýnt að eitt ár framan af er glatað til framkvæmdanna, nema Alþ. bregðist þeim mun fljótar við vegna þeirrar vegáætlunar sem nú er í aðdrögum fyrir árið í ár.

Í ályktuninni eru till. um fjármögnun framkvæmdanna svo og að athugað verði sérstaklega hvort stytta megi framkvæmdabilið úr 15 í 10 ár, og í því sambandi má minna á að hæstv. fjmrh. lét í ljós þá skoðun sína á síðasta aðalfundi Félags ísl. bifreiðaeigenda að binda ætti slitlag á hringveginn og leiðina til Vestfjarða á 10 árum eða eins og hann sagði á árunum 1980—1990. Í ályktuninni er einnig að finna till. um framkvæmd sjö tiltekinna brýnna verkefna, en þó ber vitanlega að taka fram að könnun á arðsemi þeirra er misjafnlega á vegi stödd, en hlýtur að ráða um röðun framkvæmdanna. Í till. segir síðan: Með fjármagni á vegáætlun hverju sinni skal leggja sérstaka áherslu á byggingu vega upp úr snjó, og enn fremur hið fyrsta byggingu 8 tilgreindra snjóþungra og lélegra vegarkafla, þótt síðar yrðu lagðir bundnu slitlagi.

Á undanförnum árum hefur mikil umr. farið fram um nauðsyn stórátaks í vegamálum utan Alþingis sem innan. Þeir, sem best hafa kynnt sér þessi mál, eru þeirrar skoðunar að vart geti þjóðhagslega hagkvæmari framkvæmdir, standi þar aðeins einn málaflokkur jafnfætis, þ. e. a. s. orkumálin. Það virðist liggja fyrir óyggjandi, að á hinu háa Alþ. er mikill meiri hl. hv. þm. eindregið fylgjandi því að stórt verði lagt undir í vegamálum. Ég minni á þáltill. framsóknarmanna frá því í haust, þar sem þeir skora á hæstv. ríkisstj. að láta gera áætlun um varanlega vegagerð, raunar þess konar áætlun sjálfsagt sem við sjálfstæðismenn leggjum nú fram, og mætti það þá verða til þess að hraða undirbúningi.

Ég hef lesið ræðu hæstv. samgrh. sem hann flutti á 11. landsþingi Félags ísl. bifreiðaeigenda s. l. haust. Þar dregur hann ekki af sér í yfirlýsingum sínum til stuðnings varanlegri vegagerð. Án þess að ég leggi héðan af nein ósköp upp úr samstarfsyfirlýsingu núv. stjórnarflokka, þá er þar þó komist þannig að orði, að sérstakt átak verði gert til að leggja bundið slitlag á aðalvegi. Allt bendir þess vegna til þess að nú séu þm. tilbúnir að taka höndum saman og hrinda í framkvæmd þessu brýna verkefni. Því miður er það svo, þrátt fyrir áhuga stjórnvalda í orði, að framkvæmdir í vegamálum hafa oft setið á hakanum á undanförnum árum. Ef litið er á aukningu í fjárveitingum til vegagerðar milli ára, þá varð hún tvo síðustu áratugina mest á milli áranna 1964 og 1965 og 1966 og 1967 eða um 26% hvort ár, en langmest varð aukningin 1970—1971 eða 54%. Síðan sé á ógæfuhliðina og varð minnkun milli áranna 1973 og 1974 um 8% og 23% minnkun 1974 til 1975 og fremur hafa málin gengið hrumult síðan. T. d. ef borið er saman s. l. ár og þetta sem er að líða, þá virðist minnkun milli ára samkv. fjárl. vera um 11%, og er hér gerður samanburður á föstu verðlagi, enda viðmiðun í krónutölu harla lítils virði.

Ég hef aflað mér nokkurs samanburðar við hin Norðurlöndin og er hann fróðlegur á marga vísu. T. d. ef við lítum á hve stór hundraðshluti vegakerfis á hinum Norðurlöndunum og Íslandi er með bundnu slitlagi árið 1976, þá eru 96% vega með bundnu slitlagi í Danmörku, 43% í Finnlandi, 47% í Noregi, 53% í Svíþjóð og 1 heilt prósent á Íslandi. Það er fróðlegt líka að líta á bifreiða-

eign í þessum löndum. Bifreiðar alls eru í Danmörku á hverja 1000 íbúa 314, í Finnlandi 250, í Noregi 290, á Íslandi 329 og í Svíþjóð 372, þannig að Ísland er í öðru sæti með fjölda bifreiða á íbúa.

Þá er það einnig fróðlegt að líta á hvernig er háttað skattlagningu bifreiða og bifreiðaumferðar sem hlutfalls af ríkistekjum í þessum löndum á árinu 1976. Ég hef að vísu ekki tölur frá Noregi nema frá árinu 1975, skiptir ekki höfuðmáli. Í Danmörku er skattlagning bifreiða og umferðarinnar 11% af ríkistekjunum, í Finnlandi er þetta 21%, Íslandi 16%, Noregi 11% og Svíþjóð 7%. En lítum svo aftur á útgjöldin til vegamála sem hundraðshluta af skattlagningu bifreiða og bifreiðaumferðar. Þá ver Danmörk 59% af því, sem fer til ríkisins, aftur til vegaframkvæmda, Finnland 45%, Noregur 107%, eða meira en tvöföldun á því sem tekjurnar nema, Svíþjóð 56% og Ísland 50% og er næstlægst.

Ég vil geta þess, að ég átti þess kost að ferðast um Færeyjar sumarið 1977. Hinir góðu vegir þar vöktu sérstaka athygli mína. Heita mátti að þar lægi blúndulagður vegur fram á hvert fuglabjarg. Heyrt hef ég menn fara með það flím, að Danir borguðu vegina fyrir Færeyinga. Ég var viðstaddur setningu Lögþingsins þetta sumar og fékk í hendur friggjarlögin þeirra eða fjárlögin og mátti í þeim fjárlögum lesa að fjárveitingar til vegamála voru langstærsti liðurinn á fjárlögum eða þrefalt hærri en sá næsti, sem var til menntamála. Heilbrigðismálin voru að ég hygg þau þriðju í röðinni þar, en ekki man ég þetta nákvæmlega. Ég á þetta heima hjá mér og ég gæti sem best leyft mönnum að sjá þetta frv. að friggjarlögum, sem lögmaður Atli Dam bar fram. Ekki vil ég nú fullyrða að Danir láti ekki eitthvað af hendi rakna við Færeyinga, en að þeir sjái um vegamálin þeirra er misskilningur.

Sérfræðingar hafa af alúð og vandvirkni reiknað út á ýmsa vegu hinn mikla hag, sem þjóðir hafa af varanlegum vegum miðað við hina vegina. Ég útlista ekkert þau æðri vísindi í matematik, en vil til frekari upplýsinga geta þess, að kostnaður við olíumöl og útlagningu hennar á 8.5 metra breiðan veg með 6.5 metra breiðu slitlagi er 7 millj. kr. á km á verðlagi 1. júní 1978. Ég hef ekki nýrri tölur. Ef breyta á góðum malarvegi í olíumalarveg kemur til viðbótar jöfnunarlag og slitlag á axlir og verður þá um 11—12 millj. kr. á km. Meðal annarra upplýsinga, sem fást úr útreikningum, er að olíumalarvegur með 1000 bíla árdagsumferð er á 9—10 árum 11—12 millj. kr. ódýrari í viðhaldi en malarvegur með sömu umferð eða sömu upphæð og það kostar að setja olíumöl á malarveginn. Ef nýr malarvegur er byggður fyrir 1000 bíla árdagsumferð, þá er hann á 5—6 árum um 7 millj. kr. dýrari í viðhaldi en olíumalarvegur með sömu umferð, eða þá upphæð, sem olíumalarvegur hefði verið dýrari í byggingu.

Í þessum tveimur dæmum er eingöngu tekinn fyrir sparnaður Vegagerðarinnar á viðhaldi vega, en ekki sparnaður vegfarenda, en hann er um fjórum sinnum hærri. Ég hef undir höndum vandaða útreikninga á rekstrarkostnaði bifreiðar, sem ekið er 1000 km, og kostnaður borinn saman hvort heldur ekið er á bundnu slitlagi eða vondum malarvegi eins og okkar vegir eru nær allir. Kemur þá í ljós að við akstur fólksbifreiðar þessa umgetnu vegalengd þarf 19% meira eldsneyti á vonda marlarveginum en olíumalarveginum. Slitið á hjólbörðunum er 170% meira og til viðhalds og varahluta þarf að verja 45% meira fé. Til þess að gera langt mál stutt komast vísindamenn að þeirri niðurstöðu, að meðaltalsslitið á bifreiðinni sé 63% meira við akstur á hinum vondu vegum samanborið við vegi með bundna slitlaginu.

Það þarf auðvitað ekki að tefla fram fleiri rökum fyrir ágæti málefnisins, en með nokkrum orðum skal vikið að fjáröflun til framkvæmdanna.

Lagt er til að framkvæmdirnar verði fjármagnaðar þannig, eins og segir í tillögunni:

1. Með happdrættisláni 2000 millj. kr. á ári.
2. Með framlagi Byggðasjóðs 1000 millj. kr. á ári.
3. Með umframtekjum af sérsköttun umferðarinnar frá og með næstu áramótum, þó eigi lægri fjárhæð en 2000 millj. kr. á ári.

Að sjálfsögðu er lagt til, að fjármunir þessir haldi framkvæmdaafli sínu frá ári til árs. Eftir þessum leiðum fengjust því 75 milljarðar kr. á 15 árum eða jafnvirði þeirra á því verðlagi sem hér um ræðir og miðast við vegavísitölu hinn 1. ágúst 1978. Gera má ráð fyrir að kostnaður við að byggja þá vegi, sem till. tekur til, muni nema um 100 milljörðum kr. Þyrfti því að fást af vegáætlun samtals 25 milljarðar kr. á 15 árum eða um 1700 millj. kr. á ári. Þetta fé yrði notað til að byggja snjóþunga og lélega kafla, sem síðar yrðu lagðir bundnu slitlagi og taldir eru sérstaklega upp í till. Við þekkjum möguleikana á fjáröflun með sölu happdrættisskuldabréfa og höfum góða raun af þeirri aðferð eins og sýndi sig þegar hringvegurinn var tengdur með byggingu brúnna framanlands í Skaftafellssýslu.

Ég minni á lög sem samþ. voru á Alþ. 1975 um happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar og hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson var forvígismaður að og raunar er langt komið að afgreiða frv. hans um þessi mál á nýjan leik og mun verða tekið fyrir í seinni d. hér á morgun. Annað mál er það, að stjórnvöld hafa verið drumbs um að framfylgja þeim lögum. En nú telja flm. till. þessarar mál að hefja fjáröflun í stórum stíl með þessari aðferð. Auðvitað þarf að gera kaup slíkra bréfa girnileg í augum almennings, bæði með von í góðum vinningum, örum drætti, sæmilegum vöxtum og þó umfram allt frambærilegum verðtryggingum. Margur ber að vísu þungann niðri fyrir að við séum með þessu að binda afkomendum okkar mikla skuldabagga. Þetta er ekki á rökum reist enda þótt þeir megi eitthvað á sig leggja líka þannig að við vinnum ekki allt hagræðið fyrir þá fyrir fram. Hagurinn af framkvæmdunum er svo mikill, að greiðsla kostnaðarins verður leikur einn.

Þá er lagt til að Byggðasjóður leggi fé af mörkum í þessu skyni. Röksemdin fyrir þeirri till. er öllum auðsæ. Ekkert mál er meira byggðamál en bættar samgöngur. Í annan stað ættu þeim ekki að ofbjóða þessi útlát Byggðasjóðs sem á þessu ári hafa ákveðið að taka 1130 millj. af fé sjóðsins til að borga gamlar óreiðuskuldir í orkumálum.

Í þriðja lagi er svo lagt til að til vegaframkvæmdanna renni umframtekjur af sköttum umferðarinnar frá og með s. l. áramótum. Vil ég í þessu sambandi vekja sérstaka athygli á því, að hér er ekki verið að leggja til að hrófla við þeim tekjum af umferðinni sem hingað til hafa runnið í Vegasjóð, enda gert ráð fyrir að Vegasjóður sinni áfram verkefnum sínum. Það er útilokað og ólíðanlegt að ríkissjóður haldi áfram að sópa auknu fé í hít sína af umferðinni meðan stórmikilvægar vegaframkvæmdir sitja á hakanum.

Þá er þess að geta, að í till. er lagt til að tekin verði erlend lán vegna nokkurra sérverkefna. Raunar er ég reiðubúinn að lýsa því yfir, að ég er öldungis óhræddur við að taka erlend lán til varanlegrar vegagerðar. Það er leikur einn að láta sparnaðinn, sem verður af akstri á góðvegum, standa undir slíkum lánum. Um þetta urðu menn í mínum flokki ekki á eitt sáttir og varð því að ráði að leggja ekki stærra undir en tilgreint er, enda ærin skuldasöfnun erlendis um þessar mundir og hefur svo raunar verið um hríð.

Ég vil að lokum leyfa mér, herra forseti, að lesa upp stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl., sem liggur til grundvallar tillögugerð þessari, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstfl. mun beita sér fyrir því, að lögð verði stóraukin áhersla á vegagerð á komandi árum. Á næstu 15 árum verði þannig lagfærðir eða endurlagðir vegir til allra byggðarlaga landsins. Skulu vegirnir vera með bundnu slitlagi og vel upphækkaðir í snjóahéruðum."

Þetta markmið mun nást með um 2500 km vegakerfi, en þar af hafa aðeins 200 km verið fullgerðir nú þegar. Hér er um að ræða svipaða stefnumörkun og Sjálfstfl. í Reykjavík beitti sér fyrir í byrjun síðasta áratugs, er leiddi til malbikunar meginhluta gatna í borginni og kom henni í nútímahorf. Má segja að þessi vegagerð sé álíka stórt verkefni fyrir þjóðina og gatnagerðin var fyrir Reykvíkinga á sínum tíma.

Fyrsti áfanginn að þessu marki er um 800 km vega til viðbótar núverandi góðvegakerfi og yrði þá framtíðarvegakerfið orðið um 1000 km langt. Lágmarksframkvæmdir yrðu um 100 km á ári og tæki þá 8 ár að ná þessum áfanga. Hér er þó miðað við lagningu 160 km góðvega að meðaltali á ári og að hver áfangi náist á 5 árum, enda verði fjármagns aflað eftir mismunandi leiðum, þ. á m. með sölu happdrættisskuldabréfa samkv. lögum um Norður- og Austurveg. Samhliða þessari vegagerð þarf að vinna að áframhaldandi endurbótum og styrkingu vega í öllum landshlutum til að tryggja sem öruggastar samgöngur innan hvers byggðarlags.

Annar áfangi getur orðið 800—900 km. Heildargóðvegakerfið væri þar með orðið 1800—1900 km langt.

Í þriðja áfanga, þriðju 5 ára áætluninni, yrði síðan lokið við hringveginn og náð fullri tengingu við Vestfirði og önnur byggðarlög tengd góðvegakerfinu. Þessar framkvæmdir verði fjármagnaðar af Vegasjóði, tekjum af umferðinni umfram það sem nú rennur til ríkissjóðs, sölu happdrættisskuldabréfa, framlögum úr Byggðasjóði og hugsanlega nokkru erlendu lánsfé. Hér er um að ræða framkvæmdir sem hafa mikla þýðingu fyrir framtíð byggðar landsins og er því raunhæf byggðastefna, sem auk þess hefur þann kost að um þær ættu allir landsmenn að geta sameinast.

Herra forseti. Þótt það sé að jafnaði svo með till. sem hafa í för með sér aukin útgjöld — og enginn efi er á því að framkvæmd slíkrar till. sem þessarar hefur það, að um þær séu tvær umr. og að málin gangi þá til fjvn., en ákveðin hafi verið einungis ein umr. um þessa till., enda ekki að því fundið þegar um það var gerð till. af hæstv. forseta, þá vil ég leyfa mér, þegar umr. um þessa till. verður frestað, að leggja til að henni verði vísað til fjvn.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Það verður ekki annað sagt en þeir sjálfstæðismenn séu stórtækir í stjórnarandstöðinni. Það var annað uppi á teningnum þegar sjálfstæðismenn voru í ríkisstj. á síðasta kjörtímabili, þá var næsta lítið gert í vegamálum. En það er þannig með sjálfstæðismenn, að þeir treysta sýnilega betur vinstri stjórn til þess að gera stórátak í vegamálum heldur en sjálfum sér.

Sú till. til þál., sem liggur hér fyrir, er um stórátak í vegamálum og 15 ára áætlun sem eigi að miða að því að leggja bundið slitlag á hringveginn og vegi til allra þéttbýlisstaða í landinu. Það má einnig geta þess, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson gleymdi að vísu, en það er nú kannske meginkjarni málsins, að þetta var kosningamál Sjálfstfl. í síðustu kosningum sem átti að bæta fyrir ýmislegt sem miður fór á síðasta kjörtímabili, kom fram eins og síðasta hálmstráið í kosningabaráttunni, átti víst að laða að einhverja kjósendur, en tókst ekki og virtist ekki hrífa á þann hátt sem þeir a. m. k. vonuðust eftir. En það er annar handleggur málsins.

Nú vil ég taka það skýrt fram, að ekki er ég á móti því að það verði lagt út í vegagerð og vegakerfið verði bætt til hagsbóta fólkinu í landinu, landsbyggðinni kannske sérstaklega, og öðrum. En það, sem ég vil leggja megináherslu á, er að það verður að fara með ráðum fram í þessu máli eins og á öðrum vettvangi. Ef á að fara að byggja upp vegakerfið eftir þeirri till. sem sjálfstæðismenn mæla hér fyrir um, þá tel ég að við kæmust ansi skammt. Það þarf að gera ítarlegar rannsóknir og athuganir á því, hvernig best verður að þessu verki staðið, og sérstaklega á fjárhagshlið málsins og þar á ég við tekjuöflunina. Að kasta fram hugmyndum eins og 2 milljörðum með happdrættisláni, 1 milljarði úr Byggðasjóði og umframtekjum af sérsköttun umferðar sem nemur 2 milljörðum, þetta er að kasta fram hugmyndum og kasta fram tölum. Ég vil segja að þetta sé heldur illa unnið og ekki málinu raunverulega til framdráttar.

Það, sem fyrst og fremst ber að leggja áherslu á, er að Vegagerðinni verði falið að benda á hagkvæmustu leiðir til þess að fara út í þetta verk, taka tillit til þess tíma, sem það tekur, og taka einnig tillit til þeirra fjárráða, sem þjóðin býr yfir varðandi þetta verkefni.

Það kemur ábyggilega ýmsum spánskt fyrir sjónir að sjá á þessari till. að 2. flm., hv. þm. Ólafur G. Einarsson, skuli hér með leggja til, að forgangsverkefnin í umferðarmálum þjóðarinnar skuli nr. eitt vera lagning slitlags á vegi víða um land í nokkrum áföngum, en síðan kemur eins og aukaatriði nánast í lokin þar sem sagt er: einnig til eftirtalinna verkefna, sem nokkurs konar aukaatriða í þessari till., en þar segir: 6. Reykjanesbraut (Reykjavík — Kópavogur — Garðabær — Hafnarfjörður). Þetta mun Garðbæingum e. t. v. koma spánskt fyrir sjónir, vegna þess að því fólki, sem í Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ og á Suðurnesjunum býr — og þar býr stór hluti þjóðarinnar, er það efst í huga að einhverri framtíðarskipan verði komið á umferðarmálin frá Reykjavík í gegnum Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og út á Suðurnes. Þetta er brýnasta verkefnið í umferðarmálum þjóðarinnar, þetta er forgangsverkefnið og á þessu máli verður að finna einhverja varanlega lausn næstu mánuði. Uppi eru þar ýmsar hugmyndir og menn eiga erfitt með að koma sér niður á þá leið sem heppilegust er. En eitt er víst, að í þetta verkefni verður að eyða öllu tiltæku fjármagni til þess að því verði lokið á sem skemmstum tíma. Þetta er mesta umferðaræð landsins og af þessum vegi koma líklega mestu tekjurnar í umferðarsjóð eða réttara sagt í ríkissjóð, sem síðan á að standa undir fjármögnun á

varanlegum vegaframkvæmdum úti um land. Því er það nauðsynjamál fyrir hv. þm. Sverri Hermannsson að þessu máli verði komið í lag til þess að hægt verði að standa að einhverju leyti undir umframtekjum af sérsköttun umferðar frá og með næstu áramótum.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég vil fyrst upplýsa hv. síðasta ræðumann um það, að Sjálfstfl. hefur einmitt verið í stjórn þegar stærstu átökin hafa verið gerð í varanlegri vegagerð, þ. á m. Reykjanesbrautin og vegurinn að Selfossi. Þess hefði hann gjarnan mátt minnast þegar hann var að tala hér áðan. (**Gripið fram í:** Ekki var hann einn í stjórn.) Að vísu voru kratarnir með, en samgrh. var sjálfstæðismaður og hafði alla forustu um málið — þetta vil ég undirstrika: hafði alla forustu um málið. (Gripið fram í.) Hann getur verið góður stundum með.

Enda þótt 1. flm. hafi þegar gert ítarlega grein fyrir till. þeirri til þál. um varanlega vegagerð sem hér er til umr., þá þykir mér hlýða að gera grein fyrir skoðunum mínum á þessu máli og athugunum sem ég hef átt þátt í að láta gera til þess að geta sýnt fram á að hér sé um raunhæfa tillögugerð að ræða. Þetta mál er svo viðamikið, að hætt er við, miðað við þá þróun sem verið hefur í þessum efnum að undanförnu, að ýmsum þyki að um óraunhæfa draumsýn sé að ræða. Áðurnefndar athuganir leiða hins vegar í ljós að hér er síður en svo um óskadraum að ræða, sem okkur er ofvaxið að framkvæma, heldur þvert á móti viðráðanlegt verkefni sem mjög brýnt er að verði leyst, því að góðar samgöngur eru undirstaða varanlegrar atvinnuuppbyggingar um land allt.

Þrátt fyrir miklar umr., verulega viðleitni og allt að því þjóðarvilja stöndum við í dag andspænis því að vegir okkar eru yfirleitt frumstæðir að allri gerð og gegna ekki því hlutverki sem þeim er ætlað, að undanskildum nálægt 200 km næst þéttbýlustu stöðum í landinu. Við höfum lifað þá stefnu að koma flestum byggðum bólum í landinu í vegasamband og oft með mjög ófullkomnum vegum eða ruddum slóðum. Í framhaldi af því hefur okkur þó nokkuð áunnist í því að hækka vegi upp úr snjó. Eftir því sem vegakerfið hefur lengst, umferð aukist og þyngst hefur sífellt meiri kostnaður farið í viðhald sem raunverulega hefur komið að minna og minna haldi þar sem umferðin er fyrir löngu víða komin yfir þau mörk sem malarvegir gætu þolað, auk þess sem hið óstöðuga íslenska veðurfar eykur mjög á erfiðleikana. Mál þessi eru í dag í allt of miklum hægagangi og barátta Vegagerðar ríkissins að halda í horfinu erfið. Til þess að bæta hér úr þarf að koma nýtt átak, áætlun um lagningu bundins slitlags á afmarkaðan hluta vegakerfis landsins, og hefur í því sambandi verið hallast að því að leggja 2000—3500 km í viðbót við þá nálega 200 km sem þegar eru lagðir bundnu slitlagi, eins og þessi till. gerir ráð fyrir. Ég mun síðar í mínu máli gera grein fyrir umfangi þessarar till., bæði að því er snertir vegalengdir, kostnað og fjármögnun. Þá mun einnig koma fram túlkun mín á því, hvað hægt sé að gera samkv. III. áfanga.

Til þess að athuga nánar þessa umfangsmiklu till. beitti ég mér fyrir rannsókn á henni svo sem fyrr kom fram, þar sem eftirtalin atriði voru höfð í huga: Að kanna tímalengd áætlunar með tilliti til fjármögnunar. Í öðru lagi að gera grófa úttekt á ástandi veganna og reyna að gera sér grein fyrir hversu kostnaðarsamar lagfæringar þarf að gera fyrir lagningu bundins slitlags. Í þriðja lagi athugun á umferðarmagni samkv. mælingum, sem Vegagerðin hefur þegar gert, og gera sér grein fyrir aukningu umferðar eftir lagningu slitlags með tilliti til röðunar og arðsemi fjárfestingarinnar. Í fjórða lagi, auk lagningar olíumalar og malbiks sé tekið tillit til ódýrari lausna með því að þróa þunn slitlög sem þegar hafa gefið góða raun í Noregi og Svíþjóð. Í fimmta lagi að lögð sé áhersla á að nota þá byggingu, sem þegar er í vegum, og leggja fyrst á þá kafla sem lítið þarf að laga, skilja eftir erfiða kafla í byrjun og taka þá fyrir samkv. þeim áætlunum, sem Vegagerðin er með í gangi, og leggja svo á þá slitlög jafnóðum og þeir eru undirbyggðir. Þetta eru víða frekar stuttir kaflar miðað við hina sem hægt er að byrja á án mikillar undirvinnu. Þess ber að gæta að undirbygging hefur sums staðar kostað 70—80% af fullbyggðum vegi, en slitlag aðeins 20—30%. Í sjötta lagi að tillit sé tekið til byggingar á vegum upp úr snjó, brúargerða og fáfarnari vega og heiðarvega. Og í sjöunda lagi að allt landið sé tekið í áætlun og ekki undanskildar þær byggðir sem liggja fjarri hringveginum.

Þessi rannsókn var gerð af sérfræðingum og höfð hliðsjón af gögnum og upplýsingum Vegagerðar ríkisins og reyndra verktaka. Með leyfi hæstv. forseta vil ég nú rekja helstu atriði þessarar skýrslu.

Áætlun þessi um lagningu bundins slitlags, sem felld yrði að nýrri vegáætlun, er hugsuð sem átak til að koma vegakerfi landsins af því vanrækslustigi, sem það er nú í, upp í forsvaranlegt ástand. Haft er í huga að allir landsmenn geti sem fyrst notið góðs af þeim árangri sem henni er ætlað að ná. Þá verði lögð áhersla á að sú nýbygging, sem nú er í gangi, að tengja landshluta og einstaka staði betri og hærri vegum og byggja upp úr snjó ásamt brúargerð haldi áfram á ótruflaðan og eðlilegan hátt, þannig að þessi tvö sjónarmið um vegasamband annars vegar og varanlega vegi hins vegar séu samræmd til eflingar hvort annars, en togist ekki á. Þetta er gert með því að standa að sérfjáröflun fyrir slitlagsáætlun, en skerða í engu frá því sem nú er fjármagn til annarra nauðsynlegra þátta uppbyggingar vegakerfisins, og á það vil ég leggja áherslu. Þvert á móti er bætt við fé til uppbyggingar þeirra vega, sem lagðir eru slitlagi, til að skerða ekki það fjármagn sem annars fer í fáfarnari vegi, byggingu vega upp úr snjó og nýja vegi sem síðar verði lagðir bundnu slitlagi í III. áfanga þessarar áætlunar og í beinu framhaldi hennar eftir því sem hagkvæmt þykir. Auk þess er að geta, að smám saman losnar um mikið fé sem sparast vegna miklu minni viðhaldskostnaðar á vegum með bundnu slitlagi.

Í áætlun þessari er olíumalarslitlag lagt til grundvallar. Það er ódýrasta bundna slitlagið sem telja má fullþróað miðað við íslenskar aðstæður og fullnægir tæknilega allri þeirri umferð sem fer um vegi í áætlun þessari, þótt komið geti til þess á áætlunartímanum að leggja þurfi malbik yfir olíumölina á stuttum umferðarþungum köflum.

Í III. áfanga áætlunarinnar er hluti veganna með það lítilli umferð í dag, að umframfjárfesting olíumalarslitlags miðað við góðan malarveg skilar ekki jákvæðum afkstavöxtum. En þá er þess að gæta, að m. a. við lagningu bundins slitlags á vegi í I. og II. áfanga eykst arðbær umferð um flesta vegi í III. áfanga, auk fólksfjölgunar, framleiðsluaukningar, aukningar bílaeignar, og ekki síst að þróun þunnrar klæðningar slitlaga við íslenskar aðstæður, sem hófst á þessu ári, leiðir, ef að

líkum lætur, til notkunar slitlaga sem eru a. m. k. 30—40% ódýrari en olíumöl og tæknilega ekki síðri þar sem þau eiga við. En það leiðir aftur til þess, að minna umferðarmagn þarf til að lagning bundins slitlags skili arði. Norðmenn og Svíar leggja þessi slitlög í stórum stíl í dag eftir 5—6 ára þróunartímabil á vegi sem samsvarar vegum í III. áfanga áætlunarinnar. Meðalverð lagningar 5 cm olíumalarslitlags 6.5 metra á breidd ásamt 5 cm undirlagsefni og frágengnum vegöxlum 1 metra á breidd á hvorum kanti var s. l. sumar um 13 millj. kr. á km. Lagt var á stutta kafla á mörgum stöðum. Með samfelldari og lengri köflum hefði e. t. v. verið hægt að lækka verðið niður undir 10 millj. á km.

Að þessu athuguðu og með tilliti til verðbólgunnar er hér á eftir reiknað með 15 millj. kr. kostnaði við að ganga frá slitlagi á hvern km. Kostnaður við undirbúning og uppbyggingu vega undir slitlag er ákaflega breytilegur. Víða þarf að hækka vegi og rétta beygjur og jafnvel byggja kafla og kafla alveg upp frá grunni. Annars staðar eru kaflar alveg tilbúnir undir slitlag. Talið er að a. m. k. 800 km séu tilbúnir að leggja á þá slitlag beint. Dýrasti vegkaflinn á s. l. ári mun hafa kostað 41 millj. kr. á km uppbygging og slitlag, undirbyggingin sér um 28 millj. kr. á km. Sums staðar var enginn kostnaður við uppbyggingu og allt þarna á milli. Þá er vert að hafa í huga að búið er að leggja slitlag á suma umferðarþyngstu vegkaflana og tæknilegar kröfur um uppbyggingu minnka við minni umferð, þó að alltaf verði að hafa í huga að vegir verða vegna snjóa að standa upp úr landslaginu þar sem það er hægt.

Hér mun ég svo aðeins víkja að yfirliti um lengdir og áætlun um kostnað ásamt fjármögnun.

Eins og kom fram hjá 1. flm. eru í I. áfanga milli 800 og 900 km og einnig í II. áfanga tæpir 900 km.

Þar sem III. áfangi er ekki útfærður í till. sem liggur á borðum ykkar, hv. þm., vil ég leyfa mér að gera nánari grein fyrir hvernig útfærsla hans gæti orðið. En eins og segir í till. er III. áfangi frá 1989—1994, lokið hringvegi og allir þéttbýlisstaðir tengdir, auk þess fjölförnustu dreifbýlisvegir. Eftirfarandi væri hægt að hugsa sér á því tímabili:

1. Vík - Kirkjubæjarklaustur 81 km.
2. Kirkjubæjarklaustur - Höfn í Hornafirði 189 km.
3. Eskifjörður - Norðfjörður 41 km.
4. Egilsstaðir - Seyðisfjörður 27 km.
5. Egilsstaðir - Eiðar 16 km.
6. Jökulsá á Dal - Reynihlíð 153 km.
7. Reynihlíð - Norðausturlandsvegur 50 km.
8. Húsavík - Kópasker - Raufarhöfn 211 km.
9. Austurlandsvegur - Vopnafjörður 74 km.
10. Vopnafjörður - Bakkafjörður 44 km.
11. Akureyri - Grenivík 39 km.
12. Dalvík - Ólafsfjörður 19 km.
13. Eyjafjarðarbraut eystri og vestri hluti, 18 km.
14. Siglufjarðarvegur - Grundarstokkur - Narfastaðir 19 km.
15. Svínvetningabraut 33 km.
16. Hrútafjörður - Hólmavík 117 km.
17. Vestfjarðavegur, þ. e. um Þorskafjarðarheiði - Bíldurdalur - Þingeyri 230 km.
18. Breiðadalsheiði - Suðureyri 17 km.
19. Skipeyri - Súðavík 12 km.
20. Frá Heydalsvegi að Ólafsvík (Fróðárheiði) og Vegamót - Stykkishólmur 95 km.
21. Dragháls - Reykholt - Hvítárvellir - Vesturlandsvegur, og Reykholt, Borgarfjarðarbraut, Vesturlandsvegur 65 km.
22. Þingvallavegur 65 km.
23. Biskupstungnabraut Laugavatnsvegur — Skálholtsvegur 91 km.
24. Skeið - Flúðir 13 km.
25. Þykkvabæjarvegur 16 km.
26. Landvegur 20 km.
27. Hvolsvöllur - Hlíðarendi 15 km.

Samtals í þessum III. áfanga 1770 km og eru þá orðnir í kringum 3500 km allir áfangar.

Áætlaður kostnaður við slitlag miðað við 5 cm þykkt olíumalarlag 6.5 m breitt ásamt 5 cm jöfnunarlagi og frágengnum eins metra öxlum í hvorum kanti er í I. áfanga, eins og hér kom fram áðan, 860 km á 15 millj. alls 12.9 milljarðar. II. áfangi er 870 km á 15 millj., alls 13.65 milljarðar. Í III. áfanga eru 1770 km á 15 millj., alls 26.55 milljarðar. Samtals eru þetta 52.5 milljarðar. Í vegáætlun 1978 var áætlað í stofnbrautir 2951 millj. kr. (auk sérstakrar lántöku 400 millj. kr.). Hækkun milli áranna 1978 og 1979 í vegáætlun verður 3000 millj. eða hún hækkar núna úr 9300 í 12300 millj. kr., sem gefur um 32% hækkun. Ef 2951 millj. kr. eru hækkaðar um 32% fást 3895 millj. í stofnbrautir árið 1979 úr hinni venjulegu vegáætlun. Ef gert er ráð fyrir að aðeins 3000 millj. fari í stofnbrautir í slitlagsáætlun (895 millj. til sérverkefna) eins og er í áætluninni, fást á 15 árum 3000x15 eða 45 milljarðar kr. Á sama hátt fást frá þjóðbrautum 100 millj. á ári í 15 ár eða 1500 millj. kr.

Samkv. þessu eru til ráðstöfunar vegna slitlagsáætlunar samkv. þáltill., eins og var greint af 1. flm., á 15 árum 5 milljarðar á ári, alls 75 milljarðar. Í öðru lagi eru stofnbrautir samkv. vegáætlun 45 milljarðar á þessu tímabili og samkv. vegáætlun þjóðbrautir 1500 millj. Útkoman úr þessu dæmi er 121 milljarður kr. Kostnaður vegna slitlags eins og ég greindi hér fyrr, er 52.5 milljarðar. Til ráðstöfnunar í undirbyggingu eru því 69 milljarðar. Samtals er þetta 121 milljarður. Meðalkostnaður á km. undirbygging ásamt slitlagi, verður því samkv. þessum tölum 34.7 millj. kr., þar af undirbygging að meðaltali 19.7 millj. á km. Þessi meðaltalstala, 34.7 millj. á km, er mjög rífleg ef þess er gætt, að a. m. k. 800 km eru alveg tilbúnir undir slitlag, eins og áður getur, og sú stefna verði látin ráða að nýta sem mest þá vegi sem fyrir eru. Þetta þýðir, að reikna má með að talsvert fjármagn innan áætlunarinnar getur stutt fjármögnun hinna ýmsu sérverkefna sem sérstaklega eru talin upp í áætluninni. Í þessu sambandi er vert að leggja áherslu á og undirstrika að hin venjulega vegáætlun stendur eftir óhreyfð sem slík, aðeins búið að reikna út úr henni það fé sem fellur að slitlagsáætlun. Það er ekkert fé verið að taka frá hinum áætluðu framkvæmdum í hinum venjulegu vegalögum.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir niðurstöðum sérfræðinga á útfærlsu till. okkar sjálfstæðismanna um varanlega vegagerð. Kom þar fram að með þeirri fjármögnun, sem í till. felst, ásamt samræmdum tölum vegáætlunar, eins og hún liggur fyrir, er hægt að ná þeim marmiðum sem í till. felast, þar með talinn III. áfangi. Þá er þeirri útfærslu, sem gerð hefur verið grein fyrir, væntanlega með góðri nýtingu þeirra vega sem fyrir eru, hagstæðri þróun ódýrra slitlaga og sparnaðar í viðhaldi, hægt e. t. v. á skemmri tíma en 15

árum að ná þeim árangri sem til er ætlast, þ. e. a. s. að innan þessara tímamarka verði bundið slitlag komið á hringveginn, vegi til allra þéttbýlisstaða og á fjölfarnari dreifbýlisvegi.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hef nú á nokkrum dögum tvisvar átt erindi hingað vegna þáltill. sem snerta samgöngumál, og í bæði skiptin hefur ungur maður, hv. 4. landsk. þm., séra Gunnlaugur Stefánsson, — ég ávarpa hann ekki undir minna standi, — teflt fram sérkennilegum vísindakenningum í sambandi við samgöngumál þessi. Í fyrra skiptið var ég að leggja til að rannsökuð yrði innsiglingin í Höfn í Hornafjörð, en það vildi svo til að þangað var fengið skip til þess að opna innsiglingarrennuna þannig að skip gætu siglt þar út og inn, bæði fiskiskip og millilandaskip. Þetta heppnaðist þann veg að í allan vetur hefur þessi hin mesta fiskiskipahöfn og sjávarútvegsiðnaðarhöfn haldist opin. En af því var till. sérstaklega flutt að þar var enginn að halda því fram að búið væri að ráða neina lokabót á þeim vanda. En það sem hann fór með í sambandi við það, þessi hv. þm., var aldeilis frábært kjaftæði sem ég hef sjaldan orðið áheyrandi að hér á hinu háa Alþ.

Og nú endurtók sagan sig heldur betur. Hann áleit að sjálfstæðismenn væru með þessari tillögugerð að treysta vinstri stjórn betur en sér fyrir þessu verkefni. Það er skemmst frá að segja, að við treystum henni ekki til neins og það hefur margsinnis komið fram. En þessi till. hefur verið í undirbúningi, vinnsla hennar, ítarlega í tvö ár. Hún var flutt fram meðan sjálfstæðismenn héldu kannske að þeir ættu möguleika á að komast sem allra fyrst í stjórn aftur og ætluðu sér þá heldur betur að fylgja henni eftir, og af því sem þeir vita að auðvitað verður hún ekki framkvæmd af neinu viti fyrr en þeir taka um stjórnvölinn aftur, — hverjir svo sem druslast með þeim í stjórn, það er önnur saga.

Hann tók það fram, þessi hv. þm., að hann væri ekki á móti vegagerð — það var líka þörf á því að taka það fram, — og nú þegar hann hætti að þvarga um innsiglinguna í Höfn gekk hann á guðs vegum og tók fyrir vegamálin. Hann áleit að það þyrftu að fara fram ítarlegar rannsóknir. Hvað skyldi hann halda að liggi að baki þessari tillögugerð? Einhver heimavinna hjá mér kannske? **(Gripið fram í:** Já.) Ónei, það vill svo til að svo er ekki, heldur er þetta unnið af hæfustu mönnum sem við eigum til verkanna, og ég get upplýst hv. þm. nákvæmlega um það þegar og ef hann kærir sig um að fá að vita hið sanna í málunum, en ganga ekki svona í villu og svíma, þó hann þykist á guðs vegum.

Hann sagði að hér væri kastað fram tölum um tekjuöflun. Það var rætt fram og aftur ítarlega með hvaða hætti mætti að þessu standa. Er hægt að hrekja það, að það sé skynsamlegt að verja fé úr Byggðasjóði í þetta? Er til meira byggðamál í landinu en þetta? Þeim, sem hafa stolið af honum í óreiðuskuldir 1130 millj., ætti ekki að ofbjóða þó að það væri varið 1 milljarði í slíkt verkefni sem þetta. Er það til of mikils mælst að taka af sérsköttum umferðarinnar, umframsköttum 2 milljarða á ári í stað þess að láta það fé renna stjórnlaust í ríkissjóðshítina? Er ekki rétt að til þess að laga vegina fari meira af sköttum umferðarinnar? Allir hafa verið sammála um þetta sem ég hef talað við, þangað til þessi hv. piltur kemur hér upp til þess að hafa aðrar skoðanir sem ekkert er nema frábært múður.

Engum tölum var kastað fram. Málið er ekki illa unnið. Það er betur unnið en nokkurt annað mál sem ég hef komið nærri frá því að ég hóf þingstörf hér. (Gripið fram í.) Og er þá mikið sagt, því ætlaði ég sjálfur að bæta við. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka af mér ómakið, enda hefur hann sjálfsagt oft fundið til þess.

Hv. þm. sagði að það væri nauðsynlegt að fela Vegagerðinni að rannsaka hagkvæmni og gera till. um fjármálin. Þetta hefur allt saman verið unnið í nákvæmu samráði við hana og aðra sem álíka gott vit haf á þessum málum. Fjármagnsniðurskipan mála sem og framkvæmdaniðurskipan frá upphafi til enda, hver spotti sem hér er lagður til, hefur þannig verið unninn. Hv. þm. hefði ekki þurft nema spyrja mig að þessu, ef hann hefði kært sig um að vita hið sanna og rétta í málinu. Annars var það svo eftir ræðu hans um innsiglinguna í Höfn að ég hugsaði með mér að ekki tæki því að eiga orðastað við svoddan sjálfskipaðan spesíalista í samgöngumálum.

Hv. þm. skaut því fram, að Ólafur Einarsson, 2. flm. að þessari till., virtist ekki hafa mikinn áhuga á Reykjanesbraut. Má ég benda á það, að hér er lagt til að tekið verði erlent lán til þeirra framkvæmda vegna þess að hún er álitin af flm. algert forgangsverkefni. Í mínum flokki varð ekki samkomulag um að taka yfirleitt erlent fé til slíkra framkvæmda nema hinna brýnustu, eins og þessarar framkvæmdar. Ja, það er jafnvel hægt að ofbjóða skapstillingarmönnum eins og mér með svona tali. Og í þetta kvað hv. þm. að yrði að verja öllu tiltæku fé. Við leggjum svo þunga áherslu á þetta, að við förum skör fram úr því, því að erlent fé er ekkert tiltækt fé yfirleitt eins og stendur fyrir Íslendinga, nema við getum sýnt fram á alveg sérstaka hagkvæmni, að það sé sérstaklega hagkvæmt og muni stórborga sig og gera okkur betur færa um að endurgreiða skuldir okkar, ef við ætlum að taka fé að láni erlendis.

Herra forseti. Ég hef ekki miklu fleira um þetta að segja. En ég hefði kosið að svo mikilvægt mál hefði verið rætt ögn málefnalegar en hv. 4. landsk. þm. gerði. Ég vil aðeins geta þess varðandi ræðu hv. 1. þm. Suðurl., að hann lagði þar aðeins stærra undir í sínum útreikningum, þar sem hann fór töluvert fjallasýn líka, tók inn fleira en það sem bókstaflega hefur verið tilgreint, þannig að ef mönnum hefur ekki sýnst að hljómaði alveg saman um alla útreikninga, þá er þar aðallega sú skýring, því að vitanlega hallast á merinni ef menn þeysa um of langa leið eins og mér virðist að hann að sumu leyti vilji leggja til. En auðvitað er það framtíðarstefnan að komast lengra en hér er lagt til. Eins og hæstv. fjmrh. hefur sagt mun mega stytta þetta framkvæmdatímabil, og eins og hæstv. samgrh. sagði á FÍB-þinginu, þá gera menn sér fyllstu vonir um að undirtektir verði það rösklegar að það megi stytta framkvæmdatímabilið.

Hv. 1. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, er flm. að þessari till. Það, sem hann rakti í þeirri grg., sem hann flutti hér, var aðeins stærra í sniðum, en að öðru leyti er sú grg. ekki að neinu leyti hjáróma við þetta. (Gripið fram í.) Já, hann fór nánar út í það sem segir hér, eins og hann segir sjálfur, að lokið skuli hringvegi o. s. frv., þá fór hann nánar út í þá sálma og er ekkert nema gott um það að segja. En af því sem ég veit, að menn blöndra með mál, þá þótti mér bera nauðsyn til að þeir væðu ekki í þeirri villu að hér væri ekki verið að tala um sama málið þótt útfærslan væri á annan veg og þess vegna niðurstaðan í fjármunum ekki nákvæmlega hin sama.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg, að hér liggi nú fyrir okkur eitt af merkari þingmálum stjórnarandstöðunnar á þessu þingi. Menn mega leiða getum að því hver í sínu lagi, hvað þetta framkvæmdatímabil, sem hér um ræðir, tákni, hvort 15 ára tímabilið eigi að vera tímabil svona eins konar „alibí" fyrir Sjálfstfl. í stjórn vegamála hér á landi eða ekki. En mér finnst það liggja í augum uppi, það lítið sem ég hef kynnt mér þetta mál, að að baki þessari þáltill. liggi töluverð vinna, og ég efast ekki um að þar hafi þeir sjálfstæðismenn notið aðstoðar hinna færustu sérfræðinga. Og ég treysti mér alls ekki til þess að gagnrýna hvorki kostnaðarútreikninga í þessu sambandi né heldur vegalengdir. Að vísu hlýt ég að játa það, að mér virtist, þegar hv. 1. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, tilgreindi vegalengdir áðan, að þar mundi skakka nokkuð frá því sem gefið er upp í vegabókum núna. En síðan minntist ég þess, að hann gat þess sérstaklega að sums staðar væru teknar af beygjur sem þá stytta veginn, en að vísu virtist mér að annars staðar hefði verið bætt við beygjum. En það er ekki hægt fyrir mig að gagnrýna þetta vegna þess að ég veit ekki hvað sérfræðingar Sjálfstfl. hafa lagt til grundvallar þegar þessir útreikningar voru gerðir sem náttúrlega koma síðan inn í verðáætlunina.

Ég hlýt að fagna því, að í þessari þáltill. er sérstaklega fjallað um vegakerfi landsins í heild. Ég hef farið undanfarin ár talsvert um vegi í grennd við Reykjavík og þá sérstaklega á Reykjanesi og undrast það og fagna því raunar, vegna þess að ég er ekki öfundsjúkur maður, hversu vel hefur miðað áfram lagningu bundins slitlags á þessum slóðum þar sem hv. þm. Reykn. eiga leið um milli kjósenda sinna á hinum síðari árum og bætast unnvörpum við nýir olíubornir kaflar ár hvert. Samanborið við samgönguvandamál og umferðarvandamál út á landsbyggðinni annars staðar, norðan heiða og austan t. d., eru þau vandamál, sem þeir eiga hérna á Faxaflóasvæðinu við að glíma þegar þeir eru að komast á milli Keflavíkur og Reykjavíkur, lítils háttar og allt annars eðlis og tekur ekki að nefna þau í sömu andránni, hvað þá meir. Og ég verð að segja eins og er, að mér finnst hv. þm. þeirra Reykn., Ólafur G. Einarsson, ekkert setja niður við það þótt hann sé 2. flm. að þessari till., finnst hann ekki maður að minni þótt hann — enda fæddur og uppalinn í snjóþungu héraði norður í landi — sjái þessa neyð og þessa nauðsyn, að nú yrði hlynnt lítils háttar að byggðunum fyrir norðan, austan og vestan líka.

Ég fagnaði því í ræðum frsm. áðan, að þeir skyldu ekki tala um varanlegt slitlag, og eignaði raunar þetta afturhvarf í skynsamlegri notkun í íslenskri tungu sérstaklega hv. þm. Sverri Hermannssyni. Ég vildi bara að hann hefði í fyrirsögn till. gætt hinnar sömu varúðar og stillt sig um að nefna málið þáltill. um varanlega vegagerð, því að einn af þeim kostnaðarliðum, sem mér virðist að ekki sé tekið tillit til í þessari 15 ára áætlun, er viðhald þessara vega. Ég hef rökstuddan grun um að þeir verði ekki varanlegir beinlínis, enda er svo um fá mannanna verk. Og enn fleiri atriði í tekjuöflunaráætlun og kostnaðaráætlun eru efalaust þess eðlis að betur þarf á að líta. Hv. þm. Sverrir Hermannsson ræddi um fjáröflunarmöguleika og möguleika ríkisins, hins opinbera, og fjárframlaga í þessu skyni. Hann gat þess beinlínis í framsöguræðu sinni, að tekjur ríkissjóðs af innflutningi bifreiða hljóti að skerðast um yfir 60% einmitt vegna þessara framkvæmda.

Í útreikningum þeirra ágætu sérfræðinga, sem fjallað hafa um vegáætlanir til langs og skamms tíma á landi hér, hefur þess jafnan gætt að þeir ganga út frá stirðnuðum eða frosnum forsendum að mörgu leyti. Það mun vera svo, að sérfræðingum hættir til þess, þeir framreikna yfirleitt ekki breyttar aðstæður umfram það sem lýtur að kostnaði. Ég er hálfhræddur um að eins mundi fara fyrir þeim ágætu sérfræðingum þótt þeir önnuðust útreikninga fyrir aðra stjórnmálaflokka en Sjálfstfl., að þá mundi reka í vörðurnar ef við legðum fyrir þá grundvallarspurningar sem lúta að í fyrsta lagi breytingu á bensínverði eða eldsneytisverði á næstu 15 árum og þó e. t. v. fyrst og fremst ef við legðum fyrir þá spurninguna, hvaða eldsneyti bílarnir eða farartækin, sem um þessa vegi munu fara eftir 15 ár, eiga að brenna? Hvernig verða farartækin knúin áfram eftir þessum vegum? Ég er ekki með þessu að halda því fram að við eigum ekki að gera okkar áætlanir, leggja einhver plön um samgöngur á landi hér. En ég hygg að við gerum varlega í því að treysta á kostnaðaráætlanir til svo langs tíma og hagkvæmniáætlanir til svo langs tíma. Við neyðumst náttúrlega til þess að reyna að gera okkur einhverja grein fyrir þessu, en ég hygg að við getum ekki treyst á kostnaðaráætlanir til svo langs tíma og e. t. v. enn þá síður á tekjuöflunaráætlanir af þessu tagi til svo langs tíma. Það breytir ekki þeirri skoðun minni, að hér sé um að ræða merkt þingmál og vel þess virði að um það verði fjallað af fullkominni alvöru og lagður bæði tími og talsverð vinna í að fjalla um þetta mál.

Ég geri ráð fyrir að þetta mál muni verða til umfjöllunar á fleiri þingum en þessu. Einnig geri ég ráð fyrir að ýmsir þeir liðir, sem fjallað er um í þessari áætlun þeirra Sjálfstfl.-þm., kunni að koma til álita við umr. um vegáætlun sem hlýtur að verða lögð fram bráðlega hér í þinginu. Og ég vil nú mælast til þess, að hv. flm., þeir þm. Sjálfstfl., tækju það ekki sem meinbægni, heldur greindarlega tilhneigingu til rólegrar og djúprar íhugunar um vegamál, þótt þessi till. þeirra rynni ekki beinlínis gegnum Alþ. á nokkrum dögum. Ég fullvissa þá um einlægan ásetning minn að hugleiða ýmis mál varðandi þessa till. og þá e. t. v. með aðstoð góðra sérfræðinga sem kynnu að útskýra fyrir mér tæknileg atriði bæði varðandi vegalengdir, útreiknaðar eins og hv. þm. Eggert Haukdal greindi okkur frá áðan, og kostnaðarliði. Mér fannst það myndarlegt af hv. þm. Eggert Haukdal og það gladdi mig sannarlega að hann skyldi síðan taka til við í raun og veru næstu 15 ára áætlun á eftir þessari, útfæra það sem næst okkur stendur í vegamálunum samkv. þessari þáltill. Þetta mæli ég í fullkominni einlægni, vegna þess að sannleikurinn er sá að ég hef alltaf litið fyrirhugaðan hringveg að vissu leyti tortryggnum augum. Er það tilgangurinn með hringveginum að auðvelda mönnum að komast burt frá Reykjavík eða auðvelda mönnum að komast til Reykjavíkur? Er það megintilgangurinn? Ef það væri markmið út af fyrir sig að leggja hringveg á Íslandi, þá er náttúrlega ódýrast að hafa hann sem stystan, hafa þetta lítinn hring. Aftur á móti hringvegurinn eins og hann hefur verið hugsaður, að því er virðist, af hálfu sumra ágætra áhugamanna um vegamál, er býsna stór hringur, en þó að því er manni virðist stundum án nokkurra teljandi tengsla við fólkið sem býr utan hrings eða innan, þörf þessa fólks fyrir samgöngur innan héraða þrátt fyrir hringveginn, undir hann eða yfir, — án nokk-

urrar heildarsýnar á íslensk samgöngumál. Þessi tilhneiging, sem ég hef orðið fyrir í tengslum við umr. sem hér hafa orðið stundum um hinn helga hringveg, gerði það að verkum að ég hef seinni árin frekar hneigst að hugsun um uppbyggingu vegakerfis innan héraða sem miðuðu þá að því að menn kæmust á vetri sem sumri erinda sinna í samskiptum hver við annan og í sókn til þjónustumiðstöðva innanhéraða. Af þeim sökum hefði ég nú kannske nokkra tilhneigingu til þess að æskja þess, að byrjað yrði á III. kafla áætlunarinnar og við skoðuðum þessi mál, svo að ég leggi út af líkingu hv. þm. Sverris Hermannssonar, af þeim hóli fjallasýnar Eggerts Haukdals sem lýtur að innanhéraðavegunum og sveitavegunum, fremur en við legðum slíkt ofurkapp á að koma á þessu undarlega fyrirbæri sem hringvegur hefur kallast.

Ég tek nú undir það sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði um nauðsyn rannsókna. Ég man eftir því æ ofan í æ, þegar rætt hefur verið um slitlag á þjóðvegi okkar, að hér hafa komið upp menn í ræðustól á Alþ. og vakið athygli á hættunni sem á því er að mjög slitnir vegir, malbikaðir vegir, vegir með bundnu slitlagi í fjalllendi okkar kynnu að verða erfiðari sökum hálku heldur en malarvegirnir, og því hefur ekki verið á móti mælt, að af hálfu verkfræðinga okkar hefur ekki verið fundin lausn á því vandamáli í sambandi við bundið slitlag á alla vegi. Á Suðurlandi verður slíkt hvergi vandamál, tæpast í Kömbum, svo slétt er það land og þessi eini fjallvegur, sem þar kemur til álita að bundið slitlag mundi gera erfiðan sökum hálku, er ekki lengri en svo, að vegfarendur geta sjálfir bætt úr því með sandburði, annaðhvort úr sandgeymslum við veginn eða jafnvel gætu flutt nægan sand í farangursgeymslu bifreiða sinna til þess að bjarga sér þar. En þau verða mörg vandamálin sem til álita koma þarna.

Ég held að við getum síður en svo lagt það flm. þessarar till. til lasts að þeir vilji nú ræða áætlun til 15 ára um vegabætur af þessu tagi, stórkostlegar vegabætur af þessu tagi á landi hér. Það hygg ég að sé gott. En ég vildi beina því til hv. flm. að þeir pössuðu sjálfa sig á því beinlínis að taka ekki till. of hátíðlega eða fyrir heit sjálfra sín um möguleika á því að framkvæma þetta verk á 15 árum eða þörfina fyrir að framkvæma verk af þessu tagi á 15 árum. Það rýrir ekki gildi þessarar þáltill. þó að þeir færu ekki að sverja allt of mikla eiða í þessu sambandi. Og þeim til varnaðar vil ég aðeins nefna það eitt, að það er ekki loku fyrir það skotið að Sjálfstfl. lenti í því að komast í stjórnaraðstöðu innan 15 ára, og þá er betra að vera ekki búinn að sverja sig beinlínis til vítis í sambandi við mál eins og þetta.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að ég verði jafnhátíðlegur og hv. síðasti ræðumaður, enda er gott að skipta nokkuð um tón í þessum umr. Hitt verð ég að segja, að það ber ekki allt upp á sama dag, og þegar ég sá till. þessa á þskj. 156 frá þm. Sjálfstfl. og hafði reyndar lesið stefnuskrá þeirra sem var kynnt af einum frambjóðanda á Vesturlandi á s. l. sumri, þá fannst mér að fyrr hefðu þeir mátt vera á ferðinni. Ég sat í ríkisstj. með þeim s. l. 4 ár og hef ekki lagt það í vana minn að kvarta hér undan samstarfi í þeirri ríkisstj. En ég fór þar með samgöngumál og varð ekki var við þann stórhug sem er í þessari þáltill., nema síður væri, því að það var svo að á hverju ári var um það slegist innan ríkisstj., ef ég mætti nota það orð, eða a. m. k. um það deilt innan ríkisstj., hvað hátt mætti fara með fjárveitingar til vegagerðar. Mitt hlutverk og minn áhugi voru fólgin í því að fá sem mest fjármagn til vegagerðar, af því að ég hef þá skoðun að það sé þjóðinni afskaplega hagkvæmt að fá betri vegi en við höfum hér á landi, enda þótt segja megi, miðað við fjölmenni þjóðarinnar og dreifbýli, að verulega hafi áunnist í þessum málum þó langt sé frá því að nógu vel sé gert. Sem síðasta sönnunardæmi um það, hvað sjálfstæðismenn reyndust mér erfiðir í sambandi við vegamálin, að láta fé af hendi rakna til þeirra, vil ég benda á fjárlagafrv. fyrir árið 1978 og fjárl., því að það fór svo eftir miklar þrengingar og mikil átök að þar var ég endanlega píndur til þess að gefa eftir 300 millj. kr. eða lækka fjárl. frá till. fjárlagafrv. um 300 millj. kr. Þessu tókst að vísu að ná upp aftur á s. l. sumri, en það var ekki fyrir séð þegar þessi till. var pínd í gegn í ríkisstj. mér til mikilla leiðinda. Og ég verð að segja það eins og er, að mínar leiðinlegustu endurminningar um samskipti við þá í ríkisstj. er einmitt bundið við það, hve erfitt var að ná fjármagni til vegamála. Þess vegna finnst mér að þeir hafi tekið allhraustlegan kipp fram á við með þeirri þáltill sem hér liggur fyrir. (**Gripið fram í:** Þeir hafa skipt um skoðun, mennirnir.) Já, þeir hafa sjáanlega gert það og það til betri vegar, og er ekki nema gott um það að segja. Að vísu vil ég segja það, að þegar ég lít á tekjuáætlunina finnast mér skoðanaskiptin nokkuð hröð.

Í fyrsta lagi var ekki auðgert að sækja fé í vegagerð í Byggðasjóð. (Gripið fram í.) Þá var hann undir stjórn m. a. þess sem er 1. flm. þessarar till., og þá hafði hann ekki þá skoðun að vilja láta fjárveitingar ganga úr þessum sjóði til vegagerðar, þó að það væri rétt hjá honum sem hann sagði áðan, að vegagerð er ekki síður byggðamál en önnur mál. Hitt hef ég ekkert út á að setja, þó að einstakir hv. þm. og menn persónulega skipti um skoðun þegar reynslan hefur sannfært þá um að þeir hafi ekki haft hana rétta, og ég lít svo á að þetta sé framför hjá hinum ágæta hv. 5. þm. Austurl., sem er um marga hluti vel gerður.

Ég verð líka að segja það, að mér þykir nokkuð hraustlega að verið að þegar þm. Sjálfstfl. hefur lokað eftir sér dyrum fjmrn., þá finnist honum hægt að taka 2000 millj. af tekjum af umferðinni til vegagerðar. Nú bar það hvort tveggja til, að í síðustu ríkisstj. og einnig þegar svokölluð viðreisnarstjórn sat að völdum, þá var það venjulega svo, að við Framsfl.-menn, þrátt fyrir stjórnarandstöðu, stóðum með samgrh. í að afla tekna í Vegasjóð. Þá vildum við gjarnan bæta þar um betur og fá meira fé úr ríkissjóði en þar var ráð fyrir gert. Og ég man það frá síðasta ári þessa meðráðh., að þegar samið var þá um hækkun á bensíngjaldinu var samið um það að lokum við aukning á söluskatti, sem leiddi af hækkun bensíngjaldsins, gengi í vegina líka, og það tókst einnig á síðasta ári að fá það. En lengra var ekki farið. Það var ekki verið að tala um að rétta fram úr erminni 2000 millj. eins og hér á að gera.

Út af fyrir sig er svo um aðra liði að segja, eins og happdrættislánið sem við höfum verið með og er verið að afgreiða núna, að það, sem reyndist verst við það, var að sala á happdrættisbréfunum gekk ekki á s. l. ári og var þá horfið að því ráði að nota hin venjulega ríkistryggðu bréf í þessa tekjuöflun.

Þetta vil ég minna á í sambandi við þetta mál. Rétt er að hafa slíkt í huga. Og ég tek undir það með hv. 5. þm.

Austurl., sem er vafalaust vanur að beita úr Djúpinu, að það verður að beita laglega á önglana til þess að það verði bitið á í sambandi við söluna á þessum happdrættisbréfum, því að það var sjáanlegt, að við vorum farnir að nota þar bera önglana, við fyrrv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen, hv. 1. þm. Reykn., því að það bitu ekki nógu margir á. Þar þarf betur að að standa.

Nú vil ég segja það í sambandi við vegamál á síðustu árum, að þar hefur valdið geysilega miklum erfiðleikum olíuverðshækkunin og hækkunin á bensíninu. Fram yfir 1970 var bensínskatturinn, sem fór í Vegasjóðinn, um 50% af verði á bensínlítra. Hv. 5. þm. Austurl., ég var að segja að þú værir vanari að beita heldur en fyrrv. fjmrh. og ég. Þú ætlaðir að beita önglana í happdrættislánunum svo að menn bitu á og keyptu bréfin. En þannig var það á s. l. ári að það tókst ekki. Ég gladdist líka yfir þessu viðhorfi hjá hv. 1. flm. þessarar till., að Byggðasjóður væri [illegible] þess verðugur að nota hann til vegagerðar, en það [illegible] ekki viðhorfið á síðasta kjörtímabili svo að þetta eru [illegible] gleðilegar framfarir.

Ég var kominn að því að geta um það, hvernig breytingin varð á notagildi bensínskattsins til vegagerðarinnar. Hún var með þeim hætti, að fram yfir 1970 var helmingurinn af verðinu á bensínlítranum skattur. Hins vegar eftir olíuhækkunina 1973 fór þetta síminnkandi og var komin niður í 25%, og það var ekki fyrr en á síðasta ári sem tókst að lagfæra þetta nokkuð aftur og því miður er útlitið í þeim efnum ekki nógu gott. En þó var það ákvæði komið inn í lögin, að ekki þyrfti lagabreytingar við, heldur væri það byggingarvísitalan sem réði, og það gerði sitt.

Nú vil ég segja það um þetta mál að öðru leyti, að þó að erfiðleikar um fjárútveganir og þrengingar væru miklar á síðasta kjörtímabili, þá skilaði mörgu þar vel áfram. Og eitt af því, sem var gert á þessu kjörtímabili, var að vegalögunum var breytt. Þar var að því stefnt að hafa tvo flokka, stofnbrautir og þjóðbrautir, og þá var hugsunin að stofnbrautirnar væru aðalvegirnir, hvort sem menn kalla það hringvegi eða annað, sem sagt á milli héraða, en aftur þjóðbrautirnar inni í héruðunum. Reynslan af þessu varð ekki nógu góð og skal ég koma betur að því, en tveir flokkar vegamála aðrir voru teknir mjög til bóta á síðasta kjörtímabili. Annars vegar voru þéttbýlisvegirnir með ákvörðuninni um að 25% af því fé, sem til þéttbýlisvega skyldi ganga, skyldi sérstaklega skipt af fjvn., en það hefur gert það að verkum að mörg kauptún og kaupstaðir úti um landsbyggðinga hafa gerbreytt sínum götum. Þetta hefur verið mjög ánægjuleg þróun og hún heldur áfram, því að þetta fé verður veruleg fjárhæð núna á árinu 1979. Ef ég fer þar rétt með munu það vera um 600—700 millj. kr., eitthvað svoleiðis, a. m. k. nálægt því. Og það er af því að þetta er hlutfall af þeim mörkuðu tekjustofnum sem til vegagerðar eru ætlaðir. Sama er að segja um fjárveitingu til sýsluvega. Þeim ákvæðum var breytt svo að það er alger gerbylting í framkvæmdum í sýsluvegum, eins og þeir þekkja sem nálægt því hafa komið. Þetta tókst á síðasta kjörtímabili og þetta heldur áfram.

Ég vil einnig segja að það var haldið áfram með stærri verkefni sem verið er að vinna að, eins og Austurveginn, sem nú er kominn austur fyrir Þjórsá og á ekki mjög langt í að komast austur á Hellu og síðan Hvolsvöll. Og þannig geri ég ráð fyrir að sá vegur haldi áfram að teygjast austur, miðað við það að á honum verði olíuborið slitlag, sem er auðvitað geysilegur munur frá því sem áður var. Einnig er það svo með Vesturlandsveginn, — að vísu hefur ekki tekist nógu vel til með kaflann hjá Kiðafelli, en það eru mistök sem ekki tilheyra því að að málinu hafi ekki verið unnið og verður úr að bæta af þeim sem fyrir mistökunum standa — en það er allveruleg breyting þar á. Og einnig hefur á þessu tímabili verið farið inn á þá braut að taka fyrir veruleg verkefni víðs vegar um landið, eins og t. d. á Holtavörðuheiði þar sem hefur verið unnið geysilega mikið verk og það eru ómældir milljónatugir sem sparast þar árlega við snjóruðning og snjómokstur. Og raunverulega segja þeir mér, sem fara þar um, að þegar þeir nái þeim kafla, þá séu erfiðleikarnir búnir á heiðinni. Hitt er ljóst, að hér er um áfanga að ræða í þessari vegagerð sem verður að halda áfram við.

Það er búið að undirbyggja verulega mikið af vegum í Húnavatnssýslum, og við Blönduós hefur verið gerður tilraunakafli með slitlagi og eins undir Hafnarfjalli og þeir kaflar hafa til þessa reynst mjög vel. Það er eftir að sjá hvernig þeir reynast í vor, þegar frost fer úr jörðu. En t. d. tilraunakaflinn undir Hafnarfjalli — ég fór þar nú fyrir tveim dögum — er mjög góður, það er ekkert verra að keyra hann heldur en steypta veginn í Kollafirði. Það er góður vegur og það er erfitt að halda bílnum undir 100 án þess að gæta að því á hvaða hraða hann er. Vonandi takast þessir tilraunaþættir og þarf að gera meira að slíku en gert hefur verið, og það er hugmynd þeirra vegagerðarmanna að vinna að því.

Ég vil svo í framhaldi af þessu minna á stórverkefni eins og Borgarfjarðarbrúna, sem hefur stundum verið umtöluð. En það kom fram í ræðu sem ég flutti hér 21. apríl s. l., að þessi breyting, sem hefði verið gerð á vegalögunum, næði ekki fullkomlega þeim tilgangi sem við hefðum hugsað okkur, m. a. vegna þess að nauðsyn bæri til að taka sérstaklega hin stærri verkefni. Í þeirri ræðu benti ég á að rétt væri að gera áætlanir um slík verkefni til tveggja eða þriggja vegáætlunartímabila, og það fé, sem væri notað í þessu skyni til stórverkefna, var mín hugmynd að yrði að vera lánsfé.

Það voru nokkrar umr. í fyrravetur á milli Kanadamanna og samgrn. um lán til vegagerðar hér á landi. Það strandaði á því að lengra væri haldið að bæði var það, að ég hafði ekki hugsað mér að sitja í ráðherrastól nema fram að kosningum og vildi því ekki vera að binda of mikið þann sem á eftir kæmi, og svo hitt, að hugmyndir Kanadamanna voru bundnar við það að þeir yrðu að koma vinnuafli að ef þeir lánuðu fé. Það sögðum við þeim að þýddi ekkert að ræða við okkur um og á því strandaði þetta þá. Ég tel hins vegar að í sambandi við stórverkefni í vegagerð eigi að athuga betur hvort ekki sé hugsanlegt að ná lánsfé til nokkuð langs tíma og á þokkalega hagkvæmum kjörum án þess að þessi böggull fylgi skammrifi. Ég er ekkert frá því, að ef hefði verið hægt að leggja í þetta nógu mikla vinnu og hefði verið undir öðrum kringumstæðum, þá hefði verið hægt að ná þarna árangri.

Í ræðu minni í fyrra 21. apríl hér á hv. Alþ. skýrði ég frá því, að ég hefði falið samgrn. og Vegagerðinni að undirbúa slíka áætlun, og ég hugsa að það sé ekki langt frá því að slík áætlunargerð sé til hjá Vegagerðinni einmitt í framhaldi af þessu, því að þeir voru áður en ég flutti þessa ræðu farnir að vinna að þessum málum og hafa haldið því áfram með hæfilegum hraða síðan.

Ég tel að við hv. alþm. getum auðveldlega sameinast

um þetta mál, því að við stefnum allir að sama marki, eða a. m. k. flestir, að því að ná góðum árangri í vegagerð hér á landi. Ég er hv. 1. flm. sammála um það — og það hefur kannske komið fram hjá öðrum sem hér hafa talað — að það er þjóðhagslega hagkvæmt að gera verulegt átak í samgöngumálum okkar. T. d. er talið að það muni á árinu 1980 spara okkur um 450 millj. kr. ef við getum lokið við brúargerðina yfir Borgarfjörð á þessu ári, það sé lágmarkstala sparnaðar sem við ávinnum við það. Þannig held ég að sé alveg öruggt að við vinnum verulega á með stórátökum í vegagerð. Það mun vera hér till. frá okkur framsóknarmönnum um vegamálin, og ég held að við munum geta sameinast um að stilla vegamálunum upp nokkuð í þeirri veru sem ég nefndi hér í fyrra, að setja upp sérstakan kafla um stærri verkefni og nota þá hina mörkuðu tekjustofna, sem við höfum yfir að ráða nú, til þess að leysa málin innanhéraðs og aðra þætti, eins og viðhald og slík verkefni. Þetta held ég að sé það sem koma skal í þessum efnum. Við verðum að sjálfsögðu að gefa okkur einhvern tíma til að undirbúa þetta, en þó tel ég að það sé búið að vinna það mikið til undirbúnings þessu máli, að það sé miklu frekar spurningin um fjármagnið heldur en undirbúning að öðru leyti. Ég held að það sé jafnt í hugum okkar allra, að við gerum okkur ljóst, að þó að sé búið að tengja hringveginn svokallaða með brúnni á Skeiðarársandi, þó að unnið sé nú að vegi fyrir Lónsheiðina eða Hvalnesskriður, og þó að sé búið að leggja göngin í gegnum Oddsskarð og annað því um líkt, þá dettur engum í hug að við séum komnir að nokkrum endalokum í þessum málum. Það verður framhald á því ekki síður en verið hefur, og tækni og þekking okkar, því að við eigum orðið mikið af mjög hæfum mönnum til að vinna þessi verk, hjálpa okkur til að leysa þau verkefni. Þess vegna get ég að lokum tekið undir það, að ég hef þann eina áhuga í sambandi við vegamálin að fá sem flesta í lið við það að koma þessum málum betur fyrir en okkur hefur tekist, og þá gleymist allt um það að við höfum ekki getað farið eins hratt og við höfum haft löngun til. Það er liðin tíð, heldur er það sem máli skiptir hverju okkur tekst að koma áfram.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þeim hv. þm. sem hafa talað hér og tekið undir tillögugerð okkar, og mér kemur það síður en svo á óvart, því að tillöguflutningur framsóknarmanna t. a. m. á haustþinginu bendir til þess, að hér eigi menn að geta sameinast um framkvæmd í þessum nauðsynjamálum.

Ég játa það, að ein meginástæðan fyrir því, að ég fór síðari hluta síðasta kjörtímabils mjög að beita mér í þessum málum, var sú, að mér þótti ganga afar hægt með allar framkvæmdir og fjárútvegunin vera stirð, — ég ætla ekkert að afsaka þá stjórn í því efni, — og það var ein frumástæðan fyrir því að menn fóru að eflast í þeim áhuga sínum að við svo búið mætti ekki lengur sitja.

Hv. 1. þm. Vesturl. minntist á það, að ekki hefði honum tekist að beita girnilega á krókinn í sambandi við happdrættisvegaféð í fyrra, og svo var um fleiri nauðsynjamál sem ég vissi að hann beitti sér fyrir, það gekk afar erfiðlega og kennt um fjármagnsskorti, enda þótt hægt sé að sýna fram á að fá eða engin verkefni eru þjóðhagslega ábatasamari heldur en gerð varanlegra vega.

Hann minntist á það, að þau viðhorf hefðu ekki verið uppi á síðasta kjörtímabili að veita fé úr Byggðasjóði til vegaframkvæmda. Þetta er ekki að öllu leyti rétt, vegna þess að árið 1975 hóf Byggðasjóður einmitt fjárveitingar að kalla má eða fyrirgreiðslu í sambandi við gatnagerð í þéttbýli að verulegu marki. Undanfarin ár hefur þetta numið 200 millj. kr. og verið til mikils stuðnings við þetta verkefni sem hv. þm. Halldór E. Sigurðsson minntist á sem eitt af þeim verkefnum sem vissulega náðist árangur í undanfarin ár.

Ég minni á það, hvernig til tókst hjá tveimur fyrrv. ríkisstj. í sambandi við bensíngjaldið í Vegasjóð. Ég man þá tölu áreiðanlega rétt, að árið 1971 gengu 8.87 kr. af 16 kr., sem bensínlítrinn kostaði, í Vegasjóð. Það voru rúm 50%. En ég held að ég fari rétt með það, að nú þegar lítrinn kostaði 181 kr. hafi verið 46 eða 47 kr. sem gengu í Vegasjóð. Það var líka rétt eins og hann sagði, það voru eitthvað rúm 25%. Þannig gekk þetta til og var illt við að búa, og þess vegna er mál til komið núna og ég held að augu allra manna hafi opnast fyrir því og eftir því sem ég best fæ séð þingheims, að nú þurfi að taka höndum saman um stórátak í þessum efnum.

Við höfum deilt um einstaka verkefni. Ég legg þó áherslu á það, því að margur hefur misfarið með gamalt orðfæri mitt í sambandi við ýmsar framkvæmdir, eins og t. a. m. Borgarfjarðarbrú. Ég hef aldrei deilt um nauðsyn þeirrar framkvæmdar. Hins vegar var ég á sínum tíma þeirrar skoðunar að hún væri ekki rétt tímasett. Það var einvörðungu aths. mín í sambandi við niðurskurð sem mönnum þótti nauðsyn til bera. Í þeirri miklu verðbólgu var ég sneykur við þá framkvæmd, ég er það ekkert lengur, og nú leggjum við til í till. okkar að tekið verði fé að láni hið fyrsta til þess að ljúka þessu verkefni, sem auðvitað sýnir sig undireins að skilar góðum arði. Þetta var deila um tímasetningu, en ekki nauðsynina sem á þessu var.

Það er líka eins og hv. þm. Halldór E. Sigurðsson nefndi, sem ég hef reynt að því að hafa einhvern mestan áhuga þeirra manna, sem ég hef kynnst, á framkvæmdum og framförum í vegamálum, það kemur líka fram í till. okkar að við viljum nota mörkuðu tekjustofnana, sem renna nú í Vegasjóð, til þess að byggja upp vegina innan héraðanna. Ég skal játa að nú eru breytt viðhorf í Byggðasjóði til þess arna, líka með tilliti til þess að nú léttir mjög á Byggðasjóði. Honum hefur tekist vel upp í sambandi við uppbyggingu aðalatvinnuveganna víða um landsbyggðina, og meginástæðan fyrir því, að ég hef beitt mér fyrir breytingu og beitti mér t. a. m. fyrir breytingu varðandi lán til fiskiðnaðar og fiskiskipa á Suðurnesjum og fyrir þessari nýbreytni sem ég legg nú til í sambandi við fé úr Byggðasjóði í vegalagningu, er að ná sáttum um þennan sjóð. Ég tel hann það mikilvægan að við þurfum að ná sáttum um hann. Og það er ekkert einkennilegt við það að byggðastefnumaður úr Sjálfstfl. geri tilraun til að ná sáttum um þennan sjóð, því að að honum hefur verið sótt af ýmsum flokksfélögum hans, á það þarf ég ekki að draga dul. Og þetta verkefni er mesta byggðaverkefnið. En það er líka byggðaverkefni sem þéttbýlisfólkið getur sameinast okkur um, og þetta er aðalástæðan fyrir tillögugerð minni í þessu sambandi. Hún er ekki vegna þess að ég sjái ekki að sínu leyti eftir þessu fé, því að enn eru næg verkefni. En ég tel brýna nauðsyn að ná sáttum milli þéttbýlis og strjálbýlis um þennan sjóð, þó að hann verði við það að sjá af allverulegu af fé sínu til þessara gagnlegu framkvæmda. En ég legg áherslu á og tek undir það

með hv. síðasta ræðumanni, að hér er verkefni sem við getum sameinast um. Við getum deilt um einstök verkefni, það skiptir engu máli. Aðalatriðið er að við náum höndum saman um höfuðstefnuna að útvega stóraukið fé til þessara nauðsynlegu framkvæmda, því að það eru framkvæmdir sem í framtíðinni koma í hag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lækkun og niðurfelling opinberra gjalda á íþróttavörum, þáltill. (þskj. 332). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég hef ásamt þrem öðrum þm. þeim hv. þm. Einari Ágústssyni, Árna Gunnarssyni og Lúðvík Jósepssyni leyft mér að bera fram till. til þál. um lækkun og niðurfellingu opinberra gjalda á íþróttavörum. Ég mun ekki hafa langt mál um þetta, herra forseti, nú á síðkvöldi, svo einfalt sem þetta mál er. Ég tel að það skipti mestu að þessi gagnmerka till. komist sem fyrst til n. svo að möguleiki verði á að hún fáist afgreidd.

Í grg. með þessari till. kemur glöggt fram, hversu vinsældir íþrótta eru miklar og hversu stór hópur almenningsstundar íþróttir, hvort sem þar er um að ræða keppnisíþróttir eða almenningsíþróttir svokallaðar. Þetta kemur fram á öllum sviðum íþrótta, hvort sem um er að ræða skíðaíþrótt, sund, golf eða knattleiki. Enginn vafi er á því, að skilningur Íslendinga hefur vaxið mjög á seinni árum fyrir gildi íþróttaiðkana, bæði sem skemmtilegrar tómstundaiðju svo og sem líkams- og heilsuræktar, og almenn þátttaka er í íþróttum hjá öllum almenningi, á hvaða aldri sem hann er og hvar sem hann býr, og er ástæða til að fagna þeirri staðreynd. Sannleikurinn er hins vegar sá, að íþróttavörur eru dýrar í innkaupum og munar þar mestu um að tollar og aðflutningsgjöld eru yfirleitt mjög há af þessum vörum. Ég held að það sé ekki sanngjarnt og ekki skynsamlegt að ríkissjóður sé að gera innflutning og innkaup almennings á þessum íþróttavörum að stórri tekjulind. Þvert á móti ætti ríkissjóður að gera tilraun til þess að glæða áhuga fólks og auðvelda fólki að stunda íþróttir með því að hafa þessar vörur til sölu á sem lægstu verði og gæti og mætti stuðla að því að lækka þau aðflutningsgjöld og þá tolla sem við búum nú við. Með breytingum á tollskránni 1977 var nokkuð komið til móts við þessi sjónarmið, en þó hvergi nærri nóg. Og enn er það svo, að fjölmargar íþróttavörur eru með 50% tolli og hafa þar að auki á sér vörugjald og aðra aukaskatta.

Þá er og þess að gæta, að í tollflokkun á íþróttavörum gætir mikils misræmis. Það er nefnt hér í grg. t. d. að skíðaskór séu í 25% tolli meðan skíði og skíðastafir séu í 50% tolli. Þetta er ósamræmi sem þarf alla vega að leiðrétta. Það er hugmynd okkar flm. að allar íþróttavörur beri sama tollinn, 10—12% eftir atvikum, eða alla vega einhvers staðar á því bili. Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir að tollar séu alfarið felldir niður, en það er skoðun okkar að með lækkun á tollum í þá átt, sem þessi till. gerir ráð fyrir, megi fastlega búast við að innflutningur á þessum vörum muni stóraukast, þar sem vörurnar verða ódýrari og auðveldara fyrir fólk að kaupa þær. Það er margsönnuð staðreynd í verslun sem þessari, að við það að gera vöruna ódýrari og lækka ýmsar álögur og gjöld eykst sala á þeim þannig að þegar upp er staðið má vel búast við að tekjur ríkissjóðs verði nokkurn veginn þær sömu og þær voru fyrir. Alla vega mundi það ekki verða umtalsvert tjón fyrir ríkissjóð þó að tekjurnar lækkuðu ögn vegna þessarar till. og framkvæmdar á henni.

Það fer ekki á milli mála að þessi breyting mundi og koma einstökum íþróttafélögum að mjög miklu gagni. Það er í vaxandi mæli svo, að íþróttafélögin þurfa að kaupa íþróttafatnað og allan útbúnað fyrir sitt keppnisfólk, útvega því sem sagt öll slík tæki, og það er mikil fjárhagsleg byrði fyrir íþróttahreyfinguna. Þessi till. mundi því, ef hún verður samþykkt, koma íþróttahreyfingunni mjög vel, ekki síst með hliðsjón af því vandræðaástandi sem ríkir á þessum vettvangi varðandi öll fjárhagsmál. Sannleikurinn er sá, að starf íþróttahreyfingarinnar fer að allt of miklum hluta til fram með þeim hætti að forustumenn hreyfingarinnar þurfa að hafa öll spjót úti til þess að safna fé með alls kyns hætti til þess að standa undir starfsemi íþróttafélaganna. Þetta er mikill skaði, vegna þess að þarna er um að ræða mikið af áhugasömu, fórnfúsu fólki sem vildi auðvitað geta einbeitt sér að því að sinna íþróttastarfinu sjálfu, leiðbeiningar- og þjálfunarstarfi. En allt of mikill tími fer eins og er í að útvega fé, stunda sníkjur og hálfgert betl, sem er að sjálfsögðu hvimleitt bæði fyrir þá, sem þurfa að standa í slíku, og eins fyrir þá, sem verða fyrir slíkum beiðnum og slíkum erindum.

Auk þess sem gert er ráð fyrir því, að tollar séu lækkaðir eins og ég hef gert grein fyrir, er jafnframt lagt til að vörugjald sé alfarið lagt niður á þessum vörum.

Ég tel það sérstakt fagnaðarefni að þm. úr öllum stjórnmálaflokkum skuli hafa sameinast um að flytja þessa till. Ég tel það bera vott um að það sé skilningur hjá öllum stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum á mikilvægi íþróttastarfsins og þýðingu þess að fjárhagsbaggar séu ekki starfseminni ofviða, þetta sé till. sem komi til móts við vanda íþróttahreyfingarinnar og hún sé líka viðurkenning á gildi þessa starfs og vottur um að stjórnmálamenn vilji nokkuð til vinna að íþróttahreyfingin og íþróttastarfið fái að blómgast í þessu landi.

Ég mun, herra forseti, ekki hafa þessa framsögu lengri þó að full ástæða væri til að fara miklu fleiri orðum um till. Eins og ég sagði áðan legg ég mest upp úr því að hún komist til n. og mælist til þess, að sú n., sem fær málið til meðferðar, hraði afgreiðslu þess. Ég held að í sjálfu sér þurfi ekki að leita mikilla umsagna um þessa till., þurfi ekki að velta mikið vöngum yfir henni. Annaðhvort er þetta spor stigið eða ekki. Hér er um að ræða ályktun um að skora á ríkisstj. að grípa til þeirra ráðstafana sem till. felur í sér, þannig að ofangreindar breytingar, sem ríkisstj. mundi þá leggja til, yrðu lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi og gætu þá hlotið endanlega afgreiðslu jafnhliða afgreiðslu fjárlaga. M. ö. o.: með samþykkt till. núna er ekki verið að höggva í fjárlög eða í tekjur ríkissjóðs á þessu ári, en mörkuð stefna um að það skuli gert á næsta ári þannig að það er nægur aðdragandi fyrir menn að búa sig undir þær breytingar. Ég held að það sé hættulaust fyrir alþm. að taka afstöðu til þessarar till. og standa að afgreiðslu hennar þannig að þessu máli megi hrinda í framkvæmd á næsta ári.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sending matvæla til þróunarlanda, þáltill. (þskj. 348). — Ein umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 348 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um könnun á sendingu matvæla til þróunarlanda. Flm. ásamt mér eru hv. 2. þm. Norðurl. v., hv. 5. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Norðurl. v. Till. er þess efnis, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að kanna til hlítar hvort unnt sé að auka stuðning við þróunarlönd á þann veg að íslenska ríkið kaupi búsafurðir af framleiðendum, svo sem mjólkurduft, og sendi þangað sem þörfin er brýnust fyrir matvæli.

Íslendingar gerðust aðilar að sáttmála hinna Sameinuðu þjóða 19. nóv. 1946. Þeir hafa yfirleitt getið sér gott orð á þeim vettvangi. Þar hafa þeir haft nánasta samvinnu við hinar Norðurlandaþjóðirnar. Stundum hafa menn velt því fyrir sér, hvort setja ætti ákveðin skilyrði um stærð og fólksfjölda þeirra þjóðlanda sem óska aðildar að Sameinuðu þjóðunum, en þá hefur verið á það bent að sumar smáþjóðir hafi starfað vel í þeim samtökum. Oftar en einu sinni hef ég heyrt tekið svo til orða á þeim samstarfsvettvangi þjóðanna, að rödd Íslands megi ekki vanta. Hvort full meining býr að baki slíkra yfirlýsinga skal ósagt látið. Á hitt ber okkur sjálfum að líta, hvort við rækjum þær skyldur, sem þessi alþjóðlega samvinna leggur okkur á herðar, með þeim hætti að sæmilegt megi teljast.

Á undanförnum árum hefur nokkrum sinnum verið vikið að þessu atriði, einkum í umræðu þeirri sem spunnist hefur út af skýrslu utanrrh. til Alþingis einu sinni á ári.

Svo sem kunnugt er hafa Íslendingar einnig tekið þátt í störfum ýmissa sérstofnana Sameinuðu þjóðanna, ekki síður sem þiggjendur en gefendur. Þannig fékk Ísland að jafnaði 200 þús. dala framlag árlega frá Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna á árunum 1972—1976, að ég ætla. Fé þetta rann til margþættra verkefna sem aðkallandi voru á ýmsum sviðum þjóðlífsins, svo sem málmleitar, ferðamála, útflutningsstarfsemi iðnaðarins, lax- og silungsrannsókna, fiskvinnslu, landbúnaðarrannsókna o. s. frv. En seinna kom á daginn að styrkir Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna voru fyrst og fremst ætlaðir hinum fátækari þróunarlöndum. Ljóst varð að mjög hallaðist á, því að ásókn okkar í þetta fé vó miklu þyngra en framlag okkar til fátækra þjóða.

Löggjöf um aðstoð Íslands við þróunarlöndin var samþ. á Alþ. 23. mars 1971. Tilgangur þeirrar löggjafar er m. a. samkv. 4. tölul. 2. gr. að vinna að því að framlög Íslendinga í þessu skyni, þ. e. til þróunarlandanna, nái sem fyrst því marki er samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þau nemi 1% af þjóðartekjum. Það munu að vísu fá þjóðríki hafa náð settu marki. Árið 1976 var Svíþjóð talin vera hið eina og mörg ríki voru þá komin yfir 1/2%, m. a. Noregur. En Ísland var mjög aftarlega í röðinni með aðeins 1‰ — einn af þúsundi — e. t. v. samkv. reglunni: Sælla er að gefa en þiggja — með neikvæðu fortákni.

Íslendingar eru aðilar að FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Sú stofnun hefur sett sér það takmark að útrýma hungri úr heiminum. Það er vitað, að á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1960 var gerð samþykkt þess efnis að nýta bæri umframframleiðslu matvæla í heiminum meðal þróuðu og ríku landanna til að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála í fátækum löndum. Það munu víst flestir viðurkenna að takmarkið um útrýmingu hungurs er enn fjarlægt, en að því verður að stefna og þá hlýtur það að skipta meginmáli að finna hagkvæmustu leiðir til þess að koma fæðunni þaðan sem meira en nóg er til af henni þangað sem fæðuskortur er og fólkið lifir rétt við hungurmörkin.

Ekki þarf að fletta spjöldum Íslandssögunnar lengi til þess að komast að raun um að íslensk þjóð hefur haft náin kynni af harðæri og hungri á liðnum öldum. Jafnvel þau héruð landsins, sem hvað best voru sett að þessu leyti hvað matbjörg snerti, fóru ekki varhluta af kynnum við hungurvofuna. Hinn sögufróði sýslumaður Dalamanna Þorsteinn Þorsteinsson skrifar svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjaldan varð mannfellir í Dalasýslu af harðæri og aldrei á Skarðsströnd eða Fellsströnd, en þangað sóttu uppflosningar og vergangsmenn að hvaðanæva, einkum úr Norðurlandi. Var þá oft þröngt fyrir dyrum á Ströndum. Margt þessara þurfamanna hélt fram um eyjar og til veiðistöðvanna í Bjarneyjum og Oddbjarnarskeri. Sultur svarf oft fast að í suðursýslunni og Saurbæ, einkum eftir fjárpestir."

Nú er öldin önnur. Of mikið af matvælum er framleitt í landinu. Þjóðinni er mikill og alvarlegur vandi á höndum, eins og sagt er, vegna framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða langt umfram það sem selst á innanlandsmarkaði. Offramleiðsla matvæla orðin eitt af höfuðvandamálum í þjóðarbúskapnum. Á meðan svo vindur fram hér á landi halda milljónir manna áfram að svelta í fátækum löndum. Eitt af þrem meginverkefnum Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem nú hefur starfað í tvö ár eða svo, er matvælaskorturinn í heiminum og mannfjölgunarvandamál, og þarf varla að minna á að árið 1979, hið nýbyrjaða ár, er ár barnsins.

Á Alþ. í fyrra ræddi þáv. hæstv. utanrrh. nokkuð um Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna í skýrslu sinni og sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn vafi leikur á, að Ísland á betur heima í hópi veitenda en þiggjenda þeirrar stofnunar, þótt alltaf megi finna hér í þessu framtíðarlandi þörf verkefni til að fjármagna."

Það má vel vera að í þessum efnum sé við mikla framkvæmdaörðugleika að etja. En mér sýnist rík ástæða vera til þess að láta nú kanna þessi efni öll til þrautar. Fjarlægðir eru miklar og flutningskostnaður hár. Ég minnist þess úr gagnfræðaskóla fyrir 4 áratugum eða svo, að einn kennarinn sagði m. a. að vísindamenn dreymdi um að gera allar fjarlægðir að engu í framtíðinni. Vissulega hafa slíkir draumar komið fram nú þegar að verulegu leyti miðað við það sem þá var. Og enn styttast leiðir til stórra muna og hvers konar úrræði aukast í tæknilegum efnum svo að segja dag frá degi.

Ef hinar efnaðri þjóðir ætla sér að ná því marki að útrýma hungri úr heiminum, verða leiðir að finnast til þess — eins og ég nefndi áðan — að senda matvæli þangað sem þörfin er brýnust. Vitaskuld kostar það mikla peninga og einbeittan og samstilltan vilja, en viljinn er líka mikils virði.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um till. þessa nú, en mælist til þess við hæstv. forseta, þegar umr. verður frestað, að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heilbrigðis- og félagsleg þjónusta fyrir aldraða, þáltill. (þskj. 443). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Sú þáltill., sem hér liggur fyrir, felur í sér að ríkisstj. láti fara fram könnun á heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til bæði félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða. Sérstaklega skal athugað að koma á samræmdu skipulagi þessara mála, sem byggðist á samstjórn og samræmingu allra þátta heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu við aldraða, sem gæti auðveldað yfirsýn yfir brýnustu þörf á sjúkrahúsvist, langlegudvöl, heimahjúkrun, heimilisþjónustu og dvalarheimilum fyrir aldraða, auk þess sem það gæti tryggt hagkvæmni á ýmsum sviðum. Á grundvelli slíkra kannana skipi heilbr.- og trmrn. nefnd til að gera till. um umbætur og samræmingu á heilbrigðis- og félagslegri þjónustu aldraðra, og skulu þær till. liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1979.

Sú staðreynd, að við höfum hlutfallslega yfir mun meira vistrými að ráða fyrir aldraða en nágrannaþjóðir okkar, en engu að síður eru langir biðlistar á ýmsar þær þjónustu- og hjúkrunarstofnanir, sem við höfum yfir að ráða fyrir aldraða, hlýtur að krefjast að mál þessi séu krufin til mergjar og könnun látin fara fram á heilbrigðis- og félagslegri þjónustu við aldraða til þess að tryggja betur aðbúnað aldraðra hér á landi og bætt skipulag.

Í ársbyrjun 1978 höfðum við yfir að ráða tæplega 1700 vistrýmum fyrir aldraða, þar af rúmlega 700 rými fyrir hjúkrunarsjúklinga. Einnig má nefna að í könnun, sem gerð var meðal heimilislækna, kom í ljós að 450-470 aldraðir sjúkir eru á einkaheimilum í Reykjavík og þar af þyrftu um 200 þeirra á sjúkrahúsvist að halda.

Samanburðartölur frá árinu 1976 sýna ljóslega, að við höfum yfir mun meira vistrými að ráða fyrir aldraða en nágrannaþjóðir okkar. Þær sýna að vistrýmafjöldi á elliheimilum og íbúðir fyrir aldraða á 1000 íbúa 65 ára og eldri eru mun fleiri á Íslandi en hjá nágrannaþjóðum okkar — eða 84.2 á Íslandi, í Danmörku 66.8, Finnlandi 61.1, Svíþjóð 46.9, Noregi 26.9 og Bretlandi 18.5.

Þó að vistrými t. d. í Bretlandi fyrir aldraða séu hlutfallslega mun færri en á Íslandi, hefur öldrunarlækningum og þjónustu við aldraða sjúka í Bretlandi fleygt fram undanfarin ár. Bretar hafa lagt áherslu á öldrunarlækningardeildir, sem staðsettar eru við öll aðalþjónustusjúkrahús landsins, sem gefur greiðan aðgang að rannsóknar- og endurhæfingarþjónustu. Einnig hefur verið byggð þar upp fjölþætt þjónusta fyrir aldraða sjúka í heimahúsum sem minnkar þörfina fyrir vistrými.

Staðreynd er að þrátt fyrir þau tiltölulega mörgu vistrými, sem við höfum yfir að ráða, verður að telja heilbrigðisþjónustu okkar fyrir aldraða sjúka mjög ábótavant á ýmsum sviðum. Nágrannaþjóðir okkar hafa lagt mun meira upp úr margvíslegri annarri þjónustu við aldraða en þeirri að mestu einhæfu lausn sem við búum við, sem er sífellt fjölgun elliheimilisrýma, sem þó ber ekki að vanmeta, því að auðvitað eiga þau rétt á sér og þjóna sínum tilgangi ef skipulag er gott. Nágrannaþjóðir okkar hafa lagt áherslu á ýmsa aðra þætti heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu og bjóða öldruðum ýmsa aðra valkosti, þar sem megináherslan er lögð á að gera þeim fært að búa sem lengst heima, og leggja þau sífellt aukna áherslu á þá þjónustu, sem gerir öldruðum það fært, eins og hvers konar heimilishjálp og heimahjúkrun.

Álagið hér á landi á elliheimilum á sér sennilega margar skýringar og er ekki ólíkleg sú skýring, að við höfum lagt of litla áherslu á ýmsa bæði betri og ódýrari þjónustu, sem gæti komið í þeirra stað, sem gæfi öldruðum kost á að dvelja lengur í heimahúsum. Önnur skýring gæti verið sú, að hinn langi vinnutími og vinnuálag hjá fjölskyldum geri það verkum að ekki gefist sá tími sem nauðsynlegur er til þess að sinna öldruðum í heimahúsum. Þá höfum við einblínt á það sem einhverja allsherjarlausn að auka elliheimilisrými, það hljóti að vera lausnin á vandanum.

En er þetta í reynd besta og hagkvæmasta lausnin — lausn sem bæði er dýr og oft í andstöðu við það sem aldraðir óska eftir sjálfir? Ég held að ef þessi mál eru skoðuð í réttu ljósi hljótum við að komast að sömu niðurstöðu og nágrannaþjóðir okkar, að forðast beri, að svo miklu leyti sem unnt er, að nota dvöl á stofnunum sem lausn á þeim fjölþætta og einstaklingsbundna vanda sem horfast þarf í augu við hvað varðar vandamál aldraðra, enda hafa ýmsar kannanir leitt í ljós að langflestir aldraðir kjósa fremur heimilishjálp og heimahjúkrun en dvöl á elliheimilum. En hvernig getum við komið á því skipulagi sem bæði tryggir hagkvæmni á ýmsum sviðum og eins að fyrir hendi sé sú þjónusta sem aldraðir helst kjósa, jafnframt því að dvöl á þeim þjónustu- og hjúkrunarheimilinu, sem við höfum yfir að ráða, nýtist sem best þeim sem helst þurfa þess með?

Ef við lítum yfir skipulag og þá þjónustuþætti við aldraða sem við höfum yfir að ráða kemur margt áhugavert í ljós sem gefur tilefni til að ætla að við getum veitt öldruðum til muna betri aðstöðu og bætta þjónustu, sem gæfi þeim kost á meira valfrelsi en þeir nú búa við. Þó ekki beri að vanmeta það sem gert hefur verið til að bæta aðbúnað aldraðra og vissulega hafi margt áunnist er enn langt í land að aldraðir búi við þá heilsugæslu og ýmsa félagslega þjónustu sem þeim er nauðsynleg. Vandamál aldraðra sjúkra eru líka oft og tíðum viðkvæm og vandmeðfarin. Þættir heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu við aldraða geta verið margvíslegir og oft mjög samofnir. Má þar nefna öldrunarþjónustu í formi skammtímainnlagnar á öldrunardeild sem í felst endurhæfing hvers konar svo og nauðsynleg lyfjameðferð, göngudeildarstarfsemi, dagspítala þar sem sjúklingar koma nokkra tíma á dag tvisvar til þrisvar í viku og fá læknisfræðilegt eftirlit og endurhæfingu, lengri sjúkrahúsvist, heimahjúkrun, heimilisþjónustu, svo og langlegudvöl auk margs konar tengdrar félagslegrar þjónustu við heilsugæslu og aðbúnað aldraðra. Slíkt samofið heilbrigðiskerfi fyrir aldraða hlýtur að krefjast góðs skipulags og samræmingar á ýmsum sviðum til að það nýtist sem best í hverju tilfelli fyrir þá sem í brýnastri þörf eru hverju sinni, og árangur í heilbrigðisþjónustu aldraðra hlýtur að fara eftir því að samtenging og samhæfing allra þátta þessarar þjónustu sé sem mest.

Augljóst er — og er það mat flestra sérfræðinga sem um þessi mál fjalla — að til þess að hér verði ráðin bót á er nauðsynlegt að koma á samræmdri skipulagningu allra þátta í þjónustu við aldraða sem við höfum yfir að ráða á sviði öldrunarlækninga, heimilisþjónustu og heimahjúkrunar og annarrar félagslegrar þjónustu við aldraða.

Hagkvæmni í rekstri og bætt þjónusta í þessum efnum

hlýtur að byggjast á samræmdu skipulagi þessara mála, þar sem til komi samstjórn allra þessara þátta. Slíkt fyrirkomulag mundi auðvelda yfirsýn yfir, hvar þörfin væri mest hverju sinni til sjúkrahúsvistunar, öldrunardeilda, heimahjúkrunar og heimilisþjónustu, auk þarfar fyrir dvalarheimili.

Segja má að heilsugæsla og þjónusta við aldraða sjúka hafi verið mjög dreifð og lítið skipulögð til þessa í öllum þáttum heilbrigðiskerfisins fyrir aldraða. T. a. m. má nefna að 75% af því vistrými, sem til er fyrir aldraða, eru á sjálfseignarstofnunum sem vinna án samvinnu við heilbrigðiskerfið eða þær félagslegu þjónustumiðstöðvar sem við höfum yfir að ráða og eru því lítið læknisfræðilega tengdar sjúkrahúskerfinu í heild, auk þess sem heimahjúkrun og heimilisþjónusta aldraðra eru einnig verulega úr tengslum við heilbrigðiskerfið.

Vandamál öldrunarsjúklinga eru líka af margvíslegum öðrum toga spunnin en vandamál yngri sjúklingahópa, og má oft leysa þau ef til væri skipulögð heimahjúkrun eða öldrunardeildir sem tækju aldraða sjúklinga til skammtímadvalar til endurhæfingar, til að viðhalda sjálfsbjargargetu sjúklingsins. Þannig væri kleift að auka möguleika aldraðra til að dveljast sem lengst í heimahúsum með því að færa eins mikinn hluta þjónustunnar inn á heimili sjúklinganna og kostur er.

Má því segja að lélegt skipulag öldrunarþjónustu kalli á mikla vistrýmisþörf, en vel skipulögð öldrunarþjónusta minnki hana og gefi aukna möguleika aldraðra til að dveljast sem lengst í heimahúsum.

Hér erum við komin að því veigamikla atriði, að við búum ekki við neina samræmingu eða skipulag á öldrunarþjónustu. Engin ákvæði kveða á um að heilsufarslegt eða félagslegt mat þurfi að liggja til grundvallar innlögn á elli- eða hjúkrunarheimili og þaðan af síður neitt heildaryfirlit yfir hvar þörf er brýnust fyrir slíkar innlagnir, heldur ráða þar tilviljunarkenndar aðferðir, þar sem þeir, sem starfa að ýmsum þáttum varðandi velferð aldraðra, starfa hver í sínu horni og þar eru oft lítil sem engin samráð eða samvinna á milli. Brýna nauðsyn ber því til að koma á samræmingu og bættu skipulagi allra þjónustuþátta við aldraða, sem byggi á heildarskipulagningu gegnum ákveðna þjónustumiðstöð eða öldrunarþjónustu, sem hefði heildaryfirsýn yfir alla þætti þjónustu við aldraða og gæti því skipulagt í hverju einstöku tilfelli hvar brýnust væri þörfin hverju sinni fyrir innlagnir á sjúkrahús eða elliheimili og hvar fullkomin heimahjúkrun og heimilisþjónusta gæti komið í stað dvalar á stofnunum. Með slíku fyrirkomulagi væri tryggt að aldraðir hefðu aðstöðu til að dvelja sem lengst í heimahúsum og heilsufarslegt og félagslegt mat væri lagt til grundvallar innlögn á elli- og hjúkrunarheimili.

Markmiðið hlýtur að vera að aldraðir geti sem lengst dvalist í heimahúsum og sínu eigin umhverfi. Slíkt er í framtíðinni hægt að tryggja með bættu skipulagi á hinum margvíslegu samofnu hlekkjum heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu við aldraða og aukinni áherslu á þá þætti sem nú eru að koma til sögunnar í þjónustu við aldraða í formi skammtímainnlagnar á öldrunardeildir, sem í felst endurhæfing og nauðsynleg lyfjameðferð, göngudeildarstarfsemi, dagspítalar, endurhæfingarmeðferð og aukið og bætt skipulag heimahjúkrunar og heimilisþjónustu. Allir þessir þættir tryggja það markmið, sem við hljótum að stefna að í framtíðinni, sem byggir á fyrirbyggjandi aðgerðum og tryggir því um leið minni vistrýmisþörf, hagkvæmni á ýmsum sviðum og það sem mest er um vert — aukið valfrelsi aldraðra og aukna möguleika á að dveljast sem lengst í heimahúsum.

Herra forseti. Þó stutt sé í að þessu þingi ljúki er það von mín, að þm. sjái hvað hér er um brýnt mál að ræða til að bæta aðbúnað aldraðra sem og að tryggja hagkvæmni og bætt skipulag og því verði afgreiðslu þessa máls hraðað þannig að það verði afgreitt nú á þessu þingi.

Ég vil svo óska eftir að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til allshn.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég styð þessa þáltill. af heilum hug og tek mjög undir allt, sem í grg. hennar segir, svo og allt sem hv. flm. sagði í framsöguræðu sinni. Satt að segja hef ég verið núna þessa dagana að hleypa af stokkunum starfshóp eða nefnd til að vinna það verk sem þáltill. gerir ráð fyrir, en auðvitað er það mikill styrkur fyrir mig og starfshópinn eða nefndina, að starfið byggist á þál. frá hinu háa Alþingi. Þáltill. er mjög góð. Að mínu mati er hún reyndar svo góð að ég hefði helst viljað nota hana svo til orðrétta í erindisbréf til starfshópsins sem ég gat um. — Ég mæli eindregið með samþykkt þessarar þáltill.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Þótt nokkuð sé liðið á kvöld get ég ekki stillt mig um að bæta nokkrum orðum við þá ágætu ræðu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti áðan.

Málefni aldraðra hafa verið töluvert til umr. í þjóðfélaginu á síðustu mánuðum og m. a. verið haldnar ráðstefnur í því sambandi. Má þar síðast og best minnast ráðstefnu sem haldin var á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir skömmu. En svo að ég snúi mér einkum að heilbrigðissviðinu í þessu máli er það aldeilis rétt, sem 1. flm. þáltill. hélt fram, að heilbrigðismál aldraðra eru mjög svo illa skipulögð og raunar öll í molum. Það er sama hvar á er litið. Öldrunarfræði sem fræðigrein í læknisfræði er ekki viðurkennd sem sérgrein við læknadeild Háskóla Íslands, þrátt fyrir að hún sé orðin viðurkennd sérgrein í fjöldamörgum háskólum í nágrannalöndum okkar, eins og t. d. á Norðurlöndum, í Bretlandi, Bandaríkjunum og víðar. Sem sérgrein í læknisfræði hefur öldrunarfræði ekki átt upp á pallborðið, og um leið drögumst við aftur úr nágrönnum okkar í þeirri fræðigrein, jafnvel þó að nokkrir læknar hafi stundað þessa grein meira og minna á undanförnum árum — ég býst við að tveir læknar íslenskir séu nú með sérfræðiréttindi í þessari grein.

Eftir að hafa hlýtt á mjög fróðleg erindi slíkra manna og af þeirri reynslu, sem ég hef haft af þessari fræðigrein allt frá því að ég fór fyrst á öldrunarspítala fyrir tæpum 20 árum, er mér ósköp vel ljóst hversu vanbúnir við erum á þessu sviði. Ég kynntist strax í upphafi, í Danmörku fyrir 19 árum, hvernig þar var málum háttað, þar sem flokkaðar voru þarfir sjúkra gamalmenna í ákveðnar deildir. Ég vissi vel af kerfi því sem bráðaspítalar höfðu í Kaupmannahöfn og um heimahjúkrun, um öldrunarspítala og hjúkrunardeildir, endurhæfingardeildir og elliheimili. En hér hefur orðið mikill misbrestur á. Elliheimili hafa að vísu verið til hér á landi, en langt fyrir neðan það sem þörf hefur verið fyrir slíkt, og rými það, sem elliheimili hafa haft til ráðstöfunar, hefur verið það lítið að dvalarheimili eða elliheimili hafa fengið mikið óorð á sig fyrir það, hvernig aðbúnaður að gamalmennum hefur verið,

einkum og sérstaklega vegna þrengsla. Þess vegna hafa elliheimili á Íslandi fengið mjög slæmt orð á sig. Ber þó ekki að skoða það þannig að þeir, sem hafa staðið að þeim málum, hafi illa unnið, heldur hefur þjóðfélagið illa að unnið og skorturinn magnast því hið opinbera hefur lítið komið til aðstoðar.

Heimahjúkrun er eiginlega fyrsti þátturinn varðandi hjúkrun á gömlu fólki, þegar fráskilinn er bráðaspítalinn. Heimahjúkrun er varla til á Íslandi annars staðar en í Reykjavík og Hafnarfirði. Mér skilst að í Hafnarfirði sé það kerfi þó komið í nokkuð fastar skorður, og það er unnið að þessu í Reykjavík að ég held nokkuð vel. Hins vegar komum við næst að langlegudeildum og hjúkrunardeildum fyrir gamalt fólk, og þar kemur allt annað upp á teningnum. Mér segja menn að það gangi afskaplega illa að koma gömlu fólki inn á bráðaspítalana hér í Reykjavík og það sé vegna þess að þeir spítalar sjái oft og tíðum ekki möguleika á því að losna við fólkið, sem þarf á áframhaldandi hjúkrun að halda, því að heimilin geti ekki tekið fólkið aftur, þegar bráðasjúkrahúsdvöl lýkur, og ekki sé í nein hús að venda. Stærstu spítalarnir á Reykjavíkursvæðinu, Landsspítalinn og Borgarspítalinn, hafa að vísu nokkra þjónustu í þessu sambandi, þar sem Borgarspítalinn er með slíka deild í Heilsuverndarstöðinni og Hafnarbúðir hafa nú nýlega tekið til starfa, en hvorugur þessara staða kemur nokkurs staðar nálægt því að fullnægja þeirri þörf sem er á þessu sviði. Grensásdeild var einu sinni hugsuð sem slík deild, en þegar til átti að taka fór hún til annarra þarfa. En ég vil engan veginn halda því fram, að sú deild sé ekki vel notuð eins og hún er notuð núna.

Landsspítalinn hefur enga langlegudeild haft. Það hefur þýtt það, að mörg af „akút - plássum" hafa beinlínis fyllst af hjúkrunarsjúklingum og gert þar af leiðandi falskan skort á „akút - plássum" á Landsspítalanum. Nú hefur nokkur lausn orðið á málefnum Landsspítalans, því að öldrunardeild Landsspítalans er komin í Hátún 10B, en þar kemur annað til mála, að hús þetta var aldrei reist í þeim tilgangi að verða eiginleg hjúkrunardeild, heldur endurhæfingardeild á allt annan hátt. Það bætir þó úr brýnni þörf og vekur menn nokkuð til umhugsunar um það, hvað við eigum mikið eftir ógert fyrir gamalt sjúkt fólk. Á elliheimilunum Grund og Hrafnistu hafa hjúkrunardeildir verið, og ber að þakka það framtak einstaklinga og þau störf öll sem þar hafa verið unnin, en þau hafa verið unnin við mjög slæman kost. Og þar kem ég aftur að þessu sama: þrengslin og starfsaðstaðan hafa verið fyrir neðan alla virðingu okkar.

Ég er mjög ánægður með það, að ég skuli hafa fengið að vera með í flutningi þessarar þáltill. Mér eru ljós þau vandamál sem þarna er við að etja. Þessi vandamál eru misslæm frá einum stað til annars í landinu. Það er mjög mikil hreyfing í landinu, mjög vaxandi áhugi manna á að leysa þessi mál. Í mínu bæjarfélagi erum við að komast á nokkuð bærilegt stig í þessu efni. Það er aðeins eitt lítið bæjarfélag, en sýnir þó hvernig við getum stefnt í rétta átt í þessum málum.

Ég er sannfærður um að það er fullur vilji hjá núverandi hæstv. heilbr.- og trmrh. til þess að gera stórt átak í þessa átt, og ég trúi því að hann og ríkisstj. öll muni sjá til þess, að í nánustu framtíð sjáum við betri tíma í þessum málum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er ljótt að heyra að við skulum fara svona illa með gamla fólkið okkar. Ég er ekki alveg viss um að þessar ljótu lýsingar, sem hafa komið fram eigi við allt landið og séu alveg hárréttar. Ég veit að við eigum í erfiðleikum, sérstaklega í Reykjavík, og það ekki að ástæðulausu. Það er, held ég, ekki bara viljaleysi. Það kemur ýmislegt þar til, t. d. að við lifum lengur en allar aðrar þjóðir í veröldinni. Afleiðingin af því er t. d. sú, að í Reykjavík, hefur 80 ára og eldri fjölgað um ca. 900 manns á síðustu 8—9 árum án þess að íbúum hafi fjölgað. Það er ósköp eðlilegt, þegar svona er, að vandamál skapist.

Ég verð að segja það, að ég held að gert hafi verið allmikið og stórt átak í því að koma til móts við þarfir aldraðra í þessu landi á undanförnum árum. Hitt er svo annað mál og það er alveg rétt, að það má deila um hvort rétt sé að farið. Það er t. d. rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að hér eru „akút - spítalar" okkar notaðir sem langlegudeildir fyrir aldraða. En þýðir það endilega að illa sé farið með aldraða og skorti þjónustu þó að sú aðferð sé notuð að nota fullkomnustu og bestu spítala landsins til vistar fyrir þá? Ég held að það sé rétt, að 30—40% sjúklinga á Reykjavíkurspítölunum einhvern ákveðinn dag ekki alls fyrir löngu hafi verið 67 ára eða eldri. Þarna er ekki um öldrunardeildir að ræða, heldur spítala sem hafa best menntuðu lækna landsins í sinni þjónustu, og ég held að það sé engin ástæða til þess að ætla að þeir sinni ekki verkefni sínu sæmilega. Fleiri en við gera þetta og kæra sig ekkert um að hafa sérstakar deildir fyrir aldraða. Það er nefnilega svo með gamla fólkið, að það vill ekki endilega láta einangra sig. Það vill gjarnan vera á sjúkradeildum sem eru ætlaðar fyrir almenning.

Síðasti ræðumaður gat nú um að í hans bæjarfélagi væri þetta eiginlega allt í lagi. Ég þekki annað bæjarfélag, sem er næststærsta bæjarfélag í landinu, Kópavog. Þar var gerð mjög rækileg könnun fyrir 1—2 árum. Þar var ekki talin þörf á umbótum, þar var þetta talið í besta lagi.

Það hefur líka komið í ljós við könnun, að aldrað fólk tekur lengur þátt í atvinnulífinu hjá okkur en nokkurs staðar annars staðar.

Það er alveg hárrétt að þjónustan er meira og minna óskipulögð. Það eru einstaklingar í þessu, það eru félög í þessu og ríkið hefur sloppið við þá ábyrgð, þ. e. a. s. það hefur oft veitt þessum félögum aðstöðu til starfa, og að mínu viti hefur þetta víðast hvar gengið vel.

Vegna þess að fólk flytur úr Reykjavík yfir í nágrannabyggðarlögin og hér verður samsöfnun á öldruðu fólki meiri en annars staðar skapast visst vandamál hérna. En hér er líka sérstök stofnun sem á að sjá um hag aldraðra. Mér er nokkuð kunnugt um það, að bæði heimahjúkrun og alls konar heimilishjálp við aldrað fólk er framkvæmd í Reykjavík. Ég kem nálægt stofnun þar sem eru á fjórða hundrað aldraðir í sínum íbúðum, og ég veit ekki betur en hvenær sem kallað er á sé heimilishjálpin í Reykjavík reiðubúin. Sama er að segja um heimilishjúkrun. Það má þó vel vera að við þurfum víðar að líta til og bæta um, og það er reyndar að ske. T. d. hefur það skeð á undanförnum árum að byggð eru hundruð íbúða ætlaðar öldruðum, og það er, eftir því sem mér heyrðist hæstv. heilbr.- og trmrh. segja frá í dag, verið að byrja á allmörgum íbúðum í ár fyrir aldraða og lána til þess fé.

Ein af þeim breytingum, sem orðið hafa í þessu landi á

síðustu árum, er að hverfa frá stórelliheimilum og stefna að því að fólkið geti búið á heimilum sínum lengur en áður var, og þá er líka hægara að veita því ýmsa félagslega þjónustu. Hins vegar vitum við að bæði lækningum og aðbúð eru takmörk sett, og mér er kunnugt um að í Reykjavík er mikill vandi vissra aðila sem ekki komast á sjúkrahús.

Ég vildi sérstaklega taka það fram, að heilbrigðisþjónusta við aldraða hér fer fram á annan hátt en sums staðar annars staðar. Hún fer ekki fram á sérstökum öldrunardeildum nema að litlu leyti, — hún fer fram, eins og síðasti ræðumaður tók fram, að verulegu leyti á „akútspítölunum" okkar þar sem besta starfsfólkið í landinu er, þar sem fullkomnustu læknarnir eru og þar sem best þjónusta er veitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 73. fundur.

Miðvikudaginn 28. mars, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 484). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að geyma það örlítið að flytja framsögu um þetta mál og forseti gaf mér vissulega kost á því, en hér eru mál á dagskrá, sem hæstv. ráðh. eiga að mæla fyrir náttúrlega miklu merkari en það mál sem hér er um að ræða. En til þess að reyna að bjarga heiðri hv. d. þannig að hún hafi eitthvað við að vera í dag er rétt að ég fari út í það að mæla fyrir þessu máli og í trausti þess að hæstv. ráðh. séu að vinna þjóðþrifaverk, eins og þeirra er von og vísa, sem réttilega var bent á.

Ég hef leyft mér á þskj. 484 að flytja ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Efni frv. er í raun og veru það, að Húsnæðismálastofnun ríkisins skuli starfrækja útibú frá stofnuninni í öllum kjördæmum landsins utan Reykjaneskjördæmis, en við höfum ekki séð ástæðu til þess vegna nálægðar þess við höfuðstofnunina að leggja til útibú þar. Það er hugmynd okkar að útibú þessi veiti alla sömu þjónustu og stofnunin sjálf veitir hvað snertir upplýsingar, teikningar og hvers konar fyrirgreiðslu. Það er einnig ætlun okkar, að þau taki við umsóknum hvert af sínu svæði, yfirfari þær og afgreiði í samræmi við yfirstjórn stofnunarinnar, annist þá þætti, sem lúta að byggingu verkamannabústaða og leigu íbúða sveitarfélaga á starfssvæði sínu, svo og aðra þá þætti félagslegra framkvæmda er til greina koma, enda hljóti þeir samþykki yfirstjórnar stofnunarinnar. Útibúin skulu hafa nána samvinnu við skipulagsskrifstofur landshlutanna eða þjónustumiðstöðvar er þeim verður komið á. Afgreiðsla og útborgun lána skal fara fram í samvinnu við útibú Landsbankans á hverju svæði eða útibú annars ríkisbanka, en Landsbankinn er tekinn hér sérstaklega út úr vegna þess að veðdeild Landsbankans sér um þessi útlán öll í dag, og bankaútibúin skulu ganga frá öllum skilmálum og veðtryggingum. Húsnæðismálastofnun ríkisins sér útibúunum fyrir nægilegu fé til afgreiðslu umsókna hverju sinni með tilliti til heildarútlána stofnunarinnar.

Í grg. frv. er það rakið, að þetta frv. sé flutt í fjórða sinn. Í þriðja skiptið sem það var flutt var því vísað til hæstv. þáv. ríkisstj. með mjög jákvæðri umsögn, sem ekki var síst að þakka jákvæðum vilja hæstv. forseta þessarar d., sem taldi um að ræða hið markverðasta mál, sem hann vildi láta skoða gaumgæfilega í tengslum við þá endurskoðun á húsnæðismálastjórnarlögunum sem þá var í undirbúningi.

Nú veit ég að fram hefur farið mjög náin athugun á öllu kerfi Húsnæðismálastofnunar ríkisins eða Byggingarsjóðs ríkisins og ég veit að frv.-drög eða nál. þar að lútandi hafa verið á borði félmrh. um nokkurt skeið, þar sem ýmsir hagsmunaaðilar, verkalýðssamtök o. fl. áttu fulltrúa í þeirri nefnd. Mér er kunnugt að nokkru um niðurstöður þær sem þar liggja fyrir. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða, að þar sé ekki komið inn á það tiltekna atriði, sem hér er á minnst, í sambandi við þessi útibú. Nú má auðvitað starfrækja útibú þessi með ýmsum hætti eða framkvæma þetta með ýmsum hætti. Við bendum á það í grg. að ný byggingarlög auðveldi þessa skipan um margt og þá kannske jafnvel aðra skipan en hér er lögð fyrir, með einu útibúi í hverju kjördæmi.

Með hinum nýju byggingarlögum var komið miklu fastari skipan á starf byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúarnir annast vissulega mikilsverða þjónustu á hinum ýmsu stöðum, þó hvergi nærri þá sem við flm. vildum að þeir hefðu. Ég fagna því líka, að síðan þetta frv. var flutt hefur samvinna milli Húsnæðismálastofnunar ríkisins og hinna ýmsu byggingarfulltrúa orðið miklu meiri. Ég benti einmitt þá í framsögu fyrir sams konar frv. á það, að fræðsla byggingarfulltrúa þyrfti að stórbatna, og það hefur hún svo sannarlega gert. Húsnæðismálastofnunin hefur gengist fyrir námskeiðum og gert verulegt átak í þeim efnum að efla bæði samskiptin og almenna fræðslu fyrir þá byggingarfulltrúa — sem ég tel alvörubyggingarfulltrúa — sem starfa sem slíkir í fullu starfi, og með nýjum byggingarlögum mun þessum alvörubyggingarfulltrúum, sem ég kalla svo, sem eru í fullu starfi, fjölga og þeir munu taka að sér enn viðameiri verkefni þegar hin nýju byggingarlög verða komin að fullu til framkvæmda.

Það er að vísu alveg rétt, að þegar kemur að spurningunni um útibú í hverjum landshluta hafa æðioft komið upp þær spurningar frá íbúum í kjördæmunum, á hvern hátt auðveldara væri að sækja þjónustu til þessara útibúa en jafnvel til Reykjavíkur. Það hefur því miður ærið oft komið sú spurning. Ég segi þetta vegna þess að þegar frv. var flutt komu upp einmitt í hv. þd. miklar efasemdir um gagnsemi þessara útibúa, vegna þess að sums staðar væri samgöngum þannig háttað innan kjördæmanna — og kemur það inn á till. sem var mjög til umr. í gærkvöld og langar umr. urðu um, varanlega vegagerð m. a. og samgöngumál almennt þá um leið. Þá kom það mjög til umr. hvort samgöngur innan kjördæma væru þá slíkar og svo vel fyrir þeim séð og greið samskipti meðal íbúanna að kannske væri, þegar á allt væri litið, auðveldara að sækja beint til Reykjavíkur. Þetta hefur raunar verið viðkvæðið í sambandi við hvaðeina af hinni opinberu þjónustu sem hefur átt að flytja út á landsbyggðina, og þarf ekki að rekja um það frekari dæmi.

Við flm. erum vitanlega alveg á gagnstæðri skoðun. Úr þessum samskiptaörðugleikum, sem vissulega eru fyrir hendi, þarf hreinlega að bæta. Það verður auðvitað ekki

gert með öðrum hætti en að auðvelda samgöngur innan kjördæmanna og miða ekki samgöngukerfi okkar allt við það hvernig er að komast til og frá Reykjvík, eins og raunin hefur orðið á um samgöngumál okkar í heild allt of lengi.

Ég varð var við það, þegar þetta frv. kom á dagskrá, að frá landshlutasamtökum sveitarfélaga, sem eru hinir virku aðilar sveitarfélaganna úti um landið, komu ákveðnar samþykktir og áskoranir um að þetta frv. yrði samþykkt og því komið á með einhverjum hætti. Raunar var kveikjan að þessu frv. upphaflega komin frá mikilli ráðstefnu sem Húsnæðismálastofnun ríkisins ásamt Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi gekkst fyrir austur á Hallormsstað, þar sem í raun og veru varð sú niðurstaða helst að skora á Húsnæðismálastofnun ríkisins að stofna slík útibú úti um landið eða þá, eins og þar kom einnig til álita, að fela bankaútibúunum ásamt byggingarfulltrúum afgreiðslu á þessum málum. Ég bendi á það, að síðan hafa sveitarfélögin mjög haft það á dagskrá að koma upp svokölluðum þjónustumiðstöðvum þar sem t. d. húsnæðismálaþátturinn yrði einn af forgangsþáttum.

Ég lofaði því í grg. að vitna sérstaklega til ítarlegra hugmynda, þeirra sem Logi Kristjánsson bæjarstjóri á Neskaupstað hefur sett fram um þetta efni, en ástæðan til þess að ég hikaði svolítið við að hafa framsögu fyrir málinu nú, var sú, að ég hef ekki undir höndum þær ágætu hugmyndir, sem hafa verið reifaðar hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og ætla ekki að fara að lýsa þeim hér, svo að ég fari ekki með rangt mál, því að mörgum þykir sem nógu oft sé farið með rangt mál hér á Alþ. þó að ekki sé farið beinlínis að gera það að leik á þann hátt.

Í núgildandi lögum er kveðið þannig á, að allt veðlánakerfið skuli starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbankans. Þess vegna er verið að leggja það til varðandi afgreiðslu lána, að útibú Landsbankans eða útibú annars ríkisbanka sjái um þennan þátt mála undir yfirstjórn veðdeildar Landsbankans í Reykjavík, sem hlýtur áfram að verða yfirstjórnaraðili hvað snertir afgreiðsluna, eins og við leggjum reyndar til að yfirstjórn Byggingarsjóðs ríkisins eða Húsnæðismálastofnunar ríkisins hafi áfram með alla yfirstjórn þessara mála að gera.

Ég þarf ekkert að tíunda það fyrir mönnum, a. m. k. ekki þeim sem eitthvað þekkja til erfiðleika húsbyggjenda á landsbyggðinni, að það getur verið dýrt, erfitt og seinlegt að sækja þjónustu til þessarar annars ágætu stofnunar í Reykjavík. Hér er um geysilega mikið vottorða-fargan að ræða t. d., og ég dreg ekkert úr því, að þar þykir mér seilst langt um of í mörgum tilfellum, en þetta stafar líka af því að þeir, sem starfa að þessu í stofnuninni í Reykjavík, eru náttúrlega ókunnir með öllu því ástandi sem er í hinum einstöku þáttum, eða a. m. k. mjög ókunnugir öllum staðháttum, og vita ekki eins glögg deili á vanda manna og þeir menn gera sem mundu standa fyrir útibúum af þessu tagi, eins og t. d. byggingarfulltrúarnir gera út á landi. Hins vegar kemur auðvitað alltaf að því að við stönsum við það, hvað yfirstjórn stofnunarinnar í Reykjavík eigi að hafa mikið vald og hvað útibúin eigi að hafa mikið vald. Það er fjarri okkur flm. að ætla þessum útibúum að vera hreinar afgreiðslustofnanir frá höfuðstöðvunum og taka aðeins við því sem þeim er það an rétt. Við teljum hins vegar óhjákvæmilegt að um vissa samræmingu sé að ræða hjá yfirstjórninni um þá einstöku málaflokka, sem veitt er til hverju sinni, og að yfirstjórnin sjái til þess að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi hjá hinum einstöku útibúum. En við erum líka ákveðnir í því, að þessum útibúum sé fyllilega treyst til þess að ganga frá og afgreiða þær umsóknir sem til þeirra berast, og þá gildir einu hvort þar er um að ræða hinn einstaka húsbyggjanda eða t. d. sveitarfélögin, sem þurfa að vinna að sínum félagslega þætti, eða stjórnir verkamannabústaða eða byggingarsamvinnufélaga, svo að einhver dæmi séu tekin, — þau geti alfarið átt viðskipti við þessi útibú og þurfi ekki til annarra að leita nema þá í sérstökum vandatilfellum.

Ég er líka viss um að ef við færum að forma þetta frekar en hér er gert mundi ég að sjálfsögðu leggja til að sveitarfélögin, sem eru afgerandi aðili í þessum málum, fengju hlutdeild í yfirstjórn þessara útibúa. Það þykir okkur vitanlega sjálfsagt, og þar sem landshlutasamtökin eru nú orðin svo heildstæðar einingar sem þær eru í dag er auðvitað eðlilegast að fela þeim að sjá um hluta af yfirstjórn þessara stofnana í samráði við stjórnir byggingarfélaga verkamanna og annarra, sem þau reyndar tengjast einnig.

Við munum ekki reikna með neinu bákni í kringum þetta. Við höfum einmitt reiknað með því, að í einstaka tilfellum mætti jafnvel útfæra starf ákveðins byggingarfulltrúa að hluta til með einhverju viðbótarstarfsliði, og við drögum ekkert úr því að fólki, sem yfirfer alla þá pappíra í Reykjavík sem því eru sendir, mætti þá gjarnan fækka í leiðinni. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að heildaraukning starfsfólks af þessum ástæðum, sem hér er verið að leggja til, yrði ekki mikil ef rétt væri að staðið, ég tala nú ekki um ef sveitarfélögin tækju myndarlega á þessu máli, sem ég efast ekki um að þau mundu gera ef þau fengju til þess tækifæri.

Við leggjum sem sagt áherslu á að þarna er um ýmis vandaatriði að ræða. Þetta mál þarf vissulega góða skoðun. Ég harma það þess vegna að sú nefnd, sem hefur haft húsnæðismálin í heild til athugunar, skuli lítið sem ekki, — ég vil ekki segja ekkert, en lítið sem ekki hafa sinnt þessum þætti, heldur verið að fara næstum alfarið ofan í hina ýmsu þætti byggingarmála og hvernig þeim mætti skipa með öðrum hætti. Auðvitað er það eðlilegast, eins og við bendum á, að ef þessum þjónustumiðstöðvum verður komið á, hvernig sem þeim verður komið á, — það eru ýmsar hugmyndir til um skipulag þeirra, — þá verði þessar afgreiðslur í tengslum við þær eða þá þær skipulags- og verkfræðiskrifstofur sem er vonandi að landshlutasamtökunum auðnist að koma á fyrr en síðar.

Ég ætla ekki að hafa öllu lengri framsögu fyrir máli þessu. Ég þarf ekki að rekja það, hverjar kröfur koma frá landsbyggðinni, eðlilegar og réttlátar, um að aukin þjónusta verði færð til þeirra og miðstýringu frá höfuðborginni linni eins mikið og unnt er. Ég veit að ekki síst brenna húsnæðismálin þarna á fólki. Fyrst og fremst eru þau auðvitað þess eðlis að þau snerta hvern einasta mann meira og minna, og ekki síður er þetta hagsmunamál sveitarfélaganna. Ég harma því líka að sú athugun eða sú umsögn, sem fór frá Ed. á sínum tíma, mjög jákvæð, sem hæstv. forseti Ed. mælti mjög myndarlega fyrir og lagði áherslu á við ríkisstj. sína á þeim tíma, skuli ekki hafa fengið aðra afgreiðslu en þá sem ég var að lýsa áðan. En ég veit að hæstv. forseti d. er enn þá í þeirri ágætu nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, og ég efast ekki um að

hann taki þar á því ásamt öðrum nm. af þeirri sanngirni sem honum er lagin.

Ég held að hér mætti hafa um langt mál fyrir höndum okkar flm., en ég veit líka að nú munu ráðh. komnir hér til húsa og þar af leiðir að störf d. geta haldið áfram í eðlilegum farvegi. En ég ítreka að þetta er okkur mikið alvörumál varðandi þennan þátt þjónustunnar við landsbyggðina og við trúum ekki öðru en á því verði tekið þannig að einhver breyting verði á, að menn þurfi ekki að sækja alla hluti til Reykjavíkur varðandi húsnæðismál eins og þeir gera raunar í dag. Þó ég dragi ekkert úr því aukna verkefni, sem byggingarfulltrúarnir hafa fengið, eru þeir samt algerlega háðir þessari stofnun hér og því skrifstofu-„apparati" sem er í Reykjavík í kringum hana. Sama er að segja um sveitarfélögin, byggingarsamvinnufélögin, byggingarfélög verkamanna, þau eru allt of háð þessu í dag og heimaaðilar ráða sáralítið ferðinni, því miður.

Ég vil svo leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Hér er hreyft ágætu máli sem ég er sammála frsm. um að þurfi að skoða vel og vandlega. En ég vil líka taka undir það, að þetta er aðeins einn þátturinn af mörgum fleiri sem heyra undir sömu meðferð.

Það hefur verið lengi stefna og draumur þeirra, sem hafa verið að vinna að sveitarstjórnarmálum almennt í landinu á undanförnum árum, að þetta mál ásamt fleiri fengi framgang. Þeir, sem eru nú í forustu fyrir samtökum sveitarfélaga í landinu, hafa verið undanfarið að undirbúa það, að sett yrði samræmd löggjöf sem sameinaði vissa þjónustuþætti úti um landsbyggðina. Það eru, eins og hv. frsm. kom inn á, í athugun ýmis ný lög, endurbætt lög, eins og nýju byggingarlögin t. d., lögin um fasteignamat ríkisins o. s. frv. Þetta eru allt saman þættir sem koma mjög við landsbyggðina og það skipulag sem þar er í sambandi við þessi mál.

Við höfum látið okkur dreyma um það, að hægt yrði að koma nýrri skipan á þessi mál og setja upp stofnanir í hverjum landshluta sem sameinuðu t. d. verkfræðiþjónustu, skipulagsmálin almennt, húsnæðismálin og Fasteignamat ríkisins, svo að eitthvað sé nefnt. Þetta er eitt af því sem hefur verið talað mjög sterklega um undanfarið að væri eðlilegt að sé hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga, að þau hefðu forustu um að móta þessa þjónustu undir sama þaki.

Það dregur enginn í efa nauðsyn þess, að þessi þjónusta komi úti um land. Ég get vel tekið undir það, sem kom fram hjá hv. frsm., t. d. um húsnæðismálin almennt. Það er erfitt oft og tíðum að þurfa að leita með alla hluti til einnar skrifstofu í Reykjavík. En það er ekki þessi þáttur sem er erfiðastur, því að satt að segja hefur skipulag Húsnæðismálastofnunarinnar mjög farið batnandi á undanförnum árum, þannig að lántökumálin út af fyrir sig eru ekki eins mikið vandamál núna og áður var. Það, sem er stærra vandamál, er tæknilegi undirbúningurinn og allt sem því fylgir, sem margir, sem standa að þessum málum úti um landið, eiga í miklum erfiðleikum með, því að sá þáttur í starfsemi Húsnæðismálastofnunar ríkisins hefur farið minnkandi. Hún ætlaði sér það hlutverk og hafði það hlutverk í raun og veru að gera átak í því að hægt væri að framleiða og byggja ódýr hús og þar væri greiður aðgangur allra byggjenda á því sviði. Við fórum myndarlega af stað með þetta, en þessum þjónustuþætti hefur hnignað að mínu mati. Hins vegar hefur verið tekinn upp nýr þáttur í starfsemi Húsnæðismálastofnunarinnar, sem hv. frsm. kom inn á, að hún hefur gert meira að því að taka þátt í fundarhöldum og ráðstefnum á vegum sveitarstjórna víðs vegar um landið. Þessi þáttur starfseminnar hefur farið vaxandi og skilað góðum árangri, verið upplýsandi og orðið til þess að bæði verktakar, byggingarmenn, sveitarstjórnarmenn og aðrir hafa fengið betri yfirsýn yfir hlutverk stofnunarinnar og hvers sé hægt að vænta af starfi hennar, og er það vel.

Yfirleitt er sú stefnan hjá sveitarfélögum nú að efla hlutverk byggingarfulltrúanna, og í nýju byggingarlöggjöfinni, þegar hún verður endanlega sett, er hlutverk byggingarfulltrúa mjög aukið. Hafa stærri sveitarfélögin á síðari árum ráðið til sín tæknimenntaða menn, tæknifræðinga, til þess að starfa á þessu sviði mála í hverju sveitarfélagi um sig. Þessi þróun eykur m. a. raunverulega þörfina á því að setja upp samræmda þjónustustofnun í hverjum landshluta þar sem, eins og ég tók fram áður, væri hægt að sameina í eitt þessa höfuðþætti sem eru ákaflega mikilvægir fyrir uppbyggingu landsbyggðarinnar í heild.

Ég held þess vegna að það sé mjög nauðsynlegt að þegar till. þessi kemur til n. verði skoðað vandlega hvort ekki sé möguleiki á því að taka inn í þetta frv. eða a. m. k. í framhaldi af því það sem ég nefndi að sveitarfélögin eru að vinna að: að samræma þessa þjónustustarfsemi miðað við það að færa hana út á land í auknum mæli. Og þó hv. frsm. hafi ekki verið með þá grg. eða þær hugmyndir bæjarstjórans á Neskaupstað, sem hann vitnar til, er þetta mál sem hefur verið til umr. í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um langt skeið. Einmitt í sambandi við byggingarlöggjöfina höfum við verið að undirbúa að koma af stað hugmyndum um að setja löggjöf um þessi efni.

Ég er samþykkur efni þessa frv., en ég bendi á að það fjallar aðeins um einn þáttinn af mörgum sem þarf að taka til ítarlegrar skoðunar til þess að auka og efla þá alhliða þjónustu sem við þurfum að fá úti um landið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við að bæta ágæta framsöguræðu hv. þm. Helga Seljans fyrra flm. frv., sem síðan var aukin með ágætri ræðu hv. þm. Alexanders Stefánssonar varðandi það mál sem hér liggur fyrir.

Það er auðvitað mála sannast, að hér er um að ræða eitt af mörgum þeim málum er varða nauðsynlega og sjálfsagða dreifingu framkvæmdavalds og þjónustu frá Reykjavík út til byggðanna. Við höfum vænst þess, að að lokinni mikilli vinnu, sem liggur að baki skýrslu sem skilað var um dreifingu stofnana frá Reykjavík út um landsbyggðina, yrði eitthvað gert raunhæft í því máli og mætti ætla að auðnist núv. ríkisstj. lífdagar fram yfir langaföstu, að maður tali nú ekki um upprisu, þá væri hér eitt af þeim verkefnum sem eðlilegt væri að taka inn í endurnýjaðan samstarfssamning þeirra stjórnmálaflokka sem standa að ríkisstj., ef til slíks kæmi.

Ég tek sérstaklega undir það sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði um nauðsyn þess að koma upp stofnunum, sem annast þjónustu á sviði byggingar- og skipulagsmálanna yfirleitt, og ekki þá síst að færa stjórn skipulagsmálanna út í byggðarlögin, út í kjördæmin, eða fjórðungana vildi ég nú heldur nefna í þessu sambandi.

Það hefur verið athyglisvert síðustu áratugina, þó eitthvað kunni að hafa slotað þar hin allra síðustu árin, með hvaða hætti byggðirnar okkar úti um land hafa verið skipulagðar héðan að sunnan, að því er maður gæti haldið með þeim hætti að arkitekt í Reykjavík hafi sest niður og teiknað nýja litla Reykjavík á byggingarflöt úti á landi án tillits til félagslegra aðstæðna, landslags eða annarra aðstæðna sem að byggð lúta.

Ég geri ráð fyrir því, að haldið verði áfram að vinna af einurð að framgangi þessara mála af hálfu landshlutasamtakanna, en tel nauðsynlegt að þeir hv. þm., sem eru þeirrar skoðunar að eðlileg dreifing valds út frá Reykjavík með þessum hætti nái fram að ganga, standi að þingmálum af þessu tagi, og hefur raunar stundum hvarflað að mér hvort nokkuð mælti gegn því að dreifbýlisþm. kæmu á með sér sérstöku samstarfi af þessu tagi, sem gæti þá kannske gengið og hlyti þá að vísu þess vegna að ganga þvert á stjórnmálaflokkana, — hvort það væri nokkuð athugavert við það að mynda þess konar samtök málum sem þessum til framgangs.

Enda þótt það mál, sem við fjöllum hér um, varði sérstaklega og nær eingöngu Húsnæðismálastofnun ríkisins og dreifingu á starfsemi hennar út um landið, liggur í augum uppi að við hljótum að miða að því að á sama hátt verði yfirstjórn menntamála og fræðslukerfið leyst upp í landshlutaeiningar langt umfram það sem nú er. Hið sama lýtur að heilbrigðismálunum.

Ég vil eins og hv. þm. Helgi Seljan vitna til umr. í gær varðandi samgöngumálin, vegamálin, og minna á skýrslu, sem skilað var til samgrn., að því er mig minnir 1965 — skýrslu danskra hagfræðinga sem höfðu sérhæft sig í samgöngumálum og voru fengnir til þess að gera hagkvæmnisúttekt á vegakerfi landsins, sem leggja skyldi síðan til grundvallar við vegagerðaráætlanir í framtíðinni. Þetta voru þrír danskir hagfræðingar, sem fengnir voru til verksins, sérfræðingar sem, ef mig minnir rétt, unnu verkið á tveimur mánuðum og tóku 90 þús. dollara fyrir verkið. Þetta þóttu ágætlega unnar skýrslur og var ekkert út á það að setja að þessir sérhæfðu menn væru fengnir til verksins. En það var niðurstaðan, hin „háteknokratíska" niðurstaða sem þeir komust að, sem enn þá brennur mér í minni. Þeir komust nefnilega að þeirri niðurstöðu, að það mundi aldrei borga sig að leggja vandaða vegi eða vegi umfram þá sem þá voru fyrir á Austfjörðum eða Norðausturlandi, vegna þess, eins og komist var að orði í skýrslunni, að þar yrði aldrei lifað menningarlífi hvort sem væri. Þegar við fréttamenn spurðum þá hvað þeir ættu nánar tiltekið við með „menningarlíf", þá svöruðu þeir að þeir ættu við hámenningu, svo sem „teater" og „musik", og miklu hagstæðara væri að flytja — þá veiddist enn þá síld fyrir austan og norðaustan — síldina og annan fisk til söltunar og vinnslu í Reykjavík en hafa fólkið þarna fyrir austan í svo menningarsnauðum verstöðvum.

Ég er alveg ugglaus um að Íslendingar mega vera þakklátir Reykjavík, þessu samfélagi við Faxaflóa, fyrir að hafa hýst svo lengi ýmsar þær stofnanir sem nú er aftur á móti orðið nauðsynlegt og fjárhagslega og félagslega hagkvæmt að reisa upp og dreifa út um landsbyggðina. Við höfum efnahagslega bolmagn til ýmissa hluta nú sem við fyrrum höfðum ekki bolmagn til, og það eru komin upp ný stjórnunarleg og pólitísk viðhorf sem lúta að því að treysta efnahagslegt, félagslegt og menningarlegt sjálfstæði landshlutanna umfram það sem áður var. Með þessari hugsun er ekki átt við það, að við eigum að þrengja að höfuðstað landsins á nokkurn handa máta, enda heyrist mér tíðum á forsvarsmönnum hans að mikill léttir væri þessu samfélagi að því, að það yrði losað við ýmsar af þeim þjónustu- og stjórnunarstofnunum sem hér eru nú fyrir landið allt eða a. m. k. létt á þessum stofnunum og þar með á Reykjavík.

Hér er um að ræða eitt hinna brýnu verkefna, þar sem er dreifing á starfsemi Húsnæðismálastofnunar ríkisins út til landshlutanna. Það eru fleiri brýn verkefni í þessa átt. Ég vænti þess, að frv. þetta til l. um breytingu á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins hljóti samþykkt á hv. Alþ. og megi verða eitt skrefið í þá átt sem við eigum að sækja í á þessu sviði.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er hreyft athyglisverðu og merkilegu máli.

Ég vil taka það fram, að ég er samþykkur þeim meginsjónarmiðum, sem fram hafa komið í máli frsm. og þeirra hv. þm. annarra, sem hafa talað í þessu máli. Það er rétt, sem fram hefur komið, að það, sem þetta frv. fjallar um, er hluti af stærra máli. Það má segja að það sé á tvennan hátt hluti af stærra máli.

Í fyrsta lagi er það hluti af húsnæðismálunum og starfsemi húsnæðismálastjórnar. Þar eru margir aðrir veigamiklir þættir og þar með talið, sem eru veigamestu þættir húsnæðismálanna, hið almenna skipulag þessara mála og er fjáröflunin til húsnæðismála. Ég ætla ekki að fara að ræða það sérstaklega hér, en það hefur líka komið fram í máli annarra ræðumanna að þetta er hluti af því heildarvandamáli sem húsnæðismálin eru.

En þetta er einnig hluti af öðru máli, sem er að efla þátttöku fólksins úti á landsbyggðinni í meðferð og stjórn eigin mála. Og á vissan hátt er það ekki þýðingarminna en húsnæðismálin í sjálfu sér, þó að þau verði aldrei ofmetin. Það er út frá þessu sjónarmiði sem ég vil leggja áherslu á að þetta mál er bæði athyglisvert og þýðingarmikið.

Hv. frsm. vék að meðferð þessa máls áður í hv. d. Þetta er, eins og hann tók fram, í fjórða sinn sem frv. þetta er flutt. Félmn. þessarar hv. d., eins og hv. fyrri flm. tók fram, lagði til að mál þetta yrði tekið til meðferðar við almenna endurskoðun á húsnæðislöggjöfinni. Hann lýsti vonbrigðum sínum um það, að minna hefði orðið úr því en efni stóðu til. En ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að þegar hv. félmn. þessarar d. vísaði máli þessu til endurskoðunarnefndarinnar, sem þá var að störfum, endurskoðunarnefndar um húsnæðismálalöggjöfina, var gert ráð fyrir að sú nefndin lyki störfum og lagt mundi verða fram frv. á Alþ. um þetta mál, sem fjallaði um heildarendurskoðun húsnæðislöggjafarinnar. Það var ekki gert. Þessi nefnd hafði ekki lokið störfum. Ég vil þó leyfa mér að vona að þar hafi ekki verið nein sérstök andstaða eða óvilji í garð þess málefnis, sem þetta frv. fjallar um, þó að þessi hafi reyndin orðið. Og ég vil taka það fram, að með þessum orðum er ég ekki að kasta rýrð á eða ásaka einn eða neinn fyrir það, að heildarendurskoðun húsnæðislöggjafarinnar hafi ekki verið lokið eða framkvæmd á síðustu árum. Ég minni á að slík endurskoðun og grundvallarbreytingar á húsnæðislöggjöfinni höfðu verið gerðar fyrr á þeim áratug sem er að líða. Það er skoðun mín að einmitt vegna þess að svo var ástatt hafi dregið úr því verki að fara að framkvæma aðra heildarendurskoðun á þessari löggjöf eftir svo tiltölulega

skamman tíma. En tíminn líður og að því kemur að það er eðlilegt og nauðsynlegt að ljúka þessari endurskoðun.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh. lýst yfir að lögð verði áhersla á þessa endurskoðun, og gera má ráð fyrir að frv. um þetta efni muni sjá dagsins ljós á Alþingi. Ég vil leyfa mér að vona að áður en því verki er lokið að endurskoða húsnæðislöggjöfina verði þetta mál tekið til ítarlegrar meðferðar. Mér sýnist að það væru ekki óeðlileg vinnubrögð að málinu yrði þá enn á ný vísað til þessarar endurskoðunarnefndar. A. m. k. ætti það ekki að tefja málið mikið, ef má gera ráð fyrir að þeir menn, sem nú fjalla um þessa endurskoðun, ljúki verki sínu innan skamms, eins og mér skilst að verði.

Í þessu sambandi kom hv. 4. þm. Norðurl. e. inn á ýmis alvörumál. Hann lét orð falla um að það mætti kannske gera ráð fyrir því eða ekki útiloka þann möguleika, að hæstv. núv. ríkisstj. gæfi upp öndina, en þó mundi geta orðið um upprisu að ræða. Ég vil aðeins benda á að ekki er alveg víst, þó að það séu dæmi til þess að upprisa hafi fylgt dauða, að slíkt kraftaverk gerist alltaf. — En við skulum samt ekki örvænta um framgang þessa máls, vegna þess að þetta er gott mál og þetta er í anda þeirrar stefnu, sem minn flokkur ber sérstaklega fyrir brjósti, þ. e. dreifingu valdsins. Þetta mál horfir því að því leyti einnig í rétta átt.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég á það erindi hingað nú, að mig langaði til að vekja athygli á einu ákvæði húsnæðismálastjórnarlaga sem þörf er á að vekja athygli á og ég held að gæti haft svolitla þýðingu einmitt varðandi það atriði sem til umræðu er.

Það hefur verið skrifað allmikið um það að undanförnu hve erfitt væri fyrir aldraða, sem búa í sínum gömlu íbúðum, að greiða hinn mikla olíukostnað sem er við upphitun húsa. Fyrir allmörgum árum var sú breyting gerð á húsnæðismálastjórnarlögunum, að heimilað var að lána til endurbóta og viðhalds á íbúðum fyrir öryrkja og aldraða. En þannig er með þetta ákvæði, að í raun og veru er hvergi á það minnst. Þegar hæstv. heilbr.- og félmrh. var að gefa skýrslu um störf Húsnæðismálastofnunar ríkisins í gær í hv. Sþ. man ég ekki til að hann hefði orð á því að þessi ákvæði væru yfirleitt hagnýtt. Ég held að ef umrædd stofnun hefði útibú úti um landið væri af eðlilegum ástæðum meira upplýsingastreymi til íbúanna, til sveitarstjórnanna, og þá væru a. m. k. líkur til þess að þar sem skórinn kreppir, þar sem verulegir örðugleikar skapast vegna þess t. d. að íbúðir eru illa einangraðar, vegna þess að tvöfalt gler er ekki í gluggum, mundi það upplýsast fljótt að hægt væri að ráða bót á slíku með því að fá lán hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Það var aðeins þetta sem ég vildi vekja athygli á.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hv. ræðumönnum fyrir góðan stuðning við mál þetta, sem ég átti reyndar fyllilega von á að fengist.

Ég er alveg sammála því, að hér er um hluta af stærra máli að ræða. Til þess er einnig vísað í frvgr., en lengra var vitanlega ekki hægt að ganga, þar sem um frv. er að ræða um tiltekna stofnun, en að vísa í skipulags- og verkfræðiskrifstofur annars vegar og þjónustumiðstöðvarnar hins vegar. Ég er fyllilega sammála hv. þm. Alexander Stefánssyni, að hér mætti sannarlega auka við, en bendi á að frv.-forminu þyrfti auðvitað að breyta nokkuð vegna þess að það snertir þessa tilteknu stofnun.

Hins vegar finnst mér slíkt sjálfsagt, enda höfum við oft komið inn á það mál áður. Ég hafði það einnig í huga, að e. t. v. væri rétt að flytja þáltill. varðandi þetta atriði og tengja það þá fleiri atriðum sem hann réttilega kom hér inn á. En reynsla okkar af þáltill. er sú, að það er heppilegra og vænlegra til árangurs að flytja mál í frv.-formi og reyna þá að ná fram því sem unnt er með þeim breytingum sem nefndum þykja eðlilegastar.

Það er alveg rétt, sem kom fram í máli hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, að afgreiðsla félmn. á sínum tíma var miðuð við að þetta mál fengi jákvæða meðferð í þeirri endurskoðun sem þá fór fram. Þeirri endurskoðun er að vísu lokið að þeim hluta til sem sú nefnd, sem þá var að störfum, vann að. Hún skilaði tveimur álitum, menn urðu þar ekki alveg sammála, en hún mun hafa bundið verksvið sitt í raun og veru algerlega við hina ýmsu þætti Byggingarsjóðs ríkisins og meðferð þeirra mála og ekki tekið þetta svið beinlínis fyrir, eins og þó var fyrir mælt á sínum tíma. Hins vegar er það staðreynd, að hin mikla og öra þróun í byggingarmálum hér kallar vitanlega á stöðuga endurskoðun. Það er auðvitað spurning, eins og hv. þm. varpaði fram, hvort ætti að vera um heildarendurskoðun að ræða, en a. m. k. endurskoðun sem tæki til þeirra atriða sem breyttir tímar kölluðu beinlínis á.

Ég vil alveg sérstaklega taka undir með síðasta hv. ræðumanni, Oddi Ólafssyni, um upplýsingastreymið, sem ég er ekki í nokkrum vafa um að mundi aukast með útibúum. Það er svo í fjöldamörgum tilfellum, — þar á ég við tryggingalöggjöf okkar alveg sérstaklega og eins snertir það t. d. hópa sem um margt eiga erfiða aðstöðu, — að fólkið hefur hreinlega enga hugmynd um rétt sinn. Ég veit að fólk, sem hefur sótt um einmitt í tengslum við það ákvæði sem hv. þm. Oddur Ólafsson kom inn á, hefur sent inn umsóknir, en þær hafa þó þótt þess eðlis að ekki væri ástæða til að fylgja þeim eftir. Ég þekki dæmi þess. Það kann að vera að þarna hafi verið um ófullkomnar upplýsingar og ófullkomin vottorð að ræða, en engu að síður hefur þetta ákvæði ekki, a. m. k. að því er ég veit til, komið þannig til framkvæmda. Menn hafa almennt litið svo á að það næði eingöngu til öryrkja, en ekki aldraðra og öryrkja, eins og var fyrst ákveðið. Menn hafa sem sagt hreinlega ekki tekið eftir þeirri breytingu sem varð þegar öldruðum var bætt inn í, að mig minnir að frumkvæði hv. þm. Odds Ólafssonar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Námsgagnastofnun, frv. (þskj. 481). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég flyt hér frv. til l. um námsgagnastofnun, en frv. með þessu nafni hefur fimm sinnum legið fyrir Alþ. á undanförnum þingum, en ekki orðið útrætt.

Frv. það, sem nú hefur verið lagt fram, er hliðstætt fyrri frv. að efni til, en þó hafa nokkrar breytingar verið gerðar á efni þess frá því að það var seinast lagt fram. Reyndar er það svo, að frv. hefur verið að taka nokkrum breytingum ár frá ári og ég held til batnaðar hverju sinni.

Frv. í upprunalegri mynd var samið af nefnd sem þáv. menntmrh. skipaði hinn 27. júlí 1972 og hafði það verk-

efni að endurskoða lög um Ríkisútgáfu námsbóka, Fræðslumyndasafn ríkisins o. fl. Frv. gerir ráð fyrir að sameinuð séu í eina stofnun þessi þrjú fyrirtæki: Ríkisútgáfan, Skólavörubúðin og Fræðslumyndasafnið, en þetta eru þær ríkisstofnanir sem starfa að útgáfu, miðlun og framleiðslu námsefnis og kennslugagna. Þær ættu þá að lúta einni stjórn, daglegri stjórn námsgagnastjóra, en að öðru leyti starfa undir námsgagnastjórn svonefndri. Nú er það svo, að 10 menn sitja í námsbókanefnd og í stjórn Fræðslumyndasafns, en um yrði að ræða eina 7 manna stjórn sem hefði með höndum yfirstjórn á starfsemi og fjárreiðum Námsgagnastofnunar.

Í frv. þessu eru ákvæði um náið samstarf stofnunarinnar og þeirra aðila, sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum menntmrn., á vegum Kennaraháskóla Íslands og við aðrar þær stofnanir sem veita kennaramenntun.

Námsgagnastofnuninni er að sjálfsögðu ætlað að framleiða náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og íslenskar aðstæður, önnur en prentað mál. Í þessu frv. er lögfest, að auk eiginlegra námsbóka skuli gefnar út handbækur og kennsluleiðbeiningar handa kennurum svo og svonefndar ítarbækur, en það eru viðbótarbækur fyrir nemendur, auk hvers konar nýsigagna. Í þessu frv. er einnig ákvæði um að Námsgagnastofnun skuli stuðla að varðveislu skólaminja.

Í frv. eru ákvæði um fjármögnun deilda Námsgagnastofnunar einfölduð og samræmd miðað við það sem nú er. Er miðað við að allt ríkisfé til stofn- og rekstrarkostnaðar verði í formi venjulegra fjárveitinga í fjárl. Aðrar tekjur þessarar stofnunar verði eðlilegar sölu- og leigutekjur af efni og tækjum.

Mér er ekki ljóst, hvernig á því stendur að Alþ. hefur verið tregt til að samþykkja frv. þetta og það hefur svo oft verið lagt fyrir þingið án þess að hljóta afgreiðslu. Ég hef ekki heyrt því andmælt að frv. væri ótvírætt til bóta og til sparnaðar og til að stuðla að stóraukinni hagkvæmni á þessu sviði. Ég hélt satt best að segja að alþm. væru almennt heldur hlynntir því þegar tilraun væri gerð til að auka hagkvæmni í ríkiskerfinu og stuðla að sparnaði. En auk þess á það að fylgja með í kaupunum, ef þetta frv. verður að lögum, að um verði að ræða markvissari og betri þjónustu við skólanemendur eftir að sú sameining og endurskipulagning hefur átt sér stað sem frv. gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um efni þessa frv. sem svo oft hefur komið fram áður hér á Alþ., en vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Náttúruvernd, frv. (þskj. 485). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég flyt frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 16. apríl 1971, um náttúruvernd.

Frv. það, sem hér er um að ræða, er samið að tilhlutan Náttúruverndarráðs og er efnislega í samræmi við till. þess, en orðalagi frv. hefur lítillega verið breytt. Í grg., sem fylgdi frv. þegar það kom frá Náttúruverndarráði, er á það bent, að Náttúruverndarráð hafi með höndum afskipti af byggingu sumarbústaða, en nauðsynlegt sé að breyta lögum um náttúruvernd í samræmi við aðrar þær breytingar sem orðið hafa á lögum og þá einkum skipulagslögum nr. 19/1964.

Í náttúruverndarlögum eru afskipti Náttúruverndarráðs af sumarbústaðabyggð fyrst og fremst miðuð við sveitarfélög sem ekki eru skipulagsskyld. Hér virðist því það hefðbundna sjónarmið ríkjandi, að skipulagsstarf sé einskorðað við þéttbýli, og svo hefur líka verið í raun. Skipulagslögin frá 1964 gera þó ráð fyrir að sveitarfélög í strjálbýli geti orðið skipulagsskyld. Allmargar sveitarstjórnir í strjálbýli hafa óskað eftir skipulagsskyldu, og á hana hefur verið fallist. Sú skoðun er líka viðurkennd, að síst minni þörf sé á skipulagningu í strjálbýli en þéttbýli, þótt með öðrum hætti sé að vissu marki. Löggjafinn hefur viðurkennt þetta í reynd með setningu laga nr. 31/1978, en þar var skrefið stigið til fulls og ákveðið að frá og með seinustu áramótum skyldu öll sveitarfélög landsins skipulagsskyld. Það er í ljósi þessarar breytingar, sem tók gildi um seinustu áramót, sem talið er óhjákvæmilegt að breyta núverandi ákvæðum náttúruverndarlaga um þetta efni, þar sem þau séu í raun orðin óvirk og óljóst hver réttarstaða Náttúruverndarráðs sé gagnvart sumarbústaðabyggð.

Í frv. er gert að aðalreglu að í skipulagi verði sýnt hvar sumarbústaði megi reisa, en þar sem skipulag sé ekki fyrir hendi verði ákvörðunarvaldið um staðfestingu hjá yfirvöldum náttúruverndarmála, eins og nánar er lýst í greininni.

Það er vitað að náttúruverndarnefndir eru misjafnlega áhugasamar og því er hér stungið upp á því, að Náttúruverndarráð geti tilnefnt trúnaðarmann til þess að fara með umboð sitt í þessum málum. Með því ynnist það, ef umdæmi trúnaðarmanns væri nokkuð víðáttumikið, að samræmi væri í afgreiðslum mála.

Þetta er ekki neitt stórmál, herra forseti, en mikilvægt mál engu að síður vegna þess að veiðihúsum, fjallaskálum og ýmsum vistarverum út í guðs grænni náttúrunni fer ört fjölgandi og óhjákvæmilegt að fylgst sé með því af einum aðila, hvernig staðið sé að málum, hvort verið sé að eyðileggja umhverfi og landslag með slíkum ráðstöfunum. Núgildandi lög tryggja þetta ekki vegna þeirrar breytingar sem orðið hefur á skipulagslögum. Því er óhjákvæmilegt að gera þessa breytingu og fela þetta vald í hendur Náttúruverndarráði með ótvíræðum hætti.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 68. fundur.

Miðvikudaginn 28. mars, kl. 2 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 353, nr. 482). — 2. umr.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Hér er um að ræða lítið frv. sem gerir ráð fyrir því að breyta aðeins einu orði eða svo í gildandi lögum. Efni þess er í stuttu máli það að fella niður heimild, sem nú er í lögum til þess að undanþiggja svonefnda ráðherrabíla aðflutningsgjöldum, sem sagt að taka upp það skipulag að af bílum, sem ráðh. kaupa, verði að greiða aðflutningsgjöld eins og af öðrum bifreiðum.

Öll nefndin, fjh.- og viðskn. þessarar d., varð sammála um að mæla með samþykkt frv. og gera ekki á því neinar breytingar. Það kemur fram á nál. á þskj. 482. Undir þetta nál. skrifa þó tveir nm. með fyrirvara, þeir hv. þm. Vilmundur Gylfason og Finnur Torfi Stefánsson.

Við afgreiðslu málsins kom í ljós skv. upplýsingum, sem lágu fyrir frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, að talið var vafasamt að það nýja skipulag, sem upp yrði tekið með þessum hætti, yrði ódýrara fyrir ríkið. Í besta falli mætti segja að þetta gæti verið í jafnvægi, en þó mætti búast við því, miðað við reglur sem þegar hefðu verið ákveðnar, að hið nýja fyrirkomulag yrði jafnvel útgjaldameira fyrir ríkið.

Ég hygg að sá fyrirvari, sem kemur fram í nál. hjá þessum tveimur hv. þm. sem ég minntist á, standi fyrst og fremst í sambandi við þær upplýsingar sem fram komu í n. varðandi nýtt skipulag á þessum málum og ríkisstj. hefur ákveðið, en varði í sjálfu sér ekki afgreiðslu frv. sem slíks, þeir séu sammála hinum nm. um það að rétt sé að breyta lögunum þannig að afnema þá heimild sem í gildi hefur verið.

Ég legg sem sagt á það áherslu, að n. er öll sammála um að frv. nái fram að ganga, en blanda mér ekki að svo komnu máli í umr. um önnur atriði sem raunverulega standa fyrir utan afgreiðslu frv. sem slíks sem hér liggur fyrir. N. mælir sem sagt með því að frv. verði samþ. óbreytt.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og kunnugt er þá sitja móralskir meistarar í hv. núv. ríkisstj., sem rekin er undir traustri forustu Framsfl. og með stuðningi annarra þingflokka og þm. Þannig var að s. l. vor urðu allnokkrar breytingar á kjörfylgi flokkanna og kannske ekki síst vegna þess, að kerfið, af eðlilegum ástæðum, launungin, pukrið og oft ósmekkvísin fór í taugarnar á ærið mörgum og mörgum þótti allnokkurrar hreinsunar vera þröf — og það ekki að ástæðulausu. Segja má að fram eftir s l. sumri gekk þetta að mörgu leyti nokkuð vel, og m. a. þegar núv. hæstv. ríkisstj. var myndað komu, ef ég man rétt, hástemmdar yfirlýsingar í dagblöðum um að svo siðvillt forréttindi eins og ráðherrabílar og það að ráðherrar nytu sérstakra fríðinda við kaup á slíkum tækjum yrðu auðvitað afnumin, enda ekki í nokkru samræmi við aðrar slagæðar þessa samfélags. Um þetta voru birtar yfirlýsingar í dagblöðum og móralskir meistarar höfðu þar gott fordæmi fyrir öðrum þegnum þessa lands.

Í framhaldi af þessu er kynnt hér frv. til l. frá ríkisstj. sem ég hygg að mælist vel fyrir hjá börnum þessa lands. Þar er gert ráð fyrir viðvíkjandi tollafríðindum í bifreiðakaupum að orðið „ráðherra" falli brott, sem þýðir auðvitað að ráðh. njóti ekki slíkra fríðinda. Er það auðvitað rétt hugsun, því slík fríðindi eru óeðlileg með öllu. Þetta var mjög í samræmi við þá almennu hugmynd, að forréttindi og sérréttindi af þessu tagi eiga að heyra til liðnum tíma.

Í aths. við lagafrv. þetta, sem var dreift á hv. Alþ., segir:

„Ríkisstj. telur óeðlilegt að ráðh. fái bifreiðar, er verða einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu."

Þessa yfirlýsingu hafa væntanlega hv. þm. svo og allur almenningur í þessu landi átt að taka góða og gilda. En þannig var, að þegar þetta mál var til umr. í fjh.- og viðskn. og raunar þar fyrir misskilning, því menn héldu að þetta mál væri afgreitt, þá var þar staddur embættismaður sem kynnti nefndinni blað sem á stendur: „Tillaga fjmrh. um bifreiðamál ráðherra." Og neðst á því blaði stendur: „Samþykkt" — þá væntanlega í ríkisstj. — „9. mars 1979."

Fyrsti liður þessa blaðs, sem móralskir meistarar hafa samþ. allir sem einn, fjallar um það að rn. kaupi og eigi og reki á sinn reikning bifreiðar, sem ég tel vera hið eðlilega ástand og ekkert við að athuga. En móralskir meistarar bættu um betur og samþ. einnig annan lið, og þessi liður, sem er tillaga fjmrh. um bifreiðamál ráðh., virðist vera einhvers konar innanhússreglugerð í ríkisstj. Þetta er ekki reglugerð ætluð til birtingar, að því er sjá má. Ég vil gefa deildinni kost á því að skemmta sér við að hlusta á hvað þeir eru að dunda sér við að samþ. þegar þeir eru að leysa efnahagsmál þjóðarinnar eins og þeir eru sérfræðingar í eins og öllum er kunnugt um. Það hljóðar svo:

„Ríkið semji við ráðh. um afnot af einkabifreiðum þeirra. Ríkið greiði allan rekstrarkostnað bifreiðanna skv. reikningum, en auk þess greiði það fyrningarfé, 10% á ári, sem reiknast af endurkaupsverði viðkomandi bifreiðar."

Svo bæta þeir um betur:

„Ráðherra, sem kaupir bifreið, á kos' á láni úr ríkissjóði allt að 3 millj. kr. með eðlilegum viðskiptakjörum."

Um þetta er það að segja, að í fyrsta lagi eru þetta betri kjör en þeir þykjast vera að afnema. Það er nú eitt. Í öðru lagi er okkur í grg. með þessu frv. talin trú um að við séum að samþ. eftirfarandi: „Ríkisstj. telur óeðlilegt að ráðh. fái bifreiðar, er verða einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu." Nú vil ég spyrja hv. deild: Eru það þau kjör sem almennt gilda í landinu, að menn fái 3 millj. kr. lán úr ríkissjóði til að kaupa sér bíla fyrir? Hvenær varð ríkissjóður lánastofnun? Og ef ríkissjóður er lánastofnun, hvernig gengur það fyrir sig? Er einhver maður sem stendur á bak við disk uppi í fjmrn. og lánar mönnum út? Og á hvaða kjörum er þá lánað, með hvaða vöxtum? Hvernig gengur þessi lánastarfsemi úr ríkissjóði fyrir sig? Hér er ekki verið að tala um sjóði. Hér er ekki verið að tala um að ráðh. fái lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna eða úr Fiskveiðasjóði. Nei, hér er verið að tala um ríkissjóð sjálfan. Og ég spyr deildina enn og aftur: Hvenær varð ríkissjóður lánastofnun? Þetta er allt sukkið sem á að vera eitur í okkar beinum og við a. m. k. í minum flokki vorum kosin til þess að afnema.

Hér var lýst í vetur eftir spurningu frá hv. þm. Stefáni

Jónssyni í svörum hæstv. viðskrh. Svavars Gestssonar bílasukki hjá bönkunum. Halda menn að ráðh., 9 stykki, sem svona hegða sér, séu til þess færir að bæta um betur hjá bílasukkinu í bönkunum eða hvar annars staðar sem það viðgengst úti í hinu stóra samfélagi?

Ég spyr enn og aftur: Eru það almenn kjör sem gilda í landinu, — ég les upp úr innanhússamþykkt hæstv. ríkisstj., — að ráðh., sem kaupir bifreið, á kost á láni úr ríkissjóði allt að 3 millj. kr. með eðlilegum viðskiptakjörum? Það er engin furða þó að þeir vilji hafa vextina lága og verðbólguna mikla. Það ætti að hjálpa til að hafa verðbólguna svona 60% og vextina á bílakaupunum 5% svo þeir lendi ekki í þeirri ógæfu að þurfa að borga eitthvað aftur af því. En þeir eiga víst að sjá um það að svo verði ekki eða varla.

Ég held þeir hafi vilja til þess að búa til svona prívatreglugerðir, en skorti hugmyndaflugið, og ég vil gefa þeim nokkrar hugmyndir til viðbótar til að þeir geti samþykkt það í innanhússreglum hjá sér.

Nú vita allir að ráðh. búa í húsum og þessi hús hafa mörg hver þá eiginleika að spillast í vondum veðrum og þá þarf auðvitað að gera við húsin. Þeir ættu að samþykkja reglugerð um það í ríkisstj., að ef hús ráðh. spillist í vondum veðrum eigi þeir auðvitað að fá lán úr ríkissjóði til þess að laga húsin sín og auðvitað á eðlilegum viðskiptakjörum, á 5—6% vöxtum.

Og ráðh. eru svo eðlilegir menn, að þeir eiga maka sem þurfa að standa með þeim í opinberum veislum og makarnir þurfa að kaupa sér föt. Væri ekki eðlilegt að sett yrði fatakaupareglugerð fyrir maka ráðh. til þess að þeir geti skipt um föt. Allt á þetta auðvitað að vera á eðlilegum viðskiptakjörum og lán úr ríkissjóði! Og á ekki að vera nýtt embætti uppi í fjmrn. svo fleiri geti notið þessara nýstárlegu lánskjara sem hér er verið að leggja til?

Þessi samþykkt, sem kannske af tilviljun kom á borð fjh.- og viðskn., virðist vera innanhússsamþykkt sem enginn átti að vita um. Það er gersamlega óþolandi að ríkisstj. samþ. svona reglugerð til handa sjálfri sér. Að vísu verð ég að segja að það kæmi mér ekki á óvart þó að forustuflokkur ríkisstj. og framsóknarmennirnir fjórir, sem í ríkisstj. sitja, samþ. þetta. En ég hélt að Svavar Gestsson og Hjörleifur Guttormsson og mínir þrír kratar mundu ekki samþ. reglugerðir af þessu tagi. (**Gripið fram í:** Hver er þessi fjórði framsóknarmaður?) Ragnar Arnalds, hæstv. ráðh. Ég hélt satt að segja að þeir mundu ekki standa í þessu. Að vísu er að finna í Þjóðviljanum í morgun eina af þessum drengilegu kommayfirlýsingum, sem fjalla um að það séu kratarnir sem séu að þessu, en „okkur datt auðvitað aldrei í hug að nota þetta fyrir okkur sjálfa", er efnislega það sem hæstv. ráðh. Svavar Gestsson segir. Auðvitað er það rétt, að þeir eru að samþ. þetta til að kratarnir og framsóknarmennirnir geti keypt sér bifreiðar.

Það er nákvæmlega samþykkt af þessu tagi sem hefur á undanförnum árum dregið úr siðferðilegum undirstöðum ríkisstj. og ráðh. Það er nákvæmlega samþykkt af þessu tagi sem á að vera upplýstu og siðuðu fólki óbærileg, og það er nákvæmlega það að pukra með þetta fyrir luktum dyrum. Hér er verið að samþ. frv. til l. og okkur er gefið í skyn með frv. að það sé verið að taka forréttindi og fríðindi af þessum háu herrum. Það segir hér, og ég les það í þriðja skipti:

„Ríkisstj. telur óeðlilegt að ráðh. fái bifreiðar, er verða einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu."

Hvað þýðir þessi setning? Eru það almennu kjörin sem Jóhannes Nordal nýtur í Seðlabankanum eða bankastjórar — eða eru hitt almennu kjörin, sem gilda um Jón Jónsson verslunarmann? Það hefði ég haldið að væri skilningur hins almenna manns á almennum kjörum. En á sama tíma og þetta frv. er kynnt í þinginu samþykkja þessir háu herrar reglugerð sem gengur út á allt annað, sem bætir þeim upp það sem þeir tapa með þeirri vondu samþykkt hins vonda Alþingis — og gott betur.

Ég verð að segja það, að mínir menn í ríkisstj. a. m. k. voru ekki til þess kosnir að haga sér svona. Svona mál hafa kannske aldrei skipt miklu máli í Framsfl. en ég hélt satt að segja að í þriðja stjórnarflokknum, sem hefur verið og verið ekki að undanförnu, skiptu svona mál einnig nokkru máli. En það er sagt að valdið spilli og mér sýnist satt að segja að það sé að gerast.

Af málum eins og þessum eigum við að hafa áhyggjur. Eins og allir vita er hæstv. ríkisstj. nú á förum til útlanda og ráðh. koma þar fram fyrir landsins hönd, sem vonlegt er, og ég er með uppástungu um það, ef þeir þurfa að þýða orðið ríkissjóður í dönskum plöggum, hvernig það orð er notað. Menn verða að nota orðið „Privatbanken", því það er það sem þessi sjóður virðist vera orðinn fyrir þessa menn. Hvaðan kemur til heimild til þess að fá lán beint úr ríkissjóði? Hvar er lagabókstafur fyrir því? Hvernig er það hugsað og hvaða óendanlega ósvífni er þetta, að þykjast vera að kynna þjóðinni umbótalöggjöf af þessu tagi, glenna sig upp aðaldyramegin, glenna sig framan í þjóðina og þykjast vera móralskir meistarar, en koma svo bakdyramegin og samþ. annars konar reglugerð sem bætir persónuleg kjör þeirra og er hálfu ósvífnari en gamla fyrirkomulagið? Menn vissu þó hvað þar var verið að samþ., en hér á að gera þetta eftir allt öðrum leiðum.

Það er satt, að við hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson skrifuðum undir þetta nál. með fyrirvara þegar við sáum hvað hér var á ferðinni. Þetta varðar kannske ekki ríkissjóð stórar upphæðir, en þetta er ómerkilegt, þetta er lágkúrulegt, það er svo lágt lagst og langt til seilst í þessum efnum. Það er nákvæmlega þetta sem gróf að miklu leyti undan síðustu ríkisstj., og ég ætla ekki að horfa upp á mína menn detta í sama pyttinn. Mér er nokkuð sama um kommana, en ég ætla ekki að horfa upp á mína menn detta í þennan pytt. Ríkisstj., sem nú er að fara að skerða kjörin í landinu, sem nú er að setja takmarkanir í þorskveiðimálum, þarf á mórölskum styrk að halda. Ég dreg enga dul á það, að ég hef aldrei gert mér hugmyndir um að Framsfl. væri til þess líklegur að veita slíka móralska forustu sem á þarf að halda, en ég geri mér aðrar hugmyndir um mína menn í þessum efnum. Þessi reglugerð, sem hér er gerð að umræðuefni, er óþolandi og til þess fallin að grafa undan trausti stjórnvalda þegar síst skyldi. Og hafi þeir samþ. þetta sem fyrir tilviljun dettur á borð okkar í fjh.- og viðskn., hvað hafa þeir þá ekki samþ.? Hvað eru þeir ekki búnir að samþ. í vasana á sjálfum sér með prívatlánum úr ríkissjóði í óðaverðbólgu, með lægstu vöxtum geri ég ráð fyrir? Ég ætla ekki að horfa upp á minn flokk verða að „Framsóknarflokki" og skal standa í vegi fyrir því. Þingflokkur Alþfl. samþ. þegar á mánudag ályktun þar sem þess var krafist að þessi liður 2 yrði þurrkaður út úr þessari reglugerð. Og þegar æðsta stjórn landsins hagar sér svona, hvernig haga undirsátarnir sér þá? Það er löngu orðið tímabært að rifja

upp reglur um bílakaup í bönkunum, í Seðlabankanum og annars staðar, að útrýma þessari litlu spillingu sem leikur um samfélagið, er búin að leika það grátt og fyrr en varir skaðar annað og meira en kannske þær beinu reikningslegu upphæðir sem hér er um að ræða.

Sú reglugerð, sem ég er hér að kynna fyrir hv. deild, er núv. ríkisstj. til skammar, því miður. Slíkt sem þetta ætti að vera fyrir neðan virðingu hennar, og ég vil vona að það séu mistök, sem stafi af því að menn geta ekki lesið alla þá pappíra sem á borð hjá þeim koma, að okkar menn og kommarnir tóku þátt í því að samþ. þetta. Það er ekki hægt að ætlast til að menn séu með fullri meðvitund allan sólarhringinn. Menn þurfa að sofa og annað slíkt. Ég hef ástæðu til að ætla að framsóknarmennirnir hafi platað þessa reglugerð inn á Alþb. og okkar menn hafi verið annars hugar við að leysa verðbólgumálin meðan á þessu stóð. Ég get skilið það að þeim verði á mistök í ríkisstj. Þessi ríkisstj. hefur ekki verið að gera mistök, en þetta eru ein mistök sem hún hefur gert, og þegar menn gera mistök, þá leiðrétta menn mistökin, breyta þessum reglum og reyna að skapa sér annars konar stöðu og annars konar ímynd en smásukkreglugerð af þessu tagi gefur almenna hugmynd um. Pukrið í þessu er óþolandi, að vera með reglum af þessu tagi að koma peningum í eigin vasa. Þetta er svo „simpilt", þetta er svo lítilfjörlegt og lítilmótlegt. Þetta ætti að vera fyrir neðan virðingu hæstv. ríkisstj. eða a. m. k. hluta af henni.

Ég sting upp á því að við rannsóknarþm., ég og hv. þm. Lúðvík Jósepsson, sem báðir sitjum í fjh.- og viðskn., tökum okkur til í framhaldi af þessu máli og á vegum n., eins og verið er að gera í fleiri n. hér, og gerum úttekt á þessu bílasukki hjá ríkinu. Það eru góðir mannasiðir að byrja að hreinsa til heima hjá sér áður en hreinsað er til annars staðar. Við erum núna að hreinsa til í hæstv. ríkisstj. og hafa vit fyrir henni, og þegar við erum búnir að því, þá eigum við að fara víða, fara í Seðlabankann, fara í bankana, fara út um þjóðfélagið allt og hreinsa upp þá spillingu sem hér hefur vaðið uppi og eyðilagt alveg ótrúlega mikið, skapað vantraust á milli stjórnvalda og þegna, skapað vantraust á milli kerfisins og hinna sem fyrir utan það standa. Þessa hluti eigum við að byrja að hreinsa upp. Ég veit að hv. þm. Lúðvík Jósepsson er mér sammála um það. Hann er formaður í fjh.- og viðskn. og við eigum að gera hana að rannsóknarnefnd, fá þar upplýsingar, byrja á ríkisstj. sjálfri, heimta að fá að sjá hvort það sé búið að samþ. fleiri reglugerðir og þá um hvað og hvernig, hvort ríkisstj. er líka farin að lána til að viðhalda húsunum ráðherranna eða drottinn veit hvað.

Þetta mál er óþolandi, og ég veit að deildarmenn eru mér sammála um það. Ég hef ástæðu til að ætla að þetta sé ekki fyrirboði um annað það sem kann að koma. Ég hef ástæðu til að ætla að hér hafi orðið á mistök, en ekki hitt, að þessi ríkisstj. sé í málum af þessu tagi orðin óþekkjanleg frá fyrri ríkisstj. Ég hef ástæðu til að ætla að það hafi orðið uppi fótur og fit í ríkisstj., þeir hafi meira og minna hlaupið til og afpantað bílana sem þeir voru búnir að panta sér eftir reglunum. Og ég hef ástæðu til að ætla að ríkisstj. skammist sín, og ríkisstj. sem skammast sín er þó betri en hin sem ekki kann að skammast sín. Og það held ég að sé þó allnokkur ávinningur af þessu máli. En það endar með því, ef svo heldur fram sem horfir, að þá verður þingflokkur Alþfl. að gera aðra samþykkt: að fá að hafa lögregluþjón til eftirlits á ríkisstjórnarfundum!

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég tek nú næstur til máls á eftir einum af stuðningsmönnum ríkisstj. og út af þessu máli sem hann gerði að umræðuefni. Ég vildi gera örlitla grein fyrir því.

Ég vil þá fyrst segja það, að það voru allir ráðh. með fullri meðvitund þegar um þetta mál var rætt og þegar það var afgreitt í ríkisstj. Það var enginn einn ráðh. sem hafði frumkvæði í þessu efni frekar en annar. Ég tók það skýrt fram, þegar þessi mál voru rædd, vegna þess að menn hafa gert sér pólitíska mat úr þessum málum, að ég vildi ekki hafa neitt frumkvæði í þessu efni, og að það hafi verið eitthvert frumkvæði af hálfu Framsfl. og ráðh. Framsfl. í þessum málum er ekki rétt — og rétt skal vera rétt.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þm. minntist á, að hér hefði verið um launungarmál að ræða, þá vil ég geta þess, að ég var spurður að því í rn. hvort það væri búið að setja nýja reglugerð um bílamál ráðh. Ég sagði auðvitað eins og var. Og ég var spurður að því, — ég er ekki alveg viss um hvort það voru skilaboð frá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni eða einhverjum öðrum, — hvort þessar reglur væru leyndarmál. Ég svaraði því til strax, að þær væru ekkert leyndarmál, og átti þátt í því að senda þessar reglur til viðkomandi þm., þannig að hér var engin leynd á ferðinni og hefur aldrei verið hugsað sem nein leynd, ekki af neinum hæstv. ráðh., það fullyrði ég. Enda eru þetta opinber mál og sjálfsagt að ræða þau og ekkert við því að amast, ekkert við því að segja og á að ræða þau fyrir opnum tjöldum.

Varðandi þessar reglur, þá eru þær nokkur breyting á því sem áður hefur verið. Ég held að þær reglur, sem gilt hafa til þessa, hafi verið settar einhvern tíma á áratugnum 1960—1970. Framsfl. var ekki í ríkisstj. á þeim áratug, það er ljóst, þannig að Framsfl. hefur enga sérstöðu í þessum málum umfram aðra flokka, enga sérstöðu og alveg ástæðulaust að vera að drótta því að Framsfl. Það er ekkert tilefni til þess og hefur held ég aldrei verið.

Varðandi þessar reglur, sem hv. þm. gerði hér grein fyrir áðan, þá er gert ráð fyrir að um bifreiðamál ráðh. gildi tvenns konar reglur. Annars vegar sú regla, að ríkið leggi þeim til bifreið. Það er enginn ágreiningur um það og hefur held ég aldrei verið, og hv. þm. gerði ekki í sínu máli að ágreiningsefni að það væri eðlilegt að ráðherraembætti fylgdi bifreið. Ég hygg að allir hv. alþm. séu sammála um að það sé eðlilegt og sjálfsagt, enda hefur svo verið um áratugi. Það, sem um er að ræða samkv. þessum nýjum reglum, er að ríkissjóður leggi ráðh. til bifreið, kaupi bifreið, reki hana og leggi þeim hana til. Út af þessu urðu á sínum tíma verulegar deilur vegna þess að sagt var að þessar bifreiðar væru notaðar í einkaþágu. Það urðu umr. um það hér á Alþ. á sínum tíma, og ég hygg að það hafi leitt til þess að settar voru nýjar reglur um það, að ráðh. legðu embætti sínu til bifreið sjálfir með þeim hætti að felld væru niður aðflutningsgjöld af bifreiðunum.

Nú er annar kosturinn þessi, að ríkið kaupi og reki ráðherrabíla. Hinn kosturinn er svo sá samkv. þessum nýju reglum, að ríkið semji við ráðh. um afnot af einkabifreiðum þeirra, ríkið greiði allan rekstrarkostnað bifreiðanna samkv. reikningum, en auk þess greiði það fyrningarfé, 10% á ári, sem reiknast af endurkaupsverði viðkomandi bifreiðar. Ráðh., sem kaupir bifreið, á kost á láni úr ríkissjóði allt að 3 millj. kr. með eðlilegum við-

skiptakjörum.

Varðandi þessa kosti tvo er fróðlegt að reyna að gera sér grein fyrir því, hvort er dýrara fyrir ríkið, hvort kostar meira fé fyrir almenning í landinu, að ríkið kaupi og reki bifreiðar eða ráðh. leggi til bifreiðar með þeim hætti sem hér er lagt til. Og það er auðveldur reikningur að reikna út, að það er ódýrara fyrir ríkið og ráðh. eiga sínar bifreiðar með þessum hætti og leggja þær til. Það er ódýrara. Ég geri ráð fyrir því, að bireið, sem hér um ræðir, gæti kostað um 6 millj. kr. í kaupverði eins og nú háttar, hæfileg bifreið til þessara nota. Eðlilegir vextir af því fé eru — við skulum segja: 20%, 1 200 þús. kr., og afskriftir, eftir því sem fróður maður hefur sagt mér, væru eðlilegar um 1 millj., þannig að hér væri um að ræða útgjöld upp á 2.2 millj. kr. Það er gert ráð fyrir afskriftum sem mundu svara til 600 þús. kr. samkv. þessum reglum. Ráðh. mundu þá, ef þeir velja þann kostinn að eiga bifreiðina sjálfir, — nú skal ég ekkert segja um hvað ráðh. gera í því efni, þeir geta valið hér um, — ef þeir velja þann kostinn, þá sýnist mér fljótt á litið að þeir muni sjálfir greiða sem svarar 1 600 þús. kr. á ári í afskriftir og vexti af bifreið sem kostar 6 millj. Þar að auki greiða þeir að sjálfsögðu samkv. þessum nýju reglum líklega um 4 millj. kr. í aðflutningsgjöld sjálfir til ríkisins. Þegar þetta mál er skoðað, eins og öll önnur mál, þá er auðvitað hægt að líta á málin frá heildarsjónarmiði, og ég hygg að það mundi muna þó nokkru fyrir ríkið ef 9 ráðh. legðu til sína bíla samkv. þessum reglum, samanborið við það að ríkið keypti sams konar bifreiðar og þær væru reknar alfarið af ríkissjóði.

Varðandi heimildir í þessu efni, þá er þess að geta, að sérstakur liður er á fjárl. varðandi bifreiðakostnað stjórnarráðsins og ráðh., þannig að heimildir í þessu efni eru vafalausar — alveg hiklaust vafalausar, bæði í sambandi við lán af þessu tagi og einnig í sambandi við kaup bifreiða sem ríkið kaupir án þess að það sé sérstaklega gerð grein fyrir því í fjárlagafrv. Ef ríkið keypti t. d. 9 bifreiðar, þá er vafalaust að það eru fullar heimildir til þess í fjárl. Þetta atriði hef ég rannsakað og vil að gefnu tilefni taka það fram.

Nú vil ég ekki á neinn hátt vera að skjóta mér undan ábyrgð í sambandi við þetta mál. En ég vil endurtaka það, að enginn einn ráðh. hafði frumkvæði eða gekk fram umfram aðra í þessum efnum. Ríkisstj. samþykkti þessar reglur. Þær eru svona. Þær eiga ekki að vera neitt leyndarmál, heldur eiga þær að ræðast, og það er ekkert við það að athuga þó að menn hafi skoðanir á þessu máli. Menn eru kannske ekki sammála um það, ég hef ekkert við það að athuga. En það hefur aldrei verið hugmyndin að hér væri um neins konar pukur að ræða af neinu tagi.

Umr. frestað.

Dómvextir, frv. (þskj. 486). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 445, n. 489). — 2. umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. N. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Hér er um að ræða að veita húsnæðismálastjórn heimild til þess að veita lán til byggingar vistheimila fyrir aldraða sem geta ekki lengur búið á eigin heimilum og þarfnast umönnunar án þess þó að hafa þörf fyrir sjúkrahúsvist. Húsnæðismálastjórn hefur nú heimild til þess að veita lán úr byggingarsjóði til byggingar leiguíbúða fyrir aldraða, en sú heimild nær ekki til byggingar slíkra vistheimila sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Raunin hefur orðið sú, að þeir, sem hafa notið þeirrar fyrirgreiðslu og aðstoðar sem heimildin um byggingu leiguíbúða fyrir aldraða hefur veitt, geta margir hverjir ekki annast sjálfir allt sitt heimilishald og þurfa nauðsynlega á að halda aðstoð og einhverri hjúkrun. Nærtækast er að búa þeim stað á slíkum vistheimilum sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þar sem þeim væri búin aðstaða til einhverrar umönnunar og jafnframt aðstaða til að bjarga sér að verulegu leyti sjálfir.

Í þessum vistheimilum, sem hér um ræðir, yrðu ekki íbúðir, heldur herbergi með eldunaraðstöðu og því eiga þau ekki kost á lánum úr byggingarsjóði að óbreyttum lögum. Með samþykki slíkrar heimildar sem frv. gerir ráð fyrir gæfist kostur á að beina fjármagni jöfnum höndum til leiguíbúða fyrir aldraða og vistheimila, eftir því hvar þörfin væri brýnust hverju sinni. Því mælir félmn. með samþykkt þessa frv. og væntir að afgreiðslu málsins verði hraðað á þessu þingi. Stefán Valgeirsson skrifar undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 7, n. 431 og 437, 430 og 436). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar brbl. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu. Í frv. er fjallað um þau efnisatriði sem þarf að hrinda í framkvæmd vegna gengisfellingar. Þarna eru ákvæði um tollafgreiðslu, gjaldeyrisskil, gengismun og ráðstöfun gengismunar. Það eru í frv. ákvæði um gengismunarsjóð og hvað á að gera við þennan gengismun.

Þingheimi mun sennilega vera kunnugt um að þegar hafa verið gefnar út reglugerðir um nánari framkvæmd á þessum brbl., svo sem lögin heimila að sjálfsögðu, og jafnvel hefur þegar reynt á framkvæmd laganna.

Í fjh.- og viðskn. Nd. urðu nokkuð skiptar skoðanir um þetta frv., en meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., en þó hafa einstakir nm. úr meiri hl. áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt. Minni hl. hefur skilað séráliti. Þessir aðilar munu að sjálfsögðu gera grein fyrir máli sínu hér í umr. á eftir, en ég ítreka það, að meiri hl. n.

leggur til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Eins og hér hefur áður komið fram hefur orðið óeðlilegur dráttur á því að þetta mál kæmi til afgreiðslu hér í hv. þingdeild.

Nál. minni hl. fjh.- og viðskn. er á þskj. 431. Álitið er mjög í samræmi við það sem kom fram í áliti fulltrúa Sjálfstfl. í hv. Ed.

N. ræddi þetta mál á nokkrum fundum sínum. Við í minni hl., fulltrúar Sjálfstfl., getum ekki stutt frv. óbreytt. Þar eru einkum aths. gerðar við hæpna ráðstöfun fjár skv. b-lið 3. gr. frv. Við leggjum einnig áherslu á að það fjármagn, sem ætlað er til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, verði afgreitt í stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands, enda er þar sérstök deild til að sinna því verkefni, — deild sem stofnuð var 8. júní 1978. Þá teljum við einnig eðlilegt að það fjármagn, sem ætlað er til að hætta rekstri úreltra og gamalla skipa, verði afgreitt í gegnum Aldurslagasjóð fiskiskipa, sbr. lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og eðlilegt að stjórn þess sjóðs fjalli endanlega um úthlutun þess fjármagns.

Hér er sem sagt tekið á tveimur meginatriðum sem valda því, að við getum ekki stutt frv. óbreytt: í fyrsta lagi, að fjármagnið, sem ætlað er til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, fari um Fiskveiðasjóð, og í öðru lagi, að það fjármagn, sem ætlað er til að hætta rekstri úreltra og gamalla skipa, verði afgreitt í gegnum Aldurslagasjóðinn. Sá sjóður tók til starfa 1. júlí 1978 og kom í stað svonefndrar bráðafúadeildar, en í þeim sjóði voru þá um 300 millj. kr. Með ákvæðum reglugerðar frá 22. sept. 1978 er farið inn á alveg nýja braut og þar er sérstakur kafli um þessa úreldingarstyrki, III. kafli reglugerðarinnar. Þar er t. d. ekki minnst á það, hvort styrkir verði einungis greiddir ef skip er eyðilagt, en slíkt ákvæði sýnist vera nauðsynlegt og þarfnast það varla frekari skýringar.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Kjartan Ólafsson, sem báðir eiga sæti í fjh.- og viðskn., hafa flutt brtt. sem ganga mjög ákveðið í þá átt til lagfæringar á frv. sem ég hef hér gert að umræðuefni. Mér sýnist þær till. sem sagt til bóta og lýsi stuðningi við þær, en ég ræði þær ekki frekar þar sem ekki hefur verið mælt fyrir þeim enn þá, en það verður gert hér á eftir.

Þá hefur hv. þm. Matthías Bjarnason flutt brtt. sem ég lýsi stuðningi við, enda er ég þar meðflm., og fyrir þeirri till. verður einnig mælt hér á eftir.

Það væri vissulega freistandi við þessa umr. að fara fram á upplýsingar um það, hverjar leiðir hafa verið farnar til þess að leysa hinn mikla vanda sem fiskvinnslustöðvar búa við og hafa reyndar búið við um alllangt skeið. Ég á þar að sjálfsögðu við hverjar aðrar ráðstafanir hafa verið gerðar en þær sem leiðir af gengisbreytingunni. Sérstaklega hefur vandi fiskvinnslunnar verið mikill í Reykjaneskjördæmi, eins og allir vita, og stór orð hafa verið uppi höfð á undanförnum misserum um það, að Reykjaneskjördæmi hafi verið sett hjá og sérstaklega þá í tíð fyrrv. ríkisstj. Þar hefur reyndar oftast verið ranglega farið með staðreyndir. Ég hef t. d. undir höndum úthlutun hagræðingarlána 1978, en skv. reglugerð sjútvrh. frá 13. apríl 1978 var úthlutað 353 millj. kr. og það fé afgreitt af Fiskveiðasjóði. Fyrirtæki í Reykjaneskjördæmi fengu þá 103.8 millj. af þessari upphæð eða um 29%. Önnur úthlutun hagræðingarlána fór fram skv. reglugerð frá 8. júní 1978, samtals 348.8 millj. og þar af til Reykjaneskjördæmis 208.2 millj. eða rúm 59%. Auk þessa veitti Framkvæmdasjóður sérstök lán á árinu 1977 og Byggðasjóður á árinu 1978, samtals að upphæð á annað hundrað millj. kr., til þess kjördæmis.

Mér þykir rétt að þetta komi fram vegna sífelldra umr. um að fyrirtæki á þessu svæði hafi enga fyrirgreiðslu fengið á þessu tímabili. Ég get skotið því hér inn í, að ég las blaðaviðtal við forstjóra einnar fiskverkunarstöðvarinnar í s. l. mánuði þar sem segir m. a.:

„Það hefur ekkert fengist gert fyrir þær fiskvinnslustöðvar sem eru á þessu svæði, því allir sjóðir hafa verið okkur lokaðir".

Síðan koma venjuleg svigurmæli í garð þm. kjördæmisins og síðar í sama viðtali segir sami maður:

„Ég hef ekki haft aðgang að Byggðasjóði, bönkum eða Fiskveiðasjóði, en fékk í haust óvænt fyrirgreiðslu, hagræðingarlán, sem ég vonast til að fari langt til að ljúka verkinu".

Svona geta menn dottið í lukkupottinn. En þess er náttúrlega gætt að nefna engar tölur, en þær eru í þessu tilfelli þessar: 5.4 millj. í apríl og 17.4 millj. í september, eða samtals 22.8 millj. kr. Ég get ekki stillt mig um að nefna þetta dæmi til þess að sýna hversu mjög menn geta hallað réttu máli og að því er virðist án þess að skammast sín hið minnsta.

Það væri vissulega fróðlegt að vita hvað hæstv. sjútvrh. hefur gert til þess að bæta hag fiskvinnslufyrirtækjanna, þó ekki væri nema í hans kjördæmi. Þar eru miklir erfiðleikar enn þá þrátt fyrir það sem gert var á s. l. ári og ég var hér að upplýsa. Það væri sem sagt fróðlegt að vita hvað er fyrirhugað að gera í þessum efnum og sérstaklega langar mig að vita hvað hefur verið gert til þess að breyta skuldum þessara fyrirtækja í lengri lán. Þar var einnig verulegt átak gert á síðasta kjörtímabili, þótt ég hafi ekki þær tölur nú undir höndum.

Mér er að vísu kunnugt um að nú stendur yfir afgreiðsla á tilteknum aðgerðum í þessum efnum. Ég held að ég viti það rétt, að Fiskveiðasjóður hefur afgreitt lán úr gengismunarsjóði nú alveg nýlega, svokölluð hagræðingarlán, og að fyrir liggi till. um hvernig vandanum verði deilt niður á Byggðasjóð, á viðskiptabanka og sveitarfélög. En spurning er, hvort líklegt sé að þær fyrirhuguðu aðgerðir og þær, sem kunna að hafa verið gerðar, séu fullnægjandi eða hvort þær geri kannske ekki betur en að duga fyrir þeim auknu sköttum og álögum sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur lagt á atvinnureksturinn í landinu yfirleitt.

Nóg um þetta í bili. Minni hl. lýsir sem sagt stuðningi við fram komnar brtt. Það fer svo eftir afgreiðslu þeirra till. hverja afstöðu við tökum til frv. í heild. En ég tek þó fram, að við erum samþykkir ráðstöfun 50% gengismunar til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins úr því að sú leið er enn farin að láta ekki gengismun ganga óskertan beint til útflytjenda.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr. hefur þetta mál legið alllengi hjá fjh.- og viðskn. og í rauninni hefur það dregist allt of lengi að taka málið hér til endanlegrar afgreiðslu. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl., og í rauninni er mikil þörf á að þetta mál fái hér endanlega afgreiðslu.

Hér er vissulega um stórt mál að ræða og mál af þeirri tegund sem ég tel fyllilega eðlilegt, að þm. staldri við og

íhugi og athugi vel hvað í felst.

Í meginatriðum er hér um það að ræða, að á venjulegan hátt var ákveðið að svonefndum gengishagnaði, sem fram kom við gengislækkun sem gerð var í upphafi núv. stjórnarsamstarfs, skyldi ráðstafað á tiltekinn hátt, eins og sagði í þeim brbl. sem hér er verið að staðfesta.

Hvað er um mikið fjármagn að ræða sem fellur til með þessum sérstaka hætti? Eftir upplýsingum, sem n. fékk frá Seðlabankanum sem hefur með framkvæmd þessa máls að gera skv. lögum, telur hann að þessi svonefndi gengishagnaður í þessu tilfelli sé upp á rúmlega 7.5 milljarða kr. Nokkrum hluta, en litlum, af þessari heildarfjárhæð verður varið skv. ákvæðum þessara laga til þess að greiða þeim sem eiga þarna í rauninni inni óumdeilanlega, þ. e. a. s. í sambandi við kostnað sem á þessar afurðir fellur eftir að hið nýja gengi er upp komið, eins og þar sem er um breyttan flutningskostnað að ræða og önnur gjöld sem þá verða til, svo að það, sem verður endanlega til skiptanna, verður nokkru minna en þetta, en þó örugglega yfir 7 milljarða króna.

Hvað þýðir þetta í raun og veru? Þetta þýðir það, þó það sé ekki nú í fyrsta skipti sem það er gert, að hér er verið með gengislækkun að færa til fjármuni í mjög ríkum mæli. Gengislækkunin er gerð, eins og allajafna er sagt, til stuðnings þeim sem flytja framleiðslu sína á erlendan markað, eins og sjávarútvegurinn. En um leið og þessi stuðningur er veittur í formi gengislækkunar er tekin af þessari atvinnugrein fjárhæð sem því nemur sem ég hef verið að gera grein fyrir. Það skiptir því auðvitað höfuðmáli, hvernig á að ráðstafa þessum fjármunum sem þannig eru teknir úr umferð og lagðir í sérstakan sjóð.

Með þeim brbl., sem hér eru til staðfestingar, er gert ráð fyrir að í stórum dráttum verði þannig farið með þessa fjármuni, að u. þ. b. helmingur fjármagnsins eigi að renna í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Ég tel fyrir mitt leyti að sú ráðstöfun sé mjög eðlileg við þær aðstæður sem við búum við, og það má vissulega segja að sá *helmingur, sem þannig rennur í Verðjöfnunarsjóð*, sé áfram í höndum þeirra sem hér áttu hlut að máli. Hann er áfram í höndum fiskframleiðendanna allra. Það á sem sagt eftir að koma til þess, að þessu fjármagni verði eftir *settum reglum úthlutað úr þeim sjóði í þágu* framleiðslunnar síðar. Af því er ráðstöfun á þessum helmingi fullkomlega eðlileg að mínum dómi.

Síðan er gert ráð fyrir því í þessum lögum, ef tekin eru *aðalatriðin, að hinum helmingnum sé skipt í tvennt*. Einn fjórði hluti af heildarupphæðinni á að renna í sérstaka deild hjá Fiskveiðasjóði, sem síðan á að standa undir hagræðingarlánum í fiskvinnslunni. Annar fjórði hluti af heildarfjárhæðinni á að renna líka til Fiskveiðasjóðs, sem síðan á að úthluta þeirri fjárhæð til þeirra fiskiskipaeigenda sem hafa orðið fyrir áföllum eða tapað í íslenskum krónum mælt við gengislækkunina af því að hin erlendu lán, sem á skipunum hvíldu, hafa hækkað í verði. Þessi ráðstöfun er svo sem þekkt áður hjá okkur, að hafa þennan hátt á. En þá er eðlilegt að um það sé spurt: Hvernig er þessum málum þá í rauninni varið? Skv. upplýsingum frá Fiskveiðasjóði stóðu mál þannig þegar þessi lög voru sett, að fiskiskipalán, sem um gilda gengisákvæði og urðu því fyrir gengistapi, — fiskiskipalán hjá Fiskveiðasjóði og öðrum sjóðum sem lánuðu með gengistryggingu út á fiskiskipin, sú heildarfjárhæð nam um þetta leyti 51.5 milljörðum kr. Það er þá auðvitað augljóst mál, að þegar um er að ræða 15% gengislækkun hafa þessir aðilar orðið fyrir æðimiklu tapi, og það, sem ætlað er með þessu ákvæði laganna að bæta þeim eða endurgreiða þeim, er aðeins lítill hluti af því gengistapi sem þeir hafa orðið fyrir. Hafði verið áætlað að í hlut þessarar deildar hjá Fiskveiðasjóði, sem á að létta byrðar þeirra sem skulduðu lán erlendis á fiskiskipum sínum, *mundu renna 1 250 millj.* kr. — 1 milljarður 250 millj. kr. Sú fjárhæð verður nokkru hærri. En Fiskveiðasjóður hafði reiknað út að bæturnar til þessara aðila af skuldum þeirra næmu 2.4% af höfuðstólnum. Ef *hins vegar öll lán hjá Fiskveiðasjóði*, sem eru gengistryggð, — því hér er talsvert um það að fasteignalán í sambandi t. d. við byggingu frystihúsa eða fiskverkunarstöðva séu einnig gengistryggð, — ef öll gengistryggðu lánin hjá Fiskveiðasjóði eru tekin nemur þessi greiðsla ekki nema 1.44% af þessum höfuðstól. Ég vek athygli manna á því, að hér er um bætur að ræða sem aðeins eru að litlum hluta upp í það tjón sem menn hafa orðið fyrir. (**Forseti**: Vildi hv. þm. gera hlé á ræðu sinni meðan fundi er frestað til kl. 6?) Já, ég skal gera það. — [Frh.]

Umr. frestað.

Framkvæmdasjóður öryrkja, (þskj. 22, n. 350, 351). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Meiri hl. félmn. hefur skilað nál. því er hér liggur fyrir á þskj. 350 um Framkvæmdasjóð öryrkja og flytur brtt. við frv. á sérstöku þskj., 351. Nm. félmn., sem undir nál. skrifa, mæla með samþykkt frv. með þeim brtt. sem ég mun gera nánar grein fyrir. Stefán Valgeirsson gerir væntanlega grein fyrir afstöðu sinni í umr. hér um málið.

Félmn. fjallaði mjög ítarlega um frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja og hélt um það 7 fundi. M. a. voru fengnir á fund n. ráðuneytisstjórar þriggja rn., heilbr.- og trmrn., félmrn. og menntmrn., auk þess sem leitað var *umsagnar fjölmargra aðila um málið*. Allir umsagnaraðilar voru sammála um nauðsyn þess að stórátak þyrfti að gera í málefnum öryrkja almennt og að kennslumál þroskaheftra hefðu dregist verulega aftur úr og enn langt í land að þeir sætu við sama borð og aðrir í því efni. Þó skoðanir væru skiptar um tekjuhlið sjóðsins og sú skoðun almenn að kennslumál þroskaheftra ætti að fjármagna beint á fjárl. eins og kennslu annarra í landinu, þá *var það yfirleitt einróma álit* að þar sem þetta hefði ekki verið fjármagnað eins og lög gera ráð fyrir um sérkennslu og Alþingi ekki staðið við skuldbindingar í því efni, þá væri nauðsyn á að fjármagna slíkt tímabundið eftir öðrum leiðum, eins og í gegnum slíkan sjóð, þar sem ekki væri fyrirsjáanleg nein trygging fyrir því að þetta yrði fjármagnað eftir þeim leiðum sem lög um sérkennslu gera ráð fyrir. Slíkur sjóður gæti verið tímabundin lyftistöng til að koma kennslumálum þroskaheftra á sambærilegt stig og kennslu annarra. Ég vil ítreka það hér, að ef reglugerð um sérkennslu og 51. og 52. gr. grunnskólalaga ættu að standast, sem gera ráð fyrir að sérkennsla verði komin í viðunandi horf á árinu 1984, þá þyrfti um 600 millj. kr. á núgildandi verðlagi á fjárl. fram til ársloka 1984 til að sú áætlun stæðist, en sáralítið hefur verið veitt á fjárl. til þessara mála síðan lögin voru samþykkt 1974. N. fékk ýmsar ábendingar frá umsagnaraðilum og fulltrúum rn. sem hún hefur tekið tillit til og gert brtt. við frv. sem ég mun í örstuttu máli gera grein fyrir.

Varðandi þá breytingu, er um getur í 1. lið á þskj., að c-liður 3. gr. frv. falli niður, lýstu flestir nm. sig andsnúna því ákvæði varðandi tekjuhlið sjóðsins er gerir ráð fyrir gjaldi af verði allra seldra aðgöngumiða. Sú andstaða byggðist m. a. á því, að hér væri um tekjustofn að ræða sem Félagsheimilasjóður hefði tekjur af og gæti þetta haft þau áhrif að rýra tekjumöguleika hans. Ég sem flm. þessa frv. lagði áherslu á að halda þessu ákvæði, þar sem hér er um mjög vægt gjald að ræða og ég álít vandamálið stórt og brýnt og þetta sé vandamál sem flestir eigi að geta sameinast um að gera sameiginlegt átak í að leysa. Þeir, sem ekki neyta áfengis eða tóbaks, gætu tekið þátt í því með vægu gjaldi á selda aðgöngumiða. Með tilliti til þess, að ekki náðist samkomulag um það í n., og til þess að freista þess að ná sem víðtækastri samstöðu um þetta mál, bæði í n. og hjá hv. þdm., get ég eftir atvikum, þó með semingi sé, fallist á að þetta ákvæði tekjuöflunarinnar falli brott.

Varðandi brtt. við 4. gr. frv. kom það fram í umsögn fjmrn., að það gagnrýndi að hér væri um kostnaðarauka fyrir ríkissjóð að ræða, þar sem ráð væri fyrir gert að kostnaður vegna starfrækslu sjóðsins greiddist úr ríkissjóði. Nm. þótti rétt að taka tillit til þess og gera till. um að kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Sú skoðun kom m. a. fram, að vald sjóðsstjórnar væri óeðlilega mikið og rétt væri að ákvarðanir um fjármögnun byggingarframkvæmda væru endanlega háðar samþykki viðkomandi ráðh. Með tilliti til þess m. a., að ráð er fyrir gert í lögum um endurhæfingu, nr. 27/1970, að ráðh. veiti leyfi til að koma á fót endurhæfingarstöð og vinnustöð fyrir öryrkja og einnig þar sem rekstur sjóðsins verði undir umsjón félmrn., þá voru nm. sammála um að gera eftirfarandi brtt. við 5. gr.

„Aftan við b-lið komi:

Ákvörðun sjóðsstjórnar um fjármögnun byggingarframkvæmda er þó endanlega háð samþykki viðkomandi ráðh., sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 5. gr. laga nr. 27/1970".

4. brtt. er um nýja grein á eftir 15. gr, svo hljóðandi:

„Lög þessi skulu endurskoðuð að 6 árum liðnum frá gildistöku þeirra".

Ekki þótti óeðlilegt að inn kæmi þetta endurskoðunarákvæði með tilliti til þess að meta hvað þá hefði áunnist og áframhaldandi nauðsyn tekjustofnsins. Við 6 ár var miðað vegna þess, að miðað við tekjuöflunarmöguleika sjóðsins gætu kennslumál þroskaheftra e. t. v. verið komin í viðunandi horf á þeim tíma, og einnig með tilliti til, að áætlun í reglugerð um sérkennslu gerir ráð fyrir svipuðum tekjum til fjármögnunar 1984 og sjóðnum eru ætlaðar. Hér gæti því verið um tímabundinn sjóð að ræða, og því er hér um nauðsynlegt ákvæði að ræða ef sýnt væri að 6 árum liðnum að kennslumál þroskaheftra væru komin í viðunandi horf og gætu eftir það fjármagnast með eðlilegum hætti á fjárl. eins og önnur kennsla í landinu.

Ég vil að lokum enn og aftur undirstrika þá brýnu nauðsyn sem er á að leysa með skjótum hætti það vandamál og verkefni sem þessum sjóði er ætlað. Tímabundinn sjóður til örfárra ára gæti orðið mikil lyftistöng fyrir þetta brýna réttlætismál. Ég vil í því sambandi minna hv. þdm. á þá staðreynd, að á þessu barnaári eru rúmlega 1000 börn bæði þroskaheft og þurfa á einhvern hátt á sérkennslu að halda, en fá ekki sökum þess að þessi verkefni hafa verið látin sitja á hakanum.

Ég vil einnig minna á það, að þó benda megi á ýmis vanrækt verkefni á þessu barnaári er varða hag og aðbúnað heilbrigðra barna sem nauðsynlegt er að koma í betra horf, þá held ég að engin börn búi við eins skert kjör, eins slæman aðbúnað og eins lítil mannréttindi og þroskaheft börn. Ég held að ekki væri hægt að leggja fram verðugri skref á alþjóðaári barnsins en að gera átak til umbóta á aðbúnaði og högum þessara barna.

Aðbúnaður öryrkja og atvinnuöryggi er einnig mjög takmarkað og bágborið, bæði hvað snertir möguleika til starfsþjálfunar og verkmenntunar til að komast á hinn almenna vinnumarkað og einnig nauðsyn á uppbyggingu verndaðra vinnustaða þegar skýrslur sýna að þörf er á vernduðum vinnustöðum fyrir um 1000 manns. Ég get vel fallist á að réttast og eðlilegast væri að fjármögnun þeirra verkefna, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, færi fram á fjárl. eins og t. d. sérkennsla. En ég undirstrika og legg áherslu á að fjárframlög til þessara verkefna hafa verið svo takmörkuð að þau nægja hvergi til að standa undir þeim fjárskuldbindingum sem Alþ. tók á sig og samþykkti með grunnskólalögunum frá 1974. Það er staðreynd sem við verðum að horfast í augu við og getum ekki gengið fram hjá. Það þarf um 600 millj. á ári á núgildandi verðlagi til að koma sérkennslumálum í gott horf fyrir 1984, eins og ráð er fyrir gert í lögum, og það er skuldbinding sem Alþ. gerði 1974 og verður að standa við, svo brýnt er vandamálið. Fjárlög 1977 með 60 millj. kr. framlagi til sérkennslumála og fjárlög 1978 með 60 millj. kr. framlagi, sem síðan var skorið niður um 20 millj. á s. l. ári, gefa enga vísbendingu um að við þá skuldbindingu verði staðið. Frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja tryggir að við þetta verði staðið, þótt það sé ekki eftir þeim leiðum sem ráð er fyrir gert í grunnskólalögunum. Hér er bent á ákveðna tekjuöflunarleið sem ekki hafi bein áhrif á fjárl. Hér er aðeins um aukatekjur að ræða sem renna til þessara verkefna og í reynd þyrfti aðeins að vera tímabundið.

Ég vil ekki að óreyndu trúa því, að það ætti að þurfa að vefjast fyrir hv. þdm. að standa að því að samþykkja slíkt réttlætismál.

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. mælir meiri hl. hv. félmn. með samþykkt frv. Vænti ég þess fastlega, að hv. þdm. sjái hvað hér er um brýnt hagsmunamál öryrkja að ræða og nauðsynina á slíkum tekjustofni meðan ekki er sýnt að málefni þeirra komist í betra horf með öðrum hætti, þar sem Alþ. hefur ekki staðið við þær skuldbindingar sem það gerði með samþykkt grunnskólalaganna um fjármögnun og framkvæmd þessara mála sem snýr að þroskaheftum.

Ég vil að lokum geta þess, að þetta frv. var lagt fram í upphafi þings, í október, og hefur því tekið alllangan tíma að afgreiða það í þessari hv. d. Ég vil því leggja áherslu á það, að ef hv. þdm. veita þessu máli stuðning nú við þessa umr., þá verði lögð áhersla á að hraða afgreiðslu þess, ef von á að vera til þess að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og kemur fram í nál. á þskj. 350 skrifaði ég ekki undir nál. Það byggist á því, að ég var búinn að ræða um það við hæstv. félmrh. og trmrh. að ríkisstj. tæki afstöðu til þessa málefnis. Það er dálítið óvenjulegt, a. m. k. nú í seinni tíð, að frv., sem felur í sér verulega skattlagningu, fari í gegn á Alþingi

öðruvísi en ríkisstj. taki afstöðu til málsins, enda var vilji hæstv. ráðh. að gera það og fyrirvari minn byggist á þessu fyrst og fremst.

Annað mál er það, að í frv. um stjórn efnahagsmála er gert ráð fyrir því og hefur áður verið rætt á þessu þingi að hverfa frá að hafa markaða tekjustofna, heldur að Alþ. hverju sinni eða fjvn. ákvarði hvernig eigi að skipta þeim fjármunum sem þjóðfélagið hefur á hverjum tíma til framkvæmda. Hefur verið sterk krafa um að þessi leið yrði a. m. k. athuguð og jafnvel farin. Ég er ekki sammála því að það eigi að fara þessa leið nema breyta þá til. Ég held að það sé rétt leið, að það sé ákveðið t. d. í sambandi við vissa fjárfestingarsjóði og jafnvel ákveðin verkefni, að það séu markaðir tekjustofnar. En það er dálítil þversögn í því, að á sama tíma sem er verið að endurskoða þetta, jafnvel þó að málefnið sé mjög gott, þá sé ástæða til að stíga slíkt skref sem hér um ræðir. Það eru nefnilega ekki smávegis fjármunir sem þarna er fjallað um.

Í annan stað er það, að hér hef ég fyrir framan mig fundargerð fulltrúafundar sem Landssamtökin Þroskahjálp héldu nú 20. jan. Skýrt var frá því á þessum fundi, að það hafi verið n. að störfum sem hafi samið frv. eða drög að frv. í sambandi við aðstoð við þroskahefta, og það kemur hér fram að samtökin telja málefnum sínum best borgið á þann veg að þetta frv. verði lögfest. Þessi fundargerð hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Landssamtökin Þroskahjálp tjá sig í grundvallaratriðum ósammála þeirri tekjuöflunarleið, sem frv. til l. um Framkvæmdasjóð öryrkja gerir ráð fyrir, þar sem það hlýtur að teljast eðlilegt að fjármögnun þeirra framkvæmda, sem um ræðir í frv., fari fram á þeim sama grundvelli og aðstoð við aðra þegna samfélagsins, þ. e. a. s. með beinum framlögum á fjárlögum".

Nú vil ég í sambandi við þetta mál, þar sem það er komið hér á dagskrá, leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh. að því, hvort þetta málefni hafi verið rætt á ríkisstjórnarfundum, og enn fremur, — ég hef ekki séð þetta frv. sem ég var að minnast á og nefnd hefur samið og hlýtur að vera ætlast til að verði lagt fram hér, — hvort ráðh. muni leggja þetta frv. fram á þessu þingi og hvort í því felist hvernig eigi að standa að þessum málum. Ég held að við þurfum að fá að vita þetta áður en við tökum afstöðu til svona frv. Málefnið er mjög gott og aðkallandi að leysa, en slík mál eru mörg í okkar þjóðfélagi og þess vegna þarf að kanna bæði þetta mál og ýmis önnur betur en mér virðist að hafi verið gert.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Með frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., um Framkvæmdasjóð öryrkja, er hreyft merku máli hvað snertir málefni öryrkja. Hitt er annað atriði þessa máls, hvort það er rétt að fara inn á þá braut sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég tók til máls þegar þetta frv. var hér til 1. umr. snemma á þessu þingi og dró þar mjög í efa að það ætti að fara þessa leið. Það þýðir ekki að ég sé á móti því eða hafi minni áhuga en hv. flm. þessa frv. á því að sinna málefnum öryrkja og þá alveg sérstaklega með sérkennslu þeirra og endurhæfingu. En ef það á að vera afsökun fyrir því, ef skorin eru niður framlög til þátta sem lögum samkv. á að sinna, eins og t. d. sérkennslu þroskaheftra, þá fer ekki á milli mála, að fleiri aðilar hljóta að koma og segja. Í fjárl. var ekki gert ráð fyrir að mín stofnun, mitt mikilvæga hlutverk fái nóg fjármagn til að sinna tilteknum atriðum. Þá verðum við að flytja sérstakt frv. um stofnun fleiri sjóða til að sinna þessum verkefnum. Ég spyr: Hvar endar þá afgreiðsla fjárl. á mörgum sviðum? En sérstaklega finnst mér línur hafa skýrst síðan flm. þessa frv. fylgdi því úr hlaði, en það gerir frv. það sem hefur verið lagt hér fram og er nú fyrir fjh.- og viðskn. Ed., um stjórn efnahagsmála o. fl., og er flutt af hæstv. forsrh. Í 8. gr. þess frv. segir:

„Fyrir árslok 1979 skulu ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verða framvegis ákveðin með fjárl. ár hvert, og í áætlun með fjárlagafrv. næstu þrjú árin eftir lok hvers fjárlagaárs, sbr. 7. gr. Við endurskoðun þessa skal höfð sérstök hliðsjón af stöðu og verkefnum einstakra sjóða, m. a. með tilliti til félagslegra markmiða. Samráð skal haft við hagsmunaaðila.

Endurskoðun þessi skal jafnframt taka til ákvæða í lögum, er kveða á um mörkun einstakra tekjustofna til sjóða og verkefna".

Þessu frv. fylgir svo fskj. þar sem er skrá yfir framlög og markaða tekjustofna sem vísað er til í 8. gr. þessa frv. Meðal þess, sem þar er vísað til, eru jarðasjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Fiskveiðasjóður, Byggingarsjóður verkamanna, Lánasjóður sveitarfélaga, Bjargráðasjóður, jarðræktarframlög, Atvinnuleysistryggingasjóður, Hafnabótasjóður, Iðnrekstrarsjóður, Byggingarsjóður ríkisins, Byggðasjóður, til framræslu, uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, búfjárrækt, Kirkjubyggingasjóður, Kirkjugarðssjóður, eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum, Ferðamálasjóður, Iðnlánasjóður, Styrktarsjóður vangefinna og tekjur hinna ýmsu rannsóknastofnana og til framkvæmdar skipulagsmála. Meira að segja Styrktarsjóður vangefinna er tekinn hér með og ákveður þó Alþ. ekki framlög til hans nema eitt ár í einu. Þetta kemur mér því mjög spánskt fyrir sjónir, þegar vitað er að þetta frv. um efnahagsmál er alveg sérstakt helgiplagg hjá Alþfl., þar sem talsmenn þess flokks hafa marglýst yfir hér í umr. og þá sérstaklega utandagskrárumr. að þeir væru ekki til viðræðna um neinar breytingar hér á og hafa talið þýðingarmikið að Alþingi og ríkisstj. hefðu í hendi sér, hvernig ráðstafað væri þessum tekjustofnum, og gætu breytt þeim frá ári til árs. Hvernig stendur þá á því að þessi flokkur, sem hv. flm. er í, vill að þetta eina mál sé tekið undan? Er þetta ekki í algerri mótsögn við það sem flokkur þessa þm. heldur fram? Ef flokkurinn heldur því fram, að það eigi að efla markaða tekjustofna, þá gæti ég skilið þetta. Eða er bara verið að reyna að flytja mál og eigna sér það? Þetta er framfaramál, mál sem er viðkvæmt og menn vilja gjarnan leggja lið. Ég held að það hefði verið besta liðsemdin við þetta mál við afgreiðslu fjárl. að sýna að fyrir þessum málefnum væri vel séð með fjárframlögum lögum samkvæmt.

Ég get ekki séð það og fundið að það sé réttmætt að taka þetta eina málefni út úr og stofna sérstakan nýjan sjóð. Þær tekjur sjóðsins, sem hér er um að ræða, eru tappagjald af áfengi, sem á að hækka útsöluverð áfengis um 200 kr. hverja heilflösku af sterku víni og 100 kr. hálfflösku, en 100 kr. heilflösku af léttu víni, og sömuleiðis á að hækka útsöluverð tóbaks um 20 kr. hvern vindlingapakka 2 kr. hvern vindil og 20 kr. reyktóbak. Nú vita allir menn að tekjur af áfengis- og tóbaksverslun hafa runnið til ríkissjóðs hverju sinni, og það hefur verið

mat fjmrh. á hverjum tíma, hvaða verðlag ætti að vera á þessum vörum til þess að ríkissjóður fái sínar tekjur. Ég tel að með þessu, að marka hluta af útsöluverði tóbaks og áfengis, sé verið að stýfa tekjur ríkissjóðs um sömu upphæð. Með því að samþykkja þetta frv. er um leið verið að lækka ríkistekjur sem þessari upphæð nemur. Hvar á þá að taka þær ríkistekjur? Á að leggja á einhvern nýjan skatt til þess að ná endum saman við afgreiðslu fjárlaga?

Ég sé að n. hefur nú fellt niður c-lið þessarar 3. gr., þ. e. að leggja 20 kr. styrktargjald ofan á verð allra seldra aðgöngumiða í landinu, og flm. sagðist geta eftir atvikum fallist á það, en þó með semingi. Það hefur oft komið fyrir að flm. mála hafa lagt meira upp úr því að koma málum sínum fram en það þó að menn vilji ekki leggja því lið að leggja jafnalmenna skatta á allt skemmtana- og félagslíf í landinu og lagt er til með þessu frv.

Ég fyrir mitt leyti vil ekki styðja þetta frv. af þeirri ástæðu, að ég tel að það sé skylda ríkisvaldsins að sjá um bæði þau hlutverk, sem þessu frv. er ætlað að gegna, sérkennslu og endurhæfingu, og það sé engin ástæða til að stofna sérstakan sjóð með sérstakri stjórn fyrir þetta. En ég get ósköp vel skilið að menn leggi máli sem þessu lið ef þeir telja að það sé betur gert með þessum hætti en að berjast fyrir því að fá tilskilin nauðsynleg framlög á fjárl. En mér er óskiljanleg afstaða Alþfl. til þessa máls, þegar ég lít á þær yfirlýsingar sem þessi flokkur hefur gefið varðandi efnahagsmálafrv. og sérstaklega með tilliti til 8. gr. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. að því, hvernig honum finnist þetta fara saman, að stýfa alla þessa mörkuðu tekjustofna í efnahagsfrv., en jafnhliða að stofna nýjan sjóð með mörkuðum tekjustofnum. Finnst honum vera svo miklu fjármagni varið t. d. til Styrktarsjóðs vangefinna að hann telji sjálfsagt að takmarka þar framlög? Telur hann að það sé búið að gera þar nóg, eða telur hann að það sé búið að gera þar mun meira en í samræmi við það hlutverk, sem þessu frv. er ætlað að gegna? Ég vildi mjög gjarnan fá álit hans á því. Og það er eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði áðan, að ég tel að það væri líka athugandi að spyrja um hvaða afstöðu ríkisstj. í heild hefur til þessa máls, því að þetta er algerlega gegn þeirri stefnu sem hún hefur markað eða a. m. k. sá hluti hennar sem stendur að þessu efnahagsmálafrv. Það hefur yfirleitt verið hafður sá háttur á, þegar um stórmál er að ræða sem skipta hundruðum milljóna eða milli 700 og 800 millj., eins og þetta frv., að ríkisstj. taki afstöðu til þess og marki þar sína stefnu og sitt viðhorf. Ég hefði talið að hæstv. fjmrh., sem stjórnar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, hefði þurft að vera viðstaddur umr. þessa máls, svo að við fengjum að vita hvort hann telur að þetta hafi ekkert að segja fyrir ríkissjóð og þá á hvern hátt eigi að bæta þar um.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Meginmarkmið þess frv., sem hér er til umr., gengur út á það að tryggja tekjustofna til að standa undir kostnaði sem ráð er fyrir gert í ýmsum öðrum lögum sem Alþ. hefur samþ., en Alþ. hefur hingað til skotið sér undan að útvega. Ég held að allir þm. séu sammála um nauðsyn þess sem nota á peningana til. Hins vegar eru menn ekki sammála um tekjuöflunarleið frv.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. ræddi um það, að tekjuöflunarleiðin gengi þvert á hugmyndir efnahagsmálafrv. um markaða tekjustofna. Ég held að enginn og alls ekki Alþfl.-menn hafi gert ráð fyrir því að leggja niður markaða tekjustofna til félagslega þýðingarmikilla mála, því að reynslan hefur því miður sýnt, að þegar það er gert, — og er þá hægt að benda á Styrktarsjóð vangefinna, Gæsluvistarsjóð og ýmsa fleiri sjóði, — þá hafa þeir drabbast niður í ekki neitt.

Hv. 1. þm. Vestf. taldi upp ýmsa sjóði sem hann vill meina að Alþfl.-menn hafi lagt til að yrðu felldir niður sem slíkir með markaða tekjustofna. Þetta er ekki rétt. Þessir sjóðir voru aldrei í frv. Alþfl. sem var undanfari þess frv. sem nú er verið að ræða um hér í þinginu. Þeir voru þar aldrei. Þeir voru aftur á móti teknir upp í grg. þess frv., sem hér er til umr., og þá aðeins til upplýsinga um það, um hvaða sjóði gæti verið að ræða. Það hefur aldrei verið vilji eins eða neins í Alþfl. og ekki heldur í öðrum stjórnarflokkum að leggja niður markaða tekjustofna sem gengju til félagslegra nota. (**Gripið fram í:** Er Alþfl. á móti 8. gr. frv.?) Þar eru alls ekki ákvæði um það, að þessir sjóðir skuli falla niður, þessir félagslegu sjóðir — alls ekki. Það er þá illa lesið ef sá skilningur hefur komist inn hjá hv. þm.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. spurði, hvort þetta frv. hafi verið rætt í ríkisstj. Svo er ekki nema þá afskaplega lauslega, alls ekki efnislega.

Þá spurði sami hv. þm. hvort væntanlegt væri frv. um þroskahefta. Það er rétt, það er væntanlegt frv. um þroskahefta og það er nú til athugunar í ríkisstj. og verður væntanlega lagt fyrir Alþ. innan skamms og vonandi samþ. sem lög frá Alþ. fyrir þinglok. Í því frv. er málið nálgast frá talsvert mikið annari hlið en gert er með því frv. sem hér er til umr. Þar er ekkert minnst á hvernig eigi að afla fjárins. Þar eru að vísu ákvæði um kostnaðarskipti milli ríkis og sveitarfélaga. Málin eru þar tekin frá allt annarri hlið, þannig að að mínu mati mega þessi frv. bæði fara í gegn samtímis og styðja raunverulega hvort annað. Það er ekkert í því frv., sem skemmir fyrir þessu, og ekkert í þessu, sem skemmir fyrir hinu frv.

Herra forseti. Ég legg til að það frv., sem hér er til umr., verði samþ. til 3. umr. Fyrir þá umr. geta menn þá komið með brtt. varðandi tekjuöflunina ef þeim þykir það nauðsynlegt.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er gott og nauðsynlegt að aðstoða öryrkja í þessu þjóðfélagi. Þar er brýn þörf. Málefnum þeirra hefur ekki verið sinnt sem skyldi og þar er vissulega verk að vinna. Hitt er aftur spurning, hvernig á að vinna þetta verk.

Þetta mál, sem hér er til umr., frv. til l. um Framkvæmdasjóð öryrkja á þskj. 22, hefur hlotið mjög ítarlega meðferð í n. Ég var því miður fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins í n., en vil þó láta skoðun mína koma í ljós við þessa umr.

Vegna ummæla hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, hér áðan, þar sem hann saknaði hæstv. fjmrh. við þessa umr., vil ég leyfa mér að lesa stuttan kafla úr umsögn sem fjmrn. sendi félmn. Nd. Alþingis. Það, sem ég ætla að lesa, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Að því er varðar tekjuöflunarleiðir frv. tekur rn. fram eftirfarandi:

Á síðari árum hefur margoft verið bent á ókosti þess að marka tekjustofna til ákveðinna framkvæmda eða starfsemi. Mörkun tekjustofna hefur óhjákvæmilega í för með sér að fjárl. verða gerð óvirkari til þess að jafna niður því fjármagni sem tök eru á að afla í þeim tilgangi

að fullnægja nauðsynlegum þörfum. Þá skal og á það bent, að þó skynsamlegt samræmi sé á milli þeirra þarfa, sem mörkuðum tekjustofni er ætlað að fullnægja, og teknanna af tekjustofninum er engan veginn víst að þetta samræmi haldist um alla framtíð, ef gjaldstofninn er ekki beinlínis mælikvarði á þá þjónustu sem veitt er fyrir féð. Með þetta atriði í huga er hætt við að handahófskennd mismunun milli viðfangsefna þeirra, sem þannig eru fjármögnuð, og hinna, sem ekki eru það, geti átt sér stað. Þetta atriði ásamt þeirri staðreynd, að möguleikar til virkrar og sveigjanlegrar hagstjórnar með aðgerðum í ríkisfjármálum, t. d. með beitingu fjárl., eru einkum þau atriði sem fundin hafa verið mörkuðum tekjustofnum til foráttu og það með réttu. Það er staðreynd, að hérlendis eru mjög margir tekjustofnar markaðir. Reynt hefur verið að hamla á móti þessari þróun og reyna frekar að fækka þeim eftir mætti. Með tilliti til þessa er sú leið til tekjuöflunar, sem frv. gerir ráð fyrir, andstæð almennri stefnumörkun í þessu efni.

Í framhaldi af þessu má geta þess, að tekjustofnar ríkisins eru almennt taldir allt of margir og smáir. Æskilegra er að einfalda tekjuöflun ríkisins þannig að auðveldari yfirsýn fáist yfir skattheimtuna og áhrif hennar svo og til þess að gera alla framkvæmd ódýrari og samræmdari auk betri skilyrða til eftirlits. Kostnaður vegna innheimtu gjalda af því tagi, sem m. a. er lagt til að innheimt verði samkv. umræddu frv., er yfirleitt mjög hár miðað við þær tekur sem tekjustofninn aflar. Frá þessum sjónarhóli eru tekjuöflunarleiðir frv. ekki til annars fallnar nú en að gera skattakerfið enn flóknara og dýrara en það er nú þegar orðið.

Þá vill rn. sérstaklega geta þess, að tekjur ÁTVR af áfengissölu eru nú þegar rúmum milljarði undir þeirri tekjuáætlun sem gerð var fyrir árið 1978. Hefur of mikil hækkun söluverðs á áfengi einkum verið um kennt. Sýnist því sem verið sé að bera í bakkafullan lækinn að ætla að hækka enn meira en gert hefur verið verð á áfengi."

Síðan segir í niðurlagi þessarar umsagnar:

„Af því, sem að framan er rakið, má ljóst vera að rn. telur ekki æskilegt að mæla með þeirri leið sem lagt er til að farin verði samkv. umræddu frv. í þeim tilgangi að greiða fyrir fjármögnun þeirra framkvæmda sem um er rætt í 5. gr. þess, heldur verði farin sú leið að ákveðin verði á fjárl. ár hvert framlög til þessara mála líkt og er um framlög til skóla- eða félagsmála."

Undir þetta skrifa fyrir hönd rn. Höskuldur Jónsson og Lárus Ögmundsson.

Ég tel að þessi umsögn sé nægileg staðfesting á áliti fjmrn. og þá væntanlega fjmrh. á þessu máli og þeirri tekjuöflun sem þar er bent á. Spurningin er sem sagt um það, hvernig á að afla fjár. Hér er bent á ákveðna leið, og ég finn ekki fremur en 1. þm. Vestf. að þessi leið samræmist stefnu þeirrar ríkisstj. sem ég styð, en ekki hann. Ég fæ ekki séð að þetta passi við 8. gr. frv., þar sem ekki er reyndar tekið fram að eigi að fella niður þessa mörkuðu tekjustofna. Það er ekkert tekið fram um það. Það er talað um að endurskoða þá, en það þýðir alls ekki það sama og að skera þá niður við trog. Og ef maður athuga þann lista sem fyrrv. heilbrrh. las áðan, þá kemur auðvitað í ljós að þarna er um marga sjóði að ræða sem alls ekki kemur til greina að hrófla við. En á sama tíma og við erum vonandi að samþykkja efnahagsmálafrv. sem inniheldur þvílík ákvæði, þá fæ ég ekki séð að vert sé að bæta á eins og stendur.

Hvað varðar ummæli hæstv. félmrh. um að Alþfl. hafi aldrei dottið þetta í hug, þá misminnir mig hrapallega ef svo er. Ég mun gá að því í Alþýðublaðinu frammi. Ég bað einn af starfsmönnum þingsins að útvega mér Alþýðublaðið frá því í des. s. l., þar sem a. m. k. tví- eða þríprentað var frv. Jóns Baldvins Hannibalssonar og Alþfl. um efnahagsmál. Það hét frv. til l. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og eitthvað var nú fleira gott í fyrirsögn. Þetta frv. var þarna prentað og mig misminnir hrapallega ef ekki hefur verið minnst á í því frv. að endurskoða beri hina mörkuðu tekjustofna.

Hvað varðar það atriði í umsögn fjmrn. að því þótti áfengissala vera farin að dragast saman vegna þess að áfengi væri orðið of dýrt, þá hef ég alltaf verið talsmaður þess að hafa áfengi nokkuð dýrt í Áfengisversluninni. Það er vegna þess að sú skattheimta er einna léttbærust allrar skattheimtu sem ríkið leggur á þegnana. Það er sá skattur sem þegnarnir greiða með ljúfustu geði. Það er enginn sem neyðir mann til þess að fara inn í ríkið og borga þann skatt sem þar er af manni heimtur. Maður gerir það af fúsum og frjálsum vilja og getur sem hægast sparað sér það ef manni sýnist svo. Það er einföld leið og hófsemin er mikil dyggð.

Hér er ekki um smáræðisfjármagn að ræða. Það eru 800—1000 millj. (**JóhS:** Það er ekki svo mikið, þegar skemmtanaskatturinn er felldur úr.) Þegar skemmtanaskatturinn er fallinn úr, ef sú brtt. yrði samþ., þá er rétt að það nær ekki 1000 millj. í ár. En hver veit hvað verður á næstunni? Það má kannske segja: hvað er milljarður á milli vina? — og þó. Ef við erum á annað borð að reyna að hafa stjórn á fjármálum ríkisins, þá held ég að leiðin sé ekki að samþykkja svona frv., hvað svo sem málefnið er gott — og það undirstrika ég að ég tel að það sé í þessu tilfelli — og hvað svo sem flm. eru góðviljaðir og ötulir. Ég tel að ötulir stjórnarþm. og mjög jákvæðir ráðh. hljóti að geta rökstutt og knúið fram eðlilegar fjárveitingar til nauðsynjamála eins og þess arna við fjárlagagerð hverju sinni, ekki síst þar sem kann að vera að undir bagga hlaupi með þeim mjög rausnarlegir þm. stjórnarandstöðunnar. Þess vegna sé ég mér ekki fært að styðja þetta frv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér til 1. umr. 6. nóv. 1978 leyfði ég mér að gera nokkrar aths. og ábendingar um efni þess. Nú er það svo að þrátt fyrir þetta, — og ég vil undirstrika að þetta gerði ég í góðum tilgangi vegna þess að ég er vissulega sannfærður um að hér er hreyft góðu málefni, — þá hafði ég löngun til þess að gera ábendingar sem gerðu það líklegra að málið næði fram að ganga. Þrátt fyrir það að hv. félmn. hafi haldið 7 nefndarfundi og boðað á sinn fund svona annan hvorn málsmetandi mann í borginni, þá hefur ekkert af því, sem ég leyfði mér að benda á, fundið náð fyrir augum n., ef undan er skilið það ákvæði í c-lið 3. gr. þar sem rætt er um skemmtanaskatt. Ég er mjög óhress yfir því, að svo skuli hafa tekist til að ég sjái mig neyddan til þess að vera á móti svo góðu máli og svo glæsilegum flm. sem að því er. En það er það eina sem ég get gert, því að það hefur ekki verið hægt að taka neitt af þeim ábendingum, sem ég áðan nefndi, til greina.

Ég vil benda á það og kannske alveg sérstaklega hæstv. heilbrrh., að þegar þetta mál var hér til meðferðar til 1. umr. var nóvembermánuður rétt að byrja, þá voru fjárlög með öllu óafgreidd, var nýlagt fram frv. sem átti eftir

að taka verulegum breytingum, eins og allir hv. þdm. hljóta að vita. Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þær ábendingar sem fram komu við 1. umr., ekki frá mér einum, heldur mörgum hv. þm. öðrum, varð ég a. m. k. ekki var við nokkra tilburði til þess hjá hæstv. ráðh. að fá inn í fjárlög ákvæði um framkvæmd þeirra laga sem heyra undir hann og Alþ. hefur áður sett. Ég varð ekki var við að það væri gerð tilraun til þess, enda upplýsti hæstv. ráðh. áðan, ef ég hef tekið rétt eftir, að mál þetta hefði ekkert verið athugað í hæstv. ríkisstj. Ég verð að segja að ég hefði talið það skyldu ráðh., sem fer með mál þessa eðlis sem Alþ. hefur sett lög um, að hann gerði a. m. k. heiðarlega tilraun til þess að fá Alþ. til þess að leggja af mörkum það fjármagn sem er nauðsynlegt til þess að framkvæma þau ákvæði sem hér um ræðir. Og ég vil eindregið hvetja til þess, að þessu máli verði nú vikið til hliðar og þess verði freistað að fá fjármagn til þessara hluta eftir því sem ég vil kalla eðlilegum leiðum, ekki að leggja á markaðan tekjustofn einu sinni enn. Það er áreiðanlega ekki rétt leið. Það á að meta útgjaldaþörf hvers einstaks gjaldaliðs hjá ríkissjóði og þjóðinni, það á að reikna með þeim nauðsynlegu fjármunum við gerð fjárl., ekki að láta kylfu ráða kasti með það hversu mikið fjármagn fæst til tiltekinna verkefna, eins og gert er með því að fjármagna þá með mörkuðum tekjustofnum.

Það veit raunar enginn hvað þessi leið muni gefa. Hvað gefur þessi leið? Ekki veit ég það? Fer það ekki eftir því hversu mikið selst af tiltekinni vöru? Mér sýnist það. Aðaluppistaðan í fjármögnun þessa máls er álag á áfengi og tóbak. Er hægt að tryggja að nægilega sé drukkið til þess að þessi mál komist í þá höfn sem þau eiga skilið að fara? Ég dreg það mikið í efa, ekki síst þegar haft er í huga að ríkissjóður metur það áreiðanlega í hámarki hvað áfengi og tóbak megi kosta til þess að óhætt sé að setja það verð á. Ég held að það sé engin samúð með þeim, sem kaupa þá vöru, að finna í hæstv. stjórnarráði, eða ég hef ekki orðið var við það. Hvar á svo að draga mörkin þegar rætt er um markaða tekjustofna til þess að standa undir útgjöldum ríkissjóðs? Ég veit það ekki. Ætlar hv. Alþ. í hverju einstöku tilviki að skera úr um það, að eitt mál, sem Alþ. sjálft hefur samþykkt, sé svo miklu nauðsynlegra en næsta mál að það beri brýna nauðsyn til að fjármagna það með þessum hætti, en ekki að eiga það undir Alþ. við fjárlagagerð, hvort það fáist fjármagn til þess eða ekki.

Ég skal ekkert teygja þessa umr. neitt, herra forseti. Ég hef lýst skoðun minni á þessu máli, og ég harma að hv. n. hefur ekki séð sér fært að taka að neinu leyti tillit til þeirra ábendinga sem ég leyfði mér að gera. Ég harma það einnig að þurfa að vera á mót svo góðu máli.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í nál. á þskj. 350 kemur það fram, að við hv. 1. þm. Suðurl., Eggert Haukdal og ég, skrifum undir þetta nál. og mælum með því að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem meiri hl. n. flytur. Hér er um að ræða eitt af okkar meiri háttar félagsmálum sem hefur ekki verið sinnt nægilega á undanförnum árum, og í rauninni hafa ræður allra, sem hér hafa talað, fallið í þann farveg að um mikið nauðsynjamál sé að ræða. En sumir, sem hér hafa talað, leggjast á móti þessu frv. vegna þess að fé eigi að veita til þessara þarfa í fjárl. Þetta mál ræddum við nokkuð við 1. umr. og þá var á það bent að við afgreiðslu fjárl. bæði nú síðast og mörg undanfarin ár hefur ekki fengist fé neitt í námunda við það sem nauðsynlegt er til að sinna málum öryrkja. En hér er um svipað að ræða og varðandi fjölmörg önnur félags-, mannúðar- og líknarmál á undanförnum árum og áratugum, að við afgreiðslu fjárl. er þeim málum því miður stundum ekki sinnt nægilega. Af þeirri ástæðu og vegna þeirrar reynslu, sem menn hafa orðið fyrir hvað eftir annað, hefur orðið að grípa til hinna svokölluðu mörkuðu tekjustofna, og veit hver einasti hv. þm. að mörgum félagsmálum og mannúðar- og líknarmálum hefur skilað betur áfram og jafnvel verið bjargað í höfn einmitt vegna þessara mörkuðu tekjustofna. Ef hin kenningin hefði verið algild, að eingöngu ætti að leysa þessi mál með afgreiðslu fjárlaga, þá værum við miklu verr á vegi stödd í þessu þjóðfélagi um félagsmál heldur en nú er. Auðvitað er hægt að halda ræður um það, að allt eigi þetta að koma inn í fjárlög. En við rekum okkur bara á reynsluna bæði fyrr og síðar.

Út af fyrir sig er það ekki nýmæli að lagt sé fram frv. um markaðan tekjustofn til að leysa aðkallandi vandamál. Í frv. um efnahagsmál á þskj. 453 frá hæstv. forsrh., grg. þess, eru á bls. 34—35 taldir upp nokkrir hinna mörkuðu tekjustofna sem hafa verið og eru í gildi. Þar segir svo: „Meðal tekjustofna, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa, má nefna eftirtalin gjöld.“ Ég ætla að þarna séu taldir upp 32 markaðir tekjustofnar sem eru í gildi. Þeir eru fleiri, því að þessir eru „meðal tekjustofna“.

Þess var getið áðan, að það mundi vera sjónarmið fjmrn. og fjmrh., hverjir sem þeir væru á hverjum tíma, að vera andvígir hinum mörkuðu tekjustofnum. Þetta er ekki rétt. Ég vil t. d. taka það fram, að þau 5—6 ár, sem ég starfaði í fjmrn., var mér þetta vel ljóst og flutti sjálfur till. um markaða tekjustofna til að leysa ýmiss vandamál, vegna þess að mér var ljóst að það var ekki hægt að fá samþykki ríkisstj. og Alþ. til að leysa þau með fjárlagaframlögum. Sem dæmi vil ég nefna markaða tekjustofna til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands, — ég tek það af handahófi, — sem voru teknir upp á þeim tíma að minni till. sem fjmrh. og hafa staðið síðan.

Ég vil eindregið mæla með samþykkt þessa frv., og ég vil út af þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar gegn málinu, benda á það, að í efnahagsmálafrv. er ekki lagt til að afnema þá mörkuðu tekjustofna sem fyrir eru. Og núv. hæstv. ríkisstj. hefur á þessu þingi gengist fyrir að bæta við nýjum mörkuðum tekjustofnum. Má t. d. nefna iðnaðarmálagjald sem var búið að fella úr gildi. Og hún hefur boðað verulega hækkun á öðrum mörkuðum tekjustofnum, t. d. á jöfnunargjaldi.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að með allan þann sæg af mörkuðum tekjustofnum og nýlegar viðbætur og boðaðar viðbætur sætir það furðu ef nú skal spyrna við fótum þegar öryrkjar eiga í hlut.

Frsm. meiri hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til, þrátt fyrir ummæli hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, að ítreka enn frekar en ég hef gert hve brýn nauðsyn er á tímabundinni, ákveðinni tekjuöflunarleið til að verða lyftistöng fyrir málefni öryrkja, sem eins og öllum er kunnugt hafa dregist verulega aftur úr, einkum að því er varðar kennslumál þroskaheftra, þó Alþ. hafi skuldbundið sig til með grunnskólalögunum frá 1974 að fjármagna þau á fjárl., en ekki staðið við. Vona ég að þeir hafi það í huga sem gagnrýna þetta frv.

Það er rétt, sem fram hefur komið, að stefna ríkisstj. er að draga sem mest úr mörkuðum tekjustofnum og sjálfvirkni fjárfestingarlánasjóða. Er það í sjálfu sér eðlilegt þegar tillit er tekið til hve mikil fjárhæð er að lögum bundin í slíkri sjálfvirkni sem þá dregur verulega úr hagstjórnarmöguleikum ríkisvaldsins.

Hins vegar er í frv. forsrh. um efnahagsmál einungis talað um endurskoðun á sjálfvirkni varðandi hina mörkuðu tekjustofna, og á ég ekki von á öðru en að við þá endurskoðun verði nauðsyn slíkrar sjálfvirkni markaðra tekjustofna metin á þann hátt, að tillit verði tekið til þeirra sjóða og framlaga sem réttlætt eru með félagslegum sjónarmiðum. Sú hætta er vissulega fyrir hendi, ef slík sjálfvirkni verður með öllu afnumin, að framlög til hinna ýmsu félagslegu mála, svo sem Byggingarsjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Félagsheimilasjóðs, svo eitthvað sé nefnt, verði skert, ef það er á hverjum tíma háð ákvörðun á fjárl. hvað rennur til slíkra málaflokka. Þess vegna er að mínu mati nauðsynlegt að taka sérstakt tillit til slíkra félagslegra sjónarmiða, enda vil ég benda á vegna orða hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, að í frumvarpsdrögum Alþfl. frá því í desember var einmitt tekið tillit til slíkra réttlætismála.

Ég vil líka benda á að í tekjuöflunarleið þeirri, sem ráð er fyrir gert í frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja, er bent á ákveðnar, tímabundnar tekjur til verkefnanna sem frv. gerir ráð fyrir, en ekki bein framlög af fjárl., og hefur það því ekki í raun áhrif á svigrúm fjárl. hverju sinni. Því er ekki hægt að tengja þetta nema óbeint við þau sjálfvirku framlög sem hverju sinni eiga sér stað með beinum framlögum af þeim tekjum sem ríkissjóður hefur umleikis hverju sinni, þar sem hér er bent á ákveðnar viðbótartekjur til að standa undir þessu verkefni.

Ég held líka að allir sanngjarnir alþm. hljóti að viðurkenna að brýn nauðsyn er oft og tíðum á slíkum tekjuöflunarleiðum, ekki síst til þeirra verkefna sem frv. gerir ráð fyrir, þegar fjárveitingavaldið hefur ekki séð sér fært að fjármagna það eftir öðrum leiðum og ekki er fyrir séð að það verði gert í nánustu framtíð svo tryggt sé þrátt fyrir skýr ákvæði um fjármögnun og framkvæmd grunnskólalaga að því er varðar þroskahefta.

Rétt er það, sem fram kom hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að þeir, sem vinna að málefnum þroskaheftra, hafa lagt áherslu á að fá lagt fram frv. um aðstoð við þroskahefta og hefur nefnd unnið að því að undirbúa slíkt frv. Ég hef séð þau frumvarpsdrög um aðstoð við þroskahefta sem ráð er fyrir gert að leggja fram, en ég vil undirstrika að þar er hvergi tillaga um hvernig fjármagna eigi þær framkvæmdir sem þar er gert ráð fyrir. Gæti farið um það frv. eins og um ákvæðið í grunnskólalögunum varðandi þroskahefta, að skortur á fjármagni yrði til að koma í veg fyrir framkvæmd þeirra laga. Slíkur sjóður sem þetta frv. gerir ráð fyrir getur einmitt flýtt fyrir þeirri framkvæmd sem frv. um aðstoð við þroskahefta, sem væntanlega verður lagt fram, gerir ráð fyrir.

Ég taldi ekki ástæðu áðan til að fara að rekja þær umsagnir sem borist hafa um þetta mál. Ég taldi það nægja, til að tefja ekki tíma þessarar hv. d., að segja frá meginefni þeirra, sem var, þó að umsagnaraðilar, bæði Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið og aðildarfélög þeirra, teldu að þetta ætti að fjármagna á fjárl., eins og t. d. önnur kennsla í landinu, þá hefði ekki fengist fjármagn til þess og ekki verið staðið við þær skuldbindingar sem gerðar voru varðandi þetta efni, og þá væri önnur lausn ekki í sjónmáli, sem tryggði framgang þessara mála, en sú sem ráð væri fyrir gert í frv. þessu og því væru þeir henni fylgjandi. Og þegar Landssamtökin Þroskahjálp, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson nefndi hér sem dæmi, segja sig í grundvallaratriðum ósamþykk þeirri tekjuöflunarleið sem frv. gerir ráð fyrir, þá er það einmitt þetta sem ég lýsti sem er álit þeirra, að þau sjá málunum ekki betur borgið á annan hátt þó þau kysu að fjármagnað yrði til þessara verkefna á fjárlögum.

Vegna þess að hv. þm. Stefán Valgeirsson dró fram þetta dæmi án samhengis við meginefni flestra umsagnanna vil ég — með leyfi hæstv. forseta — grípa inn í örfá atriði í umsögnunum sem styðja mál mitt.

Í umsögn frá Öryrkjabandalaginu segir — og það eru 10 aðildarfélög innan þess:

„Með skírskotun til II. kafla frv. um sérkennslusjóð, þá er því ekki að neita, að það er skoðun stjórnar Öryrkjabandalags Íslands og aðildarfélaga þess, að öll kennsla innan grunnskólalaganna, sérkennsla sem önnur, og byggingar í þágu hennar eiga að ákvarðast á fjárl., enda er það í samræmi við yfirlýst markmið öryrkjafélaganna í átt til jafnréttis við aðra þjóðfélagsþegna. Hins vegar blasir við sú staðreynd, að sá skilningur á málefnunum virðist eiga langt í land hjá valdhöfum, og á þeirri forsendu lýsum við okkur hlynnta nefndu frv."

Í umsögn frá Félagi ísl. sérkennara segir:

„Nefndin styður frv. í heild, en harmar að til þessa frv. skuli þurfa að koma, þar sem við álítum að ríkissjóði beri að standa straum af þeim kostnaði sem lög og reglugerðir um sérkennslu og endurhæfingar segja til um."

Í umsögn frá Foreldrasamtökum barna með sérþarfir segir:

„Samtökin lýsa því yfir, að þau eru í heild sammála þeim meginmarkmiðum, sem fram koma í frv., og telja að framkvæmdir vegna sérkennslu og endurhæfingar verði betur tryggðar með mörkuðum tekjustofnum heldur en með framlögum á fjárlögum."

Í umsögn Foreldrafélags barna með sérþarfir á Akureyri segir:

„Við höfum fjallað allverulega um þetta mál og teljum ástæðu til að þakka þetta verk. Okkur virðist að með þessum lögum, ef samþ. verða, verði mjög mikilsverður áfangi fenginn fyrir verðandi heildarlöggjöf sem um hefur verið rætt á þingum samtakanna, þ. e. að með þessum hætti yrði verulegt fjármagn til reiðu fyrir stofnkostnaði þeirra stofnana, ef að lögum verður."

Umsögn umsjónarfélags einhverfra barna segir:

„Umsjónarfélag einhverfra barna fagnar tilkomu frv. og óskar einlæglega að það nái fram að ganga. Vafalaust má deila um sum atriði frv. eins og önnur mannanna verk, en miðað við þá aðstöðu, sem við höfum haft til að kynna okkur frv., treystum við okkur ekki til þess að benda á betri leiðir til árangurs í þessu yfirgripsmikla máli."

Í umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar, undirritaðri 30. nóv., segir:

„Þar sem okkur þykir þó sýnt, að erfitt muni reynast að fá fram á fjárl. þær fjárveitingar sem þarf til þess að hrinda í framkvæmd þeim markmiðum sem stefnt er að í reglugerð um sérkennslu og lögum um endurhæfingu, þykir okkur rétt að mæla með samþykkt framkomins frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd, að okkur þykir þjóðfélagið hafa þeim skyld-

um að gegna gagnvart þroskaheftum að því beri að gera þeim kleift að lifa sem eðlilegustu lífi í þjóðfélaginu. Því ætti ekki að vera spursmál um að veita nægt fé á fjárl. til að svo mætti verða.“

Í umsögn Styrktarfélags vangefinna segir:

„Setning sérkennslureglugerðar skv. grunnskólalögunum frá 1974 var mikið baráttumál. En ekki var gert ráð fyrir fjármögnun hennar á annan hátt en þann, að hún skyldi framkvæmd eftir því sem fé yrði veitt á fjárl. Önnur lausn er ekki í sjónmáli sem stendur. Því virðist enn svo sem vangefnir séu ekki taldir hafa rétt til menntunar og þjálfunar til jafns við aðra í þjóðfélaginu. Því miður er svo farið á fleiri sviðum með þann rétt. Við höfum barist fyrir skipulagningu, áætlunum, framkvæmd og fjármögnun þessara mála. Ónógar undirtektir ráðamanna hafa sem kunnugt er orðið til þess að þróun og uppbygging málefna vangefinna hefur að mestu leyti orðið fyrir tilstilli hins frjálsa framtaks.

Um væntanlegar tekjur sjóðsins er það að segja, að því ber að fagna ef hægt er að knýja fram tekjustofn til framdráttar þessum málum. Líklegt má telja að fjármögnun til þeirra komist þá fyrr inn á fjárl. sem sjálfsagður liður til jafns við aðstoð til handa öðrum þjóðfélagsþegnum.“

Ég skal láta þetta nægja, og lýkur hér tilvitnunum í umsagnir aðila. Ég tel mig hafa gripið nægilega niður í umsögnunum til þess að þdm. hafi fengið nægjanlega skýra mynd af umsögnum þessara aðila og vilja þeirra til þess að frv. verði samþ.

Ég vil þakka þeim, sem hér hafa tekið til máls við þessa umr., og þó sérstaklega góðar undirtektir hv. þm. Gunnars Thoroddsens. Það var vissulega rétt hjá honum, að margar félagslegar framkvæmdir væru ekki eins vel á veg komnar ef ekki hefðu komið til markaðir tekjustofnar. Og það skyti nokkuð skökku við, ef nú ætti að koma í veg fyrir slíkan tekjustofn til þess að hrinda brýnu máli í framkvæmd þegar öryrkjar eiga í hlut. Verð ég að segja að það er dálítið dapurlegt að hlusta á þá þm. sem mælt hafa gegn þessu frv. af því að þetta ætti að fjármagnast á fjárl., þegar þeir vita fullvel að það er ekki og hefur ekki verið framkvæmt í reynd.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er ekki svo að skilja að ég telji nauðsynlegt að kynna hér úr ræðustól frv. Alþfl., sem aldrei varð þó frv. En vegna þess að ég vitnaði í það lítillega áðan eftir minni, þá vil ég einungis lesa þær greinar sem mér voru í huga. Það er í 10. gr. frv. sem prentað er á forsíðu Alþýðublaðsins laugardaginn 16. des. 1978. 10. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lagaákvæði, sem kveða á um framlög úr ríkissjóði eftir sjálfvirkum reglum, skulu falla úr gildi með lögum þessum, sbr. 28. gr. Jafnframt verði markmið, skipulag og starfshættir fjárfestingarlánasjóða teknir til endurskoðunar.“

Í skýringum við 10. gr. segir:

„Hér er gert ráð fyrir að ýmis lagaákvæði, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til ýmissa framlaga, séu numin úr gildi. Jafnframt verði markmið, skipulag og starfshættir viðkomandi starfsemi tekin til endurskoðunar. Sjá nánar í upptalningu í 28. gr.“

28. gr. er þannig:

„Með lögum þessum er felld úr gildi skylda ríkissjóðs til fjárframlaga skv. eftirtöldum lagaákvæðum, sbr. 9. gr., sjá fskj.“

Síðan kemur upptalning á sjóðum, þar eru Byggðasjóður, Byggingarsjóður, Rannsóknastofnun atvinnuveganna, til jarðræktar og framræslu, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, veðdeild Búnaðarbankans, Fiskveiðasjóður, Lánasjóður sveitarfélaga, Ferðamálasjóður, Hafnabótasjóður, Iðnlánasjóður, Iðnrekstrarsjóður, Fiskimálasjóður, Fiskiræktarsjóður, útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir og Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Það er alveg rétt, að það eru taldir upp fleiri sjóðir í frv. forsrh. sem hv. 1. þm. Vestf. vitnaði hér til, en því frv. fylgjum við að sjálfsögðu framsóknarmenn og mér skilst Alþfl.-menn líka athugasemdalaust.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil segja það í upphafi, að ég styð heils hugar hverja viðleitni ríkisvaldsins til að vinna að þeim málefnum, sem frv. á þskj. 22 fjallar um, og hefði raunar kosið að Alþ. hefði á undanförnum árum verið örlátara í þessum efnum en reynslan hefur sýnt. Á hinn bóginn er það næsta dapurlegt, að það skuli vera svo um mörg af mestu félags- og menningarmálum og réttlætismálum, að Alþ. skuli ekki hafa uppburði í sér til þess að kveða á um nægilegt fjárframlag til þeirra hluta á fjárl. hverju sinni með beinum ríkisframlögum, sem síðan hefur leitt til þess að í æ ríkara mæli hefur verið farið inn á þá braut að marka ákveðna tekjustofna til þvílíkra verkefna.

Það má raunar segja að í þessu felist það, að alþm. eru oft og tíðum býsna örlátir á ríkisfé þegar nógu langt er í næstu fjárl., og má kannske segja að þess vegna sé rétti tíminn til að berjast fyrir auknum framlögum úr ríkissjóði til góðra mála að fitja upp á þeim þegar eftir afgreiðslu fjárlaga í hvert sinn. Það er raunar líka svo nú um þetta mál, að það fær góðar undirtektir vegna þess hversu langt er til næstu fjárlaga.

Ég lít svo á að með því að hæstv. forsrh. hefur lagt fram frv. á þskj. 453 þar sem kveðið er á um að endurskoðaðir skuli markaðir tekjustofnar, þá hljóti það einnig að taka til þessa frv. sem hér um ræðir ef samþ. verður. Gildi þess að samþ. þá mörkuðu tekjustofna, sem hér er gert ráð fyrir, virðist vera næsta rýrt miðað við það, að sami meiri hl. verði áfram á Alþ., vegna þess að það er alls af honum að vænta í þessum málum, eins og hringsnúningurinn hefur verið hjá honum í ríkisfjármálum frá einu frv. til annars.

Ég hef ævinlega verið andvígur því, að áfram sé haldið skipulagslaust á þeirri braut að marka ákveðna tekjustofna til tiltekinna verkefna. Ég held að öllum hv. alþm. sé ljóst að það tappagjald, sem hér er talað um á víni, og það fastagjald, sem hér er talað um að koma á útsöluverðs tóbaks, muni í raun einungis rýra tekjur ríkissjóðs af áfengi og tóbaki, frv. geri að því leyti ráð fyrir tekjumissi ríkissjóðs að því marki sem þessi gjöld nema. Við skulum gera okkur það ljóst, að þessar vörur eru þegar orðnar það dýrar að frekari hækkun nú mun að sjálfsögðu koma fram í minni sölu. Fjármálaráðherrar hafa haft tilhneigingu til að spenna bogann til hins ýtrasta í þessum efnum.

Ég vil svo að síðustu aðeins segja það, að vegna þess málefnis sem hér á í hlut, þar sem er Framkvæmdasjóður öryrkja, treysti ég mér ekki til þess að standa á móti þessu frv. en vil á hinn bóginn lýsa andstöðu minni við þau vinnubrögð, að Alþ. reyni að smokra sér undan því að taka afstöðu til slíkra málefna við afgreiðslu fjárlaga.

Ég styð það heils hugar að þeir mörkuðu tekjustofnar, sem þegar eru í lögum, verði teknir til endurskoðunar og menn geri það upp við sig hvernig það dæmi lítur út í heild.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka aftur til máls, en flm. þessa frv. hafði hér þau orð áðan sem gerðu það að verkum að ég tel mig knúinn að koma hér aftur í ræðustól.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði bæði við 1. umr. þessa máls og eins í dag, að ég tel mig vera áhugamann fyrir að auka og efla sérkennslu og endurhæfingu öryrkja. Hins vegar tók ég fram að ég gæti ekki fallist á, að það væri stofnaður sérstakur sjóður með sérstakri sjálfstæðri stjórn. Við erum með sérkennsluna í grunnskólalögunum, og þrátt fyrir þetta frv. verður sú sérkennsla þar eftir sem áður. Kemur það mér mjög á óvart, að þegar verið er að afgreiða fjárl. virðast sumir þm. hafa ákaflega takmarkaðan áhuga á að leiðrétta það sem þeir telja miður fara með því að flytja þá um það brtt.

Flm. þessa frv. sagði að sér þætti dapurlegt að heyra hvernig sumir þm. hefðu tekið þessu frv. Það getur vel verið að hv. flm. frv. þyki dapurlegt að heyra ef einhver er ekki nákvæmelga á sömu skoðun og hún er, þessi hv. þm.

Hitt er svo annað mál, að ég flutti brtt. við fjárl. — í fyrsta skipti sem ég hef flutt brtt. við fjárlagafrv. — sem varðaði það kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir. Það var til uppbyggingar heilbrigðisþjónustu á einum ákveðnum stað þar sem engin slík starfsemi var fyrir, og flm. þessa frv. var ekki mjög sorgbitin eða dapurleg á svipinn að drepa þá till. Eru áhugamálin aðeins miðuð við eitthvert ákveðið sérsvið og líka við það að ákveðnir þm. flytji þau mál? Eru það ekki málefnin sjálf? Ég held að það hefði ekki drepið ríkissjóð þó að sú till. hefði verið samþ. En það stóð ekkert á flokksfólki flm. þessa frv. að drepa þá till. ásamt ráðh. heilbrigðismála. Hún var ekki stór. Hún var sennilega ekki nema um 3% af því sem hér á að taka af ríkissjóði. En nú er það hægt, og ráðh. heilbrigðismála leggur til að frv. verði samþ. sem á að gefa um liðlega 700 millj. kr. á ári. Það yrði sennilega ekki nema rúmur hálfur milljarður eða vel það sem það gæfi á þessu ári. En frv. gerir ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi ef frv. verður að lögum. Og þá á að kippa tekjum frá ríkissjóði með því að bæta ofan á verð á áfengi, sem er alltaf gert hvort sem er alveg til hins ýtrasta. Það hefur ekki verið neitt lát á því á undanförnum árum, og aldrei hefur gengið jafndjöfullega að ná endum saman og fyrir síðustu jól. Það þurfti að hafa opið alveg fram undir stórhátíð. Á árum áður var þó lokað á Þorláksdag og aðfangadag, en það voru eiginlega neyðarvein um að kaupa meira brennivín.

Kannske verður tekjuaukning af því að samþ. þetta frv., því ef menn kaupa meira brennivín, þá styrkja þeir Framkvæmdasjóð öryrkja, og eftir því sem menn kaupa fleiri flöskur fara fleiri 200-kallar við kaup á sterku víni til þessa ágæta málefnis. Það verður kannske þegar allt kemur til alls mjög gott fyrir fjmrh. að setja þetta í sínar fréttatilkynningar, því brennivín má ekki auglýsa, en það má gefa út fréttatilkynningar um það. (Gripið fram í.) Hvað sagði formaður þingflokksins? (Gripið fram í.) Já, það má hafa þetta myndskreytt. Þeir geta fengið vafalaust nóg af slíkum myndum. Það væri alveg nóg að taka mynd af stuðningsliði ríkisstj. í ýmsum stellingum.

Mér finnst ekki heiðarlegur málflutningur hjá flm. þessa frv. að draga þá þm. í þessari deild, sem hafa talið að það ætti að fara eftir öðrum leiðum, — að draga þá í dilka og segja: Það eru góðu þm. sem styðja mitt frv., en hinir eru mjög slæmir og sennilega mjög illa innrættir, af því þeir styðja ekki frv. mitt.

Þetta finnst mér ekki vera heiðarlegur málflutningur. Ég vil aðeins minna á það, að í sambandi við alla umönnun þroskaheftra er undirstaða þess menntun þroskaþjálfa, og á meðan ég fór með heilbrigðismál var skóli til þess byggður upp. Hann var ákaflega lítill og á veikum grunni byggður og hann var utan við fræðslukerfið, utan við menntmrn. Sá skóli er nú orðinn mjög góður, enda hefur þjóðfélagið verið mjög lánsamt með kennara við þann skóla. Ég lagði kapp á það, og naut velvilja fjárveitingavalds og annarra, að búa vel í haginn fyrir þennan skóla. Það er engin ástæða til að segja, að það hafi verið lítið gert á undanförnum árum. Hins vegar má segja að það hafi ekki verið nógu mikið gert. Það get ég alveg tekið undir. Þessi mál eru auðvitað mjög viðkvæm hjá þeim, sem eiga hér hlut að máli, aðstandendum þessa fólks og þessu fólki sjálfu. En það bætir ekki að túlka málstaðinn með þeim hætti sem hv. flm. þessa frv. gerði.

Ég tel, þrátt fyrir það að ég sé ekki á því að fara inn á þessa braut, að ég sé ekki neitt verri talsmaður eða stuðningsmaður þess hlutverks, sem þessum sjóði er ætlað að gegna, heldur en aðrir.

Frsm. meiri hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar tel ég mig hafa skýrt það nægjanlega vel, að þetta hefur ekki verið fjármagnað á fjárl. og því hefur ekki verið sinnt nægjanlega vel hingað til, og þess vegna þarf þessi tekjustofn að koma til. Með þessari ábendingu er ég ekki að draga þm. í dilka, einungis að benda á staðreyndir.

Hv. þm. Halldór Blöndal taldi að þó frv. yrði samþ. yrði gildi þess næsta rýrt, þar sem endurskoðun á mörkuðum tekjum færi fram fyrir árslok ef frv. forsrh. nær fram að ganga. Ég vil mótmæla þessu, vegna þess að ég tel að það hljóti einmitt að verða sérstaklega tekið tillit til þessa máls sem svo mjög hefur verið svelt í fjárveitingum undanfarin ár, með þeim afleiðingum að það er á takmörkunum að þroskaheftir búi við þau mannréttindi sem öðrum þykja sjálfsögð.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram, vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lét þau orð falla að sumir þm. a. m. k. væru á móti þessu frv., og það gat alveg eins átt við mig og hvern annan, að það er misskilningur. Ég er alls ekki á móti frv. En ég er stuðningsmaður ríkisstj. og ég tel mig ábyrgan í afstöðu til mála. Ég vil að ríkisstj. fjalli um þetta mál. Þetta er ekkert smátt í sniðum. Miðað við frv., eins og það er úr garði gert, er um að tefla eftir þær brtt., sem meiri hl. er að flytja, um 840 millj. kr. á einu ári, ef þær tölur, sem hér eru nefndar, eru réttar. Menn verða svolítið að athuga um hvað er að tefla. Ég á nefnilega ákaflega erfitt með að fara samtímis upp og niður sama stigann. Það kann að vera að aðrir hv. þm. geti gert það, en ég á erfitt með það.

Ég vil treysta því, að á milli 2. og 3. umr. verði þetta mál athugað. Og ef verður samkomulag um það í ríkisstj. að þetta sé allt í lagi, þá mun ekki standa á mér. En menn verða að vera hér ábyrgir. Það eru nefnilega fleiri mál en þetta sem hafa verið svelt. Þetta er ekki eina málið. Og

þó að þessar stofnanir séu alls góðs maklegar, þá verða menn að hugsa málin í samhengi. (Gripið fram í.) Það eru mörg mannréttindamál og ég gæti talið nokkur upp, en ég ætla ekki að gera það, sem eru ekki síður mannréttindamál en þetta. Og það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að það hefur verið töluvert gert í þessum málum, en það hefði þurft að gera meira, og það er þannig með fjölmörg mál hjá okkur. Það hefur verið gert mikið og kannske meira að segja meira en við máttum gera miðað við okkar möguleika. En samt er margt ógert. Þetta verða menn að athuga og það læra menn þegar þeir fara að starfa lengur hér á hv. Alþingi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er aðeins til að leiðrétta smámisskilning milli mín og hv. 12. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur. Ástæðan fyrir því, að ég sætti mig við þá fjáröflun sem hér er gert ráð fyrir, er sú, að hún sannfærði mig um að sá meiri hl., sem nú er á Alþ., mundi ekki að öðrum kosti ætla fé til þessarar starfsemi. Af þeim sökum er mér nauðugur einn kostur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samvinnufélög, frv. (þskj. 80). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 75. fundur.

Fimmtudaginn 29. mars, kl. 2 miðdegis.

Varanleg vegagerð, þáltill. (þskj. 156). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lækkun og niðurfelling opinberra gjalda á íþróttavörum, þáltill. (þskj. 332). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sending matvæla til þróunarlanda, þáltill. (þskj. 348). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Heilbrigðis- og félagsleg þjónusta fyrir aldraða, þáltill. (þskj. 443) — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Atvinnu- og efnahagsleg áhrif takmarkana á fiskveiðum, þáltill. (þskj. 335). — Ein umr.

Guðmundur Karlsson: Forseti. Ég hef á þskj. 335 leyft mér að flytja þáltill. ásamt þeim þm. Guðmundi H. Garðarssyni, Sverri Hermannssyni, Lárusi Jónssyni og Friðjóni Þórðarsyni um könnun á atvinnu- og efnahagslegum áhrifum takmarkana á fiskveiðum Íslendinga. Þáltill. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera ítarlega könnun á atvinnu- og efnahagslegum áhrifum þess, ef farið verður að tillögum fiskifræðinga um að þorskveiðar Íslendinga í ár verði takmarkaðar við 250 þús. smál. Enn fremur verði könnuð áhrif þess, ef farið verur að tillögum þeirra um viðgang helstu fiskstofna á næstu árum."

Það má heyra á till. að það er nokkuð langt um liðið síðan við lögðum hana fram, en ýmissa hluta vegna hefur hún ekki komið á dagskrá fyrr en nú. Það má segja, að nokkur umr. hafi farið fram í þessa átt á síðustu dögum, en samt tel ég að full ástæða sé til þess að flytja till. Grg., sem henni fylgir, er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Undanfarin ár hafa farið fram miklar umr. um veiðiþol fiskstofna innan hinnar nýju 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Árvisst hafa fiskifræðingar látið frá sér fara aðvaranir um að ýmsir mikilvægir fiskstofnar væru ofveiddir og að grípa yrði til veiðitakmarkana. Flestir, sem til þekkja, eru sammála um nauðsyn þess að einskis megi láta ófreistað í þeim efnum að afstýra því að fiskstofnanir séu ofnýttir. Hins vegar greinir menn á um hvar draga skuli mörkin. Fara þar ekki alltaf saman skoðanir þeirra, er starfa í sjávarútvegi, og sérfræðinga.

Nú liggur fyrir tillaga frá fiskifræðingum um róttækan niðurskurð á þorskveiðum á yfirstandandi ári. Um er að ræða að leyfilegur hámarksafli þorsks verði 250 þús. smálestir, en á s. l. ári var þorskaflinn 330 þús. smálestir. Þá lögðu fiskifræðingar til að þorskafli yrði 270 þús. smálestir. Verði farið að þessari og öðrum tillögum sem fiskifræðingar gera og hníga í sömu átt, mun það hafa gífurleg áhrif á efnahagslega afkomu þjóðarinnar.

Án ítarlegrar athugunar er erfitt að gera sér grein fyrir áhrifum þessara aðgerða á útgerð, fiskiðnað og afkomu þess fólks, er í þessum atvinnugreinum starfar, auk almennra áhrifa á atvinnu- og efnahagslíf landsmanna í heild.

Ljóst er þó, að fjórðungs niðurskurður á veiðum mikilvægasta fiskstofnsins, þorsksins, hlýtur að hafa í för með sér stórfelld samdráttaráhrif í atvinnu- og efnahagslífinu. Engir útreikningar né áætlanir liggja fyrir um stærð þess vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir ef farið verður að tillögum fiskifræðinga. Er því lagt til að slíkir útreikningar eða áætlanir verði gerðar hið fyrsta. Án framangreinds mats er þess vart að vænta að gerð verði viðhlítandi grein fyrir því, hvernig vinna beri að lausn þess gífurlega vanda sem verður í atvinnu- og efnahagsmálum í nánustu framtíð verði farið að tillögum fiski-

fræðinganna.

Með tillöguflutningi þessum eru flm. ekki að leggja dóm á tillögur fiskifræðinga í fiskveiðimálum Íslendinga."

Það liggur nú fyrir hvaða takmarkanir verða gerðar á þessu ári og að ekki verður farið að tillögum fiskifræðinganna um þorskveiðina. En jafnforvitnilegt er eftir sem áður, að þessi könnun fari fram og menn geri sér grein fyrir orsökum og afleiðingum.

Umræður leikmanna um takmarkanir og stjórnun fiskveiða markast oft fremur af tilfinningahita og trúarsannfæringu og stundarhagsmunum en raunsæi og köldum staðreyndum. Þarna mætast oft óskhyggja og veiðigleði fiskimannsins, bjartsýni útgerðarmannsins og eðlileg varfærni vísindamannsins, þar sem fiskifræðingurinn er. Fiskifræðin er ung vísindagrein og á við marga óvissuþætti að glíma. En við höfum búið fiskifræðinga okkar góðum tækjum og búnaði og þeir eru vel menntaðir. Óneitanlegt er, að það eru þeir sem gerst vita hvert stefnir um þróun fiskstofnanna, og það verður ekki annað sagt en að vel hafi til tekist þar sem ráðum þeirra hefur verið fylgt. Við getum því ekki leyft okkur þann munað að horfa fram hjá skoðunum þeirra, þótt svör þeirra við spurningum okkar séu ekki endilega þau, sem þægilegust eru hverju sinni, og þau, sem við helst vildum fá.

Það er fólkið úti á ströndinni, sem allt sitt á undir svipulum sjávarafla, sem hefur mestar áhyggjur af því, sem fram undan er í fiskveiðum okkar, og á mestra hagsmuna að gæta. En mörkuð stefna hefur mikil áhrif um afkomu þjóðarinnar allrar. Því verðum við að gera okkur glögga grein fyrir beinum og óbeinum áhrifum þeirra tillagna, sem uppi eru, og þeim ákvörðunum, sem teknar verða um veiðitakmarkanir og á hvern hátt megi draga úr neikvæðum áhrifum þeirra á afkomu fiskimanna, fiskvinnslufólks og útgerðar og fiskvinnslufyrirtækja fiskibæjanna úti á ströndinni og þjóðarbúsins alls. Stjórnun fiskveiðanna verður að stefna að hámarksnýtingu og verðmætasköpun úr þeim afla sem á land berst, en framtíðarmarkmiðið hlýtur að vera hámarksafrakstur allra fisktegunda.

Það er óhætt að segja það, að nú á tímum allra þeirra upplýsinga og alls þess upplýsingastreymis, sem fram fer í þjóðfélaginu, sé full ástæða til að fólkið, sem býr úti á ströndinni og á allt sitt undir sjávaraflanum, verði upplýst um ekki bara þær ákvarðanir, sem teknar verða, heldur og um líklegar afleiðingar þeirra. Það er ekki nóg að stjórnvöld ein sitji inni með vitneskjuna um líklegar afleiðingar ákvarðana sinna, heldur verður það fólk, sem þetta varðar, líka að hafa vitneskjuna og gera sér grein fyrir hvað fram undan er.

Umr. frestað.

Niðurfelling leyfisgjalda af litlum bifreiðum, þáltill. (þskj. 395). — Ein umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil gera hér nokkra grein fyrir till. sem við erum þrír flm. að, auk mín hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson og Sighvatur Björgvinsson. Þessi þáltill. fjallar um það að fara þess á leit við ríkisstj. að hún felli niður og lækki leyfisgjöld af litlum fólksbifreiðum. Í till. er gert ráð fyrir að bifreiðum, sem í eru vélar með rúmmál sprengirýmis minna en 1600 cm³, verði 50% leyfisgjaldið alveg fellt niður og lækkað um 25% af bifreiðum með vélar þar sem sprengirými er á bilinu 1601—3000 cm³. Af bifreiðum með stærri vélar verði gjöld óbreytt.

Hugmyndin að baki þessari till. er sú, að nú þegar olíuverð fer stöðugt hækkandi verði reynt að gera fólki auðveldara að eignast sparneytnar bifreiðar en nú er. Ýmsir hafa sagt við mig, eftir að þessi till. kom fram hér á þingi, að það hefði verið eðlilegra, um leið og lækkuð væru og niður felld þessi gjöld, að lögð yrðu hærri gjöld á stórar bifreiðar á móti. Þetta tel ég mjög vanhugsað, einfaldlega vegna þess að með hækkandi bensínverði hækka raunverulegir skattar á eigendum stórra bifreiða mjög mikið, og það er hin eiginlega skattlagning sem fram kemur í þrepum ef litið er á stærð bifreiðanna. Þannig tel ég að eigendur stórra bifreiða hér á landi séu nú nægilega skattlagðir, ekki þurfi að bæta þar á.

Einnig hefur verið bent á það, að hér hefði þurft að fara þá leið sem Danir fóru í sambandi við skattlagningu á bifreiðum, þ. e. a. s. skattleggja þær eftir þunga. En sú leið hefur gefist misjafnlega, einfaldlega vegna þess að innflytjendur bifreiða hafa leikið þá leiki að flytja þær inn með sem allra minnstum aukatækjum, þannig að þær hafa oft og tíðum komist niður í lægri tollflokka, en síðan hefur þessum tækjum verið komið fyrir í bifreiðunum eftir að þær voru komnar til landsins á lágu tollunum.

Þetta mál tel ég vera mikið hagsmunamál fyrir alla þá sem hug hafa á því að spara í rekstri bifreiða sinna. Ég vil benda á að undanfarin ár hefur verið flutt hingað til lands mikið magn af bifreiðum sem varla geta flokkast undir það að vera gæðabifreiðar eða bifreiðar í háum gæðaflokkum. Þetta veldur því að þessar bifreiðar hafa mjög fljótt orðið úreltar og hafa þannig kannske skapað beint eða óbeint meiri erfiðleika en ástæða hefði verið til. Með þessari till., ef hún nær fram að ganga, eru meiri líkur á því að almenningur geti keypt sér vandaðar litlar bifreiðar, sem endast þá betur en hinar sem eru ódýrari í dag.

Ég held að enda þótt ríkissjóður kunni að verða fyrir nokkru skakkafalli vegna niðurfellingar á þessu leyfisgjaldi, þá sé nú fram undan veruleg tekjuaukning hjá ríkissjóði vegna hækkana á bensíni, því að ég hef ekki orðið var við að ríkissjóður ætli að taka til sín minna bensíngjald en hann hefur gert að undanförnu að hundraðshluta til, þannig að tekjuaukning ríkissjóðs á næstu mánuðum vegna bensín- og olíuhækkana verður mjög veruleg. Þarf ekki að fara um það mörgum orðum hve miklar tekjur ríkissjóður hefur af innflutningi fólksbifreiða og rekstri þeirra almennt.

Ég vil benda á að í grg. með till. eru nefnd tvö dæmi um tekjur ríkissjóðs af innflutningi á bifreiðum. Í fyrra tilvikinu er dæmi um bifreið sem í er vél með minna sprengirými en 1600 cm³, en undir það flokkast nær allar litlar bifreiðar sem fluttar eru til landsins. Bíll af þessari gerð, sem kostar frá framleiðanda 2985 dollara eða tæplega 3000 dollara, sem jafngildir 960 þús. ísl. kr. miðað við gengið eins og það var 23. febr. s. l., kostar kominn á götu hér í Reykjavík rúmlega 3.4. millj. og þá er ryðvörn ekki talin með. Tekjurnar, sem ríkið fær af þessari bifreið, eru í fyrsta lagi tollur 982 þús. kr., í öðru lagi leyfisgjald 546 þús. kr. og í þriðja lagi söluskattur, sem nemur 457 þús. kr. Þetta þýðir að ríkið fær í sinn hlut tæplega 2 millj. kr. af bifreið sem kostar 3.4. millj. Ef leyfisgjaldið yrði hins vegar fellt niður af þessari stærð bifreiða yrði verð til kaupanda hér í Reykjavík 2 millj.

894 þús. kr.

Hitt dæmið fjallar um bifreið þar sem sprengirými vélar er á bilinu 1601—3000 cm³. Í þessum flokki eru miðgerðir m. a. af amerískum bifreiðum og stærri gerðir af japönskum bifreiðum sem fluttar eru hingað til lands. Ef við tökum kostnaðardæmið og tekjur ríkissjóðs af þessum bíl, þá lítur dæmið þannig út að hann kostar frá framleiðanda 5000 dollara eða 1.6 millj. ísl. kr. Til kaupanda í Reykjavík yrði verðið hins vegar 5.4. millj. kr. og ríflega það. Af þessari bifreið hefur ríkið eftirtaldar tekjur: tolla tæpa 1.6 millj., leyfisgjald 876 þús. kr. og söluskatt 747 þús. kr. Til ríkisins greiðir því kaupandi þessarar bifreiðar raunverulega 3.2. millj. kr. Ef hins vegar leyfisgjaldið af þessari tegund og þessum stærðarflokki yrði lækkað um 25%, eins og gert er ráð fyrir í till., þá yrði verð bifreiðarinnar um 5 millj. kr. í stað tæplega 5.5 millj. Þá er ráð fyrir því gert að í öðrum stærðarflokkum, þ. e. a. s. bifreiðum sem eru stærri en þær sem um er fjallað í till., yrði engin breyting. Hins vegar þarf að kanna mjög vandlega bifreiðar sem notaðar eru í atvinnuskyni, t. d. sendiferðabifreiðar þar sem rúmtak vélar fer eftir burðarþoli.

Ég skal ekki lengja mál mitt um þessa till., herra forseti, en ég held að jafnvel mætti ganga lengra í lækkunarátt á sparneytnum litlum bílum sem fluttir eru hingað til lands, ef það mætti verða hvatning almenningi til þess að kaupa fremur bifreiðar sem eru sparneytnar og eyða litlu bensíni, heldur en bifreiðar, sem eyða miklu bensíni. Það er augljóst að þetta hlýtur að vera þjóðarbúinu mjög hagkvæmt. Þetta dregur úr innflutningi á bensíni hingað til lands og sparar okkur þar með gjaldeyri, og auk þess mætti vænta þess, að þessi breyting gæti komið því fólki til góða sem í dag hefur annaðhvort ekki ráð á því að kaupa sér nýjar bifreiðar vegna fjárhagsörðugleika eða þá að það treystist ekki til þess einfaldlega vegna þess að þær eru ekki nægilega góðar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég verð að játa að þessi till. kom mér lítils háttar á óvart þegar ég sá hana á borðinu mínu. Það má alls ekki skilja mig svo að ég sé að svo stöddu að mæla gegn þessari till. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig, að gera hóflega sparneytnar bifreiðar aðgengilegri fyrir almenning, og í því er að sjálfsögðu viss búmennska. Hitt tel ég þó í fljótu bragði eðlilegra, að reyna að halda niðri verði á bensíni og skattleggja þá fremur nýja bíla á móti heldur en láta eldsneytið bera skattheimtuna uppi. Það verður auðvitað að afla tekna og þetta er ein aðferðin. En ég held nú, eftir því sem mál hafa þróast í seinni tíð varðandi olíu- og bensínverð, að það sé alveg óhjákvæmilegt að fara að taka til athugunar fyrr en seinna hvort ekki verði að breyta innheimtuaðferðum ríkisins og skattlagningu á þetta eldsneyti. Það er ekki hóf á því verði sem orðið er á þessari vöru, og ég held að það sé mjög brýnt að taka á vandamálinu með mikilli einbeitingu.

En það er annar bílaflokkur, sem ég tel að sé enn þá meiri ástæða til að athuga hvort er ekki í röngum tollflokki, heldur en þessir litlu bílar, og þar á ég við jeppana. Jeppar eru óhóflega dýrir, og það er svo sem ekkert við því að segja um þá bíla, sem fara til sportmennsku, og þá bíla, sem menn veita sér sem sérstakan lúxus þó að þeir séu dýrir, og töluvert af jeppunum er þannig notað. En ég vil minna á það, að jeppar eru nauðsynleg tæki til atvinnurekstrar, gersamlega óhjákvæmileg tæki til atvinnurekstrar, t. d. við landbúnað, og ég lít svo á að það hafi verið mjög slæmt verk hjá fyrrv. ríkisstj. þegar hún breytti tollflokkun á jeppum. Ég stóð í þeirri meiningu þegar ég átti þátt í þeirri afgreiðslu, að það væri ætlun fjmrh. að finna form fyrir undanþágur á jeppatollinum þar sem um bifreiðar, sem tvímælalaust væru nauðsynlegar til atvinnurekstrar, væri að ræða. Og ég tel ástæðu, þegar þetta mál verður skoðað í n., til þess að ganga úr skugga um hvort ekki væri unnt að hnika þarna einhverju til, vegna þess að verðmunur á jeppum — þar á ég við raunverulega jeppa, en ekki gervijeppa — og fólksbílum er orðinn geysilega mikill og vandaðir jeppar orðnir ókaupandi fyrir bændur, þó að þeir séu gersamlega tilneyddir atvinnurekstrar síns vegna og aðstæðna að eiga slíka bíla.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Aðeins örstutt. — Ég vil þakka hv. þm. Páli Péturssyni þessar undirtektir og taka undir með honum, að í þessu sambandi þarf að skoða sérstaklega þennan flokk sem hann tilgreindi í tölu sinni, þ. e. a. s. jeppabifreiðar. Þær hafa staðið fyrir utan fólksbílaflokkinn síðan breyting var gerð á tollalögum, og ég get fallist á að það þurfi að athuga það mál gaumgæfilega. Hins vegar vænti ég þess, að menn geti almennt orðið sammála um nytsemd og gagnsemi þeirrar till., sem hér er lögð fram, og að hún geti fengið nokkuð skjótan framgang, og ég teldi eðlilegast, ef hæstv. forseti samþykkti, að hún færi til allshn. að þessari umr. lokinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurskipan varnarmálanefndar, þáltill. (þskj. 352). — Ein umr.

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Við Ólafur Björnsson höfum leyft okkur að flytja hér á Alþingi till. til þál. um endurskipan varnarmálanefndar utanrrn. Þessi þáltill. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela utanrrh. að endurskoða varnarmálanefnd utanrrn. á þann hátt að fulltrúum frá samtökum launþega, vinnuveitenda og sveitarfélaga á Suðurnesjum verði tryggð aðild að nefndinni."

Þannig hljóðar till. og síðar fylgir henni grg.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt skipar utanrrh. varnarmálanefnd til að fara með og fylgjast í umboði hans og þá náttúrlega Alþingis að nokkru leyti líka með samskiptum við bandarísk stjórnvöld vegna framkvæmdar varnarsamningsins um veru bandarískra setuliðsins á Keflavíkurflugvelli. Þessi n. hefur verið skipuð fyrst og fremst embættismönnum sem hafa aðsetur hér í Reykjavík. Þessi till. gengur aftur á móti út á það að fulltrúum þeirra aðila, sem mikilla hagsmuna eiga að gæta í samskiptum við bandarísk stjórnvöld vegna veru hersins á Keflavíkurflugvelli, verði tryggð aðild að nefndinni með fullum réttindum. Þá er hér fyrst og fremst átt við samtök launþega, vinnuveitenda og sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Það hlýtur að liggja í augum uppi, eins og oft hefur komið í ljós hér á Alþ., að fólkið, sem býr í nágrenni Keflavíkurflugvallar, hefur mikilla hagsmuna að gæta

um það, hvernig málum er raunverulega skipað á Keflavíkurflugvelli. Má benda á að fjöldi fólks á Suðurnesjum vinnur jafnan á Keflavíkurflugvelli, í öðru lagi, að sveitarfélög hafa orðið að leggja út í nokkurn kostnað vegna bandarískra setuliðsins á Keflavíkurflugvelli og einnig að þola ýmsan kostnað vegna ýmiss konar rasks, sem ekki er endurgreitt, vegna þeirrar starfsemi sem fer fram á Keflavíkurflugvelli, og síðast, en ekki síst, að nokkur atvinnufyrirtæki á Suðurnesjum veita þjónustu á Keflavíkurflugvelli sem rétt er að taka tillit til að einhverju leyti þegar þessi mál eru til umr. Það má segja að varnarmálanefnd sé nokkurs konar hreppsnefnd á Keflavíkurflugvelli, og það hefur oft verið gagnrýnt og sú gagnrýni komið fram hér í þingsölum.

Ef hv. þm. bregða sér suður á nes verða þeir fljótt áskynja um það, að sú gagnrýni er hávær að samráð um skipan mála á Vellinum við þá aðila, sem mál snerta sérstaklega, eru ósköp lítil oft og tíðum. Það má t. d. benda á það mál sem hefur verið í deiglunni að undanförnu hér á þingi, olíumengunarmálin, að þrátt fyrir það að vilji sveitarfélaga hafi verið mikill til að eitthvað yrði gert í olíumengunarmálunum til úrbóta fyrir mörgum árum tókst aldrei að koma málinu fram, m. a. vegna þess að það voru engin bein tengsl á milli hagsmunaaðila á Suðurnesjum og þeirra sem ákvarðanirnar áttu að taka, og þá á ég við varnarmálanefnd utanrrn. Málið kom að vísu ekki til kasta Alþingis í tillöguformi fyrr en nú þennan vetur, og því reynir nú fyrst á hvað Alþ. getur gert í málinu. Þetta vildi ég benda á til að undirstrika nauðsyn þess að þessi till. nái fram að ganga á þessu þingi.

Svo er einnig hitt, að samskiptin við bandarísk stjórnvöld vegna hersins á Keflavíkurflugvelli, meðan hann er hér, verða að vera í stöðugri endurskoðun. Það hlýtur að segja sig sjálft varðandi það fólk, sem býr í nágrenni við jafnmikinn flugvöll og Keflavíkurflugvöllur er og býr við alla þá flugumferð sem um þann flugvöll fer, að af slíkri umferð hlýtur að stafa nokkur hætta umfram það sem önnur sveitarfélög í landinu þurfa að setja sig í. Það eru til nokkrar skýrslur með frásögnum um það að hætta hefur verið á ferðum þegar flugvélar á vegum hersins á Keflavíkurflugvelli í æfingaflugi og áætlunarflugi hafa nærri verið búnar að valda slysum. Það hlýtur að segja sig sjálft að þetta svæði er í nokkurri hættu vegna nágrennis við þennan alþjóðlega flugvöll. Síðast, en ekki síst, er spurt: Hverjir eru ábyrgir ef eitthvað kæmi upp sem ylli þarna stórtjóni vegna nágrennis við flugvöllinn? Um þetta hefur oft verið spurt, en aldrei fengist svör. Hitt er rétt, að varnarmálanefnd fjallar í mörgum tilfellum um þessi mál að nokkru leyti, a. m. k. hvað snýr að hernum og þeirri umferð sem herinn stjórnar um Völlinn. Þess vegna tel ég rétt og eðlilegt að fulltrúum þessara aðila, sem ég hef nefnt, verði gefinn kostur á að fá sæti í þessari nefnd sem fer með þessi mál á Keflavíkurflugvelli.

Herra forseti. Ég held að ekki beri brýna nauðsyn til að hafa fleiri orð um þetta mál. Það er einfalt í sniðum. Þetta tel ég vera sjálfsagt lýðræðis- og réttindamál gagnvart því fólki sem þarna býr. Við þekkjum það að málin varðandi samskipti við herinn hafa oft verið í brennidepli og kannske stundum valdið ágreiningi. En ég held að það þurfi ekki að valda neinum ágreiningi, sérstaklega með tilliti til þess hvað þm. bera hagsmuni lýðræðisins heitt fyrir brjósti, að þessari einföldu breytingu verði komið á. Nú felur þessi till. í sér að Alþingi álykti að fela utanrrh. að gera þessa breytingu, enda er það hann sem skipar þessa nefnd. Nú er utanrrh. fjarstaddur, því miður, þannig að hann er ekki hér til að gefa eina eða aðra yfirlýsingu um það, hvernig honum líst á málið. Eigi að síður skiptir það ekki meginmáli, heldur skiptir það meginmáli að Alþ. sameinist um þessa beiðni og að þessi beiðni verði síðan framkvæmd ef Alþ. fellst á hana.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að umr. verði frestað og málinu vísað til utanrmn. Alþingis.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, þáltill. (þskj. 417). — Ein umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 417 hef ég leyft mér ásamt hv. 8. landsk. þm. að flytja till. um könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustunnar með tilliti til hugsanlegs sparnaðar og bættrar þjónustu. Upphaf tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að fram fari könnun á skipulagi og virkni neðangreindra þátta heilbrigðisþjónustunnar:

1. heimilislækninga og heilsuverndar,
2. sérfræðilæknisþjónustu,
3. þjónustu við sérstaka sjúklingahópa,
4. rekstrar sjúkrahúsa,
5. öldrunarþjónustu og endurhæfingar."

Svo sem fram kemur í grg. með till. er hún efnislega svipuð till. sem við Sverrir Bergmann læknir, þá varaþm. Framsfl., fluttum á 97. löggjafarþinginu. Þeirri till. var vísað til ríkisstj. En okkur finnst fullkomin ástæða til að flytja þessa till. nú vegna þess að ýmsar aðstæður hafa breyst hér síðustu árin. Við væntum þess, að með bættu skipulagi og breyttu vægi megi ná betri árangri í heilbrigðisþjónustunni en við nú búum við.

Heilsuvernd og heimilislækningar eru fyrsta atriðið sem við leggjum til að farið sé gaumgæfilega ofan í saumana á. Til heilbrigðismála fara nú um 7.5% af okkar þjóðartekjum, þ. e. um 30—40 milljarðar kr. árlega. Það er því þjóðhagslega mjög mikilvægt að þessu fjármagni sé vel varið. Að vernda heilsuna hlýtur að vera hið mikilvægasta verkefni heilsugæslunnar. Hún á að gæta heilsunnar, vernda einstaklinginn gegn líkamlegum og andlegum sjúkdómum. Það er miklum mun auðveldara og ódýrara og þar að auki affarasælla fyrir einstaklinginn að fyrirbyggja heldur en að fresta aðgerðum uns sjúkdómar hafa grafið um sig. Til þessa verkefnis, þ. e. heilsuverndarinnar, notum við þó ekki nema um 1% af því fjármagni sem heilbrigðisþjónustan fær til afnota í dag. Þá er það og viðurkennt að fullkomin og vel skipulögð heimilislæknaþjónusta er árangursrík og forðar fjöldamörgum frá því að þurfa að leggjast inn í sjúkrahús.

Á undanförnum árum hefur verið undirbúin mikil umbót á heilsuvernd og heimilislæknaþjónustu í þessu landi með byggingu heilsugæslustöðva. Gallinn er þó sá að svæði, þar sem um 60% landsmanna búa, hefur að mestu leyti orðið út undan í þessu efni. Þess vegna verða þær umbætur, sem þannig fást, takmarkaðar. Það er alveg augljóst að það er til hagsbóta fyrir alla landsmenn að aukin áhersla verði lögð á að bæta heilsuvernd og aðstöðu til nýtísku heimilislækninga hér á þéttbýlissvæðunum þar sem meiri hluti landsmanna býr. Fyrr þarf ekki að búast við því að allir landsmenn geti notið sjúkra-

húsvistar þegar þeir þurfa þess með.

Í sept. s. l. var haldin ráðstefna á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Alma Ata í Sovétríkjunum um heilsuvernd og heimilislæknaþjónustu. Ráðstefnu þessa sóttu fulltrúar frá 134 þjóðum, þ. á m. frá Íslandi. Í ályktun ráðstefnunnar, sem er alllöng, segir m. a., lauslega þýtt:

„Ríkisstjórnir bera ábyrgð á heilsufari þegnanna, sem aðeins er hægt að hafa í lagi með viðunandi heilsufars- og félagslegum aðstæðum. Markmið ríkisstjórna og alþjóðasamtaka ætti að vera það, að um aldamótin byggju allar þjóðir heims við heilsufar er gerði þeim fært að lifa fjárhagslega og félagslega eðlilegu lífi. Heimilislæknaþjónusta er lykillinn að þessu marki."

Helstu flokkar heilsuverndar eru þessir: Mæðravernd og vernd ungbarna og smábarna. Þessi málaflokkur hefur verið vel ræktur hjá okkur á fjöldamörgum undanförnum árum og áratugum og er vafalaust ein meginorsök þess að við búum nú við gott heilsufar í landinu og lifum lengur en aðrar þjóðir. Þar að auki er skólaeftirlit, íþróttaeftirlit, atvinnusjúkdómaeftirlit og vinnuvernd. Þetta allt saman eru mjög mikilvægir þættir sem miklu fjármagni þarf í framtíðinni að verja til. Þar að auki koma svo áfengis- og tóbaksvarnir, fíkniefnavarnir, ýmiss konar félagsráðgjöf og sjón- og heyrnarvernd, og fleira mætti upp telja. Þessi upptalning gefur okkur þó hugmynd um hið geysiþýðingarmikla verkefni heilsuverndarinnar. Verkefnin eru þar að auki síbreytileg vegna breyttra þjóðfélagshátta og vegna breyttrar þekkingar og neysluvenju þjóðarinnar.

Enn eitt verkefni heilsuverndar, sem hefur vaxandi þýðingu, en vanrækt hefur verið hjá okkur, er heilbrigðisfræðsla. Framfarir í fjölmiðlun hafa skapað geysimikla möguleika til þess að gera fólki grein fyrir heilbrigði og hollustuháttum, fræða það um skaðsemi vissra hluta og gagnsemi annarra. Útvarp og sjónvarp gætu, ef rétt væri á haldið, orðið mikilvirk tæki til eflingar heilsu landsmanna og þannig stuðlað að bættu lífi og bættum fjárhag. Það er hörmulegt að sjá glæsilegar auglýsingar til hvatningar um neyslu á vöru sem vitað er að betra væri að neyta ekki, í stað þess að kynna hollustuhætti með slyngum auglýsingum í þessum hinum sömu fjölmiðlum.

Varðandi þau verkefni heimilislæknisins að vera ráðgjafi og trúnaðarmaður fjölskyldunnar um heilsufar heimilisfólksins hefur það sýnt sig á undanförnum árum, að slíkur aðili veitir heimilinu nauðsynlegt öryggi og fráhvarf frá heimilislæknunum niður í fjölmennar miðstöðvar er vafasöm umbót. Þetta þarf að rannsaka gaumgæfilega og m. a. kynna sér reynslu annarra þjóða í þessum efnum.

Nú er aukinn áhugi hjá okkur á heimilislækningum og nokkur fjöldi ungra lækna er í framhaldsnámi í þessum fræðum. Ætti slíkt að geta orðið til heilla fyrir heilbrigðisþjónustu okkar ef við berum gæfu til að skapa þessum starfsmönnum viðunandi aðstöðu.

Varðandi 2. lið till. okkar, þ. e. um sérfræðilæknisþjónustu, er full ástæða til að rannsaka á hvern hátt mætti nýta sérfræðingana betur, t. d. hvort störf þeirra ættu að fara fram eingöngu á spítölum og göngudeildum þeirra og enn fremur á heilsugæslustöðvum úti á landi, á hvern veg mætti skipuleggja ferðir þeirra út um dreifbýlið. Það ætti að vera mun auðveldara nú heldur en áður var og vafalaust hægt að gera mjög miklar umbætur einmitt á þessu sviði.

Um 3. liðinn, þjónustu við sérstaka sjúklingahópa, má segja hið sama. Göngudeildir sjúkrahúsa geta unnið mun mikilvægara verkefni á þessu sviði en þær hafa gert hingað til ef þeim væri sköpuð betri starfsaðstaða. Enn fremur er ærið verkefni að leita eftir því, hvernig rannsókn og lækning þeirra, sem búa úti á landinu, verði tryggð á þessu sviði. Breyttir atvinnuhættir, ný efni og fleira veldur því, að flokkar vissra sjúkdóma stækka nú og eiga fyrir sér að stækka. Við þessu verður að finna svar og tryggja að sérfræðingar og aðstaða sé fyrir hendi til hjálpar þessu fólki.

4. þáttur till. okkar, þ. e. rekstur sjúkrahúsa, er sá hinn fjárfrekasti, mikilvægur rekstur, flókinn og ýmsar leiðir á því sviði færar. Þar ætti þess vegna raunsæ rannsókn hæfra sérfræðinga að geta leitt til umbóta sem vonandi leiddu til enn betri þjónustu og e. t. v. hægari útgjaldaaukningar en ella. Við dveljum um 1200 þús. daga árlega í sjúkrahúsum. Mikill þjónustu- og kostnaðarmismunur er á sjúkrahúsdvöl í þessu landi okkar eftir því á hvaða heilbrigðisstofnun dvalið er, og væntanlega gæti aukin samvinna og sparnaðaráhugi gefið hvað bestan árangur á þessu sviði. Þótt viðurkenna verði að aukin skipulagning á þessu sviði gæti leitt til enn hærri kostnaðar á legudag á dýrustu sjúkrahúsunum, þá er það þó víst að nýtingin ætti að aukast enn þá meira en kostnaðaraukningunni nemur. Talið er að við eigum nægan rúmafjölda af almennum sjúkrarúmum. En ýmsa hópa vantar tilfinnanlega rúm, t. d. bæklunarsjúklinga og langlegudeildir fyrir aldraða sem vantar hér á Reykjavíkursvæðinu. Miðað við mannfjölda ætti að vera nægur rúmafjöldi úti á landi, og væri verðugt verkefni að athuga hvort ekki mætti létta á sjúkrahúsunum hér á höfuðborgarsvæðinu með aukinni starfsemi sjúkrahúsa úti á öðrum svæðum landsins.

Án efa mundi könnun sem þessi ná til þess, hvort annað rekstrarform kynni að vera heppilegra á sjúkrahúsum en það sem hér er, t. d. hvort ríkið ætti að reka öll sjúkrahúsin eða hvort heilbrigðisráð kjördæma ættu í framtíðinni að vera stjórnunaraðili og fjárhagslega ábyrg fyrir rekstri sjúkrahúsanna þannig að hvert kjördæmi greiddi kostnaðinn af sínum sjúklingum, í þriðja lagi, hvort lífeyrissjóðir gætu í framtíðinni tekið í vaxandi mæli þátt í kostnaðinum við sjúkrahúslegu, og í fjórða lagi, hvort hugsandi væri að félög heilbrigðisstétta tækju að sér að einhverju leyti rekstur sjúkrahúsa.

Endurhæfing og þjónusta við aldraða, síðasta atriðið í till. okkar, gegnir þeirri sérstöðu að hafa lengst af verið rekin að verulegu leyti á vegum félagasamtaka. Þessar greinar eiga það sameiginlegt að hafa verið í meira fjársvelti en aðrir þættir heilbrigðisþjónustunnar og eiga það einnig sameiginlegt að aukning þjónustuþarfar hefur þar vaxið hraðar en á öðrum sviðum. Þetta byggist m. a. á því að meðalaldur okkar hækkar stöðugt og öldruðum fjölgar þess vegna, og það hefur sýnt sig við rannsóknir að þeir, sem eru 60 ára og eldri, þurfa fjórum sinnum meiri læknisþjónustu heldur en þeir sem eru á aldursskeiðinu 20—60 ára. Þess vegna þarf sannarlega rannsóknar við á því, hvað beri að gera til þess að á þessu sviði verði bætt úr bæði fjárþörf og e. t. v. framkvæmdur hagkvæmari rekstur. Flm. ætlast til þess, að það verði sérfræðingar lærðir í heilsuhagfræði sem geri þá könnun sem hér er lögð áhersla á að framkvæmd verði.

Ég legg til, herra forseti, að till. þessari verði við frest-

un umr. vísað til allshn.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég er efnislega samþykkur þessari þáltill. Sannleikurinn er auðvitað sá, að endurskoðun eins og sú, sem till. gerir ráð fyrir, þarf ávallt að vera í gangi og er það að nokkru leyti. T. d. er sérstök könnun í gangi á rekstri sjúkrahúsa og að henni unnið á tvennan hátt, m. a. með það í huga að samræma rekstur þeirra og auka samvinnu þeirra í milli með aukna hagræðingu og sparnað í huga.

Hv. 1. flm. talaði um erfiðleika á ýmsum sviðum: erfiðleika vegna bæklunarsjúkdóma t. d., það er rétt, þeir eru miklir, enn fremur vegna krabbameinslækninga, þ. e. a. s. geislunarlækninga, og minntist flm. á möguleika á því að létta á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru allt saman atriði sem mjög vel koma til greina. Enn fremur minntist hann á aukna heilsuvernd. Það er rétt, hún er nauðsynleg. Það er ailtaf verið að vinna að aukinni heilsuvernd, fyrirbyggjandi aðgerðum, göngudeildarstarfsemi og fræðslustarfsemi. En það þarf auðvitað miklu meira að koma til og nauðsynlegt að vinna að þessu hraðar og betur, því að slík starfsemi öll eykur á vellíðan fólks og sparar ríkissjóði stórfé.

Þessa dagana er starfshópur að taka til starfa sem meðal margs annars á að gera till. um endurbætur og bætt skipulag á öldrunarlæknisþjónustu og endurhæfingu, sbr. 5. lið þessarar þáltill. Margt annað á þessi hópur að fá til umfjöllunar líka.

Svo víðtæk könnun sem þáltill. gerir ráð fyrir kostar auðvitað talsvert fé, en hún á að geta skilað þjóðfélaginu margfaldlega því fé aftur og mun örugglega gera það. En þar á ofan á hún að geta leitt til betri þjónustu á ýmsum sviðum, og það er auðvitað aðalatriðið.

Ég legg til að till. fái jákvæða meðferð hér á þinginu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir fyllsta stuðningi við þessa ágætu till. Hér er komið inn á mál sem hefur of lengi legið í láginni að mínu mati, þ. e. að gera ákveðna könnun á þessum þáttum heilbrigðisþjónustunnar sem er að allra mati eitt þýðingarmesta í okkar þjóðfélagi. Það er mikilvægt, sem stendur í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu. Mitt mat er að stigið hafi verið mjög mikilvægt spor þegar lög um heilbrigðisþjónustu voru sett 1973. Þar með var náð vissum mikilvægum áfanga í okkar heilbrigðislöggjöf, og í þeim lögum tel ég að kaflinn um heilsugæslustöðvarnar eða heilsugæsluna hafi verið mjög mikilvægur, ekki síst fyrir skipulag þessara mála úti um landið.

Það vakti athygli mína þegar þessi lög voru á lokastigi, á ráðstefnu sem haldin var á vegum heilbrrn. um þessi lög, að eitt af því, sem höfundar laganna lögðu mikla áherslu á eða töldu að væri eitt af stærri vandamálunum í sambandi við meðferð heilbrigðismála, var að heimilislæknar væru vart fáanlegir lengur. Kennsla í heimilislækningum hafði fallið niður í Háskóla Íslands og þessi grein var sem sagt í mjög slæmu ástandi. Það var talað um það í sambandi við þessi nýju lög um heilbrigðisþjónustu, að eitt af því mikilvæga, sem þyrfti að koma í verk, væri einmitt að efla þessa kennslu við Háskóla Íslands og reyna að hefja heimilislækningar upp á það svið að þær væru metnar jafngildar og aðrar greinar fyrir þá lækna eða læknanema sem í námi væru hverju sinni, svo að heimilislæknar yrðu alltaf fáanlegir. Sem betur fer hefur þetta þokast í rétta átt, eins og hv. flm. nefndi áðan. En þetta er eitt af þeim vandamálum sem þeir, sem búa úti um landið, finna fyrir. Það er þessi mikli læknaskortur sem á að vissu marki orsakir að rekja til skorts á heimilislæknum.

Ég get tekið undir allt það, sem flm. sagði hér áðan, og vil leggja sérstaka áherslu á t. d. þáttinn í sambandi við sérfræðiþjónustuna. Með uppbyggingu heilsugæslustöðvanna víðs vegar um landið skapast grundvöllur fyrir að nýta þá sérfræðiþekkingu sem sérgreinalæknar búa yfir, sem starfa í meira þéttbýli og við sjúkrahúsin, — nýta þá sérfræðiþekkingu miklu betur víðs vegar um landið í heilsugæslustöðvum. En þetta kostar skipulag og þetta er einn af þeim þáttum sem er nauðsynlegt að kanna.

Ég hef oft í umr. um þessi mál á ráðstefnum sveitarfélaga deilt á það, að ekki skuli hafa verið komið í verk að setja reglugerðir samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu. Það liggur ljóslega fyrir að það hafa fáar eða nær engar reglugerðir verið settar í sambandi við þessi lög, þrátt fyrir það að í flestum greinum laganna er gert ráð fyrir að settar verði reglugerðir um meðferð málsins eða um útfærslu á lögunum. Þetta er mjög bagalegt að því er varðar skipulag ekki síst heilsugæslustöðvanna og innra starf þeirra. Það gleður mig sannarlega að heyra að hæstv. heilbrrh. er nú með þetta á vinnslustigi, og ég vonast til að það líði ekki langur tími þangað til þessar reglugerðir sjá dagsins ljós. En eigi að síður vil ég nota þetta tækifæri til þess að árétta það sérstaklega, að ég tel að það þurfi að taka lögin sjálf um heilbrigðisþjónustuna nú þegar til endurskoðunar og ekki hvað síst þann þáttinn sem snýr að fjárhagshlið þeirra, þannig að það verði gerð ítarleg skoðun á skiptingu kostnaðar eða rekstrarformi heilsugæslunnar í landinu. Ég tel að þessi till., sem hér er til umfjöllunar, komi inn á þetta svið að nokkru leyti. Og það rökstyður það einnig, sem þar kemur fram, að þessi mál þurfa öll miklu ítarlegri skoðun. Það er alveg öruggt mál, ég þori að fullyrða það, að hægt er að spara gífurlega fjármuni í sambandi við heilbrigðisþjónustuna almennt ef hún er betur skipulögð og er byggð á raunhæfri könnun sem farið er fram á í sambandi við þessa þáltill. Og það er einmitt eitt mesta gildi tillögunnar, að hún ætlast til þess að gerð sé fagleg könnun á allri heilbrigðislöggjöfinni eða heilbrigðisþjónustunni í landinu. Þetta vantar. Þegar er verið að ræða um fjárlagagerð og taka ákvarðanir um fjármagn til heilbrigðisþátta almennt, þar sem þarf að fjalla um þessi mál, þá er einmitt skortur á upplýsingum í sambandi við meðferð mála mjög tilfinnanlegur. Og ég vil sérstaklega undirstrika það sem kom fram í ræðu hv. frsm. till., að það er nauðsynlegt að þeir, sem koma til með að annast þessa endurskoðun, séu sérfræðingar af réttri gerð.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Þessi þáltill., sem við hv. 4. þm. Reykn. flytjum hér, var kynnt fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. áður en við fórum af stað með hana, og okkur er kunnugt um að á sumu af því, sem við förum fram á hér að verði athugað, er raunar byrjuð athugun nú þegar. Hins vegar vil ég taka undir með hæstv. ráðh. að það er vissulega nauðsyn á því að lög um heilbrigðisþjónustu séu í stöðugri endurskoðun. Það þarf ekki annað en líta á það að 67 milljarðar kr. fara til þessara mála á fjárl. yfirstandandi árs. Gefur því auga leið að það hljóta að

vera einhvers staðar þeir pyttir, sem slíkir fjármunir fara í, sem hægt væri að endurskoða í sparnaðarátt.

Ég vil hins vegar aðeins drepa á örfá atriði, sem ég vil fara öllu lengra út í heldur en hv. þm. Oddur Ólafsson, og nefna þá fyrst heimilislækningar.

Það var ósköp eðlilegt mál, að fyrir fáum árum væri forgangsverkefni í uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar að koma á heilsugæslustöðvum úti um landsbyggðina, því að þegar sú ákvörðun var tekin var ástandið víða á landsbyggðinni þannig að það fengust ekki læknar til starfa á stórum hlutum landsins, þrátt fyrir það að á Íslandi eru fleiri læknar á íbúa heldur en í nær öllum löndum öðrum í heiminum. Ástæðan var hins vegar fyrst og fremst sú, að starfsaðstaða lækna úti á landi var hörmulega léleg. Hún var svo léleg, að læknum var boðið að koma í lélegan læknisbústað með engar rannsóknaraðstæður, með engan tækjabúnað, og standa að öllu leyti sjálfir undir öllum rekstrarkostnaði sem að þjónustunni laut. Þetta var mönnum, sem nýskriðnir voru út úr skólum, algerlega um megn. Þeir höfðu ekkert fjármagn til þess að koma á nokkurri viðhlítandi þjónustu meðal íbúa læknishéraðanna. Til allrar hamingju er þetta mál núna á miklu skárra stigi og læknaskortur á landsbyggðinni er t. d. ekki mjög tilfinnanlegur á þessum vetri. Enn þá er þó töluvert mikið starf óunnið við uppbyggingu heilsugæslustöðva á landsbyggðinni. En næsta skrefið í þessum efnum hlýtur náttúrlega að vera að leita til þéttbýlisins, og það er alveg augljóst, að heimilislæknisþjónustan hér á Reykjavíkursvæðinu er aldeilis óviðunandi og það er vissulega tími til kominn að reyna að skipuleggja þau mál betur, en sumt af því skipulagi hlýtur að verða kostnaðarsamt. En víða má leita hagræðis. Það þarf ekki alltaf að byggja stórar hallir. Það er stundum hægt að koma málunum á skynsamlegan rekstrargrundvöll án þess að til stórkostlegs kostnaðar komi.

Um annað atriði, sem er í þáltill., þ. e. sérfræðilæknisþjónustuna, vil ég fyrst tala um landsbyggðina. Heilsugæslustöðvarnar veita aðstöðu að verulegu leyti til þess að sérfræðileg læknisþjónusta komist í nokkuð gott lag í mörgum læknishéruðum. En hún er ekki komin það enn þá, jafnvel þótt stöðvarnar séu komnar. Þarna er einhver meinbrestur í enn þá. Og allt kostar þetta sjálfsagt peninga. En það kostar líka peninga að senda sjúklinga úr læknishéruðunum til Reykjavíkur og láta þá bíða hér langtímum saman eftir þeirri þjónustu sem undir sömu kringumstæðum væri hægt að fá í héraði á miklu ódýrari hátt.

Sérfræðilæknisþjónustan hér í Reykjavík er einnig mjög í molum. Ég vonast til þess, ef þessi rannsókn fengi góðan byr, að þá kæmi í ljós hvort ekki mætti auka sérfræðiþjónustuna á göngudeildum spítalanna og útbúa göngudeildirnar með meira húsrými en þær hafa nú og með meiri starfskrafti og tækjabúnaði. Reyndar er tækjabúnaðurinn oftast fyrir hendi í sjúkrahúsunum. Út úr því kæmi, að ég held, ódýrari þjónusta og betri þjónusta, ef hægt væri að auka þennan þátt. En þetta er vissulega hvort tveggja þarft að rannsaka.

Um 4. lið till. okkar, þ. e. rekstur sjúkrahúsanna, þá komum við þar að afskaplega merkilegum þætti ef við athugum rekstur sjúkrahúsa hér á Reykjavíkursvæðinu. Þrjú stór sjúkrahús eru rekin hvert fyrir sig alveg sjálfstætt og samvinna milli þeirra er hörmulega lítil. En svo kemur eitt sem er nokkuð skringilegt. Við tvö sjúkrahúsin, þ. e. Borgarspítalann og Landspítalann, fara greiðslur við annað þeirra fram með ákveðnum daggjöldum, þ. e. við Borgarspítalann, — svipað er reyndar með Landakotsspítalann, — en hjá Landspítalanum var þetta afnumið fyrir rúmu ári. Nú þarf vissulega að athuga á þessu eina ári, sem Landspítalinn hefur verið rekinn á annan hátt hvað þetta snertir heldur en Borgarspítalinn, hvort hagkvæmari rekstur hefur komið út úr Landspítalanum við að breyta þessu greiðsluformi til sjúkrahúsa. En svo er um Landakot líka að segja, að sá spítali er að sumu leyti rekinn á sama formi og spítalar voru allra fyrst reknir hér á landi og reyndar í Evrópu á öldinni sem leið. Skyldi nú ekki vera komin nokkur reynsla af því rekstrarformi á áratugum og næstum því árhundruðum svo að við gætum borið saman þessi þrjú rekstrarform, sem ég vil segja að séu á hinum stóru spítölum hér í Reykjavík? Ég vil ekki gerast dómari yfir neinum af þessum formum, en það þarf að rannsaka þau með tilliti til þess, á hvern hátt rekstrarformin verða hagkvæmust og hvernig þjónustan kemur best út úr þeim.

Við vitum það með spítalana, að það er töluvert mikil vöntun á sérdeildum við íslenska spítala. En sjúkrarúmfjöldinn er fullkomlega sambærilegur við það sem gerist í nágrannalöndum okkar þegar á heildina er litið.

Um síðasta liðinn, þ. e. 5, ætla ég ekki að ræða neitt hér. Ég gerði það nokkuð á fundi í Sþ. fyrir tveimur dögum þó að langt væri liðið á dag og flestir þm. væru farnir úr sal. En þeir, sem hafa áhuga á að athuga það, sjá það síðar í þingtíðindum.

Ég vil svo að endingu taka undir sjónarmið hv. 5. þm. Vesturl. um rekstur heilsugæslustöðva. Þar vantar okkur reglugerð enn þá og þar þurfum við að taka til hendi til þess að koma rekstri heilsugæslustöðvanna á eðlilegan grundvöll. Reyndar er nú þegar nokkurt starf unnið í þessu máli, og ég vona að það verði áfram. Hins vegar hef ég persónulega mjög ákveðnar skoðanir um hvernig í heild eigi að reka þessar stöðvar. En það er annað mál.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna ummæla hv. þm. Braga Níelssonar. — Það er ekki sérlega auðvelt að bera saman kostnað á milli hinna einstöku rekstrarforma. Það liggur a. m. k. ekki í augum uppi, vegna þess að þjónustan er afar mismunandi, mismunandi mikil göngudeildarþjónusta og mismunandi mikið af dýrum læknabúnaði og dýrum deildum, geislunarlækningar t. d. sem kosta miklu meira en annað o. s. frv., o. s. frv. Mig langar þó til að upplýsa það, vegna þess að við höfum vitneskju um rekstrarkostnað Landspítalans um langa tíð annars vegar og Borgarspítalans hins vegar, að eftir að Landspítalinn hætti að vera rekinn með daggjöldum núna í eitt ár eða liðlega það, þá sýnir það sig að rekstrarkostnaður hans vex miklu minna en Borgarspítalans, hlutfallslega miklu minna. Gæti það bent til þess, að það væri rétt að hugleiða í alvöru þann möguleika að hætta við daggjaldaformið og fara yfir í beinar fjárveitingar, eins og nú á sér stað um ríkisspítalana. — Þetta vildi ég að kæmi fram í tilefni af orðum hv. þm.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég lít svo á að hér sé hreyft mjög merku máli og yfirgripsmikið er það vissulega, það fer ekki á milli mála. Ég sé ekki betur en í þessari till. sé stefnt að aðgerðum sem gætu haft fyrirbyggjandi áhrif og áhrif í þá átt að auka hagræðingu og bæta skipulag í heilbrigðis-

þjónustunni. Það er auðvitað öllum ljóst að þarna eru gífurlegir hagsmunir í húfi, bæði beint fjárhagslegir fyrir samfélagið, en einnig hlýtur aukin hagræðing og bætt skipulag að gefa vonir um betri þjónustu við einstaklingana, m. a. vegna þess að við höfum ekki ótakmörkuð fjárráð til að sinna þessum málaflokki frekar en öðrum. Þess vegna er hætta á því, ef ekki er vel og skipulega að þessum málum staðið, að vissir þættir verði út undan og bókstaflega ekki hægt að sinna þeim. Ég held því að þessi till. og samþykkt hennar gæti verið mjög gagnleg.

Hæstv. ráðh. benti réttilega á að þessi mál eru stöðugt í athugun að vissu marki. Ég hygg þó að það sé full ástæða til að gera, líkt og tillögumenn leggja til, alveg sérstakt átak á þessu sviði.

Það hefur aðeins verið vikið hér að þörf á því að endurskoða lög um heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu. Það er mjög sennilegt að þess sé þörf. Á allra síðustu árum hafa verið unnin stórvirki í að byggja upp aðstöðu til bættrar heilbrigðisþjónustu víðs vegar um landið, bæði í mesta þéttbýlinu og ekkert síður og kannske alveg sérstaklega hefur verið gert stórátak víðs vegar um landið. Og þetta er m. a. gert samkv. sérstökum lögum þar að lútandi. Nú er þetta auðvitað allt í miðjum klíðum og eftir að vinna mikið í byggingarmálum á þessu sviði. En strax þegar farið er að reka þessar stofnanir — víða er þarna um nýjan rekstur að ræða — koma upp ýmis atriði í sambandi við rekstur þeirra sem ekki er víst að menn hafi séð fyrir þegar löggjöf var sett um þetta efni og hafist handa um uppbygginguna, svo að einnig þar kann að vera þörf á að taka til hendi um endurskoðun í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er.

Það er eftirtektarvert ef menn líta yfir málatilbúnað á Alþ., hversu það er með gerólíkum hætti hvernig mörg þingmál verða til. Það er raunar eðlilegt og út af fyrir sig mjög æskilegt. Núna t. d. á þessu þingi er á ferðinni alveg nýr flokkur mála sem við höfum ekki séð áður, a. m. k. ekki neitt í líkum mæli og nú. Það eru hugmyndir um alls konar rannsóknir sem Alþ. taki sér fyrir hendur, hlutverk sem það hefur ekki áður sinnt í slíkum mæli, að rannsaka fyrirtæki, atvinnurekstur og ýmislegt þess háttar.

Ég hef áður lýst því, að ég er yfirleitt andvígur þessari hugmynd eins og hún er fram sett hér, álít að Alþ. eigi að halda sig við löggjafarstarfið og við það að skipuleggja þjónustu hins opinbera við landsfólkið og skipta því sem til skipta er, sem tekið er til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar, og skal ég ekki fara frekar út í það.

Svo eru ákaflega mörg mál sem liggja fyrir þessu þingi, um annaðhvort niðurfellingu á alls konar gjöldum eða lækkun á bein og aukin útgjöld til ýmissa hluta. Þetta eru vitanlega allt mál sem samkv. eðli sínu hlýtur að þurfa að skoða vel, og síst er ég að hafa á móti því. Hins vegar tek ég slíkum málatilbúnaði jafnan með nokkurri varúð. Ég held að það séu ein 10 þingmál um niðurfellingu gjalda á hinu og þessu. Sjálfur hef ég tekið þátt í að flytja eitt slíkt mál, um breyt. á lögunum um niðurfellingu á tollum af tækjum vegna öryrkja. Ég held að það séu önnur 10 sem eru um beina aukningu útgjalda til vissra pósta, fyrir utan það sem tekin eru fyrir stærri mál. Ég á hér við þau smærri sem beint eru um að auka útgjöld að teknir séu fyrir heilir málaflokkar, eins og t. d. gert var á síðasta fundi þegar talað var fyrir víðtækri till. um vegagerðina. Þetta eru mál sem ég álít að menn þurfi alltaf að athuga vandlega, því að tekjur og gjöld verða að standast á. En svo er í þriðja lagi, og sem betur fer er sá flokkur mála nokkuð stór, þar sem þm. leitast við að brjóta upp á atriðum eins og hér er um að ræða, takast á við verkefni til aukinnar hagræðingar, skipulagningar o. s. frv. eða brotið er upp á nýjum þýðingarmiklum málum á jákvæðan hátt.

Ég vil að lokum árétta það, að ég tel það skynsamlegast alveg tvímælalaust, að gert sé sérstakt átak í þá stefnu sem felst í þeirri till. sem hér er til umr., og ætla að af því gæti margt gott leitt, væntanlega bæði sparnaður, eða eins og 1. flm. orðaði það: gæti stuðlað að því að minnka útgjaldaaukninguna sem alltaf verður í málaflokkum eins og þessum, og svo beinlínis stórbæta þjónustuna.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka hæstv. heilbrrh. fyrir góðar undirtektir undir þessa till. svo og þeim öðrum þm. sem hafa talað hér. Mér þykir vænt um þær undirtektir sem till. fær, og ég hef þá trú að ef gengið verður af röggsemi í þessa könnun, þá geti hún orðið til nokkurra umskipta í bæði þjónustu og kostnaði við heilbrigðisþjónustuna í landinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áætlanagerð, þáltill. (þskj. 428). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Ellert B. Schram og Lárusi Jónssyni leyft mér að leggja fram þáltill. um nýja aðferð við áætlanagerð sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því að „núllgrunns áætlanagerð" verði tekin upp sem víðast við gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana hjá opinberum fyrirtækjum og stofnunum".

Í upphafi grg. með þessari þáltill. er tekið fram að þessi till. sé komin til m. a. vegna stefnuyfirlýsingar Sjálfstfl. um efnahagsmál, sem kom út nú eftir áramótin, fyrir nokkrum vikum, en þar stóð m. a., með leyfi forseta:

„Fjárveitingar á fjárl. verði árlega endurskoðaðar frá grunni og uppskurður gerður á ríkisbákninu".

Sífellt koma fram nýjar og nýjar hugmyndir er varða opinbera stjórnsýslu og hagræðingu í opinberum rekstri. Ástæðurnar eru margar og eðlilegar, ekki síst vegna þess að menn leita eftir nýjum aðferðum úr einkarekstrinum og reyna að færa þær síðan yfir til rekstrar ríkisins og annarra opinberra aðila. Varðandi ríkisreksturinn er ástæða til að benda á að starfsmönnum íslenska ríkisins hefur fjölgað þrisvar sinnum meira á undanförnum árum en landsmönnum í heild. Þá má jafnframt benda á að það hafa komið fram ýmsar efasemdir um að aukin fjárframlög og tilkostnaður í ríkisrekstrinum skili sér í raun með betri þjónustu. Ef bornir eru saman einkareksturinn og opinberi reksturinn, þá viðurkenna menn almennt að aðhaldið í einkarekstrinum er allt annað og þar eru kröfur eigenda miklu meiri um skilvirkni fjármagnsins og vinnuaflsins og annarra framleiðsluþátta. Það má geta þess, að við kynslóðaskipti í einkafyrirtækjum fer fram meiri háttar hagræðing og uppstokkun á fyrirtækjunum sem nánast gerist aldrei í opinbera rekstrinum. Þegar nýjar opinberar stofnanir eru settar á laggirnar er þeim oftast ætlað það sem kalla má eilíft líf. Það eru engin ákvæði yfirleitt í lögum slíkra stofnana um hve lengi þær

eiga að starfa. Stundum er tilgangurinn ekki einu sinni skýr, og það kemur sjaldan fyrir að hann sé endurskoðaður eða spurt hvort ástæða sé til að breyta til. Ekki er heldur spurt að því, hvort markmiðinu sé náð sem að var stefnt í upphafi þegar viðkomandi stofnunum var komið á laggirnar, né heldur er spurt að því, hvort við gætum leyst þá starfsemi af hólmi með öðrum og betri hætti vegna breyttra aðstæðna eða nýrrar tækni í þjóðfélaginu. Einstaka sinnum er þó spurt hvort við séum að gera hlutina rétt, en nánast aldrei hvort við séum að gera réttu hlutina og ég undirstrika að á þessu tvennu er mikill munur.

Meðal þeirra nýju stjórnunarhugmynda, sem hafa verið kynntar hér á landi og geta komið til greina í opinbera rekstrinum, eru markmiðabundin stjórnun, kerfisbundnar kostnaðarlækkunaráætlanir, en hvort tveggja hefur verið kynnt hér á landi. Ég ætla ekki að fara frekar út í að lýsa þessum aðferðum. En í þriðja lagi vil ég nefna þá sem helst ber á um þessar mundir og er í tísku jafnt austan hafs og vestan, en það er svokölluð sólarlagsaðferð sem er notuð víða, en hún byggist á því að fjárframlögum er veitt fyrst og fremst til verkefna, en ekki stofnana, og það er tekið fram við slíkar samþykktir að þær skuli aðeins gilda í ákveðinn tíma. Að þeim tíma loknum, sem er kannske 1—4 ár, falla fjárframlögin niður af sjálfu sér. Þetta er auðvitað gert til þess að snúa sönnunarbyrðinni við, til þess að styrkja stöðu þeirra, sem starfa við fjárveitingavald, gagnvart þeim, sem sækja á um aukið fjármagn til þeirrar starfsemi sem þeir vinna við, og er ákaflega mikilvægt atriði. Og það er atriði sem ekki einungis íslenska fjárveitingavaldið á við að glíma, heldur er þetta alþjóðlegt fyrirbrigði.

„Núllgrunns áætlanagerð", — ég skal viðurkenna það fyrstur manna að þetta er ekki fallegt heiti, enda er nú til skoðunar í málnefndinni hvort ekki er hægt að finna annað og betra orð yfir þetta, — þessari tækni er lýst í grg. með till. En áður en ég lýsi henni frekar þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um hvernig hefðbundin fjárlagagerð fer fram hér á landi.

Í fyrsta lagi gerist það þannig, að fengnar eru tillögur frá stofnunum og fyrirtækjum hins opinbera og þær eru sendar viðkomandi fagráðuneyti. Í þessum frumáætlunum er fyrst og fremst tekið mið af starfseminni eins og hún var á síðasta ári. Síðan er beðið um það sem kallað er magnaukning í samræmi við óskir stjórnendanna. Loks er spáð um verðbólgu næsta árs, og þeim verðhækkunum sem búist er við, er bætt við. Fagráðuneytin gera síðan stundum aths. við þessar frumáætlanir og stundum ekki, en þær ganga að lokum til fjárlaga- og hagsýslustofnunar sem reyndar um árabil hefur ekki risið nema undir hálfu nafni. En sú stofnun sker síðan niður till. áður en fjvn.-menn fá þær til sín. Og það er nánast síðan starf fjvn. að snurfusa þær till. Það eru álíka mikil áhrif, sem fjvn. hefur, eins og múrarinn sem er við húsbyggingu þar sem er verið að byggja steinhús, það er að múra í mestu misfellurnar á sjálfri aðalbyggingunni.

Stofnanir með sérstakan aðskilinn fjárhag komast sjaldan í kast við löggjafann og reyna þess vegna að hafa hljótt um sig og gera það sama í dag og þær gerðu í gær, nema þegar þær þurfa á einhverjum sérstökum fjárstuðningi að halda. Þá er auðvitað sýnt fram á slíkt með alls konar þrýstiaðgerðum, svo sem blaðamannafundum og öðru slíku.

Allt er þetta alkunnugt. Hér er auðvitað verið að lýsa

þessum framgangi í afskaplega grófum dráttum og reynt að mála sterkum litum. Ég held þó, að í þessu séu fleiri en eitt og fleiri en tvö sannleikskorn.

Þegar svo ríkisstj. þurfa að skera niður fjárl., eins og stundum hefur verið gert og bæði vinstri og hægri stjórnir hafa staðið að, þá er gripið til þess ráðs að beita svokölluðum flötum niðurskurði, t. d. 10% eða 15% niðurskurði, svo að dæmi séu nefnd, og þá á slíkur niðurskurður sér stað alls staðar í gegnum kerfið án tillits til mikilvægis einstakra verkefna eða rekstrar. Venjulega svara síðan stjórnendur fyrirtækja og stofnana þessu með því að slá á frest ákveðnum nauðsynlegum aðgerðum, svo sem viðhaldi húseigna, þannig að í raun og veru er aðeins verið að fresta hlutum, fresta útlátum, en í raun er þetta enginn sparnaður. Það má meira að segja sýna fram á það, að í vissum tilvikum, þegar skorið er niður með þessum hætti, dettur skilvirkni stofnana niður miklum mun meira. Við getum t. d. tekið það ef fjármagn stofnunar, sem hefur fastráðinn mannafla, er skorið verulega niður, við skulum segja um 15—20%, þá er auðvitað engum sagt upp, en þetta getur orðið til þess að stofnunin sé gerð gersamlega óvirk að öðru leyti en því, að þeir, sem þar starfa, geta sótt laun sín einu sinni í mánuði. Slíkar niðurskurðaraðgerðir eru þess vegna algerlega úreltar, þó að oftast sé til þeirra gripið.

Það er rétt að gera sér ljóst að gerð fjárhagsáætlana fer auðvitað mest eftir formlegri stöðu þeirra sem að þeim vinna. Frá sjónarhóli handhafa fjárveitingavalds eða æðstu stjórnenda eru dæmigerðustu vandamálin þessi:

1. Fjárbeiðnir stofnana og deilda eru hærri en það fjármagn sem er til ráðstöfunar, og í fjárbeiðnum kemur ekki fram hvort draga megi úr eða sleppa einhverjum hluta þeirrar starfsemi innan deildarinnar sem fjármagna á.

2. Erfiðleikar eru á því að færa langtímamarkmið yfir í framkvæmda- og fjárhagsáætlanir, enda er markmiðssetningin og áætlanagerðin ekki samtengd.

3. Ekki eru kannaðar nægilega ítarlega ólíkar leiðir til að framkvæma einstök verkefni.

4. Erfitt er að tengja beint saman fjárhagsáætlun og þær framkvæmdir sem koma á til leiðar með ráðstöfun fjármagnsins.

Frá sjónarhóli framkvæmda- og rekstrarstjóra má nefna hins vegar eftirfarandi vandamál:

1. Fjárhagsáætlanir eru jafnan í stórum dráttum endurtekning á áætlun fyrra árs, eins og ég lýsti áður.

2. Ekki eru möguleikar á því að gera í sjálfri fjárhagsáætluninni nægjanlega grein fyrir meiri háttar verkefnum stofnunarinnar.

3. Stærsti hluti starfseminnar er ekki tekinn til endurskoðunar sökum þess að ekki er innbyggður í kerfinu hvati til hagræðingaraðgerða stjórnenda einstakra stofnana og deilda.

4. Ekki kemur nægjanlega skýrt fram, hvernig meta má framlag kostnaðar deilda eða stofnana til árangurs af einstökum verkefnum.

5. Óþarflega mikið er um sundurliðun talna í kostnaðartegundir.

6. Stundum er gerð fjárhagsáætlunarinnar annars vegar og ákvörðunartaka um áætlunina í heild hins vegar alveg aðskilin, þ. e. a. s. fjárhagsáætlunin verður nánast formsatriði.

7. Lokaákvarðanir æðstu stjórnenda eru ekki byggðar

á undirbúningsvinnu undirmanna sökum þess hve erfitt er að nota undirbúningsvinnuna sem grundvöll fyrir ákvörðunartökunni.

8. Kerfið er talið leiða af sér óréttlátar og handahófskenndar ákvarðanir, eins og ég minntist á hér áðan, þegar um flatan niðurskurð er að ræða, annaðhvort vegna yfirlýsingar ríkisstj. og Alþ. eða vegna þess að tekið er þannig á málum af hendi fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar.

Eitt einkenni á „núllgrunns áætlununum" er það, að með þeim er hægt að raða verkefnunum í forgangsröð og áherslan hvílir fyrst og fremst á verkefnum, en ekki á stofnunum. Í fjármálakerfi okkar eins og annarra þjóða er vaxandi skilningur á þessu atriði ef ná á einhverri raunverulegri stjórn á þessum hlutum. Þannig er nú t. d. farið með ýmsa ráðningarsamninga við opinbert starfsfólk. Það er ráðið til ákveðinna verkefna um tímabundið skeið. Því miður virðist erfitt sums staðar að halda þessu kerfi úti, en alla vega lýsir það þó vilja löggjafans. Ég nefni dæmi eins og í Þjóðleikhúsinu og Orkustofnun til merkis um það hve erfitt hefur verið að láta kerfið verka í raun.

Þórður Sverrisson framkvæmdastjóri Stjórnunarfélagsins hefur ritað um „núllgrunns áætlanagerð" og byggir sína ritgerð á gögnum sem safnað var í Bandaríkjunum, en ég átti þess kost, þegar ég var þar staddur s. l. sumar, að eiga viðtöl við menn sem störfuðu við slíkar áætlanagerðir og þar sá ég hvernig þetta fór fram. Í viðtölum mínum við þessa aðila kom fram, að þeim þótti a. m. k. fyrst um sinn sem of mikið væri af pappírsvinnu í sambandi við þessa nýju tækni, en þegar fram í sótti töldu þeir að þessi tækni væri til mikilla bóta. Sá maður, sem hér á landi varð fyrstur til að kynna þessa hugmynd, var Björn Friðfinnsson núv. fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, en hann kynnti þessa hugmynd á ráðstefnu sem haldin var fyrir rúmu ári. Hann hefur síðan flutt erindi um þetta mál fyrir opinbera starfsmenn, og ég vil leyfa mér, ef hæstv. forseti leyfir, að fara hér með smákafla úr þeirri ræðu, en hann er á þessa leið:

„Núllgrunns áætlanagerð eða grunnstigs áætlanagerð (á ensku Zero Base Budgeting) er nýjung í gerð fjárhagsáætlana sem nú er víða efst á baugi í opinberri stjórnsýslu. Aðferðin er upprunnin hjá bandarískra fyrirtækinu Texas Instruments. Fyrirtækið hafði vaxið mjög ört, en skipulagslítið frá bílskúrsiðnaði til risavaxins iðnreksturs á sviði rafeindatækni og annarra greina háþróaðrar iðnframleiðslu. Fyrirtækið átti í örðugleikum vegna minnkandi arðsemi þegar stjórnunarfræðingur að nafni Peter Phyrr var fenginn til þess að vera rekstrarráðgjafi fyrirtækisins. Hann lagði til að beitt yrði í enn ríkari mæli markmiðsbundinni stjórnun, kostnaðarlækkunaráætlunum, nákvæmu fjárfestingarmati og fleiri þekktum aðferðum, en hann bætti athyglisverðum þætti við, sem hann kallaði núllgrunns áætlanagerð (Zero Base Budgeting). Hugsunin að baki þessari síðast töldu aðferð er að sigrast á þeim göllum sem samfara eru hefðbundinni áætlanagerð og við allir þekkjum. Tekin eru útgjöld yfirstandandi árs, bætt er við þau einhverjum verðbólgustuðli og síðan er gerð tillaga um viðbótarhækkun vegna nýrra verkefna eða aukinnar mannaflaþarfar. Síðan er prúttað um viðbótarhækkunina við þá aðila sem eiga síðasta orðið um fjárhagsáætlunina, og niðurstaðan verður venjulega eitthvað minni aukning en beðið er um. Árangurinn fer svo eitthvað fram úr áætlun, og þá er stökkið minna þegar kemur að áætlanagerð næsta árs og viðbótin fæst samþykkt á endanum sem hluti nýrrar viðbótarbeiðni.

Það, sem er athyglisvert í þessari hefðbundnu viðureign, er að það er einungis rætt um viðbótina, en enginn nefnir þau útgjöld sem fyrir eru. Eru þau yfirleitt nauðsynleg? Peter Phyrr lét breyta þessu. Stjórnendur hverrar deildar eða stofnunar urðu að réttlæta það, að yfirleitt bæri að veita til þeirra einhverju fé. Síðan urðu þeir að skilgreina lágmarksþarfir sínar og þar næst að gera grein fyrir því, hvaða viðbótarárangri þeir gætu náð með aukningu fjárframlaga umfram lágmarksfjárveitingu. Þessu var síðan skipt niður í ákvörðunarpakka sem síðan voru bornir saman innbyrðis og metnir með hliðsjón af því heildarfjármagni, tækjum, húsnæði, mannafla o. s. frv., sem til ráðstöfunar var. Markmið hverrar deildar voru grandskoðuð og metin og það kannað hvort þau samrýmdust þeim viðhorfum sem stjórn fyrirtækisins hafði á hverjum tíma.

Í stuttu máli náðist mjög mikill árangur hjá Texas Instruments, sem nú stefnir hratt að því markmiði að verða eitt af stærstu fyrirtækjum heims. Það hefur nú þróað enn nýja útgáfu af fjárhagsáætlunar- og stjórnkerfi sínu sem það byggir á samspili þeirra aðferða sem ég hef áður nefnt.

Peter Phyrr skrifaði grein um „núllgrunns áætlanagerð" í tímaritið Harvards Business Review árið 1970 og greinina bar fyrir augu frambjóðanda nokkurs til ríkisstjórastarfa í ríkinu Georgíu. Frambjóðandinn varð svo hrifinn af greininni, að hann skrifaði höfundi og bað hann að leggja sér efni í kosningabaráttuna. Eftir að hann náði kjöri sem ríkisstjóri var eitt af hans fyrstu verkum að ráða fræðimanninn til þess að vera ráðgjafi sinn um endurskipulagningu opinberrar þjónustu í ríkinu og árangurinn varð meiri en dæmi voru til um slíka herferð á þeim slóðum. Að vísu féll ríkisstjórinn í næstu kosningum, en árangur hans í stjórnsýslu varð verulegur þáttur í því að Bandaríkjamenn kusu hann til forseta í síðustu forsetakosningum. Þetta var nefnilega Jimmy Carter og með honum hefur „núllgrunns áætlanagerð" haldið innreið sína í skrifstofubákn bandarísku alríkisstjórnarinnar og er nú lögfest.

„Núllgrunns áætlanagerð" er nú á öðru ári sínu í rekstri Bandaríkjastjórnar, og að sögn hefur þegar náðst verulegur árangur í því að gera starf ríkisstofnana markvissara og árangursríkara. Fjöldi einstakra ríkja og sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja hafa einnig tekið upp „núllgrunns" aðferðina, og þar sem hún er ekki komin í framkvæmd í opinberri stjórnsýslu er heiti hennar eftirlætisslagorð frambjóðenda. Auðvitað er árangurinn misjafn og dómar manna um árangur á ýmsa lund. Aðferðin er ógnun við hagsmuni ýmissa þeirra sem haft hafa áreynslulaust hlutverk í kerfinu, og víða hafa menn því reynt að spilla framkvæmdum. Aðferðin hefur þann kost helstan að hún leiðir í ljós hvort starfsemi er orðin úrelt eða a. m. k. hvort einhver starfsemi hefur færst til í forgangsröð þannig að hún falli niður þegar ekki fást fjármunir til allra hluta. Hún gerir menn líka betur vakandi um það, að stofnun þeirra eða deild standi sig og fullnægi þeim hagkvæmnisskröfum sem gerðar eru við röðun ákvörðunarpakkanna."

Hér lýkur tilvitnun í ræðu Björns Friðfinnssonar sem hann flutti á fjármálaráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga í Reykjavík 22. nóv. á s. l. ári.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri þegar ég fylgi þessari till. úr hlaði, en vænti þess, að hún fái stuðning þingsins og fyrst um sinn verði hún send til hv. fjvn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins í mjög stuttu máli fagna því, að till. er komin fram um þetta efni, og fagna því, að þeir hv. þm. Friðrik Sophusson og meðflm. hans skuli hafa tekið upp þessar till. sem Björn Friðfinnsson lögfræðingur, eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, vakti að ég held fyrstur manna máls á hér og kynnti ásamt fleirum. Þetta bar m. a. á góma í umr. í Nd. fyrr í vetur er rætt var frv. til l. um ríkisendurskoðun sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson flutti á sínum tíma. Þá vakti ég máls á þessu. Ég lýsi stuðningi við þessa till., en tel þó að n. sú, sem fær þetta mál til skoðunar, ætti að athuga, ef flm. geta fallist á, að þetta sé ekki takmarkað við „núllgrunns áætlanagerð", heldur komi þarna einnig til álita fleiri nútímahugtök og nútímaaðferðir við stjórnun. Má þar minna t. d. á svokallaða „sólseturslöggjöf", sem hefur einnig vakið athygli og verið að ryðja sér til rúms. Þetta bendi ég á til athugunar. Ég tel að þarna mætti taka inn í fleiri atriði af nútímastjórnunaraðgerðum heldur en „núllgrunns áætlanagerðina" eina, þótt góð sé, en lýsi annars stuðningi við málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum, þáltill. (þskj. 448). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 448 till. til þál. ásamt hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur um sveigjanlegan vinnutíma hjá ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum þar sem segir:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að 1) láta kanna, að hve miklu leyti sé hægt að koma við sveigjanlegum vinnutíma starfsmanna ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana, og 2) koma slíkri vinnutilhögun á, þar sem slíkt þykir henta."

Í upphafi grg. er því lýst, að till. þessi sé m. a. flutt vegna yfirlýsingar sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl. um efnahagsmál, þar sem m. a. er komist svo að orði, með leyfi forseta: „Kaupmáttur á vinnustund verði aukinn með sveigjanlegum vinnutíma, starfshvatningu og hagræðingu." Með þessari stefnuyfirlýsingu um sveigjanlegan vinnutíma leggur Sjálfstfl. áherslu á mikilvægi þess, að vinnutilhögun taki sem mest tillit til mismunandi einkaaðstæðna starfsfólks. Þessari þáltill. er þess vegna ætlað það hlutverk að leggja til við stjórnvöld að þau færi sér í nyt kosti sveigjanlegs vinnutíma, þar sem það á við, þegar tekið er tillit til þjónustuhlutverks stofnana og fyrirtækja annars vegar og haft hefur verið samráð við starfsmenn og stjórnendur þeirra hins vegar.

Í grg. með þessari þáltill. er því lýst m. a., hvernig sveigjanlegur vinnutími er. Hann er í örstuttu máli sá, að í stað þess að öllum starfsmönnum fyrirtækja sé ætlað að koma til vinnu á ákveðnum tíma er heimilt að menn geti komið á mismunandi tíma að morgni til vinnu og eins farið heim að kvöldi í samræmi við það, en skili annaðhvort yfir sama daginn ákveðnum vinnustundafjölda eða stundum er um það að ræða að vinnustundafjöldi á viku er lagður til grundvallar eða jafnvel á mánuði. Yfirleitt er þó um það að ræða, að svokallaður „kjarnatími" er eða fastur vinnutími, þegar öllum ber að vera til staðar á vinnustað. Þetta kerfi er að sjálfsögðu hægt að útfæra með mismunandi hætti, en ég tel ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þá sálma hér.

Það mun hafa verið fyrirtækið Skeljungur hf. sem fyrst íslenskra fyrirtækja kom á hjá sér þessari skipan á árinu 1974, en síðan hafa önnur fyrirtæki jafnframt tekið upp þennan hátt, þ. á m. Olíuverslun Íslands, Flugleiðir, Skýrsluvélar ríkis og Reykjavíkurborgar og líklega Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Á sínum tíma, eftir að þessi háttur hafði verið á hafður hjá Skeljungi um hríð, gerðu forstöðumenn þess fyrirtækis könnun meðal starfsmanna og í þeirri könnun kom fram að á þá 40 starfsmenn, sem breytingin gat náð til, hafði hún ýmis góð áhrif. Í könnun þessari voru lagðar fram ýmsar spurningar og ég vil fara nokkrum orðum um niðurstöðurnar.

25% starfsmannanna breyttu ekki vinnuhegðun sinni og hófu vinnu að öðru jöfnu kl. 9 að morgni. 70% starfsmanna hófu yfirleitt störf fyrir kl. 9 og þar af rúmlega helmingurinn kl. 8. Samkv. könnun þessari óskaði þorri starfsmanna eftir áframhaldandi sveigjanlegum vinnutíma þegar könnunin fór fram. Þegar spurt var um, hvort óhagræði hefði fylgt þessum breytingum, kom fram, að yfirgnæfandi meiri hluti taldi svo ekki vera. Mætingar á milli kl. 9.30 og 10 reyndust vera fáar, þótt að öðru jöfnu væri talið hagræði að því að hafa þann möguleika opinn fyrir starfsfólk að það gæti komið allt til kl. 10, ef þannig stæði á. Þá var breytingin talin m. a. hafa fækkað þeim tilfellum að starfsmenn skiluðu ekki réttum starfstíma, t. d. þegar mætt er kl. 9.10 og farið kl. 5. Það var dregið úr fjarvistarbeiðnum vegna aukinna möguleika starfsmanna til þess að athafna sig í einkaerindum utan skrifstofutíma, annaðhvort á milli 9 og 10 að morgni eða milli 4 og 5 síðdegis. Og það kom jafnframt fram í könnuninni, þegar spurt var, að það var álit starfsmanna að starfsandi hefði batnað almennt meðal starfsliðsins á skrifstofunni.

Ótalmargt hefur verið skrifað um kosti og galla þessa kerfis. Á sínum tíma skrifaði Baldur Guðlaugsson lögfræðingur um þetta í Vinnuveitandann. Það var á árinu 1975. Og sjálfur skrifaði ég grein um þessi málefni í Iðnaðarmál á árinu 1976.

Það ber að taka fram, að sums staðar, og þó sérstaklega í Bandaríkjunum, var leitað annarra leiða þegar hugsað var um breytingar á vinnutíma starfsfólks. Á tímabili a. m. k. var lögð áhersla þar á fjögurra daga vinnuvikuna, en í seinni tíð hefur sú stefna verið tekin upp í Bandaríkjunum að halla sér fremur að sveigjanlega vinnutímanum, þar sem það á við. Nýlegar bandarískar kannanir, sem ég hef séð, sýna að þar er almenn ánægja með þetta nýja kerfi, en þó ber að geta þess, að það nær síður til þess fólks sem vinnur nætur- og vaktavinnu, þótt eflaust sé hægt að nýta ýmsa kosti kerfisins með því að gera slík störf og þá mætingar sveigjanlegri en hingað til hefur tíðkast. Ég bendi á þetta hér, því að verulegur hluti íslensks vinnuafls vinnur slík störf, og þá á ég fyrst og fremst við sjómennina, sem hafa litla sem enga möguleika til þess að nýta slíka þætti.

Í Bretlandi fór fram ítarleg könnun meðal þeirra, sem höfðu unnið við slíkt kerfi, og eins annarra. Þess má geta, að sérstaklega var þar reynt að hafa upp á viðhorfum launþegasamtakanna. Bresku launþegasamtökin, sem

hafa látið álit sitt í ljós, eru líklega ein íhaldssömustu launþegasamtök í heimi. Ég vil nú lýsa í örfáum orðum hver viðhorf þeirra voru, en það geri ég í þessari ræðu til þess að benda á nauðsyn þess að haft sé samband við alla aðila áður en slíkt kerfi er tekið upp.

Þegar stjórnarstofnunin í Bretlandi, British Institute of Management, gerði þessa könnun, en hún var gerð af Sally Rosham, kom eftirfarandi í ljós sem sjónarmið verkalýðsfélaganna bresku:

Í fyrsta lagi benda verkalýðsfélögin á, að hugsanlegt sé að stjórnendur fyrirtækja reyni að lengja vinnutíma starfsmannanna þegar mörg verkefni eru fyrirliggjandi, en beini frítíma starfsmanna á verkefnasnauðari tímabil. Með þrýstingi, beinum eða óbeinum, getur stjórn fyrirtækja dregið úr yfirvinnu og farið þannig á bak við grundvallaratriði kjarasamninga.

Í öðru lagi gera launþegasamtökin þá kröfu, að félagar þeirra njóti ágóðans sem meiri framleiðni og minni fjarvistir skila fyrirtækjunum.

Í þriðja lagi gjalda verkalýðsleiðtogar varhug við sveigjanlega vinnutímanum vegna þess að hann raskar grundvellinum undir 8 tíma vinnudeginum, sem er árangur áratugabaráttu samtakanna.

Í fjórða lagi er í greininni minnst á að sveigjanlegur vinnutími dragi úr samstöðu starfsmanna, enda fækki samverustundum í vinnutímanum.

Breska skýrslan greinir frá því, að meiri tortryggni gæti hjá launþegasamtökum verkamanna og iðjufólks en verslunar- og skrifstofumannafélögum.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má ljóst vera að nauðsynlegt er að launþegasamtökin séu með í ráðum strax frá upphafi. Að vísu eru skoðanir skiptar um þetta meðal verkalýðssamtaka í Evrópu, og þess má geta að það var að frumkvæði verkalýðssamtakanna sem þetta var reynt í Svíþjóð á sínum tíma.

Ef litið er almennt á kosti og galla þessa kerfis má benda á eftirfarandi kosti:

1. Komið er í veg fyrir umferðarteppu við stóra vinnustaði. Aðalferðatíminn til og frá vinnu er jafnaður út og ferðirnar taka styttri tíma.

2. Dregið er úr streitu sem stafar af skyldunni til að mæta stundvíslega.

3. Vinnuveitandinn þarf ekki að hafa slæma samvisku, þótt hann mæti ekki fyrstur á morgnana eða fari fyrr heim á kvöldin.

4. Laun eru aðeins greidd fyrir unnar stundir. Minni yfirvinna er unnin, bæði vegna þess að vinnan dreifist á lengri tíma og eins vegna þess að starfsfólkið tekur sig sjálft til og vinnur styttri vinnudag þegar lítið er að gera, en lengir vinnudaginn þegar verkefnum fjölgar.

5. Eins dags fjarvistir hverfa að miklu leyti.

6. Einfaldara er fyrir fólk að sinna einkamálum sínum í valtímanum, þ. e. a. s. þann tíma sem menn ráða því hvort þeir eru á vinnustað eða ekki.

7. Fólk velur sér vinnudag eins og hverjum hentar best.

8. Kerfið hjálpar til við endurnýjun og ráðningu starfsfólks og eykur möguleika giftra kvenna til þátttöku í atvinnulífinu.

9. Starfskraftur fyrirtækjanna verður stöðugri.

10. Ábyrgð starfsmanna eykst og samband stjórnenda og starfsfólks batnar. Vinnuáhugi verður meiri og framleiðni eykst.

11. Fólk á kost á kyrrð í valtímanum til að vinna að verkefnum sem einbeitingu þarf við.

12. Betri áætlanagerð og virkari boðmiðlun fá aukið gildi.

13. Lokið er við verkefni, en þau ekki geymd til næsta dags.

Helstu gallar, sem nefndir hafa verið, eru:

1. Aukinn rekstrarkostnaður, t. d. ljós og hiti, vegna lengingar heildarvinnudags.

2. Aukin vinna og meiri kostnaður vegna eftirlits og vinnutímaskráningar.

3. Ekki eiga allir kost á að vinna sveigjanlegan vinnutíma. Þeir, sem ekki eiga þess kost, fara gjarnan fram á kauphækkun.

4. Boðmiðlun er erfiðari, bæði innan fyrirtækisins og milli fyrirtækja og stofnana.

5. Starfsfólk getur ekki lengur rekið einkaerindi í föstum vinnutíma, yfirvinna minnkar og sérréttindi ákveðinna hópa hverfa.

Þessi atriði eru stundum fremur talin til ókosta af hálfu starfsfólksins.

Ég vil bæta því við, að undanfarna mánuði hefur talsverður áhugi verið á þessu máli, og ég vil geta þess að Landssamband sjálfstæðiskvenna og sjálfstæðiskvennafélagið Hvöt héldu ráðstefnu um þessi mál og hafa síðan kynnt þetta mál með því að senda um það upplýsingar til stærri fyrirtækja í landinu.

Hér er m. a. verið að samræma þarfir atvinnu- og fjölskyldulífsins, og væri vissulega gleðilegt ef þessi till. yrði samþykkt sem stefnumótandi ályktun á barnaári Sameinuðu þjóðanna.

Ég leyfi mér síðan, herra forseti, að leggja til að till. verði vísað til hv. allshn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég sé fyllstu ástæðu til þess að taka undir með flm. þáltill. þessarar um sveigjanlegan vinnutíma.

Ég held að þessi hugmynd eigi eftir að ná fram að ganga. Það er staðreynd, að þessu fyrirkomulagi væri víðast hvar hægt að koma við í ríkisstofnunum hér á landi. Við vitum að aðstæður eru mjög misjafnar hjá fólki, sem hjá þessum stofnunum starfar, og hjá fjölskyldufólki einkum og sér í lagi væri hægt að koma við sveigjanlegum vinnutíma. Það er ekki vafi á því, að t. d. feður eða mæður ættu auðveldara með að koma börnum sínum á dagheimili og sinna þeim verkefnum sem menn verða að gera í daglegu lífi.

Ég vil einungis segja þessi örfáu orð og taka undir þessa till. og lýsa yfir fullum stuðningi við hana.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill. og áhuga á henni. Ég hef þá skoðun, að því miður hafi kjaramálabarátta hjá okkur á undanförnum árum verið í of föstum skorðum í tengslum við fortíðina og ekki tekið nógu mikið mið af ýmsum nýjungum sem þörf væri á að innleiða í þessi mál.

Það er skoðun mín, að einmitt sveigjanleiki í sambandi við vinnutíma sé eitt af því sem þarf að taka til athugunar og reyna að koma sem víðast að í vinnumarkaði í þjóðfélagi okkar. Að vísu er það svo í þessu sem mörgu öðru, að við verðum að taka tillit til aðstæðna, þ. e. fámennis, og í aðalframleiðslugreinum okkar, svo sem í landbúnaði og sjávarútvegi, er ákaflega erfitt að koma við takmörkun á vinnutíma í mörgum greinum. Þetta eru staðreyndir sem ekki er hægt að horfa fram hjá.

Í þessu sambandi vil ég koma því að, að í stefnuyfirlýsingu okkar framsóknarmanna höfum við einmitt tekið þetta mál alveg sérstaklega til skoðunar. Segir svo í þeim kafla, sem fjallar um tilhögun vinnutíma og launamála, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilhögun vinnutíma og launamála getur haft mikil áhrif á aukningu þjóðartekna. Bætt nýting fjárfestingar og aukin vinnuafköst eru sameiginlegt áhugamál allra þjóðfélagsþegna.

Á vegum ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins fari nú þegar fram athugun á tilhögun vinnutíma og launamála, þar sem m. a. verði tekið mið af eftirgreindum atriðum:

1. Dregið verði úr eftirvinnu og stefnt að því að afnema hana í áföngum í sem flestum starfsgreinum án rýrnunar kaupmáttar.

2. Vinnutími verði sveigjanlegri þannig að fjárfesting nýtist betur og auðveldara verði fyrir foreldra að skipta með sér forsjá heimilanna.

3. Kjarasamningar verði einfaldari, allir launataxtar verði brúttótaxtar og samtökum launþega sé meira í sjálfsvald sett hve miklum hluta af launum er varið til félagslegra þarfa".

Ég taldi rétt að koma þessu að um leið og ég tel að það sé allrar athygli vert að láta skoða þessi mál í alvöru. Þess vegna tel ég að sú till. til þál., sem hér liggur fyrir, sé verðug þess að henni sé gaumur gefinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Farstöðvar, þáltill. (þskj. 480). — Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Á þskj. 480 hef ég leyft mér að flytja þáltill. í þá veru, að Alþ. álykti að fela samgrh. að láta endurskoða fjarskiptareglur Pósts og síma að því er varðar notkun farstöðva í bifreiðum og öðrum farartækjum, á vinnustöðum, í heimahúsum og á víðavangi. Endurskoðunin taki mið af þeim tæknilegu framförum, sem orðið hafa í framleiðslu fjarskiptatækja að undanförnu, og stefni að því að um notkun farstöðva gildi raunhæfar reglur sem dragi ekki úr gildi þessara stöðva sem öryggistækja.

Það er skammst frá því að segja, og ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi flestir tekið eftir því og sé það ljóst, hversu notkun þessara handhægu talstöðva hefur vaxið ört undanfarin ár. S. l. haust sendi ég bréf til yfirverkfræðings Pósts og síma með nokkrum spurningum varðandi stöðvar þessar, fjölda þeirra og sitthvað fleira. Þar komu fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar sem ég held að sé rétt að geta stuttlega hér.

Í fyrsta lagi var spurt um fjölda þessara stöðva. Með leyfi forseta, hljóðar svar Póst- og símamálastofnunarinnar á þessa leið:

„Fram að þessu hafa verið skráðar hjá radíoeftirlitinu 10 400 talstöðvar í 27 MHz tíðnisviðinu. Vitað er að 1 000 af þessum stöðvum eru ekki í notkun lengur". Síðan segir: „Auk þess er í umferð fjöldinn allur af smygluðum stöðvum og telja ýmsir að þær skipti þúsundum".

Ég vek athygli á því, að þetta er umsögn Póst- og símamálastofnunar.

Í öðru lagi var spurt: Hve margar slíkar stöðvar hefur Landssíminn gert upptækar og af hvaða ástæðum? Svarið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á þessu ári hafa 36 stöðvar verið gerðar upptækar og er það veruleg aukning frá fyrri árum. Ástæðan fyrir upptöku er í öllum tilfellum of mikið sendiafl, sem í flestum tilvikum var kvartað undan vegna truflana á sjónvarpsviðtöku. Í mörgum tilvikum hefur einnig verið um að ræða smyglaðar stöðvar, sem ekki voru á skrá hjá radíóeftirlitinu".

Í þriðja lagi var spurt um ástæður fyrir takmörkun á styrk þessara stöðva og rásafjölda. Þar er ekki spurt að tilefnislausu, vegna þess að venjulegur styrkur þessara stöðva er 2.5 wött, en samkv. þeim reglum, sem gilda hjá póst- og símamálastjórn, er leyfilegt sendiafl 0.5 wött, sem þýðir að þessar stöðvar eru nánast ónýtar sem öryggistæki, draga stutt, og enn fremur þýðir þetta í raun, að ef menn flytja inn slíkar stöðvar eða kaupa þær verða þeir að láta skrá þær hjá Pósti og síma og þá er dregið úr aflinu með afskaplega einfaldri aðgerð: með því að setja þétti í stöðina. Hef ég það fyrir satt, að afskaplega lítið verk sé og flestir láti sig ekki muna um það að fjarlægja þennan þétti við fyrstu hentugleika til að hafa fullt gagn af stöðinni.

Svar Pósts og síma um ástæður fyrir takmörkun á sendiafli er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Ástæðan fyrir takmörkun á sendiafli er fyrst og fremst truflanahætta gagnvart öðrum þjónustum" — eins og það er orðað hér — „en einnig kemur til aukin truflanahætta milli stöðva sem verið er að nota á sömu rás. Það hefur sýnt sig að í langflestum tilvikum, þar sem kvartað hefur verið yfir truflunum á sjónvarpi og hljóðvarpi og truflanavaldurinn hefur fundist, hefur verið um að ræða stöð með ólöglegu sendiafli.

Ástæðan fyrir takmörkunum á rásafjölda er í rauninni tvíþætt: Í fyrsta lagi var ákveðið að taka hluta af 23 rásum til afnota fyrir ríkis- og bæjarstofnanir og ýmis almenn hjálparfélög, t. d. slysavarnir, og heimila hinum almenna notanda ekki þær rásir. Hins vegar gegnir þessi takmörkun því hlutverki að tryggja að hópur notenda geti ekki lagt undir sig allt sviðið og meinað öðrum notkun rásanna."

Þetta var sem sagt svar Pósts og síma við ástæðum fyrir takmörkun á styrk og rásafjölda.

Við þetta má bæta að framfarir, eins og segir í grg., hafa verið mjög örar á þessu sviði, og nú er raunar svo komið að heita má að t. d. í Bandaríkjunum, þar sem þessar stöðvar eru nú mest notaðar og eru flestar, séu ekki framleiddar og séu ekki seldar lengur stöðvar með færri rásum en 40. Póstur og sími hefur sett reglur um fjölda rása, en einfaldlega er ekki lengur hægt eða a. m. k. orðið mjög erfitt að fá keyptar stöðvar sem fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru í reglum Pósts og síma.

Í fjórða lagi var spurt um reglur er giltu um notkun slíkra stöðva á Norðurlöndunum. Í svari Pósts og síma kemur fram, að Samband póst- og símamálastjórna í Vestur-Evrópu hefur sett reglur um notkun þessara talstöðva sem það mælir með að séu teknar upp. Reglur á Norðurlöndum og þar með talið Íslandi byggjast að mestu á þessum reglum, en þó ekki nema að nokkrum hluta. Þar eru ýmis frávik. T. d. eru mismunandi reglur um þetta á Norðurlöndunum. Sums staðar eru í gildi reglur sem heimila 2½ watts sendiafl fyrir nokkrar rásir. Þetta var heimilað áður en reglur Sambands póst- og símamálastjórna komu til og menn treystu sér ekki til að afturkalla það.

Þessum málum er sem sagt komið þannig hér núna, að

í notkun eru skráðar 9—10 þús. stöðvar. Enginn veit, hve margar stöðvar eru ólöglegar, vegna þess einfaldlega að reglurnar, sem Póstur og sími hefur sett um þetta, hafa verið þess eðlis að erfitt hefur verið að framfylgja þeim. Það hefur verið erfitt að hlíta þeim vegna þess að þá koma þessar stöðvar ekki að gagni sem þau mikilvægu öryggistæki sem þær eru. Þær eru nánast gagnslausar. Í þriðja lagi held ég að segja megi að þessar reglur hafi verið gegn vitund almennings um það, hvað væri rétt og sanngjarnt í þessum efnum. Þá er það gömul saga og ný, að fólk hlítir ekki slíkum reglum ef unnt er að skjóta sér fram hjá þeim.

Þess vegna held ég að það sé brýnt að breyta þessum reglum þannig að þessar stöðvar nýtist sem öryggistæki. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að þær geti bjargað mannslífum, þær hafa gert það margoft. Og reglurnar þurfa að vera þannig að þeim sé fylgt. Jafnframt skapar þetta þann möguleika fyrir Póst og síma að heimta gjald af þessum stöðvum og hafa af því verulegar tekjur. Ef reglunum yrði breytt ætti auðvitað að gefa þeim, sem eru með ólöglegar stöðvar, kost á að láta skrá þær innan ákveðins tíma án þess að komi til nein veruleg viðurlög, og að um þetta verði settar reglur sem nokkurn veginn sé öruggt að menn muni halda og séu skynsamlegar. Benda má og á það í þessu sambandi, að í ýmsum sveitum þessa lands er ekki óalgengt að slíkar stöðvar séu á mörgum bæjum. Sérstaklega gildir þetta að sjálfsögðu þar sem ekki er kominn sjálfvirkur sími, menn hafa ekki aðgang að þeirri sjálfsögðu og eðlilegu þjónustu sem þeir, sem búa við sjálfvirka símann, telja að geta hringt hvenær sem er, heldur verða að sæta lagi fáeina klukkutíma á dag, og þá hafa menn einfaldlega brugðist við þessari slæmu þjónustu Pósts og síma með því að koma sér upp slíkum stöðvum. Það er mjög eðlilegt og mikið öryggisatriði og vitað mál að það hefur oft komið sér vel.

Starfandi eru samtök þeirra sem eiga slíkar stöðvar. Ég tel eðlilegt að við meðferð málsins í n. verði haft tal af þeim og hlýtt á sjónarmið þeirra. Sömuleiðis hefur á vegum Félags ísl. bifreiðaeigenda starfað sérstök farstöðvanefnd, sem m. a. hefur gert till. um hvernig þessum málum skuli fyrir komið. Þær till. voru samþykktar á þingi FÍB, sem haldið var dagana 14. og 15. okt. s. l. Þar eru fastmótaðar till. um þetta, m. a. um sendiafl, sem þeir mæla með að verði 2.5 wött, og ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa niðurlag þessarar till. um farstöðvamál sem var samþ. á landsþingi FÍB. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við teljum að með vaxandi truflun af völdum útlendra stöðva sé útilokað að ná sambandi milli bíla með minna afli (þ. e. a. s. en 2.5 wött), — þess má geta, að 0.5 watta afl í loftneti á húsum mun nokkurn veginn samsvara 2.5 watta afli í loftneti á bíl, þetta er tæknilega viðurkennt, — enn fremur að viðurkenndar móðurstöðvar verði reknar með fullu afli vegna mikilvægis þeirra. Þá bendum við á að með þeirri endurskoðun á CB-bandinu (það er sú bylgja sem hér um ræðir), sem mælt er með, sé nauðsynlegt að Póstur og sími gerbreyti kallnúmerakerfi þessara aðila. Einnig er lagt til að eitt kallnúmerakerfi verði viðurkennt um land allt og kallmerki verði merkt þeirri persónu, sem það hefur, en ekki þeirri talstöð, sem um er að tefla."

Það mætti ýmislegt fleira tína til í þessu sambandi. Varðandi það, sem getið var um áðan, að þessar stöðvar hefðu í för með sér truflanir varðandi sjónvarp, er þess að geta að það var rétt. En það er ekki endilega rétt lengur vegna þess að með aukinni tækni og bættri framleiðslu virðast þær stöðvar, sem síðast hafa komið á markaðinn, ekki valda þeim truflunum sem eldri stöðvar gerðu. Raunar eru þær nýju stöðvar, sem fáanlegar eru núna, með þeim hætti að það er ákaflega erfitt að breyta þeim og draga úr styrk þeirra eins og unnt var með gömlu stöðvarnar.

Það er meginatriði þessa máls að fá Póst og síma, þar sem það hefur viljað brenna við að gæti töluverðrar íhaldssemi og þverstöðu varðandi allar tæknilegar nýjungar sem koma fram og almenningur gæti hugsanlega notfært sér, — þetta er gömul saga og ný, — meginmálið er að fá þá, sem þar ráða, — og þess vegna miðar þessi ályktun að því að fela samgrh. að láta endurskoða þessar reglur, — til að viðurkenna staðreyndir nútímalífs, til að viðurkenna þær staðreyndir, sem nú eru fyrir hendi, og breyta þessum reglum í samræmi við raunveruleikann, þannig að menn géti átt og notað þessar stöðvar, haft af þeim full not, þær geti komið að fullu gagni sem öryggistæki, eins og minnst hefur verið á oftar en einu sinni í umr. úr þessum ræðustól, en að menn þurfi ekki að gerast lögbrjótar til þess að hafa full not af þessum stöðvum. Það er sem sagt tilgangur þessarar till. að fá þessum reglum breytt í nútímalegt horf. Vonandi lætur Póst- og símamálastofnun af andstöðu sinni gegn þessu og viðurkennir staðreyndir dagsins í dag.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, herra forseti, en legg til að umr. verði frestað og málinu verði vísað til allshn. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 76. fundur.

Mánudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 31. mars 1979.

Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið: „Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Gunnar Már Kristófersson vélgæslumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Hér liggur fyrir kjörbréf til handa Gunnari Má Kristóferssyni og vil ég nú óska þess, að kjörbréfanefnd taki það til athugunar, og gef 8 mínútna fundahlé meðan það verður athugað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Gunnars Más Kristóferssonar, Hellissandi, en hann er 1. varaþm. Alþýðuflokksins í Vesturlandskjördæmi. Hann kemur nú til þings í forföllum og vegna utanfarar Eiðs Guðnasonar, 3. þm. Vesturl. N. leggur til að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þingmaður, Gunnar Már Kristófersson, 3. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Efri deild, 74. fundur.

Mánudaginn 2. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Stjórn efnahagsmála o. fl., frv. (þskj. 453, n. 499 og 502, 500). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl. Í nál. meiri hl. kemur fram, að haldnir voru sameiginlegir fundir með fjh.- og viðskn. beggja deilda og á þá fundi komu til viðtals fulltrúar ýmissa samtaka. Enn fremur mættu á fundum n. Jóhannes Nordal bankastjóri Seðlabankans, Georg Ólafsson verðlagsstjóri og Jón Sigurðsson forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, sem mætti á flestum fundum nefndarinnar.

N. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. leggur til að það verði samþ. með þeim breyt. sem fram koma á þskj. 500, en minni hl. skilar séráliti.

Við 1. umr. hér í d. gerði hæstv. forsrh. ítarlega grein fyrir efni frv. og er því ekki ástæða til að endurtaka það nú. Ég vil hins vegar fara nokkrum orðum um þær brtt. sem meiri hl. flytur.

Við 2. málsgr. 1. gr. er orðalagsbreyting, þar sem skýrð er betur sú áhersla sem lögð er á að ekki sé reynt að ná einhverju þeirra markmiða, sem nefnd eru í fyrri hluta 1. gr., á kostnað hinna, þar sem taka þarf tillit til þeirra allra.

Í 2. brtt. er aðeins um að ræða orðalagsbreytingu á 6. gr.

Það sama er að segja um 3. brtt., sem á við 7. gr. frv.

4. brtt. er við 10. gr., þar sem dagsetningum í þeirri grein er breytt. Slíkt er nauðsynlegt þar sem dráttur hefur orðið á að málið væri afgreitt frá Alþingi.

5. brtt. a-liður fellir niður síðari málslið 1. tölul. 13. gr., þar sem óeðlilegt þótti að setja þar inn reglu sem skilja mætti,e. t. v. þannig, að hún takmarkaði óeðlilega mikið möguleika Alþ. á samþykkt fjárveitinga. En fyrri málsliðurinn ætti að segja nægilega skýrt það sem við er átt.

Hins vegar er í b-lið 5. brtt. sett inn nokkuð svipað ákvæði í 2. tölul. sömu greinar, sem leggur áherslu á að þn. leiti sem bestra upplýsinga um væntanleg útgjöld ríkissjóðs, sem mundi leiða af samþykkt frv., og að slíkar upplýsingar fáist áður en þau eru afgreidd frá nefnd.

Við umr. í fjh.- og viðskn. kom fram spurning um það, hvaða kostnað það aukna verkefni, sem fjárlaga- og hagsýslustofnun er falið samkv. þessari grein, hefði í för með sér fyrir ríkissjóð. Forstöðumaður stofnunarinnar skýrði frá því, og það kemur einnig fram í drögum að verkefnaskrá samkv. frv. sem lögð var fram í n., að þetta mundi kalla á tvo nýja menn — a. m. k. til að byrja með — hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun. Annar þeirra mundi annast hagsýsluverkefni og eftir fenginni reynslu af þeim störfum ætti vinna hans við þau að leiða til sparnaðar í ríkisrekstrinum sem væri margfaldur á við launakostnað hans. Hinum starfsmanninum mundi einkum vera falið að sjá um að finna út kostnaðarmat á till. frv., sem talað er um í 2. tölul. og reyndar þeim 1. líka, og hv. þm. munu geta sjálfir sagt sér að það er æskilegt og nauðsynlegt fyrir þá að fá slíkt í hendur til þess að geta sem best gert sér grein fyrir málunum. Auðvitað hlýtur að vera erfitt að meta nákvæmlega fyrir fram hvers virði það er fyrir ríkissjóð, en óhætt ætti að mega fullyrða að ýmislegt mundi fara betur ef þetta væri skoðað nánar.

Þá er 6. brtt. við 16. gr. frv., en í síðari málslið þeirrar greinar er mjög afdráttarlaust ákvæði um að fylgja skuli rammaáætlun um erlendar lántökur einkaaðila. Í þessari brttt. er lagt til að bæta orðunum „sem hámarksáætlun" aftan við greinina, þannig að ekki sé endilega skylt að fylgja þessari rammaáætlun að fullu. Það er þá sambærilegt við lánsfjáráætlun ríkisstj.

Þá er það brtt. sú sem er númeruð 7. Hún er við VI. kafla frv. og gerir ráð fyrir að bæta þar við nýrri grein,

sem verður 31. gr. Þar er Seðlabanka Íslands veitt heimild til að hækka bindiskyldu innlánsstofnana hjá Seðlabankanum úr 25%, eins og hún er nú, í allt að 28% af heildarinnstæðufé hjá þessum stofnunum.

Að undanförnu hefur Seðlabankinn orðið að draga úr endurkaupahlutfalli sínu á afurðalánum, þar sem þau hafa orðið hærri en bundna fé og til viðbótar hefur svo komið skuld ríkissjóðs, sem allir vita að er orðin mjög mikil. Með þessari breytingu ætti að vera auðveldara að hafa afurðalánin viðunandi. Auk þess eru Seðlabankanum lagðar auknar skyldur á herðar í 28. gr. frv., sem einnig kallar á eitthvað meira svigrúm í þessu máli. En nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar eru háðar samþykki ríkisstj.

Í 8. brtt. er 36. gr. breytt þannig, að Seðlabankinn skuli gefa út hvaða reglur skuli gilda um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna að fengnu samþykki ríkisstj. og er þetta gert til samræmis við það sem venja er við slíkar ákvarðanir. Það er Seðlabankinn sem gefur þær út.

Í VII. kafla frv. er í heild fjallað um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár og virðast flestir sammála um að þar sé um mikilsverða breytingu að ræða sem kunni að marka tímamót í baráttunni við verðbólguna, eins og fleira í þessu frv. Í n. komu fram ábendingar í sambandi við grundvöll að verðtryggingu. Væri æskilegt að hann þyrfti ekki að vera bundinn við eina vísitölu eða gengi erlends gjaldeyris, eins og kveðið er á um í 4. tölul. 38. gr., heldur gæti verið heppilegra að miða við meðaltal af tveimur eða fleiri opinberum vísitölu. Um þessa breyt. er gerð till. í 9. lið brtt.

Þá er komið að VIII. kaflanum. Í upphafi 2. tölul. 49. gr. segir: „Breytingar á sköttum eða gjöldum eða álagning sérstakra skatta í því skyni að afla fjár til þess að draga úr áhrifum hækkunar olíuverðs á árunum 1979 og 1980 á framfærslukostnað þeirra heimila, sem hita hús sín með olíu, eða til annarra ráðstafana til þess að milda áhrif hækkunar olíuverðs innanlands."

Meiri hl. n. leggur til, að setningin „eða til annarra ráðstafana til þess að milda áhrif hækkunar olíuverðs innanlands" falli niður. Það er enn ekki ljóst hvað olíuhækkunin muni verða mikil á þessu og næsta ári. Ekki hefur heldur verið ákveðið til hvaða ráða verður gripið til að draga úr áhrifum olíuverðshækkunarinnar á annað en framfærslukostnað heimila, enda þótt það blasi við að þar er við ærinn vanda að eiga sem sjálfsagt kallar á einhverja lagasetningu sem leysi þar úr. En þar sem það er enn óljóst þótti rétt að fella hið óákveðna orðalag niður.

Í 11. tölul. brtt. er viðbót við ákvæði til bráðabirgða á eftir 51. gr. Þar er gert ráð fyrir að aftan við bráðabirgðaákvæði frv. komi:

„Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið. Ákvæði þessara laga breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðbætur á laun."

Með þessari viðbót yrði þetta I. tölul. bráðabirgðaákvæðanna. Samkv. þessu skal kaupið í mars teljast grunnkaup við gildistíma laganna og haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið, þannig að aðstaða allra verði að því leyti hin sama. Hins vegar er tekið fram, að ákvæði laganna breyta ekki rétti til nýrra samninga.

Í upphafi II. kafla bráðabirgðaákvæðanna samkv. brtt. segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 50. gr. skal frádráttur frá verðbótavísitölu hinn 1. júní 1979 vegna rýrnandi viðskiptakjara hæst nema 2% af verðbótavísitölu þann dag. Það, sem umfram 2% frádrátt kann að reynast, skal tekið til greina þegar reiknuð verður verðbótavísitala frá 1. sept. 1979."

Og enn fremur: „Þó skal frádráttur frá hækkun verðbóta samkv. ákvæðum 50. gr. ekki breyta rétti til verðbóta hinn 1. júní 1979 á laun, sem lægri eru en 210 þús. kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu, sbr. 1. málsgr. þessara ákvæða til bráðabirgða. Hinn 1. sept. 1979 skal breyting verðbóta frá 1. júní vegna viðskiptakjaraáhrifa vera hin sama fyrir þessi laun og aðra launataxta. Hinn 1. des. 1979 skal síðan gilda sama vísitala við ákvörðun verðbóta á öll laun eins og hún verður ákveðin samkv. 47.-50. gr. þessara laga."

Það var áætlað, að áhrif frv. á júnílaun mundu nema 5.1—6.1% til lækkunar frá því sem annars hefði orðið og færi þessi tala eftir því hvaða rýrnun viðskiptakjaranna o. fl. næmi miklu þá. En með bráðabirgðaákvæðum þessum er áhrifum, sem eru umfram 2% lækkun vegna viðskiptakjaraviðmiðunar, frestað til 1. sept. á öll laun og síðan er samkv. síðari hlutanum, sem ég las, kveðið á um að þessi 2%, sem koma inn 1. júní, skuli þó ekki breyta rétti til verðbóta hinn 1. júní og 1. sept. á laun sem eru lægri en 210 þús. kr. samkv. ákvæðunum um grunnlaun í I. kafla bráðabirgðaákvæða þessara. Hinn 1. des. gildir svo sama vísitala á öll laun.

Með þessu er áhrifum af VIII. kafla frv. á greiðslu verðbóta á laun, sem eru í dagvinnu lægri en 210 þús. kr., er átti að koma til framkvæmda 1. júní samkv. frv., dreift á 1. júní, 1. sept. og 1. des. Um áhrif af ákvæðum frv. á verðbætur síðar á árinu hefur verið áætlað að þær gætu verið 0.5—1% umfram það sem ég ræddi um að væri frestað, enda þótt erfitt sé að meta það. Enn fremur getur enginn sagt til um breytingu viðskiptakjara fram að 1. des., en hefðu þau þá eitthvað snúist til betri vegar mundu þessi 2%, sem frestað var 1. júní, lækka sem því næmi. Þessi frestun á 2% lækkun verðbótavísitölu á lægri laun er mjög lauslega áætlað að muni nema rúmlega 1% hækkun á heildarlaunagreiðslur í landinu.

Í bráðabirgðaákvæðum þessum er sagt: „Kveða skal nánar á með reglugerð um framkvæmd þessara ákvæða, þar með hvað telja skuli laun fyrir fulla dagvinnu." Varðandi ákvæði kaflans um skilgreiningu á dagvinnukaupi er einkum stuðst við sambærileg ákvæði brbl. nr. 88/1974, um launajöfnunarbætur o. fl., en þá var gefin út reglugerð og samdar reglur, sem var lögð mjög mikil vinna í og farið var eftir þá á eftir. Þó er rétt að vekja athygli á að með orðinu „erfiðisálagi", sem nú er sett þarna inn og draga skal frá áður en endanlegur kauptaxti er metinn, er átt við þegar unnið er í tönkum og við aðrar sérstaklega erfiðar aðstæður. Ákvæði kaflans munu leiða til þess, að samkv. reglugerðinni mun þessi 2% frádráttur 1. júní ekki lenda á bónusvinnu við fiskvinnslu og verksmiðjuiðnað, þ. e. a. s. að sú vinna mun fá sömu vísitölu og lægra kaupið.

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands komu á fundinn, eins og áður hefur komið fram, og skýrðu þar frá sjónarmiðum sínum og lögðu þar m. a. fram fréttabréf ASÍ, 8. tölubl. þessa árgangs, sem allir hv. alþm. munu einnig hafa fengið. Á öftustu síðu fréttabréfs þessa er sýndur kaupmáttur síðustu missira og spá fram til áramóta miðað við annars vegar óbreytt ástand frá því sem það hefur verið og hins vegar ástandið eins og það væri ef frv. hefði

verið samþ. óbreytt eins og það var lagt fram. Í samræmi við það, sem ég hef sagt um frestun á ákvæðum viðskiptakjaraviðmiðunarinnar á lægri laun, er ljóst að bilið milli toppanna á aftari hluta línuritsins hinn 1. júní mun minnka um u. þ. b. helming, þannig að toppurinn færist upp og nálgast það sem hann var 1. mars, og eitthvað svipað mun gerast 1. sept. Að öðru leyti líta menn vafalaust misjöfnum augum á þetta línurit.

Athyglisverðasta myndin, sem það gefur mér, er hvað kemur skýrt í ljós að kaupmátturinn fellur strax eftir hverja kauphækkun og að loknum tveimur mánuðum er hann yfirleitt fallinn niður í það sama og hann var fyrir síðustu kauphækkun. En tækist okkur að ráða niðurlögum verðbólgunnar yrði línuritið ekki eins og stórtennt sög, heldur mundi það nálgast beina línu og þá yrði kaupmáttur verkamannsins jafnmikill eða meiri, þó að boginn væri ekki spenntur eins hátt og gert hefur verið þegar toppunum hefur verið náð.

Við vitum ekki hvað langt við verðum komin að draga úr verðbólgunni um næstu áramót, en við sjáum þó, að á línunni, sem dregin er samkv. frv. óbreyttu, en á eftir að færast öll ofar, eins og ég sagði, vegna breytinga, eru skörðin minni. Virðist það ótvíræð vísbending um það, að með samþykkt frv. erum við að stefna í rétta átt. Við erum að draga úr sveiflunum.

Í III. kafla bráðabirgðaákvæðanna segir:

„Þá skulu elli- og örorkulaun og aðrar hliðstæðar tryggingabætur njóta sömu meðferðar og laun undir 210 þús. kr. markinu og frá sama tíma."

Síðasta brtt. meiri hl. n. er við 58. gr. frv., sem fjallar um verðlagsmál. Með breyt. þessari er m. a. fellt niður ákvæði um að það skuli vera meginregla að vöruverð sé háð verðlagseftirliti og verðlagsákvæðum. Í staðinn kemur, eins og þar segir: „Þegar samkeppni er nægjanleg getur verðlagsráð að fengnu samþykki ríkisstj. vikið frá þessum reglum og m. a. heimilað að fella einstaka flokka vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum." — Með þessu: „að fengnu samþykki ríkisstj." — er átt við að ríkisstj. þurfi eingöngu að taka ákvörðun um það einu sinni að hverfa inn á þessa braut og frá núverandi ástandi, en síðan hafi verðlagsráð heimild að meta hvenær það telur breytingar æskilegar. Munu flestir sammála um að í ljós hafi komið að undanförnu, að einhverra breytinga sé þörf frá því ástandi sem ríkt hefur í þessum málum, þar sem úr ýmsum áttum hafa verið höfð allstór orð um það ástand.

Ég hef þá reynt að skýra þær breytingar sem felast í till. meiri hl. fjh.- og viðskn.

Það hefur verið sagt, að þetta frv. sé merkasta tilraun sem gerð hafi verið til heilsteyptrar og samræmdrar löggjafar um mótun efnahagsstefnu. **(Gripið fram í:** Hver sagði það?) Sú skoðun hefur komið fram, hv. þm., ef hann heyrir til mín, frá fleiri en þeim sem beinlínis er hægt að segja að styðji þessa ríkisstj.

Þegar verðbólga fer af stað stafar það af því að jafnvægi raskast í þjóðarbúskapnum. Orsökin er oft sú, að einhverjir telja sér ávinning að breytingum, sem því valda, og með því er verið að taka forskot á sæluna. Við því má þess vegna búast, að þegar draga á úr verðbólgunni þurfi eitthvað á sig að leggja. Margir hafa sagt, að þeir vildu að með þessu frv. væri hægt að ganga lengra í lækkun verðbólgunnar. En þá mætti vænta þess, að álagið, sem af því leiddi, yrði heldur meira. Það hlýtur að vera matsatriði og eitthvað skiptar skoðanir um það, hvar hinn rétti meðalvegur liggur, en niðurstaða núv. stjórnarflokka um það kemur fram í þessu frv. og með þeim brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur flutt.

Það hefur verið svo mikið rætt um bölvun verðbólgunnar og allir virðast sammála um nauðsyn þess að ráða niðurlögum hennar, að ég sé ekki ástæðu til að fjalla meira um það mál að þessu sinni, en vænti þess, að sem flestir fagni því mikla átaki sem nú hefur verið ákveðið að gera í því skyni. Ég hygg að flestir hafi líka orðið varir við, á meðan á meðferð frv. þessa hefur staðið, óvanalega mikinn áhuga almennings á því að samkomulag tækist um afgreiðslu þess. Ég tel því, að um einsdæmi muni vera að ræða þegar efnahagsmál eru annars vegar. Slíkt er ákaflega mikils virði, því það skiptir tvímælalaust einna mestu máli að almenningur hafi trú á því að hér sé verið að gera rétt.

Frsm. minni hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Eins og kom fram í máli síðasta hv. ræðumanns, 6. þm. Suðurl., varð fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu deildar ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. hefur skilað áliti þar sem mælt er með samþykkt frv. með brtt., en ég og hv. 5. þm. Norðurl. v. höfum skilað minnihlutaáliti sem er á þskj. 502 og útbýtt hefur verið hér í hv. deild.

Það er út af fyrir sig kannske ekki ástæða til þess við þessa umr. í hv. Ed. að vera með miklar orðalengingar í sambandi við það frv., sem hér er til meðferðar, fram yfir það sem tekið er fram í nál. okkar í minni hl. fjh.- og viðskn. Það liggur alveg ljóst fyrir, að eftir mikið strit og streð hefur hin mislita hjörð, sem skipar stuðningsmannalið núv. hæstv. ríkisstj., loksins komið sér saman um afgreiðslu þessa frv., en ekki til þess að ná neinum varanlegum umbótum í efnahagsmálum þjóðarinnar, til þess eru flest ákvæði frv., þrátt fyrir þær brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur, allt of losaraleg og sundurlaus, enda viðurkennt af aðstandendum þess að búið sé að afvatna svo ákvæði frv. að því er snertir VIII. kafla þess — um verðbætur og launagreiðslur — að nokkurn veginn sé útséð um að nokkur minnsti árangur náist í sambandi við baráttuna við verðbólguna. Sú staðreynd blasir hins vegar við, að náðst hefur samkomulag um að halda núv. ríkisstj. saman um nokkurn tíma a. m. k. Það hefur frá upphafi verið aðaltakmark hinna sundurlausu flokka sem að stjórninni standa — það eina sameiningaratriði sem þeir hafa getað sameinast um. Hagsmunir almennings og þjóðarinnar í heild skipta hér engu máli. Það hefur verið uppi sú skoðun hjá mönnum, hvort ekki væri rétt að gefa þessari stjórn, sem nú situr, og þeim flokkum, sem hana styðja, nýtt nafn og kalla „Hræðslubandalagið nýja", því svo hræddir hafa þessir aðilar verið við að koma fyrir dóm þjóðarinnar út af stjórnarathöfnum sínum.

Í sambandi við myndun núv. ríkisstj. og raunar ávallt síðan hefur verið mikil áhersla lögð á það af stuðningsmönnum stjórnarinnar, að ríkisstj. legði alveg sérstaka áherslu á að hafa traust samstarf við fulltrúa launþega, og margir af helstu forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar hafa ekki átt orð yfir það hve vinsamleg núv. ríkisstj. væri verkalýðnum. Í þessu sambandi hlýtur sú spurning að vakna hjá manni, hvernig á því geti staðið, að þegar sú staðreynd er fyrir hendi að allir venjulegir kjarasamningar meðlima ASÍ runnu út 1. des. s. l. skuli vera lagt fram og ætlað að afgreiða hér á hinu háa Alþingi

frv. um stjórn efnahagsmála o. fl., þar sem ráð er gert fyrir ýmsum efnahagsráðstöfunum, sem eiga að gilda um langan tíma, allt að tveimur árum, án þess að gengið sé frá almennum samningum aðila vinnumarkaðarins. VIII. kafli frv., um verðbætur á laun, sýnir m. a. að þar er ekki um neitt bráðabirgðaákvæði að ræða. Manni hefði því ekki fundist óeðlilegt að stjórnvöld, sem telja sig sérstaklega vinveitt verkalýðssamtökunum, hefðu viljað miða efnahagsráðstafanir sínar við ákveðna gerða kjarasamninga, en ekki það ástand, eins og er nú hjá okkur, að flestir slíkir samningar séu lausir. Þetta er eitt af mörgu sem sýnir hringlandaháttinn í störfum núv. stjórnarflokka.

Þegar rætt er um þetta frv. verður ekki hjá því komist að fara enn nokkrum orðum um ráðstafanir fyrrv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Á ég þar við lög um efnahagsráðstafanirnar frá í febr. 1978 og breyt. á þeim lögum með brbl. í maí sama ár. Athuganir hafa verið gerðar á því, hvernig þróun verðlags og kaupgjalds hefði orðið samkv. þeim lögum, og kemur þá í ljós að miðað við að kaupmáttur launa 1. jan. 1978 hefði verið 100 hefði kaupmáttur launa samkv. fyrrgreindum lögum frá í febr. og maí í reynd orðið 98. Í öðru lagi hafa þessi mál þróast þannig hjá núv. ríkisstj. eftir allar tilfæringar hennar, kukl með vísitölu, niðurgreiðslur, félagslegar umbætur og annað slíkt, að ársmeðaltal kaupmáttar launa árið 1978 varð 99 eftir sama mælikvarða. Þá hafa fyrrgreindar athuganir, sem ég hef verið að skýra frá, leitt í ljós að verðbólgan frá upphafi ársins 1978 til loka þess, miðað við að febrúar- og maílögin hefðu verið í gildi, hefði lækkað stórkostlega og það jafnvel svo að hún hefði komist niður í 25—30%. Þetta eru staðreyndirnar sem blasa við í þessum málum. En hver hefur þá kostnaðurinn orðið af stríðinu, sem svokallaðir vinir og forsvarsmenn launþegasamtakanna í landinu, sem nú mynda aðalkjarnann í stuðningsliði núv. stjórnarflokka, stofnuðu til vegna efnahagsaðgerða fyrrv. ríkisstj.? Hvað kostaði þessi stríðsrekstur allan almenning í landinu? Því er fljótsvarað.

Í fyrsta lagi óstjórnlegar skattahækkanir, sem hafa m. a. komið fram í afturverkandi skattaálögum sem nú hefur verið gripið til í fyrsta skipti, stórkostlegri hækkun vörugjalds, stórkostlegri hækkun fasteignagjalda, hækkun skattþrepa í tekjuskatti, lækkun skattvísitölu milli ára og síðast en ekki síst hafa verið lögð gífurleg gjöld á ríkissjóð vegna niðurgreiðslna — gjöld sem nema milljarðatugum og hljóta að eiga eftir að valda stórkostlegum hækkunum á skattbyrðum almennings.

Rétt þykir í þessu sambandi að vekja athygli á því, að efnahagsráðstafanir fyrrv. ríkisstj. gerðu ekki ráð fyrir einnar krónu skerðingu á þegar umsömdum kjarabótum launþega og með brbl. í maí 1978 voru þeir, sem lægst höfðu launin, tryggðir fyrir allri kjaraskerðingu. Nú berast launþegasamtökunum hins vegar nærri daglega bréf eða óskir frá stjórnvöldum um að fallið sé frá umsömdum grunnkaupshækkunum. Ef þær ráðstafanir fyrrv. ríkisstj. í efnahagsmálum, sem ég hef gert hér að umtalsefni, hefðu fengið að vera í friði er enginn vafi á því, að í des. s. l., þegar almennir kjarasamningar launþega innan ASÍ runnu út, hefði verið orðin slík hjöðnun á verðbóglunni, allt kannske ofan í 25% eða neðar, að mjög góður grundvöllur hefði verið fyrir skynsamlegum, almennum, faglegum kjarasamningum, sem að sjálfsögðu hefði mátt búast við að tækju mið af þeim hagfellda árangri sem náðst hefði fyrir þjóðarheildina í baráttunni við verðbólguna, og svo að sjálfsögðu, og á þann þátt málsins verður aldrei lögð of rík áhersla, að fullt jafnvægi hefði verið fyrir hendi í sambandi við ríkisfjármálin og stöðu ríkissjóðs. Er hollt fyrir menn að bera slíkt saman við þær aðstæður sem nú ríkja um þessi mál.

Sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir allar staðhæfingar andstæðinga fyrrv. ríkisstj. blasir nú sú staðreynd við að febrúaraðgerðirnar með breytingunum í maí voru raunhæfar aðgerðir gegn verðbólgu og gegn atvinnuleysi og stórkostlegt átak til almenns launajafnaðar meðal launþega. Staðreyndin er einnig sú, að það var fyrir einstaka skammsýni, óbilgirni og freklega pólitíska misnotkun á launþegasamtökunum að tókst að koma í veg fyrir að þessar lífsnauðsynlegu aðgerðir fyrrv. ríkisstj. næðu árangri.

Nú eiga menn ekki orð yfir það, hve nauðsynlegt sé fyrir launþegana í landinu að athuga að aðalatriðið sé ekki krónufjöldinn í umslaginu, heldur kaupmátturinn. Nú er höfuðáhersla lögð á að allir verði að fórna einhverju, menn verði að leggja að sér og bíða eftir kjarabótum. Hve lengi? Slíkt ákveða núv. stjórnvöld væntanlega með tilskipunum og snoturlega orðuðum yfirlýsingum stjórnvalda um félagslegar umbætur sem nú eru mjög í tísku. Það endurtekur sig alltaf sama sagan, hér eins og annars staðar þar sem kommúnistar og vinstri öfl ráða ferðinni: Fyrst eru með öllum hugsanlegum, löglegum og ekki hvað síst ólöglegum ráðum notuð öll meðul til þess að brjóta niður allar skynsamlegar aðgerðir í efnahagsmálum sem framkvæmdar kunna að vera af andstæðingum þessara aðila í stjórnmálum. Svo þegar vinstri öflin hafa náð völdunum eiga launþegar aðeins að hafa í huga að það séu vinsamleg öfl, sem haldi um stjórnvölinn, og þau þurfi að fá frið og tíma til þess að laga hlutina. Á meðan eiga menn ekki að fara í verkföll eða gera kröfur og helst er ætlast til þess að menn afsali sér kjarabótum sem um hefur verið samið.

Þetta er hin raunhæfa stefna vinstri aflanna í þjóðfélaginu. Þegar sauðargærunni hefur verið svipt af þeim koma sannindin í ljós. Þetta hefur gerst í öllum vinstri stjórnum á Íslandi. Og því til sönnunar liggja fyrir t. a. m. þær upplýsingar forseta ASÍ, að síðasta vinstri stjórn, sem sat á árunum 1971—1974, reyndi 12 sinnum — ég segi og skrifa: 12 sinnum að grípa inn í gerða kjarasamninga til breytinga á þeim. Þetta eru orð núv. forseta ASÍ um þá stjórn. Og öllum er kunnugt um hve frjálslega núv. stjórnvöld hafa haldið á þessum málum í sambandi við vísitöluskerðingar og með öllu sínu sullumalli í kjaramálum.

Eins og fram kemur í nál. okkar, sem skipum minni hl. hv. fjh.- og viðskn., höfum við sjálfstæðismenn tekið þá afstöðu að flytja ekki brtt. við þetta frv. Sjálfstfl. hefur fyrir nokkru birt öllum landslýð stefnuskrá sína í efnahagsmálum — stefnuskrá sem byggð er á endurreisn í anda frjálshyggju. Í þeirri stefnuskrá er meginhersla lögð á að Sjálfstfl. vill auka frelsi einstaklingsins til þess að ráðstafa eigin aflafé og hvetja hann til dáða. Sjálfstfl. vill hvetja til aukinnar verðmætasköpunar með því að draga sem mest úr boðum og bönnum og hinni umfangsmiklu miðstýringu hins opinbera sem hér hefur ráðið allt of miklu á undanförnum áratugum.

Í sambandi við skattamál langar mig, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp úr ályktun stefnuskrár Sjálfstfl.:

„Það er stefna flokksins, að felld verði niður sú aukna

og nýja skattheimta sem núv. stjórnarflokkar hafa lögfest. Tekjuskattur einstaklinga verði lækkaður þegar í stað með hækkun skattvísitölu, þannig að almennar launatekjur verði tekjuskattsfrjálsar. Opinber gjöld af viðbótartekjum fari ekki yfir 50%, skattar á eignir verði lækkaðir, vörugjald, nýbyggingagjald og sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði afnumin og handahófskennd skerðing afskrifta felld niður. Til að vega upp á móti tekjutapi ríkissjóðs vegna lækkunar skatta verði dregið úr niðurgreiðslum, rekstrarkostnaði og framkvæmdum ríkisins."

Í sambandi við kjaramál er stefna Sjálfstfl. einnig mjög skýr. Sjálfstfl. vill að kjarasamningar verði gerðir á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á faglegum grundvelli. Slíkir samningar eigi sér sem mest stað samtímis, taki mið af þjóðhagsvísitölu og samrýmist þeim markmiðum að verðbólgan minnki og afkoma atvinnuveganna og þar með atvinnuöryggi sé tryggt. Sjálfstfl. vill að leitað verði samkomulags við aðila vinnumarkaðarins um nýtt verðbótakerfi og kjaravísitölu.

Stefna Sjálfstfl. byggist fyrst og fremst á frelsi einstaklingsins til þess að ráða sjálfur málefnum sínum eftir því sem hann hefur þroska og getu til. Við sjálfstæðismenn viljum sem mest draga úr valdi miðstýringar og opinberra afskipta. Markmið þess frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, gengur svo gersamlega gegn höfuðmarkmiðum Sjálfstfl. að um afgreiðslu þess getur ekki orðið um neina samvinnu að ræða við okkur. Öll stefna, ef um stefnu er að ræða í þessum sundurlausa lagabálki, er mótuð af því að hindra eðlilegt frjálst framtak einstaklinga og fyrirtækja. Frv. byggir allt á stóraukinni miðstýringu valds, reglugerðum og tilskipunarvaldi hinna og þessara rn. Ákvæði frv., sem helst er bitastætt á, eins og t. d. um verðtryggingu fjárskuldbindinga, hefðu betur verið framkvæmd með sérstakri lagasetningu þar að lútandi. Viðvíkjandi verðbótum á laun hefðum við talið miklu betra að náðst hefði samkomulag við aðila vinnumarkaðarins um nýtt verðbótakerfi og kjaravísitölu, því að á annan hátt verða þessi mál ekki leyst farsællega fyrir viðkomandi aðila og þjóðfélagið í heild.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það hefur verið sagt áður, að frv. það, sem hér er til umr., eigi sér langan aðdraganda. Ég skal ekki verða langorður um það efni. Það er raunar ekkert óeðlilegt að hæstv. ríkisstj. skuli hafa komið með og fengið lögfestar ýmsar bráðabirgða- og skammtímaaðgerðir í efnahagsmálunum áður en fram kæmu till. um langtímaaðgerðir. En það er samt sem áður svo, að aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum hafa verið því marki brenndar að stefna málum þjóðarinnar í meiri vanda og óvissu en nokkru sinni fyrr, og er þá sleppt öllum málatilbúnaði, sem hefur verið með endemum. Gleggsta dæmið um það er einmitt frv. það sem við ræðum í dag.

Þegar ríkisstj. eru myndaðar eiga þær að byggja á heildarstefnu um hin mikilvægustu þjóðmál. Ekkert var mikilvægara en efnahagsmálin, þegar núv. ríkisstj. var mynduð. En ef allt hefði verið með felldu hefði einhverri heildarstefnu átt að vera til að dreifa þegar núv. stjórnarherrar settust í valdastólana. Þeir komu sér að vísu saman um svokallaða samstarfsyfirlýsingu, plagg sem er lítils virði, en það má einu gilda, það var aldrei um neina heildarstefnu í efnahagsmálunum að ræða. Og þar sem svo var í pottinn búið var ekki við góðu að búast þegar ríkisstj. fór að láta til sín taka.

Aðgerðir til skamms tíma eða til bráðabirgða þurfa að vera í samræmi við eða liður í heildarstefnu til þess að eitthvert vit sé í þeim. Það kann því ekki góðri lukku að stýra þegar engri heildarstefnu er fyrir að fara. Aðgerðirnar 1. sept. og 1. des. s. l. eru raunalegur vottur um slíkt: Gengislækkun til að styrkja rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og jafnframt að leggja nýja skattaálögur á þá hina sömu atvinnuvegi. Niðurgreiðslum á matvælum jafnt fyrir ríka sem fátæka mætt með afturvirkni skattálagningar á launafólkið í landinu. Launafólki gert að kaupa sér félagslegar umbætur með því að falla frá verðbótum á laun, en skattar jafnframt hækkaðir á þeim sömu til að greiða með endurgjaldið fyrir launaafsalið. Slíkur og þvílíkur öfugmælaleikur hæstv. ríkisstj. er að sjálfsögðu ekki í neinum tengslum við einhverja heildarstefnu í efnahagsmálunum. Slíkt og þvílíkt leysir ekki vandann, heldur eykur hann um allan helming. Á sama tíma hefur ríkisstj. boðað að langtímaráðstafanir yrðu gerðar í efnahagsmálunum, og það út af fyrir sig er góðra gjalda vert. En það er furðuleg árátta að auka vandann og gera hann erfiðari viðfangs áður en ætlunin er að taka til við að bæta úr því sem aflaga fer. Þetta framferði hæstv. ríkisstj. er ámælisvert, þótt skiljanlegt sé eins og til þessarar stjórnarsamvinnu var stofnað.

Í síðustu alþingiskosningum lögðu stjórnarflokkarnir fram fyrir þjóðina gjörólíka stefnu í efnahagsmálum. Sérstaklega deildu þeir um aðgerðir í vandanum mesta, að fást við verðbólguna. Annars vegar var Framsfl. með heimanmund frá ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Hins vegar voru Alþb. og Alþfl. gagnteknir af að brjóta niður með aðstoð svokallaðra verkalýðsforingja aðgerðir þáv. ríkisstj. til að hafa hemil á verðbólgunni. Þegar þessum leik var lokið og kosningar afstaðnar áttu núv. stjórnarflokkar enga samleið til þeirra höfuðþátta efnahagsmálanna sem mestu varða um mótun heildarstefnu til að ráða bót á verðbólguvandanum, en það hlaut að verða í senn mikilvægasta og mest aðkallandi viðfangsefni hverrar þeirrar ríkisstj. sem mynduð hefði verið að loknum kosningum. Í raun og veru áttu núv. stjórnarflokkar ekkert sameiginlegt nema löngunina til að setjast í valdastólana, sigurvegarar kosninganna til að njóta sigursins og Framsókn til að hvíla lúin bein. — Þetta verður að hafa í huga ef yfirleitt á að botna upp eða niður í fáránlegum leik núv. ríkisstj., furðutiltektum og ábyrgðarleysi. Allan þann tíma sem liðinn er síðan núv. ríkisstj. tók við völdum hefur Alþb. staðið í að halda í óraunhæfa og ábyrgðarlausa kosningastefnuskrá og Alþfl. í að afneita henni og svíkja, en Framsókn svo gert úr þessu sannkallaðan skollaleik.

En meðan þessu öllu hefur farið fram hefur leynst lítil vonarglæta. Það hefur verið sagt að von væri á stjfrv. um stjórn efnahagsmála. Það hefur verið von á heildarstefnu í efnahagsmálum. Og hér höfum við nú til umr. frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl. Að vísu er þetta frv. ekki stjfrv., það er flutt af forsrh. einum, en það er önnur saga og þó ekki óviðkomandi þessu máli. Ég skal ekki ræða þá sögu sérstaklega, enda hefur það verið gert oft. En manni er forvitni á að líta á þetta örverpi hæstv. forsrh., sem lítur dagsins ljós í frv. því sem nú er á dagskrá.

Í frv. þessu kennir margra grasa. Sumt efni frv. er þess eðlis að allir geta verið um það sammála. Um það er enginn ágreiningur milli stjórnmálaflokka. En það telja

ekki allir jafnnauðsynlegt að lögfesta sumt af því sem í frv. þessu er. Annað efni frv. er vafasamt og misjöfnum augum líta menn á silfrið. Enn annað varðar grundvallarafstöðu í efnahagsmálunum, sem stjórnmálaflokkana greinir mest á um. Í raun og veru ægir hér saman ýmsu því sem manni er spurn hvaða tilgang hafi til að mæta þeim vanda efnahagsmálanna sem nú er fyrst og fremst við að eiga. Spurningin er, hvort ekki hefði verið nær í gerð þessa frv. að leggja meiri áherslu á þau atriði sem kveða á um raunverulega stefnumörkun og útfæra það nánar en sáldra hér ýmsu efni sem varðar lítt eða ekki lausn aðkallandi vandamála. Þetta vil ég segja um gerð frv. án tillits til afstöðunnar til einstakra efnisatriða. Mér virðist að verið sé að draga athyglina frá aðalatriði málsins með svo fyrirferðarmiklum umbúðum sem komið er fyrir í þessu frv.

I. kafli frv. fjallar um stefnumörkun í efnahagsmálum. 1. gr. frv. er afbragðsgóð, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum eru að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings.“ — Þetta var fyrri mgr. 1. gr.

Ég fæ ekki betur séð en að þessa grein frv. hafi hæstv. forsrh. tekið með sér úr félagsbúi hans og Geirs Hallgrímssonar úr síðustu ríkisstj. Þessi meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum standa fyrir sínu, þótt þau hefðu ekki verið tíunduð í frv. þessu. Hins vegar er það að sjálfsögðu megingalli frv., hversu mjög skortir á að í því sé mörkuð leið til að ná þessum meginmarkmiðum.

Mjög einkennandi fyrir frv. er hið mikla dálæti sem þar kemur fram á hvers konar áætlanagerð í hvers konar samböndum. Það fjalla ekki minna en þrír kaflar frv. aðallega um þetta efni. Ég skal samt ekki hafa á móti áætlanagerð og skipulögðum vinnubrögðum í stjórnsýslunni, en óneitanlega hefði þjónað betri tilgangi að sjá í staðinn fyrir sumt þetta fjas og skrúðmælgi raunhæfari till. um hvernig ná skuli þeim markmiðum stefnunnar í efnahagsmálum sem fram koma í 1. gr. frv. Það er naumast hægt að sjá, hvaða tilgangi það þjónar að prenta upp í frv. þessu lagaákvæði og viðteknar framkvæmdareglur um gerð fjárlaga, starfsemi fjárlaga- og hagsýslustofnunar, gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlana og annað því um líkt.

Ýmislegt í frv. þessu er, eins og ég sagði áðan, meira en vafasamt. Þó að þetta sé alvörumál liggur við að ýmislegt sé spaugilegt. Ég mun þó ekki orðlengja sérstaklega um það. En af því að ég vék að 1. gr. frv. er rétt að vekja athygli á brtt. við 2. mgr. 1. gr. frv., sem er 1. brtt. á þskj. 500. Samkv. þeirri brtt. á að fella niður úr 2. mgr. 1. gr. frv. ákvæði um að stefnt sé að framangreindum markmiðum, „án þess að efnahagslegu jafnvægi sé raskað“. Nú telur meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. að hann sé að gera bragarbót og hefur sett í staðinn fyrir orðin „án þess að efnahagslegu jafnvægi sé raskað“: að þeirra á milli sé hæfilegt jafnvægi, það komi þarna inn „hæfilegt jafnvægi“. Ég geri ráð fyrir að það hafi einhverjar miklar ástæður legið að baki þessarar brtt. sem ekki hafa komið fram enn þá og hv. frsm. meiri hl. n. skýrði ekki frá. Það kann að vera að það sé eitthvað í sambandi við það, hvað sé „óhæfilegt jafnvægi“. Ég vildi gjarnan fá að heyra frekar frá hv. 6. þm. Suðurl. um það.

Ég skal ekki fara fleiri orðum en ég hef þegar gert um I. kafla frv.

Í II. kafla frv. er kveðið á um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda. Allt kann þetta að líta vel út á pappírnum og hljóma vel í eyrum. En ég spyr: Hvað hindrar stjórnvöld í að hafa samráð við þessi samtök ef á þarf að halda? Liggur ekki í hlutarins eðli að stjórnvöld meti það hverju sinni hvernig þau haga vinnubrögðum í þessum efnum? Spurningin er, hvort rétt sé að hafa lögbundin fyrirmæli um þessi efni. Gæti það t. d. bundið hendur Alþ. óeðlilega? Það er sagt að ekki þurfi að fara að ráðum eða tillögum þessara samtaka þótt samráð sé haft. Gott og vel. En hafa menn aldrei heyrt um þrýsting á Alþ. og önnur stjórnvöld frá hagsmunasamtökum? Höfum við ekki reynt á síðustu vikum og mánuðum sitthvað í þessu efni? Höfum við ekki horft á stjórnvöld vera eins og skekið lauf í vindi eftir því hvernig blæs í skjá hagsmunahópa? Getur verið að stjórnvöld geti ekki eða veigri sér við að móta stefnu og framfylgja henni af ótta við tiltekna hagsmunahópa? Og þá er spurningin: Eigum við að festa slíkt ástand í löggjöf? Vilja stjórnvöld, sem ekki hafa þor og dug til að stjórna, skjóta sér undan skyldum með því að skírskota til hagsmunasamtaka? Eigum við að lögbinda slíkt ástand? Við skulum fara með gát í þessu efni ef við viljum á annað borð viðhalda sjálfu þingræðinu.

Þá er þess enn fremur að geta, að II. kaflinn sýnist bera allnokkur merki um sýndarmennsku í þeirri útgáfu sem hann birtist í frv. Öðru máli var að gegna um drög að þessu frv. í febr. s. l. Ef menn vilja lögfesta eitthvað um þetta efni hygg ég að þeir séu sjálfum sér samkvæmari ef þeir halda sér við drögin að frv. frá í febr., en þar var gert ráð fyrir að kjaramálaráð starfaði og kveðið á um skipan þess. Nú eru þau ákvæði fokin út í veður og vind. Það er eitt dæmi um það, hve margt er óstöðugt og breytilegt í gerð þessa frv.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að III. kafla frv. Það má segja að ákvæði um fjárlagafrv. og áætlanir í 6. og 7. gr. frv. séu góðra gjalda verð. Þau eru ýmist sjálfsögð eða þau eru óþörf. Allt þetta er unnt að gera og sumt er núna gert án sérstakra lagafyrirmæla. Ákvæði 8. gr. fjalla um endurskoðun lagaskyldu um fjárveitingar. Þar hefur orðið breyting frá því að frv.-drögin birtust fyrst í febr. og þá auðvitað á þann hátt að ákvæðið er naumast nokkurs virði eða hefur nokkra þýðingu. Það er orðið svo útþynnt samkv. viðtekinni reglu um breytingar frá frv.-drögunum í febr. og til þess frv. sem við nú ræðum. Og auðvitað er ljóst að endurskoðun á lagafyrirmælum um ríkisútgjöld er hægt að framkvæma án þess að sett séu lög um að slíkt skuli gert.

Í 9. gr. eru ákvæði um að niðurgreiðsla landbúnaðarafurða úr ríkissjóði skuli ekki vera hærri en svo að útsöluverð hverrar afurðar til neytenda verði lægra en sem svarar verði til framleiðenda. Enn fremur er í þessari grein talað um að ákvarðanir um niðurgreiðslur miðist við það að sem minnstar sveiflur verði í þeim. Ég hygg að þetta um sveiflurnar og sem minnstar sveiflur séu orð í tíma töluð. En það er eins með þessa grein og margt annað í frv., að það er ekki nauðsynlegt að lögfesta þessa grein til þess að geta framkvæmt það sem hún fjallar um. Til þess að framkvæma það, sem greinin fjallar um, þarf vilja stjórnvalda. Það er það sem höfuðmáli skiptir. Það er einnig að sjálfsögðu nauðsynlegt að ríkisstj., hver sem

hún er, hafi skýrt afmarkaða stefnu í þessum efnum.

Ég vil í þessu sambandi minna á að nú stöndum við þessa dagana, þessar vikur frammi fyrir því mikla vandamáli hvernig á að fara með þær óseldu landbúnaðarvörur sem við liggjum með nú og eru að verðmæti milli 5 og 6 milljarða kr. Og það virðist vera svo, að ríkisstj. hafi ekki mótað neina afstöðu eða stefnu í svo þýðingarmiklu máli sem það er. Ég segi það vegna þess, að á sama tíma sem hefur legið fyrir Alþ. frá því fyrir áramót frv. til l. um breyt. á l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, þar sem kveðið er á um aðgerðir til þess að mæta erfiðleikum offramleiðslunnar í landbúnaði, hefur ríkisstj. farið í þessu máli undan í flæmingi. Þrátt fyrir að það hafa komið fram ákveðnar beiðnir um það á fundum landbn. þingsins hefur ríkisstj. ekki treyst sér eða ekki viljað koma fram með það, hvað hún hyggst gera í þessu mikla vandamáli landbúnaðarins vegna óseldra afurða sem nú er við að glíma. Nú kemur ríkisstj. með 9. gr. þessa frv. án þess að hafa nokkuð kveðið á um þann vanda sem nú þolir ekki bið að leysa. Af því má nokkuð marka hve vel grundað og vel hugsað það ákvæði 9. gr. er sem þar er að finna.

Ég skal þá víkja nokkuð að IV. kafla þessa frv., um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstj. Ákvæði þessa kafla eru að miklu leyti lýsing á vinnubrögðum sem þegar eru viðhöfð. Og að því leyti sem um nýjungar er að ræða er óþarfi að setja lagafyrirmæli. Ákvæðin í 20. gr. frv. um 25% viðmiðunina 1979 er þegar að finna í fjárl. og lánsfjáráætlun. Samræming lánskjara fjárfestingarlána var framkvæmd í tíð fyrrv. ríkisstj. og þannig mætti fleira upp telja.

Í 21. gr. eru ákvæði um arðsemismat. Það fer eftir því við hvað er átt með arðsemismati hvað á að leggja upp úr því ákvæði eða raunar hvað á um það að segja. Arðsemismat getur út af fyrir sig verið góðra gjalda vert. En þetta mál er flókið og það er alls ekki vel til þess fallið að setja um það lagafyrirmæli. Í þessu sambandi er þess að minnast, að þar sem maður hefur á undanförnum árum heyrt einkum talað um arðsemismat hefur það verið til þess að draga úr, tefja og koma oft og tíðum í veg fyrir allra nauðsynlegustu framkvæmdir í dreifbýli landsins. Ég held því að það ætti að gjalda nokkurn varhug við þessu. En það er kannske ekki ástæða til þess að ræða mikið um þetta því að það er með sama markinu brennt og margt annað, að það er ekki hægt að sjá að hverju er stefnt eða við hvað er átt.

Ég kem þá að V. kafla frv., um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri. Þessi kafli, sem er nýr, var ekki í drögum að þessu frv. í febr. Nú hefur þessi kafli verið settur hér inn, svo að mikið hefur þótt liggja við að betrumbæta frv. Um þennan kafla er fyrst að segja, ef svo mætti komast að orði, að hann er framúrskarandi óskýr. Það kerfi áætlana, sem þar er gert ráð fyrir, er svo flókið að það hlýtur að verða óframkvæmanlegt í reynd. Það er ekki ljóst hvaða tilgangi þessar áætlanir eiga að þjóna. Manni er spurn: Eiga þær að vera vísbendandi eða til ráðleggingar? Ef svo er þarf engin lagaákvæði um þær og miklu auðveldara fyrirkomulag er unnt að hafa. Hins vegar ef þessar áætlanir eiga að vera fyrirskipandi eða bindandi, en til þess benda ákvæði eða orðalag margra greinanna, t. d. um eftirlit Framkvæmdastofnunar með framkvæmd áætlana, sem tekið er fram í 27. gr. frv., þá þurfa ákvæði þar um, ef þau eiga að vera bindandi, að vera skýr. Mér er ekki kunnugt um að nein svipuð ákvæði um áætlanagerð sé að finna í nágrannalöndum okkar né neitt slíkt fyrirkomulag tíðkist í þeim löndum. Mér er því spurn: Hvaðan er fyrirmyndin? Við þekkjum ekki slíkar áætlanagerðir á Norðurlöndunum. Við þekkjum þær ekki í Bretlandi, Þýskalandi eða öðrum vestrænum lýðræðisríkjum. Hvar þekkja menn slíkar áætlanir? Vilja menn ekki láta það koma fram, hvaðan þeir hafi fyrirmyndirnar af þessum áætlunum? Það væri líka gott að heyra hvers vegna þessi kafli var ekki í drögunum að frv. í febr., en er kominn nú. Stendur það kannske í einhverju sambandi við það, hvaðan fyrirmyndin er tekin? Það verður fróðlegt að heyra nánar um þetta efni.

Herra forseti. Ég skal þá næst víkja nokkrum orðum að VI. og VII. kafla frv. Í þessum köflum, um peninga- og lánamál og verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, er að finna það jákvæðasta í þessu frv. svo langt sem það nær. Það er ekki nema gott um það að segja, að mönnum sé að verða ljóst að ekki verði lengur komist hjá að efla sparnað með því að koma á raunvöxtum svo að linni því eignaráni sem sparifjáreigendur hafa lengi verið beittir. Samkv. þessu skal bönkum og öðrum innlánsstofnunum vera heimilt að taka á móti sparifé og öðrum innstæðum gegn verðtryggingu og lána út fé með verðtryggingu. Þá segir að vaxtaákvarðanir á árunum 1979 og 1980 skuli við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár, inn- og útlána. Og enn fremur er tekið fram, að meginreglan verði sú, að höfuðstóll skuldar breytist með verðlagsþróuninni, en jafnframt verði nafnvextir lækkaðir. Hér verður að sjálfsögðu að hafa í huga að lántakandi þarf að greiða bæði hækkun höfuðstólsins og nafnvaxta og frá sjónarmiði lántakandans er enginn munur á þessu tvennu. Greiðslubyrðin leggst í heild á lántakandann eins og um samsvarandi vexti væri að ræða, nema hann fær í bili nokkurn greiðslufrest á þeim hluta sem bætist við höfuðstólinn. Þetta gæti komið þannig út núna, ef dæmið er tekið út frá innlánsvöxtum, sem nú eru 19% á almenn innlán, að innlánsvextirnir yrðu að hækka um 14% eða nema samtals 33%, svo að náð sé því verðbólgustigi sem frv. gerir ráð fyrir. Þetta þarf til að raunvextir verði þó aðeins í núlli, hvað þá heldur ef markið væri sett hærra. Lántakandinn þarf svo að standa undir þessari gífurlegu vaxtahækkun. Spurning mín er því sú, hvört atvinnureksturinn í landinu geti staðið undir þessu auk skattahækkana sem ríkisstj. hefur þegar lagt á atvinnureksturinn. Ef svo er ekki, hvað ætlar þá ríkisstj. að taka til bragðs til þess að halda atvinnulífinu gangandi?

Það mætti auk þessa segja margt um VI. og VII. kaflann. Í raun og veru er VI. kafli frv. með öllu tilgangslaus, þá á ég ekki við bráðabirgðaákvæðin í 32. gr., vegna þess að í VI. kaflanum eru sett fram stefnumið sem annaðhvort er þegar að finna í seðlabankalögum eða ríkisstj. getur sett sér og Seðlabanka hvenær sem er án lagasetningar. Tveggja ára áætlun um útlán og þróun lánamarkaðar samkv. 29. gr. frv. er hægt að gera án lagasetningar. Eina ákvæði þessa kafla, sem lagasetningu þurfti um, var heimild til aukinnar bindingar hjá Seðlabankanum á innlánsfé innlánsstofnana. En það vill svo til að það ákvæði er ekki í frv. Það var í drögunum að frv. í febr. s. l., og þá var betur hægt að skilja hvað ríkisstj. var að fara eða taldi sig vera að fara. Það var ómögulega hægt að sjá af frv. eins og það var lagt fram. En ég sé að meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. hefur bætt úr þessu

með brtt. þeirri sem hún ber fram og gerir ráð fyrir að fjárbindingin sé hækkuð úr 25% í 28%, eins og hv. 6. þm. Suðurl. hefur gert grein fyrir. En allt er þetta með nokkrum ólíkindum eins og margt annað í frv. þessu og sýnir — mér liggur við að segja: það fálm og þær tilviljanir sem virðast hafa ráðið í samningu frv.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að VII. kafla frv. Þessi kafli mun, eftir því sem ég hef fregnað, hafa verið saminn mjög í samráði við Seðlabankann. En samkv. áliti Seðlabankans var mikilvægt að koma að þremur atriðum í sambandi við verðtryggingu til þess að gera hana framkvæmanlegri en hún er samkv. núverandi heimildum í lögum, þ. e. a. s. í lögum nr. 71 frá 6. maí 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Fyrsta atriðið er að verðtrygging skuli almennt heimil í skriflegum skuldbindingum manna á milli þar sem skuldari greiðir peninga. Þetta er tekið fram í 34. gr. þessa frv., til þess skorti heimild í lögum frá 1966 og framkvæmd slíkrar verðtryggingar, einkum í sambandi við sölu nýbygginga, hefur byggst á dómsúrskurðum. Það verður því að telja að þessi breyting sé út af fyrir sig mikilvæg.

Annað atriði er að lögin frá 1966 settu ýmsar takmarkir á verðtryggingar sem eru til óþæginda við almenna framkvæmd verðtryggingar, þ. á m. um tímalengd lána og tegund veða. Samkv. þessum kafla frv. falla slíkar takmarkanir niður og það er gott.

Þriðja atriðið er að samkv. lögunum frá 1966 var alls ekki gert ráð fyrir að verðtrygging næði til skammtímalána, svo sem stuttra víxla. Af þessum sökum varð Seðlabankinn að byggja ákvarðanir um verðbótaþátt vaxta í reglum sínum árið 1977 á almennum vaxtaákvæðum í seðlabankalögunum. Þetta var erfitt í framkvæmd auk þess sem lagagrundvöllurinn kann að hafa verið nokkuð hæpinn. Nú koma ákvæði um verðbótaþátt vaxta beinlínis fram í 39. gr. frv.

Eins og ég sagði áðan er í þessum kafla að finna það sem jákvæðast er í þessu frv. En kaflinn er samt ekki eins og best yrði á kosið. Það verður ekki annað sagt en lagasmíð þessi sé allflókin. Það hefði sjálfsagt verið hægt að gera þetta einfaldara en hér er sett fram. Þar við bætist að framkvæmd almennrar verðtryggingar hlýtur að vera mjög erfið og varasöm, eins og reynsla annarra þjóða hefur sýnt. Það má varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki hefði verið eðlilegast að halda sig í aðalatriðum við þær aðferðir sem Seðlabankinn tók upp 1977, þ. e. a. s. að um sé að ræða skiptingu vaxta í verðbótaþátt og grunnþátt, eins og þá var gert ráð fyrir. En ég skal ekki fjölyrða frekar um það. Aðalatriðið og aðalaths. við þennan kafla er að ákvæði hans mættu vera einfaldari, skýrari og í sumu afdráttarlausari.

Herra forseti. Ég sé að lokið er venjulegum fundartíma. Það eru nú heppileg kaflaskil í ræðu minni, og vil ég mælast til þess að fá að fresta ræðunni í bili. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var búinn að víkja nokkrum orðum að hinum ýmsu köflum í þessu frv. eða allt að VIII. kafla frv.

Það má að sjálfsögðu margt um VIII. kafla frv. segja, eins og raunar margt annað í því. Þessi kafli setur lagaákvæði um verðbætur á laun, þar sem aftur á móti er gert ráð fyrir að grunnlaun ákveðist með samningum. Frádráttarliðir við útreikning verðbótavísitölu verða breytingar búvöruverðs vegna vinnuliðar verðlagsgrundvallar búvöru og breytingar á áfengis- og tóbaksverði eins og áður. Við bætast áhrif skatta til niðurgreiðslna á olíu eða útgjöld vegna hennar án skattabreytinga.

Nú liggja nákvæmir útreikningar um áhrif þessarar útgáfu frv. ekki fyrir, og það lágu ekki heldur fyrir nákvæmir útreikningar í drögum að frv. sem litu dagsins ljós í febr. s. l. Samt sem áður var í aths. við frv.-drögin talið að meðalhækkun framfærsluvísitölu á árinu 1979 yrði 33% og 30% frá upphafi til loka árs. En í aths. með þessu frv. eru samsvarandi tölur taldar 33—34% og 32—33%. Í útgáfunni frá því í febrúar er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist ekki, en nú í þeirri síðari að hann hækki um 1%.

Þannig eru þessir útreikningar svo langt sem þeir ná, og nú höfum við fengið brtt. við þennan kafla frá meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. En enn þá meiri útreikninga hygg ég að þurfi við ef það yrði komist algerlega til botns í þessum efnum. Sannleikurinn er sá, að allir þessir útreikningar, sem manni virðist að eigi að draga fram að kjaraskerðing launþega sé ekki meiri en þetta eða þetta, eru að ýmsu leyti vafasamir frá mínu sjónarmiði.

Í fyrsta lagi hygg ég að þessir útreikningar séu vafasamir vegna þess að þeir eru byggðir á ýmsum þeim forsendum sem við að sjálfsögðu höfum enga tryggingu fyrir að haldist. Ég er ekki að segja að útreikningarnir séu lakar gerðir en aðrir hliðstæðir útreikningar um slík efni sem þessi, en við verðum alltaf að hafa vissa fyrirvara á slíkum útreikningum.

Í öðru lagi held ég að þessir útreikningar séu eiginlega angi af þeirri tilhneigingu og þeirri viðleitni hjá núv. ríkisstj. að halda því fram, halda því að þjóðinni, að hægt sé raunverulega að gera átak gegn verðbólgunni í landinu án þess að það komi við nokkurn mann. Þetta er angi af því viðhorfi. En þetta er að sjálfsögðu stórkostlegur misskilningur og að mínu viti ein grundvallarástæðan fyrir veikleika ríkisstj. í öllum hennar aðgerðum.

Það er forsenda fyrir því að hægt sé að gera stórátak í einhverju máli, sem varðar alþjóð jafnmiklu og viðureignin við verðbólguna, að fólki sé gerð grein fyrir því að ekki verður ráðin bót á þessum málum nema það komi við alla borgara í landinu. Og það er ekki von til þess að hægt sé að fá þann samhug og þá samstöðu meðal þjóðarinnar sem er forsenda fyrir því að gert sé eitthvert umtalsvert átak, lyft einhverjum umtalsverðum hlut í þessu efni, ef þjóðinni er ekki gerð grein fyrir því að mikið liggur við. Hér á ég ekki við, þegar ég tala um þjóðina, einungis launþega, hvað þá heldur þá lægst launuðu. Það hefur allt of mikið borið á því í umr. um þessi mál nú að undanförnu, að hugurinn staðnæmist fyrst og fremst við launþegana í landinu. En það eru fleiri en launþegarnir sem þurfa að fórna einhverju í þessum átökum, og það er fleira en við kemur launþegum sem þarf að gera. Það þarf alhliða aðgerðir. Það er ekki nægilegt að skerða kaupið. Þó nauðsynlegt sé með öðru er það ekki nægilegt ef viðeigandi ráðstafanir ná ekki fram á öðrum sviðum.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þennan kafla. Ég vil þó, áður en ég vík frá honum, leyfa mér að spyrja: Hvað þýðir það sem segir í 11. brtt. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn.? Þar stendur: „Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt, þar til um annað hefur verið samið. Ákvæði þessara laga breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun.“ — Ég vil leyfa mér að spyrja: Hvað þýðir þetta

ákvæði með tilliti til opinberra starfsmanna? Felst í þessu ákvæði bann við 3% grunnkaupshækkun til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna, sem gert var ráð fyrir 1. apríl? Og felst í þessu bann, hvernig svo sem fer um fyrirhugaða atkvgr. um samkomulag um að gefa eftir kaup gegn því að fá aukinn verkfallsrétt? Mér finnst að það sé þýðingarmikið, að það sé skýrt fyrir d. hvað þetta ákvæði þýðir með tilliti til opinberra starfsmanna.

Ég kem þá að IX. kafla frv. þessa sem fjallar um vinnumarkaðsmál. Mér finnst sjálfsagt að haft sé hið hentugasta skipulag á starfsemi félmrn. Ég leyfi mér samt að efast um að það sé einhver sérstök ástæða til þess að leggja það til í þessu frv. um efnahagsmál, að sett skuli á fót sérstök vinnumálaskrifstofa innan félmrn., eins og 52. gr. frv. gerir ráð fyrir. Spurningin er hvort hér sé ekki verið að setja á fót nýja ríkisstofnun sem gæti orðið heilmikið bákn þó að smá kynni að vera í sniðum í byrjun.

Varðandi þennan kafla vil ég þó sérstaklega vara við ákvæðum 54. gr., þar sem atvinnurekendum er gert skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi, eins og þar segir, með tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt eða aðrar þær varanlegar breytingar í rekstri sem leiða til uppsagnar fjögurra starfsmanna eða fleiri. Ég læt mér detta í hug, ef þetta á að verða eitthvað annað en orðin tóm, að það geti orðið töluverðum vandkvæðum bundið í ýmsum atvinnugreinum að fullnægja bókstaf þessara laga. Ég sé t. d. fyrir mér hvernig væri fyrir hraðfrystihúsin að gefa með tveggja mánaða fyrirvara upplýsingar um hvað fyrirhugað er um samdrátt hjá verkafólki við fiskverkun. Ég veit ekki hvernig á að gera það svo að marktækt sé. Ég læt mér ekki detta í hug að neinir stjórnendur fyrirtækis geti undir flestum kringumstæðum sagt um það. Þetta fer eftir því hvernig fiskast og eftir fleira og fleira. Það er kannske réttast að treysta á þorskinn sjálfan til þess að fylla út þau eyðublöð og gefa þær upplýsingar sem þarf til þess að þetta sé hægt. Ég held að menn hljóti við nánari athugun að greiða atkv. á móti þessari grein frv.

Ég kem þá að X. kafla frv., sem fjallar um verðlagsmál. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þennan kafla. Hann innleiðir ströng verðlagshöft í stað frjálsrar verðmyndunar samkv. lögum nr. 56/1978 og þrengir viðmiðun verðákvarðana frá því sem eldri lög um verðlagsmál, sem enn gilda, gerðu. Þessi kafli er eiginlega ömurlegur vottur þess, hvernig getur farið fyrir hinum ágætustu mönnum. Þá á ég við að í fyrrv. ríkisstj., þegar hæstv. forsrh. fór með verðlagsmálin, stóð hann að því og hafði forustu í því samkv. embættisstöðu sinni að láta semja, leggja fram og fá samþykkt ný verðlagslög. Og það var ekki að ófyrirsynju að þetta verk var unnið í tíð fyrrv. ríkisstj. Án þess að ég ætli að fara að rifja upp þær umr., sem hafa orðið um verðlagsmálin og nauðsyn þess að hverfa frá því skipulagi sem svo illa hefur reynst á undanförnum árum og áratugum, minni ég á að almennt er talið að þetta skipulag hefur haldið uppi verðlagi í landinu um leið og það hefur verið að brjóta niður verslunina, bæði einkaeign og samvinnuverslun og alveg sérstaklega úti um landsbyggðina. Það voru lögin, sem samþ. voru á síðasta þingi, sem brutu í blað í þessum efnum. Hæstv. forsrh. var þá viðskrh. og fór með verðlagsmálin. Nú felur X. kafli frv. í sér að halda á áfram ströngum verðlagshöftum í stað þeirrar frjálsu verðmyndunar sem löggjöfin frá síðasta þingi gerði ráð fyrir. Og það er full ástæða til þess að spyrja: Hvaða rök eru fyrir þessu? Er hægt að færa einhver frambærileg rök fyrir þessum hringsnúningi? Eða er það svo, að það fari eftir því með hverjum hæstv. forsrh. vinnur hvort hann vinnur góð verk eða miður góð?

Ég kem þá að síðasta kafla frv. sem ég ætla að víkja að, og það er XI. kaflinn, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Þessi kafli er að sumu leyti, ef svo mætti komast að orði, góðra gjalda verður. En það hljóta í sambandi við hann að vakna ýmsar spurningar varðandi Aflatryggingasjóðinn.

Spurningin er sú í fyrsta lagi, hvort ekki sé verið að ofbjóða getu sjóðsins, þar sem tekjustofn hans hefur og verið skertur, og í öðru lagi, hvort t. d. ákvæði 63. gr. sérstaklega eigi ekki frekar við Verðjöfnunarsjóð en Aflatryggingasjóð, sem greinin fjallar um.

Vera kann að ríkisstj. sé starsýnt á núverandi sjóðseign Aflatryggingasjóðs sem mun nema um 2.5 milljörðum kr., en það svarar þó ekki nema til smíðakostnaðar svo sem eins og hálfs loðnuskips eða skuttogara. Eign þessari hefur aðallega verið safnað tvö undangengin ár, þegar markaðsverð flestra sjávarafurða hefur verið hagstætt og afli mikill og einkum á loðnu, svo sem kunnugt er. En það er nauðsynlegt að slá varnagla í þessu efni. Það er nauðsynlegt að benda á nokkur tímabil þegar fé Aflatryggingasjóðs hefur verið af skorunum skammti vegna aflabrests eða óhagstæðs verðlags á erlendum markaði. Það má nefna í þessu sambandi tvö nýleg dæmi, t. d. 1967—1969 og svo 1972—1974. Í bæði þessi skipti hrukku tekjur Aflatryggingasjóðs ekki fyrir gjöldum, þannig að það var gengið á eignir sjóðsins. Það má því öllum vera ljóst, að til þess að geta mætt slíkum áföllum þarf sjóðurinn að geta safnað sæmilegum innstæðum þegar vel árar.

Í núgildandi lögum sjóðsins eru ákvæði er heimila bætur ef stöðva þarf veiðar vegna hrygningar nytjafiska eða óheyrilegs seiðadráps. Það verður að skilja ákvæði 61.-63. gr. frv. svo, að þessar heimildir til bótagreiðslna verði allmjög víkkaðar. En þetta atriði þarf nánari athugunar við.

Þá ber að hafa það í huga í sambandi við 62. gr. frv., að í reynd hafa núgildandi lög verið túlkuð í anda þeirra ákvæða sem þar er að finna, þ. e. að tekið er tillit til langvarandi aflaleysis þegar meðalveiðimagn, sem bætur miðast við, er ákveðið á þann veg að meðalveiðimagn er ekki látið fylgja meðalafla. Þá er þess og að geta, að sóknartakmarknir eins og þær, sem ákveðnar hafa verið á síðustu árum, hafa verið viðurkenndar til bótaréttar. En samkv. núgildandi lögum er hins vegar ekki víst að þannig færi um aðrar aðferðir til takmarkana, sérstaklega ekki langvarandi veiðibönn, enda æskilegt að Aflatryggingasjóðsstjórn hafi nokkurt svigrúm til þess að meta aðstæður hverju sinni.

Um 63. gr. sérstaklega má benda á að þar er verið að setja fram hugmyndir um hvernig beri að endurskoða lögin og hvaða auknar skyldur Aflatryggingasjóði beri að taka á sig til að bæta upp verð á vannýttum fisktegundum. Vannýttir stofnar eru núna ufsi, kolmunni og spærlingur, sem jafnt má veiða á bátum og togurum ef svo ber undir, svo og karfi, sem er að langmestu leyti veiddur af togurum. Á móti þeirri útgjaldaaukningu, sem slík lagaákvæði hefðu í för með sér, sem hér er gert ráð fyrir, kemur heimildarákvæði til skattlagningar

verðmætari fisktegunda, sem væntanlega Alþ. eitt gæti ákveðið hverju sinni. Ég verð að segja það, að hér er um svo varhugaverðar heimildir og fyrirætlanir að ræða að það er ekki hægt annað en greiða atkv. gegn 63. gr. frv.

Herra forseti. *Ég hef nú farið nokkrum orðum um hina* einstöku kafla frv. Ég skal ekki fjölyrða frekar um frv. í heild en ég gerði í upphafi ræðu minnar. Ég vil taka fram, eins og ég raunar hef áður gert, að sumt í frv. gæti verið til bóta undir vissum kringumstæðum, ef við gæfum okkur að það væri að öðru leyti heildarstjórn á efnahagsmálunum. Mörgu ægir saman í þessu frv. Þetta er eins og eins konar ruslakista. Það kennir margra grasa. Það eru til þarna hlutir sem gætu orðið til gagns í góðum höndum, en er vonlaust að geti þjónað nokkrum sérstökum tilgangi að taka til handargagns nú í því formi að samþykkja þetta frv. Það er vegna þess, að frv. þetta markar ekki neina heildarstefnu í efnahagsmálunum. Hv. 6. þm. Suðurl. tók fram í ræðu sinni að þetta væri einstæðasta tilraun — *eða eitthvað á þá leið* — sem gerð hefði verið til þess að móta heildarstefnu í efnahagsmálunum. Ég held að þetta sé mikið öfugmæli. En þetta er einstæð tilraun að einu leyti. Allar starfsaðferðir við að koma þessu frv. svo á legg að það sæi dagsins ljós hér á Alþ. hafa verið með alveg einstökum hætti. En það er ekki aðalatriði málsins. Frv. sjálft er með einstæðum hætti, ekki *fyrir það hve vel það þjóni þeim tilgangi*, sem boðaður er nú með flutningi þess, að koma á heildarstefnu í efnahagsmálunum, heldur fyrir það hve illa það er til þess fallið.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Svo rækilega hefur nú verið farið í gegnum þetta frv., að ég þarf ekki að hafa um það mörg orð. Mig langaði þó til þess að vekja athygli á því, að allmikil eftirvænting ríkti í sölum Alþ. á meðan beðið var eftir frv. Það hafði verið mikið um efni þess talað og það mátti vænta mikils af framlagningu þess, svo lengi sem það hafði verið í undirbúningi.

Þeir flokkar, sem að ríkisstj. standa, höfðu fyrir kosningarnar, svo sem getið hefur verið um, margt talað og *mikið um illa meðferð fyrrv. stjórnar á launþegum* og ætluðu nú sannarlega úr að bæta. Allir vissu að um örðugleika í efnahagsmálum var að ræða, og þess vegna skein í gegnum allt þeirra tal að nú mundi verða mynduð samtaka stjórn, — stjórn sem gjarnan hefði hugsunarhátt eins og menn sem voru í brimlendingu, og þegar formaðurinn sagði: „samtaka nú“ — var hafinn róðurinn inn brimsundið og þá oft með góðum árangri, sem betur fer, ef menn voru samtaka. En svo kom það, að einverjir örðugleikar urðu í samstarfinu. Vil ég þar sérstaklega geta þess, að við 1. umr. um mál þetta lét hv. þm. Bragi Níelsson þess getið, að nú hrúguðust upp óafgreidd merk þingmál vegna þess að tíminn færi allur í innbyrðis deilur innan stjórnarinnar. Og þegar hæstv. menntmrh. stóð í pontu og var að ræða um þetta frv. var það eiginlega kjarni máls hans að nefna öll þau atriði sem flokkur hans hafði ekki fengið aðstöðu til að koma fram, hvort sem var um olíumál eða tryggingamál að ræða og ýmislegt fleira, og að ekki hefði verið á hann hlustað. Skildist mér að allt þetta byggðist ekki á því, að stjórnin væri samtaka, heldur einmitt á sundurlyndi. Hefur síðan orðið augljóst hverjum manni, að sundurlyndið hefur haft mikil áhrif á gerð þessa frv. og gert það að verkum að í því formi, sem það nú er, er, eins og hér hefur verið tekið fram, verulegur hluti af því ýmist í lögum eða ekki þörf á því að setja í lög, en aðrir kaflar ýmist til bóta eða þá til hins verra frá því sem er.

Það hefur komið fram hjá ýmsum þm. að það, sem um væri að tefla, væri að krónan héldi kaupmætti sínum. *Sannarlega er þetta rétt. Ég kom upp núna fyrst og* fremst til þess að vekja athygli á vissum þáttum sem varða einmitt það mál.

Hér á þéttbýlissvæðunum býr meiri hluti þjóðarinnar. Þar er einkabíllinn fjölskyldunni nauðsyn, ekki til þess að spóka sig á um landið, heldur beinlínis til að fara í vinnu og frá vinnu á og til þess að njóta þeirrar þjónustu sem *fáanleg er. Þetta tæki er tekið inn í vísitöluna sem* 11.7% af heildarútgjöldum fjölskyldunnar. En hvað hefur nú skeð undanfarið með þennan lið sem metinn er 11.7% í vísitölunni? Frá síðustu kosningum hefur bensín hækkað um 40% og aðrir liðir munu hafa hækkað svipað, sumir meira, aðrir minna, þannig að sjáanlegt er að hækkunin á þessum eina lið er gífurlega mikil fram yfir það sem metið *er í vísitölunni*. Nú eru það ekki bara hátekjumenn og miðlungstekjumenn sem þurfa að nota bíla. Þetta kemur skýrt í ljós þar sem ríkið hefur á undanförnum áratugum veitt afslátt á hundruðum bíla með afslætti til vissra hópa innan þjóðfélagsins og þá að sjálfsögðu vegna þess að þetta voru alger nauðsynjatæki. Það eru þó ekki einungis þeir sem eru öryrkjar sem hafa fulla þörf fyrir bifreiðarnar, heldur allt láglaunafólkið líka, sem verður að sækja vinnu og þjónustu í einkabílum, vegna þess að það býr svo langt frá vinnustað að það kemst þangað ekki gangandi. Að tala um að krónan haldi kaupmætti sínum hjá þessum aðilum er hrein fjarstæða. Og að tala um að hér sé eitthvert spursmál um 1, 2 eða 3% kjaraskerðingu er líka hrein fjarstæða. Hér er um miklu stærri upphæðir að ræða. Kostnaður við rekstur á einkabifreið núna mun hjá láglaunafólkinu vera á bilinu frá 30—50% af launum þess, og fer þá allt talið um viðhald kaupmáttarins að verða einkennilegt. Þessu til viðbótar er það svo, að fasteignaskattar hafa stórhækkað síðan þessi stjórn tók við. Einmitt það atriði kemur mjög illa niður á mörgu öldruðu fólki sem situr í gömlum íbúðum og verður að bera hækkandi rekstrarkostnað íbúða sinna vegna hækkandi olíugjalds, en þar við bætast síðan auknir skattar á ýmsum sviðum sem gera því lífið miklu örðugra en nokkru sinni áður.

Eitt af því, sem tekið er fram í stefnumiðum þessa frv., er að það skuli halda fullri atvinnu. Um það er ekki að efast að þar fylgir hugur máli, og reyndar verður að segja að við höfum búið við það ágæta kerfi nú á undanförnum árum að atvinna hefur verið hér næg. Verður að segja að alveg ómetanlegt er og mesta atriðið félagslega og á öllum öðrum sviðum að hafa atvinnu. En þá skeði það í dag, að þessi stjórn hinna vinnandi stétta úthlutar atvinnutæki, sem er eitt það stórbrotnasta sem fyrirfinnst í þessu landi, en það eru skuttogararnir. Það vildi þannig til — þetta var notaður skuttogari — að um hann sóttu ýmsir landshlutar, þ. á m. staðir þar sem góð og öflug fyrirtæki, sem höfðu notið góðrar afkomu á undanförnum árum, voru rík og sterk fjárhagslega, og svo aðrir staðir, þar sem jaðrað hefur við atvinnuleysi á undanförnum árum og þar sem atvinnan er mjög takmörkuð og hætta á að bregði til atvinnuleysis innan skamms. Það var þessi stjórn sem að sjálfsögðu lét þann ríka og sterka, sem gat fært Seðlabankanum sitt, fá togara í dag. — Ég get þessa eiginlega eingöngu vegna þess sem getið er í upphafi frv., að meginmarkmið stefnunnar í efnahags-

málum er að tryggja næga og stöðuga atvinnu. Þetta er ómetanlegt. En það er ekki nóg að það standi í frv., ef framkvæmdin verður á annan veg.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál, svo mikið er búið að rekja frv. og með ágætum og um það að tala hvaða annmarkar eru á því. Mig langaði þó til viðbótar að geta þess, sem kom fram við 1. umr., þar sem var verið að tala um að það hefði ekki komist að að gera breytingar á olíumálunum, að gera breytingar á tryggingamálunum. Það ætti að vera nokkuð þægilegt fyrir Alþb.-fulltrúana að fá upplýsingar um þessi mál. Í tryggingamálunum höfum við ríkisfyrirtæki eins og Brunabótafélagið sem starfað hefur um áratugi. Ég hef ekki trú á því að það séu neinir örðugleikar á að fá upplýsingar um rekstur tryggginga nú á tímum. Mér skilst að t. d. varðandi bifreiðatryggingarnar, sem ég var að geta um áðan að færu mjög hækkandi, hafi Brunabótafélagið farið fram á 70—80% hækkun við næstu ákvörðun. Ekki ættu að vera örðugleikar á að fá upplýsingar um rekstur olíufélaganna sem eru að verulegu leyti rekin á félagslegum grunni. Ég held því að það ætti ekki að vefjast fyrir mönnum að fá upplýsingar. Annað mál er það, hvort ástæða er til breytinga.

En það eru fleiri mál sem bíða. Hér hafa beðið lengi mörg merk efnahagsmál og mætti þar nefna landbúnaðarmálin, sem eru núna í augnablikinu mjög mikið efnahagslegt vandamál og flækjast í þn. óafgreidd viku eftir viku og mánuð eftir mánuð, þar sem þó þyrfti að taka skyndilega í taumana, þannig að birgðir söfnuðust ekki jafnmikið fyrir og þær gera núna. Þar væri örugglega hægt að finna leiðir til þess að bæta úr því ástandi sem er í dag. Ég held að það sé mál til komið að fara að grípa til einhverra aðgerða í þeim stóru málum sem beðið hafa, og ég vona að þegar þessum umr. er lokið og mál þetta komið í gegn verði tekið til við ýmis önnur mál sem beðið hafa alllengi.

Ég held að það sé sameiginlegt álit, ekki bara stjórnarandstöðunnar, heldur líka a. m. k. sumra stjórnarliða, að menn séu vonsviknir yfir því frv. sem hér liggur fyrir, menn hafi búist við að það mundi verða meira afgerandi í efnahagsmálum, en hafi ekki trú á að það muni leysa þann stóra vanda sem fyrir liggur, ekki trú á að það muni leysa vanda þeirra lægst launuðu, síður en svo. Eins og ég hef bent á, held ég að kjaraskerðing þeirra lægst launuðu sé miklu meiri en við höfum gert okkur grein fyrir.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég held að það hafi ekki margt nýtt komið fram í ræðum hv. ræðumanna stjórnarandstöðunnar hér.

Frsm. minni hl. lagði sérstaka áherslu á að það væri margt óöruvísi ef lögin, sem sett voru í febr. í fyrra, hefðu haldist óbreytt. Vitanlega voru þau lög sett til þess að draga úr verðbólgu og gera efnahagsmálin auðveldari. Það var áreiðanlega tilgangur beggja stjórnarflokkanna, sem að þeim stóðu, ég er ekkert að draga úr því. Hins vegar varð árangurinn af því ekki eins góður og við höfðum óskað. Í því yfirliti, sem Þjóðhagsstofnun hefur birt, kemur fram að hinn 1. des. var framfærsluvísitalan í reynd 135.3 stig, en hefði orðið samkv. febrúarlögunum óbreyttum að hennar mati 137.9 stig. Þær ráðstafanir, sem núv. ríkisstj. gerði eftir að hún komi til valda, nægðu því til þess að framfærsluvísitalan varð þó heldur lægri hinn 1. nóv., sú sem kaup var reiknað eftir 1. des., en hefði orðið að óbreyttum febrúarlögunum. Hins vegar var kaupið nokkru hærra, eða í staðinn fyrir 134.1 var það 141.6. Mér dettur í hug í því sambandi, þar sem ég held að hv. 5. þm. Vestf. hafi sagt áðan eitthvað á þá leið að ekki nægði að ætla launþegum að taka á sig byrðar, það þyrftu allir í þjóðfélaginu að gera, að það er vitanlega það sem núv. ríkisstj. hefur verið að reyna að gera og hefur tekist, eins og kom líka fram í máli hv. frsm. minni hl. Hann var að tala um að það hefðu verið lagðir skattar á atvinnurekstur og annað slíkt. Á þann hátt var verið að reyna að dreifa þessum byrðum. Ég held því að þarna sé einhver mótsögn í málflutningnum.

Hv. 5. þm. Vestf. ræddi um niðurgreiðslurnar og að þetta væri ekki vel grundað nú þegar við vanda væri að eiga í sölumálum landbúnaðarins. Það er rétt, að það eru til miklar birgðir landbúnaðarvara og sú hætta hefur vofað yfir undanfarin ár. Bændur væntu þess, að þegar niðurgreiðslur væru auknar og söluskatti aflétt mundi sala þessarar vöru vaxa. Sem betur fer hefur salan vaxið nokkuð, en þó ekki í mjög ríkum mæli. Það sýnir að mínu mati að þegar niðurgreiðslurnar eru komnar í visst mark eru því a. m. k. ákaflega mikil takmörk sett hvað hægt er að auka söluna mikið með því að bæta þá við. Hitt hefur miklu verri afleiðingar fyrir söluna, ef það verða miklar sveiflur upp og niður á niðurgreiðslunum. Stéttarsamband bænda hefur á undanförnum árum lagt mikla áherslu á að úr því yrði reynt að draga. Það teljum við að sé gert með því ákvæði að reyna að binda við vinnslu- og dreifingarkostnað. Hins vegar á að draga úr þessu svo hægt í áföngum að stefnumarkið eitt út af fyrir sig valdi ekki sveiflum.

Mér fannst dálítið athyglisvert að heyra það hjá hv. 5. þm. Vestf., að það þyrfti að gjalda varhug við arðsemismati. Það er í frv. þessu lögð áhersla á arðsemi, félagslega nauðsyn o. fl. Það er því fleira en arðsemi sem þarf að taka til greina.

Vegna aths. hv. þm. um 1. gr. frv., hvað væri „hæfilegt jafnvægi", þá hef ég kannske ekki skýrt nægilega, þó að ég væri að reyna það, hvað við legðum áherslu á með brtt., sem átti þó að útskýra þetta nánar. Í meginmarkmiðun er rætt um nokkur atriði sem stefnt er að, þ. e. að tryggja næga og stöðuga atvinnu, halda verðhækkunum í skefjum, stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum almennings. En í síðari mgr. og með þeirri breytingu, sem við gerðum á henni, töldum við að kæmi skýrt fram að það ætti ekki að leggja svo mikla áherslu á eitt atriðið í þessu, t. d. að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd, að það undir vissum kringumstæðum leiddi til þess að næg og stöðug atvinna væri ekki tryggð, það mætti ekki einblína svo á eitt þessara atriða að það kæmi um of niður á öðrum, því að að sumu leyti gæti þarna verið um mótsagnir að ræða.

Þá ræddi hv. 5. þm. Vestf. mjög um atvinnuvegaáætlanir, sem gert er ráð fyrir í frv., og taldi að það væri erfitt að finna fyrirmyndir að þeim. Upphaf 22. gr. hljóðar svo:

„Ráðuneyti einstakra atvinnuvega skulu hafa forgöngu um gerð atvinnuvegaáætlana hvert á sínu sviði."

Nú vil ég ekki fullyrða að eitthvað þurfi að vera miklu verra þó að það sé ekki einhver ákveðin fyrirmynd til, ef mönnum finnst það vera gott á annað borð. En mig langar í þessu sambandi að benda á að hér er á borðum till. til þál. um stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins, flutt af mjög mörgum þm. Sjáflstfl. Og enda þótt það hafi komið fram, að sú stefnumörkun sé kannske að

einhverju leyti sniðin eftir hugmyndum sem núv. hæstv. landbrh. var búinn að undirbúa og dreifði á fundi eða ráðstefnu nokkru eftir áramótin, þá held ég að þessir hv. þm. hafi talið að þarna væri um gott málefni að ræða, úr því að þeir fluttu till. til þál. um þetta. 3. flm. er hv. 5. þm. Vestf. Ef um er að ræða stefnumörkun hlýtur að vera um að ræða einhverja áætlun fram í tímann.

Það getur vel verið að hægt sé að gera VII. kafla frv. eitthvað skýrari, — kafla sem hv. 5. þm. Vestf. sagði að væri saminn eftir ábendingum frá eða jafnvel af fulltrúum frá Seðlabankanum, — en ég held að það hljóti að hafa fjallað um hann menn sem eru kunnugir þeim málum.

Ræðumaður lagði einnig áherslu á að það þyrfti að gera þjóðinni ljóst að mikið lægi við nú að reyna að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Ég held að ég hafi einmitt bent á það í framsöguræðu minni, að slíkt er mjög mikilvægt. Ég taldi að sá mikli áhugi, sem hefur komið fram hjá almenningi um að þetta frv. væri afgreitt, væri einmitt besti rökstuðningurinn fyrir því að þjóðinni væri ljóst að þessa frv. væri þörf.

Hv. þm. benti einnig á að í bráðabirgðaákvæði í brtt. n. muni BSRB og BHM hafa nokkra sérstöðu gagnvart öðrum aðilum, þar sem þau samtök hafi gert samning við ríkisstj. um að fá viss réttindi í stað þessara 3%. Ég vil bara segja það, að það yrði þá tekið til athugunar fyrir 3. umr. þessa máls ef þarna þyrfti að koma fram einhver sérstaða vegna þess að þeir hafa þegar tryggt sér möguleika á því að geta fengið ákveðin réttindi fyrir þessi 3%.

Í sambandi við aths. hv. þm. við 54. gr. kom það fram í fjh.- og viðskn., að það gæti verið erfitt að vita með tveggja mánaða fyrirvara hvort draga þyrfti úr starfsemi. Ég vil benda á það, að þarna er talað um ráðgerðan samdrátt, og vitanlega gerir t. d. ekkert frystihús, sem ræðumaður tók sem dæmi, ráð fyrir því fyrir fram að það vanti hráefni til vinnslu. Ef þarna er um ófyrirsjáanlegar orsakir að ræða sýnist mér að greinin taki ekki tillit til þess, það sé því aðeins að þarna sé um ráðgerðan samdrátt að ræða.

63. gr. fjallar um endurskoðun á lögum um Aflatryggingasjóð. Þessi lagagrein út af fyrir sig breytir ekkert þeim reglum sem sjóðurinn starfar eftir. Það gerist ekki fyrr en slík endurskoðun hefur farið fram og þá ný lög sett um það.

Ég man ekki eftir að það sé fleira sérstakt sem ég þarf að taka fram í sambandi við þær aths. sem komu fram í ræðum hv. ræðumanna stjórnarandstöðunnar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki gera hæstv. forseta erfitt í fundarstjórninni og hafa þessi orð fá. Það er aðeins að gefnu tilefni að ég stend hér upp. Það er ræða síðasta hv. ræðumanns, hv. 6. þm. Suðurl. Hann vék að mörgu því sem ég sagði í ræðu minni, en ég vil aðeins víkja að fáeinu.

Hv. 6. þm. Suðurl. vakti athygli á því, að ég hefði sagt í ræðu minni að það væri ekki nægilegt að þrengja hag launþega eða lækka kaup launþega. Þetta er alveg rétt, ég sagði þetta. Ég tók líka fram að það þyrftu að koma til heildaraðgerðir í efnahagsmálunum. Það þurfa að koma til aðgerðir í peningamálum. Það þarf að koma til aðgerða í viðskiptamálunum, gjaldeyrismálum o. s. frv. Það er það sem ég átti við. En hv. þm. hélt að ég hefði átt við að það ætti að leggja skatta á alla. Hann sagði að núv. ríkisstj. hefði lagt á skatta. Þarna skilur á milli feigs og ófeigs. Við sjálfstæðismenn sjáum önnur úrræði en skattaúrræði. Okkar efnahagsstefna byggist á allt öðru en slíkum aðgerðum sem hæstv. ríkisstj. hefur svo mjög beitt.

Hv. 6. þm. Suðurl. minntist á niðurgreiðslur í landbúnaði sem ég hafði vikið að. Hann hélt sig aðallega að sveiflunum og var sammála mér um að það ætti að draga úr sveiflum niðurgreiðslnanna. Um það erum við sammála. En ég fékk ekkert svar við því, hvað hv. þm. eða ríkisstj. sú, sem hann styður, hyggst fyrir í því mesta vandamáli landbúnaðarins sem nú er við að stríða þessa stundina, þ. e. hvernig eigi að fara með birgðir landbúnaðarafurða sem nú eru óseldar.

Hv. 6. þm. Suðurl. minnti á það, að ég hefði sagt að arðsemisjónarmið gætu verið varhugaverð, og taldi að það væri heldur skrýtið að ég skyldi láta mér slíkt um munn fara. Ég hafði nú reyndar látið fara einhver virðingarorð líka um arðsemina. En þegar ég sagði að arðsemisjónarmið gætu verið varhugaverð, þá sagði ég að þessu arðsemisjónarmiði hefði á undanförnum árum verið þrásinnis beint á móti helstu hagsmunamálum dreifbýlisins með því að draga þau, þvælast fyrir og eyðileggja þau. Það var það sem ég átti við.

Hv. 6. þm. Suðurl. vék að „hæfilegu jafnvægi" og skýrði hvað það var. Það var ágætt út af fyrir sig. En ég spurði ekki um hvað væri hæfilegt jafnvægi. Ég spurði að því, hvað væri „óhæfilegt jafnvægi". Því hef ég ekki fengið neitt svar við enn þá.

Þá vék hv. þm. að því, sem ég sagði um V. kafla frv. Ég spurði áðan hvaðan væri fyrirmyndin að V. kaflanum, og ég spurði að því vegna þess að það er ekki vitað að slík áætlanagerð sem þar er gert ráð fyrir fyrirfinnist í nokkru nálægu landi, ekki á Norðurlöndunum, ekki Bretlandi, ekki Þýskalandi eða öðrum lýðræðisríkjum Vestur-Evrópu. Hvar er fyrirmyndin? Mér finnst það athyglisvert, sem hv. 6. þm. Suðurl. vék að. Hann var að ýja að því, að fyrirmyndin gæti verið þáltill. okkar sjálfstæðismanna um landbúnaðarmál, ef ég skildi hann rétt. Pálmi Jónsson alþm., hv. þm., er 1. flm. þessarar till. En ég held að hv. 6. þm. Suðurl. verði að fara lengra austur en í Austur-Húnavatnssýslu, ef hann á að hafa nokkra von um að finna einhverja fyrirmynd að þessum kafla.

Þessar umr. hafa nú staðið í allan dag og það hefur verið fróðlegt að heyra hvað menn hafa sagt um þetta mál. (Gripið fram í.) Það hefur líka verið fróðlegt að taka eftir því, hverjir hafa ekki tekið til máls. Hér hafa þeir Alþb.-menn og Alþfl.-menn setið hljóðir og hógværir í dag. Þó er þetta það mál sem þeir hafa talað mest um á undanförnum vikum og mánuðum. Ég er ekki svo sem neitt sérstaklega að sakna þess að þessir menn hafi ekki talað. Það fer að sjálfsögðu vel á því, að þeir séu hljóðir og hógværir. En það er líka ástæða til að taka eftir þessu. Og það segir sína sögu.

ATKVGR.

Brtt. 500,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 500,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 500,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 500,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 500,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 500,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
17.—21. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
22.—27. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
28.—30. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 500,7 (ný gr., verður 31. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
31.—32. gr. (verða 32.—33. gr.) ásamt ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
33.—35. gr. (verða 34.—36. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 500,8 (ný 36. gr., verður 37. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
37. gr. (verður 38. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 500,9 samþ. með 13 shlj. atkv.
38. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
39.—46. gr. (verða 40.—47. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 500,10 samþ. með 13 shlj. atkv.
47.—48. gr. (verða 48.—49. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
49. gr. (verður 50. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
50. gr. (verður 51. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
51. gr. (verður 52. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 500,11 samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
52.—53. gr. (verða 53.—54. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
54. gr. (verður 55. gr.) samþ. með 13:6 atkv.
55. gr. (verður 56. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
56.—57. gr. (verða 57.—58. gr.) samþ. með 13:4 atkv.
Brtt. 500,12 (ný 58. gr., verður 59. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
59. gr. (verður 60. gr.) samþ. með 13:6 atkv.
60.—62. gr. (verða 61.—63. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
63. gr. (verður 64. gr.) samþ. með 13:6 atkv.
64.—66. gr. (verða 65.—67. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:5 atkv.

Neðri deild, 69. fundur.

Mánudaginn 2. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Samvinnufélög, frv. (þskj. 80). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður öryrkja, frv. (þskj. 22, n. 350, 351). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KÓ, HBl, LJós, MHM, SighB, Sth, SvH, VG, AG, EðS, EH, GMK, FTS, FÞ, FrS, GilsG, GTh, GSt, HG, JóhS, JÞ.

nei: MB, PP, TÁ, GSig, GH, HES.

PJ, SvG, EBS, IG greiddu ekki atkv.

9 þm. (MÁM, ÓE, SV, SvJ, ÞS, ÁG, BGr, EÁ, JÁ) fjarstaddir. dir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Sökum lasleika gat ég ekki verið viðstaddur 2. umr. þessa máls. Ég hafði skrifað undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn snerti einvörðungu þá fjáröflunaraðferð sem frv. gerir ráð fyrir, 3. gr. þess, mörkuðu tekjustofnana. Á sama tíma og hér liggur fyrir frv. um endurskoðun á öllum mörkuðum tekjustofnum, má segja, í fjárframlögum ríkisins tel ég vafasamt að fara inn á þessa braut í fjáröflun til þessara mála. En þar sem hér er um mjög stórt og gott málefni að ræða, þá segi ég já.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Enginn vafi er á því, að lengst af hafa markaðir tekjustofnar gegnt mikilvægu hlutverki og komið mörgu góðu til leiðar. Nú hafa menn í seinni tíð talað um að hverfa af þeirri braut. Tvímælalaust er það æskileg aðferð ef Alþ. getur tekið ákvörðun um fjárframlög frá einu ári til annars án þess að styðjast við markaða tekjustofna, og ég er hlynntur því, að markaðir tekjustofnar og lög um þá séu tekin til endurskoðunar. En þar sem hér er mjög gott mál á ferðinni vil ég ekki greiða atkv. gegn því af formsástæðum einum saman og lýsi yfir að ég er efnislega sammála því sem felst í till., en hef aths. við formið á henni, og þess vegna greiði ég ekki atkv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Með tilliti til þess, að endurskoða á markaða tekjustofna almennt, lít ég svo á að það sé mjög óeðlilegt að fara að bæta við slíkum tekjustofnum sem þessum rétt áður en það verk hefst. Ég tel að þetta mál, sem hér er um að ræða, eigi að vera eitt af þeim málum sem þar verður um fjallað. Enn fremur er að hefjast endurskoðun á tryggingalöggjöfinni í heild. Þetta er einn af þáttum þeirrar löggjafar að mínu mati. Með tilliti til þess sé ég ekki ástæðu til að svo stöddu, þótt málið sé gott út af fyrir sig, að greiða því atkv. og segi því nei.

2. gr. samþ. með 20:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG, AG, EH, GMK, FTS, FÞ, FrS, GilsG, GTh, GSt, HG, JóhS, JÞ, KÓ, HBl, LJós, MHM, SighB, StH, SvH.

nei: TÁ, GSig, PP.

EðS, EBS, GH, HES, MB, PJ, SvG, IG greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÞS, ÁG, BGr, EÁ, JÁ, MÁM, ÓE, SV, SvJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég er fylgjandi aðgerðum til þess að styrkja öryrkja, en hefði talið eðlilegra að þetta mál hefði verið undirbúið í félmrn. af hæstv. félmrh., felli mig ekki við þá tekjustofna, sem ætlast er til í þessu frv. að verði grundvöllur að starfsemi sjóðsins, og segi því nei.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem ég treysti í engu því hugarfari, sem ríkir við gerð fjárl. til þessa málefnis eða annarra slíkra, segi ég já.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Aðdragandi þessarar lagasetningar, ef að lögum verður, er með fullkomlega eðlilegum hætti. Eðlilegasti háttur á því að setja þessari þjóð lög er að Alþ. sjálft hafi með það að gera. Rn. og ráðh. hæstv. eru þjónar Alþingis að framkvæma þau lög og þær reglur sem settar eru af okkur. Þess vegna er það óeðlileg leið að það eigi fyrst erindi til hæstv. ráðh. Þetta mál hefur fengið eðlilega meðferð í Alþ. og hafi hæstv. ríkisstj. eða hæstv. fjmrh. haft eitthvað við þetta mál að athuga, þá gat hann komið aths. sínum miklu fyrr á framfæri. Þetta er 22. mál í Alþ., hefur haft eðlilega meðferð, eins og ég segi, gengið til 2. umr. og nefndar, nefnd skilað samdóma áliti, enda þótt með fyrirvara sé hjá einum hv. þm. og annar sem ekki var viðstaddur. Því er það, að allur aðdragandi þessa máls er eðlilegur, fyrir utan það að málefnið er gott, og segi ég já við þessari grein sem og öðrum.

Brtt. 351,1 (e-liður 3. gr. falli brott) samþ. með 23 shlj. atkv.

3. gr. a.-liður samþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, SvH, VG, AG, EH, GMK, FTS, FÞ, GTh, GSt, HG, JóhS, JÞ, HBl, LJós, MHM.

nei: PP, StH, TÁ, GSig, GH, GilsG, HES, MB.

PJ, SvG, EðS, EBS, FrS, KÓ, IG greiddu ekki atkv.

9 þm. (MÁM, ÓE, SV, SvJ, ÞS, ÁG, BGr, EÁ, JÁ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég tel málefnið gott og sjálfsagt að veita fjármagn í slíkan sjóð. Ég tel hins vegar eðlilegt að það komi úr sameiginlegum sjóði okkar landsmanna og verði veitt á fjárl. Auk þess hafa stjórnarflokkarnir sameinast um að endurskoða markaða tekjustofna. Því greiði ég atkv. gegn liðum a og b og segi nei.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Mótatkv. mitt við 1. gr. þessa frv. byggðist á því, að ég er andvígur því að auka markaða tekjustofna, en ekki á því, að ég væri í andstöðu við tilgang frv. að öðru leyti, og þar sem þessi grein ákveður sjóðnum markaðan tekjustofn segi ég nei.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég hef greitt hér atkv. með því að slíkur sjóður sem þessi verði settur á stofn, og mér finnst það eðlilegt og vænti þess að hann geti orðið til góðs. Ég tel að það sé eðlileg meginregla að fjármagn til slíkra sjóða sé veitt á fjárl., og ég harma það að ekki skuli hafa komið upp við fjárlagaafgreiðslu till. um að veita aukið fjármagn í þeim tilgangi sem sjóðnum er ætlað að gegna. Ég tel, með tilliti til þess að nú fer í hönd endurskoðun á hinum mörkuðu tekjustofnum af margvíslegu tagi, að eðlilegt sé að sú fjármögnun, sem þarna er talað um, falli inn í þá almennu endurskoðun og verði rædd í því heildarsamhengi. Ég er þess vegna ekki tilbúinn til að greiða atkv. með þessari fjáröflun nú og sit hjá við þessa atkvgr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Núverandi meiri hl. á Alþingi er ekki treystandi til þess að leggja þessu máli lið með venjulegum framlögum á fjárl., en málið mjög knýjandi. Þess vegna er engra góðra kosta völ varðandi tekjuöflun, og þrátt fyrir ummæli 3. þm. Vestf. áðan hlýt ég að treysta því, að eftir vilja Alþingis verði farið nái málið fram að ganga nú, og segi já.

3. gr. b-liður samþ. með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, SvH, VG, AG, EH, GMK, FÞ, GTh, GSt, HG, JóhS, JÞ, HBl, LJós, MHM.

nei: MB, StH, GSig, GH, GilsG.

PJ, EðS, EBS, FrS, IG greiddu ekki atkv.

15 þm. (MÁM, ÓE, PP, SV, SvJ, SvG, TÁ, ÞS, ÁG, BGr, EÁ, FTS, HES, JÁ, KÓ) fjarstaddir.

3. gr. d-f - liðir (verða c-e-liðir) samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EH, GMK, FÞ, FrS, GSig, GilsG, GTh, GSt, HG, JóhS, JÞ, HBl, LJós, MHM, SighB, StH, SvH, VG, ÁG.

EBS, MB, PJ, IG greiddu ekki atkv.

16 þm. (BGr, EÁ, FTS, GH, HES, JÁ, KÓ, MÁM, ÓE, PP, SV, SvJ, SvG, TÁ, ÞS, ÁG) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SvH, VG, AG, EH, GMK, FÞ, GTh, GSt, HG, JóhS, JÞ, HBl, LJós, MHM, SighB.

nei: GSig, HES, PP.

EðS, EBS, FrS, GilsG, MB, PJ, IG greiddu ekki atkv.

15 þm. (SvJ, SvG, TÁ, ÞS, AG, BGr, EÁ, FTS, GH, JÁ, KÓ, MÁM ÓE, SV, StH fjarstaddir.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins að gefnu tilefni minna þm. á að í 45. gr. þingskapa Alþingis stendur svo orðrétt:

„Skylt er þm., hvort heldur í d. eða Sþ., að vera viðstaddur og greiða atkv. nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi."

Í prentaðri dagskrá þessa fundar, sem þm. hafa fengið margir hverjir senda heim til sín, er tilkynnt að fyrst á dagskrá fundarins verði atkvgr., þannig að þm. vissu hvað til stóð og ber samkv. þingsköpum skylda til þess að vera viðstaddir þegar atkvgr. fer fram, nema þeir hafi lögmæt forföll. Svo er ekki um fjölmarga þm. Í þingsköpum Alþingis var áður fyrr ákvæði um þingvíti, þess efnis, að svipta mætti þm. þingfararkaupi um skamma hríð, ef þeir sinntu ekki þingskyldum sínum. Nú eru þingsköp Alþingis til endurskoðunar hjá sérstakri nefnd þm. og ég held, herra forseti, að það væri ástæða til að sú n. tæki þetta mál til athugunar.

Brtt. 351.2 samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EH, GMK, EBS, FÞ, FrS, GilsG, GTh, GSt, HG, JóhS, JÞ, KÓ, HBl, LJós, MHM, SighB, SvG, SvH, VG, AG.
HES, MB, PP, IG greiddu ekki atkv.
14 þm. (BGr, EÁ, FTS, GSig, GH, JÁ, MÁM, ÓE, SV, StH, SvJ, TÁ, ÞS, ÁG) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er stundum vandséð, þegar búið er að ýta frá landi, hvort á að halda áfram eða snúa aftur til sama lands. Nú erum við búin að eyða nokkuð löngum tíma í nafnaköll við atkvgr. um þetta frv. með algerlega óeðlilegum hætti, sem stafar vissulega af fjarveru allt of margra þm. Við erum einungis komnir að 4. gr., en greinar frv. munu vera 16. Ég held því að það væri fullkomin ástæða til að velta því fyrir sér, hvort slíta ætti fundi heldur en halda áfram með þessum hætti, því að þetta er náttúrlega algerlega óverjandi og þm. öllum og Alþingi meira og minna til skammar. En við þessari grein segi ég já.

Forseti (Ingvar Gíslason): Hv. þm. segir já. En út af orðum hans að öðru leyti vil ég taka það fram, að atkvgr. verður haldið áfram með þeim möguleikum sem forseti hefur til þess að drífa áfram atkvgr. hér í hv. d. Það er að vísu rétt, að það eru ýmsir fjarverandi, og hygg ég að það sé nú ekki nýlunda að ekki sé hver maður í sínu sæti þegar greidd eru atkv. eða þingstörf fara fram. Sjálfsagt er að taka það til athugunar að víta menn fyrir þetta, en ég vil nú bíða með að láta af því verða þangað til meiri sakir verða á menn bornar í þessum efnum og menn brjóta meira af sér en orðið hefur. Það er að vísu rétt, að það hefur gengið erfiðlega að koma þessu máli áfram hér, það hefur verið tafsamt, en slíkt hlýtur alltaf að koma fyrir af og til í þingstörfum og ég hygg að þetta gangi allt greiðar þegar líður á atkvgr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil mótmæla þeim staðhæfingum, sem komu fram í máli hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar, að fundur væri sérstaklega illa sóttur. Þetta er ágætlega ályktunarfær fundur. Það er verið að nauðga hér frv. gegnum d. og það gengur ekki vel vegna þess að menn eru ekki fúsir, og það er ekkert óeðlilegt við það að það taki einhverja stund. Hvað varðar þessa grein, þá sýnist mér að það liggi í hlutarins eðli að útgjöldin verði að greiðast með tekjum sjóðsins, ef á annað borð er samþ. þetta frv. En ég greiði ekki atkv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. mun vera nýkominn af lýðræðisþingi Framsfl. og undrast það stórum að hér skuli verið að — eins og hann kallar — að nauðga í gegn máli á Alþingi þar sem meiri hl. fær greinilega að ráða. Ég segi já.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það hefur gjarnan verið sagt á undanförnum árum, að það séu blaðamenn og aðrir viðlíka dónar sem hafi átt þátt í því að grafa undan rótum þingræðis hér í landinu. Ég held, að almennt og yfirleitt sé þetta ekki rétt kenning. Það verður ekki á annan hátt og skjótvirkari grafið undan þingræðinu hér í landinu og virðingu Alþingis heldur en um það bil helmingur þm. hefur tekið þátt í hér í dag með fjarveru sinni. Ég segi já.

4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 351,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
6.-14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 351,4 (ný gr., verður 16. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
16. gr. (verður 17. gr). samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 7, n. 431 og 437, 430, 436). — Frh. 2. umr.

Lúðvík Jósepsson: [frh.] Herra forseti. Þegar mál þetta var síðast á dagskrá hafði ég rétt byrjað á ræðu minni um það, en varð þá að fresta máli mínu og mun nú halda áfram þar sem frá var horfið.

Ég hafði gert nokkra almenna grein fyrir því, hvað hér er um mikilvægt mál að ræða þar sem er ráðstöfun á gengishagnaði sem nemur rúmlega 7 milljörðum kr. Reyndar kemur í ljós að gengishagnaðurinn allur er rúmlega 7.5 milljarðar kr., en um 500 millj. koma í rauninni ekki til skipta, heldur verða greiddar þeim aðilum sem hlut eiga að máli samkv. 2. gr. frv.

Ég hafði minnst á að ráðgert væri að ráðstafa þessum miklu fjármunum þannig að um helmingur upphæðarinnar rynni til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Taldi ég það mjög réttmæta ráðstöfun vegna þess að þá verður þessi fjárhæð, sem tekin er af sjávarútveginum sem heild, áfram í höndum sömu aðila og kemur að sjálfsögðu til skipta eftir reglum þess sjóðs síðar. Ég hafði einnig á það minnst, að hinn helmingurinn ætti að skiptast að jöfnu á tvær deildir hjá Fiskveiðasjóði. Önnur þeirra á að veita lán til hagræðingarframkvæmda, en hin á hins vegar að styðja þá aðila sem orðið hafa fyrir gengistöpun við gengislækkunina í sambandi við skipalán.

Það er enginn vafi á því, að miklu máli skiptir, þegar á stendur eins og í þessu tilfelli, að eðlilega sé staðið að því að ráðstafa jafnmiklum fjármunum og hér er um að ræða. Ég tel varðandi það, sem á samkv. þessum lögum að renna til þeirrar deildar Fiskveiðasjóðs sem bætir skipaeigendum upp tap af gengislækkuninni, að sú ráðstöfun á fjármagninu sé eðlileg, en bendi á að þeir fá í rauninni með þessu fjármagni ekki bættan nema lítinn hluta af því tjóni sem þeir hafa orðið fyrir með gengislækkuninni. En þá er ég kominn að hinum hluta þessa fjármagns, þ. e. a. s. þeim hlutanum sem á að verja til hagræðingarframkvæmda. Eftir því sem ég hef sagt hér mun það verða svo, að hér verður um fjárhæð að ræða sem mun liggja á milli 1.5 og 1.7 milljarða kr., og því á að verja í þessu skyni.

Í brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. Kjartani Ólafssyni, leggjum við til að mörkuð verði skýrari stefna um það, hvernig ráðstafa skuli þessu fjármagni, en fram kemur í frv. Aðalefnið í till. okkar er að svo skuli mælt fyrir, að óheimilt sé að verja þeim hluta fjármagnsins, sem á að renna til hagræðingarframkvæmda, til annarra lána en þeirra sem geta með eðlilegum hætti flokkast undir hagræðingarlán. Það er enginn vafi á því, að það hefur borið nokkuð á því að af þessu fé ætti að taka óákveðinn hluta og veita mönnum sem lán til almennrar skuldagreiðslu, til þess að greiða upp venjulegar rekstrarskuldir. Ég tel með öllu fráleitt að tiltekinn hluti, sem til

fellur vegna gengislækkunar, sé fluttur frá vissum aðilum í sjávarútveginum til annarra til þess að greiða upp skuldir sem til hafa fallið. Ég vil fyrir mitt leyti vara við því að fara inn á slíka braut. Hún er ósæmileg. Þar sem svo vill til að miklar rekstrarskuldir hafa orðið til í sjávarútvegi t. d. eða öðrum rekstri, þá er það mál út af fyrir sig sem er sjálfsagt að taka á, hvort hægt er að afla fjár til að rétta slíkan rekstur við að nýju. En standi þannig á að það sé nauðsynlegt á vitanlega að afla fjár til þess með öðrum hætti en þeim að ætla raunverulega að skattleggja tiltekna aðila í starfsgreininni, en það er það sem mundi verða gert í þessu tilfelli ef hluti af því fjármagni, sem fellur til í sambandi við gengislækkun, er fluttur til frá vissum aðilum í rekstrargreininni til annarra til þess að greiða upp almennar rekstrarskuldir þeirra. Ég vil koma í veg fyrir þetta og því tel ég rétt að flytja brtt. á þskj. 436, en þar eru að mínum dómi tekin af öll tvímæli um að þetta fjármagn á að ganga til hagræðingarlána, til þess að koma fram bættum rekstri í þessari starfsgrein, en það er óheimilt að veita fjármagni þessu til að greiða almennar rekstrarskuldir.

Ég hef sagt við þá, sem hafa áhuga á því í þessu tilfelli, eins og mál liggja fyrir nú, og telja nauðsynlegt að hægt sé að aðstoða tiltekin fyrirtæki sem hafa verið rekin með halla, að ég vil gjarnan eiga þátt í að útvega fjármagn til að rétta þeim hjálparhönd sem standa illa að vígi í rekstri, þó að sjálfsögðu eftir mati á því hvernig öll mál standa. En ég tel fráleitt að afla þess fjár á þann hátt að leggja sérstakan skatt á aðra í starfsgreininni, og ég vil koma í veg fyrir það. Alveg sérstaklega vegna þess er þessi till. flutt.

Þá er einnig í frv. þessu gert ráð fyrir að nokkur hluti af því fjármagni, sem á að renna til Fiskveiðasjóðs og bæta skipaeigendum það tjón sem þeir hafa orðið fyrir við gengislækkunina, skuli renna í svonefndan úreldingarsjóð fiskiskipa, þar sem ætlunin er að veita útgerðaraðilum nokkurn stuðning til þess að leggja niður rekstur á skipum sem ekki eru lengur talin fyllilega hæf til úthalds. Ég get fallist á það sjónarmið, að rétt sé að nokkrum hluta þess fjármagns, sem hér er um að ræða, verði varið í þessu skyni. En mér finnst óeðlilegt að hafa það alveg óákveðna fjárhæð, því að ekkert er sagt um hvað hún eigi að vera há eins og er í lögunum. Ég vil því taka af allan vafa í þeim efnum og ákveða tilteknum hluta af því fé, sem hér er um að ræða, sem eigi að verja í þessu skyni. Það er verkefni Alþingis að taka slíka ákvörðun og einskis annars. Í öðru lagi tel ég eðlilegt að það fjármagn, sem á að verja í þessu skyni, renni í þann sjóð sem myndaður hefur verið til þess að leysa af hendi einmitt þetta verkefni. Það hefur þegar verið komið á fót sjóði við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sem er nefndur Aldurslagasjóður, og ég tel sjálfsagt að láta þessa fjárhæð renna í þann sjóð, svo að um verði að ræða aðeins einn sjóð sem annist þetta verkefni. Ég sé enga ástæðu til að þeir aðilar, sem vilja leggja niður rekstur á fiskibátum sínum og telja þá vera orðna óhæfa til rekstrar, þurfi fyrst að sækja til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og sækja þá um framlag úr Aldurslagasjóði og síðan eigi þeir að senda umsóknir líka til annarrar sérstakrar nefndar sem einnig hefur yfir fjármagni að ráða og úthlutar styrkjum í þessu skyni. Fjárúthlutun eftir svona leiðum er venjulega býsna hættuleg. Ég álít því að það eigi að hverfa frá þeirri hugmynd, sem hæstv. sjútvrh. hefur verið með, að hafa sérstakan sjóð sem úthluta ætti úr í þessum efnum, en hins vegar sé rétt að ákveða að fjárhæð þessi verði látin renna til Aldurslagasjóðs hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Raunverulega er það svo, að öll fiskiskip greiða ákveðið tryggingagjald til þeirrar deildar, eru því í þessari tryggingu, eiga þar sinn rétt, og ef hægt er að styrkja þessa deild fjárhagslega er sjálfsagt að gera það þannig að umsóknir hvers og eins séu þá gerðar upp á einum stað. Till. okkar á þskj. 436 miðar m. a. að þessu atriði einnig.

Fjh.- og viðskn. þessarar d. fékk nokkrar upplýsingar frá Fiskveiðasjóði um það, hvað hefði þegar verið gert í sambandi við það fjármagn sem hér er um að ræða. Það kom þá í ljós að af svonefndu hagræðingarfjármagni, sem hér er um að ræða, hefðu þegar verið veitt loforð til nokkurra aðila suðvestanlands, eða sem nemur rúmlega 360 millj. kr. Það fer í rauninni ekkert á milli mála eftir þeim upplýsingum sem n. fékk, að hér er að verulegu leyti um að ræða að verið er að ráðstafa þessu hagræðingarfjármagni í gamla skuldasúpu ýmissa félaga sem þarna eiga hlut að máli. Hér er aðallega um að ræða útgerðarfélög á Reykjanesi og sunnanlands: eitt á Eyrarbakka og eitt á Stokkseyri og tvö í Vestmannaeyjum, en hin eru á Reykjanesi. Ég tel að það hafi verið gert meira en nóg að því að úthluta úr ýmsum sjóðum til aðila þar sem fyrst og fremst er við það miðað að reyna að grynna eitthvað á skuldum þeirra. Það liggja fyrir opinberar upplýsingar um slíkar úthlutanir sem hafa farið fram æ ofan í æ, en reynslan hefur sýnt að þær hafa harla lítið miðað að því að koma rekstri þessara fyrirtækja á viðunandi grundvöll. Ég álít því að í sambandi við ráðstöfun á þessu fjármagni eigi að draga skýrar línur. Alþ. á að standa að ákvörðun um það, hvernig eigi að verja þessu fjármagni, og taka þá alveg skýrt fram að óheimilt sé að verja því til þess að greiða almennar rekstrarskuldir. Ég álít líka að þessi till., sem við hv. þm. Kjartan Ólafsson flytjum á þskj. 436, sé fullkomlega í samræmi við brbl., af því að gengið var út frá því að þetta fjármagn ætti fyrst og fremst að renna til þess að koma fram ákveðnum rekstrarlegum umbótum í fyrirtækjum, en hér átti ekki að vera um neinar skuldagreiðslur að ræða. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að að sjálfsögðu getur verið um það að ræða að af þessu fjármagni verði veitt lán út á framkvæmdir sem fram hafa farið og geta flokkast undir hagræðingarframkvæmdir, þó að þær hafi farið fram fyrir einu eða tveimur árum og aðili hafi ekki fengið stofnlán eða hagræðingarlán til slíkra framkvæmda. Það er ekkert bundið við það. Það er aðeins þetta sem við leggjum til, að það komi skýrt fram að óheimilt sé að verja þessu fjármagni til þess að greiða venjulegar og almennar rekstrarskuldir. Það á að afla fjár til slíks með öðrum hætti.

Ég hef með þessum orðum í rauninni gert grein fyrir till. okkar. Ég get aðeins bætt því við, þó að ekki sé búið að tala fyrir annarri brtt. sem hér liggur fyrir, um smávægilegan stuðning til samtaka sjómanna, að ég er samþykkur þeirri till. sem er á þskj. 430, 1. flm. hv. þm. Matthías Bjarnason. Þar er um að ræða fjárveitingu sem er hliðstæð þeirri sem áður hefur verið innt af höndum í sambandi við gengishagnað, og ég tel að ráðstöfun á því tiltölulega litla fjármagni, sem þar er um að ræða, sé fullkomlega eðlileg. Ég mun styðja þá till. En á hitt legg ég ríka áherslu, að það er Alþ. sem á að setja aðalreglurnar um það, hvernig eigi að ráðstafa 7 milljörðum kr. Það þarf að leggja niður þann sið, sem farið er að bera

hér á í vaxandi mæli, að einstakir ráðh. ætlist til þess að þeir geti síðar sett reglugerðir og ráðstafað milljörðum króna. Alþingi á að setja þessar reglur og taka skýrt fram til hvers eigi að verja fénu. Ég tel engan vafa leika á því, að fé það, sem hér um ræðir, sem á að ganga til hagræðingarframkvæmda eða til umbóta í rekstri, er ekki of há fjárhæð. Og auðvitað eiga allir, hvar sem þeir eru staddir á landinu, sem hafa með höndum sjávarútvegsrekstur, jafnan rétt til að sækja um þessi lán. Það á að meta þær lánsbeiðnir hjá hverjum og einum. En við eigum ekki að fara inn á þá hættulegu braut, að þessu fjármagni verði úthlutað til þess að grynna á einhverjum bankaskuldum fyrirtækja sem ekki hafa getað haldið uppi eðlilegum rekstri. Ég er á móti því.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þá brtt. ásamt fjórum öðrum þm., Matthíasi Á. Mathiesen, Ólafi G. Einarssyni, Sverri Hermannssyni og Albert Guðmundssyni, að aftan við 3. gr. frv. komi ný mgr.: „Áður en kemur til skipta á fé samkv. a- og b-lið þessarar greinar, skal greiða lífeyrissjóði sjómanna 175 millj. kr. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur til sjómanna og 25 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna".

Við flm. þessarar till. teljum eðlilegt við ráðstöfun gengishagnaðar að sýna sjómönnum að þeir eru meðeigendur að þeim fjármunum sem hér er verið að skipta og eiga samkv. frv. þessu að fara til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem má segja að sé fullkomlega eðlilegt og til hagræðingar í fiskiðnaði og enn fremur til þess að bæta nokkuð erlendar skuldir þeirra útvegsmanna sem skulda sjóðnum vegna gengisbreytingarinnar.

Þjóðhagsstofnun gerði áætlun um, áður en gengisbreytingin var gerð í sept. 1978, að í gengismunarsjóð kæmu 5 800—6 000 millj. kr. í hreinan gengismun miðað við 15% gengisfellingu. 26. febr. nam innkomið fé í sjóðinn 9 340 millj. Þegar tekið er tillit til að frá dragast upphæðir vegna leiðréttingar flutningskostnaðar o.fl., sbr. 4. og 5. mgr. 2. gr. brbl., eða samtals 1 746 millj., þá er áætlað í febrúarlok að komnar séu inn 7 594 millj. í staðinn fyrir 5 800—6 000 millj. sem Þjóðhagsstofnunin áætlaði.

Þegar brbl. þessi voru gefin út fannst mér vanta inn í þau að taka tillit til sjómanna í sambandi við gengismuninn og vitna í fyrri hliðstæð lög um ráðstafanir gengismunar — t. d. lög frá 1975 — þar er ákveðið að til lífeyrissjóð sjómanna til þess að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur þeirra og aðrar tryggingabætur verði varið 75 millj. kr. og til orlofshúsa sjómannasamtakanna 12 millj. kr., sem skipt var eftir að auglýst hafði verið eftir umsóknum frá sjómannasamtökunum. Einnig vil ég minna á að við ákvörðun gengishagnaðar 1974 var varið 15 millj. kr. til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra, sem fá greiddan lífeyri úr lífeyrissjóði sjómanna, og til orlofshúsa sjómannasamtakanna 11 millj. kr.

Ég tel óeðlilegt að þegar brbl. voru gefin út var ekkert tillit tekið til félagslegra umbóta sjómannastéttarinnar. Ekkert slíkt hefur komið fram í Ed. Alþ. eða í n. í Nd. og við 1. umr. um þetta mál. Því fannst mér rétt að flytja brtt., og til þess að sýna fram á að þessi till. er ekki nein yfirboðstill. eru þetta svipaðar upphæðir og voru við ráðstöfun gengishagnaðar 1975, miðað við verðgildi peninga, og m. a. s. heldur lægri miðað við það fjármagn sem kemur í gengismunarsjóð. Með því að líta á fyrri ráðstafanir um gengishagnað er till. þessi að mínum dómi fullkomlega eðlileg og sanngjörn og ég vænti þess, að hv. þdm. taki tillit til þess hvað áður hefur gerst í þessum efnum, og ég vil þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir undirtektir hans.

Það fer ekki á milli mála, að meðferð þessa frv. hefur verið ákaflega seinvirk í hv. Alþ. Málið var afgreitt frá Ed. fyrir miðjan desembermánuð, en hefur verið hér í Nd. síðan, var lengi í meðferð n., en n. skilaði áliti 7.—9. mars. Frv. kom ekki til 2. umr. fyrr en s. l. miðvikudag og þá var umr. frestað, en nú fer fram framhald 2. umr.

Eins og ég sagði áðan er ég alveg samþykkur því hlutfalli sem fer til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og tel það eðlilegt hlutfall, var reyndar reiknað með því í allt fyrrasumar og þá höfðu stjórnmálaflokkarnir um það samvinnu í sambandi við ábyrgð á fiskverði meðan hinar langvinnu stjórnarmyndunarviðræður fóru fram, svo að um það á ekki að vera nokkur ágreiningur. Hins vegar finnst mér eðlileg sú till., sem hv. 1. þm. Austurl. var að lýsa áðan og er flutt af honum og hv. þm. Kjartani Ólafssyni, og ég fyrir mitt leyti get vel greitt henni atkv. Sú till. gerir ráð fyrir að breyta nokkuð frá frv. ráðstöfun þeirra 50%, sem koma í gegnismunarsjóð af andvirði þeirra afurða sem taldar eru undir a-lið 3. gr. frv., svo og því sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða. Veita skal 50% sem lán til hagræðingar- og framleiðniaukningar í fiskiðnaði. Lánin skulu fyrst og fremst veitt til kaupa á vélum og tækjum og til að koma upp kældum fiskmóttökum. Óheimilt er að veita lán þessi til greiðslu rekstrarskulda eða annars sem telja verður til venjulegs rekstrar. Jafnframt skal endurgreiðsla lána þessara með vöxtum renna til Fiskveiðasjóðs.

Ég tel bæði eðlilegt og sjálfsagt að Fiskveiðasjóður veiti þessi lán og hefði hann átt að hafa af því allan veg og vanda. En annað hefur verið tekið upp. Lánin, sem Fiskveiðasjóður hefur afgreitt, eru eiginlega ekki annað en formsatriði, því að málin hafa verið unnin með öðrum hætti.

Þá er hér brtt. um að lækka 2. liðinn nokkuð, til að létta stofnfjárkostnað eigenda fiskiskipa, en 10% af því skulu renna í Aldurslagasjóð fiskiskipa hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Skal ég ekki fjölyrða frekar um það, það gerði hv. 1. þm. Austurl. þegar hann fylgdi brtt. sinni úr hlaði, en ég lýsi því yfir fyrir mitt leyti, að ég er samþykkur því að sá háttur verði hafður á. Ég sé ekki ástæðu til að vera með tvær stofnanir í gangi og menn þurfi að leita til tveggja aðila í sambandi við þessi fjárframlög.

Aldurslagatrygging við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum var stofnuð með lögum á s. l. ári. Gengust útgerðarmenn undir það af fúsum og frjálsum vilja að greiða sérstakt iðgjald til aldurslagatryggingar, en hin gamla bráðafúadeild frá 1958 var með þeim lögum lögð niður. Hún átti rúmlega 200 millj. kr. í sjóði, sem gengu til aldurslagadeildar. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum er þannig stjórnað, að tveir menn eru skipaðir af ráðh. eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, tveir eru skipaðir eftir tilnefningu bátaábyrgðarfélaganna og einn er skipaður af ráðh. án tilnefningar. Eru fulltrúar útgerðar 4 af 5 í stjórninni og því hef ég talið rétt að þessi eini aðili ætti að hafa með þetta að gera, en ekki að skipa sérstaka nefnd til að inna þetta verkefni af hendi.

Það liggur nú fyrir um það framlag sem á að verja til hagræðingar, það sem Byggðasjóður ver, það sem ætlað

er að bankarnir taki á sig og sveitarfélögin greiði fyrir atvinnufyrirtækjum, muni nema um 2 050 millj. kr. Mér finnst, þegar ég lít á þessa tölu, að hlutur bankanna í þessari „konverteringu" sé afar lítill, ekki nema um 574 millj. Ég vil minna á „konverteringu" þá sem fór fram á haustinu 1974 og á árinu 1975. Hún nam, að mig minnir, um 3 240 millj. á þeim tíma, að óhætt væri að sennilega 2½-falda þá upphæð núna til þess að hún yrði sambærileg við þessa tölu. Mér finnst eðlilegt í alla staði að bankar landsins taki þátt í því að „konvertera" lánum til þeirra fyrirtækja sem eru hlaðin lausaskuldum og eiga í erfiðleikum — fyrirtækja sem á annað borð er talið eðlilegt að haldi áfram rekstri. Þetta gengismunarfé á fyrst og fremst að vera, eins og síðasti ræðumaður tók réttilega fram, til þess að auka hagræðinguna og fyrst og fremst til að veita lán til kaupa á vélum og tækjum og bæta frystihúsin og sérstaklega fiskmóttökurnar, auka hagkvæmni í rekstri, en ekki til þess að koma til móts við bankana og greiða þeim upp vanskilaskuldir eða áfallnar skuldir, sem þeir eiga fyllilega að mínum dómi að taka þátt í að breyta í lán til lengri tíma.

Samkv. þessu er talið að hagræðingarfé í gengismunarsjóði verði 575.6 millj. kr., en jafnframt 660 millj. kr. frá Byggðasjóði og 239 millj. sem ætlað er að sveitarfélögin komi til móts við fyrirtæki með því að breyta skuldum þeirra eða greiða fyrir þeim til þess að koma rekstri í betra horf.

Það hefur verið mikið talað um það á undanförnum árum, að ekkert hafi verið gert til þess að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og jafnvel ákveðin landssvæði hafi verið skilin útundan. Hv. frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd., Ólafur G. Einarsson, kom nokkuð inn á þetta. Á árinu 1978 var úthlutað til Fiskveiðasjóðs í lánum til hagræðingar í fiskiðnaði samkv. reglugerð, sem gefin var út 8. júní, og annarri reglugerð, sem gefin var út 13. apríl á s. l. ári, samtals 701.8 millj. kr. Þar af fóru í Reykjaneskjördæmi eitt 312 millj. kr., eða 44.5% af heildarúthlutun til hagræðingar í fiskiðnaði. Mér finnst sérstaklega ástæða til þess að benda á þetta og vekja athygli á því, því að það hefur verið mjög í tísku að telja að engin lán hafi komið á það svæði og sérstaklega ekki á Suðurnesin.

Næsta kjördæmi við Reykjaneskjördæmi er Suðurlandskjördæmi, sem fékk 102.6 millj. kr., og þriðja kjördæmið er Reykjavík með 91.5 millj. kr. M. ö. o.: bróðurpartur af fénu fór í þessi þrjú kjördæmi, þó sérstaklega í Reykjaneskjördæmi. Ég er ekki að nefna þetta til þess að telja á nokkurn hátt eftir það sem fór í þau kjördæmi, síður en svo, heldur aðeins til að vekja athygli þeirra, sem tala alltaf um að þau hafi aldrei fengið neitt, á því, hvað þau hafa fengið. — En við erfiðleika í útgerð og vinnslu sjávarafurða hafa menn átt í þessum kjördæmum sem ég sérstaklega nefndi.

Ég tel eðlilegt í alla staði, að þegar reglugerð var gefin út 22. sept. 1978 í sambandi við ráðstöfun gengismunar samkv. brbl. var tekið inn í 3. gr. reglugerðarinnar að af fé þessu skuli veita lán til hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva til hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar, m. a. til vélakaupa, endurnýjunar á vélum og vinnslurásum og annarra ráðstafana sem horfa til hagræðingar að mati sjóðsstjórnar. Þetta tel ég alveg hárrétt, en síðan er bætt við: „Þau frystihús, sem stöðvað hafa rekstur eða þar sem rekstrarstöðvun er yfirvofandi og mikilvæg eru fyrir atvinnuöryggi á viðkomandi stað, skulu hafa forgang við lánveitingar samkv. reglugerð þessari, enda horfi stuðningur við þau til bætts skipulags í veiðum og vinnslu". Ég tel að þetta ákvæði 3. gr. reglugerðarinnar styðjist alls ekki við þau lög sem reglugerðin er gefin út eftir. Ég tel í hæsta máta óeðlilegt að fyrirtæki, sem hafa stöðvað rekstur sinn, eigi að njóta forgangs við úthlutun þess fjármagns sem verið er að skipta. Er verið með þessu að ýta undir að ef menn vantar peninga í reksturinn stöðvi þeir rekstur sinn því að þá njóti þeir forgangs? Ég tel þetta furðulegt ákvæði og fái alls ekki staðist samkv. þeim lögum sem reglugerðin er gefin út eftir, hvað þá heldur fari eftir þeim.

Ég tel að frv. þetta sé búið að velkjast allt of lengi fyrir þingi og margt bendi til þess að ekki hafi verið sótt af neinum áhuga frá hendi hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstj. að fá afgreitt. Ég tek undir þau orð þess ræðumanns, sem talaði á undan mér, að það er ekki ráðh. eða ríkisstjórnar að afgreiða þessi mál, heldur fyrst og fremst Alþingis. Ég tel að þær brtt., sem fram eru komnar við frv., séu til bóta, og mér finnst sú brtt., sem ég var að mæla fyrir, sjálfsögð, sanngjörn og eðlileg og trúi ekki öðru en hv. þdm. taki vel undir þá till. þegar sérstaklega er haft í huga hvað áður hefur gerst í þessum efnum og jafnframt að sú áætlun, sem Þjóðhagsstofnun gerði um gengismuninn, var miklu lægri en hann reyndist, eins og ég gat um í upphafi máls míns.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess að þdm. taki tillit til þeirra till. sem hér liggja fyrir, og ég trúi ekki öðru en hæstv. sjútvrh. sé samþykkur því að gera þessar nauðsynlegu og sjálfsögðu breytingar á frv.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 2. apríl.

Kostnaður við hitaveituframkvæmdir og greiðslubyrði ríkissjóðs.

Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnlaugs Finnssonar og Alexanders Stefánssonar um kostnað við hitaveituframkvæmdir og greiðslubyrði ríkissjóðs vegna þeirra, á þskj. 451, sent fyrirspyrjendum 2. apríl.

1. Hve miklu fjármagni hefur verið varið af hálfu ríkisins til rannsókna, undirbúnings og framkvæmda við hitaveitur á árunum 1971 til 1978 að báðum árum meðtöldum?
2. Hve mikils hluta þessa fjár hefur verið aflað með erlendum lántökum?
3. Hver er árleg greiðslubyrði ríkissjóðs vegna þessara lána?
4. Hve mikinn erlendan gjaldeyri spara þessar framkvæmdir árlega miðað við núverandi olíuverð?

Svar við 1. lið fyrirspurnarinnar er eftirfarandi:

Lánveitingar og styrkveitingar úr Orkusjóði til jarðhitaleitar, jarðhitarannsókna og hitaveitna á árabilinu 1971 t. o. m. 1978 hafa verið þessar:

Ár		Lán til jarðhita-leitar Mkr.	Styrkir til jarðhita-rannsókna Mkr.	Lán til hitaveitna Mkr.
1971		14,7	—	—
1972	7,3	—	—	
1973		5,5	—	—
1974		9,1	—	—
1975		174,1	7,2	—
1976		331,7	93,1	—
1977		548,7	77,7	—
1978		313,8	74,3	200,0
Alls		1 314,9	252,3	300,0

Hér eru ekki með taldar fjárveitingar til jarðhitadeildar Orkustofnunar, en á s. l. ári nam fjárveiting til deildarinnar 396,4 m.kr.

Að auki hafa Rafmagnsveitur ríkisins varið eftirfarandi upphæðum til frumathugana á fjarvarmaveitum:

Ár	Upphæð
1977	2,1 m.kr.
1978	27,8 m.kr.
	Alls 29,9 m.kr.

Svar við 2. lið fyrirspurnarinnar er:

Engin erlend lán hafa verið tekin vegna Orkusjóðs á umræddu tímabili, en innlend vísitölutryggð lán hefur sjóðurinn tekið, þó ekki sérstaklega vegna ofangreindra verkefna.

Svar við 3. lið fyrirspurnarinnar er:

Ríkissjóður stendur ekki undir neinum lánagreiðslum vegna ofangreindra verkefna.

Svar við 4. lið fyrirspurnarinnar er:

Hitaveitur sem komust í gagnið á tímabilinu 1971—'78:

1.	Hitaveita Suðurnesja	7 160 íbúar
2.	Hitaveita Reykhóla	70 íbúar
3.	Hitaveita Suðureyrar	490 íbúar
4.	Hitaveita Hvammstanga	480 íbúar
5.	Hitaveita Blönduóss	850 íbúar
6.	Hitaveita Siglufjarðar	2 030 íbúar
7.	Hitaveita Hríseyjar	290 íbúar
8.	Hitaveita Akureyrar	5 060 íbúar
9.	Hitaveita Reykjahlíðar	230 íbúar
10.	Hitaveita Brautarholts Bisk	50 íbúar
11.	Hitaveita Reykjavíkur, stækkun v. Kópav., Garðab., Hafnarfj.	29 200 íbúar
		Alls 45 910 íbúar

Ef gengið er út frá því, að olíunotkun til upphitunar íbúðarhúsnæðis sé 13 l/m³/ári og að hver íbúi noti 140 m³ húsnæði, þá spara þessar hitaveitur 13×140=1820 l olíu á hvern íbúa á ári eða alls um 1820×45 910=83,6 millj. l/ári.

Sameinað þing, 77. fundur.

Þriðjudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa — varamenn taka þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Áður en gengið verður til dagskrár mun ég lesa fjögur bréf, sem mér hafa borist, og taka þau síðan til afgreiðslu.

Fyrsta bréfið er á þessa leið:

„Reykjavík, 30. mars 1979.

Lúðvík Jósepsson, 1. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Þorbjörg Arnórsdóttir húsfreyja, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni".

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Annað bréfið sem mér hefur borist, er svo hljóðandi:

„Reykjavík, 2. apríl 1979.

Tómas Árnason, 4. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jón Kristjánsson verslunarstjóri á Egilsstöðum, sæti á Alþingi í fjarveru minni".

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Þriðja bréfið hljóðar svo:

„Reykjavík, 2. apríl 1979.

Finnur Torfi Stefánsson, 2. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður landsk. þm. Alþfl., Bjarni Guðnason prófessor, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni".

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Loks er fjórða bréfið og er það á þessa leið:

„Reykjavík, 3. apríl 1979.

Ritari þingflokks sjálfstæðismanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Eyjólfs K. Jónssonar, 5. þm. Norðurl. v., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi".

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanna.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

Jafnhliða þessum bréfum hafa mér borist kjörbréf og önnur gögn í sambandi við þá varaþm. sem hér er gerð till. um að taki sæti, og vil ég æskja þess að kjörbréfanefnd taki öll þessi kjörbréf og önnur gögn til meðferðar og gef nú 20 mínútna fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar fjögur kjörbréf. Ég leyfi mér að gera grein fyrir þeim öllum í einu lagi.

Það er þá í fyrsta lagi kjörbréf Þorbjargar Arnórsdóttur, sem er 1. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi og kemur nú til þings vegna utanfarar Lúðvíks Jósepssonar, 1. þm. Austurl. N. leggur til að kosning þessi verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

Þá er það í öðru lagi kjörbréf Jóns Kristjánssonar, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi. Hann kemur nú til þings vegna utanfarar Tómasar Árnasonar, 4. þm. Austurl., en fyrir liggur yfirlýsing frá 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Halldóri Ásgrímssyni, þar sem hann lýsir yfir að hann geti af persónulegum ástæðum ekki tekið sæti á þingi að þessu sinni. Kjörbréfanefnd leggur til að kosning þessi verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

Þá er í þriðja lagi kjörbréf gefið út af landskjörstjórn, þar sem þess er getið að Bjarni Guðnason prófessor hafi hlotið kosningu sem landsk. varaþm. fyrir Alþfl. Hann skipar 2. sæti landsk. varaþm. Alþfl. og kemur nú til þings í fjarveru Finns Torfa Stefánssonar, 2. landsk. þm., en 1. landsk. varaþm. Alþfl. hefur setið á þingi frá þingbyrjun svo sem kunnugt er. Kjörbréfanefnd leggur til að kosning þessi verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

Þá er í fjórða og síðasta lagi kjörbréf Jóns Ásbergssonar framkvæmdastjóra, Sauðárkróki, sem er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra og kemur nú til þings vegna fjarveru og utanfarar Eyjólfs K. Jónssonar, 5. þm. Norðurl. v. Kjörbréfanefnd hefur skoðað þetta kjörbréf og leggur til að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

Leyfi ég mér að afhenda hæstv. forseta kjörbréfin öll fjögur.

ATKVGR.

Tillaga kjörbréfanefndar um kjörbréf Þorbjargar Arnórsdóttur samþ. með 39 shlj. atkv.

Tillaga kjörbréfanefndar um kjörbréf Jóns Kristjánssonar samþ. með 40 shlj. atkv.

Tillaga kjörbréfanefndar um kjörbréf Bjarna Guðnasonar samþ. með 41 shlj. atkv.

Tillaga kjörbréfanefndar um kjörbréf Jóns Ásbergssonar samþ. með 40 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þorbjörg Arnórsdóttir, Jón Kristjánsson og Jón Ásbergsson, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Gils Guðmundsson): Áður en gengið er til dagskrár hefur hv. 1. þm. Vestf. kvatt sér hljóðs utan dagskrár, og ég vil aðeins geta þess, áður en ég gef honum orðið, að hann hefur tjáð mér að hann ætli að spyrja hér um alveg ákveðið og afmarkað málefni. Ég á von á að það þurfi ekki að verða almennar umr. um þetta málefni, heldur væntanlega einungis fsp. hv. þm. og svar hæstv. ráðh. En að öðrum kosti, ef tilefni þykir gefast til að frekari umr. verði leyfðar, þá mun ég a. m. k. halda þeim innan þeirra marka, sem gilda um fsp. almennt, og vænti þess, að allir hv. þm. geti sætt sig við það. Eins og kunnugt er gilda engar reglur um umr. utan dagskrár, svo að það er á valdi forseta hverju sinni að haga þeim eftir því sem hann telur rétt og eðlilegt. Ég vænti þess, að allir hv. þm. geti með tilliti til hinna margvíslegu verkefna, sem liggja fyrir þinginu, fallist á þetta.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár, er sú, að Félag ísl. atvinnuflugmanna hefur nú nýlega tilkynnt verkfallsaðgerðir, sem hafa staðið nú um nokkra daga, og framhald þeirra, sem hlýtur að lama samgöngulíf landsmanna, heilla landshluta, þegar við bætist hafís og samgönguleysi eftir öðrum leiðum á nokkrum stöðum, sérstaklega norðanlands, og valda margvíslegum truflunum á samgöngum til Norðurlanda og Bretlands. Þetta mál kom, að mig minnir, fyrir tveimur mánuðum til umr. hér á þingi, og þá lýsti hæstv. félmrh. yfir að skipuð yrði sáttanefnd til að reyna að leysa þessa deilu. Við alþm. höfum lesið í blöðum og heyrt í ríkisfjölmiðlum að þessi sáttanefnd hafi starfað og m. a. borið fram eina sáttatillögu sem samþykkt var af flugmönnum, en hafnað af Flugleiðum. Sömuleiðis höfum við heyrt eftir félmrh., að hann telji að það eigi að bregðast við þessum vanda með því að stjórnvöld eða löggjafinn grípi inn í þessa deilu. Ég vil spyrjast fyrir um það hjá honum eða þá hæstv. samgrh., hvort ríkisstj. hafi hér uppi einhver ákveðin áform og þá hver þau áform eru og hvenær megi búast við að ríkisstj. láti til skarar skríða í þessari deilu, því að á því er brýn nauðsyn að þessi deila verði til lykta leidd.

Ég ætla ekki að taka hér neina efnislega afstöðu til þessara mála, ég hef ekki kunnugleika á því, en veit að ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. félmrh. og hæstv. samgrh. hljóta að hafa fylgst svo vel með þessari deilu að það væri bæði fróðlegt og nauðsynlegt fyrir okkur alþm. og þjóðina alla að fá að heyra hver áform eru til lausnar þessu brýna vandamáli.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Svo sem hv. þm. er kunnugt er deila félagsmanna Félags ísl. atvinnuflugmanna við stjórn Flugleiða hf. þegar orðin langvarandi, enda hefur sáttanefnd sú, sem ég skipaði

samkv. 3. gr. laga nr. 33 frá 1978, starfað ósleitilega frá 18. jan. s. l. og nánast fram á þennan dag og hefur haldið 46 formlega fundi. Ítrekaðar tilraunir hafa verið gerðar til þess að ná sáttum og hafa ekki færri en þrjár miðlunartillögur verið lagðar fram formlega og gengið til atkvgr. hjá deiluaðilum, auk fjölda óformlegra viðræðufunda sem sáttanefndin hefur átt með þeim.

Ég hef áður svarað hér í þinginu fsp. vegna þessarar deilu og gerði þá grein fyrir því, að hún er á ýmsan hátt frábrugðin venjulegum kjaradeilum. Nær sú sérstaða bæði til deiluaðila og deiluefnisins og skal ekki frekar út í það farið að sinni.

Þrátt fyrir allt hafa enn ekki hlotist mjög tilfinnanlegar truflanir af völdum deilunnar þótt margir hafi orðið fyrir óþægindum, enda hafa forráðamenn Félags ísl. atvinnuflugmanna ætíð tekið því af velvild og skilningi að fresta aðgerðum á meðan reynt er að leita sátta.

Nú er hins vegar svo komið, að frekari sáttatilraunir eru bersýnilega tilgangslausar. Tvær miðlunartillögur voru felldar af báðum deiluaðilum, en þriðja tillagan, sem gekk mjög langt til móts við kröfur flugmanna, var samþ. af félagi þeirra, en kolfelld af stjórn Flugleiða hf. Var sú tillaga að mínu mati haldin þeim ágalla að fjalla aðeins um launaþátt deilunnar, en ekki um aðrar hliðar hennar, sem þó má ætla að séu forsenda þess að frambúðarlausn geti fengist á flugrekstrarstarfsemi Flugleiða hf. Hafði sáttanefndinni virst að vilji væri til þess af hálfu beggja aðila að samþykkja slíka tímabundna lausn deilumálsins, en sú varð hins vegar ekki raunin þegar á hólminn kom.

Ég hef ekki farið dult með það álit mitt, að skásta lausnin hefði verið sú að lögfesta miðlunartillögu nr. 2. Hafði ég reyndar gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að það væri unnt, en um það varð ekki samstaða í ríkisstj. Ríkisstj. taldi rétt að halda áfram að gera sáttatilraunir, taldi rétt að allt yrði gert til þess að ná sáttum áður en til lagasetningar kæmi. Sáttatillaga nr. 2 fól í sér launajöfnun í áföngum og ákveðna tilhögun á sameiningu starfsaldurslista félaganna.

Nú er sú staða komin upp í þessu máli, að boðaðar aðgerðir flugmanna munu að verulegu leyti lama þessa bráðnauðsynlegu þjónustustarfsemi og bitna á fjölda manns, og ekki bæta úr skák, eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á, þeir erfiðleikar sem fyrir eru víða um land vegna hafíssins. Enn fremur má minnast á skólanemendur í heimavistarskólum víða um land sem ekki komast heim til sín í páskafríinu ef svo heldur fram sem horfir. Er vart þörf á að fjölyrða um nauðsyn þess að koma í veg fyrir að flugrekstri, þörfum almennings og atvinnu fjölda manns sé þannig stefnt í tvísýnu. Er í því sambandi rétt að hafa í huga að í sumum landshlutum er flugið nánast eini möguleiki fólks til þess að komast leiðar sinnar um þetta leyti árs. Fyrirsjáanlegt óhagræði vegna aðgerða flugmanna er auðvitað tvöfalt um þá miklu ferðahelgi sem nú fer í garð.

Af þessum sökum lagði ég til á fundi ríkisstj. í morgun að sett verði lög, sem m. a. fela í sér frestun hvers kyns verkfallsaðgerða fram yfir næstu áramót, nema aðilar nái samkomulagi áður. Tillagan fékk ekki fullnaðarafgreiðslu og bíður því næsta fundar ríkisstj.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. þau svör sem hann gaf. Hins vegar er ég mjög óánægður með að ríkisstj. skuli fresta máli eins og þessu eftir allan þann langa aðdraganda sem hún hefur haft og sérstaklega með tilliti til þess, sem hæstv. félmrh. sagði, að hann teldi að það væri ekki grundvöllur til þess að ná samkomulagi á milli þessara aðila sem væru búnir að deila þessa mánuði. Hið alvarlega ástand, sem fram undan er í samgöngumálum, gerir það að verkum að það hlýtur að vera krafa þjóðarinnar til ríkisstj., að hún hafi markað stefnu hvernig hún ætli að leysa þessa deilu. Og ég tek undir það og geri það að kröfu minni til ríkisstj., að það liggi fyrir, áður en Alþ. fer í páskaleyfi, hvað hún hyggist fyrir til að leysa þessa deilu sem getur ekki beðið öllu lengur að leyst verði.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég sé að mál það, sem hér er til umr., er of merkilegt til þess að tími sé gefinn til þess í Sþ. að það sé rætt. Hins vegar virðist stundum sem hæstv. forseti sé örlátur á tíma þegar hin ómerkilegustu mál eru til umr. utan dagskrár, ekki síst ef hv. 7. þm. Reykv. á í hlut.

Ég vil aðeins segja út af þessu á þeim tveim mínútum, sem ég hef til umráða, það eitt, að ég kann ekki við það, þegar fsp. af þessu tagi er borin fram af hv. 1. þm. Vestf. í þessu mjög svo þýðingarmikla máli, að ekki heyrist eitt einasta orð frá hæstv. samgrh. um þetta mál. Ég óska eindregið eftir því, að það komi fram í sambandi við þessar umr. hver sé skoðun hans á málinu. Þessi deila heyrir undir hans rn. og það er ástæða til þess að hann skýri frá því, hvaða augum hann lítur á þetta mál. Hann hefur tekið að sér þetta ráðherraembætti og getur ekki skotið sér undan þeirri ábyrgð sem því fylgir. Þess vegna beini ég þeirri fsp. til hans, hverjar hugrenningar hans séu í þessu efni og hvaða lausn hann telji helst koma til greina á þessu máli.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því — og væri ástæða til verulegra umr. um launamálin almennt — að Farmanna- og fiskimannasambandið hefur nú sett fram kröfur um mjög verulegar hækkanir á grunnkaupi fyrir utan sérkröfur, þannig að þegar allt er talið er jafnvel talað um að þær kröfur séu frá 80% og upp í 110% með sérkröfunum. Væri kannske ástæða til að spyrja hæstv. ríkisstj., hvort þær kröfur séu í samræmi við stefnu hennar í kjaramálum, og einnig um hitt, hvort til greina komi, ef slíkar kaupkröfur yrðu að veruleika, að hún grípi þar inn í. M. ö. o.: Hver er stefna hæstv. ríkisstj. í launamálum út þetta ár? Það er yfirlýst stefna hennar að reyna að halda grunnkaupshækkunum niðri. Frv. liggur fyrir í Ed. um að taka slíka grunnkaupshækkanir af opinberum starfsmönnum, bankamönnum og blaðamönnum. Hver er hugmynd ríkisstj. gagnvart öðrum stéttum í því efni? Á að leyfa öðrum stéttum að hrifsa til sín svo og svo miklar grunnkaupshækkanir af því að þær eru í þýðingarmeiri störfum, ef svo má segja, heldur en þessar og geta betur beitt verkfallsvopninu? Er engin samræmd stefna í þessum málum hjá hæstv. ríkisstj.?

Ég skal ljúka máli mínu, en ég sakna þess að geta ekki haft ræðu mína fyllri, því að ég tel að þetta sé hið merkasta mál, en hugga mig við að það verður tekið til umr. í Nd. á morgun.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur óskað eftir því að ég gefi skýrlsu um hugrenningar mínar. Hér var borin fram fsp. til ríkisstj. sem varðaði verkföll og vinnudeilu. Eins og hv. þm. munu allir vita heyra lög um verkföll og vinnudeilur

undir hæstv. félmrh. og það er því fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt að hann verði fyrir svörum af hálfu ríkisstj. í þessu máli. Hann hefur gefið það svar, að málið sé til umr. innan ríkisstj. og verði tekið fyrir á næsta fundi.

Vegna þrábeiðni hv. þm. um að ég gefi skýrslu um hugrenningar mínar í þessu máli, sem ég að vísu hef enga skyldu til að gera, vil ég taka það fram, að ég hef talið harla óskynsamlegt ef Alþ. færi að lögfesta ákveðna kauphækkun til flugmanna, t. d. með lögfestingu einnar af þeim sáttatillögum sem fram hafa verið bornar í þessu máli. Ég hefði ekki talið og síst af öllu með hliðsjón af öllum aðstæðum í þjóðfélagi okkar nú og með hliðsjón af ástandi á vinnumarkaði, að það sé hægt að verja slíka gerð á einn eða neinn hátt. Hins vegar er mér alveg jafnljóst og hv. þm., að það er mjög alvarlegt ástand að skapast í samgöngumálum og því alveg ljóst að hér er á ferðinni vandi sem ríkisstj. verður að taka föstum tökum. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja að öðru leyti þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál af minni hálfu eða annarra, og vil bíða þess að ríkisstj. fjalli um það á næsta fundi sínum.

Stefnumörkun í menningarmálum, fsp. (þskj. 341). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 341 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Er þess að vænta, að menntmrn. beiti sér fyrir opinberri stefnumörkun í menningarmálum svo sem víðast er gert í okkar nágrannalöndum?"

Fsp. þessi er fram borin að beiðni ýmissa þeirra aðila er við menningarmál fást, einkum úti á landsbyggðinni, þar sem menn álíta að einhvers konar stefnumörkun í þessum mikilvæga málaflokki gæti eflt og stutt menningarviðleitni ýmiss konar, veitt henni lið með að leggja ákveðna grundvallarlínu án þess þó að um nokkra einstefnu væri að ræða. Sama er að segja um ýmsa þá, er fást við þessi mál á ráðuneytisgrundvelli, að þeim þykir hér nokkuð á skorta, m. a. gagnvart fjárveitingavaldi og eins varðandi hin einstöku sveitarfélög.

Á árinu 1977 var gerð á því nokkur könnun, hver í samlög okkar til eiginlegra menningarmála væru í raun, og tekinn inn í þá mynd samanburður við nágranna okkar. Hlutur okkar var þar vægast sagt ekki góður, allra síst hvað snertir stuðning við hina frjálsu félagastarfsemi, enda mála sannast að þar eru mikil verkefni ónunnin. Þessi niðurstaða skaut nokkuð skökku við þá yfirborðskenndu fullyrðingu, að við eyðum jafnvel of miklu til þessa þáttar. Ég gæti hér og nú vitnað til nágranna okkar sem gert hafa veruleg átök á þessu sviði. Danir hafa gert sérstaka samhæfða ályktun um menningarstefnu, þar sem höfuðáhersla er lögð á rétt sem allra flestra menningarþátta til að þróast eðlilega og einkum og sér í lagi að skapa sem flestum tækifæri til eigin menningarsköpunar í stað þess að vera neytendur eingöngu. Þrátt fyrir mikla og góða viðleitni margra erum við hér í nokkurri hættu, að fólk vilji í ríkari mæli vera þiggjendur menningar eingöngu í stað eðlilegrar eigin viðleitni til menningartúlkunar á hinum ýmsu sviðum.

Ég gæti vitnað í viðamikla sænska skýrslu, þar sem höfuðáhersla er lögð á samtengingu fyrri arfleiðar og nýsköpunar í menningarmálum og ekki síður það, að menningunni væru búin sem þroskavænlegust skilyrði sem allra víðast um landið, ekki síst í hinum dreifðari og fámennari byggðum. Ekki síst mætti vitna til ráðstefnu í Osló 1976, þar sem menntmrh. hinna ýmsu Evrópulanda báru saman bækur sínar og sendu frá sér merkar yfirlýsingar, m. a. um menningarlegt lýðræði án of mikillar miðstýringar, skyldu stjórnvalda til að taka á þessum málum á hverjum tíma með það að leiðarljósi að auka tjáningarmöguleika æ fleiri og samhæfa menningarstefnuna í hverju landi almennri menntastefnu, umhverfisaðstæðum, þjóðfélagslegum aðstæðum, þar sem m. a. var lögð rík áhersla á nýtingu frítíma fólks til menningarlegrar tjáningar ekki síður en menningarneyslu. Merkasta niðurstaðan var máske sú, að hin svokölluðu æðri menningarsvið ættu ekki að hafa forgang í stuðningi hins opinbera, heldur enn frekar jafnvel að fá fólk sem víðast sem beina þátttakendur í skapandi menningarlífi, veita þar aðstoð sem mest hætta væri á menningarlegri einangrun, skapa þannig aukna breidd, aukinn margbreytileika í menningarlífinu almennt.

Margt af þessu á við um okkur. Stefnumótun að vissu marki gæti hvort tveggja verið örvandi og leiðbeinandi og gæfi vissa viðspyrnu t. d. gagnvart fjárveitingavaldi, svo sem raunar er í ýmiss konar lagaformi okkar í dag. — Af þessum og fleiri ástæðum er um þetta mál spurt.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Spurt er hvort þess sé að vænta, að menntmrn. beiti sér fyrir opinberri stefnumörkun í menningarmálum svo sem víðast er gert í nágrannalöndum okkar. Áður en ég vík að því að svara þessari fsp. er rétt að hugleiða hvað sé átt við með því hugtaki sem fram kemur í fsp., þ. e. a. s. opinberri stefnumörkun í menningarmálum eða stefnu í menningarmálum. Ég hef nefnilega orðið var við það, að nokkurs misskilnings virðist stundum gæta þegar þetta hugtak ber á góma, en þessi misskilningur stafar vafalaust af því, að hugtakið hefur ekki sérlega mikið verið notað hér á landi og e. t. v. ekki unnið sér sess í íslensku máli enn sem komið er. En óneitanlega ber nokkuð á því að þessu hugtaki sé ruglað saman við flokkspólitískar stefnur eða jafnvel halda menn á stundum að átt sé við einhverjar ákveðnar stefnur í listum, t. d. í bókmenntum eða myndlist.

Hugtakið stefna í menningarmálum er einfaldlega þýðing á hugtakinu cultural police á ensku eða kulturpolitik á skandinavísku. Engin algild skilgreining mun vera til á því. En það, sem átt er við, er að af opinberri hálfu sé gerð úttekt á fjárveitingu ríkis og sveitarfélaga og síðan sé leitast við að gera áætlun um fjárveitingar til hinna ýmsu menningarstofnana og listgreina samkv. forgangsröðun með hliðsjón af slíkri úttekt, og væntanlega kemur þá í ljós, hvaða listgreinar eða menningarstofnanir virðast bera skarðan hlut frá borði miðað við aðrar. Þetta er sem sagt aðalinntak svonefndrar stefnumörkunar í menningarmálum, en oftlega kemur einnig til viðleitni til að menningarstarfsemin nái meir til almennings og viðleitni til að forðast miðstýringu í menningarmálum, en stuðla fremur að aukningu valddreifingar, t. d. til sveitarfélaga og til frjálsra félagasamtaka.

Svo að vikið sé að efni þessarar fsp., þá mun rétt vera, að opinber stefnumörkun í menningarmálum í þessum framangreinda skilningi tíðkist víðast hvar í nálægum löndum. Þessi stefnumörkun hér á landi hefur fyrst og fremst birst í fjárveitingu til menningarmála í fjárl. og

stjórnvaldsframkvæmd ýmiss konar, en ekki hefur verið um formlega stefnumörkun að ræða að öðru leyti. Þetta mál hefur að sjálfsögðu borið á góma í menntmrn., en eigi er því að leyna, að opinber stefnumörkun hlyti óhjákvæmilega að leiða af sér auknar fjárveitingar til menningarmála, þótt væntanlega gæti slík stefnumörkun líka leitt til nokkurrar hagræðingar og sparnaðar á vissum sviðum.

Ég vil vekja á því athygli í þessu sambandi, að á undanförnum árum hefur sá háttur verið á hafður við undirbúning fjárlaga, að till. menntmrn. um hækkuð framlög til menningarmála hafa nær ævinlega verið skornar niður í fjárlaga- og hagsýslustofnuninni, niður í sömu upphæð og verið hafði í fjárlögum árið áður. Þetta hefur verið nánast regla og þessari reglu virðist hafa verið fylgt með þeim rökum, að skynsamlegt sé að láta alþm. það eftir að slást um hvaða upphæðir skuli renna til menningarmála. Þegar slíkur háttur er á hafður ár eftir ár hlýtur afleiðingin að verða sú, að fjárveitingar til menningarmála verða nokkuð tilviljunarkenndar, einfaldlega vegna þess að komið er í veg fyrir það árum saman að menntmrn. geti haft uppi ákveðna stefnumörkun á þessu sviði. Ég held sem sagt, að það sé til lítils að tala um opinbera stefnumótun í menningarmálum meðan þessi háttur er hafður á við undirbúning fjárlaga. Ég tel hins vegar að hyggilegt væri að fela hópi manna að fjalla um opinberan stuðning við menningarmál og gera tillögur til úrbóta, og það er nú í undirbúningi innan menntmrn.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. þessi svör. Ég geri mér ljósa þá annmarka sem á þessu kunna að vera, og ég get tekið undir það með hæstv. ráðh., að vitanlega er til lítils að koma á fót slíkri opinberri stefnumörkun ef það viðgengst, sem hefur verið á undanförnum árum, að þau framlög, sem menntmrn. hefur lagt til, eru fyrir fram skorin niður af þeirri stofnun sem fæst við þessar fjárveitingar áður en fjvn. sjálf fær þetta til meðferðar. Mín hugsun varðandi fjárveitingar í sambandi við þessa stenfumörkun var einmitt að snúa þeirri þróun við, að það væri ekki lengur kleift eða a. m. k. ekki eins auðvelt fyrir þessa annars ágætu stofnun að skera þessi framlög jafnharkalega niður og raun ber vitni og láta okkur svo um það í fjvn., sem þar störfum hverju sinni, að reyna að tosa þessum upphæðum eitthvað upp, eins og hefur þó verið reynt að gera með misjöfnum árangri.

Ég veit að það er vissulega þungt undir fæti í sambandi við allar breytingar á fjárlagafrv., og þetta viðgengst ár eftir ár, að þessar upphæðir eru hafðar óbreyttar frá síðasta ári. Hér er auðvitað um miklu erfiðari og þyngri róður að ræða varðandi þennan málaflokk en ýmsa aðra málaflokka sem koma frá fjárlaga- og hagsýslustofnun með eðlilegri hækkun, og í því liggur einmitt vandi okkar, sem störfum í fjvn., að ná þessu þar upp. Sá vandi er vissulega mikill og ég dreg ekkert úr að þar hefur oft orðið að berjast harðri baráttu af mjög eðlilegum ástæðum. Ef um viss forgangsverkefni væri að ræða, t. d. í þessu efni varðandi frjálsa félagastarfsemi, þar sem lögð væri viss áhersla á hana í slíkri stefnumörkun, þá lít ég að róður okkar gæti t. d. í þessum efnum orðið léttari. Ég veit að við eigum ýmis lagafyrirmæli hér um, en þau eru enn þá skýrari varðandi hin opinberu menningarsvið, og þar er fjárlaga- og hagsýslustofnun ekki heldur með þennan niðurskurð. Hún er ekki að skera niður Þjóðleikhúsið og láta það hafa óbreytt framlag frá síðasta ári þegar fjárlagafrv. er lagt fram, svo að ég nefni eitt dæmi, eða Sinfóníuhljómsveit eða eitthvað því um líkt, sem ég er síst að gera lítið úr, á meðan hún sker niður t. d. alla frjálsa félagastarfsemi. Ekki er síður nauðsynlegt að gera sér glögga grein fyrir ástandi hinna ýmsu þátta í þessu máli og hverjir það eru í hinni frjálsu félagastarfsemi sem eru verst á vegi staddir og þurfa á mestum stuðningi að halda og gætu þá komið inn í þessa stefnumörkun.

Ég vona að sá starfshópur, sem hæstv. ráðh. gat um, komist að jákvæðri niðurstöðu í þessu efni. Ég hef hér sérstaklega í huga, eins og ég sagði áðan, hina ýmsu áhugastarfsemi í menningarmálum, hin á sér sterkari lagaaðstoð, að við reynum að fá þar sem mesta viðspyrnu til þess að efla þessa starfsemi alveg sérstaklega úti um land.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda, að framlög til menningarmála voru mjög skorin niður við trog í síðustu fjárl. og lítill skilningur á því hjá hæstv. ríkisstj. að reyna að halda þar í horfinu. Og ég hef ekki orðið var við að góðs sé að vænta úr þeirri átt í neinum meiri háttar málum og býst ekki við að þar sé neitt bjartara fram undan, miðað við það hvernig málarekstur hefur verið. Verður skemmtilegt að fylgjast með því, hver framvindan verður í sambandi við næstu fjárlög, en það var næsta smánarlegt sem varið var til menningarmála á núgildandi fjárlögum.

Hins vegar sagði hæstv. ráðh. annað sem væri fróðlegt að fá frekari upplýsingar um. Hann sagði að það væri í athugun hjá menntmrn. að fela einhverjum hópi að undirbúa fjárveitingar til menningarmála eða eitthvað í þá áttina, ég náði ekki alveg orðalaginu, en þætti fróðlegt að fá frekari upplýsingar um hvað hann hefur í huga í því sambandi.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Oft hefur verið rætt um nauðsyn þess að móta svokallaða menningarstefnu. Þegar ég starfaði í menntmrn. gerði ég tilraun til að láta kanna og taka saman fjárhagslegan stuðning við hinnar ýmsu listgreinar og einstaka þætti menningarmála, annað en skólamál, en því miður fór sú hópvinna algerlega út um þúfur. Var það miður, því að það hefði getað orðið grundvöllur að nánari skoðun á þessum málum.

Fjvn. hefur skipt sér í starfshópa að nokkru leyti á meðan fjárlög eru undirbúin og sérstakir hópar unnið t. d. að hafnarmálum, skólamálum o. s. frv. Ég átti einu sinni sæti í fjvn. fá ár, og þá var því hreyft stundum að fjvn. setti sérstaka undirnefnd í menntamálin, en ekki varð af því þá. Ég held að nú hafi það verið gert og er það mjög til bóta, að ég tel.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það er venja að við gerð fjárlagafrv. eru yfirleitt ekki teknar inn breytingar á smærri liðum, hvort sem er til menningarmála eða annarra mála, ýmsum styrkjaliðum og ýmsum slíkum smærri liðum, þar sem ekki er um að ræða beint fyrirtæki sem rekin eru af ríkissjóði, heldur er ætlast til að þær breytingar séu gerðar á Alþingi. Síðan er venjan að það er leitast við af hálfu stjórnvalda að setja fjvn. þröngar skorður hverju sinni, svo að mjög er erfitt að hreyfa þetta þegar þar að kemur. Þetta kannast ég við bæði sem fjvn.-maður og við starf í menntmrn. Ég held að það væri mjög æskilegt að breyta þessu. Fjvn. metur að sjálfsögðu þarfir ríkisfyrirtækjanna, í menningar-

málum sem annars staðar, Þjóðleikhúss, Sinfóníuhljómsveitar o. s. frv.

Hv. síðasti ræðumaður varð að minnast á að það væri lítils góðs að vænta af núv. stjórn í þessum málum. Ég gat ekki annað en brosað að því. Mér fannst ekki létt undir fæti með þetta meðan ég sat í menntmrn., og þannig held ég að þetta hafi verið allar götur, því að þegar ég lét gera lista yfir fjárveitingar til hinna ýmsu svokölluðu menningarmála, margs konar styrktarstarfsemi nokkuð mörg ár, þá kom í ljós að það var ákaflega mikið um að fjárveitingar stæðu óbreyttar árum saman, jafnvel í krónutölu og jafnvel upp í áratug. Slíkt er ekki nýtt. Hins vegar held ég að það sé alltaf smátt og smátt verið að auka fjárhagslegan stuðningi við ýmsa slíka starfsemi.

Ég hef stundum sagt það, bæði í gamni og alvöru, að ekki væri brýn þörf á því fyrir okkur að móta þarna sérstaka stefnu — við hefðum stefnu. Stefnan væri sú að ríkisvaldið vildi styðja og styrkja hina frjálsu menningarstarfsemi og iðkun fagurra lista, en ekki stjórna henni. Það væri stefna okkar Íslendinga að styrkja þess háttar störf, en ekki að taka þar upp harða stjórn. Ég held að það sé nú meginstefnan. Ég held að það væri mjög æskilegt, að það væri skipulagðar betur en nú er og auðvitað aukinn, en fyrst og fremst skipulagðar betur en nú er sá takmarkaði stuðningur sem hið opinbera veitir hinum ýmsu listgreinum og ýmsum þáttum menningarmála og ekki síst áhugastarfi margs konar sem unnið er í þessum efnum víðs vegar um landið. Þannig held ég að þessi fsp. sé þörf og veki athygli á máli sem nauðsynlegt er að taka á, og ég veit raunar að allir hv. alþm. vilja styðja sér hverja hæstv. ríkisstj. til góðra verka á þessu sviði.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þar sem verið er að ræða hér um menningarmál langar mig til að víkja örlítið að einum þætti þeirra mála, sem reyndar hefur verið til umr. fyrr á þinginu og ástæða er til að ítreka fsp. til ráðh. um, enda á hæstv. ráðh. eftir að svara ýmsu því sem fram hefur komið, en það er varðandi útvarp og sjónvarp og stöðu þessara fjölmiðla, sem eru stuðningsmiðlar við menningu og mennt í landinu.

Ég vil rifja það upp, að á sínum tíma störfuðu tveir menn, Andrés Björnsson útvarpsstjóri og Andri Ísaksson starfsmaður í menntmrn., að því að útbúa hugmyndir um hvernig sjónvarp og útvarp gætu komið að sem mestu gagni við að miðla menntun til landsmanna. Það skal tekið fram, sem er augljóst, að þessi miðill hefur það umfram alla aðra að ná til allra landsmanna jafnt, og þess vegna er sjálfsagt að nota hann í því skyni að koma ákveðinni stefnu til skila. Þá á ég ekki við flokksbundna stefnu á neinn hátt, heldur það sem kallað er „kulturpolitik", stefnu sem þingið markaði hverju sinni með sínum fjárveitingum. Mig langar til þess að heyra hæstv. ráðh. örlítið víkja að þessu, og þá leyfi ég mér að nota orðalag, sem hefur verið notað fyrr á fundinum, að það væri ástæða til að spyrja um hugrenningar hans í þessu sambandi, ef einhverjar eru, því að ég efast um að málin séu komin á framkvæmdastig.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Í lok ræðu sinnar sagði hæstv. menntmrh. að til stæði að skipa sérstakan hóp, að mér skildist helst innan menntmrn., til þess að undirbúa fjárveitingar til menningarmála. Ég vil leyfa mér að gefa hæstv. menntmrh. eitt ráð, og ég sé ekki að það komi neitt því máli við hvort maður telur þessa hæstv. ríkisstj. líklega til góðra verka eða ekki, ég held að henni veiti ekkert af góðum ráðum. Það ráð er þetta:

Í Alþ. starfa tvær menntmn. Það er skoðun mín að þær n. ættu að vera virkari við undirbúning fjárl. en þær eru. Ég held að það væri hægt að virkja menntmn. í þessu tilliti án þess að setja á laggirnar nýja n. sem mundi vafalaust kosta ærið fé. Það mundi líka tengja betur menntmrn. og Alþ., kynna þm. betur það sem fram fer innan veggja menntmrn., svo að ég nefni einungis nokkra kosti sem ég tel að þessari hugmynd fylgi.

Í stuttu máli: Það, sem fyrir mér vakir, er að það sé rétt á þessu sviði sem öðrum að gera sjálft Alþ., fjárveitingavaldið í landinu, virkara við undirbúning fjárl. en nú er.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það er vissulega tilbreyting að ræða menningarmál á hinu háa Alþ. Það gerist því miður allt of sjaldan. Og nú gefst ekki tími í fsp.-tíma til að gera neina allsherjarúttekt á því stóra máli sem hér er til umr.

Ég er fyllilega sammála hv. fyrirspyrjanda, 3. þm. Austurl., um að opinberrar stefnumörkunar sé þörf, og eins og hann bind ég vonir við að auðveldara verði að fá auknar fjárveitingar til menningarmála á grundvelli slíkrar stefnumörkunar. Ég held að slík stefnumörkun hljóti að veita alþm. betri yfirsýn yfir þörfina á fjármagni og hvert því skuli stefnt. Stuðningur við menningarmál hlýtur að vera betur skipulagður og ekki eins handahófskenndur ef gerð er allsherjarúttekt og könnun í þessum efnum.

Í þessu sambandi þarf auðvitað að gera ítarlega úttekt á ástandinu eins og það er. Þess vegna þótti mér fróðlegt að hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson talaði áðan og skýrði frá n. sem átti að gera úttekt á ríkisstuðningi eða ríkisframlagi til hinna mismunandi listgreina. Mér leikur nokkur forvitni á að vita hvað hefur orðið af starfi þessarar n., en því miður fengum við ekki þær upplýsingar í ræðu hæstv. fyrrv. menntmrh., aðrar en þær, að það starf hefði dottið upp fyrir. (**VH:** Það varð ekkert úr þessari n.) Var ekkert unnið að þessu? (**VH:** Nei) Þá er enn meiri þörf á að fara að hefjast handa og vinna að þessu svo að gagni komi.

Sannleikurinn er sá, að Alþ. hefur trúlega aldrei veitt nægilegt fjármagn til menningarmála og við erum þar, því miður, langt á eftir þeim þjóðum sem við viljum telja okkur skyldar í menningarlegum efnum, skilja þann nauðsynlega þátt sem menningarstarf og listsköpun er — þann stóra þátt sem það og skipar í þjóðlífi öllu.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal ruglaðist nokkuð í ríminu þegar hann vitnaði til orða minna áðan. Hann hafði það eftir mér, að fjárveitingar til menntamála væru á þessu ári óvenjulega rýrar, en það var þó alls ekki það sem ég sagði. Ég var fyrst og fremst að ræða um meðferð á fjárlagatill. menntmrn. og það hefði tíðkast á undanförnum árum að skera þær niður í sömu fjárlagatölu og hafði verið árið áður, áður en fjárlög væru lögð fram í frv.-formi í þingi. En síðan hafa tölurnar auðvitað verið hækkaðar verulega við sjálfa fjárlagameðferðina í þinginu, og það hefur fallið í skaut Alþ. að ákveða þessar upphæðir án þess að einn eða neinn aðili gerði þar till. um. Það var þessi meðferð málsins sem ég var að gagnrýna. Ég held að fjárveitingar til menntamála á þessu ári séu alls ekkert

rýrari en verið hefur, og ég gæti vissulega nefnt dæmi þess, að um verulega aukningu er að ræða á fjárveitingum til menntamála. T. d. er það staðreynd, að fjárveitingar til leiklistarstarfsemi áhugamanna eru hlutfallslega hærri nú á þessu ári en verið hefur um nokkurra ára skeið, þó að þær séu hins vegar allt of lágar og hafi verið hlutfallslega hærri ef farið er talsvert mörg ár aftur í tímann.

Ég held satt best að segja að róðurinn hvað snertir fjárveitingar til menntamála hafi stundum verið talsvert þyngri en hann var við seinustu fjárlagaafgreiðslu. Það held ég að þeir þekki sem með þau mál hafa haft að gera, enda kom það ljóslega fram í máli fyrrv. menntmrh., hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar, að stundum hefði verið harðsótt að ná fram eðlilegum fjárveitingum þegar flokkur hans átti samstarf við flokk hv. þm. Halldórs Blöndals.

Í öðru lagi spurðist hann fyrir um það, hvort það væri rétt skilið að menntmrn. ætlaði að fela hópi manna að undirbúa tillögur um fjárveitingar til menntamála. Það var kannske ekki alveg rétt skilið. Ég sagði áðan að ég teldi rétt að skipa starfshóp til að gera úttekt á opinberum stuðningi til menningarmála og á grundvelli slíkrar skýrslu mundi síðan menntmrn. að sjálfsögðu undirbúa fjárlagatill. sínar. Hér væri einungis um að að ræða, að slíkur hópur gæfi rn. góð ráð. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir skaut því að áðan, að eðlilegra væri að gefa menntmn. Alþ. kost á að gegna þessu hlutverki. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ég hafði einmitt hugsað mér, að einhverjir úr menntmn. Alþ. ættu sæti í þessum starfshóp, og tel raunar sjálfsagt og eðlilegt að fulltrúar úr þeim n. séu hafðir með í ráðum. Ég get hins vegar ekki fallist á að það sé skynsamlegt að engir aðrir fjalli um þessi mál en þm. Ég held að brýn þörf sé á því, að utanþingsmenn, sem æðimargir hafa mikinn áhuga á menningarmálum, séu kvaddir til og beðnir að gefa góð ráð, og að eðlilegt sé að reynt sé að mynda starfshóp á sem breiðustum grundvelli.

Loks var hér spurt um fullorðinsfræðslu í útvarpi og sjónvarpi. Það var hv. 5. landsk. þm., Friðrik Sophusson, sem óskaði eftir hugrenningum mínum um það efni. Þessi mál hafa verið til umr. í heilan áratug, og vissulega hefur lítið gerst sem flokkast getur undir framfarir varðandi aukna fræðslustarfsemi útvarps og sjónvarps. Á sínum tíma skipaði þáv. menntmrh. sérstaka n., sem átti að gera till. um aukna fræðslustarfsemi í útvarpi og sjónvarpi, en þessi n. mun hafa lognast út af og sofnað svefninum langa þegar fyrir nokkru og skilaði engri endanlegri niðurstöðu. Fyrrv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, skipaði n. í ágústmánuði s. l. sem átti að gera till. um aukna fullorðinsfræðslu almennt, þ. á m. í útvarpi og sjónvarpi, en þessi n. hefur enn ekki skilað störfum. Ég á von á, að þessi n. sendi frá sér nál. innan skamms, og vænti þess, að einhver hreyfing komist á þessi mál í kjölfar þess. Sjálfur hef ég mikinn áhuga á að útvarp og sjónvarp verði notað í stórauknum mæli til fræðslustarfsemi, en ég tel eðlilegt að bíða eftir niðurstöðum þessarar n. áður en frekari ákvarðanir eru teknar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er vissulega rétt hjá hæstv. menntmrh., að hv. 3. þm. Austurl., Helga Seljan, tókst að fá fram aukið fjármagn til áhugaleikfélaga og að því leyti voru hærri fjárveitingar en verið hefur, enda hefur hann verið mikill og ötull baráttumaður fyrir þeirri sveit listamanna. En að öðru leyti held ég að framlög til menningarmála hafi lækkað, án þess að ég hafi borið saman þar hvern lið, en um það sem ég man af því er þannig ástatt. En ég vek athygli á því og þakka hæstv. ráðh. þau svör sem hann gaf um þann hóp manna sem hann ætlar að mynda til þess að móta till. um framlög í fjárl. næsta árs í sambandi við menningarmál, að þar hyggst hann fara út fyrir menntmrn., að því er mér skilst, og sækja ráð eitthvað annað. Hygg ég að hann hafi þá í huga menningarvitana sína, sem eru þægir og góðir í taumi oft þegar kallað er, það eigi nú að kalla þá til ráða í þessu efni. Verð ég að segja eins og mér býr í brjósti, að ekki líst mér vel á þá ráðagerð og óttast mjög að þar verði ekki skynsamlega að farið ef þeirra ljós næði að skína gerst í þeirri nefnd.

Niðurfelling afnotagjalds af síma fyrir ellilífeyrisþega, fsp. (þskj. 390.) — Ein umr.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ástæðan fyrir þeirri fsp., sem hér liggur fyrir á þskj. 390, er sú, að fjöldi ellilífeyrisþega hefur tekið fréttir um niðurfellingu ársfjórðungsgjalda af síma á þann veg, að það gilti fyrir alla sem búa einir, enda tæpast hægt að taka þær öðruvísi, og ekki hefur rn. gert neitt til að leiðrétta þessar fréttir. Fsp. er á þessa leið:

„1. Hver er skýringin á því, að fjölmiðlar eru látnir telja fólki trú um að allir ellilífeyrisþegar eigi að fá eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma, þegar ráðh. hefur með reglugerð sjálfur stórlega takmarkað fjölda þessa fólks?

2. Eftir setningu umræddrar reglugerðar 7. des. 1978 óskar ráðh. eða póst- og símamálastjórnin eftir lista frá Tryggingastofnun ríkisins yfir elli- og örorkulífeyrisþega, er njóti óskertrar uppbótar á elli- og örorkulífeyri, og hefur að sjálfsögðu fengið hann. Póst- og símamálastofnunin notar síðan nafn Tryggingastofnunar ríkisins til afsökunar fyrir synjunum á slíkri eftirgjöf. — Hvers vegna er þessi háttur hafður á?

3. Leggur þessi deild póst- og símamálarn. það að jöfnu til útilokunar á eftirgjöf á fastagjaldi síma, hvort elli- og örorkulífeyrisþegar eru e. t. v. í fjárhagslega vanmegnugasta lífeyrissjóði eða þeim elsta og sterkasta?“

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Björnsson bar hér fram nokkrar fsp. varðandi niðurfellingu afnotagjalds af síma, og hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur nú komið fsp. á framfæri. Ég verð að játa að þessi fsp. er ærið óvenjuleg, vegna þess að þar er gefið í skyn að öðruvísi hafi verið haldið á málum en staðreynd er.

Í 1. lið fsp. segir: „Hver er skýringin á því, að fjölmiðlar eru látnir telja fólki trú um að allir ellilífeyrisþegar eigi að fá eftirgjöf af ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma, þegar ráðh. hefur með reglugerð sjálfur stórlega takmarkað fjölda þessa fólks?“

Mergurinn málsins er auðvitað einfaldlega sá, að fjölmiðlar hafa ekki verið látnir telja fólki trú um að allir ellilífeyrisþegar eigi að njóta þessara réttinda. Þvert á móti hefur það verið skýrt tekið fram frá upphafi og ég gæti vitnað m. a. í orð mín í útvarpsumr. í lok nóvembermánaðar, þar sem ég gerði fyrst grein fyrir þessum

áformum, að það væru ekki allir lífeyrisþegar sem ættu að njóta þessara réttinda, heldur einungis þeir sem uppfylltu ákveðin skilyrði. Ég hef beðið Póst- og símamálastofnunina að svara þessum fsp., og í svari við þessum 1. lið segir póst- og símamálastjóri:

„Í öllum upplýsingum, sem fjölmiðlar hafa fengið frá réttum stjórnvöldum, hefur það verið tekið skýrt fram, að eftirgjöf á föstu ársfjórðungsgjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega væri bundin því skilyrði, að viðkomandi njóti óskertrar tekjutryggingar og ekki búi aðrir í íbúðinni en fólk sem uppfylli sömu skilyrði, nema það væri innan tvítugs, einnig að ekki væri annar sími í viðkomandi íbúð. Fjölmiðlar hafa því ekki af réttum stjórnvöldum verið látnir telja fólki trú um annað en það sem framkvæma átti samkv. reglugerð."

Við þetta er engu að bæta öðru en því, að auðvitað geta síðan fjölmiðlar skýrt rangt frá, og það má vel vera að einhver dæmi séu þess, að fjölmiðlar hafi sagt þessa frétt án þess að láta þess getið hvaða skilyrðum eftirgjöfin var bundin.

Í 2. lið fsp. segir: „Eftir setningu umræddrar reglugerðar ... óskaði ráðh.... eftir lista frá Tryggingastofnun ríkisins yfir elli- og örorkulífeyrisþega, er njóti óskertrar uppbóta á elli- og örorkulífeyri, og hefur að sjálfsögðu fengið hann. Póst- og símamálastofnunin notar síðan nafn Tryggingastofnunar ríkisins til afsökunar fyrir synjunum á slíkri eftirgjöf. — Hvers vegna er þessi háttur hafður á?"

Vonandi skýrir það svar, sem ég hef þegar gefið, hvers vegna þessi háttur er á hafður. Það er miðað við að fólk njóti óskertrar tekjutryggingar, og samkv. reglugerð verður Póst- og símamálastofnunin að fá lista yfir þetta fólk frá Tryggingastofnun ríkisins. Í svari póst- og símamálastjórnar segir:

„Þegar um synjun er að ræða er þess getið í svarbréfi, hvers vegna synjað er, og veit þá viðkomandi strax hvað það er sem hann þarf að athuga, ef hann er ekki sáttur við úrskurðinn, í stað þess að byrja á því að spyrja Póst og síma. Er því hér um að ræða vinnusparnað, bæði fyrir viðkomandi einstakling og Póst- og símamálastofnunina, auk þess sem það er almenn kurteisi að fólk fái sem fyllstar upplýsingar í sambandi við afgreiðslu mála sinna."

3. spurningin er á þessa leið: „Leggur þessi deild póst- og símamálarn. það að jöfnu til útilokunar frá eftirgjöf á fastagjaldi síma, hvort elli- og örorkulífeyrisþegar eru e. t. v. í fjárhagslega vanmegnustasta lífeyrissjóði eða þeim elsta og sterkasta?"

Þessi spurning er gersamlega út í hött. Í svari Póst- og símamálastofnunar segir um þetta atriði:

„Stofnunin metur ekki hagi fólks utan þess ramma sem reglugerðin setur. Hafi viðkomandi ekki óskerta tekjutryggingu er búið að kveða upp úrskurð í því efni samkv. öðrum lögum og af öðrum aðila en Pósti og síma."

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Þessar undanþágur, sem hér eru ræddar, eru hliðstæðar þeim undanþágum sem hafa verið gefnar hjá Ríkisútvarpinu. Eftir að ég kynntist framkvæmd þeirra mála þar verð ég að segja það, að mér hefur orðið æ ljósara hvers konar óskapleg vandræðatilhögun þessar undanþágur eru. T. d. hjá útvarpinu var vitað um mörg einstök dæmi þar sem reynt var að komast fram hjá þessu í sambandi við uppbyggingu fjölskyldunnar og annað þess háttar, komast fram hjá því að greiða gjöldin og láta þau falla á ömmuna. Einhver kom beint til eins ágæts starfsmanns hjá útvarpinu að ráðgast um hvernig ætti að færa tæki yfir á ömmu sína, selja ömmu sinni tæki, svo að það væri pottþétt að hún yrði skráð fyrir því. Þetta er mesta vandræðamál. Auk þess finnst mér mjög óeðlilegt, að hinum og þessum stofnunum í þjóðfélaginu sé falið að hlaupa undir bagga við framfærslu þess fólks sem á erfiðast uppdráttar, t. d. Pósti og síma, Ríkisútvarpinu o. s. frv. Mér finnst þetta mjög óeðlilegt. Það gerir þetta líka óaðgengilegra í framkvæmd, að í þessum tilvikum báðum, ég held að það sé eins hjá Pósti og síma og hjá Ríkisútvarpinu, er það ein stofnun sem metur hvort á að veita undanþáguna, en önnur sem lætur í té greiðsluna án þess að hafa nokkur áhrif á matið. Þetta er ekki nógu gott. Þó finnst mér þetta ekki vera meginatriðið, heldur hitt, að með almannatryggingalögunum og öllu okkar almannatryggingakerfi er gert ráð fyrir að aldraðir, öryrkjar og aðrir, sem eru hjálparþurfi, eigi sinn tiltekna rétt sem þeir þurfi ekki að sækja eftir með umsóknum og fara bónarveg að. Þá var gamla sveitarstyrksfyrirkomulagið afnumið og átti að vera afnumið í eitt skipti fyrir öll. En nú er eiginlega vikið þarna út af leið og þessu fólki gert að fara að leita eftir sérstökum styrk og fá til þess ýmiss konar vottorð sem til þess þarf. Fólkið þarf sjálft að sækja um þetta og ganga í þetta. Það er oft tilviljunum bundið, hvort allir, sem eiga raunverulega rétt á þessu, hafi aðstöðu til að meta hvort það þýði fyrir þá að sækja um það.

Það, sem ég álít að eigi að gera, er einfaldlega að fella þessa styrki og þessar undanþágur niður og færa yfir á tryggingarnar að leysa þetta mál þannig að þessu fólki sé mögulegt að njóta símaþjónustu. Það var n. starfandi í þessu máli á vegum fyrrv. ríkisstj., en hún hafði ekki lokið störfum. Ég átti minn þátt í því, að sú n. var sett á laggirnar, og ég vil eindregið ráðleggja núv. hæstv. ríkisstj. að athuga vandlega hvort ekki yrði hægt að leysa málið á þennan hátt.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin, þó að ég hafi ekki verið alls kostar ánægður með þau. Það er eins og síðasti ræðumaður benti á, að þetta mál er á margan hátt vandræðamál. Gamla fólkið hefur trúað því, að allir ættu að fá þetta, og fjölmiðlar hafa sett málið þannig fram. Hvort sem ráðh. eða rn. hefur ætlast til að þeir gerðu það, þá hafa fjölmiðlar sett málið þannig fram að fólkið hefur trúað því, að allir ættu rétt á þessari eftirgjöf, og margur orðið fyrir feikilega miklum vonbrigðum þegar svar hefur komið um það, að viðkomandi njóti ekki óskertrar tekjutryggingar og eigi þess vegna ekki kost á þessari eftirgjöf.

Sá sem nýtur skertrar tekjutryggingar getur verið í afskaplega lélegum lífeyrissjóði, lífeyrissjóði sem greiðir aðeins örlítið til viðkomandi manns, og hann er settur þarna við sama borð og þeir sem njóta mikilla greiðslna úr verðtryggðum lífeyrissjóðum. Hlýtur því að vera um allverulega mismunun að ræða, og vil ég biðja ráðh. að athuga hvort ekki er hægt að breyta þessu á þann veg, að þeir, sem eru í veikustu lífeyrissjóðunum, megi njóta þessa á einhvern hátt eða a. m. k. fleiri en nú njóta.

Það væri líka gaman að vita hversu margir það eru sem njóta þessarar eftirgjafar af síma. Það hefur ekki komið fram, en það væri fróðlegt að fá að vita það. Þeir munu

vera fáir, ef þessum reglum er fylgt stranglega.

Ég get tekið undir þau orð sem hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson sagði hér áðan: Best er að hækka ellilífeyrinn það mikið að svona greiðslur þurfi ekki að koma til, því fólk þarf að sækja um þessa eftirgjöf, sem margur á erfitt með, lítur á þetta sem einhvers konar styrk. Vissulega kemur þetta til vegna þess að menn vilja gera betur við þá, sem einir eru, og jafnframt viðurkenna, að gömlu fólki er nauðsynlegt að hafa aðgang að síma. En þetta er kerfi sem er ekki gott og þarf tvímælalaust að lagfæra á þann hátt, að þeir, sem eru fjárhagslega illa staddir, geti notið þess, eða þá að hafa það þannig að ellilífeyririnn verði hækkaður.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hefur komið fram hér, að þetta er nokkurt vandamál. Það er vandamál vegna þess, að enda þótt ellitryggingar- og örorkubætur væru hækkaðar um þá upphæð sem nemur kostnaði við síma, þá er engin trygging fyrir að þetta fólk mundi fá sér síma, vegna þess að því fyndist örugglega það hafa nóg við peningana að gera. Þetta hefur verið reynt annars staðar. Síminn er hins vegar þessu fólki ekki einungis til þæginda, hann er mikið öryggisatriði. Það er eitt af vandamálum þessa aldurshóps að geta látið vita ef eitthvað ber út af. Þess vegna kemur fyrir alltaf öðru hvoru að fólk lætur ekki vita um sig, veikist eða jafnvel deyr án þess að hafa áður getað gert vart við hvað væri að ske. Síminn er nokkur leið til að bæta úr í þessu efni, og þess vegna er það þjóðfélagsins í raun og veru að reyna að sjá til þess, að þetta fólk hafi á einhvern hátt aðgang að síma. En það verður ekki gert, eins og ég sagði, með því að hækka tryggingabætur um nokkur þús. kr. á ári. Þar þarf annað og meira til.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að gefa mér tækifæri til að stíga hér í stólinn á undan honum. En í framhaldi af þeim hluta umr. um þetta mál, sem ég hef hlustað á, langar mig til að beina þeirri spurningu til hæstv. samgrh., til samanburðar við gamla fólkið, hverjir aðrir en ellilífeyrisþegar njóta þeirra hlunninda að hafa fría eða kostnaðarlitla síma-þjónustu? Ástæðan til þess, að ég spyr, er sú fullyrðing, sem ég hef heyrt, að gífurlega stór hópur starfsmanna Pósts og síma njóti þeirra sérréttinda sem hér er verið að fara fram á fyrir gamla fólkið.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég er ekki samþykkur þeim sjónarmiðum, sem komu fram hjá hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni, að eðlilegt sé að fella niður ákvæði af þessu tagi. Ég tel mjög eðlilegt að opinberar stofnanir séu látnar hlaupa undir bagga með öldruðu fólki og öðrum lífeyrisþegum, og ég held að það sé mjög eðlilegur þáttur í starfsemi þessara stofnana, bæði útvarpsins, símans og Strætisvagna Reykjavíkur, svo að enn eitt dæmi sé nefnt. Það eru allmörg dæmi um þetta í okkar kerfi, og ég held að það sé eðlilegur þáttur í starfsemi þessara stofnana að veittur sé annaðhvort verulegur afsláttur til ellilífeyrisþega ellegar gjald sé algerlega fellt niður. Ég tel það vera framfaraspor, að þessi ákvörðun var tekin varðandi elli- og örorkulífeyrisþega, enda þótt það verði að játast og eigi að vera öllum kunnugt, að þessi undanþága nær ekki nema til takmarkaðs hóps elli- og örorkulífeyrisþega.

Hér var spurt, hversu margir nytu þessa. Ég hygg að það sé of snemmt að segja til um það, vegna þess að þessi breytta tilhögun tók gildi um áramót og fólk hefur verið að notfæra sér þessi hlunnindi. Ég býst því við að enn sé ekki að marka neina tölu í þessu efni. En fyrir fram var áætlað að tala þeirra, sem þessa mundu njóta, væri milli 4 og 5 þúsund, og gert hefur verið ráð fyrir að viðbótarkostnaður Landssímans af þessum ástæðum muni nema um eða yfir 100 millj. kr. á ári, þannig að þarna er um mjög verulegan kostnaðarlið að ræða sem verður að berast uppi af öðrum notendum símans ef Alþingi veitir ekki sérstaka fjárveitingu í þessu skyni, sem ég persónulega tel eðlilegt og sjálfsagt. Vissulega er hægt að segja eins og hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson sagði áðan, að einfaldast sé að hækka lífeyrisgreiðslur til aldraðra og öryrkja sem þessu nemur þannig að ekki þurfi að leggja það á einstakar stofnanir að inna þessa þjónustu af hendi. En ég hef bara ekki trú á því, að þessar greiðslur verði hækkaðar sem þessu nemur. Ég held að það sé ekki nein trygging fyrir því, að greiðslur verði hækkaðar að sama skapi, og ég tel að það sé mjög mikilsverð búbót fyrir marga ellilífeyrisþega að njóta þessara hlunninda. Ég held að það sé í sjálfu sér ekkert við það að athuga að hafa það fyrirkomulag á sem nú er, enda þótt auðvitað sé alltaf einhver hætta á misnotkun á þessu sviði eins og öllum öðrum.

Ég vil láta það koma hér skýrt fram, að þessi ákvörðun, sem varðar símann, er fyrst og fremst hugsuð sem öryggismál og einmitt af þeirri ástæðu njóta ekki aðrir þessara hlunninda en þeir sem búa einir í íbúð og hafa ekki neinar aðrar tekjur en hina svonefndu tekjutryggingu. Ef ætti hins vegar að veita öllum ellilífeyrisþegum og öryrkjum þessa búbót í formi hækkaðra greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, þá yrði að sjálfsögðu um margfalda upphæð að ræða á við þá upphæð sem nú er varið til þessara mála frá Póst- og símamálastofnuninni.

Að lokum vil ég víkja að fsp. hv. 1. þm. Reykv., Alberts Guðmundssonar, sem spurðist fyrir um hverjir nytu þess að hafa frían síma. Ég verð að játa það, að ég er algerlega óviðbúinn að svara þessari spurningu. Ég hef engar upplýsingar í höndunum sem gera mér kleift að svara þessari fsp. eins og vera ber. Ég veit að það eru ýmsir sem njóta þessara hlunninda, þykist vita að meðal starfsmanna sé sá hópur nokkuð stór, en vil þó ekki fullyrða neitt um það. Eini hópurinn, sem ég veit með vissu að nýtur þessara réttinda, eru þm. og ráðh. En ef óskað er eftir að gefin verði nánari skýrsla um þetta, þá ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að koma þeim upplýsingum á framfæri skriflega til þm. ef fsp. berst um það.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason vék að því, að menn teldu nauðsynlegt að gera betur við þá t. d. í þessu tilviki sem búa einir sér. Það er auðvitað rétt og það er viðurkennt og ég tel það eðlilegt. En ég vil til viðbótar því, sem ég áðan sagði, benda á það, að nú þegar eru ýmis frávik frá almenna lífeyrinum, líka frá almennu tekjutryggingunni, í framkvæmd tryggingalaganna hjá Tryggingastofnuninni, þannig að greitt er mismunandi til lífeyrisþega eftir því, hvernig þeirra persónulegu kringumstæður eru. Þó að þetta væri fært yfir á tryggingarnar og næði ekki yfir alla línuna, heldur tiltekna aðila, þá væri þar ekki verið að taka upp nýtt í sjálfu sér, heldur er slík tilhögun þekkt. Þess vegna gæti einungis verið um hreina tilfærslu að

ræða hvað ríkið varðar, því að auðvitað er þetta allt eitt og sama og hér er um ríkisstofnanir að ræða.

Hv. þm. Oddur Ólafsson benti á það, að hækkun lífeyrisins væri ekki næg trygging fyrir því, að þeir fengju símann sem þyrftu að hafa hann t. d. öryggis vegna. Þetta er vafalaust alveg rétt hjá hv. þm., enda þekkir hann þessi mál ákaflega vel vegna starfa sinna. En ég hefði álitið að óreyndu a. m. k., að það mætti leysa einnig þetta atriði á vegum tryggingarnna með sérstökum ákvæðum.

Ég vil að endingu árétta það sem ég sagði, að það er margs konar misnotkun á undanþágum sem þessum. Ég þekki það mætavel hjá Ríkisútvarpinu, því að ég fylgdist með því sérstaklega, og það var fljótlega orðið hálfgert vandræðamál. Annars vegar er það, að til er fólk sem svona notar sér þetta og gengur of langt, og svo er aftur á hinn veginn hættan á því, þegar farið er að sækja um og afla sér vottorða og þess háttar, að fólk, sem ekki má sín í því pappírsflóði, verði út undan og njóti ekki réttindanna þótt það eigi kost á þeim. Þess vegna held ég að þetta ætti að athuga betur og sverfa agnúana af þessu fyrirkomulagi um leið og það væri fært yfir á tryggingarnar. Það mundu menn gera að vel athuguðu máli og í rólegheitum og á meðan nytu aldraðir og öryrkjar þeirra réttinda sem þeir hafa nú samkv. þessum undanþáguákvæðum.

Sameinað þing, 78. fundur.

Þriðjudaginn 3. apríl, að loknum 77. fundi.

Greiðsla orlofsfjár sveitafólks, þáltill. (þskj. 495). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Laxárvirkjun III, þáltill. (þskj. 496). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurskipan varnarmálanefndar, þáltill. (þskj. 352). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Niðurfelling leyfisgjalda af litlum bifreiðum, þáltill. (þskj. 395). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Heilbrigðisþjónusta, þáltill. (þskj. 417). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum, þáltill. (þskj. 448). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Áætlanagerð, þáltill. (þskj. 428). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Farstöðvar, þáltill. (þskj. 480). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Atvinnu- og efnahagsleg áhrif takmarkana á fiskveiðum, þáltill. (þskj. 335). — Frh. einnar umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Á þskj. 335 á ég þáltill. ásamt með nokkrum flokksbræðrum mínum og er hún um könnun á atvinnu- og efnahagslegum áhrifum takmarkana á fiskveiðum Íslendinga.

Ég óskaði eftir frestun á umr. um till. þessa þegar hún var hér á dagskrá síðast, af því að hæstv. sjútvrh. var ekki viðstaddur, en ég vildi gjarnan fá að heyra viðhorf hans til þessa mikilsverða máls. En mér liggur meira nú á hjarta en að mæla sérstaklega með þessari till. Það er vegna máls, sem er því skylt og blasir nú við hverjum sem fylgjast vill með í þjóðfélaginu.

Miklar umr. hafa farið fram um takmarkanir á sókn í hina ýmsu fiskstofna sem við álítum ofveidda, og á það sérstaklega við um þorskstofninn, og kunngerð hefur verið reglugerð um mjög miklar takmarkanir á sókn í þorskstofninn, að vísu ekki í þeim mæli sem lagt hafði verið til af sérfræðingum, en þó er um verulegan niðurskurð að tefla frá því sem var veitt á s. l. ári. Í þessum umr. hefur m. a. komið fram mikil gagnrýni á það, að loðnuveiðiskipum, sem yfirleitt eru stór og burðarmikil skip, hefur verið leyft einum 30 saman að hefja veiðar með þorskanetum, og enn fleira hefur komið fram í því sambandi, m. a. það, sem grunur leikur á um, að fjölmörg netaveiðiskip beiti ólöglegum fjölda af netum fyrir sig, leggi miklu fleiri net í sjó en tilskilið er samkv. reglugerð, og er áhersla lögð á að þetta verði rannsakað. Borist hafa fréttir um landburð af fiski hér hið næsta okkur, um öll Suðurnes og um Snæfellsnes, og nýlegar fréttir herma, að svo sé komið að byrjað sé að vinna þorsk í fiskmjölsverksmiðjum. Saltskortur er víða, þannig að á

Snæfellsnesi t. a. m. munu menn vera byrjaðir að verka nýjan þorsk og salta hann með úrsalti, eftir því sem nýjustu fréttir herma. Og þeir eru byrjaðir að hengja upp fisk í skreið, enda þótt markaður sé ekki glæsilegur á því sviði, og það er saltað í stórum stíl, því að öðruvísi hefst ekkert undan, enda þótt það sé margfalt verðminni fiskur nú en ef hann væri verkaður í neytendapakkningar í frystihúsum. Nú, þegar stendur hæst yfir hrygningartími, er sótt af offorsi með netatrossum, ólöglega mörgum að því er menn telja, í þorskstofninn og engar hömlur þar á settar. Þennan þorsk gætu togarar veitt á haustmánuðum, þegar liggur nú fyrir, að því er virðist, að þeir verði stöðvaðir, og sá fiskur færi til verkunar sem gæfi margfalt — fjórfalt, fimmfalt — meira verðmæti en með þeim aðförum, vil ég kalla það, sem hafðar eru í frammi við aflaverkun eins og nú standa sakir.

Ég vil biðja hæstv. sjútvrh., um leið og mig langar að heyra viðhorf hans til þessarar till. okkar, að svara því nú og strax, hvort hann hafi ekki kynnt sér þetta ástand, eins og ég þykist hafa sannar fregnir af að sé nú, og ef svo er, hvort hann hafi engin áform um að grípa í taumana með því t. d. að fyrirskipa minnkun á netatrossum skipa um helming, jafnvel stöðva þá ósvinnu sem nú virðist blasa við. Ef hann hefur ekki fylgst með þessu vil ég líka fá svar við því, hvort hann ætli ekki þegar í stað að láta gera á því könnun hvort farið sé hér með rétt mál eða ekki. Mér liggur hið mesta á að fá bein svör við þessu, sem ég nú hef sagt, og vænti þess fastlega að hæstv. sjútvrh. geti svarað mér þegar í stað um viðhorf sín til þess arna og upplýst um þá kunnugleika sem hann kann að hafa á þessu máli.

Ég ætla ekki og þarf ekki að orðlengja um þetta frekar, en mundi e. t. v. hafa einhverjar aths. fram að færa að fengnum svörum hæstv. ráðh.

Forseti (Gils Guðmundsson): Það er eins og við var að búast, að hér er verið að ræða um mjög mikilvæg mál, sem margir eru að hugsa um þessa dagana, og það eru þegar fjórir hv. alþm. komnir á mælendaskrá í þessu máli. Ég vissi raunar, þegar ég tók þetta mál fyrir, að það er mjög ofarlega í margra hugum og ég hefði tæplega komist hjá því að taka svipað mál fyrir utan dagskrár nema því aðeins að þetta mál var á dagskránni.

Nú vil ég aðeins minna á að ég hafði boðað það í upphafi, að deildafundir hæfust ekki öllu seinna en kl. 5, og það er viðbúið að umr. um þetta mál verði að fresta um það leyti. Ég vil mælast til þess við þá hv. þm., sem taka hér til máls, að reyna heldur að stytta mál sitt með tilliti til þess að það er ekki nema svo sem klukkutími sem við höfum nú, en framhaldsumr. um þessi mál gætu trúlega ekki orðið í Sþ. fyrr en á fimmtudag.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það væri í sjálfu sér fyllsta ástæða til þess að ræða nokkuð þá till. til þál., sem hér er á dagskrá, og ég get ekki stillt mig um það í þessu sambandi. Sú till. er að mörgu leyti mjög eðlileg, enda hljóta allar aðgerðir í þessum efnum að taka mið af þjóðarhag í bráð og lengd.

Það var einmitt svo við mörkun fiskveiðistefnunnar fyrir árið 1979, að leitast var við að meta þau atriði sem talin eru upp í þeirri þáltill. sem hér er til umfjöllunar. Leitast var við að meta þau eftir því sem tök voru á. Ég þarf ekki að rifja það upp neitt sérstaklega hér, nema hvað það voru sett fram þrjú dæmi: um 250 þús. tonna afla, 280 þús tonna afla og 290 þús. tonna afla. Niðurstaðan varð í grófum dráttum sú, að það ætti að vera mögulegt, án þess að raska heildarstærðum í þjóðarbúinu, að halda sig við 280—290 þús. tonna afla, en það mundi hins vegar hrikta mjög í ef dregið væri úr aflanum niður í þau 250 þús. tonn eða þar um bil sem fiskifræðingar höfðu bent á. Einmitt með hliðsjón af þessu var stefnan mörkuð fyrir árið 1979.

Ég tel hins vegar að aðalatriðið sé að meta áhrifin til lengri tíma, og ég trúi því, að það vaki fyrir flm. till. þessarar og það verkefni hljóti að vinnast í framhaldi af þeirri stefnumörkun sem þegar hefur átt sér stað fyrir árið 1979. Það mat verður að snúa að langtímaávinningi annars vegar og hins vegar að atvinnuöryggi og atvinnuþróun, þó þannig að arðbærni sé höfð í huga bæði í veiðum og vinnslu. Í því sambandi verða menn náttúrlega að hafa í huga, að takmörkun á fyrri árum á að þýða meira seinna, auk þess sem takmörkun miðast jafnvel við það að komast hjá því að taka þá áhættu að þessir mátt-arstólpar undir þjóðlífinu bresti, að hrygningarstofnunum sé stefnt í hættu. En þó að slík stefnumörkun til frambúðar liggi fyrir verða einstök skref líka að vera ákveðin og hin atvinnulegu áhrif á hverjum tíma tekin til athugunar. Það tel ég að hafi verið gert við mótun stefnunnar fyrir 1979, eins og ég hef þegar gert grein fyrir á Alþingi.

Í þeirri umr., sem fór fram á Alþ. varðandi þessi mál fyrir skömmu, var einmitt fjallað um mörg þau atriði sem hv. 5. þm. Austurl. gerði að umtalsefni áðan. Ég þarf ekki að tíunda það öllu nánar. Þar komu til umr. þeir annmarkar sem væru á því á þessu stigi að takmarka netaveiðar loðnuveiðiskipa frekar en þegar hefur verið gert og ýmsum virðist nú torvelt undir að lifa. Það er sem sagt spurning um að ákvarðanir af þessu tagi séu teknar með nægilegum fyrirvara, þannig að menn séu undir slíkt búnir. Varðandi netaveiðarnar almennt fór líka fram mjög ítarleg umr. Ég man ekki nákvæmlega hvort það kom fram í þeirri umr., að netatrossur væru ólöglega margar hjá ýmsum bátum, en hafi það ekki verið sagt hefur það a. m. k. legið í loftinu. Ég sagði þá í sambandi við þorskanetaveiðarnar, að það yrði gripið til strangari aðgerða af hálfu rn. að því er eftirlitið varðar. Þær aðgerðir hafa einmitt verið að gerast þessa dagana. Ég vænti þess, að þm. sé ljóst að það þarf nokkurrar athugunar við að taka ákvarðanir um þessi efni og það þarf að fylgja fram ákvörðunum eftir því sem mögulegt er hverju sinni. En það hafa þegar verið kallaðir fyrir ákveðnir skipstjórar og gefnar frekari aðvaranir, og það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að herða eftirlitið með netaveiðum á næstu vikum.

Ég hef líka látið það koma fram, að ég tel fyllilega koma til greina, en það færi eftir því hverju fram vindur, að stöðva netaveiðar þorsks á einhverjum tilteknum tíma í vor og þá með tilliti til þess, hvernig tekst að stefna að því marki sem hér um ræðir. Þetta hefur þegar verið ákveðið og er verið að framkvæma varðandi netaveiðarnar. Verður reynt að fylgja því eftir af fremsta megni.

Sjútvrn. hefur að sjálfsögðu bæði fylgst með aflabrögðum og eins því, að það hefur verið mikil vinnsla í gangi á ýmsum landshornum. Haldið verður áfram að fylgjast með aflabrögðum, en í sambandi við aflabrögðin er rétt að benda á að samkv. áliti fiskifræðinga er vertíðartoppurinn í rauninni fyrr á ferðinni nú en áður, þannig að það kynni að draga mjög fljótlega úr þessum afla. Það er sjálfsagt að meta þá veiði, sem nú hefur verið, í ljósi

þess.

Það er vissulega rétt, að verið hefur landburður af fiski á Snæfellsnesi og þar hefur gætt saltskorts. Það er einmitt fylgst mjög náið með því af hálfu rn. núna, hvaða afleiðingar þetta kunni að hafa og til hvaða ráða sé mögulegt að grípa. Við munum halda því áfram og grípa inn í þetta mál eftir því sem möguleikar eru á. Hins vegar virðist ljóst af þeim lagaheimildum, sem fyrir hendi eru, að sjútvrn. getur ekki stöðvað veiðar vegna þess að þar sé landburður af fiski. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég tók fram í umr. á þingi fyrir skömmu að hlyti að koma til íhugunar, hvernig mætti draga úr aflatoppum þegar stefndi að því að menn gætu ekki nýtt hráefnið eins vel og best yrði á kosið. En til þess að það sé mögulegt þarf að bestu manna yfirsýn auknar lagaheimildir.

Ég get sem sagt fullvissað hv. 5. þm. Austurl. um það, að fylgst er mjög náið með þessu af hálfu sjútvrn. og við erum reiðubúnir til þess að grípa til aðgerða. Það er auðvitað sérstakt áhyggjuefni, að það hráefni, sem á land berst, hefur ekki í öllum tilvikum verið nægilega gott og ekki tekist nægilega vel að vinna úr því verðmætar afurðir. Ég vænti þess, að þetta svari með bærilegum hætti þeirri fsp. sem hv. þm. bar fram. Ég endurtek þau meginmarkmið, sem ég hef látið í ljós áður varðandi þetta efni, og það, að rn. mun fylgjast mjög vel með þessu og auka eftirlitið með netaveiðunum, og það er einmitt að gerast þessa dagana.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Austurl. fsp. sem hann bar fram í ræðu sinni áðan. Hvort honum þykja svör hæstv. sjútvrh. bærileg veit ég ekki. Mér fannst þau ófullnægjandi. Ráðh. segir okkur, — og ítrekar raunar það sem hann hafði áður sagt okkur við umr. hér í Sþ., — að til álita komi að stöðva netaveiðar í vor, og bætir síðan við: Þetta er verið að gera. — Í sömu andránni segir hann okkur að lagaheimild skorti til þess að stöðva veiðarnar. Nú er spurningin: Vissi hæstv. ráðh. um skortinn á þessum lagaheimildum þegar hann leyfði loðnuveiðiflotanum að hefja netaveiðar sunnanlands nú á vertíðinni? Vissi hæstv. sjútvrh. að slíkar lagaheimildir skorti þegar hann boðaði okkur fyrir hálfum mánuði að netavertíðin yrði stöðvuð nú í vor ef með þyrfti?

Spurningin um það, hvort við séum almennt undir það búnir að gera út á vetrarvertíð eins og við nú gerum með þeim netafjölda sem nú er leyfður við svo mikla fiskgengd og órofa gæftir eins og nú ber upp á, kom að vísu til umr. strax á fyrstu mánuðum þingsins nú í haust, þegar rætt var um búnað frystihúsanna og fiskiðjuveranna hér á Faxaflóasvæðinu og í ljós kom, að hvað svo sem tæknibúnaði þeirra liði liðu þau af þess háttar fjárskorti og rekstur þeirra væri svo óviss af fjárhagsástæðum að ljóst væri að eigendur þessara húsa gætu ekki ráðið sér menn til starfa á vetrarvertíð nú þannig að hægt yrði að reka þessar fiskverkunarstöðvar af einhverjum þrótti. Ég hef það fyrir satt, að nú í dag sé verið að landa ísuðum kassafiski úr togaranum Sigluvík yfir í loðnuskip í Njarðvíkurhöfn til siglingar til útlanda. Ég veit að á Snæfellsnesi — ég hef fyrir mér í því góðar heimildir — reyna menn nú af fremsta megni að treina saltið sitt með því að umstafla og nota úrsalt — ég er ekki að segja að það sé úr hófi — og vinna fram yfir miðnætti á hverju kvöldi til þess að geta saltað það sem hægt er að salta. Hjallar eru þar ekki til til þess að hengja upp fisk til þurrkunar á óvissan markað — gersamlega óvissan markað. Það er verið eins og fyrri daginn að leggja spírur yfir hraungjótur til þess að hengja þennan fisk. Við vitum upp á hár að sú verkun á okkar ágæta þorski, sem nú er drepinn á Suðurlandsvertíð, gefur þjóðarbúinu miklu, miklu minni peninga en ef þessi þorskur væri veiddur af skynsemi og með skipulagi þannig að hann kæmist í neyslupakkningar.

Hæstv. ráðh. upplýsti það við fyrri umr. í þinginu, að samkv. áliti Þjóðhagsstofnunar nægðu 280—290 þús. tonn til þess að gefa okkur það fé sem ráðgert væri í efnahagsmálaáætlunum ríkisstj. Aftur á móti fæ ég þær upplýsingar hjá Þjóðhagsstofnun, að þar hafi verið reiknað með sams konar nýtingarhlutfalli á fiskinum, sem aflað væri, í neytendapakkningum og í frystum blokkum, og var á s. l. ári. Við sjáum ljóslega hvernig fer með þann afla sem er að koma að landi hér syðra, m. a. fyrir tilstilli loðnubátanna. Við sjáum ljóslega hvernig fer með þann afla, hvernig hann muni nýtast. Við vitum það upp á hár, að við fáum miklu minna fé fyrir þennan afla en ella hefði verið. Við vitum að þessi ráðstöfun á hinu skammtaða þorskmagni mun leiða til atvinnuleysis á Vestfjörðum, á Norðurlandi og á Austfjörðum í sumar — þetta ráðdeildarleysi.

Enn vil ég víkja að því sem er að gerast á Breiðafjarðarhöfnunum núna, og það veit sá sem allt veit, að ég lái ekki sjómönnunum, sem þar eru, þó þeir hirði þann fisk sem þeir geta fengið í net. Ég veit ekki betur en þeir komi með hann að landi í góðu standi og uppfylli ströngustu reglur í sambandi við meðferð á þeim afla. En hitt veit ég, að þegar í land kemur, jafnvel þar sem er þó dugandi fólk við fiskvinnsluna, — jafnvel þar er svo ástatt að þessum fiski verður ekki komið undan með hagkvæmustu verkunaraðferðum þannig að hið besta verð fáist fyrir hann. Það er ekki á þeirra valdi. Þeir mundu eiga í fullu tré ef þeir þyrftu aðeins að taka afla af heimabátunum. En nú er ekki svo. Þeim er einnig á höndum að taka afla af bátum annars staðar frá, m. a. af bátum sem hrakist hafa á miðin suður frá Norðurlandi, ekki fyrst og fremst vegna hafíssins, hann á þó nokkurn þátt í þessu, heldur er ástæðan sú, að eigendur þessara báta sjá fram á að þegar komið verður fram á sumar, eins og vertíðin hefur farið af stað hérna, eins og horfir með gæftir, kann að verða lítið eftir til skiptanna þegar kemur til sumarveiðanna.

Ég hef fyrir framan mig skrá yfir báta sem veitt hefur verið leyfi til netaveiða fyrir Norðurlandi. Nú var tekið fram af hálfu hæstv. sjútvrh. við umr. í Sþ. fyrr og í reglugerð, að fyrirhugað væri að takmarka netaveiðar fyrir Norðurlandi í júlí og ágúst á næsta sumri. Það er mál út af fyrir sig. Ég hygg að í raun og veru snerti þetta mjög illa útgerðarmenn við Eyjafjörð, sem gera þar út báta af stærðinni 30—60 tonn og hafa sótt mjög góðan afla, sem hefur nýst ákaflega vel í frystingu í neytendapakkningar, á Kolbeinseyjarmiðin og djúpt í Eyjafjarðarál undanfarin sumur. En af því að verið er að tala um skynsamlegar ráðstafanir til takmarkana á þorskveiðum hér við land kemst ég ekki hjá því að geta þess, að við lauslega athugun, enda þótt leyfin séu skráð á skrásetta báta, fæ ég ekki betur séð af þeirri tiltölulega takmörkuðu staðbundnu þekkingu sem ég hef en hér séu veitt leyfi til allmargra manna sem stundi aðra atvinnu. Ég þykist sjá í þessum hóp verkfræðinga eina 2—3, allmarga skrifstofumenn, tvo lækna og fæ ekki betur séð, eftir því hvaða báta hér er um að ræða og bátastærð, en hér hafi verið úthlutað leyfum til þorskanetaveiði í Eyjafirði næsta sumar með

netafjölda sem muni nægja til að þvergirða fjörðinn 50 sinnum. Að vísu er ekki ljóst af stærð sumra bátanna, hvort um þorskanet er að ræða. Ég sé að hér er einn bátur upp á 1.6 tonn, og gæti maður dregið þá ályktun af því, að það væri hárnet sem þar ætti að veiða með. En hitt er ljóst, að ef með útgáfu þessarar reglugerðar hefur verið stigið fyrsta skrefið í átt til skipulagðrar nýtingar á fiskstofnum við Ísland kvíði ég fyrir hinum skrefunum sem á eftir kunna að koma.

Enn sem fyrr vil ég ítreka það, að ekki lái ég það neinum fiskimanni, hvort sem hann sækir í Breiðafjörð eða Faxaflóa, þótt hann hirði þann fisk sem hann getur fengið í netin sín. Annað væri ónáttúrlegt. Til þess væri ekki hægt að ætlast. Aftur á móti sýna skýrslur undanfarinna ára hvernig þessi fiskur, sem hér hefur verið tekinn, jafnvel í slökum meðalárum og lélegu aflaári eins og í fyrra, hefur nýst okkur til verðmætisöflunar. 1978 — í fyrra — fóru innan við 50%, tæp 49%, af fiski metnum upp úr bátum á ferskfiskmati á Suðurnesjum í 1. flokk og þó enn þá minna á Akranesi, þar voru það 38% í marsmánuði. Í 3. flokk fóru á þessum verstöðvum 22—27% af þorskaflanum.

Ég kemst ekki hjá því að undirstrika það mjög sterklega að fiskurinn, sem Sigluvíkin er núna að landa um borð í loðnuveiðiskip í Njarðvíkurhöfn til þess að sigla með hann til útlanda, átti að fara til vinnslu, til atvinnu fyrir fólkið í frystihúsunum okkar, til verkunar í neytendapakkningar til þess að seljast fyrir hæsta verð sem fáanlegt er erlendis. Og það er ekki svo einungis um fiskinn sem verið er að landa úr Sigluvíkinni í dag. Svo er um stóru ýsuna, sem flutt hefur verið út frá Vestmannaeyjum undanfarna daga, togarafarm til Bretlands, annan til Færeyja. Sá fiskur átti að fara til vinnslu í fiskiðjuverunum okkar og verkast til sölu á hinu hæsta verði erlendis. Á meðan ekki er hugað að slíkum málum af hálfu hæstv. sjútvrh. finnst mér hann tæpast hafa leyfi til að taka í munn sér orð eins og „skipulag á fiskveiðum okkar". Og svo bætist það ofan á, að ég veit ekki betur en rétt nýlega hafi hæstv. ráðh. samþykkt kaup á skuttogurum, þ. á m. skuttogara sem við höfðum nýlega komið af höndum okkar yfir til Noregs í sambandi við og í skiptum fyrir nýsmíði á skipi, — samþykkt kaup til landsins á slíkum skipum til þorskveiða og beitt sér gegn og raunar fellt kaup á skipi til djúprækjuveiða, sem átti sannarlega ekki að fara að veiða þorsk, heldur að nýtast til þess að gera út á ónotaðan fiskstofn eða lítt notaðan, og jafnframt fellt að keypt yrði skip til veiða á kolmunna, sem hefði þó létt á okkur efnahagslega, svo að við hefðum getað hlíft við þorskstofninn.

Ég tel að svör hæstv. ráðh. á þessari stundu séu ekki fullnægjandi, og ég tel að það, sem hann hefur gefið í skyn um hugsanlegar ráðstafanir til þess að draga úr þorskveiðunum hér syðra í aflahrotu nú á þessari vertíð, sé hvergi nærri viðhlítandi. Ef standa á við fyrirheit um hlé um páskana má segja að ekki sé eftir af vetrarvertíð til þess að gera einhverjar slíkar ráðstafanir nema hálfur mánuður. En sá hálfi mánuður getur skipt sköpum. Og þá er hins ógetið, þegar verið er að tala um að nú sé verið að gera ráðstafanir til þess að hlífa hrygningarstofninum, að sá fiskur, sem verið er að veiða núna, — og enn ítreka ég að ég gagnrýni það ekki þótt veiddur sé fiskur á þessum slóðum, þótt sjómenn á þessu svæði, sjómennirnir á Snæfellsnesi og við Breiðafjörð fái að veiða það af fiski sem hægt er að koma undan í vinnslu, — en þetta er hrygningarfiskur sem er raunverulega kominn hingað suður til þess að hrygna, sá fiskur sem verið er að landa úr Sigluvíkinni núna til flutnings á breska markaðinn, fiskurinn sem verið er að hengja upp núna vegna saltskorts, fiskurinn sem fer í salt, ekki bara vegna þess hve mikið fiskast, heldur fyrst og fremst vegna þess að fiskvinnslustöðvarnar á þessu svæði voru ekki undir það búnar. Sá tími er liðinn í fyrsta lagi, að við fáum starfslið austan, norðan og vestan af landi á vetrarvertíð, því að fram að þessu hefur stjórn sjávarútvegsmála verið hagað með þeim hætti að fólkið hefur allt í einu fengið nóg að vinna heima og ekki þurft að fara á vertíð. Fyrst og fremst er þetta vegna þess, að þannig var orðið ástatt um fjárhag fiskverkenda á þessu svæði frá liðnum árum og þeir voru ekki í stakk búnir til þess að reka fiskiðjuverin sín af fullum krafti. Fiskurinn, sem verður fyrir norðan í sumar eða austan og vestan, jafnvel þessi 6 ára gamli fiskur, jafnvel 7 ára gamli fiskurinn frá 1972, er fiskur sem er að komast á kynþroskaskeið. En hann er ekki orðinn hrygningarfiskur. Hrygningarfiskurinn er sá fiskur sem er á slóðinni fyrir Suðvestur- og Suðurlandi núna, hann er að fara að hrygna, hann er kominn þangað til þess og það er hann sem verið er að drepa núna.

Ef hæstv. ráðh. vill ræða við okkur um raunverulegar ráðstafanir í stöðunni eins og hún er núna til þess að hlífa hrygningarstofninum í fyrsta áfanga, þá skal ég hlýða á mál hans með athygli og taka undir góð og gild sjónarmið. En þau sjónarmið, sem komið hafa fram hjá hæstv. ráðh., skoðuð í ljósi, björtu sólarljósi þessara apríldaga, með slíkan uppgripaafla sem við nú fáum á Breiðafjarðarmiðum og sæmilegan afla annars staðar, get ég ekki tekið gild.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er á dagskrá, hefur orðið tilefni til umr. um þá stefnumótun sem hæstv. sjútvrh. hefur staðið að varðandi verndun fiskstofnanna og skipulag á veiðum. Það mál, sem flutt er hér af nokkrum þm. Sjálfstfl., er vissulega eitt af þeim höfuðmálum sem við þurfum að fást við hér á Alþ. og ríkisstj. þarf að glíma við. Það er ekki nógu gott að það skuli þurfa að flytja hér till. um að slík könnun fari fram á atvinnu- og efnahagslegum áhrifum takmarkana á fiskveiðum Íslendinga, þegar hæstv. sjútvrh. er að beita sér fyrir umfangsmestu takmörkunum sem um getur um langa hríð, því að slík könnun hefði átt að vera framkvæmd af hæstv. ráðh. áður en reglurnar voru settar.

Það er ekki skemmtilegt að þurfa að koma upp og gagnrýna þau vinnubrögð sem hafa verið höfð í frammi af hæstv. ráðh., vegna þess að ég er einn í hópi þeirra manna sem hefðu vissulega kosið að geta staðið heils hugar með ráðh. í viðleitni hans til verndunar fiskstofnanna við landið. En mér sýnist þær ákvarðanir og sú atburðarás, sem við þm. höfum frétt af í fjölmiðlum síðustu daga, vera á góðri leið með að gera okkur, sem vildum gjarnan standa að skynsamlegri stefnumótun í þessu máli, næsta ókleift að standa með ráðh. að henni, hvað þá heldur að verja hana í þjóðfélaginu. Fljótt á litið virðist blasa við, að í stað þeirrar heildarskipulagningar og samræmingar á veiðum og vinnslu, sem ég hefði talið að ráðh. mundi beita sér fyrir, virðist nú vera í uppsiglingu hróplegt skipulagsleysi á þessum málum — skipulagsleysi sem virðist vera á góðri leið með að kosta þjóðarbúið verðmæti sem ég held að fáa hafi grunað fyrir

nokkrum vikum að yrði.

Í öðru lagi virðist þessi ákvarðanataka, sem ráðh. hefur einn beitt sér fyrir, vera að framkalla ranglæti milli byggðarlaga í þessu landi — ranglæti sem sé í slíku ósamræmi við siðferðis- og réttlætiskennd almennings í landinu að líkur séu á því, að þessar aðgerðir verði beinlínis hrópaðar niður. Ýmsir þættir þeirra lykta af pólitískum sjónarmiðum þar sem kjördæmahagsmunir ráðh. sjálfs virðast sitja í fyrirrúmi.

Í þriðja lagi virðast aðferðirnar við þessa ákvarðanatöku vera óeðlilegar. Við, sem héldum að Alþingi Íslendinga væri kosið til þess og ríkisstj. í þessu landi væri sett á laggirnar til þess að taka afdrifaríkustu stefnuákvarðanirnar í efnahags- og atvinnumálum þessarar þjóðar, verðum þess vísari einn góðan veðurdag að hæstv. sjútvrh. einn og sér, án þess að leggja málið fyrir ríkisstj., án þess hvað þá heldur að leggja það fyrir Alþingi Íslendinga, tekur ákvarðanir í efnahags- og atvinnumálum þessarar þjóðar sem að mínum dómi geta reynst á ýmsan hátt mun afdrifaríkari en margt í því ágæta og margrómaða efnahagsfrv., sem við stjórnarliðar höfum varið mörgum mánuðum til þess að fást við. Það er ekki líkleg leið til þess að skapa þá nauðsynlegu, *þá óhjákvæmilegu þjóðarsamstöðu sem þarf að verða* um þessar friðunaraðgerðir, að það sé farið með þessi mál með þeim hætti að þau séu ekki rædd og afgreidd í ríkisstj., þau séu ekki tekin til meðferðar á Alþingi Íslendinga, heldur ráðstafi ráðh. þessu upp á eigin spýtur. Ég hafði ekki talið að ráðherravald í sjávarútvegsmálum á Íslandi, í því lýðræðisríki sem við búum við, væri einræðisvald.

Ég vil gjarnan fá svör við því hér, hvort hæstv. sjútvrh. hyggst halda áfram þessum vinnubrögðum, hvort hann hyggst halda áfram að ráðskast með grundvallaratvinnuveg landsmanna, ráðskast með atvinnulífið í heilum landshlutum og allar helstu veiði- og fiskvinnslutegundir landsmanna án þess að leggja þau mál til ákvörðunar fyrir ríkisstj. landsins, hvað þá heldur fyrir Alþingi. Ef svo er, ef það er ásetningur ráðh. að fylgja áfram þeim vinnubrögðum við þessa ákvarðanatöku, sem virðist hafa verið fylgt í þessu máli eftir því sem fram hefur komið í fjölmiðlum, held ég að það sé nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga grípi í taumana, vegna þess að hér er verið að fást við slíkt lífshagsmunamál þjóðarinnar, hér er verið að fást við vandamál í atvinnulífi heilla landshluta. Ef við felum einum ráðh. það alræðisvald, sem hann virðist hafa tekið sér í þessum málum, held ég að það sé vissulega kominn tími til þess að fara að endurskoða ýmsa þætti í stjórnskipan okkar, hvað þá þann grundvöll hins svokallaða þingræðis í þessu landi sem ýmsir af hv. flokksbræðrum ráðh. hafa talað fagurlegast um í vetur. Þess vegna vil ég af þessu tilefni spyrja sjútvrh. hvort það sé rétt, sem fram hefur komið í fjölmiðlum, að þær reglur, sem hann hefur sett um veiðar, hafi ekki verið afgreiddar í ríkisstj. Ef svo er vil ég fá að vita hvers vegna þetta mál var ekki lagt fyrir ríkisstj. Og í framhaldi af því í þriðja lagi, hvort hæstv. ráðh. hyggst halda áfram þeim vinnubrögðum að leggja málefni af þessu tagi ekki fyrir ríkisstj. né heldur Alþingi.

Enn fremur vil ég taka undir það með hv. þm. Stefáni Jónssyni, að þau svör, sem hér voru gefin varðandi aðgerðir rn. upp á síðkastið til þess að tryggja að sá afli, sem á land berst, fái þá vinnslu sem gefur þjóðarbúinu mest verðmæti úr þeim afla, voru hvergi nærri tæmandi. Þau voru satt að segja undanfærslur einar, og það hefur ekki komið fram í þessum málflutningi á hvern hátt hæstv. sjútvrh. hyggst tryggja að sá takmarkaði afli, sem hann nú í krafti síns einræðisvalds virðist hafa ákveðið, fái fullnýtingu gæðanna svo að skilað sé þeim arðsemisárangri sem hæstv. ráðh. sjálfur lagði til grundvallar í ræðu sinni áðan. Það er til lítils að leggja miklar byrðar á heilan landshluta og þjóðina alla til þess að vernda fiskstofnana, ef það á að verða reynslan hvað fiskvinnsluna sjálfa snertir að það fari síðan allt aftur á bak hvað snertir að fá sem mest verðmæti úr þeirri vinnslu. Aflatakmarkanastefna, sem á hinn bóginn felur slíkt í sér hvað vinnsluhliðina snertir, er ekki líkleg til þess að hljóta þann nauðsynlega þjóðarstuðning sem er óhjá[illegible] vænleg forsenda þess að þetta geti gerst í framkvæmd.

Ég vil jafnframt segja það og spyrja í framhaldi af þessu, hvort það sé rétt, sem fram hefur komið í fjölmiðlum, að það hafi verið atkv. hæstv. sjútvrh. í ríkisstj. sem varð þess valdandi að ósk um kaup á togara til að veiða úthafsrækju og ósk um kaup á skipi til kolmunnaveiða var hafnað. Er rétt, að atkv. sjútvrh. hafi ráðið úrslitum um að neitað var óskum frá tveimur byggðarlögum í þessu landi um að fara að stunda aðrar veiðar en þorskveiðar, fara að stunda hina vannýttu fiskstofna, sem við eigum hér í ríkum mæli, og færa þróun fiskveiðanna yfir í það horf sem ég hélt að hæstv. sjútvrh. væri baráttumaður fyrir? Ef á sama tíma er neitað um að kaupa slík skip verð ég í hreinskilni að segja, að ég er gersamlega hættur að botna í þeirri atvinnustefnu sem á að liggja til grundvallar friðunarstefnunni sem hæstv. ráðh. virðist vera að beita sér fyrir. Ég vona satt að segja að þessi frétt sé röng, og ég vil beina því til hæstv. sjútvrh. að veita nú Alþingi Íslendinga upplýsingar um hvort þetta er rétt eða rangt. Ef von mín reynist ekki rétt, ef hæstv. ráðh. hefur með atkv. sínu á ríkisstjórnarfundi komið í veg fyrir að Íslendingar geti farið að stunda fiskveiðar af þessu tagi, sem á hinn bóginn virðist alltaf verið að berjast fyrir og á jafnvel að fara að breyta Aflatryggingasjóði til þess að hægt sé að gera það, þá tel ég að við, sem er krafist að styðjum slíka stefnu á öðrum vettvangi, m. a. ákvæðin í efnahagsfrv. forsrh., eigum heimtingu á að fá svör við því, hvaða röksemdir liggi að baki þessari neitun, hvaða röksemdir liggi að baki því, að þegar forráðamenn tveggja byggðarlaga vilja leggja í þann áhættusama rekstur að gerast forgöngumenn nýrra veiða og sýna þjóðinni fram á að hún geti aflað sér annarra verðmæta en í þorskstofninum finnast, þá segi hæstv. sjútvrh. á ríkisstjórnarfundi með atkv. sínu: „nei, takk". (Gripið fram í.) Nei, ég hefði haldið ekki. Ég verð þess vegna að segja að ég botna hreinlega ekki í þeirri stefnu sem með annarri hendinni krefst gífurlegra byrða hjá fjölmörgum landshlutum, hjá heilum atvinnugreinum í landinu í krafti þess að við séum hér með ofnýtta fiskstofna og það þurfi að beina framleiðslugetu landsins inn á nýjar greinar, en neita svo með hinni hendinni þeim tveimur aðilum sem hafa óskað eftir því að fá að kaupa skip til að stunda aðrar veiðar en þorskveiðar.

Því miður, eins og komið hefur fram í ræðu minni, virðist atburðarásin nú upp á síðkastið hafa skilað upp á yfirborðið og í fjölmiðlunum, kannske fyrir tilviljun, fréttum af afstöðu og aðgerðum hæstv. sjútvrh. sem að mínum dómi eru á góðri leið eða geta a. m. k., svo að ég fullyrði ekki meira, grafið undan þeim nauðsynlega og

víðtæka stuðningi sem er óhjákvæmileg forsenda þess að þær ákvarðanir, sem hæstv. sjútvrh. tók upp á eigin spýtur, fái þann hljómgrunn með þjóðinni að hún þoli þær, því að þótt sumir telji sig kannske hafa samkv. einhverjum stjórnskipunarrétti einræðisvald í sjávarútvegsmálum á Íslandi hefur þjóðin ekki í vitund sinni afhent neinum manni slíkt einræðisvald. Ég vil þess vegna í fullri alvöru, og þess vegna hef ég kannske tekið djúpt í árinni í þessari ræðu og verið jafnhvassyrtur og ég hef verið, vara hæstv. sjútvrh. við að hann er á mjög hættulegri braut, sem felur það í sér að birta í reynd slíkt ranglæti, slíkt misræmi og slíkt skipulagsleysi í atvinnulegri þróun sjávarútvegsins í heild að afleiðingin af þeim aðgerðum verður e. t. v. fyrr en hann heldur að sú friðunarstefna, sem ég og ýmsir fleiri vildu gjarnan styðja hann í, brotnar niður.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur nú látið móðan mása í nokkurn tíma, rætt vítt og breitt um ýmis atriði er snerta fiskveiðimál. En það er eins og oft áður með ræður þess hv. þm., að efnisatriði þau, er hann minnist á, eru oft og tíðum órökstuddir sleggjudómar um eitt og annað út í loftið, án þess að nokkrum rökstuddum atriðum sé þar til að dreifa sem hann sanni með sitt mál. Þessum sleggjudómum um eitt og annað, sem hann er orðinn frægur fyrir að endemum um allt land, hlær almenningur dátt að. Ég tel ræðu þessa hv. þm. á engan hátt svaraverða og væri nær að hann reyndi að kynna sér þessi mál þannig að hann gæti stutt mál sitt einhverjum efnislegum rökum.

Að vísu var það eitt atriði, sem hann ræddi, sem hann tók upp eftir hv. þm. Stefáni Jónssyni. Það snertir togarakaup er til umr. voru í ríkisstj. ekki alls fyrir löngu.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var ekki einn um það, heldur virðast hv. þm. Stefán Jónsson, hv. þm. Lúðvík Jósepsson og fleiri hv. þm. alveg hættir að reikna með því að til sé nokkurt svæði í landinu sem heiti Suðurnes og þurfi á einhverju að lifa. Það er alveg furðulegt, að þegar til einhvers konar framfara horfir á þessu svæði og til umr. er að aðrir staðir á landinu gefi eitthvað eftir þess vegna, þá fer allt upp í loft. Eitt einkennandi dæmi um þetta er að þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ræðir af vandlætingu um ákvarðanir um togarakaup í ríkisstj. í s. l. viku, þá talar hann um að aðeins hafi verið um að ræða tvær umsóknir,varðandi kaup á rækjutogara annars vegar og kolmunnaskipi hins vegar. En þær voru ekki tvær, heldur fjórar. Það voru tvær frá Suðurnesjunum. Það var ekki á borðinu hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að þaðan kom líka beiðni um að taka þátt í þeirri nauðsynlegu starfsemi að veiða vannýttar fisktegundir sem í hafinu eru. Þetta er einkennandi fyrir þennan hv. þm. og málflutning hans og margra annarra þm., sem hafa verið að ræða um þessi mál og skipulega verið að reyna að vinna gegn því að einhvers konar atvinnuviðreisn ætti sér stað á Suðurnesjasvæðinu.

Til þess að fræðast öllu nánar um það hvernig fiskveiðimálin hafa þróast á undanförnum árum, og fá raunverulega mynd af því um hvað verið er að fjalla, ættu þm. að kynna sér hver breyting á nýtingu fiskafla á Íslandi hefur verið s. l. áratug. Þeir þyrftu kannske ekki að fara lengra en aftur til ársins 1973. Ef við lítum þá t. d. á, hvað mikið veiddist á Suðurnesjum af þorski sem nýttist til vinnslu, kemur í ljós að það voru 25.2% af öllum þorskafla landsmanna. Árið 1978, eða á síðasta ári, er afli Suðurnesjaflotans kominn niður í 12.6%. Hann hefur lækkað um helming. Þarna hafa e. t. v. verið óformlegar fiskveiðitakmarkanir í gangi eða einhvers konar aðrar takmarkanir, kannske í formi þess að ekki hefur verið vísað í þetta kjördæmi jafnmiklu fjármagni til fiskiskipakaupa eða til hagræðingar og skipulagningar í fiskvinnslumálum og í önnur kjördæmi. Meðan það gerist, að þorskafli Suðurnesjamanna minnkar úr 25.2% í 12.6 hækkar hann á Vestfjörðum — á sama tímabili — úr 14.5 í 19.5, hann hækkar á Norðurlandi vestra úr 4.4% í 6.7 á Norðurlandi eystra úr 13.3% í 19.8 og á Austfjörðum á sama tímabili úr 11.1% í 12.7. Þetta eru tölur í raun sem hv. þm. ættu að skoða og skoða þegjandi í stað þess að koma upp í stólinn og apa hver eftir öðrum eina vitleysuna eftir aðra. Hér ættu menn að staldra við og skoða staðreyndir málsins. Þetta eru staðreyndir málsins.

Það hefur verið samdráttur í fiskafla á Suðurnesjum allt frá árinu 1973. Ástæðurnar eru margar. Ein er kannske mikilvægust, að þangað hefur ekki verið beint fjármagni til endurreisnar fiskiskipaflotanum og til hagræðingar og endurbætts skipulags í fiskvinnslunni, sem hefur átt sér stað annars staðar á landinu. Þetta vil ég ítreka að þm. ættu að kynna sér. Og svo loksins þegar á að fara að létta undir með því byggðarlagi á einhvern hátt, sem hefur orðið undir í samkeppninni um fiskinn, ætlar allt saman af göflunum að ganga. Sætta Vestfirðingar sig við það að minnka þorskafla sinn um 50% næstu 4 árin? Sætta menn sig við það á Norðurlandi eystra að minnka þorskafla sinn um 50% næstu árin? Nei, þeir gera það ekki og ég skil það vel. Þeir sætta sig ekki við það.

En samkeppnin um fiskinn má ekki verða til þess, að fiskveiðarnar þjóti stjórnlaust áfram og hvert kjördæmi og hvert byggðarlag sé í samkeppni við annað, heldur verður að beita heildarstjórnun og miðla fiskinum réttlátlega um landið allt með tilliti til byggðasjónarmiða og atvinnuþarfar á hverjum stað. Þess vegna er það hugmynd út af fyrir sig, sem ætti að athuga og ætti að ræða, hvort ekki ætti að koma á fót þorskkvóta fyrir hvern landshluta, miða ekki alltaf veiðitakmarkanir við fiskiskipin, heldur miza takmarkanirnar við landaðan fisk á hverju svæði. Þetta mundi auðvelda mjög alla skiptingu á fiskafla um landið. Það er ekki aðalatriðið, hvað hvert skip veiðir mikið, heldur er hitt aðalatriðið, hvar fiskinum er landað, hvar fiskurinn er unninn. Þetta er meginatriði þessa máls, sem ég vildi leggja áherslu á.

Skipulag sjávarútvegsmála á undanförnum árum hefur verið þannig, að ekki hefur aðallega verið samkeppni milli byggða um að vinna fiskinn, heldur hefur orðið samkeppni um skipin, samkeppni um að safna sem flestum skipum í hvert kjördæmi til þess að hvert kjördæmi geti verið sjálfu sér nóg um fiskinn. Það er samkeppni á öllum sviðum um að reyna að afla þessara fáu fiska, sem í sjónum eru, í staðinn fyrir að fram fari einhver athugun á hver sé atvinnuþörf og hver sé fiskþörf hvers byggðarlags um sig til þess að standa undir eðlilegu atvinnulífi. Hér er stjórnlaus samkeppni á ferðinni, sem verður að uppræta og koma eðlilegu jafnvægi á. Hitt vil ég enn ítreka, að það er óþolandi til lengdar að hlusta á það í þessum sölum, að fulltrúar byggðasvæða komi hver á fætur öðrum og kvarti yfir því, að kannske sé möguleiki á því að spónn úr aski þeirra sjálfra komi til með að detta næstu vikurnar eða mánuðina, þegar hvort tveggja er verið að

vernda fiskstofnana almennt í hafinu og e. t. v. reisa almennar stoðir undir athafnalíf á einu svæði eða öðru.

Það, sem um er að ræða og er mikilvægasta atriðið í þessu, er að það þarf að viðhalda almennri vinnu um allt landið. Það má ekki gera atvinnulífið þannig á einum stað að um umframatvinnu sé að ræða, heldur verður að hafa jafnvægi í atvinnulífi um allt land. Og það má geta þess sem almennra upplýsinga — það hefur ekki komið fram í þessari umr. — að þrátt fyrir aukna fiskisókn annarra byggðasvæða búa ekki nógu margir á þessum svæðum til að vinna þann afla sem á land kemur. Það hafa raunverulega ekki búið þar nógu margir til þess að hafa við að vinna afla allra þeirra skipa, sem landa á Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austfjörðum, og það *hefur orðið að bæta við fólki. Það hefur ekki verið mann*afli, a. m. k. hefur fólksstraumur af Suðvesturlandi ekki verið ör út á land, þannig að orðið hefur að bæta um betur, það hefur orðið að flytja fólk frá útlöndum til þess að vinna fisk á þessum stöðum. Það væri dálítið fróðlegt að fá t. d. upplýsingar um það, hvað hæstv. félmrh. hefur gefið út mörg atvinnuleyfi fyrir útlent verkafólk í fiskvinnslu á þessu landi. Og kannske væri jafnfróðlegt að fá upplýsingar um það líka, hvernig það sundurliðaðist eftir stöðum.

Mér hefur sárnað að horfa upp á, t. d. á s. l. sumri, hundruð manna atvinnulausa á Suðurnesjum meðan stór hópur útlendinga var að vinna í fiskverkun og fiskvinnslu víða úti um land. Þetta er óeðlilegt ástand. Svo koma menn upp með miklum vandlætingartón og segja að sé verið að eyðileggja allt atvinnulíf í kjördæmum þeirra, vegna þess að það er verið að beita almennum og nauðsynlegum fiskveiðitakmörkunum. Og síðan kemur þessi gamla ræða gegn Suðurnesjunum, aftur og aftur og aftur. Eitt einkennandi dæmi þess er setning sem kom fram í umr. í gær frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, þegar hann sagði alveg forkastanlegt að einhver eyrir færi í þessa skuldasúpu á Reykjanesi, þess vegna væri ákveðin brtt. flutt o. s. frv. Þetta er óþolandi.

Ég hvet hv. þm. til að kynna sér staðreyndir málsins, kynna sér hvernig þorskur hefur dreifst um landið til vinnslu. Það er grundvallaratriðið. Og ég ítreka það, að ég bið menn um að gera það þegjandi.

Forseti (Gils Guðmundsson): Eins og við var að búast tekst ekki að ljúka umr. um þetta mál nú. Það er raunar komið fram á þann tíma sem deildir eiga að hafa til umráða. Hv. 4. þm. Norðurl. v., sem er kunnur að því að vera bæði mjög stuttorður og gagnorður þegar hann vill það viðhafa, mun leika þá list nú og fær hann orðið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Fyrst ætla ég að byrja á stuttorðri og gagnorðri ráðleggingu til síðasta ræðumanns, hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar. Hann á að skoða tölurnar sínar betur og þegjandi og þegja lengi enn þá. Það voru ekki sanngjörn sjónarmið sem komu fram hjá honum. Hann vildi rétta hlut síns kjördæmis, en það er alls ekki að við viljum hafa neinn skó ofan af Suðurnesjamönnum. Suðurnesjamenn verða ekki ríkir á þeim fiski sem er að berast þar að landi núna og skemmast vegna þess að þeir hafa ekki tækifæri til að vinna hann.

Ég gerði vandlega grein fyrir afstöðu minni í umr. utan dagskrár fyrir viku. Það hefur komið í ljós, að uggur minn var ekki ástæðulaus og gagnrýni mín var á rökum reist. Ég sakna þess að hér er ekki hv. þm. Garðar Sigurðsson, sem þá óð uppi með stóryrði um vanþekkingu mína og glæsilegar lýsingar á hinum framúrskarandi vinnsluferli hér á vertíðinni — er genginn í salinn. — Hvers vegna er þá verið að flytja stórýsuna frá Vestmannaeyjum og selja úti í löndum, eins og flokksbróðir hans sagði, togarafarma og það frekar tvo en einn? Það er óforsvaranlegt að veiða eins og nú er gert. Það er óforsvaranlegt að láta þetta dýrmæta hráefni skemmast. Og það er óforsvaranlegt að vinna þorsk í mjöl. Það er mergurinn málsins. Það verður að tempra þetta og það verður að ganga í það verk. Það hefði verið betra að sleppa ekki loðnubátunum í fiskinn. Og hvernig á svo að selja allan þennan saltfisk, því að óhjákvæmilega hlýtur að verða mikill hluti af honum í lægri gæðaflokkum? *Verðum við að kaupa fyrir hann togara í Portúgal?* Mér þykir ýmislegt benda til þess.

Ég held sem sagt að það sé alveg óhjákvæmilegt, og það er krafa mín, að stöðva þetta netafiskirí þegar vertíðaraflinn hér er orðinn svipaður og hann var í fyrra. Ef hæstv. sjútvrh. sér að athuguðu máli að hann hefur ekki lagaheimild til þess að gera það, eins og mér fannst raunar liggja í orðanna hljóðan í reglugerðinni sem hann gaf út um veiðarnar, verður hæstv. sjútvrh. að afla sér þeirrar heimildar. Ég skal reyna að gera mitt til þess að stuðla að því að hann geti fengið hana sem fyrst.

Umr. frestað.

Efri deild, 75. fundur.

Þriðjudaginn 3. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Stjórn efnahagsmála o. fl., frv. (þskj. 511 (sbr. 453), 513). — 3. umr.

Afbrigði um brtt. 513, sem var of seint fram komin, samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Það kom fram við 2. umr. málsins í gær aths. frá hv. 5. þm. Vestf. um það, að I. tölul. við ákvæði til bráðabirgða aftan við 51. gr. væri e. t. v. ekki nægilega skýrt orðaður. Af þeim ástæðum hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. flutt stutta brtt., sem leiðir til þess að I. tölul. breytist aðeins.

Ég vil vekja athygli á því, að á þskj. 511, þar sem frv. er prentað eftir 2. umr. hér í d., hefur uppsetning orðið aðeins öðruvísi en ætlast var til. I. liðurinn á að byrja á „Verðbætur samkv. ákvæðum 48. — 51. gr.", þ. e. a. s. upphafið á bráðabirgðaákvæðinu á að vera upphafið á I. liðnum. Það er við þennan lið sem brtt. er, næstsíðasta málsl., þannig að þá kemur þar: „Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið. Að því er varðar félagsmenn í BSRB og BHM fer þó eftir samkomulagi því, sem þegar hefur verið gert við fjmrn."

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og hv. 6. þm. Suðurl. tók fram gerði ég fsp. við 2. umr. um það, hvernig bæri að skilja I. tölul. brtt. við ákvæði til bráðabirgða eftir 51. gr. frv. með tilliti til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hv. þm. lofaði því í gær, að þetta

mál yrði athugað áður en til 3. umr. kæmi. Hann hefur staðið við það eins og hans var von og vísa.

Hér hefur verið lögð fram brtt. á þskj. 513 til þess, eins og hv. 6. þm. Suðurl. sagði, að taka af öll tvímæli um hvað I. tölul. í ákvæðum til bráðabirgða eftir 51. gr. frv. þýðir með tilliti til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna. Ég hef ekkert nema gott um það að segja og tel raunar að það hafi verið nauðsynlegt að bera fram brtt. til þess að kveða skýrt á um þetta efni. En í brtt. segir að það skuli að því er varðar félagsmenn í BSRB og BHM fara þó eftir samkomulagi því sem gert hefur verið við fjmrn. Mér þykir að það sé nauðsynlegt að hér sé skýrt frá því, í hverju þetta samkomulag er fólgið. Það er ekki nægilegt að vitna til samkomulagsins. Hv. þm. verða að vita og fá skýringu á því, lýsingu á því samkomulagi. Annars vita hv. þm. ekki hvað þeir eru að samþykkja.

Ég hef fyrir framan mig úrklippu úr Morgunblaðinu í dag, þar sem er rætt við Kristján Thorlacius formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um þetta atriði og þar sem hann kemur inn á það, um hvað þetta samkomulag sé. Það er aðeins vikið að þessu örfáum orðum og mér þykir nauðsynlegt að fá nánari skýringu en er að finna í því ágæta blaði Morgunblaðinu í dag um þetta efni. Og það er það sem ég vildi óska eftir að fram kæmi.

Jón Ásbergsson: Herra forseti. Ég vona, að það teljist ekki brot á neinum óskrifuðum siðvenjum hins hv. Alþingis, að nýliði biðji um orðið fyrsta dag sinn á þingi. Og þó að svo sé hlýtur mér að fyrirgefast framhleypnin, því að eins og hv. 5. þm. Vestf., flokksbróðir minn Þorv. Garðar Kristjánsson, benti á í ræðu sinni við 2. umr. þessa máls í gær er ekki að sjá að löng ræðuhöld þm. Alþfl. og Alþb. muni tefja að ráði afgreiðslu þessa frv. hér í d. Örfá orð frá nýliðanum ættu því vart að saka.

Eina lífsmarkið, sem í gær mátti finna með gömlu stjórnarandstöðunni, var örstutt, en djúpt frammíkall frá hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefáni Jónssyni, þess efnis að Ólafur Jóhannesson væri góður maður. Þetta var eina innleggið úr þeirri átt þann daginn um frv. til l. um stefnumörkun í efnahagsmálum — stefnumörkun sem hvorki meira né minna á að tryggja næga og stöðuga atvinnu, halda verðhækkunum í skefjum, stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd, greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings. Já, mikil er trú þín, kona. Þetta stutta frammíkall er þá líklega merkilegasta framlag Alþb. til íslenskrar efnahagsmálaumr. um langt skeið, því að það má færa nokkur rök fyrir því, að þetta framlag sé sannleikanum samkvæmt og af hinu góða, sem er nýlunda úr þeim herbúðum.

En þótt Ólafur Jóhannesson sé góður maður er frv. það til l., sem hér er um fjallað, ekki gott. Það er slæmt. Það er svo slæmt, að viðbúið er að höfundur þess muni áður en langt um líður gefa því svipuð eftirmæli og hann, að vísu af nokkurri ósanngirni, gaf skattalögum Framsfl. og Sjálfstfl. Hann taldi ákveðnar greinar í þeim lögum gera mönnum næstum ókleift að ákveða sjálfir hvenær og hvar þeir köstuðu af sér vatni. Ástfóstur þessa frv. við alls kyns skýrslugerð og áætlanagerð mun ekki auðvelda mönnum þær ákvarðanir. En þó er sýnu verra að verði frv. þetta grundvöllur efnahagsstefnu ríkisstj. mun skattpíningarstefnu ríkisstj. ekki linna á næstunni. Ráðh. hafa þegar sýnt fádæma frumleik í vali skattstofna og er aldrei að vita hvar þeir bera niður næst. Þarfir manna til baks og kviðar hafa áður verið skattlagðar af fjársoltnum yfirvöldum og kynni svo að geta farið að ríkisstj. leitaði þar fyrirmyndar.

Þögn þm. Alþfl. og Alþb. við umr. í gær er sjálfsagt besta staðfesting þess, hversu tilgangslaust þetta frv. er. Alþfl.-menn lofuðu kjósendum sínum á síðasta vori, að þeir skyldu koma kerfis- og verðbólguflokkunum vondu á kné og þeir skyldu kenna þeim hvernig ætti að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Nú ætla þeir að standa að samþykkt frv. sem lögleiðir 40% verðbólgu. Alþb.-menn lofuðu hins vegar öllum sínum kjósendum, að þeir skyldu jafna um kaupránsflokkana. „Ríkisstj. frá og samningana í gildi," var kosningaslagorð þeirra. Ríkisstj. fór frá og þeirra eigin óskastjórn, vinstri stjórn, tók við. Nú eru hins vegar engir kjarasamningar í gildi. Hinn áður heilagi frjálsi samningsréttur er nú einskis metinn og kommar skeggræða í smáklíkum, sem þeir kalla nú forustu launþegasamtakanna, hversu mörgum prósentum þeir eiga að ræna af launþegum.

Ríkisstj.-flokkarnir hafa mjög gumað af því samráði sem þeir hafi haft við ýmsa hagsmunaaðila og þrýstihópa í landinu við samningu þessa frv. Slíkt samráð skal að vísu ekki alfarið vanvirt. En hvers virði er slíkt samráð, ef þeir hinir sömu hagsmunaaðilar hafa sýnt sig í því að láta pólitíska þjónkun sína við kommúnista ráða afstöðu sinni í allri faglegri kjarabaráttu? Eða hvar eru núna skyndiverkföllin, útflutningsbannið og útifundirnir? Og hvers virði er slíkt samráð, ef útkoman er löggjöf svo útþynnt og vesæl að hún nær hvergi að vinna á því meini sem henni er ætlað að vinna á, þ. e. a. s. verðbólgunni?

Ég er viss um að allir hv. þm. þessarar d. hafa haldið yfir kjósendum sínum magnþrungnar ræður um skaðsemi verðbólgunnar, um hvernig verðbólgan eyðileggur allt verðmætaskyn manna, um hvernig verðbólgan leiðir til fjárfestingar sem gefur engan arð af sér, um hvernig arðurinn af fjárfestingunni er í raun og veru það sem kemur til skiptanna milli atvinnurekandans og launþegans og um hvernig stöðvun verðbólgunnar og áhersla á arðsemi fjárfestingar er grundvöllur þess að unnt sé að bæta lífskjör almennings í landinu. Ef þessar staðreyndir og samhengi þeirra er öllum þm. ljóst, hví þá ekki að setja löggjöf sem miðar hiklaust að því marki að stöðva verðbólguna og bæta lífskjörin í landinu? Að því hljóta þó allir stjórnmálaflokkar að stefna. Auðvitað kemur slík löggjöf við einhvern í upphafi, en hann verður þeim mun betur settur eftir á. Læknir sem meðhöndlar keðjureykingamann, sem sýnir merki lungnakrabba, eyðir ekki miklu púðri í að „diskútera" við sjúklinginn þau óþægindi sem hann muni hafa af því að hætta að reykja. Val sjúklingsins er milli lífs og dauða. Hið sama á við hér. Lausn þess efnahagsvanda, sem þjóðin hefur strítt við undanfarin ár, er val milli lífs og dauða, milli vaxandi eða minnkandi velmegunar, milli byggðar í landinu eða fólksflótta. Valið ætti því að vera auðvelt.

Eitt mest notaða orð íslenskrar þjóðmálabaráttu er orðið „byggðastefna". Er þar átt við þá stefnu, sem allflestir eru sammála um, að nauðsynlegt sé að viðhalda blómlegri byggð sem víðast um landið. En ef fram fer sem horfir í íslenskum þjóðmálum er líklegt að þetta hugtak fái víðtækari merkingu og þá verði megininntak íslenskrar byggðastefnu að halda landinu í byggð, þ. e. a. s. koma í veg fyrir fólksflutninga í ríkum mæli til annarra landa. Brottflutningur fólks af landinu undanfarin ár,

þrátt fyrir næga atvinnu, gæti verið aðeins forsmekkurinn að því sem koma skal. Augljóst er hvers vegna fólkið flytur. Þjóðartekjur á mann eru mun hærri meðal nágrannaþjóðanna en hér og er vinnudagirinn þar þó styttri og talsverður fjöldi manna atvinnulaus í þokkabót. Það er með öllu ástæðulaust að ætla að Íslendingar sætti sig til lengdar við lakari lífskjör en gerist meðal nágrannaþjóðanna. Og ef lífskjörin batna ekki hér heima, þá fara menn — fyrst þeir, sem hafa lært fræðigreinar eða handverk, svo hinir. Þessi fólksflótti verður ekki stöðvaður með skírskotun til ættjarðarástarinnar og fjallkonunnar, því malbikskynslóðin tengist engum slíkum böndum við land sitt og þjóð að hún meti ekki meira, þegar á reynir, beinharða efnahagslega afkomu og öryggi.

En ef bæta á lífskjörin verður að brjóta leið út úr vítahring verðbólgunnar, minnkandi kaupmáttar og taprekstrar fyrirtækjanna. Slíkt verður ekki gert með neinum einföldum ráðum eða slagorðum, og það tilgangslausa kukl, sem hér er lagt til að stundað verði, mun ekki leiða okkur út af ógæfubrautinni.

Ég sagði áðan að ríkisstj. gumaði af samráði sínu við ýmis hagsmunasamtök. Þó er ekki að sjá að henni hafi tekist að velja þau heilræði sem þaðan hafa komið og best munu duga. Í byrjun marsmánaðar ályktaði t. d. aðalfundur verkalýðsfélagsins Einingar á þessa leið og sendi ríkisstj., — mig langar til, með leyfi forseta, að lesa hluta ályktunarinnar upp, en hér segir í 2. gr.:

„Komið ykkur umsvifalaust saman um langtímastefnumörkum er miði að aukinni framleiðni og auknum kaupmætti launafólks. Tryggið öllum vinnu við arðbær störf er skapa aukinn þjóðarauð til skipta."

Þessi ályktun hittir kjarna þeirrar lausnar sem er á efnahagsvanda þjóðarinnar. Menn verða að glöggva sig á því til hlítar, hverjar eru undirstöður efnahagslegrar velferðar á Íslandi í nútíð og framtíð og hvernig rétt tök á þessum undirstöðum geta skapað þjóðinni aukinn auð til skiptanna, aukinn kaupmátt og tryggt arðbær störf. Þessar undirstöður eru sjávarútvegur og orkufrekur iðnaður. Hvernig sem menn reyna að rangfæra og mistúlka þessa staðreynd er hún óumflýjanleg. Þessar tvær atvinnugreinar hafa slíka sérstöðu hér á landi, að þær einar geta boðið álíka framleiðni og þá um leið lífskjör og gerast meðal hinna iðnvæddu nágrannaríkja okkar. Allur annar íslenskur útflutningur mun verða að berjast um markaðsaðstöðu við vöru frá vaxandi iðnveldum Asíu, svo sem Suður-Kóreu, Indónesíu, Malaysíu o. fl. Þar er vinnuaflið ódýrt og lífskjör almennings frumstæð.

Ef menn neita að viðurkenna sérstöðu sjávarútvegsins og orkufreks iðnaðar til að skapa hér velferðarríki framtíðarinnar eru menn að dæma þjóðinni versnandi lífskjör. Það er óþarfi að tíunda hér í deildinni í dag þá hættu sem sjávarútvegurinn er í nú vegna ofveiði helstu nytjafiska. Hins vegar er vitað að skipulögð sóknarminnkun mun gera þessum fiskstofnum kleift að ná sér aftur á strik og tryggja um leið að þessi mikilvæga auðlind, sjórinn, gefi af sér varanlegan afrakstur í framtíðinni. En meðan þorskur og loðna eru að nokkru hvíld verður að hefja skipulega nýtingu orkunnar og orkufreks iðnaðar. Ég ætla ekki í dag að verða langorður um hvernig það skuli helst gert. En skjótasta, einfaldasta og besta leiðin út úr efnahagsöngþveitinu hér er að reisa á næstu 10 árum 3—4 orkufrek iðnfyrirtæki á stærð við ÍSAL og auka raforkuframleiðslu sem því næmi. Þessi fyrirtæki mundu veita rösklega 2000 manns vinnu og leggja grunn að störfum annarra 6000. Til að raska ekki félagslegri uppbyggingu hinna dreifðu byggða yrðu fyrirtæki þessi reist hér á þéttbýlissvæðinu á Suðvesturlandi, hugsanlega einnig á Suðurlandi. Þm. þyrftu þá ekki að hlusta á umr. eins og rétt áðan í Sþ. um skiptingu þorskanna — þeirra fáu sem til skipta eru. Fyrirtækin yrðu algerlega í eigu erlendra aðila og framkvæmdafé íslenska ríkisins ekki bundið í uppbyggingu áhættusamra fyrirtækja, auk þess sem fyrirtækin yrðu látin greiða sem hæst raforkuverð ásamt framleiðsluskatti, eins og gert er við ÍSAL. Með þessu væri dregið úr mikilvægi sjávarútvegs fyrir byggðina á Suður- og Suðvesturlandi og dreifbýlinu veittur forréttur að nýtingu sjávarauðlindanna. Þannig yrðu varanleg lífskjör allra Íslendinga tryggð um ókomna tíð, án röskunar á þeirri uppbyggingu landsins sem við nú þekkjum og viljum ekki breyta. Hugsanlega eru enn til menn sem helst vilja naga hundasúrur og drekka fíflamjólk úti í móa, en þeir eru það fáir og fer fækkandi að á þá ber ekki að hlusta.

Ég læt svo ræðu minni lokið.

Frsm. minni hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Mér finnst ástæða til að vekja athygli á þeirri staðreynd, að samkv. þeirri brtt. á þskj. 513 sem hefur verið borin fram af meiri hl. fjh.- og viðskn., er gefið í skyn að þrátt fyrir ákvæðið til bráðabirgða í þessu frv. geti tvær stéttir í þjóðfélaginu, félagsmenn í BSRB og félagsmenn í BHM, átt þess kost að fá umsamdar grunnkaupshækkanir, ef atvik fara á þann veg að það reyni á samkomulag það sem hér er skýrt frá og gert hefur verið, að manni skilst, við fjmrn. En ég vil benda á í þessu sambandi stöðu tveggja annarra samtaka í þjóðfélaginu, og þar á ég við starfsmenn í bönkunum og blaðamenn. Báðir þessir starfshópar áttu samkv. samningum heimtingu á að fá 3% grunnkaupshækkun við útborgun 1. apríl. Eins og hv. alþm. er kunnugt hefur greiðslan til bankamannanna þegar verið innt af hendi samkv. samningunum. Greiðslan til blaðamannanna hefur hins vegar ekki gengið fram enn þá, en af fréttum í fjölmiðlum kemur fram að þeir muni skjóta máli sínu til hlutaðeigandi dómstóla.

Ég tel að það sé fráleitt að afgreiða brtt. þessa án þess að yfirlýsing liggi fyrir um það, að þær greiðslur, sem hafa verið inntar af hendi samkv. samningum við bankamenn og þá einnig við blaðamenn, lúti sömu reglum og ákvæðum og felast í þeirri brtt. sem hér hefur verið borin fram af meiri hl. fjh.- og viðskn.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þær fsp., sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson og hv. þm. Jón Sólnes hafa beint til mín, varða það samkomulag sem gert hefur verið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna, en við þessa aðila hefur fjmrn. gert samkomulag. Það samkomulag er skilyrt. Það er á þann veg, að BSRB hefur fallist á að fresta áfangahækkun þeirri sem átti að koma til framkvæmda 1. apríl, en samþykki bandalagsins á þeirri ákvörðun er bundið þeim fyrirvara að ákvörðunin verði samþykkt við allsherjaratkvgr. Á móti því, ef frestunin verður samþ. við slíka allsherjaratkvgr., hefur fjmrn. og ríkisstj. heitið því að beita sér fyrir tilteknum breytingum á lögum um samningagerð við opinbera starfsmenn. Það var leitað eftir því við bankamenn a. m. k. að þeir gerðu hliðstætt samkomulag, en þeir vildu ekki á það fallast.

Að sjálfsögðu verður staðið að öllu leyti við það samkomulag sem hefur verið gert við þessa tilteknu aðila, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna, og þess vegna er ekki nema sjálfsagt að taka það fram alveg berlega í lögunum, þó að til þess hefði út af fyrir sig ekki borið nauðsyn, en þetta er gert til þess að taka af öll tvímæli í því efni. Ákvæði þetta tekur hins vegar aðeins til þessara tveggja aðila, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna. Um hina aðilana, sem hv. þm. Jón Sólnes nefndi, gildir ekki þessi undantekningarregla í bráðabirgðaákvæðinu. Hins vegar gildir auðvitað aðalreglan um þá, að þessi lög leggja engar hömlur við samningafrelsi og þeir geta gert nýja kjarasamninga. Þeir eiga það við atvinnuveitendur sína. Ef þeir hefðu fallist á þau tilmæli, sem til þeirra var beint, hefðu þeir auðvitað komist undir þetta ákvæði með sama hætti og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna. Ég vona að þetta sé nægilega skýrt til þess að svara þeirri spurningu sem hv. þm. báru fram.

Ég vil svo aðeins að lokum þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Hún hefur unnið mikið og gott starf. Hún hefur flutt margar brtt., sem er vitaskuld ekki óeðlilegt þegar um jafnviðamikið mál er að tefla, því að betur sjá augu en auga, og það er ugglaust að sumt í þeim brtt., sem gerðar eru, er til bóta. Um aðrar má segja að þær orki tvímælis. En ég fyrir mitt leyti get fallist á þessar brtt. og sætti mig við þær og vil þakka n. fyrir gott starf.

N. hefur ekki getað orðið sammála og stjórnarandstaðan hefur skilað séráliti. Við því er auðvitað ekkert að segja. Það er ekki annað en það sem tíðkast og gerist á bestu bæjum og í bestu deildum.

Ég ætla ekki að fara að ræða um það sérstaklega eða gera aths. við þau ummæli sem féllu í umr. í gær, en í þögninni felst vitaskuld ekkert samþykki við þeim röksemdum sem þar komu fram. Ég get þó sagt það, að frv. er vitaskuld ekki ætlað að taka til allra þátta efnahagsmála. Það hefur aldrei verið sagt. Því hefur aldrei verið haldið fram. Það var bent á það t. d. af frsm. minni hl., að það væri ekkert í þessu frv. að finna varðandi skattamál og innflutnings- og gjaldeyrismál. Það er laukrétt. En það verður alveg á næstunni t. d. flutt frv. um innflutnings- og gjaldeyrismál og að skattamálum er verið að vinna, þau eru í skoðun. Þessir þættir koma fram sem sérstakir þættir og auðvitað mýmargir aðrir þættir sem snerta efnahagsmál, en ekki eru ákvæði um í þessu frv. Þetta frv. tekur þó til allmargra þýðingarmikilla efnahagsþátta og er með því gerð tilraun til að ná betri stjórn á efnahagsmálum.

Það var talið í gær — kannske ekki í mjög virðulegum tón — um áætlanir og sagt að það væri mikið um áætlanagerðir í frv. Ég get fallist á að áætlanir leysa ekki allan vanda og það er meira komið undir öðru en áætlunum. En orð eru þó til alls fyrst, eins og sagt er, og áætlanir eru talsvert tískuorð og tískufyrirbæri um þessar mundir og það ekki aðeins hjá þeim sem í stjórn sitja og stjórn styðja, heldur reyna hv. stjórnarandstæðingar stundum að grípa til þess að flytja till. um ýmiss konar áætlanir og skulu þeir ekki lastaðir fyrir það. T. d. minnir mig fastlega að ég hafi hlýtt á það eða lesið í dagblöðum að skýrt hafi verið frá mikilli orkuáætlun um uppbyggingu orkumála hér á landi, — ætli það hafi ekki verið næstu 10 árin? (Gripið fram í.) Já, og þar er horft nokkuð langt fram í tímann. Ég man í svipinn eftir annarri mjög mikilvægri till. frá stjórnarandstæðingum um áætlanagerð, og það er um varanlegt slitlag á vegum umhverfis landið — mjög merkilegt mál. Það er því ekkert óeðlilegt þó að sé gripið til áætlana, og þar er sannleikurinn sá, að það er afsakanlegt þó að menn reyni, af takmarkaðri getu oft og einatt að vísu, að líta fram í tímann og marka þá stefnu sem á að reyna að fylgja. Það er viðleitnin í þessu frv. að reyna slíkt varðandi t. d. fjármál ríkisins, varðandi fjárfestingarstjórn og fleira af því tagi. Ég hef trú á því, að ef þau ákvæði komast í framkvæmd, svo sem gert er ráð fyrir í frv., eigi þau eftir að skila árangri.

Hér er mjög mikið undir framkvæmdinni komið. Mér dettur ekki í hug að halda að með þessu frv. eða með ákvæðum um þau atriði, sem ég nefndi sérstaklega, sé fundið neitt lausnarorð. En ég held að það sé spor í rétta átt, og mér hefur skilist að það væri spor sem hv. stjórnarandstæðingar gjarnan vildu í sjálfu sér stíga og þeir væru ekki á móti því.

Þá eru auðvitað ekki síður þýðingarmikil atriði ákvæðin, sem að vísu eru mörg rammaákvæði og geta varla eðli sínu samkv. á þessu stigi verið annað, varðandi verðtryggingu sparifjár og útlánsfjárskuldbindinga. Ég hygg að hv. sjálfstæðismenn séu ekki andvígir þeirri stefnu sem í því felst. En það segi ég aftur, að mikið er undir framkvæmdinni komið. Við verðum að viðurkenna að það hefur verið farið verr með fáa en sparifjáreigendur. Það hefur verið viðleitni að undanförnu til þess að reyna að rétta hag þeirra svolítið, en hvergi nándar nærri nóg. Það er stigið stærra skref með þessu frv. í þá átt en áður, og því held ég að menn ættu að fagna, vegna þess að það verkar ekki aðeins í þá átt að gera það sem réttmætt er, að tryggja hag sparifjáreigenda, heldur mun það orka í þátt að koma á heilbrigðari viðhorfum í efnahagslífi og verða til þess að auðvelda stjórn á fjárfestingunni. En ég ætla ekki að fara nánar út í þessi atriði og ekki vera að gefa mönnum tækifæri til þess að þurfa að svara því sem ég segi hér.

Það hefur auðvitað enginn við því að segja, hvernig sjálfstæðismenn snúast við þessu, það er þeirra mál. En ég held að það sé yfirleitt skynsamlegra að fylgja því sem maður telur horfa til réttrar áttar, þó að skrefið sé ekki í einu vetfangi stigið til fulls, ef það miðar fram á við og er til bóta. Hitt er kannske til of mikils mælst, að í einu vetfangi sé gert allt sem gera þarf. Ég er líka og hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að þetta yrði að gerast í áföngum. Hvað sem því líður er frv. þetta að þessu leyti, sem ég hef minnst á, í samræmi við samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna, þar sem þeir gera sérstaklega ráð fyrir áætlunum um tiltekna málaflokka, kjaramál, peningamál o. fl., o. fl. og hjöðnun verðbólgu í áföngum. Þeir hafa ekki sett markið hærra.

Sjálfsagt hefðu margir og þ. á m. ég viljað sjá stigið stærra skref í því að koma á hjöðnun verðbólgu á þessu ári. En þess er að gæta, að það getur verið vandþrætt að halda uppi fullri atvinnu, sem er markmið númer eitt, og að lækka verðbólguna. Þarna getur verið nauðsynlegt að fara bil beggja og það hefur einmitt verið gert og gerðar breytingar á þessu frv. frá þeirri mynd sem það var upphaflega í, vegna þess að samráð var haft við hagsmunaaðila — við þá aðila sem gert er ráð fyrir að hafa samráð við. Það hefur verið tekið nokkurt tillit til ábendinga, sem komu frá þessum aðilum, t. d. síðast frá Verkamannasambandinu. En auðvitað geta verið skipt-

ar skoðanir um þetta efni.

Það má kannske óska Sjálfstfl. til hamingju með það, að hinn hv. nýi þm. Jón Ásbergsson hafði úrræðin með sér að norðan. Nú hafa þeir þau og vita hvað þeir eiga að gera. Ég ætla ekki að fara að tala frekar um þau.

Mér finnst skemmtilegra að leiðrétta eitt sem kom fram við 1. umr., en ætla annars ekki að fara út í þær aths. sem þá komu fram. Það kom fram í máli forvera hv. 5. þm. Norðurl. v., Eyjólfs K. Jónssonar. Hann sagði að þegar vinstri stjórnin hefði skilið við 1974 hefði verðbólgan verið yfir 54%. Mér er þetta mál skylt, af því að ég hef átt sæti í báðum þeim ríkisstj. sem þarna eiga hlut að máli, og ég hef áhuga á því einu að hið sanna sé sagt um þetta efni. Það vill svo vel til, að það eru fyrir hendi alveg órækar opinberar skýrslur Hagstofu Íslands sem segja til um þetta, hver verðbólgan var þá og hvenær verðbólgan var komin upp í 54%. Þetta er í skýrslu sem Hagstofan gefur út á þriggja mánaða fresti. Ef maður lítur yfir daga vinstri stjórnarinnar var verðbólgan frá því í ágúst 1971 12 næstu mánuði 13.6%, frá ágúst 1972 í næstu 12 mánuði 20.9% og frá því í ágúst 1973 til þess í ágúst 1974, að vinstri stjórnin fór frá, var verðbóglan 41.4%, sem að vísu var allt of mikið, en orsakaðist af ástæðum sem mönnum eru vonandi enn í minni. En í ágúst 1974 tók við ný stjórn og í ágúst 1975 var verðbólgan komin upp í 54.5% — hafði hækkað sem sagt á því tímabili. Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson er því einu ári á eftir tímanum. Það er ofurlítil tímaskekkja sem mér finnst eðlilegt að leiðrétta. Og til þess líka að halda áfram að láta fyrrv. ríkisstj. njóta sannmælis, sem mér er skylt, má geta þess, að í ágúst 1976 var verðbólgan aftur komin niður í 31.8%, en í ágúst 1977 var hún komin niður í 26.6%. Ég veit að hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson vill hafa það sem sannara reynist, og þess vegna vonast ég til að heyra ekki frá honum aftur þessa tölu. Og mikið mundi ég vera þakklátur honum ef hann gæti haft þau áhrif á Morgunblaðið, að það væri ekki alltaf með þessi 54%, heldur héldi sig við þær tölur sem Hagstofan leggur upp í hendurnar á mönnum.

Ég endurtek svo þakkir mínar til n., sem hefur unnið vel að þessu máli.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil óska hinum nýja þm., Jóni Ásbergssyni, til hamingju með hans ágætu ræðu. Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. hefur hlustað með athygli á mál þessa unga manns. Það er ekkert óeðlilegt, vegna þess að ég þykist vita að hæstv. forsrh. eigi von á því að heyra síðar margt skynsamlegt frá þessum unga manni.

Hæstv. forsrh. fór þarna út í nokkurn talnaleik í sambandi við verðbólgumálin. Ég get ekki fylgt honum alveg eftir í því efni. Ég hef ekki þessar tölur nú við höndina. Ég efast ekki um að hæstv. forsrh. hafi lesið rétt upp úr hagskýrslum. Það snerist töluvert hans mál um 50% verðbólgu og taldi hann sig færa rök fyrir því, að það hefði ekki átt sér stað í fyrri vinstri stjórninni, sem sat frá 1971—1974, heldur í þeirri ríkisstj. sem næst kom á eftir. En ég hygg að það skipti ekki verulegu máli, þegar við förum að gera upp hlut hæstv. forsrh. í þessum verðbólgumálum. Hann átti sæti í báðum þessum stjórnum og fór með viðskiptamálin í hinni síðari ríkisstj., ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, og það ráðherraembætti hefur ekki minnst um það að segja hver þróun verðbólgumálanna hefur verið.

Hæstv. forsrh. fór nokkrum orðum um frv. það, sem hér er til umr., með tilliti til þeirra umr. sem áður hafa farið fram við 1. og 2. umr. málsins. Hann tók sérstaklega fram, að það vantaði ýmislegt í þetta frv. sem varðar efnahagsmálin og er þar sammála okkur talsmönnum stjórnarandstöðunnar. En ég vek athygli á því, að hv. 6. þm. Suðurl. og frsm. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. lagði alveg sérstaka áherslu á að frv. þetta væri algert einsdæmi í sögunni fyrir það, hve það legði traustan grundvöll eða mótaði heildarstefnu í efnahagsmálunum, eins og hann orðaði það. Ég held að það sé misskilningur, eins og ég hef áður vikið að, hjá hv. 6. þm. Suðurl. Við hæstv. forsrh. getum hins vegar verið sammála um að það vantar margt í þetta frv. Og það vantar því miður sumt af því sem er ómissandi ef á að móta nokkra heildarstefnu í efnahagsmálunum. Þess vegna er þetta frv. eins og það er.

Hæstv. forsrh. vék að því, að við talsmenn stjórnarandstöðunnar gerðum lítið úr áætlunum. Það er nokkur ónákvæmni í þessu hjá hæstv. forsrh. Ég man ekki betur t. d. heldur en ég tæki fram, að ég legði ekki lítið upp úr áætlunum. Ég tók það beint fram. Áætlanagerð og skipuleg vinnubrögð, eins og ég orðaði það við 2. umr. þessa máls, eru ákaflega þýðingarmikil. En það, sem við bentum á, og það, sem ég lagði alveg sérstaka áherslu á, var að meginmál og allir fyrstu kaflar þessa frv. fjölluðu um áætlanagerð í margs konar samböndum og það væri prentað upp ýmislegt úr gildandi lögum og reglugerðum. Það er sett í frv. ýmislegt sem mönnum mundi undir venjulegum kringumstæðum ekki detta í hug að fara að gera að löggjafaratriði. En það er eins og allt hafi verið hey í harðindum hjá hæstv. ríkisstj., því að allt mögulegt og ómögulegt er tekið í þessum vaðli og fjasi um áætlanagerðir sem er í frv.

Það er alveg rétt, eins og hæstv. forsrh. vék að, að okkur sjálfstæðismönnum finnst sumt geta verið til bóta í frv. Hann vék sérstaklega að kaflanum um verðtryggingu. Ég gerði það einnig í ræðu minni við 2. umr. málsins. Við getum verið sammála um það. En eins og ég benti á þar taldi ég að það þyrfti að kveða á með nokkuð öðrum hætti um þessi atriði en gert er í frv. og það væri ýmsu ábótavant í þessu efni í frv., þó að sumt — og meginhugsunin — stefni í rétta átt.

Hæstv. forsrh. sagði að menn ættu — ég skildi hann svo — að geta verið með því sem til bóta horfir. Jú, út af fyrir sig er sjálfsagt að vera með því sem til bóta horfir. Það gerum við sjálfstæðismenn alltaf. Við erum alltaf með því sem til bóta horfir. En þetta mál er þess eðlis, að við eigum ekki annars kost, ef við ætlum að vera með einstökum atriðum, en þurfa að vera með frv. í heild, ef einstök atriði, sem við höfum sérstakan áhuga á, ættu að komast fram. Og það eru sum atriði frv. þess eðlis, að þau útiloka að sjálfstæðismenn geti verið fylgjandi þessu frv. Nægir í því efni að nefna t. d. kaflann um verðlagsmál.

Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur gefið hér varðandi samkomulag ríkisstj. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Mér virtist hæstv. forsrh. gera ráð fyrir því, að þetta samkomulag, sem mér skilst að eigi að bera undir atkv. hjá félagsmönnum í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, verði samþykkt. Ef samkomulagið verður samþykkt kaupa opinberir starfsmenn aukinn samningsrétt, aukinn verkfallsrétt sér til handa með því að gefa eftir 3% áfangahækkun í kaupi. En spurningin er: Hvað skeður ef þessu samkomulagi er

hafnað af opinberum starfsmönnum? Fá opinberir starfsmenn þá áfangahækkunina, þar sem þeir fá ekki aukinn samningsrétt? Mér fannst að þetta kæmi ekki skýrt fram hjá hæstv. forsrh., þ. e. a. s. hvað skeði ef samkomulagið yrði fellt. Það væri gott og ég vil segja nauðsynlegt að fá nánari skýringu á þessu atriði.

Þá vil ég koma að því sem snýr að bankamönnunum og hv. 2. þm. Norðurl. e. hafði gert fsp. um. Ég vil spyrja frekar í sambandi við það mál. Nú hafa bankamenn fengið 3% áfangahækkun við útborgun kaups fyrir aprílmánuð. Halda þeir þessari áfangahækkun þegar frv. það, sem við nú ræðum, er orðið að lögum? Ef svo er ekki, er þá bankamönnum ætlað að greiða aftur það, sem þeir hafa fengið ofborgað, eða halda þeir því, sem þeir hafa fengið borgað, en þessi áfangahækkun sé af þeim tekin í næsta mánuði? Það eru svona spurningar sem vakna í sambandi við samkomulag það, sem hér hefur verið greint frá og gert er ráð fyrir að lögfest verði með þeirri brtt. sem nú hefur verið borin fram.

Það er ekki óeðlilegt að komi upp í hugann ýmsar spurningar í sambandi við slík viðskipti, sem þarna eru á milli hæstv. ríkisstj. og einstakra hagsmunasamtaka. Það er vegna þess að það eru að mínu viti í hæsta máta óeðlileg vinnubrögð sem hæstv ríkisstj. hefur í þessum efnum. Það er í hæsta máta óeðlilegt að taka upp þá siðvenju eða stjórnarhætti að ætlast til þess að einstakar stéttir kaupi sér það, sem hingað til hafa verið talin sjálfsögð mannréttindi, með því að afsala sér kaupi í einu eða öðru formi. Þá á ég við það sem skeði við efnahagsaðgerðirnar 1. des. s. l., þegar ákveðið var að launþegar skyldu fá það sem kallað var félagslegar umbætur á því verði að afsala sér 3% af verðbótavísitölu. Og nú er gengið feti framar í þessum nýju stjórnarháttum með því sem nú er lagt til í frv. og með brtt. þeirri sem hér hefur verið lögð fram. Nú eiga opinberir starfsmenn að fá aukinn samningsrétt, sem þýðir aukinn verkfallsrétt, en þeir verða að kaupa þennan rétt með því að gefa eftir 3% áfangahækkun á launum sínum. Þetta eru frá mínu sjónarmiði algerlega óhæf vinnubrögð. Við getum deilt um það, hvort þjóðfélagið þoli kauphækkun eða þoli ekki, en við eigum ekki að fara að blanda því máli inn í aðra hluti, sem varða mál er snerta venjuleg mannréttindi. Ég tel það vera venjuleg mannréttindi að geta notið félagslegra umbóta, ef þjóðfélagið hefur á annað borð möguleika á því að koma þeim á fót. Og við eigum ekki að meta það, hvort veittur er aukinn samningsréttur eða aukinn verkfallsréttur, eftir því hvort það fást eftirgefin einhver prósent af kaupi.

Hér er farið inn á mjög hættulega braut. Það er naumast hægt að fara inn á þessa braut á hættulegri hátt en einmitt í því efni sem varðar verkfallsrétt opinberra starfsmanna. Spurningin um verkfallsrétt opinberra starfsmanna er miklu meiri en svo, að það eigi að setja það mál í samband við launamál. Það verður að vega og meta eftir allt öðrum sjónarmiðum. Því miður er nú svo komið, að opinberum starfsmönnum hefur verið veittur verkfallsréttur. Ég taldi það á sínum tíma mjög varhugavert spor. Það eru margar ástæður til þess. Ég ætla ekki hér að flytja ræðu um það mál. En ég bendi aðeins á það, að við Íslendingar höfum algera sérstöðu í því efni hvað ríkisvald okkar er veikt. Og sporin hræða í þessu efni. Ég er ekki að gera því skóna núna, að það sé rétt að jafna ástandi dagsins í dag við það ástand sem var þegar við misstum sjálfstæði okkar vegna þess að við höfðum þá veikt ríkisvald. En einmitt sú staðreynd, að við höfum veikt ríkisvald, kallar á það, að við reynum að byggja upp sterkt embættismannakerfi í landinu, þannig að ríkisvaldið geti alltaf treyst á að starfsmenn þess leggi ekki niður störf, hafi ekki verkfallsrétt. Í þessu landi höfum við ekki aðstæður til þess að mæta slíku ástandi sem aðrar þjóðir hafa. Við höfum ekki her í þessu landi sem við getum beitt til varnar undir svona kringumstæðum. Og við ætlum okkur ekki að hafa her. Við verðum þess vegna að byggja ríkisvald okkar upp með sérstæðum hætti. Auk þess er á það að benda, að þar sem ég þekki til er ekki verkfallsréttur opinberra starfsmanna nema mjög takmarkað og takmarkaðra en er hér. Auk þess höfum við þá reynslu af verkföllum í þessu landi, að það er ekki hvetjandi til þess að fara að útvíkka heimild til verkfalla fram yfir það sem nú er. Það hefði verið nær fyrir hæstv. ríkisstj. að leggja meiri áherslu á að búa svo að opinberum starfsmönnum að þeir gætu unað við sín kjör. Og það er einmitt það, sem er meginviðfangsefni í dag, að búa svo að opinberum starfsmönnum að þeir geti unað við sín kjör. Það er lífsnauðsyn og það er besta tryggingin fyrir því, að við fáum gott mannval til opinberra starfa. Þetta gerir ríkisstj. ekki. Hún hyggur nú á það ráð að ganga enn lengra í að veita opinberum starfsmönnum verkfallsrétt en áður hefur verið gert.

Hæstv. ríkisstj. gerir það með þeim sérkennilega hætti, sem ég hef áður vikið að. Það á að veita réttindi gegn því að þau séu keypt. Ég verð að segja að þessir stjórnarhættir minna mig á það, þegar kaþólska kirkjan gekk sem rösklegast fram í því að selja aflátsbréf sín. Það var ákaflega vinsælt á sínum tíma og þótti hafa mikla þýðingu, því að það var hvorki meira né minna í húfi en að fólk gat keypt sér alsælu í öðrum heimi með því að afsala sér fjármunum á móti. Nú er það vinnuaðferð ríkisstj. að bjóða einstökum stéttum og hagsmunahópum að tryggja sig í þessu lífi, en gegn borgun. Borgunin felst ýmist í því að gefa eftir hluta af verðbótavísitölu eða áfanga í kauphækkunum. Ég held að hæstv. ríkisstj. ætti ekki að ganga lengra á þessari braut. Það er nóg í bili, finnst mér, hjá hæstv. ríkisstj. að leggja þetta meingallaða frv. fram á Alþ. og knýja það fram, fá meirihlutasamþykkt fyrir því með aðgerðum sem ganga svo hart að samstarfsflokkunum að fulltrúar þeirra í þessari d. mega ekki lengur mæla. Það er nóg að gert, þó að hæstv. ríkisstj. fari ekki að taka upp aflátssöluaðferðir þær sem ég hef hér vikið að.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er alltaf bót í máli, hvað sem stjórnarliðum líður, að það er augljóst mál að stjórnarandstæðingar hafa ekki misst málið. Það er gott. En ég vildi leiðrétta misskilning sem mér fannst koma fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Hann gerði því skóna, að með samkomulagi við BSRB væri verið að auka verkfallsrétt. Þetta er alger misskilningur. Það er ekki minnst á verkfallsrétt í samkomulaginu við BSRB. Eins og fram kom í ræðu hans hefur BSRB nú í lögum tryggt sér verkfallsrétt. Það gerðist í tíð fyrrv. ríkisstj., ef ég man rétt. Það, sem um er að ræða í þessu samkomulagi, er ekki að auka verkfallsréttinn, heldur er það aðalatriðið að samkv. núgildandi lögum skuli kjarasamningar opinberra starfsmanna gerðir til tveggja ára, en gert er ráð fyrir að það atriði verði numið úr lögum og verði samningsatriði hverju sinni hver gildistími samninganna er. Varðandi verkfallsréttinn eru

í raun og veru þau ákvæði ein í þessu samkomulagi, að ákvæðin um þá, sem vegna öryggisgæslu og annarra ástæðna mega ekki fara í verkfall, séu gerð skýrari.

Það er því alger misskilningur hjá hv. þm., að verið sé að auka verkfallsrétt með þessum breytingum á lögum um samningsrétt opinberra starfsmanna, ef til kemur. En til þeirra kemur auðvitað því aðeins að það verði samþykkt við allsherjaratkvgr. að gefa eftir þessa áfangahækkun.

Ég held að það sé ákaflega vafasamt að orða það eins og hv. þm. gerði, að með því að gefa eftir þessa áfangahækkun séu opinberir starfsmenn að kaupa sér annars konar rétt. Auðvitað meta opinberir starfsmenn þetta og það þarf enginn að setja sig í þeirra stað. Þeir meta þetta út frá sínum sjónarmiðum og sínum hagsmunum. Og þá verður að líta á hvernig var í pottinn búið þegar þeir gerðu samninga til tveggja ára og hvers vegna þeir voru að áskilja sér áfangahækkanir á sínum tíma. Það var auðvitað af því að það lá fyrir, að samningar við Alþýðusambandið runnu út miklu fyrr. Auðvitað hafa opinberir starfsmenn hugsað sem svo: Á þessum samningstíma, sem gildir fyrir okkur, verða Alþýðusambandsmenn eða þau launþegasamtök búin að gera nýja samninga þar sem grunnkaupshækkun hefur komið til greina. Þess vegna viljum við hafa vaðið fyrir neðan okkur og áskilja okkur áfangahækkun. — Þetta hlýtur auðvitað að hafa verið hugsunin sem bjó að baki því að ákvarða um áfangahækkun.

Nú hefur það hins vegar gerst, að þrátt fyrir að ASÍ hafi haft lausa samninga um svo langan tíma hafa nýir samningar ekki verið gerðir né grunnkaup almennt hækkað. Frá því sjónarmiði getur það e. t. v. verið eðlilegt frá sjónarmiði opinberra starfsmanna að vera ekki að halda fast við áfangahækkun þessa. Hún var í raun og veru tryggingarákvæði og það ástand sem það átti að vera varnagli gegn, hefur ekki komið fram. Þess vegna get ég vel ímyndað mér að þeir líti ekki á það sem svo mikla fórn af sinni hálfu að sleppa áfangahækkuninni, auk þess sem þeir hljóta auðvitað að hafa þann bakþanka, að ef þeir fengju þessa áfangahækkun eru Alþýðusambandið, verkalýðssamtökin, með lausa samninga og mundu e. t. v. fara af stað og e. t. v. ekki láta sér nægja 3%. Þegar upp væri staðið, þó að opinberir starfsmenn fengju þessi 3%, gæti það því verið vafasamur hagur fyrir þám Ég get vel ímyndað mér að hugsanagangur opinberra starfsmanna sé eitthvað á þessa lund, þegar þeir eru að tala um að gera ekki kröfur til þeirrar áfangahækkunar, sem þeir sömdu um á sínum tíma. En umfram allt vil ég leiðrétta þann misskilning og róa hv. 5. þm. Vestf., að það er ekki stafkrókur í þessu samkomulagi um aukinn verkfallsrétt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths.

Hæstv. forsrh. sagði að ég hefði misskilið að þetta samkomulag, sem við höfum verið að ræða um, auki verkfallsréttinn. Það er dálítill misskilningur milli okkar um þetta atriði. Þegar ég var að ræða um þetta talaði ég um samningsrétt, en vék einnig að verkfallsrétti. Ég átti ekki við að það væri verið að veita núna rétt sem áður hefur verið veittur, heldur að með þessu samkomulagi væru skapaðir möguleikar til þess að geta beitt verkfallsréttinum meir en áður, því að það eru sérstök takmörk fyrir því samkv. gildandi lögum. Það er nú ekki hægt að beita verkfallsréttinum nema á tveggja ára fresti.

ATKVGR.

Brtt. 513 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:5 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 70. fundur.

Þriðjudaginn 3. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 445). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Framkvæmdasjóður öryrkja, frv. (þskj. 506). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18:3 atkv. og afgr. til Ed.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 147, 391, 398, 466, 510). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls komu fram brtt. í fyrsta lagi frá meiri hl. landbn., í öðru lagi frá hv. þm. Pálma Jónssyni og Eggert Haukdal og í þriðja lagi frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, sem var um ákvæði til bráðabirgða. Eins og hv. þm. er kunnugt endaði 2. umr. um þetta mál með því, að brtt. voru allar teknar til 3. umr. og skyldi gera tilraun á milli umr. hvort landbn. beggja deilda gætu ekki samræmt þær till. sem fyrir lágu. Enn fremur fór ég fram á það við hv. þm. Lúðvík Jósepsson, að hann tæki til baka till. sínar, þar sem upplýst var að unnið var af fullum krafti að lausn þeirra mála sem till. hv. þm. fjölluðu um. Hv. þm. vildi fá gleggri upplýsingar frá hæstv. landbrh. en hann taldi sig hafa um það fyrst og fremst, hvernig stefnt væri að því að leysa þann vanda sem bændur standa nú frammi fyrir, þar sem vantar á yfirstandandi ári, að talið er, um 5 milljarða upp á að útflutningstryggingin dugi til að bændur fái grundvallarverðið eða um 200 kr. á hvert kg kindakjöts og um 16—17 kr. á hvern mjólkurlítra. Hæstv. landbrh. hefur nú skýrt landbn. frá því, hvernig hann leggi til að þetta mál verði leyst, og hefur málið nú verið til umfjöllunar í hæstv. ríkisstj. Og nú hefur hv. þm. Lúðvík Jósepsson ákveðið að taka till. sína til baka. Ég geri ráð fyrir að hæstv.

landbrh. muni segja hv. þd. frá í hverju till. hans um lausn þessara mála felist.

Þar sem ég talaði fyrir nál. ásamt brtt. meiri hl. landbn. við 2. umr. sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það sem ég sagði við þá umr. Ég mun því byrja á að skýra frá brtt. sem landbn. hafa komið sér saman um, en ég vil taka það fram, að hv. þm. Pálmi Jónsson og Eggert Haukdal eru með fyrirvara í sambandi við þessar till., og geri ég ráð fyrir að það sé aðallega út af bráðabirgðaákvæðinu í till. þeirra. Þessar till., sem landbn. hafa komið sér saman um, hljóða þannig, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. Greinin fallið niður.

2. Við 2. gr. Greinin, sem verði 1. gr., orðist svo:

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast, fyrir það sem umfram er að mati Framleiðsluráðs og landbrn., og eru þá Framleiðsluráði að fengnu samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda og staðfestingar landbrh. heimilaðar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða með samþykki ríkisstj. hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðsla vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Réttur þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap, skal tryggður með ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindrar heimildar, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessara heimilda.

b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 100% á innkaupsverð vörunnar. Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu án þess að greiða gjaldið fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofn á skattframtali, samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi, eftir sérstakri kröfu Framleiðsluráðs. Ákvarðanir, sem varða gjaldtöku af kjarnfóðri, skulu teknar af fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og vera háðar samþykki landbrh.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkv. framangreindri heimild, skal endurgreiða það, sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Innlendir aðilar, sem framleiða fóðurmjöl, skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal tilgreina hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers aðila og einingarverð.

c) Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann samkv. heimildum þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

M. a. er heimilt að verja því til þess að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, svo og til að jafna halla, sem verða kann á útflutningi milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd 5 manna til úrskurðar. N. skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbrh.

Landbrh. setur reglugerð um framkvæmd heimilda, er felast í þessari grein, að fengnum till. Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda.

3. Við 3. gr. Greinin falli niður.

4. Aftan við frv. komi ný gr., sem verði 2. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. Aftan við frv. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Fram til þess tíma, er tekist hefur að afla nauðsynlegra gagna, er heimilt að gjald samkv. b-lið verði lagt á allt kjarnfóður, en endurgreiðist síðan eftir ákvæðum b-liðar."

Það hefur nú sýnt sig, að það eru ákaflega skiptar skoðanir um þetta mál meðal bænda í landinu. En um eitt má þó segja að þeir séu sammála, og það er að það verði að gefa Stéttarsambandinu heimildir til þess að hafa stjórn á landbúnaðarframleiðslunni. Það kom fram líka í landbn., að menn höfðu ákaflega skiptar skoðanir um lausn þessara mála, enda hefur það tekið sinn tíma að fá samstöðu um þessar till., og þó geri ég ráð fyrir að flestir, sem eru í landbn., mundu hafa haft þær á annan veg ef þeir hefðu getað sjálfir ráðið því. En þannig er það oft, að til þess að reyna að komast að samkomulagi verða allir að slá af.

Ég kemst ekki hjá því, vegna bæði fyrri umr. hér á Alþ. og enn fremur vegna blaðaskrifa, að minnast aðeins á umsagnir sem ég gerði ekki í framsöguræðu minni, hvað kom fram t. d. í umsögnum búnaðarsambandanna í hinum ýmsu héruðum. Það kom fram í umr., að það hefði komið umsögn frá Austur-Húnvetningum og Skagfirðingum, ákaflega ítarleg umsögn. En það er mikill misskilningur. Ef þeir hafa sent frá sér ítarlega umsögn hefur hún farið eitthvað annað en í hendur landbn. Alþ. Af þessu tilefni tel ég rétt að ég lesi þessa umsögn, því að hún hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Sameiginlegur fundur stjórnar búnaðarsamband-

anna í Austur-Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, haldinn í félagsheimilinu, Blönduósi, 9. janúar 1979, mælir eindregið með því, að Framleiðsluráði landbúnaðarins verði veitt víðtækari heimild til stjórnunaraðgerða í framleiðslu- og verðlagsmálum en nú er lagaheimild fyrir. Því skorar fundurinn á Alþ. og landbn. þess að hraða afgreiðslu frv. ríkisstj. um breytingar á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, 125. mál yfirstandandi Alþingis, og lögfesta þessar breytingar sem fyrst þegar Alþ. kemur saman að loknu jólaleyfi."

Undir þetta skrifa 7 menn. Ég verð að segja það, að ég tel þetta ekki ítarlega umsögn, og því miður voru sumar umsagnirnar ekki ítarlegri en þessi. En svo voru umsagnir frá nokkrum aðilum, eins og ég gat um í ræðu minni við 2. umr., sem tóku málið fyrir mjög ítarlega

Eins og ég gat um við fyrri umr. voru nokkuð margir aðilar sem lögðu áherslu á það, þrátt fyrir niðurstöðu sjömannanefndar, að tekið yrði upp svokallað kvótakerfi — magnkerfi — í sambandi við lausn þessara mála. Í öðrum umsögnum, eins og t. d. frá Búnaðarsambandi Kjalarness, kemur fram, að það hefur ekki trú á að það frv., sem lagt var fram fyrir jólin, muni óbreytt leysa þann vanda sem því er ætlað. Ég vil líka taka það fram vegna blaðaskrifa og ummæla hér á hv. Alþ., að það voru ekki Eyfirðingar einir sem lögðu til að þetta magnkvótakerfi yrði upp tekið. Það voru líka Suður-Þingeyingar, það voru Strandamenn, það voru Borgfirðingar. Það voru í raun og veru flest þau búnaðarsambönd sem fjölluðu ítarlega um málið. Það hefur líka komið fram í umr. á Alþ., að þetta kvótakerfi sé í raun og veru sama og verðjöfnunargjald. En þetta er auðvitað mikill misskilningur. Það er líka þess vegna sem þessi búnaðarsambönd leggja á það áherslu, að þetta magnkvótakerfi sé tekið upp. Það er heimild í lögum að taka upp verðjöfnunargjald, en munurinn á þessu tvennu er sá, að framleiðandinn veit fyrir fram, hvað mikið magn hann má framleiða, og hagar framleiðslu sinni eftir því. Sé um verðjöfnunargjald að ræða verður hann að borga verðjöfnunargjald af allri sinni framleiðslu. Það er allt annað að vita það t. d. fyrir fram, að maður fær fullt verð fyrir við skulum segja 50 þús. lítra af mjólk, heldur en þurfa eftir á að borga verðjöfnunargjald af allri sinni framleiðslu.

Það getur auðvitað ekki verið neitt skynsamlegt markmið að leggja skatt á framleiðslu- eða rekstrarvörur bænda. Það er með þetta í huga sem margir bændur vilja fara aðra leið. Það kemur líka í ljós í þessum umsögnum, að þrátt fyrir till. sjömannanefndar kemur það ákveðið fram hjá fjórum búnaðarsamböndum, að þau vilja fara þessa leið. Það koma líka í flestum umsögnunum mótmæli gegn því að leggja flatan skatt á kjarnfóður. En þeir, sem hafa athugað þessi mál og hugsað þau til botns, hafa séð að það er auðvitað hægt að stjórna framleiðslunni með því að hafa kjarnfóðurkvótann nógu lítinn. En það var aldrei ætlunin. Ætlunin var að stjórna þessu fyrst og fremst með magnkvótanum, en það væri miðað við skynsamlega notkun fóðurbætis, því að í sjálfu sér er erfitt að fara þessa leið í sambandi við fóturbætinn nema taka magnkvótafyrirkomulagið upp. Og það getur sýnt sig núna, þegar hafísinn fer að herja á, að aðstaða manna til búskapar í landinu getur orðið með misjöfnum hætti á þessu ári af þeim ástæðum.

Ég vonast til að þessar till. verði nú samþykktar og hægt verði að ganga frá þessu máli fyrir páska, þannig að Stéttarsambandið og þeir aðilar, sem um þetta þurfa að fjalla, geti farið að huga að því. Hins vegar vil ég taka það fram, sem kom fram hjá mér í sambandi við 2. umr., að það er í sjálfu sér ákaflega erfitt að semja till. um þetta öðruvísi en það sé samtímis gerð reglugerð um framkvæmdina á þessum málum. Og landbn. voru einmitt að fjalla um það, hvernig reglugerðarákvæði þyrftu að vera í sambandi við ýmis atriði í framkvæmdinni, ef magnkvótinn yrði tekinn upp. Það var búið að setja nokkur atriði inn í brtt., en var fallið frá því að setja þau inn í lög, en ákveðið að gera till. að þau yrðu frekar tekin upp í reglugerð. Mér þykir rétt að lesa upp nokkur atriði sem var rætt um, bæði eftir ábendingu frá Stéttarsambandi bænda og enn fremur komu upp hjá einstökum mönnum í nefndinni.

Það var t. d. að ákveða megi að skerðing sé engin eða hlutfallslega minni hjá bændum sem hafa ekki skilyrði til að ná meðalbrúttótekjum verðlagsgrundvallarbúsins, t. d. vegna bústærðar. Heimilt er að ákveða frumbýlingum kvóta með hliðsjón af því búvörumagni, sem framleitt hefur verið á viðkomandi jörð, og þörfum ábúenda til eðlilegrar afkomu í hlutfalli við aðra framleiðendur. Einnig er heimilt að hafa sérstakan kvóta fyrir hverja búgrein, ef það þykir hagkvæmara miðað við markaðsskilyrði fyrir framleiðsluvörur viðkomandi búgreinar eða til að auðvelda uppgjör á verði til bænda. Sé þessi heimild notuð og síðan kemur í ljós að hlutföll á milli framleiðslumagns einstakra búgreina hjá framleiðendum með blönduð bú hafa verulega breyst, þá er heimilt að taka tillit til þess við uppgjör þannig að það raski ekki heildarrétti hvers framleiðanda. Ef búvöruframleiðandi, sem býr á lögbýli, gerir um það samkomulag við Framleiðsluráð að draga saman framleiðslu sína umfram það sem kvóti hans mælir fyrir um, þá er heimilt að veita honum viðbótarkvóta það ár allt að því marki sem samdrættinum nemur. Nú hættir ábúandi á lögbýli búskap og á hann þá rétt á að kvóti hans breytist þannig að verðskerðing á heildarinnleggi hans verði hlutfallslega sama prósenttala og gildir í viðkomandi búgreinum þegar innleggið á sér stað.

Fleiri atriði voru rædd í n., sem ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um hér, en þetta er sýnishorn af hugleiðingum og það sem var sett á blað í sambandi við framkvæmd á þessu máli.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og ég hef hvað eftir annað lagt áherslu á, ber að mínu mati að leysa málefni landbúnaðarins þannig, að saman fari ný stefnumörkun fyrir landbúnaðarframleiðsluna og ákveðin verði aðstoð til bændastéttarinnar vegna þeirra erfiðleika sem að steðja í ár vegna umframframleiðslu landbúnaðarafurða. Ég gerði grein fyrir þessu þegar í des. s. l. í framsöguerindi með því máli sem nú er til umr. Ég gerði jafnframt grein fyrir því, að ég teldi fjögur atriði mikilvæg sem ákveða þyrfti af Alþ. þannig að marka mætti nýja stefnu fyrir landbúnaðarframleiðslu:

Í fyrsta lagi víðtækar heimildir til Framleiðsluráðs til að leggja á verðjöfnunargjald þannig að spornað verði um leið gegn þeirri þróun, sem verið hefur í landbúnaðarframleiðslunni undanfarin ár, og henni snúið við. Það er það frv., sem er nú til umr.

Í öðru lagi taldi ég nauðsynlegt að jarðræktarlögum yrði breytt þannig að draga mætti nokkuð úr jarðrækt-

arstyrkjum, sérstaklega þeim sem stuðla að aukinni búvöruframleiðslu, en jafnframt veittar heimildir til þess að ráðstafa því fjármagni, sem afgangs verður, til að auka fjölbreytni búvöruframleiðslunnar og á annan máta til þess að ná eðlilegum markmiðum fyrir landbúnaðarframleiðslu.

Í þriðja lagi lagði ég áherslu á að breyta þyrfti framleiðsluráðslöggjöfinni þannig að beinir samningar hæfust á milli ríkisvalds og bænda um kjaramál bændastéttarinnar. Inn í þá samninga hljóta að sjálfsögðu að falla framleiðslu- og tekjumarkmið fyrir bændastéttina.

Og í fjórða lagi hef ég talið nauðsynlegt að Alþ. ákveði þau meginmarkmið, sem leggja ber til grundvallar við gerð áætlunar um þróun landbúnaðarframleiðslu, og einnig ákveði þær ýmsu leiðir, sem ríkið telur rétt að fara til að ná þeim markmiðum.

Ég hef skýrt frá því, að till. til þál. um stefnumótun í landbúnaði hefur verið undirbúin, og mun hún verða lögð fyrir Alþ. eftir örfáa daga. Í þeirri till. verður jafnframt gert ráð fyrir því, að Alþ. samþykki að slík áætlun fyrir landbúnaðarframleiðsluna verði gerð og hún lögð fyrir Alþ. í haust. Mér hefur litist svo á málið, að þetta þyrfti að vera ljóst, þ. e. a. s. að stefnubreyting verði í landbúnaðarframleiðslunni, áður en unnt væri að ákveða af hálfu ríkisvaldsins hvaða aðstoð það treysti sér til að veita bændum í þeirri tekjuskerðingu sem við þeim blasir nú í ár.

Í þeim umr., sem orðið hafa um landbúnaðarframleiðsluna, hafa jafnframt allir þeir hv. þm., sem um málið hafa talað, hygg ég, tekið mjög ákveðið undir það, að ekki komi til mála að bændastéttin beri ein og án aðstoðar um það bil 1.2 millj. kr. í tekjuskerðingu að meðaltali á hvert bú. Nú hefur svo farið, að nokkuð hefur dregist að afgreiða það frv. sem hér liggur fyrir, og því miður hafa því ekki komið til framkvæmda af hálfu Framleiðsluráðs þær verðjöfnunaraðgerðir sem stuðla að því að draga úr framleiðslunni. Það er mjög illt. Einkum á ég þar við takmörkun á fóðurbætisnotkun. Aftur á móti hafa bæði þm. og fulltrúar bænda eðlilega að því spurt, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hyggist gera vegna umframframleiðslunnar og tekjuskerðingarinnar í ár. Ég tel mér því skylt að skýra frá því hér, að ég hef lagt fram í ríkisstj. till. um lausn á þeim vanda.

Ég hef hugsað mér að ríkisstj. lýsi því yfir, að hún muni beita sér fyrir ákveðnum aðgerðum í þessu sambandi. Ég legg til að Framleiðsluráði landbúnaðarins verði heimiluð lántaka allt að 3.5 milljörðum kr. til þess að greiða fyrir sölu á umframframleiðslu landbúnaðarafurða erlendis eða til innlends iðnaðar, að fengnu samþykki landbrh., til viðbótar þeim útflutningsbótum sem veittar eru úr ríkissjóði samkv. lögum, og ríkisábyrgð verði veitt fyrir lántöku þessari. Hér er um að ræða 2/3 af þeim vanda sem við blasir í ár, þeirri tekjuskerðingu sem við bændastéttinni blasir. Þá yrði tekjuskerðing, sem eftir stæði, að meðaltali 400 þús. kr. á hvert bú. Þá geri ég ráð fyrir að lán þetta verði endurgreitt ásamt kostnaði á 5 árum þannig: Í fyrsta lagi að hluta með því fjármagni, sem heimilt er samkv. lögum að veita til útflutningsbóta, en ekki kann að reynast nauðsynlegt að nýta að fullu einstök ár næsta 5 ára tímabil, enda veiti Alþ. heimild til slíkrar ráðstöfunar útflutningsbóta með nauðsynlegum breytingum á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Í öðru lagi að hluta með nokkru af því fjármagni, sem veitt er samkv. jarðræktarlögum, en ekki kann að verða notað til slíkra framkvæmda næstu 5 árin, enda samþykki Alþ. breytingar sem nauðsynlegar eru á jarðræktarlögum í því sambandi. Og í þriðja lagi með fjárveitingum á fjárl. næstu 5 árin, að svo miklu leyti sem ekki reynist unnt að endurgreiða umrædd lán og kostnað að fullu eftir ofangreindum leiðum.

Unnið hefur verið að því af sérfróðum mönnum að meta hve hratt megi ná landbúnaðarframleiðslunni niður. Sett hafa verið þar ákveðin markmið til viðmiðunar í sambandi við mjólkurframleiðsluna. Er talið hæfilegt að stefna að því, að mjólkurframleiðslan fullnægi þörfum landsmanna að viðbættum um það bil 5%, sem er nauðsynlegt til þess að gera ráð fyrir árstíðarsveiflum í framleiðslunni. Hins vegar er stórum erfiðara að áætla samdrátt í framleiðslu sauðfjárafurða. Því veldur ýmislegt. Bæði gengur slíkt hægar. Þar er ekki um fóðurbætistakmörkun að ræða sem haft getur nein veruleg áhrif. Í öðru lagi er framleiðsla sauðfjárafurða mikilvæg í íslenskum iðnaði og til þess þarf einnig að taka tillit. Því hafa verið skoðaðir kostir með samdrátt frá 10—20%.

Í ljós kemur, að auðvelt á að vera að ná mjólkurframleiðslunni niður, og sýna bráðabirgðatölur að umframframleiðsla landbúnaðarafurða á ekki, ef ákveðið er tekið á fóðurbætismálinu, að þurfa að verða ýkjamikil á næsta ári, þótt varla komist hún niður fyrir 10%, og síðan niður fyrir það, þannig á á 2., 3. og 4. og 5. ári þessa 5 ára tímabils telja sérfróðir menn að töluverðar útflutningsbætur innan 10% markanna verði til ráðstöfunar til endurgreiðslu á þessu láni. Ég hef því jafnframt gert ráð fyrir í þessari till. að af útflutningsbótum, samkv. því sem ég rakti áðan, skuli þó greiðast a. m. k. 3.5 milljarðar kr. af láninu og kostnaði við það. Ég vek hins vegar athygli á að þetta er að sjálfsögðu háð því, að Alþ. veiti umbeðnar heimildir, Alþ. samþykki breytingar á lögum, Alþ. samþykki í fyrsta lagi það frv., sem hér liggur fyrir, þannig að takmarka megi fóðurbætisgjöf svo að áhrifaríkt verði í mjólkurframleiðslunni, Alþ. samþykki beina samninga milli ríkisvalds og bænda, samþykki breytingar á jarðræktarlögum, sem liggja nú fyrir í Ed., og leggi grundvöll að áætlanagerð til næstu 5 ára fyrir landbúnaðarframleiðsluna. Ég geri ráð fyrir að þau af þessum málum, sem ekki liggja þegar fyrir Alþ., liggi fyrir á næstu dögum. Þegar liggur að sjálfsögðu fyrir það frv. sem hér er til afgreiðslu, frv. um breytingu á jarðræktarlögum liggur fyrir Ed., till. til þál. mun verða lögð fram innan örfárra daga og frv. til l. um breyt. á l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. er til ítarlegrar meðferðar nú í þeirri samráðsnefnd þingflokka sem starfað hefur. Ég geri mér vonir um að samstaða náist þar. Það mál þarf að ræða nokkru nánar við stjórn Stéttarsambands bænda vegna ýmiss konar breytinga, sem munu verða nauðsynlegar, ef samstaða á að nást, svo að öllum líkindum verður það mál ekki lagt fyrir Alþ. fyrir páska, en þá strax eftir páskahlé.

Ég mun að sjálfsögðu hlusta á allar hugmyndir þm. um hvernig á að hlaupa undir bagga með bændastéttinni í þeim erfiðleikum sem nú eru. Ég hef engan þm., eins og ég sagði áðan, heyrt halda því fram, að bændur ættu einir að bera þessar byrðar. Ég hygg að það væri rangt að kenna bændastéttinni einni um það að umframframleiðsla er orðin svo mikil. Framleiðsluráðslöggjöfin leggur á það áherslu að bændur skuli hafa tekjur í samræmi við tekjur verkamanna og iðnaðarmanna. Þrátt fyrir ákvæði um útflutningsbætur hefur það ekki náðst.

Bændur hafa sjálfir bent á nauðsynlegar breytingar á framleiðsluráðslögunum til að hamla gegn aukinni framleiðslu. En segja má að bændur hafi haft þann kostinn nánast því einan til þess að auka tekjur sínar að auka framleiðsluna. Þarna spila því saman margir þættir og er alrangt ef einhver vill kenna bændastéttinni einni um umframframleiðsluna. Þetta er sannarlega þjóðarvandamál og þjóðin í heild hlýtur að taka á því.

Þá vil ég að lokum lýsa ánægju minni með þá samstöðu sem mér sýnist hafa náðst í landbn. um öll meginatriði þessa máls. Ég vil taka það fram, að ég met mikils þá ítarlegu vinnu sem landbn. hefur lagt í að athuga framkvæmd þeirra leiða sem er bent á í þeirri brtt. sem nú liggur fyrir, og að sjálfsögðu munu þau atriði höfð til hliðsjónar þegar reglugerð verður samin í samræmi við þessi lög.

Ég vil svo að lokum leggja á það mjög ríka áherslu, að þetta mál þarf nauðsynlega að fá samþykki Alþ. sem fyrst, þannig að hamlandi aðgerðir geti hafist. Ég tel brýna nauðsyn bera til að það verði samþykkt fyrir páskahlé, annars verður þar enn á langur dráttur. Ég vek athygli manna á því, að nauðsynlegt er að kalla saman fund Stéttarsambandsins til að fjalla um málið. Það þarf því að hafa nokkurn aðdraganda.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Á þskj. 510 birtast brtt. frá landbn. þessarar hv. d. Eins og lýst hefur verið af frsm. og formanni n. stendur n. öll að þessum brtt., en við tveir fulltrúar Sjálfstfl. höfum þó óskað eftir því að hafa frjálsar hendur varðandi afgreiðslu þeirra, a. m. k. að hluta.

Í sambandi við þetta mál vil ég rifja það upp, að við hv. 1. þm. Suðurl. fluttum við 2. umr. á þskj. 466 brtt. við frv. Þessar brtt. ásamt öðrum brtt. við frv. voru síðan dregnar til baka til 3. umr. og athugaðar á milli umr. í n. Voru það að mínum dómi eðlileg og hyggileg vinnubrögð til þess að freista þess að ná samstöðu í þessu máli, sem reynst hefur viðkvæmt og næsta erfitt í allri meðferð vegna þess hve sjónarmið hafa verið mörg og erfitt að samræma þau. Þetta hefur að verulegu leyti tekist hvað efnisatriði málsins sjálfs varðar.

Í þeim brtt., sem nú liggja fyrir frá hv. landbn., má segja að í aðalefnisatriðum sé í raun og veru fylgt tveim brtt. sem við hv. þm. Eggert Haukdal lögðum fram við 2. umr. Að vísu er það með breyttu orðalagi á stundum og nokkuð breyttri efnisskipan, en aðalatriðið er það, að efnislega er hér um nálega sama málið að ræða. Þess vegna höfum við ákveðið að styðja málið að mestu leyti í því formi sem það er á þskj. 510.

Ég vil aðeins segja það, að nokkrar breytingar hafa þó orðið á þessu í þeirri vinnu sem n. hefur lagt í það síðan, og er það sumpart til þess að mæta nýjum upplýsingum sem einstök atriði hafa verið tekin inn. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þessa niðurstöðu ítarlega. Ég vil aðeins geta þess, að ég lít svo á að þær leiðir, sem bent er á í a-lið, séu eins og gert var ráð fyrir í till. okkar Eggerts Haukdals, þannig upp settar, að þær séu jafnréttháar og að Framleiðsluráð og Stéttarsamband bænda með staðfestingu landbrh. hafi frjálsar hendur um að velja úr þessum leiðum, sem bent er á, eftir því sem hyggilegast sýnist. Hér eru þessar leiðir ekki settar upp í neina forgangsröð. Þetta tel ég hyggilegt og tel eðlilegt að Stéttarsambandið og Framleiðsluráð hafi þarna frjálsar hendur um val.

Í sambandi við þá fyrirvara, sem við hv. þm. Eggert Haukdal höfum varðandi þessar till., höfum við kosið að láta koma til atkv. af till. okkar á þskj. 466 5. tölul., að því er varðar nefndarskipun til að úrskurða ágreiningsefni, og ákvæði til bráðabirgða. Að öðru leyti drögum við þær till., sem birtar eru á þskj. 466, til baka og óskum ekki eftir að þær komi hér til afgreiðslu.

Ég skal ekki ræða það efnislega, sem fram kom í ræðu hv. frsm. og formanns n., Stefáns Valgeirssonar, um þetta mál, að öðru leyti en því, að ég vil aðeins geta þess sem hann sagði og mun hafa verið svar við orðum í ræðu hv. þm. Páls Pétursssonar frá því við 2. umr., þar sem hv. þm. Páll Pétursson sagði að Austur-Húnvetningar og Skagfirðingar hafi látið frá sér fara ítarlega umsögn um þetta mál. Þetta var rétt hjá hv. þm., en þær umsagnir voru gerðar á almennum bændafundum, en ekki af stjórnum búnaðarsambandanna. Það voru aftur á móti umsagnir frá stjórnum búnaðarsambandanna sem sendar voru til hv. landbn. Það er hins vegar rétt, að þær tillögur, sem afgreiddar voru á almennum bændafundum bæði á Blönduósi og Sauðárkróki, voru mjög ítarlegar og vandaðar og hygg ég að það hafi a. m. k. að ýmsu leyti mátt sækja til þeirra góð ráð um framvindu þessa máls.

Ég geri ekki neinn ágreining að því er varðar uppsetningu í brtt. á þskj. 510, þótt hún sé að mínum dómi sumpart óskýrari en er á þskj. 466, í till. okkar Eggerts Haukdals, og mun styðja meginefni þessa máls, en óska eftir því að 5. tölul. og ákvæði til bráðabirgða komi til atkv. nú við 3. umr.

Ég tel ástæðu til að rifja upp ákvæði til bráðabirgða eins og þau hljóða í till. okkar, en þau hljóða svo, með leyfi næstv. forseta:

„Á árinu 1979 er heimilt að leggja fram nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara á þessu verðlagsári og birgðum búsafurða sem til eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi."

Hér er um heimildarákvæði að ræða sem er ætlað til þess að hæstv. ríkisstj. hafi í sínum höndum lagalegar forsendur fyrir því að aðstoða við sölu og afsetningu á búvörum, bæði þeim birgðum, sem nú eru til í landinu, og eins þeim hluta af framleiðslu þessa verðlagsárs sem verðtrygging nær ekki yfir. Hér er ekkert sagt um það, að sú aðstoð ríkisvaldsins eigi að vera svo mikil að hún dugi til þess að fullt verð náist, enda hygg ég að sé sanngirni sýnd í máli eins og þessu, þá sé það mat manna að eðlilegt sé að framleiðendur, þ. e. bændastéttin, taki á sig einhvern hluta þessa vanda, en þjóðarheildin komi til aðstoðar við að bera hluta hans. Hér skal ég ekki fara út í að greina þetta nákvæmlega sundur. En svo er þetta bráðabirgðaákvæði rýmilega orðað, að það ætti síst að vera ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. að leggjast gegn því að fá það samþykkt. Þess vegna kom mér nokkuð á óvart að þetta skyldi ekki vera tekið upp af hv. nefnd.

Nú er það svo að hæstv. landbrh. hefur flutt hér mikla ræðu. Sú ræða var um landbúnaðarmálin á víð og dreif. Sú ræða var ekki flutt með tilliti til þess að greiða fyrir því að þetta mál fengi skjóta afgreiðslu eða þá að þessi umr. gengi hratt fyrir sig. Ef hæstv. ráðh. hefði óskað eftir að þessari umr. lyki sem fyrst, þá hefði hann átt að einskorða sig við það mál sem hér er á dagskrá, en láta bíða almenna umr. um landbúnaðarmálin í heild. Það er þó svo, að þegar hæstv. ráðh. hefur slíka umr., þá hlýtur það að kalla eftir því, að aðrir þm. sjái sér ekki fært annað en hefja að einhverju leyti umr. um þessi mál á víð og dreif.

Hæstv. ráðh. minnti á það, að hann hefði talið að eðlilegt væri í sambandi við landbúnaðarmálin að saman færi ný stefna í landbúnaðarmálum og ákvæði um aðstoð ríkisins landbúnaðinum til handa. Þetta er allt gott og blessað. Hæstv. ráðh. taldi upp fjögur atriði sem hann hefði í hyggju að koma fram á þessu þingi er nú situr: Í fyrsta lagi heimildarákvæði til Framleiðsluráðs sem birtast með því frv. sem hér er á dagskrá. Í öðru lagi breytingar á jarðræktarlögum sem fela hæstv. ráðh. stórfelldar heimildir til þess að skerða jarðræktarframlög. Í þriðja lagi heildarlöggjöf um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Í fjórða lagi að Alþ. ákveði meginmarkmið í landbúnaðarmálum og leiðir til þess að ná þeim markmiðum.

Ég vil segja út af þessum fjórum atriðum, að í raun og veru er það stefnan sem er nr. eitt. Og í raun og veru hefði hæstv. landbrh. átt að flytja sem fyrsta mál í landbúnaðarmálum till. sína um mótun nýrrar stefnu í landbúnaði. Hæstv. ráðh. hefur kynnt fyrir þjóðinni, að hann hafi slíka stefnumótun í undirbúningi, og hann hefur sagt frá þeim atriðum í margar vikur. Það er enda kunnugt að hann réð sérstakan starfsmann í rn. á öndverðri sinni ráðherratíð til þess að vinna að þessu máli, eða eins og það var orðað þá í fréttatilkynningu: „ til þess að vinna að langtímastefnu í landbúnaði fyrst um sinn".

Þrátt fyrir þetta hefur till. hæstv. ráðh. ekki enn séð dagsins ljós. Það mega vel vera skýringar á þessu, og mér er um það kunnugt, vegna þess að ég hef séð drög að þessari till., að það virðist mjög miklu efni vera safnað í grg. till. og e. t. v. liggur í því mikil vinna að safna saman gögnum og gera útreikninga sem eiga að vera fræðilegt yfirlit yfir þróun landbúnaðar og ýmsa þætti landbúnaðarmála á liðnum árum til þess að hafa sögulegt og hagnýtt gildi í sambandi við landbúnaðarmál. Þetta er auðvitað síst að lasta. En hitt sný ég ekki til baka með, að ef þessir fjórir þættir, sem hæstv. ráðh. minntist á, eru samandregnir, þá er það stefnan sem er nr. eitt. Lagasetningu og lagabreytingar á síðan að laga að þeirri stefnu sem mótuð er.

Nú er það svo, að við 10 þm. Sjálfstfl. höfum flutt hér á Alþ. till. um stefnumörkun í landbúnaði og það eru orðnar allmargar vikur síðan því þskj. var útbýtt. Ég lít svo á að þar sé um skýrt markaða stefnu að ræða og þær breytingar í ýmsum greinum landbúnaðarstefnunnar sem feli það í sér að unnt verði að ná tökum á skynsamlegri þróun landbúnaðarframleiðslunnar á komandi árum. Þessi till. er ekki enn komin til umr., en gerir það væntanlega fljótlega, og ég tel að það væri mikils virði að sú till. fengist afgreidd á þessu Alþingi. Ég vil því síst lasta það, að að því sé stefnt af hæstv. ráðh. að móta nýja stefnu. Ég vil gjarnan sjá þá stefnu, hvernig hún verður í endanlegum búningi, áður en ég segi um hana eitt eða annað. En ef svo fer að hún fari saman við þá stefnumörkun, sem við sjálfstæðismenn höfum látið frá okkur fara, þá tel ég það vel. Fari hins vegar svo, að hún fari þar í bága við að ýmsu leyti, þá mundi ég fyrir fram a. m. k. og að lítt athuguðu máli ætla að þar væri rangt stefnt. Um þetta er ekkert að segja fyrr en þessu væntanlega þskj., sem hefur verið rætt um af hæstv. ráðh., ekki tvisvar, ekki þrisvar, ekki fjórum sinnum, heldur margsinnis, æ ofan í æ, loks verður útbýtt.

Ég verð að segja það um þá liði sem hæstv. ráðh. ræddi hér, þ. e. um jarðræktarlögin annars vegar og framleiðsluráðslögin hins vegar, að ég tel í fyrsta lagi að það sé ekki tímabært að breyta jarðræktarlögunum fyrr en ný stefna hefur verið mörkuð. Eftir að stefnan hefur verið mörkuð kann að verða þörf á því að laga jarðræktarlögin að einhverju leyti að þeirri stefnu. Að hlaupa til og byrja á því að breyta jarðræktarlögunum með einhverri skyndiaðgerð, áður en Alþ. hefur markað stefnuna, held ég að sé öfugt að farið. Þetta er reyndar mál sem sýnt var á Búnaðarþingi og ekki náðist samstaða um, heldur klofnaði Búnaðarþing í afstöðu til þess. Um frv. að öðru leyti skal ég ekki ræða hér efnislega. Það hefur verið lagt fyrir hv. Ed. Það virðist þó færa í hendur hæstv. ráðh., hver sem hann er, með aðild stjórna annarra stofnana, einkanlega aðild stjórnar Framleiðnisjóðs, vald til þess að ráðstafa fé eftir mörgum leiðum, svo mörgum og óljósum að næsta óeðlilegt sýnist og er í rauninni nokkuð undarlegt að hæstv. ráðh., hvort sem um er að ræða hæstv. landbrh. eða fagráðh. í öðrum efnum, kjósi að fá í hendur svo rúmar heimildir til ráðstöfunar fjármagns sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég skal svo ekki ræða það meir efnislega.

Varðandi framleiðsluráðslögin, þá hefur endurskoðun þeirra staðið yfir í langa tíð og ég tel fullkomlega eðlilegt að niðurstaða þeirrar endurskoðunar verði lögð fyrir Alþ., þó það hafi raunar þegar komið fram í mínu máli, að stefnuna eigi að marka fyrst og síðan eigi að laga framleiðsluráðslögin eftir þeirri stefnu sem tekin er. Um það skal ég ekki segja meir á þessu stigi.

Hæstv. ráðh. gaf í framhaldi af þessum hugleiðingum sínum og yfirlýsingum það út, að hann hefði hugsað sér að ríkisstj. lýsi yfir að heimiluð verði 3½ milljarðs kr. lántaka til þess að mæta vanda bændastéttarinnar, þ. e. birgðavanda og vanda umframframleiðslu þessa verðlagsárs. Þetta er út af fyrir sig ágætt, svo langt sem það nær. En þó að hæstv. landbrh. hugsi sér að ríkisstj. gefi einhverja yfirlýsingu, þá er það ekki sama og ríkisstj. hafi gefið yfirlýsingu. Meðan yfirlýsing birtist ekki frá hæstv. ríkisstj. um þetta efni, þá verður að segja að þessi orð hæstv. ráðh. feli ekki mikið í sér.

Hæstv. ráðh. skýrði þessi mál nokkuð. Hluti af þessu láni átti að endurgreiðast af útflutningsbótafé á næstu 5 árum. Ég verð að segja það, að mér sýnist í fyrstu lotu a. m. k. að hér sé um næsta vafasamt atriði að ræða, því að á næstu 5 árum kunnum við að þurfa að nota okkar útflutningsbótarétt, við kunnum að þurfa að nota þá verðtryggingu sem landbúnaðurinn á rétt á lögum samkv. Það eru ekki mikil búhyggindi í því að taka þennan rétt af næstu 5 árum og eyða honum nú. Aðra þætti í þeim hugleiðingum, hvernig ætti að endurgreiða þetta fé, skal ég ekki ræða. Ég hef þegar gert aths. í sambandi við jarðræktarlögin.

Hæstv. ráðh. ræddi, hve hratt mætti ná framleiðslunni niður, og taldi það ekki mikið vandamál að því er mjólkurframleiðsluna snertir, en taldi að sauðfjárframleiðsluna mætti á nokkrum árum draga saman um 10—20% á fjórða og fimmta ári héðan frá væri því ekki þörf fyrir allan þann rétt sem bændur eiga lögum samkvæmt til útflutningsuppbóta og þar kæmi fjármagn til þess að greiða það lánsfé sem hann hygðist verja vegna þessa árs. Þetta kemur e.t.v. að nokkru heim við það sem segir í grg. með frv. til breyt. á jarðræktarlögum, en þar segir svo í upphafi grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. er kveðið svo á, að stefnt skuli að því að framleiðsla landbúnaðarvara miðist fyrst og fremst við innanlandsmarkað."

Í þessu frv. er ítrekuð sú stefna hæstv. ríkisstj. að draga

saman búvöruframleiðsluna í landinu þannig að hún miðist fyrst og fremst við innanlandsmarkað. Það þýðir að e. t. v. á að draga saman sauðfjárframleiðsluna um 30—35%, mjólkurframleiðsluna um 20—25%. Ég efast um þessa stefnu. En þessi stefnuyfirlýsing og þau orð, sem hér hafa verið sögð af hæstv. landbrh., koma beint í framhaldi af því, að hann hefur lagt nokkurt kapp á það sem nýkjörinn formaður Framsfl. að koma því til skila til þjóðarinnar, að Framsfl. sé ekki bændaflokkur. Nú skal ég ekkert vera að útlista þau orð hæstv. landbrh., en allt ber þetta þann keim, að þeir hv. alþm. og aðrir í þessu landi, sem bera hag landbúnaðarins fyrir brjósti, skuli hafa allan vara á sér um framvindu mála.

Ég skal ekki fara miklu fleiri orðum um þetta mál og ræðu hæstv. ráðh., enda þótt ærið tilefni sé til. Ég vil lýsa því yfir, eins og ég hef gert hér fyrr, að ég dreg í efa að rétt sé stefnt þar sem fram kemur í yfirlýsingum hæstv. ríkisstj. og ítrekað sýnist yfirlýst af hæstv. landbrh., að rétt sé að draga saman landbúnaðarframleiðsluna svo að hún miðist við innanlandsmarkað. Ég tel að það sé rétt að hverfa að því í megindráttum að því er mjólkurframleiðsluna snertir, en hvað sauðfjárframleiðsluna snertir tel ég það hinn mesta vafa og engin svör við því hægt að gefa fyrr en úttekt hefur verið gerð á þjóðhagslegu gildi þessarar atvinnugreinar og framleiðslu hennar. Þess vegna er bráð og brýn nauðsyn að þegar verði að því horfið að gera ítarlega úttekt á þjóðhagslegu gildi þessarar framleiðslugreinar í því að skyni að fá úr því skorið, hvort sú skoðun mín sé rétt að sauðfjárframleiðslan í landinu sé þjóðhagslega hagkvæm og það væri hið mesta glapræði að draga þá framleiðslugrein saman um allt að 20%, hvað þá 30—35%. Þessu vil ég fá svarað á þjóðhagslegum grunni og að sú úttekt sé gerð þannig að þjóðin trúi. Þangað til sú úttekt hefur verið gerð er það að mínum dómi í hæsta máta ótímabært og ekki réttlætanlegt að æðsti yfirmaður landbúnaðarmála láti frá sér fara yfirlýsingar ítrekað um það, að þessa framleiðslugrein eigi að draga svo saman sem hann hefur ótvírætt meira en gefið í skyn, hann hefur hér sagt og yfirlýsingar birtast um í grg. með frv. til jarðræktarlaga, í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. o. s. frv., o. s. frv.

Að þessum orðum mæltum mun ég ekki hafa um ræðu hæstv. ráðh. fleiri orð. Ég tel meira en tímabært að Alþingi afgreiði það frv. sem hér er á dagskrá. Þar hefur margt verið gert til þess að samkomulag megi takast. Ég tel að við stjórnarandstæðingar, sem starfað höfum í landbn., höfum sýnt þar samstarfsvilja, og þrátt fyrir það að brtt., eins og ég þegar hef sagt, séu sumpart óskýrt orðaðar og efnisskipan nokkuð með öðrum hætti en í till. okkar hv. þm. Eggerts Haukdals á þskj. 466, munum við láta kyrrt liggja um meginefni frv., en óskum eftir að þær tvær brtt., sem ég hef þegar getið um, komi til atkv. hér við 3. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Vegna þessa máls og þeirra hugmynda, sem hæstv. landbrh. kynnti sem sínar hugmyndir hér, vil ég minna á hversu hrikalegan vanda er við að fást í þessu efni og að nú er einmitt þangað komið sem Alþfl. hefur varað við á undanförnum árum, þannig að ný stefna er meira en tímabær. Ég vil líka benda á það, að 10% markið, sem svo hefur verið nefnt, var hugsað sem hámark, en það hefur sífelldlega verið brotið og verið bætt við umfram það mark. Hér þarf því ekki aðeins nýja stefnu, heldur líka fastari tök sem tryggi, að ekki sé farið bakdyraleiðina inn í ríkisssjóð til þess að fást við bráðan vanda á hverjum tíma, eins og það er gjarnan orðað.

Ég er þeirrar skoðunar, að þau fjögur meginatriði, sem hæstv. landbrh. rakti hér, eigi fyllilega rétt á sér öll saman og þ. á m. að sjálfsögðu endurskoðun á jarðræktarstyrkjunum í því skyni að draga úr jarðrækt sem hefur orðið til enn frekari framleiðsluaukningar en æskilegt hefur verið, og er ég þar á öndverðum meiði við hv. síðasta ræðumann. En meginatriðin eru auðvitað þau meginmarkmið sem menn ætla að stefna að í þessum efnum, og þau mega ekki vera óljós. Þar þarf greinilega að vera um töluleg markmið að ræða sem sé tryggilega gengið frá að verði haldin og þannig að vandanum verði ekki síðar velt yfir á ríkissjóð. Ég nefni þetta alveg sérstaklega vegna þeirra hugmynda sem hér hafa komið upp um úrlausn hins bráða vanda, hver nauðsyn sé á að það verði tryggilega frá öllum endum gengið, töluleg markmið liggi fyrir og að á þessu máli verði föst tök.

Það er svo að dómi okkar Alþfl.-manna, að það er nauðsynlegt að fyrir liggi heildstæð stefna sem með sannfærandi hætti tryggi að dregið verði markvisst úr offramleiðslu og þannig tryggt að innan fárra ára verði hætt óarðbærum útflutningi á landbúnaðarafurðum. Þegar ég segi að þetta þurfi að gerast með sannfærandi hætti, þá á ég við það, að menn sjái greinilega hvers konar framleiðslu- og greiðsluáætlun það sé sem menn ætli að fylgja fram, og ég tel að fyrr en slíkt liggur fyrir sé ótímabært að tala um sérstakar lántökur. Þær tölur, sem hafa verið nefndar í þessu sambandi, kunna líka að orka tvímælis.

Ég vil sérstaklega taka þetta fram vegna þeirrar umr. sem hér hefur farið fram, að meginatriðið er tryggilegur frágangur stefnunnar og þeirra leiða sem eiga að tryggja að þau tölulegu markmið náist sem nauðsynleg eru til þess að hér hverfi ekki aftur til sama horfs, heldur verði um varanlega stefnubreytingu að ræða.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þing veit og þjóð veit einnig að sú stefna í landbúnaðarmálum, sem hér hefur að meira eða minna leyti verið rekin um áratugaskeið, hefur misheppnast. Hún hefur misheppnast vegna þess að hún hefur ekki verið til þess fallin að halda uppi góðum lífskjörum heildarinnar, sem þessa þjóð myndar, heldur hefur stefnan í landbúnaðarmálum beinlínis verið til þess fallin að draga niður lífskjör annarra en þeirra sem beina eða óbeina hagsmuni hafa haft af því að vinna við landbúnað. Og það segir sig alveg sjálft, að þegar einn af meginatvinnuvegum þjóðarheildarinnar er rekinn með þessum hætti, þá er veruleg skekkja í efnahagskerfinu.

Landbúnaðarstefnan hefur verið slík skekkja í efnahagskerfinu. Við þekkjum það, að þegar í upphafi síðasta áratugs var byrjað að nefna þetta og gagnrýna voru viðbrögðin afar heiftúðug. En einkum nú á allra síðustu árum hafa þau gleðilegu tíðindi verið að gerast, að talsmenn landbúnaðarins hafa um margt viðurkennt hver vandi hér er þegar horft er af sjónarhóli þjóðarheildarinnar, — viðurkennt að heildardæmi landbúnaðarins hefur komið svo út að lífskjör þjóðarheildarinnar hafa verið dregin niður fyrir vikið. Þetta er auðvitað kjarni málsins og hefur verið um áratugaskeið.

Heilbrigður landbúnaður í heilbrigðu samfélagi á að

vera til þess fallinn að halda uppi góðum lífskjörum og batnandi lífskjörum, meiri hagvexti en landbúnaður okkar hefur gert. Það hefur beinlínis stefnt í öfuga átt.

Það er ekki langt síðan talsmenn landbúnaðarins sjálfir fóru að gera sér grein fyrir þessum grundvallarstaðreyndum, og segja má að á allra síðustu árum hafi talsmenn landbúnaðarins beinlínis tekið annan pól í þessa hæð en þeir höfðu áður gert um árabil. Það styrkjakerfi, það hjálparkerfi, sem hér hefur verið rekið í landbúnaði og er orðið svo margþætt og flókið að það er sennilega ekki á færi nema fáeinna atvinnumanna að skilja það til hlítar, var auðvitað í upphafi sínu og einkum á fjórða áratugnum hið sjálfsagðasta réttlætismál, til þess hugsað og til þess fallið að hjálpa bændum sem þá voru bæði með smábýli og of fátækir til þess að brjótast út úr erfiðleikum. En það vill oft verða svo með mál sem í upphafi eru réttlætismál, að þegar fram líða tímar snúast þau í andhverfu sína, hið flókna réttlæti verður að argasta ranglæti og efnahagsleg markmið verða óljós, loðin og jafnvel týnast. Og það hygg ég að hafi einmitt gerst með stefnuna í landbúnaðarmálum.

Landbúnaðarferillinn er í sjálfu sér einfaldur. Öðrum megin á þessum ferli eru framleiðendur vörunnar, en hinum megin á ferlinum eru neytendur og skattgreiðendur. Báðir þessir aðilar, bæði neytendur og skattgreiðendur, eiga auðvitað verulegra og mikilla hagsmuna að gæta að stefnan í landbúnaðarmálum sé ekki einvörðungu hugsuð frá bæjardyrum bænda, heldur einnig frá bæjardyrum þessara aðila. Landbúnaðarstefnan hefur verið of dýr, styrkjakerfið hefur verið of mikið, skattgreiðendur hafa þurft að borga miklar fúlgur beinlínis til styrktar þessari atvinnugrein. Og nú er verið að leggja til ekki litlar greiðslur til viðbótar. Neytendur hafa þurft að greiða þessar vörur of háu verði, miklu hærra verði en hægt hefði verið ef vandinn hefði verið viðurkenndur fyrr, ef hlustað hefði verið á þá réttmætu gagnrýni sem m. a. hljómaði í þessum sölum fyrir nærfellt tveimur áratugum.

Kjarni vandans er auðvitað sá, að íslenskir bændur hafa með flóknu styrkja- og fyrirgreiðslukerfi verið gerðir ónæmir fyrir markaðslögmálinu. Á milli framleiðandans annars vegar og neytandans hins vegar er búið að koma fyrir kerfi sem svo vinnur að markaðslögmál komast þar ekki að. Framleiðandinn þarf ekki að því að huga, hverjir hagsmunir neytandans eru, með hvaða hætti hann vill kaupa vöruna og hvenær hún verði svo dýr í framleiðslu að hann vilji ekki kaupa hana, heldur kaupi eitthvað annað. Þetta eru svo kunnar staðreyndir að ég hygg að þær séu þekktar af nærfellt öllum.

Hér liggur fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Ég efast ekki um góðan vilja hæstv. landbrh., og ég hygg jafnvel að óhætt sé að segja að í þessum efnum er núv. hæstv. landbrh. með nútímaleg sjónarmið, og þá á ég við að hann geri sér grein fyrir þeim grundvallarreglum sem lýst var í upphafi þessa máls. Ég hygg sem sagt að núv. hæstv. landbrh. hafi um margt nútímalegri sjónarmið og nútímalegri afstöðu til þessa vandamáls heldur en forverar hans um langt skeið, og það út af fyrir sig er allverulegur áfangi. Engu að síður er það galli við þetta frv., að orðalagið er svo almennt að það er nærfellt merkingarlaust sé það hugsað í þá veru að hamla gegn offramleiðslu og hamla gegn því að skattgreiðendur þurfi að láta milljarða á ári hverju af hendi rakna í þessa einu og tilteknu atvinnugrein. Þar að auki er fyrir minn smekk sú grundvallarvilla í þessu frv., að þar fer enn á ný fram mjög verulegt valdaafsal frá Alþ. og til þeirra aðila sem eiga hagsmuna að gæta, nefnilega bænda sjálfra. Þetta blasir eiginlega við í hverri till. og á hverri síðu þessara blaða. Dæmi um þetta er það, með leyfi hæstv. forseta, að ákvarðanir, sem varða gjaldtöku af kjarnfóðri, skulu teknar af fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og vera háðar samþykki landbrh. Till. eins og þessar hygg ég að séu rangar í grundvallaratriðum. Þetta er hliðstætt við það að gera þingi Alþýðusambands Íslands að semja reglur um laun, og ég hygg að ekki dytti nokkrum manni í hug, hversu hliðhollur, hagstæður og velviljaður viðkomandi væri launþegasamtökunum í landinu, að selja þeim sjálfdæmi um hvað eigi að greiða í laun. Hvert barn sér að slíkt kerfi mundi springa fyrr en varir. Og það er nákvæmlega það sem gerst hefur í hinni almennu stefnumörkun landbúnaðarmála á undanförnum árum og áratugum, að kerfið er fyrir lifandi löngu sprungið.

Að öðru leyti lýsti hæstv. landbrh. þeirri till. sinni, að útvega verði lán til viðbótar útflutningsbótum, þó að það kerfi sé komið langt út fyrir eigin mörkuð takmörk, og þetta lán á að nema á ári 3.5 milljörðum kr. Þetta er í stefnumörkun til 5 ára — og reikni menn. Það er verið að leggja til að til viðbótar þeim fjárhæðum, sem þegar er varið til að fjármagna ranga, óhagkvæma landbúnaðarstefnu, og þá á ég við: ranga frá sjónarhóli neytenda og skattgreiðenda séð, verði á þessu ári 3.5 milljörðum varið til viðbótargreiðslna til útflutningsbóta. Sé dæmið lagt saman og sé ekkert lán útvegað með ríkisábyrgð, sem vitaskuld þýðir í reynd að ríkissjóður greiði þetta lán, skattgreiðendur þar með, þá er hér verið að leggja til að viðbótarstærðin nemi andvirði Króflufvirkjunar.

Bændur eiga allt gott skilið vitaskuld. En kjarni málsins er sá að samfélagið er eins og lifræn heild og það eru fleiri á þessum ferli. Það eru skattgreiðendur, það eru neytendur, og ég hygg að það sé gersamlega ábyrgðarlaust að taka afstöðu til þessa dæmis nema hagsmunir allra þessara aðila séu skoðaðir. Með því að samþykkja slíka till. er verið að samþykkja milljarða fjármagnstilflutning enn á ný frá skattgreiðendum. Það er verið að leggju út í stórfelldar niðurfærslur, það er verið að færa niður lífskjörin í landinu sem þessu nemur og án þess að nokkurs staðar verði komið auga á í þessum tillögum alvarlega stefnumótun sem vegur að rótum þessa vanda.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar, að það megi ekki henda Alþ. að samþykkja till. af þessu tagi, samþykkja till. um niðurfærslu lífskjara í landinu svo milljörðum nemur, öðruvísi en að fyrir liggi stefnumótun, ekki með því almenna orðalagi sem hér er gert ráð fyrir og ekki með því að selja hagsmunaaðilanum sjálfdæmi um það, hvernig að skuli farið og hvað gert, heldur með því að löggjafinn sjálfur, sem er ekki aðeins fulltrúasamkoma bænda, heldur og skattgreiðenda og neytenda, að þessi stofnun taki af skarið og setji almennar leikreglur sem að því skulu miða að vandinn sé viðurkenndur og að því stefnt í þeim áföngum, sem heppilegt kann að teljast, að hann sé leystur.

Við framleiðum of mikið miðað við innanlandsmarkað og það verð sem við getum fengið fyrir þessar afurðir erlendis. Það er kjarni málsins. Ef markaðirnir væru öðruvísi erlendis eða ef meira væri neytt innanlands, þá væri þetta ekki vandi. En meðan þetta eru þær staðreyndir sem blasa við, þá er fráleitt að ætla sér að færa

niður lífskjörin í landinu, því að þessi skattheimta er auðvitað ekkert annað en það, með þeim till. sem hæstv. landbrh. reifaði hér í dag, enda væri slíkt vitaábyrgðarlaust af stofnun sem á að vera fulltrúi fyrir þjóðarheildina alla.

Það hefur auðvitað um margra ára skeið verið siglt að erfiðum ósi í landbúnaðarmálum, en þegar svo er komið sem nú er ber Alþ. að taka í taumana. Og alveg á sama hátt og Alþ. á ekki að láta þrýstihópaforingjana eina, hvort sem þeir eru frá verkamannasambandi, vinnuveitendum eða af öðrum slíkum stöðum, setja sér stólinn fyrir dyrnar að því er varðar lög um efnahagsmál, því að slíkt á Alþ. ekki að gera í þingræðiskerfi, þá á Alþ. ekki heldur að selja hagsmunaaðilum sjálfdæmi um reglur eða lagasetningar eða útfærslu þeirra í viðkvæmum málaflokki sem þessum. Dytti nokkrum í þessum sal í hug að það væri viturleg regla að selja iðnrekendum sjálfdæmi um það, hvernig við högum innflutningstollum eða jöfnunargjaldi, eins og nú er talað um? Það dytti engum í hug að gera það. Það er að vísu vandi á ferðinni að því er tekur til valdmarka þrýstihópaforingjanna og Alþingis. En ég hygg að það sé einn af veikleikunum í okkar efnahagskerfi að hér hefur þróast með sögulegar rætur í kjördæmaskipun eins konar sérstaða hagsmunaaðila í landbúnaði. Þessi sérstaða hefur verið sú, að landbúnaðurinn hefur átt hlutfallslega marga fulltrúa í þessari hv. stofnun, og það hefur árum og áratugum saman farið fram slíkt valdaafsal sem hér hefur verið gert að umræðuefni frá Alþ. og til þessara hagsmunasamtaka. Alveg burt séð frá því hvað mönnum finnst um þessi tilteknu samtök, stefnu þeirra, skoðanir og lífsviðhorf að öðru leyti, þá er þetta röng stefna, röng regla. Í þingræðislandi á ekki að fara þessa leið. Enda er það kjarni málsins, að landbúnaðarmál eru ekki einkamál framleiðendanna. Þau eru líka og í sama skilningi einkamál neytendanna og skattgreiðendanna, sem auðvitað byggja að mjög verulegu leyti hinar þéttari byggðir þessa lands, og Alþ. ber að skoða þessi mál ekki eingöngu frá sjónarhóli framleiðandans, heldur einnig frá sjónarhóli hinum megin á ferlinum, frá sjónarhóli neytandans og skattgreiðandans.

Þær till., sem hæstv. landbrh. kynnti hér í dag, stefna áfram út í þetta efnahagslega fen án þess að nokkur stefnumörkun, sem mark er á takandi, komi þar á móti. Þar er gert ráð fyrir niðurfærslu lífskjara til þess að færa verðmæti til landbúnaðar án þess að stefnumörkun í þá veru að leysa sjálfan vandann komi þar á móti. Af þeim ástæðum tel ég að þær till., sem hér voru kynntar, séu gersamlega óaðgengilegar. Ég vil enn lýsa því, að ég ber að þessu leyti traust til nútímalegra sjónarmiða hæstv. landbrh. Engu að síður er það Alþingi í þingræðislandi sem ber að setja leikreglur. Það verður að skoða hagsmuni fleiri en framleiðendanna og það verður að koma til stefnumörkun sem samrýmist hagsmunum allra þessara aðila. Sé hún til staðar, sé vandinn viðurkenndur og leitast við að leysa hann í áföngum, þá fyrst er hægt að huga að því að samþykkja svo stórfellt lán sem hér er farið fram á til þessa tiltekna hagsmunahóps. Fyrr teldi ég það fráleitt. Fyrr teldi ég það beinlínis ganga gegn hagsmunum launþega í þessu landi og það í langtum ríkari mæli en verið er að gera í öðru frv. sem er til umr. annars staðar og í annarri deild þessa ágæta húss.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi fyrst og fremst staðfesta það með orðum mínum hér, að hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sem nú dvelst erlendis í opinberum erindagerðum, hefur veitt mér umboð til að lýsa því hér yfir fyrir sína hönd, að brtt. sínar við frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem ræddar voru við 2. umr., taki hann til baka. Það vil ég staðfesta úr þessum ræðustól. Þessar brtt., sem hv. 1. þm. Austurl. hafði lagt fram, miðuðu fyrst og fremst að því að tryggja að ríkisvaldið tæki hið fyrsta upp samningaviðræður við stéttarsamtök bænda um að marka stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins og um fjárhagsvandamál landbúnaðarins í heild. Ástæðan fyrir því, að þessar till. eru teknar til baka nú við 3. umr., eru í fyrsta lagi yfirlýsing hæstv. landbrh., sem gefin var hér við 2. umr., um að eftir þessum brautum yrði unnið af hálfu rn., og í öðru lagi traust á því að svo verði gert, þannig að sérstök viðbótarsamþykkt í þeim efnum reynist ekki jafnnauðsynleg og menn höfðu álitið í upphafi.

Ég vil ekki fara út í það nú að endurtaka neitt af því sem ég sagði við 2. umr. málsins. Ég setti þá fram ýmsar ábendingar varðandi efni frv. Ég vil aðeins taka það fram, að ég tel að það hafi að sumu leyti verið komið til móts við ábendingar mínar í endanlegri tillögugerð hv. landbn., en þó engan veginn að öllu leyti. Ég geri mér hins vegar ljóst að mál standa svo, að það er mikill ábyrgðarhluti að valda frekari töfum á afgreiðslu þessa máls en orðið er, og ég er því tilbúinn að sætta mig við þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir, enda þótt ég sé engan veginn fyllilega ánægður með hana. Ég minni aðeins á það, að það vald, sem Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins fá í hendur samkv. till. hv. landbn., er ákaflega víðtækt og ég ber nokkurn ugg í brjósti fyrir því, að þessu valdi kynni að verða beitt á annan veg en ég tel viðunandi. En ég sætti mig við þetta samt, vegna þess að fari svo að einhverjum þeim, sem hér sitja á hinu háa Alþ., mislíki alvarlega gerðir Framleiðsluráðsins og Stéttarsambandsins, þá er að sjálfsögðu alltaf hægt að taka málin upp á nýjan leik hér á Alþ. og breyta þeim ákvörðunum sem við tökum nú.

Ég vil aðeins vekja athygli á ummælum hv. 7. þm. Reykv., þar sem hann segir sem svo, að fyrst menn vilji fela stéttarsamtökum bænda og framleiðsluráði þeirra þetta vald, þá mætti kannske alveg eins hugsa sér að selja öðrum hópum í þjóðfélaginu: iðnrekendum, verkamönnum eða einhverjum enn öðrum, sjálfdæmi í eigin málum. Mér fannst túlkun hans í þessum efnum dálítið undarleg. Við vitum nefnilega að það, sem hér er um að ræða, er ekki að með frv. sé verið að bæta kjör þess þjóðfélagshóps sem það snertir mest, bænda, heldur er verið að leggja á þá ákveðnar byrðar. Málið er einfaldlega það, að stéttarsamtök þeirra taka að sér að deila þessum byrðum niður á sína félagsmenn, og mér finnst það út af fyrir sig mjög virðingarvert. Enda þótt ég sé ekki viss um að þeir muni beita þessu mikla valdi nákvæmlega að mínum óskum, þá finnst mér út af fyrir sig virðingarvert að stéttarsamtök þeirra skuli bjóðast til þess að deila þessum byrðum niður sjálf á sína menn. Ég er reyndar ekki í nokkrum vafa um að þeir væru ákaflega margir hér í þjóðfélaginu sem mundu fagna því mjög, ef um það væri að ræða að við skulum segja meiri hl. hér á Alþ. teldi óhjákvæmilegt að skerða kjör félagsmanna Alþýðusambands Íslands svo og svo mikið, kannske ekki allra jafnt, en Alþýðusamband Íslands lýsti yfir að það

væri reiðubúið að deila niður skerðingunni á sína félagsmenn. Ég hygg að ákaflega margir í þessu þjóðfélagi og þ. á m. margir, sem sitja hér á hinu háa Alþ., mundu fagna því og telja sig þar með leysta undan stórum vanda. Hitt er ég viss um, að því fer fjarri að Alþýðusambandið væri reiðubúið til slíks, og ég er reyndar sjálfur þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að taka að sér slík verkefni. En ég bendi á þetta vegna þess að ég held að það sé hollt að menn hugleiði þennan samanburð, þar sem er annars vegar Alþýðusambandið og hins vegar Stéttarsamband bænda, því að það er í raun og veru alveg hliðstætt, sem Stéttarsambandið er þarna að bjóðast til að gera, eins og ef Alþýðusamband Íslands segði: Gott og vel, hér er ákveðin kjaraskerðing óhjákvæmileg, við tökum að okkur að deila henni niður.

Ég vil síðan koma örlítið inn á það sem minnst hefur verið á í umr. og liggur þó utan þessa frv. sem slíks, þ. e. þann mikla vanda sem við blasir í landbúnaðarmálunum þegar við vitum að hvorki meira né minna en 5 milljarða kr. vantar nú í ár umfram lögboðnar útflutningsbætur til þess að tryggja bændum grundvallarverð og þar með þau launakjör, vil ég kalla, sem þeir eru taldir eiga rétt á miðað við aðrar viðmiðunarstéttir. Það hefur komið hér fram, að fyrirhuguð sé allveruleg lántaka í því skyni að leysa verulegan hluta af þessum stóra vanda, en ekki vandann allan. Ég vil nota tækifærið við þessa umr., fyrst þetta hefur borið á góma í ræðum annarra hér, að láta það koma ótvírætt fram, að þingflokkur Alþb. hefur nú þegar veitt ráðherrum Alþb. heimild til að standa að ákvörðun um slíka lántöku innan ríkissti.

Það var að heyra á hv. 7. þm. Reykv., að skoðun hans væri sú, að þarna væri um að ræða nokkuð sem alls ekki mætti verða. Hann minntist í því sambandi á að hann treysti hæstv. landbrh. til svo nútímalegra vinnubragða að ekki yrði af fjáröflun með þessum hætti. En ef menn hafna slíkri fjáröflun, hvaða kostir eru þá fyrir hendi? Það eru tveir kostir aðrir fyrir hendi. Annar er sá að ganga beint til verks með almennri skattheimtu strax á þessu ári til að greiða kannske 3, kannske 4 milljarða upp í þessa 5 sem vantar. Auðvitað munu bændur sjálfir verða að bera hluta af þessu. Sá kostur er fyrir hendi. Ég hygg að hv. 7. þm. Reykv. munu ekki telja það nútímalegan kost, og ég hygg að slík fjáröflun muni tæpast samrýmast skattastefnu Alþfl. En þá er það hinn kosturinn, og það er líklega hann sem hv. þm. Vilmundur Gylfason telur sérstaklega nútímalegan, þ. e. a. s. að segja við bændurna sjálfa, þessa 4—5 þús. bændur sem hér þrauka við bú í landinu, að þeir eigi að bera þetta sjálfir, nokkuð á aðra millj. kr. í tekjuskerðingu á hvert einasta sveitaheimili í landinu. Það væri fróðlegt að fá það skýrt fram, hvort það er stefna hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, og það sem skiptir meira máli, hvort það er stefna þingflokks Alþfl. Ef svo er, þá er þar um stefnu að ræða sem ég verð að segja að ég er algerlega andvígur. En ef það er ekki stefna Alþfl., þá væri æskilegt að fá það fram, hvaða aðrar till. hann hefur til lausnar vandans nú á þessu ári, 1979. Það legg ég áherslu á, vegna þess að enda þótt allt verði gert sem í mannlegu valdi stendur til að hefjast handa um skipulagslegar aðgerðir til minnkunar landbúnaðarframleiðslu á næstu árum, þá mun það ekki koma að gagni í ár.

Ég vil aðeins segja í viðbót, að ég er þeirrar skoðunar, og það er reyndar mjög í samræmi við þær brtt. sem hv. 1. þm. Austurl. lagði hér fram, en hefur að vísu dregið til baka af ástæðum sem ég gat um áðan, að í fyrsta lagi sé skylt að hefjast handa með viðræðum af hálfu ríkisvaldsins við stéttarsamtök bænda sem allra fyrst um skipulegar aðgerðir til að draga sem allra mest úr umframframleiðslu á næstu árum, með þeim hætti þó að það leiði ekki til stórkostlega skertra lífskjara hjá bændum sérstaklega og ekki heldur til umtalsverðrar byggðaeyðingar umfram það sem orðið er, en innan þessa ramma skipulegar ráðstafanir til þess að ráðast gegn offramleiðsluvandanum. Þetta ber að gera. En hversu vel sem unnið verður í þessum efnum af hálfu ríkisstj. og annarra aðila, þá dugir það ekki til á árinu 1979. Það mál verðum við að gera upp. Hver á að taka þennan 5 milljarða poka á sig? Eiga það að vera sveitaheimilin ein, eða á það að vera þjóðarheildin? Ég segi hiklaust: Það á að vera þjóðarheildin.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um voru allar till., sem lágu fyrir við 2. umr., dregnar til baka til 3. umr. að ósk ráðh. og með það í huga að yfirfarast af landbn. milli umr. En hálfur mánuður er nú liðinn síðan sú umr. fór fram.

Umræða í nefndunum varð minni en til stóð, sem sagt í n. í heild. Hins vegar munu stjórnarsinnar hafa haldið marga fundi um málið. Í þessu sambandi vil ég leggja áherslu á að Sjálfstfl. hefur ekki tafið málið þennan tíma.

Hér hefur hæstv. landbrh. talað í þessu máli, og kem ég að því síðar, en það var athyglisvert, að rétt að hans orðum slepptum kom sjútvrh. upp og talaði algerlega á móti því sem landbrh. hélt fram. Það er furðulegt hve lengi á að ganga hjá þessari blessaðri ríkisstj. að ráðh. sitji eins og hundar og kettir hver framan í öðrum. En sjútvrh. gerði í þessu máli till. hæstv. landbrh. strax marklausar. Það var sagt í gær að á fundi ríkisstj. í dag ætti að afgreiða bæði það ástand sem er í flugmálunum og einnig í landbúnaðarmálunum. Það heyrðist fyrr í dag hvernig gekk að afgreiða flugmálin, og nú liggur þetta fyrir.

Ekki var óeðlilegt að það tæki meiri hl. nokkurn tíma að laga brtt. sínar, þar sem það hafði fengið þann dóm hjá stéttarsambandsmönnum að þær væru óframkvæmanlegar. Nýjustu fréttir eru að búnaðarmálastjóri hafi á flokksþingi Framsfl. lesið yfir mönnum fyrir að vera með óframkvæmanlegar till. Ekki er þetta nú allt efnilegt, þegar bæði Stéttarsamband og Búnaðarfélag hafa þennan hug til tillagnanna.

Það plagg, sem hér liggur fyrir og ég hef óbundnar hendur um, eins og komið hefur fram í umr., hefur verið mjög lagað frá gömlu meirihlutatillögunum og komið til móts við þær till. er við hv. 2. þm. Norðurl. v. höfum lagt fram. Einnig hafa verið teknar til greina nýjar ábendingar. En engin svör hafa enn fengist hjá ríkisstj. varðandi það meginatriði þessa máls, hvort ríkisvaldið ætlaði að koma til móts við bændur vegna birgðavandans. Svar um þetta efni hefur þó verið krafist af fulltrúum Sjálfstfl. og tekið undir af Alþb.-mönnum á sameiginlegum landbn.-fundi beggja d., bæði fyrr í vetur og voru ítrekuð á fundi n. morguninn eftir að 2. umr. lauk, þ. e. fyrir réttum hálfum mánuði.

Í till. okkar hv. 2. þm. Norðurl. v. er ákveði til bráðabirgða sem við föllum ekki frá, en þar er sett fram till. um að ríkið komi til móts við bændastéttina í þessum vanda, og þetta tengist óumdeilanlega þeim heimildum sem

verið er að veita Framleiðsluráði með þessu frv. Hvað ríkisstj. ætlar að gera í þessum málum hefði fyrir löngu getað legið fyrir, ef hér væri stjórn sem tæki á þessum málum. En það virðist hafa verið skoðun stjórnarliðanna í n., að undanskildum fulltrúum Alþb., eins og áður kom fram, að þetta ætti að mestu að lenda á bændunum. Óskir sjálfstæðismannanna í n. um svör frá ríkisstj. og undirtektir Alþb.-manna og síðan flutningur á till. okkar um ákvæði til bráðabirgða hafa vakið stjórnina af værum blundi og er það vel. En þetta átti að geta legið fyrir strax í haust þegar málið var lagt fram. Þá hefði málið getað siglt hraðbyri.

Það bæri að fagna orðum hæstv. landbrh. áðan ef hann hefði haft fyrir þeim samþykkt ríkisstj. og stuðning, sem ég gat um áðan að kom fram að ekki væri fyrir hendi, og slík orð án stuðnings ríkisstj. algerlega marklaus. En það var meira sem ráðh. sagði. Það var skilyrt, að þetta frv. og m. a. jarðræktarfrv. það, sem hann er búinn að leggja fram, yrðu samþ. Það frv. er með þeim endemum að ég vona að það gangi ekki í gegn, þar sem ráðh. er falið allt vald til að ráðskast með jarðarbótastyrkina. Hins vegar væri ekkert óeðlilegt að hluti af þessum styrkjum gengi beint til að létta birgðavandann. Ég legg áherslu á að það væri e. t. v. ekkert óeðlilegt, en alls ekki með þeim hætti sem þarna er ráð fyrir gert.

Hæstv. ráðh. þakkaði samstöðu í n., og má segja að hún sé nokkur. En meiri hl. n. vildi ekki koma til móts við okkur um þá till., sem við vorum með í okkar minnihlutaáliti, að koma til móts við birgðavandann af ríkisins hálfu. Ef það hefði verið, þá hefði verið hægt að tala um að samstaðan hefði verið meiri.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason talaði hér mikið, en hann virtist tæplega skilja þetta frv. Þetta frv. gengur fyrst og fremst út á það, að bændum sjálfum eða bændasamtökunum eru veittar heimildir til að jafna á sig halla sem þegar er orðinn. Þeir eiga að deila þessu á sig eftir þessu frv. Ef frv. verður samþ. óbreytt og ekki tekin með till. okkar um ákvæði til bráðabirgða, þá er hér eingöngu um að ræða frv. þar sem bændurnir einir eiga að jafna á sig kjaraskerðingunni. Þá kemur ríkið ekkert þar til móts. Það er því ósambærilegt við það frv. sem er í Ed., þar sem jafnað er kjaraskerðingu á alla landsmenn. En þar þykist ríkisstj. koma til móts með einum eða öðrum hætti til að draga úr henni, þótt það sé raunar meiri og minni sjónhverfing. En vonandi styður ríkisstj.-meirihlutinn ákvæði okkar til bráðabirgða vegna birgðavandans.

Að lokum vil ég leggja áherslu á að þetta mál er búið að velkjast hér í þinginu í allan vetur. Hvað það hefur tafist er fyrst og fremst stjórnarliðinu að kenna, en ekki Sjálfstfl. Þó að hann hafi fengið rúmlega viku frest um daginn, þá er það aðeins brot af þessum tíma.

Nú líður að vori og tíðarfar þessa dagana er erfitt fyrir bændur landsins og gæti boðað enn meiri erfiðleika með hafís, vorharðindum og e. t. v. kali. Vonandi er þó að „landsins forni fjandi" hverfi sem fyrst frá landinu og sunnanþeyr haldi innreið sína. En eins og nú blasir við þarf stóraukinn fóðurbæti til þess að fleyta fénaði fram. Með það í huga og að áburður á að hækka í vor um eða yfir 50% tel ég útilokað að skella nú á fóðurbætisskatti, eins og gert yrði ef ákvæði til bráðabirgða í meirihlutatill., sem hér liggur fyrir, yrði samþykkt. Ég lýsi því eindreginni andstöðu við það ákvæði.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en verð að leiðrétta misskilning sem komið hefur fram hjá nokkrum hv. ræðumönnum. Ég sé reyndar að hv. 2. þm. Norðurl. v. er ekki í salnum og skal þá bíða með þær aths.

Ég get raunar tekið undir ýmislegt sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv. Ég tek t. d. undir það, að sannarlega eru landbúnaðarmálin mál þjóðarinnar allrar. En þau hvíla náttúrlega þyngst, sérstaklega tekjuhlið þessara mála, á bændastéttinni — langsamlega þyngst. Ég tek undir það sem hann sagði, að að sjálfsögðu hlýtur Alþ. að setja leikreglur, — ég hygg að hann hafi orðað það svo. En mér sýnist hins vegar að hann hafi ekki hlustað nægilega vel á mitt mál. Það er nefnilega rétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 1. þm. Suðurl., að sú aðstoð, sem ég hef lagt til í ríkisstj. að ríkisstj. beiti sér fyrir, — ég legg áherslu á það, því að að sjálfsögðu þarf það að koma til ákvörðunar Alþingis, — er skilyrt. Hún er háð þeim skilyrðum, eins og ég rakti áðan, að stefnubreyting verði í framleiðslumálum landbúnaðarins. Til að undirstrika þetta enn betur vil ég lesa orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, úr þessari till. Þar segir:

„Ofangreindar ráðstafanir" — þ. e. a. s. útvegun þessa fjármagns — „eru háðar því, að þegar verði hafist handa um að snúa við þeirri þróun vaxandi framleiðslu landbúnaðarafurða, sem verið hefur undanfarin ár, og áætlun gerð til 5 ára um þróun landbúnaðarframleiðslunnar, þar sem að því verði stefnt, að framleiðsla búvöru verði sem næst þörfum þjóðarinnar og íslensks iðnaðar, enda veiti það Alþ., sem nú situr, nauðsynlegar heimildir."

Ég vona að þetta sé skýrt. Ætlunin er m. ö. o. að Alþ. setji leikreglurnar, eins og hv. þm. orðaði þetta ágætlega áðan. Ég hef gert grein fyrir því, hvernig ég tel að Alþ. eigi að setja leikreglur: með því að ákveða meginmarkmið og leiðir og með því að samþykkja áætlun fyrir landbúnaðarframleiðsluna til 5 ára. Ég skal hins vegar fúslega viðurkenna að ekki hefur unnist tími til að vinna slíka áætlun. Þetta er ákaflega mikið verk og þótt vinna sé hafin á það töluvert í land. Ég geri mér vonir um að slík áætlun geti legið fyrir þegar Alþ. kemur saman í haust. Einnig í því sambandi er mikilvægt að Alþ. ákveði í meginatriðum leikreglur sem leggja má til grundvallar við slíka áætlunargerð, og að því stefnir sú þáltill. sem ég hef boðað.

Ég vil segja um það sem hv. þm. sagði áðan, að þessi lántaka þýddi — ég held að hann hafi orðað það svo — að verið væri að færa niður lífskjör allrar þjóðarinnar, að rétt er að þarna er gert ráð fyrir að öll þjóðin taki á sig hluta af þessu vandamáli bændastéttarinnar. En ég vona að hann geti viðurkennt það, að lífskjör bænda eru færð meira niður en annarra þjóðfélagsþegna. Gert er ráð fyrir að bændur taki á sig beint sjálfir og án aðstoðar 1/3 af þessari byrði. Einnig var dæmið sett þannig upp, að bændur eru nánast knúðir til þess að draga saman framleiðsluna inn fyrir þessi 10% mörk sem útflutningsbætur leyfa nú, þannig að þetta hvort tveggja er tengt.

Ég vona að þessar skýringar verði til þess, að hv. þm. treysti sér til þess að fylgja mér í þessari viðleitni — og stjórnarflokkunum, vil ég segja. Till. eru í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Þær eru allar unnar á þeim grundvelli.

Ég vil svo segja örfá orð um það sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði áðan. Mér þykir leitt ef hann tók mál

mitt svo, að með því væri ég ekki að greiða fyrir skjótri meðferð málsins, eins og hann sagði orðrétt. Mál mitt var einkum um þær aðgerðir sem ég hef lagt til í ríkisstj. í tengslum við þennan bráða vanda landbúnaðarins eða bændastéttarinnar. En ég skildi svo ræðu hv. þm. við 2. umr., að hann nánast krefðist þess, að ég gerði grein fyrir því hvað ríkisstj. ætlaði að gera. Og svo gerðu fleiri þm., eins og t. d. hv. 1. þm. Austf. Ég taldi mér því nánast skylt að gera grein fyrir þessu og ég væri með því að greiða fyrir meðferð þessa máls.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér um ýmsar ádeilur hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. síðasta ræðumanns á jarðræktarlög og fleira. Það kemur síðar til umr. og fáum við þá tækifæri til þess.

Ég vil leiðrétta það hjá hv. þm., að ég hafi sagt að Framsfl. væri enginn bændaflokkur. (Gripið fram í.) Jú, ég skrifaði það orðrétt. Framsfl. er ekki einvörðungu bændaflokkur, reyndar tel ég, að bændastéttinni væri lítill greiði gerður með því að einangra hana frá öðrum þjóðfélagsþegnum, og tek undir það sem hv. 7. þm. Reykv. sagði: Hún er að sjálfsögðu órjúfanlegur þáttur í þjóðfélaginu í heild.

Ég vil einnig leiðrétta það, að ég hafi nokkurn tíma nefnt að stefnt væri að því að draga saman framleiðslu sauðfjárafurða um 30—35%. Ég er sannfærður um að það finnst hvergi eftir mér haft. Ég hef sagt að í athugun væri samdráttur sem næmi 10—20%, og ég hef margsinnis undirstrikað að í því sambandi þarf að skoða betur en unnt hefur verið tengsl sauðfjárræktar við ullar- og skinnaiðnað. Þetta er í athugun, en viðurkenna verður að þarna eru ýmis ljón á vegi sem ég ætla ekki að fara að lengja umr. hér með því að ræða.

Það kom fram hjá hæstv. sjútvrh., að mörkin um útflutningsbætur hafa ítrekað verið brotin. Rétt er það, síðustu árin. En framleiðsluráðslöggjöfin setur önnur mörk. Hún setur t. d. það markmið, að bændur skuli hafa tekjur sem samræmast tekjum verkamanna og iðnaðarmanna. Hvað halda hv. þm. að það markmið hafi oft verið brotið? Ég hygg að það hafi verið brotið svo að segja öll ár, og kannske er það ástæða fyrir því að bændur hafa neyðst til að auka framleiðslu sína, eins og ég nefndi áðan, og skapa sér þannig auknar tekjur. Ég er sannfærður um að ef þess hefði verið gætt, að bóndi með grundvallarbú hefði þær tekjur sem lög hafa ætlað honum, þá væri það vandamál, sem við eigum við að stríða nú, stórum minna og kannske ekkert. Því er ekki unnt að afgreiða þetta mál svo að eitt markmið hafi verið brotið. Við þurfum að líta á framkvæmd laganna í heild sinni.

Að lokum út af ákvæði til bráðabirgða sem hv. sjálfstæðismenn flytja hér till. um. Ég hef sagt það áður, að viðleitnin er góðra gjalda verð, en hún er lítils virði án þess að veita heimild til tekjuöflunar. Ríkissjóður hefur ekkert fjármagn aflögu til að leggja í þetta nú. Því fer víðs fjarri. Þess yrði þá að afla með skattheimtu. Ef hv. þm. vilja veita þá heimild, þá mun sú leið að sjálfsögðu verða skoðuð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 76. fundur.

Miðvikudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn, frv. (þskj. 438, n. 501). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta frv. Það er unnið af sérfræðingum utanrrn. N. varð sammála um að leggja til að það verði samþykkt með lítils háttar breytingu, sem er nánast orðalagsbreyting. Hún er um að tiltekið orð falli niður úr texta frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14. shlj. atkv.
2.—5. gr.samþ. með 14. shlj. atkv.
Brtt. 501 samþ. með 14. shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 14. shlj. atkv.
7.—13. gr. samþ. með 14. shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Hvalveiðar, frv. (þskj. 492). — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þess gerist ekki þörf að mæla fyrir þessu frv. með langri ræðu. Eins og fram kemur í aths. er aðalástæðan fyrir flutningi þess sú, að refsiákvæði hvalveiðilaganna eru orðin algerlega úrelt, enda verið óbreytt í 30 ár. Það þarf væntanlega ekki miklar umr. um það, að sektir að fjárhæð 1000—100 000 kr. hafi ekki sérstök varnaðaráhrif og alls ekki hin sömu nú og árið 1949. Sjálfsagt væri löngu búið að breyta þessum refsiákvæðum ef á þau hefði reynt fyrr en s. l. sumar, en þá var í fyrsta sinn ákært til refsingar fyrir brot á lögunum. Þar var um að ræða norskan hrefnuveiðara sem staðinn var að ólöglegum hrefnuveiðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Hlaut skipstjórinn, segi og skrifa: 50 þús. kr. sekt og 45 daga fangelsi í samræmi við hin gömlu refsiákvæði. Fangelsinu getur hann losnað undan með því að vísa á tryggingarfjárhæð, 1 millj. kr., sem honum var gert að inna af hendi. Þá var aðeins gerð upptæk ein hrefna sem hann var talinn sannur að að hafa skotið í íslenskri fiskveiðilögsögu, en báturinn var að sögn að koma af Grænlandsmiðum og var hlaðinn hrefnukjöti sem var mörgum sinnum verðmætara en sekt, tryggingarfé og andvirði upptæks afla til samans. Hinn norski skipstjóri áfrýjaði ekki þessum dómi til Hæstaréttar, vildi una honum og undi honum líklega vel, og er hætt við að þessi væga refsing hafi ekki orðið honum né öðrum til varnaðar, heldur jafnvel frekar til freistingar að endurtaka ólöglegar hvalveiðar hér við land. Verður auðvitað að reyna að koma í veg fyrir slíkt og því er þetta frv. flutt.

Hér er gert ráð fyrir að sektarfjárhæðir séu hækkaðar verulega og verði í samræmi við sektarákvæði laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ættu að vera augljós rök til þess að hafa a. m. k. jafnhá refsiviðurlög við ólöglegum hvalveiðum og ólöglegum fiskveiðum. Sektir eru hér miðaðar við gullkrónur, eins og

tíðkast hafa í fiskveiðilögum, og eins og þar er gert ráð fyrir að afli skips í veiðiferð sé gerður upptækur ef skip er staðið að broti, en ekki bara sá hluti aflans sem hægt er að sanna að sé ólöglega tekinn. Um þessi atriði öll vísast til aths. við frv. Þar er einnig gerð grein fyrir 1. gr., sem er ætlað að taka af allan vafa um að hvalveiðilögin taki til fiskveiðilandhelginnar, en í gildandi lögum stendur orðið „landhelgi", enda var ekki gerður greinarmunur á þessu tvennu þegar lögin voru sett árið 1949.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að frv. þetta hljóti skjóta afgreiðslu og verði sem fyrst afgreitt, og ég óska eftir því, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þar sem mál þetta kemur til n. sem ég er formaður í, þá tel ég hlýða að lýsa nú þegar yfir stuðningi mínum við þetta frv., sem hefði mátt vera fyrr fram komið. Ég tel alveg vafalaust að við þurfum að gera ráðstafanir til að hafa mjög strangt eftirlit með veiðum á hvalastofninum innan efnahagslögsögu okkar og tel raunar nauðsynlegt að hv. sjútvrn. taki þau mál til íhugunar í heild. Nú er það svo, að ég hygg að að bestu manna yfirsýn sé hvalveiðum Íslendinga í því formi, sem þær nú eru, allvel komið. Ýmis álitamál eru samt í jaðri hvalveiða okkar, og þar vil ég minna á framferði sem brýtur í bága við önnur lög, þ. e. a. s. dýraverndunarlögin, sem hér hefur viðgengist í sambandi við veiðar á hvölum til að selja í ágóðaskyni í dýragarða og meðferð á slíkum skepnum, þar sem raunverulega er ekki um að ræða veiðar eða sjávarútveg í hinni eiginlegu merkingu, heldur annars konar framferði. Ég vildi gjarnan að hæstv. sjútvrh., nú þegar slotar hinum bráðu önnum stjórnarmyndunar, tæki þessi mál til vinsamlegrar athugunar og þá í heild það sem lýtur að hvalveiðunum hér við land. En ég get aðeins lofað því sem formaður sjútvn., að þetta erindi, sem okkur er nú falið, verði tekið til skjótrar og vinsamlegrar meðferðar í nefndinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Hefting landbrots, frv. (þskj. 374, n. 494). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um þetta frv. Það var leitað álits Búnaðarfélags Íslands, sem mælir með frv. óbreyttu. Flm. gerði grein fyrir málinu við 1. umr. Ég sé ekki ástæðu til að rifja upp rök hans nú, en n. leggur einróma til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
1.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Dómvextir, frv. (þskj. 486). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 445). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14. shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður öryrkja, frv. (þskj. 506). — 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ef ég væri ekki svo rámur sem raun ber vitni, þá mundi ég hafa hér langt mál um, því að hér er komið að máli sem vissulega væri ástæða til að ræða mjög náið, fara út í á hvern veg þeim málum, sem hér er að vikið, verður best skipað. Nú er frv. þetta komið til okkar úr Nd., þar sem það hefur hlotið jákvæða afgreiðslu, mætt töluverðri andstöðu þó og sú andstaða er hvergi nærri bundin við málið sjálft, heldur aðeins hvernig þarna er að staðið, þ. e. a. s. þarna er afmarkaður tekjustofn til ákveðinna hlutverka sem við margir hverjir álítum að eigi að vera alfarið í höndum ríkisins og ríkið eigi að sjá það vel fyrir að við þurfum ekki að setja nein sérlög um ákveðna tekjustofna til að standa þar undir. En nú er ég á því að eins og mál standa í dag, þá getum við vart annað en samþykkt frv. af þessu tagi. Ég geri mér hins vegar vonir um það, að áður en þetta frv. fær afgreiðslu sjái hér dagsins ljós frv. sem leysir að vísu ekki allan þann vanda sem hér er um að ræða, en kemur mjög inn á það og þarf að taka til athugunar samhliða, — mál sem fjallað hefur verið um í ríkisstj. nú á síðustu dögum og ég vona að verði afgreitt þaðan á morgun að tillögu hæstv. félmrh., þ. e. a. s. frv. um heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra.

Hér er að vísu komið inn á víðtækara svið varðandi þennan Framkvæmdasjóð öryrkja en þar er að vikið. Engu að síður tel ég að við eigum að bíða eftir þessu frv., skoða þennan Framkvæmdasjóð í tengslum við það og athuga hvað við eigum sérstaklega að taka jafnvel út úr þessu frv. ef við sjáum að hitt nær fram að ganga.

Ég hef verið alfarið á þeirri skoðun og ligg ekkert á því, að sú aðferð, sem hér er lögð til, sé hrein neyðarráðstöfun, engu að síður nauðsynleg ef ekki er lengra gengið af samfélagsins hálfu en raun ber vitni til þessara mála. Og víst er um það, að þeir mörkuðu tekjustofnar, sem hafa staðið undir framkvæmdum af ýmsu tagi í þágu þessa fólks, öryrkja í landinu og annarra sem hafa átt við örðug lífsskilyrði að etja, hafa einmitt orðið til þess að eitthvað hefur verið aðhafst í þessum efnum. Ég er hins vegar á því að þetta sé ástand sem ekki megi vara of lengi, heldur

eigi samfélagið að sjá til þess með skipulegri löggjöf, svipaðri þeirri sem hæstv. félmrh. mun leggja fram, vonandi á næstu dögum, og öðrum aðgerðum af hálfu fjá veitingavaldsins, að löggjöf af þessu tagi sé óþörf. Hér er talað um sérkennslusjóð. Hér er einnig talað um endurhæfingarsjóð. Við höfum grunnskólalög þar sem kveðið er á um fullt jafnrétti einstaklinga, þroskaheftra í þessu tilfelli, fullt jafnrétti þeirra til náms á við aðra þegna þjóðfélagsins. Og það er skylda okkar að sjá til þess, að fjármagn sé veitt svo sem þörf er á til að sinna þessu verkefni. Við vitum að til þess þarf mikið aukafjármagn, því að það að veita þessu fólki jafnrétti þýðir auðvitað miklu meira fjármagn en til venjulegrar kennslu. Við höfum líka endurhæfingarráð og við höfum vissa tekjuöflun í því sambandi, en engu að síður vantar þar fé einnig. Því hefur ekki verið komið í framkvæmd eins og skyldi. Og því er þetta frv. flutt af þörf og af kappi, og ég skil vel hug flm. í sambandi við þennan Framkvæmdasjóð öryrkja. Ef mál skipast þannig að við sjáum ekki fram úr þessu á annan máta, þá mun ég fyrir mitt leyti getað stutt þetta frv. Ég vil hins vegar gjarnan sjá það af hálfu þeirrar hæstv. ríkisstj., sem ég styð, að hún komi þannig málum nú fyrir þinglok að frv. af þessu tagi sé nánast óþarft og þannig verði staðið að fjárveitingum af hálfu ríkisvaldsins að við þurfum ekki á slíku að halda sem hér er ráð fyrir gert. Ég dreg sem sagt enga dul á það, að þetta er fyrirkomulag sem ég álít að sé ekki til frambúðar. Þetta er fyrirkomulag sem við eigum að leggja fyrir róða af þeirri einföldu ástæðu að við eigum að stefna að jafnrétti þessa fólks með öðrum hætti og samfélagið á að sjá sóma sinn í að gera það án þess að leggja til þess einhverja sérstaka afmarkaða tekjustofna.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mér er ánægja að því að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. Ég gleðst mjög af því að sjá þetta frv. komið hingað í seinni deild. Ég hef áður staðið í nokkuð ströngu til að reyna að koma svona frv. í gegn, sem tókst ekki, því miður. Ástæðan var sú, að frv., þar sem markaðir tekjustofnar eru til umr., eiga nokkuð erfitt uppdráttar, ekki að menn vilji ekki gera allt fyrir það málefni sem um er að ræða, heldur af því að aðferðin sé óæskileg. Ég er aftur á móti á alveg öndverðri skoðun. Mér finnst það hafa sýnt sig í okkar uppbyggingu í þessu landi, að markaðir tekjustofnar hafa sinnt mjög merku hlutverki, og það er álit mitt, að það fjármagn, sem lagt er fram með mörkuðum tekjustofnum, nýtist betur en annað fjármagn, af þeirri einföldu ástæðu að þar kemur oftast annað fjármagn til viðbótar og enn fremur að þeir aðilar, sem þetta fjármagn nota, hafa venjulega sérstakan áhuga á að fjármagnið nýtist sem allra best. Þó er það svo að þeir stjórnmálamenn, sem gjarnan eru andvígir mörkuðum tekjustofnum, samþykkja þá þegar mikið liggur við. Eða hvað eigum við að segja um þann markaða tekjustofn, sem stjórn vegamála í þessu landi greip til þegar mikið lá við að fá meira fjármagn í vegagerð? Hvað eigum við að segja um Byggðasjóðinn, sem hefur haft markaðan tekjustofn fram að þessu sem hefur í raun og veru verið hans höfuðtekjur? Sama er að segja um orkumálin. Þegar mikið lá við var settur til þeirra markaður tekjustofn og hans hefur notið við nú upp á síðkastið. Þetta sýnir að það eru í raun og veru fyrst og fremst litlu tekjustofnanir, sem hafa verið ætlaðir ýmsum félögum sem unnu að sérstökum verkefnum, sem fjárveitingavaldið hefur verið andvígt. En ég held að það sé síður en svo ástæða til þess.

Ég er ekki heldur alveg sammála hv. síðasta ræðumanni um að enda þótt löggjöf kunni að koma nú fjótlega um ráðstafanir til hjálpar þroskaheftum muni sú löggjöf leysa þann vanda svo örugglega að ekki verði not fyrir sjóð eins og þann sem hér um ræðir. Ég held að reynslan sýni okkur að löggjöf, jafnvel þótt hún sé fullkomin og góð, leysi ekki þann vanda að ríkið hafi allt í einu fjármagn til að sinna öllum þeim verkefnum sem þar liggja fyrir. Og einn af kostunum við sjóð sem þennan er einmitt sá, að hann grípur á þeim verkefnum sem hafa orðið utan gátta þegar ríkið er búið að sinna þeim hlutverkum er það telur nauðsynlegust.

Hvað varðar endurhæfingarmálin, þá hefur það verið á allra vitorði að undanförnu að þeim er ekki sinnt sem skyldi, og lít ég þó svo á að við séum betur settir í þeim efnum heldur en flestar aðrar þjóðir. En það verður þar eins og með aðra málaflokka marga, þar sem mikið þarf að gera á stuttum tíma, að það verða alltaf einhver atriði sem betur mættu fara og betur mætti gera. Og þá er það einmitt til svona verkefna í höndum aðila, sem áhuga hafa á verkefninu, sem nauðsyn og gagn er að hafa slíkt fjármagn.

Ég held sem sagt að við getum vel staðið að því að samþykkja frv. sem þetta. Ég veit að það kemur í góðar þarfir. Ég veit að fjármagnið verður vel notað og vonast til að sú n., sem fær frv. til umfjöllunar, afgreiði það fljótt og vel.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir um Framkvæmdasjóð öryrkja, flutt af Jóhönnu Sigurðardóttur, er mjög þarft mál og er í raun flutt vegna þess að mönnum er ljóst og þá kannske sérstaklega flm., hversu illa hefur verið búið að þeim sem erfitt hafa átt um vik við það að lifa eðlilegu lífi í þjóðfélaginu, hve mikill skortur á jafnrétti hefur verið í þjóðfélaginu og hversu ríkið hefur illa staðið við þau lög sem það hafði áður samþ. í því skyni að sinna þessum verkefnum.

Í grunnskólalögunum, sem samþ. voru 1974, var gert ráð fyrir að ýmsu af því, sem hér er tilgreint, yrði sinnt, en því miður hefur það ekki verið gert. Ef grunnskólalögunum hefði verið fylgt varðandi þessi atriði, þá hefðu 600 millj. kr. átt að fara til þessara þarfa nú í ár. En því miður eru það ekki nema aðeins 60 millj. 1978 og 1977 einnig 60 millj. Sem sagt, það er ljóst að það er mikil tregða til þess að veita fjármagn í þessa hluti.

Það hefur margur haft þau andmæli uppi gegn þessu frv., að ekki væri rétt að samþykkja það vegna þess að gert væri ráð fyrir mörkuðum tekjustofnum. Ég vil taka undir það sem kom fram hér áðan, að það er eins í þessu sem öðru, að neyðin gerir það oft að verkum að fara þarf aðrar leiðir en kannske væri æskilegt. Við höfum nýverið afgreitt frá okkur efnahagsfrv. þar sem gert er ráð fyrir að endurskoða markaða tekjustofna, og er það minn skilningur, og reyndar býst ég við að það sé einnig skilningur þeirra þm. annarra er styðja þessa ríkisstj., að svokölluð félagsleg málefni verði látin sitja við annað borð en önnur málefni þegar svokallaðir markaðir tekjustofnar verða endurskoðaðir.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. sem ég tel harla gott og skora á þdm. að gera það sem mögulegt er til að flýta afgreiðslu þess. Ég tel að það þurfi ekki að bíða eftir því, að lagt verði fram frv. um málefni

þroskaheftra. Við vitum ekki hvort það verður afgreitt á þinginu þó að það verði lagt fram, og er algerlega ástæðulaust að bíða með samþykkt þessa frv. þar til frv. um málefni þroskaheftra hefur komið fram.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég tel mig vera einn þeirra sem bera mjög fyrir brjósti málefni þeirra þjóðfélagsþegna, sem hafa orðið fyrir áföllum í lífinu eða hafa skerta starfsgetu eða möguleika, og vilja aðgerðir í þeim málum. Ég hef á yfirstandandi þingi reynt að hafa nokkur áhrif í þessa átt með því m. a. að reyna að rétta hag þeirra, sem eru öryrkjar, í sambandi við nauðsynleg tæki þeim til handa, þjóðfélagið létti af þeim gjöldum. Einnig hef ég lagt áherslu á það, að tryggingalöggjöfin — almannatryggingar sem við erum mjög stoltir af, verði tekin til gaumgæfilegrar endurskoðunar þannig að hún komi að þeim notum sem henni er ætlað. Það mætti tala langt mál um það, hversu mjög skortir á að svo sé, og þeir, sem viðurkennt er að þurfa á almannatryggingum að halda, fá alls ekki þann stuðning þar sem þeim ber með réttu og ætti að vera sjálfsagt mál í okkar þjóðfélagi.

Ég vil segja það hér, að ég ber mikið traust til þess að sú ríkisstj., sem ég styð, beiti sér nú í alvöru fyrir því að almannatryggingalögin verði endurskoðuð frá grunni og reynt að koma til móts við þá þegna þjóðfélagsins sem þurfa á samhjálp að halda, nú loksins verði staðið þannig að endurskoðun laganna að þau spanni yfir það svið sem þeim er ætlað.

Ég hef í þessum umr. öllum einmitt bent á það mál sem hér hefur verið minnst á, þ. e. málefni þroskaheftra, og ég hef skorað á félmrh. að leggja fram frv. að heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra sem mér er persónulega kunnugt um að hefur legið á borði í rn. hans frá því í lok desembermánaðar s. l. Ég fékk strax í upphafi ljósrit af þessu frv. frá þeirri n. sem samdi það, en ég tel ekki ástæðu frekar nú en áður til að fara að telja upp þau ákvæði sem þar eru. En ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl., að ég vænti þess, að þessi lög komi á borð þm. nú næstu daga. Ég hef haldið því fram, eftir að ég sá frv. sem hér er til umr., að það hefði verið full þörf á því að tengja umr. og athugun á þessu frv. einmitt við það lagafrv., því að það fara saman í því lagafrv. og þessu frv. vissir málaþættir sem hlýtur að verða að skoða í samhengi. Þess vegna vil ég segja það, að ég vona að það verði ekki margir dagar þangað til það frv. kemur á borð okkar svo hægt verði að athuga það í þeirri n., sem fjallar um þetta frv., hvort ekki sé nauðsynlegt að gera stærra átak í þessum málum en jafnvel hér kemur fram til þess að tryggja framgang þessara mála sem við hljótum, allir þm., að vera sammála um að sé brýn nauðsyn að gert verði.

Ég er einn af þeim sem draga í efa að markaðir tekjustofnar, sem í frv. þessu eru lagðir til, séu sú framtíð í þessum málum sem við eigum að stefna að. En ég viðurkenni þörfina á skjótum úrræðum í þessum efnum, og ef sú staða kemur upp að ekki verður hægt að marka ákveðnari stefnu en til þessa hefur verið gert af stjórnvöldum nú á þessu þingi, þá mun ég endurskoða afstöðu mína til markaðra tekjustofna að þessu leyti. Ég hef þá skoðun, að eftir að hafa lesið það frv. um málefni þroskaheftra, sem ég vænti að verði lagt fram, hljóti menn að átta sig á því, að hér fara mál saman. En að öðru leyti er ég fyllilega sammála öllu því sem kemur fram í rökstuðningi fyrir þessu máli. Ég tel að þetta sé eitt af þeim málefnum sem má ekki lengur dragast að taka á raunhæft hér á hv. Alþ., um leið og ég legg aftur áherslu á þá skoðun mína, að það megi ekki heldur dragast lengur að gera almannatryggingar þannig úr garði að þær þjóni því hlutverki sem þeim er ætlað og þær eiga að sinna í nútímaþjóðfélagi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins fáein viðbótarorð. — Enginn skyldi skilja orð mín svo, að ég álíti ekki að ýmislegt hafi verið gert nú á síðustu árum í þessu sambandi, síður en svo. Ég bendi á það, að síðustu tvö árin hafa verið veittir í sambandi við þroskahefta stórauknir fjármunir, bæði varðandi skólastofnanir þeirra og eins vistheimili. Það hafa verið gerð þar stórátök sem ekki er rétt að gleyma. Ég bendi á það t. d., að í meðferð fjvn. í haust var um umtalsverða hækkun að ræða einmitt til þessara þátta, þó hvergi nærri væri þar nóg að gert.

En erindi mitt aftur upp í sambandi við samtengingu frv. frá félmrh. og þessa frv. var í raun og veru aðeins sú ábending, að í frv., sem félmrh. mun leggja fram, væntanlega í þessari viku, eru lagðar ákveðnar skyldur á fjárveitingavaldið og ef við samþykkjum þær tel ég að fyrir þeim þætti mála, sem þessi lög lúta að, sé vel séð. Við eigum hins vegar eftir að gera það upp við okkur, hvort við göngum svo langt að fara eftir þeim frumvarpsákvæðum, sem verða lögð fyrir okkur nú næstu daga, og ákveðum að ganga jafnmyndarlega og þar er ráð fyrir gert til verks í þessum málum. Ég tel mjög miður að það hefur dregist um of, m. a. vegna tregðu vissra embættismanna, að þetta mál væri lagt fram, og ég teldi miklu miður ef við gætum ekki alveg eins og varðandi þetta frv. náð einingu um það hér í þinginu að frv. um heildarlöggjöf fyrir þroskahefta næði fram að ganga. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að það mál eigi ekki einmitt greiðan gang í gegnum þingið þegar embættismennirnir eru búnir að sleppa af því tökunum. Þarna er um að ræða hóp manna sem vann að samningu þess frv. frá Landssamtökunum Þroskahjálp, sem spanna yfir landið allt, og frá þeim þrem rn. sem fara með þessi mál á einhvern hátt. Það var þess vegna sem ég vildi tengja athugun á þessu nokkuð saman, án þess að ég væri nokkuð að draga úr því, að við gerðum það átak sem hér er lagt til.

Jón Ásbergsson: Herra forseti. Ég efast ekki um að Framkvæmdasjóður öryrkja er þarft fyrirtæki og yrði góð stofnun, og ég efast ekki heldur um að mörg mannúðarmál og fjárveitingar til þeirra eru knýjandi og að þær mannúðarstofnanir, sem nú nýta sér afmarkaða tekjustofna, fara vel með þá og hafa ofarlega í huga við meðhöndlun þess fjár að nýta þá sem best. Hins vegar er mér algerlega óskiljanleg sú tilhneiging, bæði þm. og opinberra aðila yfirleitt, að byggja tekjuöflun sína á sölu áfengis. Mönnum hlýtur enn að vera í ríku minni viðtal við hæstv. fjmrh. skömmu fyrir áramót, þá er hann kveinaði sem mest yfir því að sala á áfengum drykkjum hefði dregist saman. Og sérstakar ráðstafanir voru gerðar til að hafa áfengisútsölur opnar lengur en venja er til fyrir áramótin til að ná sölu áfengis nokkuð upp.

Mér finnst með öllu óeðlilegt að við tengjum fjárveitingar til mannúðarmála áfengisbölinu. Ég vil einnig spyrja fyrir hönd okkar, sem erum þó enn þá nokkrir sem höfum gaman af að líta í glas: Hvers vegna eigum við

sérstaklega að standa undir stærri skerf af mannúðarstarfseminni heldur en þið hinir sem ekki drekkið?

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég get verið sammála því sem hér hefur verið sagt, að hér er vissulega um gott mál að ræða og það er ekki borið fram að ófyrirsynju. Ég get líka verið sammála því, sem kom fram í tali hv. 3. þm. Austurl., að vissulega hefur mikið þokast áleiðis í þessum málum á síðustu árum og m. a. fyrir það að veitt hefur verið til þeirra fé í vaxandi mæli, meira fé hlutfallslega en áður var. Þó verð ég að segja það, að ég er dálítið hissa á að Nd. hefur nú afgreitt þetta frv. hingað til okkar. Ég er mjög hissa á því þegar ég lít til þess, hve erfiðlega hefur oft gengið að fá viðurkenndar þarfir þessa málaflokks á undanförnum árum. Ég hef vegna þess hlutans, sem snertir skólamálin, haft af því sérstök kynni um fjögurra ára skeið. Það var ekki fyrr en í þriðju atrennu með því að setja það algerlega á odd af minni hálfu ásamt með framlögum til kennaramenntunarinnar, að tókst að fá teknar upp á ný fjárveitingar í fjárl. til þess að hefja framhaldsbyggingar fyrir skóla þroskaheftra í Öskjuhlíð og svo við Lyngásheimilið. Á þeim árum var ákaflega erfitt að fá viðurkenndar þarfir heimilanna fyrir kennaramenntað fólk til starfa. Það tókst þó í lokin að fá þar verulega leiðréttingu á. Í lokin, segi ég, og þá á ég við að þegar ég hætti að sinna þessum málaflokki voru í einu lagi samþykktar 14 kennarastöður við þessar stofnanir. En í framkvæmd okkar skólalöggjafar gerist það, að þegar fjölgar í venjulegum skóla með börn með venjulegan þroska, þá er kennurum fjölgað sjálfkrafa og þarf ekki til þess neitt sérstakt leyfi, en til þess að fá að ráða kennara að stofnun þroskaheftra þarf sérstakt leyfi frá ráðningarnefnd og þær heimildir hafa sannarlega ekki legið á lausu á undanförnum árum. Þess vegna er ég svolítið hissa á því, að þetta frv. með verulegar fjárveitingar innbyggðar hefur nú fengið greiða leið út úr hv. Nd.

Ég sagði áðan að hér er vissulega um gott og þarft mál að ræða og er ekki borið fram að tilefnislausu, heldur vegna þess, að þrátt fyrir það að mikið hafi verið aukinn stuðningur hins opinbera við þann málaflokk sem hér um ræðir, þá þarf miklu meira til. Þetta er ekki svo síðbúið allt saman af neinum illvilja að sjálfsögðu, heldur hreinlega vegna þess að menn hafa ekki fyrr en til skamms tíma kunnað tökin á þessu og menn hafa ekki heldur haft menntað fólk til þess að sinna kennslu og öðrum atriðum í þessu sambandi fyrr en nú nýlega. En ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrir Alþ. og ríkisstj. að gæta nokkurs samræmis í vinnubrögðum sínum.

Það ber dálítið á því núna og ég held meira en oftast áður, að þm. flytja mál um málaflokka sem heyra undir ráðh. sama þingflokks og þm. hljóta að vita að eru til vinnslu í viðkomandi rn. Mér finnst þetta dálítið óskipuleg vinnubrögð, svo að ég segi ekki meira. Nú er það vitanlegt að það er frv., kannske ekki hliðstætt, en fjallar um sama verkefnasvið, á borði hjá hæstv. félmrh. og búið að vera þar alllengi. Ég held að það sé mjög skynsamlegt, þegar þetta mál nú kemur hér til n., að sú n. gefi gætur að því frv., sem ég tel víst að verði sýnt innan tíðar án þess að ég hafi um það beinar upplýsingar hjá viðkomandi hæstv. ráðh. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt.

Það frv., sem ég er að tala um, fjallar almennt um málefni þroskaheftra og er tilraun til að setja heildarlöggjöf um þau málefni. Sú frv.-smíð á sér nokkuð langan aðdraganda. Það var hv. 3. þm. Austurl. og fleiri, ef ég man rétt, a. m. k. var hann 1. flm., sem flutti till. um það hér á Alþ. að skora á ríkisstj. að undirbúa slíka löggjöf. Ég var þá menntmrh. og til þess að flýta fyrir málinu óskaði ég eftir samstarfi við heilbrrn. og félmrn. við að setja slíka nefnd, hvað sem liði samþykkt till. Ég man ekki hvort hún var þá samþykkt, enda er það oft svo að till. eru lengi á leiðinni gegnum þingið. Slík n. var sett á fót. Í henni voru ekki fulltrúar frá neinum samtökum í styrktarfélögunum, heldur aðeins frá þremur rn. Þessi n. samdi frv. Samtökin eða styrktarfélögin voru ekki ánægð með þetta frv., þótt það væri sýnt þeim bæði á vinnslustigi og svo þegar það var fullunnið, en þá hafði verið tekið mið af ýmsum ábendingum þeirra. Síðan er það að sett er ný n. í málið. Menntmrh. skipaði formann í fyrri n., en félmrh. í seinni n., því að það varð sammæli þeirra, sem um þessi mál fjölluðu, að það væri eðlilegt að málefni þroskaheftra í heild heyrðu undir félmrn. Vangefinn maður er ekki í skóla allt árið og hann þarf ekki endilega læknishjálp alla ævina, en hann þarf félagslega aðstoð alla tíð. Þess vegna er eðlilegt, að það rn., sem á að fylgjast með málefnum þessa fólks ævilangt, hafi forustu um heildarlöggjöf á þessu sviði, að ég tel. Og það var raunar, eins og ég sagði áðan, sammæli þeirra sem um þetta fjölluðu. Seinni n. starfaði því undir formennsku fulltrúa frá félmrn. En sem sagt, þetta frv. er ávöxtur af þessu starfi og þessum undirbúningi sem ég rakti.

Ég held að það sé nauðsynlegt að samræma þessi tvö mál sem hér eru á ferðinni. Mér er kunnugt um að í því frv. er líka fjallað um tekjuöflunarhliðina. Ég hef haft dálitla sérstöðu varðandi markaða tekjustofna. Menn eru ekki alveg sammála um þá. Það hefur verið nokkuð áberandi í mínum flokki, að menn hafa verið andvígir mörkuðu tekjustofnunum, og t. d. tveir síðustu fjmrh. og líklega einnig núv. fjmrh., skilst mér, eru andvígir þeim og vilja leggja þá niður. Ég auðvitað fellst á það sem heildarstefnu að menn séu ekki með markaða tekjustofna út og suður. En þegar um er að ræða mál eins og þetta, sem eru brýn, en erfiðlega gengur að fá fram, þá getur það verið nauðsynlegt. Og það hefur oft reynst svo, að með því að taka upp markaða tekjustofna hefur fyrst komist skriður á viðkomandi mál eða málaflokk. Ég vil því ekki fordæma þá leið, ekki í þessu tilviki a. m. k. Hitt er svo annað mál, að það er alveg óhjákvæmilegt þegar fjallað er um þó þetta stóra liði, — þarna er gert ráð fyrir milljarð eða vel það, — að þá verða menn að vinna verkin í nokkru samræmi og taka tillit til annarra hluta. Auðvitað tökum við ekki einn milljarð af þessum tekjustofni, áfengis- og tóbakssölunni, sem einn hv. þm. hér var raunar að fordæma, án þess að það hafi sín áhrif.

Ég vil sem sagt láta það koma fram, að ég tel að þarna sé hreyft hinu merkasta máli og það beri að athuga þetta allt vandlega og jafnframt að gæta samræmis, bæði gagnvart öðrum málatilbúnaði, sem hér hefur verið vikið að og er á vegum hæstv. félmrh., og gagnvart öðrum þáttum í tekjuöflun hins opinbera.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það var aðeins örlítið atriði sem ég vildi undirstrika við 1. umr. þessa frv. Ég á sæti í n. þar sem um það verður fjallað, svo að ég ætla ekki að ræða um frv. ítarlega eða í heild. En það atriði, sem mig langaði til að benda á og undirstrika sérstaklega, varðar sérkennsluna. Ég sé að í frv. eru hugmyndir um stofnun sérkennslusjóðs. Ég geri ráð fyrir að það vaki alls ekki fyrir flm. að sá sérkennslusjóður eigi

að annast verkefni, sem núna eru í verkahring hins opinbera og fræðsluyfirvöldum er lögum samkv. skylt að sinna hvort sem er. Það, sem ég á við, er þetta: Það er skylt að veita öllum landsins börnum á tilteknu aldursstigi fræðslu, grunnskólafræðslu, hvernig sem þau eru annars af guði gerð. Sérsjóðir til að annast það verkefni ættu ekki að vera nauðsynlegir og engir sjóðir, sem stofnaðir yrðu, ættu að létta þessari skyldu af hinu opinbera. Hún er lögbundin nú þegar og það þarf að framfylgja því til fullnustu að fatlaðir einstaklingar, vangefnir eða öryrkjar af einhverjum ástæðum, sem eru á skólaskyldualdri, eigi kost á innan skólakerfisins þeirri fræðslu, sem þeir eiga rétt á, og í sem allra ríkustum mæli í þeim stofnunum sem eru ætlaðar til fræðslu börnum yfirleitt.

Ég held að við ættum að vera á verði gegn þeirri þróun, að of mikið verði reist af sérstofnunum. Við getum auðvitað ekki útilokað þá þörf, en þetta atriði fannst mér ástæða til að láta koma fram, ekki síst vegna þess að ég varð þess vör nokkrum sinnum þann tíma sem ég átti sæti í tryggingaráði, að inn komu umsóknir til þess að standa straum af fræðslukostnaði fyrir einstaklinga sem voru á fræðsluskyldualdri. Meðferð tryggingaráðs þá á slíkum málum var að vísa þeim til menntmrn. Mér finnst m. ö. o. engin ástæða til þess að sleppa menntmrn. við þá skyldu sem það hefur að þessu leyti. Fjárveitingavaldinu ber að sjá um að það sé unnt að framfylgja þessari skyldu fyrir öll börn á landinu, hvernig sem þau eru, hvort þau eru haldin örorku eða einhverjum heilsubresti, ef þau á annað borð geta meðtekið einhverja fræðslu.

Þetta var það efnisatriði frv. sem ég vildi benda á. En mig langar til að senda hv. 5. þm. Norðurl. v. smákveðju í sambandi við þá ábendingu sem hann kom með út af fjármögnuninni sem ráðgerð er í frv. Það er auðvitað rétt, að áfengisverð er geysilega hátt á Íslandi og auðvitað má taka undir að það horfir ekki til neinnar sérstakrar menningar að hafa verð á léttum vínum svo hátt að mönnum finnist alveg fráleitt að fá sér stöku sinnum glas af góðu víni með hátíðamat. Stundum hefur verið reynt að fara inn á þá braut að láta verð á léttum vínum ekki hækka í sama mæli og verð á sterkum vínum. En hvað sem líður slíkri pólitík, þá hljóðaði aths. hv. þm. eitthvað á þessa leið: Af hverju skyldum við, sagði hann, sem höfum gaman af því að líta í glas, eiga að standa undir fleiri verkefnum þjóðfélagsins heldur en annað fólk? — Segja má að það sé kannske ekki ástæðulaust að spyrja svona, en ekki trúi ég öðru en þeir, sem á annað borð hafa gaman af að líta í glas, hafi líka gaman af því að greiða 100 kr. til jafnþarfra verkefna og stundum eru nefnd í sambandi við áfengisgróðann.

Þegar menn tala um fjármögnun verkefna, sem ýmsir sjóðir áfengisgróðans eiga að standa undir, dettur mér í hug frv. sem hv. 4. þm. Reykn. var að nefna áðan og einmitt, ef svo má segja, vó í þennan sama knérunn. Það var nýting á áfengisgróðanum einmitt með þeim hætti að sérstakt gjald yrði lagt á það sem þegar er fyrir vegna áfengiskaupa.

En það er annað, sem er ástæða til að draga fram í þessu sambandi. Fyrir löngu löngu var stofnaður sérstakur sjóður sem heitir Gæsluvistarsjóður og átti að standa undir ýmiss konar aðgerðum til að lækna drykkjusjúka. Í upphafi var gert ráð fyrir að Gæsluvistarsjóður hefði til umráða tiltekinn hundraðshluta af gróða Áfengisverslunar ríkisins. Það eru mörg ár síðan fjármagn til þessa sjóðs varð margfalt minna en sá eini hundraðshluti sem í upphafi var hugsaður. Það er með slíka fjáröflun, sem í upphafi er mörkuð eins og þarna var gert, að ríkið seilist í hana til almennra verkefna. Hæstv. fyrrv. fjmrh., hv. þm., kemur einmitt nú í salinn, þegar ég minni á það atriði að ríkissjóður hefur mikla tilhneigingu til að seilast í slíka tekjustofna og nota þá í ýmiss konar almenn verkefni. Ef við snerum nú svolítið ofan af þessu og beindum a. m. k. einum heilum hundraðshluta af gróða Áfengisverslunar ríkisins í þessar áttir þyrftum við ekki að vera að hugsa um frv. eins og hérna liggur fyrir nú. Hitt er annað mál, að ég get tekið undir þá óskhyggju þm., sem hér hafa talað, að það væri ósköp gott ef við þyrftum ekki að fara inn á þá braut að leggja til að ýmis nauðsynleg verkefni væru fjármögnuð með mörkuðum tekjustofnum. Það væri auðvitað miklu einfaldara og eðlilegra ef til slíks þyrfti ekki að grípa. En ég skil ósköp vel þá hugsun, sem vafalaust liggur að baki flutnings frv. þessa, að mönnum blöskrar svo fjárskorturinn á tilteknum sviðum að menn freistast til þess að grípa til ráða eins og lagt er til í þessu frv.

Ég er, herra forseti, ekki reiðubúin til að ræða frv. að öðru leyti í stórum dráttum. Ég vildi aðeins undirstrika þetta atriði með sérkennsluna og draga fram, að það er ekki alveg óeðlilegt að þeir, sem njóta gleði af áfengi, greiði um leið í verðinu eitthvað vegna þeirrar sorgar sem áfengið því miður veldur mörgum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hefur nú hjálpað mér og fjallað um það atriði sem ég ætlaði einmitt að minnast á. En mig langaði til að vekja athygli hv. 5. þm. Norðurl. v. á því, að það er alveg rökrétt að tekin sé hluti af áfengisgróðanum til þess að sinna þroskaheftum. Það er af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi minnkar neyslan þegar áfengi hækkar. Þetta er viðurkennd staðreynd úti um öll lönd. En við það að neyslan minnkar fækkar þroskaheftum. Þar að auki eru þessir peningar notaðir til þess að lækna þá, sem þrátt fyrir allt eru þroskaheftir, eða aðra öryrkja. Þannig er sannarlega ekki ástæðulaust að þessi tekjustofn er notaður.

Varðandi þau ummæli, að það sé kannske ekki þörf fyrir þessa fjármuni vegna nýrra laga sem kunna að koma, þá held ég að það sé ekki rétt. Á undanförnum árum höfum við haft í lögum ákvæði sem tryggja þroskaheftum jafnan rétt í skólakerfi okkar. En það er bara gamla sagan, að ekki eru til peningar til allra hluta og það hefur valdið örðugleikum. Lögin hafa því í raun og veru aldrei komist alveg í framkvæmd. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa eitthvert varafjármagn til þess að grípa til þegar þörf er á.

Ég vil enn fremur benda á að það hefur sýnt sig á undanförnum árum að ríkisvaldinu hættir til að grípa til þess að skerða fjármagn sem ætlað er til sérþarfa, ef vandræði ber upp á. Ég vil í því sambandi minna á að fatlaðir höfðu t. d. lengi sína sérstöku tekjuöflun, sem var hluti af svonefndum súkkulaðisjóði. Þetta var á sínum tíma afnumið og ákveðin sérstök fjárhæð í sama skyni. Sú fjárhæð fylgdist aldrei með verðbólgunni. Þannig hefur minna orðið um fjárveitingar til þeirra hluta en áður var.

Ég vil enn fremur benda á það, að ég held að við eigum væntanlegt hingað til Ed. frv. sem varðar Erfðafjársjóðinn, sem er raunverulega eini tekjustofninn sem verið

hefur um lengri tíma til uppbyggingar stofnana fyrir öryrkja. Nú er ætlunin að sneiða af þessum sjóði. Ég vona að þm. standi vörð um þennan litla sjóð og vilji ekki láta skerða þann hlut sem á undanförnum áratugum hefur runnið óskiptur til aðstoðar við öryrkja.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það kom fram áðan, að frv. um málefni þroskaheftra hefði legið á borðum félmrh. frá því í desembermánuði. Ég vil leiðrétta þetta, vegna þess að það frv. hefur ekki legið fullbúið hjá félmrh. nema í tvær vikur og þar af hefur ríkisstj. haft það til athugunar í eina viku. Það frv. verður lagt fram til prentunar á morgun og því gefst mönnum kostur á að ræða það næstu daga.

Það er svo með þetta frv., þó að það hafi verið lengi á leiðinni, að þar er ekki gert ráð fyrir neinni fjármagnsútvegun. Frv. er heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra og vissulega mjög þarft frv., en ég er smeykur um að þegar ekki er séð fyrir fjármagni til þess að framkvæma það, sem lögbundið er, verði ekkert úr framkvæmd, líkt og skeð hefur með grunnskólalögin, sem því miður hafa ekki enn komist í framkvæmd að því leyti er lýtur að þessum málum.

Í skýrslu, sem menntmrn. sendi frá sér 1978, segir að 1000 börn njóti ekki þeirrar kennslu sem þau þurfa, þ. e. a. s. þroskaheft börn og börn sem eru á annan hátt hömluð. Það segir okkur og það sýnir okkur að það er mikil þörf á því að gert verði stórt átak til þess að bæta úr. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem á einhvern hátt eru hamlaðir, eru sviptir lífinu að miklu leyti. Þeir eru einangraðir, njóta ekki jafnréttis, þeir eru afskiptir í þjóðfélaginu. Ég álít það frv., sem hér er, þarft í þeirri jafnréttisbaráttu sem vissulega hefur lengi verið háð, en því miður hefur ekki tekist sem skyldi í því að gera vel við þá sem illa eru settir í þjóðfélaginu.

Jafnréttisbaráttan gengur oft langt. Við heyrðum það áðan hjá 5. þm. Norðurl. v., að hann kvartar yfir því, að þeir sem líta í glas njóti ekki jafnréttis við hina að því leyti til að lögð eru á vínið alls konar gjöld. Við skulum vona að menn séu ekki það harðir í jafnréttisbaráttunni, að þeir, sem þurfa helst aðstoðar með hjá þjóðfélaginu, verði fyrir barðinu á því.

Þegar flm. lagði frv. þetta fram í upphafi hafði hún sérstaklega í huga að tekna yrði aflað af öllum aðgöngumiðum. Sagði svo í c-lið upphaflega frv., með leyfi forseta:

„Leggja skal 20% styrktargjald ofan á verð allra seldra aðgöngumiða í landinu. Gjald þetta greiðist samhliða skemmtanaskatti, sbr. 9. gr. laga nr. 58/1970. Styrktargjald þetta skal hækka árlega samhliða byggingarvísitölu."

Þetta var fellt út í Nd., en hefði þó vissulega mátt vera með. Það var einnig gerð önnur breyting í Nd., á þann hátt að endurskoða skyldi frv. að 6 árum liðnum þannig að menn gætu þá séð hvort ekki væri ástæða til að fara aðrar leiðir í því að fjármagna þessa hluti.

Það kom fram áðan, að sérstaklega þyrfti að sinna sérkennslunni, en svo segir í grg. og reyndar frv. sjálfu að 10% af fjármagninu skuli varið til verkefna, er úrlausnar þurfa við í sérkennslu- og endurhæfingarmálum. Það ætti því að vera tryggt.

Ég vil enn á ný skora á þdm. að gera sitt til þess að hraða afgreiðslu þessa frv. Það er engin ástæða til að bíða eftir frv. um málefni þroskaheftra. Þetta er allviðamikið tekjuöflunarfrv. og ef við komum því áfram er ég þess fullviss að hægt verður að horfa fram á betri tíma fyrir þá sem erfitt eiga uppdráttar í þjóðfélaginu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. 5. þm. Reykn. þykir mér rétt að undirstrika það, að ég hef upplýsingar um að frv. um málefni þroskaheftra var afhent 29. des. s. l. til viðkomandi rn. Það hefur því legið þar síðan. Í sambandi við það frv. vil ég fagna því sem kom fram í máli hans, að það muni sjá dagsins ljós hér á Alþ. jafnvel á morgun. Frv. þetta er samið í fullu samráði við samtök þroskaheftra og tekur fullt tillit til þess skipulags og þeirrar meðferðar á þeim málum sem það fólk vill og telur að komi þroskaheftum í þjóðfélaginu að mestum notum. Ég vil undirstrika að það er einmitt kostur á hinu væntanlega frv. að þeir, sem hafa fjallað um það og haft bein áhrif á gerð þess, standa einmitt daglega í því að meðhöndla þá sem þannig er háttað um, og eiga sumir einmitt við slík vandamál sjálfir að stríða. Þess vegna treysti ég því, eftir að hafa lesið frv. vandlega að þar sé á ferðinni löggjöf sem er merk að þessu leyti og örugglega kemur þessum þjóðfélagshópum að mestum notum.

Ég vil í sambandi við þetta mál einnig segja það eftir að hafa starfað í fjvn. á s. l. hausti og fjvn., eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl., leitaðist við að auka verulega fjármagn til þeirra hópa í þjóðfélaginu sem þarna er um að ræða, þá komumst við greinilega að þeirri niðurstöðu að samstarf eða samræmda löggjöf um þessi mál vantar í þjóðfélagi okkar. Þar rakst hvert á annars horn, og við urðum sannarlega vitni að því, að ekki fóru saman óskir þeirra sem voru að fjalla um vissa málaflokka í málefnum öryrkja, þroskaheftra og annarra. Þess vegna er það skoðun mín, að við þurfum að vanda vel meðferð þessara mála á hv. Alþingi.

Ég fagna því, að frv. um málefni þroskaheftra kemur á borðin á morgun, og vænti ég þess að hv. þn., sem fær þetta mál til meðferðar, sjái ástæðu til að skoða bæði málin í samhengi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, frv. (þskj. 490). — 1. umr.

Dómsrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 490 flyt ég stjfrv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 79 frá 1972.

Að mínu mati eru jarðræktarlögin ein merkasta löggjöf þessarar þjóðar. Með þeim er að því stuðlað, að land vort verði ræktað og að því hlúð eins og sjálfsagt hlýtur að vera. Með þeirri löggjöf er gert ráð fyrir að veita styrki til jarðræktar og sömuleiðis styrki til byggingar áburðargeymslna og heygeymslna. Þetta er allt ákveðið sem annaðhvort krónutala á hvern rúmmetra eða fermetra eða hundraðshluti af kostnaði, en jafnframt verðtryggt. Vafalaust hafa framlög þessi haft mjög víðtæk áhrif til aukinnar ræktunar í landi okkar.

Nú horfir hins vegar svo, að ýmsir telja að rétt sé að draga a. m. k. úr þeirri ræktun sem leiðir til aukinnar framleiðslu landbúnaðarafurða, og jafnframt má færa

rök að því, að framkvæmdir bænda munu dragast nokkuð saman vegna þess samdráttarástands sem í búvöruframleiðslunni hlýtur að vera fram undan. Því ákvað ég að taka þetta mál upp við fulltrúa bænda.

Hófust þegar fyrir áramótin viðræður við formann Stéttarsambands bænda og búnaðarmálastjóra um breytingu á þessum lögum. Brtt. voru útbúnar og þær síðan lagðar fyrir Búnaðarþing, þar sem um þær var fjallað. Á Búnaðarþingi urðu nokkuð skiptar skoðanir, en með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. var þó samþykkt að mæla með þessum breytingum á jarðræktarlögum, en með vissum takmörkunum, t. d. takmörkunum á heimild til að skerða hin ýmsu framlög. Ég hef í endurskoðun á frv. þessu tekið tillit til meginþorra þeirra aths. og till. sem komu fram á Búnaðarþingi.

Þetta er stuttur inngangur, sem ég ætla að sýni í fljótu bragði meðferð þessa máls, áður en ég rek helstu efnisatriðin.

Í 1. gr. frv. er bætt við orðunum „og hagræðingar". M. ö. o. eru framlög þessi nokkuð útvíkkuð, þeim er ætlað að ná til jarðræktar, húsabóta og hagræðingar. Má segja að skýring á þessari viðbót komi síðar.

Í 2. gr. eru þau nýmæli, að þar er ákveðið að styrkir, sem veittir eru samkv. þessum lögum, skuli samræmdir stærðarmörkum í lánareglum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Gagnrýnt hefur verið að styrkir samkv. jarðræktarlögum, sérstaklega til áburðargeymslna, hafi ekki verið samræmdir lánum Stofnlánadeildar landbúnaðarins til byggingar gripahúsa. Þetta hefur leitt til þess, að bændur hafa í ýmsum tilfellum byggt töluvert stærra en lánareglur gera ráð fyrir og þá fyrst og fremst út á meiri styrki, eins og ég nefndi, og þannig getað staðið undir kostnaði við stærri byggingu. Menn eru sammála um að eðlilegt sé að samræma þetta tvennt. Að því stefnir þetta ákvæði í 2. gr.

Þá eru í 3. gr., sem er ákvæði til bráðabirgða, teknar út sex framkvæmdir, sem heimilað er samkv. ákvæðum þeirrar greinar að skerða yfirleitt um allt að 50% frá því sem nú er í lögum. Þarna er að sjálfsögðu að því stefnt að draga úr ýmsum jarðræktarframkvæmdum sem gætu orðið og verða til þess að auka landbúnaðarframleiðsluna. Ég nefni sem dæmi grænfóðurrækt, sem tvímælalaust stuðlar að slíku. Hins vegar er talið rétt að hafa þetta í heimildarformi, því að eins og hv. þm. hlýtur að vera ljóst getur auðveldlega orðið það ástand, ekki síst þegar hafís liggur við landið, að ekki verði talið fært að skerða t. d. framlag til grænfóðurræktunar. Getur þá orðið nauðsynlegt að hverfa frá slíkum áformum.

Þá er gert ráð fyrir því að landbrh. geri, að höfðu samráði við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, till. til ríkisstj. um ráðstöfun á því fé, sem sparast samkv. stafliðunum sex, til annarra verkefna sem lúta framkvæmd þeirrar stefnu sem mörkuð er fyrir landbúnaðinn, svo sem til að styrkja nýjar tekjuöflunarleiðir bænda og auka fjölbreytni í framleiðslu búvöru, til að stuðla að bættri heyverkun, til hvers konar hagræðingar sem orðið getur til að bæta tekjur bænda án framleiðsluaukningar í nautgripa- og sauðfjárrækt og til annarra verkefna er stuðla að því að ná framleiðslu- og tekjumarkmiðum.

Hér er tekið inn eftir ábendingu Búnaðarþings, að haft skuli samráð við stjórn Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Búnaðarþing gerði reyndar að till. sinni að Framleiðnisjóður úthlutaði því fjármagni sem hér er um að ræða, en ekki var talið fært að fela sjóðnum svo ótakmarkaða heimild, heldur nauðsynlegt að ríkisstj. fjallaði um slíka ráðstöfun. Hins vegar er í frv. gert ráð fyrir því, að Framleiðnisjóði verði falið að sjá um afgreiðslu mála sem undir verksvið hans falla.

Í þeim fjórum liðum, sem ég nefndi áðan, er að finna ábendingu um til hvers megi verja því fjármagni sem þarna kann að verða til ráðstöfunar. Lögð er áhersla á nýjar búgreinar, sem að sjálfsögðu eru mikilvægar og stuðla að því að draga megi úr hinni hefðbundnu framleiðslu á sviði sauðfjárræktar og nautgriparæktar. Ég vil í þessu sambandi nefna að nú er til athugunar hjá sérstakri nefnd, sem ég hef skipað, hvort ekki sé rétt að stuðla að því að hér komi upp refarækt, sem er að mati sérfróðra manna líkleg til þess að verða arðbær búgrein. Hún er það í nágrannalöndum okkar, og allt bendir til þess að svo gæti orðið hér einnig. Nefndin mun fljótlega skila tillögum. Hún hefur komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að reyna þessa nýju búgrein vel undirbúna og þannig að unnt sé að fylgjast vandlega með byrjunartilraun á þessu sviði. Ég tel ákaflega mikilvægt að þarna sé ekki rasað um ráð fram, eins og stundum hefur hent okkur, heldur líklegra til framhalds þeirrar búgreinar og til þess að hún megi verða örugg búgrein hér á landi að velja nokkra bændur og aðra aðila til að ráðast í eins konar tilraun með slíka búgrein. Vænti ég þess, að tillögur um það liggi fljótlega fyrir. Gert er ráð fyrir að byrjunarframkvæmdir geti orðið á þessu ári. Ég nefni þetta sem dæmi um nýja búgrein, sem að mætti hlúa með því fjármagni sem til ráðstöfunar yrði af jarðræktar- og húsabótastyrkjum.

Eins og fram kemur bæði í 3. gr. og reyndar einnig í 4. gr., sem ég kem að síðar, er hér um að ræða heimild til 5 ára. Það er tengt því áformi að gera áætlun fyrir landbúnaðarframleiðsluna til 5 ára og yrði þá sú heimild, sem veitt yrði samkv. þessum lögum, liður í þeim framkvæmdum sem felast í slíkri áætlun fyrir landbúnaðarframleiðsluna.

Í 4. gr. er síðan ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir því, að á þessu 5 ára tímabili, þ. e. a. s. 1980—1985, verði á fjárl. ætlað fjármagn til framkvæmda samkv. ákvæðum 10. gr. sem nemi meðaltali slíkra framlaga á árunum 1978 og 1979 og þá tekið tillit til verðlags. M. ö. o. er hér lagt til að framlagið, eins og það er nú, verði bundið við verðlag, en aftur á móti veitt heimild til að ráðstafa, eins og ég hef rakið, því sem ekki er ráðstafað til jarðræktar, bæði vegna skerðingar sem til kann að koma samkv. ákvörðun landbrh. í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og vegna minni framkvæmda af hálfu bænda sjálfra. Nú eru ætlaðar samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um það bil 1100 millj. í jarðræktarframlög og það sem tengt er framkvæmd jarðræktarlaganna. Þessu fjármagni er að sjálfsögðu ráðstafað í ár, því að hér er um að ræða styrki sem koma til greiðslu eftir á. Hins vegar hafa menn reynt að gera sér grein fyrir þeim samdrætti sem orðið gæti á næstu 5 árum. Þetta er vitanlega ákaflega erfitt að áætla. Það fer mjög eftir vilja bænda til að framkvæma og að sjálfsögðu einnig eftir árferði, því að eins og ég nefndi áðan kann að reynast erfitt að draga úr vissri ræktun ef árferði verður erfitt. Þó hafa menn leyft sér að setja á blað tölur eins og 300—400 millj. á ári á þessu 5 ára tímabili. Þarna getur því orðið um umtalsvert fjármagn að ræða. Í fyrsta lagi má þá ráðstafa því til að auka fjölbreytni búvöruframleiðslunn-

ar og breikka þann grundvöll, sem þar er, eins og ég hef þegar nefnt, sem að sjálfsögðu er mjög mikilvægt í þeirri viðleitni að draga úr sauðfjár- og nautgriparækt og einnig og ekki síður í þeirri viðleitni að byggja landið nokkurn veginn eins og nú er — eða m. ö. o. að koma í veg fyrir að bú leggist niður þar sem slíkt getur orðið hættulegt fyrir byggðaþróun. Í öðru lagi er heimilt með tilvísun til ákvæðis d-liðar að verja því fjármagni, sem þarna verður afgangs, til annarra verkefna er stuðla að því að ná framleiðslu- og tekjumarkmiðum, e. t. v. til þess að bæta bændum að einhverju leyti þann tekjumissi sem þeir verða fyrir sérstaklega í ár og hlýtur að gæta að einhverju leyti næstu árin.

Ég vil að lokum segja það, að hér er um að tefla einn þátt í viðleitni til þess að breyta um stefnu í framleiðslu landbúnaðarafurða. Ljóst er að ekki verður haldið áfram á þeirri braut sem við höfum verið á undanfarin ár. Landbúnaðarframleiðslan hefur farið langt fram úr þeim mörkum sem menn hafa sett sér og koma kannske einna helst fram í ákvæði framleiðsluráðslaga um tryggingu ríkissjóðs vegna útflutnings, sem má þó nema hæst 10% af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða. Ég hygg að tilgangslaust sé að deila um það, hverjum sé þar um að kenna. Sjálfur tel ég að því ráði ýmsir þættir.

Í umr. í Nd. í gær kom fram, að þetta markmið hefur oft verið brotið á undanförnum árum, þ. e. a. s. framleiðslan hefur farið fram úr því, en það er einnig staðreynd, að það meginmarkmið framleiðsluráðslöggjafarinnar, að bændur skuli hafa tekjur í samræmi við tekjur verkamanna og iðnaðarmanna, hefur einnig verið þverbrotið, ekki bara 2—3 ár, heldur líklega öll árin síðan það kom í framleiðsluráðslöggjöfina. Því hafa bændur nánast verið neyddir til þess að auka framleiðslu sína og reyna þar með að auka tekjur sínar. Það eru sem sagt margir þættir sem áhrif hafa. Því er jafnframt í undirbúningi að breyta framleiðsluráðslöggjöfinni, taka upp beina samninga milli bænda og ríkisvalds. Það er í samræmi við samkomulag stjórnarflokkanna, eins og fram kemur í samstarfsyfirlýsingu þeirra. Jafnframt verða þá gerðar víðtækar breytingar á framleiðsluráðslöggjöfinni. Sérstaklega tel ég mikilvægt að undirstrika þá betur en nú er bæði tekjumarkmiðið fyrir bændastéttina og einnig framleiðslumarkmiðið, þ. e. a. s. að framleiðslunni verði eins og frekast er unnt stillt innan þeirra marka sem Alþ. setur í áætlun fyrir landbúnaðinn, sem ég hef þegar minnst á og er einn þáttur í þessari stefnumótun.

Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál. Það er von mín að það fái skjóta afgreiðslu á þingi — a. m. k. verði því örugglega lokið á þessu þingi. Framkvæmdir, sem styrkhæfar verða á árinu 1980, verða í sumar. Því verður að liggja ljóst fyrir þegar nú í vor, áður en slíkar framkvæmdir eru hafnar, hvaða skerðingu verður beitt.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. sagði í ræðu sinni áðan, að hann teldi jarðræktarlögin eina merkustu löggjöf þessarar þjóðar, eins og hann orðaði það. Ég er honum sammála um að svo er og um mikilvægi jarðræktarlaga fyrir landbúnaðinn í landinu. En einmitt vegna þess að svo er, þá þarf vel að vanda þegar sett eru jarðræktarlög og einnig þegar jarðræktarlögum er breytt. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að þessa hafi verið nægilega gætt við samningu þess frv. sem hér liggur fyrir. Það má segja að það sé á vissan hátt bæði að forminu til og efnislega. Þó má raunar segja að hvort tveggja séu efnisástæður.

Það sem ég kenndi einnig við formið er það ákvæði í þessu frv., sem er grundvöllur þess, að veita landbrh. heimild til að ákveða tilgreind frávik frá ákvæðum jarðræktarlaganna. Ég tel að með þessum hætti sé farið út á mjög varhugaverða braut, hver svo sem sá ráðh. kann að vera sem ætlað er að fara með það vald. Ég tel að hér sé um svo þýðingarmikil atriði að ræða að eðlilegt sé að ákvörðun um þau sé ekki í hendi framkvæmdavaldsins eða ráðh., eins og gert er ráð fyrir hér í frv. Og það breytir engu í mínum huga í þessu efni þó að gert sé ráð fyrir að landbrh. skuli beita þeirri heimild, sem honum er veitt samkv. lögum, í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þetta er fyrsta ath. sem ég geri við þetta frv., og hún er í mínum huga mjög mikilvæg.

Hæstv. ráðh. sagði að þetta frv. hefði verið lagt fyrir Búnaðarþing nú í vetur og það hefði mælt með samþykkt þess — eða meiri hluti Búnaðarþings. Það var ágreiningur á Búnaðarþingi um þessi mál. Ég hygg að það hafi ekki verið að ófyrirsynju. Það kemur ýmislegt til í því efni.

Í þessu frv. er t. d. gert ráð fyrir að framlög samkv. jarðræktarlögum eigi að miða við stærðarmörk Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þetta fyrirkomulag orkar tvímælis og það af fleiri en einni ástæðu. Lánareglur Stofnlánadeildar landbúnaðarins fjalla ekki einungis um sömu þætti og jarðræktarlögin. Auk þess eru þessi stærðarmörk Stofnlánadeildarinnar háð ákvörðunum stjórnar Stofnlánadeildarinnar hverju sinni. Ef einhver þörf er á stærðarmörkum varðandi einstaka liði jarðræktarlaganna, þá er eðlilegast að kveða á um það í reglugerð eða í lögunum.

Við endurskoðun jarðræktarlaganna árið 1972 var leitast við að einfalda framkvæmd þeirra, m. a. með því að fella niður ýmis skerðingarmörk sem í framkvæmd höfðu leitt til verulegs misræmis. Samkv. a-, b- og c-liðum 3. gr. frv. á nú að miða upphæð framlaga við ákveðna túnstærð. Þó hefur það verið svo að undanförnu, að leitast hefur verið við að auka hagræðingu t. d. við framræslu, m. a. með því að bjóða út þau verkefni sem um er að ræða. Sú breyting, sem felst í frv. því sem hér er til umr., er andstæð þessari viðleitni. Framræsla mun því dragast saman, verkefni verða smærri og dreifðari og mikil vandkvæði eru á hvar draga á skerðingarmörk. Af þessu mun leiða að allur rekstrargrundvöllur við framræslu verður stórum verri. Það veldur um leið auknum tilkostnaði við framræsluna.

Hæstv. landbrh. vék einnig að þeim lið sem viðkemur grænfóðri og fór nokkrum orðum um þau mál. Ég vil í því sambandi benda á að ræktun grænfóðurs er einn veigamesti þáttur í hagræðingu í landbúnaði. Með ræktun þess sparast erlent kjarnfóður, beitartími er lengdur, beitarálag á úthaga minnkar, slátrun sauðfjár getur að bagalausu staðið lengur, auk þess sem ræktun grænfóðurs er veigamikill þáttur í framleiðslu grasköglaverksmiðja. Það eru þessar staðreyndir og ýmsar fleiri sem menn verða að hafa í huga þegar gildi grænfóðursræktar er metið.

Þá er það enn eitt atriði sem frv. þetta varðar. Það er hirðing búfjáráburðar. Nýtingu búfjáráburðar hefur um langt skeið verið mjög ábótavant. Við endurskoðun

jarðræktarlaganna árið 1972 var framlag til áburðargeymslna nokkuð aukið til hvatningar fyrir bættri nýtingu búfjáráburðar. Því marki er þó engan veginn náð. Auk þess hefur verð á tilbúnum áburði stórlega hækkað. Eru því nokkuð vandfundin þau rökin sem færð eru fram fyrir skerðingu á framlagi til áburðargeymslna eins og nú er ástatt.

Hæstv. ráðh. ræddi um þau ákvæði frv. sem varða ráðstöfun þess fjár sem ætlað er að spara við skerðingu framlaga til jarða- og húsabóta. Í frv. er um að ræða *almennt orðalag um þessi efni, og því miður var það, sem* hæstv. ráðh. sagði, einnig að mestu almennt orðað. Ég efast ekki um að það sé þörf á fjármagni til ráðstöfunar til lausnar þeim helsta vanda sem landbúnaðurinn á við að stríða í dag. En ég leyfi mér a. m. k. að efast um ýmsar þær leiðir sem þetta frv. gerir ráð fyrir til þess að afla fjár til að leysa þennan vanda. Í fyrsta lagi óttast ég að þau ráð, sem frv. býður upp á, geti í ýmsu aukið á vanda íslensks landbúnaðar í dag. Í öðru lagi hygg ég að ekki muni, þegar öll kurl koma til grafar, verða um mikið fjármagn að ræða sem upp verður skorið af þessum ráðstöfunum.

Hæstv. ráðh. sagði, eins og ég hef áður bent á, að jarðræktarlögin væru hin merkustu lög þjóðarinnar. Það hefur verið haft í huga þegar lögum þessum hefur verið breytt og þau endurskoðuð á undanförnum árum. Á síðasta aldarfjórðungi hafa jarðræktarlögin verið endurskoðuð nokkuð reglulega á 5—7 ára fresti. Í slíka endurskoðun hefur jafnan verið lögð mikil vinna, nefndir starfað milli þinga og leitast við að ná sem víðtækastri samstöðu um málið með því að leita eftir tillögum og umsögnum ýmissa félagssamtaka í landinu. Ég hygg að ef slíkum vinnubrögðum væri beitt af nægilegri kostgæfni væri vel hugsanlegt að samkomulag næðist um endurskoðun og breytingar á jarðræktarlögunum. En á vissan hátt er með frv. þessu venju brugðið. Frv. er snöggsoðið. Það er um að ræða snöggsoðið frv. til breytinga á jarðræktarlögunum. Ég vil nú, fyrst þetta frv. er komið fram, vonast til þess að það takist í meðförum þingsins að athuga það vel og freista þess að ná breytingum á frv., en miklu má breyta að mínu viti til þess að fært sé að fylgja því eins og það er nú.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í örfáum orðum vil ég koma fram viðbótarskýringum á *því sem mér fannst* ekki ljóst að hv. síðasti ræðumaður hefði gert sér grein fyrir.

Í fyrsta lagi eru bæði 3. gr. og einnig 4. gr. ákvæði til bráðabirgða, og ég vil leyfa mér að fullyrða að það er að vel hugsuðu máli. *Eftir ítarlegar umræður* við forustumenn bændastéttarinnar treysti ég mér ekki til að gera grundvallarbreytingar á jarðræktarlögunum, heldur eingöngu breytingar til bráðabirgða. Þau hverfa að sjálfsögðu *til síns fyrra forms að þessu tímabili loknu.*

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því, að jarðræktarlögin eru tvímælalaust framleiðsluhvetjandi. Því hefur enginn mótmælt. Framleiðsla landbúnaðarafurða er því miður *of mikil. Þar er um verulega umframframleiðslu að ræða* sem við getum ekki selt úr landi. Þessi aukning hefur orðið mikil á síðustu þremur árum og farið stöðugt vaxandi. Því hljóta menn að spyrja í sambandi við breytingar á öllum ákvæðum, sem leiða til aukinnar framleiðslu, hvort menn meini eitthvað með því að draga eigi úr framleiðslu landbúnaðarafurða, einnig hvort menn meini eitthvað þegar um það er talað að beina þurfi framleiðslu bænda inn á nýjar búgreinar eins og gert er ráð fyrir með þessu frv.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að í meðferð Búnaðarþings voru gerðar ýmsar breytingar á upphaflegu frv. og þær eru langflestar teknar til greina. T. d. eru takmarkanir á skerðingarákvæðum við 50%, stærð túna o. s. frv. komið frá Búnaðarþingi, og þar var frv. í því formi, sem það er orðið nú, samþykkt með mjög miklum yfirgnæfandi meiri hl. atkv. Ég man ekki hvort það voru 2 eða 3 atkv. sem voru á móti, en þau voru mjög fá.

Sérstaklega var gagnrýnt af hv. þm. að miða ætti styrki við stærðarmörk í lánareglum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þarna er að sjálfsögðu eingöngu um að ræða það sem Stofnlánadeildin lánar út á, þ. e. a. s. *húsabætur,* sem hér er kallað svo. Nú þekkjum við því miður mörg tilfelli þar sem Stofnlánadeildin hefur lánað út á fjárhús fyrir 500 fjár, en byggt hefur verið fyrir allt upp í 1000 fjár. Hvers vegna miðaði Stofnlánadeildin þessar takmarkanir við 500 fjár? Fyrst og fremst með tilliti til þess, að sauðfjárframleiðslan er orðin meiri en við ráðum við með góðu móti. Við þurfum nú að flytja úr landi u. þ. b. þriðjunginn af kjötframleiðslu okkar. Við, sem erum fylgjandi þessari breytingu, teljum þess vegna vafasamt að stuðla að byggingu stærri húsa en ákveðið er af Stofnlánadeild. Þess vegna er þetta ákvæði komið inn. Mér sýnist satt að segja, að hægri hönd þurfi að vita hvað sú vinstri gerir.

Með ákvæði í 2. gr. er ekki verið að draga úr því að byggðir verði áburðarkjallarar — alls ekki verið að draga úr því. Hins vegar má segja að sjálfsögðu, að í f-lið sé heimild til að skerða framlög til áburðargeymslna. Ef sú skerðing kemur til framkvæmda svo að um munar, þá má segja að sé að vísu verið að draga úr byggingu áburðargeymslna eða kjallara. Ekki má því rugla saman þessum tveimur liðum.

Ég skal ekki fjalla um það, hvort þetta atriði hefur fengið nægilega ítarlega umfjöllun. Það er sjálfsagt deiluatriði. En ég vil hins vegar endurtaka það sem ég sagði áðan, að þetta mál hefur verið rætt mjög ítarlega, að vísu ekki á löngum tíma. Til þess var ekki ráðrúm. Ég ákvað að bíða með að leggja það fram þar til Búnaðarþing hefði fjallað um það, svo að athugasemdir þaðan mætti taka til greina. Eg vil því halda því fram, að þarna hafi verið til kvaddir þeir aðilar sem gerst þekkja og hagsmuna eiga að gæta, en tek hins vegar undir það, að það er sannarlega von mín að þetta mál fái vandlega meðferð í landbn. og hún skoði hverjar þær hugmyndir sem fram kunna að koma um endurbætur á frv. Ég er ekki að loka fyrir það.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður. Tilefni er ekki til þess að lengja þessar umræður við 1. umr. málsins.

Hæstv. ráðh. vék að nokkrum atriðum sem ég kom inn á. Kvað hann geta verið einhvern misskilning hjá mér varðandi það sem ég sagði um frv. þetta og að meginefni frv. *væri ákvæði til bráðabirgða. Ég tók eftir því,* þegar ég las frv., að 3. og 4. gr. eru til bráðabirgða, en þó svo sé breytir það ekki í neinu þeirri röksemdafærslu sem ég hafði varðandi málið.

Hæstv. ráðh. sagði að jarðræktarlögin, *sem nú gilda,* væru framleiðsluhvetjandi, og skal ég ekki mótmæla því, og þeir, sem vildu minnka landbúnaðarframleiðsluna,

yrðu að sýna í verki að þeir meintu það, ég er hæstv. ráðh. líka sammála um það. En það var eitt meginatriði í gagnrýni minni á frv. þetta, að ýmsar þær ráðstafanir, sem ráð er fyrir gert, séu þess eðlis að þær orki tvímælis og líklegt sé að þær auki á framleiðslukostnað og ýmsa erfiðleika í landbúnaðinum. En það hlýtur að þýða dýrari landbúnaðarvörur og að öðru jöfnu minni sölu á landbúnaðarvörum og getur þess vegna á vissan hátt stuðlað að því að auka þann vanda sem við erum í, en ekki að leysa.

Hæstv. ráðh. vék nokkuð að því sem ég sagði um stærðarmörk Stofnlánadeildarinnar. Ég held að hann hafi misskilið það sem ég sagði. Ég átti ekki við að það ætti ekki að breyta stærðarmörkum í þessum efnum, sem hér um ræðir. Ég átti við að það ætti ekki að fara eftir stærðarmörkum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem gætu líka verið breytileg eftir því hvað stjórn Stofnlánadeildarinnar ákvæði á hverjum tíma. Ég taldi að það væri rétt að setja stærðarmörk í sérstaka reglugerð til þess að tryggja að fyllsta samræmis væri gætt milli jarðræktarlaga og laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Einhver fleiri atriði kann að vera að hæstv. ráðh. hafi minnst á, en ég hygg að þau hafi verið minni háttar. Eins og ég sagði í upphafi máls míns, sé ég ekki ástæðu til þess að lengja umr. frekar við 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Rafmagnseftirlit ríkisins, frv. (þskj. 503). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram sem stjfrv. um Rafmagnseftirlit ríkisins, er að meginstofni undirbúið af nefnd sem fyrrv. iðnrh., dr. Gunnar Thoroddsen, skipaði til þess að endurskoða orkulög og gera till. um heildarskipulag orkumála. Í nefnd þessa voru skipaðir Aðalsteinn Guðjohnsen formaður Sambands ísl. rafveitna, Gísli Blöndal hagsýslustjóri, Helgi Bergs formaður stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins, Jakob Björnsson orkumálastjóri, Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, Páll Flygering ráðuneytisstjóri, Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, Þorv. Garðar Kristjánsson formaður orkuráðs, og var hann jafnframt formaður nefndarinnar. Á vegum iðnrn. var farið yfir tillögu nefndarinnar og gerðar á þeim nokkrar breytingar, m. a. með hliðsjón af ábendingum frá starfsmönnum Rafmagnseftirlitsins.

Mér þykir hlýða að rekja hér, þó ekki í löngu máli, hvernig mál varðandi rafmagnseftirlit hafa þróast hérlendis.

Fyrstu ákvæðin í íslenskum lögum, sem miða að því að tryggja að raflagnir séu vel af hendi leystar og vandaðar að frágangi, er að finna í lögum nr. 28 frá 20. okt. 1913, um rafmagnsveitur í kaupstöðum og kauptúnum. Þar eru ákvæði um löggildingu manna til raflagnastarfa og segir þar m. a. svo í 7. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Sveitarfélagsstjórnin ein hefur rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, sem henni þykir þurfa, til þess að leggja rafmagnstaugar bæði utan húss og innan, og skulu þeir skyldir að hlíta þeirri verkkaupsskrá, sem sveitarfélagsstjórnin setur. Þeir einir, sem þannig eru löggiltir, mega fást við lagning rafmagnstauga eða önnur svipuð störf, sem að rafmagnsveitu lúta, hvort heldur innan húss eða utan."

Í lögum nr. 51 frá 3. nóv. 1915, um rafmagnsveitur, sem öðluðust gildi 1. jan. 1916, eru ákvæði um frágang og meðferð á raforkuvirkjum og um efni og búnað þeirra. Segir svo í 15. gr. þeirra laga:

„Stjórnarráðinu er heimilt, ef það sér ástæður til, að setja reglur um efni og útbúnað við rafmagnsveitur, er miða að því að tryggja öryggi þeirra, og jafnframt að gera ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til að reglunum sé fylgt, og leggja sektir við broti á móti þeim."

Um áramótin 1929—1930 skipaði þáv. atvmrh., Tryggvi Þórhallsson hina fyrri raforkumálanefnd, sem svo var kölluð, en í henni fengu sæti Geir Zoëga vegamálastjóri, Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri og Jakob Gíslason verkfræðingur. Á fundi sínum 12. maí 1930 tók nefndin til umræðu eftirlit með raforkuvikjum. Geir Zoëga lagði sem ráðunautur Brunabótafélags Íslands ríka áherslu á nauðsyn þess, að settar yrðu reglur um gerð og frágang raforkuvirkja, sem giltu um land allt, og komið yrði á ríkiseftirliti með rafveitum og raforkuvirkjum almennt. Eftir till. nefndarinnar var þá þegar sett bráðabirgðareglugerð um raforkuvirki með heimild laga frá 1926 og jafnframt byrjað á samningu ítarlegrar reglugerðar. Með bréfi atvmrn. nokkru síðar var Jakob Gíslasyni rafmagnsverkfræðingi falið að safna skýrslu um gerð, tilhögun og rekstur raforkuvirkja víðs vegar um land, enn fremur um eftirlit með frágangi raforkuvirkja og rekstri svo og öllum raflögnum utan húss og innan.

Með lögum nr. 63 23. júní 1932 og lögum nr. 83, um raforkuvirki, með sömu dagsetningu, er lögunum um sama efni frá 1926 breytt og felld inn í þau ný ákvæði, þ. á m. að ráðh. skuli setja reglugerð um raforkuvirki, og er nánar tiltekið í lögunum um reglugerðarákvæði. Samningu reglugerðarinnar, sem þegar var byrjað á 1930, var síðan haldið áfram. Varð hún allumfangsmikil, um 60 bls. í Stjórnartíðindabroti, og hafði inni að halda allítarleg ákvæði um gerð og frágang raforkuvirkja. Var reglugerðin gefin út af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 14. júní 1933 sem reglugerð nr. 61 og öðlaðist gildi 1. júní sama ár.

Auk fyrirmælanna um að ráðh. skuli setja reglugerð um raforkuvirki eru í raforkulögunum frá 1932 einnig fyrirmæli um að ráðh. skuli skipa eftirlitsmann með raforkuvirkjum til að annast eftirlit, skýrslugerð o. fl., og er tilskilið í lögunum að eftirlitsmaður skuli hafa lokið fullnaðarprófi við rafmagnsdeild verkfræðiháskóla.

Eins og áður er sagt fékk Jakob Gíslason þegar árið 1930 skipunarbréf þar sem honum var falið að hafa með höndum starf það er hér um ræðir, og hélst það óbreytt við gildistöku raforkulaganna frá 1932.

Í upphafi reglugerðar um raforkuvirki er þess getið, að eftirlitsmaður með raforkuvirkjum og þeir, sem fara með umboð hans, verði í reglugerðinni nefndir Rafmagnseftirlit ríkisins eða Rafmagnseftirlitið, og í fjárl. 1933 er í fyrsta skipti samþ. fjárveiting til Rafmagnseftirlits ríkisins. Er þar átt við hina nýju stofnun og er gert ráð fyrir að forstöðumaður hennar hafi sér til aðstoðar einn rafvirkja.

Þótt eftirlit með raforkuvirkjum hafi í rauninni verið hafið nokkru áður er venjulega talið að Rafmagnseftirlit ríkisins hafi tekið til starfa um leið og reglugerðin öðlað-

ist gildi, þ. e. 1. júní 1933. Starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins var þegar í upphafi miklu umfangsmeiri en heiti stofnunarinnar gefur til kynna. Auk starfa, sem beinlínis flokkast undir rafmagnseftirlit, fékk Rafmagnseftirlit ríkisins til meðferðar að vera ráðunautur ríkisstj., annarra stjórnvalda og opinberra stofnana í raforkumálum; semja umsagnir um reglugerðir og gjaldskrár rafveitna, um brunamál, iðnréttindi o. fl., gera till. til ríkisstj. varðandi löggjöf og framkvæmdir í raforkumálum. Einnig skyldi Rafmagnseftirlitið gera áætlanir um raforkuvirki og vinna að undirbúningsrannsóknum í þágu ríkis og sveitarfélaga, ýmiss konar ráðuneytisstarfsemi og annast leiðbeiningar til sveitarfélaga og einstaklinga. Einnig skyldi það hafa umsjón með byggingu rafveitna fyrir ríkið og fyrir opinberar stofnanir.

Þessi störf urðu æ umfangsmeiri eftir því sem árin liðu, og leiddi það að lokum til þess, að samin voru og samþykkt raforkulögin 1946. Þau lög fjalla um skipulagningu á raforkumálastjórn ríkisins. Samkv. þeim lögum var stofnað nýtt embætti, embætti raforkumálastjóra, og skyldi hann m. a. hafa í umboði ríkisstj. yfirumsjón með eftirliti ríkisins með raforkuvirkjum. En jafnframt var samkv. raforkulögunum 1946 skipaður rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins til að stjórna framkvæmd eftirlits ríkisins með raforkuvirkjum. Starfssvið Rafmagnseftirlitsins, eftir að raforkulögin gengu í gildi í ársbyrjun 1947, þrengdist þannig frá því sem verið hafði og komu í hlut þess aðeins þau störf sem markast af reglugerð um raforkuvirki frá 1933 með áorðnum breytingum. Hefur þessi skipan mála haldist fram á þennan dag, þótt raforkulög hafi tekið breytingum.

Meginbreytingin á lögunum um þessi mál varð árið 1967, er orkulög tóku við af svonefndum raforkulögum. Í orkulögunum eru sams konar ákvæði og voru í raforkulögum frá 1946, á þá leið að Orkustofnun hefur í umboði ríkisstj. yfirumsjón með eftirliti ríkisins með raforkuvirkjum.

Í frv. því, sem hér er flutt, er sú meginefnisbreyting gerð, að Rafmagnseftirlit ríkisins er tekið undan Orkustofnun, sem hefur haft yfirumsjón með eftirliti af hálfu ríkisins með því að fullnægt sé ákvæðum laga um varnir gegn hættum og tjóni af raforkuvirkjum. Þykir þetta umsjónarstarf ekki lengur eiga heima í verkahring Orkustofnunar og ekki samræmast breytingum sem fyrirhugað er að gera á starfsemi hennar. Sú formbreyting felst þannig í frv. þessu, að nú er gert ráð fyrir sérlögum um Rafmagnseftirlit ríkisins, en ákvæði um þau efni hefur verið að finna í almennum orkulögum.

Af öðrum nýmælum í lagafrv. vil ég nefna m. a. skýrari ákvæði samkv. 5. gr. um vald rafmagnseftirlitsstjóra til að úrskurða um tiltekin atriði, en þeim ákvörðunum má áfrýja til ráðh.

Þá eru samkv. 7. gr. nokkru rýmri ákvæði um setningu reglugerðar, m. a. um hönnun og frágang raforkuvirkja með tilliti til umhverfis, endurbætur á raski við nýlagnir og samstarf við náttúruverndaraðila þar að lútandi. Einnig er heimild til að kveða á í reglugerð um fræðslu og upplýsingar til almennings um hættur af rafmagni og leiðir til að verjast þeim.

Þá eru samkv. 9. gr. rýmkaðar nokkuð heimildir frá því sem er í gildandi lögum til tekjuöflunar til að standa undir rekstri Rafmagnseftirlitsins, þar sem gert er ráð fyrir að eigendur raforkuvera og rafveitna skuli greiða til Rafmagnseftirlitsins gjald, allt að 1.5% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi, en gjald þetta hefur numið 1% hingað til. Setur ráðh. í reglugerð nánari ákvæði um fjáröflun fyrir Rafmagnseftirlitið og er hér þannig um hámarksheimildir að ræða sem eiga að tryggja að eftirlitið geti staðið fyrir lögboðinni starfsemi og aflað til þess nauðsynlegra tekna.

Um frv. að öðru leyti vísa ég til efnis þess og aths. þeirra er fylgja á prentuðu þskj.

Herra forseti. Um leið og ég legg áherslu á þýðingu þeirra verkefna, sem Rafmagnseftirliti ríkisins er ætlað að leysa, og nauðsyn þess, að vel sé búið að stofnuninni, legg ég til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég stend aðallega upp og tek til máls til þess að fagna frv. því sem lagt hefur verið fram og hér er til umr. Mér er málið nokkuð skylt, svo sem fram kom í ræðu hæstv. iðnrh. Þetta frv. er svo til í öllum atriðum eins og það frv. sem skipulagsnefnd orkumála skilaði til hæstv. ráðh. í nóv. s. l. Ég tel að það hafi mikla þýðingu fyrir raforkumálin í landinu að frv. verði samþ. Með frv. er allmikið breytt um skipulag þessara mála, eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. Það á að efla þá þýðingarmiklu starfsemi sem Rafmagnseftirliti ríkisins er ætlað að hafa með höndum.

Ég hef þó einn fyrirvara á afstöðu minni til þessa frv. Það varðar afstöðu til eins atriðis. Í því efni er breytt frá till. þeirri sem skipulagsnefnd orkumála gerði. Í till. skipulagsnefndar orkumála var gert ráð fyrir að tekjustofnar Rafmagnseftirlits ríkisins væru óbreyttir frá því sem verið hefur og þ. á m. sá tekjustofn sem er fólginn í því að eigendur raforkuvera og rafveitna skuli árlega greiða til Rafmagnseftirlits ríkisins gjald af heildartekjum þeirra af raforkusölu. Þetta gjald hefur verið og er nú 1% af heildartekjum af raforkusölunni, en frv. gerir ráð fyrir að það megi vera allt að 1½%. Ég þykist reyndar vita það, að hvaða stofnun sem er þykir gott að fá meiri tekjur og hafa meiri peninga handa á milli en verið hefur, og Rafmagnseftirlit ríkisins er engin undantekning frá því. Og oft er það þannig, að full þörf er á því að auka tekjur hinna ýmsu þjónustustofnana ríkisins. En við verðum líka að leitast við að gæta hófs í þessum efnum, og ég leyfi mér að segja ekki síst á tímum eins og þeim sem við nú lifum og þarf ekki að fjölyrða um. Ég bendi á að tölulega aukast auðvitað þessar tekjur stöðugt með aukinni dýrtíð. 1978 voru tekjur af þessu gjaldi 110 millj. kr. og þetta ár eru þær áætlaðar 170 millj. kr. Þarna er um allverulega upphæð að ræða, og við í skipulagsnefnd orkumála töldum að ekki væri ástæða til þess að hækka heimild til gjaldtöku þeirrar sem hér um ræðir.

Í frv. eru einnig aðrar heimildir og aðrir tekjustofnar til Rafmagnseftirlits ríkisins. Ef það kemur nú í ljós frekar en orðið er að á skorti tekjur til Rafmagnseftirlits ríkisins til þess að það geti sinnt verkefni sínu sem skyldi, þá legg ég til að lögð verði áhersla á að hagnýta þann tekjustofn, sem er í 3. tölul. 9. gr. frv. og er þar eins og hann er í gildandi lögum. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir, sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld raffóng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð þeirra eða

söluverð þeirra frá innlendum framleiðanda. Má gjald þetta nema allt að 3/4% af verðinu."

Þannig hljóðar þessi grein frv. og ákvæðið er í gildandi lögum. Mér er kunnugt um að það hafa orðið nokkrir misbrestir á því, að ákvæði þessu væri beitt til tekjuöflunar fyrir Rafmagnseftirlit ríkisins. En við í skipulagsnefnd orkumála töldum þó að málið væri þess eðlis að ekki væri ástæða til að fella þennan tekjustofn úr lögunum. Ég sé að hæstv. ráðh. hefur ekki heldur séð ástæðu til þess. Og fyrst hann sér ekki ástæðu til þess, þá ætla ég að hann muni vilja freista þess að framkvæma þetta ákvæði. Ef svo er þykir mér minni ástæða til þess að hækka heimildina í 1. tl. greinarinnar.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til þess að fagna þessu frv. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa lagt það fram og heiti því stuðningi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er erfitt að mæla þegar röddin er ekki betri en þetta, en það er þó huggun harmi gegn að maður er ekki eins langorður.

Ég hlýt að fagna mjög framkomnu frv., sem er tvímælalaust mjög til bóta, og ég hlýt að þakka hæstv. iðnrh. fyrir að hafa komið því inn í þingið á þann hátt sem hann hefur nú gert.

Ég hef nokkrum sinnum vakið athygli á málefnum þessarar stofnunar í fsp.-formi hér á þingi og hafði hugsað mér að flytja um það ákveðna þáltill., sem væri byggð á þeim meginatriðum sem koma fram í frv. Mér hefur lengi verið ljóst að þeir menn, sem hafa starfað og viljað vinna af samviskusemi að þessum málefnum, hafa að mörgu leyti verið illa í stakk búnir til þess, vantað til þess nægilegt sjálfstæði, haft þröngan fjárhag, skort einnig nægilegt öryggi til að framfylgja því sem þeir vildu framfylgja í þessum efnum, sem svo sannarlega er þörf á að vel sé að búið.

Ég komst fyrst í kynni við hið alvarlega ástand þessara mála þegar svokölluð „gamalskoðun" fór fram í minni heimabyggð. Þar komu í ljós óteljandi atriði sem hefðu getað leitt til stórslysa. Var auðvitað mesta mildi að þau höfðu ekki orðið. Mér varð þá þegar ljóst og af viðtölum við þann ágæta mann, sem starfar að þessum málum eystra, að hér var sannarlega mikilla úrbóta þörf. Og ég hreyfði því þá þegar við hæstv. þáv. iðnrh., Magnus Kjartansson, að hann tæki þessi mál til gaumgæfilegrar endurskoðunar. Þetta var síðla á valdatíma hans og hann hóf þetta starf, en kom því ekki í framkvæmd af ástæðum sem allir þekkja — ríkisstj. fór frá — og síðan varð nokkurt hlé á framkvæmdum í þessu máli.

Ég bar svo tvívegis fram fsp. um það til hæstv. fyrrv. iðnrh., hvað áætlað væri að gera í þessum efnum. Þar benti ég á ýmis þau atriði, sem nú eru komin inn í þetta frv. og mér hefur verið bent á af þeim mönnum, sem að þessu hafa starfað og hafa sýnt sérstaklega lofsverðan áhuga á því að geta rækt störf sín af samviskusemi og koma því til leiðar t. d. að afstýra slysum og auka þekkingu manna almennt á þessum málefnum. Þeir bentu á að Rafmagnseftirlit ríkisins yrði aldrei hlutverki sínu vaxið fyrr en það væri orðið algerlega sjálfstæð stofnun, sem heyrði beint undir iðnrn. og hefði fjárhagslegt sjálfstæði sem byggðist annars vegar á þeim tekjustofnum, sem Rafmagnseftirlitið á í raun að hafa, og tekjustofnum, sem Rafmagnseftirlitið hefur að vísu haft heimild til, en ekki hafa innheimst, en nú er bætt við. Þeir lögðu áherslu á fræðsluhliðina ákaflega mikið, bæði í grunnskólum og öfluga fræðslu í fjölmiðlum fyrir almenning. Þeir lögðu áherslu á að tryggt yrði að ekkert raforkuvirki yrði tekið í notkun fyrr en Rafmagnseftirlitið hefði að fullu viðurkennt það. Auðvitað ætti þetta að vera sjálfsagt. En spurningin er: Hefur það verið sjálfsagt?

Varðandi raffangaprófunina á tímum hins mikla innflutnings á alls konar raftækjum hefur auðvitað verið lögð áhersla á að Rafmagnseftirlitið gæti fylgst sem nánast með öllum innflutningi raffanga svo að þar yrðu ekki af meiri háttar óhöpp eða slys. Í þessu sambandi sá ég lista hjá þessum starfsmönnum — ömurlegan lista — um slys af þessum ástæðum og mörgum fleiri, sem beinlínis má rekja til þess að rafföngin hafa verið flutt inn án þess að Rafmagnseftirlitið hefði getað komið við nægu eftirliti með þeim. Þeir lögðu einnig á það ríka áherslu, og það er auðvitað ekki hvað síst, að tryggt yrði að nægur mannafli væri hjá Rafmagnseftirliti ríkisins til að virku og eðlilegu aðhaldi væri haldið uppi hvarvetna um land. Þeir bentu einnig á að þessi eftirlitsstörf krefðust æ víðtækari sérþekkingar, svo að ráðning hæfra manna í störfin þyrfti að vera sem öruggust og um sumt jafnvel lögbundin. Einnig tóku þeir fram, sem eðlilegt er, að það væri nauðsynlegt að skýr ákvæði væru sett um valdsvið þessarar stofnunar og möguleika hennar til að beita nauðsynlegum aðgerðum til þess að lögum um rafmagnseftirlit sé framfylgt að fullu jafnt hjá raforkuvirkjunum sem í raffangaprófunum.

Nú er eftir að sjá hvernig til tekst um framkvæmd hinna einstöku atriða, sem ég hef hér bent á og komin eru beint frá þessum starfsmönnum, þegar lagafrv. þetta er orðið að lögum, sem við skulum vona að verði á þessu þingi og að það geti gengið hratt í gegn, því að hér er ekki um neinn flokkslegan ágreining um málið að ræða, miklu frekar almenna flokkslega samstöðu um þetta hvar í flokki sem menn standa.

Mér hefur lengi verið ljóst, að það væri óeðlilegt með öllu að Orkustofnun hefði með yfirstjórn þessara mála að gera — ætti sem sagt að hafa Rafmagnseftirlitið sem undirstofnun til þess að hafa eftirlit með sér. Það hlýtur að vera vægast sagt óeðlileg aðferð og í raun og veru óviðunandi starfsaðstaða fyrir alla þá sem þar að vinnna. Það hefur líka komið glögglega í ljós, að Orkustofnun hefur látið þessa undirdeild sína í þessu tilfelli mæta mjög afgangi, svo að ekki sé meira sagt. Það er óhætt að benda á nokkur atriði í því sambandi, t. d. nauðsynlega reglugerðarsetningu, sem hefur dregist áratugum saman, og einnig má benda á það sem er kannske alvarlegast af þessu öllu, hundsun ýmissa rafmagnsveitna á að fara eftir settum ákvæðum með þær „gamalskoðanir", sem ég minntist á áðan, þar sem í liggja hinar válegustu hættur. Þetta hefur viðgengist áratugum saman.

Það var áðan minnst á innflutningsgjald upp á 3/4% í sambandi við rafföngin, sem hefur verið í lögum og lagt er til að haldi áfram að vera í lögum. Þetta gjald hefur ekki verið innheimt í langan tíma. Raffangainnflytjendum hefur verið hlíft við þessu gjaldi. Orkustofnun hefur greinilega ekki séð neina ástæðu til þess að ljá Rafmagnseftirliti ríkisins þennan nauðsynlega fjárhagsstofn. Og það er alveg óhætt að segja að margt bendi til þess, að Rafmagnseftirlitið hafi verið hornreka hjá þessari stofnun og því sé full ástæða til að fagna því að Rafmagnseftirlitið verði, eftir að þessi lög eru komin til framkvæmda, sjálfstæð stofnun með eigið ákvörðunarvald.

Mér þótti það sannast sagna broslegt þegar ég heyrði á síðasta ári að þessi stofnun, Orkustofnun, sem hefur orð á sér fyrir annað en ráðdeild og sparnað, hvað mikið sem hæft er nú í því, hefði jafnvel látið þau boð út ganga til rafmagnseftirlitsstjóra að það yrði helst að stöðva allar eftirlitsferðir hjá Rafmagnseftirliti ríkisins. Ef þetta er rétt, sem ég efast ekki um að sé, hefur verið betur gætt að ráðdeild og sparnaði hjá þessari undirdeild Orkustofnunar en hjá ýmsum öðrum deildum hennar, svo að ekki sé meira sagt.

Önnur dæmi mætti rekja hér um það, sérstaklega þá á þann hátt að Orkustofnunin, eins og ég benti á áðan, getur auðvitað ekki skoðast sem hlutlaus aðili gagnvart Rafmagnseftirlitinu varðandi rafvirki eða gufuveitur, jarðboranir og annað því um líkt. Það er alveg útilokað. Þarna hljóta hagsmunir að rekast á. Það er útilokað að hægt sé að samræma þá. Hlutleysi og sjálfstæði Rafmagnseftirlitsins er því nokkuð sem verður að teljast hornsteinn þess sem það hlýtur að geta byggt starf sitt á. Ég vil því fagna eindregið framtaki hæstv. iðnrh. og ég veit það af kynnum mínum við þá menn, sem að þessum málum hafa starfað, að þeir munu enn frekar fagna þessu. Ég býst við að þeir muni koma einhverjum aths. á framfæri við iðnn. um ýmis atriði sem þeir vilja leggja frekari áherslu á.

Ég bendi aðeins á eitt sem þeir hafa bent mér sérstaklega á, og það er varðandi reglugerðina í j-lið á bls. 3 í frv., það er í sambandi við ákvæði um fræðslu og upplýsingar til almennings um hættur af rafmagni og leiðir til að verjast þeim. Þar stendur „má", en mér finnst sjálfsagt að þar standi: „skal setja ákvæði um fræðslu" — og gæ þess að reglugerð fylgi stöðugt eftir æskilegri þróun og þörf á hverjum tíma.

Um þetta mætti hafa miklu lengra mál og rekja enn frekar þá nauðsyn sem til þess ber að þetta lagafrv. verði sem fyrst að lögum og það verði síðan tryggt að þeir tekjustofnar, sem Rafmagnseftirlitinu eru tryggðir með lögum þessum, verði nýttir til hins ítrasta og þar með að starfsmönnum Rafmagnseftirlitsins verði gert sem best kleift að sinna sínu mikilvæga hlutverki. En ég get ekki stillt mig um það í leiðinni að minna á það, sem ég hef sagt áður hér á Alþ. og raunar víðar, að vissulega þyrfti að samræma um margt alla þætti öryggismála okkar, varðandi eftirlit þeirra almennt, jafnvel setja um það eina heildarlöggjöf, þar sem hinir ýmsu þættir eftirlitsmála okkar í sambandi við öryggismál á vinnustöðum almennt, brunaeftirlit og margt fleira væru allir saman samræmdir betur en nú er og samstarf milli þessara aðila gæti verið betra og öruggara. Það er mál sem bíður síns tíma, en er vissulega vert að taka til nánari athugunar.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir hv. þm. sem hér hafa talað um þetta fram komna stj.frv. um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Ég ætla að bæta örfáum orðum við það, sem ég hef áður sagt í umr., og þá varðandi tekjustofna, sem fyrirhugaðir eru fyrir Rafmagnseftirlitið, og ástæðurnar fyrir því að iðnrn. taldi rétt að rýmka nokkuð um heimildir þar að lútandi.

Samkv. lögum þessum er að vísu ekki gert ráð fyrir að umsvif Rafmagnseftirlitsins aukist stórlega frá því sem nú er, en þó eru þar nokkrir þættir sem koma til viðbótar og ég gerði grein fyrir í ræðu minni áðan. Ég tel mig einnig hafa vitneskju um að það sé veruleg þörf á því að efla starfsemi stofnunarinnar jafnhliða því sem þar sé að sjálfsögðu gætt fyllsta sparnaðar og aðhalds í sambandi við rekstur. Því komumst við í iðnrn. að þeirri niðurstöðu, að það væri eðlilegt að rýmka nokkuð heimild til gjaldtöku, sem gerð var grein fyrir áðan, úr 1% í 1.5%. Þetta þýðir ekki að hækka beri þetta gjald sem þessu nemur og beita beri þessari heimild. Það tel ég að þurfi að ráðast af því, hver þörf verður metin á auknum umsvifum þessarar stofnunar, og hér sé því aðeins um heimildarákvæði að ræða sem geti komið til góða ef ástæður bjóða.

Varðandi 3. lið 9. gr., hvað snertir tekjuöflun af eftirlitsskyldum rafföngum, vil ég láta það koma fram, að ég hef hlutast til um að þessi heimild verði nýtt. Ég vænti þess að innheimta hefjist samkv. því á þessu ári, e. t. v. með vordögum, þannig að Rafmagnseftirlitinu bætist þarna tekjustofn sem nema má allt að 3/4% af innkaups- eða söluverði viðkomandi tækja.

Ég sé það af reikningum Rafmagnseftirlitsins, að það er síður en svo ofhaldið af þeim tekjustofnum sem því hafa verið ætlaðir á undanförnum árum. Það varð nokkur halli á rekstri þess á s. l. ári. Ég hygg að hann hafi numið röskum 36 millj. kr. En mikil nauðsyn er að mínu mati á að starfsemi sem þessi hafi tekjustofna sem tryggi hallalausan rekstur þannig að ríkið þurfi ekki að leggja þarna beinlínis til fjárveitingar samkv. fjárlögum.

Ég vil svo vænta þess að frv. þetta, ef að lögum verður, sem ég vænti að gerist á þessu þingi, verði til þess að efla starfsemi þessarar stofnunar. En bókstafurinn nægir auðvitað ekki einn, heldur þarf þarna til að koma stuðningur við starfsemi Rafmagnseftirlitsins að öðru leyti þannig að það geti rækt skyldur sínar. Eitt brýnt verkefni verður að setja reglugerð á grundvelli hinna væntanlegu laga, þar sem kveðið verði nánar á um einstök atriði sem frv. gerir ráð fyrir að reglugerð fjalli um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, frv. (þskj. 474 (sbr. 196). — 1. umr.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Skömmu fyrir áramót var afgreidd í Sþ. ályktunartill., þar sem þingið heimilaði að staðfesta mætti fyrir Íslands hönd nýjan samning um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Þannig stóð á, að talið var nauðsynlegt að staðfesta þennan samning fyrir áramót vegna ákvæða sem eru í honum og hefðu frestað framkvæmd hans í heilt ár ef nægjanlegur fjöldi ríkja hefði ekki gert það. Þess vegna var málinu hraðað og engin fyrirstaða af hálfu þingheims að afgreiða það þá. Hins vegar er nauðsynlegt að til sé í lögum heimild fyrir sjútvrh. til þess að setja reglur um framkvæmd þessa samnings. Var ekki tími til þess að afgreiða lög með slíkum heimildum fyrir jólin. Þess vegna var frv. þetta aðeins lagt fram á þeim tíma og hefur nú hlotið afgreiðslu í Nd. Á þskj. 474 greinir frá því hvernig Nd. afgreiddi frv. frá sér. Hún gerði aðeins örlitla formbreytingu samkv. ábendingu sjútvrn., en ekki efnisbreytingu.

Það, sem hér er um að ræða, er ein af mörgum afleið-

ingum 200 mílna fiskveiðilögsögu sem flest nágrannaríki okkar hafa tekið sér. Í marga áratugi hafa verið tvenns konar samtök ríkja um fiskveiðar í Norður-Atlantshafinu, annars vegar á austanverðu hafinu, en hins vegar á vestanverðu hafinu, og höfum við verið aðilar að hvorum tveggja, þó að austanvert Atlantshafið sé að sjálfsögðu miklu nær okkur og við eigum nokkru minna erindi í samstarf ríkjanna við vestanvert hafið, sem eru fyrst og fremst ríki Norður-Ameríku. Aðild að þessum samningi eiga þó allflest fiskveiðiríki í Evrópu, jafnvel í austanverðri álfunni.

Herra forseti. Ég vil vænta þess, að hv. Ed. afgreiði þetta mál eins og hið fyrra og geri það í samræmi við þá ályktun Sþ. að Ísland sé aðili að þessum samningi.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 71. fundur.

Miðvikudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 147, 391, 398, 466, 510). — Frh. 3. umr.

Brtt. 391, 398 og 466, a. 1—4 teknar aftur.
— 510,1. (1. gr. falli niður) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 510,2. a-b samþ. með 22 shlj. atkv.
— 510,2. c. 1.—3 mgr. samþ. með 23 shlj. atkv.
— 466, a.5 felld með 14:10 atkv.
— 510,2.c. 4.—5. mgr. samþ. með 20:1 atkv.

2. gr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 23:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GTh, HES, HG, JÁ, JÞ. KÓ, ÞA, MHM, MB, SighB, SV, StH, SvJ, SvG, JK, ÞS, BGr, EH, GMK, FÞ, GSig, GilsG, IG.

nei: AG.

JóhS, HBl, MÁM, ÓE, SvH, VG, EBS, BGuðn, FS greiddu ekki atkv.

7 þm. (GSt, PP, PJ, AG, EðS, EÁ, GH) fjarstaddir.

Brtt. 510,3 (3. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 510,4 (ný gr. verður 2. gr.) samþ. með 23:1 atkv.
— 510,5 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 17:9 atkv.
— 466,6 felld með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EH, FÞ, GTh, JÞ, HBl, MB, ÓE. SvH, AG.

nei: BGr, GMK, BGuðn, GSig, GilsG, HES, GH, JÁ, KÓ, ÞA, MHM, SighB, SV, StH, SvJ, SvG, JK, VG, ÞS, IG.

EBS, FS, JóhS, MÁM greiddu ekki atkv.

7 þm. (EðS, EÁ, GH, GSt, PP, PJ, ÁG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Herra forseti. Í umr. um þetta frv. hef ég lýst þeirri skoðun minni, að frv. og brtt. landbn. séu allsendis ófullnægjandi til þess að draga úr offramleiðslu landbúnaðarvara. Forsenda þess, að unnt sé að styðja stórauknar útflutningsbætur á þessu ári, er sú, að raunverulega sé ljóst að dregið verði úr offramleiðslu og að sýnt sé fram á hvernig afla skuli tekna til frekari bóta, ef til þeirra kemur, þannig að þessari endaleysu haldi ekki stöðugt áfram. Sú forsenda liggur ekki fyrir og ég er því ekki tilbúinn til að greiða atkv. með þessari till. og sit hjá.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þar sem þeirri heimild, sem felst í þessu ákvæði til bráðabirgða til útgjalda úr ríkissjóði, fylgir engin heimild til tekjuöflunar tel ég hér um markleysu að ræða og segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stjórn efnahagsmála o. fl., frv. (þskj. 517 (sbr. 453 og 511)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið afgreitt í hv. Ed. með nokkrum breytingum.

Það hefur nú þegar verið rætt allmikið um aðdraganda þessa frv., bæði innan þings og utan, og ég ætla því að sleppa því að gera grein fyrir honum.

Í framsöguræðu minni í hv. Ed. gerði ég nokkra grein fyrir þjóðhagshorfum, en ég ætla að láta nægja nú að vísa til almenns inngangs í aths. með frv. um það efni og snúa mér að því að gera grein fyrir efni frv. eins og það nú liggur fyrir.

I. kafli frv. fjallar um almenna stefnumörkun í efnahagsmálum, þar sem annars vegar er kveðið svo á að ráðstafanir stjórnvalda í efnahags- og fjármálum skuli jafnan miðaðar við helstu markmið efnahagsstefnunnar án þess að jafnvægi sé raskað eða öryggi teflt í tvísýnu. Það hefur verið gerð aðeins örlítil orðalagsbreyting á 2. mgr. 1. gr. frv. í hv. Ed., en það haggar ekki við henni. — Hins vegar er svo í I. kafla kveðið á um skipulega gerð þjóðhagsáætlunar á hverju ári til viðmiðunar við stefnumótandi ákvarðanir í efnahagsmálum.

Forsrh. mun fyrir hönd ríkisstj. gera grein fyrir þjóðhagsáætlun þeirri eða þjóðhagshorfum, sem ríkisstj. leggur til grundvallar stefnu sinni í efnahagsmálum, á sama tíma og stefnuræða hans er flutt á Alþ. Með þessu móti fæst skýr undirstaða undir umr. og ákvarðanir á einstökum sviðum efnahags- og fjármála í störfum þingsins.

II. kafli frv. fjallar um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda. Í þessum kafla er mælt fyrir um reglubundið samráð stjórnvalda við samtök launafólks sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum. Er það í samræmi við þá meginstefnu ríkisstj., að árangursríkri og farsælli stjórn efnahagsmála verði ekki komið á nema í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Meginverkefni á samráðsfundum yrði að fjalla um helstu þætti efnahagsmálanna og mörkun efnahagsstefnunnar í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum um efnahagsmál. Þá yrði einnig fjallað um þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir hins opin-

bera, tekjustefnu og forsendur þeirra. Loks yrði fjallað um önnur þau atriði sem horfa til framfara á sviði atvinnu- og kjaramála og raunar efnahagsmála almennt.

Gert er ráð fyrir að nánari reglur um samráðið verði settar í reglugerð eftir því sem þurfa þykir.

Þessi kafli tók ekki breytingum í hv. Ed., en hins vegar var honum nokkuð breytt frá því sem var í upphaflegum till. að frv.-gerð, þar sem gert var ráð fyrir sérstöku kjaramálaráði sem færi með það hlutverk sem þarna er um að tefla. Breytingar á till. þessum voru gerðar samkv. ábendingum umsagnaraðila og þá einkum Alþýðusambands Íslands. Það má e. t. v. segja að þessi kafli sé ekki í jafnföstum skorðum með þessum hætti og gert var ráð fyrir í upphafi, en á móti kemur það hins vegar að ekki er þarna um neina nýja stofnun að tefla, og þeirri stefnu má segja að sé fylgt allar götur í frv. að ekki er um að ræða neinar nýjar stofnanir til að annast þau verkefni sem fjallað er um í frv.

III. kaflinn fjallar um ríkisfjármál. Ákvæði hans skiptast í þrjá þætti: í fyrsta lagi ákvqði er lúta að gerð fjárl. og heildarstjórn ríkisfjármála, í öðru lagi eru ákvæði um beitingu ríkisfjármála á árunum 1979—1980 í því skyni að setja ríkisumsvifum hæfileg mörk til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og þar með draga úr verðbólgu, í þriðja lagi eru ákvæði er varða eftirlit með framkvæmd fjárl. og hagsýslustarfsemi í því skyni að auka aðhald og hagkvæmni í ríkisrekstri svo og draga úr útgjöldum.

Gerðar voru orðalagsbreytingar í hv. Ed. varðandi ákvæðin í þessum kafla, bæði að því er varðar 6. gr. og 7. gr. og reyndar líka 9. gr., en þær hafa ekki í för með sér efnisbreytingar í raun og veru.

Í kaflanum er lagt til að með fjárlagafrv. ár hvert verði lögð fram áætlun til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárlagaárs sem fjárlagafrv. tekur til. Áætlun þessi skal vera vísir að langtímafjárlögum. Ekki er þó ætlast til að áætlunin verði bindandi, heldur er henni ætlað að sýna þá meginstefnu sem móta á í ríkisfjármálum og fjárlagafrv. er hluti af. Með þessum hætti fengist betri yfirsýn yfir stefnuna í ríkisfjármálum, sem styrkir þær ákvarðanir er varða tekjuöflun og skiptingu útgjalda á fjárl. Jafnframt verður gleggra hvaða mörk verði að setja í ríkisfjármálunum og hvaða svigrúm er fyrir hendi til framkvæmda, uppbyggingar og endurbóta á sviði opinberrar þjónustu. Áætlunargerð sem þessi er að auki ein meginforsenda þess, að raunhæft sé að taka á föstum og reglubundnum eða sjálfvirkum fjárframlögum samkv. öðrum lögum en fjárl. svo og mörkuðum stofnum, eins og till. er gerð um í 8. gr. Í 8. gr. er lagt til að tekin verði til endurskoðunar á þessu ári helstu lagaákvæði af því tagi. Þessi till. miðar fyrst og fremst að því að auka svigrúm ríkisstj. og Alþ. til þess að hafa áhrif á fjárfestinguna í landinu. Þau sjálfvirku framlög og þær mörkuðu tekjur, sem hér um ræðir, hafa í reynd nokkuð bundið hendur fjárveitingavaldsins og skert möguleika þess til að marka og framfylgja ákveðinni stefnu í efnahagsmálum og fjárfestingarmálum — sérstaklega með virkri beitingu ríkisfjármálanna. Hér er því stefnt að því, að ákvarðanir um þessi fjárframlög verði teknar til endurskoðunar og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa skuli framvegis ákveðin með fjárl. ár hvert og til frambúðar í langtímaáætluninni, sem gert er ráð fyrir í 7. gr.

Þau fjárframlög, sem verið hafa lögbundin og hér um ræðir, nema samtals 14.2 milljörðum kr. á fjárl. ársins 1979. Þeir tekjustofnar, sem ráðstafað hefur verið til sérstakra þarfa, nema alls 18.1 milljarði kr. á fjárl. ársins 1979. Eru þá undanskilin ýmis framlög og stofnar og má þar nefna framlög atvinnurekenda til almannatrygginga og gjaldskrár þjónustufyrirtækja.

Í greininni er lögð áhersla á að tillit sé tekið til félagslegra markmiða og samráð haft við hagsmunaaðila við endurskoðunina.

Með aths. með frv. er lögð fram skrá yfir helstu framlög og tekjustofna sem hér er um að ræða. Þegar menn athuga þá skrá geri ég ráð fyrir að margir muni komast að þeirri niðurstöðu, að ýmsum þeirra lagaákvæða verði ekki breytt. En á því á sem sagt að gera könnun. Það er ekki með ákvæði þessu sagt neitt um það, hvaða lagaákvæði af þessu tagi skuli niður falla eða verði breytt. En ég vil segja það, að ég get ekki fallist á þá skoðun sem heyrst hefur, að það væri einhver goðgá að nema þessar föstu fjárveitingar úr lögum eða mörkuðu tekjustofna og ætla Alþ., sjálfu fjárveitingavaldinu, að ákveða þær eins og aðrar fjárveitingar, allra helst þegar gert er ráð fyrir að með langtímaáætluninni sé þetta fest betur með því að gera ráð fyrir tillögum til fjögurra ára. Það er lítilsvirðing við hv. Alþ., við hv. fjárveitinganefnd, að ganga út frá því sem gefnu að það muni misfara með þetta vald sitt. Það er fjárveitingavaldið sem hefur þetta vald í höndum sér, og það er auðvitað undantekning að þetta vald sé tekið af því af almenna löggjafanum og hendur fjárveitingavaldshafans bundnar.

Þá er í þessum kafla einnig gerð till. um að niðurgreiðslum landbúnaðarafurða verði sett ákveðið hámark fyrir hverja afurð og miðist hámarkið við verð til framleiðenda. Ljóst er að niðurgreiðslur fela gjarnan í sér röskun á verðhlutföllum gagnvart öðrum vörum, auk þess sem mismiklar niðurgreiðslur á einstökum búvörum raska verðhlutföllum innbyrðis. Í þessu er fólgin sú hætta, að hvatt sé til framleiðslu á vörum, sem offramboð er á, og að niðurgreiðslurnar seinki og torveldi þær breytingar, sem þurfa að eiga sér stað í samsetningu framleiðslunnar eigi hún að geta staðist til lengdar. Með þessari till. er leitast við að ráða hér nokkra bót á, bæði hvað snertir röskun verðhlutfalla gagnvart öðrum vörum og eins gagnvart öðrum búvörum. Er gert ráð fyrir að þessu markmiði verði náð í áföngum á árunum 1979, 1980 og 1981.

Sú viðmiðunarregla, sem hér er gert ráð fyrir, er einföld í meðförum þegar um er að ræða afurðir svo sem mjólk og kjöt, þar sem unnt er að hafa beina viðmiðun við verð til bænda. Um aðrar afurðir, sem meira eru unnar, svo sem rjóma, smjör og ost, er þetta ekki eins einfalt. Helst hefur verið gert ráð fyrir að niðurgreiðslur megi mest nema sama hlutfalli af heildarkostnaðarverði og á mjólk og kjöti. — Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að fjárhæðum, sem verja skal til niðurgreiðslna á þessu ári samkv. fjárl., verði ekki breytt.

Það er ein af þversögnunum í íslenskri sögu, að þjóð, sem árum og jafnvel öldum saman svalt og bjó við matvælaskort, hafi nú þær áhyggjur einna helstar að of mikið framboð sé á matvælum. Sjálfsagt er að viðurkenna að hér er í svipinn um að ræða a. m. k. nokkurt vandamál, sem verður að snúast við af skynsemi, en án þess þó að fara út í öfgar.

Í 10. gr. frv. er að finna ákvæði um framkvæmd þeirrar lækkunar ríkisútgjalda um 1000 millj. kr. sem heimild

var veitt til í fjárl. Gert er ráð fyrir að rn. geri till. um lækkun útgjalda hvert á sínu sviði til fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem síðan móti endanlegar till. til ríkisstj. í samráði við fjvn. og undirnefnd hennar. Tímatakmörkunum, sem sett voru í þessu efni, er af eðlilegum ástæðum breytt nokkuð með þeim breytingum sem gerðar voru á frv. í hv. Ed.

Í 11. gr. er stefnumarkandi ákvæði um heildarumfang ríkisfjármálanna á árunum 1979 og 1980. Lögð er áhersla á að við núverandi efnahagsástand verði ríkisfjármálunum beitt til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum, en með fyllsta tilliti til atvinnuástands.

Loks er í 12. og 13. gr. till. um endurbætur á eftirliti með framkvæmd fjárl. og aukna hagsýslustarfsemi í því skyni að auka aðhald í ríkisrekstri og tryggja sem hagkvæmasta meðferð opinberra fjármuna. Þessi ákvæði eru til fyllingar gildandi ákvæðum laga nr. 61/1931, um ríkisendurskoðun, og laga og reglugerðar um Stjórnarráð Íslands frá 1969. Gert er ráð fyrir að ríkisendurskoðun fylgist með framkvæmd fjárl. í umboði Alþingis. Í framhaldi af þessari till. hyggst ríkisstj. beita sér fyrir því, að sett verði ný lög um ríkisendurskoðun sem feli í sér grundvallarbreytingu á stöðu stofnunarinnar og hlutverki hennar. Gert er ráð fyrir að ríkisendurskoðun starfi í nánum tengslum við fjvn. og undirnefnd hennar. Þar er lögð aukin áhersla á hagsýslustarfsemi ríkisins í því skyni að auka hagkvæmni og sparnað í ríkisrekstri. Tillögur þessara greina munu hafa í för með sér til muna aukin umsvif þeirra stofnana, sem í hlut eiga, og getur þess vegna komið til þess að til þessara verka þurfi að ráða sérmenntað starfsfólk, en ávinningurinn réttlætir trúlega þann kostnaðarauka sem það hefur í för með sér. — 13. gr. hefur aðeins verið breytt í hv. Ed., en þar er þó ekki um neinar umtalsverðar breytingar að tefla.

Í IV. kafla frv. er fjallað um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstj., er lagðar skulu fyrir Alþ. í tengslum við fjárlagafrv. Verða þær lagðar fram samtímis og væntanlega í einu lagi, eins og gert var fyrir þetta ár. Í kaflanum er ákvæði um að í fjárfestingar- og lánsfjáráætlununum skuli settar fram heildaráætlanir um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra og ákvarðanir um framkvæmdaframlög og framlög til fjárfestingarlánasjóða og útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða, auk þess sem ákvæði eru um undirbúning áætlananna og nauðsynlegar atriði vegna framkvæmdar þeirra. Einnig eru í kaflanum ákvæði sem ætlað er að leggja áherslu á nauðsyn þess að draga úr fjlarfestingarútgjöldum og þau verði innan við fjórðung af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Einnig eru ákvæði er stefna að meira aðhaldi í erlendum lántökum en verið hefur á undanförnum árum. Í kaflanum eru einnig ákvæði um að útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða verði samræmd.

Það er æskilegt að fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir séu lagðar fram um leið og fjárlagafrv., til þess að fyrir liggi heildaryfirlit yfir fjármunamyndun og fjármögnun í samhengi þjóðhagsáætlunar þegar fjárlagafrv. er til meðferðar á Alþ. Áætlanirnar eru gerðar til eins árs í senn, en þegar fram í sækir er nauðsynlegt að þær verði gerðar til nokkurra ára í senn, en verði jafnframt endurskoðaðar árlega. Að þessu verður stefnt á árunum 1979 og 1980. Þá er gert ráð fyrir að áætlununum fylgi stefnumótun í meginatriðum fyrir næstu þrjú árin eftir gildistíma þeirra, og er þetta til samræmis við ákvæðin um langtímafjárlög í 7. gr. frv.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja ákvæði 15. og 16. gr., heldur vísa til ákvæða frv. og aths. sem þeim greinum fylgja. — Það hafa verið gerðar breytingar varðandi 16. gr. frá upphaflegu frv., en þó ekki breytingar sem raunverulegu máli skipta. Breytingarnar er að finna í þskj. 511.

Það er mjög aðkallandi að efla áætlanagerð um einstakar greinar opinberra framkvæmda. Í 17. gr. er ákvæði þess efnis, að einstök rn. undirbúi slíkar áætlanir hvert á sínu verksviði, en fjárlaga- og hagsýslustofnun samræmi undirbúning og gerð þessara áætlana. Aðrar stofnanir, svo sem Framkvæmdastofnun, Orkustofnun og Þjóðhagsstofnun, munu einnig geta lagt lið í þessum efnum, en frumkvæðið er hjá rn. og það vil ég undirstrika. Nauðsynlegt er að því verði sem fyrst komið á, að áætlanir hvers árs verði gerðar innan ramma áætlana til nokkurra ára, til þess að unnt verði að marka stefnu í fjárfestingarmálum og ríkisfjármálum til lengri tíma en eins árs. Samhliða þarf að leggja áherslu á að bæta tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning einstakra verka.

Í 18. gr. er hins vegar fjallað um atvinnuvegaáætlanir. Áætlanir um þróun einstakra greina atvinnulífsins eru á verksviði Framkvæmdastofnunar samkv. núverandi skipulagi, en frumkvæði og þátttaka frá hlutaðeigandi rn. er hér einkar mikilvæg. Þróun atvinnulífsins er í ríkum mæli háð stefnu og aðgerðum stjórnvalda, ekki síst þar sem lánveitingar bæði til stofnlána og rekstrarlána eru að mestu leyti á vegum banka og fjárfestingarlánasjóða í opinberri eigu. Mikilvægt er að settir séu upp könnunarreikningar um þróun einstakra greina á næstu árum til þess að taka megi ákvarðanir um lánveitingar og önnur atriði, er hagi atvinnugreina varða, með yfirsýn yfir stöðu og þróun greinanna og gildi einstakra verka og framkvæmda. Nokkurt starf hefur þegar verið unnið á þessu sviði, bæði af Framkvæmdastofnun, Rannsóknaráði ríkisins og einstökum rn. Virðist eðlilegt að frumkvæði og ábyrgð á áætlanagerð um einstakar atvinnugreinar sé hjá viðkomandi rn. í samvinnu við samtök greinanna sjálfra, en þau njóti aðstoðar Framkvæmdastofnunar og Þjóðhagsstofnunar við verkið. Hlutverk Þjóðhagsstofnunar yrði þá fyrst og fremst að láta í té upplýsingar og sjónarmið varðandi almenna efnahagsþróun og tengja áætlanirnar annarri áætlunargerð. Verkefni Framkvæmdastofnunarinnar væri hins vegar að gera sérstakar kannanir og áætlanir fyrir einstakar greinar, en einnig að semja í samvinnu við Seðlabankann fjáröflunar- og útlánaáætlanir fyrir fjárfestingarlánakerfið, sem gera mætti markvissari væru þær tengdar atvinnuvegaáætlun.

Í 19. gr. er fjallað um undirbúning lánsfjár- og fjárfestingaráætlana. Fjárfestingaráætlanir og fjárfestingarstjórn eru svo almenns eðlis, að þær verða ekki slitnar frá almennri stjórn efnahagsmála, og því eðlilegast að slíkar áætlanir séu unnar á vegum ríkisstj. sjálfrar. Flest þeirra áhrifatækja, sem fjallað er um í 15. gr., eru á vegum fjmrn. og því virðist eðlilegast að undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlana sé á vegum ríkisstj. og Þjóðhagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök rn. annist nauðsynlega undirbúningsvinnu.

Í 20. gr. er heildarfjárfestingu sett mörk á árinu 1979. Í samræmi við þau markmið í efnahagsmálum, sem ríkisstj. hefur sett sér, að draga úr verðbólgu og ná af-

gangi í viðskiptum við útlönd og tryggja þannig fjárhagslega stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum, er nauðsynlegt að draga úr heildarfjárfestingu á árinu 1979 frá því sem verið hefur á undanförnum árum. Til þess að leggja áherslu á þetta markmið er í þessari grein mótuð sú stefna, að fjárfestingarútgjöld verði innan við fjórðung af vergri þjóðarframleiðslu á árinu 1979. Á s. l. ári er talið að fjármunamyndunin hafi verið tæplega 27% af þjóðarframleiðslu og árin á undan var hlutfallið enn hærra og fór hæst árið 1975 eða í 34%. Ákvæði þessarar greinar ber að skoða með tilliti til núverandi aðstæðna í þjóðarbúskapnum og gæti því þurft að taka til endurskoðunar ef aðstæður breyttust að marki, t. d. þannig að ætla mætti að hætta væri á atvinnuleysi.

21. gr. frv. fjallar um útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða, en þær ráða miklu um framgang stefnunnar í fjárfestingarmálum og því er nauðsynlegt að marka skýra stefnu í þessu efni, sem miði að því að einfalda og samræma öll lánskjör sambærilegra lána, einkum að því er varðar nafnvexti, verðtryggingu og lánstíma. Með ákvæði 21. gr. er stefnt að því að ljúka því starfi á þessu ári. Starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna hefur einkennst af því, að útlán þeirra hafa í of ríkum mæli ráðist af sjálfvirkum reglum, t. d. sem ákveðinn hundraðshluti af framkvæmd, ef vissum formlegum skilyrðum er fullnægt, en í of litlum mæli af kröfum um arðsemi einstakra framkvæmda. Þessu verður að breyta með því að afnema, eftir því sem fært þykir, hinar sjálfvirku útlánareglur, en koma í staðinn á samræmdum reglum um arðsemimat o. fl. á einstökum framkvæmdum. Með sama hætti þarf að kanna lagaákvæði um framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða eftir sjálfvirkum reglum og athuga hvort ekki eigi að taka upp í staðinn beinar fjárveitingar á fjárlögum. En í því sambandi þarf auðvitað að skoða verkefni einstakra sjóða og þá sérstaklega með tilliti til félagslegra markmiða.

Í V. kafla frv. eru ákvæði um atvinnuvegaáætlanir til nokkurra ára í senn og frumkvæði rn. um gerð þeirra. Mælt er fyrir um, hvernig samræma skuli áætlanagerð, form áætlananna á Alþ. og rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þá eru og ákvæði um fjáröflun til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins og skýrslugerð um fjárfestingu í atvinnuvegum. — Þessi ákvæði geta orðið mikilvæg þegar til lengri tíma er litið.

Ég vil sérstaklega benda á 22. gr., sem er höfuðákvæðið í þessum kafla. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneyti einstakra atvinnuvega skulu hafa forgöngu um gerð atvinnuvegaáætlana hvert á sínu sviði.

Við áætlanagerðina skal sérstaklega miða að frekari vinnslu og bættri nýtingu innlendra hráefna og aukinni framleiðni atvinnuveganna og traustum rekstrargrundvelli þeirra. Jafnframt skulu kannaðar hugmyndir og gerðar áætlanir um nýjar atvinnugreinar, er treyst gætu undirstöðu þjóðarbúskaparins. Við undirbúning og skipulagningu áætlana skal leggja áherslu á skynsamlega og hagkvæma ráðstöfun auðlinda og skipulega landnýtingu til lengri tíma. Enn fremur skal hafa í huga æskilegt jafnvægi milli einstakra atvinnugreina auk þess sem áætlanir stuðli að skipulegri byggðastefnu og eflingu atvinnustarfsemi á félagslegum grundvelli."

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því frumkvæði, sem meiningin er að haft sé með þessari áætlanagerð, að stuðla að nýjum atvinnugreinum, en auk þess vil ég einnig undirstrika það, sem er tekið fram í greininni, áætlanirnar eiga einmitt að miða að traustum rekstrargrundvelli atvinnuveganna. Það er m. a. ástæðan til að þetta ákvæði sérstaklega kom þarna inn, að í áliti Vinnuveitendasambandsins var sérstaklega vikið að nauðsyn þess að rekstrargrundvöllur atvinnuvega væri tryggður. Öllum þm. er að sjálfsögðu ljós nauðsyn þess.

Annars var spurt talsvert í Ed. eftir fyrirmyndum að þessum kafla. Það var eins og menn héldu þar að Íslendingar væru orðnir svo ófrjóir að þeim gæti alls ekki dottið neitt nýtt í hug — það yrði alltaf að fá einhverjar fyrirmyndir annars staðar frá sem þyrfti að apa eftir. En ef grannt væri að gáð og litið aftur í íslenska sögu mætti finna a. m. k. spíruna að hugmyndinni að þessum kafla. En hann er jafngóður fyrir því, hvort sem hann á sér fyrirmyndir annars staðar eða ekki.

Efni VI. kaflans er tvíþætt. Í fyrsta lagi eru settar fram almennar viðmiðanir fyrir stjórn peningamála og ákvörðun gengis og vaxta. Í öðru lagi eru gerðar till. um hvernig beita skuli stjórntækjum peningamála gegn verðbólgu til jafnvægis í efnahagsmálum á þessu og næsta ári.

Í 28. og 29. gr. er áréttuð sú skylda Seðlabankans að vinna að því, að peningamagn í umferð og heildarútlán séu í samræmi við stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum. Þá er ákveðið að Seðlabankinn skuli gera áætlun til tveggja ára um breytingar á helstu peningastærðum og um lánamarkaðinn í heild á grundvelli þjóðhagsáætlunar, sbr. I. kafla þessa frv.

Í 30. gr. er gerð till. um viðmiðun fyrir aukningu peningamagns á næstu tveimur árum. Vegna þess að ýmsar utanaðkomandi breytingar geta haft áhrif á þessa stærð verður hér að vera um stefnuyfirlýsingu að ræða frekar en alveg ákveðið mark. Hins vegar er það ákveðinn vilji ríkisstj., að peningamálum verði beitt á virkari hátt en verið hefur til viðnáms gegn verðbólgu. Til þess að svo megi verða þarf að gera breytingar á nokkrum helstu stjórntækjum peningamála, auk þess sem jafnvægi í ríkisfjármálum er mikilvæg forsenda þess, að aukning peningaframboðs sé hófleg. — Í lok greinarinnar er settur sá fyrirvari, að víkja megi frá markmiðum hennar ef óvæntar breytingar verði í þjóðarbúskapnum.

Þau andmæli hafa heyrst gegn þessari grein líka, að það þekktist hvergi á byggðu bóli að sett væru svona ákvæði í lög. En ég verð að segja það sama um þetta og ég sagði um ákvæðið áðan, að það ætti ekki að vera nein goðgá þó að það væru einhver ákvæði í lögum hér sem ekki fyndust neins staðar annars staðar. Yfirleitt halda menn helst til fast við að það verði að finnast fyrirmyndir að öllu hjá öðrum og það geti ekkert frumlegt verið í löggjöf okkar. En hvað um það, eins og ég sagði er hér samkv. eðli málsins fyrst og fremst um stefnumarkandi markmið að tefla.

Við meðferð málsins í hv. Ed. var svo skotið inn nýrri grein, 31. gr., og hún er um aukna bindiskyldu í Seðlabankanum, um að hækka heimild til bindiskyldu af innstæðufé viðkomandi stofnunar úr 25%, eins og hún er nú, upp í 28%. Eru svo önnur ákvæði í greininni tilheyrandi þessu.

Greinatalan breytist í samræmi við að þessari grein er skotið inn, þannig að sú grein, sem áður var 31. gr., er nú 32. gr. Þar eru ákvæði um það, hvaða viðmiðun eigi að hafa við gengisskráningu íslensku krónunnar á hverjum tíma. Þykir nauðsynlegt að þessi almenna viðmiðun sé

bundin í lög þegar um jafnmikilvægt hagstjórnartæki og gengisskráningu er að tefla.

Í 33. gr., sem nú er orðin, er gerð till. um að tekin verði upp í áföngum á þessu og næsta ári almenn verðtrygging, en vextir verði jafnframt lækkaðir verulega. Hin öra verðbólguþróun hérlendis að undanförnu hefur eðlilega leitt til þess að leitað er leiða til þess að leiðrétta skekkju af völdum verðbólgunnar á ýmsum sviðum efnahagslífsins. En tilfærsla eigna frá þeim, sem skulda í peningum, með vöxtum, sem liggja undir hraða verðbólgunnar, til hinna, sem geyma fé sitt á vöxtum undir verðbreytingum, er e. t. v. einn alvarlegasti fylgikvilli verðbólgunnar. Auk eignatilfærslu fylgir því ástandi, sem hér hefur ríkt, óhófleg eftirspurn eftir lánsfé og jafnframt brenglar verðbólgan mat á framtíðargildi fjárfestingar þegar raunverulegur vaxtakostnaður kemur ekki fram í lánskjörum. Leiðirnar til þess að verjast þessu eru tvær: Hækkun vaxta eða verðtrygging með lágum vöxtum. Hækkun vaxta og lækkun eftir verðbólgustigi hefur ýmsa ókosti sem verðtrygging hefur ekki, einkum ef hraði verðbólgunnar er breytilegur. Á hinn bóginn er ljóst að verðtrygging eftir á hentar ekki í öllum lánsviðskiptum til skamms tíma. Í þessari grein er lagt til að stefnt verði að verðtryggingu — og þar með jákvæðum, en lágum raunvöxtum — með vaxtaákvörðun Seðlabankans á næstunni. Hér er um vandasamt verk að ræða sem hlýtur að taka nokkurn tíma að koma á, en í þessu frv. er mörkuð skýr stefna í því efni.

Þeirri stefnu er svo sérstaklega fylgt eftir í VII. kafla frv., sem fjallar um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Það er eitt af markmiðum ríkisstj. í peningamálum að tryggja örugga ávöxtun sparifjár með því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Í lögum um verðtryggingu fjárskuldbindinga, nr. 71/1966, er gert ráð fyrir verulegum takmörkunum á notkun verðtryggingarákvæða í lánsviðskiptum. Í till. þessa kafla felst að þau ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir, komi í stað laga nr. 71/1966.

Það er meginstefna þessara till., að tekin verði upp sem almennust verðtrygging á inn- og útlánum. Með samþykkt þeirra væru því sett almenn lagaákvæði um ákvörðun verðtryggingar, bæði í viðskiptum innlánsstofnana og utan þeirra, en nánari reglur varðandi verðtrygginguna yrðu settar af Seðlabankanum með sama hætti og vextir eru ákveðnir.Gert er ráð fyrir að verðtrygging útlána verði einkum með þeim hætti, að verðbólguþáttur vaxta leggist við höfuðstól láns í lok hvers vaxtatímabils. Þetta hefur þau áhrif, að raunverulegri greiðslubyrði afborgana og vaxta er dreift sem jafnast á lánstímann. Þessi aðferð er þó ekki framkvæmanleg að því er varðar viðskiptavíxla og verður því að taka tillit til verðtryggingarinnar við ákvörðun forvaxta og verðbótakaflans.

Þau lánskjör, sem þannig yrðu ákveðin fyrir innlánsstofnanir, yrði einnig heimilt að nota í öllum sambærilegum viðskiptum aðila utan bankakerfisins. Í reynd yrði því heimilt að taka upp almenna verðtryggingu í lánsviðskiptum, t. d. sem tengd eru kaupum og sölu á fasteignum, framleiðslutækjum eða öðrum varanlegum verðmætum. Slík verðtryggð viðskipti yrðu háð þeim reglum sem Seðlabankinn setur um þau efni. Í till. er gert ráð fyrir sérstökum reglum um lánskjör fjárfestingarlánasjóða og um heimildir lífeyrissjóða til að veita verðtryggð lán, en lífeyrissjóðum yrði að sjálfsögðu einnig heimilt að veita lán með sömu kjörum og innlánsstofnanir.

Í till. eru almenn ákvæði um helstu skilyrði sem reglur um verðtryggingu verða að fullnægja. Gert verður ráð fyrir því sem meginstefnu, að verðtrygging miðist við opinbera skráða vísitölu, en einnig yrði heimilt að leyfa að verðtrygging miðist við gengi erlends gjaldeyris, þar sem það er annars heimilt og nánar er mælt fyrir í tiltekinni grein frv.

Meðal formskilyrða, sem sett eru fyrir verðtryggingu, má nefna að verðtryggt sparifé, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn og að getið sé verðtryggingar þegar skuldbindingar eru færðar í veðmálaskrár og á veðbókarvottorð. — Það er sem sagt meginstefna frv. — kaflans að heimila verðtryggðu sparifjár og lánsfjár eftir þeim reglum sem koma fram í till. og ætlað er að tryggja sanngjarna og örugga framkvæmd.

Hugtakið verðtrygging er tekið í víðtækri merkingu og á við hvers konar tilvik þar sem um er að ræða að greiðsla eða fullnæging fjárkröfu sé tengd breytingu á verðvísitölu og gengi gjaldeyris, þegar það á við í endurlánum eða annarri viðmiðun. Að öðru leyti eru tillögur þessa kafla að miklu leyti tæknilegs eðlis, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja nánar. Rétt þykir mér þó að vekja athygli á því sérstaka ákvæði sem er um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna, sem breytt var að formi til — og með réttu — í hv. Ed., en hefur sama efni og áður. Það er Seðlabankinn sem setur reglur um það efni að fengnu samþykki ríkisstj.

Í VIII. kafla er svo fjallað um greiðslu verðbóta á laun. Tillögur þessa kafla voru byggðar á aths. viðnámslagafrv. frá í nóv. 1978, á starfi vísitölunefndar og samráði við samtök launafólks. Einmitt eftir ábendingum frá samtökum launamanna voru felld niður ákvæði, óbreytt, sem höfðu verið í upphaflegum till. að frv. þessu. Var gert ráð fyrir því í frv. að settar væru almennar reglur um verðbreytingu launa, en á hinn bóginn gert ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að um grunnkaup yrði samið í kjarasamningum. Kveðið er á um greiðslu verðbóta á þriggja mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu sem reiknast eftir framfærsluvísitölu. Er þetta ekki breyting frá því sem verið hefur, þó að ýmsir hefðu talið æskilegt að það tímabil væri lengt sem liggur á milli útreikningsdaga. Þá var gerð sú breyting frá því skipulagi, sem gilt hefur, að frá framfærsluvísitölu er dregin sú hækkun hennar eða lækkun er leiðir af breytingum búvöruverðs vegna breytinga á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru, breytingum vegna áhrifa olíuverðshækkana, eins og nánar segir í því ákvæði sem þar er um, og breytingum á áfengis- og tóbaksverði.

Um þetta eru ákvæði í 50. gr. Þau eru óbreytt frá því sem þau eru lögð fram að öðru leyti en því, að felld var niður setning í 2. tölul., sem fjallaði um olíuverðsákvarðanir eða breytingar sem stöfuðu af þeim. Setning þessi stóð í upphaflegu frv.-gerðinni og var svona: „eða til annarra ráðstafana til þess að milda áhrif hækkunar olíuverðs innanlands". Þetta var fellt niður í hv. Ed.

Aðalatriðið í þessum kafla er hins vegar það nýmæli, að gert er ráð fyrir sérstökum tímabundnum frádrætti frá breytingum verðbótavísitölu ef viðskiptakjör þjóðarbúsins rýrna frá viðskiptakjarastigi ársins 1978, en frádráttur þessi fellur niður ef viðskiptakjör batna og gæti þá snúist í viðbót. Við gerð þessa kafla var tekið

verulegt tillit til ábendinga, eins og ég sagði áðan, frá samtökum launafólks og skriflegra umsagna um frv.-drög sem tekin voru saman. En á sjálfum ákvæðum þessa kafla voru ekki, þegar frá eru skilin bráðabirgðaákvæðin, gerðar breytingar í hv.Ed. umfram það sem ég minntist á áðan, breytinguna á 50. gr. varðandi 2. tölulið.

Það er rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 51. gr., sem hér er höfuðnýmælið og að mínum dómi aðalatriðið, af því að þar er það viðurkennt — sem er nýmæli — að það eigi og skuli taka tillit til viðskiptakjara við ákvörðun viðskiptaverðbótavísitölu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Rýrni viðskiptakjör þjóðarbúsins á gildistíma þessara laga frá viðskiptakjarastigi ársins 1978, þannig að innflutningsverð hækki umfram útflutningsverð, skal draga frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu, sem viðskiptakjararýrnuninni nemur. Við mat á viðskiptakjaraviðmiðun verðbóta frá 1. júní 1979 skal byggt á viðskiptakjaravísitölu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar fyrir fyrsta ársfjórðung 1979 að 2/3, en að 1/3 á mati á viðskiptakjörum á grundvelli dagverðs á helstu útflutnings- og innflutningsvörum eftir miðjan apríl 1979. Hliðstæð tímaviðmiðun skal gilda fyrir viðskiptakjaramat við síðari verðbótaútreikning.

Á sama hátt og í 1. mgr. segir skal viðskiptakjarabati koma til hækkunar verðbótavísitölu við verðbótaútreikning. Ekki skal taka tillit til breytinga á viðskiptakjörum samkv. þessari grein, nema breytingin nemi 1% eða meira milli útreikningsdaga verðbótavísitölunnar."

Í 52. gr. er kveðið á um að Kauplagsnefnd skuli setja nánari reglur um framkvæmd 48. — 51. gr. Það er rétt að undirstrika það, að Kauplagsnefnd hefur mjög mikið vald í þessum efnum og þar hefur enginn neitt yfir henni að segja. Sum þau atriði, sem þarna er um að tefla, eru undir mati hennar komin.

Það þarf ekki að rekja það hér eða fjölyrða um það, að um þessi ákvæði hefur verið nokkur ágreiningur. M. a. vegna ábendinga, sem komu fram hjá Verkamannasambandi Íslands, hefur verið gerð breyting á ákvæðum til bráðabirgða. Þær breytingar koma fram í þeim bráðabirgðaákvæðum sem nú fylgja frv.

Í fyrsta lagi er nú ákveðið þar að verðbætur samkv. ákvæðum þeim, sem á undan eru komin, greiðast á grunnkaup sem svo er ákveðið: Greitt kaup í mars 1979, þ. e. grunnkaup, verðbætur og verðbótaauki samkv. þágildandi samningum og lögum, telst grunnkaup við upphaf gildistíma þessara laga.

Síðan er ákvæði um að grunnkaup þetta skuli haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið. Á þessu var við 3. umr. í hv. Ed. gerð sú breyting að á eftir þessum orðum skyldi koma inn setning þar sem segir: Að því er varðar félagsmenn í BSRB og BHM fer þó eftir samkomulagi því, sem gert hefur verið við fjmrn. Í framhaldi af því heldur svo bráðabirgðaákvæði nr. I áfram:

„Ákvæði þessara laga breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun."

Þetta er mjög þýðingarmikið atriði og rétt að staldra aðeins við það. Lagaákvæði þau, sem fjalla um verðbótakaflann, eru með þessu ákvæði gerð það sem kallað er „frávíkjanleg lög". Það er hægt að semja sig frá þeim og samningar ganga framar lögum. Þetta gildir ekki aðeins um grunnkaupið, heldur líka um vísitölubæturnar eða verðbætur. Þess vegna fæ ég ekki skilið þá ályktun sem gerð var af Vinnuveitendasambandinu og birt var í morgun, þar sem talað er um að þetta atriði sé bundið að einhverju leyti, og það vill af þeim ástæðum ekki ganga til samninga. Það er alls ekki rétt. Þetta er algerlega óbundið og þeir, sem hafa lausa samninga, geta samið á hvern hátt sem þeir vilja.

Það er skoðun margra, og það er mín persónulega skoðun, að það sé full ástæða til þess að gera greinarmun á grunnkaupi og verðbótum í þessu sambandi. Ég tel sjálfsagt að grunnkaupið sé háð samningum og fari algerlega eftir samningum. Ég tel hins vegar persónulega jafnеðlilegt og sjálfsagt að löggjafinn setji ákveðnar reglur um verðbætur, sem aðilar séu bundnir af. Það má auðvitað gera á margvíslegan hátt og hefur verið gert á margvíslegan hátt, bæði hér á landi og annars staðar, því að í framkvæmd hefur þetta „prinsip" í raun og veru verið viðurkennt í löggjöf hér. Æ ofan í æ hefur löggjafinn gripið inn í kjaramál með þeim hætti að hagga við grunnkaupi. Þetta sýnir að löggjafinn hefur hér eins og annars staðar gert sér grein fyrir því, að það væri eðlismunur á grunnkaupi og verðbótum.

Auðvitað er ekkert í veginum fyrir því út af fyrir sig að verðbætur væru ákveðin krónutala, hin sama á öll laun. Það er því ekki sjálfgefið, það er ekkert lögmál, að það þurfi að miða við þá stighækkandi prósentutölu á grunnkaup sem nú er gert. En þó að ég hafi þá persónulegu skoðun, sem ég hef lýst, eru lagaákvæðin um þetta, sem sett eru núna, alveg skýr, að það á sama regla að gilda um grunnkaupið og verðbæturnar, hvort tveggja er eftir sem áður samningsatriði og menn geta samið um hvort tveggja á þann veg sem samningsaðilum kemur saman um, ekki bundnir á neinn hátt af þeim ákvæðum sem á undan eru komin um tilhögun verðbótanna. Ég fer ekki dult með að í sjálfu sér þykir mér þetta galli, þó að ég hafi sætt mig við þessa breytingu.

Í bráðabirgðaákvæði II er höfuðregla líka sem er komin inn fyrir ábendingu frá Verkamannasambandinu sérstaklega. Þar er dreift þeim áhrifum, sem viðskiptakjararýrnunin átti að hafa og hefur, yfir á lengra tímabil, þannig að hún kemur fram í fleiri áföngum. Ef ég má lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta, þá er í fyrsta lagi að geta reglu sem gildir um öll laun:

„Þrátt fyrir ákvæði 51. gr. skal frádráttur frá verðbótavísitölu hinn 1. júní 1979 vegna rýrnandi viðskiptakjara hæst nema 2% af verðbótavísitölu þann dag. Það, sem umfram 2% frádrátt kann að reynast, skal tekið til greina þegar reiknuð verður verðbótavísitala frá 1. sept. 1979."

Síðan kemur svo önnur regla, sem má teljast undantekningarreglan eða sérreglan í þessu sambandi, sem á við um laun innan við ákveðið mark. Þar segir:

„Þó skal frádráttur frá hækkun verðbóta samkv. ákvæðum 50. gr. ekki breyta rétti til verðbóta hinn 1. júní 1979 á laun, sem lægri eru en 210 þús. kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu, sbr. 1. mgr. þessara ákvæða til bráðabirgða. Hinn 1. sept. 1979 skal breyting verðbóta frá 1. júní vegna viðskiptakjaraáhrifa vera hin sama fyrir þessi laun og aðra launataxta." En síðan segir svo: „Hinn 1. des. 1979 skal síðan gilda sama vísitala við ákvörðun verðbóta á öll laun eins og hún verður ákveðin samkv. ákvæðum 48.—51. gr." — Síðan eru nánari ákvæði um hvað telja skuli dagvinnu og því um líkt. En sú er grundvallarreglan, að þetta á að vera jafnað út 1. des. þetta ár.

Eftir þann tíma á að greiða eftir sömu vísitölu á öll laun, með þeim fyrirvara auðvitað að ekki hafi verið samið um annað.

Í III. er svo ákvæði um að gilda skuli hliðstæðar reglur um elli- og örorkulaun og laun undir 210 þús. kr. á mánuði.

Eins og ég sagði áðan hefði ég persónulega talið að það hefði verið æskilegt að hægt hefði verið að haga ákvæðum þessum á þá lund að náðst hefði meiri árangur í þá átt að verðbólgan hefði hjaðnað. En það hefur verið farinn þessi meðalvegur og það hefur verið gert samkv. ábendingum sem komið hafa fram frá þeim samtökum launamanna, sem ætla má að þetta snerti mest. Ég fyrir mitt leyti sætti mig við að gera þá breytingu á frv. og láta hér við sitja, af því að mér er ljóst að það verða ekki gerðar á þessu breytingar nema í þolanlegu samkomulagi við þá aðila sem hér eiga hlut að máli. Það þýðir ekki að vera að setja um þessi efni ákvæði sem verða dauður bókstafur. En vitaskuld verður að játa það hreinskilnislega, að með þeirri skipan, sem nú er gert ráð fyrir í frv. þessu varðandi þessi mál, er ekki náð því markmiði sem ríkisstj. hafði sett sér um hjöðnun verðbólgu og fram kom í aths. við frv. um viðnám gegn verðbólgu frá því í nóv., en þar hafði verið sett það mark að koma verðbólgunni niður í eða niður fyrir 30% á þessu ári. Það er auðvitað ljóst að það mark næst ekki.

Svo eru menn með spádóma um það hvar markið verði. Þjóðhagsstofnun nefnir samkv. nýjustu tölu, sem ég hef frá henni, 35. Vinnuveitendasambandið hefur reiknað út að hún verði 40. Það er í rauninni fróðlegt að fá slíka útreikninga, en reyndin verður að skera úr því, hver niðurstaðan verður. Og þref um eitt eða tvö prósentustig til eða frá held ég að almenningur skilji tæpast. Allir spádómar í þessu efni geta brugðist, hversu vel sem til þeirra er vandað, og það af ýmsum ástæðum. En þetta er það sem menn komast næst. Samkvæmt nýjasta útreikningi, sem ég hef frá Þjóðhagsstofnuninni, er gert ráð fyrir að eins og þetta lítur út núna og í þeirri mynd sem frv. er í nú verði almenn prósentuhækkun verðbóta 1. júní 7%, en á launum undir 210 þús. 9%. En að öllu óbreyttu hefði Þjóðhagsstofnunin reiknað með 11—12% — kannske eitthvað meira.

Auðvitað er ekki ástæða til þess að fara í felur með það, sem liggur í augum uppi, að af þessum ákvæðum leiðir að menn fá færri krónur en þeir hefðu fengið 1. júní og svo áfram á þessum tímabilum. Krónutöluhækkunin verður kaupmáttarrýrnun fyrst í stað. Það leiðir af fækkandi krónum fyrst í stað. Hins vegar geta menn svo haft reynsluna í huga og athugað hversu drjúg krónutöluhækkunin hefur reynst þeim til kaupmáttaráhrifa á þriggja mánaða tímabilinu. Ég hygg að reynslan sýni að áhrifin af krónutöluhækkun hafi ekki dugað nema svo sem 1—2 mánuði, þá eru þau búin. Og ég hygg að það sé sannast, þegar litið er til ársins í heild, að ekki sé þarna um kaupmáttarrýrnun af þessum ástæðum að ræða — eða a. m. k. svo litla að það sé ekki orð á gerandi. Ég veit ekki betur en að svo sé. En það er náttúrlega orðið trúaratriði hjá mörgum, að það sé aðalatriðið að fá krónutöluhækkun. Þess vegna er mikil tregða á því að gefa nokkuð eftir í þessum efnum eða slaka á eða prófa nýjar leiðir. Þó hygg ég að þetta sé að breytast og þeir menn séu alltaf að verða fleiri og fleiri meðal allrar þjóðarinnar sem gera sér grein fyrir því, að krónutalan ein hefur ekki allt að segja — aðalatriðið er kaupmátturinn — og gera sér grein fyrir þeirri staðreynd, að þó að svo og svo mikil krónutöluhækkun hafi komið dugar hún ákaflega stutt. Áhrif hennar eru komin út í veður og vind eftir stuttan tíma og þá hafa þeir lítið borið úr býtum, en fengið hins vegar í meðgjöf alla þá óþurftarkvilla sem verðbólgunni fylgja. Ef marka má orð manna er það svo, að fleiri og fleiri eru farnir að átta sig á þessari staðreynd og fleiri og fleiri tala um hvílíkur böl valdur verðbólgan sé, hvílík nauðsyn sé að reyna að ráða niðurlögum hennar og gera ráðstafanir. En þegar á að hefjast handa og gera ráðstafanir í þá átt reynir fyrst á hver hugur fylgir máli.

Það er skiljanlegt að þessi mál séu viðkvæm, og það verður að fara með þau sem slík. Það er takmarkað hvað hægt er að komast áfram í þessum efnum með hreinu valdboði. Þess vegna verður að reyna að fá samkomulag um þessi efni eftir því sem kostur er. Það eitt getur tryggt að ákvæði af slíku tagi verði meira en bókstafurinn einn. Ég vona að í þessu efni hafi okkur tekist að komast niður á þann grundvöll. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þennan kafla.

Í IX. kafla frv. er fjallað um vinnumarkaðsmál. Þar er kveðið á um stofnun sérstakrar vinnumálaskrifstofu innan félmrn., þar sem samræmd verði upplýsingasöfnun og skýrslugerð um atvinnumál launafólks á landinu öllu. Enn fremur beiti vinnumálaskrifstofan sér fyrir ráðstöfunum í því skyni að greiða fyrir tilfærslum starfsmanna milli atvinnugreina, veiti öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi og geri tillögur um úrbætur á sviði atvinnumála. Ég held að þetta sé ekki lítilvægt hlutverk. Loks er það nýmæli í þessum kafla, að atvinnurekendum er gert skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi með fyrirvara ráðgerðar breytingar í rekstri er leiði til uppsagnar starfsfólks. Að því er þetta ákvæði varðar er hægt að hugga menn með því, að það er fyrirmynd til fyrir því, en hefur ekki fyrst verið hugsað hér á Íslandi. Það er í sænskum lögum svipað ákvæði. Þá er vinnumálaskrifstofunni falið að fylgjast náið með þróun atvinnumála og gera tillögur um úrbætur í þeim efnum. Þannig er í þessari grein sumpart um að ræða nánari útfærslu á starfi sem þegar hefur verið hafið, en einnig kveðið á um ýmis nýmæli á þessu sviði í því skyni að koma á samræmdri og bættri skipan atvinnumála.

Í X. kafla er fjallað um verðlagsmál, þar sem fyrst og fremst eru gerðar tillögur um hvernig styrkja megi verðlagseftirlit og verðskyn neytenda jafnframt því sem laga-ákvæði eru sett um athuganir á innflutningsverðlagi. Þessar tillögur eru liður í undirbúningi að gildistöku laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Þá er um nokkrar breytingar að tefla á 8. og 12. gr. þessara verðlagslaga sem eiga að koma til framkvæmda 1. nóv. n.k. Eftir þær breytingar, sem hv. Ed. hefur gert á þeirri grein frv. sem svarar til 8. gr. í verðlagslögunum, held ég að segja megi að þar sé ekki um mjög verulega breytingu að ræða frá 8. gr. í lögunum. Um það skal ég ekki fjalla nánar. Ég skal ekki heldur ræða neitt sérstaklega um XI. kaflann, varðandi jöfnunarsjóðina, Verðjöfnunarsjóð og Aflatryggingasjóð, heldur vísa til aths. þar um. XII. kaflinn þarfnast ekki neinna skýringa.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir efni þessa frv. í einstökum atriðum. Ég held að óhætt sé að segja, að þetta frv. feli í sér markverða tilraun til að ná tökum á

verðbólgunni og þeim óstöðugleika sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf, um leið og komið er á skipulögðu samráði við samtök launafólks, bænda, sjómanna og vinnuveitenda og lagður grunnur að skynsamlegri áætlanagerð á sviði efnahagsmála. Auk þess felur frv. í sér tilraun til þess að taka með nýjum tökum á þeim sérstöku vandamálum, sem að okkur steðja þessa dagana, þar sem er bæði hin stórfellda olíuverðshækkun og eins takmörkun sem talin hefur verið nauðsynleg á sókn fiskiskipa í ofveidda fiskstofna.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. segir m. a. að vinna skuli að gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar, sem marki stefnuna í atvinnumálum, fjárfestingarmálum, tekjuskiptingu og kjaramálum. Jafnframt verði mörkuð stefna um hjöðnun verðbólgu í áföngum og ráðstafanir ákveðnar sem nauðsynlegar eru í þessu skyni, m. a. endurskoðun á vísitölukerfinu, aðgerðir í skattamálum og mótun nýrrar stefnu í fjárfestingar- og lánamálum. Þær ráðstafanir, sem gripið var til í sept., voru má segja fyrsti áfangi þessa verks, og þær ráðstafanir, sem gerðar voru samkv. viðnámslögunum í nóv. voru þá annar áfanginn. Hér er um þriðja áfangann að ræða. Og ég leyfi mér að fullyrða að hann sé byggður á og sé í samræmi við samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna.

Meginefni frv. er að marka stefnu í efnahagsmálum til næstu ára, að bæta skipulag og stjórntæki efnahagsmála í landinu, að grípa til ráðstafana þegar í stað á sviði fjármála, peningamála, lánamála, verðlagsmála og sveiflujöfnunar í sjávarútvegi sem svari kalli á líðandi stund, að búa í haginn fyrir efnahagslegar framfarir og bætt lífskjör í landinu á grundvelli auðlinda lands og sjávar.

Frv. fjallar þannig um marga mikilvæga þætti efnahagsmála. Auðvitað eru margir þættir þar fyrir utan. T. d. verður sjálfsagt á það bent, að þarna sé ekki að finna ákvæði um skattamál, þarna sé ekki að finna ákvæði um innflutnings- og gjaldeyrismál. Ég vil segja það, að á næstunni verður flutt frv. um innflutnings- og gjaldeyrismál og unnið er að endurskoðun skattalaga. Auðvitað eru þetta hvort tveggja mikilvægir þættir í mótun stefnunnar í efnahagsmálum. Ég verð að endurtaka, að með þessu frv. er verðbólguhjöðnunarmarkmiðum viðnámslaganna frá því í nóv. ekki náð. Það er sumpart af því að það hefur verið tekið tillit til ábendingar umsagnaraðila, en sumpart af því að atvinnuöryggi hefur verið sett í efsta sæti. En ég vil eindregið vara við því, þegar þetta frv. er metið og áhrif þess, að einblína bara á verðbótakaflann. Það eru mýmörg önnur ákvæði í frv., t. d. varðandi stjórn efnahagsmála, sem geta haft þýðingu og geta, ef framkvæmd á þeim tekst vel, eins og ætlunin er, haft mjög mikilvæg áhrif.

Það er alveg tvímælalaust forsenda þess, að unnt verði að koma á bættri skipan við stjórn efnahagsmála, að dregið verði úr verðbólgunni með samræmdum aðgerðum, sem þannig séu valdar að hvorki sé atvinnuöryggi teflt í tvísýnu né efnahagslegu jafnvægi eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við raskað. Til þess að slíkar ráðstafanir beri tilætlaðan árangur þarf skilning og víðtækt samráð og samstarf allra þeirra sem hlut eiga að máli. Verðbólgan hefur á undanförnum árum fært íslenskt efnahagslíf og ýmsan opinberan rekstur svo úr skorðum að lífskjör hafa ekki batnað í kjölfar bættra ytri skilyrða, þar sem hún rýrir beinlínis vöxt þjóðartekna og þar með þjóðarhag og til lengdar geta kjör launþega því aðeins batnað að þjóðartekjur vaxi. Við viljum halda því aðalsmerki íslenskra efnahagsmála á undanförnum árum að allir hafi næga atvinnu. Það tekst okkur ekki ef verðbólgan fær óáreitt að naga að rótum þjóðlífsins og atvinnuöryggis. Úr henni verður að draga.

Afleiðingar verðbólgunnar bitna á þjóðfélaginu í heild. En þegar til lengdar lætur bitnar hún þó þyngst á þeim launþegum, sem lakast eru settir, og á sparifjáreigendum.

Að sjálfsögðu er mér ljóst að í þessu frv. kunna að vera ákvæði sem orka tvímælis, og auðvitað er ekkert óeðlilegt við það, þó að skoðanir um það geti orðið skiptar og menn kunni að verða á móti því, ég tala ekki um stjórnarandstæðinga, en slíkt gæti jafnvel hent einhverja stjórnarliða. Við þessu er ekkert að segja. Við höfum allir rétt til þess að fara eftir okkar sannfæringu og samvisku. Það eru ákaflega dýrmæt réttindi að hafa slíkt frelsi. Það eru svo dýrmæt réttindi að þau eru kaupandi því verði, þó að þau leiði til þess að stöku sinnum fari einstaka maður sér að voða vegna þess.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Frv. það til l. um stjórn efnahagsmála o. fl., sem hér er til 1. umr. í Nd. Alþ., hefur átt sér langan aðdraganda eins og kunnugt er. Bjartsýnir menn gátu e. t. v. hugsað sér að efnislega hefðu ráðstafanir núv. hæstv. ríkisstj. byggst á einhverjum þvílíkum þáttum, sem í frv. felast, þegar í septembermánuði s. l. En því var ekki að heilsa og ríkisstj. hóf göngu sína með bráðabirgðaúrræðum sem voru afsökuð með því að tími ynnist ekki til þess að gera varanlegar ráðstafanir til úrlausnar aðsteðjandi vandamálum. Og tímamörkin voru sett til 1. des. En þá var enn á ný gripið til bráðabirgðaúrræða. Hæstv. forsrh. talaði að vísu áðan um fyrsta og annan áfanga og svo þetta frv. sem þriðja áfanga efnahagsráðstafana. Það hefur sem sagt tekið hátt í 9 mánuði að koma þessu frv. til l. um stjórn efnahagsmála það langt áleiðis sem raun ber vitni. Fæðingarhríðir þess hafa verið harðar og strangar, og segja má um það, eins og fleygt hefur verið, að fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús. Sannleikurinn er sá, að efnislega er þetta frv. ákaflega rýrt.

Það sem meira er, er e. t. v. að í frv. felst uppgjöf hæstv. ríkisstj., nokkurs konar gjaldþrotayfirlýsing, ef í huga eru hafðar þær ráðstafanir sem ríkisstj. hóf feril sinn með í byrjun sept. s. l. Eins og kunnugt er byggðust ráðstafanir hæstv. ríkisstj. þá á þrem höfuðþáttum. Í fyrsta lagi þóttist ríkisstj. vera að setja samningana í gildi. Hún var að hækka kaup að eigin sögn, en þegar 1. des. s. l. lækkaði hún kaupið um 5% eða 8%, eftir því hvort menn taka niðurgreiðsluaukninguna með í reikninginn, eða ekki, og nú er ráðgert að dregið verði úr vísitölugreiðslum um 2½ prósentustig, 4½ prósentustig eða 6½ prósentustig, eftir því hvaða stjórnarliðar túlka efni frv. eða um hvaða launaflokka er að ræða, og frekari skerðingar eru boðaðar seinna á árinu. Hvað launaþáttinn snertir hóf ríkisstj. að eigin sögn feril sinn með því að hækka laun til þess svo síðan að glíma við það vandamal að lækka launin meira en hún jafnvel að eigin sögn telur sig hafa hækkað þau í byrjun stjórnarferils síns.

Annar höfuðþátturinn í upphafsgöngu ríkisstj., sem hún hefur stært sig mikið af, var aukning niðurgreiðslna. Þessi aukning niðurgreiðslna og afnám söluskatts af matvörum átti að lækka verðbótavísitöluna um 7.5% þá þegar í sept. og lofað var 3—3.5% til viðbótar í des. Við þetta var ut af fyrir sig staðið. En ríkisstj. reisti sér slíkan

hurðarás um öxl með þessum ráðstöfunum að nú er eitt höfuðinntak þess frv., sem hér er til umr., að draga úr niðurgreiðslum, að lækka niðurgreiðslur í áföngum á þessu ári, árinu 1980 og 1981. Það er þess vegna ljóst, að ríkisstj. hefur hvað varðar ýmsa höfuðþætti í stefnumiðum sínum við upphaf göngu sinnar gefist upp og lýst upphaflega stefnu gjaldþrota með flutningi þessa frv.

En þá er eftir þriðji höfuðþátturinn sem fólst í aðgerðum ríkisstj. í sept. s. l. og er í raun og veru ranghverfan á hækkuðu kaupi og hækkuðum niðurgreiðslum, en það er aukin skattheimta. Þessi þriðji höfuðþáttur, sem einkenndi upphaf þessarar ríkisstj., stendur óhaggaður. Skattheimtan heldur áfram og jafnvel er útlit fyrir að svo verði í auknum mæli í framtíðinni, þótt hagræðið, sem ætlunin var að veita með hækkuðum launum og auknum niðurgreiðslum, sé löngu horfið, þessi aukna skattheimta er í raun og veru til þess fallin að auka þann vanda sem við höfum átt við að glíma.

Ég mun e. t. v. hverfa að þessum atriðum nánar þegar ég ræði einstaka þætti frv., en áður en ég geri það er þó alveg sérstaklega ástæða til að geta um það, að skattar hafa sjaldan eða aldrei verið auknir jafnmikið og í tíð núv. ríkisstj. né jafnfjölskrúðugir nýir skattar verið á lagðir. Í brbl. voru, eins og kunnugt er, lagðir viðbótartekjuskattar og viðbótareignarskattar á einstaklinga og félög með afturvirkum hætti, sem ekki er viðunandi í lýðræðisríki. Þá var vörugjald hækkað. Þá var og lagt sérstakt gjald á ferðagjaldeyri. Síðan hélt þessi skattaálagning áfram með gerð og frágangi fjárl., þar sem tekjuskattur var hækkaður á einstaklinga og félög — og ekki með neinum smátækum hætti. Samkv. fjárl. hækkaði eignarskattur einstaklinga um 94%, eignarskattur félaga um 134%, tekjuskattur einstaklinga um 95% og tekjuskattur félaga um 94%. En þessu til viðbótar voru ýmsir aðrir skattar á lagðir, eins og sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sérstakur skattur, sem gefið var nafnið nýbyggingagjald, og eins og kunnugt er var verðjöfnunargjald af raforku hækkað. Ég ætla ekki að þetta sé tæmandi upptalning, og hlýt a. m. k. að bæta við þessa upptalningu stórhækkuðum skattaálögum af hálfu sveitarfélaganna í landinu. Þessar stórhækkuðu skattaálögur halda áfram og það sér ekki fyrir endann á þeim, en það, sem ætlunin var að verja tekjum af þeim til, er nú að engu orðið. Í stað þess málamyndagernings, sem var á ferðinni til að setja samningana í gildi og hækka kaup, er honum breytt í andhverfu sína og kaup lækkað. Í stað þess að niðurgreiðslur voru hækkaðar er sú fyrirætlun að engu orðin og hefur einnig snúist í andhverfu sína, lækkaðar niðurgreiðslur.

Í I. kafla þess frv., sem hér er til umr., er rætt um stefnumörkun í efnahagsmálum í 1. gr. Út af fyrir sig held ég að við getum verið sammála um þá stefnumörkun. Hins vegar er meira álitamál, hvaða erindi slík stefnumörkun á í lög. Við þurfum fyrst og fremst að setja í lög ákvæði um þær leiðir sem við viljum fara til þess að ná tiltekinni stefnu. Í 2. gr. er gert ráð fyrir að fyrir Alþ. sé lögð þjóðhagsáætlun til kynningar. Það hefur verið gert, og þau tímamörk, sem þarna er um að ræða, eru út af fyrir sig ágæt. Um I. kafla er raunar ekkert sérstakt að segja umfram það sem segja má um fyrstu 30—32 greinar frv., að þar er um stefnuyfirlýsingar að ræða, sem ekki eiga heima í lögum, eða ákvæði, sem þegar er lagaheimild fyrir.

Það er þó rétt að fara nokkrum orðum um sumar þessara greina og kafla, vegna þess að í þeim felst stefnuyfirlýsing, eins og t. d. II. kaflanum, sem þó er ákaflega breyttur frá því sem var í upprunalegu frv. Alþfl.-manna, sem mun vera fyrirrennari þessa frv. Í frv. Alþfl.-manna, sem birt var í Alþýðublaðinu og aldrei hefur hins vegar séð dagsins ljós hér á Alþ., var getið um kerfisbundið samstarf aðila vinnumarkaðarins og samstarfsstofnun þessara aðila. Þeir Alþfl.-menn töluðu líka á sínum tíma um kjarasáttmála. Í einhverri útgáfu af mörgum af frv. eða frv.-hugleiðingum hæstv. forsrh. var rætt um kjaramálaráð. Í þeim greinum sem falla undir II. kafla, er ekki um slíkt að ræða og eingöngu talað um óformlegt samráð við aðila vinnumarkaðarins. Slíkt samráð hafa ríkisstj. ávallt haft og hafa eðli málsins samkv. heimild til slíks án þess að fest sé í lög, og því eru þessar greinar algerlega þýðingarlausar og hafa ekkert gildi. Athyglisvert er líka að sú ríkisstj., sem stofnuð var með þeirri yfirlýsingu að hafa sérstakt náið samstarf við aðila vinnumarkaðarins, hefur hlotið mjög þunga gagnrýni fyrir skort á slíku samráði. Á ég þar ekki eingöngu við gagnrýni af hálfu vinnuveitenda, en við þá hefur í rauninni ekkert samráð verið haft og fram hjá þeim gengið algerlega. Ég á einnig í þessum efnum við Alþýðusamband Íslands, Verkamannasamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Samband bankamanna, að ég tali ekki um Sjómannasambandið. Öll þessi samtök og forsvarsmenn þeirra hafa gagnrýnt hvernig ríkisstj. hefur haldið á samráði við samtökin, sem ríkisstj. þó lofaði með fjálglegum orðum að skyldi vera höfuðaðferð hennar til þess að komast að niðurstöðu er leiddi til samkomulags þessara aðila. Auðvitað er það ekki líklegt til kjarasáttmála, að ég tali nú ekki um til þjóðarsáttar, að ganga fram hjá einstökum hagsmunasamtökum, eins og t. d. vinnuveitendum, nema menn vilji stefna í hreinan ríkiskapítalisma, eins og e. t. v. er óskadraumur sumra stjórnarliða, en er eitthvert versta hagkerfi sem hugsanlegt er og ólíklegast til þess að skapa grundvöll og skilyrði fyrir bættum kjörum þjóðfélagsþegna, og eru þar fordæmin austantjalds víti til varnaðar.

Ég skal fara fljótt yfir sögu varðandi III. og IV. kafla, þótt ég nefni þar einstök atriði, þar sem ég á von á að þeim verði gerð frekari skil af öðrum fulltrúa Sjálfstfl. hér í deildinni.

Í 6. gr. er rætt um að frv. til fjárl. skuli byggt á sömu forsendum og þjóðhagsáætlun. Þegar á þessu ári er í fjárlögum þessa árs og þjóðhagsáætlun þessa árs brotið í bága við þessa grein, þar sem frv. til fjárl. er byggt á desemberverðlagi, en ekki á því verðlagi eða verðlagsspá sem þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir.

Þá vildi ég láta það koma hér fram, vegna þess að hæstv. forsrh. talaði um að þetta frv. væri byggt á því að ekki væri stofnað til nýrra stofnana eða skrifstofa, að lengi hefur það verið talið æskilegt og ég hef oft haft orð á því, m. a. í stefnuræðum sem þáv. forsrh., að æskilegt væri að gera fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun til lengri tíma, t. d. til þriggja ára. Það hefur ekkert verið því til fyrirstöðu lagalega séð. En ástæðan til þess, að það hefur ekki komist í framkvæmd, er beinlínis sú, að Þjóðhagsstofnun hefur ekki haft mannafla eða tíma til þess að útbúa slíka áætlun og hefur hún þó verið í smíðum á undanförnum árum.

Ég hlýt að lýsa því sem minni skoðun, að rétt sé að taka framlög til sjóða og einstakra verkefna úr ríkissjóði til endurskoðunar á hverju ári. En í 8. gr. segir ekkert

efnislega um það, hvert markmiðið í þeim efnum skuli vera, og hefur því enga þýðingu. Það verður að koma fram fyrir lok þessa árs, hver stefna ríkisstj. er í þessum efnum. 8. gr., eins og hún stendur í frv., segir ekkert um það og hefur því enga þýðingu.

Ég hef þegar getið um það, að 9. gr. lýsir fráhvarfi ríkisstj. frá fyrri stefnu. Það er athyglisvert, að fulltrúar Alþb. í ríkisstj. standa að inntaki þessarar greinar, en engir hafa sem þeir hrósað sér af því að auknar niðurgreiðslur hafi verið þeirra verk. Hlýtur því samdráttur niðurgreiðslna einnig að vera á þeirra ábyrgð. En í raun og veru er athyglisvert að rifja upp hversu gersamlega þýðingarlaust stökkið í aukningu niðurgreiðslna var í sept. í baráttunni gegn dýrtíðinni. Við útreikning á verði á landbúnaðarvörum miðað við 1. mars hafði verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara hækkað um rúmlega 6%, en útsöluverð landbúnaðarvara hækkað um 12—20%. Það var vegna þess að verðið slær langtum alvarlegar út í útsöluverðinu eftir því sem niðurgreiðslur eru stærri hluti af heildarverðmæti landbúnaðarafurða. Og því er það að hækkun niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum er skammgóður vermir. En auk þess hafði ríkisstj. ekki mátt í sér eða fjárhagslega getu að bakhjarli hjá ríkissjóði til að standa jafnvel við það niðurgreiðslustig sem ákveðið var með brbl. í sept. og lagasetningu í lok nóv. Það skortir í fjárl. á það nú, að því er talið er, um 3 milljarða kr. Ef halda á sér innan marka fjárl. þýðir þetta verðhækkun á landbúnaðarvörum til viðbótar annarri fyrirsjáanlegri hækkun. Eingöngu þessi fjárvöntun í fjárveitingum úr ríkissjóði á þessu ári til þess að standa við stefnumið ríkisstj. eins og því er lýst í samstarfsyfirlýsingu hennar, að niðurgreiðslur skuli vera áfram á sama stigi á þessu ári og var ákveðið í lok síðasta árs, leiða af sér væntanlega um 2—3% hækkun á framfærsluvísitölu. En þessu til viðbótar koma auðvitað aðrar hækkanir sem fyrirsjáanlegar eru á landbúnaðarvörum, eins og t. d. áburðarverðshækkun sem fyrirsjáanleg er. Áburðarverksmiðjan mun hafa sótt um rúmlega 50% hækkun. Áburðurinn er 10% í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara. Það þýðir að verðlagsgrundvöllurinn hækkar um rúmlega 5% og þegar af þeirri ástæðu munu landbúnaðarvörur hækka um álíka mikið og hækkunin var 1. mars eða um milli 10 og 20%.

Síðan er sagt í 9. gr. að þess skuli jafnan gætt að ákvarðanir við niðurgreiðslur miðist við að sem minnstar sveiflur verði í þeim. Þetta er þveröfugt við aðferðir hæstv. ríkisstj. En út af fyrir sig er ánægjulegt að ríkisstj. skuli hafa séð að sér og vilji nú hverfa á heilbrigðari brautir.

Í 10. gr. er talað um að gera skuli tillögur um 1000 millj. kr. lækkun á ríkisútgjöldum á þessu ári. Er út af fyrir sig ekkert nema gott um það að segja. En það minnir aftur á móti á ákvæði sem var í fyrri ráðagerðum ríkisstj., þar sem talað var um að dregið skyldi úr útgjöldum síðasta árs eða heimild fengin til þess að lækka útgjöld um allt að 2 milljörðum kr. og tekið fram að það tæki til fjárveitinga utan fjárlaga. Þetta var í brbl. í sept. s. l., eða í frv. til l. um kjaramál, og var afgreitt þannig, að því er ég hygg, frá Alþ. í haust. Það hefur ekkert heyrst um árangur varðandi nýtingu þessarar heimildar, nema komið hefur nýleg grg. frá fjmrh. sem segir allt annað en að þessi heimild hafi verið nýtt. En ég skal ekki gera þá grg. að sérstöku umræðuefni, á von á því að það verði gert af öðrum.

Í 11. gr. er síðan það markmið sett að heildartekjur og útgjöld á fjárl. haldist innan marka sem svara til 30% af vergri þjóðarframleiðslu. Ég hef áður sagt frá því opinberlega, að við sjálfstæðismenn teljum þetta allt of háa viðmiðun. Vissulega má segja að 11. gr. hafi ákaflega lítið gildi og það verði að koma fram í gerð fjárl. sjálfra hvað þau hafa í för með sér varðandi heildartekjur og útgjöld miðað við verga þjóðarframleiðslu. Á yfirstandandi ári er áreiðanlega farið yfir þessi mörk, sem þó eru sett of há 30%. Líklega er talið að heildartekjur og útgjöld á fjárl. séu nálægt 32% af vergri þjóðarframleiðslu á yfirstandandi ári. Við sjálfstæðismenn töldum að fráfarandi ríkisstj. hefði komist niður fyrir 28% markið hvað snertir útgjöld fjárl. miðað við verga þjóðarframleiðslu, og við vorum ekki ánægðir með þann árangur. Þess vegna getum við ómögulega annað en gagnrýnt harðlega þegar útgjöld ríkissjóðs svara til nálægt 4 prósentustigum hærri upphæðar en við höfðum síðast miðað við. Það þýðir milli 25 og 30 milljarða kr. í aukinni skattheimtu á landsmenn á yfirstandandi ári, og sýnir engin ein tala betur hversu alvarlega horfir í skattaálögum á landsmenn og hve þung ábyrgð núv. ríkisstj. er í þeim efnum.

Það er rétt, áður en að IV. kafla er komið og í tengslum við skattastefnu núv. ríkisstj., að unna henni þess sannmælis og hæstv. forsrh. sem flm. þessa frv. að hafa fellt burt ákvæðin um eignakönnunina, sem voru í fyrri útgáfum af frv.-drögum hans sjálfs og áttu eins og sumt annað í þessu frv. upptök sín í frv. Alþfl.-manna. Það er gott til þess að vita að gagnrýni okkar sjálfstæðismanna á þeim fyrirætlunum stjórnarliða, Alþfl.-manna, Alþb. og Framsfl., að stofna nú til nýrrar eignakönnunar hefur borið þann árangur að þeir hafa látið af þeim ráðagerðum, a. m. k. í bili.

Í IV. kafla þessara laga er fátt sem ekki hefur í raun verið framkvæmt undanfarið, nema helst eftir að núv. ríkisstj. tók til starfa. Það er t. d. svo komið að lánsfjáráætlun ríkisstj. fylgdi ekki með fjárl. á þessum vetri eins og endranær hefur verið mörg undanfarin ár, a. m. k. í tíð fráfarandi ríkisstj. Nú er hér um bil þriðjungur af árinu liðinn án þess að Alþ. hafi afgreitt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj.

Þess er og getið í 20. gr., að heildarfjármunamyndun þjóðarbúsins verði innan við fjórðung af vergri þjóðarframleiðslu á yfirstandandi ári, en frávik þó talin heimil. Þessi grein segir því vitaskuld ekki mikið. En allt útlit er fyrir að sú fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem nú er hér til umr., muni sprengja þessi mörk. Þá er spurningin: Hvort gildir 20. gr. í þessu frv. eða fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin eins og frá henni verður gengið? Slík viðmiðun í lögum hefur þess vegna afskaplega litla þýðingu ef hún er ekki virt í raun í aðgerðum og samþykktum Alþingis, hvort heldur er viðmiðun um útgjöld ríkissjóðs miðað við verga þjóðarframleiðslu eða heildarfjármunamyndun þjóðarbúsins miðað við þjóðarframleiðslu. Fjárlög annars vegar eða fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hins vegar byggjast í raun á þeim grunni og virða þessi mörk. Öll sólarmerki benda til þess í báðum tilvikum, að um einbera sýndarmennsku sé að ræða hjá hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkunum þegar talað er um 30% viðmiðun útgjalda úr ríkissjóði miðað við þjóðarframleiðslu annars vegar og 25% heildarfjármunamyndun þjóðarbúsins miðað við þjóðarframleiðslu hins vegar. Hvor tveggja þessi rammi

verður sprengdur.

Það er auðvitað rétt, að nauðsynlegt er að takmarka heildarfjármunamyndun ef menn vilja skapa svigrúm fyrir einkaneyslu og samneyslu í þjóðfélaginu, og til þess að sætta launþega og koma á friði á vinnumarkaðinum er nokkuð til þess vinnandi að draga úr heildarfjármunamyndun þjóðarbúsins. Þó skiptir miklu meira máli, að fjármunamyndunin sé með þeim hætti að um arðbærar framkvæmdir sé að ræða. Það getur haft afskaplega slæm áhrif einmitt varðandi friðinn á vinnumarkaðinum til frambúðar ef sú fjármunamyndun, sem er arðbær, er stöðvuð, en hún er grundvöllur batnandi lífskjara og meiri einkaneyslu og raunar samneyslu þegar til lengdar er litið.

Ég vil efnislega tjá mig fylgjandi því stefnumiði, sem 21. gr. greinir frá, og bendi á að fráfarandi ríkisstj. gerði þær endurbætur á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða, að raunhæfari ávöxtunarkjör þeirra voru virt í framkvæmd, þótt nokkuð skorti á að um eðlilega ávöxtun eigin fjár þeirra væri að ræða. Að svo miklu leyti sem ákvæði þessarar greinar er ætlað að bæta úr því tel ég það til bóta, en bendi í þeim efnum á að auðvitað mun það leiða til þess að lánskjör munu verða óhagkvæmari lántakendum. Við því er þó ekkert að segja vegna þess að í því felst, ef um fullt jafnræði er að ræða eða sömu reglur gilda í öllum fjárfestingarlánasjóðunum, tæki til þess að beina fjárfestingunni í hagkvæmustu farvegina.

Ég hlýt að gera efnishlið V. kafla nokkuð að umræðuefni. Sá kafli mun ekki eiga upptök sín í frv. Alþfl.-manna, því sem birtist í Alþýðublaðinu fyrir jólin, heldur mun hann eiga upptök sín í tillögugerð Alþb.-manna fyrir eða eftir jól. Óneitanlega ber hann þeim Alþb.-mönnum, sósíalistum, þjóðnýtingarmönnum þar í flokki, nokkurt vitni. Sú miðstýring, sem er forsenda þess kafla, er mjög andstæð stefnu okkar sjálfstæðismanna. Ég vil þó taka það fram, svo að ekki megi vitna ööruvísi í orð mín síðar, að ég tel ekki að í þessum greinum sé beinlínis fólgin heimild fyrir framkvæmdavaldið til þess að beita atvinnuvegi og atvinnufyrirtæki valdi, þótt margar greinar beri því vitni að sú hætta er þó fyrir hendi. Ég vil fyrst og fremst benda á orðalag 23. gr., þar sem talað er um að samræming atvinnuvegaáætlana skuli tryggð sameiginlega af ráðh. viðkomandi atvinnugreina ásamt forsrh. Í framhaldi af því er í 24. gr. gert ráð fyrir að ríkisstj. leggi atvinnuvegaáætlanir fyrir Alþ. sem þáltill. eða lagafrv. eftir því sem við á. Þessar ráðagerðir bera því vitni, að hér er ekki eingöngu um áætlanagerð að ræða sem ætlað er að verði til leiðbeiningar, heldur er fyllilega gefið í skyn að um valdbundnar áætlanir sé að ræða. Við sjálfstæðismenn erum algerlega andvígir valdbundnum áætlunum. Ég vil rifja það upp, að í tíð fráfarandi ríkisstj. var sú breyting gerð á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins að krefjast ekki að byggðaáætlanir t. d. væru lagðar fyrir ríkisstj. eða Alþ. til staðfestingar, vegna þess að út í ógöngur var komið. Áætlunargerð er oft og tíðum óskhyggja. Hún getur út af fyrir sig haft vissa þýðingu sem slík. Auðvitað er æskilegt að byggðaáætlanir og atvinnuvegaáætlanir séu samræmdar þannig að ein áætlunin rekist ekki á aðra. En lögbinding slíkra áætlana er auðvitað af hinu illa, eykur miðstýringu í efnahagslífinu og dregur úr framtaki og hugkvæmni einstaklinga og samtaka þeirra.

Í þessum kafla er í raun og veru gert ráð fyrir því, að stjórnvöld hafi þessar áætlanagerðir eingöngu og algerlega með höndum. Í hinum 6 greinum í þessum kafla er aðeins gert ráð fyrir því með einni lítilli setningu að samtök í viðkomandi atvinnuvegum komi nokkuð við sögu. Í 23. gr. er sagt: „Við undirbúning atvinnuvegaáætlana og aðgerða til hagræðingar í atvinnurekstri skal leita álits og tryggja samráð við samtök í viðkomandi greinum.“

Það er enn fremur rétt að vara alvarlega við ákvæði 22. gr., þar sem sérstaklega er talað um eflingu atvinnustarfsemi á félagslegum grundvelli, ef í þessu felst mismunun á atvinnustarfsemi eftir því hvert rekstrarformið er. Hvað er átt við með orðalaginu: atvinnustarfsemi á félagslegum grundvelli? Er það atvinnustarfsemi á vegum ríkisins, á vegum sveitarfélaga, á vegum samvinnufélaga, á vegum hlutafélaga, á vegum sameignarfélaga eða á vegum einstaklinga? Hvar eru skilin gerð? Hver er þessi atvinnustarfsemi á félagslegum grundvelli og á ekki að efla alla atvinnustarfsemi og á ekki atvinnustarfsemin að sýna gildi sitt í verki? Ef hún gerir það og öll atvinnustarfsemi situr við sama borð skiptir engu máli hvert rekstrarformið er.

Það er svo ein af mótsögnunum í starfi ríkisstj., sem felst í 26. gr., að allra náðarsamlegast á að útvega 1000 millj. kr. að láni á yfirstandandi ári og 2000 millj. kr. á næsta ári til þess að koma á hagræðingu í undirstöðugreinum atvinnulífsins. Þetta er smáölmusa til atvinnuveganna eftir þá skattlagningu, sem um hefur verið að ræða á atvinnustarfsemina í landinu.

Hér greinir á með Sjálfstfl. og ríkisstjórnarflokkunum. Við erum þeirrar skoðunar, að ríkisvaldið og hið opinbera sé ekki líklegt til að hafa það hugmyndaflug, þá sköpunargáfu og/eða það framtak sem nauðsynlegt er til þess að stuðla að framförum í atvinnustarfsemi, heldur sé þá hugkvæmni og sköpunarþrá og það framtak að finna hjá einstaklingum og samtökum þeirra. Það er ekki hægt nema að takmörkuðu leyti að hugsa nýmæli eða nýjan vaxtarbrodd í atvinnustarfsemi við skrifborð í opinberum stjórnarskrifstofum, heldur á þetta sér stað úti í atvinnulífinu sjálfu af hálfu þeirra sem í því starfa og stjórna.

Í VI. kafla eru ákvæði varðandi peninga- og lánamál. Eru út af fyrir sig athyglisverð ákvæði í 30. gr. varðandi aukningu peningamagns í umferð, sem þó er frávíkjanlegt og segir lítið ef nokkuð umfram það sem er í gildandi lögum. Að minni hyggju hefur Seðlabankinn heimild til að hafa áhrif á peningamagn í umferð. Þó er ánægjulegt að sjá að Alþb.-menn hafa hér tekið upp kenningar Miltons Freeman, sem þeir hafa hingað til á síðum Þjóðviljans ekki haft verulegt álit á.

Þá verður og að segja að breyting sú, sem varð á frv. í Ed. með aukningu bindiskyldunnar, sé ekki til bóta. Við sjálfstæðismenn höfum bent á það í stefnuyfirlýsingu okkar í efnahagsmálum, að við vildum afnema bindiskylduna í því formi sem hún nú er og þá um leið endurkaup Seðlabankans á afurðalánum, en fela hins vegar viðskiptabönkunum lánveitingar út á afurðir alfarið, þannig að ekki væru tveir bankar, bæði viðskiptabankar og Seðlabankinn, að fjalla um sömu lánveitingarnar í raun og veru. Til þess að unnt væri að hafa stjórn á peningamagni í umferð og peningamálum almennt kæmi fremur til greina að hafa rétt til þess að binda fjármagn í bönkunum með bindiskyldu er byggðist á útlánum bankanna.

Þá er ég í raun og veru búinn að fjalla um þær greinar

frv. sem í sjálfu sér eru ekki annað en stefnuyfirlýsingar og ég hef rætt um sem slíkar. Þær eru í besta falli verklagsreglur, umbúðir, eins og bent hefur verið á.

Í sambandi við verðtryggingu sparifjár og lánsfjár eru ákvæðin til bráðabirgða í VI. kafla og VII. kafla um margt til bóta, en þó óþarflega flókin ákvæði. Við sjálfstæðismenn bendum í því sambandi á að þeim líklega 14 eða 15 lagagreinum, sem þarna er um að ræða, væri unnt að fækka í 3—4 lagagreinar með því að samþykkja brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. við frv. Vilmundar Gylfasonar o. fl., en þær brtt. eru á þskj. 177. Í höfuðatriðum fela þær í sér að Seðlabankinn ákveði fyrst og fremst vexti af útlánum sínum og innlánum, en vextir að öðru leyti og verðtrygging eða viðmiðun við gengi sé ákveðið af innlánsstofnunum, viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálastofnunum svo og í frjálsum samskiptum manna á meðal.

Ég vil taka það fram, að margt í verðtryggingarkafla frv. er þess eðlis að það fer algerlega eftir framkvæmdinni hvaða áhrif þau ákvæði hafa. Hér er að vísu um ánægjulega framför að ræða bæði hjá fulltrúum Framsfl. og Alþb., að vilja horfast í augu við réttmætan fjármagnskostnað og nauðsyn þess að örva og tryggja sparnað í landinu með því að tryggja hag sparifjáreigenda, en af því leiðir auðvitað að lántakendur verða að greiða þá verðtryggingu. Í þessum kafla er gert ráð fyrir að rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna falli undir sérreglu, og þótt meira vald sé í þeim efnum flutt í hendur Seðlabankans með brtt., sem samþ. var í Ed., en áður var ráðgert í frv., er samþykki ríkisstj. áskilið. Nú hefur Seðlabankinn í raun það vald að fjalla um þessi kjör, en hefur hins vegar ekki notað þetta vald og virt skoðanir innan ríkisstj. á hverjum tíma. Í fráfarandi ríkisstj. var einmitt stundum ágreiningur á þessu sviði sem leiddi til þess að Seðlabankinn hélt að sér höndum. En þó áttu sér stað þær framfarir á síðasta kjörtímabili að stöðvuð var rýrnun sparifjármyndunar miðað við þjóðarframleiðslu, sem áður hafði verið í tíð vinstri stjórnarinnar frá 1971—1974, þannig að hefði sú rýrnun ekki átt sér stað hefði bankakerfið nú um 70 milljörðum kr. meira til umráða en raun ber vitni.

Þá er og ástæðan til þess að fjalla stuttlega um þá breytingu sem orðið hefur á fjármagnskostnaði afurðalána útflutningsatvinnuveganna, sem nú eru bundin við gengi, en með lægri vöxtum en áður. Í þessu töldu formælendur stjórnarflokkanna að fælist lækkun fjármagnskostnaðar, en reynslan á eftir að sýna hvort svo verður eða ekki. Ef verðbólgan heldur áfram, eins og útlit er fyrir, og samfara lækkar gengi íslensku krónunnar, eins og óhjákvæmilegt er til þess að brúa bilið á milli verðbólgu hérlendis og í helstu viðskiptalöndum okkar, ef ekki er um sérstakan bata í viðskiptakjörum eða aukna framleiðni innanlands að ræða, þá mun fjármagnskostnaðurinn jafnvel verða meiri hjá útflutningsatvinnuvegunum en hann var samkv. þeim reglum sem áður giltu. Þó er hér um virðingarverða breytingu að ræða, sem felst í því að virða þá staðreynd að fjármagnskostnaðurinn verður að koma fram í framleiðslukostnaði eins og annar kostnaður.

En ég undirstrika: Við sjálfstæðismenn bendum á þær till., sem við höfum flutt á sérstökum þskj., og á stefnuyfirlýsingu okkar: „Endurreisn í anda frjálshyggju", varðandi verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Ég er þá kominn að VIII. kaflanum, um verðbætur á laun. Ég vil einnig varðandi afstöðu okkar til þess kafla leyfa mér að lesa upp, með leyfi forseta, það sem segir um kjaramál í fyrrgreindri efnahagsyfirlýsingu okkar sjálfstæðismanna:

„Almennir kjarasamningar verði á ábyrgð aðila, eigi sér sem mest stað samtímis, taki mið af þjóðhagsvísitölu og samrýmist þeim markmiðum að verðbólgan minnki og afkoma atvinnuveganna sé trygg. Samráði aðila vinnumarkaðarins verði beint í fastan farveg. Leitað verði samkomulags við aðila vinnumarkaðarins um nýtt verðbótakerfi, kjaravísitölu. Óbeinir skattar og niðurgreiðslur hafi þar ekki áhrif. Verðbætur miðist við breytingar á viðskiptakjörum."

Í þessu felst að við viljum koma á frjálsum samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Við skiljum í raun og veru ekki hvernig á því stendur, að núv. stjórnarflokkar standa í vegi fyrir því, að aðilar vinnumarkaðarins setjist að samningaborðinu og fjalli um kaup sitt og kjör Þessir flokkar, sem höfðu það að orði að samningarnir ættu að taka gildi, láta sér það lynda að ekkert er um samningsmál fjallað milli aðila vinnumarkaðarins eftir að samningstímabilið rann út 1. des. s. l., og á ég þá við samninga á sviði almennra stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands. Frv. það, sem hér er til umr., ber þess ekki vitni að ætlunin sé að stuðla að slíkum samningsviðræðum aðila vinnumarkaðarins í náinni framtíð. Ætlunin er hér eftir sem hingað til að ákveða kaup og kjör landsmanna einhliða af stjórnvöldum. Þetta láta stjórnarflokkarnir sér lynda, þetta láta verkalýðsflokkarnir sér lynda, þetta láta launþegasamtökin sér lynda að mestu leyti enn sem komið er, hversu lengi sem það verður, þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar. Í þessu felst afsal launþegasamtakanna á samningsrétti sínum í hendur ríkisvaldsins, sem er fyrirboði þess fyrirkomulags sem er í austantjaldslöndunum, þar sem ríkið segir fyrir um kaup og kjör manna og verkalýðsfélögin eru eingöngu peð á taflborði valdhafanna.

Við sjálfstæðismenn erum andvígir slíku fyrirkomulagi og viljum að um hvort tveggja, grunnkaup og vísitölubætur, ef um þær er að ræða, sé fjallað í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins. Við afsölum okkur ekki með því rétti til þess á löggjafarsamkomu þjóðarinnar að grípa inn í málið, ef þörf krefur, en við álítum að það sé hreint neyðarúrræði. Við stöðum að því að fyrirkomulagi varðandi verðbætur á laun var breytt með febrúar- og maílögunum á síðasta ári. Þá lýstum við því einnig yfir, að um neyðarúrræði væri að ræða þar sem samningstímabili lyki ekki fyrr en 1. des. s. l. og í veði var árangur í baráttunni gegn verðbólgunni. Hefði sú löggjöf fengið að standa, þá hefði verðbólgan komist niður fyrir 30% á síðasta ári. Það er það markmið sem hæstv. forsrh. telur útilokað að ná á þessu ári, jafnvel með þessu frv., en árangur þess taldi hann verða á þann veg að verðbólgan yrði eitthvað um 35%. Aðrir telja að spurning sé hvorum megin við 40% verðbólgan verði á þessu ári. En hefðu febrúar- og maílögin fengið að verka hefði verið grundvöllur fyrir því að koma verðbólgunni niður undir 20% á þessu ári. Menn sjá af þessu hvaða skemmdarverk voru unnin af örfámennri klíku verkalýðsforingja, og menn sjá af þessu, að stjórnarflokkarnir og hinir sjálfskipuðu verkalýðsforingjar kommúnista og krata eru að berjast við eigin draug þegar þeir eru að bítast á um einstök ákvæði í verðbótakafla þessa frv. Við teljum að meðan ekki hefur reynt á að frjálsir samningar geti tekist sé ekki

tímabært að löggjafarvaldið kveði á um fyrirkomulag mála, en tökum þó fram hver helstu stefnumið okkar eru varðandi fyrirkomulag verðbóta á laun.

Ég skal engan dóm á það leggja, að hvaða niðurstöðu væri unnt að komast í þessum efnum, en tel það lágmarkskröfu til þeirra, sem hafa viljað virða samningsfrelsið, að sú leið verði fyrst farin að aðilar vinnumarkaðarins útkljái sín deilumál sjálfir.

Í þessu efni er nauðsynlegt að fá skýrð nokkur þau ákvæði, sem þessi kafli hefur inni að halda, og þá ekki síst ákvæðið til bráðabirgða í lok VIII. kafla eftir brtt. þá er samþykkt var í Ed. Spurningin er þessi: Ef meðlimir Bandalags starfsmanna ríkis og bæja fella samkomulag forsvarsmanna sinna og ríkisstj. og 3% grunnkaupshækkun til þeirra og Bandalags háskólamanna gengur í gildi, hvað verður þá um meðlimi Sambands ísl. bankamanna? Fellur 3% grunnkaupshækkun til þeirra niður undir öllum kringumstæðum um næstu mánaðamót og framvegis án tillits til hvernig fer varðandi atkvgr. innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja? Ég vildi í öðru lagi spyrja: Hvernig fer ef úrslit þeirrar atkvgr. verða t. d. á þá lund, að starfsmenn ríkisstofnana samþykkja samkomulagið og falla frá 3% grunnkaupshækkun, en starfsmenn einhverra þeirra sveitarfélaga, sem sérstaklega greiða atkv. um þetta samkomulag, fella samkomulagið? Fá þeir þá 3% grunnkaupshækkun? Ef ég er ekki leiðréttur, þá mun ég draga þá ályktun.

Ég get svo tekið undir með hæstv. forsrh. — og mér þykir það ekkert verra — þegar hann leggur áherslu á að það sé kaupmátturinn sem mestu máli skipti, en ekki krónufjöldinn. Við hæstv. forsrh. stóðum saman um að túlka þá skoðun á síðasta ári, þegar forustumenn Alþb. og Alþfl. hér á þingi töldu að það skipti engu máli hvert kaupgjaldið væri í baráttunni við verðbólguna, það þyrfti ekkert að fjalla um vísitölubótafyrirkomulag, það væri árás á launastéttirnar að skerða vísitölubætur. Það er út af fyrir sig gott að forustumenn Alþfl. og Alþb. hafa skipt um skoðun og líta þó nokkuð raunsærri augum á þessi mál en þeir gerðu í fyrra. En ég vek athygli á því, að þær ráðstafanir, sem er nú verið að gera í kaup- og kjaramálum, eru í fyrstu umferð að vinda ofan af fyrstu ráðstöfunum núv. ríkisstj., þegar hæstv. forsrh. gekk með flokk sinn í þau björg sem kommúnistar og kratar bjuggu honum í þessu stjórnarsamstarfi. — Og kaupmátturinn hefði ekki verið neitt síðri nú í dag eða hingað til hefðu febrúar- eða maílögin fengið að ná þeim árangri sem að var stefnt. Víst er um það, að kaupmátturinn til lengdar hefði orðið meiri.

Við sjálfstæðismenn höfum þá skoðun, að þau verkefni, sem um er fjallað í vinnumarkaðsmálakaflanum, IX. kafla, séu í raun verkefni félmrn. og þeirra ráðningarskrifstofa sem starfræktar eru víða um land, en við vörum alveg sérstaklega við ákvæði 54. gr., þar sem við teljum það óframkvæmanlegt.

Í X. kafla er fjallað um verðlagsmál. Við erum algerlega andvígir efni þess kafla, bæði eins og frv. kvað á um í upphafi og einnig eftir breytingu sem gerð hefur verið á þeim kafla. Við áttum þátt í því ásamt fyrrv. viðskrh. að setja nýja löggjöf um verðlagsmál á síðasta þingi, löggjöf sem var til þess fallin að vera tæki í baráttunni gegn verðbólgunni, tæki til þess að efla og auka samkeppni og færa húsbóndavaldið á markaðnum í hendur neytenda. Nú er verið í raun að snúa innihaldi þeirrar löggjafar við. Í stað þess að aðalreglan skuli vera frelsi undir eftirliti er aðalreglan núna höft og hömlur — gamla fyrirkomulagið sem hefur gengið sér til húðar á síðustu áratugum og skilað okkur m. a. þeirri verðbólgu sem við höfum búið við. Í þessu efni hygg ég að verði að breyta algerlega um vinnubrögð, ef nokkur árangur á að nást. Í tengslum við verðtryggingu og frelsi á fjármagnsmarkaði þarf að koma frelsi á verðlagsmarkaði eða vörumarkaði og í tengslum við hvort tveggja þetta frjáls samningsréttur aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör. Við verðum að taka út þá vaxtarverki sem e. t. v. stafa af því að brjóta nú í blað í efnahagsmálum, hverfa frá miðstýringu og til frjáls markaðsbúskapar, en sá búskapur einn getur stuðlað að því að við náum árangri í verðbólgubaráttunni.

Ég skal ekki vera langorður um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Varðandi annan sjóðanna, Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, er um enga breytingu að ræða frá gildandi lögum í raun. Ef um einhverja breytingu er að ræða er hún tekin aftur með síðustu setningunni í 60. gr. frv. Varðandi Aflatryggingarsjóð vörum við við því að ætla sér að skattleggja ofnýtta fiskstofna til þess að greiða með veiðum á vannýttum fiskstofnum. Það felst nægilega mikil skerðing í takmörkun veiði á ofnýttum fiskstofnum og því ekki unnt að skattleggja þær fiskveiðar í ofanálag, enda hæpið að það mundi ná þeim árangri sem að er stefnt.

Við vekjum svo athygli á því, að í XII. kafla er víðtæk heimild til ráðh. að setja reglurgerðir. Með því að frv. þetta er allt laust í reipunum og unnt er með mismunandi hætti að fylla það út með reglugerðum og við treystum ekki núv. ríkisstj. eða einstökum ráðh. til þess að setja slíkar reglugerðir, þá teljum við ekki ástæðu til þess að styðja þann kafla frekar en aðra kafla frv.

Í heild sinni má segja að frv. þetta brjóti í bága við meginstefnu okkar sjálfstæðismanna, þótt einstaka ákvæði þess séu til bóta. Við höfum gert grein fyrir afstöðu okkar til einstakra kafla, en þar sem frv. er á svo mörgum sviðum og í svo mörgum greinum þeim annmörkum bundið sem ég hef getið um, þá teljum við þýðingarlaust að flytja brtt. við frv. og munum greiða atkv. gegn ákveðnum greinum frv. og X. kafla og gegn frv. í heild af þeim ástæðum sem ég hef nú lýst.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Frá því að frv. hæstv. forsrh. Ólafs Jóhannessonar var lagt fram í ríkisstj. 12. febr. s. l. og til dagsins í dag hafa átt sér stað á texta þess verulegar breytingar sem nauðsynlegt er að átta sig á um leið og umr. fer fram um málið hér á hv. Alþingi. Ég mun nú í fyrstu rekja nokkrar þýðingarmiklar breytingar á frv. þessu og á þeim atriðum, sem helst urðu ágreiningsefni á milli Alþb. annars vegar og hinna stjórnarflokkanna hins vegar.

Hæstv. forsrh. lagði frv. sitt fram í ríkisstj. 12. febr. og því var þá einnig útbýtt til opinberrar birtingar, m. a. á blaðamannafundum sem efnt var til, þannig að hér var um að ræða opinbert gagn sem allir áttu aðgang að sem vildu.

Þegar frv. þetta kom fram lýstum við ráðh. Alþb. yfir að í því væru veigamikil ákvæði sem við værum algerlega andvígir. Þar var einkum um að ræða þau ákvæði frv. sem snertu launamál og atvinnumál. Að því er atvinnumálin varðaði töldum við að í frv. væru fjölmörg samdráttareinkenni sem gætu haft í för með sér atvinnuleysi ef í framkvæmd kæmust, og við mótmæltum sérstaklega

verðbótakafla þessa frv. Í bókun okkar í ríkisstj. 14. febr. s. l. lýstum við þessum viðhorfum okkar mjög rækilega, og sú bókun var birt opinberlega eftir að við höfðum gert grein fyrir henni innan ríkisstj.

Alþfl., annar samstarfsflokka okkar í hæstv. ríkisstj., sá hins vegar ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að gera alvarlegar aths. við þau frv.-drög, sem hæstv. forsrh. lagði fram 12. febr. Samþykkti þingflokkur Alþfl. að standa að frv. forsrh. óbreyttu, eins og það var í öndverðu. Frá þessum tíma, þ. e. a. s. frá 12. febr. og að segja má fram undir síðustu helgi, hefur frv. þetta verið í stöðugri óvissu og stjórnarsamstarfið oft og tíðum verið í verulegri hættu vegna ágreinings um ýmis atriði frv.

Það var ekki einasta Alþb. sem gagnrýndi og mótmælti ýmsum ákvæðum hinna upphaflegu frv.-draga. Verkalýðshreyfingin í landinu gerði mjög ákveðnar samþykktir, þar sem veigamiklum ákvæðum frv. var mótmælt. Eftir að þær umsagnir höfðu borist og eftir að Alþb. hafði beitt þeim ráðum sem það átti til þess að breyta frv. þessu, þá áttu sér stað með samkomulagi stjórnarflokkanna í ríkisstj. verulegar breytingar á þessum texta. Hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir þessum breytingum við 1. umr. máls þessa í Ed. fyrir nokkru og mun ég ekki fara ítarlega út í samanburð hér, en þó aðeins nefna nokkur atriði sem breyttust verulega og hafa breyst í meðferð stjórnarflokkanna á frv. þessu. Til þess að átta sig á breytingunum er brýn nauðsyn að hafa einnig í huga frv. það sem einn stjórnarflokkanna, Alþfl., birti landsmönnum í málgagni sínu, Alþýðublaðinu, í desembermánuði s. l. Ég tæpi hér á nokkrum meginatriðum.

Í frv. því, sem Alþfl. sýndi landslýð í Alþýðublaðinu í des., var gert ráð fyrir að stofnað yrði eins konar kjaramálaráð eða leitað yrði eftir kerfisbundnu samstarfi ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins, eins og það var orðað. Þessi stofnun átti að tryggja að allar fáanlegar upplýsingar um hagþróun, afkomu þjóðarbús og fyrirtækja og kaupmátt launa lægju fyrir með rúmum fyrirvara við gerð kjarasamninga, eins og það var orðað. Alþfl. kallaði þetta fyrirbæri í frv. sínu samstarfsstofnun. Þar sagði á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þessi stofnun beiti sér fyrir samkomulagi um heildarendurskoðun á gerð kjarasamninga í því skyni að einfalda það kerfi og samræma".

Hér var m. ö. o. komin tillaga um fyrirbæri sem stundum hefur verið kallað „hagráð", og þá átti að yfirtaka hlutverk stéttabaráttunnar í landinu. Hér var sem sagt einn af stjórnarflokkunum kominn með tillögu um að búa til stofnun sem væri í raun og veru byggð á grundvallarhugmyndum Sjálfstfl. um „stétt með stétt", og þeir möguleikar væru til að stéttirnar settust niður við borð og skiptu þjóðarkökunni á milli sín með einhverju sem kalla mætti „sanngjarn háttur mála". Hér átti m. ö. o. að afhenda tiltekinni stofnun stéttabaráttuna í landinu.

Þegar hæstv. forsrh. lagði frv. sitt fram í ríkisstj. 12. febr. s. l. hafði þetta ákvæði tekið nokkrum breytingum frá því sem það var í frv. Alþfl. í des. En í upphaflegri gerð frv. forsrh. var einmitt oft og tíðum tekið mjög greinilegt mið af þeim vísindum sem Alþfl. hafði birt landsmönnum í desembermánuði. Þannig var að orði komist í frv. hæstv. forsrh. 12. febr.:

„Stofna skal kjaramálaráð" o. s. frv. — „er sé vettvangur samráðs og samstarfs stjórnvalda og launafólks í efnahags- og kjaramálum".

Hér var m. ö. o. komin sú stofnun sem Alþfl. gerði ráð fyrir í frv. sínu. Þessum ákvæðum var mjög harðlega mótmælt af samtökum launafólks í landinu og af Alþb. Þau mótmæli höfðu það í för með sér, að við núverandi gerð frv. eru ákvæði í þessa veru að okkar mati algerlega viðunandi, þar sem ekki er gert ráð fyrir slíkri stofnun, heldur flest einungis í ákvæðum frv. viljayfirlýsing um að efla reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum.

Í öðru lagi vil ég nefna það ákvæði í frv. hæstv. forsrh. og reyndar í frv. þeirra Alþfl.-manna líka, sem laut að niðurfellingu fastra framlaga úr ríkissjóði í ákveðna sjóði. Í frv. Alþfl. í des. hljóðaði þetta svo:

„Lagaákvæði, sem kveða á um framlög úr ríkissjóði eftir sjálfvirkum reglum, skulu falla úr gildi með lögum þessum, sbr. 28. gr".

Síðan voru í þeirri grein taldir upp þeir sjóðir sem fella ætti niður framlög til. Í frv. hæstv. forsrh. í öndverðri gerð þess var slegið á mjög svipaða strengi og þannig komist að orði, að fyrir árslok 1979 skyldu ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða eða einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að framvegis skyldu fjárframlög til þessara þarfa ákveðin í fjárl. ár hvert. Hér var því sem sagt slegið föstu að að þessu marki skyldi fyrst og fremst stefna.

Í þeirri gerð frv., sem nú er til meðferðar hér í hv. Nd. Alþ., er hins vegar aðeins kveðið á um að þessi ákvæði skuli endurskoðuð fyrir árslok 1979 og kannað að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verði framvegis ákveðin í fjárl. ár hvert o. s. frv. Hér er m. ö. o. um það að ræða að horfið hefur verið frá þeim yfirlýsta ásetningi, sem var í texta frv. 12. febr. og í upphaflegum till. Alþfl., að leggja þessi framlög niður, en því einungis lýst yfir, að þessi mál skuli tekin til endurskoðunar og kannað að hve miklu leyti fjárframlög til umræddra þarfa verði framvegis ákveðin í fjárlögum ár hvert. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé eðlilegt og nauðsynlegt að endurskoða þessi framlög, en hins vegar verði þar að fara að öllu með gát, þar sem hér er í ýmsum tilvikum um að ræða fjárframlög til sjóða sem samningar hafa verið gerðir um, t. d. við verkalýðsfélögin í tengslum við gerð kjarasamninga.

Þriðja atriðið, sem ég vil nefna hér, er eitt af mörgum prósentubindingaratriðum sem einn samstarfsflokka okkar, Alþfl., gerði kröfur um í frv. sínu í des. og raunar allt frá því að stjórnin var mynduð. Í frv. Alþfl. í des. var kveðið svo að orði um ríkisumsvif á árunum 1979 og 1980:

„Skylt er að halda heildartekjum og heildarútgjöldum ríkisbúskaparins innan marka 30% af vergri þjóðarframleiðslu á árunum 1979 og 1980".

Í frv. hæstv. forsrh. 12. febr. var um mjög svipað ákvæði að ræða, þó að dregið væri úr því nokkuð. Í endanlegri gerð frv. er þessi texti hins vegar svona:

„Á árinu 1979 skulu ákvarðanir í ríkisfjármálum við það miðaðar, að heildartekjur og útgjöld á fjárl. haldist innan marka, sem svara til 30% af vergri þjóðarframleiðslu. Svipað markmið skal gilda fyrir árið 1980". Síðan kemur þessi afdráttarlausi fyrirvari: „Frá þessu skal þó víkja, ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega ef ætla má, að hætta sé á atvinnuleysi".

Hér hefur m. ö. o. hættulegt samdráttarákvæði verið gert skaðlaust að mínu mati með þeim eindregna fyrir-

vara sem er í lok 11. gr. frv. eins og hún hljóðar nú.

Í fjórða lagi vil ég nefna hér annað prósentubindingarákvæði, sem hljóðaði svo í frv. því sem Alþfl. lagði fram í málgagni sínu í desembermánuði, með leyfi forseta:

„Í því skyni að markmið 17. gr. náist skal Seðlabankinn á árinu 1979 tryggja að aukning peningamagns í umferð fari ekki fram úr 24% yfir árið, að teknu tilliti til árstíðabundinna sveiflna. Samsvarandi markmið fyrir árið 1980 skal vera milli 18 og 20%".

Í frv.-gerð þeirri, sem hæstv. forsrh. lagði fram í ríkisstj. 12. febr., hljóðaði textinn á þessa leið:

„Á árinu 1979 skal að því stefnt, að aukning peningamagns í umferð fari ekki fram úr 25% frá upphafi til loka árs, að teknu tilliti til árstíðabundinna sveiflna. Á sama hátt skal að því stefnt, að vöxtur peningamagns verði a. m. k. 5% hægari á árinu 1980 en á árinu 1979".

Í umr. um þetta mál kom það margoft fram, að forráðamenn bankakerfisins í landinu töldu að útlokað væri að framkvæma lagagrein af þessu tagi og þeir lögðu á það áherslu að þeir hefðu í raun og veru engin tæki til þess að tryggja lagaframkvæmd með þessum hætti í jafnmikilli verðbólgu og hér er um að ræða. Þrátt fyrir þetta var haldið mjög fast við þessa prósentubindingu á aukningu peningamagns í umferð, og í endanlegri gerð frv. hljóðar textinn svo í 30. gr.:

„Á árinu 1979 skal að því stefnt, að aukning peningamagns í umferð fari ekki fram úr 25% frá upphafi til loka árs að teknu tilliti til árstíðabundinna sveiflna. Á sama hátt skal að því stefnt, að vöxtur peningamagns verði a. m. k. 5% hægari á árinu 1980 en á árinu 1979". Síðan kemur þessi fyrirvari: „Frá þessum markmiðum má þó víkja, ef óvæntar breytingar verða á þjóðarbúskapnum, t. d. þannig, að atvinnuöryggi sé í hættu eða ef séð er, að forsendur þjóðhagsspár um verðþróun á árinu 1979 standist ekki".

Hér er m. ö. o. kominn inn í frv.-textann mjög ákveðinn fyrirvari. Einn af félögum mínum í þingflokki Alþb. komst þannig að orði á dögunum, að eins hefði ríkisstj. getað botnað þessar prósentubindingargreinar með eftirfarandi ákvæði: „Frá þessum ákvæðum má þó víkja, ef heilbrigð skynsemi krefst þess".

Einn þeirra ásteytingarsteina, sem var í sögulegu stjórnarsamstarfi okkar við framlagningu þessa frv., var um bindiskyldu í bönkunum. Í frv. Alþfl., en þangað má rekja margt af þessum þáttum, var þannig að orði komst í desembermánuði:

„Í framangreindu skyni skal Seðlabanka heimilt að hækka bindiskyldu innlánsstofnana frá Seðlabankanum þannig, að nemi allt að 40% af aukningu heildarinnstæðufjár innlánsstofnana án tillits til gildandi ákvæða um hámarksbindingu".

Þessi grein hefði auðvitað haft í för með sér stórfellda skerðingu á fjármagni viðskiptabankanna og möguleikum þeirra á þjónustu við atvinnulífið, þegar þess er enn fremur gætt að viðskiptabankarnir hafa verið látnir taka á sig á undanförnum missirum hækkandi hlutfall viðbótarlána auk þess sem þeir taka áfram, þó í minnkandi mæli sé, þátt í skuldabréfakaupum Framkvæmdasjóðs.

Í frv. hæstv. forsrh. 12. febr. var ákvæði um það, að innstæðubinding ætti hins vegar að hækka í 30% af heildarinnstæðufé frá hverri stofnun, en þetta hámark miðaðst nú við 25%, og síðan var ákvæði til bráðabirgða í frv. hæstv. forsrh. 12. febr., þar sem svo var að orði kveðið, að þar til öðruvísi yrði ákveðið ættu 35% af innlánsaukningu innlánsstofnana að vera bundin á reikningi viðkomandi stofnunar í Seðlabankanum.

Í núverandi gerð frv. er hins vegar, eins og kunnugt er, gert ráð fyrir, að innstæðubinding megi hæst nema 28% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun, og síðan sagt, að Seðlabankinn geti ákveðið að tiltekinn hluti innlánsaukningar skuli bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem sett er í 2. mgr., þ. e. a. s. fram úr 28%. Síðan er í þessari grein, eins og hún lítur út núna, sagt að Seðlabankinn skuli setja nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar samkv. 2. og 3. mgr. að fengnu samþykki ríkisstj., en bindiskyldan skal vera hin sama fyrir allar stofnanir. Hér er sem sagt um það að ræða, að heimilt er að binda hæst 28% og tiltekinn hluti innlánsaukningarinnar skuli bundinn á reikningi hjá Seðlabankanum, en þó megi heildarinnstæðan aldrei fara fram úr 28% og þetta verði því aðeins framkvæmt að ríkisstj. samþykki.

Í frv. Alþfl., sem kynnt var í Alþýðublaðinu í desembermánuði, var skýlaust ákvæði um að allar fjárskuldbindingar skyldu vera verðtryggðar, þannig að á árinu 1980 yrði því marki náð að raunvextir yrðu jákvæðir, eins og það var orðað í plaggi Alþfl., og þótti mörgum nýjung að því orðalagi, því að lítið hefur frést til neikvæðra raunvaxta til þessa. Í frv. hæstv. forsrh. var síðan allmikill bálkur um verðtryggingu fjárskuldbindinga, eins og kunnugt er. Þar var í meginatriðum um að ræða rammaákvæði sem ríkisstj. og Seðlabankanum er síðan ætlað að fylla út í. Þar var þó ákvæði til bráðabirgða þar sem skýlaust var kveðið á um að ekki einasta skyldu lengri lán, heldur hreint öll lán bera verðtryggingu, til hvaða nota sem þau væru. Þar var t. d. að finna eftirfarandi setningu: „Þegar um lán til mjög skamms tíma er að ræða, þannig að torvelt er að koma við mati á verðtryggingu, skal verðtryggingarþáttur vaxtakjara miðast við áætlaðar verðbreytingar". Í endanlegri gerð frv., sem nú liggur fyrir hv. d., er þessi setning felld niður og þannig ekki kveðið á um það, hvernig skuli farið með skammtímalán. Við núverandi gerð frv. er auk þess sérstakt ákvæði um það, að með sérstökum hætti skuli farið með rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna. Í frv. hæstv. forsrh., sem lagt var fram í ríkisstj. 12. febr., var einnig ákvæði um að heimilt ætti að vera að miða við erlendan gjaldmiðil nánast allar innlendar skuldbindingar og viðskiptasamninga, en í núverandi gerð frv. hefur þetta ákvæði verið fellt niður, nema um sé að ræða sérstakar lagaheimildir í því skyni.

Ég vil þá einnig geta þess, að í frv. hæstv. forsrh. bæði fyrr og nú er ákvæði um sérstaka vinnumálaskrifstofu ríkisins. Í núverandi gerð frv. hefur verið bætt inn mjög mikilsverðum ákvæðum, sem ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á og fagna, en þau er að finna í 52. gr. Þar hefur verið bætt inn ákvæði, þar sem segir:

„Verkefni sín skal vinnumálaskrifstofan leysa í samráði og samvinnu við samtök launafólks og vinnuveitenda, eftir því sem kostur er".

Síðar er komið inn í þennan sama kafla mikilsvert ákvæði um að atvinnurekendum sé skylt að tilkynna verkalýðsfélögum og vinnumálaskrifstofunni með tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt eða aðrar breytingar á rekstri, er leitt gætu til uppsagnar fjögurra starfsmanna eða fleiri. Hér er um mjög mikilsvert ákvæði

að ræða, sem við fögnum. Tilkynningarskylda til verkalýðsfélaganna er inn komin fyrir ábendingar umsagnaraðila, einkum Alþýðusambands Íslands. Ég tel að ég hafi í nokkrum orðum sýnt fram á að ýmis helstu samdráttarákvæði upphaflegs frv. hæstv. forsrh., eins og það var lagt fram í öndverðu, hafi breyst svo að það eigi ekki að vera hætta á að frv. í þeirri mynd, sem það liggur nú fyrir, hafi í för með sér hættu á atvinnuleysi. Einnig held ég að það sé ljóst, að það var vegna þrýstings verkalýðshreyfingarinnar að þessar breytingar fengust fram, því að báðir hinir stjórnarflokkarnir — og alveg sérstaklega Alþfl. — bitu sig fasta í upphaflegan texta forsrh. á þeim hálfa mánuði a. m. k. sem trúlofunarskeið þeirra stóð yfir, hv. 7. þm. Reykv. og hæstv. forsrh.

En ekki einasta hafa samdráttarákvæði af ýmsum toga verið gerð skaðlaus í frv. þessu, heldur er komið inn í frv. ákvæði sem við Alþb.-menn teljum afar mikilsvert, en það felur í sér viðurkenningu á nauðsyn eflingar atvinnuveganna og sérstöku átaki í því skyni. Hér á ég við V. kafla frv. um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri. Þar er gert ráð fyrir að rn. einstakra atvinnuvega skuli hafa forgöngu um gerð atvinnuvegaáætlana hvert á sínu sviði. Við áætlanagerðina á sérstaklega að miða að frekari vinnslu og bættri nýtingu innlendra hráefna og aukinni framleiðni atvinnuveganna og traustum rekstrargrundvelli þeirra. Jafnframt verði kannaðar hugmyndir og áætlanir um nýjar atvinnugreinar er treyst gætu undirstöðu þjóðarbúsins. Við undirbúning og skipulagningu áætlana á samkv. þessum kafla frv. að leggja sérstaka áherslu á skynsamlega og hagkvæma ráðstöfun auðlinda og skipulega landnýtingu til lengri tíma. Enn fremur skal hafa í huga æskilegt *jafnvægi milli einstakra atvinnugreina auk þess sem* áætlanir stuðli að skipulegri byggðastefnu og eflingu atvinnustarfsemi á félagslegum grundvelli.

Þá er í 23. gr. lögð áhersla á nauðsyn samræmingar við gerð atvinnuvegaáætlana og þessa samræmingu á að tryggja sameiginlega af ráðh. viðkomandi atvinnugreina ásamt forsrh. Jafnframt eiga þessir aðilar að sjá um að samræmi sé á milli atvinnuvegaáætlana og fjárfestingar- og lánsfjáráætlana, sem gert er ráð fyrir í IV. kafla frv., og áætlunar þeirrar um meginstefnu í ríkisbúskapnum, sem mælt er fyrir um í 7. gr. þessa frv.

Þá er gert ráð fyrir að fela megi opinberum stofnunum, sem starfa að áætlanagerð og tengdum verkefnum, vinnu við gerð atvinnuvegaáætlana, eftir því sem við á. Við undirbúning atvinnuvegaáætlana og hagræðingar í atvinnurekstri skal leita álits og tryggja samráð við samtök í viðkomandi greinum.

Í 24. gr. segir að ríkisstj. eigi að leggja atvinnuvegaáætlanir fyrir Alþ. sem þáltill. eða frv., eftir því sem við eigi hverju sinni.

Þá er að finna í þessum kafla mikilvægt ákvæði um að til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skuli efla rannsóknastarfsemi í þeirra þágu með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um þetta efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum.

Í 26. gr. er ákvæði um að til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulísins eigi að verja á árinu 1979 sérstaklega 1000 millj. kr., og á árinu 1980 er sagt að ríkisstj. eigi að beita sér fyrir sérstakri fjáröflun í sama skyni, að upphæð 2000 millj. kr.

Loks er að finna ákvæði í þessum kafla um að efla skýrslugerð um fjárfestingu í atvinnuvegunum og tengja hana fjárfestingaráætlun hvers árs og stefnumarkandi áætlunum fyrir atvinnuvegina. (**Gripið fram í:** Hvað þýðir að efla skýrslugerð?) Bæta skýrslugerð, Friðrik minn. (**FrS:** Það er allt annað mál.) Þú getur flutt brtt. Við Alþb.-menn teljum að hér sé um að ræða mjög mikilsverð ákvæði um atvinnumál, sem eigi að geta haft í för með sér jákvæða þróun fyrir íslenska atvinnuvegi á komandi árum. Enda þótt við hefðum gjarnan kosið að ganga lengra í þessum efnum að ýmsu leyti, einkum að því er varðar fjárfestingarstjórn, teljum við að hér sé stigið mjög veigamikið skref í rétta átt og þessum kafla í frv. í þeirri gerð, sem það er nú, fögnum við alveg sérstaklega.

Ég kem þá að verðlagsmálakafla frv. Í þeirri gerð þess, sem lögð var fram í ríkisstj. 12. febr., var ákvæði um að lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti tækju gildi fyrr en ætlað hafði verið og lögfest hefur verið, þ. e. a. s. þau tækju gildi 1. sept. í stað 1. nóv. Erfitt átti maður með að finna eðlilegar eða rökrænar skýringar á þessu ákvæði um að flýta gildistöku þessara laga. Verða ekki hafðar hér uppi neinar getsakir í þá átt, hvaðan þessi texti kunni að hafa verið ættaður. En í þessum kafla var svo einnig ákvæði um það, að frá og með 1. sept. 1979 skyldu jafnframt felld niður úr lögum um kjaramál, sem sett voru í sept. s. l., ákvæði sem kveða á um heimild ríkisstj. til afskipta af samþykktum verðlagsnefndar. Við gagnrýndum þessi ákvæði frv. mjög eindregið, og í þeirri frv.-gerð, sem lögð var fyrir Alþ. af hæstv. forsrh., höfðu þessar greinar tekið mjög miklum stakkaskiptum. Þar var í fyrsta lagi ekki um að ræða ákvæði um að flýta gildistöku verðlagsmálalaganna, og í öðru lagi var þar ekki ákvæði um að fella niður íhlutunarrétt *ríkisvaldsins um samþykktir* verðlagsnefndar, heldur voru komnar inn tvær nýjar greinar sem vöktu mjög mikinn úlfaþyt, bæði hjá Sjálfstfl. og einnig skal viðurkennt að nokkru innan samstarfsflokka okkar. Í þeim samkomulagsumleitunum, sem fram fóru milli stjórnarflokkanna eftir að samstarf þeirra að þessu frv. rofnaði um sinn, hljóðaði þessi grein upp á það, að 8. gr. laga um verðlag o. fl. orðaðist svo:

„Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu gilda áfram. Þegar samkeppni er nægjanleg getur verðlagsráð að fengnu samþykki ríkisstj. vikið frá þessum reglum og m. a. heimilað að fella einstaka flokka vöru og þjónustu undan einstaka verðlagsákvæðum. Hafi slík heimild verið veitt, getur verðlagsstofnun engu að síður skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.“

Það fór ekkert á milli mála við umr. um lögin um verðlag o. fl. á Alþ. fyrir tæpu ári, að það var 8. gr. frv. sem olli mestum deilum. Greinin er orðuð svo í textanum núna:

„Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag, skal verðlagning vera frjáls. Nú er verðlagning frjáls og getur verðlagsstofnun skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir“ o. s. frv.

Hér er um að ræða, eins og allir heyra, verulegan mun á þessum textum, annars vegar á lögunum og hins vegar frv. í núverandi gerð.

Þá felst sú breyting einnig í núverandi gerð verðlagsmálakaflans, að felld er niður síðari mgr. 12. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskipta-

hætti, en í núverandi gerð greinarinnar í frv. hæstv. forsrh. segir svo:

„Verðákvarðanir samkv. 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu."

Í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti er að vísu kveðið eins að orði í fyrri mgr. 12. gr., en síðan bætt við eftirfarandi mgr.:

„Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er um getur í 1. gr., fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning, ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu."

Eins og heyra má skiptir það verulegu máli, hvort verðlagsnefnd er uppálagt að fara eftir fyrri mgr. einvörðungu eða hvort henni er ætlað að fara einnig eftir ákvæðum seinni mgr. 12. gr., sem hér er gerð till. um að fella niður, en í þeirri mgr. er talað um að álagning þurfi ekki einasta að duga fyrir nauðsynlegum kostnaði við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning og sölu, heldur einnig fyrir afskriftum svo og sanngjörnum hreinum hagnaði þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu. Hér er um að ræða miklu strangara hagnaðarsjónarmið við ákvarðanir verðlagsnefndar en nokkru sinni hefur verið í lögum hér á landi. Það er mikill fengur að því, að breytingar þær skuli hafa náð fram að ganga í samningum stjórnarflokkanna sem koma fram í 57., 58., 59. og 60. gr. þessa frv.

Í umr. um þetta mál í hv. Ed. Alþingis var því haldið fram af talsmönnum Sjálfstfl., að með þessum breytingum á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti væri ég að ganga á bak þeirra orða sem ég hefði látið falla í Ed. þegar hv. d. samþykkti frestun laganna s. l. haust. Ég vísa þessum ásökunum mjög eindregið á bug. Í umr. um málið í hv. Ed. í nóvembermánuði s. l. lagði ég á það áherslu að undirbúa þyrfti miklu betur Verðlagsstofnunina undir það að taka við þeim nýju verkefnum, sem lögin gera ráð fyrir, og ég lýsti því yfir, að ég mundi beita mér fyrir því að hún yrði sem best undir slíkt búin.

Hvað sem líður efni 8. og 12. gr. verður um að ræða verulegar breytingar á starfsemi Verðlagsstofnunarinnar frá því sem nú er á verðlagsskrifstofunni. Einnig er gert ráð fyrir ýmsum nýjum stjórnvöldum í þessum lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, m. a. um samkeppnisnefnd, og þar er að finna sérstök ákvæði um neytendavernd og einnig gert ráð fyrir að verðlagsráð verði nokkuð breytt að skipan frá því sem nú er. Ég tel að verkefni Verðlagsstofnunarinnar verði síst minni og breytingar, sem gera þurfi á stofnuninni, verði síst veigaminni við samþykkt þess frv. sem hér liggur fyrir, því að auk þeirra ákvæða, sem ég hef nú getið um og lúta að breytingum á lögum um verðlag o. fl. frá s. l. vori, eru í frv. núna ákvæði sem gera ráð fyrir að verðlagsskrifstofan auki starfsemi sína í því skyni að tryggja sanngjarna verðlagsþróun, að hún eigi að rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um o. s. frv. Síðan er í 58. gr. að finna mikilvægt ákvæði þar sem segir:

„Skrifstofa verðlagsstjóra skal gera reglulega athuganir á innflutningsvöruverði og bera það saman við verð í öðrum löndum eftir því sem kostur er og birta niðurstöður slíkra athugana almenningi."

Ég tel að kaflinn um verðlagsmál annars vegar og kaflinn um atvinnumál hins vegar séu að dómi okkar Alþb.-manna ákaflega mikilvæg viðurkenning á okkar pólitísku sjónarmiðum.

Þá kem ég að þeim kafla frv. sem mestum deilum hefur valdið. Það er kaflinn um verðlagsbætur á laun.

Í upphaflegri gerð frv. hæstv. forsrh. var gert ráð fyrir að gerðar yrðu verulegar breytingar á núverandi verðbótakerfi launa. Þar var í fyrsta lagi um að ræða þær breytingar, að búvörufrádráttur og verðbreytingar á áfengi og tóbaki söfnuðust ekki saman sem sérstakur vísitöluliður. Þar var einnig gert ráð fyrir að óbeinir skattar væru teknir út úr vísitölunni og að niðurgreiðslur, sem nú eru í hámarki, væru teknar út úr vísitölunni. Þar var og um að ræða ákvæði þess efnis, að viðskiptakjör gætu haft skerðingaráhrif á verðbótavísitölu. Loks var þar ákvæði sem gerði ráð fyrir að kauphækkanir mættu aldrei fara fram yfir 5% á þriggja mánaða fresti, það, sem umfram kynni að vera, átti að geyma í 9 mánuði, t. d. frá 1. júní 1979 til 1. mars 1980. Það er erfitt að átta sig á því nákvæmlega hvað þessi ákvæðu hefðu þýtt, og svo merkilegt sem það er hafa okkar reikningsglöðu sérfræðingar ekki sent frá sér nákvæmar tölur um þetta efni sem sýna málið eins og það er í raun vaxið. Ef við gerum hins vegar ráð fyrir að vísitala framfærslukostnaðar á yfirstandandi þriggja mánaða tímabili hækki um 10% hefði kaup samkv. febrúarútgáfu frv. hæstv. forsrh. átt að hækka í mesta lagi um 5%. Mismuninn átti að geyma til 1. mars 1980. Með sama hætti hefði kauphækkun 1. sept. ekki orðið meiri en 5% og mismunurinn geymdur til 1. júní 1980. Á þeim þriggja mánaða tíma, sem kauphækkun 1. sept. á að bæta, er gert ráð fyrir að verðlagshækkanir verði um 8%, og í desember hefði enn átt sér stað 5% kauphækkun enda þótt verðlagshækkanir hefðu orðið 6—7% á næstliðnu þriggja mánaða tímabili.

Þennan bakgrunn verða menn að hafa í huga þegar metin er sú niðurstaða sem nú liggur fyrir. Það var m. ö. o. við því að búast að á móti 24% hækkun framfærsluvísitölunnar 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1979 hefði komið 12—15% kauphækkun, og þó er ekki endilega víst að það hefði komið út vegna þess að hækkanir skatta til ríkisins af hækkandi erlendu bensínverði hefðu ekki komið inn í vísitöluna, því að þær flokkast sem óbeinir skattar, sem átti að taka út úr vísitölunni, og enn fremur liggur fyrir, að á síðari hluta þessa árs verður að draga nokkuð úr niðurgreiðslum frá því sem var á síðasta hluta ársins 1978 og er enn. Samdráttur í niðurgreiðslum hefði vitaskuld haft í för með sér að kaupið hefði hækkað enn minna þrátt fyrir miklar verðlagshækkanir á þessum tíma.

Þegar þessi frv.-texti var lagður fram og kynntur hafði hann það í för með sér að fulltrúar verkalýðsstakanna í vísitölunefnd neituðu að starfa að þeim málum áfram og töldu að frv.-textinn væri sérdeilis ósanngjarn með tilliti til þess að þeir hefðu áður lýst sig reiðubúna til að ræða það að vísitalan yrði sett á 100, eins og það er kallað, frá 1. júní og gjarnan gerist við gerð nýrra kjarasamninga, og um leið hefðu þeir lýst sig reiðubúna til að ræða það, hvort og þá hvernig viðskiptakjaratenging yrði tekin með þegar verðbótavísitala yrði ákveðin.

Þegar frv. var lagt fram mánuði seinna, eða 12. mars,

voru ákvæðin um í fyrsta lagi 5% hámarkshækkun á þriggja mánaða fresti og geymsla mismunarins í 9 mánuði fallin út. Í öðru lagi var ákvæðið um að taka óbeina skatta og niðurgreiðslur út úr vísitölunni fallið út úr frv. Hér voru m. ö. o. alvarlegustu skerðingarákvæði launanna farin út úr frv.-gerðinni. Inni stóðu þá ákvæði sem að mati Alþýðusambands Íslands hefðu haft í för með sér 5.5% skerðingu launa 1. júní frá því sem ella hefði átt að vera. Þau skerðingarákvæði, sem hér var um að ræða, voru einkum eftirfarandi:

1. Breyting á frádráttarliðum vísitölunnar upp á um það bil 1%.
2. Breyting á meðferð verðbótaauka sem hefði þýtt 1% 1. júní að mati Alþýðusambandsins.
3. Viðskiptakjaraskerðing upp á ca. 3%.
4. Breytingar á olíuverði vegna olíustyrkshækkana, sem gætu verið upp í 0.5%.

Hér væri að mati Alþýðusambandsins samtals um að ræða um 5% skerðingu.

Þegar þessi gerð frv. lá fyrir var því harðlega mótmælt af Alþýðusambandi Íslands í sérstakri ályktun miðstjórnar þess og því mótmælt sérstaklega að hróflað yrði við ákvæðum kjarasamninga um meðferð frádráttarliða, áfengis og tóbaks annars vegar og launaliðar bænda hins vegar. Þessi hluti af skerðingunni nam, eins og ég sagði, 1% eða svo. Í annan stað var gagnrýnt í ályktun Alþýðusambandsins, hversu farið væri með verðbótaaukann í frv. þessu og viðskiptakjaraviðmiðun svo og að ætlunin væri að lækka dýrtíðarbætur til fólks vegna ekki einasta hækkunar á olíustyrk, heldur einnig vegna annarra ráðstafana, sem gerðar kynnu að verða til þess að draga úr kostnaðarauka þeim sem þjóðarbúið kann að verða fyrir vegna olíuverðshækkananna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að samstarfsflokkar okkar í ríkisstj. höfnuðu því að ræða við alþýðusamtökin um þessi sérstöku mótmæli við verðbótakaflanum og þeir kröfðust þess að frv. yrði lagt fram óbreytt eins og forsrh. gekk frá því 12. mars s. l. Ég vil leggja á það áherslu, að það kom fram af hálfu samstarfsflokkanna mjög mismunandi vilji til þess að koma þarna til móts við verkalýðssamtökin. En að síðustu fór svo, að hæstv. forsrh. ákvað að leggja frv. fram sem alþm. í hv. Ed., en vitað var að fyrir lá stuðningur við frv. frá Alþfl. og Framsfl.

Skömmu eftir að það gerist heldur Verkamannasamband Íslands formannafund og leggur á það áherslu, að gera verði sérstakar ráðstafanir til þess að vernda lægri launin, og í öðru lagi, að koma verði til móts við þau sjónarmið sem fram komu í fyrrnefndri ályktun Alþýðusambands Íslands. Eftir að ályktun Verkamannasambandsins hafði verið gerð og birt almenningi var ljóst að unnt ætti að vera, ef heilindi byggju að baki þeirri ályktun af hálfu allra þeirra sem hana gerðu, að ná samkomulagi stjórnarflokkanna um ákveðnar breytingar á verðbótakafla frv. Í fyrstu leit það þó ekki vænlega út. Við Alþb.-menn lögðum fram till. um að annaðhvort yrðu teknar inn sérstakar bætur handa þeim sem hafa lægri launin, þ. e. a. s. föst krónutala handa öllum sem hafa í laun í mars 250 þús. kr. og þar fyrir neðan, eða gerðar yrðu aðrar ákveðnar breytingar á verðbótakaflanum, sem fólust m. a. í því að við tókum undir ábendingar Alþýðusambandsins og Verkamannasambandsins, enda í samræmi við þá afstöðu sem flokkur okkar hefur ævinlega haft í þeim umr. sem staðið hafa yfir um þessi mál innan ríkisstj. og utan.

Um síðir tókst samkomulag um það sem hér liggur fyrir. Í því felast verulegar og þýðingarmiklar breytingar á verðbótakafla frv. frá því sem var 12. mars, sem þá hafði aftur gerbreyst frá því sem var mánuði fyrr, eins og ég rakti áðan. Veigamestu breytingarnar á þessum kafla og þær jákvæðustu að mínu mati og Alþb. eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi eru lægri laun en 210—220 þús. kr. á mánuði varin fyrir þeirri skerðingu sem frv. gerði óbreytt ráð fyrir. Samkv. þeim spám, sem nú liggja fyrir um að hækkun framfærsluvísitölu febr.—maí verði 10%, má gera ráð fyrir að lægri laun en áður nefnt mark segir til um svo og elli- og örorkulífeyrir hækki um 9%. Mismunurinn stafar annars vegar af því, að breytt er meðferð búvörufrádráttar í vísitölunni, og hins vegar af því, að gert er ráð fyrir að strax 1. júní hafi sérstakar ráðstafanir til hækkunar á olíustyrk áhrif til lækkunar á verðbótavísitölu. Ég tel að segja megi fullum fetum að kaupmáttur lægri launa sé varinn með þessum ákvæðum og viðskiptakjaraskerðingu á þessi laun skotið á frest. Von er til þess að breyting viðskiptakjara á síðari hluta ársins verði þannig, að skerðing vegna þeirra komi vart til framkvæmda 1. sept. og 1. des. Þetta er önnur meginbreytingin á verðbótakafla frv.

Hin meginbreytingin er sú, að laun, sem eru fyrir ofan þetta mark, 210—220 þús. kr. á mánuði, taka á sig $^2/_3$ hinnar áætluðu viðskiptakjaraskerðingar 1. júní, en því, sem eftir er, 0.5—1%, yrði frestað til 1. sept. Með þessu móti hækka laun ofan við 220 þús. kr. á mánuði um u. þ. b. 7% 1. júní miðað við 10% hækkun framfærsluvísitölu febr.—maí. Skal tekið fram, að verulegur hluti þeirrar hækkunar er auðvitað hækkun á olíuvörum, en þess skal einnig getið að óbreytt vísitölukerfi hefði haft í för með sér 11—12% kauphækkun 1. júní á móti 10% verðlagshækkunum. Stafar mismunurinn af því, að gert er ráð fyrir sérstakri hækkun verðbótaaukans 1. júní. Hann er núna 1.5%, en því er spáð að hann geti farið í 2.5—3%, og í því liggur munurinn á kaupinu á þessari dagsetningu. Um verðbótaaukann er það aftur að segja, að frv. gerir ráð fyrir að hann verði í óbreyttri mynd frá því sem hann er nú fastur inni í kaupinu, þ. e. a. s. 1.5%, sem getur við hægara verðbólgustig haft í för með sér ávinning fyrir launafólk frá því sem óbreytt kerfi hefði gert ráð fyrir. A. m. k. virðist mega gera ráð fyrir að sú skerðing, sem hlýst af breytingu verðbótaaukans 1. júní, skili sér að nokkru eða verulegu leyti aftur 1. sept.

Þriðja og mikilvægasta breytingin á verðbótakafla frv. felst í ákvæði til bráðabirgða I, en þar segir:

„Ákvæði þessara laga breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun."

Það er því vitaskuld mikill misskilningur, sem hv. 4. þm. Reykv. hélt fram áðan, að með frv. þessu og ákvæði þess sé verið að taka af mönnum samningsréttinn, eins og hæstv. forsrh. ítrekaði mjög rækilega og skýrt í framsöguræðu sinni áðan.

Þetta ákvæði til bráðabirgða, sem merkt er með I, er mjög mikilsvert að mati okkar Alþb.-manna. Ekkert slíkt ákvæði var að finna í þeim gerðum frv. sem oftlega hafa verið nefndar hér á undan og kenndar við dagsetningarnar 12. febr. og 12. mars. Þetta ákvæði er sérstaklega mikilsvert vegna þess, að í þessu frv. er enn að finna að okkar mati ákvæði sem hróflað við samningunum sjálf-

um sem gerðir voru 1977, þ. e. a. s. frádráttarliðum samninganna, og felst sú breyting í tölul. 1 og 3 í 50. gr. þessa frv.

Ég legg á það áherslu af hálfu Alþb., að Alþb. áskilur sér allan rétt til þess að berjast við hlið verkalýðshreyfingarinnar fyrir breytingum á þeim ákvæðum, sem hér er um að ræða, og vegna þessara ákvæða hefur komið fram frá verkalýðshreyfingunni mjög alvarleg gagnrýni á frv. þetta og verðbótakafla þess. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að miðað við það, sem gert var ráð fyrir í upphaflegu frv. hæstv. forsrh., og miðað við það, sem launafólk í landinu ætti kost á ella, felist í þessu frv. ákvæði um kaup og kjör sem tryggi kaupmátt láglaunafólksins a. m. k. þetta árið, því að ef litið er yfir kjaraákvæði þessa frv. og þá verðlags- og viðskiptaþróun, sem búast má við fram eftir þessu ári, hygg ég að þegar upp verður staðið verði unnt að halda því fram með fullum rétti að lægri launin hafi verið varin þennan tíma og þau muni fyllilega halda í við verðlags- og viðskiptakjaraþróun á þessu tímabili.

Ég sagði áðan að verkalýðshreyfingin í landinu hefði lýst sig reiðubúna til þess að ræða um það, hvort og hvernig tengja mætti viðskiptakjör verðbótavísitölu, um það að setja á 100, eins og það er kallað, og einnig hefur það legið fyrir af hálfu okkar Alþb.-manna, að við höfum jafnan verið reiðubúnir til þess að taka tillit til þess við útreikning verðbótavísitölu ef gerðar væru sérstakar ráðstafanir til þess að hækka olíustyrk. Ef þetta þrennt, sem við höfum rætt undanfarna mánuði, bæði Alþb. og verkalýðshreyfingin, er tekið til skoðunar og lagt saman hygg ég að út úr samningum um slík atriði við verkalýðshreyfinguna í landinu hefði aldrei komið minna en 2—3% breyting 1. júní n. k., og því held ég þessu fram sem ég gerði áðan, að það sé fullkomlega stætt á því fyrir Alþb. að standa að samþykkt verðbótakaflans með þeim hætti sem hann er núna, þegar það bætist við að í honum er sérstakt ákvæði sem heimilar og bendir á að verkalýðsfélög geti hvenær sem er gert samninga um annað við atvinnurekendur sína ef þeir eru tilbúnir til að ganga til móts við launþegasamtökin. En því hafa þeir hins vegar neitað fyrir fram, eins og staðan er í dag, eins og hv. 4. þm. Reykv. ætti að vera kunnugt um eins og öðrum.

Þegar allt þetta er lagt saman og skoðuð þau ákvæði sem komist hafa inn í frv. fyrir okkar tilverknað og verkalýðshreyfingarinnar, að því er varðar að útrýma samdráttarákvæðum frv., að því er varðar verðlagsmál og á fleiri sviðum sem ég hef talið hér upp og loks að því er varðar breytingar á verðbótakaflanum, þá tel ég að það sé sjálfsagt og eðlilegt í þessari stöðu fyrir Alþb. að standa að þessu frv. Ég neita því hins vegar ekki og ég vil láta það koma hér hreinskilnislega fram af minni hálfu, að sú barátta við kauplækkunaröflin, sem staðið hefur yfir frá því að þessi ríkisstj. var mynduð, hefur verið miklu harðari og miklu ákveðnari en ég hafði áður átt von á. Ég geri mér ekki vonir um að þessari baráttu sé lokið. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að þessari baráttu kauplækkunaraflanna verður haldið áfram, og ég geri mér jafnframt grein fyrir því, að því aðeins náum við árangri í baráttunni gegn þessum öflum að verkalýðshreyfingin í landinu sé reiðubúin til þess að beita samtakamætti sínum til að sækja þann rétt sem hún á. (**FrS:** Hver eru kauplækkunaroflin?) Þu ættir nú að þekkja þau, Friðrik.

Ég vil sérstaklega á þessari stundu gagnrýna mjög harðlega það skilningsleysi sem komið hefur fram hjá ýmsum aðilum í umr. um þetta frv. í garð verkalýðshreyfingarinnar, því að ég minni á að verkalýðshreyfingin í landinu var, enda þótt hún væri með lausa samninga frá 1. des. s. l., reiðubúin til þess að halda óbreyttu grunnkaupi út árið 1979, og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna hafa einnig fallist á sömu stefnu, enda fái þessi samtök, sem ég nefndi síðar, fram tiltekin atriði í sínum samningsréttarmálum. Ég tel að verkalýðshreyfingin hafi í raun sýnt þessari ríkisstj. skilning og velvilja sem birtist í þessari afstöðu til grunnkaupsins á árinu 1979 og birtist kannske alveg sérstaklega í samþykktum sem gerðar voru vegna desemberráðstafana ríkisstj. Þessi afstaða verkalýðshreyfingarinnar hefur einnig komið mjög skýrt fram nú að undanförnu, því að verkalýðshreyfingin hefur þrátt fyrir kauplækkunarárásirnar, sem á hana eru gerðar, jafnvel á vettvangi stjórnarsamstarfsins, lýst sig reiðubúna til að reyna áfram að stuðla að því að þessi ríkisstj. geti starfað í landinu að þeim málum sem hana varða mestu og alla alþýðu.

Ég vil undir lokin fara til glöggvunar nánar yfir hugsanlega þróun verðlags og launa á árinu 1979, eins og það virðist líta út núna. Samkv. spám er gert ráð fyrir að framfærsluvísitalan hækki á yfirstandandi vísitölufjórðungi um 10%. Vegna þeirra verðhækkana mundu þeir, sem eru með laun undir 210 þús. kr., fá 9% kauphækkun 1. júní, en þeir, sem eru yfir 220 þús. kr., mundu fá um 7% kauphækkun 1. júní. Gert er ráð fyrir, að á næsta fjórðungi ársins verði hækkun framfærsluvísitölu 8%, og samkv. ákvæðum þessa frv. mundu vegna viðskiptakjaraskerðingarinnar aðeins koma til útborgunar 7—7.5% 1. sept. hjá bæði þeim sem eru undir og yfir áður nefndum launamörkum. Á síðasta vísitölufjórðungi þessa árs er því spáð, að verðlagshækkanir verði 7%, í gögnum Þjóðhagsstofnunar frá 16. mars s. l., og miðað við að sú skerðing, sem verður vegna frádráttarliða í búvöru, verði um 0.5%, yrði kauphækkun í þessu tilviki 1. des. 6.5% til allra.

Í heild liti dæmið þá þannig út, að framfærsluvísitalan hefði hækkað um 27% á 9 mánuðum. Lægri laun hefðu hins vegar fengið 24—24.5% kauphækkun og hærri launin fengju 22—23% launabætur. Í þessum tölum er ekki gert ráð fyrir að viðskiptakjarabati geti komið launamönnum til góða á síðari hluta ársins 1979, sem margir telja þó vel hugsanlegt, og í þessu er ekki heldur gert ráð fyrir að sú breyting á meðferð verðbótaaukans, sem gert er ráð fyrir í frv., hafi í för með sér launabætur frá óbreyttu ástandi, en slíkt gæti mjög vel komið til, einkum á síðasta vísitölufjórðungi ársins.

Að öllu samanlögðu verð ég að segja það, að með tilliti til þess, sem verkalýðshreyfingin hafði lýst sig reiðubúna til að ræða um, og með tilliti til þess, að það er almennt viðurkennt að sérstakar ráðstafanir til hækkunar olíustyrks ættu ekki að koma til hækkunar verðbótavísitölu, — að þessu samanlögðu býst ég ekki við að launaskerðingin sem slík af þessum ástæðum hefði orðið minni, jafnvel þótt um hana hefði verið samið. Það, sem hins vegar er ámælisvert, eru vinnubrögðin, sem viðhöfð hafa verið, og það krukk í samninga sem fram kemur í 1. og 3. tölul. 50. gr.

Í þeim umr., sem fram hafa farið um þessi mál að undanförnu, hafa menn lagt á það mjög mikla áherslu að ½% kauphækkun til eða frá mundi þýða stórfellda verð-

bólguaukningu. Í þessum ummælum og afstöðu manna kemur greinilega fram, að margir virðast vera þeirrar skoðunar að launin ein ráði því, hvert verðbólgustigið er, og þar af leiðandi sé eina leiðin til að knýja verðbólgustigið niður að lækka launin. Þetta eru kenningar sem við könnumst við úr stéttabaráttu undanfarinna ára, en þetta eru hinar örgustu villukenningar. Við Alþb.-menn teljum að það eigi að vinna gegn verðbólgunni með markvissum aðgerðum í fjárfestingarstjórn, með áætlunargerð og með samræmdri heildarstefnu í efnahagsmálum. Við teljum að kaupið hér á Íslandi sé ekki of hátt. Við teljum að kaupmátturinn sé ekki of mikill. Og við teljum að það sé nauðsynlegt að verkalýðshreyfingin í landinu standi fast á rétti sínum, samningum og kaupi, því að slíkt er vitaskuld eina leiðin til þess að tryggja hér skapleg lífskjör. Það er um leið eini vegurinn til þess að unnt sé að skapa víðtæka pólitíska samstöðu um að taka á þeim milljörðum og aftur milljörðum sem runnið hafa til fárra fjárplógsmanna og braskara á síðustu árum.

Þeir, sem hæst hafa um baráttuna gegn verðbólgunni núna, gera það margir vegna þess að þeir vilja nota verðbólguna til að níðast á kaupinu. Þeir vilja notfæra sér verðbólguna. Þeir telja hana happafeng til þess að unnt sé að lækka kaupið. Þeir sjá engar aðrar efnahagsstærðir í þjóðfélaginu en kaupið. Vissulega er kaupið meiri hluti þjóðarteknanna. En í þjóðfélaginu á sér stað margvísleg, gegndarlaus sóun með fjármuni sem væri unnt að skera niður ef til þess næðist samstilling þeirra stjórnmálaafla sem best eru í núverandi stjórnarflokkum. Og ég hygg að ef þessi ríkisstj. ætli að rísa undir nafni vinstri stjórnar þurfi hún nú framar öllu öðru að snúa sér að því að skera niður þá fjármuni, sem enn í dag og enn um næstu framtíð renna að því er virðist óhindrað í vasa fjárplógsmanna og braskara í þessu þjóðfélagi. Beri ríkisstj. gæfu til þess að snúa sér að því verkefni samhliða eflingu íslenskra atvinnuvega mun hún ekki einasta ná góðu samstarfi um kjaramál við verkalýðshreyfinguna í landinu, heldur mun hún einnig ná samstarfi við verkalýðshreyfinguna um alhliða félagslega uppbyggingu íslenska þjóðfélagsins í atvinnumálum, í félagsmálum og í menningarmálum. Þar er ótalmörg verk að vinna. Á liðnum mánuðum þessarar ríkisstj. hefur lítill tími gefist til slíkra verka. Mikill tími hefur því miður farið í átök á milli stjórnarflokkanna. Vonandi verða næstu mánuðir í samstarfi núverandi stjórnarflokka þannig að það gefist tóm, tækifæri og umfram allt samstaða til þess að snúa sér að verkunum. Þau æpa á okkur úti um allt þjóðfélagið, og fólkið er reiðubúið til að styðja núverandi ríkisstj. með ráðum og dáð — yfirgnæfandi meiri hl. þessarar þjóðar og yfirgnæfandi meiri hl. íslenskra launamanna.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hér er til umr. það hið fræga frv. sem hæstv. forsrh. flutti í Ed. um stjórn efnahagsmála eftir að hann í margar vikur, marga mánuði hafði gert tilraun til þess að fá samstöðu innan ríkisstj. í efnahagsmálum. Þetta frv. var uppgjöf hans og sýnir betur en nokkuð annað, hvernig í raun og veru samstarfið og samstaðan hefur verið á stjórnarheimilinu allt frá því að ríkisstj. var mynduð 1. sept. s. l.

Af hálfu okkar sjálfstæðismanna gerði hv. 4. þm. Reykv., formaður Sjálfstfl. grein fyrir sjónarmiðum okkar varðandi þetta frv., en ég hafði hugsað mér að víkja sérstaklega að þeim köflum frv., þar sem fjallað er um ríkisfjármálin, og þeim greinum sem í frv. eru og beinlínis fjalla um þann þátt efnahagsmálanna.

Í heild er hér flutt frv. um stjórn efnahagsmála án þess að þar sé gerð tilraun til þess að leysa aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum, heldur frv. fyrst og fremst unnið og síðan flutt til þess að lengja líf þessarar hæstv. ríkisstj. og viðhalda þeirri verðbólgu sem hjá okkur hefur verið að undanförnu, að vísu nokkuð misjöfn, en með flutningi þessa frv. virðist um að ræða hreina uppgjöf í þessum málum.

Það einkennir þessa málsmeðferð og frv. allt, að stjórnarflokkarnir hafa ekki komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut. Ákvæði hafa verið sett í frvgr., en eins og best kom fram í ræðu hæstv. viðskrh. áðan hafa greinarnar allar verið endurbættar og allar á þann veg að útgöngudyr eru fundnar og ákvæðin, sem í greinunum eru, nánast gerð að engu. Það, sem er einna merkilegast við þetta allt saman, er sú uppgjöf — sú algera uppgjöf sem er hjá Alþfl. Við erum búnir að heyra fjölmargar yfirlýsingar fulltrúa þess flokks á þingi frá því að það kom saman og margar dagsetningar, en það bregður svo við nú þegar þetta frv. er til umr., að allar yfirlýsingarnar, öll stóru orðin eru dregin til baka og nánast ekkert af því, sem þeir lýstu yfir á s. l. ári að væru meginatriðin í efnahagsstefnu Alþfl., er lengur til og gefist upp í þeirri að vísu hörðu baráttu sem þeir hafa talið sig eiga í á undanförnum mánuðum.

Vinnubrögðin við frv. þetta eru líka með nokkuð sérstökum hætti, nánast allt öðruvísi en gert hafði verið ráð fyrir við myndun þessarar ríkisstj., og það kom gleggst fram í dag þegar hæstv. viðskrh. gerði grein fyrir öllum mótmælunum frá fjöldasamtökum sem hafa haldið því fram að í landinu væri vinveitt stjórn og þess vegna væri ástæða til þess að láta hana lifa.

Það sem af er starfstíma þessarar ríkisstj. sýnist flestallt í efnahags- og fjármálum hafa gengið öðruvísi en frv. þetta gerir ráð fyrir. En það má vel vera, að menn hugsi sér að bæta ráð sitt og hætta þeirri óráðsíu, sem verið hefur, og taka upp betri vinnubrögð og koma málunum í lag.

Það er eitt ákvæði sem ég vildi mega vekja athygli á. Í 13. gr. frv. segir: „Kostnaðarmat á tillögum frumvarpa sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkisstjóð." Það skal fjárlaga- og hagsýslustofnun annast og það á að leggja fram með hverju frv., en þrátt fyrir ósk okkar í fjh.- og viðskn. hefur ekki fengist upplýst kostnaðarmat við þetta frv., sem leggur þessar skyldur á herðar þeirri stofnun í framtíðinni, fjárlaga- og hagsýslustofnun. Mætti segja mér að þannig ætti eftir að fara í fjölmörgum atriðum. (**Forsrh.:** Frv. er ekki orðið að lögum.) Frv. er ekki orðið að lögum, sagði hæstv. forsrh., og ég veit ekki hvort hann er farinn að óttast. Sem fyrirmynd að því, sem í frv. stendur, hefði mér fundist að hæstv. forsrh. hefði átt að beita sér fyrir því, að þessi verklagsregla, sem hefur verið reynt að hafa án þess þess að hún væri í lög sett, væri viðhöfð við þetta frv. Ég held hins vegar að ef þetta frv. verður að lögum, sem mér virtist hæstv. forsrh. nú í einhverjum vafa um að yrði, verði oft til þess lagatexta, sem hér verður samþykktur, vitnað þegar ungum laganemum verður kennt hvernig löggjöf á ekki að vera.

Ef við víkjum að fyrstu köflum þessa frv. er hér um að ræða yfirlýsingar og stefnumið sem við sjálfsagt getum flestir fallist á, en núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekki getað komið í framkvæmd. Mér sýnist því að eina úrræðið hafi verið að koma þeim yfirlýsingum í frumvarpsform til

þess að þau stefnumið lægju þó fyrir í lagatexta. Það sýnist heldur ekkert útlit fyrir að hæstv. ríkisstj. geti komið því í framkvæmd sem um er getið í I. kafla þessa frv. Hins vegar liggur ljóst fyrir að það, sem að er stefnt með þessu frv. er aukin miðstýring. Það eru vaxandi ríkisútgjöld sem leiða að sjálfsögðu af sér aukna skattheimtu. Hins vegar er að finna í frv. og í frv.-textanum ýmsar verklagsreglur sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár.

Ýmis gullkorn er að finna í þessum frumvarpstexta. Sumar greinarnar eru hins vegar svo fáránlegar að ég neita að trúa því, að hæstv. forsrh. hafi staðið að samningu þessa frv. eða a. m. k. fjölmargra greina þess, en ég mun víkja að því hér á eftir.

Í köflunum varðandi stefnumörkun í efnahagsmálum og samráð stjórnvalda, I. og II. kafla frv., er, eins og ég sagði áðan, að finna stefnuyfirlýsingar og setningar sem flestir geta fallist á. Ég held þess vegna að hér sé ekki um að ræða lagasetningu, heldur hitt, að búið hafi verið til frv. til staðfestingar á stefnu sem hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til að koma í framkvæmd.

Í III. kaflanum er fjallað sérstaklega um ríkisfjármálin og með hvaða hætti þeim skuli skipað. Einhvern veginn er það nú svo, að í þeim greinum — frá 6. til 13. gr. — er að finna ákvæði eða till. um ákvæði um verklagsreglur sem verið hafa um langan tíma. Frv. til fjárl., eins og segir í 6. gr., skal samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar. Fjárlagafrv. hefur að sjálfsögðu ævinlega verið samið með tilliti til þess, nema þá fjárlagafrv. fyrir árið 1979, en forsendur þjóðhagsáætlunar og fjárl. voru ekki þær hinar sömu. Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir langtímafjárl. og það sett fram eins og hér væri um nýmæli að ræða. Langtímafjárlög hafa verið til umr. hér á Alþ. Ef ég man rétt var það fyrrv. fjmrh., Magnús Jónsson, sem fyrstur flutti hér á Alþ. till. varðandi þessi mál, og á síðasta kjörtímabili var ráðinn sérstaklega í fjárlaga- og hagsýslustofnun fulltrúi til þess að vinna að þessum málum. Það, sem 7. gr. gerir ráð fyrir, er því ekki annað en það sem unnið hefur verið að að undanförnu. Sama má segja um fleiri greinar þessa frv.

Í 8. gr. er sérstaklega vikið að mörkuðum tekjustofnum. Ég hef ekki farið dult með skoðun mína í þeim efnum. Ég teldi eðlilegast að við gerð fjárl. hverju sinni væri tekin ákvörðun um þær fjárveitingar og skiptingu þeirra sem Alþ. þá hugsar sér. Ef litið er á vinnubrögð meiri hl. Alþ. undanfarna daga verð ég að vekja athyli á því, að fyrir Alþ. liggja frv. um markaða tekjustofna. Ég held að miklu meiri brögð séu að því nú en á undanförnum þingum að þm. hafi flutt frv. þar sem tekjuöflun hafi verið markaðir tekjustofnar. Ég held að það væri þess vegna ekki úr vegi að hæstv. ríkisstj. gerði stjórnarliðum grein fyrir því, hvað hún í raun og veru hugsaði sér í sambandi við fjárlög og markaða tekjustofna, en léti það ekki gerast sem hér hefur verið að gerast undanfarnar vikur.

Í 9. gr. frv. er vikið að niðurgreiðslum, og gerði hv. 4. þm. Reykv. grein fyrir þeim málum í dag. En það er að sjálfsögðu eftir öðru í frv. þessu og í því, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að gera, því að þar rekur sig hvað á annars horn og gerðir stjórnarinnar koma þvert á það sem hún hefur verið að gera áður. Hér er mótuð stefna í niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum þvert á það sem voru fyrstu aðgerðir ríkisstj. í septembermánuði s. l.

Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir niðurskurði á fjárl. Við skulum vona að takist að ná því fram sem þar er gert ráð fyrir. Það er að sjálfsögðu búið að breyta dagsetningum, þar sem hér var gert ráð fyrir að þessu yrði lokið fyrir 1. apríl. En ég vil biðja hæstv. forsrh. að taka það til athugunar, að við í fjh.- og viðskn. fáum upplýsingar um hvað líði þessari tillögugerð og hvort hægt sé að láta okkur í té upplýsingar um með hvaða hætti þessi niðurskurður eigi að vera.

Í 11. gr. frv. er gert ráð fyrir ákveðinni prósentu í sambandi við ríkisumsvif. Það hafa allir verið sammála um að draga úr ríkisumsvifum og gagnrýndu ýmsir fyrrv. ríkisstj. fyrir að ekki hefði tekist nógu vel þá. Ég skal fúslega viðurkenna að það tókst ekki, en það tókst þó að minnka umsvif ríkisútgjalda úr 31.5% af þjóðarframleiðslu, sem þau voru á árinu 1975, í 27—28% á árunum 1976 og 1977. Það kom hins vegar í ljós, strax eftir að núv. ríkisstj. hafði komið fram með sínar fyrstu aðgerðir, að þær leiddu til aukinna útgjalda hjá ríkissjóði. Í þeirri skýrslu, sem hefur verið lögð fram af hæstv. fjmrh. um ríkisútgjöldin 1978, kemur í ljós að aftur er um að ræða aukningu á útgjöldum ríkissjóðs, þ. e. í 29.2%. Það er eins í þessari grein og öðrum, þegar búið er að setja fram markmiðið koma útgöngudyr, og þar stendur: „Frá þessu skal þó víkja, ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega ef ætla má, að hætta sé á atvinnuleysi.“ Þar með er gert ráð fyrir að auka ríkisútgjöldin, enda kom glögglega fram í ræðu hæstv. viðskrh. í dag að kröfu hvers þessi setning hefði verið sett inn í þessa grein.

12. gr. þessa frv. er að mínum dómi furðuleg, þar sem stendur: „Ríkisendurskoðun skal fylgjast með framkvæmd fjárl. í umboði Alþingis.“ — Framkvæmd fjárl. í umboði Alþingis hlýtur að mínum dómi að heyra undir fjmrn. Ég þykist hins vegar skilja, og það kemur fram í grg. þessa frv., hvað fyrir frv.-flytjanda vakir. Ég get sagt það hér, að þær hugmyndir, sem fram hafa komið í frv. Halldórs Ásgrímssonar fyrrum þm., sem hann flutti fyrst í fyrra og svo aftur nú, þegar hann var á þingi sem varaþm., eru að mínum dómi mjög athyglisverðar, þ. e. a. s. að ríkisendurskoðun sem slík heyri undir Alþingi og starfi í umboði Alþingis sem ríkisendurskoðun. Þá væri eðlilegt að tengja störf ríkisendurskoðunar störfum fjvn. og þá e. t. v. að gera breytingu sem yrði að vera breyting á stjórnarskrá, þ. e. a. s. að frv. að ríkisreikningi yrði flutt í Sþ. eins og fjárlög, en ekki í deildum eins og nú er. Með þessu ætti að fást að mínum dómi — og ég held að það vaki tvímælalaust fyrir flm. — betra eftirlit og betri endurskoðun á útgjöldum hinna einstöku stofnana ríkisins og Ríkisendurskoðun sé þá óháðari og það sé fjárveitingavaldið sem hún geri grein fyrir störfum sínum. Þannig væri betur tryggt að fjármagn, sem Alþ. ákvæði til útgjalda, nýttist og skilaði þeim árangri sem til er ætlast.

13. gr. frv. þessa er nánast komin úr lögum sem gilda í dag-lögum um opinberar framkvæmdir. Það, sem í 13. gr. segir, er allt að finna þar. Hér er um að ræða endurupptöku á verkefnum fjárlaga- og hagsýslustofnunar og samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir.

Af því, sem ég hef sagt, má sjá að allar þessar greinar eru með einum eða öðrum hætti aðeins verklagsreglur eða endurtekning á lagagreinum sem í gildi eru í dag. Hvers vegna hér er um að ræða uppsetningu með þessum hætti skal ég ekki um segja, nema ef vera skyldi, eins og ég gat um í upphafi, að það sé gert til þess að gera frv.

myndarlegar úr garði vegna þess hversu lítilfjörlegt það er varðandi lausn á þeim miklu vandamálum, sem við höfum átt við að glíma.

IV. kaflinn fjallar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. Lánsfjáráætlun hefur verið samin á s. l. þremur árum og þar var um að ræða ákvörðun fyrrv. ríkisstj. í framhaldi af framkvæmdaáætlunum sem Alþ. hafði samþykkt allt frá því að mig minnir 1965, þ. e. a. s. um opinberar framkvæmdir fjármagnaðar með lánsfé. Hins vegar taldi fráfarandi ríkisstj. rétt að gerð yrði heildaráætlun um opinberar framkvæmdir og ekki aðeins um þær, heldur einnig um lánamarkaðinn, þannig að hægt væri að ná heildaryfirsýn í einni áætlun sem gerð yrði, og enn fremur að þar kæmi fram fjármögnun svo og þau vaxtakjör sem gilda ættu í landinu, þ. e. a. s. hjá hinum einstöku sjóðum sem með útlánastarfsemi hafa að gera. Það, sem hér er sagt, er nánast ekki annað en það sem gert hefur verið á undanförnum árum. Ég held meira að segja að í 16. gr. frv. sé tekið upp úr stjórnarskránni — 40. gr. hennar — þar sem segir að með skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skuli lagt fram frv. um heimildir til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða að því marki, sem slík ákvæði eru ekki í frv. til fjárlaga. Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir fyrir um það, með hvaða hætti þessi mál skuli vera á Alþingi, eins og þau hafa að sjálfsögðu alltaf verið. Þannig er hér enn eitt dæmið um hvað þetta frv. er í raun og veru mikil sýndarmennska.

Þó kemur fram í þessum kafla atriði sem ég vildi nefna, en það er í 19. gr. frv., þar sem stendur:

„Undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlana skal vera á vegum ríkisstj. og skulu Þjóðhagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök rn. annast nauðsynlega undirbúningsvinnu.“

Hafi ég skilið rétt, m. a. það sem hæstv. forsrh. sagði í dag, er með þessari grein verið að veikja fjmrn., veikja fjárlaga- og hagsýslustofnunina, þar sem lánsfjáráætlun hefur verið samin, og fela forustu í þeim efnum stofnunum, þ. e. a. s. embættismönnum, en þeir aðilar, sem hafa hina pólitísku ábyrgð á fjármálum ríkisins, fari ekki með forustu í þessum málum.

Ég hefði talið eðlilegt að í slíkri upptalningu væri rn. númer eitt. Ég held að það sé skýrt tekið fram í þeirri lánsfjáráætlun, sem Alþ. fjallar um nú, að hún sé samin af fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnun. í samráði við Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka, Framkvæmdastofnun o. s. frv. Ég þóttist skilja það á hæstv. forsrh., að þessi lánsfjáráætlun yrði í framtíðinni á vegum ríkisstj. Ber að skilja það svo að fjmrn. fari ekki lengur með þau mál? Ég gat ekki skilið það öðruvísi. Ég held að hér sé verið að veikja þá stofnun sem þeir pólitísku aðilar, sem ábyrgðina bera, eiga að sjá um.

Þá er gert ráð fyrir því í 20. gr. þessa frv., að heildarfjármunamyndunin í landinu verði innan við 25% eða fjórðung, eins og þar er talað um, af vergri þjóðarframleiðslu. Og síðan kemur: „Frá þessu má þó víkja, ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega, ef ætla má, að hætta sé á atvinnuleysi.“ Hæstv. viðskrh. gerði í dag grein fyrir tilurð þessarar greinar og svo útgöngudyrum þessarar greinar. Það er ekki hugsun þeirra, sem að þessu standa, að halda sig að þeim meginsjónarmiðum sem fram eru sett, heldur skulu þau sett fram og síðan á að vera hægt að fara í kringum þau eins og ástæða þykir. Ég held líka að sú lánsfjáráætlun, sem nú er hér í þinginu, geti ekki verið innan ramma þessarar greinar. Það er að vísu sagt að hún sé innan við fjórðung af þeirri þjóðarframleiðslu sem Þjóðhagsstofnun spáir að verði á árinu, en ég held að það sé þegar komið í ljós að það skorti nokkra milljarða í þá lánsfjáráætlun og aðeins í sambandi við þau verkefni sem tekin eru fram í lánsfjáráætluninni. Ég tala ekki um það sem verið er að ræða þessa dagana á þingi, lántökur fyrir Framleiðsluráð, jafnvel erlendar lántökur fyrir Framleiðsluráð til þess að standa straum af útflutningsuppbótum, þar sem útgjöld ríkissjóðs, sem ætluð eru til þeirra hluta, koma ekki til með að duga. Ef þær tölur eru skoðaðar saman vantar nærri heilan tug milljarða til þess að lánsfjáráætlunin sýni þá réttu mynd sem hún á að gera.

Þegar við ræðum þetta frv. höfum við fyrir okkur fyrstu 6 mánuði af starfstíma núv. hæstv. ríkisstj. Það væri ekki rétt að dæma þá mánuði eina sér, heldur bíðum við að sjálfsögðu þess, að 16 mánaða tímabilið líði, til þess að hægt sé að meta gerðir ríkisstj. með tilliti til þess sem sagt var við myndun ríkisstj. Hins vegar má skoða áætlanir, sem gerðar voru í septembermánuði, og útkomu ríkisfjármálanna árið 1978. Af því má ráða örlítið hvernig þessum hlutum hefur verið háttað. Ég held að það gefi okkur nokkra mynd af því sem í raun og veru er að gerast. Með þeim fyrstu ráðstöfunum, sem ríkisstj. gerði í sept., var gert ráð fyrir að það yrði 400 millj. kr. halli á ríkisbúskapnum, sem hins vegar reyndist ekki aðeins 400 millj., heldur 3.6 milljarðar, ef ekki eru teknar með afborganir til Seðlabankans. Þegar þessar tölur eru skoðaðar vil ég mega vekja athygli á að við endurskoðaða áætlun ríkissjóðs á miðju ári var gert ráð fyrir að 3 milljarðar væru til upp í greiðslur við Seðlabankann. Með greiðslum við Seðlabankann verður greiðsluhalli ríkissjóðs tæpir 7 milljarðar, eða 6 milljarðar 772 millj. kr. Það er ljóst mál, að með þessari útkomu er sagan að endurtaka sig um fjármálastjórn vinstri stjórna. Vandanum er ævinlega velt yfir á ríkissjóð: annars vegar eru útgjöld hans aukin, hins vegar eru ríkisfyrirtækin ekki þannig útbúin að þau geti skilað jöfnuði, heldur reynt að haga hlutum þannig að þar safnist skuldahali sem að sjálfsögðu endar hvergi annars staðar en hjá ríkissjóði.

Í tíð fyrri ríkisstj. voru stjórnarandstæðingar ekkert sparir á gagnrýni í sambandi við skuld ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, sem að sjálfsögðu var allt of mikil. Það átti sínar skýringar. Hún var afleiðing hinnar miklu verðbólgu, sem verið hefur á undanförnum árum, en 80% af skuldasöfnun 1974—1977 voru frá árunum 1974 og 1975 sem afleiðing af vinstri verðbólgunni. Ég aflaði mér í dag upplýsinga um það hjá fjmrn., hver væri skuld ríkissjóðs 31. mars, sem er eðlilegt viðmiðunartímabil, en tekjur eru að fullu komnar inn í lok mánaðarins. Skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann eru 36.7 milljarðar kr. Skuldin var 31. mars á s. l. ári 24 milljarðar 700 millj. kr. Aukningin er 12 milljarðar kr. og þar af á þessu ári 10.4 milljarðar og af því 222 millj. kr. vegna gengissigs. Ég held að þeir aðilar, sem gagnrýndu skuldasöfnun á s. l. kjörtímabili, hafi þarna ærið verkefni við að glíma. Mér er fullkomlega ljóst að á þessum mánuðum er skuld ríkissjóðs ævinlega meiri en þegar líða tekur á árið, en ég held að það sé ekki eingöngu það, heldur og hitt, að útstreymi úr ríkissjóði sé ekki með

sama hætti og verið hefur og að hlutfallslega séu útgjöld ríkissjóðs á fyrstu þremur mánuðunum orðin meiri en þau hafa verið á undanförnum árum.

Ég aflaði mér upplýsinga í fjmrn. í dag varðandi útflutningsuppbætur, en það er gert ráð fyrir 5.4 milljörðum kr. til útflutningsuppbóta á þessu ári. Það er þegar búið að greiða, þegar 3 mánuðir eru liðnir, 4.4 milljarða kr., eða tæp 80% af þessum útgjaldalið. Ég bar þetta saman við þróun mála á s. l. ári, en þá hafði verið greitt af þessum lið eftir fyrstu 3 mánuðina 55%. Það liggur í augum uppi, þegar við sjáum þessar tölur, að hér er um vandamál að ræða í sambandi við útflutningsuppbætur. Það vandamál hefur verið fyrir hendi á undanförnum árum, enda þótt ekki hafi tekist að koma sér saman um lausn í þeim efnum.

Ef taka á nú erlent lán á vegum Framleiðsluráðs til þess að greiða útflutningsuppbætur, þá held ég að skörin sé farin að færast upp í bekkinn. Þeir aðilar, sem gagnrýnt hafa erlendar lántökur og gagnrýnt hafa útgjöld ríkissjóðs, því að enginn kemur til með að greiða þetta annar en ríkissjóður þegar fram í sækir, þurfa að skoða nokkuð hug sinn í þessum málum.

Annað atriðið er í sambandi við fjármál ríkissjóðs á s. l. ári, þ. e. a. s. hlutfallið af þjóðarframleiðslunni. Liggur ljóst fyrir, í hverju sú aukning er fólgin, og kemur fram, að þar er um að ræða niðurgeiðslur sem auknar voru til mikilla muna og valda því að hlutdeild ríkisútgjalda í þjóðarframleiðslunni verður þetta miklu meiri. Sem hlutfall af fjárl., ef ég man rétt, voru niðurgreiðslur tæp 10% á árinu 1974 — höfðu verið það á árinu 1971. Þar hafði tekist á síðasta kjörtímabili að draga úr og verið reynt að ná fram því sjónarmiði sem kemur fram í þessu frv., og muni ég rétt voru niðurgreiðslurnar komnar í milli 5—6% sem hlutfall af fjárl.

Það er ljóst mál af því sem fram kemur í þessu frv., að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að láta þar við sitja að ríkisútgjöldin verði um 29% af þjóðarframleiðslu, heldur 30% og þar yfir. Þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1979 var samþ. í desembermánuði s. l. mátti reikna með að ríkisútgjöldin yrðu 32—32.5% af þeirri þjóðarframleiðslu sem þá var spáð. Þetta gengur þvert á það, sem núv. ríkisstj. ætlar, að draga úr ríkisumsvifum, því að eftir því sem ríkisumsvifin eru stærra hlutfall af þjóðarframleiðslunni, eftir því er erfiðara að fást við útgjöld einstakra ríkisstofnana. Ég held að því, sem ég hef hér sagt, að ekki náist það markmið ríkisstj., sem hún setti sér í sept., að skila hallalausum fjárl. fyrstu 16 mánuðina, en tíminn kemur til með að leiða það í ljós.

Við erum hér að fjalla um frv. um stjórn efnahagsmála. Það er komið fram í aprílmánuð. Lánsfjáráætlun hefur enn ekki verið samþ. á Alþ. Það liggur í augum uppi að það veldur miklum erfiðleikum í fjármálastjórninni. Og þá hefur það að sjálfsögðu mikil áhrif á efnahagsmálin þegar ekki er hægt að afgreiða á einum og sama degi eða á sama tíma fjárlög ríkisins og lánsfjáráætlun. Ég tala nú ekki um ef ekki eru sömu forsendur fyrir fjárl. og lánsfjáráætlun. En fjárl. árið 1979 voru ekki afgreidd hallalaus, enda þótt þau tölulega á pappírnum sýndu það. Jafnvel hæstv. fjmrh. hefur opinberlega viðurkennt að þar vanti marga milljarða til þess að endar nái saman.

Ég sagði í upphafi, að í framhaldi af því, að hv. 4. þm. Reykv. gerði í dag grein fyrir sjónarmiðum sjálfstæðismanna varðandi það frv. sem hér er til umr., vildi ég sérstaklega fara nokkrum orðum um þá kafla sem fjölluðu um ríkisfjármálin svo og lánsfjáráætlunina. Það hef ég gert og ætla ekki að tefja tímann meir. Það er ljóst mál, að frv. þetta leysir engan vanda, enda þannig að því staðið að stjórnarflokkarnir gátu ekki komið sér saman og því er hér um að ræða frv. forsrh., sem hann ekki heldur gat fengið samkomulag um. Það er hins vegar ljóst af því sem hér hefur verið sagt í dag, að þeir, sem hafa haft tögl og hagldir, þ. e. a. s. Alþb.-ráðh. ríkisstj., hafa náð fram því sem þeir hafa lagt áherslu á. Það er og ljóst mál, að Alþfl. hefur bognað, hann hefur fallið frá öllum stóru orðunum. Þetta frv. er því enn eitt dæmið um það, hvernig núv. ríkisstj. hefur svikið og er að svíkja allt það sem þm. stjórnarflokkanna sögðu á s. l. sumri í þeirri kosningabaráttu sem þá fór fram. Þeim hefur ekkert tekist og verk þeirra sýna að þeim mun ekkert takast, einfaldlega vegna þess að þeir geta ekki komið sér saman um svo veigamikil mál sem efnahagsmálin og fjármálin eru. Sé ekki samstaða um slíkt hjá þeim flokkum, sem standa að einni ríkisstj., kann ekki vel að fara.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi míns máls við þessa umr., að ég hef allmargar aths. að gera við það frv. sem við ræðum hér í kvöld. Sumar þessar aths. eru af því tagi að ég gæti út af fyrir sig þrátt fyrir þær veitt frv. stuðning, og það gildir reyndar um flestar þeirra, en fáeinar eru í mínum huga það alvarlega, að ég vil taka það fram strax að ég treysti mér ekki til að veita frv. stuðning óbreyttu. Það er fyrst og fremst sá kafli, sem fjallar um verðbætur á laun, sem ég er ekki sáttur við, og mun ég koma að því nánar fljótlega í máli mínu.

Ég hygg að það geti verið rétt að líta aðeins aftur í tímann og rifja upp í örstuttu máli hver þróunin hefur verið í sambandi við kaupmátt launanna hjá verkafólkinu í þessu landi. Það er einmitt spurningin um sjálf launin sem viðkvæmust er í þeim efnum sem hér er verið að fjalla um.

Það er rétt að hafa það ríkt í huga, að að sjálfsögðu skiptir það harla litlu máli hvaða krónutala það er sem menn fá greidda ef hækkuð krónutala felur ekki í sér aukinn kaupmátt. Það er ég ekki síður sannfærður um en hæstv. forsrh., sem lagði áherslu á þann þátt mála í ræðu sinni áðan. Og ég hygg að það sé ekki réttmæli, þegar verkalýðshreyfingin er oft og einatt ásökuð um að horfa fyrst og fremst á krónutölu kaupsins, en ekki kaupmáttinn. Slík ásökun er að mínu viti ekki réttmæli í hennar garð. Ég hygg að verkalýðshreyfingin hafi löngum, og þá ekki síst á síðari árum, verið þess albúin að meta kaupmáttaraukningu af einhverju öðru tagi en fjölgandi krónur í launaumslögin að fullu til jafns við aukna krónutölu, ef slíkt hefði verið í boði, sem ekki hefur oft verið.

Ég minni á það, að þegar fyrri ríkisstj. núv. hæstv. forsrh. Ólafs Jóhannessonar var mynduð í byrjun þessa áratugs var það eitt meginstefnumið þeirrar ríkisstj. að kaupmáttur launa verkafólks skyldi aukinn um 20% á kjörtímabilinu. Mörgum þóttu þetta stór orð þá, og það skorti ekki yfirlýsingarnar frá talsmönnum Sjálfstfl. um að auðvitað yrði aldrei við þetta staðið. En það var staðið við þessa yfirlýsingu og meira til.

Ég tók með mér í ræðustólinn eintak af Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar frá því í okt. í haust. Ef við lítum þar á bls. 19 fer ekkert milli mála að þar er m. a.

vottað að kaupmáttur launa verkamanna, þ. e. a. s. meðaltímakaups þeirra án helgidagavinnu, hefði hækkað frá árinu 1971, þegar fyrri ríkisstj. núv. hæstv. forsrh. tók við, og til ársins 1973, tveim árum síðar, ekki aðeins um 20%, heldur um 23.5%. Það var mikill og myndarlegur árangur. Þessi kaupmáttur fór þó enn hærra á fyrri hluta árs 1974, eins og öllum er kunnugt sem fylgst hafa með málum á þessu árabili, og varð á fyrri helmingi árs 1974 37% hærri en árið 1971, ekki einn dag, eins og stundum hefur verið minnst á, — þá væri hægt að nefna enn hærri tölu, — heldur að meðaltali yfir hálft ár. Þetta var mjög góður árangur á sínum tíma. Víst skal það tekið fram, að ytri aðstæður voru okkur hagstæðar á þessum árum, ekki skal dregin fjöður yfir það. En enginn vafi er á því, að sú markvissa stjórnarstefna, sem þá var haldið uppi, að vinna að bættum kjörum alþýðumanna, átti sinn stóra þátt í því, hvaða niðurstöður þarna náðust fram.

En hvað tók síðan við í þessum efnum? Ég lít hér enn á sömu töflu Kjararannsóknarnefndar, sem ég hygg að menn deili ekki um að sé eðlilegur dómari um rétt og rangt í þessum efnum, og hún segir okkur að kaupmáttur meðaltímakaups verkamanna hafi hins vegar strax á fyrstu mánuðum ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar síðari hluta árs 1974 verið skertur um 15—20%. Þannig stóðu málin óhaggað, ekki bara í fáeina mánuði, heldur var þetta varanleg skerðing. Og þegar kom fram á fyrri hluta ársins 1977 og hæstv. fyrrv. ríkisstj. hafði setið hér að völdum hátt í þrjú ár stóð kaupmáttarskerðingin óhögguð og var á fyrri hluta árs 1977 — meðaltal af 1. og 2. ársfjórðungi — milli 18 og 19% frá því sem hún hafði verið þremur árum áður. (**GH:** Hvað með kaupmátt ráðstöfunartekna?) Ég vitna hér í skýrslu um kaupmátt tímakaups verkamanna og sá kaupmáttur skiptir ærið miklu máli. (**GH:** Ráðstöfunartekjur meira.) Ég vil benda hv. 4. þm. Reykv. á það, að hann á þess kost að vitna hér í kaupmátt ráðstöfunartekna, og gjarnan skal ég hlusta á mál hans í þeim efnum og ræða það við hann. En ég vil aðeins segja það, að þó menn vilji andmæla því að töflur Kjararannsóknarnefndar um kaupmátt tímakaupsins á hverjum tíma segi ekki meginsöguna í þessum efnum, þá hygg ég að það séu ekki aðrar upplýsingar sem geri það frekar. Ég vil að við höfum öll þetta baksvið í huga nú og ég kem reyndar nánar að því á eftir hvers vegna.

Síðan tókst í kjarasamningunum 1977, júnísamningunum þá, að lyfta kjörum almenns launafólks á Íslandi mjög verulega. Það hafði verið sagt að skýringin á kaupmáttarskerðingunni um 15—20% í tíð fyrrv. ríkisstj. væri sú, að þjóðartekjur okkar á mann hefðu farið minnkandi og þess vegna hefði þetta verið óhjákvæmilegt. Við höfum einnig upplýsingar Kjararannsóknarnefndar í þessum efnum og þær segja okkur að á þessum tíma, sem hér stóð kaupmáttarskerðing upp á 15—20%, í 3 ár, lækkuðu þjóðartekjurnar á mann aldrei meira en um 7—8% og það aðeins skamma hríð. Þessi samanburður segir okkur mikla sögu um stjórnarstefnuna sem þá var haldið uppi undir forustu Sjálfstfl., og það er ósköp skiljanlegt með þessar staðreyndir í huga að mikill fjöldi verkafólks leggi nokkuð upp úr því að sú ríkisstj., sem nú situr, tolli þó einhverja mánuði og kannske nokkur ár í stólunum frekar en að fá álíka stjórnarfar yfir sig á ný og hér ríkti á síðasta kjörtímabili.

Við vitum það, að eftir að kjarasamningar voru gerðir á árinu 1977 fengu þeir ekki að standa nema skamma hríð. Þeir voru skertir með febrúarlögunum á síðasta ári, 1978, og þau átök, sem hófust í framhaldi af þeirri árás á launakjörin, settu mjög svip á kosningabaráttuna á liðnu ári. Þar var ekki síst tekist á um það, hvort takast mætti að breyta þannig stjórnarfarinu í landinu að von væri til þess að þau lífskjör almennings yrðu tryggð sem þessir kjarasamningar höfðu gert ráð fyrir. Það voru vissulega af ærið mörgum bundnar miklar vonir við það í aðdraganda myndunar núv. ríkisstj. að þetta gæti tekist. En það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur. Þess varð vart strax í stjórnarmyndunarviðræðunum á síðasta ári, að áhuginn fyrir því að þrýsta niður kaupmætti launanna hjá verkafólki og öllum almenningi í landinu var ekki aðeins fyrir hendi innan raða Sjálfstfl., heldur var einkar áberandi að Alþfl. alveg sérstaklega virtist ekki geta sætt sig við neitt annað en að núv. ríkisstj. hæfi feril sinn með verulegri kjaraskerðingu. Það gerðist síðan þegar leið á árið 1978, að Alþfl. birti á opinberum vettvangi, að vísu ekki hér á hinu háa Alþingi, heldur í Alþýðublaðinu, hið svokallaða frv. um efnahagsmál sem oft hefur verið vitnað til. Í þessu frv. var tekið fram skýrt og skorinort, að sett skyldu lög sem bönnuðu að laun hækkuðu í krónutölu um meira en 4% á þriggja mánaða fresti á árinu 1979, eða um 17% alls árið 1979, hvað svo sem verðlagsþróun liði. Allar spár um verðlagsþróun á árinu 1979 hafa gengið út frá því að hækkun framfærslukostnaðar yrði a. m. k. 30%, og oftast hafa menn reiknað með að hún yrði meiri, en segjum bara 30%, þá áttu launin að hækka í krónutölu samkv. frv. Alþfl. um 17% á sama tíma og verðlagið hækkaði um a. m. k. 30%. Það þarf að sjálfsögðu engra útskýringa við, hvaða kjaraskerðing hefði falist í slíkri lagasetningu.

Það varð ekki af því að þetta frv. Alþfl. yrði sýnt hér á hinu háa Alþingi. En hugmyndirnar um að knýja fram lækkun raungildis launanna héldu áfram að þróast. Og enda þótt þau frv.-drög, sem hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson lagði fram í ríkisstj. 12. febr. og nokkru síðar var dreift til allra alþm. og fleiri aðila, gerðu ekki ráð fyrir jafnalvarlegri árás á lífskjörin og frv.-nefna Alþfl. hafði gert voru engu að síður í þessum fyrstu drögum hæstv. forsrh. mjög alvarleg ákvæði um bindingu á launum sem óhjákvæmilega hefðu leitt til mjög mikillar skerðingar kaupmáttar. Þar var gert ráð fyrir að almenn laun mættu ekki hækka frá 1. júní og til ársloka nema um 5% á þriggja mánaða fresti, hvað sem verðlagsþróun liði, en það sem væri umfram 5% skyldi geymast í 9 mánuði og greiðast út þá fyrst. Í þessum drögum að frv., sem lagt var fram í ríkisstj. af hæstv. forsrh. 12. febr., var einnig að finna afturgöngur frá því frv. til febrúarlaganna á síðasta ári, sem lagt var fram af fyrri ríkisstj. í fyrra, m. a. að óbeinir skattar og niðurgreiðslur skyldu tekin út úr þeirri vísitölu sem mælir verðbætur á launin. Ég vil ekki fara að eyða hér tíma í að lýsa því, hversu alvarleg slík ákvörðun hefði verið fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu og umbjóðendur hennar enda er þetta ákvæði fyrir lögnu horfið úr þeim frv.-drögum sem nú hafa breyst í frv. það sem hér liggur fyrir.

Það er eitt atriði enn sem ég get ekki látið hjá líða að nefna, að í drögunum frá 12. febr., þeirri till. hæstv. forsrh., var að finna ákvæði um að það þak, sem sett hafði verið á hæstu launin í landinu, skyldi afnumið. Og ég vil segja það hér enn úr þessum ræðustól, að ég harma að slík till. skuli hafa komið fram og komist á opinberan vettvang úr þessum frv.-drögum. Ég hygg að sú stað-

reynd, að ákvæði var í frv.-drögunum — ákvæðið um afléttingu launaþaksins — og að það lá fyrir, að ekki aðeins flokkur hæstv. forsrh. var tilbúinn að samþykkja lög með þessu ákvæði, heldur einnig var um að ræða yfirlýsingu frá öðrum stjórnarflokki, þ. e. a. s. Alþfl., sama efnis kunni að hafa haft sín áhrif á niðurstöðu Kjaradóms í þessum efnum sem við öll þekkjum. Ég tek það fram, að ég tel að í því þófi, sem nú hefur staðið allmikið á annan mánuð frá því að frv.-drög hæstv. forsrh. frá 12. febr. voru fyrst lögð fram í ríkisstj., hafi náðst fram fjölmargar lagfæringar á frv.-drögum þessum fyrir einarða baráttu samningamanna Alþb. innan ríkisstj. og utan. Í ýmsum greinum skiptir þessi árangur mjög miklu máli. Hæstv. viðskrh. rakti hér flestar veigamestu breytingarnar í sínu máli fyrr í dag og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem þar kom fram, en segi aðeins að ég tel nær allar þær breytingar, sem á frv.-drögunum frá 12. febr. hafa verið gerðar, vera til bóta.

Ég vil þá næst snúa mér að verðbótakafla frv. eins og hann er nú og gera lítillega grein fyrir þeim atriðum í kaflanum sem ég tel að ekki sé hægt að una við.

Ég nefni hér fyrst það sem stendur í verðbótakaflanum, að héðan í frá skuli miða verðbætur á laun við viðskiptakjaraþróun. Ég tek það fram, að ég tel út af fyrir sig eðlilegt að að slík viðmiðun sé í gildi og vera til bóta, ef rétt væri að því staðið hvernig slíkri tengingu skal komið á í upphafi. En ég hef þá alvarlegu aths. að gera, að nú þegar þessi tenging er tekin upp í fyrsta skipti er kveðið á um í frv. að sá grundvöllur, sem mælingin skal miðast við, skuli vera meðaltal viðskiptakjara á árinu 1978 öllu, sem þýðir, eins og kunnugt er, að dómi Þjóðhagsstofnunar að laun ættu að skerðast samkv. þessu einu út af fyrir sig um svo sem 3%. Ef hins vegar væri miðað við meðaltal viðskiptakjara undanfarið hálft ár, og væri þá grunnurinn síðasti ársfjórðungur 1978 og fyrsti ársfjórðungur 1979, það hálfa ár sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum, þá yrði skerðingin ekki 3%, heldur 0.3%. Þetta er ærinn munur.

Við vitum öll, sem fylgst höfum með þessum málum, að verkalýðshreyfingin hefur verið býsna treg að fallast á að viðskiptakjaraviðmiðun yrði tekin upp. Margir aðilar innan hennar hafa verið tortryggnir í þeim efnum og tregir. En það tókst að lokum að fá nokkuð gott samkomulag um það innan verkalýðshreyfingarinnar að vera til viðtals um þetta og ganga til samninga um það. Ég tel að það hafi mátt gerast fyrr — það tek ég fram, það er mín skoðun. En þegar sá árangur hafði náðst, að verkalýðshreyfingin vildi í alvöru ganga til samninga um að tengja verðbætur á laun við viðskiptakjaraþróun, hlaut það að skipta mjög miklu máli að mjúklega yrði að þessu farið og gengið þannig frá málum í upphafi að sem flestir innan verkalýðshreyfingarinnar gætu með góðu móti sætt sig við niðurstöður. En þetta, sem hér er lagt til, að velja leið varðandi viðmiðun sem kallar fram 3% skerðingu, en ekki aðra leið sem aðeins 0.3% skerðing fylgir, er að mínu viti alls ekki nógu gott. Ég minni á að þarna er ekki um neitt að ræða sem er bara spurning fyrir næstu vikur eða næstu mánuði, heldur er ákaflega hætt við því, að meðan það kerfi, sem nú er tekið upp um viðmiðun við viðskiptakjör, stendur, — ég býst við að það muni standa lengi, — þá verði launin ætíð sem svarar mismuninum milli 0.3% og 3% lægri en ella um alla þá framtíð sem sú ákvörðun fær að gilda sem nú er tekin upp í byrjun um viðmiðum við viðskiptakjör. Ég skal taka það skýrt fram, að ég hefði ekki gert að meinu úrslitaatriði að það væri miðað nákvæmlega við viðskiptakjör síðasta hálfa árið með aðeins 0.3% skerðingu, þó að ég telji að það hefði verið eðlilegast. Ég hefði vel getað hugsað mér til samkomulags um þessa hluti, að þarna væri mæst á miðri leið, ef önnur ákvæði hefðu verið skapleg að mínum dómi. En þess var ekki kostur og það var haldið fast við að viðskiptakjaratengingin skyldi verða með þeim hætti að hún fæli í sér jafnmikla skerðingu og þarna er um að ræða. Mér er fullkunnugt um að í mínum flokki, Alþb., var ekki síður vilji hjá öðrum þm. en mér til að haga þessu á annan veg, en þeir fengu því ekki ráðið, um það tókst ekki samkomulag.

Önnur atriði verðbótakaflans, sem ég vil drepa hér á, eru nokkur. Gert er ráð fyrir að tekjuöflun fyrir ríkissjóð, sem ganga á til þess að greiða bætur til þeirra heimila í landinu sem kynda með olíu vegna gífurlegra verðhækkana á olíu, — þetta eru um 25% heimila í landinu, — muni að óbreyttum lögum hækka verðbótavísitölu launa um ca. 0.5% samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar sem fyrir liggur, en í frv. er kveðið á um að þessar verðbætur upp á 0.5% verði ekki greiddar. Ég tel að þarna sé um sjálfsagt ákvæði að ræða. Ég tek það fram, að ég er ekki aðeins tilbúinn til að styðja það sem segir í þessum efnum, — það mun felast á bak við það áætlun um að ráðstafa u. þ. b. 1 milljarði kr. til að létta byrðar þessara heimila, en ég gæti hugsað mér að þarna væri ekki aðeins um milljarð að ræða, heldur 1.5 milljarða. Þessi tala væri því ekki bara 0.5, heldur jafnvel 0.7 eða 0.7½. Ég mundi ekki kveinka mér neitt við að samþykkja það. Fyrir þessu er, að ég hygg, einnig góður skilningur innan verkalýðshreyfingarinnar almennt.

Næst vil ég lítillega koma inn á þá liði aðra sem frá er greint í 50. gr. frv. innan verðbótakaflans, sem lúta að breytingum í sambandi við útreikning hins svokallaða verðbótaauka og fleira, lúta að breytingum á útreikningum er varða frádráttarliði við verðbótavísitöluútreikning, svo sem launalið bónda í búvöruverði, áfengi og tóbak, sem nú er lagt til að verði tekið inn í grunn vísitölunnar á nýjan leik, en hefur verið þar fyrir utan. Auðvitað er það svo, að í sambandi við þessa ákveðnu liði er verið að hreyfa við gildandi kjarasamningum, og það er ekkert til að vera hissa á þó að slíkt sé viðkvæmnismál innan verkalýðshreyfingarinnar, ekki síst þegar auðvelt er að sýna fram á að þær breytingar, sem lagðar eru til, verki til allnokkurrar skerðingar á kaupi verkafólks, eins og um er að ræða í þessu ákveðna tilviki. Það er ljóst að Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir því samkv. blaði, sem hún hefur dags. 15/3 og ég hef hér undir höndum, og þá er hún að sjálfsögðu að miða við frv. hæstv. forsrh. eins og það var lagt fram í þinginu, áður en á því voru gerðar breytingar, — þá gerir hún ráð fyrir að heildaráhrifin af frv. á launagreiðslur til lækkunar nemi miðað við júnikaup 5.1—6.1% og síðan bætist við síðar á árinu 0.5—1%. Mun þá láta nærri að þarna sé um að ræða að dómi Þjóðhagsstofnunar, miðað við frv. eins og það var lagt hér fram, um það bil 6% almenna skerðingu á kaupgreiðslum. Þar af eru samkv. þessu blaði Þjóðhagsstofnunar 2—3% vegna þeirra liða sem ég gat um áðan og varða breytingu á útreikningi verðbótaauka, breytingu varðandi uppsöfnun frádráttarliða: búvöruliðar, áfengis og tóbaks. Og ég kemst ekki hjá að segja það, að enda þótt það kynnu að hafa verið einhver rök fyrir því, að þarna gæti verið eins skynsamlegt að reikna

einhverja þessa liði á þann veg sem frv. gerir ráð fyrir og eftir hinni aðferðinni, sem kjarasamningar gera ráð fyrir, þá er ekki því að neita að þegar þetta bætist við þá skerðingu sem kemur inn vegna tengingarinnar við viðskiptakjörin, þá er skerðingin, sem kemur út í heild, orðin það mikil að ég held að þess hafi tæplega verið að *vænta að hægt væri með góðu móti að fá verkalýðshreyfinguna til að sætta sig við* þessa heildarútkomu, enda er það staðreynd, að af hálfu Alþýðusambands Íslands hafa verið borin fram býsna ákveðin andmæli ekki síst við þessum liðum sem snerta beint kjarasamningana og lúta að öðru en tengingunni við viðskiptakjörin.

Ég kem þá að því atriði sem skiptir einna mestu máli í verðbótakaflanum. Það er kunnugt að í meðferð málsins tókst að knýja fram nýtt ákvæði inn í frv., ákvæði um ákveðnar láglaunabætur, upp á 2%, og einnig tókst að knýja það fram, að skerðingin vegna tengingar við viðskiptakjör kæmi ekki öll 1. júní, heldur kæmu 2% af þessum 3% 1. júní og 1% 1. sept. Þessar 2% láglaunabætur *ná til fólks sem hefur dagvinnulaun innan við 210* þús. kr. á mánuði. Það, sem mér er efst í huga í sambandi við þessar ákveðnu láglaunabætur, er spurningin um það, hvort þær eigi að fá að standa ekki aðeins nú allra næstu mánuði, heldur líka fram á næsta ár sem lágmark. Auðvitað væri það eina eðlilega að mínu viti það, að þær yrðu varanlegar. Það hefur e. t. v. ekki verið fyllilega *ljóst hvort frv. í þeirri gerð, sem það liggur nú fyrir í* þessari d., gerði ráð fyrir að þessar tiltölulega litlu láglaunabætur upp á 2% fengju að standa lengur en hálft ár eða hvort þær ættu að hverfa strax 1. des. n. k. Ég tek það skýrt fram, að mikil áhrif hefur haft á afstöðu mína til þessa máls einmitt það atriði að það skuli ekki hafa fengist fram ótvírætt að þessar láglaunabætur yrðu ekki *teknar til baka. Ég vildi vita vissu mína í þessum efnum* og spurðist fyrir um það nú í dag hjá Þjóðhagsstofnun hvernig þar væri litið á þessi mál, og ég er hér með skriflegt svar frá þeim, dags. 4. apríl. Þar segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Miðað við ákvæði frv. um stjórn efnahagsmála o. fl. eins og þau voru eftir afgreiðslu frá Ed. Alþ. má lauslega gera ráð fyrir eftirfarandi hækkun verðbóta á laun til ársloka 1979. Áætlunin er reist á lauslegri endurskoðun á áætlun Þjóðhagsstofnunar frá 16. mars s. l. um þróun verðlags, launa og kaupmáttar og kauptaxta 1969, sem verður endurskoðuð nánar á næstunni.“ Síðan segir um hækkun verðbóta, að þær eigi hinn 1. júní að hækka almennt um 7%, en láglaunafólksins um 9%. Þetta er ótvírætt. 1. sept. *hækka síðan bæði almennu launin og láglaunin um* 7—7.5%, en síðan 1. des. í ár, þegar kemur að því að greiða verðbætur á laun fyrir þær verðhækkanir sem átt hafa sér stað á næsta þriggja mánaða tímabili á undan, þá segir Þjóðhagsstofnun um almenna kaupið, að hærri launin muni fá verðbætur upp á 6.5%, en lægst launaða fólkið fái aðeins 4.5%. Skýringin er að sjálfsögðu sú, að Þjóðhagsstofnun telur að í frv. sé kveðið á um að láglaunabæturnar gildi aðeins frá 1. júní til 1. des. og hverfi þá að 6 mánuðum liðnum.

Ég vil ekki sætta mig við að standa að lagasetningu sem feli þetta í sér. Ég vil ekki bera ábyrgð á slíkum lögum. Mér finnst sanngirnismál að hér séu stigin skref í átt til launajöfnunar — varanleg skref og þess vegna er ég mjög hlynntur því að sérstakar láglauna- eða jafnlaunabætur séu leiddar í lög. En ég tel að ef það er gert, þá eigi ekki að lýsa því yfir um leið að þær verði teknar til baka eftir hálft ár. Ég kemst ekki hjá að minna á það, að ég skoða þetta mál í nokkru samhengi og í nokkrum samanburði við það sem gerðist þegar launaþakinu var lyft af með Kjaradómi fyrir skömmu. Við höfum sjálfsagt öll tekið eftir því, alþm., að laun okkar hækkuðu býsna mikið við þessa þaklyftingu og það verður ekki annars vart en reiknað sé með að sú hækkun standi áfram, líka eftir 1. des. Ég held að það sé hyggilegt fyrir núv. hæstv. ríkisstj. og fyrir okkur öll, sem hana viljum styðja til góðra verka, að láta það ekki henda okkur að setja í lög sérstakt ákvæði um að þessar tiltölulega litlu láglaunabætur skuli aftur teknar að hálfu ári liðnu. Ég hef reynt að grína í frv.-textann sjálfan í þessum efnum og spyrja þeirrar spurningar: Er öruggt að túlkun Þjóðhagsstofnunar í þessum efnum, sú sem kemur fram á því blaði sem ég hef í höndunum og hef lýst, sé sú eina sem til greina kemur út frá þessum texta? Mín persónulega skoðun á því, hvort svo sé, skiptir í sjálfu sér engu máli. En vegna þess að þetta atriði mun ráða miklu um afstöðu mína til þessa frv. *vil ég leyfa mér að beina ákveðnum spurningum* varðandi þetta til hæstv. forsrh. Ólafs Jóhannessonar.

Fyrsta spurningin er á þessa leið: Telur hæstv. forsrh. mögulegt að túlka það sem segir í ákvæði til bráðabirgða á eftir 52. gr. í frv. á þann veg, að láglaunabætur verði greiddar áfram eftir 1. des. samkv. þeim ákvæðum?

Önnur spurning sem er efnislega nánast um það sama, en aðeins öðruvísi orðuð til þess að mál mitt skiljist ótvírætt: Telur hæstv. forsrh. hugsanlegt að túlka þessi ákvæði á þann veg, að lægst launaða fólkið fái sömu verðbætur á laun 1. des. í ár og hinir, án þess að neitt falli niður þar á móti af því kaupi sem þetta láglaunafólk hefur fengið greitt samkv. frv. og samningum næstu 6 mánuði á undan?

Geti hæstv. forsrh. gefið mér jákvæð svör við þessum spurningum, þá mun ég meta það mjög mikils. Geti hann það hins vegar ekki tel ég að það, sem um þessi efni segir, sé óneitanlega einn allra versti, ef ekki versti galli sem á frv. er. Ef hæstv. forsrh. mót von minni getur ekki gefið jákvæð svör við þeim spurningum sem ég hef hér borið fram, þá vil ég leyfa mér að bæta við þriðju spurningunni og þeirri síðustu, sem er þessi: Telur þá hæstv. forsrh. af sinni hálfu koma til greina að breyta frv. þannig að láglaunabæturnar haldist áfram eftir 1. des.? — Mér þætti vænt um að fá svör við þessum spurningum.

Ég verð að segja það, að ef túlkun Þjóðhagsstofnunar á að standa verður skerðingin, sem um er að ræða í frv., komin fram að fullu undir lok þessa árs, líka gagnvart því fólki sem hefur um og innan við 200 þús. kr. í dagvinnulaun á mánuði. Hún kæmi ekki öll 1. júní, eins og upphaflega frv. gerði ráð fyrir, en hún yrði komin að fullu undir lok ársins. Og hver er þessi skerðing? Hún er samkv. tölum Þjóðhagsstofnunar kringum 6% í kaupgreiðslu. Og hvort sem hún verður 6% eða eitthvað annað, þá er ekki hægt að horfa fram hjá því, að hún bætist ofan á nokkra skerðingu sem átti sér stað 1. des. 1978, — skerðingu sem þá var af verkalýðshreyfingunni talin þolanleg ein út af fyrir sig, ekki síst vegna þess að á móti komu loforð og skuldbindingar um viss félagsleg málefni sem metin voru mikils. En ég minni á það, að gagnvart öllum meginþorra launafólks var skerðingin 1. des. s. l. varla minni en um það bil 4%. Ég þarf ekki að rekja hvernig það er reiknað út. Og ef við eigum að standa uppi með þessa skerðingu til viðbótar, sem Þjóð-

hagsstofnun metur í kringum 6% og það að fullu gagnvart lægst launaða fólkinu í landinu eftir að kemur fram undir næstu áramót, þá er þetta að mínu viti orðið of mikið — óhæfilega mikið. Mér finnst að það sé skylda okkar, sem viljum styðja þessa ríkisstj. til góðra verka, að vernda a. m. k. nokkurn veginn, helst að fullu kjör lægst launaða fólksins í landinu, ekki aðeins hins allra lægst launaða, heldur þess fólks sem er með í dagvinnukaup 220 þús. og þar fyrir neðan — jafnvel fleiri. Og það dugir mér ekki í þessum efnum að menn segi sem svo, eins og hæstv. forsrh. tók réttilega fram í ræðu sinni, að verkalýðshreyfingin sé frjáls að því að vinna sig upp í kjarasamningum. Við vitum að erfiðleikar eru þar á veginum og auðvitað var það ekki nema sjálfsagt mál að verkalýðshreyfingin héldi sínu formlega frelsi í þeim efnum. Það var sjálfsagt mál. En það getur orðið þrautin þyngri að sækja réttinn eftir þeim leiðum, og ég hefði talið að núv. hæstv. ríkisstj. ætti í lengstu lög að forðast allt að því að egna verkalýðshreyfinguna til átaka með því að ganga of langt í skerðingarátt, en segja síðan: Gerið þið svo vel. Þið vinnið þetta upp aftur í samningum.

Það er líka stundum minnst á að þetta geti verið allt saman nokkuð gott vegna þess að við eigum e. t. v. von á batnandi viðskiptakjörum á næstunni. Ég tek það fram, að ég met ákaflega mikils að það skuli hafa tekist að setja inn í þetta frv. skýr ákvæði um að viðskiptakjaraviðmiðunin skuli gilda jafnt upp á við með verðbætur á launin, ef viðskiptakjör fara batnandi, á móti lækkandi verðbótum, ef viðskiptakjörin fara versnandi. Þetta er jafnt í frv. og er ekkert við það að athuga. Hins vegar er erfitt að spá hver þessi þróun verður, ef horft er fram í tímann, og um það vitum við harla lítið þannig að þar er um að ræða veiði sem er sýnd, en ekki gefin.

Ég kemst ekki hjá að minnast hér lítillega á þann mikla áróður sem haldið hefur verið uppi í svörum við kröfum okkar Alþb.-manna um verndun lífskjaranna. Svarið er jafnan: Þið eruð að heimta meiri verðbólgu. — Það er í raun og veru eina svarið. Gengið er út frá því, að það sé engin leið hugsanleg til að bæta kjör fólks, sem hefur jafnvel innan við 200 þús. kr. í dagvinnutekjur á mánuði, án þess að það auki svo og svo mikið verðbólguna í landinu. Ég vil vísa slíkum fullyrðingum algerlega á bug. Við erum rík þjóð í þessu landi og hér eru miklir möguleikar, ekki bara á því að auka okkar framleiðslu og auka okkar þjóðartekjur, sem gæti leitt til þess að allir fengju bætt kjör í svipuðum hlutföllum og skiptingin hefur verið milli manna hér, heldur líka miklir möguleikar til að breyta tekju- og eignaskiptingunni í landinu. Það er spurning um pólitískar ákvarðanir í þessum efnum sem sker úr. Þarna er ekki um að ræða nein sjálfvirk lögmál, heldur er spurningin um pólitískar ákvarðanir. Og ég tek það skýrt fram, að ég er ekkert hræddur við það, þó að lagðir væru nokkru meiri skattar á ýmsa aðila í þessu þjóðfélagi heldur en gert hefur verið, þá aðila sem hvað varðar bæði tekjuöflun og eignasöfnun hafa dregið til sín miklu stærri hlut en þeim ber, og það fjármagn sé notað til að bæta hag hinna sem við skarðan hlut búa.

Við höfum ágæta starfsmenn við okkar Þjóðhagsstofnun og þeir hafa mikilvægu hlutverki að gegna. En þegar þeir leggja fram útreikninga sína um það, hvað þetta og þetta mikil kaupmáttaraukning leiði af sér í verðbólgu, þá geta þeir auðvitað ekki með neinu móti sett inn í dæmið eitthvað sem segi okkur að þetta geti verið mismunandi mikið eftir því, hvers konar stjórnarfar sé í landinu. Þeir geta það að sjálfsögðu ekki. Þeir eru faglegir embættismenn. En ég held því fram að það sé ekkert sjálfvirkt lögmál sem þarna segir til. Ein ríkisstj. getur haft þá stefnu, að það sé eðlilegt að allar launahækkanir fari beina leið út í verðlagið jafnóðum og verði þar af leiðandi að engu. Önnur ríkisstj. getur haft þá stefnu að hamla af öllum mætti gegn því að launahækkanir fari út í verðlagið, og hún hefur þá um leið þá stefnu að auka kaupmátt launanna. Og ég vil treysta því, þrátt fyrir það að ég sé ekki ánægður með öll ákvæði þessa frv., að núv. ríkisstj. hafi bæði allgóðan vilja og nokkra burði til að verða verkafólki í landinu að liði frekar en hitt í þessum efnum. En þegar skoðaðar eru upplýsingar frá okkar ágætu Þjóðhagsstofnun um það, hvað mikil verðbólguhækkun hljóti að dynja yfir okkur ef eitthvað sé gengið vægar fram í skerðingu á kjörunum en gert er ráð fyrir í frv., þá verð ég satt að segja svolítið hissa. Og ég vil mælast til þess að menn hugleiði örstutta stund með mér hversu marktækar séu upplýsingar eins og þær sem ég vil nú minnast á og hef fyrir framan mig í blöðum frá Þjóðhagsstofnun, dags. 16. mars 1979. Þetta eru skýrslur, sem við höfum fengið í fjh.- og viðskn. Ed. og Nd.

Hér segir um kaupmátt launa, — og það er hann sem skiptir máli, það endurtek ég einu sinni enn, — að sé gengið út frá því að ársmeðaltal kaupmáttar kauptaxta allra launþega, eins og það er kallað, árið 1977 sé sett á töluna 100, þá megi búast við því að öllu óbreyttu, þ. e. verði ekkert frv. samþ., bara kjarasamningar gildi, að þá væri ársmeðaltal þessa kaupmáttar 1979, allt árið, 108.5 stig eða hefði hækkað um 8.5% frá 1977. Gott og vel. Síðan segir hér við hliðina, að ef frv. hæstv. forsrh. verði samþ., frv. eins og það var lagt fram 12. mars, þá muni kaupmátturinn, meðaltal ársins 1979, verða 107.9% eða aðeins tæplega 0.6% minni. Sem sagt, kaupmátturinn á að standa í stað að heita má þrátt fyrir það sem í frv. segir. En setjum nú svo, að verkalýðshreyfingin segði: Við gefum ekki eftir þessi tæplega 0.6 prósentustig í kaupmætti, við gefum þau alls ekki eftir, — og verkalýðshreyfingin ryddist hér um og kúgaði menn með illu eða góðu, þá sem frv. ætluðu að samþykkja, til að hafna því og hún fengi þannig fram kaupmáttaraukningu á þessu sem svarar að dómi Þjóðhagsstofnunar um 0.6% umfram það sem frv. gæfi, þá segir hér á næsta blaði að slík kaupmáttaraukning upp á um 0.6% mundi auka verðbólguhraðann svo mjög að framfærsluvísitala hækkaði frá 1. jan. til 31. des. 1979 ekki aðeins um 33%, eins og hún ætti að gera samkv. frv. óbreyttu að sögn Þjóðhagsstofnunar, heldur mundi hún hækka um 39—40%. Lítum á þetta: Út á 0.6% aukningu kaupmáttar á framfærslukostnaður að hækka um 6—7 prósentustig fram yfir það sem ella yrði. Við skulum nú segja að verkalýðshreyfingin segði: Það skal verða 1% kaupmáttaraukning ekki bara 0.6%, — þá yrði svarið væntanlega: Verðbólgan, herrar mínir, ef þið ætlið að knýja þetta fram, verður ekki aðeins 33%, hún verður þá ekki minni en svo sem 45%. — Eru þetta gild svör? Er engin leið að fá fram 1% kaupmáttaraukningu í landinu án þess að verðbólgan fari úr 33% upp í 45%? Auðvitað eru slíkar leiðir til. Það er ekki hægt að ganga út frá því sem einhverju sjálfvirku kerfi sem við séum dæmd til að lifa undir, að slík smávægileg breyting á kaupmætti, það hvað dregið væri úr kaupmáttarskerðingunni, hljóti undir öllum

kringumstæðum samkvæmt einhverju sjálfvirku lögmáli að kalla yfir okkur slíka stóraukna verðbólgu. Við þyrftum þá enga menn í ríkisstj. hér, ef slík sjálfvirk lögmál væru í gildi. Við hefðum þá bara einhverja eilífðarvél, sem passaði upp á þetta fyrir okkur, einhverja tölvu. Þá væri hægt að hafa trékarla í ríkisstj., skipti engu máli hver væri hér forsrh. Þetta segi ég ekki til þess að niðra á nokkurn hátt okkar ágætu hagfræðinga. Þeir reikna út frá sínum forsendum og geta ekki tekið pólitíska þáttinn inn í dæmið. En að halda því fram, að það sé óhjákvæmilegt að 0.6% kaupmáttaraukning leiði til milli 5 og 6% hraðaaukningar verðbólgunnar, það er ekki sjálfsagt mál.

Ég gæti talað um þetta miklu lengur, en ég er nú að hugsa til þess að stytta mál mitt því að þetta er orðið langt. En ég held að það sé hollt fyrir alla, sem sinna því hlutverki að eiga að taka veigamiklar pólitískar ákvarðanir og þýðingarmiklar fyrir lífskjör fjölda manna, hvort sem það eru menn í forustuliði verkalýðshreyfingarinnar eða við sem sitjum hér á Alþ., að hugsa sjálfir, að vera ekki allt of bláeygir, ef svo má segja, gagnvart svona uppsetningu. Það þarf að mínu viti að snúast hart til varnar gegn þeim óhemjumikla áróðri sem í gangi er um það, að sérhver jákvæð hreyfing fyrir kaupmátt láglaunafólks í þessu landi sé verðbólguvaldurinn í okkar þjóðfélagi, sé það sem framar öllu verði að forðast. Hvar halda menn að verkalýðshreyfingin á Íslandi hefði staðið á liðnum áratugum ef slíkar röksemdir hefðu verið teknar gildar? Ég segi það, að hún væri þá ekki komin í þann áfangastað sem hún þó hefur náð í.

Ég vil í örfáum orðum drepa á atriði, sem ekki lúta að verðbótakafla frv., og það skal vera stutt. Ég hef alvarlegar aths. að gera við 9. gr. og vil láta það koma hér fram, það lýtur að niðurgreiðslunum. Þarna virðist allt í einu talið í lagi að setja inn lagagrein sem leiðir óhjákvæmilega af sér að verðlag í landinu hlýtur að hækka og verðbólgan að vaxa. Það er skoðun mín að það ætti að halda niðurgreiðslunum í meginatriðum á svipuðu stigi og þær eru, og ég tel að það þurfi ekkert að aumkast yfir það fólk, sem hér býr við góðan hag, bæði það fólk, sem hefur háar launatekjur, og það fólk, sem á miklar eignir og hefur af þeim mikinn arð, þó að því sé gert að borga allháa skatta, m. a. til að standa undir niðurgreiðslum, vegna þess að niðurgreiðslurnar eru kjarajöfnunartæki í þjóðfélaginu. En það er kunnugt að í þessari 9. gr. er gengið út frá því, að þær verði lækkaðar verulega með tilheyrandi hækkun á verðlagi, aukningu á verðbólgunni. Þetta á að gerast á þremur árum, og það kemur fram að það yrði um að ræða 5.4—6.7 milljarða lækkun niðurgreiðsla á þessum þremur árum, sem þýðir 2.8—3.5% hækkun verðbótavísitölu samkv. aths. með frv., en að vísu ekki allt á þessu ári, heldur dreifist þetta á 3 ár. Þarna hefði ég gjarnan viljað haga málum á annan veg, þó ég geri þetta eitt ekki að frágangssök, ef aðrar greinar frv. væru viðunandi.

Ég hef aths. að gera við 16. gr. frv., sem fjallar um lántökuheimildir, og þá er ég með greinanúmer upphaflega frv. Í þessari 16. gr. segir m. a.: „Lántökuheimildir eða ábyrgðarheimildir, sem veittar eru vegna opinberra framkvæmda eða fjárfestingarlánasjóða í lánsfjárlögum þessum, skulu skoðast sem hámarksákvæði á því fjárlagaári, sem þær eiga við.“

Ég er býsna hræddur um að það geti orðið erfitt að halda sig við þennan bókstaf, að þarna sé um algert hámark að ræða. Í aths. er talað um það með enn ákveðnara orðalagi, að þetta skuli vera algerlega bindandi. Ég leyfi mér í þessum efnum að minna á það, að á síðasta ári fóru þessar lántökur til opinberra framkvæmda hvorki meira né minna en 69% fram úr áætlun. Ég er ekki að segja að það sé til fyrirmyndar, en það getur verið erfitt að ætla að stökkva niður á jafnsléttu úr svo mikilli hæð í einum áfanga, og ég vara við þessu.

Hv. 1. þm. Reykn., fyrrv. fjmrh., Matthías Á. Mathiesen, drap á það í ræðu sinni áðan, að honum sýndist að það vantaði 10 milljarða upp á að lánsfjáráætlunin væri raunhæf. Ég vil gjarnan minna hann á það, að það var reyndar nokkru meira en 10 milljarðar sem farið var fram úr heimildum á lánsfjáráætlun á síðasta ári, þegar hann var sjálfur fjmrh. meira en helming ársins og átti þar vafalaust stóran hlut að, þannig að það fer honum ekki vel að býsnast yfir þessu. Hvað sem því líður, þá bendi ég á að lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir mjög óverulegri hækkun lántökuheimilda í krónutölu og mjög verulegri lækkun að raungildi, mjög verulegri. Ef síðan á einnig að gera þetta algerlega bindandi, þannig að ekkert megi hreyfa, þá mun einhvers staðar finnast fyrir því áður en þessu ári lýkur í atvinnulífinu í landinu, það vil ég staðhæfa. Og það kemur hér til viðbótar við sitthvað annað, t. d. opinberar aðgerðir sem verka til samdráttar og auka hættu á atvinnuleysi. Minni ég þá ekki síst á þá fáheyrðu reglugerð sem sjútvrh. gaf út fyrir nokkru um þorskveiðar og áður hefur verið rætt um hér. En nóg um það.

Í 20. gr. er það margumrædda ákvæði um að heildarfjármunamyndunin skuli vera innan við 25% af þjóðartekjum. Það er að vísu nú búið að þynna þetta þannig út, að það er útlátalaust að greiða atkv. með því. Ég vil hins vegar segja það um hinar miklu prédikanir, sem lengi hafa gengið, að það verði að knýja fjárfestinguna niður, og þá lítill greinarmunur gerður á því, hvaða fjárfesting það á að vera, — þessi áróður gengur of langt og það þarf að vinna á móti honum að mínu viti.

Það er fátt brýnna í þessu landi heldur en að auka fjárfestingu á vissum mjög mikilvægum sviðum, og ég nefni þar fyrst til tvö svið. Annars vegar er það úrvinnsla okkar sjávarafla. Þar er þörf á að margfalda fjárfestinguna. Hins vegar er það okkar orkuframleiðsla, þó ekki væri nema til að útrýma olíunotkun að svo miklu leyti sem mögulegt er, eins og verðlag hefur þróast á olíu og okkur er kunnugt um. Og auðvitað gildir það í opinberum rekstri nú eins og áður og í hvaða rekstri sem er, hvort sem það er heimili eða fyrirtæki, að það skiptir auðvitað máli hvort fjármagn er fest í þessu eða hinu. Allir geta tekið undir það, að lítið vit sé í að sóa fjármagni í fjárfestingar út í bláinn. Það þarf ekki mikla spekinga til þess. En menn verða að horfa á hitt, það sem er nauðsynlegt, og fátt er nauðsynlegra en að auka skynsamlega fjárfestingu. Hitt er ljóst, að þessi mikla binding og reglustrikuaðferð mun koma niður á fjárfestingum, m. a. þar sem síst skyldi, til skaða fyrir okkar þjóðarbúskap. En það er rétt, það er búið að opna hér útgöngudyr með viðaukum við greinina, eins og hv. 1. þm. Reykn. minntist á, og þess vegna kannske ekki ástæða til að gera mikið veður út af henni.

Ég held að ég sleppi nú að ræða aukningu peningamagns í umferð, það þarf ekki margt um það að segja. Vaxtamálunum sleppi ég líka tímans vegna að öðru leyti en því, að ég vil taka fram að ég tel mjög mikilvægt

varðandi þau ákvæði sem frv. gerir ráð fyrir um verðtryggingu á bæði sparifé og útlánum, að gert er ráð fyrir að afurða- og rekstrarlán fái sérstaka meðferð og ríkisstj. muni sjálf taka ákvarðanir um hvernig með þau verði farið. Ég tel það mjög mikilvægt, vegna þess að þó vissulega megi segja að okkar mikla verðbólga, sem m. a. leiðir af sér möguleikar atvinnuveganna til að ná ódýru fjármagni út úr lánakerfinu, að borga skuldirnar svo og svo löngu síðar með verðminni krónum, — þó að þessi afleiðing verðbólgunnar hafi á margan hátt verkað eins og eiturlyf á atvinnulíf í landinu, það skal ég viðurkenna, þá getur verið hættulegt að taka þetta eiturlyf af sjúklingnum allt saman í einu. Hann þolir það ekki í þessu tilviki. Þess vegna held ég að fyrst sú ákvörðun er tekin, sem hefur verið að þróast í þá átt lengi, að stofnlán skuli að fullu verðtryggð og ég get út af fyrir sig ágætlega sætt mig við, þá held ég að það yrði of mikið að hafa fulla verðtryggingu á afurða- og rekstrarlánunum líka. Ég vara við því, en treysti því að ríkisstj. muni þar fara fram með gát.

Sú grein, sem skotið var inn sem 31. gr. við meðferð málsins í Ed., um að auka bindiskylduna hjá Seðlabankanum upp í 28%, er aðgerð sem ég er andvígur og tel að skapi hættu á meiri samdrætti í atvinnulífi og framkvæmdum en góðu hófi gegnir.

Að síðustu vil ég minnast á kaflann um verðlagsmál sem lítillega hefur verið breytt frá upphaflegri gerð frv. eins og það var lagt hér fram af hæstv. forsrh. Ég tel að þær breytingar skipti litlu máli til eða frá, en tek sérstaklega fram, að ég tel að það sé mjög ánægjulegt að sá kafli í frv. er með þeim hætti sem hann er og þar með í reynd komið í veg fyrir að viss ákvæði í verðlagslögunum, sem samþykkt voru á síðasta þingi, komist til framkvæmda.

Ég minni svo á það, áður en ég vík hér úr ræðustólnum, að meginaths. mínar eru við verðbótakaflann. Ég mun í fjh.- og viðskn. freista þess að fá fram breytingar á þeim kafla og gera upp mína endanlegu afstöðu til afgreiðslu málsins þegar það liggur fyrir, hvaða undirtektir aths. mínar fá, og þegar ég hef heyrt svör hæstv. forsrh. við spurningum mínum. En það er reyndar eitt ákvæði frv. utan þessa verðbótakafla ónefnt enn, sem mér er skylt að taka fram að ég get ekki stutt. Það er í 63. gr. upphaflega frv., og mér finnst satt að segja næsta furðulegt hvernig það er komið inn í þetta frv., jafnstórt mál og þar er á ferðinni. Eðlilegra væri að ræða það sérstaklega. En hér segir í 64. gr.: „Í þessu sambandi verði m. a. heimilað að beita fjármagni sjóðsins“ — þ. e. Aflatryggingasjóðs — „til þess að bæta upp verð á þeim tegundum, sem vannýttar kunna að vera, og leggja í því skyni sérstakt gjald á afla af þeim tegundum, sem taldar eru ofnýttar“ — þ. e. þorskinn auðvitað fyrst og fremst. Ég hafði satt að segja haldið að nóg væri að gert með reglugerð hæstv. sjútvrh. gagnvart þorskveiðunum, þó að ekki væri farið að leggja á þær sérstakt aukagjald til viðbótar. Þessi grein er ekki mér að skapi og ég mun ekki styðja hana.

Ég vil taka það sérstaklega fram, að mér er það síður en svo í hug sem þm. eins stuðningsflokka þessarar ríkisstj. að vilja bregða fyrir hana fæti, enda þótt ég geti ekki sætt mig við einstök ákvæði í þessu frv. Ég hef góðan og fullan skilning á því, að það eru heitar óskir — og þær koma víða að — um að þessi ríkisstj. fái að lifa, og þær eru ekki síst á ferðinni innan verkalýðshreyfingarinnar, vegna þess að fólk, ekki síst láglaunafólkið í landinu, óttast það stjórnarfar sem e. t. v. tæki við ef þessi ríkisstj. hyrfi frá. Og ég held að það sé heillaráð fyrir hæstv. ríkisstj. að minnast þeirra tengsla við þetta fólk í verkalýðshreyfingunni, þeirra tengsla sem hún á líf sitt undir. Og enda þótt ég vilji ekki sætta mig við ákveðin atriði í frv., ef þeim fæst ekki breytt, þá er ég að sjálfsögðu ekki áhugaminni en aðrir þm. stjórnarflokkanna um það að halda Sjálfstfl. frá stjórnarstólunum enn um sinn. En ég bendi á að það er ekki víst að leiðin til að halda Sjálfstfl. frá stjórnarstólunum felist í því að ganga jafnmikið á svig við verkalýðshreyfinguna og gert er með ákveðnum atriðum þessa frv. Og það er ekki að mínu skapi að láta sér nægja að segja sem svo: Það er rétt að sætta sig við þetta og það er rétt að sætta sig við hitt, vegna þess sé það ekki gert fáum við eitthvað annað yfir okkur í stjórn landsins miklu, miklu verra. — Ég held að enda þótt hugsun í þessa átt sé skiljanleg og þótt hún sé fyrir hendi víða innan verkalýðshreyfingarinnar í landinu, þá sé full ástæða til að hvetja til þess og minna á það, að verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur ekki bara það verkefni að biðja fyrir þessari á margan hátt ágætu ríkisstj. þótt sé gott og blessað að það sé gert, heldur þarf verkalýðshreyfingin líka að mínu viti að veita þessari ríkisstj. eins og öðrum hollt og ákveðið aðhald. Það er ekki bara verkalýðshreyfingunni fyrir bestu, heldur einnig ríkisstj. fyrir bestu.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil fyrst segja það út af þeim ummælum sem hv. síðasti ræðumaður hafði um það hér áðan, að lán s. l. ár hafi farið nokkuð fram úr lánsfjáráætlun, að eins og nú horfir um lánsfjáráætlun þessa árs ætti að vera næsta auðvelt að halda henni í réttu horfi, því að ekki sýnist líklegt að hún fái afgreiðslu fyrr en á næsta ári og þá væri hægt að sníða henni stakk eftir þeim lántökum sem fram hafa farið á þessu ári.

Ég verð að segja það í upphafi míns máls, að hv. síðasti ræðumaður kom það víða niður að nauðsynlegt er að ræða þessi mál frá víðari sjónarhóli en ég hafði ætlað mér. Hann hóf rangfærslur sínar og útúrsnúninga á því ári 1971, og það er nauðsynlegt að byrja þar strax og leiðrétta það sem hann fór þar rangt með.

Það er rétt munað hjá honum, að þegar viðreisnarstjórnin fór frá var gerð úttekt á þjóðarbúinu sem var metin svo af þeim, sem þá tóku við, að unnt ætti að vera að auka og bæta lífskjörin í landinu um 20% á næstu tveim árum. Þetta er rétt. Hins vegar er það mikill misskilningur hjá þessum hv. þm. ef hann heldur að sú ríkisstj., sem þá tók við, hafi verið þannig innréttuð að hún hafi haft einhverja sérstaka löngun til þess að sjá kjarasamninga verkafólksins í landinu í friði. Það hefur ekki verið háttur Alþb., þegar það hefur komist í ríkisstj., að sjá verkafólkið í landinu í friði. Það hafa verið þeirra fyrstu aðgerðir gjarnan og þær síðustu einnig að skerða kjörin í landinu. Þessum hv. þm. til upprifjunar skal ég tilfæra orð sem formaður Alþb., Lúðvík Jósepsson, viðhafði hér á þingi þegar hann var að láta af ráðherraembætti, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er enginn vafi á því, að sá vandi, sem við stöndum nú frammi fyrir í efnahagsmálum, snýst öðru fremur um það, hvernig skuli fara með þá hækkun á kaupgjaldsvísitölu sem sýnilegt er að verða muni 1. júlí n. k. og aftur 1. sept. að hausti. Eins og fram hefur komið í umr. hér er reiknað með því, að kaupgjaldsvísitalan muni hækka 1. júní n. k. um 13—15%, og ef sú hækkun verður látin

ganga yfir án aðgerða mundi kaupgjaldsvísitalan aftur hækka sennilega um 7—8% eða jafnvel meira 1. sept. Það er við afleiðingarnar af þessum hækkunum, sem fyrst og fremst þarf að glíma. Og ég held, að allir hljóti að verða sammála um að það þarf í rauninni að koma í veg fyrir það, að þessar hækkanir gangi yfir og út í efnahagskerfið. En þá kemur að sjálfsögðu upp spurningin um það, hvernig hægt er að komast hjá því að þessar hækkanir gangi út í efnahagskerfið, með hvaða ráðum er hægt að koma í veg fyrir þessar hækkanir.

Þetta eru skýr ummæli um það, hvað vakti fyrir Lúðvík Jósepssyni á þessum tíma. Ég hef ekki í höfðinu öll ummæli hans frá þessu ári, það væri fróðlegt að fletta því upp. En ég veit að þessi hv. þm. er kunnugur því sem fyrrv. ritstjóri Þjóðviljans og veit hvað Lúðvík Jósepsson hefur sagt í þessum efnum, enda kemur nákvæmlega það sama fram nú á þessu þingi þegar þessi hv. þm. styður þessa ríkisstj. Fyrstu aðgerðir þessarar ríkisstj., sem nú situr, voru þær að auka á launamuninn í landi með septemberráðstöfunum. Ég veit að hv. þm. rekur minni til þess, að svo fór jafnvel að laun hinna lægst launuðu hjá ríkinu beinlínis lækkuðu í krónum talið vegna þeirra ráðstafana. Svo er afskaplega auðvelt að koma hér nú löngu síðar og halda því fram, að fyrir sér hafi vakað allan tímann að standa sérstaklega á verði fyrir þetta fólk. Það er afskaplega auðvelt. Á sama tíma og hinir lægst launuðu fengu færri krónur í umslagið hækkuðu laun þeirra, sem mest fengu, um eitthvað 12%, ef ég man rétt. (Gripið fram í.) Þú getur sjálfur flett þessu upp, ekki ætla *ég að fara að deila við þig um það sem rétt er. Hér er ég* með tölurnar: Hjá iðnaðarmönnum hækkaði um 11%, verkamönnum um 8%, verslunarmönnum 7%, ríkisstarfsmönnum 11—12%. Þetta er sannleikurinn í því máli.

Ef við rifjum upp það sem næst gerðist, þá minnumst við þess hvernig stóð á því að Kjaradómur felldi úr gildi þakið sem var á vísitölunni. Það var ekki frv. forsrh. sem olli því, eins og hv. þm. sagði. Það eru ekki annað en látalæti til að reyna að skella skuldinni á aðra en þá sem eiga hana raunverulega, eins og er háttur þessara manna í Alþb. Höfuðsökina í því máli bar meiri hl. þeirrar borgarstjórnar sem nú situr, með þeirri dæmalausu samþykkt sem hún gerði á s. l. sumri. Síðan var þessu fylgt eftir með aulalegum ráðstöfunum í sept., sem olli því að vísitöluþakið kom svo misjafnt niður hjá einstökum launþegahópum að Kjaradómur sá sér ekki annan kost vænni, til þess að misréttið væri ekki himinhrópandi í þessu þjóðfélagi, en að afnema launaþakið. Ef hv. þm. hefur í sér dugnað og dug til þess að lesa forsendur Kjaradóms, þá getur hann kynnt sér að svo var í raun og veru.

Það er töluvert eftirtektarvert að fylgjast með því sem er að gerast á Alþ., ekki aðeins í dag, heldur undanfarna daga og mánuði. Það er t. d. gaman að sjá það, að Alþb. er nú búið að koma sér upp sínum Vilmundi í gervi hv. 3. þm. Vestf., Kjartans Ólafssonar, sem nú hefur fengið það hlutverk af Alþb. að látast vera óánægður með gerðir ríkisstj., hafe í hótunum og þar fram eftir götunum. Og ég verð að segja það, að í þessari „genaralprufu", sem fram fór hér í dag, tókst honum mætavel upp í þessu nýja hlutverki sem hann hefur kosið að taka að sér.

En við skulum aðeins hugleiða hvað er að gerast í launapólitíkinni í landinu. Hvernig stendur það? Við munum eftir því, að þegar þessi ríkisstj. var mynduð var það sett sem höfuðmarkmið í samráði við verkalýðshreyfinguna að engar grunnkaupshækkanir skyldu verða á þessu ári eða fram til 1. des. 1979. Þetta var það markmið sem sett var af ríkisstj. og verkalýðshreyfingin stóð á bak við. Verkalýðshreyfingin var jafnframt fús til þess að taka á sig nokkra kjaraskerðingu til þess að ná verðbólgunni niður. Fyrsta kjaraskerðingin kom í sept. Hún var margvíslega upp sett til þess að reyna að ljúga því að fólkinu í landinu að kjörin hefðu ekki verið skert. Einn þátturinn í þeirri blekkingaiðju var sá að auka niðurgreiðslur sem síðar voru framkvæmdar með því að auka tekjuskattana á fólkinu í landinu. Ef við athugum hversu víða það er sem hjón vinna úti í þessu þjóðfélagi, þá getum við jafnframt komist að raun um að tekjuskattsgreiðendur eru ekki fáir í þessu landi og þeir, sem hafa háan tekjuskatt, eru býsna margir, sjómenn ekki síst fyrir vestan. Fólkið í landinu var látið bera uppi þessar niðurgreiðslur. Jafnframt var vísitalan fölsuð á þann hátt að greiddar voru niður vörur sem ekki voru til á markaðnum, eins og t. d. nautakjöt. (**KÓ:** Hvað vegur það í vísitölunni?) Þú ert nú svo góður í tölum, það kom fram áðan, að þú ættir að vita það.

Hér skulum við koma að því sem gerðist 1. des. Þá féllst verkalýðshreyfingin á að kaupgjaldsvísitalan yrði skert um 2% gegn því að beinir skattar yrðu lækkaðir miðað við það sem þeir hefðu verið á árinu 1978. Við þetta var ekki staðið. Beinir skattar voru þvert á móti hækkaðir. Sjúkratryggingagjaldið var að vísu lækkað að hámarki um 23 þús. kr. hjá hjónum. Á móti átti að koma 2% *lækkun á bráttólaunum. En ekki nóg með það,* heldur var skattvísitalan höfð lægri en nam meðallaunahækkunum frá árinu 1977 til 1978, auk þess sem tekjuskattur á eigin húsaleigu var stórlega aukinn. Allt olli þetta því, að beinir skattar aukast árið 1979 miðað við það sem var á árinu 1978, þó ekki sé tekið tillit til hins nýja 10% stiga sem bætt var við. Þetta var þannig gersamlega svikið. Það var ekki nóg með að þeim blekkingum væri beitt, að beinir skattar ættu þarna að koma til lækkunar á vísitölunni, — það var ekki nóg með það að þeim skrípaleik væri beitt, — heldur var ekki staðið við þetta að einu eða neinu leyti, ekki gerð tilraun til þess, og hefur ekki verið gagnrýnt af þeim mönnum sem telja sig sjálfskipaða talsmenn launamanna í landinu, — ekki minnst á það einu orði, látið eins og þeir hafi fengið skattalækkanirnar sem þeir aldrei fengu, ekki einu sinni fyrir vestan. Hvernig var með 3% sem þeir áttu að fá uppi borin með margvíslegum félagslegum umbótum? Hvað hefur séð dagsins ljós af því? Í sambandi við opinbera starfsmenn sem líka lækkuðu í launum — hvað er ætlast til að þeir fái sérstaklega í félagslegum umbótum vegna þess að þeir gáfu eftir 3%? Það væri gaman að fá það upplýst.

Ekkert af þessu hefur séð dagsins ljós. Allt voru þetta tóm svik af þeim mönnum sem telja sig til verkalýðsflokkanna í þessu landi, og þegar þeir verða óðamála gera þeir ekki einu sinni greinarmun á Alþýðubandalaginu og Alþýðusambandinu, þeir telja sig vera búna að fá eignarhald á því sem þar er. — Ég ætla svo ekki að reyna að lýsa betur en þessi hv. þm. og hæstv. viðskrh. þeirri kjararýrnun sem þeir segja að nú sé að bresta á 1. júní. Þeir gerðu það svo fagurlega og vel að þar verður ekki um bætt.

Þessi ríkisstj. hefur skert kjör allra launþega í landinu miklu meir en síðasta ríkisstj., ef við köllum það að

skerða kjörin að reyna að skerða kaupgjaldsvísitöluna til þess að hindra víxlhækkun kaupgjalds og verðlags. Nú er ég ekki einn þeirra manna sem trúa því, að kaupmáttur launa aukist með aukinni krónutölu. Og ég verð að segja það gagnstætt síðasta ræðumanni, að ef unnt yrði að koma verðbólgunni úr 40% niður í 33% gegn því að kaupmátturinn minnkaði einungis um 0.6%, þá mundi ég ekki hika við að segja að það væru góð býti, gagnstætt því sem hann sagði, því að vitaskuld er verðbólgan mesti óvinur launamannsins í landinu og þá einkanlega hins lægst launaða. Hitt er líka jafnhjákátlegt, þegar verkalýðshreyfingin í landinu er að senda þessari ríkisstj. einhverjar sérstakar ástarkveðjur, einhverjar heitar játningar um að hún hafi komið drengilega fram gagnvart launþegum, sagt þeim, hvernig í pottinn væri búið, og lýst ráðstöfunum sínum eins og efni stóðu til. Það hefur ekki verið gert.

Ég man eftir því fyrir rúmu ári, að ég var staddur á fundi þar sem voru frummælendur úr röðum verkamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og frá Bandalagi háskólamanna. Ég minnist þess, hversu mikilli ánægju var lýst yfir af öllum þessum aðilum, að þeir skyldu nú loksins hafa náð samstöðu um að þeir mundu ekki þola neitt þak á neina vísitölu, það mætti ekki rugla neina umsamda launataxta í landinu, hagsmunir verkamannsins færu í öllum atriðum saman við hagsmuni Bandalags háskólamanna. Ég man að á þessum fundi orðaði ég það, hvort það væri kannske ekki kominn tími til þess fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu að hafa frumkvæði að því að stofna til viðræðna við stjórnvöld og atvinnurekendur um það, hvernig væri hægt að tryggja kaupmátt lægstu launa og koma verðbólgunni jafnframt niður. Það kom aðeins eitt svar við því frá þeim aðilum, að auðvitað kæmi slíkt ekki til mála, allir launþegar yrðu að standa saman um ítrustu kröfur, eins og raunar kom fram áðan hjá hæstv. viðskrh. þegar hann talaði um að það væri rétt af verkalýðshreyfingunni að halda sínum ítrasta rétti um það, að við kjarasamninga yrði staðið í öllum atriðum, — hjá þeim manni sem nú er reiðubúinn til þess að samþykkja svo og svo mikla skerðingu á kauptöxtum í landinu, hjá þeim manni sem lýsti því yfir í þessum ræðustól fyrir nokkrum vikum að verðbólgan væri komin niður í 22%. Nú ætlar hann að fara að skerða kaupgjaldsvísitöluna um svo og svo mörg prósent til þess að koma henni í 35%, hvernig sem það kemur saman. Við í Sjálfstfl. höfum þó venjulega reynt að skerða kaupgjaldsvísitöluna til þess að minnka verðbólguna, en ekki auka hana.

En hvað er svo að gerast í verkalýðshreyfingunni? Stendur hún eins einhuga á bak við þessa ríkisstj. og ástarhótin gefa tilefni til að ætla? Formaður Sambands byggingarmanna segir í Þjóðviljanum 31. mars s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Afleiðingin af þessu hlýtur að verða sú, að verkalýðshreyfingin búi sig nú í stakk til þess að ná nýjum samningum, þar sem boð hennar um óbreytta samninga á þessu ári hefur ekki verið þegið".

Snorri Jónsson, forseti Alþýðusambandsins, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við höfum boðist til að taka tillit til aðsteðjandi vanda, eins og t. d. vegna verðhækkana á olíu, en við getum ekki mælt með svona krukki sem óhjákvæmilega skekkir alla kjarasamninga".

Guðjón Jónsson, formaður Málm- og skipasmíðasambandsins, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt er augljóst, að verkalýðshreyfingin verður að beita þeim vopnum sem hún hefur til þess að verja kjörin og nú á næstunni verður að athuga til hvaða ráða ber að grípa".

Hæstv. viðskrh. segir:

„Alþb. áskilur sér allan rétt til að fá fram breytingar á þessum kafla við hlið verkalýðshreyfingarinnar".

Af þessum tilvitnunum má ljóst vera að Alþb. hefur nú hreiðrað um sig í vígstöðu. Það er reiðubúið til þess að láta til skarar skríða innan verkalýðshreyfingarinnar hvenær sem er. Við vitum að Farmanna- og fiskimannasambandið hefur gert kröfur sem eru, ef ég man rétt, um 60% grunnkaupshækkanir. Það markmið að halda óbreyttum grunnlaunum út árið 1979 virðist því nokkuð fjarri þessa stundina. Það verður ekki betur séð en sá fleygur sé kominn milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar að verkalýðshreyfingin hafi misst allt traust á þessari ríkisstj. Hún er ekki reiðubúin lengur til þess að taka á sig meiri fórnir, vegna þess að þær fórnir, sem launafólk tók á sig í sept. og í des., voru svo illa notaðar, tíminn var svo illa notaður, vegna þess að ríkisstj. hefur staðið sig illa. Hún hefur ekki beitt réttu tökunum til þess að ná verðbólgunni niður, og það er fólkið í landinu sjálft sem þrýstir á að þessi skrípaleikur hætti. Það skiptir engu máli hversu margir verkalýðsforingjar syngja ástarsöngva til þessarar ríkisstj., vilji hins almenna launamanns um sterka stjórn efnahagsmálanna brýst fram og sigrar fyrr eða síðar.

Við skulum svo aðeins íhuga eitt atriði í þessu máli, og það er þetta: Er það virkilega svo, að Bandalag háskólamanna og BSRB séu tilbúin að afsala sér 3% grunnkaupshækkun nú 1. apríl? Er eitthvert afsal í því fólgið? Forustumenn þessara samtaka, forustumenn BSRB hafa gert samkomulag við ríkisstj. um breyttan samningsrétt. Forustumenn BSRB meta þetta svo, að það sé jafnvirði 3% grunnkaupshækkunar. Ef atkvæðagreiðslan í maí fer þannig að samkomulagið verður samþ., þá hafa opinberir starfsmenn fengið 3% grunnkaupshækkun í formi breytts samningsréttar. Fari svo að samkomulagið verði fellt fá opinberir starfsmenn 3% í beinhörðum peningum. Grunnkaupshækkunin kemur því til framkvæmda. En þá er spurningin: Með hvaða siðferðilega rétti beitir ríkisstj. og meiri hl. Alþ. sér þá fyrir því að taka þessa 3% grunnkaupshækkun af bankamönnum?

Herra forseti. Ég vil mælast til þess við hæstv. utanrrh., sem hér er viðstaddur, að hann beiti sér fyrir því, að það samkomulag, sem ríkisstj. hefur gert við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, verði lagt fyrir þm. áður en þetta frv. kemur til 2. umr. Með þeirri brtt., sem lögð var fram og samþ. í Ed., er verið að setja Alþ. í þá stöðu að gera upp hug sinn um það, hvort það vilji fallast á þetta samkomulag eða ekki. Brtt. felur það beinlínis í sér. Og mér finnst óviðkunnanlegt og ekki virðingu Alþ. samboðið að ætlast til þess, að það greiði atkv. um slíkan pinkil án þess að fá að taka böndin utan af honum og gægjast í hann. Ég held þess vegna að það sé óhjákvæmilegt, að samkomulagið við BSRB í endanlegri gerð verði kynnt þm. Það gefst þá líka tilefni til þess að ræða efnislega það sem í því samkomulagi stendur. Ég vil t. d. mjög draga í efa að það ákvæði sé skynsamlegt, að á þriggja ára fresti skuli vera verkfallsréttur um skipan í launaflokka, bæði fyrir launþega og ríkisvaldið, og vek athygli á því, að m. a. Félag símamanna hefur lýst and-

stöðu sinni við þetta samkomulag. Ég held þess vegna að það sé alveg nauðsynlegt að það verði lagt hér fram.

Það hefur vakið nokkra athygli að hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir í blöðum, að hann sé þegar farinn að beita sér fyrir því að sum ákvæði í því frv., sem hér liggur fyrir, verði numin á brott síðar meir. Í máli hv. 3. þm. Vestf. mátti einnig heyra það, að baráttan muni um það standa á næstu mánuðum. Þetta sýnir eitt með öðru hversu trúverðug þessi ríkisstj. er, hversu samstaðan er mikil og heilindin sönn.

Ég get ekki látið hjá líða að drepa á eitt atriði, sem Alþb.-menn hamra mjög mikið á. Það er að það skipti engu máli gagnvart verðbólgunni, hversu há launin í landinu séu, það skipti bókstaflega engu máli. Þeir segja einnig að það sé ekki leið til að minnka verðbólgu að draga úr verðbótum. Þá er spurningin, ef svo er ekki, tg lýsir í rauninni því, að þeir trúa ekki sjálfir því sem þeir fram halda, — þá er spurningin þessi: Hvers vegna eru þeir þá æ ofan í æ að skerða kaupgjaldsvísitöluna, og hvers vegna taka þeir nú þátt í því að skera niður grunnlaun, sem ég tók eftir að hæstv. forsrh. sagði að væri algert einsdæmi og hann mundi ekki eftir öðru slíku? Það þurfti sennilega að fá Alþb. í ríkisstj. til þess að á því yrði byrjað.

Það er eftirtektarvert í sambandi við þær tilraunir, sem þessi hæstv. ríkisstj. myndar sig til við að gera í baráttu sinni við verðbólguna, að hún virðist líta svo á að vísasti vegurinn til þess að ráða niðurlögum hennar sé að leggja auknar byrðar og fleiri pinkla á atvinnureksturinn í landinu. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er talað um að til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins muni ríkisstj. á árinu 1979 útvega sérstaklega einn milljarð kr. að láni, á árinu 1980 muni ríkisstj. beita sér fyrir sérstakri fjáröflun í sama skipi að upphæð 2 milljarðar kr. Þarna á að búa til pólitískan sjóð sem á að úthluta úr eftir geðþótta stjórnmálamanna, — ráðh. Miklu skynsamlegra sýnist að rýmka fyrningarreglur, ganga ekki of nærri fyrirtækjum og láta þau fyrirtæki, sem í raun eru lífvænleg, vaxa og dafna, heldur en að leggja drápsklyfjar á atvinnureksturinn í landinu, þannig að hann hafi ekki möguleika til endurnýjunar, og reyna svo að leiðrétta mismuninn eftir á með pólitískum ölmusum. Einhvern veginn er það líka þannig, að þegar Alþfl. og Framsfl. eru nógu langt í burtu frá Alþb., þá skilja þeir að þetta er ekki rétt stefna, þá vita þeir sem er, að endurnýjun í atvinnurekstrinum er nauðsynleg og að fyrningarákvæðin eru ekki sett út í bláinn. Þess vegna eru þeir reiðubúnir til þess að rýmka þau ákvæði, þegar þeir eru ekki í stjórnarsamvinnu við Alþb. Hins vegar skortir þá þrek til að standa á sínum málstað í þessum vonda félagsskap. Í þessu sambandi er líka eftirtektarvert að það er mjög ofarlega í huga margra stuðningsmanna þessarar ríkisstj., að eitt rekstrarform eigi frekar rétt á slíkum opinberum styrkveitingum en annað, og hefur m. a. hv. 3. þm. Austurl. flutt þáltill. um það efni. Ég held að óþarfi sé að fara mörgum orðum um haldleysi stefnu sem þannig er fram haldið, en betra að taka litla dæmisögu, nýlega, þar sem ríkisstj. komst að þeirri niðurstöðu, eins og nú er ástatt með fiskstofna, að skynsamlegra væri að selja Fontinn til Siglufjarðar og láta hann veiða þorsk heldur en láta hann fara til Dalvíkur til þess að veiða djúprækju.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að orðlengja hér frekar. Ástæðan fyrir því, að ég hef haldið þó þetta langa ræðu, eru þær orðalengingar sem hér hafa farið fram fyrr í kvöld. En ég vil sem sagt leggja áherslu á það, sem ég sagði áðan, og ítreka það, að opinberir starfsmenn fá 3% grunnkaupshækkun 1. apríl, annaðhvort í formi hærri launa eða með rýmkuðum samningsrétti, sem þeir meta sem jafngildi 3% grunnkaupshækkunar og eru þess vegna reiðubúnir til að afsala sér henni. Á hinn bóginn á að taka þessi 3% af bankamönnum. Það má vera að lagasetning af þessu tagi standist fyrir dómstólum. En jafnvíst er hitt, að hún felur það ekki í sér að allir séu jafnir fyrir lögunum. Og hún er til þess vaxin að rýra traust manna á þessari stofnun. Hitt hefði verið sjónarmið sem hægt var að fallast á, eftir að bankamenn höfnuðu málaleitan ríkisstj. og ríkisstj. taldi nauðsynlegt vegna ástandsins í landinu á launamarkaðnum að þessi 3% grunnkaupshækkun tæki ekki gildi, að hún hreinlega afnæmi hana með lögum hjá öllum þessum aðilum. Það hefði líka verið í samræmi við þá stefnu ríkisstj. að ekki skyldi koma til grunnkaupshækkana á þessu ári. En þessi leið hlýtur að leiða til ringulreiðar. Það er nokkurn veginn gefið mál, að starfsmenn ýmissa sveitarfélaga munu hafna þessu samkomulagi vegna þess að það, sem þar er í boði, gefur þeim ekki mikið í aðra hönd, þannig að 3% hækkunin mun ganga til einhverra. Og þá er eftirleikurinn erfiðari að ætla að taka 3% af þegar þau eru einu sinni komin á.

Ég held að þróunin s. l. ár rúmlega og raunar síðustu 14—15 mánuði sé afskaplega lærdómsrík og þau viðbrögð sem orðið hafa hér í landinu hjá verkalýðshreyfingunni við tilraunum stjórnvalda til þess að ná verðbólgunni niður. Við munum eftir látunum fyrir einu ári. Ég minnist þess, að hv. 5. þm. Reykn. talaði fjálglega fyrir kröfunni um sanningana í gildi, og ég minnist einnig þess, að hv. 6. þm. Reykv. talaði fjálglega fyrir þeirri sömu kröfu. Þegar þessir menn voru komnir í þá aðstöðu að flokkur þeirra stóð að ríkisstj. kvað við annan tón. Nú get ég út af fyrir sig skilið það, að menn séu tilbúnir til að taka á sig nokkra erfiðleika ef þeir vilja styðja að stjórnarstefnu í landinu, ef þeir vilja styðja ríkisstj. til góðra verka, eins og nú er tíðkað að segja. En hitt er alvarlegra, þegar forustumenn í launþegahreyfingunni verja til þess fjármunum hennar að koma slíkum duttlungum sínum fram, þegar þeir eru staðnir að því á þessu eina ári að beita öllu afli verkalýðshreyfingarinnar í annað skiptið til þess að sólstöðusamningarnir séu bókstaflega í gildi, en beita á sama hátt afli sínu hið næsta ár til þess að samningarnir séu ekki í gildi. Augljósast er þetta um forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Nú fara þeir á sömu staðina og fyrir einu ári til að biðja menn um að afsala sér 3% grunnkaupshækkun. Það er þegar ýmsir forustumenn verkalýðshreyfingarinnar úr röðum Alþfl. og Alþb. eru uppvísir að slíkum vinnubrögðum sem krafan kemur fram um það frá launþegunum sjálfum, að það verði skipt um vinnubrögð í þessari hreyfingu, það verði séð svo til, að minni hl. hafi þar meiri rétt og að lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar verði aukið í þeirri von að þá sé betra að vænta.

Ég held að það sé nokkuð rétt sem Kjartan Ólafsson, hv. 3. þm. Vestf., segir um það, hvern þátt verkalýðshreyfingin hafi átt í verðbólguþróuninni hér undanfarinn áratug. Niðurstaðan er sú, að ráðstöfunartekjur launþegans hafa haldist nokkurn veginn í sama horfi, en hins vegar kostnaðarhækkanir af þeim sökum margfaldast í fyrirtækjunum. Kaupmátturinn hefur ekki vaxið þótt

kostnaðurinn hafi margfaldast, krónunum fjölgað. Þetta er mjög alvarlegt mál og brýnt við að snúast. Það er að vísu rétt, að þetta er kannske ekki sá vettvangur sem þetta mál ætti að taka upp á.

Þegar ég las það frv., sem hér liggur fyrir, varð ég fyrir miklum vonbrigðum vegna þeirrar meginstefnu sem þar er mörkuð, vegna þess að ég finn að þar er þannig staðið að málum í heild, að því miður er ekki þess árangurs að vænta sem skerðing kaupgjaldsvísitölunnar gefur tilefni til að hægt sé að ná. Það er af þeim sökum sem ég er ekki reiðubúinn til að fylgja þessu frv. Ef launþegarnir í landinu eru reiðubúnir til að taka á sig slíkar byrðar í bili, þá verður að ætlast til þess að eðlilega sé staðið að málum á annan hátt og stjórnvöld m. a. skilji að launþeginn og fyrirtækið, sem hann vinnur hjá, eru ekki tveir fjandsamlegir aðilar, heldur næst þá fyrst árangur þegar þar er mikil samvinna og gagnkvæmur skilningur hvors á þörfum annars.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Það er nú að hefjast nýr dagur svo ég heiti því að vera stuttorður.

Það var alls ekki ætlun mín að taka til máls við þessa umr., ekki síst vegna þess að ég á sæti í fjh.- og viðskn., sem mun fjalla um frv. sem hér liggur fyrir, og ekki síður vegna hins, að þetta frv. er krógi sem hefur orðið til við tangafæðingu stjórnarflokkanna og er kannske blár og marinn og það er ekki vert að vera neitt að eiga við krógann í því ástandi, sem hann er, svo að við viljum veg hans hinn besta og láta hann lifa eins og hann liggur fyrir.

Hins vegar gerðist það, að hæstv. viðskrh. tók hér til máls og hann hafði þau orð um frv. og orð um Alþfl., að ég sá mig neyddan til að taka hér til máls, og síðar um kvöldið tók flokksbróðir hans, hv. 3. þm. Vestf., einnig til máls og hjá þeim báðum kom fram að mínu viti slíkur grundvallarmisskilningur að ég fæ ekki orða bundist. Þeir hafa ekki skilið það og ekki Alþb., að frv., sem hér liggur fyrir, er tilraun til að vinna bug á verðbólgunni, þetta er hjöðnunarfrv. Þess vegna kom það undarlega fyrir sjónir þegar hæstv. viðskrh. fór mörgum orðum um það, að þeim Alþb.-mönnum hefði auðnast að draga úr samdráttareinkennum hins upphaflega frv. sem hefði komið frá Alþfl. Auðvitað er það samdráttur að draga úr verðbólgu. En Alþb. vill engan samdrátt, vill láta reka á reiðanum á öllum sviðum, og þess vegna er það alls ekki að standa að frv. sem á að draga úr verðbólgunni, heldur er það að standa að frv. þar sem allt á að vera óbreytt í 40—50% verðbólgu. Af þessari meginástæðu stafar það, hversu illa hefur gengið að koma þessu heim og saman.

Ég skal aðeins víkja nokkrum orðum að verðbólgunni sjálfri.

Þd. er ljóst að á s. l. 7 árum hefur verið hér verðbólga sem hefur verið á milli 30 og 50%. Þetta hefur leitt til þess, að þjóðartekjur aukast ekki eins og skyldi á milli ára og þar af leiðandi verður lítill kaupmáttarauki hjá launþegum. Erlendar skuldir hafa aukist gífurlega, og með þessu framhaldi er varla vafi á að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar er stefnt í voða. Það er ekki hægt að mínu viti að halda uppi menningar- og athafnalífi á Íslandi með 40—50% verðbólgu til langframa, meðan okkar nágranna- og viðskiptaþjóðir hafa verðbólgu sem er á milli 7 og 12%. Þess vegna er það höfuðkrafa þjóðarinnar til forráðamanna hennar að stjórnmálamennirnir taki höndum saman til að vinna bug á verðbólgunni, þessu brýnasta vandamáli íslensku þjóðarinnar.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er merkilegt í sjálfu sér. Að því er ég best veit hefur ekki nú um langt skeið verið gerð samfelld tilraun til aðgerða í efnahagsmálum. Ég tel þess vegna þetta frv. merk tímamót í vinnubrögðum hér á Alþ. til þess að reyna að takast á við þann vanda sem fyrir er í þjóðfélaginu. Hitt er svo kannske annað mál, að deila má um einstök efnisatriði og einstakar greinar. En sú viðleitni og þau vinnubrögð, sem þarna koma fram, get ég ekki annað en lofað og metið að verðleikum.

En svo að ég víki örlítið að forsögu málsins, þá er ljóst að Alþfl. á dálítinn hlut að þessu máli, því að Alþfl. gerði sér ljóst strax við síðustu kosningar, og það var barátt-umál Alþfl., að við svo búið mátti ekki lengur standa, það yrði að gera allsherjarátak gegn verðbólgunni, og ég hygg að einmitt þetta heit Alþfl. hafi veitt honum þann byr í síðustu kosningum sem raun varð á. Þess vegna skýtur það nokkuð skökku við þegar hæstv. viðskrh. notar hluta af ræðu sinni til þess að beina spjótum sínum að Alþfl. sem í raun og veru hefur staðið fyrir þessu frv. að verulegu leyti þó að forsrh. sjálfur eigi þarna auðvitað hlut að máli og þetta sé hans frv. Í staðinn ætti ráðh. að vera bljúgur og auðmjúkur, því að ég hygg að það sé einmitt frv. af þessu tagi, þar sem boðaðar eru samræmdar aðgerðir í efnahagsmálum, sem gæti hugsanlega veitt þessari stjórn langlífi. Ef stjórnin stæði ekki að slíku yrði ekki ráðið við efnahagsmál þjóðarinnar, og þess vegna tel ég að þetta frv. sé undirstaða þess að hægt sé að ná tökum á þessum miklu vandamálum.

Mig langar aðeins út af ummælum viðskrh. að benda á nokkur atriði til þess að vekja athygli hv. deildar á að það vakir alls ekki fyrir Alþb. að reyna að vinna bug á verðbólgunni.

Hæstv. viðskrh. minntist á till. Alþfl. eins og þær birtust í Alþýðublaðinu í des. Þar gagnrýndi hann t. d. eftirfarandi atriði: Alþfl. hafði lagt til, að komið yrði á fót kjaramálaráði þar sem aðilar vinnumarkaðarins gætu með aðstoð haggagna reynt að gera sér grein fyrir eðlilegri launaskipan og launabótum í landinu. Þetta taldi hæstv. viðskrh. alveg fráleitt, í staðinn fyrir að honum þótti það mikill kostur að kominn væri inn annar kafli frv. sem er svo sem ekki neitt, því að þar er kveðið á um samskipti launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda, sem er auðvitað sjálfsagt mál. Ég hygg að engin ríkisstj. mundi standa að neinum verulegum hlutum, sem snerta þessa hagsmunaaðila, án þess að ræða við þá áður, þannig að þetta er orðið í raun og veru pjatt, en sjálfsagt á það að vera eitthvað mikið.

Hæstv. viðskrh. var mjög óánægður með það, að Alþfl. hafði krafist skilyrðislaust uppskurðar á svokölluðu fjárfestingarsjóðakerfi þannig að þar fengist hagstjórnarleið til þess að framkvæmdastjórnin, ríkisstj. og Alþ., gæti reynt að leysa sig frá þessari sjálfvirkni sjóðanna. Þá benti viðskrh. á að þetta væri eiginlega úr sögunni því að í 8. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verði framvegis ákveðin með fjárl. ár hvert.“ M.ö.o.: viðskrh. fagnaði því að þetta yrðu nánast orðin tóm.

Þá bar Alþfl. fram þá till., að heildarútgjöld fjárl. og tekjur yrðu 30% af þjóðartekjum. Þetta taldi viðskrh. alveg fráleitt og taldi mikinn ávinning að hafður var fyrirvari í 11. gr., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Frá þessu skal þó víkja, ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega ef ætla

má, að hætta sé á atvinnuleysi." M. ö. o.: hæstv. viðskrh. taldi þarna komna klausu til þess að lítið yrði aðhafst.

Í öðru lagi taldi hann fráleitt að hafa peningamagn í umferð bundið og fagnaði því, að Alþb. hefði tekist að setja fyrirvara inn í 30. gr. þar sem bindiskyldan var 25%, en hefur víst verið aukin upp í 28% í meðferð Ed. Þar er kominn fyrirvari. Segir í þessari 30. gr., að sé atvinnuöryggi í hættu eða ef séð verði að forsendur þjóðarhagsspár um verðþróun á árinu 1979 standist ekki, þá megi víkja frá þessum markmiðum.

Hæstv. viðskrh. virðist ekki skilja þá einföldu staðreynd, að til þess að ná einhverjum tökum á verðbólgunni þarf að draga úr peningamagninu í umferð, þarf að hafa tök á ríkisfjármálunum, þarf að hafa tök á fjárfestingunni. Þetta eru allt eðlilegir og nauðsynlegir þættir. Þetta kallar hæstv. viðskrh. samdráttareinkenni. Auðvitað eru þetta samdráttareinkenni. En hvernig væri að hæstv. viðskrh. fræddi okkur um það, hvernig hann ætlar að fara að vinna bug á verðbólgunni nema með hjöðnun? Hitt er svo annað mál, að það vakti aldrei fyrir Alþfl. að ganga þannig fram í þessum málum að það kæmi til atvinnuleysis. Það var skýrt tekið fram og aldrei ætlunin. Og ég veit að Framsfl. hefur heldur aldrei látið sér detta í hug að gengið yrði svo langt í þessu að kæmi til atvinnuleysis. Slíkt var ekki fyrir hendi. En staðreyndin er sú, að Alþb. hefur ekki skilið hvað um er að ræða, og það er allur sannleikurinn.

Ég skal aðeins nefna eitt atriði og það er verðtrygging sparifjár og lánsfjár. Nú er það þannig að Alþb. hefur fram að þessu ekki tekið í mál að verðtryggja sparifé og útlán. Flokkur sá, sem þykist vera að berjast fyrir láglaunafólk, stendur að slíkri vaxtapólitík sem hugnar eingöngu gróðamönnum sem hafa tækifæri til þess að fá lán í bönkum til þess að græða á verðbólgunni, en gengur gegn sparifjáreigendum, gegn gamla fólkinu, gegn láglaunafólkinu. Þessi flokkur, sem telur sig vera sérstakan fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og sérstaklega láglaunafólks, hefur barist fyrir þeirri stefnu í lána- og vaxtamálum sem gengur þvert á hagsmuni láglaunafólks og sparifjáreigenda í landinu. En ég tel að einmitt ákvæðið í VII. kafla frv. um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, sem er nýjung í efnahagsmálum þjóðarinnar, eigi e. t. v. eftir að verða það ákvæði sem þyngsta hlassið dregur í baráttunni við verðbólguna.

Alþfl. og Framsfl. hafa reynt að standa saman að frv. sem ynni gegn verðbólgunni. Alþb. hefur aldrei skilið þetta og vill þetta ekki, og þess vegna eru öll þessi vandræði.

Varðandi launamálin er það að segja, að Alþfl. og Alþb., sem eru helstu verkalýðsflokkar þessarar þjóðar, eru auðvitað sammála um að það verði ekki ráðist gegn verðbólgunni nema tryggja hag láglaunafólksins. Spurningin er hvernig eigi að fara að því. Alþfl. er sannfærður um að besta kjarabót til handa láglaunafólkinu er að draga úr verðbólgunni þannig að verkafólk og launafólk fái raunverulegar kaupbætur, þ. e. a. s. það fái kaupmáttaraukningu, en ekki sífelldar krónutöluaukningar sem hverfa um leið og þær koma. Þess vegna hefur Alþfl. tekið þá afstöðu að leggja allt kapp á að reyna að koma verðbólgunni niður til þess að geta aukið þjóðartekjurnar og um leið til þess að geta veitt launafólkinu meiri tekjur og að geta eflt atvinnulífið. En við stöndum núna frammi fyrir því, að fjöldamörg fyrirtæki berjast í bökkum, að hinn almenni launþegi hér á Íslandi fær tvisvar til þrisvar sinnum minni laun en starfsbróðir hans á Norðurlöndum, og það er ekki hægt að ráða verulega bót á þessum vandræðum nema koma verðbólgunni niður. Mesta kjarabótin fyrir verkafólkið, fyrir launafólkið og fyrir heilbrigt atvinnulíf er að buga verðbólguna. Þess vegna tel ég fráleitt að vera að velta sér upp úr gífurlegum prósentutölum. Sannleikurinn er ósköp einfaldur: Samkv. þessu frv. halda launamenn sama kaupmætti á þessu ári og á því ári sem er að líða. Það tel ég mikinn ávinning miðað við það að þjóðartekjur vaxa nánast ekkert á þessu ári, a. m. k. er allt í óvissu um það í sambandi við þá olíuverðshækkun sem nú er fram undan. Ég tel mjög vel gert að ætla sér að draga úr verðbólgunni og geta þó haldið kaupinu á sama kaupmáttarstigi. En ég endurtek: Það verður aldrei hægt að veita launþegum verulega kaupmáttaraukningu nema dregið sé úr verðbólgunni, og þetta er grundvallaratriði.

Ég skal nú ekki hafa mörg orð um þetta. En hv. 3. þm. Vestf. komst réttilega svo að orði, að það væri höfuðatriði að vernda kjör hinna lægst launuðu. Í þessu margháttaða frv., sem hér er lagt fram, er einn meginþátturinn fólginn í því að vernda kjör hinna lægst launuðu.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það var dæmalaust gaman og gamalkunnugt að heyra hv. síðasta ræðumann fleyta kerlingar eins og hans er vandi yfir stór og mikil málefni. Það var ekki verið að fara djúpt ofan í málefnin eða brjóta þau til mergjar. Hann lætur sér nægja að fullyrða að besta ráðið til að tryggja hag láglaunafólks sé að draga úr verðbólgunni og flökrar ekki við því í því sambandi fyrir hönd Alþfl. alls að ætla láglaunafólki, elli- og örorkulífeyrisþegum að bera sömu byrðar og jafnvel meiri en öðrum, eða ég get a. m. k. ekki skilið hann öðruvísi.

Ef við drögum rökréttar afleiðingar af málflutningi hv. síðasta ræðumanns, þá væri áreiðanlega öruggast og best fyrir þjóðfélagið og láglaunafólkið í landinu að hafa hreint ekki neitt til að lifa af. Þannig kæmum við líklega verðbólgunni best og hraðast niður.

Annars var erindi mitt hér í ræðustól að ræða eitt atriði í verðbótakafla þessa frv. Hv. 3. þm. Vestf., Kjartan Ólafsson, bar fram fsp. til forsrh. í ræðu sinni áðan um það, hvernig verðbætur yrðu reiknaðar út fyrir fólk með laun undir 210 þús. kr. og elli- og örorkulífeyrisþega eftir 1. des. 1979. Tilefni þessara fsp. voru upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun á þá leið, að láglaunafólkið yrði 1. des. svipt þeim 2% sem það fær að halda núna 1. júní, með þeim afleiðingum að hækkun verðbóta til þessa fólks verður ekki nema 4.5% meðan aðrir fá 6.5% verðbótahækkun 1. des. Það var ætlun mín að leggja þessa sömu fsp. fyrir hæstv. forsrh. og mér þætti fróðlegt að fá svar við henni. Ég tel rétt að skýra frá því hér strax við 1. umr., að ef skilningur Þjóðhagsstofnunar er réttur, ef það er svo að þessi 2%, sem láglaunafólk og elli- og örorkulífeyrisþegar fá að halda 1. júní, hverfa 1. des., með þeim afleiðingum sem ég áðan greindi og Þjóðhagsstofnun skýrir frá, þá treysti ég mér ekki til að styðja þetta frv. og mun greiða atkv. gegn verðbótakaflanum nema þá að til komi í meðferð fjh.- og viðskn. eitthvert það ígildi þeirrar verndar sem ráð er fyrir gert í frv. að standi til 1. des.

Ég get ekki fallist á að það sé ráð gegn verðbólgu að skerða kjör fólks sem hefur lægstu launin, skerða kjör ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega, og ég tel ekki

sæmandi fyrir þessa ríkisstj. ef útkoman verður sú, að það eigi að lofa þessum 6 mánaða sárabótum til þess eins að svipta það þeim aftur eftir 1. des. Og ég tel það nokkurn mælikvarða á það, hvernig tekst til með þessa ríkisstj. í framtíðinni, hvort tekst að ná samkomulagi við Alþfl. og Framsfl. í fjh.- og viðskn. um annaðhvort að hrekja skilning Þjóðhagsstofnunar eða setja einhverja þá tryggingu, sem hægt væri að sætta sig við fyrir því, að þetta fólk, sem ég hef nú talað um, láglaunafólk, gamla fólkið og öryrkjar, fái eitthvert ígildi þeirra bóta áfram sem það fær nú 1. júní.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Efri deild, 77. fundur.

Miðvikudaginn 4. apríl, kl. 17.55.

Landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn, frv. (þskj. 521 (sbr. 438)). — 3. umr.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hefting landbrots, frv. (þskj. 374). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 520). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á l. nr. 101 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., lagði ég fram í hv. Nd. um miðjan desember. Frv. hefur síðan fengið mjög ítarlega meðferð á sameiginlegum fundum beggja d. Það hefur einnig verið rætt ítarlega bæði innan þings og utan. Því tel ég að mér sé óhætt að stikla nokkuð á stóru í framsöguræðu minni nú.

Í framleiðsluráðslöggjöfinni, sem nú gildir, er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að bændur fái tekjur sem sambærilegar eru við það sem verkamenn og iðnaðarmenn hafa. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að verðlagning landbúnaðarafurða fari fram í samningum á milli fulltrúa bænda og fulltrúa neytenda. Í þriðja lagi er þar ákvæði sem segir að komi til útflutnings á umframframleiðslu landbúnaðarafurða á verði, sem ekki nær því grundvallarverði sem um er samið milli bænda og neytenda, sé óheimilt að ná tekjumarkmiðinu með því að hækka verð á landbúnaðarvörum innanlands, en hins vegar veiti hið opinbera tryggingu vegna slíks útflutnings sem má nema mest 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða.

Nú hefur þróun síðustu ára orðið sú, að útflutningur hefur orðið meiri en þessi 10% ná að jafna. Sérstaklega hefur það verið síðustu 3 árin. Árum saman þar á undan, reyndar allt frá því að þetta ákvæði var sett 1962, má segja að landbúnaðarframleiðslan hafi verið undir þessu marki, stundum allverulega, örfá skipti farið aðeins yfir. En síðustu 3 árin hefur stefnt mjög ákveðið í vaxandi umframframleiðslu landbúnaðarafurða. Fyrsta árið af þessum þremur var umframframleiðslan jöfnuð með ráðstöfun fjármagns sem ekki hafði verið notað þrjú árin á undan. Annað árið var umframframleiðslan að hluta jöfnuð með viðbótarframlagi úr ríkissjóði sem nemur 1300 millj. og samþ. var hér á hinu háa Alþ. fyrir áramótin. Á þessu ári hefur hins vegar engin ákvörðun verið tekin hvernig á að mæta enn vaxandi umframframleiðslu. Þörfin fyrir útflutningsbætur, ef við viljum kalla það svo, til viðbótar því, sem lög heimila, mun vera um 5.2 milljarðar til þess að bætur nái grundvallarverði, eða um 1.2 millj. á hvert bú að meðaltali.

Nú er það hins vegar staðreynd, að fulltrúar bænda hafa árum saman bent á þessa hættulegu þróun og tilraunir hafa verið gerðar til þess að fá heimiladar fyrir Framleiðsluráð leiðir til að sporna gegn þessari þróun. Framleiðsluráð hefur samkv. gildandi lögum heimild til að leggja á verðjöfnunargjald ef útflutningsbætur nægja ekki, en verðjöfnunargjald þetta má eingöngu leggja jafnt á framleiðslueiningu, svo og svo mikið á kg kjöts og svo og svo mikið á lítra mjólkur. Hins vegar hafa lengi verið uppi hugmyndir um að með álagningu slíks gjalds mætti jafnframt stuðla að því, að framleiðslan drægist saman, sérstaklega á stærri búunum.

Ég ætla ekki að rekja þá sögu hér ítarlega. Nóg er að geta þess, að allt frá 1972 og þar til nú hefur ekki tekist að ná samstöðu um slíkar heimildir til handa Framleiðsluráði. Fyrrv. hæstv. landbrh. setti á s. l. ári á fót n., sem hlotið hefur nafnið sjömannanefnd, til þess að fjalla enn um þetta vandamál og gaf henni þá það hlutverk að athuga hvort til verðjöfnunargjalds mætti ekki fara aðrar leiðir, eins og ég nefndi áðan, sem jafnframt spornuðu gegn aukinni framleiðslu. Sjömannanefnd skilaði áliti í sept. s. l. Það álit hefur síðan verið kynnt ítarlega fulltrúum bænda og í stofnunum bænda. Reyndar höfðu till. n. verið ræddar á Stéttarsambandsþingi s. l. haust og hlotið þar yfirgnæfandi fylgi. Mig minnir að aðeins 4 eða 5 atkv. hafi verið þar á móti. Þar var bent á fimm atriði sem Stéttarsambandsþing taldi að breyta ætti. Af þeim voru fjögur tekin til greina. Ég lít svo á, að till. sjömannanefndar hafi hlotið víðtækan stuðning þeirra stofnana bænda sem um slíkt ber að fjalla. Því valdi ég þann kostinn í des. að leggja frv. fram efnislega nánast óbreytt frá því sem sjömannanefnd skildi við það. Einu umtalsverðar breytingar voru þær, að fellt var niður ákvæði sem heimilaði að endurgreiða fóðurbætisgjald að hluta til framleiðenda sauðfjár- og nautgripaafurða. Um það var

ekki samstaða að takmarka heimild til endurgreiðslu við þá framleiðslu eina og ekki heldur að leyfa endurgreiðslu til allra framleiðenda búvöru.

Önnur breyting, sem ég tók þar inn, var heimild til þess að jafna flutningskostnað á fóðurbæti eða kjarnfóðri um landið af því fé sem safnast með þeim álögum sem frv. þetta gerði ráð fyrir.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns hefur svo þetta frv. fengið mjög ítarlega meðferð í landbn. Það var sent til umsagnar til allra búnaðarsambanda. Fjölmargar umsagnir bárust og til að gera langa sögu stutta er nægilegt að geta þess, að landbn. hefur gert á frv. miklar breytingar og mun ég nú lýsa þeim í fáum orðum og þá fyrst og fremst hvernig frv. er nú orðið.

Í því frv., sem ég lagði fram, gerði ég í 1. gr. ráð fyrir því að útvíkka allverulega verkefni Framleiðsluráðs, sérstaklega að tengja Framleiðsluráð þeirri áætlunargerð sem ég tel nauðsynlega og menn eru reyndar, hygg ég, nokkuð sammála um að þurfi að ráðast í um landbúnaðarframleiðsluna. Þessi grein hefur í meðferð Nd. verið felld úr frv. Það hefur verið gert í fullu samkomulagi við mig. N. taldi að þetta ætti fremur heima í almennri endurskoðun framleiðsluráðslöggjafarinnar, og á það get ég fallist.

Á 2. gr. frv., sem er viðamesta efnisgreinin, eru gerðar jafnframt verulegar breytingar. Þar var gert ráð fyrir tveimur leiðum í upphaflegu frv. til þess að hamla gegn vaxandi framleiðslu landbúnaðarafurða um leið og verðjöfnunargjald væri innheimt. Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir að ákveða mætti mismunandi verð á búvöru til framleiðenda og í grg. og till. n. kemur fram að þar var gert ráð fyrir ao leggja visst gjald á eftir bústærð, allt frá 2% fyrir bú miðað við grundvallarbúið, með um 400 fjár, og upp í 10% á búskap þéttbýlisbúa. Í öðru lagi var gert ráð fyrir að leggja sérstakt gjald á allt innflutt kjarnfóður. Það, sem réð þessum till., var að sjálfsögðu það að sporna gegn stækkun búa og stuðla að því að stærri búin drægjust saman. Þessu réð m. a. byggðasjónarmið, því að sjálfsögðu er unnt að framleiða allar okkar landbúnaðarþarfir á örfáum búum. Hins vegar samræmist það ekki þeirri byggðastefnu sem við Íslendingar fylgjum og leggjum mikið fjármagn til að framkvæmd sé. En þarna réð einnig sú staðreynd, að í ljós hefur komið, ekki síst í athugun á lausaskuldum bænda, að stóru búin bera sig síst betur og reyndar yfirgnæfandi fjöldi þeirra verr en vel rekið meðalbú. Þar undanskil ég þó félagsbú. Þessu virðist valda að þegar bú verða það stór, að ein fjölskylda fær ekki ráðið við rekstur þeirra, verður aðkeypt vinnuafl of dýrt til þess að búið fái undir því staðið svo að sæmilegt sé.

Seinna ákvæðið um kjarnfóður byggist á því, að kjarnfóðurnotkun og mjólkurframleiðsla sérstaklega eru í beinum tengslum og er mjög auðvelt að sýna fram á fylgni aukinnar kjarnfóðurgjafar og aukinnar mjólkurframleiðslu. Ítarleg athugun var gerð á þessu á vegum Framkvæmdastofnunar fyrir nokkrum árum og kom þar fram að þarna er slík fylgni að varla verður því á móti mælt, enda er það staðreynd, að með einu kg af kjarnfóðri má framleiða á góðu búi 2—2.5 lítra af mjólk. Jafnframt er það svo, að hlutfallið á milli mjólkurverðs og kjarnfóðurverðs hefur mjög raskast á síðari árum, m. a. vegna þess að kjarnfóður hefur vegna offramleiðslu í Efnahagsbandalagslöndunum verið greitt þar mjög mikið niður. Lengi hefur verið talað um eðlilegt hlutfall þarna á milli, nokkurn veginn sambærilegt verð á einu kg af kjarnfóðri og einum lítra mjólk, en nú er það hins vegar svo, að ekki þarf nema um það bil hálfan lítra af mjólk til að greiða fyrir eitt kg af kjarnfóðri. Því liggur í augum uppi að það er ákaflega skynsamleg leið fyrir einstaklinginn, einstakan bónda, að auka sínar tekjur með því að kaupa kjarnfóður og framleiða síðan mjólk með þessum hætti. Og það er eindregin skoðun sérfróðra manna, að þarna sé orðið um of mikla og mjög óeðlilega gjöf kjarnfóðurs að ræða í viðleitni bænda, sem ég út af fyrir sig er alls ekki að áfellast, til þess að drýgja tekjur sínar, m. a. vegna þess að tekjumarkmiði framleiðsluráðslaganna hefur aldrei verið fullnægt.

Þetta voru meginatriði upprunalegrar 2. gr. Jafnframt eru þar ákvæði, sem enn er að finna í frv., um gæslu þessa fjár og hvernig megi ráðstafa því, m. a. til þess að greiða bændum bætur fyrir að draga úr óhagkvæmri útflutningsframleiðslu og til að jafna tekjur bænda, greiða ýmsa kostnaðarliði o. s. frv. Jafnframt er þarna ákvæði um að reglugerð skuli sett í samvinnu við Stéttarsamband bænda. Stéttarsamband bænda skal gera till., sem landbrh. síðan fær til samþykktar eða til meðferðar, þannig að þarna er gert ráð fyrir að í fyrsta lagi hafi Framleiðsluráð landbúnaðarins veg og vanda af framkvæmdinni, Stéttarsambandið geri till. um reglugerð, en ráðh. staðfesti.

Það er kannske rétt að geta þess strax, hvaða breytingar hafa verið gerðar á 2. gr. Því ákvæði, sem ég nefndi fyrst, að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda, er haldið í frv. Hins vegar er bætt við tveimur öðrum leiðum. Það er í fyrsta lagi að greiða með samþykki ríkisstj. hluta af niðurgreiðslu til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn, allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Þetta er nýmæli, en hefur verið skoðað nokkuð af Stéttarsambandi bænda. Kemur þetta vissulega til greina, en er raunar mjög hörkuleg leið til þess að draga úr framleiðslu stóru búanna. Auk þess veitir þessi leið að sjálfsögðu ekkert verðjöfnunargjald, ekkert fjármagn sem má nota til verðjöfnunar.

Þá er einnig heimild til þess að ákveða að bændur fái fullt verð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir afganginn. Þessi leið kemur sannarlega vel til greina eins og allar þær leiðir að sjálfsögðu sem í frv. eru og er einnig að öllum líkindum enn meira hamlandi en stighækkandi framleiðslugjald, sem ég nefndi áðan að væri í upphaflegu frv. Hins vegar hygg ég að megi segja um þessar leiðir báðar, að þær eru að ýmsu leyti erfiðar í framkvæmd og þurfa ítarlegri athugunar við.

Meginbreytingin, sem gerð var af n. á upphaflegu frv., er sú að fella niður heimild til þess að leggja á fóðurbætisgjald, en taka upp það sem mætti nefna skömmtun á fóðurbæti. Reyndar er gert ráð fyrir að gera það þannig að leggja megi á fóðurbætisgjald allt að 100% af innkaupsverði vörunnar, en framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hl. tekna sinna af búvöruframleiðslu, skuli án þess að greiða gjaldið fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofns á skattframtali samkv. nánari ákvörðun í reglugerð. Það er einnig, hygg ég, réttilega ályktað hjá n., að þetta er að mörgu leyti ákveðnari aðgerð til þess að draga úr kjarnfóðurnotkun. Það má hafa skattinn allt að 100% af innflutningsverði og hlýtur það að hafa veruleg

áhrif. En þarna er einnig um að ræða mjög erfitt ákvæði í framkvæmd. Eins og ég sagði áðan ber að fara eftir framtöldu magni í ákvörðun skömmtunar á hvert býli. Það þarf að fá úr skattaframtölum. Þetta tekur allt nokkurn tíma. Þarna kemur einnig til, sem flækir málið allmikið, að flutt er inn og blandað hér heima í fóðurbæti, sumt er keypt hér innanlands o. s. frv. Kann að vera erfitt að hafa eftirlit með því, hvað fer út á skömmtunarseðil og hvað án. Því hefur n. sett inn ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fram til þess tíma, er tekist hefur að afla nauðsynlegra gagna, er heimilt að gjald samkv. b-lið verði lagt á allt kjarnfóður, en endurgreiðist síðan eftir ákvæðum b-liðar."

Það er hægt að setja slíkar hömlur á strax, en svo þegar ákveðið hefur verið hvað veita á út á hvern grip með skömmtunarseðlum, þá verði gjaldið endurgreitt í samræmi við það. Þetta tel ég mikilvægt ef þessi leið á að hafa einhver áhrif á framleiðslu mjólkurafurða nú í ár.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja fleiri atriði í 2. gr. Ég hygg að ég hafi nefnt þau sem veigamest eru.

Þá var í upphaflegu frv. 3. gr., sem gerði ráð fyrir að yrði búvöruframleiðslan of lítil í landinu bæri Framleiðsluráði að gera till. til Sexmannanefndar og landbrh. um aðgerðir til úrbóta. Þessi grein var felld niður í meðferð n. Talið var að hún ætti fremur heima í almennri endurskoðun framleiðsluráðslaganna, og get ég tekið undir það.

Nú hef ég lýst þessu máli í meginatriðum þess. Ég vil þá leggja áherslu á það, að hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst um það að ræða að heimila Framleiðsluráði að innheimta verðjöfnunargjald, eins og ég sagði áðan, með öðrum hætti en nú er gert, þannig að um leið megi breyta þeirri framleiðsluþróun sem verið hefur. Menn gera sér að sjálfsögðu grein fyrir því, að þetta verðjöfnunargjald er nauðsynlegt til þess að jafna á milli þeirra seljenda búvöru, sem selja innanlands og fá fullt verð, og hinna, sem selja til útlanda og fá ekki nema kannske hluta eða brot úr verði. Þarna er mjög mikill mismunur á milli seljenda. Sumir selja nánast allt sitt innanlands og aðrir nánast allt sitt á erlendum markaði.

Ég vil svo geta þess, að sú þróun, sem orðið hefur í landbúnaðinum, er margþætt. Hún er alls ekki eingöngu vegna þess að framleiðslan hafi aukist mikið innanlands. Hún hefur aukist nokkuð, en það er langtum minna en þeir erfiðleikar, sem við eigum við að stríða, gefa til kynna. Þarna veldur einnig og ekki síður veruleg röskun á framleiðslukostnaði innanlands annars vegar og verði á erlendum mörkuðum hins vegar. Aðeins fyrir örfáum árum fengum við Íslendingar yfir 80% af framleiðslukostnaði lambakjöts í Svíþjóð, en nú innan við 40%. Þessu veldur að sjálfsögðu að hluta verðbólgan, en þessu valda einnig vaxandi niðurgreiðslur í markaðslöndum okkar. Þar hefur sú framkvæmd verið á síðustu árum, að nauðsynjavörur eins og landbúnaðarafurðir hafa verið greiddar mjög mikið niður, sums staðar töluvert meira en hér á landi, til þess að halda þessum nauðsynjum fyrir almenning í lágu verði og m. a. vega þannig gegn hækkunum á ýmsum öðrum nauðsynjum.

Ég vil jafnframt láta það koma fram, að mjög ítarleg könnun á mörkuðum hefur farið fram. Sérstök markaðsnefnd hefur starfað í nokkurn tíma og gert sjálfstæðar tilraunir víða, sent kjöt, bæði ferskt og frosið, til ýmissa markaðslanda. Í fáum orðum verður að segja, að í ljós hefur komið að markaðsverð ræðst annars vegar af niðurgreiðslum í þessum löndum og hins vegar af því sem flutt er inn af nýsjálenskri framleiðslu. Við framleiðum ekki nema brot af því sem Ný-Sjálendingar gera, og ekkert virðist benda til þess, að við getum selt okkar kjöt hærra sem nokkru nemur. Að vísu höfum við fengið aðeins hærra verð en Ný-Sjálendingar á einstaka mörkuðum.

Jafnframt vil ég geta þess, að markaðsnefnd hefur látið fara fram gæðakönnun á íslensku kjöti. Niðurstaðan hefur verið góð, en þó varð niðurstaðan sú t. d. í Bandaríkjunum, að okkar kjöt væri sambærilegt við ný-sjálenskt kjöt, en ekki betra, væri ákaflega svipað. Og sömu sögu er að segja annars staðar frá, þannig að vonir manna um að unnt sé að selja okkar tiltölulega litla magn sem einhvern lúxusvarning eru ekki byggðar á mjög sterkum rökum, því miður.

Ég vil svo að lokum segja það, að þetta frv. er ekki nema liður í stefnumörkun á sviði landbúnaðarins, stefnumörkun þar sem gert er ráð fyrir að dregið verði úr landbúnaðarframleiðslunni smám saman, fyrst og fremst á næstu 5 árum, og nálgast það sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., að landbúnaðarframleiðslan verði sem næst þörfum innanlandsmarkaðarins. Ég hef látið gera athugun á því, hvað megi gera ráð fyrir hröðum samdrætti.

Í ljós kemur að gera má ráð fyrir allhröðum samdrætti í mjólkurframleiðslunni án þess að mjög bagalegt væri fyrir framleiðendur, fyrst og fremst með því að draga úr fóðurbætisnotkuninni. Í þeirri áætlun, sem nú liggur fyrir, sem er að vísu bráðabirgðaáætlun, er gert ráð fyrir að mjólkurframleiðslan verði sem næst innanlandsneyslu plús í kringum 5% til að gera ráð fyrir árstíðarsveiflum. Þarna eru þó vissulega óvissuþættir, eins og t. d. hver innanlandsneyslan verður. Hún fer mjög eftir niðurgreiðslum. Ef niðurgreiðslur eru stórminnkaðar má ætla að dragi úr innanlandsneyslunni, og er því ákaflega erfitt að setja fram ákveðin lítramarkmið í mjólkurframleiðslunni. En það þarf hins vegar sannarlega að athuga.

Í sauðfjárframleiðslunni er stórum erfiðara að gera slíka áætlun. Sauðfjárafurðir eru veigamikill þáttur í mikilvægum iðnaði okkar landsmanna, þ. e. a. s. ullar- og skinnaiðnaðinum, sem er vaxandi og eitt af því fáa í íslenskum iðnaði sem virðist bera sitt barr nokkuð vel og vera sterkur á erlendum mörkuðum. Þar eru uppi ráðagerðir um að auka verulega á næstu árum vinnslu skinna í verðmætustu afurðir og er þá um mjög mikla verðmætissköpun að ræða. Í ullariðnaðinum eru ýmsar blikur á lofti, sérstaklega vegna íblöndunar með erlendri ull. Það mál er nokkru flóknara. Því hefur í þessari spá, sem ég nefndi, verið gert ráð fyrir að sauðfjárframleiðslan dragist saman á 5 árum um 15%. Má segja að þar sé tekið meðaltal af því sem menn hafa talið örugglega óhætt, þ. e. a. s. 10%, og hins, sem menn hafa talið margir hverjir nálgast hámark, 20%. Þarna ber þess einnig að gæta, að samdráttur í sauðfjárframleiðslunni hlýtur að verða miklu hægari en í mjólkurframleiðslunni. Fóðurbætirinn hefur þar sáralítil áhrif, og ef slátrað er meira að hausti en venja er til, verður það bara til þess að kjötmagnið verður meira á markaðnum á næsta ári. Þarna verður því samdráttur að gerast smám saman. Einnig er tvímælalaust að hraður samdráttur í sauðfjárframleiðslunni mun hafa miklu meiri áhrif en í mjólkurframleiðslunni á byggða-

vandann. Því er nauðsynlegt að samfara samdrætti í sauðfjárframleiðslu verði komið á fót nýjum búgreinum. Ég nefndi fyrr í dag við umr. um jarðræktarfrv. eina hugmynd á því sviði, þ. e. a. s. refarækt. Ýmsar aðrar eru í athugun, t. d. hrossarækt í auknum mæli til útflutnings, fiskeldi og fiskrækt, og fleira er verið að kanna. En það tekur allt sinn tíma, þannig að niðurstaðan er sú, að samdrátturinn verði hægari í sauðfjárframleiðslunni.

Ég hef getið þess hér, að sumar þær till., sem voru í upphaflegu frv., muni fara inn í endurskoðun á framleiðsluráðslöggjöfinni í heild. Þeirri endurskoðun miðar vel áfram, nefndin hefur skilað áliti og um þetta er nú fjallað m. a. í þeirri samráðsnefnd þingflokka sem ég hef fengið mér til ráðuneytis. Ég geri mér fastlega vonir um að það frv. komi fram a. m. k. strax eftir páska, og ég geri mér jafnframt vonir um að þar náist samstaða um ákveðnari markmið, bæði framleiðslumarkmið og einnig tekjumarkmið.

Þá vil ég geta þess, að ég geri ráð fyrir að hér verði dreift á morgun eða föstudag þáltill. um stefnumörkun í landbúnaði. Í þeirri till., einkum í grg. hennar, er ítarlega fjallað um hvernig standa megi að þeim samdrætti sem ég hef nú verið að lýsa.

Ég vil svo nefna að lokum, af því að það hefur spunnist inn í umr. um þessi mál, sem von er, hvernig leysa beri vanda bænda nú í ár, sem er mjög stór og nemur tekjuskerðingu um 1.2 millj. að meðaltali á hvert bú. Það tengist að sjálfsögðu þessari stefnumörkun allri. Ég hef lagt málið þannig fyrir, að stefnumörkunin og lausn þess vanda þurfi að fylgjast að. Því skýrði ég frá því í Nd. í gær, að ég hef lagt fyrir ríkisstj. till. sem tengja þetta hvort tveggja, þar sem gert er ráð fyrir að útvega sem lánsfé 3.5 milljarða til þess að brúa $^2/_3$ af þeim vanda sem blasir við bændum í dag, en það verði síðan að hluta endurgreitt með þeim — ef ég má kalla það svo — sparnaði sem við gerum ráð fyrir í útflutningsbótum á næstu 5 árum.

Herra forseti. Ég vona að mér hafi tekist að nefna meginatriði þessa viðamikla máls, — þessa máls sem ekki varðar aðeins eina stétt, bændastéttina, þó að það brenni fyrst og fremst og mest á henni, heldur varðar sannarlega þjóðina alla. Mér sýnist vera mjög rík samstaða um það, að snúa beri við þeirri þróun sem verið hefur, — samstaða um það bæði hjá bændum og hjá landsmönnum almennt. Einnig sýnist mér samstaða um að á einhvern máta verði hlaupið undir bagga hjá bændum nú í ár. Mjög er mikilvægt í þessu sambandi að það frv., sem hér er til umr., komi fljótt til framkvæmda þannig að hefja megi aðgerðir til að draga úr framleiðslunni. Til þess að svo mætti verða hafa verið sameiginlegir fundir í landbn., og það er einlæg von mín að það verði til þess, að þessi hv. d. treysti sér til að afgreiða þetta mál fyrir páskaleyfi þm.

Að svo mæltu og að þessari umr. lokinni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Sameinað þing, 79. fundur.

Fimmtudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kortabók Íslands, þáltill. (þskj. 33, n. 505). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. Sþ. fékk til meðferðar till. til þál. um útgáfu kortabókar Íslands frá Sverri Hermannssyni, Ingvari Gíslasyni, Eiði Guðnasyni og Gils Guðmundssyni, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hafa forgang um útgáfu kortabókar Íslands".

Við gengum frá svo hljóðandi nál.:

„Allshn. hefur haft till. til athugunar. Umsagnir um málið bárust frá Rannsóknaráði ríkisins, verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, menntamálaráði, Náttúruverndarráði, menntmrn. og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Gylfi Már Guðbergsson dósent í landafræði kom á fund n. Samkv. upplýsingum hans mundi verk þetta sennilega kosta 150 millj. kr., en kostnaður dreifast á nokkur ár. N. leggur til að till. verði samþykkt með svo hljóðandi breytingu, þ. e. að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hafa forgöngu um útgáfu kortabókar Íslands.

Alþingi, 2. apríl 1979".

Undir þetta skrifa Páll Pétursson, Vilmundur Gylfason, Ellert B. Schram, Gunnlaugur Stefánsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Jónas Árnason og Halldór Blöndal.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. n. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu mikilvæga máli. Einnig munar mig ekki um að hæla henni fyrir að hafa rekið augun í prentvillu og bætt úr því.

ATKVGR.

Brtt. 505 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis. (þskj. 529).

Bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði, þáltill. (þskj. 43). — Frh. einnar umr.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það er nú réttur mánuður liðinn síðan sú umr. hófst hér í Sþ. sem nú er fram haldið, og má því segja að hún verði býsna sundurslitin, en það mun allt eiga sínar skýringar.

Ég vil byrja á að minna á hver sú till. er, sem hér er fjallað um, en það er till. hv. 10. þm. Reykv., Svövu Jakobsdóttur, um bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði. Till. er mjög stutt og hún er á þessa leið með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf er banni að geyma hvers konar kjarnorkuvopn hér í landi, sigla með þau eða fljúga með þau eða flytja þau með öðrum hætti um íslenskt yfirráðasvæði. Jafnframt verði kveðið á um eftirlit Íslendinga til að tryggja, að þessi lög verði virt".

Það er ekki síst þessi síðasta mgr. sem ég vil vekja athygli á, þar sem segir að jafnframt verði kveðið á um eftirlit Íslendinga til að tryggja að þessi lög verði virt.

Ég sé ástæðu til að láta í ljós ánægju með þann stuðning sem þessi till. fékk hjá allmörgum þm., misjafnlega ákveðinn að vísu, þegar fyrri hluti umr. fór fram 6. mars. Það var að heyra að býsna margir úr hópi þm., sem þá tóku til máls, teldu fulla ástæðu til þess að till. hlyti samþykki hér á Alþ. Ég mun hafa kvatt mér hljóðs undir ræðu hæstv. utanrrh. 6. mars, en því miður sýnist mér að hann muni ekki vera hér í salnum nú. Ég vil ekki gera mig svo digran að óska sérstaklega eftir að hann verði sóttur, þó að mér hefði óneitanlega þótt skemmtilegra að hann væri hér viðstaddur, því að ég hafði hugsað mér að gera svolitlar aths. við það sem fram kom í máli hans.

Hæstv. utanrrh. tjáði það sína skoðun, að útilokað mætti kallast að kjarnorkuvopn kynnu að vera geymd í bandarísku herstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Hann studdi þessa skoðun sína með þeim rökum, að annars vegar væru í gildi ákveðnir alþjóðlegir samningar sem ætlaðir væru til að hindra að kjarnorkuvopnum væri dreift um veröldina til ríkja þar sem þau væru ekki opinberlega leyfð áður, og svo minntist hann hins vegar á samninga íslenskra stjórnvalda við Bandaríkjamenn, þar sem finna má loforð Bandaríkjamanna um að geyma ekki kjarnorkuvopn hér á landi. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að setja svo mikið traust á slík loforð og slíka samninga sem hæstv. utanrrh. virtist telja óhætt að gera. Ég tel að brýna nauðsyn beri til að við Íslendingar finnum leiðir til að halda uppi fullkomnu eftirliti í þessum efnum innan Keflavíkurflugvallar og treystum þar í engu á orð og yfirlýsingar Bandaríkjastjórnar eða yfirmanna herstöðvarinnar þar. Ég tel að það sé, ef ekki annað verra, þá a. m. k. fullkominn barnaskapur að ætla sér að treysta á yfirlýsingar Bandaríkjamanna einar sér, að ætla þeim að vera, ef svo má segja, dómarar í hugsanlegri eigin sök. Þarna þurfa allt aðrar ráðstafanir að koma til. Það er því miður allt of mikið um það að stjórnmálamenn, bæði í okkar landi og með ýmsum öðrum snærri þjóðum, geri of mikið að því að taka gild orð og eiða stjórnvalda í risaveldunum, enda þótt mörg dæmi hafi sannað að slíkum orðum og eiðum er valt að treysta.

Grunsemdir um geymslu kjarnorkuvopna af einhverju tagi á Keflavíkurflugvelli hafa lengi verið fyrir hendi, og alltaf öðru hverju hafa komið upp tilvik sem rennt hafa nýjum stoðum undir þessar grunsemdir. Ég legg þó áherslu á að hér er að sjálfsögðu aðeins um grunsemdir að ræða. Enginn getur að mínu viti fullyrt að kjarnorkuvopn séu geymd á Keflavíkurflugvelli, en enginn getur heldur fullyrt að þau séu ekki geymd þar. Við skulum hafa það vel í huga, að tækniþróunin hefur leitt til þess að til eru orðnar ákaflega margar gerðir kjarnorkuvopna, sem ég mun ekki fara út í að telja hér upp eða lýsa, en vissulega er hægt að geyma slík vopn nú án þess að mikið beri á. Það skulu menn hafa vel í huga. Og það var næsta furðulegt að lesa í dagblöðum fyrir nokkrum árum yfirlýsingar þáv. formanns varnarmáladeildar utanrrn., þar sem hann upplýsti að sjálfur hefði hann ærið oft ferðast um flugvallarsvæðið og aldrei orðið var við neitt af þessu tagi og teldi þar með óhætt að treysta því, að þar væru engin slík vopn geymd.

Ég vil aðeins minna hv. þm. á þær fréttir sem fram komu í íslenskum dagblöðum fyrir rúmlega þremur árum í þessum efnum. Það var frá því greint 14. janúar 1976, að í tímariti nokkru vestur í Bandaríkjunum, tímariti sem sérstök ástæða er til að undirstrika að ekki er hægt að horfa fram hjá sem einhverjum ómerkingi í þessum efnum, en þar var um að ræða tímarit bandarískra kjarnorkuvísindamanna, enska heitið Bulletin of the Atomic Scientists. Í þessu tímariti hafði birst grein eftir einn af sérfræðingum þess, Barry Scneider, þar sem hann staðhæfði að kjarnorkuvopn væru geymd í allmörgum Evrópulöndum og þ. á m. á Íslandi. Þessi grein var birt í íslenskri þýðingu í einu dagblaðanna hér í Reykjavík 14. jan. 1976, og þar má sjá á mynd, sem greininni fylgir, mynd af enskum texta hins bandarískra tímarits, að því er haldið fram og því yfirlýst að bandarísk kjarnorkuvopn séu geymd í öllum NATO-ríkjum Evrópu nema í Noregi, Danmörku, Lúxembúrg og Frakklandi, og síðan eru hin ríkin talin upp og Ísland þar á meðal. Það hefði að sjálfsögðu ekki verið ástæða til að hlaupa sérstaklega eftir fréttum eða skrifum af þessu tagi í einhverju eða einhverju tímariti í Bandaríkjunum eða annars staðar erlendis. En það, sem gerir það að verkum að hér hljóta menn að staldra alvarlega við, er að það er einmitt þetta tímarit, tímarit bandarískra kjarnorkuvísindamanna, sem birtir þessa yfirlýsingu. Og það er vert að minna á það enn, að eitt dagblaðanna í Reykjavík, Dagblaðið, sá ástæðu til í tilefni þessarar fréttar að hafa símasamband við höfund greinarinnar í hinu bandaríska tímariti og spyrja hann nánar út í heimildirnar fyrir þessu og á hverju hann byggði. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að vitna í þetta viðtal við Barry Schneider. Það birtist í Dagblaðinu föstudaginn 23. jan. 1976, fyrir röskum þremur árum, og hann er þar kynntur: „Barry Scneider, talsmaður Center for Defence Information í Washington“ — þ. e. a. s. talsmaður fyrir upplýsingaskrifstofu um varnarmál í Washington. Hér er sem sagt enginn ómerkingur á ferð, það skulu menn hafa í huga. Og hvað segir þessi maður í viðtali við Dagblaðið? Fyrst segir í inngangi Dagblaðsins:

„Verulegar líkur virðast vera á því, að kjarnorkuvopn sé að finna hér á Íslandi.

Í viðtali við fréttamann Dagblaðsins segir Barry Scneider, sem starfar við Center for Defence Information í Washington, að Lockheed Orion vélar bandarískra flotans á Keflavíkurflugvelli séu að öllum líkindum búnar djúpsprengjum með kjarnaoddi, ætluðum kafbátum í Norður-Atlantshafi.

Vélar þessar, sem í daglegu tali eru nefndar P-3, fljúga reglulegt könnunarflug frá Íslandi í leit að sovéskum kafbátum, auk þess sem þær eru búnar mjög fullkomnum radarútbúnaði.

Í grein eftir Barry Schneider, sem birtist í ritinu Bulletin of the Atomic Scientists, en hún fjallaði um kjarnorkuvopn er Bandaríkjamenn geyma eða hafa undir höndum í bandalagsríkjum sínum, segir að Ísland sé eitt þeirra landa er séu geymslustaður slíkra vopna“.

Síðan kemur hér innan gæsalappa í Dagblaðinu beint frá Barry Scneider:

„Upplýsingar mínar eru byggðar“ — og nú bið ég hv. þm. að taka vel eftir — „á viðtölum við þm. á bandaríska þinginu sem aðgang hafa að leyniskjölum um þessi mál“, sagði Barry Schneider. „Ég vann að gerð þessarar greinar í sex mánuði á árinu 1974 og viðmælendur mínir höfðuðu til skjala er voru ýmist eins eða tveggja ára gömul. Þegar ég var búinn að gera kort yfir þá staði í heiminum, er ég taldi líklega geymslustaði, sýndi ég

mönnum hér í Washington, sem ég veit að vita hvar kjarnorkuvopn okkar eru geymd, kortið og enginn þeirra hreyfði mótmælum við Íslandi".

Síðan er örlítið í viðbót úr þessu skrifi í Dagblaðinu: „Sagði Barry Schneider mjög sterk rök hníga að því, að hér væru kjarnorkuvopn. P-3 vélarnar gæta hafsvæðisins á milli Íslands og Evrópu og eins og margoft hefur komið fram er það ein aðalumferðaræð rússneskra kafbáta".

Hér er svo aftur vitnað orðrétt í Barry Schneider.

„Þrýstingurinn frá einni svona djúpsprengju nægir til þess að gjöreyða kafbátum af stærstu gerð", sagði Barry Schneider enn fremur. „Og þessar vélar eru þarna til þess að granda rússneskum kafbátum, ekki til þess að varpa sprengjum á önnur lönd".

Þetta er það sem segir í Dagblaðinu 23. jan. 1976 í viðtali við títt nefndan Barry Schneider, talsmann fyrir upplýsingaskrifstofu um varnarmál í Washington.

Ég vil ekki hafa hér uppi neinar fullyrðingar um að það, sem þessi maður segir, þurfi endilega að vera öruggt. Auðvitað er sá möguleiki til að hann hafi fengið skakkar upplýsingar. En hitt segi ég um þau ummæli, sem þarna koma fram, að þó ekki væru aðrar stoðir undir grunsemdum í þá átt að kjarnorkuvopn væru geymd á Keflavíkurflugvelli, þá væru þessar upplýsingar, sem fram koma í þessum skrifum, einar sér full ástæða til þess að hafist væri handa af íslenskum stjórnvöldum um ítarlegar rannsóknir.

Ég vil aðeins minna á það, að fyrir allmörgum árum, — ekki hef ég gefið mér tóm til að fletta upp á því nákvæmlega hvenær það var, gerðist sá atburður að bandarísk flugvél, sem hafði bækistöð í herstöð Bandaríkjanna á Grænlandi, við Thule, hrapaði, og þá kom í ljós að í vélinni höfðu verið geymd kjarnorkuvopn og litlu munaði að stórkostlegt slys hlytist af. Þetta var flugvél frá herstöð Bandaríkjamanna á Grænlandi og slysið mun hafa orðið á síðasta áratug. Ég hygg að ærið margir í okkar hópi hér minnist þessa atburðar. Það kom mönnum þá á óvart að þessi vél var búin kjarnorkuvopnum, hafði ekki verið gert ráð fyrir því. Og við skulum ekki vera þau börn að telja okkur trú um að engin ástæða sé til tortryggni af okkar hálfu í þessum efnum. Ástæðurnar til nokkurrar tortryggni eru sannarlega meira en nægar.

Það er vissulega rétt, að ýmsir hv. þm. sem hafa áður talað við þessa umr., í fyrri hluta hennar, sögðu að við Íslendingar hefðum ekki yfir neinum þeim stofnunum að ráða sem vel væru til þess búnar að annast fullkomið eftirlit í þessum efnum á Keflavíkurflugvelli. Það er alveg hárrétt að svo er ekki. Og við erum flest harla ófróð í hernaðarlegum sökum, sem betur fer.

Mér fannst það reyndar svolítið táknrænt fyrir þau viðhorf, sem löngum hafa ríkt meðal Íslendinga í þessum efnum, þegar einn hv. þm., — það mun hafa verið Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., — sá ástæðu til þess að rifja upp við þessa umr. 6. mars um hugsanleg kjarnorkuvopn á Keflavíkurflugvelli ákveðnar staðreyndir úr okkar eigin sögu frá fyrri öldum. Hann minnti á það, að hér hefði ekki farið fram aftaka síðan 1830, þegar þau Friðrik og Agnes Natansmorðingjar voru réttuð í Vatnsdalshólum, og hér hefði ekki farið fram verulega mannskæð orrusta, ef ég man rétt, síðan Brandur Kolbeinsson féll á Haugsnesfundi í Skagafirði, 1246 trúi ég að sé ártalið. Ég get sagt það fyrir mig persónulega, að mér þykir ósköp vænt um svona ræður og ég tel að þær segi töluvert mikið um hvernig ástatt er, ekki bara í hugum þm. ýmissa, heldur með okkar þjóð upp og ofan.

En enda þótt við vildum kannske láta okkur nægja að vera með hugann við þann vopnaburð sem hér hefur átt sér stað á fyrri tímum, þá komumst við að sjálfsögðu ekki hjá því að gera okkur grein fyrir að í nútímanum dugar ekki það eitt að horfa aftur í aldir, heldur verða menn að átta sig á þeim beinhörðu staðreyndum sem við stöndum frammi fyrir í hervæddri veröld sem við lifum í, þar sem stórveldin leggja hið mesta kapp á að bæla niður allar sjálfstæðistilhneigingar smærri þjóða og hafa þar í sinni rétt þess stórveldis sem um er að ræða, hvort sem er í Vestur-Evrópu eða Austur-Evrópu, eða þótt litið væri til annarra heimshluta. Það er þess vegna að ég tel að okkur Íslendingum beri að koma okkur sem allra fyrst upp aðstöðu til að hafa eftirlit með því, sem fram fer í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli, og þá ekki síst eftirlit með því, hvort þar eru geymd kjarnorkuvopn eða ekki. Ef Bandaríkjamenn telja það vera einhverja móðgun við sig, að þeim sé ekki treyst til að hafa þetta eftirlit sjálfir, þá verða þeir að þola þá móðgun að mínu viti. Ég gæti út af fyrir sig mjög vel hugsað mér að það yrði í þessu skyni leitað til einhverra þeirra alþjóðlegra aðila sem til þess væru bærir, hugsanlega erlendra rannsóknastofnana, og þeim falið í samvinnu við íslenska aðila að hafa þetta eftirlit með höndum, og þá ekki síst ef við gætum í þeim efnum átt samvinnu við aðila frá ríkjum sem standa utan hernaðarbandalaga eða að fyrir því væri barist á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, að þær tækju að sér eftirlitsstörf af því tagi, sem hér er um að ræða. Ég tel að sú öryggismálanefnd, sem sett hefur verið á laggirnar með fulltrúum allra þingflokka nú nýlega, hljóti að líta á það sem eitt af verkefnum sínum að kanna vandlega þessi mál.

Það vill svo til að þegar við ræðum nú hér í dag um nauðsynina á banni á kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði, þá ber þessa umr. að heita má upp á 30 ára afmæli stofnunar Atlantshafsbandalagsins, en við Íslendingar vorum sem kunnugt er eitt þeirra ríkja sem þar voru stofnaðilar og afmælisdagurinn var í gær. Það er rétt að taka það fram af þessu tilefni, að að sjálfsögðu er það þátttaka okkar í þessu bandalagi sem hefur valdið því, að hér er erlend herstöð í landinu og hefur verið um áratugaskeið, og það er vegna þess að við erum í þessu bandalagi og vegna þess að við sitjum uppi með þessa herstöð, sem sá grunur er fyrir hendi hjá ærið mörgum og ekki að ástæðulausu, að hér séu kjarnorkuvopn geymd í næsta nágrenni við höfuðborg landsins. Hefðum við borið gæfu til þess fyrir 30 árum og á þeim áratugum sem síðan eru liðnir að skipa okkur í sveit þeirra þjóða sem standa utan hernaðarbandalaga, þá væru engar grunsemdir af þessu tagi uppi. Það vill svo til að ef við lítum til annarra Norðurlanda, þá mun það ekkert vafamál, að þau eru öll kjarnorkuvopnalaus og það viðhorf ríkjandi hjá öllum meginþorra annarra Norðurlandaþjóða, eins og reyndar hjá okkur Íslendingum líka, að þar eigi undir engum kringumstæðum að geyma kjarnorkuvopn. En við erum í þeim sérflokki í hópi Norðurlandaþjóðanna að við erum ein með erlenda herstöð í landi okkar og þess vegna eru þessar grunsemdir fyrir hendi hér, en ekki hjá neinni þeirra þjóða, sem við viljum helst telja okkur í hópi með, annars staðar á Norðurlöndum. Og án þess að ég hafi hugsað mér að hefja hér neina almenna umr. um utanríkismál, þá vil ég minna á þessa staðreynd, ekki síst

vegna þess að umr. ber upp á 30 ára afmæli inngöngunnar í Atlantshafsbandalagið, og í öllum þeim kór Atlantshafsbandalaginu til lofs og dýrðar sem við höfum fengið að heyra hér í landinu undanfarna daga með hátíðarútgáfu af Morgunblaðinu o. s. frv., þá tel ég að fari vel á því, að það sé minnt á það úr þessum ræðustól á hinu háa Alþ., að þeir eru enn þá margir á Íslandi sem telja að okkur beri að segja okkur úr þessu bandalagi sem allra fyrst og losna við herstöðina á Miðnesheiði sem því fylgir. Ef menn bæru gæfu til að stíga það stóra skref áður en langir tímar líða, þá þyrfti ekki að ræða um það hér á Alþingi síðar, hvort í landinu fyndust kjarnorkuvopn geymd eða ekki.

Meðan hér situr erlendur her og meðan íslensk stjórnvöld telja að það sé rétt að trúa öllu sem ráðamenn þess hers kunna að segja um það sem fram fer innan herstöðvarinnar, þá höfum við Íslendingar ekki raunverulegt forræði yfir öllum hlutum þessa lands. Þá eru hér í landinu svæði, að vísu sem betur fer ekki mörg og í rauninni ekki nema þetta eina á Keflavíkurflugvelli, þar sem erlendir aðilar athafna sig að eigin geðþótta og eftir því sem þeirra hernaðarlegu áhugamál gefa þeim tilefni til, án þess að við séum um það spurð. Og ég vil að lokum segja að ég bind vonir við það, að enda þótt ágreiningur sé nú sem fyrr mikill og mjög alvarlegur um það, hvort við eigum að vera í Atlantshafsbandalaginu eða ekki, það er kunnugt og ég býst ekki við að hann breytist á einum degi eða einu ári, þá bind ég engu að síður vonir við það, að innan þeirrar öryggismálanefndar, sem nýlega var skipuð af flokkunum, geti tekist samkomulag um það, hvað sem grundvallarsjónarmiðum líður, að gera sérstaka úttekt á Keflavíkurflugvelli og ástandinu þar, m. a. með tilliti til þess, hvort þar séu geymd kjarnorkuvopn eða ekki.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að lýsa furðu minni yfir því ráðslagi að ræða till. um mikilvægt utanríkismál að fjarstöddum hæstv. utanrrh. og formanni utanrmn. Þeim mun furðulegra er það að þeir flokksmenn, hæstv. forseti Sþ. og hv. 3. þm. Vestf., hafa hvorugur séð ástæðu til þess að þurfa eða biðja um að málinu yrði frestað þar til hæstv. ráðh. og hv. formaður utanrmn. verða viðstaddir. (**KÓ**: Ráðh. hafði engin forföll boðað. Það hefur nokkrum sinnum gerst í sögu Alþingis að þm., sem eru að ræða mikilvæg mál, óska eftir að ráðh. málaflokksins sé viðstaddur og þá því heldur þegar verið er að ræða mál sem hann getur gefið

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska eftir að þessu máli verði frestað þar til hæstv. utanrrh. og hv. formaður utanrmn. verða viðstaddir.

Forseti (Gils Guðmundsson): Í tilefni af ummælum hv. 5. þm. Reykv. vil ég taka það fram, að hér er um að ræða það mál Sþ. sem er langsamlega elst þeirra sem ekki eru komin til n. og ástæður þess eru ýmsar. Ég bendi á það, að þetta er ekki í fyrsta sinn sem málið er tekið fyrir, heldur hefur það verið gert, að ég hygg, tvívegis áður og hefur reynst býsna erfitt, því miður, að stilla þannig til, að hæstv. utanrrh., hv. formaður utanrmn., sem vafalaust hefur áhuga á þessum málum, og hv. flm. væru allir viðstaddir. Það hafa ekki komið fram á þessum fundi fyrr en nú tilmæli til mín um að taka málið af dagskrá. Ég mun verða við tilmælum hv. 5. þm. Reykv. um að taka þetta mál af dagskrá, enda þótt ég viðurkenni að það geti stundum verið býsna erfitt að haga málum eins og hv. þm. óska eftir.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er í hæsta máta undarlegt að hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, skuli beita sér í dag fyrir því að fá mál, sem verið er að ræða í Sþ., út af dagskrá. Það kann e. t. v. að vera, að að baki þessari ósk liggi tilhneiging til þess að reyna að þagga niður umr. um það, hvort kjarnorkuvopn séu á Íslandi eða ekki. Það er algerlega tilefnislaust af þm. að óska eftir þessu, þar sem vitað er að þetta mál hefur verið lengi á dagskrá. Það hefur ekki komið fram nein ósk frá hæstv. utanrrh. né frá hv. þm. Einari Ágústssyni um það, að umr. um þetta mál verði frestað. Þar að auki hefur reynst nokkuð erfitt að ræða ýmis mál í vetur, sem heyra undir það rn. sem hæstv. utanrrh., Benedikt Gröndal fer með, vegna mjög tíðrar fjarveru hans úr þingsölum. Og það væri algerlega út í hött, miðað við mikilvægi þessa máls, að hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur og öðrum liðsmönnum NATO hér á Íslandi tækist með óskum af þessu tagi og í krafti þingskapa að koma í veg fyrir að Alþingi Íslendinga geti á eðlilegan og réttan hátt afgreitt það, að löggjafarsamkoman í þessu landi láti kanna hvort hér eru kjarnorkuvopn eða ekki. Ég vil í því sambandi benda hv. þm. á ummæli ýmissa þm., eins og t. d. hollenskra þm., sem hafa á undanförnum árum hvatt eindregið til þess að löggjafarþingin í NATO-ríkjunum tækju sér sjálfstætt hlutverk til þess að afla sér upplýsinga, vegna þess að ljóst sé að herveldi og herforingjaráð NATO-veldanna reyna að leyna þjóðþing upplýsingum af margvíslegu tagi. Ég tel það í hæsta máta vítavert, að hv. þm., sem er einn af ötulustu liðsmönnum NATO hér á þinginu, skuli beita þingskapaaðferð til þess að koma í veg fyrir þessar umr. hér.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu einungis tala um þingsköp eins og áðan þegar ég kvaddi mér hljóðs. Ég vil vegna þeirrar gagnrýni, sem ósk mín um að málinu yrði frestað vakti hér áðan, vekja athygli á því, að þetta mál hefur verið á dagskrá hvers einasta fundar Sþ. í heilan mánuð nema eins eða kannske tveggja og ævinlega verið tekið út af dagskránni. Í dag eru á dagskrá 20 mál. Eitt hefur verið afgreitt, það tók örskamman tíma. Þegar þetta mál er nú á dagskrá fundar með 20 málum eftir að því var frestað fyrir heilum mánuði, þá er einmitt þetta mál tekið til svo mikillar umr. sem tekur næstum því klukkutíma að fjarstöddum ráðh. og formanni utanrmn. Ég hlýt að lýsa furðu minni á þessu ráðslagi. Og ef ég er gagnrýnd fyrir að vera með þessu að tefja málið, þá spyr ég: Hver tafði það í heilan mánuð?

Forseti (Gils Guðmundsson): Út af þessum orðum vil ég aðeins segja það sama og ég sagði áðan, að þetta er langelsta málið í Sþ. sem ekki hefur komist til nefndar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins að það kæmi fram og skal takmarka mjög mál mitt, að í upphafi þessa fundar hafði hæstv. utanrrh. tal af mér, tjáði mér að hann væri mjög önnum kafinn í rn. sínu, en ef þess yrði óskað að hann kæmi hingað niður eftir, annaðhvort af þm. eða hæstv. forseta, þá mundi hann samstundis verða við þeirri ósk. Ég hef tjáð hæstv. utanrrh. þær umr., sem fram hafa farið hér, og þá ákvörðun hæstv. forseta að fresta málinu um hríð, og hæstv. utanrrh. er á leiðinni hingað niður eftir til þings.

Umr. frestað.

Almennar skoðanakannanir, þáltill. (þskj. 354). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Hv. þm. Alexander Stefánsson og Ingvar Gíslason hafa ásamt mér flutt á þskj. 354 till. til þál. um almennar skoðanakannanir. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir setningu laga um almennar skoðanakannanir".

Sú þróun hefur orðið hér á landi, að nokkrir aðilar eru farnir að fást við að framkvæma það sem þeir kalla opinberar skoðanakannanir. Þessar kannanir hafa til þessa flestar verið framkvæmdar á mjög frumstæðan hátt og niðurstöður þeirra eru auðvitað fjarri því að vera marktækar. Þess vegna er augljós nauðsyn þess, að settar verði ákveðnar reglur, rammalöggjöf, um það, hver skilyrði verði að uppfylla til þess að geta kallað athuganir af þessu tagi almennar skoðanakannanir. Þetta er því nauðsynlegra sem sumar þessar kannanir hafa verið framkvæmdar af pólitískum áróðursmálgögnum, dagblöðum, sem hafa opinberlega gengið erinda stjórmálaflokka. Auðvitað mætti líta á athuganir þeirra sem saklaust gaman og aðferð fjáraflamanna til þess að selja blöð sín á strætum og gatnamótum, enda tilgangurinn augljóslega sá að auka sölu þar sem reynt er að dreifa frásögnum af könnunum þessum á marga daga. En því ber ekki að leyna, að niðurstöður, sem fengnar eru með óvísindalegum eða jafnvel mjög vafasömum hætti, geta haft stórkostlegt áróðursgildi eftir að niðurstöður hafa verið birtar. Nægir þar að benda á það, að skoðanakannanir Dagblaðsins meðan það studdi Alþfl., stuðluðu miklu fremur en dómgreind almennings að sigri þess flokks í síðustu kosningum. Hins vegar eftir að Dagblaðið hætti stuðningi við Alþfl. og tók aftur að styðja Sjálfstfl. kom í ljós í skoðanakönnun blaðsins að geysilegur kosningasigur Sjálfstfl. væri á næsta leiti, þó að vitræn rök styðji ekki þá ályktun.

Það er ekki skoðun flm. að rétt sé að amast við skoðanakönnunum meðal almennings, en þær verða að vera framkvæmdar undir aðhaldi, þannig að unnt sé að merkja þær opinberlega svo framarlega sem þær eru framkvæmdar með loddarahætti eða í augljósu áróðursskyni. Sú löggjöf, sem þarf að setja, ætti að kveða á um að sá, sem vildi framkvæma skoðanakönnun sem hann vildi geta kallað marktæka, yrði að uppfylla ákveðin skilyrði. Opinberlega og aðgengilega þyrftu að liggja fyrir til gagnrýninnar athugunar öll gögn varðandi það, hvernig að könnuninni væri staðið, t. d. þessi:

1. Svarendum hafi verið gerð glögg grein fyrir því, að þeir þyrftu ekki að svara spurningum frekar en þeir vildu. Það sé glögglega undirstrikað, að fólk telji sig ekki knúið til að svara, enda ber að varðveita friðhelgi einkalífsins og skoðanafrelsi í landinu.

2. Úrtakið sé nógu stórt. Ef um stjórnmálakönnun er að ræða á Íslandi, þar sem kjósendur eru um 140 þús., verður úrtakið að vera tölfræðilega séð 1500—2000 manns til þess að hægt sé að telja líkur á að það sé marktækt.

3. Úrtakið sé valið þannig að það gefi rétta mynd af þjóðfélaginu, bæði hvað varðar aldursdreifingu, kynferði og búsetu í landshlutum. Raunar er þjóðfélag okkar svo fámennt, að ekki er unnt að fá marktækt úrtak hvað varðar t. d. einstök fámenn kjördæmi með því að spyrja einungis 1—2% íbúanna.

4. Spurningarnar séu sannanlega bornar upp augliti til auglitis, ekki í síma. Sé spurt í síma er hætta á að menn segi t. d. rangt til nafns. Það er hætta á að spyrillinn láti sér nægja að spyrja þann, sem kemur í símann, sé umbeðinn ekki viðstaddur, og það er ekki heldur hægt að velja eftir símaskrá vegna þess að karlar eru miklu fremur skrifaðir fyrir símum heldur en konur. Þá býr talsverður hluti þjóðarinnar enn þá við opinn síma og því ber að taka svör í honum með mestu varúð. Sveitafólk í heilum landshlutum er þannig útilokað frá raunhæfri þátttöku.

5. Svarprósenta þeirra, sem upphaflega var ákveðið að spyrja. Nauðsynlegt er að a. m. k. 80% úrtaksins taki afstöðu svo að marktækt geti talist.

6. Orðalag spurninganna sé ekki leiðandi eða teymandi. Það er frægt, hve forráðamenn bandarískrar skoðanakannanastofnunar, Harris-stofnunarinnar í Bandaríkjunum, voru andvígir Nixon. Niðurstöður frá þeirri stofnun voru enda alltaf Nixon talsvert óhagstæðari heldur en niðurstöður frá Gallup. Nixon lét athuga hvernig þessi útkoma væri fengin, og þá kom í ljós að spurningar frá Harris voru orðaðar þannig að þær stuðluðu að neikvæðum svörum fyrir Nixon.

Margt annað mætti drepa á, en þetta eru mikilvægustu atriðin. Sérstaklega er mikilvægt það aðhald sem skapast af því að unnt sé að gagnrýna framkvæmdina ef henni er í einhverjum atriðum áfátt. Það er alveg sjálfsagt að hafa í huga að skoðanakönnun getur verið mjög afdrifarík og þess vegna er það ekki lýðræði eða eðlilegri skoðanamyndun til framdráttar að óvarlega eða óheiðarlega sé að henni staðið.

Sem dæmi um það, hvernig menn leyfa sér að haga sér, má nefna síðustu skoðanakönnun Dagblaðsins. Þar eru allar þær meginreglur, sem áður er um getið, þverbrotnar. 300 eru allt of fáir svarendur og svarprósentan var allt of lág. Mig minnir að 38% hafi ekki tekið afstöðu. Val þátttakenda kann að hafa verið út í bláinn, í skásta falli eftir símaskrá. Og svo leyfa þessir herrar sér að belgja sig út á prenti um að þeir hafi gert marktæka skoðanakönnun.

Síðasta skoðanakönnun Vísis er miklu betur unnin. Þar var farið eftir nokkrum af þeim atriðum sem ég gat um. Fjöldi þátttakenda var viðunandi, svarprósentan var góð og gögnin munu vera opinber fyrir þá sem vilja athuga þau. Hins vegar var þessi könnun gerð í síma og þar af leiðandi engan veginn marktæk. Raunar er mér ekki heldur kunnugt um aldurs-, kyn- eða stéttadreifingu.

Erlendis eru kannanir á neysluvenjum mjög almennar og hafa auðvitað geysileg áhrif til þess að móta neysluna. Það er því augljóst að þar liggja gífurlegir fjárhagslegir hagsmunir að baki. Hér hafa slíkar kannanir ekki rutt sér mjög til rúms enn. En augljóst er að það er fyllilega tímabært að setja reglur um skoðanakannanir þar sem ákveðin eru og lögfest skilyrði um óhlutdrægni og vísindalega nákvæmni, þar sem ekki eru einasta mjög miklir fjármunalegir hagsmunir e. t. v. komnir undir úrslitum skoðanakannana, heldur geta meira að segja stjórnskipun og lýðræði í landinu verið undir því komin að heiðarlega sé að málum staðið og loddarabrögð ekki

viðhöfð.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Vegna þeirrar till. til þál. um almennar skoðanakannanir, sem hér er til umr., vil ég lýsa þeirri meginskoðun minni, að ég er ósammála þeirri almennu röksemdafærslu sem fram kemur í grg. með till. og kom fram í framsöguræðu hv. þm. Páls Pétursonar. Ég hygg að það sé alveg ljóst, að þær skoðanakannanir, sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni, hafa auðvitað ýmsar takmarkanir. En kjarni málsins er sá, að þeir, sem hafa framkvæmt þessar skoðanakannanir, hafa jafnframt lýst því í smáatriðum hvernig að er farið, hvernig hringt er í fólk, hvernig úrtakið er unnið. Í upplýstu samfélagi, — og upplýst samfélag er gott samfélag, samfélag sem ekki er upplýst er hins vegar ekki gott, — en í upplýstu samfélagi á fólk að vera fullkomlega fært um að dæma sjálft um hvernig skoðanakannanir eru unnar og með hverjum hætti þær þess vegna eru marktækar eða ekki marktækar eftir atvikum.

Ég held að löggjöf um skoðanakannanir, sem miðaði að því að takmarka möguleika á að framkvæma þær, væri vond löggjöf sem fæli í sér frelsissviptingu, enda virtist mér í máli hv. fyrsta flm. að það sé það sem þeir raunverulega séu að leggja til. Ég er raunar þeirrar lífsskoðunar, að það eigi ekki að standa með þessum hætti að lagasetningu, fólki sjálfu sé treystandi til þess að draga ályktanir af skoðanakönnunum, hvernig þær eru unnar, hversu stórt úrtakið er og um alls konar aðra ágalla sem vissulega eru til.

Því má ekki gleyma, að þær skoðanakannanir, sem augljóslega hafa farið svo mjög fyrir brjóstið á flm. þessarar till., eru skoðanakannanir um fylgi stjórnmálaflokka, og það skín úr hverju orði sem um þessi mál hefur verið látið falla. En blöðin, t. a. m. síðdegisblöðin sem gefin eru út hér í Reykjavík, hafa gert skoðanakannanir um sitthvað fleira en fylgi flokkanna, um hin ólíklegustu mál: afstöðu til verkfalla, bjórmál og svo mætti lengi telja. Og jafnvel þó að við tökum, eins og okkur ber að gera, slíkar skoðanakannanir með hinum fyllsta fyrirvara af alls konar ástæðum sem óþarft er að tíunda hér, þá hygg ég að það sé upplýsingu í samfélaginu til framdráttar að svona skoðanakannanir séu gerðar, t. d. fyrir okkur sem hér sitjum á Alþ., til þess að við getum í grófum dráttum áttað okkur á því, hvernig skoðanir manna eru úti í hinu stóra samfélagi.

Ég er sem sagt þeirrar grundvallarskoðunar, að upplýstu fólki, upplýstu samfélagi sé fullkomlega til þess treystandi sjálfu að taka slíkar skoðanakannanir með hinum fyllsta fyrirvara, og ég sé enga ástæðu til að fara að setja hamlandi lagasetningu þar um. Hv. síðasti ræðumaður, Páll Pétursson, tiltók tvær skoðanakannanir um fylgi stjórnmálaflokka sem tvö tiltekin blöð höfðu gert. Úrtakið hjá öðru blaðinu var miklu stærra en úrtakið hjá hinu og það var meiri vinna lögð í það, og af því má væntanlega draga þá ályktun, að hin síðari hafi verið nákvæmari en hin fyrri. En ég held að öllum þorra fólks í upplýstu samfélagi sé fullkomlega til þess treystandi sjálfu að draga slíkar ályktanir og ekki þurfi löggjöf. Ókostir við löggjöf, eins og ég geri ráð fyrir að flm. hugsi sér hana, eru hins vegar þeir, að mjög mundi draga úr því að slíkar skoðanakannanir væru gerðar, og ég held að það sé ekki upplýsingu í þessu samfélagi til góðs.

Ég sem sagt hygg að það sé svo, að sú viðkvæmni, sem hér gætti, stafi ekki af skoðunum sem hv. flm. hafa á hinum almennu skoðanakönnunum, heldur hinum sértæku skoðanakönnunum sem fjallað hafa um fylgi stjórnmálaflokkanna, það séu þær skoðanakannanir sem við er átt, jafnvel þótt það sé nefnt almennari orðum. Mér þykir þessi viðkvæmni vera ástæðulaus. Fólkinu sjálfu er treystandi til þess að setja alla þá fyrirvara um það, hvernig í slíkar kannanir er lesið. En almennt og yfirleitt um hin ýmsu mál úti í samfélaginu, sem ekki eru af flokkspólitískum toga spunnin, held ég að það stuðli að upplýsingu að slíkar kannanir séu gerðar. Ég tel að það hafi verið jákvæð skref sem stigin hafi verið. Mér eru fullkomlega ljósir margir þeir ágallar sem hv. síðasti ræðumaður lýsti, en hamlandi lög af þessu tagi um slíka hluti hygg ég vera af hinu illa og ekki til þess fallin að stuðla að aukinni upplýsingu, opinni umr. eða framför.

Þessi till. verður væntanlega send til nefndar. Í sjálfu sér eru engin nákvæm ákvæði í henni um það, hvernig þessi löggjöf komi til með að verða. Það svífur sem sé margt í lausu lofti. En af greinargerðinni og einkum þó af máli hv. síðasta ræðumanns ræð ég að það sé viðkvæmni af þessu tiltekna tagi sem málflutningnum valdi. Ég held að þessi viðkvæmni sé óþörf og að þetta mál, eins og það er hugsað, horfi ekki til framfara.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér engu við að bæta það sem kom fram hjá frsm. þessarar till. Ég vil aðeins taka fram í sambandi við ummæli hv. 7. þm. Reykv., að við erum alls ekki með þessari till. að mæla gegn frjálsri skoðanakönnun, síður en svo. Hins vegar er alveg ljóst, hvað sem hv. þm. segir, að það er brýn nauðsyn að setja löggjöf um skoðanakannanir, ekki aðeins að því er varðar stjórnmál, heldur ekki síður um ýmis þjóðmál sem eru til meðferðar meðal þjóðarinnar hverju sinni. Ég tel að opinber stofnun, t. d. Reiknistofnun Háskóla Íslands, Hagstofan eða einhverjar slíkar, gæti hæglega annast slíka skoðanakönnun sem væri talin opinber. En það er alger misskilningur að það eigi að koma í veg fyrir frjálsa skoðanakönnun annarra aðila í þjóðfélaginu. Slíkt er alger útúrsnúningur.

Ég taldi rétt að láta þetta koma fram. Eins og síðasti hv. ræðumaður tók fram er engu slegið föstu í þessari þáltill., heldur gerð tilraun til að hafa áhrif á að sett verði löggjöf um þetta efni.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins skýra frá því, að það eru nokkur ár síðan svipuð þáltill. og þessi, sem hér um ræðir, var samþ. af hinu háa Alþingi, þ. e. að fela ríkisstj. að skipa n. til að semja reglur ekki aðeins um skoðanakannanir, heldur einnig um þjóðaratkvgr., til þess að rýmka þá möguleika sem þar bjóðast. Það var á árum viðreisnarstjórnarinnar sem slík n. var skipuð og þá undir forsæti Ólafs Björnssonar prófessors. Ég var einn af þeim sem völdust til setu í þessari n., og hún vann nokkuð vel fyrst framan af og safnaði ýmsum upplýsingum um skoðanakannanir og framkvæmd þeirra, en þá voru skoðanakannanir dagblaða rétt að hefjast. Hún undirbjó álitsgerð um málið, en það komst aldrei lengra. N. sofnaði út af og hefur ekki starfað nú um nokkuð mörg ár, en hún var sem sé búin að vinna talsvert undirbúningsstarf.

Ég vil aðeins láta það koma fram, að í n. var rætt um að það væri ekki með nokkrum hætti hægt að setja neinar

skorður af einu eða neinu tagi við gerð skoðanakannana, þannig að hvaða aðili í þjóðfélaginu sem væri gæti efnt til skoðanakannana. Hins vegar væri rétt að setja einhverjar leiðbeinandi reglur um framkvæmdina, þess efnis, að þær skoðanakannanir, sem uppfylltu tiltekin almenn skilyrði um framkvæmd skoðanakannana, fengju nokkurs konar opinberan stimpil á sig sem réttar og gildar hvað framkvæmdina varðar.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þessa sálma, annað heldur en taka það fram, að þær skoðanakannanir, sem gerðar hafa verið að undanförnu, einkum og sér í lagi kannanir sem gerðar hafa verið af tveimur tilteknum blöðum hafa sýnt sig að vera marktækar og eru mjög merkileg nýjung í okkar þjóðmálum. Og ég lít svo á að það mál, sem hér um ræðir, megi alls ekki skoðast þannig að það sé með einhverjum hætti verið að stefna því gegn þeirri framkvæmd sem þar hefur verið unnin, heldur þvert á móti að Alþ. eigi að styrkja slíkar framkvæmdir þannig að þær séu jafnvel enn meira marktækar eftir en áður.

Ég vildi sem sagt aðeins láta það koma fram, herra forseti, að þetta mál hefur áður verið á dagskrá og talsvert unnið í því þó svo niðurstaða hafi ekki fengist.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. kemur æðioft hér í ræðustól, en það er kannske ekki rétt að segja að hann sé orðmargur því að hann notar kannske ekki mjög mörg orð, þ. e. a. s. hann notar oft sömu orðin. Hann á sér uppáhaldsorð og frasa og einn frasinn er um lýðræðislegar leikreglur. Ég held að lagasetning eins og sú, sem við erum hér að leggja til, yrði til þess að gera þessar leikreglur sæmilegri, til þess að gera þær lýðræðislegri, til þess að gera þær áreiðanlegri. Ég vitna til þess, að í leiðurum Dagblaðsins, a. m. k. í eitt eða tvö skipti, töldu leiðaraskríbentar blaðsins að þeir hefðu gert marktæka skoðanakönnun.

Ég vil mótmæla þessu. Gildi þessara skoðanakannana, sem það blað hefur haft, og e. t. v. annarra líka er fyrst og fremst leiðbeinandi gildi. Það er ekki það sem búið er að ske þegar skoðanakönnunin er gerð, heldur það sem skeður í kjölfarið. Sú skoðanamyndun sem á sér stað í kjölfarið á svona aðgerð, það er það sem máli skiptir og þar er það sem áhrifin liggja.

Ég held að það sé nauðsynlegt að vanda skoðanakannanir betur. Ég vitna til fræðimanna sem við eigum og eru mér náttúrlega langtum færari til að ræða á félagsvísindalegum grundvelli þetta efni. Ég vitna til útvarpserindis sem Haraldur Ólafsson lektor flutti fyrir nokkrum vikum. Ég vitna til ágætrar greinar sem Þórólfur Þórlindsson lektor skrifaði í Morgunblaðið, mig minnir 7. mars. Þeir eru báðir á þeirri skoðun að skoðanakönnun sé merkileg aðgerð, en það þurfi að vanda hana og vanda hana betur en gert hafi verið.

Ég talaði að vísu um skoðanakannanir um fylgi stjórnmálaflokka vegna þess að við munum best eftir þeim hér í þessu húsi. En ég varði líka löngum tíma í ræðu minni til að ræða skoðanakannanir um neysluvenjur. Það er engu síður hægt að misbeita þeim og þær eru afdrifaríkar engu síður. Það má ekki líta á þetta sem nein sárindi frá minni hálfu vegna þess að Framsfl. kom illa út úr sumum skoðanakönnunum. Þó vil ég taka fram að það var ekki allt á sömu bókina lært með það. Ég veit ekkert um hvort sá bati, sem Vísir er að spá í síðustu skoðanakönnun sinni varðandi Framsfl., á við rök að styðjast eða ekki. En ég held að skoðanakannanirnar, sem gerðar hafa verið í vetur, eða vil a. m. k. trúa því, að þær séu jákvæðar að einu leyti. Ég held að þær hafi nokkurt jákvætt uppeldisgildi á suma hv. þm. Alþfl. Ég held að ef rétt sé metið að þeim sé náttúrlega alltaf að fara fram, þá megi kannske rekja hluta framfararinnar til atburða eins og þessara.

Hv. 7. þm. Reykv. lýsti því fyrir nokkrum vikum í ræðustólnum að hann hefði stórkostlegar áhyggjur af því að Alþfl. hefði komið illa út úr skoðanakönnun sem Dagblaðið hafði þá nýlega gert. Það er auðvitað út af fyrir sig áfall fyrir hv. 7. þm. Reykv. ef Dagblaðið er hætt að styðja hann í stjórnmálabaráttunni og farið að styðja Sjálfstfl. Ég reyndi að hugga vin minn, 7. þm. Reykv., og ráðlagði honum að reyna að fá tímaritið Samúel eða Alþýðublaðið til þess að gera skoðanakönnun til styrktar Alþfl. Ég hef ekki orðið var við að hún hafi verið gerð, en ég endurtek ráðleggingu.

Ég er ýmsu samþykkur af því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði. En þessi blessuð nefnd er dauð, og ég held að við séum alveg á sömu línu og nefndin að því leyti til, að það þarf að setja um þetta vissar lágmarksreglur sem þeir aðilar þurfa að uppfylla sem vilja beita sér fyrir skoðanakönnunum. Ég held að það verði öllum til góðs og þjóðfélaginu til bóta ef svo yrði.

Ég man ekki hvort ég tók það fram í framsögu minni, en ég geri till. um að þessari umr. verði frestað og málið sent til athugunar í hv. allshn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég held að það hafi komið glögglega fram í þeirri ræðu sem flutt var áðan, að það er því miður ekki meginatriðið í huga a. m. k. fyrsta flm. þessarar till. að setja almennar leiðbeinandi reglur um skoðanakannanir í því skyni að styðja það þarfa fyrirbæri sem skoðanakannanir eru, heldur sé ástæðan fyrir tillöguflutningnum sú, hverjar hafi verið niðurstöður þeirra skoðanakannana sem gerðar hafa verið. Mér finnst á málflutningi hv. þm. að hann sé miklu frekar að flytja þetta mál sitt til þess, eins og segir í grg., að amast frekar við ákveðnum skoðanakönnunum sem að hans mati sýna pólitíska niðurstöðu sem hv. þm. er ekki þóknanleg. Ég held að orðræður hv. þm. áðan hafi glögglega leitt það í ljós, hvar honum brennur eldurinn heitastur í þessu sambandi, og það er að til skuli vera blað á Íslandi, hvaða nafni sem það nefnist, sem hv. þm. telur að sé sér og sínum flokki pólitískt óhagstætt, en eitthvað hagstæðara að sama skapi öðrum flokkum. Og af því að þetta tiltekna blað hefur birt skoðanakannanir sem viðkomandi flokki eru ekki að skapi, þá á Alþ. að reisa skorður við pólitískum skoðanakönnunum af hálfu slíkra aðila. Þetta er að sjálfsögðu algerlega fráleitt. Það væri alveg eins hægt að flytja hér till. til þál. um að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir setningu löggjafar sem afnemi rétt aðila til þess að framkvæma pólitískar skoðanakannanir, nema þeirra sem séu tilteknum flokkum þóknanlegir. Og ég held, því miður fyrir hv. þm., að það sé nokkurn veginn sama hvað Alþ. samþykkir í þessu sambandi, þá verði það ekki til að breyta niðurstöðum slíkra skoðanakannana, en auðvitað er það fyrst og fremst það sem þessi hv. þm. stefnir að. Hann hefur ekki mestar áhyggjur af því, hvernig skoðanakannanir eru framkvæmdar, heldur hinu, hvað þær sýna. Og ég vil taka það sérstaklega fram, að um slíka hluti var ekki rætt í þeirri n. sem ég átti aðild að, en er nú víst sofnuð út af,

eins og hv. fyrsti flm. tók með réttu fram, og var undir forustu þess ágæta manns prófessors Ólafs Björnssonar.

Það er sagt hér að það sé tvímælalaust hægt með óvönduðum og hlutdrægum skoðanakönnunum, sem blásnar eru út í fjölmiðlum, að hafa veruleg áhrif á skoðanamyndanir almennings í landinu. Hvaða dæmi hefur hv. þm. um það? Eru þessar óvönduðu og hlutdrægu skoðanakannanir t. d. skoðanakannanir Dagblaðsins og Vísis sem birtar voru áður en var farið að spá flokki hv. þm. nokkurri fylgisaukningu, eða er sú skoðanakönnun undanþegin í þessum ábendingum í grg. með þessari þáltill. sem var vitaskuld skrifuð áður en síðasta skoðanakönnun Vísis var birt?

Ég vil alls ekki að Alþ. fari að setja neina almenna löggjöf sem banni aðila í þjóðfélaginu að framkvæma slíkar kannanir, hvort sem það eru síðdegisblöð eða árdegisblöð, og jafnvel ekki þó að Tímanum dytti í hug ettir svo sem 20 ár að beita sér fyrir að framkvæma skoðanakannanir. Mér kemur ekki til hugar að stjórnvöld eigi að fara að reisa einhverjar skorður við því, að hvaða aðili á Íslandi sem er sem detti í hug að framkvæma skoðanakönnun geti gert það. Ég tel að það eigi að beita sér fyrir því, að ekki endilega verði sett lög, heldur einhverjar almennar viðmiðanir um hvaða almennum reglum skoðanakannanir þyrftu að lúta til þess að teljast fyllilega marktækar, t. d. um stærð úrtaks og vinnslu úrtaks og annað eftir því. En ég vísa aðeins til þess, og það skiptir engu máli í þessu sambandi hver hefur framkvæmt skoðanakönnunina, hvort niðurstöðurnar eru hagkvæmar eða óhagkvæmar mínum flokki eða þeim mönnum sem með mér eru í flokki, að ég held að það fari ekki fram hjá neinum að reynslan er auðvitað hinn endanlegi dómari. Reynslan staðfesti fyrir tæplega einu ári að þær skoðanakannanir, sem enginn vildi trúa að gæfu rétta mynd af viðhorfi almennings, reyndust réttar, þær reyndust gefa sanna og rétta mynd. En allur tónninn í málfutningi hv. fyrsta flm. þessarar þáltill. og raunar í grg. einnig ber þess merki, að till. er ekki sprottin af því að menn hafi áhuga á að vanda gerð skoðanakannana og styðja að slíkri framkvæmd, heldur er till. ávöxtur mikils og stöðugt vaxandi áhyggna af þeim niðurstöðum sem þessar skoðanakannanir leiða í ljós. En auðvitað verður því ekki breytt, nema þá með betri frammistöðu þeirra ágætu manna sem telja sig eiga undir dómi almennings í skoðanakönnunum og í sambandi við atkvgr. Að ætla að fara óbeinlínis að banna einhverjum aðilum úti í þjóðfélaginu, sem áhuga hafa á að framkvæma skoðanakannanir, er að sjálfsögðu algerlega út í hött og ég vil eindregið vara hv. þm. við slíkri stefnu, því að það gæti vel verið að svo færi eftir svo sem hálfa öld að blað hans kæmist að þeirri niðurstöðu, að þetta væri nokkuð þörf og snjöll framkvæmd í takt við nýja tímann.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að flm. þessarar till. ætla sér ekki að setja hömlur á skoðanakannanir. Það getur ekki verið að það vaki fyrir þeim, því að þá væru þeir að skerða prentfrelsi í landinu. Hvað sem líður reglugerðum eða athugunum nefnda í þessu sambandi hljóta dagblöð eftir sem áður að hafa frelsi til að efna til eigin skoðanakannana. Og í þessu sambandi verð ég að segja að það er rétt athugað hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, að það fer eftir skynsemi almennings hvað hann tekur mikið mark á skoðanakönnun. En það kemur að sjálfsögðu ekki til mála að fara að setja bann við því að blöð efni til skoðanakannana. Þær geta orðið afskaplega langt frá því að þjóna neinum þörfum eða nýtum tilgangi og stundum verið fáránlegar. Eins og hv. 1. flm. þessarar till. sagði er tilgangurinn að sjálfsögðu fyrst og fremst sá að selja blöðin. Þar ræður sölumennska eins og víða annars staðar í þjóðfélagi okkar. Ef ekki er efnt til skoðanakannana um hver staða stjórnmálaflokkanna í landinu sé, þá eru starfsmenn viðkomandi blaðs látnir bragða á páskaeggjum og síðan birt sú niðurstaða af skoðanakönnuninni, að tiltekin páskaegg frá tiltekinni verksmiðju séu best. Það er ekki hægt að banna blöðum slíkt. Ég er ekki í neinum vafa um það, að nú þegar páskar nálgast hefur þetta orðið til þess að auka nokkuð sölu viðkomandi blaðs, að ég tali ekki um sölu þeirra páskaeggja sem fengu hæstar einkunnir.

Ég velti þessu máli dálítið fyrir mér. Eru menn að hugsa um einhverja opinbera stofnun sem eigi að lýsa yfir hvenær mark sé takandi á skoðanakönnun og hvenær ekki? Ég veit t. d. ekki hvort ríkisvaldið sé rétti aðilinn í þessu efni. Sú eina skoðanakönnun, sem ríkisvaldið getur efnt til að mínum dómi, eru kosningar. Það er sú skoðanakönnun sem við hljótum allir að taka mark á. Þess vegna segi ég það, að mér er ekki alveg ljóst hvað vakir fyrir flm. Ég vil hafa það fyrir satt sem þeir hafa lýst yfir sjálfir og trúi ekki að þeir ætli að fara að hefta skoðanafrelsi eða prentfrelsi í landinu.

Niðurstaða mín er sú, að þessi till. skipti ekki ýkjamiklu máli. Hún fer til athugunar í allshn. Kannske verður þá hægt að fá einhverjar fréttir af þeirri nefnd sem sett var um árið til að kanna þessi mál, en einn nm. lýsti reyndar yfir að hún væri dauð. Það hlýtur þó eitthvað að hafa gerst þar, eftir því sem hann sagði okkur áðan.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og kunnugt er, þá er hv. þm. Jónas Árnason með ágætari þm., ljóðrænni þm., en engu að síður þykir mér stundum sem nokkurs geðklofnings gæti í margháttuðum lífsskoðunum hans og skoðanabræðra hans. Hann talar um það af nokkuri forakt, að því er heyra má, að menn skrifi í blöð eða framkvæmi skoðanakannanir eða birti myndir til þess að selja blöðin, og það heyrist mér á hv. þm. Jónasi Árnasyni að sé hin fyrirlitlegasta athöfn. Nú vill svo til að hv. þm. Jónas Árnason er leikritaskáld og meira að segja gott leikritaskáld. En til hvers semur hv. þm. Jónas Árnason leikrit? Til þess að enginn komi að sjá þau? Og er það að mati hv. þm. Jónasar Árnasonar fallið leikrit, ef það fer yfir 100 sýningar? Og ef leikritið Delerium búbónis fer yfir 200 sýningar er það þá kolfallið? Og er það leikrit eitt heppnað sem því sem næst enginn kemur að sjá og er dautt eftir þrjár sýningar? Ég held ekki. Ég held þvert á móti að hv. þm. Jónas Árnason semji leikrit til þess að margir komi og sjái þau og því fleiri sem komi að sjá leikrit, því betur þyki það ganga. Ég fer og sé hvert einasta leikrit sem hv. þm. Jónas Árnason skrifar, ef ég mögulega kem því við. Og ég held að það sé nokkurt samhengi þar á milli, að gott leikrit koma margir að sjá, en slakt leikrit koma færri að sjá. (**JÁ**: Það er ekki þar með sagt, að þeir taki neitt mark á því.) Nei, það kann að vera. Samt er vonandi samræmi þarna á milli.

Kjarni málsins er þó sá, að hér er þáltill. til umr. um almennar skoðanakannanir. Það gætti nokkurs misskilnings hjá hv. síðasta ræðumanni, Jónasi Árnasyni, um það, hvað vekti fyrir flm., því að í grg. með till. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess vegna er það fyllilega tímabært að sett verði löggjöf um þetta efni og ákveðin skilyrði lögfest um óhlutdrægni og vísindalega nákvæmni".

M. ö. o.: það er verið að leggja til að setja skorður við slíkum könnunum og — eins og hér hefur réttilega verið á bent — af þeirri ástæðu augljóslega fyrst og fremst að flm. hafa mislíkað tilteknar niðurstöður tiltekinna skoðanakannana. Það er hægt að skipta mönnum í flokka og fylkingar eftir mörgum meginreglum. Eitt er það, að sumir menn eru frjálslyndir og aðrir menn eru þröngsýnir. Frjálslyndi er það gjarnan að treysta náunganum, að treysta fólki til að sjá sjálft fyrir sér og hegða sér vel eða illa eftir atvikum. Auðvitað hegðar fólk sér misjafnlega. Þröngsýni er aftur það að vilja setja reglur um hegðan mannanna í smáu og stóru vegna þess að fólki sé ekki treystandi. Forverar hv. flm. hér hafa margoft gert till. um hina kostulegustu lagasetningu, t. d. að setja lög um stafsetningu á sínum tíma. Af því að það fór fyrir brjóstið á þeim að fornar bókmenntir væru skrifaðar með nútímalegri stafsetningu. Þá átti einnig að setja lög um svipað efni, — ég man ekki hvort það voru lög, en það var allt að því, — um það sem kallað var klessumálverk, þetta þótti þeim ljótt, og ég held að það hafi átt að setja lög um að banna mönnum að mála það sem þeim þótti vera klessumálverk. Allir áttu að mála eins og Ásgrímur. Ég held að sú till. til þál., sem hér er til umr., sé af nákvæmlega sömu náttúru. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að um svona efni eigi alls ekki að setja lög. Það má setja leiðbeinandi reglur og reglugerðir kannske, en alls ekki lög sem hafa hamlandi áhrif, vegna þess að ég hygg að slíkt sé ekki til góðs. Það er augljóslega það sem vakir fyrir flm., að eins og áður þótti mönnum abstraktmálverk ljót og það særði tilfinningar að fornar bókmenntir væru ritaðar með nútímalegri stafsetningu, þá koma nú nokkrum áratugum síðar menn sem hafa látið fara í taugarnar á sér niðurstöður í tilteknum skoðanakönnunum. *Því oftar sem hv. þm. Páll Pétursson talar*, því ljósara verður að þetta og þetta eitt er ástæðan fyrir þessum tillöguflutningi. Það er augljóst að þetta er ekki af náttúru frjálslyndrar lífsskoðunar, heldur er þetta af náttúru þröngsýnnar lífsskoðunar. Það hygg ég að sé af hinu illa. Þess vegna er ég á móti meginefni þessarar tillögu.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera þessa aths., hún skal verða örstutt. Það, sem vakir fyrir flm., er einfaldlega að bæta framkvæmd skoðanakannana. Ég vil taka það fram vegna orða sem hér hafa fallið, vegna spurninga frá Sighvati Björgvinssyni, að ég tel að engin skoðanakönnun, sem til þessa hefur verið framkvæmd á Íslandi, sé fullkomlega marktæk. En það er tekið fram í grg. með till. að það beri ekki að amast við skoðanakönnunum. Ég nenni ekki að fara að endurtaka sömu ræðuna sem ég var rétt áðan að flytja, en þar kom þetta sjónarmið alveg glögglega fram, á svo skýran hátt sem ég er maður til að setja það fram.

Hvað varðar skilgreiningu hv. 7. þm. Reykv. á *þröngsýni og frjálslyndi*, þá vekur það *ýmsar spurningar*. Ég held að það séu fleiri en hv. þm. Jónas Árnason sem ekki eru alltaf sjálfum sér samkvæmir. Vilmundur talaði um að treysta fólki, það væri merkið á frjálslyndum einstaklingum ef þeir treystu fólki. Þessi maður hefur skrifað kostulegar greinar, og það hefur komið í ljós að hann vantreysti fjölda manna. Hann ber upp á þá verstu klæki, en sem betur fer hefur í mörgum tilfellum sannast að það átti ekki við rök að styðjast.

Það er enn eitt sem þarf að ganga úr skugga um þegar skoðanakönnun hefur verið gerð. Það þarf að tryggja það, t. d. þegar gerð hefur verið pólitísk skoðanakönnun, að hún verði ekki notuð til þess að færa inn á kosningaspjaldskrár. Það er hægt með endurteknu 2000 manna úrtaki hér í borginni að afla sér mjög mikilvægrar vitneskju um stjórnmálaskoðanir manna og auðvelt að misfara með það atriði ef þetta er gert með skipulegum hætti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins, þáltill. (þskj. 377). — Ein umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 377 höfum við 10 þm. Sjálfstfl. leyft okkur að flytja till. til þál. um stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins. Flm. þessarar till. eru úr öllum kjördæmum landsins. Þeir eru ekki einungis fulltrúar þeirra landshluta, þar sem framleiðsla landbúnaðarvara er mikil, heldur einnig þess kjördæmis þar sem landbúnaðarframleiðsla er hverfandi. Segja má að flm. þessarar till. séu þannig fulltrúar þeirra sjónarmiða sem finnast hjá framleiðendum og neytendum búvöru í þessu landi.

Till. þessi boðar nýja stefnu í málefnum landbúnaðarins, — stefnu sem er ekki einvörðungu miðuð við hagsmuni bænda, ekki við hagsmuni neytenda í þjóðfélaginu, heldur hagsmuni þjóðfélagsins í heild. Þessi till. er við það miðuð að unnt sé að ná nýjum og fastari tökum á þeim viðfangsefnum, þeim miklu vandamálum sem nú er við að etja í þessari atvinnugrein.

Tilgangur till. er að meginhluta ný stefnumörkun, en þó enn fremur hitt, að leita eftir því að fá staðfest hér á hv. Alþ. þau grundvallarmarkmið sem stefnumörkun till. byggist á, um leið og þess er farið á leit að fallist verði á þær leiðir sem bent er á til þess að ná fram meginmarkmiðunum.

Áður en horfið er að því að ræða þessa till. efnislega er rétt að gera sér grein fyrir því, hvort þörf sé nýrrar stefnu í landbúnaði, og ef svo er, hvað hafi þá breyst sem geri þetta nauðsynlegt.

Ljóst er að ýmsir þættir landbúnaðarstefnunnar eiga sér langa sögu og er ekki ástæða til þess að rifja það upp með mörgum orðum. Sumir þættir í landbúnaðarstefnunni eru áratugagamlir. Má rekja þá allt frá setningu afurðasölulöggjafarinnar, setningu jarðræktarlaga, setningu laga um landnám, ræktun og nýbyggingar í sveitum o. s. frv., en flestir slíkir lagabálkar eiga sér rætur allt aftur á 3. og 4. tug aldarinnar.

Ekki orkar tvímælis að miklar áherslubreytingar urðu á landbúnaðarstefnunni um 1960 þegar svokölluð viðreisnarstjórn tók við völdum hér á landi. Þá urðu miklar breytingar á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Sett var ný löggjöf um Stofnlánadeild landbúnaðarins og fleiri slíka veigamikla þætti landbúnaðarlöggjafarinnar. Þá má einnig minna á það, að síðan hafa auðvitað orðið nokkrar breytingar á stefnumálum landbúnaðarins, ekki kannske síst að því er snertir breytingar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám o. fl. 1971, þegar horfið var frá þeirri stefnu, sem ríkt hafði um langt árabil, að kljúfa niður jarðir í sveitum og fjölga þannig sem mest býlum, sem var eins konar smábýlastefna í landbúnaði, sem gat átt við á sinni tíð, en hafði þó verið fylgt of lengi að mínum dómi.

Þær breytingar, sem gerðar voru á landbúnaðarstefnunni um 1960, höfðu í för með sér miklar breytingar

í íslenskum landbúnaði. Þá var stefnt til nýrrar tækniþróunar í landbúnaði, aukinnar ræktunar, aukinnar framleiðslu og aukinnar framleiðni í landbúnaðarframleiðslunni. Segja má að í kjölfar þeirra breytinga, sem þá voru gerðar á stefnu í landbúnaðarmálum, hafi verið lyft Grettistaki í sveitum landsins og framfarir orðið giftusamlegar og miklar í þá átt að bæta afkomu fólksins, sem í sveitum býr, og einnig um leið að bæta landið sjálft. Sú stefna, sem þá var tekin upp, hefur þannig að veigamiklu leyti gefist vel. Raunar gafst hún ágætlega þann áratug a. m. k. og hefði að líkindum gefist vel enn ef ekki hefðu orðið breytingar í þjóðfélaginu og ýmiss konar þróun þjóðfélagsmála sem þá var ekki hægt að sjá fyrir. Þessar breytingar eru þessar helstar.

Í fyrsta lagi: Fjölgun þjóðarinnar hefur orðið til muna minni á þessum áratug einkanlega og raunar nokkuð á síðasta áratug einnig heldur en allar spár stóðu um á áratugnum 1950—1960 og fram yfir 1960.

Í öðru lagi: Neysluvenjur þjóðarinnar hafa breyst. Nýjar framleiðsluvörur hafa komið til sögu. Nokkuð hefur dregið úr neyslu mjólkurvara og jafnvel kindakjöts, miðað við mannfjölda, og um leið hefur hitt gerst, að þjóðfélagsbreytingar hafa hnigið í þá átt að Íslendingar stunda miklu meiri ferðalög erlendis nú um skeið heldur en áður var, þannig að segja má að í raun sé alltaf nokkur hluti þjóðarinnar í öðrum löndum og neyti því ekki íslenskra búvara.

Í þriðja lagi, og er það veigamest, hefur verðlagsþróunin í landinu orðið þessari framleiðslugrein ákaflega óhagstæð og þá um leið samspilið á milli verðlagsþróunar innanlands og verðþróunar og efnahagsaðgerða í nálægum löndum, helstu viðskiptalöndum okkar. Þetta hefur leitt til þess að framleiðsla, sem hefur haldið áfram að vaxa, hefur ekki selst að fullu á innlendum markaði og erlendir markaðir hafa orðið þrengri og óhagstæðari vegna þess misvægis sem orðið hefur í verðlagsþróun innanlands og verðþróun á erlendum mörkuðum. Allt hefur þetta svo leitt til þess, að nú er svo komið að framleiðslumál landbúnaðarins eru komin í nokkrar ógöngur og verðlagningar- og verðtryggingarkerfi landbúnaðarins er í raun og veru sprungið. Þetta lýsir sér í því, að birgðir mjólkurafurða hafa safnast upp. Um síðustu áramót voru birgðir í landinu af smjöri 1331 tonn og birgðir af osti og mjólkurmjöli um 1300 tonn, og framleiðsla þessa verðlagsárs verður það mikil að talið er að hvergi nærri dugi sú verðtrygging sem framleiðendur búvöru eða bændastéttin á í raun rétt á samkv. gildandi lögum. Skortir þar á, að talið er, rúma 5 milljarða kr. Þann halla þurfa bændur að taka á sig, nema til komi aukin aðstoð ríkisvaldsins í einhverju formi, sem er þá umfram það sem núgildandi lög gera ráð fyrir. Þetta sýnir að núverandi kerfi í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðarins er nú fjær því en nokkru sinni að tryggja kjör bændastéttarinnar annars vegar og að hafa nokkra stjórn á framleiðslunni hins vegar. Það er því augljóst að þessi mál þarf að taka fastari tökum, nýja stefnu verður að marka til þess að bregðast við þessum vandamálum.

Samtök bænda og ýmsir forustumenn bændasamtakanna hafa sýnt á því mikinn skilning, að nauðsynlegt sé að breyta um stefnu og taka upp nýja hætti í þessum efnum. Þar hafa komið fram ýmsar hugmyndir sem hafa mjög auðveldað leitina að þeirri leið sem hyggilegast sýnir að fara um stefnumörkun til frambúðar í þessum málum. Það er þó hvergi nærri hægt að ætlast til þess, að bændasamtökin eða bændur einir leysi þessi mál. Þessi mál verða að koma til kasta Alþingis. Alþingi verður að marka stefnuna.

Ég vil einnig taka það fram, að það er skoðun mín að ný stefna í landbúnaði sé grundvallarundirstaða þess að taka á þeim vandamálum sem nú blasa við og kalla má tímabundinn vanda búvöruframleiðslunnar, því að ef þjóðin í heild sér að Alþingi fellst á að taka upp nýja stefnu sem miðar, eins og ég hef þegar sagt, við hagsmuni alþjóðar, þá er hægt að ætlast til þess, að komið sé í auknum mæli til liðs við bændur í þeim miklu vandamálum sem þeir standa nú frammi fyrir.

Ég vil sem innskot í ræðu mína, hæstv. forseti, láta þess getið, að ég hefði talið mjög æskilegt að hæstv. landbrh. gæti verið við þessa umr., þar sem um veigamikið mál er að tefla, og vildi láta athuga hvort hægt væri að verða við því. Hér er enginn hæstv. ráðh. í salnum. Ef unnt væri að athuga hvort hæstv. landbrh. gæti verið við umr., þá væri mér þökk á því.

Það má segja að sú stefna, sem fylgt hefur verið á áratugnum frá 1960—1970 og raunar enn í dag hafi verið framleiðslustefna og að ýmsu leyti haft í för með sér tæknibyltingu, örar framfarir og mikla framleiðni í landbúnaði. Hún eigi ekki að fullu við lengur án breytinga. Réttara væri að kalla þá stefnu, sem er boðuð í þessari till. og nauðsynlegt er að taka upp, sjálfsbjargarstefnu, — stefnu sem miðar að því að nýta sem best þau tækifæri sem gefast heima fyrir, án þess að keppa um of eftir aukinni framleiðslu.

Sú till., sem hér er flutt, er flutt til þess að mæta þessum nýju viðhorfum. Till. er nokkuð viðamikil og greinist í aðalatriðum í tvennt: Í fyrsta lagi í grundvallaratriði sem eru í 7 tölul., — grundvallaratriði sem ég tel nauðsynlegt að Alþ. lýsi yfir sem stefnu sinni að það vilji að séu í heiðri höfð. Þessi grundvallaratriði eru í sjálfu sér ekki öll ný. En ef þau eru ekki staðfest af Alþ. og ekki er vilji fyrir því að þau verði virk, þá er landbúnaðinum að mínum dómi mikil hætta búin og mikil hætta á að afdrifarík röskun verði í íslensku þjóðfélagi. Ég vil leyfa mér að rekja í stórum dráttum þessi grundvallaratriði og legg á þau þunga áherslu:

1) Treyst verði sjálfseignarábúð bænda á jörðum og eignarréttur einstaklinga og sveitarfélaga á landi og hlunnindum verndaður. Þetta grundvallaratriði tel ég ekki þurfa mikilla útskýringa við, en ég tel þó að í því felist kjölfesta landbúnaðarins.

2) Unnið verði markvisst að aukinni hagkvæmni í landbúnaðinum ásamt fjölbreytni í framleiðslu og fullvinnslu búvara. Það er nauðsynlegt að við þær aðstæður, sem nú eru, að leggja sem allra þyngsta áherslu á aukna hagkvæmni ásamt fjölbreytni í framleiðslu búvara. Þetta markmið er hægt að styðja með mörgum samverkandi aðgerðum, m. a. með því að beina rannsókna- og leiðbeiningastarfsemi ýmissa stofnana landbúnaðarins að þessum þætti í vaxandi mæli og leitast þannig við að tryggja að við tökum upp í vaxandi mæli það sem ég kallaði sjálfsbjargarstefnu, að vinna að bættri og aukinni fóðuröflun með aukinni votheysgerð og bættri súgþurrkun, nýjungum í sambandi við fóðrun búfjár, e. t. v. nýjum rannsóknum á nýtingu búfjáráburðar, nýjum rannsóknum og framkvæmdum í endurvinnslu túna o. s. frv. Þessir þættir verða allir til þess að bæta og auka heimafenginn bagga, en gamalt máltæki segir: Hollt es heima hvat. Þau orð standa enn í gildi, ekki síst þegar því

eru mikil takmörk sett hvað unnt er að ganga langt í því að reyna að drýgja tekjurnar með aukinni framleiðslu.

3) Landbúnaðinum verði búin þau skilyrði að unnt sé að tryggja bændum sambærileg lífskjör og aðrar fjölmennar stéttir þjóðfélagsins búa við. Þessa grein þarf vitaskuld að skilgreina mun betur í löggjöf, og svo er um margt af því sem er í þessari till. Þar er t. d. eðlilegt að verði skilgreint hvaða viðmiðun eigi að nota þegar talað er um fjölmennar stéttir. Ég hallast að því, að það eigi að keppa að því að vel rekið meðalbú eigi að geta skilað þeim tekjum sem að er keppt, þ. e. tekjum sem eru sambærilegar við það sem fjölmennar atvinnustéttir aðrar í þjóðfélaginu hafa. Eðlilegt er að það kerfi verði byggt þannig upp að dugnaður og umfram allt hagsýni fái notið sín í auknum mæli.

4) Framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við það, að ávallt verði fullnægt þörfum þjóðarinnar fyrir neysluvörur og hráefni til iðnaðar. Auk þess verði tekið fullt tillit til þjóðhagslegs gildis þeirra atvinnutækifæra annarra sem landbúnaðarframleiðslan veitir. Augljóst er að landbúnaðarframleiðsluna má ekki einvörðungu miða við neyslu þjóðarinnar, heldur þarf einnig að gefa gaum að þeim þætti sem er fólginn í því, að landbúnaðarframleiðslan er grundvöllur helstu iðnaðarframleiðslu okkar úr innlendum hráefnum fyrir utan fiskiðnaðinn. Einnig þarf að líta á þjóðhagslegt gildi þeirra atvinnutækifæra sem landbúnaðarframleiðslan veitir. Kem ég nánar að því síðar.

5) Tryggð verði í megindráttum núverandi byggð í sveitum landsins. Komið verði í veg fyrir miklar sveiflur í landbúnaðinum sem gætu valdið óvæntri búseturöskun, og til þess nýttir allir hagrænir möguleikar til atvinnu- og framleiðslustarfsemi sem byggjast á nýtingu lands-, vatns- og sjávargæða. Iðnaður og þjónustustarfsemi í sveitum verði aukin. Það er rétt að gera sér grein fyrir því, að ef þau fjögur grundvallarmarkmið, sem rakin eru að framan, verða ekki tryggð, þá verður hæpið að unnt sé að fullnægja því fimmta. Ef sveitafólk getur ekki búið við eðlileg lífskjör, ef eignarrétturinn verður ekki viðurkenndur, ef ekki verður unnið af aukinni hagsýni að búvöruframleiðslunni og ef framleiðsla búvara verður ekki miðuð við hagsmuni iðnaðarins og hagsmuni atvinnu ýmissa þjóðfélagshópa, þá verður erfitt að fullnægja því, að núverandi byggð verði haldið í sveitum landsins. Mikill samdráttur í þessum greinum mundi leiða til þess, að byggðakeðjan um landið mundi rofna.

6) Sveitafólki verði með lögum veitt sambærileg félagsleg réttindi og þorri annarra þegna þjóðfélagsins nýtur. Aukið verði jafnræði í aðstöðu til mennta og í þjónustu opinberra aðila án tillits til búsetu. Með félagslegum réttindum er átt við t. a. m. orlofsmál og annað sem meginþorri þjóðfélagsþegnanna nýtur í dag og ekki hefur enn náð til sveitafólksins. Ef þetta er vanrækt er hætt við að ungt fólk veigri sér við að festa rætur í þeirri atvinnugrein sem ekki getur boðið sambærileg réttindi sem aðrir atvinnuvegir. Fari svo, þá visnar landbúnaðurinn og tærist upp innan frá. Þess vegna er þetta mikilvægt atriði. Enn fremur þarf að auka jafnræði frá því sem nú er að því er varðar opinbera þjónustu til þess að geta nýtt þjónustu opinberra fyrirtækja þannig að ekki sé allt of mikill munur á verði og aðstöðu, eins og nú er í ýmsum greinum.

7) Gætt verði hófsemi í umgengni við landið og náttúru þess. Tryggt verði, svo sem tök eru á, að varðveitt séu sérstök náttúrufyrirbrigði, gróður, dýralíf og hlunnindi. Öllum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru landsins og í því skyni séð fyrir nægilega mörgum opnum svæðum til útivistar, þjóðgörðum og tjaldstæðum. Hér er um grundvallaratriði að ræða sem raunar væri hægt að birta með stefnuyfirlýsingu um ýmsa aðra þætti heldur en landbúnaðarmál. En þetta fer þó hvergi betur en í landbúnaðarstefnu og er staðfesting á því, að bændur og sveitafólk hafa á þessu efni fullan skilning og að nauðsynlegt er að mæta þörfum þjóðarinnar í heild á þessum vettvangi. Þessi grundvallaratriði, sem hér hafa verið rakin, eru í sjálfu sér ekki þess háttar að þau feli í sér ákaflega mikil nýmæli, en þessi grundvallaratriði þarf að staðfesta og Alþ. að lýsa yfir vilja sínum í því, því að verði þeim kastað fyrir róða er hætt við að við getum sparað okkur að ræða þessi mál mikið á næstunni. Núv. sveitabyggð og hagsmunir þess fólks, sem sveitirnar byggir, heyra þá fortíðinni til. Þess vegna eru þessi grundvallarmarkmið alger forsenda fyrir því, að hægt sé að taka á þessum málum.

Miklu meiri nýmæli felast í þeim leiðum sem till. gerir ráð fyrir að farnar verði til þess að ná þessum markmiðum og viðhalda þeim sem sumpart hafa verið viðurkennd. Þessar leiðir eru raktar í 8 stafliðum í tillgr. og eru í þeim veigamikil nýmæli. Þar er í fyrsta lagi lagt til að gerð verði úttekt á þjóðhagslegu gildi svokallaðrar umframframleiðslu í landbúnaði. Þessi úttekt skiptist í tvennt og nái til nautgripaafurða annars vegar og sauðfjárafurða hins vegar. Enn fremur verði metin þýðing aukabúgreina og aukatekna sveitafólks og hvaða skerðingu mætti vænta á þessum þáttum, ef umframframleiðslan félli niður. Rétt er að taka það fram, að það, sem ég kalla hér umframframleiðslu, er sú framleiðsla sem er umfram neyslu þjóðarinnar á búvörum. Í þessari úttekt verði tekið fullt tillit til þeirra tekna sem af þessum hluta búvöruframleiðslunnar spretta, þ. á. m. tekna ríkissjóðs, gjaldeyristekna, tekna ríkissjóðs af gjöldum sem fylgja innflutningi sem fyrir þann gjaldeyri fæst, tekna ríkissjóðs í beinum og óbeinum sköttum af þeim hluta framleiðslunnar og úrvinnslu hennar sem hér um ræðir, en auðvitað á móti þau útgjöld ríkissjóðs og gjaldeyriseyðsla sem þessari framleiðslu eru bundin. Í úttekt þessari verði einnig metinn þáttur umframframleiðslunnar í því að mæta atvinnuþörfum þjóðarinnar, í því að skapa hráefni til iðnaðar og einnig hvaða fjárfestingarkostnaður mundi fylgja uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og nýrra atvinnufyrirtækja annars staðar ef það fólk, sem að þessum hluta framleiðslunnar starfar, þyrfti að leita á ný mið sér til lífsframfæris. Þá mundi einnig hluti þeirrar fjárfestingar, sem þegar hefur verið unnin og lagðir fjármunir í, liggja óbættur hjá garði og ónotaður í sveitum landsins.

Þessa þjóðhagslegu úttekt þarf að vanda. Hana þarf að vinna þannig að fólkið í landinu treysti þeim niðurstöðum sem þar fást. Ég vil segja það hér og hef sagt það áður í þessum ræðustól, að mér sýnast allar líkur benda til þess, að sá hluti úttektarinnar, sem fjallaði um mjólkurframleiðslu eða nautgripaafurðir, mundi sýna að þá framleiðslu er ekki hagkvæmt að hafa mikið umfram innanlandsneyslu. En þegar að þætti sauðfjárframleiðslunnar kemur er það skoðun mín, e. t. v. trú mín, að það mundi sýna sig að meginhluti þeirrar sauðfjárframleiðslu, sem við búum við í dag, sé þjóðhagslega hagstæður. Það eru margir þættir sem valda því og ekki

ástæða til að fara um það mörgum orðum. Það hefur verið rakið úr þessum ræðustól af mér og öðrum. En ef það kynni að koma aftur á daginn að skoðun mín á þessu efni væri ekki rétt, þá væri óhjákvæmilegt að byggðin grisjaðist, þá væri ekki lengur pláss fyrir það fólk, sem starfar að þessari framleiðslu, í sveitum landsins. Og þá er að taka afleiðingum af því. Þá þarf að koma til móts við það fólk, sem verður að flytja sig úr átthögum sínum, frá framleiðslutækjum sínum, frá híbýlum sínum og mannvirkjum til annarra sviða í þjóðfélaginu, og standa undir því að veita því lífsviðurværi þar ásamt persónulegri fjárfestingu.

Það er vandaverk að gera slíka úttekt. En ég legg á það þunga áherslu að þetta verk þarf að vinna. Það hefur ekki verið unnið, því miður, og má merkilegt heita, jafnmikla þýðingu og slík úttekt hlýtur að hafa í allri umr. um landbúnaðarmál, ég tala ekki um stefnuna í því, hvað landbúnaðarframleiðslan eigi að vera mikil. Hér er um algera grundvallarforsendu að ræða fyrir því, að hægt sé að vinna stefnumarkandi í samræmi við þjóðhagslegt mat á því hvað við eigum að framleiða mikið í landinu sjálfu. Þessu verki þarf því að hraða, en það þarf jafnframt að vanda þetta verk. Það er auðvitað nauðsynlegt að slík úttekt sé tiltölulega ört í endurskoðun, vegna þess að ég ætlast til að úttekt af þessu tagi verði að nokkru lögð til grundvallar við að ákveða framleiðslumagn og verðtryggingu á tilteknu framleiðslumagni.

Í öðru lagi er hér lagt til, að teknir verði upp beinir samningar milli fulltrúa bænda og ríkisvaldsins. Í þeim samningum verði í fyrsta lagi samið um verð á búvöru, sem miðist við það að framleiðsla tiltekins meðalbús geti skilað þeim tekjum sem að var keppt í 3. tölul. sem ég rakti hér að framan, sem sé að bændur og sveitafólk gæti haft tekjur sem séu sambærilegar við tekjur annarra fjölmennra atvinnustétta í þjóðfélaginu. Enn fremur verði samið um verðtryggingu ríkisins á tilteknu heildarframleiðslumagni í ákveðnum búgreinum, — þeim búgreinum sem nauðsynlegt þykir að verðtryggja. Þar verði höfð til leiðsagnar sú úttekt á hagrænu gildi umframframleiðslunnar sem ég gerði hér að umtalsefni í næsta lið á undan.

Hér er um algert nýmæli að ræða og breytingu á því verðtryggingakerfi sem landbúnaðurinn býr við, sem er, eins og kunnugt er, að útflutningsbætur eru með þeim hætti að þær geti orðið sem svarar 10% af heildarframleiðslumagni búvara. Það þýðir það, að eftir því sem framleiðsla vex í landinu, jafnvel þó að það sé þjóðhagslega hagstætt, þá vaxa útgjöld ríkisins í útflutningsbótum. Ef bændur leggja hart að sér og taka á sig tekjuskerðingu til að draga saman framleiðslu, þá fá þeir þeim mun minna frá ríkinu í útflutningsbótum. Það eru því a. m. k. vissir vankantar á því kerfi sem við búum við, fyrir svo utan það að það er sprungið og úr samhengi við það ástand, sem við búum við í dag, og væntanlega við það ástand, sem við viljum keppa að til þess að fullnægja því markmiði að haga framleiðslumálum í samræmi við þjóðhagsleg markmið. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að útflutningsbótakerfið falli inn í slíka samninga. En það er sleginn varnagli, að því verði ekki kastað þannig, það megi ekki draga það mikið saman verðtryggingu búvara að sá verðtryggingarréttur, sem við eigum eftir núgildandi kerfi, verði a. m. k. ekki virkur í 4—5 ár. Samninga um þessi efni, verðtryggingu og verð eða a. m. k. um verðtryggt framleiðslumagn þarf að gera til 3—5 ára í senn og endurskoða árlega til þess að hægt sé að koma við breytingum sem talið er nauðsynlegt að gera á framleiðslumagninu til þess að nálgast þjóðhagslegt mark á nokkrum árum. Þetta gerist þannig að bændastéttin og úrvinnslufyrirtæki fái tóm til aðlögunar. Ef t. d. framleiðslu þarf að draga saman — við skulum segja í mjólkurframleiðslunni um 15—20%, þá gerist það á nokkrum árum og það sé vitað fyrir fram að hverju stefnt er. Þannig gefst tóm til aðlögunar og hægt að mæta því án þess að sársaukafullar breytingar verði.

Það má segja, að í þessum tveimur liðum felist meginbreytingar á stefnunni, miðað við það sem ríkt hefur. Mér er ljóst að ýmsir fleiri hafa boðað stefnu um samninga á milli ríkis og bænda um verð. En ég hef ekki rekist á það, að aðrir hafi sett fram till. um að semja um verðtryggingu á tilteknu heildarmagni búvöru eftir vissum framleiðslugreinum, en það er að mínum dómi forsenda fyrir því, að hægt sé að ná einhverri stjórnun á þessum málum. Það er hægt að setja upp áætlanir og markmið á pappírnum, en ef þeim áætlunum eða markmiðum er ekki fylgt eftir með raunhæfum hætti, ekkert stendur á bak við slíkar áætlanir, þá er hætt við að þær verði pappírsgagn eitt. Þess vegna er nauðsynlegt að verðtrygging ríkisins verði til þess að staðfesta þau markmið sem við viljum keppa að og ef um miklar breytingar þarf að vera að ræða á framleiðslumagni, þá séu þær breytingar gerðar á nokkrum árum þannig að tóm vinnist til að koma þeim fram án þess að of mikil röskun fylgi.

Í þeim liðum, sem hér eru á eftir, er fjallað um allmörg þýðingarmikil atriði. Í fyrsta lagi er því slegið föstu, að nauðsynlegt sé að grípa til sérstakra aðgerða, t. d. byggðaáætlana, til þess að viðhalda eða efla byggð á tilteknum landssvæðum og það sé hlutverk þjóðarheildarinnar. Ber þá að ætla til þess fé á fjárl. að svo miklu leyti sem um bein fjárframlög verður að ræða. En verði framleiðsluaukning vegna slíkra beinna aðgerða ríkisvaldsins hækki sjálfkrafa umsamið verðtryggt heildarframleiðslumagn búvara sem því nemur, þannig að ef gripið er til einhverra sérstakra aðgerða ríkisvaldsins, t. a. m. á Ströndum, Hólsfjöllum eða einhverjum slíkum landshlutum, til viðhalds byggð eða eflingar byggð og þær aðgerðir leiða til aukinnar búvöruframleiðslu, þá taki ríkisvaldið ábyrgð á því með aukinni verðtryggingu. Ef ríkisvaldið er í samningum við bændur búið að setja upp 3—5 ára áætlun í samning um t. a. m. minnkandi framleiðslumagn, og fer svo að verja fjármagni á einhverjum sérstökum stöðum til þess að auka framleiðslumagn, þá er algert ósamræmi í slíku. Í mörgum greinum þarf að haga landbúnaðarstefnunni þannig að eitt rekist ekki á annars horn, heldur sé um samræmi í aðgerðum að tefla.

Það skal tekið fram, að í ýmsum greinum er hægt að efla eða styðja byggð í landinu án þess að aukið framleiðslumagn fylgi, t. a. m. í samgöngumálum, raforkumálum, eflingu nýrra atvinnugreina sem ekki eru á sviði hefðbundinnar búvöruframleiðslu o. s. frv., o. s. frv. (**Forseti:** Vegna fyrirhugaðs fundar í Nd. vil ég spyrja hv. ræðumann, hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni og gæti þá, ef svo væri, fallist á að fresta henni senn.) Ég er langt kominn með ræðuna. (**Forseti:** Þá heldur ræðumaður áfram og lýkur ræðu sinni.)

Þá er hér fjallað um ríkisbúin. Ef framleiðsla þykir of mikil í landinu er eðlilegt að þess sé gætt, að bústofn

ríkisbúa sé í nokkru lágmarki. Þess verði þá jafnframt gætt, að þau geti gegnt hlutverki sínu á sviði tilrauna, kynbóta og verkmenntunar fyrir búfræðinám. Gert er *ráð fyrir að tekið sé til athugunar hvort ekki sé hægt að* flytja hluta af hlutverki ríkisbúanna til einstakra bænda, enda mundi það þá vera flutt í raunverulegt búskaparumhverfi. Ég hef áður í þessum ræðustól vikið að ríkisbúunum og tel að framleiðslu þeirra megi draga saman í nokkrum mæli, og hlýtur það að haldast í hendur við þá *stefnu sem mörkuð verður, að ríkið sé ekki að halda uppi* framleiðslu umfram þarfir sem verður síðan til að auka á erfiðleika bændastéttarinnar. Þess er þó rétt að geta og ítreka, að ríkisbúin hafa veigamiklu hlutverki að gegna, — hlutverki sem ekki má kasta fyrir róða og gæta þess að sé rækt, en ég tel að framleiðsla þeirra og bústofn séu óþarflega mikil eins og nú er.

Þá er í till. vikið að markaðsmálum landbúnaðarins. Lagt er til að gert verði nýtt og öflugt átak í markaðsmálum. Þess verði freistað svo sem kostur er að ná samningum við stjórnvöld í helstu viðskiptalöndum okkar um að fá fellda niður innflutningstolla af íslenskum landbúnaðarafurðum. Það er gert m. a. í tengslum við aðra viðskiptasamninga. Þetta verk verður að færast á herðar ráðh. í ríkisstj. Íslands. Þetta hlutverk er ekki á færi markaðsnefndar landbúnaðarins, enda þótt hún geti unnið að mörgum öðrum þáttum markaðsmála, eins og hún hefur gert, og ég ætla að hún hafi unnið gott starf. Ekki síður þarf að huga að innlenda markaðnum og vinna að því að auka fjölbreytni í vinnslu landbúnaðarafurða í því skyni að mæta þörfum markaðarins innanlands og huga að því að mæta t. a. m. breyttum þjóðfélagsháttum, sem m. a. lýsa sér í því, að nú er mikill fjöldi húsmæðra í landinu útivinnandi og hefur lítinn tíma til að sinna matargerð í matartíma. Þess vegna þarf að mæta þörfum þessa fólks með því að hafa á boðstólum fljótgerða rétti sem reiða má fram á örskömmum tíma. Hér er mikið verk óunnið, að ég ætla, hvað markaðsmálaþáttinn snertir, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Í þessum lið er bent á nokkra þætti til þess að auka hagkvæmni í búrekstrinum og skal ég ekki gera þá frekar að umtalsefni, vegna þess að ég hef þegar vikið nokkuð að þeim þáttum í sambandi við grundvallaratriðin.

Í g-lið er fjallað um lánamál. Þar er lagt til, að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði tryggður öruggur fjárhagsgrundvöllur og með lánveitingum úr deildinni verði m. a. auðvelduð eigendaskipti á jörðum. Meginefnið er þó það, að þessum og öðrum lánveitingum deildarinnar sem og annarra lánasjóða landbúnaðarins verði hagað þannig að það samrýmist þeim markmiðum í framleiðslumálum og byggðamálum sem lýst hefur verið hér að framan og samið kann að verða um í samningum milli fulltrúa ríkisvalds og bænda. Lagt er til að rekstrarlán til landbúnaðarins verði hækkuð og afurðalán miðuð við það, að bændur fái sem svarar 90% af umsömdu verði þegar eftir afhendingu afurðanna. Tollar og sölugjöld af rekstrarvörum til landbúnaðar verði eigi hærri en gerist hjá öðrum höfuðatvinnugreinum þjóðarinnar. Eðlilegt er að innheimta ríkisins af slíkum vörum sé í sem allra mestu jafnræði á milli einstakra atvinnugreina en á það skortir nokkuð eins og nú standa sakir.

Í 8. og síðasta lið þessara leiða, sem bent er á til þess að ná þeim markmiðum sem í upphafi voru rakin, er fjallað um lagabreytingar. Það er augljóst að breyta þarf framleiðsluráðslögum. Sumum öðrum þáttum landbúnaðarlöggjafarinnar kann að þurfa að breyta að einhverju leyti þannig að þeir lagabálkar samrýmist þeirri stefnu sem hér hefur verið rakin. Meginefnið er þó að lagabreytingarnar verði þannig að allir þættir landbúnaðarlöggjafarinnar og um leið allar stofnanir landbúnaðarins vinni með þeim markmiðum sem hér eru boðuð, — þeim framleiðslumarkmiðum, hagkvæmnimarkmiðum og byggðamarkmiðum, — og um leið að samræmi sé í *starfsemi þessara stofnana og þeim atriðum sem samið* kann að verða um á milli ríkisvalds og bænda. Þetta er ákaflega þýðingarmikið og ber að hafa það mjög ríkt í huga við útfærslu á þessari stefnu.

Ég hef þá lokið við að rekja þau stefnuatriði sem í þessari till. felast. Það er auðvitað fjarri því, þótt þessi till. sé yfirgripsmikil, að hún nái til allra þeirra þátta sem landbúnaðarmálin snerta. Í þessari till. er t. a. m. ekki fjallað um þann tímabundna vanda sem við stöndum nú frammi fyrir, en eins og ég hef þegar sagt er nauðsynlegt að ný stefna sé mörkuð, — stefna sem vinnur að því að ná tökum á þeim vandamálum sem við eigum nú við að etja, — stefna sem hefur þau markmið, að landbúnaðarframleiðslan miðist við hagsmuni þjóðfélagsins. Gerð sé raunhæf úttekt á þjóðhagslegu gildi þessarar framleiðslu. Þegar því verki er lokið og þegar stefnan hefur verið staðfest af Alþ., þá er a. m. k. hægt að ætlast til þess, að því bráðabirgðaástandi, sem varir þangað til stefnan er farin að verka, verði mætt með auknum framlögum, með því að létta byrðarnar sem ella munu falla á bændur af fullum þunga. Við höfum rætt þau mál nokkuð undanfarið, og ég efa ekki góðan vilja ýmissa afla hér innan Alþ. til þess að rétta hlut bænda nokkuð í þessum efnum. Þó hefur ekkert það komið fram sem sannar að þarna verði tekið á málum. Þess vegna þarf að mínum dómi að staðfesta þá stefnu sem hér er boðuð, og ætla ég þá að auðveldara reynist að fá nægilegt fylgi við það að taka á þeim vanda sem nú er augljós og hart brennur á baki landbúnaðarins.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta meir. Ég vænti þess, að þó nokkuð sé áliðið þings hljóti þessi till. afgreiðslu. Er þess full þörf, eins og ég hef rakið. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði umr. frestað og málinu vísað til hv. atvmn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 72. fundur.

Fimmtudaginn 5. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Söluskattur, frv. (þskj. 429). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Hefting landbrots, frv. (þskj. 474). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 7, n. 431 og 437, 430, 436). — Frh. 2. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið hér til nokkurrar umr. að undanförnu og komið fram margvísleg sjónarmið varðandi afgreiðslu á því og enn fremur brtt. Það voru látin þau orð falla, að ráðh. ættu ekki að setja lög með reglugerðum. Í því sambandi er ekki úr vegi að rifja upp hvernig þetta hefur verið að undanförnu.

Árið 1972 var þannig frá þessum málum gengið, að ráðh. hafði með alla úthlutun gengismunarsjóðsins að gera og um að fjalla. Voru engin ákvæði í þeim lögum um það, hvernig skipta skyldi fénu, og ráðh. fór einfarið með það vald, þannig að það mundi þá frekar eiga við varðandi þessa ráðstöfun 1972 að þar hafi ekki verið sett lög, heldur hafi það verið ákvörðun ráðh. eins hvernig með þetta fé skyldi farið.

Það hefur líka verið talað um að þeir fjármunir, sem hér var um að ræða, mættu alls ekki fara í að greiða rekstrarskuldir. Ég hef hins vegar gert grein fyrir því og gert ráð fyrir því, að hluti af þessu fé færi til fjárhagslegrar endurskipulagningar, og þannig hefur verið frá málunum gengið í þeirri reglugerð sem ríkisstj. hefur samþykkt og sett um þetta efni og ég fyrir hennar hönd. Líka varðandi þetta atriði eru fordæmi fyrir hendi. Í brbl. um ráðstafanir í sjávarútvegi og ráðstöfun gengishagnaðar frá árinu 1974 er sérstaklega tekið fram í 9. gr., í c-lið, að fé af þessu tagi skuli varið til þess að greiða fram úr greiðsluvandræðum fiskvinnslufyrirtækja sem átt hafa í erfiðleikum á árinu 1974. Í lögum frá 31. des. voru taldir upp ýmsir liðir, en eftirstöðvar settar til ráðstöfunar samkv. nánari ákvörðun sjútvrh. Þar var um verulega fjárhæð að ræða, þannig að ég tel líka að í þeim efnum sé um fordæmi að ræða.

Það, sem kannske er nærtækast í þessum efnum, er hins vegar frv. til l. frá því að gengisbreyting var gerð í febrúarmánuði 1978, og má segja að það frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, sé að öllu leyti sniðið eftir því frv. Í því frv. er ráðstöfunin nákvæmlega eftir því mynstri sem hér er gert ráð fyrir. Í því frv. er gert ráð fyrir, að 65% fari í Verðjöfnunarsjóð og 35% af því, sem kemur í gengismunarsjóðinn, skuli varið að hluta til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og að hluta til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa. Prósentutölurnar eru nokkuð aðrar, en formið er nákvæmlega það sama. Og eins er í 4. gr. gert ráð fyrir að ríkisstj. setji reglugerð um framkvæmd þessara laga. Ég tel þannig að undanfarandi ríkisstj., sem allir þingflokkar hafa átt aðild að og þá m. a. fulltrúar þá þeirra þingflokka sem hafa verið að gagnrýna þetta mál, hafi einmitt farið þá leið sem hér er farin. Er því ekki verið að fara inn á neina nýja braut. Farið hefur verið eftir sama mynstri og það sem nýjast er í þessum efnum.

Það hefur verið talað um að ekki mætti fara fé í að greiða rekstrarskuldir. En ég held að það sé augljóst mál, að það sé nauðsynlegt að tryggja hinn fjárhagslega grundvöll áður en lagt er í tæknilegar endurbætur. Það, sem gert er hér, er að það er opinskátt sagt að þetta þurfi að gera, enda mun reynslan hafa verið sú, að þar sem nefnd voru hagræðingarlán og áttu að fara til tiltekinna verkefna, þá fóru þau ekki til þeirra nema að mjög takmörkuðu leyti vegna þess að rekstrargrundvöllurinn var ekki fyrir hendi, hin fjárhagslega undirstaða var ekki nægilega traust.

Ég held að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um stöðu frystihúsanna, þegar þessi lög voru sett, og nauðsyn þess að treysta hinn fjárhagslega grundvöll þeirra. Það hefur verið starfað á þessum grundvelli. Ég leyfi mér að segja, að undirbúningur hafi verið vandaður. Það var þegar í upphafi skipuð n. til þess að safna gögnum um stöðu frystihúsanna og líta á hina tæknilegu hlið jafnóðum og hún hefur skilað áliti, sem síðan fór til frekari úrvinnslu hjá þeim aðilum sem hafa með þessi mál að gera. En eins og kunnugt er er það Fiskveiðasjóður sem sér um úthlutunina sjálfa að því er varðar það hagræðingarfé sem hér er um að ræða, og hins vegar er það Byggðasjóður vegna sérstakrar fjárveitingar sem gert er ráð fyrir honum til handa í þessum efnum. Niðurstaðan varð sú að skipta þessu verkefni að því er varðar fjárhagslega endurskipulagningu á þessa aðila sem ég nefndi: á Fiskveiðasjóð að því er varðaði gengismunarféð, á Byggðasjóð að því er varðaði hans hluta, á viðskiptabankana að hluta og loks á sveitarfélögin.

Það, sem hér er um að ræða, eru um 2000 millj. kr. í heild og þar af eru 500—700 millj. kr. sem koma í hlut gengismunarsjóðs, um 660 millj. kr. í hlut Byggðasjóðs og síðan er viðskiptabönkunum ætlað að bera tæpar 600 millj. kr. og sveitarfélögunum um 240 millj. kr., eins og staða málsins er úr höndum þessa starfshóps. Það hefur sem sé verið lögð áhersla á samvinnu allra þessara aðila til þess að ná sem bestum heildarárangri. Augljóslega skiptist þetta fé víðs vegar um landið. Staða fiskvinnslufyrirtækja er misjöfn og það á við í öllum landshlutum. Ég tel að það hafi verið reynt að tryggja með þessum hætti að það væri einungis takmarkaður hluti þessa fjár sem færi til fjárhagslegrar endurskipulagningar, það væri reynt að tryggja samvinnu allra þeirra aðila sem inn í þetta dæmi kæmu. En það að halda hinum fjárhagslega þætti í skefjum byggist auðvitað á nauðsyn þess, að sem drýgstur hluti geti farið í hinar tæknilegu endurbætur sem verða að teljast mjög nauðsynlegar.

Það hafa komið fram nokkrar brtt. við þetta frv. til laga. Ég hef í rauninni gert nú þegar grein fyrir afstöðu minni til einnar þeirra, sem fjallar um það að óheimilt sé að veita lán til greiðslu rekstrarskulda, eins og það er orðað, þó að það sé náttúrlega ekki nákvæm skilgreining. Ég tel að það sé nauðsynlegt, að það verði mögulegt að verja hluta af þessu fé til fjárhagslegrar endurskipulagningar, — það hafi verið gert áður og sé ekki síður nauðsynlegt nú.

Önnur brtt. fjallar um það, að í stað þess að verja sérstökum fjármunum til að auðvelda útvegsmönnum að hætta rekstri úreltra fiskiskipa skuli þessir fjármunir renna í Aldurslagasjóð. Um þetta er það að segja, að meginhugmyndin með þessum ákvæðum, sem sett eru í

reglugerðina, er að sjóðnum verði beitt til þess að stuðla að því að ekki verði lagt í miklar og kostnaðarsamar endurbætur á skipum sem fjárhagslega a. m. k. væri hagkvæmara að hætta rekstri á, og það verður þá að líta á þennan sjóð sem viðauka eða frekara framhald af Aldurslagasjóði fiskiskipa. Ég skrifaði sjómannasamtökunum og L. Í. Ú. á sínum tíma varðandi þennan sjóð, og það kom umsögn frá L. Í. Ú. um þetta atriði, þar sem stjórn L. Í. Ú. er sammála um þann tilgang sem kemur fram í bréfi mínu til stjórnarinnar um ráðstöfun á fé úr sjóðnum og ég rakti hér áðan. Og þar er einmitt bent á það, að með tilvísun til þess að bætur úr Aldurslagasjóði eru bundnar ákveðinni krónutölu á rúmlest skips, þá sé nauðsynlegt að binda ekki bætur af gengismunarfé með sama hætti, því að nokkur sveigjanleiki sé nauðsynlegur þegar semja þurfi við skipseiganda um hvort hann leggur skipi sínu eða lætur framkvæma meiri háttar lagfæringar á skipinu.

Ég hef starfað í samræmi við þetta og bendi á að lög um Aldurslagasjóð binda allverulega hendur manna í þessum efnum. Það eru margvísleg skilyrði fyrir bótum og það er jafnframt tekið fram, að bætur verði ekki greiddar að fullu fyrr en bolnum hefur verið eytt. Hitt er þó augljóst, að bæði þessi sjóður, sem hér um ræðir og ég hef skipað sjóðsstjórn í, og Aldurslagasjóðurinn gegna sama hlutverki og má vel vera að það megi samræma þetta síðar, en ég tel að á þessu stigi sé eðlilegt og sjálfsagt að samþykkja lögin eins og frá þeim hefur verið gengið og án þess að binda hendur með sama hætti og gert er að því er Aldurslagasjóðinn varðar.

Loks hefur komið fram till. um það, að áður en fé komi til skipta skuli greiða ákveðna upphæð til Lífeyrissjóðs sjómanna og til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur sjómanna og enn fremur ákveðna upphæð til orlofshúsa sjómannasamtakanna. Samkv. till. er gert ráð fyrir 175 millj. kr. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur, sem renni til Lífeyrissjóðs sjómanna, og þá 25 millj. til orlofshúsa sjómannasamtakanna. Ég tel að þessi till. sé í sjálfu sér að mörgu leyti góðra gjalda verð. En í þessu sambandi er á það að benda, að í þeim lögum, sem sérstaklega voru höfð sem fyrirmynd við þá lagasetningu sem hér er til umr. og varðar gengisbreytinguna frá því í febr. 1978, var ekki gert ráð fyrir neinu slíku. Ef mig misminnir ekki var það einmitt hæstv. fyrrv. sjútvrh., hv. þm. Matthías Bjarnason, sem hélt því fram, að þetta hefði ævinlega verið gert, en þessi lög eru þó frá stjórnartíma hans. Ég sagði að ég gæti í sjálfu sér tekið undir það sjónarmið sem felst í þessari till. Hins vegar verðum við að líta á það annars vegar, að þessir sjóðir hafa styrkst mjög á undanförnum árum, og hvað eina sem við tökum til greiðslna í þessa sjóði mun skerða möguleikana til þess að sinna öðrum verkefnum. Ég held líka að í þessu sambandi væri þá ekki síður ástæða til þess að verja ákveðinni fjárhæð til öryggismála sjómanna og það sé ákaflega áhugavert og mikilvægt verkefni. Ég er þess vegna fyrir mitt leyti tilbúinn að flytja till. um nokkurt framlag til þessara þriggja þátta, þannig að samtals komi um 100 millj. kr. til þessara þriggja þátta og þá 75 millj. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur, sem greiðist Lífeyrissjóði sjómanna, og 15 millj. til orlofshúsa sjómannasamtakanna, en enn fremur 10 millj. til öryggismálasjóðanna samkv. nánari ákvörðun sjútvrh. og samgrh., en eins og kunnugt er heyra öryggismálin undir samgrh.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég er sem sagt með till. um þetta atriði. Að öðru leyti get ég ekki fallist á þær hugmyndir, sem hér hafa komið fram, né heldur tel ég að sú gagnrýni, sem komið hefur fram, eigi við rök að styðjast. Ég tel að allur undirbúningur þessa máls hafi verið eins góður og hægt er að ætlast til og leitast hafi verið við að sjá til þess, að úthlutun þessara fjármuna væri á faglegum grundvelli og í annan stað að það væri takmörkuð fjárhæð sem færi til hinnar fjárhagslegu endurskipulagningar, en reynt að halda í sem stærstan hluta í tæknilega þáttinn, sem ekki er síður mikilvægur, þó að augljóst sé að hinn fjárhagslegi grundvöllur verði að vera traustur til þess að treysta atvinnuöryggi á hverjum stað og það hafi verið nauðsynlegt að hafa nokkra fjármuni til ráðstöfunar til að ná þeim árangri sem nauðsynlegur er til að treysta hinn fjárhagslega grundvöll, enda margvísleg fordæmi fyrir hendi í þeim efnum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. lýsti skoðun sinni á þeim brtt., sem fyrir liggja, og lýsti jafnframt yfir að þá brtt., sem ég flyt við þetta frv. ásamt fjórum öðrum þm. varðandi framlag til Lífeyrissjóðs sjómanna, er hann tilbúinn að gera að eigin till., en fá hluta af þeirri upphæð til öryggismála sjómanna. Ég óska eftir að fá frekari skilgreiningu frá honum á því, hvað hann ætlast til með þeirri upphæð til öryggismála sjómanna. Ég hygg að ef það á að vera almennt til fiskiskipaflotans til að bæta öryggi fiskiskipa sé um hlægilega upphæð að ræða, en ef það á að standa undir n., þá nægir það til þess. En ég held að það sé alveg nóg fyrir um það, hvernig öryggismálum sjómanna á að stýra, svo að ekki þurfi á því að halda. Ef þetta á að vera til þess að gera, skip fullkomnara, öruggara og annað slíkt, þá er auðvitað um það að ræða að útvegsmenn eiga að fá lán til þeirra hluta í sínum stofnlánasjóði.

Ég sé ekki að það eigi beint að hverfa frá þeirri till. sem við flytjum, þess efnis, að sjómenn fái hluta af gengishagnaðinum og það óverulegan hluta til sérmála sinna. Það er ekki sjómanna að kosta breytingar á skipum í öryggisskyni. Það er ekki þeirra mál. Það er auðvitað útgerðar og það er stjórnvalda að sjá um að öryggismál séu í heiðri höfð, svo að ég skil ekki ástæðu til þessarar breytingar.

Hæstv. ráðh. virtist vera mjög glaður, af því að umr. var frestað fyrir nokkrum dögum, að hafa getað flett upp í lögum frá 1978 þar sem engu af gengishagnaði er varið nema til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og til að greiða til hagræðingar fyrir frystiiðnaði og létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa. Þetta er rétt hvað snertir þetta frv. um gengisbreytinguna og samþykkt frv. frá 1978, enda voru, ef ég man rétt, óverulegar birgðir sjávarafurða á þeim tíma í landinu miðað við það sem er nú. En ég vil minna á það, að 1974 er gert gengisbreyting um haustið og Alþ. gengur frá samþykkt um ráðstöfun gengishagnaðar 19. des. 1974. Þar er tekið inn framlag til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra, sem fá greiddan lífeyri úr Lífeyrissjóði sjómanna, að vísu smáupphæð þá, en við verðum líka að hafa í huga að verðgildi peninga hefur mjög breyst á þessu tímabili, eða 15 millj., og til orlofshúsa sjómannasamtakanna 11 millj. kr. Síðan kemur aftur 1975 önnur gengisbreyting, og þá eru teknar til Lífeyrissjóðs 75 millj. og til orlofshúsa sjómannasamtakanna 12 millj. Í báðum þessum gengis-

breytingum er sinnt málefnum sjómannastéttarinnar og það með þessum hætti. Og ef við berum saman verðgildi peninga þá og nú, þá eru þessar till., sem við fimmmenningarnir flytjum, um síst hærri upphæð en varið var af gengishagnaði 1975, og frá ráðstöfun þess gengishagnaðar var endanlega gengið á Alþingi 14. maí 1975.

Hvað hefur aftur gerst núna? Það eru gefin út brbl., að mig minnir 6. sept. á s. l. ári og frv. um ráðstöfun gengishagnaðar er hér til 2. umr. í seinni deild 5. apríl 1979. Þar finnum við enga hliðstæðu, og þó að ráðh. fengi nokkra daga til viðbótar þá mundi hann ekki geta fundið neina hliðstæðu fyrir því, hversu erfiðlega, seint og silalega hefur verið gengið í að afgreiða þetta mál.

Það bendir margt til þess, að ráðh. hafi ekki haft mikinn hug á því að afgreiða þetta frv., hann hefði þá vafalaust knúið á um afgreiðslu málsins. Hann mun hafa viljað hafa hinn háttinn á: að geta ráðmennskast með þetta. Svo er talað núna um faglega úthlutun. Það þarf sem sagt einhverja fagmenn við úthlutun á hverri krónu. Fagmaðurinn í sambandi við Aldurslagasjóðinn er útgerðarmaður, einn af þm. Alþfl., sem er skipaður formaður n. Þetta er flokkurinn sem sagðist aldrei ætla að taka tillit til stjórnmálaskoðana eða hafði óbeit á því fyrir kosningar að blanda nokkurn tíma pólitík í nokkra slíka úthlutun. En það má alls ekki fara í gegnum hendurnar á pólitískum embættismanni.

Af hverju er ráðh. á móti því að aldurslagatrygging Samábyrgðar Íslands hafi með þetta að gera eins og úthlutun fjár í gegnum aldurslagatrygginguna? Af hverju þarf að vera að stofna til þess að fá eitthvert annað fyrirkomulag til að stýra þessum málum?

Út af því sem hæstv. ráðh. sagði um ráðstöfun gengishagnaðar 1972, þá var fyrir mína tíð svo að hann er þar að vitna í ráðstöfun gengishagnaðar í tíð Lúðvíks Jósepssonar, hv. 1. þm. Austurl. Af því að hann er nú fjarstaddur og ég býst varla við að flokksmenn hans séu mjög kunnugir þessu máli, þá ætla ég að leyfa mér að gefa örlitla skýringu á því, að Lúðvík Jósepsson ráðstafaði ekki einni krónu af gengishagnaði gengisbreytingarinnar 1972. Hann lagði það fyrir páv. ríkisstj., fyrri vinstri stjórnina, sem hann sat í. Eftirstöðvum þessa gengishagnaðar var ráðstafað í minni tíð og með samþykki ríkisstj. Ég vil alls ekki að það standi í þingtíðindum að páv. sjútvrh. hafi upp á sitt eindæmi ráðstafað þessum gengishagnaði. Ég vil að hið sanna og rétta komi í ljós. Og ég vil líka taka það fram, að ég ráðstafaði aldrei einni krónu við þær gengisbreytingar, sem áttu sér stað í tíð fyrrv. ríkisstj., nema bera það undir ríkisstj. og fá samþykki hennar hverju sinni hvernig þessu fjármagni yrði ráðstafað. Ég taldi ekki vera í mínum verkahring annað en gera till. um það til ríkisstj. M. a. var eftirstöðvum gengishagnaðarins frá 1972, 1974 og 1975 varið til þess að stofna deild við Fiskveiðasjóð til lána til hagræðingar í fiskvinnslu, og það var gert með samhljóða samþykki páv. ríkisstj. Ég tel fyrir mitt leyti að þó að sjútvrh., hver sem hann er, fari auðvitað fyrst og fremst með þessi mál og marki þar stefnu, þá eigi ekki einn maður að taka sér vald í hendur að ráðstafa slíku einn, heldur auðvitað bera það undir samráðh. sína í ríkisstj. Það gerði ég, og ég hef séð varðandi eina greiðslu, af gengishagnaði 1972, að það gerði fyrirrennari minn í starfinu einnig.

Hæstv. ráðh. sagði að með þessari brtt., sem við fimm þm. flytjum, væri verið að minnka það fjármagn sem færi annað. Það er alveg rétt. Það auðvitað lækkar um sömu upphæð sem brtt. segir til um. En við skulum líka líta á það, að samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunarinnar fyrir gengisbreytinguna í sept. á s. l. ári er gert ráð fyrir að inn í gengismunarsjóð komi 5800—6000 millj. kr. í hreinan gengismun miðað við 15% gengisfellingu. Þessi áætlun þótti allmyndarleg, enda voru miklar birgðir sjávarafurða þá í landinu af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að fara að lengja tímann með að nefna. En eins og ég gat um þegar ég ræddi þetta mál í byrjun þessarar umr. eru komnar inn í febrúarlok hvorki meira né minna en 9340 millj. Þar frá dragast tæpar 1750 millj. vegna leiðréttinga, flutningskostnaðar o. fl., sem 4. og 5. mgr. 2. gr. í þessum lögum gera ráð fyrir, þannig að hreinn gengismunur er kominn 26. febr. upp á 7594 millj., eða um 1600—1800 millj. kr. hærri upphæð en Þjóðhagsstofnun áætlaði þegar gengisbreytingin var gerð. Og það, sem við flytjum till. um, er að 200 millj. af þessu verði varið til sjómanna.

Út af þeim orðum sem hæstv. ráðh. sagði, að lífeyrissjóðirnir væru sterkari nú, þá eru þeir sterkari að krónutölu, það er mér fullkomlega ljóst. En þeir eru sennilega ekkert sterkari en þeir voru 1974, nema síður sé, miðað við þá miklu verðbólgu sem er, ef hér væri um fullkomlega verðtryggða sjóði að ræða, svo að þessi upphæð, sem við leggjum til að fari til lífeyrissjóðanna, er síst hærri en var í þessum tveimur tilfellum sem ég gat um á tímabili fyrrv. ríkisstj. Og ég tel jafnmikla þörf á að koma á þennan hátt til móts við sjómenn, því að eins og ég sagði síðast þegar ég ræddi þessi mál, þá er gengishagnaður, sem skapast af sjávarafurðum sem til eru þegar gengisbreyting er gerð, ekki eign þeirra sem eiga sjávarafurðir á síðasta stigi, eins og margir vilja halda fram og telja sig eiga það sem þeir hafa í höndum og hafa gengishagnaðinn einir. Þess vegna hefur ríkisvaldið á hverjum tíma, bæði allar fyrri stjórnir og eins núv. hæstv. ríkisstj., litið á þetta sömu augum. Ég tel að með þessu séum við að sýna að sjómenn eigi hlutdeild í gengishagnaðinum alveg eins og útgerðin, með því að bæta henni upp nokkuð þann skaða sem hún verður fyrir við gengisbreytingu vegna erlendra skulda í fiskiskipum. Svo kemur aftur hitt, sem er höfuðatriði þessa máls og höfuðráðstöfun gengishagnaðarins. Það er Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Þar er ekki með þessu frv. eða fyrri frv. verið að mismuna aðilum í sjávarútvegi, því að allir aðilar hljóta að hafa sama áhuga á því að efla Verðjöfnunarsjóðinn. Það eru bæði sjómenn, útgerðarmenn og fiskvinnsla og um það er enginn ágreiningur. Það, sem ég gagnrýni aftur, er hversu lítið hefur verið sótt á frá hendi ríkisstj. og sjútvrh., að Alþ. afgreiddi þessi mál, því að það er Alþingis að afgreiða þau, en ekki láta næstum því heilt þing líða og afgreiða þau með þeim hætti sem raun ber vitni og var gagnrýnt bæði af mér og ekki síður af 1. þm. Austurl. þegar hann talaði fyrir þeim brtt. sem hann flytur ásamt þm. Garðari Sigurðssyni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 78. fundur.

Föstudaginn 6. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 249, n. 524). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta frv. og leitað umsagna m. a. hjá Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Bæði þessi samtök mæla með að frv. verði samþ. óbreytt. N. hefur sem sagt athugað þetta mál og leggur til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 250, n. 525). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessi tvö mál, þetta sem nú er tekið fyrir og það sem verið var að afgreiða, hafa orðið samferða í gegnum allshn. Þetta mál var sent til umsagna og umsagnir um það hafa borist frá sömu aðilum, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, sem báðir mæla með frv. Ég sé ekki fremur en í fyrra tilviki ástæðu til að ræða um þetta mál efnislega, það var gert hér við 1. umr., og læt nægja að skýra frá því, að allshn. leggur til að þetta frv. verði einnig samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 79. fundur.

Föstudaginn 6. apríl, að loknum 78. fundi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 520, n. 534 og 536, 537). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 537. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Landbn. Ed. hefur fjallað um það mál sem hér er til umr. og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. skilaði svo hljóðandi nál.:

„Landbn. hefur fjallað um þetta mál á mörgum sameiginlegum fundum með landbn. Til viðtals við n. komu ýmsir aðilar, sérstakt samráð var haft við formann Stéttarsambands bænda og umsagnir hinna fjölmörgu aðila, er frv. var sent til, voru athugaðar og yfirfarnar mjög gaumgæfilega. Reynt var eftir föngum að samræma hin ýmsu mismunandi sjónarmið, er fram komu.

N. gerðu sameiginlega fjölmargar breyt. á upphaflegri gerð frv.

Meiri hl. landbn. mælir með samþykkt frv. óbreytts svo sem það kom frá Nd".

Undir þetta skrifa auk frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, Bragi Níelsson, Stefán Jónsson og Bragi Sigurjónsson.

Ítarleg framsöguræða fyrir þessu máli af hálfu hæstv. landbrh. gerir óþarft að hafa um þetta nú mjög mörg orð. Það er þó rétt að undirstrika það, að vandamál landbúnaðarins, sem mjög hafa verið í sviðsljósinu að undanförnu og um hefur verið fjallað af mismunandi mikilli þekkingu og enn meir mismunandi sanngirni, eru auðvitað enn til umr. og umfjöllunar, ekki síður þó þetta mál komist í gegn, þar sem hér er aðeins um að ræða brot af þeim vanda sem þar er við að fást. Hins vegar er ljóst að umr. um þann mikla vanda og um stefnumörkun í landbúnaði hljóta að koma á dagskrá hjá okkur þegar till. til þál. frá landbrh. um stefnumörkun í landbúnaði kemur til umr. í Sþ. að loknu páskaleyfi, þar sem fyrir eru tekin þrjú meginmarkmið: framleiðslumarkmið, tekju- og þjónustumarkmið og byggðamarkmið.

Það þarf ekki að rekja það fyrir hv. d., að upphafleg gerð þessa frv. var um margt mjög álík því sem gerð þess er nú. Þar var byggt á áliti hinnar svokölluðu sjömannanefndar frá Stéttarsambandi bænda sem hafði unnið mjög ítarlega að þessu máli og reynt að finna þá leið til jöfnunar meðal bænda á vissri tekjuskerðingu sem talið var óhjákvæmilegt að þeir tækju á sig. Skýtur það í raun og veru nokkuð skökku við afstöðu þessarar stéttar miðað við ýmsar aðrar stéttir þjóðfélagsins sem eru að leita ráða til þess að koma sínu annars mjög háa kaupi sem allra hæst upp, svo sem s. l. nótt reyndist bera gleggst með sér varðandi þá hátekjumenn sem þar var um að ræða, að á öðrum stað og á öðrum tíma er fjallað um það af annarri stétt, hvernig hún megi skerða tekjur sínar sem eru þar auðvitað hjá mörgum langt undir meðallagi almennra tekna í landinu. Þetta er auðvitað umhugsunarefni sem ekki er vert að ræða hér frekar, en hlýtur þó að koma í hugann í sambandi við þá undarlegu lausn sem við fengum að sjá í þeirri deilu sem undanfarið hefur staðið hjá einhverjum mestu hátekjumönnum þjóðfélagsins.

Fljótlega komu fram hugmyndir um breyt. á þessu frv. Alveg sér í lagi voru breyt. fólgnar í andstöðu, sem við urðum varir við og fór vaxandi, varðandi flatan kjarnfóðurskatt og einmitt miðað við það, að hér hafa vinnubrögð n. verið að reyna að taka sem mest tillit til hinna ýmsu hugmynda sem fram hafa komið. Það er svo, að þó að stjórn Stéttarsambands bænda sé vissulega vel metin af okkur sem störfum í landbn., þá viljum við einnig og ekki síður taka tillit til hinna ýmsu sjónarmiða sem koma frá bændum almennt og við sjáum og finnum að eiga þar ríkan og mikinn hljómgrunn.

Ég vil taka það fram, að það var mjög góð samvinna milli n. beggja, Ed.- og Nd.-nefndanna, og það var einnig mjög góð samvinna við stjórnarandstöðuna. Landbn. Nd. skilaði frá sér nál. með breyt. fyrir alllöngu, og síðan komu fram í Nd. brtt. frá þeim hv. þm. Pálma Jónssyni og Eggert Haukdal. Eftir að þær till. komu fram og alveg sérstaklega eftir að fram kom ákvæði til bráðabirgða flutt

af hv. þm. Lúðvík Jósepssyni var reynt til þrautar að ná samkomulagi og samræmingu um hin ýmsu atriði sem fóru á mis, bæði varðandi ákvæðin til bráðabirgða og eins brtt. þeirra sjálfstæðismanna í Nd.

Ég hygg að Nd. hafi í raun og veru afgreitt málið frá sér, eftir að breyt. komu fram sem þið sjáið nú á þskj. 520, sú afgreiðsla hafi farið þannig fram í Nd., að þar hafi tvö sérstök ágreiningsatriði ekki verið tekin til baka af hálfu þeirra sjálfstæðismanna, en önnur atriði hafi farið fram nokkurn veginn mótatkvæðalaust frá þeirra hálfu. Við vorum hins vegar þess fullvissir í öllu okkar nefndarstarfi, að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hafði þar sérstöðu frá upphafi og hefur haldið þeirri sérstöðu. Hún kemur þess vegna okkur ekki á óvart eða á nokkurn hátt í bakið á okkur. Okkur var hún ljós frá upphafi. Við vissum það, þó að við værum að reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi við stjórnarandstöðuna, að þau sérsjónarmið, sem hv. þm. túlkaði í n., mundu koma fram hér í Ed. Okkur koma því brtt. hans og sérálit þeirra hv. þm. Jóns Ásbergssonar og hans ekki á neinn hátt á óvart.

Það er ekki ástæða til að vera að rekja breyt. mjög nákvæmlega, en ég skal þó fara í nokkur þau atriði sem sýna ljóslega að menn vildu taka sjónarmið hinna ýmsu aðila til gaumgæfilegrar athugunar. Ég bendi t. d. á það atriði sem hv. þm. Pálmi Jónsson kom fram með í brtt. sinni og var tekin upp orðrétt í Nd., þar sem komið var til móts við sjónarmið hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar alveg sérstaklega varðandi beinar greiðslur til bænda, þ. e. a. s. það ákvæði að greiða með samþykki ríkisstj. hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn, allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Ég hlýt að lýsa þeirri afstöðu minni hér, sem kemur ekki afstöðu meiri hl. út af fyrir sig við sem slík, að það fyrirkomulag, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur verið að reifa hér varðandi beinar greiðslur til bænda, hef ég ekki dregið neina dul á að ég hef stutt að því marki sem mögulegt væri að framkvæma það, tel það eðlilegra, en ætla ekki að fara nánar út í það. Hér er komið fyrsta skrefið þar til móts við: að heimila Framleiðsluráði að fara þessa leið að því marki sem hún er þarna skilgreind.

Síðan var mjög um það deilt í n., þó að mér fyndist það ekki skipta mjög miklu máli, og varð mjög hörð rimma út af því reyndar í Nd.-nefndinni, vissi ég, hvort ætti að setja undirstafliði í sambandi við hinar ýmsu leiðir sem þarna eru farnar, flokka þær í a, b, c og d. Til samkomulags var ákveðið að setja alla leiðirnar þannig jafnar, þó að við gerum okkur auðvitað fullvel ljóst að sú heimild, sem er fyrst upp talin, er auðvitað sú heimild sem verður nýtt fyrst og fremst, þ. e. a. s. að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar og útflutningsverð fyrir það sem umfram er. Við gerum okkur fullljóst að þetta hljóti að verða sú aðferð sem verður nýtt, sérstaklega með tilliti til þeirrar stefnu sem er uppi hjá Framleiðsluráðinu og Stéttarsambandi bænda. En til samkomulags var þetta gert og eins það, að heimilt væri að nota samtímis óafgreiddar heimildir þó ekki væri gengið eins langt í því efni og þeir sjálfstæðismenn í Nd. vildu.

Við meðferð þessa máls í n. komu fram mjög margar aths. frá Stéttarsambandi bænda, langt mál í raun um ýmis framkvæmdaatriði þessa máls og þessara heimilda. Það kom sem sagt í ljós, þó að þeir hefðu hugsað þetta mál mjög mikið, að þegar þeir fóru að hugsa það enn betur og líta eftir því, hvernig mætti framkvæma hina ýmsu þætti, þá sáu þeir á því ýmsa annmarka og vildu fá um það skýr ákvæði í lög, þannig að sýnt væri hvernig með heimildirnar ætti að fara og hvernig þar mætti við bæta. Það varð hins vegar að samkomulagi, að ég hygg með yfirlýsingu frá bæði formanni landbn. Nd. og eins frá hæstv. landbrh., að ákvæði er þetta varði, sem Stéttarsambandið kom sérstaklega fram með, yrðu ákveðin í reglugerð, og um sumt segir það hér, því að t. d. segir í frv. eins og það er nú: „Réttur þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap, skal tryggður með ákvæðum í reglugerð".

Ég tel óþarft að endurtaka þær ábendingar sem Stéttarsambandið kom þarna með, en það er fullt samkomulag við formann þess og þá aðila, sem þar starfa, að þessi ákvæði, sem þeir óskuðu um tíma eftir að færu inn í lögin, yrðu sett í reglugerð.

Það voru auðvitað ýmis atriði sem nokkuð skiptar skoðanir voru um. Ég tek dæmi um það, sem kom inn seinna, eiginlega á síðasta stigi málsins, þ. e. a. s. um að innlendir aðilar, sem framleiða fóðurmjöl, skuli senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal tilgreina hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers aðila og einingarverð. Okkur þótti mörgum hverjum þarna vera of stíft að farið, töldum nægilegt að þarna væri um misserislega skrá að ræða. En samkomulag varð um að setja þetta inn ársfjórðungslega. Einnig var á tímabili inni í sambandi við ráðstöfun þessa fjár ákveðið flutningskostnaðarákvæði sem fellt var niður til samkomulags. Þá var tekin inn breyting í sambandi við þá n., sem á að fjalla um þau ágreiningsatriði sem kunna að verða, að n. skyldu skipa fimm menn í stað þriggja, þ. e. a. s. tveir fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbrh. Sjálfstæðismenn vildu að vísu binda þetta enn fastar, og ég hygg að þeir séu enn við sama heygarðshornið í því efni, að vilja endilega hafa þar ráðuneytisstjórann í landbrn. sem formann. Ég hef aldrei heyrt beinan nægilegan rökstuðning fyrir því, nema ótakmarkað traust á þeim ráðuneytisstjóra sem nú er og ég skal ekki dul á draga. En spurningin var auðvitað allan tímann um það, hversu rúm ákvæði eða þröng ætti hér að hafa, hve miklar heimildir Framleiðsluráð ætti að hafa, hversu mikið Alþ. ætti að ákveða og hversu mikið efni að setja í vald Framleiðsluráðsins um framkvæmd þessa máls. Um þetta voru vissulega skiptar skoðanir. Á nefndarfundi í morgun orðaði hv. þm. Jón Ásbergsson það svo, að sér sýndist um margt vera vettlingatök í sambandi við þær heimildir sem í frv. eru settar fram. Þau „vettlingatök" eru með vilja gerð. Niðurstaðan varð og samkomulag um að hafa þessar heimildir sem rýmstar, þannig að Framleiðsluráðið hefði þetta meira í hendi sér en við t. d. sumir höfðum á tímabili ætlað. Við lýstum því þá að við vildum gjarnan hafa ákvæðin þrengri og ákveðnari og Alþ. ætti þarna að hafa frekari afskipti. Ég gat þess vegna tekið undir með hv. þm. varðandi þetta atriði — kannske ekki orðalagið, en þá meiningu sem á bak við lá. Niðurstaðan varð sem sagt sú að ganga ekki lengra í því að ákveða beint um framkvæmd hinna einstöku heimilda, heldur leggja þetta meira í hendur Framleiðsluráðsins varðandi alla framkvæmd.

Ég leyni því ekki hér og tala þar ekki aðeins fyrir mig, heldur ýmsa aðra nm. sem munu sjálfsagt gera grein fyrir því nánar síðar, að það atriði, sem kom síðast upp í afgreiðslu Nd. á þessu máli, þ. e. a. s. ákvæði til bráðabirgða, er ákvæði sem okkur mörgum er ekki mjög að skapi. Það ákvæði er um að fram til þess tíma, er tekist hefur að afla nauðsynlegra gagna, sem er reyndar alveg óákveðið, sett í vald Framleiðsluráðs og hvað það verði lengi að því, sé heimilt að gjald skv. b-lið, þ. e. a. s. kjarnfóðurgjaldið, verði lagt á allt kjarnfóður. Að vísu segir svo aftur: „en endurgreiðist síðan eftir ákvæðum b-liðar". Þetta þýðir það í raun og veru, að hin flati kjarnfóðurskattur, sem upphaflega var í frv., mun koma til framkvæmda núna, þó ekki á þann hátt sem þar var ætlast til, því að endurgreiðsluheimildin er vissulega fyrir hendi, en engu að síður hljótum við að bera nokkurn ugg í brjósti varðandi það að þetta ákvæði verði notað of lengi. Hæstv. landbrh. mun hafa gefið yfirlýsingar um það og mun gjarnan gera, að ríkt verði eftir því gengið að á þessu fáist endurgreiðslur skv. því sem þarna er um talað. Í trausti þess, að við það verði staðið, höfum við fallist á þetta, þó að við séum sannarlega hræddir við þetta mál og teljum að með þessu móti hafi okkar starf að því að breyta þessu verið unnið að nokkru fyrir gíg, a. m. k. á þessu ári, og þetta kunni að koma allhart við menn nú á þessu vori alveg sérstaklega með tilliti til árferðisins sem nú er og ekkert lát virðist á.

Ég verð að játa það, að þó að þarna sé um flókin gögn að ræða og margvísleg, þá harma ég að undirbúningi Stéttarsambandsins og Framleiðsluráðsins að því að afla þessara gagna virðist ekki hafa verið hraðað eftir að ljóst var að sú leið, sem lagt er til í b-lið, yrði ofan á og öllum var ljóst að sú leið mundi verða farin. Ég er ekki að segja að þeir hefðu verið búnir að afla slíkra gagna í dag. Ég fullyrði ekkert um það. En ég fullyrði hins vegar að þeir hefðu getað verið búnir að komast lengra í undirbúningi sínum að því heldur en ég veit að þeir eru komnir. Ég er hræddur um að þeir séu hreinlega í sömu sporum og áður varðandi það og muni því vegna afstöðu sinnar í þessu máli, fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa verið með flötum kjarnfóðurskatti í sjömannanefnd og í meiri hl. í Stéttarsambandi bænda, reyna að nýta þetta ákvæði til bráðabirgða sem mest og sem lengst. En ég skal ekki hafa uppi neinar frekari hrakspár um það.

Ég skal svo aðeins taka undir það sem margoft hefur komið hér fram, að hinn stóri vandi landbúnaðarins er í raun og veru eftir. M. a. þess vegna flutti hv. þm. Lúðvík Jósepsson brtt. um ákvæði til bráðabirgða í Nd. Alþingis þar sem hann lagði höfuðáherslu á að teknar yrðu upp beinar samningaviðræður við Stéttarsamband bænda um þau rekstrarlegu og fjárhagslegu vandamál sem landbúnaðurinn ætti nú við að stríða. Í þessum viðræðum skyldi að því stefnt að gert yrði samkomulag til næstu 4—5 ára um stefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins og um fjárhagsvandamál atvinnugreinarinnar. Í samkomulagsumræðum þessum skal m. a. fjallað um stefnuna í framleiðslumálum landbúnaðarins næstu 4—5 árin. Með till. sinni til þál. hefur landbrh. komið fram með ákveðna stefnumörkun, og sú stefnumörkun kemur einnig fram í sambandi við heildarbreytingu á framleiðsluráðslögunum sem einnig mun verða lögð fram. Þar verður reynt að marka ákveðna framleiðslustefnu, þó við gerum okkur ljóst að það er mjög erfitt a. m. k. að gera það á jafnhnitmiðaðan hátt og sumir vilja vera láta að auðvelt sé. Í þessu sambandi vil ég fagna því sérstaklega að hæstv. landbrh. skuli hafa valið sér til samstarfs menn úr öllum þingflokkum varðandi þessi mál öll. Þar er mjög til fyrirmyndar. Þar eru borin undir okkur, sem í þessari samstarfsnefnd erum, hin ýmsu atriði, sem hann hefur verið með á döfinni, og okkur leyft að gera fyrir fram aths. þar við og skoða málin betur. Það er að mörgu leyti betra og heppilegra en að málum sé kastað inn á þingflokksfundi og eigi að afgreiða þau á einum stuttum þingflokksfundi af eða á eða fresta. Það er betra að það séu sérstakir menn sem um þau fjalli og geti svo túlkað þau í þingflokkum sínum eins og tryggt er með þessu fyrirkomulagi.

Í þessu ákvæði til bráðabirgða var einnig fjallað um hina sérstöku örðugleika sem landbúnaðurinn á nú við að stríða. Þar er t. d. komið inn á lausaskuldamál bænda sem hafa lengi verið í miklum hnút. Nú hefur hæstv. landbrh. lagt fram frv. í Nd. þar að lútandi sem ég hlýt að fagna alveg sérstaklega, svo lengi sem það mál hafði verið í burðarliðnum hjá hæstv. fyrrv. ríkisstj. án þess að nokkuð sæist þar út úr augum. Til okkar er komið frv. til jarðræktarlaga sem veitir ákveðið svigrúm til stjórnunar. Það mál mun landbn. fjalla um eftir páska og íhuga vandlega bæði á hvern hátt best sé að ná þeim markmiðum, sem þar er fjallað um, og eins þá e. t. v. um einhverjar breytingar sem standa að sjálfsögðu enn opnar af hálfu hæstv. ráðh.

Ég get ekki stillt mig um í sambandi við þetta að minna á hve vandi Stofnlánadeildar landbúnaðarins er nú mikill. Umsóknir um nýjar framkvæmdir eru í kringum 1800 millj. Til ráðstöfunar eru í því sambandi um 500 millj. kr. aðeins. Má segja að þarna hafi stjórn Stofnlánadeildarinnar tök á vissri stjórnun, að beina því fjármagni á þann hátt að stuðla ekki að frekari offramleiðslu, eins og mjög er um talað. Er það hollt verkefni fyrir stjórn Stofnlánadeildarinnar. En ansi verður niðurskurðurinn mikill þegar þess er gætt að bændur fara fram á framkvæmdir upp á 1800 millj., en Stofnlánadeildin hefur aðeins til ráðstöfunar 500 millj. til þessara nýframkvæmda. Þó allt sé þetta mikilvægt er auðvitað sá heildarrammi, sem blasir við í dag um vöntun á útflutningsbótum upp á 5 milljarða, altilfinnanlegastur. Eins og ég hef komið fram með áður hafa bændur ákveðið að taka á sig vissa tekjuskerðingu af þessum ástæðum, þvert ofan í það sem aðrir vilja gera. Síðan er spurningin um hvað samfélagið vill koma hér til móts við bændastéttina. Því verður ekki trúað, að menn vilji ekki að samfélagið geri það mjög rösklega og vel, sérstaklega varðandi þá tekjulægri í þessum hópi sem eru vissulega margir og mjög tekjulágir í þokkabót. Það hlýtur því að vera mjög eðlilegt að stjórnarandstaðan flytji um það till. um ákvæði til bráðabirgða að úr þessum vanda verði leyst, og hef ég síður en svo við það að athuga. Við höfum hins vegar verið með til meðferðar síðustu daga ákveðnar till. frá hæstv. landbrh. um lausn þessa vanda að verulega miklum hluta, ákvæði um lán til Framleiðsluráðsins upp á 3.5 milljarða til að mæta þessum vanda. Um það hefur ekki orðið samstaða í ríkisstj. Alþfl.-menn hafa ekki talið sig reiðubúna til að fylgja því. Á meðan getur landbrh. ekki gefið aðra yfirlýsingu en þá sem hann mun hafa gefið, að hann muni beita sér fyrir að þetta nái fram að ganga. Það kæmi mér mjög á óvart ef niðurstaðan yrði að Alþfl. hafnaði þessari till., og ég hef mikla trú á að á þessu fáist lausn, en þarna er auðvitað um grundvallar-

skilyrði að ræða, að á þessu fáist viðunandi lausn innan ríkisstj. Það kann að vera að hún eigi eftir að fjalla betur um það, og ég treysti sem sagt á það og hlýt því sérstaklega vegna þeirrar afstöðu sem þingflokkur minn hefur tekið í þessu máli, að greiða atkv. gegn þessu ákvæði til bráðabirgða frá þeim hv. þm. Þorvaldi Garðari og Jóni Ásbergssyni í trausti þess að ríkisstj. nái fram viðunandi lausn í þessu máli.

Ég tel að vísu og dreg enga dul á þá persónulegu skoðun mína og reyndar okkar Alþb.-manna í heild, að það hefði verið nauðsynlegt að taka hluta af þessum vanda nú þegar á þessu ári, ekki velta honum öllum á undan sér yfir á næsta ár, ekki síst í ljósi þess að vandinn verður mikill á næsta ári einnig. Og síðan þaklyftingin fræga varð hefur hvarflað að mér æ oftar, að mikið hefði nú verið gott að eiga þennan milljarð, sem þar fór, til góða í sambandi við þá fjárvöntun sem einhver tekjulægsta stéttin í þjóðfélaginu á við að stríða núna og verður að taka á sig. Mikið hefði verið ágætt að eiga þann milljarð til góða og mega taka hann af hátekjumönnunum sem voru að fá þar enn meiri laun.

Ég ítreka svo aðeins í lokin þann ugg okkar margra í sambandi við það ákvæði til bráðabirgða sem samþ. var á síðustu stundu í Nd., að hinn flati kjarnfóðurskattur verði lagður á. Okkur er hins vegar ljóst að við erum búnir að vera með málið mjög lengi til umr. Málið er í hættu ef við afgreiðum það ekki nú. Við hefðum þurft að vera búin að afgreiða það fyrir löngu og við höfum ekki viljað standa þar í vegi vegna þessa ákvæðis, þó við drögum ekkert úr því, að við allar eðlilegar aðstæður og að öðru óbreyttu hefðum við margir hverjir ekki greitt þessu ákvæði atkvæði.

Frsm. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á ræðu hv. 3. þm. Austurl., og hina athyglisverðustu eins og að líkum lætur þegar þessi ágæti þm. kveður sér hljóðs. Það var athyglisvert að þessi grandvari maður lýsti mjög átakanlega hvers konar hrákasmíði væri á þessu verki sem lagt væri fyrir okkur í formi þess frv., sem við erum nú að ræða. Og þetta er ekki einleikið. Vettlingatökin, sem einkenndu þetta allt, voru, eins og hv. þm. sagði, með vilja gerð, því að málinu var svo illa komið að það var eiginlega ekki hægt að skilja annað á hv. þm. en að viðhafa yrði vettlingatök. (Gripið fram í.) Já, það er gott að geta brugðið fyrir sig slíku, hv. þm. Stefán Jónsson, en harla langt er þetta sótt í þetta sinn. Fyrrv. ríkisstj. tók ekki neinn þátt í þeim vettlingatökum sem hér hefur mjög vel verið lýst af hv. 3. þm. Austurl. Hv. 3. þm. Austurl. tók það beint fram, að hann harmaði hvernig komið væri í þessu máli. Hann tók fram um einstöku atriði hve þvert um geð honum og hans flokksmönnum væri að greiða atkv. með þeim. T. d., þó að hann sé á móti flötum fóðurbætisskatti, ætlar hann að vera með honum, vegna þess að þetta frv. er svo mikið hrófatildur að ef við hættum á það, eins og hann sagði, að senda það til Nd. aftur, þá er voðinn vís, þá getur þetta hrunið eins og spilaborg. Þetta er því allt í fári.

Ég er ekki að segja þetta í ádeiluskyni á hv. 3. þm. Austurl. Þetta ber að skilja miklu frekar sem lofsyrði, því að ég sé ekki annað en við séum harla sammála um þetta frv. Það var þess vegna sem ég bauð honum og fleiri góðum mönnum á fund í landbn. í morgun að verða samferða okkur sjálfstæðismönnum í afstöðu til þessa frv., því að við ættum samleið og ættum að haga okkur skv. því. En því er nú ekki að heilsa og það verður að taka þetta eins og það er. Skal ég ekki hafa fleiri orð um það og snúa mér að því að mæla fyrir nál. minni hl. landbn., áliti okkar Jóns Ásbergssonar.

Eins og segir í því nál. og fram hefur komið hér, náðist ekki samkomulag í landbn. í þessu máli. Meiri hl. n. mælir með að frv. verði samþ. óbreytt, en við, sem skipum minni hl., teljum frv. svo mjög gallað að við getum ekki stutt það. Þó munum við freista þess að fá frv. breytt, og þess vegna flytjum við á sérstöku þskj. brtt. í trausti þess að þær lagfæringar fáist sem við teljum nauðsynlegar fyrir fylgi við málið. Gjarnan viljum við fylgja því sem til bóta horfir, og þó að þetta sé nú lagt með þessum hætti upp í hendurnar á okkur, eins og hv. 3. þm. Austurl. lýsti mjög vel, þá viljum við samt í minni hl. freista þess ef eitthvað má betrumbæta. Með tilliti til þess höfum við borið fram brtt. á þskj. 537.

Ég skal nú víkja að þessum brtt. Ég sé ekki ástæðu til þess í sambandi við það að fara að halda almenna yfirlitsræðu um þessi mál. Þó að umr. hafi ekki verið hér í hv. d. um þetta mál, þá hefur það samt verið þrautrætt undanfarnar vikur og mánuði. Það hafa verið á þessu tímabili haldnir sameiginlegir fundir landbn. beggja deilda. En samt vil ég fara nokkrum orðum um þessar brtt. og tel það nauðsynlegt. Þær markast í aðalatriðum af þrenns konar sjónarmiðum.

Í fyrsta lagi teljum við að frv., eins og það er, sé ekki nægilega markvisst til þess að hafa raunhæfa þýðingu til að draga úr landbúnaðarframleiðslunni.

Í öðru lagi fellum við okkur ekki við hin rúmu ákvæði, sem eru í frv. sum hver, og teljum að það fari ekki vel á því að leggja slíka ábyrgð á hæstv. landbrh. sem þarna er gert ráð fyrir, — þó að bak hans sé breitt sé mannlegra af hálfu Alþ. að taka sjálft ákvörðun í meginatriðum um það, hvað eigi að gera, því að það eigi að sjálfsögðu að bera ábyrgðina á þessu máli og framkvæmd þess.

Og þá er þriðja atriðið, sem er meginatriði á bak við brtt. okkar minnihlutamanna. Það er að við teljum ófært að afgreiða þessi lög án þess að jafnframt séu í þeim bein ákvæði um heimild til ríkissjóðs til þess að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara og birgðum búsafurða. Við teljum að það sé ekki hægt að afgreiða þetta mál nema sjá á einhvern hátt fyrir endann á þessu mikla vandamáli og það fari best á að fá hæstv. landbrh. heimild til slíks sem við leggjum til í brtt. okkar.

Ég vík þá að brtt. Hún er um breyt. á a-lið og a-lið-inn umorðist. En það eru ekki nema tvær efnisbreytingar sem þarna er um að ræða. Það er í upphafi a-liðarins. Eins og frv. kemur frá Nd. og var afgreitt til 2. umr. hér í Ed. Hefst a-liðurinn þannig: „Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda". Við leggjum til að þessu verði breytt þannig: „Að ákveða mismunandi verð á búvörum til framleiðenda á þann hátt að framleiðendur fái fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er". Við teljum að þetta sé markvissasta leiðin sem við eigum völ á, og þess vegna viljum við ekki, eins og stendur í frv., að sé sagt að m. a. megi fara þessa leið. Við viljum leggja til að hún verði beinlínis farin.

Þarna er gert ráð fyrir að framleiðendur fái fullt grundvallarverð upp að ákveðnu framleiðslumagni eða bústofnsstærð, fyrir þann hluta framleiðslunnar, en ekki meira. Það sem framleitt er umfram verði ekki verðtryggt og verði bændur að sætta sig við útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Ég hef heyrt því fleygt, að þetta væri ekki nægilega gott vegna þess að það væri ekki farið nógu vel með þá sem hafa stærri búin. Ef við gerum t. d. ráð fyrir, — við segjum ekki í frv. við hvaða bústærð á að miða, — að það sé miðað við 500 ærgildi, þá þurfa þeir, sem eru með stærri bú, að sætta sig við útflutningsverð. Menn segja að þetta sé hart aðgöngu fyrir þá sem eru með stærri búin. *Ég segi að þetta sé sanngjarnt, því að allir bændur fá* sömu aðstoð frá hinu opinbera sem liggur í verðtryggingunni á fullu grundvallarverði upp að ákveðinni bústærð. Allir bændur fá það, hinir stærri líka. Það fá allir aðstoð. Er ástæða til að aðstoða þá stærri meira en þá smærri? Ég sé ekki neinn siðferðislegan grundvöll fyrir því, og ég sé ekki heldur þörf á slíku, því að með þessari aðstoð eru af hálfu ríkisvaldsins gerðar ráðstafanir til þess að tryggja að bændur fái sómasamleg laun eins og þeim ber við búreksturinn. Þeir, sem vilja framleiða meira, gera það á eigin áhættu. Slíkir bændur geta líka oft gert það, að ég hygg með góðum árangri, þó að þeir fái ekki hið meira verð, vegna þess að það er alltaf minni stofnkostnaður sem þarf að standa undir á hverja búskapareiningu eftir því sem búin verða stærri. Og það er vel hægt að hugsa sér að bændur geti framleitt dilkakjöt fyrir útflutningsverð ef þeir fá hagstætt verð fyrir ull og gærur. Ég vildi nú segja þetta og skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég vék aðeins að einni mótbáru, og þetta er eina mótbáran, að ég hygg, gegn þessari aðferð sem við leggjum til. Þess vegna fór ég þessum orðum um það efni. Þetta er önnur breytingin sem er í a-lið 1. gr.

Hina efnisbreytinguna er að finna í 3. mgr., en þar stendur: „Sérstakar aðgerðir eru heimilaðar til að auka búvöruframleiðslu, þar sem hún er of lítil fyrir neysluþarfir í einstökum landshlutum". Þetta er kannske ekki mikið mál í sjálfu sér og varðar ekki miklu á landsmælikvarða, ef mætti taka svo til orða. Hins vegar þykir okkur að það sé þörf á að hafa þetta heimildarákvæði, vegna þess að við vitum um sum byggðarlög og suma landshluta sem þannig er ástatt um að það er langt frá því að vera nægileg mjólkurframleiðsla þar eins og er. Og vegna þess að ekki er nægileg mjólkurframleiðsla, þá þýðir það oft og tíðum skort á þessari neysluvöru. Það þýðir margs konar vandkvæði að halda uppi þeirri mjólkurframleiðslu sem þar er, vegna þess að mjólkurbúin eru svo veik og þau hafa ekki bolmagn til eða eiga í mjög miklum erfiðleikum með að koma upp nútímatækni, svo sem tankvæðingu o. fl. Almennar aðgerðir til þess að draga úr landbúnaðarframleiðslu mega ekki koma niður á þessum aðilum. Auk þess er það svo, að ríkisvaldið verður að greiða verulegt fjármagn til mjólkurflutninga til þessara staða. Það er greitt úr verðjöfnunarsjóði. Og það er engin ástæða til að halda við slíku ástandi. Ég veit að hæstv. ráðh. þekkir dæmi um þetta eins vel og ég, og ég trúi ekki öðru en hann sé sammála mér um þetta. Ég vil því gjarnan að hann fái þá heimild sem þarna er gert ráð fyrir.

2. brtt. er við b-lið 1. gr. og orðast þannig: „Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 100% á innkaupsverð vörunnar". Það er engin efnisbreyting í þessu, en efnisbreytingin kemur í því sem á eftir fer. „Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu fá gjaldfrítt hæfilegt magn kjarnfóðurs til fóðrunar alls búfjár síns upp að 600 ærgildum skv. nánari ákvæðum í reglugerð". Þetta ákvæði kemur í staðinn fyrir ákvæði, eins og það stendur í frv. núna, á þessa leið: „Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu án þess að greiða gjaldið fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofn á skattframtali, skv. nánari ákvæðum í reglugerð". Í staðinn fyrir þessi orð: fá tiltekið magn kjarnfóðurs, viljum við minni*hlutamenn í landbn. að kveðið sé á nánar um þetta.* Við teljum að þetta sé allt of rúm og óljós heimild og það eigi að taka skýrt fram að það magn, sem hér er um að ræða, skuli vera miðað við að það sé hæfilegt magn til fóðrunar alls búfjár upp að 600 ærgildum.

Ég þykist vita að það geti komið fram mótbára gegn þessu á þá leið, að þetta dragi úr því fjármagni sem kemur inn fyrir skattinn. Það gerir það að vísu. En rökin *fyrir þessu eru þau, að meðalbændur og minni hafa ekki* efni á því að standa undir þessum skatti. Þess vegna er óraunhæft að leggja það til ef á að vera ábyrg afstaða til þessa hluta bændastéttarinnar.

Það hefur verið sagt um skattinn á fóðurbætinn að hann ætti að draga úr framleiðslunni. Það fer tveim sögum af því. Menn greinir nokkuð á um það, hvort skatturinn raunverulega gerir það eða ekki. Ég skal ekki fara sérstaklega út í það, við höfum rætt það ítarlega á sameiginlegum fundum í landbn. beggja deilda. Ég er þeirrar skoðunar, að hvað sem öllu líður hafi þessi skattur tiltölulega lítil áhrif, ef hann hefur nokkur áhrif í samdráttarátt. Það eru aðrar aðferðir sem þarf að beita. Við teljum að við höfum bent á þær með tillögum okkar varðandi a-liðinn, þess vegna sé séð fyrir slíkum mótbárum sem kynnu að koma fram um það, að það væru ekki nægilega haldgóð ákvæði í frv. þessu til að draga úr framleiðslunni.

Ég kem þá að 3. brtt. Hún er efnislega fólgin í því einu, að í staðinn fyrir að í frv. er gert ráð fyrir að hæstv. landbrh. tilnefni formann þeirrar n. sem hér um ræðir, þá leggjum við til að formaður n. verði ráðuneytisstjóri í landbrn. Hv. 3. þm. Austurl., sem hefur fylgst mjög vel með þessu máli, segist aldrei hafa heyrt nein rök fyrir þessu. Það lá kannske í orðunum, að hann tengdi þetta eitthvað við þann mann sem gegnir þessu embætti. Ég vil taka það skýrt fram, að ég ber fyllsta traust til ráðuneytisstjórans í landbrn. En þetta ákvæði er ekki miðað við neinn sérstakan embættismann. Við teljum að það fari betur á því, að í slíkri n. sem hér er um að ræða og á að kveða upp úrskurði í þýðingarmiklum málum sé formennskan í höndum embættismanns. Það fer best á því, að sá embættismaður sé æðsti embættismaður í landbúnaðarmálunum, ráðuneytisstjóri í landbrn.

Ég kem þá að síðustu brtt., 4. brtt., og hún er í tveimur liðum. Hún er annars vegar um það, að ákvæði það til bráðabirgða, sem nú er komið inn í frv. eins og það liggur hér fyrir, verði fellt niður. Hér er um að ræða að koma í veg fyrir að það óhapp verði, sem hv. 3. þm. Austurl. benti réttilega á, að í meðförum þingsins verði þessum skatti, ef hann verður á lagður, snúið upp í flatan skatt, eins og allir eða flestir í landbn. beggja d. voru á móti. Og ég segi nú við hv. 3. þm. Austurl.: Eigum við ekki að hætta á það að samþ. þessa brtt.? Er ekki von til þess frá hans sjónarmiði, að málið geti þrátt fyrir þessa breytingu nú fengið þá afgreiðslu að öðru leyti sem hann telur nauðsynlega. Ég vil ekki trúa því fyrr en ég þreifa á, að þetta frv. sé slíkt hrófatildur, að það þoli ekki að fara aftur til Nd. Það eiga að mínu viti engin vandkvæði að

vera á því.

B-liðurinn í 4. brtt. fjallar um það að veita ríkisstj. og fyrst og fremst veita landbrh. heimild og aðstoða landbrh. til þess að koma því í kring að ríkissjóður greiði fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara á þessu verðlagsári og birgðum búsafurða sem til eru í landinu þegar lögin öðlast gildi, eins og segir í brtt.

Það er mikið búið að ræða um þann vanda, sem íslenskur landbúnaður stendur nú frammi fyrir vegna birgða af landbúnaðarafurðum. Ég skildi það svo — menn leiðrétta það ef það er ekki rétt — á hinum mörgu fundum sem við héldum, sameiginlegum fundum beggja deilda, að menn legðu mikla áherslu á að eitthvað fylgdi með varðandi þetta, ef ætti að afgreiða þetta frv. Og það er ekki að ófyrirsynju. Ég held, hvernig sem við lítum á þetta mál, að við hljótum að komast að þeirri niðurstöðu, að hvað sem við gerum skv. þessu frv., ef að lögum verður, þá hafi það harla litla þýðingu eða nái ekki tilgangi sínum ef ekki er leyst birgðavandamálið nú strax. Nú hefur maður heyrt og séð líka, eins og frv. kemur hingað, að þau ótrúlegu tíðindi hafa gerst í Nd. að sams konar tillaga hefur verið felld og, eftir því sem ég veit best, að hæstv. landbrh. hafi mælt gegn þessu. Mér finnst það koma úr hörðustu átt, því að eins og ég sagði áðan held ég að þetta sé beinn stuðningur einmitt við hæstv. ráðh. En þá er það sem hv. 3. þm. Austurl. kom inn á í ræðu sinni áðan, að hæstv. ráðh. hefur tilkynnt að hann hafi lagt til sérstök úrræði í þessu efni í ríkisstj. En nú liggur jafnframt fyrir, að það er ágreiningur um þetta í ríkisstj. Er ekki varhugavert fyrir hæstv. forsrh. að fara á flot með þetta mál án þess að tryggja sér stuðning í jafnþýðingarmiklu máli og þessu? Og mér er spurn: Hvers vegna vill hann það ekki? Nú skilst mér á hv. 3. þm. Austurl. að hann mundi hlíta þessu, að frv. yrði afgreitt án þess að við styddum á þennan hátt við hæstv. landbrh., í trausti þess, eins og hann sagði, að það næðist — ég held að ég fari rétt með — samstaða í ríkisstj. En ég segi: Guð minn góður, hver getur treyst því? Er ekki betra að hafa þetta á þurru fyrst við viljum gera ráðstafanir? Ég trúi því naumast, fyrr en ég þreifi á, að þessi till. verði ekki samþ., eins og raunar aðrar till. sem ég hef hér mælt fyrir. Og skal ég þá láta máli mínu lokið.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að þakka hv. landbn. fyrir skjóta meðferð þessa máls. Ég skal í upphafi svara því sem kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. n. Hann ræddi nokkuð um ákvæði til bráðabirgða, sem heimilar að lagður verði á fóðurbætisskattur, sem hefur oft verið nefndur, eða tollur, en endurgreiddur síðar skv. ákvæði b-liðar. Ég er nokkuð efins um fóðurbætisskömmtun þá sem nú er komin inn í frv., fyrst og fremst vegna þess að hún er nokkuð viðamikil í framkvæmd og það tekur tíma að afla nauðsynlegra gagna sem gert er ráð fyrir að aflað verði frá skattstjórum, undirbúa skömmtunarseðla o. s. frv. Því tel ég mikilvægt, til þess að draga megi úr fóðurbætisnotkun, að slíkt ákvæði er í frv. eins og það kemur frá Nd. Hins vegar er mér að sjálfsögðu fullkomlega ljós vilji hins háa Alþingis í þessu máli og því mun öllum undirbúningi undir skömmtunina, ef ég má kalla það svo, verða hraðað og þetta ákvæði eingöngu notað eins skamman tíma og frekast verður komist af með. Ég vona að þetta svari þeirri spurningu hans.

Út af ræðu hv. frsm. minni hl. skal ég ekki segja mörg orð. Mér finnst að hv. frsm. geri of mikið úr ágreiningi hans og meiri hl., t. d. um brtt. við 1. gr. Nefndi hv. frsm. sérstaklega að minni hl. vildi að í a-lið stæði að ákveða skyldi mismunandi verð á búvöru til framleiðenda „á þann hátt" en ekki „m. a. á þann hátt". En svo segir í tillögu minni hl. strax á eftir: „Enn fremur er heimilt, ef þörf krefur, að innheimta verðjöfnunargjald til verðjöfnunar sem má vera mishátt". Þá eru þær heimildir báðar komnar inn sem eru í till. meiri hl. Því hlýt ég að segja, að ég sé ekki mikinn ágreining á milli þessara tveggja nefndarhluta.

Um 3. mgr. vil ég upplýsa það, að sú mgr., sem gerir ráð fyrir að heimila sérstakar aðgerðir til að auka búvöruframleiðsluna, var í 3. gr. þess frv. sem ég lagði fram, en var felld niður af hv. landbn. á þeirri forsendu að þetta ætti fremur heima í almennri endurskoðun framleiðsluráðslöggjafarinnar. Þetta mun ég taka til greina. Slíkt frv. verður væntanlega lagt fram strax eftir páskana og þá verður sú grein þar inn tekin.

Um 2. brtt. hef ég það að segja, að sannarlega kemur til greina og reyndar ekkert sem bannar að allríflegur fóðurbætisskammtur sé veittur fyrir minni búin. Þarna er hins vegar gert ráð fyrir að 600 ærgilda bú hafi gjaldfrítt hæfilegt magn kjarnfóðurs. Hvað er átt við með hæfilegu magni kjarnfóðurs? Hver á að ákveða það? Ég held að svona ákvæði þurfi langtum nánari skilgreiningar við. Ég er hræddur um að þetta gæti leitt til þess, að kjarnfóður gengi kaupum og sölum á milli þeirra, sem fá þetta hæfilega magn, og hinna, sem fá það ekki. Ég held að þetta sé ákaflega vafasamt. Ég efast um að nokkur treysti sér til að framkvæma slíkt.

Þá vil ég segja um það sem hv. þm. sagði um minni búin, að ég hef hvað eftir annað lagt á það áherslu í ræðum mínum um þessi mál, og það kemur reyndar fram í till. og málflutningi annarra einnig, að að því er stefnt að draga úr framleiðslu stærri búanna. Ég tek undir það með hv. ræðumanni, að að því verður að stefna að draga úr framleiðslu stærri búanna, m. a. vegna þess að við viljum fylgja þeirri byggðastefnu sem hefur verið unnið að undanfarin allmörg ár. Hitt, að efla stærri búin, gengur þvert á þá byggðastefnu, og víða er ástatt þannig að engin röskun má verða umfram það, sem nú er orðið, án þess að valdi stórkostlegum háska í byggðamálum. Ég lít hins vegar svo á, að í till. meiri hl. landbn. felist rúm og fullnægjandi ákvæði einmitt til að haga þessu verðjöfnunargjaldi þannig að minni búin beri byrðarnar léttast, þ. e. a. s. lagt verður meira á stærri búin.

Þá kemur að ákvæði til bráðabirgða. Hv. þm. taldi furðulegt að ég vildi ekki þiggja slíka heimild. Ég hef aldrei neitað því, ef þarna fylgdi jafnframt heimild til að afla tekna. Þetta er hrein markleysa, verð ég því miður að segja, eins og er. Ríkissjóður hefur ekkert annað fjármagn en tekjur hans leyfa. Og mér hefur heyrst það á hv. stjórnarandstæðingum, að ekki muni verða mikill tekjuafgangur í ár. Ef hv. flm. vilja bæta við þessa till. ákvæði um heimild til að afla tekna eftir einhverjum ákveðnum leiðum, þá skulum við skoða málið, þá erum við að tala um alvörumál. Það er af þeirri ástæðu sem ég hef lagst gegn þessu. Ég vil hins vegar segja það, að ég hef ekki treyst mér til að flytja till. um að greiða þennan halla landbúnaðarframleiðslu með því að leggja á viðbótarskatta. Ég er þeirrar skoðunar, að skattheimtan í þjóðfélaginu sé orðin æðimikil og ekki á hana bætandi. Því hef ég ekki treyst mér til þess. Þess vegna hef ég valið þá

leið að leita eftir samkomulagi meðal stjórnarflokkanna um lántöku í þessu skyni sem síðan yrði greidd á 5 árum, ekki síst með þeim sparnaði sem ég geri ráð fyrir að verði af útflutningsbótum á þessu 5 ára tímabili. Ég hef metið það svo, að þetta væri raunhæfari leið til að hlaupa undir bagga með þessa miklu erfiðleika bænda. Þess vegna hef ég lýst þeirri till. og það hefur komið fram bæði hér og í hv. Nd., að tveir stjórnarflokkanna hafa þegar samþ. hana. Þriðji stjórnarflokkurinn er með þetta í athugun. Hins vegar hafa fjölmargir þm. þess flokks lýst einnig yfir þeirri skoðun sinni, að þarna beri að hlaupa undir bagga að verulegu leyti, og ég get lýst þeirri sannfæringu minni, að full samstaða muni nást um það mál.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr. í hv. d., er búið að vera lengi á döfinni. Í meira en fjóra mánuði hefur þetta velkst fyrir þinginu, og því miður hafa málin gengið á afturfótum vegna þess að ekki var hægt að grípa til ákveðinna ráða nógu fljótt. Ég minnist þess, að hæstv. landbrh. sagði frá því í upphafi þessa máls, að hann óskaði að þetta mál gengi greiðlega í gegnum þingið svo hægt væri að taka á vandamálum landbúnaðarins. En það er nú eins og vill verða, að sjónarmiðin eru mörg og það hefur verið mikið gert til þess að reyna að fá samstæða skoðun á þessu máli. Í upphafi voru skoðanir mjög skiptar og eru það kannske enn. En um eitt voru þó allir sammála, að þarna væri mikill vandi á höndum og við yrðum að reyna að ná samstöðu allra flokka innan ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar líka til að fá sem farsælasta lausn á þessu máli. Vitanlega ætla ég ekki að fara að tíunda hér neina landbúnaðarpólitík Alþfl., enda síst tími til þess núna.

Eins og hv. 5. þm. Vestf. kom að í sinni ræðu má vel segja að frv. í sinni mynd sé að einhverju leyti hrófatildur og við tökum með vettlingatökum á þessu máli. En því miður vill það oft svo verða, að þegar menn eru lítt samstiga í byrjun gangi illa að fá sterku tökin út úr hópnum. Því er þetta nú svona komið, og það á við um fleiri mál í þinginu.

Eins og ég áður sagði var ásetningur allra að reyna að komast að þeim samningum að allir gætu sem best við unað. Á fundi í morgun í landbn. þessarar deildar kom berlega í ljós, að okkur hafði ekki til fullnustu tekist þetta. En þó finnst mér nú, þegar ég sé brtt. hv. minni hl., að munurinn á frv. og brtt. hans sé afskaplega lítill og sumt af því ekki mér geðfelldara en frv. sjálft. Ég sé þar af leiðandi enga ástæðu til að fylgja brtt. Sem dæmi um ákvæði í brtt., sem ekki er í frv., má nefna, að í brtt. er miðað við að gjaldfrítt sé hæfilegt magn kjarnfóðurs til fóðrunar alls búfjár upp að 600 ærgildum. Ég felli mig engan veginn betur við þetta en það sem stendur í frv., því að meðalbú á Íslandi er alls ekki svona stórt, jafnvel þó í fyrradag, held ég að það hafi verið, teldi bóndi úr Húnavatnssýslu bú sitt ekki vera nema rétt meðalbú, en hann átti þó 1100 ær. Þetta stangast algerlega á við allar skýrslur sem ég hef lesið. Hefði þarna staðið 300—400 ærgildi, þá hefði ég haft tilhneigingu til að vera samstiga hæstv. forseta vorum í deildinni.

Það er þó eitt í frv. sem hefur farið verulega illa í taugar mínar, og það er bráðabirgðaákvæðið. Hygg ég að við flestir í d. séum sammála um að þetta sé mjög leiðinlegt ákvæði, að það skuli vera sagt: „Fram til þess tíma, er tekist hefur að afla nauðsynlegra gagna". Málið er þó búið að vera meira en fjóra mánuði í gangi. Þetta finnst mér afleit niðurstaða. Ég vil reyna að treysta því samt, að þetta ákvæði, þessi flati skattur sem þarna er lagður á smábændur jafnt sem stóra, — þetta ákvæði verði helst aldrei notað og alla vega sem allra skemmst og allra minnst. Ég ætla samt, þrátt fyrir óvilja minn gagnvart þessu ákvæði, að styðja þetta frv. í þeirri trú að það geri gagn og þeir menn, sem með þessi lög fara, muni nota þau bændum og landslýð öllum til góðs.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Út af ummælum, sem hafa fallið um bráðabirgðaákvæði í frv. eins og það liggur fyrir núna, vil ég taka það fram sem mína skoðun, að ég tel að bráðabirgðaákvæðið sé óhjákvæmilegt, það sé óhjákvæmilegt sem fyrsta aðgerð, eins og staðan í þessum málum er í dag. Ég tel að það sé búið að dragast allt of lengi að hefjast handa um að hægja á framleiðslunni, við getum ekki dregið það lengur, og þess vegna er það mín skoðun að þetta sé óhjákvæmilegt.

Það er alveg gefið að Íslendingar hafa ekki áður staðið frammi fyrir vanda í landbúnaði af því tagi og í þeirri mynd sem hann er í dag. Við getum ekki lengur afsett landbúnaðarvörurnar á skráðu verði, og það munar miklu, það munar 5 milljörðum að áætlað er, á framleiðslu þessa árs sem vantar til þess að útflutningsbætur hrökkvi til að verðbæta landbúnaðarvörurnar að fullu. Þetta er miklu stærri vandi af þessu tagi en við höfum nokkurn tíma staðið frammi fyrir, um 5 milljarða, og það er talað um að vanti fjárhæðir sem nemi 1—1.5 millj. á hvern bónda. Þetta er nýtt og þetta er staðreynd, að við stöndum frammi fyrir því að geta ekki leyst þetta þannig að bændur fái að fullu skráð verð fyrir allar sínar vörur.

Til rökstuðnings fyrir þeirri staðhæfingu, að við getum ekki leyst vandann nú eins og þetta hefur verið leyst áður, vil ég minna á tvennt: Annars vegar það, að hæstv. landbrh. hefur skýrt frá tillögugerð sinni um að leysa þennan vanda að 2/3. Það hefur verið rætt í ríkisstj. og verður væntanlega skýrt frá því, að það hefur ekki náðst samstaða um það innan ríkisstj., a. m. k. ekki enn þá, að leysa 2/3 og þá held ég að sé óhætt að slá því föstu, að við munum ekki á þeim grundvelli, sem við störfum á núna, geta leyst þetta að fullu.

Þá finnst mér einnig till. minni hl. um nýtt bráðabirgðaákvæði staðfesta þessa fullyrðingu, að þetta verði ekki leyst að fullu. Í þessari till. er sagt að á árinu 1979 sé heimilt að leggja fram nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara á þessu verðlagsári og birgðum búsafurða sem til eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi. En hvernig þetta ber að hér finnst mér benda til að þetta verði ekki leyst með öðru stjórnarsamstarfi o. s. frv., því það er ekkert minnst á tekjuöflun, eins og hæstv. ráðh. minntist á. Þetta er líka í algeru ósamræmi við stefnu Sjálfstfl. á meðan hann var í ríkisstj. Það þarf enginn að segja mér neitt um það. Ég starfaði í þeirri ríkisstj. og veit að það var ekki stefnan þar þá að greiða ótakmarkað það sem vantaði á útflutningsbætur — alls ekki. Ég held því að við stöndum alveg tvímælalaust frammi fyrir því, að þetta verður ekki leyst á sama hátt og áður með því að grípa til buddunnar, þ. e. a. s. að greiða út úr ríkissjóði einfaldlega það sem á vantar, eins og gert hefur verið s. l. tvö ár, þ. e. a. s. 1977 og 1978, eftir æðimikið samningaþóf innan stjórnarflokka, innan þess samstarfshóps, sem var í meiri hl. í sitt hvort skiptið.

En ég vil vekja athygli á því, að þó að þessi staða sé ný,

við höfum ekki áður staðið frammi fyrir þessum vanda á þennan hátt, þá hefur þetta vandamál verið viðfangsefnið áður, legið við dyrnar alllengi, sbr. það að síðustu tvö árin þurfti beinlínis að grípa til aukagreiðslna, 10% útflutningsbæturnar nægðu ekki, einnig með vísun til þess, að oft áður hefur staðið mjög tæpt að þetta tækist, og ætla ég ekki að fara út í það. Vandamálið er þess vegna ekkert nýtt þannig séð. Það hefur áður verið framleitt meira af landbúnaðarvörum en tekist hefur að afsetja á hinu skráða verði.

Skoðun mín er sú, að hvernig sem við veltum þessu fyrir okkur, þá er eitt sem stendur og verður ekki á móti mælt, að það, sem óseljanlegt er á skráðu verði, er framleitt á innfluttu fóðri, — fóðri sem við höfum upp á síðkastið fengið á mjög hagstæðu verði og er tvímælalaust hagstætt fyrir einstaklinginn að nota það. En þegar á heildina er litið veldur það framleiðslu sem ómögulegt er að selja á skráðu verði. Auðvitað verkar þarna fleira inn í. Framleiðslan er mikil af fleiri ástæðum, það vitum við allir, þ. á m. vegna nokkuð góðs árferðis að undanförnu og það hefur ákaflega mikið að segja.

Ég vil líka vekja athygli á því, að bændasamtökin hafa gert sér þetta ljóst fyrir löngu og það eru ein 7 eða 8 ár síðan þetta var tekið nokkuð föstum tökum í bændasamtökunum og gerðar voru ákveðnar till. um aðgerðir í þessu efni. Þá var sett stjórnskipuð n. til þess að endurskoða framleiðsluráðslögin. Hún samdi frv. og það frv. var lagt fram á Alþ. En það var ekki samkomulag um að afgreiða þetta frv., því miður. Það var um allsherjarendurskoðun á framleiðsluráðslögunum og margt fleira gagnlegt sem í því fólst, heldur en ákvæði í þá veru að gera mögulegt að skipuleggja framleiðsluna betur en gert hefur verið. En ég ætla ekki að fara lengra út í það. En ég minni á það, að bændasamtökin höfðu gert sér grein fyrir þessu og málið hefur verið á Alþingi fyrr, og það er vissulega illt til þess að vita, að ekki skyldi þá vera í raun hlustað á þessar raddir og tekið tillit til þeirra og þá þegar tekið upp eitthvert það skipulag sem gerði mönnum mögulegt að hafa hönd í bagga með framleiðslunni. Síðan bændur voru með þennan málatilbúnað eru liðin tvö kjörtímabil. Það hafa tvær ríkisstj. setið að völdum og hvorug treyst sér til að taka á þessu máli í þá veru að gera mögulegar aðgerðir til stjórnunar sem þurft hefðu að vera miklu ákveðnari en nú eru á döfinni, en þær eru mjög veikar. Ég er ekki að segja að þær séu engar. En nú er sem sagt svona komið, eins og ég drap á í byrjun þessara fáu orða, að það verður ekki lengur vikist undan aðgerðum og allir hv. alþm. eru sammála um það, þó að menn greini á um hvernig að skuli standa.

Undanfari þessa frv., sem við höfum haft hér til meðferðar nokkuð lengi í þingi eins og hv. síðasti ræðumaður rakti, eru till. svokallaðrar sjömannanefndar sem var stjórnskipuð og í áttu sæti fulltrúar frá bændum. Ég vil láta það koma fram hér, að í höfuðatriðum var ég meðmæltur þeim till. og hefði talið rétt að Alþ. hefði afgreitt þær í höfuðatriðum eins og þær komu frá þessari n., enda álít ég að þær hafi verið unnar af mönnum, sem hafa mjög náinn kunnugleika á þessu í gegnum sitt starf og höfðu tekið sér æðirúman tíma til að vinna þessar tillögur. En mönnum hefur nú sýnst annað, og m. a. hafa menn viljað taka tillit til ýmissa sjónarmiða sem hafa komið fram, t. d. úr röðum bænda utan forustuliðsins, þ. e. fulltrúa Stéttarsambandsins og stjórnar þess. Við því er auðvitað ekkert að segja út af fyrir sig. En ég vil láta koma fram hér, að ég er ekkert viðkvæmur fyrir aðfinnslum einstakra hagsmunahópa, þó að í bændastétt séu, sem treysta sér ekki til að fylgja þeirri stefnu sem kjörnir fulltrúar þeirra hafa mótað. Ég er ekkert viðkvæmur fyrir því. Mér er ekkert síður kunnugt um það heldur en sumum öðrum þm., hvernig bændasamtökin eru byggð upp. Þau eru byggð upp á breiðum grunni, og þá á ég við kjarasamtökin, Stéttarsambandið. Þeir, sem þar veljast til að mæta á aðalfundum og skipa stjórn, eru menn sem eru kosnir á fulltrúafundum bændanna sjálfra og yfirleitt starfandi í bændastétt. Og þeir, sem sitja í Framleiðsluráði og í stjórn, fá nokkru víðari yfirsýn yfir málin almennt heldur en einstakir bændur, m. a. vegna þess að þeir starfa á þeim slóðum þar sem málum er ráðið til lykta o. s. frv. Ég árétta að ég er ekkert sérstaklega viðkvæmur fyrir aðfinnslum einstakra manna og einstakra hagsmunahópa. En það er hins vegar ekkert við því að segja þótt aðrir líti öðruvísi á það og vilji taka meira tillit til þess heldur en ég tel skynsamlegt. En hvað sem því líður, þá stend ég með þessu frv. eins og það liggur fyrir og vil afgreiða það óbreytt úr því sem komið er.

Við stöndum frammi fyrir nýjum viðhorfum að þessu leyti. Þetta er ill staða. Hún er ill vegna þess að frá upphafi Íslandsbyggðar hefur það verið keppikefli að framleiða sem mest af matvælum og ull til fata o. s. frv. Nú getum við ekki lengur haldið þessa stefnu, sem er eðlileg og jákvæð, heldur verðum að huga að möguleikunum til þess að afsetja þessa vöru. Og ég held að það sé mjög jákvætt og ég er því mjög svo meðmæltur, að í þessari erfiðu stöðu veiti Alþ. bændasamtökunum og viðkomandi rn., landbrn., nokkuð víðtækar heimildir til að glíma við þetta. Það er áreiðanlega alveg laukrétt, sem fram kom t. d. í hv. landbn. og e. t. v. í þessum umr., að það er varla hugsanlegt að þau ákvæði, sem verða sett á þessu þingi undir þessum kringumstæðum, — við erum þarna að takast á við ný viðfangsefni, — þurfi ekki að endurskoða alveg á næstunni. M. a. þess vegna er ég sjálfur persónulega ekki mjög viðkvæmur fyrir því, þó þarna sé ekki hvert einstakt atriði nákvæmlega eins og ég hefði helst kosið að hafa það.

Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umr.

Jón Helgason: Herra forseti. Það hefur komið hér fram, að þetta mál er búið að vera lengi til umr. hjá landbn. Alþ., og ég skal reyna að tefja ekki mjög umr. nú. En ég held að í umr. í landbn. eins og víðar hafi það komið fram, að það eru mjög skiptar skoðanir um málið, og það byggist að einhverju leyti á misskilningi. Mönnum eru ekki fyllilega ljósar allar hliðar málsins. Og það var ein setning hjá frsm. meiri hl., hv. 3. þm. Austurl., sem mér fannst sýna nokkurn misskilning. Hann sagði, að bændur hefðu ákveðið að taka á sig tekjuskerðingu vegna mörkunar á útflutningsbótum. Þessi misskilningur felst í því, að menn gera sér ekki fyllilega ljóst hver staða bændanna er. Um kjör þeirra er fjallað í lögum um Framleiðsluráð o. fl., og þar segir að verð á landbúnaðarafurðum skuli miðast við það að bændur hafi sambærilegar tekjur og aðrar stéttir. Síðan bera bændur sjálfir ábyrgð á því að fá þetta verð fyrir vöruna eftir að búið er að skrá það. Eina tryggingin, sem þeir hafa, er síðan 10% útflutningsbótatrygging miðað við heildarframleiðsluverðmætið. Það er vegna þess, að bændur hafa ekki aðra ábyrgð en þessa, að þeir hafa komist í

vanda.

Framleiðsluráði er falið það vandasama verkefni eftir núgildandi lögum, ef allir fá ekki viðunandi verð fyrir vöruna, allir seljendur á útflutningsmörkuðum, að viðbættri þessari ábyrgð, að grípa til þess óvinsæla verkefnis að jafna á milli og deila hallanum á bændur. Og það hljóta allir að skilja að það er ekki skemmtilegt verkefni eða auðvelt viðfangs, og það er með tilliti til þess, eins og hv. síðasti ræðumaður rakti, að fyrir löngu fóru samtök bænda að vekja athygli á þessum vanda, sem þarna blasti við, og að það þyrfti að gera einhverjar ráðstafanir til að grípa í taumana svo að við lentum ekki í þeim erfiðleikum sem við erum í í dag. Því miður voru þarna allir ekki á sama máli, eins og hv. síðasti ræðumaður rakti. Þetta fékkst t. d. ekki samþykkt hér á Alþ. á sínum tíma þegar það var lagt fram, og það hefur víða komið fram hörð andstaða gegn því síðar. En það er tvímælalaust, að ef einhver úrræði hefðu verið til þess að hafa þarna áhrif á, þá stæðum við ekki í þessum vanda núna. En að mínu mati er það versti kosturinn að þurfa að jafna þessum halla niður á bændur eftir á. Þá eru þeir búnir að leggja það á sig að kaupa rekstrarvörur. Þeir eru búnir að láta vinna þetta í vinnslustöðvum. Ef síðan hið raunverulega söluverð gefur ekki einu sinni vinnslukostnaðinn í vinnslustöðvunum þannig að bændur þurfa til viðbótar rekstrarvörunum, sem það kostar að framleiða þetta, að greiða einhvern hluta af vinnslukostnaðinum, þá eru bændur þarna að taka á sig útgjöld sem þeir gætu komist hjá ef þeir hefðu framleitt heldur minna.

Þetta er, held ég, ástæðan fyrir því, að bændasamtökin hafa lagt áherslu á að reyna að finna leiðir til þess að við lentum ekki í þeim vandræðum sem allir eru sammála um að við stöndum frammi fyrir núna. Og ég held að það sé ákaflega mikil ósanngirni að segja að bændur eða fulltrúar þeirra vilji leggja einhverjar klyfjar á bændur. Allir vilja reyna að leita að þeim leiðum sem geri þeim auðveldast að losna út úr stöðunni eins og hún er í dag og eins og hún hefur blasað við að undanförnu.

Ég skal ekki fjölyrða mikið um þetta frv. Það hafa komið fram ásakanir um það eða fullyrðingar hér hjá sumum ræðumönnum, að þetta væri ekki nógu markvisst, og aðrir hafa svo gefið sínar skýringar á því. Það, sem ég óttast einna helst, er að menn hafi ekki gert sér nægilega góða grein fyrir því, hvernig ætti að framkvæma allar þær hugmyndir sem þarna eru settar á blað. Það verði bæði nokkuð dýrt og ýmis önnur framkvæmdavandamál. En Alþ. hefur sett þetta fram, og þá held ég að Alþ. hljóti að vissu leyti að hafa tekið á sig nokkra ábyrgð að standa á bak við það að þetta sé framkvæmanlegt. Ég vil sem sagt gera þann fyrirvara á samþykki mínu og vekja athygli á því, að það geti verið nokkuð vandasamt að framkvæma sumt af þessu.

Það, sem mér hefur þótt vera mikill galli þegar rætt er um ýmsar leiðir í sambandi við þetta, er ef sjálf framkvæmdin hefur mikinn kostnað í för með sér, því að það eru peningar sem bændur njóta ekki. Það verða einhverjir að greiða þann kostnað. Annaðhvort verða bændur að taka hann á sig eða ríkið og það hefði þá verið miklu betra ef hægt hefði verið að láta það renna beint til bænda heldur en fara í slíkan kostnað sem ríkið greiddi. Ég held að það sé þess vegna áríðandi að reyna að koma þessu eins vel fyrir og hugsanlegt er. En það virðist vera orðið samdóma álit allra, sem þarna eiga hlut að máli, að það þurfi einhverjar ráðstafanir að gera, og innan þess ramma, sem er kominn fram í þessu frv., er um ýmsar leiðir að velja. Þess vegna hljóta þeir, sem vilja reyna að koma bændum úr þessari erfiðu aðstöðu til þess að þeir síðan hafi betri stöðu til að vinna að því að kjör þeirra verði viðunandi og sambærileg við aðra, að fagna því að þarna er sett í lög heimild til þess að leita nýrra leiða. Og eins og hv. síðasti ræðumaður gat um hlýtur að þurfa að endurskoða þetta fljótlega, og það er vitanlega alltaf möguleiki að gera það. Það er sjálfsagt þegar reynslan fer að skera eitthvað úr um hvernig þetta reynist.

Ég vil leggja áherslu á það, að æskilegast væri að gera þetta á jákvæðan hátt, ef svo má að orði kveða, þannig að bændur finni nýjar framleiðslugreinar eða bæti við þær, sem fyrir eru og ekki eru fyllilega nýttar hvað markaðsmöguleika snertir, og geti beint starfi sínu að því að vinna að slíkri framleiðslu, svo að ekki þurfi að hverfa að neikvæðum aðgerðum sem hvers konar hömlur hljóta vitanlega að teljast.

Frsm. meiri hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það eru fáeinar aths. út af því sem hér hefur fram komið.

Orðhagur maður eins og hv. þm. Þorv. Garðar er vitanlega ekki í vandræðum með að setja saman á skemmtilegan hátt og heldur neikvæðan fyrir okkur, sem erum í meiri hl. landbn., ýmis þau orð sem ég notaði hér áðan, þ. á m. þau sem ég notaði um vettlingatökin og komu frá flokksbróður hans í landbn. í morgun, en ég útskýrði kannske ekki nægilega vel hér úr ræðustólnum. Með vettlingatökunum átti þessi hv. þm. nefnilega við það, að sér sýndust þessar heimildir vera of rúmar og of óljósar og Alþ. tæki ekki nógu skýrt á þeim. Það voru þau vettlingatök sem hann var að kvarta undan. Og ég tók undir það, að ég hefði gjarnan viljað hafa þessar heimildir þrengri, en samkomulag hefði hins vegar orðið um að þrengja þær ekki meira en núverandi mynd frv. sýnir.

Um frv. í þeirri mynd sem það er nú má vitanlega hafa ýmis orð. Út af þeim vonbrigðum, sem við höfum ýmsir orðið fyrir varðandi meðferð þessa máls í heild og kannske ekki síður meðferð þessara mála á undangengnum árum, má sannarlega kalla þetta frv. hrófatildur og hrákasmíði. En sannleikurinn er sá, að ein aðalástæðan fyrir því, að hægt er e. t. v. að nota þessi orð, er sú, að í landbn. hefur verið reynt að ná eins mikilli samstöðu og mögulegt hefur verið. Ein aðalástæðan er þá kannske sú, ef menn vilja nota orð eins og hrófatildur og hrákasmíði í sambandi við þetta, að í landbn. hefur verið reynt að samræma sjónarmið stjórnarliðsins og sjálfstæðismanna og teygja sig eins mikið í átt til sjálfstæðismanna og mögulegt er til þess að ná um þetta samkomulagi. Það má vel orða þetta svona, ef menn vilja, því að það hefur sannarlega verið reynt rækilega.

Ég tók eftir því, að hv. þm. Þorv. Garðar talaði mikið um „okkur sjálfstæðismenn" í ræðu sinni, sem mér fannst ekkert óeðlilegt. En þá held ég að hann hljóti að vera að tala um sjálfstæðismenn í þessari hv. d., því að brtt., sem hann er hér með, fara ekki í öllu saman, síður en svo, við brtt. flokksbræðra hans í Nd., alveg sérstaklega varðandi b-liðinn. Án þess að ég ætli að gera aths. við það, þá er ég hræddur um að hann tali í takmörkuðu umboði fyrir sjálfstæðismenn í þessu tilfelli.

Hins vegar tók ég það glöggt fram, að þessi sérstaða hv. þm. kom okkur ekkert á óvart, varðandi þetta t. d. Hann hefur í sambandi við b-liðinn t. d. gert þessar aths. alla tíð. Nú hefur hann formað það beint í tillöguformi,

og ég segi það alveg eins og er, — ég er þar sammála hv. þm. Braga Níelssyni, — að mér sýnist það fyrirkomulag, sem hann leggur þarna til, ekki geðfellt fyrir okkur sem höfum verið t. d. alveg sérstaklega að ræða vandamál hinna smærri aðila í þessu efni. Auðvitað verða menn, þegar þarf að taka tillit til margra sjónarmiða, að teygja sig eftir hinum mismunandi sjónarmiðum eins og mögulegt er. Þá auðvitað leiðir það af sjálfu sér að um sumt verða ákvæði ekki eins skýr og þar sem t. d. einn aðili aðeins má ráða. Það má þess vegna e. t. v. deila á okkur í stjórnarliðinu fyrir að hafa viljað teygja okkur eins mikið og við höfum gert í áttina til þeirra till. sem komu fram frá þeim hv. þm. Pálma Jónssyni og Eggert Haukdal í Nd. En ég sé ekkert eftir því og þó að á okkur verði deilt fyrir það, þá hef ég enga eftirþanka í sambandi við það atriði.

Varðandi ákvæði til bráðabirgða, sem er nú komið þarna inn, þá er það alveg hárrétt að við fylgjum því í trausti þess að þetta verði ekki frambúðarlausn, heldur verði um endurgreiðslu að ræða. Ég hygg að hæstv. landbrh. hafi gefið fulla tryggingu fyrir því, þannig að það fyrirkomulag, sem var upphaflega í frv., verði ekki hið fasta fyrirkomulag, heldur sé þetta vitanlega aðeins til bráðabirgða, þó ég væri með vissan ugg í því sambandi. Ég leyni honum hvergi.

Ég fagna auðvitað stuðningi þeirra sjálfstæðismanna við hverja góða tilraun til þess að ná fram fjármagni til þess að létta bændum þær byrðar sem annars kynnu á þá að verða lagðar ef samfélagið kæmi þar ekki á móti. Og ég efa ekki að þegar vandamál, sem að vísu var ekki eins risavaxið, kom upp í fyrra í sambandi við innvigtunargjaldið og öll þau mál, þá hafi hv. þm. Þorvaldur Garðar barist hart fyrir því í sínum þingflokki, vegna þess að hann er mikill stuðningsmaður bænda. Hann hefur barist hart fyrir því að einhver leiðrétting fengist á þessu. En þannig fór, að Sjálfstfl. fór svo frá völdum að hann hafði enga leiðréttingu gefið bændum á þessu vandamáli þeirra og það varð hlutskipti þessarar ríkisstj. að leiðrétta það og láta samfélagið koma þar á móti. Ég er ekki með neinar ásakanir í garð hv. þm., vegna þess að ég veit að um þetta voru skiptar skoðanir í hans flokki, en greinilega hefur orðið þar ofan á meiri hl. sem vildi ekki leysa þetta vandamál bænda með þessum hætti. Ég fagna þess vegna þeirri hugarfarsbreytingu, ef hv. þm.talar þá fyrir hönd alls flokksins í þessu efni, en ekki bara fyrir hönd þeirra sem hafa áhyggjur af íslenskri bændastétt. En það er mjög takmarkaður hópur í Sjálfstfl.

Út af orðum hv. síðasta ræðumanns varðandi misskilning minn í sambandi við þau gjöld sem bændur taka nú á sig, þá tekjuskerðingu sem þeir gera með því að leggja á sig gjöld, þá er enginn misskilningur þar á ferðinni. Ég hef kannske orðað þetta of óskýrt. Aðalatriðið er auðvitað það, að með þessu móti leggja bændur á sig viss gjöld, vissa útgjaldaaukningu, sem þýðir auðvitað tekjuskerðingu þeim til handa. Auðvitað er nákvæmlega rétt hjá hv. þm.hvernig á því stendur. En aðalatriðið er auðvitað það, að þetta gera menn yfirleitt ekki í dag. Ég ásakaði ekki forustumenn bændasamtakanna í þessum efnum að öðru leyti en því, að mér hefur alltaf þótt forusta bændasamtakanna vera of stéttarlega lin í sinni kröfugerð á hendur samfélaginu. Mér hefur alltaf þótt það, það verð ég rétt að segja. Ég fagna því einmitt, að stéttarvitund þeirra sem slík hefur farið vaxandi, og hún á eftir auðvitað að aukast og eflast þegar þeir fara að semja við sjálft ríkisvaldið um kaup sitt og kjör. Ég sé að hv. þm.hristir höfuðið hér fyrir framan mig. Ég efast ekkert um að hann hrífst ekki af því, hv. þm. Jón Sólnes, þegar menn fara að efla með sér stéttarvitund, sérstaklega þeir sem eru tekjulágir í þjóðfélaginu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég taldi það við hæfi, þar sem allir aðrir og þó bið ég hv. þm. Braga Sigurjónsson afsökunar í því sambandi — flestir aðrir landbn.-menn í þessari hv. d. hafa kvatt sér hljóðs um frv. þetta, að ég gengi aðeins upp í ræðustólinn, með þeim ásetningi þó að tala ekki lengi.

Ég lýsti yfir því í n., að ég styddi frv. með nokkrum trega í þeirri fullu vissu, sem mér virðist blasa við mér, að þessi mál verði enn til umfjöllunar á næsta þingi og e. t. v. næstu þingum, þar sem hér er um að ræða þess háttar grundvallarbreytingar á ýmsa lund á afurðasölumálum landbúnaðarins, að ekki er við því að búast að nýskipaninni verði komið í fast form þegar með þessari lagasetningu. Ber frv. þess raunar vitni, enda þótt ég geti alls ekki tekið undir þau orð hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, hæstv. forseta d., að hér sé um eins konar hrófatildur eða hrákasmíð að ræða. Ég hygg að við hljótum að skoða þetta frv. í samhengi við önnur þau frv., sem nú eru í gerð varðandi málefni landbúnaðarins, og í ljósi þeirrar staðreyndar, að flokkar hæstv. landbrh og hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar hafa skipst á að stjórna málefnum landbúnaðarins frá því að fyrst var til á íslensku heitið landbúnaðarráðherra. Að vísu kom mér í hug undir ræðu hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar áðan, þegar hann hnýtti heldur í Sjálfstfl. fyrir linkulegan stuðning við málefni landbúnaðarins í tíð síðustu ríkisstj., — þá kom mér í hug það sem haft var eftir Guðmundi heitnum á Selkotseyri þegar hann kveinkaði sér við Jakobínu konu sína, en hann var fjórði maður hennar, og sagði: „Ekki finnst mér það nú viðkunnanlegt, Guðrún mín, hvað illa þú talar um fyrri mennina þína heitna, því að það er viðbúið að ekki muni ég heldur lifa þig.“ Ég vænti þess, að um það er lýkur muni bændaforingjar Framsfl. lofa að verðleikum stuðning Alþb. við málefni landbúnaðarins í þessari stjórn og væntanlega þá einnig stuðning Alþfl. með hástemmdari orðum en hv. þm.Vilhjálmur Hjálmarsson viðhafði um stuðning Sjálfstfl. við málefni bænda í síðustu ríkisstj.

Ég ítreka það, að ég mun styðja og greiða atkv. með því frv., sem hér liggur fyrir, m. a. í trausti þess að enn muni þessi mál verða til umfjöllunar á næstu þingum, að því er ég vænti í góðu samstarfi núv. stjórnarflokka, og að við eigum óafgreidd mál héðan sem fyrirheit liggja fyrir um og vissulega snerta einnig það mál sem hér er um fjallað, þannig að við munum síðar þurfa að líta á þessi mál sem lúta að kjörum bænda í heild, og þá ekki síst þegar að því kemur að til framkvæmda komi fyrirheit sem gefið hefur verið af hálfu stjórnarflokkanna, sem Sjálfstfl. hefur nú lýst yfir stuðningi við og stéttarsamtök bænda hafa gert að kröfu sinni, að upp verði teknir beinir samningar bænda við ríkisvaldið um kaup og önnur kjör. Þegar að því kemur hljótum við að líta á þessi mál í heild.

Ég get tekið undir gagnrýni hv. þm.Braga Níelssonar um ákvæði til bráðabirgða. Ég er ekki sáttur við það. Á sama hátt og hann ber ég þarna fyrir brjósti sérstaklega hagsmuni þeirra bænda sem hafa langtum minni og afurðarýrari bú en þau sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson tilgreinir sérstaklega í brtt. sinni og ræðum, þ. e. a. s. miklu smærri bú en 600 ærgildi. En þar sem það

blasir nú við okkur, að þetta ákvæði er nauðsynlegt nú, þar hygg ég að hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson hafi satt að mæla, þá sé ég mig knúinn til að greiða einnig atkv. með þessu ákvæði til bráðabirgða, en með mjög einbeittum fyrirvara um það, að ég hlýt að ganga til liðs við þá menn sem kynnu að vilja beita sér fyrir því síðar, ef þeim þykir það ákvæði til bráðabirgða ætla að verða of lífseigt, að taka þá upp annan hátt. Ég er aftur á móti vongóður um að sú skipan mála, sem nú á að taka upp, að veita stéttarsamtökum bænda meira olnbogarými en þau hafa áður haft til þess að fjalla um einstök tæknileg vandamál varðandi afurðasölumálin, sá nýi háttur muni auðvelda lausn á ýmsum þessara vandamála, m. a. vegna þess að þar með axlar bændastéttin sjálf ábyrgðina á ýmsum sviðum. Kann svo að fara að það verði auðveldara við að eiga þegar þing kemur saman að hausti fyrir þá sem þá standa enn á „eyri vaðs" af hv. þm. að fjalla þá um þessi mál, og læt ég svo máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Efri deild, 80. fundur.

Föstudaginn 6. apríl, að loknum 79. fundi.

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 249). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skipti á ðánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 250). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 445, n. 539). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þetta frv. var afgr. einróma frá hv. Nd. til þessarar deildar. Félmn. hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþ. Mér er kunnugt um að utan þings er mikill stuðningur hjá fjölmörgum aðilum við það efni sem hér er á ferðinni. Ég legg því eindregið til fyrir hönd n. að frv. verði samþ. og afgr. sem fyrst héðan frá hv. deild

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 520, n. 534 og 536, 537). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að vera langorður nú. Ég stend þó upp að gefnu tilefni. Hæstv. landbrh. vék að nokkrum atriðum í ræðu sinni áðan með tilliti til brtt. sem minni hl. landbn. leggur fram.

Mér virtist að hæstv. ráðh. gerði að sumu leyti frekar lítið úr þessum brtt. á þeirri forsendu að það væri um litlar breytingar að ræða frá frv. sjálfu. Ég skal nú ekkert vera að metast á um það. En hann sagði í þessu sambandi að í brtt. við 1. mgr. a-liðar 1. gr. væri um að ræða tvær heimildir. Það var helst að skilja að það hefði ekki verið fækkað neitt heimildum og það væri *lítill munur* á brtt. frá því frv. sem liggur nú fyrir. Ég held að þetta sé misskilningur, því að í frv., eins og það liggur fyrir, er talað um að það sé heimilt að ákveða mismunandi verð á búvörum til framleiðenda, m. a. með því að framleiðendur fái fullt grundvallarverð o. s. frv. Brtt. okkar er afdráttarlaus um þetta efni. Að vísu segir á eftir að enn fremur sé heimilt, ef þörf krefur, að innheimta verðjöfnunargjald sem megi vera mishátt. Þetta benti hæstv. ráðh. á og það er rétt að þetta stendur. En ég lít svo á, ef brtt. verður samþ., að þá beri löggjafanum að fara hina fyrri leið, og ef sú leið verður ekki farin, þá verði að færa sérstakar ástæður fram fyrir því. Þetta er munurinn, auk þess að sú leið, sem við flm. þessarar brtt. einskorðum okkur við, er, eins og ég benti á í ræðu minni áðan, að sjálfsögðu besta leiðin.

Hæstv. ráðh. sagði að 3. mgr. í brtt. okkar við a-liðinn hefði verið í frv. eins og það var upphaflega lagt fram, þ. e. a. s. sérstakar aðgerðir væru heimilaðar til þess að auka búvöruframleiðslu þar sem hún er of lítil fyrir neysluþarfir í einstökum landshlutum. Og mér skildist á hæstv. ráðh., að hann væri samþykkur efni þessarar brtt. Ég fagna því að svo er. En fyrst það er svo, finnst mér að honum mætti þykja þetta ákvæði mega vera að skaðlausu. Það skaðar a. m. k. ekki að samþ. það ef menn eru með þessu efnislega.

Hæstv. ráðh. vék nokkrum orðum að fóðurbætisskattinum. Ég sé ekki ástæðu til að fara sérstökum orðum um það. Ég veit ekki hvort hann hefur í raun og veru miklu meiri trú en ég á þeirri aðgerð, sem felst í ákvæðinu um skattinn. En ég tel þessa brtt. um skattinn til bóta, eins og ég færði rök að áður.

Þá er það síðasta atriðið sem ég vil víkja að. Það er brtt. okkar í minni hl. landbn., þ. e. 4. brtt. b, um að veita ríkissjóði heimild til þess að leggja fram nauðsynlegt fé til að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara á þessu verðlagsári og birgðum búsafurða. Ég fór nokkrum orðum um þetta í fyrri ræðu minni og hæstv. ráðh. vék að þessu. Hann taldi till. markleysu eina vegna þess

að ekki væri gert ráð fyrir eða ekki bent á með hvaða hætti ætti að afla fjár til þess. Ég verð nú að segja það, að ég skil ekki þessa röksemdafærslu hjá hæstv. landbrh. Ég hefði talið að það væri betra fyrir hann að hafa þessa heimild, þ. e. a. s. að Alþ. hefði lýst yfir að það mætti verja fé úr ríkissjóði. Eftir slíka viljayfirlýsingu Alþingis og lögfestingu slíks ákvæðis væri miklu auðveldari eftirleikurinn, þ. e. a. s. að afla fjár til þessa. Það eru ýmsar leiðir til þess að afla fjár til þessa, m. a. að taka lán, eins og hæstv. ráðh. hefur verið að tala um, en hefur ekki samstöðu um í ríkisstj. Það er hægt að gera þetta í gegnum fjáraukalög. Ég þarf ekki að telja þetta upp. Það er skrýtið að ráðh. skuli slá á útrétta hjálparhönd okkar í minni hl. í þessu efni.

Hv. 8. landsk. þm. taldi, að það væri lítill munur á þessum brtt. og frv., og sigldi þar í kjölfar hæstv. ráðh. Ég átti naumast von á því. En ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um það. Ég hef bent á, eins og augljóst er, að þarna er verulegur munur á.

Hv. 3. þm. Austurl. vék nokkuð að tali okkar um vettlingatök sem hefðu verið á frv., sem hér liggur fyrir, og gerð þess. Ég notaði ekki þetta orð fyrstur. En hann var að bera mér á brýn að ég hefði eitthvað farið ógætilega með þetta. Látum það vera. Ég held að það sé enginn vafi á því, að okkur hv. 3. þm. Austurl. og ýmsum öðrum, sem hér hafa talað, hafi fundist margt varhugavert við frv. Hv. 3. þm. Austurl. lét að því liggja, að þetta frv. væri hrófatildur og hrákasmíð, kannske vegna þess að það hefði verið teygt of langt í áttina til sjálfstæðismanna. Mér þykir þetta ósennilegt. En ég skildi þetta þegar ég heyrði svo í ræðu hv. þm., að honum var nokkuð í mun að geta sagt eða lét orð að því liggja að hann talaði kannske fullt eins vel fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna og ég í þessu máli. Ég fagna því, ef hann er að nálgast okkur sjálfstæðismenn, og ég verð að segja það, að mér hefur ekki fundist ýkjamikið í umr. um þetta mál bera á milli okkar sjálfstæðismanna og hv. 3. þm. Austurl., svo ég tali ekki um hv. 4. þm. Norðurl. e. Og mér rennur það til rifja þegar ég heyri hjá þeim ágæta dreng það sem hann sagði í ræðu sinni áðan, að hann styddi þetta frv. með nokkrum trega. Það er ömurlegt hlutskipti að þurfa að ganga til verks með því hugarfari. Og hann bjóst við að það yrði nú ekki tjaldað nema til einnar nætur með þetta mál og það kæmi fljótt aftur fyrir þingið. Við skulum vona það, et brtt. okkar sjálfstæðismanna verða ekki samþykktar, að málið komi aftur og við getum þá tekið upp, bæði hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 3. þm. Austurl., tal okkar og umr. sem við höfum haldið uppi með allmiklum samhljóm á sameiginlegum fundum landbn. beggja d. á undanförnum vikum og mánuðum. Og ég vænti þess, þegar mér er lítið á hv. 8. landsk. þm., að þeir Alþfl.-menn geti átt samleið með okkur um þessi efni.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ef svo hrapallega skyldi nú til takast að hin ágæta brtt. sjálfstæðismanna yrði ekki samþ. og hins vegar kæmi flatur skattur á fóðurbæti, þá langar mig til að spyrja hæstv. landbrh. hvort haft hafi verið samráð við fulltrúa fugla- og svínaframleiðenda sem eiga allt sitt undir þessari afgreiðslu. Þeir eru einir af þeim fáu sem ekki þurfa á aðstoð ríkisins að halda til þess að framleiða sína vöru. Ég held að grundvöllinn þurfi e. t. v. að endurskoða með tilliti til þess, að við neytum örugglega orðið meira nú af kjúklingum og svínakjöti heldur en reiknað var með þegar vísitölugrundvöllurinn var gerður, og á þann hátt mætti e. t. v. spara nokkurt fjármagn. Nú langar mig til að fá að vita hvað verður gert, hvort þeir fái endurgreiðslu þannig að þeir geti haldið áfram sínum rekstri án þess að kjöt þeirra sé niðurgreitt og hvað hæstv. ráðh. geti sagt mér í því efni.

Enn fremur langar mig til að spyrjast fyrir um hjá hæstv. ráðh. hvort nokkuð hafi verið athugað um sk[illegible]lega takmörkun á smjörframleiðslu á þann hátt að mjólkurbúin gerðu samninga við bændur um að þeir minnkuðu fóðurbætisgjöf og litið yrði til þeirra á einhvern hátt í því sambandi, vegna þess að ég held að eitt mesta vandamál, sem verið er að fást við núna í þessum efnum, sé einmitt smjörbirgðirnar. Í staðinn fyrir að selja smjörið út á 300—400 kr. kg væri öllu heillavænlegra að minnka framleiðsluna og bæta bændum skaðann og éta okkar smjörbirgðir sjálfir frekar en að draga þetta úr hófi fram og safna alltaf meiri og meiri birgðum.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Út af spurningu hv. 4. þm. Reykn. vil ég segja þetta: Samráð var haft við bæði framleiðendur svínakjöts og alifuglakjöts. Umsagnir þeirra, hygg ég að megi fullyrða, bárust til landbn. Gert er ráð fyrir að þeir hljóti alveg sambærilega meðferð að þessu leyti og aðrir framleiðendur landbúnaðarafurða. Ég get getið þess, að í upphaflegum till. sjömannanefndar svokallaðrar var gert ráð fyrir heimildum til endurgreiðslu fóðurbætis til framleiðenda sauðfjár- og nautgripaafurða eingöngu. Þetta var fellt út. Ekki var talið rétt að takmarka heimildina við þessar framleiðslugreinar, m. a. með tilliti til þess að þarna ættu allir að sitja við sama borð. Þeir hafa aðgang bæði að Stéttarsambandi og Framleiðsluráði. Þetta mun verða betur undirstrikað en áður hefur verið í því frv. til breytinga á framleiðsluráðslöggjöf sem nú er í undirbúningi, svo að ég hygg að réttur þeirra sé fyllilega tryggður.

Ég skal ekkert segja um endurskoðun á vísitölugrundvellinum. Ég hygg að hv. þm. hafi töluvert til síns máls þar. Það er hins vegar svo á fjölmörgum sviðum, að neysluvenjur breytast að sjálfsögðu. Hins má þó geta, að í þessu sambandi hefur það verið nokkurt vandamál að ekki liggja fyrir nógu traustar tölur um framleiðslu t. d. eggja og alifugla. Menn vona að með þeim ákvæðum sem sett hafa verið í frv., þar sem fóðurbætisskattur er ákveðinn með tilliti til framtals, [illegible]i þetta lagast, komast á réttan grundvöll.

Það, sem hv. þm. sagði að lokum um framleiðslu eða samdrátt í framleiðslu fyrir forgöngu mjólkurbúanna sjálfra, skildi ég svo, að biðja ætti menn að framleiða minna. Má ekki orða það svo? Þetta hefur mikið verið um rætt. Vandinn er bara sá, að erfitt er að ná svo víðtækri samstöðu, og svo er líka staðreyndin að t. d. mjólkurframleiðslan fyrir höfuðborgarsvæðið er nú ekkert mikil hér á Suðvesturlandi, hún er árstíðabundin, þannig að það veitir ekkert af framleiðslunni eins og er. Smjörbirgðirnar minnka núna og eru komnar niður í kringum 1200 tonn. En því miður bendir allt til þess, m. a. vegna þess að ekki hefur tekist að sporna við fóðurbætisinnflutningi og kaupum, að mjólkurbirgðir munu aukast aftur að vori og sumri. Aftur á móti vil ég taka undir það sem hefur komið fram í þessari umr., að kannske er hér um atriði að ræða sem getur breyst snarlega með árferði t. d., ef hafís leggst að landi. Og ef klaki

helst lengi eins djúpt í jörðu og hann er þegar orðinn á Norðurlandi, þá mun náttúrlega stórum draga úr allri framleiðslu. Þessi framleiðsla er svo háð náttúru- og veðurfari að þarna er ýmislegs að gæta. Hér er að sjálfsögðu allt saman miðað við meðalframleiðsluár. — Ég hygg að spurningar hafi ekki verið fleiri.

ATKVGR.

Brtt. 537,1 felld með 10:3 atkv.
— 537,2 felld með 10:3 atkv.
— 537,3 felld með 11:3 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 537,4.a felld með 11:3 atkv.
— 537,4.b felld með 11:3 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 11:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 81. fundur.

Föstudaginn 6. apríl, að loknum 80. fundi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 520). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 542).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 445). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 543).

Þinghlé.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er gert ráð fyrir að þetta verði síðasti fundur deildarinnar fyrir páska. Það hefur verið talað um að hafa fund í Sþ. á morgun, hvað sem verður endanlega. Ég vildi láta þess getið. En með því að þetta er síðasti fundur deildarinnar fyrir páska vil ég óska öllum hv. dm. gleðilegra páska og vona að þeir njóti heilir hátíðarinnar sem í hönd fer og við hittumst allir heilir hér til starfa að loknu páskaleyfi. — Fundinum er slitið.

Neðri deild, 73. fundur.

Föstudaginn 6. apríl, kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 7, n. 431 og 437, 430, 436). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 436 samþ. með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: EBS, FÞ, FrS, GH, GilsG, GTh, JÁ, JÞ, KÓ, HBl, ÞA, MB, MÁM, ÓE, PJ, SvJ, AG, EH.
nei: GSig, HES, HG, JóhS, MHM, PP, SighB, SV, StH, SvG, JK, VG, ÞS, ÁG, BGr, GMK, IG.
SvH greiddi ekki atkv.
4 þm. (EÁ, BGuðn, GSt, EðS) fjarstaddir.
3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 430 felld með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: JÞ, KÓ, HBl, MB, MÁM, ÓE, PJ, SvJ, SvH, AG, EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh.
nei: MHM, PP, SighB, SV, StH, SvG, JK, VG, ÞS, ÁG, BGr, BGuðn, GSig, GilsG, HES, HG, JóhS, IG.
JÁ, ÞA, GMK greiddu ekki atkv.
3 þm. (EðS, EÁ, GSt) fjarstaddir.
3. þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst yfir að hann hafi í hyggju að sinna því máli, sem hér um ræðir, og muni flytja till. um það við 3. umr. Með vísan til þess segi ég nei.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Í trausti þess, að hæstv. sjútvrh. komi með till. við 3. umr. til leiðréttingar á þessum málum, segi ég nei.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Með vísan til þess, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði áðan, og í trausti þess, að sjútvrh. flytji brtt. við þessa grein við 3. umr., segi ég nei.
4.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Stjórnefnahagsmála o.fl. (þskj. 517 (sbr. 453 og 511), n. 527 og 530). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 527 er nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., en þar er skýrt frá því, að aðalstörf n. fóru fram í samstarfi við fjh.- og viðskn. hv. Ed. og var aðeins einn fundur haldinn í fjh.- og viðskn. Nd. vegna þess að 5

fundir höfðu verið sameiginlega haldnir í nefndum beggja deilda. Á þeim fundum lágu frammi þær umsagnir sem borist höfðu um frv., og enn fremur komu til fundar við n. þeir aðilar sem sérstaklega var talið að fallnir væru til þess að segja álit sitt á frv. Í hv. Ed. var svo að loknum þessum fundum gengið frá þeim brtt. sem fjh.- og viðskn. þeirrar d. gerði, og voru þær samþykktar. Þannig breytt leggur meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. til að frv. verði samþykkt. Einn meirihlutanm. hefur þó fyrirvara sem hann mun gera grein fyrir við umr.

Meginþættir þeirra breytinga, sem gerðar voru í hv. Ed., voru m. a. að tekið var tillit til álits, sem fram hefði komið frá Verkamannasambandinu, og till. því gerð um að viðskiptakjaravísitalan yrði tekin til framkvæmda af meiri mildi og hægar en gert hafði verið upphaflega ráð fyrir, og er þar átt við tekjur sem ná í venjulegri dagvinnu með þeim atriðum, sem þeim fylgja, að 210 þús. kr. mánaðarlaunum, og fjara út við 220 þús.

Annað, sem breytt var í frv. í hv. Ed., var að innstæðubinding er aukin úr 25 í 28%, en það er gert m. a. til þess að gera Seðlabankanum auðveldara að geta sinnt þeim verkefnum sem hann hefur annast í sambandi við afurða- og rekstrarlán.

Þriðja meginatriðið, sem gerð var á breyting í hv. Ed., var viðvíkjandi verðlagslögunum, sem samþ. voru á s. l. þingi og eru nr. 56 frá 1978, um gildistöku 8. gr. laga þeirra, en henni var nokkuð breytt frá því sem var í frv. Var þar gert ráð fyrir rýmri tökum á þeim málum en frv. gerði áður ráð fyrir.

Fjórða atriðið, sem var einnig breytt í hv. Ed., var viðvíkjandi olíuverðshækkuninni. Þá er miðað við áhrif á vísitölu samkv. lagafrv. þessu eða þá tekjuöflun sem kann að eiga sér stað vegna niðurgreiðslu á olíu til húshitunar. En að öðru leyti verður um það mál, ef til kemur, fjallað sem sérstakt mál og ekki frekar í þessu frv.

Um þetta frv. þarf ég að sjálfsögðu ekki mikið að segja því að það hefur verið svo mikið til umr. hér á hv. Alþ. og utan þings og það m. a. s. áður en frv. hafði borist hv. Alþ. sem slíkt. Hins vegar vil ég geta þess, að eins og áður hefur komið fram í umr. hér á hv. Alþ. um stefnu núv. ríkisstj. eru það þrír þættir sem hún hefur tekist á við á þeim tíma sem hún hefur setið á valdastólum.

Í fyrsta lagi var ætlun hennar að ná niður vöruvísitölunni með aðgerðum þeim sem gerðar voru í sept., bæði með auknum niðurgreiðslum og niðurfellingu á söluskatti. Þessar ráðstafanir og aðrar þær, sem þá voru gerðar, voru gerðar til þess að koma atvinnuvegunum í fullan gang, en eins og ástandið var þá var mjög tvísýnt um stöðu þeirra í þjóðfélagi okkar. Þessar aðgerðir höfðu þegar þau áhrif sem að var stefnt, en ljóst var að það mundi ekki nægja til áframhaldandi sóknar gegn verðbólgunni sem er eitt af höfuðverkefnum hæstv. ríkisstj.

Annar þáttur í ráðstöfunum ríkisstj. í baráttunni gegn verðbólgu voru tímabundnar ráðstafanir sem gerðar voru í desember.

Við afgreiðslu þeirra mála og afgreiðslu fjárl. lýsti hæstv. forsrh. því yfir, að hann mundi beita sér fyrir áframhaldandi sókn í þessum málum, m. a. með því að setja sérstaka ráðherranefnd sem ynni að undirbúningi þess máls sem hér er nú til meðferðar. Þessu var fram haldið svo sem fyrirheit hæstv. forsrh. gáfu tilefni til, og ráðherranefnd sú, sem hann skipaði, skilaði 28. febr. álíti til hæstv. ríkisstj. Eftir að ríkisstj. hafði fjallað um málið varð niðurstaðan að forsrh. var falið að vinna að málinu með undirbúningi frv., sem hann og gerði. Í því sambandi hafði hann samstarf við aðila vinnumarkaðarins, eins og kom fram í störfum fjh.- og viðskn. í meðferð frv. á hv. Alþ., og enda þótt það sé svo, að þeim finnist sumum hverjum að minna tillit hafi verið til þess tekið, sem þeir vildu þar að vinna, kom þó fram að í ýmsum atriðum var tillit til þess tekið þegar frá frv. var endanlega gengið.

Veigamesti þáttur þessa frv. er að tryggja atvinnu í landinu. Eins og kunnugt er hefur tekist á síðustu árum að halda hér uppi verulegri og góðri atvinnu. Það er stefna hæstv. núv. ríkisstj. að fylgja því fast eftir að svo verði. Og þrátt fyrir að aðrir þættir séu hér veigamiklir, eins og verðbólguþátturinn, sem er hinn veigamesti á margan hátt, er það hugsun hæstv. ríkisstj. að ekkert skuli gert á kostnað atvinnuöryggis og ef svo horfi, að atvinnuöryggi sé ekki tryggt, verði að víkja frá þeim þáttum að einhverju leyti sem frv. þetta gerir ráð fyrir, þó að að því sé stefnt og í það fast haldið að úr verðbólgunni verði dregið.

Þá er og annar þáttur veigamikill í frv. þessu, sem er stjórn peningamála. Sérstaklega er það verðtrygging sparifjár og lánsfjár sem nú er tekin fastari tökum en áður fyrr. Ég leit svo á, þegar fyrrv. ríkisstj. tók upp nýjan útlánaþátt í sambandi við lánsfé, að með þeim hætti væri farið inn á þessa braut. En því miður hefur það ekki tekist sem skyldi. Nú er gengið lengra í þá átt að verðtryggja sparifé og lánsfé en gert hefur verið áður. Mun það án efa verða til þess að hafa veruleg áhrif til að reyna að ná tökum á verðbólgunni. Að því er stefnt með þessum hætti, og er vonandi að aðferðin reynist vel.

Þá er og það atriði, að viðskiptakjaravísitala skuli gilda. Það er mikilvægur þáttur, og enda þótt ég hefði kosið að fleiri þættir hefðu fylgt til breytinga á vísitölunni, þá finnst mér þetta mjög veigamikill þáttur og tel að hann muni tryggja afkomu þjóðarinnar betur en verið hefur, því að það er mjög fráleitt, eins og við höfum orðið við að búa, að þó að viðskiptakjör þjóðarinnar hafi versnað hefur vísitalan hækkað og kaupgjald í landinu hækkað þar með og gert stöðu atvinnuveganna enn þá verri en viðskiptakjararýrnunin gerði. Að því er spáð er á þessu ári er ekki reiknað með að þjóðartekjurnar muni aukast, heldur í mesta lagi haldast í því horfi sem þær voru á s. l. ári, jafnvel þó að þjóðarframleiðslan aukist eitthvað, sem þó er talið að muni verða lítið. Það mun og leiða til þess að viðskiptakjörin munu eitthvað versna, sérstaklega á fyrri hluta þessa árs. Er því brýn nauðsyn að taka þann þátt upp sem hér er gert, og er vel að um það skyldi nást samstaða í hæstv. ríkisstj. að þannig skyldi að verki staðið.

Þá er og í þessu, sem ég hef sagt, meiri festa á stjórn peningamála og fjármála en áður hefur verið. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það hefur verið mikið framkvæmdatímabil hjá íslensku þjóðinni allt síðan 1970. Þess vegna er þjóðin að minni hyggju betur undir það búin að hægja á ferðinni, þó að það verði að gerast innan þeirra marka sem skapa atvinnuöryggi og eðlileg lok á verkum, sem í gangi eru, verði að eiga sér stað. En ég tel að bæði hjá atvinnuvegunum, því að veruleg uppbygging hefur átt sér stað hjá þeim, og þjóðfélaginu í heild sé hægt að draga úr hraða uppbyggingar vegna þess sem gert hefur verið á síðustu árum.

Ég vil einnig segja það, að atvinnuvegirnir eru á margan hátt betur undir þetta búnir, m. a. vegna útfærslu

landhelginnar og annarra þátta í atvinnuvegum, bæði til lands og sjávar, þó að segja megi að iðnaðurinn sé skemmra á veg kominn en æskilegt væri í sambandi við atvinnuþátt hans.

Þá vil ég og geta þess, að á s. l. ári er talið að afkoma fólks hér á landi, þ. e. kaupgetan, ráðstöfunartekjur heimilanna, hafi verið betri en nokkru sinni fyrr. Þess vegna er það mikils um vert að hægt verði að auka þar við, meðan verið er að ná betri tökum á verðbólgunni en nú er.

Það er ljósara en frá þurfi að segja, að í landi okkar er nú meiri áhugi á því að ná tökum á verðbólgu en nokkru sinni fyrr. Það má vel vera að það sé af því, að ég hef haft betri tíma nú til að fylgjast með viðhorfi fólks á hinum einstöku vinnustöðum, en ég hef aldrei orðið eins vel var við að áhugi væri fyrir að hafa vald á verðbólgunni. Þeir, sem þar hafa verið að verki, hafa látið í ljós þá skoðun, að þeir legðu miklu meira upp úr minnkandi dýrtíð en 1, 2 eða 3% í kaupi, enda væri ekki séð hvað þeir þyrftu á annan hátt að greiða. Þess vegna er ljóst að áhugi á að ná tökum á verðbólgunni er meiri nú en nokkru sinni fyrr.

Ég held að það sé líka ljóst, að fólk gerir sér almennt grein fyrir því, að lífsafkoma þess getur ekki batnað frá því, sem nú er, nema með því að verðbólgunni sé haldið í skefjum. Sama er að segja um framfarir í þjóðfélagi okkar. Það verður ekki hægt að halda í þokkalegu horfi ef við höfum ekki vald á verðbólgunni. Kostnaðaraukinn, sem verður á framkvæmd hinna stærri verka á milli ára, er svo geigvænlegur, eins og nú hefur orðið upp á síðkastið, að slíkt verður að stöðva.

Ég skal, herra forseti, ekki lengja mál mitt. Ég vil endurtaka það, að meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, og treystir því, að undir giftudrjúgri forustu hæstv. forsrh. og flokks hans, Framsfl., verði haldið áfram þeirri baráttu gegn verðbólgunni sem nú hefur verið tekin skref frá skrefi til þess að koma þar vörnum við og sókn gegn. Hún treystir því að hæstv. ríkisstj. — hún má gjarnan vita að fólkið í landinu ætlast til þess — efli samstarf sitt til þess að vera betur undir það búin að takast á við þetta verkefni, sem þjóðin hefur áhuga á að tekist sé á við og treystir henni til að gera.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl. Eins og hér hefur komið fram varð n. ekki sammála um afstöðu til málsins. Fulltrúar stjórnarflokkanna styðja frv., en starfandi formaður n. þó með fyrirvara sem hann mun gera hér grein fyrir. Við fulltrúar Sjálfstfl. í n. skilum séráliti sem ég mæli hér fyrir. Það álit er á þskj. 530.

Það er rétt hjá hv. frsm. meiri hl. n., að frv. þetta hefur verið mikið til umfjöllunar bæði innan þings og utan, og af þeim sökum þótti honum ekki ástæða til að fara um það mörgum orðum. Þetta er nú einmitt einkennandi fyrir hin nýju vinnubrögð á Alþ., að málin eru rædd úti í bæ og ákvarðanir um þau jafnvel teknar þar áður en þau koma til umr. hér í þinginu. Ég get nefnt dæmi um þá óvirðingu, sem einn af meðlimum fjh.- og viðskn. Ed. sýndi n. þegar mál þetta var til umfjöllunar á sameiginlegum fundum nefndanna.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason sýndi nefndinni og Alþingi óvirðingu með því að mæta aðeins á einum hinna sameiginlegu funda. Ég held að honum hafi þótt mikilvægara að sitja fundi úti í bæ um þetta frv. með félaga sínum og vini og koma þá kannske við í pylsuvagninum. Fyrir þessum vinnubrögðum standa þeir menn sem boðuðu siðvæðingu í störfum þingsins, breytta starfshætti, sem auka skyldu veg þess og virðingu. Ef þeir halda að þetta sé leiðin til þess, þá fara þeir villir vegar.

Þetta frv. á sér sögulegan og óvenjulegan aðdraganda. Það er komið frá hv. Ed. sem gerði á því nokkrar breytingar sem ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að fara hér sérstaklega út í, enda hefur verið gerð nokkur grein fyrir þeim. Það eru reyndar ekki einu breytingarnar sem orðið hafa á vegferð frv. Frá fyrstu drögum hefur það tekið veigamiklum breytingum. Sumar þeirra, sem gerðar voru í Ed., kunna að vera til bóta, aðrar eru til þess að draga úr málskrúðinu og enn aðrar eru einskis virði og virðast gerðar til þess eins að sætta til málamynda hin mjög svo ólíku sjónarmið stjórnarflokkanna. Ég held að það skýri kannske nokkuð þetta mál ef ég geri nokkra grein fyrir breytingum á frv.-drögunum frá því sem þau voru í febr. og frv. eins og það var lagt fyrir Alþ. Ég kem þá kannske að einhverju leyti inn á breytingarnar sem gerðar voru í hv. Ed.

I. kaflinn er óbreyttur. En eins og margnefnt hefur verið er sá kafli óþarfur og unnt að framkvæma allt, sem þar er sagt, án lagafyrirmæla.

II. kafla hefur hins vegar verið breytt í verulegum atriðum. Kjaramálaráð, sem gert var ráð fyrir í fyrstu frv.-drögum, fellur niður og óákveðið samráð við aðila vinnumarkaðarins kemur í staðinn. Þessum breytingum hefur t. d. Vinnuveitendasamband Íslands mótmælt og telur ákvæði þessa kafla algerlega óviðunandi. Segir í ályktun þess: „Með tilliti til fenginnar reynslu er líklegt, að þau séu eingöngu sett í því skyni að útiloka raunverulega aðild Vinnuveitendasambandsins að þeirri umfjöllun um kaup- og kjaramál, sem fara ætti fram á þessum vettvangi.“ — Allt er þetta hins vegar þóknanlegt Alþýðusambandi Íslands, enda komið beint til móts við óskir þess þegar kaflanum var breytt. Og eins og segir í ályktun þess virðist í þessari nýju útgáfu fyrirkomulag samráðsins komið í viðunandi horf.

III. kaflanum, um ríkisfjármál, var allnokkuð breytt, reyndar mikilvægar orðalagsbreytingar gerðar á 8. gr. Þær breytingar draga hins vegar mátt úr ákvæðunum. Áður stóð ákvæði í lögunum um að skyldur ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða eða sérstakra verkefna skyldu tekin til endurskoðunar í því skyni að framvegis skyldu framlögin ákveðin í fjárl. ár hvert. Nú stendur: „tekin til endurskoðunar, og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög“ o. s. frv. Frekari viðbótarfyrirvara er svo bætt inn síðar í greinina. Annars má segja um ákvæði þessa kafla, að flest af því, sem þar er nefnt, sé unnt að gera án sérstakra lagafyrirmæla. Þessi ákvæði um endurskoðun lagaskyldu um fjárveitingar eru orðin svo máttlaus, að þau skipta ekki lengur máli. Slíka endurskoðun má framkvæma án lagafyrirmæla og engin ákvörðun felst í 8. gr. Svo var í þessum kafla hið dæmalausa ákvæði um eignakönnun, en það var hins vegar fellt niður.

Breytingarnar voru ekki verulegar á IV. kaflanum, en ákvæði þessa kafla eru að miklu leyti lýsing á vinnubrögðum sem þegar eru viðhöfð, og að því leyti sem um nýjungar er að ræða er óþarfi að setja um þær lagafyrirmæli.

V. kaflinn er nýr frá fyrri drögum, en er einstaklega óskýr. Það kerfi áætlana, sem þar er gert ráð fyrir, er svo

flókið að það hlýtur að verða óframkvæmanlegt í reynd. Það er ekki ljóst hvaða tilgangi þessar áætlanir eiga að þjóna, hvort þær eiga að vera vísbendandi. Ef svo er þarf engin lagaákvæði um þær, og miklu auðveldara fyrirkomulag er unnt að hafa. Eigi þær hins vegar að vera fyrirskipandi, en til þess benda ákvæði ýmissa annarra greina, t. d. eftirlit Framkvæmdastofnunar með framkvæmdaáætlunum í 27. gr. frv., þá þurfa ákvæðin þar um að vera skýr. Það er ekki kunnugt að nein svipuð ákvæði um áætlanagerð sé að finna í löggjöf nágrannalanda okkar né að neitt slíkt fyrirkomulag tíðkist.

VI. kaflinn, sem fjallar um peninga- og lánamál, hefur nokkuð breyst. Það er bætt í hann mjög veikjandi málsl. í 30. gr., sem gerir ákvæðin um aukningu peningamagns í umferð nánast marklaus. Annars er þessi kafli í heild með öllu tilgangslaus. Þar eru sett fram stefnumið sem annaðhvort er þegar að finna í seðlabankalögum eða ríkisstj. getur sett sér og Seðlabanka hvenær sem er án lagasetningar. Tveggja ára áætlanir um útlán og þróun lánamarkaðar er unnt að gera án lagasetningar. Eina ákvæði þessa kafla í upphaflegu drögunum, sem lagasetningu þurfti um, er heimild til aukinnar bindingar. Það hefur verið fellt niður í núverandi útgáfu. Einnig hefur ákvæðið um aukningu peningamagns, sem raunar á alls ekki heima í lögunum, verið útþynnt svo mjög í sinni núverandi mynd að það má teljast nánast markleysa.

Þá kemur VII. kaflinn, um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Þessi kafli er í meginatriðum óbreyttur frá upphaflegu frv. hæstv. forsrh. Samkv. áliti Seðlabankans var mikilvægt að koma að þremur atriðum í sambandi við verðtryggingu til þess að gera hana framkvæmanlegri en hún er samkv. núv. heimildum í lögum nr. 71/1966. Fyrsta atriðið er að verðtrygging skuli almennt heimil í skriflegum skuldbindingum manna á milli þar sem skuldarinn greiði peninga. Þessi ákvæði eru í 34. gr. frv. Til þess skorti heimild í lögunum frá 1966, og framkvæmd slíkrar verðtryggingar, einkum í sambandi við sölu nýbygginga, hefur byggst á úrskurðum dómstóla. Þessi breyting er því mikilvæg. Annað atriðið er að lögin frá 1966 settu ýmsar takmarkanir á verðtryggingar, — takmarkanir sem eru til óþæginda við almenna framkvæmd verðtryggingar, þ. á m. um tímalengd lána og tegund veða. Samkv. þessum kafla falla slíkar takmarkanir niður. Þriðja atriðið er að samkv. lögunum frá 1966 var alls ekki gert ráð fyrir að verðtrygging næði til skammtímalána, svo sem stuttra víxla. Af þessum sökum varð Seðlabankinn að byggja ákvarðanir sínar um verðbótaþátt vaxta í reglum sínum frá 1977 á almennum vaxtaákvæðum í seðlabankalögunum. Þetta var erfitt í framkvæmd og lagagrundvöllur auk þess hæpinn. En nú koma ákvæði um verðbótaþátt vaxta beinlínis fram í 39. gr. frv.

Um kaflann í heild má annars segja að hann sé allflókinn og hefði sjálfsagt verið unnt að gera hann einfaldari. Þar við bætist að framkvæmd almennrar verðtryggingar hlýtur að vera mjög erfið og varasöm, eins og reynsla annarra þjóða hefur sýnt. Ef framkvæma á almenna verðtryggingu er forsendan sú, að hún nái til allra lána, til skamms jafnt sem langs tíma, og engin tegund lána sé undanþegin. Að öðrum kosti má gera ráð fyrir að alvarlegt misvægi myndist á milli verðtryggðra innlána bankanna annars vegar og óverðtryggðra útlána hins vegar.

VIII. kaflinn fjallar svo um verðbætur á laun. Þessi kafli setur lagaákvæði um verðbætur, þar sem aftur á móti er gert ráð fyrir að grunnlaun séu ákveðin með samningum. Frádráttarliðin varðar breytingar búvöruverðs vegna vinnuliðar verðlagsgrundvallar búvöru og breytingar á áfengis- og tóbaksverði eins og áður. Við bætast svo áhrif skatta til niðurgreiðslu á olíu eða útgjöld vegna hennar án skattbreytingar, enn fremur 1/3 hluti breytingar vísitölu viðskiptakjara. Niður falla hins vegar fyrri ákvæði frv.-draganna um áhrif breytinga á óbeinum sköttum og niðurgreiðslum og um frestun hækkana umfram 5%. Sú breyting var einnig gerð í hv. Ed. á 2. tölul. 49. gr., að þar falla niður orðin „eða til annarra ráðstafana til þess að milda áhrif hækkunar olíuverðs innanlands". Þessi breyting varðar atvinnureksturinn og er auðvitað í samræmi við þá stefnu hæstv. ríkisstj. að gera atvinnurekstrinum í landinu eins erfitt fyrir og mögulegt er.

IX. kaflinn er svo um vinnumarkaðsmál. Með 52. gr. er sett á stofn ný ríkisstofnun sem gæti orðið heilmikið bákn. Ákvæðin um tilkynningarskyldu vegna fækkunar starfsmanna hljóta að verða mjög íþyngjandi fyrir atvinnuvegina. Vinnuveitendasambandið bendir á að slík ákvæði séu óframkvæmanleg með öllu. Slíkt ákvæði takmarkar um of svigrúm til virkrar stjórnunar fyrirtækja og er óframkvæmanlegt, svo sem í fiskiðnaði, byggingariðnaði og eflaust fleiri atvinnugreinum.

Þá kemur næst að kaflanum um verðlagsmál. Hann hefur að vísu tekið verulegum breytingum í hv. Ed., eins og ég sagði. Verðlagsstjóri kom á fund n. og gerði þar grein fyrir skoðunum sínum þegar sá kafli var ræddur. Ég verð að fara nokkrum orðum um núverandi 59. gr. frv. eins og hún var í upphaflega frv., sérstaklega vegna þess að fulltrúar Alþb. í fjh.- og viðskn. lýstu þar þeirri skoðun sinni að allt væri þar til bóta frá gildandi lögum. Mér sýnist þess vegna rétt að rekja með nokkrum orðum í hverju aðdáun þeirra er fólgin, eins og ætlunin var að þessi grein færi í gegnum þingið.

Verðlagsstjóri tók fram á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn., að ekkert samráð hefði verið við hann haft um gerð þeirra breytinga á lögun nr. 56/1978, um verðlag og samkeppnishömlur, sem X. kafli frv. þessa fjallar um. Í 58. gr. frv. var kveðið á um að það skyldi vera meginregla að vöruverð væri háð verðlagsákvæðum. Enn fremur kom fram í sömu grein, að frá þessari reglu mætti ekki víkja nema með samþykki ríkisstj. Ef framfylgja ætti svona ákvæði samkv. orðanna hljóðan verður ekki betur séð en ekki sé aðeins verið að ganga þvert á það sjónarmið sem lá að baki samþykkt laganna frá því í maí 1978, heldur væri gengið mun lengra í átt til opinberrar verðákvörðunartöku en felst í þeim lögum um verðlagsmál frá árinu 1960 sem enn er starfað eftir. Breytingin virðist stefna að því, að tekið verði upp sama verðákvörðunarkerfi og notast var við á stríðsárunum og næstu ár á eftir, þegar vöruskortur og skömmtun var ríkjandi. Aðrir kaflar frv. taka mið af allt öðrum þjóðfélagsaðstæðum. Auk þeirrar breyttu stefnumörkunar að láta verðmyndun undir opinberu eftirliti víkja fyrir opinberum verðákvörðunum að öllu leyti fólst í 58. gr. innbyrðis mótsögn, jafnframt því sem greinin svo breytt yrði í algeru ósamræmi við aðrar greinar laganna um verðlag og samkeppnishömlur.

Að því er lýtur að fyrra atriðinu, þ. e. innbyrðis mótsögnum í 58. gr., var í 2. mgr. talað um að meginreglan

skyldi vera verðlagsákvæði, en í 3. mgr. tekið fram að verðlagsákvæðum skyldi aðeins beitt við sérstakar aðstæður.

Um síðara atriðið er það að segja, að breytingin gengur þvert á ýmsa kafla laganna frá 1978. Það má benda á það atriði því til staðfestingar, að í II. kafla verðlagslaganna er kveðið á um að ákvörðunartaka í öllum málum skuli vera í höndum samkeppnisnefndar og verðlagsráðs. Með breytingunni, þ. e. að samþykki ríkisstj. þurfi að koma til, er gengið gegn því ákvæði. Í III. kafla laganna er gert ráð fyrir að Verðlagsstofnun eigi að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni o. fl. Það er ekki ljós tilgangur þess að örva verðskyn og samkeppni á sama tíma og njörva skal niður allt vöruverð með miðstýrðum ákvæðum. IV. kafli laganna frá 1978 fjallar eingöngu um samkeppnismál. Ekki verður séð hver þörf er fyrir slíkan kafla ef breyting sem þessi ætti að verða gerð.

Með breytingum á lögum nr. 56/1978 í samræmi við 58. gr. frv. verður að líta svo á að allar forsendur laganna séu raunverulega brostnar og því tilgangslaust að láta þau taka gildi. Höfuðatriðið er að hér átti að sameina í einum lagabálki tvö gagnstæð sjónarmið sem engan veginn fara saman. Ef það er vilji Alþingis í svona máli að stefna í aðra átt en gert var í fyrra væri auðvitað eðlilegast og réttast að semja nýja löggjöf í samræmi við breytt sjónarmið.

Verðlagsmál hafa á undanförnum áratugum mótast um of af pólitískum ákvörðunum. Pólitískar verðlagsákvarðanir hafa ekki haft að markmiði að halda verðlagi í skefjum þegar til lengri tíma er litið, heldur byggst á vísitöluleik frá degi til dags og sjónhverfingum gagnvart neytendum. Þessi vinnubrögð hafa haft mjög óheillavænleg áhrif á þróun verðlagsmála og í sumum tilvikum sett þau í algerar ógöngur, svo sem í innflutningsversluninni, útseldri vinnu iðnmeistara, en mörg fleiri dæmi mætti nefna. Með þessu er ekki verið að segja að Alþ. og stjórnvöld eigi ekki að marka heildarstefnu í verðlagsmálum okkar í tíma. Hins vegar eiga verðákvarðanir að öðru leyti að byggjast á faglegu mati, eins og þekkist meðal allra okkar nágrannaþjóða. Ef þau sjónarmið væru höfð í fyrirrúmi gæti verðlagseftirlit náð meiri árangri en nú er.

Ég held að það, sem ég hef verið að segja, sé mjög í samræmi við þær ábendingar sem komu fram hjá verðlagsstjóra á fundi fjh.- og viðskn. En það virðist sem meiri hl. eða fulltrúar stjórnarflokkanna hafi ekki treyst sér til að bera fram kaflann óbreyttan. Því hafa þeir gert breytingar á 58. gr., sem nú verður 59. gr., en meginbreytingin stendur þó óbreytt, þ. e. að Alþ. lætur sér ekki nægja að móta stefnuna í verðlagsmálum og fela síðan faglegri nefnd að útfæra hana, heldur er kveðið á um að ríkisstj. skuli hafa veruleg bein áhrif á ákvörðunartöku verðlagsráðs. Hver hefur reynsla okkar orðið af slíkum afskiptum ríkisvaldsins á verðákvarðanatökur? Í stuttu máli hefur reynslan orðið sú, að afskipti ríkisvaldsins hafa orðið hemill á eðlilega verðmyndun. Verðákvarðanir hafa dregist og jafnvel verið orðnar óraunhæfar þegar þær loksins hafa komið.

Við höfum dæmi um hvernig pólitísk afskipti hafa á klaufalegan hátt sett ýmsar afgreiðslur í hnút. Verðlagsstjóri hefur gert grein fyrir hvernig komið er fyrir innflutningsversluninni, útseldri vinnu iðnmeistara og sumra iðnfyrirtækja. En á þetta er ekki hlustað. Það er sorglegur misskilningur ríkisstj. að gleyma því, að verðlagsyfirvöld eru að fást við afleiðingar, en ekki orsakir. Það dregur ekki úr verðbólgunni þótt einstakir ráðh. og síðan ríkisstj. eyði dýrmætum tíma sínum í að ræða um verðhækkanir. Störf verðlagsnefndar felast fyrst og fremst í því að fást við afleiðingar af gerðum sem þegar eru orðnar að staðreyndum. Ég nefni sem dæmi launahækkanir, erlendar verðhækkanir, gengisfellingar, gengissig, vaxtahækkanir og fleiri orsakir, sem óhjákvæmilega hafa áhrif til hækkunar á verðlagi. Nefndinni er ætlað að veita nauðsynlegt aðhald til þess að hamla gegn því, að umræddar kostnaðarhækkanir fari meira út í verðlagið en brýn nauðsyn krefur. Á hinn bóginn er það ekki nema að mjög litlu leyti á valdi verðlagsnefndar eða annarra verðlagsyfirvalda að vega að sjálfum rótum verðbólguvandans, sem vitaskuld er mest aðkallandi úrlausnarefnið. Það er að mestu leyti á valdi allt annarra aðila í þjóðfélaginu en verðlagsyfirvalda að leysa það verkefni.

Samkv. verðlagslögunum frá í fyrra var ákveðið að verðlagsráð starfaði á faglegum grundvelli, óháð geðþóttaákvörðunum ríkisstj. Mér sýnist að með breytingum á þeim lögum, sem nú á að fara að samþykkja, eigi að halda áfram pólitískum afskiptum af störfum verðlagsráðs. Þessu er ég algerlega andvígur og tel að það standi þeirri ríkisstj. nær, sem er að lögbinda 40% verðbólgu á þessu ári, að ráðast eingöngu að orsökum þeirrar verðbólgu í stað þess að krukka á handahófskenndan hátt í einstakar verðákvarðanir sem neytendur verða síðan að gjalda fyrir í hærra vöruverði.

XI. kafli frv. fjallar um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins, þ. e. Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og Aflatryggingasjóð. Þar hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frá fyrri drögum, sem ég hirði ekki um að rekja, enda ekki stórvægilegar. Hins vegar eru gerðar tvær veigamiklar breytingar á lögum um Aflatryggingasjóð. Það er í fyrsta lagi, að heimilt skuli vera að taka tillit til sóknartakmarkana við ákvörðun meðalveiðimagns og sömuleiðis til langvarandi aflaleysis vegna breytinga á fiskigengd og veiðisókn. Í öðru lagi, að heimilað skuli vera að beita fjármagni sjóðsins til þess að verðbæta vannýttar tegundir og leggja gjald á ofnýttar tegundir. Þetta á þó að gerast með endurskoðun laga um Aflatryggingasjóð. Þess vegna er hér í raun aðeins um stefnuyfirlýsingu að ræða. Þessi atriði bæði kynnu að geta orðið til góðs. Það ætla ég ekki að leggja neinn dóm á. En það eru hins vegar engar áætlanir fyrirliggjandi um hvað þau gætu þýtt í reynd.

Ég bendi sérstaklega á í þessu sambandi að fulltrúi Sjómannasambandsins og reyndar Farmanna- og fiskimannasambandsins einnig, sem komu á fund n., bentu á að ekkert samráð hefði verið haft við samtök þeirra um þessar breytingar, þær breytingar, sem þarna voru ráðgerðar, hefðu farið um annarra hendur en hagsmunaaðila. Þessu mótmæltu þessir fulltrúar harðlega. Þeir bentu sérstaklega á að Aflatryggingasjóður væri eign sjómanna og reglur um Verðjöfnunarsjóð hefðu verið settar með samþykki sjómanna, þessir sjóðir hefðu verið stofnaðir með samþykki þeirra. Þess vegna mótmæltu þeir því harðlega, að nokkrar breytingar yrðu þarna gerðar án samráðs við þessi samtök.

Í sem stystu máli má segja að fyrstu 6 kaflar frv. séu með öllu óþarfir. Þar er um að ræða atriði sem þegar eru framkvæmd eða unnt er að framkvæma án lagasetningar,

og um er að ræða hreinar stefnuyfirlýsingar sem lagaákvæði eiga ekki við um. Það má raunar segja að með þessum ákvæðum í köflunum og raunar ýmsum fleiri sé verið að „súrra saman" stjórnarsamstarfið, setja í lög loforð um að þetta og hitt skuli gert. Manni sýnist að lítið vanti raunar annað í frv. þetta en ákvæði um það, hvaða refsingum eigi að beita þá stjórnarliða sem víkjast undan því að standa við það sem þetta frv. setur á loforðalistann.

Í öðru lagi má nefna það, að nauðsynlegt er að endurskoða lögin frá 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Það hefði best verið gert með sérstakri lagasetningu um verðtryggingu. Frágangur VII. kaflans, um verðtryggingu, eins og hann er nú, er að ýmsu leyti mjög varasamur, svo að ekki sé meira sagt.

Í þriðja lagi nefni ég að um verðbætur á laun, sem VIII. kaflinn fjallar um, þarf nýja lagasetningu, ef á að ákveða verðbætur með lögum. Hin leiðin er þó einnig til, að verðbætur ákveðist með nýjum samningum á milli aðila.

Í fjórða lagi má nefna, að kaflinn um vinnumarkaðsmál —IX. kaflinn — er nýjung sem orkar mjög tvímælis. Miklu eðlilegra væri að setja sérstaka löggjöf um þessi mál en að meðhöndla þau sem hluta af fjölþættri löggjöf.

Í fimmta lagi nefni ég svo kaflann um verðlagsmál, sem þrátt fyrir breytingar kollsteypir í raun þegar samþykktum lögum um verðlagsmál. Eðlilegast hefði verið að breyta þeim lögum sérstaklega, ef vilji er fyrir hendi til þess.

Og í sjötta lagi nefni ég svo það sem segir um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins í XI. kaflanum. Það felur í sjálfu sér ekki í sér neina marktæka breytingu frá núverandi lögum, heldur stefnumið.

Að því er snertir Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins er bersýnilega um mikilvægar nýjungar að ræða og þess vegna nauðsynlegt að endurskoða sjálf lög sjóðsins, eins og raunar er gert ráð fyrir í frv., og umfram allt að hafa um það samráð við samtök sjómanna.

Ég hef hlaupið á helstu atriðum frv. og gert nokkurn samanburð á því og fyrri drögum og lauslega drepið á sumar þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í hv. Ed. Það voru haldnir nokkrir sameiginlegir fundir fjh.- og viðskn. beggja d., eins og hér hefur komið fram. Á þá sameiginlegu fundi komu til viðtals við nm. fulltrúar ýmissa samtaka, svo sem Vinnuveitendasambandsins, Verslunarráðs, Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Sambands ísl. bankamanna, ASÍ, BSRB og BHM, og auk þess kom verðlagsstjóri á fund n., eins og ég áður hef greint frá. Það var nokkuð sameiginlegt í frásögn þessara aðila, að ýmist ekkert eða lítið samráð hefði verið haft við þá um gerð frv. Hins vegar hefur misjafnlega mikið tillit verið tekið til aths. sem þessir aðilar, a. m. k. sumir hverjir, kannske allir, sendu hæstv. forsrh. við hin fyrri drög frv. Það er táknrænt, að ríkisstj., sem haft hefur uppi yfirlýsingar meiri en nokkrar aðrar ríkisstjórnir um nauðsyn samráðs við aðila vinnumarkaðarins, skuli ganga þannig til verks og þannig á bak orða sinna, þegar unnið er að hinum mikilvægustu málum, sem varða hag þessara aðila meira en nokkuð annað.

Fram hjá þeim óþægindum, sem því fylgja að leggja fram frv. án samráðs við þessa aðila, er auðvelt að ganga með því að hæstv. forsrh. flytji frv. í eigin persónu. Það er ekki flutt sem stjfrv. Þegar það svo var flutt af hæstv. forsrh. var hafður uppi töluverður hávaði, einkum af hálfu Alþb. Alþfl. ákvað hins vegar strax að styðja frv. óbreytt og hefur lagt áherslu á að koma því sem hraðast í gegnum þingið, þótt það hafi ekki gengið eins og hann helst óskaði. Nú er sem sagt allt fallið í ljúfa löð að því er virðist, frv. verður samþ. af fulltrúum stjórnarflokkanna. Það er látið í veðri vaka, einkum af hálfu Alþb., að því hafi tekist að gera á frv. veigamiklar breytingar til hagsbóta fyrir umbjóðendur þess, sem það kallar svo, þótt staðreynd sé að breytingarnar, sem gerðar voru í hv. Ed., séu flestar hverjar hinar smávægilegustu.

Þeir aðilar, sem á fund nefndanna komu og ég hef hér greint frá, höfðu flestir margt við frv. að athuga og lýstu eindregnum mótmælum við ýmis ákvæði þess. Á þessi mótmæli var að sjálfsögðu lítið sem ekkert hlustað. En sumir þessara aðila hafa ótrúlega mikið langlundargeð og teygjanlegt, þegar í landinu situr ríkisstj. sem ber hlýjan hug til þeirra, þótt hún í verki breyti þvert á gefin loforð. Það er býsna einkennilega komið fyrir íslenskri verkalýðshreyfingu. Hún gefur út yfirlýsingar í síbylju um að núv. ríkisstj. megi ekki fara frá vegna þess að hún hafi verið mynduð til þess að tryggja hag verkalýðsins í landinu. Það skiptir sem sagt ekki máli þótt ríkisstj. vinni þvert gegn því sem hún hefur heitið þessum sömu aðilum, hún á bara að sitja. Það er ekki deilt um það lengur, hvort fremja eigi kauprán. Það er deilt um hversu mikið það eigi að vera. Raunar hillir nú undir fullt samkomulag í þeirri deilu.

Þetta frv. er annars sönnun fyrir gjaldþroti þeirrar stefnu sem ríkisstj. hóf störf sín með. Hún byrjaði á því að hækka laun, en síðan lækkaði hún þau aftur og dró úr vísitölugreiðslunum. Niðurgreiðslur voru auknar fyrst í stað. Nú á að draga úr þeim í áföngum. Skattheimtan var aukin strax á fyrstu dögum stjórnarinnar og við það stefnumið er dyggilega staðið.

Frv. þetta stefnir frjálsu athafnalífi í meiri hættu en áður hefur verið gert. Það gerist með ákvæðum frv. um aukin ríkisafskipti af atvinnulífinu, fyrirskipandi áætlanagerð og afskiptum ríkisstj. af verðlagsmálum. Sá vottur af samræmdri stefnu í efnahagsmálum, sem fannst í fyrri frv.-drögum, hefur verið úr lagi færður með veikara orðalagi í ýmsum liðum. Ríkisstj., sem er sjálfri sér sundurþykk, getur ekki framfylgt heillegri stefnu í efnahagsmálum, ef slík stefna væri þá til. Það skiptir þá ekki máli hvaða lagaákvæði kunna að verða sett um slíka stefnu — henni verður aldrei framfylgt. Þetta frv., ef að lögum verður, er þess vegna ekki líklegt til að færa okkur nær því marki að sigrast á verðbólgu eða auka jafnvægi í efnahagsmálum og auka hagvöxt. Það eykur hins vegar ríkisafskiptin og miðstýringuna og grefur undan fjálsu athafnalífi. Það er svo í samræmi við þá stefnu stjórnarflokkanna að skilja eftir sig sterkari ríkisafskipti, en veikara atvinnulíf.

Minni hl. n. flytur ekki brtt. Slíkt er tilgangslaust þar sem stjórnarflokkarnir hafa þegar ákveðið að samþykkja frv. eins og það er komið frá hv. Ed. Eins og hefur komið fram í nál. meiri hl. hafa einstakir stjórnarliðar fengið heimild til þess að greiða atkv. gegn einstaka greinum frv. Það gera þeir auðvitað til þess að sýna sjálfstæði sitt og síns flokks gegn kaupránsliðum frv. Ég hef grun um að aðrir muni ekki tjá sig. Þeir hafa reyndar sumir hverjir gert það í dagblöðunum, en þeir eru ekkert að hætta á það í þinginu. Hér eru nú viðkvæmir tímar og líf stjórnarinnar hangir á bláþræði. En e. t. v. geta þessir

aðilar þó ekki stillt sig.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til þess að svara fsp. sem til mín var beint við 1. umr. þessa máls. Þar var í fyrsta lagi um að ræða fsp. frá hv. 4. þm. Reykv.

Hann spurði í fyrsta lagi: Ef félagsmenn BSRB fella samkomulagið og 3% grunnkaupshækkun til þeirra og BHM gengur í gildi, hvað verður þá um meðlimi Sambands ísl. bankamanna? Er grunnkaupshækkunin til þeirra undir öllum kringumstæðum tekin af, án tillits til þess? — Við þessari fsp. er þetta svar: Undantekningarákvæðið í I. lið bráðabirgðaákvæðisins tekur aðeins til þeirra sem þar eru sérstaklega nefndir. Um alla aðra launþega, þ. á m. þá sem hv. 4. þm. Reykv. sérstaklega nefndi, gildir hin almenna regla samkv. lagaákvæðinu.

Önnur fsp. hans var sú: Hvernig fer ef úrslit atkvgr. verða á þá lund að starfsmenn ríkisins samþykkja, en starfsmenn einstakra sveitarfélaga fella samkomulagið? Fá þeir þá 3% grunnkaupshækkun? Ég svara þessu svo: Ég lít svo á að ríkisstarfsmenn og bæjarstarfsmenn verði í þessu sambandi að skoða sem eina heild. Enginn fyrirvari í aðra átt er gerður í samkomulagi BSRB og fjmrn., en þar segir svo í niðurlagi, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt því sem ríkisstj. beitir sér fyrir ofangreindum breytingum á samningsréttarlögum BSRB, nr. 29/1976, samþykkir samninganefnd BSRB fyrir sitt leyti að falla frá þeirri 3% grunnkaupshækkun, er taka átti gildi 1. apríl n. k."

Samkomulag þetta er af báðum aðilum undirritað með þeim fyrirvara, að það verði samþykkt í allsherjaratkvgr. félagsmanna BSRB. Á undan þessu fara þær breytingar á samningsréttarlögunum sem um er að tefla. En í þessu niðurlagsákvæði er ekki að neinu leyti greint á milli starfsmanna ríkisins og starfsmanna bæjarfélaga.

Þá beindi hv. þm. Kjartan Ólafsson til mín nokkrum fsp. varðandi bráðabirgðaákvæði verðbótakaflans og hann var a. m. k. hálfur, að mér fannst, í fylgi sínu við frv. Hann spurði hvernig færi með það sem hann kallaði láglaunabætur, hvenær þær ættu að hverfa. Það kom fram í máli hv. þm., að hann var ekki svo fáfróður um það efni sem hann vildi vera láta, enda eru ákvæðin í frv. um þetta allskýr. Samt sem áður vil ég reyna að veita hv. þm. þá úrlausn sem ég má.

Ég sneri mér til þess manns sem ég veit fróðastan um vísitölumál og einna nákvæmastan embættismanna, þ. e. a. s. hagstofustjóra, og hann lét mér í té svo hljóðandi álitsgerð, sem ég vil leyfa mér að lesa upp orðrétta, með leyfi hæstv. forseta:

„Um verðbótaákvæði í frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl.

Samkv. ákvæðum VIII. kafla frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl. og brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. Alþ. við hann er fyrirhugað að ákvæði um greiðslu verðbóta á laun verði sem hér segir frá og með þeim greiðslutímabilum er hefjast 1. júlí, 1. sept. og 1. des. 1979:

1. Frá 1. júní 1979 greiðast verðbætur á grunnlaun eftir verðbótavísitölu reiknaðri samkv. ákvæðum VIII. kafla frv., en þó skal frádráttur frá verðbótavísitölu vegna rýrnandi viðskiptakjara hæst nema 2% af verðbótavísitölu og auk þess skal þessi frádráttur að svo stöddu ekki hafa áhrif til lækkunar verðbóta á mánaðarlaun lægri en 210 þús. kr. Miðað við lauslega áætlun Þjóðhagsstofnunar um verðbótavísitölu frá 1. júní 1979 hækka láglaun í þeim skilningi, er hér um ræðir, um 9% frá 1. júní n. k., en önnur laun um 7%. Hækkun láglauna frá 1. júní 1979 er þannig áætluð 2 prósentustigum meiri en hækkun hærri launa.

2. Frá 1. sept. 1979 greiðast verðbætur á grunnlaun eftir verðbótavísitölu þess greiðslutímabils er þá hefst, en við ákvörðun hennar skal m. a. taka tillit til viðskiptakjarabreytinga frá síðasta útreikningi og auk þess skal reikna inn í hana þá viðskiptakjararýrnun umfram 2% sem kann að hafa orðið miðað við 1. júní, en varð ekki virk þá. Að því er varðar mánaðarlaun lægri en 210 þús. kr. skal breyting verðbóta frá því sem var 1. júní vegna viðskiptakjarabreytinga vera hin sama og hún er fyrir aðra launataxta. Samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar um verðbótavísitölu frá 1. sept. verða láglaun þá orðin 16.9% hærri en grunnlaun, en önnur laun 14.8% hærri en grunnlaun. Hér er því enn um að ræða tveggja prósentustiga mun á verðbótum á láglaun og önnur laun.

3. Frá 1. des. 1979 skal greiða jafnháa prósentu verðbóta á öll laun, og fellur þar með niður greiðsla 2% hærri verðbótaprósenta á láglaun en á laun 210 þús. kr. og hærri. Samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar verða verðbætur frá 1. des. 1979 22.3% á grunnlaun há og lág. Þar eð verðbætur á láglaun voru á greiðslutímabilinu sept.—nóv., og raunar einnig í júní—ágúst, hlutfallslega meiri en þær voru á mánaðarlaun 210 þús. kr. og hærri, hlýtur prósentuhækkun láglauna frá sept.—des. að verða minni en prósentuhækkun hærri launa. Er hækkun láglauna þá áætluð 4.5%, en annarra launa 6.5%. Þessi munur á prósentuhækkun launa frá 1. des. 1979 er sjálfgefin afleiðing þess, að sérstaða láglauna að því er varðar áhrif viðskiptakjararýrnunar á greiðslu verðbóta fellur niður frá og með þessum tíma".

Ég ætla að vona að þetta gefi glögga mynd af því, hver ferillinn er og verður í þessu efni.

Ég undirstrika ræki lega það höfuðatriði sem um var spurt, að mér skildist, að frá 1. des. verða verðbætur á öll laun þær sömu. Ég hygg að á fund hv. fjh.- og viðskn. hafi komið fulltrúi frá Þjóðhagsstofnun og hafi líka gefið yfirlit með sömu niðurstöðu í þessu efni. Ég held að öllum megi því vera ljóst hvað í ákvæðum þessum felst.

Mér skildist að jafnvel einn eða kannske tveir hv. þm. létu að því liggja, að þeir gætu ekki fylgt frv. vegna þess að svona væri í pottinn búið. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég skil ekki þessa röksemdafærslu. Hver er afleiðingin af því, ef svona hugsun er hugsuð til enda? Hún er sú, að það er aldrei hægt að hækka eða leiðrétta hlut láglauna nema það sé tryggt að sú leiðrétting gildi að eilífu. Þar er óumdeilanlegt að með þessu frv. og með ákvæðum, sem í því eru, er láglaunatekjum, ef menn vilja kalla þær það innan við þetta mark, 210 þús. kr., veitt ívilnun — fríðindi, ef menn vilja kalla það því nafni. Þau fríðindi falla niður 1. des. Eftir það sitja allir við sama borð að óbreyttum samningum.

Ég vænti þess, að hv. þm. muni skoða hug sinn betur og standa ekki gegn réttlætismáli, þó að það sé ekki tryggt að leiðréttingin standi lengur en þetta. Þetta er réttlætismál að þeirra dómi og margra annarra, af því að mér er ómögulegt að sjá annað, ef maður hugsar svona, en að það væri aldrei hægt að fallast á neinar tímabundnar umbætur til handa láglaunamönnum ef það ætti að standa á móti því að þær féllu niður eftir einhvern tíma.

Þá spurði hv. þm. að því, hvernig á það yrði litið ef frv.

væri breytt í þá veru að láglaunabætur, ef maður notar það orð, sem er þó kannske ekki alveg nákvæmt, stæðu lengur en til þess tíma sem ákveðinn er í frv., og hvort það væri möguleiki. Svarið við þessari spurningu er einfaldlega nei. Það er af því, eins og hv. þm. veit, að þegar fjallað var um þessi mál í hv. fjh.- og viðskn., reyndar beggja þd., settu stjórnarliðar undirnefnd til að fjalla um þessi mál og í þessari n. voru hv. þm. Jón Helgason formaður í fjh.- og viðskn. Ed., hv. þm. Ágúst Einarsson í fjh.- og viðskn. Ed og hv. þm. Lúðvík Jósepsson formaður hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. Og einmitt þar bar hv. þm. Lúðvík Jósepsson fram þá ósk, að þetta fyrirkomulag gæti orðið lengt fram á næsta ár. Því var hafnað. Þá féllst hann á þetta eins og það er úr garði gert og um það varð samkomulag. Ég veit ekki betur en allir þeir fulltrúar, sem þarna áttu hlut að máli, hafi farið í þingflokka sína og borið málið undir þá og eftir það var — hvað eigum við að segja? — gefið grænt ljós á að þetta mætti fram ganga. Þar með er ég ekki að segja að það hafi verið nein trygging fyrir því, að allir þm. í hverjum flokki hafi verið sammála. En þannig er þetta í pottinn búið. Ég vænti þess, að engir hv. Alþb.-menn a. m. k. vilji minnka hlut formanns síns að honum fjarverandi. Á þetta féllst hann, og að öllum öðrum Alþb.-mönnum ólöstuðum met ég orð hans mest.

Þá spurði hv. þm. enn að því, hvort það kæmi til greina að breyta þessu e. t. v. 1. des. eða síðar. Hann spurði um persónulega skoðun mína á því. Nú má segja að persónuleg skoðun mín á því sé ekki mikils virði, en ég skal gjarnan láta hana í té. Ég er að meginstefnu til fylgjandi meiri launajöfnuði en nú á sér stað. Ég tel láglaun of lág. Það hefur aldrei tekist í samningum af einhverjum ástæðum að lyfta þeim upp eins og skyldi. Þess vegna mundi ég persónulega vera til viðræðu um að taka upp sérstakar láglaunabætur, ef um viðskiptakjararýrnum væri að ræða og nýir kjarasamningar hefðu verið gerðir. En eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson veit eru yfirlýsingar einstakra þm. og jafnvel ráðh. ekki einhlítar, ef þeir hafa ekki á bak við sig samþykki þingflokka, og ég hef ekki samþykki míns þingflokks á bak við það sem ég sagði nú um þetta efni. Það var aðeins mín persónulega skoðun.

Þá hef ég svarað þeim fsp. sem til mín var beint við 1. umr. málsins. En það voru nokkrar hugleiðingar hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni sem ég vildi víkja að. Kannske væri reyndar rétt að skjóta því inn í áður, að mér fannst gæta nokkurs misskilnings í máli hæstv. viðskrh. þar sem hann talaði um að fulltrúar Alþýðusambandsins í vísitölunefnd hefðu hætt störfum þar. Það er ekki rétt. Þeir sátu eins og allir aðrir meðlimir vísitölunefndar til síðustu stundar og sátu út allan síðasta fund vísitölunefndar. Vísitölunefnd hafði verið lengi að starfi. Hún var skipuð í sept., ef ég man rétt. Henni var sett fyrir. Hún átti að skila af sér 20. nóv. Það gat hún ekki gert. Þá féllst ég á að framlengja frestinn til 15. febr. Þá voru öll sjónarmið komin fram í vísitölunefnd. Menn gengu því ekkert að því gruflandi, hver væri afstaða fulltrúa þeirra sem þá nefnd skipuðu.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson vék að því, að það væri athugavert við verðbótakaflann að viðskiptakjaravísitalan eða rýrnunin væri miðuð við of langan tíma, viðmiðunartíminn væri of langur, allt árið 1978. Ég veit ekki betur en það hafi einmitt verið sjónarmið launþega í þeim viðræðum, sem fram fóru um þetta mál, að æskilegt væri að viðmiðunartíminn væri nokkuð langur. Víst er um það, að í þeirri skriflegu grg., sem mér barst frá Alþýðusambandinu um þetta atriði, sem var ekkert hraðsoðin, því að þeir fengu frumvarpsdrög í hendur 13. febr., en álitsgerðin er ítarleg og gefin 26. febr., þá segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um vísitölukaflann eða kaflann um verðbætur á laun:

„Miðstjórn ítrekar ákveðna andstöðu sína við efni þessa kafla og vísar til sérstakrar bókunar fulltrúa ASÍ, BSRB og FFSÍ í vísitölunefnd. Þar segir m. a.: Við erum algerlega á móti því að skattar og niðurgreiðslur verði tekin út úr vísitölu og verðbætur verði frystar til 9 mánaða, svo að nokkur atriði séu nefnd. Við höfum hins vegar lýst okkur reiðubúna að ræða þætti eins og hvernig beinir skattar séu teknir inn í vísitölugrundvöll og setja grunn verðbótavísitölu á 100 í tengslum við nýja samninga og hvort og hvernig taka mætti upp viðskiptakjaravísitölu í framtíðinni."

Það er laukrétt að þeir lýsa sig í upphafi andvíga kaflanum yfirleitt, en þeir taka þá úr einstök atriði og benda á. Þar af verður að draga þá ályktun, að það séu þau atriði, sem þeim eru sérstaklega þyrnir í augum, og verður að telja að það hefði a. m. k. verið skýrara og ekki til of mikils ætlast, ef þeir vildu sérstaklega gera aths. við viðmiðunartímann, að það hefði verið sérstaklega tekið fram í álitsgerð og að slíkt hefði komið fram. Ég verð því að telja það síðari tíma fyrirbæri að áhersla var lögð á þetta atriði. En það er engin ástæða til að fjölyrða um þetta, af því að um þetta er orðið samkomulag og þarf ekki að ræða um það út af fyrir sig.

Það var annað atriði sem sami hv. þm. vék að og ég vil ekki láta ósvarað, en það var í sambandi við lyftingu þaks af hærri launum, sem gerð hefði verið með kjaradómi. Hann taldi það athugavert, að í till. mínum að frv. — skulum við segja — er gert ráð fyrir að greiddar verði hlutfallsegar bætur á öll laun, og taldi að þetta mundi hafa haft áhrif á niðurstöður Kjaradóms. Nú er það sannast mála, að ég tel persónulega að slíkt þak geti átt rétt á sér, en ekki nema takmarkaðan tíma. Það getur aldrei staðið til langframa. Það var ómótmælanlegt, að það bitnaði sérstaklega á félagsmönnum í Bandalagi háskólamanna. Það var á engan hátt eðlilegt að þeir tækju þegjandi þeirri mismunun sem að þeim var rétt með þessu. Þeir börðust fyrir því að fá breytingu á þessu. Ég var talsmaður þess, að það væri reynt að ná samningum við þá um þetta, m. a. um afléttingu þaksins í áföngum. Um það náðist ekki samkomulag. Menn vildu heldur láta málið fara til Kjaradóms. Ég lét þess þá getið, að ég teldi að allt eins gæti verið að Kjaradómur yrði á þá lund sem raun bar vitni um með atkv. meiri hl. Ég held að það sé hins vegar alger firra, að nefnt ákvæði í till. mínum hafi nokkru ráðið um niðurstöður Kjaradóms eða meiri hl. — Kjaradómur skiptist í meiri hl. og minni hl.

Kjaradómurinn er fyrir hendi, og það er afskaplega auðvelt að lesa hann. Það liggur ákaflega ljóst fyrir, á hverju meiri hl. Kjaradóms byggir ákvörðun sína. Hún byggist á því, að Reykjavíkurborg aflétti þakinu um s. l. áramót og e. t. v. fleiri sveitarfélög. Það er alveg skýrt og ljóst og til þess vitnað í kjaradóminum. En hverjir voru það þá sem börðust fyrir því og vildu eigna sér að lyft var þakinu af launum hjá Reykjavíkurborg? Man þá enginn Snorra Sturluson? var einu sinni spurt. Það er ólíku saman að jafna, en ég segi: Man þá enginn Guðrúnu Helgadóttur? (**Gripið fram í:** En Kristján Benediktsson?) Já, Guðrúnu Helgadóttur, sem hafði uppi

frýjunarorð í sumar um það, hvernig á því stæði að þessu þaki væri þá ekki lyft alveg strax, það væri honum Kristjáni Benediktssyni að kenna. Ef hæstv. viðskrh. vill efast um þetta er hægt að fletta upp í gömlum blöðum, t. d. Þjóðviljanum. Þetta er sannleikurinn, og sannleikanum eiga menn að bera vitni. Það er einkennilegt í sjálfu sér, að þegar menn eru í borgarstjórn Reykjavíkur fylgjandi mínum ágæta samstarfsflokki, Alþb., séu menn nokkuð á annarri skoðun um þetta atriði en þeir eru í ríkisstj. Ja, hver veit nema þeir hefðu getað leyft sér að vera á annarri skoðun í ríkisstj., ef Kristján Benediktsson hefði verið þar eitthvað að standa á móti. En svo var ekki.

Þetta sýnir að það er alveg ástæðulaust að deila um það atriði, hver muni bera höfuðábyrgð á því að þessu þaki var lyft af. *Ég tel það í raun og veru að mörgu leyti* réttlætismál. Og víst er um það, að Bandalag háskólamanna veit hvað að þeim snýr, ef menn telja að það sé ekki réttlætismál að þeir fái réttan sinn hlut, og vita þá hverjir hafa staðið þar í gegn og standa þar í gegn.

Hitt er aftur annað mál, að vísitölukerfið er gallað. Það þarf að gera á því breytingar. Ég nefndi það í frumræðu minni, að ég gæti t. d. hugsað mér að verðbætur væru ákveðnar með lögum sama upphæð á öll laun. En það er ekki þannig að farið. Við höldum því kerfi áfram í þessu frv., að það er gefið svigrúm til að semja um vísitölubætur. Menn eru *fullkomlega frjálsir að því. Vísitölukerfið*, sem við búum við, er stórskaðlegt. Á meðan við það er búið verður aldrei unninn sigur á verðbólgunni til fulls. Því hefur enginn betur lýst en sá ágæti maður hv. þm. Lúðvík Jósepsson, en hann gerði það í þingræðu 1974, sem ég væri tilbúinn til að lesa upp fyrir hv. þdm. ef þörf þætti á. Það er vissulega svo djúpur sannleikur í því sem hann segir þar, t. d. varðandi óbeina skatta, að það væri ekki ástæðulaust að endurtaka það. En kerfið er nú einu sinni eins og það er og við verðum að sætta okkur við það.

Í því frv., sem hér er um að ræða, eru þó nokkur spor stigin til lagfæringar í þessum efnum. Sérstaklega er að mínum dómi mikilvægt að viðurkennt er það höfuðatriði að taka megi tillit til viðskiptakjara, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson lagði einmitt alveg sérstaka áherslu á í ræðu sinni á þingi 1974.

Það er ekki ástæða til að ég sé að ræða frekar við stuðningsmenn mína. Það má segja að það hafi farið of langt mál í það hjá mér að tala við þá. Ég hef kannske þá afsökun, að það er svo lítið að segja — svo sáralítið að segja við stjórnarandstæðinga. Málflutningur þeirra var svo daufur að hann *mátti eiginlega* ekki daufari vera. (Gripið fram í.) Jú, þeir þurfa að vera á móti þessu og þá verða þeir að segja eitthvað. Þá er handhægt að segja: 3—4 fyrstu kaflarnir eru eiginlega markleysa. Þetta eru verklagsreglur, sem farið hefur verið eftir. Það er engin ástæða til þess að vera að lögfesta það, hvorki um fjárlagagerð né fjárfestingar og því um líkt. — Verklagsreglur eru býsna oft lögfestar og það eru býsna margar verklagsreglur í lögum. Og ef það eru góðar verklagsreglur sem hafa myndast og verið farið eftir án þess að lagafyrirmæli væru fyrir hendi, er þá ekki betra og tryggara að setja þær beinlínis í lög og festa þær þannig? (**Gripið fram í:** Í stjfrv.?) Já, þó að maður fari nú ekki svo langt gæti verið framför í því að setja þær sem venjuleg lög. Þess vegna skil ég ekki í því að talað sé um þetta.

Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen talaði talsvert um að þetta væru verklagsreglur, það væri farið eftir þeim, og lét að því liggja að talsvert af þessu hefði komist á í sinni tíð, hann hefði verið farinn að vinna að þessu og verið að vinna að þessu. Sjálfsagt er þetta rétt hjá honum. Það hefur verið smám saman að myndast vísir að þessum reglum. En hvers vegna í ósköpunum tekur hann því þá ekki fagnandi að þetta skuli vera fest með því að setja það í lög, ef það er heppileg framkvæmd og hefur verið heppilegt að mynda þessar reglur og venjur? En ég tek þó ekki hart á þessu, þetta er aukaatriði.

Reyndar er svipað að segja um það sem kom fram áðan hjá frsm. minni hl. Það voru nokkur stóryrði. En ég held að þau hafi átt að þekja yfir heldur lítið innihald.

Menn eru að tala um að hér séu bara stefnuyfirlýsingar og áætlanir og því um líkt. Ég veit ekki annað en það þyki góð *latína* að tala um áætlanir, og ég veit ekki betur en sjálfstæðismenn flytji ýmsar till. á Alþ. um áætlanagerð til langs tíma og það góðar till. sumar hverjar. Og ég veit ekki til þess, að það sé talin nein goðgá þó menn vilji móta stefnu eða gefa stefnuyfirlýsingu. Stefnuyfirlýsingar í lögum geta haft sína þýðingu, a. m. k. fyrir framkvæmdavaldið, af því að það mundi að jafnaði vera bundið við að fara eftir þeim.

Það er ekki ástæða til að taka það nærri sér þó stjórnarandstæðingar reyni að gera sem minnst úr þessu frv. og finna því sitt hvað til foráttu. Reyndar er það svo *lítið sem þeir finna frv. til foráttu, að þar verður eiginlega* ekki hönd á fest.

Jú, það er farið að ræða um undirbúning þessa frv. Það hafa reyndar fleiri gert en stjórnarandstæðingar. Nú veit ég ekki betur en það sé nokkuð venjulegur háttur í undirbúningi löggjafar, að löggjöf sé undirbúin utan þings, það séu t. d. settar nefndir til að semja frv. eða einstakir menn fengnir til þess að semja frv. Það er vinna sem fer fram utan þingsins. Það er ekki þar með sagt að þær till. eða þau drög, sem koma frá nefndum eða einstökum mönnum, finni náð í óbreyttri mynd fyrir augum *hlutaðeigandi ráðh. eða ríkisstj. í heild. Þeim getur verið* breytt svo og svo mikið. En það er yfirleitt ekki venja að vera að eyða löngum tíma á hv. Alþ. í að ræða það sem hefur staðið einhvern tíma þá og þá í einhverjum frv.-drögum sem aldrei hafa komið til kasta Alþingis. Það eru bara í raun og veru till., bara hugmyndir, það er ekki hægt og rétt að tala um frv. fyrr en það er lagt fram á Alþ. Þess vegna eiga auðvitað umr. að snúast um það frv. sem hér var lagt fram, en ekki þær hugmyndir sem hafa verið í gangi þá og þá og tekið breytingum.

Menn gera lítið úr því samráði sem haft hafi verið við samráðsaðila. *Ég held að það sé nokkuð lítið gert úr því*, vegna þess að þessir samráðsaðilar fengu góðan umhugsunartíma. Þeir skiluðu allir álitsgerðum meira eða minna ítarlegum, og þær álitsgerðir eru hver með sínum hætti. Þær eru í ýmsum efnum jákvæðar, öðrum tilfellum neikvæðar. Ég hygg því að það hafi aldrei verið haft jafnmikið samráð við aðila áður en frá frv. væri gengið og í þessu tilfelli.

Ég skal ekki orðlengja það, en vil bara undirstrika það, að auðvitað eiga ræður manna fyrst og fremst að snúast um það frv. sem lagt var fram á Alþ., og þær breytingar, *sem það hefur tekið í meðförum Alþ., en ekki um ein*hver drög, tillögur eða hugmyndir sem hafa verið undanfari þess frv. sem var lagt fram. Ég er ekki með þessum orðum að biðjast undan því að rætt sé um þau drög sem ég lagði fram í sínum tíma. Ég tel að í sumum efnum hafi þeim verið breytt til hins lakara. En það hefur

yfirleitt verið gert til þess að mæta óskum eða ábendingum sem hagsmunaaðilar settu fram. T. d. var strax breytt ákvæðum í verðbótakaflanum, sem manni skildist að launþegasamtökin hefðu helst við að athuga, og þó voru þau ekki öll á sama máli um þau atriði.

Það var eitt gullkorn, fannst mér, í nál. minni hl. Þar stendur, að þessi stjórn mundi ekki vera fær um að fylgja fram neinni heillegri stefnu í efnahagsmálum. Svo er bætt við: ef slík stefna fyrirfyndist. Þar með sýnist mér látið að því liggja að hún sé ekki sem heillegust, þessi stefna sem Sjálfstfl. hefur sett fram um efnahagsmál. (Gripið fram í.) Já, hann leiðréttist þá. Ég held því ekki fram að þetta frv., þó að lögum verði sem það sjálfsagt verður, geri nein undur. En ég held að þetta sé tilraun til þess að setja heilsteyptari og samræmdari reglur um þessi efni, um stjórn efnahagsmála og fleiri atriði í því sambandi, en áður hefur verið gert. Og ég held að í þessu frv. felist markverð viðleitni í þá átt að reyna að ráða við það stóra vandamál sem verðbólgan er.

Það er alveg rétt, sem hér hefur verið minnst á, að vandi atvinnuveganna er mikill. Af hverju er vandi atvinnuveganna mikill? Er það ekki einmitt af því að verðbólgan er of mikil og þess vegna eru atvinnuvegir okkar svo illa samkeppnisfærir á erlendum mörkuðum? Þess vegna ber allt að sama brunni, að það er nauðsyn að ná verðbólgunni niður. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það virðist í orði vaxandi áhugi á þessu. En er mönnum eins mikil alvara í þessum efnum og þeir vilja vera láta? Það reynir á það. Það reynir á það jafnvel í þessu tilfelli, þótt aðeins eigi að stíga stutt skref til lagfæringar. Þá reynir á það, hvað menn hafa meint með öllum stóru orðunum. Vilja þeir koma verðbólgunni niður eða vilja þeir það ekki? Við viljum með þessu reyna að gera tilraun í þá átt, án þess þó að ganga svo langt að stofna atvinnuöryggi í nokkra hættu. Það er höfuðmarkmið okkar að halda atvinnu uppi. En hvert er meginskilyrðið fyrir því, að það verði næg atvinna í þessu landi? Það er að atvinnuvegirnir verði reknir og geti gengið sæmilega. Ef hjól atvinnulífsins hætta að snúast heldur atvinnuleysið innreið sína. Þetta mættu menn hugleiða áður en þeir taka á sig þá ábyrgð að vera andvígir þessu frv.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er orðinn langur aðdragandi þessa máls sem hér er til umr., og finnst sjálfsagt ýmsum að tími sé kominn til þess að á því fáist lyktir. Undir það get ég fyllilega tekið.

Það hefur verið ljóst nú um langt skeið, að nauðsyn væri á gleggri stefnumörkun í efnahagsmálum en fyrir hefur legið. Það hefur verið óumdeilt að stefnubreytingar væri þörf frá því sem fylgt var af síðustu ríkisstj., þar sem hæstv. forsrh. kom við sögu, eins og menn muna, og hefur væntanlega komið þaðan nokkru ríkari af reynslu, enda fékk flokkur hans nokkuð þungan dóm ekki síður en flokkur þáv. forsrh.

Upphafið að viðleitni til endurmats í sambandi við efnahagsmálin má rekja til kosningastefnuskráa flokkanna í síðustu alþingiskosningum og vissulega lengra til baka, et grannt er skoðað. I stjórnarmyndunarviðræðunum s. l. sumar lögðu flokkarnir spilin á borðið og náðu 3 af 4 þingflokkum saman í núv. ríkisstj. Aðgerðirnar í sept. og des. í efnahagsmálum voru áfangar á leið, ekki bara bráðabirgðaráðstafanir, eins og sumir hafa viljað kalla þær, heldur liður í lausn vandamála sem stjórnin hafði markað stefnu um þegar við upphaf á störfum sínum.

Með því frv., sem hér er til umr. um stjórn efnahagsmála, er höfð í frammi viðleitni til að tjalda til lengri tíma en verið hefur. Það hafa verið veruleg átök um þessa stefnumörkun á öllum stigum hennar, má segja, og hefur ekki farið fram hjá neinum. Slíkt er ekki nema eðlilegt, þar sem að ríkisstj. standa flokkar sem eru ólíkir um margt, eru talsmenn ólíkra stétta og hagsmuna í þjóðfélaginu. Það hefur því gætt ýmissar ókyrrðar í tengslum við undirbúning og meðferð þessa frv. Það mætti kannske líkja því við kvikuhlaup sem þekkt eru og umtöluð í sambandi við ónafngreinda virkjun norður í landi.

Alþb. er sem fyrr aðalmálsvari launamanna í landinu og höfuðmálsvari félagslegra viðhorfa um uppbyggingu atvinnulífs og meiri samneyslu í þjóðfélaginu en aðrir flokkar vilja taka undir. Alþb. er jafnframt málsvari öflugrar þróunar innlendra atvinnuvega í stað erlendrar stóriðju, sem var hér mjög á dagskrá fyrir fáum árum og sumir hafa ekki gefið upp hugmyndir um.

Núv. ríkisstj. tók við miklum vanda í efnahags- og atvinnumálum. Hún tók við yfir 50% verðbólguþróun, efni í verulega gengislækkun, strandi helstu bjargræðisvega þjóðarinnar og stórfelldri erlendri skuldasöfnun, þar sem lán voru tekin m.a. til almennrar eyðslu. Hún tók við hallarekstri og skuldasöfnun opinberra stofnana og sjóða. Og fleira mætti þar nefna af stórum vandamálum sem við var tekið við stjórnarskiptin. Með samstarfssamningi sínum settu stjórnarflokkarnir sér m. a. það markmið að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna og fulla atvinnu í landinu, að treysta kaupmátt launa og að draga markvisst úr verðbólgunni. Að þessum markmiðum og mörgum fleiri ákvað ríkisstj. í upphafi að vinna í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, ekki síst samtök launafólks, og að ná þessum markmiðum með breyttri efnahagsstefnu og endurskipulagningu og áætlanagerð í sambandi við atvinnuvegi landsmanna.

Ágreiningur um leiðir til að ná þessum markmiðum hefur ekki farið leynt og mismunandi áherslur ríkisstjórnarflokkanna á einstökum þáttum. Alþb. hefur einkum lagt mjög ríka áherslu á að vernda kaupmátt launa, að tryggja atvinnuöryggi og stuðla að framleiðniaukningu og nýsköpun atvinnuveganna. Fyrir þessu höfum við barist jafnhliða því sem við teljum brýnt að halda uppi sókn gegn verðbólgunni. Við viljum ekki fá hér upp svipaða stöðu og nú ríkir í mörgum iðnvæddum löndum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku, þar sem menn búa við umtalsvert atvinnuleysi og víða vaxandi, minnkandi kaupmátt launafólks og stöðnun og samdrátt til viðbótar við allverulega og vaxandi verðbólgu, þar hafa menn fengið það sem á enskunni er kallað „stagnation" til viðbótar við „inflation", sem fyrir var. Áherslur samstarfsflokka Alþb. hafa hins vegar verið nokkuð aðrar, einkum Alþfl., eins og þarflaust er að fara ítarlega út í, svo oft sem það hefur verið nefnt. Mat Alþfl. hefur verið það, allt frá því í stjórnarmyndunarviðræðunum s. l. sumar, að efnahagsvandinn yrði ekki leystur til frambúðar og árangri ekki náð gegn verðbólgu nema með umtalsverðri kauplækkun. Slagorðið: „Allir verða að fórna" — hefur hljómað hér í þingsölum. Til viðbótar því hefur verið uppi krafa um samdráttaraðgerðir og prósentubindingar í sambandi við fjárfestingu, sem öllum má vera ljóst að stefndu atvinnuöryggi í stórfellda hættu. Gegn þessu hefur Alþb. barist

innan ríkisstj. og hér á Alþ. og notið stuðnings launþegasamtaka sem ríkisstj. hefur heitið samráðum við.

Þessi barátta hefur skilað verulegum árangri, þótt Alþb. og samtök launafólks hafi á vissum sviðum verið í vörn og orðið að standa að málamiðlunum í ýmsum efnum allt frá því að stjórnin var mynduð. Harðasta hríðin hefur staðið að undanförnu — allt frá áramótum — við undirbúning og gerð þessa frv. um stjórn efnahagsmála. Alþb. hefur tekist að knýja fram miklar breytingar á frv. frá fyrstu gerð þess, eins og það var kynnt 12. febr. s. l. Gerði hæstv. viðskrh. glögga grein fyrir því í ræðu sinni hér í þd. fyrir nokkrum dögum. Þar ber fremst að nefna að samdráttarákvæði með rígskorðuðum prósentubindingum hafa í reynd verið afnumin og settir hafa verið skýrir fyrirvarar með tilliti til atvinnuöryggis. Stórlega hefur verið dregið úr kaupskerðingarhugmyndum sem fólust í fyrstu gerð frv., og kaupmáttur lægri launa, þ. e. þeirra sem njóta láglaunabóta samkv. núverandi efni frv., skerðist mjög óverulega, ef nokkuð, frá því sem hann hefur orðið bestur á síðustu árum, þ. e. á 4. ársfjórðungi 1978, miðað við það sem menn gera ráð fyrir að verði á síðasta ársfjórðungi þessa árs. Ákvæði laganna breyta jafnframt í engu rétti launþegasamtaka til að gerðir séu nýir kjarasamningar jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun. Vissulega eru spár um þessi atriði ýmissi óvissu háð, einkum um þróun verðlags og viðskiptakjara, en ekki er sérstök ástæða til að ætla að sú sýn, sem menn hafa til þeirra mála, sé fjarri sanni. Verkalýðshreyfingin verður hins vegar nú sem fyrr að treysta á eigin styrk og mat á stöðu sinni, þótt eðlilegt sé að menn vænti nokkurs af ríkisvaldi sem heitið hefur því að standa vörð um kaupmátt og atvinnuöryggi.

Ég tel rétt að minna á það hér, að við Alþb.-menn höfum talið rétt að áfram héldist vísitöluþak á hærri laun, og vert er að rifja það upp hér, m. a. í ljósi nýgerðra samninga við flugmenn, þó að ástæða sé út af fyrir sig til að fagna lausn þeirrar deilu. Alþb. var því andvígt að vísitöluþaki yrði lyft, svo sem gert var með dómi fyrir nokkru þannig að ekki varð vörnum við komið. Eðlilegt er að hugað verði að því að setja slíkt þak á að nýju, þó það geti orðið í eitthvað breyttri mynd frá því sem var er dómur féll, og auðvitað þyrfti það að ná jafnt til allra.

Þá er þess að geta, að mörg ný eða verulega breytt ákvæði hafa fengist inn í frv. við meðferð þess, bæði áður en það kom fram og eftir að það var lagt fram hér á Alþ., og þar vil ég sérstaklega nefna gerbreytta stefnu í verðlagsmálum, sem mun tryggja hag og styrkja áhrif neytenda á verðlagsþróun í landinu. Ekki vil ég síður nefna kaflann um framfarir í atvinnuvegunum, hagræðingu í atvinnurekstri og fjármagn í því skyni. Fátt er nauðsynlegra en huga að eflingu íslenskra atvinnuvega og þá ekki síst innlends iðnaðar til þess að koma í veg fyrir, að hér skapist atvinnuleysi á næstu árum, og til þess að tryggja eðlilega þróun þjóðarbúskapar okkar. Það liggur fyrir, að á síðustu árum hefur orðið mun hægari þróun á sviði iðnaðaruppbyggingar í landinu en æskilegt hefði verið, og þessi atvinnugrein hefur búið við miklu þrengri hag og skertari aðgang að fjármagni en æskilegt hefði verið og nauðsynlegt til þess að hér yrði um umtalsverða iðnþróun að ræða.

Ég tel að ákvæði þessa frv. geti orðið til þess, eftir að í lög verða leidd, að unnt verði að hefja hér verulega nýsköpun í sambandi við atvinnuvegi landsmanna og þá ekki síst iðnaðinn. Það ætti að gefa verulega viðspyrnu í þessa átt með áætlunum sem m. a. eiga að stuðla að skipulegri byggðastefnu og eflingu atvinnustarfsemi á félagslegum grundvelli, eins og fram er tekið í frv. Þarna er einnig kveðið á um eflda rannsóknastarfsemi, sem mikil þörf er á í tenglsum við atvinnuvegi landsmanna og vanrækt hefur verið á undanförnum árum, enda viðurkennt að við verjum mun lægra hlutfalli til rannsóknastarfsemi en grannþjóðir okkar. Það hefur komið okkur í koll á undanförnum árum og á eftir að gera það nema snúið verði við blaði.

Í frv. er einnig kveðið á um skynsamlega og hagkvæma ráðstöfun auðlinda landsmanna. Það er full ástæða til þess, að á því máli verði tekið og breytt verði frá þeirri stefnu sem ríkt hefur í sambandi við bæði landbúnað og sjávarútveg, svo að dæmi séu tekin, og að hefja hér til vegs skipulega landnýtingu og bætt tök í skipulagsmálum almennt. Öll þessi og fleiri ótalin atriði á að hafa í huga við mótun atvinnuvegaáætlana sem unnið skal að og þegar eru raunar komnar á rekspöl á vegum einstakra ráðuneyta.

Á heildina litið getur Alþb. að mínu mati sæmilega unað við þá stefnumörkun, sem felst í þessu frv. til l. um stjórn efnahagsmála, og breytta stefnu á ýmsum sviðum, sem það kveður á um. Í samstjórn margra flokka fær enginn einn allt sitt fram. Þar reynir á málamiðlun og nokkurn sveigjanleika. Úrslitum ræður hvort um er að ræða pólitíska vilja til samstöðu og skilning og rétt mat á þeim forsendum sem samstarf þessara þriggja flokka hvílir á.

Núv. ríkisstj. á mikið verk að vinna í vörn og sókn fyrir hagsmunum alþýðu þessa lands. Við ýmsa og sumpart óvænta erfiðleika er nú að fást í íslensku efnahags- og atvinnulífi til viðbótar því þrotabúi sem við var tekið s. l. haust. Má nefna hinar miklu verðhækkanir á innfluttri orku, innfluttu eldsneyti, þær nauðsynlegu og óhjákvæmilegu takmarkanir sem grípa verður til á veiðum á ofnýttum fiskstofnum og nú síðast hafís sem lokar höfnum í tveimur landsfjórðungum. Við erfiðleikana reynir á stjórnmálaflokka og bakland þeirra.

Þessi stjórn á þrátt fyrir allt að mínu mati mikinn hljómgrunn og talsverða tiltrú meðal þjóðarinnar og af stuðningsmönnum hennar eru enn miklar vonir bundnar við störf hennar. Annar pólitískur kostur hefur ekki birst, frá því að hún var mynduð, sem líklegri væri til að fást við erfiðleikana, síst af öllu með hagsmuni hins breiða fjölda í huga. Því skulum við samþykkja þetta frv. og ganga ótrauð til þeirra mörgu verka, sem það vísar til og að öðru leyti eru mörkuð í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna, og hrinda þeim í framkvæmd í samræmi við það sem þessi ríkisstj. var mynduð til að koma í höfn. Þar er vissulega sitthvað komið á rekspöl, sem ekki hefur borið mikið á í umr. liðinna mánaða, og annað, sem orðið hefur að þoka vegna vinnu og glímu um efni frv. þessa, sem nú hefur tekist samkomulag um milli stjórnarflokkanna.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Enginn vafi er á því, að þegar ferill þessarar ríkisstj. verður skráður í annála mun það frv., sem hér er til umr., aðdragandi þess og innihald, verða besta sýnishornið um vinnubrögð, samstarf og árangur af sérkennilegasta stjórnarfari sem ríkt hefur um langan tíma hér á landi. Enn nú á síðasta stigi málsins geisa deilur á meðal stjórnarsinna og mismunandi skilningur þeirra á ákvæðum þessa frv. Frv. hefur

opinberað einstæða sundrung og tortryggni þeirra manna sem hafa þó bundist samtökum um að stjórna landinu í sameiningu. Það er skjalfest sönnun á hringlandahætti og skoðanaleysi Framsfl., algerri niðurlægingu Alþfl. og ótrúlegri óskammfeilni og undirferli Alþb. Þetta eru stór orð, en því miður sönn. Og það, sem er þó enn verra og dapurlegra, er að afleiðingin af refskák, ráðabruggi og rýtingsstungum stjórnarflokkanna er frv. sem engum árangri mun skila og litlu til leiðar koma.

Meginmarkmið þessarar ríkisstj. voru tvíþætt: Annars vegar að sjá til þess, að gerðir kjarasamningar væru virtir, og hins vegar að dregið skyldi úr verðbólgu. Allt frá því að ríkisstj. settist í valdastólana hefur hún að nafninu til þóst vera að kljást við að hrinda þessum stefnumálum sínum fram. Það hefur verið gert af misjafnlega miklum ákafa eftir því hvaða flokkur á í hlut, með fjölbreytilegum aðferðum í málflutningi, eins og alþjóð hefur orðið vitni að, og nýstárlegum vinnubrögðum, svo að ekki verði meira sagt. Niðurstaðan kemur fram í þessu frv. Hún leiðir í ljós, svo að ekki verður lengur um villst, að hvoru tveggja markmiðið, samningana í gildi og hjöðnun verðbólgunnar, er svikið. Kjarasamningar eru augljóslega skertir og verðbólgan mun geisa áfram nær óhindrað.

Sagt er að frv. sé þriðji áfangi í píslargöngu ríkisstj. í verðbólguslagnum. Mun þá vera átt við ráðstafanirnar 1. sept. og 1. des. og svo nú þetta frv. Mér telst hins vegar til að það frv., sem hér liggur fyrir í endanlegri gerð, sé 8. útgáfan af till. stjórnarflokkanna í efnahagsmálum frá því í des. s. l. Fyrst er þá að telja frv. Alþfl. sem birtist í Alþýðublaðinu í des., till. Framsfl. og Alþfl. sem lagðar munu hafa verið fram í jan., till. ráðherranefndar frá því í lok jan., frv. forsrh. sem lagt var fram 12. febr. s. l., frv. Alþb. sem enginn mátti sjá og merkt var trúnaðarmál, frv. forsrh. sem lagt var fram í mars og svo nú þetta frv. eins og það liggur fyrir eftir verulegar breytingar að höfðu margfrægu samráði við Guðmund J. Guðmundsson, lögskipaðan skapara og verndara þessarar ríkisstj.

Nú skal tekið fram að mín skoðun er að það hafi verið og sé virðingarverð tilraun af hálfu ríkisstj. að grípa til samræmdra aðgerða í baráttunni gegn verðbólgu. Það má ekki gera lítið úr þeirri staðreynd, að án víðtækra aðgerða, sem snerta fleira en launa- og verðlagsmál, verður litlum árangri náð. Að þessu leyti er tilraun til frv.-smíða góðra gjalda verð. Gallinn er hins vegar sá, að stjórnarflokkarnir hafa of ólík viðhorf til lausnar til að geta náð saman, þeir bera of lítið traust hver til annars til að tala saman af hreinskilni og þeir eru of háðir hagsmunasamtökum og eigin yfirlýsingum til að þeir hafi þrek eða aðstöðu til að gera það sem gera þarf. Útkoman verður því sú moðsuða sem hér hefur birst.

Nú væri í sjálfu sér saklaust og mönnum að meinalausu ef frv. gerði engan skaða. En staðreyndin er því miður sú, að stjórnarflokkarnir eru bæði viljandi og óviljandi búnir að flækja sig inn í þetta frv. og telja sjálfum sér trú um að frv., hversu vitlaust sem það sé, verði að afgreiða. Það kom meira að segja upp sú furðulega staða um það leyti sem frv. Ólafs Jóhannessonar var lagt fram í síðasta mánuði, að Framsfl. og Alþfl. hugðust fylgja því frv. fast eftir, enda þótt þeir hefðu nauðugir viljugir gengið til ímyndaðs eða raunverulegs samkomulags um það frv. með skírskotun til þess samkomulags sem átti að hafa átt sér stað í ríkisstj. við Alþb. En á sama tíma sem þessir tveir flokkar, Framsfl. og Alþfl., hengdu sig svo fast í þetta frv. vegna þess samkomulags kannaðist Alþb. ekkert við það samkomulag og hafði stór orð um að það gæti ekki stutt frv. í þeirri mynd sinni. Engu að síður töldu Alþfl.-menn og framsóknarmenn svo mikilvægt að fá frv. samþykkt, hvernig sem það svo efnislega liti út, að þeir voru að því er virtist viljugir og fúsir til að greiða atkv. með ýmsum ákvæðum þess frv. sem stangast gersamlega á við stefnu þessara flokka í hinum ýmsu málaflokkum. Þetta er að hafa oftrú á frv. og lagagerð frv. vegna, en ekki vegna þess sem í því stendur. Og þetta er að taka verkefnin fram yfir efnið, enda í stíl við ýmis þingstörf önnur hér í vetur.

Einn af burtreiðarsveinum Alþfl. kallaði þetta frv. „viðreisn til vinstri“ — og í hverju skyldi sú viðreisn vera fólgin? Í því að draga úr niðurgreiðslum og hækka búvöruverð um a. m. k. 1/3? Í því að efla vald ríkisstofnana og ráðuneyta? Í því að stórhækka vaxtakostnað hjá þeim þúsundum ungs fólks sem leggur nótt við nýtan dag til þess að koma sér upp íbúð? Í því að skerða kjarasamninga og styðja þá kauplækkunarstefnu sem Alþb. hyggst taka upp baráttu gegn? Eða er viðreisnin til vinstri fólgin í því að auka skattpíningu á allan almenning og sauma svo að atvinnufyrirtækjum að atvinna dragist saman? Er það kannske viðreisn til vinstri að lögfesta nú verðbólgu sem ekki verður lægri en 35 og sennilega 40% á þessu ári? Hæstv. viðskrh. hélt því fram í ræðu á miðvikudaginn, að frv. í sinni upphaflegu mynd hefði í raun og veru kveðið á um að stéttabaráttan væri tekin úr höndum verkalýðshreyfingarinnar og færð svokölluðu kjaramálaráði. Skyldi þetta hafa verið viðreisnin til vinstri? Því geta þeir svarað sem hafa smekk og geð í sér til að bendla þetta frv. við viðreisn. Hins vegar tel ég að lýsing á frv. væri betur skýrð með því að nefna það afturhvarf til ofstjórnar. Að svo miklu leyti sem það felur í sér nýmæli og áþreifanlegar aðgerðir einkennist frv. af aukinni miðstýringu, meiri áætlunarbúskap, blindri trú á úrelt verðlagskerfi, vaxandi valdi embættismanna og útþenslu ríkisbáknsins, svo að ekki sé talað um afskipti af gerðum kjarasamningum.

Ég hóf mál mitt með því að lýsa því yfir sem skoðun minni, að þetta frv. skjalfesti hringlandahátt og skoðanaleysi Framsfl. Hæstv. forsrh., fráfarandi formaður Framsfl., talaði áðan og kvartaði undan því, að gagnrýni stjórnarandstöðunnar væri með daufara móti. Ég held að það sé því full ástæða til þess að fara nokkrum orðum um þátt Framsfl. í sambandi við þetta frv. og aðdraganda þess.

Framsfl. stóð að og studdi febrúarlögin 1978 svo og brbl. frá því í maí sama ár. Þessi tvenn lög fólu í sér skerðingu á verðbótaákvæðum launasamninga í þeim tilgangi að stemma stigu við verðbólgu. Í þessu sambandi er það aumkunarverð tilraun af hálfu Tímans og þeirra framsóknarmanna að varpa ábyrgð á þeim lögum yfir á Sjálfstfl. einan. Framsfl. átti þar fullan hlut að máli. Hann verður að axla þá ábyrgð og taka afleiðingunum af því, hvort sem honum líkar betur eða verr. Framsfl. lét sig síðan hafa það að loknum síðustu kosningum að ganga til samstarfs við þá flokka sem fordæmt höfðu þessi lög og unnið sinn kosningasigur út á svigurmæli í garð fyrrv. stjórnarflokka vegna þessara laga. Framsókn lét nota sig í þeirri ríkisstj., sem nú situr, til þess að búa til gervistefnu í sept. s. l. sem knúði samninga aftur í gildi að nokkru leyti. En 4 mánuðum síðar leggur fyrrv. formaður Framsfl. fram frv. sem felur í sér afnám verðbóta

og freklegri skerðingu á samningum en febrúar- og maílögin fólu nokkurn tíma í sér.

Í því frv., sem hæstv. forsrh. lagði fram og merkt var honum sérstaklega á sínum tíma, er ein grein sem fjallar um verðbótaákvæði. Ég mun ekki fara nákvæmlega yfir þann kafla, en þar er ákvæði til bráðabirgða sem hefst með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla skal hækkun verðbóta *hverju sinni hinn 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1979 ekki fara* fram úr 5%. Fari réttur til verðbóta samkv. 42. og 46. gr. fram úr þessum mörkum, skal sá hluti verðbótahækkunar, sem umfram kann að vera, frestast í 9 mánuði frá hverjum framangreindra daga."

Það fer ekki milli mála, þegar þetta ákvæði er lesið, að hér er um freklega skerðingu á kjarasamningum að ræða, sem gengur mun lengra en frv. gerir í núverandi mynd, hvað þá maílögin frá 1978 gerðu. Þessu ákvæði hefur nú verið breytt í það horf sem þskj. 453 kveður á um, eftir að Framsfl. og Alþfl. höfðu neitað að taka til greina kröfu Alþb. og Alþýðusambandsins um breytingar þar á. En þrekið og sannfæringin var ekki meiri en svo, að eftir að forusta Verkamannasambandsins hafði fengið sér pylsu niðri í Austurstræti og komið við í ráðherraskrifstofunni í stjórnarráðinu kyngdi forsrh. bæði pylsunum og fyrri staðfestu og breytti þeim ákvæðum sem snúa að verðbótum á laun, með þeim afleiðingum að það litla, sem í frv. stóð um viðnám gegn verðbólgu, er nú horfið. *Í öllum þessum hringsnúningi dansar allur Framsfl. eftir* nótum þeirrar stefnu að haga seglum eftir vindi og hafa það eitt að markmiði að sitja í stjórn hvað sem það kostar. Og svo eru þeir framsóknarmenn hissa á því þó að fylgi hrynji af flokknum!

Ég lýsti því áðan jafnframt yfir, að ég teldi að frv. opinberaði algerlega niðurlægingu Alþfl. Alþfl. hefur óneitanlega haft hæst um nauðsyn viðnáms gegn verðbólgu. Engin ástæða er til að efast um heilindi og einlægni þeirrar viðleitni. Að vísu eru fyrirvararnir orðnir of margir til að fólk taki mark á þeim og yfirlýsingarnar of barnalegar til að hægt sé að fara eftir þeim, en engu að síður hefur þessum hávaða fylgt hressileiki sem nokkrar vonir hafa verið bundnar við. Þeir Alþfl.-menn hafa vitnað til grg. með frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu sem síns markverðasta sigurs í baráttunni gegn verðbólgunni. Þetta frv. var lagt fram í nóv. s. l., en í grg., sem þeir Alþfl.-menn hafa sí og æ vitnað til sem merkasta áfangans í þessari baráttu, segir m. a.:

„Ríkisstj. mun m. a. beita sér fyrir eftirgreindum aðgerðum:

1. Stefnt verði að því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að verðlags- og peningalaunahækkanir 1. mars 1979 verði ekki meiri en 5%.

2. Leitast verði við að ná svipuðum markmiðum fyrir önnur kaupgjaldsbreytingatímabil á árinu 1979, þannig að verðbólgan náist niður fyrir 30% í lok ársins."

Allir vita að þessu markmiði verður ekki náð. Hæstv. forsrh. hefur viðurkennt í þessum umr., að verðbólgan náist ekki niður fyrir 30%. Þjóðhagsstofnun hefur lagt fram útreikninga um að verðbólgan verði u. þ. b. 35%. Vinnuveitendasamband Íslands hefur spáð því, að verðbólgan muni verða 41%. Ég hygg að sú spá sé næst lagi. Samkv. upplýsingum frá Hagstofu hefur vísitalan frá mars 1978 til mars 1979 verið á bilinu 34—35%. M. ö. o. lögbindur frv. þetta hækkun á vísitölu frá því sem nú er, hvað þá að það nái því marki sem stefnt er að með grg. með frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Varðandi launahækkanir, þar sem sagt er að þær skyldu ekki verða meiri en 5% 1. mars, veit alþjóð auðvitað að það markmið náðist ekki. Launahækkanir urðu 6.18%. Samkv. þeim upplýsingum, sem fram hafa komið í þessum umr., er gert ráð fyrir að laun undir 210 þús. *muni* hækka 1. júní um 9% og önnur laun um 7%, en síðan er gert ráð fyrir að 1. sept. muni laun undir 210 þús. hækka um 7.5% og önnur laun um 6.5%. Þessar tölur tala skýrustu máli um þá uppgjöf sem ríkisstj. verður að horfast í augu við, þegar frv. þetta er nú komið á lokastig, — uppgjöf í baráttunni gegn verðbólgunni.

Hverju hefur svo Alþfl. fórnað til þess að knýja fram aðgerðir sem lögbinda a. m. k. 35—40% verðbólgu? Jú, hann hefur þurft að gefa eftir af þeirri kröfu sinni, að aukning peningamagns fari ekki fram úr 25—28%, með því að samþykkja þá viðbót sem segir í 30. gr. þessa frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á árinu 1979 skal að því stefnt, að aukning peningamagns í umferð fari ekki fram úr 25%" — brtt. var flutt um að það verði 28% — „frá upphafi til loka árs að teknu tilliti til árstíðabundinna sveiflna. Á sama hátt skal að því stefnt að vöxtur peningamagns verði a. m. k. 5% hægari á árinu 1980 en á árinu 1979." Og síðan kemur rúsínan í pylsuendanum: „Frá þessum markmiðum má þó víkja, *ef óvæntar breytingar verða á þjóðarbúskapnum*, t. d. þannig, að atvinnuöryggi sé í hættu, eða ef séð er, að forsendur þjóðhagsspár um verðþróun á árinu 1979 standist ekki."

Þetta kalla þeir Alþb.-menn að ákvæði sé gert skaðlaust. Þetta er árangurinn af baráttu Alþfl. fyrir því að festa í lög takmörkun á peningamagni í umferð.

Annað atriði, sem Alþfl. hefur lagt höfuðáherslu á, er að ákvarðanir í ríkisfjármálum séu við það miðaðar að heildartekjur og útgjöld á fjárl. haldist innan ákveðinna marka. Hafa þeir talað í því sambandi um 30%. Þetta ákvæði er komið inn í frv., sbr. 11. gr., en með þeirri viðbót sem hér greinir:

„Frá þessu skal þó víkja, ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega ef ætla má, að hætta sé á atvinnuleysi."

Þetta telja þeir Alþb.-menn að hefði mátt orða einfaldlega með því að segja: Ef heilbrigð skynsemi krefst annars. — Og þarna er þá enn aftur kominn árangurinn af baráttu Alþfl. til þess að festa í lög ákveðna viðmiðun varðandi ákvarðanir í ríkisfjármálum. Þessu tvennu og mörgu fleira hefur Alþfl. þurft að fórna til að fá fram frv. sem lögbindur allt að 40% verðbólgu. Og hann hefur keypt það enn dýrara verði. Hann hefur þurft að kyngja auknum völdum Seðlabanka, vaxandi miðstýringu hjá rn. og afturhvarfi til úreltrar verðlagslöggjafar.

Alþfl. hefur eitt haldreipi, og það er kaflinn um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. En hvað segir um þetta efni í 36. gr. frv.? Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. ákveður hvaða reglur skuli gilda um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna að fengnum till. Seðlabankans."

M. ö. o. er allur kaflinn meira og minna háður því, hvort ríkisstj. samþykki að framkvæma það sem stefnt er að í frv. Það liggur fyrir eftir ræðu m. a. hæstv. ráðh. Alþb., að þeir einblína einmitt á þetta ákvæði til þess að gera kaflann að öðru leyti að engu. Nú vita allir að m. a.

fyrrv. ríkisstj. stefndi sömuleiðis að þeim markmiðum sem koma fram í VII. kafla frv. Það stóð í sjálfu sér ekki svo mjög á lagaheimildum í því sambandi, heldur pólitísku samþykki ákveðinna stjórnmálaflokka. Það pólitíska samþykki liggur ekki fyrir enn, enda hefur Framsfl. verið bæði hrár og soðinn í þessu máli, og allir vita um afstöðu áhrifamanna í Alþb., ekki síst eftir að hafa hlýtt á ræður þeirra í sambandi við þetta frv. nú. Ef frá er talið almennt snakk um vinnubrögð í hagsýslustofnun og Þjóðhagsstofnun, almenna áætlanadeild í rn. og lögbindingu á skipun starfshópa stendur lítið sem ekkert eftir í þessu frv sem máli skiptir samkv. fyrri yfirlýsingum Alþfl. Niðurlæging Alþfl. er alger í þessu máli.

Þáttur Alþb. er afar sérstakur í öllu þessu „tragikomíska" sjónarspili. Kjörorð þeirra: „samningana í gildi" er svikið með þessu frv. Alþb. á aðild að þessari ríkisstj., en Þjóðviljinn lýsir því hvað eftir annað yfir að bandalagið sé að vinna alls kyns varnarsigra gegn öðrum vondum öflum innan ríkisstj. Þetta er rétt eins og knattspyrnulið, sem tapað hefur með 0:8 mörkum, héldi því fram að það hefði unnið ákveðinn varnarsigur vegna þess að það hefði ekki fengið á sig 10 mörk.

Ég held að fleiri en ég og við í stjórnarandstöðunni veltum því fyrir okkur, hvers vegna Alþb. situr áfram í ríkisstj. sem neitar að taka tillit til þeirrar aðalkröfu þessa flokks og Alþýðusambands Íslands að taka samningana í gildi. Forsrh. stóð hér upp fyrr í dag og lýsti því mjög skilmerkilega hvernig skerðingin kæmi á hærri laun fyrir 1. des., en eftir 1. des. kæmi skerðing á alla jafnt. Með þessum kjaraskerðingarákvæðum, með lögbindingu á þessu frv. hyggst Alþb. greiða atkv. Þeir málsvarar Alþb., sem mestu ráða vegna setu sinnar í ríkisstj., lýsa yfir að þeir muni greiða atkv. með þessu kjaraskerðingarfrv., en þeir muni hins vegar hefjast þegar handa um hatramma baráttu gegn kauplækkunaröflunum. Vitaskuld eiga þeir við hina flokkana í ríkisstj. þegar þeir tala um kauplækkunaröflin. Ég efast um að hægt sé að ímynda sér ómerkilegri málflutning. Allt sem slæmt er í þessu frv. er hinum að kenna, allt gott er okkur að þakka, segir Alþb.

Alþfl. og Framsfl. hafa haldið því fram, að verðbótakaflinn í frv. réði úrslitum í baráttunni gegn verðbólgunni. Það er nokkuð til í því. En nú er svo að skilja og heyra að Alþb. muni hefja sérstaka varnarbaráttu til að fá þessum kafla breytt. Ef þessum stjórnarflokki, sem hingað til hefur ráðið allmikið ferðinni, tekst að ná fram því ætlunarverki sínu, stendur ekkert eftir í þessu frv. sem er til viðnáms gegn verðbólgu.

Hæstv. viðskrh. hældi sér af því að koma kjaramálaráði — og þá væntanlega kjarasáttmála Alþfl. — fyrir kattarnef. Hann hefur haldið því fram tæpitungulaust, að heilbrigð skynsemi hefði orðið ofan á í stað villukenninga krata í sambandi við veigamestu ákvæði frv. Hann dró ekki fjöður yfir það, að Alþb. hefði gert hugmyndir Alþfl. skaðlausar varðandi ríkisfjármálin, varðandi peningamagn í umferð. Hæstv. viðskrh., hældi sér sérstaklega af því að hafa komið í veg fyrir að nútímalegri verðlagslöggjöf tæki gildi sem fyrst. Það var reyndar afar fróðlegt að hlusta á velþóknun ráðh., þegar hann tíundaði það skilmerkilega að honum hefði tekist að breyta því ákvæði í verðlagslögunum sem gerði ráð fyrir að álagning og verðlagsákvarðanir tækju mið af því að fyrirtækin gætu skilað hagnaði. Hans skoðun er auðvitað sú, að hagnaður sé af því illa. Það verður að beita valdi til að koma í veg fyrir að fyrirtæki á Íslandi hagnist. Fyrirlitning þessa ráðh., skilningsleysi og lífsskoðun kom hvergi betur fram en í þeim kafla ræðu hans þegar hann fjallaði um verðlagslögin.

Nú liggur fyrir, eftir þá ræðu sem hæstv. viðskrh. flutti fyrr í vikunni, að markmið æðsta manns í viðskiptamálum á Íslandi er að koma í veg fyrir að íslensk fyrirtæki skili hagnaði. Hvernig þau eigi að standa undir framleiðslu- og fjármunaaukningu, skattgreiðslum, sem reiknast af veltu, en ekki tekjum, aukinni atvinnu, hvort eigandi fyrirtækis fqr umbun fyrir áhættu og eigin vinnu, — þetta allt skiptir engu máli, því að verðlagning má undir engum kringumstæðum taka mið af því að rekstrarafgangur verði hjá fyrirtækjunum. Þetta er trúaratriði þeirra kreddukomma og atvinnupólitíkusa sem nú ráða ríkjum í Alþb. Þetta láta Framsfl. og Alþfl. ofan í sig ganga til þess eins að fá fram frv. sem lögbindur 35—40% verðbólgu. Lítið er geð guma.

Herra forseti. Af því, sem að framan er sagt, er ljóst að það er skoðun mín að frv. þetta leysi engan vanda. Það ber vott um máttleysi þessarar ríkisstj. og hnykkir aðeins á þeim ofstjórnar- og miðstýringarhugmyndum sem bögglast svo mjög fyrir brjóstinu á þeim sem engan skilning hafa á atvinnumálum og vilja sölsa allt vald undir pólitíska kommissara. Frelsisriddarar og siðgæðispostular Alþfl., sem hafa haft hátt hér í vetur, hafa beðið algeran ósigur.

Það þarf enginn að vera hissa á því, hver afstaða Sjálfstfl. er til þessa frv. Því hefur verið rækilega lýst bæði í nál. og í ræðuflutningi af hálfu stjórnarandstöðunnar. Þar með er ekki sagt að við sjálfstæðismenn álítum að hvert einasta ákvæði í þessu frv., hvert einasta orð sé haldlaust. Við getum út af fyrir sig fallist á að það þurfi að setja lög um aðgerðir gegn verðbólgu. Í því sambandi höfum við fyrst og fremst lagt áherslu á afskipti af sjálfvirkum vísitölu- og verðbótahækkunum. Við getum líka fallist á að það þurfi að efna til víðtækra aðgerða, en það hefur verið tíundað af mér m. a. í þessari ræðu.

Verðbótakaflinn, sem í frv. felst, hefur verið helsta bitbein stjórnarflokkanna sjálfra. Þeir deila raunverulega ekki lengur um það, hvort skerðing eigi að eiga sér stað á verðbótum, heldur hversu veruleg hún eigi að vera. Í raun og veru liggur það alveg ljóst fyrir, að í eðli sínu er hér efnislega um að ræða sams konar aðgerð, sams konar kjaraskerðingar, sams konar afskipti ríkisvaldsins og löggjafarvaldsins af kjarasamningum og fráfarandi ríkisstj. beitti sér fyrir með febrúarlögunum og maílögunum á síðasta ári. Sjálfstfl. hefur þess vegna ekki þá stefnu að vera á móti ákvæðum sem ganga í þessa átt. hann heldur því hins vegar fram, að þetta þurfi að gerast ásamt með öðru, og hann heldur því fram, að þetta ákvæði, eins og það nú liggur fyrir, sé tiltölulega máttlaust í þeirri viðleitni, sem vakir fyrir mönnum, að draga úr verðbólgu hér á landi.

Það er í sjálfu sér hlægilegt af hæstv. forsrh. að lýsa því yfir við umr. um þetta mál, að á sama tíma sem verðbætur eru skertar og grunnkaupið bundið sé opin leið fyrir aðila vinnumarkaðarins að ganga til samninga um breytingar á kjörum og launum. Hvað halda menn að séu miklar aðstæður til þess fyrir atvinnurekendur og yfirleitt í þjóðfélaginu að ganga til samninga um hækkanir á launum sem einhverju máli skipta, á sama tíma sem ríkisstj., sem þykist vera vinveitt launþegum, neyðist til þess að grípa til ráðstafana af þessu tagi? Það sýnir auðvitað líka

hræsnina í þessu máli öllu og haldleysi allra slíkra aðgerða, að á sama tíma sem verið er að bítast um þetta og deila um hvort kjaraskerðingin eigi að vera meiri eða minna, hvort láglaunabætur eigi að vera verndaðar eða ekki, hvort kaup eigi að hækka um 9% eða 10%, þá eru gerðir samningar við eina launahæstu stéttina í þessu landi, flugmenn, um að laun þeirra hækki um hvorki meira né minna en 200 þús. kr. á hverjum mánuði. Hvaða vit er í svona stjórn í landinu, og hvaða sæmræmi er í þessum ráðstöfunum þegar slíkir atburðir eiga sér stað nákvæmlega á sama tíma?

Það væri út af fyrir sig ástæða til að spyrja um það, hvernig eigi að líta á þá samninga sem tilkynnt var að hefðu verið gerðir milli Flugleiða og flugmanna í gær eða í nótt, hvort þeir samningar stangist ekki á við þau lög sem hér er verið að samþykkja, þegar á það er að líta að grunnkaup, eins og það liggur fyrir núna, á að binda fast.

Verðbólgan mun geisa áfram þrátt fyrir að þetta frv. verði samþ. Það gefur auga leið að Sjálfstfl. er andvígur frv. Hann mótmælir vinnubrögðunum. Hann lýsir vanþóknun sinni á þeim málflutningi og þeim deilum sem risið hafa á milli stjórnarflokkanna í sambandi við afgreiðslu á þessu máli. Sjálfstfl. mun greiða atkv. gegn frv., þó ekki væri nema vegna þess einfaldlega að það leysir engan vanda og gengur að langmestu leyti í berhögg við grundvallarstefnu Sjálfstfl.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Efnahagsmál eru að sjálfsögðu einhver mikilvægustu mál hverrar þjóðar. Bærilegur efnahagur er grundvöllur margvíslegra framfara sem allir segjast berjast fyrir. Ýmsar umbætur á mörgum sviðum þjóðlífs eru í rauninni óframkvæmanlegar nema efnahagsstaða þjóðarheildar og sem flestra þjóðfélagsþegna sé í bærilegu lagi. Þrátt fyrir þessar staðreyndir verð ég að segja að þras og þref um efnahagsmál hefur bæði fyrr og síðar tekið óhóflega langan tíma hér hjá okkur á Alþingi Íslendinga. Það hefur bæði fyrr og síðar skipað svo mikið rúm, að margir aðrir málaflokkar, sem þó eru mikilvægir ekki síður en efnahagsmálin, sitja allt of oft á hakanum — þeir fá ekki þá umr. og þá athugun sem æskileg verður að teljast og raunar nauðsynleg eigi eðlileg þjóðfélagsþróun að eiga sér stað.

Ég hef ekki tekið mikinn þátt í þeim margvíslegu efnahagsmálaumr., sem fram hafa farið á þessum vetri, og ég mun ekki leggja mjög mikið af mörkum í þetta sinn. Mér þykir margt ánægjulegra en að þrasa og þrefa um prósentutölur, um fjárupphæðir og annað af skyldum toga, þó að ég játi að sjálfsögðu, eins og ég þegar sagði, mikilvægi þess að móta stefnu í efnahagsmálum. En þetta tekur hjá okkur allt of langan tíma. Það er verið að togast á um þessi mál mestan hluta þingtímans. Vitanlega er það þá vegna þess að býsna margir, sem ekki hafa sérlega mikið til málanna að leggja, síst til upplýsinga eða til málefnalegrar umfjöllunar, breiða sig oft út og láta móðan mása, stundum með þeim árangri að kjarni máls vill hyljast í þoku óljósrar eða órökréttrar hugsunar. Ég ætla sem sagt ekki að auka mjög á umr. af þessu tagi, en mig langar að leggja fáein orð í belg í sambandi við það frv. sem hér er nú til meðferðar.

Að frv.-gerð um stefnumótun í efnahagsmálum var um hríð í vetur unnið á mjög eðlilegan og skynsamlegan hátt að mínum dómi — þann eina hátt, liggur mér við að segja, sem líklegur er til að skila sæmilegum árangri. Þrem fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna, þrem hæstv. ráðh., einum frá hverjum stjórnarflokki, var falið að vinna að undirbúningi slíkrar löggjafar og að sjálfsögðu ráð fyrir því gert að hver þeirra um sig ynni að því í samráði við sinn þingflokk að móta stefnuna um öll hin stærri og stefnumarkandi atriði. Þessi vinna fór fram. Hún tók nokkurn tíma. Það var togast á eins og gengur um allmörg veigamikil mál í þessu sambandi, því er ekki að leyna, en samkomulag náðist að lokum um mjög marga efnisþætti, þótt nokkur atriði væru óútkljáð. En svo gerðist það, í stað þess að ljúka þessu verki sem komið var býsna langt, og það var komið það með atbeina stjórnarflokkanna allra, að því er ég best vissi, að horfið var að því ráði, í stað þess að halda undirbúningsvinnunni áfram í nokkuð svipuðu horfi og verið hafði, að fela hæstv. forsrh. að semja frv. upp úr þessum till. Þetta verk vann síðan hæstv. forsrh. ásamt embættismönnum ríkisins.

Nú er skemmst frá því að segja, þó að ég ætli ekki að hafa um það öllu fleiri orð, að sjaldan hef ég orðið jafnhissa og þegar ég sá frv. hæstv. forsrh., þar sem í ýmsum veigamiklum, jafnvel afgerandi atriðum var farið út fyrir þann samkomulagsgrundvöll sem fyrir lá af hálfu ráðherranefndarinnar og raunar stjórnarflokkanna allra, að því er ég best vissi. Efnislega dettur mér ekki í hug að fara nú að gagnrýna frv.-drög hæstv. forsrh. Þetta er liðin tíð. Það eru ekki þau sem hér eru til umr. nú, heldur verulega breytt frv. Ég held þó að hér hafi orðið mistök. Slíkt er mannlegt. Jafnvel hinir snjöllustu skákmenn leika stundum hæpna leiki. Ég held að þessi leikur hefði getað haft býsna alvarlegar afleiðingar. Ég ætla þó ekki að deila um það nú, eins og ég sagði. En við verðum allir að læra af reynslunni. Og það, sem reynsla þessara síðustu vikna og mánaða ætti öðru fremur að hafa kennt okkur stjórnarliðum, er þetta: Það er hvorki vegurinn til frægðar né langlífis þessari ríkisstj. né nokkurri ríkisstj. að tína saman úr ýmsum áttum gamlar viðreisnarkenningar, marghraktar af lífinu sjálfu og nöktum staðreyndum þess. Og viðreisnarbrotin eru ekkert betri fyrir það, þó að sum þeirra séu send handan úr Seðlabanka, önnur úr Þjóðhagsstofnun og einhver komi m. a. s. fljúgandi vestan af Ísafirði, þar sem fremur virðist skorta bærilega skólameistaraíbúð en afleitar tillögur eða kenningar í efnahagsmálum. En þetta er allt liðin tíð.

Um tíma leit út fyrir að tveir stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Alþfl., ætluðu að snúast sameiginlega og af hörku gegn þriðja stjórnarflokknum, Alþb., og reyna að knýja fram þau ákvæði frv. — stórvafasöm að okkar áliti — sem fólu í sér verulega hættu á kjaraskerðingu, og ekki síður hin, sem líkleg voru til að geta framkallað svo mikinn samdrátt að hann gæti leitt til atvinnuleysis. Miklar breytingar hafa verið gerðar á þessu frv., og í ýmsum veigamiklum atriðum hefur verið komið til móts við Alþb. og sjónarmið þess, þau sjónarmið að vernda eftir megni kaupmátt lægri launa og tryggja fulla atvinnu. Vitanlega er þetta samkomulagsfrv., og trúlega er enginn stjórnarflokkurinn og e. t. v. enginn þm. innan stjórnarflokkanna algerlega ánægður með öll ákvæði þess. En ég tel, og það er ríkjandi skoðun innan þingflokks Alþb., að svo miklar lagfæringar hafi fengist á frv. að það megi við það hlíta, og því mun ég styðja það eins og það liggur nú fyrir.

Það frv., sem hér er um að ræða, er 67 greinar og skiptist í nokkuð marga kafla. Þar er víða komið við og

þar eru ákvæði sett um mörg og ólík atriði. Margt er jákvætt í þessu frv., en önnur ákvæði þess, eins og ég hef þegar drepið á, orka tvímælis, svo að ekki sé meira sagt. Mér finnst enn vera dálítill viðreisnarkeimur af sumu og sá keimur er mér næsta leiður. Í of mörgum efnum bera ákveðnir kaflar frv. merki uppruna síns, þótt margt hafi, eins og ég sagði, verið lagað síðan frv. kom fram. Um það efni, hverju þokað hefur verið til betri vegar, vísa ég til ræðu hæstv. viðskrh. við 1. umr. málsins í þessari hv. deild.

Þetta frv. í núverandi mynd er samkomulagsfrv. töluvert ólíkra þriggja stjórnarflokka og það ber þess merki að sjálfsögðu. En eftir að komnir eru inn í frv. hinir sterkustu varnaglar um þau ákvæði þess sem kynnu að stuðla að of miklum og of örum samdrætti og gætu því framkallað atvinnuleysi, þá tel ég að ég get stutt frv.

Svo vil ég aðeins segja þetta: Sú margra mánaða togstreita, sem fram hefur farið milli ríkisstjórnarflokkanna um stefnumótun í efnahagsmálum, hefur því miður orðið til þess, að mörg önnur mál, sem þessi ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa heitið að vinna að og hafa heitið að leysa, hafa ekki komist að. Þau virðast allt of mörg liggja hálfunnin eða varla það. Hin fáu, sem fram eru komin á þingi, hafa einnig tafist, a. m. k. sum hver, og átt óeðlilega erfitt uppdráttar. Þótt svo eigi að heita að 2/3 hlutar þm. styðji þessa ríkisstj. og stjórnarsinnar eigi formann og varaformann — ég held í öllum nefndum þingsins, hefur þetta gengið allt, að mér finnst, helst til seint. Sannleikurinn er sá, að þessi hæstv. ríkisstj. á mörg mikilvæg og vonandi góð verk ónunnin. Þau verk þarf að vinna. Það var lofað að vinna þessi verk. Sum loforðin komu í stjórnarsamningi, öðrum hefur verið heitið samtökum launþega, m. a. í sambandi við niðurfellingu þriggja verðbótastiga 1. des. Enn önnur nauðsynjamál, sem síðar hafa komið fram, krefjast einnig úrlausnar.

Meðan hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar, og ég dreg þar engan undan, hafa verið að deila og togast á um ýmis atriði í frv.-drögum og síðar frv. um stefnumótun í efnahagsmálum hafa þessi nauðsynjamál því miður orðið að bíða, eða a. m. k. ekki fengið þá umfjöllun sem nauðsyn bar og nauðsyn ber til. Þessu langa og heldur leiðigjarna moldarverki okkar stjórnarliða, sem við höfum staðið í síðustu vikurnar, líki ég við vorstörf á búi þar sem allir, sem vettlingi geta valdið, hafa verið settir í það að stinga upp mó, jafnvel í heldur leiðinlegum mógröfum, og því ekki getað sinnt öðrum nauðsynjastörfum fram eftir öllu vori. Ég leyfi mér að segja og segi það við góðkunningja mína í stjórnarflokkunum öllum þremur: Eigum við ekki að fara að koma okkur upp úr þessum mógröfum og taka til við að vinna vorverkin hvert af öðru? Þau bíða eftir okkur. Hættum skæklatoginu í bili a. m. k., samþykkjum frv. eins og það nú er orðið og förum að gefa okkur tóm til að sinna þeim margvíslegu framfaramálum sem legið hafa eftir vegna stöðugra árekstra og leiðindadeilna um stefnuna í efnahagsmálum.

Ég hef litið þannig á og geri það enn, að núv. hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar eigi skyldugt verk að vinna, sem þeir hafa tekið að sér og hafa ekki leyfi til að hlaupast frá að svo komnu máli. Ég veit að á ýmsum stundum, á vissum augnablikum getur litið þannig út, að óbilgirni samstarfsflokka geri samvinnu lítt fýsilega og jafnvel lítt mögulega. Þá ber vitanlega að reyna samningaleið til þrautar. En það vil ég segja öllum stjórnarliðum, að þegar svo er komið í þriggja flokka ríkisstj. að tveir stjórnarflokkar hafa myndað varanlegan flokk gegn hinum þriðja í því skyni að reyna að ganga yfir hann eða lítillækka, þá er slík ríkisstj. feig. Frá sjónarmiði okkar Alþb.-manna leit svo út um hríð að þetta feigðarmerki væri farið að gera vart við sig hjá núv. hæstv. ríkisstj. Sú varð ekki raunin, sem betur fór, og því tel ég að allir stjórnarflokkarnir geti nú nokkurn veginn sæmilega við þetta samkomulagsfrv. unað og samþykkt það.

Það ætti að vera öllum verkalýðssinum ljóst, og þeim er það ljóst mörgum hverjum, að næstu missirin og jafnvel næstu árin verður ekki mynduð önnur ríkisstj. hér á landi sem fremur en þessi eða til jafns við hana er líkleg, þrátt fyrir allt, að koma fram ýmsum umbótamálum launastéttum landsins til handa. Þrátt fyrir ýmis vonbrigði, þrátt fyrir ýmis mistök nýtur þessi ríkisstj. býsna mikils og eindregins trausts meðal launafólks í þessu landi. Margur óttast að vonum það sem við kann að taka ef þetta stjórnarsamstarf rofnar bráðlega. Því leyfi ég mér í fullri vinsemd að snúa máli mínu til allra stjórnarsinna og endurtek enn: Eigum við ekki að koma upp úr mógröfunum, hætta í bili að þrefa og þrasa um meira eða minna ljós eða óljós stefnumið í efnahagsmálum? Við skulum samþykkja þetta frv. með kostum þess og vissum göllum og snúa okkur svo í alvöru að því að vinna vorverkin.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni í dag, að við sjálfstæðismenn hefðum ekki talað mikið, andstaða okkar við frv. væri ekki hörð. Ég skil mætavel þreyttan mann, eins og hæstv. forsrh. hlýtur að vera orðinn við að leiða þessa ríkisstj. sem setið hefur frá 1. sept. í haust. Það fer auðvitað ekki mikið fyrir ræðum okkar miðað við allt það rifrildi sem hann hefur orðið að þola á stjórnarheimilinu þessa mánuði. Það er ekki að furða þó að maður, jafnvel þó að yngri væri að árum, væri orðinn þreyttur í hans sporum.

Ég skal taka undir með hv. síðasta ræðumanni, okkar ágæta forseta Sþ., ég tek alveg undir það með honum að skora á stjórnarliðana að koma upp úr mógröfunum, því að vinnan í mógröfunum hefur verið með þeim hætti að sumir hafa kastað mónum upp á bakkann og hinir fleygt aftur mónum í þá sem eru niðri í mógröfunum. Þeir eru orðnir heldur subbulegir, stjórnarþm., eftir þetta mókast allt, svo að ég tek fyllilega undir með okkar varfærna og prúða forseta Sþ., að menn hætti þessum mokstri og mókasti sem búið er að standa langan tíma.

Þegar hæstv. ríkisstj. var mynduð var það ekki þrautalaust, sem ekki er von, að mynda slíka stjórn. Annars vegar komu sigurvegarar kosninganna, Alþfl., hins vegar Alþb., sem var smásigurvegari á við kratana, og í þriðja lagi kom flokkur sem hafði verið í stjórn 4 ár á undan, Framsfl., en varð minnstur þessara flokka eftir úrslit síðustu þingkosninga. Samkomulagið og heilindin á milli hinna flokkanna var með þeim hætti, að þeir gátu hvorugur unnt hinum að hafa stjórnarforustuna á hendi. Þá var leitað til þáv. formanns Framsfl., núv. hæstv. forsrh., og hann beðinn að taka að sér að verða húsbóndi á þessu heimili, svo skemmtilegt hlutverk sem það hefur verið fyrir hann.

Þessi ríkisstj. setti sér þá stefnu að berjast við verðbólguna, koma henni niður. Einn hæstv. ráðh., sem talaði áðan, hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson, virtist vera býsna glaður yfir árangrinum sem hefði náðst. Hann

sagði að þeir hefðu tekið við öllu í kaldakoli og það væri búið að leiðrétta allt, allt væri á hraðri uppleið og allt í stakasta lagi. Það var á honum að skilja að þegar flokkur núv. hæstv. forsrh. fór úr ríkisstj. á s. l. hausti hefði hann ásamt þáv. samstarfsflokki sínum skilið við landið alveg í rúst. Þetta segir iðnrh. Ólafs Jóhannessonar í dag. Við skulum líta á hvernig var umhorfs í þessu landi.

Verkalýðsleiðtogi Alþfl., maðurinn sem kemur oft við í pylsuvagninum eftir að hann er búinn að borða á Borginni, sagði að fiskiskipastóllinn hefði verið kominn að því að stöðvast. Sannleikur málsins er sá, að ástand í rekstrarhorfum fiskiskipa hefur ekki marga áratugi verið betra en var á s. l. hausti. Ég trúi því ekki að þessi pylsuæta viti ekki betur — eða hv. þm. á maður víst að segja. En hitt er alveg rétt, að fiskvinnslan stóð höllum fæti. Þar bera fyrst og fremst sökina nokkrir sjálfskipaðir landsfeður sem unnu skemmdarverk í þjóðfélaginu á s. l. sumri og vori. Það voru mennirnir sem voru að berjast fyrir því að fá „samningana í gildi". Þeir stöðvuðu útflutning landsmanna, börðust fyrir því að brjóta niður þá löggjöf sem fyrrv. þingmeirihluti hafði sett — löggjöf sem stuðlaði að því að hægja verulega á verðbólguhraðanum og koma verðbólgunni niður í um 25%, sem hún hafði þá staðið í. Það eru þessir menn sem fyrst og fremst bera ábyrgðina á því, hvernig verðbólgan var þegar núv. ríkisstj. var mynduð. Þetta ætti hæstv. iðnrh. að hafa í huga og gleyma ekki.

En núv. ráðh. í ríkisstj. hafa verið að hæla sér af því af og til í vetur, á milli þess sem þeir hafa verið að rífast innbyrðis, hvað þeim hafi tekist sérstaklega vel að koma verðbólgunni niður og það með þeim hætti að velta undan sér svo þungum hlössum að þeir geta það engan veginn miklu lengur — þeir bifa ekki þessum milljarðahlössum. Það er fölsk lækkun verðbólgunnar sem þessir menn eru að tala um. Allir vita að verðbólgan er á fullri ferð, og jafnvel þó að þeir ætli sér að lögfesta hana í 35—40% koma þeir ekki til með að ráða neitt við hana með sama áframhaldi. Það er alveg merkilegt — og að mörgu leyti tekur mig sárt að hryggja einlægan vinstri mann eins og Gils Guðmundsson með því að segja það, en það er hryggilegt að þegar vinstri flokkar taka sig saman er eins og allt, sem gert er, sé gert með öfugum klónum.

Sjálfur forsrh. talaði í dag um að nú væri búið að lyfta launaþakinu. Ég held að það sé búið að gera meira en að lyfta launaþakinu. Ég held að þakið sé fokið af. Og þessi ríkisstj. á ekki eftir að sjá þetta þak meira. Það er farið veg allrar veraldar. Og hæstv. forsrh. sagði réttilega: Hver er ástæðan? — Ástæðan er slysið sem Reykvíkinga henti, að kjósa yfir sig vinstri meiri hluta. Það er ástæðan fyrir þessari bölvun allri. Og þetta er ekki fyrsta og eina bölvunin. Þá þurfti að fara í kapphlaup, afnema launaþakið. Ég vil ekki taka undir það með hæstv. forsrh., að þessi Guðrún hafi ráðið þessu öllu. Ég trúi því ekki að hún sé svo mikil valdamanneskja. Það hljóta fleiri að hafa komið þarna við sögu, og ég held að þeir geti ekki alveg hvítþvegið sig, framsóknarmenn í borgarstjórn Reykjavíkur, þó þeir reyni að strjúka framan úr sér með jafnvel hreinu handklæði. Ég held að þessir þrír flokkar, og sérstaklega má ég þá ekki gleyma aðalkaupránsflokknum, Alþfl., eigi allir þarna sök sameiginlega, einn fyrir alla og allir fyrir einn, eins og þegar menn skrifa á víxla. Þetta er höfuðástæðan fyrir forsendum meiri hl. Kjaradóms. Og svo koma þessir blessaðir englar hingað eftir allan þennan tíma og segja í lagafrv.: Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið! Ákvæði þessara laga breyta engum rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun. Þetta er alveg stórkostlegur árangur eftir allt talið í marga mánuði, því að grunnkaupið á að haldast óbreytt miðað við mars, en svo er sagt við menn: En flýtið ykkur nú að semja um hækkun grunnkaupsins á eftir. — Og ein láglaunastéttin er búin. Hún gerði það í nótt. Blessaðir flugmennirnir. Þeir hækka mánaðarlaunin sín um 50—210 þús. eftir starfsaldri. Hvað eiga þá hinir að gera? Eiga þeir ekki að taka þessa blessaða engla til fyrirmyndar og leggja til grundvallar það sem landsfeðurnir eru að leggja til, þetta plagg hérna? Ég vil segja mönnum það í fullri vinsemd: Er ekki miklu viðfelldnara og skemmtilegra að taka þetta frv. aftur og segja bara: Þetta frv. er orðin svo mikil hörmung — það er búið að útþynna það — að það kemur engum að gagni. — Þessi ríkisstj. má líka eiga eitt, að um eitt er hún alveg sammála. Þeir eru allir hundóánægðir með þetta frv. Þar náðu karlar saman.

Hæstv. forsrh. gerði fremur lítið úr því sem hv. 1. þm. Reykn. tók fram í ræðu sinni og raunar hv. 9. landsk. þm., Ólafur G. Einarsson. Hann taldi að það væri nauðsyn að lögfesta með áætlun t. d. meginstefnu í ríkisfjármálum, líklega þróun ríkisbúskaparins, samræmi í heildarstefnu í efnahags- og atvinnumálum og stefnu í ríkisfjármálum, stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins, stefnumótun um framlög á fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila. Ég tek undir með báðum þessum flokksbræðrum mínum. Ég sé ekki að þetta skipti neinu máli eða sé bráðnauðsynlegt að gera. Hins vegar kemur þetta ekki að sök, það viðurkennum við allir. En ég spyr: Hvernig stendur á því, að þessi ríkisstj., sem hefur þó setið á áttunda mánuð, hefur ekki markað skýrari stefnu en hún hefur gert í þeirri stefnumótun sem hún hefur gert til skamms tíma? Er ekki fjárlagafrv. tillögur ríkisstj. um vissa stefnumörkun og síðan afgreiðsla þess? Hvað er svo með framhald þeirrar stefnumörkunar sem átti sér stað í desembermánuði? Í kjölfar þess frv. átti í raun og veru að leggja fram lánsfjáráætlun og frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1979. Þetta frv. er nú, 6. apríl, í nefnd í fyrri deild þegar komið er fram á annan ársfjórðung þessa árs. Þetta er stefnumörkun í lagi! Þetta er lag á þinghaldi: í fyrsta lagi að ríkisstj. skuli vera að gaufa með þetta frv. fyrstu tvo mánuði þessa árs og þá að í þinginu skuli spretta upp stjórnarþm. og gera ótal aths. við frv. Er það Sjálfstfl. sem hefur komið í veg fyrir afgreiðslu þessa frv.? Hefur hann beðið um frest á afgreiðslu þess? Nei, aldeilis ekki. Af hverju er það ekki afgreitt? Af hverju standa stofnlánasjóðir landsmanna núna eins og þvörur uppi gagnvart öllum lánsumsóknum og forráðamenn þeirra segja: Við getum ekki afgreitt neitt. Ríkisstj. hefur ekki enn þá afgreitt í hendurnar á okkur lánsfjáráætlunina. — Af hverju hefur ríkisstj. ekki gert það? Hún kemur sér ekki saman um neitt. Það er alltaf verið að kasta upp úr mógröfunum og aftur niður í þær. Er ekki kominn tími til þess að taka til höndum, eins og forseti Sþ. sagði áðan, og afgreiða eitthvað af þessum málum sem ber að afgreiða og á að vera búið að afgreiða fyrir löngu? Ég spyr hæstv. forsrh.: Hefur ríkisstj. þegar afgreitt till. um lánakjör

fjárfestingarlánasjóðanna? Ég held að það sé alveg rétt að hún hafi ekki gert það. Hann leiðréttir mig þá ef hún hefur gert það í dag eða svo. Með hvaða kjörum á að lána? Eiga allir þeir, sem eru í framkvæmdum í atvinnulífinu og hafa sótt um lán til þessara sjóða, kannske að bíða til haustsins eða jafnvel til næstu áramóta? Núv. stjórnarflokkum tveimur, Alþfl. og Alþb., fannst lítið til fyrrv. ríkisstj. koma. En ég held að við verðum að viðurkenna það, að í fyrri ríkisstj. var lánsfjáráætlun afgreidd samhliða afgreiðslu fjárl., áður en það ár hófst sem lánsfjáráætlun átti að gilda.

Hvað með stefnumörkunina í sjálfum fjárl.? Jú, það var byrjað á því að auka niðurgreiðslur á vöruverði þegar þessi ríkisstj. tók við. Haldið var áfram að auka niðurgreiðslur á vöruverði frá 1. des., en í aths. með fjárlagafrv. segir: Við ætlum að lækka niðurgreiðslurnar snemma á árinu 1979 um 800 millj. Það er engin breyting enn orðin þar á. Þar er gat þegar í fjárl. upp á 2800 millj. Það átti að gefa út reglugerð um hækkun gjalda fyrir lyf, sérfræðiþjónustu og þess háttar, sem átti að gefa tæpan milljarð. Ekki veit ég til þess að hún sé komin. Það vita allir að á lífeyristryggingunum og þá ekki síður sjúkratryggingunum miklu frekar, skakkar milljörðum. Og eins og fram kom í ræðu hv. 1. þm. Reykv. í fyrrakvöld fara uppbætur á útfluttum landbúnaðarafurðum langt fram úr áætlun. Það er þegar búið að greiða nærri 80% af þeirri upphæð sem fjárl. gera ráð fyrir. Þannig má lengi telja. Hvar verður ríkisbúskapurinn í árslok með þessu áframhaldi? Ég er ansi hræddur um það, að þeir, sem áður tóku munninn fullan í þeim efnum, eigi bágt með að kyngja þegar kemur fram á vorið eða sumarið.

En það er margt sem hefur breyst nú í síðustu dögum. Það, sem er eftirtektarverðast og við þm. tökum helst eftir, er að þingflokkur, sem hefur 14 þm. sem hafa haldið upp þrotlausu kjaftæði síðan í haust, hefur steinþagað. Hann er mállaus. M. a. s. hv. 7. þm. Reykv. er orðinn mállaus. Það kveður svo rammt að, að það varð að senda einn málleysingjann úr landi til þess að taka varaþm. inn — þann eina sem hefur getað talað — og hann situr þarna, hinir eru allir mállausir. Hver skyldi hafa trúað þessu fyrir jólin, þegar þeir lokuðu ekki munninum og ekki komust aðrir að.

Hæstv. forsrh. sagði um einn þm., að hann væri hálfur í fylgi sínu við frv., hv. 3. þm. Vestf., sem er mikill reglumaður. Þá hljóta þeir, sem fylgja því að öllu leyti, allir að vera fullir. Ég tók þetta eins og hvert annað grín hjá hæstv. forsrh., en kannske er þessi mælikvarði notaður á stjórnarþm. á þessum síðustu og verstu tímum.

Ég ætla að gera nokkuð að umræðuefni XI. kafla frv. Það er í fyrsta lagi 61. gr. Þar segir:

„Fyrir upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórn að fenginni staðfestingu sjútvrn. ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkv. 7. gr. eða verðlækkun samkv. 8. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af mati á markaðs- og aflahorfum fyrir næstu ár, m. a. með tilliti til þess, hvernig þær hafi verið metnar af Verðlagsráði sjávarútvegsins, þó þannig, að tekið sé tillit til séstakra ástæðna, svo sem óeðlilegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytinga og annarra hliðstæðra atvika.“ Þetta var í fyrri drögum frv. en síðan er bætt við: „Við ákvarðanir sínar skal sjóðsstjórnin einnig líta til afkomu viðkomandi sjávarútvegsgreina eftir því sem það getur samrýmst tilgangi sjóðsins og raunverulegri verðjöfnun“.

Breytingin, sem gerð er, er skynsamleg. Hún er með síðustu setningunni eiginlega gerð óvirk. Það verður ekkert úr þessu. Þar af leiðandi mætti greinin alveg falla út. Það er engin breyting gerð. Ég hélt að þarna ætti að gera stefnubreytingu, fara fyrst og fremst eftir erlendum mörkuðum, gengisbreytingum og öðrum hliðstæðum atvikum, nú á sem sagt, verði verðfall, verði hækkun útgerðarkostnaðar, að taka tillit til alls. — Það má kannske ekki segja það hér, að ég kann afar illa við að í lögum sé talað um í öðru orðinu Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en í hinu um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. En það skiptir ekki mjög miklu máli.

Þessi breyting er spor aftur á bak. Ég hélt að fyrra atriðið, sem kom fram í fyrri drögum, hefði verið mikið baráttumál Alþfl., því að Alþfl. gagnrýndi mjög fyrir kosningar, hvernig Verðjöfnunarsjóðurinn væri notaður, og taldi að það mætti ekki ganga svo langt að greiða úr Verðjöfnunarsjóði, það yrði að greiða til hans. Og sá, sem gekk einna lengst í þeim efnum fyrir kosningar, var hæstv. núv. sjútvrh. Varðandi Verðjöfnunarsjóðinn hefur ein grein fiskveiða staðið gersamlega upp úr, bæði hvað snertir afla og sömuleiðis verðlag, bæði til sjómanna og útgerðar og verðlag fyrir þá sem þennan afla vinna, en það eru loðnuafurðir. Þrátt fyrir að þetta er besta ár hvað snertir veiði, verð og sölu, greiða sölu á þessari afurð, á sér stað útgreiðsla úr Verðjöfnunarsjóði þvert ofan í stefnu núv. sjútvrh., því hann ætlaði að berjast fyrir gerbreytingu. Ég veit ekki hvort það þýðir nokkuð að spyrja Alþfl. eftir að hann missti málið, en það væri þá helst að snúa sér að Bjarna Guðnasyni. Hvernig stendur á því, að þessi stefnubreyting verður og undir slíkum kringumstæðum sé greitt úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins? Ég furða mig á þessu.

Þá kem ég að 64. gr. Þar segir:

„Á árinu 1979 verði lög um Aflatryggingasjóð tekin til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum, að sjóðurinn gegni því hlutverki sínu að jafna aflasveiflur sem best við þær aðstæður, sem nú eru, m. a. vegna takmarkana á sókn í mikilvæga fiskstofna. Í þessu sambandi verði m. a. heimilað að beita fjármagni sjóðsins til þess að bæta upp verð á þeim tegundum, sem vannýttar kunna að vera, og leggja í því skyni sérstakt gjald á afla af þeim tegundum, sem taldar eru ofnýttar.“

Út af fyrir sig er furðulegt, að það þurfi að setja í lög að endurskoða skuli önnur lög, að Alþ. þurfi í sex umr. í báðum d. að ákveða í lögum að endurskoða lög sem sjútvrh. er þegar búinn að taka ákvörðun um að endurskoða og skipa nefnd í. En þetta er samkomulag, segja þeir, og það má engu rifta í samkomulagi, það er alveg sama hvaða vitleysa er á ferðinni. Heyrandi heyra þeir ekki, sjánadi sjá þeir ekki o. s. frv.

En það er annað meira. Látum vera þó að þeir setji lög um að endurskoða önnur lög, en hitt er öllu alvarlegra. Það er stefnuyfirlýsingin að leggja sérstakt gjald á afla á þeim fisktegundum sem taldar eru ofnýttar. Fyrst gefur sjútvrh. út reglugerð þar sem hann takmarkar veiði á ofnýttum fisktegundum, sem er þá sérstaklega þorskurinn, og sennilega verður hér einnig um loðnuna að ræða, og síðan á að bæta gráu ofan á svart með því að leggja sérstakt gjald á þann afla þegar hann kemur að landi. Ég trúi því ekki, að hæstv. forsrh. standi og vilji standa að því að skattleggja eftir þessar aðfarir þá fiskstofna, sem eru fullnýttir, og ég trúi því ekki á marga aðra stjórnarþm. úr

öllum þremur stjórnarflokkunum að þeir vilji standa að þessu. Samkv. 65. gr. þessa frv. hefur sjútvrh. heimild að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd XI. kafla, þ. á m. þetta, og hann hefur verið að sullumbullast með það á undanförnum mánuðum að hann vilji leggja sérstakt gjald á þorskafurðir. *Ég veit ekki hvort hann* guggnar á einhvern hátt, vegna þess að nú er loðnan talin fullnýtt eða jafnvel ofnýtt. En ætla menn virkilega að veita slíka heimild, og hvað mundi það hafa í för með sér? Hvað verður gengið langt í þeim efnum? Gefur hann slíka reglugerð út, eftir að þetta frv. er orðið að lögum, án þess að bera undir samráðh. sína í ríkisstj.? Hefur hann sama hátt á og hann gerði fyrir nokkrum dögum? Ég er hræddur um að margir kjósendur þessara þm. allra þakki þá „þent" fyrir.

Ég tel að hér sé um alvarlega stefnuyfirlýsingu að ræða sem ég mun á engan hátt geta staðið að, og ég skora eindregið á stjórnarliðið að breyta þessu. Ég get ekki trúað því, að það verði eins og þegar minkur hleypur í hænsnahóp þó að þessu sé breytt, þó að ýmislegt sé að á stjórnarheimilinu.

Aðrir talsmenn Sjálfstfl. hafa rakið mjög ítarlega frv. En þó vil ég koma aðeins að 55. gr., að atvinnurekendum sé skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi með tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt eða aðrar þær varanlegar breytingar í rekstri er leiða til uppsagnar fjögurra starfsmanna eða fleiri.

Ég skil ekki hvernig margur atvinnurekandinn geti gert þetta, þetta fái staðist í reynd. Hvernig er háttað t. d. í fiskvinnslu, ef hráefni bregst? Þar sem kannske eitt skip er aðaluppistaðan í öflun hráefnis er fáránlegt að setja slíkt ákvæði. Það er kapítuli út af fyrir sig, að í þessu frv. eru engin ákvæði um það, ef lögin eru brotin, engin sektarákvæði. Það er út af fyrir sig töluvert umhugsunarefni hvort ekki eigi að líta á þetta allt saman frekar sem einhverja uppsuðu sem menn eigi að taka mátulega alvarlega.

Það er mjög mikið og oft talað um það, að með því að efla sérstaklega Alþfl. verði spillingunni sagt stríð á hendur. Sá flokkur vann mörg atkv. út á það að setja upp mjög sakleysislegan svip og berja á spillingaröflunum í þjóðfélaginu, eins og þeir kölluðu það. (**BGuðn:** Var það ekki gott stefnumið?) Jú, það væri gott stefnumið ef það væri haldið, Bjarni, enda verðurðu leiður á því eins og þú varðst í Samtökunum. Ég spyr: Hvað hefur breyst í dómskerfinu eftir stórsigur Alþfl.? Hvað hefur batnað? Eru allir orðnir englar, sem áður voru djöflar, eða sakamenn orðnir heiðarlegir? Ég sé ekki að það hafi orðið neinar stórbreytingar. Þeir ætluðu að spara alveg stórkostlega. Það átti að minnka yfirbyggingu þjóðfélagsins. Í fyrri ríkisstj. voru átta ráðh., í þessari eru þeir níu. Aðstoðarmenn ráðh. voru í fyrri ríkisstj. þrír, en þeir eru sex í þessari og auk þess sérstakur blaðafulltrúi sjöundi. Fjölgun þeirra starfa er því um fimm með tilkomu hinnar miklu aðhaldsstjórnar. Þarna hefur Alþfl. heldur betur komið fram stefnumálum sínum. Ekki eru kratarráðh. afskiptir. Þeir eiga tvo aðstoðarmenn af þessum sex. (Gripið fram í.) Jú, auðvitað þurfti að breyta með bílana. Þið vitið hvernig þetta var áður. Ný reglugerð var gefin út og einn ráðh. tekur lán og veðsetur húsið sitt, en þá skammast 7. þm. Reykv. svo að hann þorir ekki annað en borga allt aftur og hafði af þessu 50 þús. kr. rekstrarkostnað. Er nú ekki hræðilegt að fara svona að? Því geta kratarnir ekki skammað manninn innan sinna veggja í stað þess að gera svona lítið úr mönnum sem eru gerðir að ráðherrum og eiga að vera forsvarsmenn í þjóðfélaginu? Það er verst að maður sér ekki siðvæðingarstjórann.

Og hæstv. iðnrh. sagði: Nú hefur atvinnulífinu verið snúið við. Allt blómstrar nú, sagði hann áðan í ræðu sinni. Hvað blómstrar? Er ekki verið að hefta yfirleitt allt framtak og frelsi? Er ekki fram undan að binda í langan tíma meginþorra togaraflotans? Á ekki að fara alveg eftir vísindunum og ekki fiska eitt tonn yfir 600 þús. tonn af loðnu? Og hvað á svo að gera við flotann og verksmiðjurnar? Ekki lifa menn á þeim aðgerðalausum. Þessu er öllu snúið við, segir hann. Og hann segir að Alþb. hafi unnið stórkostlega varnarsigra, því að þessir vondu karlar, sem eru með þeim í stjórn, kratar og Framsókn, hafi gert óskaplegar kröfur um samdráttaraðgerðir, en þeir hafi, Hjörleifur og Svavar, unnið þar varnarsigra. — Ég tel ekki að Ragnar Arnalds hafi unnið neina varnarsigra, því að hann er kominn í Framsfl., að því er Vilmundur sagði í ræðu um daginn. — En hvar eru þessar samdráttaraðgerðir? Jú, þær eru í sambandi við framkvæmdir. En hefur nokkur árangur náðst í sparnaði varðandi þetta litla sem ég minntist á, aðstoðarmenn ráðh. og þess háttar? Það skiptir ekki höfuðmáli. Hvar eru aðrir sparnaðarliðir hjá hæstv. ríkisstj.?

Það kom eitt fram hjá hæstv. iðnrh., og hann var mjög drjúgur. Hann sagði: Og svo hefur m. a. s. komið hafís. Það var stórkostlegt að geta bjargað sér á flóttanum á því að ofan á hækkun olíuverðs hefði komið hafís! Allt er nú þessari ríkisstjórn til happs til þess að fegra málstaðinn.

Ég sakna þess í frv., sem er frv. um stjórn efnahagsmála o. fl., að ekki skuli vera minnst á skattamálin og ekki minnst á gjaldeyrismálin. Ég held að það skipti þó bæði atvinnurekstur og einstaklinga æðimiklu máli hver er stefnan í skattamálum. Hver verður hún? Á að halda áfram afturvirkni skatta? Á að halda áfram að leggja skatta á landsmenn þangað til búið er að taka allar tekjurnar af þeim? Á að halda áfram að pína þjóðina með sköttum, sem hefur það í för með sér, að þeir, sem hafa aflað hárra tekna, lagt mikið á sig, alllangan vinnudag, eru þegar farnir að hugsa sig um og að minnka vinnu sína og vera meira heima hjá sér? Það hefur allt miðast við meðalmennskuna og niður úr í skattamálum núv. ríkisstj. Það er eins og það sé refsivert athæfi ef menn vilja vinna og leggja á sig að hafa háar tekjur.

Það er kominn tími til þess að hætta þessu snobbi, sem sumir þm. og ákveðnir flokkar hafa verið með á undanförnum árum, að það eigi að borga öllum allt, sem ekki vinna og ekki hafa nema litlar tekjur, en taka það af hinum sem leggja á sig. Við sjálfstæðismenn höfum alltaf haldið því fram og höldum því fram enn þá og munum gera, að samfélagið eigi að koma til móts við þá sem eru sjúkir, geta ekki aflað sér tekna, sem eru orðnir aldraðir, þeir eiga rétt, og að skylda samfélagsins sé að greiða þeim eftirlaun og ellilaun. Við það viljum við standa. En það eru takmörk fyrir því, hvað fullfrískt fólk má leyfa sér í landi þar sem hefur verið næg vinna, hvað eigi að borga mikið fyrir það. Þetta er að verða alvarlegt þjóðfélagsvandamál í mörgum velferðarríkjum. Þar eru menn hættir að halda áfram á þessari braut og eru nú farnir að spyrna við fótum. Það er til í öllum þjóðfélögum fólk sem kærir sig ekkert um að leggja á sig vinnu, í hvaða

þjóðfélagi sem er. Á það fólk að fá það miklar atvinnuleysisbætur eða tryggingabætur að það muni aðeins um 10% á því og þeim sem vinna fullan vinnudag? Ég tel að allt of langt sé gengið í þessum efnum og það sé affarasælla fyrir hvaða ríkisstj. sem er, hvort sem hún kallar sig hægri eða vinstri stjórn, að stuðla að því, að hver og einn fái möguleika til þess að vinna og afla sér sem mestra tekna, því að þeim mun meira borgar hann til samfélagsins og þeirrar óhjákvæmilegu þjónustu sem við deilum ekki um að samfélagið verður að halda uppi. En við ættum ekki að taka svo mikið af tekjum þeirra að menn fari að hugsa á þann veg: Við þurfum ekki að leggja þetta á okkur og við viljum ekki leggja þetta á okkur. Samfélagið er farið að taka jafnvel 70% eftir að tekjur eru komnar í ákveðna upphæð. Þá viljum við heldur vera heima. — Þetta hlýtur líka að draga úr þjóðarframleiðslu, það hlýtur hver maður að skilja.

Það eru líka takmörk fyrir því, hvað samfélag getur gengið langt í því að leggja eignarskatta á það fólk sem sýnir ráðdeild og eignast eitthvað, því að engir eignarskattar koma á þá sem kasta öllu frá sér jafnóðum og þeir afla teknanna. Hér verður þetta þjóðfélag eins og önnur að fara að setja eitthvert hámark, hve langt skal ganga í þessum efnum. Það er kominn tími til þess. Ég tel mig ekki vera neitt verri í garð þeirra, sem minna mega sín, en aðrir, þótt ég segi þetta, því að ég tel — og ég endurtek það — mikils virði að efla almannatryggingar og tryggingar þeirra sem eru sjúkir, aldraðra og annarra sem geta ekki unnið á hinum almenna vinnumarkaði. En við eigum hvergi að ganga svo langt að borga miskunnarlaust niður neysluvörur þeirra sem geta unnið og borga enga skatta til samfélagsins. Ég held að ríkisstj., sem nú situr, hafi gengið of langt í þeim efnum nú þegar. Það er erfiðara að snúa til baka en koma þessu á.

Eg sagði áðan, að um eitt væru stjórnarliðar sammála: Þeir eru orðnir leiðir á stjórnarsamstarfinu. Ég hefði mjög vel getað unnt þessari hæstv. ríkisstj. að ná árangri í baráttunni við verðbólguna, því að á því var full þörf. Ég taldi að hún ætlaði að taka mun betur til hendinni í þeim efnum. En samkomulagsleysið er svo algert, að það er aldrei hægt að ná samningum um skynsamlegar lausnir, t. d. á þessum verðbólguvanda. Þess vegna fer sem fer, að verðbólgan heldur áfram að flæða yfir og þar verður ekkert lát á þó að þessi skapnaður, sem hér liggur fyrir, verði gerður að lögum. Ég veit að það var góður tilgangur með fyrstu drögum að þessu frv. og það var góður tilgangur uppi hjá flestum mönnum að reyna að gera þetta sæmilega vel úr garði. En þessir sífelldu samningar og brotthlaup, eftir því hvor flokkanna taldi sig vera ofan á í það og það skiptið, kann ekki góðri lukku að stýra. Það var viðkvæðið þegar annar var orðinn undir: Nú skal ég ná mér niðri á þeim næst. — Þannig hefur taflið verið á milli Alþb. og Alþfl. Og þó að þetta frv. verði að lögum og þessir tveir flokkar ásamt Framsfl. telji að nú sé þetta komið í lag er ríkjandi alger leiði innan hóps stjórnarþm. og innan þessara þriggja flokka. Þeir eru búnir að missa trú á þessari ríkisstj., þó að þeir hafi uppi nokkra tilburði í þá átt að segja að þeir hafi trú á henni. Það er þó eitt sem heldur þeim saman. Enginn þeirra vill rjúfa þing og efna til kosninga. Það hentar engum þessara flokka nú. Þar eiga þeir samleið með hinum sjálfskipuðu landsfeðrum í verkalýðshreyfingunni. Þeir vilja líka að þessi stjórn lafi, ekki af því að þeir hafi neina trú á henni, heldur af því að það hentar þeim betur að hún lafi eitthvað áfram. Þess vegna eru þeir hinir rólegustu. M. a. s. sjálfur landsstjórinn, sem tók sig til og bannaði útflutning á íslenskum afurðum, tekur þessu mjög rólega. Hann er sá sem fólk hélt lengi vel að elskaði ríkisstj. mest, en sennilega elskar hann hana ekki neitt. En hann er leikari og eiginleg synd að hann skuli hafa gerst verkalýðsleiðtogi, því að ég hugsa að hann hefði náð miklu betri árangri á fjölum Þjóðleikhússins. Svona er það, það eru ekki allir menn á réttum stað í lífinu.(**SighB:** En hv. þm. sem er í ræðustól?) Nei, var formaður þingflokks Alþfl. að fá málið? Ég óska Alþfl. hjartanlega til hamingju. Það mun þá ekki standa á karli að koma upp og reisa sig svolítið, eins og hann hefur gert í vetur.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég endurtek það, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, er ekki með þeim hætti að við verðbólguna verði ráðið. Því miður sé ég það, og ég veit að jafnglöggur maður og hæstv. forsrh. sér það, að það muni halda áfram verulegar hækkanir launa eftir það sem á undan er gengið. Þess vegna skil ég vel bæði áhyggjur hans og allra annarra greindra og hygginna manna, að það muni ekki nást árangur þó að þetta frv. verði lögfest. En ríkisstj. mun sennilega lafa lengur eitthvað sjálfri sér til leiðinda og öllum öðrum.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs m. a. sem nm. í fjh.- og viðskn., þar sem ég hef skrifað upp á nál. meiri hl. með fyrirvara, sem ég mun gera nokkra grein fyrir í máli mínu nú.

Ég vil þó byrja á því að þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf við ákveðnum spurningum sem ég beindi til hans við 1. umr. þessa máls, fyrir líklega tæpum tveimur sólarhringum. Ég hlýt að játa það, að svör hæstv. forsrh. voru mjög skýr og það fór á engan hátt milli mála hvað í þeim fólst, enda átti ég von á að svo mundi verða. Hitt verð ég að segja, því miður, að vissulega hefði verið ánægjulegra fyrir mig ef hæstv. forsrh. hefði talið sig hafa nokkurn möguleika á því að hnika til þeim atriðum eða því atriði í frv., sem ég spurði sérstaklega um, en það var hvort þær láglaunabætur, sem gert er ráð fyrir að greiða 1. júní, fengju að standa lengur en í 6 mánuði. Það kom skýrt fram í svari hæstv. ráðh., að hann telur þess engan kost. Þar af leiðandi hlýt ég með tilliti til annarra atriða einnig, sem ég kem nokkru nánar að, að halda mig við þá afstöðu sem ég kynnti við 1. umr. málsins.

Ég vil fara nokkrum orðum um örfá atriði sem hæstv. forsrh. minntist á. Hann kvaðst ekki skilja þá röksemdafærslu af minni hálfu, að ég gæti talið nokkur vandkvæði á því að fylgja frv. þrátt fyrir ákvæðið varðandi láglaunabæturnar. Nú er það auðvitað svo, að ég er manna fúsastur að viðurkenna að það sé til nokkurra bóta að þessar láglaunabætur skuli þó greiddar í 6 mánuði frekar en þær væru alls ekki greiddar, og ég mun að sjálfsögðu veita því bráðabirgðaákvæði stuðning út af fyrir sig. En hitt tek ég fram, að í tengslum við aðra þætti málsins og heildarniðurstöðu þess tel ég mjög illa farið að kveðið skuli skýrt á um það í frv. að þessar láglaunabætur skuli aðeins gilda í 6 mánuði, og það, að þetta skuli fram tekið, á mjög verulegan þátt í því að ég get ekki veitt frv. í heild stuðning.

Hæstv. forsrh. hafði á orði, að ef menn vildu líta á málin með svipuðum hætti og ég geri væri í rauninni aldrei hægt að gera neitt fyrir láglaunafólkið í landinu sérstaklega. Þessari kenningu vil ég vísa algerlega á bug.

Það hefur yfirleitt verið svo með launaákvarðanir, hvort sem hefur verið til hækkunar eða lækkunar, hvort sem laun hafa verið ákveðin í kjarasamningum eða með ákvörðunum héðan frá Alþ., að slíkar ákvarðanir um breytingar á launakjörum hafa yfirleitt verið við það miðaðar að þær stæðu þangað til um annað hefði verið samið. Hér er því um algera undantekningu að ræða í þessum efnum, að það skuli kveðið skýrt og afdráttarlaust á um að sú launabreyting, sem felst í þessum sérstöku greiðslum, skuli aðeins standa í 6 mánuði. Ég minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma vitað til þess, að ákvæði um, að launagreiðslur skyldu standa ákveðinn tíma, aðeins ákveðinn mánaðafjölda, hafi verið að finna í kjarasamningum. Og ég minnist þess reyndar ekki heldur í sambandi við ráðstafanir til breytinga á launum, sem gerðar hafa verið með ákvörðun Alþingis. Þegar það er jafnbrýnt og ég tel það vera að stíga í þessu landi einhver varanleg skref í átt til launajöfnunar er illt við það að búa, að menn skuli ekki geta fengið fram samkomulag um að þessar litlu launajöfnunarbætur fái að gilda áfram.

Hæstv. forsrh. greindi frá því, að hv. 1. þm. Austurl. — (Gripið fram í.) Já, það vitum við báðir og þekkjum vel, og ég segi vegna innskots hæstv. forsrh., að það er enginn misskilningur uppi í þeim efnum, að verkalýðshreyfingin hefur formlegan rétt til að semja um annað. Að sjálfsögðu hafa verkalýðsfélögin sína möguleika til að leita samninga, en það höfðu þau líka áður en þetta frv. var lagt fram. Frv. breytir engu um það.

Hæstv. forsrh. greindi frá því, að hv. 1. þm. Austurl., formaður þingflokks Alþb., Lúðvík Jósepsson, hefði í viðræðum fulltrúa stjórnarflokkanna í fjh.- og viðskn. Ed. og Nd. leitað eftir því, að þessar bætur fengju að standa lengur, en því hafi verið hafnað og þess vegna hafi málalyktir orðið þessar. Ég veit að þessi frásögn hæstv. forsrh. er í alla staði rétt, og mér er kunnugt um að af hálfu allra þm. í mínum þingflokki er uppi eindreginn vilji til að þessar bætur standi áfram, þó að margir í þingflokki okkar hafi talið sig til þess knúða að sættast á þessi málalok að sinni, miðað við hvað andstaðan gegn áframhaldandi greiðslum láglaunabótanna virtist sterk og ákveðin hjá samstarfsflokkunum. En eins og kom fram í máli mínu við 1. umr. vil ég ekki, með tilliti til þess hvernig verðbótakafli frv. er að öðru leyti, una þessu.

Hæstv. forsrh. kvað það vera sína persónulegu skoðun, að í rauninni þyrftu lægri launin eða láglaunin að fara hækkandi. Ég vil þakka honum fyrir þau orð og ég vil segja það, að enda þótt menn láti oft og tíðum ein eða önnur ummæli falla sem sína persónulegu skoðun, ef þeim fylgir engin ábyrgð, vil ég ekki væna hæstv. forsrh. um að ekki fylgi hugur máli í þessum efnum. Ég vil treysta því, að í rauninni sé það vilji hæstv. forsrh. að lægstu og lægri laun í landinu fari hækkandi á næstu mánuðum, og ég á við að þau færu hækkandi enda þótt ekki væri um það að ræða að meira kæmi til skipta í þjóðarbúinu, heldur vegna aukinnar launajöfnunar. En hæstv. forsrh. tók líka fram, að hann hefði ekkert umboð frá flokki sínum til að gefa eitt eða neitt undir fótinn í þessum efnum. Og það er nú einu sinni svo, að einmitt spurningin um það umboð skiptir meira máli en persónulegar skoðanir hæstv. forsrh. — með allri virðingu þó fyrir þeim. Það mun vera svo, að í þeim viðræðum, sem hæstv. forsrh. vitnaði til milli fulltrúa stjórnarflokkanna í fjh.- og viðskn., þar sem formaður flokks míns reyndi allt sem í hans valdi stóð til að knýja fram breytingu á þessu atriði og fá samþykkt að láglaunabæturnar fengju að standa, hafnaði því miður ekki aðeins fulltrúi Alþfl. algerlega þeim möguleika, heldur gilti hið sama um fulltrúa Framsfl.

En ég vil, vegna þess að hæstv. forsrh. minntist á sínar persónulegu skoðanir, minna á það, að fyrir tæplega tveimur árum stóðu yfir kjarasamningar, sem lauk í júní 1977, — þeir kjarasamningar sem síðan hefur staðið barátta um að fengju að standa hjá almennu verkalýðsfélögunum. Í þeim samningum var það meginkrafan að lægstu laun hækkuðu upp í 100 þús. kr. á mánuði fyrir dagvinnu. Og hvað skyldi sú upphæð vera há nú? Ég hygg að hún muni nú, miðað við hækkun framfærslukostnaðar, samsvara a. m. k. 200 þús. kr. á máuði, en 100 þús. kr. krafan var á sínum tíma miðuð við verðlag 1. nóv. 1976. Ekki hef ég þá tölu nú nákvæmlega, en eitt er víst, að það vantar mikið á að lægstu laun, sem nú eru greidd, hafi náð því að samsvara 100 þús. kr. kröfunni miðað við verðgildi peninganna. Þau eru þar langt fyrir neðan og voru það strax er samningum lauk, vegna þess að krafan náðist ekki fram að fullu, þar vantaði mikið á. Ég nefni þetta ekki síst vegna þess að hæstv. núv. forsrh. greindi frá því einmitt þegar þessir kjarasamningar stóðu yfir á fyrri hluta árs 1977, að hann væri í rauninni fylgjandi þessari kröfu eins og hún var þá sett fram um 100 þús. kr. lágmarkslaun. Það ætti að skipa málum þannig nú, að lægstu laun næðu því að samsvara því sem þá voru 100 þús. kr., eins og hæstv. forsrh. taldi þá rétt, og ég get vel látið mér detta í hug að hann teldi það jafnvel rétt enn, ef hann væri einn í ráðum eða ef hann væri einn í ráðum með Alþb. Ef þannig ætti að skipa málum þyrfti hér enga kjaraskerðingu, heldur kjarabót. Þessi góði vilji hæstv. forsrh. hefur þó komið fyrir ósköp lítið, og er þó sagt að hann ráði miklu í sínum flokki. En þarna eru önnur sjónarmið greinilega sterkari og það miklu sterkari. Það höfum við fengið að reyna í þessu samstarfi.

Varðandi það, sem hæstv. forsrh. ræddi um í sambandi við viðskiptakjaraviðmiðun varðandi greiðslu verðbóta á laun, þá minntist hann á að í álitsgerð Alþýðusambands Íslands hafi ekki verið komið fram með neina beina till. um hvernig þessari viðskiptakjaratengingu ætti að haga í upphafi þegar hún yrði sett á. Það er alveg hárrétt. Alþýðusambandið setti ekki fram neina beina till. um þetta. Það sagði í álitsgerð þess, eins og hæstv. forsrh. vitnaði til, að Alþýðusambandið væri til viðræðu um hvort og hvernig taka mætti upp viðskiptakjaravísitölu í framtíðinni. Meira segir ekki þar. En að sjálfsögðu var með því reiknað af hálfu Alþýðusambandsins, að eftir að það hafði hvað þetta varðar í raun og veru boðið fram sáttahönd, í máli sem Alþýðusambandið hafði löngum á undanförnum árum lítið viljað ræða, en lýsti nú yfir að það væri tilbúið til viðræðna um, hvort og hvernig taka mætti upp viðskiptakjaravísitölu, þá var reiknað með að óskað yrði eftir frekari viðræðum við Alþýðusambandið. En það er nú einu sinni svo, að eftir að málið komst á lokastig fóru engar viðræður fram. Það var að vísu búið að fjalla heilmikið um það áður og það má segja sem svo, að Alþýðusambandið hafi haft tækifæri til að setja sína tillögugerð fram, sem það ekki gerði. Mér er kunnugt um að jafnan var gengið út frá því af þess háflu, að á lokastigi yrði sérstaklega fjallað um þetta atriði í alvarlegum viðræðum. Það var því miður aldrei gert. Hæstv. forsrh. setti fram ákveðna till. um þessi efni í frv. án þess að ítarleg umr. hefði farið fram um málið á einum eða neinum

vettvangi, þar sem menn hefðu borið saman valkosti. Þeir eru sannarlega fleiri en einn og fleiri en tveir. Ég held að enginn þurfi að vera í neinum vafa um að Alþýðusambandið og verkalýðsfélögin almennt hefðu látið sig mjög miklu skipta og láta sig miklu skipta hvernig þessari tenginu við viðskiptakjör sé fyrir komið í upphafi. Það er auðvitað ekki á því nokkur vafi, ef þau hefðu átt þess nokkurn kost að velja á milli tveggja valkosta, annars vegar þess kosts, að tengingin kallaði fram 3% kaupskerðingu í fyrsta skipti sem hún færi að verka, eða þess kosts, að slík tenging kallaði fram í byrjun aðeins 0.3% kaupskerðingu, hvaða kost Alþýðusambandið hefði talið réttara að taka. (**HBl:** Hvor kosturinn er það?) Það er sá kostur að miða viðskiptakjaravísitöluna við viðskiptakjarastig síðasta hálfa ársins áður en hún er sett á, sem aðeins þýddi 0.3% skerðingu, þegar viðmiðun frv. við meðaltal alls ársins 1978 leiðir til 3% skerðingar.

Í þessum umr. hefur öðru hverju verið imprað á þeim atburði, þegar Kjaradómur hvað upp úrskurð sinn varðandi launaþakið margumtalaða, og það hefur m. a. verið vitnað til þess, að borgarstjórn Reykjavíkur hafi orðið einna fyrst til þess að greiða fullar verðbætur á hæstu laun á síðasta ári. Það er að sjálfsögðu algerlega rétt, að borgarstjórn Reykjavíkur tók á sínum tíma þessa ákvörðun og stóðu að henni fulltrúar allra meirihlutaflokkanna þar. Þessi ágæti borgarstjórnarmeirihluti, sem margt hefur vel gert og á vonandi eftir að gera enn þá fleira gott, og ég ber til hans allmikið traust, tekur þessa ákvörðun, en það er ekki þar með sagt að þess vegna þurfi þessi ákvörðun endilega að vera rétt. Og ég segi af minni hálfu, að ég hef frá því fyrsta verið andvígur þessari ákvörðun, og ég er sannfærður um að í öllum stjórnmálaflokkunum, sem eiga fulltrúa á Alþ., eru uppi, innan hvers flokks um sig, nokkuð mismunandi skoðanir í þessum efnum. Á því þarf reyndar enginn að vera hissa. Hitt er skylda okkar á Alþ., að segja meiningu okkar og gera grein fyrir viðhorfum okkar, hvort sem þau eru í samræmi við skoðanir einhverra annarra í þessu eða hinu máli, sem e. t. v. eru í sama flokki og við.

Ég er reyndar alveg sammála hæstv. forsrh. um að þetta umrædda launaþak gat auðvitað aldrei staðið til mjög langrar frambúðar, vegna þess að í verulegri verðbólgu hefði skjótlega komið að því — hefði það t. d. átt að standa í 5 ár — að launajöfnun hefði orðið enn þá meiri en nokkur von var til að hægt væri að tryggja í raunveruleikanum, þó að við hefðum kannske viljað að allir fengju nákvæmlega sömu laun. Það er ljóst. Málið snerist hins vegar eingöngu um það, hvort væri nú þegar tímabært að afnema þakið eða hvort ætti að draga það eitthvað lengur, eins og ég hefði talið rétt að gera, og þá einnig spurning um það, hvort átti að afnema það með einu pennastriki eða í áföngum. Ég hefði talið rétt að afnema það í áföngum, og það lét hæstv. forsrh. reyndar í ljós að hefði verið sín skoðun líka og það gladdi mig. Við virtumst því vera á margan hátt sammála um þetta. Og enda þótt ég hafi vitnað til þess í ræðu minni við 1. umr., að till. hæstv. forsrh. í frv.-drögunum frá 12. febr. um afnám launaþaksins kynni að hafa haft áhrif á Kjaradóm, ætla ég út af fyrir sig ekki að halda því til streitu. Ég hygg að ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur á sínum tíma hafi haft þar a. m. k. ekki minni áhrif, trúlega meiri, þeir í Kjaradómi vitna til hennar. En það breytir hins vegar engu um það, að það, sem hæstv. forsrh. lagði til í þessum efnum í frv.-drögunum frá 12. febr., var að mínu viti óheppilegt og ég verð að segja að það olli mér vonbrigðum. Það var ekki að mínu viti ástæða til þess af hálfu hæstv. forsrh., á sama tíma og settar voru fram í þeim frv.-drögum till. sem fólu í sér allverulega skerðingu kjara lægst launaða fólksins og alls almenns launafólks, að hafa í sama frv. till. um þaklyftingu. Það held ég að hafi verið óheppilegt. Það var ekki gert ráð fyrir í þessum frv.-drögum að þetta gerðist í áföngum.

Menn hafa vitnað svolítið í ákveðna ræðu, sem hv. 1. þm. Austurl., formaður Alþb., flutti á Alþingi árið 1974. Hæstv. forsrh. minntist á þessa ræðu og hv. 6. þm. Norðurl. e. las úr henni kafla við 1. umr. Ég hygg að það hafi verið sama ræðan, a. m. k. voru tilvitnanirnar mjög líkar báðar. Mér finnst ástæða til að minnast örlítið á þessa ræðu fyrst hana hefur borið hér á góma, enda þótt ég hafi hana ekki við höndina, sem er kannske hirðuleysi af minni hálfu.

Efnislega fjallaði þessi ræða um það, að hv. núv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, var þá, eins og margur hefur gert, að vara við mikilvirkum skrúfugangi kaupgjalds og verðlags, sem gæti, þegar hann kæmist á hátt stig, leitt til mjög mikilla erfiðleika í þjóðarbúi okkar, og hann varaði við þessu með sterkum orðum úr þessum ræðustól. Hver er ekki tilbúinn til að gera það? Ég hygg að við gætum öll tekið undir slíkar almennar aðvaranir. En ágreiningurinn kemur þá fyrst upp þegar menn fara að ræða um hvernig eigi að draga úr eða stöðva þennan skrúfugang. Þá eru þeir allmargir, því miður, sem sjá engan möguleika annan en að ráðast á kaupið og jafnvel kaupið hjá lægst launaða fólkinu, þar verði að byrja til þess að ráða við verðbólguna. Því hefur hv. 1. þm. Austurl., formaður Alþb., aldrei haldið fram. Það bið ég menn að hafa vel í huga þegar þeir vitna í þessa ræðu. Við höfum haldið því fram í Alþb., og engir talað skýrar og betur fyrir því sjónarmiði en einmitt Lúðvík Jósepsson, að í þessum efnum þurfi að byrja á því að halda í við verðlagið, láta það ekki æða upp úr öllu valdi, því að takist það allvel muni kaupið að sjálfsögðu hækka minna í krónutölu í framhaldinu en ella og atvinnuvegirnir þurfa að borga færri krónur, án þess þó að kaupmáttur launanna hafi skerst. Það er að sjálfsögðu þetta sem formaður Alþb. var á sínum tíma að leggja áherslu á að það þyrfti að herða á í glímunni við verðlagshækkanirnar, að hafa þar hóf á.

En það var reyndar fleira sem ég efast ekki um að honum hefur verið í hug er ræðan var flutt, og marka ég það af því sem hér var vitnað til. Það er ljóst, að honum eru í hug, þegar hann flytur þessa ræðu, áhyggjur út af því, að þegar olíukreppan hafði borist hingað, sú fyrri, og verið í fullu gildi næstu mánuði áður en ræðan var flutt, hvernig það mætti þá vera, að stórkostlegar erlendar verðhækkanir, sem við réðum ekkert við, kölluðu fram sjálfvirkar launahækkanir hjá okkur heima og síðan verðlagshækkanir koll af kolli, án þess að þar yrði rönd við reist. Þarna er að sjálfsögðu verið að láta að því liggja, að gegn þessu kynni að þurfa að gera ráðstafanir. Hvaða ráðstafanir? Að tengja verðbótagreiðslurnar við viðskiptakjörin, eins og nú er verið að gera. Þetta er Lúðvík Jósepsson að hugsa um á þeim tíma. Það er ekki vafi á því.

Ég skal taka það skýrt fram, að á þeim tíma var ég t. d. nákvæmlega sömu skoðunar og hann, að þetta væri tímabært, en það yrði hins vegar að gera á þann hátt að ekki væri í leiðinni verið að klípa af verkalýðshreyfing-

unni í upphafi. Það hlaut að vera vandi að finna punktinn, hvar þetta strik á væntanlegu línuriti átti að byrja, hvaða punkti. Það hlaut einnig frá því fyrsta að við í Alþb. fórum að velta þessum málum fyrir okkur, og það er langt síðan, að vera ljóst, að þróun verðbótagreiðslnanna niður á við við versnandi viðskiptakjör yrði að fylgja trygging fyrir því, að verðbæturnar á launin færu á samsvarandi hátt upp þegar viðskiptakjör færu batnandi og þetta er reyndar í frv. nú. Það er því ekki ágreiningur um það, heldur hitt, hvar setja á punktinn. Það er ég ósáttur við. Og það er ekkert smámál. Það skiptir miklu máli vegna þess að verði upphaflegi punkturinn valinn þannig að af leiði 3% kjaraskerðingu, eins og gert er í frv., þá má heita öruggt að sú kaupskerðing verði varanleg um mjög langan tíma. Hvort sem viðskiptakjörin versna eða batna verður kaupið alltaf 3% lægra en ella.

Ég gerði við 1. umr. grein fyrir meginviðhorfum mínum og þarf ekki að endurtaka mikið af því. Ég ætla ekki að fara út í að ræða við 2. umr. um greinar sem eru utan verðbótakaflans. Ég setti nokkrar lauslegar aths. fram um viss atriði þeirra við 1. umr. Ég tek það þó fram, að utan verðbótakaflans snýr fyrirvari minn í nál. fyrst og fremst að einni grein, þ. e. a. s. ég mun aðeins greiða atkv. á móti einni grein utan verðbótakaflans þó ég hafi aths. við fleiri. Það er 64. gr. í frv.-gerðinni eins og hún lítur út eftir 2. umr. í Ed., en þar er fjallað um sérstaka skattlagningu á ofveidda fiskstofna. Ég kom inn á þau mál við 1. umr. og lýsti andstöðu minni og endurtek það ekki, en minni aðeins á að fyrirvari minn snýr m. a. að þessu, því að ég tel það óviðunandi.

Í sambandi við sjálfan verðbótakaflann, sem ég hef talað mest um, vil ég í örfáum orðum draga saman afstöðu mína.

Ég hef fyrir framan mig ekki bara eitt gagn, heldur tvö frá Þjóðhagsstofnun, og þau gætu reyndar verið miklu fleiri, en ég hef aðeins tekið tvö með mér hingað upp í ræðustólinn. Því miður votta þessi gögn það, þannig að ekki verður um villst, að í ákvæðum verðbótakaflans felst kaupskerðing upp á sem næst 6% frá því kaupi sem greiða ætti eftir kjarasamningum. Þessi kaupskerðing kemur til framkvæmda í áföngum, ekki öll 1. júní, heldur í áföngum, og verður komin fram að fullu gagnvart öllu launafólki, alveg til þeirra allra lægst launuðu, 1. des. Og ég segi ákveðið: Þetta er of mikið. Og alveg sérstaklega leyfi ég mér að segja: Þetta er of mikið þegar haft er í huga að það sýnist nokkuð auðvelt að færa að því gild rök að lögin, sem sett voru fyrir 1. des. á síðasta ári, 1978, hafi falið í sér ekki minna en um 4% kaupskerðingu frá kjarasamningum. Enda þótt þar kæmu á móti ýmsar félagslegar ráðstafanir, sem sjálfsagt er að meta nokkurs, var framin gagnvart öllum meginþorra fólks, sem ekki nýtur þeirra ráðstafana að sinni, varla minna en 4% kaupskerðing og þarna koma 6%. Það er auðvelt að leggja þær tölur saman. Ég þarf ekki að gera það hér.

Það er stundum sagt af andstæðingum okkar, hv. talsmönnum Sjálfstfl., að innan ríkisstjórnarliðsins séu menn að rífast um hvað kaupskerðingin eigi að vera mikil, en allir séu í rauninni sammála um að hún eigi að vera nokkur. Ég skal taka það gjarnan á mig, að ég hefði verið tilbúinn til að standa að vissri óverulegri kaupskerðingu. Ég er tilbúinn til þess. Ég hefði án hiks greitt atkv. með því að menn fengju engar verðbætur á laun vegna skattheimtu með tilliti til olíunotkunar á heimilum, enda þótt sú skattheimta hefði svarað til jafnvel meiri verðbóta en nemur þeim 0.5%, sem gert er ráð fyrir samkv. frv. Ég hefði einnig verið tilbúinn til að sætta mig við til samkomulags nokkru meiri skerðingu vegna tengingar við viðskiptakjör en nemur þeim 0.3% sem ég hef talað um að hefðu verið eðlileg. En það hefði mér þó því aðeins verið unnt, ef heildarskerðingin væri til muna lægri en hún er, því að ég tel hana vera mun hærri en skynsamleg rök standa til og allnokkru hærri en ég tel hyggilegt fyrir orðstír ríkisstj., því að hann skiptir mig máli líka.

Í þessum umr. hefur Alþfl. aðeins átt einn talsmann. Má vera að þeim eigi eftir að fjölga áður en málum lýkur. Það er nú verið að loka dyrunum á þann eina sem hefur talað við umræðuna, en það er ekki eftir mínum tilmælum. Það var hv. þm. Bjarni Guðnason. Ég held að hann hafi út af fyrir sig flutt mál þeirra ágætlega — ekki lakar en þó að þeir hefðu verið eitthvað fleiri saman, eins og maður átti kannske von á í byrjun. En kenning hans var þessi: Það er verðbólgan sem við erum að berjast við. Það er aðalatriðið, jafnvel eina atriðið. Við erum að gera þetta allt fyrir láglaunafólkið að keyra niður verðbólguna. — Ef þessar umr. hefðu nú verið að byrja, en ekki að ljúka, hefði ég viljað bera fram ákveðnar spurningar í þessu sambandi. Og ég ætla að setja þær fram. Ég tek það fram jafnframt, að ég er ekki endilega að óska svara við þeim hér á fundinum — við þurfum að fara að afgreiða málin, — en það væri fróðlegt að heyra þau svör síðar. Spurning mín er m. a. þessi: Ætla þeir Alþfl.-menn að koma til láglaunafólksins 1. des. n. k. og segja við það: Við tökum af ykkur láglaunabæturnar, þessi litlu 2%. Sú er aðferðin okkar til að ráðast gegn verðbólgunni. Við getum ekki ráðið við verðbólguna nema þið skilið þessum prósentum til baka. — Á það að vera leiðin í baráttunni við verðbólguna?

Þeir hv. þm. Alþfl., sem í þessum málum hafa átt, hafa haldið því fram í samningaviðræðum að útilokað væri að láta þessar litlu láglaunabætur standa. Og þeir hafa haft uppi þau rök, þó að það hafi ekki verið hér í þingstofunni, heldur á samningafundum, að það færi allt úr böndunum ef láglaunabæturnar fengju að standa. Eg segi: Það er ekki hægt að hafa uppi slíkan málflutning við það fólk í landinu sem hefur innan við 200 þús. kr. í dagvinnulaun á mánuði, þennan málflutning Alþfl., að ef láglaunafólkið fái að halda 2% láglaunabótunum í jólamánuðinum og áfram, þá sé engin leið til að ráða við verðbólguna og það séu þess hagsmunir, láglaunafólksins. Það fylgir þessari kenningu að það er sagt: Við erum einmitt að gera það fyrir ykkur, fyrir láglaunafólkið, að taka láglaunabæturnar af ykkur.

Ég ætla að vona að orð mín verði hv. Alþfl.-mönnum til svolítillar umhugsunar, ef það mætti verða til þess, að þeir yrðu kannske svolítið mýkri, þegar flokksmenn mínir fara að krefjast þess þegar líður á árið að þessar bætur standi áfram, heldur en þeir hafa verið varðandi þessi atriði í samningaviðræðunum að undanförnu. Ég efast ekki um að nokkur von er til þess, að hæstv. forsrh. muni líta á þau mál líka. En eins og þetta hefur gengið til get ég þó engu treyst í þeim efnum og þar af leiðandi ekki veitt frv. stuðning óbreyttu.

Ég sagði áðan að frv. fæli í sér 6% kaupskerðingu miðað við umsamin laun, — skerðingu sem kæmi til framkvæmda í áföngum. Nær helmingur þessarar

skerðingar felst í breytingum varðandi skýr ákvæði kjarasamninga um meðferð frádráttarliða við útreikning verðbóta á laun og breytingum á ákvæðum kjarasamninga um greiðslur hins svokallaða verðbótaauka. Atriði af þessu tagi leiða til nær helmings skerðingarinnar. Þessi atriði eru mjög viðkvæm fyrir verkalýðshreyfinguna og andstaða verkalýðsfélaganna er mjög hörð gegn þessum breytingum. (**Gripið fram í:** Hvernig kemur það fram?) Hvernig það komi fram? Ég bendi hv. þm., sem mun vera á mælendaskránni hér á eftir, á að lesa álitsgerð Alþýðusambands Íslands um þau efni. Þá fer það væntanlega ekki milli mála, ef hann hefur ekki heyrt um þetta fyrr eða kannske ekki skilið það. — Atriði af þessu tagi eru vissulega þess eðlis, að það getur verið umdeilanlegt hvort eigi að haga þeim á þennan veginn eða hinn. En það er undir öllum kringumstæðum hyggilegt að reyna til þrautar að fá um slíkt samkomulag við verkalýðsfélögin í landinu og fulltrúa þeirra, þar sem um er að ræða atriði sem eru beinn hluti af sjálfum kjarasamningunum. Síðan koma til þau 3%, sem viðskiptakjaratengingin, eins og hún er úr garði gerð, verður, og loks þetta litla hálfa olíuprósent. Samtals er því þarna um a. m. k. 6% skerðingu að ræða.

Mig langar til að bæta því við, að það er allt að því átakanlegt að við skulum ganga til að ræða þetta frv. hér einmitt í dag, á sama sólarhringnum og einir þeir hæstlaunuðu í landinu hafa undirritað kjarasamninga sem færa þeim sumum hverjum meiri launahækkanir á mánuði, bara hækkunin ein, en svarar öllum mánaðarlaunum þess láglaunafólks sem verið er að deila um hvort eigi að fá að halda sínum 2% láglaunabótum eða ekki. Hvernig halda menn að svona atburðir verki úti í þjóðfélaginu? Halda menn að þeir verði til að ýta undir ró á vinnumarkaðinum? Það er hætt við að svo verði ekki.

Einn hv. þm. Sjálfstfl., sem er á mælendaskrá á eftir, lét þau orð falla við umr. hér á þingi fyrir nokkru, þegar rædd var till. okkar nokkurra Alþb.-manna um hámarkslaun, að slík till. væri óþörf vegna þess að við hefðum allir jöfn laun þegar búið væri að taka af mönnum skattana. Ég ætla ekki að efast um að ýmsir alþm. kvarti yfir eigin sköttum, og það gera vafalaust þeir menn með milljón á mánuði, sem nú hafa fengið í launahækkun ofan á þá milljón meira en svarar mánaðarlaunum almenns verkafólks. Þeir kvarta mikið yfir sköttunum. Það eru sennilega fleiri í þessum hópi en hv. þm. Friðrik Sophusson sem eru það illa upplýstir um kjör alþýðufólks í þessu landi, að þeir trúa því að allir búi við sömu kjör, að skattarnir jafni þau út. Það væri gaman að heyra hvað hv. þm. hefði að segja um þetta hér á eftir. Hefur flugmannadeilan kennt honum nokkuð um þetta?

Ég veit vel að það hefur ekki verið einfalt mál fyrir hæstv. ríkisstj. að koma í veg fyrir þann atburð sem átti sér stað í nótt við undirritun kjarasamninga. (**HBl:** Þetta gerðist nú allt undir hennar handleiðslu.) Undir hennar handleiðslu, ójá. (**HBl:** Já, með vitund og vilja Alþb.) Ójá. Hv. þm. Halldór Blöndal segir okkur að ríkisstj. hafi í raun og veru verið ljósmóðir þessara kjarasamninga. Skyldu fleiri hér í salnum vera þeirrar skoðunar? Það efast ég um. Ég ætla að segja það skýrt og skorinort, að þingflokkur okkar Alþb.-manna hafði gert ákveðna samþykkt, og ég hygg að þingflokkar hinna stjórnarflokkanna hafi gert það líka, á þá leið að menn voru tilbúnir til þess að setja lög sem frestuðu þessu verkfalli um ákveðinn tíma, þannig að launakjör þeirra manna, sem þarna er um að ræða, stæðu óbreytt. Það má mikið vera ef hæstv. ríkisstj. ætti ekki að athuga það vel, hvort ástæða kynni að vera til að grípa inn í þessa samninga, eins og þeir eru þokkalegir eða hitt þó heldur.

Annað fólk vinnur hjá Flugleiðum — því fyrirtæki sem hér kemst einna næst því að mega kallast auðhringur. Í hópi starfsmanna þess er líka verkafólk, — verkafólk sem skiptir máli hvað ákveðið er hér á Alþ., hvað er sett í frv. af þessu tagi og hvað ekki. Verulegur hluti af þessu láglaunafólki hefur átt í deilum við stjórnendur Flugleiða að undanförnu um það, hvort þá kjarasamninga, sem það býr við, ætti að túlka á þennan veginn eða hinn. Þar hefur staðið yfir erfið deila að undanförnu. Flugleiðir hafa ekki haft nokkra krónu aflögu fyrir þetta fólk, þannig að það fengi fram þá túlkun á sínum kjarasamningum sem það gerði kröfu til og telur réttmæta. Þar hefur verið um litlar upphæðir að ræða. En hérna er um stórar upphæðir að ræða. Og það er nú svo, af því að ég sé að hv. talsmaður Alþfl. í þessum umr., Bjarni Guðnason, situr hér enn og ég ávarpaði hann aðeins hér áðan, stundum er sagt að litlar tölur skipti litlu máli, spurt hvað menn séu að rífast út af 2 eða 3%, hvort það sé ekki betra að hafa þetta allt saman í friði. Vissulega væri það æskilegt. En stundum verður tala eins og 2% stór í munnum sömu manna sem telja hana kannske litla í öðru tilviki. Og þegar Lúðvík Jósepsson, formaður Alþb., bar fram kröfuna um að 2% láglaunabætur fengju að standa, ekki bara part úr ári, heldur áfram, var þessi litla tala stór í hugum Alþfl.-manna, hv. þm. Alþfl. Hún var svo stór, að þeir töldu að ef á okkar kröfu yrði fallist mundi verðbólgan sprengja hér allt í loft upp og verða meiri en nokkru sinni fyrr. Svona getur lítil tala stundum orðið stór í hugum þeirra manna sem oftast tala um að þetta kvart um tölur skipti svo sem engu máli.

Ég vil svo aðeins segja það að lokum, að mér þykir leitt að þurfa að gera þann ágreining sem ég hef hér gert. En ég tel það skyldu mína, og ég tel það m. a. skyldu mína ekki aðeins við minn flokk og það fólk sem ég er fulltrúi fyrir, heldur skyldu mína við ríkisstj. í heild að vara hana við. Það kann einhverjum að virðast að það sé órólegt á stjórnarheimilinu. Það fer eftir mælistikunni, hvort svo er dæmt eða ekki. En óróleiki þarf ekki alltaf að boða illt. Það er von mín, að þrátt fyrir það, sem hér hefur gerst, muni ríkisstj. eiga eftir að vinna góð verk og þau mörg. Og ég vil minna á það, sem ég sagði við 1. umr. þessa máls, hvaða ógn vofði yfir í kjaramálum alþýðu í landinu ef svo færi að Sjálfstfl. næði yfirhöndinni í íslenskum stjórnmálum. Ég geri mér skýra grein fyrir þeim mikla mun sem er á þeim ákvæðum frv., sem ég hef þó gagnrýnt, annars vegar og hins vegar því sem þá væri von á.

Vegna orða hæstv. forsrh. fyrr í dag, þar sem hann minntist á að ég væri a. m. k. hálfur stuðningsmaður þess máls sem hér er til umr., — eitthvað var það á þá leið, — vil ég aðeins segja það og beina því ekki síst til hans, að enda þótt ég áskilji mér allan rétt, hvað sem líður meiri hl. í mínum flokki og hvað sem líður meiri hl. í ríkisstjórnarliðinu í heild, til að bera fram gagnrýni á einstakar gerðir þessarar ríkisstj. er ég jafntilbúinn til þess nú og áður, ef á þarf að halda, að verja þessa ríkisstj. vantrausti frá hægri og veita henni stuðning til allra þeirra mála sem ég með nokkru móti get staðið við.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vona að mér auðnist að opna hér munninn án þess að tala í marga klukkutíma. Það er til siðs hérna, bæði hjá stjórnarliðum og öðrum, að flytja langar og digrar ræður og er ekkert nema gott um það að segja.

Mér fannst það athyglisvert, þegar ég hlustaði á þá grátbroslegu ræðu sem hv. síðasti ræðumaður var að flytja áðan, hvernig hann reynir með kattarþvotti að víkja sér undan þeirri ábyrgð sem því hlýtur að fylgja að vera stuðningsmaður þessarar ríkisstj. En þegar grannt er skoðað verður þetta ósköp eðlilegt. Það er nefnilega þannig, að Alþb. hefur sérstöðu meðal íslenskra stjórnmálaflokka. Sérstaðan lýsir sér í því, að þetta er samansafn margra óánægjuhópa í þjóðfélaginu — lítilla sérhagsmunahópa sem eru óánægðir með þetta og óánægðir með hitt og eiga í raun ekkert sameiginlegt nema óánægjuna.

Nú hefur það orðið hlutverk þess ágæta hv. þm. Kjartans Ólafssonar að koma hér upp fyrir einn óánægjuhópinn í hans flokki og lýsa óánægju sinni í annað skiptið, að ég held, í þessu máli í klukkutímalangri ræðu, þar sem aftur og aftur var sögð sama sagan. Aftur og aftur voru gerðir sömu fyrirvararnir, en þó mátti á milli heyra að hann taldi sig og hæstv. forsrh. vera sammála um alla skapaða hluti, enda var það einn þátturinn í leikriti þeirra áðan að „nikka" hvor til annars, eins og þm. sáu sem hér voru staddir. Auðvitað ætlar hv. þm. ekki að greiða öllum liðum þessa frv. atkv., því að það getur verið gott fyrir Alþb., þegar vel stendur á og Alþb. þarf að losna undan klafa þessarar ríkisstj., að geta bent á að einn foringi bandalagsins, líklega æðsti maður þeirra á þingi í dag, að fjarstöddum hv. yfirráðh. ríkisstj., Lúðvík Jósepssyni, hafi haft fyrirvara, hafi kosið öðruvísi í þessu máli og þess vegna hafi Alþb. alls ekki verið eins slæmt og menn gætu álitið.

Svo varpaði hv. síðasti ræðumaður spurningu til Alþfl. Ég veit ekki hvort ég á að taka upp hanskann fyrir Alþfl., en það fer bráðum að líða að því að hann þurfi að fá sér talsmann úr öðrum flokkum. Reyndar hefur hann nú þegar dregið einn til sín, hv. þm. Bjarna Guðnason, sem kominn er í hans raðir og er nú eini þm. þar, sem þorir að opna á sér munninn við þessar umr., eins og áður hefur verið lýst.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson spurði að því, hvað Alþfl. ætlaði að segja við láglaunastéttirnar í landinu 1. des. n. k. þegar taka þarf 2% af láglaunafólkinu. Þetta er athyglisverð spurning, því að spurningin lýsir fyrirspyrjandanum miklu betur en þeim sem var spurður. Þetta lýsir nefnilega því hugarfari, að 1. des. n. k. eigi alls ekki að vera búið að ná neinum samningum við verkalýðsfélögin í landinu. Þetta er athyglisvert, vegna þess að blað sem heitir Þjóðviljinn og er gefið út í þessari borg af hlutafélagi að sjálfsögðu, og sá, sem veitti blaðinu forstöðu á sínum tíma, var hv. þm. Kjartan Ólafsson, — Þjóðviljinn birti nefnilega í fjögurra dálka fyrirsögn í gær að hæstv. viðskrh. hefði flutt ræðu á hv. Alþ. um það mál sem hér er til umr., og þar var slegið upp í fyrirsögn: „Samningsrétturinn er að fullu tryggður." (**KÓ:** Það þarf tvo til, ef á að ná samningum.) Ég veit það. En til hvers er svona yfirlýsing, hv. þm. Kjartan Ólafsson? Er hún þá bara gaspur eitt? Það hefur reyndar þurft tvo til í samningum hingað til og það hefur oftast tekist að semja, sem betur fer. — Ég geri ráð fyrir að hér á eftir muni Alþfl.-menn að sjálfsögðu svara þessum spurningum. Ég er kannske kominn inn á hættulega braut, þegar svo langt er gengið að ég er farinn að svara fyrir þá. En þetta vildi ég nú draga fram, einkum og sér í lagi vegna þess að það lýsti hugarfari fyrirspyrjandans og afstöðu hans og skilningi á stöðunni í dag í íslenskum stjórnmálum.

Ég man nú ekki lengur af hvaða tilefni hv. síðasti ræðumaður dró mig inn í umr. varðandi það sem ég hafði sagt fyrr á þingi í allt öðru máli, þar sem rætt var um hámarkslaun, þáltill. á þskj. 72, flutta af hv. þm. Stefáni Jónssyni, en ég þóttist vita að hann væri að vitna þar til ákveðinna ummæla. Ég held að ég verði að fá leyfi hæstv. forseta til að lesa kafla þann, sem hann þóttist vitna til. Kaflinn er svo hljóðandi:

„Hitt er svo annað mál, að það getur verið að efni þessarar þáltill. sé ekki langt frá því að vera það sem gildir í dag, þegar allt er tekið saman. Ég væri fylgjandi því að gerð væri könnun á því, hver raunveruleg ráðstöfunarlaun þjóðfélagsborgaranna eru. Ég bendi á, að skattar hér á landi koma ekki jafnt niður. Að sjálfsögðu borga þeir, sem eru mjög tekjuháir, hærri skatta. Ef þeir hafa eignast eitthvað fyrir tekjur sínar, eru þeir áfram látnir borga skatta af þeim eignum. Ég held að núv. hæstv. ríkisstj. hafi ekki verið eftirbátur annarra ríkisstjórna í að jafna kjör þjóðfélagsborgaranna með þeim hætti að leggja skatta á þegnana". — Svo mörg voru þau orð.

Ég er eiginlega hissa á því, hve þetta er hógværlega orðað um þessa ágætu hæstv. ríkisstj. En ég held að allir skilji, að þótt hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi kannske helmingi hærri laun en ég — eða hæstv. ráðh. Svavar Gestsson — jafnast þessi munur að nokkru leyti vegna þess að þeir borga hærri skatta. Það var það sem við var átt. Fleiri orð ætla ég ekki að hafa um þetta. Ég dró þetta inn í þessar umr. að gefnu tilefni.

Það er sjálfsagt viðeigandi að óska hæstv. ríkisstj., hæstv. jafnlaunastjórn, til hamingju með þann áfanga að flugmenn fengu 15—24% kauphækkun. Það er full ástæða til þess nú og reyndar aftur og aftur að ítreka, því að það hefur vissulega gildi fyrir nútíðina og framtíðina, að það sem gerðist er bein afleiðing af kosningabaráttu vinstri flokkanna fyrir síðustu kosningar. Þetta er afleiðing af þeirri stefnu sem var í kosningabaráttunni hjá Alþfl., og Alþb., sem var rekin undir kjörorðunum: „samningana í gildi", „kosningar eru kjarabarátta" og „kjósið gegn kaupránsflokkunum", svo að eitthvað sé nefnt. Það var af þessum sökum sem borgarstjórn Reykjavíkur varð að efna loforð sín. Það eru sömu flokkar sem ríkja þar og í hæstv. ríkisstj. Það voru Sigurjón Pétursson og Guðrún Helgadóttir meðal annarra, flokkssystkini hv. þm. Kjartans Ólafssonar, sem stóðu að þessari ákvörðun. Á þetta ber að minna enn og aftur. Það gerði reyndar hæstv. forsrh. réttilega fyrr í þessum umr., en það er eins gott að menn fari að átta sig á þessu. Það voru einmitt þessir atburðir sem voru forsenda kjaradómsins sem varð til þess að launabakið flaug af. Þetta kemur reyndar engum á óvart, þegar vinstri stjórnir eiga í hlut. Vorið 1974 rifjaðist upp fyrir mönnum en aldrei var meiri munur á svokölluðum hálaunum og láglaunum en á því vori.

Það er alveg rétt, og ber að undirstrika það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að hækkun á launum flugmanna — aðeins hækkunin — er meiri en kaup þess fólks sem verið er að verja, ef nota má það orðalag, í því frv. sem hér er til umr. Flugmenn fá u. þ. b. 250 þús. kr.

launahækkun, en hér er verið að reyna að verja laun sem eru 210 þús. Þetta er auðvitað afleiðingin af hiki, stefnuleysi og úrræðaleysi þessarar hæstv. ríkisstj., það sem stundum er kallað á þeirra máli „samræmd aðhaldsstefna í launamálum" svo að vitnað sé beint í þeirra eigin orð.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. sem hér er til umr. Það hefur komið fram mjög greinilega í þessum umr., að stærsti hlutinn af frv. er sjálfsagðir hlutir, almennar stefnuyfirlýsingar, og sé eitthvað ákveðið sagt í einni setningunni er það slegið burt í þeirri næstu: undantekningar leyfðar, opið í báða enda, botnlaust. Tilgangurinn hefur áreiðanlega upphaflega verið tvíþættur. Í fyrsta lagi að lögbinda stefnuyfirlýsingu ríkisstj., því að það er full ástæða til þess fyrir hæstv. ríkisstj. og þá flokka, sem að henni standa, að lögbinda eigin samninga. Auðvitað treysta þeir ekki hver öðrum nema með því að binda í lög það sem þeir semja um. Það eina, sem vantar reyndar í þessi lög, er viðurlagabálkur, þar sem menn væru hnepptir í fangelsi eða látnir borga sektir ef þeir gengju á bak orða sinna. Þessi tilgangur hefur enga þýðingu eftir að botninn var sleginn úr öllum meiri háttar yfirlýsingum frv., sem heitir á máli Alþb. „að eyða skaðlegum áhrifum frv." Í öðru lagi, og það var hitt meginmarkmiðið, er verið að útbúa viðamiklar, stórar, skrautlegar umbúðir utan um enn eina kjaraskerðinguna, þyrla upp moldviðri, láta fólkið leita að gulli og gersemum í hisminu á meðan kjaraskerðingarákvæðinu verður smyglað inn á launþega.

Mér dettur í hug í þessu sambandi saga sem ég heyrði fyrir nokkrum árum og var á þessa leið: Fullorðinn maður vann á Keflavíkurflugvelli. Á hverju kvöldi, þegar hann kom úr vinnu, fór í gegnum hliðið og gekk fram hjá tollvörðunum, var hann með hjólbörur fullar af hálmi. Þegar hann var í hliðinu gættu tollverðirnir gjarnan í hálminn og leituðu og leituðu sem best þeir gátu til þess að átta sig á því hverju gamli maðurinn væri að smygla út af Keflavíkurvelli. En ekkert fannst. Í börunum var bara hálmur. Mörgum árum seinna, þegar maðurinn var hættur störfum, hitti hann þessa tollverði og þá gátu þeir ekki á sér setið og spurðu gamla manninn: „Nú verðurðu að segja okkur hverju þú varst að smygla?" Þá svaraði gamli maðurinn: „Ég var að smygla hjólbörum". — Mér sýnist eiginlega það sama vera að gerast í þessu frv. Það er verið að útbúa hálm og láta fólkið, launþegana, þá lægst launuðu leita í þessum hálmi á meðan verið er að smygla hjólbörum og kjaraskerðingu inn á þetta fólk.

Samband ísl. bankamanna hélt þing í Reykjavík í gær, og að sjálfsögðu voru þessar aðgerðir hæstv. ríkisstj. til umr. á því þingi. Bankamenn hafa eins og opinberir starfsmenn gert samninga til tveggja ára. Í þeim samningum var gert ráð fyrir grunnkaupshækkunum á tímabilinu. Þing bankamanna sendi hæstv. forsrh. bréf með áliti sínu og ályktun á þessu þingi. Í þessu bréfi, sem dreift hefur verið til þm., er rakið úr forsendum frv., þar sem valin eru ýmis orð og setningar, þ. á m. þessi gullvæga setning sem ég ætla að leyfa mér að lesa, ef hæstv. forseti leyfir, og er á bls. 17 í frv.:

„Þær aðgerðir og þá stefnumörkun, sem í þessu frv. felst, ber að skoða sem þriðja og um leið veigamesta áfangann á þeirri braut að móta og síðan fylgja samræmdri aðhaldsstefnu í launa- og verðlagsmálum í samhengi við heildarstefnuna í skattamálum og efnahagsmálum almennt".

Sem sagt, „aðhaldsstefna í launamálum í samhengi við heildarstefnuna í skattamálum". Mér verður nú að spyrja: Hver er þessi heildarstefna í skattamálum? Er þessi heildarstefna í skattamálum það, að ríkisstjórnarflokkarnir voru að klofna alveg nýlega — í síðustu viku — í nefndarstörfum í skattamálunum? Þeir voru að klofna um það, hvort hér ætti að vera virðisaukaskattur í stað söluskattsins og hvort afnema skyldi tekjuskattinn. Ég held að þetta sé rétt munað. Og ég spyr, og ég beini að sjálfsögðu spurningum mínum til fulltrúa Alþfl., þess föngulega hóps sem hér situr í hliðarsal: Er þetta heildarstefnan í skattamálum? Um leið og þeir hv. þm., sem þar sitja, svara spurningum frá hv. þm. Kjartani Ólafssyni þætti mér vænt um að þessari spurningu væri svarað.

Þá vík ég aftur að því sem þing bankamanna segir í áliti sínu. Þeir benda á hið óljósa ákvæði í frv. sem fjallar um rétt BSRB og BHM, þar sem segir m. a. að ákvæði þessara laga breyti í engu rétti til þess að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun. Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta, hjá Sambandi ísl. bankamanna: „Augljóst er, að þetta ákvæði vekur grundvallarspurningar, svo sem: a) Falla kjarasamningar SÍB og bankanna úr gildi við gildistöku ákvæðisins? b) Er eðlilegt að launþegasamtök þurfi að endursemja um þegar umsamdar áfangahækkanir á grunnkaup vegna afskipta ríkisstj. og Alþ.? c) Yrði síðast nefndur samningur til tveggja ára? d) Hvað gagnar umsaminn samningstími í kjarasamningi ef ríkisstj. með atbeina Alþ. getur rift slíkum ákvæðum samnings sem og öðrum hvenær sem er? e) Ef nýr kjarasamningur yrði gerður milli samningsaðila, er þá nokkur trygging fyrir því, að slíkur samningur yrði virtur af ríkisvaldinu?"

Áfram segir í áliti bankamanna: „Ákvæði til bráðabirgða nr. I í VIII. kafla frv. á sér enga fyrirmynd í afskiptum stjórnvalda af kjaramálum launþegasamtaka. Þetta er í fyrsta sinn sem stjórnvöld leggja til atlögu við grunnlaun launþega og krefjast þess, að Alþ. lækki umsamin grunnlaun bankastarfsfólks nú um 3% og 3% þann 1/7 n. k. Við bendum á þá staðreynd, að bankastarfsmenn hafa unnið samkv. hækkuðum grunnlaunum frá 1/4 s. l., og lítum við svo á, að verði ákvæði um þetta samþ. óbreytt sé um hreina eignaupptöku að ræða hjá fámennum launþegahópi".

Og í lokin er síðan ályktun þingsins:

„Þing Sambands ísl. bankamanna, haldið 5. apríl 1979, mótmælir harðlega þess háttar íhlutun Alþingis í frjálsan og lögvarinn samningsrétt sem fram kemur í frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl. Fyrirhuguð eignaupptaka og kjaraskerðing á sér enga hliðstæðu og byggist ekki á rökstuðningi þeim sem fram kemur í frv., þar sem grunnkaupshækkun til bankamanna mun ekki hækka þjónustukostnað viðskipta við Landsbankann. Þingið lítur svo á, að lögfesting skerðingar á grunnlaunum einnar fámennrar stéttar launþega, eins og bankamanna, sé brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttarins. Bankastarfsmenn áskilja sér rétt til að leita úrskurðar dómstóla og jafnframt að beita mætti samtakanna gegn slíkum ólögum".

Í þessari ályktun kemur fram, að það væri fyllsta ástæða til þess að spyrja hvort rétt sé, að þetta sé í fyrsta skipti sem stjórnvöld leggi til atlögu við grunnlaun launþega. Við vitum að sjálfsögðu, að áður hefur verið ráðist

á verðbætur, — en er þetta í fyrsta skipti að átt er við grunnlaunin? Þessari spurningu væri gott að fá svarað, þegar hæstv. forsrh. kemur og svarar væntanlega í lok umr. þeim spurningum, sem til hans hefur verið beint, og þ. á m. þeim spurningum sem bankamannasambandið hefur beint til hans. Ég held að það væri fyllsta ástæða til þess, ef hann sér sér fært að svara þeim héðan úr ræðustól Alþingis.

Það er annað athyglisvert í þessu sambandi og varðar þennan fámenna hóp launþega, og það er, og á það ber að leggja áherslu, að bankarnir hafa í verði á þjónustu sinni nú þegar tekið tillit til þeirra kauphækkana sem nú verða og eiga eftir að verða á þessu ári. Með því að taka af þessa hækkun grunnlauna hlýtur að myndast munur eða ágóði hjá bönkunum sem spurningin er hver á. Ég álít að fyrst bankarnir eigi ekki að standa við umsamdar kauphækkanir beri þeim að lækka þjónustugjöld að sama skapi. Ekki get ég séð að annað sé sanngjarnt, því að auðvitað hefur verið gert ráð fyrir því að neytendurnir, þeir sem þurfa á þjónustu bankanna að halda, borgi brúsann.

Það er einn kafli í þessu frv. dálítið sérstakur. Það er kaflinn um verðlagsmálin. Með leyfi forseta langar mig til þess að lesa örstutt úr leiðara Þjóðviljans í morgun. Þar segir:

„Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir að frjáls álagning yrði grundvallarreglan í viðskiptalífinu. En því hefur nú fyrir tilstilli Alþb. verið umsnúið á þann veg, að sú regla er nú í fyrsta sinn numin á brott úr íslenskum lögum og íhlutunarréttur og úrslitavald verðlagsstofnunar og ríkisstj. í verðlagsmálum skýlaust viðurkennd".

Hér á hv. Alþ. og reyndar í stjórnmálaumr. öllum á s. l. hausti var mikið rætt um verðlagsmál, sem eðlilegt er þegar hæstv. viðskrh. kemur úr Alþb. Umr. á s. l. hausti leiddu ýmislegt í ljós. Þær leiddu í ljós að álagning, sem leyfð er á Íslandi, er lægri en sem nemur dreifingarkostnaði. Reyndar er verið að lagfæra þetta núna, eins og við getum séð í blöðunum, þar sem verið er að hækka álagningarprósentuna. Í öðru lagi kom það glögglega fram í þeim umr., að verðlagseftirlit á Íslandi er eftirlit með reiknitölum vísitölunnar, en ekki til að tryggja neytendum lágt vöruverð. Í þriðja lagi var leitt í ljós, að verðlagshömlur á Íslandi leyfa ekki hagkvæm innkaup án þess að innflytjandinn tapi á þeim. Í fjórða lagi, að verðlagskerfið hefur leitt til hærra vöruverðs og þannig skaðað neytendur. Í fimmta lagi að sú verðhaftastefna, sem stjórnvöld hafa fylgt, hefur skert lífskjör á Íslandi. Og í sjötta lagi að verðlagshömlur hafa gert verslunarfólk að einni lægst launuðu stétt landsins.

Það er athyglisvert að átta sig á því við lestur þessa frv., að einn kaflinn gengur út á það að hverfa aftur í Íslandssögunni um nokkra áratugi. Undansláttarstefna Alþfl. og Framsfl. í þessu máli er alger. Þeir líta á verðlagsmálin, þessi mikilvægu mál, eins og gjaldmiðil í hrossakaupum við kommúnista. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að lýsa ábyrgð á hendur forustumönnum Alþfl. og Framsfl. í þessu máli. Það væri vissulega þess virði að spyrja þá, sem eiga eftir að tala fyrir hönd ríkisstjórnarflokkanna hér á eftir, hvað hafi valdið þessu hughvarfi. Getur það verið rétt, að 14 þm. Alþb. hér á þingi — 14 af 60 — ráði alfarið stefnunni í verðlagsmálum? Getur það verið rétt, að þm. Framsfl., sem tóku þátt í því að móta stefnuna í verðlagsmálum á síðasta þingi, séu horfnir frá þeirri stefnu og noti verðlagsmálin aðeins sem gjaldmiðil? Getur það verið rétt, að Alþfl., flokkur frelsisins, flokkur lýðræðisins hér á þingi, hafi staðið að þessu og hann eigi þátt í þessari stefnumótun?

Ég veit það reyndar, að við þessu fást ekki svör. Hæstv. ríkisstj. vantreystir nefnilega fólkinu í þessu landi og valfrelsi þess. Þögnin, þögn hv. þm. Alþfl., sem höfðu mikið að segja fyrr á þessu þingi, verður æpandi nú. Eða má kannske draga þá ályktun að hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson sé farinn að tala fyrir hönd bæði sjálfs sín og hv. þm. Vilmundar Gylfasonar? Sé svo, þá hefur styst víkin milli vina.

Herra forseti. Mig langar aðeins í lokin til að draga saman örfá atriði varðandi það frv. sem hér er til umr.

Í fyrsta lagi er hægt að slá því föstu, að eftir alla kynningarstarfsemina, sem hefur verið viðhöfð í sambandi við frv., er það hvorki fugl né fiskur. Það má vera að hugmyndin hafi verið góð í upphafi, en frv. er botnlaust eins og það lítur út nú. Ég bendi á það, og hef gert það í málflutningi mínum, að sú staða, sem nú er komin upp í stjórnmálunum, og það bil, sem myndast hefur á milli þeirra, sem hæst höfðu laun og lægst hafa launin, er bein afleiðing af kosningaúrslitunum síðustu. Það var í þeirri kosningabaráttu sem hv. þm. Kjartan Ólafsson og flokksbræður hans og systur í Alþb. fléttuðu sína eigin hengingaról. Þess ber þó að geta, að botninn er reyndar sleginn úr þessum málum líka, því að nú við síðustu breytingar er leyft í frv. — það er athyglisvert að hæstv. ríkisstj. leyfir fólkinu eitthvað í þessu landi — að efna til frjálsra samninga í landinu. En eins og hv. þm. hlustuðu á áðan hafa hv. þm. Alþb. ekki trú á því að slíkt verði reynt á næstunni, alla vega ekki fyrir 1. des. n. k.

Það eina, sem stendur eftir í þessu frv., er kaflinn um verðlagsmálin. Það verður minnisvarði yfir Alþfl. — eða yfir gröf Alþfl. öllu fremur, því að hann þegir nú eins og dauður maður og framliðinn.

Kaflinn, sem í þessu frv. fjallar um verðlagslöggjöfina, er með kreppubragði. Með þeim kafla sýnist manni sem ríkisstj. ætli sér í enn auknum mæli að verða yfirverðlagsráð í þessu landi, verða stjórn sem á hverjum einasta fundi sínum fæst við ákvarðanir um það, hvað Coca-Cola á að kosta, hvað smjörlíki á að kosta, hvað Dairy Queen ís á að kosta o. s. frv., o. s. frv.

Ég held að það sé kominn tími til þess að fólkið í þessu landi og fulltrúar þess, sem talað hafa mest um frelsi og lýðræði í þessu landi, fari að átta sig á því, að hægt er að taka skref fram á við ef menn hafa kjarkinn til þess. Það, sem menn verða þá að þora, er að treysta fólkinu sjálfu í þessu landi. Það þarf. Ef við höfum hugrekki til að treysta fólkinu sjálfu til að taka eigin ákvarðanir verður Alþingi Íslendinga treyst. En það er frumskilyrðið.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er nú svo um áhuga þeirra Alþb.-manna fyrir því að verja rétt hinna lægst launuðu í þessu landi, að ekki einn einasti þeirra er inni í þingsalnum nú á þessari stundu til að fylgjast með þeim umr. sem hér fara fram um þessi mál. Lýsir það raunar betur en flest annað hvílík sýndarmennska felst í málflutningi þeirra að þessu leyti, eins og líka glöggt kemur fram í því, að í því frv., sem verið er að samþykkja, hafa þeir ekki gagnrýnt það atriði að nú er í fyrsta skipti hreyft við grunnlaunum með lagasetningu á Alþingi.

Það er veruleg ástæða til þess í sambandi við þá atburði, sem gerðust í nótt milli flugmanna og Flugleiða, að

vekja athygli á því, að einungis annað tveggja getur gilt um það samkomulag. Annað er það, að það ákvæði, sem fjallar um kjaradóm í sambandi við jöfnun launa flugmanna, sé í raun marklaust, þar sem það falli niður við gildistöku þessara laga, þar sem kveðið er á um að marslaun skuli gilda. Veit ég ekki hvort megi skilja þetta frv., sem hér liggur fyrir, svo að það leggi bann við kjaradómum af þeim sökum. En ef það er ekki, þá er komið í ljós að búið er að hrinda þessari löggjöf áður en hún er sett, þessari frávíkjanlegu löggjöf, vegna þess að nái þessi dómur fram að ganga má búast við því að kjör flugmanna innan Félags ísl. atvinnuflugmanna, grunnlaun þeirra, hækki um 6%. Einungis annað tveggja getur átt við. Undir þessa samninga verður skrifað kl. 11 í fyrramálið, en sýnt er að þessi löggjöf nær ekki fram að ganga fyrr en eftir hádegi, og verður þá fróðlegt að fylgjast með hvort undirskriftum verður frestað fram yfir gildistöku laganna eða undirskriftin fari fram á hinum boðaða tíma. Þá verður og fróðlegt að fylgjast með því, hvert framhaldið verður, hvort þessi kjaradómur sé óþarfur orðinn og marklaus eða hvort hann nær að gilda og hin frávíkjanlegu ákvæði frv. taki til, sem ég álít að ekki muni vera.

Höfuðtilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs nú í kvöld, er það, að Alþb.-menn láta mjög í veðri vaka að þeir séu einu talsmenn láglaunafólksins í landinu, þeir einir vilji berjast fyrir rétti þess. Þó er það svo, að Alþb.-menn hafa ekki síður en aðrir tekið þátt í því að breyta kjarasamningum lægst launaða fólksins með lögum. Það samkomulag, sem varð við flugmennina í nótt, er líka gert með vitund og vilja Alþb.-manna. Og við vitum að þessi deila hefur dregist svo á langinn vegna þess að Alþb. setti fótinn á hemilinn á stjórnarvagninum, stöðvaði það að löggjöf yrði sett sem byndi enda á þessa deilu og ákvæði flugmönnum sömu laun og áður. Svo langt gekk undirlægjuháttur Alþb. í sambandi við flugmenn, að hæstv. samgrh. þeirra treysti sér ekki til þess að fara með það mál, baðst undan því, lét félmrh. taka það að sér, og þegar síðan kom að því að ákveða hver skyldi flytja frv. hér á Alþ. um þvert bann við verkfalli flugmanna, þá heyktist Alþb. og ráðh. þess á því að flytja það frv. með þeim orðum að Alþb. væri ekki kaupránsflokkur.

En hvað segir svo helsti talsmaður Alþb. á þingi nú í fjarveru hv. 1. þm. Austurl. um það? Við heyrðum áðan að hann telur að í þessu frv. felist 6% kjaraskerðing til hinna lægst launuðu. Hann segir að 4% bein kjaraskerðing hafi falist í desemberlaununum. Hann segir að hann væri reiðubúinn til þess að slá af um 2%. M. ö. o. er þessi helsti talsmaður Alþb., þessi sjálfkjörni fulltrúi lægst launaða fólksins í landinu, reiðubúinn til þess að skerða kjör lægst launaða fólksins um 9% á einu ári, — sá maður sem hæst talaði um „samningana í gildi" fyrir einu ári eða svo.

Sannleikurinn er raunar sá, að Alþb. er hinn eini sanni kaupránsflokkur í þessu landi, vegna þess að hann er allajafna og ævinlega reiðubúinn til þess að veita kjaraskerðingarfrv. framgang á Alþ., ef hann fær að sitja í ráðherrastólum. En hann vill fá að fela kjaraskerðinguna, hann vill ekki að það komi hreint fram í hverju hún er fólgin.

Þegar ég í þessu sambandi tala um kjaraskerðingu, þá geri ég það í þeirri merkingu sem þeir Alþb.-menn gera. Að sjálfsögðu er nákvæmara orðalag að tala um skerðingu kaupgjaldsvísitölunnar, en kaupmáttarskerðing er að sjálfsögðu minni. Við vitum að ákvæðin um skerðingu kaupgjaldsvísitölunnar eru sett fram með þessum hætti til þess að ná fram tilteknum niðurskurði á kaupgjaldsvísitölunni. Markmiðið var allan tímann að skerða kaupgjaldsvísitöluna eins og felst í þessu frv. Spurningin var einungis um leið til þess. Ef þess vegna tenging viðskiptakjaravísitölunnar hefði orðið önnur, hefði orðið að skerða kaupgjaldsvísitöluna með öðrum hætti til að ná fram sömu markmiðum. En það er svo eftir öðru, að þeir Alþb.-menn treystast ekki til að standa á bak við þessa ríkisstj., sem þeir þó segjast vilja styðja, í þeim verkum sem þeir halda að séu óvinsæl.

Það er einnig eftirtektarvert að því samkomulagi, sem hv. 3. þm. Vestf., Kjartan Ólafsson, kallar reginhneykslí, sagði hæstv. iðnrh. að væri út af fyrir sig ástæða til að fagna. Og í því kemur fram sami hráskinnaleikur og ævinlega hjá þeim flokki. Hæstv. iðnrh. talaði um það í ræðu sinni í dag, að það hefði verið fyrsta verk þeirrar ríkisstj., sem nú situr, að reisa atvinnuvegina við úr köldum rústum. Ef við rifjum upp það sem þessi ríkisstj. hefur gert fyrir útflutningsatvinnuvegina, þá er það ein gengisfelling, en síðan stöðugt gengissig og annað ekki. Á hinn bóginn lét hæstv. iðnrh. viðgangast að fyrningarreglur voru mjög skertar, afturvirkur skattur lagður á fyrningar s. l. árs, sem veldur því að þau iðnfyrirtæki, sem eru burðarásinn í þeirri atvinnugrein, eiga torveldara með það en áður að endurnýja framleiðslutæki sín. Má þar taka t. d. sambandsverksmiðjurnar á Akureyri, sem urðu fyrir mjög þungum búsifjum af völdum þessarar skattlagningar. Þessi afturvirki skattur bitnaði fyrst og fremst á þeim iðnaði sem veitti flestum mönnum vinnu, heldur uppi atvinnu í landinu. Þessi skattlagning bitnaði einnig mjög þungt á útgerðinni, á hraðfrystiiðnaðinum fyrst og fremst, hverjum þeim atvinnurekstri sem þarf á örri endurnýjun að halda í vélabúnaði. Í kjölfar þessa komu svo mjög þungir skattar, sem enn gerðu rekstur atvinnuveganna erfiðari, ásamt þeim auknu hömlum sem hafa verið settar á atvinnureksturinn á marga lund.

Hv. 3. þm. Vestf., Kjartan Ólafsson, gerði mikið úr því, að Lúðvík Jósepsson hefði beitt sér sérstaklega fyrir því að 2% láglaunauppbót fengi að standa 1. des. Hann hafði orð á því, að lítil tala gæti orðið stór — þessi litlu 2% hefðu orðið stór þegar kom að því hjá Alþfl. að fallast á að láglaunabæturnar yrðu áfram í gildi. En hann gleymdi að segja frá hinu, að þessi 2% urðu agnarlítil þegar kom að því hjá Alþb. að kokgleypa þessa kröfu sína, eins og það gerði án þess að klígja við því, eins og við þekkjum.

Ég vil svo að síðustu, vegna þess að ég sé að það er næsta tilgangslítið að hefja hér almennar umr. um þau skrýtnu viðhorf sem hafa komið fram í málflutningi Alþb.-manna, aðeins ítreka það, sem ég sagði í gær um þetta frv., að í því felst það, að menn eru ekki jafnir fyrir lögunum. Ef svo fer, að kjaradómur flugmanna gildir, er það enn sýnna en áður. Sumar stéttir manna eiga að fá þær grunnkaupshækkanir sem áður hafði verið samið um, aðrar stéttir ekki. Og það er þetta sérstaka ákvæði sem mér finnst fyrir neðan allar hellur og ég hlýt að gagnrýna alveg sérstaklega.

Hæstv. viðskrh. hrósaði sér mjög af því við 1. umr. þessa máls, að fyrir hans tilstilli væri gert ráð fyrir að síðari mgr. 12. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur

og óréttmæta viðskiptahætti félli niður. Þetta ákvæði hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan, hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu."

Hæstv. forsrh. vék ekki að því í grg. sinni fyrir þessu frv., hvaða skýringar liggja á bak við þennan tillöguflutning. Og ef flett er upp í grg. frv., stendur um þetta atriði einungis þetta:

„Með greininni er lagt til, að 2. mgr. 12. gr. verðlagslaganna falli niður, því að þörf er á að taka tillit til fleiri sjónarmiða en þar getur." — Meira er það nú ekki.

Nú er út af fyrir sig afskaplega forvitnilegt að fá vitneskju um það, hvaða fleiri sjónarmið þarna eru, hvað annað það er. Ég hygg að það geti næsta fátt þar til greina komið. En á hinn bóginn er það í samræmi við stefnu Alþb. að geta ekki hugsað sér að neinn atvinnurekstur sé rekinn með hagnaði. Þeirra yfirlýsta atvinnustefna er sú — þeir kalla það innlenda atvinnustefnu — að sérhver rekstur skuli rekinn með halla. Menn sjá að sjálfsögðu til hvers það leiðir þegar til lengdar lætur. Það hlýtur að leiða til atvinnuleysis og stöðvunar. Það hindrar, að hagræðing geti átt sér stað í framleiðslunni, og kemur í veg fyrir aukna framleiðni. Úr þessu á að bæta með því að ríkisstj. stofni sjóð, 1 milljarð á þessu ári, 2 milljarða á því næsta, til þess að færa ákveðnum fyrirtækjum á silfurdiski svo og svo miklar fjárhæðir. Ekki er skilgreint eftir hverju skuli farið í þeim efnum og ekki hefur fengist svar við því, hvort fyrirtækjum verði mismunað eftir rekstrarformum. Þetta má ekki ræða. Í þessu efni sættir meiri hl. Alþ. sig við að vera í algeru myrkri.

Ég sé að hv. 3. þm. Vestf. er kominn í stólinn. Væri kannske ástæða til umræðna í sambandi við þau orð sem hann sagði áðan, þar sem hann gerði lítið úr þeirri geysilegu þyngingu tekjuskattsins sem hann var manna ákafastur í að setja á með lögum nú fyrir áramótin. Það væri t. d. afskaplega skemmtilegt fyrir hann að eiga orðastað við sjómenn þá fyrir vestan sem hann ásamt ríkisstj. sinni stendur nú að því að takmarka sem mest þorskveiðiheimildir hjá, þar sem er togaraflotinn fyrir vestan, og hygg ég að þeir sjómenn, sem fram að þessu hafa kosið hann, kunni honum litlar þakkir fyrir það ráðslag þegar kemur að því að borga 70% skattinn af aflahlutnum s. l. ár. Ég hitti einn slíkan niðri í miðbæ nú eftir hádegið, og það bar ekki núverandi stjórnarmeirihluta fagurt vitni sem hann sagði við mig þar. Ætla ég að hv. þm. væri hollt að kynna sér viðhorf manna, launafólksins þar fyrir vestan, sem sækir sjó eða vinnur langan vinnudag í frystihúsum, og spyrja þetta fólk, hvernig það líti á þennan háa tekjuskatt sem hv. þm. hefur manna mest barist fyrir að koma á. Ég geri ráð fyrir að þessi þm. muni svara því til, að þetta sé hátekjufólk, því að slíkur er málflutningur hans. En í mínum huga er þetta rétt og slétt verkafólk sem sjóinn sækir. Ég álít að fólkið í frystihúsunum, sem vinnur langan vinnudag til þess að afstýra því að verðmæti skemmist, eigi skilið að fá að halda eftir meira af afrakstrinum síðustu stundirnar í hverjum sólarhring sem það vinnur en 30% — það láglaunafólk sem flokkur þessa hv. þm. núna nær allur styður að skuli svipt láglaunabótum 1. des. Þessi þm. er ekki ákveðnari í afstöðu sinni gegn því en svo, að hann lýsir yfir að hann muni áfram styðja þessa ríkisstj., hefur ekki einu sinni manndóm í sér til þess að taka af skarið um það, að hann fylgi ekki slíkri ríkisstj. framvegis. Svo talar þessi hv. þm. um að verkalýðshreyfingin í landinu sé einörð í andstöðu sinni við þetta ákvæði.

1. maí er fram undan. Við munum hvað Guðmundur Jaki sagði þá fyrir einu ári. Það var sett útflutningsbann á. Þá þótti það gott. Þá var verkalýðshreyfingin einörð. Þá var hún hörð. Þá hikaði hún ekki við að fara út í skemmdarstarfsemi gagnvart þjóðarbúinu sem hefur kostað þjóðfélagið mikið og veldur því nú að lífskjör í landinu eru verri en ella hefði orðið. Á þessu ber sá hluti verkalýðshreyfingarinnar ábyrgð sem er í sama flokki og þessi hv. þm., og hann sjálfur líka, því að hann stjórnaði þeim æsingaskrifum sem þá voru í Þjóðviljanum. Og þegar hann talar nú um að nauðsynlegt sé að skerða verðbótavísitöluna um 11% á hálfu ári með löggjöf í des. og löggjöf núna, þá ætti hann líka að rifja upp hvað hann skrifaði um slíkt tiltæki meðan hann enn var ritstjóri Þjóðviljans.

Ég geri á hinn bóginn ekki ráð fyrir því, að hv. þm. muni neitt hrökkva í kút þó að hann rifji upp ummæli sín þá og nú. Hans pólitísku aðferðir eru allar þess eðlis, að þær mótast af því einu að tilgangurinn helgi meðalið, að vera óvandur að virðingu sinni, að horfa ekki í það þótt heildin beri skaða, æsa til þess að þeir menn, sem til forustu hafa verið kjörnir í verkalýðshreyfingunni, noti það fé, sem launþegarnir þar eiga, í pólitískan hráskinnaleik til þess að styðja einn flokk öðrum fremur hér á landi.

Það er lágt risið á formanni Verkamannasambandsins þegar hann hefur ekki annað að segja um þau skerðingaráform, sem gerð voru á kaupgjaldsvísitölunni, en það eitt, að hann hafi farið niður í pylsuvagn til þess að færa forsrh. pylsu, þegar ekki fékkst annað svar frá honum en það, og lagði síðan sjálfur fram till. um hvernig ætti að skerða kaupgjaldsvísitöluna hjá því fólki sem vinnur í Dagsbrún. Og hvað segir verkalýðshreyfingin núna, þegar við verðum vitni að því, að það, sem á að bjarga Eimskipafélagi Íslands, er að segja upp nokkrum körlum sem orðnir eru sjötugir? Heyrist þá orð? Ekki eitt einasta orð. Markmiðið hjá Alþb. með því að komast inn í verkalýðsfélögin er ekki að berjast fyrir það fólk sem þar er, heldur að nota þá fjármuni, sem þetta fólk greiðir í félagsgjöld, og það vald, sem í því felst að vera valinn til forustu í verkalýðsfélagi, til illra verka, til að auka áhrif götunnar, til að brjóta niður það skipulag, sem er í þessu landi, eins og margyfirlýst er af starfsmönnum Alþb., m. a. í umr. hér í dag.

Svo segir þessi hv. þm. að hann muni áfram styðja þessa ríkisstj. af því að hann sé svo hræddur um að Sjálfstfl. muni skerða laun fólksins í landinu meir en þessi ríkisstj.! Ég þori að fullyrða að ef við hefðum verið búnir að marka þá stefnu í samráði við Alþýðusamband Íslands að ekki skyldi koma til grunnkaupshækkana á árinu 1979, hefðum við ekki verið hræddir við að setja lög á flugmenn. Það hefði ekki staðið á Sjálfstfl. eins og stóð á Alþb. að taka á því máli. Og það þýðir lítið fyrir þennan hv. þm. að reyna að fegra sig gagnvart fólkinu fyrir vestan með því að hann hafi þar einhverja sérstaka skoðun, þegar það er hans flokkur og hans ráðh. sem bera pólitískt ábyrgð á því, hvernig þetta mál hefur farið, eins og þeir bera pólitíska ábyrgð á flestum höfuðslysum

sem orðið afa í íslenskri verkalýðsbaráttu á undanförnum áratugum. Framkoma þeirra í verkalýðshreyfingunni hefur valdið því, að það verður nú að taka til algerrar endurskoðunar og enduruppbyggingar hvernig á þeim málum skuli haldið, hvernig skuli tryggja að einhverjir pólitískir dindlar geti ekki leikið lausum hala innan verkalýðshreyfingarinnar, — menn sem fyrir löngu eru komnir úr sambandi við það fólk sem hefur kosið þá til forustu, menn sem lifa allt öðru lífi en alþýðan í landinu og eru búnir að gleyma hvernig þeir voru sjálfir meðan þeir voru í þessum hópi, menn sem miklast af þeirri miklu ábyrgð og þeim miklu áhrifum sem þeir hafa fengið.

Þó að ég sé andvígur því frv., sem hér liggur fyrir, vegna þeirrar meginstefnu sem í því felst, get ég ekki annað en viðurkennt það og sagt það, að nauðsynlegt er að reyna að sporna við. Ég hefði kosið að fara þar öðruvísi að. Þessi hæstv. ríkisstj. kýs að fara svona að. Og hún gerir þessa tilraun. En það er ekki einu sinni búið að lögfesta frv. þegar Alþb. boðar það, og þ. á m. þessi hv. þm., að hann ætli að brjóta niður það sem í þessu skjali felst. Hann er ekki sá maður né hans flokkur sá flokkur að þora að bera pólitíska ábyrgð á þessu frv. einn einasta dag, ekki hálfan dag, ekki einu sinni þann fund sem atkvgr. stendur hér á hinu háa Alþingi, ekki meðan þeir rétta upp hendurnar. Einnig þá liggur fyrir, að óðar og þeir eru komnir út muni þeir berjast fyrir því, að þeim ákvæðum, sem þó eru í þessu frv., verði hrundið. Þetta er það pólitíska siðferði sem við eigum að venjast úr þessari átt. Það er því ekki undarlegt þótt flokkur við flokk, stjórnmálamaður á eftir stjórnmálamanni, ekki í einu landi, ekki bara hér, heldur úti um lönd og álfur, segi allir það sama, að það er ekki hægt að vinna með þessum mönnum. Það getur engin sú ríkisstj. staðið til lengdar sem er komin upp á náð og miskunn kommúnista, vegna þess að vinnubrögð þeirra eru þannig og vegna þess að þeir trúa því, að þeir séu einhvers konar Lúðvík 14., vald þeirra komi frá einhverri æðri veru, einhvers konar Stalín sem feli sig í morgunroðanum. Svo syngja þeir: Sjá roðann í austri!

Þetta vildi ég sagt hafa um þessi mál almennt. Það er raunar ekki undarlegt, þótt fólkið í þessu landi sé ekki verulega trúað á að þessi lög muni verka til góðs, hafa mikil áhrif, þegar sjálfir ráðh., sem að þeim standa, hæstv. ráðh. Alþb., koma hér upp hver á fætur öðrum til þess að afsaka sig. En að hinu leytinu bendir þögn krata til þess, að þeir séu ánægðir og hafi loksins séð sinn draum rætast í því plaggi sem hér liggur fyrir

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 74. fundur.

Laugardaginn 7. apríl, kl. 2.10 miðdegis.

Stjórn efnahagsmála o.fl., frv. (þskj. 517 (sbr. 453 og 511), n. 527 og 530). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
10.—13. samþ. með 23 shlj. atkv.
14.—21. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
22.—27. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
28.—30. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
32.—33. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
34.—47. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
48.—49. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
50. gr. upphaf og 1. tölul. samþ. með 21:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, JK, VG, ÞS, ÁG, BGr, GMK, BGuðn, GSig, GilsG, HES, HG, JóhS, JÁ, ÞA, MHM, PP, SighB, SV, StH, IG.

nei: SvJ, KÓ.

SvH, AG, EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh, JÞ, HBl, MB, MÁM, ÓE greiddu ekki atkv.

4 þm. (EðS, EÁ, GSt, PJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Þar sem ákvæði verðbótakaflans í frv., eins og þau liggja fyrir í heild, fela í sér um 6% kaupskerðingu að dómi Þjóðhagsstofnunar, þar sem þessi um það bil 6% kaupskerðing mun áður en árinu 1979 lýkur ná að fullu til alls láglaunafólks í landinu samkv. ákvæðum verðbótakaflans í frv. og þar sem með ákvæðum þessarar greinar er hróflað við skýrum ákvæðum kjarasamninga gegn ákveðnum andmælum verkalýðshreyfingarinnar, þá segi ég nei í þessari atkvgr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Um þessa grein frv., eins og allar aðrar greinar þess, er samkomulag milli stjórnarflokkanna sem er forsendan fyrir því, að þessir stjórnarflokkar starfi áfram saman að stjórn landsins. Þegar samkomulag hefur verið gert ber mönnum, sem vilja telja sig stjórnarsinna, skylda til þess annaðhvort að standa að því og styðja þá ríkisstj. áfram eða að standa ekki að því og ganga þá í lið með stjórnarandstöðu. Ég fyrir mitt leyti vil standa við þá samninga, sem flokkur minn hefur gert, og segi já.

50. gr. 2. tölul. samþ. með 23 shlj. atkv.
50. gr. 3. tölul. og lokaákvæði samþ. með 21:2 atkv.
51. gr. samþ. með 21:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, JK, VG, ÞS, ÁG, BGr, GMK, BGuðn, GSig, GilsG, HES, HG, JóhS, JÁ, ÞA, MHM, PP, SighB, SV, StH, IG.

nei: KÓ.

SvJ, SvH, AG, EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GTH, JÞ, HBl, MB, MÁM, ÓE greiddu ekki atkv.

4 þm. (EðS, EÁ, GSt, PJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Í þessari grein frv. er gert ráð fyrir að tengja greiðslur verðbóta á laun við þróun viðskiptakjara. Ég er almennt hlynntur því að svo verði gert. En þar sem að þessari tengingu verðbótagreiðslna við þróun viðskiptakjara er staðið með þeim hætti, að þau ákvæði ein sér munu leiða til 3% kaupskerðingar, í stað þess að ef miðað hefði verið við

viðskiptakjarastig s. l. hálfs árs hefðu kaupskerðingaráhrifin aðeins orðið 0.3%, og þar sem ég sætti mig ekki við að tengingunni sé hagað með þessum afleiðingum fyrir launafólk í landinu, þá segi ég nei.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og við vitum eru til menn sem gjarnan vilja hlaupa undir þiljur og í koju þegar sjór gerist úfinn, en treysta svo á skipsfélaga sína að koma bátnum heilum í höfn. Slíkir menn hafa aldrei verið mikilsmetnir, hvorki á Ísafirði né á Súgandafirði. — Ég segi já.

52. gr. samþ. með 23. shlj. atkv.
Ákv. til brb. I samþ. með 23:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞA, MHM, PP, SighB, SV, StH, SvJ, SvG, JK, VG, ÞS, ÁG, BGr, GMK, BGuðn, GSig, GilsG, HES, HG, JóhS, JÁ, KÓ, IG.
nei: HBl.
MB, MÁM, ÓE, SvH, AG, EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh, JÞ greiddu ekki atkv.
4 þm. (PJ, EðS, EÁ, GSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu

Halldór Blöndal: Ég vek athygli á því, að þetta er í fyrsta skipti sem Alþ. grípur inn í grunnlaun gildandi kjarasamninga og nú með þeim hætti að mismunað er á milli stétta í þeim efnum, þannig að sumir hópar eiga að halda umsömdum grunnkaupshækkunum, aðrir hópar ekki. Þetta tel ég hróplegt ranglæti, Alþingi ósamboðið og staðfesta þá reglu, að menn séu ekki jafnir fyrir lögunum, og segi því nei.

Ákv. til brb. II samþ. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞA, MHM, PP, SighB, SV, StH, SvH, SvG, JK, VG, ÞS, ÁG, BGr, GMK, BGuðn, GSig, GilsG, HES, HG, JóhS, JÁ, KÓ, IG.
AG, EH, EBS, FÞ, MB, MÁM, OE, SvH, FrS, GH, GTh, JÞ, HBl greiddu ekki atkv.
4 þm. (PJ, EðS, EÁ, GSt) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Í þessum lið er gert ráð fyrir að láglaunafólk haldi rétti til verðbóta án frádráttar vegna tengingar við viðskiptakjör 1. júní, og í næsta lið er gert ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrisþegar muni halda sama rétti. Ég mun því greiða atkv. með þessum lið og þeim næsta. Hins vegar er í þeim lið, sem er nú til atkvgr., gert ráð fyrir að þessir hópar fólks verði sviptir þessum rétti aftur 1. des. í ár. Því er ég andvíg og mun af þeim sökum sitja hjá við afgreiðslu frv. í heild. En í atkvgr. um þennan lið segi ég já.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Í þessum tölul. er kveðið á um það, að lægst launaða fólkið í landinu skuli njóta nokkurra láglaunabóta um skamman tíma. Ég tel að það sé betra en ekki að þessi ákvæði skuli vera í frv., og af þeim ástæðum mun ég greiða atkv. með þessum tölulið. En ég vil taka það mjög skýrt fram, að ég tel það vera eitt hið versta við þetta frv., að í þessum tölul. skuli jafnframt vera kveðið á um það svo skýrt, að ekki verði um villst, að þessar láglaunabætur verði teknar af lægst launaða fólkinu í landinu aftur að 6 mánuðum liðnum. Og það, að málum skuli vera þannig fyrir komið, ræður miklu um það, að ég treysti mér ekki til að fylgja frv. í heild. En ég segi já við þessum lið.

Halldór Blöndal: Ég minni á það, að grundvöllur í þeim efnahagsráðstöfunum sem síðasta ríkisstj. beitti sér fyrir, var að kaupmáttur hinna lægstu launa skyldi uppi borinn. Þegar þessi ríkisstj. tók við lækkuðu lægstu laun í landinu í krónutölu, en önnur laun hækkuðu upp í 12% þannig að launamunur óx. Þegar 5% skerðing kaupgjaldsvísitölu átti sér stað í des. voru engar láglaunabætur. Þær láglaunabætur, sem hér eru veittar, eru ónógar, ófullnægjandi og lýsandi fyrir hæstv. ríkisstj. Eins og allt er í pottinn búið treysti ég mér ekki til þess jafnvel að greiða þessu atkv. Ég kýs að skipta mér ekki af þessu máli og greiði ekki atkv.

Ákv. til brb. III samþ. með 23 shlj. atkv.
53.—54. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
55. gr. samþ. með 22:13 atkv.
56. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
57.—60. gr. samþ. með 22:12 atkv.
61.—63. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
64. gr. samþ. með 22:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HES, HG, JóhS, JÁ, ÞA, MHM, PP, SighB, SV, StH, SvJ, SvG, JK, VG, ÞS, ÁG, BGr, GMK, BGuðn, GSig, GilsG, IG.
nei: JÞ, KÓ, HBl, MB, MÁM, ÓE, SvH, AG, EH, EBS, FÞ, FrS, GH, GTh.
4 þm. (PJ, EðS, EÁ, GSt) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Efni þessarar greinar er að mæla fyrir um það, að settar skuli reglur er heimili sérstaka skattlagningu á veiðar á þorski og öðrum þeim fiskstofnum sem teljast ofnýttir. Með tilliti til þess, að fyrir skömmu hefur sjútvrn. gefið út reglugerð sem skerðir mjög alvarlega afkomumöguleika þeirra sem stunda þorskveiðar á togurum og vinna við fiskvinnsluna í landi, og með tilliti til þess, að slík aukaskattlagning til viðbótar við afleiðingar þessarar reglugerðar, sem út hefur verið gefin, mundi vera óbærileg og leiða stöðvun yfir mikilvægt atvinnulíf í landinu, þá segi ég nei.

Halldór Blöndal: Rétt er það, að þessi ríkisstj. hefur haldið illa á málefnum sjávarútvegsins. Rétt er það einnig, að atvinnuvegirnir eru ofskattaðir. Líka er það rétt, að sá skattur, sem hér um ræðir, er einkanlega og sérlega illa hugsaður og ranglátur. Þess vegna segi ég nei.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessi grein gerir ráð fyrir því að setja í lög að endurskoða skuli lög um Aflatryggingasjóð, sem ég tel óþarft að lögfesta, endurskoðun laga sem þegar er búið að taka ákvörðun um. Hitt er aðalatriði málsins, að hér er um stefnuyfirlýsingu að ræða þar sem er lýst yfir því, að heimild er gefin ráðh. að leggja sérstakt gjald á afla á þeim fisktegunum sem taldar eru ofnýttar. Í næsta kafla þessa frv. er reglugerðarheimild fyrir sjútvrh. til þess að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla. Ég tel vafalaust að sú reglugerðarheimild verði samþ. af handjárnuðu stjórnarliði. Hins vegar tel ég fróðlegt að sjá og hafa skjalfest hvaða þm. það eru, sem ætla að votta á þann hátt sjútvrh. traust

sitt og sérstaka virðingu eftir útgáfu þorskveiðibannanna fyrir nokkru og veita honum heimild til þess að skattleggja þær tegundir fiskveiða sem þegar hafa verið takmarkaðar með þeim hætti að varla verður nokkurt skip gert út á þessu ári nema með tapi. Því segi ég nei.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Ég hef þá trú að stjórnarskútan komist heil í höfn þrátt fyrir erfiða siglingu. Hins vegar eru menn misjafnlega sjóhræddir, og ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því að konur og börn meðal farþega fari strax í lífbátana langi þau til. Ég segi já.

65.—67. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23:10 atkv.

Neðri deild, 75. fundur.

Laugardaginn 7. apríl, að loknum 74. fundi.

Stjórn efnahagsmála o. fl., frv. (þskj. 517. (sbr. 453 og 511)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:13 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 544).

Þinghlé.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þá liggur ekki fleira fyrir þessum fundi, en til næsta fundar verður boðað með dagskrá, en það verður ekki fyrr en eftir páska. Í nafni forseta deildarinnar óska ég þdm. og starfsmönnum þingsins gleðilegrar páskahátíðar. — Fundinum er slitið

Sameinað þing, 80. fundur.

Laugardaginn 7. apríl, kl. 2 miðdegis.

Almennar skoðanakannanir, þáltill. (þskj. 354). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þjóðaratkvæðagreiðslur, þáltill. (þskj. 507). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, þáltill. (þskj. 515). — Hvernig ræða skuli.

Ákveðnar voru tvær umr. með 39 shlj. atkv.

Uppbygging símakerfisins, þáltill. (þskj. 519). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta í fræðsluumdæmum utan Reykjavíkur, þáltill. (þskj. 535). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framkvæmdir í orkumálum 1979, þáltill. (þskj. 454). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Þáltill. þessi, sem hér er til umr., er flutt af mér ásamt 11 öðrum sjálfstæðismönnum. Þessi þáltill. fjallar um að fela ríkisstj. að endurskoða fyrirætlanir um framkvæmdir í orkumálum á árinu 1979 til þess að hraða megi sem mest að 1) innlendir orkugjafar komi í stað olíu, 2) nýttur verði ódýrari innfluttur orkugjafi í stað dýrari og 3) hagnýtt verði betur afgangsorka. Gert er ráð fyrir því í till. þessari, að endurskoðunin skuli sérstaklega ná til eftirfarandi verkefna:

1. Hraðað verði lagningu aðalháspennulína rafmagns til að draga úr vinnslu raforku með dísilvélum og hagnýta megi meira en orðið er rafmagn til upphitunar húsa.
2. Hraðað verði styrkingu rafdreifikerfis í sveitum, svo að það megi anna aukinni rafhitun.
3. Lokið verði við sveitarafvæðingu.
4. Aukin verði jarðhitaleit og hagnýttir verði til fulls jarðborar ríkisins í því skyni.
5. Hraðað verði framkvæmdum við hitaveitur og fjarvarmaveitur.

Þá gerir þáltill. þessi ráð fyrir, að fjármagn það, sem harf á árinu 1979 til aukinna framkvæmda í orkumálum, skuli fengið með lántökum og beinum framlögum úr ríkissjóði, enda verði beitt niðurskurði á öðrum útgjöldum ríkissjóðs í því skyni.

Till. þessi er flutt vegna válegra atburða í orkumálum landsins. Þar er um að ræða hina gífurlegu verðhækkun á olíu sem nú hefur skollið á. Markaðsverð á olíu í Rotterdam, sem ræður innflutningsverði til Íslands, var í febr. s. l. 100—150% hærra en að meðaltali árið 1978. Þó að vonir standi til að verðið lækki þegar á árið líður, er við því að búast að verulegur hluti hækkunarinnar verði langvarandi.

Það gefur auga leið að þessi mikla hækkun olíuverðs

hefur margháttuð og alvarleg áhrif. Viðskiptakjörin versna og slíkt skerðir þjóðartekjurnar. Harðast kemur þetta niður á fiskveiðum og þeim fjórðungi þjóðarinnar, sem kyndir hús sín með gasolíu.

Ég vil leyfa mér að fara nokkru nánar inn á það, hvaða þýðingu olíuverðið hefur fyrir þá sem kynda hús sín með gasolíu. Í því sambandi vil ég leyfa mér að vekja hér athygli á því, að landshlutasamtök sveitarfélaganna á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi hafa sent hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh. sérstaka skýrslu um þessi mál, sem unnin hefur verið af framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfjarða, Jóhanni Bjarnasyni. Þessi skýrsla gefur glögga hugmynd um það, hvað hér er um að ræða.

Varðandi verðhækkanir á olíu er í stuttu máli það að segja, að verð á gsolíu til húshitunar hefur hækkað úr 5.30 kr. hver lítri hinn 1. júlí 1973 í 68.90 kr. hver lítri hinn 1. mars s. l. Það hefur hækkað úr 5.30 í 68.90. Hækkunin nemur 1200%, þ. e. a. s. verðið hefur þrettánfaldast. Og það er ekki öll sagan sögð með þessu. Spáð er að verð á gasolíulítra geti komist í 92 kr. áður en langt um líður. Fari svo kemur verðhækkunin til að nema 1638%, eða meir en sautjánföldun á verði frá 1. júlí 1973. Þetta segir í þessari skýrslu. Ég get þó bætt því við, að ég hygg að í síðustu áætlun Þjóðhagsstofnunar sé reiknað með að gasolíulítrinn fari hærra á þessu ári en í 92 kr., eða í um 100 kr. — En hvernig kemur svo þetta heim og saman við annað sem er eðlilegt að bera þessa hækkun við? Tökum fyrst kauphækkun. Á sama tíma og þetta hefur skeð hefur tímakaup verkamanna í fiskvinnu á Ísafirði, það er miðað við þann stað, hækkað úr 135.70 kr. hinn 1. júlí 1973 í 981 kr. hinn 1. mars 1979. Þessi hækkun á tímakaupi verkamanna nemur 623% eða 7.25-földun á kaupinu á tímabilinu — rúmlega sjöföldun á kaupinu meðan olían hækkar sautjánfalt.

Víkjum þá að öðru atriði sem skiptir ekki litlu máli í þessu sambandi. Það er hinn svokallaði olíustyrkur. Ég bið menn að muna það, og ég veit að menn muna það, að vegna aðsteðjandi verðhækkunar á olíu var talið nauðsynlegt að setja á sínum tíma lög á Alþingi til þess að draga úr áhrifum af olíuverðshækkuninni á kostnað við að hita íbúðarhúsnæði. Þau lög voru nr. 5 frá 1974 og giltu til eins árs, en hafa síðan verið endursamþykkt á hverju ári. Reglugerð um greiðslu olíustyrks er frá 1974 og auk þess voru sett lög nr. 47 1974 um greiðslu olíustyrksins. Lögin nr. 5 frá 1974 fjalla um að lagt skuli 1% gjald á söluskattsstofn í þeim tilgangi að draga úr áhrifum olíuverðshækkunar á kostnað við að hita upp íbúðarhúsnæði. Í upphafi var olíustyrkurinn ákveðinn 1800 kr. á ársfjórðungi fyrir hvern mann sem notar olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis, en þar til fyrir skemmstu var þessi styrkur 2600 kr. á íbúa. En þrátt fyrir þessa hækkun úr 1800 í 2600 og þrátt fyrir að álagningarstofninn, sem gjaldið er lagt á, hið svokallaða olíugjald, hafi margfaldast á tímabilinu hefur styrkurinn einungis hækkað um 44% miðað við 2600 kr. styrk á hvern mann. Þetta hefur gilt þótt fjölmenn byggðasvæði hafi horfið frá olíuhitun og tekið í notkun hitaveitur, sem hefði átt að gera mögulegt að gera betur við þá sem enn voru háðir olíu til upphitunar. Þetta er miðað við styrk að upphæð 2600 kr. Nú fyrir skemmstu hefur ríkisstj. ákveðið og hefur þegar hækkað þennan styrk upp í 5000 kr. á mann — úr 2600 í 5000. En þó að þetta hafi verið gert hefur styrkurinn hækkað frá upphafi einungis um 178%, eða tæplega þrefaldast, á sama tíma sem olíukostnaðurinn hefur sautjánfaldast og verkamannakaup hefur rúmlega sjöfaldast. Sjá menn hversu æpandi þessar staðreyndir eru.

Við skulum víkja nokkru nánar að því, hvað þetta þýðir fyrir fólkið sem býr við þær aðstæður að þurfa að hafa olíukyndingu. Ég hef til glöggvunar á þessu máli beðið Orkustofnun að gera nokkra útreikninga á þessu dæmi. Þar er gerður samanburður á rafmagni til upphitunar, beinni rafhitun, hitaveitum og olíu. Það er fróðlegt að sjá hvað kemur út úr þessu. Auðvitað höfum við allir haft hugmynd um það, en ég held að þessi tölulegi útreikningur sé þess eðlis að sjálfsagt sé að hann komi fram. Þetta er gert m. a. með því að bera saman kostnað á kwst. Þegar það er gert, og við tökum fyrst rafmagnið og tökum Reykjavík, er kostnaður á kwst. 5.22 kr. Þegar við tökum RARIK-svæðið, og það er hliðstætt svæði Orkubús Vestfjarða, er kostnaður á kwst. 8.94 kr. Þetta er rafmagnið. En tökum hitaveiturnar. Ég hef hér fjóra staði með hliðstæðum útreikningum um hitaveitur, þ. e. a. s. hvað kwst. kostar: Í Reykjavík 2.42 kr., á Selfossi 2.89 kr., á Suðurnesjum 5.15 kr. og á Akureyri 6.29 kr. En hvað kostar olían á kwst.? 10.85 kr. Þessi samanburður kemur betur út ef við gefum okkur að olían sé 100. Þá er rafmagnskostnaður í Reykjavík 48, á RARIK-svæðinu og hjá Orkubúi Vestfjarða 82, hitaveitu í Reykjavík 22, á Selfossi 27, Suðurnesjum 47, Akureyri 58. Það er fimm sinnum meiri hitunarkostnaður hjá því fólki, sem býr við olíuupphitun, en hjá Reykvíkingum, sem njóta hitaveitunnar. Ég hygg að þetta sé nægilegt til þess að leggja frekar áherslu á hve þýðingarmikil þessi mál eru fyrir þann fjórðung þjóðarinnar sem verður að búa við olíuupphitun á húsum sínum.

Auðvitað er það svo, að þessi alvarlega olíuverðshækkun, sem ég áður vék að, kallar á margvísleg viðbrögð sem þurfa að miða að því að draga úr áhrifum verðhækkunarinnar á almenna verðþróun í landinu. Skattlagningu ríkisins á olíu þarf að breyta svo að hún nái ekki til þeirra verðhækkana á olíu sem nú hafa orðið. Olíustyrki til þeirra, sem búa við olíukyndingu, þarf að hækka jafnvel umfram það — og að sjálfsögðu umfram það sem ríkisstj. hefur þegar gert, svo að þeir, sem búa við þær aðstæður að nota olíu til upphitunar, standi a. m. k. ekki verr að vígi en fyrir olíuverðshækkunina síðustu, það er lágmark. Það verður að gera sérstakar ráðstafanir til þess að gera útgerðinni kleift að rísa undir hækkun olíuverðsins, en í því efni hefur þegar komið til aðgerða svo sem kunnugt er og skal ég ekki víkja nánar að því. Það þarf að gera átak til orkusparnaðar frekar en orðið er, bæta nýtingu orkugjafa, skipta á ódýrari innfluttum orkugjafa fyrir annan dýrari, hagnýta afgangsorku, bæta einangrun húsa o. fl., o. fl. Í tilefni af olíuverðshækkuninni nú ættu olíuviðskiptasamningar landsins og ákvæði þeirra um verðtengingu og afhendingu að koma til endurskoðunar þegar við næstu samningsgerð. Þannig mætti áfram telja þau verkefni sem eru mörg óleyst á þessum vettvangi, og eru þá ótalin, herra forseti, viðfangsefni þau sem þáltill. þessi, sem hér er til umr., fjallar um og varða grundvöllinn í orkubúskap Íslendinga.

Till. þessi til þál., sem hér er lögð fram, snýr að tilteknum verkefnum í orkumálum þjóðarinnar og varðar framkvæmdir á árinu 1979, þessu ári sem er að líða. Ég mun nú gera nokkra grein fyrir einstökum liðum tillögunnar.

Ég tek þá fyrst fyrir 1. liðinn, sem fjallar um að hraðað verði lagningu aðalháspennulína rafmagns til að draga úr vinnslu raforku með dísilvélum og hagnýta megi meira en orðið er rafmagn til upphitunar húsa.

Eitt meginverkefnið í orkumálum á undanförnum árum hefur verið samtenging landsins í eitt raforkukerfi. Af hagkvæmni- og öryggisástæðum þarf að tengja saman orkuver landsins í eitt aðalorkuflutningskerfi og reka þau í fullkomnum samrekstri með fyllstu nýtingu orkugjafa, mesta rekstraröryggi og lægsta vinnslu- og flutningskostnað fyrir augum. Mikið hefur áunnist í þessum efnum með tilkomu Norðurlínu og Austurlínu. En mikið er enn ógert er varðar aðalorkulínur í einstökum byggðarlögum. Allur dráttur í þessum efnum veldur miklum þjóðhagslegum skaða og leggur óheyrilegar byrðar á íbúa einstakra byggðarlaga. Keyrir um þverbak í þessum efnum við olíuverðshækkunina, sem nú er orðin, eins og ég gerði glögga grein fyrir hér áður. Gleggsta einstaka dæmið um þetta er drátturinn á tengingu Vestfjarða við aðalorkukerfi landsins með lagningu Vesturlínu. Við stofnun Orkubús Vestfjarða árið 1977 var gert ráð fyrir að Vesturlínu yrði lokið 1. okt. 1979. Nú er ætlunin að víkja frá þessari tímasetningu og framkvæma verkið á lengri tíma. Miðað við að þessu verki verði lokið í árslok 1980 er áætlað að kostnaður Orkubúsins vegna dísilkeyrslu, sem komist hefði verið hjá ef verkinu hefði verið lokið á tilsettum tíma, nemi nálega 1500 millj. kr. miðað við verð á gasolíu í lok febr. s. l. Þá er auðvitað ótalið það tjón fyrir íbúa þessa landshluta að vera án þess rafmagns sem Vesturlína hefði getað flutt á þessum tíma til fjarvarmaveitna og annarrar upphitunar húsa. Það eru slíkar staðreyndir sem þessi sem krefjast að allt kapp sé lagt á að hraða lagningu aðalháspennulína.

Mér þykir rétt, af því að ég hef tekið Vesturlínu sem sérstakt dæmi um mikilvægi þessara mála, að láta það koma fram, að búið er að ganga frá pöntun á öllu línuefni í Vesturlínu, þ. e. a. s. staurum, þverslám, einangrun og vír fyrir línukaflann frá Hrútatungu að Glerárskógum, sem ætlunin er að ljúka við í sumar og það er þegar búið að reisa rúmlega 1000 staura. Ég vil enn fremur láta það koma fram, að það er búið að panta spenna og spennistöðvarefni fyrir Hrútatungu og Glerárskóga og Mjólká. Efnið í spennistöðvarnar í Hrútatungu og Glerárskógum kemur til landsins í sumar, en Mjólkárspennirinn næsta vor. Það er búið að panta þetta. Hvað er eftir að panta? Það er eftir að panta línuefnið í línukaflann frá Glerárskógum að Mjólká. Væntanlegur afgreiðslufrestur á því er 3—4 mánuðir, en sæstrengi yfir Gilsfjörð og Þorskafjörð mun líklega taka 6 mánuði að útvega. Þetta er allt sem eftir er og afgreiðslufresturinn á mestu af efninu 3—4 mánuðir. M. ö. o. er hægt að flýta þessu verki. Ef brugðið er skjótt við í þessum efnum er því hægt að panta þetta efni, sem gæti haft mikla þýðingu, því það mætti vinna úr því síðla í haust. Ég er ekki að gera því skóna, að úr því sem komið er sé hægt að ljúka línunni á þessu ári. En ég vil aðeins segja það, að ég óttast að það verði ekki hægt að ljúka við þessa línu á þeim tíma sem ríkisstj. nú hyggst, ef það verða ekki gerðar frekari ráðstafanir til að flýta verkinu á þessu ári. Þessar upplýsingar, sem ég hef gefið um efnið í Vesturlínu, virðast mér sýna að það, sem ég hef talað um og við flm. þessarar till., er algerlega raunhæft, að það er hægt að flýta þessu verki ef sérstakar ráðstafanir eru gerðar.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um 1. liðinn í framkvæmdum sem við viljum að verði endurskoðaðar. Ég vík að 2. liðnum, en hann fjallar um að hraðað verði styrkingu rafdreifikerfis í sveitum, svo að anna megi aukinni rafhitun.

Hér er um að ræða mál sem er ákaflega mikilvægt fyrir strjálbýlið í landinu, auk þess sem það snertir tvö af helstu efnahagsvandamálum okkar Íslendinga nú, þ. e. a. s. olíuverðshækkunina og offramleiðslu í landbúnaði. Með styrkingu rafdreifikerfisins væri unnið að því að spara innlenda orkugjafa og með því að auka möguleika á léttum iðnaði og aukabúgreinum í sveitum gæfist bændum kostur á að draga úr landbúnaðarframleiðslu og fara í aðrar atvinnugreinar. Orkuráð samþykkti einróma á fundi sínum 1. mars s. l. að leggja til við hæstv. iðnrh., að á næstu 8 árum yrði árlega varið fjárhæð, sem að framkvæmdamætti jafngilti 1100 millj. kr. á verðlagi í byrjun þessa árs, til þess að styrkja rafdreifikerfið í strjálbýli hér á landi. Þetta er gert til þess að það geti flutt rafmagn er nægi til almennra heimilisnota í sveitum, fullrar hitunar húsa með rafmagni og búnota hvers konar svo og til margvíslegra annarra nota í strjálbýli, svo sem þjónustu og minni háttar iðnaðar, eins og ætla má að þessi notkun verði eftir svo sem einn áratug. Lagt er til að styrkingin verði gerð með svonefndri þrífösun, þ. e. einfasa línum verði breytt í þrífasa línur á um 65% af heildarlengd dreifikerfisins. Með því móti ættu 70—80% íbúa sveitanna aðgang að þrífasa rafmagni. Þrátt fyrir styrkinguna leyfir dreifikerfið ekki staðsetningu stórra iðnaðarnotenda, eins og heykögglaverksmiðja með rafþurrkun, hvar sem er í sveitum. Ekkert dreifikerfi leyfir slíkt ef kostnaður þess á að vera viðráðanlegur.

Verk það, sem till. Orkuráðs tekur til, er áætlað að kosti 8 800 millj. kr. á verðlagi í byrjun ársins 1979. Í samþykkt Orkuráðs er lagt til að styrkingin verði fjármögnuð með óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði, en síðan kosti Orkusjóður framkvæmdirnar á sama hátt og hann hefur kostað rafvæðingu sveitanna til þessa. Samþykkt Orkuráðs var gerð á grundvelli ítarlegrar athugunar á dreifikerfi sveitanna og leiðum til að auka flutningsgetu þess sem ráðið lét gera og byrjað var á síðla árs 1976. Athugun þessi var unnin af verkfræðistofunni Rafhönnun undir yfirumsjón orkumálastjóra, Jakobs Björnssonar.

Mér þótti rétt að þessar upplýsingar kæmu fram, vegna þess að þær segja að það er búið að undirbúa þetta verk, sem við gerum ráð fyrir að eigi að framkvæma á næstu 8 árum. Það þýðir auðvitað að það verða engin vandkvæði á því að flýta framkvæmdum í þessum efnum á þessu ári, en á því er brýn þörf. Það er svo mikil þörf á því, að það liggur við að dreifikerfi sveitanna sé sums staðar að brotna niður vegna þess að það þolir ekki það álag sem á því er. Þess vegna tökum við þennan þátt orkumálanna inn í þessa till. Það er aðkallandi að hraða þessu verki.

Ég kem þá að þriðja atriðinu sem við leggjum áherslu á, og það er að lokið verði sveitarafvæðingunni.

Við höfum sagt um styrkingu rafdreifikerfis í sveitum, sem ég var að fjalla um, að þar væri um að ræða II. sveitarafvæðinguna. Ég tel hana jafnþýðingarmikla og hina fyrri. Fyrri sveitarafvæðingin hefur staðið síðasta aldarfjórðung og það er komið svo, að það eru aðeins 50 bæir eftir á landinu sem gert er ráð fyrir í till. Orkuráðs að fái rafmagn frá samveitum. Þá eru 40 bæir þar fyrir utan

sem þarf að sinna með öðrum hætti. — Það eru 50 bæir. Þetta er ekki stórt fjárhagsmál. Það kostar peninga eins og annað, en það er ekki stórt fjárhagslega, ég legg áherslu á það. En það er ákaflega stórt að öðru leyti. Það er siðferðilega stórmál. Það er ekki unandi við það, að ábúendur þessara 50 bæja séu lengur látnir bíða eftir því að fá sama aðbúnað og annað fólk í landinu. Því miður er raunverulega ekkert lagt til þessara mála á þessu ári, og þá sögu má einnig segja um síðasta ár. Þetta getur ekki gengið lengur. Þess vegna tökum við þetta inn sem sérstakan lið í framkvæmdum sem þurfi að endurskoða til þess að hraða verki.

Ég kem þá að fjórða liðnum, að aukin verði jarðhitaleit og hagnýttir verði til fulls jarðborar ríkisins í því skyni.

Það leikur enginn vafi á því, að jarðvarminn er langhagkvæmasti orkugjafinn til upphitunar húsa. Af þessum sökum má einskis láta ófreistað að leita jarðvarmans þar sem hann kann að vera. Eins og nú horfir verður ekki sagt að nóg sé að gert á árinu 1979. Það er ekki einu sinni séð fyrir nægilegu fjármagni til þess að fullnýta þá jarðbora sem eru í eigu ríkisins, og slíkt er með öllu óviðunandi. Jarðhitaleitin er undanfari nýrra hitaveitufram-kvæmda og aukningar þeirra sem fyrir eru. Þá má og á það benda, að það þarf líka aukinn hraða á jarðhitaleitinni við Kröflu, meiri hraða en nú er ráðgerður, svo að hagnýtt verði sem fyrst þau miklu mannvirki sem þar hefur verið komið upp. Þannig má lengi telja.

Það hafa — mér liggur við að segja: undraverðar framkvæmdir og framfarir átt sér stað í þessum málum á síðustu árum. Ég minni á það, að 1971 var gert ráð fyrir að það mundi ekki vera möguleiki á að fleiri landsmenn en u. þ. b. 60% af þjóðinni gætu notið jarðvarma til upphitunar húsa. En nú er svo komið að um 80% njóta eða eru að komast í þá aðstöðu að njóta jarðvarmans. Og það er ekki af tilviljun sem þetta hefur gerst. Í tíð fyrrv. ríkisstj. urðu á ýmsan hátt straumhvörf í þessum málum. Það er lögð aukin áhersla á jarðhitaleitina. Ég nefni tölur í þessu sambandi. 1971 voru veitt úr Orkusjóði lán til jarðhitaleitar fyrir 14.7 millj. 1972 lækkar þessi upphæð um helming eða rúmlega það, niður í 7.3 millj. 1973 lækkar hún í 5.5 millj. og 1974 er veitt 9.1. Svo koma þáttaskil. 1975 nema þessi lán 174.1 millj., 1976 331.7 millj., 1977 458.7 millj. og 1978 313.8 millj. Frá og með árinu 1975 og til og með ársins 1978 eru veittar samtals 1278.3 millj. til þessara mála, en á næstu 4 árum áður 36.6 millj.

Þetta hefur skilað árangri eins og til var ætlast, þannig að við höfum þegar náð mjög þýðingarmiklum árangri. En það þarf að halda áfram af fullum krafti og þess vegna tökum við þetta sem einn þátt í þeim framkvæmdum sem við leggjum áherslu á að hraðað verði.

Ég skal einnig láta þess getið — ég var áðan að tala um lán úr Orkusjóði — að á sama tíma sem Orkusjóður veitir 1278.3 millj. í lán veitir hann í styrki til jarðhitarannsókna 252.3 millj. En á sama tíma næstu 4 árin á undan, þegar veittar voru í lán 36.6 millj. kr. úr Orkusjóði, — hvað haldið þið að hafi verið veitt í styrki? Ekki neitt. Ekkert. Við viljum leggja áherslu á að nú verði haldið dyggilega áfram þeirri stefnu sem hefur verið fylgt í jarðhitaleitarmálum á undanförnum árum. Því tökum við þetta með.

Þá kem ég að fimmta og síðasta atriðinu, sem við flm. tökum fyrir í þessari till., og það fjallar um að hraðað verði framkvæmdum við hitaveitur og fjarvarmaveitur.

Það er auðvitað ekkert mikilvægara en að jarðvarminn verði hagnýttur sem fyrst til upphitunar húsa og leysi gasolíuna af hólmi. Þjóðhagslega er því ekkert brýnna en að hraða þeim hitaveituframkvæmdum, sem standa yfir, og hefja nýjar framkvæmdir. Það jafnast ekkert á við þetta að mikilvægi varðandi upphitun húsa með olíu og ráðstafanir til þess að draga úr olíunotkuninni.

Á undanförnum árum hefur líka verið lögð alveg sérstök áhersla á þessar framkvæmdir. Það er ekki nóg, eins og ég greindi frá áðan, að það hafi verið lögð sérstök áhersla á jarðhitaleit, heldur á að hagnýta þann jarðvarma sem fengist hefur. Og það er fróðlegt að veita því athygli, hvað hefur áunnist á síðustu árum, eða frá 1971 til 1978, — svo að allt sé tekið, en þetta á fyrst og fremst við hin síðustu ár, — og hve margir íbúar landsins hafa fengið aðstöðu til þess að hita upp hús sín með jarðvarma á þessu tímabili. Þetta eru hitaveiturnar: Það er Hitaveita Suðurnesja, þar koma 7160 íbúar. Það er Hitaveita Reykhóla, 70 íbúar. Það er Hitaveita Suðureyrar, 490 íbúar. Það er Hitaveita Hvammstanga, 480. Það er Hitaveita Blönduóss, 850. Hitaveita Siglufjarðar, 2030. Hitaveita Hríseyjar, 290. Hitaveita Akureyrar, 5060. Hitaveita Reykjahlíðar, 260. Hitaveita Brautarholts, 50. Stækkun Hitaveitu Reykjavíkur vegna Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar, 29 200. Þetta eru alls 45 910 íbúar sem á þessu tímabili hafa fengið aðstöðu til þess að nota jarðvarma til upphitunar húsa sinna. Þessar upplýsingar komu frá hæstv. iðnrh. í svari við fsp. frá hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni og Alexander Stefánssyni. Og þar segir enn fremur, að ef gengið er út frá því að olíunotkun til upphitunar íbúðarhúsnæðis sé 13 lítrar á m^3 á ári og hver íbúi noti 140m^3 húsnæði, þá spari þessar hitaveitur 13×140 = 1820 lítra af olíu á hvern íbúa á ári, eða alls um 1820×45 910 = 83.6 millj. lítra á ári. Það er ekkert smáræði sem hér hefur verið að gerast. Og það hefur verið reiknað út, að með núverandi verði á olíu svari þetta til um 5760 millj. á ári. Það er því ekki að ófyrirsynju, herra forseti, að við flm. þessarar till. leggjum ákaflega mikla áherslu á þennan þátt hennar.

En í 5. tölul. till. okkar er þetta þó aðeins annar þátturinn, því þó að jarðvarmi sé ekki fyrir hendi er verk að vinna, þar sem til þurfa að koma fjarvarmaveitur með kyndistöðvum. Slíkar framkvæmdir eru einnig mjög mikilvægar þjóðhagslega, þar sem fjarvarmaveiturnar geta hagnýtt afgangsrafmagn frá orkuverum landsins og afgangsvarma frá verksmiðjum og kælivatn dísilvéla, auk þess sem svartolía er tekin sem orkugjafi í stað gasolíu. Allt þetta kallar á aukinn hraða í hitaveitufram-kvæmdum, hver sem orkugjafinn er.

Það hefur af hálfu RARIKs í samvinnu við iðnrn. nú um alllangt skeið — ég hygg að það hafi byrjað a. m. k. í fyrra — verið unnið að áætlunum um fjarvarmaveitur á öllum þeim þéttbýlisstöðum yfir 300 íbúa sem ekki eru taldir nú eiga von á jarðvarma, en eru á orkuveitusvæði RARIKs. Hér er um að ræða staði eins og t. d. Hellu á Suðurlandi, Hvolsvöll, Eyrarbakka, Stokkseyri og Vík, flesta þéttbýlisstaði á Austurlandi frá Hornafirði til Vopnafjarðar, þéttbýlisstaði á Vesturlandi og Norðurlandi, sem ekki er nú áætlað að eigi von á jarðvarma a. m. k. á næstunni. En á sama tíma sem RARIK hefur gert þetta hefur Orkubú Vestfjarða gert hliðstæðar áætlanir um alla þéttbýlisstaði Vestfjarða af sömu ástæðum.

Það orkar ekki tvímælis, hve þýðingarmikið er að

koma fjarvarmaveitum upp af þeim ástæðum sem ég greindi áðan. Auk þess ber að hafa það í huga, að ef við komum upp fjarvarmaveitum þar sem það er hagkvæmt, í staðinn fyrir að vera með beina rafhitun, erum við búnir að útbúa og þá liggur fyrir það veitukerfi sem við getum hagnýtt ef okkur tekst síðan með aukinni viðleitni að fá jarðvarma sem hægt væri að hagnýta síðar. Þetta verk, sem hefur verið unnið bæði af RARIK og Orkubúi Vestfjarða til undirbúnings framkvæmdum við fjarvarmaveitur, er því ákafleg þýðingarmikið. Rafmagnsveitum ríkisins var falið af þáv. iðnrh. árið 1977 að gera þetta, þannig að þessu verki er núna á þann veg lokið að það liggja fyrir fullkomnar áætlanir um framkvæmdir í þessum málum. Það er aðeins eitt sem vantar. Það vantar aukið fjármagn. Þess vegna tökum við flm. þessarar till. þetta mál upp í 5. tölul. till. og leggjum ekki einungis áherslu á að jarðvarmi sé hagnýttur, heldur og að komið sé upp fjarvarmaveitum.

Herra forseti. Till. þessi fjallar um auknar framkvæmdir í orkumálum á árinu 1979 vegna hækkunar olíuverðs. En auðvitað var þörf fyrir meiri framkvæmdir en ráðgerðar eru þótt olíuverðshækkunin hefði ekki komið til. Það var þörf á að veita t. d. til Vesturlínu um 4000 millj. kr. á árinu 1979 og ljúka henni á því ári, í stað þess að veita einungis 1549 millj. kr. og ljúka henni ekki fyrr en á árinu 1980. Orkuráð gerði að till. sinni til fjárl. árið 1979 að framlag til styrkingar dreifikerfa í sveitum yrði 1000 millj. kr., en á fjárl. eru veittar aðeins 220 millj. kr. Till. var gerð um 500 millj. kr. til sveitarafvæðingar, en ekkert veitt úr ríkissjóði nema 200 millj. á lánsfjáráætlun, sem aðallega gengur til heimtauga í sveitum. (**Iðnrh.:** Hvað var það 1978?) Ég hef ekki þá tölu, en þetta er sveitarafvæðing. Ég sagði í ræðu minni áðan, að í raun og veru væri ekkert hægt að framkvæma í sveitarafvæðingu á þessu ári og svo hefði verið á síðasta ári. Ég hef þegar sagt það sem ég finn að hæstv. ráðh. vill draga fram. Ég hef engu að leyna í þessu efni. Ég hef leitast við í þessari ræðu að segja satt og rétt frá öllu og draga ekkert undan.

Þá vil ég taka fram að Orkuráð lagði til að til jarðhitaleitar færu 450 millj. kr., en veittar voru aðeins 350 millj. Það er því ekki hægt að hagnýta alla þá jarðbora sem við höfum. Þá gerði Orkuráð till. um 1000 millj. kr. til hitaveituframkvæmda, en aðeins voru veittar 330 millj. kr. Till. Orkuráðs, sem gerðar voru í júní 1978 um fjármagn til þessara framkvæmda sem ætlað var Orkusjóði, námu samtals 2950 millj. kr., en á fjárl. 1979 voru veittar aðeins 900 millj. kr.

Olíuverðshækkunin, sem nú er við að fást, kom til hálfu ári eftir að Orkuráð gerði framangreindar till. Óskum Orkuráðs var mjög stillt í hóf, ef menn vilja á annað borð viðurkenna þörfina á að framkvæmdir í orkumálum skuli hafa forgang. En því miður var ekki fallist á þessar till., og framlög á fjárl. ársins 1979 eru ekki einu sinni þriðjungur þeirrar heildarupphæðar sem Orkuráð lagði til. Þetta var fráleit niðurstaða, þó að olíuverðshækkuninni nú hefði ekki verið til að dreifa, hvað þá eins og nú er komið.

Till. þessi til þál. er flutt í því trausti, að hinn mikli vandi, sem olíuverðshækkunin nú veldur í ofanálag á það sem fyrir var,ýti við stjórnvöldum þannig að ekki einungis verði á árinu 1979 veitt það fjármagn til framkvæmda í orkumálum, sem till. höfðu verið gerðar um, heldur verði enn meira að gert.

Hér er um að ræða framkvæmdir á því ári sem nú er að líða. Samt sem áður hefur þáltill. þessi mikla raunhæfa þýðingu. Í fyrsta lagi er meginhluti ársins eftir og aðalframkvæmdatíminn enn ekki hafinn. Í öðru lagi þarf undirbúningur og hönnun framkvæmda ekki að tefja aðgerðir í þessum efnum. Verkefnin, sem hér er um að ræða, eru í framkvæmd eða eru undirbúin til að hefja framkvæmdir. Það er um að tefla að veita auknu fjármagni til þessara verkefna, svo að framkvæmdum verði hraðað á árinu og þær komi fyrr þjóðarbúinu að notum. Till. þessi gerir ráð fyrir að allra ráða sé leitað til að útvega þetta fjármagn, hvort heldur er með lántökum eða beinum framlögum úr ríkissjóði, enda verði beitt niðurskurði á öðrum útgjöldum ríkisins í því skyni.

Till. þessi er flutt á þeirri forsendu, að engan tíma megi missa til að mæta þeim mikla vanda sem olíuverðshækkunin nú veldur. Of mikið er í húfi þjóðhagslega og of miklar byrðar þeirra landsmanna, sem þyngst verða fyrir barðinu á olíuverðshækkuninni, til þess að ekki sé freistað að gera allt — bókstaflega allt sem er mögulegt til úrbóta. Að sjálfsögðu er till. þessi og flutt í trausti þess, að málum þessum verði fylgt eftir á næstu árum og framvegis með þeim hraða og fyrirhyggju sem mikilvægi orkumálanna fyrir þjóðarbúskap Íslendinga krefur.

Herra forseti. Ég leyfi mér að gera að till. minni að till. þessari verði vísað til hv. fjvn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér þykir nú fremur leitt að mál af þessu tagi skuli vera hér til umr. í nánast tómum þingsölum, því að ég hygg að það hefði verið full þörf á því fyrir hv. alþm. að glöggva sig á stöðu þeirra mála sem till. þessi gefur vissulega tilefni til, og hún gæti gefið mér tilefni til langrar ræðu hér og grg. um ýmislegt sem unnið er að á sviði orkumálanna og tengist efni þessarar till. Ég vil að það komi fram hér, að ég tel efni hennar góðra gjalda vert og það sé mjög eðlilegt að stjórnarandstaðan beri slíkt mál fram og reyni að ýta á eftir málum af þessu tagi, jafnframt því sem hún hafi uppi nokkra gagnrýni á störf þeirrar ríkisstj. sem við völd situr. Það er aldrei svo, að slík ýtni geti ekki komið nokkru góðu til leiðar, ekki síst ef það reynist svo, að menn séu efnislega sammála um mikilvægi þess máls sem til umr. er.

Ég tel að þessi till. sé með því skynsamlegra af fremur fáum málum sem stjórnarandstaðan hefur hreyft hér á þinginu í vetur. Hinu vil ég ekki leyna, að mér finnst sumt af því, sem fram kemur í grg. till., ofsagt og sumpart villandi. Ég mun víkja að því nokkrum orðum síðar í ræðu minni.

Afgreiðsla þessarar till. breytir úr af fyrir sig ekki miklu og þýðing hennar er að því leyti kannske ekki eins mikil og fram kom í máli hv. frsm. áðan, því að það er svo, að við höfum verið að vinna að þessum málum á vegum iðnrn. nú um nokkurra mánaða skeið. Þar hefur verið í gangi vinna að endurskoðun fyrirætlana varðandi framkvæmdir í orkumálum á árinu 1979, einmitt vegna þeirrar hækkunar olíuverðs, sem við blasir, og raunar einnig með tilliti til lengri tíma en ársins 1979. Einnig horfum við þar til næsta árs og næstu ára. Þessi vinna var hafin í iðnrn. áður en þessi till. kom fram á Alþ., en það er vissulega svo með mörg mál, að þau eru á einhverjum rekspöl í stjórnkerfinu og ekkert við því að segja þótt hv. þm. ýti á eftir með tillöguflutningi hér á þinginu.

Allt frá stjórnarskiptum hefur verið unnið að margvíslegri áætlanagerð varðandi orkumál. Vissulega tengist sú vinna ýmsu því sem var í gangi hjá fyrrv. ríkisstj., eins og alltaf vill verða, þó mál séu tekin öðrum tökum, og svo hygg ég að verið hafi nú við þessi stjórnarskipti, þó að það eigi kannske eftir að koma betur í ljós þegar frá líður. Samstarfsyfirlýsing stjórnarflokkanna gerir m. a. ráð fyrir að gerð verði áætlun um raforkuþörf og raforkuöflun til næstu 5—10 ára. Að slíkri áætlun hefur verið unnið á vegum rn. nú um nokkurra mánaða skeið, raunar í eitt missiri, og bráðabirgðaniðurstöður slíkrar áætlunar voru hafðar til hliðsjónar er till. voru mótaðar af rn. hálfu varðandi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979. Þessu verki er nú fram haldið á þeim mánuðum, sem liðnir eru af þessu ári, og tengist m. a. breyttum viðhorfum vegna hækkunar olíuverðs, sem sjálfsagt er að tekið sé með þegar áætlun til langs tíma er mótuð. Fyrir utan þetta er svo í gangi mikil vinna við athugun á skipulagsmálum raforkuiðnaðarins með það að markmiði að koma á fót einu landsfyrirtæki til að annast meginraforkuframleiðslu og raforkuflutning um landið. Má út af fyrir sig segja að það starf tengist ekki með beinum hætti því máli sem hér er til umr., en með óbeinum hætti gerir það það og á að tryggja, ef í höfn kemst, að mun heildstæðari vinnubrögð verði viðhöfð í sambandi við orkumál landsmanna en tekist hefur til þessa.

Fyrir olíuverðshækkunina, eða strax í byrjun vetrar, hóf iðnrn. undirbúning að víðtækum aðgerðum á sviði orkusparnaðar og hagkvæmari orkunýtingar, sem hv. frsm. þessarar þáltill. gerði að nokkru umtalsefni og vikið er að í þáltill. Það hafði þannig verið ákveðið að leggja í fyrstu sérstaka áherslu á sparnað í notkun á innfluttu eldsneyti og að fyrstu verkefnin á því sviði yrðu varðandi olíunotkun fiskiskipa og notkun olíu til húshitunar. Ég gerði grein fyrir vinnu og undirbúningi að þessum málum Sþ. á fyrsta degi þinghalds eftir jólaleyfi og mun því spara mér að fara ítarlega út í þessi mál nú. Síðan hefur verið unnið að þeim samkv. áætlun og allverulegur skriður er nú kominn á þá þætti sem ég nefndi, m. a. varðandi skipti á olíutegundum í togaraflotanum með vissri fyrirgreiðslu af hálfu stjórnvalda og með könnun á ástandi húsa með tilliti til einangrunar og ástands kynditækja, þar sem enn er kynt með olíu. Þessi undirbúningur, sem kominn var á rekspöl á liðnu ári, kom sér einkar vel nú, er mikil hækkun hefur orðið á olíuverði.

Varðandi sparnaðaraðgerðir í húshitun vil ég sérstaklega geta þess óeigingjarna starfs sem skólanemar nokkurra framhaldsskóla hafa lagt af mörkum, m. a. með ferð til þriggja þéttbýlisstaða á Austurlandi. Nú einmitt á þessum dögum og um helgina, sem fram undan er, eru skólanemar að verki í þessum tilgangi í öðrum landsfjórðungi, þ. e. a. s. á Vesturlandi, við að stilla og fara yfir kynditæki hjá íbúum á nokkrum stöðum þar. Hins vegar er ekki við því að búast að við getum treyst á skólaæskuna eina saman til þess að vinna það verk sem nauðsynlegt er að gera í sparnaðarskyni og hagkvæmniskyni með því að líta á búnað þeirra eitthvað 15 þúsund aðila sem búa enn við olíukyndingu, og því þarf þar að koma til fjölþættari aðgerða. Iðnrn. hefur því tekið til þess ráðs að hafa samvinnu við sveitarstjórnasamtök og sveitarfélög og snúið sér fyrir nokkru til landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem hv. frsm. þáltill. nefndi áðan að hefðu snúið sér til hæstv. ríkisstj. með sérstöku erindi, og við höfum óskað eftir því að geta átt samstarf við þau um þetta mál og boðið þar fram ákveðinn stuðning. Þannig er ákveðið að námskeið verði haldið að frumkvæði og á vegum iðnrn. í maímánuði n. k. til að þjálfa menn í meðferð kynditækja og til að unnt verði að ræk ja þessa þjónustu á sómasamlegan hátt í sem flestum byggðarlögum landsins sem búa við olíuhitun, á meðan ekki hefur tekist að útrýma notkun þessa innflutta eldsneytis. Einnig er í undirbúningi fræðsla með dreifiriti til allra þeirra, sem við olíukyndingu búa, um meðferð viðkomandi búnaðar, og upplýsingar munu koma fram og fræðsla í fræðsluþáttum í sjónvarpi nú innan tíðar.

Þess er einnig að geta, að starfshópur vinnur á vegum Orkustofnunar að þessum málum horft til lengri tíma, þ. e. a. s. að sparnaði í húshitun, óháð því hvaða orkugjafi á í hlut, hví að vissulega þurfum við að hugsa til sparnaðar á þessu sviði þótt um innlenda orkugjafa sé að ræða, og á þetta raunar ekki eingöngu við um húshitun, heldur nánast á öllum sviðum þar sem um orkunotkun er að ræða. Sparnaðarviðleitni er þannig sjálfsögð og eðlileg. En markmiðið hlýtur að vera að útrýma olíunotkun við upphitun húsa sem víðast á allra næstu árum og einnig á öðrum sviðum í búskap okkar eftir því sem frekast er kostur, svo sem í iðnaði og samgöngum. Þetta verkefni kallar á samræmdar aðgerðir á sviði raforkumála, í hitaveituframkvæmdum, þar sem byggt er á jarðvarma, og í fjarvarmaveitum, þar sem hagkvæmt kann að verða að koma þeim upp, en þær byggja sem kunnugt er á blöndu af raforku og svartolíu og með þeim er haldið opnum leiðum fyrir nýtingu jarðvarma með þeim vatnskerfum, sem þar er um að ræða, eða afgangsorku frá iðjuverum til upphitunar.

Iðnrn. tók einnig til við það, eftir að ljóst var að veruleg verðhækkun yrði á olíu, að leita leiða, hvernig hægt væri að standa með skipulegum hætti að því að bregðast við þessari vá, eins og það er orðað í fyrirliggjandi þáltill. Við tókum til þess ráðs að kveðja saman allmarga sérfræðinga og starfsmenn af vettvangi orkumála, kvöddum þá saman til funda til þess að fá fram hugmyndir til undirbúnings að tillögugerð um framkvæmdir og forgangsverkefni á sviði orkumála vegna fyrirsjáanlegrar verðhækkunar. Fyrsti undirbúningsfundur þessa liðs var haldinn í lok febr. s. l. og í framhaldi af honum ráðstefnur um málið 12. og 13. mars s. l. Þessir fundir, en þá sóttu m. a. starfsmenn rafveitna úr öllum landshlutum, voru mjög gagnlegir að mínu mati og þar kom fram fjöldi hugmynda. Voru skráðar eitthvað á milli 400 og 500 ábendingar og hugmyndir frá þátttakendum. Frumúrvinnslu á því, sem fram kom á þessum fundum, er nú lokið og liggja þar fyrir 200 ábendingar sem teknar eru til framhaldsskoðunar, og sérstakur hópur vinnur nú að því á vegum rn. að móta till. á grundvelli þessa efnis og fleira sem að verður dregið.

Þetta er þriggja manna hópur undir forustu ráðuneytisstjóra í iðnrn. Það er ætlunin að leggja fram mótaðar till. um þessi efni innan tíðar og þær eiga að fela í sér viðbrögð við hækkuðu olíuverði. Ég geri ráð fyrir að þar komi fram till. um hugsanlega hröðun framkvæmda á árinu 1979, þar komi fram ábendingar um hraðari undirbúning framkvæmda vegna ársins 1980 og till. um framkvæmdahröðun á sviði orkumála með tilliti til verðbreytinga á orku horft til næstu ára. Ég á einnig von á að þarna komi fram till. um æskilegar og nauðsynlegar rannsóknir vegna framkvæmda í orkumálum, vegna nýjunga og æskilegra nýmæla á sviði orkumála og vegna

orkusparnaðar og mögulegrar hagkvæmari orkunýtingar.

Till. vegna hugsanlegra aðgerða á yfirstandandi ári þurfa að sjálfsögðu að koma fram fyrr en seinna, eins og hv. frsm. gat um áðan, og ég vænti þess, að þær liggi fyrir frá þessum starfshópi innan hálfs mánaðar. Rn. mun þá kynna þær í ríkisstj. og leita leiða til að hrinda a. m. k. einhverjum þeirra í framkvæmd og leita leiða til fjáröflunar í því skyni til viðbótar því sem till. hafa verið mótaðar um og fram hefur komið í fjárl. og framkvæmda- og lánsfjáráætlun ríkisstj.

Í fyrirliggjandi þáltill. er bent á tvær mögulegar leiðir. Ég tel út af fyrir sig eðlilegt að á þær sé litið. Við hljótum að hugsa til mögulegrar öflunar á lánsfé eftir því sem ástæða þykir til að hraða framkvæmdum eða undirbúningi framkvæmda. Einnig kemur vissulega til álita tilfærsla á fjármagni frá því sem fyrirhugað hefur verið. Ég vil einnig geta um atriði sem ég tel að líta beri á í þessu samhengi, en það er að ráðstafa hluta af þeim viðbótartekjum, sem ríkissjóður fær vegna hækkaðs olíuverðs eða bensínverðs, í þessu samhengi. Ég tel að það komi vel til álita að nýta eitthvað af þeim tekjum, að svo miklu leyti sem þeir tekjustofnar verða ekki niður felldir, einmitt til þess að hraða framkvæmdum á sviði orkumála hér innanlands.

Sú vinna, sem verið hefur í gangi á vegum iðnrn., mun einnig nýtast við undirbúning og mótun till. vegna framkvæmda á árinu 1980, en vinna við þá tillögugerð er nú einmitt að hefjast á þessum vikum. Það þarf að hyggja einnig að framtíðinni. Hér kemur vissulega fjölmargt til álita, eins og bent var á af frsm. áðan, og það liggja fyrir langir óskalistar innan iðnrn., en einnig frá hv. þm. og frá sveitarfélögum víða um land. Það er mjög eðlilegt að til álita komi raflínulagnir, eins og bent hefur verið á, hröðun raflínulagna til þess að taka fyrir eða afnema raforkuframleiðslu með olíu sem enn á sér stað í nokkrum mæli á vissum stöðum á landinu og áætlað hefur verið að geta kostað um 1.5 milljarð kr. á þessu ári, og er þá miðað við olíuverð sem nemur 92 kr. á lítra. Þessi svæði eru einkum eftirtalin: Það eru Vestfirðir. Þar gæti olíukostnaður samkv. sömu forsendum numið 785 millj. kr. Ég nefni það auðvitað, að þessar tölur eru ekki nákvæmar og eru áætlunartölur. Það er Vopnafjarðarsvæðið á Austurlandi. Þar búa menn eingöngu að dísilvinnslu, þar sem rafmagn er eingöngu framleitt með olíu. Gæti kostnaður við það numið um 290 millj. kr. á þessu ári. Þess er að geta, að samkv. lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við tengingu þessa svæðis með lagningu línu frá Lagarfossi til Vopnafjarðar, sem væntanlega nær í höfn á næsta ári og þarf að gerast fyrir vetur raunar, á sama hátt og tryggja þarf að tenging Vesturlínu ljúki fyrir veturinn 1980—1981. Það er þjóðhagslega mjög þýðingarmikið.

Enn eitt af þessum svæðum, sem búa við mikla dísilvinnslu eða framleiðslu á raforku með olíu, er Austur-Skaftafellssýslusvæðið, sem er enn þá einangrað frá landskerfinu. Kostnaður við raforkuframleiðslu með olíu þar er talinn geta numið 465 millj. kr. á þessu ári. Einnig ber hér að nefna svæði Skeiðsfossvirkjunar á Norðurlandi, sem er einangrað svæði, þar sem er fyrst og fremst um að ræða Siglufjörð og raunar Olafsfjörð, en ekki horfir vel með orkuöflun á þessu svæði, þannig að það er mjög nauðsynlegt að leita leiða til þess að tengja það fyrr en seinna við landskerfið með lagningu raflínu, væntanlega frá Dalvík til Ólafsfjarðar. Vegna þess, hvernig árað hefur að undanförnu, er vatnsforði mjög takmarkaður hjá vatnsaflsvirkjunum á þessu svæði, þannig að það þarf að grípa til skyndiráðstafana til þess að afstýra orkuskorti á næstu vikum. Ég vil líka í þessu samhengi nefna Norðausturlandið, þ. e. a. s. svæðið í Norður-Þingeyjarsýslu, þar sem mjög nauðsynlegt er að bæta ástandið og endurbyggja þá stofnlínu, sem þangað liggur og er mjög ófullkomin, og geysimikil orkutöp eru á þessu svæði og þar sem um nokkra olíunotkun er að ræða við raforkuframleiðslu.

Brýnt er að sjálfsögðu að halda áfram lagningu stofnlína um landið, hinna öflugu 132 kw. stofnlína, og ljúka hringtengingu með slíkum línum um landið. Er í sérstakri athugun á vegum iðrnn. hversu hratt beri að fara í þeirri framkvæmd, en þegar hefur verið áformað að tengja Austur-Skaftafellssýslu norðan frá á allra næstu árum með slíkri stofnlínu, og það er aðeins spurning um tíma — ekki langan tíma — hvenær hringnum verði lokað. Þetta tengist m. a. athugun á raforkuframkvæmdum og virkjanaframkvæmdum á Austurlandi og öryggisþáttum fyrir landskerfið í heild. Þau mál eru nú í athugun á vegum iðnrn. í samráði við marga hlutaðeigandi aðila.

Hv. frsm., Þorv. Garðar Kristjánsson, vék áðan einnig að styrkingu dreifikerfanna og nauðsyn á að gera þar mikið átak. Ég tek fullum hálsi undir þau orð hans og lýsi ánægju minni með þá vinnu sem staðið hefur verið fyrir af Orkuráði á undanförnum missirum við úttekt í þessu efni, þar sem fyrir liggur nú áætlun um eða a. m. k. greining á stærð þessa verkefnis, II. þætti í rafvæðingu sveitanna, eins og það var orðað áðan. Þarna er um að ræða mjög stórt verkefni á okkar mælikvarða, en geysiþýðingarmikið, og ég held að það sé út af fyrir sig ekki ofsagt að menn hafi mænt of mikið á virkjanir á undanförnum árum, en ekki veitt þýðingu uppbyggingar dreifikerfisins þá athygli sem skyldi, og því hafi gætt þarna nokkurs misvægis. Það er full þörf á því, að horft verði á þessi mál í fyllsta samhengi, því að fyrir notendurna skiptir auðvitað meginmáli að fá raforkuna nægа og örugga á leiðarenda og á sem hagkvæmustu verði og sanngjörnu verði miðað við það sem best gerist á landinu. Ég tel að það þurfi að ýta mjög vel á eftir einmitt við styrkingu dreifikerfa á næstu árum, og sú áætlun, sem felst í till. og skýrslum Orkuráðs, sem dreift var til hv. þm. nýlega, þyrfti helst að ganga eftir ef vel ætti að vera. Þar er gert ráð fyrir því, að komið verði þrífasa rafmagni á um 65% af þeim línulögnum sem nú eru fyrir hendi í sveitum eða strjálbýli landsins, og þetta ætti að ná til 70—80% af býlum eða jörðum í sveitum landsins, sem mundu þá njóta þessa rafmagns. Kostnaðurinn við þetta verkefni hefur verið áætlaður, miðað við verðlag í byrjun þessa árs, 8800 millj. kr., sem þyddi þá að verja þyrfti til þess 1100 millj. kr., ef ljúka ætti þessu mikilvæga verkefni á 8 árum, eins og Orkuráð hefur gert ráð um. Eftir væri þá hluti af sveitabýlum í landinu án þrífasa rafmagns, en það verður auðvitað að vera matsatriði hversu miklu til er kostað, og það þyddi verulegan viðbótarkostnað ef ætti að tryggja þessum jörðum sams konar rafmagn með þrífösun, eða samkv. áætlun, að mig minnir, milli 6 og 7 milljarða kr. sem þá bættust við. Það er ekki heldur endilega sagt að allt sé fengið með slíkri þrífösun, þó að það muni staðreynd að vélar séu dýrari þegar um einfasa rafmagn er að ræða.

Ég vil aðeins víkja að einum þætti sem sjálfsagt er að huga að í sambandi við aðgerðir til hagkvæmni í sambandi við raforkuöflun og ekki þarf að kosta mjög mikið til að skila árangri, en það er að bæta við svokölluðum þéttum í spennistöðvar í dreifikerfinu, í aðveitustöðvum. Með slíkum ráðstöfunum, slíkum búnaði, sem kallaður er „þéttar" og ekki kostar mjög mikið, má auka verulega flutningsgetu lína. Ég get tekið sem dæmi, að með slíkum búnaði, sem kostar aðeins nokkra tugi millj., að ég hygg, væri unnt að auka flutningsgetu á línu til Keflavíkur um heil 7 mw. frá því sem nú er. Ég skal ekki fullyrða um tilkostnaðinn, en hann er ekki mjög verulegur við slíkan búnað. Sama gildir ef komið væri upp þéttum á Austurlínu á Akureyri og við endastöð hennar í austri í Skriðdal. Þá mætti fyrir 400 millj. kr. stórlega auka flutningsgetu þessarar línu. Þarna er um möguleika að ræða sem ekki hafa verið mikið til umr., en sjálfsagt er að líta til þegar rætt er um að bæta ástandið í þessum efnum frá því sem nú er.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að þeim þætti sem varðar jarðhitaleit og rannsóknir á því sviði. Ég tel að eitt af því þýðingarmesta í sambandi við þessi mál sé að unnt verði að halda áfram og auka og standa skipulega að jarðhitaleit á þeim svæðum og nálægt þeim þéttbýlisstöðum sem ekki njóta jarðvarmaveitna, en hefðu möguleika til þess. Þar er ólokið mörgum verkefnum, bæði grundvallarrannsóknum með hitastigulsborunum, sem svo eru kallaðar og ekki kosta mikið fjármagn, en einnig borunum, sem nauðsynlegar eru í framhaldi af slíkum yfirlitsrannsóknum, til þess að fá úr því skorið hvort möguleikar kunna að vera á heitu vatni til hitaveitna á viðkomandi svæðum. Ég get nefnt þarna sem dæmi svæðin á Snæfellsnesi eða við sunnanverðan Breiðafjörð, þar sem menn telja sig hafa von um að geta fengið upp jarðhita, en það er hins vegar mjög erfitt og verður ekkert um það fullyrt nema að undangengnum verulegum rannsóknum, sem hvorki er eðlilegt né líklegt að sveitarfélög geti staðið fyrir, svo mikil er óvissan í þessum efnum. Það er því eðlilegt að mínu mati að hið opinbera grípi inn í með því að standa fyrir borunum á slíkum svæðum. Þetta gildir raunar einnig um svæði á því „kalda" Austurlandi, sem talið hefur verið í jarðfræðilegum skilningi, þar sem á síðustu árum hefur þó komið í ljós að von getur verið um nýtanlegan jarðhita. Raunar liggur vissa fyrir um það fyrir þéttbýlið við Egilsstaði, þar sem menn eru að undirbúa og ætla sér að ráðast í hitaveitu, jarðvarmaveitu, þegar á þessu ári.

Ég vil í þessu samhengi, vegna þess að hv. frummælandi vék sérstaklega að nauðsyninni á að hækka olíustyrk og nefndi einnig og rifjaði upp tölur frá liðnum árum í sambandi við jarðhitaleit og lán til jarðhitaframkvæmda um Orkusjóð, taka fyllilega undir orð hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar um það, að óhjákvæmilegt er að hækka olíustyrk að því marki að ekki verði um að ræða frekari mismunun en orðin er hjá þeim íbúum landsins sem enn búa við olíukyndingu. Það hefur komið fram, að ríkisstj. hefur nýlega hækkað olíustyrkinn allverulega frá því sem var á síðasta ári, eða um 85%, úr 2600 kr. á íbúa upp í 5000 kr., og gert hafði verið ráð fyrir því samkv. fjárl. að styrkurinn yrði tvöfaldaður, en óhjákvæmilegt verður að bæta þar verulega við ef eftir gengur sem horfir um þróun olíuverðs. Þessi hækkun, sem gildir fyrir fyrsta ársfjórðung 1979, nemur um 85%, eins og ég gat um, en hlýtur að verða endurskoðuð fyrir framhaldið með hliðsjón af hækkun á olíuverði.

En það er kannske eðlilegt að rifja upp í þessu samhengi eða ítreka það sem hv. frsm. nefndi, hversu lítið olíustyrkurinn hefur hækkað á undanförnum árum og á starfstíma síðustu ríkisstj. Ég tel að það sé eðlilegt að á það sé minnt, að þegar menn eru að benda á að vel hafi verið staðið að jarðhitaleit og jarðhitalánum má það hins vegar ekki gleymast að þarna er um samhengi að ræða. Það var tryggð tekjuöflun. (**ÞK:** Það var tekið fram, hvað hefði hækkað olíustyrkur til hitakyndingar.) Það er alveg rétt. Það var fram tekið af hv. flm. En það var samantengd á starfstíma fyrrv. ríkisstj. hækkun á jarðhitalánum og framlögum til jarðhitaleitar og hlutfallsleg lækkun á olíustyrk á sama tíma. Menn voru með þennan tekjustofn, sem tryggður var og markaður var 1974 sem 1% gjald, sem skyldi varið til þessara hluta. En það var fyrrv. ríkisstjórnar að ákveða um skiptin. Hún valdi þann kost, sem ég út af fyrir sig ætla ekki alfarið að gagnrýna, að verja auknu fé til jarðhitaleitar. Það var nauðsynlegt og það var rétt að gera það. En það var gert á kostnað olíustyrksins að verulegu leyti, þannig að verðgildi hans rýrnaði stórlega á sama tíma. Það, sem hefði þurft að gerast á þessum tíma, var að bæta þarna við fjármagni til hvors tveggja. Ég get margt vel sagt um þá vinnu sem fyrrv. ríkisstj. stóð að í sambandi við átak í hitaveituframkvæmdum og þeim rannsóknum sem þær þurfa að byggjast á, en hitt má ekki gleymast, að þeir, sem við olíuhitun búa og bjuggu á þeim tíma, sátu ansi mikið úti í kuldanum hjá þeirri hæstv. ríkisstj. á meðan hún starfaði. Því er nú brýn nauðsyn að bæta þar úr og um það hefur verið mörkuð stefna.

Varðandi hitaveituframkvæmdir vil ég líka geta þess, að ég tel að þar þurfi í framtíðinni að læra nokkuð af mistökum sem orðið hafa að sumu leyti á liðinni tíð, og er ég þar ekki að áfellast einn eða annan. Það væri kannske réttara að segja: að læra af þeirri reynslu sem við höfum safnað á liðnum árum í sambandi við hitaveituframkvæmdir. Þó að rösklega hafi verið unnið að mörgu leyti á því sviði fyrir tilverkanð fyrrv. ríkisstj. hefur skort mjög á að nógu skipulega og vel væri staðið að undirbúningi framkvæmda í hverju tilviki.

Eins og við vitum eru sveitarfélögin frumkvöðlar og standa fyrir hitaveituframkvæmdum. Þær eru á þeirra vegum langflestar og þau bera af þeim veg og vanda, þó að hið opinbera láni til þeirra og styrki þær með vissum hætti, þ. á m. með lánafyrirgreiðslu. Það er nú svo, að ekki er nóg eitt út af fyrir sig að jarðvarmi finnist. Það þurfa að vera ákveðnar hagkvæmniforsendur til þess að það sé óyggjandi rétt að ráðast í jarðvarmaveitur eftir að varmi er fundinn. Það skiptir því mjög miklu máli, að allur undirbúningur sé vandaður. Við höfum nokkrar hitaveitur hérlendis sem eru í vandræðum vegna þess að menn hafa teflt í nokkra tvísýnu og þar sem ekki er kannske um fundið fé að ræða, jafnvel þótt miðað sé við hið háa olíuverð og hækkandi olíuverð. Vissulega vænkast samanburðurinn með hækkuðu olíuverði, þannig að þess er að vænta að veitur, sem nú eru þegar risnar og eru kannske ekki ýkjahagkvæmar, verði það innan tíðar og að hitaveitukostir verði hagkvæmir, þó að þeir sýnist það ekki miðað við núverandi orkuverð. Ég get nefnt sem dæmi um hitaveitur, sem þarna eiga í vanda, hitaveiturnar á Blönduósi og á Siglufirði, þar sem nauðsynlegt er að leita leiða til þess að bæta úr fyrirsjáanlegum

vandkvæðum.

Í þessu sambandi tel ég rétt að benda á að ég hygg að það þurfi að standa öðruvísi að jarðhitaleit fyrir hin minni sveitarfélög, það sé nánast í of mikið ráðist fyrir tiltölulega fjárhagslega vanmegna sveitarfélög að standa fyrir jarðhitaleit með þeim hætti sem æskilegast væri. Því hafa menn teflt þar í sumum tilvikum óþarflega í tvísýnu, þ. e. a. s. menn hafa ráðist í að leggja dreifikerfi næstum á sama tíma og þeir eru að leita að jarðhitanum, meðan þeir eru að bora. Þetta er dálítið svipað og gerðist við þá frægu Kröfluvirkjun. Þarna er teflt á of mikla tvísýnu. Og þetta er einfaldlega vegna þess að veiturnar eru ekki hagkvæmar nema takist að koma þeim í gagnið nánast samtímis og sveitarfélagið fer að stofna þar til verulegs tilkostnaðar. Þá þarf að fá inn tengigjöld og tekjur, og er sveitarfélagið því nánast nauðbeygt til þess að taka verulega áhættu. Á þessu tel ég að verði að ráða bót. Þar verða opinberir aðilar að koma til eða skipuleg samtök meðal sveitarfélaga.

Ég held að það sé veruleg ástæða til þess að taka hitaveitumálin til skipulegrar meðferðar og úttektar á grundvelli fenginnar reynslu. Við í iðnrn. höfum þegar tekið upp samvinnu við sveitarfélög um þetta og ákveðið að reyna að taka undirbúning þessara mála meira til athugunar á vegum sjálfs rn. en verið hefur. Þetta hefur því miður verið allt of mikið á tvístringi og hefur nánast enginn einn aðili haft yfirlit yfir þessa þætti. Ég tel það ekki orka tvímælis, að iðnrn. beri að hafa þarna veg og vanda, vera sá aðili sem metur málin áður en ráðist er í framkvæmdir, svo sem lög raunar bjóða, því að það er iðnrn. sem á að veita einkaleyfi til hitaveitna og ekki síður að vera ráðgefandi í þessu efni. Það þarf líka að huga að verðlagningu jarðvarmaorkunnar. Það er allt of mikill munur á gjaldskrám hitaveitna víða um landið, og þar ganga menn ekki alls staðar eins skynsamlega fram og skyldi með því að halda gjaldi á heitu vatni óþarflegu lágu og hafa þá ekki bolmagn til þess að ráðast í stækkun viðkomandi fyrirtækja þegar að henni kemur. Að þessu öllu þarf að huga.

Hér var svo vikið nokkuð að fjarvarmaveitum, og vissulega hafa menn horft talsvert til þess kostar í sambandi við þau svæði sem ekki geta með vissu treyst á jarðvarma, a. m. k. ekki eins og þekkingu okkar nú er háttað. Það er mjög góðra gjalda verð sú úttekt sem unnið hefur verið að á undanförnum árum að þessu leyti. Henni er nú nokkuð langt komið, þannig að menn eru að fá sæmilega heildarsýn til þessara mála. Það eru að koma núna á allra næstu vikum skýrslur sem hafa að geyma yfirlit yfir hagkvæmniútreikninga í þessum efnum fyrir nánast landið allt, eða réttara sagt þau svæði þar sem fjarvarmaveitur gætu komið til álita, og það hefur komið í ljós einmitt á síðustu mánuðum við athugun þessara mála, að það er kannske ekki allt eins girnilegt í þessum efnum og mönnum hefur sýnst og það þarf þarna eins og víðar að fara vel ofan í saumana áður en ráðist er í framkvæmdir. Ég er ekki að segja með þesu, að það hafi neitt komið fram sem er útilokandi fyrir fjarvarmaveitur á mörgum þéttbýlisstöðum, en hins vegar virðast útreikningar og athuganir leiða í ljós að munurinn á beinni rafhitun og fjarvarmaveitum sé engan veginn eins mikill þjóðhagslega séð og hagkvæmnilega séð og menn hafa haldið. Því er það, að margt bendir til þess að víða á hinum svokölluðu „köldu svæðum" verði um blöndu hvors tveggja að ræða, þótt í þéttbýli sé, og menn þurfi að vanda vel allan undirbúning áður en ráðist er í framkvæmdir að þessu leyti.

Eins og hv. þm. vita er hugsað til þess að nota afgangsraforku í sambandi við uppbyggingu fjarvarmaveitna og olíu til þess að taka af afltoppana. Það er nokkuð misjafnt, og fer eftir uppbyggingu raforkukerfisins og raunar eftir vatnsárum líka, hversu mikla afgangsraforku við höfum. Það er einmitt athugun af þessu tagi sem hefur verið í gangi og er að verða sæmilega heildstæð nú, þar sem menn eru að bera saman — horft fram til næstu aldamóta — hvernig háttað muni vera um afgangsorku í raforkukerfi landsmanna á þessu tímabili og þar með hvernig fallið geti saman á hinn æskilegasta hátt þjóðhagslega séð uppbygging á fjarvarmaveitum, miðað við þá afgangsorku sem fyrir kann að liggja í landskerfinu á hverjum tíma. En þess ber vissulega að geta, að þó að krónur beri kannske vott um að fjarvarmaveitur séu ekki endilega hagkvæmar miðað við beina rafhitun ber að hafa í huga að þær halda opnum leiðum m. a. fyrir jarðvarma ef hann finnst og þær auka einnig á öryggi notenda, þar sem menn hafa varaafl úr að spila, ef raforku þrýtur, og það er nokkuð fyrir það gefandi. Slíkt ber að sjálfsögðu að taka til greina. Vatnskerfin gefa einnig möguleika á því að nota afgangsvarma í ýmsu formi, ef til fellur, m. a. frá iðnaði, og ber vissulega að meta slíkt þegar litið er á hagkvæmni fjarvarmaveitu.

Hv. þm. og frsm. hér áðan, Þorv. Garðar Kristjánsson, vék nokkuð að fjárveitingu til orkumála á yfirstandandi ári og var með samanburð við óskir Orkuráðs, eins og þær voru fram settar s. l. sumar. Ég vil taka það fram, að ég tel að það hafi langt frá því tekist að tryggja það fjármagn til orkumálanna á þessu ári sem þurft hefði og það enda þótt ekki hefði komið til hækkun á olíuverði. En vegna þess samanburðar, sem fram kemur í grg. með þessari till., og þeirra orða, sem hv. frsm. hafði áðan um þessi efni, tel ég rétt að víkja nokkrum orðum að þessum þætti og líta þá einnig á hvernig fyrrv. ríkisstj. stóð að þessum málum, þó að metingur af því tagi sé kannske ekki það brýnasta í þessum efnum.

Við skulum byrja á því í þessu samhengi að líta á samanburð í heild á framlagi til orkuframkvæmda milli áranna 1978 og 1979. Samkv. fjárfestingaráætlun ársins 1979, sem nú er í meðferð Alþ., er gert ráð fyrir að það verði um 5% samdráttur í opinberum framkvæmdum milli ára, og raunar benda áætlanir og spár til þess, að um 7% samdrátt verði að ræða í heildarfjárfestingu á árinu 1979. Samdráttur framkvæmda við rafvirkjanir og rafveitur er að framkvæmdamagni — ekki í krónum talið, heldur í framkvæmdamagni — talinn vera samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar 2.7% lægri en var á árinu 1978, þ. e. allverulega minni en meðaltalssamdráttur í opinberum framkvæmdum. Hins vegar dragast framkvæmdir við hitaveitur meira saman en nemur meðaltalssamdrætti í heildarfjárfestingu til opinberra framkvæmda, eða að mig minnir nálægt 13% að magni til miðað við árið 1978. Þar veldur m. a. að stórar framkvæmdir — eins og við Hitaveitu Suðurnesja — eru langt á veg komnar. Það eru kannske ekki mörg stórvirki af því tagi fram undan, en þó ber þar að geta sérstaklega hitaveitna Akraness og Borgarness sem gert er ráð fyrir að unnt verði að hefja framkvæmdir við á þessu ári og ég vona að megi takast, og ætlaðar eru í því skyni allt að 750 millj. kr. samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þessa

árs. Einnig er gert ráð fyrir lántökum og framlögum til margra nýrra hitaveituframkvæmda fyrir utan þessa stóru veitu á Vesturlandi, þ. á m. hitaveitu Egilsstaða og fjarvarmaveitu á þéttbýlisstöðum, svo sem á Ísafirði og Höfn í Hornafirði.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að Orkuráð gerði till. um fjárveitingar til framkvæmda á sviði orkumála að upphæð 2950 millj. kr. og þær till. lágu fyrir s. l. sumar, ég hygg í júnímánuði s. l. Í þeim drögum að fjárlagafrv., sem fyrir lágu við stjórnarskiptin og fyrrv. ríkisstj. skilaði í veganesti til þeirrar sem við tók, var hins vegar gert ráð fyrir að þessi fjárhæð næmi ekki 2950 millj. kr., eins og Orkuráð hafði lagt til, heldur 830 millj. kr., fyrir utan 130 millj. kr. lántöku sem gert var ráð fyrir undir merkjum sveitarafvæðingar. Í fjárl. ársins 1978 var samsvarandi fjárveiting 690 millj. kr. Ég er ekki að segja með þessu — síður en svo — að till. Orkuráðs hafi verið óeðlilegar eða óraunsæjar. Ég held að þær hafi verið studdar góðum rökum.

Við afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar var fjárveiting til framkvæmda á vegum Orkusjóðs hækkuð úr 830 millj. í 900 millj. kr. — það var auðvitað allt of lítið — auk þess sem ákveðnar voru lántökur til sjóðsins að upphæð 225 millj. kr. til styrkingar dreifikerfa í sveitum og lántaka að upphæð 200 millj. kr. til sveitarafvæðingar. Nokkuð var því úr bætt frá því sem till. lágu fyrir um við stjórnarskiptin. Þá liggur einnig till. fyrir um það í lánsfjáráætlun ríkisstj., að Orkusjóði verði heimiluð lántaka að upphæð 360 millj. kr. vegna yfirtöku skulda Orkusjóðs á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins sem til komu við stofnun Orkubús Vestfjarða. Við stjórnarskiptin stóð Orkusjóður frammi fyrir mjög alvarlegum fjárhagsvanda, m. a. vegna þeirra skuldaskipta sem á hann voru sett í byrjun ársins 1978. Till. iðnrn. um fjárframlög til þessara mála við undirbúning lánsfjáráætlunar ársins 1979 voru miklu hærri en hún ber vott um, en náðu hins vegar ekki fram að ganga við afgreiðslu hennar í ríkisstj. Það mun vera reynsla þeirra, sem á einstökum málaflokkum halda, að þeir fá ekki það fram sem æskilegast væri. En ég tel að það sé mikil nauðsyn á því, að menn fáist til að líta á mikilvægi orkumálanna og þjóðhagslega þýðingu öðrum augum en verið hefur nú um nokkuð langt skeið, og ég vænti þess, að slík hugarfarsbreyting komi fram á þessu ári og endurspeglist að einhverju leyti í till. vegna fjármagns til þessara þátta á næsta ári. — Ég vil geta þess í þessu samhengi, að iðnrn. studdi eindregið varatill., sem Orkuráð gerði og setti fram 11. des. s. l. um 1900 millj. kr. fjárveitingu til framkvæmda á vegum Orkusjóðs, og lét reyna á það í þessu sambandi innan ríkisstj. hvort unnt væri að fá fylgi við þær tillögur.

Ásamt mörgu vék hv. frsm. áðan að jarðborunum. Raunar kemur það einnig fram í grg. með þessari þáltill., að ekki sé einu sinni séð fyrir nægilegu fjármagni til að nýta þá jarðbora sem eru í eigu ríkisins. Þetta er alveg rétt. Ástandið er þannig, að það er nánast aðeins séð fyrir verkefnum fyrir annan af tveimur hinna stóru jarðbora sem aflað var fyrir nokkrum árum. Verkefnalega séð er gert ráð fyrir ákveðinni verkaskiptingu þeirra á milli. En þetta er því miður engin ný bóla. Ástandið hefur verið þannig á undanförnum árum samkv. grg. sem ég hef fengið frá Orkustofnun, að engan veginn hefur verið séð fyrir verkefnum fyrir þessa stóru bora. Þau hafa ekki verið samfelld nú um nokkurra ára bil og hafa borarnir oft verið notaðir til skiptis. Það er auðvitað út af fyrir sig álitamál, hvort tæki sem slík eigi að ráða ferðinni, og ég tel vissulega að það geti ekki verið rétt að menn eigi að meta framkvæmdir út frá fyrirliggjandi tækjum. En hitt tel ég alveg sjálfsagt að fram komi, að það þyrfti að vera meiri kraftur í borunum, í jarðhitaleit í landinu, og þessi tæki þyrfti að nýta betur.

Þegar ráðist var í kaup á jarðbornum Jötni gerðu menn ráð fyrir því og áætlanir munu hafa legið fyrir um það, að boraðar yrðu með honum 4—5 holur á ári hverju, að slík verkefni lægju fyrir. En það hefur einfaldlega ekki gengið eftir. Á þeim tíma gerðu menn ráð fyrir stórframkvæmdum í borunum vegna Kröfluvirkjunar. Þar hafa aðstæður í millitíðinni breyst og menn hafa að meiri hluta reynst ófáanlegir til þess að veita fjármagn í það sem ég teldi eðlilegar rannsóknir á jarðhitasvæðum þar til þess að færast nær því marki að geta metið hvort líkur séu á því, að unnt verði að koma þeirri miklu fjárfestingu, sem þegar er fyrir í Kröfluvirkjun, í gagnið. Þannig er ekki neitt fjármagn samkv. lánsfjáráætlun þessa árs til neinnar borunar á þessu háhitasvæði, og það kemur auðvitað fram þegar litið er á nýtingu jarðboranna. Ég hygg að þeir erfiðleikar, sem menn hafa orðið fyrir í sambandi við jarðhitaleitina vegna Kröfluvirkjunar, hafi orðið til þess að dregið hefur úr jarðhitaleit og hugsanlegum framkvæmdum á háhitasvæðum landsins. Ég hygg að ef vel hefði gengið og eftir því sem vonir stóðu til hjá mönnum á háhitasvæðinu við Kröflu, þá hefði orðið framhald á borunum á jarðhitasvæðum, eins og t. d. á Hengilssvæði, þar sem menn höfðu nokkurn veginn fullbúnar frumáætlanir a. m. k. fyrir raforkuver sem ætlað var að reisa á jarðvarma.

Þannig hafa erfiðleikarnir, sem menn hafa mætt við Kröfluvirkjun, áreiðanlega orðið til þess að draga úr mönnum kjarkinn til að rannsaka og ráðast í framkvæmdir í sambandi við jarðhita okkar. Ég tel að svo megi ekki lengur standa. Ég held að við þurfum að efla mjög skipulegar rannsóknir á jarðvarma okkar, ekki aðeins vegna hitaveituframkvæmda, heldur vegna hugsanlegra iðnaðarnota á grundvelli jarðvarmans. Það er engan veginn gott til frásagnar, að við vitum allt of lítið um jarðhitasvæði okkar, þar sem menn hefðu þó ástæðu til að hugsa til hagkvæmra nota í sambandi við iðnaðaruppbyggingu. T. d. um svæði, sem liggur ekki lengra frá Reykjavík en Hveragerði og þar sem menn hafa stundað hagnýtingu á jarðvarma til gróðurhúsaræktar og fleiri nota nú um alllangt skeið, vita menn engan veginn nóg til þess að geta svarað spurningum sem á okkur brenna vegna hugsanlegrar iðnaðaruppbyggingar þar, t. d. í formi sykurvinnslu, sykurverksmiðju, sem menn eru að hugsa til eða vilja a. m. k. fá úr skorið hvort hagkvæmt sé að reisa. Það liggur fyrir, að það er ekki hægt að svara frumatriðum og einföldum spurningum um gæði gufu frá þessu jarðhitasvæði til verksmiðju af því tagi né heldur á hvaða verði unnt sé að afgreiða orkuna þaðan. Þetta er auðvitað ekki nógu gott. Ég tel að við þurfum að læra af slíku og reyna að tryggja að við getum áttað okkur á því, hvaða hugsanleg not og þjóðhagslegan ávinning við getum haft af jarðvarma okkar einnig í sambandi við iðnaðarnot.

Varðandi jarðboranir og tilkostnað þar að lútandi liggja nú fyrir hv. Alþ. fsp. sem hafa ekki komist á dagskrá nú um nokkurra vikna skeið, og sitthvað verður upplýst þegar þeim verður svarað. Ég mun því ekki orðlengja frekar það sem snýr að jarðborunum og til-

kostnaði þar að lútandi, þó að forvitnilegt gæti verið að koma nánar að þeim þáttum.

Nokkrum atriðum úr framsöguræðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar væri kannske ástæða til að víkja hér að, en ég skal ekki lengja þennan fund mikið með því að vera langorður um þau atriði. Hann var að verma upp nokkra þætti sem varða Vesturlínu og till. varðandi fjárveitingar til hennar og nauðsynina á að hraða framkvæmdum við þá línulögn. Um þetta mál fóru fram ítarlegar umr. hér, mig minnir utan dagskrár í Sþ., fyrr í vetur, og sumt af því, sem fram kom og virtist vera deiluefni varðandi till. frá fyrrv. ríkisstj. þar að lútandi, virtist endurspeglast nú í orðum hv. frsm. (**ÞK:** Ég held að það sé misskilningur. Ég leiddi það alveg hjá mér. Ég veit að það er ágreiningur um það, hvers vegna línan hefur tafist. En ég var bara að leggja áherslu á hér og nú á línulagningu sem allra fyrst.) Já, ég ætla ekki heldur að fara í upprifjun þessara mála. Þau liggja fyrir í þskj. En ég vil eindregið taka undir nauðsyn þess að ljúka tengingu Vesturlínu á næsta ári, og ég held að það, sem fram kom í máli hv. þm. Þorv. Garðars áðan um að það veiti ekkert af að standa vel að undirbúningi á þessu ári og efnispöntun og öðru fleira í sambandi við þessa framkvæmd til þess að tryggt sé að koma henni í höfn á árinu 1980, sýni okkur, að það hefði sennilega verið örðugt, þó að við hefðum haft 4000 millj. kr. handa á milli, að tryggja að koma þessari framkvæmd í höfn á þessu ári. Mér fundust réttmætar ábendingar hv. þm. eiginlega vera viðurkenning á því, að það hefði verið teflt á mjög tæpt vað, jafnvel þó að menn hefðu haft allt það fjármagn handa á milli sem hefði þurft til þessarar framkvæmdar.

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram skiptir mjög miklu máli að vel sé haldið á framkvæmdum og framkvæmdaundirbúningi í sambandi við orkumálin. Það eru fáir þættir í þjóðarbúskap okkar þýðingarmeiri en þessi undirstöðuliður — orkan sem við þurfum til eiginlega nánast allra þátta í þjóðarbúskap okkar og skiptir hvern einstakling í landinu geysilega miklu máli. Þar er það ekki aðeins örugg orkuafhending, heldur líka verðið sem skiptir miklu máli, og þar búa menn langt frá því við jafnan hlut, eins og oft hefur verið á drepið í umr. hér á Alþ. að undanförnu.

Þýðing orkumálanna fyrir íslenskan þjóðarbúskap er vaxandi, ekki síst vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur á orkuverði og fyrirsjáanleg er á orkuverði á alþjóðlega vísu, því að við hljótum að bera okkur saman við það og hagkvæmni einstakra framkvæmda er undir þessum samanburði komin. Það skiptir því geysilega miklu máli að kleift sé að standa skipulega að undirbúningi vegna framkvæmda í orkumálum, og til þess að það sé kleift þarf að vera hægt að koma fram nauðsynlegum rannsóknum í tæka tíð.

Við Íslendingar erum mjög gjarnir á að vilja flýta okkur, og erum sjálfsagt ekki einir um það í sambandi við framkvæmdir, og þá skiptir mjög miklu máli að við veitum fjármagn til rannsókna á réttum tíma. Þar þurfum við að hafa vaðið mun betur fyrir neðan okkur en okkur hefur verið gjarnt til á undanförnum árum, og því þyrfti að koma til mjög aukið fjármagn til rannsókna og annars undirbúnings framkvæmda. Ég held að ef unnt reynist að afla viðbótarfjár til orkumálanna í ár, þá eigi það ekki síst að renna til þessara undirstöðuþátta rannsókna og undirbúnings og svo að sjálfsögðu það sem við erum aflögufærir með til þess að flýta fyrir þeim framkvæmdum sem hagkvæmastar þykja og nauðsynlegast er að fá hraðað.

Umr. frestað.

Þinghlé.

Forseti (Gils Guðmundsson): Þetta verður síðasti fundur Alþingis fyrir páska. Ég óska hv. alþm. og starfsfólki Alþ. gleðilegrar páskahátíðar. Það er svo ráð fyrir gert, að næsti fundur í Sþ. verði haldinn mánudaginn 23. apríl. Sá fundur verður boðaður með dagskrá. — Fundi er slitið.

Sameinað þing, 81. fundur.

Mánudaginn 23. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. apríl 1979.

Jónas Árnason, 4. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég af heilsufarsástæðum mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi, Bjarnfríður Leósdóttir, varaformaður Verkalýðsfélags Akraness, sæti mitt á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ingvar Gíslason,

forseti Nd."

Jafnframt hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 17. apríl 1979.

Vegna sérstakra anna get ég ekki tekið sæti á Alþingi í veikindaforföllum Jónasar Árnasonar, 4. þm. Vesturl., nú í aprílmánuði.

Virðingarfyllst,
Skúli Alexandersson."

Enn fremur hefur mér borist kjörbréf frá yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis til handa Bjarnfríði Leósdóttur, og óska ég þess, að kjörbréfanefnd taki þessi gögn til athugunar, og geri 7 mínútna fundarhlé meðan kjörbréfanefnd er að störfum. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Bjarnfríðar Leósdóttur, 2. varaþm. Alþb. í Vesturlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd hefur ekkert við kjörbréfið að athuga og leggur til að kosning Bjarnfríðar verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Efri deild, 82. fundur.

Mánudaginn 23. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 541). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það til l. um eftirlaun aldraðra, sem hér er til 1. umr., er flutt sem stjfrv. Þykir mér rétt að hefja framsögn með því á stuttu yfirliti yfir núverandi skipan lífeyriskerfis okkar í heild.

Þegar talað er um lífeyriskerfið í daglegu máli er í raun átt við tvíþætta tilhögun á greiðslu lífeyris til aldraðra og öryrkja. Annars vegar eru lífeyrisgreiðslur almannatrygginga, sem kostaðar eru af skattfé, og hins vegar lífeyrisgreiðslur hinna frjálsu lífeyrissjóða, sem svo eru nefndir og myndaðir eru af iðgjaldagreiðslum sjóðfélaga og vinnuveitenda þeirra.

Eins og hv. þm. vafalaust þekkja er grunnlífeyrir almannatrygginga, sem allir njóta frá 67 ára aldri án tillits til efnahags eða tekna, nú rúmlega 54 þús. kr. á mánuði fyrir einstakling og hækkar um ca. 7 þús. kr. á mánuði að jafnaði fyrir hvert ár eftir 67 ára aldur sem dregið er að taka ellilífeyri. Auk þessa almenna grunnlífeyris greiða almannatryggingar sérstaka uppbót til allra þeirra sem hafa heildartekjur innan ákveðinna marka. Þessi uppbót, svonefnd tekjutrygging, getur í dag numið tæpum 50 þús. kr. á mánuði fyrir einstakling. Er þá miðað við að heildartekjur viðkomandi einstaklings að frátöldum lífeyrisbótum almannatrygginga, reiknaðri eigin leigu á húsnæði og tekjum barna nemi eigi hærri fjárhæð á næstliðnu ári en 297 þús. kr. Við það mark byrjar tekjutryggingin að skerðast og fellur alveg niður þegar tekjurnar eru orðnar rúmlega 1.3 millj. Þessum tölum er árlega breytt með lögum, og verður að sjálfsögðu svo gert nú í ár.

Um þetta er það svo að segja, að hjón njóta almennt 90% af tvöföldum bótum einstaklinga.

Þótt lífeyrir almannatrygginga hækki lögum samkv. með kaupi og hafi raunar hækkað meira en laun síðustu ár, einkum tekjutryggingargreiðslan, verður ekki um það deilt að lífeyriskerfi almannatrygginga nær hvergi nærri því marki að tryggja almennt nægilega afkomuöryggi fólks í ellinni. Okkur er því nauðsyn á því að hafa jafnframt sem allra fullkomnast kerfi lífeyrissjóða sem starfa við hlið almannatrygginga — stoppa í götin, sem þar eru, ef svo má að orði komast.

Lífeyrissjóðirnir og almannatryggingar eru greinar af sama meiði, sprottnar af þeirri sömu hugsjón að bæta mönnum á sanngjarnan hátt varanlegan missi starfsorku vegna örorku eða elli, auka jöfnuð meðal manna og vinna bug á því böli sem öryggisleysið er. Þetta hafa menn löngu gert sér ljóst, og ég hygg að fullyrða megi að nú sé orðin um það tiltölulega almenn pólitísk samstaða að koma þurfi á einum lífeyrissjóði eða einu samræmdu lífeyriskerfi sem taki til allra landsmanna og tryggi öllum ákveðin, samræmd lágmarksréttindi.

Hins ber að gæta, að það er ákaflega flókið verk og vandasamt að endurskipuleggja núverandi lífeyriskerfi, samræma myndun lífeyrisréttinda og greiðslna og búa til eitt samfellt réttindakerfi fyrir alla landsmenn. Þar flétt-ast saman fjárhagsleg og félagsleg atriði í flókinn hnút sem torvelt getur reynst að leysu svo að öllum líki. Að þessu marki er þó unnið jafnt og bítandi, þótt tæpast verði því lokið áð fullu fyrr en að einum til tveim árum liðnum í besta falli. Gæti farið svo, að á þann hnút, sem ég áður nefndi, verði að höggva, fáist hann ekki leystur með öðru móti. Því hefur þótt henta að stíga leiðina að þessu lokamarki í tveimur skrefum — byrja á því að leysa vanda þeirra lífeyrisþega sem nú eru utan verðtryggðra lífeyrissjóða eða eiga alls engan aðgang að lífeyrissjóðum. Sá er tilgangur þessa frv. Með lögfestingu þess

væri stórum og merkum áfanga náð að lokamarkinu.

Áður en lengra er haldið tel ég rétt að fara nokkrum orðum um þróun lífeyrissjóða hér á landi og gera grein fyrir stöðu þeirra mála eins og hún er nú.

Segja má að með samkomulagi ASÍ og vinnuveitenda í febr. árið 1976 hafi á ýmsan hátt orðið straumhvörf. Lífeyrissjóðirnir voru þá orðnir um eða yfir 100 að tölu og ákaflega mismunandi að stærð og gerð. Reglur þeirra um greiðslu ellilífeyris voru einnig mjög margbreytilegar og misgóðar. Hjá sumum var ellilífeyririnn ákveðinn hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga nokkur síðari starfsár hans. Hjá öðrum réð það lífeyrisréttindum hve háa fjárhæð viðkomandi hafði greitt til sjóðsins á hverju almanaksári. Nokkrir miðuðu við meðaltal grundvallarlauna næstu 5 ár áður en taka lífeyris hófst samkv. sérstökum stigaútreikningi. Sameiginlegt með þessum sjóðum öllum var hins vegar það, að lífeyririnn var reiknaður sem föst fjárhæð á mánuði, hvað sem leið launa- og verðlagsbreytingum í landinu. Rýrnaði hann því stöðugt að raungildi vegna verðbólguþróunarinnar og náði að nokkrum árum liðnum naumast máli. Hins vegar stóðu svo fáeinir rótgrónir sjóðir opinberra starfsmanna sem greiddu verðtryggðan lífeyri sem var hlutfall af síðustu launum lífeyrisþegans og hækkaði jafnóðum og kaupið og að sama skapi. Þessi verðtrygging var og er raunar enn greidd úr ríkissjóði samkv. fjárveitingu á fjárl. eða úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum. Í þessu efni var því á sjóðunum grundvallarmunur, auk þess sem misræmi var á öllum öðrum lífeyrisbótum sem sjóðirnir greiða: makalífeyri, barnalífeyri og örorkulífeyri. Hér komu berlegu í ljós vandkvæðin sem af því hlutust að ekki skyldi á sínum tíma sett einhvers konar rammalöggjöf hér á landi um réttindaávinning og bótagreiðslur lífeyrissjóða.

Ég gat þess áður, að með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins í febr. 1976 hefðu orðið nokkur straumhvörf í þessu efni. Þá bundust allir lífeyrissjóðir verkalýðsfélaganna innan ASÍ samtökum um að leggja fram hluta iðgjaldstekna sinna í sameiginlegan sjóð til að verðtryggja lífeyri þeirra sjóðfélaga sem látið höfðu af starfi og náð höfðu 70 ára aldri. Tvöfaldaði þessi verðtrygging þegar í stað lífeyri þeirra, sem í hlut áttu, og hefur hann síðan breyst með launum. Þetta samkomulag hefur síðan verið endurnýjað og reglum um verðtryggingu breytt til hagsbóta fyrir lífeyrisþega. Árið 1976 var ákveðið að lífeyrisgreiðslur skyldu breytast tvisvar á ári, en árið 1977 var samþykkt að þær breyttust ársfjórðungslega til samræmis við launahækkanir. Verðtrygging lífeyris hjá svo mörgum og fjölmennum sjóðum, en þeir munu vera um 60 talsins, hafði auðvitað geysimikla þýðingu fyrir stóran hóp lífeyrisþega, auk þess sem ætla má að áhrifa þessa samkomulags hafi gætt út fyrir raðir þeirra sjóða sem það tók beinlínis til.

Samfara stofnun hinna almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna í ársbyrjun 1970 voru sett lög um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, nr. 63 frá 1971. Ástæðan til þeirrar lagasetningar var sú, að allstór hópur manna í stéttarfélögunum hafði aldurs vegna ekki möguleika á að ávinna sér umtalsverð réttindi í hinum nýju sjóðum. Var það talið réttlætismál að tryggja þeim nokkur lágmarksréttindi, þótt þeir greiddu lítið eða jafnvel ekkert til hinna nýstofnuðu sjóða, þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið. Lögunum var þannig ætlað að leysa ákveðin efnahagsvandamál og gildistími þeirra aðeins ákveðinn 15 ár, eða til ársloka 1984. Eðlilegast kann að virðast, að lífeyrissjóðirnir stæðu sjálfir undir kostnaði af þessari tilhögun. Frá því var þó horfið, einkum vegna þess að fjárhagsgrundvöllur sjóðanna var mjög óviss og þeir raunar tæpast teknir til starfa sumir hverjir. Í staðinn var sú tilhögun ákveðin, að Atvinnuleysistryggingasjóður bæri kostnaðinn að 3/4 hlutum, en ríkissjóður að 1/4. Eftir að gildistíma laganna væri lokið skyldu hins vegar hlutaðeigandi lífeyrissjóðir taka við þessum greiðslum.

Þegar lífeyrissamkomulagið var gert árið 1976 og lífeyririnn verðtryggður, var jafnframt ákveðið að verðtryggja þann lífeyri sem greiddur var samkv. lögunum frá 1971. Var þeim breytt samkv. því árið 1976 og aftur 1977. Kostnað af þessari breytingu tóku lífeyrissjóðirnir sjálfir á sig, og standa málin þannig í dag, að ríkissjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður greiða grunnlífeyrinn, en lífeyrissjóðirnir sjálfir hins vegar verðtrygginguna. Hefur kostnaðurinn skipst þannig, að árið 1976 greiddu lífeyrissjóðirnir um 250 millj. á móti 231 millj. frá ríki og Atvinnuleysistryggingasjóði og árið 1977 greiddu lífeyrissjóðirnir um 400 millj. af um 700 millj. kr. heildarkostnaði.

Þegar Lífeyrissjóður bænda var stofnaður árið 1970 fengu aldraðir bændur tilsvarandi réttindi og meðlimir stéttarfélaganna. Var kostnaðinum þar skipt á milli Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkissjóðs, en sjálfur tók lífeyrissjóðurinn hins vegar á sig kostnað af verðtryggingu eftirlaunanna er hún kom til árið 1976.

Af framansögðu má ljóst vera að lögin um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum hafa gegnt mjög mikilvægu hlutverki, bæði í fyrstu sem grundvöllur lágmarksréttinda þeirra, sem ekki höfðu tækifæri til að ávinna sér réttindi með iðgjaldagreiðslum í hina nýstofnuðu sjóði, og síðustu ár sem farvegur almennrar hækkunar eftirlaunagreiðslna, því að þau hafa með fordæmi sínu haft veruleg áhrif á lífeyrisgreiðslur til ýmissa annarra en þeirra sem þau taka beinlínis til. Þrátt fyrir þetta er gildi laganna þó takmarkað, því að þau ná aðeins til hluta lífeyrisþegahópsins.

Áætlað hefur verið, að um s. l. áramót hafi fólk 70 ára og eldra verið nálægt 14 700 talsins. Af þessum hópi má ætla að um 6000 njóti með beinum eða óbeinum hætti eftirlauna samkv. lögunum frá 1971 og hliðstæðum ákvæðum í lögum um Lífeyrissjóð bænda. Að auki er svo ætlað að um 2400 manns eigi rétt á verðtryggðum lífeyri úr lífeyrissjóðum hins opinbera og bankanna. Eftir stendur þá hópur um 6300 manna og nýtur ekki verðtryggðs lífeyris úr lífeyrissjóðum. Af þessum hópi er talið að um 3000 manns muni öðlast lífeyrisréttindi beint með lögfestingu þessa frv., en mun fleiri með óbeinum hætti, þ. e. þegar makar þeirra, sem réttindin öðlast, eru taldir með. Gæti þá látið nærri, að allt að 4500 manns öðluðust slík réttindi af þeim 6300 sem hafa þau ekki í dag. Þeir u. þ. b. 1800, sem enn standa utan þessa kerfis, eru þá ýmist enn við störf og eiga því réttindi til slíkra greiðslna um leið og þeir hætta störfum eða hafa ekki haft neinar atvinnutekjur. Gæta verður þess, að þær tölur, sem ég nú hef nefnt um fjölda lífeyrisþega, eru áætlaðar og verður ekki fullyrt um nákvæmni þeirra. Skortir enn töluvert á, að nægilega glöggar upplýsingar liggi fyrir um aðstæður þeirra sem náð hafa eftirlaunaaldri. Þær ættu þó að gefa viðunandi heildarmynd af ástandinu.

Ef reynt er að glöggva sig á samsetningu þess hóps,

sem fær réttindi með frv. þessu, er ljóst að margir koma úr hópi þeirra sem stundað hafa sjálfstæðan atvinnurekstur í einni eða annarri mynd. Þó mun frv. einnig ná til töluverðs fjölda launþega, sem ýmist hafa skipt um starf á síðari hluta starfsævinnar og þannig lagst á milli laga eða hafa stundað störf sem ekki eru gjaldskyld samkv. samkomulagi ASÍ og vinnuveitenda frá 1969. Hluti þessa fólks er nú þegar félagar í lífeyrissjóðum, en með mjög takmörkuð réttindi vegna skamms réttindatíma eða vegna þess að verðtrygging lífeyris hjá sjóðnum er takmörkuð. Langflestir hinna nýju lífeyrisþega standa hins vegar alveg utan lífeyrissjóða í dag.

Vík ég þá næst að því að gera grein fyrir skipan og starfi þeirrar nefndar eða þeirra nefnda — tvær voru þær — sem unnið hafa að endurskoðun lífeyriskerfisins og þar með samningu þessa frv.

Um mitt árið 1976 skipaði þáv. fjmrh. tvær nefndir til að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins. Önnur nefndin var skipuð 17 mönnum og henni ætlað að vera vettvangur fyrir heildarendurskoðun á lífeyrisskipan og fyrir tillögugerð um nýtt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Hin nefndin var skipuð 7 mönnum. Starfar hún innan 17 manna nefndarinnar og er sérstaklega ætlað að kanna málefni lífeyrisþega á samningssviði ASÍ og vinnuveitenda. Í 7 manna nefndinni eiga sæti 3 fulltrúar frá ASÍ, 2 fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands og 1 fulltrúi frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Formaður þeirrar nefndar er Jón Sigurðsson. Í 17 manna nefndinni eiga auk þessara sæti 6 fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Stéttarsambandi bænda, BSRB, BHM, Sambandi bankamanna og Sambandi ísl. lífeyrissjóða og 4 fulltrúar ríkisstj., en formaður þeirrar nefndar er Jóhannes Nordal. Eftir að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gerðist aðili að lífeyrissamkomulaginu 1977 tók fulltrúi þess einnig sæti í 7 manna nefndinni, sem varð þá 8 manna nefnd.

Skipan þessara nefnda fylgdi í kjölfar samkomulagsins sem ASÍ og vinnuveitendur gerðu með sér í febr. 1976, en þetta samkomulag hefur, eins og áður er komið fram, orðið veigamikill hvati að nýskipan lífeyrismála hér á landi. Þykir mér því rétt og við hæfi að lesa orðrétt hluta samkomulagsins, sem fjallar um markmið endurskipulagningar lífeyriskerfisins. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Aðilar munu vinna saman að endurskipulagningu lífeyriskerfisins. Markmið þessarar endurskipulagningar skal vera:

Að samfellt lífeyriskerfi taki helst til allra landsmanna.

Að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma.

Að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta.

Að lífeyrisaldur geti innan vissra marka verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega, en án þess að það hafi áhrif á útgjöld kerfisins, þ. e. a. s. lífeyrir verði þar lægri sem taka hans hefst fyrr.

Að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna."

Hér eru strax markaðar nokkrar þær meginlínur, sem hlýtur að verða fylgt þar til sjálfu lokatakmarkinu verður náð, þ. e. samfelldu lífeyriskerfi allra landsmanna, enda var þessi stefnumörkun tekin orðrétt upp í skipunarbréfi nefndanna tveggja.

Lífeyrissamkomulagið frá 1976 var áréttað við gerð almennra kjarasamninga árið eftir og á því gerðar nokkrar breytingar til hagsbóta fyrir lífeyrisþegana. Til að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem hluta í heildarlausn kjaradeilunnar gaf ríkisstj. yfirlýsingu í 7 liðum, þar sem m. a. var lofað að beita sér fyrir eftirtöldu, með leyfi forseta:

„Að tryggja í samvinnu við sveitarfélögin og ríkisbanka því fólki, sem lýkur starfsævi sinni í þjónustu hins opinbera og ekki á betri rétt á lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, sama lágmarksrétt og lögin um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum og samkomulag aðila færa þeim sem þeirra njóta.

Að tryggja að áfram verði unnið að undirbúningi samfellds lífeyriskerfis fyrir alla landsmenn, sem taki til starfa á árinu 1980, en jafnframt verði þegar á þessu ári samdar till., sem tryggja öllum landsmönnum svipaðan rétt og lögin um eftirlaun aldraðra ákveða félögum í stéttarfélögum fram til þess að nýskipan lífeyriskerfisins tekur gildi."

Með frv. þessu er komið að efndum þessara fyrirheita, þótt starfið hafi tekið nokkru lengri tíma en upphaflega var ætlað, enda er málið allt vandmeðfarið og mikilvægara en svo, að hyggilegt sé að hraða því um of.

Í almennum aths. um frv. er athygli vakin á því, að þegar á þessu ári verði að koma á skylduaðild að lífeyrissjóði fyrir alla þá starfandi menn sem þátttökuskylda nær enn ekki til samkv. kjarasamningum eða lögum. Mundi hljótast af því misræmi og misrétti, ef þeim, sem látið hafa þátttöku í lífeyrissjóði undir höfuð leggjast, væru veitt réttindi án greiðslu, sem aðrir skapa sér með iðgjaldagreiðslum. Er vinna við undirbúning þeirrar lagasetningar þegar hafin.

Þetta frv. skiptist í fimm kafla. Er það þannig upp byggt, að ákvæði laga nr. 63 frá 1971, um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum með áorðnum breytingum eru tekin upp í I. kafla þess án efnisbreytinga. Nýmælin eru því einkum fólgin í II. kafla, þar sem einkum er kveðið á um réttindi þeirra sem hvorki eiga rétt samkv. I. kafla né lögum um Lífeyrissjóð bænda. Helstu breytingarnar eru þar þrjár:

1. Fellt er niður skilyrði um aðild að stéttarfélagi.
2. Fellt er niður skilyrðið um skylduaðild að lífeyrissjóði.
3. Í stað gjaldskyldra launatekna er gert ráð fyrir að vinnsla réttinda geti miðast við atvinnutekjur samkv. skattframtölum.

Í III. kafla eru sameiginleg ákvæði um bótafjárhæðir, um framkvæmd laganna og um tengsl I. og II. kafla frv., svo og tengsl þess við hliðstæð ákvæði í lögum um Lífeyrissjóð bænda.

Í IV. kafla eru reglur um uppbót á lífeyri eða öðru nafni verðtryggingu lífeyrisins. Þetta eru sem sagt sömu verðtryggingarákvæðin og bætt var inn í lögin frá 1971 með lögum nr. 33 frá 1976 og aftur með lögum nr. 67 frá 1977 til samræmis við þær verðbætur sem þá var samið um til aðildarfélaga ASÍ-sjóðanna.

Loks eru í V. kafla fjárhagsákvæði frv. Í því sambandi vil ég taka það fram, að full samstaða var í 17 manna nefndinni um tilgang frv. og öll bótaákvæði þess. Í nefndinni varð heldur enginn ágreiningur um það, að allir lífeyrissjóðir greiði 5% af iðgjaldatekjum sínum til að standa að hluta undir kostnaði vegna bótaákvæða frv.

Hins vegar komu fram tvær till. um meginleiðir varðandi fjáröflunartillögur frv. í heild. Eru þær til aðgreiningar merktar tillaga I og tillaga II, og vísa ég um samanburð á skiptingu fjáröflunar samkv. þeim til fskj. II með frv., á bls. 16. Þar kemur jafnframt fram, hvernig fjáröflun til eftirlauna aldraðra og Lífeyrissjóðs bænda er skipt samkv. núverandi kerfi.

Till. nr. I til fjáröflunar var lögð fram af fulltrúum launþega og vinnuveitenda í 8 manna nefndinni, og við endanlega afgreiðslu málsins í 17 manna nefndinni fékk hún auk þess stuðning frá fulltrúum BSRB, BHM og Landssambands lífeyrissjóða. Fulltrúi Lífeyrissjóðs bænda taldi sig hins vegar geta stutt hvora till. sem væri. Fulltrúar ríkisstj. standa hins vegar að fjáröflunartillögu II. Mikið hefur verið reynt til þess að bræða saman þessi tvö sjónarmið um skipan fjáröflunar. Má raunar segja að þær tilraunir hafi tafið framlagningu frv. um marga mánuði, því að það mátti að öðru leyti teljast fullbúið af hálfu nefndanna strax í haust. Þessar tilraunir hafa þó ekki borið þann árangur sem vonast var eftir og málamiðlun ekki náðst.

Munurinn á þessum tveimur leiðum er einkum sá, að útgjöld ríkissjóðs eru stórum meiri samkv. tillögu I, eða 1664 millj. á móti 673 millj. samkv. tillögu II, og munar tæpum milljarði á ársgrundvelli. Að sama skapi eru útgjöld samkomulagssjóðanna minni samkv. tillögu I. Er þar raunar gengið svo langt að leggja til að yfir 500 millj. af þeim útgjöldum, sem þessir sjóðir bera sjálfir í dag vegna verðbótagreiðslna á lífeyri, verði fluttar yfir á ríkissjóð. Þá er þátttaka Atvinnuleysistryggingasjóðs töluvert minni í fjáröfluninni samkv. tillögu II, eða 525 millj., sem er sama fjárhæð og sjóðurinn greiðir samkv. núgildandi kerfi, á móti 828 millj. samkv. tillögu II.

Þegar frv. kom til umfjöllunar í ríkisstj. var þar ekki samstaða um svo stórfellda útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð sem felst í tillögu I, auk þess sem fullnægjandi rök þótti skorta fyrir allri þeirri tilfærslu útgjalda frá samkomulagssjóðunum yfir á ríkissjóð sem í þeirri tillögu felst. Varð því að ráði að leggja frv. fram miðað við fjáröflunartillögu II með fyrirvara af hálfu einstakra ráðh. um hugsanlegar tillögur til breytinga á þeirri skipan sem gengju í miðlunarátt.

Heildarkostnaður af hinum nýju eftirlaunum og uppbót á þau er áætlaður á ársgrundvelli, miðað við verðlag þessa árs, 1350 millj. kr., sbr. sundurliðaða kostnaðaráætlun í fskj. I með frv. Þetta fskj. er á bls. 15. Verður þá heildarkostnaður eftirlauna samkv. eftirlaunalögunum frá 1971 og lögum um lífeyrissjóð bænda frá 1970, að uppbótinni meðtalinni og hinum nýju réttindum, orðinn 3 milljarðar 755 millj. kr. Er hér auðvitað um mikla fjármuni að ræða og von að leitast sé við að dreifa útgjöldunum á sem flestar herðar. Ég vil þó taka það fram, að samfara þeirri útgjaldaaukningu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, sem felst í tillögu II, hlýtur að verða að koma innan tíðar breyting á núverandi skipan greiðslna vegna fæðingarorlofs.

Mig langar til að biðja hv. þm. um að leiðrétta prentvillu, sem því miður hefur orðið á bls. 8 í frv. Þetta er í 3. lið. Þar stendur: „Þeir lífeyrissjóðir, sem eiga aðild", en á að vera: Þeir lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild. Bið ég nm., sem taka þetta frv. til afgreiðslu, að hafa þetta í huga líka.

Einhverjum kann að þykja langsótt að draga Jöfnunarsjóð sveitarfélaga inn í þetta dæmi sem fjármögnunaraðila. Til þess standa þó fullgild rök. Þetta nýja eftirlaunakerfi mun ná til þó nokkurs fjölda fólks sem hefur starfað hjá eða endað starfsævi sína í þjónustu sveitarfélaganna án þess að hafa öðlast réttindi í lífeyrissjóðum þeirra. Ýmis atvik geta orðið þessa valdandi, en mestu ráða þó ákvæði sem hafa verið í reglugerðum lífeyrissjóðanna, svo sem að fastráðning í starf væri skilyrði aðildar, lágmarksaldur og annað því um líkt. Hygg ég að þessu skilyrði hafi t. d. ekki verið breytt hjá Reykjavíkurborg fyrr en á síðasta ári. Sama gildir um það lausráðna fólk sem hefur starfað hjá sveitarfélögunum, en BSRB farið með samninga fyrir. Getur það því engan veginn talist óeðlilegt að sveitarfélögin leggi nokkuð af mörkum til að fjármagna lágmarkslífeyrisréttindi til handa þessu fólki. Auk þess má ætla að þetta nýja kerfi muni í allmörgum tilvikum létta framfærslubyrðum af sveitarfélögunum.

Að því er ríkið sjálft varðar er á sama hátt ljóst að nokkur hluti af starfsfólki þess hefur ekki notið lífeyrisréttinda, en öðlast þau með frv. Á það t. d. við um hið svonefnda biðreikningsfólk, sem hefur tekið laun samkv. kjarasamningi BSRB, en ekki uppfyllt skilyrði til aðildar að lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna.

Ég sagði áður, að ekki hefðu þótt efni til að flytja yfir 500 millj. kr. af kostnaði við eftirlaunauppbótina frá ASÍ-sjóðunum yfir á ríkissjóð. Ber þó engan veginn að skilja þau ummæli mín á þann veg, að mér séu ekki ljósar áhyggjur fyrirsvarsmanna þessara sjóða af þeim síauknu útgjöldum sem lífeyrisuppbótin bakar þeim. Eru þau sjálfsagt orðin langt umfram það sem nokkur maður gerði upphaflega ráð fyrir. Þau 4% af iðgjaldatekjum sjóðanna, sem þeir leggja af mörkum sameiginlega til að kosta uppbótina, hrökkva stöðugt skemmra til, en jafnframt eykst sá hluti sem sjóðirnir verða sjálfir að taka beint á sig. Þetta sameiginlega framlag þeirra, þ. e. 4% iðgjaldsteknanna, mun árið 1976 hafa nægt fyrir um 75% af uppbótargreiðslunum, en ekki fyrir nema um 60% árið 1977 og enn lægra hefur hlutfallið orðið á s. l. ári. Hér hefur verðbólgan gripið í taumana rétt einu sinni og ruglað alla útreikninga, því að auðvitað dregur úr útgjöldum sjóðanna vegna uppbótarinnar að sama skapi og tekst að hægja á verðbólguhjólinu. Er raunar öll fjárhagsáætlun þessa nýja lífeyriskerfis ótraust og viðkvæm vegna þess hve mjög útgjöldin ráðast af verðbólgunni. Þessu til viðbótar er sjálfsagt að benda á það, að sumir samkomulagssjóðirnir — t. d. lífeyrissjóður Dagsbrúnar — taka við fjölda fólks sem kemur í þeirra raðir seint á starfsævinni úr öðrum stéttum eða starfsgreinum. Margt flytur það með sér tiltölulega lítil réttindi, en bakar sjóðnum hins vegar miklar skuldbindingar vegna uppbótarinnar. Er slíkur tilflutningur ekki síst algengur meðal sjómanna. Standa því vissulega til þess nokkur rök, að einhverjum hluta kostnaðarins af uppbótinni verði létt af þessum lífeyrissjóðum, þó að örugglega verði ekki unnt að ganga í því efni eins langt og tillaga I gerir ráð fyrir, þ. e. að takmarka skyldur þeirra alfarið við 5% af iðgjaldatekjum þeirra. Er sjálfsagt að n. sú, sem fær frv. til athugunar, kanni gaumgæfilega alla kosti til jöfnunar í þessu efni. Hins vegar vil ég undirstrika rækilega þá skoðun mína, að ágreiningur um tekjuöflunarákvæðin má ekki undir neinum kringumstæðum tefja samþykkt frv. Þess mundu þeir einir gjalda sem síst skyldu. Vil ég þá benda mönnum á, að ef menn eru mjög óánægðir með tekjuöflunarhliðina er hugsan-

legt að breyta því síðar, t. d. á næsta þingi.

Ég gat þess fyrr í ræðu minni, að undirbúningur væri þegar hafinn að samningu frv. um skylduaðild allra starfandi manna að lífeyrissjóði, enda hefði sú tilhögun í för með sér óþolandi misræmi að veita tilteknum aldurshópum réttindi með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í II. kafla frv., án þess að jafnframt kæmi til skylda til greiðslu einhverra iðgjalda. Verður stefnt að því að haga þeirri löggjöf á þann veg, að sem allra flestir geti með einum eða öðrum hætti öðlast aðild að eða tengst þeim lífeyrissjóðum sem þegar eru starfandi. Þarf í því sambandi að leysa ýmis vandamál sem m. a. eru samfara því er menn gegna fleiri en einu starfi, en aðeins eitt þeirra er tryggingarskylt. En jafnframt þessu þarf fljótlega að huga að stöðu þess fólks, sem fætt er eftir árið 1914. Er þess ekki langt að bíða, að elstu árgangar þess nái ellilífeyrisaldri, en verði vegna styttri réttindatíma með verulega takmarkaðan lífeyri. Þannig ætti sá sem fyrstur öðlaðist aðild að lífeyrissjóði á þessu ári og fæddur er árið 1915 aðeins kost á 6 ára réttindaávinningi og við frátall hans kæmi strax fram misræmi. Verður því samfara skylduaðildinni þörf sérstakra ráðstafana vegna þeirra sem fæddir eru á árunum 1915—1923. Hins vegar þótti að svo stöddu rétt að miða réttindin samkv. II. kafla frv. við þá, sem fæddir eru árið 1914 og fyrr, vegna samræmisins við I. kafla frv., en eftirlaunalögin frá 1971 náðu aðeins til þessara aldurshópa, enda takmörkuð við þá sem náð höfðu 55 ára aldri árið 1970, þegar hinir almennu lífeyrissjóðir verkalýðsfélaganna tóku til starfa.

Þá þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir reikningsaðferð og fjárhæð þeirra lífeyrisgreiðslna, sem menn geta öðlast rétt til samkv. frv. Tek ég dæmi af ellilífeyrinum. Samkv. 11. gr. frv. gilda sömu reglur um eftirlaunarétt þeirra, sem nú öðlast hann, og gilda samkv. lögunum frá 1971. Er eftirlaunarétturinn miðaður við áunnin stig, en stigin reiknuð þannig út, að í árslaun lífeyrisþegans er deilt með sérstökum grundvallarlaunum, en þau eru árslaun samkv. 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Geta því áunnin réttindi fyrir hvert ár verið ýmist meiri eða minni en eitt stig, eftir því hvort árslaunin voru hærri eða lægri en þessi viðmiðunarlaun. Réttindatími reiknast aftur til ársins 1955, þannig að með því að láta af störfum 70 ára að aldri geta réttindaárin orðið 15, en 20, ef hlutaðeigandi heldur áfram störfum til 75 ára aldurs. 20 ár eru því lengsti mögulegi réttindatími.

Ítarlegar reglur um réttindatímann eru í 5. gr. frv. og ákvæði um stigaútreikning eru í 6. gr. Fjárhæð ellilífeyrisins reiknast síðan eftir reglum í 12. gr. Eru stigin þá lögð saman fyrir allan réttindatímann og margfölduð með 1.8. Fæst þá það hlutfall sem greiða skal í lífeyri af meðaltali grundvallarlauna undanfarandi 5 almanaksár. Þetta hlutfall verður því fyrir þann, sem að meðaltali ávann sér eitt stig á ári í 15 ár, 27% grundvallarlauna, en 36% fyrir þann sem starfaði til 75 ára aldurs og ávann sér 20 stig, eða eitt stig árlega að meðaltali. Auðvitað getur þetta hlutfall svo verið hærra eða lægra eftir því hve háar árstekjur viðkomandi lífeyrisþega voru. Með þessum hætti er lífeyririnn sjálfur reiknaður. Á hann greiðist síðan uppbót samkv. 22. gr., en uppbót þessi er hin raunverulega verðtrygging, sem eins og áður segir var samið um í kjarasamningum 1976 og 1977 og látin var með lagabreytingum á þessum árum taka til allra þeirra sem nutu réttinda samkv. eftirlaunalögunum frá 1971. Felur uppbótin það í sér, að í stað 5 ára meðaltalslauna er lífeyrisrétturinn miðaður við grundvallarlaunin, þ. e. 2. taxta Dagsbrúnar, eins og þau eru samkv. kauptaxta 1. jan., 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. ár hvert. Þessi grundvallarlaun eru nú um 171 þús. kr. á mánuði og lífeyrir þess, sem hafði áunnið sér 15 stig, samkv. því 46 200 kr. á mánuði, en um 61 600 fyrir þann sem ávann sér 20 stig.

Vera má að mönnum þyki óþörf þessi skipting í lífeyri samkv. 12. gr., sem reiknast út frá 5 ára meðaltali grundvallarlauna og uppbót samkv. 22. gr., sem leggst við þennan lífeyri og hækkar hann upp í að miðast við laun eins og þau eru á hverjum tíma eða á hverju þriggja mánaða tímabili. Vissulega gerir þessi skipting málið allt harla flókið og óaðgengilegt fyrir ókunnuga. Ástæðan til þess að henni er haldið er hins vegar sú, sem ég hef áður gert grein fyrir, að fjárhagsgrundvöllurinn er annar. Lífeyrir þeirra sem njóta hans samkv. I. kafla, þ. e. sjálfur grunnlífeyririnn samkv. 12. gr., er greiddur að 3/4 hlutum af Atvinnuleysistryggingasjóði og 1/4 hluta úr ríkissjóði. Uppbótin er hins vegar borin af lífeyrissjóðunum sjálfum. Gat ég þess áður að árið 1977 nam uppbótin um 400 millj. kr., en grunnlífeyririnn sjálfur hins vegar aðeins 300 millj. Takist að draga úr verðbólgunni að marki snýst þetta hlutfall hins vegar við, því að þá minnkar sjálfkrafa munurinn á meðaltalslaunum síðustu 5 ára og gildandi launum á hverjum tíma.

Ég hef áður gert nokkra grein fyrir fjármögnunarákvæðum II. kafla frv., þ. e. hinum nýju lífeyrisgreiðslum. Um þau er nánar fjallað í 25. gr. Samkv. henni greiða sjálfstæðir atvinnurekendur sérstakt eftirlaunaiðgjald, sem nemur 0.5% af launaskattstofni eigin vinnu. Allir lífeyrissjóðir landsins greiða 1% af iðgjaldatekjum sínum, en auk þess greiða lífeyrissjóðir, sem standa utan við lífeyrissamkomulagið svonefnda, 4% til viðbótar af iðgjaldatekjum sínum. Að öðru leyti standa svo ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður að jöfnu undir kostnaðinum. — Því miður hefur orðið meinleg prentvilla í frv. sjálfu, eins og ég gat um áðan, og ég vona að hv. alþm. hafi leiðrétt hana, því að þar á að standa: Þeir lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild að o. s. frv.

Ég ætla ekki að fjalla ítarlega um hverja einstaka gr. frv. í þessari framsögu. Það tæki of langan tíma og væri að mestu óþarft, þar sem aths. með þeim eru tiltölulega ítarlegar. Örfá atriði vil ég þó benda á til viðbótar því sem ég hef áður gert.

Þess er þá fyrst að geta, að þó að ég hafi valið að gera sérstaklega grein fyrir eftirlaunum samkv. frv., upphæð þeirra og reikningsaðferð, tekur það að sjálfsögðu einnig til örorkulífeyris og makalífeyris. Um fjárhæð þessara lífseyrisgreiðslna eru einnig ákvæði í 12. gr. frv. og á hana greiðist uppbót samkv. IV. kafla þess.

Aðalreglan um fjárhæð örorkulífeyrisins er sú, að hann reiknist miðað við 100% örorku á sama hátt og ellilífeyririnn. Þó er hér sá mikilverði munur á, að við örorku eru ekki aðeins talin þau stig sem hlutaðeigandi hafði aflað sér, heldur einnig þau stig, sem ætla má að hann hefði náð að ávinna sér með áframhaldandi starfi til 70 ára aldurs. Er að því er þessi ár varðar miðað við meðaltalsstigaávinning þriggja síðustu ára. Ef orkutap er minna en 100%, greiðist örorkulífeyririnn í hlutfalli við orkutapið. Hægt er að njóta samtímis örorkulífeyris og makalífeyris að ákveðnu marki. Hins vegar fellur örorkulífeyririnn niður við 70 ára aldur, en ellilífeyrir tekur

við, enda miðast hann þá við sama stigafjölda. Fyrir minna orkutap en 40% greiðist ekki örorkulífeyrir.

Réttur til ellilífeyrisins yfirfærist til maka, ef hinn látni átti að baki 5 ára réttindatímabil með tilteknum lágmarksstigaávinningi og féll frá eftir 31. des. 1963. Er makalífeyririnn reiknaður samkv. ákvæðum 12. gr. frv. með áþekkum hætti og örorkulífeyrir, þannig að til grundvallar liggur sá stigafjöldi sem hinn látni hafði aflað sér, þó að viðbættum 5 stigum, sem jafngilda 9% af grundvallarlaununum. Auk þess er svo, ef maður fellur frá áður en hann nær 70 ára aldri, bætt við þeim stigum sem ætla má að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs. Er þá miðað við meðaltalsstigaávinning hins látna þrjú síðustu árin fyrir fráfall hans. Uppbót greiðist svo að sjálfsögðu einnig á þessa tegund lífeyris samkv. ákvæðum IV. kafla frv.

Ég gat þess áður, að I. kafli frv. þessa væri að stofni til gömlu eftirlaunalögin frá 1971 með áorðnum breytingum. Rétt er þó að vekja athygli á þeirri breytingu, að heimild, sem ráðh. hafði samkv. 8. gr. laganna til að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbóta á eftirlaunin að fengnum till. umsjónarnefndar, er nú felld inn í 12 gr. frv. sem lögbundið ákvæði. Er sjálfgert að þessi heimild sé ætíð notuð, og má raunar ætla að breyting hennar sé ein af forsendum lífeyrissamkomulagsins milli launþega og vinnuveitenda.

Þá vek ég athygli á ákvæðum í III. kafla frv., einkum 13. gr., sem er ætlað að einfalda framkvæmd þessa nýja réttindakerfis, sem vissulega er orðið nokkuð margbrotið. Eiga þessi ákvæði að tryggja það, að ekki þurfi að athuga réttindi eins og sama umsækjenda hjá nema einu þessara kerfa fyrir sama tímabil, nema í undantekningartilvikum. Réttindi, sem lífeyrisþegi kann að hafa áunnið sér samkv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda og I. og — eða II. kafla frv., eru þá felld undir það kerfi sem meiri hluti stiga viðkomandi árs segir til um.

Samkv. 14. gr. skal draga frá lífeyri samkv. frv. þessu þær greiðslur, sem viðkomandi lífeyrisþegi fær frá öðrum lífeyrissjóðum, svo og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum. Kemur það heim og saman við þann tilgang frv. að tryggja fólki ákveðin lágmarksréttindi til lífeyris, en ekki að opnaður sé aðgangur að mörgum sjóðum samtímis.

Í þessari grein er einnig ákvæði sem girðir fyrir að fólk geti sagt sig úr þeim lífeyrissjóðum, sem það er í, og afsalað réttindum sínum þar, en sótt þess í stað og án iðgjaldagreiðslna tilsvarandi réttindi til þessa nýja kerfis. Í slíku tilviki kemur sá lífeyrir, sem viðkomandi hefði öðlast tilkall til með áframhaldandi aðild að sínum lífeyrissjóði, að fullu til frádráttar þeim greiðslum sem hann kann að eiga rétt á samkv. frv. Sá, sem átti kost á frjálsri aðild að einhverjum lífeyrissjóði, en lét hana undir höfuð leggjast, sætir hins vegar ekki tilsvarandi frádrætti vegna réttinda sem hann hefði getað aflað sér. Slíkur frádráttur yrði ákaflega torveldur í framkvæmd. Hér verður að nægja sú ráðstöfun að setja strax á þessu ári lög sem skylda alla til aðildar að einhverjum lífeyrissjóði, þannig að eftirleiðis öðlist enginn útlátalaust þau réttindi sem öðrum er gert að kosta sjálfur að einhverjum hluta a. m. k.

Í III. kafla eru auk þess ítarlegri ákvæði um framkvæmd eftirlaunagreiðslnanna en gilt hafa hingað til, enda mun samþykkt þessa frv. hafa í för með sér verulegar breytingar á afgreiðslu umsókna og framkvæmdinni allri. Þarfnast þau ákvæði ekki sérstakrar skýringar.

Að lokum er rétt að það komi fram, að sá lífeyrir sem menn kunna að öðlast rétt til samkv. þessu frv., mun að jafnaði ekki valda skerðingu á þeim greiðslum sem menn eiga nú tilkall til úr almannatryggingunum. Ellilaun almannatrygginga og eftirlaun samkv. frv. verða yfirleitt innan hins svonefnda frítekjumarks og skerða því ekki rétt lífeyrisþegans til fullrar tekjutryggingar svo fremi að hann hafi ekki aðrar tekjur.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Lífeyrissjóður eða samræmt lífeyriskerfi, sem tryggt gæti öllum afkomuöryggi í ellinni, virtist fjarlægur draumur fyrir fáum árum. En löng leið hefst gjarnan á litlu skrefi og í þessu efni eru skrefin þegar orðin nokkur. Ég nefni stofnun hinna ýmsu lífeyrissjóða, lögin um eftirlaun aldraða félaga í stéttarfélögum og lífeyrissamkomulag launþega og vinnuveitenda í febr. 1976. Nú liggur hér fyrir frv., sem mun, ef að lögum verður, marka enn eitt mikilsvert spor að þessu lokamarki. Úrtöluraddir kunna að spyrja, hvort það sé réttlátt að stórum hópi fólks séu nú afhent endurgjaldslaust mikilsverð réttindi sem aðrir hafi orðið að greiða fullu verði. En það má spyrja á móti: Er það réttlátt að aðild að ákveðnum stéttarfélögum á síðustu árum starfsævinnar skuli ein sér geta skipt sköpum um framfærsluöryggi fólks í ellinni, eins og nú er? Á aldraða fólkið að gjalda þess, að lífeyriskerfi okkar hefur mótast án nægilegs heildarskipulags og er enn gloppótt? Ég held að allir sanngjarnir menn hljóti að fallast á að svona má þetta ekki vera.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trmn. Vænti ég þess, að sú hv. n. hraði athugun frv. eftir föngum og að því verði staðfastlega stefnt að ljúka afgreiðslu þess fyrir þinglok í vor.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Frv. þetta fjallar um þýðingarmikið mál og er hið gagnlegasta. Það er beinlínis, eins og fram kom í máli hæstv. ráðh. og í grg. fyrir frv. þessu, flutt í framhaldi af samkomulagi, sem gert var við kjarasamningana í júní 1977, og fyrirheiti, sem páv. ríkisstj. gaf um þessi efni. Ég vil taka það fram, að ég er samþykkur tilgangi þessa frv. Mér virðist að það, sem kveðið er á um bætur í frv., sé þess eðlis að ekki séu neinar aths. við það. Hins vegar er, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh., ágreiningur um það hjá þeirri nefnd, sem vann að undirbúningi þessa máls, með hverjum hætti skyldi séð fyrir fjáröflun til þess að mæta þeim bótagreiðslum sem frv. gerir ráð fyrir.

Hæstv. ráðh. fór því miður nokkuð fljótt yfir sögu, þegar að þessu atriði kom í hans annars mjög ítarlegu framsöguræðu. En mér finnst að við þurfum að koma nokkru nánar inn á það, sem er svo þýðingarmikið atriði í þessu efni, hvernig á að fjármagna þessar bótagreiðslur. Þeim mun fremur er ástæða til þess að víkja nokkru nánar að því máli þar sem ágreiningur er um það efni. Þessi ágreiningur er annars vegar á milli fulltrúa vinnumarkaðarins: Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og annarra sjálfstæðra heildarsamtaka vinnumarkaðarins, og hins vegar fulltrúa ríkisstj. í þeirri nefnd sem endanlega gekk frá frv.

Hæstv. ráðh. sagði að það hefði ekki náðst samkomulag um fjárhagsgrundvöllinn, þó að það hefði verið reynt ítarlega. Afleiðing þess er sú, að þettu frv. felur í sér ákvæði um fjármögnun sem er í andstöðu við aðila

vinnumarkaðarins, Alþýðusambandið, Vinnuveitendasambandið og önnur sjálfstæð hagsmunasamtök sem hæstv. ráðh. taldi upp og eru einnig talin upp í grg. með frv. Ég skil það svo, og ég bið hæstv. ráðh. að leiðrétta það ef það er ekki réttur skilningur, að aðilar vinnumarkaðarins hafi ekki fallist á fjáröflunina, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Og þá er spurningin, ef það er rétt, hvaða áhrif það hefur, og ekki síður, hvort það er ekki í andstöðu við það samkomulag, sem ríkisstj. hafði áður gert við aðila vinnumarkaðarins, að koma nú með þetta frv. að því er varðar fjáröflunina í þeirri mynd sem hér er gert ráð fyrir. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þessi efni frá hæstv. ráðh. Er þetta frv. þá að þessu leyti ekki í samræmi við það samkomulag sem fyrrv. ríkisstj. var búin að gera við aðila vinnumarkaðarins í sambandi við kjarasamningana í júní 1977?

Eftir því sem mér skilst, og það kom óbeint líka fram í ræðu hæstv. ráðh., hafa aðilar vinnumarkaðarins mjög fylgt eftir sjónarmiði sínu um þessi efni. Ég þykist vita að það hafi ekki verið gert út í lofitið eða án þess að færð hafi verið einhver rök fyrir því. M. a. skilst mér að það sé litið svo á af þessum aðilum, að með þeim ráðstöfunum, sem verið er að gera með þessu frv. ef að lögum verður, sparist ríkisstjóði fé með sparnaði í tryggingakerfinu eða hjá almannatryggingum. Því hygg ég að aðilar vinnumarkaðarins telji það nokkurt sanngirnismál, að tekið sé tillit til þessa atriðis. Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma.

Ég stend hér upp í fyrsta lagi til þess að lýsa yfir stuðningi við tilgang þessa frv. og ákvæði um bótagreiðslur, en svo jafnframt til að vekja athygli á þessu atriði varðandi fjárhagsákvæði frv. Þau eru ekki í samræmi við skoðanir aðila vinnumarkaðarins. Spurning er, hvort þau eru í samræmi við það samkomulag sem fyrrv. ríkisstj. gerði um þetta efni við aðila vinnumarkaðarins. Það væri ágætt ef hæstv. ráðh. gæti komið hér við 1. umr. nánar inn á þetta sérstaka atriði. En að sjálfsögðu þarf n. sú, sem tekur málið til athugunar, að athuga sérstaklega þetta atriði. — Með þessum orðum mínum er ég ekki að leggja til að tafinn sé framgangur þessa frv. Ég tek algerlega undir það, sem hæstv. ráðh. sagði, að það er þörf á því að afgreiða þetta mál sem fyrst.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að lýsa yfir stuðningi við þetta frv. og fagna því, að hér er komið fram frv. til l. sem er virkilegur áfangi á þeirri leið að koma þeirri stefnu fram, sem við erum flestir sammála um, að verðtryggður lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn verði að veruleika áður en langt um líður.

En það, sem ég vildi koma á framfæri við 1. umr. þessa máls, er einmitt í sambnadi við það, sem verður sjálfsagt aðalágreiningsefnið um þetta frv., þ. e. a. s. fjárhagsáætlun eða fjárhagshliðina að því er varðar Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Stjórn Sambands sveitarfélaga hélt fund um þetta mál núna fyrir helgina þar sem það var rætt sérstaklega. Sveitarfélögin og stjórn sambandsins eru samþykk frv. í heild, en geta ekki fellt sig við það ákvæði frv. sem gerir ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fjármagni að hluta eftirlaun til aldraðra. Þetta er hægt að rökstyðja á margvíslegan hátt.

Eins og hæstv. félmrh. og raunar öllum hv. þm. er ljóst er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eini tekjustofn sveitarfélaganna sem er verðtryggður, og hann hefur í reynd verið mjög skertur á undanförnum árum með margvíslegum opinberum aðgerðum. Það er þess vegna ekki óeðlilegt að málsvarar sveitarfélaganna séu á verði í sambandi við þennan tekjustofn, þegar ný lagaákvæði sjá dagsins ljós sem við gerum ráð fyrir að höggvi í þennan sjóð án þess að annað komi í staðinn. Mér þykir rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp bókun, sem samþ. var á fundi stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem á að vera innlegg í þetta mál, en taka jafnframt fram, að þar er ekki verið að mæla gegn frv. sem slíku. Um það eru allir sammála, en benda á að þessi þáttur fjáröflunar er ekki eðlilegur.

„Stjórn sambandsins mótmælir eindregið því ákvæði frv., sem gerir ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fjármagni að hluta eftirlaun til aldraðra. Í þessu sambandi bendir stjórnin á eftirfarandi:

1. Sveitarfélögin hafa ítrekað mótmælt þeirri tilhneigingu ríkisvaldsins að velta nýjum útgjöldum yfir á sveitarfélög, án þess að ætla þeim nokkrar tekjur til að standa undir slíkum útgjöldum.

2. Þátttaka sveitarfélaga í lífeyristryggingum almennt umfram skyldu þeirra sem atvinnurekenda er í andstöðu við markaða stefnu í verkaskiptingarmálum ríkis og sveitarfélaga.

3. Tekjur Jöfnunarsjóðs, sem eru eini verðtryggði tekjustofn sveitarfélaga, hafa í reynd verið mjög skertar að undanförnu, auk þess sem tekna ríkissjóðs af óbeinum sköttum hefur í æ ríkara mæli verið aflað með álagningu vörugjalds, sem Jöfnunarsjóður fær enga hlutdeild í.

4. Tekjur sveitarfélaga af helstu tekjustofnum sínum, útsvörum, aðstöðugjöldum og fasteignagjöldum, hafa á undanförnum árum lækkað verulega að raungildi af völdum verðbólgunnar."

Þannig hljóðar sú samþykkt, sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga gerði einróma á fundi sínum að því er varðar tekjuöflunarleið frv. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram við 1. umr. þessa máls og vænti þess, að sú n., sem fær málið til umfjöllunar, skoði þá þætti vandlega, hvort ekki er hægt að koma því við að leysa Jöfnunarsjóð sveitarfélaga undan þessari skyldukvöð.

Ég hlustaði á rök hæstv. ráðh. í sambandi við það, sem hann taldi eðlilegt, að sveitarfélögin tækju þátt í þessu. Ég get ekki fallist á að þau rök vegi þungt í þessu máli, því að eins og kemur fram greiða sveitarfélögin sinn hluta í lífeyristryggingar fyrir það fólk sem hjá þeim starfar. Ég get ekki heldur séð að eins og þetta er hafi frv. afgerandi áhrif til hagsbóta á fjárhag sveitarfélaga að því er varðar framfærslubyrði. Ég held að það sé of langsótt til að taka það til viðmiðunar.

En ég vil endilega mælast til þess, að þetta mál verði skoðað vandlega í þeirri n. sem fær frv. Það er eðlilegt að viðbrögð sveitarfélaga verði á þennan hátt, þar sem þessi verðtryggði tekjustofn rýrnar svo mjög í meðferð og hefur þannig bein áhrif á almennan fjárhag sveitarfélaga og það hlutverk sem þau gegna í þjóðfélaginu.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Eins og hæstv. félmrh. tók fram í framsögu fyrir þessu frv. er hér verið að leitast við að leiðrétta misræmi í eftirlaunum til aldraðra og bæta að nokkru leyti úr galla, sem hefur verið á því kerfi undanfarið. Höfuðmálið er náttúrlega eftir, að allt þetta mikla eftirlaunakerfi sé samræmt og gert að einum allsherjareftirlaunasjóði. Þá og þá fyrst verður

þessum málum komið í gott lag. Gallinn við þetta frv., eins og önnur sem á undan hafa komið í þessa áttina, er sá, að þetta kerfi er gert allt of margbrotið, allt of þungt í vöfum til þess að við getum kallað þetta góða löggjöf á heildina litið, en að sjálfsögðu fagnar maður því skrefi sem hér er tekið að því lokamarki sem hæstv. ráðh. var að tjá okkur áðan að hér væri stefnt að. Að því leyti endurtek ég það, að ég lýsi ánægju minni með að þetta frv. sé komið fram.

Ég þykist sjá af ræðum bæði ráðh. og annarra þdm., sem hér hafa talað, að nokkur átök kunni að verða um hvernig eigi að fjármagna þá grein eftirlauna sem hér er verið að leggja til. En ég vona fastlega að sá ágreiningur jafnist og, eins og ráðh. tók fram, frv. geti verið orðið að lögum þegar þing fer heim í vor.

Ég get ekki fallist á að það sé ranglátt að sveitarfélög taki að einhverju leyti þátt í fjármögnun eða kostnaði eftirlauna, því að að sjáflsögðu hlýtur margt af því fólki, sem kemur til með að njóta þessara eftirlauna, að koma úr hinum ýmsu sveitarfélögum landsins. Spyrja má að vísu, hvort Jöfnunarsjóður sé hinn rétti aðili þarna, því að á hans baki eru mörg útgjöld og dettur mér þá í hug að við höfum verið að velta því fyrir okkur í tryggingaráði, hvernig eigi að ná inn vanskilafé hjá sjúkrasamlögum vítt um land til almannatrygginga, því að þar er víða pottur brotinn almannatryggingum til mikils tjóns og erfiðleika. En ég endurtek það, að mér þykir ekki óeðlilegt að sveitarfélögin séu á einhvern hátt látin bera hluta af þeim útgjöldum sem hér er farið fram á.

Ein ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, er í sambandi við það, að fullyrt var í mín eyru nýverið að t. d. hjón, sem ynnu hjá hinu opinbera, þ. e. a. s. hjá ríkinu, og greiddu bæði iðgjöld í eftirlaunasjóð þar, nytu ekki eftirlauna nema annað þeirra þegar að eftirlaunaaldri kæmi. Ég vildi í fyrstu ekki trúa þessu, en það var fullyrt svo ákveðið í mín eyru að mér datt í hug að hér þyrfti með tilliti til þess jafnaðar, sem við erum að reyna að koma á milli kynjanna og milli allra í þjóðfélaginu, að skoða málin hvort það gæti verið að einstaklingar séu að greiða iðgjöld í hina ýmsu lífeyrissjóði án þess að kaupa sér réttindi, eins og þarna virðist vera, sé þetta rétt. Það er kannske ekki sanngjarnt að ætlast til þess að því sé svarað hér, hvort þetta sé í raun og veru. Ég hef ekki leitað mér upplýsinga um það á þeim stutta tíma síðan þetta var fullyrt í mín eyru, en ég vildi koma þessu á framfæri. Þetta tel ég mikinn ljóð á lagagerð, ef svo væri að kannske svo og svo margir einstaklingar í þjóðfélaginu væru látnir greiða iðgjöld í hina ýmsu lífeyrissjóði, en nytu ekki þar nema takmarkaðra réttinda, nytu þeirra ekki sem einstaklingar og væru afskrifaðir — ef um hjón er að ræða annað þeirra — þegar til lífeyristöku kemur.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en endurtek það, að ég styð þetta frv. mjög ákveðið og vona að þd. takist að finna sæmilega leið í sambandi við kostnaðinn sem allir geta þokkalega við unað, þó það tefji ekki fyrir framgangi málsins.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hér er um mjög flókið og veigamikið mál að ræða, og þar sem ég á sæti í þeirri n., sem um það mun fjalla, þykir mér ástæða til að leita nokkurra frekari upplýsinga hjá hæstv. ráðh. Mér sýnist það geta skipt máli til þess að við getum betur unnið það starf sem okkur er ætlað í n. við umfjöllun málsins. Því miður hefur mér þó ekki gefist kostur á að athuga þetta stóra mál nægilega vel til þess að geta fjallað um það nákvæmlega, en við fljóta skoðun rek ég strax augun í nokkur atriði, sem teljast mega þó smá í samanburði við stærð málsins sjálfs.

Það er fyrst atriði sem ég sé í 3. gr., þar sem fjallað er um makalífeyri og réttindi sambúðarfólks í því sambandi. Í síðustu mgr. 3. gr. er tekið fram að umsjónarnefnd hafi samkv. 17. gr. heimild til að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabil. Þetta virðist vera ákaflega óljóst og þyrfti skýrara ákvæði. Það hlýtur að geta orðið dálítið örðugt fyrir aldrað sambúðarfólk að standa í því að sanna að sambúðin sé nægilega trygg og varanleg að dómi umsjónarnefndarinnar til þess að sambúðarfólkinu hlotnist þau fríðindi sem um er fjallað í þessu frv. Það eru nokkur skýr ákvæði um slíkt í tryggingalögum, og sams konar ákvæði væru að nokkru leyti nothæf í þessu máli, en e. t. v. ekki að öllu leyti sambærileg.

Í 6. gr. frv. sé ég að í 1. mgr. er ráðgerður sá möguleiki, að grundvöllur stigaútreiknings verði kannske ónothæfur síðar meir að dómi ráðh. Þá er í þessari grein gert ráð fyrir að ráðh. geti ákveðið annan stigagrundvöll að fengnum tillögum umsjónarnefndarinnar og sé þar með ekki bundinn við till. umsjónarnefndar eftir þessari frvgr. Þarna virðist dálítið óljóst hvað ráðh. er ætlað að gera. Ef það er ástæða til að lögbinda hver grundvöllur stigaútreiknings á að vera, þá sé ég ekki að sé skynsamlegt að taka þá lögbindingu aftur í síðari hluta sömu mgr. með því að fá ráðh. einfaldlega vald til að breyta því öllu saman, ef honum sýnist svo. Það er þá eðlilegra að því sé breytt með lögum.

Í 14. gr. frv. er talað um hvernig hugsanleg réttindi til greiðslna úr lífeyrissjóðum eða úr ríkissjóði eða opinberum sjóðum geti komið til frádráttar þeim réttindum sem mönnum eru ætluð samkv. þessu frv. Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. talaði um að í flestum tilvikum mundu réttindi og bætur, sem fólk öðlaðist samkv. þessu frv., verða innan frítekjumarksins þannig að það skerti ekki af þeim ástæðum réttindi til bóta frá almannatryggingum. Þá spyr ég: Hefur það verið hugsað, hvort ástæða sé til að láta þá aðra, sem kynnu að verða fáir, en hefðu þó samkv. þessum lögum réttindi sem væru e. t. v. eitthvað örlítið ofan við frítekjumarkið, — á að láta þetta reiknast til frádráttar bótum almannatrygginga eins og gert yrði með aðrar tekjur? Ekki er alveg víst að sanngirnissjónarmið mæli með því.

Það eru mörg veigamikil og flókin atriði í þessu frv. sem vissulega væri ástæða til þess að ræða, enda er þetta samið af nefnd sem skipuð var til þess að vinna mjög viðamikið og flókið verkefni. Í því sambandi vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvað líði störfum þeirrar nefndar. Eru væntanleg önnur veigamikil lagafrv. um heildarendurskoðun lífeyriskerfisins frá þeirri nefnd? Það hefði þurft að koma fram líka í þessari umr., hverjir séu í lífeyrisnefndinni. Að vísu getum við flett því upp í hinni opinberu nefndaskrá, en það er eðlilegt að það liggi fyrir í umr. hverjir séu í nefndinni og hverjir séu í litlu nefndinni — 7 manna nefndinni — og helst hverjir voru í starfshópnum sem er undirnefnd 17 manna nefndarinnar og vann þetta frv. Og enn væri æskilegt að það lægi fyrir, og ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hverjir voru fulltrúar ríkisstj. Þetta eru atriði sem gott er að komi fram til þess að

auðveldara verði fyrir hv. þm. að leita sér upplýsinga frá meðlimum þessara nefnda beint. Getur í því falist vinnusparnaður og flýtisauki þegar um er að ræða jafnflókið mál.

Að því er varðar hið veigamikla atriði tekjuöflunarleiðirnar kom það fram hjá hæstv. ráðh. að fulltrúar ríkisstj. voru andvígir þeirri leið sem bent er á í fskj. I. Þeir voru andvígir tillögu I um fjáröflun, en hins vegar samþykkir tillögu II. Á því má telja að liggi fyrir eðlileg skýring í þessu skjali, því að þarna munar hvorki meira né minna en milljarði fyrir ríkissjóð, en alls er gert ráð fyrir að fyrirtækið kosti 3 milljarða 755 millj. Þarna er um gífurlegan mun að ræða. Eðlilegt er að spurt sé hverjir þessir fulltrúar hæstv. ríkisstj. voru, þannig að þeir geti skýrt betur sjónarmið sín fyrir n. sem um málið fjallar. Fyrir þyrfti að liggja frá hæstv. ráðh., hvort hinn gífurlegi munur á milli leiða, sem er yfir 20% — um það bil 23% —, þýði að ekki sé ætlun ríkisstj. að koma þessu frv. í gegnum deildir Alþingis og gera það að lögum.

Eitt lítið atriði langar mig til að nefna enn. Það var í sambandi við lítið dæmi sem hv. 3. þm. Norðurl. e. nefndi, um öldruðu hjónin sem bæði hefðu verið opinberir starfsmenn. Hv. þm. spurði, hvort það væri svo, að aðeins annað fengi eftirlaun. Í þessu sambandi má líka vekja athygli á öðru til þess að hægt verði að hugleiða hvort unnt er að bæta úr. Öldruð hjón, sem bæði hafa verið opinberir starfsmenn, og jafnvel þótt þau hefðu ekki verið opinberir starfsmenn, geta staðið frammi fyrir því um leið og þau láta af störfum, hætta að hafa launatekjur og fara að fá tryggingabætur, sem þau hafa keypt sér með einum eða öðrum hætti, að um leið hækki gjöld þeirra til hins opinbera. Þetta verður vegna þess að bætur trygginga teljast ekki tekjur samkv. skattalögum með sama hætti og launatekjur. Niðurstaðan getur orðið þessi: Eftir að raunveruleg laun lækka vegna þess að fólk lætur af störfum og er orðið aldrað leggst um leið á það þyngri skattbyrði. Það eru e. t. v. ekki mörg dæmi um þetta, en þetta er til og sýnist vera full ástæða til þess að hafa einmitt þessa hlið máls í huga um leið og fjallað er um eftirlaunarétt aldraðra. Á þessu vildi ég vekja athygli hæstv. ráðh.

Það eru ekki fleiri atriði, herra forseti, sem ég ætlaði að nefna í þessu sambandi. Þess verður kostur við 2. umr., þegar unnið hefur verið að málinu í n., og þess vegna mun ég ekki taka tíma hv. d. frekar nú til þess að ræða þetta mál.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vestf., að það er ekki samkomulag innan nefndarinnar, þ. e. a. s. fulltrúar vinnumarkaðarins og fulltrúar ríkisvaldsins eru ósammála og fulltrúar vinnumarkaðarins hafa ekki fallist á fjáröflunina. Spurningin um, hvort þetta stríði gegn eða brjóti samkomulagið frá 1977, held ég að sé óþörf, því þar getur ekki um það, hvernig á að fjármagna þessa hluti. Einungis að þetta eigi að komast í kring, fólk eigi að fá lágmarksréttindi. Þar er ekki mér vitanlega getið um hvernig slíkt eigi að fjármagnast.

Það kom líka fram spurning um það frá hv. þm., hvort ríkissjóður græddi raunverulega á þessu, þ. e. a. s. tekjutryggingin lækkaði það mikið að það vægi upp á móti hækkun gjalda ríkissjóðs. Það held ég ekki. Hitt er rétt, að tekjutryggingin mun eitthvað minnka. Maður, sem hefur einhverjar tekjur í dag aðrar en lífeyrissjóðstekjur, tekjur af húsaleigu eða einhverjar slíkar tekjur, getur komist upp fyrir þakið, þ. e. a. s. komist upp fyrir skerðingarmörkin, þannig að tekjutryggingin skerðist að einhverju leyti. Þó held ég að það verði langt frá því að vega uppi á móti þeirri hækkun sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður taki á sig. Þó að farið sé að tillögu II, er það 300 millj. kr. hækkun frá því sem er í dag. Ég held sem sagt að þetta stríði ekki gegn því samkomulagi sem gert var 1977. Það er líka jafnrétt, að það hefur ekki verið fallist á það af aðilum vinnumarkaðarins að svona skuli kerfið fjármagnað.

Hv. 5. þm. Vesturl. hafði áhyggjur af sveitarsjóðunum og skil ég hann mætavel. Það eru þó nokkur rök fyrir því, að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki þarna á sig nokkrar byrðar. Hann hefur siðferðilegar skyldur gagnvart því starfsfólki sveitarfélaganna sem ekki hefur réttindi í dag. Húsverðir skóla og ýmsir slíkir aðilar byrja seint að vinna og öðlast ekki nein réttindi, þannig að rökin eru nokkur. Ég er ekki að segja að það vegi upp á móti þessum milljónum öllum. Það léttir líka framfærslu að einhverju leyti, það er á hreinu, en að hve miklu leyti skal ég ósagt láta. Nokkur hækkun verður á útsvarstekjum, en hún er kannske ekki heldur mjög þungvæg.

Ég er alveg sammála honum að öðru leyti um það að hafa áhyggjur af fjármálum sveitarsjóðanna. Ég hef þær miklar. Ég á þær sameiginlega með honum og ég er sammála því sjónarmiði sem fram kemur hjá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga í þessum málum. Nefndin, sem vinnur að verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er einmitt núna að fjalla um hvernig tekjum verði skipt á milli ríkis og sveitarfélaga. Geri ég ráð fyrir að þessi mál verði þar öll saman tekin til skoðunar. Ég er alveg sammála hv. þm. um það, að hafa megi verulegar áhyggjur af fjármagnsskorti sveitarfélaganna, sérstaklega ef verðbólgan heldur áfram eins og hún hefur gert á undanförnum árum.

Ég er sammála hv. 3. þm. Norðurl. e. um það, að vitanlega verður að miða að því að þetta verði allt eitt samræmt lífeyriskerfi. Og vegna spurninga, sem kom fram frá hv. 5. þm. Reykv. um sama efni, má geta þess, að nefnd þessari hefur verið falið tvennt — báðum nefndunum reyndar. Í fyrsta lagi að koma strax með till. um frv. til l. um skylduaðild þeirra sem nú fá réttindi eða eru að fá réttindi, en borga ekki neins staðar í dag. Ég vona að það verði svo einfalt í sniðum, að það geti fylgt þessu frv. í afgreiðslu nú fyrir þinghlé. Í öðru lagi hefur nefndarmönnum verið falið að halda áfram með þetta stóra verkefni, eitt samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.

Ég er sammála því auðvitað, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., að þetta er of þungt í vöfum, þetta þarf að vera einfaldara. Hitt er annað mál, að það er geysilega erfitt. Þarna rekast mjög mörg hagsmunamál á. Þarna eru 100 lífeyrissjóðir með a. m. k. 500 stjórnendur og helst þarf þetta allt að gerast í sátt og samlyndi og verður því að eyða verulegum tíma í það. Að því ber að stefna og að því verður stefnt.

Spurt var um hjón, sem bæði vinna hjá ríkinu, hvort bara annað nyti réttinda. Ég held að það geti ekki komið til, ef bæði eru fullgildir meðlimir lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Hitt er annað mál, að þessi svokallaði biðreikningur hjá fjmrn. er vondrar náttúru, og það eru ýmsar konur sem vinna hálfan daginn, lausráðið fólk og gamalt þegar það byrjar og eitthvað í þá áttina sem er þarna með og það getur lent utanveltu að meira eða

minna leyti. Það er liður í samkomulagi, sem gert hefur verið við BSRB, að koma þeim málum á hreint, þannig að þessi sjóður falli út og sameinist lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. T. d. er, ef ég man rétt, enn þá miðað við að menn séu orðnir tvítugir, og gott ef ekki 21 árs, þegar þeir byrja að borga í sjóðinn, þó að þeir séu orðnir opinberir starfsmenn kannske 16—17 ára. Það er því ýmislegt sem þarf að laga þar.

Það komu til viðbótar við þetta fram hjá hv. 5. þm. Reykv. spurningar um stigaútreikninginn og að ráðh. geti að fengnum till. frá umsjónarnefndinni breytt því. Ég vil segja það, að menn eru ekki alveg á eitt sáttir um hvernig útreikningurinn muni koma út í reynd. Þarna er miðað við 15 ár aftur í tímann. Þegar greitt hefur verið í einhvern lífeyrissjóð er þetta enginn vandi. Þá er farið eftir því. Þó að það sé óverðtryggður lífeyrissjóður og þess vegna gagnslaus í dag, þá er hægt að nota það sem grundvöll útreiknings. Þar sem ekkert slíkt er fyrir hendi, þá er talað um að fá uppgefnar tekjur 5 ár aftur í tímann frá skattstjórum og reyna svo að umreikna það áframhaldandi aftur í tímann, og ef þess þarf er reiknað með að verði eitt stig fyrir hvert ár þessi 5 ár. Menn eru ekki vissir um hvort slíkt vinnur nógu vel. Þess vegna er varnagli settur um það, að setja megi einhverjar aðrar reglur eða finna einhverja betri lausn. Auðvitað verður þetta gert í samráði við umsjónarnefndina, og það má vel vera að það sé rétt að það eigi að gerast með lagabreytingu þegar og ef að því kemur.

Spurt er um frítekjumarkið. Sannleikurinn er sá, að frítekjumörkum hefur verið breytt með lögum á hverju ári og verður sjálfsagt breytt núna. Menn, sem hafa ekki aðrar tekjur eða litlar aðrar tekjur, t. d. einhleypingar, verða undir markinu. Aftur á móti er rétt að það er ekkert því til fyrirstöðu að hjón hafi bæði réttindi í þessu kerfi. En skerðingarmörk tekjutryggingar hjá hjónum eru ekki að sama skapi hærri og bætur þeirra miðað við einstaklinga. Varðandi bæturnar er þetta 80%, þ. e. 90% af tvöföldum bótum einstaklinga. Ef ég man rétt eru frítekjumörkin nú 297 þús. fyrir einstakling, en 415 eða 416 þús. fyrir hjón. Þarna er ekki sama hlutfall og þess vegna geta hjón lent yfir frítekjumarki, þó að þau hafi ekki aðrar tekjur en þessi lög gera ráð fyrir. Hjón geta farið yfir mörkin, þó að einstaklingar geri það í fáum tilfellum. Svo er spurningin með það fólk sem gæti hugsanlega lent yfir markinu. Tekjutryggingarbæturnar rýrna um 45% þess sem yfir markið fer og halda áfram að rýrna þangað til komið er í 1.3 millj. hjá einstaklingi og — ég man ekki fyrir víst — einhvers staðar í kringum 2 millj. hjá hjónum. En þarna geta líka komið til tekjur eins og t. d. vaxtatekjur, tekjur af eignum og annað því um líkt, þannig að ég er hræddur um að það sé erfitt að ákveða í eitt skipti fyrir öll að enginn skuli rekast upp undir loftið. En vitanlega ber að skoða þetta eins og allt annað.

Ég er ekki 100% viss um alla sem eru í þessum nefndum. Ég þori því ekki að fara með skrá yfir þá. En fulltrúar frá ríkinu, sem eru í nefndunum, eru formennirnir, Jóhannes Nordal formaður í stóru nefndinni, Jón Sigurðsson formaður í minni nefndinni — 8 manna nefndinni sem nú er — og síðan eru ráðuneytisstjórarnir Páll Sigurðsson og Höskuldur Jónsson. Þessir eru fulltrúar ríkisvaldsins.

Heildarhækkun útgjalda, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er 1350 millj. kr. Verða útgjöld kerfisins því alls 3755 millj. Nú er það svo, að það eru ekki í fjárl. þessa árs neinar tölur sem varðandi þetta. Þess vegna hefur þótt dálítið erfitt og vonlítið að fara að bæta þarna milljarði — eða 1.3. milljörðum eins og tillaga I gerir ráð fyrir á ríkissjóð. En samkomulag varð um það í ríkisstj. að frv. yrði flutt svona með tekjutillögu II og með gildistöku 1. sept., þá byrji greiðslurnar. Vitanlega hefði verið skemmtilegra að gildistaka hefði verið 1. júlí eða fyrr.

Rætt var um það, að þegar fólk færi á eftirlaun hækkuðu skattarnir. Það getur ekki verið, nema þá að eftirlaunin eða lífeyrissjóðsbæturnar verði það miklar að það hækki heildartekjur í sjálfu sér. Öðruvísi má það ekki verða. Þar að auki vil ég upplýsa það, að flest sveitarfélögin, a. m. k. önnur en Reykjavík, ég þori ekki að fullyrða um Reykjavík, draga bætur frá, þ. e. a. s. draga allar bætur almannatrygginga frá. Maður, sem er með svona og svona mikil laun og heldur áfram óbreyttum launum þegar hann fer á eftirlaun fær því verulega lækkun útsvara, því að allar bætur almannatrygginga eru dregnar frá. Ég held að þetta eigi við um flest sveitarfélög. Þó átti það ekki við um Reykjavík til skamms tíma. Ég veit ekki hvernig það er í dag.

Ég vil mjög taka undir það, sem hér hefur verið sagt, og ítreka það sem ég sjálfur sagði áður, að átök um tekjuöflunina mega ekki draga samþykkt frv. á langinn. Frv. var tilbúið þegar s. l. haust og hefði getað orðið að lögum fyrir síðustu áramót ef ekki hefðu verið átök um fjáröflunarhliðina. Ég legg eindregið til að frv. verði samþ. sem allra minnst breytt. Það hefur verið talað um þá hugsanlegu breytingu, að í staðinn fyrir 5% frá lífeyrissjóðunum komi 4%. Þá er allt óbreytt gagnvart samkomulagssjóðunum. Þá koma hinir sjóðirnir einir inn í myndina að nýju. Það er mjög erfitt að standa að því fyrir nokkurn aðila, þó að aðilar vinnumarkaðarins hafi lagt til að ríkissjóður borgi það sem áður var greitt af þessum sjóðum til viðbótar við það að borga kostnaðinn af þessum lögum. Ég get sjálfur vel fallist á að þessu verði breytt úr 5% í 4%, ef samkomulag næst um það á annað borð. Ég vil helst að þessu verði sem allra minnst breytt og sem minnst rifist um þetta — alla vega að litlum tíma verði varið til þess að rífast um það. Við gætum þá heldur byrjað það rifrildi í haust, þegar þingið kemur saman aftur, og breytt skipaninni fyrir áramótin næstu. Allur sá tími, sem fer í þetta, kemur niður á fólki sem á fáa málsvara, er hvergi í félögum. Það má ekki ske, að Alþ. gleymi hagsmunum þessa fólks vegna þess að verið sé að rífast um tekjuöflunarhliðina.

Ég legg sem sagt til að við samþykkjum frv. og það taki gildi 1. sept. og fólkið fái sínar greiðslur. Við megum ekki undir neinum kringumstæðum eiga það á hættu, með því að rífast um fjáröflunarhliðina, að þetta nái ekki að taka gildi fyrir þinglok. Við getum heldur tekið upp rifrildið um fjáröflunina aftur í haust.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hæstv. ráðh. lagði áherslu á þá ósk sína, að ágreiningur um tekjuöflun vegna þessa frv. yrði ekki til að draga samþykkt þess á langinn. Þetta er vitanlega fróm ósk og góð svo langt sem hún nær, en það er svo, að til þess að hægt sé að framkvæma ákvæði þessa frv. verður tekjuöflunin auðvitað að liggja alveg ljós fyrir. Varla ætlast hæstv. ráðh. til þess að tekjuöflunarákvæðunum sé sleppt að sinni og „geymt að rífast um þau þangað til í haust", eins og hæstv. ráðh. orðaði það, því að ekki er það nóg til þess að fólkið fái peninga sína. Það verður að vera ljóst, hvaðan þeir eiga

að koma.

Hæstv. ráðh. upplýsti, hverjir hefðu verið fulltrúar ríkisvaldsins sem stóðu að tillögu II í fskj. II. Það voru embættismenn allt saman. Valið á milli þessara leiða er pólitískt. Þess vegna er eðlilegt að hæstv. ráðh. skýri frá því, hver er till. ríkisstj. (Gripið fram í). Já, ef það liggur fyrir, að ríkisstj. öll standi að þeirri leið sem lögð er til í frv., er spurningunni svarað. Mér virtist ekki vera ljóst, hvort ríkisstj. öll stæði að þessari leið eða hvort hæstv. ráðh. hefði aðrar hugmyndir en ríkisstj. að öðru leyti.

Ég kvaddi mér annars hljóðs til þess að leiðrétta misskilning sem ég varð vör við út af þeirri litlu ábendingu sem fram kom í sambandi við skattlagningu aldraðra sem njóta tryggingabóta eða eftirlauna. Þannig getur staðið á, að slíkir skattar hækki þó að tekjurnar lækki, vegna þess að um lífeyristekjur gildir ekki sú regla sem er í enn gildandi skattalögum um 50% frádrátt af tekjum konunnar. Hins vegar leggjast tekjur hjóna saman með einföldum hætti án 50% frádráttar þegar þær eru fólgnar í eftirlaunum eða fólgnar í tryggingabótum. Það er í því sem vandinn liggur þegar sú einkennilega staða kemur upp. Segja má að á þeim skamma tíma sem eftir er, á því eina ári sem eftir er af gildistíma þeirra laga sem nú gilda, væri e. t. v. hægt að gefa þetta eftir með þeim hætti að litið yrði á lífeyristekjur aldraðra og tryggingatekjur aldraðra frá sjónarmiði skattyfirvalda með sama hætti og launatekjur.

Herra forseti. Það er eitt atriði sem ég vildi undirstrika í þessu sambandi, og er það í sambandi við allt þetta mál og lífeyrissjóðamálin yfirleitt. Þetta atriði tengist þeim vanda sem alltaf verður á meðan verðbólgan er eins og nú er, eða jafnvel þótt minni sé. Að því hlýtur að koma að lífeyrissjóðirnir greiði ekki einungis verðtryggðan lífeyri, heldur verði um leið verðtryggt það sem í þá kemur. Undir verðtryggingu lífeyris úr lífeyrissjóðum hljóta, þegar fram líða stundir, lífeyrissjóðirnir sjálfir að verða að standa. Eðlilegast er að þeir ávaxti sitt fé þannig að það sé verðtryggt, til þess að öruggt sé að þeir, sem njóta eiga eftirlauna eða bóta úr þeim, fái það fé, sem í þá hefur verið lagt, verðtryggt. Mér hefur aldrei virst það rökrétt þegar menn eru ákveðnir í því að bætur lífeyrissjóða skuli verða verðtryggðar, en hins vegar ekki þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að ávöxtun lífeyrissjóðanna sé einnig verðtryggð. Þetta tvennt hlýtur að verða að fara saman, hvort sem menn svo hafa einn sameiginlegan lífeyrissjóð, marga lífeyrissjóði eða hvernig sem þessum málum verður fyrir komið. Aðalatriðið er að samræmi sé á milli þeirra reglna sem gilda um það fé, sem úr sjóðunum fer, og um það fé sem í þá kemur.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess sem fram kom hjá hv. 5. þm. Reykv.

Það er auðvitað rétt, að lífeyrissjóðirnir verða að fá að verðtryggja bæði skuldbindingar og það sem þeir eiga inni, ef við höldum óbreyttu kerfi. Hitt er annað mál, að um leið og við tökum upp sameiginlegt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn er hægt að hugsa sér að gegnumstreymiskerfi verði að meira eða minna leyti tekið upp, þannig að þetta þurfi ekki að rekast geysilega mikið á. En eins og málin standa í dag sigla allir lífeyrissjóðirnir í gjaldþrot eins og þeir leggja sig að öllu óbreyttu, nema náttúrlega þar sem ríki eða bæjarfélög koma til. Það er enginn vandi að reikna út, að eftir örfá ár — að óbreyttri verðbólgu — verða allir þessir svokölluðu frjálsu lífeyrissjóðir gjaldþrota og geta ekki staðið við skuldbindingar sínar. Það er atriði sem við þurfum að huga vel að, en ég vænti þess, að með samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn verði því slysi afstýrt.

Það er auðvitað rétt, að hugsanlegt er í þeim tilvikum þegar lífeyrisgreiðslurnar eða tekjurnar af lífeyri koma bara á eiginmanninn einan, en tekjurnar voru áður á báðum hjónunum, að 50% reglan hjálpi ekki. En það verður auðvitað aðeins eitt ár um að ræða, því að síðan fellur þessi 50% regla niður.

Ég vil að lokum upplýsa það og undirstrika, að frv. er lagt fram af allri ríkisstj. með fyrirvörum einstakra ráðh. um minni háttar breytingar á tekjuöflunarleiðinni, t. d. að 5% verði breytt í 4%, eins og ég var að tala um áðan. Það kom ekki formlega fram, en ráðh. lýstu yfir að þeir mundu vilja hafa fyrirvara um þetta atriði. Frv. eins og það liggur fyrir er lagt fram af allri ríkisstj.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég spurði hæstv. ráðh. að því, hvort fjáröflunarleiðin gæti samkv. þessu frv. verið í ósamræmi við samkomulag sem gert var milli ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins 1977. Hann kvað svo ekki vera og honum væri ekki kunnugt um að samið hefði verið um ákveðna leið við framkvæmd þessa atriðis. Ég vil ekki véfengja þessi orð hæstv. ráðh., en mér skilst að þegar aðilar vinnumarkaðarins samþykktu það, sem enginn ágreiningur var um, að lífeyrissjóðir skyldu greiða 5% af iðgjaldatekjum sínum til þess að standa undir hluta kostnaðar vegna bótaákvæðanna, hafi þessi samþykkt af þeirra hálfu verið gerð á þeirri forsendu að fjáröflunarleið nr. 1 væri farin.

Mér kemur til hugar í sambandi við síðustu orð hæstv. ráðh. í ræðu þeirri, sem nú er nýlokið, hvort það standi eitthvað í sambandi við það, sem hann sagði, að sumir ráðh. hefðu fyrirvara um að lækka 5% niður í 4%. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég hef tjáð mig áður um það.

Ég vil aðeins að gefnu tilefni víkja að Jöfnunarsjóðnum. Hér innleiddi hv. 5. þm. Vesturl. umr. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og það ákvæði í fjáröflunarleið nr. II, sem frv. gerir ráð fyrir, að greitt verði úr Jöfnunarsjóði til þess að standa undir þessum bótum. Ég er alveg sammála þeim rökum sem hv. 5. þm. Vesturl. kom fram með í þessu sambandi, að það væri ekki bætandi á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga byrðum. Það má líka segja að maður geti verið sammála því sjónarmiði hv. 3. þm. Norðurl. e., að ekkert sé óeðlilegt að Jöfnunarsjóðurinn standi undir þessum greiðslum. En hann tók jafnframt fram, að það gæti líka orðið einhver annar aðili á vegum sveitarfélaganna. Það, sem er aðalatriðið í þessu og mér virðist að þurfi sérstaklega að athuga, er það, að með hvaða hætti sem þessar byrðar eru lagðar á sveitarfélögin er ekki raunhæft að gera það nema færa sveitarfélögunum nýja tekjustofna eða tekjur á móti. Ég þykist vita að æðsti yfirmaður sveitarfélaganna í landinu komi til með að virða þetta sjónarmið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 76. fundur

Mánudaginn 23. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 475 (sbr. 62)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er lagt fram að ósk dómenda Hæstaréttar. Það hefur, eins og fram kom hjá hæstv. forseta, verið afgreitt í Ed.

Í grg. með frv. kemur fram að lítil fjölgun hefur orðið á starfsmönnum Hæstaréttar síðustu áratugi. Dómurum hefur t. d. aðeins fjölgað um einn frá árinu 1945. Álag á Hæstarétt hefur aftur á móti stóraukist hin síðari ár, og nærri lætur að 250 málum sé nú skotið til réttarins að meðaltali á ári hverju. Á milli 120—130 af þessum málum eru tekin til efnisúrlausnar. Þetta er mikið álag á dómstól sem er skipaður fáum dómurum og hefur þar að auki á að skipa litlu starfsliði öðru. Er nú svo komið að það mun taka á að giska eitt ár að fá úrlausn á venjulegu einkamáli eftir að málið er komið á málflutningsstig. Það er of langur tími, bæði að mati hæstaréttardómara og hæstaréttarlögmanna. Í flestum æðstu dómstólum á Norðurlöndum er talið að ekki líði lengra en 6 mánuðir frá því að einkamál kemst á málflutningsstig og þar til úrlausn fæst. Ber því tvímælalaust að stefna að því takmarki hér á landi, en vonlaust er að ná því marki að mati hæstaréttardómaranna sjálfra án þess að hæstaréttardómurum verði fjölgað og starfsaðstaða þeirra bætt.

Það skal tekið fram, að yfirleitt er engin töf á því að úrlausn fáist í Hæstarétti í sakamálum. Slík mál eru látin sitja í fyrirrúmi og yfirleitt tekin til meðferðar mjög fljótlega eftir að ágrip af dómsgerðum berast Hæstarétti. Gerð dómságripa getur hins vegar tekið allnokkurn tíma ef mál eru mjög viðamikil.

Í frv. því, sem ég fylgi hér úr hlaði, er lagt til að bætt verði við einum dómara í Hæstarétti og dómurum þannig fjölgað úr 6 í 7. Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir að 3 dómarar skipi dóm í kærumálum nema þau séu sérstaklega vandasöm úrlausnar. Með þessu móti er rýmkuð heimild sú sem tekin var upp í lög um Hæstarétt árið 1973, þess efnis að 3 dómarar geti skipað dóm í minni háttar dómsmálum. Þessi breyting var einkum gerð í þeim tilgangi að hraða dómsúrlausnum, þar eð búast mætti við að fleiri mál yrðu dæmd á ári hverju ef slíkri deildaskiptingu yrði við komið. Þessi heimild hefur verið allmikið notuð hin síðari ár, í þriðja til fjórða hverju máli.

Með því að fjölga hæstaréttardómurum um einn og rýmka þriggja dómara heimildina ætti að skapast möguleiki á því, að dómurinn fjalli um kærumál svo og minni háttar einkamál og sakamál í tveimur þriggja dómara deilum. Yrði það tvímælalaust til að hraða málsmeðferð almennt fyrir dómstólnum.

Í þriðja lagi er lagt til í frv. að áfrýjunarfjárhæð verði hækkuð úr 25 þús. kr. í 200 þús. kr. Hér er um að ræða nokkru meiri hækkun en nemur þeim breytingum á kaupgjaldi og verðlagi sem orðið hafa frá árinu 1973, þegar áfrýjunarfjárhæð var síðast breytt. Með þessu móti er komið í veg fyrir að smæstu dómsmál geti gengið sjálfkrafa til Hæstaréttar. Rétt er þó að benda á að dómsmrh. getur beitt áfrýjun máls þótt sakarefni nemi ekki áfrýjunarfjárhæð, ef úrslit málsins eru mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila og Hæstiréttur mælir með því. Fleiri leiðir en þær, sem fram koma í frv., eru að sjálfsögðu hugsanlegar til að hraða málsmeðferð fyrir Hæstarétti og draga úr þeim mikla fjölda mála sem nú er skotið til dómsins. Ein leiðin er án efa sú að hækka dráttarvexti af dómskuldum almennt, sem hefur verið töluvert til umr., og er frv. um það til meðferðar hér á hinu háa Alþingi. Ég hef reyndar látið kanna það mál sérstaklega með tilliti til hins lögfræðilega vanda sem því er tengdur, og virðist hann vera töluvert meiri en ég taldi í upphafi. En væntanlega verður á því breyting með nýju formi sem nú er ráðgert almennt í verðtryggingar- og vaxtamálum í landinu.

Önnur leið til að létta álagi af Hæstarétti er að bæta við nýju dómsstigi á milli héraðsdóms og Hæstaréttar, þannig að minni háttar dómsmálum verði að jafnaði ekki skotið til æðsta dómstóls þjóðarinnar. Í frv. til lögréttulaga, sem tvívegis hefur verið lagt fram á Alþ., er gert ráð fyrir þessari breytingu á dómstólaskipan í landinu. Verði sú breyting ofan á má ætla að verulega megi draga úr álagi því sem nú hvílir á Hæstarétti. Hins vegar vil ég geta þess, að lögréttufrv. er nú í enn einni ítarlegri athugun hjá réttarfarsnefnd og hafa nýir menn verið kvaddir til að athuga það. Sérstaklega hef ég talið nauðsynlegt að gera gleggri grein fyrir því en áður var ljóst, hvaða kostnaður fylgi slíkum nýjum dómstól. Grunur minn er sá, að hann muni reynast töluvert meiri en áður var talið. Ég stefni hins vegar að því, að ákveðið verði fyrir haustið hvort lögréttufrv., eins og það er nú eða breytt, verði þá lagt fyrir Alþ. Af þessari ástæðu er m. a. aðeins gert ráð fyrir fjölgun um einn hæstaréttardómara í því frv. sem nú er lagt fyrir. 7 hæstaréttardómarar anna hins vegar ekki til frambúðar þeim mikla fjölda mála sem fyrirsjáanlegt er að skotið verður til Hæstaréttar að óbreyttri dómstólaskipan. Því sýnist mér líklegt, að nái ekki frv. til lögréttulaga fram að ganga eða ákveðið verði að stofna ekki til slíks dómstóls, muni reynast nauðsynlegt að fjölga dómurum í Hæstarétti frekar en gert er ráð fyrir í þessu frv. Skjótar úrlausnir af hendi dómstóla eru hið mesta keppikefli hverju réttarríki, enda sé réttaröryggis í hvívetna gætt við úrlausnir dómsmála. Ber brýna nauðsyn til að búa Hæstarétti starfsaðstöðu til þess að leysa með skjótum og öruggum hætti úr þeim mikla fjölda mála sem þangað er skotið. Þetta frv. stefnir að því, og þess vegna er von mín að það geti sem fyrst náð fram að ganga.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það kom fram í skýrslu hæstv. fyrrv. dómsmrh., sem lögð var fram hér á Alþ. á síðasta þingi, að afgreiðsla og meðferð mála fyrir dómum landsins tók styttri tíma á síðustu árum en menn höfðu ætlað og reyndar mun styttri tíma en áður átti sér stað. Hins vegar kom líka fram í umr. um þá skýrslu, að flöskuhálsinn í dómsmálum okkar var og er í Hæstarétti. Hæstv. ráðh. nefndi það í ræðu sinni, ef ég hef tekið rétt eftir, að mál gætu nú þurft að bíða í allt að eitt ár þangað til þau væru tekin fyrir í Hæstarétti. En sannleikurinn er sá, að enda þótt málin séu tekin þar fyrir getur liðið miklum mun lengri tími þangað til niðurstaða fæst hjá

Hæstarétti í viðkomandi máli, og ég hef grun um að tími sá, sem liðið getur frá því að undirréttardómur er kveðinn upp og þar til dómur er kveðinn upp í Hæstarétti, sé allt upp í 3—4 ár eins og nú er. Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi ástand, dregur mjög úr öllu réttaröryggi og rýrir traust almennings á dómstólum landsins. Ég held því að það sé mjög brýn og tímabær till. að fjölga dómurum í Hæstarétti, og að því leyti styð ég þetta frv.

En ég vil um leið koma því að, að ég hygg að ein leiðin til þess að auka virkni Hæstaréttar og greiða fyrir eðlilegri málsmeðferð hjá Hæstarétti sé líka að bæta mjög starfsaðstöðu dómaranna. Eins og nú er háttað þessari starfsaðstöðu er tiltölulega fámennt starfslið hjá Hæstarétti og dómararnir sjálfir þurfa að sinna öllum undirbúningsstörfum, jafnvel svo, að mér skilst, að það sé ákaflega takmörkuð aðstaða til vélritunar, hvað þá að fyrir hendi séu fulltrúar sem gætu flett upp fyrir dómara, undirbúið málatilbúnað eða reynt að greiða fyrir því að þeir gætu tekið fljótt afstöðu til þeirra mála sem þar er fjallað um. Ég held því, að um leið og þetta frv. fær afgreiðslu hér á þessu þingi og gert er ráð fyrir að reynt sé að búa betur að Hæstarétti, þá eigi að leita þeirra leiða með því að bæta starfsaðstöðu Hæstaréttar með því að fjölga hugsanlega fulltrúum eða starfsmönnum hjá Hæstarétti áður en a. m. k. enn er gripið til þess að fjölga dómurum í Hæstarétti. Ég held að það sé mjög mikilvægt, að það orð komist ekki á og sú staðreynd blasi ekki við, að Hæstiréttur sé svo mikill flöskuháls að það sé beinlínis með ráði gert hjá aðilum einkamála sérstaklega að áfrýja þeim til Hæstaréttar til þess að draga mál á langinn og vinna þannig tíma og um leið rýra auðvitað þær kröfur sem hafðar eru uppi í slíkum einkamálum.

Þessum sjónarmiðum vildi ég koma að, herra forseti, um leið og ég lýsi efnislega yfir stuðningi mínum við þetta frv.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir af hálfu ríkisstj., er viðurkenning á því, að það þurfi að bæta vinnuaðstöðu og vinnuafl Hæstaréttar til þess að vinna bug á þeim seinagangi og öryggisleysi sem ríkir nú í réttarfarsmálum Íslendinga. Ég tek alveg undir þetta viðhorf. Það er óverjandi í þjóðfélaginu hversu einstaklingar þurfa að bíða lengi eftir úrskurði mála hjá þessum æðsta dómstól þjóðarinnar. Ég styð því þetta frv. og tel það spor í rétta átt.

En það er eitt atriði sem ég vil vekja máls á, og þess vegna er ég nú kominn í þennan ræðustól. Ég hef aldrei skilið það, eftir hvaða reglum hæstaréttardómarar eru valdir eða skipaðir. Hvað ræður því hver er valinn til þess að gegna þessari virðulegu stöðu eða embætti í þjóðfélaginu? Efalaust er það oftast hæfni manna. En ég er ekki frá því að stundum komi þarna upp pólitísk viðhorf. Til þess að tryggja að ekki séu pólitískar veitingar í svona mikilvægum stöðum, þá tel ég alveg sjálfgefið mál, að það eigi í hverju tilviki, þegar hæstaréttardómari er ráðinn, að skipa dómnefnd sem meti hæfni umsækjanda. Þetta tíðkast t. d. við Háskóla Íslands. Það er talið sjálfsagt mál að menn séu metnir eftir störfum þeirra og vinnubrögðum, hvort þeir séu hæfir til þess að gegna viðkomandi embætti. Nú er enginn vafi á því, að hæstaréttardómarar eru enn virðulegri menn í þjóðfélaginu heldur en prófessorar, og á þeim hvílir að sjálfsögðu gífurleg ábyrgð. Þess vegna tel ég alveg sjálfsagt mál að það sé skipuð dómnefnd til þess að meta hæfni umsækjenda. Þessi dómnefnd mætti vera skipuð t. d. tveimur hæstaréttardómurum og einum lagaprófessor eða eftir einhverjum slíkum leiðum.

Ég vil endilega beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, hvort ekki megi finna skynsamlega leið til skipunar dómnefndar þegar hæstaréttardómarar eru valdir, og tel að þar með væri girt fyrir pólitískar veitingar þessara mikilvægu embætta með þjóðinni.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. Ég hef kynnt mér starfsaðstöðu Hæstaréttar að sjálfsögðu. Ég er honum alveg sammála: Þar þarf að bæta verulega um, ekki bara í vélritun, heldur ýmsu öðru. Þeir vélrita ýmsir sjálfir þar, dómararnir. Hitt er svo annað mál, að dálítið hefur verið um það deilt, hvort aðstoð lögfræðinga gæti verulega létt störfum hæstaréttardómara, og þeir eru sjálfir ekki sammála um það, að því er mér heyrist. Að sjálfsögðu verður dómarinn sjálfur að setja sig vel inn í mál, og enginn getur gert það fyrir hann. En þó er nú í undirbúningi fyrir fjárlagagerð að fara fram á fjölgun í Hæstarétti. Einkum er verið að tala um að fá heimild til að ráða þar skrifstofustjóra, þannig að ritari Hæstaréttar geti snúið sér meira en hann getur nú einmitt að þeim undirbúningi sem hv. þm. nefndi. Þetta er mjög mikilvægt mál og þyrfti að feta sig áfram á þeirri braut. En ég stend hér fyrst og fremst upp til að taka undir þetta.

Um skipun hæstaréttardómara hef ég frá engri reynslu að segja. Ég held að farið sé eftir hæfni manna mjög mikið, og að því er ég best veit hefur Hæstiréttur sjálfur ákaflega mikið um það að segja. Ég hygg að ávallt sé leitað umsagnar Hæstaréttar og yfirleitt farið eftir slíkri umsögn. Ég efast satt að segja um að önnur dómnefnd sé færari um slíkt heldur en Hæstiréttur, enda kom fram í orðum hv. 2. landsk. þm., ef ég tók rétt eftir, að í slíkri nefnd gætu verið skipaðir hæstaréttardómarar. Því virðist mér þessa gætt. Þó er sjálfsagt að athuga hvort um megi bæta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 249). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um lögtak og fjárnám, er hluti af þeim fyrirheitum ríkisstj. sem hún gaf launþegum í samningum í nóv. s. l. um ýmsar félagslegar endurbætur. Frv. gerir ráð fyrir þeirri breytingu á lögum um lögtak o. fl., að lögtaksréttur taki ekki aðeins til umsaminna greiðslna atvinnurekenda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaga, heldur nái þessi réttur einnig til umsaminna greiðslna í orlofssjóði svo og til greiðslna iðgjalda í lífeyrissjóði. Eindregnar óskir komu fram um það frá fulltrúum launþega að þessi breyting yrði gerð. Þótti rétt að verða við því, enda má segja að hér sé í raun og veru um hluta af hinum eiginlegu launum starfsmanna að ræða. Nái frv. þetta fram að ganga þarf ekki að staðfesta fyrrnefndar greiðslur í dómstóli áður en aðfarar er beiðst í eignum atvinnurekenda, heldur er hægt að ganga beint að eignunum.

Herra forseti. Þetta frv. hefur hlotið afgreiðslu í hv. Ed., og ég hygg að það skýri sig mjög vel og sú grg. sem með því fylgir, þannig að ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 250). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hér er enn um frv. að ræða, sem er hluti af þeim pakka sem um var samið við launþega um umbætur í félags- og réttindamálum. Frv. þetta er flutt samhliða öðru frv. um breyt. á l. um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Samkv. þeim lögum tekur ríkisábyrgð aðeins til þeirra vinnulauna og annarra skuldbindinga atvinnurekenda sem forgangsréttur fylgir samkv. lögum um skipti á dánarbúum, félagsbúum o. fl. En þau lög hafa að geyma reglur um það, í hvaða röð kröfur skuli greiddar við gjaldþrotaskipti.

Það frv., sem ég nefndi, mun reyndar vera orðið að lögum. Í frv. því, sem hér er til umr., er gert ráð fyrir þeim breytingum á núgildandi lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., að forgangsréttur launakröfu svo og annarra þeirra krafna, sem ríkisábyrgð tekur til við gjaldþrot, er lengdur úr 6 mánuðum í 18 mánuði. Slík breyting er nauðsynleg vegna þess að oft líður langur tími frá því að fyrirtæki komast í greiðsluþrot og þangað til gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp. Þessi dráttur hefur valdið því, að kröfur um laun eða aðrar lögmæltar greiðslur hjá þrotabúi hafa glatast, ýmist algerlega eða þá að hluta til. Réttur launþega á hendur ríkissjóði hefur þá jafnframt fallið niður þar sem ríkisábyrgðin takmarkast við þær kröfur sem forgangsréttur fylgir.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að um s. l. áramót tóku gildi ný gjaldþrotalög. Með gildistöku og framkvæmd þeirra laga er stefnt að því að hraða gjaldþrotameðferð, en það ætti að koma til góða launþegum sem öðrum þeim sem kröfur eiga á hendur þrotabúi.

Loks er að finna í frv. það nýmæli, að örorku- og dánarbótum til launþega, maka þeirra og barna er veittur tilsvarandi forgangsréttur og launakröfum. Með frv. til breyt. á lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot er lagt til að ríkisábyrgð nái einnig til þessara bóta. Dæmi munu til þess, að makar og börn hafi glatað lögmæltum dánarbótum við gjaldþrot atvinnurekenda þótt launakröfur fengjust greiddar, og hlýtur slíkt að teljast óviðunandi.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. þessu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn, frv. (þskj. 521 (sbr. 438)). — 1. umr.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta er samið og flutt til þess að draga saman í ein lög öll meginákvæði um landhelgi og lögsögu lýðveldisins Íslands á hafinu umhverfis landið og á landgrunninu og lögfesta í þágu Íslands enn ný réttindi á þessu sviði með hliðsjón af þróun þjóðaréttar að undanförnu. Aðalhöfundur þessa frv. er Hans G. Andersen ambassador, sem hefur verið fremsti sérfræðingur Íslendinga í landhelgismálum um langt skeið, en auk þess unnu menn í utanrrn. að frágangi málsins í samstarfi við hann.

Þetta frv. var lagt fyrir landhelgisnefnd, en í henni eiga sæti fulltrúar allra þingflokka, og gerðu nm. ýmsar góðar aths. sem teknar voru til greina áður en frv. var flutt. Þó vil ég taka fram að nm. landhelgisnefndar eru þrátt fyrir það á engan hátt bundnir texta frv. eins og hann er.

Í þessu frv. felast eftirfarandi aðalatriði:

1. Sjálf landhelgin, en með því hugtaki er átt við það hafsvæði þar sem ríkið hefur fullveldisrétt hliðstæðan og yfir landinu, er færð úr 4 mílum í 12 mílur. Þessu fylgja hvers konar réttindi í sambandi við tollamál, heilbrigðismál, lofthelgi og fjöldamargt annað.

2. Fiskveiðilögsaga hefur síðan 1975 verið 200 sjómílur og var það ákveðið með reglugerð sem byggðist á landgrunnslögunum frá 1948, eins og verið hefur um aðrar útfærslur. Með þessum lögum mundi verða lögfest 200 mílna efnahagslögsaga, sem er nokkru víðtækara hugtak en fiskveiðilögsaga.

3. Auk þess að fiskveiðilögsagan er á þennan hátt staðfest fær Ísland með 200 mílna efnahagslögsögu yfirráð yfir vísindarannsóknum á hafinu umhverfis landið að því marki.

4. Þessu til viðbótar tekur Ísland sér 200 mílna mengunarlögsögu og veitir það íslenskum stjórnvöldum rétt til þess að gera ráðstafanir til að vernda hafið umhverfis landið fyrir mengun eða líklegri mengun að þeim mörkum.

5. Með efnahagslögsögu tryggir Ísland sér allan rétt til þess að ráða byggingu mannvirkja eða afnot af þeim innan 200 mílna, en það getur haft verulega þýðingu í framtíðinni í sambandi við hugsanlega olíuvinnslu eða ýmiss konar rannsóknir.

6. Með frv. þessu eru ítrekuð reglugerðarákvæði um miðlínur milli Íslands og Grænlands og Íslands og Færeyja, en ákvæði um framkvæmd 200 mílna fiskveiðilögsögu gagnvart Jan Mayen frá 1975 er fellt niður. Þetta ákvæði, sem er á þá lund að við mundum fyrst um sinn aðeins framfylgja fiskveiðilandhelginni að miðlínu móti Jan Mayen, var sett til bráðabirgða þar til annað yrði ákveðið og mjög skýrt tekið fram af þáv. sjútvrh., að með því afsalaði Ísland sér engum rétti. Nú er þróun mála gagnvart Jan Mayen komin á það stig, að telja verður tímabært að fella þetta bráðabirgðaákvæði niður.

Við erum nú þegar búin að vinna hina miklu sigra í landhelgisbaráttunni með útfærslunum í 4 mílur, í 12 mílur, í 50 mílur og í 200 mílur, og þarf ekki að rekja þá miklu sögu, sem þeirri þróun hefur fylgt, né þá hörðu baráttu sem íslenska þjóðin háði til þess að ná þessum markmiðum og gerði það sem forustuþjóð, var meðal þeirra fyrstu sem framkvæmdu það sem nú er að verða eða orðinn almennt viðurkenndur þjóðaréttur. Þessar útfærslur hafa, eins og ég áður nefndi, verið gerðar með

reglugerðum sem sjútvrh. hafa gefið út og byggst hafa á landgrunnslögunum, og mun alla tíð hafa verið ætlunin að sett yrði heildarlöggjöf þegar tímabært þætti.

Nú er svo komið, að á vettvangi Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem hófst árið 1973 eftir margra ára undirbúning, hefur náðst víðtæk samstaða um rétt strandríkja til 12 mílna landhelgi þar sem strandríkið hefur fullveldisrétt nálega hliðstæðan því sem það hefur yfir landi sínu. Þá hefur einnig náðst samstaða um 200 mílna efnahagslögsögu þar sem miðað er við víðtækar heimildir strandríkis yfir auðlindum sjávar undan ströndum. Þar við má bæta víðtækri samstöðu um rétt strandríkis yfir landgrunni, landgrunnsbrekku og landgrunnshalla allt að endamörkum landgrunnssvæðisins, þótt enn sé óútkljáð mál hvernig þau endamörk verða að lokum ákveðin, en það þarf ekki að skipta máli varðandi þessa meginlöggjöf.

Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefur enn ekki lokið störfum að þessu sinni, og er of snemmt að fullyrða hver árangur verður af þeim fundum sem nú hafa staðið yfir. Hinir bjartsýnni menn á ráðstefnunni í Genf gera sér enn verulegar vonir um að unnt verði að leggja fram í lok þessa fundar ný drög að hafréttarsáttmála sem síðan verði fjallað um á einni ráðstefnu í New York n. k. sumar og málinu þar raunverulega lokið, en síðan gengið til undirskriftar á nýjum hafréttarsáttmála, væntanlega í Caracas í Venezúela, einhvern tíma á árinu 1980. Margir draga þó í efa, að þetta muni gerast á svo skömmum tíma, og telja, að enn geti tekið nokkurn tíma að ná fullnaðarsamkomulagi. En Íslendingar hafa nú um skeið verið meðal þeirra sem við hvert tækifæri á alþjóðlegum vettvangi hafa hvatt til þess að gengið yrði rösklega til verks og Hafréttarráðstefnunni lokið, þannig að sem fyrst komist á nýr hafréttur sem væntanlega verður árangur margra ára starfs ráðstefnunnar.

Ég ítreka það, að tilgangur þessa lagafrv. er að lögfesta þær meginreglur sem nú liggja ljósar fyrir og skipta Íslendinga mestu máli. Það er sjálfsagt að hafa slíkar meginreglur saman í einni löggjöf sem ekki þarf að snerta oft við, en hafa hins vegar sérstaka lagabálka, t. d. um mengun sjávar, jafnvel um rannsóknir, enda geta slík mál, að ég ekki nefni fiskveiðimálin, verið þess eðlis að ástæða sé til að gera á þeim breytingar innan tíðar.

Frv. hefur verið undirbúið á þann hátt, að leitað hefur verið sem víðtækastrar samstöðu og því lýst yfir, að komist menn að þeirri niðurstöðu, að einhverju orðalagi eða jafnvel efnisatriðum megi breyta til hins betra, sé sjálfsagt að líta á það. Í þessum anda var frv. tekið í Ed. Var þar aðeins gerð ein breyting á 6. gr., nánast breyting á orðalagi og varla um merkingarágreining að ræða.

Hingað til hafa þingmál varðandi fiskveiðilögsöguna að sjálfsögðu farið til sjútvn. Þetta frv. er allmiklu víðtækara og í þeim búningi að ég tel rétt að það gangi til allshn., eins og var ákveðið í Ed. Hér er fjallað um fjöldamörg mismunandi atriði, sem felast í hinni væntanlegu 12 mílna landhelgi, í mengunarákvæðum, rannsóknarákvæðum og öðru, til viðbótar því sem snertir sjávarútveg og fiskveiðar, en um þá hlið málanna hefur þegar verið rætt meira hér á Alþ. en hinar og má segja að þar ríki í stórum dráttum almennt samkomulag.

Herra forseti. Ég vil leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þegar ég bað um orðið hafði ég ekki gætt þess, að frv. mun fara samkv. till. hæstv. ráðh. til n. þar sem ég á sæti. Ég hefði að öllum líkindum ekki tekið hér til máls ef mér hefði verið þetta ljóst þá, þar eð ég fæ tækifæri til þess að fjalla um frv. í þeirri n. En að öðru leyti vil ég gjarnan segja það, að ég tel að það svo sem spilli ekki þó að öllum þeim ákvæðum, sem í gildi eru um hafið og hafréttinn, séu sett í einn bálk. Það er vafalaust til hægðarauka. Að öðru leyti sé ég ekki verulegan tilgang með þessu frv., ef undan er skilið það að sjálfa landhelgina eigi að stækka. Það er að sjálfsögðu nýmæli hér og er vafalaust í samræmi við tíðarandann og tímana, að landhelgin verði nú 12 sjómílur í stað þeirra fjögurra sem hún hefur verið lengst eða allt frá því að hún var færð úr 3 sjómílum fyrir mörgum árum.

Í þessu frv. eru, eins og hæstv. ráðh. gat um, fjölmörg atriði sem Íslendingar hafa verið að vinna að og vinna sér rétt til á undanförnum árum og eru staðfesting á því, hversu vel hefur tekist til í þeirri baráttu sem þjóðin hefur átt nú í nærfellt 30 ár, og er ekki nema gott eitt um það að segja.

Ég ætla, herra forseti, með hliðsjón af því, sem ég sagði í upphafi, að geyma mér frekari umsögn um þetta frv., aðeins segja það, að að sumu leyti hefði ég talið réttara að bíða með heildarlagasetningu þar til Hafréttarráðstefnu lýkur, en það má vera að mönnum þyki það of langt og þá hægt að setja ný lög, ef ástæða þykir til.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. utanrrh. voru drög að þessu frv. til l. um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn lögð fyrir svokallaða landhelgisnefnd, sem ég á sæti í fyrir hönd míns flokks, og þar komu fram nokkrar aths. við þau drög þegar þau voru lögð fram. Þær aths. frá okkur einstökum nm. hafa verið teknar til greina við endanlegan frágang frv. og eru því í þessu frv. þegar það nú kemur til þessarar d. frá hv. Ed.

Ég fyrir mitt leyti er samþykkur þessu frv. Vitaskuld má deila um það, hvort á að leggja á það kapp að fá það afgreitt á þessu þingi eða bíða næsta þings, en ég fyrir mitt leyti tel enga ástæðu til að afgreiðsla þessa máls bíði næsta þings. Ég tel fulla ástæðu til að afgreiða frv. Þetta frv. er að mínum dómi vel úr garði gert og til þess mjög vandað og það felur í sér þá viðamiklu breytingu að stækka landhelgi Íslands úr 12 sjómílum, eins og 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, og hljótum við allir þm. að vera sammála um að nauðsyn sé að gera það og því fyrr því betra. Ég tel ekki rétt að bíða eftir úrslitum Hafréttarráðstefnunnar. Það er engin vissa fyrir því, hvenær alþjóðlegur hafréttarsáttmáli liggur fyrir. Við töldum fyrir 4—5 árum að hann yrði kominn löngu fyrir 1979, og hefðum með þessum rökum getað í margvíslegum aðgerðum, sem við höfum verið að framkvæma á undanförnum árum, alltaf byggt ákvarðanir okkar á því að bíða eftir ákvarðanatöku þjóðanna um alþjóðlegan hafréttarsáttmála. En Hafréttarráðstefnan hefur dregist á langinn, og við höfum enga vissu fyrir því, hvenær henni endanlega lýkur. Það hafa verið uppi áform um að ljúka þessari ráðstefnu nú ár eftir ár, en alltaf hafa komið upp ýmsir erfiðleikar í sambandi við margvísleg samskipti, erfið samskipti á milli þjóða, og það er að mínum dómi engin vissa fyrir því, hvenær alþjóðlegur hafréttarsáttmáli liggur fyrir. Því tel ég fyrir mitt leyti rétt að afgreiða

þetta frv. og gera það að lögum sérstaklega með tilliti til stækkunar sjálfrar landhelginnar, og eins eru í þessu frv. mun nánari ákvæði en nú eru um efnahagslögsögu, um landgrunn, afmörkun svæða á milli landa, ráðstafanir gegn mengun, sömuleiðis vísindalegar rannsóknir, sem er bæði gott, nauðsynlegt og skynsamlegt að hafa í einni og sömu löggjöf.

Eins og fram kom í máli hæstv. utanrrh. bendir hann á það, að með þessu frv. eru ítrekuð reglugerðarákvæði um miðlínu milli Íslands og Grænlands og Íslands og Færeyja, en ákvæði um framkvæmd 200 mílna fiskveiðilögsögu gagnvart Jan Mayen er fellt niður.

Fyrir okkur Íslendingum vakir að ná sem allra fyrst samningum við Norðmenn varðandi nýtingu hafsvæðisins milli Íslands og Jan Mayen. Það er vandasamt verk. Þegar fiskveiðilögsagan var færð út í 12 mílur 15. júlí 1975 var ákveðið í reglugerð að miðlína milli Íslands og Jan Mayen gilti fyrst um sinn eða þangað til annað yrði ákveðið. Þegar sú reglugerð var gefin út var tekið fram af þáv. ríkisstj., að þetta ákvæði væri til bráðabirgða og gerði ekki það að verkum að réttur Íslands til 200 mílna fiskveiðilögsögu í átt til Jan Mayen væri skertur á einn eða annan hátt. Við þetta ákvæði hljótum við Íslendingar að halda okkur. Við höfum nú meiri hagsmuna að gæta á þessu svæði en við sáum 1975, þegar þessi reglugerð var gefin út. Þá voru ekki veiðar hér á sumarloðnu, þá var lítið vitað um þá loðnugengd sem hér væri að sumrinu. Síðan hefur komið í ljós að við höfum fiskað gífurlegt magn af loðnu hér út af Vestfjörðum og Norðurlandi og norðaustur í hafi, og í ljós hefur komið að þetta er sami loðnustofninn og er utan fiskveiðilögsögu Íslands norðaustur í hafi. Því er hér um sameiginlegt hagsmunamál okkar og Norðmanna að ræða, að ná sem víðtækustu samstarfi í þessum efnum. Hins vegar verður vafalaust ekki frá því hvikað, að við Íslendingar gerum mjög ákveðnar kröfur um að fá 200 mílna fiskveiðilögsögu í áttina til Jan Mayen. En við teljum og hljótum flestir eða allir að vera sammála um það, að æskilegt er og raunar nauðsynlegt fyrir vinveittar þjóðir að ná samkomulagi í þessum efnum, en fara ekki út í harðar deilur.

Ég vænti þess, að hæstv. utanrrh. fylgi þessu máli eftir og reynt verði að hraða þessum samningatilraunum við Norðmenn og reynt verði í lengstu lög að ná samkomulagi, en ekki að heyja deilur, jafnvel langvarandi deilur, sem geta orðið báðum þjóðum til skaða, bæði gagnvart efnahagslegri afkomu, sérstaklega okkar Íslendinga, og geta sömuleiðis haft í för með sér erfiðleika í sambúð þessara ríkja.

Ég endurtek það, að ég er samþykkur þessu frv. í öllum höfuðgreinum og tel feng að því að það fái afgreiðslu á þessu þingi.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend ekki upp til að ræða þetta frv. efnislega. Ég hef þegar lýst stuðningi mínum við það, ég tel það til bóta og fagna einnig köflum eins og 6. kafla um vísindalegar rannsóknir. Ákvæði um þær hefur skort í íslenska löggjöf. Þarna er tekið af skarið og ákveðnar reglur settar.

Hins vegar stend ég upp til þess að koma á framfæri aths. sem hreyft var við mig fyrir fáum dögum, þess efnis, að í frv. virðast ekki vera ákvæði sem heimila landhelgisgæslu að hafa afskipti af skipum, sem fara í gegnum íslenska efnahagslögsögu, eða a. m. k. að krefja slík skip um tilkynningarskyldu. Við getum nefnt skip á vegum Greenpeace t. d., og það var sérstaklega af því tilefni sem þetta var nefnt. Ég hygg að sú n., sem fær málið, ætti að athuga hvort ástæða sé til að setja í þetta frv. slíkar heimildir um tilkynningarskyldu sem mundu að sjálfsögðu stórlega auðvelda landhelgisgæslu að fylgjast með þeim skipum sem fara um efnahagslögsöguna.

Einnig hefur verið nefnt og reyndar kemur fram í grg. með þessu frv., að gera þarf breytingar til samræmis á tollalögum, áfengislögum og fleiri lögum. Þetta þarf að gera fljótt.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka jákvæðar undirtektir ræðumanna varðandi nauðsyn þess að ráðast í að fá færustu menn okkar til að semja þetta frv. Það getur vel orðið til að hjálpa til að ýta eftir sumum þeim atriðum sem allar þátttökuþjóðir í Hafréttarráðstefnunni hafa enn ekki fallist á. Má þar nefna að þær þjóðir eru til sem hafa ekki viðurkennt að heimilt sé að færa landhelgina út í 12 mílur. Hins vegar eru hinar svo miklu fleiri að við lítum á það sem fullkominn rétt okkar.

Það er sjálfsagt að kanna í n. það atriði sem hæstv. dómsmrh. nefndi. Ég hafði skilið þetta frv. svo, að það væri alveg tvímælalaust að skip sem kemur inn fyrir 200 mílurnar og er eitthvað viðkomandi rannsóknum eða einhver mengunarhætta gæti stafað af, fellur undir annan hvorn þennan flokk, það væri háð þeim afskiptum sem íslensk yfirvöld telja nauðsynleg. Kemur þetta fram aftur og aftur, t. d. í 4. gr., að innan efnahagslögsögunnar hefur Ísland fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda o. s. frv. Ef skip Greenpeace reynir að trufla þær reglur sem íslenska ríkið hefur sett um hagnýtingu auðlinda eins og hvalastofnsins á þessu áhrifasvæði okkar, þá tel ég að við hljótum að hafa fullkominn rétt skv. væntanlegum lögum til þess að gera þær gagnráðstafanir sem við teljum eðlilegar og nauðsynlegar. En það er sjálfsagt að athuga þetta betur í nefnd.

Hitt er rétt athugað hjá hæstv. ráðh., að útfærsla landhelginnar í 12 mílur leiðir til þess, að það þarf að breyta ýmsum öðrum lögum. Að vísu telja lögfræðingar að fyrst í stað mundi enginn vafi leika á, að seinni lögin giltu. Engu að síður væri æskilegt að þessar breytingar gerðust sem fyrst, og ef þetta frv. verður að lögum er þegar til listi í utanrrn. yfir það, hvaða öðrum lögum verði þörf á að breyta, og mundi þá sjálfsagt viðkomandi rn. verða bent á það mál. En ég taldi ekki rétt að fara lengra út í það í sambandi við þetta frv. sjálft, vegna þess að það snertir önnur rn. en utanrrn., sem má segja að sameini þetta mál í einn bálk.

Ég vil að lokum geta þess í sambandi við orð hv. 1. þm. Vestf., að viðræður við Norðmenn um Jan Mayen hafa staðið undanfarnar vikur og átt sér stað á Hafréttarráðstefnunni. Ákveðið var að fela Hans G. Andersen fyrir Íslands hönd og Jens Evensen fyrir hönd Norðmanna að hefja þessar umr. Síðan hittust þeir og utanrrh. beggja landa í Kaupmannahöfn fyrir nokkru og höfðu þar einn yfirlitsfund. Málið er því á hreyfingu. Það eru algerar frumrannsóknir, og ég vænti þess, að það komi í ljós nú innan tveggja eða þriggja vikna hvernig rétt verður að halda á málinu áfram. Ég hef látið í ljós þá skoðun og geri það á nýjan leik, að ef svo virðist sem grundvöllur sé fyrir samkomulagi sem við Íslendingar viljum athuga nánar

muni málið flytjast yfir í formlegri viðræður og þá muni verða rætt í ríkisstj. og við stjórnarandstöðuna hvers konar viðræðunefnd verður skipuð og hvaða form verður haft á því máli. En til þess að undirbúa nokkuð þau tengsl á milli flokkanna allra var landhelgisnefnd endurvakin og hún hefur fengið jafnóðum allar upplýsingar, sem utanrrn. hafa borist varðandi þetta mál.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. til viðbótar því, sem ég áðan sagði, og í tilefni af því, sem fram hefur komið síðan. Ég er eindregið á sömu skoðun og hæstv. utanrrh., að við höfum samkv. núgildandi lögum og samningum fullan rétt til afskipta af skipum sem hætta getur stafað af í mengunarlegu tilliti. Við höfum haft þennan rétt nokkuð lengi. Við öðluðumst hann með svokölluðum Oslóarsamningi sem staðfestur var fyrir nokkrum árum og hefur lagagildi hér á landi. Ég minnist þess, að fyrsta verk mitt í utanrrn. var að kalla til viðtals sendiherra Hollands, sem þá var hér að afhenda trúnaðarbréf, og tilkynna honum að við vildum ekki þola að Hollendingar vörpuðu hér í hafið eiturefnum eins og þá stóð til. Menn muna kannske eftir þeirri siglingu, að skip þeirra sigldu nánast um öll heimsins höf með þennan óþverra og komu honum hvergi frá sér. Þessi mótmæli okkar voru tekin til greina. Þau voru byggð á þeim samningi sem ég áðan nefndi. Þess vegna tel ég ekki nokkrum vafa undirorpið að þennan rétt eigum við og getum notað hvenær sem á þarf að halda.

Ég vil fagna því, sem hæstv. ráðh. upplýsti og raunar hefur komið fram annars staðar, að viðræður um Jan Mayen og fiskveiðiréttindin og önnur efnahagsréttindi á þeim slóðum eru hafnar, og þær eru í góðum höndum þar sem okkar færasti sérfræðingur í hafréttarmálum og alþjóðamálum, Hans G. Andersen, fer með þær fyrir okkar hönd. Ég vænti þess, að á þeim fundi, sem boðaður hefur verið í Strasbourg nú í næsta mánuði, þar sem í ráði mun að ráðh. Íslands og Noregs hittist, geti farið fram gagnlegar, vinsamlegar og hagstæðar umræður fyrir okkar hönd í þessu mikilsverða máli.

Það skiptir okkur verulegu máli að fá Jan Mayen-málið á hreint. En ég vek athygli á því einu sinni enn, að við það eru nokkuð önnur mál tengd sem líka þarf að athuga, án þess að ég ætli að gera þau að úmtalsefni í þessari stuttu ræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Afborgunarkaup, frv. (þskj. 508). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið samið á vegum viðskrn. Aðalhöfundur þess er Gylfi Knudsen lögfræðingur, sem starfaði um árabil í viðskrn., m. a. að hlutafélagalögunum sem nú eru í gildi, og á síðari stigum meðferðar þessa máls var Páll Sigurðsson kennari við lagadeild Háskóla Íslands Gylfa til ráðuneytis um frágang málsins.

Það hafa lengi verið uppi ráðagerðir hér á landi um setningu löggjafar um afborgunarkaup, en það er fyrst nú að frv. til l. um þetta efni er lagt fyrir hv. Alþingi. Lög um afborgunarviðskipti eru þáttur í löggjöf til verndar neytendum. Megintilgangur reglna um afborgunarkaup er að tryggja kaupendum í slíkum viðskiptum nauðsynlega vernd og skýra sem gleggst réttarstöðu og úrræði kaupenda og seljenda í þessum kaupum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að löggjöf til verndar neytendum er afar skammt á veg komin hér á landi borið saman við nágrannalöndin. Neytendavernd og neytendalöggjöf tekur þar jafnan til margvíslegra sviða og viðfangsefna og er fremur tilhneiging til að rýmka þann vettvang en hitt. Má þar nefna lagaákvæði um réttarstöðu og úrræði kaupenda í viðskiptum, kaupum og samningum ýmiss konar sem skipta neytendur almennt máli, gæða- og vörueftirlit og rannsóknir á vörum og þjónustu, vörumerkingar og aðrar upplýsingar í þágu neytenda, afgreiðslu ágreiningsmála neytenda við seljendur með sem fljótvirkustum hætti. Þá má nefna verðlagsmál og verðlagseftirlit og aðgerðir almennt sem fallnar eru til að halda niðri vöruverði. Einnig má benda á lagaákvæði sem ætlað er að vinna gegn alls kyns óhæfilegum viðskiptaháttum, svo sem óhæfilegum auglýsingum og skrumi í viðskiptum. Þessi mál eru að miklu leyti óplægður akur hér á landi og varla vansalaust hve seint hefur þokast í framfaraátt á þessum sviðum. Það er í mesta lagi hægt að segja, að það votti fyrir vísi að neytendavernd á einstaka sviði hér á landi.

Af hálfu hins opinbera hefur neytendamálum lítið verið sinnt og samtök neytenda hafa lengst af barist í bökkum fjárhagslega þótt þeim hafi vegna eljusemi og fórnfýsi félagsmanna tekist að vinna ómetanlegt starf. Sú breyting þarf að verða á hér á landi, að almenn neytendavernd eflist á borð við hin hefðbundnari umbótamál sem sífellt er verið að berjast fyrir. Ríkisvaldið verður eins og í nálægum löndum að hafa frumkvæðið á þessu sviði og verja fé til þessara mála, jafnframt því sem styrkja þarf þau félagasamtök sem að þessum málum vinna. Ég tel og að samtök launafólks ættu að láta sig þessi mál meira skipta og taka ýmis hinna hefðbundnu neytendamála á verkefnaskrá sína. Afskipti verkalýðshreyfingarinnar af þessum málaflokki hafa fram til þessa verið bundin við verðlagsmálin nær eingöngu.

Á undanförnum áratugum hefur réttarstaða neytenda verið mjög bætt víða erlendis við kaup og samninga. Á Norðurlöndum hafa á síðari árum verið gerðar ýmsar breytingar á gildandi kaupalögum eða sett sérstök neytendalöggjöf gagngert í því skyni að auka vernd kaupenda. Einnig hefur verið sett sérstök löggjöf í sumum landanna um bann við óhæfilegum samningsskilmálum og eru samningsform oft stöðluð og seljendur undir eftirliti og tekið í taumana ef ástæða þykir til vegna hagsmuna neytenda. Þá var á Norðurlöndunum, öðrum en Íslandi, sett sérstök löggjöf um afborgunarviðskipti snemma á þessari öld. Hér á landi hefur ekkert gerst í þessum málum á síðustu áratugum. Kaupalögin frá 1922 og samningalögin frá 1936, sem enn gilda, voru merkilegar réttarbætur á sínum tíma. En frá því að þessi lög voru sett hefur í reynd ekkert verið gert til þess að bæta stöðu neytenda á þessu sviði neytendaverndar.

Samningsstaða íslenskra neytenda eftir gildandi lögum og úrræði þeirra í kaupum eru því mun lakari en í næstu nágrannalöndum. Það segir sig sjálft, að lagavernd, sem ákveðin var fyrir síðustu heimsstyrjöld, er allsendis ófullnægjandi nú á tímum. Þjóðfélagið hefur tekið gagngerðum breytingum og viðskiptalífið er með allt öðrum hætti og sölustarfsemi yfirgripsmeiri og

stundum lævíslegri en áður var.

Einhverjum kynni að þykja undarlegt að ekki skyldu sett hér lög um afborgunarkaup um það leyti sem slík löggjöf var sett á Norðurlöndum. Kaupalögin norrænu, þ. á m. íslensku lögin um lausafjárkaup frá 1922, eiga rætur að rekja til norræns lagasamstarfs, svo og afborgunarkaupalögin norrænu. Sennilega hefur ekki þótt ástæða á þessum tíma til þess að taka hér á landi í lög sérstök ákvæði um afborgunarviðskipti þar sem þetta sölufyrirkomulag hefur ekki verið tíðkað hér á landi þá. Að því er best verður vitað verður fyrst vart við afborgunarkaup með eignarréttarfyrirvara hér á landi nokkru fyrir seinni heimsstyrjöld. Á styrjaldartímanum virðist hafa dregið mjög úr þessum viðskiptahætti, líklega vegna bætts efnahags almennings. Síðan hefur þessi tegund viðskipta farið sívaxandi, eins og kunnugt er.

Lagareglur um afborgunarkaup munu fyrst hafa verið settar í Kanada og í Bandaríkjunum. Þessar reglur eru til komnar vegna réttleysis kaupenda og sprottnar af þörf til að ráða bót á þjóðfélagslegu misrétti. Almenningur hafði ekki vegna lítillar kaupgetu bolmagn til þess að kaupa þá framleiðslu sem hann þó skapaði sjálfur. Ástæðan var óhófleg álagning framleiðenda og seljenda, en frjáls verðmyndun var lausnarorðið á þeim tímum og engin íhlutun af opinberri hálfu. Til þess að örva söluna gripu framleiðendur til þess ráðs að gefa fólki kost á því að kaupa framleiðsluna með afborgunarskilmálum, þ. e. a. s. greiða ákveðinn hluta kaupverðs við afhendingu hluta, en eftirstöðvar með greiðslum er gjaldféllu með ákveðnu millibili. Efnahagssveiflur og viðskiptakreppur höfðu þau áhrif, að tekjumöguleikar almennings gátu breyst til hins verra á skömmum tíma. Ef vanskil urðu höfðu seljendur þann háttinn á að þeir sviptu vanskilamenn söluhlutunum án þess að endurgreiða það sem kaupendur höfðu þegar greitt. Þetta varnar- og réttleysi kaupenda er talið hafa átt ríkan þátt í því, að lagareglur um þessi viðskipti voru settar. Það er dapurlegt til þess að vita, að hér á landi eru kaupendur í dag réttarlega álíka varnarlausir gagnvart harðræðum af þessu tagi og kaupendur á síðustu öld í öðrum löndum. Athuganir, sem gerðar hafa verið á þessum viðskiptum, sýna þetta svo ekki verður um villst. Gildandi lög veita takmarkaða vernd gegn þessu, og dómsúrlausnir liggja fyrir sem bera með sér hversu rýran rétt kaupendur búa við, en þá má svipta söluhlutunum, ef vanskil verða, án þess að uppgjör fari fram. Kaupandi, sem sviptur hefur verið söluhlut með fljótvirkri fógetaaðgerð eða jafnvel án hennar, verður að sækja endurgreiðslukröfur sínar sjálfur og þá fyrir almennum dómstólum með seinvirkum hætti þeirra stofnana.

Hvað eftir annað, bæði í ræðu og í riti, hefur verið bent á nauðsyn þess að sett yrðu lög um afborgunarkaup hér á landi. Af hálfu Neytendasamtakanna og annarra þeirra samtaka, sem að neytendamálum vinna, hefur verið margítrekað við stjórnvöld að sett yrðu lög um þetta efni. Þá hafa nokkrar athuganir farið fram á afborgunarviðskiptum hérlendis. Má í því sambandi nefna athuganir á vegum Neytendasamtakanna 1970—1971 og könnun laganema við Háskóla Íslands árið 1974 í tilefni af afborgunarkaupum sem sérstöku viðfangsefni í kennslu við lagadeild á þeim tíma. Niðurstöður þessara athugana eru fróðlegar, og ýmsar ályktanir má af þeim draga. Kom glöggt í ljós hversu veik réttarstaða kaupenda er í þessum viðskiptum og hversu mikið er um alls konar óþægilega samningsskilmála. Ofan á réttleysi kaupenda vegna skorts á lagaákvæðum virðast í mörgum tilfellum bætast harðir samningsskilmálar, sniðnir einvörðungu eftir hagsmunum seljenda. Algengt er að seljendur áskilji sér í samningum um afborgunarkaup rétt til endurheimtu söluhluta án þess að endurgreiða kaupendum það sem þeir hafa greitt er vanskil verða. Í þokkabót eru slíkar klausur oft prentaðar með smáu letri í samningum, eins og títt er um ósanngjarna samningsskilmála. Lítið þarf út af að bera til þess að kaupandi teljist kominn í vanskil samkv. ákvæðum margra samninga. Dráttur á greiðslu, er veldur því að allt kaupverðið er í gjalddaga fallið, er oft óeðlilega stuttur, og jafnvel er það látið valda vanskilum sem ekki er í neinum eðlilegum tengslum við viðskipti aðilanna, svo sem vanræksla kaupenda á að tilkynna aðsetursskipti. Þá skortir mjög allar upplýsingar fyrir neytendur um afborgunarkjörin, og er samanburður á hagkvæmni afborgunarkaupa og staðgreiðsluviðskipta illframkvæmanlegur vegna skorts á upplýsingum af hálfu seljenda. Þá hefur borið töluvert á ófullnægjandi og oft villandi auglýsingum um afborgunarviðskipti.

Eitt meginmarkmið löggjafar um afborgunarkaup er að tryggja að seljendur leggi fram nægilegar upplýsingar um þessi kaup, þannig að neytandinn geti metið hvort honum er hagkvæmt að kaupa í þessu viðskiptaformi. Því verður að leggja áherslu á fullnægjandi verðupplýsingar í auglýsingum og verðmerkingar við söluframboð almennt, þannig að skýrt komi fram, hvert staðgreiðsluverðið er og hver sé munur þess og afborgunarverðsins, og kostnaður sá, sem fellur á kaupandann vegna afborgunarviðskiptanna, og skipting hans liggi sem ljósast fyrir. Þá þarf að koma alveg í veg fyrir að víxlar séu notaðir í afborgunarviðskiptum með eignarréttarfyrirvara. Slíkt er afar algengt hér á landi og hefur í för með sér að seljendur fá tvöfalda tryggingu fyrir rétti sínum: annars vegar víxilréttinn og hins vegar eignarréttarfyrirvara. Víxill er alveg slitinn úr tengslum við þau viðskipti sem á bak við hann liggja, og mótbárum verður ekki við komið vegna þeirra viðskipta við innheimtu á grundvelli víxilréttar — og raunar afar takmörkuðum mótbárum yfirleitt. Það væri því auðvelt að sniðganga lagafyrirmæli um afborgunarkaup, ef leyft yrði að blanda víxlanotkun inn í afborgunarviðskipti með eignarréttarfyrirvörum. Þetta vandamál hefur skotið upp kollinum erlendis og leitt til þeirrar úrlausnar, að þessu tvennu er haldið algerlega aðgreindu. Velja verður á milli víxilréttarins og eignarréttarfyrirvarans. Hvorn tveggja háttinn er ekki hægt að hafa í sömu viðskiptunum.

Nýlega hafa heyrst um það raddir og komið fram tillögur um að banna ætti afborgunarviðskipti með þeim rökum aðallega að slík viðskipti örvuðu fólk til að kaupa um of hluti sem það hefði enga þörf fyrir, einnig væri hætta á að kaupendur gleptust af þessum viðskiptahætti og af fyrirhyggjuleysi byndu sér skuldabagga sem þeir ættu erfitt með að rísa undir. Einnig hefur því verið haldið fram, að á þenslu- og verðbólgutímum bæri að takmarka þessi viðskipti þar sem þau auki spennuna í efnahagslífinu. Raunar er mjög umdeilt hversu hagrænum áhrifum neytendalána er farið og hvort takmarkanir á þeim komi að gagni við hagstjórn.

Það er ekki nýtt að réttmæti afborgunarviðskipta sé dregið í efa og því haldið fram að þetta fyrirkomulag viðskipta sé óheilbrigt og ýmislegt því fundið til foráttu.

Þá má auðvitað fallast á að viðskipti af þessu tagi hafi nokkra galla. Eflaust glepjast ýmsir til þess að gera ótímabær kaup vegna þess að þessi kjör eru í boði. Kostir afborgunarviðskipta eru hins vegar ýmsir og þá fyrst og fremst þeir, að kaupendur geta með þessum hætti aflað sér hluta sem þeir ella gætu ekki eignast, enda er það svo að afborgunarkaup tíðkast einkum í verslun með hinar dýrari neysluvörur eða svonefndar varanlegar neysluvörur, svo sem húsgögn, heimilis- og rafmagnstæki, sjónvarps- og hljómflutningstæki og þess háttar. Kostir þessa viðskiptaháttar eru þannig ýmsir og verður því að telja að hann eigi rétt á sér, enda séu settar um hann fastar reglur svo sem stefnt er að með frv. þessu.

Ég hef farið hér nokkrum orðum um afborgunarviðskipti almennt, kosti þeirra og galla, og um ástandið í þessu máli hér á landi eftir því sem næst verður komist.

Ég vil þá víkja að ákvæðum þess frv., sem hér liggur fyrir, og fjalla um nokkur mikilvægustu atriði þess. Við samningu frv. var höfð hliðsjón af norrænum lögum um þetta efni og þá einkum gildandi lögum í Danmörku.

Í 1. gr. frv. er skilgreint hvað séu afborgunarkaup, og er sú skilgreining í samræmi við hefðbundna túlkun á afborgunarviðskiptum með eignarréttarfyrirvara. Í greininni eru ákveðin viðskipti sem fjármögnuð eru af þriðja aðila lögð að jöfnu við afborgunarkaup. Er um að ræða þau tilvik er kaupandi fær lán til kaupanna fyrir milligöngu seljanda eða með vitund hans frá einhverjum þeim sem seljandi hefur fjárhagsleg tengsl við. Rétt þykir að hafa þetta ákvæði, enda þótt það hafi sennilega ekki ýkjamikla þýðingu hér á landi nú. Víða erlendis skiptir þetta hins vegar verulegu máli, þar sem starfa fjármögnunar- eða „kredit"-fyrirtæki og stofnanir sem seljendur hafa viðskiptaleg tengsl við og geta því útvegað kaupendum lánsfé til kaupa á vörum sínum. Þá eru leigusamningar felldir undir afborgunarkaup ef ætla má að fyrirhugað hafi verið að viðtakandi hlutar öðlist eignarrétt að honum. Í slíkum tilvikum eru leigugreiðslur í eðli sínu aðeins afborganir af hinum leigða hlut, og er því nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði til þess að koma í veg fyrir að farið sé í kringum ákvæði frv. Undanþegnir eru þó samningar um atvinnutæki milli atvinnurekenda. Þá er í lokamálsgr. 1. gr. skilgreining á afborgunarverði. Telst afborgunarverð vera samanlagðar umsamdar greiðslur kaupanda.

Í 2. gr. er gerð krafa um lágmarksútborgun í afborgunarkaupum, og er í 2. mgr. 18. gr. lagt til að ráðh. verði veitt heimild til þess að breyta með reglugerð hlutfalli lágmarksútborgunar bæði almennt og að því er einstaka vöruflokka snertir. Hér er að vísu, eins og ég hef minnst á, um nokkuð umdeilt atriði að ræða. Ýmsir hafa vefengt að það skipti máli við stjórn efnahagsmála að breyta útborgunarhlutfalli í afborgunarviðskiptum til hækkunar eða lækkunar eftir því sem á stendur. Af hálfu Neytendasamtakanna var á sínum tíma lagt heldur lítið upp úr þessu.

Almenn lágmarksútborgun er áskilin í lögum á Norðurlöndum, en sýnist ekki vera beitt þar með virkum hætti nema í Noregi gagngert í hagstjórnarskyni. Þar er fyrirkomulagið nokkuð frábrugðið því sem gerist í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Norska skipanin er í megindráttum þannig, að löggjafinn hefur falið framkvæmdavaldinu að setja reglur um afborgunarkaup í hagstjórnarskyni. Þar eru m. a. settar mismunandi reglur um útborgun og annað eftir vöruflokkum og reglum breytt með hliðsjón af efnahagslífinu, útborganir hækkaðar til að draga úr þenslu, en lækkaðar í efnahagsdeyfu.

Í þessu frv. er haldið í þá hugmynd, að útborgunarreglur geti skipt máli, og með ákvæðum 18. gr. er opnuð leið til að beita svipuðum aðferðum og tíðkast í Noregi ef ástæða þykir til.

Mikilvægar reglur eru í 3. gr., en þar er skilgreint hversu miklar vanefndir kaupanda verða að vera til þess að seljandi geti beitt þeim úrræðum sem ákvæði frv. heimila honum. Á því hefur borið, eins og ég hef minnst á, að kaupendum séu settir harðir skilmálar að þessu leyti í afborgunarsamningum. Hér er því um brýnar úrbætur að ræða og er leitast við að taka með þessum reglum tillit til hagsmuna beggja: kaupanda og seljanda.

Í 4.—5. gr. eru hin mikilvægu ákvæði um uppgjör eða skuldaskil milli aðila ef kaupandi telst hafa vanefnt skuldbindingar sínar skv. ákvæðum frv. og seljandi vill endurheimta söluhlutinn. Skortur á reglum um þetta hefur verið einn tilfinnanlegasti annmarkinn á þessum viðskiptum hér á landi. Hér eru í fyrsta lagi settar reglur um það, hvernig ákvarða skuli verðmæti hluta við endurheimt seljenda, og skal telja verðmæti hlutarins á þeim tíma, þegar honum er skilað, kaupanda til tekna við uppgjör aðilanna. Verðmæti hlutar er skilgreint sem sú upphæð er seljandi getur fengið fyrir hlutinn við eðlilega endursölu. Ráð er fyrir því gert, að seljandi geti oft vegna aðstöðu sinnar með auðveldum hætti aukið verðmæti hlutar, og skal það koma kaupanda til góða.

Þá er í öðru lagi talið upp í 5. gr. hvað seljandi getur talið sér til tekna við uppgjör. Þar er um að ræða ógreiddar afborganir gjaldfallnar eftir ákvæðum samningsins, þ. e. a. s. á hinum eiginlegu gjalddögum, svo og ógreiddar ógjaldfallnar afborganir sem reikna skal með ákveðnum hætti miðað við hlutfall staðgreiðsluverðs af afborgunarverði. Þá getur seljandi reiknað sér vexti og óhjákvæmilegan kostnað við endurheimtuna. Til þess að létta og flýta uppgjöri í hinum smærri málum er sett ákveðin viðmiðunarregla um hlutfall staðgreiðsluverðs af afborgunarverði.

Í 6. gr. er réttur kaupanda verndaður í þeim tilfellum þegar verðmæti hlutarins reynist meira en samanlögð fjárhæð þess sem seljandi getur talið sér til tekna. Þegar svo stendur á ber seljanda að greiða kaupanda mismuninn ef hann vill beita endurheimtu.

Í 7. gr. er kaupanda veittur réttur til þess að hindra endurheimt, þótt skilyrði til hennar séu fyrir hendi og seljandi krefjist hennar, með því að greiða lokakröfu seljanda og gera upp viðskiptin.

Í 9. gr. eru ýmis mikilvæg ákvæði. Þar er tekið fyrir að öðrum viðskiptum sé blandað inn í samning um afborgunarkaup eða að réttur kaupanda sé að öðru leyti gerður háður öðrum viðskiptum, en á þetta getur sérstaklega reynt þegar nýjum viðskiptum milli sömu aðila er bætt inn áður en eldri afborgunarviðskiptum þeirra er lokið. Þá er seljanda óheimilt að áskilja sér að fjárhæð, sem kaupandi greiðir, renni til greiðslu annarra krafna, kaupunum óviðkomandi. Með tilliti til þess, að staða seljanda er mun sterkari en kaupanda og seljandi ræður gerð samningsskilmála, þykir rétt að hafa almennt ákvæði um að óhæfilegum samningsskilmálum megi víkja til hliðar. Í lögum eru ákvæði skyld þessu, en ástæða er til að leggja áherslu á þetta að því er afborgunarkaup varðar sérstaklega. Þá eru kaupendum veittir möguleikar til þess að knýja fram lækkun á ósanngjörnu afborg-

unarverði.

Ég hef áður minnst á bann við notkun víxla í afborgunarkaupum og er kveðið á um það í 5. mgr. 9. gr.

Í 10. gr. eru settar reglur sem ætlað er að loka leiðum sem kynnu að vera opnar til þess að fara í kringum ákvæði frv. um uppgjör aðilanna.

Í 11.—15. gr. eru settar reglur um fógetameðferð, en þær reglur stefna að því að unnt sé að hraða afgreiðslu þessara mála sem mest. Hér er um beinar fógetaaðgerðir að ræða, og eru því til þess að auðvelda sönnunaratriði sett ákveðin lágmarksskilyrði í 11. gr. um form og efni afborgunarsamnings. Fógeti getur ekki hafist handa nema skilyrði þessi séu uppfyllt. Ef brestur á um skilyrðin yrði seljandi að leita eftir aðfararhæfum dómi yfir kaupanda. Þessar reglur ættu að stuðla að nákvæmari samningsgerð milli aðila.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mjög um framkvæmd fógetaaðgerða eftir ákvæðum frv. Meginatriðið er að með reglum þessum er stefnt að hraðri málsmeðferð og að fógeti hafi fullnaðarafgreiðslu þeirra með höndum. Ákvarðanir hans verða ekki bornar undir hliðsett dómsstig. Og til enn frekari flýtisauka er í 19. gr. kveðið á um að úrskurðir og ákvarðanir fógeta í þessum málum skuli sæta kæru.

Í 16. gr. felst að þau ákvæði frv., sem sett eru til verndar rétti kaupanda, eru ófrávíkjanleg að því leyti að óheimilt er að semja fyrir fram um lakari kjör kaupanda til handa en kveðið er á um í frv. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að semja um betri rétt kaupanda til handa. Það er óhjákvæmilegt til að tryggja kaupendum þá vernd, sem frv. stefnir að, að takmarka möguleika til að semja sig undan ákvæðum þess, enda hafa seljendur miklu meiri möguleika til að ráða efni afborgunarsamninga en kaupendur að jafnaði. Ekki er gert ráð fyrir því í frv., að réttur til að stunda afborgunarviðskipti skuli háður sérstökum leyfum. Slíkt tíðkast sums staðar erlendis, en hætt er við að slíkt hefði í för með sér mikið umstang og skriffinnsku. Aftur á móti er lagt til í 17. gr., að unnt verði að svipta þann rétti til að stunda afborgunarviðskipti sem gerist sekur um óhæfilega viðskiptahætti gagnvart kaupendum. Er það vitaskuld dómstóla að meta hvort aðili hefur fyrirgert rétti til að stunda þessi viðskipti eða ekki.

Herra forseti. Mér hefur þótt rétt að gefa nokkuð ítarlegt yfirlit yfir þessi mál og höfuðþætti frv., þar sem hér eru á ferðinni nýmæli í löggjöf, enda þótt viðskipti þau, sem hér er um að ræða, hafi lengi verið tíðkuð. Ég vísa að öðru leyti til ákvæða frv. og athugasemda við það sem eru allítarlegar. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 512). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér hefur verið lagt fram um breyt. á lögum um Iðnlánasjóð, er efnislega um það að stofna skuli í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða er hafi þann tilgang að lána stofnlán til sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga sem reisa iðnaðarmannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu handa iðnfyrirtækjum sem greiða iðnlánasjóðsgjald.

Eins og fram kemur í grg. með frv. hafa hin síðari ár þróast hugmyndir um iðngarða sem reistir væru fyrir opinbert frumkvæði á vegum ríkis eða sveitarfélaga og jafnvel félagasamtaka, en yrðu síðan leigðir til iðnfyrirtækja með hagstæðum kjörum sem gætu verið breytileg eftir aðstæðum. Gætu kjörin verið allt frá leiguundanþágu eða mjög vægri leigu til ungra og fjármagnslítilla fyrirtækja og upp í fulla leigu eða leigukaupkjör fyrir gróin fyrirtæki sem gætu borið fullan fjármagnskostnað. Mikilvægur þáttur iðngarða af þessari tegund er auk fyrrgreindra atriða sá, að reynt yrði að koma á fót margvíslegu samstarfi og sameiginlegri þjónustu meðal fyrirtækja í hverri slíkri miðstöð og stuðla að bættri aðbúð af hálfu sveitarfélaga til hagsbóta fyrir slík fyrirtæki. Gætu mörg smærri fyrirtæki þannig notið rekstrarhagræðis og aðbúnaðar sem aðeins stærri fyrirtæki njóta venjulega.

Ýmsar sveitarstjórnir, byggðadeild Framkvæmdastofnunar og fleiri aðilar hafa á undanförnum árum leitað eftir stuðningi við byggingu Iðngarða. Fyrir Alþ. liggja þáltill. um iðngarða og eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum, þingmál 5 og 12, og felst í þeim stuðningur við þetta mál.

Í reynd hefur Iðnlánasjóður enga möguleika haft til að lána sveitarfélögum til byggingar iðngarða, þar sem sjóðurinn veitir samkv. lögum forgang þeim fyrirtækjum, sem greiða eða koma til með að greiða iðnlánasjóðsgjald. Iðnlánasjóður hefur á seinustu árum ekki getað annað nema rúmlega þriðjungi lánsumsókna.

Ég vil víkja aðeins að efni frv. og einstökum greinum þess.

Eins og áður er greint frá og fram kemur í 1. gr. frv. er tilgangur þess að stofna í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða, er hafi þann tilgang að lána stofnlán til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki, í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu til handa fyrirtækjum sem iðnlánasjóðsgjald greiða samkv. 5. gr., enda öðlist þau á fullnægjandi hátt að mati stjórnar Iðnlánasjóðs leigu- og/eða kauprétt að þeirri aðstöðu eða mannvirkjum sem lánað er til.

Í þessari grein er fólgin öll sú breyting á lögunum um Iðnlánasjóð sem stefnt er að með frv. þessu. Heildarlögin um Iðnlánasjóð eru nr. 68 frá 1967, en á þeim hafa síðan fimm sinnum verið gerðar breytingar, árin 1968, 1971, 1973, 1974 og 1977. Samkv. 10. gr. gildandi laga um Iðnlánasjóð er það meginregla, að þeir aðilar, sem greiða iðnlánasjóðsgjald samkv. 5. gr. laganna, skuli að öðru jöfnu hafa forgang að lánum úr sjóðnum. Þar sem hins vegar sjóðnum hafa frá upphafi borist árlega fleiri lánshæfar umsóknir en umráðafé hans hefur gert kleift að sinna hefur þessi lagaregla þýtt að einungis þeir, sem greiða iðnlánasjóðsgjald, hafa fengið lán úr sjóðnum.

Með frv. þessu er ekki ætlunin að hverfa frá greindri lagareglu, heldur gera á henni nauðsynlega, en þó afmarkaða undantekningu.

Svo sem fyrr segir hefur Iðnlánasjóður til þessa ekki getað lánað sveitarfélögum sem haft hafa hug á að skapa iðnaði í byggðarlagi sínu, einkum nýjum iðnfyrirtækjum,

bætta aðstöðu til iðnrekstrar með beinum fjárframlögum og annarri fyrirgreiðslu. Í því skyni að koma til móts við sveitarfélögin í þessum efnum er hér lagt til að Iðnlánasjóður geti lánað þeim þegar tilteknum skilyrðum er fullnægt þótt þau greiði ekki iðnlánasjóðsgjald. Vegna væntanlegrar þróunar í þessum efnum þykir rétt að binda þessa heimild ekki við sveitarfélög eingöngu, heldur láta hana ná til annarra aðila sem á svipaðan hátt og sveitarfélögin vilja efla og styrkja iðnþróun í byggðarlagi sínu. Þar gætu félagasamtök og einstaklingar komið til greina svo og ríkið eða einstakar stofnanir þess.

Þessi undantekning er gerð með þeim hætti, að stofnuð yrði ný deild í Iðnlánasjóði með framangreint hlutverk og heimildir. Fyrir er í Iðnlánasjóði önnur deild með sérstöku hlutverki, en það er lánadeild veiðarfæraiðnaðar. Lagaákvæðin um nýja lánadeild iðngarða eru áþekk þeim ákvæðum sem í gildi eru um lánadeild veiðarfæraiðnaðar.

Samkv. 1. gr. frv., sem verður 9. gr., er það meginskilyrði fyrir lánveitingu til iðngarða að þau iðnfyrirtæki, sem nytu þess að fá þar aðstöðu og fyrirgreiðslu, greiddu sjálf iðnlánasjóðsgjald eða ættu að greiða það. Ef iðngarðar, sem lánað hefði verið til, yrðu leigðir eða notaðir til annars, svo sem undir verslun, félagslega starfsemi, skrifstofur og þess háttar, yrði lánið uppsegjanlegt af hálfu Iðnlánasjóðs. Það leiðir af orðalagi þessarar greinar að aðili, sem sækir um lán til iðngarða, geri stjórn Iðnlánasjóðs fullnægjandi grein fyrir áformum sínum, hverjum hann ætli að leigja eða selja o. s. frv.

Þá gerir 1. gr. þessa frv. einnig ráð fyrir því, að á fjárlögum verði veitt fé til uppbyggingar þessarar lánadeildar eftir ákvörðun Alþingis hverju sinni, en miða þarf fjárhæðina við þróun þessara mála. Hér er verið að sameina kraftana, þ. e. að samhæfa átak fleiri aðila til eflingar iðnþróunar. Ákveðið er samkv. frv. að 1. milljarður kr. gangi beint úr Iðnlánasjóði til lánadeildarinnar sem slíkrar og að sú yfirfærsla til uppbyggingar taki 4 ár og nemi 250 millj. kr. á ári. Vextir og verðtrygging mundu að sjálfsögðu koma sem tekjur fyrir deildina. Annað umráðafé hennar eru svo afborganir lána og andvirði sérstakra lána sem stjórn Iðnlánasjóðs tæki fyrir deildina að fengnu leyfi iðnrh.

Þá gerir frv. einnig ráð fyrir því, að iðnrh. setji reglugerð um starfsemi deildarinnar á þeim lagagrundvelli sem hér er lagður. Með þeim hætti er hægt að búa þessum málum öruggan farveg á stjórnarfarslegan hátt eftir því sem þróun hugmynda um iðngarða fleygir fram og starfshættir lánadeildarinnar þróast. Í þessari grein er gengið út frá því, að sömu lánskjör gildi um lán til iðngarða og gilda um önnur lán úr Iðnlánasjóði.

Greinar 2. og 3. í þessu frv. þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Það er verulegt áhyggjuefni, hve lítið hefur miðað í því að byggja upp nýjan iðnað og efla kannske sérstaklega iðnað í hinum dreifðari byggðum landsins. Í þeim efnum hefur tilfinnanlega skort opinbera stefnumótun og samhæfðar aðgerðir. Sérstakt átak verður því að koma hér til og að því er nú unnið með ýmsum hætti á vegum iðnrn.

Í mínum huga er gildi iðngarða ekki hvað síst fyrir hinar dreifðari byggðir landsins og er hér því hreyft mikilvægu byggðastefnumáli. Iðngarðar geta einnig og ekki síður orðið þáttur í því að styðja iðnþróun innan einnar og sömu greinar iðnaðarins eða skyldra greina, þar sem stuðlað yrði að framleiðslusamvinnu fleiri fyrirtækja, t. d. innan málm- og skipasmíðaiðnaðarins og þeirra greina sem þjóna skipasmíðum og skipaviðgerðum. Miðstöð slíkra fyrirtækja mætti skipuleggja í tengslum við sameiginlega dráttarbraut og viðleguaðstöðu, svo eitthvað sé nefnt. Almenn iðnþróunarmarkmið þessarar aðgerðar ættu því að vera öllum ljós. Hins vegar ber þess að sjálfsögðu að gæta, að með aðstöðu innan iðngarða sé fyrirtækjum, sem eiga í samkeppni í sömu grein, ekki mismunað eða stuðlað að neikvæðri samkeppni innan byggðarlaga eða á landsvísu.

Iðngörðum er öðru fremur ætlað að stuðla að nýjum atvinnutækifærum í iðnaði með sérstakri áherslu á framleiðsluiðnað. Er æskilegt að með þeim verði stuðlað að útflutningi í iðnaði eða umbótum sem opni nýjar leiðir í iðnþróun. Þessi stefnumótandi tilgangur iðngarða, sem hér er lýst, gerir það að verkum að vanda þarf og huga vel að eignar- og rekstrarformi þeirra og setja lög og reglur í því sambandi sem yrðu í samræmi við megintilgang þessara laga. Ef svo verður ekki gert nær breytingin ekki tilgangi sínum. Mun verða unnið að undirbúningi sérstaks lagafrv. um það efni á næstunni á vegum iðnrn.

Hagræðið af byggingu iðngarða getur, eins og hér hefur verið að vikið, orðið margvíslegt og nefni ég til viðbótar örfá atriði:

Í fyrsta lagi minnkuð fjárfestingarbyrði og fjármagnsþörf. Fyrirtæki geta einbeitt fjármunum að framleiðslubúnaði og tækjum. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir fyrirtæki sem eru að fara af stað.

Í öðru lagi að minna átak þarf við stofnframkvæmdir hjá nýstofnuðum fyrirtækjum. Sú framkvæmdaorka, sem fer í húsbyggingar, mundi sparast og jafnframt getur fyrirtækið strax notið hagræðis af heppilegu húsnæði.

Í þriðja lagi lægri rekstrarkostnaður sem leiddi af hagkvæmum byggingum og lægri húsnæðiskostnaði.

Í fjórða lagi möguleikar á samstarfi um ýmsa rekstrarþætti. Má þar nefna sem dæmi hráefniskaup og útvegun, aðflutninga, framleiðslusamstarf af ýmsu tagi, sölusamstarf og flutning afurða, bókhalds- og skrifstofuþjónustu og erindrekstur, m. a. varðandi bankamál og tollamál, matar- og kaffiaðstöðu og annan aðbúnað fyrir starfslið, bætt umhverfi innanhúss og utan, viðhaldsþjónustu og rekstrarráðgjöf.

Í fimmta lagi vil ég nefna að hægt er að koma við skipulögðum aðgerðum til að efla reksturinn með fræðslu og námskeiðahaldi fyrir stjórnendur og starfslið og bæta félagslega aðstöðu þeirra sem starfa á slíkum stöðum.

Ég vil að endingu leggja sérstaka áherslu á að Byggðasjóður taki að sér að veita framlög til byggingar iðngarða á móti lánum úr Iðnlánasjóði. Með þeim hætti væri hægt að hafa veruleg áhrif á staðsetningu og uppbyggingarhraða í samræmi við stefnu í byggðamálum og í samræmi við mótaða iðnaðarstefnu.

Ég vona að mál þetta fái góðar viðtökur hjá hv. þm. Ég vænti þess, að efnislegur ágreiningur sé ekki teljandi og málið fái skjóta afgreiðslu.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þetta verði að lokinni þessari umr. vísað til iðnn. og 2. umr.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Í upphafi þessa þings lagði ég ásamt hv. 5. þm. Suðurl. fram þáltill. um iðngarða, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um byggingu iðnaðarhúsnæðis með samstarfi ein-

staklinga, félagssamtaka og sveitarstjórna og með stuðningi ríkisins. Hafa skal samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð, Byggðasjóð, Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna. Könnun þessari og undirbúningi skal hraðað svo sem unnt er.“

Till. þessi fékk mjög góðar undirtektir hjá iðnrh. svo og þm. úr öllum flokkum. Því miður hefur till. enn ekki verið afgreidd úr n., en þess er að vænta að n. geri það nú strax eftir páskana. Hún var send ýmsum aðilum til umsagnar og munu umsagnir vera jákvæðar. Engum dylst að aukin fjármagnsútvegun til byggingar iðngarða vítt og breitt um landið yrði stórefling fyrir iðnaðinn og þjóðina í heild. Hafa iðngarðar raunar verið byggðir í Reykjavík og víðar þótt skort hafi stuðning. Á iðnkynningarári var sent á byggingu iðngarða sem mikilsvert tæki til að efla iðnaðinn í landinu. Sveitarfélögin tóku þetta mál upp og hafa lagt mikla áherslu á framgang þess.

Það frv., sem hér liggur fyrir og ráðh. hefur nú reifað, ber vissulega að þakka. Þetta er vissulega viðurkenning og nokkur stefnumótun, og mjór er mikils vísir. Harma ber hins vegar að ekki eru í því meiri nýir tekjustofnar fyrir iðnaðinn en raun ber vitni. Ekki er óeðlilegt að hluti þess fjár, sem rynni til iðngarða, kæmi úr Iðnlánasjóði. En með þessu frv. eru lánveitingar til annarra þátta iðnaðarins skertar sem nemur hinu nýja framlagi til lánadeildar iðngarða. Ekkert nýtt fjármagn er fært til iðnaðarins með þessu frv.

Sannarlega hefði verið æskilegra að lánadeild iðngarða hefði farið af stað með meiri glæsibrag en hér liggur fyrir. En þó ber að þakka það sem gert er, og eftir samþykkt þeirrar till. um iðngarða, sem liggur fyrir Alþ. og ég gat um fyrr, mun ríkisstj. vonandi fela þeim aðilum, er þar segir, að undirbúa framtíðarlöggjöf um iðngarða, svo sem raunar kom fram í máli ráðh. áðan, þar sem tryggt verði stóraukið fjármagn til byggingar iðnaðarhúsnæðis og þar með treystur grundvöllur að þessum atvinnuvegi, iðnaðinum, sem hlýtur að taka við stórum hluta af því vinnuafli sem kemur á vinnumarkaðinn á næstu árum.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 82. fundur.

Þriðjudaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Atvinnumál á Keflavíkurflugvelli, fsp. (þskj. 396). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 396 fsp. til hæstv. utanrrh. um atvinnumál á Keflavíkurflugvelli, svo hljóðandi:

„Hve margir útlendingar vinna nú við verkamanna-, iðnaðar- og skrifstofustörf á vegum bandaríska hersins og annarra aðila á Keflavíkurflugvelli? Hver var fjöldi þessa starfsfólks í febr. 1978?

2. Hve margir útlendingar á vegum bandaríska hersins búa nú utan Keflavíkurflugvallar?

3. Er fyrirhugað að fjöldi útlendinga við störf á Keflavíkurflugvelli fari vaxandi á þessu ári?

4. Hve mörgum Íslendingum hefur verið sagt upp störfum á Keflavíkurflugvelli frá 1. sept. á síðasta ári?“

Tilefni fsp. þessara eru umr. um atvinnumál á Keflavíkurflugvelli og uppsagnir íslensks verkafólks á Keflavíkurflugvelli þegar þessi fsp. var fram borin. Það er alllangur tími síðan fsp. kom fram á þingi, en vegna ýmissa ástæðna verður henni ekki svarað fyrr en nú.

Það hlýtur að vera nauðsynlegt á hverjum tíma að Alþ. fái tækifæri til þess að fylgjast með þróun atvinnumála á Keflavíkurflugvelli, fá upplýsingar um hvernig atvinnumálum er háttað, fjölda Íslendinga í vinnu á Keflavíkurflugvelli og síðast en ekki síst hver sé fjöldi útlendinga við störf á vellinum hverju sinni.

Eins og öllum er kunnugt hefur atvinnuþróun á Suðurnesjum fyrst og fremst snúist um útgerð og fiskvinnslu og í nokkrum mæli um Keflavíkurflugvöll og þá starfsemi sem þar fer fram. Það verður að segja eins og er, að ætið hefur verið nokkur tilflutningur á vinnuafli milli þessara atvinnugreina, annars vegar á milli Keflavíkurflugvallar og hins vegar annars atvinnulífs á Suðurnesjum. En þar sem ástandið í útgerðar- og fiskvinnslumálum á Suðurnesjum hefur verið ótryggt á undanförnum árum hefur sókn í störf á Keflavíkurflugvelli eðlilega aukist. Fréttir hafa borist um að fjöldi útlendinga við störf á Keflavíkurflugvelli hafi farið vaxandi á undanförnum árum í hlutfalli við þann fjölda Íslendinga sem þar er við störf. Þess vegna er sú fsp. borin fram hér, hvernig mál standi í raun og veru hvað þetta snertir.

Ég vil undirstrika að atvinnustefnan fyrir Suðurnes verði ekki til frambúðar byggð á starfsemi kringum herinn á Keflavíkurflugvelli, heldur verði þar að koma til samstillt átak um nýja atvinnuþróun fyrir Suðurnesjasvæðið byggt á íslenskum atvinnugreinum og íslenskum fyrirtækjum. En á meðan slíkt hefur enn ekki komist á verður að leita allra ráða til að sporna við atvinnuleysi á svæðinu. Hitt er svo annað mál, sem jafnan verður að athuga, hve margir séu þeir útlendingar sem störf á Keflavíkurflugvelli vinna. Ég tel að það hljóti að vera kappsmál að sá hópur sé jafnan í lágmarki. Hitt er ekki síður mikilvægt, að útlendingar á vegum bandarískra stjórnvalda við störf á Keflavíkurflugvelli búi innan vallargirðingarinnar. Því leyfi ég mér nú að spyrja hve margir þeirra búi utan flugvallarsvæðisins enn.

Því hefur oft verið haldið fram, að í kringum starfsemi hersins á Keflavíkurflugvelli þróist alls konar spilling og brask. Um það skal ekki dæmt hér, en eigi að síður fullyrt að atvinnustefna íslenskra og bandarískra stjórnvalda á Keflavíkurflugvelli sé sveitarfélögum og ríkissjóði dýr.

Fjögur íslensk fyrirtæki starfa fyrst og fremst á Keflavíkurflugvelli. Íslenskir aðalverktakar borga meginhluta af opinberum gjöldum sínum til Reykjavíkur, eins er ástatt með Flugleiðir. Auk þeirra eru tvö fyrirtæki á Keflavíkurflugvelli ekki minni í sniðum en hin fyrrnefndu hvað varðar athafnasemi, en það eru bandarísk fyrirtæki sem heita Public Wards, þjónustufyrirtæki á vegum hersins, og Navy Exchange, sem er bandarískt fyrirtæki sem rekur ýmsa þjónustustarfsemi á vellinum með samningi við herinn. Eftir því sem næst verður komist vinnur eitthvað á þriðja hundrað manns hjá hinu

bandaríska fyrirtæki Navy Exchange. Þá er einnig ljóst að aðeins lítill hluti starfsmannafjöldans er Íslendingar, en þó nokkur eigi að síður eða eitthvað nálægt 100. Þessi bandar sku fyrirtæki, eftir því sem næst verður komist, borga engin opinber gjöld til sveitarfélaga eða ríkissjóðs, ekki einu sinni opinber launatengd gjöld, eins og Íslenskum aðalverktökum er þó gert að gera samkv. íslenskum lögum. Það er ekki einu sinni vitað til þess að útlendingar í þjónustu þessara bandarísku fyrirtækja, sem vinna við hlið Íslendinga almenn störf, þurfi atvinnuleyfi eins og íslensk lög mæla raunverulega fyrir um.

Ég vildi gjarnan að þetta kæmi fram strax í upphafi þegar ég legði fram fsp. mína og mælti fyrir henni, aðaltilgangurinn með fsp. þessari er að Alþ. gefist tækifæri til að fylgjast með hvernig atvinnumálum er háttað á Keflavíkurflugvelli með tilliti til þeirrar starfsemi sem fer fram í kringum herinn.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrsta fsp. er á þá lund: „Hve margir útlendingar vinna nú við verkamanna-, iðnaðar- og skrifstofustörf á vegum bandaríska hersins og annarra aðila á Keflavíkurflugvelli? Hver var fjöldi þessa starfsfólks í febr. 1978?" — Það er sjálfsagt að skilja þetta svo, að með orðinu „útlendingar" sé átt við útlendinga sem ekki eru varnarliðsmenn, heldur utan varnarliðsins.

Um síðustu áramót — það eru þær tölur sem ég hef handbærar — störfuðu á vegum varnarliðsins 400 borgaralegir starfsmenn sem höfðu útlent ríkisfang. Þar af hafði 121 sérstaklega verið fluttur til landsins af varnarliðinu vegna ýmiss konar sérþekkingar. Það voru t. d. tæknimenn, kennarar við skóla, fulltrúar flugvélaframleiðenda og fleiri slíkir. Önnur tala er þó stærri, en það eru makar manna sem eru í varnarliðinu og hafa fjölskyldur sínar með sér. Af þeim eru 27 taldir vera í einhvers konar atvinnu á varnarsvæðinu. Fyrir árið áður, sem spurt er um, er heildartalan 398. Aðfluttir sérfræðingar, getum við sagt, 126 og makar — gætu einnig verið í sumum tilfellum börn varnarliðsmanna— 272. Af þessu má sjá að á milli áranna hefur nálega engin breyting orðið.

Athyglisvert er að skoða örlítið nánar það fyrirbrigði, að makar varnarliðsmanna geta ráðið sig til ýmiss konar starfa á vegum varnarliðsins og innan varnarsvæðanna. Varnarsamningurinn hefur frá upphafi verið túlkaður þannig, og er það nokkuð augljós túlkun eftir orðalagi, að starfslið, sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess og hafi hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi, dveljist hér vegna starfa, þurfi ekki atvinnuleyfi innan varnarsvæðanna. Að sjálfsögðu mundi þetta fólk þurfa atvinnuleyfi á venjulegan hátt ef það færi út fyrir svæðin.

Af þeim 279 fjölskyldumeðlimum varnarliðsmanna, sem hér um ræðir, eru taldir 17 unglingar sem vinna 16—20 tíma vinnuviku. 19 eru við ýmiss konar sérfræðistörf sem krefjast háskólamenntunar, flestir þeirra kennarar í skólum, 19 eru við ýmiss konar tæknistörf, 163 eru í skrifstofu- og verslunarstörfum og 61 í þjónustustörfum.

Eins og fyrirspyrjandi gat um eru nokkrar stofnanir óaðskiljanlegur hluti af varnarliðinu, en ekki kostaðar með fjárveitingum Bandaríkjanna. Þ. á m. er sú deild í bandaríska flotanum sem er kölluð Public Wards og mætti líkja við starfslið bæjarverkfræðings t. d. hér í Reykjavík. Hjá þeirri deild vinnur mikill fjöldi Íslendinga. Hefur starfsemi hennar raunar oft og tíðum verið umdeild og verið reynt að gæta hagsmuna okkar þar eftir því sem best hefur tekist hverju sinni. Sú stofnun, sem heitir Navy Exchange og fyrirspyrjandi nefndi, er verslunarfyrirtæki sem starfar fyrir bandaríska hernaðaraðila í heimalandi þeirra og um allan heim. Þessi verslun hefur algera sérstöðu og er undir heraga að því leyti til að hún borgar enga skatta eða gjöld neins staðar, hvorki í heimalandi né öðrum löndum, og skilst mér að þetta sé almennur háttur um slíka verslun. Þarna vinnur mikill fjöldi fólks, þ. á m. stór hópur Íslendinga, en í þessi störf hafa t. d. eiginkonur varnarliðsmanna sótt allfast. Þá má enn nefna að ýmiss konar klúbbar sem kallaðir eru, sem eru veitingahús, matsölustaðir eða skemmtistaðir á varnarliðssvæðinu, eru einnig reknir með sérstakan fjárhag. Í slík störf sækir bæði fjöldinn allur af Íslendingum og einnig aðilar sem eru í fjölskyldum varnarliðsmanna.

Lítum á hinn hópinn — fólk sem varnarliðið sjálft hefur óskað eftir að fá hingað til lands vegna ýmiss konar sérþekkingar. 45 eru í tæknistörfum, 68 í ýmsum öðrum sérfræðistörfum, þar af 51 við skólakerfi varnarliðsins, en alls mun starfslið við skóla varnarliðsins vera 64. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að farið var inn á þá braut að óska beinlínis eftir því, að varnarliðsmenn hefðu fjölskyldur sínar frekar með sér. Sambúð við fjölskyldufólk hefur reynst vera miklu þægilegri en við fjölskyldulausa eða ógifta einstaklinga, eins og var áður fyrr. En jafnframt því sem meira hefur komið af fjölskyldum hafa vaxið ýmiss konar þjónustuþarfir, svo sem barnaheimili, dagheimili og félagsstofnanir ýmsar. Er þetta allt saman hluti af því, hve mikið af fjölskyldufólki varnarliðsins er skráð í einhvers konar störfum.

Önnur spurningin er á þá lund, hve margir útlendingar á vegum bandaríska hersins búi nú utan Keflavíkurflugvallar.

Í lok febrúar bjuggu 42 bandarískar fjölskyldur, sem eru á vegum varnarliðsins, utan varnarsvæðisins. Þar af voru 40 borgaralegir starfsmenn, þ. e. a. s. fólk sem var ekki í varnarliðinu, heldur taldist til þeirra sérfræðinga sem varnarliðið hefur ráðið sér eða kallað hingað. Margar af þessum fjölskyldum eru þannig að annar hvor aðilinn er íslenskur. Eru konur starfsmanna þessara mjög oft íslenskar. Í lok febrúar voru aðeins tvær fjölskyldur hermanna utan varnarsvæðisins. Önnur þeirra er þegar farin af landinu og hin fer í júnímánuði. Þess verður að geta hér, að vitað er um a. m. k. 21 fjölskyldu varnarliðsmanna sem hafa komið hingað til lands algerlega á eigin vegum og dvelja hér sem hverjir aðrir útlendingar eða ferðamenn, fá dvalarleyfi eins og ferðamenn hjá íslenskum yfirvöldum og eru hér lengur eða skemur. Varnarliðið ber enga ábyrgð á þessu fólki og það nýtur engra þeirra hlunninda eða aðstöðu sem varnarliðið getur notið innan varnarsvæða sinna.

Þriðja spurningin: „Er fyrirhugað að fjöldi útlendinga við störf á Keflavíkurflugvelli fari vaxandi á þessu ári?"

Svarið við því er nei. Það er ekki fyrirhugað, nema síður sé, ef hægt verður að hafa áhrif á þróunina í þá átt.

Fjórða og síðasta spurningin er á þessa lund: „Hve mörgum Íslendingum hefur verið sagt upp störfum á Keflavíkurflugvelli frá 1. sept. á síðasta ári?"

Hjá varnarliðinu sjálfu störfuðu á haust- og vetrarmánuðum milli 1000 og 1100 manns, en á því tímabili,

sem spurt er um, hefur engu fólki verið sagt upp vegna fækkunar eða samdráttar hjá varnarliðinu.

Hins vegar hefur fólk að sjálfsögðu sjálft sagt upp störfum. Það hafa verið hreyfingar í þá átt og einhver smávægilegur samdráttur hefur verið framkvæmdur þannig. Hins vegar hefur varnarliðið sagt upp t. d. 4 mönnum vegna „hjólbarðamálsins" svokallaða, sem hv. þm. væntanlega þekkja úr fréttum, og a. m. k. einum sem reyndist vera sekur um smygl.

Varðandi aðra aðila á Keflavíkurflugvelli er erfitt að gefa tæmandi svör, því að þeir skipta nokkrum tugum. Um þá, sem eru langstærstir og hafa flesta í vinnu, get ég sagt, að ég hef reynt mjög til þess í vetur að fá verktakafyrirtækin til þess að segja fólki ekki upp yfir vetrarmánuðina. Hefur verið reynt að hjálpa til með því að hliðra til með verkefni eða annað, sem gæti stuðlað að því að sem allra fæstu og helst engu fólki yrði sagt upp, eins og venjan er þó yfir vetrarmánuðina. Verktakar hafa tekið þessari viðleitni mjög vel. Ég tel að af þessum sökum hafi Aðalverktakar komist hjá því að segja upp 40—50 manns yfir vetrarmánuðina. Var raunar búið að segja þeim fjölda upp í tveimur lotum, en var í bæði skiptin tekið aftur. Keflavíkurverktakar, sem hafa mikinn fjölda starfsmanna líka, hafa heldur engum starfsmanni sagt upp, en þeir hafa neyðst til að stytta vinnutímann í sumum tilvikum.

Ég vil að lokum láta í ljós þá skoðun, að ég er sammála þeim orðum fyrirspyrjanda, að Íslendingar mega ekki verða háðir varnarliðinu um atvinnu. Ég hef reynt að fylgja þeirri hugmynd í vetur að varnarliðið og þær stofnanir, sem vinna fyrir það, hefðu sem minnst eða helst engin áhrif á atvinnuástand á Suðurnesjum og þá síst af öllu til þess að gera það verra en verið hefur. Með það í huga má segja að unnið hafi verið að skammtímaverkefni varðandi ástand sem ríkti þennan vetur, en að sjálfsögðu verðum við að hugsa fyrir því að gera framkvæmdir á þessu svæði sem skapa eðlileg íslensk störf til frambúðar. Vil ég í því sambandi benda á tillögu, sem er á dagskrá síðari fundar í dag, um tollfrjálst iðnaðarsvæði í nánd við flugvöllinn. Ég tel að það sé mjög athyglisverð hugmynd sem vert væri að kanna nánar. En ég vona að hún verði rædd hér frekar.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. greinargóð svör. Fram komu í máli hans ýmsar merkar upplýsingar sem ekki hefur enn gefist tími til að leggja neitt mat á. Ég fagna einnig orðum hæstv. utanrrh. um að leggja áherslu á að byggja á atvinnustefnu fyrir Suðurnes sem dragi úr atvinnuþörfinni á Keflavíkurflugvelli fyrir verkafólk á Suðurnesjum. Það er eigi að síður staðreynd, að þessi mál hafa þróast þannig í vetur að stór hópur verkafólks og sérstaklega iðnaðarmanna hefur búið við mikið óryggisleysi í störfum sínum á Keflavíkurflugvelli. Þeir hafa margir hverjir verið að fá uppsagnarbréf í tíma og ótíma. Nánast var ekki útséð um hvort þeir héldu vinnunni fyrr en sama dag og uppsögnin átti að taka gildi. Einnig hafa borist fréttir um að nokkur hópur iðnverkafólks á Suðurnesjum, sem hafði áður unnið á Keflavíkurflugvelli, hafi misst atvinnu sína þar og þá hafi ekkert annað gefist en að hverfa frá heimabyggð og út á land í atvinnuleit. Um þetta eru til fleiri en eitt og fleiri en tvö dæmi.

Það kom fram á þingi fyrir jól, að bandarísk stjórnvöld vildu beita aðgerðum til að draga úr athafnaseminni á Keflavíkurflugvelli. Var þá rætt um að bandarísk stjórnvöld beittu fækkunaraðgerðum í ákveðnu hlutfalli og ættu þær ekki eingöngu að beinast að Íslendingum, heldur atvinnustarfsemi herstöðva annars staðar í heiminum. Eftir því sem fram hefur komið nú hafa bandarísk stjórnvöld fallið frá þessari stefnu sinni, og mér skilst að ekki séu í gildi núna neinar takmarkanir af hálfu bandarískra stjórnvalda á atvinnustarfsemi á Keflavíkurflugvelli eða fækka eigi starfsfólki þar á einn eða annan hátt. Það er sem sagt búið að nema úr gildi þær takmarkanir sem sérstaklega voru til umr. í þinginu fyrir jól.

Það verður að segja eins og er, að þrátt fyrir að við ætlum ekki að byggja atvinnulíf á Suðurnesjum á Keflavíkurflugvelli fer fram ákveðin starfsemi á meðan herinn er sem ekki verður komist hjá. Sú hefur löngum verið stefna ráðamanna að leggja áherslu á að halda fjölda erlendra borgaralegra starfsmanna í lágmarki, en að Íslendingar nytu að einhverju eða mestu leyti þeirra atvinnutækifæra sem í boði væru á Keflavíkurflugvelli. Hér er um mjög háa tölu útlends starfsfólks að ræða sem ekki eru hermenn, 400 talsins, er síðan skiptast niður í ýmiss konar störf. Það kom að vísu ekki fram í svari hæstv. utanrrh. hve margir hermenn ynnu daglega við ýmis venjuleg verkamannastörf eða þjónustustörf, en um það er gjarnan rætt á Suðurnesjum að það fari vaxandi að hermenn taki að sér ýmiss konar störf sem Íslendingar unnu áður eða borgaralegir starfsmenn á vegum hersins.

Að lokum vil ég leggja áherslu á þá staðreynd, sem kom fram bæði í máli mínu fyrr og máli hæstv. utanrrh., að stór hópur Íslendinga vinnur hjá tveimur deildum á vegum hersins, Navy Exchange og Public Wards, án þess að þessi tvö fyrirtæki borgi nokkur gjöld til íslenska ríkisins eins og gengur um önnur fyrirtæki sem jafnvel vinna sams konar störf í landinu. Það verður að segja eins og er, að sveitarfélög á Suðurnesjum bera hér skarðan hlut frá borði miðað við önnur sveitarfélög í landinu. T. d. má geta þess, að líklega vinna um 87 íslenskir starfsmenn hjá Navy Exchange og stærsti hluti þessa hóps býr á Suðurnesjum. Tekjutap sveitarsjóða og að ég segi ekki ríkissjóðs vegna þessa starfsfólks hlýtur að vera nokkurt. Teldi ég eðlilegra að um þessi fyrirtæki giltu sömu reglur og gilda um önnur fyrirtæki í landinu, þrátt fyrir að þau virðist skattfrjáls einhvers staðar annars staðar.

Að lokum þakka ég utanrrh. enn fróðleg svör og vona að þeirri stefnu verði haldið áfram að efla atvinnulíf á Suðurnesjum á traustum grunni og á íslenskri atvinnustefnu.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég kem í ræðustól fyrst og fremst til þess að taka undir þau orð sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson lét falla í lok ræðu sinnar, að atvinnulíf á Suðurnesjum verði að reisa á íslenskum forsendum miðað við íslenska atvinnustefnu. Í þessu sambandi vil ég minna á að fyrir hv. Alþ. hefur legið lengi till. til þál. um Suðurnesjaáætlun, uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum, frá hv. þm. Gils Guðmundssyni og Geir Gunnarssyni, ef ég man rétt. Ég vil koma því á framfæri hér úr þessum stól við þá hv. alþm. sem sæti eiga í atvmn. Sþ., að þeir líti til þess að sú till. fái þinglega meðferð á því þingi sem nú stendur yfir og lýkur áður en mjög langur tími líður. Ég geri ráð fyrir að um það séu engar deilur á Alþ., þrátt fyrir mjög mismunandi viðhorf til herstöðvarinnar, að atvinnulíf landsmanna

sjálfra á Suðurnesjum þarf að byggja upp og efla frá því sem verið hefur. Þess vegna ætti að vera unnt að ná samstöðu um afgreiðslu á þessari mikilvægu tillögu.

Ég tel reyndar að afgreiðsla till. af þessu tagi væri um leið fyrsta sporið í þá átt að losa landsmenn við þá smán sem í því felst að bandarískri herinn og hernámsliðið situr hér. Ég held, að það sé höfuðnauðsyn að atvinnulíf landsmanna og efnahagslíf allt losni úr tengslum við hersetuna og hernámið, þarna þurfi að skilja algerlega á milli þannig að sú spilling og ósvinna af ýmsu tagi, sem tíðkast og á rætur í herstöðinni, hverfi og stigin verði skref til að uppræta slíkt með sérstökum aðgerðum í efnahags- og atvinnumálum.

Um leið og ég fagna þeirri umr., sem hér hefur farið fram af hálfu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, minni ég á þá till. sem hér liggur fyrir um atvinnumálaáætlun á Suðurnesjum og mun vera í atvmn.

Ég vil að síðustu segja að gefnu tilefni, að fyrir nokkrum dögum barst ríkisstj. Íslands þakkarávarp frá varaforseta Bandaríkjanna fyrir hvað ríkisstj. væri greiðug að leyfa bandaríska hernum að vera hér í landinu. Svo er ekki okkur Alþb.-mönnum fyrir að þakka, að málum er þannig fyrir komið, heldur öðrum sem þessum málum stýra, m. a. innan núv. ríkisstj., og hafa meiri hl. á hv. Alþ. Hv. varaforseta Bandaríkjanna hefði ég gjarnan viljað segja það, hefði hann látið svo lítið að varpa orði á mig, að mér væri ekkert að þakka í þessum efnum og ég mundi nota hvert tækifæri, hvar sem er og hvenær sem er, til þess að reyna að stuðla að því, að herstöð Bandaríkjamanna á Íslandi hyrfi, því að hún er smánarblettur á þessari þjóð.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, þar sem þingsköp mæla svo fyrir að ekki megi tala nema í tvær mínútur.

Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til að andmæla því sjónarmiði sem mér fannst koma fram og kom enda skýrt fram í máli hv. 4. landsk. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, þegar hann kvartaði yfir því, að bandarískir þjónustuaðilar á Keflavíkurflugvelli greiddu ekki gjöld til íslenska ríkisins eða íslenskra sveitarfélaga, og nefndi í því sambandi t. d. verslun sem mun gegna nafninu Navy Exchange. Ég vil alveg sérstaklega vara við þessu sjónarmiði, vegna þess að ef sveitarfélög t. d. á Suðurnesjum eiga að fara að verða háð því hvað fjárhag varðar, hvaða tekjur renna til þeirra af herstöðinni á Keflavíkurflugvelli, er mjög illa komið. Það er skylda okkar að tryggja því fólki, sem býr á Suðurnesjum, atvinnu utan Keflavíkurflugvallar, og það er skylda okkar að búa svo í haginn fyrir sveitarfélög á Suðurnesjum að þau geti bærilega þrifist án nokkurra tekna frá honum á Keflavíkurflugvelli. Ég tel að það sé mjög hættulegur hugsunarháttur — stórhættulegur — að mæna upp á Keflavíkurflugvöll ef eitthvað vantar í kassann hjá bæjarstjórninni í Keflavík.

Hæstv. utanrrh. gat þess, að þessi ákveðna verslun, svo að ég taki hana sem dæmi, mundi vera — eða öllu frekar það fólk sem þar starfar — undir heraga og þannig sé þetta í bandarískum herstöðvum hvar sem er í heiminum. Ég býst við að þetta séu út af fyrir sig réttar upplýsingar. En ættum við nú enn einu sinni, Íslendingar, eftir allt sem á undan er gengið, að fara að óska eftir því sérstaklega að störf þeirra, sem rétta hermönnunum tyggigúmmí og karamellur yfir búðarborðið í þessari verslun, séu gjaldskyld til íslenska ríkisins og við getum alls ekki án slíkra gjalda verið? Ég held ekki. Við eigum að leiða það hjá okkur. Og ég vil aðeins bæta því við, að auðvitað er það eina rétta í þessum efnum að dómi okkar Alþb.-manna að herinn hverfi úr landinu. En ég vil segja að meðan bandaríska herliðið dvelur hér, meðan ekki er meiri hl. fyrir því að senda það brott, ber að leggja höfuðáherslu á að halda þessari stöð sem einangraðri herstöð. Sú stefna að kalla hér inn fjölskyldur með dagheimili og skóla, þjónustustarfsemi af hvaða tagi sem er, er alröng stefna að mínu viti — gersamlega röng. Og ef það er eitthvert lögregluvandamál að hafa hér einhleypa hermenn eða hermenn án fjölskyldna verður það ósköp einfaldlega að vera lögregluvandamál og lögreglan að fást við það, en ekki að leysa úr því með því að flytja inn í stórum stíl konur og börn á vegum þessara manna. Til þess er engin ástæða. Hermenn hafa oft orðið að lifa herbúðalífi, og þeir geta eins gert það hér og annars staðar meðan þeir dveljast hér.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Mér varð hugsað þegar ég hlýddi á ræðu hæstv. viðskrh. áðan: Hvað hefði Magnús Kjartansson sagt um þá ræðu, ef hann hefði setið hér? Hæstv. ráðh. komst þannig að orði, að svo væri ekki Alþb. fyrir að þakka að hér væri herstöð á Keflavíkurflugvelli. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðh. sagði að svo væri ekki Alþb. fyrir að þakka. Ég vek athygli hv. þm. á því, að nýverið taldi Magnús Kjartansson, sem einu sinni var oddviti Alþb. í þessum sal, ástæðu til að vekja athygli á því í blaðagrein, að hinn gamli flokkur hans virtist fyrst og fremst vera farinn að leggja áherslu á að berjast fyrir auknum neysluþörfum uppmælingaaðalsins. En hvað hefði Magnús Kjartansson sagt nú þegar ráðh. í hæstv. ríkisstj. úr Alþb. kemst svo að orði, að svo sé ekki Alþb. fyrir að þakka að hér sé erlend herstöð?

Ég vildi láta þess getið í þessu sambandi, að á síðasta þingi var samþ. þáltill. um gerð atvinnuáætlunar fyrir Keflavíkurflugvallarsvæðið og nágrenni þess og að verið er að vinna að framkvæmd þeirrar áætlanagerðar hjá Framkvæmdastofnun ríkisins. Er gert ráð fyrir að drög að slíkri áætlun liggi fyrir á næsta hausti. Það hefur m. a. komið í ljós að vegna mjög mikils flutnings, sérstaklega ungs fólks, til Suðurnesja á undanförnum árum sé nú að koma á vinnumarkaðinn þar mikið af ungu fólki sem hefðbundið atvinnulíf á Suðurnesjum muni ekki geta séð fyrir vinnu. Það er því þegar orðið ljóst að á talsverðu átaki þarf að halda á Suðurnesjum til þess að taka við því fólki sem vitað er að kemur þar á vinnumarkaðinn á næstu árum.

Ég vil enn fremur geta þess í lokin mönnum til upplýsingar, að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur samþykkt að láta fara fram sérstaka athugun í sambandi við iðnaðarmál og aðstöðu iðnaðar, þar sem m. a. verði skorið úr hver sé aðstaða til iðnrekstrar 1) á höfuðborgarsvæðinu, 2) á landsbyggðinni — átt er við það sem við venjulega köllum landsbyggð hér á þingi og annars staðar — og 3) á Suðurnesjum sérstaklega. Þannig er verið að vinna að þeim málum sem hér hafa verið mjög til umr.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Atvinnumál á Keflavíkurflugvelli hafa komið til umr. á Alþ. hvað eftir annað í vetur. Nú er rætt um fjölda þann sem á Keflavíkurflugvelli starfar og það öryggisleysi sem verkafólk á við að búa þar. Þetta öryggisleysi hefur verið allmörg

undanfarin ár. Það hefur gengið svo, að verkafólk hefur fengið uppsagnir með reglulegu millibili. Hefur það verið mikið vandamál fyrir það fólk að svo skuli málum vera fyrir komið. Nú standa mál þannig að hæstv. utanrrh. hefur tekið málin föstum tökum og komið í veg fyrir að til uppsagna hafi þurft að koma. Sem betur fer ríkir nú nokkru betra ástand í atvinnumálum en var í vetur, en það er m. a. fyrir aðgerðir utanrrh. Ég tel að það þurfi að gera betur í þessum málum og gæta þess, að ekki séu fleiri hermenn í störfum, sem Íslendingar geta unnið, en þarf með. Það mun vera svo, að í tíð fyrri utanrrh. var gert samkomulag við bandarísk yfirvöld um að ýmis verk yrðu unnin af flokkum hermanna — verk sem Íslendingar hefðu átt að geta unnið. Þessum verkefnum er nú að ljúka. Vona ég að til þessa komi ekki aftur.

Svo er annað sem ég vildi minnast á og komið hefur hér fram, að framkvæmdir, sem verktakar gætu unnið, hafa farið fyrst yfir til varnarliðsins í of ríkum mæli. Þarf að stöðva það. Þetta er þróun sem hefur átt sér stað á allmörgum árum, en þar þarf að láta staðar numið.

Ég vil taka undir það, að við þurfum að koma málum þannig fyrir að við verðum ekki háðir hervinnunni svo geysilega mikið sem verið hefur. Leita þarf allra tiltækra ráða til þess að gera atvinnulíf á Suðurnesjum fjölbreyttara en verið hefur. Á fund í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins í morgun kom fram, að Suðurnesjaáætlun liggur fyrir svo til fullbúin og verður vafalaust birt í haust. Samþykkt þáltill. um þau efni í þinginu nú á vordögum er því tilgangslaus eða skiptir ekki máli. Og ég vil geta þess, að þótt áætlanir séu gerðar af byggðadeild Framkvæmdastofnunar skiptir það ekki ýkjamiklu máli ef menn vilja ekki láta fjármagn í þá hluti. Það þarf mikið fjármagn til þess að koma áætlunum í framkvæmd. Ekki hefur mér virst að flokksmenn Alþb., sem sýknt og heilagt agnúast gegn Suðurnesjunum og atvinnulífi þar, séu tilbúnir til að veita fjármagn til þess. Ekki var að sjá að þeir vildu bæta efnahagslífið eða athafnalífið á Suðurnesjum þegar þeir í ríkisstj. fyrir allnokkru lögðust gegn því að þangað kæmu ný atvinnutæki, nýir togarar.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, enda tíminn útrunninn.

Stefán Jónsson: Í örstuttu máli þetta, herra forseti: Viðskrh. Svavar Gestsson gat þess í ræðu sinni áðan, að ekki þyrfti Mondale varaforseti Bandaríkjanna að þakka Alþb. fyrir að hér er amerísk herstöð. En það getur orðið býsna erfitt að kveða svo að orði, að sæmilega skýr hugsun breytist ekki á leið sinni í gegnum hlustir hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og út um munninn í hina herfilegustu lygi. Það er viðfangsefni sálfræðinga, en ekki hv. alþm., að ráða bót á slíku. Það er spursmálið um „karakter", sem maður hefur orðið var við hér í þingsölunum fyrr.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason notaði tíma sinn áðan til þess að gera okkur grein fyrir sérstöku áliti sínu á áhrifum hersetunnar á Suðurnesjum á atvinnulífið þar. Fyrr hefur hann haldið því fram, að hersetan hafi ekki haft áhrif á útvegsmál eða atvinnumál þar á Suðurnesjunum — við fréttum fyrir skemmstu að húsmæður í Njarðvíkunum féllu nú óðum í öngvit vegna slæmrar lyktar frá fiskimjölsverksmiðjunni á staðnum — þar sem við höfum verið að ræða um þörf þess að bæta hag atvinnuveganna á þessu svæði og bæta fyrst og fremst stöðu sjávarútvegsins. Ég mæli ekki bót þeim mönnum sem ekki sjá fyrir hreinsibúnaði á fiskiðjuverum eða á síldarverksmiðjum kringum landið. En hinu vil ég halda fram, að þegar alþýða manna er orðin þannig um þefærin af vana við annars konar atvinnu að hún þolir ekki lyktina af fiski sé eitthvað orðið athugavert við mannlífið á þeim stöðum.

Ég kvarta ekkert undan því sérstaklega þegar um þessa sali gusta margs konar vindar. Það er eðlilegt, ekki bara úr fjórum áttum, heldur úr enn þá fleiri áttum. Og ég barma mér ekkert undan þeim gusti sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason ber hingað inn í þingsalina af sorphaugum Keflavíkurflugvallar. En að jafnframt því sem hann krefst þess að við fjölgum atvinnutækifærum í herstöðinni á vellinum skuli hann leyfa sér að bera sér í munn hinn raunverulegu vandamál íslenskra atvinnuvega á Suðurnesjum, það finnst mér vítavert.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Í tilefni þessara umr. held ég að unnt sé að fullyrða að allir þm. séu sama sinnis um nauðsyn þess að byggja upp heilbrigt, stöðugt og traust atvinnulíf á Suðurnesjum. Um það stendur ekki deilan. Ég held líka að það sé augljóst að mikill meiri hluti Alþ. er fylgjandi því að varnarlið sé á Keflavíkurflugvelli og það sé nauðsynlegt öryggis og sjálfstæðis þjóðarinnar vegna. En í framhaldi af þessu hefur það verið stefnumörkun m. a. fyrrv. ríkisstj., að Íslendingar tækju að sér þau störf sem unnt væri og þyrfti að inna af hendi í tengslum við varnarstöðina á Keflavíkurflugvelli til þess að draga úr fjölda þeirra útlendinga sem þar eru. Og ég kannast ekki við það, eins og kom fram hjá einum ræðumanna, ég hygg hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að nokkurt samkomulag hafi verið gert í tíð fráfarandi ríkisstj. um að hermenn tækju að sér þau störf sem Íslendingar hefðu áður innt af hendi eða gætu innt af hendi sem borgaralegir menn sem ekki gegna herþjónustu.

Að þessu sögðu vil ég undirstrika og leggja áherslu á að auðvitað eru störf þeirra Íslendinga, sem vinna í þágu varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, þjóðnýt störf sem nauðsynlegt er vegna hagsmuna Íslands að innt séu af hendi. Það breytir ekki því, að við viljum ekki að Íslendingar verði að einu eða neinu leyti fjárhagslega háðir áframhaldandi dvöl erlends varnarliðs. Við viljum að það sé á valdi okkar hvenær sem er að ákveða hvenær þess er þörf og með hvaða hætti.

Athyglisvert er í þessum umr. að heyra hve uppnæmir fulltrúar Alþb. eru, hæstv. viðskrh., hv. þm. Kjartan Ólafsson og hv. þm. Stefán Jónsson, sem sleppti sér hér í ræðustólnum áðan. En skýringin á þessum viðbrögðum þeirra Alþb.-manna er að þeir hafa tekið skoðanaskiptum til hins betra, sem ég vil sérstaklega láta í ljós ánægju mína yfir að átt hefur sér stað. Þeir taka nú þátt í samstarfi í ríkisstj. án þess að krefjast þess, að varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli sé lögð niður. Ég tel þetta vel þess virði að á loft sé haldið, að þeir með þessum hætti hafa skipt um skoðun og kannast nú við staðreyndir og nauðsyn okkar Íslendinga á að taka þátt í þessu varnarsamstarfi sem raun ber vitni um.

Ég vil og vekja athygli á því, að það virtist eins og hæstv. viðskrh. væri eitthvað móðgaður yfir því að varaforseti Bandaríkjanna hefði ekki óskað eftir að tala við hann. Ég ætla ekki að taka upp varnir fyrir hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh., en ég minnist þess í fráfarandi ríkisstj. að þegar góða gesti bar að garði var gjarnan rætt

um það í ríkisstj. sjálfri hverjir ráðh. skyldu við gestinn ræða, og ég geng út frá því að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafi haft fullt umboð frá hæstv. viðskrh. til þess að tala við Mondale varaforseta og þar með fullt umboð til þess að taka við þökkum Mondales varaforseta til íslensku ríkisstj., sem Alþb.-ráðh. sitja í og bera ábyrgð á.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri, þótt orð hv. þm. Kjartans Ólafssonar gefi raunar líka tilefni til þess að lýsa ánægju yfir því, hvað Alþb.-menn hafa tekið miklum þroska í þessum efnum. Hann vildi ræða um hvort réttara væri að varnarliðsmenn væru hér einir síns liðs eða hefðu fjölskyldur sínar hér búsettar meðan á dvöl þeirra stæði hér á landi. Ég tel það góðs vita, að Alþb.-menn séu til viðræðu um hvernig fyrirkomulagi þessara mála sé best háttað, og fagna því út af fyrir sig. En hér gefst nú ekki tími til þess að rökræða slík fyrirkomulagsatriði, þótt ég álíti heillavænlegra að varnarliðsmennirnir hafi fjölskyldur sínar búsettar hér á landi en að hermennirnir séu hér einir síns liðs.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla fyrst og fremst að mótmæla því sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði áðan, að ég hefði í utanrrh.-tíð minni gert eitthvert sérstakt samkomulag við herinn um að þeir fengju að vinna tiltekin verkefni. Um það er ekki hægt að tala, þó að leyft hafi verið að mála eina skemmu. Ég tel að það geti ekki talist samningur um yfirtöku verkefna. Ég man þvert á móti eftir því, að í utanrrh.-tíð minni — og það veit hv. þm. fullvel sem formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur — var unnið að því að fækka hermönnum á vellinum og leysa verkefnin með íslenskum vinnukrafti eftir því sem þurfa þótti.

Ég er sammála því, sem hér hefur komið fram, að efla þarf atvinnulíf á Suðurnesjum. Það er vafalaust staðreynd sem ekki verður á móti mælt. Það hefur nokkuð dregist aftur úr af ýmsum ástæðum, sem ástæðulaust er og raunar ómögulegt á stuttum tíma að gera grein fyrir. En ég vil líka benda á að enda þótt atvinnulíf á Suðurnesjum verði eflt eins og þarf að gera verður það seint sem allir þeir, sem hafa vinnu hjá varnarliðinu, hafi kost á annarri vinnu, vegna þess að þar er ýmislegt af fólki sem ekki getur t. d. farið á sjó eða unnið aðra erfiða vinnu. Þetta held ég að menn viti og viðurkenni sem þekkja til mála. A. m. k. býst ég við að formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur viðurkenni þessa staðreynd. En ef Alþfl.-menn á hinn bóginn vilja aukna vinnu hjá varnarliðinu geta þeir vafalaust þakkað núv. utanrrh. fyrir aðgerðir hans. Mín vegna mega þeir mjög vel gera það, og ég held að hann sé vel að þeim þökkum kominn.

Ég tel að það hafi verið rétt, sem hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði, að nauðsynlegt sé að aðskilja herstörfin frá öðrum störfum og annarri starfsemi á Keflavíkurflugvelli, meðan þar er her. Menn vita vel hvaða hugmyndir ég hef um það. Ég tel að í tíð fyrrv. ríkisstjórna hafi verið að þessu unnið og einkum í tíð fyrrv. ríkisstj., ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, og það sé raunar gert enn. Það var fækkað í herliðinu og það er verið að byggja yfir varnarliðsmenn þannig að þeir geti búið einir og sér og þurfi ekki að vera innan um annað fólk á Suðurnesjum.

Eitt af því, sem hvað nauðsynlegast er til þess að aðskilnaður geti orðið að veruleika, er bygging nýrrar flugstöðvar, því að það samkrull, sem þarna á sér stað, að flugstöðin er á miðju hersvæðinu, er ekki boðlegt. Það stendur til boða að fá fjárhagslega aðstoð frá Bandaríkjunum til þess að byggja þarna flugstöð sem til þarf. Og ég skora á ríkisstj. að láta nú til skarar skríða og byggja þessa flugstöð og aðskilja þar með þessa starfsemi. Ég vænti þess, að hv. Alþb.-menn verði ekki í neinum vandræðum með að semja slíka bókun og fyrirvara að þeir geti þolað þessa framkvæmd, alveg eins og þeir gerðu þegar flugbrautin var lengd á sínum tíma gegn mótmælum þeirra. Nú heyrist ekki eitt einasta andmælisorð. Þvert á móti vita allir og viðurkenna að sú lenging flugbrautarinnar var eitt af þeim atriðum sem hefur gert Keflavíkurflugvöll að einum besta í heimi.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég gleðst yfir því, að allir hv. alþm. virðast vera sammála um að bæta þurfi atvinnuástand á Suðurnesjum. Ég gleðst yfir þeim mikla áhuga sem kemur fram hjá hv. þm. nú á að bæta ástandið á því landssvæði. Hins vegar er það svo, að ekki er langt síðan við vorum að ræða atvinnumál Suðurnesja, þ. e. a. s. atvinnu Suðurnesjamanna, ekki á Keflavíkurflugvelli, heldur í sambandi við sjávarútveg, og þá virtist áhugi margra hv. þm. Stefáns Jónssonar og hv. þm. Kjartans Ólafssonar að stöðva fiskveiðar Suðurnesjamanna á þeim grundvelli að þær væru að eyðileggja hrygningarstofn íslenska þorksins. Þetta fór ekkert leynt. Þeir ruku m. a. s. til og fóru að láta norðanskipin millifæra fisk suður frá svo að þau gætu selt í Englandi. Þetta kemur ekki heim og saman. Nú virðist manni á þessum sömu mönnum að það sé þjóðhættulegt starf að vinna á Keflavíkurflugvelli, en sjávarútveg, sem er stærsta atvinnugrein Suðurnesjamanna, eigi að draga saman. Keflavíkurflugvöllur er stórt vinnusvæði. Hverfi sú atvinna tekur mörg ár að byggja upp iðnað á Suðurnesjum. Fyrir 14 þúsund manns er það örugglega margra ára verk miðað við gang mála hér á landi í þeim efnum yfirleitt. Ég held því að við verðum að staldra við og reyna að kryfja málið til mergjar. Það fer ekki saman að skipuleggja samdrátt í fiskveiðum Suðurnesjamanna og ætlast svo til að þeir hætti jafnvel að vinna á vellinum vegna þess að það séu þjóðhættuleg störf.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það má vel vera að í þeim skilningi, sem ég lagði í ummæli hæstv. viðskrh. áðan, hafi verið fólgið annað viðhorf en til var ætlast. En hitt er þá annað mál, að hæstv. viðskrh. hefur haft tækifæri til þess að koma skilaboðum, sem hann flutti varaforseta Bandaríkjanna hér úr þessum ræðustól, á framfæri við hann sjálfan með aðeins einum millilið. Sá milliliður er flokksbróðir hans, hæstv. menntmrh. Ég veit ekki betur en hæstv. menntmrh. hafi verið einn af þeim þremur ráðh. sem ræddu sérstaklega við varaforseta Bandaríkjanna, þegar hann kom hingað, og hann tók á móti honum í Árnastofnun. Ef hæstv. viðskrh. hefði viljað biðja einhvern fyrir skilaboð til varaforseta Bandaríkjanna hefði verið nærtækast að biðja hæstv. menntmrh. fyrir þau.

Ég vil hins vegar hafa fæst orð um framkomu hv. þm. Stefáns Jónssonar í þessum ræðustól áðan. Það er ekkert nýtt að hv. þm. beri innræti sínu vitni með þeim hætti sem þar kom fram — innræti sínu og hugarfari. Hann hefur ýmist gert það úr ræðustól með formlegum hætti eða með frammíköllum úr sæti sínu með óformlegum hætti, og sjálfsagt heldur hann því áfram.

Hann komst þannig að orði um einn samþm. sinn, að hann bæri sorp af Keflavíkurflugvelli hingað inn. Ég held að það viti allir, a. m. k. eldri þm. hér, svo og þeir menn sem lengi hafa fylgst með þingstörfum, eins og þeir sem hafa verið hér þingfréttarritarar t. d. áður en þeir urðu þm., að eini þm. á Alþingi Íslendinga, sem hefur þurft að þvo óhreinindin úr ræðum sínum milli þess að þær voru fluttar hér í ræðustól og þar til þær komust á prent í Alþingistíðindum, er hv. þm. Stefán Jónsson.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég kom í ræðustólinn áðan til að koma nokkrum orðum á framfæri. Þau ummæli mín urðu til þess, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson þurfti einnig að gera aths. með sínum sérkennilega málefnalega hætti, sem hann er þekktari fyrir en nokkur annar alþm. Ég man ekki til þess að þessi hv. þm., Sighvatur Björgvinsson, hafi komið upp í ræðustólinn án þess að gera tilraunir til að snúa út úr orðum manna. Það er merkilegt að menn, sem eru búnir að vera jafnlengi á Alþ. og ég hélt að stunduðu stjórnmálastarf af einhverri alvöru, skuli fjalla um mál með þeim hætti sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerir iðulega í þessum ræðustól. Ég tek ekki þátt í leik af því tagi og neita honum algerlega um þá skemmtan sem hann kynni að hafa af slíku.

Ég kvaddi mér hljóðs hér aftur til þess að andmæla því sem fram kom í ræðu hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, hv. 5. þm. Reykn., þar sem hann staðhæfði að Alþb. hefði verið á móti því að keyptur yrði togari til Suðurnesja. Ég veit ekki hvaða dæmi hann á við, en það er hugsanlegt að hann eigi við að innan ríkisstj. og milli stjórnarflokkanna hefur verið fjallað um hvort tiltekinn innlendan togara ætti að selja innanlands og heimild að veita til þess. Það eru, eins og kunnugt er, fjölmargir staðir í landinu sem þannig er ástatt um að þeir þurfa mjög verulega á framleiðslutæki eins og togara að halda, og það eru til ýmsir staðir sem atvinnulega séð eru jafnvel verr á sig komnir en Suðurnes. Það er því álitamál í hverju tilviki, þegar úr litlu er að spila, hvert viðkomandi togskip á að fara. Þess vegna eru það dylgjur einar og útúrsnúningur þegar því er haldið fram, að við höfum verið andvígir því að þetta tiltekna skip, sem ég geri ráð fyrir að þm. eigi við, færi til Suðurnesja. Við vildum einfaldlega að málið yrði kannað áður til hlítar, hvert væri skynsamlegast og heppilegast að þetta skip færi og hverjir væru hugsanlega best til þess færir að koma því á sjó og gera það út. Niðurstaðan varð svo sú, eins og kunnugt er, að það verður væntanlega fyrirtæki nokkurt á Suðurnesjum sem þennan tiltekna togara fær. Því höfum við Alþb.-menn í ríkisstj. og annars staðar enga andstöðu sýnt. Hins vegar mætti hv. 5. þm. Reykn. kannske kenna einhverjum flokksbræðrum sínum dálitlar lexíur um skipakaupamál og atvinnumál í ýmsum plássum í þessu landi.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Mér þykir leitt að hæstv. viðskrh. skyldi ekki skýra betur hvað hann átti við með síðustu orðum sínum. En hann staðfesti þrátt fyrir það, að hann reyndi að koma í veg fyrir að skipið færi til Suðurnesja með því að flækja málið á ýmsan hátt.

Það kom fram áðan hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að bæjarfélögin á Suðurnesjum og þá kannske Keflavíkurbær allra helst væru að sækjast eftir fé frá varnarliðinu vegna þess að það vantaði í kassann. Það þarf að koma fram hér, að byggðarlögin á Suðurnesjum hafa þurft að þola að allt að 20% af íbúum þeirra væru útlendingar sem hafa verið skattfrjálsir, en þau byggðarlög hafa þurft að veita þessum útlendingum alla þá þjónustu sem þeir hafa þurft. Þessi byggðarlög hafa því tapað allverulegum fjárhæðum á nærveru hersins í því tilliti.

Ég vil jafnframt víkja að því sem hv. þm. Einar Ágústsson sagði áðan, en hann þrætti fyrir að gert hefði verið samkomulag um að erlendir menn — eða hermenn — ynnu ákveðin verk á Keflavíkurflugvelli — verk sem íslenskir aðilar geta unnið. Ég hef það eftir formanni varnarmáladeildar að svo hafi verið. Hann segir í viðtali við dagblað að útlendir menn hafi unnið ýmis verkefni á Keflavíkurflugvelli, enda samið um það í tíð fyrri ráðh., en því sé nú að ljúka.

Ég vil að síðustu endurtaka það sem hér hefur verið sagt, að þeir, sem starfa á Keflavíkurflugvelli, þurfa að búa við það atvinnuöryggi sem annars staðar er í landinu, og við þurfum að búa vel að því fólki, sem býr á Suðurnesjum, í atvinnulegu tilliti, þannig að það þurfi ekki alltaf að búa við það öryggisleysi sem það nú býr við. Það hafa margir haldið því fram að þeir sem ynnu hjá varnarliðinu ynnu ekki þjóðnýt störf. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði áðan. Vissulega vinnur þetta fólk þjóðnýt störf sem íslenska ríkið hefur falið því að inna af hendi hjá varnarliðinu.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Í þessum umr. hafa fallið alleinkennileg orð um sérstakt þakklæti varaforseta Bandaríkjanna til Íslendinga fyrir aðstöðuna á Keflavíkurflugvelli. Um viðbrögð Alþb. við þessu þakklæti hafa einnig fallið hin undarlegustu orð, og hefur viðskrh. vísað þeim til föðurhúsanna. En ég vil vekja athygli á því, að það er í rauninni undarlegt að varaforseti Bandaríkjanna skuli færa þetta einhliða þakklæti fram. Það er einkennilegt, vegna þess að það skýtur algerlega skökku við áratuga málflutning Bandaríkjamanna sjálfra og NATO-sinna á Íslandi varðandi hlutverk Bandaríkjahers hér á landi.

Íslendingum hefur verið sagt í þrjá áratugi, að Bandaríkjaher væri hér til þess að vernda Íslendinga. Samkv. þeim formála ætti auðvitað að vera Íslendinga að þakka. En nú ber svo við, að það er ekki einu sinni haft fyrir því að reyna að viðhalda þessari blekkingu. Varaforseti Bandaríkjanna þakkar Íslendingum fyrir að þeir skuli fá að vera hér. Það er því engin furða þó að Alþb. þakki Bandaríkjamönnum ekki fyrir að Íslendingar skuli eiga að taka við fyrstu skeytunum í styrjöld sem send verða. Þetta er auðvitað mergurinn málsins.

Í öðru lagi vil ég vekja máls á því, að í viðtali við varaforseta Bandaríkjamanna í Morgunblaðinu 18. apríl segir hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli er sérlega mikilvæg, og má það m. a. ráða af því, að þar er að finna útbúnað og flugvélar af fullkomnustu gerð."

Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh. og aðra þá ráðh. sem áttu tal við þennan mann, sem gjörla má vita hvaða útbúnaður er hér á Keflavíkurflugvelli: Hvaða útbúnaður er það af fullkomnustu gerð sem hér er? Þetta eigum við Íslendingar fulla heimtingu á að vita. Hér hafa í vetur orðið miklar umr. um hvers konar vopn væru í herstöðinni. Það hefur verið reynt að telja okkur trú um að þetta væri afar hættulaus eftirlitsstöð. En varaforseti Bandaríkjanna skýrir okkur sjálfur frá því, að hér sé að

finna hernaðarlegan útbúnað af fullkomnustu gerð.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þessar umr. hafa farið langt út fyrir það takmarkaða svið, sem fsp. fjölluðu um, og orðið að eldhúsumr. um varnarliðið. Að sjálfsögðu er við þær reglur, sem gilda, öllum nema kannske mér, sem hef lengstan ræðutíma, ógerlegt að ræða þetta ítarlega. Ég kveð mér þó hljóðs vegna þess að hv. síðasti ræðumaður spurði málefnalegrar og eðlilegrar spurningar sem hún á kröfu á svari við.

Það er á vitorði og hefur verið á vitorði flestra sem fylgjast með varnarliðinu, að nú síðustu mánuði, á síðasta hálfu ári eða svo, hefur verið skipt um gerð radarflugvéla, sem eru fljúgandi radarstöðvar, og teknar í notkun allra nýjustu flugvélar af því tagi, en þær eru óvopnaðar með öllu, svo að þær tilheyra eftirlitshlutverkinu. Einnig hefur komið hingað ný gerð af minni eftirlitsflugvélum, T-3 held ég að þær séu nefndar, og í þeim er mikið af rafeindatækjum sem eru hin fullkomnustu til eftirlitsstarfa sem nú eru til. Það kom fram í samtali við varaforsetann, að það var fyrst og fremst þetta sem hann átti við, en ég hef ekki heyrt, hvorki í samtali við hann né annars staðar, að þarna séu nein drápstæki af neinu tagi sem framar standi en verið hafa og til eru annars staðar.

Það er e. t. v. spaugilegt frekar en nokkuð annað, að minn ágæti félagi, hæstv. viðskrh., skyldi orða það að varaforsetinn yrti ekki á hann. Ég efast ekki um að Mondale hefði fengið hressileg svör ef hann hefði gert það. En tíminn var stuttur og við marga að tala, svo að hæstv. forsrh. notaði sem gestgjafi þá eðlilegu leið að bjóða nokkrum hópi áhrifamanna til kvöldfundar þar sem hægt var að tala við varaforsetann, en enginn af ráðh. Alþb. hafði aðstöðu til að vera þar. Þeir hafa vafalaust sínar ástæður fyrir því, að þeir misstu þar af tækifæri. Hins vegar vil ég nefna að hæstv. menntmrh. tók á móti varaforsetanum í Árnagarði, þar sem helgustu dómar þjóðar okkar eru geymdir, og ég hygg að hann hafi gert það með sóma, veit ekki annað, hvort sem hann hefur fundið einhvern stað í handritunum sem hann gat bent Mondale á hugmynd Alþb. til stuðnings eða ekki.

Varðandi það, að því hafi verið haldið fram í 30 ár að varnarliðið væri hér algerlega okkar vegna, þá kann að vera að margir hafi gert það. En ég vil ekki játa að ég hafi gert það á þann hátt sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. Ég hef þvert á móti — og fjöldamargir aðrir — ávallt sagt að varnir Íslands væru eins og hlekkur í keðju og þar af leiðandi gætu þær þjóðir, sem eru í sama varnarbandalagi og við, með góðri samvisku þakkað hver annarri fyrir að hafa fengið að lifa í algerum friði í Evrópu í 30 ár, sem ekki hefur gerst oft í sögunni. Og þó að sannkristinn og lítillátur maður eins og forseti Bandaríkjanna sendi þessa orðsendingu sem beint var á réttan stað, til forsrh., held ég að ekki hafi falist í því neinn nýr sannleikur og öllum þeim, sem hugsa af raunsæi um varnarmálin, hafi verið og sé ljóst að þessu er þannig varið. Það er ekki í einu einasta landi í allri Vestur-Evrópu fullkomlega varnarstyrkur sem dugi til að verja það land án þess að til komi aðstoð frá öðrum bandalagsþjóðum. Þetta á jafnt við allar þjóðirnar, sem í þessu bandalagi eru, og á mjög svipaðan, ef ekki sama hátt, á þetta við þjóðirnar í Varsjárbandalaginu. Þar er ekki heldur nema eitt þátttökuríki sem segja má að gæti algerlega séð um sjálft sig, heldur eru þau hvert öðru háð.

Það er fjöldamargt smáatriða sem hefði verið eðlilegra að ræða en þetta í tilefni af fsp. um atvinnumál á Keflavíkurflugvelli, en tími og aðstæður leyfa slíkt ekki að sinni, svo að ég verð að neita mér um það.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Síst ber að lasta fjarveru hv. þm. Sighvats Björgvinnssonar, sem ég hygg að telja megi prýði á hverju samfélagi, en þó hefði ég gjarnan viljað að hann væri hér inni. (**Gripið fram í:** Hann er kominn.) Það var ágætt að hann birtist eins og ónefndur andi stundum þegar hann er nefndur. En honum gengur erfiðlega að hafa rétt eftir þótt skammur tími líði. Ekki kallaði ég það, að hv. þm. Karl Steinar Guðnason flytti sorp hingað inn í þingsalinn. Ég sagði að ekki bæri að lasta þann gust sem hann bæri með sér hingað inn í þingsalina af sorphaugum Keflavíkurflugvallar, því að einnig sá gustur ætti heima hér í þingsölum.

Annars kom ég upp í ræðustól aðallega til þess að leiðrétta þau orð sem féllu hjá hv. þm. Oddi Ólafssyni, sem sagði að við hv. þm. Kjartan Ólafsson hefðum látið skip okkar umskipa fiski í Njarðvíkurhöfn yfir í loðnuveiðiskip til þess að flytja á erlendan markað. Mér er ekki kunnugt um skipaeign Kjartans Ólafssonar, en ég er h. u. b. alveg viss um að ekki á ég togarann Sigluvík sem hv. þm. átti við áðan. Ástæðan var sú, að ekki var mannskapur til þess eða gagnbúin fiskiðjuver að vinna allan þann fisk sem þá barst á land á Suðurnesjum, vegna þess að ekki vinna 2000 manns eða rúmlega það við fiskverkun á Suðurnesjum eins og vinna á vellinum. Það er langt frá því. Þennan afla hefðu Suðurnesjamenn getað fengið til vinnslu í fiskiðjuverum sínum.

Hitt er annað mál, að till., sem hv. þm. Oddur Ólafsson flutti á sínum tíma um athugun á áhrifum af hersetunni á hina þjóðlegu atvinnuvegi á Suðurnesjum, var góð till. Hún var samþ. hér á Alþ. Og ég veit ekki betur en réttum aðilum hafi verið falið að framkvæma þá könnun, sem mun þó ekki hafa verið gerð til hlítar enn.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Nafni mínu hefur nokkuð verið blandað inn í þessar umr. og okkur Alþb.-ráðh. vegna þess að Carter Bandaríkjaforseti sendi eilítið spaugilegt bréf hingað til lands með varaforseta sínum nú fyrir skemmstu, þar sem hann þakkar fyrir að við skulum hafa leyft dvöl bandarísks hers í landinu, þ. e. a. s. íslensk stjórnvöld. Ég held að þetta þakkarbréf þurfi ekki að koma neinum á óvart, því að vissulega má Bandaríkjaforseti þakka forustumönnum allra annarra flokka en Alþb. fyrir að hafa leyft hér hersetu. Það vita allir að bandarískt herinn er hér á landi eingöngu í þágu Bandaríkjamanna sjálfra. Hann má því sannarlega vera þakklátur fyrir þá rausn sem hernámsflokkarnir þrír hafa sýnt Bandaríkjamönnum.

En varðandi það atriði, að varaforsetinn hafi komið í heimsókn í Árnagarð, vil ég upplýsa vegna mjög spaugilegra vangaveltna sem hér hafa átt sér stað um orðræður okkar, að þegar við skoðuðum þar fornar bækur ræddum við um það eitt sem gerðist hér á landi fyrir árið 1400.

Jarðborar, fsp. (þskj. 402). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 402 fsp. til hæstv.

iðnrh. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hverju nema eftirtaldir kostnaðarliðir við borun Kröfluholu, þar sem heildarkostnaður er áætlaður um 280 millj. kr.:

a) launakostnaður og annar beinn kostnaður í mannafla,

b) flutningskostnaður á bor,

c) borkrónuslit, efni, fóðrun og steypa?

Hvað kostar jarðborinn Jötunn eigendur árlega, sé hann ekki notaður?"

Tilefni þessarar fsp. er það, að fyrir nokkru var sagt frá því í fjölmiðlum, að hætt væri við að bora þær tvær holur við Kröflu sem búið var að gera ráð fyrir að boraðar yrðu á þessu ári. Það hefur einnig komið fram í fjölmiðlum, að jarðborar ríkisins mundu ekki starfa allt árið vegna fjárskorts.

Nú er það yfirlýst stefna stjórnvalda að nýta innlenda orkugjafa svo sem unnt er og að flýta virkjunum þar sem hægt er að hagnýta jarðhitann, hvort sem um er að ræða lághita eða háhita. Fá atvinnutæki munu gefa þjóðfélaginu jafnmikinn arð með vinnu sinni og jarðboranir, og er þá nokkuð sama hvort borað er á háhita- og lághitasvæðum. Vegna ört hækkandi orkuverðs er nú mögulegt að nýta jarðhita á ýmsum þeim stöðum í landinu, þar sem óhugsandi var að keppa við olíuna áður fyrr. Þess vegna vona ég að stjórnvöld sjái sér nú fært að nota þessi stórvirku tæki og hafa þau í gangi allt árið eða svo mikinn hluta af árinu sem veðurfar leyfir. Það er liður í því að búa að sínu og það hefur löngum þótt hagkvæmt. Starfræksla þeirra er örugglega meira gjaldeyrissparandi en flestra annarra atvinnutækja.

Upphitun húsa hefur lengst af verið mikið vandamál í þessu landi og eitt erfiðasta fjárhagsmál hverrar fjölskyldu. Starf jarðboranna á að gera þennan vanda minni. Þess vegna vona ég að skammvinnur auravandi verði ekki til þess að stöðva þessi stórvirku tæki, einkum vegna þess að ég held að mjög verulegur kostnaður sé fyrir hendi hvort eð er, enda þótt tækin séu látin standa. Því langaði mig til að fá að vita hjá hæstv. ráðh. hvernig þessi mál lægju fyrir í dag.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykn. hefur lagt fram fsp. um ákveðna kostnaðarliði í sambandi við borun á Kröfuholu eins og það er nefnt. Kostnaður sá, sem rakinn verður hér á eftir, á við jarðborinn Jötunn, en hann er verulega dýrari en jarðborinn Dofri, sem er nafnið á gamla gufubornum sem er sameign ríkis og Reykjavíkurborgar. Stafar sá kostnaðarmunur aðallega af því, að borlega Jötuns er 40—50% hærri en Dofra. Þar að auki er borkjallari, vegarlagning, flutningur og fleira dýrara hjá Jötni en hjá Dofra. Kostnaðarliðir þeir, sem spurt er um, eru þessir, og tek ég fram að miðað er við verðlag í des. 1978. Þá er einnig þess að geta, að miðað er við 2000 metra djúpa holu. Þessir liðir eru eftirtaldir:

1. Launakostnaður og annar beinn kostnaður við mannafla. Nemur sá kostnaðarliður samkv. áætlun 33.3 millj. kr.

2. Flutningskostnaður á bor. Hér er gert ráð fyrir flutningi borsins frá Reykjavík, þar sem hann er nú, norður að Kröflu. Þessi liður er áætlaður 22.7 millj. kr.

3. Borkrónuslit, efni, fóðrun og steypa, sem til þarf við gerð borholunnar. Þessi liður er áætlaður 36.9 millj. kr.

Aðrir helstu kostnaðarliðir við borun Kröfluholu eru þessir: Borplan, en það innifelur borkjallara, höggborsholu og jarðvinnu. Er sá liður áætlaður 17.4 millj. kr. Ýmis aðkeypt þjónusta er talin nema 18.2 millj. kr. Borleiga er áætluð 68.3 millj. kr. Útblásturs- og mælibúnaður 10.6 millj. kr. Ýmsir aðrir liðir, svo sem olía, áhaldaleiga, sérfræðiþjónusta, ferðakostnaður, uppihald, bílkostnaður o. fl., eru áætlaðir kosta 83.8 millj. kr.

Samtals er kostnaður við borun Kröfluholu samkv. þessu 273 millj. kr. reiknað á verðlagi í des. 1978.

Ég get látið hv. fyrirspyrjanda hafa nánari sundurliðin á þessu skriflega honum til glöggvunar og taldi ekki rétt að fara hér út í frekari smáatriði að þessu leyti.

Þess er hins vegar að geta, að hér eru undanskilin fóðurrör og holuventlar, en áætlað verð á þeim er, miðað við verðlag á nefndum tíma, 40 millj. kr. Óhjákvæmilegur heildarkostnaður með þessum hætti er talinn nema 313 millj. kr.

Að lokum er í fsp. spurt um hvað borinn Jötunn kosti eigendur árlega sé hann ekki notaður. Upplýsingar, sem rn. hefur fngið um þetta frá Jarðborunum ríkisins, eru þær, að miðað við yfirstandandi ár, árið 1979, verði kostnaðurinn samtals 194.8 millj. kr., eða tæpar 200 millj., og flokkast þannig, að afborganir af lánum og vextir eru talin nema 163.8 millj. kr. og annar kostnaður, þar með talinn geymslukostnaður, viðhald o. fl., 31 millj. kr., eða samtals 194.8 millj. kr. Ef menn líta á þetta með samanburði við borkostnað einnar holu, þá er fastakostnaður af bornum eða fjármagnskostnaður verulega minni, eða um $^2/_3$ af kostnaði við borun einnar holu. Á næstu árum vex þessi greiðslubyrði hins vegar þar sem afborganir af bornum fara mjög vaxandi.

Ég tek undir það með fyrirspyrjanda, að full ástæða er til að herða á í sambandi við leit að jarðvarma og rannsóknir í því sambandi og að reyna að nýta á skymsamlegan hátt þau dýru tæki, sem aflað hefur verið í þessu skyni, enda hefur iðnrn. gert till. um það að nýting þeirra verði aukin. Þær tillögur fengu ekki allar hljómgrunn í því sambandi við gerð fjárfestingaráætlunar yfirstandandi árs og fjárlagagerð í sambandi við framlög til jarðhitaleitar. En í tengslum við hækkun á olíuverði nú að undanförnu hefur rn. látið endurmeta þessi mál og hefur kynnt innan ríkisstj. hugmyndir um frekara átak á þessu sviði, í ljósi hækkaðs olíuverðs og þeirrar brýnu nauðsynjar að reyna að nýta innlenda orkugjafa eins og kostur er í staðinn fyrir innflutta. Ég er þeirrar skoðunar, að ekki beri að horfa í það að bæta við áhvílandi erlend lán okkar ef það fjármagn er hagnýtt þannig að það skili sér á mjög stuttum tíma með því að spara okkur gjaldeyri, spara innflutning á eldsneyti og taka innlenda orkugjafa í notkun í staðinn. Um þetta hefur verið dregið saman talsvert af upplýsingum á vegum iðnrn. að undanförnu og það verið látið ganga með tillögum um þessi efni til ríkisstj., þar sem þessi mál verða athuguð í tengslum við annan þann vanda sem upp er kominn vegna hækkandi verðs á innfluttri orku.

Varðandi þá ábendingu hv. fyrirspyrjanda, að þessi tæki séu ekki að fullu nýtt, há er það alveg rétt að svo er ekki. Það er langt frá því að stóru borarnir tveir, Dofri og Jötunn, hafi full verkefni, og þyrfti til muna meira fjármagn til þess að svo væri. Það verður hins vegar álitamál hvað eigi að ráða ferðinni í þessum efnum. Svo nauðsynlegt sem það er að afla jarðvarma, jarðhita og stunda rannsóknir af krafti í því sambandi, þá er það út af fyrir sig ekki tæki, sem eiga að ráða þeirri ferð, heldur mat á

rannsóknarþörf og framkvæmdum. Þegar ráðist var í kaupin á Jötni fyrir nokkrum árum var talið, að næg verkefni væru fyrir slíkan bor langan tíma. Var það á þeim dögum þegar verið var að vinna að öflun jarðvarma m. a. fyrir Kröfluvirkjun, og ég hygg að áætlanir, sem gerðar voru í þessu sambandi, hafi ekki eingöngu miðað við að unnið væri fyrir þá jarðvarmavirkjun, heldur að framhald yrði á framkvæmdum af því tagi. Það kom hins vegar fljótt fram, eftir að fór að hægja á jarðhitaleit við Kröflu af ástæðum sem ég ætla ekki að fara að ræða hér, að þessi tæki vantaði verkefni. Og það er ekkert nýtt á þessu ári að ónóg verkefni séu fyrir þessa stóru jarðbora. Það hefur verið svo — ég hygg 2—3 undanfarin ár, að þeir hafa ekki verið nýttir nándarnærri að fullu, og er það sannarlega umhugsunarefni. Á það hefur einnig verið bent af Jarðborunum ríkisins, að fjárhagsvandi sé fram undan í vaxandi mæli vegna mjög óhagstæðra kjara sem jarðborinn Jötunn var keyptur á. Þar var um að ræða afar óhagstæð lán samkv. upplýsingum sem ég hef fengið frá Jarðborunum ríkisins, sem munu auka þennan fjármagnskostnað verulega á næstu árum. Mér sýnist að menn verði að gera það upp við sig, hvert framhaldið skuli vera, og er ég þá raunar með alveg ákveðna skoðun á því, að það beri að efla hér jarðhitaleit og jarðvarmanýtingu, ekki aðeins í sambandi við húshitun, heldur í sambandi við ýmis iðnaðartækifæri sem á að vera unnt að tengja þessari mikilvægu auðlind. Okkur sækist ekki fram í því verkefni nema unnið sé, en til þess þarf fjármagn og samstöðu um að afla þess.

Þetta læt ég nægja sem svar við fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans ágæta svar. Það kom á daginn, eins og mig grunaði, að mjög verulegur kostnaður fylgir þessum tækjum enda þótt þau séu ekki notuð. Og þar sem svo stendur á að mikil þörf er fyrir mikla innlenda orku og við eigum sérfræðinga til rannsókna og við eigum tæki, þá vona ég að hæstv. ráðh. finni leiðir til að láta þau vera í gangi svo lengi sem unnt er.

Jarðhitaleit og fjarvarmaveitur á Snæfellsnesi og í Dalasýslu, fsp. (þskj. 447). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 447 höfum við hv. 1. þm. Vesturl., Halldór E. Sigurðsson, leyft okkur að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. varðandi jarðhitaleit og fjarvarmaveitur á Snæfellsnesi og Dalasýslu sem hljóðar svo:

„1. Verður gerð tilraunaborun eftir heitu vatni á norðanverður Snæfellsnesi á þessu ári í framhaldi tilraunaborana 1977, eins og áformað var að framkvæmt yrði 1978?

2. Hvað líður athugun á fjarvarmaveitum fyrir þéttbýlisstaði á Snæfellsnesi?

3. Er fyrirhuguð tilraunaborun eftir heitu vatni í Dalasýslu á þessu ári?“

Til skamms tíma var því slegið föstu, að á norðanverðu Snæfellsnesi væri ekki um að ræða virkjanlegan jarðhita þrátt fyrir ný hraun og gosgíga. Árið 1972 lét Orkustofnun gera sveiflumælingar á Snæfellsnesi. Kom þá í ljós svörun sem benti eindregið til jarðhita víða á svæðinu. Þetta varð til þess að sveitarfélögin á norðanverðu nesinu ákváðu að kalla eftir frekari rannsóknum og árið 1973 var framkvæmd hitastigulsborun milli Hellissands og Ólafsvíkur sem sveitarfélögin kostuðu sameiginlega. Hitinn í þessari holu reyndist of lítill. Var talið að saltmagn hefði valdið jákvæðri svörun í sveiflumælingum, en kostnaður sveitarfélaganna var 1.3 millj. kr. sem þau greiddu að fullu sjálf.

Þrátt fyrir þessa misheppnuðu borun vildu sveitarfélögin á Snæfellsnesi ekki gefa upp von um að jarðhiti væri finnanlegur. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi svo og sýslunefnd Snæfellsnessýslu lögðu málinu lið og var leitað fast á Orkustofnun um áframhaldandi rannsóknir á mögulegum jarðhita á norðanverðu Snæfellsnesi. 1967 og 1977 lét Orkustofnun framkvæma hitastigulsboranir á svæðinu frá Ólafsvík til Stykkishólms. Nýjar athuganir eftir loftmyndum frá gervitungli höfðu sýnt jarðhitamöguleika á stærra svæði frá Reykhólum til Snæfellsness en áður hafði verið talið. Voru boraðar nokkrar holur: ein við Ólafsvík, tvær í Grundarfirði og ein við Stykkishólm. Mælingar á holum hafa sýnt 105—114 stiga hita á öllum þessum stöðum, sem gefur til kynna að á þessu svæði sé það mikill jarðhiti að möguleikar gætu verið á virkjanlegu vatni. Orkustofnun taldi nauðsynlegt að gera tilraunaborun á meira dýpi á svæðinu, ca. 600—800 metra, til að ganga úr skugga um hvort jarðhiti og vatn væru á því dýpi sem virkjanlegt væri. Taldi Orkustofnun líklegast að gera þessa tilraunaborun í Grundarfirði. Var áformað að þessi borun yrði framkvæmd á s. l. ári, en af einhverjum ástæðum varð ekkert af framkvæmdum til mikilla vonbrigða fyrir íbúa þessara byggðarlaga. Því er hér leitað svars frá hæstv. ráðh.

Enda þótt bundnar séu miklar vonir við jarðhitaleit á þessu svæði hafa þéttbýlissveitarfélögin öll á Snæfellsnesi svo og Búðardalur í Dalasýslu óskað eftir því, að gerð verði áætlun um fjarvarmaveitur í þessum þéttbýlisstöðum, sem byggði á ódýru rafmagni, svartolíu og öðrum orkugjöfum. Var tekið jákvætt undir áform Rafmagnsveitna ríkisins um slíkar fjarvarmaveitur. Hefur Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens verið að vinna að þessu máli með aðstoð tæknimanna viðkomandi sveitarfélaga. Er því nauðsynlegt að fá að vita um hvernig þetta mál stendur í dag.

Hæstv. iðnrh. hefur nú afhent mér myndarlega frumáætlun þessa máls og fagna ég því sérstaklega og þakka um leið. Gífurlegur áhugi er á þessu máli á Snæfellsnesi sem víðar. Í þéttbýlisstöðum á þessu svæði búa um 4000 íbúar sem í dag greiða hæsta raforkuverð og verða að hita híbýli sín með olíu. Á þessu svæði fer fram stór hluti útflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Það er því lífsnauðsyn að viðunandi lausn fáist á þessum þætti orkumála á svæðinu til að tryggja áframhaldandi búsetu og uppbyggingu.

Í Dalasýslu er mikill áhugi á jarðhitaleit. Sýslunefnd hefur margoft skrifað Orkustofnun og farið fram á jarðhitarannsóknir. Í Miðdalahreppi er vitað um jarðhita. Þar er um að ræða yfirborðsvatn sem er um 50 gráðu heitt. Þetta þarf að rannsaka og kanna möguleika á nýtingu bæði til iðnaðar og upphitunar í þéttbýliskjörnum í Dalasýslu.

Herra forseti. Allir eru sammála um þjóðhagslegt gildi þess að nýta innlenda orkugjafa. Þess vegna verður að leita allra ráða til að láta slíkar framkvæmdir hafa forgang, hvort sem um er að ræða virkjanir, jarðhitaleit, hitaveitur eða fjarvarmaveitur. Slík fjárfesting skilar sér margfalt fyrir þjóðina. Og til að undirstrika þessa full-

yrðingu vil ég nefna upplýsingar er fram koma í skriflegu svari hæstv. iðnrh. við fsp. frá Gunnlaugi Finnssyni og mér á þskj. 451, að á tímabilinu 1971-1978 voru 11 hitaveitur teknar í notkun, þar með talin stækkun Hitaveitu Reykjavíkur í nágrannabyggð. Fengu þannig 45 910 íbúar landsins full not af þessum jarðhitaveitum. Ef gengið er út frá því, að olíunotkun til upphitunar íbúðarhúsnæðis sé 13 lítrar á m^3 á ári og hver íbúi noti 140 m^3 húsnæði, þá spara þessar hitaveitur 1820 lítra af olíu á hvern íbúa á ári eða alls 83.6 millj. lítra, sem miðað við útsöluverð húsa á olíu í dag er um 8 milljarða kr. sparnaður á ári. Svo stórkostlegur er árangurinn.

Núverandi ástand í upphitunarmálum víða um land er algerlega óþolandi. Lágmarksupphitunarkostnaður á olíunotkunarsvæðum er nú 100—120 þús. kr. á mánuði fyrir meðalíbúð. Þetta ástand auk hæsta raforkuverðs er svo alvarlegt, að það jaðrar við að fólksflutningar frá þessum svæðum séu yfirvofandi ef ekki tekst að ráða hér bót á. Það er þjóðarnauðsyn, því að fáar framkvæmdir í dag hafa eins mikil áhrif á búsetuskilyrði fólks og hitaveitur.

Ég vænti þess, að svör hæstv. iðnrh. auki bjartsýni í þessum málum á Snæfellsnesi og í Dalasýslu sem víðar.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mun hér leitast við að svara fsp. sem borin er fram af hv. þm. Alexander Stefánssyni ásamt hv. þm. Halldóri E. Sigurðssyni, og í þeim svörum, sem ég gef við þeim, er aðallega stuðst við upplýsingar frá Orkustofnun svo og nokkur atriði sem koma fram í nýútkominni skýrslu um varmaveitur á Vestur- og Norðurlandi.

Varðandi 1. lið fsp., sem varðar tilraunaborun eftir heitu vatni á norðanverðu Snæfellsnesi á þessu ári, skal þetta tekið fram.

Á norðanverðu Snæfellsnesi er aðeins einn jarðhitastaður, þ. e. fram undan Berserkseyri í Kolgrafarfirði. Staðurinn er í of mikilli fjarlægð bæði frá Grundarfirði og Stykkishólmi til þess að hitaveita þaðan sé talin hagkvæm. Rannsóknir og jarðhitaleit hafa því beinst að öllu norðanverðu nesinu í heild. Fundist hefur, með því að bora grunnar rannsóknarholur, svæði milli Ólafsvíkur og Stykkishólms þar sem hitastigull er allmiklu hærri en búast hefði mátt við. Talið er líklegt að orsök þess sé volgt eða heitt vatn í berggrunni þar undir. Fremur litlar líkur eru samt taldar á að með borun hitti menn á nýtanlegt heitt vatn, a. m. k. ekki í fyrstu atrennum, þar sem lítið hefur fundist sem leiðbeint gæti um staðarval borholanna.

Fyrir liggur að reynslan af jarðhitaleit á svæði blágrýtismyndunarinnar á Vestfjörðum og Austfjörðum, þar sem laugar vísa ekki til hvar bera skuli niður, er fremur neikvæð. Engu að síður hefur verið stefnt að því að kanna þetta nánar með djúpborun eða um 1500 m djúpri borholu. Hugmynd jarðhitadeildar Orkustofnunar hefur verið að deildin sæki um styrk til Orkusjóðs til að standa undir kostnaði við borunina þegar staðarval hefur verið undirbúið nógu vel og hentugur bor fæst til verksins. Áætlað er að staðarval geti legið fyrir fyrri hluta sumars 1979. Jarðborinn Narfi, sem best hentaði til að bora holuna, er upptekinn í forgangsverkefnum fyrir hitaveitur úti um land allt þetta ár og fram á næsta ár, að því er fram kemur í upplýsingum jarðhitadeildar Orkustofnunar. Til greina gæti komið að nota borinn Glaum, er gæti borað 1000 m holu sem hugsanlega þyrfti þá að dýpka síðar. Sakir óvissu varðandi útvegun á fjármagni og tækjum til verksins hefur að mati Orkustofnunar rannsóknarborun á Snæfellsnesi ekki verið talin raunhæf á þessu ári.

Ég vil til nánari glöggvunar á þessu geta þess, að á fjárlögum yfirstandandi árs eru Orkusjóði ætlaðar 350 millj. kr. til að lána til jarðhitaleitar. Af þeirri fjárhæð hafði Orkuráð veitt lán að upphæð 825 millj. kr. nú í byrjun aprílmánaðar og eftir standa þá aðeins 65 millj. kr., en fjöldi umsókna liggur fyrir um stuðning við jarðhitaleit. Veldur þetta því, að ekki er talið líklegt að hægt sé að verða við óskum um jarðhitaleit á norðanverðu Snæfellsnesi í því formi, sem hér er um rætt, og svo könnun með slíkri djúpborun á þessu ári vel að merkja.

Varðandi 2. lið fsp. um athugun á fjarvarmaveitum fyrir þéttbýlisstaði á Snæfellsnesi skal fram tekið:

Úrvinnslu eftir frumathuganir á jarðvarmaveitum við einstaka staði á Snæfellsnesi og víðar er lokið og er skýrsla um þær nýlega komin út á vegum iðnrn. og Rafmagnsveitna ríkisins, eins og hv. fyrirspyrjandi raunar gat um. Þessi skýrsla tekur til 5 þéttbýlisstaða á Vesturlandi: Hellissands, Ólafsvíkur, Grundarfjarðar, Stykkishólms og Búðardals, og þar er um algera frumathugun að ræða. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Að meðaltali fyrir veiturnar á Vesturlandi er orkuverðið 6.26 kr. á kwst. á fyrsta rekstursári og mun það verð lækka með stærri markaði og bættri nýtingu mannvirkja. Orkuverð þetta er nokkuð hátt sé miðað við orkuverð frá hagkvæmum jarðvarmaveitum, en í meðallagi sé það borið saman við olíukyndikostnað. Dreifð byggð, mikil þilofnahitun og hár fjármagnskostnaður valda miklu um orkuverðið.“ Nokkru síðar segir í sömu skýrslu: „Af framansögðu er ljóst, að hugmyndin um gerð slíkra varmaveitna er mjög athyglisverð og álitleg fyrir hagkvæmustu veiturnar sem valkostur til húshitunar í stað beinnar rafhitunar eða olíukyndingar, ef ekki er möguleiki á hagkvæmri jarðvarmaveitu.“

Þess ber að geta, að af þessum 5 stöðum virðist hagkvæmni jarðvarmaveitna vera mest í Ólafsvík og í Búðardal, þar sem orkuverðið lægi nokkuð undir því meðaltali sem hér var frá greint.

Fyrir utan þetta er þess að geta, að senn lýkur heildarathugun á tiltækri afgangsraforku í landskerfinu er nota mætti að hluta sem orkugjafa fjarvarmaveitna og raunar er fyrirhuguð sem aðalorkugjafi, en hins vegar svartolía til þess að taka af afltoppa þegar afgangsorka er ekki fyrirliggjandi. Einnig er að ljúka hagkvæmnisamanburði á fjarvarmaveitum og beinni rafhitun, þannig að þessi mál varðandi hagkvæmni fjarvarmaveitnanna eru smám saman að skýrast með tilliti til uppbyggingar raforkukerfis landsmanna á næstu áratugum. En hagkvæmnin þjóðhagslega séð fer verulega eftir því hver afgangsorka verður til í landskerfinu að jafnaði á því árabili sem menn eru að horfa til.

Ég hef getið þess hér í þingræðu ekki alls fyrir löngu, að mikil ástæða sé til þess að fá skorið úr þessum þáttum fyrr en seinna, en jafnframt, að fjarvarmaveiturnar hafi ýmsa kosti fram yfir beinu rafhitunina, ekki síst á þeim þéttbýlisstöðum þar sem von gæti verið um jarðvarma við nánari rannsókn og jarðhitaleit síðar, svo og að þær veiti meira öryggi en fæst með beinni rafhitun, þar sem um aðflutta orku eða annan orkugjafa er að ræða, ef raforku af einhverjum ástæðum þrýtur tímabundið.

Varðandi 3. lið fsp. skal það upplýst, að tilraunaborun

eftir heitu vatni í Dalasýslu hefur enn ekki komið til álita. Athugað hefur verið, hvort hagkvæmt sé að leiða heitt vatn frá Grafarlaug til Búðardals, en svo er ekki talið að mati Orkustofnunar. Engin vísbending er um jarðhita nær Búðardal.

Almennt vil ég svo aðeins segja um þetta, að ég hef verulegan áhuga á því að greiða fyrir jarðvarmaleit sem víðast og þá einnig á þeim svæðum er talin hafa verið köld eða liggja á mörkum þeirra svæða þar sem líklegt er að jarðvarma megi vinna. Þarf að sjálfsögðu að ganga í slíkar rannsóknir með þeirri tækni og kunnáttu, sem fyrir hendi er, og meta þann tilkostnað, sem í er lagt, og vonir um ávinning hverju sinni. Ég tek undir það sem frsm. sagði og tel fyllilega eðlilegt og skiljanlegt að af íbúum þessara svæða sé ýtt á eftir jarðhitaleit til þess að fá sem fyrst úr því skorið hvort þar gæti falist álitlegur orkugjafi. Hitt er svo annað mál, að út frá þjóðhagslegu sjónarmiði og út frá sjónarmiði þeirra, sem eru að horfa á líklegan ávinning af jarðhitaleit, getur gætt annarra sjónarmiða. Mjög eðlilegt er að þeir vilji fremur leita eftir jarðhita þar sem árangurs er að vænta án mjög mikillar óvissu og tilkostnaðar. Þarna þarf því að horfa til beggja þessara þátta: Hinna almennu rannsókna til þess að skera úr um hvar mörkin liggja milli þeirra svæða, sem líklegt er að gefi árangur með jarðhita í framtíðinni, og hinna, þar sem áhættan hvað snertir fjármagnskostnað og jarðhitaleit er ekki jafnmikil. Þar er náttúrlega dæmið nánast borðleggjandi að herða róðurinn, en hitt verður líka að fylgja eftir.

Það sem kom einnig fram frá hv. fyrirspyrjanda, það sögulega sem hann dró fram í máli sínu, var athyglisvert og sýnir okkur að það er víðar jarðvarma að finna heldur en á þeim svæðum sem heit hafa verið talin til skamms tíma litið í jarðfræðilegum skilningi. Þannig hefur fundist þetta allstóra afbrigðilega belti, ef svo má segja, við Breiðafjörð. Nær það nokkurn veginn í kringum Breiðafjörð á norðanverðu Snæfellsnesi og til Barðastrandarsýslu, og vott þess er einnig að finna í Dalasýslu. Ekki ósvipað hefur komið fram á Austurlandi þar sem fundist hafa svæði er skera sig úr hvað snertir hitastigul, þar sem einnig finnst jarðvarmavottur á yfirborði, eins og fram hefur komið við Egilsstaði, þ. e. Urriðavatn í Fellum. Þar eru menn nú að leggja út í framkvæmdir við jarðvarmaveitu á grundvelli þeirrar borunar. En það má segja, að reynslan þaðan sýni okkur nokkuð vel hvað það hefur mikið gildi að hafa upplýsingar um streymi á yfirborði, jarðvarmastreymi. Líkurnar til að ná árangri tengjast ekki síst þeim stöðum eða blettum, þar sem slíkan vott er að finna. Óvissan um ávinning, þar sem ekki gætir neins jarðvarma á yfirborði, er því miður miklu meiri. En væntanlega fullkomnast tæknin að þessu leyti. Það má raunar nefna það hér í þessu sambandi, að við Íslendingar höfum nýlega tekið að okkur að axla nokkra ábyrgð á þessu sviði með því að gerast eins konar leiðbeinendur á alþjóðavísu í sambandi við nýtingu jarðhita. Við höfum gert samning við Háskóla Sameinuðu þjóðanna um að deild sú, sem á að sjá um fræðslu á því sviði, verði hér á landi, og Orkustofnun hefur tekið að sér veg og vanda af því verkefni hér. Þetta ætti einnig að verða okkur hvatning til þess að standa vel að rannsóknum á sviði þessarar mikilvægu auðlindar okkar, sem við erum nánast rétt að byrja að hagnýta okkur, ef frá eru talin þau not sem varða varða húshitun og eru vissulega orðin veruleg.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þessi fyrirspurn er góðra gjalda verð og mjög eðlileg, og ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur gefið. Frummælandi, hv. fyrirspyrjandi, rakti hér nokkuð sögulegan aðdraganda þessa máls og ég vil aðeins bæta þar örlitlu við.

Ég leyfi mér að minna á að á 97. löggjafarþingi, árið 1975, flutti ég till. til þál. um jarðhitaleit á Snæfellsnesi, þess efnis, að skorað yrði á ríkisstj. að hlutast til um að jarðhitarannsóknir yrðu gerðar á Snæfellsnesi í samráði við heimamenn svo hið fyrsta fengjust nægar upplýsingar um nýtanlegan jarðhita á þessu svæði.

Í grg., sem ég reit með þessari till., komu fram ýmsar upplýsingar, svo sem það að sumarið 1972 lét Orkustofnun gera athuganir á jarðhitalíkum á nesinu að ósk sveitarfélaganna á Hellissandi, Ólafsvík, Grundarfirði og ráðamanna Lárósstöðvarinnar í Eyrarsveit. Það var minnst á að a. m. k. væri um að ræða sex staði á Snæfellsnesi þar sem jarðhiti hefði fundist ofanjarðar. Þá var vikið að því, að í júní 1975 fór fram jarðhitaleit í Grundarfirði og nágrenni að beiðni hreppsnefndar Eyrarsveitar. Fleira var minnst á í grg. þessarar till., svo sem þá sérstöðu Snæfellsness, að allt þekkt jarðhitavatn á Snæfellsnesi er ölkelduvatn og talsvert frábrugðið heitu vatni á flestum öðrum lághitasvæðum landsins að efnasamsetningu, og þykir fræðimönnum forvitnilegt að kanna þessi mál nánar.

Það kom fram, þegar þetta mál var borið undir ráðamenn jarðhitadeildar, að mjög væri æskilegt að gera heildarkönnun á jarðhita á Snæfellsnesi líkt og víða annars staðar. Á slíkri heildarkönnun, sem byggðist á nákvæmri jarðfræðikortlagningu og jarðeðlisfræðimælingum á stórum svæðum umhverfis jarðhitasvæði svo og rannsókn á efnainnihaldi heita vatnsins, væri hægt að byggja, ekki síst þegar velja ætti staði til leitar.

Nefna má að með bréfi í júní 1975 hvöttu ráðamenn Eyrarsveitar, oddvitinn og sveitarstjórinn, sýslunefnd Snæfellinga til þess að hreyfa þessum málum nánar, og um þetta erindi var fjallað rækilega á sýslufundi Snæfellinga í júlí 1975. Till. var flutt á þingi í því skyni að hraða athugunum og framkvæmdum í þessum efnum á öllu Snæfellsnesi. Svo fór, að um þessa till. var fjallað á þinglegan hátt, en síðan var henni vísað til ríkisstj.

Að sjálfsögðu hefur svo verið unnið að þessum málum á þeim tíma sem liðið hefur frá því að þetta gerðist, bæði á Snæfellsnesi og einnig í Dölum. Hefur verið reynt að virða fyrir sér hið svokallaða Breiðafjarðarbelti, sem hæstv. ráðh. gat um í svari sínu. Það er, að ég held, vitað um þrjá staði í Dölum þar sem jarðhiti finnst ofanjarðar. Það er á Laugum í Hvammssveit, í Reykjadal, hin svonefnda Grafarlaug í Miðdölum, og einnig nálægt Seljalandi í Hörðudal, þar sem bærinn Laugar stóð að fornu, sbr. Lauga-Snorra sem getið er um í Sturlungu.

Það gleður mig, ef þessi fyrirspurn, sem hér er fram borin, mætti verða til þess að ýta á þessi mjög svo mikilvægu mál. Og ég verð að vona, þrátt fyrir nokkuð neikvæð svör hæstv. ráðh., að málum þessum öllum verði samt þokað áfram með þeim hraða sem mögulegur er, því að þarna eru sannarlega í húfi hinir mikilvægustu hagsmunir viðkomandi byggða og landsins alls.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. svör hans, þó að ég vilji ekki

leyna því, að þau ollu mér nokkrum vonbrigðum, þar sem við höfðum áður fullyrðingar Orkustofnunar um að þessi tilraunaborun yrði gerð á árinu 1978 eftir að sá árangur, sem kom út úr hitastigsborunum 1976 og 1977, hafði sýnt jákvæða svörun.

Við á Snæfellsnesi reiknuðum alveg fastlega með því, að af þessari borun yrði, og ég vil nota þetta tækifæri enn til að ítreka það, að ég vona að hér verði ekki látið staðar numið, heldur verði reynt að leita að möguleikum til að þessi tilraunaborun geti orðið að veruleika á þessu ári. Og ég vænti þess, eftir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram, að fast muni verða eftir því leitað.

Margt bendir til þess, að þarna geti verið um virkjanlegan hita að ræða. Það hefur komið fram í mörgum skýrslum sem unnar hafa verið um þetta mál. Það hefur blandast inn í umr. um þetta mál sem hv. þm. Friðjón Þórðarson sagði áðan, að þetta svæði hefur eitt sérkenni sem erlendir fræðimenn hafa haft mikinn áhuga á, og við höfum fengið í hendur sérstakar skýrslur sem eru unnar af þýskum aðilum, þar sem vakin er athygli á efnasamsetningu í fjölmörgum ölkeldum á ölkeldusvæðum á Snæfellsnesi.

Ég vil sem sagt vonast til þess, að hæstv. ráðh. verði vinsamlegur, það verði leitað allra ráða til þess að finna möguleika á að láta framkvæma þessa borun á þessu ári. Íbúar á þessu þéttbýlissvæði binda miklar vonir við og bíða raunar eftir þessum úrskurði. Við erum tilbúnir á þessu svæði, íbúarnir, að leggja í hitaveitur, fjarvarmaveitur, ef það sýnir sig að ekki er fyrir hendi jarðhiti, sem við viljum þó ekki trúa að sé ekki miðað við þær ytri aðstæður sem víða eru á svæðinu.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að ég flyt sérstakar þakkir fyrir þá frumskýrslu sem við höfum fengið í hendur um fjarvarmaveiturnar eða möguleika á þeim á þessu svæði. Þær eru ákaflega mikils virði og verður hægt að vinna eftir þeim eða byrja á því jafnvel þó að ekki liggi fyrir þessar upplýsingar sem við bindum mestar vonir við, því að alla vega sýnir skýrslan að hægt er að gera þetta á hagkvæman hátt þar sem þéttbýlið er mest.

Það eru einnig viss vonbrigði með svör hæstv. ráðh. varðandi Dalasýslu. Ég legg áherslu á það, að Orkustofnun geri ráðamönnum í Dalasýslu fyllilega grein fyrir því, hvers vegna ekki er hægt að taka á dagskrá sérstaka tilraunaborun í Dalasýslu, þar sem þar eru þó fyrir hendi á yfirborðinu laugar sem benda til að þar geti verið um virkjanlegt vatn að ræða.

Ég vil endurtaka þakkir fyrir svör hæstv. ráðh., en vænti þess, að þetta mál fái meiri athugun. Það verður örugglega eftir því leitað.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hversu þörfu máli hér er hreyft, og ekki ástæða til að fjölyrða um það. En það var ein hugsun sem mig langaði til að koma inn í þessa umr. Hún er sú, að ég hygg að í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í orkumálum í veröldinni, og þeirrar þróunar, sem fyrirsjáanlega verður, að svo miklu leyti sem unnt er að sjá hana fyrir, þá held ég að ástæða sé til þess að við stöldrum svolítið við og endurmetum afstöðu okkar til þessara mála. Ég held að við eigum að leggja langtum meiri áherslu á leit að jarðvarma og nýtingu hans en við höfum gert fram til þessa. Ég held að þetta sé mjög brýnt. Þetta er í rauninni okkar olíuleit, okkar svar við þeim gífurlegu hækkunum sem orðið hafa og verða munu á olíu. Þar að auki er þetta skref í þá átt að leiðrétta það óréttlæti sem viðgengst núna í mismunandi hitunarkostnaði eftir búsetusvæðum, — óréttlæti sem ekki getur haldist eða viðgengist til lengdar.

Ég held sem sé að við þurfum að endurmeta áhersluna sem við leggjum á þessi mál og leggja verulega aukna áherslu í þessa átt. Það kostar auðvitað fjármagn. En það er vel réttlætanlegt að verja verulega auknu fjármagni til þessara hluta, því eins og á hefur verið bent og allir auðvitað vita, þá skilar það sér margfalt til baka.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég skil það afar vel, að svar mitt hafi ekki fallið hv. fyrirspyrjanda sérstaklega í geð né heldur þeim hv. öðrum þm. Vesturlandskjördæmis sem hér hafa talað að því leyti, að það gaf ekki sérstakar vonir til þess, að á þessu ári yrði ráðist í þá tilraunadjúpborun sem eftir var leitað og vonir voru gefnar um, eftir því sem hér var sagt a. m. k., að framkvæmd yrði á síðasta ári.

Ástæðurnar fyrir þessu mega vera hv. þm. ljósar. Þær eru fyrst og fremst fjárvöntun til jarðhitaleitar, sem tengist því einnig að menn vilja fremur raða verkefnum þannig að kannske beina jarðhitaleitinni að stöðum sem líklegt er að gefi árangur.

Ég vænti þess fastlega, að þeir hv. þm., sem hér hafa talað, og aðrir, sem hafa áhuga á þessum málum og hafa svipað mat varðandi okkar orkumál, leggist á sveif með okkur, sem ætlast er til að beitum okkur fyrir átaki á þessu sviði og ber að gera það, til þess að fá meira fjármagn í þessa þætti. Meginhindrunin er fjármagnsvöntun að þessu leyti, og ég tek undir það viðhorf, sem kom fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, að það er mikil ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga á þessum missirum og mánuðum að staldra við og endurmeta stöðu okkar með tilliti til þróunar orkumála í heiminum. Þar hafa verið að gerast breytingar sem við höfum orðið vör við, fyrst og fremst sem neikvæðar breytingar, og verið er að ræða um út frá þeirri forsendu vegna þeirrar miklu verðhækkunar sem orðið hefur á innfluttu eldsneyti. En við skulum ekki gleyma hinu, að okkar innlendu orkulindir eru jafnhliða að stíga geysilega í verði raunverulega og við erum að þessu leyti hvað snertir þennan undirstöðuþátt í alveg óvenjulega góðri aðstöðu með tilliti til þess, sem gerist hjá flestum öðrum þjóðum, svo ekki sé talað um íbúafjölda þessa lands í því samhengi. Fyrir utan hið lífræna eldsneyti, olíuna, sem senn mun ganga til þurrðar vegna þess hraða í nýtingu sem nú á sér stað, er einnig að verða æ ljósara að kjarnorkuleiðin er tæpast fær. Henni eru tengdar slíkar áhættur að það er að verða æ fleiri aðilum ljóst, að ekki er skynsamlegt eða það er nánast neyðarkostur, svo ekki sé meira sagt, að ganga lengra á þeirri braut en gert hefur verið. Því miður bendir hins vegar margt til þess, að þjóðir heims láti þröngva þeirri leið upp á sig, að þær neyðist til að feta þá slóð frekar en að draga saman seglin í sínum lífskjörum og orkubúskap. Það er full ástæða fyrir okkur að gefa þeirri vá fullan gaum, um leið og við höfum samúð með þeim aðilum sem búa við svo erfiða stöðu í orkumálum að hafa farið út á þá braut. Það tengist hins vegar svo mörgum þáttum, að hér er ekki tími til að gera það að miklu umtalsefni.

Ég vil þó af þessu tilefni aðeins vekja á þessu athygli og ítreka það sem fram kom í máli mínu áðan, að leg tel að okkur beri nú að gera mjög verulegt átak til þess að auka

hlutdeild okkar innlendu orkugjafa og útrýma hinum innfluttu að því leyti sem skynsamlegt er og nauðsynlegt. Það er ekki skynsamlegt í öllum tilvikum. Þar þarf auðvitað að gæta eðlilegra hagkvæmnisjónarmiða og miða þróunina við þaz. En við eigum að búa okkur þar undir verulegt átak og ekki að horfa í þó að við þurfum að bæta við erlendu lánsfé til slíkra hluta. Það eru þegar, eins og ég gat um, komnar til ríkisstj. till. frá iðnrn. að þessu leyti og verða þar til meðferðar, og ég vænti þess, að ef þær komast hér í þingsali til álita, þá verði undirtektir hv. alþm. jákvæðar að þessu leyti og einnig þegar kemur til þeirra kasta að veita fé til orkumálanna á næsta ári og komandi árum.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég held að við þm. Vesturl., sem höfum talað í þessu máli, verðum að heita hæstv. ráðh. fullum stuðningi í tilraunum hans við að afla fjár í þessu skyni, og ég held að við höfum fulla ástæðu til þess. Ég vitna til þess sem hér hefur komið fram um þann jarðhita sem þegar hefur fundist á þessu svæði. Ég vil aðeins bæta við, að á Reykhólum er eitt af meiri háttar jarðhitasvæðum landsins og þess vegna er talað um Breiðafjarðarbelti. Þessir þrír staðir, sem ég nefndi, eru í Dölum og sex á Snæfellsnesi, þó að ekki sé nema einn þeirra norðan fjalls, eins og hæstv. ráðh. gat um. Þá er allvíða að finna hita í Breiðafirðinum sjálfum, m. a. í Oddbjarnarskeri, — hita sem kemur jafnvel ekki upp nema um fjöru, — og undir jökulrótum er ylur sem hægt er að nefna. — Þess vegna teljum við þetta svæði — og erum þar sammála hinum hæfustu vísindamönnum okkar og rannsóknarmönnum — einkar forvitnilegt til nánari rannsókna. Og enn vil ég benda á það, að nú á síðari árum hafa svæði, sem áður voru talin köld að þessu leyti, orðið heit allt í einu við auknar rannsóknir, m. a. Akureyrarsvæðið norðanlands. Og þannig hygg ég að sé um fleiri svæði á voru landi. Þess vegna þakka ég hæstv. ráðh. þær upplýsingar, sem hann hefur hér gefið, og heiti honum stuðningi í þessu máli.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef nú hlýtt hér á ágætar umr. um hið þýðingarmesta mál, sem er jarðhitaleit. Og hún er að sjálfsögðu ekki þýðingarminni á Snæfellsnesi en víða annars staðar. Ég hef í raun og veru engu við að bæta við það sem allir ræðumenn hafa hér sagt um mikilvægi þessa máls. En þegar hæstv. ráðh. áðan hvatti menn til þess að styðja hann í viðleitni til þess að fá meira fjármagn til jarðhitaleitar, þá vil ég fyrir mitt leyti taka undir það heils hugar að styðja ráðh. í því efni.

Það er ágætt að hafa góð orð í þessu efni, en því miður dugir ekki annað en aðgerðir. Og það, sem mest er um vert og stendur á núna, er aukið fjármagn.

Fyrir nokkrum dögum — á laugardag fyrir páska — mælti ég fyrir till. um aðgerðir í þessum efnum sem ég ber fram ásamt 11 öðrum sjálfstæðismönnum. Ég hélt allítarlega framsöguræðu fyrir þessari till. Hæstv. ráðh. hélt — ef eitthvað var — enn þá ítarlegri ræðu. Og ég held að það hafi naumast mátt á milli sjá hvor lagði meiri áherslu á mikilvægi þessara málam

Nú vil ég mega að gefnu tilefni vekja athygli á þessari till. Ég held að hún sé raunhæf aðferð til þess að við gerum átak í því efni að auka fjármagn á því ári sem nú er að líða til þess að við getum afrekað meira nú þegar í þessu efni heldur en horfur eru á.

Hæstv. ráðh. vék að ástandinu í þessum efnum, hvaða fjármagn Orkusjóður hefur haft til jarðhitaleitar á þessu ári, hve miklu er búið að ráðstafa og hve lítið er eftir. Í þessari till., sem ég gat um, er gert ráð fyrir m. a. að auka þetta fjármagn.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson er einn af flm. þessarar þáltill., þannig að ég þarf ekki að hvetja hann til stuðnings í þessu efni. Ég hvet aðra ræðumenn hér að styðja okkur í þessu efni og fara þá leið sem við bendum á og hæstv. ráðh. réttilega nefndi áðan. Það er fullkomið tilefni og í raun og veru ekki annað réttlætanlegt en að taka lán til þessara mála, svo þýðingarmikil eru þau fyrir hin einstöku byggðarlög og ekki síst fyrir þann hluta þjóðarinnar, 1/4 hluta þjóðarinnar, sem býr við það ástand að þurfa að nota olíu til upphitunar húsa sinna. Þjóðhagslega er þetta svo þýðingarmikið atriði, að við þurfum allir hv. þm. að sameinast um þetta mál.

Sameinað þing, 83. fundur.

Þriðjudaginn 24. apríl, að loknum 82. fundi.

Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra, þáltill. (þskj. 538). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skýrsla um meðferð dómsmála (þskj. 334).

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þetta er í annað sinn sem skýrsla um meðferð dómsmála er lögð fyrir Alþingi. Skýrsla þessi var lögð fram nokkru fyrir áramót, en dregist hefur að taka hana til umr. m. a. vegna mikilla anna hér í þinginu.

Þegar fyrrv. dómsmrh. mælti fyrir samsvarandi skýrslu á síðasta þingi lýsti hann þeirri von sinni, að það yrði framvegis árviss atburður að slík skýrsla yrði lögð fyrir Alþ. Tek ég undir þessi orð. Þeir, sem best þekkja, eru sammála um að skýrslan frá í fyrra hafi almennt rekið á eftir málum í dómskerfinu. Hún hefur því ekki aðeins veitt þm. og öllum almenningi upplýsingar um gang einstakra dómsmála, heldur hefur hún einnig veitt dómendum visst aðhald. Þótt dómstólarnir séu og eigi að vera sjálfstæðar stofnanir í þjóðfélaginu er það sjálfsögð krafa þjóðfélagsþegnanna að dómsmál gangi hratt og örugglega fyrir sig, þótt ekki megi gleyma því að meginmarkmið málsmeðferðarinnar sé að fá sem réttasta niðurstöðu í hverju máli.

Skýrsla sú, sem hér liggur fyrir, tekur eins og sú fyrri aðeins til dómsmála í svokallaðri þrengri merkingu, þ. e. einkamála og sakamála sem svo eru nefnd. Hún tekur ekki til fógeta-, uppboðs- og skiptagerða. Full ástæða væri til að taka þær með næst þegar skýrsla af þessu tagi verður gerð, þótt það sé vissum vandkvæðum bundið og mikil vinna.

Samkv. skýrslunni var samtals 106 einkamálum, sem þingfest voru fyrir 1. okt. 1976, enn ólokið 1. okt. 1978. Eru það heldur færri mál en fram kom í skýrslunni sem lögð var fram á síðasta þingi, því þá voru mál, sem verið höfðu til meðferðar tvö ár eða lengur, alls 113. Ýmsar ástæður liggja til þess, að yfir 100 mál dragast svo á

langinn sem raun ber vitni. Að mínum dómi er ekki ástæða til þess hér að rekja þær ástæður lið fyrir lið, en þær helstu eru fjarvistir eða veikindi aðila, vitna eða lögmanna. Því er þó ekki að neita að seinagangur setur of mikinn svip á málsmeðferð hjá einstökum embættum eða einstökum dómurum. Við því síðarnefnda verður að sjálfsögðu að bregðast eins og vikið verður að hér á eftir.

Sé litið til sakamála hefur fremur sigið á ógæfuhliðina en hitt frá því í fyrra. Samkv. skýrslunni var 346 málum enn ólokið 1. okt. 1978, þar sem ákæra á hendur sakborningi eða sakborningum hafði verið gefin út fyrir 1. jan. það ár. Ári áður hafði 239 málum verið ólokið þegar liðið höfðu 10 mánuðir eða lengri tími frá útgáfu kæru. Aukningin nemur því u. þ. b. 45%, sem er því miður allt of mikið. Ástæðurnar eru enn sem fyrr þær sömu, fjarvistir eða veikindi þeirra sem hlut eiga að máli. Þessi dráttur á málsmeðferð verður þó ekki réttlættur með því einu. Staðreynd er að sums staðar er vinnuálag á dómendum óhóflega mikið, en ofan á það bætist, að því er virðist, skortur á hagkvæmu skipulagi á vinnubrögðum. Þeim þætti hefur að mínum dómi verið gefinn of lítill gaumur þegar rætt hefur verið um úrbætur í dómskerfinu.

Þegar spurst var fyrir um gang einstakra dómsmála við undirbúning þeirrar skýrslu, sem hér er til umr., var þess óskað að hlutaðeigandi dómendur eða fulltrúar þeirra bentu á hvað eina það sem þeir teldu horfa til aukinnar hagkvæmni við rekstur dómsmála og að hraðað gæti gangi þeirra. Allmörg svör bárust við þessari fsp., og hefur verið unnið úr þeim eftir því sem unnt hefur verið. Í framhaldi af því hafa verið gerðar ráðstafanir til að flýta málsmeðferð hjá einstökum embættum, og aðrar slíkar ráðstafanir eru fyrirhugaðar. Með þessu er stefnt að því, að það heyri innan fáeinna ára til algerra undantekninga að meðferð einkamála dragist lengur en tvö ár fyrir undirrétti og meðferð sakamála lengur en eitt ár. Það má segja að það séu þau markmið sem við erum að reyna að setja okkur í þeim endurbótum sem unnið er að á sviði dómsmála.

Ég vil upplýsa það hér, að gerð hefur verið á því sérstök könnun, hvort ekki sé unnt að hraða meðferð mála hjá embætti ríkissaksóknara. Rétt er að taka það fram, að sú könnun hefur farið fram í fullu samráði við ríkissaksóknara og aðra starfsmenn embættisins. Til þessarar könnunar hafa verið fengnir sérfróðir menn í verkskipulagningu, og er skýrsla frá þessum mönnum væntanleg eftir örfáa daga.

Samhliða því, að ný gjaldþrotalög tóku gildi um síðustu áramót, hafa verið gerðar ráðstafanir til að hraða meðferð gjaldþrotamála. Ekki er enn komið ljós, hvort sú verður raunin, en enginn vafi leikur á því að tilkoma hinna nýju laga er stórt framfaraskref á þessu sviði. Hið sama er að segja um tilkomu hinna nýju þinglýsingalaga. Þau eru aftur á móti ekki nema fyrsta skrefið í þá átt að færa framkvæmd þinglýsinga til nútímans, ef svo má að orði komast. Ég býst við því, að þeir séu fleiri en ég sem telja að vinnubrögð öll við þinglýsingar séu fremur fornfáleg. Að þessu er nú unnið í beinu framhaldi af gildistöku laganna. Þarna er í athugun að taka upp nýja tækni, eins og t. d. svokallaðar míkrófilmur eða jafnvel tölvuskráningu, en hins er þó að gæta að allar slíkar breytingar eru mjög kostnaðarsamar.

Ég hef áður á þessu þingi í tilefni fsp. lýst stöðu nokkurra dómsmála sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum. Ég sé því ekki ástæðu til þess nú að gera frekari grein fyrir þessum málum né öðrum sem talin eru upp í skýrslunni um meðferð dómsmála, en er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess ef þess er óskað. Í stað þess vil ég koma á framfæri nokkrum upplýsingum um störf svonefndrar fullnustumatsnefndar, sem tók til starfa 1. mars 1978. Í þeirri nefnd eiga sæti Jónatan Þórmundsson prófessor, Ólafur Ólafsson landlæknir og Jónas Jónasson formaður Sambands lögreglumanna. Nefndin metur allar þær umsóknir er dómsmrn. berast um reynslulausn úr fangelsi, náðun og uppreisn æru. Síðan nefndin tók til starfa hefur að jafnaði verið farið eftir umsögnum hennar við úrlausn slíkra mála. Á tímabilinu 1. mars til 31. des. 1978 hélt fullnustunefnd 22 fundi og tók alls 155 erindi til afgreiðslu. Beiðnir um náðun voru alls 112. Mælti nefndin með náðun í 44 skiptum af þeim 112. Beiðnir um reynslulausn reyndust alls 33. Mælt var með reynslulausn í 17 skipti af þeim 33. Loks bárust 7 beiðnir um uppreisn æru. Mælt var með æruuppreisn í 5 skipti af þessum 7.

Í framhaldi af þessu er rétt að það komi hér fram, að um síðustu áramót biðu 335 óskilorðsbundnir fangelsisdómar fullnustu hjá dómsmrn. Þessir 335 dómar vörðuðu 264 einstaklinga. Flestir þessara dóma hljóða upp á fangelsisvist stuttan tíma. Þó er refsitími 51 dóms lengri en eitt ár. Um síðustu áramót sátu 56 einstaklingar í afplánunarfangelsum hér á landi. Þar af voru 42 að afplána refsidóma, 7 í gæsluvarðhaldi, 2 höfðu verið sviptir sjálfræði og 5 voru dæmdir til að sæta öryggisgæslu. Að auki dvöldust tveir Íslendingar, sem dæmdir höfðu verið til að sæta öryggisgæslu, á viðeigandi hælum erlendis. Þess má geta, að frá 1. mars til 31. des. 1978 bárust rn. dómsgerðir í refsimálum alls 711 einstaklinga, en flestir þeirra dóma varða ölvun við akstur.

Ég taldi rétt, herra forseti, að þessar upplýsingar kæmu hér fram, því að mér er ljóst að fullnusta dóma hefur verið allmjög í molum hjá okkur. Aðstaða hefur iðulega ekki verið til að framkvæma dóma eins og æskilegt væri og með þeim hraða sem að ber að stefna. En ég tel að bæði með störfum þeirrar nefndar, sem ég nefndi áðan og fjallar um allar beiðnir um breytingar á slíkum dómum, og með kerfisbundnara starfi starfsmanna í dómsmrn. hafi þessi mál þegar komist í stórum betra horf en áður var. Aftur á móti er það skoðun mín, að þessar hegningar þurfi að taka allar til endurskoðunar og leita beri að öðrum leiðum en fangelsum sem refsingu í hegningarmálum. Því hef lég látið sérstaka nefnd starfa að því að endurskoða hegningarlögin, og vænti ég till. frá henni mjög fljótlega.

Herra forseti. Ég hef lokið við að fylgja úr hlaði skýrslu þeirri um meðferð dómsmála sem lögð var fyrir Alþ. fyrr í vetur. Þrátt fyrir að margt hafi áunnist á sviði dómsmála á síðustu árum er skýrslan þörf áminning um að betur má ef duga skal. Ég mun beita mér fyrir því, að fram fari rækileg athugun á því, hvort æskilegt sé að breyta núverandi dómskerfi, t. d. með því að skjóta inn nýju dómstigi milli héraðsdóms og Hæstaréttar. Þetta er nú í ítarlegri athugun, og vænti ég að niðurstöður þeirrar athugunar liggi fyrir áður en þing kemur saman að hausti. Einnig mun ég athuga hvort hagkvæmara sé og vænlegra til árangurs að bæta það kerfi sem fyrir er. Það mun fylgja þeirri niðurstöðu sem ég nefndi.

Herra forseti. Ég hef þá lokið að mæla fyrir þessari skýrslu, en er að sjálfsögðu reiðubúinn að svara þeim

spurningum sem fram kunna að koma og ég kann svör við.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Sú skýrsla, sem hæstv. dómsrh. hefur hér flutt Sþ. og mun vera önnur sinnar tegundar, horfir auðvitað til framfara. Hún miðar að því, að aukin séu tengsl og upplýsingastreymi milli almenningsálits og yfirstjórnar dómsmála, og slíkrar upplýsingar almenningi í landinu til handa hygg ég að séu ævinlega til góðs. Í máli hæstv. ráðh. kom fram mjög veruleg gagnrýni á yfirstjórn dómsmála undanfarin ár og virkni og vinnubrögð í þessu kerfi. Undir þá gagnrýni tek ég heils hugar. Og í framhaldi af gagnrýni hæstv. ráðh. á virkni og vinnubrögð í þessu kerfi á undanförnum árum vil ég í örfáum orðum leitast við að gera grein fyrir því, hvað hefur verið að gerast að því er varðar aðfinnslur manna við gang mála í þessum tiltekna málaflokki.

Þegar horft er til dómsmálastjórnar undanfarinna ára verða menn að skilja að sá áratugur, sem nú er að líða, sker sig úr öðrum hliðstæðum tímabilum vegna hinnar miklu óðaverðbólgu sem hér hefur ríkt. Óðaverðbólga er auðvitað afleiðing stjórnleysis, en hún er einnig aðferð til þess að færa til fjármuni, og þess vegna eignir, stöðugt frá þeim, sem spara með einum eða öðrum hætti, og til hinna sem aðstöðu hafa til að fá lán. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar þetta kerfi hefur haldist ár eftir ár hnigni öllu fjármálasiðferði í landinu mjög. Það verða óljósari hugmyndir um hvenær menn eru að eyða eigin aflafé og hvenær menn eru að eyða aflafé annarra. Af sjálfu sér leiðir að allar slíkar hugmyndir manna brenglast mjög og þegar þetta gerist fer það fljótlega að þróast að menn, sem að öðru leyti hafa hvorki til þess upplag né vilja, fara að dansa línudans á mörkum þess leyfilega að því er tekur til landslaga og eru fyrr en varir komnir upp á kant við lagakerfið í landinu. M. ö. o. er ég þeirrar skoðunar, að sú gífurlega aukning efnahagslegra brota, sem augljóslega hefur átt sér stað í landinu á þessum áratug, eigi rætur sínar að rekja til óðaverðbólgu og þeirrar brenglunar sem ævinlega og alls staðar hefur fylgt óðri verðbólgu.

Svo fór, að þegar þetta fór að verða áberandi þáttur, fyrst í efnahagskerfinu og síðan í einum meginþætti stjórnkerfisins, þ. e. í dómsmálakerfinu, þá reyndist dómsmálakerfið engan veginn vera í stakk búið til þess að mæta hinum nýju aðstæðum. Lagasetningar voru ekki til sem tóku tillit til hinna nýju aðstæðna og af leiddi að við vorum með kerfi sem varð mjög áberandi um miðjan þennan áratug — kerfi sem engan veginn og með engu móti gekk upp. Miklar umr. urðu um þetta og tiltekin mál sem tekin voru ýmist sem dæmi eða vegna þess að þau gengu sérstaklega fram af mönnum. Þetta þekkja menn mætavel. En kjarni málsins hygg ég samt vera þann, að menn verða — og þingið þá auðvitað einnig — að gera sér grein fyrir því samhengi sem í þessum hlutum er. M. ö. o. hygg ég að í grófum dráttum megi skipa afbrotum í tvo meginflokka. Annars vegar eru afbrot af þessu venjulega tagi, og ég hygg að þar hafi hvorki orðið breyting til hins betra né til hins verra ef litið er yfir lengra tímabil og fleiri áratugi en þessa. Hins vegar eru svokölluð efnahagsleg afbrot. Þar hefur hin skelfilega þróun átt sér stað og fyrst og síðast af verðbólguástæðum og sérstöku verðbólguástandi og þeirri brenglun hugarfarsins sem slíku ástandi hefur ævinlega fylgt.

Í sjálfu sér mætti fjalla í löngu máli um hver hefðu átt að vera hin æskilegu viðbrögð kerfisins og einnig hver hafa verið viðbrögð kerfisins. Bæði hefur um það verið fjallað að mannafli sé ónógur og ekki nógsamlega menntaður, ekki nógsamlega sérhæfður, og eins hefur verið fjallað um uppbyggingu sjálfs kerfisins. Ég er ekki viss nú að þær umr. eigi við í beinu framhaldi af skýrslu hæstvm ráðh. En þriðja þættinum hefur kannske ekki nógsamlega verið gaumur gefinn, sem snýr að löggjafanum sjálfum, vegna þess að málið mun einnig vera það, að að því er tekur til efnahagslegra afbrota eru iðulega ekki lög til, vegna þess að í almennum lögum er varla eða ekki gert ráð fyrir verðbólgu. Þarna á ég raunar við mörg mál, en vil sérstaklega tiltaka eitt.

Nýlega hefur fallið dómur í máli sem kallað var Alþýðubankamál. Nú dreg ég ekki í efa eitt augnablik að þar hafi fallið réttur dómur miðað við þann lagabókstaf sem fyrir hendi er. En engu að síður er ég þeirrar skoðunar, að niðurstaða í því máli sé „móralskt" áfall fyrir samfélagið. Ég held að niðurstaðan sé „móralskt" áfall fyrir samfélagið vegna þess að hér eru ekki til lög sem taka sérstaklega til varðveislu fjármuna og með hverjum hætti þá eigi að draga til ábyrgðar sem treyst er fyrir fé annarra, en misfara með það. Ég endurtek að ég dreg ekki eitt augnablik í efa að þessi dómsniðurstaða er í hinu fyllsta samræmi við þann lagabókstaf sem fyrir er í landinu. Ef við einhvern er að sakast í þessum efnum, þ. e. a. s. að því er tekur til niðurstöðu þessa máls, er það við löggjafann, sem ég hygg að að þessu leyti hafi brugðist hlutverki sínu.

Annað, sem hefur verið gagnrýnt og ég held að af sjálfu leiði þegar við skoðum þessi mál í samhengi við verðbólguþróun, er að þá beinist umr. að pólitískum afskiptum af þessum efnahagsmálum. Að mínu mati var þar um óheppileg afskipti að ræða. En eitt skiptir miklu máli, og það er embætti ríkissaksóknara. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar embætti ríkissaksóknara var sett á laggirnar í upphafi síðasta áratugs hafi verið um rétt spor að ræða. Þá var verið að flytja ákæruvaldið frá pólitískum handhafa til óháðs embættismanns. En engu að síður hygg ég að af mörgum ástæðum hafi þessu embætti mistekist að því er tekur til upphaflegs ætlunarhlutverks. Ég held að því hafi mistekist einkum á þessum áratug, þegar gersamlega nýjar forsendur hafa skapast af þeim efnahagslegu ástæðum sem hér hafa verið raktar, að embætti ríkissaksóknara hafi ekki viðurkennt þessi svokölluðu efnahagslegu afbrot sem snaran þátt í fjármálakerfinu hér á landi. Það hefur að minni hyggju ekki sýnt frumkvæði. Það hefur þess vegna verið of kerfishlýðið, og að því er tekur til þessara tilteknu mála sem ég flokka sérstaklega, þ. e. a. s. hinna efnahagslegu afbrota, hefur embættið ekki sýnt það nauðsynlega frumkvæði sem til var ætlast þegar það var stofnað. Það hefur ekki verið sú vörn fyrir þann þorra þegnanna, þann mikla meiri hluta sem ekki hegðar sér á skjön við almennar leikreglur samfélagsins. Að því leyti hefur þetta embætti að minni hyggju brugðist.

Þegar öll þessi mál eru skoðuð verður ekki hjá því komist að nefna þá hættu sem er fyrir hendi þegar vaxandi og hærra hlutfall afbrota er af því efnahagslega tagi sem hér hefur verið gert að umræðuefni. Liggur þá nærri að rétt sé að orða það svo, að um eins konar stéttaskiptingu afbrotanna sé að ræða. Efnahagslegu afbrotin eru stundum kölluð hvítflibbaafbrot líka, og hvert barn veit hvað átt er við með því orðfæri, nefnilega að þeir, sem

ganga á skjön við almennar leikreglur í samfélaginu, eru gjarnan úr hópum sem áður höfðu haft hærri tekjur. Sú hætta er fyrir hendi þegar þessi þróun fer að gerast, að kerfið fari að haga sér öðruvísi, vægilegar en það áður gerði. Þetta er auðvitað þyttur sem ósæmilegt er að stjórnkerfið skuli geta dottið ofan í. Ég óttast að á undanförnum árum hafi þetta einmitt verið að gerast. Út úr þessu ástandi þurfum við að brjótast af öllum mætti til að sú almenna leikregla sé í heiðri höfð að allir — í bókstaflegum skilningi allir — séu jafnir fyrir lögunum.

Hæstv. dómsmrh. flutti ekki alls fyrir löngu svör við fsp. um 11 tiltekin afbrotamál sem öll áttu það sammerkt, eins og hann raunar gat um áðan, að hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum, en í annan stað að vera úr flokki efnahagslegra afbrota. Um mörg þessara mála mætti fara nokkrum orðum vegna þess, hversu skýrandi þau eru. En á því aðalatriði vil ég vekja athygli, að þegar maður er að bíða eftir því að dómur falli fær hann auðvitað eftir sem áður tiltekinn dóm, og því lengur sem það dregst að maðurinn fái dóminn, því lengur þarf hann að bíða og því lengri tími líður frá því að málið hófst og þangað til sakirnar við samfélagið eru gerðar upp. Það er þess vegna ekki síst í þágu þeirra sem brotið hafa leikreglur samfélagsins með þessum hætti að málum sé hraðað eftir fremsta megni, svo fremi vitaskuld að ekki komi niður á réttarörygginu í landinu, en um þá almennu reglu eru menn sammála. Slík mál sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir fyrir nokkrum vikum og drap á aftur áðan eru mýmörg og hanga ekki aðeins yfir hausamótum samfélagsins alls, heldur einkum og sér í lagi yfir hausamótum þeirra sem leikreglurnar hafa brotið. Það er auðvitað óskemmtilegt í alla staði að langur tími skuli líða — og sá tími samanlagður skuli lengjast svo mjög fyrir vikið — uns þessi mál hafa verið upp gerð.

Í þeirri tilteknu skýrslu, sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, kemur fram að enn hefur fjölgað málum sem ekki eru fullkláruð. Að því er tekur til opinberra mála má vekja athygli á því, að þrátt fyrir það alræmda frumkvæðisleysi sem ég tel vera hjá opinberum saksóknara er eftirtektarvert hvað slík mál vega þungt. Fjársvik eru 46, skjalafals 16, fjárdráttur 8, tollagabrot 5. Þetta hygg ég að sé enn undirstrikun þess, að við verðum með sértækum aðgerðum að ganga gegn þessari þróun, að reyna að snúa við blaðinu, en jafnframt verðum við að átta okkur á því til hlítar, hvað sú þróun er náskyld verðbólguþróuninni í landinu, vegna þess að verðbólgan hagar sér nákvæmlega eins á Íslandi og alls staðar annars staðar: hún færir eignir og fjármuni stjórnlaust og miskunnarlaust til.

Að lokum, vegna þess að það er þessu máli náskylt, vil ég vekja athygli á því, að fyrir Nd. Alþ. liggur frv. þar sem gert er ráð fyrir að taka einn þátt þessara mála sérstaklega út úr, þ. e. að setja upp sérstakan dómstól sem sé undir dómsmrn. og hafi með skattalagabrot að gera. Þar er um að ræða beinar till., sem lúta að málum náskyldum þessum. Ég hygg að af reynslu slíkra dómstóla, m. a. í fíkniefnamálum, megi að því rök leiða, að vegna þess hversu sérstakt vandamál þetta er beri samfélaginu að snúast gegn því með sérstökum aðgerðum. Það er aðeins ein till. af mörgum sem að þessu lúta. En það gildir um þessi mál eins og mörg önnur, að fyrst er að átta sig á orsökunum og baksviðinu — og ég endurtek enn að orsakir og baksvið þessa liggja í verðbólguástandi þessa áratugs. Þess vegna hefur þessi aukning átt sér stað. Það var ekki tilbúningur vondra manna að þetta væri orðið alvarlegt ástand. Þetta voru staðreyndir. Orsakirnar liggja þarna. Best af öllu væri auðvitað að uppræta sjálfar orsakirnar, en það er einnig sannfæring mín að úr þessum ósköpum mundi þá draga. Hvort tveggja yrði til mikilla bóta: að lækka verðbólgu og að samfélagið sneri sér af alvöru að þeim verkefnum sem hér hafa verið gerð að umræðuefni.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef litlu við það að bæta, sem ég sagði áður, og get tekið undir margt sem kom fram hjá hv. ræðumanni. En þó vil ég leiðrétta það sem hann sagði, að í ræðu minni hefði komið fram mikil gagnrýni á dómskerfið. Ég vil ekki orða það svo. Ég held nefnilega að skýringin hjá honum hafi verið hárrétt þegar hann nefndi að sú óðaverðbólga, sem hér hefur geisað, hafi orðið, ef ég má orða það svo, dómskerfinu ofviða því afbrotamálum hafi fjölgað. En ég hef líka vakið athygli á því, að verulegar umbætur hafa verið gerðar á dómskerfinu á síðustu árum. Ég nefndi nokkur lög og get bætt við lögum eins og um rannsóknarlögreglu ríkisins o. fl. Ég vil einnig að það komi hér fram, að ekki síst saksóknari sjálfur hefur lýst fyrir mér verulegum áhyggjum af þeim fjölmörgu málefnum sem ekki hefur tekist að koma í gegnum það embætti eins hratt og hann hefði viljað.

Ég gat þess áðan, að í fullu samráði við hann voru ráðnir sérstakir sérfræðingar til þess að skoða alla meðferð mála þar. Till. þeirra hafa verið kynntar mér og ég fæ þær fljótlega í hendur formlega. Þar er um allviðamiklar breytingar á starfsaðstöðu saksóknaraembættisins að ræða. Í ljós kemur að öll sakaskrá er komin úr böndum og það má heita ógerlegt að halda henni við eins og nauðsynlegt er. Þarna er dæmi um kostnaðarsama lagfæringu sem er í því fólgin að setja sakaskrá inn á tölvu, eins og ég hygg að ég hafi nefnt áðan, þar sem allar leiðréttingar og öll vinna við að fletta upp yrði miklu fljótari en er með þeirri handavinnu sem þarna tíðkast nú. Ég nefni þetta eingöngu sem dæmi um endurbætur sem unnt er að gera, en kosta mikla fjármuni. Einnig hefur verið bent á að vel komi til greina að ráða til bráðabirgða sérstaka lögmenn til þess að vinna í ýmsum málum sem starfsliði hefur ekki tekist að koma frá sér, þótt þarna sé unnið mjög mikið, og reyna að hreinsa frá. Það er í athugun. Þetta krefst einnig fjárveitingar og fram á slíka fjárveitingu mun verða farið við fjárlagagerð. — Ég vil sem sagt undirstrika að margt hefur verið gert til þess að bæta, þótt það hafi ekki dugað, undir það tek ég með hv. þm., til að fást við öll þau mörgu mál sem að hafa streymt.

Ég endurtek einnig, að ég er ekkert síður en hv. þm. óánægður með hve mörg mál hafa dregist, en ég undirstrika að starfsmenn þessara stofnana eru kannske óánægðari en við báðir til samans með það og hafa komið til mín oft og einatt og lagt áherslu á að þarna þurfi að verða breytingar á. Sú gagnrýni, sem hefur komið fram á þetta starf, hefur náttúrlega fyrst og fremst bitnað á þeim og þeir eru sér þess fullmeðvitandi að margt þarf að lagfæra. Að því er sem sagt ötullega unnið. Von mín er sú, að við náum þeim markmiðum sem ég nefndi áðan um málsmeðferð. Það tekur einhvern tíma, en ég vona að Alþ. veiti stuðning sinn til að það megi takast.

Uppbygging símakerfisins, þáltill. (þskj. 519). — Ein umr.

Flm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Sú þáltill., sem hér hefur verið flutt, kveður á um úrbætur í símaþjónustu landsmanna. Ég hygg að hv. þm. sé þýðing símaþjónustunnar það ljós að ekki þurfi að fara mörgum orðum um það. Ef þessa tækis nyti ekki við yrði kollvarpað þeim lífsmáta sem við höfum tileinkað okkur. Síminn er eitt af grundvallaratriðum nútímaþæginda og öryggis sem við viljum búa við, enda er nú svo komið að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar getur notið þess tækis og gripið það hvenær sem er og hringt nær hvert á land sem er án nokkurrar milligöngu. Þetta þykir okkur sjálfsagt og þetta verður að vana. Hins vegar er ekki hugsað út í að allstór hópur manna nýtur ekki þessara þæginda, en þar hef ég í huga fólkið í sveitum landsins, sem víða verður enn að láta sér nægja allt niður í fjögurra tíma þjónustu símstöðva, en er í annan tíma án þessarar þjónustu. Þetta er í fyrsta lagi óviðeigandi öryggisleysi, sem þarf að bæta, og það er jafnframt eitt skref til aukins jafnaðar í þjóðfélaginu að gera það.

Í till. er lagt til að gerð verði áætlun um uppbyggingu sjálfvirks símkerfis í sveitum og fari sú uppbygging fram á 5 árum, og byggi ég skoðun mína á tímalengdinni á viðtölum við fróða menn í þessu efni.

Annað markmið þessarar till. þarf að fara saman með slíkri áætlanagerð, en það er stækkun sjálfvirku símstöðvanna. Nú er fjöldi manna í þéttbýli símalaus vegna þess að stöðvarnar, sem eiga að þjóna þeim, eru fullnýttar. Þar sem ég þekki best til á Austurlandi er ástandið í þessum efnum mjög slæmt og ekki færri en 10 símstöðvar þar sem brýn þörf er á stækkun. Fjöldi fólks er á biðlista eftir að fá símtæki og víða er á annað ár þangað til von er til að úr rætist. Ég hef þessar upplýsingar úr skýrslu um þetta efni, sem Póst- og símamálastofnunin gaf út í des. s. l. Á fjvn. Alþ. að hafa skýrslu þessa undir höndum. Þetta ástand er óviðunandi og rýrir tekjumöguleika símans að mun. Engum bónda mundi detta í hug að svelta mjólkurkýr sínar, ef hann á annað borð ætlaði að fá úr þeim fulla nyt.

Það mun öllum ljóst vera, að úrbætur í þessum efnum, fjölgun símtækja og sjálfvirkir símar í sveitum landsins, þýða aukið álag á símakerfið í heild. Þess vegna ber brýna nauðsyn til þess að styrkja símakerfið og fjölga talrásum. Þetta kallar á aukna notkun á örbylgjusamböndum, sem eru framtíðin í þessu efni. Örbylgjukerfið er nú komið norður, austur og vestur í Stykkishólm, en Vestfirðirnir eru eftir og einnig þarf að styrkja kerfið með suðurströndinni til Hafnar í Hornafirði með millistöðvum og koma á tengingu þaðan til Fáskrúðsfjarðar þannig að hringurinn náist. Örbylgjukerfið felur í sér mikil þægindi og öryggi fyrir notendur, þar sem línufjöldinn er þá ekki til trafala og auðveldara verður að ná sambandi. Það hefur vægast sagt oft verið erfitt, vegna þess að allar línur eru uppteknar. Þegar sambandi er náð kemur e. t. v. skiptiborð í einhverri stofnun sem viðkomandi á erindi við. Stúlka segir „andartak", en það andartak getur orðið nokkuð langt meðan beðið er eftir viðkomandi. Hyllist sá sem hringir til þess að bíða vegna þeirrar þrautar sem það er að sitja og reyna að ná sambandi á yfirfullar línur hvað eftir annað. Þetta kostar taugastríð og ómælda fjármuni, og tala ég hér af áralangri reynslu af að reka erindi við höfuðborgarsvæðið í síma, mörg á degi hverjum.

Fjórða markmiðið, sem getið er um í till. þessari, felur í sér að koma á meiri jöfnuði í gjaldtöku fyrir langlínusamtöl en nú er. Hugsunin, sem að baki þessu liggur, er sú að líta eigi á landið allt í heild í sambandi við langlínusamtölin, að mönnum sé gert jafnt undir höfði í því efni að hafa símasamband við opinberar stofnanir hvar sem þeir eru staddir á landinu. Það er auðvitað ekkert launungarmál, að þær stofnanir, sem hér um ræðir, eru flestar á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarhlutverk Reykjavíkur er staðreynd og það hlutverk verður ætíð veigamikið. Er ekki raunhæft að ætla að þarna verði snögg breyting á. Hins vegar er erfiðleikum bundið fyrir landsmenn að hafa samband við þessar stofnanir beint vegna fjarlægðar. Grípa menn þá gjarnan til þess að nota símann og er þá óeðlilegt að mínum dómi að gjaldtaka fyrir þessa þjónustu skuli vera svo há sem raun ber vitni. Þetta sjónarmið byggist á félagslegum viðhorfum, en ekki rekstrarlegum, og mótast af þeim sérstöku aðstæðum sem hér hafa skapast og stærð höfuðborgarinnar í þjóðfélagi okkar og risavöxnu hlutverki hennar sem þjónustumiðstöðvar fyrir landið allt, sem er miklum mun meira en í nágrannalöndunum. Þetta hlutverk hefur gert að verkum að símakostnaður einstaklinga og fyrirtækja úti á landi er margfaldur við símakostnað fyrirtækja hér í Reykjavík. Þessi kostnaður nemur umtalsverðri fjárhæð og þegar hann bætist við annað rýrir hann samkeppnisaðstöðu þeirra fyrirtækja sem þarna eiga hlut að máli.

Auðvitað má segja að eftir því sem vegalengdin er meiri sé sá tækjabúnaður, sem þarf til að koma símtalinu til skila, dýrari. En það má benda á að ýmislegt væri öðruvísi í þjóðfélagi okkar en nú er og margt réttlætismál, sem öllum þykir nú sjálfsagt, ekki komið í höfn ef ávallt hefði verið litið á málin frá beinhörðum viðskiptasjónarmiðum. Það má einnig geta þess, að þessi sjónarmið hafa verið virt í sumum greinum opinberrar þjónustu. Það má t. d. nefna útvarp og sjónvarp. Afnotagjald af því er það sama fyrir austan og vestan og hér, þrátt fyrir þann búnað sem þarf til að koma myndefni og tali til skila. Þarna eru jöfnunarsjónarmið og félagsleg sjónarmið látin ráða.

Það er skylt að geta þess áður en lengra er haldið, að veruleg skref hafa verið stigin til leiðréttingar á þessu með því m. a. að fella niður hæsta gjaldflokk símtala í febr. s. l. Ber að þakka það sem gert er, enda er þetta í raun viðurkenning á þeim sjónarmiðum sem sett hafa verið fram í þessu efni.

Í till. er komið inn á hugsanlegar breytingar á gjaldskrá símans til tekjuöflunar. Hvað þetta varðar vil ég leyfa mér að vitna í skýrslu landshlutasamtaka sveitarfélaga um símamál, sem var gefin út í okt. 1978 og byggð á vinnu starfshóps landshlutasamtakanna sem vann að athugun þessara mála með aðstoð frá Póst- og símamálastofnuninni. Í skýrslunni er samanburður á símakostnaði milli einstakra landshluta og byggðarlaga og skýringar á því, hvernig sá samanburður er fenginn. Loks kemst hópurinn að eftirfarandi niðurstöðu, sem ég vil leyfa mér að vitna í, með leyfi hæstv. forseta:

„Augljóst er að dreifing símnotkunar sýnir margfalda notkun úti á landi miðað við höfuðborgarsvæðið. Ástæðan er m. a. ótímamæld notkun innan einstakra stöðva, en innan höfuðborgarsvæðisins býr yfir helmingur þjóðarinnar og þar er öll aðalstjórnsýslan og þjónustumið-

stöð landsins. Fyrir 15.60 kr. fá íbúarnir þar hvert símtal svo langt sem þá lystir innan svæðisins. Fyrir sama gjald fær landsbyggðin 6—12 sekúndna samtal við svæði 91, en úti á landi er aðeins ótímamælt innan hverrar stöðvar. Vegna margfaldrar notkunar greiðir landsbyggðin þar af leiðandi mun hærri notkunargjöld, svo sem sýnt hefur verið fram á í töflu hér að framan. Með tilvísun til hugsjónajafnréttis og þýðingar þessa fjarskiptatækis verður þetta mikla misræmi að hverfa. Ljóst virðist að nauðsynlegar aðgerðir í þá átt geti tekið nokkurn tíma, m. a. til að mæta tæknilega auknu álagi vegna væntanlegrar aukinnar notkunar. Leggja þarf svo áherslu á að hraða leiðréttingu á verstu agnúunum á núverandi gjaldskrá. Nokkrar hugmyndir um fyrstu aðgerðir eru þessar:

1. Aukning skrefafjölda innan afnotagjalda á minni stöðum með þeim rökum að þjónustusvæði innan stöðvar ótímamælt er margfalt minna þar.
2. Stækkun stöðva til að minnka gjaldtöku, t. d. innan kjördæma eða þjónustuheildar.
3. Lenging stystu skrefa, sem nú eru 6 sekúndur, t. d. með því að leggja niður gjaldflokk 5." — Þetta hefur reyndar þegar verið gert.
4. Hækka afnotagjöldin verulega og nota auknar tekjur af þeim til lengingar skrefa.
5. Setja upp skrefatalningu innanstöðva og nota þannig auknar tekjur til lækkunar fjarlægðargjalda.
6. Hækka aðra tekjustofna símans: stofngjöld, símskeyti o. fl.

Að lokum viljum við leggja áherslu á að tilgangur okkar er ekki að draga úr heildartekjum símans, en við teljum nauðsynlegt að við væntanlegar gjaldskrárhækkanir verði hækkunin mismunandi til að jafna gjaldtökuna frá því sem nú er."

Till., sem hér um ræðir, fela í sér margar raunhæfar leiðir til úrbóta í þessum málum. Það er nauðsynlegt að taka þær mjög rækilega til skoðunar, enda miða síðustu greinar þáltill. að því að svo sé gert. Ég lýsi fylgi mínu við þau sjónarmið sem þarna koma fram. Skylt er að geta þess, að þegar hefur komið til framkvæmda að fella niður gjaldskrá 5, og ég hef frétt að í undirbúningi sé að koma upp tækjum til tímamælingar á símtölum innansvæða. Allt miðar þetta í rétta átt, en nauðsynlegt er að nota það svigrúm sem þetta skapar til jöfnunar langlínusamtala.

Mér er ljóst að þessar till., ef samþykktar yrðu og framkvæmdar, fela í sér veruleg útgjöld fyrir almenning í landinu, því að gera verður sér ljóst að alltaf er það almenningur sem borgar brúsann að lokum, hvernig sem að er farið. Ýmsum kann að finnast að nær væri að flytja till. um sparnað og samdrátt á síðustu og verstu tímum, eins og mönnum er svo tamt að tala um. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að það er illa komið fyrir okkur ef við látum tímabundna erfiðleika á efnahagssviðinu leiða okkur svo í björg að við hættum að setja okkur markmið varðandi þau grundvallarþægindi og öryggi sem enginn vill eða getur verið án. Það er mjög í tísku nú að reikna út í öllum greinum hlut ríkisins í verði vöru og þjónustu, og ekki er annað að sjá af þeim málflutningi en þennan þátt eigi að fella alveg niður. Eigi að síður vilja menn hafa alla þá þjónustu, sem boðið er upp á fyrir þessa peninga, og meira til. Það er tími til kominn að leggja mat á þessa hluti og setja sér það markmið að byggja upp og fylgjast með tímanum hvað varðar sjálfsagða þjónustu eins og t. d. símaþjónustu, en gera sér þess þó grein að slíkt muni eitthvað kosta. Annað mál er það svo, að opinber rekstur hlýtur að verða undir smásjá og lúta aðhaldi hvað hagsýni rekstrarins snertir, því að það að veita slíkum fyrirtækjum forstöðu leggur mönnum vanda og sérstakar skyldur á herðar að fara vel með fé almennings.

Að lokum vil ég geta þess, að ætlunin með þessum tillöguflutningi er að þessi mál séu tekin til endurmats þannig að endanlega afstöðu til þeirra sé hægt að taka á næsta Alþingi.

Herra forseti. Ég óska eftir að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka í einu og öllu undir þá till. sem hv. 4. þm. Austurl. hefur hér mælt fyrir. Hún er hin þarfasta og þau atriði, sem þar eru upp talin varðandi vissa áætlun í þessum efnum, eru vissulega tímabær og þurfa sem allra fyrst að komast í framkvæmd. Þetta mál, símamálið eða jöfnun símagjalda og almenn þjónusta símans við landsbyggðina, er reyndar eitt af þeim málum sem kemur fyrir hjá okkur á Alþ. í einhverju formi á hverju þingi og landsbyggðarmenn hafa kannske hvað oftast á oddi. Hv. frsm. og flm. þessarar till. kom rækilega inn á ástæður þess, hve mjög menn bera þetta mál fyrir brjósti.

Annað er svo sömuleiðis rétt, sem hann kom inn á, að þó að nokkuð hafi verið gert í þessum efnum er enn grátlega mikið eftir og veitir ekki af að taka þar rösklega til hendi. Ég tel að eitt af þörfustu málum, sem byggðanefndin svokallaða, sem hefur nú ekki starfað nokkuð lengi, en starfaði allvel á tímabili, kom á framfæri við Alþ., hafi einmitt verið símamálið og jöfnun símagjalda fyrir land byggðina. Við verðum að segja það, sem þar áttum sæti og komum því máli á framfæri eftir nánar viðræður við þá sem fyrir þessum málefnum standa hér í stofnunum, að við urðum fyrir nokkrum vonbrigðum með hve gífurleg tregða var á þeim atriðum, sem við fluttum till. um, hjá viðkomandi stofnunum. Reyndar var í fyrstunni má heita algerlega neitað að þetta væri unnt. Síðan hafa þó sem betur fer, eins og hv. flm. tók fram, verið gerðar á þessu nokkrar lagfæringar, þó að það hafi vissulega of seint gengið.

Fyrir okkur, sem byggjum þann landshluta sem lengst er í burtu frá höfuðborgarsvæðinu, eins og er um okkur hv. flm., munaði auðvitað tiltölulega mestu um þá breytingu sem varð nú í febrúar, en áður hafa einnig verið gerðar lagfæringar sem hafa munað okkur nokkru. Engu að síður er auðvitað langt í land, það sér maður best þegar litið er á almenna símareikninga á höfuðborgarsvæðinu annars vegar, almenna símareikninga fólks og almenna símareikninga fyrirtækja einnig, og svo á símareikninga fólks úti á landsbyggðinni, ég tala nú ekki um austur á landi og fyrirtækja þar. Sá samanburður liggur fyrir, eins og hv. flm. kom inn á, og misræmið þar á milli er svo gífurlegt að menn trúa því yfirleitt ekki fyrr en þeir sjá það í beinum tölum.

Ég vil aðeins upplýsa það, af því að hæstv. samgrh. — yfirmaður Pósts og síma — er hér ekki viðstaddur, að fyrir skömmu fór fram nokkur umr. á Alþ. varðandi neyðarþjónustu Landssímans og þá kom hæstv. samgrh. nokkuð inn á þessi mál. Hann sagði að það yrði að gera stórátak í símamálum landsmanna á næstu árum, núverandi ástand væri alls ekki í takt við tímann og að því ætti að stefna að á fáum árum yrðu smástöðvar víðs vegar um land lagðar niður og sveitasímarnir þar af leiðandi almennt tengdir stórum stöðvum, þar sem fyrir hendi væri

langur þjónustutími og víðast hvar næturvakt eða neyðarvakt. Orðrétt sagði svo hæstv. samgrh. í sambandi við þetta sem lýtur einmitt að 1. lið þessarar till.:

„Það þarf bersýnilega að hraða lagningu sjálfvirks síma um land allt. Það verkefni er aftur á móti margfalt kostnaðarmeira en það fyrra sem ég nefndi, en að því marki verður hiklaust að stefna á næstu árum.“ Og svo segir samgrh. orðrétt, með leyfi forseta: „Ég vil upplýsa af þessu tilefni, að í undirbúningi er gerð áætlunar til nokkurra ára um úrbætur í símamálum, enda tel ég algerlega óhjákvæmilegt að Alþ., fjárveitingavaldið, veiti sérstakar fjárveitingar á næstu árum til þess einmitt að ljúka þessu verki.“

Þetta vildi ég að fram kæmi og einnig að í þessum sömu umr. upplýsti hæstv. samgrh. að þegar langlínusamtölin í 5. gjaldflokki féllu niður og sá gjaldflokkur var sameinaður 4. gjaldflokki hafði það í för með sér, eins og við skiljum vel, verulega útgjaldalækkun fyrir símnotendur í fjarlægustu byggðunum, fyrir Austfirði, Norðausturland og nokkra staði á norðurlandi og nyrstu staði á Vestfjörðum. Hann upplýsti í því efni að til þessa eina verkefnis væri nú varið á einu ári 400—500 millj. kr., þannig að þarna væri um verulegt verkefni að ræða sem, eins og hv. þm. kom inn á, ber vissulega að fagna að gert hefur verið.

Í fjvn. fáum við á hverju ári til meðferðar fjárfestingaráætlun Pósts og síma, venjulega margniðurskorna frá þeim áætlunum sem Póstur og sími hefur verið með upphaflega og til muna miklu lægri en þeir hefðu viljað hafa. Hv. flm. kom réttilega inn á það, að með því að fjölga símanúmerum hjá hinum einstöku stöðvum væri um leið séð fyrir nýjum og auknum tekjumöguleikum fyrir Póst og síma. Þegar afgreiðsla þessara mála fór fram í fjvn. fyrir jólin var þeim röksemdum beitt af hálfu forsvarsmanna Pósts og síma mjög stíft, að einmitt til þess að ná inn auknum tekjum til þess að geta gert frekara átak úti um land þyrfti að verða mest átak á þéttbýlissvæðunum hér, þar sem mestur fjöldi nýrra síma kæmist í notkun á einu og sama árinu. Ég var alltregur til að samþykkja þetta sjónarmið. En engu að síður fór það svo, að miðað við hvað fyrirheit voru gefin um á næsta ári — það kemur einmitt inn í 2. lið þessarar till. sem varðar árið 1980 — féllst ég á að stöðvar á þessu aðalþéttbýlissvæði fengju í raun og veru meginhluta þess fjármagns sem var veitt í fjárfestingar Pósts og síma á þessu ári, alveg sérstaklega í ljósi þess að þá væri tekið þeim mun rösklegar og myndarlegar á þeim málum á næsta ári, í ljósi þess þá sérstaklega hvað þarna fengjust auknir tekjumöguleikar fyrir Póst og síma og það mundi hjálpa aftur til að gera á næsta ári stórátak í þessum efnum. Ég hlýt að treysta á, að við þetta verði staðið og hef fyrir því orð hæstv. samgrh., að hann muni beita sér fyrir því af alefli, sem full ástæða er líka til því að úti um land er mikil vöntun á nýjum símum, eins og hv. flm. kom réttilega inn á.

Ég vil geta þess hér, að heildarfjárfestingaráætlun Pósts og síma á þessu ári nam 2 milljörðum og 385 millj. Af þessari upphæð fóru ósundurgreint — fljótlega talið — á þetta svæði sem við getum talið aðalþéttbýlissvæði, fyrir utan ýmsar sérframkvæmdir þar til þess einmitt að auka möguleika á því að fjölga númerum, yfir 1.6 milljarðar, enda á þetta að skila Pósti og síma — ég man ekki hvað mörgum nýjum númerum, en það er a. m. k. mjög veruleg aukning þar sem hér er um að ræða stækkun á Breiðholtsstöðinni upp á eitthvað í kringum 327 millj. kr., þá er Brúarland upp á 536 millj., Reykjavík að öðru leyti upp á 320 millj., Selfoss upp á 373 millj. og svo Hafnarfjörður og Kópavogur upp á 77 millj. Þetta þættu okkur ágætar upphæðir að fá austur. En að hinu ber svo reyndar að gæta, að á s. l. árum hefur orðið gerbreyting á póst- og símahúsum á Austurlandi. Það hefur bæði verið ráðist í að koma þar upp sjálfvirkum stöðvum og byggja ný póst- og símahús. Ber ekki að vanmeta það. Þau hafa kostað sitt og eru nú komin upp á nær öllum þéttbýlisstöðum þar.

Hv. flm. kom inn á að í undirbúningi væri einnig breytt fyrirkomulag á gjaldtöku sína — fyrirkomulag hér á þessu svæði — sem réttilega hefur verið bent á af hálfu landsbyggðasamtakanna að væri óréttlátt. Ég tek mjög undir það, að sá munur verður ekki jafnaður með öðrum hætti en þeim að breyta fyrirkomulaginu nokkuð. Það er útilokað annað. Ekki geri ég mér vonir um að við náum fljótlega fullkomnum jöfnuði á þessu sviði eins og ýmsum öðrum sviðum sem hv. flm. kom réttilega inn á að við hefðum náð fullkomnum jöfnuði á, en engu að síður er mikilvæg sú till. sem hér er flutt og gerir ráð fyrir helstu þáttum sem snerta þessi mál í áætlun um uppbyggingu símakerfisins. Ég geri mér hins vegar vonir um það, ef slík áætlun yrði gerð og henni framfylgt myndarlega, að a. m. k. mundi að 5 árum liðnum, eins og talað er um í 1. lið, verða orðin veruleg breyting í öllum þeim greinum sem till. tekur til. Ég vildi því ekki láta það tækifæri ónotað sem hér gefst til að lýsa yfir fyllsta stuðningi við áætlanagerð af þessu tagi og vænti þess um leið, að samgrn. gangi fram í því, eins og hæstv. samgrh. hefur heitið hér á Alþ., að að þessari áætlanagerð verði rösklega og myndarlega unnið.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er kannske gott til tilbreytingar, að Austfirðingar raði sér á mælendaskrá í eitt skipti! Það eru oftar þm. úr öðrum kjördæmum sem það gera. — En ég vil vekja athygli á því, að í málum eins og þessum eru í raun og veru tvö meginatriði. Annars vegar er að gera sér grein fyrir því, sem menn vilja láta gera og þarf að gera, og svo þarf hins vegar, og það er kannske enn þá þyngra á metunum, að afla fjár til þess. Þessi till. felur í sér hvort tveggja. Hún er þannig upp byggð, að lagt er til að gerð verði 5 ára áætlun og það útfært nánar og að endurskoðun, kostnaðaráætlun og áætlun um fjármögnun framkvæmda skuli liggja fyrir við næstu fjárlagagerð. Það er mergurinn málsins.

En því vek ég á þessu sérstaka athygli, sem þó má raunar öllum vera ljóst þó ég fari ekki að ræða það hér sérstaklega, að það er afskaplega rík tilhneiging til þess hjá fjárveitingarvaldi og öðrum stjórnvöldum að svelta ríkisfyrirtækin, en svo jafnframt að krefjast af þeim mikillar þjónustu og góðrar og jafnvel framlaga til óskyldra þátta, að ég tel, eins og t. d. til framfærslumála og allir hv. þm. vita hvað ég á þar við.

Við ættum að þekkja þetta t. d. sem höfum starfað í svonefndum kröfuráðuneytum, útgjaldaráðuneytum. T. d. ætti ég að þekkja þetta varðandi Ríkisútvarpið og hv. 1. þm. Vesturl. varðandi einmitt það fyrirtæki sem hér er verið að ræða um. Útreiðin á þessum fyrirtækjum fjárhagslega, þegar við tókum við þeim 1974, líður okkur ekki úr minni. Mestan hlutann af ráðherratíð minni átti ég undir högg að sækja með að koma útvarpinu á réttan

kjöl aftur fjárhagslega. Ég tel að það hafi þá tekist. — Þess vegna verður aldrei nógsamlega undirstrikað þegar rætt er um bráðnauðsynlegar þjónustuaðgerðir, eins og þær að gera Landssíma Íslands mögulegt að veita landsmönnum það öryggi og þá þjónustu aðra sem honum er ætlað, að það kostar fé.

Það er ekki til neins að svelta þessar stofnanir. Það eru allar aðrar leiðir heppilegri til þess að auka hagkvæmni í rekstri ríkisfyrirtækjanna, knýja þau til að gæta fyllstu hagsýni o. s. frv. Ég held að þrátt fyrir allt séu allar aðrar leiðir skynsamlegri til þess en að svelta þau og gera þeim í raun og veru ómögulegt að starfa eðlilega. Og varðandi *Landssímann er ákaflega óskynsamlegt, miðað við* afkomu fyrirtækisins, að gera ekki Landssímanum mögulegt að leggja inn síma hjá fólki sem vill kaupa þjónustu hans og greiða fyrir hana. Og svo náttúrlega frá sjónarmiði hins almenna notanda, sem á að njóta þeirrar þjónustu, er það hart aðgöngu að eiga hennar engan kost fyrr en seint og um síðir.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil að mörgu leyti lýsa stuðningi mínum við þá þáltill. sem hér liggur fyrir og er flutt af hv. þm. Jóni Kristjánssyni, en að *sjálfsögðu með þeim fyrirvara að það verði ekki til* útgjaldaauka fyrir þá íbúa sem mynda þéttbýliskjarna þessa lands, enda tel ég óþarfa að svo þurfi að vera. Það er ekki endalaust hægt að hlaða einhvers konar jöfnunargjöldum á íbúa sem hér búa. Ég tel ekki sambærilegt að miða við byggðakjarna eins og hv. 3. þm. Austurl., Helgi Seljan, minntist á áðan. Þar er um að ræða byggðakjarna sem einangrast að vetrinum með nákvæmlega sömu þarfir og aðrir byggðakjarnar úti á landi þegar veður eru vond og síminn þarf að vera neyðartæki. Við getum margfaldað þörfina með íbúafjöldanum á hverjum stað, hvar sem menn búa á landinu.

En ég vil leyfa mér að koma ofurlítið að því sem hv. 2. þm. Austurl. sagði áðan. Hann sagði að það væri ekki sama hvað þyrfti að gera og hægt væri að gera. Það er alveg rétt. En oft fer það eftir því hvernig að er staðið. Hv. 2. þm. Austurl. var ráðh. í síðustu ríkisstj. og minntist í því sambandi á Ríkisútvarpið. Það er ágætt til samanburðar um hvernig á að standa að málum og hvað væri ekki hægt að gera ef eins væri staðið að málum í Ríkisútvarpinu og er með símann. Hvernig haldið þið að liti út ef Viðtækjaverslun ríkisins hefði haldið áfram sem slík, haft einkarétt á því að flytja inn sjónvarpstæki og útvarpstæki og átt að sjá fyrir allri þjónustu og varahlutum í öll þau tæki og allar þær tegundir sem fluttar eru inn? Þá hefði verið ógerningur fyrir Ríkisútvarpið að byggja sig upp — gersamlega ómögulegt. Slíkt fjármagn hefði ekki verið til hér á landi. Þess vegna hef ég flutt tvær till. til breytinga á lögum, önnur er á þskj. 210 og hin á þskj. 211, sem snerta símamálin. Þær eru á þann hátt, að síminn verði rekinn á sama hátt og Ríkisútvarpið, þannig að ríkið sjálft fjárfesti ekki í innflutningi á tækjum né heldur varahlutum eða þjónustu og losnaði við þá gríðarlega miklu fjárfestingu sem er falin í tækjunum sjálfum. Ég fékk þær upplýsingar í dag, að það væru um 100 þús. símatæki á landinu, þó rétt innan við þá tölu. Þar af eru í kringum 67 þús. í Reykjavík. Hvert símatæki kostar nú líklega um 25 þús. kr. Ef hver símnotandi ætti sér tæki eins og önnur heimilistæki gætum við margfaldað þá tölu með 100 þús. Það er það fé sem losnaði og mætti fjárfesta í sjálfvirkum símstöðvum víðs vegar um landið til viðbótar við það fé sem er Pósti og síma til ráðstöfunar á fjárl. hverju sinni. Ég held að sú lausn gæti orðið til þess að því markmiði, sem stefnt er að með till. hv. þm. Jóns Kristjánssonar, yrði náð.

Jafnframt kemur fram í till. mínum að einstaklingar sæju um alla þjónustu við símann, þannig að allt sem heitir launatengd gjöld og kostnaður við þjónustu, viðgerðir og annað, sem nú hvílir á Pósti og síma, og allt það mikla bákn sem hvílir á Pósti og síma gæti þá dreifst á þá einstaklinga sem eru sérhæfðir í þjóðfélaginu til þess að annast slíka þjónustu. Það þýðir að Póstur og sími mundi starfa á líkan hátt og aðrar aðveitustofnanir, legði þá síma í allar byggingar og öll hús hvar sem er á landinu, en síðan væri einstaklingurinn sjálfur látinn ráða tæki sínu og hver setti það upp. Það kostar orðið stórfé, það kostar 20—30 þús. kr. að flytja síma á milli veggja í herbergi eða milli herbergja innan íbúðar. Það kostar ekki svo mikið að flytja tengingu fyrir útvarp eða sjónvarp milli herbergja.

Ég vildi að fram kæmi hér að ég eygi lausn á því vandamáli sem ætlast er til að leyst verði með þáltill. hv. flm., Jóns Kristjánssonar, ef eins verður að síma staðið og þegar hefur reynst vel varðandi útvarp og sjónvarp.

Ég sé ekki ástæðu til að segja miklu meira að þessu sinni en það, að verði sú lausn fundin, sem þarf til þess að fjármagna í sjálfvirkum símstöðvum, sé ég enga ástæðu til þess að gjaldið verði annað hér í Reykjavík en alls staðar úti á landi, og það ætti að geta lækkað verulega mikið. Ég vona að undirtektir verði jafngóðar við þær till., sem ég kem til með að mæla fyrir í næstu viku og eru 210. og 211. mál þingsins. Og ég vona að tekið verði almennt tillit til þeirrar till. sem liggur hér fyrir til umr.

Flm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm., *sem hér hafa talað, góðar undirtektir undir* þessa þáltill. Ég vil einnig þakka þá yfirlýsingu sem var gefin hér áðan um að sérstakt átak yrði gert á árinu 1980 til uppbyggingar sjálfvirkra stöðva úti um land, og vona að reynist unnt að standa við það.

Ég kvaddi mér hljóðs út af orðum hv. 1. þm. Reykv. áðan. Hann óttast, eins og mig grunaði reyndar, að þetta feli í sér miklar álögur á íbúa Reykjavíkur. Ég er ekki sannfærður um að svo þurfi að vera. Ég vil undirstrika að allar aðgerðir í þessum málum dreifast jafnt á alla landsmenn. Verðjöfnun á langlínusamtölum hlýtur að koma þeim, sem þurfa að hringja héðan frá Reykjavík út á land, jafnt til góða og þeim sem þurfa að hringja utan af landi til Reykjavíkur. Það er ekki endilega þar með sagt að eins sé og með vegina. Það er alltaf talað um að þeir séu byggðir fyrir þá sem eru við fámennari endann. Eins er með tímamælingu innan svæða. Það hlýtur að koma að því, að tekið verði upp að tímamæla innan svæða á öllu landinu.

Ég vil taka það fram, að ég tel að nokkur misnotkun sé á símanum innan svæða. Menn nota símann hömlulaust þar sem þeir geta talað á einu skrefi ótímamælt, tala jafnvel svo klukkutímum skiptir innan svæða. Mér finnst varla ástæða til að slíkt sé heimilt án þess að gjaldtaka komi fyrir.

Það hafa verið það góðar undirtektir undir þessa till., að ég ætla ekkert að vera að orðlengja frekar. En út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. um till. hans sem liggja fyrir Alþ., vil ég taka fram, að ég tel að það sé sjálfsagt að skoða þessi mál með opnum hug. Ég skal ekkert fullyrða

um það á þessu stigi, að þessi mál séu betur leyst þannig, en sú er skoðun mín að sjálfsagt sé að athuga þetta. En ég verð reyndar farinn frá þessari stofnun þegar þær koma til umr. í næstu viku.

Ég vil að lokum þakka ágætar undirtektir við þetta mál.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa till. Það er auðvitað ekki gott við það að búa, að aðstöðumunurinn sé að þessu leyti eins mikill í þjóðfélaginu og um er að ræða í sambandi við símann.

Síminn er mikið öryggistæki. Eins og kemur fram í grg. verða margir enn í dag að búa við það að komast í síma, nema þá innan sveitar, aðeins í 4 klukkustundir á hverjum sólarhring. En sem betur fer getur meiri hluti og mikill meiri hluti, sjálfsagt eitthvað yfir 90% af þjóðinni, komist í síma jafnvel allan sólarhringinn. Á þessu er mikill munur. En það þarf að athuga þessi mál enn betur. Ég veit ekki betur en nú sé verið að hugsa um að setja upp stöðvar t. d. í næsta nágrenni við þéttbýliskjarna sem séu alveg sérstakt gjaldsvæði. Ég held að það verði að vera lágmarkskrafa í þessu efni að það sé sama gjaldsvæði fyrir t. d. þéttbýliskjarna og þær byggðir sem hafa aðallega viðskipti við hann.

Það er mikil óánægja út af símamálunum t. d. í mínu kjördæmi. Símalagnir þar eru orðnar lélegar. Það kemur fyrir að vetrinum að síminn er í lamasessi marga daga, jafnvel svo að vikum skiptir, fyrir utan það að menn ná aldrei nema 4 tíma, eins og ég segi, á sólarhring til símstöðvar. Ég lét kanna hvað það mundi kosta að setja sjálfvirkan síma í hreppana framan við Akureyri, þ. e. a. s. Hrafnagils-, Saurbæjar- og Öngulsstaðahrepp. Í þeirri tölu var ekki gert ráð fyrir að húsnæði væri nauðsynlegt að byggja fyrir sjálfvirku stöðina, þar sem hrepparnir ætluðu að leggja til húsnæði sem er tiltækt. Kostnaðurinn við þessa þrjá hreppa miðað við verðlag núna er 175 millj. Kostar því mikið að ljúka því verki sem hefur verið unnið að á undanförnum árum í þessum efnum.

Það verður að gera áætlun, eins og þessi till. miðar að, og reyna að standa við hana. En það þyrfti náttúrlega að athuga fleira í því sambandi. Ég er á því, að efni til símans sé með æðiháum aðflutningsgjöldum. Til þess að gera auðveldara að ljúka verkinu þarf að kanna hvort ekki sé eðlilegt að fella að einhverju eða öllu leyti niður aðflutningsgjöld á efni meðan verið er að ljúka þessu brýna verkefni.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil undirstrika að gefnu vissu tilefni að ég er ekki andstæðingur flm. eða þeirra sem hafa talað í þessu máli, heldur þvert á móti. Okkur greinir kannske á um leiðir.

Flm. talaði um að lagfæra fyrir landsbyggðina með því að halda uppbyggingunni áfram á sömu braut. Það kostar að mínu mati aukaálögur á þéttbýliskjarnann. Það fer ekkert milli mála, að það verður að byggja á einhvern hátt á hækkandi afnotagjöldum fyrir þá sem þegar hafa síma, og kemur það þyngst niður á þéttbýliskjörnunum. En ég vil leggja áherslu á að hver símnotandi eignist sitt tæki og hver sá, sem er með símatæki í dag, kaupi tæki á því verði sem það hefur kostað Póst og síma. Með því gætu losnað 2—3 milljarðar sem færu í nýbyggingar á sjálfvirkum stöðvum um land allt.

Ég tel það ekki neitt geysistórt fyrirtæki á mælikvarða stórþjóða að símvæða Ísland á sjálfvirkan hátt og tel sjálfsagt að ríkið taki verulegan þátt í stofnkostnaði, og þetta er einn liður í stofnkostnaðinum, að hver og einn einstaklingur eða fyrirtæki, sem nú þegar hefur tæki, kaupi það við því verði sem það hefur kostað Póst og síma.

Ég er þeirrar skoðunar að sjálfvirknin sé miklu, miklu ódýrari í rekstri en það sem við erum með fyrir og það væri hægt að lækka símakostnaðinn bæði í Reykjavík og annars staðar. Hér greinir okkur á um leiðir. Það vantar fjármagn, og ég er að reyna að benda á leið til þess að ná því fjármagni að verulegu leyti. Það fjármagn, sem þannig fengist, væri þá til viðbótar við það sem reglulega kemur á fjárl. til handa Pósti og síma. Hann losnar við alla fjárfestingu í flutningum, varahlutum og uppsetningu. Að þeirri þjónustu mundu, eins og ég sagði áðan, standa rafvirkjar, útvarpsvirkjar eða sjónvarpsvirkjar. Við ættum þá að geta lagt niður sérgjaldsvæði. Landið væri þá eitt gjaldsvæði með samtengdar sjálfvirkar stöðvar, sem kölluðu á tiltölulega mjög litla mönnun.

Símatækið er ekki lengur flókið mál. Símatækið er svo auðvelt í framleiðslu að ég hugsa að það væri möguleiki á því að framleiða símatæki hér innanlands. Það gæti orðið iðngrein, ef slíkt væri gefið frjálst. — Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég hef sagt áður úr þessum ræðustól, en á iðnkynningarsýningunni, sem var hér í Reykjavík, voru sýnd íslensk sjónvarpstæki, þar voru sýnd íslensk útvarpstæki og þar voru sýnd íslensk tölvutæki sem ekki er hægt að framleiða vegna lagaákvæða. Sú iðngrein getur því ekki fest hér rætur.

Ég var í gærkvöld að sýna kvikmynd af franskri vatnsaflsvirkjun sem byggð er upp á tveimur stöðum. Annar stendur 90 m hærra en hinn. Að deginum til rennur vatnið niður í lægri tjörnina, á nóttunni er því dælt upp í hina. Það er alltaf verið að nota sama vatnið til að framleiða 850 þús. kw. af raforku fyrir bæ sem ég bjó einu sinni í og heitir Nancy, í Norðaustur-Frakklandi, og nú er 600—650 þús. manna bær. Og þessu er fjarstýrt algerlega úr 250 km fjarlægð. Það vinnur enginn maður í stöðinni sjálfri, henni er algerlega fjarstýrt. Tæknin er orðin svo allt önnur en sú sem við þekkjum hér, bæði í símvirkjun og á öðrum sviðum.

Ég veit ekki hvort það er nógu skýrt sem ég hef sagt hér. Ég er bara að reyna að benda á möguleika til að afla fjármagns til að koma hér á sjálfvirkum símstöðvum. Að sjálfsögðu heldur svo Póstur og síми áfram að hafa tolltekjur eins og fást af öðrum innflutningi. Þær renna náttúrlega í að viðhalda og bæta þau kerfi sem koma.

Það er ótrúlega oft sem menn öðlast reynslu af því að vera búsettir erlendis lengi, og ég tel mig geta talað fyrir þann hóp eftir hér um bil 14 ára óslitna búsetu erlendis, en þeir koma ekki til skila reynslu sinni af búsetunni til þeirra sem minni reynslu hafa. Ég á afskaplega erfitt með að skilja rökin sem fylgja málflutningi í svona tilfellum. Ég tala þarna af vissri reynslu. Ég vona að menn sjái hvað það væri mikil fjarstæða í dag ef Ríkisútvarpið ætti að hafa á höndum allan innflutning, uppsetningu og viðgerðir á öllum þeim mörgu tegundum af sjónvarps- og útvarpstækjum sem eru til í landinu. Það var reynt. Viðtækjaverslun ríkisins gat ekki valdið því hlutverki. Það var reynt á sviði bifreiðainnflutnings. Það fór líka yfir um. Það var reynt á fleiri sviðum. Við höfum möguleika til þess að fjármagna símvæðingu í landinu sjálfvirkt og við höfum tekjumöguleika af innflutningum til þess að viðhalda því nýja sjálfvirka kerfi. Og ég er sannfærður

um að það gæti lækkað símakostnaðinn verulega. Hann yrði þó hinn sami um landið. Það er bara spurning, hvort menn vilja setjast niður og hugsa málið eða ekki. Við búm ekki í það stóru landi að tiltölulega lítil stöð nægi ekki. Stöð fyrir 240—250 þús. manna þjóð er ekki stór á erlendan mælikvarða og ekki flókinn útbúnaður, slíkt er löngu liðin tíð.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er nú stund liðin síðan þeir þm. Austurl. urðu fyrir vonbrigðum. Hafa þeir ímyndað sér, eins og hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson gaf í skyn, að þeir fengju að ræða bara sín í milli þessa ágætu þáltill.? (Gripið fram í.) Það er alveg rétt, þeir voru þrír í röð og sáu hilla undir þann möguleika að þeir sætu einir að því að ræða svona gott mál. En svo komu þeir hv. þm. Albert Guðmundsson og Stefán Valgeirsson og spilltu þessu fyrir þeim.

Ég hefði sennilega látið það nægja að fram kæmi við þessar umr. yfirlýsing hv. þm. Stefáns Valgeirssonar í þá veru, að einnig séu símamál í Norðurlandskjördæmi eystra þess háttar, að nokkurra úrbóta sé þörf, ef ekki hefði verið þetta lítilræði sem hv. þm. Albert Guðmundsson vék að, mismunurinn á tæknilegri uppbyggingu ríkisútvarps og síma. Ég vil alls ekki álasa hv. þm. hið minnsta fyrir gagnrýni hans á því, hvernig að þessu er staðið hjá Pósti og síma. Fyrir mér er það kerfi sem nú er þar viðhaft alls ekki heilagt, heldur gagnrýnivert á margan hátt. En ég hef ástæðu til þess að ætla að hv. þm. hafi misskilið hlutverk viðtækjaeinkasölunnar á sínum tíma og geri sér ekki fulla grein fyrir því, hversu geysihagleg geit viðtækjaeinkasalan var Ríkisútvarpinu á þeim tíma þegar raunverulega var verið að byggja það upp frá grunni, vegna þess að af tekjum ríkisviðtækjaeinkasölunnar voru þær framkvæmdir fjármagnaðar að ákaflega miklu leyti. Það veit ég að er rétt. Hitt er ekki af tekjum viðtækjaeinkasölunnar, því að hún hefur verið lögð niður, en tolltekjur hefur Ríkisútvarpið enn þá.

Það er líka mála sannast, að á þeim tíma þegar Ríkisútvarpið annaðist sjálft viðgerðarþjónustu hér á landi var það beinlínis vegna þess að útvarpsvirkjar, sem áttu þess kost að kaupa viðgerðarefni hjá viðtækjaeinkasölunni, voru ekki orðnir nógu margir, þeir gáfu sig ekki til þeirra starfa þá. Úti um land byggðist viðgerðarþjónustan algerlega á því, að Ríkisútvarpið sendi sjálft viðgerðarmenn sína í ferðalög um landið til þess að annast viðgerðarþjónustu. Þetta breytir ekki því, að ég hygg að viðgerðarþjónustan núna á viðtækjum og sjónvarpstækjum sé miklu betri en hún þá var, enda er alllangur tími liðinn. En eins og ég segi, þegar hin tæknilega uppbygging með þeim kostnaði sem fylgdi hjá Ríkisútvarpinu stóð raunverulega hæst hafði Ríkisútvarpið ekki aðeins tolltekjur af viðtækjunum, heldur af sölu þeirra og af varahlutasölu í þessi tæki. Ég mæli ekki með því að slíkt verði tekið upp aftur, og ég vildi gjarnan að athugaðar væru hugmyndir hv. þm. Alberts Guðmundssonar um að tækjaleigunni yrði hætt, yrði rannsakað hvaða áhrif slíkt mundi hafa á fjárhag símans og hvort e. t. v. væri æskilegt að breyta þarna til. Þetta vil ég að verði athugað.

Aftur á móti segja mér fróðir menn hjá Pósti og síma, að þau háu gjöld, sem tekin eru fyrir ýmiss konar þjónustu, svo sem flutning á símatækjum milli herbergja, stafi af því að Póstur og sími leiti ýmissa ráða til verðjöfnunar, þetta háa gjald, sem innheimt er fyrir tiltölulega lítilsverðan flutning á tækjum innanhúss sé notað til þess að greiða niður nýlagnir í hús m. a., sem verði þá tiltölulega ódýrari.

Það er rétt, sem hv. þm. vakti athygli okkar á, að við getum haft mikinn fróðleik af þeim mönnum sem fylgst hafa í áradvöl sinni erlendis með tæknilegum framförum og þeirri hugsun sem þar er beitt við úrlausn vandamála. Ég minnist þess, mig rámar aðeins í það, þegar Íslendingar ætluðu beinlínis að hlæja af sér rassinn yfir hugmyndum Ólafs heitins Friðrikssonar sem stofna vildi jöklabræðslufélagið, sem í aðalatriðum átti að starfa þannig að komið skyldi upp raforkuveri og orkan, sem frá því kæmi, færi í það að bræða jöklana til þess að auka það vatn sem virkja mætti. Þannig var túlkuð hugmyndin um jöklabræðslufélagið. Enn þá meir hefðu Íslendingar hlegið að þeirri hugmynd að virkja stöðuvatn í 90 metra hæð og nota síðan orkuna, — enn þá skemmtilegri hefði þótt sú hugmynd að leggja fyrst peninga í að búa vatnið til, þ. e. a. s. þá væntanlega grunninn undir vatnið, því ætla má að þetta vatn komi af himnum ofan á einhverju tímabili. Ég hygg að þeim hefði þótt gaman að þeirri hugmynd að virkja þannig fall stöðuvatns um 90 metra og nota síðan orkuna til þess að dæla vatninu upp aftur. Ég sé að hv. þm. slær nú í borðið og kveður sér hljóðs, en ég vil taka það fram, ef það getur sparað okkur tíma, að það hvarflar ekki að mér að hið öfuga fall sé virkjað í þessu tilfelli, þ. e. a. s. vatnið á leiðinni upp aftur, heldur skil ég þetta á þá lund, að þarna sé um að ræða að á nóttunni, þegar minna álag er og minni orku þarf, sé vatninu dælt upp aftur á sinn fyrri stað.

Ég efast ekkert um það, eins og ég segi, að við getum lært margt af tæknibrögðum annarra þjóða, enda gerum við það. Við notfærum okkur mjög innflutta þekkingu og tæknimenntun útlendinga við lausn á vandamálum okkar hér heima. Ég hygg að sú hugmynd, sem Albert Guðmundsson setti hér fram um þann möguleika sem í því felst að við höfum eina gjaldskrá fyrir allt okkar símakerfi leysi endanlega þetta vandamál fyrir okkur. Eins og stendur fæ ég hins vegar ekki séð að við komumst hjá því að knýja á dyrnar hjá þeim, sem betur eru settir um símaþjónustuna, sem njóta ódýrari símaþjónustu nú, um að hjálpa til við að standa nokkurn straum af kostnaðinum sem af því leiðir að veita öðrum þegnum landsins sams konar aðstöðu. Hitt get ég alveg fallist á, að slíkt sé ekkert meginmarkmið. Ef við gætum útvegað fé til þessara hluta á annan hátt væri það sjálfsagt, því að það getur út af fyrir sig ekki verið meginmarkmið hjá okkur að leysa vandamál á þann hátt að gera einhverjum hluta landsmanna nauðsynleg þægindi dýrari en þau áður voru. Ef við getum fundið aðrar leiðir til þess er það sjálfsagt. Ef við finnum ekki aðrar leiðir til þess en þær að láta þá, sem þegar njóta þessara hlunninda, bera nokkurn hluta af kostnaðinum við jöfnun á þessari aðstöðu, þá finnst mér það sjálfsagt.

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Albert Guðmundsson, þó að það kæmi ekki beinlínis fram í ræðu hans áðan, hafi hugsað fjármálahliðina á líkan hátt og þær hugmyndir sem hann setti fram hér í þinginu fyrir þremur árum varðandi framkvæmdir í vegamálum, þegar hann gerði grein fyrir þeirri hugmynd sinni að takast mætti að koma hér upp fullkomnu vegakerfi og á býsna ódýran hátt og standa undir þeim framkvæmdum t. d. með þeim hætti að fá erlent lánsfé til slíkra framkvæmda. Ég neita því ekki, að það hefur hvarflað að mér oft síðan ég hlustaði á mál

hans þá að þarna kynni að vera fjárhagslega hagkvæm leið til þess að bæta úr slæmu ástandi í vegamálum hér á landi vegna þess að ýmislegt í rökstuðningi hv. þm. þá fyrir því að þetta kynni að verða hin ódýrasta leið virðist mér vera í fullu gildi enn í dag. Þess vegna vil ég gjarnan að hugmyndir þm. verði teknar til mjög svo alvarlegrar athugunar í sambandi við þessi mál, og ítreka þá það sem ég fyrr sagði, að því fer víðs fjarri að ég sé viss um að núverandi starfsaðferðir Pósts og síma eða fjárhagsleg uppbygging og tæknileg hljóti að vera hin besta.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru bara örfá orð.

Það er ofurlítið gaman að því að ræða svona mál í rólegheitum og ekki síst varðandi bollaleggingar um fjármálalegu hliðina. Það hefur oft verið talað um það áður í umr. um Landssímann að lækka hæstu gjaldflokkana, en það út af fyrir sig leysir lítinn vanda. En í þessum umr. hef ég tekið eftir að komu fram tvær hugmyndir. Önnur er gamalkunn eins og sú að lækka hæstu gjaldflokkana, mér finnst hún aldrei neitt aðgengileg, en það er að lækka aðflutningsgjöld af efni. Að lækka aðflutningsgjöld til ríkissjóðs af efni til síma þýðir það að hækka þarf einhver önnur gjöld til ríkisins í staðinn. Mér finnst þetta því ekki frumleg eða aðlaðandi hugmynd. Hitt er svo sú hugmynd sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv., um það, ef ég hef skilið hann rétt, að Landssíminn selji mönnum tækin, sem þeir nota nú, og nýti það fjármagn, sem þannig fengist, til þess að færa út sjálfvirknina og treysta símakerfið og bæta þjónustuna. Svona hugmyndir kitla mig vissulega nokkuð. Þarna er um að ræða möguleika að ná inn auknu fjármagni og það þarf að gera ef eitthvað á að framkvæma. Svona hluti vil ég vissulega taka þátt í að skoða að svo miklu leyti sem það kemur til minna kasta.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. minntist á viðtækjaeinkasöluna gömlu, en það er staðreynd, og ég vil undirstrika það sem hann sagði, að fyrir hagnað af þeirri verslun var byggður upp mikill hluti af kerfi útvarpsins og þegar útvarpið missti þessa tekjulind var það því mikill hnekkir á sínum tíma. Ég get líka tekið undir það sem þessi hv. þm. sagði, að það á ekki að leggja til að þarna verði aftur horfið að að gamla fyrirkomulaginu. En svona var þetta. Aftur á móti gegnir allt öðru máli um símatækin, því þau hafa ekki verið seld notendum. Útvarpstækin voru seld með verslunarálagningu. Þess vegna hafði útvarpið hagnað af þeim viðskiptum.

Hv. 1. þm. Reykv. er sem oftar hræddur um að nú eigi að íþyngja umbjóðendum hans hér í Reykjavík. Í sambandi við það vil ég bara segja eina setningu: Það fer náttúrlega ekki á milli mála að við eigum aðeins eitt land, og það verður að líta svo á að í þessu landi búi aðeins ein þjóð. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það. (Gripið fram í.) En það kemur viss tortryggni fram, kannske bæði hjá hv. 1. þm. Reykv. og t. d. mér og e. t. v. fleiri þm., annars vegar varðandi bætta þjónustu víðs vegar um landið og svo þessa breytingu með símatækin, að Landssíminn eða ríkið hætti að hafa með þau að gera og einstaklingar tækju við þeim viðskiptum. Hv. 1. þm. Reykv. er svolítið á varðbergi, telur að við séum að koma einhverjum klyfjum á umbjóðendur hans. Við — eða a. m. k. ég — erum örlítið tortryggin á að afhenda verslun með símatæki einstaklingum til þess að hagnast á, því að sú verslun yrði auðvitað að bera sig eins og önnur starfsemi í landinu.

Ég vil árétta það, að ég vil skoða alla hluti í þessu sambandi og þá fyrst og fremst í þeim tilgangi að auka möguleika Landssímans til þess að veita landsmönnum örugga og góða þjónustu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hélt að það hefði komið nokkuð ljóst fram hjá mér, að þrátt fyrir þann ótta, sem ég á að hafa borið í brjósti um að nú ætti að íþyngja umbjóðendum mínum, eru það ekki og voru ekki mín orð. Frsm. sagði beinlínis, að það væri tilgangurinn að fjármagna uppbyggingu símakerfisins með því að auka byrði þjóðfélagsþegnanna hér. En hitt er annað mál, að ég tók fram að einmitt ætti að reyna að koma símagjöldunum niður og hafa þau jöfn um land allt, að hér væri eitt land og ein þjóð.

Það er ástæða til þess að vera a. m. k. tortrygginn þegar hagsmunamál landsbyggðarinnar koma til umr. hér, vegna þess að þá er alltaf verið að íþyngja borgarfyrirtækjum. Það er aldrei nokkurn tíma talað um að aðild ríkisins í fyrirtækjum í Reykjavík, sem bera sig ekki. Það er aldrei talað um að landsbyggðin taki þátt í Bæjarútgerð Reykjavíkur. Það er aldrei talað um að landsbyggðin taki þátt í að reka strætisvagnana í Reykjavík. Öll þjóðin notar þá meira eða minna.

Ég vil ganga enn þá meira fram af þeim sem hafa það útkjálkasjónarmið sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar ég talaði um þá tækni sem ég lýsti áðan í rafvirkjun. Það vill svo til að sú kvikmynd, sem ég hef talað um, er enn þá til á frönsku sýningunni sem nú stendur yfir hér í borg á mínum vegum, og ég býð hv. þm. að koma með mér að loknum þessum fundi og skoða þá kvikmynd og aðrar tæknilegar myndir sem gætu e. t. v. opnað hugi manna eitthvað meira en virðist vera fyrir.

Í sambandi við vegagerð er alveg rétt, að ég var með hugmynd um erlent lán á 12 ára tímabili. Samkv. upplýsingum Seðlabanka Íslands þann dag sem við báðir tókum þátt í umr. í Ed. hefur sú upphæð margfaldast með tveimur og hálfum í erlendum gjaldeyri á sama tíma og innlend skuldabréf hafa fimmtánfaldast.

Ég ætla að minna hv. þm. á það líka, að 1951 — þá var ég að vísu íþróttamaður — var ég staddur í Brasilíu og eitt af því, sem okkur var þá sýnt, voru verklegar framkvæmdir við vegagerð. Byggður var 1 km í dag fullfrágenginn gegnum frumskóga. Þegar Búrfellsvirkjunin fór í gang á útboði kom boð frá frönsku fyrirtæki sem hafði þá lokið við tíu sinnum stærra raforkuver í Ástralíu, en allar vélar komnar um borð í skip til að flytja þær heim til Frakklands. Þeir voru lægstbjóðendur, en fengu ekki verkið. Þá var aftur á móti skandinavísk samsteypa mynduð til þess að vinna verkið. Þeir frönsku voru tilbúnir til þess að koma hingað og vinna þetta litla verk, Búrfellsvirkjun, og koma með allar þær vélar til vegagerðar sem til þurfti til að byggja 2 þús. langan km veg að þeim virkjunarstað sem þeir voru að virkja á í Ástralíu. Þeir buðu því að vegvæða landið um leið, en því boði var ekki tekið. Það er ekki stórmál að byggja hér 4—5 þús. km veg. Það er hægt að finna fjármagn til þess. Það er hægt að gera það á mjög skömmum tíma. Og það er nákvæmlega sama um símann. Það er nákvæmlega sama um rafveituna sem ég var að tala um áðan.

Svo býð ég hv. þm. að koma með mér að loknum þessum fundi, og ég skal sýna þeim kvikmyndir um þau atriði sem ég var að tala um núna.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Mér hefur rétt einu sinni tekist svo óheppilega til, að hv. þm. Albert Guðmundsson hefur misskilið mig, og það er efalaust mér að kenna, en ekki honum. Ég var ekki að rengja það sem hv. þm. sagði okkur um þetta franska raforkuver, síður en svo. Ég trúði þessari lýsingu hans, og það hvarflaði ekki að mér að ætlast til þess af honum, að hann, ef svo má segja, æti eitt eða neitt ofan í sig aftur af því sem hann sagði í þessu sambandi. Ég hygg að hann hafi haft þar allt rétt fyrir sér. Hann þarf ekki að sýna mér eða sanna mér neitt í þessa veru með kvikmynd. Þessu trúi ég öllu. Þó að útkjálkamaður sé í mér, eins og hv. þm. komst að orði og réttilega líka, hef ég lært svo mikið, m. a. af forsögnum góðra manna, að til slíks ætlast ég ekki að hann éti ofan í sig einn fróðleik eða annan sem hann segir okkur utan úr heimi.

Mér er það minnisstætt, sérstaklega af því að það eru Austfirðingar sem hafa vakið þessa umr., þegar Gunnar ókvænti, sem kallaður var, Sunnlendingur sem kom austur til róðra í Borgarfirði eystra, — en ókvænti var hann kallaður vegna þess að hann hafði hlotið dóm fyrir tvíkvæni, — boðaði til fundar í Bakkagerði í Borgarfirði til þess að segja Austfirðingum tíðindi úr Ameríku, en þaðan hafði hann komið fyrir tveimur árum og vildi fræða þá um hvernig þar væri staðið að málum. Útkjálkamennirnir fylltu samkomuhúsið í Bakkagerði gersamlega og borguðu þó 2 kr. fyrir innganginn, sem var stórfé árið 1932. Gunnar hóf að segja þeim frá reynslu sinni í Ameríku og sagðist hafa byrjað að vinna þar á búgarði nokkrum. „Þar voru 100 mjólkandi kýr í fjósi," sagði Gunnar. Og þá gullu þeir við útkjálkamennirnir, sem engu vildu trúa öðru en því sem þeir sjálfir höfðu séð og tvisvar, og einhver kallaði: „100 mjólkandi kýr! Hver heldur þú að trúi því?" Þá bilaði Gunnar ókvænti og fór á taugum og sagði: „Það voru náttúrlega ekki allt saman mjólkandi kýr, því sumt voru hænsni." Þetta er náttúrlega dæmisaga um hversu fráleitt það er af manni að fara að éta nokkurn skapaðan hlut ofan í sig frammi fyrir útkjálkamönnum sem aldrei trúa neinu sem merkilegt er, nema þeir sjái það sjálfir og þá helst tvisvar.

Jú, ég trúi þessari sögu um frönsku virkjunina mætavel, og mér var alvara þegar ég þakkaði fyrir upplýsingar af þessu tagi og talaði um nauðsyn þess, að við tileinkuðum okkur erlenda tækni aðhæfða breyttum aðstæðum. Ég get bent hv. þm. á vegarkafla u. þ. b. 1 km að lengd sem lagður var í grennd við Reykjavík með erlendri tækni sem hafði gefist vel annars staðar, en reyndist ekki nógu vel hérna — hvergi nærri nógu vel. Hér vantar okkur ýmislegt í náttúrufar landsins sem geri það að verkum að við getum flutt erlenda tækni, aðallega í byggingarframkvæmdum og jafnvel við virkjanir, inn án aðhæfingar að íslenskum aðstæðum. En í grundvallaratriðum getum við haft af slíkri tækni ákaflega mikil not.

Ég vildi leiðrétta það, fyrst ég hafði komið því inn hjá hv. þm., að ég væri að tortryggja það sem hann sagði eða gera lítið úr þeim fróðleik. Það er gagnstætt. Ég er einmitt þeirrar skoðunar, að af slíku getum við haft ákaflega mikið gagn og einnig af ýmsum hugmyndum hv. þm., sem hann hefur gert þinginu grein fyrir áður, um möguleika til fjáröflunar til nytsemdarfyrirtækja sem geta gert okkur lífið þægilegra og framkvæmdir ódýrari.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 83. fundur.

Miðvikudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 100, n. 551). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta mál og mælir einróma með því, að það verði samþ. frá d. eins og það var afgreitt frá hv. Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Réttur verkafólks til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, frv. (þskj. 273, n. 549 og 550). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið afgreitt frá hv. Nd. og meiri hl. félmn. Ed. hefur orðið sammála um að mæla eindregið með samþykkt frv.

Hér er á ferðinni veigamikill áfangi í réttindaaukningu launafólks í landinu, einkum þess hluta launafólks sem lengst af hefur búið við minnst réttindi hvað snertir atvinnuöryggi og einnig tekjuóvissu þegar veikindi ber að höndum. Það er skoðun meiri hl. n., að það frv., sem hér er á ferðinni, sé veigamikið skref í þá átt að skapa á Íslandi það velferðar- og jafnréttisþjóðfélag sem meiri hl. núv. Alþingis, stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj., hefur einsett sér að stuðla að því að koma á í náinni samvinnu við samtök launafólks.

Það frv., sem hér er á ferðinni, nýtur víðtæks stuðnings hjá fjölmennustu samtökum launafólks í landinu. Það hefði verið hv. Alþ. til sóma og félmn. þessarar d. einnig, ef allir nm. og allir þm. hefðu getað orðið sammála um að stíga þetta skref til að auka jafnrétti í landinu og skapa hinum lægst launuðu atvinnuöryggi og tekjuöryggi þegar veikindi ber að höndum. Mér finnst þó rétt að geta þess, að það frv., sem hér er á ferðinni, er aðeins skref í áttina að því marki sem við margir hverjir viljum stefna að. Lengra þyrfti að ganga ef fullt jafnrétti ætti að nást, því að margvíslegir hópar í þjóðfélaginu — m. a. ýmsir hópar innan launastéttanna — búa við meiri réttindi en hér er áformað að launafólk almennt geti notið. En þrátt fyrir að betur hefði mátt gera teljum við hér á ferðinni eitthvert veigamesta skrefið, sem stigið hefur verið til þess á undanförnum árum að skapa almenna velferð og jafnrétti meðal launafólksins í landinu, og væntum þess eindregið að þetta frv. fái fljóta og góða afgreiðslu hjá hv. deild.

Frsm. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. félmn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Við, sem skipum minni hl. n., leggjum til að

málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, svo sem fram kemur í nál. okkar á þskj. 549. Sú rökstudda dagskrá er, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Í trausti þess að félmrh. skipi nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, til þess að fjalla um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla og að málið verði að þeirri umfjöllun lokinni á ný lagt fyrir Alþ. í byrjun næsta þings, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá."

Hv. 3. landsk. þm. lét þess getið að þetta mál væri mikið og merkilegt og hefði mikla þýðingu fyrir launafólk í landinu. Ég get tekið undir þessi orð. Það var ekki ágreiningur um þetta atriði í hv. félmn., heldur um vinnubrögð. Hv. 3. landsk. þm. sagði að það hefði verið til sóma ef hv. félmn. hefði verið sammála um afgreiðslu málsins. Mér finnst að það fari eftir því um hvað menn eru sammála, en mestan sóma hafi bæði félmn. og þessi hv. d. af því að gera þetta frv. svo úr garði að það geti sem best náð tilgangi sínum. Og það er einmitt með þetta í huga sem við, sem í minni hl. erum, leggjum til að málið verði athugað betur.

Það er ekki að ófyrirsynju að við gerum þetta, vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins, sem þetta mál skiptir fyrst og fremst, hafa ekki verið leiddir saman til samráðs, eins og við teljum að æskilegt hefði verið. Ég skal ekki fara að ræða þetta mál efnislega, þar sem ég hef lýst því yfir að ég tel það jafnþýðingarmikið og hv. 3. landsk. þm. En það eru aðrar starfsaðferðir sem við viljum að séu viðhafðar við meðferð þessa máls, að leitað sé samráðs við aðila vinnumarkaðarins. Hér er að ýmsu leyti um vandasamt mál að ræða. Það kemur fram í umsögnum um frv. sem hv. félmn. Nd. voru sendar bæði frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Og þessi mál eru þess eðlis, að ég hygg að það orki vart tvímælis að það sé rétt að kveða þá aðila og launþegasamtökin til samráðs áður en gengið er lengra í afgreiðslu þeirra. Ég hygg að það muni ekki þurfa að valda neinum óeðlilegum óþægindum þó að þessi athugun fari fram, ef þess er gætt, eins og dagskrártillaga okkar gerir ráð fyrir, að hraða málinu svo að það geti komið á ný fyrir Alþ. strax í upphafi þings í haust.

Ég vil í þessu sambandi láta það koma fram, að eðlilegast væri að náðst gæti samkomulag um þessi atriði milli aðila vinnumarkaðarins og þetta væri samningsatriði milli aðila vinnumarkaðarins, eins og fjölmörg þýðingarmikil atriði varðandi laun og kjör eru. Ég vil leyfa mér að vonast til þess, ef sú leið verður farin sem ég vænti, að það verði leitast við að hafa samráð við alla aðila vinnumarkaðarins, að þá verði líka athugað hvort hægt sé að koma þessu máli á þann grundvöll að samningar takist milli sjálfra aðila vinnumarkaðarins. Þá mætti líka gera ráð fyrir að þessum málum væri komið fyrir sem best væri og allir aðilar gætu verið ánægðir með það. Ef þetta hins vegar tekst ekki, og ég er ekki að gera því alfarið skóna að það takist, hlýtur málið að eiga að koma aftur fyrir þingið. Þess vegna leggjum við líka áherslu á að það verði gert, svo sem segir í dagskrártill., þegar í byrjun næsta þings.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það, sem helst er athugavert við afgreiðslu þessa máls, er það, hversu lengi það hefur verið á leiðinni gegnum þingið. Verkalýðsfélögin, sem væntu þess að fá þessi mál í gegn á tilsettum tíma, þ. e. a. s. skömmu eftir að þau höfðu afsalað sér 3% kauphækkun, hafa orðið fyrir vonbrigðum með hversu löng leiðin hefur verið, hversu langan tíma hefur tekið að koma málunum í gegn. Ég veit að allur almenningur í landinu, verkafólk sem hefur verið hvað snauðast að réttindum, verður mjög hissa þegar hann heyrir að sendisveinar atvinnurekenda hér á Alþ. halda uppi gagnrýni á þetta frv. og einnig að þeir geri allt það sem í þeirra valdi stendur til að tefja það enn frekar en þeir hafa þó þegar gert, beinlínis leggja til að málið verði látið niður falla nú, en tekið verði upp samráð við vinnuveitendur um þetta mál — við þá vinnuveitendur sem neituðu samráði þegar eftir því var leitað. Ríkisstj. hafði óskað eftir samráði við þá um gerð þessa frv. og annars um hvernig bætur kæmu fyrir þau 3% sem launþegar afsöluðu sér, en eftir að hafa mætt einu sinni eða tvisvar til slíks samráðs ákvað Vinnuveitendasamband Íslands að kalla burt fulltrúa sína frá þessu samráði. Því er það þeirra sök að ekki hefur verið haft meira samráð við þá. Þeir hafa ekki viljað það. Því er till. um, að þeir verði aftur knúðir til samráðs, út í hött.

Ég vil spyrja hvernig svona samráð eigi að vera. Hvað vilja þeir fulltrúar, sem hér rísa upp og leggja til að málið verði látið niður falla, að komi í staðinn fyrir þau 3% sem launþegar afsöluðu sér í desembermánuði? Vilja þeir láta þau óbætt eða ekki?

Ég tek undir það með hv. frsm. meiri hl., að hér er um mikið og merkilegt mál að ræða sem hefur mikla þýðingu fyrir verkafólk. Frv. er til þess að auka réttindi þess fólks sem snauðast hefur verið af þeim til þessa. Þetta er í þá átt að jafna kjörin, gera tilveruna bærilegri fyrir þá sem minnst mega sín. Ég skora á hv. þdm. að renna málinu í gegn. Það væri d. til sóma og það væri einungis til sönnunar því að við viljum ekki taka þátt í því að tefja það mál sem í n. og með þófi annars staðar hefur verið tafið.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Sjálfstfl. hefur löngum haldið á lofti því kjörorði, að hann væri flokkur allra stétta. Það hefur hins vegar komið skýrt í ljós í vetur, þegar til afgreiðslu hafa verið frv. sem stuðla að því að auka réttindi og bæta kjör launastéttanna í landinu, einkum og sér í lagi lægst launaða fólksins í landinu, að Sjálfstfl. er ekki flokkur allra stétta, þá er hann flokkur Vinnuveitendasambands Íslands eða þeirrar þröngu sérhagsmunaklíku sem þar mótar stefnuna. Sjálfstfl. hefur í þessum umr. fylgt afstöðu Vinnuveitendasambandsins í gegnum þykkt og þunnt.

Sú rökstudda dagskrá, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson mælti fyrir, er hins vegar örlítill vottur um að þeir ágætu menn, sem gerast hér erindrekar Vinnuveitendasambandsklíkunnar, reyna að tefja fyrir og andmæla réttindaaukningu til handa launafólki í landinu. Þeir eru þó aðeins farnir að skammast sín fyrir gjörning og farnir að fela þá andstöðu í till. um frestanir, nánari athuganir og frekari skoðanir á málinu, án þess að nefna eitt einasta atriði sem þurfi nánari skoðunar við, nema það eitt að það þurfi að leita eftir áliti Vinnuveitendasambands Íslands. Það er eins og hv. þm. Sjálfstfl. sé ekki kunnugt um að Vinnuveitendasamband Íslands hefur lýst yfir að það hafi ekkert við launafólk í landinu að tala. Nýlega kom yfirlýsing frá Vinnuveitendasambandi Íslands um það efni, að Vinnuveitendasambandið vildi ekki taka þátt í neinum viðræð-

um við samtök launafólksins í landinu um að bæta kjörin í þessu landi. Þess vegna er alveg ljóst að á þeim mánuðum, sem eru fram að byrjun næsta þings, eins og segir í þessari dagskrártill., verður ekki um neinar raunhæfar viðræður að ræða, vegna þess að sá aðili, sem hv. þm. Sjálfstfl. ber einkum fyrir brjósti, hefur þegar lýst yfir að hann er ekki til neinna viðræðna um að bæta kjör launafólksins í landinu. Þetta vita hv. þm. Sjálfstfl. fullvel, en þeir segja það ekki hér vegna þess að tilgangur þessarar till. er að koma í veg fyrir að réttindasnauðasta og lægst launaða fólkið í landinu fái þær réttindabætur og þær auknu tryggingar í sjúkdómatilfellum og veikindatilfellum og það atvinnuöryggi sem þessu frv. er ætlað að veita því.

Það er hins vegar mjög gott fyrir okkur hér og fyrir þjóðina, — og þess vegna fagna ég eins og ég gerði fyrr í vetur þegar þm. Sjálfstfl. gerðust í hliðstæðum málum erindrekar forustuklíkunnar í Vinnuveitendasambandinu, — að Sjálfstfl. skuli þó þegar í harðbakkann slær og þegar kemur við budduna hjá Vinnuveitendasambandinu koma hér upp til þess að verja hana. Það er nauðsynlegt að fá hvað eftir annað upp slík ágreiningsmál til þess að launafólkið fái að sjá það svart á hvítu í afstöðu hér á Alþ. hvar Sjálfstfl. stendur þegar kemur að því að bæta kjör lægst launaða fólksins. Þá stendur Sjálfstfl. með allan þingstyrkleika sinn með Vinnuveitendasambandsklíkunni. Ég get fullvissað hv. þm. Þorv. Garðar og aðra talsmenn Sjálfstfl. um að við munum sjá um að þessi afstaða komist til skila. Ekki aðeins nú, ekki aðeins á næstu mánuðum, heldur um áraraðir verður afstaða hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar og þessi tillöguflutningur og væntanleg mótatkv. þeirra um þessi réttindafrumvörp láglaunafólksins rifjuð upp. Þau verða rifjuð upp hér í þingsölunum, þau verða rifjuð upp 1. maí, þau verða rifjuð upp í verkalýðsfélögunum, þau verða rifjuð upp alls staðar þar sem einhverjir fulltrúar Sjálfstfl. standa upp og reyna að telja láglaunafólkinu í landinu trú um að hann sé flokkur allra stétta.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. sagði að það hefði skort á samráð. Það má vera að nokkuð sé til í því. Hitt er annað mál, að þessi frv., þessi félagsmálapakki svokallaði, sem frv. það, sem hér er til umr., er einn liður af, var sýndur atvinnurekendum og það voru haldnir með þeim fundir. Eins og hv. þm. Karl Steinar kom inn á drógu þeir sig út úr samráðsnefndinni og vildu ekki meira við okkur tala um þau mál. Eigi að síður sendu þeir skriflegar aths. til allra þm., til forsrh. og ríkisstj.

Það var strax á fyrstu fundunum með þeim tekið tillit til helstu aths. þeirra, sem voru á nokkrum rökum reistar, og það var fyrst og fremst um útvíkkun á staðgengilsreglunni. Aths. þeirra um hana voru teknar til greina. Hún er hvergi aukin frá því sem er í gildandi lögum, nema hvað tveir dagar koma fyrir hvern einn í veikindafríum fyrir hvern unninn mánuð í staðinn fyrir einn fyrir hvern einn mánuð, eins og er í núgildandi lögum. Að öðru leyti er staðgengilsreglan hvergi útvíkkuð. Að hinu leytinu til var tekið tillit til aths. þeirra um svokallað „hlaupafólk", það fólk sem kæmi inn í 1—2 daga og hlypi í burtu og færi svo í næsta starf, að það nyti ekki uppsagnarréttinda. Það var tekið tillit til þessara aths. og það gert í samráði við launþegasamtökin.

Að öðru leyti vil ég minna á að þetta frv. er að öðrum þræði algert réttlætismál. Það er um að ræða að lægst launuðu launþegarnir fái svipuð réttindi, þó ekki þau sömu og í mörgum tilfellum ekki nærri því þau sömu og aðrir landsmenn búa við þegar í dag. Í sjálfu sér hefði því þetta frv. átt að fara í gegn án þess að um væri að ræða neina greiðslu frá launþegasamtökunum. Að hinum þræðinum er frv. uppfylling á loforðum, eins og hér hefur komið fram, sem launþegum voru gefin þegar þeir gáfu eftir 3% af þeirri kaupgjaldsvísitölu sem þeir áttu tilkall til og atvinnurekendur höfðu samið um. Þetta frv. er stærsti liðurinn í því. Ef það yrði tafið núna meira en orðið er væru það hrein svik og þá ættu launþegar kröfu á 3% launauppbót allar götur frá 1. des.

Af þessum ástæðum báðum, bæði er hér um að ræða algert réttlætismál og að hinu leytinu uppfyllingu á gefnum loforðum, leggst ég eindregið gegn þeirri rökstuddu dagskrá sem hér er flutt.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni í þessu máli, sem skapast fyrst og fremst af því, að ég tel afskipti hins opinbera og ríkisvaldsins af vinnudeilum og vinnumarkaðinum í flestum tilvikum hafa verið óheillavænleg og óheilbrigð á undanförnum árum og ekki orðið til góðs, hvorki fyrir atvinnureksturinn né verkafólkið.

Hæstv. félmrh., Magnús H. Magnússon, talaði um að hér væri réttlætismál á ferðinni. Ég er honum innilega sammála. Auðvitað er það réttlætismál að lægst launaða fólkið í samfélaginu og það, sem vinnur erfiðustu störfin, hafi sömu réttindi og aðrir í samfélaginu, og þá ekki síst þeir sem eru í opinberum störfum. Satt að segja verður manni að spyrja, úr því að hið opinbera er að skipta sér af þessu: Af hverju er þá ekki stigið skrefið til fulls og þessu fólki tryggð öll sömu réttindi og t. d. opinberum starfsmönnum? (**Gripið fram í:** Það verður gert næst.) Þó þarf um leið að tryggja að hinn frjálsi atvinnurekstur, ef hann á að vera til í landinu, geti reitt þá bagga sem honum eru bundnir. Sé svo er ekkert óeðlilegt að það skref verði stigið. Ekki skal ég standa á móti því að það verði stigið, síður en svo, því að þetta fólk vinnur það erfið störf að full ástæða er til að taka tillit til þess.

En hitt er annað mál, að t. d. í þessu tilviki þarf að hafa í huga að staðgengilsreglan getur orðið smáatvinnurekstri ákaflega erfið. Þegar um er að ræða lítil fyrirtæki þar sem starfa 2—3 menn, t. d. litla útgerð þar sem eru 3—4 menn í áhöfn, getur orðið býsna erfitt fyrir menn að greiða þetta. Það hefur líka komið fram við flutning þessa máls, að menn geti keypt tryggingu og tryggt sig fyrir þessu, en það er alger misskilningur. Það er engin tryggingastarfsemi til sem tryggir slíkt sem þetta. Vil ég að komi fram að það er alger misskilningur.

Það er síður en svo að ég vilji standa á móti því að verkafólkið fái rétt sinn í samfélaginu. Þar fyrir tel ég að afskipti hins opinbera af þessum málum séu til ills í flestum tilvikum og eigi að forðast þau svo sem kostur er.

Frsm. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur nú talað í þessu máli af stillingu og háttprýði eins og hans var von og vísa. En ég átti ekki von á slíkum stóryrðum sem voru hér látin falla af hv. 5. þm. Reykn. og þó öllu frekar af hv. 3. landsk. þm. Það liggur fyrir, að ekki er ágreiningur um að reyna að leysa þetta mál, sem varðar mjög launþega í landinu, á

þann veg sem best má verða. Það er enginn ágreiningur um slíkt, ég hef hvergi heyrt það. Spurningin er hins vegar sú, eins og ég gat um áður, hvort væri haft nógu mikið samráð við aðila vinnumarkaðarins. Nú þegar lögð er áhersla á að það sé gert heyrir maður að með því sé verið að tefja málið og eins og hv. 5. þm. Reykn. sagði hefði málið verið nógu lengi að fara gegnum þingið. Á hvers ábyrgð er það, ef einhver dráttur hefur verið í þessum efnum? Ég er mér ekki þess meðvitandi, að við, sem stöndum að því minnihlutanál. sem hér er til umr., höfum verið að gera nokkra tilraun til þess að tefja þetta mál. Í þessu sambandi er talað um sendisveina atvinnurekenda á Alþ. og önnur slík köpuryrði eru viðhöfð, og svo hrópar hv. 5. þm. Reykn.: Hvað á að koma fyrir 3% sem launþegar afsöluðu sér í des.?

Hv. 3. landsk. þm. kemst í ham og fer að ráðast á Sjálfstfl. í þessu efni og lætur svo sem Sjálfstfl. hafi aldrei verið til viðræðu um að bæta hag launafólksins í landinu. Við vitum allir að hv. þm. er góðum gáfum gæddur eins og hann á kyn til, og auðvitað veit hann betur en þetta. Af því að hann veit betur verður hann svo æstur þegar hann lætur sér um munn fara þessi orð. Þetta er allt tengt við verkalýðsfjandsamlega stefnu Sjálfstfl., eins og það er orðað. Slíkt er algerlega úr lausu lofti gripið. Sjálfstfl. vill vera trúr stefnu sinni, gera allt sem hægt er til þess að leysa þetta mál á sem bestan veg. En það eru bara fleiri en við, sem stöndum að minnihlutaálitinu, sem telja að hér sé ekki rétt að farið. Vegna þess að flíkað hefur verið hér Vinnuveitendasambandinu, held ég, svo að ekki hallist á, að ég leyfi mér að vekja athygli á því sem Vinnumálasamband samvinnufélaganna segir um frv. Ég vænti þess, að menn fari ekki að halda því fram að Sjálfstfl. stjórni því. Með leyfi hæstv. forseta skal ég aðeins lesa upp nokkrar setningar af því sem Vinnumálasamband samvinnufélaganna hefur um frv. að segja, en það hefur skrifað ítarlegt bréf um það. Það, sem ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa, er á þessa leið:

„Frv. það, sem hér um ræðir, fjallar um mjög flókin og vandmeðfarin samskiptamálefni á vinnumarkaðinum, auk þess aukna tilkostnaðar sem það hefur í för með sér fyrir atvinnureksturinn. Það er þess vegna mjög misráðið af hálfu ríkisvaldsins að setja fram frv. sem þetta án þess að aðilar vinnumarkaðarins hafi fengið aðstöðu til þess að fjalla um efni þess sameiginlega. Höfum vér áður kynnt félmrh. og samráðh. hans þessi viðhorf og m. a. farið fram á að skipuð yrði nefnd, sem í ættu sæti fulltrúar launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, sem fjölluðu um efni frv. Af þeirri nefndarskipun hefur enn ekki orðið og ítrekum vér hér með ósk vora um að slík nefnd verði skipuð."

Ég gæti lesið ýmislegt fleira úr þessu bréfi sem liggur fyrir frá Vinnumálasambandinu og er allnokkru ítarlegra en það bréf sem liggur fyrir frá Vinnuveitendasambandi Íslands, en ég sé ekki ástæðu til að gera það.

Það liggur líka bréf fyrir sem sent var félmn. Nd. af Alþýðusambandi Íslands. Þar er tekið fram, að það sé einróma álit miðstjórnar Alþýðusambandsins að enda þótt frv. væri ekki í öllum atriðum shlj. till. Alþýðusambands Íslands um þetta efni væri það þess eðlis, að Alþýðusambandið mælti með samþykkt þess. Kemur í mjög stuttri umsögn um þetta frv. fram, að Alþýðusambandið er ekki fullkomlega ánægt með þetta. Svo tala menn eins og það sé einhver goðgá að leggja til að málið verði athugað betur með það fyrir augum að fá sem heppilegasta lausn á þessum flóknu málum, eins og segir í bréfi frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, reyna að fá sem hentugasta lausn.

Í raun og veru er ekki ástæða fyrir mig að fara að svara beint þeim upphrópunum sem komu fram hjá hv. 5. þm. Reykn. og sérstaklega 3. landsk. þm. í garð okkar sjálfstæðismanna. Við þurfum ekki að fyrirverða okkur fyrir afskipti okkar af félagsmálum í þessu landi. Það gæti ekki samkv. þessu farið saman að á undanförnum áratugum, þegar mestar félagslegar framfarir hafa orðið í sögu okkar, hafi Sjálfstfl. á sama tíma haft mest áhrif og lengst á stjórn landsins. En það var ömurlegt að þessir hv. þm. skyldu, um leið og þeir voru að veitast að Sjálfstfl. í þessu efni, minnast á launaafsalið, 3% afsalið í des. Það var sannarlega raunalegt að það skyldi vera gert. (Gripið fram í.) Nú segir hv. 3. landsk. þm. að hann hafi ekki gert það. En ég man þó ekki betur en hann viki að því a. m. k. óbeint.

En það hefur verið talað um hvað ætti að koma fyrir 3%, ef það yrði einhver frestun á þessu frv. Það óhæfilega í þessu máli er, að slík sjálfsögð réttindi sem hér er um að ræða samkv. þessu frv. eða ætlunin er að lögfesta þurfi verkalýðurinn í landinu að kaupa með því að afsala sér samningsbundnum rétti til launa. (**Gripið fram í:** Af hverju ertu þá á móti því?) Þetta er óhæfa. Það er ömurlegt að menn, sem hafa slík vinnubrögð á samviskunni, skuli í staðinn fyrir að fyrirverða sig fyrir þau hafa uppi slík köpuryrði í garð Sjálfstfl. sem hér hafa verið höfð í þessum umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætla að hemja málgleði mína við þessa umr., hefði e. t. v. ekki einu sinni kvatt mér hljóðs hefði ekki komið svo berlega fram í ræðum hv. stjórnarandstæðinga um þetta mál að þeir virðast ekki hafa gert sér grein fyrir hversu lengi viðræður hafa staðið yfir um nákvæmlega þetta mál efnislega á milli aðila vinnumarkaðarins. Er þeim hv. og góðgjörnu þm. út af fyrir sig engin afsökun í því, þótt svo virðist sem núv. forsvarsmenn Vinnumálasambands samvinnufélaganna virðist ekki gera sér grein fyrir því heldur.

Um þetta mál hefur verið deilt áratugum saman efnislega í öllum kjarasamningum verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda á þessu landi. Um þetta mál hefur staðið deila. Um þetta mál hafa verið háð verkföll. Um þetta mál hefur verið deilt jafnvel enn þá lengur en deilt var um rétt sjómanna á togurunum um hvíldartíma á sínum tíma. Um þetta mál hafa verið háð fleiri verkföll.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni og hv. þm. Guðmundi Karlssyni, að hið æskilega hefði verið að um þetta atriði næðist samkomulag í frjálsum samningum verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda. En þetta hefur verið reynt svo lengi án æskilegs árangurs að eðlilegt er að verkalýðshreyfingin neyti þess nú, að þeir flokkar, sem hún hefur sérstaklega til treyst og sérstaklega hafa orðið öðrum fremur við áskorun verkalýðshreyfingarinnar, sitja nú á stjórnarstólum, og fái þetta fært í lög eins og svo ákaflega mörg réttindamál alþýðu hafa verið færð í lög vegna þess að ekki var hægt að ná þeim fram öðruvísi. Ég hygg að það mundi koma í ljós við athugun á vinnudeilum síðustu þrjá áratugina, að næst á eftir kröfum um lagfæringu launa með tilliti til dýrtíðar hafi þessar kröfur borið einna hæst í

þeim verkföllum sem háð hafa verið á því tímabili.

Það var enginn að biðja hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, enda hefði verið ósæmilegt að víkja slíku að honum, um að blygðast sín fyrir afskipti Sjálfstfl. af félagsmálum á landi hér. Þó að honum finnist ekki ástæða til að blygðast sín fyrir afskipti Sjálfstfl. af félagsmálum á landi hér á síðari áratugum, enda hefði hann sennilega gengið úr Sjálfstfl., jafnsómakær maður og hann er, ef honum hefði fundist ástæða til þess að blygðast sín fyrir slíkt, er ekki þar með sagt, að Sjálfstfl. sem slíkur, séu metin mál og málefni sem hann hefur uppi gjarnan í þjóðmálaumr., hefði ekki ástæðu til þess að skammast sín fyrir þessa hluti.

Af ákaflega eðlilegum ástæðum minntist hv. þm. Karl Steinar Guðnason á desembersamkomulagið frá því í vetur, þar sem samið var við þessa ríkisstj. sem verkalýðshreyfingin hefur sýnt oftar en einu sinni að hún ber sérstakt traust til. Það var gert óformlegt samkomulag — að vísu óformlegt samkomulag eins og gjarnan er gert á milli aðila sem treysta hvor öðrum — um að gegn því að látið yrði kyrrt liggja hvort kæmu fullar verðlagsbætur samkv. samningum á laun eða ekki, fengist ígildi þeirrar upphæðar sem þar var um að ræða, í félagslegum umbótum. Ég hygg að margir úr hópi þeirra, sem fastast hafa staðið í ístaðinu fyrir verkalýðshreyfinguna í kjarabaráttunni síðari áratugina, hafi talið að einmitt þetta atriði, sem frv. það felur í sér sem við hér fjöllum um, vægi mjög þungt upp á móti 3% sem voru síðan bætt að öðru leyti líka með fyrirheitum um lögbindingu annarra félagslegra úrbóta — fyrirheitum sem nú er verið að efna.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason sagði: Þetta mál hefur dregist of lengi. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson undirstrikaði að það væri ekki Sjálfstfl. að kenna. Að vísu mun það vera þannig, að Sjálfstfl. óskaði sérstaklega eftir því að afgreiðslu málsins væri frestað. Af eðlilegum þingræðislegum ástæðum var orðið við því.

Ég ætla ekki að kalla ábyrgð á atvinnurekendum gersamlega yfir höfuð Sjálfstfl. og allra síst hv. þm. Guðmundar Karlssonar og Þorv. Garðars Kristjánssonar. En hefðu atvinnurekendur verið fáanlegir til þess að fallast í frjálsum samningum á þær kjarabætur, sem felast í þessu frv., hefði verkalýðshreyfingin greinilega orðið að grípa til enn þá hvassari vopna en þeirra sem felast í möguleikanum til þess að gera verkfall til þess að koma slíku til leiðar. Þetta er margbúið að reyna. Hér er um það að ræða, að við lögfestum núna að verkafólkið skuli fá þessi réttindi. Það má ekki dragast hótinu lengur.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en það eru nokkur atriði vegna seinni ræðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar sem mér finnst nauðsynlegt að láta koma fram.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sagði að í þessu frv. fælust sjálfsögð réttindi, sjálfsögð réttindabót fyrir láglaunafólkið í landinu. Á sama tíma benti hann hv. þingheimi á það, sem er vissulega satt og rétt, að Sjálfstfl. hefði allra flokka lengst í sögu lýðveldisins farið með stjórn mála. Ég held að það sé nokkur vitnisburður um það félagslega réttlæti — eða réttara sagt skortinn á því félagslega réttlæti og þann ójöfnuð sem þróast hefur í þessu þjóðfélagi, að það skuli þurfa með löggjöf á því herrans ári 1979 að knýja fram þessi sjálfsögðu réttindi, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson kallaði svo, eftir að Sjálfstfl. hefur lengst allra flokka farið með stjórn þessa þjóðfélags á lýðveldistímanum. Staðreyndin er nefnilega sú, að það hefur þurft flokka launafólksins í landinu til þess að knýja á um þessar réttindabætur hvað eftir annað, annaðhvort með kjarasamningum eða þá með ítökum sínum í stjórn ríkisins.

Þau réttindi, sem hér eru á ferðinni, eins og rakið hefur verið í þessum umr., hafa samtök launafólks sett á oddinn í kjarasamningum áratugum saman og ávallt hefur Vinnuveitendasambandið staðið gegn þessum réttindum. Ég sé ekki hvaðan hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni kemur sú vitneskja, að allt í einu á næstu mánuðum muni Vinnuveitendasambandið fallast á þessi réttindi, enda hefur það skýrt komið fram af hálfu Vinnuveitendasambandsins að það muni ekki gera það. Vinnuveitendasambandið hefur slegið reikningsstokk á þessi réttindi og áætlað lauslega að þau nemi jafnvirði 18 milljarða kr. á ársgrundvelli. Það er fyrirsláttur einn hjá hv. þm. að það sé einhver von til þess, að þessi réttindi náist fram í betra formi til handa láglaunafólkinu í landinu með því að tefja málið á þann hátt sem hann hefur gert till. um. Það er engin von til þess, vegna þess að það liggur fyrir skjalfest af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands, bæði kom það fram þegar þessar hugmyndir litu fyrst dagsins ljós og þeir slógu reikningsstokk á þessi réttindi og nýlega í yfirlýsingum, að Vinnuveitendasambandið sé ekki til viðræðna við samtök launafólksins í landinu um neitt yfir höfuð á næstu mánuðum. Þá liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir öllum þeim, sem hafa heilbrigða skynsemi og augu sem vilja sjá, að krafa um að vísa þessu máli til samninga Vinnuveitendasambands og launafólksins í landinu er krafa um að reyna að tefja og koma í veg fyrir að lægst launaða og réttindasnauðasta fólkið í þessu landi fái bætur. Og það er e. t. v. vitnisburður sem rétt er að geyma sér í minni eftir þann langa valdaferil Sjálfstfl. sem hv. þm. gumaði svo mjög af áðan, að það skuli þurfa á Alþingi Íslendinga að knýja fram þær réttindabætur, það atvinnuöryggi, þá tryggingu í sjúkdómstilfellum sem gert er með þessu frv. Það er vitnisburður um að við lifum þrátt fyrir allt í þjóðfélagi þar sem lægst launaða fólkið í landinu tugþúsundum saman hefur jafnlítið atvinnuöryggi, hefur jafnlítið tekjuöryggi í veikindatilfellum og raun ber vitni.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sótti sér röksemdir í álit Vinnumálasambands samvinnufélaganna og taldi sig aldeilis hafa höndlað hamingjuna að hafa fengið liðsmenn í framsóknaríhaldinu í SÍS. Því miður er það skoðun okkar sumra, sem höfum verið — og erum reyndar enn — fylgjandi samvinnuhugsjóninni sem félagslegri aðferð til lausnar á vandamálum í þessu þjóðfélagi, að í ýmsum æðstu stöðum innan samvinnuhreyfingarinnar séu menn sem vegna hagsmuna og þjóðfélagshugsjóna á undanförnum árum hafa gengið í lið með klíkunni í Vinnuveitendasambandinu. Þetta eru sömu menn og unnu á ýmsan hátt gegn síðustu vinstri stjórn. Þetta eru sömu menn og voru bakhjarlinn í stjórnarsamstarfi Framsfl. og Sjálfstfl. á síðustu 4 árum. Þetta eru sömu menn og í þessu ríkisstjórnarsamstarfi hafa hvað eftir annað verið að reyna að knýja fram kjaraskerðingu og nota til þess ríkisstj.

Ég kunni ekki við að vera að rifja upp ummæli Vinnumálasambands samvinnufélaga í ræðu minni hér. En ég

hef í sjálfu sér ekkert á móti því að þau séu rifjuð upp. Ég lasta það ekkert sérstaklega. En ég vil jafnframt hæla þm. Framsfl. fyrir að þeir skuli fylgja okkur þm. Alþb. og Alþfl. í því að hafa andmæli Vinnumálasambands samvinnufélaga að engu. Það er til vitnis um að e. t. v. kunni í þessu ríkisstjórnarsamstarfi að vera hægt að fá Framsfl. til þess að standa að réttindaaukningum til handa lægst launaða fólkinu í landinu, þrátt fyrir andstöðu þeirrar forustuklíku í samvinnuhreyfingunni sem hefur leitt samvinnuhreyfinguna allt of langt inn í íhaldsherbúðirnar í þessu landi. En ég vil jafnframt upplýsa hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson um það, að mér er kunnugt um að innan samvinnuhreyfingarinnar í dag eru, bæði meðal félagsmanna hennar og ýmissa forustumanna, mjög harðar gagnrýnisraddir á þá íhaldslínu sem forustan í Vinnumálasambandi samvinnufélaganna hefur fylgt á undanförnum árum. Ég bind miklar vonir við að í röðum samvinnuhreyfingarinnar verði smátt og smátt á næstu mánuðum og missirum þau þáttaskil sem gera okkur hinum auðveldara að vinna með þeim mönnum og ganga heils hugar til langvarandi bandalags við þá um þjóðfélagsbreytingar í þessu landi í þágu hagsmuna launafólks í framleiðslunni, í kjaramálunum og í velferðarmálunum.

Það eru að gerast breytingar innan samvinnuhreyfingarinnar hvað þetta snertir. Þar gera menn sér grein fyrir að til lengdar felur sú stefna, sem ríkt hefur á undanförnum árum hjá Vinnumálasambandi samvinnufélaga, í sér félagslegan dauða og hagsmunatogstreitu samvinnuhreyfingarinnar við launafólkið í landinu. Þess vegna er það bréf, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson las upp úr áðan, fyrst og fremst til vitnis um skoðanir sem ég vona að séu víkjandi innan samvinnuhreyfingarinnar í þessu landi.

Ég vil aftur sérstaklega þakka hv. þm. Framsfl. og ráðh. hans í þessari ríkisstj. að þeir skuli hafa staðið svo dyggilega sem þeir hafa gert — þeir hafa gert það fyllilega og eðlilega — með þessu frv. og öðrum slíkum, þrátt fyrir þær skoðanir sem hv. þm. Þorv. Garðar vitnaði til.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson kallaði það stóryrði þegar ég lýsti því með almennum orðum, hversdagslegu máli, að þegar Vinnuveitendasamband Íslands hefur mótmælt frv. til að bæta kjör og réttindi láglaunafólksins í þessu landi hefur Sjálfstfl. á þingi ávallt stutt sjónarmið Vinnuveitendasambandsins og sótt sér röksemdafærslur í umsagnir Vinnuveitendasambands Íslands. Ég sé ekki að hægt sé að draga neina aðra ályktun af því en að þegar hagsmunir alþýðusamtakanna í landinu og hagsmunir vinnuveitendasamtakanna í landinu rekast á hafi Sjálfstfl. á þingi kosið að standa með Vinnuveitendasambandi Íslands. Það er staðreynd. Það er söguleg staðreynd. Og hún breytist ekkert þótt hv. þm. kalli það upphrópanir eða eitthvað annað. En hitt efast ég ekki um, að ýmsum innan Sjálfstfl. líður e. t. v. nokkuð illa að þurfa að vera í þeirri för þar sem forusta vinnuveitendasambandsklíkunnar gengur fyrst og leiðir þm. Sjálfstfl. á eftir sér. En eins og ég sagði áðan — og ásakanir um upphrópanir munu engu breyta í þeim efnum — munum við sjá til þess ásamt hundruðum og þúsundum launafólks um allt land að ekki bara nú, heldur lengi um ókomin ár verði afstaða Sjálfstfl. hér á Alþ. þegar til umræðu voru þessi sjálfsögðu réttindi, sem hv. þm. orðaði svo, fyrir láglaunafólkið í landinu — verði afstaða Sjálfstfl. til þeirra mála rifjuð upp og alþýðu þessa lands falið sjálfri að draga ályktanir af því, hverra hagsmuna Sjálfstfl. vill gæta þegar í odda skerst.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Umr. hér hafa verið harla athyglisverðar á margan hátt. Ég vil í fyrsta lagi átelja sjálfstæðismenn fyrir framsóknarmennsku í málflutningi — framsóknarmennsku sem var hér helst uppi fyrir 10 árum þar sem menn voru með og móti hverju máli.

Þeir tala um það félagarnir Þorv. Garðar Kristjánsson og Guðmundur Karlsson, að þeir séu hlynntir þessu máli, en þó séu þeir á móti því. Þeir flytja till. um að drepa málið algerlega, en samt eru þeir samþykkir málinu og telja sjálfsagt að gera þetta. Ég hygg að þarna séu menn að gegna erindum sem þeir átti sig ekki alveg á hver séu og því takist svo klaufalega til.

Þessu var öðruvísi farið í þá tíð er Bjarni heitinn Benediktsson var foringi Sjálfstfl. Verkalýðshreyfingin hafði við hann mjög gott samstarf og verður þess getið að verðleikum í sögunni. Þá var samið um lífeyrissjóðsmálið og margt og margt fleira. Aðrir tóku síðan við. Enn er það, að verkalýðshreyfingin leggur áherslu á að semja um félagsleg atriði við ríkisvaldið — þau atriði sem ekki nást fram í samningum. Á síðustu árum var samið um að gera sérstakar úrbætur í húsnæðismálum. Ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur þrisvar sinnum var samið um að gera þær úrbætur. Í öll skiptin var það svikið af þeim mönnum er nú stýra Sjálfstfl. Samið var um það líka að gera úrbætur í heilbrigðis-, öryggis- og hollustuháttum á vinnustöðum. Það var einnig svikið. Það er fyrst núna sem verið er að renna frv. áfram. Það verður lagt fyrir Alþ. næstu daga. En það mál var svikið af fyrri ríkisstj. — mál sem verkalýðshreyfingin hafði lagt mikla áherslu á, en náði ekki fram vegna þess að í ráðherrastólunum voru menn sem voru fjandsamlegir verkalýðshreyfingunni. Nú eru runnir upp nýir tímar. Nú er rætt við verkalýðshreyfinguna eins og verið sé að ræða við einn bróðurinn. Og nú hefur verið gert samkomulag um að verkalýðshreyfingin taki þátt í því, eftir því sem kostur er, að hefta verðbólgu í landinu og jafnframt að hinum ýmsu réttindamálum, sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir, verði komið í höfn.

Það er ekkert leyndarmál, að þau 3%, sem afsalað var í vetur, á að bæta upp með þeim félagsmálapakka sem verið er að afgreiða. Og verkalýðshreyfingin hefur lýst yfir að hún muni taka því fegins hendi. Hitt er annað mál, að það verður tekið eftir því að nú á síðustu dögum þingsins skuli þm. Sjálfstfl. leggja fram rökstudda dagskrá eða nokkurs konar frávísunartillögu. Þeir leggja þar til að launafólk verði svipt þeim samningum sem það gerði í vetur, að þær þúsundir, sem mundu njóta þess að fá fleiri veikindadaga og bætt öryggi, verði af þeim réttindum. Ég harma að það skuli ske og tel að allur almenningur í landinu muni veita því verðuga athygli að það eru einmitt hinir nýju forustumenn Sjálfstfl. sem láta hafa sig í þessi verk. Ég skora nú á þá að greiða frv. atkv. svo að þeir geti verið með í þessum umbótum, og væri það góð viðbót við gifturíkan feril Þorv. Garðars Kristjánssonar í mótun félagsmálalöggjafar á Íslandi ef hann slægist í hópinn, en yrði ekki dragbítur á þetta mál.

Við erum vafalaust allir sammála um það hér, að æskilegast er að aðilar vinnumarkaðarins sjái um samningagerð að fullu og öllu leyti. En þar sem ekki tekst að ná fram sjálfsögðum réttindamálum, þar sem ekki næst

samstaða um að bæta úr fyrir þeim sem verst eru settir í þjóðfélaginu verður ríkisvaldið að grípa í taumana og stýra þeim málum. Það er lífsskoðun mín að svo verði að vera. Sagan segir okkur að löggjafinn verður að grípa inn í og hafa forustu um ýmis mál sem aðilar vinnumarkaðarins hafa ekki getað leyst. Svo var vissulega þegar vökulögin voru sett. Svo var þegar lög um rétt verkafólks voru sett. Svo var þegar jafnlaunalög voru sett í kringum 1960. Og svo var og þegar verkalýðshreyfingin gerði samkomulag við ríkisvaldið um að komið yrði á lífeyrissjóðum og afsalaði sér launum til þess að það gæti orðið.

Jón Ásbergsson: Herra forseti. Sem nýliði í þessari hv. d. hefði ég að öllu jöfnu kosið að láta það mál, sem hér er til umr., fara fram hjá mér án þess að taka til máls, því að ég hef ekki haft tækifæri til að fylgjast með málatilbúninginum á Alþ. í vetur hvað þetta varðar. En nokkrir hv. alþm. — garpar miklir — hafa kastað spjótum sínum á þá sem þeir kalla útsendara atvinnurekendaauðvaldsins. Nú er það svo, að við erum ekki margir hér á þingi nú sem teljumst til hinnar raunverulegu atvinnurekendastéttar, við erum líklega ekki nema tveir hér í þessari hv. d. og erum þar að auki ekki beinlínis útsendarar þessa auðvalds, en líklega vitum við betur en flestir hér inni hvað þessar sjálfsögðu réttindabætur þýða fyrir atvinnureksturinn.

Ég er algerlega sammála þeim ræðumönnum sem hér hafa talað um þessi réttindi, að þau eru sjálfsögð upp að ákveðnu marki. Réttur, sem nýttur er til hins ítrasta, verður oft og tíðum óréttur gagnvart öðrum. (**Gripið fram í:** Hvað um hina réttlausu?) Sem dæmi vil ég lesa hér upp eina mgr. 5. gr. þessa frv. Þar segir:

„Allt fastráðið verkafólk, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfellt, skal, er það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa, eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, í einn mánuð."

Síðan segir áfram að ef viðkomandi hafi unnið 3 ár samfellt skuli hann fá laun greidd í 2 mánuði og hafi hann unnið 5 ár samfellt laun í 3 mánuði. Þetta eru sjálfsögð réttindi. En dómar hafa fallið í Hæstarétti sem útskýra þennan rétt nánar. Rétturinn er sá, að viðkomandi nýtur þessa sjálfsagða réttar í hverju sjúkdómstilfelli, en sjúkdómstilfellin geta verið margs konar, allt frá bakverk eða hausverk upp í lungnabembu og hvað eina, þannig að einn og sami launþeginn getur verið frá störfum allt árið. Hann getur mætt til vinnu einn dag eða tvo daga og fengið svo eitthvert sjúkdómstilfellið, fengið vottorð út á það og síðan verið frá vinnu. Sá, sem hefur unnið 5 ár eða lengur, þarf ekki á einu ári að hafa nema einhver 4 sjúkdómstilfelli. Þá getur hann verið frá vinnu allt árið. Hugsanlega eru þetta sjálfsögð réttindi. En við þessir litlu karlar, sem enn þá erum í atvinnurekstrinum, berum okkur illa undir þessu. (Gripið fram í.) En hver á þá að bera bölið? Eru það hinir illu atvinnurekendur sem eiga að líða þetta böl einkum og sér í lagi?

Sá hv. þm., sem hér hefur mest talað, neitar því reyndar að hafa verið stóryrtur. Hann kvaðst hafa beitt hversdagslegu máli. Ég segi fyrir mig, að ef hann talar svona hversdagslega á ég varla von á því að hann eigi marga áheyrendur. Það skyldi þó aldrei vera að hv. þm. hafi fengið samviskubit — varla er hann samviskulaus — því að hann er fulltrúi fyrir þann flokk sem fyrir tæpu ári talaði sem hæst um „samningana í gildi". Þeir skipulögðu útflutningsbönn, yfirvinnubönn og fjöruga fundi. Það hefur ekki orðið af neinu slíku í ár. En þessir hinir sömu menn hafa kauprænt almenning nákvæmlega — 3% kauprán sem átti að endurgreiða m. a. með því frv. til l. sem hér er til umr.

Ég vil að lokum taka undir það með flokksbræðrum mínum, Guðmundi Karlssyni og Þorvaldi Garðari, að þetta réttindamál er sjálfsagt. En á einhvern hátt þarf að takmarka þann rétt, þannig að ekki verði um leið óréttur gagnvart öðrum.

Jón Helgason: Herra forseti. Það er aðeins til að leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hv. 3. landsk. þm., að við framsóknarmenn í þessari hv. d. séum í andstöðu við samvinnuhreyfinguna þegar við samþykkjum eða styðjum þetta frv. Enda þótt í bréfi því frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, sem lesinn var stuttur kafli úr áðan og ég hef reyndar ekki séð, kunni að vera bent á einhverja annmarka við samþykkt þessa frv. er það ekki í andstöðu við samvinnuhreyfinguna að bæta kjör eða aðstöðu þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Allir vita að samvinnuhreyfingin er stofnuð til þess að jafna aðstöðu fólks og að því vinnur hún.

Það er rétt, að ýmsum samvinnumönnum hefur stundum fundist vera of lítill munur á afstöðu Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna við kjarasamninga. Þegar við höfum að því spurt höfum við fengið þá skýringu, að þar sem þeir eðli málsins samkv. sitja sömu megin við samningaborðið komi ekki alltaf fram sá mismunur sem hefur verið á vinnubrögðum þeirra. En þar sem aðrir eiga ekki betri aðgang að því að fá upplýsingar um þá sögu en hv. 3. landsk. þm. veit ég að hann mun fá réttar upplýsingar um hana.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera örstutta aths., sem upphaflega var ætlað að vera við ræðu hv. þm. Jóns Ásbergssonar. En vegna ræðu hv. þm. Jóns Helgasonar vil ég taka skýrt fram, að orðum mínum var ekki beint gegn samvinnuhreyfingunni. Ég hef alltaf gert skýran greinarmun á samvinnuhreyfingunni í landinu annars vegar og Vinnumálasambandi samvinnufélaga hins vegar. Ég er mér fyllilega meðvitandi um þann eðlismun sem þar er á, sem betur fer. Og ég veit að það er ekki langt á milli okkar hv. þm. Jóns Helgasonar um það, hvert beri að stefna í þessum efnum.

Hv. þm. Jón Ásbergsson hefur ekki setið lengi hér í þessari d., en ég hef yfirleitt talið ræður hans fagnaðarefni og vona að hann haldi áfram þann tíma sem hann situr hér í d. og taki sem oftast til máls. Hv. þm. Jón Ásbergsson hefur ekki enn þá tamið sér — og ætlar kannske ekki að temja sér, og væri það vonandi — þá grímu sem aðrir þm. Sjálfstfl. hafa tamið sér á löngum ferli og ætlað er að dylja hina raunverulegu afstöðu.

Hv. þm. Jón Ásbergsson hafði hreinskilni til þess að koma hér upp og segja að það yrði að takmarka þennan rétt launafólksins í landinu, hann mætti aðeins koma upp á borð löggjafa að vissu marki, en þar ætti að gæta þess að réttur launafólksins í veikindatilfellum, í slysatilfellum og hvað snertir atvinnuöryggi væri takmarkaður. Það er vissulega þakkarvert að þessi nýliði Sjálfstfl. hér í hv. d. skuli hafa hreinskilni til þess að segja það sem hinir í raun

og veru meina, en eru að fela með fáránlegri till. um rökstudda dagskrá. Það er álíka hreinskilni og þegar þessi ágæti þm. talaði hér í umr. um efnahagsmál, um efnahagsfrv. forsrh., og eftir að hafa gagnrýnt það lýsti hvað það væri sem hann teldi að ætti að taka við. Jú, það var till. um nokkur stykki nýjar erlendar stórverksmiðjur, erlend stóriðjuver í þessu landi, sem ættu að vera á Suðvesturlandi til þess að leysa efnahagsvanda þjóðarinnar, — hann væri nú ekki meiri en svo, að nokkur stykki erlend stóriðjuver á Suðvesturlandi gætu leyst þann vanda. Og mér fannst það skemmtileg söguleg tilviljun að hann skyldi flytja þá ræðu sem varamaður hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem frægur varð fyrst að marki í íslenskum stjórnmálum fyrir boðskap sinn um „20 álverksmiðjur takk", til að leysa efnahagsvanda íslensku þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Já, það er alveg rétt, þeim fer fækkandi.

Munurinn á þessari hreinskilni og annarri afstöðu Sjálfstfl. er að aðrir þm. Sjálfstfl. hafa ekki haft hreinskilni hér í d. til þess að taka umbúðirnar utan af hinni svokölluðu nýju efnahagsstefnu Sjálfstfl., „endurreisn í anda frjálshyggju", sem þegar hugmyndafræðibúningurinn er tekinn utan af þýðir ekkert annað en aukið erlent forræði í efnahagslífi Íslendinga. Ég vil þess vegna nota tækifærið til þess að hvetja hv. þm. eindregið til þess að taka sem oftast til máls í þessari d., svo að við fáum klárt og kvitt hér í d. og í Alþt. það sem í raun og veru er innan í umbúðunum um stefnumál Sjálfstfl., bæði í efnahagsmálum og gagnvart launafólkinu í þessu landi.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hér hefur margt og mikið verið sagt og mig langar aðeins til að leggja orð í belg. Það, sem mig langar til að segja, er fyrst og fremst það, að mér finnst hálfgert okurkarlabragð að þessu frv. Ég get ekki hugsað mér að eins sjálfsögð réttindi og þessi þurfi að kaupa fyrir umsamin laun. Ég vildi bara segja að dýr mundi Hafliði allur ef í staðinn fyrir þær miklu félagslegu umbætur, sem afgreiddar hafa verið frá þessari d. á undanförnum árum, hefðu átt að koma í hvert sinn bætur frá launþegahreyfingunni í formi lækkaðs kaups. Hvar hefði það endað?

Ég get ekki annað sagt en að þetta eru að vísu sjálfsögð réttindi, en þau eru mjög takmörkuð. Það var eins og Jón Ásbergsson sagði: þessi löggjöf, verði frv. að lögum, takmarkar þessi réttindi verkamanna mjög mikið. Það má kannske deila um hvort nú sé nógu langt gengið eða ekki. En ég vil taka það fram, að löggjöf hefur verið í undirbúningi mörg undanfarin ár á vegum fyrrv. ríkisstj., þótt hún hafi ekki litið dagsins ljós enn þá, og varðandi atvinnusjúkdóma og aðstöðu á vinnustöðum hafa nefndir verið í gangi alllengi til þess að semja slík lög. Hvort það, sem frá þeim nefndum mundi hafa komið, hefði verið í þessu eða svipuðu formi skal ég ekki um segja, en mig langaði aðeins með þessum orðum til þess að vekja athygli á því, að mér finnst of mikið verslunarbragð af þessu frv., mér finnst of mikið okurkarlabragð af því.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. frekar með löngu máli, en mig langar að koma inn á vitnisburð hv. þm. Jóns Helgasonar fyrir Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Hann taldi að þeir væru svo okaðir af Vinnuveitendasambandinu að þeir gætu ekki komið að sjónarmiðum sínum. Ég býst við að þessu sé dálítið öðruvísi farið. Það er svo með þá sem stjórna fyrirtækjum fyrir Sambandið, að þeir eru háðir nákvæmlega sömu lögmálum og þeir sem reka frjáls atvinnufyrirtæki úti á landinu. Þeir gera sér grein fyrir að þeir verða að borga fyrir gerðar skuldbindingar og fyrir áunnin réttindi og alla réttindaauka og verða að gera sér grein fyrir hvort fyrirtækin geti greitt þá bagga sem verið er að binda þeim. Annað held ég það sé ekki.

En mér finnst satt að segja í sumum tilvikum koma fram hjá stjórnarliðum, að það sé núna verið að leiða verkafólkið í landinu á leiðarenda. Ég held að það sé mikill misskilningur. Menn hafa talað um að deilur hafi staðið um þetta mál í áraraðir og jafnvel áratugi. Þetta er alveg hárrétt. Og deilur munu halda áfram. Þetta er eðli þess lífs sem lifað er úti á landsbyggðinni og reyndar hér í Reykjavík líka. Þessir aðilar hljóta að halda áfram að takast á um réttindi og skyldur. Þar breytir engu um samþykkt þessa frv. Þar fyrir er ég á því, að þarna séu sjálfsögð réttindi á ferðinni. En aðferðin til þess að ná þeim tel ég að sé röng.

Eitt er það sem segja má að sé sameiginlegt vandamál vinnuveitenda og verkalýðsforustu. Ákveðinn hópur fólks misnotar áunnin réttindi. Við vitum að læknastéttin á þar í erfiðleikum. Hún er að gefa út alls konar vottorð sem í mörgum tilvikum standast kannske illa. Þetta vita báðir aðilar sem eru þarna í forustu. Það þarf að vinna að því að slík misnotkun verði sem minnst.

Frsm. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það eru orðnar lengri umr. um þetta mál en maður hafði gert ráð fyrir af tilefni þeirrar dagskrártill. sem við hv. 5. þm. Suðurl. höfum lagt fram. Ég skal ekki fara að elta ólar við allt sem sagt hefur verið frá því að ég talaði síðast.

Hv. 3. landsk. þm. hefur mikinn áhuga á því að hv. þm. Jón Ásbergsson tali sem oftast í þessari d. Ég tek undir með honum. Ég vona að við eigum eftir að heyra hann oft tala í þessari d. En þá verður hv. 3. landsk. þm. líka að vanda sig betur þegar hann svarar vel uppbyggðum og góðum ræðum hans og betur en hann sýndi sig gera áðan.

Hv. 3. landsk. þm. gerir sér grein fyrir og margsagði það, að við sjálfstæðismenn, sem stöndum að minnihlutaálitinu, teljum — hann tók upp mín orð — að hér sé um hið þýðingarmesta mál að ræða. En hv. 5. þm. Reykn. hefur greinilega ekki skilið þessa afstöðu okkar, hvað oft sem við höfum undirstrikað hana. Hann segir orðrétt, að með því að flytja dagskrártill. viljum við drepa málið algerlega. Þetta segir hv. þm. þó að það sé sérstaklega tekið fram í dagskrártill. og lögð áhersla á það, að þeirri athugun, sem við gerum ráð fyrir, sé hraðað svo að hægt sé að leggja málið fram í byrjun næsta þings. Ég þykist vita að þegar hv. 5. þm. Reykn. athugar þetta betur sjái hann hið rétta í þessu, eins og kom líka greinilega fram í máli hans, að hann sá hið rétta í afstöðu Bjarna heitins Benediktssonar til félagslegra mála í landinu. Hv. þm. sá það og taldi ýmis atriði sem var komið í framkvæmd undir stjórn þess ágæta foringja Sjálfstfl. Var það einmitt undirstrikun á því sem ég sagði áðan, að jafnan þegar Sjálfstfl. hefði verið í stjórn hefði einmitt miðað í rétta átt í hinum félagslegu málum.

En það, sem er kannske erfiðast við að eiga í þessum umr., ef hægt er að komast svo að orði, er afstaða Ólafs Ragnars Grímssonar, hv. 3. landsk. þm. Mér virðist að

hann tali nokkuð öðru máli en — mér liggur við að segja: flestir hv. dm. gera. Þegar hann talar um Vinnuveitendasamband Íslands talar hann í þeirri tóntegund, að maður getur ekki ætlað annað en það sé skoðun hans að best væri að þessi klíka, sem hann svo kallar, væri ekki til, — maður getur ekki ætlað annað, — að það væri ekki Vinnuveitendasambandinu fyrir að fara. Og hann hneykslast á því, að ef Vinnuveitendasambandið kemur með einhverja skoðun geti mönnum þótt rétt að líta á það mál. Það á fyrir fram að dæma allt óalandi og óferjandi sem kemur úr þeirri átt. Svo segir hann að við sjálfstæðismenn séum náttúrlega verkfæri þessara óþurftarsamtaka. En ég held að menn átti sig á því, og jafnvel ýmsir góðir menn í flokki Ólafs Ragnars Grímssonar, að vinnuveitendasamtökin eru mjög mikilvæg og þýðingarmikil samtök í landinu. Þau eru svo þýðingarmikil, að ef þau væru ekki gætum við ekki hugsað okkur heldur að það væru verkalýðssamtök. (Gripið fram í.) Jú, segir hv. 3. landsk. þm. Við þekkjum slík verkalýðssamtök. Við þekkjum slík samtök fyrir austan járntjald. En við þekkjum ekki verkalýðssamtök í lýðfrjálsum löndum öðruvísi en það séu líka samtök viðsemjenda þeirra.

Þegar við sjálfstæðismenn metum hvort við tökum tillit til hugmynda sem fram koma hjá atvinnurekendum eða launþegum, þá höfum við þetta í huga. Við teljum hvor tveggja þessi samtök jafnþýðingarmikil og við hikum ekki við að taka tillit til hugmynda og tillagna þessara aðila vinnumarkaðarins, hvort sem er frá Alþýðusambandi Íslands eða Vinnuveitendasambandi Íslands. Við teljum skyldu okkar að vega og meta í hverju einstöku tilfelli hvað skuli gera, hvort í hugmyndum þessara aðila sé eitthvað sem að gagni megi verða. Við erum ekki fyrir fram uppfullir af fordómum gegn öðrum aðilanum. Ef við værum það værum við í raun og veru uppfullir af fordómum gegn því skipulagi sem við búum núna við, hinum frjálsa samningsrétti og hinu frjálsa, lýðræðislega þjóðfélagi. Þetta þurfum við að hafa allt í huga. Ég held að ef hv. 3. landsk. þm. hefur þetta í huga og hefði haft það í huga hefði hann stillt í hóf ýmsu því sem hann beindi að okkur sjálfstæðismönnum í þessu efni.

Þetta eru lokaorð mín í þessari umr., og ég vil leggja áherslu á það, sem við sjálfstæðismenn höfum allir gert, að við viljum að þetta mál nái fram að ganga. En við viljum gera tilraun til þess að gera það betur úr garði en hér er. Við fáum ekki orða bundist yfir þeirri óhæfu, að svo sjálfsagt mál skyldi vera gert að verslunarvöru með því að heimta á móti að verkalýðurinn gæfi eftir 3% af umsömdu kaupi í des. s. l.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Búin er að standa í þessari þd. umr. í hálfan annan klukkutíma, sem ég hef hlustað gaumgæfilega á, og niðurstaðan er sú, að allir virðast sammála um málið. Hér hefur talað hinn ágæti þm. Oddur Ólafsson og sagt að sér fyndust þetta alveg sjálfsögð réttindi, hv. þm. Guðmundur Karlsson að ekki ætti að þurfa að tala um þetta, þetta væru svo sjálfsögð réttindi, og forseti d., Þorv. Garðar, telur þetta alveg sjálfsögð réttindi og skömm að því að vera að gera þau að verslunarvöru. Samt sem áður vilja verkalýðssamtökin þó fá þetta fram í lagaformi og hafa boðið á móti eftirgjöf á vísitölustigum, vegna þess að hvernig sem að málunum hefur verið unnið undanfarið hafa þessi sjálfsögðu réttindi ekki náðst fram. Ég ætla því að vona eftir þá ágætu umr., sem hér hefur farið fram, og yfirlýsingar manna, að öll þd. samþykki þessi sjálfsögðu réttindi.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég vil enn ítreka það, að ríkisvaldið gerði hvað eftir annað tilraun til þess að hafa samráð við vinnuveitendasamtökin um samningu þessa frv., en þeir aðilar hlupu frá borði og þar eru þeir í dag.

Ég vil og vekja athygli á þeirri dæmalausu hræsni sem kemur fram hjá sjálfstæðismönnum þar sem þeir segjast hver um annan þveran vera samþykkir þessu frv., en þeir séu samt á móti því, þeir vilji bara fresta málinu, þeir vilji bara drepa málið. Þeir vita í raun og veru að ef þetta mál dettur upp fyrir á þessu þingi hlýtur það að kosta andsvör verkalýðshreyfingarinnar og ófrið sem enginn í raun vill fá. Í raun eru þeir innst í hjarta sínu á móti þessum réttarbótum, en þora ekki að vera á móti þeim hér á Alþ. vegna þess að augu verkakonunnar niðri í frystihúsi eða verkamannsins horfa til þeirra manna sem leggja sig í það að reyna að drepa þetta mál. Augu þessa fólks hvíla á þeim mönnum og taka eftir því, hvernig þeir greiða atkv. nú á eftir, hvort þeir muni út þennan fund halda áfram að hræsna eða hvort þeir muni fara að þeim óskum, sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson lét í ljós áðan, að allir þdm. sæju sóma sinn í því að vera meðmæltir þessu máli.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 549 felld með 10:4 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 77. fundur.

Miðvikudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að biðja um orðið utan dagskrár út af afgreiðslu mála hér í hv. þd. og Alþ. og það er þá fyrst og fremst út af stjfrv. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979. Það frv. var óvenjulega síðbúið á þessu þingi, var ekki lagt fram fyrr en 21. febr., 1. umr. um frv. stóð alllengi, en því var vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. 19. mars og frá n. er það ekki komið þó liðið sé á annan mánuð.

Það er ekki oft sem stjórnarandstöðuþm. standa upp í Alþ. til að óska eftir að stjfrv. séu afgreidd. Það má því segja að þetta teljist til undantekninga. Ríkisstj. á hverjum tíma hlýtur að eiga að fylgja eftir afgreiðslu mála sinna, en það virðist ekki eiga sér stað hvað þetta mál snertir eða þá að erfitt er að fá stjórnarliða til þess að afgreiða þetta mikilvæga mál úr nefnd.

Til samanburðar við s. l. ár vil ég nefna, að 14. des. 1977 var sams konar frv. um ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978 lagt fram á Alþ. og 21. des. hafði það frv. verið samþ. sem lög frá Alþ. Það tók m. ö. o. eina viku fyrir rúmu ári að afgreiða frv. sem átti að fylgja lánsfjáráætluninni, en nú er senn liðinn þriðjungur af því ári

sem lánsfjáráætlun nær til, án þess að frv. sé afgreitt frá hv. fjh.- og viðskn.

Eins og fram kom við 1. umr. málsins lýstu nokkrir þm. stjórnarflokkanna yfir mikilli óánægju sinni með tiltekin atriði í þessu frv. og voru jafnvel á móti ákveðnum atriðum. Yfirleitt er sá háttur hafður á, að þegar ríkisstj. leggur mál sín fyrir Alþ. sé búið að ræða þau mál í stjórnarflokkum og nokkurn veginn að ákveða framgang slíkra mála. En teknir hafa verið upp nýir siðir á yfirstandandi þingi og afgreiðsla þessa máls því verið með endemum.

Mér er sagt, og það er örugglega rétt, að um þetta mál sé ágreiningur í stjórnarflokkunum. En ég held að þegar á döfinni er mál eins og fjáröflun til að mæta fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verði að jafna eða skera úr slíkum ágreiningi. Það er ekki nokkur leið að láta líða 4 mánuði af árinu án þess að frv. verði að lögum, hvað þá lengri tíma. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hann telji að enn þurfi að bíða eftir afgreiðslu þessa mikilvæga máls. Ég veit mjög vel að hann gerir sér ljóst að fjárfestingarlánasjóðir hafa sumir hverjir verið lokaðir það sem liðið er af þessu ári og hafa ekki afgreitt eina einustu lánsbeiðni. Nú er komið fram á mesta framkvæmdatíma á árinu. Það er nauðsyn fyrir bæði einstaklinga og aðra, sem um lán sækja í þessum sjóðum, að fá eitthvað að vita um hvað þeir fá þegar komið er fram á sumar. Enn fremur langar mig að spyrja að því, þótt það heyri ekki beint undir fjmrh., heldur öllu frekar hæstv. forsrh. sem oddvita ríkisstj., hvað líði ákvörðun ríkisstj. um lánakjör til fjárfestingarlánasjóðanna. Auðvitað er ekki nóg að afgreiða frv. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir þetta ár ef það á svo að bíða vikum eða mánuðum saman eftir ákvörðun ríkisstj. um lánakjörin. Ég vænti þess, að í forföllum hæstv. forsrh. geti hæstv. fjmrh. eða einhver annar ráðh. ríkisstj. skýrt Alþ. frá því, hvað líði þessari ákvörðun. Hefur hún þegar verið tekin, eða megum við búast við því að hún verði tekin alveg á næstunni?

En það eru fleiri mál, sem mér finnast vera síðbúin á þessu þingi, en þetta mikilvæga mál. Það er orðin alllöng bið eftir því að sjá vegáætlun lagða fram á hv. Alþ. Mér finnst að það sé kominn tími til, ef ekki á að leggja niður allar vegaframkvæmdir í landinu, að vegáætlun fari að sjá dagsins ljós. Ég hygg að hæstv. samgrh. verði að fara að taka til höndunum og láta alþm. sjá vegáætlunina, því að hún hlýtur auðvitað að þurfa sinn tíma hér á Alþ., bæði í hv. fjvn. og svo á fundum þm. hinna einstöku kjördæma. Það er ekki hægt að búast við því, að afgreiðsla vegáætlunar verði hrist fram úr erminni á 2—3 dögum eins og frv. sem liggja mjög beint fyrir. Hér er um viðkvæma og erfiða skiptingu fjármagns að ræða, eins og allir hv. þm. þekkja.

Ég vil svo líka víkja að þriðja málinu, og þá kem ég enn að því, að fátítt er, eins og ég sagði áðan, að stjórnarandstæðingar hvetji ríkisstj. til að afgreiða eigin mál. Mér finnst vera orðin dapurleg niðurstaða á göngu eins frv. til viðbótar því sem ég hef nefnt, en það er frv. um ráðstöfun gengishagnaðar sem er staðfesting á brbl. sem ríkisstj. gaf út nokkrum dögum eftir að hún tók við völdum. Þetta frv. var búið að vera á dagskrá hér vikum saman. 2. umr. lauk með miklum erfiðleikum. Þá var gerð nokkur breyting á frv. Þá bjóst ég við að reynt yrði að hraða 7. máli þingsins og lögfesta þetta frv. sem var lagt fram í þingbyrjun, en það hefur verið að dragnast á dagskránni núna. Þetta er annar fundurinn eftir páska, og jafnvel þó menn séu ekki ánægðir með þá breytingu sem varð á frv. hygg ég að heill og velferð þingsins sé í veði verði þetta mál ekki afgreitt. Ég tel að ekki sé vansalaust fyrir Alþ. að láta framkvæma skiptingu á milljarðafjármagni samkv. brbl., sem ráðh. lagði fram til staðfestingar á Alþ. fljótlega eftir að þing kom saman, jafnvel þó að viðkomandi ráðh. sé óánægður með breytingu sem samþ. var á brbl eftir 2. umr. málsins.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en þakka hæstv. forseta fyrir að veita mér góðfúslega leyfi til að tala utan dagskrár. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. gefi upplýsingar um það mál sem ég gerði aðallega að umræðuefni.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. hefur vakið máls á því, hvað líði meðferð lagafrv. sem flutt var í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. og fjallaði aðallega um lánsheimildir í samræmi við þá stefnu sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin markar. Ég talaði fyrir þessu máli við 1. umr. 28. febr., minnir mig vera, hafði framsögu fyrir málinu þá. Ég get vel viðurkennt að mér urðu það vonbrigði að ekki var hægt að afgreiða þetta mál fyrir áramót, fyrir jólin. Ég hafði lagt nokkra áherslu á að það yrði gert, en eðlileg málsmeðferð er að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fylgi fjárl. Það fór þó svo fyrir jólin, að miklu meiri tími fór í afgreiðslu fjárl. en ástæða var til að ætla. Því vannst ekki tími til að ljúka þessu máli fyrir áramótin, þó að í raun og veru væri búið að vinna málið af hálfu ríkisstj. og af hálfu fjmrn. fyrir áramótin.

Ég sé í Alþingistíðindum að ég hef rætt þetta mál aftur 14. mars. Ég sagði þá í upphafi ræðu minnar, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Skýrsla ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ásamt frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir o. fl. hefur verið hér til meðferðar í hv. þd. alllengi. Ég vildi leyfa mér að beina því til hv. fjh.- og viðskn., sem eflaust fær þetta mál til meðferðar, að reyna að hraða afgreiðslu þess þegar þar að kemur, vegna þess að það fer að verða óþægilegt að bíða eftir samþykkt frv."

Ég vil gjarnan skýra frá því, að eftir þetta hef ég rætt það við formann hv. fjh.- og viðskn. að nauðsynlegt sé að hraða þessu máli, því að töf á afgreiðslu fer að valda truflunum í atvinnulífinu, sérstaklega þó í iðnaðinum og e. t. v. í sambandi við orkuframkvæmdir sem þurfa sína peninga að sjálfsögðu. Ég get því tekið undir það með hv. 1. þm. Vestf. að auðvitað þarf að hraða þessu máli. Mun ég reyna að leggja á það áherslu eins og hingað til, þó að það hafi ekki borið meiri árangur en raun ber vitni, að svo verði gert. Ég vonast til að ekki líði ýkjamargir dagar áður en málið kemur fyrir Nd. og hægt verði að hraða meðferð þess í gegnum báðar deildir þingsins.

Ég vil vekja athygli á því í sambandi við þessa umr. utan dagskrár, að í nýsettum lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. fjallar sérstakur kafli um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstj. Samkv. þeim kafla hefur verið lögfest sú lagaskylda, að ríkisstj. skuli leggja fyrir Alþ. fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skuli þær fylgja fjárlagafrv. Um leið og ég get tekið undir aðfinnslur hv. 1. þm. Vestf. í sambandi við meðferð málsins vil ég skírskota til þessa. Það er brýn nauðsyn á því, að fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin fylgist að hér á Alþ. Þetta eru svo nátengd mál á alla vegu

að eðlilegt er að fjallað sé um þau jafnhliða.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þm. spurðist fyrir um, um lánakjör fjárfestingarlánasjóða, get ég upplýst að Framkvæmdastofnun ríkisins og Seðlabankinn hafa fyrir alllöngu skilað ríkisstj. till. um lánakjörin, eins og fyrir er mælt í lögum. Ég var að vísu fjarverandi tvo fundi í ríkisstj., en ég veit ekki betur en ríkisstj. hafi samþ. fyrir sitt leyti þær till. um almennu stefnuna. Síðan gengur þetta til einstakra fjárfestingarlánasjóða sem ákveða nánar útlánakjörin.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það vill þannig til, að orðið hafa ýmis forföll í forustu fjh.- og viðskn. d. — af eðlilegum ástæðum þó. Bæði formaður n. og varaformaður sitja á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf sem fulltrúar þingflokka sinna. Ég tek skýrt fram, að ég tel þó að fjarvera þeirra hafi á engan hátt orðið til að tefja störf í n., þannig að ekki sé því um að kenna að umrætt frv. að lánsfjáráætlun er ekki komið til 2. umr. hér í d. Það hefur komið í minn hlut að gegna störfum formanns í þessari n. síðustu dagana — og frá því reyndar skömmu fyrir páska — vegna fjarveru þessara tveggja þm. Af þeim ástæðum hef ég séð ástæðu til að leggja hér orð í belg.

Ég tel að út af fyrir sig sé ekkert óeðlilegt að hv. 1. þm. Vestf. kveðji sér hljóðs utan dagskrár til að minna á þetta mál. Það er óumdeilt, að auðvitað er það ekki gott að enn skuli lánsfjáráætlun ekki hafa verið afgreidd. Það skortir, að ég hygg, ekkert á vilja manna, hvorki í fjh.- og viðskn. Nd. né þm. almennt, til að reyna að hraða þessu máli, og ég vil segja það af minni hálfu, að ég hef fullan hug á að það gæti orðið.

Ég tek það fram, að boðaður er í fyrramálið fundur í fjh.- og viðskn. d. Ekki get ég fyrir fram tekið ábyrgð á því, að hann verði sá síðasti um þetta mál, en það er stefnt að því að reyna að hraða afgreiðslu þess eins og frekast er unnt. Við höfum kvatt á fundi n. fjölmargra aðila til þess að fræðast af þeim um ýmis þau atriði sem n. í heild eða einstakir nm. úr hinum ýmsu þingflokkum hafa talið ástæðu til að leita sérstaklega upplýsinga um. Þetta hefur allt verið nokkuð tafsamt, því er ekki að neita. Auðvitað stafar þessi töf einnig að nokkru leyti af því, að menn hafa viljað leitast við að skapa sem víðtækasta samstöðu í n. um afgreiðslu málsins.

Það er rétt, sem hv. þm. Matthías Bjarnason gat um, að við 1. umr. málsins kom fram ákveðin gagnrýni varðandi einstakar greinar þessa frv., m. a. frá einstökum þm. stuðningsflokka ríkisstj. Auðvitað hefði þetta allt gengið eitthvað hraðar ef allir hefðu frá upphafi verið nákvæmlega sammála. En aðalatriðið er að takast megi, áður en veruleg töf hefur orðið til viðbótar við það sem nú þegar er staðreynd, að koma frv. út úr n. og þá helst þannig að því hafi a. m. k. ekki hrakað í meðförum n. Vil ég vænta þess, að það sé spurning um fáa daga — vonandi mjög fáa — hvenær fjh.- og viðskn. Nd. lýkur afgreiðslu málsins. Ég hef bæði fullan skilning á þeirri þörf sem fyrir hendi er á því að fyrirbyggja verulega töf á afgreiðslu þessa máls og einnig fulla trú á því, að okkur muni auðnast hér í d. að ljúka málinu fljótt eftir að það kemur út úr n. og lánsfjáráætlun geti þá farið til Ed. og orðið afgreidd þar áður en margir dagar líða. — Þetta vildi ég sagt hafa.

Auðvitað er það ekkert einsdæmi að afgreiðsla lánsfjáráætlunar dragist dálítið fram á það ár sem henni er ætlað að gilda. Að vísu var hún á síðasta ári afgreidd í des. Auðvitað er það besti kosturinn og sjálfsagt að það sé reynt þegar unnt er það er til fyrirmyndar í raun og veru. En um hitt eru líka finnanleg dæmi í þingsögunni frá síðari árum að afgreiðsla lánsfjáráætlunar hafi átt sér stað nokkru eftir áramót. Þetta ár lendir óhjákvæmilega í þeim hópi, enda áætlunin ekki lögð fram fyrr en komið var nokkuð fram á þetta ár. Það mun hafa verið í síðasta mánuði — mars — sem hún var lögð fram af hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj.

Ég þarf ekki að segja öllu fleira, en vildi láta þessa getið með tilliti til þess að ég gegni um stundarsakir formennsku í viðkomandi nefnd.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir orð hv. 1. þm. Vestf. sem hann hefur látið falla varðandi afgreiðslu á lánsfjáráætlun og frv. um heimild til erlendrar lántöku og ábyrgðarheimildir sem er til meðferðar og er nú til afgreiðslu eða umsagnar hjá hv. fjh.- og viðskn. Ég held að allir séu um það sammála, að slík vinnubrögð geta ekki gengið ef við viljum á annað borð haga málum með þeim hætti sem skynsamleg og góð fjármálastjórn kallar á. Ég vil líka taka fram, að ekki er við formann hv. fjh.- og viðskn. né þann, sem gegnir nú formennsku, að sakast í þessum efnum, enda kom það strax fram við 1. umr., eins og hv. 1. þm. Vestf. gat um og reyndar núv. formaður fjh.- og viðskn. staðfesti, að innan stjórnarráðsins er ágreiningur um málið. Það kom strax fram á fundi í fjh.- og viðskn. að ágreiningur væri enn, og það liggur ekki fyrir, a. m. k. ekki svo að ég viti til, að búið sé að jafna þann ágreining. Til þess að hægt sé að afgreiða mál úr n. hlýtur meiri hl. að sjálfsögðu að verða að vera samstæður. Það geta auðvitað verið margir minni hlutar, en í málum sem þessu sýndust það ekki góð vinnubrögð. Ég tel því skiljanlegt að formaður fjh.- og viðskn. treysti sér ekki til að afgreiða málið út úr n. fyrr en það liggur alveg ljóst fyrir.

Auk þessa hefur komið fram, síðan lánsfjáráætlun var lögð fram og það frv. sem henni fylgir, að forsendur hennar hafa gerbreyst. Það skortir að mínum dómi marga milljarða — ef ekki á annan tug milljarða — til að framfylgja lánsfjáráætlun og því frv. sem henni fylgir, ef hún á að vera samkv. orðanna hljóðan. Ég á þar við framkvæmdir Landsvirkjunar og það fjármagn sem til þeirra framkvæmda er ætlað. Auk þess höfum við heyrt hér á Alþ. að hugsuð sé lántaka fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins upp á marga milljarða, 3.5 milljarða, ef ég man rétt, og talað um að hér verði um að ræða erlenda lántöku. Ég hef að vísu heyrt seinustu dagana að mönnum finnist ekki rétt að taka slíka lántöku inn í lánsfjáráætlun, það mun reynast of erfitt og sjálfsagt betra að leggja málið fram á síðara stigi.

Þá erum við komnir út fyrir þann ramma sem þessari lánsfjár- og fjárfestingaráætlun var ætlaður og verður hún þá ekki sú heildaráætlun sem verið hefur undanfarin ár. Þess vegna skortir mikið á að fjh.- og viðskn. hafi fengið upplýsingar. Ekki skortir á vilja formanns n. að afla þeirra upplýsinga. Hins vegar er ljóst að fyrir páskafríið var fjh.- og viðskn. önnum kafin við afgreiðslu á öðru stórmáli, sem hæstv. ríkisstj. hafði ekki komið sér saman um og tók margar vikur og mánuði hjá stjórnarflokkunum að koma sér saman um, þ. e. a. s. frv. til l. um stjórn efnahagsmála. Fjh.- og viðskn. beggja d. voru uppteknar við að kynna sér það mál og vinna að því,

þannig að fyrir páskana vannst ekki tími til að koma þessu máli áfram í n. En ég undirstrika að þar var ekki við formann fjh.- og viðskn. að sakast.

Hv. 3. þm. Vestf., núv. formaður fjh.- og viðskn., sagði að hér væri ekki um einsdæmi að ræða. Rétt er að fram komi að hér er um einsdæmi að ræða eftir að lánsfjáráætlun komst í það horf sem hún er í núna. Hún var fyrst flutt á þinginu 1975, þá að vísu seint í des. og það gagnrýnt mjög af þáv. stjórnarandstöðu. Ég reyndi mjög að flýta þessu verki og það tókst á s. l. ári. Það er hins vegar rétt, að þegar um var að ræða eingöngu framkvæmdaáætlanir, sem fjármagnaðar voru með lánsfé, dróst afgreiðsla þeirra oft fram á árið, en allir voru sammála um að slíkt væri mjög slæmt. Þess vegna voru breytt vinnubrögð tekin upp af fyrrv. hæstv. ríkisstj. Ég held að það séu í raun og veru allir sammála um að þann háttinn eigi á að hafa. Það, sem hér er að, er það sama og búið er að vera að í allan vetur: ósamkomulag stjórnarflokkanna um öll höfuðmálin. Þess vegna komast þau ekki áfram til afgreiðslu á Alþingi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans. Ég skil ósköp vel að hann sé áhyggjufullur, hafi þungar áhyggjur af afgreiðslu þessa máls. En ég vil ekki, eins og hv. 1. þm. Reykn. tók fram, kenna hv. fjh.- og viðskn. um þennan seinagang, heldur því, að ekki er samkomulag um afgreiðslu málsins. Það skiptir höfuðmáli. Þess vegna eiga fulltrúar stjórnarflokkanna erfitt í sambandi við afgreiðslu málsins. Það skiptir eiginlega engu máli þó að formaður og varaformaður fjh.- og viðskn. hafi farið á Hafréttarráðstefnuna, jafnvel engu þó að öll n. hefði farið þangað. Það væri jafnskammt komið afgreiðslu þessa máls. En guði er fyrir þakkandi að þessu frv. var ekki vísað til Hafréttarráðstefnunnar, því að þá væri gangur málsins enn hægari en hjá fjh.- og viðskn.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem hv. 1. þm. Reykn. sagði varðandi tilteknar framkvæmdir, ég ætla ekki að lengja mál mitt með því, en eitt stórt atriði vitum við að er ágreiningur um, sem hv. 6. þm. Reykv. ræddi við 1. umr. Það er ákvæðið í 3. gr. um að lífeyrissjóðir á samningssviði Alþýðusambandsins kaupi skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af ráðstöfunarfé innan þess ramma sem lögin að öðru leyti setja. Þetta er sagt að sé til staðfestingar á samkomulagi ASÍ við ríkisstj. í febr. 1974. Samkv. þessu frv. er jafnframt ákveðið að fjmrh. setji með reglugerð ákvæði um framgang og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og hafi heimild til ákvörðunar um af hvaða aðilum lífeyrissjóðirnir kaupa skuldabréf, enda séu ávöxtunarkjör sambærileg. Þetta er auðvitað viðamikið atriði í þessu máli öllu saman. Þessari deilu verður að ljúka. Það þýðir auðvitað ekki að lögfesta þetta atriði með þessum hætti ef það á að kosta einhverja uppreisn lífeyrissjóðanna. Þess vegna verður að ná frjálsu samkomulagi, eins og gert var í tíð fyrrv. ríkisstj., svo að þetta mál verði þess ekki valdandi að tefja ofboðslega afgreiðslu þessa mikilvæga frv.

Ég endurtek að ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans. Sömuleiðis þakka ég þeim öðrum, sem hafa gefið hér upplýsingar, og treysti því að lagt verði á það kapp að afgreiða þetta mál. Ef ekki er hægt að ná sáttum innan stjórnarflokkanna um það, held ég að sé ekki um annað að ræða en málið komi til atkv. og umr. á Alþ. Ef ágreiningur verður innan stjórnarflokkanna getur alveg eins farið á þann veg, að stjórnarandstaðan verði að koma til aðstoðar við afgreiðslu málsins til þess að allar framkvæmdir stofnlánasjóða í landinu leggist ekki niður á þessu ári.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 353, n. 482). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Orkuiðnaður á Vesturlandi, frv. (þskj. 355). — Frh. 1. umr.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Frv. það, sem við hv. 2. þm. Vesturl. flytjum á þskj. 355, er frv. um orkuiðnað á Vesturlandi. Með flutningi frv. þessa er fyrst og fremst stefnt að tveimur meginbreytingum að því er varðar orkuiðnað á Vesturlandi.

Í fyrsta lagi er að því stefnt að færa verulega út starfssvið Andakílsárvirkjunar sem hefur starfað allt frá árinu 1947 og er sameign þriggja sveitarfélaga á Vesturlandi, þ. e. Akraneskaupstaðar, Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu. Þetta fyrirtæki hefur allt frá öndverðu verið ákaflega vel rekið fyrirtæki og ákaflega farsælt. Þykir eðlilegt og sjálfsagt að færa út starfssvið þess og láta það ná til alls Vesturlandskjördæmis. Um þetta atriði eru öll sveitarfélög á Vesturlandi sammála, a. m. k. öll þau sem tekið hafa afstöðu til þess, en í þeim hópi eru öll sýslufélög á svæðinu. Þetta hefur einnig verið það sjónarmið sem hefur verið ofan á innan samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Við teljum eðlilegt og sjálfsagt að tekið sé undir eindregnar óskir heimamanna um að starfssvið Andakílsárvirkjunar sé fært út og jafnframt fái virkjunin að halda þeirri heimild sem hún hefur í lögum þess efnis að virkja Hvítá við Kljáfoss, en það er reyndar forsenda þess að þetta fyrirtæki geti fengið að eflast til hags og heilla fyrir íbúa Vesturlands og einnig til hags og heilla fyrir landsmenn alla.

Annað atriði í þessu frv. er það, að sveitarfélögin á Vesturlandi utan Akraneskaupstaðar sameinist um að annast orkudreifinguna, en hún hefur til þessa að mestu verið í höndum Rafmagnsveitna ríkisins. Við flm. þessa frv. teljum að eðlilegt sé og sjálfsagt að áhrif heimamanna að því er varðar orkudreifinguna verði aukin og að sú leið, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sé líkleg til þess að halda niðri raforkuverði á Vesturlandi og koma þannig til móts við og leysa þann mikla vanda sem er því samfara hve raforkuverð á svæðinu er misjafnt. Þetta sjónarmið á einnig mikið fylgi meðal sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi, og ég held að í hvert skipti sem um þetta mál hafi verið gerðar ályktanir í hópi sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi hafi þær ályktanir hnigið í þá átt, að sjálfsagt væri að heimamenn tækju við raforkudreifingunni og það væri líklegasta leiðin til að halda þar niðri öllum kostnaði.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. á þessu stigi, en vænti þess, að hv. þm. í þessari d. taki þessu máli af skilningi og greiði fyrir því af fremsta megni. Þetta frv. er mikilvægt hagsmunamál fyrir íbúa í heilu kjördæmi og þeir mundu vissulega kunna mjög vel að meta að frv. yrði að lögum á þessu þingi.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég var því miður fjarverandi þegar 1. flm. þessa frv. mælti fyrir því, en hef hlýtt á 2. flm. hv. þm. Jósef H. Þorgeirsson, auk þess að kynna mér efni þess frv. sem hér er flutt. Það var, eins og fram kemur í grg., samið af nefnd, sem iðnrh. skipaði á árinu 1976, og þessi nefnd vann verulegt starf, eins og fram kemur í fskj. sem birt er með frv. Formaður nefndarinnar var 1. flm. frv. Ég skil út af fyrir sig vel þann áhuga sem hann hefur á því að sýna afrakstur af þessu verki hér á Alþ. Nefndin skilaði áliti á fyrri hluta þessa árs. Skýrsla hennar til rn. er dags. í aprílmánuði s. l. og lá í rn. þegar ég kom þar til starfa á s. l. sumri.

Það kemur fram í grg. með frv., að fyrrv. iðnrh. hafi kynnt málið í þáv. ríkisstj., en þar hafi ekki tekist samstaða um að málið yrði flutt sem stjfrv. Eftir að ég kom til starfa í rn. eða þegar þinghald hófst í haust kom hv. 1. flm., hv. þm. Friðjón Þórðarson, að máli við mig og leitaði eftir því hvort rn. mundi hafa áhuga á því að beita sér fyrir flutningi frv., en ég greindi honum frá því að svo væri ekki, og ástæðurnar raunar augljósar því að stjórnarflokkarnir höfðu þá samið um allt aðra meginstefnu í raforkumálum en tekið er mið af í till. frv., einkum þó að því er snertir I. kafla þess, um stofnun sérstakrar virkjunar á Vesturlandi eða heimildar til stofnunar slíkrar virkjunar til að afla orku til almenningsnota, iðju og iðnaðar fyrir svæðið.

Till. ríkisstj. eru kunnar og ég þarf ekki að rifja þær hér sérstaklega upp. Þær miða við það varðandi raforkuöflunina, að stofnað verði eitt landsfyrirtæki sem sjái um raforkuöflun í samtengdu landskerfi og flutning eftir stofnlínum milli landshluta. Að framgangi þessarar stefnu hefur verið unnið frá því s. l. haust. Sú vinna er komin á talsverðan rekspöl, og ég vænti þess að þetta ár líði ekki svo að áfanga verði ekki náð í því mikilsverða máli. Hefði ég raunar kosið að hægt hefði verið að sýna árangur af því starfi, sem unnið hefur verið, á þessu þingi, en mjög er nú liðið á þinghaldið, þannig að óvíst er um hvort lagafrv. varðandi þetta verða sýnd fyrir þinglokin.

Till. þær, sem í frv. felast, endurspegla aðra stefnu en í stefnu núv. ríkisstj. felst og eru raunar framhald af viðhorfum sem voru ríkjandi og eru sumpart enn ríkjandi varðandi raforkuöflunina, en skýrast komu fram í stofnun Orkubús Vestfjarða sem lögfest var á árinu 1977, að mig minnir, en það tók til starfa í byrjun árs 1978. Þó er hér ekki að öllu leyti farið í sömu spor þar sem ekki er gert ráð fyrir einu fyrirtæki, heldur tveimur aðgreindum fyrirtækjum, öðru sem annist raforkuöflun og hinu sem annist dreifingu orku á svæðinu, og þá ekki einskorðað við raforku, heldur geti hitaorka komið þar til álita einnig.

Það kom fram í máli hv. þm. sem hér talaði áðan, Jósefs Þorgeirssonar, að meginhugmyndirnar á bak við þetta frv. væru að ná fram hagsbótum fyrir íbúa þessa landshluta. Það er ofur skiljanlegt og ekki nema gott um það að segja, að þm. reyni að þoka slíkum málum fram. En eins og mönnum er kunnugt hafa verið og eru mjög skiptar skoðanir um hvernig þeim markmiðum verði best náð. Ég vil að það komi skýrt fram hér, að ég tel að sú leið, sem ríkisstj. nú beitir sér fyrir að farin verði í raforkumálunum, sé miklu líklegri til þess, einkum horft til lengri tíma, að skila lægra raforkuverði fyrir landsmenn og að ná fram verðjöfnun á raforku fyrr, ákveðnar og betur en takast mætti með því að deila raforkuöflunarfyrirtækjum landsins upp í mörg fyrirtæki og deila þeim á einstaka landshluta. Þar með er út af fyrir sig ekki sagt að slíku kerfi mætti ekki koma á og ná fram verðjöfnunarstefnu innan slíks kerfis, en það er ólíkt erfiðara og óvissara um árangur og því er ég ekki meðmæltur.

Í II. kafla frv., um stofnun Vesturlandsveitu, tel ég að séu ýmsar gagnlegar ábendingar og hugmyndir um að laða saman þá aðila sem annast raforkudreifingu nú í þessum landshluta og að vel megi athuga þær hugmyndir þegar til verður tekið við að koma fastara skipulagi á raforkudreifinguna þar sem mörkum þess landsfyrirtækis sleppir sem nú er að stefnt að því að stofnað verði með samkomulagi þeirra aðila sem þar eiga hlut að máli. Það er ekki síður mikilvægt verkefni að þar takist vel til en um raforkuöflun og meginraforkuflutning. Ég er þeirrar skoðunar, að einmitt á þeim vettvangi sé rík ástæða til að heimaaðilar komi til með íhlutun í stjórnun og rekstri og þar beri að vinna að skipulagi innan landshlutanna í góðu samstarfi við aðila á hverjum stað og tryggja þeim með einhverjum hætti eðlilega aðild að raforkudreifingunni innan hvers svæðis.

Eins og ég gat um, tel ég að sú nefnd, sem samdi það frv. sem hér er flutt, hafi unnið verulegt starf og sumpart gagnlegt starf sem megi nýta þegar kemur að því að hafist verði handa um að endurskipuleggja raforkudreifinguna, og ég tel það ekki nema góðra gjalda vert að störf hennar séu sýnd hér á Alþ., þó að ekki séu líkur á því, að till. þær, sem hún flytur, nái fram að ganga eða meginatriði þeirra hafi fylgi hér í þinginu. Ég vænti þess hins vegar, að þeim markmiðum, sem ekki er ágreiningur um í orði a. m. k. að ná fram, verðjöfnun á raforku og helst öðrum orkutegundum í einstökum landshlutum og um landið allt, verði náð fyrr en seinna, og ég treysti því, að góð samstaða verði um að leita færri leiða til þess að það geti orðið fyrr en síðar.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það gleður mig að nú skuli loks hilla undir að frv. þetta nái að ganga til n. þeirrar sem um það á að fjalla.

Hæstv. iðnrh. fór um frv. nokkrum orðum og um þá stefnu sem það fylgir. Nefnd sú, sem vann að þessum málum, raforkunefnd Vesturlands, var skipuð í maí 1976, en skilaði áliti 25. mars 1978 — ekki á þessu ári eins og raunar má lesa í málið.

Það er rétt, að taka má svo til orða að hér sé um stofnun sérstakrar virkjunar að ræða að því er I. kafla frv. snertir. Þó höfum við, sem að þessu máli stöndum, lagt höfuðáherslu á að hér væri fyrst og fremst um stækkun eða útfærslu að ræða á virkjun sem þegar hefur starfað á þessu svæði frá 1947 og reynst mjög vel.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að stefna sú, sem frv. greinir, er nokkuð önnur en stefna hæstv. ríkisstj. Hin svonefnda stefna hinnar svokölluðu Íslandsvirkjunar, eða einnar virkjunar fyrir allt landið, hefur komið fram öðru sinni hjá hæstv. núv. ríkisstj. á sama hátt og varð á árunum 1972—1973 þegar það mál var komið nokkuð vel áleiðis. En ég held þó, að þegar betur er að gáð sé

stefna frv. satt að segja ekki mjög öndverð þeirri stefnu sem hæstv. ríkisstj. boðar og hæstv. iðnrh.

Við höfum aldrei gert ráð fyrir að Vesturlandsvirkjun yrði algerlega sjálfstæður aðili sem færi sínu fram hvað sem aðrir segðu. Við höfum alltaf viðurkennt og vitað um að yfir landshlutavirkjunum hlyti að verða ríkisvald, annaðhvort Rafmagnsveitur ríkisins eða einhver stofnun sem t. d. ætti hinn svonefnda hringveg rafmagnsins, sem sumir svo kalla, þ. e. a. s. það hlyti að verða einhver stofnun yfir landshlutaveitunum sem hefði svo og svo mikil ráð og reisti hinar stærstu virkjanir og miðlaði öðrum af þeim. Um þetta mætti að sjálfsögðu ræða í löngu máli, því að öll eru þessi mál viðamikil og margþætt.

Þá minntist ráðh. á það, að ef stefna sú yrði tekin upp sem frv. fylgir, þá yrði öll verðjöfnun rafmagns erfiðari. Má vera að svo sé. Þó held ég að bæði hæstv. ráðh. og við flestir hverjir aðrir, sem um þessi mál fjöllum og hugsum, séum fylgjandi þeirri stefnu, að verðjöfnun þurfi að vera sem mest, raforkuverð sem jafnast um allt land.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir það sem hann gat um, að nefndin hefði unnið sumpart gagnlegt starf. Það voru viðurkenningarorð af hans hálfu. Ég er ekki að segja að við höfum fundið hina einu leið í þessum málum eða hina einu réttu leið, en ég vænti þess, að þetta frv. og það starf, sem liggur á bak við, verði nokkurt innlegg í þessi mál, sem vissulega eru enn ofarlega á baugi hjá þjóðinni og verða að vera það þangað til skipulagið er komið í annað og betra horf en nú er.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það hefur verið áhugamál mitt að mál þetta kæmist á dagskrá á þingi, einkum og ekki síst vegna þess að sú 7 manna nefnd, sem að því vann, komst að sameiginlegri niðurstöðu, en það er mikils virði þegar heimamenn ná að sameinast um vissa meginþætti mikilvægra mála í héraði þeirra og raunar í landinu öllu.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál nú, en vænti þess, að sú nefnd, sem fær það til meðferðar, láti nú hendur standa fram úr ermum og vinni að því af dug og dáð að koma frv. svo langt áleiðis sem verða má á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 442). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 442 frv. ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, Ingvari Gíslasyni og Kjartani Ólafssyni. Þetta frv. er unnið í samráði við Landssamband iðnaðarmanna annars vegar og Félag ísl. iðnrekenda hins vegar. Frv. gerir ráð fyrir að breytt sé lögum um tollskrá, eins og kemur fram á þskj., og tilgangur þess er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu, sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni þegar heimill er innflutningur sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu. Eins og þetta stendur núna í lögum er það í annarri grein en þarna er gert ráð fyrir, en sú breyting, sem hér er verið að leggja til, snýst um að um sé að ræða miklu fortakslausari ákvæði en áður.

Í grg. á þskj. er gerð grein fyrir því, hvernig túlkun og framkvæmd á núgildandi skipun hafi verið. Þar segir að á aðlögunartímanum vegna inngöngunnar í EFTA hafi aðflutningsgjöld af aðföngum samkeppnisiðnaðar smám saman verið felld niður að mestu. Var þetta í fyrsta lagi gert með beinni niðurfellingu aðflutningsgjalda í tollskrá af þeim tollskrárnúmerum, sem aðföng iðnaðar féllu undir, og í öðru lagi með heimildarákvæðum í tollskrá og fjárl. Enn eru þó mörg dæmi um að fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisiðnaði sé gert að greiða aðflutningsgjöld af aðföngum sínum og veldur þar eftirfarandi mestu:

1. Aðföngin falla í svokölluð blönduð tollskrárnúmer, þ. e. a. s. aðföng iðnaðar falla í tollskrárnúmer sem að verulegu leyti fela í sér vörur til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Hefur því ekki verið talið fært að fella niður toll í viðkomandi tollskrárnúmerum vegna tekjusjónarmiða ríkissjóðs.

2. Túlkun 12. tölul. 3. gr. tollskrárlaganna, bæði hvað snertir gildissvið aðfanga og skilgreiningu samkeppnisiðnaðar, er of þröng til að tölul. nái því að heimila niðurfellingu allra aðflutningsgjalda til samkeppnisiðnaðar.

3. Fjmrh. hefur nýverið farið að túlka heimildarákvæðin þannig, að einungis sé heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum sem beri jafnhá gjöld eða hærri en samkeppnisvaran.

Þá er í grg. bent á einstök atriði í þessu sambandi og tekin nokkur dæmi, eins og sjá má á bls. 2. Ég vil vekja sérstaka athygli hv. þm. á hve tollur er misjafn, eins og kemur fram í þessari upptalningu, á ýmsum flutningatækjum annars vegar og á ýmsum öðrum innfluttum vörum til iðnaðarframleiðslu hins vegar. Við flm. leggjum til að á þessu verði breyting. Við bendum á að hér sé um að ræða mál sem nauðsynlegt sé að fái góða afgreiðslu hér á þinginu, vegna þess að þetta sé þáttur í tæknivæðingu iðnaðarins, nauðsynlegri tæknivæðingu sem óhjákvæmilega hljóti að leiða síðar til lækkunar vöruverðs og þar með til bættra lífskjara í landinu.

Við bendum á það á bls. 3 í grg., að eitt af þeim atriðum, sem hér á landi hafi staðið í vegi fyrir aukinni framleiðni, séu allt of háir tollar á tækjum til flutninga innan verksmiðjanna. Afleiðing af þessu er sú, að vörur eru fluttar til með handafli eða á annan frumstæðan hátt sem krefst verulegrar áreynslu af hálfu starfsmannanna. Með nútíma flutningatækjum, svo sem lyfturum, færiböndum og hlaupaköttum svokölluðum, má auðvelda þessa flutninga til muna. Afleiðingar af þessari breytingu yrðu að okkar mati: Í fyrsta lagi kæmi fram bætt vinnuaðstaða vegna minnkaðs líkamlegs álags á starfsmenn. Í öðru lagi að starfsmenn eyddu meiri tíma við sjálfa framleiðsluna og við það mundi framleiðnin aukast. Og í þriðja lagi mundi sá tími, sem tekur að fullgera hverja einingu af vörunni, styttast þar sem varan kemst án tafar frá einni aðgerð til annarrar.

Það er góður þáttur, þegar lagt er fram frv. sem hreyfir við tekjum ríkissjóðs á þann veg að ríkið tapar af tekjum sínum, að reyna að áætla slíkt tekjutap eða þann kostnað sem frv. hafa í för með sér. Ætlunin var í undirbúningi við þetta frv. að meta slíkt rækilegar en gert er í grg., en því miður gafst ekki tími til þess. Þó má segja að það sé skoðun þeirra, sem gerst þekkja til málsins, að tekjutap ríkissjóðs sé ekki verulegt, en með því að þetta mál komist til n. má gera ráð fyrir að á því máli verði gerð sérstök úttekt. Það, sem gerir tekjutapsáætlunina dálítið flókna, eru að sjálfsögðu þau atriði sem áður hafa komið

fram máli mínu, en það er að í þessum tollskrárflokkum eru margs konar vöruflokkar sem eru notaðir til annarra þátta en beinlínis til iðnaðar. Það, sem við leggjum til, er að þessi áðurgreindu ákvæði flytjist úr undanþáguheimildum tollskrárlaganna yfir í greinina sem fjallar um frjálsan innflutning.

Þess ber að geta í sambandi við þetta mál, að frá því í haust hefur starfað samstarfsnefnd um iðnþróun, sem skipuð var af iðnrh., og sitja í þeirri nefnd Vilhjálmur Lúðvíksson, sem er formaður hennar, Bjarni Einarsson framkvæmdastjóri byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Bragi Hannesson bankastjóri, Davíð Scheving Thorsteinsson formaður Félags ísl. iðnrekenda, Guðmundur Þ. Jónsson formaður Landssambands iðnverkafólks, Hjörtur Eiríksson framkvæmdastjóri iðnaðardeildar SÍS, Pétur Sæmundsen bankastjóri, Sigurður Magnússon stjórnarformaður Framleiðslusamvinnufélags iðnaðarmanna og Þorleifur Jónsson framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna. Hlutverk nefndar þessarar er, eins og fram hefur komið: 1) Að vera iðnrh. til ráðgjafar um mótun heildarstefnu í iðnaðarmálum og leggja fram till. um það efni. 2) Að efla samstarf hinna ýmsu aðila iðnaðarins sem framkvæma þær aðgerðir sem samstaða næst um innan nefndarinnar og á vettvangi ríkisstj. og Alþingis. 3) Að gera till. til iðnrh. um ráðstöfun jöfnunargjalds af iðnaðarvörum samkv. lögum nr. 83/1978 vegna ársins 1979, og svo sem síðar kann að verða ákveðið, í þágu iðnþróunaraðgerðar í samræmi við mótaða stefnu.

Strax í haust, þ. e. a. s. um mánaðamótin nóv.—des., var það mál, sem hér hefur verið lýst, þ. e. a. s. það mál sem þetta frv. fjallar um, á dagskrá í þessari nefnd og fékk þá ítarlega umræðu í nefndinni. Á þeim fundi lagði Þorleifur Jónsson fram frumdrög að hugmyndum um lausn á því vandamáli sem hér er verið að gera tilraun til að leysa. Mér er skylt að segja frá þessu þar sem orðalag í frv. okkar er að langmestu leyti sama orðalagið og kemur fram í þeirri nefnd sem ég hef verið að segja frá, enda nutum við samstarfs við þá aðila sem í nefndinni hafa starfað. Á því orðalagi, sem kemur fram í nefndinni, er þó sú breyting að ekki er minnst á „almennt mat", en í 1. gr. frv., sem hér liggur frammi til umr., er gert ráð fyrir í 5. línu að neðan í 1. gr. að þar komi til almennt mat notenda viðkomandi vöru. Eins og augljóst er er slíkt almennt mat ákaflega erfitt og það varð að ráði í samstarfsnefndinni að það orðalag félli brott. Ég fyrir mitt leyti, og ég vænti þess, að ég tali þar fyrir hönd annarra flm. jafnframt, get vel sætt mig við þá breytingu.

Þess ber þó að geta, að á starfi nefndarinnar og því starfi sem við höfum unnið, og þá sérstaklega ég sem 1. flm. vann með öðrum höfundum þessa frv. og það hófst talsvert áður en frv. kom til umr. í áðurgreindri samstarfsnefnd, lögðum við áherslu á að þetta mál kæmi á þessu þingi í frv.-formi, en ekki í þál.-formi, eins og mér skilst að hæstv. ráðh. hafi í hyggju að gera þegar samstarfsnefndin hefur endanlega unnið störf sín.

Formaður samstarfsnefndarinnar, Vilhjálmur Lúðvíksson, hefur sagt mér nýlega að starf nefndarinnar sé á fullri ferð og megi gera ráð fyrir að því starfi ljúki innan tíðar.

Þess skal geta, að samtök iðnaðarins hafa lýst yfir stuðningi við þetta frv. og lýst yfir áhuga á að það fengist afgreitt á þessu þingi. Það er þess vegna von mín að það fái afgreiðslu í þessari d. og afgreiðslu á þessu þingi.

Ég vil að lokum leggja til að frv. verði sent hv. fjh.- og viðskn. til afgreiðslu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hv. 1. flm. þessa frv., Friðrik Sophusson, hefur getið þess, að það frv. til l., sem hann ásamt þremur öðrum hv. þm. flytur, sé ættað að stofni til og meginhluta frá samstarfsnefnd um iðnþróun sem starfar á vegum iðnrn. Mér þykir gott að hv. flm. hefur getið þessa hér í framsögu, en kemst út af fyrir sig ekki hjá því að vekja á því frekari athygli, að dálítið er óvenjulegt að fá hér inn í þingið texta sem er á mótunarstigi á vegum stjórnskipaðrar nefndar, þótt að sjálfsögðu banni enginn þm. að taka upp góðan texta þar sem þeir finna hann, enda telji þeir að það sé viðkomandi máli til framdráttar. Til þess að skýra þetta aðeins betur vil ég í upphafi máls míns vitna í bréf, sem formaður starfsnefndar um iðnþróun, Vilhjálmur Lúðvíksson, hefur ritað hv. 1. flm. og sent mér afrit af, til þess að það sé skýrt hvert samhengi er hér á milli. Í þessu bréfi segir, eftir að rakið hefur verið hlutverk samstarfsnefndar um iðnþróun, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðal þeirra undirstöðuatriða varðandi stefnumótun í iðnaðarmálum og breytingar á aðbúnaði fyrir iðnað í landinu hefur framkvæmd tollalaga verið mjög til umræðu, og var það m. a. eitt af þeim málum sem sett voru fremst á lista af þeim sem reynt yrði að fá bætt úr sem fyrst. Var skipuð undirnefnd í þeim tilgangi að undirbúa málið fyrir hönd nefndarinnar og vinna að því með iðnrn. að fá slíkar umbætur fram. Undirnefnd þessi var skipuð þeim Þorleifi Jónssyni frá Landssambandi iðnaðarmanna og Hauki Björnssyni frá Félagi ísl. iðnrekenda.

Hinn 29. nóv. var mál þetta rætt ítarlega í nefndinni og var á þeim fundi Þorsteinn Ólafsson aðstoðarmaður iðnrh. Á þeim fundi lagði Þorleifur Jónsson fram frumdrög að hugmyndum um lausn á þessum vandamálum, og mótaðist þar sú skoðun, að öll þau meginvandamál, sem eftir stæðu í tollamálum, mætti rekja til þess, hvernig fjmrn. kysi að framkvæma 12. tölul. 3. gr. tollskrárlaga. Var Þorsteinn Ólafsson aðstoðarmaður ráðh. þeirrar skoðunar, að sú framkvæmd væri ekki í samræmi við upphaflegan tilgang þessa tölul., en Þorsteinn var höfundur hennar á þeim tíma þegar hann starfaði í fjmrn.

Á grundvelli þessarar umr. var Hauki Björnssyni og Þorleifi Jónssyni falið að taka saman sameiginlega grg. og gera till. að breytingu á tollskrárlögum sem miðaði að því að fá eðlilega framkvæmd tryggða gagnvart iðnaðinum í landinu. Þann 7. febr. lögðu þeir Haukur og Þorleifur svo fram slíka till. og eftir umr. var þeim falið að undirbúa málið við fulltrúa fjmrn. og iðnrn. Jafnframt var stefnt að því að till. Þessi yrði tekin upp sem liður í tillögugerð samstarfsnefndarinnar um almenna stefnumótun í aðbúnaðarmálum iðnaðarins.

Næst gerist það, að fram kemur á Alþ. frv. til l. um breytingar á tollskrárlögum, samhljóða því sem þeir Haukur og Þorleifur höfðu lagt fram í nefndinni, án þess þó að endanleg umr. um málið hefði farið fram og án þess að getið væri um aðdraganda málsins á vettvangi nefndarinnar. Þar sem ætlunin er að till. þessi verði sett í skýrslu samstarfsnefndar um iðnþróun tel ég nauðsynlegt" — og það er formaður nefndarinnar sem skrifar þennan texta — „að þessi tengsl við starf nefndarinnar verði gerð ljós, því að andkannalegt virðist að nefndin geri slíka till. eftir að frv. er komið fram um málið á

Alþingi.

Að sjálfsögðu hlýtur samstarfsnefnd um iðnþróun að fagna því, að frv. kemur fram með svo skjótum hætti, og styður fyllilega að það nái fram að ganga á þessu þingi, ef unnt er, með þeim smávægilegu breytingum sem nefndin hefur gert á því við umr. síðan það var lagt fram í nefndinni." — Tilvitnun í þetta bréf formanns samstarfsnefndar um iðnþróun lýkur hér.

Ég vil jafnframt geta þess og staðfesta það, sem kom fram hjá hv. 1. flm. þessa frv., að þessi nefnd er í þann veginn að skila af sér umfangsmiklu áliti sem væntanlega mun fylgja þáltill. um stefnumörkun varðandi iðnaðarmál sem ég vænti að geta kynnt hv. Alþ. innan tíðar. Það er rétt, sem hv. þm. gat um, að ekki er víst að jafnframt hefði fylgt lagafrv. um þetta atriði á þessu þingi eða óvíst í hvaða búningi það hefði fram komið. En hugmynd mín er sú, að eftir að almenn stefnumörkun varðandi iðnþróunarmál hefur farið fram og Alþ. gefist kostur á að leggja mat sitt á hana verði unnið að lagabreytingum og nýmælum í lögum sem geti verið til framdráttar iðnaði í landinu. Þá er þetta eitt af þeim atriðum þar sem ástæða er til að bæta um og glöggva einnig í framkvæmd, og kannske hefði í vissum tilvikum nægt að bæta úr vissum agnúum sem eru á framkvæmd gildandi laga.

Á till. eins og þær eru hér fluttar eru nokkrir agnúar, og hv. flm. benti á einn í 1. gr. sem hann teldi að athuguðu máli að mætti burt falla, — agnúar sem rn. hefði tekið til athugunar auk þess að taka síðan málið upp við fjmrn. svo sem skylt er þar eð lög um tollskrá heyra undir það. Þá á ég við ef frv. sem þetta hefði verið fram borið sem stjfrv. Breytir þetta hins vegar ekki jákvæðu viðhorfi mínu til þessa frv. og þeirra hugmynda sem þar liggja að baki um hagsbætur fyrir íslenskan iðnað. Nauðsynlegt er að fá lausn á þeim málum sem hér er um fjallað.

Ég vil hér á eftir gera nokkrar aths. og ábendingar varðandi frv., um leið og ég tek undir flesta efnisþætti þess sem horfa mundu til bóta ef samkomulag næðist um framkvæmd þeirra. En þar reynir ekki síst á skilning af hálfu fjmrn. sem sér á eftir nokkrum tekjum sem nú renna í ríkissjóð. Ég hef ekki gert sérstaka úttekt á því máli, þannig að ég hef ekki upplýsingar um það atriði fremur en hv. flm., talsmaður frv. hér áðan. Ég vil leggja áherslu á að ég tel að frv. eigi að fá eðlilega þinglega meðferð. Er iðnrn. reiðubúið að gefa formlegar ábendingar um einstaka þætti þess sé eftir þeim leitað.

Rétt er að víkja nokkrum orðum að lagatæknilegum atriðum sem snerta frv.

Þá er fyrst að þykja kann hæpið að jafnumfangsmikil undanþágugrein og hér um ræðir, þar sem oft eru mjög óljós matsatriði sem ráða niðurstöðum, sé sett fram sem fortakslaus eða það sem stundum er kallað „pósitíf" tollfrelsisgrein. Eðli málsins samkv. ætti hún líklega betur heima sem heimild og þá í tengslum við 3. gr. tollskrárlaganna. Á bak við þessa framsetningu liggur hins vegar eflaust reynsla margra aðila í iðnaði af beitingu fjmrn. á 12. tölul. 3. gr. tollskrárlaga og sú ósk að með breytingunni verði undanbragðalaus framkvæmd tryggð. Sú framkvæmd hefur að minni hyggju ekki verið sem skyldi og styð ég eindregið að á því verði fengin viðunandi og farsæl lausn. Þá er á greininni jafnframt sá annmarki, að samkv. henni er með heimild í tollskrárlögum felldur niður m. a. söluskattur, vörugjald og jöfnunargjald sem nú lúta öðrum sérstökum lögum. Þá má benda á að gert er ráð fyrir niðurfellingu gjalda þegar framleiðandi á í óbeinni samkeppni, en það er þegar um er að ræða víxlnotkun ákveðinnar innfluttrar vöru við innlenda framleiðsluvöru, sem þó er ekki hliðstæð sem kallað er, — svo dæmi sé tekið má þar benda á ávaxtasafa og ávexti, — og að þessari niðurfellingu ráði, eins og kemur fram í 1. gr., almennt mat notenda viðkomandi vöru. Hv. flm. benti sérstaklega á í framsögu sinni að þetta atriði mundi orka tvímælis. Slík viðmiðun í löggjöf má vissulega teljast hæpin, svo að ekki sé meira sagt, og verður væntanlega að vera samráðsatriði rn. og viðkomandi samtaka hvernig á er haldið.

Til viðbótar því, sem ég hef þegar sagt um efnisatriði till. sjálfrar, vil ég bæta við, að frv. felur í raun í sér breytingu á núv. 12. tölul. 3. gr. tollskrárlaganna. Felst hún fyrst og fremst í því, að auk hráefna, efnivara og véla, vélahluta og varahluta, sem fella skal niður gjöld af samkv. núv. 12. tölul. 3. gr., eru nefnd hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, tæki og áhöld og sérstaklega tekið fram um flutningatæki til flutninga innan verksmiðjulóða. Þá gerir till., eins og fyrr segir, ráð fyrir að niðurfellingin nái til söluskatts, vörugjalds og jöfnunargjalds auk tolla, sem er breyting frá fyrri tollskrá. Í reynd snertir þetta þó aðeins söluskattinn og hann að hluta, því að í lögum um vörugjald og reglugerð um jöfnunargjald eru ákvæði sem segja að hafi verið felldur niður tollur samkv. 12. tölul. 3. mgr. 3. gr. tollskrárlaganna skuli sú niðurfelling jafnframt gilda um gjöld sem innheimt eru samkv. þeim lögum, þ. á m. um vörugjald og jöfnunargjald.

Hvað söluskattinn áhrærir er sérstök heimild í 12. tölul. 6. gr. fjárl. yfirstandandi árs til að fella niður eða endurgreiða sölugjald af vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar. Það, sem eftir stendur, er þá söluskattur af hjálparefnum, rekstrarvörum og flutningatækjum. En benda má á að fyrirtæki í útflutningi fá svokallaðan uppsafnaðan söluskatt endurgreiddan, þar sem aðallega er um að ræða söluskatt af rekstrarvörum.

Þá er og veigamikil breyting í frv., og hún er sú, að fallið er frá viðmiðuninni um að um sé að ræða aðföng til framleiðslu á vöru sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkv. EFTA- og EBE-samningunum, þ. e. aðföng til svokallaðs samkeppnisiðnaðar. Er tekið fram, að niðurfellingin eigi við þegar um sé að ræða fyrirtæki sem stundi framleiðslu til útflutnings, fyrirtæki sem séu í beinni samkeppni við innflutta vöru og þjónustu, þ. á m. viðgerðir og verktöku, og fyrirtæki í óbeinni samkeppni þegar heimilaður er innflutningur sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu. Varðandi þessi atriði kann að vera um ýmis tolltæknileg vandamál að ræða í framkvæmd og þurfa þau því góðrar athugunar við. En aðalatriðið er að ná fram breytingum sem verði iðnaðinum til hagsbóta og styrki samkeppnisaðstöðu hans án þess að um mikla hættu sé að ræða á misnotkun af hálfu annarra aðila.

Herra forseti. Eins og ég hef þegar tekið fram tel ég frv. þetta í meginatriðum góðra gjalda vert, enda unnið efnislega af nefnd sem starfar á vegum iðnrn. að tillögugerð um iðnþróun. Fyrir utan greinar frv. sjálfs eða megingrein þess, þá er einnig atriði úr grg. beint sótt í grg. samstarfsnefndar um iðnþróun. Þannig er kaflinn um túlkun á framkvæmd núgildandi skipunar algerlega orðrétt tekinn upp úr þeim drögum að grg. sem mér hafa borist frá nefndinni. En megintilgangur frv. er að ráða

bót á hvimleiðu vandamáli fyrir þá sem fyrir iðnrekstri standa, þótt á frv. kunni að vera nokkrir efnislegir og tæknilegir ágallar, eins og hér hefur verið bent á, sem rn. hefði að sjálfsögðu leitast við að sníða af í samráði við fjmrn. ef það hefði staðið að þessu frv., svo sem sjálfsagt er í slíku efni, enda hefði komið í hlut fjmrh. að flytja slíkt frv. hér á Alþ. þar sem lög um tollskrá falla undir fjmrn. Bráðlæti eða ákveðinn vilji flm. þessa frv. hefur hins vegar komið í veg fyrir slíka málsmeðferð. Er ég út af fyrir sig ekki að amast við áhuga þeirra á málinu, þótt höfundarrétturinn sé ótvírætt hjá umræddri samstarfsnefnd um iðnþróun, eins og ég hef hér glöggt tekið fram. Vænti ég að það komi ekki að sök við efnislega meðferð málsins hér í þinginu og viðhorf rn. og stjórnvalda komi fram við meðferð málsins í þeirri þn. sem væntanlega mun um það fjalla. Fátt er nú brýnna í atvinnulífi landsmanna en efling iðnaðar og bætt samkeppnisaðstaða, og fagna ég sem iðnrh. jákvæðum stuðningi við þann málstað frá hv. þm. og þá einnig hv. flm. þessa frv.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðh. fyrir efnislegan stuðning við það mál sem hér er til umr. Hann las upp úr bréfi formanns svokallaðrar samstarfsnefndar, sem hann skipaði í haust, til mín, en hann fékk afrit af því bréfi. Ég vil taka fram að það bréf var sent mér að minni beiðni, en ekki að frumkvæði formanns nefndarinnar, og var óskað eftir því að afrit þess bréfs væri til hæstv. ráðh., og mér var kunnugt um það. Ég bað um þetta bréf af því að ég ætlaði mér að gera grein fyrir þessu máli í ræðu minni og þóttist hafa gert það hér áður.

Hæstv. ráðh. gerði mikið úr því, og það eiginlega kom mér dálítið á óvart, að það virtist vera aðallega þess vegna sem hann tók til máls, að um væri að ræða mál sem hefði verið unnið af nefnd sem hann skipaði. Hér er um alvarlegan misskilning að ræða. Málið er það, að talsvert fyrir þann tíma vaknaði áhugi minn á þessu máli og þetta mál hefur verið um margra mánaða skeið til umr. meðal þeirra sem starfa að íslenskum iðnaði. Ég er hérna með bréf sem sent var mér snemma í des. af Félagi ísl. iðnrekenda. Þar er harmað að ég skuli ekki hafa fengið fyrr gögn frá þeim, — ég hafði beðið um þau fyrri partinn í nóv., — en iðnrekendur höfðu strax í upphafi nóv. sent fjmrh. bréf einmitt um það málefni sem verið er að fjalla um í dag.

Það er svo annað mál, að endanlegt orðalag frá hálfu þeirra, sem unnu þetta mál með mér, kom ekki fyrr en það hafði verið tekið til umr. í nefndinni, en það var alfarið samið af þeim mönnum sem starfa annars vegar hjá Landssambandi iðnaðarmanna og hins vegar hjá Félagi ísl. iðnrekenda, og það kemur mér á óvart að þau félagasamtök tvö séu í sérstakri einkaeign einhverrar nefndar sem hæstv. ráðh. hefur skipað. Það kom mér þess vegna dálítið á óvart að það skyldi vera aðallega þess vegna sem hæstv. ráðh. stóð upp, til þess að sýna fram á að hann ætti einkarétt á þessu orðalagi.

Nóg um það. Það, sem skiptir auðvitað höfuðmáli, er að hér er hreyft máli sem er mikilvægt og þarf úrlausnar við. Það er ekki nóg að skipuð sé samstarfsnefnd í þessu máli og það er ekki nóg að hér á Alþ. komi fram þáltill. um stefnu hæstv. ráðh. í iðnaðarmálum. Það skiptir máli að hér sé gerð sú bragarbót á máli sem eiginlega er gamalt loforð stjórnvalda til iðnaðarins, þ. e. a. s. um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum ýmiss konar til iðnaðarins.

Eitt frægasta dæmið í þessum efnum er svo kallað lyftaramál, sem ég veit að hæstv. ráðh. kannast við og þó kannske fremur þeir sem hafa starfað hjá fjmrn. Á sínum tíma var farið fram á skýringar rn. á þeirri lagagr., sem við höfum verið að fjalla hér um, og að þessari undanþáguheimild í tollskrárlögunum væri breytt. Henni var breytt um ákveðinn tíma en breyttist síðan aftur, og það sýnir kannske best að ekki er nægilega vel á þessum málum haldið. Slíkt hefur gerst reyndar um fleiri atriði. Það er sagt eitt í dag og hitt á morgun í þessum málum. Við slík skilyrði er ekki hægt að stunda atvinnurekstur hér á landi. Ég gæti nefnt hér fleiri dæmi sem voru komin til fyrr og það löngu áður en samstarfsnefnd hæstv. ráðh. var sett á laggirnar.

En ég ætla að ítreka að mestu máli skiptir, að málið nái fram að ganga, og leyfa mér hér og nú að skora á hæstv. ráðh. að standa við þau orð sín að fylgja þessu máli og gera á því viðeigandi breytingar, ef þær þarf að gera, hér á þinginu þannig að það verði afgreitt frá þessu þingi sem lög. Mér heyrðist á honum — og ég fagna því — að hann væri stuðningsmaður málsins. Hann hefur tækifæri til þess hér í þingsölum að sanna það í verki með því að flytja brtt. eða biðja flokksmenn sína að gera það í n. þegar málið verður tekið fyrir þar. Aðalatriðið er að við þurfum lagafrv. í þessu máli, sem er mjög brýnt, þótt auðvitað beri að fagna því að hæstv. iðnrh. komi fram með ákveðna stefnu í iðnaðarmálum unna af þeirri nefnd sem hann hefur sett á laggirnar.

Ég vil að endingu aðeins skýra frá því, að á sínum tíma í vetur var gefið út dreifibréf Félags ísl. iðnrekenda og í því er fjallað um þetta mál. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Að mati Félags ísl. iðnrekenda er hér um að ræða eitt brýnasta hagsmunamál framleiðsluiðnaðarins í landinu, og væntir stjórn félagsins þess, að samstaða náist um afgreiðslu málsins á yfirstandandi þingi."

Flm. þessarar till. fengu bréf frá formanni Félags ísl. iðnrekenda, Davíð Scheving Thorsteinsson, þar sem hann segir m. a. að hann vænti þess, að málið fái fljóta og góða afgreiðslu á yfirstandandi þingi en Davíð Scheving Thorsteinsson er einn þeirra manna sem eiga sæti í samstarfsnefndinni sem hér hefur verið mikið til umr.

Það var ekki ætlun mín að fara ofan í fjölmörg einstök dæmi sem hafa verið nefnd og bent hefur verið á í þessu máli og sýna og sanna að taka þarf ákveðið á málinu, en ég hef tækifæri til að koma þeim dæmum, sem ég hef hér hjá mér, til nefndarinnar.

Ég vil að lokum ítreka það enn einu sinni, að ég fagna stuðningi hæstv. ráðh. Ég skal gjarnan fallast á það orðalag sem komið er frá samstarfsnefndinni. Ég benti á það í ræðu minni. Miklu meira máli skiptir þó í þessu máli stuðningur hans sem við eigum, hv. þm. í þessari d., eftir að sjá í verki á næstu dögum og vikum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Happdrættislán vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, frv. (þskj. 476). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 84. fundur.

Fimmtudaginn 26. apríl, kl. 2 miðdegis.

Heilsugæslulæknar, fsp. (þskj. 402). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 402 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrrh. Fsp. er um heilsugæslulækna. Hún hljóðar svo:

„1. Hve margir heilsugæslulæknar eru skipaðir í starf utan Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæma?

2. Hve margir ættu þeir að vera samkv. lögum?

3. Hve margir eru skipaðir á H 1 stöðvum, þ. e. í gömlu einmenningshéruðunum?

4. Hve margir ættu þeir að vera samkv. nýju lögunum um heilbrigðisþjónustu?

5. Hvernig hyggst ráðh. leysa læknaskort afskekktustu héraðanna?"

Ástæðan til að ég hef borið fram þessa fsp. er sú, að nú er að verða meira og meira áberandi að lækna skorti í afskekktustu héruðunum, þ. e. a. s. við ýmsar H l stöðvar um landið.

Þegar nefnd var skipuð árið 1970 í þeim tilgangi að búa til nýtt frv. til l. um heilbrigðisþjónustu var það eiginlega fyrst og fremst gert vegna þeirra örðugleika sem þá voru á því að fá lækna til starfa úti í dreifbýlinu. Það leit út fyrir að skapast mundi hreint neyðarástand, vegna þess að það kom þá í ljós að íbúar þorpanna víðs vegar úti um landið sættu sig beinlínis ekki við það öryggisleysi að geta ekki náð til læknis. Var óttast að þetta mundi hafa mikilvæg áhrif á byggðina í landinu. Síðan hefur margt gerst og miklar umbætur orðið í heilbrigðismálum eftir að nýju lögin um heilbrigðisþjónustu voru tekin í gildi í byrjun árs 1974.

Annað vandamál, sem þá var einnig um að ræða, var skortur á heimilislæknum í þéttbýli. Nú er sama ástandið einnig á ferðinni. Gömlu einmenningshéruðin eru mörg í vanda stödd vegna læknaskorts, en enn fremur finnur fólk til öryggisleysis í þéttbýlinu vegna þess að læknar fást ekki til starfa sem heimilislæknar.

Komið hefur í ljós að á H l. stöðvunum, þar sem einn læknir starfar og ekki er mannfjöldi til þess að tveir læknar hafi starfsaðstöðu, er að skapast mikið vandamál. Þetta eru gjarnan sömu staðirnir og áður ollu erfiðleikunum. Hvers vegna fást ekki læknar á þessa staði? Án efa eru margar samverkandi orsakir. Það má nefna einangrun frá starfsbræðrum og enn fremur að þannig hefur verið litið á að læknar, sem vinna á sjúkrahúsunum í þéttbýlinu, byggju við betri kjör en læknar sem eru einir í fámennum héruðum. Allt þetta er heilbrigðisyfirvöldum ljóst. Hins vegar virðist hafa vafist fyrir þeim að finna lausn á því vandamáli.

Ekki má draga úr því, að þarna sé um mikið vandamál að ræða. Ég held hins vegar að ef áfram á að tryggja búsetu í fámennum byggðarlögum sé nauðsynlegt að finna einhverja lausn á þessu vandamáli. Hef ég borið fram þessa fsp. til að vita hvort nokkuð sé að rofa til í þeim efnum.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að það er nokkurt vandamál að manna H l stöðvarnar, þó að oft hafi það gengið verr en núna, og sjálfsagt er aðalorsökin sú, að starf þar er talið meira bindandi en þar sem fleiri læknar vinna saman.

Fyrsti liður fsp. er um það, hversu margir heilsugæslulæknar séu skipaðir í starf utan Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæma. — Ráðnir í starf á því svæði, sem um er að ræða, eru 64, en innan við 50% þeirra eru skipaðir. Er það í sjálfu sér nokkuð alvarlegt mál.

Annar liður spurningarinnar: Hve margir ættu þeir að vera samkv. lögunum? — Ef við lítum svo á að á H l. stöðvum eigi að vera einn læknir, eins og lögin gera ráð fyrir, og á H 2 stöðvum skuli vera 2, en samkv. lögunum, eiga þeir að vera a. m. k. 2, ættu að vera 69 læknar á því svæði sem um er að ræða, þ. e. a. s. utan Reykjavíkur og Reykjaness. Heimilaðar stöður í fjárl. eru aftur á móti 67, eða 2 færri.

Þriðji liður spurningarinnar er um hve margir séu skipaðir á H 1 stöðvum, þ. e. í gömlu einmenningshéruðunum. — Í dag eru þeir 15 og þá tel ég að Ólafsfjörður sé setinn. Hann er það reyndar ekki í dag, en þangað kemur maður nú um mánaðamótin. Það vantar lækni á Flateyri, en því byggðarlagi er þjónað frá Þingeyri. Það vantar lækni á Raufarhöfn, en því byggðarlagi er þjónað frá Þórshöfn. Í tvö önnur héruð vantaði lækna fyrir nokkrum vikum en úr því leystist um mánaðamótin síðustu. Á þessum stöðum ættu læknar að vera 17, en eru 15 eins og ég sagði, þ. e. a. s. það vantar tvo í augnablikinu.

Síðsti liður spurningarinnar er þannig: Hvernig hyggst ráðh. leysa læknaskort afskekktustu héraðanna? — Eins og ég sagði hefur ástandið oft verið verra en núna, en hitt er annað mál að það er engan veginn gott. Sérstaklega er slæmt hve margir læknanna eru lausráðnir. Það hefur verið talað um að lengja héraðaskyldu kandidata úr 3 mánuðum í 4. Það hefur verið rætt um möguleika á því að taka upp við Háskólann sérfræðikennslu fyrir heilsugæslu- eða heimilislækna, en núna verða þeir að leita utan eins og aðrir sérfræðingar. Það hefur í þriðja lagi nokkuð verið hugleitt að fá lækna, sem eru við sérnám einmitt á þessu sviði í Svíþjóð, til þess að vinna í fríum sínum, en til þess hafa þeir boðist og mundi það geta leyst verulega úr, a. m. k. tímabundið. En heimild skortir til að borga ferðakostnaðinn. Þeir hafa sett það upp, að ferðakostnaðurinn til og frá Svíþjóð verði greiddur. Ég hef lítillega rætt við fjmrh. um hvort þetta mundi vera hægt, en ákvarðanir hafa ekki verið teknar enn þá um það.

Að síðustu vil ég svo segja það, að allmargir íslenskir læknar eru erlendis að sérhæfa sig í heilsugæslu og heimilislækningum. Ég reikna með að þegar þeir taki til starfa muni ástandið komast í viðunandi horf.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka ráðh. fyrir svörin.

Af orðum hans mætti ætla að allt væri í besta lagi. Það eru ráðnir 64 læknar af 69 sem eiga að vera á H 2 stöðvunum og það eru ráðnir 15 af 17 á H 1 stöðvar. En málið er ekki svona einfalt. Það er, eins og kom fram í máli hans, mikill munur á því, hvort læknir gegnir störfum lausráðinn eða hvort hann er skipaður í embætti. Slíkt öryggisleysi er fólkið úti á landinu ekki ánægt með. Þess vegna var fsp. mín borin fram um hvort fyrirhugað

væri að breyta því ástandi.

Yfirleitt hefur alltaf tekist að koma læknum í héruð stuttan tíma, en miklu verra er að fá þá skipaða, og byggist það á ýmsu. Að mínu viti eru þeir t. d. einu opinberu starfsmennirnir sem ekki er tryggt að geti fengið sumarfrí. Enginn aðili tryggir þeim afleysingu í sumarfríum. Þó eru þessir menn í raun og veru á vakt allan sólarhringinn allt árið og hafa ekki leyfi til að fara burt frá störfum sínum, og skyldi maður þá halda að hið opinbera sæi þeim fyrir staðgengli. Svo er ekki. Landlæknir gerir að sjálfsögðu það sem honum er unnt til þess, en slíkt er á læknanna ábyrgð. Enginn telur sér í raun og veru skylt að sjá til þess að þeir komist í frí, sem þeim er þó fullkomin nauðsyn, og er ég þá að tala um þá lækna sem eru einir í héruðum, þ. e. a. s. í gömlu einmenningshéruðunum. Ennfremur búa þessir menn í raun og veru ekki við jafngóð kjör og aðstoðarlæknar á spítölum í þéttbýlinu. Í öðru lagi veitir aðstaðan, þar sem þeir eru á vakt allan sólarhringinn, þeim ekkert meiri réttindi en þeim læknum, sem vinna sína 8 tíma vakt, 6 tíma eða hvað það er, í fjölmennari héruðum. Það verður að líta á þetta sem ósanngirni vegna þess að þessir menn hljóta að öðlast á stuttum tíma tiltölulega meiri reynslu en þeir sem vinna venjulegan vinnutíma.

Loks er svo það, að þessum mönnum er að sjálfsögðu nauðsynlegra en öðrum að fara í nám öðru hvoru. Símenntun lækna er viðurkennd, en þessir menn komast ekki í burtu nema þeir geti fengið fyrir sig staðgengil. Fyrir nokkrum árum var þannig háttað, að þegar menn höfðu þjónað ákveðinn tíma héraði sínu áttu þeir rétt á ársleyfi á fullum launum til þess að leita sér frekara náms. Þetta hefur verið afnumið. Munu læknar vera í hópi þeirra fáu sem hafa lakari kjör, a. m. k. á þessu sviði og reyndar öðrum líka, en þeir höfðu fyrir nokkrum árum.

Þetta er ásamt öðru ástæðan fyrir því, hvernig komið er. Ég held að ástandið sé mun erfiðara en kom fram í orðum hæstv. ráðh., þ. e. a. s. þó að takist að fá lausráðna menn til skamms tíma í þessi héruð sé það ekki það öryggi sem fólkið væntir.

Tolltekjur af sjónvarpstækjum, fsp. (þskj. 450). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 450 til menntmrh. um tolltekjur af sjónvarpstækjum og sjónvarp á sveitabæi.

Það er óþarft að fara hér orðum um mikilvægi sjónvarpsins og menningarlegt hlutverk þess í þjóðlífinu. En ekki er víst að allir geri sér jafnt grein fyrir að svo þýðingarmikið sem sjónvarpið er í þéttbýli er þjónustuhlutverk þess hvergi mikilvægara en í strjálbýlinu. Þar sem fásinni og einangrun er mest hefur sjónvarpið mestu hlutverki að gegna. Af þessu leiðir að sjónvarpið er eitt hið þýðingarmesta tæki til að stuðla að byggðajafnvægi.

Hins vegar hefur það hinar alvarlegustu afleiðingar ef sum byggðarlög eru afskipt sjónvarpinu. Svo er einmitt ástatt enn í dag í mesta strjálbýli landsins. Þannig hefur tilkoma sjónvarpsins ekki orðið þessum byggðarlögum lyftistöng, en þvert á móti aukið mikið á jafnvægisleysið milli þeirra og þéttbýlisins. Það er augljóst að við svo búið má ekki standa. Ég veit að á undanförnum árum hefur verið unnið að því að koma sjónvarpi á þá sveitabæi sem ekki hafa notið þess áður, en enn þá er þessu verki ekki lokið og í raun og veru þolir það ekki bið.

Það er svo, að frá því að sjónvarpið var sett á stofn hefur því verið ætlaður sérstakur tekjustofn, þ. e. a. s. tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum. Það varðar því miklu hverju þessar tolltekjur nema og hvernig sá tekjustofn sjónvarpsins nýtist. Hann hefur verið sjónvarpinu mjög mikils virði. Þó munaði fyrst í stað, þegar innflutningur sjónvarpstækja var sem mestur, mest um þennan tekjustofn, og um þær mundir sem ákveðið var að koma á litsjónvarpi í landinu voru ein rökin þau, sem fram voru færð fyrir þeirri ákvörðun, að við það mundi eflast þessi tekjustofn sjónvarpsins vegna þess að breytingin í litsjónvarp hefði óhjákvæmilega í för með sér mikinn innflutning á litsjónvarpstækjum.

Það er með tilliti til þessa sem ég hef gert fsp. mína til hæstv. menntmrh. um tolltekjur af sjónvarpstækjum og sjónvarp á sveitabæi. Fsp. mín er í fjórum liðum:

„1. Hve hárri upphæð námu tolltekjur af sjónvarpstækjum árið 1978 og hefur þeim verið skilað Ríkisútvarpinu svo sem ráð var fyrir gert?

2. Hvað eru margir sveitabæir, sem enn njóta ekki sjónvarpsskilyrða?

3. Hvað var mörgum sveitabæjum komið í sjónvarpssamband á árinu 1978?

4. Hvað er ráðgert að koma mörgum sveitabæjum í sjónvarpssamband árið 1979?“

Ég tel að mikilvægt sé fyrir hið háa Alþingi að fá svör við þessum spurningum með tilliti til mikilvægis málsins, eins og ég áður greindi.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fsp. þessar voru sendar Ríkisútvarpinu og svofellt svar barst 19. mars s. l.:

1. Tolltekjur af sjónvarpstækjum og loftnetum voru sem hér segir á árinu 1978: Innflutt 12 040 litsjónvarpstæki. Tolltekjur 1 142 943 075 kr. Innflutt 25 svarthvít sjónvarpstæki, 1 996 725 kr. Og innflutt sjónvarpsloftnet, 30 millj. 971 þús. 570 kr. Samtals 1 175 911 370 kr. Af þessari upphæð hefur Ríkisútvarpinu verið skilað 340 millj. kr. og eftirstöðvar því 836 millj. Eftirstöðvar frá árinu 1977 eru 68 millj. 442 þús. kr.

2. Nú þegar skýrsla þessi er gerð hafa um 320 bæir í sveit engin, slæm eða óviðunandi sjónvarpsskilyrði. Á árinu 1978 voru mjög víða gerðar endurbætur með nýjum stöðvum og bættum búnaði.

3. Samkv. upplýsingum radíódeildar Póst- og símamálastofnunar fengu 125 bæir sjónvarpsmerki vegna framkvæmda 1978.

4. Nái framkvæmdaáætlun þessa árs fram að ganga munu 70 sveitabæir komast í sjónvarpssamband á árinu.

Að lokum skal þess getið, að ótryggt rafmagn er allvíða stór hluti rekstrarvanda dreifikerfis. Má þar nefna Reykhóla, Víkursvæðið austur til Hafells, Gagnheiði o. fl.

Þetta var svar Ríkisútvarpsins við fsp. hv. þm. og ég hef ekki í sjálfu sér ýkjamiklu við það að bæta. Þó tel ég að rétt sé að fara nokkrum orðum um það meginspursmál þessarar fsp., hvort ekki vanti mikið á að Ríkisútvarpinu hafi verið skilað því sem því ber.

Eins og kemur fram í bréfi Ríkisútvarpsins er það skoðun Ríkisútvarpsins að það eigi inni hjá ríkissjóði, enda í bréfinu talað um að þessari og þessari upphæð hafi

verið skilað, en eftirstöðvar séu svo og svo miklar. Vissulega felur það í sér að Ríkisútvarpið lítur svo á að það eigi kröfu til hærri fjármuna en það hefur fengið. Ég er alveg sammála Ríkisútvarpinu um það. Ég tel að Ríkisútvarpið eigi kröfu til þess, að tolltekjum sjónvarpsins verði skilað. En ég vil vekja á því athygli, að þetta er ekki lögvernduð krafa. Krafa af þessu tagi var lögvernduð fyrr á árum og í reglugerð var kveðið á um að þessum tolltekjum ætti að skila til Ríkisútvarpsins, en þetta ákvæði mun hafa verið afnumið svo að lítið bar á í tíð fyrri stjórnar. Ég segi: „svo að lítið bar á", vegna þess að ég harma að þegar þetta gerðist, en það mun hafa verið fyrir 2—3 árum, skyldi því ekki hafa verið mótmælt kröftuglega. Ég veit ekki til þess að neinn aðili hafi haft uppi mótmæli. Ég tel það afleitt, vegna þess að sjónvarpið og útvarpið þurfa bersýnilega á þessum tekjum að halda, og það var því spor aftur á bak að þetta skyldi gerast án þess að einhverjar umr. færu fram um það á Alþ. og stefna væri mörkuð af löggjafanum um hvað rétt væri að gera í þessum efnum, hvort ætti að standa áfram við þessa stefnu eða hvort ætti þarna eitthvað að slaka á.

Þetta var sem sagt afnumið með reglugerðarbreytingu án þess að uppi væru höfð mótmæli. Þegar svo litvæðing hefst og fólk fer að kaupa litsjónvarpstæki í stórum stíl, þannig að tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum vaxa mjög verulega, fer að verða munur á þeirri fjárhæð, sem Ríkisútvarpið fær frá fjmrh., og þeirri upphæð sem Ríkisútvarpið telur sig eiga kröfu til samkv. fyrri venju. Sá munur hefur farið verulega vaxandi og var á s. l. ári, eins og hér kom fram, hvorki meira né minna en 836 millj. kr. Er allt útlit fyrir að munurinn verði álíka mikill á þessu ári, miðað við að verðmæti innfluttra sjónvarpstækja verði ekki minna á þessu ári en var á hinu seinasta, því að í fjárl., sem afgreidd voru nú fyrir áramótin, er ekki gert ráð fyrir að útvarpið fái af þessum tolltekjum nema 340 millj. á árinu 1979.

Ég hef gert grein fyrir því, að ekki er um að ræða lögverndaða kröfu, en ég endurtek, að ég tel að Ríkisútvarpið eigi þessa kröfu og sé fyrst og fremst um að ræða eðlilega kröfu sem auðvelt sé að rökstyðja. Litsjónvarp er vissulega ágætt og þar var um að ræða merkilegt framfaraspor. En hitt er ljóst, enn njóta fjölmargir bæir og byggðarlög um land allt annaðhvort alls ekki sjónvarps eða algerlega ófullnægjandi sjónvarpsskilyrða. Það er réttlætismál, sanngirnismál, að úr því verði bætt á sem skemmstum tíma. Útilokað er fyrir Ríkisútvarpið — sjónvarp að framkvæma það, sem gera þarf í þessum efnum, nema krafa þess til tollteknanna verði viðurkennd og komist á í framkvæmd. Ég geri mér því vonir um að eftir að litvæðingin hefur að mestu gengið yfir og innflutningur sjónvarpstækja dottið aftur niður haldi sjónvarpið áfram að fá veruleg framlög úr ríkissjóði, vegna þess að ríkissjóður eigi eftir að skila Ríkisútvarpinu þeim mikla mismun sem fyrir hendi er frá árunum 1977, 1978 og 1979. Ég hefði vissulega talið æskilegra að meira hefði gengið til Ríkisútvarpsins af tolltekjum en ákveðið er í fjárl., en Alþ. er þar æðsti dómari og hefur þegar kveðið upp dóm sinn, og ég geri ekki ráð fyrir að honum verði breytt, fyrir árið 1979.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég fagna því að þessi fsp. hefur komið til umr. og fengist hafa upplýsingar um það mál sem um er spurt, en ég vek jafnframt athygli á því, að þetta tollamál, sem varðar Ríkisútvarpið og ríkissjóð, hefur áður borið á góma í þinginu í vetur.

Við afgreiðslu fjárl. gerði ég sérstaklega að umtalsefni hversu verulega tolltekjur væru skertar sem framlag til Ríkisútvarpsins. Jafnframt minntist hv. þm. Lúðvík Jósepsson á þetta mál síðar í vetur og lýsti undrun sinni á því, hversu mjög hlutur Ríkisútvarpsins hefði verið skertur. Þá minnti ég á að það hefði verið ákvörðun stjórnarflokkanna við afgreiðslu fjárl. að ákveða 340 millj. kr. framlag fyrir árið sem nú stendur yfir samkv. fjárl. fyrir árið 1979 og það þrátt fyrir að upplýsingar lægju fyrir um að tekjur af innflutningi sjónvarpstækja væru áætlaðar margfalt hærri. Það er því þýðingarlaust fyrir hæstv. ríkisstj. eða stjórnarsinna að sýnast saklausir og bláeygir þegar þetta mál ber á góma og vandamál Ríkisútvarpsins af því tilefni.

En hæstv. ríkisstj. hefur reyndar sýnt hug sinn til Ríkisútvarpsins með öðrum hætti, en það er með því að halda afnotagjöldum stofnunarinnar verulega niðri. Nú síðast fékkst hækkun á afnotagjöldum af hljóðvarpi og sjónvarpi um ca. 17%, þrátt fyrir að farið hefði verið fram á miklu hærri hækkun á afnotagjöldum hjá Ríkisútvarpinu. Það er vert og nauðsynlegt að geta þess í því sambandi, að þegar útvarpið hóf göngu sína á sínum tíma var gert ráð fyrir að afnotagjald af því væri nokkurn veginn sambærilegt við ársgjald af dagblaði. Þannig var í skamman tíma. Nú er svo komið að ársgjald af dagblaði er 36 þús. kr., en afnotagjöld til Ríkisútvarpsins, bæði fyrir útvarp og sjónvarp, eru 36 þús. kr. M. ö. o. virðist á þessari löngu göngu hafa algerlega gleymst að taka tillit til þess, að búið er að setja upp nýja mikla stofnun þar sem sjónvarpið er.

Það gefst ekki mikill tími til þess að rekja mál þetta mjög ítarlega, en ljóst er að Ríkisútvarpinu er haldið í algeru fjárhagssvelti. Þetta hefur í för með sér gífurlegan samdrátt á allri þjónustu, dagskrárgerð svo og uppbyggingu dreifikerfisins, áframhaldandi litvæðingu o. s. frv., o. s. frv., svo að ekki sé talað um það menningarlega hlutverk og það fræðsluhlutverk sem Ríkisútvarpið þarf að gegna, en getur vitaskuld ekki gegnt í nægilega ríkum mæli vegna þess hversu að þessari stofnun er þrengt fjárhagslega.

Herra forseti. Ég mun ljúka máli mínu með því að vekja athygli á því, að um leið og hæstv. ráðh. upplýsir tölur um að tolltekjur af innflutningi sjónvarpstækja nemi 1100 millj., það vantar upp á 800 millj. til þess að endar nái saman fyrir síðasta ár, er líka gert ráð fyrir í fjárl. fyrir þetta ár að upp á vanti u. þ. b. sömu upphæð. Þetta er ákvörðun núv. ríkisstj. Þetta er sem sagt staðfesting á því, hvaða hug ríkisstj. ber til Ríkisútvarpsins, merkustu menningarstofnunar landsins.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það tekur því varla að koma í ræðustól fyrir tvær mínútur, en ég ætla að gera tilraun til að koma á framfæri því sem ég vildi sagt hafa.

Í fyrsta lagi vil ég fagna þeirri yfirlýsingu menntmrh., að hann telji að Ríkisútvarpið eigi rétt á þeim 836 millj. kr. í tolltekjum sem útvarpið fékk ekki greiddar af tolltekjum s. l. árs. Ég vænti þess, að fjmrh. sé sama sinnis og einnig hagsýslustjóri.

Staðreyndin er sú, að fjárhagsmál Ríkisútvarpsins eru nú komin í þá þröng að fyrirsjáanlegt er að þar verður að skera niður mjög verulegan hluta af dagskrárgerð bæði útvarps og sjónvarps. Framlag til dagskrárgerðar í hljóðvarpi á þessu ári er að krónutölu minna en í fyrra, og geta

menn þá reiknað út, miðað við verðbólgu, hver niðurskurðurinn er. Í krónutölu er framlag til dagskrárgerðar í sjónvarpi nokkru meira en í fyrra, en er í raunkrónum mun minna. Það er því fyrirsjáanlegt að útvarpsráð verður mjög fljótlega að taka ákvörðun um að skera niður þá þætti sem þó hafa verið vinsælastir og fólki hefur geðjast best að í þessum tveimur fjölmiðlum.

Ég vil aðeins í sambandi við umr. um Ríkisútvarpið minna á þá skoðun, sem ég hef látið í ljós í þessum ræðustól, að Ríkisútvarpið sé eins konar Öskubuska í augum ríkisvaldsins og hafi verið um áratugaskeið. Ég vil þó að skýrt komi fram, að fyrrv. menntmrh. leit þessa stofnun þeim augum sem ég tel að menntmrh. eigi að gera. Ég vænti þess, að núv. menntmrh. geri það einnig og reyni það sem í hans valdi stendur til þess að bæta fjárhag útvarpsins, en allt bendir til að hann verði slæmur á þessu ári. Ég vil einnig ítreka þá skoðun mína, að þrátt fyrir þann sparnað, sem ríkið verður að hafa í frammi á þessu ári og næstu árum, verði ekki hvikað frá því að halda áfram smíði útvarpshúss, sem er alger grundvöllur undir því að Ríkisútvarpið geti náð að þróast eðlilega.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það eru einkenni vinstri stjórna þegar þær taka við völdum, að þá sverfur hungrið að stofnunum eins og Ríkisútvarpinu. Þá er byrjað að ýta á undan sér fjárhagsvandræðum stofnana. Það kom glöggt fram t. d. um áramótin 1974—1975 varðandi Ríkisútvarpið þegar það var í gífurlegum lausaskuldum. Síðan tók við ný ríkisstj. og þáv. hæstv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, sá sóma sinn í því að gera það vel við stofnunina að hægt væri að halda starfsemi hennar úti. Nú er ballið byrjað aftur. Það er byrjað að halda niðri nauðsynlegum hækkunum afnotagjalda.

Í dag ræðum við um tolltekjurnar sem voru forsendur litvæðingar, eins og hv. þm. vita — og ég vænti þess að hér komi upp í ræðustólinn hv. þm. Sverrir Hermannsson sem var í nefnd sem rannsakaði þessi mál á sínum tíma og gerði till. um málið.

Útvarpið sjálft hefur gert ráð fyrir að fá 800 millj. kr. til dreifikerfisins, og þá segi ég „dreifikerfi" í víðtækri merkingu. Þar með er talið stúdíóið, sem telst til dreifikerfis þegar um litvæðinguna er að ræða. 1150 millj. koma í ríkiskassann, 340 er skilað í stað þeirra 800 sem óskað er eftir. Hæstv. ráðh. minnir á það, sem rétt er, að hér sé ekki lengur um markaðan tekjustofn að ræða. En það skiptir engu máli í þessu tilviki. Menn geta staðið við orð sín þó að þau séu ekki lögbundin, þótt eflaust sé það nýtt fyrir hæstv. ríkisstj. — Þannig virðist vera með núv. hæstv. ríkisstj. að hún þurfi að lögbinda sína eigin samninga innbyrðis, eins og gerst hefur í vetur um alla lagasmíð um eigin samninga.

En hægt er að bjarga þessu máli við. Hægt er að gera það á þessum þingfundi ef hæstv. fjmrh. kemur í pontu og lýsir því yfir að það, sem á vantar, verði tekið inn í lánsfjáráætlun á þessu ári. Hægt er að gera það líka þannig, að hæstv. menntmrh. og fjmrh. komi upp og segist muni bæta fyrir þennan skaða á næsta ári. Slík yfirlýsing yrði tekin alvarlega héðan úr þessum sal og mundi eflaust geta komið til móts við þær óskir sem uppi hafa verið hafðar í þessu máli. Þannig geta hæstv. ráðh. sýnt hug sinn í verki.

Ég vil að lokum, herra forseti, geta þess, að yfirráðh. ríkisstj., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, 1. þm. Austurl., upp-götvaði þetta mál 14. febr. Það var að vísu löngu búið að samþykkja fjárl., en getið er um það í spalta 2583 í Alþingistíðindum hver eru viðhorf hans. Þannig má eflaust lofa stuðningi hans að honum fjarstöddum, ef hann skyldi hafa áhrif á hugi einhverra manna.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Mér nægja tvær mínútur, því að ég get haft skammar signingar yfir þessu máli.

Hér höfum við enn eitt dæmið um stjórnlaus gírugheit fjármálastjórnar í landinu, þar sem ráðamenn fara að feng sínum eins og þjófar á nóttu. En ég vil biðja mína ágætu flokksmenn um að fara með gát að þessu máli þegar þeir halda sig hafa í höndum stór árásarefni á núv. ríkisstj., vegna þess að þessari lögvernd var rift af fyrrv. ríkisstj. og gert með þeim hætti að enginn varð var við. Það var, eins og kom hér fram, fyrst í febrúarmánuði t. a. m. sem ég gerði mér grein fyrir þessu, — og má auðvitað gagnrýna mann fyrir að hafa ekki fylgst betur með afgreiðslu fjárl. Ég gekk að því sem vísu að Ríkisútvarpið nyti tollteknanna eins og gert hafði verið ráð fyrir frá upphafi. Ég hafði enda átt sæti í nefnd ásamt með núv. hæstv. dómsmrh. og fyrrv. þm. Inga Tryggvasyni þar sem við gerðum áætlanir um framhaldsframkvæmdir í þessum málum og gengum út frá því sem vísu að tolltekjur rynnu til framkvæmda við dreifingu sjónvarpsins. Við gerðum að vísu ekki ráð fyrir svo stórfelldum tekjum sem raun ber vitni um, en allt að einu voru mál skipulögð og skýrslu skilað með tilliti til þessa.

Enn er margt ógert í þessum málum. Sjónvarp fór mjög myndarlega af stað á sinni tíð og náði skjótari framgangi en menn gátu þá gert sér vonir um. Allt að einu liggur margt ógert eftir, eins og dreifing sjónvarpsins til hundraða sveitabýla, og við það verður ekki unað. Eins liggur það óbætt hjá garði að huga að dreifingu sjónvarps til sjómanna á hafi úti.

Nú hefur komið fram hjá hæstv. menntmrh., að hann telur, og ég tek undir þá skoðun hans, að umrætt fé sé vangreitt til Ríkisútvarpsins. Það mál verður að leiðrétta. Skila verður þessum ránsfeng aftur. Við skulum sameinast um það og láta lönd og leið, a. m. k. í þessu falli, að fljúgast á pólitískt þessa vegna.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég fagna því að þetta mál hefur komið til umr. aftur. Málið var búið að vera á döfinni fyrr í vetur, því ég lagði fram fsp. um tolltekjur af sjónvarpsinnflutningi og uppbyggingu sjónvarpsins fyrr á þessu þingi. Þar komu fram ítarlegar upplýsingar um þetta mál. Ég tek einnig undir það með síðasta ræðumanni, hv. þm. Sverri Hermannssyni, að ljóst var við afgreiðslu fjárl. að það var fyrrv. ríkisstj. sem hafði lagt þarna línur sem farið var eftir í sambandi við afgreiðslu fjárl.

Ég tel ekkert vafaatriði að við þurfum að taka höndum saman um málefni útvarpsins og sjónvarpsins og taka þau mál til rækilegrar skoðunar, bæði hvað varðar dreifingu og ekki síður uppbyggingu stofnunarinnar. Það er ekkert vafaatriði, að eðlilegt er, eins og fyrrv. menntmrh. var búinn að láta gera till. um á vegum nefndar þeirrar sem lýst var áðan, að tolltekjur af innflutningi sjónvarpstækja fari beint í uppbyggingu stofnunarinnar bæði hvað varðar dreifingu og innri byggingar hennar.

En ég vildi nota það tækifæri, sem hér gefst, til að koma á framfæri og vekja athygli á því, að ástand þessara

mála á utanverðu Snæfellsnesi er mjög slæmt vægast sagt. Ég veit og að hæstv. menntmrh. er það ljóst þar sem honum berast undirskriftir hundraða sjónvarpsnotenda á þessu svæði, sem mótmæla ástandinu og óska eftir því að þarna verði gerðar tafarlausar úrbætur. Endurvarpsstöðvar þarna eru mjög lélegar og viðhald þeirra er fyrir neðan allar hellur. Er svo mikill hiti í sjónvarpsnotendum á þessu svæði, að þeir hafa nú í undirbúningi samtök sín á milli um að neita að greiða afnotagjaldið á þessu vori. Þetta er alvarlegt mál og má ekki koma fyrir. Vonast ég til að á því verði tekið á myndarlegan hátt. — En ég vil endurtaka, að mér finnst að það sé skylda okkar að taka höndum saman um að standa þannig að uppbyggingu á þessu kerfi öllu að viðunandi verði.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er satt að segja meira en árlegt viðfangsefni í hv. Alþ. að ræða um dreifingarkerfi sjónvarpsins. Er sannarlega ástæða til þess, því að það er, eins og hér hefur komið fram, ákaflega mikið stórmál hvernig til tekst að koma sjónvarpsefni til landsmanna og útvarpsefni yfirleitt. Það er, eins og kemur fram hjá hverjum ræðumanni á eftir öðrum, engin þörf á að ræða um menningargildi sjónvarpsins. Það er hlutur sem menn gefa sér. Yfirleitt er aldrei hugað neitt að því, hvernig Ríkisútvarp og sjónvarp framfylgja menningarpólitík og fréttapólitík sinni og þarf ekki heldur að gera hér. Ég held að menn taki það allt sem góða og gilda vöru. En ég er sem sagt alveg sammála mönnum um að sjónvarpið er mikið menningartæki og útvarpið líka, og þá er það auðvitað frumskylda ríkisvaldsins að dreifa sjónvarpsefninu sem víðast út um landið.

Í þessum umr. kemur í ljós í svari hæstv. ráðh., að 320 sveitabæir hafa ekki sjónvarp. Ég sé ekki betur en það sé þá verkefni okkar að vinna að því að úr þessu verði bætt. Og ég er alveg sannfærður um að tiltölulega auðvelt er að gera það á fremur stuttum tíma. Ég held það verði langbest gert með því að framfylgja út í æsar framkvæmdaáætlunum sem fyrrv. menntmrh., hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson, beitti sér fyrir í sinni ráðherratíð um dreifingu sjónvarpsins. Þó kann að vera að endurskoða þurfi eitthvað þessa áætlun og er þá sjálfsagt að gera það. En í því sambandi er auðvitað nauðsynlegt líka að tryggja stærri hluta af tolltekjum til dreifingar sjónvarpskerfis. Hæstv. ráðh. upplýsir að þetta sé ekki lögverndað krafa, það sé ekki lögverndað nú að allar tolltekjur af innfluttum sjónvörpum gangi til dreifikerfisins, og mun það rétt vera, enda verð ég að segja það í allri hógværð að mér fyndist einum of mikið að ætla að krefjast þess að hver einasta króna, sem kemur inn í tekjur af sjónvarpinu, gangi til dreifingar sjónvarpsins. Ég held hins vegar að það sé alveg nauðsynlegt að unnið verði að því, að stærri hluti af tolltekjunum en nú er gert ráð fyrir gangi til sjónvarpsdreifingarinnar.

Í því sambandi vil ég líka minnast svolítið á hljóðvarpið sjálft. Það eru um það bil 50 ár síðan það hóf starfsemi sína. Það stendur þannig eftir 50 ár, að enn þá eru mjög slæm hlustunarskilyrði víða um land — ótrúlega slæm. Ég gæti trúað því, að fleiri bæir hefðu svo slæm hlustunarskilyrði í sveitunum að ástandið væri verra að því leyti en hvað varðar sjónvarpið. Er því að mörgu að hyggja í sambandi við þessi mál. — En ég vil leggja á það mikla áherslu, að sjónvarpsdreifingunni verði haldið áfram eftir skynsamlegri framkvæmdaáætlun, eins og reyndar fyrir liggur, og að Ríkisútvarpinu verði tryggður eðlilegur hluti af tolltekjum til þessara þarfa.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Já, ég er þeirrar skoðunar að rangt sé að svelta Ríkisútvarpið. Menn tala um vinstri eða hægri stjórn. Ég get ekki annað en brosað! Forveri minn, Magnús Torfi, tók ekki við glæstum arfi frá „viðreisn". Það var hluti af „hrollvekjunni", held ég, sem þar var óleystur. Ég tók ekki heldur við góðum arfi frá vinstri stjórninni. Það hélt við lokun á útvarpinu þegar ég kom þar að. Og það gekk ekki alltaf skafið að hækka afnotagjöldin! En það tókst — og þökk sé meðráðh. mínum í þeirri stjórn og gjaldskrárnefndarmönnum, sem þá störfuðu, fyrir að það tókst!

En ég ætla aðeins að víkja að því sem rætt hefur verið um sjónvarpstollana. Það er ekki alveg rétt, að sú greiðsla hafi verið lögvernduð. Hún var ekki lögboðin. Það var heimild í tollskárlögum frá 1964 til að nota sjónvarpstollana til þess að útbreiða sjónvarpið. Það hefur komið fram hér, að þessu var svo breytt með lögum árið 1976 og hvorki þáv. menntmrh. né fjölmargir aðrir þm. tóku eftir því fyrr en það var búið og gert. Ég mótmælti þessu ekki opinberlega í blöðum eða hér á Alþ. En ég mótmælti þessu við fjmrn. og þáv. fjmrh. (**MÁM:** Það kom fyrir ekki.) Jú, það kom til nokkurs. Ég ræddi þetta ítrekað við fjmrh. Niðurstaða okkar varð sú sem kemur fram í bréfi menntmrh. frá 5. ágúst 1977, þ. e. svari til útvarpsstjóra. Þar segir:

„Með vísun til bréfs fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnunar, dags. 14. júní s. l., staðfestir rn. hér með að menntmrh. hefur rætt efni bréfsins við fjmrh., sem hefur lýst því yfir að Ríkisútvarpið muni áfram njóta allra tolltekna, sem til falla af innfluttum sjónvarpstækjum, með sama hætti og verið hefur".

Ljósrit af þessu bréfi sendi ég fjmrh. að sjálfsögðu og fékk enga aths. við það. Samkv. þessu var starfað.

Þegar ég fór úr rn. gerði ég frásögn af þessu máli, af því að það var nokkuð laust í reipum eins og hv. þm. heyra, til viðtakandi menntmrh., og til fjmrh. um leið, og hún er gerð 27. júlí 1978. En í allra síðustu frásögn minni af þessu máli, sem er frá 30. 8. 1978, segir svo:

„Ég hef borið frásögn mína frá 27. júlí 1978 um þetta efni undir fjmrh. og ráðuneytisstjóra Höskuld Jónsson. Hafa þeir ekki gert aths. við frásögnina í meginatriðum. Ég tel því fastmælum bundið:

1. Að Ríkisútvarpið fái til ráðstöfunar nefnda tolla, sem til falla 1977 og 1978 og framvegis, þar til annað verður ákveðið.

2. Að eftirstöðvar frá 1977 verði greiddar á þessu ári, sbr. þó fyrrnefnda frásögn." — Þar var rætt um að fresta hluta af þessum greiðslum fram yfir áramót.

„3. Að samkomulag verði gert um hversu greiðist það sem kann að verða umfram gerða greiðsluáætlun 1978".

Ég fæ e. t. v. tækifæri til þess á eftir að tala í 2 mínútur í viðbót.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem aðrir hv. þm. hafa sagt um nauðsyn þess að landsmenn sitji við sama borð varðandi möguleikana á því að nota sér útsendingar útvarps og sjónvarps, hvort heldur menn vilja, — svo ég leyfi mér að taka með nokkrum semingi undir fullyrðingu hv. þm. Ingvars Gíslasonar um afdráttarlaust menningargildi allrar starfsemi Ríkis-

útvarpsins, — kalla það að allir landsmenn eigi rétt á því að fá notið útsendinga útvarpsins eða hvort réttlátt sé að það bitni jafnt á öllum. Það kann að verða álitamál.

Undir ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar kom mér það í hug sem oftar er ég heyri til þess ágæta og fríska manns, að gott eiga þeir sem ungir eru, ekki bara vegna þess hvað þeir eru frískir, kátir og hraustir og léttir á fótinn, heldur líka vegna þess hvað það er takmarkað sem þeir vita, því að sumt af því, sem þeir eldri vita, er ekkert skemmtilegt.

Þegar ég kom til starfa til Ríkisútvarpsins 1. apríl 1946 lá þar fyrir teikning af útvarpshúsi og ítarleg áætlun um að koma upp sæmilegu dreifikerfi þannig að dagskrá útvarpsins gæti, ef við orðum það þannig, bitnað jafnt á öllum landsmönnum. Af þeim 33 árum, sem síðan eru liðin, hefur Sjálfstfl. setið 25 í stjórn. Enn á Ríkisútvarpið ekki útvarpshús og enn er ástandið eins og þegar þáv. hv. þm. Austurl., Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósepsson og Einar Sigurðsson, gengu á fund útvarpsstjóra og kvörtuðu undan því, að ekki heyrðist til Ríkisútvarpsins á Austurlandi. Þá gaf hann fremur í skyn en hann segði nokkuð um framkomu fjárveitingavaldsins gagnvart Ríkisútvarpinu, og spurði síðan: Þið eruð þeirrar skoðunar að það sé í sjálfu sér stefna Ríkisútvarpsins að heyrast út um hvippinn og hvappinn! Enn er ástandið nákvæmlega eins á ýmsum stöðum á Austurlandi og það var þá.

Ég tek undir það sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði um brýna nauðsyn þess að þm. einstakra flokka reyndu ekki að koma sök af sínum í þessu máli, en minni á að alvarlegasta skrefið, sem stigið var í fjármálum Ríkisútvarpsins, var þó stigið í tíð viðreisnarstjórnarinnar þegar ákveðið var að taka útvarpsgjaldið inn í vísitölu. Ég þarf ekki að útskýra fyrir hv. þm. þá þýðingu sem þetta hafði fyrir möguleikana á því að hækka afnotagjöldin, en hún hefur verið mjög þungbær.

Páll Pétursson: Herra forseti. Menn hafa einkum rætt um skil ríkissjóðs á þeim fjármunum sem hann innheimtir í tolltekjunum. Hefur nokkuð horfið í skuggann annað atriði sem fsp. fjallaði líka um og greið svör hafa fengist við. Menn hafa í umr. gleymt þeim 320 sveitabæjum sem eftir eru — eða það er a. m. k. ekki eins ofarlega í huga manna.

Ég vil fyrir hönd fólksins á þeim 125 sveitabæjum, sem fengu sjónvarp á s. l. ári, færa hæstv. fyrrv. menntmrh. — og eftirmanni hans jafnframt — þakkir. Eitt þeirra heimila er mitt heimili. En ég vil jafnframt gera þá kröfu fyrir hönd hinna 250 sem eftir verða um næstu áramót, þ. e. a. s. þeirra sem tæknilega er unnt að koma með skaplegum hætti sjónvarpi til, að menn dríf sig nú og láti ekki deigan síga við að koma þangað sjónvarpinu.

Upphafleg framkvæmdaáætlun, sem sett var fram og byggði á litvæðingu, hefur riðlast stórkostlega. Sú framkvæmdaáætlun gerði ekki ráð fyrir svo miklu fé sem varið hefur verið til fjárfestingar innan sjónvarpsins, en aftur á móti meira til uppbyggingar dreifikerfisins. Hlutföllin riðluðust og þess vegna eru enn svo margir settir hjá. Það eru eðlileg mannréttindi, sem við eigum að hjálpast að við að koma til þegnanna, að njóta þessa fjölmiðils. Það er rétt að skila peningum til uppbyggingar sjónvarps úr ríkissjóði, en ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á að menn gleymi ekki í hita bardagans þeim heimilum sem enn eru utan þjónustusvæða sjónvarpsins.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Nú er ljóst að það hefur ekki staðist fullkomlega sem ég áðan greindi. Það er að minni hyggju í hæsta máta óviðfelldið og raunar er það óviðunandi, satt að segja.

Ég vil láta koma fram og minna á það, að í fsp.-tíma fyrr í vetur lét ég þá skoðun í ljós að Ríkisútvarpið ætti að halda tolltekjunum af sjónvarpstækjum sem tekjustofni, ekki kannske eingöngu til dreifingar sjónvarps, heldur til annarra þarfa, vegna þess að þarfir Ríkisútvarpsins fyrir framkvæmdir eru svo gífurlegar sem öllum hv. alþm. er vitanlega kunnugt um. Þar er eitt atriði sjónvarpsdreifingin, þá bæði örbylgjan og stöðvarnar sem eftir er að byggja og svo endurnýjun á eldri stöðvum, t. d. á svæðum eins og hér hafa verið nefnd nýlega í þessum ræðustól, þá er það meginstöð útvarpsins í Reykjavík, langbylgjustöðin, endurnýjun á henni, það er dreifing hljóðvarpsins, þ. á m. FM-bylgjan, og það er útvarpshúsið.

Ég álít að það hafi verið ákveðin allt of lág gjaldtaka fyrir Ríkisútvarpið núna, og ég held að menn verði að manna sig upp í að fylgja eitthvað nálægt því í kjölfar dagblaðanna. Það er ekki of mikið að gera það. Og ég vil minna á að við ákvarðanatökuna um gjöldin haustið 1978 var stefnt að því, að unnt yrði að leggja til hliðar í framkvæmdasjóðinn 5 + 5%. Reikningar sýna að það tókst fullkomlega. Með því móti, ef við höldum því, sem ég vona að verði gert þótt kannske falli niður hálft ár eða svo, á fjármálum húsbyggingarinnar að vera borgið á 10—15 ára tímabili með hlutfallslega svipaðri gjaldtöku. Það er sannarlega nóg samt af öðrum verkefnum, eins og ég drap á, sem afla þarf fjár til með öðrum hætti.

Jón Ásbergsson: Herra forseti. Það kom fram í ræðu einhvers hv. þm., að um 320 sveitabæir nytu enn þá ekki sjónvarps. Eftir að hv. þm. Páll Pétursson hafði lokið ræðu sinni hafði þeim fækkað í 250. Ég veit eiginlega ekki alveg hver hin raunverulega tala er, en líklega er það rétt hjá Páli Péturssyni, að 250 sveitabæir, sem tæknilega mögulegt er að útvega sjónvarpsefni, njóti þess ekki í dag.

Ég legg til, þar sem ég hef einungis 2 mínútur og er ungur maður eins og Friðrik Sophusson, að við göngum í það strax að gera þessum 250 eða fleiri sveitabæjum mögulegt að njóta sjónvarpsefnis með því að senda þangað sjónvarpssegulbönd. Það mundi kosta ríkið innan við 100 millj. — margfalt lægri upphæð en mundi kosta að koma dreifikerfinu þangað. Við skulum senda þessu fólki sjónvarpssegulbönd, biðja svo næsta bónda, sem nýtur sjónvarps, að taka upp efnið á kvöldin og koma því annaðhvort með pósti eða á annan hátt sem skjótast til þeirra bæja sem eru sjónvarpslausir. Það er ódýrt, tekur engan tíma.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þegar flestir, ef ekki allir ræðumenn lýsa yfir, að þeir telji að fjárhagur Ríkisútvarpsins þurfi að vera góður á hverjum tíma, og hneykslast á því, að skerðing á tolltekjum til Ríkisútvarpsins hafi átt sér stað, er auðvitað spurningin sú, hvernig þetta má vera. Að svo miklu leyti sem skuldinni má skella á fráfarandi ríkisstj. held ég að það sé rétt að taka það fram, að þegar gerðar voru áætlanir eftir að lögbindingin var afnumin um bein framlög á fjárl. til Ríkisútvarpsins var nokkurn veginn miðað við þær áætl-

anir sem lágu fyrir varðandi væntanlegan innflutning á sjónvarpstækjum. Það verður að segja eins og er, að sú áætlun fór langt fram úr björtustu vonum. En við síðustu fjárlagaafgreiðslu gerðist það, að núv. hæstv. ríkisstj. tók ákvörðun um að sama krónutala skyldi vera í fjárl. fyrir árið 1979 og var fyrir árið 1978. Ríkisstj. veit að innflutningur hefur stórkostlega vaxið á síðasta ári og hann mun vaxa á þessu ári, en þrátt fyrir þetta gerir hún ráð fyrir því í fjárl. að sama krónutala gildi áfram.

Enn gagnrýni ég ríkisstj. fyrir það, að hún neitar Ríkisútvarpinu um eðlilegar hækkanir á afnotagjöldum þrátt fyrir augljósan fjárskort. Þetta tel ég vera pólitískt gagnrýnivert og árásarefni á ríkisstj. Ég álasa og gagnrýni ríkisstj. fyrir að fara svona að þrátt fyrir vitneskju um fjárhagsvanda útvarps, og ég tel það bera vott um áhuga- og skilningsleysi ríkisstj. á málum Ríkisútvarpsins, sem er stærsta og merkilegasta menningarstofnun landsins. Ef hér eru einhverjir stjórnarandstæðingar sem ekki hafa fylgst með þessu, hvað þá ef þeir telja þetta ekki vera pólitískt gagnrýnisefni, eiga sömu stjórnarandstæðingar, og ég tala nú ekki um stjórnarsinna, að snúa sér að öðrum verkefnum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrv. menntmrh., sat í fyrri ríkisstj., þeirri stjórn sem tók við af „hrollvekju", eins og hann tók til orða. (**VH:** Ég var að tala um hina hrollvekjuna, frá viðreisninni.) Frá viðreisninni? Þar kom að því. Ég vona að það sé þá skýrt okkar á milli.

Ég held að hv. þm. hafi misskilið þetta um viðreisnartímabilið. Það var ekki sú hrollvekja sem oft hefur verið talað um manna á milli sem hann tók við. Hrollvekjan á þeim tíma var sú hugsun sem á lokadögum viðreisnarstjórnar hvarflaði að mönnum, að vinstri stjórn kæmist e. t. v. til valda að loknum þeim kosningum sem voru í vændum. Það var sú hrollvekja sem fólk talaði um. En hrollvekja vinstri stjórnar er vandamálið sem Alþ. á við að glíma, og mér er næst að halda að ef viðreisnartímabil það, sem við höfum í huga þegar um viðreisn er talað, hefði haldið áfram væri enn þá farsælt tímabil í stjórn þessa lands og líklega væru flest, ef ekki öll sveitabýli þegar komin í sjónvarpssamband við aðalstöðvarnar, en ekki í „kasettu"-samband, eins og hér var rætt áðan.

Varðandi tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum tel ég að sá tekjustofn eigi að ganga óskertur til uppbyggingar starfsemi Ríkisútvarps og sjónvarps. Ég lít á þá tolla sem markaða tekjustofna eða sjálfsagðan stofnsjóð fyrir fjölmiðlavæðingu landsins alls. Ef fjmrh. hefur haft heimild til þess samkv. reglugerðum og lögum að skerða þennan tekjustofn Ríkisútvarps-sjónvarps á Alþ. að breyta þeim lögum og hafa þau þannig úr garði gerð að embættismenn geti ekki breytt tilgangi laganna (Gripið fram í.) Eða ráðh.! Ráðh. er embættismaður ríkisins.

Ég hef ekki meira um þetta mál að segja. En ég vona að alþm., sem nú vilja styðja sjónvarps- og fjölmiðlavæðingu landsins, taki til höndum og breyti lögum þannig að rn., ráðh. eða embættismannakerfið geti ekki beitt þeim í öðrum tilgangi en þeim er ætlaður af Alþingi sjálfu.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Ellert Schram hafði uppi þungar ásakanir á hendur núv. stjórn og talaði um bláeyga menn. Ég veit að það er eitthvað blátt í augnasvip hv. þm., en hann er samt ekki svo bláeygur að hann ímyndi sér að hann geti slegið sér upp pólitískt á því að fara að rífast um þetta mál.

Tengsl á milli tolltekna og ríkisframlags til sjónvarps voru afnumin, eins og hefur margoft komið fram í þessum umr., í tíð fyrri stjórnar. Við tókum hvorugur eftir því. Ég tel að málið sé sannarlega ekki þess eðlis að hægt sé að saka einn flokk fremur en annan um hvernig nú er komið málum. Alþm. munu almennt ekki hafa orðið varir við þegar þessar breytingar áttu sér stað.

Hér hefur hins vegar verið minnst á að Ríkisútvarpinu sé haldið í svelti vegna þess að afnotagjöld hafi lítt verið hækkuð í tíð þessarar stjórnar. Ég vil minna á það hér, að afnotagjöld voru nýlega hækkuð um 15% hjá útvarpi og 17% hjá sjónvarpi. Þessi hækkun gildir fyrir fyrri hluta ársins 1979, en gert hefur verið ráð fyrir að hliðstæð hækkun ætti sér stað á síðari hluta ársins. Samanlagt yrði þá hækkun afnotagjalda hjá þessari stofnun um og yfir 35% á árinu, sem er mjög nærri þeim verðbreytingum sem reiknað hefur verið með á þessu ári. Auglýsingar í útvarpi voru hins vegar hækkaðar um 35%, og ef auglýsingar verða hækkaðar enn frekar á síðari hluta ársins, sem enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um, verður hækkun þeirra talsvert miklu meiri en nemur verðbreytingum á árinu. Einnig er gert ráð fyrir að sjónvarpsauglýsingar verði hækkaðar í verði á síðari hluta ársins, en þær voru hækkaðar verulega í lok seinasta árs. Ég held því að ekki verði sagt með neinum rétti að ekki hafi verið um að ræða verulegar hækkanir á afnotagjöldum og auglýsingaverði hjá útvarpinu og sjónvarpinu. Ég held að þeir menn, sem halda öðru fram, viti einfaldlega ekkert hvað þeir eru að tala um.

Ég vil svo að lokum fagna þeirri almennu samstöðu sem hefur komið fram í þessum umr. og hefur lýst sér í því, að menn hafa almennt verið sammála um að tolltekjur af sjónvarpstækjum ættu að renna til fjárfestingarverkefna sjónvarps og útvarps. Sú er og hefur verið skoðun mín og kom skýrt fram í upphafi þessarar umr. Ég heyri að yfirgnæfandi meiri hl. þm. hlýtur að vera sama sinnis þar sem engin rödd hefur heyrst mótmæla þessu.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, að verkefnin eru sannarlega næg hjá útvarpi og sjónvarpi. Það er ekki aðeins að koma þurfi sjónvarpinu til yfir 300 bæja sem ekki njóta þess nú eða njóta ófullnægjandi móttökuskilyrða, vissulega kostar það verkefni eitt út af fyrir sig stórfé, heldur er líka þörf á því á næstu þremur árum að byggja langbylgjustöð fyrir útvarpið, þar sem möstur gömlu langbylgjustöðvarinnar eru úr sér gengin og það er álit sérfræðinga að þau geti fallið í ofviðri hvenær sem er. Það er stórkostlegt öryggismál fyrir þjóðina alla að slíkt gerist ekki og því brýn þörf á að hafist verði handa um byggingu langbylgjustöðvar með nýjum möstrum. Talið er að á núgildandi verðlagi muni slíkt mannvirki kosta fast að 2000 millj. kr. Geta því allir séð að þegar það bætist við hitt stórverkefnið, að koma á fullkomnu dreifikerfi sjónvarps, eru verkefnin sannarlega næg.

Ég vil svo að endingu láta þess getið, að samkv. þeirri framkvæmdaáætlun, sem fjárlög gerðu ráð fyrir, er ætlunin að verja til sjónvarpsdreifingar 510 millj. kr. á þessu ári og einnig verður hafist handa um undirbúning vegna byggingar langbylgjustöðvar og varið til þess nokkuð á annað hundrað millj. kr. Ég tel að eins og staðan er nú og með hliðsjón af því, að þau verkefni verða ekki að öllu leyti fjármögnuð með tekjum sjónvarps og útvarps, sé

óhjákvæmilegt að sjónvarpinu sé útvegað nokkurt lán, væntanlega 200—300 millj. kr., til þess að þessum verkefnum verði sinnt eins og ráðgert er. Ég held að endurskoðun fjárhagsáætlunar Ríkisútvarpsins sýni að þó útvarp og sjónvarp hafi þegar fengið nokkrar hækkanir og muni fá síðar á þessu ári dugi það fjármagn ekki til og því sé óhjákvæmilegt að útvega nokkurt lánsfé til að hægt verði að standa við gerðar áætlanir. Þetta mál höfum við þegar rætt, ég og hæstv. fjmrh., en málið er að öðru leyti á undirbúningsstigi.

Friðrik Sophusson: Ég skal, herra forseti, ekki hafa þetta langt mál, en ég vil þó að eitt atriði komi mjög skýrt fram. Það er vegna ummæla hv. þm. Ellert B. Schram og hvernig þau ummæli voru síðar túlkuð. — Ég ætla ekki að blanda mér í þá deilu, hvort eitthvað sé blátt í augum hans. Ég hef ekki séð það. Hann er brúneygur, held ég. En það kemur ekki þessu máli við.

Það, sem skiptir máli, er þetta: Þingið hefur smám saman verið að færa sig frá þeirri leið að marka tekjustofna. Þetta gerðist varðandi það mál sem hér er til umr. Enginn tók eftir því, vegna þess hve tekjurnar voru á þeim tíma litlar. Síðan var ákveðið að fara út í liðvæðingu. Það var ætlast til þess að hægt væri að ná í tekjur til þess með þeim hætti að láta tolltekjur af sjónvarpsinnflutningi standa undir kostnaði. Til þess þarf engan markaðan tekjustofn, heldur að standa við orð sín. 340 millj. voru á fjárl. síðasta árs, vegna þess að sú tala var nokkuð nærri lagi þegar miðað var við innflutning sjónvarpstækja þá. Í lok síðasta árs varð ljóst að innflutningur yrði miklu, miklu meiri á því ári. Hæstv. ríkisstj. vissi þetta þegar fjárl. voru gerð. Á það var bent af hv. þm. Ellert B. Schram að inn kemur miklu hærri upphæð. Samt sem áður stendur upphæðin óbreytt í fjárl. Um þetta snýst málið. Það snýst ekkert um hvort þarna eigi að taka upp markaðan tekjustofn eða ekki. Vitandi vits eru seglin dregin saman.

Við erum sammála um það, þm. í hv. d., að úr þessu þurfi að bæta. Það er hægt að gera. Það er hægt að gera í lánsfjáráætlun. Og það er hægt að gera með yfirlýsingu um að við ætlum okkur á næsta ári að láta endana ná saman. Það er enginn sem biður um allar þessar tekjur. Það er beðið um 700—800 millj. af 1150 millj. Auðvitað þarf að standa undir miklu meiri kostnaði en sjálfri dreifingunni. Líka þarf að sýna sæmilega þjónustu. Þetta eru tekjur sem ekki vara langan tíma. Þær vara kannske tvö ár. Það er allt í lagi að færa þennan kostnað yfir á fleiri ár ef við fáum skýra yfirlýsingu um að svo verði gert.

Við höfum leitað eftir þessari stefnu. Það kemur í ljós á þessum fundi að stefnan er ekki fyrir hendi. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að sakast við aðra um það en þá sjálfa og ríkisstj. Þeir standa og sitja uppi með vandann. Hins vegar höfum við lýst því yfir hér, að við skulum styðja þá til góðra verka í þessu sambandi.

Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið.

Mér komu ekki á óvart þessar upplýsingar, sérstaklega að Ríkisútvarpinu hefði ekki verið skilað öllu því fé sem hafði verið gert ráð fyrir að það fengi, þ. e. a. s. tolltekjum af innfluttum sjónvarpstækjum. Hins vegar vil ég að það komi fram, eins og ég held að hafi komið fram hjá flestum ræðumönnum og a. m. k. hjá hæstv. menntmrh. og fyrrv. menntmrh., að það er eins með mig og þá, að ég gerði mér ekki grein fyrir né vissi þegar breytt var þeirri reglu sem upphaflega var gert ráð fyrir, þ. e. a. s. að sjónvarpið fengi tolltekjurnar óskertar.

Hæstv. menntmrh. sagði að þetta hefði komið smám saman. Ég held að það sé ekki rétt að orða það svo. Það er um 3 ár að ræða. Árið 1976 fóru allar tekjurnar óskertar til sjónvarpsins, og árið 1977 voru tekjurnar rúmar 600 millj., 609 millj., en það vantaði þá 68 millj. upp á að allar tekjurnar rynnu til sjónvarpsins. Þó að ekki sé eðlismunur er mikill stigsmunur á milli þess að það vantar 68 millj. árið 1977 og vantar 835 millj. núna.

Áður en ég vík að öðru en svari hæstv. menntmrh. vil ég lýsa yfir sérstakri ánægju minni með að hann telur að sjónvarpið eigi að fá tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum óskertar. Það er ágætt að heyra það og ég lýsi ánægju minni. En ég spyr hæstv. ráðh.: Getur hann ekki lýst því yfir, að hann og ríkisstj. muni beita sér fyrir því, að þetta verði og tollamálið verði leiðrétt? Það er ágætt að tala fallega um þetta mál, en það, sem máli skiptir, eru framkvæmdir, verkin sjálf.

Hér hafa menn dálítið verið að metast á milli flokka um einstök atriði. Ég gaf ekkert tilefni til þess í frumræðu minni. Ég vil líka taka það fram sem allir ræðumenn hafa tekið fram, að nauðsynlegt er að við styðjum allir að þessu máli, hvar í flokki sem við stöndum.

Mér kom dálítið á óvart þegar fyrrv. menntmrh., hv. 2. þm. Austurl., fór að leggja lykkju á leið sína og hnýta í viðreisnarstjórnina í þessu sambandi. Ég hélt að ekki hefði verið ástæða til þess. Við skulum hafa í huga að það var viðreisnarstjórnin sem tók ákvörðun um að setja á stofn sjónvarpið og gerði það með þeim myndarbrag, og líka í sambandi við dreifinguna, að langt fór fram úr þeim vonum sem menn gerðu sér þegar fyrstu áætlanir voru gerðar. En ég ætla ekki að fara að gera neitt upp á milli flokka og ég segi þetta aðeins að gefnu tilefni.

Fsp. mín varðar tolltekjur af sjónvarpstækjum og sjónvarp á sveitabæi. Það hefur oft verið talað hér áður um sjónvarp á sveitabæi. Árin 1972, 1973 og 1974 flutti ég ásamt fleiri sjálfstæðismönnum till. um að ljúka þessu verki á skömmum tíma. Það töluðu allir í raun og veru með þessum till. Allir voru sammála um mikilvægi þeirra. En menn fóru að tala um að það þyrfti að gera ýmislegt fleira, eins og líka hefur komið fram í þessum umr. Það er alveg rétt. En þó að allir væru svona jákvæðir með þessum till. fengust þær aldrei afgreiddar í Alþ., ekki fyrr en 1975. Þá er með formlegum hætti afgreidd till. frá mér og fleiri sjálfstæðismönnum um að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að hlutast til um að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi sem njóta óhæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Í þessu skyni skal leita til Byggðasjóðs um óafturkræft framlag. Þessari till. var vísað til ríkisstj.

En um það leyti sem þessari till. er vísað til ríkisstj. er uppi ákvörðunartaka um sjónvarpsvæðinguna. Þess vegna kom till. ekki til framkvæmda, að það var ein af forsendunum fyrir sjónvarpsvæðingunni hjá ýmsum að sjónvarpið fengi það miklar tekjur að hægt væri að leysa verkefnið. Og það er þetta verkefni sem þrátt fyrir allt er vangert og kallar á samvisku okkar allra alþm., að láta því ástandi lokið að þeir þjóðfélagsborgarar, sem ekki hafa sjónvarp, þurfi að búa við annan kost en landsmenn

almennt. Þess vegna legg ég áherslu á það, um leið og tryggt verði að allur tekjustofninn af tolltekjum af innfluttum sjónvarpstækjum gangi til sjónvarpsins, að þetta verkefni verði loksins látið ganga fyrir, eins og oft hefur komið fram að væri vilji allra þm. sem um þessi mál hafa talað í fjöldamörg ár. Þá á ég ekki við að þessum borgurum séu send segulbandstæki. Ég á við að þessir sveitabæir verði sjónvarpsvæddir eins og aðrir sveitabæir í landinu og fólkið þar búi við sama kost og aðrir landsmenn í þessu þýðingarmikla máli.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Ég vil geta þess til fróðleiks, að út af fsp. þessari hafa spunnist 18 ræður. Nær þriðjungi þingheims hefur gefist kostur á að viðra sjónarmið sín í þessu máli. Við þessu er ekkert að segja þar sem ræðumenn hafa yfirleitt virt hin þröngu tímamörk þingskapa mjög vel.

Skógrækt ríkisins, fsp. (þskj. 487). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 487 að bera upp við hæstv. landbrh. svo hljóðandi fsp. um Skógrækt ríkisins:

„Hvaða áætlanir eru uppi um flutning höfuðstöðva Skógræktar ríkisins austur að Hallormsstað í ljósi ákvæða í stjórnarsamningi um stofnanaflutning og athuganir rn. á s. l. ári um möguleika á flutningi þessarar stofnunar?"

Í öllum umr., sem orðið hafa um flutning stofnana frá Reykjavíkursvæðinu og út á landsbyggðina, þar sem mönnum hefur sýnst sitt hverjum um réttmæti og möguleika flutnings, hefur þó nær einróma verið talið að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins væru best komnar á þeim stað þar sem bestur árangur hefur náðst og mest gróska er í skógræktarstarfi öllu, þ. e. a. s. austur á Hallormsstað. Um þetta efni, beinan flutning þessara höfuðstöðva, flutti Kristján heitinn Ingólfsson till. sérstaklega á sínum tíma hér á Alþ. og var efni hennar vel tekið. Í till. stofnananefndar, sem áliti skilaði 1975, var Skógrækt ríkisins í fremstu röð stofnana sem nefndin áleit sjálfsagt að flytja brott af höfuðborgarsvæðinu. Þegar skógarvörðurinn á Hallormsstað, Sigurður Blöndal, varð skógræktarstjóri ríkisins kom málið upp í nýju ljósi, m. a. vegna jákvæðrar afstöðu hans persónulega til flutningsins.

Mjög almennur þrýstingur hefur verið eystra á að þessi skipan næði fram að ganga, sem eðlilegt er. Á síðasta þingi flutti ég fsp. til hæstv. þáv. landbrh. um hvað fyrirhugað væri í þessum efnum og fékk rétt fyrir þinglok skriflegt svar, þar sem fram kom að engin ákvörðun hefði verið tekin í málinu. Þar kom einnig fram, að nefnd hefði athugað mál þetta og skilað áliti til rn. um hina ýmsu þætti sem hugsanlegan flutning snertu. Það álit var þá sagt til athugunar í ríkisstj.

Í ljósi þessa, og ekki síður þess ákvæðis í stjórnarsáttmála sem segir um byggðastefnuna, að haldið verði áfram að flytja þjónustuþætti hins opinbera út á land og efla þar ýmsa aðra starfsemi í tengslum við það, er þessi fsp. flutt, og ekki síður sakir þess, hve mikið og almennt er um þetta mál spurt, þar sem fólki úti á landi, ekki bara á Austurlandi, heldur fólki úti á landsbyggðinni almennt, þykir hér vera um prófstein að ræða á það, hver vilji stjórnvalda á stofnanaflutningi almennt út á landsbyggðina kunni að vera bæði núna og í framtíðinni.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda kom fsp. fram um sama efni á Alþ. á síðasta ári. Í þessari fsp. er spurt um ákvarðanir í ljósi ákvæða stjórnarsamnings um stofnanaflutning. Staðreyndin er sú, að frá því að fsp. var svarað á síðasta ári hafa aðstæður að engu leyti breyst. Þótt kostnaðartölur hafi eflaust eitthvað hækkað eru þær í grundvallaratriðum eins. Enn þá eru aðstæður þær, að flutningur aðalskrifstofunnar á Austurland mundi kosta verulega fjárfestingu í húsakosti og skrifstofuhaldi, aukinn rekstrarkostnað stofnunarinnar og verra samband við starfsmenn og verkefnastjórn en nú er. Skilningur minn var sá, að þetta mál hefði verið afgreitt á s. l. vori þannig að horfið hefði verið frá því að flytja aðalstöðvar Skógræktar ríkisins á Austurland.

Aðeins til að rifja upp meginþætti þessa máls vil ég geta þess, að í þeirri nefnd, sem var skipuð af hálfu landbrn. á sínum tíma, sátu 3 menn: Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri, Sigurður Blöndal skógræktarstjóri og Jón E. Böðvarsson deildarstjóri. Þessi nefnd sendi fyrirspurnir fjölmörgum aðilum, m. a. öllum skógarvörðum. Jafnframt lét hún gera kostnaðaráætlun á flutningi Skógræktarinnar til Austfjarða, bæði á Hallormsstað og til Egilsstaða. Í ljós kom að um 70 millj. yrðu stofnkostnaður við slíkan flutning og verulega ykist rekstrarkostnaður vegna fleiri ferða. Jafnframt kom í ljós að allir skógarverðir, að undanteknum einum, lögðust gegn því, að Skógræktin yrði flutt. Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa þann kafla úr nál. sem heitir: „Um ávinning og annmarka við flutning". Þar segir:

„Nefndinni bárust svör við fsp. sínum frá flestum þeim sem fsp. var beint til. Allir skógarverðir, að einum undanskildum, mæla gegn flutningi aðalskrifstofunnar frá Reykjavík, sömuleiðis allir stjórnarmenn Skógræktarfélags Íslands að undanskildum formanni félagsins.

Rök þeirra, sem mæla með flutningi, byggjast á: að aðalskrifstofa Skógræktarinnar eigi að vera þar sem skógrækt er mest og best og dreifing ríkisstofnana hafi þýðingu fyrir þróun byggða og stuðli að jöfnun á aðstöðu þegnanna; að flutningur geti orðið lyftistöng fyrir skógrækt í næstu héruðum; að starfsmönnum geti verið hvatning að vera í nánd við skógrækt á Hallormsstað sem sé hvað elst og fjölbreyttust í landinu.

Annmarkar, sem bent hefur verið á, eru m. a. þessir: 1. Samstaða Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Íslands mundi torveldast. 2. Mun meira fé færi í margvíslegan kostnað, þ. á m. ferðakostnað, sem væri betur varið til aukins ræktunarstarfs. 3. Erfiðara yrði um erindrekstur og almenn samskipti við Skógrækt ríkisins. 4. Verri aðstaða skapaðist við að sinna innlendum og erlendum gestum og öðrum þeim sem erindi eiga við aðalskrifstofu Skógræktarinnar sem jafnframt verður þörf á að sinna. 5. Þá er bent á að þrátt fyrir að um langt skeið megi sýna mestan árangur í skógrækt á Hallormsstað, hvort sem um er að ræða íslenskan birkiskóg eða ræktun innfluttra tegunda, séu meiri umsvif í skógræktarstarfi á öðrum svæðum landsins. Þannig hafi 70% gróðursetningar áranna 1971—1975 átt sér stað á Suður- og Vesturlandi, en 13% á Austurlandi. Einnig er bent á að aðalmarkmið Skógræktar ríkisins sé að vernda og bæta skóga og skógarleifar. 62% þess skóglendis, sem er í hnignun, sé sunnan- og vestanlands, en á Austurlandi séu tæp 16% alls

skóglendis og þar af aðeins 23% í hnignun.

Nefndinni hefur borist svar frá menntmrn. varðandi fsp. um aðstöðu á Hallormsstað og telur rn. ekki gerlegt að gefa kost á húsnæði Húsmæðraskólans að Hallormsstað til afnota fyrir Skógrækt ríkisins. Þá er upplýst að 1/4 hluti mannvirkja Húsmæðraskólans er í eigu sýslu- og bæjarfélaga á Austurlandi og hefði orðið að kaupa þann eignarhluta ef kostur hefði verið gefinn á húsnæði handa Skógrækt ríkisins.

Þannig varð það niðurstaða meiri hl. nefndarinnar, að ekki væri rétt að flytja Skógrækt ríkisins á Hallormsstað eða Egilsstaði".

Ég vil svo segja að lokum, að sjálfur hef ég lengi verið hlynntur því að flytja starfsemi hins opinbera frá höfuðborgarsvæðinu. Ég hef hins vegar, eftir að ég hef skoðað mörg slík tilfelli, komist að þeirri niðurstöðu að í langsamlega flestum tilfellum er æskilegri lausn að setja á fót deildir frá viðkomandi stofnunum á þeim landshornum sem þörfin er mest. Staðreyndin er sú, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að samgöngur við höfuðborgarsvæðið eru langsamlega bestar — eða a. m. k. skástar — hér á landi og þjónusta ríkisstofnana, ef einangraðar eru hingað og þangað um landið, verður stórum minni og rekstrarkostnaður þeirra margfalt meiri. Þess vegna held ég að sú lausn sé einna best að setja á fót útibú. Þó á þetta ekki alls staðar við, t. d. ekki um ýmsar menntastofnanir sem sjálfsagt er ekki síður hagkvæmt — og að mörgu leyti betra af ýmsum ástæðum — að staðsetja utan þéttbýlissvæðisins. En með tilliti til þess þrýstings, sem er nú á að spara í ríkiskerfinu, m. a. að draga úr útgjöldum um milljarða, þó að það sé ekki komið til framkvæmda, hef ég ekki treyst mér til þess að fara fram á fjárveitingu til þess að flytja Skógrækt ríkisins. Samt væri það út af fyrir sig að ýmsu leyti ánægjulegt verkefni.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Síðustu orð hæstv. ráðh. voru fyrst og fremst þakkarverð í þessu efni, því að þar kom í ljós að hann hefði, þrátt fyrir það álit sem hann las upp og ýmislegt sem hann tók til úr því, sannarlega áhuga á því að flytja þessa stofnun á þann stað sem ég tel eðlilegast að hún sé á.

Það kemur mér ekkert á óvart að það sé tregða í embættismannakerfinu og hjá ýmsum þeim, sem að þessum málum starfa, á að flytja höfuðstöðvar Skógræktarinnar frá Reykjavík. Við þessa tregðu urðum við sannarlega varir í stofnananefndinni. Hún var alls staðar. Menn vildu hreinlega ekki fara frá hinum ímynduðu kjötkötlum og út í kuldann. Það var ósköp einfalt mál.

Við gerðum okkur líka fullkomlega ljóst að það yrði viss kostnaðarauki í upphafi af þessari framkvæmd. Við gerðum okkur sömuleiðis ljóst að ekki væri hægt að ganga fram hjá né mætti hundsa álit starfsfólksins t. d. eða þeirra sem með þessi mál færu. Auðvitað yrði að athuga vel þann kostnaðarauka, sem af þessu væri, og meta hann og vega. En hins vegar álít ég að þessi atriði eigi ekki að verða til þess að hindra allar framkvæmdir í þessu efni. Ég bendi á að óeðlilegt er að láta þá liði móta stefnuna í þessum efnum, eins og ég er hræddur um að verði. Samskonar atriði komu upp á Norðurlöndunum á sínum tíma, þegar stjórnvöld þar fóru út í mikinn stofnanaflutning bæði í Noregi og Svíþjóð. Kostnaðaraukinn varð ekkert smáræði þar. Samt töldu Norðmenn og Svíar þjóðhagslega og byggðalega hagkvæmt að flytja mjög veigamiklar stofnanir til annarra borga, en frá höfuðborginni í báðum löndum. Sú hagkvæmni er auðvitað ekki síður hér, því að samþjöppun stofnana hins opinbera og viss valds í skjóli embættismannakerfis er ekki minni hér á landi en þar.

Ég heyrði á þessu áliti, sem fyrst og fremst meiri hl. átti hlut að, embættismennirnir, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að ýmsa skemmtilega annmarka bentu þeir á; má nefna trega þeirra yfir því að samskiptin yrðu erfið frá Hallormsstað við Skógræktarfélag Íslands og það yrði erfitt að fara með gesti austur í Hallormsstað, og austur í skóg o. s. frv. Spardatíningur af þessu tagi er kannske broslegur, en hann er fyrst og fremst dæmi um hvað menn leggjast lágt í raun og veru til þess að reyna að koma í veg fyrir að stofnun verði flutt. Og sama er að segja um skógarverðina sem allir vilja miklu frekar koma til Reykjavíkur og dvelja á hótelum og hafa það gott í nokkra daga en vera að þvælast austur í Hallormsstað. Ég skil þá líka mætavel frá því sjónarmiði séð. Nál. kemur mér þess vegna ekkert á óvart, enda hafði ég séð þennan furðulega rökstuðning. Ég vil þó, eins og Hæstv. ráðh., taka fullt tillit til meginmálsins í álitinu og einnig þess, að hér verði ekki rasað um ráð fram. Við erum ekki heldur að tala um að flytja höfuðstöðvar Skógræktarinnar í snarheitum, en að því verði unnið engu að síður með skipulegri áætlun.

Ferðakostnaður, sem þarna var upp talinn og ég hef líka séð tölur um, er ótrúlegur. Fyrr mega nú vera ferðalögin sem þarna er gert ráð fyrir. Menn yrðu þá alltaf á ferðinni. Maður gæti helst haldið að þessir menn væru ekki að vinna að skógrækt, heldur að ferðamálum, samkv. því sem kemur fram í þessari skýrslu. Ég dreg því annmarkana, sem þarna eru nefndir, stórlega í efa.

Ég geri mér ljósa grein fyrir því, hvað kostnaðurinn er mikill við að flytja stofnanir. Hann verður það í sambandi við hverja eina stofnun sem við flytjum þannig.

Það er alveg rétt, að við eigum að stefna að deilda- og útibúakerfinu. En það gengur líka grátlega hægt. Það kostar líka sitt. Af því að ég sé hv. þm. Alexander Stefánsson sitja beint á móti mér, dettur mér í hug raunasagan sem hann rakti fyrir okkur í fjvn. um útibúastofnunina í heimahéraði hans, sem löngu var ákveðin og kostar ekki nema brot af þessu, en ekki er komin í framkvæmd enn þá. Þannig þarf að hyggja að mörgu fleira.

Hér þarf sem sagt að snúa við. Það þarf að brjóta í blað. Ég tel, að hvergi sé um sjálfsagðari byrjun að ræða en einmitt þarna, og vil skora á hæstv. ráðh. að láta síðustu orð sín áðan verða stefnumarkandi í þessum efnum, þ. e. a. s. þarn vilja sinn að flytja umræddda stofnun austur á Hallormsstað sem allra fyrst.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Orð mín skulu ekki verða mörg að þessu sinni.

Það er rétt að ánægjulegt væri að geta sett ýmsar opinberar stofnanir niður víðar um landið. Ég ítreka það. En ég vil, af því að hv. fyrirspyrjandi nefndi reynslu annarra landa, nefna að ég kynnti mér þetta í Noregi. Hafði ég tækifæri til þess eitt sinn er ég kom þangað á vegum Framkvæmdastofnunar. Þar var mér sögð sú reynsla þeirra, að þeim hefði reynst ákaflega vafasamt að flytja heilar stofnanir frá höfuðborgarsvæðinu og setja niður víða um landið. Niðurstaðan hjá þeim hefði því orðið sú sem ég nefndi áðan, að setja upp deildir, en þó væru menntastofnanir í sérflokki. Þetta sögðu þeir mér.

Þeir nefndu þetta alveg sérstaklega í rn. sem höfðu með þessi mál að gera. Mér þóttu þessar upplýsingar fróðlegar.

Þótt ég upplýsi þetta þarf það ekki að ákveða hvað við gerum. En þegar á sama tíma er neitað um ýmsar mjög mikilvægar og óhjákvæmilegar fjárveitingar til stofnana landbúnaðarins er ákaflega erfitt að láta svona mál sitja í fyrirrúmi. Ég ætla ekki nú að fara að telja slíkt upp. Það veit ég að hv. þm. þekkir. Ég veit að hann hefur beitt sér fyrir ýmiss konar fjárveitingum þótt ekki hafi náð fram að ganga. Við erum nú með ýmsa starfsemi þannig stadda, að hún stöðvast ef við fáum ekki aukafjárveitingar á næstunni. Þess vegna endurtek ég að ég get a. m. k. ekki sett svona framkvæmd efst á blað. Slíkt hlýtur að verða neðar og fyrir aftan ýmislegt sem bráðnauðsynlegt er til að halda því gangandi sem nú er.

Mér finnst að vel kæmi til greina ef fjárveitingavaldið vildi beinlínis setja til hliðar í fjárl. ákveðna upphæð vegna flutninga stofnana og síðan fjallaði viðkomandi rn. og undirnefnd fjvn. um þær stofnanir, sem til greina kæmu. Ef þetta yrði gert á fjárl., en ekki sett inn á rekstrarlið eða stofnkostnaðarlið viðkomandi rn., hygg ég að málið væri að því leyti auðveldara viðfangs.

Málefni þroskaheftra, fsp. (þskj. 509). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 509 ber ég fram fsp. til félmrh. um málefni þroskaheftra: Verður frv. til l. um aðstoð við þroskahefta lagt fyrir yfirstandandi Alþingi?

Fsp. þessi var flutt þar sem ég vissi að frv. til l. um þetta efni, samið af sérstakri nefnd, hafði legið á borðum í rn. frá því í lok des. 1978 og mér er fullkunnugt um að hér er um að ræða frv. um aðstoð við þroskahefta samið í samráði við landssamtök þroskaheftra. Allir hafa mikinn áhuga á því, að frv. verði að lögum, þar sem málefni þroskahefts fólks hafa ekki fengið þá meðferð sem þjóðinni er skylt að veita. Jafnframt hafa verið til meðferðar á hv. Alþ. mál varðandi þroskaheft fólk og komið fram í umr. áhugi alþm. á að gera átak til lausnar málefnum þess. Þess vegna er brýn nauðsyn að heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra verði sett.

Síðan ég bar upp þessa fsp. eru liðnir tæpir tveir mánuðir, en í gær, 25. apríl, var lagt fram á hv. Alþ. stjfrv. til laga um aðstoð við þroskahefta. Þar með er fsp. minni raunar svarað á afgerandi hátt sem ég þakka og fagna alveg sérstaklega, um leið og ég skora á hv. alþm. að afgreiða það frv. sem lög frá þessu þingi. Að því væri mikill sómi fyrir yfirstandandi þing.

Herra forseti. Ég tel að fsp. hafi verið svarað.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er vegna þeirra orða hv. fyrirspyrjanda, hve lengi þetta hefði legið á borðum ráðh., sem ég vildi gera aths., — ekki að ég ætli að fara að taka að mér málsvörn fyrir hæstv. ráðh. Alþfl. hér, enda gæti það teygst æðilangt ef ætti að fara að gera það.

Í sambandi við þetta sérstaka mál vildi ég geta þess að það hefur dregist allt of lengi. Það er alveg hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda. En eins og segir í aths. við lagafrv., sem nú hefur verið lagt fram, hélt nefnd, sú sem samdi þetta frv., sinn fyrsta fund 18. sept. s. l. og skipti með sér verkum. Alls hélt nefndin 22 fundi og lauk störfum í ofanverðum marsmánuði 1979. Ég vildi aðeins að fram kæmi að nefndin lauk þá störfum.

Auðvitað fagna ég eins og hv. fyrirspyrjandi því, að mál þetta er komið fram. Ég hreyfði þessu máli fyrst í þáltill. ásamt öðrum góðum þm. sem höfðu áhuga á því. Frv. er sem sagt komið á okkar borð og ber sannarlega að fagna því. En ég held að það, sem segir í aths. með frv., sé það rétta í málinu.

Sameinað þing, 85. fundur.

Fimmtudaginn 26. apríl, að loknum 84. fundi.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta í fræðsluumdæmum utan Reykjavíkur, þáltill. (þskj. 535). — Ein umr.

Flm. (Þorbjörg Arnórsdóttir): Herra forseti. Þegar lög um grunnskóla, nr. 63/1974, voru samþ. af Alþ. var stigið stórt framfaraspor í þá átt að grunnskólar landsins nytu ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Nú, að 5 árum liðnum, hafa ákvæði laganna um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu ekki komið til framkvæmda úti í hinum einstöku fræðsluumdæmum landsins, en víða blasir við brýn þörf á að slík þjónusta sé fyrir hendi ef skólarnir eigi að geta staðið við það uppeldishlutverk og geta náð þeim grundvallarmarkmiðum sem þeim er ætlað lögunum samkv. Ég taldi því ástæðu til að vekja athygli á þessu máli með svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að innan tveggja ára komi til framkvæmda ákvæði grunnskólalaga um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í öllum fræðsluumdæmum landsins.

Á meðan slík þjónusta er ekki komin á verði hún tryggð með heimsóknum viðkomandi sérfræðinga a. m. k. tvisvar á ári út í öll skólahéruð landsins og verði kostnaður við slíka bráðabirgðaskipan að fullu greiddur úr ríkissjóði".

Það er orðið óumdeilanlegt meðal skólamanna og annarra þeirra, er að fræðslu- og uppeldismálum starfa, að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta sé ómissandi hlekkur í nútíma skólastarfi. Kveðið er skýrt á um hlutverk slíkrar þjónustu í 67. gr. grunnskólalaganna og er það svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er: a) að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi; b) að vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi, sem verða mættu til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði; c) að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi; d) að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru (sbr. c-lið); e) að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra; f) að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga; g) að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustuna".

Í grunnskólalögunum er gert ráð fyrir að ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan verði veitt úti í hinum einstöku fræðsluumdæmum, en ekki bundin við miðstöð í Reykjavík, og til þeirrar starfsemi skuli að fengnum till.

fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara.

Það má ljóst vera að það hlutverk, sem ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunni er ætlað í grunnskólalögunum, hlýtur að vera mjög þýðingarmikið fyrir innri starfsemi grunnskólanna, og er það ekki síst hið ráðgefandi og leiðbeinandi hlutverk, auk þess sem kveðið er á um meðferð nemenda sem einhverra hluta vegna nýtast ekki hæfileikar í námi og starfi. Slík þjónusta ætti í raun að vera óaðskiljanlegur hluti eðlilegs og virks skólastarfs og er nauðsynleg, einkum ef skólanum á að takast að koma til móts við eðli og sérþarfir einstaklinganna, koma til móts við þá nemendur sem af einhverjum mismunandi ástæðum eiga við aðlögunarvandamál að stríða eða eiga við einhverjar þær hömlur að etja sem gera að verkum að tvísýnt er um að eðlilegur árangur náist með náminu. Skólanum ber skylda til lögum samkv. að koma til móts við slíkar sérþarfir nemenda með öllum tiltækum ráðum. En því miður er þar víða brotalöm á og í hinum dreifðari byggðum og fámennari skólum fara kennarar og nemendur alveg á mis við alla ráðgefandi þjónustu. Stafar það aðallega af algeru aðstöðuleysi skóla úti á landsbyggðinni og oft og tíðum er það aðeins í einstaka alvarlegum tilfellum sem slíkrar þjónustu er leitað og þá með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn. Árum saman hafa foreldrar og skólamenn úti á landi reynt að þrýsta á að þessi þjónusta sé veitt í öllum skólum landsins, og hafa ýmsar samþykktir og bænarskrár verið gerðar er að þessu hníga. Það hlýtur að vera skýlaus réttur þessara aðila, að þeir geti notið sálfræðiþjónustu til jafns við fólk á stærstu þéttbýlissvæðunum. Það hlýtur að vera skýlaus réttur þessa fólks, að þau börn, sem alast upp úti á landsbyggðinni, geti notið allrar þeirrar fyrirgreiðslu og aðstoðar sem þeim ber lögum samkv. Það er skýlaus lagalegur réttur þessa fólks, að börn þess njóti allrar þeirrar hjálpar sem tiltæk er til að stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Þetta má gjarnan hafa í huga þegar þessi mál eru skoðuð.

Svo sem ég hef áður getið er þörfin fyrir ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu mjög brýn úti á landsbyggðinni og aðkallandi að einhverjar úrbætur verði gerðar í þessu máli. Þess vegna legg ég til, að meðan ákvæði laganna koma ekki að fullu til framkvæmda verði bætt úr þörf skólanna með heimsóknum sérfræðinga og ráðgefandi aðila a. m. k. tvisvar á ári út í öll skólahéruð landsins. Slík bráðabirgðalausn væri vissulega spor í rétta átt og leysti að einhverju leyti þann vanda sem við er að etja, a. m. k. hvað varðar leiðbeiningar og ráðgjöf fyrir kennara og foreldra.

Í grunnskólalögunum er kveðið á um að kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum. Ég tel slíka ráðstöfun eðlilega. Telja verður eðlilegt að ríkið taki þátt í þessari þjónustu, þar sem litið er á hana sem óaðskiljanlegan hluta virks grunnskólastarfs. Hins vegar taki sveitarfélögin einnig þátt í rekstrarkostnaðinum þar sem hér er um að ræða þjónustu sem mjög er tengd skyldum sveitarfélaga varðandi félagslegan stuðning við íbúa sína. Hins vegar er vert að benda á, að eigi sveitarfélögin að geta staðið undir sínum hluta stofn- og rekstrarkostnaðarins verður að tryggja þeim tekjustofna. Komist sú bráðabirgðaskipan á, sem getið er um í till., tel ég hins vegar eðlilegt að kostnaður við slíka skipan verði að fullu greiddur úr ríkissjóði, í fyrsta lagi af því að slík bráðabirgðaráðstöfun væri fyrst og fremst til þess að mæta þeim vanda sem yfirvöld skólamála ættu að vera búin að leysa lögum samkv., í öðru lagi er þarna um aðstöðujöfnun að ræða, og eðlilegt er að ríkið taki þátt í henni með dreifingu þjónustu um landið og minnki á þann hátt þann aðstöðumun sem skólar landsins búa við nú.

Það má vel vera að einhverjum finnist hér vera hreyft þýðingarlitlu máli. Borið hefur á ótrú manna á sálfræðilegri þjónustu. En ljóst er að eftirspurn eftir hvers konar ráðgefandi þjónustu hefur farið vaxandi undanfarin ár, og hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þar sem slík þjónustustarfsemi er fastur liður í skólastarfinu, telja kennarar og aðrir skólamenn hana ómissandi hlekk í skólastarfseminni.

Það vilja e. t. v. einhverjir halda því fram, að nú á síðustu og verstu tímum væri nær að koma fram með einhverjar aðhaldsaðgerðir í stað þess að krefjast stöðugt aukinna útgjalda úr ríkissjóði. Víst er það, að þetta mál er e. t. v. ekki mikilvægt fundið hjá einhverjum ef borið er saman við þau stóru efnahagsmál sem hér hafa verið afgreidd að undanförnu. En þó svo að þjóðinni steðji nú mikill efnahagsvandi og þó svo að eyða þurfi miklum tíma í að finna leiðir og rata út úr þeim ógöngum og efnahagskröggum sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir, megum við ekki loka augunum fyrir því, að *íslenskt þjóðlíf á sér ekki eingöngu efnahagslegar hliðar*, það á sér einnig mannlegar hliðar og þeim þarf ekki síður að sinna þegar stefnt er að bættum þjóðarhag. Ég vil draga stórlega í efa að nokkur sé í vafa um að þeim fjármunum, sem varið er til að koma til móts við þá nemendur á grunnskólastigi sem einhverra hluta vegna standa höllum fæti, þeim fjármunum, sem varið er til aðstoðar og ráðgjafar börnum og unglingum í skólum þessa lands, þeim fjármunum, sem varið er til að stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun ungu kynslóðarinnar í landinu, sé sóað í óþarfa. Slíkt fjárframlag hlýtur alltaf að koma þjóðfélaginu til góða og skila íslensku samfélagi nýtari og gegnari þjóðfélagsþegnum.

Herra forseti. Það er því stór samviskuspurning fyrir skólamenn og foreldra úti á landsbyggðinni, hvort réttlætanlegt sé að skólar dreifbýlisins fari á mis við alla ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Það er stór samviskuspurning, hvort réttlætanlegt sé að þau börn, er þurfa á slíkri þjónustu að halda, eigi þess nær engan kost enn um hríð að tekið sé á vandanum. Ég flyt þessa till. sem svar við þessum spurningum og vona að sá tillöguflutningur beri tilætlaðan árangur.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í grunnskólalöggjöfinni, sem samþ. var fyrir 5 árum, eru fjöldamörg ákvæði sem horfa til hins betra og stefna að því að auka þá þjónustu sem skólarnir veita. Þar er annars vegar um að ræða talsverða magnaukningu í þjónustu skólakerfisins og svo hins vegar aukin gæði þess. Sem dæmi um magnaukningu má nefna að skólatími á hverju ári var heldur lengdur samkv. ákvæðum grunnskólalaganna og stefnt hefur verið að auknu kennslumangi. Hins vegar eru líka, eins og ég sagði, fjöldamörg ákvæði um aukin gæði skólakerfisins og þau tel ég satt best að segja að séu allmikilsverðari en hin sem stefna að magnaukningu. Ágætt dæmi um ákvæði af þessu tagi eru þau ákvæði, sem nefnd eru í þáltill. þeirri sem hér er til umr., að komið verði upp ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í öllum fræðsluumdæmum landsins.

Þeir, sem vel þekkja til í skólakerfinu, vita sem er, að í þessum efnum er hörmulegt ástand víða um land, þar sem þeir nemendur, sem þurfa á slíkri þjónustu að halda, verða að leita suður á höfuðborgarsvæðið ef þeir eiga einhverja úrlausn að fá og skólastjórar og kennarar lenda oft í hinum mesta vanda vegna skorts á þessari þjónustu. Hér er því alveg örugglega hreyft mjög merku máli. Ég tek undir það, sem fram kom í þeirri ágætu ræðu, sem flutt var máli þessu til stuðnings, að brýn þörf er á að hraða því að þessi ákvæði komi til framkvæmda, þau verði ekki aðeins orðin tóm.

Hv. þm. nefndi það áðan, að við lifðum á sparnaðartímum og ekki væri víst að mikið svigrúm væri til að auka kostnað af þessu tagi meðan þeir erfiðleikatímar gengju yfir. Vissulega er það rétt, en ég tek hins vegar mjög sterklega undir það með henni, að hér er um að ræða mál sem er þess eðlis að jafnvel þótt við verðum að horfa í hverja krónu þegar um fjármál ríkisins er að ræða er ekki hægt að bíða öllu lengur eftir því að þessi þjónusta sé veitt. Í menntmrn. höfum við unnið að því á undanförnum vikum að gera till. til fjmrn. um ýmiss konar hagræðingu og sparnað í skólakerfinu, enda eru öll rn. önnum kafin við þetta verkefni og við í menntmrn. getum ekki fremur en aðrir vikið okkur undan því að reyna að auka hagkvæmni og draga úr óþörfum kostnaði. En samtímis þessu höfum við ákveðið að gáðgjafar- og sálfræðiþjónusta verði hafin í öllum fræðsluumdæmum landsins á n. k. hausti, vegna þess að við teljum að það mál þoli ekki lengri bið. Að vísu verður fyrst í stað að fara hægt, eins og oft vill vera, og ekki er stefnt að flóknara skipulagi. Gert er ráð fyrir að einn starfsmaður vinni að þessu verkefni í hverju fræðsluumdæmi, en það er vissulega mikil bót frá því sem nú er.

Í síðari mgr. till. er vikið að því, að til greina gæti komið að sérfræðingar ferðuðust milli viðkomandi byggða og kæmu þá a. m. k. tvisvar á hverju ári í öll skólahéruð landsins, en kostnaðurinn yrði þá til bráðabirgða að fullu greiddur úr ríkissjóði. Ég vil strax taka fram, að framkvæmd þessara till. mundi væntanlega krefjast einhverrar skipulagsbreytingar, jafnvel lagabreytingar. En í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að kostnaður af þessari þjónustu greiðist að hálfu leyti af sveitarfélögum og af hálfu leyti af ríki. Þarna væri vissulega brugðið út frá þeirri reglu. Ég tel hins vegar að þetta komi vel til greina og tel að þessa hugmynd beri að athuga vandlega. En aðalatriði málsins er frá mínu sjónarmiði að þegar á næsta hausti verði hafist handa um að koma þessum ákvæðum grunnskólalaganna í framkvæmd með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í öllum fræðsluumdæmum landsins. Það er að vísu aðeins fyrsta skref, en vonandi góð byrjun.

Flm. (Þorbjörg Arnórsdóttir): Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir, sem þetta mál hefur fengið hjá hæstv. menntmrh., og fagna því jafnframt sem hann hyggst gera með því að hrinda þessum málum í framkvæmd. Það, sem hann hefur fyrirhugað í þessum efnum, er vissulega stórt skref í áttina til að bæta úr þeirri brýnu þörf sem er úti á landsbyggðinni fyrir slíka þjónustu. Jafnframt vona ég að haldið verði áfram á sömu braut þannig að ákvæði laganna komi að fullu til framkvæmda innan tveggja ára og að þeim tíma liðnum verði búið að ráða úti í fræðsluumdæmunum sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara eftir fengnum till. frá fræðslustjóra um þörfina í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig svo sem kveðið er á um í grunnskólalögunum.

Það eru vissulega mörg mál ofarlega í huga þeirra, sem úti á landsbyggðinni búa, er lúta að aðstöðujöfnun ef miðað er við hin fjölmennari þéttbýlissvæði, sum sem varða efnahagslega afkomu, önnur sem varða ýmsa félagslega þjónustu. Mér hefur virst að þau mál, er varða félagslega þjónustujöfnun, hafi frekar legið í láginni. Það hefur minna verið á þau bent. Ég vil með þessum tillöguflutningi undirstrika að þau mál eru einnig mikilvæg og að þeim þarf einnig að huga.

Að lokum vona ég að þessi till. verði samþ. hér á Alþ. og þessi tillöguflutningur beri tilætlaðan árangur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aðstoð við aldraða og öryrkja við lagfæringu á gömlum íbúðum, þáltill. (þskj. 463). — Ein umr.

Flm (Bragi Níelsson): Herra forseti. Þáltill., sem ég flyt á þskj. 463, hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hið bráðasta þarfir aldraðs fólks og öryrkja, sem búa við olíukyndingu íbúða, fyrir lagfæringar á hitaeinangrun þeirra. Jafnframt verði leitað ráða til að aðstoða þetta fólk með beinum fjárstyrkjum eða mjög hagkvæmum lánum til þessara framkvæmda."

Hér komum við að vanda sem er tvíþættur: Í fyrsta lagi vanda gamla fólksins, sem býr í gömlum íbúðum, sem gjarnan voru byggðar af vanefnum og alls ekki með þeim gæðakröfum sem nú eru gerðar til bygginga. Einnig hafa þessi hús oft og tíðum ekki notið þess viðhalds sem þurft hefði. Aldur, hnignandi heilsa og bág fjárhagsgeta valda því að íbúarnir hafa ekki megnað að bæta bústaði sína með viðhaldi, aukinni einangrun, bættum gluggum, teppuðum gólfum o. s. frv., svo að útkoman verður mikill hitunarkostnaður og kaldar íbúðir sem aukið hafa á vanlíðan gamla fólksins og spillt heilsu þess. Í öðru lagi er hinn mikli kostnaður sem er við að kynda upp hús með olíu. Hann er nú þegar fjór- til fimmfalt hærri en hjá þeim sem búa við hin hagstæðu kjör hitaveitunnar hér í Reykjavík, en fyrirsjáanlegar hækkanir á olíu munu auka kyndingarkostnaðinn svo hundruðum þús. kr. nemur á hverja íbúð á ári. Við vitum að olíustyrkur eins og hann hefur verið kemur þessu fólki ekki að viðhlítandi gagni, því að hann er fremur miðaður við stærð fjölskyldu en íbúðar og kemur því vel út fyrir barnafjölskyldur, en illa fyrir einstæð gamalmenni sem búa því miður oft í allt of stórum íbúðum.

Það er ekki fjarri lagi að álykta að kyndingarkostnaður á meðalíbúð á ári geti farið upp í 400-500 þús. kr. þegar olíuhækkanirnar eru komnar fram. Það væri meira í lélegum íbúðum, en minna í vönduðum. En hversu gífurlegur skattur þetta er á gamalmenni og öryrkja getum við best séð á því að athuga lífeyrisgreiðslur til þess fólks. Ég miða við 1. des. s. l. Þá kemur í ljós að elli- og örorkulífeyrir einstaklings er 50 887 kr. á mánuði eða rúmlega 610 þús. kr. á ári, en tekjutrygging 46 þús. kr. á mánuði eða rúmlega 560 þús. kr. Þetta samanlagt gerir því rúmlega 1171 þús. kr. á ári. Læt ég þá öðrum eftir að reikna út hvað eftir er til annarra nauðþurfta en hlýjunnar á heimilinu.

Ég get ekki um það sagt, til hversu margra einstaklinga sú aðstoð næði sem getið er um í till., en þó hef ég nokkrar tölur til glöggvunar. Á árinu 1977 voru ellilífeyrisþegar 11 268 einhleypir og 2896 hjón eða 17 082 einstaklingar. Öryrkjar voru 3134 einhleypir og 170 hjón eða 3474 einstaklingar. Samtals 20 556 einstaklingar. Nú ber þess að geta, að fjöldi þessa fólks þarf engrar aðstoðar með vegna góðrar aðstöðu og góðra efna og allmargir njóta vistunarheimila. Orkustofnun gefur mér þær upplýsingar, að á síðustu áramótum hafi hitaveita verið hjá um 65% þjóðarinnar, en um 10% hafi notið rafhitunar og um 25% þjóðarinnar hafi búið við olíukyndingu. Af þessu mætti því ætla að ekki yrði um stórkostleg útgjöld að ræða þótt farið yrði að þessari till.

Nú vil ég ekki halda því fram, að ég sé neinn frumherji þeirrar hugmyndar sem fram kemur í þáltill., því að í lögum frá 1972 er heimild til húsnæðismálastjórnarinnar til lánveitingar til kaupa eldri íbúða og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja og 1976 bættust ellilífeyrisþegar í þann hóp. En annaðhvort er að mönnum hefur verið lítt kunnugt um þennan möguleika eða þessi lán hafa ekki þótt fýsileg. Þetta eru jafngreiðslulán sem endurgreiðast á 15 árum með 60% vísitölutryggingu og með 9.75% vöxtum. Í grein, sem Sigurður E. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunarinnar, skrifar í fréttablað Sjálfsbjargar í marsmánuði kemur fram, að engri umsókn hefur nokkru sinni verið synjað um þetta lán, en samt hafa ekki verið veitt lán nema til 24 íbúða árið 1977 og 28 íbúða 1978. Þetta þykir mér styðja þá skoðun að þetta fólk veigri sér við að hleypa sér í skuldir, ekki síst þar sem tekjur eru lágar.

Þegar þess er gætt, að þriðjungur til helmingur af tekjum þessa fólks fer til olíukaupa, virðist ekki ósanngjörn krafa að hið opinbera komi þarna til aðstoðar með beinum styrkjum. Hvert form yrði haft á slíkum styrkjum kemur ekki fram í till., en þar er vissulega um margar leiðir að ræða. Þar sem getur um mjög hagkvæm lán í till. þessari vil ég aftur vitna í fyrrnefnda grein Sigurðar E. Guðmundssonar, þar sem hann bendir á að í sumum nágrannalöndum okkar sé sá háttur á hafður í sambandi við slík lán sem hér um ræðir að lánin séu afborgunarlaus meðan sá búi í íbúðinni sem á láninu þurfti að halda, en þegar hann sé farinn brott úr henni hefjist greiðslur afborgunarinnar. Slíku fyrirkomulagi tel ég að þyrfti að koma á hér. Það væri bæði þarft og réttlátt.

Herra forseti. Þegar þessari umr. verður frestað legg ég til að *þáltill. verði vísað til hv. allshn.*

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 84. fundur.

Föstudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 556). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur frammi til umr., er samið af sérstakri nefnd sem sett var á fót á s. l. ári. Fyrrv. heilbr.- og trmrh., Matthías Bjarnason, hafði forgöngu um stofnun þessarar nefndar og áttu í henni sæti Ingimar Sigurðsson deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri í félmrn., Ágúst Fjeldsted hrl., tilnefndur af menntmrh., og Jón Sævar Alfonsson skrifstofustjóri, tilnefndur af Landssamtökunum Þroskahjálp. Hér var um að ræða samstarfsnefnd þeirra þriggja rn., sem með þessi mál fara, svo og Landssamtakanna Þroskahjálpar, en aðildarfélög Þroskahjálpar eru 22. Þessari nefnd var falið að vinna að nýjum till. að frv. til heildarlaga um þroskahefta. Áður hafði verið samið frv. að forgöngu fyrrv. menntmrh., Vilhjálms Hjálmarssonar. Það frv. samdi sérskipuð nefnd sömu rn. og ég taldi upp hér að framan, en hvorki Þroskahjálp né önnur almenningssamtök áttu þar hlut að máli. Það frv. var aldrei lagt fram á Alþ. þar sem nokkur óánægja var með sum efnisatriði þess.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar umr. um málefni þroskaheftra, sérstaklega með hliðsjón af réttarstöðu þeirra, þ. e. a. s. jafnréttisstöðu. Hefur margt verið sagt og ritað um þessi mál og hafa komið fram margvíslegar skoðanir um hvert stefna beri og hvernig leysa beri þessi mál. Hinu opinbera hefur verið legið á hálsi fyrir úrræðaleysi og hefur það jafnframt verið sakað um aðgerðaleysi. Ég ætla mér ekki að fara nánar út í þá sálma hér, en hvað sem um afskipti hins opinbera verður sagt á þessu sviði verður því ekki neitað, að á síðustu áratugum og þó sérstaklega á síðustu árum hefur ýmislegt gerst í þessum málum hér á landi, eins og glöggt kemur fram í grg. sem fylgir frv. þessu. Hins vegar er engan veginn nægjanlegt að verja peningum til ákveðinna mála þegar á skortir yfirstjórn og samstjórn þeirra. Þótt margt hafi verið gert á þessu sviði og nokkru fjármagni hafi verið veitt til þessara mála hefur skipulag ekki verið sem skyldi. Slíkt leiðir vitanlega til stefnuleysis og lélegri nýtingar þeirra fjármuna er til þeirra er varið.

Í dag er yfirstjórn málefna þroskaheftra í höndum þriggja rn., að svo miklu leyti sem hægt er að tala um yfirstjórn. Þannig fer heilbr.- og trmrn. með vistunarmálefni þroskaheftra og almannatryggingamálefni. Menntmrn. fer með menntaþáttinn og félmrn. hefur haft með Styrktarsjóð vangefinna að gera og málefni er snerta endurhæfingu. Að öðru leyti hefur yfirstjórn þessara mála að mestu farið fram utan rn. og þá innan veggja hinna einstöku stofnana er starfræktar hafa verið á þessu sviði. Þótt þetta komi manni spánskt fyrir sjónir og sæti furðu er ekki við neinn sérstakan að sakast. Staðreyndin er einfaldlega sú, að samkv. gildandi lögum, t. d. um andlega þroskaheft fólk, fer aðalfávitahæli ríkisins, þ. e. a. s. Kópavogshælið, nánast með yfirstjórn þeirra mála og er þar um algera miðstýringu að ræða.

Á undanförnum árum hafa mörg félög áhugamanna verið stofnuð á þessum vettvangi. Er hér bæði um að ræða foreldrafélög, þ. e. a. s. hagsmunafélög, og félög áhugamanna. Foreldrafélögunum hefur ekki verið gefinn neinn lögvarinn réttur til að láta þessi mál til sín taka þó að vissulega snerti þessi mál engan eins mikið og þau. Lykillinn að farsælli lausn þessara mála hlýtur m. a. að felast í því, að samstarf takist við alla aðila og þá ekki síst þá aðila sem hafa mestra hagsmuna að gæta.

Hin mikla umr., sem átt hefur sér stað um þessi mál á undanförnum árum, hefur að vonum lokið upp augum ekki eingöngu ráðamanna, heldur og almennings fyrir því, að þroskaheftir hafa ekki búið við jafnrétti við aðra. Virðast menn yfirleitt vera á þeirri skoðun, að slíkt jafnrétti verði ekki tryggt nema með sérstökum lögum. Við

verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því, að við leysum þessi mál ekki alfarið með löggjöf. Ég er þess fullviss að sú umr., sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og hefur að mínu mati verið hispurslausari en oft áður, hefur leitt til þess, að ýmsum fordómum hefur verið eytt hvað snertir þroskahefta og jafnframt að aðrir eru á hröðu undanhaldi.

Hér kem ég að mjög mikilvægu atriði sem ég vil sérstaklega minnast á hér og nú, en það eru fordómarnir í sambandi við þessi mál. Ég er þess fullviss, að okkur tekst ekki að ná fullnaðarárangri fyrr en tekist hefur að eyða öllum eða svo til öllum fordómum gagnvart þroskaheftum, jafnframt því að menn hætti að líta á þessi mál sem feimnismál. Því er hins vegar ekki að neita, að það tekur jafnvel mannsaldur að eyða fordómum, og virðist oft mjög erfitt þrátt fyrir mikla fræðslu og upplýsingastarfsemi. Lokaáfanginn hlýtur að verða sá, að menn líti á þessi málefni eins og hvern annan eðlilegan hlut sem þetta er og verður vitanlega og við verðum að læra að lifa með.

Í framhaldi af þeirri miklu umr. og þeim öru breytingum, sem átt hafa sér stað í þessum málum á undanförnum árum, var það mat stjórnvalda að stefna bæri að því að setja heildarlöggjöf um þroskahefta. Nefnd þeirri, er ég gat um áðan, var falið að gera till. að þessu og liggja till. frammi í formi frv. Nefnd sú, sem samdi þetta frv., hóf störf í septembermánuði s. l. og lauk við frv. í ofanverðum marsmánuði. Nefndin tók þá stefnu í upphafi að kveða eingöngu á um það, sem hún kallar „allra nauðsynlegustu hluti", í frv. og leggur áherslu á að óþarfi sé að taka sérstaklega upp ákvæði um menntun þroskaheftra eða um heilbrigðisþjónustu þroskaheftra, svo að dæmi séu tekin, þar sem slíkt sé nægjanlega tryggt í öðrum lögum.

Nm. eru í sjálfu sér þess meðvitandi, eins og við hljótum reyndar öll að vera, að lög þessi ættu að vera óþörf í þjóðfélagi sem byggir á lýðræðis- og jafnaðarhugmyndum. Eins og allir vita geymir stjórnarskráin sérstök mannréttindaákvæði. Grundvallaratriði mannréttinda er jafn réttur allra. Jafnrétti er einn af hyrningarsteinum íslensks þjóðfélags. Reynslan hefur þó sýnt að þrátt fyrir mannréttindaákvæði stjskr. hefur reynst ómögulegt að tryggja öllum aðilum jafnan rétt án sérstakrar lagasetningar. Vil ég taka hér sem dæmi lög um jafnrétti kynjanna og lög um launajafnrétti. Þrátt fyrir ákvæði stjskr. var talin þörf á að setja þessi lög. Það sama á við um þroskahefta. Okkur hefur ekki tekist að tryggja þeim jafnrétti, þótt allir séu sammála um að þjóðfélaginu beri að hlúa að slíkum einstaklingum eftir bestu getu.

Auk þessara atriða vil ég nefna reynslu annarra þjóða á þessu sviði. Norðurlandaþjóðirnar búa við sérlöggjöf, að vísu mismunandi víðtæka, og vil ég sérstaklega benda á fskj. með þessu frv. þar sem gerð er stutt grein fyrir gildandi löggjöf á Norðurlöndunum. Hið sama má segja um íbúa Bretlands og Bandaríkjanna. Til fróðleiks vil ég nefna það hér, að á það hefur reynt fyrir Hæstarétti Bandaríkjanna hvort stjórnarskrá Bandaríkjanna tryggði þroskaheftum einstaklingum jafnrétti við aðra í þjóðfélaginu. Niðurstaða Hæstaréttar Bandaríkjanna var sú, að þjóðfélaginu bæri að veita þroskaheftum alla tiltæka aðstoð. Að fenginni þessari niðurstöðu voru sett sérlög um aðstoð við þroskahefta þar í landi.

Það frv., sem hér er til umr., hefur gengið í gegnum þó nokkurn hreinsunareld á meðan að því var unnið á vegum nefndarinnar. Með hliðsjón af því sá ég ekki ástæðu til að senda það sérstaklega til umsagnar eftir að mér var fengið það í hendur. Ég vil benda á að þau þrjú rn., sem að þessu stóðu, hafa öll fjallað um frv. og auk þeirra landlæknir og ýmsir aðrir sérfróðir menn. Landssamtökin Þroskahjálp hafa fjallað um frv. á fulltrúaráðsfundi. Þeir aðilar, sem hafa fjallað um þetta frv., eru flestir sammála um að verði það að lögum verði það til mikilla bóta. Þannig hafa Landssamtökin Þroskahjálp, sem í eru öll sérhagsmuna- og áhugafélög á þessu sviði, eins og áður segir, lýst ánægju sinni yfir frv. og heitið fullum stuðningi við það. Þótt deila megi um nokkur efnisatriði og sjálfsagt megi betur gera virðist það samdóma álit flestra þeirra aðila, sem um það hafa fjallað, að lögfesta beri það sem fyrst.

Auk frv. og aths. við einstakar greinar eru mjög ítarlegar upplýsingar í frv., sem ég vil benda hv. þm. sérstaklega á að lesa vel. Er þetta, að því er ég best veit, í fyrsta skipti sem reynt er að brjóta þessi mál til mergjar á þann hátt að taka saman yfirlit um þróun þessara mála undanfarin ár, frá því að farið var að sinna þessum málum sérstaklega — í kringum 1930 — og til þessa dags.

Hér á eftir ætla ég að ræða stuttlega um stöðu þessara mála í dag og gera grein fyrir nokkrum nýmælum sem fólgin eru í þessu frv.

Löggjöf um þroskahefta er í reynd ákaflega fáskrúðug hér á landi. Eina heildarlöggjöfin á þessu sviði eru lög nr. 53 frá 1967 um fávitastofnanir, en þau lög snerta andlega þroskahefta einstaklinga. Þessi lög fjalla um fávitastofnanir og vistmenn þeirra, auk þess um skiptingu fræðsluskyldu milli heilbrigðisyfirvalda og fræðsluyfirvalda, þegar í hlut á andlega vanþroska fólk, og enn fremur er heimild til að veita félagslega aðstoð. Samkv. þessum lögum ber að reka eitt ríkishæli, aðalfávitahæli ríkisins, og á að skipta því í deildir þannig að um sé að ræða hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli. Þótt ekki séu liðin nema 12 ár frá gildistöku þessara laga hefur þróunin verið svo hröð á undanförnum árum að nú eru þau að flestra mati úrelt orðin.

Eins og glöggt kemur fram leggja gildandi lög áherslu á svokallaða „sentraliseringu" eða — eins og við köllum það á ágætri íslensku — miðstýringu. Í nágrannalöndunum hefur svonefnd „normalisering" rutt sér mikið til rúms og má kalla hana ríkjandi stefnu í dag. Með því er átt við að reynt er að aðlaga þroskahefta einstaklinga sem mest venjulegu lífi, þannig að þeir lifi í sambandi við aðra þjóðfélagsþegna.

Samkv. gildandi lögum um fávitastofnanir er hlutverk aðalhælisins að veita öllum hælisþurfandi fávitum viðtöku, rannsaka andlegt og líkamlegt ástand þeirra og ákveða tiltæka læknislega og uppeldislega meðferð og sjá um að þeir fái hana undir eftirliti aðalhælisins. Hér er sú skylda lögð á ríkið að það veiti öllum hælisþurfandi fávitum viðtöku. Lausnin er samkv. lögunum að ýta hinum þroskaheftu einstaklingum inn á stofnanir. Slík ákvæði samrýmast ekki nútímaviðhorfum manna til þessara mála. Auk þess vilja menn í dag fara mjög varlega í að ákveða einni stofnun algerlega að dæma um hverjir teljist hælisþurfandi, hvaða meðferð og hvers konar vistun skuli beita. Samkv. lögunum dæmir forstöðumaður aðalhælisins hvort vistun sé nauðsynleg og hvar viðkomandi skuli vistaður. Hversu góður sem slíkur maður er og hversu góð sem slík stofnun er er þeim aðilum enginn greiði gerður með því að setja þá í

dómarasæti.

Ég hef hér að framan reynt að gera grein fyrir nokkrum ákvæðum þeirra einu heildarlaga sem gilda um þroskahefta hér á landi. Eins og þið hafið eflaust tekið eftir, samrýmast þessi ákvæði ekki nútímahugmyndum um aðstoð þjóðfélagsins á þessu sviði. Ég ætla mér ekki að taka fyrir fleiri ákvæði þessara laga hér, en þetta sýnir glöggt að nauðsyn nýrrar löggjafar er mjög brýn. Það er engum til hagsbóta að breyta ekki gildandi löggjöf í samræmi við það sem við teljum rétt.

Að öðru leyti en því, sem ég hef áður greint frá hér að framan, eru skyldur hins opinbera ákaflega litlar samkv. gildandi lögum um fávitastofnanir. Engin skylda er samkv. lögunum um að önnur hæli eða aðrar stofnanir en aðalfávitahæli skuli rekin fyrir vangefið fólk. Þannig hefur löggjafinn ekki myndað neina stefnu um hvers konar stofnanir skuli reknar á þessu sviði, en í þessu frv. er lögð þungamiðja á það atriði. Að sönnu snerta mörg lög þroskahefta á einn eða annan hátt. Flestum er það þó sameiginlegt að þau fjalla jafnframt um aðra þjóðfélagsþegna og um aðstoð sem þjóðfélagið kýs að veita þeim. Hér á ég vitanlega fyrst og fremst við almannatryggingalög, lög um grunnskóla, lög um heilbrigðisþjónustu og lög um endurhæfingu, svo að tekin séu dæmi. Reynt er í frv. að fara sem allra minnst inn á svið þeirra laga sem ég taldi upp að framan, enda eiga þau samkv. orðanna hljóðan að tryggja þessi réttindi jafnt fyrir þroskahefta sem aðra.

Nýmæli frv. þessa eru mörg. Ég vil hér á eftir reyna að gera grein fyrir þeim í stuttu máli, þar sem þau lýsa í sjálfu sér ástandi þessara mála best eins og það er í dag.

Lagt er til að kveðið verði á um markmið þessara laga, en það er samkv. frv. að tryggja þroskaheftum sömu réttindi og öðrum þjóðfélagsþegnum. Slík jafnréttisákvæði eru í sjálfu sér engin nýmæli í íslenskri löggjöf, eins og ég hef áður rætt. Hins vegar er það nýmæli, að kveðið sé á um sérstakt jafnrétti þroskaheftra við aðra þjóðfélagsþegna.

Þetta ákvæði er fyrst og fremst fram komið þar sem talið er skorta á réttindi þroskaheftra hér á landi, og því verður ekki neitað að löggggjafinn hefur lítið gert til að bæta þar úr til þessa dags. Þau réttindi, sem fyrst og fremst er hér átt við, eru þau sem ekki eru tryggð með öðrum lögum. Markmiðið er því fyrst og fremst að tryggja þeim, er njóta ekki sérstakra laga, en þurfa á aðstoð að halda, jafnan rétt. Nú liggur ljóst fyrir að ákveðnum hópum þroskaheftra, eins og við skýrum það orð í rýmri merkingu, er miklu betur borgið frá löggjafans hendi en öðrum. Margir þeirra eru í nokkurri aðstöðu til að knýja á um réttindi meðan aðrir verða algerlega að treysta á aðstoð annarra. Það eru ekki síst þeir einstaklingar, þ. e. a. s. þeir sem ekki geta barist fyrir málum sínum sjálfir, sem þurfa á lögum sem þessum að halda til þess að jafnrétti þeirra verði tryggt. Það fólk, sem fyrst og fremst er um að ræða, eru andlega þroskaheftir. Það er líka ekki síst á því sviði sem lög skortir. Ég held að það hljóti að vera samdóma álit okkar flestra og vonandi allra, að þessir hópar geti aldrei orðið þrýstihópar í venjulegum skilningi þess orðs. Til þess liggja einfaldar ástæður. M. a. þess vegna tel ég nauðsynlegt að kveða á um vissa lágmarksaðstoð þeim til handa.

Í frv. er lagt til að orðið „þroskaheftur" verði skilgreint sem slíkt, en slíkt hefur ekki verið gert í lögum. Í sjálfu sér orka slíkar skilgreiningar alltaf tvímælis, en sú leið var farin hér að skýra orðið „þroskaheftur" rúmri skýringu. Þannig er ætlast til þess, að orðið nái yfir alla hópa þroskaheftra sem taldir eru þurfa aðstoðar þjóðfélagsins við í einni mynd eða annarri. Ég geri mér fyllilega grein fyrir að þessi skýring kann að valda deilum vegna þess hversu rúm hún er. Ég taldi sjálfur ekki ástæðu til að fetta fingur út í hana þar sem ég taldi að vel athuguðu máli að ætti frv. um þetta að ná tilgangi sínum og girða endanlega fyrir þann leka, sem hér hefur verið, þyrfti það að ná til allra þeirra aðila sem hugsanlega þyrftu á aðstoð að halda. Séu fyrir hendi sérstök sérlög fyrir einstaka hópa kemur vitanlega ekki til þess að beita þurfi þessari löggjöf gangi hin lögin lengra.

Gert er ráð fyrir ákveðinni yfirstjórn málefna þroskaheftra. Auk þess er kveðið skýrt á um verkaskiptingu milli þeirra þriggja rn. sem með þessi málefni fara í dag og hljóta eðli málsins samkv. að fara með þau áfram. Gert er ráð fyrir samvinnu þeirra innan svokallaðrar stjórnarnefndar, en til þessa dags hefur engin föst samvinna verið fyrir hendi.

Eins og ég greindi frá í upphafi máls míns hefur eitt stærsta vandamálið í sambandi við málefni þroskaheftra verið það, hve mjög hefur skort á alla samstjórn þessara mála. Að svo miklu leyti sem þessi 3 rn., þ. e. a. s. heilbrmrn., félmrn. og menntmrn., hafa ekki farið með slíka stjórnun hefur hún verið mjög lítil og oft og tíðum handahófskennd og hefur þá farið fram utan rn. Hér er hins vegar lagt til að félmrn. fari með stjórn þessara mála að svo miklu leyti sem þau snerta ekki hjúkrun, sjúkradeildir og fræðslu. Í sjálfu sér má endalaust deila um hvar slík yfirstjórn eigi að vera, en ég held að í dag séu þessi mál fyrst og fremst skoðuð sem félagsmál, en ekki eins og áður sem hrein og bein vistunarmál, þ. e. að lausnin væri fólgin í því að koma viðkomandi einhvers staðar á stofnun. Gert er ráð fyrir að sérstök deild innan félmrn. sinni þessum málum. Stjórnarnefndinni, sem í eiga sæti fulltrúar frá viðkomandi þremur rn., er ætlað að samræma allar aðgerðir og ráðstafanir í sambandi við þjónustu og vitanlega að koma í veg fyrir að skörunarmálefni leiði til margra úrlausna í sitt hverju horninu.

Frv. gerir ráð fyrir vissri svæðaskiptingu að því er málefni þroskaheftra varðar. Gert er ráð fyrir sérstökum svæðisstjórnum á þessum svæðum, en samkv. frv. eru svæðin 8. Þessum svæðisstjórnum er ætlað að fara með mál í héraði.

Sú svæðaskipun sem hér um ræðir er hin sama og kjördæmaskipunin, fræðsluskipunin og læknishéraðaskipunin. Með svæðum og svæðisstjórnum er ætlað að færa málefni þessi sem mest út í héruðin, þannig að frumkvæðið verði hér eftir sem mest í viðkomandi héruðum og þar fari fram sem fjölbreyttust þjónusta. Hér er um að ræða svokallaða „desentraliseringu," þ. e. a. s. að dreifa valdinu sem mest út um byggðir landsins í mótsetningu við núgildandi kerfi sem byggir á miðstýringu. Það er gert ráð fyrir að í þessum svæðisstjórnum eigi sæti fræðslustjórar og héraðslæknar auk þriggja annarra aðila þar sem viðkomandi sveitafélag eða sveitarfélög og foreldrasamtök hafi tilnefningarrétt. Hér er því enn fremur verið að ýta undir að þeir aðilar, sem láta sig þessi mál varða, hafi einhvern afskiptarétt.

Í frv. er drepið á þá þjónustuþætti sem talið er nauðsynlegt að hafa eigi lögin að ná tilgangi sínum. Er gert ráð fyrir að þessi þjónusta verði sem mest veitt af almennum stofnunum þjóðfélagsins og má þar sem dæmi nefna

heilsugæslustöðvar og skóla. Það er skoðun þeirra, sem best til þekkja, að verði rétt að framtíðarskipulagningu þessara mála staðið sé ekki nokkur vafi á að tengja megi þessa starfsemi við þá þætti heilbrigðisþjónustu, mennta- og félagsþjónustu sem fyrir hendi er í dag eða verið er að koma á fót. Ég vil benda á hina öru og miklu uppbyggingu heilsugæslustöðva í landinu. Það er ekki nokkur vafi á að þær stöðvar geta lagt þung lóð á vogarskálarnar. Sé þannig staðið að málum ætti kostnaður að vera óverulegur og í sjálfu sér enginn þröskuldur. Svo kann að fara, að svæði sameinist um þjónustu og er þá gert ráð fyrir að ráðh. geti sett um slíkt reglugerð. Þannig er gert ráð fyrir að hægt sé að samnýta þann starfskraft sem fyrir hendi er á þessu sviði í dag og aðra möguleika til úrbóta. Hvernig til tekst er vitanlega allt undir framtíðarskipulaginu komið. Ég tel hins vegar að með því að koma á slíkum svæðisstjórnum og öruggari yfirstjórn innan stjórnarráðsins eigi að vera hægt að standa þannig að þessum málum í framtíðinni að hagræðis sé gætt í hvívetna.

Meðal nýmæla frv. er ákvæði um tilkynningarskyldu. Lagt er til að lögfest verði viss tilkynningarskylda, þannig að þeim aðilum, sem annast t. d. mæðraskoðun, heilsufarsskoðanir og því um líkt, verði gert skylt að fylgjast með andlegu og líkamlegu atgervi þeirra, sem þeir skoða, og tilkynna foreldrum og svæðisstjórn, eftir því sem við á, um grun um þroskaheftingu o. s. frv.

Það er hald manna sem til þekkja, að nái þessi ákvæði tilgangi sínum verði hægt að draga stórlega úr hættunni á þroskaheftingu. Ég vil sérstaklega benda hér á þá öru þróun, sem orðið hefur á rannsóknum á fósturskeiði á undanförnum árum, og bendi þá sérstaklega á legvatnsrannsóknir. Í dag eru svo mörg ráð tiltæk til að koma í veg fyrir þroskaheftingu eða stórlega minnka hana, að ákvæði um slíka tilkynningarskyldu eru mjög brýn. Í dag hvílir engin skylda á þeim aðilum, sem framangreindar skoðanir annast, að tilkynna um slíkt, jafnvel þó að grunur sé fyrir hendi. Hins ber þó að geta, að þeir, sem annast þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar, telja þessa skyldu siðferðilega. Þótt vitanlega megi segja að með slíku sé verið að hlutast til um einkamál manna verður að játa að hér er um svo mikla hagsmuni að ræða, ekki bara fyrir einstaklingana sjálfa, heldur og þjóðfélagið, að neyta verður allra ráða til að koma í veg fyrir þroskaheftingu eða minnka hana eins og frekast er unnt. Þess vegna er nauðsynlegt, sé grunur um þroskaheftingu á rökum reistur, að viðkomandi svæðisstjórn láti greiningarstöð ríkisins í té allar upplýsingar, svo að hún geti tekið afstöðu til frekari rannsókna. Í þeim tilvikum, að slíkur grunur sé ekki á rökum reistur, er í sjálfu sér þarflaust að senda slíkar upplýsingar til greiningarstöðvarinnar. Eru reyndar ákvæði í frv. þess efnis að eyða beri öllum upplýsingum í slíkum tilvikum.

Frv. gerir ráð fyrir að við reglulegar heilsufarsskoðanir, sem eru óvíða eins nákvæmar og hér á landi, skuli sérstaklega gefa gaum að líkamlegu og andlegu atgervi barna. Það er nauðsynlegt að slíkar skoðanir nái til sem flestra þátta, hvort sem þeir snerta andlega eða líkamlega heilbrigði. Í dag er unnið að skipulagningu heilsufarsskoðana barna fyrir næstu framtíð. Er því auðvelt að koma þessu í lag og reyndar sjálfsagt. Rík áhersla er lögð á þagnarskyldu þeirra sem starfa að tilkynningarskyldunni. Slík þagnarskylda verður aldrei brýnd nógu oft fyrir þeim sem hana bera, og er sérstök ástæða til þess að gera það hér þar sem þessi mál eru mjög viðkvæm.

Í frv. er lagt til að sett verði á laggirnar sérstök stofnun, greiningarstöð ríkisins. Slíkri stofnun yrði fyrst og fremst ætlað að annast rannsóknir og greiningu á þroskaheftum ásamt því að vísa viðkomandi til meðferðar aðila, veita foreldrunum ráðgjöf o. s. frv.

Nauðsynlegur þáttur í velferðarmálum þroskaheftra er rétt greining. Slík greining verður ekki gerð nema að undangenginni nákvæmri rannsókn og er greiningarstofnun ríkisins ætlað það hlutverk. Þannig er ætlunin að tryggja sem best að ekki komi til þess að tekin verði ákvörðun um óþarfa eða beinlínis ranga vistun. Gert er ráð fyrir að þessi stofnun verði algerlega sjálfstæð og óháð öðrum stofnunum, enda ekki heldur gert ráð fyrir að hún beri neinn ægishjálm yfir aðra hvað snertir ákvarðanatöku. Í dag fer greiningin eftir vitsmunaþroska fram á tveimur stöðum, þ. e. a. s. í sérfræðideild Öskjuhlíðarskóla og við göngudeildina á Kópavogshæli. Sé um að ræða ákvörðun um vistun á hæli annast Kópavogshælið slíka greiningu, en sé um að ræða vistun á fræðslustofnun sér Öskjuhlíðarskólinn um slíka greiningu. Slík tvískipting er algerlega út í bláinn og dreifir um of starfskröftum þeirra fáu starfsmanna sem við höfum á þessu sviði. Ber því að vinna að því, að núverandi greiningarstarfsemi sameinist sem allra fyrst, og gerir frv. þetta ráð fyrir að svo verði með ákvæðum um rekstur greiningarstöðvar ríkisins.

Í frv. er kveðið á um að veita skuli þroskaheftum þjónustu á almennum stofnunum að svo miklu leyti sem unnt er.

Aðaláherslan er lögð á þjónustu á almennum stofnunum. Til að tryggja að svo megi verða eru nýmæli í frv. sem kveða á um að búa skuli þannig að almennum stofnunum að þeim sé kleift að annast slíka þjónustu. Á undanförnum árum hefur mjög verið rætt um skilningsleysi yfirvalda við skipulagningu og hönnun opinberra bygginga með það fyrir augum að allir þjóðfélagsþegnar geti nýtt slíkt. Með því að lögfesta ákvæði sem þetta ætti því að vera bætt úr brýnni þörf.

Í frv. er fjallað um þær stofnanir sem nauðsynlegar eru til að gera þroskaheftum mögulegt að ná þeim þroska sem mannlegur máttur stendur til. Slíkar stofnanir eru eitt af grundvallaratriðum velferðarmála þroskaheftra og reyndar í órofatengslum við farsæla lausn þessara mála.

Með frv. er mörkuð viss stefna í þessum málefnum, þannig að taldar eru upp þær stofnanir sem nauðsynlegar eru taldar í dag til að sinna þessum málum. Ætlunin er í framtíðinni að aðgreina þessar stofnanir sem mest og skipta þeim sem mest eftir sérverkefnum, þannig að ekki komi til þess að um verði að ræða allt of stórar stofnanir sem fengjust við marga og ólíka þætti. Það, sem umfram allt ber að forðast, er að reisa of mikla yfirbyggingu á hverjum stað. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um þessar stofnanir hér. Þeim er vel lýst í frv. sjálfu svo og í aths. með því.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir öðru fyrirkomulagi varðandi umsóknir um þjónustu og vistun þroskaheftra á stofnunum.

Gert er ráð fyrir að svæðisstjórnir eigi að heimila vistun að höfðu samráði við forstöðumann viðkomandi stofnunar. Þannig ber að senda umsóknir viðkomandi svæðisstjórnum, þ. e. a. s. stjórn þess svæðis sem við-

komandi stofnun er í. Gert er ráð fyrir að foreldrar eða forráðamenn geti sótt um vistun á hvaða stofnun sem er, annaðhvort eftir tilvísun greiningaraðila eða þá að eigin frumkvæði, og telji viðkomandi svæðisstjórn og forstöðumaður slíka vistun rétta geta þeir samþykkt hana. Komi upp ágreiningur sker samstarfsnefnd hinna þriggja rn. úr og má áfrýja þeim úrskurði til ráðh. Að svo miklu leyti sem lög fjalla um vistun á stofnun í dag, en það á eingöngu við um vistun á fávitastofnunum, er ákvörðunarvald í höndum forstöðumanns aðalfávitahælisins, eins og ég hef greint frá að framan. Það fyrirkomulag, sem stungið er upp á í frv. þessu, er á allan hátt eðlilegt og kæmi í stað fyrirkomulags sem gengið hefur sér til húðar.

Í frv. eru sérstök ákvæði sem tryggja eiga að þeir aðilar, sem ekki njóta kennslu eða þjálfunar utan heimilis, fái slíka kennslu og þjálfun ókeypis. Þetta ákvæði á að tryggja að þroskaheftir, sem einhverra hluta vegna njóta ekki þeirrar almennu þjónustu sem fyrir hendi er og lög gera ráð fyrir, verði ekki útundan.

Eins og fram hefur komið var ekki ætlunin í frv. þessu að fjalla um fræðsluþáttinn almennt, þar sem honum á að vera vel borgið í almennum lögum. Ákvæðið, sem ég nefndi áðan, er fyrst og fremst sett til öryggis, þannig að aldrei komi til þess að þroskaheftir einstaklingar njóti ekki kennslu eða þjálfunar þótt óviðráðanlegar ástæður komi í veg fyrir að þeir njóti slíks í samræmi við gildandi almenn lög. Það kæmi einkum til greina að beita þyrfti þessu ákvæði ef um væri að ræða einstakling sem erfitt væri að flytja á milli staða. Það væri hins vegar í hreinum undantekningartilfellum sem grípa þyrfti til slíks.

Eitt veigamesta nýmælið í þessu frv. að margra dómi er ákvæði þess efnis, að framfærendur þroskahefts einstaklings, sem eingöngu dvelst í heimahúsum og þarfnast umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar að höfðu samráði við greiningarstöð ríkisins, eigi rétt á aðstoð. Þetta ákvæði er í sjálfu sér ekki nýmæli þó að þetta sé í fyrsta skipti sem þessi skylda er lögð á herðar hinu opinbera með lögum. Nýmælið er það, að kjósi framfærendur sjálfir og séu þeir til þess hæfir að annast slíka þjónustu sé heimilt að veita aðstoð með peningagreiðslum.

Þetta ákvæði brýtur í blað í velferðarmálum þroskaheftra nái það fram að ganga, þar sem forráðamönnum þroskaheftra einstaklinga yrði gert auðveldara að annast sjálfir þessi störf. Það er löngu vitað mál, að t. d. foreldrar þroskaheftra einstaklinga hafa átt í miklum erfiðleikum með að annast börn sín sjálfir vegna þess að þjóðfélagið hefur veitt litla aðstoð til slíks og beinlínis ýtt á eftir því að börnin væru vistuð á stofnunum, sbr. það sem áður sagði um gildandi löggjöf.

Samkv. gildandi almannatryggingalögum er heimilt að veita foreldrum slíkra einstaklinga örorkustyrk, sem í dag er rúmar 40 þús. kr. á mánuði. Sú upphæð gerir engin kraftaverk. Lagt er til að þetta gjald verði samkv. þessu frv. miðað við hálft daggjald á meðalstofnun samkv. öllum 10 tölul. 12. gr. frv., og mundi það nema gróft útreiknað, miðað við verðlag í dag, 100—120 þús. kr. á mánuði. Slík greiðsla gæti komið því til leiðar að foreldrar óskuðu fremur að annast börnin sjálfir en að senda þau á stofnun, jafnframt því sem þeim yrði gert slíkt kleift.

Þetta fyrirkomulag hefur verið reynt erlendis, en gefist misjafnlega. Ég vil hins vegar geta þess sérstaklega, að þau skilyrði, sem sett eru fram í ákvæðum þessa frv., eru miklu strangari en í lögum annarra þjóða. Ég tel því ekki ástæðu til að ætla að þetta gefi slæma raun að óreyndu. Sú skipan að reyna að hafa áhrif á það að foreldrarnir annist börn sín sjálfir, eins og þetta ákvæði stefnir ótvírætt að, er þáttur í þeirri „normaliseringu“ sem verið hefur efst á baugi í sambandi við málefni þroskaheftra undanfarið, þ. e. a. s. að aðlaga þau sem mest hinu daglega lífi.

Hér að framan hef ég farið nokkrum orðum um nýmæli þessa frv. og reynt í stuttu máli að gera grein fyrir stefnumörkun þess. Ýmis önnur ákvæði frv., sem í sjálfu sér teljast ekki nýmæli, skipta það miklu máli að ég tel nauðsynlegt að fara um þau nokkrum orðum.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi rn. fjalli um rekstrarleyfi stofnana eftir því hvers konar starfsemi fer þar fram. Þannig mundi heilbr.- og trmrn. veita leyfi til rekstrar göngudeilda og hjúkrunardeilda, menntmrn. til rekstrar skóladagheimila og deilda tengdra dagvistunarstofnunum og leikskólum, en félmrn. mundi veita leyfi til rekstrar annarra heimila, en þau eru flest ekki til í dag. Gert er ráð fyrir að öðrum en því opinbera sé heimilt að reka heimili á þessum vettvangi eftir nánari reglum, og er það sérstaklega ítrekað í frv. til þess að það fari ekki á milli mála, þó að meginábyrgðin sé, eins og fram hefur komið, lögð á skyldur hins opinbera.

Í frv. er kveðið á um skyldur ríkisins til að tryggja þroskaheftum ókeypis vist á þeim stofnunum sem þeim eru ætlaðar sérstaklega. Hvað snertir allar almennar stofnanir gilda um þroskahefta sömu reglur og um aðra. Sem dæmi má nefna að sé þroskaheftur einstaklingur vistaður á venjulegu dagvistarheimili er ætlast til þess, að um hann gildi sömu reglur og aðra, þ. e. a. s. að forráðamenn greiði fyrir slíkt barn eins og aðrir. Hvað snertir allar sérstofnanir er hins vegar ætlast til að vistun sé algerlega ókeypis.

Sérákvæði er í frv. þess efnis, að flutning til og frá þjónustustofnun skuli greiða sem hluta af rekstrarkostnaði viðkomandi stofnunar. Það hefur verið mikið á reiki hvernig líta beri á slíkan kostnað. Þannig hefur flutningur þroskaheftra barna og unglinga á skyldunámsstigi verið greiddur sem rekstrarkostnaður, þ. e. a. s. kostnaður við fræðslu, en annar kostnaður, t. d. í sambandi við ferðir þroskaheftra einstaklinga til og frá dagvistarstofnunum, hefur ekki verið greiddur. Hér þarf að koma á samræmingu og eru ákvæði í frv. þess efnis.

Hvað snertir kostnað vegna rekstrar þeirra stofnana, sem taldar eru upp í frv., er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 85% vegna allra stofnana annarra en sjálfseignarstofnana og sveitarfélögin greiði 15%. Er þetta í samræmi við ákvæðið í almannatryggingalögunum um sjúkratryggingar. Hvað snertir sjálfseignarstofnanir er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi og nú, þ. e. a. s. daggjaldafyrirkomulagi, og gert er ráð fyrir að stjórnarnefnd í samráði við daggjaldanefnd sjúkrahúsa samkv. almannatryggingalögunum ákveði þetta gjald. Fer um þessar greiðslur eins og áður, þ. e. a. s. gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þrátt fyrir að gildistaka sé miðuð við n. k. áramót verði þegar í stað hafist handa við stofnun deildar innan félmrn. og skipað verði í stjórnarnefnd og svæðisstjórnir. Þetta ber allt að sama brunni. Ætlast er til að þessir aðilar hefji störf sem fyrst og undirbúi gildistöku laganna, þannig að lögin taki í raun og veru gildi við áramót.

Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að fjalla frekar um

efnisatriði þess frv. sem hér liggur frammi, enda er mál mitt orðið nokkuð langt. Í stað þess vísa ég til frv. sjálfs og ítarlegra upplýsinga sem með því fylgja, um leið og ég þakka þeirri nefnd, sem samdi frv., fyrir vel unnin störf. Vænti ég að frv. hljóti góðar viðtökur á Alþ., og þótt langt sé liðið á þing geri ég mér vonir um að það hljóti afgreiðslu fyrir þinghlé, þar sem þessi mál hafa að undanförnu mikið verið rædd og verið til umr. jafnt utan þings sem innan og ættu því ekki að koma neinum að óvörum. Hinu er ekki að leyna, að tími er orðinn naumur og málið allviðamikið. Er því e. t. v. of mikil bjartsýni að reikna með að það nái afgreiðslu á þessu þingi. Ef ekki, þá í haust.

Ég tel löggjöf á þessu sviði mjög brýna og því allt til vinnandi að koma henni á fót sem allra fyrst. Ég minni á að þeir aðilar, sem fjallað hafa um þetta frv., hafa flestir lýst yfir ánægju sinni með efnisatriði þess. Enn fremur minni ég á að ekki er gert ráð fyrir gildistöku fyrr en um áramót n. k., þannig að góður tími vinnst til að vinna að skipulagningu í millitíðinni auk þess sem tími vinnst til að gera fjárhagsáætlanir, m. a. með hliðsjón af fjármögnun ríkisins á komandi fjárlagaári.

Ég vil í þessu sambandi taka fram og undirstrika það, að frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um Framkvæmdasjóð öryrkja, sem er til afgreiðslu þessarar hv. d., brýtur á engan hátt í bága við efni þessa frv. Miklu fremur má segja að frv. styðji hvort annað. Þannig er aðaltilgangur frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja að sjá fyrir tekjustofnum til nauðsynlegra aðgerða, sem ekki er gert í því frv. sem hér er til umr. Á hinn bóginn má segja að þetta frv. nái til flestra annarra þátta vandamálanna.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. þessarar hv. d. með ósk um skjóta afgreiðslu ef n. telur nokkra möguleika á afgreiðslu þess á yfirstandandi þingi. Einnig legg ég til að því verði vísað til 2. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég þarf í raun og veru ekki að hafa mörg orð um þetta frv. til viðbótar því sem hæstv. ráðh. hefur komið inn á í ágætri framsögu sinni. Hann kom inn á flest þau atriði sem máli skipta og skýra að þetta mál er nú komið fram á Alþ. sem frv. til heildarlöggjafar um aðstoð við þroskahefta. Ég vil aðeins óska hæstv. ráðh. til hamingju með að fá tækifæri til að flytja þetta frv. og hafa gert það á þann veg sem hann hefur gert.

Ég ætla ekki að rekja sögu þessa máls langt aftur í tímann, aðeins hvernig mál þetta hefur komið inn á borð okkar þann tíma sem ég hef hér setið.

Á þinginu 1975—1976 var flutt till. til þál. um heildarlöggjöf varðandi málefni vangefinna og var hún endurflutt af þm. úr öllum flokkum. Auk mín, sem var 1. flm. þá, voru flm. þeirrar till. Karvel Pálmason, Sverrir Bergmann, Sigurlaug Bjarnadóttir, Bragi Sigurjónsson og Jónas Árnason. Í þessari till. var skorað á ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fram frv. til l. um heildarskipulag varðandi öll málefni vangefinna og löggjöfin ætti að taka mið af eftirfarandi meginatriðum: 1. Stefnt skyldi að því að koma á heildarkerfi, framtíðarskipan í samræmi við þau viðhorf sem ríkja í þessum málum og þær þjóðir byggja á sem lengst eru á veg komnar. 2. Löggjöfin spannaði þannig yfir heilsugæslu, kennslu og þjálfun og félagslega þjónustu hvers konar og samræmdi alla þessa þætti undir einni heildarstjórn.

Í grg. með till. var auðvitað gengið út frá þeim höfuðatriðum sem hæstv. félmrh. hefur nú komið rækilega inn á, þ. e. a. s. jafnrétti til þeirra samfélagslegu gæða sem aðrir njóta og aðhæfing þessa fólks að þjóðfélaginu í eins ríkum mæli og mögulegt er með skipulegum aðgerðum. Í grg. var sagt, að í hvoru tveggja varðaði það mestu að starfið væri hafið sem fyrst, því meiri væru möguleikarnir á því að um sem eðlilegasta lifnaðarhætti væri að ræða og því meiri væru þroskamöguleikar þessa fólks almennt. Við flm. bentum á það, að um tvennt væri að ræða fyrir löggjafann í þessum efnum: nýja heildarlöggjöf eða endurskoðun núgildandi laga um fávitastofnanir. Niðurstaða okkar flm. var vitanlega sú, að hér gilti ekki endurskoðun, hér gilti nýskipan í formi nýrrar löggjafar.

Rétt er í þessu sambandi að geta þess, að það var einmitt að frumkvæði núv. formanns Landssamtakanna Þroskahjálpar, Margrétar Margeirsdóttur, sem þetta mál komst hér inn í þingsalina. Það er því full ástæða til að geta þess um leið, að einmitt þau samtök, Landssamtökin Þroskahjálp, sem spanna yfir landið allt, fagna þessu frv. mjög einlæglega. Þar stendur að baki mjög einhuga hópur foreldra, styrktarfélaga og þeirra sem með þessi málefni fara í heild og starfa að þeim beint eða í tengslum við hinar ýmsu stofnanir og hina ýmsu þætti félagsmála sem þessi mál snerta. Ég tel einnig að almenningur í landinu í heild standi miklu fastar hér að baki en áður hefur verið. Það er því áreiðanlegt að fylgst verður með þessu máli af hundruðum manna, svo að ekki sé meira sagt — þúsundum manna væri e. t. v. nær að segja, sem eru félagar í þessum samtökum og starfa að þessum málum á einhvern hátt, og fylgst einmitt með því að þm. sýni nú að þeir fylgi þessu máli það vel eftir að það komist sem allra fyrst í þá eðlilegu framkvæmd sem hæstv. ráðh. var áðan að lýsa.

En ég má þá til með að fagna því um leið, að hér hefur orðið á breyting til hins betra. Það urðu sannarlega vonbrigði fyrir okkur flm. þegar allshn. Sþ. afgreiddi till. okkar á mjög einfaldan máta á sínum tíma. Þáltill. var sem sagt vísað til ríkisstj., ekki til þess að semja nýja heildarlöggjöf, heldur til þess að gaumgæfa þessi mál svolítið betur, vinna að aukinni samvinnu í málefnum vangefinna og reyna að láta meira fé af hendi rakna til þessara mála. Svo var tekið fram í nál. annars ágætra nm., sem ég veit ekki til að séu þessu máli út af fyrir sig andvígir í raun, að ekki væri víst að heildarlöggjöf væri möguleg eða leysti allan vanda í þessu máli. Okkur flm. till. datt auðvitað aldrei í hug að löggjöf sem slík leysti allan vanda, svo að þetta var óþörf aths. frá þeim nm. sem stóðu að nál. En þetta var sem sagt niðurstaðan. Málinu var vísað til ríkisstj. Menn töldu ekki þá, fyrir ekki meira en þremur árum, ástæðu til að koma á heildarlöggjöf sem slíkri. Og bent var á það, sem er að mörgu leyti rétt, að í ýmiss konar löggjöf væri að finna ákvæði sem gætu, ef þannig væri á haldið, stutt ýmis þau atriði sem fram á væri verið að fara með till. um heildarlöggjöf.

Um leið og ég fagna frv. nú hlýt ég að rekja þetta sem dæmi, að því er ég tel, um beina hugarfarsbreytingu og bendi alveg sérstaklega á þann almenna þrýsting, sem á þessi mál hefur verið, og hinn almenna skilning hjá almenningi sem hefur farið svo mjög vaxandi. Skal ég þó ekkert draga úr, eins og ég hef áður sagt, því frumkvæði og þeim vilja sem hæstv. núv. ríkisstj. með félmrh. í broddi fylkingar hefur sýnt þessu máli, sem hefur auðvit-

að orðið til þess að reka endahnútinn á. Sannast sagna var of lítill skilningur, án þess að hægt sé að fara nánar út í það, á þessu máli hjá þeim rn. eða ráðh. sem áður fóru með þessi mál, þó að þeir vildu ýmislegt þar vel gera, þ. e. a. s. skilningur á því að slíkri heildarlöggjöf yrði komið á. Þeir töldu hitt sem sagt nægja.

Ég ætla sem sagt ekki að fara að ásaka menn hér mjög fyrir að hafa ekki skilið þessi mál betur en raun ber vitni fyrir ekki lengri tíma en þetta. Og ef meginástæðan hefði verið sú sem stundum heyrist, að slík löggjöf væri óþörf með öllu vegna þess að jafnrétti væri sjálfsagt, það þyrfti ekki löggjöf af þeim ástæðum að þetta ætti að vera sjálfsagt og koma af sjálfu sér í löggjöf um hin ýmsu félagslegu og menningarlegu atriði sem við höfum, hefði ég ekki rifjað þetta upp. En það var því miður ekki svo, enda vitum við að hér þarf aukaátak. Við vitum að við erum það langt á eftir að við þurfum að gera sama aukaátak og aðrar þjóðir hafa gert í þessum efnum til að ná upp jafnrétti. Þar duga okkur ekki hin almennu lög, þó að góð séu og sjálfsagt sé að gæta þess í hvívetna þegar við setjum þau lög að það jafnrétti sem hér er að vikið, sé tryggt í hvívetna. En milliskrefið að hinu fullkomna jafnrétti verður að stíga. Það er stigið með þessu frv., að ég tel, í mjög veigamiklum atriðum — þeim veigamestu, vil ég segja, — og því ber að fagna alveg sérstaklega.

Um frv. sjálft þarf ég ekki að hafa mörg orð. Ég hef átt þess kost vegna stjórnaraðildar að Landssamtökunum Þroskahjálp að fylgjast með þessu máli og veit, hvernig það hefur þróast á hverju stigi, og þekki vel til þess mikla áhuga sem er innan þeirra samtaka á því að þetta mál nái sem fyrst fram að ganga. Nýmælin, sem hæstv. ráðh. rakti, eru nefnilega býsna mikilvæg. Þau eru ekki hvað síst mikilvæg fyrir okkur sem búum úti á landsbyggðinni. Þar á ég við þau þjónustusvæði, sem um er talað, og þá nýju skipan sem á þeim málum er. Þar er sannarlega um nýmæli að ræða sem kemur okkur mjög til góða sem störfum úti í styrktarfélögunum, svo að ekki sé meira sagt. En alveg sérstaklega ber að fagna því, að nú skuli sérstök deild innan félmrn. eiga að annast málefni þroskaheftra, ásamt þeirri samstarfsnefnd sem á að koma á fót. Á því að vera tryggt að þessi mál, einstök sem jafnvel heildarmál, velkist ekki milli rn., sé vísað frá einu rn. til annars og enginn viti í kerfinu hvar úr eigi að leysa og hvernig úr eigi að leysa.

Við vitum að þar sem þjóðir hafa gert mest átök í þessu efni hefur tekist mjög vel að koma málum þannig fyrir að langflestir hinna þroskaheftu hafi náð því að lifa því sem við getum kallað eðlilegu lífi í þjóðfélaginu. Það hlýtur auðvitað að vera ásamt jafnréttisspurningunni og samhliða henni það meginmál sem við stefnum að. Þetta frv. er stórt skref í þá átt, og hér og nú vil ég færa hæstv. ráðh. þakkir Landssamtakanna Þroskahjálpar fyrir flutning frv. og um leið áskorun til þm. frá þeim sömu samtökum um að láta ekkert hik verða á sér við afgreiðslu þessa máls, heldur afgreiða það frá Alþ. á þeim tíma sem þó er fram undan til þess að afgreiða það. Um ágreining ætla ég ekki að verði að ræða. Það væri með ólíkindum.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju yfir því, að frv. þetta skuli lagt fram, og jafnframt lýsa yfir fyllsta stuðningi við það í öllum atriðum. Ég átti þess kost á s. l. ári að kynnast starfi í samtökum þroskaheftra og þau kynni mín sýndu mér hvað hér er um mikilvægt málefni að ræða, sem e. t. v. flestir hafa ekki gert sér fulla grein fyrir hve hefur verið og er stórt vandamál í þjóðfélagi okkar. Ég kynntist einnig frv. til l. um aðstoð við þroskahefta, er nefndin lagði fyrir rn. í desembermánuði s. l. og er í aðalatriðum — að meginefni — það frv. sem liggur nú fyrir Alþingi. Við yfirlestur þess frv. komst ég að raun um að hér var um að ræða í alla staði löggjöf sem gæti lagt grunn að skynsamlegum vinnubrögðum í málefnum þroskaheftra. Þess vegna hef ég nokkuð oft á þessu þingi kallað eftir framlagningu þess frv. sem liggur nú fyrir.

Ég ætla ekki að fara að ræða frv. sérstaklega í smærri atriðum, en þakka hæstv. félmrh. fyrir ítarlega framsöguræðu og fyrir hve vel málið er lagt fram. Vil ég einnig undirstrika að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er alveg sérstaklega vel unnið og með því fylgja undirgögn sem skýra málið betur en oft er gert í slíkum frv.

Ég vil alveg sérstaklega undirstrika þrjú atriði í sambandi við frv. Það er í fyrsta lagi um yfirstjórnina. Eins og kemur raunar fram í umsögn í frv. hafa þeir aðilar, sem um þessi mál hafa fjallað, talið eitt stærsta vandamálið varðandi málefni þroskaheftra skortinn á yfirstjórn og samstjórn. Því er mjög mikilvægt að tekið hefur verið á málinu á mjög raunhæfan hátt með I. kafla þess.

Þá vil ég einnig undirstrika tvennt sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. og mér finnst sérstaklega gefa tilefni til að fagna. Það er í sambandi við tilkynningarskylduna og í sambandi við greiningarstöðina. Ég skil, eftir að ég fór að huga að þessum málum hversu t. d. nýmælið um greiningarstöðina er mikilvægt. Ég hef kynnst því, að foreldrar, sem eiga við vandamál að stríða, hafa verið að leita í kerfinu árum saman eftir raunverulegri aðstoð til að fá úr því skorið á hvaða sviði barnið þeirra væri þroskaheft. Þeir hafa orðið að fara á fund alls konar aðila í þjóðfélaginu og raunverulega ekki fengið úr því skorið á eðlilegan hátt, fyrr en e. t. v. um seinan. Þess vegna eru mjög mikilvæg í þessu frv., að mínu mati, ákvæðin í sambandi við greiningarstöð og tilkynningarskyldu. Auðvitað er þetta frumatriði sem jafnframt mun koma í veg fyrir það ástand sem hefur verið í þessum málum, fordóma o. s. frv. Ég ætla ekki að fara nánar út í það við þessa umr.

Einnig vil ég undirstrika 15. gr., að því er varðar framfærendur þroskaheftra einstaklinga, sem er mjög mikilvæg í þessu sambandi. Ég gæti sagt hér frá foreldrum sem eru að reyna að koma barni sínu í sérgreiningu og undir sérfræðilega læknisaðstoð. Þetta fólk verður að taka upp heimili sitt og fara hingað suður. Öllum þeim kostnaði og öryggisleysi, sem því fylgir, þarf ekki að lýsa fyrir hv. þm. Þess vegna er þetta mál í mínum huga e. t. v. stærra en ég hefði áður haldið.

Við það að kynnast og skoða þetta mál og ræða við það fólk, sem hefur verið að þrýsta á um úrbætur, hef ég orðið sannfærðari um að hér er um að ræða löggjöf sem okkur ber skylda til að koma fram sem allra fyrst. Ég vil ákveðið taka undir þá ósk hæstv. félmrh., að allt verði gert sem mögulegt er til að koma þessu máli í gegn á yfirstandandi þingi. Við getum ekki verið þekktir að öðru, fyrst ljóst er að svo vel hefur verið vandað til lagasmíðarinnar sem raun ber vitni. Það er ekki síst mjög mikilvægt fyrir það skipulagsstarf sem hlýtur að fara fram um leið og frv. er orðið að lögum, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, og ekki hvað síst fyrir fjármálaþátt málsins, því að ég geri ráð fyrir að ef þetta frv. verði nú að lögum hljóti þessir þættir að koma til fjár-

lagagerðarinnar. Ég treysti því að tekið verði myndarlega á því máli í þeim rn., sem um það eiga að fjalla, og fyrstu till. um það komi frá hagsýslunni áður en fjvn. fer að fjalla um þessi mál við gerð fjárl. fyrir árið 1980. Ég get sagt hér, miðað við það sem fram kom við fjárlagagerðina fyrir árið 1979 á s. l. hausti, a. m. k. kom það fram í fjvn., að ég held að allir séu sammála um að þessi mál eigi að hafa ákveðinn forgang. En eins og fram hefur komið hefur ekki verið til heildarlöggjöf um málefni þessa fólks, þannig að hægt hafi verið að stilla saman kröftum og fá út úr því það sem að mestu gagni kæmi.

Ég endurtek að ég fagna mjög þessu frv. til l. og lýsi yfir fyllsta stuðningi við það, og ég skora á hv. þm. að sjá til þess, að frv. verði að lögum á þessu þingi.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það er ánægjulegt að hafa sérstaka ástæðu til að kveðja sér hljóðs og fagna fram komnu lagafrv. Það vil ég gera nú og taka að því leyti til undir með þeim hv. þm. sem hafa talað á undan mér. Ég fæ ekki betur séð en hér sé frv. um viðkvæmt efni og brýnt lagt fram með þeim hætti að það sé fjallað um það, sem þarf og máli skiptir, í skorinorðu og skýru máli.

Í frv. eru nokkur nýmæli sem ég vil sérstaklega fagna og ég held að hljóti að geta orðið til mikillar gæfu ef vel tekst til. Sérstaklega sé ég ástæðu til að fagna nýmælinu í 15. gr. frv., sem fjallar um aðstoð við foreldra eða aðstandendur þroskaheftra sem vilja annast þá sjálfir í heimahúsum.

Ég flutti þáltill. þessa efnis fyrir nokkrum árum. Tilgangur hennar var raunar ekki einungis að stuðla að því að aðstandendur þroskaheftra, sem þá önnuðust sjálfir, fengju fjárhagsaðstoð. En vitanlega hlaut fjárhagsaðstoð að vera meðal þess sem þurfti. Sú aðstoð getur gert viðkomandi aðstandendum kleift að fá hjálp við þau störf sem unnin eru á heimilum til þess að annast þroskahefta og einnig að leita sérfræðilegra leiðbeininga. Vissulega hefur göngudeild Kópavogshælis visst skipuleggjandi hlutverk og starfshlutverk í þessu sambandi, eins og kveðið er á um í reglugerð nr. 142 frá 1977. Foreldri þarf að komast frá til að leita aðstoðar og leiðbeininga. Í mörgum tilfellum er um að ræða að sá, sem annast vangefinn einstakling, er algerlega við það starf bundinn og kemst ekki frá nema fá annan til að leysa sig af hólmi.

Mér finnst ástæða til í þessu sambandi að draga fram hvaða mikilvægu hlutverk eru ætluð göngudeild Kópavogshælis eða að hún eftir atvikum feli öðrum stofnunum þjóðfélagsins, þegar um er að ræða þroskahefta einstaklinga sem dveljast í heimahúsum. Sú aðstoð Kópavogshælis hlýtur að geta komið að ómetanlegu gagni, og þegar til kemur einnig fjárhagsaðstoð, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., hlýtur þetta að geta greitt götu til þess að bæði þroskaheftir og aðstandendur þeirra geti með auðveldari hætti brugðist við vandamálum lífsins.

Í reglugerðinni frá 1977 er gert ráð fyrir að aðalþættir félagslegrar aðstoðar og heilsugæslu við andlega vanþroska fólk utan stofnana séu fólgnir í eftirfarandi: 1. Rannsókn, hæfileikakönnun og tiltækri greiningu á stigi og eðli vanþroska ásamt skráningu. 2. Sérfræðilegri læknisþjónustu. 3. Tannlækningum. 4. Geðvernd. 5. Sjúkraþjálfun. 6. Heimahjúkrun og leiðbeiningum til foreldra og annarra, er annast vangefna, um uppeldi, þjálfun og hjúkrun þeirra í heimahúsum. 7. Leikkennslu, leiðsögn í tómstundaiðju og iðjulækningum. 8. Vinnumiðlun. 9. Heimilishjálp sem tengd væri heimilishjálp sveitarfélaga. 10. Tímabundinni vistun í stofnunum í forföllum forsjármanns.

Í þessum 10 atriðum eru upp taldir þeir hlutir sem flestir hafa haft í huga þegar talað er um sérstaka aðstoð sem veita þurfi þroskaheftum og forsjármönnum vangefinna í heimahúsum. En með þeirri hugmynd, sem sett er fram í 15. gr. þessa frv., tel ég að þau atriði, sem rakin eru í reglugerðinni, geti orðið enn virkari, og það er það sem máli skiptir.

Nokkur önnur atriði langar mig til að draga sérstaklega fram. Í 6. gr. er fjallað um mæðraskoðun. Ef í ljós kemur við mæðraskoðun, að líkur séu til að barn verði þroskaheft, er gert ráð fyrir að foreldrum sé tilkynnt það og hlutast sé til um frekari rannsókn. Í framhaldi af þessu sé foreldrunum leiðbeint og þeir búnir undir hvað gera skuli er barn fæðist þroskaheft. Sá undirbúningur hlýtur að hafa ómetanlega þýðingu fyrir öryggi og líðan foreldranna, sem svo hefur aftur áhrif á barnið. Það segir sig sjálft.

Annað athyglisvert atriði í frv. er undirstrikun 8. gr. þess um hlutverk sálfræðiþjónustu í skólum. Er þar kveðið á um að sálfræðiþjónustan í skólum skuli leggja á það áherslu að fylgjast með þegar fram koma einkenni um þroskaheftingu, eins og stendur í frvgr. Þetta hlýtur að vera atriði sem vert er að veita enn aukna athygli svo að reynt sé að átta sig á fyrstu vísbendandi einkennum slíks sem allra fyrst. Reynt sé þá að staðreyna sem skjótast hvort þar sé um alvarlegt stig að ræða sem krefjist viðbragða. Þyrfti e. t. v. að geta um sérstaklega í þeim tilfellum, jafnvel í sömu frvgr., að haft yrði samband strax við foreldra einstaklingsins og þeim veitt leiðbeining. Það mætti athuga í nefnd.

Gert er ráð fyrir í 9. gr. hvernig við skuli brugðist ef grunur um heftan þroska reynist ekki á rökum reistur. Ég tel að ekki verði um of undirstrikuð þýðing þess að haft sé strax samband við foreldra og þeim leiðbeint um hvernig brugðist skuli við með sem allra eðlilegustum og réttustum hætti.

Herra forseti. Ég ræði þetta mál ekki frekar nú. Til þess gefst tími í n. þegar um það verður fjallað. En ég sá ástæðu til þess að lýsa ánægju minni yfir frv. og stuðningi við öll aðalefnisatriði þess og sérstaklega ýmis nýmæli.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka þeim hv. þm., sem hafa talað um þetta mál, fyrir lofsamleg orð um frv. og fyrirheit um stuðning við það. Satt að segja er ég mun bjartsýnni en ég var, og dæmi þá af undirtektunum á að frv. nái afgreiðslu á þessu þingi, þótt tíminn sé vissulega orðinn naumur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Réttur verkafólks til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, frv. (þskj. 273). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 573).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 100). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 574).

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 557). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt, horfir til breyt. á lögum um heilbrigðisþjónustu sem sett voru á vorþinginu 1978 og tóku gildi 20. maí það ár. Eins og frv. kemur nú fram má segja að í því felist eingöngu leiðréttingar á 14. gr. núgildandi laga, en sú grein kveður á um staðsetningu heilsugæslustöðva og um starfssvæði hverrar um sig. Í frv.-drögunum, sem gerð voru í heilbr.- og trmrn., var auk þessara leiðréttinga gert ráð fyrir breyt. á 4. tölul. 34. gr. í þá átt, að viðhaldskostnað vegna fasteigna og tækja í sjúkrahúsarekstri skyldi greiða af daggjöldum, eins og var samkv. eldri lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 frá 1973. Þessi breyt. hefði í raun þýtt að ríkið greiddi 85% viðhaldskostnaðar og sveitarfélög 15% samkv. 30. gr. laga um almannatryggingar, þar sem segir að kostnað vegna sjúkrasamlaga greiði ríkið og sveitarfélög í þessum hlutföllum. Í núgildandi lögum er aðilum ætlað að greiða viðhald að jöfnu, bæði vegna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Voru fjárlög yfirstandandi árs að sjálfsögðu við þá kostnaðarskiptingu miðuð. Af þeim sökum þótti ríkisstj. ekki fært að gera nú till. um breytta skipan þessara mála og verður það væntanlega að bíða haustþingsins.

Áður en gildandi lög voru sett gilti sú regla að sveitarfélög greiddu ein allan viðhaldskostnað heilsugæslustöðva sem rekstraraðilar, en viðhald sjúkrahúsa var kostað af daggjöldum sem sveitarfélögin greiddu um 15% í. Þessi skipan vakti óánægju og sætti gagnrýni þeirra sveitarstjórna, sem einungis höfðu heilsugæslustöðvar að reka. Gagnrýni var að því leyti réttmæt, að augljóst var að þarna var boðið heim verulegri mismunun í greiðslubyrði sveitarfélaganna. Vegna þessa var núgildandi skipan lögfest, þ. e. a. s. alger helmingaskipti á viðhaldskostnaði. Í fjárl. yfirstandandi árs eru svo veittar 350 millj. kr. til þessa, þ. e. a. s. 300 millj. kr. til viðhalds sjúkrahúsa sveitarfélaga og samtaka, en 50 millj. til viðhalds heilsugæslustöðva. Á móti þessum framlögum ættu þá sveitarfélög að leggja aðrar 350 millj. kr. Þarna er um að ræða 255 millj. kr. nettóútgjaldaauka hjá þeim sveitarfélögum, sem reka sjúkrahús, og það án þess að tekjumöguleikar aukist til að mæta þessu. Þetta mál verður að skoða betur.

Helstu breyt. í frv. sjálfu eru raktar í grg. sem því fylgir, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögð er til sú breyt. á 14. gr. 6. tölul. 3 að Keldunes-hreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur falli undir starfssvæði heilsugæslustöðvar á Kópaskeri í stað Húsavíkur. Liggja til þess eðlilegar og landfræðilegar ástæður.

Í frv. því til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu, sem lagt var fram í byrjun s. l. árs, var gert ráð fyrir því að á Kópaskeri yrði heilsugæslustöð án læknis, þ. e. a. s. H stöð. Alþ. breytti þessu þannig að samkv. lögunum er þar H 1 stöð, en á slíkum stöðvum skal starfa a. m. k. einn læknir. Hins vegar láðist að ákvarða Kópaskeri sérstakt starfssvæði og er hér með reynt að bæta úr því.

Lögð er til sú breyt. á 14. gr. 6. tölul. 4, að á Raufarhöfn verði H stöð í stað H 1 og jafnframt að í stað H 1 stöðvar í Þórshöfn verði H 2 stöð þar sem starfa tveir læknar hið minnsta. Hér er um tilfærslu að ræða til þess að auðveldara verði að fá lækna til starfa. Ógerningur hefur reynst að fá lækni til að setjast að á Raufarhöfn og erfitt er að fá lækni til Þórshafnar. Með því að ætla tveimur læknum aðsetur á Þórshöfn, sem er miðsvæðis og betur búin húsnæði og tækjum heldur en Raufarhöfn, eru líkur á því að betur gangi að fá lækna, ekki bara einn, heldur tvo. Þetta fyrirkomulag var áður samkv. lögum nr. 56 frá 1973, um heilbrigðisþjónustu, og gafst betur en hin gildandi skipan.

Lögð er til sú breyt. á 14. gr. 7. tölul. 1 að Skeggjastaðahreppur falli undir Vopnafjörð í stað Bakkafjarðar, en á Bakkafirði er H stöð og getur hún sem slík ekki haft afmarkað starfssvæði þar sem ekki er samkv. lögum gert ráð fyrir lækni þar.

Lagt er til að 14. gr. 9. tölul. 1 og 2 verði breytt þannig, að Vatnsleysustrandarhreppur falli undir starfssvæði heilsugæslustöðvar í Keflavík í stað Hafnarfjarðar. Vatnsleysustrandarhreppi hefur til þessa verið þjónað frá Keflavík og féll undir starfssvæði Keflavíkur samkv. fyrri lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973, enda er sú skipan á allan hátt eðlilegri.

Lagt er til að 14. gr. 10. tölul. verði breytt þannig, að burt falli setningarhlutarnir „og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóni Skeggjastaðahreppi". Framvegis verður Skeggjastaðahreppi þjónað frá Vopnafirði eins og héraða- og umdæmaskipan gerir ráð fyrir. Hins vegar komi inn nýtt ákvæði um að heilsugæslustöð á Hvammstanga skuli þjóna Bæjarhreppi í Strandasýslu eins og var samkv. eldri lögum um heilbrigðisþjónustu. Er sú skipan talin æskilegri."

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og trn. þessarar hv. d. með ósk um að það hljóti skjóta afgreiðslu, enda einfalt í sniðum. Auk þess legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins, áður en ég kem að brtt. sem ég ætla að mæla fyrir, koma inn á það sem hæstv. heilbrh. sagði áðan í sambandi við breyt. á l. um heilbrigðisþjónustu að því er varðar viðhaldskostnaðinn.

Ég verð því miður að lýsa vonbrigðum yfir því, að ekki skyldi vera framkvæmanlegt að flytja brtt. eða leiðrétta þetta ákvæði í lögunum. Að mínu mati voru gerð mistök

þegar hv. Alþ. breytti lögunum á s. l. ári. Þá var farið spor aftur á bak að því er varðar sjúkrahúsin þar sem fallið var frá því, sem ætti í raun og veru að vera einfalt mál, að viðhaldskostnaður væri í samræmi við eignahlutfall þegar um er að ræða sameign ríkis og sveitarfélaga. Ég verð að lýsa vonbrigðum varðandi þetta atriði. Sveitarfélögin og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sérstaklega hafa frá því á s. l. hausti margítrekað við hæstv. heilbrrh. að á þessu yrði gerð leiðrétting á yfirstandandi þingi. Við höfum til skamms tíma trúað að af því gæti orðið og þannig yrði létt af sveitarfélögunum mjög þungum byrðum sem á þau voru lagðar hvað þetta snertir án þess að nokkur tekjustofn kæmi á móti. Ég mun í samráði við aðra freista þess að leggja fram sérstakt frv. til l. um breyt. á lögum um heilbrigðisþjónustu eftir helgina, þar sem verði gerð tilraun til að færa í eðlilegt horf viðhald heilsugæslustöðva og sjúkrahúsbygginga, þ. e. a. s. viðhaldskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði í hlutfalli við eignaraðildina.

Ég vil enn fremur segja að mér finnst fram hafa komið fullkomin ástæða til að taka lögin að öðru leyti til endurskoðunar að því er varðar kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og ekki hvað síst þáttinn um sjúkrasamlögin sem ég tel að sé orðið löngu tímabært að taka til skoðunar. Það er augljóst að menn sitja ekki við sama borð í sjúkrasamlögunum, þau eru það misjafnlega rekin. Sum sjúkrasamlög greiða svo til alla þætti heilbrigðisþjónustu í umdæmum sínum, en önnur mjög takmarkað. Á þessu er fullkomin þörf að gera skoðun. Ég vænti þess, að heildarendurskoðun á almannatryggingum komi jafnvel inn á þessa þætti málanna, sem sýnist vera mjög nauðsynlegt.

Sú brtt., sem ég ásamt hv. þm. Braga Níelssyni hef lagt fram á þskj. 568, er við frv. sem hér er til umr. Hún fjallar um að á undan 1. gr. frv. komi ný grein sem orðist svo:

„14. gr. 3. tölul. 4 orðist svo:

4. Stykkishólmsumdæmi.

1) Stykkishólmur H 2, starfssvæði Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur". — Þarna falli niður Eyrarsveit, sem er í núgildandi lögum.

„2) Grundarfjörður H 1" — í stað þess að vera H í núgildandi lögum — „starfssvæði Grundarfjörður, Eyrarsveit".

3) Búðardalur H 2 með viðkomandi starfssvæði óbreytt. En vekja má athygli á því við þessa umr., að eins og málum er háttað eru hreppar í Hólmavíkurumdæmi, þ. e. í A.-Barðastrandarsýslu, tengdir við H 2 stöðina í Búðardal og er raunar um það bráðabirgðaákvæði í lögum, en komið hefur fram ósk um að því yrði breytt þannig að hreppar þessir yrðu færðir úr Hólmavíkurumdæmi í Stykkishólmsumdæmi, þ. e. a. s. undir Búðardal H 2. Við gerum ekki ákveðnar till. um þetta hér vegna þess að í raun og veru snertir það einnig Vestfjarðakjördæmi, en eigi að síður vekjum við athygli á að komið hefur fram bein ósk um það heiman úr héraði frá þessum hreppum að taka til athugunar í heilbrn. hvort fært væri að breyta þessu nú eða ekki. Hefur beiðni legið hjá heilbrrn., en af einhverjum ástæðum ekki verið tekinn inn í frv. sem liggur fyrir.

Það þarf ekki að rökstyðja breytinguna í sambandi við Grundarfjörð. Það hefur verið mikill þrýstingur heiman að frá Grundarfirði að fá þessa breytingu. Eins og öllum er kunnugt er Grundarfjörður vaxandi sveitarfélag. Þar hefur verið mjög ör byggð á undanförnum árum og íbúafjöldinn í þessu héraði þ. e. a. s. Grundarfirði og Eyrarsveit, fer að nálgast 1000. Það er einróma álit sveitarstjórnarinnar í Grundarfirði og íbúanna þar, að sú læknisþjónusta, sem þeir hafa búið við, þ. e. a. s. sú aðstaða sem er á staðnum, sé mjög léleg. Raunar hefur hún verið til skamms tíma sama og engin. Það er því kominn tími til að veita heimild í lögum til að þarna verði komið upp heilsugæslustöð sem falli undir H 1. Við flm. væntum þess að það verði tekið til athugunar í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að segja um þetta frv. örfá orð. Þegar opnað er fyrir umr. um heilbrigðisþjónustuna almennt væri auðvitað tilefni til margvíslegra skoðanaskipta hér um þau efni, um það sem þar hefur verið að gerast m. a. í sambandi við endurskoðunina í fyrra á þessum málum. Ég lýsti því yfir þá, að sú endurskoðun hefði ekki farið fram með þeim eðlilega hætti sem vera hefði átt. Að vísu býst ég við að páv. stjórnarliðar hafi fylgst nokkuð vel með því sem þar var að gerast. Þeir áttu fulltrúa í nefndinni sem endurskoðaði þessi lög þá, svo sem lagaskylda var þá að endurskoða, og ég býst við að þeir hafi flutt þingflokknum sínum nokkuð góðar fréttir af endurskoðuninni. Hins vegar varð önnur raun á með okkur í stjórnarandstöðunni, t. d. fulltrúana sem vorum í heilbr.- og trn. Ed., okkur Eggert G. Þorsteinsson. Við komum sem sagt að þessu frv. án þess að hafa heyrt neitt um það áður eða þær breytingar sem þar komu fram. Þ. á m. var ágreiningsefni sem kom upp í heilbr.- og trn. í fyrra og hv. síðasti ræðumaður var að tala um áðan, viðhald mannvirkjanna. Í því efni vorum við hv. páv. þm. Eggert G. Þorsteinsson með ákveðinni brtt. sem fór í átt við þær ábendingar sem Samband ísl. sveitarfélaga hafði gefið, en þó að á það væri reynt tókst ekki að fá páv. stjórnarflokka til að breyta því í neinu. Þeir vildu halda þessum ákvæðum eins og þau reyndar eru nú og héldu sig fast við það. Til viðbótar því var málið í því tímahraki sem var þá algert varðandi hin einstöku mál og fékk ekki í n. neina þá skoðun sem það hefði þurft að fá. Þess vegna er auðvitað full ástæða fyrir nýja ríkisstj. og nýjan ráðh. að marka nýja stefnu í þessum efnum og í raun og veru að fara miklu meira ofan í þessi mál vegna þeirra vinnubragða sem voru í fyrra varðandi endurskoðunina, þó að ég vanmeti ekkert þær breytingar sem þá urðu. Ég get alveg tekið undir að full ástæða sé til þessa.

Vitanlega hlýtur að verða svo þegar lög um heilbrigðisþjónustu eru opnuð af ríkisstj. með þessum hætti, sérstaklega varðandi umdæmin, að upp koma ýmsar spurningar og þá alveg sérstaklega þau ágreiningsefni sem áður hafa verið um hvernig þar skyldi skipa málum. Um eitt slíkt ágreiningsefni fór fram atkvgr. hér í hv. d. í fyrra, þ. e. a. s. brtt. sem við Halldór Ásgrímsson fluttum í Ed. um að á Eskifirði yrði H 2 stöð. Munaði mjög litlu í atkvgr. Lá nærri að sú till. færi í gegn. Það varð svo til þess að mjög snemma á þessu þingi fluttum við hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson frv. til l. um það atriði út af fyrir sig að Eskifjörður yrði H 2 stöð með sama starfssvæði. Ég þarf ekki að endurtaka neitt úr rökstuðningi mínum þá fyrir því frv. Það verður auðvitað tekið fyrir í heilbr.- og trn. og helst vildi ég að það fengi þá afgreiðslu að ég þyrfti ekki að vera að gera sérstakar brtt. við þetta frv., mér finnst það óeðlilegt, heldur taki n. það aðeins til

athugunar. Ég veit að formaður n. vill það mjög gjarnan. Frv. frá okkur hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni liggur sem sagt fyrir þinginu og n. hlýtur að skoða það, ekki síst í ljósi þeirra umsagna sem hafa þegar fengist um það frv. Þær umsagnir eru annars vegar frá héraðslækninum í Austurlandsumdæmi, Guðmundi Sigurðssyni héraðslækni á Egilsstöðum, sem lýsir yfir algerum stuðningi við þessa skipan mála, og svo hins vegar frá landlækni sem einnig gefur jákvæða umsögn.

Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. um annað af þessu tagi, en aðeins fagna ég því að nú er skrefið stigið til fulls í sambandi við Skeggjastaðahreppinn og varðandi Bakkafjörðinn, að setningarhlutarnir sem voru í ákvæðum til bráðabirgða „og þar til öðruvísi verður ákveðið skal heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóna Skeggjastaðahreppi" — falla nú brott og þær byggðir falla alfarið undir Vopnafjarðarumdæmi. Hins vegar er breyting gerð þar varðandi Bakkafjörðinn, líka vegna þess að það munu hafa orðið prentvillumistök í fyrra er frv. var samþykkt.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður um þetta mál að sinni.

Við höfðum pata af því, að lögin um heilbrigðisþjónustu, sem ekki eru nema ársgömul, væru í endurskoðun hjá rn. í vetur, og höfum beðið eftir þessu frv. með nokkurri óþreyju. Eins og hæstv. heilbrrh. nefndi er frv. einfalt í sniðum. Ég verð að taka undir það, ekki kannske alveg á jákvæðan hátt, heldur hið gagnstæða. Mér finnst það nefnilega of einfalt í sniðum þar sem ekki er tekið á nema litlu af því sem mér fyndist þurfa að taka á í sambandi við endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu. Það er m. a. s. dálítið vafasamt hvort þurfti að leggja þetta frv. eins og það er fyrir þingið. Þessi breyting er möguleg þótt ekkert frv. hefði verið lagt fram.

Það er eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, að þegar svona lög eru opnuð til umr. er afar hætt við að allmargir þurfi til málanna að leggja. En tíminn er skammur sem við höfum til umráða svo að ég er ekki mjög bjartsýnn á að hann nægi okkur. Hitt vil ég segja, að það er enginn skaði skeður þó að við flýtum ekki þessu plaggi í gegnum þingið. Við ættum strax í byrjun næsta þings að vinna að því, þm. sjálfir, að gera dálítið betur.

Ég tek undir með hv. þm. Helga F. Seljan er hann talaði um Eskifjörð sem H 2 stöð. Frv. um það liggur í n. N. ákvað að láta það frv. bíða þessa frv., sem við bjuggumst við. Það er alveg rétt, sem hv. þm. nefndi líka, að þær tvær umsagnir, sem leitað var eftir, hafi verið jákvæðar, bæði frá héraðslækni Austurlands og landlækni. Hins vegar skal ég ekki leyna því, að haft var samband við ráðuneytisstjóra heilbr.- og trmrn. og þar fengust neikvæð svör.

Ég þarf ekki að endurtaka það sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði um þá brtt. okkar sem hér er lögð fram. Ég vil þó strika undir það nokkuð ákveðið, að þurft hefði að athuga betur hvort hið gamla Reykhólahérað ætti ekki alfarið að hverfa inn í heilsugæslustöðvarsvæði Búðardals. Ég hef átt viðtöl við menn þarna vestra, aðallega í Búðardal reyndar. Það er komið út fyrir kjördæmi mitt þegar komið er í Reykhólana, svo að ég er þar ekki eins kunnugur málum. Í Búðardal er komin ný heilsugæslustöð sem mér sýnist að geti annað læknisþjónustu á þessu svæði með mikilli prýði, þó að vegalengdir séu þarna geysilega miklar.

Svo vil ég nefna að 20. gr. í lögum um heilbrigðisþjónustu hlýtur að koma til athugunar, þegar frv. þetta fer til skoðunar í n., og jafnframt 34. gr., sem sagt ákvæði um viðhald og endurnýjunarkostnað. Vil ég taka undir það sem hv. þm. Alexander Stefánsson minntist á um það. En ég óttast sem sagt að tíminn verði skammur til þess að ljúka þessu máli svo að menn geti vel við unað.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Alexander Stefánssyni um að þessi breyting á síðasta þingi á kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í sambandi við viðhald sjúkrahúsa hafi verið hreint slys, þegar breytt var úr 85/15%, eins og öllum öðrum rekstri sjúkrahúsanna, í 50/50%. Við tökum t. d. sjúkrahús Akranes. Einhvers staðar milli 50 og 60% sjúklinganna koma úr öðrum sveitarfélögum. Eigi að síður verður Akraneskaupstaður einn að standa undir helmingi af viðhaldskostnaði hússins. Þetta er auðvitað með öllu ófært. Ég hefði satt að segja viljað, og óska þess mjög eindregið, að leiðrétting hefði náð fram að ganga nú, en það reyndist ekki hægt. Ég mun beita mér fyrir því, að í fjárlög næsta árs verði tekin fjárhæð til þess að koma þessum málum í fyrra horf.

Hv. þm. minntist á endurskoðun sjúkrasamlaganna. Ég er honum sammála um það líka að við þyrftum að taka þau mál öll upp. Sjúkrasamlögin sem slík eru að mínu mati orðin óþörf. Það ætti að breyta sjúkrasamlögunum, sem nú eru víðs vegar um landið, í umboðsskrifstofur fyrir Tryggingastofnunina og leggja af að sýslumenn eða bæjarfógetar séu þar umboðsaðilar. Er það að mínu mati óþarfakostnaður.

Um þá brtt. að Grundarfjörður verði H 1 í stað H 2 stöð var, og sama er að segja um Eskifjörð, vil ég ekki tjá mig núna. Það yrði auðvitað nokkur kostnaðarauki. Ég hef ekki kynnt mér þau mál nægilega vel til að geta tjáð mig um þau.

Það er rétt, eins og kom fram hjá hv. þm. Braga Níelssyni, að frv. nær stutt. Það er nánast eingöngu leiðréttíng á því sem í reynd er viðurkennt. Það er líka rétt, að vafasamt er að til þurfi lagabreytingu. Svona breyting má samkv. lögum gera með ákvörðun ráðh. Frá því að þessi lög voru sett og þau sem á undan giltu hefur heilbr.- og trmrh. á hverjum tíma talið réttara að ákveða slíkar breytingar á Alþ., þó að hann í reynd hafi vald til þess að gera það sjálfur. En lög eins og þessi þurfa að sjálfsögðu alltaf að vera í endurnýjun og endurskoðun. Það er ýmislegt sem breytist, ýmsar forsendur sem breytast, og finnst mér eðlilegt að fram komi margar till. um breytingar á lögunum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég verð að biðjast afsökunar á því að ég þurfti að vera við jarðarför, svo ég veit ekki hvað hefur verið sagt í þessu máli og kann því að vera að búið sé að ræða það atriði sem ég ætlaði að geta um.

Þannig er, að á síðasta þingi var Raufarhöfn gerð að H 1 stöð í samræmi við eindregnar óskir íbúanna á staðnum. Á sama tíma var Þórshöfn breytt í H 1, þar eð illa hafði tekist að manna Þórshöfn og ekki var búist við að þangað fengjust tveir læknar því að reynst hafði illframkvæmanlegt að halda þar einum lækni. Nú er það svo, að frá Vopnafirði til Kópaskers eiga staðirnir mjög erfitt að því leyti að vetrarhörkur eru miklar og að því er

staðarmenn segja ákaflega örðugt fyrir þá og viðsjárvert að þurfa að sækja um erfiða fjallvegi til læknis og þess vegna sé mikil nauðsyn að hafa læknissetur í öllum þéttbýliskjörnunum: Vopnafirði, Þórshöfn og Raufarhöfn. Nú skilst mér á frv. að meiningin sé að breyta þessu í þá veru aftur að Þórshöfn verði H 2 stöð, tveggja lækna stöð, og Raufarhöfn falli út og verði H stöð, henni verði þjónað frá Þórshöfn. Mig langar því til að spyrja hæstv. heilbrrh., hvort haft hafi verið samráð við Raufarhafnarbúa um þetta atriði. Ég hef ekkert á móti því að Þórshöfn verði H 2 stöð eins og var áður fyrr, en ég held að þar sem Raufarhöfn er vaxandi útgerðarstaður og mikil umsvif þar, en fjallvegir mjög erfiðir á milli Raufarhafnar og Þórshafnar, þótt þeir hafi að vísu batnað mikið á síðustu árum, sé erfitt fyrir Raufarhafnarbúa að komast af án læknis. Enda þótt þeir gætu ekki haft fastan lækni allt árið er það ekki annað en það sem helmingur allra H 1 stöðva á við að búa. En eitt er víst, að mjög líklegt er að í framtíðinni yrði hægt að hafa lækni á Raufarhöfn a. m. k. 6—8 mánuði á ári og hver veit nema einhver af þeim aðilum, sem þar ynnu til bráðabirgða, kynni að vilja setjast að.

Mig langar til að spyrjast fyrir um þetta. En ég vil taka fram að að mínu viti þyrfti n. að taka stærri og veigameiri atriði í heilbrigðisþjónustulögunum eins og þau eru nú, til athugunar. Þ. á m. er þjónustan á þéttbýlissvæðunum. Enn fremur held ég að kominn sé tími til að athuga betur kostnaðarskiptinguna og hvort ekki er æskilegt að þeir, sem nota þá peninga sem fara í heilbrigðisþjónustuna, beri meiri ábyrgð sjálfir og fái þá að sjálfsögðu til þess tekjustofna.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Raufarhafnarbúar hafa að sjálfsögðu tjáð sig andvíga þessari breytingu. Þeir hafa haldið í þá von að geta fengið lækni. Eins og komið hefur fram var Raufarnöfn breytt úr H stöð í H 1 stöð, en enginn læknir hefur fengist þangað eigi að síður. Þórshöfn var á sama tíma breytt í H 1 úr H 2 stöð. Síðan hefur gengið illa að manna þá stöð. Það er hald manna að með því að breyta Þórshöfn í H 2 stöð, tveggja lækna stöð, — þar er allur aðbúnaður betri, húsnæði betra og annað eftir því — verði auðveldara að fá tvo menn á Þórshöfn en einn á hvorn staðinn fyrir sig. Síðan er aftur á móti vel mögulegt að annar af þeim læknum, sem eru eða verða á Þórshöfn, geti verið ákveðinn tíma og ákveðna daga á Raufarhöfn. Það er sem sagt hald manna að þetta sé til bóta fyrir báða staðina þegar upp verður staðið, þó að auðvitað sé æskilegast að læknar séu sem víðast.

Ég tek undir það aftur, að kostnaðarskiptinguna þarf að endurskoða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 561). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér er lagt fram, er óskað heimildar fyrir ríkisstj. til að hækka fjárframlag eða m. ö. o. kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um 50% eða úr 29 millj. sérstakra dráttarréttinda, skammstafað SDR, í 43,5 millj. sérstakra dráttarréttinda.

SDR er gjaldmiðill sem aðildarþjóðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþ. 1968 að myndaður yrði til að taka við stöðu dollarans sem alþjóðlegur gjaldmiðill. Verðgildi SDR ræðst í dag af verðgildi 16 helstu viðskiptagjaldmiðla heims, sem vegið er með hlutdeild þeirra í milliríkjaviðskiptum í heiminum. Hinn 1. febr. s. l. var hver eining SDR jafnvirði 1.28 bandaríkjadollara eða u. þ. b. 412 ísl. kr.

Heildarkvóti aðildarríkjanna og kvótar einstakra ríkja hafa verið endurskoðaðir með reglubundnum hætti frá því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tók til starfa. Hinn 11. des. s. l. var einróma samþ. af sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ákvörðun um að hækka heildarkvóta aðildarríkjanna um 50% eða úr 39 milljörðum SDR í 58.6 milljarða SDR. Með frv. þessu er því einungis leitað eftir heimild til að hækka kvóta Íslands til samræmis við þessa ákvörðun. Hverju ríki er í sjálfsvald sett hvort það eykur kvóta sinn, en vegna þeirra réttinda sem kvótaaukningunni fylgja, eru þess fá dæmi að ríki hafi ekki fylgt almennum kvótahækkunum, sérstaklega eftir að úthlutun sérstakra dráttarréttinda hófst. SDR hefur þá sérstöðu sem gjaldmiðill að einungis er um reikningseiningu að ræða, þ. e. a. s. seðlar og mynt eru ekki sett í umferð.

Ég tel að hér sé um einfalt og ljóst mál að ræða sem hv. Alþ. hljóti að kannast við því að hliðstæð mál hafa komið fyrir fyrri þing. Ég tel ekki ástæðu á þessu stigi nema tilefni gefist til, til að eyða frekari tíma fyrir hv. Ed.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 565). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem er eins konar fylgifrv. með frv. sem liggur fyrir hv. fjh.- og viðskn. d. um breytingu á verðgildi ísl. kr.

Í þessu frv. um breyt. á l. um gjaldmiðil Íslands er gert ráð fyrir að ráðh. verði heimilt að ákveða að tillögu Seðlabankans að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með hálfum eða heilum tug aura. Ráðh. ákveður með reglugerð nánari framkvæmd þessa ákvæðis. Lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1981, en um það hefur verið rætt að undanförnu að verði ákveðin breyting á verðgildi krónunnar taki hún gildi 1. jan. 1981.

Ég tel hér um einfalt mál að ræða og ástæðulaust að rekja forsendur þess eða efni frekar. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Dómvextir, frv. (þskj. 486, n. 560). — 2. umr.

Frsm. (Jón Ásbergsson): Herra forseti. Allshn. þessarar d. hefur athugað frv. það til l. um dómvexti, sem hér liggur fyrir, og leggur til að það verði samþ. með þeirri breyt. sem á því var gerð í allshn. Nd., enda var sú breyt. gerð í fullu samráði við flm. frv. og kveðið nánar á um hvernig dómkröfur skyldu verðtryggðar á verðbólgutímum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 78. fundur.

Föstudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Veiting prestakalla, frv. (þskj. 456). — Frh. 1. umr.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Fyrir deildinni liggur stjfrv. um veitingu prestakalla. Það verður að segja eins og er, að hér er mál á ferðinni sem löngum hefur valdið deilum í þingsölum. Málið snýst um að afnema prestskosningar eða viðhalda óbreyttu kerfi. Þar hefur verið farin fyrst og fremst sú leið að leggja til að afnema prestskosningar og taka upp skipan eða veitingu í formi þess að fáeinir aðilar taki ákvarðanir, en nú er um beinar kosningar að ræða.

Ég held að það hafi verið árið 1947 sem fyrst kom fram á hv. Alþingi frv. til l. um afnám prestskosninga, flutt af þm. Gylfa Þ. Gíslasyni og Sigurði Bjarnasyni. Þeir lögðu til, að þegar prestakall losnaði skyldi kirkjumrh. auglýsa það með hæfilegum umsóknarfresti, að honum loknum skyldu biskupi Íslands sendar umsóknirnar til umsagnar og hann láti í ljós rökstutt álit sitt á því, hverjum skyldi veitt embættið — sem þýddi að kirkjumálarh. veitti embættið beint. Í umsögn frá kirkjuráði frá þessum tíma, 12. maí 1947, er bryddað á annarri hugmynd sem felst í því að þrír aðilar, þ. e. a. s. biskup, héraðsprófastur og sóknarnefnd, létu í ljós álit sitt á hvernig veita skyldi embættið og ef þessir aðilar yrðu samhljóða í úrskurði sínum bæri kirkjumálarh. að veita embættið í samræmi við það. Síðan hafa nokkrum sinnum komið fram tillögur á Alþ. um að afnema prestskosningarnar og taka upp ýmsa skipan í því formi að veita prestum embætti.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að gera breytingar á því kerfi sem nú er í gildi. Í framsöguræðu fór hæstv. kirkjumrh. nokkrum orðum um nauðsyn þess að gera nokkrar breytingar á núgildandi skipan mála. Einnig hefur komið fram í þinginu brtt. við frv. þar sem kirkjumrh. hefur lagt fram, fyrir henni verður gerð nokkur grein af hv. 1. flm., en ég er auk hans og nokkurra annarra þm. flm. að þeirri brtt. við frv. Það, sem fyrst og fremst felst í þeirri breytingu, er að kjósendum verði gefinn kostur á að láta fara fram undirskriftasöfnun áður en sóknarnefnd verði falið að fjalla um umsóknina. Í því frv. til l. sem hæstv. dómsmrh. leggur fram, felst að sóknarnefnd ásamt prófasti og biskupi hafi nokkuð með þessi mál að gera, en sóknarnefnd taki lokaákvörðun í málinu. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það, en segja sem svo, að frv. í heild sinni felí í sér nokkra málamiðlun frá því sem nú er. Get ég í flestum atriðum sætt mig við frv., að því tilskildu að brtt. nái einnig fram að ganga. Þá tel ég að sé komin fram málamiðlun sem vel mætti við una.

En eitt atriði í frv. kirkjumrh. langaði mig til að nefna sérstaklega, en því er ég á móti, og það er um köllunina. Köllunarákvæði tíðkast sums staðar í nágrannalöndum okkar. Ég held ég megi segja að það tíðkist t. d. í lútersku kirkjunni í Bandaríkjunum og finna megi svipuð ákvæði í skipulagi bresku biskupakirkjunnar. Það er hætta á því, ef 7. gr., um köllun, tæki gildi, að það yrði ríkjandi stefna að köllunin yrði umfram hitt notuð, að sóknarnefndirnar ákveði hvernig kjósa skuli. Þess vegna tel ég brýnt, og raunverulega ekki breyta neinu um meginhugmyndina eins og hún kemur fram í frv., að þetta ákvæði falli út.

Það er rétt að fagna því, sem fram kemur í frv., að kosningarréttur, ef af kosningum verður, sé miðaður við 18 ár. Fyrr á þessu þingi lagði ég fram frv. til stjórnarskipunarlaga um að taka upp 18 ára kosningaraldur. Ég tel að ákvæði frv. þessa sé einn vottur þess, að menn eru að viðurkenna 18 ára kosningaraldurinn. Ég tel að þess verði ekki langt að bíða að 18 ára kosningaraldur nái einnig til sveitarstjórnarkosninga og alþingiskosninga, a. m. k. vona ég að svo verði, en ég vil sérstaklega undirstrika að ég fagna því, að við 18 ára kosningaraldur skuli miðað í frv.

Segja verður eins og er, að prestar í landinu eru margir hverjir óánægðir með þá skipan mála sem hefur ríkt varðandi prestskosningar á undanförnum árum. Það, sem fyrst og fremst mælir núgildandi skipan á móti, er það, að nokkuð virðist óljóst í flestum þeim prestskosningum, sem fram fara, um hvað raunverulega er kosið. Áhugi manna á kirkjunnar málefnum er misjafn, en oft og tíðum verður hann mikill þegar prestskosningar eru í námd og prestskosningar fara fram. Kannske hafa menn ekki fyrst og fremst áhuga á kirkjunnar málefnum, heldur á persónunum sem um viðkomandi embætti bítast. Sjaldan ber á því að deilt sé um guðfræðikenningar eða um guðfræðileg efni þegar um þessi mál er fjallað í kosningum. Það er kannske líka dálítið afbrigðilegt að um þessi mál sé kosið í beinum kosningum. Það er erfitt að nota algildan mælikvarða á við hvað skuli miðað þegar hæfni presta er ákveðin. Þess vegna held ég að það mæli margt með því að rétt sé að afnema ríkjandi skipan.

Eigi að síður felur þetta frv. í sér að kjósendum er gefinn kostur á kosningum. Frv. felur í sér að kjósendur eigi kost á að safna undirskriftum minnst 25% atkvæðisbærra sóknarbarna innan 7 daga frá því að niðurstöður sóknarnefndar eru kynntar og óska kosninga. Er skylda að verða við því ef kjósendum tekst þetta. Í brtt. er tekið fram, að þessi tími verði miðaður við 20 daga og einungis 10% atkvæðisbærra sóknarbarna. Það má geta þess t. d., að í öðru prestakallinu í Hafnarfirði, ef ætti að fara að 5. gr. eins og hún er í frv., þyrfti að safna á 7 dögum rúmlega 1000 manns á lista. Verður að telja það mjög lítinn tíma til svo mikils stórvirkis. Þess vegna held ég að sú hugmynd, sem í brtt. felst, að gefa kjósendum fyrst kost á að safna undirskriftum til að óska kosninga áður en sóknarnefnd fjallar um málið, leysi ýmsan vanda, valdi t.

d. ekki leiðindum og árekstrum eftir að sóknarnefnd hefur lagt sinn dóm á málið.

Í þessu frv. og ef brtt. ná samþykki felst að ef kjósendur hafa ekki áhuga á kosningum er sóknarnefnd falið að velja á milli þeirra frambjóðenda sem um embættið sækja. Í mörgum tilfellum er aðeins einn umsækjandi um viðkomandi embætti. Mundi mörgum finnast óeðlilegt að láta kjósa þá. Þannig mundi vera hægt að spara tíma, vinnu og fyrirhöfn ef kerfið, sem frv. og síðast en ekki síst brtt. kveður á um, næði hylli manna.

Ég hvet til að málið nái fram að ganga áður en þingi lýkur í vor. Þetta hefur lengi verið vandræðamál, þvælst fyrir þinginu og valdið miklum hitaumr., ef við getum orðað það svo. Ég vona að ef sú skipan mála kemst á, sem hér er núna til umræðu, megi leysa vanda, sem bæði kirkjuráð, kirkjuþing og prestastefnur hafa ályktað um á undanförnum árum, og koma manneskjulegri skipan á þau mál.

Ég held að hér sé um samkomulagsgrundvöll að ræða, sem menn ættu að geta sæst á, og hvet til þess að við notum tækifærið og göngum frá málinu í þessu formi og að brtt. nái fram að ganga. Þá held ég að kirkjunni í landinu megi betur vegna í framtíðinni.

Umr. frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frv. (þskj. 564). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, er flutt til endurnýjunar á gildandi löggjöf um gjaldeyris- og innflutningsmál sem sett var árið 1960. Tilraun var gerð til þess árin 1970 og 1971 að endurskrifa þessi lög og frv. flutt á Alþingi þá, en það náði ekki fram að ganga. Eru liðin tæp 19 ár síðan núgildandi lög voru sett og þau orðin ófullnægjandi að ýmsu leyti. Er nú gert ráð fyrir endurnýjun þeirra og frv. flutt um gildissviðið í heild. Nái það fram að ganga er ætlun viðskrn. að endurskrifa og endurnýja reglugerðir og reglur um þessi efni þannig að nýtt og betra ástand skapist í gjaldeyris- og innflutningsmálum. Má segja að frv. þetta sé flutt í framhaldi könnunar á högum innflutningsverslunarinnar.

Flestallur vöruinnflutningur er nú óbundinn og ekki háður leyfum. Undantekningar eru mjög fáar og helstar brennsluolíur, bensín, landbúnaðarvörur, burstavörur og nokkrar fleiri vörur. Eins og nú háttar til geta allir, sem flytja inn vörur, fengið keyptan gjaldeyri í banka fari innflutningskjöl rétta boðleið um hendur banka og tollstjóra. Rétturinn til að kaupa gjaldeyri er þannig bundinn fáum skilyrðum, jafnvel svo að ekki er áskilið að gjaldeyriskaupandi, sem greinilega er að flytja inn vöru í verslunarskyni, sé á nokkurn hátt skyldur til að gefa upp viðskiptanúmer eða aðrar upplýsingar.

Þjóðfélagið leggur starfseminni til gjaldeyri til milliliðastarfsemi og aðgang til gróðamyndunar, en hætta er á því að viðskipti séu aldrei tíunduð nákvæmlega og hugsanlegt að kaupandi gjaldeyris standi að fjárflótta úr landi, t. d. með því að safna utanlands óeðlilegum hagnaði. Er í þessu sambandi nauðsynlegt að hyggja að breyttri stöðu gjaldeyriseftirlits, skatt- og verðlagsyfirvalda til þess að sporna við slíkri hættu. Í frv. þessu er reiknað með sömu höfuðaðilum í gjaldeyriskerfinu og verið hafa, en hlutur viðskrn. og gjaldeyriseftirlits verður þó aukinn nokkuð frá því sem verið hefur.

Reynslan sýnir að nauðsynlegt er að hafa sanngjarnar og tiltölulega rúmar yfirfærslureglur í sambandi við t. d. ferðalög og náms- og sjúkradvöl utanlands. Eins hefur verið reynt að rýmka nokkuð yfirfærslur á fjármagni vegna aðila sem flytjast úr landi.

Ekki er reiknað með því beinlínis í frv. að gjaldeyrisviðskiptabönkum verði fjölgað. Eru reglur um veitingu leyfa í því sambandi reyndar í öðrum löndum. Er ekkert sérstakt á döfinni í því efni og gjaldeyrisviðskiptabankarnir eftir sem áður tveir. Verður ekki annað séð en gjaldeyrisþjónustu sé sæmilega sinnt og að landsmenn hafi ekki yfir neinu sérstöku að kvarta í þeim efnum, enda er afgreiðslunet Landsbanka og Útvegsbanka orðið allvíðtækt.

Mörg mikilvæg nýmæli eru tekin upp í frv., t. d. eru ákvæði um nauðsynlegar heimildir yfirvalda og Seðlabanka sem og gjaldeyriseftirlits til gagnkvæmra skipta á upplýsingum. Er þar um nauðsynlega rýmkun á bankahelgi að ræða. Ákvæði um skilaskyldu gjaldeyris eru umorðuð að vissu marki og tilkoma innlendra gjaldeyrisreikninga lögfest. Þá eru nýmæli í 8. gr. um tilvist fasteigna og verðbréfa utanlands í eigu innlendra aðila sem hafa aflað þeirra t. d. á meðan á dvöl erlendis hefur staðið.

Það er ætlan viðskrn. að draga úr nefndakerfi því sem enn er í þessum málum. Verður stefnt að því að gefa gjaldeyrisbönkum hreinar og ótvíræðar reglur um hvað þeir megi afgreiða viðstöðulaust og án tafar. Mun það væntanlega liðka fyrir afgreiðslu allra venjulegra yfirfærslna. Ekki verður dregið úr eftirliti, en haganlegri vinnubrögðum beitt, m. a. með því að tölvufæra gjaldeyriskaup og sölu, og fylgst þannig miklu betur með færslum, erlendum gjaldfresti o. fl. Slík upplýsingaöflun gefur gjaldeyrisyfirvöldum mun betra og öruggara eftirlit með framvindu mála og á að gefa þeim betri möguleika til að grípa inn í ef nauðsyn krefur. Vegna sífelldrar óvissu í viðskipta- og gjaldeyrismálum er jafnframt óumflýjanlegt að halda í mörg fyrri ákvæði sem gefa stjórnvöldum víðtækar heimildir til afskipta af gjaldeyrismálum fyrirvaralaust. Þá er og óumflýjanlegt að tengja miklu betur saman starf skatta-, verðlags-, tolla- og gjaldeyrisyfirvalda.

Gjaldeyriskerfið hlýtur í þessu sambandi að byggjast á því að umræddar greiðslur, gjaldeyrismeðferð og inn- og útflutningur vara séu ekki bundin óþarfa kerfishnút, en stjórnvöld geti haft vökult auga með viðskiptum og færslum og spornað við því í reynd að reglur séu brotnar. Er frv. samið með hliðsjón af þessari stefnu, en full aðstaða yfirvalda til að fylgjast með viðskiptum er þó tryggð. — Vísa ég að öðru leyti í grg. með frv. og umsagnir um einstakar greinar þess.

Hér verða rakin nokkur atriði til lýsingar á því gjaldeyriskerfi sem nú starfar.

Þrír aðilar einir, Seðlabanki, Landsbanki og Útvegsbanki, mega kaupa, selja og eiga gjaldeyri, þó með þessum undanþágum: 1. Innlendir einkaaðilar mega eiga gjaldeyri á innlendum gjaldeyrisreikningum. 2. Innflytjendur mega eiga gjaldeyri, andvirði umboðslauna, á innlendum gjaldeyrisreikningum eða erlendis í hæfilegan tíma, enda sé andvirðinu varið til að kaupa vörur til innflutnings sem ekki eru bundnar leyfum. 3. Vátrygg-

inga-, flug- og skipafélög svo og vissir vöruútflytjendur mega halda í gjaldeyrisandvirði til að mæta erlendum tilkostnaði. Að öðru leyti er skilaskylda á gjaldeyri eins og verið hefur og að framan segir. Gjaldeyrir er ekki seldur vegna innflutnings nema vöruskjöl séu sýnd, sem eiga að sanna að varan sé komin til landsins, og er gjaldeyrir yfirleitt ekki látinn í té fyrir fram vegna vörukaupa.

Þó að gjaldeyrissala sé veigamesta forsenda innflutningsstarfsemi almennt séð hefur ekki talist mögulegt til þessa að ganga úr skugga um í banka, áður en salan fer fram, hvort kaupandi sé í reynd reglulegur innflytjandi með verslunarleyfi. Í tolli er þó áskilið að upp sé gefið fyrirtækjanúmer Hagstofu Íslands. Er nauðsynlegt að kanna hversu beita má verslunarleyfum sem stjórntæki í tengslum við innflutningsverslun ekki síður en almenna innanlandsverslun.

Strangar takmarkanir eru á erlendum lántökum bæði vegna vörukaupa og annars. Inn- og útflutningur seðla, verðbréfa og annarra skriflegra krafna er takmarkaður og háður reglum.

Helstu aðilar í gjaldeyriskerfinu eru sem hér segir:

1. Viðskrn. ber ábyrgð á stefnumótun og setur reglur á grundvelli laga. Það hefur fulla aðild að yfirstjórn leyfakerfis útflutningsleyfa annars vegar og hins vegar fulla aðild að daglegum störfum við gjaldeyrisdeild bankanna að helstu málum þar.

2. Seðlabankinn annast gengisskráningu, vörslu og ávöxtun gjaldeyrissvarasjóðs. Hann er gjaldeyrisheildsali, annast dagleg viðskipti við innlenda og erlenda banka, erlendar lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana, samskipti við alþjóðapeningamálastofnanir og hins vegar gjaldeyriseftirlit.

3. Gjaldeyrisbankarnir eru sem fyrr segir þrír, Seðlabanki, Landsbanki og Útvegsbanki, en gjaldeyrisskiptabankarnir eru tveir, Landsbanki og Útvegsbanki, og eru þessi hugtök notuð á þennan hátt í frv. Aðrir bankar mega veita gjaldeyri viðtöku frá erlendum ferðamönnum og föstum innlendum viðskiptamönnum er skipta aftur við erlenda ferðamenn. Þeir mega þó ekki kaupa andvirði útflutnings. Þeir verða að skila og selja allan gjaldeyri, sem þeir kaupa, Landsbanka eða Útvegsbanka. Gjaldeyrisviðskiptabankarnir annast almenn gjaldeyrisviðskipti við fyrirtæki, almenning og erlenda ferðamenn, enn fremur nokkur viðskipti við erlenda banka, þar með taldar nauðsynlegar lántökur til þess að gegna sínu hlutverki, en ekki aðrar lántökur nema með leyfi ríkisstj. Þeir eiga að sinna gjaldeyriseftirliti á sínu verksviði.

4. Þá er komið að gjaldeyrisdeild bankanna. Aðsetur hennar er að Laugavegi 77 í Reykjavík og hún er undir daglegri stjórn fulltrúa frá Landsbanka og Útvegsbanka. Kostir þessa kerfis eru þeir, að gjaldeyrisviðskiptabankarnir verða meðábyrgir við gjaldeyrismál. Þeir eiga að hafa gott samband við atvinnulífið. Fyrirkomulag þetta hefur stuðlað að því að tekið hefur verið ýtrasta tillit til viðskiptabankasjónarmiða við afgreiðslu mála undanfarin ár. Við afbrigðilegar aðstæður skapast möguleikar fyrir gjaldeyrisyfirvöld til þess að ná tökum á gjaldeyrisafgreiðslukerfinu, sem er net út um allt land. Gjaldeyrisdeildin er á margan hátt heppilegur samstarfsvettvangur fulltrúa rn., Seðlabanka og gjaldeyrisviðskiptabanka. Hún hefur visst sjálfstæði og ber að sinna ráðgjöf í stefnumótun. Ókostir þessa kerfis eru hins vegar margir. Það tefur stundum afgreiðslu sem fært er að heimila gjaldeyrisdeildum að sinna án afskipta nefndar, enda séu settar reglur og ákveðin mörk um hvað hver megi afgreiða. Hætt er við að fulltrúar viðskiptabanka hafi tilhneigingu til að velta af sér útlánakvöð með því að beina viðskiptamönnum inn á erlend lán. Í frv. er gert ráð fyrir heimild, en ekki lagaskyldu til þess að starfrækja gjaldeyrisnefndina áfram, en hún er samstarfsnefnd gjaldeyrisbankanna og rn. Allur kostnaður af rekstri gjaldeyrisdeildar er greiddur af leyfisgjöldum. Þau nema alls í ár um 525 millj. kr. Þar af ganga 350 millj. kr. til ríkissjóðs.

Gjaldeyriseftirlitið fylgist nákvæmlega með öllum útflutningi, en skil eru miðuð við verð í útflutningsleyfum viðskrn. Vantar nokkuð á að unnt sé að fylgjast nægilega vel með, þannig að útflutningur einstakra aðila, þar með talinna sölusamtaka, liggi ljóst fyrir í heild yfir árið, að hugað sé að sölulaunum og tilkostnaði o. fl., enda má telja þetta verkefni rn. Mjög veik aðstaða er til að tryggja skil aðila sem selja þjónustu til útlendinga hérlendis. Tök á að fylgjast með notkun gjaldeyris fyrir innflutning eru einnig afar veik. Tilraunir til að knýja fram skil umboðslauna hafa ekki borið nægilegan árangur. Eftirlit með fjármagnsflutningi er oft ófullnægjandi og síðbúið, kaupum fjárfestingarvara utanlands frá og ádrætti erlendra lána, enda er raunar óhægt um vik því afskipti gjaldeyriseftirlits koma eftir á þegar afgreiðsla hefur farið fram.

Í frv. er gert ráð fyrir að dregið sé úr heildareftirliti og í þess stað séu einstök fyrirtæki rannsökuð til hlítar. Þá er við það miðað að öll gjaldeyrissala og kaup verði tölvuvædd, eins og ég sagði áðan. Viðskipti einstakra inn- og útflytjenda verði stemmd af í kaupum og sölu gjaldeyris, jafnvel mánaðarlega.

Nú eru starfsmenn gjaldeyriseftirlits 13 talsins. Mjög mikil vinna er þar við skýrslugerð og úrvinnslu. Þá eru 5—6 menn bundnir störfum við innflutningspappíra, en þau mætti flytja í afgreiðslu bankanna.

Í fyrirliggjandi frv. eru þessi meginatriði stefnumörkunar:

1. Aðild rn. er styrkt og á það að formi til að vera útgefandi leyfa að því leyti sem greiðslur eru háðar leyfum. Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir að rn. geti falið gjaldeyrisviðskiptabönkunum framkvæmd þessa, og reiknað er áfram með heimild til að viðhalda samstarfsvettvangi á vegum gjaldeyrisdeildar bankanna, en sú skrifstofa yrði þó væntanlega nokkru smærri í sniðum en nú er. Verulega yrði dregið úr störfum gjaldeyrisnefndar og bönkunum falin frekari framkvæmd eftir ákveðnum reglum. Þá er og nauðsynlegt að tryggja eðlilega endurnýjun þeirra sem í gjaldeyrisnefnd sitja, en það er framkvæmdaratriði sem vitaskuld verður ekki kveðið á um í lögum.

2. Af öryggisástæðum er þó haldið í mörg fyrri ákvæði laga. Jafnframt er gjaldeyriskerfinu haldið við í aðalatriðum, enda brýnt ef afbrigðilegar aðstæður skapast.

3. Í frv. eru gefnar víðtækar nýjar heimildir til gjaldeyriseftirlitsins. Verður litið svo á að eftirlitið starfi þá ekki einasta beint á vegum Seðlabankans, heldur hafi það sjálfstætt hlutverk.

Vert er að víkja að því í þessu sambandi, að dómstólakerfið og saksóknaraembættið virðast ærið þunglamalegar stofnanir þegar kemur að brotum á gjaldeyrisreglum. Þannig hefur gjaldeyriseftirlitið hvað eftir annað undanfarin 20 ár kært fyrir, að því er virðist, augljós og

gróf brot á gjaldeyrisreglum. Mun þó ekki á gildistíma þeirra laga, sem hér er ætlunin að breyta, nokkru sinni hafa verið dómfellt fyrir brot á gjaldeyrisreglum á nærri 20 ára tímabili. Með slíkum brotum fylgir að vísu venjulega önnur tegund brota, og útkoman er sú að ekki verður lögsótt fyrir gjaldeyrisbrot þar sem refsirammi sé hvort eð er uppfylltur með öðrum yfirsjónum. Þess ber að geta að fyrirliggjandi frv. breytir ekki grundvallaratriðum í þessum efnum, enda eru þau ekki á vettvangi viðskrn.

Gjaldeyrismál okkar hafa verið í ákveðnum mótuðum skorðum um langt árabil. Hér er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á því kerfi. Tilgangurinn er annars vegar einföldun þess, en hins vegar traustara eftirlit en verið hefur, því þrátt fyrir ákveðnar skorður hefur margt farið úr böndunum eins og alkunna er. Seint verður algerlega komið í veg fyrir svindl af því tagi sem getur þrifist á þeim vettvangi sem hér um ræðir, en leiðirnar að því marki eru að mínu mati tvær og þær ber að fara samhliða: Annars vegar að reglur þær, sem í gildi eru, séu manneskjulegar og í samræmi við réttarvitund almennings. Hin sú að stjórnkerfið sé nýtt til raunverulegs eftirlits, en ekki einvörðungu skriffinnskuverka, misjafnlega gagnlegra. Í þessum efnum verður að skoða marga þætti mjög vandlega og mun það gert samhliða setningu þeirra reglugerða sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég vænti þess, að hv. Alþ. taki þessu frv. vel, og ég legg mjög mikla áherslu á að það verði afgr. sem lög áður en þessu þingi lýkur. Hér er um að ræða einfalt, en þarft mál sem auðvelt á að vera að taka afstöðu til. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. (þskj. 76, n. 528). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. var sent til umsagnar til Búnaðarþings, eins og venja er með mál sem kemur landbúnaðinum við, og umsögn Búnaðarþings var á þá leið að það óskaði eftir eftirfarandi breytingum:

Við 2. gr. frv. 2. gr. frv. orðist svo:

„Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn veðdeildar Búnaðarbankans. Þegar bankaráð tekur til meðferðar og ákvörðunar málefni veðdeildarinnar sem landbúnað varða skulu fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands og fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda taka sæti í bankaráði Búnaðarbanka Íslands sem fullgildir bankaráðsmenn. Fulltrúar þessir skulu tilnefndir til 4 ára í senn svo og varamenn þeirra."

Í öðru lagi vill Búnaðarþing að við 3. gr. frv. komi sú breyt., að í stað þess að Stofnlánadeildin leggi fram fjármagn ásamt ríkissjóði verði þetta framlag eingöngu lagt til af ríkissjóði og nemi 60 millj. til ársloka 1985 á hverju ári.

Landbn. sendi ályktun þessa til umsagnar Búnaðarbankans. Ég tel rétt að lesa þá umsögn upp, með leyfi forseta:

„Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands hefur borist ályktun Búnaðarþings um frv. til l. um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, þar sem m. a. er gerð till. um breyt. á 2. gr. frv. varðandi yfirstjórn veðdeildarinnar. Af þessu tilefni telur bankastjórnin nauðsynlegt að taka eftirfarandi fram:

Það hefur verið föst venja að fjalla í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins um öll veigamestu mál veðdeildarinnar og ekki ætlunin að breyta þeim vinnubrögðum. Hins vegar verður að teljast mjög hæpið og raunar varasamt fordæmi að veita hagsmunasamtökum aðild að stjórn veðdeildar bankans, sem er mun tengdari almennri starfsemi bankans en Stofnlánadeild landbúnaðarins sem er algjörlega takmörkuð við stofnlán í landbúnaði og því aðild bændasamtaka að stjórn hennar jafnóeðlileg og aðild hagsmunasamtaka sjávarútvegs og iðnaðar að stjórn Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs. Eftir að jarðakaupalánin hafa verið flutt frá veðdeild Búnaðarbankans til Stofnlánadeildar verður breyting á starfsemi veðdeildarinnar, en fjárhagsvandi deildarinnar er til kominn vegna jarðakaupalánanna undanfarin ár og því eðlilegar þær ráðstafanir sem frv. gerir ráð fyrir.

Alþ. hefur markað þá stefnu varðandi alla ríkisbankana, að bankaráð þeirra séu alfarið þingkjörin. Væri farið inn á þá braut að veita vissum hagsmunasamtökum beina aðild að yfirstjórn eins ríkisbanka er hætt við að hliðstæðar kröfur gætu komið fram varðandi aðra ríkisbanka, t. d. aðild húsbyggjenda að veðdeild Landsbankans. Þá telur bankastjórnin rétt að vekja athygli landbn. á, hvort ekki sé eðlilegra að fella ákvæði frv. inn í lögin um Búnaðarbanka, þar sem lagaákvæði um veðdeild bankans eiga þar fremur heima, svo sem áður var, heldur en í sérstökum lögum." Undir þetta skrifa allir bankastjórar Búnaðarbankans.

Þetta málefni var rætt líka í bankaráðinu og auðvitað í landbn. N. varð sammála um að ekki væri hægt að verða við óskum Búnaðarþings um að breyta frv. eftir óskum þess.

N. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþ. með breyttri tímasetningu. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Þá eru þær brtt. sem n. leggur til að verði samþ.:

1. Við 2. gr. Í stað „ársloka 1985" á tveim stöðum komi: ársloka 1986.

2. Við 18. gr. Í stað „1. jan. 1979" komi: 1. jan. 1980.

Hv. þm. Bjarni Guðnason skrifaði undir nál. með fyrirvara.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Ég hef, eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, skrifað undir nál. með fyrirvara. Það merkir að sjálfsögðu ekki að ég muni flytja brtt. eða leggjast gegn frv., heldur er fyrirvarinn bundinn því að vekja athygli á einu atriði, hvernig fjárhag veðdeildarinnar sé nú komið, en meginatriði þessa frv. er einmitt að leysa fjárhagsvanda veðdeildarinnar.

Þannig segir í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhag veðdeildar er svo komið að í árslok 1977 var ófugur höfuðstóll 29 millj. kr. Miðað við núverandi skuldbindingar deildarinnar og óbreytta tekjustofna hefur verið áætlað að í árslok 1985 yrði tapið komið upp í 361 millj. kr., en þá hafa óhagstæðustu lán veðdeildar verið greidd upp og frekari halli ekki fyrirsjáanlegur. Þessu til viðbótar hefur verið áætlað að greiðsluhalli deildarinnar vegna lánstímamunar tekinna og veittra lána yrði samtals 287 millj. kr. á næstu 5 árum". — Þannig lýkur þessari tilvitnun.

En hvað felur þetta í sér í raun og veru? Veðdeildin

hefur m. ö. o. lánað á óhagstæðum kjörum, þ. e. a. s. hún hefur lánað á lægri vaxtakjörum en eru á lánum sem hún sjálf varð að taka, og einnig hefur hún lánað fé til lengri tíma en það fé var lánað sem hún hafði fengið. Afleiðingarnar eru þær, að á 8 árum er kominn skuldahalli upp á sjötta hundrað millj. kr.

Ég nefni þetta sem sérstakt dæmi um hvernig ekki eigi að standa að fjármálum. Nú vita allir að stjórn Búnaðarbankans er mjög traust og ekkert við það að athuga, en engu að síður hefur bersýnilega verið þrýstingur frá framkvæmdastjórninni og ríkisstj. um þessa tilhögun. Það er óverjandi að mínum dómi að lána fé við þeim kjörum, sem hér er gert, og safna skuldum sem síðan á að greiða með fé úr ríkissjóði.

Veðdeild Búnaðarbankans er sjálfsagt ekki ein um þetta. Þetta tíðkast sjálfsagt í öðrum stofnlánasjóðum atvinnuveganna að einhverju marki. En ég hygg að svona óráðsía í fjármálum sé forkastanleg, og ég tel að vinnubrögð af þessu tagi megi ekki eiga sér stað. Þess vegna skrifaði ég undir með fyrirvara, að ég vil vita, hvernig að þessu hefur verið staðið, og tel að í þessu verðbólguþjóðfélagi og á ýmsan hátt óráðsíuþjóðfélagi þurfi yfirvöld að hafa þann skapstyrk og það geð í sér að hafa stjórn á fjármálunum, en ekki safna skuldahala og hlaupa svo alltaf til ríkissjóðs. Ég vonast til þess fastlega að einhver breyting verði á þessum vinnubrögðum hjá núv. ríkisstj.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna ummæla hv. þm. Bjarna Guðnasonar. Raunar skýring á því, hvernig þetta gerist.

Það er þannig, að á hverju ári fá stofnlánasjóðirnir að vita hve mikið fjármagn þeir fá. Lengi var það þannig, að þeir vissu ekki með hvaða kjörum og hvers konar fjármagn þeir fengju. Þannig voru menn t. d. stjórn Stofnlánadeildarinnar, alltaf sammála um að bændur, sem keyptu jarðir, gætu síst allra tekið á sig t. d. verðtryggð lán. Nú er það svo, að á hverju ári eru lánskjörin ákveðin og stjórnirnar leggja fram tillögur sínar oft án þess að vita hvaða kjörum menn verða að sæta í sambandi við lánskjörin. Ríkisstjórn á hverjum tíma samþykkir slíkar tillögur. Þannig eru það ekki aðeins stjórnir stofnlánasjóðanna, þó að þær geri tillögur, heldur verður líka ríkisstjórn á hverjum tíma að samþykkja lánskjörin.

Það er ekkert sérstakt með lánstímamuninn, vegna þess að við vitum ekki til hvað langs tíma við fáum lánin. Það er ákveðið í lögum og reglum hvað lánin skuli vera til langs tíma. Það er ekki einsdæmi, eins og hv. þm. sagði, um veðdeildina. Það er lánstímamunur hjá líklega öllum stofnlánasjóðum. Það er óumflýjanlegt, vegna þess að eins og þetta er allt saman er varla hægt að hafa eitt árið allt annan lánstíma en hitt árið. Málið er leyst með því að taka lán aftur til þess að standa undir þeim mun. Það er auðvitað ákvörðunaratriði.

Í sambandi við landbúnaðinn vil ég taka það fram, að sá halli, sem verður á sjóðum hans, kemur þannig út að þeir sjóðir hafa verið að borga niður vöruverð í landinu. Ef verið hefðu önnur kjör hefði vöruverðið hlotið að verða hærra sem því nemur, nema ætlast sé til þess að bændastéttin sjálf borgi mismuninn. Það mundi stangast á við lög og — ég veit — réttlætiskennd hv. þm., því að þeir mundu þá verða enn lengra frá því að ná launum sínum en þeir hafa verið á undanförnum árum. Þetta var alveg það sama þegar hv. þm. studdi fyrrv. ríkisstj. Við vorum þá stundum saman í nefndum og komum okkur vel saman um hvernig ætti að leysa mál. Þetta er því ekki nýtt fyrir síðustu ríkisstj. eða þessa ríkisstj. Miklu lengra tímabil hefur þessi háttur verið hafður á þessum málum. En auðvitað hafa dýrtíðin og gengisfellingarnar, sem hafa verið enn þá meiri á undanförnum árum, raskað þessu svo að við hrökkvum allir við.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Við höfum heyrt rödd hins góða hirðis. Hv. 2. landsk. þm. hefur tekið til máls um þetta frv. Það er að vísu alltaf ánægjulegt þegar raddir heyrast í þingsölum þar sem hvatt er til góðrar hirðu um opinbera fjármuni. Þetta eru vissulega sjálfsagðar aths. á öllum tímum og mjög oft fram bornar af fyllstu ástæðu. En sannleikurinn er sá með veðdeild Búnaðarbanka Íslands, að hún hefur langtímum saman verið hálfgerð hornreka. Hún hefur lifað og starfað í skjóli bankans. Þar hefur oft orðið að hlaupa undir bagga. Þeir, sem henni hafa stjórnað, hafa séð hvert stefndi. En satt að segja hafa stjórnvöld ekki verið mjög skilningsrík á þarfir og tilveru veðdeildarinnar. Það sést á því, að þegar loksins er tekið til höndum og ákvæði laga um veðdeildina endurskoðuð og færð í nútímahorf tekur það svo langan tíma að breyta verðurártölum í frv. þegar loksins stendur til að gera það að lögum. Ég held að við ættum þess vegna, þær fáu hræður sem hér eru inni, að fagna því að þetta mál loksins sér til lands. Og við skulum vona að á þann veg verði málefni deildarinnar leyst, a. m. k. að nokkru leyti. Það er erfitt að sjá inn í framtíðina. Það hefur mörgum reynst erfitt. En við skulum vona að þetta frv., þó seint sé á ferðinni, leysi hinn brýnasta vanda þannig að framtíð veðdeildarinnar sé a. m. k. tryggð að því marki sem það segir til um.

Bjarni Guðnason: Herra forseti. Í raun og veru hef ég ekkert að athuga við orð þeirra tveggja ágætu þm. sem töluðu á undan mér. Í raun og veru erum við allir sammála um að hér er ekki við bankann að sakast né stjórn Stofnlánadeildarinnar eða veðdeildarinnar, enda vakti alls ekki fyrir mér neitt slíkt, heldur að benda á þá óreiðu í fjármálum að þetta skuli hafa þróast á þennan hátt og, eins og skýrt kemur fram, skilningsleysi stjórnvalda í þessum efnum. Um þetta held ég að við séum flestir sammála.

En það, sem ég vildi vekja athygli á með máli mínu, var eiginlega fyrst og fremst fróm ósk um að mál af þessu tagi endurtækju sig ekki og ættu sér ekki stað í fjárfestingarsjóðum þjóðarinnar. Hérna þarf auðvitað bæði aðhaldsstjórn og að standa þannig að málum að ekki sé dregið í skuldahala sem síðan er komið seint og um síðir með til ríkissjóðs til að greiða. Ég er að gagnrýna hvernig að þessu hefur verið staðið, en ekki þá aðila sem hafa fengið það erfiða hlutverk að deila hinum fáu krónum út til þeirra sem hafa þörf fyrir þær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 353). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aðsemismöguleikar þorskveiða, þáltill. (þskj. 523). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 86. fundur.

Mánudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Heimastjórn á Grænlandi.

Forseti (Gils Guðmundsson): Áður en gengið er til dagskrár þykir mér hlýða að skýra frá eftirfarandi:

Um þessar mundir eru mikilvæg tímamót í sögu næstu nágranna okkar í vestri, Grænlendinga. Á morgun, 1. maí, hefst heimastjórn á Grænlandi. Landsstjórn Grænlendinga sjálfra tekur þá til starfa og landsþing þeirra verður sett í fyrsta sinn. Í tilefni þessa merkisatburðar í sögu hinnar grænlensku þjóðar hafa forsetar Alþingis samþykkt að senda landsþingi Grænlendinga árnaðaróskir Alþingis og boð um að hingað komi þingmannasendinefnd af Grænlendinga hálfu þegar vel hentar báðum aðilum.

Ég tel óþarft að fjölyrða um þessa ákvörðun, en er þess fullviss að ég mæli fyrir munn allra hv. alþm. þegar ég læt þá ósk og von í ljós, að heimastjórn og störf þjóðþings megi verða Grænlendingum til farsældar.

Kaup togara til djúpækjuveiða, þáltill. (þskj. 552). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, þáltill. (þskj. 554). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framhaldsnám á Höfn og samræmt skólahald á Austurlandi, þáltill. (þskj. 555). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðstoð við aldraða og öryrkja við lagfæringar á gömlum íbúðum, þáltill. (þskj. 463). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Uppbygging símakerfis, þáltill. (þskj. 519). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta í fræðsluumdæmum utan Reykjavíkur, þáltill. (þskj. 535). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 85. fundur.

Mánudaginn 30. apríl, að loknum fundi í Sameinuðu þingi.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 547). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l., sem útbýtt hefur verið í d., um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970, lög nr. 66 30. apríl 1973 og lög nr. 71 31. maí 1976, um breyt. á þeim lögum.

Ríkisstj. hefur ákveðið að leggja frv. þetta fyrir Alþ. til samþykktar. Megintilgangurinn með því er að breyta ákvæðum í VI., VII. og IX. kafla laga um tollheimtu og tolleftirlit sem lúta að viðurlögum, greiðslufresti á aðflutningsgjöldum og endursendingum á innfluttum vörum. Rétt þykir að benda á í þessu sambandi að breytingar þessar fela ekki í sér neina nýsmíði, með þeirri undantekningu þó er lýtur að innheimtu vaxta vegna greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, en ef frv. þetta verður að lögum munu ákvæði þess verða tollgæslunni til styrktar og veita einstökum ákvæðum laganna meiri virkni en nú er, m. a. með því að létta álagi af dómstólum, eins og ég mun víkja nánar að hér á eftir.

Um einstakar greinar frv. þykir mér rétt að taka eftirfarandi fram:

Í núgildandi lögum um tollheimtu og tolleftirlit er í 1. mgr. 52. gr. heimilað að leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er eigi fullnægt að aðflutningsgjöld séu greidd af innfluttri vöru innan þeirra tímamarka, talið frá komudegi flutningsfars til landsins, sem ákveðin kunna að vera í reglugerð. Meðal þeirra viðurlaga, sem ákvæðið heimilar að lögð verði á, er greiðsla dráttarvaxta, 1.5% fyrir hvern byrjaðan mánuð talið frá gjalddaga aðflutningsgjalda. Þegar ofangreint ákvæði var lögfest á árinu 1969 voru dráttarvextir innlánsstofnana 1.5%. Frá því að ákvæðið var lögfest hafa dráttarvextir hækkað smátt og smátt og eru nú 3%. Telja verður eðlilegt að dráttarvextir, sem á kunna að verða lagðir samkv. ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit, séu í sem mestu samræmi við þau vaxtakjör sem gilda almennt um þetta efni. Er því lagt til samkv. frv. að ákvæðið verði rýmkað að þessu leyti. Þykir rétt að um ákvörðun lágmarks og hámarks dráttarvaxta gildi í þessum efnum 13. gr. laga nr. 10 frá 1961, um Seðlabanka Íslands. Benda má jafnframt á að samhljóða ákvæði um útreikning dráttarvaxta er einnig að finna m. a. í lögum um tekju- og eignarskatt svo og í söluskattslögum.

Samkv. 2 gr. frv. er lagt til að tekið verði upp í 53. gr. laganna ný mgr. er kveði skýrt á um að heimilt skuli að reikna sömu vexti af aðflutningsgjöldum, sem greiðslufrestur kann að verða veittur á samkv. 53. gr. laganna, og gildir almennt í lánsviðskiptum innlánsstofnana. Tel ég eðlilegt að sömu vaxtakjör verði látin gilda hvort sem ríkissjóður veitir greiðslufrest á aðflutningsgjöldunum eða innflytjendur fjármagna greiðslu þeirra með fyrirgreiðslu lánastofnana.

Samkv. núgildandi lögum um tollheimtu og tolleftirlit er heimilt að falla frá innheimtu aðflutningsgjalda þegar endursendar eru vörur sem ekki hefur verið vitjað, við-

takandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á. Það skilyrði er m. a. sett fyrir niðurfellingu gjalda, að viðkomandi tollyfirvaldi sé sett full fjártrygging, peningatrygging, fyrir greiðslu aðflutningsgjalda þar til varan er sannanlega komin til útlanda. Ákvæði þetta um fulla fjártryggingu hefur íþyngt endursendendum vara og valdið nokkrum erfiðleikum í framkvæmd þegar um endursendingu á vörum hefur verið að ræða sem veruleg gjöld hafa hvílt á. Þá hefur einnig reynst ýmsum erfiðleikum bundið fyrir sömu aðila að afla staðfestingar á því, að endursend vara hafi skilað sér á áfangastað, þar sem erlend tollyfirvöld hafa gert ýmsar breytingar á starfssviði tollsins, m. a. í þessum efnum. Af þessum sökum er lagt til samkv. 3. gr. frv. að núgildandi ákvæði verði rýmkuð þannig að fjmrn. geti ákveðið í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum að heimilt skuli að víkja frá skilyrði um peningatryggingu og krefjast í þess stað fullnægjandi tryggingar í öðru formi. Jafnframt er lagt til að horfið verði frá því að krefja um staðfestingu erlends tollyfirvalds á innflutningi vöru til viðkomandi lands, en í þess stað verði gjöld felld niður þegar það hefur verið tryggt nægilega að mati viðkomandi tollyfirvalds að varan verði endursend til útlanda, t. d. með flutningi vöru undir tolleftirliti um borð í flutningsfar.

Auk þeirra breytinga, er ég hef hér vikið að, er lagt til að frestur til endursendingar á gölluðum vélum samkv. 3. tölul. 57. gr. verði lengdur nokkuð, eða úr 6 mánuðum í eitt ár, jafnframt því sem skýrar verði kveðið á um efnisinntak ákvæðisins.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á 2. mgr. 76. gr. núgildandi laga, um sektir og eignaupptöku tollyfirvalda, eiga fyrst og fremst rætur sínar að rekja til þeirra miklu verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá því að ákvæðunum var síðast breytt, á árinu 1976. Má ljóst vera að verðlagsbreytingar þessar hafa haft mjög neikvæð áhrif á þau markmið sem að er stefnt með ákvæðum þessum, þ. e. að auka varnað við refsiverðu atferli, jafnframt því sem heimildum þessum er ætlað að létta álagi af dómstólum vegna hinna smærri brota. Samkv. gildandi lögum er heimild tollyfirvalda til ákvörðunar sektar bundin við 80 þús. kr. og heimild til ákvörðunar eignaupptöku við 150 þús. kr. Þar sem ákvæði þessi eru eigi lengur í neinu samræmi við verðlag í landinu og gera má ráð fyrir að áhrifa þeirra til varnaðar gæti því lítt lengur, auk þess sem eigi er lengur hægt að afgreiða minni háttar mál utan réttar og því nauðsynlegt að senda þau hinum ýmsu embættum til afgreiðslu, er lagt til að heimildir tollyfirvalda til ákvörðunar sekta verði bundnar við hámarksfjárhæð, 350 þús. kr., og heimild til eignaupptöku verði bundin við 500 þús. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. þetta, en vænti þess hins vegar að hv. Alþ. sjái sér fært að samþykkja frv. Að lokum leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Flutningsráð ríkisstofnana, frv. (þskj. 488). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 488 hef ég ásamt hv. 3. landsk. þm., Ólafi Ragnari Grímssyni, leyft mér að flytja frv. til l. um Flutningsráð ríkisstofnana.

Forsaga þessa máls er mönnum allvel kunn. Þetta frv. er nákvæmlega upp tekið úr áliti Stofnananefndar eða staðarvaldsnefndar, eins og hún hefur heitið ýmist í máli manna, þar sem gert er ráð fyrir að komið verði á Flutningsráði ríkisstofnana sem hafi það hlutverk, eins og segir í 2. gr., að vera Alþ., ríkisstj., rn. og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir útibúa slíkra stofnana; að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana; að annast a. m. k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar, sbr. b.-lið; að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði.

Ég held að rétt sé að vitna þá til þeirrar forsögu sem þetta mál á.

Að því er vikið í grg., að í apríl 1972 hafi verið skipuð nefnd til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar komi helst til greina í því efni. Þar kemur fram að nefndin hafi kynnt sér 243 stofnanir og stofnanategundir, athugað 157 þeirra sérstaklega, aflað gagna um skipulag þeirra, starfsfólk, starfshætti og aðbúnað. Þessi nefnd skilaði áliti 28. okt. 1975, þar sem lagður var til heildarflutningur 25 stofnana, deildaflutningur sem snerti 12 stofnanir, stofnun 36 útibúa og efling útibúa frá 11 stofnunum.

Í þessari nefnd áttu sæti auk þeirra flm., sem leggja frv. þetta fram, þeir Bjarni Einarsson framkvæmdastjóri byggðadeildar, Jón Baldvin Hannibalsson, Magnús H. Gíslason, Magnús E. Guðjónsson og Sigfinnur Sigurðsson. — Þetta var sem sagt niðurstaðan af starfi þessarar nefndar svona gróft tekið. Ein af höfuðtill., sem nefndin lagði fyrir, var einmitt till. um Flutningsráð ríkisstofnana, og það var rökstutt svo sem segir í grg. og ég mun víkja að í lokin.

Í þessu áliti, sem var langt og ítarlegt, enda lögð í það mikil vinna, alveg sérstaklega af formanni nefndarinnar, hv. 3. landsk. þm., Ólafi Ragnari Grímssyni, sem lagði í álitið ákaflega mikla vinnu, sem sést best af því hvað álitið er víðtækt og snertir marga þætti í stofnanamálum okkar almennt, — í þessu starfi öllu var haft í huga að sem gleggstar og fyllstar upplýsingar lægju fyrir, að stofnanirnar sjálfar fengju sem best og nánast að greina frá hvert væri álit þeirra og að í engu væri rasað um ráð fram í þessu efni, en jafnframt var að sjálfsögðu litið til reynslu annarra þjóða. Ég vil leyfa mér í byrjun að vitna orðrétt — með leyfi hæstv. forseta — í nál. þar sem segir svo um stofnanaflutning erlendis:

„Á öllum Norðurlöndum hafa starfað sams konar nefndir og hér skilar áliti. Í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi, sérstaklega í tveimur fyrstnefndu löndunum, hafa „stofnananefndir" innt af hendi mikið starf og álit þeirra þegar orðið grundvöllur að viðamiklum flutningi ríkisstofnana frá höfuðborgunum. Þessar nefndir hafa tekið ríkiskerfið til gaumgæfilegrar athugunar, unnið að áliti sínu yfirleitt í 3—6 ár með aðstoð

sérstaks starfsliðs og skilað yfirgripsmiklum tillögum um flutning margs konar ríkisstofnana. Nefndirnar hafa allar" — það legg ég áherslu á — „komist að þeirri niðurstöðu að vel undirbúinn flutningur ríkisstofnana, sem ætti sér stað í áföngum, mundi reynast árangursríkur og hafa til lengdar jákvæð áhrif á byggðajafnvægi og þjóðfélagsþróunina almennt. Ýmis vandkvæði, sem í fyrstu hefðu verið á stofnanaflutningi, reyndust mun minni þegar kom til framkvæmda, t. d. fluttist þorri starfsfólksins með stofnununum og þótt hluti þess segði upp störfum vegna flutningsins lamaði slíkt ekki starfsemina, en leiddi fyrst og fremst til endurskipulagningar og aukinnar hagkvæmni í rekstri. Nauðsynlegir starfskraftar reyndust aldrei ófáanlegir. Stofnanaflutningur varð í mörgum tilvikum tæki til aukins sparnaðar og nauðsynlegrar endurskipulagningar ríkiskerfisins."

Í framhaldi af þessu er svo rakin í álitinu, án þess að ég ætli að fara mjög náið út í það, reynsla tveggja þjóða í þessu sambandi: niðurstöðurnar frá Svíþjóð annars vegar og svo alveg sérstaklega frá Noregi hins vegar. Og í áliti nefndarinnar segir t. d. um það þegar sænska ríkisstj. ákvað að láta kanna möguleika á að flytja tilteknar ríkisstofnanir frá Stokkhólmi til annarra borga í landinu, að niðurstöður þeirrar könnunar urðu til þess að þær voru síðan að mestu samþykktar af sænska þinginu. Nú er unnið að framkvæmd á þeim. Samkv. þeim tillögum og áætlunum um stofnanaflutning, sem sænska þingið hefur þegar samþykkt — ég vitna í nál. eins og það var á þeim tíma, er ráðgert að stofnanaflutningurinn fari fram í tveimur aðaláföngum. — Til upplýsingar er rétt að geta þess, að í Svíþjóð var um að ræða flutning 51 stofnunar með 11 350 manna starfsliði. Var ákveðið að flytja þessar stofnanir brott frá Stokkhólmi, en þó hvorki til Gautaborgar né Málmeyjar. Hér er upptalning á hinum ýmsu stofnunum og fer ég ekki náið út í það, en ef menn kynna sér málið er glöggt að þarna er um mjög veigamiklar stofnanir að ræða og mættum við sannarlega hafa hliðsjón af því.

Enn nánar hafði nefndin, og sérstaklega formaður hennar, kannað hvernig þessum málum væri háttað í Noregi, enda þróunin lengra á veg komin þar þegar nefndin var að störfum. Í nál. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1961 var skipuð nefnd í Noregi til að kanna brottflutning ríkisstofnana frá Osló. Nefndin starfaði í þrjú ár og skilaði áliti 1964. Áður en nefndin tók til starfa höfðu nokkrar ríkisstofnanir verið fluttar frá Osló, m. a. Sjókortastofnunin til Stavanger 1958 og Jarðfræðistofnunin til Þrándheims 1961.

Samkv. erindisbréfi var hlutverk nefndarinnar að gera tillögur til fjmrn. um flutning tiltekinna ríkisstofnana frá Osló á grundvelli rækilegrar könnunar á aðstæðum hverrar stofnunar, sérstaklega varðandi þær stofnanir sem voru í húsnæðishraki og höfðu áform um öflun viðbótarhúsnæðis. .... Nefndin gekk út frá þeirri forsendu, að flutningur ríkisstofnana frá Osló væri æskilegur og þjóðhagslega hagkvæmur, ef hann væri framkvæmanlegur með sæmilegu móti."

Síðan eru upp talin varðandi störf þessarar nefndar hin ýmsu atriði sem snerta þá liði sem eru lagðir til grundvallar könnuninni og taldir skipta máli um mat á flutningshæfni stofnunar. Ég get ekki stillt mig um, vegna þess að það er um leið að nokkru leyti leiðbeinandi fyrir okkur, að geta nokkurra helstu liðanna, með leyfi hæstv. forseta:

1. Starfsemi stofnunar, eðli hennar og víðfeðmi, skipulagsleg uppbygging, hvort hún væri að öllu leyti í Osló eða hvort þar væru aðalstöðvar hennar og hún hefði útibú eða umboðsmenn úti um landsbyggðina: Þótt stofnun væri með aðalstöðvar í Osló, en útibú annars staðar taldi nefndin að flutningur hennar gæti komið til greina. Nefndin taldi eðlilegt að viðskiptasjónarmið réðu að jafnaði staðsetningu framleiðslu- og atvinnufyrirtækja ríkisins. Þó gætu byggðajafnvægissjónarmið leitt til annarrar niðurstöðu ef stofn- eða rekstrarkostnaður hækkaði ekki verulega. Nefndin taldi mikilsvert að flutningur stofnunar leiddi ekki til þess að starfsemi hennar rýrnaði.

2. Starfslið stofnunar, fjöldi þess og samsetning, aldur og starfsaldur, menntunar- og hæfniskilyrði, persónulegar aðstæður: Nefndin taldi að starfslið stofnana í Osló mundi almennt vera á móti brottflutningi. Ef starfsfólkið hefði neitunarvald varðandi brottflutning stofnunar eða tillitið til afstöðu þess ráði úrslitum um tillögugerð og ákvörðun um brottflutning mætti ganga út frá því að fáar eða engar stofnanir yrðu fluttar. Önnur atriði yrðu því að ráða úrslitum.

Ég tek þetta atriði alveg sérstaklega fram vegna þess að mér finnst ýmislegt hjá okkur hníga í þá átt að einmitt það ráði í raun miklu meiri úrslitum en góðu hófu gegnir um þróun þessara mála og bendir einmitt svar hæstv. landbrh. á dögunum við fsp. um Skógrækt ríkisins til að slík atriði yrðu allt of ráðandi ef við ætluðum eitthvað að gera í þessum efnum.

3. Tengsl við aðrar stofnanir og nauðsyn slíkra tengsla: Nefndin taldi að í mörgum tilvikum mætti leysa vandamál í sambandi við tengsl stofnana með því að flytja til sama staðar stofnanir sem þyrftu að hafa mikil samskipti.

4. Húsnæðis- og starfsaðstæður: Við brottflutning yrði stofnun að eiga kost á rýmra og betra húsnæði og annarri aðstöðu. Að jafnaði verði byggt yfir stofnunina í hinum nýju heimkynnum í samræmi við þarfir hennar.

5. Hér á landi hafa menn kannske látið sér vaxa allra mest í augum kostnaðinn við flutning. Nefndin í Noregi taldi að greina bæri á milli kostnaðar í eitt skipti fyrir öll, sem væri hliðstæður stofnkostnaði, og kostnaðar sem ætla mætti að yrði viðvarandi og kæmi fram í auknum árlegum rekstrarkostnaði stofnunar. Varðandi hina fyrri tegund kostnaðar, þ. e. flutnings- og fjárfestingarkostnað, væri ljóst að hann yrði í öllum tilvikum einhver, en mishár eftir aðstæðum. Engan veginn væri víst að rekstrarkostnaður stofnunar ykist við nýja staðsetningu hennar.

Nefndin gerði síðan till. um, að 20 nafngreindar stofnanir yrðu fluttar frá Osló, og færði rök fyrir því með ítarlegri grg. um hverja stofnun.

Eftir að nefndin lauk störfum var fjallað um till. hennar í fjmrn. og ríkisstj. og afgreiddi norska Stórþingið á þingi 1966—1967 lög um flutning 10 ríkisstofnana frá Osló og skyldi flutningur þeirra fara fram á árunum 1970—1975. Eru þær stofnanir nafngreindar í nál.

Samkv. fyrrgreindum lögum var 1969 skipuð föst ráðgefandi nefnd 7 manna, staðsetningarnefnd ríkisstofnana, til að fjalla um staðsetningu ríkisstofnana. Nefndin starfar á vegum byggðajafnvægisdeildar sveitarstjórnarrn. Henni er ætlað að láta rn. í té umsagnir um staðsetningu nýrra ríkisstofnana og meta möguleikana á brottflutningi stofnana frá Osló til tiltekinna staða að

einhverju eða öllu leyti þegar um það er að ræða að stofnanir þurfa á að halda auknu starfsliði eða húsnæði. Á því tímabili, sem nefndin starfaði, 1969—1973, fjallaði hún um staðsetningu ellefu ríkisstofnana og samþykkt voru lög um flutning þriggja þeirra. Rn. hefur upplýst að það telji fremur lítinn árangur hafa orðið af starfi nefndarinnar, þar eð stofnanirnar hafi sjálfar mikil áhrif á störf hennar með skýrslugjöfum og öðrum einhliða upplýsingum, nauðsynlegt sé að nefnd sem þessi geti myndað sér skoðun á sjálfstæðan hátt. Í sept. 1973 var því skipuð ný nefnd til að fjalla almennt um stofnanaflutning. Sú nefnd starfar enn.

Það er einmitt í tengslum við þetta sem hugmyndin um Flutningsráð kemur fyrst og fremst upp í nefndinni sem eðlileg afleiðing af þeirri þróun sem hefur orðið hjá næstu nágrönnum okkar. Telji þeir slíka nauðsyn sem greinilegt er á einhvers konar yfirnefnd, og hafa þeir þó enn fjölþættari og sérgreindari rn., m. a. varðandi byggðajafnvægismál öll, þótti nefndinni einsýnt að enn frekar þyrftum við á að halda ákveðinni nefnd eða ákveðnu ráði sem kannaði þessi mál öll ofan í kjölinn.

Ég held að engum blandist hugur um að sú mikla samþjöppun hins opinbera stjórnsýslukerfis, sem hér hefur átt sér stað, er óeðlileg og þjóðhagslega óhagkvæm og að ekki verði þar undið ofan af nema með vissum róttækum aðgerðum, vel undirbúnum, en markvissum, þar sem byggðasjónarmið, hagkvæmnisjónarmið og þjónustumarkmiðin við fólkið úti á landsbyggðinni yrðu öll í einu höfð að leiðarljósi. Menn verða eflaust seint á eitt sáttir um hveru langt skuli ganga, hversu hratt skuli farið eða á hvern þáttanna skuli leggja mesta áherslu: útibúastofnun, vissa deildaskiptingu stofnana eða beinan flutning þeirra, sem vissulega hlýtur að verða viðkvæmast í meðförum. E. t. v. eru einhverjir á því að ástandið í dag sé harla gott — samþjöppun eðlileg — og koma þar gjarnan inn í annarleg sjónarmið. Má kannske kalla þau Reykjavíkursjónarmið. Ég efast um það. Ég segi „annarleg“ af því að aukin dreifing valds og þjónustu út um landið á í engu að skaða Reykjavík. Höfuðborgin gæti þá enn frekar, að mínu áliti, snúið sér að grunnþáttum atvinnulífs okkar sem um margt hafa verið þar vanræktir, enda reyndar viðurkennt af þeim, sem þar fara með yfirstjórn, að vegna hins mikla þjónustuhlutverks, sem Reykjavík hefur á hendi, hafi hún einmitt vanrækt þá þættina sem lúta að framleiðsluatvinnuvegum okkar.

Um byggðalega þýðingu skipulegs átaks með sem jafnastri og eðlilegastri dreifingu milli landshluta þarf ekki að fara mörgum orðum, svo auðsæ er hún, enda kom mjög glögglega fram á þeim fundum, sem nefndin hélt með forsvarsmönnum úti á landi, að þeir bundu mjög miklar vonir við að nefndarstarf okkar yrði aðeins upphafið að aðgerðum sem kæmu hinum dreifðu byggðum til góða, réttu hlut þeirra sem sjálfsagðra aðila að mótun opinberrar stjórnsýslu almennt og ykju þjónustulega möguleika landsbyggðarfólks langt umfram það sem er í dag.

Þegar álit nefndarinnar birtist vakti það vonir víða um land, um að nú yrði brátt gengið til verks, vinsað úr áliti nefndarinnar það sem mönnum sýndist sjálfsagðast upphaf aðgerða. M. a. kom víða fram að hér þyrfti sterkan umsjónar- og eftirlitsaðila með frumkvæði, svo sem Flutningsráðið er hugsað. Hinu er svo hvergi að leyna, að mörgum — eflaust allt of mörgum þeirra sem taka eiga á þessum málum — sýndist um þetta álit að þar væri allt of langt farið, tillögurnar gengju allt of langt, alveg sér í lagi hvað varðar flutning stofnana. Sé nánar litið á fjölda þeirra stofnana, sem nefndin athugaði, og þann hluta, sem lagt var til að fluttur yrði, kemur í ljós að tillögurnar miða aðeins að flutningi 25 stofnana eða tæplega 11% allra þeirra opinberu og hálfopinberu stofnana sem eru samþjappaðar á þessu svæði. Flutningur, sem tæki yfir alllangt árabil, yrði sem sagt engin stökkbreyting án allrar athugunar eða aðgæslu. Deilda- og útibúaþættirnir snerta aðeins um 20% þessara stofnana, auk eflingar þeirra útibúa sem fyrir eru. Mér finnst því ómögulegt að segja, eftir að hafa skoðað þessar prósentutölur, að of langt hafi verið seilst, ef menn ætla sér að gera eitthvað, ef menn á annað borð vilja ekki óbreytt ástand eða það sem verra væri og við skulum vona að vart sé til staðar: gætu hreinlega ekki unnt landsbyggðinni eðlilegrar hlutdeildar í opinberu stjórnsýslukerfi okkar. Átök granna okkar á Norðurlöndum hafa ekki verið út í bláinn og þar hefur almenn hagkvæmni í sjálfsagðri dreifingu auk byggðasjónarmiðanna ráðið ferðinni. Var þó samþjöppunin í kerfi þeirra, miðað við höfuðborgir þeirra og okkar, ólíkt minni en hér er þeir hófu aðgerðir.

Það mætti segja að varðandi þetta ráð, sem á aðeins að fjalla um þá þætti sem nefndir eru í 2. gr. frv., leggja á þá sitt mat, gera um það tillögur til æðstu stjórnvalda, þyrfti í raun og veru ekki að hafa ítarlega og langa framsögu. Sé grannt hlýtt á ræður landsbyggðarþm. hér á Alþ. um hagsmunamál hinna dreifðu byggða, og þær eru sem betur fer margar fluttar og um hin margvíslegustu málefni, kemur glögglega í ljós samhljómur við það nál. sem hér er til vitnað. Verður sá samhljómur ekki síður sterkur og áberandi í öllum ályktunum og samþykktum landshlutasamtakanna, þar sem forustumenn hinna einstöku héraða og byggða bera saman bækur sínar. Þennan samhljóm fann nefndin greinilega í öllu starfi sínu og taldi sér skylt að vinna eftir því af megni, en þó með allri gát og fyllsta raunsæi. Hvergi skal svo dregin dul á hve tregðan var yfirþyrmandi hvarvetna í kerfinu, hversu æðstu stjórnendur opinberra stofnana börmuðu sér og kveinkuðu almennt og töldu nánast óhugsandi að breyta í nokkru núverandi ástandi, voru iðnir við að telja fram allt hið neikvæða, en sáu lítt út fyrir eigið skrifborð í raun, töluðu að vísu margir um það fagurlega, að rétta þyrfti hlut landsbyggðarinnar, og bentu m. a. s. á aðrar stofnanir en eigin stofnanir sem vel mætti að skaðlausu flytja á brott. Þessi tregða kom hvergi á óvart. Hún er mannleg og eðlileg og ég skil hana, jafnhliða því sem ég legg á það höfuðáherslu að eins og Norðmenn, Svíar og fleiri hafa rekið sig á má hún í engu verða mótandi um allar aðgerðir eða aðgerðaleysi í þessum efnum, en jafnsjálfsagt er að taka þar tillit til eftir föngum og miða aðgerðir við að röskun verði sem sársaukaminnst.

Frá þessari tregðu voru vissulega undantekningar, en þær voru þó fáar og mörgum aðilum, sem eins konar útibú eða afgreiðslur höfðu úti á landi, þótti sem nóg hefði verið gert þó að um alls ófullnægjandi lausn fyrir íbúana þar væri að ræða. — Án þess að fara nánar út í það vil ég þó geta um að í einstaka stofnun kom fram eindreginn vilji til úrbóta, þar sem sambands- og þjónustuleysi við íbúa landsbyggðarinnar var viðurkennt hreinlega. Ég get t. d. ekki stillt mig um að geta jákvæðustu viðbragða sem ég man eftir. Þau voru hjá Vegagerð ríkisins, sem þó var þá þegar að stórefla valddreifingu út í landshlutana og hefur verið að því síðan þó að enn sé þar

margt ógert. Fleiri mætti til nefna einnig sem töldu útibú frá stofnuninni hagkvæm í fyllsta máta, en upptalning á því hæfir ekki hér. Var þetta mest áberandi hjá þeim sem þegar höfðu nokkuð reynt í þessum efnum.

Þessi tregða, viljaleysi eða stöðnun við eigin skrifborð — eða hvað við viljum nefna það — er auðvitað ekki sérislenskt fyrirbæri. Þessu fengu, eins og ég rakti áðan, nágrannar okkar á Norðurlöndum sannarlega að kynnast, en þeir unnu bug á því í verulegum atriðum með ýmsum hætti og aðgerðum. Nefndin vann verk sitt með hliðsjón af þessu og gerði einmitt tillögur um aðgerðir til að auðvelda t. d. flutninga fyrir starfsfólkið, sem ég skal ekki þreyta menn á að fara að þylja upp, en þar var í veigamestu atriðum stuðst við reynsluna frá Norðurlöndunum þó að á fleira væri bent.

Þetta frv. er í raun og veru bara um tiltekið afmarkað atriði, en atriði sem allir nm. voru sammála um að væri viss forsenda þess að eitthvað yrði að gert. Í tíð síðustu hæstv. ríkisstj. gerðist það í þessu máli, að tveim þáv. stjórnarsinnum, hv. alþm. Ellert B. Schram og Ingvari Gíslasyni, var falið að yfirfara nál. og gera á því nokkra úttekt. Miðað við hið viðamikla starf, sem Stofnananefndin innti af hendi, og þá fyrst og fremst formaður hennar, hv. 3. landsk. þm., hlýt ég að segja það hér, að starf þessara annars valinkunnu manna að úttekt á till. okkar þótti mér ekki nógu traustvekjandi, þó að ég dræpi ekki í efa að þeir hefðu þar að unnið og gert sínar athuganir.

Ég tel rétt að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, álit þeirra hv. þm. Ellerts B. Schram og Ingvars Gíslasonar svo og samþykkt síðustu ríkisstj. þar um.

Í plaggi um afstöðu ríkisstj. til nál. um flutning ríkisstofnana, sem okkur barst í apríl 1978 frá forsrn. eftir ítrekaðar fsp. frá flm. þessa frv. og einnig frá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur og var lagt fram skriflega á Alþ., birtist þetta álit á nál. Stofnananefndar og afstaða ríkisstj. til þess. Með leyfi forseta, segir svo um höfuðþættina:

„1. Ekki skuli ráðist í heildarflutning neinnar stofnunar án undangenginnar ítarlegrar endurskoðunar og fulls samráðs við stjórnir og forstjóra viðkomandi stofnunar.

2. Flutningsráð ríkisstofnana verði ekki sett á fót að svo stöddu.

3. Ráðh. feli þeim ríkisstofnunum, sem undir þá heyra, að gera áætlun um uppbyggingu útibúa og/eða deilda og þær áætlanir verði síðan samræmdar og framkvæmdar í samráði við byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og fjvn. Alþ., eftir því sem aðstæður leyfa.

4. Álit Stofnananefndar verði lagt fyrir Alþ. til kynningar og umræðu, þannig að skoðanir og viðhorf alþm. til málsins í heild komi fram."

Undir þrjá liði umsagnar hv. þm. getum við flm. þessa frv. hæglega tekið, enda teljum við það í fyllsta samræmi við till. okkar. Okkur flaug aldrei í hug annað en að gerð yrði ítarleg athugun og samráð haft við stofnanirnar, vildum aðeins að það yrði ekki allsráðandi um ákvarðanatöku, því að ef svo yrði yrði ekkert gert, miðað við þær undirtektir sem við fengum. Álit okkar er mjög glöggt varðandi þetta.

Ekki er það síðra — ef framkvæmt yrði — að ráðh. fælu ríkisstofnunum að gera áætlun um uppbyggingu útibúa og/eða deilda, enda í engu í mótsögn — nema síður væri — við álit okkar. En fyrirvararnir, sem á eftir koma, draga hins vegar um of úr alvörunni í þessu atriði, einkum hið teygjanlega lokaatriði þar sem segir: eftir því sem aðstæður leyfa.

Fjórði liðurinn, um að álit frá Stofnananefnd verði lagt fyrir Alþ., er auðvitað það sem við í nefndinni töldum frá upphafi sjálfsagt að gert yrði og það ekki löngu eftir að álitið kom fram. Að því laut m. a. fsp. mín til fyrrv. hæstv. forsrh., og á það lagði ég ríka áherslu og það gerðu fleiri landsbyggðarþm. á þeim tíma. Við í nefndinni töldum, og höfum aldrei dregið dul á það, að nauðsynleg umr. væri forsenda sem við nm. værum allir einhuga um. En gallinn er bara sá, að ekkert hefur verið gert í þessu máli, allra síst að leggja álitið beint fyrir Alþ. til kynningar og umræðu, eins og þessir hv. þm. leggja þó greinilega til.

Með öðrum liðnum í umsögninni, sem snertir þetta frv. okkar, fylgir í raun enginn rökstuðningur, en þar segir að Flutningsráð skuli ekki sett á fót að svo stöddu. Ekki er útilokaður sá möguleiki, aðeins bent á aðra möguleika sem ég fer ekki nánar út í hér, því að það segir aðeins að slíkt starf — þar er vitnað í hæstv. fyrrv. forsrh., Geir Hallgrímsson, — megi vinna án þess að svonefnt Flutningsráð sé sett á stofn. Ég efa ekki heldur að þetta sé ekki eina leiðin til þess arna. E. t. v. hefur verið hugmynd þeirra hv. þm. sem stóðu að þessu áliti, sem við flm. höfum einnig heyrt, að byggðadeild Framkvæmdastofnunar ætti hér að koma til. En þó virðist hún aðeins eiga að vera samráðsaðili þessu samkv., en ekki sá ráðgefandi frumkvæðisaðili sem ekki er til í dag og Flutningsráðinu er ætlað að vera — aðili sem grannar okkar töldu nauðsyn að kæmi til sögu þrátt fyrir að þeir starfrækja ákveðin byggðaráðuneyti. Framkvæmdastjóri byggðadeildar nú var einmitt í nefndinni, og ég veit ekki annað en hann sé enn sömu skoðunar og er hann undirritaði nál., telji sem sagt að byggðadeildin hafi nóg á sinni könnu og aðeins í hennar verkahring að vera sjálfsagður samráðsaðili varðandi einstök stærri flutningsverkefni sem unnið væri að, en ekki frumkvæðisaðili.

Hæstv. fyrrv. ríkisstj. fjallaði svo um þetta álit og gerði svofellda samþykkt, með leyfi hæstv. forseta:

„Að fengnum umsögnum einstakra stofnana um álit Stofnananefndar og eftir að hafa kynnt sér umsögn þm. Ellerts B. Schram og Ingvars Gíslasonar hefur ríkisstj. fallist á meginatriði umsagnarinnar.

Ríkisstj. telur eðlilegt, að áður en tekin sé ákvörðun um flutning ríkisstofnana úr höfuðborginni skuli liggja fyrir afstaða viðkomandi rn., stjórnar stofnunar, forstöðumanns og starfsfólks til flutningsins og samþykki fjvn. Alþ. Leita skal umsagnar byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins um flutning ríkisstofnunar og kannar hún viðhorf sveitarfélaga."

Um samþykkt fyrrv. ríkisstj. vil ég aðeins segja að hún sannar það, sem allt tímabil hennar einkenndist af, að ekkert var aðhafst. Við höfum m. a. s. grun um að í raun og veru hafi ekkert átt að aðhafast. Þó varð, til þess að unna þeim sannmælis, örlítil hreyfing á útibúa- og deildamálum, en auðvitað allt of lítil.

Með nál. okkar skilaði formaður af sér ítarlegum umsögnum stofnana. Þær fást vart gleggri en þar, nema þá hugarfarsbreyting hafi komið til eða nýir forstöðumenn hafi aðra skoðun en þeir sem þá ráðlögðu flutning. Það er að vísu til í dæminu. Ég veit um eitt dæmi, það er hinn nýi skógræktarstjóri ríkisins, en ég á ekki von á að það sé um marga slíka forstöðumenn að ræða sem hafi aðra skoðun en þá sem var uppi á þeim tímum.

Í samþykkt fyrrv. ríkisstj. er ekkert nýtt umfram það

sem við höfðum bent á í nál. og rökstutt, svo sem að fjvn. hlyti að koma mjög við sögu þegar ákvarðanir væru teknar um flutning. Þegar við skiluðum nál. okkar var byggðadeildin ekki komin á sem slík, en sem samráðsaðili fellur hún í öllum atriðum inn í till. okkar um framkvæmd alla. Annars er það markvert við álit þeirra tvímenninga, að þeir viðurkenna mjög ákveðið mikla vinnu og nákvæma athugun Stofnananefndar á verkefni sínu og telja þar margt mjög jákvætt. Um hið neikvæða fara þeir þó ekki færri orðum án allra mótraka að mínu viti, annarra en þeirra sem við í nefndinni höfðum í raun bent á að væru til og yrði að yfirstíga.

En meginmálið er þó það, að til þess að koma hreyfingu á málið þarf vissulega einhver aðili eins og Flutningsráð, — ekki endilega með þeim hætti sem við leggjum hér til, það er ekki heilagt fyrir okkur, síður en svo, — til að koma. Ef menn vilja endilega færa stofnanaflutning inn í byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins er eins gott að efla þá byggðadeild og stuðla þar með að því að hún geti verið því hlutverki sínu vaxin. Það er hún ekki í dag með það starfslið sem hún hefur. Hún hefur nógum verkefnum að sinna þó að hún þurfi ekki að bæta þessum ofan á. Hér yrði án efa um hornreku að ræða hjá stofnuninni miðað við þau miklu verkefni sem þar er að unnið. Þess vegna þarf til að koma slíkt ráð eða hvað menn vilja kalla það, stofnananefnd eða ákveðin deild innan Framkvæmdastofnunar ríkisins sem hefði þá það verksvið eitt. Hér er jafnvel um enn nauðsynlegra ráð að ræða hjá okkur en það var hjá frændum okkar á Norðurlöndum, ef eitthvað á að gera. Um það er hins vegar meginspurningin, hvort eitthvað eigi í þessu máli að gera, hvort valddreifing eigi að verða. Stjórnvöld og Alþ. þurfa fyrr eða síðar að svara þeirri spurningu og það verður ekki gert fyrr en eftir ítarlegar umr. um þessi mál í heild hér á Alþ. Ég er sannfærður um að það, sem þm. tveir sögðu í niðurlagi álits síns í fyrra, er brýn nauðsyn, og ég tek undir það heils hugar, en þar segir að álitið, sem Stofnananefnd sendi frá sér, verði lagt fyrir Alþ. til kynningar og umr. þannig að skoðanir og viðhorf alþm. til málsins í heild komi fram. Hins vegar töldum við rétt nú að hreyfa þessu tiltekna atriði, svo afmarkað sem það væri. Þar með væri ekki ákvörðun tekin um annað en að fela einhverjum sérstökum sjálfstæðum aðila að annast þetta verkefni nánar, þannig að það starf, sem við lögðum þó á okkur á sínum tíma, væri ekki alveg unnið fyrir gýg og eðlilegt áframhald gæti orðið þrátt fyrir allt of langa bið.

Ég vil svo í lokin vitna í rökstuðning nefndarinnar fyrir Flutningsráðinu sjálfu. Þar koma fram þau meginrök sem enn í dag eru fyrir því að einhverri slíkri stofnun sé komið á innan stjórnkerfis okkar. Í nál. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofnanaflutningur í þeim mæli, sem till. nefndarinnar fela í sér, er meiri háttar stjórnkerfisaðgerð. Nefndinni þykir að athuguðu máli rétt að benda á stofnsetningu sérstaks aðila sem annaðist yfirstjórn stofnanaflutningsins. Slíkur aðili gæti heitið Flutningsráð ríkisstofnana. Það yrði skipað 7 mönnum kosnum hlutfallskosningu af Sþ. Verksvið Flutningsráðs ríkisstofnana væri í stórum dráttum tvíþætt.

Í fyrsta lagi gæti Flutningsráðið annast heildarskipulagningu og yfirumsjón á flutningi ríkisstofnana. Á vegum ráðsins gætu starfað margvíslegar samstarfsnefndir, t. d. með fulltrúum stofnana sem flytja eiga til sama svæðis, með fulltrúum skyldra stofnana sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta o. s. frv. Auk þeirra samstarfsnefnda sem tengdar eru einstökum stofnunum (sbr. 2.5.1), gæti slíkt kerfi samstarfsnefnda fleiri stofnana á vegum ráðsins auðveldað heildarframkvæmd stofnanaflutnings. Flutningsráðið gæti á þennan hátt og með almennum umr. á fundum sínum samhæft aðgerðir á þessu sviði, greitt úr erfiðleikum og auðveldað stofnanaflutning á margvíslegan hátt.

Í öðru lagi mætti fela Flutningsráði ríkisstofnana að veita umsögn eða gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og taka staðsetningu alls ríkiskerfisins til endurskoðunar með reglulegu millibili, t. d. einu sinni á hverjum áratug. Þótt nefndin hafi leitast við að taka til meðferðar alla þætti ríkiskerfisins mun þróunin næstu áratugi örugglega knýja á um endurskoðun á einstökum atriðum. Einhliða staðarval nýrra stofnana getur einnig skekkt hlutföllin á ný. Nefndin er því þeirrar skoðunar, að staðarval ríkisstofnana sé stöðugt verkefni og réttast að fela það ákveðnum aðila.

Verði fallist á þessi sjónarmið nefndarinnar er nauðsynlegt að setja lög um Flutningsráð ríkisstofnana. Til greina kæmi að fela ráðinu að loknum almennum umr. um till. nefndarinnar að semja frv. að lögum og reglugerðum í samræmi við þann stofnanaflutning sem fallist verður á að framkvæma. Stofnsetning Flutningsráðs ríkisstofnana gæti þannig orðið fyrsti áfangi verulegs stofnanaflutnings."

Ég geri mér ljóst að það er svo liðið á þetta þing að um þetta mál verður ekki fjallað nú. Álit Stofnananefndar verður ekki heldur lagt fyrir Alþ. nú til umr. og umfjöllunar, eins og þörf er á að gera. Það er búið að ræða það rækilega á öðrum vettvangi. Sveitarfélögin hafa fjallað rækilega um þessi mál á undanförnum árum og áratugum og myndað sér um þau ákveðnar skoðanir, mismunandi að vísu, en þær hníga að vonum allar í eina átt.

Til viðbótar er rétt að geta þess, að við erum að fá sífellt sterkari samráðsaðila úti á landsbyggðinni þar sem eru landshlutasamtök sveitarfélaganna. Hér eru að koma sem sagt og eru komnir upp nú þegar og eru í vaxandi mæli að koma upp þeir samráðsaðilar sem stjórnvöld þurfa á að halda til þess að koma hreyfingu á þessi mál og gera það skynsamlegasta á hverjum tíma í þessu efni.

Ég dreg enga dul á að mér þótti, þegar ég gekk frá þessu nál., að þarna gengjum við eins langt og okkur væri framast unnt að gera. Ýmsir þeir menn úti á landsbyggðinni, sem mestan áhuga höfðu og best höfðu kynnt sér þetta mál, töldu að þvert á móti hefðum við í mörgum tilfellum gengið of skammt, sérstaklega hvað varðar útibúa- og deildaskiptinguna. Um það má vafalaust endalaust deila.

Ég vil í lokin óska eftir því sérstaklega, að hæstv. núv. ríkisstj. taki upp á næsta þingi það sem segir í áliti þeirra tvímenninga, hv. þm. Ellerts B. Schram og Ingvars Gíslasonar, — til þess vinnst ekki tími nú, — þar sem þeir segja að þetta álit í heild verði lagt fyrir Alþ. og það skoðað rækilega, lagt þar fram til kynningar og umr. og skoðað þar rækilega og menn geti þar sagt sitt álit á bæði einstökum þáttum og málinu í heild. Ég treysti því, að í samræmi við þann stjórnarsáttmála, sem gerður hefur verið um byggðastefnu almennt verði hér um einn sjálfsagðan þátt að ræða, að álit Stofnananefndar komi til umr. á Alþ. og menn geti þar sagt álit sitt með eða móti, en það verður ekki lengur lokað inni í stjórnkerfi okkar

hjá embættismönnum einum, eins og hefur verið.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. (þskj. 570). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sbr. lög nr. 59 frá 1971.

Á undanförnum árum hefur innflutningur og verslun með tilbúin bruggunarefni (öl- og víngerðarefni) í neytendaumbúðum farið mjög vaxandi. Viðskipti virðast hafa eflst svo mjög að a. m. k. eitt fyrirtæki hefur talið grundvöll fyrir framleiðslu slíkra efna hér innanlands og hefur m.a. leitað eftir niðurfellingu tolla af efnivörum til framleiðslunnar í skjóli ákvæða EFTA-samkomulags.

Samkv. 7. gr. áfengislaga, nr. 82 frá 1969, er bannað að brugga eða búa til áfengi á Íslandi. Þetta skýlausa bannákvæði dugir skammt í baráttu við þá óheillavænlegu þróun sem átt hefur sér stað í þessum efnum á undanförnum árum, þar eð áfengislöggjöfin er að öðru leyti mjög ófullkomin og veitir ekki möguleika til að fylgja banni þessu eftir svo að vel sé. Samkv. 2. gr. áfengislaga er áfengi skilgreint á þessa leið: „Áfengi telst samkv. lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2.25% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, sem þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk." Í skjóli þessa ákvæðis má segja að sala umræddra efna hafi þrifist. Þeir aðilar, sem hafa séð um innflutning og dreifingu umræddra vara, hafa einfaldlega bent kaupendum á hvernig þeir eigi að halda styrkleika bruggsins innan löglegra marka og hverju það varði fari hann fram úr lögleyfðu hámarki. Þess skal getið hér, að þó svo 2. málsl. 2. gr. taki til dufts sem leysa megi upp í vatni nær ákvæðið ekki til umræddra efna, því að þótt þau séu leyst upp í vatni nægir það eitt sér ekki til þess að úr verði áfengur vökvi, heldur þarf a. m. k. að bæta við þau sykri og gerlum. Samkv. gildandi löggjöf verða brot á 7. gr. áfengislaganna varla sönnuð nema með því að staðreyna að áfengi hafi verið framleitt úr nefndum efnum. Til þess að svo megi verða þarf að hafa hendur í hári þeirra sem kaupa þessi efni í smásölu og framleiða eða brugga úr þeim áfenga drykki, t. d. í heimahúsum. Af skiljanlegum ástæðum hafa lögregluyfirvöld verið treg til aðgerða af þessu tagi. Á meðan söluaðilar umræddra efna geta skákað í því skjóli að brugga megi óáfenga drykki úr efnunum, þótt sá sé eðlilega ekki tilgangur þeirra sem kaupa þessi efni til bruggunar, má ljóst vera af framansögðu að þess er ekki að vænta að hægt verði að stemma stigu við ólöglegri bruggun hérlendis að óbreyttum lögum.

Nýlega var að tilhlutan fjmrn. athugað fræðilega hve mikið áfengi mætti framleiða úr því magni bruggunarefna sem stærsti innflutningsaðili þessara efna flutti inn á árinu 1978. Athugun þessi, sem unnin var af ölgerðarverkfræðingi, leiddi í ljós að úr ofangreindum efnum, sem aðeins umræddur aðili flutti inn, mátti a. m. k. framleiða áfengi sem samsvarar ca. 250 þús. 0.7 lítra flöskum af brennivíni með 40% rúmmálsprósentu styrkleika. (**StJ:** Hvað skyldi vera hægt að framleiða úr þeim sykri sem fluttur er inn og mjöli yfirleitt?) Það eru sennilega heil ósköp. — Vegna ummæla í blöðum um áætlun þessa skal tekið fram, að hún styðst við athugun á innflutningi 1977 og fyrstu 10 mánuðum 1978. Væri innflutningurinn eins og hann í raun og veru var 1978 lagður til grundvallar yrðu tölur þessar talsvert hærri.

Af því m. a., sem hér að framan hefur verið rakið, má ljóst vera að alvarleg félagsleg vandamál fylgja því ástandi sem nú ríkir í þessum málum, en það er e. t. v. aðalatriði þessa máls. Ég er þeirrar skoðunar, að þau vaxandi félagslegu vandamál sem fylgja stóraukinni bruggun í landinu séu talsvert íhugunarefni fyrir hv. Alþ. og ástæða til þess að taka þau mál til skoðunar. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort sú aðferð, sem hér er lögð til, nær þeim árangri í þessum efnum sem ætlast er til. Það er annað mál. En einnig hefur ríkissjóður þegar orðið fyrir mjög verulegu tekjutapi af þessum sökum. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að tekjur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins af áfengissölu á s. l. ári voru ca. 1.5 milljarði kr. lægri en gert var ráð fyrir að þær yrðu samkv. fjárl. 1978. Verði ekkert aðhafst til að hamla gegn þessari þróun má búast við áframhaldandi rýrnun þessa mikilvæga tekjustofns ríkissjóðs. Það er lítið samræmi í því að innleiða nýja tekjustofna, er skila ríkissjóði e. t. v. 200—300 millj. kr. hver með mikilli skriffinnsku og fyrirhöfn, og láta um leið afskiptalaust að einn helsti tekjustofn ríkisins rýrni um e. t. v. tífalda þá upphæð.

Í framhaldi af þessu skal þess getið, að svipuð vandamál hafa oft verið uppi annars staðar á Norðurlöndum. T. d. gripu Svíar til þess ráðs í ársbyrjun 1978 að banna með lögum notkun á „extrakti" og „konsentrati" úr malti, þrúgusafa eða öðrum ávaxtasafa við framleiðslu á áfengi. Sala þessara efna, sem hér að framan hafa verið nefnd tilbúin bruggunarefni, er talin hlutdeild í brotum á þeim ákvæðum sem banna notkun efnanna við bruggun. Engu að síður er bruggun áfengra drykkja leyfileg í Svíþjóð ef aðeins er notast við ávexti, malt, ómalað korn o. s. frv. sem grunnefni og þess jafnan gætt að áfengisstyrkleikinn fari ekki fram úr 4.5%. Þessar aðgerðir eiga rætur sínar að rekja til þess, að tekjur af áfengissölu höfðu stórlækkað s. l. ár um leið og sala framangreindra efna, sem auðvelda bruggun áfengra drykkja afar mikið, hafði stóraukist.

Með frv. þessu er lagt til að ríkisstj. einni verði heimilt að flytja inn eða framleiða tilbúin bruggunarefni svo og hvers konar lifandi gerla. Þessi tilhögun hefur verið ríkjandi varðandi innflutning áfengis og tóbaks hérlendis. Þá er nauðsynlegt, ef aðgerðir af þessu tagi eiga að bera raunhæfan árangur, að færa innflutning og sölu á lifandi gerlum aftur í hendur hins opinbera, en notkun gerla er nauðsynleg við bruggun áfengra drykkja. Lifandi gerlar eru nær eingöngu notaðir við bakstur (pressuger) og framleiðslu á öli, miði og víni, (öl- og vínger). Samkv. þessu frv. er þó gert ráð fyrir að heimila megi öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins innflutning og sölu á gerlum, enda uppfylli þessir aðilar skilyrði sem sett kunna að verða í því sambandi. Kemur einkum til álita að heimila öðrum aðilum innflutning á pressugeri,

enda verði tryggt að það verði eingöngu notað til brauð- og kökugerðar.

Það, sem er e. t. v. alvarlegast í þessu máli og ég held að sé óhætt að fullyrða, er að það eigi sér stað allalmenn bruggun sem er brot á lögum. Það má sjálfsagt deila um hvað í sjálfu sér er óæskilegt. En það þarf ekki að deila um að óæskilegt er að lög í landinu séu meira og minna brotin, vegna þess að það hefur auðvitað í för með sér þverrandi virðingu landsmanna fyrir lögum og rétti. Eins og ég sagði áðan skal ég ekkert fullyrða um hvort sú aðferð, sem hér er lögð til, nær fullkomlega þeim árangri sem til er ætlast, en ég er sannfærður um að hún mun a. m. k. minnka þá bruggunaröldu sem gengur yfir landið. Ég er sannfærður um það, vegna þess að torveldara verður að brugga en nú er.

Gert er ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða, að nauðsynlegt sé að gefa aðilum, sem stundað hafa innflutning, framleiðslu og sölu þeirra efna, sem samkv. frv. þessu eru gerð að einkasöluvöru, nokkurn tíma til þess að losa sig við birgðir sem þeir kunna að eiga af þeim þegar lög þessi öðlast gildi. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en vísa til ítarlegrar grg. sem fylgir frv.

Ég leyfi mér að beina þeim tilmælum til þeirrar hv. þn., sem fær málið til meðferðar að hraða meðferð þess þannig að unnt verði að afgreiða málið sem lög frá þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg svo til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er kannske erfitt að stilla sig um að fara út í umr. um þessi mál almennt þegar svo upplagt tækifæri gefst til þess sem er í raun með þessu frv. Ég tek það fram varðandi þetta frv. að ég hef ævinlega lýst þeirri skoðun minni, að af tvennu illu væri skárra að ríkið hefði sölu þessa á höndum en einstaklingar, þó að ég hafi sérstöðu í þessu máli að öðru leyti og sé á þeirri skoðun að því harðar sem við gengjum til verks í þessu máli, því betra. En þar er komið að svo viðkvæmu deiluefni að ekki er rétt að fara út í það hér út af þessu einstaka máli.

Það er hins vegar mjög einkennandi fyrir þetta mál, og kannske að sumu leyti að kenna því hvernig málið hefur verið sett fram, hvernig fjármálaþátturinn og fjármálahliðin hefur verið útblásin. Að vísu er það rétt að í grg. er vikið að hugsanlegu tekjutapi ríkissjóðs í sambandi við þetta. Ég tel þann rökstuðning því miður ekki eiga að vera inni í þessu frv., þó vissulega sé hann staðreynd, því að einmitt þessi rökstuðningur og það, sem þar kemur fram, er sá rökstuðningur sem fjölmiðlarnir hafa gripið til og telja eina tilgang þessa frv. Ég hefði heldur viljað að þessi hlið mála, þó hún sé vissulega rétt, hefði hreinlega hvergi sést í rökstuðningi þessa frv., og marka það af því, hvernig á þessu máli hefur verið tekið af fjölmiðlunum, þar sem í raun og veru er vikið að því á vægast sagt smekklausan máta að eina ástæða þess sé græðgi hæstv. fjmrh. í tekjustofna af áfengisneyslu, tekjustofna sem ríkissjóður annars missi af, en síður en svo það sem kemur fram í fyrri hluta þessara aths. varðandi þá grunnástæðu sem ég tel í raun og veru vera fyrir þessu frv.

Það verður ekki um of vakin athygli á hvernig fjölmiðlar hafa fjallað um frv. Þeim hefur því miður verið gefið visst tækifæri til að nudda sér upp úr þessu máli á ofangreindan hátt vegna röksemda um tekjutap ríkissjóðs og þess sem um það hefur verið sagt. Og af því að það vill svo vel til að við hv. alþm. a. m. k., og reyndar ættu fleiri að vita það, vitum hug hæstv. fjmrh. varðandi áfengismál almennt er þetta þeim mun ömurlegri upplástur sömu fjölmiðla. En ég viðurkenni sem sagt að þeir hafa vissa ástæðu til slíkrar túlkunar og hafa eingöngu beint máli sínu að því, að þarna væri um að ræða aðferð til að auka tekjur ríkissjóðs eða koma í veg fyrir minnkandi tekjur ríkissjóðs af þjóðarböli okkar.

Afstaða mín varðandi þetta mál að öðru leyti kom fram þegar í upphafi þegar mér var ljóst að þessi efni voru að koma á markaðinn. Ég bar fram fsp. til hæstv. viðskrh., sem reyndar var þá einnig dómsmrh., þegar ég varð þessa var, um möguleika á því að stöðva þennan innflutning og koma í veg fyrir að hann ætti sér stað. Í svari hæstv. ráðh. við fsp. minni, sem ég fann ekki þegar ég var að fara á þennan fund, man ég að fram kom að hann taldi nokkur tormerki á meiri háttar lagabreytingu. Ég benti á að í þessu væri fólgin mikil almenn hætta og bann við innflutningi þessara efna eða takmörkun á innflutningi þeirra með ákveðnum leyfisveitingum væri því mál sem ætti verulega vel að athuga. Afstaða mín til þessa máls fer því ekkert á milli mála eða reyndar til áfengismála almennt, og ég hygg að í því máli séum við hæstv. fjmrh. á sama báti — og veit það reyndar.

En til er í þessu landi aðili sem mér þótti skylt, þó með stuttum fyrirvara væri, að fá álit hjá á þessu máli almennt, en það er Áfengisvarnarráð. Sá aðili benti þegar í upphafi á þessa hættu og gerði það rækilega þó að daufheyrst væri við. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp frá þessu ráði, sem við kjósum og eigum að taka tillit til og fjallar um þetta mál á eins hlutlægan hátt og mögulegt er, nokkur minnisatriði um sölu öl- og víngerðarefna á Íslandi. Þau eru þessi:

„1. Um leið og innflutningur og sala öl- og víngerðarefna hófst hérlendis vakti Áfengisvarnaráð athygli stjórnvalda á því, að hér væri vægast sagt um vafasama starfsemi að ræða. Á það var m. a. bent, að efni þessi væru beinlínis ætluð til áfengisgerðar, en ekki til framleiðslu óáfengra drykkja. Útlendingar, sem sjá þessi efni í verslunum hér, láta sér t. a. m. ekki til hugar koma annað. Þá benti Áfengisvarnaráð á að þarna væru brugghús og þeir auðhringar, sem þeim tengjast, svo og íslenskir umbjóðendur þeirra að búa til röksemd fyrir því að hér skyldi heimila sölu áfengis öls. Það álit Áfengisvarnaráðs reyndist rétt, eins og misjafnlega viskulegar umræður um áfengt öl síðustu missirin hafa leitt í ljós.

2. Samkv. upplýsingum áfengisvarnanefnda víðs vegar um land hefur heimabruggun aukist jafnt og þétt síðan efni þessi komu á markað. Fyrir þann tíma var fátítt að nefndir teldu heimabruggun auka vandamál þau sem áfengisneysla veldur.

3. Efni þessi kalla Norðurlandamenn portvín eða hraðvín og hafa Svíar og Finnar bannað sölu þeirra. Norðmenn stefna að því sama og jafnvel Danir amast við þeim.

4. Bruggun úr þessum efnum mun það auðveld að unglingar og jafnvel börn geti með hætu móti orðið sér úti um áfengi ef þau komast yfir þennan varning.

5. Heilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna lítur svo á að aukin áfengisneysla leiði til víðtækara tjóns. Er það álit reist á grundvelli vísindarannsókna. Hvetur heilbrugðismálastofnunin aðildarþjóðirnar til að stuðla að minnkandi neyslu, m. a. með því að fækka dreifingar-

stöðum áfengis og tilvikum sem gefa tilefni til áfengisneyslu. Augljóst er að sala hraðvíngerðarefna í almennum verslunum gengur þvert á stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

6. Flestir munu sammála um að unglingadrykkja sé af hinu illa. Sala ölgerðarefna stuðlar tvímælalaust að aukinni drykkju unglinga og barna.

7. Sú stefna hefur verið ríkjandi í áfengismálum hérlendis að leitast við að koma í veg fyrir einkagróða í sambandi við áfengisdreifingu. Þess vegna var Áfengisverslun ríkisins stofnuð 1922. Þessi áfengismálastefna ríkir alls staðar á Norðurlöndum nema í Danmörku. Frjáls sala efna til áfengisgerðar stuðlar að því að einkahagsmunir hafi skaðvænleg áhrif á áfengisneysluvenjur þjóðarinnar, enda er það flestum ljóst að óeðlilegt er að einstakir menn hafi fjárhagslegan ábata af því að stuðla að ógæfu annarra, en áfengisneysla, þótt í smáu sé, verður tíðum upphaf hörmunga, svo kunnugt er það að vart þarf að rökstyðja.

8. Sænsk stjórnvöld líta svo á að sala öl- og víngerðarefna sé í raun og veru hvatning til lögbrota og aðstoð við þau, þ. e. ólöglega framleiðslu áfengis. Eru sölumenn slíkra efna dæmdir samkv. því.

9. Ljóst er að með því að láta einstaklingum haldast uppi að stuðla að ólöglegri áfengisgerð leynt og ljóst svo og ólöglegri meðferð áfengis (unglingar innan lögaldurs kaupi áfengi) er andi íslenskra áfengislaga að engu hafður. Sú „röksemd" innflytjenda öl- og víngerðarefnis, að það sé ætlað til framleiðslu óáfengra drykkja, er að engu hafandi, enda eru þessi efni framleidd til áfengisgerðar, eins og ljóst má vera af erlendum textum sem þeim fylgja."

Ég taldi rétt við 1. umr. um þetta mál að koma áliti þeirra ágætu manna, sem Áfengisvarnaráð skipa, á framfæri án þess að fara nánar út í efni þess almennt.

Ég tek enn undir það sem ég hef heyrt víða utan að mér um frv., að ég harma að svo mikil áhersla hefur verið lögð á fjármálalega þáttinn, spurninguna um tekjutap ríkissjóðs í þessu efni, og harma að það skuli einnig vera lögð eins mikil áhersla á það í grg. og raun ber vitni. Ég trúi því tæpast að hæstv. fjmrh., af skoðunum hans í þessu efni að dæma, hafi verið ljúft að mæla með slíkum rökleysum.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Í grg. þeirri, sem fylgir því frv. sem hér er til umr., kemur ljóslega fram að forráðamönnum ríkissjóðs stendur nokkur stuggur af því að þróunin hefur verið á síðustu tímum á þann veg að tekjur ríkissjóðs vegna sölu áfengra drykkja hafa orðið mun minni en áætlað hefur verið. Ég verð að segja að mér koma þessar staðreyndir ekki neitt á óvart, og þó ég vilji ekki gera lítið úr hæfileikum hv. ráðuneytismanna til að setja fram áætlanir um tölur, því að ég veit að þeir hafa mikla reynslu og þekkingu þegar þeir fjalla um slík mál, hallast ég frekar að því að þær tölur, sem gefnar eru upp um tekjumissi ríkissjóðs í sambandi við sölu þeirra efna, sem verið er að ræða um í þessu frv., séu miklu hærri í raun en nefndar eru. Tilgreint er í aths. að tekjur ÁTVR voru 1.5 milljörðum lægri en gert var ráð fyrir að þær yrðu samkv. fjárl. 1978, og samkv. grg. eru tekjur Áfengis- og tóbaksverslunarinnar af áfengissölu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs ca. 20% lægri en gert hefur verið ráð fyrir.

Svo er komið og það orðið á allra vitorði, að á markaðinum eru svo dýrleg tæki og þægileg að víngerð er hreinasti skemmtiiðnaður og unun að umgangast. Hefur og sannarlega verið staðið myndarlega að því að hvetja menn og örva til mikils heimilisiðnaðar, sem er orðinn mikið ánægjuefni og augnayndi margra þjóðfélagsþegna. Ég verð að segja frá eigin brjósti: Ég er orðinn nokkuð fullorðinn, en herra minn trúr, hefðum við, þegar ég var ungur og til í tuskið, haft ráð á slíkum tækjum! Hvílíkur munur eða þegar maður var að bíða eftir því að „landinn" læki í dropatali úr spanskgrænu smurningsolíurörunum sem stolin voru venjulega úr trillum og nótabátum sem voru uppi á grandanum, og allir geta vitað hve allt slíkt var mengað þá! — En það var samt bruggað. Og þá var ekki verið að brugga í skemmtilegum, uppyljuðum bílskúrum! Slíkt fór venjulega fram úti í fjósi eða í enn þá leiðinlegra umhverfi. Og míkið var bruggað. Ég er ekki frá því — þetta var á kreppuárunum og þá var minna um niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum — að nokkrir bændur hafi drýgt tekjur sínar verulega, a. m. k. gerðu það nokkrir í nágrenni Akureyrar, og ég fullyrði að svo hafi verið víðar um sveitir landsins. En þegar svo er komið að jafn dýrleg tæki og ég var að lýsa áðan eru fáanleg og það á mjög hagstæðu verði, að ég tali ekki um þegar þjóðfélagið verður fyrir því stórkostlega happi að fá ríkisstj. sem lítur svo frjálslyndum augum á þennan heimilisiðnað, að hennar fyrsta verk þegar hún sest í stólana er að afnema söluskatt af þessari nauðsynjavöru, er ekki nema von að slík uppörvun verði til þess að menn reyni að standa sig vel.

Ég veit að hv. þm. hefur verið kunn afstaða mín í sambandi við áfengismál frá því að ég byrjaði að láta heyra í mér á hinu háa Alþingi. Ég hef einnig tvívegis gert tilraun til þess að reyna að fá í gegn breytingar á áfengislögunum um að leyfilegt væri að framleiða áfengt öl í landinu. Þessar tilraunir mínar hafa ekki borið árangur. Síðast flutti ég þáltill. um að ákveðið yrði að þjóðin yrði spurð, hinn almenni kjósandi fengi tækifæri til þess að segja til um hvort hann vildi leyfa að sú breyting yrði gerð á áfengislöggjöfinni að heimiluð yrði bruggun áfengs öls. Till. náði ekki fram að ganga. Hv. alþm. voru það fastheldnir á framkvæmd lýðræðisins að þeir treystu sér ekki, samvisku sinnar vegna sjálfsagt, að veita kjósendum tækifærið, sem fólst í þáltill., til að menn mættu láta í ljós skoðanir sínar á þessu máli. Ég hef orðið var við það í samtali við ýmsa aðila, að menn hafa spurst fyrir um hverju það sæti að ég hafi ekki haldið áfram tillöguflutningi í sama dúr og ég hef gert undanfarið. Er því beinlínis til að svara, að eins og komið er málum í þessu þjóðfélagi fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins, því að búið er að gera svo aðlaðandi og þægilegt og skemmtilegt að stunda þessa heimilisiðju fyrir þess atbeina, er mér persónulega mjög til efs að þó að þjóðin væri nú spurð að því, hvort hún vildi heimila þá breytingu á áfengislöggjöfinni að farið yrði að framleiða áfengt öl, fengist meiri hluti fyrir því. Og hver er ástæðan fyrir þessari skoðun minni? Jú, hún er einfaldlega sú: Almenningur er búinn að ná slíkum árangri við framleiðslu þessarar vörutegundar og gæði framleiðslunnar eru orðin með þeim ágætum að ríkið mundi undir engum kringumstæðum vera samkeppnisfært um verð. Hægt er að framleiða nærri því hvaða tegund sem er af bjór, hverju nafni sem menn vilja kalla hann, allar tegundir, fyrir ca. 35 kr. pottinn. Hafa ágætir stuðningsmenn mínir í þessu máli sagt við mig: Nei, vinur minn, þú þarft ekki að halda að við ætlum að

fara að borga fjmrh. eða Áfengisverslun ríkisins það verð sem hún þarf til þess að geta staðið undir slíkri sölu. Það mundi verða mörg hundruð prósent dýrara fyrir okkur en að framleiða sjálfir þessar vörur núna.

Þannig hefur þá þróunin orðið. Þetta eru afleiðingarnar af því að stimpast hefur verið við undanfarin ár í þjóðfélagi þar sem heimilt er að selja í tugum lítra sterkustu áfenga drykki sem til eru á markaðnum, en harðbannað með lögum að selja veikasta drykkinn.

Samþykkt frv. þess, sem hér liggur fyrir, hefur ekki nokkur minnstu áhrif á þróun mála, eins og þau eru nú, þannig að tekjur ríkisins aukist. Það má banna með margföldum lögum hver eigi að selja gerla og tegundir bruggefnis. Þegar almenningur er búinn að ná slíkri hæfni og árangri í framleiðslu þessara vörutegunda sem raun ber vitni er mönnum hjartanlega sama hvaða lagaákvæði verða samþ. hér. Bruggunin heldur áfram. Það er ekkert léttara en að halda áfram þó að þessi lög verði samþ. En það er annað sem gæti komið í ljós og kannske orðið til þess að árangur af lagasetningu sem þessari yrði algerlega í öfuga átt. Ég gæti látið mér detta í hug ef sá árangur næðist sem stefnt er að með því að bera fram frv. eins og þetta, að hörgull yrði á lifandi gerlum og þeim frumefnum sem þarf til þess að búa til hinn ágæta bjór sem er á hvers manns borði, þá sneru menn sér næst að því að nota hin dýrmætu tæki til þess að eima. Það getur vel verið út af fyrir sig að það verði tilbreyting fyrir menn og menn fari að snúa sér að slíkri framleiðslu. Vil ég benda hæstv. fjmrh. á að þegar sú starfsemi væri búin að vera í 1—2 ár held ég að tekjutap ríkissjóðs yrði nokkrum sinnum 1.5 milljarðar og nokkrum sinnum 20%; þegar þau dýrmætu tæki sem nú eru nærri því í hverju húsi, jafnvel á meiri hluta heimila. væri almennt farið að nota til að brugga sterkar veigar.

Nei, ég held að kominn sé tími til — og það fyrir lifandi löngu — að hv. yfirvöld og þeir, sem fást við og fara með þessi mál, fáist til að líta á þau af því raunsæi sem nauðsynlegt er til að við getum umgengist málefnið af skynsemi og af sæmilegu viti. Og ég held að það komist aldrei lag á þessa hluti fyrr en við hættum að stinga höfðingu í sandinn og förum að takast á við þessi mál með fullri viðurkenningu á staðreyndum og eðlilegum hætti. Auðvitað á að leyfa sölu á öllum tegundum áfengis í þessu landi. Við erum miðsvæðis í „heimstrafíkinni", ef svo mætti að orði komast, og við erum orðin að viðundri vegna þess hvernig við högum okkur í áfengismálum, sérstaklega í sambandi við sölu og meðferð áfengra drykkja.

Ég vil í allri einlægni og velvild segja fyrir mitt leyti: Mér er alveg eins ljóst og hverjum einum að við eigum við gífurleg vandamál að etja í þjóðfélagi okkar af afleiðingum ofdrykkju og ofnotkunar áfengis, og það má enginn skilja orð mín þannig að mér sé ekki ljós sú hætta sem felst í ofnotkun áfengis. Ég vil aðeins að gefnu tilefni nota þetta tækifæri til þess að staðfesta að ég er reiðubúinn með atkv. mínu á hinu háa Alþingi að styðja duglega við bakið á hverjum þeim aðila sem vill gera nauðsynlegar ráðstafanir til bjargar og hjálpar þeim sem berjast við það mikla böl sem ofnotkun áfengis er. En ég fer ekki ofan af þeirri sannfæringu minni, að besta lækningin í þessum málum og skynsamlegustu viðhorfin til þessara mála séu að viðurkenna staðreyndir. Við getum ekki komist hjá því. Högum okkar er þannig komið, að við getum ekki einangrað okkur og verið eins og hvert annað eyðisker þar sem útilokað sé með öllu að ná í áfengan bjór. Ég held að það eigi að vera stefna löggjafans í þessu máli að líta á þetta mikla vandamál, sem það vissulega er, frá uppeldislegu sjónarmiði. Ef það þykir nauðsynlegt að hefja kynferðisfræðslu meðal barna sem hafa náð 6—7 ára aldri, hví skyldi þá ekki vera ástæða til þess að fræða æskuna um skaðsemi og skaðleg áhrif áfengisnotkunar um leið og þjóðfélagið viðurkennir að það er beinlínis ekki hægt að útiloka áfengisnotkun í þjóðfélaginu? Ég held að það væri því miklu betra ef hæstv. yfirvöld, sem hafa með framkvæmd þessara mála að gera, vildu taka á sig rögg og snúast við þessum vandamálum, ekki á þann veg sem stefnt er að með flutningi þessa frv., heldur kæmu þessum málum í einhvern skynsamlegan farveg með fræðslu, skynsamlegri löggjöf og skynsamlegri framkvæmd þeirrar löggjafar, þannig að okkur mætti takast að kenna þjóðinni að umgangast áfengi og áfenga drykki á manneskjulegan og menningarlegan hátt. Með því eina móti mundi okkur takast að ráða við og minnka eða lina þær miklu þjáningar sem vissulega eru fyrir hendi í hinu fámenna þjóðfélagi okkar af ofnotkun áfengis, sem við áreiðanlega allir erum sammála um að við viljum veita styrk til þess að bæta úr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Ég vildi fyrst í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Austurl. undirstrika það, sem ég sagði í framsöguræðu minni, að aðalatriði þessa máls væru þau alvarlegu félagslegu vandamál sem fylgja því ástandi sem nú ríkir í hinum svokölluðu bruggunarmálum. Ég vil enn fremur benda á að hann tilgreindi álit Áfengisvarnaráðs. Það gæti flýtt afgreiðslu málsins í hv. þn. að þurfa ekki að kalla þá aðila fyrir sig, heldur hafa afstöðu þeirra þegar í þskj.

Í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. kom fram að þessi iðnaður væri heimilisiðnaður og ánægjuefni fyrir marga. Það kann að vera rétt. En hann er ekki ánægjuefni fyrir alla, það vil ég segja og þekki dæmi þess. Því miður kunna menn ekki sæmilega með þessi mál að fara, nema sumir. Við fetum í raun og veru í fótspor bræðraþjóða okkar á Norðurlöndum í þessum málum. Þar eru þessi málefni komin í óefni og þeir taka nú miklu harðar á þessu lagalega séð en við gerum. En ég get eigi að síður verið sammála um að því miður er ekki fær leið eins og komið er að framfylgja lögum af fullri hörku í þessum efnum. Þá þyrfti að senda lögreglu inn á tugi hundraða heimila í landinu til þess að fylgja lögunum fram.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áður, að alverlegt mál og íhugunarefni er fyrir Alþ. þegar svo er orðið ástatt að lög eru brotin allalmennt. Það eykur á virðingarleysi manna fyrir lögunum. Það er önnur alvarleg hlið þessa máls.

Ég sé að hv. 3. þm. Austurl. er genginn í salinn. Ég var að segja í tilefni af ræðu hans, að ég tók skýrt fram í framsöguræðu minni að ég teldi aðalatriði þessa máls vera þau félagslegu vandamál sem fylgja því ástandi sem ríkjandi er í þessum efnum.

Mér þótti vænt um hugleiðingar hv. 2. þm. Norðurl. e. um áhyggjur hans af áfengisbölinu, en mér hefur stundum fundist að of margir svokallaðir framámenn í landinu tali of gáleysislega um þessi málefni. Ég fullyrði að áfengisvandamálið er eitt alvarlegasta vandamál sem þjóðin á við að stríða. Hitt er annað mál, og þar get ég

verið sammála hv. 2. þm. Norðurl. e., að vandasamt er að taka á þessum málum. Frv., sem hér er flutt, er tilraun til þess að bæta úr ástandinu, draga úr þessu böli, sem ég vil svo nefna, og færa til betri vegar.

Það er staðreynd, að síðan breyting varð á lögum — ég held að það hafi verið 1969 — hefur bruggstarfsemi í landinu stórkostlega aukist. Ég er ekki að fullyrða að breyting til baka hafi þau áhrif að auðvelt verði að uppræta bruggið. En ég held satt að segja að svo hafi verið komið laust fyrir 1970 að brugg hafi að mestu leyti verið lagt af í landinu. Ég þekki t. d. mjög mikið til á Austfjörðum, bæði í sveitum og við sjó, og ég held að bruggun, sem var talsvert algeng á árum áður bæði til sjávar og sveita eins og kunnugt er, hafi að mestu leyti verið lögð af á áratugnum milli 1960 og 1970. Ég held að breyting á áfengislögunum í þá átt að heimila starfsemi eins og þá sem nú fer fram hafi stóraukið bruggunina í landinu. Það er m. a. byggt á þeirri skoðun er ég beiti mér nú fyrir því að flytja þetta frv.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég kem hér upp í ræðustól til þess að láta í ljós stuðning minn við þetta frv. Ég geri það fyrst og fremst vegna þess að mér er alveg ljóst og allir vita að þau efni, sem hér er um að ræða, eru flutt inn til landsins í þeim eina tilgangi að brugga áfengt öl. Hvort sem áfengt öl er nauðsyn eða æskilegt, er óeðlilegt að á meðan bannað er að brugga áfengt öl í landinu og bannað að neyta þess sé með vitund yfirvalda flutt inn efni í þeim eina tilgangi að nota það til þess arna.

Annars langar mig til að velta því fyrir mér, hvort sá samdráttur, sem orðið hefur í sölu Áfengisverslunar ríkisins, sé fyrst og fremst eða eingöngu þessu atriði að þakka. Það er ekki nýtt fyrirbrigði að á vissum tímabilum dragist sala á áfengi saman og það fer eftir ákveðnum farvegi. Ef kaupgeta í landinu minnkar dregst áfengissalan eitthvað saman. Ef áfengisverðið hækkar skyndilega til muna dregst salan saman. Venjan er svo sú, að það jafni sig með tímanum. Ég held að það, sem hafi e. t. v. ekki síður verkað í þá átt að minnka sölu hjá Áfengisverslun ríkisins, sé í fyrsta lagi afturvirkni skatta, sem olli því að margir, sem hefðu haft rúm fjárráð seinni hluta árs, höfðu það ekki lengur, í öðru lagi stórkostleg hækkun á bensínverði, sem hefur rýrt kaupgetu fólks gífurlega mikið, og í þriðja lagi óttinn við hvað væri fram undan og því væri farið varlegar í notkun fjármuna en áður. Ég held að þetta hafi allt saman mikil áhrif á sölu Áfengisverslunar ríkisins. Hitt er svo annað mál, að vafalaust er mikið keypt af bruggunarefnum, þótt ég geti ekki almennilega fellt mig við að skýra samdráttinn í áfengissölunni með því, ekki síst vegna þess að oft leiðir bjórdrykkja einmitt til drykkju á sterkara áfengi og þess vegna er ekki vafi á að í vissum tilfellum hefur bruggun áfengs öls í för með sér enn þá frekari og langvinnari drykkju áfengis frá Áfengisverslun ríkisins.

Annars er því ekki að neita, eins og ég oft sagt hér áður, að erfitt er að andæfa framleiðslu eða sölu á veikum drykkjum í landi þar sem sterkir drykkir eru fyrir hendi. Ég vil þó geta þess, að ef við t. d. hugsum til barna og unglinga er nokkur eðlismunur á því að drekka öl eða drekka vín. Það er fullkomlega afsakanlegt að drekka öl og þá sama hvort prósentan er 2, 2.2 eða 2.3, það er ekki meginatriði, en það er allt annað að drekka brennivín eða annað vín. Ég held að kannske liggi það til grundvallar því, að við andæfum sölu áfengs bjórs mjög mikið, að við getum fengið veikt áfengi hér í landi. Við höfum hvítvín og rauðvín og öll þau veiku vín sem mér hefur lengi fundist að væru of hátt verðlögð hér í landi, og ef við kærum okkur um að drekka veika drykki eru þeir fyrir hendi hér.

En það þýðir ekki að stinga hausnum í sandinn, eins og sagt var áðan. Alþjóðastofnanir eru loksins búnar að finna út að áfengi sé skaðlegt og svo hroðalega skaðlegt að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin er loksins búin að viðurkenna að það sé eitt mesta böl mannkynsins, bæði heilsufarslegt og félagslegt. Þess vegna er náttúrlega ekki nokkur glóra í því að vera að halda því fram, að það mundi bæta eitthvað fyrir okkur að fá bjór til viðbótar. Flestar þær þjóðir, sem eru nú að uppgötva, hvað þær eru í raun og veru illa staddar heilsufarslega, hafa drukkið bjór öldum saman. Og ég held að það sé kannske að koma í ljós að íslenska þjóðin er ekkert verr stödd en aðrar þjóðir, þó rétt sé, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., að áfengisneysla er eitt mesta félagslega vandamál landsins. Við erum ekkert verr staddir en aðrir í því efni, það er mikill misskilningur. Fjöldi þjóða er miklu verr á vegi staddur í þessum efnum en við. Ég held því að rétt sé að hamla gegn bruggun.

Það má vera að sá tími sé ekki langt undan að svo fari með áfengið sem með tóbakið. Fyrir 10—20 árum hefði ekki þótt að minnast á það við nokkurn mann, að sá tími kynni að renna upp að framleiðsla sígarettunnar yrði bönnuð. En það virðist ekki vera langt undan að það komi fyllilega til greina. Ef það væri ekki svona mikið atvinnuspursmál og viðskiptaspursmál væri eflaust búið að banna tóbakið. Þannig geta tímarnir breyst. Það er að sýna sig að neysla áfengis fer vaxandi með vaxandi kaupgetu í fjöldamörgum löndum. Það þýðir að skaðvænu áhrifin margfaldast og betur kemur í ljós hvað áfengi er stórskaðlegt. Því mun verða reynt að hamla gegn skaðlegum áhrifum þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 79. fundur.

Mánudaginn 30. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Orkuiðnaður á Vesturlandi, frv. (þskj. 355). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 442). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Happdrættislán vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, frv. (þskj. 476). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frv. (þskj. 564). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 553). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 553 flyt ég frv. til l. um stofnun og slit hjúskapar. Í því felst að lækka aldur heimildar til stofnunar og slita hjúskapar úr 20 árum í 18 ár.

Fyrir Alþ. liggur nú lagafrv. um breyt. á lögum um lögræði, nr. 95/1947, þar sem sú breyting er ráðgerð að lækka lögræðisaldur úr 20 árum í 18 ár. Svo sem um getur í aths. með því frv. er eðlilegt að breytt verði við lögfestingu lækkaðs lögræðisaldurs, lagaákvæðum þar sem áskilnaður um samþykki foreldra er bundinn við 20 ára aldur. Svo er um samþykki foreldra við hjúskaparstofnun barns þeirra, sem er innan við 20 ára aldur, samkv. gildandi lögum. Er því lagt til með þessu lagafrv. að aldursmark lækki í 18 ár.

Lagafrv. um lögræðisaldur er nú í þessari hv. d. og er komið til allshn. Er það í síðari deildinni. Þótti því rétt að flytja frv. það sem hér liggur nú fyrir.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Eðlilegt er að frv. þetta hafi samflot með því frv. um lögræðisaldur sem áður gat um og þar er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, frv. (þskj. 274, n. 566). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað þetta frv., en eins og hv. alþm. vita er þetta eitt af þeim frv. sem voru í félagsmálapakkanum, sem svo var kallaður 1. des. s. l. Frv. var sent Búnaðarþingi til umsagnar og gerir Búnaðarþing till. um að breyta frv. lítillega. Varð landbn. við þeirri ósk. Brtt. er á þskj. 566 og er svo hljóðandi:

„Við 3. gr. 1. og 2. málsl. 3. mgr. orðist svo: Afleysingamenn skulu hafa rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda. Skulu þeir taka laun eftir sama launaflokki og viðurkenndur er af landbrn. fyrir frjótækna."

Landbn. fannst að eðlilegra væri að vísa á launaflokkinn, en þegar það var athugað kom í ljós að frjótæknum er ekki skipað í launaflokka með opinberum starfsmönnum, heldur hefur landbrn. ákveðið flokkinn. Með tilliti til þess varð n. sammála um að brtt. væri eðlileg.

Hv. þm. Bjarni Guðnason skrifaði undir með fyrirvara, en Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hátekjuskattur, frv. (þskj. 558). — 1. umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um sérstakan hátekjuskatt. Það flytja með mér hv. þm. Vilmundur Gylfason, Bjarni Guðnason, Gunnlaugur Stefánsson og Jóhanna Sigurðardóttir. Ég vil fara í stuttu máli yfir þetta frv. og helstu atriði þess.

Í 1. gr. frv. segir að „fari launatekjur einstaklings yfir 12 millj. kr. á ársgrundvelli skal innheimta sérstakan hátekjuskatt, sem nemur 85% af þeim tekjum sem eru umfram 1 millj. kr. á mánuði."

Í 2. gr. frv. segir: „Þennan sérstaka hátekjuskatt skal innheimta mánaðarlega, þannig að ef tekjur fara yfir 1 millj. kr. á mánuði skal vinnuveitanda skylt að halda eftir 85% af því sem er umfram 1 millj. kr. og leggja það inn á sérstakan reikning ríkissjóðs. Nái tekjur launþega, sem áður hefur greitt þennan skatt, ekki millj. á mánuði síðar á tímabilinu skal endurgreiða honum af sama reikningi."

Í grg. með frv. segir m. a.:

Frá því að Alþ. samþykkti frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu liðu ekki nema nokkrir dagar þar til launahlið frv. tók að riðlast. Í því sambandi má nefna samninga Flugleiða hf. við hóp flugmanna og lyktir þess máls. Án tillits til þess, hvaða skoðanir menn kunna að hafa á hátekjum eins og þeim sem hér um ræðir, má ljóst vera, að samningar af þessu tagi kunna að leiða til skriðu peningalaunahækkana, bæði hjá áðurnefndu fyrirtæki og hjá fjölmörgum stéttum öðrum í þjóðfélaginu. Líklegar afleiðingar eru að launahlið efnahagsfrv. standist ekki, verðbólgumarkmiðin verði að engu gerð og allt þjóðfélagið gjaldi fyrir dýru verði.

Flm. þessa frv. hafa kannað möguleika á lagasetningu um frestun launahækkana í samningum Flugleiða hf. og flugmanna. Sú leið er talin ófær eða illfær, einkum vegna afturvirkni slíkra laga: Sérstakur hátekjuskattur hefur þá kosti fram yfir aðrar leiðir, að hann nær til þeirra hópa í þjóðfélaginu sem miklar tekjur hafa. Hann er því almenn regla.

Í þessu frv. er lagt til að á verði lagður sérstakur hátekjuskattur er komi í stað almennra tekjuskatta, — og ég vil að þessari setningu verði veitt sérstök athygli, — „er komi í stað almennra tekjuskatta, og hann innheimtur með staðgreiðslukerfi. Gallinn við þessa aðferð er auðvitað sá, að lögin ná ekki til þeirra einstaklinga í þjóðfélaginu sem hafa haft aðstæður til að „skammta" sér skatta á löglegan eða ólöglegan hátt. Engu að síður er það álit flm., miðað við ríkjandi aðstæður á launamarkaði, að löggjafanum beri að grípa inn í í jöfnunarskyni, svo og til að hamla gegn verðbólguþróun sem nýtt launaskrið mundi hafa í för með sér.

Minna má á þá þáltill. þm. Alþfl. sem gerir ráð fyrir afnámi tekjuskatts af almennum launatekjum. Þess er fastlega að vænta, að sú þáltill. verði samþ. nú fyrir þinglok. Þar er gert ráð fyrir að tekjuskattur sé afnuminn af almennum launatekjum, sem eru skilgreindar svo, að þær séu tvöfaldar meðaltekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna. Þetta er yfirlýst stefna Alþfl. Það breytir ekki hinu, að þegar laun eru orðin óheyrilega há þykir full ástæða til að skattleggja þau mikið í því skyni að koma á jöfnuði og jafnvægi í þjóðfélaginu."

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara miklu fleiri orðum um þetta frv. Það skýrir sig að verulegu leyti sjálft.

Flm. óttast mjög að úr böndum sé að fara sú launastefna sem ríkisstj. hefur reynt að móta í tengslum við eigin efnahagsmálastefnu. Samningar þeir, sem gerðir

voru við flugmenn Flugleiða hf. nýlega, hafa valdið mikilli ólgu og óánægju á launamarkaði, svo að ekki sé tekið dýpra í árinni, enda má segja að þeir hafi komið eins og hnefahögg í andlit láglaunafólksins í landinu sem ríkisstj. hefur beðið um að skerða eigin laun. Allt bendir til að þeir samningar, sem ég hef vitnað hér til, svo og ýmislegt annað, sem nú er að gerast á launamarkaði, geti valdið launaskriði sem ekki verður við ráðið. Slíkt launaskrið gæti á skömmum tíma gert að engu tilraunir til baráttu gegn verðbólgu sem hefur verið höfuðmarkmið núv. ríkisstj. Þar með gæti ríkisstj. ekki staðið við þau loforð að vernda kjör láglaunafólksins í landinu.

Tilgangurinn með þessu frv. er bæði einfaldur og skýr. Hann er sá að setja raunverulegt þak á launatekjur, þ. e. að þær geti ekki farið upp fyrir 1 millj. kr. á mánuði hjá einstaklingi og ekki yfir 12 millj. kr. á ári. Því hefur verið haldið fram, að frv. feli í sér 150% skattlagningu. Þetta er auðvitað fjarstæða og kemur enda fram í grg. að um allt annað er að ræða. — Ég verð í þessu sambandi að segja að mér finnst þáttur Morgunblaðsins í fréttaflutningi af þessu frv. fyrir neðan allar hellur, en sýnu lakara þykir mér þegar ábyrgur embættismaður gerir sig sekan um að túlka frv. af þessu tagi í fjölmiðli og taka ekkert mið af grg. þeirri, sem frv. fylgir, og búa sér til tölur sem engan veginn fá staðist.

Flm. er ljóst að í útfærslu frv. þarf að leysa nokkur tæknileg vandamál. Þeir treysta því hins vegar að hinum hæfu embættismönnum á sviði skattamála verði ekki skotaskuld úr því að leysa þann vanda. Þar er einkum að ræða nokkur atriði er snerta einstaklinga sem taka laun á fleiri en einum stað.

Flm. hefðu vissulega kosið að ríkisstj. hefði getað gert þetta frv. að sínu, en treysta því hins vegar að þeir eigi stuðning hennar vísan í jafnsjálfsögðu máli og þessu. Hér er gert róttæk tilraun til launajöfnunar, áhrifameiri en flest það sem gert hefur verið á þessu sviði. En þetta frv. leysir hins vegar ekki stórfelldan vanda sem nú er við að stríða þar sem eru skattsvikin, bæði þau löglegu og ólöglegu. Á því sviði er nauðsynlegt að gera mikið átak svo að stöðva megi það gífurlega launamisrétti sem felst í misjafnri aðstöðu manna til að skammta sér laun, ákveða sér hlunnindagreiðslur og beita ýmsum aðferðum til að lagfæra tekjuhlið á skattframtali.

Það skal ítrekað, að flutningur þessa frv. breytir í engu stefnu Alþfl. um afnám beinna skatta af almennum launatekjum. En millj. kr. laun á mánuði, 12 millj. á ári, eru ekki almennar launatekjur, heldur fjórföld til fimmföld grunnlaun verkamanns. Það er óhætt að fullyrða að launamisréttið í þjóðfélaginu sker í augu hvers manns sem vill kynna sér það. Rangt vísitölukerfi hefur að mínu mati aukið á þetta launamisrétti sem kemur hvað skýrast í ljós þegar vísitöluþakinu er lyft af launum hátekjuhópanna. Láglaunafólkið situr eftir og bilið breikkar stöðugt. Það er þess vegna mikil nauðsyn að setja raunverulegt þak á tekjur — þak sem ekki verður lyft með ákvörðun lítils hóps manna.

Í þeim sviptingum, sem nú eiga sér stað í kjaramálum, verður löggjafinn að tryggja að launamisrétti verði ekki aukið frá því sem nú er. Það er oft sagt að ríkisstj. eigi ekki að blanda sér í almenna kjarasamninga. Undir það get ég tekið. En þegar að því stefnir að barátttan gegn verðbólgunni verði að engu gerð vegna aðgerða fárra einstaklinga eða fyrirtækja verður löggjafinn að grípa inn í, hvort sem honum þykir það betra eða verra. Ríkisstj. verður að standa við loforð sín um að tryggja kjör láglaunafólks og verja þau nýrri verðbólguholskeflu sem kann að ríða yfir á næstu missirum.

Í sambandi við þessi orð get ég ekki stillt mig um að láta þá skoðun mína í ljós, að afskiptaleysi þessarar virðulegu stofnunar af margvíslegum veigamiklum málum hafi valdið því, að þingræðið hefur verið á undanhaldi síðustu áratugi. Aðrar stofnanir hafa haft meiri völd. Þessari þróun verður að snúa við og það strax. Geti Alþ. haft áhrif til meiri launajöfnunar á það að beita valdi sínu til þess. Þetta frv. er launajöfnunarfrv. fyrst og fremst.

Herra forseti. Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta frv., en vænti þess, að umr. lokinni verði því vísað til fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég hef fullan skilning á viðleitni hv. flm. sem standa að frv. því sem hér er til umr. Það er afar skiljanlegt að þeir vilji reyna að stemma stigu við þeim ójöfnuði sem ríkir í launamálum í þessu þjóðfélagi, og er það að sjálfsögðu í anda þeirrar stefnu sem þeir eru fulltrúar fyrir.

En þó er ástæða til að skoða þetta mál örlítið frá nokkrum hliðum. Ég er hræddur um að þegar það verður gert í n., en málið fer þangað til athugunar, komi í ljós að ýmsir erfiðleikar hljóta að verða á framkvæmd þessa máls. Ég þarf ekki annað en minnast á að það eru tvær fyrirvinnur í fjölmörgum fjölskyldum og tekjur manna frá einum tíma til annars eru ákaflega misjafnar. Það má m. a. s. setja upp dæmi, til þess að nefna eitthvað, sem gefur til kynna um tvær fyrirvinnur: Við getum hugsað okkur að ráðh. væri giftur lækni, sem er tekjuhár, eða hæstaréttardómara, svo að tekin séu einhver dæmi sem hægt er að ímynda sér að gætu gerst. Þá lendir þessi skattur ekki á þeim aðilum, því að þeir fara ekki hvor um sig yfir það mark sem um er að ræða. Ýmis slík tilvik geta komið upp og geta gert tilgang frv. að litlu eða engu. Þetta frv. held ég sé þess vegna fyrst og fremst tilraun til kattarþvottar — tilraun til þess að láta líta út fyrir að Alþfl. beri ekki ábyrgð á þeirri launastefnu sem ríkisstj. hefur fylgt, ef stefnu skal kalla.

Hv. 1. flm. sagði að tilgangurinn væri að setja þak á laun manna. Þá vakna ýmsar spurningar, eins og t. d.: Hvers vegna fauk launaþakið af? Hvers vegna fóru Flugleiðasamningarnir eins og þeir fóru? Og af hverju er ríkisstj. í vandræðum með launamálin? Svörin eru afskaplega augljós. Þeim var reyndar komið á framfæri við hv. þd. á sínum tíma þegar hæstv. forsrh. lýsti yfir að forsendur þess, að þakið fauk af í dómi Kjaradóms, væru að sjálfsögðu þær að Reykjavíkurborg samdi þannig við starfsmenn sína og það sama gerði t. d. Íslenska álfélagið. Þetta er tekið fram í forsendum þess dóms og þess vegna er ríkisstj. í þessum vandræðum.

En hverjar voru svo ástæður þess, að Reykjavíkurborg samdi eins og raunin varð á? Þær eru að finna í kosningabaráttu Alþfl. og Alþb. og þá einkum og sér í lagi Alþb., sem gerði það að sínum helstu kosningamálum að samningarnir færu í gildi. Það er því alfarið þessum flokkum tveimur að kenna — eða þakka — hvernig málum er nú háttað á launamarkaðinum hér á landi. Þetta ber okkur að hafa í huga. Þetta ber okkur að ítreka hér í þingsölum þannig að það fari ekki milli mála. Og ég leyfi mér að koma upp í ræðustól á hv. Alþ. til þess að rifja upp ummæli hæstv. forsrh. í þessu máli þannig að á

framfæri komist hin beina viðurkenning hans á því, hvernig þessum málum er komið.

Sökin er ríkisstj. Að ríkisstj. standa þrír flokkar, þ. á m. Alþfl., og í Alþfl. eru hv. flm. þessarar till. sem nú ætla með þessu frv. að þvo hendur sínar. Það er í sjálfu sér skiljanleg afstaða þeirra sem ekki þora að takast á við afleiðingar eigin gerða. Maður verður að skilja slík viðhorf. En það breytir ekki því, að till. eins og þessi eru fyrst og fremst settar fram til þess að slá ryki í augu fólks. Þær eru ekki settar fram til þess að þær fáist samþykktar á þessu þingi. Það er ekki heil hugsun á bak við frv. Ég held að afgreiðsla þingsins á þessu máli verði í stíl við það hvernig til var stofnað.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er hreyft ákaflega þýðingarmiklu máli sem landsmenn allir eru með hugann við um þessar mundir, einkum og sér í lagi þó í framhaldi af þeim samningum sem gerðir voru við flugmenn á sínum tíma. Það er mjög eðlilegt að menn velti fyrir sér með hvaða hætti á að bregðast við samningum af því tagi. Ég er þeirrar skoðunar, að meðferð mála í svipaða veru og gerð er till. um hér í frv. hv. þm. Alþfl. eigi að koma til skoðunar. Hins vegar er flókið mál að koma því fyrir og það þarf að vanda slíka lagasmíð. Veit ég að hv. þm. hafa fullan skilning á slíku.

Ég kem hér sem sagt fyrst og fremst til að undirstrika stuðning minn við þá meginhugsun sem mér skilst að liggi á bak við þetta frv., en ég undirstrika jafnframt að á því eru verulegir tæknilegir ágallar sem þarf að lagfæra. Ég held að nauðsynlegt sé að þannig verði að staðið að tæknilegir ágallar verði ekki til að afla jafnþörfu máli óvinsælda og skapa því óánægju meðal landsmanna að óþörfu, sbr. þann áróður sem þegar er hafinn gegn þessum þanka í stjórnarandstöðublöðunum, einkum og sér í lagi í Morgunblaðinu.

Við hv. 5. landsk. þm. hef ég í sjálfu sér ekki margt að segja. Þetta var venjulegt nöldur af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hann flutti auðvitað engar till. um eitt eða neitt í þessum efnum, var með getsakir á ríkisstj. og stjórnarflokkana út og suður sem engu breyta og engin áhrif hafa á mig frekar en aðra þm. stjórnarflokkanna í þessum efnum.

Ég bið menn að hafa það í huga í sambandi við þetta mál, að ekki má blanda því að óþörfu og á ótímabæran hátt saman við þá kjaradeilu sem nú stendur yfir af hálfu yfirmanna á farskipum og útgerðarfélaga þeirra. Ég held að skynsamlegt sé að láta reyna á það til þrautar hvað séu eðlilegust viðbrögð og vinnubrögð, láta reyna á til þrautar hvort menn geta þar náð samkomulagi. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef þaðan, tel ég að það þurfi alls ekki að vera útilokað. Öll ótímabær afskipti af slíku, jafnvel yfirlýsingar einstakra ráðh. um þau mál, geta spillt fyrir frekar en greitt fyrir. Það sýnir reynslan okkur frá undanförnum mánuðum.

En erindi mitt í ræðustólinn var það eitt að lýsa viðhorfum mínum til þess meginsjónarmiðs sem ég tel koma fram í frv. þeirra hv. þm. Alþfl.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Vegna þess máls sem hér er til umr., um sérstakan hátekjuskatt á sérstaklega háar tekjur, vil ég fyrst segja það við hæstv. viðskrh., Svavar Gestsson, sem var að fara úr ræðustól, að ég er honum sammála um að til sérhvers verks, sérhvers frv., beri auðvitað að vanda svo sem frekast er kostur, en hins vegar mega þessi vöndunarrök ekki verða í þá veru að svo vel skuli vanda, svo vel skuli hugsa sig um og svo lengi að engar framfarir verði í landinu. Ég er honum m. ö. o. innilega sammála um að til þessa frv., eins og allra annarra frv. og helst allra annarra verka sem við vinnum, skulum við vanda svo sem kostur er, en slíkt má hins vegar ekki standa málum fyrir þrifum. Einhvern veginn hafði ég á tilfinningunni eftir að hafa á hann hlýtt, að svo gæti farið að þær miklu vöndunaraðferðir, sem hann var að lýsa, stæðu máli eins og þessu svo fyrir þrifum að úr framkvæmdum yrði ekki.

Það er ljóst hvað við í Alþfl. hugsum um þessi mál og hvernig við viljum þessi mál afgreiða. Við vonum að orðið gæti samvinna á milli stjórnarflokkanna — auk okkar Alþb. og Framsfl. — ef menn ætla ekki að vanda sig svo vel í þeim tveimur ágætu flokkum að þeir fáist ekki til að gera nokkurn skapaðan hlut. Ég vil m. ö. o. vara mjög við því að leggja málið fyrir starfshópa sem kannske yrðu vikur eða mánuði að velta því á milli sín og svo yrði ekkert úr neinu. Það munu ekki vera nema u. þ. b. 4 vikur eftir af starfstíma þessa þings. Ef við tökum þá pólitísku ákvörðun að skattur á hátekjur, sem fara hjá einstaklingi yfir 12 millj. kr. á ári, sé réttlætanlegur svo hár sem hér er lagt til, 85% að viðbættu útsvari og sjúkragjaldi sem samanlagt færir skattinn upp í 98% — m. ö. o. er verið að setja þak á laun sem svo há eru — og ef um það er pólitískt samkomulag við Alþb. og einnig Framsfl. getum við á fáum dögum gert það að lögum. Ef hins vegar á að fara í þennan skoðunarleik er þar með verið að drepa þetta mál. Ég vona — ég veit það ekki, en ég vona að slíkt hafi ekki vakað fyrir og muni ekki vaka fyrir hæstv. viðskrh.

Það er sem sagt kjarni þessa máls, að verið er að leggja til að setja þak á laun, sem svo hátt fara að nemi 12 millj. kr. á ársgrundvelli, og koma þannig í veg fyrir að einstakir samningshópar geti rifið sig út úr launþegaheildinni og sprengt sig upp með þessum hætti og valdið óánægju og óumflýjanlegu launaskriði þegar neðar í launastigann er komið. Það er auðvitað rétt, sem kom fram hjá hv. frsm. og þm. Árna Gunnarssyni og svo hjá öðrum þeim sem hér hafa talað, að á þessu eru nokkrir framkvæmdaörðugleikar. En engu að síður taka þeir framkvæmdaörðugleikar einungis til mjög fárra launþega. Það eru erfiðleikar gagnvart þeim sem taka slík laun úr fleiri en einni átt, tveimur eða þremur kannske. En þetta eru varla nema örfá hundruð manna. Þegar um stórmál eins og þetta er að ræða megum við ekki sjá ofsjónum yfir framkvæmdaerfiðleikum gagnvart örfáum hundruðum manna og ætla þar með að drepa fyrst málinu á dreif og drepa síðan málið af þeim sökum. Þann tón þóttist ég skilja í máli hæstv. viðskrh. og vara við því mjög eindregið. Hófleg íhaldssemi og varfærni er ágæt, en óhófleg er afleit hins vegar.

Það er svo enn annað mál, sem er kjarni þessa og auðvitað var sérstaklega áberandi, að eftir samninga Flugleiða hf. við hóp flugmanna er launabilið í landinu orðið óþolandi. Það er óþolandi þegar munur á hæstu og lægstu launum innan launþegahópsins er jafnvel orðinn sex- eða sjöfaldur, eins og hér er orðið í hinum ítrustu tilfellum. Og þá er það ekki orðin hagræn spurning með hverjum hætti launabili er háttað, heldur er það og orðin siðræn spurning — mórölsk spurning. Ég er þeirrar skoðunar, að það algera launaþak eða því sem næst, sem hér er verið að leggja til, sé móralskt mál fyrst og síðast.

Þegar talað er til varnar þessari hugmynd verður ekki

hjá því komist að minnast á að kannske er ekki einkennilegt þó að flokksblað stjórnarandstöðunnar, Morgunblaðið, snúist gegn þessari hugmynd. En hitt er heldur dapurlegt, þegar blaðið dregur fram á síður sínar óreyndan skattstjóra í Reykjavík, mann sem fyrir aðeins nokkrum mánuðum hóf þau störf, og fær viðkomandi til að segja í stórri baksíðufrétt að hér sé verið að leggja til 150% skatt. Væntanlega segja því lesendur Morgunblaðsins að hér sé um svo illa unnið mál að ræða að því sé varla hægt að fylgja í neinni alvöru a. m. k. Skattstjórinn ungi gerði sig sekan um að láta flokksblaðið nota sig til þessara verka. Mér er ekki kunnugt um hvort nokkrar almennar hegðunarreglur gilda um embættismenn, en ég held að rétt sé að fram komi úr þessum stól, að það er auðvitað afar skaðlegt þegar óreyndur embættismaður lætur flokksblað nota sig í þessum tilgangi. Augljóslega hafði viðkomandi varla eða ekki lesið það frv. sem um var að ræða. Það er kannske ekki um stórmál að ræða, þetta er ungur maður og á efalítið eftir að öðlast meiri reynslu í starfi, en það er vont að láta plata sig og verst af öllu að láta Moggann plata sig eins og pilturinn gerði!

Allt um það er hér verið að leggja til að stigið sé alvarlegt spor í launajöfnunarátt í þessu landi. Við vitum að launþegahreyfingin hefur stundum haft blendnar hugmyndir um með hvaða hætti sé æskilegt að koma á launajöfnuði og með hvaða hætti sé rétt af löggjafa að grípa inn í launamál. Það hefur stundum verið feimnislega talað um að gera slíkt með því að hafa áhrif á vísitölukerfið, en oft verið miklu opnari hugur að gera slíkt með skattalegum hætti, eins og hér er lagt til. Ég trúi því ekki fyrr en á þarf að taka að til sé nokkur sá forustumaður í launþegahreyfingunni eða í hinum stærstu félögum launþegahreyfingarinnar sem ekki sé samþykkur þeirri meginhugsun, að þegar launamisrétti er orðið svo mikið og hæstu laun orðin svo há sem hér um ræðir sé það ekki aðeins rétt, heldur bókstaflega skylt að grípa í taumana.

Þessu máli verður væntanlega vísað til n. í dag. Stjórnarflokkarnir hafa í hendi sér að taka höndum saman við Alþfl. til þess að forðast þá efnahagslegu óáran sem af mundi leiða ef ekki verður gripið inn í það launaskrið sem annars verður. Ég hygg því að ábyrgð okkar allra, sem í ríkisstj.-flokkunum erum, sé mikil. Það er mikið í húfi að við aðhöfumst skjótt og gerum þetta mál, kannske með einhverjum tæknilegum breytingum ef mönnum sýnist slíkt vera rétt, að lögum á ekki löngum tíma. Landið yrði þá betra land og hér yrði réttlátara þjóðlíf.

Það má svo minna á það að lokum, að við erum á engan hátt að ganga gegn hinni almennu hugmynd okkar um afnám tekjuskatta af almennum launatekjum. Séu þær tvær till. lagðar saman, hátekjuskattur af þessu tagi, þ. e. a. s. því sem næst fullkomið launaþak á tekjur sem fara yfir tiltekið mark hjá einstaklingi, og svo afnám tekjuskatta af almennum launatekjum hygg ég að löggjafinn hafi komið betri skikkan á launamálin í þessu landi en hér hefur verið um alllangt — jafnvel margra ára skeið.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að segja örfá orð um það frv. sem fimm Alþfl.-menn hafa flutt hér.

Ég vil þá byrja á því að endurtaka það, sem ég hef oft sagt hér, að mestu máli skiptir í mínum huga að menn haldi eftir nægilegu af launum til þess að geta lifað góðu lífi. Ég er ekki á móti því að þeir, sem hafa hærri tekjur en til þarf til þess, gjaldi skatta til ríkis og sveitarfélaga. Þess vegna vil ég að þetta frv. fái eðlilega og sanngjarna meðferð í þinginu.

Hitt er svo annað mál, sem auðvitað er mjög bagalegt og leitt til að vita, að ýmsir þjóðfélagsþegnar virðast komast upp með að hafa tekjur án þess að gjalda af þeim skatta. Ég legg enn þá einu sinni ríka áherslu á að gert verði allt sem unnt er til þess að skattalögin nái til allra þegna þjóðfélagsins og enginn sé þar undanskilinn. Ég veit að ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í þessa átt og nokkrar hafa heppnast. En enn þá mun vera svo ástatt hjá okkur að fjöldi manna þarf ekki eða kemst hjá að greiða skatta af þeim tekjum sem hann aflar. Það er ósanngjarnt og veldur því áreiðanlega fyrst og fremst að hátekjumenn eru tregir til að fallst á þá skattaleið sem hér er farið fram á.

Í mínum huga er það ævinlega aðalatriðið hverju menn halda eftir, hvað menn þurfa til að lifa af, hvað menn komast af með, en ekki hitt, hvers menn afla. Það er algert aukaatriði í mínum huga. Og ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um að það er mikil ábyrgð sem hvílir á okkur, sem fylgjum stjórnarflokkunum, að jafna niður réttlátlega gjöldum á fólk.

Ég vænti þess, að hv. 7. þm. Reykv. virði skattstjóra vorum það til vorkunnar að hann er ungur að árum. Það eru fleiri ungir og þeir hafa sinn fulla rétt á því að tala og segja það sem þeim finnst — og gera það, að mér finnst, alveg óspart. Það er líka alveg sjálfsagt. Það er ekkert nema gott um það að segja. Eins held ég að skattstjórinn í Reykjavík hafi fullan rétt á því að tjá sig um það mál sem hér er um að tefla.

Það, sem ég vildi sagt hafa hér, er það, að ég vænti þess að frv. fái rækilega og góða athugun í þeirri n. sem það á að fara til. Hugmyndin er ágæt, finnst mér. En hvort útfærslan er eins góð verður að koma í ljós. Ef hún er það ekki verður að lagfæra hana.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil eingöngu þakka þær yfirleitt góðu undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hér á þingi, og ég vænti fastlega að menn fari ekki að greinast í flokka, deildir og sveitir, þ. á m. með tilliti til þess, hver flytur þetta frv. Þetta frv. á að geta verið frv., að ég held, okkar flestra sem hér sitjum.

Ég veit að hv. þm. Friðrik Sophusson er í hjarta sínu samþykkur þessu. Hann kann að finna á þessu annmarka ýmsa, sem ég get tekið undir með honum að séu fyrir hendi. Hins vegar skulu menn ekki ætla að við hendum þessu frv. inn á Alþingi án þess að hafa borið undir skattfróða menn, sem hafa sérstaka aðstöðu til þess að hafa þekkingu á þeim málum sem hér er um fjallað, þeim tæknilegu örðugleikum sem hér hefur verið minnst á. Slíkir örðugleikar eru eingöngu af þeim toga spunnir að orðið gæti erfitt í framkvæmd að ná til þeirra sem þiggja laun á fleiri en tveimur eða þremur stöðum. Það er ágalli sem ég get fallist á, að ekki er gerð grein fyrir því í frv. hvernig til þessara launa skuli náð, en sá ágalli er smáræði miðað við það sem frv. gæti áorkað.

Ég met það mikils að hæstv. viðskrh. skyldi taka svo einarðlega undir með okkur flm., og eins vil ég þakka fyrir orð hv. þm. Einars Ágústssonar. Ég er sannfærður um að stjórnarflokkarnir eru sammála um að frv. af þessu tagi er af hinu góða og tilgangurinn er sá. Ég held

að við hljótum einnig að geta verið sammála um að skattamál hér á landi eru þess eðlis að þar ber að gera stóra hluti til þess fyrst og fremst að ná til þess fólks sem hefur aðstöðu til þess að koma fjármunum sínum undan og greiða ekki keisaranum það sem keisarans er. Ég vænti þess fastlega að núv. ríkisstj. geri verulegt átak í þeim efnum, því að það er vægast sagt mjög gremjulegt að sjá það ár eftir ár, þrátt fyrir ný skattalög, þrátt fyrir breytingar sem eiga að ná til þessara manna, að misréttið á þessu sviði er stöðugt að aukast, en ekki að minnka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 47, n. 336 og 340, 337). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Við höfum haft til athugunar í allshn. þessarar hv. d. frv. til l. um þingfararkaup alþm. Við urðum ekki sammála um efnið og meiri hl., sem ég tala fyrir, telur að ekki eigi að fallast á þá till. sem lögð var fram. Þeir nm., sem fluttu frv. og styðja þann flokk — Alþfl. — sem stóð að því, vildu gjarnan fá þetta mál samþ., en við, sem undirskrifum álitið á þskj. 336, teljum að Kjaradómur sé ekki betur til þess fallinn en við, sem erum þó kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, að ráða þessum málum til lykta. Þess vegna leggjum við til að frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Minni hl. allshn., sem skipuðu Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson og Friðrik Sophusson, leggur til að frv. verði afgreitt með eftirfarandi breytingum:

1. Síðasta mgr. 1. gr. frv. falli niður, en þar er kveðið á um að ráðh., sem ekki er alþm., eigi rétt á þingfararkaupi og njóti að öllu leyti þeirra fríðinda sem alþm. eru ákveðin í lögum þessum. Við leggjum sem sagt til að sú mgr. verði felld niður.

2. Í 1., 2., 3. og 4. gr. frv. falli niður orðalagið „að fengnum till. þfkn.“ M. ö. o. verði Kjaradómi falið að ákveða kjörin, en sleppt því, sem um hafði verið fjallað, að það þyrfti að vera að fengnum till. þfkn.

Þegar þessar tvær breytingar hafa verið gerðar, sú síðari er raunar mjög í anda breytinga sem hv. þm. Eggert Haukdal flytur á þskj. 337, leggjum við til að frv. verði samþykkt.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa furðu minni á því nál. sem fyrir liggur frá meiri hl. allshn. um þingfararkaup alþm. Eins og öllum er kunnugt hafa launakjör þm. sætt mikilli gagnrýni og er sú gagnrýni fyllilega réttmæt, miðað við að það hlýtur að vera mjög óeðlilegt, svo að ekki sé sterkara til orða tekið, að þm. hafi einhliða ákvörðunarvald til að skammta sér laun og hlunnindi sjálfir og hækka þau að vild þegar þeim býður svo við að horfa. Því ættu þm. að fagna því frv. sem fram er komið um að launakjör þm. verði framvegis ákveðin af utanaðkomandi aðilum, eins og Kjaradómi, þannig að þeir verði hafnir yfir allan grun um að þeir séu að skammta sér óeðlileg laun eða hlunnindi. Er ég með þessu ekki að gefa í skyn að svo sé, heldur tel ég að með frv. sé í eitt skipti fyrir öll girt fyrir efasemdir sem uppi hafa verið í þessu máli.

Þau forréttindi, sem alþm. hafa umfram aðra þegna þjóðfélagsins með því að hafa einhliða ákvörðunarvald í launamálum sínum, er brýnt að afnema. Þess vegna er þetta frv. tímabært og þarft og mun koma í veg fyrir tortryggni almennings í garð þm. vegna launamála þeirra. Ég held að fáir kunni að meta eða taka undir þá afstöðu sem kemur fram í nál. meiri hl. allshn., að ákvörðun um launamál þm. sé betur komið hjá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar sem, eins og segir í nál. meiri hl. allshn., taka á sig það álag, auk þess að skipa málum manna af fyllsta drengskap og réttsýni, að ákveða laun sín sjálfir og skorast ekki undan gagnrýni í því efni. Þetta er furðuleg ástæða miðað við tortryggni almennings vegna einhliða ákvörðunar þeirra um launakjör sín.

Ég styð þetta frv. og tel til bóta þær brtt. sem koma fram í nál. minni hl. allshn.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Það er vissulega að bera í bakkafullan lækinn að fara að lengja þær umr. sem staðið hafa á þinginu í vetur um kjör þm. Ýmist hefur verið rætt um biðlaun, skattfríðindi eða frv. sem hér er á dagskrá, og má segja að nær sé að snúa sér að öðrum viðfangsefnum. Út frá því mætti e. t. v. segja að ég, sem hér stend, hefði ekki átt að bera fram þær brtt. sem liggja fyrir á þskj. 337 og verða aðeins til að lengja umr. En minni hl. n. hefur nú tekið upp þessar till. mínar að hluta, eins og kom fram áðan hjá frsm. minni hl.

Tilgangurinn með flutningi þessara till. er að hjálpa eða aðstoða öllu heldur siðbótamenn að samræma orð og athafnir, en mér virðist að þeim, eins og kannske okkur hinum, reynist stundum fullerfitt að feta sig eftir vandrötuðum stíg loforða sinna.

Eins og kemur fram í grg. flm. þessa frv. hefur m. a. sú leynd, sem umlykur kjör þm., verið gagnrýnd og m. a. og ekki síst af ýmsum frambjóðendum Alþfl. í kosningabaráttunni s. l. vor. En ef sjálft frv. er skoðað virðist þar ekki um aðra raunverulega breytingu að ræða en þá, að stimpill Kjaradóms verði settur á gerðir þfkn. Mér virðist því þetta frv., í því formi sem það er lagt fram, vera skrautlegar umbúðir utan um afskaplega lítið.

Í ljósi þess og út frá því sem áður er sagt, lagði ég fram þær brtt. sem hér liggja fyrir og löngu eru fram komnar, að niður falli orðin úr öllum greinum frv. „að fengnum til. þfkn.“, þannig að kjaradómur fái þetta vald alfarið.

Þá flyt ég aðra brtt. um laun ráðh. Verði þm. ráðh. falli niður hálft þingfararkaup hans frá sama tíma. Þar vil ég á sama hátt undirstrika eins og áður og vísa til grg. flm., en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðh. fá há laun, sem bætast við laun þm. Er sú regla vafasöm, svo ekki sé meira sagt.“ Svo mörg eru þau orð hv. flm. Ég get tekið undir þetta, að farið geti eins og segir í grg., og vil því hjálpa flm. að útfæra þessa skoðun í lögum. Ég lít einnig svo á, að bæði þessi störf séu það viðamikil að erfitt sé fyrir einn mann að rækja þau samtímis. Það mætti e. t. v. hugsa sér, þegar menn tækju við ráðherrastörfum, að annar maður tæki sæti þeirra á þingi. Kostnaðarauki af því þyrfti enginn að vera ef hver héldi aðeins launum sínum. Ráðherralaun ein út af fyrir sig eru nægjanleg með þeim fríðindum sem þeim fylgja, og mætti raunar bæta við: plús þær miklu hækkanir sem nú hafa gengið yfir hjá öllum hálaunahópum þessa þjóðfélags. Það voru fleiri en flugmenn sem fengu hækkanir um daginn, og mætti m. a. út frá þeirri umr., sem hér er nýlokið í þinginu um hátekjuskatt, ræða þá sýndarmennsku sem að baki því frv. liggur, miðað við að þetta mál var allt hægt að taka inn í frv. ríkisstj. um daginn, stöðva af háu launin, til flugmanna, ráðh. og þm., og festa þakið á, og þá hefði

frv. um efnahagsmál verið bitmeira í baráttunni gegn verðbólgunni en raun er á.

Ég vil svo að lokum láta koma fram þá skoðun mína, að alþm. og ráðh. eigi að hafa góð kjör. En áframhaldandi hráskinnaleikur í kringum kjaramál þm., eins og frv. óbreytt leiðir af sér, er afskaplega hvimleiður, vekur upp tortryggni og rekur óþarfa fleyg á milli þings og þjóðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 87. fundur.

Miðvikudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 30. apríl 1979.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Stefán Guðmundsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ólafur Jóhannesson,
1. þm. Norðurl. v."

Stefán Guðmundsson hefur tekið hér sæti áður á þessu þingi og býð ég hann velkominn á ný til starfa.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 533). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 533 lítið frv. varðandi niðurfellingu ákveðinna tollskrárnúmera í sambandi við sérstakt tímabundið vörugjald.

Þetta mál kom hér rækilega til umræðu fyrir jólin. Þá var mikið rætt einmitt um þetta sérstaka atriði og gefnar um það sérstakar yfirlýsingar, ekki síst út frá því að hér fór fram atkvgr. um brtt. frá hv. stjórnarandstöðu um að fella niður vörugjald þetta af hljóðfærum. Ég held að ég rifji þær umr. ekki upp eða á hvern hátt þær fóru fram þá, en þá var mjög rætt um réttmæti gjaldsins í heild og síðan alveg sérstaklega að leggja svo hátt gjald á hljóðfæri sem það frv. gerði ráð fyrir. Í grg. með þessu frv. segir að menntmrh. hafi lagt áherslu á það þá, að á þessu þyrfti að fást leiðrétting. Síðan flutti stjórnarandstaðan till. um niðurfellingu gjaldsins, en sú till. var felld í ljósi yfirlýsingar sem fjmrh. gaf um að hann mundi taka málið til vinsamlegrar og jákvæðrar athugunar.

Ég hef treyst á það og viljað treysta á það, að hér yrði gerð viss lagfæring á, og kaus á þessu stigi að flytja frv. sem fæli í sér niðurfellingu vörugjaldsins alls af öllum þeim tollskrárnúmerum sem hljóðfæri varða. Það fer fjarri því, að ég teldi ekki fullnægjandi að létta þessu gjaldi af því sem brýnast mætti kalla í almennu tónlistarnámi eða þá af þeim hluta sem samkomulag næðist um.

Ég hef ekkert dregið úr því, að ég væri, eins og fram kom skemmtilega í blaði um daginn þó að ekki væri haft nákvæmlega rétt eftir mér varðandi það mál, — að ég væri skattheimtumaður. Ég vil svo sannarlega leggja skatt á þá, sem skatta geta borið, og skatta á þá vöru alveg sérstaklega sem ég tel slíka að við getum hæglega verið án eða getum a. m. k. leyft okkur að telja það til nokkurs lúxus að vera með hana á boðstólum. Ég dreg heldur ekkert úr því, að til þess að bera uppi samfélagslegar þarfir verður skattlagning til að koma, og beiting hennar — sem réttlátust vitanlega — þykir mér sjálfsögð og engum vorkunn út af fyrir sig að greiða réttan skerf til samfélagsins, hvað sem honum sjálfum finnst um það réttmæti. En almennar umr. um það atriði eiga nú ekki við. Ég vildi aðeins undirstrika það, að ég hef um mína þingtíð verið lítill talsmaður hækkandi skattheimtu almennt, aðeins að þar mætti sem best ná til þeirra sem þyldu best þær byrðar, og enn fer víðs fjarri að sú sé raunin á.

Ég hef hins vegar í ljósi dapurlegrar reynslu af viðleitni útkjálkaskólastjóra til að auka tónmennt nemenda sinna reynt að ýta því máli áfram hér á þingi að sú mennt yrði ekki mennt fyrir fáeina útvalda, heldur sjálfsagður og eðlilegur liður í almennri menntun skólafólks, þar með talin undirstöðuatriði í nótnalestri og hljóðfæraleik. Hefur Alþ. samþ. ákveðnar ályktanir í þessa átt, og víða um land er nú unnið að aukinni tónmennt, þó um of sé það starf enn utan hins eiginlega grunnskólanáms, tónskólarnir illa búnir að hljóðfærum og nemendunum sjálfum yfirleitt lögð sú kvöð á herðar að eignast eigið hljóðfæri, m. a. s. til byrjunaræfinga. Hér þekki ég jafnvel — í allri velsældinni — biturt dæmi þess að efnilegur nemandi og áhugasamur hefur ekki getað lagt í slíka fjárfestingu, eða réttara sagt aðstandendur hans.

Það má e. t. v. segja að kröfur allt of margra tónlistarkennara um gæði hljóðfæra til byrjunarnáms séu óeðlilegar og eins að hin ódýrari og einfaldari hljóðfæri séu tæpast til á hinum almenna markaði, heldur leggi þeir, sem með þau versla, aðaláherslu á hinar dýrustu gerðir af gróðaástæðum einum saman.

Hljóðfæri á landi hér eru óeðlilega dýr, að því er talið er af kunnum mönnum, og ástæður þess má m. a. rekja til mikillar skattheimtu ríkisins, en skal ekki síður lögð áhersla á að á hljóðfærum almennt er mjög há álagning. Hvort tveggja þyrfti að lagfæra þar sem þörfin er brýnust hvað tónmenntafræðslu varðar. Það kann að verða erfitt að finna eðlileg mörk, en þá þyrftu fulltrúar þeirra rn., sem málið varðar, að setjast niður og koma á þeirri skipan sem réttlátust væri og næði sem best þeim tilgangi að auka hlutdeild sem allra flestra í tónmennt. Menntmrn. hefur á að skipa úrvalskröftum til slíkrar athugunar, og fulltrúar fjmrn. og viðskrn. þyrftu þar að koma til liðsinnis varðandi annars vegar skattheimtuna og hins vegar álagninguna.

Tilgangur þessa frv., sem ég taldi mér skylt að flytja, er að vekja athygli á því, að ekki bólar enn á leiðréttingu þeirri sem um var rætt fyrir þinghlé í des. Það er ekki spurning um að samþykkja frv. eða fella, heldur að finna réttláta lausn, jafnhliða því sem enn betur yrði svo unnið af hálfu menntayfirvalda að því að gera tónmenntina að einum undirstöðuþætti grunnskólamenntunarinnar, eins og ég hef margoft komið inn á þegar ég hef talað fyrir þáltill. af þessu tagi. Ég tel sem sagt ekki vansalaust fyrir mig, sem er flm. tveggja þáltill. um þessi mál, að láta

þetta þing líða án þess að knýja á um leiðréttingu vegna þess að ekkert bólar á henni frá hæstv. núv. ríkisstj.

Menntmrh. lýsti yfir í umr. á Alþ. 18. des. um þetta mál, að hann vildi alveg sérstaklega athuga þau atriði, sem snertu hljóðfærin, og hann hefði í raun og veru loforð eða vilyrði hæstv. fjmrh. fyrir leiðréttingu þar á. Orðrétt sagði hæstv. ráðh. í þessum umr., með leyfi forseta:

„Ég mun því ekki treysta mér til þess að styðja till.," — það var brtt. stjórnarandstöðunnar, — „en lýsi því enn einu sinni yfir, að ég treysti hæstv. fjmrh. fullkomlega til þess að standa fyrir athugun á þessum tollvöruflokkum — athugun sem þarf vafalaust að snerta fleiri vöruflokka en hljóðfæri — og treysti því, að sú athugun fari fram á næstu vikum."

Í umr. um þetta sagði svo hæstv. fjmrh. orðrétt út frá umr. sem áður höfðu orðið:

„Ég lýsti því yfir þar" — varðandi lögin um tekju- og eignarskatt — „og mun gera það hér þegar þessi mál koma hingað, að ákveðið er að fram fari á næsta ári endurskoðun á þeim tollvöruflokkum sem um er að ræða í þeirri upptalningu sem greinir um það, á hvaða vörur og flokka hið sérstaka tímabundna vörugjald leggst.

Ég vil ekki á þessu stigi málsins gefa neinar yfirlýsingar um það, hvernig þessi endurskoðun verður. Hún fer fram og ég álít að það þurfi að gera á þessu lagfæringar og við það mun verða staðið."

Ég vek athygli á ummælum beggja hæstv. ráðh. og tel rétt að ýta við þeim báðum með þessu frv. og treysti því, að jafnvel verði komin einhver leiðrétting á þetta fyrir þinglok svo að ekki þurfi neitt á frv. mitt að reyna.

Það má eflaust deila um þessa skattheimtu eins og annað, en þó er hér um að ræða vöruflokk sem snertir snaran þátt í menningarlífi okkar og æ fleiri menn taka þátt í sér og öðrum til ánægju og lífsfyllingar. Það er því fyllsta ástæða til þess að gaumgæfa réttmæti svo mikillar skattheimtu af hljóðfærum sem raun ber vitni og þá ekki síður, og ég legg áherslu á það, eins mikillar álagningar og á þessa vöruflokka er líka.

Ég bendi á, og rétt er að undirstrika það, að andstaða mín við brtt. stjórnarandstöðunnar í vetur var hreinlega af því sprottin að ég trúði því þá að á þessu yrði gerð nokkur leiðréttíng. Ég tel að skattheimta eins og þessi gangi í raun og veru þvert á meginhugsun þeirrar till. sem Alþ. hefur gert að ályktun sinni og fyrst og fremst beinist að sem almennastri hlutdeild fólks í þessari listgrein, þó misjafn árangur náist og keppt sé að mismunandi marki hjá hverjum og einum. Efnahagsleg mismunun í þessari hlutdeild þarf að verða sem allra minnst. Ekki síst af þeirri ástæðu er frv. þetta flutt, sem að öðru leyti skýrir sig sjálft.

Ég vildi aðeins koma þessu máli að til athugunar til þess að minna á það, en dreg enga dul á að sem flm. þáltill. tvisvar áður um þetta mál hef ég legið undir nokkru ámæli fyrir að hreyfa þessu máli ekki í ljósi þess að ég hafði fellt till. stjórnarandstöðunnar í vetur. Ég geri það hér með til þess að ýta við báðum þeim ráðh., sem með þessi mál fara, og í ljósi þeirra yfirlýsinga, sem þeir þá gáfu, halda málinu vakandi alla vega og sjá til hvernig megi á það reyna sem best að ná þessari leiðréttingu fram, þó ekki allri, þá að vissum hluta.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir stuðningi mínum við frv. það sem hér er borið fram. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að lýsa nokkurri undrun minni á því, hvernig þetta mál ber að.

Eins og hv. flm. tók fram í ræðu sinni voru þessi mál nokkuð til umræðu í sambandi við afgreiðslu á lögum um tímabundið vörugjald í þessari hv. d. fyrir áramótin, og eins og hann skýrði frá voru menn ekki á eitt sáttir um að þetta vörugjald skyldi ná til hljóðfæra almennt. Ég verð að segja að lagfæring eins og felst í því frv. sem hér er til umr., veldur mér nokkrum vonbrigðum, þ. e. hvernig hana ber að, því að frá mínum bæjardyrum séð er bara um kattarþvott að ræða af hendi hv. flm., þannig að hann geti sagt og látið geta þess í fjölmiðlum að ekki hafi staðið á honum að greiða götu þessa máls og reyna að aflétta þessari ósanngjörnu skattlagningu. Það mun komast til skila í fjölmiðlunum. En þegar hv. flm. hafði tækifæri til þess, og það var að mínu mati á miklu örlagaríkari stundu, þegar stjórnarandstaðan flutti brtt. við upphaflegt frv., sá hann sér ekki fært að fylgja brtt.

Þó að ég lýsi stuðningi mínum við innihald frv. finnst mér einhvern veginn óbragð af því, hvernig frv. fer að, því að það er eins og sé verið að viðurkenna að með þeim faguryrðum og ákaflega óljósum og óskýrum yfirlýsingum ráðamanna, sem gefnar voru þegar rætt var um þessi mál við afgreiðslu frv. fyrir áramótin, var ekkert meint, en til þess að hvítþvo sjálfan sig í augum almennings kýs hv. flm. að flytja þetta frv. nærri því vitandi um að það muni ekki ná fram að ganga.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil ekki deila um tilgang minn með frv. Eins og um mörg frv., sem hér eru flutt, má eflaust deila um það lengi hvaða hvatir liggja að baki. Við skulum ekki fara út í neinn samanburð hér á þeim hvötum sem liggja að baki frv.-flutningi yfirleitt hjá stjþm. í trausti þess að sú ríkisstj., sem þeir styðja, lagfæri mál og þeir hafi því tekið á sínum tíma afstöðu á þann hátt sem ég tók í vetur. Ég veit að við það kannast hv. þm. einnig. Þó að hann hafi alltaf verið heldur erfiður í taumi þeirri ríkisstj., sem áður sat, og hafi kannske ekki eins þurft á slíkum kattarþvotti að halda hygg ég að við mundum geta tilfært dæmi um slíkt, ef vel væri að gáð.

En ég játa það alveg að í vetur, þegar þessi mál komu til umræðu, treysti ég mjög á að ríkisstj. mundi leiðrétta þetta. Ég hef síðan látið reyna töluvert á það og flyt frv. svo síðla einmitt vegna þess að ég vildi sjá hvort á leiðréttingu bólaði ekki. Ég hefði getað lagt fram frv. þetta fljótlega eftir jól í þinginu, í febrúarmánuði þegar séð var að ekki var byrjað á þessu verki, ef ég hefði ætlað að auglýsa málið eða mig sérstaklega í því efni.

En ég vil aðeins vekja athygli á því, að þessi hljóðfæramál varðandi tímabundna vörugjaldið kæmu ekki sérstaklega til umr. fyrir tilstilli stjórnarandstöðunnar í vetur. Það var hæstv. menntmrh. sem kom sérstaklega inn á þau mál. M. a. eftir samtal okkar um þessa tilteknu vöruflokka kom hann inn á málið hér. Þá greip stjórnarandstaðan það vitanlega á lofti til þess að fegra sig og greip orð hans á lofti um að hann vildi fá lagfæringu og flutti brtt. um þetta í þeim anda sem hann hafði talað. Þannig hófst þetta mál. Síðan áttu þeir hér orðaskipti, hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., um hvernig að þessari lagfæringu mætti standa. Ég taldi þá og tel raunar enn,

eins og ég sagði, að síðarnefndi hæstv. ráðh. hefði þetta mál í athugun. Því vildi ég á það minna og reikna alveg fullkomlega með því að þeir muni að því standa þannig, eins og ég sagði áðan, að þetta frv. út af fyrir sig þurfi ekki að koma hér til atkv., heldur fáist nokkur vissa fyrir leiðréttingu á vörugjaldinu eða jafnvel leiðrétting fyrir þinglok.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég heyrði ekki ræðu hv. þm. Helga Seljans, en vissi að hann var að ræða um frv. sem hann flytur í hv. Ed. til laga um breyt. á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald. Í raun og veru á ég ekki annað erindi en að skýra frá því að verið er að athuga í fjmrn. hvort og að hve miklu leyti kæmi til greina að gera breytingar í þessum efnum. Þar koma til greina hljóðfæri, hljómplötur, íþróttavörur, og ýmislegt fleira mætti nefna í þessu sambandi. Allt eru þetta mál sem snerta fjárhag ríkisins og þarf að sjálfsögðu að gæta þess í sambandi við endurskoðun á þessum málum, því ef það langt verður gengið í breytingum að það muni einhverju verður auðvitað að afla tekna með öðrum hætti til þess að jafna metin. — En ég vil aðeins skýra frá því, að í rn. er verið að athuga þessi mál nánar, eins og ég gerði ráð fyrir að gert mundi verða er ég gaf yfirlýsingu í þessari hv. d. fyrir áramót.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Almannavarnir, frv. (þskj. 385, n. 559). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 88. fundur.

Miðvikudaginn 2. maí, að loknum 87. fundi.

Almannavarnir, frv. (þskj. 385). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 80. fundur.

Miðvikudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 353). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. (þskj. 76, n. 528). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 528,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
3.—17. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 528,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Hátekjuskattur, frv. (þskj. 558). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, frv. (þskj. 274, n. 566). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 566,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 566,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, og ný 8. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Lausaskuldir bænda, frv. (þskj. 531). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég get verið stuttorður um frv. þetta. Grg. með því er, vona ég, nokkuð skýr. Eins og þar kemur fram athugaði Stéttarsamband bænda 1977 í samráði við fyrrv. landbrh. lausaskuldir bænda, gerði á þeim úttekt og leitaði umsókna um breytingu á lausaskuldum í föst lán. Bárust henni 406 umsóknir. Var samkv. þeim áætlað að lausaskuldir bænda næmu rúmlega 1.2 milljörðum. Síðan hefur verið töluvert að því unnið að skoða þessar lausaskuldir og hve brýnt væri að breyta þeim í föst lán.

Skipaði ég í þessu skyni í nóv. s. l. starfshóp sem í áttu sæti Stefán Valgeirsson alþm., Bjarni Bragi Jónsson hagfræðingur og Árni Jónasson erindreki. Sá starfshópur skoðaði þær upplýsingar, sem fyrir lágu, og aflaði nýrra og komst að þeirri niðurstöðu að lausaskuldir, sem taka þyrfti til meðferðar, næmu svipaðri upphæð og fram hafði komið í athugun Stéttarsambandsins eða um 1.2 milljörðum kr. Af þeim starfshópi er frv. þetta samið.

Í frv. felst heimild til veðdeildar Búnaðarbankans til að gefa út skuldabréf þannig að breyta megi lausaskuldum bænda að hluta. Rætt hefur verið um að breyta rúmlega helmingnum a. m. k. í föst lán. Jafnframt felst í frv. þessu heimild til þess að veðsetja megi eignir bænda, allt að 75% af matsverði veðsins, í þessu skyni. Í frv. sjálfu kemur ekki fram með hvaða kjörum þessi skuldabréf skuli vera. Hins vegar kemur það fram í grg. Þar segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að stjórn veðdeildar Búnaðarbankans ákveði lánakjör að höfðu samráði við landbrh. Til þess að bréfin seljist er ljóst að lánakjör verða að vera í samræmi við þau kjör sem ákveðin eru fyrir fjárfestingarlán almennt."

Rætt hefur verið um að bréf þessi verði með fullri verðtryggingu, en lágum vöxtum í samræmi við það form skuldbindinga sem nú er verið að undirbúa. Ég vil því leggja áherslu á að í þessu frv. felst engin skuldbinding af opinberri hálfu til þess að tryggja að bréf þessi seljist. Eingöngu felst í því heimild, eins og ég hef sagt, fyrir veðdeildina til að ganga frá slíkum bréfum, útbúa þau og standa að baki þeirra með því að taka veð í eignum bænda.

Tvímælalaust er mjög brýnt að ýmsum lausaskuldum verði breytt í föst lán, fyrst og fremst vegna þess að lán hafa verið töluvert óhagstæðari síðari árin en var áður. Fyrst og fremst sýna þær upplýsingar, sem saman hefur verið safnað, að hér er um að ræða unga bændur sem eru að hefja búskap. Búskapur er þess eðlis, eins og hv. þm. þekkja, að oft kemur arður seint. Fyrstu árin eru erfið, fjárfesting mikil og því hefur ýmsum reynst erfitt að standa undir lánum fyrst og fremst fyrstu búskaparárin. Hér er því um að ræða að lengja lán og breyta þeim þannig að greiðslubyrðin verði sem minnst framan af.

Ég vona að hv. þing sjái sér fært að afgreiða þetta mál fyrir þingslit. Mjög er orðið brýnt að koma því í höfn og vona ég að svo geti orðið.

Að lokinni umr., herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. landbrh. og ríkisstj. fyrir flutning þessa frv. Satt að segja var ég orðinn langeygður eftir að sjá þetta mál á þskj.

Haustið 1976 flutti ég á þskj. 260 till. til þál. í hv. Sþ. um lausaskuldir bænda. Þar ályktaði Alþ. að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á hvort nauðsynlegt væri að útvega veðdeild Búnaðarbanka Íslands aukafjármagn á árinu 1977 þannig að veðdeildinni yrði gert kleift að veita þeim bændum, sem verst væru settir, tækifæri til þess að breyta lausaskuldum í föst lán. Leiddi könnunin í ljós að hagur einhverra væri það bágur, að þetta kæmi ekki að fullum notum, þá yrði kannað hvort unnt væri að gera Stofnlánadeild og veðdeild kleift að veita þeim bændum, sem ættu í mestum erfiðleikum, frest á afborgunum af lánum við deildirnar. — Þessi till. var samþ. á Alþ. 29. apríl 1977 sem ályktun Alþ. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Sumir, sem þá áttu í basli hafa nú klórað sig nokkuð fram úr skuldunum sem betur fer. Nýir hafa bæst við. En öll rök hníga þó að því, að skynsamlegt sé að opna lánaflokk, sem geri kleift að breyta lausaskuldum í föst lán. Það er enn í fullu gildi að þetta er mjög nauðsynleg lagasetning.

Ég vil sem sagt vona að þetta frv. eigi greiða leið gegnum þingið. Það er búið að vinna mjög að málinu, það er búið að vinna mikla og skipulega undirbúningsvinnu og ég held að ég verði að treysta því að frv. verði ekki umturnað hér í d. og það eigi greiða leið. Ég vonast eftir að það geti orðið að lögum fyrir þinglok.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið á þetta mál nokkurn aðdraganda. Búið er að leggja töluverða vinnu í að athuga um stöðu bænda og lausaskuldir þeirra.

Út af fyrir sig vil ég taka fram, að ég tel góðra gjalda vert að opnuð sé heimild til lánaflokks til þess að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, enda þótt ég telji að hér hafi ekki komið fram neitt um hvar eigi að fá fjármagn til þess að tryggja framkvæmd þessa máls. Í annan stað kom glöggt fram hjá hæstv. ráðh. að þessi bankavaxtabréf eiga að bera fulla verðtryggingu plús vexti, sem væntanlega þýðir að þau verða með miklu óhagstæðari kjörum en þau lán sem þau eiga að leysa af hólmi. Framkvæmd málsins sýnist aðallega eiga að vera í því fólgin að veita eigi bændum ný lán til að leysa af hólmi eldri lán í því formi að nýju lánin verði með miklu óhagstæðari kjörum en gömlu lánin.

Það var auðvitað rétt tekið fram hjá hæstv. ráðh., að engin skuldbinding er í því fólgin af opinberri hálfu að kaupa þessi bréf, en væntanlega verða heldur engar skuldbindingar um það af hálfu bænda, að þeir taki þessi nýju lán til þess að þyngja á sér lánskjörin.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess til viðbótar því sem ég gat um áðan, að í lánsfjáráætlun nú eru 200 millj. kr. til þess ætlaðar að hlaupa undir baggann, getum við sagt, með þeim bændum sem eiga erfiðast með að standa í skilum, jafnvel eftir breytingu þá sem hér er um að ræða. Kæmi það að sjálfsögðu fyrst og fremst að gagni fyrstu 2—3 ár greiðslutímabilsins. Þar er því um verulega aðstoð að ræða. Hitt veit ég að hv. þm. er ljóst, að með þessu lánafyrirkomulagi, þ. e. a. s. verðtryggingu sem bætist við höfuðstólinn með lágum vöxtum, verður greiðslubyrðin framan af stórum léttari en ef vextir eru háir og falla í gjalddaga á hverjum greiðsludegi. Það hygg ég að sé ákaflega mikilvægt fyrir marga bændur, sérstaklega þá sem eru að hefja búskap.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir til umr. á þskj. 531 stjfrv. sem gerir ráð fyrir þó nokkrum ívilnunum í nýjum lögum handa einni stétt manna. Þar sem þetta er stjfrv. vildi ég gjarnan fá að heyra, annaðhvort frá ráðh. eða þá sérstaklega frá hv. þm. Alþfl., hvort einhugur ríki meðal stjórnarflokkanna um þetta frv.

Með fsp. minni er ég ekki að taka afstöðu gegn efni bessa stjfrv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þó að þetta frv. sé borið fram sem stjfrv. vil ég lýsa því yfir úr þessum stól vegna fsp. síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Reykv., að frv. hefur ekki verið rætt í þingflokki Alþfl. og til þess hefur ekki verið tekin efnisleg afstaða þar. Ég hygg að það sé einnig rétt, sem fram gekk af máli hv. 1. þm. Reykv., að hér sé um að ræða frv. sem veiti tiltekin og mikil fríðindi til tiltekins hóps manna á þessu landi. Er auðvitað svo, að fleiri hópar manna hafa miklar lausaskuldir. Launþegar hafa t. d. miklar lausaskuldir og er hægt að hugsa sér að bera fram frv. um að lausaskuldum launþega verði breytt í föst lán eða lausaskuldum atvinnurekenda yfir höfuð að tala.

M. ö. o. held ég að þetta sé eitt af þeim frv. sem á að keyra í gegn á skömmum tíma, en ég hygg að ekki sé rétt að staðið. Frv. þarf að fá mjög góða skoðun áður en að lögum getur orðið. Almennt vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að það verði að vera meira jafnvægi á milli hinna einstöku hópa, réttinda þeirra og forréttinda, en verið hefur. Það eru fleiri einstaklingar í þessu landi en bændur sem eiga við lausaskuldir að etja og gjarnan vildu fá þær yfirfærðar í föst lán.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Í tilefni þeirra orðaskipta, sem hér hafa orðið um afstöðu Alþfl. í þessu máli, vil ég láta koma fram, að ég held að flestir Alþfl.-menn hafi áttað sig á því hér í þinginu að ekki er um að ræða í þessu frv. neina sérstaka greiðasemi við bændur eða verið að gefa þeim neitt, heldur er tilgangur frv. að svara ákveðnum vandamálum sem bændastéttin hefur átt við að glíma á síðustu árum vegna ástands í efnahagsmálum, verðbólgu og fleiri slíkra þátta. Ríkisstj. er auðvitað skylt að taka á slíkum vandamálum, hvort sem þau koma upp í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum. Hér er verið að ræða um lán sem verða verðtryggð. Þarna er ekki um neinar gjafir að ræða, heldur ákaflega eðlilega fyrirgreiðslu og eðlileg viðbrögð ríkisstj. við tilteknum vandamálum. — Þetta vildi ég láta koma fram hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 28. shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 364, n. 576 og 586, 459, 571, 577). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 576 er nál. frá meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. um frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar árið 1979. Mál þetta barst n. 19. mars s. l., en nokkur dráttur hefur orðið á afgreiðslu þess, m. a. vegna hlés sem gert var á störfum þingsins fyrir páskana. Fyrir páskana hafði n. og til meðferðar frv. um efnahagsmál og þessi d. þá einnig, sem gerði að verkum að ekki var hægt þá að afgreiða það frv. sem nú er til umræðu.

N. hefur rætt frv. á 6 fundum, en samkomulag varð ekki um afgreiðslu þess. Meiri hl., undirritaðir nm. sem eru stuðningsmenn ríkisstj., flytur nokkrar brtt. við frv. á sérstöku þskj., 577, og leggur til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem þar eru gerðar till. um. Einstakir nm. í meiri hl. gera aths., þá einkum Kjartan Ólafsson, hv. 3. þm. Vestf., sem gegndi formannsstörfum í n. vegna fjarveru hv. 1. þm. Austurl., sem var í opinberum erindum erlendis og er formaður n., en hv. 3. þm. Vestf. áskildi sér rétt til þess að vinna að frekari breytingum í sambandi við 3. gr. frv. Minni hl., fulltrúar Sjálfstfl. í n. Matthías Á. Mathiesen og Ólafur Einarsson, skilar sérálíti.

Ég vil nú gera grein fyrir því hvert það atriði var sem hv. 3. þm. Vestf. hafði aths. við að gera í sambandi við 3. gr., en samkomulag varð um það í meiri hl. að það mál skyldi ekki verða til meðferðar eða afgreiðslu fyrir 2. umr., heldur kæmi það til afgreiðslu fyrir 3. umr. Hann vildi að niður félli sá hluti af síðasta málsl. 3. gr. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „enda sé sala skuldabréfa þessara í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstj.“ — Það var skoðun sumra innan n., þ. á m. lét ég í ljós þá skoðun, að ef næðist samkomulag mætti fallast á þetta, en ástæðan fyrir þeirri skoðun er sú setning í greininni sem ég vil nú lesa, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn skuli kaupa bréf af hvorum þessara fjárfestingarsjóða.“ Hins vegar urðum við ekki á eitt sáttir og náðist ekki samstaða um þetta atriði en það náðist samstaða um að láta málið bíða til 3. umr. Á fundi meiri hl. lýsti ég yfir að ég hefði ekki haft aðstöðu til þess að bera þetta sérstaklega undir hæstv. fjmrh., en hann hafði áður lýst yfir að hann vildi láta orð þessi óbreytt standa. Hins vegar taldi hæstv. forsrh. að það atriði, sem ég las upp úr greininni, mundi tryggja það, sem stefnt væri að með 3. gr., og þess vegna mundi það ekki hafa áhrif þó að felldur yrði niður hluti síðasta málsl. greinarinnar sem ég hef greint frá. Um þetta þarf ég svo ekki að eyða fleiri orðum. Afgreiðsla verður að sýna hvernig fer.

Fjölmargir aðilar voru kvaddir á fund n. til viðræðna og varðandi upplýsingaöflun. Má þar m. a. nefna fulltrúa frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, Ferðamálaráði, Landsvirkjun, frá tveimur samböndum lífeyrissjóða og svo var fjárlaga- og hagsýslustjóri mættur á fundunum.

Brtt. meiri hl. n. snerta níu greinar frv. Við 3. gr., sem ég var að vitna í áðan, er brtt. Þar segir: „ að hvaða marki sjóðurinn skuli kaupa bréf af hvorum þessara fjárfestingarsjóða.“ Lagt er til að niður falli „skuli kaupa“, en í staðinn komi orðið: kaupi.

Þá eru atriðin sem um er að ræða í þeim greinum sem á eftir koma.

Þegar fjárlög voru afgreidd í vetur var gert ráð fyrir fjárhagsáætlun til fjárfestingarlánasjóða, og í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir að það væri bundin tala sem hefði breyst frá því sem reiknað hafði verið með við fjárlagaafgreiðsluna. Hins vegar komu upplýsingar um meðalverðlag ársins 1979 sem gerðu að verkum að þær fjárhæðir, sem hinir mörkuðu tekjustofnar höfðu skilað fjárfestingarlánasjóðum, voru meiri en reiknað var með við fjárlagaafgreiðsluna og hefðu orðið hærri en reiknað var með í frv. til l. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Varð að samkomulagi innan meiri hl., og ég hygg innan n., að þessu skyldi breytt á þann veg, að tekin yrði sú meðalverðhækkun, sem var reiknað með á árinu 1979, og það fé er bundið í þeim brtt. við frv. sem nú er lagt til að verði samþykktar.

Þá er og þess að geta, að sú fjárhæð, sem hér er um að ræða í fjárfestingarlánasjóði, mun gera um 600—700 millj. kr. Er þá einn sjóður undanskilinn, sem ég ætla að gera sérstaka grein fyrir síðar. Sjóður sá sem aðallega nýtur þess arna, er Byggingarsjóður ríkisins, en tekjur hans munu hækka um 500 millj. við þessa breytingu.

Þá vil ég og geta þess, að rétt þótti, þar sem Fiskveiðasjóður hefði við þessa breytingu tapað frá því sem áætlað var í lánsfjáráætluninni eins og hún var lögð fram, að binda þá upphæð sem gert er ráð fyrir að hann fái samkv. frv. því sem hér liggur fyrir til 2. umr.

Þá er enn fremur að geta þess, að gert er ráð fyrir því í frv. að lán það, sem Framkvæmdasjóði er ætlað að taka erlendis, 3950 millj., verði hækkað upp í 4 milljarða 450 millj., og er þá jafnframt ákveðið að 450 millj. af þeirri upphæð gangi til Fiskveiðasjóðs til að mæta lækkun á tekjum Fiskveiðasjóðs vegna laga nr. 3 frá 2. mars 1979. Þetta var upphaflega í frv. um lánsfjáráætlunina. Við þá breytingu, sem gerð var í hv. fjh.- og viðskn., var haldið sig við að Fiskveiðasjóður fengi sömu fjárhæð, en hann ekki látinn tapa við þá breytingu sem þar var gerð.

Þá er og gerð sérstök breyting á 20. gr. frv., en þar er átt við Ferðamálaráð. Í lögum um Ferðamálaráð er gert ráð fyrir að tekjur ráðsins séu m. a. 10% bróttótekna af Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar var í þessu frv. gert ráð fyrir að um væri að ræða 10% af nettótekjum eða því sem ríkissjóði væri skilað. Sú breyting er nú gerð, að þær fjárhæðir, sem hér er um að ræða, eru þannig: Gert er ráð fyrir að heildarumsetning Fríhafnarinnar verði 1800 millj. kr. og skilað verði 480 millj. Miðað við að lögin hefðu gilt eins og þau eru um Ferðamálaráð hefði því Ferðamálaráð átt að fá 180 millj. kr., en með frv. eins og það kom upphaflega fram hefði upphæðin ekki orðið nema um 48 millj. kr. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til og nauðsyn bar til að gera til þess að tryggja starfsemi Ferðamálaráðs, mun Ferðamálaráð fá um 144 millj. kr. Því munar við breytinguna ekki nema rúmum 30 millj. frá gildandi lögum. Þetta leggur meiri hl. til að verði samþ. og telur að með því móti sé sæmilega séð fyrir málum Ferðamálaráðsins.

Þá vil ég geta þess, eins og áður hefur komið fram, að á fundi n. mættu fulltrúar frá Landsvirkjun m. a. Þeir gerðu n. grein fyrir því, að meira fjármagn mundi þurfa til framkvæmda við það verk sem fyrirtækið er að vinna að nú, það mundi vanta um hálfan annan milljarð miðað við þá áætlun, sem hefur verið gerð um gengissig og verðbreytingu á árinu, og þau útboð sem þegar hefur verið samið um. Ekki taldi n. ástæðu til að hún fjallaði sérstaklega um þennan þátt, enda mundu e. t. v. fleiri þættir vera þannig að sérstaklega yrði fyrir þeim að sjá, og taldi það vera verk ríkisstj. að fjalla um slíka þætti.

Þá barst n. brtt. frá hv. þm. Ingvari Gíslasyni og Lárusi Jónssyni um fjárveitingu eða fjárútvegun til Kröfluvirkjunar. Ekki taldi meiri hl. sér fært að standa að þeirri brtt. og taldi að ef að því verki ætti að vinna á þessu ári hefði ríkisstj. lagt það til. Fjh.- og viðskn. leggur því ekki til að hún verði samþ.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir störfum n. og nál. hennar, því að það skýrir það sem hér um ræðir. Niðurstaðan er sú, að meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. leggur til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem er að finna á þskj. 577 og þannig breytt gangi það áfram gegnum hv. Nd.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Því miður er ekki búið að útbýta nál. minni hl. — það var nokkuð seint á ferðinni, en ég mæli hér engu að síður fyrir því. Minni hl. n. skipa fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn.

Það má segja að afgreiðsla þessa frv. sé í fullu samræmi við vinnubrögð stjórnarliðsins að því er varðar efnahagsmálin yfirleitt. Frv. kom seint fram, það er illa unnið, það spannar ekki yfir það sem nauðsynlegt er og staðreyndir sýna.

Það er ljóst að margar nauðsynlegar eða óhjákvæmilegar framkvæmdir lenda utan þessarar lánsfjáráætlunar, en það er líka ljóst að tekið er fram fyrir hendur fjvn. og þingsins með því að teknar eru inn í áætlunina framkvæmdir sem hafnað var við afgreiðslu fjárl. í des. s. l. Jafnframt er svo ljóst að farið verður út fyrir þann ramma, sem settur var með efnahagsmálalöggjöfinni fyrir skömmu, og farið verður langt út fyrir það sem ætlað var varðandi erlendar lántökur. Þar nefni ég sem dæmi fjárþörf Landsvirkjunar umfram það sem ætlað er í frv., en bréf Landsvirkjunar til iðnrh. frá 23. apríl er prentað sem fskj. með nál. minni hl. Ég skal nefna nokkur atriði úr því bréfi. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Landsvirkjun hefur endurskoðað stofnkostnaðaráætlun Hrauneyjafossvirkjunar í ár með hliðsjón af framangreindu," — sem áður er greint í bréfinu og ég hirði ekki um að telja upp, — „auk þess sem fjárhagsáætlanir fyrirtækisins í heild hafa verið endurskoðaðar miðað við 35% áætlaða verðbólgu á þessu ári og 20% gengissig, en fyrri áætlanir miðuðust við 25% verðbólgu og 20% gengissig. Niðurstöður þessara áætlana eru þær, að lántökur Landsvirkjunar í ár þurfa að nema alls 8070 millj. kr. í stað 6500 millj. kr. samkv. drögum að lánsfjáráætlun ársins. Nemur hækkunin samkv. þessu um 1000 millj. kr. vegna vanáætlunar á kostnaði við byggingarvinnu og 500 millj. kr. vegna breyttra verðlagsforsenda o. fl."

Þá segir hér, þegar greint hefur verið frá því að fjárfestingin sé 9040 millj.:

„Þess ber að geta, að framangreindar áætlanir byggjast á því, að rafmagnsverð Landsvirkjunar hækki um 45% hinn 1. maí n. k., 30% hinn 1. ágúst n. k. og 14.5% hinn 1. nóv. n. k. svo tryggja megi greiðsluhallalausan rekstur og að auki 550 millj. kr. úr rekstri til fjármögnunar framkvæmda, eins og drög að lánsfjáráætlun ársins gera ráð fyrir, sbr. og bréf Landsvirkjunar til rn., dags. 30. mars s. l. Fari svo, að hækkanir þessar verði að einhverju leyti ekki samþykktar, eykst lánsfjárþörfin að sama skapi fram yfir 8070 millj. kr."

Og svo segir að lokum í þessu bréfi:

„Með hliðsjón af framangreindu fer Landsvirkjun þess hér með á leit við yður, hæstv. iðnrh., að þér hlutist til um að við endanlega afgreiðslu lánsfjáráætlunar ríkisins fyrir árið 1979 verði gert ráð fyrir að lántökur Landsvirkjunar nemi 8000 millj. kr. (um $23.0 m.) í ár og þá með fyrirvara um leiðréttingar eftir því sem frávik frá framangreindum forsendum um verðlagsþróun og gjaldskrárbreytingar kunna að gefa tilefni til."

Þetta var úr bréfi Landsvirkjunar.

Þá má einnig ætla að nauðsynlegt verði að leysa fjárþörf ýmissa hitaveitna í landinu, en þar hefur ýmislegt verið skorið niður í þessari lánsfjáráætlun, og reyndar má nefna önnur orkufyrirtæki. Yrði sú upphæð vart undir

1.5—2 milljörðum. Ég nefni þar Hitaveitu Akureyrar og hitaveitur Akraness og Borgarfjarðar, og þá má einnig nefna Kröfluvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og sjálfsagt fleira, eins og t. d. Póst og síma, Ríkisútvarpið o. fl., o. fl. Þá hefur heyrst að leysa ætti vandamál landbúnaðarins með erlendum lántökum, sem yrðu þá væntanlega 3.5—4 milljarðar, en á þau mál má helst ekki minnast við afgreiðslu þessa frv. Það er eflaust ætlun stjórnarflokkanna að afgreiða það mál utan lánsfjáráætlunar. Það má því segja að þegar allt þetta er talið vanti allt að 8—10 milljarða til þess að rétt mynd verði dregin upp. Það er þess vegna alveg augljóst mál, að fjárfestingin í landinu mun fara fram úr 25% markinu sem sett var í nýsamþykktum lögum um stjórn efnahagsmála. Það verður að teljast hreint lögbrot samkv. þeim lögum að fara fram úr 25% markinu, en það skiptir kannske ekki máli því að eins og kom fram í umr. um það frv. eru engin refsiákvæði í lögunum svo að stjórnarliðar þurfa víst ekki að reikna með að verða fyrir neinum meiðingum þó að þeir brjóti þessi nýsamþykktu lög. Það má einnig gera ráð fyrir að erlendar lántökur geti farið allt upp að 50 milljörðum kr. í raun, þótt þessi áætlun geri ráð fyrir 39 milljörðum. Á s. l. ári, 1978, voru hinar erlendu lántökur 32.1 milljarðar brúttó, 11.8 milljarðar nettó, sem svaraði til 2.1% af þjóðarframleiðslu, en verða á þessu ári samkv. framansögðu vart undir 3% af þjóðarframleiðslu, og skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann halda auðvitað áfram að vaxa þrátt fyrir allar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. um hið gagnstæða.

Eins og rækilega hefur komið fram er þetta frv. seint fram komið. En auk þess hefur afgreiðsla þess tekið langan tíma í fjh.- og viðskn. Það stafar auðvitað af hinu venjulega ósamkomulagi stjórnarflokkanna um afgreiðslu hinna mikilvægustu mála. En e. t. v. mætti draga þá ályktun af þeim drætti, sem orðið hefur á afgreiðslu málsins í n. og þar af leiðandi afgreiðslu málsins hér í þinginu, að það hafi verið ætlun stjórnarflokkanna að koma í veg fyrir ýmsar framkvæmdir, sem sótt er á að framkvæma í landinu, eða a. m. k. að tefja fyrir þeim.

Á fund n. komu ýmsir aðilar til viðræðna og til þess að koma á framfæri aths. sínum. Meiri hl. n. hefur tekið misjafnlega í þær aths. sem viðræðuaðilar höfðu fram að færa. Nokkuð hefur verið gangið til móts við óskir Ferðamálaráðs um breytingar á 20. gr. frv., þar sem framlag til Ferðamálaráðs er hækkað úr 10% í 30% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs með brtt. sem meiri hl. hefur flutt. Brtt., sem varða 12.—19. gr. frv., eru til bóta og fremur í samræmi við afgreiðslu fjárl. en ákvæði frv. upphaflega voru.

Um vanda Landsvirkjunar er hins vegar ekki rætt og ekkert upplýst um hvernig sá vandi verði leystur, hvort frestað verði framkvæmdum eða hvort auknar verði lántökurnar, og auðvitað liggja ekki heldur fyrir neinar yfirlýsingar um hvernig tekið verður í óskir um gjaldskrárbreytingar síðar á árinu sem ég greindi frá áðan.

Á forráðamenn lífeyrissjóðanna er ekki hlustað, en hins vegar flytur meiri hl. einskis verða brtt. við 3. gr. frv., — brtt. sem frsm. meiri hl. n. gerði grein fyrir áðan, en var í hálfgerðum vandræðum með. Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir skyldu lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands til þess að kaupa skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu. Hér er um verulega breytingu frá fyrri lögum að ræða á skyldu lífeyrissjóða til skuldabréfakaupa. Sú skylda er lögð á lífeyrissjóðina að kaupa skuldabréf af tilteknum sjóði, í þessu tilviki Byggingarsjóði ríkisins. Hliðstæð ákvæði voru fyrst leidd í lög 1977 með lögum um lántökuheimildir, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1978, lög nr. 82/1977. Þar voru ákvæði um skyldur lífeyrissjóðanna þannig að hverjum lífeyrissjóði, sem nýtur viðurkenningar fjmrn. samkv. skattalögum, sé skylt á ári hverju að verja a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma. Jafnframt var svo fjmrn. gert skylt að hafa jafnan verðtryggð skuldabréf til sölu, eigin skuldabréf, bréf Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggingarsjóðs ríkisins, og andvirði bréfanna skyldi ráðstafað samkv. lánsfjáráætlun ríkisstj. Áður en þessi ákvæði voru leidd í lög höfðu verið gerðir samningar um nokkur ár milli fjmrn. og einstakra lífeyrissjóða um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs fyrir tiltekinn hluta af ráðstöfunarfé sjóðanna. Tilgangur þessara verðbréfakaupa var tvíþættur: annars vegar að greiða fyrir þátttöku lífeyrissjóðanna í fjármögnun atvinnuvega og íbúðabygginga og hins vegar að gefa þeim kost á að ráðstafa verulegum hluta af ráðstöfunarfé sínu með fullri verðtryggingu. Með lögum frá 1977 vegna lánsfjáráætlunar 1978 var lífeyrissjóðum svo gert skylt að ávaxta tiltekinn hluta af ráðstöfunarfé sínu með fullri verðtryggingu að mati Seðlabankans. En með ákvæðum þeirra laga voru sjóðirnir ekki skuldbundnir til þess að kaupa nein tiltekin bréf, en gert ráð fyrir að leitað yrði samninga við þá eins og fyrri ár um að kaupa verðtryggð bréf af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði. Þar var gert ráð fyrir allt að 30% af ráðstöfunarfénu, en jafnframt var sú kvöð lögð á fjmrn., eins og ég sagði áðan, að hafa ætíð á boðstólum verðbréf með fullri verðtryggingu þannig að lífeyrissjóðirnir gætu jafnframt fullnægt þeirri lagaskyldu að ávaxta a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu í slíkum bréfum. Sú skylda fjmrn. er nú felld brott með ákvæðum þessa frv.

Um ákvæðin, sem lögleidd voru í des. 1977, varð töluverður ágreiningur og lífeyrissjóðirnir mótmæltu því að sú kvöð skyldi á þá lögð. Með þessu frv. er hins vegar ætlunin að fara inn á talsvert aðra braut, þ. e. a. s. lífeyrissjóðirnir á samningssviði Alþýðusambands Íslands eru skyldaðir til þess að kaupa skuldabréf Byggingarsjóðs fyrir 20% af ráðstöfunarfénu. Því má svo bæta við, að í löggjöfinni frá 1977 var það ákvæði, að ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefðust gæti fjmrh. lækkað hlutfall til verðbréfakaupanna. Það atriði er nú fellt brott. Það að leggja þá skyldu á lífeyrissjóðina að beina slíkum viðskiptum að tilteknum aðila jafngildir því að einstaklingum eða fyrirtækjum væri skipað með lögum að skipta við einhverja tiltekna aðila. Það má segja að við séum að komast aftur til þess tíma þegar mönnum var refsað fyrir að versla við annan kaupmann en þeim bar samkv. þeim boðum sem giltu á dögum einokunarverslunarinnar. Þetta er dæmi um hin auknu ríkisafskipti sem ætíð fylgja vinstri stjórnum. Ég mótmæli þessu ákvæði frv. og dreg mjög í efa að ákvæði þess standist gagnvart stjórnarskránni. Hér er ríkið í raun að taka til sín eina af aðildum eignarréttarins, rétt manna til að ráðstafa eignum sínum.

Þá hlýt ég að nefna það í þessu sambandi, að með því að skylda lífeyrissjóðina með þessum hætti til að fjármagna Byggingarsjóð ríkisins verður enn erfiðara að

greiða úr lánsfjárþörf atvinnuveganna. Atvinnuvegirnir hafa mjög stuðst við lífeyrissjóðina, eins og alkunna er, bæði beint og óbeint gegnum Framkvæmdasjóð. Nú er enn lagður steinn í götu atvinnurekstrarins í landinu. En það er hins vegar í fullu samræmi við fyrri aðgerðir hæstv. núv. ríkisstj. gagnvart atvinnuvegunum að allt er gert sem unnt er til þess að gera þeim erfiðara fyrir. Það nægir ekki að leggja á þá drápsklyfjar skattanna og skerða afskriftarheimildir með handahófskenndum hætti, heldur á einnig að koma í veg fyrir að lánsfé fáist til fjárfestinga og rekstrar.

Það kom fram í máli fulltrúa lífeyrissjóðanna, sem komu á fund fjh.- og viðskn., að ekkert samráð hefði verið haft við sjóðina um þessi ákvæði frv. Lífeyrissjóðirnir voru óánægðir með löggjöfina 1977 og mótmæltu henni þá, eins og ég hef þegar greint frá. Þá var sú breyting gerð reyndar að lífeyrissjóðunum var gefinn kostur á að kaupa af öðrum en Byggingarsjóði og Framkvæmdasjóði, en nú er það frelsi tekið af. Þá bentu fulltrúar lífeyrissjóðanna sérstaklega á að sjóðirnir hefðu þegar gert sínar ráðstafanir og vafasamt að áðurnefnd ákvæði frv. mundu rúmast innan marka lánsfjáráætlunar. Það yrði miklu erfiðara að fá sjóðina til að gera þessi kaup núna. Það er um að ræða sem sagt þrengingu frá fyrri lögum. Það er ekkert ákvæði í frv. um hvað gera á ef lífeyrissjóðirnir hundsa kaupin, og þess vegna er líka afar ólíklegt að þessi ákvæði haldi.

Fulltrúar lífeyrissjóðanna greindu sérstaklega frá því, hversu gróflega væri gripið inn í þær ráðagerðir sem þegar hefðu farið fram hjá lífeyrissjóðunum. Með þessum ákvæðum væri fé dregið frá atvinnuvegunum, eins og ég nefndi áðan, og reyndar væri fé dregið burt frá hinum ýmsu héruðum landsins þar sem féð er ávaxtað, t. d. frá innlánsdeildum samvinnufélaganna, Iðnlánasjóður og Verslunarlánasjóður væru skornir niður og þeir gætu því ekki lánað til viðkomandi atvinnugreina í þeim mæli sem æskilegt er og eflaust er þörf á.

Á s. l. ári fóru um 23% af heildarkaupum sjóðanna í annað en kaup á bréfum Byggingarsjóðs og Framkvæmdasjóðs. Þar af fóru 20% til Iðnlánasjóðs, Verslunarlánasjóðs og stofnlánadeildanna, en 3.8% til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Möguleikarnir á að verja fé lífeyrissjóðanna til kaupa á bréfum þessara aðila eru hverfandi ef þetta frv. verður samþykkt svona. Ég vil þó taka fram, að það er skoðun mín að krafan til lífeyrissjóðanna af hálfu hins opinbera sé í sjálfu sér eðlileg, þ. e. ávöxtun fjármagns þeirra sé með þeim hætti að þeir kaupi verðtryggð skuldabréf, ella er hætt við að vanda þeirra verði varpað á ríkissjóð. En ákvæði frv. eru hins vegar í hæsta máta óeðlileg að því er varðar þessi atriði. En nóg um það.

Á fundi n. var greint frá erindi sem borist hafði frá Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum um 25 millj. kr. sem þarf til hafnarbóta þar. Formaður n. upplýsti að hæstv. *fjmrh. hefði lofað að vinna að lausn málsins, hvað* sem það nú þýðir, og þess vegna væri ekki ástæða til tillöguflutnings. Því er treyst að þessi orð hæstv. fjmrh. þýði að málið verði leyst.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Við lítum svo á í minni hl. n. með hliðsjón af því, sem ég hef hér sagt, og fyrri athöfnum stjórnarflokkanna í efnahagsmálum yfirleitt, að best fari á því að stjórnarflokkarnir beri alla ábyrgð á afgreiðslu þessa frv. Stjórnarandstaðan hefur ekki tafið afgreiðslu þess og mun ekki gera. Það er fyrir löngu brýn þörf á að Alþ. afgreiði lánsfjáráætlun ársins 1979.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil ekki gera lánsfjáráætlunina eða nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. í heild að umræðuefni hér og nú. Ég vil aðeins taka undir orð hv. 9. landsk. þm., Ólafs G. Einarssonar, og tel sjálfsagt að stjórnarflokkarnir einir beri ábyrgð á því plaggi sem þeir nú leggja fram og ég held að megi lýsa sem nýrri hrollvekju, því að það er sú mynd sem ég fékk í kollinn þegar ég hlustaði á hv. 9. landsk. þm. lýsa lánsfjáráætluninni og því sem blasir nú við íslensku þjóðinni og stjórnarflokkarnir verða einir að hafa höfuðverkinn af.

En það, sem ég vil gera að umræðuefni, er meðferð fjh.- og viðskn. á Ferðamálasjóði og till. ríkisstj. Áður en ný lög um Ferðamálaráð voru sett 1975 eða 1976 runnu *ákveðnar tekjur til Ferðamálaráðs, höfðatölugjald af* hverjum farþega sem fór um Keflavíkurflugvöll. Tekjur af minjagripasölu, sem þá var á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins, stóðu að mestu undir umfangsmiklum rekstri ferðaskrifstofunnar ásamt þeirri landkynningu sem Ferðaskrifstofa ríkisins hafði þá með höndum. Síðan var þessu fyrirkomulagi breytt á þann hátt, að samið var við samsteypu fyrirtækja og samsteypu framleiðenda sem stofnaði sérstakt hlutafélag um rekstur Fríhafnarinnar. Inn í vöruverð þessarar samsteypu, sem nú tók við rekstri Fríhafnarinnar, gengu þær tekjur sem áður höfðu runnið annars vegar til Ferðaskrifstofu ríkisins og hins vegar til Ferðamálaráðs. Um það var samið, gerður um það sérstakur samningur og undirskrifaður, að 10% af brúttótekjum þessarar nýju fyrirtækjasamsteypu skyldu renna til Ferðamálasjóðs og Ferðamálaráðs. Nú hefur þessu verið breytt.

Hugmyndir ríkisstj. um að skera tekjur til ferðamálanna niður um 48 millj. eru svo fráleitar að þær jafngilda því að leggja Ferðamálaráð niður. Brtt. sú, sem meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. hefur flutt og mun gefa ferðamálaiðnaðinum, ef ég má komast svo að orði, 144 millj. í staðinn fyrir þær 180 sem hann hefði fengið, er þó skömminni skárri, það verður að viðurkenna, og verður líklega til þess að Ferðamálaráð verður þó starfhæft.

Við breytinguna, sem var gerð á lögunum 1975 eða 1976, voru verkefni Ferðaskrifstofu ríkisins færð yfir til Ferðamálaráðs alfarið, þ. e. a. s. landkynningin, rekstur á Ferðaskrifstofu ríkisins í New York og þátttaka í samnorrænum ferðaskrifstofum víða um heim. Ég er því hræddur um að blasi við Ferðamálaráði að draga saman starfsemi sína allverulega ef tekjuskerðing á sér stað. Og ég vil geta þess um leið, að ríkisstj. er að éta upp eigin gullkálf, vegna þess að ferðamálaiðnaðurinn er þriðji mest gjaldeyrisskapandi iðnaður þjóðarinnar. Við erum að tala um framlag til að gera hann starfhæfan, sem nemur álagningu sem þegar er komin inn í vöruverð, að upphæð 180 millj. kr., en gjaldeyristekjurnar jafnast á við það sem útfluttar landbúnaðarafurðir gefa okkur samtals í gjaldeyristekjur. Ég held að hér sé afskaplega óviturlega að málum staðið. Það kemur þó engum að óvörum, vegna þess að ríkisstj. stendur illa að málum svo víða annars staðar að fólk fer að verða vant því að mistök séu gerð í fjármálum.

Ég vil með því að koma hér upp og taka til máls aðeins undirstrika það, að ég harma þá skerðingu á framlagi til ferðamála og Ferðamálaráðs sem blasir við. Og ég vil líka

geta þess, að 10 fyrstu ár Ferðamálaráðs starfaði ráðið kauplaust af áhuga að ferðamálum og uppbyggingu ferðamála til þess að auka skilning þjóðarinnar og ráðamanna þjóðarinnar á gildi ferðamála fyrir hina litlu þjóð okkar, en þótt ferðamálaiðnaður sé gömul iðngrein meðal annarra þjóða er hann ný atvinnugrein hér á landi. Ég undirstrika, að ég harma hvað sú iðngrein á erfitt uppdráttar og hvað tekur langan tíma að hún öðlist þann sess sem henni ber í hugum þeirra sem ráða hverju sinni.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Vegna fjarveru minnar af þingi gat ég ekki tekið þátt í afgreiðslu þessa máls í fjh.- og viðskn. nema að litlu leyti, í upphafi afgreiðslutímans. Ég mun af þeim ástæðum ekki gera neina tilraun til þess að tefja þá afgreiðslu, sem hér liggur nú fyrir. Það hefur tekist ákveðið samkomulag um afgreiðslu málsins, a. m. k. í meginatriðum, og mér þykir sjálfsagt að málið gangi áfram, a. m. k. til 3. umr. Hvort aðstaða gefst til þess á milli 2. og 3. umr. að skoða einstaka þætti málsins verður svo að ráðast. En ég vildi eigi að síður láta koma fram nokkuð afstöðu núna til málsins eins og það liggur nú fyrir, sem er líka að mörgu leyti í samræmi við það sem hefur fram komið af minni hálfu áður þegar þetta mál var rætt við 1. umr.

Það er þá í fyrsta lagi, að ég hef gert nokkra aths. við 3. gr. frv., en þar er um að ræða samskipti ríkisvaldsins við lífeyrissjóðina í landinu. Ég skildi ummæli hv. frsm. n. þannig, að ætlað væri að athuga nokkru nánar um orðalag á þessari grein á milli 2. og 3. umr., enda er mér kunnugt um að í mínum flokki eru menn sem vilja gera breytingar á greininni og stefna að því að flytja um það brtt. ef ekki næst samkomulag um tilteknar breytingar á orðalaginu. Ég vil segja að ég tel að afgreiðsla málsins í þeim búningi, sem á 3. gr. er nú, væri mjög óheppileg og mundi leiða af sér margvísleg vandkvæði fyrir ríkisstj. Enginn vafi er á því, að hyggilegra hefði verið að hafa þann hátt á að reyna til hins ítrasta að ná samkomulagi við lífeyrissjóðina um ráðstöfun á því fjármagni sem er verið að seilast eftir frá þeim. Sú lögbindingarleið, sem hér er valin og á þann hátt sem gert er í þessari grein, er ég mjög hræddur um að verði erfið í framkvæmd og muni leiða af sér miklu meiri vandkvæði fyrir hæstv. ríkisstj. en hún hefur gert sér grein fyrir. Það er eins og í fleiri slíkum málum þýðingarmikið að gera sér grein fyrir því strax í upphafi hvernig best sé að ná marki, t. d. í samskiptum við fjölmenn hagsmunasamtök í landinu eins og þau sem standa að lífeyrissjóðakerfinu.

Ég tel líka að þetta hafi komið greinilega í ljós í sambandi við setningu laga um efnahagsmál. Þá taldi ég líka vera farið mjög óhyggilega að: að slá í rauninni á útrétta hönd launþegasamtakanna í landinu, sem höfðu allan tímann boðið núv. hæstv. ríkisstj. ákveðið samstarf. En þá þótti ekki fært að fara samkomulagsleiðina og þá voru knúin í gegn ýmis ákvæði, og ég er mjög hræddur um að hæstv. ríkisstj. eigi eftir að reka sig á að fyrirskipunarleiðin getur líka verið kostnaðarsöm.

Það er þetta atriði varðandi 3. gr. frv. sem ég sérstaklega hnýt um. Ég held að hægt hefði verið að ná því markmiði, sem að er stefnt í sambandi við ráðstöfun á fjármagni lífeyrissjóðanna til samræmis við meginatriðin í stefnu ríkisstj., eftir samkomulagsleið. En með fyrirskipunarleið eins og þeirri, sem mörkuð er í 3. gr. frv., er ég hræddur um að allt fari úr böndunum. Þetta vildi ég láta koma fram sem mína skoðun á þessu máli og hafði reyndar vikið nokkuð að því við 1. umr. málsins.

Þá er annað atriði sem ég hef aths. við að gera, en það eru ákvæðin í 11. gr. frv. Ég tel að það ákvæði, sem er í 11. gr., þar sem sú nýbreytni er tekin upp að fyrirskipa í lögum að taka 2000 millj. kr. af skyldusparnaði ungmenna, sem ákveðinn hefur verið með lögum til ákveðinnar starfsemi, þ. e. a. s. til rekstrar Byggingarsjóðs ríkisins, og ætla að ráðstafa fjármagninu á allt annan hátt, sé óhyggilegt og sé í rauninni ekki verjandi leið. Ég hafði þó minnst á það áður, að ef aðeins væri um að ræða að þetta fjármagn væri lánað til annarra þarfa til mjög stutts tíma, eins og t. d. til eins árs, mætti þola þá aðgerð að ráðstafa þessu fjármagni aðeins með bráðabirgðaláni, en að taka 2000 millj. kr. af skyldusparnaði ungmenna sem bundinn er með húsnæðismálalöggjöf og ráðstafa fjármagninu til allt annarra hluta tel ég í rauninni alveg siðlausa aðgerð. Ég er á móti þessu og mun greiða atkv. á móti greininni, því að ég tel að varast eigi að knýja fram skyldusparnað í tilteknu skyni og hlaupa svo frá á miðri leið þegar búið er að innheimta féð. Ef hæstv. fjmrh. hefði lýst yfir að framkvæmdin á þessum lið væri hugsuð þannig að hér væri aðeins um bráðabirgðalán að ræða, t. d. til eins árs eða svo, svo yrði fjármagninu skilað aftur til hins rétta aðila og til síns upphaflega verkefnis, liti málið allt öðruvísi út.

Þá hef ég einnig aths. að gera við 12.—20. gr., en þær eru að mínum dómi allar gagnrýni verðar. Þó að n. geri á greinunum talsverðar breytingar til bóta tel ég að uppsetning greina þessara sé ekki í samræmi við það samkomulag, sem gert var á milli stjórnarflokkanna við afgreiðslu fjárlaga um ákveðinn samdrátt í sambandi við ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóða eða stofnlánasjóða. Þar var beinlínis gert ráð fyrir að draga úr lögbundnum framlögum til stofnlánasjóðanna sem næmi 10% af því sem annars er bundið með lögum. Ég tel að það hefði átt að halda sig við þetta og setja frv. upp í þeim búningi, en ekki á þann hátt sem gert var og ekki heldur á þann hátt sem meiri hl. n. hefur þó gert. Ég tel líka að þær fjárhæðir, sem nefndar eru nú eftir breytingu frá meiri hl. fjh.- og viðskn., séu ekki fullnægjandi. Þar nefni ég t. d. framlagið til Fiskveiðasjóðs, sem ég tel að sé mjög ranglega túlkað í þessari löggjöf. Samkomulagið, sem gert var á milli stjórnarflokkanna um að draga úr framlögum til Fiskveiðasjóðs sem næmi 10% af lögskyldu framlagi, var miðað við hvernig lög stóðu þegar verið var að afgreiða fjárlög, þ. e. a. s. í desembermánuði. Það var því 10% af þeim framlögum sem gert var ráð fyrir samkv. lögum eins og þau stóðu þá. En síðan er gerð breyting á lögum um Fiskveiðasjóð, í rauninni bráðabirgðabreyting af sérstökum ástæðum, snemma í marsmánuði, þar sem teknar eru af tekjum sjóðsins í kringum 450 millj. kr. og varið í sérstakan olíusjóð í sambandi við verðhækkun á olíu. Nú sýnist mér að 10% niðurskurður á framlaginu til Fiskveiðasjóðs sé miðaður við að hann komi til viðbótar við þann niðurskurð sem þegar er búið að reikna með sérstaklega. Raunverulega verður útkoman sú, að minnkuð framlög frá gildandi lögum til Fiskveiðasjóðs munu nema á milli 700 og 800 millj. kr., sem er miklu hærri fjárhæð en nokkrum hafði komið til hugar í sambandi við lækkun á framlagi til þess sjóðs. Þetta tel ég ekki vera í samræmi við það samkomulag sem gert var á milli stjórnarflokkanna og hér sé því um að ræða að nýtt samkomulag sé tekið upp um að skera niður framlögin til sjóðsins miklu meira en fyrra samkomulagið stóð um. Ég

er þessu andvígur og tel að það hafi ekki verið rétt og aðstæður séu ekki til að skera niður framlögin til stofnlánasjóðanna meira en var gert ráð fyrir í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Þessi atriði vildi ég að kæmu fram varðandi afstöðu mína til málsins. Ég mun styðja allan megintilgang frv., eins og ég hef tekið fram áður, en tel að breytingar hefði átt að gera því að þær hefðu verið í samræmi við það sem áður var gert.

Þá er á það að minnast, að uppi hafa verið hér umr. um að með einum eða öðrum hætti þyrfti að útvega fjárframlög vegna stöðu landbúnaðarins sem gætu numið 3.5 milljarði kr., og rætt hefur verið um lántöku í því skyni. Mér skilst að hæstv. landbrh. hafi beinlínis lagt fram till. um það í ríkisstj. að farin yrði sú leið að taka erlent lán til viðbótar þeim lánum, sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun, sem næmi 3.5 milljörðum kr. Sé ætlunin að taka það lán tel ég að það eigi að koma inn í lánsfjáráætlun, því að ákvæði í hinum nýju efnahagslögum gera beinlínis ráð fyrir að ekki sé hægt að taka viðbótarlán umfram það sem ráð hafi verið gert fyrir í lánsfjáráætlun ríkisins — nema þá meiningin sé ný túlkun á því ákvæði frv. að ekki sé að marka það. Mér þykir að vísu mjög sennilegt að svo fari að það ákvæði í efnahagslögunum nýju standist aldrei í reynd, — það fari svo, að hver sem við völd er verði að víkja frá því og fara jafnvel í meiri lántökur ef mál ber svo að, en geti ekki verið bundinn af slíku lagaákvæði. En lagaákvæðið er þó nýlega samþykkt og þá þykir mér harla einkennilegt að gera ekki ráð fyrir því að setja inn í lánsfjáráætlun heimild til ofangreindrar lántöku. Ég vek athygli á þessu. Það er að sjálfsögðu hægt á milli 2. og 3. umr. að koma lántökuheimild inn í frv., þannig að ekki þurfi að stranda á að heimild sé ekki fyrir hendi ef um það gæti orðið samkomulag í ríkisstj. að fara þessa leið í sambandi við vandamál landbúnaðarins.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, en vildi að þessar aths. mínar varðandi afgreiðslu málsins kæmu hér fram. Ég mun að sjálfsögðu styðja að málið nái fram að ganga til 3. umr. Gefst þá væntanlega tími til að athuga málið nánar á milli 2. og 3. umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar er ærið seint á ferðinni hér á hinu háa Alþingi, eins og kom fram í framsögu frá hálfu frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. Hæstv. fjmrh. viðhafði þau orð, þegar hann mælti fyrir frv., að það væri réttnefnt frv. að lánsfjárlögum fyrir árið 1979. Það hefur verið að velkjast í þessari hv. d. í fjh.- og viðskn. og samkomulagið er ekki betra um þetta frv. en kom fram í máli síðasta hv. ræðumanns, hv. 1. þm. Austurl., en hann hafði svo veigamiklar aths. við frv. að gera að hann kallaði eina grein þess, sem þó mun umsamið að svo skuli óbreytt fram ganga frá hálfu stjórnarflokkanna, sidleysi. Ég fæ því ekki betur séð en það fari svo, að það líði a. m. k. hálfur mánuður í viðbót við þann tíma sem liðinn er þangað til frv. til lánsfjárlaga, sem hæstv. fjmrh. kallaði svo réttilega, verður afgreitt af þessu þingi. Þá eru liðnir nokkuð margir mánuðir af því lánsfjárlagaári sem þetta frv. á að gilda fyrir. Og það vita að sjálfsögðu allir, sem koma nálægt stjórn efnahagsmála, að slíkt er fyrir neðan allar hellur og stuðlar að þeirri upplausn í stjórn efnahagsmála sem nú er nánast alger. Það má heita að fjárfestingarsjóðirnir séu óstarfhæfir og hafi verið allt þetta ár og svo mætti lengi telja.

Hæstv. fjmrh. sagði við þessari gagnrýni við 1. umr., að nú væri búið að setja það í lög að lánsfjáráætlun skuli liggja fyrir hinu háa Alþingi á sama tíma sem frv. til fjárl. og þá væntanlega að afgreiðast í hæstv. ríkisstj. á þeim tíma að slíkt sé auðið. Ég vil benda hæstv. ráðh. á að frv. til næstu lánsfjárlaga, eins og hann nefndi, og frv. til fjárl. þarf að afgreiða í hæstv. ríkisstj. í sept. til þess að þeirri þingvenju verði haldið að þessi frv. komi fram í byrjun næsta þings, á næsta hausti. Og ég óska honum til hamingju ef hann er svo bláeygur að hann líti svo á, miðað við reynslu af samherjum hans í hæstv. ríkisstj., að það nái fram að ganga. Ég veit raunar að hæstv. ráðh. er það raunsær maður að hann gerir sér ekki um þetta neinar gyllivonir, enda horfir ekki vel um þetta, t. d. ef mið er tekið af síðustu ræðu formanns þingflokks stærsta stjórnarflokksins.

Í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1979 eru veigamiklir efnisþættir sem ég leyfi mér að gagnrýna mjög harðlega ef frv. yrði lögfest eins og meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur afgreitt það. Ég vil nefna helstu þessara þátta.

Fjárlögum yrði breytt í veigamiklum atriðum án rökrétts samhengis við ákvarðanir sem teknar voru við fjárlagaafgreiðslu. Lögfest yrði alger þvingun á ráðstöfun mikils hluta fjármuna lífeyrissjóðanna í landinu. Húsnæðismálastjórn yrði svipt meira en öllum skyldusparnaði í ár. Útlánageta ýmissa sjóða, sem hafa markaða tekjustofna, yrði stórlega skert. Með því er m. a. dregið verulega úr lánagetu til íbúðabygginga, endurhæfingar fatlaðra og fleiri félagslegra verkefna. Frv. felur í sér stórfelldan niðurskurð á fjármagni til hitaveituframkvæmda. Orkuöflun við Kröflu yrði stöðvuð, en hafnar byrjunarframkvæmdir við virkjanir sem ekki koma að gagni fyrr en eftir mörg ár. Í þetta frv. og væntanleg lög vantar stórar fjárfúlgur sem ríkisstj. er nauðbeygð að reiða fram á árinu, t. d. til þess að standa við verksamninga Landsvirkjunar við Hrauneyjafoss. Þar er um að ræða a. m. k. 1.5—2 milljarða kr. Og í þetta frv. vantar upphæð sem svarar 3—4 milljörðum kr. og vitað er að ríkisstj. fyrirhugar að taka að láni til þess að greiða bændum útflutningsbætur umfram fjárlög.

Þetta frv. og væntanleg lög, lánsfjárlög fyrir árið 1979, sýnir því glöggt að það er í raun grein á sama meiði og meginstefna ríkisstj., þ. e. sem sagt viðbót við það neðanjarðarhagkerfi, sem ég vil nefna svo, sem núv. stjórnarflokkar hafa beitt sér fyrir að koma á hér á landi. Þeir hafa beitt sér fyrir því að draga verulega þætti íslenskra efnahagsmála niður í undirheima. Aðgerðir þeirra hafa fært þessa þætti niður í undirheima niðurgreiðslna, skattaálaga, verðlagshafta, launafeluleiks og millifærslna, sem gera ýmsa þætti íslenskra efnahagsmála ósýnilega öllum íslenskum almenningi.

Ég er þeirrar skoðunar, að þetta neðanjarðarhagkerfi stjórnarflokkanna, sem er orðið hrikalegt, sé jafnvel enn þá hættulegra en það neðanjarðarhagkerfi sem mikið var til umr. fyrir nokkrum mánuðum, fyrir stjórnarskipti, og mun þar hafa verið átt við þá afkima hagkerfisins þar sem lög og reglur eru brotin og þola ekki dagsljós laga og reglna. En ég skal koma nánar að þessu síðar.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um þá meginþætti þessa frv. sem ég hef hér gagnrýnt. Fjárl. er breytt í veigamiklum atriðum. Lánsfjárheimildir í erlendum lánum eru auknar um rúma 5 milljarða samkv. A- og B-hluta í gildandi fjárl. Fjvn. hefði að sjálfsögðu ekki neinn

möguleika til þess að vita um þessar ákvarðanir þegar fjárlög voru afgreidd í des. Þetta frv. er því í veigamiklum atriðum ekki í rökréttu samhengi við afgreiðslu fjárl. Afleiðingin er fálm og stefnuleysi í íslenskum efnahagsmálum og ríkisfjármálum. Ég hef áður gagnrýnt þessi vinnubrögð og að fjvn. skuli ekki hafa haft tækifæri til þess að fara yfir þetta mál og segja álit sitt á því við hv. Alþ. og þarf ekki við það að bæta, enda hefur hæstv. fjmrh. viðurkennt að þessi vinnubrögð séu ekki skynsamleg. En þrátt fyrir þessar auknu lántökur, sem þetta frv. veitir hæstv. ríkisstj. heimildir til, þá er enn — ég undirstrika það — haldið fast við niðurskurð ýmissa lífsnauðsynlegra framkvæmda úti um land sem voru verulega skornar niður áður og núv. hv. stjórnarsinnar gagnrýndu allharkalega fyrr á árum. Þetta er eitt dæmi um hvað þeir segja fyrir og eftir kosningar, að nú vega þeir enn í þann knérunn sem þeir töldu veikastan fyrr á árum. Hér á ég ekki síst við framkvæmdir eins og t. d. fjárveitingar til fiskihafna, til vega o. s. frv., en eins og hv. þingheimi er kunnugt var niðurskurður á þessum framkvæmdum, sem fyrrv. ríkisstj. taldi nauðsynlegan vegna stjórnar efnahagsmála, harðlega gagnrýndur af núv. stjórnarsinnum og að sumu leyti kannske réttilega til einstakra verkþátta eins og fiskihafna.

Með þessu frv., eins og fjh.- og viðskn. hefur afgreitt það, fær ríkisstj. einhliða ráðstöfunarrétt á miklum hluta af fjármagni frjálsra lífeyrissjóða í landinu. Fyrri ríkisstj. var harðlega gagnrýnd af núv. stjórnarflokkum fyrir að lögfesta ávöxtunarskyldu lífeyrissjóðanna að hluta í formi verðtryggingar. Nú snýst sú gagnrýni í að lögfesta algera þvingun á ráðstöfunarfjármagni þessara sjóða. Þetta er annað dæmið um þann margslungna blekkingavef sem núv. stjórnarflokkar hafa haft í frammi fyrir og eftir síðustu alþingiskosningar. Húsnæðismálastjórn er svipt samkv. þessu frv. meira en öllum skyldusparnaði sem ætlað er að komi inn á þessu ári samkv. bréfi frá húsnæðismálastjórn — og er þar vel að verki staðið. Ég get tekið undir ummæli hv. 1. þm. Austurl. í þessu efni. Ég fæ ekki betur séð en þarna sé á ferðinni algert siðleysi: að taka skyldusparnað ungmenna, sem ætlaður er til íbúðabygginga fyrir ungt fólk í landinu, til allt annarra verkefna en ætlað er að sinna samkv. lögunum sem þessi skattur er innheimtur eftir.

Samkv. þessu frv. er útlánageta ýmissa sjóða verulega skert og fjármagn þeirra tekið til annarra nota en ætlað er og látið sumpart standa undir eyðslu ríkissjóðs, ríkisbákninu. Sá sjóður almennings, sem lánar til íbúðarbygginga, verður harðast fyrir þessu ákvæði og er engu líkara en hæstv. ríkisstj. segi húsbyggjendum og byggingariðnaði stríð á hendur með lögfestingu þessa frv., bæði með því ákvæði, sem ég áður gerði að umtalsefni um skyldusparnaðinn, og eins með því að skerða verulega aðra tekjustofna til Byggingarsjóðs ríkisins, þ. e. launaskatt. Sama gildir þó í raun um ýmsa aðra sjóði, eins og t. d. Erfðafjársjóð. Það fólk, sem hefur á hendi umsjón með endurhæfingu fatlaðra, hefur mótmælt þeirri skerðingu mjög kröftuglega, en þau mótmæli eru ekki tekin til greina, og svo er raunar um ýmsa aðra þætti er varða félagslegar framkvæmdir.

Frv. þetta, ef að lögum verður, felur í sér mjög verulegan niðurskurð á fjármagni til hitaveitufram kvæmda. Það kemur mér á óvart að hæstv. fjmrh. hafði það á orði við 1. umr. þessa máls, að t. d. til hitaveitufram kvæmda á Akureyri, ef þær ættu að ganga fram eins og eðlilegt væri, skorti samkv. hugmynd í þessari lánsfjáráætlun um 700—800 millj. kr. Hv. fjh.- og viðskn. hefur ekki séð sér fært að gera ráð fyrir að þetta verði leiðrétt. Ég vil því enn inna hæstv. ráðh. eftir því, hvort hann hyggist ekki standa við þau orð að skoða rækilega hvort ekki ætti að láta verkefni eins og Hitaveitu Akureyrar njóta viss forgangs um framkvæmdir á þessu ári og útvega þær 700—800 millj. sem á skortir í því sambandi. Ef þetta frv. verður að lögum verða framkvæmdir við Kröflu enn fremur stöðvaðar, orkuöflun verður stöðvuð við Kröflu. En það er svo, að með tiltölulega lágum fjárhæðum mætti afla meiri orku við Kröflu og sú orka kæmi strax í gagnið og yrði tiltölulega ódýr ef miðað er við þann viðbótarkostnað sem í þarf að leggja. Á sama tíma er eftir þessari lánsfjáráætlun hugmyndin að byrja framkvæmdir á öðrum stöðum, t. d. við Bessastaðaárvirkjun, sem af sumum er talin vafasöm virkjun, en látum það nú alveg vera. Ætlunin er að byrja þar á virkjun sem mundi ekki koma í gagnið fyrr en eftir mörg ár, en skilja Kröfluvirkjun eftir í miðjum klíðum. Ég hef því leyft mér ásamt hv. þm. Ingvari Gíslasyni að flytja brtt á þskj. 459 í sambandi við þetta mál, þar sem gert er ráð fyrir að ríkisstj. sé heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 660 millj. kr. til borunar tveggja vinnsluhola fyrir Kröfluvirkjun árið 1979. Ég skal ekki í því sambandi fara að gera hér upp beint á milli framkvæmda við Kröflu eða við Bessastaðaárvirkjun, en ég vil benda á þann gífurlega mun sem á því er að ljúka þeim verkefnum, sem í hefur verið ráðist, þegar þrengir að og menn þurfa að spara, frekar en að drepa kröftunum á dreif, hætta við hálfnað verk og byrja á nýjum.

Þá sagði ég áðan, að í þetta frv. skorti ákvæði um heimildir til þess að greiða fyrir framkvæmdir sem er alveg borðleggjandi í dag að kosta miklu meira fé en í lánsfjáráætluninni er gert ráð fyrir, t. d. að því er varðar Landsvirkjun, og eins benti ég á að utan þessarar lánsfjáráætlunar mun það vera hugmynd ríkisstj. að taka ákvörðun um að taka erlend lán til þess að liðsinna bændum um auknar útflutningsbætur umfram það sem gert er ráð fyrir á fjárl. Hér er sem sagt um að ræða að taka á eins konar neðanjarðarákvarðanir um þessi efni. Þær eru faldar, þær eru ekki látnar koma fram í dagsljósið. Þarna er um að ræða vinnubrögð af nákvæmlega sama toga og hæstv. ríkisstj. hefur tamið sér á nánast öllum sviðum íslenskra efnahagsmála. Þetta frv. er því grein á sama meiði og er hluti af neðanjarðarhagkerfi núv. hv. stjórnarflokka.

Ég vil í þessu sambandi benda á að einstakir mjög mikilvægir þættir efnahagsmálanna hafa verið huldir almenningi og — eins og ég sagði áðan — dregnir niður í undirheima niðurgreiðslna, skattpíningar, verðlagshafta, vísitölufeluleiks og millifærslna. Ég vil aðeins ítreka þetta með því að telja upp nokkur dæmi.

Neðanjarðarhagkerfið, sem ég hef talað hér um, felst m. a. í því að ausa fjármunum almennings til niðurgreiðslna á vöruverði í miklu stærri stíl en gert hefur verið. Almenningur veit ekkert hvað sú vara kostar í raun sem er niðurgreidd í verslunum. Neðanjarðarhagkerfið felst í því að taka þessa fjármuni með gífurlega auknum sköttum, sem ekki mælast sem lífskjaraskerðing í vísitölunni, en mælast í niðurgreiðslunni til lækkunar vísitölu og lækkaðra launa. Þetta neðanjarðarhagkerfi felst líka í gegndarlausum blekkingum stjórnarflokkanna og algerri ríkisforsjá í launamálum, feluleik

með vísitöluna, lítt skiljanlegum félagsmálapökkum o. s. frv., í stað loforðsins um beinharða peninga: „samninganna í gildi". Þetta neðanjarðarhagkerfi felst í skattheimtu sem er gífurleg og sumpart hefur verið ákveðin eftir að tekna er aflað, þannig að enginn veit lengur hvaða tekjum hann má sjálfur ráðstafa. Samkv. reynslu má alltaf eiga von á út allt tekjuárið að nýjum skattaálögum verði bætt við. Neðanjarðarhagkerfið, sem núv. stjórnarflokkar bera ábyrgð á, er ekki síst fólgið í því, að ríkisstj. neitar staðreyndum um raunverulegar kostnaðarhækkanir á vörum og þjónustu. Hún bannar samsvarandi hækkanir á söluverði þeirra, t. d. á orku, síma, bensíni o. s. frv.

Það mætti telja miklu fleiri veigamikla þætti íslenskra efnahagsmála hluta neðanjarðarhagkerfis núverandi stjórnarflokka. Í þessu frv., eins og ég sagði áðan, má benda á sjónarspilið sem á sér stað í tekjuöflun til ríkissjóðs þar sem selst er í markaða tekjustofna, feluleikinn um fjármögnun virkjunarframkvæmda og útflutningsbóta til bænda. Fjölmörg önnur atriði mætti nefna, en ég læt þessi nægja til að lýsa þeim frumskógi feluleiks og blekkinga sem núv. hv. stjórnarflokkar eru ábyrgir fyrir að hafa dregið íslenska hagkerfið út í.

Afleiðingar þessa neðanjarðarhagkerfis á fjármála- og viðskiptasiðgæði alls almennings eru margvísleg. Menn hafa enga hugmynd um hvað mikilvægir liðir í útgjöldum heimilanna kosta í raun. Þar má nefna rafmagn, hita, síma, bensín á bifreiðina o. s. frv. Menn vita ekki heldur hvaða framleiðslukostnaður er á ýmsum matvælum, hvað hann er í raun þegar þeir kaupa í matinn. Fáir gera sér grein fyrir hvaða summur eru faldar og skotið er á frest að borga af samfélaginu, t. d. með skuldasöfnun ýmissa stofnana eins og Pósts og síma, Ríkisútvarpsins, Rafmagnsveitnanna og hitaveitnanna, svo að dæmi séu tekin. Allur almenningur veit ekki hvort vænta skal vísitölubóta á laun eða þau verði afnumin með nýjum feluleik, hvort vænta má nýrra skatta o. s. frv., o. s. frv. Menn vita ekki í raun, úr hverju þeir hafa að spila, og eru algerlega ruglaðir í því, hvað mikilvægustu þjónustuliðir og vörur sem þeir nota, kosta samfélagið í raun og veru.

Þetta neðanjarðarblekkingahagkerfi núv. stjórnarflokka ruglar sem sagt allan almenning í ríminu, í því að stjórna skynsamlega eigin fjármálum, en fátt fullkomnar betur þá siðferðilegu og fjármálalegu upplausn, sem óðaverðbólgan hefur í för með sér, og leiðir því til enn þá illkynjaðra þjóðarmeins. En með þessu er þó ekki öll sagan sögð. Undirheimahagkerfið felur ýmsa grundvallarþætti efnahagsmála þannig að t. d. Hagstofan, sem reiknar nákvæmlega út þá þætti verðlags sem komnir eru upp á yfirborðið, gefur út vísitölu í samræmi við það, en ekki þær raunverulegu verðlagsbreytingar sem faldar eru í undirheimum kerfisins, flestar í verðlagshaftaskúffu ríkisstj. Hagstofan reiknar rétta yfirborðsverðlagsvísitölu, en enginn veit hvað raunverulegt verðlag breytist frá einum tíma til annars. Hagstofan veit það ekki, Alþ. og ríkisstj. vita það ekki og jafnvel Þjóðhagsstofnun, sem flest veit, á sjálfsagt fullt í fangi með að reikna það út með aðstoð tölvu.

Herra forseti. Ég held að engum, sem íhugar efnahagsvanda þjóðar okkar í alvöru, geti blandast hugur um að það neðanjarðarhagkerfi, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur hróflað upp að undanförnu, eykur á verðbólguvandann, en læknar hann ekki. Aðferð strútsins að stinga höfðinu í sandinn hefur ekki gefist vel við úrlausn aðsteðjandi vandamála.

Það neðanjarðarhagkerfi stjórnarflokkanna, sem þetta frv. er mikilvægur hluti af, er dæmigerð strútsaðferð, auk þess sem margar greinar þess eru meingallaðar og að mati sumra stjórnarsinna siðspillandi. Á hinn bóginn ber nauðsyn til, eins og fram hefur komið, að lánsfjárlög séu til fyrir þessa þjóð fyrir árið 1978. En ég tel að sú afgreiðsla verði að þessu sinni að verða á ábyrgð stjórnarflokkanna einna.

Umr. frestað.

Efri deild, 88. fundur.

Fimmtudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 572). — 1. umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. þm. Braga Níelssyni, Oddi Ólafssyni og Helga F. Seljan frv. um breyting á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu. Frv. þetta er flutt hér og nú til að gera tilraun til að leiðrétta að hluta mistöku sem urðu að mínu mati við setningu laga nr. 57 20. maí 1978, um heilbrigðisþjónustu, að því er varðar viðhalds- og endurnýjunarkostnað fasteigna og tækja heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, þannig að þessu kostnaður greiðist miðað við eignarhlutfall, sem er í þessum tilfellum 85% ríkishluti, en 15% hluti viðkomandi sveitarfélaga. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hafði, enda var það krafa landsþings og fulltrúafunda sveitarfélaga, vænst þess að hæstv. ríkisstj. legði fram frv. um leiðréttingu á þessu atriði á yfirstandandi Alþ., taldi sig raunar hafa um það fyrirheit hæstv. heilbrrh., en þar sem sýnt er að af því verður ekki, eins og raunar kemur fram í stjfrv. til l. á þskj. 557, sem aðeins nær til smávægilegra breytinga á umdæmum, vildum við flm. freista þess að ná fram breytingunni á þskj. 572, ekki síst þar sem ríkisstj. hefur með frv. á þskj. 557 opnað þetta mál.

Eins og fram kemur á þskj. 572 gerum við ráð fyrir að taka aðeins til athugunar eða breyta ákvæði í sambandi við viðhalds- og endurnýjunarkostnað. Eins og kemur fram í 1. gr. er breytingin sú, að síðari málsl. 1. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

„Viðhalds- og endurnýjunarskostnaður fasteigna og tækja greiðist af hvorum aðila, þ. e. ríkissjóði og sveitarfélögum, miðað við eignarhlutfall."

2. gr. er þannig:

„4. mgr. 34. gr. laganna orðist svo: Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga, en greiða viðhald fasteigna miðað við eignarhlutfall."

Þá er ákvæði til bráðabirgða sem við leggjum talsvert mikið upp úr, og það er þannig:

„Fyrir árslok 1979 skal endurskoða ákvæði laga þessara um kostnaðarskiptingu rekstrar milli ríkis, sveitarfélaga og sjúkrasamlaga í því skyni að einfalda kostnaðarákvæði og stefna að því að öll sveitarfélög sitji við sama borð varðandi kostnað við heilbrigðisþjónustu."

Lögin um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 frá 1973, sem tóku gildi 1. jan. 1974, mörkuðu vissulega djúp og

heillarík spor til framfara á þessu sviði. Megintilgangur laganna kemur fram í 1. gr. þeirra: „Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Einn mikilvægasti þáttur laganna, ekki síst fyrir landsbyggðinga, er III. kaflinn, um heilsugæslu, en heilsugæsla merkir í lögunum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra sem ekki dveljast á sjúkrahúsum. Í samræmi við lögin frá 1973 er hafist handa um byggingu heilsugæslustöðva víðs vegar um land og læknisbústaðir teknir undir lögin þar sem það er framkvæmanlegt.

Eftir gildistöku laganna 1. jan. 1974 var fastlega gert ráð fyrir að settar yrðu reglugerðir um framkvæmd laganna, um ýmsa mikilvæga rekstrarþætti, og fast eftir því leitað. Þetta hefur enn ekki verið gert, hverju sem um er að kenna. Er hér enn ítrekuð nauðsyn þess að reglugerð um þau atriði fari að sjá dagsins ljós, enda urðu fljótlega árekstrar milli sveitarfélaga annars vegar og sjúkrasamlaga og heilbrrn. hins vegar, hvernig túlka bæri kostnaðarhluta í rekstri heilsugæslustöðvanna.

Það má segja að í sambandi við lög nr. 57/1978 hafi verið gerðar vissar úrbætur til þess að skilgreina kostnaðarskiptinguna nánar, alla vega er gert ráð fyrir í þeim lögum eins og hinum eldri, að sett verði skýrari ákvæði í reglugerðir. Í umr. á hv. Alþ. í haust og vetur í sambandi við fsp. sem ég bar fram til hæstv. heilbrrh. lýsti hann yfir að reglugerðir væru nú í smíðum og þess væri vænst að þær fyrstu færu að sjá dagsins ljós fljótlega upp úr áramótum s. l. Af því hefur ekki orðið og er því ástæða til þess að nota tækifærið til að ítreka enn frekar að þeim sé hraðað.

Einnig kom strax í ljós að útgjöld sveitarfélaga við rekstur þeirra heilsugæslustöðva, sem eru án tengsla við sjúkrahús, yrðu nær óviðráðanleg, þar sem engir tekjustofnar væru til að mæta hinum auknu útgjöldum. Þar við bætist að sum sjúkrasamlögin telja sig ekki eiga að greiða til heilsugæslustöðva neinn hluta rekstrar. Kem ég að því nánar síðar.

Alþ. tók, eins og fyrr segir, lögin til endurskoðunar 1978 og afgreiddi þau sem lög 5. maí 1978. Breytingar urðu ekki til verulegra bóta fyrir sveitarfélögin. Þar var ekki tekið tillit til umsagnar og óska Sambands ísl. sveitarfélaga um ýmis mikilvæg atriði, sem þegar var vitað að nauðsynlegt var að breyta og samræma.

Ein helsta breytingin var að ríkissjóður og sveitarfélögin greiddu að jöfnu viðhald og endurnýjunarkostnað fasteigna og tækja heilsugæslustöðva og viðhald fasteigna sjúkrahúsa, þrátt fyrir að eignarhluti ríkisins í þessum mannvirkjum er 85% samkv. lögum. Fyrir þau sveitarfélög, sem reka sjúkrahús, kom þessi breyting algerlega á óvart. Mun lagaákvæðið hafa verulegar fjárhagsbyrðar í för með sér fyrir viðkomandi sjúkrahús og standa í vegi fyrir ýmsum aðgerðum sveitarfélaga sem ein annast uppbyggingu sjúkrahúsa.

Ég vil bera upp mótmæli frá bæjarstjórninni á Akranesi í sambandi við þessa lagabreytingu, sem bæði komu fram þegar lögin voru til umfjöllunar á hv. Alþ. í maí 1978 og eins í samþykkt sem gerð var í des. s. l. og ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Akraness samþykkir að skora á Alþ. að fella úr gildi þau ákvæði í nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu sem fela í sér að sveitarfélög greiði helming viðhaldskostnaðar við sjúkrahús, en þetta lagaákvæði mun hafa í för með sér verulegar fjárhagsbyrðar sem leggjast þyngst á þau sveitarfélög sem standa ein að rekstri og uppbyggingu slíkra stofnana. Bæjarstjórnin hvetur þm. Vesturl. til þess að fylgja þessari áskorun fast eftir.

Í þessu sambandi bendir bæjarstjórnin á þann mikla mismun sem fram kemur gagnvart sveitarfélögunum í þessari löggjöf. Sum sjúkrahús eru að fullu greidd af ríkissjóði, bæði stofnkostnaður og rekstur, t. d. Landakot og Landspítalinn. Önnur sveitarfélög hafa engin sjúkrahús og nýta íbúar þeirra sjúkrahús ríkisins eða sjúkrahús er önnur sveitarfélög standa að. Akraneskaupstaður er eina sveitarfélagið sem stendur að sjúkrahúsi Akraness, þótt það þjóni öllu Vesturlandi og raunar enn stærra svæði. Lætur nærri að 45% sjúklinga komi frá Akranesi, 35—40% frá öðrum hluta Vesturlands og 15—20% frá öðrum svæðum landsins, aðallega Reykjavík. Af þessu sést hve ranglátt er að ætla bæjarsjóði Akraness að standa undir 50% af fyrrnefndum rekstrarkostnaði sjúkrahússins á móti sjúkrasamlaginu, þar sem innan við helmingur þeirra, er sjúkrahúsið nota, er frá Akranesi".

Samþykkt þessi var gerð í bæjarstjórn Akraness í desembermánuði s. l. og send þm. Vesturl. Mér þótti rétt að lesa þessa ályktun upp. Hún er raunar ein röksemdin fyrir frv. því til breyt. á lögum sem hér liggur fyrir.

Í fjárlögum fyrir árið 1979 er framlag ríkissjóðs til viðhalds heilbrigðisstofnana 350 millj. kr. miðað við helmingaskiptareglu. Ef frv. þetta verður að lögum munu útgjöld ríkissjóðs til viðhalds heilbrigðisstofnana aukast um 70%, úr 50% í 85% hlutfall, þ. e. á verðlagi ársins 1979 um 245 millj. kr.

Það er alveg ljóst, að lögin um heilbrigðisþjónustu hafa skapað nýtt viðhorf til þessa mikilvæga málaflokks og þegar fært okkur verulega nær því marki að allir landsmenn eigi kost á fullnægjandi heilbrigðisþjónustu, enda þótt stórverkefni séu enn óleyst á þessu sviði. T. d. þarf að finna lausn á læknaskorti, sem nú fer vaxandi úti í dreifbýlinu. Heilbrigðismálin eru nú þegar fyrirferðarmesti útgjaldaflokkur í þjóðfélaginu. Það hlýtur því að teljast eðlilegt og raunar nauðsynlegt að sífellt fari fram endurskoðun í þessum málaflokki öllum, þar með talin tryggingalöggjöfin, til að ná fram mestri hagkvæmni í öllum rekstri, og þess jafnan gætt að saman fari stjórn og fjármálaleg ábyrgð.

Endurskoðun á hlutverki og tilveru sjúkrasamlaga kemur mjög til álita. Þá víðtæku breytingu að leggja sjúkrasamlögin niður hafa margir minnst á eða að auka hlutverk þeirra verulega, t. d. að því er varðar rekstur heilsugæslunnar. Nú er alveg ljóst, að mjög er mismunandi hvernig sjúkrasamlögin eru rekin. Í sumum tilfellum greiða sjúkrasamlög verulegan hluta kostnaðar við heilsugæslu eða heilbrigðisþjónustuna almennt, langt umfram það sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Annars staðar eru allar greiðslu hins vegar takmarkaðar, jafnvel umfram heimildir. Eftirlit með rekstri sjúkrasamlaga er óverulegt, og hefur komið fram í viðræðum við fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins að eftirlit er nánast ekkert með mörgum sjúkrasamlögum frá hendi stofnunarinnar. Er því ekki að furða þótt skilgreining aðila á skyldum og hlutverki þeirra sé á reiki. Eins og allir vita, sem hafa séð reikninga Tryggingastofnunar ríkisins um sjúkrasamlögin, er hér um gífurlegar fjárhæðir að

ræða. Það er því brýn nauðsyn að mati flm. að þessi þáttur í kerfinu verði endurskoðaður sérstaklega.

Í slíkri endurskoðun laganna er nauðsynlegt að taka afstöðu til samskipta ríkis og sveitarfélaga í uppbyggingu og sérstaklega rekstri heilbrigðisstofnana. Nú er þetta atriði óljóst og mismunandi og ber að stefna að því að öll sveitarfélög sitji við sama borð varðandi kostnað við heilbrigðisþjónustuna almennt.

Sem fskj. með þessu frv. höfum við látið prenta umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga í sambandi við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu sem samþ. var á s. l. ári. Í þeirri umsögn koma fram ýmis atriði sem hafa valdið ágreiningi í samskiptum sveitarfélaga við heilbrrn. og sjúkrasamlögin. Ég sé ekki ástæðu til að lesa umsögnina upp, en við töldum ástæðu til að láta hana fylgja með til glöggvunar á því ákvæði til bráðabirgða, sem við leggjum mikið upp úr, að lögin verði tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1979.

Við leggjum þunga áherslu á í sambandi við þetta frv. að viðhaldsþáttur laganna verði leiðréttur á þessu þingi, jafnframt verði hafin raunhæf endurskoðun á ákvæðum laganna um kostnaðarskiptingu og tilhögun rekstrar milli ríkis, sveitarfélaga og sjúkrasamlaga, sem ég hef verið að minnast á, til einföldunar og reynt verði að tryggja að öll sveitarfélögin sitji við sama borð varðandi kostnað. Kemur þá vissulega til greina það sem ég nefndi áðan: víðtæk skoðun á hlutverki og gildi sjúkrasamlaga landsins. En umfram allt erum við sammála um það, sem ég geri ráð fyrir að allir séu, að búið verði svo að þessum málum að heilbrigðisþjónustan skili sem bestum árangri fyrir þjóðina í heild.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengra mál í framsögu fyrir þessu máli, en ég vænti þess að að lokinni umr. verði því vísað til heilbrn. Ed.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Fyrsti flm. þess frv., sem nú er til umr., hefur gert rækilega grein fyrir efni þess og hvers vegna það er fram borið. Ég þarf því ekki miklu við að bæta. Ég vildi aðeins geta þess, að sveitarfélögin eiga í vaxandi örðugleikum með að sinna nauðsynjum sínum og eitt af því, sem hefur verið þungur baggi á sveitarfélögunum að undanförnu og í vaxandi mæli valdið þeim áhyggjum, er einmitt rekstur heilsugæslunnar. Það byggist að nokkru leyti á því að tiltölulega lítið af tekjustofnum sveitarfélaganna er verðtryggt, ekki nema kannske 10%, þegar ríkið hefur aftur á móti verðtryggt milli 70 og 80% af tekjustofnum sínum. Í verðbólguþjóðfélagi eins og hefur verið hér á undanförnum árum segir slíkt fljótt til sín. Þar að auki hefur verið tilhneiging til að hlaða verkefnum á sveitarfélögin án þess að fjármagn kæmi á móti. Síðasta dæmið um það er eftirlaun aldraðra, sem er sjálfsagt og eðlilegt mál, en þar er farið fram á allmiklar fjárhæðir frá sveitarfélögum án þess að þeim hafi verið færður tekjustofn á móti til þess að sinna því verkefni.

Vegna þess að þarna er aðeins um að ræða breytingu á greiðslu rekstrarkostnaðar til samræmis við eignaraðildina, sem manni finnst sjálfsagt og eðlilegt, vildi ég geta þess, að málið er ekki þar með leyst. Það eru nefnilega margar heilsugæslustöðvar, sem eru reknar í þessu landi nú, sem ríkið á ekki og ekki eru í eignarhúsnæði, heldur leigja húsnæði undir starfsemi sína. Ég vona að tekið verði fullt tillit til þarfa á starfsemi þeirra heilsugæslustöðva þegar gengið verður endanlega frá þessu frv.

Þar sem ég sit í n. þeirri, sem mun fjalla um þetta mál, ætla ég ekki að vera langorður, en ég vildi þó geta þess hve gífurleg hjálp það hefur verið fyrir ríkissjóð og reyndar fyrir mestalla landsbyggðina að sú stefna var tekin upp, þegar búið var að samþykkja lögin um heilbrigðisþjónustu 1973, að í þéttbýlinu yrðu heilsugæslustöðvar reknar í leiguhúsnæði þar til lokið hefði verið uppbyggingu — eða að mestu leyti — úti á landi. Breyting yfir í heilsugæslustöðvar hér hefur því ekki komið fjárhagslega við ríkið. Þetta hefur verið til mikilla hagsbóta. Hins vegar er óþarfi að það lendi líka á rekstrinum, og ég held að ekki ætti að verða örðugt að finna leið til þess að tryggja að þeir aðilar, sem leigja húsnæði fyrir starfsemi sína, fái sanngjarna meðferð í þessu efni.

En úr því að lögin um heilbrigðisþjónustu eru opnuð á ný langar mig til að geta um þann annmarka sem er kannske hvað alvarlegastur núna og ég hef reyndar vikið að fyrr á þessu þingi, um læknisþjónustuna í minnstu héruðunum, þ. e. a. s. á H 1 stöðvunum. Enginn vafi er á að það er eitt mesta vandamálið, sem við eigum við að glíma núna, að tryggja læknisþjónustu þar sem ekki er ætluð seta nema einun lækni. Það á sér margar orsakir. Í fyrsta lagi nefni ég einangrunina og skortinn á möguleikum lækna á H 1 stöðvum að ná til starfsbræðra sinna. Í öðru lagi eru þeir í hópi þeirra fáu sem hafa beinlínis lakari kjör hlutfallslega en fyrir nokkrum árum. Og svo í þriðja lagi virðist margt benda til að takmarkaður áhugi sé víða á þessum stöðvum vegna þess að þær eru tiltölulega fáar. Hér er um ca. 15—18 stöðvar að ræða og hefur verið leitað ýmissa leiða til þess að tryggja þá starfsemi, sem var í raun og veru önnur höfuðástæðan fyrir þörfinni á nýju heilbrigðisþjónustulögunum. En það virðist ekki hafa tekist betur en svo, að aldrei í manna minnum hafa færri læknar verið ráðnir í þær stöðvar en nú. Er það mikið áhyggjuefni landlæknis og þeirra sem til H 1 stöðva sækja, vegna þess að þótt hægt sé að fá menn í nokkra mánuði, kannske eitt til tvö ár, skapar það ekki íbúunum það öryggi sem þeir þurfa við að búa. Hefur og sýnt sig, að til þess að búseta sé örugg á slíkum stöðum þarf heilbrigðisþjónustan að vera nokkuð trygg.

Eitt, sem veldur nokkru um hvað erfitt er að fá lækna til að sinna H 1 stöðvum, er það, að þeir eru engan veginn öruggir um að fá sumarfrí eins og annað fólk sem vinnur hjá opinberum aðilum. Læknar í einmenningsumdæmi eru í starfi allan sólarhringinn alla daga ársins. Þeir hafa kannske formlega séð rétt til að hverfa frá í einn sólarhring um helgar, en fæstir munu nota hann þar eð staðurinn væri þá læknislaus á meðan. En þegar þeir ætla að fara í burtu í sumarfrí verða þeir sjálfir að finna afleysingamann. Slíkt er hvorki sanngjarnt né eðlilegt. Flestir þeir þegnar þjóðfélagsins, sem svo stendur á um að þeir eru bundnir við bakvaktir allan þann tíma sólarhrings sem þeir ekki eru í föstum vinnutíma, fá mun lengra sumarfrí en venjulegir ríkisstarfsmenn. Svo er t. d. um þá sem vinna að læknisstörfum á spítölunum. Þeir fá einnig vetrarfrí ef þeir vinna ákveðinn dagafjölda aukavaktir. Þetta virðist sjálfsagt og eðlilegt. Sama er með þá sem eru t. d. á sjónum og hafa þar störf sem ekki verður farið frá þegar venjulegur vinnutími er liðinn. Þeir taka sér gjarnan leyfi frá störfum í 3—4 mánuði á ári. Er slíkt að verða almennara með hverju árinu og verður ekki lengur horfið til baka nokkra áratugi aftur í tímann, þegar mönnum þótti sjálfsagt að vinna dag og nótt þegar svo bar við að horfa.

Því frv., sem heilbrigðisstjórnin lagði fram nú til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu, er fyrst og fremst ætlað að breyta H 1 stöð í H 2 stöð. Stöð á Þórshöfn hafði verið breytt úr H 2 stöð í H 1, en í ljós kom fljótt að það þótti óhentugt og stendur til að breyta aftur. Sýnilegt er nú að það er til bóta. Er þá ekki til sú leið, að flestum H 1 stöðvum, þar sem eru við skulum segja 500—1000 íbúar, verði breytt í H 2 stöðvar? Læknar, sem þar eru, fengju þá möguleika til þess að ráða sér sumarafleysingamann og gætu tekið sér 4—5 mánaða frí, en tveir læknar væru starfandi þar þá tíma ársins þegar mest væri um að vera. Einnig gætu þeir sinnt heilbrigðisþjónustu og heilsuvernd þegnanna enn þá betur en áður ef þeir væru tveir. Þótt svo væri að farið á flestum H 1 stöðvum eru líkur til að slíkt mundi ekki hafa miklu meira en 50 millj. kr. útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóðinn, en mundi skapa miklu meira öryggi fyrir íbúa þessara staða og tryggja örugglega að einhverjir þeirra lækna, sem nú vinna úti í löndum, mundu koma heim til starfa. Þar að auki mundu þeir læknar, sem nú starfa úti í dreifbýlinu, fá betri kjör, þ. e. a. s. þeir mundu þá verða yfirlæknar, sem er nokkru betra með tilliti til kjara en er á H 1 stöðvum núna. Þetta held ég að n. þyrfti að rannsaka gaumgæfilega, þar eð það er sýnilega álit heilbrigðisþjónustunnar nú að H 2 stöðvarnar séu aðgengilegri og betra að fá menn þangað en á H 1 stöðvarnar. Höfum við reyndar vitað það um tíma. Sú stöð, sem hér er um að ræða og verið er að breyta aftur í H 2, þjónar 800—1000 íbúum.

Ýmislegt fleira en það, sem við erum nú að tala um, skapar möguleika fyrir eða getur torveldað heilbrigðisþjónustuna í dreifbýlinu. Kemur mér þá í hug hvernig ástatt er í samgöngumálum nú. Ég hafði búist við að hæstv. samgrh. væri hér í d., en svo er ekki. — En mig langar til að vekja athygli á því ástandi sem nú ríkir í landinu. Maður, sem þurfti að ferðast á vegum heilbrigðisþjónustunnar frá Reykjavík til Akureyrar fyrir tveim dögum, varð að fljúga sjónflug þangað norður vegna þess að einhverjir menn í Reykjavík voru með magapínu. Þennan dag bjuggu hundruð flugfarþega og áhafnir allar við minna öryggi en venjulega. Svo mun hafa verið ástatt um nokkurn tíma, ekki veit ég hve lengi, en allavega var ekki í gær hægt að fljúga milli Norðurlands og Austurlands vegna þess að einhverjir menn voru þá ekki upplagðir að vinna fyrr en kl. 7.30 um kvöldið. Mér sýnist á þessu að algert neyðarástand ríki í samgöngumálum á þessu svæði, t. d. hluta Norðurlands og öllu Norðausturlandi, þar sem vegir eru lokaðir vegna snjóa, ís lokar sjóleiðinni og flugleiðin er að vissu leyti lokuð líka, þó að kannske sé ekki hægt að fá staðfest að flugið sé í lamasessi allan sólarhringinn. Ég held að full ástæða sé til að rannsakað verði gaumgæfilega hvað hér er á seyði, vegna þess að við þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi í þjóðfélaginu, er það mjög alvarlegt og þýðingarmikið.

Ég ætla þá ekki að ræða meira um þetta. En ég vildi sérstaklega leggja áherslu á að heilbr.- og trn. taki þau mál, sem ég hef verið að minnast á, til rækilegrar athugunar því að ég sé ekki annað en í algert vandræðaástand horfi á ný.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Það skulu aðeins verða örfá orð að þessu sinni.

Segja má að margir þeir, sem starfað hafa að heilbrigðisþjónustu hafi orðið mjög undrandi þegar þeir sáu lögin sem komu frá Alþ. í maí á s. l. ári, þar sem kostnaði af rekstri heilsugæslustöðva og auðvitað sjúkrahúsa var breytt sveitarfélögunum mjög svo í óhag. Það er svo, eins og hv. frsm. og 1. flm. þessa frv. tóku fram, að sum sveitarfélög hafa geysilegan kostnað af rekstri sjúkrahúsa sem þau reka, þrátt fyrir að í ýmsum tilfellum veiti þessi sjúkrahús verulega þjónustu öðrum en búa í viðkomandi sveitarfélögum. Svo er, eins og flm. tók fram, um Sjúkrahús Akraness, sem starfað hefur frá 1952, að nærfellt öll ár síðan þá hefur það sjúkrahús veitt þjónustu utanbæjarmönnum, eins og gjarnan er kallað á Akranesi, það mikla að numið hefur 50—60% af sjúklingafjöldanum nær allan tímann. Þar er ekki verst ástandið núna því að oft áður hefur Akraneskaupstaður þurft að bera stóran bagga af rekstri sjúkrahússins og fengið oft og tíðum litla fyrirgreiðslu frá hinu opinbera. En á síðari árum hefur þessu þó verið allt annan veg farið, þar til fyrir ári. Þetta teljum við að þurfi að leiðrétta og telja það reyndar allir.

Okkur getur ekki sýnst annað en hafi verið um hreint slys að ræða á síðasta þingi. Ég ætla þm. varla að þeir hafi verið svo óréttlátir í hugsun að þeir hafi sett ákvæði um kostnaðarskiptingu inn þess vegna, heldur hafi beinlínis verið um slys að ræða. Ég vil einnig halda því fram að um rekstur heilsugæslustöðvanna sé sama máli að gegna, að raunverulega hafi verið um slys að ræða, en ekki ásetning. Eins og komið hefur fram hér í umr. stynja sveitarfélögin mjög undan þeim þunga bagga sem hefur verið á þau lagður með tilkomu rekstrar heilsugæslustöðvanna yfirleitt og sérstaklega með ákvæðinu sem var sett inn í lögin fyrir ári. Því flytjum við þetta frv.

Ég hef hugsað mér að frv. mætti ræða í n. ásamt frv. til l. um breyt. á lögum um heilbrigðisþjónustu sem kom fram í d. fyrir fáum dögum og er á þskj. 557. Þó það sé stjfrv., en þetta þmfrv., vonast ég til að menn geti orðið sammála um að þetta frv. þjóni sem nokkurs konar brtt. við stjfrv. Mér er einnig kunnugt um að það var vilji heilbrrn. að þetta spor væri stigið, þótt ekki kæmi fram í áðurnefndu frv. En þar sem hreyft hefur nú verið við lögum um heilbrigðisþjónustu, þau opnuð til umræðu, held ég að ekki verði komist hjá að opna málið á nokkru breiðari grundvelli en gert er í frv. á þskj. 557, og hugsa ég mér að við vinnum að máli þessu í n. samkv. þeim skoðunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 383, n. 575 og 585). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Meiri hl. félmn. leggur til að frv. þetta verði samþ. Hér er á ferðinni fyrsta skrefið til þess að taka upp raunverulega 40 stunda vinnuviku og liður í þeirri viðtæku baráttu sem óhjákvæmilegt er að heyja á næstu árum gegn þeirri miklu yfirvinnu sem sligar launafólkið í landinu, félagslíf þess og lífnaðarhætti. Eins og um fleiri frv., sem ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþ. leggur til að samþ. verði og hafa verið unnin í samvinnu við samtök

launafólks, hefur ekki náðst samstaða um þetta mál í n. og minni hl. hennar, fulltrúar Sjálfstfl., skilar sem og áður séráliti. Það hefur áður í umr. í hv. d. verið fjallað um þennan ágreining. Megineinkenni hans liggja því ljós fyrir og sé ég ekki ástæðu til að rifja þau upp hér nú, þótt vissulega væri tilefni til, en legg eindregið til fyrir hönd meiri hl. n. að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Minni hl. félmn. skilaði séráliti í þessu máli eins og við var að búast.

Við teljum að þarna sé um mál að ræða sem best sé komið hjá viðkomandi hagsmunaaðilum og sé ekki á valdsviði löggjafans. Segja má að það hljómi svolítið undarlega, en stjórnarliðar túlka þetta þannig að þeir séu að færa lægst launaða fólkinu gjafir hverja af annarri þegar ríkisstj. er greinilega búin að missa gersamlega tökin á launamálum, eins og sjá má af framvindu bæði flugmannaverkfallsins og að nú sýnist ætla að verða hið sama uppi á teningnum í sambandi við farmannaverkfallið.

Það má segja að að þessum málum hafi mjög mikið verið unnið úti á vinnumarkaðinum. T. d. má segja frá því, að úti í Vestmannaeyjum hafa aðilar t. d. komið sér saman um það, bæði vinnuveitendur og verkafólk, að stytta vinnudaginn frá því sem verið hefur. Í mörgum tilfellum hefur verkafólkið tekið sig fyrst og fremst fram um að stytta vinnudag sinn og tilkynnt vinnuveitendum hreinlega að það mætti ekki til vinnu á ákveðnum dögum, sem er ósköp eðlilegt. T. d. er alls ekki unnið laugardaga og sunnudaga yfir sumartímann og yfir vetrartímann vinna verkakonur alls ekki á sunnudögum, nema í síld og loðnu, og kemur fram að báðir aðilar taka tillit til þeirra aðstæðna sem eru á hverjum stað. Sama er uppi á teningnum, geri ég ráð fyrir, víðast hvar í kringum landið. Þessir aðilar stefna að því að haga svo málum sem hagkvæmast er á hverjum stað og hverjum tíma.

Við teljum að þetta mál eigi fyrst og fremst að vera í höndum viðkomandi aðila og á því fari best.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 373, n. 592) — 2. umr.

Of skammt var liðið var útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Sú varð niðurstaðan í sjútvn., eins og segir í flestum nál., að leggja til að frv. verði vísað til ríkisstj. með ákveðinni ósk um að ríkisstj. hlutist til um að Hafrannsóknastofnunin haldi áfram tilraunum með kolaveiðar á Faxaflóa, svo að úr því verði skorið hvort nýta megi þennan fiskstofn á skynsamlegan hátt þannig að ekki skaði fiskislóð á þessu þýðingarmikla svæði. Með tilliti til ofanritaðs leggur n. einróma til að frv. verði vísað til ríkisstj.

N. fjallaði um málið á þremur fundum, fékk umsagnir fjölmargra aðila, sem leitað var til um að leggja dóm á málið, og tók við hálfu þriðja þúsundi undirskrifta sem beint er gegn frv. Það skal að vísu tekið fram, að nm. gafst hvergi nærri tóm til að kanna þessar undirskriftir, svo sem um aldur undirskrifenda eða hvernig málið var fyrir þá lagt. — Að dómi nm. taka andmælendur ekki nægilegt tillit til þess mismunar sem er á því veiðarfæri sem hér er ráðgert — í þessu þingmáli — að beita með ströngum takmörkunum, og dragnótinni í þeirri mynd sem hún áður var, þ. e. a. s. mismuninum á dragnót með 170 mm möskvastærð, ekki aðeins í poka, heldur einnig í belg og væng, og gömlu dragnótinni í þeirri mynd sem henni var áður beitt á Faxaflóa.

Nm. ræddu ýmsa möguleika á að slá varnagla við misnotkun veiðarfærisins og fjölluðu um málið af mikilli vinsemd, en niðurstaða okkar varð sú, að n. taldi að málið væri ekki nægilega undirbúið pólitískt og fiskifræðilega til þess að náðst gæti um það æskileg sátt að samþykkja frv. eins og nú standa sakir.

Þar sem n. leggur til að því verði beint til ríkissstj. að haldið verði áfram tilraunum með kolaveiðar á Faxaflóa, er átt við að reynt verði undir eftirliti og með forgöngu Hafrannsóknastofnunar að fá úr því skorið hvort hægt sé að taka af kola í Faxaflóa slíkt magn að vinnsla þess fisks geti borið æskilegan arð. Það var álit n. að tilraunum Hafrannsóknastofnunarinnar ætti að halda áfram í þessa átt og þá ekki aðeins með því að auka tilraunir og fullgera tilraunir með dragnót á vegum stofnunarinnar, heldur reyna önnur veiðarfæri, hvort þau dygðu til þess arna, og á góma bar þá í nefndinni t. d. hugmynd sem fram hefur komið af hálfu Fiskifélagsins um kolaveiðar í gildru og einnig í lagnet. Ég hygg að segja megi að nm. hafi verið algerlega samdóma um að æskilegt væri að fullgera slíkar tilraunir og að búa þannig um hnútana að ekki þurfi að standa deila um þetta mál og óyggjandi niðurstöður fáist.

Þess má geta, að meðal þeirra, sem nm. fengu til viðræðu um málið, var Guðni Þorsteinsson fiskifræðingur, sem hefur mælt mjög eindregið með því að Faxaflói yrði opnaður fyrir dragnótaveiðum með ákveðnum takmörkunum, svo sem með þeim umbúnaði veiðarfæra sem áður er lýst, með 170 mm möskvastærð, og undir eftirliti. Hann sagði okkur í n., að ætla mætti að taka mætti a. m. k. 1000 tonn af skarkola úr Faxaflóa á þeim afmörkuðu svæðum sem henta til dragnótaveiða. Við fengum auk Guðna á fund n. formælanda smábátaeigenda í Hafnarfirði og sveitarstjóra Vatnsleysustrandarhrepps sem báðir mæltu gegn opnun flóans, en ekki fyrst og fremst vegna þess að þeir teldu að dragnótin sem slík hlyti að vera skaðlegt veiðarfæri, heldur lögðu báðir áherslu á nauðsyn þess að viðhalda enn um sinn þeirri friðun sem Faxaflói hefur notið fyrir fiskveiðum í dragnet yfirleitt, hvort heldur botnvörpu eða dragnót. — En það þarf ekki að orðlengja að niðurstaðan af starfinu hjá okkur í sjútvn. að þessu sérstaka máli varð sú sem fram kemur í nál. og till. okkar um að vísa frv. til ríkisstj. á ofangreindum forsendum.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég hafði raunar búið mig undir að fá ekki svona vinsamlegt nál. frá n. og safnað að mér heilmiklum gögnum til að verja uppeldisstöðina í Faxaflóa, en ég fagna mjög svo nál. og mun þess vegna ekki flytja skammaræðuna. Ég vil aðeins taka það fram, að ég er alls ekki á móti skarkolaveiðum, ég hef alls ekkert á móti neinu sérstöku veiðarfæri og ég hef engan

veginn nokkurn ímugust á fiskifræðingum. Hitt er allt annað mál, að mönnum verða stundum á glöp og menn standa stundum ekki í stöðu sinni, eins og sannaðist síðast þegar Faxaflóinn var opnaður.

En ég vil ekki tefja þessa umr. neitt, heldur þakka n. fyrir og fagna þeim niðurstöðum sem hún komst að. Hún hefði svo sem vel getað kallað fyrir sig Akurnesinga líka og fengið þá góð orð um að það mætti vel veiða kola ef uppeldisstöðvarnar í Faxaflóa væru ekki skemmdar þar með.

Ég sé þá ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar núna, og enga skammaræðu á ég í pússi mínu, en þakka fyrir nál. og fagna niðurstöðum álitsins.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta nál. vil ég lýsa því yfir, að ég er því algerlega samþykkur. Svo vildi til, að ég var því miður forfallaður í gær og gat þess vegna ekki skrifað undir nál., sem ég hefði að sjálfsögðu annars gert.

Eins og hv. nm. í sjútvn. vita var ég algerlega andvígur frv. um að heimila dragnótaveiði í Faxaflóa og hef raunar lýst því yfir í ræðu úr ræðustól hér í hv. d. Ég tel að afgreiðsla n. sé rétt og það eina sem var hægt að gera í málinu á þessu stigi.

Ég hef ekkert á móti því, að Hafrannsóknastofnun haldi áfram þeim tilraunum sem hún hefur stundað að því er varðar kolaveiðar í Faxaflóa, því að ég held því fram að mjög margt eigi eftir að rannsaka í sambandi við þá fisktegund og veiðislóðir víðs vegar um landið og að við þurfum að efla starf fiskifræðinganna svo að komi fleiri upplýsingar um nytjafiska en hefur verið.

Ég veit að það eru mörg hundruð undirskriftir á listum í gangi enn, sem ekki er farið að afhenda þeirri þn. sem fer með þetta mál. Ég varð var við þessar undirskriftir fyrir nokkrum dögum og að sjálfsögðu munu þær berast.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að viðhalda eigi þeirri friðun í Faxaflóa sem gerð var og var rökstudd og hefur verið rökstudd með þeirri reynslu sem fengin var áður en friðun var gerð og hefur fengist á þeim tíma sem friðun hefur staðið. Og ég vil benda einu sinni enn á það framtak breiðfirskra sjómanna þegar þeir af sjálfsdáðum gerðu ráðstafanir til að Breiðafjörður að innanverðu, þ. e. frá Skor í Eyrarfjall, yrði friðaður fyrir allri slíkri veiðiaðferð, svo sem netum, dragnót og botnvörpu. Svo hefur verið um langt árabil og hefur örugglega skilað árangri.

Hins vegar get ég ekki stillt mig um að láta koma fram hér þá skoðun mína, að kolinn sé vannýttur á miðunum hér við land. Á þeim svæðum, þar sem dragnót hefur verið heimiluð og hefur verið um langt árabil og verður áfram, er hægt að veiða miklu meira af skarkola en gert hefur verið, — miklum mun meira, það þori ég að fullyrða. T. d. á Breiðafjarðarsvæðinu, þar sem eru ein bestu skarkolamiðin og á þau mið hafa Bretar árum saman helst lagt leið sína til að ná í þann ágæta fisk, er þessi fiskur vannýttur og einvörðungu vegna þess að fiskvinnslustöðvar og söluaðilar í sjávarútvegi hafa ekki haft sérlega mikinn áhuga á þeirri fisktegund á undanförnum árum. Stafar það í fyrsta lagi af lágu verði á heilfrystum kola og eins því, að menn hafa ekki viljað leggja í mikinn kostnað við að koma sér upp flökunarvélum sem eru grundvöllur þess að hin ágæta fisktegund kolinn geti orðið að verulega miklu verðmæti í útflutningi.

Mitt mat er að stuðla eigi að því að gera þessa fisktegund verðmeiri í sjávarútvegi okkar en verið hefur með því að gera fiskvinnslustöðvum auðveldara en verið hefur að eignast flökunarvélar. Er ég í engum vafa um að með því mundum við geta aukið sóknina í kolann mjög verulega og það strax á þessu ári. En ég endurtek, að ég er algerlega samþykkur nál. og lýsi yfir fyllsta stuðningi mínum við það álit sem hér liggur fyrir um að þessu máli verði vísað til ríkisstj.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég skal ekki teygja lopann lengi, en ég tel mér skylt, vegna þess að ég er 2. flm. málsins, að gera nokkra grein fyrir sjónarmiðum mínum.

Ég get vel fellt mig við afgreiðslu málsins í n., þar sem það er mér ekkert trúaratriði að það nái fram að ganga nú, og ég tel eðlilegt í sjálfu sér að tilraunum um kolaveiðar og kolavinnslu verði haldið áfram. Faxaflóinn er ekkert heilagri sjór en annar í mínum augum, og ég sé ekki neitt athugavert við það að skarkoli yrði veiddur þar í dragnót eins og annars staðar. Mér sýnist að kolinn gangi út á þá mjög takmörkuðu fiskislóð sem hægt er að beita dragnót á í flóanum á þeim tíma sem hann er hvað verðmætastur og hagkvæmast að vinna hann og á þeim tíma sem hvað minnst er að gera í fiskvinnslustöðvunum. Því finnst mér sannarlega ekkert óskynsamlegt þó að sú tilraun yrði gerð sem lagt var til í frv. að gerð yrði. Slíkar veiðar hefðu tekið tvö haust og ef illa hefði til tekist og með þeim takmörkunum, sem n. var með hugmyndir um, t. d. um að gera upptæka nytjafiska umfram 15% bolfiskafla sem bærist á land með þeim kola sem veiddur yrði, hefði ekki stór skaði verið skeður. — En satt að segja get ég mjög vel fellt mig við nál.

Mér sýnist að búið sé að gera þetta mál að miklu meira tilfinningamáli en ástæða væri til. Það er búið að skrifa heilmikið um það. Það er búið að safna undirskriftum um það. Við vitum að fá má fólk til að skrifa undir svo að segja hvað sem er, svo að mér finnst varla ástæða til þess að taka það mjög alvarlega eða nærri sér.

Vel má vera að það sé rétt skoðun, sem kemur fram hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni, að veiða megi miklu meiri skarkola annars staðar við landið en gert er, ef verulegur áhugi væri á því. Ég held þar fyrir, að fiskvinnslufyrirtækin fyrir vestan hafi það mikið að gera á þessum tíma að þau hafi e. t. v. ekki verulegra hagsmuna að gæta og ekki verulegan áhuga á að vinna þennan fisk. En aftur á móti geri ég ráð fyrir að mörg fyrirtæki við Faxaflóa, og sérstaklega þau sem hafa aflað sér þeirra véla sem til svona vinnslu þarf, hefðu haft áhuga. Ég hefði því talið að samþykkt þessa frv. hefði í sjálfu sér ekki verið neinn stórskaði.

Frsm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Það er ánægjuefni að hér í d. virðist vera sátt um þá leið sem sjútvn. leggur til að yfirveguðu ráði.

Ég kem upp í ræðustólinn öðru sinni að gefnu tvöföldu tilefni, fyrst frá hv. þm. Alexander Stefánssyni og síðan frá Guðmundi Karlssyni. Vikið var að möguleikunum á því að nýta og vinna kolann, sem veiðist, í arðbæra vöru. Svo vill til að við höfum hér við Faxaflóa vélar sem ætlaðar eru til kolaflökunar, og þar sem við leggjum til að Hafrannsóknastofnunin haldi áfram tilraunum með kolaveiðar á Faxaflóa bætum við því einnig við, að það verði til þess gert að skorið verði úr því hvort nýta megi þennan fiskstofn á skynsamlegan hátt þannig að ekki

skaði fiskislóðina. Á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar hefur þetta verið gert lítillega á síðustu tveimur árum. Við erum hér að fara fram á að slíkum tilraunum verði haldið áfram og þær auknar þannig að niðurstöður verði marktækar. Til þess að hægt sé að gera marktæka tilraun, bæði um veiðarnar og áhrif þeirra og eins um nýtingu á kola, verður að sjá til þess, að hægt sé að reynsluvinna kola í nefndum vélum, og sjá svo til hvernig efnahagsleg útkoma úr því verður. Þetta er náttúrlega innifalið í því sem við erum að reyna að koma hér á framfæri við hv. d. og í þeirri von að hún staðfesti það til ríkisstj. Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði.

Ég verð að segja eins og er, að eftir að ég hafði komist að þeirri niðurstöðu við eftirgrennslan, að þetta snurvoðamál í Faxaflóa hefði verið léttilega kynnt fyrir þeim sem hvattir voru til undirskrifta, þá vógu undirskriftirnar í meðallagi þungt í vitund minni við umfjöllun þessa máls. Það breytir ekki því, að þessi fiskislóð er almenningur og íbúarnir á þessu svæði eiga umsagnarrétt um hvernig sá almenningur verði nytjaður. Það fer ekkert milli mála. En það er fyrir löngu búið að gera þetta dragnótamál að tilfinningamáli hérna á Faxaflóasvæðinu. Að vissu leyti er það vel að svo sé, að fólkið láti sig þetta máli skipta, og ég er sömu skoðunar og ýmsir nm. og þá kannske e. t. v. fyrst og fremst hv. þm. Oddur Ólafsson, um það sem kom fram af hálfu hans í n., því að ég hygg að rétt sé að mörgum spurningum í sambandi við notkun snurvoðarinnar sé ósvarað og það er vel að svara sé leitað við þeim spurningum af hálfu Hafrannsóknastofnunar. En þrátt fyrir þá röksemdafærslu, að vafasamt sé að opna Faxaflóann fyrir dragnótaveiðum yfirleitt fyrr en að loknu lengra tímabili, skil ég ekki ugg og andúð þeirra manna á takmörkuðum dragnótaveiðum undir fræðilegu eftirliti í Faxaflóa sem hvetja mjög svo eindregið til dragnótaveiða á öðrum stöðum og jafnvel án slíks eftirlits og með miklu grófari og óvarfærnislegri veiðarfærum en ætlunin var að nota á Faxaflóanum. Ég skil ekki þá andstöðu til hlítar. Ég veit aftur á móti að hún er sprottin af einlægu hugarfari.

Ég vil gjarnan láta það koma svart á hvítu í þskj., að ég hefði kosið persónulega að við hefðum samþykkt frv. sem hér er um að ræða með þeim breytingum sem komnar voru fram í d. — breytingum á þá lund að afli umfram 15% af öðrum nytjafiskum en kola yrði gerður upptækur í Landhelgissjóð eða til Slysavarnafélags og að Hafrannsóknastofnun gerði sérstakar ráðstafanir til að fylgjast með veiðunum þær tvær haustvertíðir sem ráðgerðar voru til reynslu. Mér hefði verið nær skapi að samþykkja málið í þeirri mynd. En hitt er alveg efalaust, og ég sannfærðist m. a. um það eftir að hv. þm. Alexander Stefánsson hafði lýst yfir skoðunum sínum mjög eindregið í n., ef manni leyfist að vísa svo mjög til umr. í n., og aðrar undirtektir sem þar komu fram, að málið hefur raunar ekki verið undirbúið á þann hátt sem þarf um mál eins og þetta, hvorki pólitískt, þ. e. a. s. í umfjöllun meðal fólksins, né heldur fiskifræðilega eða tæknilega. Málið var ekki komið á það stig, og því miður varð það niðurstaðan hjá mér að við ættum á hættu of mikla sundurþykkju ef við færum að knýja á um samþykkt frv. í þessari mynd. E. t. v. kynni það að leiða til þess að sár móðursýkinnar, sem ríkt hefur um þetta mál, kynnu að ýfast upp og við jafnvel að loknu þessu tilraunatímabili standa fjær því að fá skynsamlega lausn á málinu en áður. Aftur á móti hygg ég að það sé á mati Hafrannsóknastofnunar að gera þessar tilraunir, útfæra þær, auka þær og gera þær þannig að þær verði ekki tortryggilegar í hugum fólksins á þessu svæði og okkur auðnist þá, við skulum segja að tveimur árum liðum, að loknum tveimur haustveiðitímabilum, að taka þetta mál upp að nýju og ræða það á traustari grundvelli, láta reynsluna þá skera úr og miða lagasetningu um þetta við þá fræðilegu niðurstöðu.

Í lokin ætla ég, vegna þess að ég hef orðið þess var að menn hafa verið að lá flm. frv., Ólafi Björnssyni, flutning þess vegna þess að hann hefði persónulegra hagsmuna að gæta, að andmæla því sjónarmiði. Ég hygg að það sé efalaust, að hv. flm. hafi flutt þetta mál í þinginu vegna þess að hann hafði atvinnu sinnar vegna og reynslu sérstakan áhuga á því, ákveðna sannfæringu. Ég vil a. m. k. sjálfur þakka honum kærlega fyrir að hafa flutt það.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langar til að þakka formanni sjútvn. fyrir skynsamlega og ágæta afgreiðslu hans á þessu máli, því að hér var um verulega viðkvæmt og erfitt mál að ræða, og þótt hann telji það móðursýki að vilja vernda Faxaflóann er ég ekki jafnsannfærður um að svo sé. Mér finnst ástæða til þess að segja þetta um þátt hans sem ég álít mjög mikilvægan fyrir framgang málsins.

Ég er mjög ánægður með nál. En ég verð að viðurkenna að þetta mál er púðurtunna, og ég held jafnvel að ef við héldum áfram að ræða það í þessari hv. d. um stund væri von á einhverjum orðum og fullyrðingum sem við gætum ekki með góðu móti sætt okkur við.

Mér finnst gott að Hafrannsóknastofnunin skuli fá styrk frá okkur til þess að halda áfram starfi sínu. Ég veit að hún á eftir að upplýsa ýmislegt varðandi Faxaflóann og möguleika sem við höfum í kolaveiðum þar. Ég held einnig að það geti, eins og form.n. sagði, verið ástæða til að taka málið upp aftur síðar meir.

ATKVGR.

Till. á þskj. 592 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 89. fundur.

Fimmtudaginn 3. maí, að loknum 88. fundi.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 383). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 81. fundur.

Fimmtudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 364, n. 576 og 586, 459, 571, 577, 591). — Frh. 2. umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. 2. umr. um frv. það, sem hér er á dagskrá, hófst í gærdag og gerðu þá tveir þm. Sjálfstfl., hv. þm. Ólafur G. Einarsson og Lárus Jónsson, ítarlega grein fyrir þeim margháttuðu vanköntum sem eru á frv., ásamt þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð í sambandi við lánsfjáráætlunina og meðferð hennar í Alþ. til þessa og að ýmsu leyti eru forkastanleg. Lánsfjáráætlunin kom seint fram og miklu seinna en eðlilegt er, svo að það hlýtur að teljast stórvítavert. Eðlilegt er að lánsfjáráætlunin liggi frammi a. m. k. og helst að hún sé afgreidd um leið og fjárlagaafgreiðsla fer fram. Þá getur Alþ. gert sér grein fyrir því í heild hvernig staðið verði að framkvæmdum, bæði þeim, er kostaðar eru af beinum ríkisframlögum, og eins þeim sem afla á fjármagns til með lánsfé. Ef sá háttur er hafður á, sem hér er gert nú, að lánsfjáráætlun er lögð fram mörgum mánuðum eftir afgreiðslu fjárlaga og síðan ekki afgreidd fyrr en einhvern tíma á sumardögum, eins og nú lítur út fyrir, hlýtur að fara svo að mikil hætta sé á að þær veigamiklu ákvarðanir, sem teknar eru í fjárl. annars vegar og lánsfjáráætlun hins vegar, rekist á. Svo mun einnig fara hér, eins og skýrt var frá í umr. í gærdag. Það er allt mjög óheppilegt og — eins og ég þegar hef sagt raunar — vítavert. Það hefur enda komið fram skilningur á því og viðurkenning af hálfu hæstv. fjmrh., að svona vinnubrögð eru síst til eftirbreytni. Vænti ég að ef hann verður áfram í því embætti hlutist hann til um að þetta endurtaki sig ekki.

Ég mun ekki ræða þetta frv. mikið efnislega. Ég vil hins vegar segja að það hefur valdið mér nokkurri undrun hversu litlar breytingar hafa verið gerðar á frv. í meðferð hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. með tilliti til þess, hversu langan tíma n. hefur tekið sér til að fjalla um málið. Miðað við það, sem fram hafði komið við 1. umr. um þetta mál, hefði ég búist við að gerðar yrðu nokkrar breytingar á frv., m. a. í þá átt að mæta að einhverju leyti ótvíræðum þörfum hitaveitna eða annarra orkuframkvæmda sem yrðu til þess að spara innflutta orku með tilliti til þeirra tíðinda sem í vetur hafa gerst varðandi hækkun olíuverðsins. Svo er að sjá sem ekki sé hugsað fyrir því að gera neinar ráðstafanir til að tryggja með afgreiðslu þessa frv. að bætt verði úr á þeim vettvangi og reynt að vinna að því að örva nýtingu innlendra orkugjafa í stað innfluttrar orku og mæta þannig áföllum, sem þjóðarbúið óneitanlega verður fyrir af olíuverðshækkunum, með því að nýta innlenda orkugjafa í vaxandi mæli í eigin þágu. Þetta er mjög svo athyglisvert, ekki síst miðað við það sem gefið var í skyn af ýmsum talsmönnum stjórnarflokkanna við 1. umr. Enn fremur sýnist mér að mjög óverulegar breytingar hafi verið gerðar á 3. gr. frv. að því er snertir skyldu lífeyrissjóða til að leggja fram fé samkv. þessu frv., og virðist ekki útséð um hvernig það mál allt fer.

Ég gerði við 1. umr. málsins grein fyrir að ég hefði, þegar frv. var lagt fram, orðið fyrir miklum vonbrigðum með að ekki skyldi verða staðið við þær yfirlýsingar sem hæstv. iðnrh. hafði gefið varðandi fyrirætlanir ríkisstj. um framlög til Rafmagnsveitna ríkisins til að mæta fjármagnskostnaði þess fyrirtækis og til að reyna með þeim hætti að draga úr þeim mikla mismun sem er á orkuverðinu í landinu. Fyrirheit hæstv. ráðh. um þetta efni, sem m. a. komu fram í umr. á Alþ. hinn 15. des. s. l., þegar rætt var um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku, voru á þá lund að um það hefði verið rætt í ríkisstj. að bregðast við vanda Rafmagnsveitna ríkisins með tvennum hætti: í fyrsta lagi með beinu fjárframlagi ríkisins til Rafmagnsveitnanna, sem a. m. k. næmi 600 millj. kr. og iðnrn. hefði gert till. um í tengslum við lánsfjáráætlun, og hins vegar með þeirri framlengingu og hækkun verðjöfnunargjaldsins sem þá var um rætt. Þessar yfirlýsingar var á engan hátt hægt að túlka á annan veg en sem bein fyrirheit um að í frv. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir o. s. frv. í sambandi við lánsfjáráætlun yrði gert ráð fyrir beinum fjárframlögum, 600 millj. kr., til Rafmagnsveitna ríkisins til að mæta þar fjármagnskostnaði og til að unnt yrði að draga úr þeim mikla mismun sem er á verði raforku frá RARIK annars vegar og ýmsum sveitarfélagarafveitum hins vegar. Þessa sögu þarf ekki að rekja, en frv. þetta ber með sér að á fyrirheiti hæstv. ráðh. eru alger brigð. Af þessu tilefni hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 571 við 2. gr. frv., sem er þess efnis að staðfest verði yfirlýsing hæstv. iðnrh. frá 15. des. og í ýmis önnur skipti frá síðasta ári. Þessi brtt. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 2. gr. frv. bætist:

Þó skal ríkissjóður standa að fullu undir afborgunum, vöxtum og öðrum kostnaði við 600 millj. kr. lántöku vegna skuldagreiðslna RARIK."

Í 2. gr., eins og hún hljóðar í frv., er gert ráð fyrir að lánsfé samkv. 1. gr. sé ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1979. Í þeirri lánsfjáráætlun kemur fram að þær 600 millj. kr., sem hér eru gerðar að umtalsefni, eiga að verða nýtt lán til Rafmagnsveitna ríkisins, en greiðast úr ríkissjóði á næstu 5 árum, í stað þess sem fyrirheit voru um að um óafturkræft framlag yrði að ræða.

Ég lít svo til, að á því hafi komið fram mikill skilningur hjá fjölmörgum hv. alþm. að ráða þyrfti bót á því misrétti sem ríkir í orkumálum í landinu á þann hátt að draga úr verðmismun á raforku til notenda. Ég tel að það hafi komið mikill skilningur á þessu efni fram í máli mjög margra hv. þm., bæði þm. úr strjálbýli og þéttbýli, og aldrei hefur sá skilningur komið greinilegar fram en þegar umr. fóru fram um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku í þessari hv. d. Þær umr. skal ég ekki rifja upp að svo komnu máli. En með tilliti til þessa hlýt ég að vænta þess, að sú brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 571, verði samþ. Ef það er gert lít ég svo til að það, sem ég hef kallað að hér hafi komið fram skilningur margra alþm., úr röðum stjórnarþm., hæstv. ráðh. og úr röðum þm. stjórnarandstöðunnar, hafi verið meira en orðin tóm. Verði brtt. ekki samþ. verður að líta svo á, að tal hv. þm. í þessa átt hafi verið hjóm eitt. Ég vil ekki ætla það að óreyndu. Ég vil sérstaklega beina því til hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh., að brtt. mín er flutt m. a. til stuðnings þeim ótvíræðu yfirlýsingum sem hann hefur gefið á hv. Alþ. og e. t. v. má segja að hún sé flutt til að fá úr því skorið hvort meiningin sé að standa við þær yfirlýsingar eða ekki.

Ég vænti að við þessa umr. komi fram hvort hv. stjórnarliðar, hæstv. ráðh. eða talsmenn stjórnarliðsins í

þessu máli, gætu hugsað sér að taka málið til endurskoðunar á milli umr. Ef einhverjar yfirlýsingar koma fram um það efni, sem ég vonast til að verði, er auðvitað sjálfsagt að draga till. til baka til 3. umr. og láta hana ekki koma til atkv. við 2. umr. Þess vegna vil ég mjög leita eftir hvort hæstv. ráðh. eða hv. talsmenn stjórnarliðsins í fjh.- og viðskn. vilja ekki láta koma fram að þeir séu tilbúnir að taka þetta sérstaka mál til athugunar á milli umr., en gerist það ekki sé ég ekki tilgang með því að draga að till. komi til atkv.

Það er svo aftur annað mál, að ef þessi till. verður ekki samþ. hlýtur hv. alþm. að vera ljóst að það, sem hér hefur verið nefnt ranglæti í verðlagningu á raforku og aðstöðu fólks í landinu til að nota raforku, mun ekki minnka. Það mun fremur vaxa frá því sem nú er, vegna þess að rekstraráætlanir Rafmagnsveitna ríkisins hafa verið byggðar á því að fyrirheit hæstv. iðnrh. væri meira en orðin tóm. Það hlýtur að hafa áhrif á verðlagningu orku frá RARIK í þá átt að óhjákvæmilegt mun verða að verðhækkanir verði meiri á orkunni, ef svo kynni að reynast, sem ég vona að verði ekki, að fyrirheit ráðh. verði ekki efnd.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um brtt. mína fleiri orð. Hún skýrir sig raunar sjálf og þarf ekki að útlista hana mörgum orðum. Ég vonast mjög eindregið eftir því, að hæstv. ráðh. og hv. þm. stjórnarliðsins gangi til liðs við þá hugsun, sem hér er fram sett, og samþykki þetta mál. Ég skal ekki fara um það fleiri orðum.

Ég skal ekki heldur tefja tímann á að ræða meira um frv. í heild. Það var gert ítarlega í gærdag af flokksbræðrum mínum. Það eru þó ærin tilefni til að ræða ýmsa þætti þess. Má segja að það sé þess háttar, að enn virðist vera verulegur ágreiningur um efni þess meðal stuðningsmanna ríkisstj., og má búast við að það verði að einhverju leyti tekið til frekari vinnslu á milli umr. en þegar er orðið. Hefur þó sú vinna, sem þegar hefur verið lögð í frv., a. m. k. tekið mikinn tíma enda þótt árangurinn sé ekki í samræmi við það.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Um það munu vera nokkuð samdóma skoðanir í landinu, og þá hefur ekki skipt meginmáli hvar á hinum stjórnmálalega „skala" menn hafa verið staðsettir, að ein meginundirrót verðbólgu á undanförnum árum hafi verið rangar og óhagkvæmar fjárfestingar. Þetta var lykilatriði í samþykktum Alþýðusambandsþings — þess síðasta — árið 1976. Nú er þess skemmst að minnast, að í ræðum forustumanna launþegasamtakanna 1. maí, þar nefni ég sem dæmi Harald Steinþórsson varaformann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, var lögð á það megináhersla að hinn stærsti verðbólguvaldur væri ekki laun og hærri laun og alla vega ekki þeir sem lægst hefðu launin, rótanna væri fyrst og fremst að leita í röngum og óhagkvæmum fjárfestingum. Nú er það auðvitað svo, að almennu viti verður ekki komið á þessi mál fyrr en vaxtastefna er orðin með þeim hætti að menn greiði til baka það sem þeir fá lánað. Það horfir þó til bóta í nýsamþykktu frv. um efnahagsmál sem ríkisstjórnarflokkarnir stóðu að. En allt um það er áreiðanlega einn kjarni málsins að rangar og óhagkvæmar fjárfestingar hafa valdið meira en nokkur einn þáttur annar um þá óhemjulegu og óhemjandi verðbólgu sem hér hefur varað um nokkurra ára skeið. Þar af leiddi að stjórnarflokkarnir voru sammála um 10% niðurskurð til fjárfestingarsjóðanna. Hv. 1. þm. Austurl. gerði þann niðurskurð að umræðuefni í ræðu sinni um þetta mál í gær, sagði það hafa verið skoðun sína að niðurskurðurinn ætti eingöngu að vera 10% og bundinn í hlutfall, en ekki í tölur, eins og gert er í till. meiri hl. fjh.- og viðskn. Um þetta vil ég segja að ég hygg það ekki rétt mat hjá hv. 1. þm. Austurl., vegna þess að á bls. 16 í skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979, sem afgreidd var af ríkisstj. allri og að mér skilst afgreidd lið fyrir lið, setningu fyrir setningu, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áformað er að festa greiðslu framlaga og markaðra tekjustofna á vegum ríkissjóðs við áætlunartölur fjárlaga."

M. ö. o. eru þau vinnubrögð, sem hér er lýst, stefna núv. hæstv. ríkisstj. í hinum almennu efnahagsmálum. Munurinn er auðvitað sá, að ef við bindum niðurskurðinn við tölu í ársbyrjun getum við notað stjórnunina á fjárfestingunni til þess að halda verðbólgu í skefjum. Ef við hins vegar bindum eingöngu við hlutfall gefur auga leið að þessar tölur munu fljóta eins og korktappi á vatni fyrir þeirri verðbólguþróun sem þá verður ákvörðuð annars staðar og ekki í fjárfestingarpólitíkinni í landinu. M. ö. o.: þegar hv. 1. þm. Austurl. heldur því fram að það hafi verið með samþykki ríkisstjórnarflokkanna að binda eingöngu við 10% niðurskurð, óháð því hvaða tölur var um að ræða, segi ég að það sé ekki rétt athugað vegna þess sem segir á bls. 16 í skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á þessu ári. Meiri hl. fjh.- og viðskn. hegðar sér því nákvæmlega í samræmi við það sem núv. ríkisstjórnarflokkar höfðu gert samkomulag um, og það er að þessu leyti og að minni hyggju skynsamlegt samkomulag. Hitt er svo annað mál, að það kann vel að vera að ógerlegt reynist á einu sviði, fleiri sviðum jafnvel, að halda fjárfestingu svo í skefjum sem áformað er, að ramminn sé að bresta, að verðbólguskriðan sé að velta út um eitt eða fleiri göt efnahagskerfisins. Mér þótti einmitt ræða hv. 1. þm. Austurl. í gær vera af þeirri verðbólgunáttúru að ekki væri hægt að draga þá ályktun að verið væri að leggja í stríð við þennan vágest, heldur beinlínis að láta undan honum á öllum sviðum.

Ég vil svo segja að lokum, að það er auðvitað illbært og ópolandi ef ákvarðanir um stórlán eins og í orku- og virkjunarmálum eru teknar utan við það frv. sem hér er verið að samþykkja. Það á að vera hinn almenni rammi sem stjórni fjárfestingu í þessu landi. Við erum að reyna að hafa stjórn á verðbólgunni. Verðbólgan á ekki að stjórna okkur. En það kann að vera að sá rammi sé allur að bresta. Það er svo sem önnur saga.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil vegna fram kominnar brtt. á þskj. 571, frá hv. þm. Pálma Jónssyni, segja fáein orð og vegna ræðu hans áðan.

Brtt. hans felur það í sér að ríkissjóður standi að fullu undir afborgunum, vöxtum og öðrum kostnaði við 600 millj. kr. lántöku vegna skuldagreiðslna Rafmagnsveitna ríkisins. Í lánsfjáráætlun kemur fram að Rafmagnsveitur ríkisins skuli hafa heimild til að taka 600 millj. kr. lán og lánsfjáröflunin sé ætluð til þess að fyrirtækið geti m. a. endurgreitt 200 millj. kr. lán frá árinu 1977 og að ríkissjóður muni á næstu árum leggja Rafmagnsveitunum til árlega 120 millj. kr. til endurgreiðslu lánsins, en að öðru leyti annist fyrirtækið greiðslur vaxta og afborgana. — Þetta er efnislega það sem fram kemur í texta fjárfest-

ingar- og lánsfjáráætlunar um þetta atriði.

Hv. flm. brtt. á þskj. 571 rifjaði upp að ég hefði við umr. á Alþ. um frv. til l. um verðjöfnunargjald í desembermánuði s. l. greint frá því, að iðnrn. hefði flutt um það till. í ríkisstj. að Rafmagnsveitunum væri heimiluð þessi lántaka og þar væri um að ræða óendurkræft framlag til Rafmagnsveitnanna, þ. e. a. s. að ríkissjóður mundi standa undir vöxtum og afborgunum af lántökunni. Ég vil staðfesta hér að þannig var staðið að málum í rn. mínu og ég fylgdi þessu máli eftir í ríkisstj., en það hlaut ekki aðrar undirtektir þar hjá meiri hl. en fram kemur í texta lánsfjáráætlunar, og lagði ég þó mjög ríka áherslu á að fyrirtækinu væri ekki ætlað að standa undir kostnaði vegna þessarar lántökuheimildar. Ég tel það mjög miður að ekki skuli hafa verið orðið við till. mínum hér að lútandi, en vil algerlega bera til baka það sem mátti skilja á máli hv. tillögumanns áðan, Pálma Jónssonar, að þarna hafi verið um einhver brigð að ræða frá minni hálfu. Ég barðist fyrir framgangi þessa máls eins og hægt var, en það hlaut ekki jákvæðar undirtektir, og reyndi sérstaklega á fjmrn. í þessu sambandi eins og varðandi fleiri þætti. Ég tel mjög miður að svona skuli hafa farið, því að ég tel að sú stefna, sem iðnrn. bar fram og voru undirtektir við tillögu stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins að þessu leyti, þ. e. a. s. að ríkissjóður sjái fyrirtækinu fyrir beinum framlögum til óarðbærra framkvæmda, sé rétt stefna og það hefði verið fyllilega eðlilegt að stíga það skref til fulls, en ekki að parta þetta niður eins og gert er ráð fyrir með þeirri afgreiðslu sem niðurstaða varð um í ríkisstj., að ríkissjóður yfirtaki þetta lán á 5 árum og þannig sé á mjög óverulegan hátt létt þeirri skuldabyrði sem á fyrirtækinu hvílir vegna þessa máls og margra óhagstæðra lána sem fyrir eru hjá Rafmagnsveitunum og eiga drjúgan þátt í þeim fjárhagsvanda sem þær eiga við að glíma.

Ég mun áfram berjast fyrir því, að tekin verði upp sú stefna í sambandi við framkvæmdir og fjármögnun til Rafmagnsveitna ríkisins að greint verði á milli framkvæmda, sem eru arðbærar — eða þar sem greiðslur koma á móti til fyrirtækisins, og hins vegar framkvæmda, sem eru í eðli sínu félagslegar eða óarðbærar, mælt á slíka stiku sem algengt er. Ég vænti þess, að ríkari skilningur verði á slíkri málsmeðferð þegar kemur til afgreiðslu á næsta ári á fjárhagsvanda fyrirtækisins. Ég hefði sannarlega kosið að unnt væri við afgreiðslu lánsfjáráætlunar að fá fram breytingu, því að mikil þörf er á að bæta fjárhagsstöðu Rafmagnsveitnanna þannig að unnt sé að draga úr þeim mikla mun sem er á verðlagi til notenda og viðskiptavina Rafmagnsveitnanna og þess meiri hluta landsmanna sem býr við mun hagstæðara raforkuverð.

Ég vil geta þess í þessu samhengi, að sú hækkun, sem samþykkt var á verðjöfnunargjaldi í des. s. l., hefur þó orðið til þess að nokkuð — þó allt of lítið — hefur dregið úr þeim verðmismun sem er á almennum töxtum hjá Rafmagnsveitunum og öðrum rafveitum. Þannig var verðmunurinn á heimilistaxta fyrir síðustu gjaldskrárbreytingu um 73% í staðinn fyrir 88% áður, en þetta bil hefur eitthvað minnkað, þó að í litlu sé, við verðákvörðun á rafmagni um síðustu mánaðamót þó að ég hafi þá tölu ekki handbæra.

Varðandi fjárveitingar til orkumálanna að öðru leyti hefur það komið fram í máli mínu fyrr í þessari hv. d., að ég hef gert um það till. innan ríkisstj. í sambandi við þá miklu verðbreytingu sem orðið hefur á olíu og olíuafurðum, að gert verði sérstakt átak í sparnaðarskyni til þess að draga úr tilkostnaði þegar á þessu ári og horft til næstu ára. Þessar till. verða til meðferðar innan tíðar og sem fyrst, að ég vænti, hjá ríkisstj. og þá tekin afstaða til fjáröflunar í þessu skyni, en þarna er þörf á verulegum fjárhæðum sem munu skila sér þegar á þessu ári í olíusparnaði og þar með létta af áfallandi kostnaði mjög fljótlega og bæta stöðuna síðan í enn frekari mæli horft til næstu ára. Þetta vil ég að liggi hér ljóst fyrir. Þessar till. varða hitaveitur víða á landinu, þær varða raflínulagnir, sem ástæða er til að hraða til að draga úr olíunotkun, og fleiri þætti í tengslum við orkuiðnaðinn, þ. á m. rannsóknir og undirbúning vegna framkvæmda sem þörf er á að hraða og koma þurfa á dagskrá fyrr en síðar.

Umr. frestað.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 47, n. 336 og 340, 337). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 337, 1. a felld með 17:12 atkv.
— 340, 1 felld með 21:10 atkv.
— 337, 1. b—c felld með 16:7 atkv.
1. gr. felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GTh, GSt, HES, HG, JóhS, MHM, SighB, VG, AG, ÁG, BGr, EH, EG, EBS, FTS.

nei: GSig, GilsG, BL, JÞ, LárJ, LJós, MB, MÁM, ÓE, PP, PJ, SV, StH, SvJ, SvG, SvH, ÞS, EðS, EÁ, FÞ, IG.

TÁ greiddi ekki atkv.
2 þm. (GH, KÓ) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eggert Haukdal: Herra forseti. Það var af hlíf við hv. þm. við atkvgr. áðan að ég bað ekki um nafnakall, en það hefði sannarlega verið eðlilegt. Í þeirri mynd sem frv. er núna er það miklar umbúðir utan um lítið, en þrátt fyrir það segi ég já.

Frv. þar með fallið.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 532 (sbr. 7), 540, 569). — 3. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og ég boðaði við 2. umr. um þetta frv. í þessari hv. d. leyfi ég mér að flytja brtt. við 3. umr. um fyrirliggjandi frv.

Í fyrsta lagi skuli nokkru fé varið af óskiptu gengismunarfé til lífeyrissjóðs sjómanna, til orlofshúsa sjómannasamtakanna og til öryggismála sjómanna. Í brtt., sem er á þskj. 540, hefur að vísu orðið prentvilla við uppprentun málsins, þannig að þar stendur „75 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna", en á að vera 15 millj. kr. og var þannig í þeirri till. sem útbýtt var upprunalega.

Þessi till. er í fullu samræmi við það sem ég boðaði á sínum tíma við 2. umr. um 75 millj. kr. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur sjómanna er renni til lífeyrissjóðs sjómanna, í annan stað um 15 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna og

enn fremur 10 millj. kr. sem varið yrði til öryggismála sjómanna samkv. nánari ákvörðun sjútvrh. og samgrh. Varðandi öryggismálin er það að segja, að samtök sjómanna hafa látið þau mjög til sín taka að undanförnu og hafa m. a. áhuga á að gera verulegt átak til kynningar og fræðslu að því er öryggismálin varðar, en geta má þess að talið er að ekki sé heldur framfylgt reglum um framkvæmd æfinga um borð í skipunum. — Ég þarf ekki að fara frekari orðum um þessa till. Ég tel að umr. um þessi mál hafi farið fram við 2. umr.

Jafnframt þessu leyfi ég mér í annan stað að flytja brtt. við b-lið 3. gr. fyrirliggjandi frv., en sú brtt. er á þskj. 569. Eins og kunnugt er var við 2. umr. samþ. breyting á þessum lið frv., og sú till., sem ég leyfi mér að flytja, gengur til móts við þau sjónarmið sem fram komu í þeirri brtt. Till. er saman sett í fullu samráði og með samkomulagi við 2. flm. ofangreindrar brtt. sem var samþ. við 2. umr., hv. 3 þm. Vestf., Kjartan Ólafsson. Hér er því um að ræða samkomulagstillögu sem ég vænti að flestir geti við unað.

Ég þarf ekki að fara um hana mörgum orðum. Að því er varðar fyrstu setningu 1. liðar er hún í samræmi við samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna, en síðan er farið nokkru nánar út í hvernig að skuli standa. Um 2. liðinn er í sjálfu sér ekkert að segja. Hann er samhljóða því sem áður var samþykkt. Um 3. liðinn er það að segja, að þar kemur fram sú stefnumörkun að sameina það fé sem sérstaklega er ætlað til þess að greiða fyrir því að útgerðaraðilar geti hætt rekstri úreltra fiskiskipa. Sú stefnumörkun er að sameina þann sjóð, sem hér um ræðir, Aldurslagasjóði fiskiskipa og heimild til þess veitt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um brtt. þessar frekari orðum og tel að þær skýri sig að öðru leyti sjálfar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. flytur við 3. umr. þessa máls tvær brtt. Er önnur till. þess efnis að aftan við 3. gr. komi ný mgr.: Áður en kemur til skipta á fé samkv. a- og b-lið þessarar greinar skal greiða lífeyrissjóði sjómanna 75 millj. kr. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur til sjómanna og 15 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna og enn fremur 10 millj. kr. sem varið yrði til öryggismála sjómanna samkv. nánari ákvörðun sjútvrh. og samgrh.

Ég flutti ásamt fjórum örðum þm. till. við 2. umr. málsins hér í hv. d. um að greiða lífeyrissjóði sjómanna 175 millj. kr. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur til sjómanna og 25 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna. Sumir hv. þm. sem greiddu atkv. gegn þeirri till., gerðu grein fyrir atkv. sínu og vitnuðu til þess að sjútvrh. mundi að lokum, við 6. umr. málsins á Alþ., flytja till. þess efnis að koma eitthvað til móts við sjómenn.

Ég hef haldið því fram, og held því fram mjög ákveðið, að við gengisbreytingar eigi sjómenn fullan rétt á að fá ákveðna hlutdeild í gengishagnaði. Um það er ekki deilt að 50% af gengishagnaði fari til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en það er gert fyrir allar greinar sjávarútvegsins, sjómenn, útgerð og fiskvinnslu. Hitt er sanngirnismál, að sjómaðurinn, sem er mikilvægur þátttakandi í þessari framleiðslu, fái á einhvern hátt að njóta þess. Till., sem við fimmmenningarnir fluttum, var í samræmi við það sem hafði gerst við næstsíðustu gengisbreytingu og við gengisbreytinguna þar á undan. Það var ekki verið með neitt yfirboð í þessum efnum þó að við værum stjórnarandstæðingar. Till. var í fullu samræmi við þá upphæð sem kemur til skipta af gengishagnaði og í fullu samræmi við það sem gerðist við þær gengisbreytingar sem ég nefndi. En það undarlega gerðist, að hæstv. sjútvrh., sem telur sig til verkalýðsflokks, skar till. niður um helming, lét sem sagt stjórnarliðið, eða það af stjórnarliðinu sem lét að stjórn, fella till., en flytur svo — auðvitað nauðugur — við 3. umr. í síðari d., við 6. umr. málsins, till. um 100 millj. kr. Það má því segja að stjórnarandstaðan hafi þó gert það að verkum að ráðh. flutti till. og þá væntanlega stjórnarliðið eða það af því sem er í stuðningi við hann, en það eru menn úr öllum flokkum. Þar er með talinn 3. þm. Suðurl. sem drap fyrrnefndu till. vegna þess að hann treysti því að till. kæmi frá sjútvrh. við 6. umr. þar sem ekki yrði skorið við nögl, en hann er einn af þeim þm. sem hafa ekki viljað skera framlög við nögl þegar hans starfsgrein hefur átt hlut að máli fyrr en nú eftir að hann lagði traust sitt á Alþfl. með þeim árangri að skorið er niður framlag til lífeyrissjóðs sjómanna um 100 millj., farið niður í 75 millj., og það er skorið niður framlag til orlofshúsa sjómannasamtakanna úr 25 í 15 millj. og 10 millj. varið til öryggismála sjómanna samkv. nánari ákvörðun sjútvrh. og samgrh. — Ég held að 10 millj. kr. framlag til öryggismála sjómanna eða öryggis í skipum sé ákaflega lítilfjörleg upphæð. Það er auðvitað meira virði að auka framlög lánasjóðanna til að lána til útgerðar, svo hún geti bætt öryggismál sjómanna, en koma með þennan sparðatíning. Til orlofshúsa sjómannasamtakanna fer ekki há upphæð miðað við það sem gerðist í tíð fyrri ríkisstj. Mér skilst að hæstv. sjútvrh. og þm. mörgum hverjum hefði ekki þótt mikið til þess koma. En er furða þótt ekki þyki mikið að leggja nú til 15 millj. þegar lítið þótti fyrir þremur árum að leggja fram 11 millj. í þessu skyni? Farið er að draga verulega úr. Og ekki er verið að íþyngja ríkissjóði í þessum efnum því að hér er aðeins um að ræða að skipta því fjármagni sem kom af gengishagnaði vegna breytingar á gengi krónunnar á s. l. hausti. Þarna er ekki um annað að ræða en fé sem myndast innan sjávarútvegsins.

Það getur vel verið að meginþorra stjórnarliðsins sé umhugað um að láta alls ekki yfir 100 millj. til málefna sjómanna. Þó vil ég taka fram að 1. þm. Austurl. lýsti yfir stuðningi sínum við till. mína, en hann var fjarverandi þegar atkvgr. fór fram og varamaður hans greiddi ekki atkv. með till., ekki heldur á móti, og flestir flokksmanna hans felldu hana þrátt fyrir yfirlýsingu 1. þm. Austurl. og beggja nm. Alþb. í fjh.- og viðskn. Svo mikið kapp var lagt á að sinna ekki þessum sjálfsögðu félags- og réttindamálum sjómanna. Það stóð auðvitað ekkert á Framsfl. að skera niður um 100 millj. þegar sjómenn eru annars vegar. Ég skal láta þess getið í leiðinni svo að það fari ekki fram hjá neinum.

Hin till., sem hæstv. sjútvrh. flytur, er kannske flutt af annarri ástæðu. Hann varð fyrir miklu áfalli við 2. umr. málsins þegar brtt. Lúðvíks Jósepssonar og Kjartans Ólafssonar voru samþykktar. Það kom mjög á sjútvrh. er till. þeirra voru samþykktar hér í d. Hefur liðið langur tími á milli 2. og 3. umr. af þeim sökum að menn hafa þurft alllangan tíma til þess að jafna sig eftir það áfall. Hæstv. forseti hefur líka verið afskaplega rólegur í því að taka málið fyrir. Sýnir það að hann er trúr og dyggur og góður við ríkisstj. sem góðum stjórnarþm. auðvitað

sæmir að vera. En nú á sem sagt að fara að manna sig upp og afgreiða 7. mál þingsins með þeim harmkvælum sem hafa átt sér stað á undanförnum vikum og mánuðum.

Brtt. flytur hæstv. sjútvrh. við b-lið 3. gr. Aftur að 1. tölul. verði b-liður óbreyttur eins og hann er núna í frv., en í 1. tölul. leggur ráðh. til að 50% skuli veitt til hagræðingar í fiskiðnaði og til þess að leysa sérstök staðbundin vandamál. Meiri hl. í þessari hv. þd. samþykkti við 2. umr. að 50% af því, sem kemur í Gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða sem taldar eru upp í a-lið þessarar greinar, skyldu veitt sem lán til hagræðingar og framleiðniaukningar í fiskiðnaði og lánið skyldi fyrst og fremst veitt til kaupa á vélum og tækjum og til að koma upp kældum fiskmóttökum, eins og segir í samþykkt deildarinnar við 2. umr. Nú er aftur tekið fram að 50% skuli veitt til hagræðingar í fiskiðnaði. Ég spyr: Af hverju má ekki segja eins og d. samþykkti áður, að 50% skuli veitt sem lán til hagræðingar? Því er orðið „lán" fellt niður? Er það viljandi eða óviljandi gert? Mér er fullkunnugt um, ég vil ekki vera það ósanngjarn við hæstv. sjútvrh., að hann er búinn í trausti þess að hafa meiri hl. á Alþ. fyrir því, að ráðstafa allverulegum upphæðum af hagræðingarfénu. Það kemur sér auðvitað illa. Hins vegar verða menn að flýta sér hægt í þeim efnum nema hafa það alveg tryggt og þá auðvitað fyrst og fremst innan ríkisstjórnarflokkanna. Ef hann hefði viljað leita samstarfs um afgreiðslu á þessu máli, sem er ekkert stórpólitískt mál, — ráðstöfun gengishagnaðar ætti meira að vera samkomulagsmál, — hefði ég talið vera hyggilegra að reyna eftir 2. umr. að fá samkomulag um breytingar sem allir hefðu getað sætt sig við, en ekki að tala við einn ákveðinn nm., þó að hann tilheyri stjórnarflokki, og segja að það sé samkomulag. Ég er ekki búinn að sjá að það sé fullt samkomulag í stjórnarliðinu um þessa brtt. sjútvrh., en það kemur þá á daginn.

Annar liðurinn: 40% skal varið til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra lána. Er niður fellt frá frv. „samkv. nánari reglum sem stjórn Fiskveiðasjóðs setur". Hæstv. sjútvrh. leggur til að það sé fellt niður. Hvað er á bak við það? Hvað hefur hann á móti því að sagt sé „samkv. nánari reglum sem stjórn Fiskveiðasjóðs setur"? Við ráðstöfun gengishagnaðar við nokkrar undanfarnar gengisbreytingar hafa slíkar reglur alltaf verið settar af stjórn Fiskveiðasjóðs og ákvæði um það var komið inn í frv. eins og það var samþykkt við 2. umr. málsins hér í hv. þd. Hvað liggur þá á bak við að taka þá setningu út? Þetta er fjármagn sem sjávarútvegurinn á, sem kemur til ráðstöfunar í sjávarútvegi. Stjórn Fiskveiðasjóðs er mynduð af fulltrúum bankanna, fulltrúum útgerðar, sjómanna og fiskvinnslu. Hvað er eðlilegra en að ákvæði sem þetta sé í lagagr.? Það var samþ. við 2. umr. samkv. till. nm. Alþb. í fjh.- og viðskn. og ég sé enga ástæðu til að fella það niður. Ég hreinlega skil ekki hvað hæstv. sjútvrh. meinar með því að leggja til slíka breytingu. Nú væri fróðlegt að fá á því frekari skýringar.

Þriðji liður í till. sjútvrh. er breyting á orðalagi 3. undirliðar b-liðar 3. gr. Í samþykktinni, sem hér var gerð við 2. umr., segir að 10% skuli renna í Aldurslagasjóð fiskiskipa hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. En nú skal sagt, og er sú till. sjútvrh.: „10% skal renna í sérstakan sjóð til þess að greiða fyrir því, að útgerðaraðilar geti hætt rekstri úreltra fiskiskipa." — Látum þessa breytingu vera, en síðan kemur viðbót: „Heimilt er að sameina þennan sjóð Aldurslagasjóði fiskiskipa og skal að því stefnt." — Hvað sér hæstv. sjútvrh. við að gera þessa breytingu og hvað sjá hv. stjórnarliðar og aftaníossar sjútvrh. við það? Ég tel enga ástæðu til þess að tveir aðilar séu að skipta þessu fjármagni, það séu einhverjir pólitískir fulltrúar að skipta hluta á vegum sjútvrn., en aldurslagatryggingin eða Aldurslagasjóður fiskiskipa, sem er innan Samábyrgðar Íslands, eigi að starfa samkv. þeim sérstöku lögum sem samþ. voru á síðasta þingi og voru samþykkt, að því er ég best man, shlj. og eiginlega algerlega ágreiningslaust. Hvers vegna á ekki að láta skiptinguna vera á einum og sama stað? Það er ekki kjörið í stjórn Samábyrgðar Íslands eftir pólitískum línum. Þar kjósa bátaábyrgðarfélögin tvo fulltrúa úr hópi útgerðarmanna, Landssamband ísl. útvegsmanna kýs tvo, sem ráðh. skipar að fengnum till. þessara aðila, og ráðh. skipar fimmta stjórnarmanninn. Ég var ekki í þau 4 ár, sem ég fór með tryggingamálin, flokkspólitískari en það, að ég skipaði ágætan Alþfl.-mann í stjórn það tímabil. Ég sé því ekki endilega ástæðu til að vera að hafa sérstaka pólitíska úthlutun á þessu fjármagni og mér finnst það skjóta skökku við þær siðgæðishugmyndir sem flokkur hæstv. sjútvrh. beitti sér mjög fyrir fyrir síðustu kosningar. Flokkur hans sagði að hann hefði á því megnustu fyrirlitningu, og var ekki klipið utan af því af þeim herrum sem fyrir siðvæðingunni ráða í þeim flokki, að láta alltaf pólitíska „spekúlanta" fara með fjármagnið, það væri kominn tími til að afnema það. Mér finnst því að þingflokkurinn þurfi að taka sjútvrh. á beinið fyrir að hann sé að fara út af línunni í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Hreinsunardeildin er alveg sér.) Já, það hefur dofnað yfir hreinsunardeildinni að undanförnu.

Ég vona að hæstv. sjútvrh. skýri í hverju þessar breytingar eru fólgnar. Ég sé ekkert athugavert við áhyggjur hans út af samþykktinni varðandi 1. liðinn, og það er auðvitað margt sem skiptir máli fyrir hann. Hvers vegna er ekki heldur reynt að ná víðtæku samkomulagi og samstarfi um lausn og afgreiðslu á þessu máli en hafa þau vinnubrögð sem hæstv. ráðh. hefur?

Ég vil svo að síðustu segja að ég er að mörgu leyti ánægður með að við sjálfstæðismenn höfum orðið til þess að hæstv. sjútvrh. hefur þó flutt till. um að verja til málefna sjómanna 100 millj. kr., þó það sé helmingi lægri upphæð en við lögðum til. Það er þó árangur af þeim till. sem við höfum verið að flytja. Annars hefði engum manni í stjórnarliðinu dottið í hug að sinna verkefnum sjómanna.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þeim orðum, sem hv. 1. þm. Vestf. hafði um þær tafir sem orðið hafa á þessu máli innan d., vil ég alveg vísa á bug því sem hann gaf þar í skyn, að ég hefði sem forseti, og þá kannske varaforsetar líka, sett mér það að tefja afgreiðslu málsins. Þessu vil ég mótmæla. Að öðru leyti mun ég ekki ræða ummæli hv. þm. (**MB:** Af hverju hefur það tafist?)

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég brtt. ásamt hv. þm. Kjartani Ólafssyni um eitt meginatriði frv., en það snertir úthlutun á því fjármagni sem verið er að ráðstafa af svonefndum gengishagnaði. Á meðan ég var fjarverandi frá þingstörfum kom till. okkar til atkv. og var samþ. í d. og þar með gerð

breyting á frv. hvað þetta áhrærir. Nú gerir hæstv. sjútvrh. enn tilraun til að fá frv. breytt og í rauninni í áttina til þess sem upphafleg lög gerðu ráð fyrir, þ. e. a. s. brbl., eins og þau voru túlkuð af hans hálfu, en það er í rauninni ekki í fullkomnu samræmi við það sem brbl. sjálf sögðu.

Eitt meginatriði í brbl. var að ákveða að í stórum dráttum skyldi um helmingur gengishagnaðar renna í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Ég hafði lýst — og margir fleiri — stuðningi mínum við þá ákvörðun því að þar með fer sá hagnaður, ef hagnað skyldi kalla, sem til fellur í sambandi við gengisbreytingu í sameiginlegan sjóð þeirra sem hér eiga hlut að máli, þ. e. a. s. útgerðarmanna og sjómanna, og sá sérstaki hagnaður er þá geymdur í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins þar til hann kemur til skipta í sambandi við ákvörðun fiskverðs. Einnig var ákveðið í brbl., að hinum helmingnum skyldi varið til hagræðingar í fiskiðnaði og að nokkru leyti til að styðja við bakið á þeim útvegsmönnum sem töpuðu á sjálfri gengislækkuninni vegna skipakaupalána. Svo var litlum hluta ráðstafað í sambandi við svonefndan Úreldingarsjóð til að gera mönnum kleift að leggja niður gömul skip og hætta rekstri þeirra.

Nú hafði ég veitt því athygli og við sem í n. vorum og fjölluðum um þetta mál, að ekki hafði verið staðið að framkvæmd málsins í samræmi við sjálf lögin. Það var gefin út reglugerð í krafti laganna og í reglugerðinni voru ýmis ákvæði sem alls ekki rúmuðust innan laganna sjálfra sem sett voru. Þannig var tiltekið að hagræðingarlánin gætu gengið til miklu fleiri atriða en til beinnar hagræðingar í rekstrinum. Það er ljóst að samkv. reglugerðinni var hægt að teygja þetta þannig og þegar byrjað á að ráðstafa fjármagninu einnig til skuldagreiðslu, og m. a. s. settar upp sérstakar reglur um það, að þar sem svo hafði staðið á, að frystihús höfðu stöðvað atvinnurekstur sinn, skyldu þau eiga sérstakan forgang á að fá fjármagn af gengishagnaðinum.

Ég tel fyrir mitt leyti að þessi reglugerð sé ekki í samræmi við lögin og eigi ekki stoð í lögunum. Þetta er ekki eina reglugerðin sem nú er farið að setja í krafti laga þar sem komið er inn á alveg nýjan vettvang eða, eins og ég sagði við fyrri umr. um þetta mál, að mér þykir nokkuð vera farið að bera á því að raunar sé farið að setja lög með reglugerð, fara fram hjá löggjafanum og ákveða atriði, sem ekki hafa komið til tals, í reglugerðum, en ætti í rauninni að ákveða með lögum. Ég vildi því fyrir mitt leyti taka af öll tvímæli í þessum efnum og ákveða að tiltekinn hluti af gengishagnaði ætti að renna til hagræðingar, svo mikið sem hefur verið talað um að koma þyrfti á tæknilegum og rekstrarlegum umbótum í þeirri atvinnugrein sem þarna á hlut að máli. Till. sú, sem ég stóð að, var við þetta miðuð. Þar var greinilega tekið fram, að hluta fjármagnsins skyldi varið til hagræðingar og framleiðniaukningar í fiskiðnaði, og tekið fram til enn frekari skýringar: „Lánin skulu fyrst og fremst veitt til kaupa á vélum og tækjum og til að koma upp kældum fiskmóttökum.“ Og enn fremur var sagt í till.: „Óheimilt er að veita lán þessi til greiðslu rekstrarskulda eða annars sem telja verður til venjulegs rekstrar. Endurgreiðsla lána þessara með vöxtum skal renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.“

Þegar þetta ákvæði í till. minni er borið saman við lögin sjálf, brbl. sem sett voru, kemur auðvitað í ljós að till. mín er í fullkomnu samræmi við brbl., en þar segir einfaldlega að 50% af þessu fjármagni skuli verja til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði. Það er auðvitað rangsnúningur að telja að það fjármagn sé veitt til hagræðingarframkvæmda eða framleiðniaukningar í einni grein sem varið er að meira eða minna leyti til að greiða upp eldri skuldir eða annað af því tagi sem verður að teljast falla undir rekstur. Eins og ég hafði bent á var till. mín í fullkomnu samræmi við lagasetninguna sjálfa. Nú kemur í ljós að þessi hv. þd. samþykkti þá till. og efni hennar er því komið inn í frv. En þá vill hæstv. sjútvrh. ekki sætta sig við það og flytur enn till. um breytingu á nefndum ákvæðum. Og hvar vill hann þá breyta og hvernig stendur það í samræmi við brbl. sem starfað hefur verið eftir? Hæstv. sjútvrh. segir í till. sinni að 50% *skuli veitt til hagræðingar, — við skulum ætla að það sé til* lánveitinga, en sé ekki styrkur, og síðan er bætt við: „og til þess að leysa sérstök staðbundin vandamál.“ Og síðar segir í till: „Lánin skulu einkum veitt til tæknilegrar hagræðingar, svo sem til vélakaupa, endurnýjunar á vinnslurásum og til að koma upp kældum fiskmóttökum. Þar sem sérstaka nauðsyn ber til að tryggja atvinnuöryggi, koma í veg fyrir atvinnubrest eða ná fram hagkvæmari rekstrareiningum er þó einnig heimilt að veita lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja í fiskvinnslu.“

Ég hef margsinnis áður sagt við hæstv. sjútvrh., og get alveg eins sagt það úr þessum stól, að ég mun styðja hann í því að afla fjár til að vinna að umbótum þar sem komið er upp atvinnuleysi eða aðrir rekstrarlegir erfiðleikar. En við erum með sérstakar lánastofnanir sem eiga að sinna því verkefni að greiða úr þar sem annaðhvort er atvinnuleysi eða um almenn rekstrarleg vandamál að ræða, en það eru Framkvæmdasjóður og Byggðasjóður. Þeir aðilar eiga að grípa inn í og hafa alla aðstöðu til þess að útvega annaðhvort lán eða veita styrki í slíkum tilfellum. En ég hef sagt: Ég er alveg andvígur því að taka svonefndan hagnað, sem kemur út úr gengislækkun, og verja þeim hagnaði til slíkra sérstakra framkvæmda. Það er í rauninni mismunun. Þar er verið að gera ráðstafanir til þess að vissar greinar sjávarútvegsins eða vissir aðilar í sjávarútvegi taki á sig þann vanda sem af því hlýst að það eru komnir upp atvinnuerfiðleikar á einum stað. Skoðun mín er sú, að þjóðin öll eigi að standa að því á beinan eða óbeinan hátt að leysa slík vandamál, en það sé ekki sérstakt vandamál þeirra t. d. sem vinna við sjávarútveg í öðrum landshlutum.

Þó að í brbl. sjálfum segi skýrt og greinilega, að þessa fjárhæð skuli veita til hagræðingarlána, er samt sett *reglugerð um að ráðstafa megi þessu fé einnig til annars* en þess sem lögin mæltu fyrir um. Og þegar Alþ. hefur tekið undir skoðun mína og breytt lögunum virðist hæstv. sjútvrh. ekki una við það og vill á nýjan leik fá það orðalag inn í frv. að hægt sé að taka á óákveðinn hátt af því fjármagni, sem átti að ganga til hagræðingarlána, til þess að rétta við rekstrarstöðu atvinnufyrirtækja á hinum ýmsu stöðum eftir atvikum. Ég tel þessa málsmeðferð fráleita. Í fyrsta lagi stenst hún ekki sem lög, en hún er líka samkv. eðli málsins óeðlileg. En sjálfsagt er að grípa á því vandamáli, sem hæstv. sjútvrh. hefur í huga, eftir hinum lögskipuðu og eðlilegu leiðum. Það veitir sannarlega ekki af að það fjármagn, sem hér er um að ræða, sé notað til að koma á rekstrarlegum umbótum, koma á tækniumbótum í fiskiðnaði. Því er alveg ástæðulaust að fara inn á þessa braut til þess að ná í fjármagn til mála

sem t. d. Byggðasjóður á sérstaklega að sinna. En um það stendur sýnilega nokkur deila.

Það er ákaflega fróðlegt að fá úr því skorið á hv. Alþ. hver er afstaða alþm. til þessa. Eru þeir á þeirri skoðun, að standa eigi þannig að gengislækkunum sem gerðar eru fyrir sjávarútveginn sem heild samkv. almennum röksemdum, að taka svonefndan gengishagnað, sem þá fellur til, og ráðstafa honum ekki til sjávarútvegsins í heild, heldur nota hann til að leysa úr tímabundnum eða staðbundnum atvinnuvandamálum sem koma upp á einhverjum stöðum? Ég er algerlega á móti því. Ég vil halda allt öðruvísi á málinu. Hér er ekki deila um hvort eigi að leysa atvinnuvandamál þessara staða eða ekki, heldur hvernig skuli afla fjár til þess. Ég er því á móti hinni nýju brtt. hæstv. sjútvrh. og mun greiða atkv. gegn henni. Hún miðar að því að fara út fyrir þann ramma sem brbl. settu, því að þau miðuðu við að gengishagnaðarlán ætti að renna til hagræðingarlána. Það er ekkert um að villast. Ég álít því að rangt sé að ætla að breyta þessu ákvæði enn og aftur.

En þá kemur hitt atriðið sem hér hefur einnig komið nokkuð til umr. Í fyrri brtt., sem ég stóð að og samþ. var við 2. umr. málsins, var gengið út frá því að lítill tiltekinn hluti af gengismunarfé skyldi renna, eins og gert var ráð fyrir í brbl., til þess að gera mönnum kleift að losna við gömul og úrelt fiskiskip. Það var að vísu ekki ákveðið nákvæmlega hvað það skyldi vera mikill hluti af heildarupphæðinni, og mér þótti rétt að n. tæki af skarið í þeim efnum og ákvæði hlutfallið. Vorum við, sem stóðum að þeirri till., á því, að eðlilegt væri að þetta fjármagn rynni í sjóð sem stofnaður hefur verið og allir fiskiskipaeigendur í landinu greiða til og eiga rétt á að fá greiðslur úr þegar þeir ætla að leggja af skip sín vegna aldurs eða vegna þess að þau séu orðin ónothæf. Það hefur verið myndaður sérstakur Aldurslagasjóður hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og sýndist augljóst mál að þessi fjárhæð ætti að renna í þann sjóð sem starfar samkv. lögum, en ekki yrði farið að hrúga upp öðrum sjóði við hliðina á honum til þess að annast nákvæmlega sama verkefnið. Það kom líka í ljós að hv. þd. féllst á þetta sjónarmið og samþykkti að fjármagnið skyldi renna í Aldurslagasjóð. En ég sé líka að hæstv. sjútvrh. er á því að halda eigi þessu fjármagni alveg aðgreindu frá þeim sjóði, sem stofnaður hefur verið, og úthluta því sérstaklega. Hvað þýðir þetta í raun og veru? Þetta þýðir að aðili, sem ætlar að hætta að reka skip af því að það er orðið gamalt og úrelt, þarf að sækja fyrst til Aldurslagasjóðs, sem settur hefur verið á fót, og sækja um ákveðinn styrk eða greiðslur úr honum, en svo þarf hann einnig að sækja til hins nýja sjóðs sem úthlutar því fjármagni sem hér er um að ræða til sama verkefnis. Auðvitað sjá allir að þetta eru óeðlileg vinnubrögð. Það eru í hæsta lagi óeðlileg vinnubrögð að standa svona að málum. Ég get ekki séð annað en að í till. hæstv. sjútvrh. felist að hann beri ekki traust til þeirra sem hafa með framkvæmd Aldurslagasjóðs að gera, það sé ekki hægt að láta þetta fjármagn renna til þeirra og gera ráð fyrir að því verði úthlutað úr Aldurslagasjóði eftir þeim reglum sem þar gilda, en hann trúi því að féð fari aðeins rétta leið ef tiltekin úthlutunarnefnd, sem hann hefur skipað, úthluti því. Þetta eru líka óvenjuleg vinnubrögð og ég fyrir mitt leyti skil þau ekki og sé ekki ástæðu til að styðja till. í þessa átt.

Ég hef ekki heldur heyrt nein frambærileg rök um hvernig á því stendur að hæstv. ráðh. vill koma á fót sérstakri deild og úthluta fénu sérstaklega. Ef menn væru ekki fyllilega ásáttir um þær reglur sem gilda hjá Aldurslagasjóði fiskiskipa væri vitanlega best að snúa sér að því að breyta þeim reglum, en ekki fara að setja upp aðra stofnun við hliðina á Aldurslagasjóði til þess að fást við sama verkefnið. Af þessari ástæðu mun ég einnig greiða atkv. á móti þessum lið í till. hæstv. sjútvrh.

Þá kemur brtt. frá hæstv. sjútvrh. um sama efni og nokkrir þm. höfðu áður flutt till. um. Fyrir lá till., þar sem 1. flm. var hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, um að hafður yrði á svipaður háttur nú og oft áður, að nokkrum hluta af því fjármagni, sem er um að ræða af gengishagnaði, yrði varið til beinna hagsmunamála sjómanna. Ég hafði lýst yfir stuðningi mínum við þá till., tel hana mjög eðlilega. Ég verð líka að segja, að ég treysti mér ekki til að styðja þá till. sem hæstv. sjútvrh. flytur um sama efni. Hún gengur mun skemmra. Ég sé enga ástæðu til að skera framlög þessi niður. Þvert á móti hefði mátt vera um frekari fjárframlög að ræða, en ekki minni. Afstaða mín er því sú, að ég styð þá till. sem er á þskj. 430, en ég er á móti þeirri till., sem hæstv. sjútvrh. flytur um þetta sama efni því að hún gengur mun skemmra og ég sé ekki ástæðu til þess. (**Gripið fram í:** Það er búið að fella hina.) Nú, er búið að fella hina? Þá hefði átt að endurflytja hana. Segja má auðvitað að till. ráðh. sé betri en ekki ef engin önnur till. liggur fyrir. En ég hafði, eins og ég sagði, lýst yfir afstöðu minni til fyrri till. Ég taldi hana mjög sanngjarna og hefði auðvitað greitt henni atkv. ef ég hefði verið nærstaddur.

Ég þarf í rauninni ekki að lengja mál mitt öllu meira, vegna þess að þó að nokkuð sé langt um liðið hafði ég rætt málið allítarlega á fyrra stigi þess og lagði þá megináherslu á að gæta þyrfti þess vel hvernig á að skipa málum eins og þessum, sem snerta ráðstöfun á gengishagnaði. Það er engin sanngirni í því að ráðstafa svonefndum gengishagnaði, sem til fellur, öðruvísi en þar sé um að ræða ráðstöfun til hagsbóta fyrir atvinnugreinina sem heild. Það á ekki að nota það fjármagn til einhverra sérverkefna sem er eðlilegt að leysa eftir öðrum leiðum. Auk þess ber svo að gæta þess, að ekki séu settar reglugerðir sem fela í sér lagaákvæði og eru ekki í samræmi við þau lög sem reglugerðin er sett eftir.

Ég hef lýst afstöðu minni til þeirra till. sem hér liggja fyrir. Ég get ekki fyrir mitt leyti stutt þær till. sem hæstv. sjútvrh. flytur, því að þær eru í andstöðu við það sjónarmið sem ég hef lýst og ég hef margsinnis áður tekið fram að ég hef í málum hliðstæðum þessu.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Síðasti ræðumaður, 1. þm. Austurl., sagði að hann væri á móti því að gengishagnaði yrði varið til þess að leysa staðbundin vandamál. En í samstarfsyfirlýsingu núv. stjórnarflokka segir þó einmitt svo í kaflanum um efnahagsmál og fyrstu aðgerðir, að gengishagnaði af sjávarafurðum verði ráðstafað að hluta í Verðjöfnunarsjóð, að hluta til útgerðar vegna gengistaps og loks til hagræðingar í fiskiðnaði og til að leysa sérstök staðbundin vandamál. Það er í samræmi við þessa stefnu í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna sem hefur verið starfað, og það er líka í samræmi við þá stefnu sem sú brtt. er samin sem hér liggur fyrir og er samin í samráði og fullri samvinnu við hv. þm. Kjartan Ólafsson, eins og ég gat um áðan, sem er 2. flm. að þeirri brtt. sem samþ. var við 2.

umr.

Varðandi það, að sá sérstaki sjóður, sem eigi að greiða fyrir því að útgerðaraðilar geti hætt rekstri úreltra fiskiskipa, hafi orðið til með einhverjum sérstökum hætti, vil ég upplýsa að til sjóðsins var stofnað að höfðu samráði við Landssamband ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands. Skoðun þessara aðila kemur t. d. fram í bréfi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna sem ég vil leyfa mér að lesa úr:

„Með tilvísun til þess, að bætur Aldurslagasjóðs eru bundnar með reglugerð og reyndar með lögum ákveðinni krónutölu á rúmlest skips, er nauðsynlegt að binda ekki bætur af gengismunarfé með sama hætti. Nokkur sveigjanleiki er nauðsynlegur þegar semja þarf við skipseiganda um hvort hann leggur skipi sínu eða lætur framkvæma meiri háttar lagfæringar á skipinu."

Það er í samræmi við þetta sjónarmið sem sjóðsstofnun hefur átt sér stað. Hins vegar hef ég lýst því yfir áður að ég telji eðlilegt til lengri tíma litið, og þá með tilliti til þess að endurskoða þau ákvæði sem gilda um Aldurslagasjóð, að sjóðirnir tveir verði sameinaðir þannig að hér verði um sameiginlegan sjóð að ræða.

Í þá nefnd, sem hefur með þetta að gera samkv. reglugerð, hafa verið skipaðir fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, frá Sjómannasambandi Íslands, frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frá Fiskveiðasjóði og einn fulltrúi sjútvrn. Þarna er því ekki um neina sérstaka pólitíska úthlutunarnefnd að ræða, eins og gefið var í skyn.

Að því er varðar annan liðinn og þá fsp. sem kom fram frá hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, fer sú úthlutun auðvitað fram samkv. reglum sem stjórn Fiskveiðasjóðs setur, þó að það standi ekki sérstaklega hér, og að því er varðar 1. liðinn er eingöngu um lán að ræða, eins og reyndar kemur fram í framhaldi setningarinnar sem fjallar um það mál, þó að ekki komi fyrir orðið „lán" í fyrstu setningu þess liðar.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þeirra fsp. sem bornar höfðu verið fram.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru örfá orð út af aths. hæstv. forseta áðan við það sem ég sagði.

Ef við lítum á meðferð þessa máls og hve oft það hefur verið á dagskrá, hve oft hefur dregist að taka það fyrir, er það staðreynd sem ekki verður móti mælt að orðið hefur óhæfilegur dráttur á afgreiðslu þess. Forseti má ekki taka *það á þann veg að ég sé að ætla honum að hann hafi* valdið þeim drætti, en það hafa aðrir, og þá fyrir atbeina ríkisstj., gert það að verkum að afgreiðsla málsins hefur dregist úr hömlu.

Mér fundust þau svör, sem hæstv. sjútvrh. gaf við þeim aths. sem ég gerði áðan og síðan hv. 1. þm. Austurl., ósköp léttvæg. Í sambandi við 3. liðinn í b-lið 3. gr. sagði hann að tveir embættismenn ættu að úthluta fénu og einn alþm., Alþfl.-maður, sem er formaður nefndarinnar sem sjútvrh. skipaði. Ég endurtek þau rök sem ég viðhafði og hv. 1. þm. Austurl. ræddi enn ítarlegar en ég: Ég sé enga ástæðu til að baka mönnum aukin óþægindi, sem þurfa að sækja um styrk til að gera skip sín ónýt, með því endilega að sækja styrkinn til tveggja aðila í stað eins, en sá aðili er til og löggjöf um starfsemina. Ég tel því að ef menn vildu eitthvað einfalda kerfið og minnka skrifstofukostnaðinn væri miklu hyggilegra að hafa úthlutun þessa á einum og sama stað.

Það er afskaplega óþægilegt, og það er eitt af því sem er nú orðið mjög áberandi í hinu þunglamalega kerfi, hvað ýmsar stofnanir tefja afgreiðslu mála vegna þess að *önnur stofnun eitthvað lík er ekki búin að afgreiða þau.* Það getur vafist fyrir slíkum stjórnum vikum og mánuðum og jafnvel árum saman að afgreiða mál vegna þess, að þær eru alltaf að bíða hver eftir annarri. Ég held að sannarlega sé kominn tími til að gera skipulagið einfaldara, en ekki vera sífellt að bæta við.

Ég er mjög óánægður með þann niðurskurð sem hæstv. sjútvrh. hefur gert á þeirri till. sem hlaut afgreiðslu við 2. umr. og ég flutti þá ásamt fjórum öðrum þm. Ég vil því leyfa mér ásamt hv. 1. þm. Austurl. að flytja þá skrifl. brtt. við till. sjútvrh., að í stað „75 millj. kr." komi: 125 millj., og í staðinn fyrir „15 millj." komi: 25 millj. kr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 609) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 569, upphaf og 1.—2. tölul. samþ. með 23:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MHM, PP, SighB, SV, StH, SvJ, SvG, SvH, TÁ, VG, ÞS, ÁG, BGr, EG, EÁ, FTS, GSig, GilsG, GSt, HES, HG, JóhS, IG.

nei: MB, PJ, FÞ, FrS, JÞ, LJós.

LárJ greiddi ekki atkv.

10 þm. (MÁM, ÓE, AG, EðS, EH, EBS, GH, GTh, BL, KÓ) fjarstaddir.

Brtt. 569,3. tölul. samþ. með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MHM, SighB, SV, StH, SvG, TÁ, VG, ÁG, BGr, EG, EÁ, FTS, GSig, GSt, HES, HG, JóhS, IG.

nei: MB, PP, PJ, SvJ, SvH, FÞ, FrS, GilsG, JP, LárJ, LJós.

ÞS greiddi ekki atkv.

10 þm. (MÁM, ÓE, AG, EðS, EH, EBS, GH, GTh, BL, KÓ) fjarstaddir.

Brtt. 609 felld með 21:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, PJ, SvJ, SvH, FÞ, FrS, JP, LárJ, LJós.

nei: MHM, PP, SighB, SV, StH, SvG, TÁ, VG, ÞS, ÁG, BGr, EG, EÁ, FTS, GSig, GilsG, GSt, HES, HG, JóhS, IG.

10 þm. (MÁM, ÓE, AG, EðS, EH, EBS, GH, GTh, BL, KÓ) fjarstaddir.

Brtt. 540 samþ. með 25 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 87. fundur.

Fimmtudaginn 3. maí, að loknum deildafundum.

Varnir vegna hættu af snjóflóðum, þáltill. (þskj. 580). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegáætlun 1979—82, þáltill. (þskj. 589). —Fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Till. til þál. um vegáætlun er óneitanlega nokkuð seint á ferð að þessu sinni. Hún hefði þurft að koma fram á Alþ. miklu fyrr.

Fjáröflun til vegamála var ákveðin í grófum dráttum við afgreiðslu fjárlaga í des. s. l. Eftir að fjárlög höfðu verið afgreidd þóttu nokkrir efnisþættir væntanlegrar vegáætlunar ófullnægjandi fyrir árið 1979. Var þar einkum um að ræða viðhaldskostnað og ógreiddan halla af vetrarviðhaldi fyrir árið 1978. Það varð því úr að við undirbúning lánsfjáráætlunar voru fjárlagatölur endurskoðaðar og hækkaðar rétt um hálfan milljarð og lánsfjáráætlun, sem gerði ráð fyrir öflun þess hálfa milljarðs, var síðan afgreidd í ríkisstj. 1. febr. s. l.

Drög að þeirri vegáætlun, sem hér liggur fyrir, voru lögð fram í ríkisstj. 8. mars og þau voru samþ. í ríkisstj. 22. mars. Þskj. með listum yfir vegi, töflum og öðrum gögnum var sent til prentunar í prentsmiðjunni Gutenberg 5. apríl s. l., þ. e. nokkru fyrir páska. Prentun hefur hins vegar dregist úr hófi fram, þrátt fyrir mikinn eftirrekstur, og þskj. barst ekki rn. prentað fyrr en s. l. mánudag 30. apríl. — Ég vil segja það hér vegna þeirra vandræða sem þessi dráttur hlýtur að valda að ég hefði ekki hikað við að senda þáltill. til prentunar í annarri prentsmiðju en ríkisprentsmiðjunni Gutenberg ef mig hefði grunað að ríkisprentsmiðjan væri svona seinvirk. Að vísu er rétt að taka það fram, að af þeim 24 dögum, sem till. tafðist í prentsmiðju, voru 12 frídagar, en sú skýring dugar ekki til og hlýt ég þess vegna að biðja alþm. velvirðingar á því að till. er lögð svo seint fram. Ég vil þó geta þess, þótt það sé í sjálfu sér engin afsökun, að vegáætlun hefur oft verið heldur seint á ferð og stundum reyndar síðar en nú. T. d. var það þannig vorið 1976, að till. til vegáætlunar var lögð fram 11. maí og afgr. sem ályktun Alþingis þingslitadaginn 19. maí, eftir rúmlega einnar viku meðferð í fjvn.

Vegáætlun skal gera til fjögurra ára og endurskoða á tveggja ára fresti, sbr. 10. gr. vegalaga. Á tímum 30—50% verðbólgu hefur hins vegar reynst vandasamt að spá fyrir um framkvæmdakostnað og tekjuöflun fram í tímann og oft hafa því verið gerðar áætlanir til styttri tíma, stundum aðeins fyrir líðandi ár.

Fjármagn til vegagerðar hefur á s. l. árum rýrnað allverulega. Ég held að því verði ekki á móti mælt. Mestar urðu tekjur Vegagerðarinnar árið 1973, um 14.7 milljarðar kr. ef reiknað er á verðlagi s. l. árs, en þær hafa síðan rýrnað ár frá ári. Tölur á þessu árabili eru: 1974 13.2 milljarðar, 1975 10,5, 1976 9.8, 1977 9.3, 1978 9.8 og áætlaðir á þessu ári 9.7 milljarðar. Þegar þessar tölur eru hafðar í huga verður einnig að gæta þess að ýmsir kostnaðarliðir hafa staðið í stað, jafnvel heldur vaxið, eins og t. d. viðhaldskostnaður, og þá einkum vetrarviðhald eftir að nýjar snjómokstursreglur voru teknar upp á árinu 1977. Þannig var heildarviðhaldskostnaður, einnig á verðlagi s. l. árs, um 3.2 milljarðar á toppárunum 1972 og 1973, 1974, en er kominn í 3.5 milljarða á s. l. ári og fer í 3.9 milljarða á þessu ári, allt miðað við verðlag sama árs, s. l. árs. Ýmsir aðrir þættir vegáætlunar hafa aukist verulega, t. d. sýsluvegafé og þéttbýlisvegafé, en sumir hafa staðið í stað hvað verðgildi snertir, t. d. stjórnunarkostnaður. Af þessu leiðir og er auðvelt að draga þá ályktun, enda sýna töflur það, að hæsti útgjaldaliður vegáætlunar, bygging nýrra þjóðvega og brúa, hefur fyrst og fremst orðið fyrir þeim niðurskurði sem hér hefur átt sér stað. Á árunum 1972 og 1973 námu fjárveitingar til nýbyggingar vega og brúa um 9 milljörðum kr., tæplega 9 annað árið, en rúmlega 9 hitt árið, en þessar fjárveitingar hafa síðan rýrnað ár frá ári eins og hér segir: 7.1 milljarðar árið eftir, þ. e. a. s. 1974, síðan ár frá ári 5.6, 5.2, 4.9 og voru komnar niður í 4.5 milljarða kr. á s. l. ári, allt reiknað á verðlagi sama árs, ársins 1978.

Þar sem heildarútgjöld til vegamála á þessu ári standa nokkuð í stað miðað við fyrra ár og hliðstætt verðlag, en viðhaldskostnaður vex enn verulega, er útlit fyrir enn frekari samdrátt í nýbyggingu vega á þessu ári að öllu óbreyttu. Ýmsar skýringar eru á því að vegafé hefur rýrnað svo ár frá ári sem raun ber vitni, og eru þó kannske aðrir betur til fallnir en ég að gera grein fyrir því. Aðalskýringarnar eru að minni hyggju í fyrsta lagi þær, að lántökur til vegagerðar hafa verulega farið lækkandi, voru á toppárunum 1973 og 1974 annað árið 4600 millj. og hitt árið 4900 millj., en eru í seinni tíð komnar niður í helmingi lægri upphæð eða 2300—2400 millj. kr., allar tölurnar enn reiknaðar á verðlagi ársins 1978. Í þessu sambandi er rétt að láta þess getið, að ekki mun hafa verið gefið út skuldabréf vegna happdrættisláns í þágu Norður- og Austurvegar á s. l. ári. Er það mál út af fyrir sig hvernig með þær lagaheimildir verður farið í framtíðinni, en ég tel sjálfsagt að nýta þær lagaheimildir til fulls og það ekkert síður eftir að Alþ. verður hugsanlega búið að gera breytingu á þessum lögum. Frv. þess efnis er hér á ferð í þinginu, en rétt er að ræða það mál við annað tækifæri. Önnur skýring á hinni miklu rýrnum vegafjár er að ríkisframlag hefur farið minnkandi, var á toppárunum í kringum 1700 millj. á föstu verðlagi ársins 1978, en hefur sigið niður á við og er á þessu ári minna en nokkru sinni fyrr, eða aðeins 409 millj. miðað við sama verðlag. Einnig hafa markaðir tekjustofnar rýrnað mjög verulega, voru á árinu 1973 8.4 milljarðar á verðlagi ársins 1978, en hafa farið verulega lækkandi, voru komnir árið 1977 niður í 4.6 milljarða, hafa þó heldur aukist aftur þannig að þeir eru áætlaðir um 7 milljarðar á árinu 1979.

Í þessu sambandi er athyglisvert að þungaskattur hefur verulega dregist saman með árunum og er nú talsvert miklu lægri en hann var fyrir 5-6 árum reiknað á föstu verðlagi. Þó er alveg sérstaklega eftirtektarvert að gúmmígjald hefur mjög mikið rýrnað, var 600 millj. árið 1973, en komið niður í 79 millj. á þessu ári, ef hvort tveggja er reiknað á verðlagi s. l. árs. Þar hefur sem sagt tapast hvorki meira né minna en hálfur milljarður af þessu eina gjaldi. Tekjustofninn gúmmígjald er nú nánast að engu orðinn og hlýtur að verða að taka ákvörðun um hvort eigi endanlega að fella hann niður með þeim rökum sem borin hafa verið fram, að það sé öryggisatriði í umferðinni að ekki séu lagðir skattar á hjólbarða, ellegar hvort á að taka hina stefnuna: að hækka tekjustofninn eitthvað.

Niðurstaðan er sem sagt sú, að fjármagn til nýbyggingar vega hefur rýrnað mjög verulega — eða um meira en helming — á síðari hluta þessa áratugs. Þeirri þróun

verður bersýnilega að snúa við. Uppbygging vegakerfisins gengur allt of hægt, að ég held að allra dómi. Engin leið er að una við þann framkvæmdahraða sem nú er í vegagerðarmálum. Í nýrri vegáætlun verður því að marka nýja stefnu þar sem gert sé ráð fyrir að stórauka vegaframkvæmdir frá því sem nú er. Baráttan við verðbólguna kom að vísu í veg fyrir að það gæti orðið á þessu ári, og vafalaust verður ekki heldur efnahagslegt svigrúm á næsta ári til að auka nýbyggingar vega svo að þær nái hliðstæðu framkvæmdagildi og var þegar þær urðu hvað mestar á árunum 1972—1974, hvað þá að hæsta toppinum sé náð, þegar framkvæmdir á Skeiðarársandi stóðu sem hæst og mikið fé var fengið í Alþjóðabankanum til að ljúka hringtengingu vegakerfisins. Í vegáætlun fyrir árin 1979—1982, sem ríkisstj. leggur nú fram, er gert ráð fyrir að á árinu 1980 séu fjárveitingar til nýrra vega og brúa þó miðaðar við meðaltal áranna 1970—1979 og hækki því úr tæpum 4 milljörðum kr. á þessu ári í rúma 6 milljarða kr. á næsta ári, en hækki síðan um 5% á milli ára, allt reiknað á verðlagi ársins 1978. M. ö. o. felst í till. að fjármagn til nýbyggingar vega aukist að magni til á milli áranna 1979 og 1980 um 50%. Ég er hins vegar sannarlega reiðubúinn að standa að því, þegar þar að kemur, að veruleg hækkun verði aftur á milli áranna 1980 og 1981, en miðað við þá þróun, sem verið hefur á þessu sviði á undanförnum árum, þrátt fyrir endurteknar yfirlýsingar allra flokka um nauðsyn hins gagnstæða og margvíslegar till. um stór átök í vegamálum, tel ég að hyggilegra sé að láta fyrst reyna á hvort samstaða sé um að snúa þróuninni við á árinu 1980 og taka þá stórt stökk upp á við í fjárveitingum til nýbyggingar vega og brúa, en gera þá frekar ráð fyrir að næsta stóra stökkið verði ákveðið við endurskoðun vegáætlunar 1981.

Viðfangsefnin í vegamálum eru margþætt og vandasamt að velja, þegar takmarkað fé er til skiptanna. Ég vil hér nefna 4 meginverkefni sem ég tel að skipti mestu máli.

Í fyrsta lagi nefni ég það viðfangsefni að koma öllum stofnbrautum landsins upp úr snjónum, þ. e. hringveginum og tengivegum frá honum til kaupstaða og kauptúna. Þetta er augljóst forgangsverkefni sem verður að ljúka við á næstu árum. Lengd stofnbrauta er um 3770 km og kostnaður við uppbyggingu þeirra er talinn vera um 120 milljarðar kr. á laætluðu verðlagi 1979. Sé reiknað með hliðstæðri upphæð til stofnbrauta, 3500 millj., og gengur til þess verkefnis á þessu ári tæki hvorki meira né minna en 35 ár að byggja upp stofnbrautakerfið samkv. þeim kröfum sem nú þykir hæfilegt að gera. Á svo löngum tíma munu að sjálfsögðu koma fram margs konar nýjar þarfir og kröfur sem enn munu framlengja verkefnið. Ég tel því að sannarlega sé brýnt orðið að gera þarna verulega stefnubreytingu, og miðað við þá fjárveitingu, sem gerð er till. um fyrir árið 1980, má gera ráð fyrir að það taki 20 ár í staðinn fyrir 35 ár að ljúka því verkefni að byggja upp stofnbrautir landsins.

Í öðru lagi vil ég nefna það verkefni, sem er náskylt hinu fyrra, að ljúka nokkrum dýrum stórverkefnum á stofnbrautum landsins. Þau viðfangsefni einkennast af því, að þar er um að ræða alvarleg höft á aðalþjóðleið sem teppa umferð á vissum árstímum eða yfir þau þarf að komast til að stytta verulega aðalumferðarleiðir. Dæmi um slík stórverkefni er Holtavörðuheiði, sem er mikill farartálmi á aðalþjóðleið norður í land, ellegar tenging Inndjúpsins um Steingrímsfjarðarheiði eða Þorskafjarðarheiði, sem er sjálfsagt forgangsverkefni í framhaldi af lagningu Djúpvegar sem hluti hringvegarins, ellegar brú og fyrirhleðslur við Héraðsvötn í Skagafirði, þar sem aðalþjóðleiðin milli Reykjavíkur og Akureyrar er oft og tíðum sundurskorin og algerlega ófær stundum um langan tíma vegna vatnavaxta, ellegar Víkurskarðsleiðin sem áform eru um að byggja nú á næstu árum og tengir Þingeyjarsýslu við Eyjafjörð með miklu styttri og öruggari vetrarsamgöngum en nú er, ellegar Hvalnesskriður sem krækja fyrir mikinn vegartálma — Lónsheiði — á aðalþjóðleið austur á land. Þessi verkefna, sem ég nefndi nú sem dæmi, eru allt viðfangsefni sem kosta milli 500 og 1000 millj. kr. Þau eiga það líka öll sameiginlegt að þau eru ekkert sérmál einstakra landshluta eða byggðarlaga, heldur mál sem varða aðalþjóðvegakerfi landsmanna. Hliðstæð þessum hópi viðfangsefni er að sjálfsögðu Borgarfjarðarbrúin, dýrasta vegaframkvæmd sem Íslendingar hafa enn ráðist í. Verður að sjálfsögðu að ljúka því verkefni alveg á næstunni, á næstu tveimur árum.

Í þessu sambandi kemur upp í hugann önnur stór brú sem mjög er kallað eftir, brú um Ölfusárós. Brúargerð á þessum slóðum hefur verið í athugun og er enn í athugun, en þetta viðfangsefni er þó tvímælalaust nokkuð annars eðlis þar sem hún mun verða mjög dýr, kosta yfir 2.5 milljarða kr. á núverandi verðlagi, og jafnframt er ekki um að ræða brú á aðalþjóðleið, a. m. k. ekki fyrst um sinn. Það eru hins vegar einkum félagsleg rök sem hníga að því að brú þessi verði byggð á sínum tíma, en frá hreinræktuðu vegagerðarsjónarmiði er arðsemi framkvæmdarinnar talin mjög lítil. Þetta mál verður hins vegar að skoða vandlega. Það verður að gera sérstaka úttekt á þessu mikla viðfangsefni á næstu tveimur árum, hvort sem fjvn. ætlar fé til framkvæmdarinnar eða ekki og hvort sem Alþ. samþykkir þá framkvæmd eða ekki.

Þriðja stórverkefnið í vegamálum er svo að koma þjóðbrautum í sveitum landsins upp úr snjónum. Það verkefni er geysilega viðamikið og verður ekki leyst af hendi nema á löngum tíma. Hér er það hins vegar sérstaklega nefnt vegna þess að ég tel að það hafi mjög verið vanrækt í fjárskorti seinustu ára. Þetta er vissulega eitt þeirra verkefna í íslenskri vegagerð sem næstum aldrei tekur enda, en á þessu sviði þarf sérstakt átak á næstu árum, enda er ömurlegt að geta ekki eytt nema 800 millj. kr. í allt þjóðbrautakerfi landsins, sem er 4700 km að lengd, en kostnaður við uppbyggingu þjóðbrauta er nú áætlaður um 50 þús. millj. kr. og að koma þjóðbrautum landsins í viðunandi horf tæki hvorki meira né minna en rúm 60 ár, ef vinna ætti það verk með núverandi framkvæmdahraða. Hætt er við að áður verði einhverjir orðnir langeygir að bíða eftir framkvæmdum. — Ég vil minna á að hér er aðeins verið að tala um þjóðbrautirnar. Sýsluvegirnir eru sjálfstætt verkefni. En með því að vegáætlun verði samþ. með þeim tölum sem hér er gerð till. um fyrir árið 1980 mundi tíminn, sem fer í uppbyggingu þjóðbrauta, verulega styttast, væntanlega færast niður í u. þ. b. 40 ár, og er það þó nógu langur tími.

Fjöldi stórverkefna á sviði vegamála er þess eðlis að þau mætti nefna, en ég vil að lokum bæta við nokkrum orðum um það mikla viðfangsefni að varanlegt slitlag verði lagt á vegi okkar þar sem umferð er mest, m. a. meginhluta hringvegarins. Undanfarin ár hefur það lítið fé verið til skipta almennt að ekki hefur verið unnt að leggja slitlag á meira en 25—30 km vegarkafla á hverju ári. Það er dýrt að vera fátækur, og það er auðvelt að sýna

fram á að lagning varanlegs slitlags sé mjög arðbær fjárfesting sem skili sér í minnkuðu viðhaldi á fáum árum, jafnvel þótt ekki sé reiknað með þeim hagnaði sem eigendur farartækja hafa af því að aka á sléttara yfirborði. Gerð hefur verið lausleg athugun á hagkvæmni mismunandi slitlaga með tilliti til viðhaldskostnaðar vega og aksturskostnaðar bifreiða. Hún leiðir í ljós að hagkvæmt væri að leggja olíumöl eða annað álíka slitlag á alla vegi með meiri sumarumferð en 200 bíla á dag. Viðhaldskostnaður mundi að vísu aukast um 500 millj. kr. á ári, en aksturskostnaður umferðarinnar mundi lækka um 3500 millj. kr. á ári. Þjóðhagslegur sparnaður er því talinn um 3000 millj. kr. Þessar tölur eru á verðlagi í ágúst 1978 og má því væntanlega hækka þær um þriðjung til verðlags þessa árs. Það mun kosta á verðlagi þessa árs um 28 milljarða kr. að byggja veg með bundnu slitlagi ásamt brúm á leiðinni milli Reykjavíkur og Akureyrar, svo að nærtækt viðfangsefni sé nefnt, en u. þ. b. 410 km af þessari leið eru ekki með varanlegu bundnu slitlagi. Samtals munu þeir vegir, sem hagkvæmt er talið að leggja bundnu slitlagi vegna umferðarþunga, vera um 2300 km að lengd. Það eru sem sagt rétt um $^2/_3$ af stofnbrautakerfinu, sem ég nefndi áðan, að væri rúmlega 3700 km að lengd og kostaði í uppbyggingu 120 milljarða kr.

Í till. þeirri til vegáætlunar, sem hér liggur fyrir, eru ekki gerðar till. um fjárveitingar í einstakar framkvæmdir. Það verður verkefni fjvn. í samráði við þm. kjördæma að gera till. um einstakar fjárveitingar, eins og venja er til. Hins vegar hefur verið sett fram áætlun um hugsanlega skiptingu vegafjár til þeirra meginviðfangsefna sem ég nefndi áðan, þó þannig að stofnbrautir, þjóðbrautir og brúargerð eru undir samheitinu „almenn verkefni", en sérstaklega tilgreind bundin slitlög og sérstök verkefni. Ef litið er á þessar áætlunartölur er ljóst að á árinu 1980 fer hæsta upphæðin í almennu verkefnin og þá verður um mjög verulega aukningu að ræða á fjárveitingum til stofnbrauta og þjóðbrauta. En þá verður líka mjög aukin fjárveiting til sérstakra verkefna. Er þá auðvitað sérstaklega haft í huga að þá verður að gera Borgarfjarðarbrúna akfæra, en það kostar um 2000 millj. kr., og verður það þó ekki lokafjárveitingin til þess verkefnis. Bundin slitlög munu hins vegar ekki geta aukist verulega á því ári, en á árinu þar á eftir, 1981, yrði aðstaða til að auka verulega fjárframlög til bundins slitlags og enn frekar á árinu 1982. Á þeim árum yrði hins vegar enn frekari áhersla lögð á hin almennu verkefni, stofnbrautir og þjóðbrautir, og jafnframt tekin inn ný stórverkefni, sem væntanlega kosta flest frá 500 og upp í 1000 millj. kr. hvert.

Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds verið mjög af skornum skammti og hvorki fylgt verðlagsþróun né tekið tillit til aukinnar umferðar. Ég nefndi áður vetrarviðhaldið, sem hefur verulega aukist í krónum talið og að magni til, en það sama verður ekki sagt um sumarviðhaldið og þá síst af öllu með tilliti til stóraukinnar umferðar á vegum landsins. Gerð hefur verið úttekt á þörf fjármagns til sumarviðhalds þjóðvega. Við þá úttekt var höfð til hliðsjónar gæðakrafa Svía og Norðmanna til þjóðvega. Með tilliti til þess að hér eru samt nokkuð aðrar aðstæður var talsvert slakað á kröfunum um gæði veganna. Við úttekt þessa var miðað við að allir vegir væru í viðhaldshæfu ástandi, þ. e. burðarþol, afvötnun og slitlag væri fyrir hendi, en mikið mun á vanta að svo sé. Miðað við þessa úttekt hafa fjárveitingar síðustu ára verið um og innan við 60% af þörfinni. Veruleg aukning viðhaldsfjár er því mjög aðkallandi. Ég vek á því athygli að nokkurt tillit er tekið til þess í þeirri till. sem hér er lögð fram. Þannig er fjárveiting 1979 um 72% af þörf miðað við 60% eins og verið hefur á undanförnum árum, og var það einmitt eitt af því sem fékkst leiðrétt við gerð lánsfjáráætlunar eftir að fjárlög höfðu verið afgreidd. Þetta hlutfall mun hækka nokkuð á síðari hluta áætlunartímabilsins. Þessar till. verður hins vegar að skoða sem algert lágmark að dómi Vegagerðarinnar til að komast út úr því neyðarástandi sem ríkir á miklum hluta vegakerfisins.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða að öðru leyti um efni þessarar áætlunar, en vísa til mjög ítarlegrar grg. sem fylgir till. Einnig er eftir að fylgja skýrslu um vegaframkvæmdir á árinu 1978 úr hlaði, en hún hefur verið lögð fram og gefst þá tækifæri til að fjölyrða um nokkur þau atriði sem hér hafa ekki verið nefnd.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að till. verði vísað til hv. fjvn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1979—1982 er loks til umr. á hinu háa Alþingi. Okkur hv. þm. er því ekki ætlaður langur tími til að fjalla um svo veigamikið efni sem þessi till. er um. Vissulega ætti hún að fjalla um einn veigamesta framkvæmdaþátt hjá okkur, en því fer miður að í till., eins og hún kemur fram hér, er í raun lítið bitastætt. Stundum áður hefur verið kvartað yfir því að till. til vegáætlunar hafi seint komið fram á þingi, en þó er mér til efs að svo síðla hafi hún borist þinginu sem nú. Það kann að vera að svo hafi verið einstök ár, en þau fordæmi eru áreiðanlega ekki til fyrirmyndar, og veit ég að hæstv. ráðh. er sammála mér um að slík vinnubrögð eru ekki af betra taginu.

Þá má með sanni segja að hæstv. ráðh. gengur þung spor í pontuna til að mæla fyrir þessari þáltill., ef ég þekki hann rétt, því að ekki verður sagt að sú till., sem hann fylgir hér úr hlaði, fyrsta till. til þál. um vegaframkvæmdir sem hann fylgir úr hlaði sem hæstv. samgrh., beri mikla reisn yfir sér. Till. er í því fólgin að gert er ráð fyrir að verulegur magnsamdráttur verði í vegaframkvæmdum. A. m. k. er það svo, að eins og hún er hér lögð fram er gert ráð fyrir mjög verulegum samdrætti í framkvæmdum við vegi á árinu 1979. Það er reynt að sýna fram á að kannske sé það ekki beint vilji hæstv. ráðh. að halda svo fram sem horfir að þessu leyti í ár með því að sýna hærri tölur á árunum 1980—1982. En til þess að dæmið sé látið koma heim og saman tölulega er brugðið á það ráð, til þess að magnaukningu í vegaframkvæmdum megi sýna tölulega á árunum 1980—1982, að setja upp lið sem kallaður er „önnur fjáröflun". Ég heyrði ekki allt mál hæstv. ráðh., en ég hygg að hann hafi ekki gert mikla tilraun til að skýra fyrir hv. Alþ. með hvaða hætti hann hugsaði sér að afla þess fjár. Þar er um að ræða hvorki meira né minna en alla fjárþörfina sem þarf til þess að um magnaukningu geti orðið að ræða á þessum árum. Það er sem sagt engin skýring gefin á því, hvernig menn hugsa sér að afla þessa fjár.

Það væri kannske sök sér að stefnt sé í þessa átt á árinu 1979 ef það hefði orðið stórfelldur samdráttur í tekjuöflun til Vegasjóðs. En þegar það er skoðað, að á sama tíma sem magnminnkun í nýbyggingu vega verður sennilega nálægt 18% samkv. þessari þáltill. eiga bens-

íngjald og tekjustofnar Vegasjóðs að hækka að krónutölu um a. m. k. 67—70% samkv. grg. með fjárl. og samkv. grg. sem fylgir þessari þáltill., þá sést að þarna er einhver og ekki lítill maðkur í mysunni. Hæstv. ríkisstj. sker nefnilega stórlega niður beint og óbeint framlög ríkissjóðs til vegamála í ár. Þar er að finna skýringuna á því, að stefnt er í stórfellda magnminnkun á sama tíma sem tekjustofnar hækka í krónutali um rúm 70% og þær álögur lagðar á umferðina, á fólk sem notar vegina. Á sama tíma er sem sagt um stórfelldan samdrátt vegaframkvæmda að ræða. Ég verð að segja að miðað við þann málflutning, sem ég hef stundum heyrt hæstv. samgrh. hafa í frammi á hinu háa Alþingi um vegamálin, flokksbræður hans og raunar þá sem standa að meiri hl. hér og styðja núv. ríkisstj., þykir mér þetta mikilli furðu sæta.

Hæstv ráðh. sagði að baráttan við verðbólguna leyfði ekki meiri framlög til vegamála en þetta í ár. Satt er að baráttan við verðbólguna er hörð. En hún var stundum hörð fyrr ár árum líka og þá var þessu einnig haldið fram. En hæstv. ráðh., fylgismenn hans og þeir, sem styðja núv. ríkisstj., vildu aldeilis ekki fallast á slík rök á þeim tíma. Skorið var niður vegafé í tíð fyrri ríkisstj. og það var harðlega gagnrýnt, en nú er sem sagt haldið áfram að skera og niður frá því sem áður var um 18% að magni til, á sama tíma sem skattarnir á umferðina eru hækkaðir um 70%!

Ég skal ekki, herra forseti, tefja mikið þessa umr. Hún er með þeim hætti að till. kom fram og var útbýtt í gær, en er tekin til umr. á fundi, kannske ekki á óvenjulegum tíma, en á heldur óheppilegum tíma þegar fáir eru viðstaddir. Það er því sjálfgert að ræða hana betur við 2. umr. En ég lít svo til, að sú vegáætlun, sem nú er lögð fram, sé í rauninni marklaus nema að því leyti sem varðar árið 1979. Þar er útkoman sú í sem stærstum dráttum að stórfelldur samdráttur verður, eins og ég sagði áðan, á magni nýframkvæmda vega. Nokkuð er reynt að auka viðhaldsféð, og það út af fyrir sig tel ég ekki ranga stefnu því að eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. hefur á undanförnum árum heldur verið knífað í þeim efnum og þörfin af hálfu Vegagerðar talin verulega meiri en fjármagn hefur verið til. Ég tel því að ekki sé aðfinnsluverð stefna, síður en svo, að auka viðhaldið. En hvort tveggja, að kostnaður við stjórn og undirbúning samkv. till. hækkar á milli áranna 1978 og 1979 um 60% og sumarviðhaldið hækkar um 50% og vetrarviðhaldið tvöfaldast, veldur því að útkoman verður einungis frá 16 til 20% hækkun í krónutölu til nýbyggingar vega, en það veldur þeirri miklu magnminnkun sem ég kom inn á áðan.

Ég vil taka það fram, að við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir til að ræða vegamál okkar og framtíðaráætlanir um þau af fullu raunsæi. Við höfum lagt fram till. til þál. um þau efni, þar sem við höfum bent á að meginstefnan skuli vera að reyna að koma okkur út úr þeirri sjálfheldu sem við Íslendingar erum í í vegamálum. Við erum í sjálfheldu að því leyti til að viðhald veganna er að verða óviðráðanlegt. Umferð eykst það mikið árlega að viðhald veganna er að verða óviðráðanlegt ef við komumst ekki úr þeim vítahring og getum gert aðalakvegakerfi landsins þannig úr garði að lagt verði bundið slitlag. Við höfum lagt fram þáltill., sem þm. hafa að sjálfsögðu kynnt sér, og í henni er bent á sérstakar fjáröflunarleiðir. Mér er ekki kunnugt um að á Alþ. hafi áður komið fram hliðstæðar till., þar sem jafnframt hefur verið af fullu raunsæi bent á fjáröflunarleiðir. Þess vegna erum við að sjálfsögðu reiðubúnir að ræða á hinu háa Alþingi og hafa samráð við þm. annarra flokka um að taka á þessu máli af fullri djörfung.

Það er auðvitað svo, að nauðsynlegt er að halda í á þeim árum þegar mikil verðbólga er, en framkvæmdir eru miklar í landinu á öllum sviðum og spenna á vinnumarkaði er mikil. En ég held að okkur sé nauðugur sá kostur, Íslendingum, að horfast í augu við að við erum að verða vanþróað ríki og erum orðnir vanþróað ríki í vegamálum, og við verðum þess vegna með einhverjum hætti að leysa þau mál á skipulegan hátt á næstu árum. Við eyðum áreiðanlega miklu meira fé í að halda við vegakerfinu og bifreiðaeign okkar en eðlilegt er. Er hægt að sýna fram á með beinhörðum tölum að það að gera aðalvegakerfi landsins þannig úr garði, að lagt sé varanlegu slitlagi, er með betri fjárfestingum sem Íslendingar geta ráðist í. Þess vegna held ég að við verðum að horfast í augu við þetta mál og taka það á alveg sérstakan hátt út úr framkvæmdum okkar þannig að við komumst út úr þeim vítahring sem við að minni hyggju erum komnir í að þessu leyti.

Ég skal ekki, herra forseti, við þessa umr. málsins hafa fleiri orð um vegáætlun, en ég vænti að hafa tækifæri til þess við síðari umr. þegar hv. fjvn. hefur skoðað málið nánar og unnið það í samráði við hv. þm. í hinum ýmsu kjördæmum landsins.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1979—1982 er nú til umr. og hæstv. samgrh. hefur talað fyrir því máli í hv. Sþ. Ég ætla ekki að taka langan tíma nú í umr. um málið, en ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að ég vil láta koma fram fyrirvara í sambandi við hvernig skiptingin á vegafénu er hugsuð miðað við till., þ. e. a. s. að af þessu litla fjármagni, sem mun vera 4 milljarðar 280 millj., er áætlað að taka í bundin slitlög og sérstök verkefni um 1.5 milljarða.

Eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. hefur það fjármagn, sem er ætlað í nýbyggingar, farið á undanförnum árum og fer enn minnkandi að framkvæmdamætti. Eins og þessi mál eru víða úti um land er erfitt að taka af svo litlu fjármagni í sérstök verkefni. Við verðum að fara að fjármagna þau með einhverjum öðrum hætti en á vegáætlun, nema þá að fá mjög mikið aukið fjármagn, langtum meira en þessi fjögurra ára áætlun ber með sér. Það er þannig með vegina víða, að ekki má dragast að taka á þeim málum með meiri krafti en hefur verið fram til þessa.

Hv. síðasti ræðumaður komst þannig að orði, að við værum að verða vanþróaðir í vegamálum. Ég hef litið þannig á að við höfum alltaf verið það, a. m. k. miðað við vegi sem sjá má í nágrannalöndunum. Held ég að samanborið við nágranna okkar sé ekki hægt að hafa annað orð yfir samgöngumál en við höfum verið og séum vanþróaðir á því sviði. Ég átti þess kost að skoða vegakerfið í Færeyjum á s. l. sumri, og miðað við þá næstu nágranna okkar erum við langt á eftir í samgöngumálum.

Við erum sammála um að við verðum að fara með gætni í sambandi við erlendar lántökur. En ég vil hiklaust halda því fram að við eigum ekki annars kost, ef við ætlum að koma vegum okkar í sómasamlegt horf, en huga að því að taka ákvarðanir um erlend lán til vegaframkvæmda. Sérverkefni verður að fjármagna eingöngu, eins og nú horfir, með því móti. Og ég er ekkert

hræddur við það, því að ég held, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., að það fjármagn skili sér í raun og veru aftur.

Það er nú þannig ástatt t. d. í því kjördæmi, sem ég og hv. síðasti ræðumaður erum fulltrúar fyrir, að liggur við stórslysum á hverju einasta ári vegna snjóflóða. Eftir því sem ég kemst næst er ekki hugsað á þessu sumri að það sé einu sinni hafin sú framkvæmd sem verður að gera til þess að fyrirbyggja að slíkt komi fyrir. Ég held að talið sé af kunnugum að ekki hafi munað nema kannske mínútu að snjóflóð lenti á bifreið núna í vor, og þannig hefur verið vor eftir vor. Við verðum því að vænta þess að sá hættulegi vegarkafli hafi forgang til þess að ekki hendi þar stórslys.

Það er alveg rétt, að það þarf bundið slitlag, og er enginn vafi á að við verðum að huga meira að því. En við verðum fyrst að byggja vegina upp, áður en við setjum slitlag á þá. Þannig er nú víða að eftir er að byggja vegi upp. Verður það a. m. k. að ganga fyrir í flestum landshlutum, nema þá í nágrenni Reykjavíkur.

Ég vil sem sagt hafa fyrirvara með þessa liði, þ. e. a. s. hin sérstöku verkefni, á meðan við treystum okkur ekki til að finna meira fjármagn í vegagerð okkar.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að ítreka það sem kom fram í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., að sú till. til þál., sem hér er til umr., er óþægilega seint fram komin. Það er í raun og veru svo, að ákaflega erfitt er að una því — í þetta skipti og stundum áður á liðnum árum — að till. til þál. um vegáætlun skuli koma fram á þeim tíma sem nú gerist. Að öllu eðlilegu ætti Alþ. að ljúka innan fárra daga. Hvort svo verður eða hvort þetta þing situr meginhlutann af sumrinu skal ég engu um spá, en hvað sem því líður veit ríkisstj. og Alþ. að þetta þing þarf að afgreiða nýja vegáætlun. Það er þess vegna ekki ónóg vitneskja um það, sem fyrir dyrum stendur, sem veldur því að þetta þskj. kemur svo seint fram sem raun ber vitni. Hér er um óþolandi vinnubrögð að ræða. Og þó að það hafi stundum gerst fyrr að till. til þál. um vegáætlun hafi komið seint fram er það ekki til að bæta þetta mál. Hér verður að skipta um vinnubrögð. — Ég skal ekki ræða þetta í löngu máli, en mér er útilokað að láta fyrri umr. um till. til þál. um vegáætlun fara fram svo að ég láti ekki í ljós mjög sterka óánægju yfir því hvað þskj. er seint fram komið.

Fyrir liggur vinna fjvn. og Alþ. að máli þessu, sem oft hefur reynst tafsöm og viðkvæm. Mig uggir að svo kunni einnig að fara nú. Vitað er að í raun og veru eru tengd þessu máli stórkostleg deilumál. Allt kann það að verða til að tefja afgreiðslu málsins svo úr hömlu að það eigi sinn þátt í því að lengja þetta Alþ., hver veit hversu lengi. Auk þess, sem er að vísu annars eðlis, en er þó rök í þessu máli, er það, að starfsmönnum Vegagerðar og þeim, sem eiga að sinna framkvæmdum í vegagerð, ríður á að fá að vita áður en komið er langt fram á sumar hvaða verk á að vinna á hverju ári. Það ætti einnig að ýta eftir því að mál af þessu tagi séu ekki borin fram á Alþ., eins og nú gerist, í maímánuði. Þó að ekki verði úr bætt að þessu sinni og ég telji í rauninni að slys hafi orðið í vinnubrögðum að þetta þskj. er ekki löngu fram komið, vil ég beina því sérstaklega til hæstv. ráðh., að þegar till. til þál. um vegáætlun verður endurskoðuð, ef hann situr þá enn í þessu sæti, verði málið borið fram á skaplegri tíma en nú er gert.

Það má segja, að hverju sinni sem ný ríkisstj. sest að völdum veki það nokkra forvitni hjá landsfólkinu hvernig hún muni haga störfum sínum. Það vekur einnig nokkra eftirvæntingu þegar nýr samgrh. sest að völdum, hvernig hann hyggst marka spor sín, t. a. m. við framkvæmdir í vegagerð. Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni áðan, að hann teldi nauðsynlegt að marka í vegamálum nýja stefnu og það þyrfti að auka framkvæmdafé. Undir þessi orð hæstv. ráðh. vil ég heils hugar taka. Það er á hinn bóginn næsta ömurlegt, að í sama mund sem hæstv. ráðh. mælir þessi orð, sem gætu út af fyrir sig gefið góð fyrirheit, er hann að mæla fyrir till. til þál. um vegáætlun sem felur í sér að framkvæmdafé til vegagerðar verði á þessu ári minna en verið hefur um mjög langt skeið og allt að 18% minna að framkvæmdamætti en var á síðasta ári, og var það ár þó mjög neðarlega í röð margra ára hvað framkvæmdir í vegamálum snertir. Þetta kalla ég ömurlegt, og sannarlega er hæstv. ráðh. ekki öfundsverður af. Það leyndi sér ekki heldur vonbrigðatónninn í ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar áðan, þar sem hann sá sig knúinn til að koma hingað í ræðustólinn og hafa fyrirvara um skiptingu þess litla fjár sem um er að ræða í tillögunni.

Hæstv. ráðh. gat þess, að till. gerði ráð fyrir að á árunum 1980—1982 yrði framkvæmdafé aukið og væntanlega kæmi þar fram hin nýja stefna um að stórauka framkvæmdafé, en ekki var þó meira en svo að það næði meðaltali framkvæmdamagns tíu ára eða svo aftur í tímann. Ekki var hærra á því risið. Það hefur hér verið gerð grein fyrir því af hv. þm. Lárusi Jónssyni, að þessar tölur eru settar á blað með því að stórhækka markaða tekjustofna án þess að gert sé ráð fyrir að fastur kostnaður Vegagerðarinnar, t. a. m. að því er varðar stjórn og undirbúning, hækki um eina krónu á árunum 1980—1982. Spyrji nú hver sjálfan sig: Er þetta líklegt? Auðvitað er hægt að fá út nokkra hækkun á framkvæmdafé með svona uppsetningu, en ég verð að segja að mér finnst ekki líklegt að svo verði í raun.

Hér var gerð grein fyrir því af hálfu hv. þm. Lárusar Jónssonar, hvernig fer með ríkisframlögin til vegagerðar. Svo ég víki örlítið nánar að því máli en fram kom í ræðu hans er gert ráð fyrir í vegáætlun, sem samþ. var á Alþ. 29. mars 1977, — takið eftir þessari dagsetningu, — þar sem afgreidd var vegáætlun fyrir árin 1977—1980, að framlög ríkisins til vegagerðarinnar yrðu t. a. m. á árinu 1978 900 millj. kr., á árinu 1979 793 millj. kr. og á árinu 1980 815 millj. kr. Eitt ár er liðið af þeim sem ég hef nefnt, þ. e. 1978, og þá urðu ríkisframlög ekki 900 millj. kr., heldur 1300 millj. kr. eða höfðu verið aukin um 400 millj. kr., m. a. til þess að mæta verðlagshækkunum sem höfðu orðið frá því að vegáætlun var samþ. 1977. Í þeirri till., sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir að ríkisframlag verði á þessu ári 522 millj. kr. í stað 793 millj. kr. sem gert var ráð fyrir þegar vegáætlun var samþ. 1977, eða 270 millj. lægri tala! Og á árunum 1980—1982 virðist ekki gert ráð fyrir neinu ríkisframlagi! Þetta sýnir í fyrsta lagi að framkvæmdir í vegamálum og kostnað við Vegagerð ríkisins virðist eiga á næstu árum að bera uppi alfarið af mörkuðum tekjustofnum annars vegar og lánsfé hins vegar, en ríkissjóður leggi enga krónu fram. Þetta gerist í sama mund sem verðbólga hefur geisað áfram, sem tekjur ríkissjóðs af bensíni og olíum, af bifreiðum og varahlutum og vörum til bifreiða og annars til umferðarinnar vaxa stórkostlega, sem ætti auðvitað að

gefa tilefni til þess að ríkissjóður legði fram aukinn hlut, en drægi ekki alveg að sér höndina, eins og hér virðist gert ráð fyrir. Þetta sýnist mér vera ömurleg staðreynd og ömurlegur kapítuli í þeirri till. sem hér er á dagskrá.

Ég held að það sé ekki ofmælt, að mikil nauðsyn sé á að stórauka framkvæmdafé í vegamálum, og get tekið undir það, sem fram kom hjá tveim síðustu ræðumönnum, að við Íslendingar erum orðnir næsta vanþróaðir í þeim framkvæmdaþætti miðað við það sem gerist hjá ýmsum nálægum þjóðum. Það er hins vegar svo, að ekki þýðir að láta sitja við orðin tóm í þeim málum. Nú vill svo til, að tveir þingflokkar hafa flutt till. til þál. um stórframkvæmdir í vegagerð. Þar á ég við þm. úr Sjálfstfl. annars vegar og þm. úr Framsfl. hins vegar. Ætla mætti að þessi tillöguflutningur gæfi tilefni til þess að auðveldara reyndist fyrir hæstv. samgrh. að fá fjármagn til vegagerðar, sem ég efast ekkert um að hann hefur fullan hug á, en það plagg sem hér liggur fyrir virðist gefa tilefni til.

Ég tel að það sé góðra gjalda vert sem gert er í því að leggja til nokkuð aukið fjármagn til viðhaldsins. Það er ljóst að viðhaldi þeirra vega, sem byggðir hafa verið upp, er verulega ábótavant, í mörgum tilvikum vegna fjárskorts. En sumir þeirra eru þó þess háttar hvað umferðarþunga snertir, að svo virðist sem malarviðhald dugi varla lengur og þess vegna sé, þar sem malarvegir eru fjölfarnastir, naumast undankomu auðið að leggja á þá svokallað bundið slitlag. Ég vil minna á að á síðasta ári var varið af hálfu Vegagerðarinnar nokkru fé til tilraunaslitlags sem lagt var á þrjá kafla á vegum hér á landi. Ég geri ráð fyrir að enn þyki ekki nægileg reynsla komin á hvernig það reynist, og er víst að sú tilraun þarf að standa miklu lengur. En ég held að full ástæða sé til að nota nokkurt fjármagn til slíkra tilrauna á þessu ári og næstu árum eins og gert var í fyrra og það verði þá gert með þeim hætti að leggja slíkt tilraunaslitlag á vegi þar sem komið er að því að hvort eð er þarf á viðhaldi að halda. E. t. v. mætti drýgja að nokkru tilraunafé með því að taka hluta af viðhaldsfénu til þessara nota. Mér sýnist að enn sem komið er gefi þessir tilraunablettir allgóðar vonir, og eins og kemur fram í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar frá síðasta ári var þó aðeins lagt annað af tveimur slitlögum sem eiga að fara hvert ofan á annað á tilraunablettum þessum. Hér eru um miklu ódýrari framkvæmdir að ræða en að leggja olíumöl eða malbik, og mér sýnist full ástæða til að athuga að verja nokkru fjármagni svo að unnt sé að halda áfram á sömu braut.

Ég skal ekki lengja ræðu mína, herra forseti. Ég tel fulla ástæðu til að umr. ljúki í dag, svo unnt sé að vísa hinni síðbúnu till. til n. og taka til við hana þar af fullum krafti. Ég kom upp í ræðustól e. t. v. fyrst og fremst til að láta í ljós megna óánægju mína yfir því, hvað þskj. er síðbúið, — þskj. sem á eftir að leggja í mikla vinnu sem við þekkjum sem að því höfum starfað á undanförnum árum að er bæði vandasöm, viðkvæm og tímafrek. Ég vonast til, að það heyri til undantekninga í framtíðinni að till. til þál. um vegáætlun verði borin fram í maímánuði, og bendi enn á að þáltill. fyrir árin 1977—1980 var samþ. á Alþ. 29. mars 1977 og endurskoðun á þeirri till. fyrir árið 1978 var samþ. á Alþ. 25. apríl 1978. Bæði þau ár, sem ég er með í huga, hefur tillögugerðin verið í allt öðru og betra lagi, og er sannarlega illt að nýr samgrh., sem nú er hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds, skuli byrja feril sinn á þessu sviði með svo síðbúinni vegáætlunartill. sem hér liggur fyrir.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt, herra forseti. Ég veit ekki hvort mér auðnast að verða viðstaddur þegar till. kemur til síðari umr. Enginn veit hvort það verður í þessum mánuði eða hinum næsta, eða kannske þar næsta, ef miðað er við hvernig þingstörfum hefur verið háttað á hv. Alþ. þingið 1978—1979.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 88. fundur.

Mánudaginn 7. maí, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 4. maí 1979.

Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi eystra, Soffía Guðmundsdóttir tónlistarkennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

Hér liggur fyrir kjörbréf til handa frú Soffíu Guðmundsdóttur varaþm., og æski ég þess, að kjörbréfanefnd taki það til athugunar, og gef 7 mínútna fundarhlé á meðan kjörbréfið er athugað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf Soffíu Guðmundsdóttur tónlistarkennara, Þórunnarstræti 128, Akureyri, sem hlaut kosningu sem 1. varaþm. Alþb. í Norðurlandskjördæmi eystra lögmæltan tíma. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við þetta kjörbréf og mælir með að það verði samþ. og kosningin staðfest.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Vegáætlun 1979—82, þáltill. (þskj. 589). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Skýrsla um utanríkismál (þskj. 507).

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hef fylgt ágætu fordæmi síðustu tveggja utanrrh. og lagt fyrir Alþingi almenna skýrslu um utanríkismál. Hún er að vanda í tvennu lagi. Annars vegar er heildarskýrsla, sem er þskj. 567, en hins vegar er sérstök skýrsla um þátt Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna á síðasta ári.

Ekki sé ég ástæðu til að eyða tíma þingsins í upplestur á skýrslunni, enda er hún langt mál. Nokkur tími líður óhjákvæmilega frá því að slík skýrsla er samin uns hún getur komið til umr. á þingi. Þennan tíma hefur sitthvað gerst og mun ég því nota framsöguræðu mína til að flytja eins konar viðauka við skýrsluna, drepa á sitthvað stórt og smátt sem gerst hefur eftir að gengið var frá skýrslunni, en vísa að öðru leyti til hinna prentuðu gagna um það sem í þeim stendur. Ég mun þó fylgja kaflaskiptingu skýrslunnar í meginatriðum.

Í kaflanum um alþjóðamál er fyrst fjallað um afvopnun og síðan um slökunarstefnuna. Með þessu er ætlunin að sýna hve ríka áherslu við Íslendingar leggjum á þetta tvennt.

Í afvopnunarmálum hefur það helst gerst, að undirskrift SALT-II samninganna milli Bandaríkjamanna og Sovétmanna virðist nú færast óðum nær. Samkv. þeim samningum verður fjöldi hinna hættulegustu flugskeyta og kjarnorkuvopna takmarkaður og í fyrsta sinn verða nokkur hundruð slík ógnarvopn eyðilögð. Vonandi reynist þetta áfangi á réttri leið sem bætir sambúð risaveldanna tveggja og þar með friðarhorfur í heiminum, en vígbúnaðarkapphlaup mun halda áfram nær taumlaust á fjöldamörgum öðrum sviðum, þ. á m. á hafinu, svo að enn er verk að vinna áður en stórfelld og nægileg afvopnun tekst.

Í slökunarmálum, sem leitt hefur af sáttmálanum frá Helsinki, er næsti stóráfangi ráðstefna um framkvæmd samningsins sem halda á í Madrid haustið 1980. Undirbúningur er þegar hafinn undir þessa ráðstefnu og í síðustu viku komu saman í Reykjavík sérfræðingar í slökunarmálum frá Norðurlöndunum öllum til að hefja undirbúningsstarf þeirra landa fyrir þessa Madrid-ráðstefnu. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Þá hafa verið til umr. drög að samkomulagi um menningarsamskipti milli Íslands annars vegar og Tékkóslóvakíu og Austur-Þýskalands hvors í sínu lagi hins vegar, og er litið á þetta sem lítinn þátt í framkvæmd Helsinki-stefnunnar og til hennar vísað.

Varðandi þátttöku Íslands í alþjóðasamtökum, sem um er fjallað í skýrslunni, er helst að minnast þess að Evrópuráðið varð 30 ára í s. l. viku. Af því tilefni verða haldnir fundir Evrópuþings og ráðherranefndar Evrópuráðs í Strasbourg síðar í þessari viku og munu þrír alþm. sitja þingfundinn, en ég mun sækja ráðherrafundinn. Mun þar gefast tækifæri til að ræða við utanrrh. Noregs um Jan Mayen-mál og e. t. v. við utanrrh. Lúxemborgar um flugmál.

Áttunda fundi Hafréttarráðstefnunnar er nýlega lokið í Genf og fulltrúar okkar komnir heim. Undir lok ráðstefnunnar tók hún nokkurn fjörkipp og náðist umtalsverður árangur á ýmsum sviðum, sérstaklega varðandi málmvinnslu í djúphafi. Ríkir nú nokkur bjartsýni á að til loka muni draga á næsta fundi, sem haldinn verður í New York í sumar, og hafréttarsáttmáli verði undirritaður í Caracas í Venezuela á öndverðu ári 1980. Ef það tekst mun það verða mesti árangur sem náðst hefur í alþjóðlegu samstarfi frá stofnun Sameinuðu þjóðanna. Ný drög að sáttmálanum, og væntanlega þau síðustu fyrir lokafund, verða tilbúin eftir fáa daga, en fulltrúar okkar hafa upplýsingar um að hagsmunamálum Íslendinga sé þar borgið eins og best verður á kosið, nema hvað óljóst er enn hvaða rétt við munum öðlast á hafsbotni utan við 200 mílur. Það er skoðun íslensku fulltrúanna á ráðstefnunni, að litlar sem engar líkur séu á að þeim atriðum verði breytt á síðasta fundinum sem helst snerta okkur Íslendinga.

Alþingi er nú langt komið með afgreiðslu á frv. um heildarlöggjöf um landhelgismál. Hefur það verið af-

greitt úr n. í síðari d. og ágreiningur hefur enginn orðið um málið. Treysti ég því að það verði að lögum einhvern næstu daga, enda nauðsynlegt að afgreiða það, m. a. vegna Jan Mayen-málsins.

Norsk stjórnvöld hafa óskað eftir viðræðum við Íslendinga um væntanlega efnahagslögsögu eyjarinnar Jan Mayen sem norska stjórnin mun hafa ákveðið að lýsa yfir eftir að hafa átt um það viðræður við Íslendinga, en ekki tímasett framkvæmdir í þeim efnum enn þá. Í þessu sambandi hefur eftirfarandi gerst:

1. Fiskifræðingar hafa haldið fund um loðnustofninn og eru niðurstöður þeirra alþm. kunnar.

2. Sendiherrarnir Hans G. Andersen og Jens Evensen hafa rætt um málið í Genf.

3. Utanrrh. beggja landa, sendiherrarnir sem áður voru nefndir og tveir aðrir embættismenn hafa haldið einn fund um málið.

Þetta hafa verið könnunarviðræður á frumstigi, sem hafa enn ekki leitt til neinnar niðurstöðu. Ef í ljós kemur að grundvöllur er að samningagerð verður að sjálfsögðu skipuð viðræðunefnd af okkar hálfu á breiðari grundvelli en verið hefur hingað til. Landhelgisnefnd allra þingflokkanna hefur þó fylgst náið með gangi málsins.

Efnahagslögsaga Grænlands á austurströndinni hefur ekki verið færð út í 200 mílur norður fyrir 67. breiddargráðu sem er rétt norðan við nyrstu tanga Íslands. Danir munu fyrst um sinn fara með það mál þrátt fyrir heimastjórn Grænlendinga. Útfærslan er þeirra mál og Grænlendinga, en jafnskjótt og fært hefur verið út verða fiskveiðimál innan nýju markanna málefni Efnahagsbandalagsins í Brüssel. Grænland telst til bandalagsins, en það gera t. d. Færeyjar ekki. Ég þarf ekki að orðlengja að fiskveiðimál við Austur-Grænland geta haft alvarlega þýðingu fyrir okkur Íslendinga.

Ég vil nota þetta tækifæri til að færa Grænlendingum heillaóskir í tilefni af heimastjórn þeirra og senda hinni nýju ríkisstj. þeirra bestu kveðjur. Utanrrn. hefur þegar að sínu leyti undirbúið aukin samskipti milli Íslendinga og Grænlendinga og er óskandi að þau þróist á sem flestum sviðum í náinni framtíð.

Í VI. kafla skýrslunnar er fjallað um *mannréttindamál* og segir þar að fyrir Alþ. liggi till. um aðild Íslands að tveimur alþjóðasamningum um mannréttindi. Sú till. hefur nú verið afgreidd sem ályktun Alþingis. Færi ég þinginu þakkir fyrir, en aðild að þessum samningum verður íslensku þjóðinni til sóma og staðfestir raunhæfan áhuga hennar á mannréttindum almennt.

VIII. kafli skýrslunnar fjallar um öryggismál og er staða Íslands á því sviði þar rædd almennt. Fyrir skömmu gerðust atburðir ekki óvenjulegir, en þó merkir, hér við land sem varpa nokkru ljósi á þýðingu landsins og stöðu þess, og ætla ég að nýnæmi sé að segja örlítið frá þeim.

Sovétríkin hafa um árabil haldið flotaæfingar á Norður-Atlantshafi á hverju vori. Fyrst í stað voru þær haldnar á Barentshafi, en hafa færst sunnar og síðustu ár suður fyrir Ísland. Að þessu sinni voru æfingarnar hinar mestu síðan 1975 og er þeim nýlega lokið. Þær fóru þannig fram, að flotadeild undir forustu flugvélamóðurskipsins Kiev sigldi frá Gíbraltarsundi upp undir Ísland, síðan suðaustur af landinu áfram norður með Noregsströnd til Múrmansk. Jafnframt bættust við skip frá Eystrasalti og úr norðurátt. Þessum æfingum var ekki beint gegn Íslandi eða neinu grannlandi okkar. Þetta voru æfingar í að verja Sovétríkin. Flotadeildin, sem ég nefndi, lék óvinaflota á norðurleið. Önnur sovésk herskip og kafbátar mynduðu varnarlínur, fyrst austur af Íslandi, rétt utan við „rauða torgið" svokallaða, en síðan norðar í hafinu. Þegar æfingar stóðu sem hæst voru suður og austur af Íslandi mest 25 sovésk herskip og 27 sovéskir kafbátar, allt skip af nýjustu og fullkomnustu gerð. Samtímis voru æfingar í baráttu gegn kafbátum á svæðinu milli Jan Mayen og Langaness. Þessa sömu daga var umferð sovéskra flugvéla austan og sunnan við Ísland meiri en nokkru sinni fyrr og flugu sumar könnunarflugvélarnar til Kúbu og þaðan til Angóla í Afríku. Varnarliðið fylgdist nákvæmlega með öllu þessu og hlaut að sjálfsögðu mikilsverða æfingu eigi síður en Sovétmenn. Voru notaðar hinar nýju eftirlits- og ratsjárflugvélar sem bækistöð hafa á Keflavíkurflugvelli.

Ég bið menn að íhuga hleypidómalaust þessar staðreyndir og tek skýrt fram að ekki er ætlun mín með þessari frásögn að vekja upp neinar grýlur. Æfingar sem þessar eru heimilar að þjóðarétti og m. a. s. sérstakt samkomulag á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um ýmislegt varðandi framkvæmd slíkra æfinga. Þær sýna okkur þó í fyrsta lagi hversu þýðingarmikið landið er enn talið af stórveldunum, og í öðru lagi tel ég að greinilega hafi komið í ljós að bæði risaveldin hafi varið stórfé til að auka viðbúnað sinn á hafinu umhverfis okkur, Sovétríkin með smíði fullkominna skipa og Bandaríkin með nýjum og dýrum eftirlitsflugvélum. Læt ég svo útrætt um öryggismálin. — Að sjálfsögðu eru fleiri slíkar æfingar háðar, en þessar hafa til fallið á þeim tíma sem nú er nýliðinn. Tel ég æskilegt og rétt að af þeim séu birtar fréttir, en oft og tíðum hefur farið eins og nú, að slíkt fer að miklu leyti fram hjá fjölmiðlum, en svo koma nákvæmar frásagnir af öllu saman í fagtímaritum og bókum löngu síðar.

IX. kafli skýrslunnar fjallar um flugmál, sem eru að verða þýðingarmikið hlutverk fyrir utanríkisþjónustu okkar.

Nýlega var haldinn í Lúxemborg aðalfundur Cargolux sem Flugleiðir eiga að 1/3 hluta. Eftir þann fund er ljóst að Flugleiðir munu ekki selja hlut sinn í félaginu, en *ákveðið hefur verið að stofna nýtt farþegaflugfélag*, aðallega til leiguflugs. Verður það væntanlega nefnt Aerolux og eigendur til helminga Cargolux og Lux Air, sem þýðir þá jafnframt að Íslendingar eiga 1/6 í hinu nýja félagi. Vandlega hefur verið gengið frá því, að sögn forráðamanna, að þetta félag fari ekki inn á starfssvið Flugleiða.

Ljóst er nú að Atlantshafsflug okkar Íslendinga muni vart geta haldið áfram í sama mæli og verið hefur, nema hluta þess verði beint milli meginlands Evrópu og Norður-Ameríku án viðkomu á Íslandi. Þessa staðreynd verðum við að horfast í augu við, þótt farþegum sem koma við á Keflavíkurflugvelli kunni að fækka nokkuð. Utanrrn. er nú með samþykki samgrn. að kanna horfur á því að Bandaríkjamenn leyfi beint flug okkar án viðkomu hér á landi. Ef að slíku verður munu íslensk yfirvöld að sjálfsögðu tryggja lágmarksferðafjölda til landsins og frá því, svo að okkar eigin samgöngur séu viðunandi. En um afdrif þessa máls er enn allt of snemmt að spá neinu.

Herra forseti. Ég ítreka það að lokum, sem fram kemur í hinni prentuðu skýrslu, að utanríkisstefna Íslendinga er nú sem fyrr byggð á þátttöku í Sameinuðu þjóðunum og norrænu samstarfi öllu öðru frekar og í öryggismálum

á Atlantshafssáttmálanum. Á alþjóðlegum vettvangi leggjum við okkar litla lóð á vogarskálar friðar, slökunar og afvopnunar. Mér er ánægja að geta fullyrt að Íslendingar búa við vináttu og góða sambúð við allar þær þjóðir sem við á annað borð höfum samskipti við. Það hlýtur að vera takmark utanríkisstefnu að svo megi verða áfram.

Með tilvísun í hinar prentuðu skýrslur læt ég svo máli mínu lokið.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég tek næstur til máls þótt venja sé að stjórnarandstaðan tali næst á eftir ráðh., en um þetta fyrirkomulag hefur samist og er það ekki í neinu ósamræmi eða óvild við Sjálfstfl., heldur þvert á móti.

Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að halda ýkjalanga ræðu um þessa skýrslu, einkum vegna þess að stefna sú, sem núv. ríkisstj. fylgir, er í öllum meginatriðum, nánast í öllum atriðum, sú sama og fylgt var í fyrri ríkisstj., þar sem ég átti sæti, og út af fyrir sig fagna ég því að svo skynsamlega er á málum haldið. En þó eru nokkur atriði í skýrslunni sem ég ætla að leyfa mér að gera að örlitlu umræðuefni.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að fyrir tveimur árum — eða kannske þrem núna — byrjaði ég á að reyna að hafa almennan inngang eða formála að skýrslu um utanríkismál, þar sem leitast var við að leggja nokkurn dóm á hvað væri að gerast í veröldinni í kringum okkur og á hvern hátt það mundi snerta Ísland sérstaklega. Þeim, sem þá töluðu fyrir hönd stjórnarandstöðuflokka, fannst lítið til þessa koma. Sá kafli var að þeirra mati stuttur, innihaldslítill og heldur lélegur. Ég minnist þess, að hæstv. núv. utanrrh. var einmitt einn þeirra sem gagnrýndu þetta hvað myndarlegast. En ég verð að segja að ég sé ekki að í þessari skýrslu — eða ég hef ekki fundið það — sé ítarlegar út í þessi mál farið en þó var gert með þeirri tilraun sem ég gerði til að gera þeim nokkur skil. Ég hlýt þá að sakna þess nokkuð og undrast dálítið að ekki skuli hafa verið bætt um betur úr því að svona slaklega tókst til hjá mér með þessa tilraun. Mér er alveg ljóst, og það held ég að ég hafi sagt í þessum ræðustól fyrr, að það er ekkert áhlaupaverk né auðvelt að setja fram spádóma um það sem fram undan sé. Þess vegna skil ég vel að ekki er farið ítarlega út í slíkt. En jafnframt hlýt ég þá að ætlast til þess að þeir, sem gagnrýndu mig fyrir tilraunina, líti nú sömu augum á að hér sé ekki um auðvelt verkefni að tefla, þar sem ekki hefur verið farið ítarlegar í það en raun ber vitni í þessari skýrslu.

Vissulega er það rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að utanríkisstefna Íslands er byggð á þeim atriðum sem hann nefndi: norrænu samstarfi, þátttöku í Evrópuráði, þátttöku í Sameinuðu þjóðunum, þátttöku í Fríverslunarbandalagi, sérstöku samkomulagi við Efnahagsbandalag Evrópu og þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Þetta hefur ekki breyst og ég tel ekki ástæðu til að gagnrýna það, eins og ég áðan sagði, heldur þvert á móti.

Í kaflanum um Austurlönd nær er eðlilega fagnað þeirri viðleitni sem fram hefur farið milli Egypta og Ísraelsmanna um að finna varanlega lausn á hinu 30 ára gamla þrætumáli. Ég tek alveg undir að fagna ber þeim áfanga sem þar hefur náðst. En ég vil jafnframt vekja athygli á að mjög margt er þar enn óleyst og í óvissu. Málefni Pálestínu-Araba eru alveg óleyst og eru enn frekar í brennidepli en nokkru sinni fyrr eftir þetta samkomulag, auk þess sem enginn veit enn hvaða viðbrögð önnur arabaríki hafa við þeirri viðleitni Egypta að sættast við Ísraelsmenn. Ég vek því athygli á að hér getur enn til illra tíðinda dregið. Ég er ekki að spá neinu, ég vona að það verði ekki, en ég bendi á að enginn fullnaðarsigur er þarna unninn.

Ég fagna því líka, að framhald verður á starfi því, sem hafið var í Finnlandi, og framkvæmd þess sem nefnt er Helsinki-sáttmáli. Ég tel að með þeim fundi 35 þjóða hafi verið stigið eitt stærsta skref í þágu mannréttinda og jafnréttis í veröldinni. Og ég vona, að sú ráðstefna, sem ráðgerð er í Madrid á næstunni, verði áfangi fram á veginn í þessu mikilsverða máli, og tek undir með ráðh. að því leyti. Við Íslendingar erum svo lánsamir að við gátum skrifað undir Helsinki-sáttmálann með algerlega hreinan skjöld. Við höfum uppfyllt þær kröfur sem þar eru settar fram til annarra ríkja. Þess vegna höfum við aðstöðu til að beita okkur á þessum ráðstefnum og höfum gert það eftir föngum. Ég veit að íslensk utanríkisþjónusta er fáliðuð, en hún er vel mönnuð og hún á að geta tekið drjúgan þátt í þessum störfum, hefur gert það og ég vænti þess að hún muni halda áfram að gera það, því að mikið er í húfi.

Um Afríkumálin mætti ýmislegt segja, en aðeins fátt af því mun ég rekja. Þjóðir Afríku eru nú smátt og smátt að öðlast sjálfstæði. Íslendingar hafa frá fyrstu tíð verið framarlega í stuðningi við frelsishreyfingar í viðkomandi löndum og oft og einatt gengið feti framar en aðrar Norðurlandaþjóðir í því að styðja fólk í Afríku til sjálfstæðis. Þetta munu skýrslur geta sannað og ég tel ekki ástæðu til að fara um það mörgum orðum. Ég bendi aðeins á þetta. Þetta kom mjög glögglega fram í sjónvarpsþætti sem ég horfði á, þar sem dr. Gunnar Schram gerði grein fyrir afstöðu Íslands til þessara mála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á réttan og skilmerkilegan hátt. Þar kom fram það sem ég var nú að segja, og ég tel að við getum verið stoltir af því og borið höfuðið hátt þess vegna.

Ég tek undir að samstarfið við Norðurlöndin er gífurlega þýðingarmikið. Mér dettur ekki í hug að gagnrýna hæstv. utanrrh. fyrir að gera því ekki frekari skil en gert er í skýrslunni, enda þótt ég hafi verið gagnrýndur fyrir það, vegna þess að Norðurlandaráð heyrir ekki undir utanrrn. og aðrir eiga að gefa skýrslur um störfin sem þar fara fram. Þeir hafa líka gert það. Hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, hefur gefið Alþ. skýrslu um störf þau, sem unnin eru á vettvangi Norðurlandaráðs, og ég tel og hef sagt það áður og stend við það, að það eigi ekki heima hér, og þess vegna tel ég eðlilegt að ekki sé frekar farið út í þau mál í þessari skýrslu en raun ber vitni.

Um Atlantshafsbandalagið vil ég aðeins segja að ég hef frá fyrstu tíð verið fylgjandi því að Ísland væri aðili að því bandalagi. Feimnismál ber víst ekki að ræða á þessum vettvangi, þannig að hin svokölluðu varnarmál eiga að liggja í þagnargildi, og ég ætla þá ekki að fara að hvetja til neinna ótímabærra umr. um þau mál, aðeins að segja að ég fagna því að áfram er haldið því verki, sem hafið var fyrir 4 árum, að aðskilja herinn frá annarri starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Það hefur gengið nokkru hægar en skyldi og ég vonaði, en það miðar samt í rétta átt og ég veit ekki betur en sífellt sé verið að flytja inn í nýjar íbúðir á því svæði sem herfólkinu er ætlað til umráða. En ég vek enn þá einu sinni athygli á því, að til þess að

aðskilnaður geti orðið raunverulegur þarf að byggja flugstöð á öðrum stað en sú stendur á sem er notuð. Það er nauðsynlegt. Þegar ég var í Bandaríkjunum ásamt embættismönnum var fallist á að aðstoða Íslendinga fjárhagslega til að koma upp flugstöð, og ég fæ ekki skilið hvers vegna hæstv. ríkisstj., sem stefnir að slíkum aðskilnaði, ræðst ekki í þá byggingu. Ég hef áður sagt það úr þessum ræðustól að ef einhverjir eru í vandræðum með að samþykkja það er einfalt ráð við því. Það er að semja bókun, birta hana og láta þar við sitja.

Í sambandi við Bandaríkjaförina get ég ekki alveg stillt mig um að víkja örlítið að öðru, þó að það komi kannske umræðu um skýrslu utanrrh. ekki beinlínis við. Ég sé nefnilega ástæðu til að óska sjálfstæðismönnum alveg sérstaklega til hamingju með að þeir eru búnir að finna orsökina fyrir því, hvers vegna þeir töpuðu Reykjavík. Það kemur fram í Morgunblaðinu á laugardaginn var. Þar segir hv. 4. þm. Reykv., nýendurkjörinn formaður Sjálfstfl., eftir honum er haft orðrétt og ég — með leyfi forseta — les það upp:

„Geir kveðst hafa farið utan í skyldueríndum. Sér hefði ekki þótt það fýsilegt að senda framsóknarmann á fund NATO á kjördegi í Reykjavík."

Þarna kemur skýringin á því, hvers vegna Sjálfstfl. tapaði Reykjavík. Sem samviskusamur embættismaður, glöggur og góður lögfræðingur hlaut hann auðvitað að meta það þannig að fórna yrði minni hagsmunum fyrir meiri, og þó að Reykjavík hefði hingað til þótt Sjálfstfl. mikils virði var þó enn þá meira virði að framsóknarmaður kæmi ekki á NATO-fund í Washington.

Á þessum fundi heyrði ég ekki hv. 4. þm. Reykv. segja neitt það sem ég hefði ekki komist fram úr að segja og engin launungarmál, en það er skylt að geta þess að hann átti sérstakan fund með Carter Bandaríkjaforseta, og má vera að það hafi verið á þeim fundi sem þau skilaboð voru flutt sem framsóknarmenn máttu ekki vita um. Þetta kemur auðvitað ekki skýrslu utanrrh. beint við, en er þó kannske ekki alveg óviðkomandi því sem gerðist í sambandi við varnarsamninginn eða viðbótina við hann sem gerð var á sínum tíma, þ. á m. um þá flugstöð sem ég áðan gerði að umræðuefni. Læt ég svo útrætt um þetta.

Eitt af því, sem hæstv. núv. utanrrh. gagnrýndi mig harðlega fyrir, var að ég gat ekki um í skýrslu minni eitt alvarlegasta vandamál Íslendinga, gífurlegar erlendar skuldir. Ég hef lesið skýrslu hans. Ég hef ekki fundið að minnst sé í henni sérstaklega á það stórkostlega vandamál. Má vera að hæstv. núv. ríkisstj. sé búin að lækka skuldirnar svo mikið að þær séu ekki lengur hættulegar. Ég hef ekki tölur um það. En ekki heyrist mér í almennum umr. og skrifum að þannig hafi tekist til að um verulega skuldalækkun hafi verið að tefla. Finnst mér mega segja um það atriði: Fyrst það vantaði hjá mér hlýtur það að vanta líka í þessa skýrslu.

Annað gagnrýnisatriði hæstv. utanrrh. á mig í fyrra starfi *mínu var að hann taldi að ég sýndi verulegan tví*skinnung í afstöðu til Suður-Afríku, ég væri með öðrum Norðurlandaráðh. að samþykkja æ ofan í æ að ekki ætti að hafa viðskipti við Suður-Afríku og taldi það mjög stangast a og hneykslanlegt að keyptar hefðu verið appelsínur fyrir 260 millj. kr. frá því ríki á sama tíma sem stefnan þar var fordæmd. Nú vil ég spyrja, af því að ég hef ekki flett því upp í töflum: Hafa þessi viðskipti verið stöðvuð, og ef þau hafa ekki verið stöðvuð hefur hæstv. núv. utanrrh. ekki tekið undir fordæmingu á Suður-Afríkustjórn? Þetta þætti mér fróðlegt til upplýsingar og til að fá samanburð á orðum og athöfnum, ekki bara hjá mér, heldur einnig hjá honum.

Hæstv. ráðh. greindi frá hafréttarmálum. Það eru auðvitað veruleg stórmál í augum okkar allra og mál sem við höfum borið gæfu til að standa saman um. Eitt af því, sem þar hefur komið fram, er að draga beri úr fiskveiðum Belga hér við land. Þessu er ég algerlega samþykkur. Þegar samningurinn við Belga var gerður var fyrir fram vitað að þeir ætluðu sér að hætta útgerð og þeir mundu ekki smíða eza kaupa ný skip, heldur láta eldri skipin ganga úr sér eftir hendinni, ef svo mætti segja. Ég er alveg samþykkur þeirri meðferð sem hæstv. ráðh. hefur skýrt frá að viðhöfð verði, að farið verði fram á samdrátt í veiðum Belga, en samningnum ekki beinlínis sagt upp. Við eigum þráfaldlega í samskiptum við Belga sem eina af þjóðum Efnahagsbandalags Evrópu. Við erum að sækja af og til um tilteknar undanþágur frá gerðum samningi við bandalagið. Ég veit ekki betur en til standi að biðja um að leggja sérstakt gjald á innfluttar vörur frá bandalagsríkjum til að aðstoða íslenskan iðnað í samkeppninni sem stendur þar höllum fæti. Ég tel að þess vegna sé rétt stefna að fara þannig að að draga úr sóknninni í áföngum og loka fyrir þroskveiðar Belga. Þær eru þeim sáralítils virði, eins og á því sést að þeir hafa ekki *einu sinni fiskað allan þann þorsk sem þeir þó máttu* samkv. samningum.

Sama tel ég raunar gilda um Norðmenn. Ég er þó ekki hlynntur því, að þeim örlitla samningi við Norðmenn, sem enn þá er í gildi um 2000 lestir af fiski, þar af nánast enginn þorskur, sé sagt upp meðan stórmálið um Jan Mayen er á skrifborðum ráðh. og deiluefni þjóðanna.

Í Jan Mayen-málinu tel ég að Alþ. og íslenska þjóðin eigi að taka einarðlega afstöðu og halda fast við þá ákvörðun og fullyrðingu að við eigum fullan rétt á 200 mílum til norðurs einnig, þannig að miðlínan eigi ekki að gilda þar. Það verður ekki með neinum rétti sagt að Jan Mayen sé byggð eyja, enda þótt þar dvelji u. þ. b. 30—35 veðurathugunarmenn hverju sinni, skiptist á um að vera þar. Þeir eiga þar ekki heima, þarna á enginn heima. Ég tel þess vegna að við eigum að sýna fulla einurð í því máli. Ég veit að hæstv. utanrrh. hefur gert það og ég skora á hann að halda áfram að gera það. Hitt er svo annað mál, að mér finnst þessu máli ekki bráðliggja á. Ég tel að við getum látið mál á Hafréttarráðstefnunni þróast enn um sinn, en að við megum ekki afsala neinum rétti. Við höfum ekki gert það og ég treysti hæstv. utanrrh. og ríkisstj. fyllilega til að gera það ekki og hvika aldrei frá því sem við höfum og teljum að sé réttur okkar.

Flugmálin eru í hættu, eins og ég held að ég hafi rætt nokkuð fyrr á Alþ. Það er mikil hætta á að áætlunarflug frá Evrópu hætti viðkomu á Íslandi. Það gera breyttar flugvélar og breyttir tímar, styttri flugtími, meira flugþol o. s. frv., o. s. frv. M. a. þess vegna tel ég enn þá brýnna nú *en nokkru sinni fyrr að leitast verði við að fá hjá Banda*ríkjamönnum lendingarleyfi fyrir íslenskar vélar á vesturströnd Bandaríkjanna, því að enn er þó þannig ástatt í flugmálum að engar vélar, svo að mér sé kunnugt um, geta flogið frá Evrópu til Los Angeles eða San Francisco án þess að hafa einhvers staðar viðkomu til eldsneytistöku. Það væri hugsanlegt að Ísland gæti orðið sá viðkomustaður þannig að við héldum áfram að hafa nokkrar tekjur af þjónustu við það fólk sem flýgur þessa leið og þó öllu heldur og miklu frekar að það kysi að

fljúga áfram með íslenskum flugvélum. Ég vænti þess og veit raunar að ráðh. hefur gert ráðstafanir til þess að halda áfram samningaumleitunum. Þær voru hafnar fyrir nokkrum árum og hefur hingað til verið algerlega synjað um lendingarleyfi af ástæðum sem ég geri mér ekki fulla grein fyrir. Af hverju er erfiðara fyrir Bandaríkjamenn að leyfa okkur að lenda á vesturströnd en á austurströnd veit ég ekki. Eflaust hafa þeir sínar ástæður fyrir því, sem ég ætla ekki að geta mér neitt til um hverjar séu.

Ég vil þá víkja að aðstoð við þróunarlönd. Þm. til glöggvunar hefur verið birt skrá yfir framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar árin 1973—1979. Það verður að segja að sú útkoma er ekki glæsileg. Árið 1973 er sú tala, hlutfall af þjóðarframleiðslu viðkomandi árs, 0.032%, árið eftir er hún 0.029%, árið 1975 er hún 0.044, árið 1976 0.030. Síðan fer þó heldur að rofa til. 1977 er hún 0.056 og 1978 er hún 0.058, en á þessu ári er hún því miður samkv. fjárl. áætluð 0.049%. Þetta er þrátt fyrir að bæði ég og að ég held aðrir þm. ræddu þessi mál í sambandi við fjárlagagerð og það fékkst nokkur hækkun á framlagi Alþingis í þessu skyni — út á þær ræður vona ég eða a. m. k. vegna þeirra m. a. Hér er hlutur Íslands auðvitað mjög slakur, einkum þegar haft er í huga hvert stefnumarkið var á sínum tíma og er raunar enn. Ég held að við verðum að taka okkur á í þessu efni. En fleira er hægt að gera fyrir þessar þjóðir en að gefa þeim peninga. Við glímum við offramleiðslu á nokkrum matvöruteg-undum. Hugsanlegt væri að kenna fólki þróunarland-anna að borða þann mat og gefa þeim hann í stað þess að greiða með honum til annarra þjóða. Sú hugmynd er ekki ný. Hún hefur komið fram áður. En ég tel hana vel þess virði að hún sé skoðuð. Við eigum sem sagt lítið fjármagn, en talsverð matvæli. Væri ekki hugsanlegt að það kæmi að jafngóðu gagni að senda þeim fæðu og fjármagn? En það yrði náttúrlega að tryggja að um-boðsmenn ríkisstj. borðuðu ekki allt kjötið áður en það kæmist til þeirra sem mest þurfa á því að halda.

Þrátt fyrir nokkrar aths., sem ég hef leyft mér að flytja hér, vil ég í lokin færa utanrrh. þakkir fyrir þá skýrslu sem hann hefur gefið Alþ. og gert hér að umræðuefni. Það hefur margoft verið tekið fram og ég þarf ekki að endur-taka það, að það á að vera hefð, og ég vona að hún verði aldrei rofin, að Alþ. verði gefin skýrsla um utanríkismál, svo þýðingarmikil sem þau eru. Ég vil einnig færa ráðh. þakkir fyrir samstarf við utanrmn. sem hefur verið hið besta. Hann hefur ævinlega verið boðinn og búinn til að mæta á fundum hjá okkur og upplýsa þau mál sem við höfum beðið hann að gefa okkur um þær upplýsingar sem hann hefur talið eiga erindi til okkar.

Að lokum ætla ég svo aðeins að víkja að nýstofnaðri svokallaðri öryggismálanefnd. Í inngangi skýrslunnar er greint frá því, hver aðdragandinn að henni er og hvert verkefni hennar er. Ég mun þess vegna ekki rekja það eða endurtaka. En ég vil segja, að ef vel tekst til og ef sú nefnd fær þá aðstöðu og það fjármagn, sem nauðsynlegt er til að koma einhverju í verk, tel ég þetta merkt fram-tak og líklegt til að bæta umr. um utanríkismál sem hefur verið á heldur lágu stigi í mörg undanfarin ár og raunar alla tíð síðan sjálfstæðismálið við Dani var til lykta leitt. Það er lítið búið að gera í þessari nefnd af ýmsum ástæð-um, m. a. þeim, að henni hafa ekki verið sköpuð skilyrði til starfa. Ég tel að það sé eitt brýnasta verkefnið, sem ríkisstj. ætti að beita sér fyrir, að skapa nefndinni skilyrði þannig að hún geti hafist handa af krafti við að vinna að því hlutverki sem henni er falið: að upplýsa land og lýð um ástand og horfur í alþjóðamálum o. fl., eins og þar segir. Ég tek enn og aftur fram að hér er ekki um neinn ráðgefandi aðila að ræða, hér er ekki um neinn stjórn-andi aðila að ræða. Hér er um að ræða aðila sem á að afla upplýsinga til að þeir sem stjórna hafi betri möguleika og skilyrði til þess að taka réttar og skynsamlegar ákvarð-anir.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. utanrrh. skýrslu þá er hann hefur nú flutt þingheimi um utanríkismál. Jafnframt skal vikið í fáum orðum að nokkrum efnisatriðum úr ræðu hans. Ég mun þó leiða hjá mér að taka þátt í „dúett" utanrrh. tveggja, þar sem þeir báru saman bækur sínar um hvor væri fremri á næstum því sömu leið. Þeir eiga að sjálfsögðu að ræða þetta sín á milli og vil ég ekki blanda mér í það. Ég mun enn fremur leiða hjá mér þá aths. sem hæstv. fyrrv. utanrrh., 9. þm. Reykv., skaut að formanni Sjálfstfl. því að ég sé að hann hefur þegar kvatt sér hljóðs um það efni. En að skýrslunni sjálfri mun ég víkja í fáum orðum.

Þess er þá fyrst að geta, að í inngangi skýrslunnar vitnar hæstv. utanrrh. í ákvæði samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnarflokkanna þriggja, svo sem vonlegt er, en ákvæði þetta er á þann veg að þríflokkarnir hafa ekki samið um stefnuna í utanríkismálum. Mætti því í fljótu bragði ætla að í þeim málaflokki ríkti algert stefnuleysi og ráðleysi. En við skulum virða málið fyrir okkur örlítið betur. Ef lesið er lengra sést og er tekið fram, að í utanríkismálum hafi verið fylgt áfram óbreyttri grund-vallarstefnu, verði þar á eigi gerð breyting nema sam-þykki allra ríkisstjórnarflokkanna komi til. Hin óbreytta grundvallarstefna fyrrv. ríkisstj. er núv. hæstv. ríkisstj. svo mikils virði að út af henni verður ekki breytt í einu né nénu nema samþykki allra ríkisstjórnarflokkanna komi til. M. ö. o. fylgir núv. ríkisstj. óbreyttri grundvallar-stefnu í utanríkismálum frá því sem var í tíð síðustu ríkisstj. Að vísu er tekið fram í áðurnefndu ákvæði stjórnarsáttmálans, að Alþb. sé andvígt aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og dvöl hersins í landinu, eins og það er orðað, en með hliðsjón af horfinni tíð má öllum ljóst vera að þetta eru orðin ein hjá þeim stjórnarflokki. En einhvern tíma í fyrndinni hefði það máske þótt tíð-indum sæta að Alþb. sæti í ríkisstj. hér á landi. sem fylgdi í einu og öllu grundvallarstefnu ríkisstj. Geirs Hall-grímssonar, formanns Sjálfstfl., í utanríkismálum. Þess ber þó að gæta og er sjálfsagt að taka það fram, að almennt er viðurkennt að sú stjórn hafi haldið einkar vel á utanríkismálum þjóðarinnar. Stærsti áfanginn á ferli hennar í þeim efnum var að sjálfsögðu farsæl lausn og lokasigur í landhelgismálinu, sem minnst verður meðan landið byggist, en auk þess vann sú ríkisstj. að því að styrkja stöðu lands og þjóðar í öryggis- og varnarmálum og leggja sitt af mörkum til að gæða samtök og varðstöðu vestrænna frelsisunnandi þjóða nauðsynlegri árvekni og jafnvel nýju lífi. Ég nefni þessi tvö atriði einungis sem dæmi um farsæla utanríkisstefnu á árum fyrrv. ríkisstj. 1974—1978, en af þessu má ljóst vera að núv. hæstv. ríkisstj. hefur talið happadrýgst að feta í fótspor fyrrv. ríkisstj. í þessum mikilvæga málaflokki.

Til nýmæla má þó máske nefna það sem sagt er í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna um skipun nefndar til nánari athugunar í öryggismálum. Þar er að því vikið, að ríkisstj. hafi einsett sér að beita sér fyrir því

að sett verði nefnd þar sem allir þingflokkar eigi fulltrúa og verkefni nefndarinnar sé að afla gagna og eiga viðræður við innlenda og erlenda aðila til undirbúnings álitsgerðum um öryggismál íslenska lýðveldisins. Sú nefnd hefur nú verið sett á laggirnar undir forustu fyrrv. hæstv. utanrrh. Hann vék að því efni í ræðu sem hann hélt á undan mér. Hann telur þessa hugmynd mikils virði ef framkvæmd hennar stefni að því marki sem stjórnarflokkarnir hugsa sér. Ég er alveg viss um að ef rétt verður á málum haldið getur þessi nefnd látið eitt og annað gott af sér leiða. Tilgangur hennar er sem sé að afla upplýsinga um öryggismál Íslands í því skyni að stuðla að almennari umræðu, efla hana og gera sem málefnalegasta og raunhæfasta, og nefnd þessi á ekki að vera neitt sérlega tengd daglegri stjórn utanríkismála, heldur heyra beint undir forsrn. Það er vel að það skuli vera hreyfing hjá valdhöfum vorra tíma og hefja umræður um utanríkismálin nokkuð upp yfir venjulegt dægurþras. Um það er gott eitt að segja og vonandi að takist að ná einhverjum árangri í þeim efnum.

Um skýrslu þessa ætla ég að öðru leyti ekki að fara mörgum orðum, þó að ég stikli þar á nokkrum atriðum. Eins og ég vék að áðan á ekki að vera mikil þörf á að halda hér langa ræðu, enda var ræða hæstv. utanrrh. mun styttri en verið hefur hjá utanrrh. á fyrri þingum. Verð ég og að segja að í vetur hefur samstarf og samvinna öll í utanrmn. verið með besta móti og samstarf við hæstv. utanrrh. að sjálfsögðu með ágætum, sem ég kann honum fyllstu þakkir fyrir.

Það er rætt um það í II. kafla skýrslunnar, um alþjóðamál, að vart verði liðið ár kallað friðarins ár frekar en undanfarin ár, enda varla liðið sá dagur að ekki mætti telja um og yfir 20 staði þar sem vopnaviðskipti fóru fram innan ríkis eða milli ríkja. Við tölum oft um að nú líti friðvænlegar út í heiminum en stundum áður. En þegar við virðum þetta fyrir okkur og horfumst í augu við blákaldar staðreyndir sjáum við í einu augabragði að varla líður dagur án þess að tekist sé á, án þess að átök eigi sér stað, meiri og minni, á 20 stöðum í heiminum. Má þá sjá hversu friðvænlegt er um að litast. Þá sjáum við hvort ekki er nauðsynlegt fyrir hverja frjálsa smáþjóð að halda vöku sinni og huga vel að þessum málum.

Það er sagt hér, og tekið dálítið óvenjulega til orða, að enn logi glatt í glóðum þeirra drauma að deilur verði settar niður, eins og sáttmáli Sameinuðu þjóðanna segir fyrir um, með friði, en ekki vopnavaldi. Vitanlega er það draumsýn þeirra, sem stofnuðu Sameinuðu þjóðirnar, að koma á ævarandi friði um allan heim. Enn er þetta aðeins draumur, en þó sá draumur sem Sameinuðu þjóðirnar mega með engu móti missa. Þær verða að halda honum við og gæða þessa hugsjón lífi og reyna að framkvæma hana eftir bestu getu. Það er að vísu hægt að nefna frá liðnu ári nokkur dæmi þess að tekist hafi að leysa hin skaðvænlegustu deilumál milli þjóða a. m. k. í bili. Þar er nefndur t. d. friðarsamningur milli Ísraels og Egyptalands eftir 30 ára ófrið, og þar er einnig nefnt ástandið í Víetnam eftir 30 ára ófrið. Það er einkennilegt hvað þessi 30 ár, þetta 30 ára stríð endurtekur sig í veraldarsögunni hvað eftir annað. Og það skulum við Íslendingar muna og verðum að muna, þó að við séum ekki beinir þátttakendur í þessum hildarleik og atburðirnir séu fjarlægir, að þeir kunna þó að hafa á margan hátt áhrif á líf okkar og okkur ber sem sjálfstæðri þjóð að fylgjast með þeim og huga að því hvernig við getum sem best séð fleytu okkar borgið á hinum úfna veraldarsjó.

Enn sem fyrr hafa afvopnunarmálin verið ofarlega á baugi. Þau eru að sjálfsögðu eitt allra mikilvægasta viðfangsefni á alþjóðavettvangi. Enn getur maður varla sagt hvort áfram miðar í þeim efnum eða aftur á bak, eins og segir í skýrslunni: „Því miður liggur nær að nefna þennan málaflokk vígbúnaðarmál en afvopnunarmál.“ — Svo ótrúlega skammt eru þjóðir heimsins komnar áleiðis í þessum efnum.

Um slökunarstefnuna (détente), sem svo er kölluð, mætti margt segja. Menn hafa verið misjafnlega trúaðir á að hún mundi bera nokkurn árangur, allra síst mikinn. Þó hafa menn bundið vonir við Helsinki-samþykktina, sem gerð var í ágúst 1975, og talið hana bera vitni um hlýindi og bjartara veður, svona rétt eins og við hér á landi hugsum þegar við komum út og gáum til veðurs á degi hverjum og vonum að það fari að hlýna og vora betur en nú er. Um slökunarstefnuna ætla ég ekki að ræða frekar. En allir vonum við að sjálfsögðu að hún beri sem mestan árangur.

Eins og fram kemur í III. kafla skýrslunnar, um alþjóðastofnanir, tökum við Íslendingar eftir sem áður eins og við höfum gert á undanförnum árum þátt í samstarfi þjóðanna, í fyrsta lagi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Við höfum byggt utanríkisstefnu okkar og sjálfstæði á þátttöku í Sameinuðu þjóðunum og varðveislu þeirra hugsjóna sem þau samtök byggja á.

Það segir í skýrslunni að Íslendingum sé í allri sinni smæð mikill styrkur að samstarfi við hinar Norðurlandaþjóðirnar, þótt leiðir liggi hvergi nærri alltaf saman í afstöðu til mála. Ég mun ekki ræða samstarf Norðurlandanna náið í þessum fáu orðum, en aðeins lýsa því yfir að ég tel það vera einn meginþátt í utanríkisstefnu Íslendinga að varðveita það góða og raunar sérstæða samstarf, sem tekist hefur milli Norðurlandaþjóðanna allra, og glæða það sem mestu lífi í framtíðinni.

Þá höfum við á undanförnum árum tekið þátt í hinu svonefnda Atlantshafsbandalagi, en hinn 4. apríl voru liðin 30 ár frá stofnun þess. Það má öllum ljóst vera, og ég held að það hljóti að vera almennt viðurkennt, að tilvera þess bandalags hefur átt drjúgan þátt í að tryggja frið í Evrópu á þessu tímaskeiði — og tökum nú eftir að ég nefndi áðan nokkur dæmi um 30 ára stríð í veraldarsögunni, en hérna komum við þó að einum kafla hennar sem fjallar um 30 ára frið, einmitt á þessu svæði. Skyldi ekki mega rekja það til þessa samstarfs vestrænna lýðræðisþjóða sem svo vel hefur tekist? Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Og þegar við minnumst á Atlantshafsbandalagið rjúka oft margir upp til handa og fóta og reyna að stimpla það sem árásarbandalag, grátt fyrir járnum. En þeir athuga það miður, eða a. m. k. halda því síður á loft, að þetta bandalag hefur unnið að fjölmörgum málefnum til farsældar bandalagsþjóðunum, fyrir utan að brýna þær til að standa saman og hyggja að öryggi sínu í nútíð og framtíð. Það má nefna t. d. hið víðtæka samstarf vísindamanna innan bandalagsríkjanna og starf þeirra að ýmsum verkefnum sem geta horft og horfa til aukinnar velferðar á þessu heimssvæði, svo sem til ómengaðs umhverfis, en það eru málefni sem þessi samtök þjóðanna hafa látið sig mjög miklu varða.

Þá er hér minnst á þátttöku Íslands í Evrópuráðinu, EFTA og samvinnu við EBE eða Efnahagsbandalagið.

Um hin mjög svo mikilvægu hafréttarmálefni mun ég ekki ræða í þessum orðum mínum. Ég geri ráð fyrir að

fyrrv. hæstv. sjútvrh. muni víkja nokkuð að þeim efnum á eftir, svo marga hildi sem hann háði á þeim vettvangi í tíð fyrrv. ríkisstj. með farsælum og góðum árangri. En ég vil sérstaklega fagna því, sem kemur að í V. kafla, að nágrannar okkar Grænlendingar hafa nú kosið sér eigið þing, öðlast heimastjórn, þó með takmörkuðum hætti sé. Það er þegar komið á nokkurt samband milli þessara þinga tveggja — samband sem ég tel að við eigum að efla hérna megin frá og treysta og, við skulum segja: leiðbeina þessum ágætu nágrönnum okkar eftir mætti á braut þeirra til aukins frelsis. Það er einkennilegt hve mannréttindamálin eiga ávallt erfitt uppdráttar víða um heim. Það mætti þykja nokkuð auðvelt verk að setja saman þokkalegan sáttmála sem greindi frá því, að hver maður ætti að njóta réttar frá vöggu til grafar, og annað þar fram eftir götunum. Þetta hefur þó vafist fyrir þjóðum, stórum og smáum, og þeir mannréttindasáttmálar, sem eru nú að líta dagsins ljós og eru m. a. til meðferðar á Alþingi Íslendinga, koma ekki fram á sjónarsviðið í endanlegri gerð fyrr en eftir margra ára þjark og áratuga vafstur. En það er eins og annað: Þó að seint miði verða þjóðirnar að halda áfram á þeirri braut að virða rétt mannsins, virða rétthæfið sem hver maður á að njóta frá vöggu til grafar.

Hæstv. fyrrv. utanrrh., 9. þm. Reykv., ræddi nokkuð um þróunaraðstoðina, aðstoð Íslendinga við þróunarlönd, sem er hörmulega skammt á veg komin, eins og hann tíundaði í ræðustólnum áðan. Ég held að skemmst sé frá því að segja, að Íslendingar séu enn óralangt frá því marki sem Allsherjarþingið samþykkti fyrir nokkuð mörgum árum um að stuðningur þróaðra ríkja við þróunarríki ætti sem fyrst að ná því marki að verða 1% af þjóðarframleiðslu. Við Íslendingar erum enn þá óralangt frá því takmarki. Það er m. a. þess vegna sem ég ætla að leyfa mér að minnast örfáum orðum á mál sem liggur fyrir hv. Alþ., þ. e. till. til þál. um könnun á sendingu matvæla til þróunarlanda sem ég flyt ásamt þrem öðrum hv. sjálfstæðismönnum á Alþ., þ. e. 182. mál. Sú till. er nú til meðferðar í n. Efni hennar er það, að við óskum eftir að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að kanna til hlítar hvort unnt sé að auka stuðning við þróunarlönd á þann veg að íslenska ríkið kaupi búsafurðir af framleiðendum, svo sem mjólkurduft, og sendi þangað sem þörfin er brýnust fyrir matvæli. Það er alveg rétt hjá hv. 9. þm. Reykv., að þessi hugmynd er ekki ný. Hún er þvert á móti ævaforn, ekki síst meðal okkar Íslendinga. Við þekkjum það ofur vel, að þegar svangan gest bar að garði var það fyrsta að bjóða honum mat að borða, seðja hungur hans, en ekki að fara að kenna honum hvernig ætti að búa til smjör, svo ég taki dæmi, eða hvernig ætti að efna í bát og hefja útgerð. Það fyrsta, sem ég tel að við þurfum að huga að þegar um sveltandi einstaklinga eða sveltandi þjóðir er að ræða, er hvernig hægt sé að færa þeim brýnustu lífsnauðsynjar strax. Það er þessi hugsun sem þáltill. okkar fjórmenninganna byggir á, og við óskum eftir að þetta mál verði til fulls kannað af hæstv. núv. ríkisstj. með öllum þeim ráðum sem hún hefur tiltæk, — því hvað er brýnna en að nýta matvæli sem eru um stundarsakir offramleidd hér á landi og við erum í vandræðum með af því að við þekkjum ekki af eigin raun til offramleiðslu á neinu sviði, held ég mér sé óhætt að segja? Hvað er brýnna en að reyna að koma matvælum frá þeim stöðum heims þar sem þau hlaðast upp í of ríkum mæli þangað sem þau eru alls ekki til, til sveltandi þjóða? Okkur finnst þetta verðugt viðfangsefni að kryfja til mergjar. — Og það má benda á að fjarlægðirnar eru alltaf að styttast í heiminum. Þær eru alltaf að verða styttri og styttri. Þess vegna ætti að vera auðveldara að framkvæma þetta í reynd, eins og ég hef nú vikið að.

Hæstv. utanrrh. fjallaði nokkuð um öryggismál í sambandi við VIII. kafla skýrslunnar og minnti okkur á flotaæfingar Sovétríkjanna á Norðvestur-Atlantshafi, sem nú hafa nýlega átt sér stað, þar sem sovésk herskip og kafbátar af nýjustu gerð sýndu listir sínar. Hæstv. utanrrh. skýrði þetta allt á besta veg, og við skulum vona að tilgangurinn sé aðeins æfingar til þess að verjast meintum hugsanlegum árásum, en ekki æfingar í því skyni að gera útrás til annarra þjóða. En samstaða okkar við aðrar þjóðir í öryggismálum er vitaskuld, að mínum dómi, alveg sjálfsögð og einkar nauðsynleg. Það er ekki síst til að verjast hugsanlegum árásum að nú þarf víðtækt eftirlitskerfi, þ. e. a. s. stöðvar þaðan sem hægt er að halda uppi eftirliti með því sem er að gerast í grenndinni. Slíkar eftirlitsstöðvar hafa gífurlega mikla þýðingu og gera okkur fært, sem og öðrum, að fylgjast með því sem er að gerast. Það að vita hvað er að gerast í umheiminum er að sjálfsögðu mikils virði fyrir hverja þjóð sem vill vera viðbúin því versta.

Að flugmálum er vikið í IX. kafla skýrslunnar. Það er ekki ofsögum sagt að millilandaflugið hefur orðið æ veigameiri atvinnugrein hér á landi. Það hefur ómetanlega þýðingu fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Ég er alveg sammála hv. 9. þm. Reykv. í því, að við þyrftum að leggja áherslu á að fá lendingarleyfi fyrir íslenskar vélar á vesturströnd Bandaríkjanna. Og ég er honum sammála í því, að mér finnst ekki svo ýkjamikill munur — svona í fljótu bragði — á hvort lendingarleyfin eru gefin á austurströnd eða vesturströnd Bandaríkjanna. Að vísu er þar langur vegur á milli, við vitum það. En ég held að þetta mál sé a. m. k. vert að íhuga og kanna til þrautar.

Um utanríkisviðskiptin á árinu 1978 mætti að sjálfsögðu ræða í mjög löngu máli, en verður ekki gert hér. Þess er getið í skýrslu hæstv. ráðh., að þrátt fyrir verðbólguna innanlands og ýmsa efnahagserfiðleika erlendis hafi þróun utanríkisviðskipta okkar á árinu 1978 verið mjög hagstæð. Þetta er gleðilegt, þetta er okkur öllum gleðiefni. En það sýnir aðeins hvað við þurfum að hafa vökult auga í þessum efnum. Við byggjum mikið á samskiptum við aðrar þjóðir. Lífsafkoma okkar byggist á því, að við getum haft sem allra mest friðsamleg skipti við önnur þjóðlönd. Ég vil þó minna á að við stöndum að sumu leyti höllum fæti í þessu efni, eins og raunar hver önnur smáþjóð. Geta má þess, að t. d. var það svo á s. l. ári að mjög veruleg óvissa var um sölu á skreið til Nígeríu fram eftir öllu og einnig á saltfiski til Portúgal, sem er okkur samt svo sérlega hagkvæmur markaður. Þannig þurfum við að berjast fyrir því frá ári til árs að viðhalda mörkuðum okkar hjá sem flestum þjóðum. Ég fer ekki lengra út í þau efni, en bið menn aðeins að hugleiða hversu markaður okkar í Bandaríkjunum fyrir íslenskar afurðir er okkur ómissandi. Það er ekki á hverjum degi sem þessa er getið. Ég held að okkur sé farið að finnast að Bandaríkjamarkaður fyrir freðfiskafurðir okkar sé svo sjálfsagður að við getum nokkurn veginn hagnýtt okkur hann eins og loftið og vatnið sem við höfum nóg af hér á landi. Eigi að síður er vert að minnast á þennan markað, sem tekur við svo miklu af útflutningsafurðum okkar og er allra dýrmætastur markaða.

Ég fer nú senn að ljúka þessum orðum, vil þó að lokum, eins og gert er í skýrslunni, minnast örfáum orðum á utanríkisþjónustuna sjálfa. Það er greint frá því, að hún hafi verið á liðnu ári með hefðbundnum hætti. Vitanlega er það svo, að utanríkisþjónustan er með hefðbundnum hætti frá ári til árs. Eigi að síður tel ég að slík þjónusta og starfslið hennar sé okkur mjög dýrmætt. Ég held að við séum vaxnir upp úr því, sem rætt var um í eina tíð á Alþ., að það væri bruðl að hafa tildurherra í Kaupmannahöfn o. s. frv. Ég held að utanríkisþjónustan hafi sannað gildi sitt á liðnum árum. Ég leyfi mér að færa starfsmönnum hennar, og þeir eru mér margir persónulega kunnugir að öllu góðu, bestu þakkir fyrir það sem þeir hafa unnið heima og erlendis fyrir land og þjóð. Ég hygg að þegar reikningar eru upp gerðir sé utanríkisþjónusta okkar ekki ýkjakostnaðarsöm heldur. Það ættu menn að hugleiða, en jafnframt að hafa hugfast að það kostar nokkuð að vera sjálfstæð þjóð. Ég held að við Íslendingar höfum hlotið að gera okkur grein fyrir því þegar við vorum að berjast fyrir fullu sjálfstæði, að það kostar okkur talsvert fé að viðhalda sjálfstæði okkar og varðveita það í framtíðinni. Það er atriði sem allt of margir gleyma frá degi til dags, en er vert að rifja upp einstöku sinnum því að við verðum að muna það og geyma okkur vel í minni, að ef við ætlum að byggja þennan hólma okkar verðum við að sumu leyti að leggja mun meira á okkur en þjóðir þær sem byggja frjórri og heitari lönd.

Það fer ekki milli mála að utanríkismál eru hin allra mikilvægustu mál sérhverrar sjálfstæðrar þjóðar. Ég endurtek það einu sinni enn. Þetta á allra helst við smáþjóðir sem verða að kunna fótum sínum forráð í viðskjálum heimi, þar sem allra veðra er von og alveg víst að þó vel gangi verður hann jafnan kaldur á köflum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það var fróðlegt að heyra hið kurteislega háð, sem hæstv. fyrrv. utanrrh., Einar Ágústsson, fór um mörg atriði í þessari skýrslu og málefnum utanríkismála, og heyra mat hans á þeim veruleika, sem birtist okkur í þessari skýrslu, í samanburði við yfirlýsingar og gagnrýni hæstv. utanrrh. meðan hann var í stjórnarandstöðu. Það var einnig fróðlegt að heyra aths. hans við ummæli Geirs Hallgrímssonar um fræga för þeirra tveggja til Washington til að endurnýja eiðana og bera vitni hollustu sinni við NATO. Ég tek undir með hv. þm. Einari Ágústssyni, að það var vissulega upplýsandi yfirlýsing, sem greinilega var sprottin upp í þeim deilum sem ríktu á landsfundi Sjálfstfl. og var sögð í sjálfsvörn þar, en ekki borin fram af fúsum og frjálsum vilja, að ástæðan fyrir þessari frægu för umboðsmanns Bilderberg-reglunnar hér á Íslandi, hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, til Washington hafi verið að hann hafi ekki treyst utanrrh. sinnar eigin ríkisstj. til að ganga erinda Atlantshafsbandalagsins og endurnýja hollustu eða Sjálfstfl. í Washington á hinum merka fundi.

Það er fróðlegt fyrir okkur, sem erum andvígir yfirlýstum stefnum þeirra þriggja flokka, flokks núv. utanrrh., flokks fyrrv. utanrrh. og flokks fyrrv. forsrh., að heyra undirtóninn í orðaskiptum þeirra hér. Það minnir á frægt kvæði Gríms Thomsens sem sagt er að ort hafi verið af kynnum hans af utanríkisþjónustu annarrar þjóðar, en sýnir okkur jafnframt að einhver er nú metingurinn í þessum herbúðum.

Ég vil hins vegar lýsa því, að ég tek undir allar þær aths. sem hæstv. fyrrv. utanrrh., Einar Ágústsson, lét í ljós gagnvart þessari skýrslu. Ég bjóst við myndarlegra verki, satt að segja, frá hæstv. utanrrh. Benedikt Gröndal, þegar hann legði skýrslu sína í fyrsta sinn fyrir Alþ., og hún bæri ekki jafnsterkan svip „rútínunnar" á sviði utanríkismála og þetta verk greinilega ber með sér. Þrátt fyrir að okkur hæstv. utanrrh. greini á um ýmsa veigamikla þætti í íslenskri utanríkisstefnu höfum við þó átt samleið í ýmsum öðrum þáttum utanríkismála. En ég hef saknað þess, og sakna þess í skýrslunni, hve lítið hefur borið á því að ferskir vindar hafi leikið um utanrrn. síðan núv. ríkisstj. tók við hvað snertir málefni þriðja heimsins, hvað snertir baráttu fyrir margvíslegum réttindamálum, hvað snertir efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga og málaflokka sem það snerta.

Hins vegar vænti ég þess, að hv. þm. Geir Hallgrímsson geri þingheimi grein fyrir því, fyrst hann hefur beðið um orðið, hvers vegna hann vantreysti fyrrv. utanrrh. að fara hina frægu Washington-för þegar Reykjavík féll. Ef ég mætti þá um leið bera fram þá ósk fyrir hönd fjölmargra Íslendinga til hv. þm. Geirs Hallgrímssonar að hann skýri jafnframt frá þeim Bilderberg-fundum sem hann sótti bæði sem forsrh. þessa lands og hyggst væntanlega sækja sem leiðtogi stjórnarandstöðunnar á Íslandi. Ég tel að í lýðræðis- og þingræðislandi, eins og því sem hér er, eigi þeir leiðtogar þjóðarinnar sem falið er að fara með forsætisráðherraembætti eða gegna svo mikilvægu starfi sem svokallaður leiðtogi stjórnarandstöðunnar, með allri virðingu fyrir síðasta landsfundi Sjálfstfl., — þá eigi þeir að gefa þjóðinni skýrslu um jafnáhrifaríka leynifundi og þeir sæja og fundir Bilderberg-reglunnaar eru. Það er ekki við hæfi að íslenska þjóðin þurfi að láta sig renna grun í hvaða mál það séu sem forsrh. landsins eða leiðtogi stjórnarandstöðunnar sé að ræða á slíkum leynifundum við herforingja, fjármálafursta og æðstu umboðsmenn utanríkismála annarra þjóða. Ég vil í því sambandi taka undir sjónarmið, sem komu fram í málgagni hæstv. utanrrh. í leiðara fyrir nokkru um Bilderberg-samkomuna og vekja athygli á þeirri skýrslu um þá samkomu sem fylgirit málgagns utanrrh. birti fyrir nokkru. Ég vil endurtaka það hér sérstaklega og í fullri alvöru við hv. þm. Geir Hallgrímsson, að hann hafi nú í sér manndóm á Alþingi Íslendinga til að segja þjóðinni hvað gerist á þeim mikilvægu leynifundum sem hann hefur sótt sem forsrh. Íslands og ætlar sér greinilega að sækja sem leiðtogi stjórnarandstöðunnar. Þeir fundir verða greinilega mikilvægari þegar maður hefur í huga þá yfirlýsingu, sem hv. þm. Einar Ágústsson vakti athygli á áðan, að nauðsyn var talin á sérstökum fundi Geirs Hallgrímssonar og Carters forseta Bandaríkjanna, og þegar höfð er í huga hin sérstaka ósk varaforseta Bandaríkjanna um að mega eiga einkaviðræður við Geir Hallgrímsson þegar hann var hér á landi. Það dugði greinilega ekki að ræða við forsrh. og utanrrh. landsins. Það var talið sjálfsagt og nauðsynlegt að eiga einnig viðræður við þennan sérstaka trúnaðarmann, gæslumann hagsmuna Atlantshafsbandalagsins og Bilderberg-reglunnar á Íslandi. Og það er misskilningur hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni ef hann heldur að síendurteknar ferðir hans á fundi Bilderberg-reglunnar séu einkamál hans. Í lýðræðisríki eru slíkir fundir forsrh. þjóðarinnar ekki einkamál. Og forsrh. þjóðar á ekki að taka þátt í neinum fundum með erlendum leiðtogum, fjármálafurstum eða hershöfðingjum ef hann treystir sér

ekki til að skýra þjóð sinni frá hvað hafi gerst þar.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er fjallað um þær breytingar sem nýlega hafa átt sér stað í stjórnkerfi Grænlands. Ég vil taka undir þau orð, sem að því lúta í skýrslunni, og flytja utanrrh. sérstakar þakkir fyrir það litla frumkvæði, sem var vottur um einhverja ferska vinda, þó lítill væri, að senda sérstakan sendimann sinn til Grænlands til að kynnast hagsmunum og vandamálum þeirrar þjóðar og kanna möguleika á samskiptum Íslendinga og Grænlendinga á komandi árum. Ég tel að sú för hafi verið spor í rétta átt og hún hafi sýnt að það er eitt af stóru verkefnunum í íslenskum utanríkismálum á komandi árum að finna hinni auknu samvinnu Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga nýja og trausta farvegi. Með útfærslunni í 200 mílur, með heimastjórn Grænlendinga, í krafti sögunnar um víðtæk samskipti Íslendinga og Færeyinga og með tilliti til þeirrar menningar og þeirrar sögu sem bindur þær þjóðir saman hafa íslensk utanríkismál öðlast nýtt verkefni sem að mínu viti hlýtur að verða eitt fyrsta verkefni í utanríkismálum íslenskrar þjóðar á næstu árum og um langa framtíð, þ. e. a. s. að byggja upp og finna farvegi margháttaðri samvinnu hinna þriggja eyþjóða, smáu fiskveiðiþjóða í Norður-Atlantshafinu, Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga. Margvíslegir hagsmunir tengja þessar þjóðir saman, og smæð þeirra er slík að á margan hátt er eðlilegt að þær eigi fyrst samleið áður en kemur að viðskiptum þeirra við aðrar þjóðir.

En þótt samvinna Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga sé að mínum dómi eitt af höfuðverkefnum í íslenskum utanríkismálum á næstu árum verður að vinna að því verkefni með gát. Það má alls ekki gefa til kynna á neinn hátt í þeim viðskiptum að ætlun Íslendinga sé að hafa á einhvern hátt forræði fyrir þessum frændþjóðum okkar. Þvert á móti verður að vera leiðarljós allra þeirra sem samskiptin annast, að efla traust þessara þjóða til Íslendinga og koma í veg fyrir að þær telji að Íslendingar séu á einhvern hátt að leika stóra bróður í þeim samskiptum. Íslendingar hafa þegar öðlast, a. m. k. eitt helsta fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi, mikilvæga hagsmuni af fiskveiðum Grænlendinga, og hlutfallsleg stærð okkar samanborið við Færeyinga og Grænlendinga og lengri reynsla okkar af að fást við málefni af þessu tagi gætu skapað þær hættur að Íslendingar hefðu tilhneigingu til að ná forræði í þessum málum. Ég vil því, um leið og ég fagna sérstaklega þeirri áherslu sem hér er lögð á aukna samvinnu Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga, láta í ljós þá sérstöku skoðun að þar bíða Íslendinga stór verkefni sem þeir verða að taka á af áhuga og festu og skilningi, en jafnframt varúð gagnvart hverri tilhneigingu til einhvers konar forræðis eða yfirgangs Íslendinga í þeim samskiptum.

Hvað snertir aðstoð Íslands við þróunarlöndin get ég tekið undir þann gagnrýnistón sem í þessari skýrslu er. Ég hafði alið þá von í brjósti, að undir forustu hæstv. núv. utanrrh. og með þeirri ríkisstj. og þeim þingmeirihluta, sem hér situr nú, yrðu stigin miklu stærri skref í þessum málaflokki en gert hefur verið. Ég vil lýsa yfir sérstökum stuðningi okkar í Alþb. við það, að á þessum vettvangi verði í raun og veru brotið í blað og að Íslendingar sýni samstöðu með þjóðum þriðja heimsins, sýni skilning á fátækt þeirra, sýni samúð með þeirri efnahagslegu kúgun sem nýlenduþjóðirnar, þau stórveldi sem utanrrh. og aðrir skoðanabræður hans í íslenskri utanríkisstefnu kjósa helst að hafa að bandamönnum, þeirri kúgun sem þær sömu þjóðir beittu þjóðir þriðja heimsins áður fyrr og gera sumar hverjar reyndar enn. En þrátt fyrir þessa tvo kafla, sem ég get í stórum dráttum lýst stuðningi við, er ýmislegt í skýrslunni og í kringum hana sem mig langar að gera aths. við.

Það er vissulega rétt, sem fram hefur komið, að í málefnasamningi ríkisstjórnarflokkanna er tekið skýrt fram að þeir hafa ekki samið um stefnuna í utanríkismálum. Ástæða þess er sú, að sá samningur, sem gerður var milli ríkisstjórnarflokkanna, var fyrst og fremst um tilteknar aðgerðir í efnahagsmálum til nokkurra missira. Skýrt var tekið fram í yfirlýsingu ríkisstj. og af hálfu okkar, sem að ríkisstj. stóðum, að á árinu 1979 væri verkefni ríkisstjórnarflokkanna að gera ítarlegan málefnasamning. Margt í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., ekki aðeins á sviði utanríkismála, heldur á sviði fjölmargra annarra málaflokka, ber sterkan keim af þeirri grundvallarforsendu að hér var ekki á ferðinni málefnasamningur af því hefðbundna tagi sem tíðkaðist áður fyrr, að samið væri til kjörtímabilsins alls í góðri von um að samstarfið mundi þá vara í fjögur ár, heldur var gengið til þessa leiks með þeirri skýru yfirlýsingu, að það væri fyrst og fremst verið að takast á við tiltekinn vanda í efnahagsmálum þjóðarinnar og fjölmargir aðrir málaflokkar á sviði félagsmála, á sviði menningarmála, á sviði utanríkismála, svo aðeins nokkrir málaflokkar séu nefndir, ættu að bíða ítarlegri viðræðna milli stjórnarflokkanna á árinu 1979, þegar að endurnýjun málefnasamningsins kæmi. Reynsla síðustu vikna af því efnahagsfrv., sem samstarfsflokkar okkar gátu knúið fram fyrir nokkrum vikum, sýnir okkur hins vegar að það kann nú að vera þörf á að taka efnahagsmálin einnig til endurskoðunar mun fyrr en þessir sömu herrar töldu sig þurfa þegar þeir voru að kynna fyrir okkur uppkast að efnahagsstefnu til tveggja ára. Það er önnur saga sem ekki á heima í umr. um utanríkismál, en við komum væntanlega að innan tíðar á Alþ. — Ég hefði e. t. v. átt von á að skýrsla utanrrh. og störfin að utanríkismálunum bæru meiri svip af því að undirbúa jarðveginn undir víðtækt samkomulag ríkisstjórnarflokkanna á þessu ári um utanríkisstefnuna. Svo er reyndar ekki, þó að á stöku stað megi finna merki um það.

Ég ætla þá að víkja að nokkrum atriðum sem ég hefði kosið að hæstv. utanrrh. færi fleiri orðum um í skýrslu sinni en gert var.

Í fyrsta lagi hefur það verið umræðuefni Alþ. í vetur og áður hvort kjarnorkuvopn væru geymd á Íslandi og hvort og þá á hvern hátt Ísland væri hlekkur í því varnar- eða árásarkerfi sem byggt er á notkun kjarnorkuvopna af einu eða öðru tagi. Í þeim umr. hefur oft og tíðum verið vitnað í fræga, en því miður allhlægilega yfirlýsingu frá fyrrv. forstöðumanni varnarmáladeildar utanrrn., að hann persónulega hefði „spássérað“ um varnarsvæðið og ekki séð þar nein kjarnorkuvopn, sem í senn lýsir freklegri vankunnáttu á eðli kjarnorkuvopna og eðli þess kjarnorkuvopnakerfis sem herstöðin í Keflavík væri hugsanlega hluti af. Ég hefði búist við að í skýrslu utanrrh. væri tekist fastar á við þennan vanda, því að það er eitt af þeim höfuðatriðum, sem verður að taka til meðferðar í utanrrn. Íslands, á Alþ. og í öðrum þeim stofnunum sem starfandi eru á þessu sviði, að ganga algerlega úr skugga um hvort kjarnorkuvopn eru geymd á Íslandi eða ekki og hvort og þá á hvern hátt herstöðin á Keflavíkurflugvelli sé hlekkur í kjarnorkuvopnakerfi

Bandaríkjanna. Ég vil minna hv. þm. á það, sem gert hefur verið áður í vetur, að herstjórnendur Bandaríkjanna á Íslandi hafa hvorki játað því né neitað að hér séu kjarnorkuvopn. Þeir hafa ekki viljað svara því neitandi. (**ÁG:** Gera aldrei.) Gera aldrei, segir hv. þm. Árni Gunnarsson. Þess heldur ættum við að taka tillit til þeirra sérfræðinga sem hafa sýnt fram á með rökum að yfirgnæfandi líkur benda til þess að hér séu kjarnorkuvopn. Ef það er skoðun hv. þm. Árna Gunnarssonar, eins helsta stuðningsmanns utanrrh., að við fáum aldrei svar frá Bandaríkjunum um hvort hér séu kjarnorkuvopn eða ekki, eru þá ekki líkur á að það sé ærið margt fleira sem við fáum ekki að vita sannleikann um, m. a. um eðli þeirrar herstöðvar, sem hér er, og þess kerfis sem hér er rekið? Eru þá ekki yfirgnæfandi líkur á að Bandaríkjamenn umgangist Íslendinga á nákvæmlega sama hátt í þessum efnum og önnur NATO-ríki? Þekktur þm. jafnaðarmanna í Hollandi hefur tekið sér sérstaklega fyrir hendur undanfarið að sýna fram á hvernig herforingjar NATO-veldanna umgangast þm. NATO-ríkjanna hvað snertir upplýsingastarfsemi. Ég mun koma að því í ræðu minni á eftir. — Það er einmitt þessi uppgjöf fáviskunnar, uppgjöf vanþekkingarinnar, að sætta sig bara við að Íslendingar fái aldrei svar við því, hvort hér séu kjarnorkuvopn eða ekki, sem setur að mér ótta um að það skorti viljann hjá þessum ágætu heiðursmönnum til að halda uppi í raun og veru svo sjálfstæðri utanríkisstefnu að það sé á valdi Íslendinga sjálfra að ganga úr skugga um í eitt skipti fyrir öll hvort hér séu kjarnorkuvopn eða ekki. Meðan við vitum ekki klárt og kvitt hvort kjarnorkuvopn eru á Keflavíkurflugvelli eða ekki vitum við ekkert um eðli þeirrar herstöðvar. Þá bara trúum við einhverjum formlegum skýrslum sem gefnar eru út til að hafa stuðningsmenn herstöðvarinnar góða. Við höfum í raun og veru ekkert fast í höndunum. Ef það er skoðun hv. þm. Árna Gunnarssonar og kannske fleiri þm. hér, að við fáum aldrei frá Bandaríkjunum, herforingjastjórnendunum þar, að vita hvort hér séu kjarnorkuvopn eða ekki er það skylda okkar sem þm. íslensku þjóðarinnar að leita annarra leiða í þeim efnum.

Annað atriðið, sem ég vildi víkja að, er sá skortur á gagnrýninni umræðu um Atlantshafsbandalagið og upplýsingakerfi þess sem ýmsir skoðanabræður hæstv. utanrrh. í NATO-ríkjunum hafa haldið uppi á síðustu missirum. Ég vil í því sambandi vekja sérstaka athygli á þeim umr. sem hafa verið í Hollandi undanfarið og hafa falið í sér að af hálfu Atlantshafsbandalagsins, þ. e. a. s. herforingja þess, og af hálfu herstjórnenda í Bandaríkjunum séu stundaðar margvíslegar rangfærslur og fjölþættar tilraunir til að stinga undan flestum veigamestu þáttum upplýsinga um hernaðarlegt eðli og inntak þeirrar starfsemi, sem Atlantshafsbandalagið stundar, og kröfu um að kjörnir fulltrúar fólksins í þessum löndum snúi nú við blaðinu í þeim efnum. Ég vil í því sambandi vitna til orða hollensks þm. jafnaðarmannaflokksins þar. Hann sagði nýlega á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ein alvarlegasta ógnunin við öryggi Vestur-Evrópu er okkar eigið pólitíska kerfi, sem ekki veitir borgaralegum yfirvöldum nægilega innsýn í öryggispólitísk vandamál. Þess vegna eiga sér í lagi bandarískar hernaðarstofnanir svo auðvelt með að notfæra sér NATO í tafli sem eykur hættuna á kjarnorkuvopnastríði með degi hverjum."

Hér er því beinlínis haldið fram að kjörnar valdastofnanir, ráðh. í ríkisstj. sem fulltrúi Alþ., við sem erum í þjóðþingunum, þær nefndir sem við kunnum að setja á laggirnar, hvort heldur það eru utanrmn. eða sérstakar öryggismálanefndir, eigi stórfellt verkefni fyrir höndum að draga fram í dagsljósið þann upplýsingagrundvöll að hinir lýðræðislegu valdhafar í hinum svokölluðu lýðræðisríkjum Vesturlanda geti mótað stefnuna í þessum málum. Íslenska þjóðin, hollenska þjóðin eða aðrar þjóðir Atlantshafsbandalagsins hafa ekki falið herforingjum að móta stefnuna í þessum efnum. Það er að bregðast hinni lýðræðislegu skyldu við það kerfi, sem hinu svokallaða Atlantshafsbandalagi er þó að nafninu til ætlað að verja, að leggja sig ekki í líma við að reyna að ná í þær upplýsingar, að hrinda þeirri einokun á upplýsingaöfluninni sem herforingjakerfið, sem hollenski þm. var að lýsa, hefur haldið uppi.

Ég vek aftur athygli þingheims á því, hve sterkt er hér að orði komist um að þetta sé ein alvarlegasta ógnunin við öryggi Vestur-Evrópu. Það eru ekki Sovétríkin, það er ekki Austur-Evrópa sem er alvarlegasta ógnunin við öryggið að dómi þessa þm. jafnaðarmannaflokksins í Hollandi, sem þó er stuðningsmaður Atlantshafsbandalagsins. Ég tek skýrt fram að svo er ekki. Nei, bandarísku hernaðarstofnanirnar eru alvarlegasta ógnunin, að hans dómi. Þær nota NATO í þessu tafli, sjálfsagt vegna þess, að það er spurningin um lýðræðið sjálft sem hér er í veði, og vegna þess að máttur þessa kerfis er að dómi þm. þegar farinn að ógna lýðræðiskerfinu í landi hans. Ég hefði búist við því og vænti þess reyndar, að hæstv. utanrrh., sem hefur þó e. t. v. manna best á undanförnum árum lýst áhuga sínum á sjálfstæðri upplýsingaöflun hinna pólitísku stofnana á þessu sviði, viki nokkrum orðum að þessum mikla vanda sem nú er til umræðu í ýmsum nágrannaríkjum okkar.

Í þriðja lagi minnist ég á samskipti Íslendinga við bandaríska herliðið og þar mætti margt segja. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan Benedikt Gröndal tók við starfi utanrrh., hefur hann, eins og rætt var um á Alþ. á sínum tíma og gagnrýnt, óskað sérstaklega eftir að Bandaríkin beittu hér ekki reglum um atvinnu sem stjórnvöld Bandaríkjanna höfðu ákveðið að beita í herstöðvum sínum annars staðar. Röksemdafærslan var sú, að Íslendingar væru svo háðir þeirri atvinnu, sem á Keflavíkurflugvelli fengist, að við þyldum ekki reglur af slíku tagi. Þegar þjóðin er orðin svo háð atvinnunni, sem herinn skapar, er stutt í það sem kallað hefur verið „aronska" hér á landi. Þá er orðið stutt í að hinar efnahagslegu röksemdir, atvinnuröksemdirnar, fari að ráða miklu, fjármagnsröksemdirnar, um hvort hér sé her eða ekki.

Þessi sjónarmið fundust mér einnig koma fram í umræðum um flugstöðvarbygginguna á Keflavíkurflugvelli. Það er alveg rétt, að ný flugstöðvarbygging er sjálfsagt þörf og eðlileg á Keflavíkurflugvelli. En sú spá, sem sett var fram fyrir nokkrum árum um fjölgun farþega sem færu um völlinn, reyndist allt of há, og eins og komið hefur fram í þessum umr. bendir margt til þess að farþegum, sem fara um Keflavíkurflugvöll, muni frekar fækka, hlutfallslega a. m. k., eða vöxtur þeirra ekki verða eins mikill á komandi árum. M. ö. o. bendir allt til að sú flugstöð, sem verið er að tala um í þessu sambandi, verði í raun og veru mun minni en rætt var um fyrr á árum. Með tilliti til þess get ég vissulega orðið sammála hv. þm.

Einari Ágústssyni um að nauðsynlegt geti verið að byggja nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. En ég er honum algerlega ósammála um að leita þurfi til bandarísku ríkisstj. um að fjármagna þá flugstöðvarbyggingu að öllu leyti eða verulegum hluta. Ef þessi þjóð hefur ekki efni á að byggja flugstöð fyrir samgöngukerfi sitt við aðrar þjóðir hefur hún í raun og veru ekki efni á að vera sjálfstæð þjóð.

Ég geri engan greinarmun á því sjónarmiði, að sjálfsagt sé og eðlilegt að Bandaríkjamenn taki þátt í að byggja hér flugstöð, og þeim sjónarmiðum sem ég veit að hv. þm. Einar Ágústsson hefur fordæmt og ýmsir aðrir hér, en þó verið sett fram í umr. hér á landi á síðustu mánuðum og missirum, að það geti jafnvel verið sjálfsagt að Bandaríkjamenn taki þátt í að byggja vegi, taki þátt í að byggja sjúkrahús, vegna þess að vegir og sjúkrahús geti talist eðlilegur þáttur í varnar- og öryggiskerfi þjóðarinnar. Ég vil mælast til þess við þá ágætu þm., sem eru áhugamenn um byggingu flugstöðvar, að þeir taki þá höndum saman við okkur hina um að því verði slegið föstu að hún verði íslensk framkvæmd að öllu leyti og íslenska þjóðin sýni sjálfstæði sitt í verki með því að reisa það mannvirki algerlega ein. Ég hefði gaman af að heyra þau rök, ef þau eru þá til, hvers vegna nauðsynlegt sé að Bandaríkjamenn fjármagni það verk. Ég vildi gjarnan óska eftir að hæstv. utanrrh. lýsti síðar í umr. viðhorfum sínum til flugstöðvarbyggingarinnar, þ. e. a. s. fjármögnunarinnar á henni. Fjölmargar þjóðir hafa reist flugvelli á undanförnum árum og áratugum. Þeir hafa margir hverjir verið fjármagnaðir með sérstakri skattheimtu á þá farþega sem fara um völlinn á eftir. Það ætti að vera hægur vandi fyrir okkur að fjármagna þetta verk á sama hátt.

Þá er einnig í skýrslu utanrrh. og hefur að nokkru í umr. verið vikið að flugmálum. Það er vissulega rétt, sem komið hefur fram í þeim umr. og ég vakið athygli á í umr. um annað mál á Alþ. í vetur, að í flugsamgöngumálum Íslendinga við umheiminn blasir við margvíslegur vandi. Alveg ljóst er að það félag og sú fyrirtækjasamsteypa sem hefur haft raunverulega einokun á þeim málum, Flugleiðir, kemur til íslenskra stjórnvalda í hvert skiptið á eftir öðru og biður um aðstoð, býður hlutabréf til sölu, biður um aukna hlutdeild ríkisins í fyrirtækinu og leitar aðstoðar stjórnvalda um samninga við bandarísk stjórnvöld og um samskipti við stjórnvöld í Lúxemborg. Mér skilst á frásögn hæstv. utanrrh. að niðurstaðan af þeim viðræðum, sem átt hafa sér stað undanfarið sé að hugsanlega muni fjölga þeim flugferðum sem eru beint á milli meginlands Evrópu og Bandaríkjanna, en eru í höndum hinnar íslensku fyrirtækjasamsteypu, og ferðunum um Keflavíkurflugvöll muni fækka, en þó muni vera leitað eftir því af hálfu stjórnvalda að tryggja lágmarksfjölda flugferða milli Íslands og þessara landa. Þessi lýsing á atburðarás síðustu mánaða, ef rétt er, sem ég dreg ekki í efa, staðfestir algerlega það sem ég sagði í umr. fyrr í vetur, um nauðsynlega rannsókn á starfsemi Flugleiða, það mundi koma að því að efnahagslegir erfiðleikar og rekstrarlegir hagsmunir þess fyrirtækis hefðu í för með sér að samgöngukerfi Íslands við önnur ríki væri stefnt í voða. Nú er orðið verkefni íslenskra stjórnvalda að fara bónarleið að Flugleiðum til að reyna að tryggja að nauðsynlegar rekstrarbreytingar vegna hagsmuna fyrirtækisins leiði ekki til fækkunar ferða milli Íslands og umheimsins, á sama tíma og íslensk stjórnvöld virðast með því, sem utanrrh. sagði áðan, leggja blessun sína yfir að Flugleiðasamsteypan haldi áfram að vaxa sem alþjóðleg dótturfyrirtæki og hlutafélög. Slíkt gerir að verkum að smátt og smátt verður fjárhagslegur grundvöllur þessa fyrirtækis minna og minna háður flugsamgöngukerfi Íslendinga sjálfra, en byggist fyrst og fremst á starfsemi dótturfyrirtækja eins og Air Bahama, Cargolux og þess nýja fyrirtækis sem utanrrh. var að lýsa að hann og starfsmenn hans hefðu lagt blessun sína yfir að yrði stofnað. M. ö. o. er þróunin í þessum efnum að gera það að verkum að sífellt verður auðveldara og auðveldara fyrir yfirstjórnendur þeirrar alþjóðlegu rekstrarsamsteypu, sem ber heitið Flugleiðir, að minnka smátt og smátt þann þáttinn í starfsemi sinni er snertir samgöngukerfi Íslendinga án þess að bíða við það rekstrarlegt tjón. Ég vil af þessu tilefni mótmæla algerlega að íslensk stjórnvöld séu að leggja blessun sína yfir þá þróunarstefnu án þess að hún hafi verið rædd sérstaklega á Alþ. Verið er að styrkja fyrirtækið í þeirri tilhneigingu, sem hefur gætt mjög hjá því á undanförnum árum, að gera í raun og veru allan vaxtarbroddinn fólginn í hinu alþjóðlega samkeppnisflugi og draga svo úr flugi Íslendinga sjálfra, vegna þess að það ber sig einfaldlega ekki að fljúga um Ísland á þessum leiðum. Ég vildi óska eftir því hér, að hæstv. utanrrh. gerði nánari grein fyrir viðræðum og framtíðarviðhorfum í flugmálunum en komu fram í ræðu hans áðan.

Herra forseti. Ég hef gerst nokkuð langorðari um þessi atriði en ég ætlaði mér í upphafi, en tvö atriði vil ég þó minnast á að lokum.

Í þessari skýrslu er kafli sem snertir utanríkisviðskipti og hina efnahagslegu hlið íslenskra utanríkismála. Eins og tekið er fram í skýrslunni er sá kafli fenginn frá viðskrn. Ég hefði talið réttara og í samræmi við þá stjórnarfarslegu skiptingu, sem hér er, að hæstv. viðskrh. gerði Alþ. grein fyrir utanríkisviðskiptunum, fyrir samskiptum Íslands við EFTA og EBE, fyrir samskiptum Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann og þær aðrar alþjóðlegu fjármála- og viðskiptastofnanir, sem við eigum viðskipti við, og samningum okkar við önnur ríki sem við eigum viðskipti við og gerum sérstaka verslunarsamninga við. Ég held að á engan hátt sé stjórnarfarslega eðlilegt að hæstv. utanrrh. geri grein fyrir þeim málaflokki í skýrslu sinni sem hann að öðru leyti ber enga ábyrgð á gagnvart Alþ. og það sé nauðsynlegt í þessari skýrslugjöf að fylgja því, sem er reyndin, að ýmsir veigamestu þættir íslenskra utanríkismála eru á sviði viðskrn. og sviði viðskrh., en ekki á sviði utanrrh. Ég vildi óska eftir því að í framtíðinni yrðu gefnar tvær skýrslur á Alþ., önnur af utanrrh. og hin af viðskrh., þannig að við fengjum heildaryfirlit yfir báða málaflokkana. Það er nokkuð óeðlilegt að ræða um þátt utanríkisviðskiptanna og margvísleg málefni á því sviði nánast í tengslum við skýrslu hæstv. utanrrh. vegna þess að hann sé formlegur flm. slíkrar skýrslu. Það er svo annað mál, sem e. t. v. mætti ræða við annað tækifæri, hvort sú skipting á milli utanrrn. og viðskrn., sem hér hefur þróast, sé eðlileg. Ég hef persónulega á því þær skoðanir, að margt mætti betur fara í þeim stjórnarfarslegu samskiptum sem þar hafa verið fastbundin í ákveðið kerfi. Ég vil þess vegna óska eftir að tvískipting skýrslunnar verði rædd og athuguð sérstaklega áður en hún verður flutt í annað sinn.

Hitt sem ég hefði kosið að fara um fleiri orðum, en

vegna tímaskorts ætla ég að láta nokkur nægja á þessu stigi, er um samskipti Íslands og Noregs í tengslum við herstöðina hér og varnarsamninginn við Bandaríkin. Ég er þeirrar skoðunar, að eitt feimnismálið í íslenskum utanríkismálum allt of lengi séu þeir miklu hagsmunir sem Noregur hefur af því að herstöð sé í Keflavík. Norðmenn hafa gefið yfirlýsingar um að þeir ætli sér ekki að hafa erlendar herstöðvar í landi sínu. Þeir hafa byggt upp varnarkerfi sem þeir bæði opinberlega og eins sérstaklega í áætlanagerð sinni í stjórnkerfi sínu byggja á því, að Íslendingar taki að sér að hafa þessa herstöð fyrir þá. Herstöðin hefur valdið margvíslegum erfiðleikum innan Íslands á undanförnum áratugum, pólitískum, menningarlegum, efnahagslegum og af öðru tagi. Norðmenn hafa hins vegar skotið sér undan þeim margvíslegu vandamálum, sem eru fólgin í því að hafa erlendar herstöðvar í landi sínu, og einfaldlega haldið þannig á spilunum í samskiptum sínum við Ísland og Atlantshafsbandalagið að Íslendingar tækju það að sér. Vegna margvíslegra tengsla ýmissa stjórnmálamanna á Íslandi við forustuöfl í Noregi hefur aldrei fengist hreinskilnisleg umræða milli Íslendinga og Norðmanna um þetta feimnismál í samskiptum þeirra. Þó er ljóst að þegar vinstri stjórnin var hér við völd 1971—1974 beittu Norðmenn margvíslegum aðferðum til að hafa áhrif á utanríkisstefnu Íslendinga í þessum efnum. Það er einnig ljóst að aðstoðarvarnarmálaráðh. Noregs um þessar mundir, Holst, telur að það séu svo miklir hagsmunir fyrir Norðmenn að hafa herstöðina hér á Íslandi að Norðmenn verði að taka tillit til þess í samskiptum sínum við Íslendinga á öðrum sviðum, m. a. á sviði hafréttarmála.

Þannig mætti nefna fjölmörg önnur atriði til að leiða í ljós að umboðsmenn Atlantshafsbandalagsins á Íslandi hafa viljandi gleymt á undanförnum árum og áratugum að gera íslensku þjóðinni og í framhaldi af því norsku þjóðinni hreinskilnislega grein fyrir hverjir eru árekstrar milli Íslendinga og Norðmanna hvað herstöðvarmál snertir, nema það sé málflutningur þessara manna að Íslendingar eigi að taka að sér um aldur og ævi að hafa það í sínu landi, sem Norðmenn vilja ekki hafa í þeirra landi.

Hvort sem menn eru stuðningsmenn eða andstæðingar bandarísku herstöðvarinnar á Íslandi hljóta allir að vera sammála um að hún hefur skapað íslenskri þjóð margvíslegan vanda. Hún hefur m. a. klofið hana í stjórnmálum, hún hefur eyðilagt þá samstöðu í sjálfstæðismálum þjóðarinnar sem tókst að ná fram rétt fram yfir lýðveldisstofnunina, eða þangað til inngangan í Atlantshafsbandalagið og koma hersins urðu að veruleika. Það hljóta allir að átta sig á því, að það er mjög alvarlegt fyrir litla þjóð að vera klofin í herðar niður í sjálfstæðismálum og í utanríkismálum, vegna þess að það gefur öðrum ríkjum margvísleg tækifæri til að leika á þann klofning og það hafa Norðmenn gert. Það er þessi skortur á hreinskilni í umræðum og samskiptum Íslendinga og Norðmanna um herstöðvarmálið sem ég tel vera eitt af brýnustu verkefnum íslenskra stjórnvalda í samskiptum sínum við Noreg á næstu árum. Þegar Jan Mayen-málið og önnur slík vandamál koma upp í viðræðum hæstv. utanrrh. við utanrrh. og aðra ráðmenn í Noregi vænti ég að hann hugleiði hvort ekki sé tími til kominn að fara að gera hreint fyrir þeim dyrum sem hafa hingað til lokað umr. um samskipti Íslendinga og Norðmanna um herstöðvarmálið.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir lipurð hans að gefa mér nú orðið, en vegna þess að mér var ekki kunnugt um að fundur yrði í kvöld er óvíst og raunar ekki útlit fyrir að ég geti setið þann fund og því kýs ég að svara með örfáum orðum þeim orðum sem til mín hefur verið beint í umr. Ég mun lítið sem ekkert fjalla um skýrsluna almennt. Það munu a. m. k. tveir fulltrúar af hálfu okkar sjálfstæðismanna gera. Hv. þm. Friðjón Þórðarson hefur þegar gert almenna grein fyrir viðhorfum okkar til skýrslunnar, og hv. þm. Matthías Bjarnason mun sérstaklega ræða um hafréttarmálefni.

En ég held að það fari ekki milli mála að ræða síðasta ræðumanns, hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, sé dæmigerð um nauðsyn þess að lyfta umr. um utanríkismál á hærra stig. Þvílík lágkúra sem sú ræða bar vitni um heyrist einna helst frá Alþb.-mönnum hér á þingi, en ég hygg að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi jafnvel slegið fyrra met þeirra Alþb.-manna á þessu sviði.

Tilefni ummæla um för mína til Bandaríkjanna er það, að á nýafstöðnum landsfundi Sjálfstfl. urðu orðaskipti milli mín og mótframbjóðanda míns í sæti formanns Sjálfstfl. Ég býst við að vonbrigði þeirra Alþb.-manna með þau úrslit, sem urðu á landsfundinum, hafi verið slík að þeir geti ekki hamið skap sitt. En ég get vel sagt hv. þm. frá því, að ég hlaut þá gagnrýni á landsfundi af hálfu mótframbjóðanda míns m. a. að hafa farið af landi brott kl. 6 að kvöldi kosningadags til sveitarstjórna, og var brottför minni svo seint á kosningadegi jafnvel kennt um kosningaósigur flokksins í Reykjavík, og enn fremur var ég gagnrýndur fyrir að hafa verið of samvinnuþýður við framsóknarmenn í fyrri ríkisstj. Í tilefni þessa gat ég um að ég hefði talið mér skylt sem forsrh. landsins að láta skyldustörf fyrir landsmenn alla ganga fyrir skyldustörfum fyrir flokksmenn mína eina. Hér var um leiðtogafund Atlantshafsbandalagsríkjanna að ræða, en leiðtogafundur er fundur forsrh. og forseta þar sem hann fer með framkvæmdavaldið sem höfuð ríkisstj. Þess vegna vil ég undirstrika að í því fólst ekki vantraust á utanrrh. þótt ég í tengslum við gagnrýni á samvinnu mína við framsóknarmenn í fyrri ríkisstj. hefði látið þau orð falla, að væntanlega hefðu menn ekki óskað eftir því fremur að ég fæli framsóknarmanni að fara með þetta hlutverk forsrh. Sannleikurinn er sá, og ég held að á því leiki enginn vafi, að ég treysti auðvitað Einari Ágústssyni langtum betur en þeir Alþb.-menn, eins og Ólafur Ragnar Grímsson, treysta núv. hæstv. utanrrh. Benedikt Gröndal.

Það hafa blandast inn í þessar umr. og sýnir best lágkúruna hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni er hann með drambi og rembingi beinir fsp. til mín varðandi þátttöku mína í svokölluðum Bilderberg-fundum og spyr hvað þar hafi gerst. Ég get fullvissað hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson um að þar er ekkert minnst á Ólaf Ragnar Grímsson, og ég get honum til enn frekari hugarhægðar sagt að þar eru engar ályktanir gerðar eða ákvarðanir teknar. Þetta er fundur sem haldinn er árlega og til hans er boðað eftir því hvaða málefni eru á dagskrá. Yfirleitt er gefin út fréttatilkynning um hverjir taka þátt í hverjum fundi og hvaða málefni eru á dagskrá. En hins vegar er tilgangur fundanna einmitt sá, að menn geti í frjálslegum skoðanaskiptum sín á milli rætt í fullri einlægni um

vandamál líðandi stundar, skipst á upplýsingum og skoðunum án þess að ákvarðanir séu teknar. Þess vegna er talið nauðsynlegt að þátttakendur geti rætt frjálst og óháð um þau efni án þess að flennifyrirsagnir komi í blöðum þótt menn ræði þar um mál sem ekki eru komin á ákvörðunarstig.

Í þessu sambandi skal ég geta um að forsrh. og aðrir ráðh. allra vestrænna ríkja hafa tekið þátt í þessum fundum og þeir hafa mér vitanlega ekki verið krafðir um neinar skýrslur um hvað gerist á slíkum fundum. Menn hafa persónufrelsi, ferðafrelsi og skoðanafrelsi hvort sem menn eru ráðh. eða leiðtogar stjórnarandstöðu, og það er algerlega út í hött að krefja menn um hvað gerist hvarvetna þar sem menn koma saman. Ég held að ekki sé unnt að gera þá kröfu, hvorki til núv. ráðh. né fyrrv. ráðh., að þeir segi frá öllu því sem þeir taka sér fyrir hendur. Það er verið að setja einhvern samsærisstimpil á slíkar samkomur. Það er fjarri lagi. Með sama hætti er hægt að gera ráð fyrir samsæri á hvaða öðrum samkomum sem eru sem ekki fara þannig fram að umr. á þeim eru ekki birtar í fjölmiðlum eða fulltrúar fjölmiðla hafa ekki heimild til fundarsetu. Ég held í sannleika sagt að það sé sorglegur vottur um vanmeta- og minnimáttarkennd sem kemur fram í orðum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að menn geti ekki umgengist erlenda menn á jafnréttisgrundvelli, haft af því gagn og fróðleik að ræða við þá og jafnvel gert sínu eigin landi gagn um leið.

Þessi minnimáttar- og vanmetakennd kemur alveg skýrt og greinilega fram í því þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, og raunar hæstv. viðskrh. Svavar Gestsson af öðru tilefni á þingi, gagnrýnir að Mondale varaforseti Bandaríkjanna óskaði eftir að ræða við mig þegar hann var hér á ferð fyrir nokkrum vikum. Ég held að það sé ekkert óvenjulegt að valdamenn, sem eru í heimsókn í öðrum ríkjum, ræði gjarnan við leiðtoga stjórnarandstöðu í viðkomandi ríkjum. Ég held að það sé mjög venjulegur háttur í dagskrá slíkra manna í heimsóknum þeirra í öðrum löndum.

Svo vildi til, að við Mondale varaforseti höfðum átt viðræður þegar hann hafði viðkomu hér á landi í ferð sinni frá París til Japans og á þeim viðræðufundi var m. a. rætt um samvinnu Bandaríkjanna og Íslands varðandi varnarstöðina og byggingu flugstöðvar, aðskilnað varnarstöðvar og almenns flugs, eins og unnt væri að koma í framkvæmd. Þær viðræður og margar fleiri, sem á eftir fóru og hæstv. þáv. utanrrh. og stundum ég tókum þátt í, leiddu svo til þess að fyrir liggur yfirlýsing frá Bandaríkjamönnum um að þeir séu reiðubúnir til að taka þátt í byggingu slíkrar flugstöðvar. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson nefndi að í því væri fólgin aronska, — er það ekki rétt með farið? (**ÓRG:** Sömu ættar.) — eða sömu ættar. Ég vil mótmæla því og benda á að Alþb. lét sér lynda að Bandaríkjamenn kostuðu alfarið lengingu flugbrautanna á Keflavíkurflugvelli í fyrri vinstri stjórn þessa áratugs og gerðu það ekki að fráfararatriði í þeirri ríkisstj. Forsendan fyrir því var að Bandaríkjamenn höfðu gagn af lengingu flugbrautanna. Forsendan fyrir þátttöku Bandaríkjamanna í byggingu flugstöðvarinnar er auðvitað sú hin sama, að þeir hafa hag af því að aðskilja varnarsvæðið sjálft því svæði sem almenn flugstarfsemi fer fram á að svo miklu leyti sem slíkt er unnt. Þarna er um gagnkvæma hagsmuni að ræða og á grundvelli þeirrar gagnkvæmni er ekki óeðlileg sameiginleg þátttaka í útgjöldum vegna framkvæmda. Þar eru mörkin sem ég set. Ég tel að við eigum ekki undir neinum kringumstæðum að vera fjárhagslega háðir varnarliðinu eða Bandaríkjamönnum, þannig að við getum, hvenær sem við teljum það tímabært, tekið ákvörðun um að varnarliðið fari af landi brott og fjárhagslegir hagsmunir séu þá ekki ákvörðunarástæða fyrir frekari dvöl bandarísks varnarliðs, heldur eingöngu öryggishagsmunir Íslands.

Í þessu sambandi vil ég bæta við, að það er ólíku saman að jafna hvort Norðmenn hafa erlent varnarlið í landi sínu og við, vegna þess að Norðmenn hafa eigin her sem getur innt af hendi á friðartímum það hlutverk sem bandaríska varnarliðið innir af hendi hér á landi.

Það er svo rétt að ég notfæri mér ekki um of eða misnoti ekki leyfi hæstv. forseta, og vil ég því fara að ljúka máli mínu. En að lokum vil ég minna á að gefnu tilefni af orðum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að sannleikurinn er sá, að Íslendingar eru ekki svo klofnir í utanríkis- og varnarmálum sem hann vildi vera láta í ræðu sinni. Sannleikurinn er sá, að tekist hefur mjög víðtæk samstaða einmitt í utanríkis- og varnarmálum. Ekkert sýnir þá samstöðu í raun og veru betur en sú staðreynd að Alþb.-menn taka þátt í myndun ríkisstj. í fyrsta sinn án þess að gera að skilyrði að varnarliðið hverfi af landi brott eða neitt sé á það minnst. Alþb.-menn gera sér nefnilega grein fyrir að samstaða er fyrir hendi meðal íslensku þjóðarinnar um að tryggja öryggi sitt og sjálfstæði og þeir þorðu ekki að gera þetta að ásteytingarsteini við stjórnarmyndun þegar núv. ríkisstj. var mynduð. Það er fleipur er hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson þykist berja sér á brjóst og vera andstæðingur varnarstöðvarinnar. Honum er það ekkert ofarlega í huga. Hann er að reyna að halda þeim örfáu atkv. sem eru þess sinnis að varnarliðinu beri að vísa af landi brott, — reyna að halda þeim innan vébanda Alþ. svo að klofningsflokkar rísi ekki upp á vinstri væng Alþb. En hann meinar ekki nokkurn skapaðan hlut annan með orðum sínum. Hann er reiðubúinn að vinna í ríkisstj., bæði þeirri sem nú situr eða jafnvel með Sjálfstfl. í framtíðinni, og leggja þetta ágreiningsefni til hliðar. — En innan sviga vil ég geta þess, að það er eftir að vita hversu fýsileg slík stjórnarsamvinna er fyrir Sjálfstfl.

Þetta er sannleikurinn í málinu. Á því er vakin sérstök athygli í ályktun landsfundar Sjálfstfl. um utanríkismál, að við myndun núv. ríkisstj., þriðju vinstri stjórnarinnar síðan 1944, hefur verið ákveðið að fylgja óbreyttri meginstefnu í utanríkismálum. Það er í fyrsta sinn sem slík stjórn hefur ekki að markmiði að slíta varnarsamstarfinu við Bandaríkin. Þessi staðreynd sýnir að stefna sú, sem Sjálfstfl. hefur haft frumkvæði um að marka, nýtur æ víðtækari viðurkenningar eftir því sem betri yfirsýn og reynsla hefur fengist. Sú stefna, sem Sjálfstfl. hefur markað í utanríkismálum og núv. ríkisstj. fylgir enn í höfuðatriðum, hefur í raun tryggt sjálfstæðið og þjóðinni full yfirráð yfir auðlindum sínum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Skýrsla utanrrh. um utanríkismál hefur verið rædd allmjög í dag og m. a. af tveimur fulltrúum flokks míns. Ég ætla því ekki að fara að endurtaka eða ræða um þau atriði sem þeir gerðu skil, en ætla fyrst og fremst að ræða nokkuð um hafréttarmál, sem fram koma í IV. kafla þessarar skýrslu, og sömuleiðis um Jan Mayen.

Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa skýrslu. Ég get

ekki annað en talið að hún sé í heild greinargóð og skipulega fram sett og nái yfir utanríkismálin almennt.

Ég vil leggja áherslu á að frv. það, sem hæstv. utanrrh. lagði fram um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og er nú komið til seinni d., fái sem skjótasta afgreiðslu. Ég tel að það sé mjög aðkallandi og mikils virði í sambandi við hafréttarmálin almennt og þá ekki síst vegna Jan Mayen-málsins að það frv. verði sem allra fyrst gert að lögum. Í 7. gr. þess frv., um afmörkun svæða milli landa, segir að afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns milli Íslands og annarra landa skuli eftir atvikum ákveðin með samningum við hlutaðeigandi ríki og skuli slíkir samningar háðir samþykki Íslands. Þó verði tekið fram, að efnahagslögsaga og landgrunn Íslands séu miðuð við 200 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar, að því undanskildu þó að þar sem skemmra er en 400 sjómílur milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar skuli efnahagslögsaga og landgrunn Íslands afmarkast af miðlínu. — Á Hafréttarráðstefnunni hafa lengi verið deilur um hvort miða eigi við miðlínu milli landa eða hvort sanngirnissjónarmið í hverju einstöku tilviki eigi að ráða þegar landgrunn er sameiginlegt eða 200 mílna efnahagslögsaga eins ríkis rekst á efnahagslögsögu annars. Í því máli koma einnig fram sjónarmið varðandi eyjar og kletta. Þar eru ólíkar aðstæður og eðlilegt að hvert slíkt tilvik sé skoðað fyrir sig. Þá koma til samningaviðræður milli hlutaðeigandi ríkja. Í 7. gr. í frv., sem hér liggur fyrir, er miðað við að slíkar samningaviðræður fari fram.

Þegar reglugerðin um útfærslu fiskveiðilögsögunnar var gefin út 15. júlí 1975 var miðað við 200 mílur í átt til Jan Mayen, en hins vegar þótti rétt við útgáfu reglugerðarinnar að láta miðlínu ráða á milli landanna. Þegar við athugum, hvernig ástatt var í samskiptum þjóða á milli í sambandi við hafréttarmál þegar við tókum þá djörfu ákvörðun að færa út í 200 mílur kemur í ljós að við höfðum flestar þjóðir á móti okkur á þeim tíma. Þess vegna ákváðum við að ekki skyldi koma til útfærslu í átt til Jan Mayen í 200 mílur, heldur miðlína látin ráða óákveðið, en lýst yfir að með því værum við ekki að tapa neinum rétti til 200 mílna útfærslu síðar. Þá höfðum við ekki beinna og aðkallandi fiskveiðihagsmuna að gæta á því svæði sem við höfðum á árum áður meðan síldveiðar voru. Þá var ekki um loðnuveiði að ræða að sumrinu því að hún hafði öll verið innan 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. En nú hafa orðið þáttaskil, einkum á s. l. sumri. Það þykir nú sannað að sami loðnustofninn þrífist við Ísland og á Jan Mayen-svæðinu sem kallað er. Þegar við tölum um Jan Mayen-svæðið er átt við stærra svæði en það sem Norðmenn vilja telja til yfirráðasvæðis síns umhverfis Jan Mayen, kemur einnig inn á svæði það sem Grænland kemur til með að hafa áhrif á þegar þar hefur verið tekin ákvörðun um útfærslu. Þær veiðar, sem átt hafa sér stað, sérstaklega s. l. ár, á öllu þessu svæði, getum við ekkert fullyrt um né hve mikið var veitt á því yfirráðasvæði Noregs sem Norðmenn telja sig eiga að hafa.

Ég tel að við Íslendingar getum ekki annað en haldið okkur fast við kröfur okkar í þessum efnum. Það er enn þá ekki ráðið um réttindi eyja eins og Jan Mayen á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, þó að ákvæði 121. gr. draga að hafréttarsáttmála sé kannske Norðmönnum að einhverju leyti styrkur í þeirri baráttu sem þeir hyggjast heyja. Yfirlýsing Norðmanna um að þeir hyggist taka sér 200 mílna efnahagslögsögu er þess eðlis að við verðum að standa vel á verði og styrkja eins og okkur er kostur íslenskan málstað. Lítum á það sem skiptir verulegu máli í röksemdafærslu okkar Íslendinga:

1. Jan Mayen er á landgrunni okkar.

2. Svæði þetta heitir á öllum jarðfræðikortum „íslenska hásléttan“, og er dýpi yfirleitt 1000—2000 metrar þar sem það er ekki enn þá minna.

3. Úthafsgjá liggur á milli Noregs og Jan Mayen sem er u. þ. b. 3500 m á dýpt.

4. Jan Mayen varð fyrst annexía Noregs 1921 og ekki innlimuð fyrr en 1930. Fram að þeim tíma var eyjan allt eins talin íslensk og norsk. Þessu megum við ekki gleyma þó að senn séu liðin 50 ár.

5. Íslendingar sóttu til Jan Mayen rekavið og töldu sér fullheimilt að fá á undan Norðmönnum og hafa ætíð litið svo á að þeim væri heimil hagnýting hafsvæðisins umhverfis Jan Mayen.

6. Þá eiga hafréttarreglur, eins og nú er komið störfum Hafréttarráðstefnunnar, að byggjast á sanngirnissjónarmiðum fyrst og fremst. Óbyggð smáeyja, sem fyrir tilviljun varð norsk, en ekki íslensk, getur ekki haft sambærilegan rétt við þjóðland, land þar sem býr og starfar þjóðfélag. Er samanburður allur okkur í hag ef við lítum á sanngirnissjónarmiðið annars vegar, en lítum hins vegar á að Jan Mayen er svo að segja óbyggð eyja þar sem búa tiltölulega fáar manneskjur sem ekkert nýta af auðlindum eyjarinnar.

7. Engar alþjóðareglur hafa myndast um óbyggðar smáeyjar á landgrunni annars ríkis. Fulltrúar Norðmanna hafa verið beðnir um að benda á dæmi um slíka eignatöku, en það hefur ekki komið fram hjá þeim enn þá.

8. Efnahagslögsaga Norðmanna við Jan Mayen mundi skerða hafsbotnsréttindi okkar, jafnvel þótt þeir viðurkenndu óskoraða 200 mílna efnahagslögsögu okkar, því að efnahagslögsagan tekur bæði til hafsins og hafsbotnsins.

9. Réttur til efnahagslögsögu einskorðast við þjóðlönd og hefur verið að myndast „de facto“ þar sem ríki hafa tekið sér hann. Engin slík lög hafa myndast um óbyggðar smáeyjar á landgrunni annarra. Sjálft orðið „efnahagslögsaga“ sýnir að tilvist hinnar nýju þjóðréttarreglu byggist á því að tryggja þurfi hag fólksins sem strandríki byggir, en slík nýskipan er ekki tekin upp vegna fjarlægra eyja.

10. 12. gr. frv. að hafréttarsáttmála er ekki alþjóðalög fremur en annað sem í drögunum stendur, en ekkert af því hefur enn þá verið samþykkt. Því er ekki um alþjóðareglur að lögum að ræða. Aðeins það, sem almennt hefur komið til framkvæmda, er réttur í raun.

11. Geri Norðmenn alvöru úr því að lýsa yfir 12 mílna efnahagslögsögu, sem gengur inn á landgrunn annars ríkis sem okkar, vegna óbyggðrar smáeyjar með þeim hætti sem þeir hafa tilkynnt hljótum við að snúast öndverðir gegn slíku.

Á þingflokksfundi Sjálfstfl. í dag var samþykkt, að þingflokkur Sjálfstfl. telur að Norðmenn geti ekki lýst yfir 200 sjómílna efnahags- eða fiskveiðilögsögu umhverfis Jan Mayen án undangenginna samninga við Íslendinga. Ég tel að samþykkt Sjálfstfl. í þessum efnum og vonandi einnig annarra þingflokka verði til að styrkja stöðu hæstv. utanrrh. þegar hann hittir að máli innan nokkurra daga utanrrh. Norðmanna, Frydenlund, og

verði til þess að sýna Norðmönnum að okkur Íslendingum er full alvara í því að láta í engu rétt okkar. Hitt er svo annað mál, sem verður ekki í efa dregið, að við Íslendingar viljum auðvitað hafa sem vinsamlegust samskipti við nágrannaþjóðir okkar og þá ekki síður við Norðmenn en aðrar nágranna- og frændþjóðir okkar.

Um er að ræða annars vegar land sem byggir fyrst og fremst lífsafkomu sína á fiskveiðum, þar sem Ísland er, og hins vegar eyju undir norskum yfirráðum þar sem í raun og veru ekkert samfélag er til eða a. m. k. ekki neitt sem heitir að lifa á auðlindum hafsins. Á slíku er auðvitað reginmunur sem hlýtur að styrkja stöðu okkar í þessum málum í vitund annarra þjóða. Getur því ekki farið hjá því að á þessu verðum við að halda mjög ákveðið, en þó af lipurð.

Við viljum vafalaust öll vinna þannig að þessum málum að ná samkomulagi við Norðmenn um nýtingu fiskveiða á svæðinu umhverfis Jan Mayen. Hins vegar er það Íslendinga einna að ákvarða hvernig við nýtum 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar. Við færðum út fiskveiðilögsögu okkar 1975. Þá mótmæltu Norðmenn ekki. Með þögninni hafa þeir því samþykkt aðgerðir okkar 1975. Þar höfum við þegar fengið næstum því fjögurra ára forskot. Samgöngur eru það góðar á milli landanna að það hefðu átt að berast mótmæli til okkar á þessu tímabili ef einhver hefðu verið. Hinu er ekki að leyna, að við höfum hug á og eigum að hafa hug á að reyna að ná samningum um veiðarnar umhverfis Jan Mayen, sérstaklega um loðnuveiðarnar, um annað er ekki að ræða núna, og það er okkur auðvitað mikið kappsmál að eiga þá samninga við Norðmenn eina. Hins vegar vitum við ekkert hvað verður í framtíðinni um fiskveiðilögsögu Grænlands. Fiskveiðilögsaga Grænlands verður um 1.5 millj. km². Þar af eru 700 þús. km² við Vestur-Grænland og 500 þús. km² sunnan 67° við Austur-Grænland. Hin nýja 200 sjómílna lögsaga Austur-Grænlands nær aðeins að 67° nl. br. enn sem komið er. Þessi mál eru, eins og hæstv. utanrrh. sagði í frumræðu sinni í dag, í höndum Dana, en þegar fiskveiðilögsagan verður færð út í 200 mílur, hvenær sem þeir gera það, verður boltinn gefinn til Efnahagsbandalagsins í sambandi við nýtingu þess hafsvæðis.

Ef við lítum á það hafsvæði allt sem þessar þjóðir koma til með í framtíðinni að ráða yfir, Grænland, Færeyjar og Ísland, er talið að fiskveiðilögsaga Færeyja sé um 270 þús. km², fiskveiðilögsaga Grænlands verður um 1.5 millj. km² þegar allar aðgerðir hafa verið gerðar og — eins og allir vita — fiskveiðilögsaga Íslendinga um 758 þús. km². Hér er því um gífurlegt hafsvæði að ræða, og þrátt fyrir full- og ofnýtta ákveðna fiskstofna eru ótal möguleikar á því mikla hafsvæði fyrir þjóðirnar í framtíðinni. En hins vegar megum við auðvitað gjalda varhuga við að grænlenska fiskveiðilögsagan er og verður sennilega ekki í náinni framtíð undir stjórn þeirrar fámennu þjóðar, heldur meira í höndum þeirra sem stærri eru. Þá á ég sérstaklega við Efnahagsbandalagið.

Efnahagsbandalagsþjóðirnar eiga við ýmsa erfiðleika að etja á sviði fiskveiðimála eins og aðrar þjóðir. Hafa margar þjóðir þess bandalags orðið að grípa til mikilla samdráttaraðgerða í fiskveiðimálum, sem gera það að verkum að stór hluti fiskiflota bandalagsþjóða liggur lítt notaður og vaxandi eru kröfur fiskimanna þessara þjóða um að nýta mun betur þá möguleika sem bandalagið getur haft. Við megum því búast við að þarna verði sótt á í framtíðinni.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna að þegar harðast var að okkur gengið um veiðiheimildir, eftir að fiskveiðilögsagan var færð út í 200 mílur og við stefndum markvisst að því að losa okkur við erlendar þjóðir á miðunum og fá full yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu, sótti Efnahagsbandalagið á og átti við okkur tvo formlega viðræðufundi hér á landi og eins fundi úti í Brüssel. Þá ákvað fyrrv. ríkisstj. að við semdum drög að fiskverndarsamningi sem fulltrúum Efnahagsbandalagsins voru afhent, en harðlega var neitað um fiskveiðiheimildir innan fiskveiðilögsögu okkar. Þá hugsaði Efnahagsbandalagið eða fulltrúar þess fyrst og fremst um að fá hér veiðiheimildir fyrir skip þjóða innan bandalagsins, en kannske var minna hugsað um að búa til samræmda fiskverndarstefnu. Ég er sannfærður um að þau drög, sem þá voru afhent, urðu til þess að hægt var að tala um fiskveiðiheimildir. Á hinn bóginn eru þau mikils virði fyrir okkur vegna þess að við eigum mikilla hagsmuna að gæta, ekki eingöngu í loðnuveiði norðaustur og austur í hafinu, heldur einnig á milli Vestfjarða og Grænlands, þá á ég fyrst og fremst við sumarloðnuna og sömuleiðis eru enn vestar sameiginleg mið þar sem við veiðum þá fiskstofna sem við erum að nýta í ríkari mæli, og þá á ég einkum við kolmunnann sem verður vafalaust gífurlega stór þáttur í útgerð okkar á næstu árum og fer hraðvaxandi, sérstaklega nú þegar enn eru gerðar takmarkanir á loðnumagninu sem veiða má, og svo kemur djúprækjan sem er sótt í í vaxandi mæli af okkur Íslendingum. Ýmis önnur sameiginleg mið eru á þessum slóðum. Mikilvæg karfamið eru þar. Því ber okkur að haga málflutningi okkar og stefnu í fiskveiðimálum með þeim hætti að við getum laðað Efnahagsbandalagsþjóðir til samstarfs við okkur. Við þurfum sannarlega á því að halda og það innan ekki langs tíma að mínu mati.

Stærsti sigur okkar var auðvitað að færa út í 200 sjómílur og ná því marki að þær þjóðir, sem hér veiddu mest og hafa veitt hér í mörg hundruð ár, eru horfnar af miðum okkar og eins að losna við stóran og afkastamikinn fiskiflota sem sótti mikið í tilteknar fisktegundir á svæðinu frá 50 í 200 mílur. Þá komu auðvitað, eins og alltaf, kröfur fram um að segja upp öllum fiskveiðisamningum, reka sem sagt alla frá. En þar þurfti að gæta líka nokkurra skildinga, þó að ég viðurkenni fúslega að æskilegast hefði verið að engin erlend þjóð væri innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Þrjár þjóðir urðu eftir sem samninga hafa gert. Ég hafði þá skoðun fyrir mitt leyti og fyrrv. ríkisstj. samþykkti og staðfesti að þeim yrði ekki sagt upp.

Í fyrsta lagi var samningurinn við Færeyinga, sem er langstærsti samningurinn og er um verulegt magn af fiski. Skoðun okkar var sú, að við mundum eiga vísa mikla og vaxandi andstöðu þjóða á Hafréttarráðstefnunni ef við segðum upp samningi við þjóð sem er ekki nema um fjórðungur á við okkur að stærð, — það eru ekki margar slíkar meðal næstu nágranna okkar, — og er að berjast fyrir tilveru sinni sem fiskveiðiþjóð og á allt líf sitt undir fiskveiðum, er að mynda sjálfstæða fiskveiðistefnu og hefur staðið frammi fyrir miklum erfiðleikum gagnvart t. d. Efnahagsbandalaginu eða ákveðnum þjóðum innan þess og hefur með bæði lipurð og hyggindum náð mjög verulegum árangri í samstarfi eða í samningum við þær þjóðir. Því kom ekki til greina frá mínum bæjardyrum séð að reka nágranna okkar, frændur og vini algerlega af

fiskimiðum okkar þó að við séum að gera mjög harðar og erfiðar ráðstafanir. Það var samið á sínum tíma við Færeyinga — og lækkað verulega — um 17 þús. tonna veiði, þar af 8000 tonn þorskur. Færeysku saltfisktogurunum var bægt frá í samningunum á tímabili fyrrv. ríkisstj. og síðan var þorskhlutfallið með frjálsu samkomulagi lækkað niður í 7 þús. lestir. Á tímabili núv. hæstv. ríkisstj. var enn þá lækkaður þorskkvóti Færeyinga um 1000 lestir. Hann er því kominn niður í 6000 lestir núna, sem var auðvitað hárrétt stefna. Auðvitað verða þeir, þó vinir okkar séu, að búa við hið sama og Íslendingar sjálfir.

Norski samningurinn er mjög lítilfjörlegur. Árið 1977 veiddu Norðmenn hér 3122 tonn og á s. l. ári var heildarveiði Norðmanna 2026 tonn, þar af tæp 200 tonn þorskur. Um umtalsverðan þorskafla er því í raun og veru ekki að ræða. Niðurskurður átti sér stað í tíð fyrrv. stjórnar. Það er í hendi sjútvrh. á hverjum tíma að afturkalla eða endurnýja ekki veiðileyfi til norskra fiskiskipa. Ég afturkallaði þau á s. l. sumri til þess að Norðmenn fyndu einnig fyrir þeim niðurskurði sem hér var verið að gera.

Ég tel fráleitt, á sama tíma og við þurfum að semja við Norðmenn um nýtingu hafsvæðisins umhverfis Jan Mayen, að segja upp þessum lítilfjörlega samningi. Við stöndum einnig í samningum við þá og þurfum að gera um norsk-íslenska síldarstofninn, sem vinir okkar Færeyingar vilja kalla Norður-Atlantshafssíldarstofninn. Þar brugðust Norðmenn okkur — það verður að segja hverja sögu eins og hún er — með því að leyfa að vísu takmarkaða veiði af þeim stofni í fjörðum Noregs. En grunur leikur nú á að þar hafi verið veitt miklu meira en norsk stjórnvöld heimiluðu. Það urðu okkur mjög sár vonbrigði að Norðmenn skyldu gera þetta, þrátt fyrir að búið var að lofa að hafa í þeim efnum samvinnu og samstarf við Íslendinga.

Þá er einnig nauðsynlegt fyrir okkur að semja við Norðmenn ef við viljum nýta hrefnuna í Norður-Atlantshafinu. Kvóta Alþjóðahvalveiðiráðsins hefur verið mjög misskipt í Norður-Atlantshafi og eins hefur þegar sunnar dregur verið leyft að veiða hlutfallslega miklu fleiri dýr. Við þurfum að auka þessa nýtingu miklu meira í fiskveiðilögsögu okkar, enda er um mikla skömmtunarveiði að ræða. Meðan kvótakerfið er, sem mun verða, höfum við auðvitað undirgengist að hlýða samþykktum Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem eru mikilvægar fyrir okkur eins og allar aðrar þjóðir sem hér hafa hagsmuna að gæta.

Þriðji samningurinn, sem um er að ræða, er belgíski samningurinn. Ég vil vitna til þess þegar samningurinn við Færeyinga kom til atkv. í marsmánuði, 14. mars hygg ég að það hafi verið. Þá gerði ég þegar grein fyrir afstöðu minni við nafnakall um samninginn. Ég sagði þá varðandi samninginn við Belga:

„Ég er því fylgjandi að utanrrn. Íslands í samráði við sjútvrn. taki upp frjálsa samninga við Belga um að lækka frá gildandi samningi hámarksafla þeirra úr 6500 tonnum, sem þeir hafa ekki komist upp í á undanförnum árum að veiða, og niður í a. m. k. 4400 tonn og þorskafla þar af um helming frá því sem hann er í gildandi samningi."

Ég sé að hæstv. utanrrh. hefur ákveðið að ganga til samninga við Belga. Hann nefnir 5 þús. tonn og að þorskur megi ekki fara yfir 15% af því magni.

Ef við lítum á þann samning, sem gerður var við Belga af fyrrv. utanrrh., Einari Ágústssyni, er fiskveiðikvóti Belga 6500 lestir. Er gert ráð fyrir að 12 belgískir togarar fái að veiða upp í þann samning. Eftir að sá samningur var gerður hafa aldrei verið 12 belgískir togarar sem hafa notað sér veiðiheimildir, því að 1974 er síðasta árið sem 12 belgískir togarar komu á Íslandsmið, 1975 voru þeir ekki nema 11, 1976 og 1977 voru þeir aðeins 10 og á s. l. ári var togarafjöldinn kominn niður í 8. Á fskj., sem fylgdi samningnum, stendur að af þessum 12 togurum voru 5 upprunalega innan við 200 tonn og ég held 4 á milli 200 og 300 tonn. Þarna var því ekki um nein stærðarskip að ræða. Ég tel sjálfsagt að endurnýja samning þennan og alls ekki segja honum upp. Ég hefði þó talið rétt að við gerðum kröfu um að lækka magnið í 4400 tonn. En það skiptir ekki sköpum fyrir okkur Íslendinga í þessum efnum miðað við skipafjöldann sem hér er um að ræða. Í raun og veru væru 5 þús. tonn enginn niðurskurður frá því sem verið hefur, því að 1977 var heildarafli Belga hér ekki nema 5960 tonn og á s. l. ári var hann 5743 tonn, þorskaflinn á s. l. ári þar af aðeins 1360 tonn, en með 5000 tonna veiði og 15% mættu vera þorskur er þorskaflinn um 750 tonn, sem er svipað eða það sama og ég vitnaði til í sambandi við afgreiðslu á færeyska samningnum.

Ég held líka að það sé mikilvægt atriði að ákvörðun sé tekin sem allra fyrst um að loðnuveiðar byrji seinna á þessu ári en hefur verið undanfarin ár, enda er sumarveiði á loðnu ný hér við land. Sjútvrn. var á þeim tíma að þreifa sig áfram með hvenær ætti að leyfa að byrja sumarveiði, og ég held að reynslan hafi kennt okkur að við eigum ekki að byrja jafnsnemma og leyft var á s. l. ári. Ef ég hefði átt að taka ákvörðun um það aftur hefði ég fært leyfistímabilið aftur og ákvarðað þegar í stað hvenær veiðitímabil ætti að hefjast, því að slíkt er líka nauðsynlegt fyrir útgerðarmenn og sjómenn að vita. En ég tel aftur á móti mikils virði að ákvörðun sé tekin sem allra fyrst, þannig að hæstv. utanrrh. geti sagt við starfsbróður sinn, Frydenlund, þegar hann ræðir við hann, að við höfum þegar í stað tekið ákvörðun um að draga verulega úr sumarveiði á loðnu með því að hefja veiðar seinna en áður. Það sýnir og sannar Norðmönnum þá að okkur er alvara.

Hitt er svo annað mál, að við verðum að fara mjög gætilega í þann niðurskurð sem á að gera. Það verður okkur auðvitað þungt áfall að stefna allt niður í 600 þús. lesta ársafla af loðnu, eins og fiskifræðingar hafa lagt til, bæði norskir, íslenskir og færeyskir, og ég tel fyrir mitt leyti að ástæða væri til þess að þær skýrslur væru kannaðar og viðræður hafnar sem fyrst um það atriði hvort hér sé virkilega svo mikil alvara á ferðum að skera þurfi niður loðnuafla svo gífurlega öfugt við þær björtu vonir sem vísindamenn okkar gáfu fyrir tæplega tveimur árum þegar þeir töldu að það mætti veiða allt upp í 1.5 millj. lesta. Hér er ekki um að ræða ofveiði eða að við höfum sótt meira í þennan fiskstofn en þeir hafa lagt til. Við höfum aldrei komist upp í lægri kantinn á því sem þeir sögðu að veiða mætti, fyrr en lítillega á nýliðinni vertíð að farið var fram úr markinu áður en sjútvrn. stöðvaði veiðarnar, svo að ekki hefur það skipt sköpum. Það liggja þá önnur og veigameiri atriði til grundvallar skoðun vísindamannanna.

Ég sagði í upphafi að ég ætlaði ekki að flytja ræðu um utanríkismálin almennt, heldur aðeins að gera hafréttar- og fiskveiðimálefni að umræðuefni. En þó get ég ekki

stillt mig um að nefna það eftir ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að Alþb. hefur samið sig inn í ríkisstj. á þeim forsendum að fylgja í öllum grundvallaratriðum stefnu fyrrv. ríkisstj. í utanríkismálum og þessu verður ekki breytt nema með samkomulagi allra þriggja stjórnmálaflokkanna, og þó að núv. hæstv. ríkisstj. sé brokkgeng vil ég ekki ætla henni að breyta um stefnu í utanríkismálum í neinum grundvallaratriðum. Það lítur því hálfkátbroslega út þegar talsmenn Alþb., eins og þessi hv. þm., eru að kvarta og kveina um ýmislegt. Þetta er það sem þeir hafa sjálfir samið um og hafa heitið að vinna að í samstarfsyfirlýsingu núv. ríkisstj. Og þó að þeir hafi sett bókun um að þeir hafi verið andvígir þátttöku Íslands í NATO liggur það fyrir að þeir skríða upp í hverja ríkisstj. á eftir annarri þar sem þeir sætta sig prýðilega við að Ísland sé í varnarsamstarfi vestrænna ríkja. Hitt er alveg rétt, að Keflavíkurgönguferðir leggjast alltaf niður á meðan vinstri stjórn situr, en svo þegar þeir eru komnir úr ríkisstj. fara þeir allir í Keflavíkurskóna sína og þramma með fána og kröfuspjöld á lofti og hvíla sig auðvitað oft því að þetta eru engir göngugarpar þegar allt kemur til alls. Slíkt er leikur sem þetta lið hefur leikið í mörg undanfarin ár og ekki nokkur heilvita Íslendingur tekur alvarlega, sem ekki er von. — Ég ætla að láta staðar numið.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. S. l. 4 ár, þegar skýrsla um utanríkismál hefur verið til umr., hefur það verið hlutskipti mitt að gagnrýna ákveðinn veigamikinn þátt í stefnumörkun og framkvæmd utanríkismála. Ég á þá að sjálfsögðu við afstöðuna til erlendrar hersetu í landinu og aðildar Íslands að hernaðarbandalagi. Þessi gagnrýni var bein og eðlileg afleiðing af þeirri alkunnu staðreynd að flokkur minn var algerlega andvígur stefnu fyrrv. ríkisstj. í þessum mikilvægu þáttum utanríkismála.

Nú er sú breyting á orðin, að flokkur minn á um þessar mundir aðild að ríkisstj. og ég er stuðningsmaður þeirrar ríkisstj. Hefði ég óneitanlega talið miklu máli skipta að geta nú lýst því yfir að með tilkomu nýrrar ríkisstj., sem flokkur minn tekur þátt í, hefði orðið umtalsverð breyting á stefnunni, a. m. k. gagnvart dvöl erlends herliðs í landinu. Svo er því miður ekki. Í öllum meginatriðum er fram haldið óbreyttri stefnu fyrrv. ríkisstj. í þeim málum.

Við myndun núv. stjórnar var því lýst yfir af hálfu Alþb., að það væri jafnt eftir sem áður andvígt aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi og dvöl herliðs í landinu. Mun ég víkja nokkru nánar að því atriði síðar í máli mínu.

Ég vil, þrátt fyrir það sem nú var sagt, þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans, sem er skipulega samið plagg. Hún er greinargóð um margt og nokkuð víða við komið. Það er að sjálfsögðu alltaf álitamál hvað á að taka fyrir í skýrslu sem þessari og hér hafa verið gerðar aths., að sumu leyti réttmætar, um atriði sem vel hefðu mátt vera í skýrslunni. En eins og oft vill verða þykir mér líklegt að ég komi til með að hafa fleiri orð um þau atriði skýrslunnar, sem ég hef aths. við að gera, en hin, sem ég er algerlega eða að meginmáli sammála. Ég vil þó ekki láta hjá líða að taka sérstaklega undir a. m. k. tvö atriði skýrslunnar og lýsa eindregnum stuðningi mínum við þau sjónarmið sem þar koma fram.

Hið fyrra er kaflinn sem fjallar um Grænland. Ég er hæstv. utanrrh. þakklátur fyrir þann lofsverða áhuga sem hann hefur sýnt á málefnum Grænlendinga sem nú hafa öðlast eigið þjóðþing og heimastjórn. Sé það rétt, sem sagt hefur verið, að við Íslendingar séum nálægt mörkum hins byggilega heims, — það hefur trúlega einhver látið ummælt á hörðu ísavori, — hvað má þá segja um Grænlendinga? Víst er að þeirri veiðimannaþjóð, sem það mikla land byggir, er mikill vandi á höndum að fóta sig í nútímanum, ef svo má að orði komast, og Grænlendinga bíða vafalaust mörg torleyst verkefni. Allt bendir til að aukin samskipti þeirra og okkar á komandi tíma geti orðið báðum þjóðunum til góðs. Svo verður væntanlega um fiskverndarmál, um fiskveiðipólitík o. fl. og e. t. v. — og vonandi — geta Grænlendingar sitthvað lært af reynslu okkar á ýmsum sviðum. Þau samskipti Alþingis og landsþings Grænlendinga, sem hæstv. utanrrh. segir í skýrslu sinni að æskilegt sé að komist á sem fyrst, tel ég að séu þegar hafin með heimboði grænlenskrar þingmannasendinefndar, en slíkt heimboð sendi Alþingi Grænlandsþingi 1. maí, en þann dag kom það saman í fyrsta skipti.

Hitt atriðið, sem ég vil víkja að fáeinum orðum og ýmsir ræðumenn hafa að vísu rætt nokkuð í dag og allir á eina lund, er aðstoð Íslendinga við þróunarlöndin.

Sú kenning heyrist stundum, að þar sem óleyst verkefni bíði víðs vegar hér á landi og við þurfum á vaxandi fjármunum að halda til margvíslegra verkefna, til heilsugæslu, til tryggingamála, til vegaframkvæmda, til hafnabóta og þannig mætti lengi telja, séum við lítt eða ekki aflögufærir til handa fátækum þjóðum heims. Hæstv. utanrrh. hafnar algerlega í skýrslu sinni og ræðu í dag þessari barlómskenningu, og það geri ég vissulega líka. Við höfum ráð á að taka myndarlegan þátt í þeirri viðleitni vel stæðra og ríkra þjóða að létta undir með þeim sem búa við skort og hörmungar. Í þessu efni hafa frændþjóðir okkar á Norðurlöndum skipað sér nú þegar í allra fremstu röð og að líkindum náð meiri árangri en ýmsar þjóðir aðrar og reynt með ýmsum hætti að tryggja að aðstoðin kæmi að raunverulegum notum. Á þessu sviði eins og ýmsum öðrum er litið til Norðurlanda sem nokkurrar fyrirmyndar. Hér höfum við Íslendingar því miður orðið algerir eftirbátar og megum sannarlega fyrirverða okkur fyrir. Ég tel þarflaust og raunar ófært að una því öllu lengur að við séum taldir hafa litla getu og enn minni vilja til að verða hér að liði. Við eigum einmitt, eins og hæstv. utanrrh. leggur áherslu á, að geta veitt þróunarlöndunum hlutdeild í sérfræðiþekkingu okkar á sviði fiskveiða, á því sviði að nýta jarðhita og ýmsum fleiri sviðum. Auk þess vil ég ekki gera lítið úr því, sem hv. 2. þm. Vesturl. lagði sérstaka áherslu á, að sumt af þeirri offramleiðslu, sem við erum næstum því að sligast undir, erum a. m. k. í vissum vandræðum með, ætti að komast til þeirra landa þar sem þörfin er. Ég get ekki séð annað en t. a. m. mjólkurduft væri mjög æskilegt í slíku skyni og ætti að vera tiltölulega auðvelt að sjá um flutning á því þótt um langan veg sé. Ég ætla ekki að hafa hér um fleiri orð að þessu sinni, en ég vil heita hæstv. utanrrh. fullum stuðningi mínum við að koma fram verulegri bragarbót. Það þurfum við að gera vegna sæmdar okkar og sjálfsvirðingar.

Þá vil ég víkja stuttlega að þeim kafla skýrslunnar sem fjallar um hafréttarmál og þó einungis að því er tekur til ágreinings við Norðmenn um hugsanlega fiskveiðilögsögu, sem þeir ráðgera að lýsa yfir við Jan Mayen, og þeirra áhrifa sem slík ákvörðun getur haft á 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar á hafsvæðinu milli Íslands

og Jan Mayen.

Ég vil í fyrsta lagi láta þá skoðun í ljós að samkv. þeim drögum að hafréttarsáttmála, sem nú liggja fyrir, geti Norðmenn á engan hátt helgað sér 200 mílna auðlindalögsögu við Jan Mayen og síðan í krafti þess krafist að miðlína sé látin skipta þarna á milli. Enn síður geta þeir gert slíkt í krafti einhverra gildandi alþjóðalaga. Slík einhliða yfirlýsing af Norðmanna hálfu, sem hefði áhrif til skerðingar á 200 mílna auðlindalögsögu okkar í átt til Jan Mayen, væri því jafngildi þess að Norðmenn legðu hald á hluta af óumdeilanlegri eða lítt umdeilanlegri íslenskri auðlindalögsögu. Nú er vitað að hæstv. utanrrh. mun á næstunni ræða þessi mál m. a. við utanrrh. Noregs. Ég dreg ekki í efa að hæstv. utanrrh. okkar mun halda þar á rétti okkar af fullri einurð, og ég tel mig geta fullvissað hann um að í þeim efnum stendur einhuga þjóð að baki honum.

Þá vil ég víkja nokkuð að hinum svonefndu varnarmálum.

Þeir menn eru til, jafnt innan Alþb. sem utan, sem furða sig á því og gagnrýna það með ýmsum hætti, stundum næsta kynlegum, eins og við heyrðum hjá síðasta ræðumanni, að Alþb. skuli hafa léð máls á því að gerast aðili að ríkisstj. sem ekki hefði brottför hersins á stefnuskrá sinni. Slíkar raddir úr röðum hernámssinna, frýjuorð eftir kokkabókum þeirra Morgunblaðsmanna, læt ég sem vind um eyrun þjóta. Ég tel ekki að taki því að svara þegar það kemur úr þeirri áttinni. En þeim stuðningsmönnum Alþb., sem gagnrýnt hafa og gagnrýna kunna þessa ákvörðun flokksins, og öðrum raunverulegum andstæðingum herstöðva á Íslandi vil ég segja að ég skil það ákaflega vel og tel á engan hátt óeðlilegt þó að menn spyrji hvaða rök geti verið fyrir því að flokkur eins og Alþb., sem bæði fyrr og síðar hefur lýst fullri andstöðu sinni við hersetu í landinu, skuli taka þátt í ríkisstj. með þau stefnumið í þeim efnum sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur. Ég vil að vísu bæta því við og leggja á það áherslu, að þrátt fyrir aðild að ríkisstj. hefur ekki einn einasti Alþb.-maður, svo að mér sé kunnugt, skipt um skoðun gagnvart herstöðvum á Íslandi eða gagnvart aðild að NATO. Í mínum huga, og það dæmi er mér að sjálfsögðu nærtækast, réð það úrslitum um fylgi við stjórnaraðild sem nú skal greina:

Ljóst var snemma í umr. um stjórnarmyndun á s. l. sumri, að enginn minnsti grundvöllur var til að koma saman ríkisstj. sem hefði á stefnuskrá sinni að láta herinn fara. Auk þess höfðum við Alþb.-menn af því nokkuð sára og jafnvel dýrkeypta reynslu að ekki er það eitt nægilegt eða einhlítt til að losa okkur við herinn þótt takast kunni með herkjum að fá væntanlega samstarfsflokka í ríkisstj. til að undirrita e. t. v. hálfloðnar yfirlýsingar um brottför hersins. Ef þeir hinir sömu flokkar eða ráðamenn í þeim eru í raun og veru andvígir slíkri lausn virðist vera um ýmsa möguleika og ýmis tækifæri að ræða til þess að grípa og koma á þann hátt í veg fyrir að slík fyrirheit í stjórnarsáttmála nái fram að ganga. Ég spurði því sjálfan mig að því nokkrum sinnum s. l. sumar: Þegar ljóst er að einungis tæpur fjórðungur alþm., sem hefur á bak við sig tæpan fjórðung kjósenda, er reiðubúinn til að segja upp herstöðvasamningnum, hvaða gagn gera þá 14 þm. Alþb. málstað herstöðvaandstæðinga með því að segja: Þar sem við getum ekki knúið fram stefnubreytingu í herstöðvamálinu, hvorki innan þings né innan væntanlegrar ríkisstj., tökum við ekki þátt í frekari stjórnarmyndunartilraunum, komum ekki nærri þessu, við höldum að okkur höndum, þá er ekki hætta á að þær óhreinkist, við bíðum einungis betri tíma? Að vel athuguðu máli komst ég að þeirri niðurstöðu að slík einangrun og fyrir fram útilokun frá því að bera ábyrgð og hafa áhrif þjónaði hvorki málstað herstöðvaandstæðinga né öðrum þeim stefnumiðum flokks míns sem ekki yrði kleift að ná fram í samstarfi við aðra flokka. Það er að sjálfsögðu ævinlega matsatriði þegar um er að ræða hugsanlega aðild að ríkisstj., hvort það, sem fram kann að nást hverju sinni, er nægilega þungt á metaskálunum til að réttlæta stjórnarþátttöku, þar sem vitað er að margt, sem mikilvægt er og mikilvægt hlýtur að teljast hverjum flokki, nær ekki fram að ganga í slíku stjórnarsamstarfi tveggja, að ég tali nú ekki um þriggja flokka.

En um þetta atriði ætla ég ekki að fjölyrða frekar að þessu sinni. Ég vil einungis undirstrika þetta: Það er svo með mig og þm. Alþb. alla, að þrátt fyrir aðild að þessari ríkisstj., ríkisstj. sem hefur óbreytt ástand í herstöðvamálum á stefnuskrá sinni, er ekki um neina stefnubreytingu að ræða af okkar hálfu. Þingflokkur Alþb. og Alþb. í heild er eftir sem áður andvígt her og herstöðvum hér á landi svo og aðild að NATO, og eins og segir í stjórnarsamningnum áskilur Alþb. sér allan rétt til að túlka þessa stefnu sína jafnt innan þings sem utan.

Það er vafalaust rétt, sem oft er haldið fram, að afstaða meiri hl. Alþingis til herstöðva á Íslandi þarf ekki að gefa og gefur trúlega ekki rétta mynd af viðhorfi kjósenda gagnvart þeim mikilvægu málum. Afstaða til flokka og frambjóðenda mótast af mörgum þáttum og herseta í landinu er einungis einn þeirra mörgu þátta. Sumir telja hann að vísu svo mikilvægan að hann ræður miklu eða jafnvel mestu um hvar þeir skipa sér í fylkinu. En hjá ýmsum hafa önnur atriði, aðrir þættir úrslitaáhrif, og það veldur því að töluvert misræmi getur verið og er í þessu efni milli þings og þjóðar. Þó að vel kunni það að vera rétt, sem ýmsir telja, að verulegur hluti kjósenda Framsfl. og umtalsverður hluti Alþfl.-kjósenda hafi viljað og vilji enn losna við herinn, breytir það í rauninni ákaflega litlu þar eð þeirra sjónarmiða gætir lítt eða ekki í stefnumótun og starfi umræddra flokka. Og þó að það sé óskemmtilegt fyrir okkur herstöðvaandstæðinga, held ég að það sé alveg nauðsynlegt að við gerum okkur ljósa grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa innan þessara tveggja flokka í þessu efni á undanförnum nokkrum árum.

Sú var tíðin, og hún er ekki ýkjalangt að baki, að mjög öflug hernámsandstaða var innan Framsfl. og hennar gætti meira eða minna í öllum stofnunum flokksins, ef svo má að orði kveða. Á hverju flokksþingi áttu skoðanir þeirra, sem vildu losna við herinn, ýmist sem allra fyrst eða í áföngum, miklu meirihlutafylgi að fagna. Að vísu tókst forustuliði flokksins eða meiri hl. þess gjarnan að koma í veg fyrir að sá vilji flokksþinga næði fram að ganga. En allt um það var hér um svo sterka hreyfingu að ræða meðal fylgismanna að taka varð til hennar allverulegt tillit. Nú er því miður svo komið, eða virðist svo komið, að sú andstaða við hersetu í landinu, sem enn kann að leynast og leynist með mörgum framsóknarmanni, virðist algerlega skipulagslaus, forustulaus, enda langt síðan framámaður í þeim flokki hefur sagt í alvöru eða með þeim orðum að eftir yrði tekið að hér eigi ekki að vera her á friðartímum.

Innan Alþfl. var og löngum talsverður hópur manna

sem lýsti sig andvígan dvöl erlends herliðs hér. Öðru hvoru virtist þessum skoðunum vaxa heldur fylgi en hitt innan flokksins, og frá ungum jafnaðarmönnum komu oft býsna skeleggar samþykktir í þá veru að herinn ætti að fara. En nú heyrast naumast slíkar raddir úr þeirri átt, síst svo að flokksforustan leggi við eyrun og fari að hlusta, ef þær raddir heyrast þá nokkrar.

Herstöðvaandstæðingar, hvar í flokki sem þeir standa, verða að mínu viti að átta sig á þeirri staðreynd, sem ég hef nú verið að lýsa. Eins og sakir standa eru því miður engar horfur á að hægt verði í náinni framtíð að knýja fram á Alþ. og innan ríkisstj. ákvarðanatöku um tafarlitla eða skjóta brottför herliðsins, hvað þá heldur úrsögn úr Atlantshafsbandalagi. En þá vakna að mínu viti spurningarnar um hvort ekkert sé þá hægt að gera meðan svo stendur. Og án þess að fara langt út í þá sálma nú svara ég slíkum spurningum hiklaust á þá leið, að eitt og annað sé hægt að gera. Með ýmsu móti á að vera kleift að draga úr háskalegum áhrifum hersetunnar, og ég tel nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort ekki er meirihlutavilji á hv. Alþ. fyrir ýmsum ráðstöfunum sem miða að því markmiði. Ég læt að þessu sinni nægja að benda á eitt atriði, sem ég tel þó afar mikilsvert og aldrei nægilega undirstrikað við þær aðstæður sem við búum nú.

Alhliða atvinnuuppbygging á Suðurnesjum er ein meginforsenda þess, að við Íslendingar getum með sæmilegu móti og án nokkurra annarlegra sjónarmiða metið hvort hér skuli dveljast lengur eða skemur sá erlendi her sem hér hefur verið býsna lengi. Meðan á þriðja þúsund Íslendinga á atvinnu sína og fjárhagslega afkomu undir því að herinn sé hér áfram verður örðugt að fá stöðuna metna án hliðsjónar af þeirri staðreynd. Í þessu sambandi fagna ég því, að atvmn. Sþ. hefur alveg nýlega sent frá sér nál. um þáltill. þá sem við fluttum, ég og hv. þm. Geir Gunnarsson, um Suðurnesjaáætlun, en atvmn. mælir eindregið með samþykkt þeirrar till. Uppbygging af slíku tagi sem þar er um fjallað er að mínu viti ein aðalforsenda þess að hægt verði að fá menn til að taka afstöðu til herstöðvamálsins án tillits til atvinnu- og fjárhagssjónarmiða. Ég er þeirrar skoðunar, að eitthvert mikilvægasta og raunhæfasta baráttumál, sem andstæðingar varanlegrar hersetu, hvar í flokki sem þeir standa, eiga að geta sameinast um, sé að beita sér fyrir því að stjórnvöld taki upp þá stefnu að takmörkuð verði og loks rofin að fullu fjárhagsleg og atvinnuleg tengsl Íslendinga og íslenskra fyrirtækja við herstöðina, að því verði unnið eftir sérstakri áætlun að Íslendingar hverfi úr öllum störfum tengdum herliðinu jafnóðum og þeim, sem þar vinna nú, hefur verið tryggð atvinna við íslenska atvinnuvegi, og verði í því skyni gert sérstakt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum, eins og ég hef þegar vikið að og till. okkar Geirs Gunnarssonar miðar að.

Herra forseti. Enda þótt sitthvað fleira sé umræðuvert í skýrslu hæstv. utanrrh. og margt sem mætti ræða um utanríkismálin umfram það sem ég hef þegar vikið að, þá ætla ég ekki að lengja umr. nú og læt því máli mínu lokið.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka utanrrh. fyrir að leggja þessa greinargóðu skýrslu fyrir Alþ. Ég tel að hún gefi ákaflega skýra og aðgengilega mynd af þeim viðhorfum sem efst eru á baugi á sviði utanríkismála. Ég ætla ekki að ræða skýrsluna almennt, heldur hef ég hug á að leggja nokkur orð í belg varðandi þann kafla hennar sem lýtur að hafréttarmálum og fleiri ræðumenn hafa fjallað um í umr.

Í skýrslunni er í stuttu máli skýrt frá stöðu mála á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, en eins og kunnugt er er 7. fundi hennar nýlokið. Það er skýrt frá því í skýrslunni, að þau mál, sem nú hafa mest verið rædd á Hafréttarráðstefnunni og skipta okkur Íslendinga mestu, eru ákvæði sáttmálans um skiptingu hafsvæða og landgrunns milli nágrannaríkja annars vegar og hins vegar reglur um hversu víðtæk landgrunnslögsaga skuli viðurkennd utan 200 mílna.

Ef ég vík fyrst að fyrra atriðinu, þ. e. a. s. reglum um skiptingu, er mönnum sjálfsagt kunnugt að þar hefur einkum verið deilt um tvö sjónarmið, hvort eigi að vera ríkara miðlínuregla eða sanngirnissjónarmið. Það er almenn samstaða um að mál af þessu tagi eigi að leysa með samningum og menn eigi að taka tillit við samningsgerðina til allra þátta sem máli skipta, en hins vegar hefur menn greint á um mikilvægi hinna tveggja viðmiðana: miðlínu og sanngirni. Í annan stað hafa menn deilt mjög um það, hver landgrunnsskilgreiningin á að vera utan 200 mílnanna, og deilur að sjálfsögðu staðið um það fyrst og fremst hversu víðtæk sú lögsaga eigi að vera, hversu langt út fyrir 200 mílur ríkjum skuli heimilt að fara. Íslenska sendinefndin hefur ekki hingað til tekið neina endanlega afstöðu til deilumála þessara og sjálfsagt hefur það ráðist að herfræðilegum sjónarmiðum, eða „taktík", en ég er þeirrar skoðunar að það séu mjög rík tilefni til þess fyrir Íslendinga að taka nokkru skýrari afstöðu til þessara álitamála vegna þess að við eigum mjög mikla hagsmuni tengda því hvað verður ofan á í þeim efnum.

Ef við lítum t. d. á landgrunnsskilgreininguna höfum við nokkuð augljósa hagsmuni af því að skilgreiningin verði sem víðust, og það þjónar hagsmunum okkar að styðja till. sem lýtur að víðtækri og víðri skilgreiningu á landgrunninu. Það reynir á þetta t. d. á Reykjaneshryggnum. Við gætum átt kost á að öðlast þó nokkuð mikil landgrunnsréttindi á þeim hrygg ef till. yrði ofan á, sem byggir á víðtækri skilgreiningu á landgrunninu. Þetta getur einnig skipt máli við Jan Mayen. Hversu víðtækt landgrunn þar telst vera getur ráðist mjög af því hver skilgreining verður ofan á í þessum efnum á Hafréttarráðstefnu.

Niðurstaðan um skiptingarregluna, miðlínu eða sanngirnissjónarmið, er grundvallaratriði í samningum okkar við Norðmenn um Jan Mayen-málið. Niðurstaðan í þeim málum gæti líka hugsanlega haft áhrif á viðskipti okkar við Grænlendinga, því að það getur mjög komið til álita fyrir Íslendinga að leita í framtíðinni eftir nokkrum veiðiréttindum handan miðlínu við Grænland, a. m. k. að því leyti sem Grænlendingar hafa ekki skilyrði til þess að hagnýta sér þau sjálfir. Og ef litið er aðeins nánar á Jan Mayen-málið er nokkuð augljóst að ef miðlínuregla yrði ofan á í textanum gætum við átt í erfiðleikum með að fá viðurkenndar 200 mílur okkar til fulls við Jan Mayen. Ef sanngirnissjónarmiðin yrðu hins vegar ríkari er jafnvíst og nokkuð öruggt að Norðmönnum liðist aldrei annað en láta okkur hafa að fullu 200 mílur þarna.

Það er annað atriði sem skiptir líka mjög miklu máli varðandi Jan Mayen-málið, hver skilningur verður lagður í 121. gr. hafréttartextans, en sú grein, eins og er raunar getið um stuttlega í skýrslu utanrrh., fjallar um réttindi eyja og kletta. Efnislega segir á þá leið í greininni, að eyjar skuli hafa öll efnahagsleg hafsréttindi eins

og um önnur lönd væri að tefla. Þó skal það ekki gilda um *kletta sem ekki hafa skilyrði til að halda uppi sjálfstæðu* efnahagslegu lífi. — Nú er það svo með Jan Mayen, eins og mönnum er öllum kunnugt, að þar eru ekki skilyrði til að halda uppi sjálfstæðu efnahagslegu lífi. Ég ítreka: Þar eru ekki skilyrði til að halda uppi sjálfstæðu efnahagslegu lífi. En það er einmitt það orðalag sem notað er í textanum. Jafnvel þótt Norðmenn gætu hugsanlega rekið einhver útibú þar eða efnahagsstarfsemi mundi það ekki duga til, vegna þess að það þarf að vera um sjálfstætt efnahagslíf að tefla. Auðvitað er óumdeilanlegt að Jan Mayen er eyja. En frá hinu efnahagslega sjónarmiði er það jafnóumdeilanlegt að Jan Mayen er vegna legu sinnar, veðurfars, ísalaga o. s. frv. nákvæmlega eins sett og ef hún væri klettur. Af þeim ástæðum orkar mjög tvímælis að Jan Mayen eigi nokkur sjálfstæð efnahagsleg hafsréttindi. Það atriði er auðvitað mjög mikilvægt frá sjónarhóli okkar. Það er fróðlegt að reyna að hugleiða hver staðan við Jan Mayen yrði ef ofan á yrði sá skilningur að Jan Mayen ætti engin réttindi. Þá væri náttúrlega *tvímælalaust að Íslendingar fengju að fullu 200 mílur.* Það er nokkuð ljóst einnig, að Íslendingar fengju veruleg botnsréttindi út fyrir 200 mílurnar og enn fremur fengju Íslendingar afskiptarétt af veiðum annarra þjóða á þessu svæði.

Ég held áfram og ræði nánar samningana við Norðmenn. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé ástæða til að flýta sér sérstaklega við þá samningagerð, enda verður aldrei hægt að ljúka þeim samningum til fullnustu fyrr en nokkurn veginn liggur fyrir hvað verður ofan á í hafréttarsáttmálanum á Hafréttarráðstefnunni. Sjónarmið okkar ætti því að vera að flýta okkur frekar hægt. Ég er samþykkur þeirri stefnu, sem utanrrh. hefur markað, að byrja á að ræða fiskveiðivandamál, en þó þurfum við í þeim viðræðum að gæta þess mjög vendilega að binda ekki hendur okkar og viðurkenna ekki réttindi Norðmanna sem þeir kannske eiga ekki vís. Norðmenn munu sjálfsagt í viðræðum um fiskveiðiréttindi við Jan Mayen byggja fyrst og fremst á ákvæðum 121. gr. hafréttarsáttmálans, og við munum auðvitað eiga erfitt með að fallast á, að sú grein veiti þeim yfirleitt nokkur réttindi, án þess að binda hendur okkar. Þar verður því að fara mjög varlega. Norðmenn geta líka hugsanlega byggt einhverjar réttindakröfur við Jan Mayen á hefð, þ. e. a. s. þeir hafi hefðað þarna nokkur veiðiréttindi fyrir veiðiskap sinn undanfarin ár. Þó mun sá veiðiskapur hafa verið lítill og stopull mjög.

Menn hafa rætt nokkuð um aðra fiskveiðisamninga sem í gildi eru, samningana við Færeyinga, Belga og Norðmenn, og ég ætla að segja í því sambandi að það er mjög ánægjulegt að vita til þess að þær óánægjuraddir, sem heyrðust frá sumum hv. alþm. fyrr í vetur um Færeyjasamninginn, virðast hljóðnaðar. Menn virðast allir hafa skilið að sá samningur er sanngjarn, hann tekur sanngjarnt mið af hagsmunum Íslendinga og Færeyinga.

Samninginn við Belga er að sjálfsögðu full ástæða til að endurskoða, einkum vegna þess að Belgar hafa ekki notað sér til fulls þau réttindi sem sá samningur veitir þeim. Þó finnst mér rétt að taka fullt tillit til þeirrar drengilegu afstöðu sem Belgar sýndu okkar á sínum tíma þegar við áttum í erfiðleikum og þurftum sannarlega á því að halda að einhverjar þjóðir styddu okkur. Belgar eiga að njóta þess. Þess vegna finnst mér þau mörk, sem rætt er um í skýrslunni, 5000 lestir og ekki yfir 15% af þorski í aflanum, vera sanngjörn, jafnvel þótt það þýði *enga eða litla minnkun á afla þeirra í raun.*

Mér finnst koma til álita að samningur Norðmanna um 2000 lestir, þar af 199 lestir af þorski, komi inn í umr. um Jan Mayen. Ef Norðmenn sýna mikla óbilgirni finnst mér ekki ástæða til þess að við látum þann samning liggja að fullu óhreyfðan.

En ég vil að lokum þakka utanrrh. fyrir þessa skýrslu. Ég tel hana greinargóða og stuðla einmitt að því, sem við höfum lengi þurft í íslenskum stjórnmálum og einkum umr. um utanríkismál, að gera umr. nokkru málefnalegri en þær hafa verið.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka þeim þm., sem tekið hafa þátt í þessari umr. sem hefur staðið í hálfan fimmta tíma, fyrir ræður þeirra sem yfirleitt hafa verið málefnalegar og hóflegar og haft margt gott fram að færa. Ef litið er á þær í heild tel ég mig geta sæmilega vel við unað. Gagnrýni hefur verið, eins og hæstv. forseti Sþ. benti á í ræðu sinni, aðallega af því tagi að benda á það sem vantaði, *en gjarnan hefði mátt vera í* skýrslunni. Þetta er óhjákvæmilegt og eðlilegt, því að sníða verður slíkri skýrslu einhvern stakk hvað stærð snertir og þegar hráefnið í hana lá fyrir þurfti að stytta marga kafla til að hafa á milli þeirra nokkurt samræmi.

Fyrsti ræðumaður á eftir mér síðdegis í dag var fyrirrennari minn, hv. 9. þm. Reykv. Þegar tekið er tillit til þess, að ég hef verið í stjórnarandstöðu í 6—7 ár og gegnt því hlutverki við umr. sem þessa að halda uppi andstöðu gegn hæstv. ráðh. eftir þeirri góðu bresku reglu að stjórnarandstaðan eigi að vera á móti stjórninni, þá finnst mér að hann hafi farið býsna mildum höndum um mig nú þegar hlutverk hafa snúist við. Sitthvað af því, sem hann hafði að benda á, er hverju orði sannara. Ég hef vissulega ekki í þessari skýrslu getað staðið við alla þá gagnrýni sem ég er búinn að hrúga á hann, kannske af minni kurteisi en hann sýndi mér, s. l. 6—7 ár.

Ég ætla að vísu að nefna eitt atriði sem hann tiltók, en það var varðandi viðskipti okkar við Suður-Afríku. Þau eru á almennan peningalegan mælikvarða ekki voðalega mikil, en engu að síður hafa þau verið mér þyrnir í augum alla tíð og eru enn. Um þau er það að segja, að ég tók fyrir nokkru það mál upp við viðskrh., en það snertir hann ekki síður en utanrrh., og hann tók mjög vel í að láta kanna í rn. sínu, því að þar eru sérfræðingar sem þekkja til viðskipta, hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að íslenskir innflytjendur séu samkv. einföldu krónu- og auralögmáli að styðja stjórnvöld í Suður-Afríku með því að kaupa af þeim ávexti sem hægt væri t. d. að kaupa í landi eins og Portúgal og styrkja þar með saltfisksölu okkar, svo að ég nefni aðeins eitt dæmi. Málið er í athugun og ég bíð eftir að heyra frá viðskrh. hvað viðskiptasérfræðingar hafa um þetta að segja. Eins og hæstv. ráðh. hefur sjálfur bent á áður ná alþjóðlegar samþykktir ekki til alþjóðlegs viðskiptabanns, þannig að við yrðum að ganga lengra en þær ná. Þær ná eingöngu til vopna og slíkra viðskipta enn sem komið er.

Hv. 2. þm. Vesturl. benti á það í sambandi við flugið, sem ýmsir ræðumenn hafa gert að umtalsefni vegna þess að það er orðinn meiri þáttur í utanríkismálum okkar en verið hefur áður, og það gerði raunar hv. 9. þm. Reykv. líka, að við ættum að sækjast mjög eftir að fá lendingarleyfi á fleiri stöðum, sérstaklega á vesturströnd Bandaríkjanna. Það var sótt um slíkt leyfi um leið og sótt var

um lendingarleyfi í Baltimore. Þá var þess synjað, en lendingar í Baltimore leyfðar. Í sambandi við nýtt erindi, sem sendiherra okkar hefur flutt til stjórnvalda í Washington um athugun á hvort fáanleg séu leyfi til að fljúga að einhverju leyti beint milli meginlands Evrópu og Bandaríkjanna, er einnig tekin upp aftur umsóknin um að við fáum lendingarleyfi á fleiri stöðum, þ. á m. fyrst og fremst á vesturströnd Bandaríkjanna sem mundi, eins og hv. þm. benti á, auka líkur á að þær flugvélar lentu ávallt hér á landi.

Hv. 3. landsk. þm., Ólafur Ragnar Grímsson, flutti mikla ræðu og kom víða við. Ýmislegt af því, sem var árásarkennt í máli hans, var ekki svaravert, þó að aðrir hafi þegar svarað því, en hann kom þó að nokkrum málefnalegum atriðum sem ég tel að rétt sé að minnast á þó að öll hafi þau verið rædd við önnur tækifæri.

Hann benti á að það vantaði kafla í skýrsluna um hvort kjarnorkuvopn væru á Íslandi. Þau mál hafa oft og tíðum verið rædd á Alþ. Á þessari stundu hef ég engar nýjar upplýsingar um það mál sem gefa sérstakt tilefni til að hafa um það kafla í skýrslunni. Hann talaði um að ganga þyrfti algerlega úr skugga um hvort kjarnorkuvopn væru hér eða ekki. Það er búið að gera margar tilraunir til þess. Hv. 9. þm. Reykv. gerði það t. d. þegar hann var utanrrh., leitaði til þeirra sérfræðinga sem fáanlegir eru hér á landi, sem margir hverjir virtust fyrst í stað vera bjartsýnir á að hægt væri að koma með einhver tæki og mæla hvort kjarnorkuvopn væru á Keflavíkurflugvelli eða ekki. Þegar til átti að taka guggnuðu þeir allir á verkinu. Það er og búið að leita til margra erlendra aðila, en svarið er hreinlega á þá lund að allt, sem snertir kjarnorkuvopn, sé svo viðkvæmt og pólitískt á allan hátt að það vilji enginn koma nálægt því né skipta sér af því hvort Ameríkumenn hafa þessi vopn hér eða ekki eða hjálpa okkur til að mæla það. Ég hef á þeim fáu mánuðum sem ég hef verið í starfi mínu sem ráðh., m. a. leitað eftir því hjá sérfræðingum í hlutlausu landi hvort einhverjar leiðir væru til að fá gengið úr skugga um þetta, en það hefur ekki tekist. Mál þetta byggist því eins og hingað til að verulegu leyti á þeim röksemdum sem fram hafa komið, sem eru á þá lund að kjarnorkuvopn, hvort sem þau eru lítil eða stór, krefjast það mikilla öryggisráðstafana að ég a. m. k. tel útilokað að þau gætu verið á opnum flugvöllum sem Keflavíkurflugvelli án þess að alvarlegar grunsemdir hefðu vaknað, ef ekki til þeirra sést. Ekki er um að ræða, að menn hafi gefist upp af því að þeir fái ekki svör, og ekki heldur um að ræða að það ráði úrslitum að bandarískir hermenn og herforingjar og þeir, sem starfa í utanríkisþjónustu þar, veita um allan heim nákvæmlega sömu svör þegar spurt er um þetta mál. Þeir segja hvorki af né á um það, hvar þeir hafa slík ógnarvopn.

Annað atriði nefndi hv. þm. sem ég taldi að væri efnislegt og eðlilegt umræðuefni. Það var að nú færi fram víða um Vestur-Evrópu gagnrýnin umræða um Atlantshafsbandalagið og væri því haldið fram að til hefðu verið aðrir kostir. Það byggðist á rangfærslum um hernaðarlegar upplýsingar og annað slíkt. Í þessum efnum hafa bæði Þjóðviljinn og hv. ræðumaður haldið sér við býsna þröngan bás hvað heimildir snertir, vitna í að einhver umræða hefur orðið í Hollandi, og ég held að það sé aðallega einhver einn krati þar sem vitnað er í. Ég vil benda hv. þm. á að það stendur í lok kaflans um öryggismál í skýrslu þeirri sem ég hef lagt fram, að einmitt í sambandi við afmæli Atlantshafsbandalagsins hafi orðið nokkur fræðileg umræða um hvort hin sögulega þróun í Evrópu í 30 ár hafi verið farsæl eða ekki, hvort um aðra kosti hafi verið að ræða frá upphafi fyrir þær þjóðir sem hafa tekið þátt í bandalaginu. Ég hef kynnt mér tvær eða þrjár bækur þar sem þetta hefur verið fræðilega rætt og taldir upp þeir kostir sem menn sjá að hefðu verið fyrir hendi. Ég hef sannfærst um að þeir eru ekki þesslegir að þeir hefðu náð þeim árangri sem öryggisstefna Vestur-Evrópuríkja og Atlantshafsríkja annars vegar og Varsjárríkjanna hins vegar hefur þó borið.

Hv. þm. hélt því fram, að Bandaríkjamenn veittu ekki Atlantshafsríkjunum og stjórnendum þeirra upplýsingar um varnarmál eða jafnvel blekktu þá og væri þarna um að ræða spurningu um lýðræðið sjálft. Ég tel að það sé rétt hjá honum að ef þessar ákærur hefðu við alvarlegar röksemdir að styðjast væri e. t. v. spurning um lýðræðið sjálft sem Atlantshafsbandalagið kennir sig við. Ég get ekki dæmt um þetta svo óbrigðult sé. Ég vil minna hann á að ég flutti hér — dálítið hikandi — í dag tíðindi, sem ekki höfðu komið nema nokkrar línur um í Morgunblaðinu, um hernaðarlega atburði sem höfðu gerst umhverfis Ísland síðustu vikurnar. Þetta var ekki uppfundið af sjálfum mér, heldur aflaði ég mér upplýsinga hjá varnarliðinu og fylgdist með því sem var að gerast. Hvað þá hluti snertir get ég ekki um það kvartað, að því er ég best fæ séð sjálfur, að neinu hafi verið leynt, og ég get sagt hv. þm. það, hvort sem hann metur það nokkurs eða ekki eða trúir því, að ég hef lagt á það áherslu í samtölum við bandaríska aðila, sem utanrrn. og varnarmálanefnd hafa samskipti við alla leið upp í varaforseta Bandaríkjanna, að þörf væri á miklu meiri upplýsingum um það sem er að gerast á vegum Atlantshafsbandalagsins og þá kannske allra aðila í kringum land okkar. Ég tel að það hafi ríkt allt of mikil þröngsýni, sem er að vissu leyti fylgifiskur manna sem gegna hernaðarlegum störfum, og að þeir skilji ekki lýðræðið eins og við stjórnmálamenn skiljum það. Þeir hafa tilhneigingu til leyndar. Ég hef talið að það væri eðlilegt að við fengjum meiri upplýsingar um hvað er að gerast í kringum okkur. Við getum svo lagt á það mat sjálfir hverju sinni. Þær upplýsingar, sem ég gaf í ræðu í dag, eru fyrstu beini vottur um það. Ég hef ekki spurt neinn um leyfi til að skýra frá þessu opinberlega og um það hafa ekki komið nema nokkrar línur í Morgunblaðinu. En þetta er atriði sem ég tel að snerti okkur.

Hv. þm. ræddi töluvert um samskiptin við bandaríska herliðið. Um ýmsar grundvallarkenningar hans erum við sammála. Enginn okkar æskir þess, að Íslendingar verði háðir atvinnu hjá varnarliðinu. Ég tel að í raun og veru séum við það ekki, þó að segja megi að 1500—1600 manns hafi atvinnu sína hjá varnarliðinu. Það má ekki taka heildartölu fólks, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli, vegna þess hve mikill fjöldi það er orðinn sem vinnur við flugið. Ég tel að um $^{2}/_{3}$ hlutar þess fólks, sem vinnur á flugvellinum, byggi vinnu sína á varnarliðinu og $^{1}/_{3}$ á íslenskum samgöngum og því sem fylgir: tolli, flugstöð, lögreglu og öðru slíku, en tölurnar eru 2100—2200 á veturna og fara upp í 2400—2500 á sumrin.

Ég tel ekki rétt að fara út í nákvæmar umr. um flugstöðvarbygginguna á þessu stigi. Ég hef skýrt frá því við nokkur tækifæri og þ. á m. s. l. haust — skömmu eftir að stjórnin var mynduð — í ríkisstj. og utanrmn., að það er unnið áfram að hönnun stöðvarinnar og hefur verið tekin ákvörðun um að hanna skuli stöð sem er þriðjungi minni en þær dönsku áætlanir byggðar á frönskum áætlunum

um umferð, sem áður voru fyrir hendi, gerðu ráð fyrir. Að þessu er nú unnið og verið að vinna að því sem kallað er fyrsti þriðjungur hönnunar. Seinna á þessu ári munu menn geta gert sér grein fyrir kostnaði og öðru slíku. Þá þarf að sjálfsögðu að gera upp við sig ýmis atriði í því sambandi og skoða hvað gerst hefur.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ræddi um Flugleiðir og dótturfyrirtæki þess félags, en þeim mun nú innan skamms formlega fjölgað um eitt þar sem er nýtt farþegaflug, flugfélagið Lux Air. Hann sagði að ríkisstj. eða ríkisvaldið hefði lagt blessun sína yfir þá stefnu að Flugleiðir gerast æ umsvifameiri í alþjóðlegri flugstarfsemi. Þetta er ekki rétt, því að ríkisstj. eða ríkisyfirvöld eru ekki um það spurð og ég veit ekki til þess að nein lög hér í landi geri ríkisstj. kleift að hindra slíkt. Ég hef sagt frá þessum málum nokkrum sinnum í ríkisstj. og að sjálfsögðu haft samband við samgrh., því að þetta heyrir undir hann sem innanlandsmál. Það er aðeins þegar um er að ræða skipti við aðrar þjóðir sem utanrrn. kemur til sögunnar, og ég hef einmitt varpað þessari spurningu fram: Vilja menn skera utanlandsflug okkar niður í þær samgöngur, sem við Íslendingar sjálfir þurfum að hafa við umheiminn, og annað ekki, eða vilja menn fara þá leið, sem hefur verið farin um alllangt skeið, að flugfélög okkar geti fært út kvíarnar erlendis með leiguflugi, með samvinnu við aðra og jafnvel dótturfyrirtækjum? Hefur þetta verið mjög lauslega rætt, en ekki orðið nein niðurstaða í núv. ríkisstj. um málið. Við stöndum hér andspænis staðreynd sem er þegar fyrir hendi, og ég veit ekki til þess að íslensk yfirvöld hafi lagalegar heimildir sem gerðu þeim kleift að skera þarna niður. Það yrði þá að búa þær heimildir til, ef skera ætti flugfélögin niður og knýja þau til að losa sig við öll áhrif og öll tengsl sem þau hafa erlendis. Væntanlega yrði íslenska ríkið, ef það gripi til slíkra ráðstafana, að vera við því búið, eins og ýmis önnur smá og stór lönd, að borga gífurlegan halla af þeim flugrekstri sem eftir yrði. Ég er sannfærður um að hann mundi, eins og innanlandsflugið, skipaútgerðin og mörg flugfélög í kringum okkur, verða rekinn með miklum halla. — En ég vil taka það skýrt fram, að ríkisstj. hefur ekki lagt blessun sína yfir þær fréttir af aðalfundi Cargolux sem ég flutti í dag og voru um niðurstöður hans. Það eru aðeins fréttir sem ég hef frá þeim haft og ég þarf á að halda til að geta rætt vissar hliðar á málinu, eins og flugleyfi og jafnvel lendingargjöld sem eru til umræðu við yfirvöld í Lúxemborg nú á næstunni.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson benti á kaflann um viðskiptamál, en ég bætti að þessu sinni framan við hann þeirri setningu að viðskiptamál eða utanríkisviðskipti Íslendinga heyrðu í raun að verulegu leyti — ef ekki að mestu leyti — undir viðskrn. og að sá kafli skýrslunnar, sem fjallaði um viðskiptamál, væri frá því rn. kominn. Ég vil ekki draga í efa ágæti þess kafla, en ég tel mig ekki hafa rétt til neins höfundarréttar á honum. Ég held að við hv. þm. séum sammála um að það mætti vissulega ræða og væri kannske ástæða til að ræða, hvernig ætti að haga utanríkisviðskiptum. Í sumum löndum er sérstakt rn. utanríkisviðskipta, en hér er gömul hefð að viss hluti samninga, frágangur samninga við önnur ríki, þó ekki samningagerðir, er í höndum utanrrn. og hitt, sem kannske skiptir mestu máli, að sendiráðin íslensku vinna miklu meira að viðskiptamálum en almennt er viðurkennt. Þáttur utanrrn. er því verulegur, en að langmestu leyti eru utanríkisviðskipti auðvitað hjá viðskrn. Meðan svo er er ég fullkomlega til viðræðu um þá hugmynd sem hv. þm. lagði fram, sem ég hafði ekki heyrt áður, að gefin yrði sérstök skýrsla um utanríkisviðskipti. Mundi ekki standa á mér að ná samkomulagi við viðskrh. um það mál.

Hv. þm. nefndi veigamikið og athyglisvert mál þar sem eru samskipti Íslendinga og Norðmanna í varnarmálum. Hann kallaði það feimnismál, þar sem hagsmunir Norðmanna væru að Íslendingar hefðu erlent varnarlið fyrir Noreg. Ég er ekki alveg sammála honum um að þetta mál hafi verið svo mikið feimnismál sem hann vill vera láta. Þetta hefur oft verið rætt. Það er stutt síðan, örfá ár, að hér var haldin ráðstefna sameiginlega af norsku Atlantshafsnefndinni og íslenskum samtökum. Utanríkismálastofnunin í Osló hefur t. d. sýnt Íslandi mikinn áhuga. Menn þaðan hafa oft verið hér og talað á fundum og ráðstefnum, þ. á m. var sá sem hann nefndi, Johan Jørgen Holst sem nú er orðinn aðstoðarvarnarmálaráðh., í þeirri stofnun áður. Ég held að það sé heldur ýkt hjá honum að farið hafi verið með málið sem feimnismál. Þeir, sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál, hafa fundið að í tímaritum á Norðurlöndum, í Noregi og víðar, hefur verið um þessi mál rætt af fullkominni hreinskilni.

Ef við snúum okkur örlítið að efninu er ég ekki sammála því, að við séum að létta einhverri vandræðabyrði af Norðmönnum með því að hafa Keflavíkurstöðina. Sannleikurinn er sá, að nákvæmlega sams konar stöðvar í Noregi gegna sama hlutverki og Keflavíkurstöðin. M. a. s. eru notaðar þar eins flugvélar og þær könnunarflugvélar sem lengi hafa verið með stöðugum endurbótum notaðar og eru notaðar á flugvelli okkar. Munurinn er aðeins sá, að Norðmenn hafa her og flota og þeir manna eftirlitið sjálfir. Þeir hafa „helikopter" björgunarþjónustu á vesturströndinni, þeir hafa könnunarflugvélar sem fljúga könnunarflug. Þeir hafa, held ég, svo að segja allt það sama og hér — nákvæmlega sams konar stöðvar. Munurinn er aðeins að þeir manna þær norsku liði, en við höfum ekki slíkt herlið, við höfum ekki viljað hafa það og viljum ekki hafa það og þess vegna er hér erlent lið. Þegar litið er á málið í þessu ljósi tel ég ekki sanngjarnt að segja að Norðmenn séu að velta einhverri byrði yfir á okkur. Það má þá alveg eins segja að við séum að velta byrði af okkur, vegna þess að stöðvarnar í Noregi geta haft þýðingu fyrir varnarstöð Íslands. Meginatriðið er að gera sér ljóst að varnarkerfið er allt samfelld keðja. Norsku flugvélarnar koma öðru hverju hingað og það er stöðugt radíósamband héðan til Noregs eins og það er til Bretlands og Grænlands. Þetta er allt ein samhangandi keðja sem gefur því það gildi sem það á að hafa og sagt er að það hafi. Engu að síður er þetta „utanríkis-akademískt" spursmál sem ég tel mjög eðlilegt að ræða og væri kannske gaman að fara lengra út í við betra tækifæri.

Hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, ræddi um hafréttarmál. Ég þakka honum fyrir þá áherslu sem hann lagði á að frv. um heildarlöggjöf um landhelgi yrði afgreitt. Ég vona að það verði engin vandkvæði á því, af því að frv. er komið í gegnum nefnd og liggur fyrir nál. í seinni deild. Um mál hans hef ég ekki aths. að gera nema að litlu leyti.

Það má að sjálfsögðu, eins og nú standa sakir, halda uppi hörðum deilum um hvaða réttindi Norðmenn hafa á Jan Mayen og hvaða réttindi þeir hafa ekki. Lögfræðingar segja mér að þeir hafi að ýmsu leyti veikan siðferðileg-

an rétt. Það hefur jafnvel verið kallað í norsku blaði „sokkel-imperialisme". Á hinn bóginn segja sömu lögfræðingar að sú siðferðilega gagnrýni, sem hægt er að halda uppi á Norðmenn, muni ekki vega þungt t. d. fyrir rétti eða fyrir dómi. Málið er flókið, og það út af fyrir sig styður skoðanir þeirra manna sem segja að allar líkur séu á að skynsamlegt væri fyrir okkur að draga þennan hluta málsins. Það er vissulega ekki verið að ýta þessu máli áfram af minni hálfu að öðru leyti en því, að við höfum dálitlar áhyggjur út af loðnuveiði næsta árs eða næsta sumars og hausts og fram yfir áramótin.

Hv. þm. sagði að hann teldi rétt að loðnuveiðin yrði látin byrja seinna á komandi sumri en hún hefur gert. Ég get sagt honum að í viðræðum mínum við sjútvrh. síðustu tvo daga um mál, sem við höfum rætt í landhelgismálanefnd, hef ég ekki getað betur heyrt en hann væri algerlega á þeirri skoðun að byrja ætti seinna, en leggja bæri ríka áherslu á mikla leit og rannsóknir á undan svo að við vissum hvers væri að vænta. Ég held að ég geti líka sagt að hann fari a. m. k. varlega í að taka við tölunni 600 þús. tonn, sem íslenskir, norskir og færeyskir fiskifræðingar töldu að mætti taka úr stofninum á næstu vertíð, og að það muni örugglega verða óskað eftir vandlegri endurskoðun fiskifræðinga á því áliti áður en farið verður að byggja fast á 600 þús. tonna tölunni.

Hæstv. forseti Sþ. flutti að vanda ágæta og sanngjarna ræðu. Ég vil þakka honum fyrir það sem hann sagði og öllu frekar það sem hann hefur gert sem forseti og aðrir forsetar með honum varðandi heimboðið til Grænlendinga og Grænlandsþings. Varðandi aðstoð við þróunarlöndin er ég honum einnig sammála. Það mál stóð illa s. l. haust, því að embættiskerfið skilaði fjárlögunum þannig að aðstoð við þróunarlöndin var skorin niður úr öllu valdi og þar þurfti að gera átak. Komu margir við sögu á síðustu stundu til að bæta við, mig minnir 34 millj., til þess eins að við gætum staðið við skuldbindingar. Prósentutala okkar er skammarlega lág og mörgum okkar líður illa vegna hennar. Á móti þeirri tilfinningu má benda á að hjálp við þróunarlöndin er ekki eins bein hjá öðrum þjóðum og við viljum hafa hana, peningar greiddir eða eitthvað sem því jafngildir. Ef Volvo byggir verksmiðju í Tanzaníu og kannske græðir á henni fé telst sá fjárfestingarkostnaður vera þróunaraðstoð frá Svíþjóð til Tanzaníu. Það er svona þróunaraðstoð sem ærið mörg lönd hafa stundað í stórum stíl og er talið að verulegur hluti, miklu meira en helmingur af allri þróunaraðstoð, sem auðugu löndin senda frá sér, komi fljótlega til þeirra aftur. Ég veit ekki hvort menn vilja meta slíka aðstoð mikils. Einhver sagði að í þróunaraðstoð okkar til Kenýa hefðu verið keypt veiðarfæri hjá veiðarfæragerðinni hérna, svo að pínulítið hefði orðið eftir af þeim peningum og þeir hefðu fengið aðstoð í íslenskum veiðarfærum. En þeir voru á engan hátt snuðaðir með því.

Um aðstoð við þróunarlöndin er annars þetta að segja: Það er stofnun til sem heitir þessu nafni og er sett upp með lögum. Hún fer aðeins með hluta af því fé sem við verjum til þróunarlanda. Meiri hlutinn af því fé rennur í gegnum sjóði Sameinuðu þjóðanna og aðrar alþjóðlegar stofnanir. Eins og sjá mátti á dagskrá Sþ. í dag er endurkosning á stjórn fyrir þessa stofnun fyrir dyrum. Eftir viðtöl við þá menn, sem hafa unnið margir hverjir af mikilli fórnfýsi við þetta starf undanfarin ár, hef ég beðið þá um að endurskoða lögin um þessa stofnun og gera það fyrir haustið. Ég hef einnig farið fram á það við formenn þingflokkanna að ekki verði kosin ný stjórn fyrr en þeirri endurskoðun er lokið. Ég held að slíkt sé hyggileg málsmeðferð og ekki muni skipta okkur í sjálfu sér neinu hvort við kjósum nýja stjórn nú eða strax í upphafi næsta þings. Hvað sem því líður þarf að taka þessi mál föstum tökum á næsta þingi og gera betur en við höfum gert til þessa. Ég held að það gæti verið mannbætandi ef fleira ungt fólk fengi að fara til hinna fátæku landa og dveljast þar einhvern tíma og sjá hvað hörð lífsbarátta er.

Hæstv. forseti Sþ. kom síðan að varnarmálunum, en á því sviði eru skoðanir hans mjög vel þekktar og þarf ég ekki að ræða þær í þetta skiptið, því að það gefast jafnan á þingi mörg tækifæri til þess og ég tel ekki ástæðu til að eyða nú á síðkvöldi tíma í grundvallardeilumál hvað það snertir.

Ég vil að lokum segja að ég er honum innilega sammála um að hyggja þarf að atvinnuuppbyggingu Suðurnesja. Það er gott að till. um Suðurnesjaáætlun er á ferli í þinginu. Hér eru líka mjög góðar till. um tollfrjálst iðnaðarsvæði, og minnst hefur verið á aðskilda flugstöð sem verður væntanlega vinnustaður fyrir 500—600 manns, ef ekki meira. Allt þetta þarf vafalaust að gera til að tryggja sem besta atvinnu og tryggja að við séum ekki háðir varnarliðinu í atvinnumálum.

Ég vil að lokum segja, að eftir að ég fór að hafa smásjárkynni af málum þarna syðra undraðist ég hversu mikið af starfsmönnum á flugvellinum, sérstaklega hjá varnarliðinu, er búið að vera þar lengi. Mikill fjöldi þeirra, meira en þriðjungur, er búinn að vera þar í 20, 25 og jafnvel 30 ár, fjöldinn allur 10—20 ár. Þetta segir okkur náttúrlega um þá sem elstir eru, að þeir séu ekki vinnukraftur sem hlaupi í hvað sem er. Á hinn bóginn er athyglisvert að það er ekki flökkulýður, eins og sumir segja, sem þarna er, heldur virðist vera nokkuð fastur kjarni manna sem hefur stundað þarna vinnu. Þetta eru mannleg sjónarmið sem er vert að athuga og er sjálfsagt að gera það.

Ég hef í vetur orðið fyrir ádeilu út af vinnumálum á Keflavíkurflugvelli, en vil ítreka, að sjónarmið mitt hefur verið eingöngu að flugvöllurinn og sérstaklega varnarliðið og íslensku félögin, sem hafa þar verktöku, yrðu ekki til þess að þeir erfiðleikar, sem Suðurnesjamenn hafa átt í núna og eru skammtímaerfiðleikar, yrðu meiri en ella. Það er allt og sumt. Stuðla ætti að því að varnarliðið segði ekki upp óeðlilega mörgum mönnum í skyndi eftir einhverjum reglum sem kæmu utan að. Svo er annað, sem hefur snert miklu fleira fólk, að við höfum unnið að því að verktakarnir legðu sig fram um að fleygja fólki ekki út á gaddinn yfir háveturinn. Ég hygg að 50—60 manns hafi haldið starfi í allan vetur vegna þeirrar viðleitni. Þetta er aðeins lítið lóð á vogarskálina til þess að atvinnuástand á Suðurnesjum verði ekki verra en það var þegar verst var, en er á engan hátt gert til að festa þessa atvinnu eða gera Íslendinga neitt háðari henni en þeir hafa verið, nema síður sé.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er orðið nokkuð áliðið kvölds og ég mun þar af leiðandi reyna að stytta mál mitt eftir föngum og lofa því að tala ekki ýkjalengi.

Ég vil fyrst byrja á því, sem er aðalerindi mitt hingað í ræðustól, að skýra frá að í morgun var ákveðið í utanrmn. að leggja fyrir þingflokkana hugmyndir um hvernig halda skyldi á Jan Mayen-málinu, sem svo hefur verið nefnt. Þetta var gert í þingflokki Framsfl. í dag og allur

þingflokkurinn, — þeir sem viðstaddir voru, sem voru að ég held allir nema hæstv. forsrh. sem er fjarstaddur, en varamaður hans var viðstaddur, — stendur að svofelldri ályktun:

„Þingflokkur Framsfl. telur að Norðmenn geti ekki lýst yfir 200 sjómílna efnahags- eða fiskveiðilögsögu umhverfis Jan Mayen."

Um leið og ég skýri frá þessu vil ég heita því, að hæstv. utanrrh. mun hafa fullan stuðning allra þm. Framsfl. í þessu mikilsverða máli þegar hann gengur til viðræðna við starfsbróður sinn hinn norska á næstu dögum, og við berum fullt traust til hæstv. ráðh. að hann haldi á þessu *máli með fullri reisn og með hagsmuni Íslands fyrir augum.*

En nokkur önnur atriði langar mig að nefna, fyrst ég fór að biðja um orðið og hæstv. forseti var svo vinsamlegur að veita mér það.

Ég gat ekki verið viðstaddur hluta úr deginum af ástæðum sem óþarfi er að tilgreina og ég heyrði þess vegna ekki nema hálfa ræðu hv. 3. landsk. þm. og ekkert af ræðu hv. 4. þm. Reykv., en mér hefur verið skýrt frá að hann hafi greint frá þeim ástæðum sem urðu þess valdandi að hann lét þau ummæli falla sem ég vitnaði til í fyrri ræðu í dag. Ég ætla ekki að gera það mál neitt frekar að umtalsefni að honum fjarstöddum. Skýringarnar finnast mér kannske nokkuð langsóttar, en ég skal gjarnan taka þær til greina.

Um þá ræðu, sem hæstv. utanrrh. hélt núna og var að ljúka, er margt gott að segja. Hann upplýsti ýmis atriði. Ég fagna því fyrir mína parta sem hann upplýsti nú, að viðskipti við Suður-Afríku séu til athugunar sérstaklega hjá viðskrn. Við skulum vona að eitthvað komi út úr því og appelsínur verði fluttar annars staðar frá ef það getur orðið til að bæta samvisku okkar. Ávexti frá Portúgal má kannske flytja inn, en einhvern tíma var mér sagt að þeir þyldu ekki flutning, þeir væru þannig gerðir. En það má vel vera að hæstv. ríkisstj. finni leiðir til að flytja þá á milli landa þannig að þeir komi óskemmdir hingað.

Í sambandi við Suður-Afríku vil ég að öðru leyti segja, að á árum áður, ekki fyrir svo ýkjalöngu, var ákveðið af utanrrh. Norðurlandanna, sem þá voru, að hafa samráð við norræna verkalýðshreyfingu um hvað gera skyldi í málefnum Suður-Afríku og hvernig Norðurlöndin í sameiningu gætu lýst best andúð sinni á því stjórnarfari sem þar viðgengst. Norræn verkalýðshreyfing brást vel við þeirri málaleitan og lagði fram nokkur atriði sem ríkisstj. gátu margar hverjar samþ. En þegar kom að því atriði að stöðva bæri norræna fjárfestingu í Suður-Afríku kom nokkurt hik á suma ráðh. Eg held að ráðh. Íslands, sem þá fór með utanríkismál, hafi nánast verið sá eini sem gat með góðri samvisku og án allra fyrirvara samþykkt það atriði. Allir hinir höfðu einhverja aðra hagsmuni sem þeir þurftu líka að gæta. Þannig er þetta. Þó að menn tali fagurlega og vilji vafalaust vel koma svo mörg atriði til greina þegar til framkvæmdanna þarf að koma að minna verður úr en til er stofnað. Segja mætti mér að svipuð niðurstaða yrði af þeirri athugun sem nú fer fram á því, hvort ekki verði stöðvuð til fulls viðskipti Íslendinga og Suður-Afríkubúa.

Ég fagna því líka sem stuðningsmaður ríkisstj., að enn á ný er leitað eftir lendingarleyfi fyrir íslenskar flugvélar á vesturströnd Bandaríkjanna. Þetta var reynt í minni tíð í rn. og því var hafnað, en Baltimore-leyfið fékkst. Má vera að nú séu breyttar ástæður í Bandaríkjunum, auk-inn skilningur og kannske áhrifaríkari málflutningur, þannig að leyfið fáist nú sem neitað var um fyrir 2—3 árum. Ég vona sannarlega að svo verði, því slíkir flutningar, ef til kæmu, mundu örugglega auka hér atvinnutekjur af umferð sem eru okkur talsvert mikils virði.

Ég vil staðfesta það sem hæstv. ráðh. sagði um hversu erfitt, næstum útilokað, er að fá nokkra þjóð til að gefa umsögn um hermál hér á landi eða varnarmál svokölluð. Þetta reyndi ég þráfaldlega í minni tíð. Eitt af því fyrsta, sem ég gerði, var að reyna að fá hlutlausa umsögn ríkis, sem stóð utan bandalagsins, um hvert hlutverk Íslands væri í þessari varnarkeðju og hvort ekki mætti rækja það með öðrum hætti, þó jafnáhrifaríkum. Það vildi enginn taka það að sér. Þessi mál eru þannig, eins og ráðh. sagði, að menn forðast að koma nálægt þeim í öðrum ríkjum. Hins vegar er ljóst og hefur komið fram í viðræðum okkar sem nú skipum hina nýju öryggismálanefnd, sem svo hefur verið kölluð, að margs konar upplýsingar getum við fengið um ástand mála, eins og þeir vilja láta þær frá sér fara. En um hið sérstaka hlutverk Íslands eru þeir þögulir eins og gröfin.

Það er alveg rétt, að Johan Jørgen Holst hefur haft mikinn áhuga á málefnum Íslands og varnarmálum hér á norðurhjaranum. Og svo er einnig um eftirmann hans, John Sandnæs. Hann er vissulega fús til að veita okkur aðstoð og upplýsingar eftir því sem við biðjum um og hann telur sig geta látið í té, en lengra verður ekki komist.

Ég ætlaði mér ekki að gera hersetuna að umtalsefni og afstöðu einstakra flokka til hennar, ég sagði það í fyrri ræðu minni. En nú hefur það mál verið gert að umtalsefni og þess vegna ætla ég að segja um það örfá orð.

Ég get vissulega tekið undir það með hæstv. forseta Sþ., að erfitt er fyrir hann að þurfa að breyta þeirri ræðu, sem hann er búinn að halda hér meira og minna óbreytta í s. l. 4 ár, og þurfa að snúa henni alveg við. Ég skil vel að það er ekki auðvelt hlutverk né gaman að þurfa þess.

Hæstv. forseti Sþ. sagði að afstaða framsóknarmanna væri gersamlega breytt og nú heyrðist engin rödd — og hefði ekki lengi heyrst — úr þeim herbúðum um að hér skyldi ekki vera her. Ég tel þetta einkennilega ályktun hjá hæstv. forseta, m. a. vegna þess að ég tel mig geta leitt vitni um hið gagnstæða, — vitni sem ég vænti að hann taki gilt: ræðu sem hæstv. forseti hélt við sams konar umr. í fyrra, en þá sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir fáeinum kvöldum heyrði ég ritara Framsfl., hv. 2. þm. Vestf., Steingrím Hermannsson, svara þeirri spurningu í útvarpsviðtali býsna afdráttarlaust á þá lund, að hann teldi að nú væru friðartímar og sem betur væri ekki yfirvofandi háski af stórveldastyrjöld. Hæstv. utanrrh. fjallar ekki um þetta atriði sérstaklega eða með berum orðum í skýrslu sinni. Hins vegar hefur margt bent til þess, að hann væri svipaðrar skoðunar og ritari Framsfl. í þessu efni, ekki síst það, að hann hefur við ýmis tækifæri sagt, að sú skoðun sín og flokks síns frá tímum vinstri stjórnarinnar, að herinn eigi að fara héðan í áföngum, væri í rauninni algerlega óbreytt, það sé einungis vegna þess að Framsfl. er í stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl., sem hefur aðra stefnu í þessum málum, það sé einungis þess vegna, hefur manni skilist, að þessi stefna Framsfl., sem hann fylgdi á vinstristjórnarárunum og segist fylgja enn, er ekki framkvæmd. Það er þess vegna sem hæstv. utanrrh. hefur því miður og lætur enn hafa sig til þess að framkvæma öfuga stefnu, stefnu sem ég sé ekki

betur en að miði að því að festa þennan her í sessi, gera honum fært að búa um sig hér til frambúðar."

Við þetta ætla ég aðeins að bæta því, að það er þessi stefna sem núv. ríkisstj. samkv. yfirlýsingu sinni fylgir og hæstv. forseti Sþ. styður.

Hæstv. viðskrh. var á sínum tíma ritstjóri Þjóðviljans, eins og menn vita, og hann settist niður í sumar einn fagran vordag eða sumardag og skrifaði grein um mig sem hann kallaði: „Loftfimleikar Einars Ágústssonar í varnarmálum." Ég sé ekki betur, þó að mér sé ýmislegt til lista lagt og sé nokkuð flinkur í þessu, en að ég sé gersamlega eins og viðvaningur samanborið við þá menn sem nú sitja í ráðherrastólum. Þeir hafa gersamlega snúið við þeirri stefnu sem þeir hingað til hafa fylgt og flutt. Ég er ekkert að lá þeim það. Slíkt er raunsæi, alveg eins og það var á sínum tíma raunsæi hjá mér, 1974, að það væri enginn þingmeirihluti fyrir því, að herinn færi, og þess vegna yrði að taka næstbesta kostinn og fækka í honum og einangra hann. Ég fagna því, að hv. Alþb.-menn eru nú orðnir raunsæir líka og búnir að viðurkenna það, og það var síðast gert áðan, að ekki er eins og sakir standa þingmeirihl. fyrir því að láta herinn fara, hvorki í einu lagi né í áföngum. Þess vegna styður Alþb. nú samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., og þess vegna gekk ég til stuðnings við þau sjónarmið 1974 þegar stjórnin var þá mynduð, að annar möguleiki var ekki fyrir hendi.

Herra forseti. Ég lofaði að tala stutt og ég skal standa við það og láta máli mínu lokið. Ég ætla þó, áður en ég yfirgef ræðustólinn, að leyfa mér að taka undir þau orð, sem margir hafa látið falla hér til þjónustumanna utanrrn., bæði erlendis og heima, fyrir frábær störf þeirra. Ég þarf kannske ekki að gera þetta vegna þess að hæstv. ráðh. hefur verið svo vinsamlegur að taka upp nokkuð af því sem ég sagði um þetta þegar ég flutti síðustu skýrslu mína um utanríkismál.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. utanrrh. fyrir flutning þeirrar skýrslu sem hér er til umr. Ég hygg að það sé hyggileg tilhögun að verja nokkrum tíma í að ræða utanríkismál, og það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir samskiptum okkar við aðrar þjóðir. Í það fer ekki mikill tími á hinu háa Alþingi síðan landhelgismálið var til lykta leitt, sællar minningar. Ég get hins vegar ekki leynt því, að mér hefði þótt heppilegra ef þessi skýrsla hefði komið fyrr fram á þinginu. Þá hefði e. t. v. gefist tími til að ræða hana. Það eru miklir annatímar nú og með hálfum huga að ég tek til máls um þetta efni. Umr. um skýrsluna var haldið uppi á venjulegum fundartíma þingflokksfunda, þannig að þessi umr. verður ekki með því sniði sem æskilegast hefði verið.

Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í umr. þegar hún hófst í dag og raunar ekki fyrr en hæstv. forseti Sþ., hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, flutti ræðu sína áðan. Hann fékk mig til að rísa úr sæti. Það voru bollaleggingar hans um heimilisástæður Framsfl. sem urðu til þess. Að nokkru leyti hefur hv. þm. Einar Ágústsson tekið af mér ómakið, eins og hans var von og vísa, en ég get áréttað og staðfest það sem hv. þm. Einar Ágústsson sagði, að innan Framsfl. hafa ekki orðið breytingar á afstöðunni til hersins. Það er að vísu rétt hjá hæstv. forseta, Gils Guðmundssyni, að nokkrir aðsópsmiklir hernámsandstæðingar, sem störfuðu í Framsfl. um tíma, eru farnir úr Framsfl. En sem betur fer fór ekki fólkið með þeim, að vísu nógu margt, en ekki allt, og stefnan er hin sama þó að hávaðasöm leiðtogaefni hafi farið í aðra verstöð í bili. Kannske koma þeir aftur þegar þeir hafa fengið sig fullsadda þar. Ég notaði kannske ekki rétt orðalag þegar ég talaði um „fullsadda", því að þeir eru þurftarfrekir sumir. — En sú stefna, sem mótuð var upp úr 1970 innan Framsfl. um að hér skuli ekki vera her á friðartímum, er enn í fullu gildi. Hún var áréttuð á flokksþingi Framsfl. í fyrravor. Hún var áréttuð á miðstjórnarfundi fyrir mánuði. Það er hins vegar stefna Framsfl. að vera í Atlantshafsbandalaginu.

Nú kunna menn að spyrja: Úr því að sá góði flokkur Framsfl. hefur viljað koma hernum burt, hvers vegna er þá herinn enn á Keflavíkurflugvelli? Það er vegna þess að ekki hefur verið, eins og hefur verið margtekið fram, meiri hl. fyrir því á Alþ. að láta hann fara. Það hefur ekki strandað á Framsfl., það hefur ekki strandað á Alþb. heldur, það strandaði á Frjálslyndum og vinstri mönnum í stjórnarsamstarfinu 1971—1974, það strandaði á Sjálfstfl. 1974—1978, það strandar á Alþfl. núna. Þetta eru staðreyndir sem menn verða að hafa í huga. Hitt er skylt að taka fram, að Framsfl. hefur e. t. v. ekki verið alveg einhuga um afstöðuna til hersins, en ég er alveg sannfærður um að mjög mikill meiri hluti framsóknarmanna vill ekki hafa hér her á friðartímum og framsóknarmenn telja og hafa talið um nokkuð langa hríð að nú væru friðartímar í þessum heimshluta.

1974 fór fram undirskriftasöfnun á vegum samtaka sem kölluðu sig „Varið land", og þá skildust hafrarnir heldur betur frá sauðunum. Það skrifuðu að vísu nokkrir framsóknarmenn undir það dæmalausa plagg, en sem betur fer voru þeir ekki margir. Þeir voru sárafáir á Norðurlandi vestra t. d. Það var dálítill hópur hér í Reykjavík. En allt um það, þó að undirskriftasöfnun hafi farið fram með miklum fyrirgangi fyrir hálfum áratug trúi ég því, að meiri hl. hinnar íslensku þjóðar vilji ekki hafa hér her á friðartímum.

Ég vil að þjóðaratkvgr. fari fram um málið. Þetta er alveg upplagt mál til þess að þjóðaratkvgr. fari fram um það. Það er tiltölulega einfalt í sniðum og upplýsingar liggja fyrir. Það er einfalt að mynda sér skoðun um það, og afstaða manna getur verið nokkuð klár og kvitt. Það er ekki einasta eðlilegt að það fari fram einu sinni þjóðaratkvgr. um þetta mál, vel má hugsa sér að hún fari fram ítrekað ef mjóu munar.

Það hefur farið fram mikil barátta og mikið starf verið unnið til að reyna að koma hernum úr landi. Það hafa verið hér starfandi samtök hernámsandstæðinga, að vísu misjafnlega blómlega, um langan aldur. Ég hef m. a. haft þá ánægju að taka þar ofurlítinn þátt í. En ég get ekki látið hjá líða að minnast á að mér þykir sem Alþb. hafi misnotað þau samtök. Alþb. hefur reynt að auka fylgi sitt með málflutningi um herinn. Ef herinn færi á morgun úr landi væri ég þess fullviss að hæstv. forseti, Gils Guðmundsson, yrði guðs feginn, en það er ekki alveg víst að allir kosningasmalar Alþb. yrðu fegnir. Það kynni að vera að einhverjir þeirra misstu glæpinn. Og hvaða mál væri þá jafnhentugt til þess að sansa „kverúlantana" og fá þá til að kjósa Alþb. einu sinni enn þrátt fyrir allt og allt og allt?

E. t. v. liggur hundurinn þarna grafinn. Það er nefnilega býsna þægilegt að tala um herinn og hægt að beina athygli frá ýmsu öðru með því að einbeita sér að því að tala um mál sem höfðar tilfinningalega mjög sterkt til

fólks. Slíkt er býsna gott ráð til að sameina hópa manna í einn flokk, — hópa sem hugsa svipað og sumir hópar í fylgi Alþb. Ég er ekki viss um að annað vopn hafi bitið betur hjá Alþb. en hermálið í undanförnum 6—8 kosningum. Ég er ekki viss um að annað mál hefði dregið suma klúbbana þeirra til samræmdari afstöðu en það. Og það er m. a. s. hreint ekki ónýtt að vera nú svo kokhraustir að halda því fram, að þeir einir séu á móti hernum. Engir aðrir á móti hernum segja þeir og bera sig svo til eins og farísear og benda á tollheimtumenn og bersynduga allt í kringum sig. Við framsóknarmenn höfum ekki reynt að slá um okkur með andstöðu við herinn. E. t. v. hefur það verið skakkt. E. t. v. hefðum við fremur átt að hrópa en að reyna að vinna. Vinna, sagði ég. Hefur eitthvað unnist í þessi 30 ár? Það er orðin mikil hrakningasaga, en ofurlítið hefur þó unnist einstöku sinnum.

Það hefur einn verulegur sigur unnist í viðskiptum við þetta „apparat" þarna suður frá? Hver ætli hafi unnið hann? Ætli það hafi verið hæstv. forseti Sþ., Gils Guðmundsson? Nei, það var ekki hann. Ætli það hafi verið hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson? Nei, það var ekki hann. Það var Einar Ágústsson utanrrh. í stjórn Geirs Hallgrímssonar. Hann gekk frá lokun hermannasjónvarpsins í Keflavík. Það var hreint ekki svo lítill áfangi í málinu. Þetta gerðist eftir að ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar var tekin við völdum.

Niðurstaða mín er þessi:

Herinn þarf að fara. Hann er háskalegur fyrir okkur, og það er nærri sama hvernig á hann er litið, hvort það er frá siðferðilegu sjónarmiði — fyrir utan að hann er lífshættulegur. Hann er hættulegur sjálfstæði þjóðarinnar og hann er hættulegur hugsunarhætti, þegar svo langt gengur að menn blygðast sín ekki fyrir aumingjaskap sinn þegar þeir standa upp og heimta opinberlega að hér séu reist stórvirki í samgöngumannvirkjum, herinn sé látinn reisa stórkostleg samgöngumannvirki fyrir Íslendinga til þess að þeir geti lifað í landinu sínu!

Það er ekki meiri hl. á Alþ. eins og stendur fyrir að láta herinn fara. Ég á ekki von á að sá meiri hl. skapist alveg á næstu vikum. Þess vegna held ég að það væri heppilegt og eðlilegt að þjóðaratkvgr. færi fram um hvort hér ætti að vera her eða ekki her. Og jafnvel þótt ekki yrði samþ. í þjóðaratkvgr. að herinn færi hygg ég að rétt væri að bera það undir atkv. aftur og aftur og fylgjast með skoðun þjóðarinnar á því máli í framtíðinni.

Ég sagði áðan að Framsfl. vildi að við værum áfram í Atlantshafsbandalaginu. Hér hafa menn verið að karpa um hvort geymd væru kjarnorkuvopn hér á landi eða við landið eða ekki, og virðist enginn vita það. Menn eru með getsakir, menn eru með trúarjátningar í þessu sambandi. Það er búið að skipa öryggismálanefnd og yfir hana tvo „generala", en við erum litlu nær. En við vitum að Atlantshafsbandalagið á miklar birgðir kjarnorkuvopna. Ef nú Atlantshafsbandalagið kæmi sér upp birgðum af nevtrónusprengjum, sem eru „apparöt" sem drepa fólk, en eyðileggja ekki mannvirki, held ég að við þyrftum ekki að velta vöngum lengur og þá held ég að kominn væri tími til að við framsóknarmenn endurmætum afstöðu okkar til þessa bandalags og veru í því. Þá teldi ég að við hefðum ekkert lengur í þeim „selskap" að gera.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það gerist nú mjög áliðið kvölds og fáir hv. þm. eftir til að hlýða á eða taka þátt í umr. Í þeim hefur þó margt fróðlegt komið fram og ástæða til að fjalla um frekar en gert verður við þessar aðstæður. Ég taldi mér þó skylt að segja fáein orð í framhaldi af ræðu hv. 9. þm. Reykv., Einars Ágústssonar, og hv. þm. Páls Pétursssonar sem talaði áðan og var að gamna sér við að velta fyrir sér afstöðu Alþb. til herstöðvamálsins.

Ég vil fyrst í sambandi við það, sem kom fram undir lokin hjá hv. þm. Páli Péturssyni um Atlantshafsbandalagið, segja: Auðvitað hefur Atlantshafsbandalagið nú þegar í fórum sínum margs konar vopn sem eru viðlíka ógeðsleg og nevtrónusprengja, þannig að Framsfl. þarf ekkert að bíða eftir nevtrónusprengjunni til þess að endurskoða afstöðu sína til Atlantshafsbandalagsins. Og auðvitað var þannig í upphafi, að Framsfl. taldi það neyðarkost að ganga í Atlantshafsbandalagið. Hann taldi það ekkert sérstakt fagnaðarefni. Núna kemur sá góði vinur minn, hv. þm. Páll Pétursson, og segir: Það er stefna Framsfl. að vera í Atlantshafsbandalaginu. — Svona hefur þetta gengið til á 30 árum. Flokkur, sem taldi það neyðarkost að ganga í þetta „kompaní", hernaðarbandalag, lýsir því yfir sem stefnu sinni að vera í því, nema svo kynni að fara að Atlantshafsbandalagið kæmi sér upp nevtrónusprengju, þá væri rétt hugsanlegt að Framsfl. endurskoðaði afstöðu sína til málsins. Þannig breytast hlutirnir á þremur áratugum. Það, sem kallað hefur verið hernám hugarfarsins, hefur greinilega ákaflega víða áhrif, því miður.

Það er víðar en varðandi samgöngumannvirki sem Íslendingar virðast ýmsir láta sér detta í hug að það sé sæmandi fyrir okkur að una því, að Bandaríkjamenn gegni hér tilteknum þjónustuþáttum sem ættu auðvitað að vera verkefni sjálfstæðra þjóðar. Ég vil í þessu sambandi nefna eitt dæmi. Íslendingar hafa enn ekki komið sér upp viðhlítandi björgunarbúnaði hér. Það gerist oft á ári að bandarískra herliðið er kvatt til ef menn lenda í lífsháska eða ef alvarleg veikindi steðja að í einangruðum plássum, þá er bandaríska herliðið kallað á vettvang. Íslendingar hafa ekki á þeim 35 árum, sem liðin eru frá því að lýðveldi var stofnað á Íslandi, einu sinni komið sér upp aðstöðu til að bjarga fólki með sæmilegum hætti, enda þótt nútímatækni hafi allri fleygt fram og við höfum auðvitað vel efni á slíku ef við höfum á annað borð efni á að vera sjálfstæð þjóð. Ég vil beina því til hv. þm. Páls Pétursssonar, að hann leggi þá hugmynd fyrir sinn góða flokksformann, dómsmrh., sem hefur með þau mál að gera sem snúa að Landhelgisgæslunni. Er ég þá með í huga að gert verði átak í þessum efnum, að við búum Landhelgisgæslu okkar og Slysavarnafélag þannig að skaplegt sé frá sjónarmiði sjálfstæðrar þjóðar.

Þá þótti mér kostulega takast til, ef ég man rétt, er hv. þm. tók þannig til orða að Einar Ágústsson, fyrrv. hæstv. utanrrh., hefði látið loka Keflavíkursjónvarpinu í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Ég man ekki betur, og spyr hv. þm. Einar Ágústsson hvort það er ekki rétt munað hjá mér, en frá þessum hlutum hafi verið gengið í vinstri stjórninni 1974 fyrir stjórnarskiptin. Mig minnir að þetta samkomulag hafi verið gert í ríkisstj. í marsmánuði og hafi verið hluti af öðru samkomulagi, af þeirri áfangaáætlun sem vinstri stjórnin þá samþykkti um brottför bandarískra hersins. Það var því ekki ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar sem átti þar hlut að máli. Vil ég endilega koma því í þingtíðindi að hún hafi ekki átt sómann af því verki. (**PP:** Það kom til framkvæmda þá.)

Ja, þó að hæstv. fráfarandi ríkisstj. hafi ekki lagt þá lykkju á leið sína í viðbót við annað að biðja Bandaríkjastjórn um að opna fyrir kanasjónvarpið. Fyrr mætti nú vera!

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar og tel að það sé ákaflega mikilsvert, að lögð sé áhersla á að allir þeir menn, sem eru andsnúnir hersetunni, fylki sér undir merki og reyni að starfa saman jafnvel þó að þeir séu í mismunandi flokkum. Ég hef talið liðveislu manna eins og ýmissa góðra framsóknarmanna í þessum efnum mikilsverða og ég geri ekki lítið úr því. Hins vegar fannst mér örla á því í ræðu hv. síðasta ræðumanns að menn í Framsfl. litu í raun og veru fyrst og fremst á herstöðvamálið sem spurningu um hvort það gæti verið góð kosningabeita eða ekki. Málin snúa ekki þannig við okkur og ekki við mér. Ég lít á herstöðvamálið sem og herstöðina sem smánarblett á þjóð okkar og sjálfstæði hennar. Það er mér hugsjónamál að koma hernum úr landinu. Ég breyti ekki skoðun minni og afstöðu þó að við tilteknar þjóðfélagsaðstæður á Íslandi kunni að vera litlar vonir til þess að það nái fram. Hugsjón okkar á alveg sama rétt, jafnvel þó að hvað pólitískar aðstæður í landinu snertir blási ekki tiltölulega byrlega. Þess vegna fannst mér kostulegt að heyra þannig til orða tekið af hv. þm. Einari Ágústssyni, sem hefur vafalaust verið mismæli, að vegna þess að pólitískar aðstæður væru svona og svona á Íslandi hefðu menn í Framsfl. breytt stefnu sinni. Auðvitað breytum við ekki, a. m. k. ekki Alþb.-menn, stefnu okkar þótt ekki blási tiltölulega byrlega fyrir framkvæmd hennar um þessar mundir í þessu landi. Við breytum ekki þeirri stefnu og höfum ekki snúið henni við, þannig að spurningin um loftfimleikana verður að liggja á milli hluta í þessum efnum af minni hálfu svo og allur mannjöfnuður á því sviði, enda geri ég ráð fyrir að það sé við hæfi að aðrir menn stundi það fremur en ég í þessum efnum. Nei, stefna okkar í sambandi við herstöðvamálið er alveg skýr og við lítum á það sem mikilvægt hugsjóna- og baráttumál að koma hernum úr landi, hvað svo sem pólitískar aðstæður á Íslandi segja í þeim efnum núna.

En úr því að ég er farinn að minnast á Framsfl. og herstöðvamálið get ég ekki látið hjá líða að minna á það, að ég man ekki betur en einir 70 tiltölulega valdamiklir menn í Framsfl. kæmu með undirskriftir hér um árið — (**Gripið fram í :** 170.) eða voru það 170? — til forustumanna, hv. þm. Einars Ágústssonar, þáv. hæstv. utanrrh., og hæstv. þáv. og núv. forsrh., málsmetandi menn í Framsfl. sem lögðu á það ofurkapp að hér yrði að vera her og ekki mætti flana að neinu fljótfærnislega. Og ég man ekki betur en í dagblaðið Tímann, málgagn Framsfl., hafi verið skrifaður leiðari þar sem því var alveg sérstaklega lýst yfir að leiðarahöfundur a. m. k. styddi þá stefnu sem hinir 170 postular höfðu lagt af stað með á fund þeirra Ólafs og Einars — formanns og varaformanns Framsfl. á þeim tíma. Þarna voru að verki býsna sterkir menn í Framsfl. Ég er þó alveg sannfærður um að hv. þm., sá góði maður, Páll Pétursson hefur í fullu tré við þetta lið þegar þar að kemur, enda skulum við leggja saman og láta á reyna.

Ég kom sem sagt hingað til að undirstrika að afstaða okkar Alþb.-manna í herstöðvamálinu er algerlega óbreytt. Við berjumst fyrir brottför hersins og notum hvert tækifæri sem við getum fengið til þess. Við berjumst fyrir úrsögn úr þessu hernaðarbandalagi. Ég minni á að í samstarfsyfirlýsingu núv. ríkisstj. er sérstaða okkar undirstrikuð í þeim kafla sem fjallar um öryggismálanefndina. Þar er sérstaða okkar undirstrikuð og á þeirri undirstrikun munum við byggja afstöðu okkar og meðferð þessa máls síðar á þessu ári.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og hæstv. forseti Sþ. hafa gert grein fyrir stefnu okkar Alþb.-manna í ýmsum atriðum utanríkismála fyrr í dag. Ég tel ekki ástæðu til að endurtaka það frekar né fara ofan í saumana á einstökum atriðum. Ég vil þó láta það koma fram, að ég teldi að við ættum að athuga — ég og hæstv. utanrrh. — hvort ekki væri skynsamlegt síðar, ef við sitjum áfram hlið við hlið í ríkisstj., sem kann að vera hugsanlegt einhvern tíma enn, að það yrði samin sérstök skýrsla um utanríkisverslunina. Ég held að það gæti verið ágæt hugmynd, því að viðskrn. hefur auðvitað með að gera margs konar erlend samskipti, auðvitað ekki bara utanríkisverslunina sem slíka og viðskiptasamninga við Austur-Evrópu t. d., heldur önnumst við þau samskipti sem fara fram við Alþjóðabankann, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Fríverslunarbandalagið, Efnahagsbandalagið og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu. Ég held að það væri beinlínis skynsamlegt að standa þannig að málum, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson stakk upp á í dag, að sá þáttur málanna væri tekinn til meðferðar. Ég held að gæti verið mjög skynsamlegt að ræða hann hér á hv. Alþ., og ég mun fyrir mitt leyti taka það til skoðunar. Margþætt mál í sambandi við utanríkisverslunina þyrfti að ræða á hv. Alþingi.

Ég vil nota þetta tækifæri til að geta þess, að frá því að ég kom í viðskrn. hef ég átt mjög ánægjuleg og góð samskipti á sviði viðskiptamála við ýmsa starfsmenn utanríkisþjónustunnar og m. a. þá fulltrúa okkar sem nú sitja í Genf og eru fulltrúar okkar hjá Fríverslunarbandalagi Evrópu.

Rétt er að fram komi að við höfum haft um nokkurt skeið, eða frá því 1. okt., minnir mig, sérstakan verslunarfulltrúa í París. Það er í raun og veru undirbúið af fráfarandi ríkisstj. og er nýtt skref í þessa átt. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að sendimenn okkar erlendis séu vel að sér í viðskiptamálum og færir um að fjalla um þau þegar upp koma.

Ég vil taka undir það sem komið hefur fram hjá ræðumönnum fyrr í dag varðandi aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að við tökum þar myndarlega á. Nú höfum við tímann fyrir okkur, nú fer að hefjast undirbúningur fjárlaga fyrir árið 1980 innan ríkisstj., þannig að okkur á ekki að vera nein vorkunn að taka á þessu máli strax og gera það myndarlega.

Það er rétt, sem hér mun hafa komið fram hjá hæstv. utanrrh., að við höfum verið að kanna möguleikana á hvort unnt væri að stöðva viðskipti okkar við Suður-Afríku, sem eru að vísu lítil. Ég held að fullkomlega eðlilegt og nauðsynlegt sé með ýmsum pólitískum rökum að við tökum alvarlega á því máli. Ég hygg að Ísland gæti þar sýnt fordæmi sem væri mikilvægt í samfélagi þjóðanna.

Ég vil aðeins að lokum fagna því sem rætt hefur verið hér og komið hefur fram á Alþ. síðan við ræddum þessi mál síðast. Nú er komið fram nál. frá atvmn. Sþ. um till. til þál. um Suðurnesjaáætlun. Ég held að mjög mikilvægt sé að við reynum að afgreiða þá till. á þeim dögum sem eftir eru þinghalds. Ég sé ekki betur en hv. atvmn. Sþ. hafi verið á því að till. yrði afgreidd. Okkur á því ekkert að vera að vanbúnaði í þeim efnum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar ég bað um orðið á nýjan leik ætlaði ég upphaflega að gera örfáar aths. við seinni ræðu utanrrh., en síðan hafa tveir þm. Framsfl. að gefnu tilefni frá hæstv. forseta Sþ. farið að ræða um Framsfl. og stefnu hans í varnarmálum. Það má vissulega segja að þegar það umræðuefni er komið á dagskrá fari mér að renna blóðið til gamallar skyldu. Það væri vissulega fróðlegt að ég segði í þingsölum þá löngu sögu af umr. um það mál innan Framsfl. og samningaviðræðum innan flokksins við ýmsa ráðh. í núv. ríkisstj. um hvað megi segja og hvað megi ekki segja í ályktunum Framsfl. um varnarmál. Það er nú einu sinni svo, að þó að það hafi ekki alltaf verið skemmtilegt að vera í Framsfl. var það á köflum býsna fróðlegt til þekkingar á hvar ýmsir hagsmunir liggja. (**EÁ:** Það er miklu skemmtilegra nú.) Það getur vel verið, enda er sá höfðingi, forstjóri Olíufélagsins, Vilhjálmur Jónsson, sem beitti sér einna mest gegn þeirri stefnu innan Framsfl. sem var stefna ríkisstj. 1971—1974, núna orðinn sérstakur ábyrgðarmaður á fjármálum Tímans. Ég efast því ekki um að það er orðið sérstaklega skemmtilegt í Framsfl. hið beina samhengi milli fjármögnunar á málgagninu og stefnunnar í varnarmálum.

En ég ætla ekki að fara að rifja þá sögu upp sérstaklega hér. Hæstv. viðskrh., af hinni góðu þekkingu sinni á þeim ágæta flokki, gerði það mjög myndarlega áðan og rifjaði upp fyrir hv. þm. Páli Pétursyni ýmis veigamikil sannindi, m. a. baráttu 170-menninganna svonefndu fyrir því að Framsfl. gengi frá þeirri stefnu sem þó var í senn yfirlýst stefna flokksins og yfirlýst stefna þeirrar ríkisstj. sem hann bar ábyrgð á með forsrh. og utanrrh.

Það var að ýmsu leyti skemmtileg lýsing sem hv. þm. Páll Pétursson gaf á kosninga-„taktík" í varnarmálum. En það get ég sagt honum, af því að ég er í þeirri ágætu stöðu að hafa verið í báðum þessum flokkum, að sú lýsing átti alfarið við Framsfl. Þar er það nefnilega þannig, eins og hv. þm. orðaði svo skemmtilega, að menn þurfa í ályktun, og ég vitna orðrétt í ummælin, „að sansa „kverúlantana" sína", því að „kverúlantarnir" í Framsfl. eru nefnilega menn eins og hv. þm. Páll Pétursson sem eru á móti hernum. Það er til þess að sansa þá sem yfirlýsingar eru settar fram og rifjaðar upp á flokksþingum rétt fyrir kosningar. En það er hins vegar rækilega séð um það, og þar hefur m. a. núv. hæstv. fjmrh. verið mjög ötull umsjónarmaður, að orðalagið hafi ávallt útgöngudyr fyrir möguleikana á að þurfa ekki að standa við efndirnar. Sú lýsing, sem hér var gefin, skýrir hvaða hlutverki „kverúlantarnir" svonefndu, en mér fannst hv. þm. Páll Pétursson gefa sjálfum sér þá skemmtilegu nafngift, gegna í stefnumálum flokksins fyrir kosningar.

Það má kannske rifja það upp, eins og hér var gert, að núv. formaður Framsfl. hafi sagt rétt fyrir kosningar að það væru friðartímar og vel gæti komið til greina að herinn færi. Ég hef ekki heyrt hæstv. núv. dómsmrh. rifja þau orð upp síðan. En ef hv. þm. Páll Pétursson verður var við slíkt innan Framsfl. eða utan óska ég eftir að hann láti okkur hina vita. Hitt hefur hins vegar komið fram opinberlega, að núv. hæstv. forsrh., sem nýlega lét af formennsku í Framsfl., fjallaði um það sérstaklega í ræðu á miðstjórnarfundi Framsfl., næstsíðasta miðstjórnarfundi flokksins, að það væri tími til kominn að flokkurinn endurskoðaði stefnu sína í varnarmálum, enda ekkert óeðlilegt við að hér væru eftirlitsstöðvar, eins og núv. hæstv. forsrh. orðaði það. Og ég spái því eftir innri lögmálum Framsfl., að ekki verði langt að bíða þess að hæstv. núv. dómsmrh., formaður Framsfl., fylgi í fótspor fyrirrennara síns í þeim efnum. Staðreyndin er því miður sú, að hörðum baráttumönnum fyrir brottför hersins hefur fækkað mjög innan Framsfl., vegna þess að þeir menn sem það mál hafa að hugsjón, eins og hæstv. viðskrh. orðaði það áðan, hafa misst trúna á að Framsfl. hafi vilja til að fylgja yfirlýsingum sínum í þeim efnum eftir. Að því leyti telst hv. þm. Páll Pétursson til síðustu „móhíkananna" í þingliði Framsfl. Það er hins vegar alveg rétt sem hæstv. fyrrv. utanrrh. Einar Ágústsson sagði: Við og við á ferli sínum sem utanrrh. lét hann þess getið, að Framsfl. væri enn fylgjandi því að herinn ætti að fara.

Ég hef ekki trú á að frumkvæði í baráttu fyrir brottför hersins komi frá Framsfl. í náinni framtíð, en vissulega mundi ég fagna ef það yrði. Það má hins vegar geta þess hér, að þrátt fyrir ítrekaða leit hefur ekki tekist að finna annan mann en Jónas Jónsson, sem kenndur er við Ystafell, úr röðum forustusveitar Framsfl. til að gegna trúnaðarstörfum í Samtökum herstöðvaandstæðinga á síðustu árum, nema fyrir nokkrum mánuðum fannst annar maður sem var viljugur að taka sæti hans. Fleiri en einn hverju sinni hafa þeir ekki verið á undanförnum árum, forustumennirnir úr Framsfl., og á ég þá við framkvæmdastjórnarmenn, miðstjórnarmenn í flokknum, hátt á annað hundrað manns, sem hafa verið reiðubúnir að láta nafns síns getið við forustu fyrir Samtökum herstöðvaandstæðinga. En það væri vissulega æskilegt að við, sem störfum innan Samtaka herstöðvaandstæðinga, fengjum að sjá fleiri úr þeirri átt.

Og eitthvað hefur saga síðustu ára skolast til í höfðinu á hv. þm. Páli Péturssyni þegar hann er farinn að eigna ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar lokunina á Keflavíkursjónvarpinu. Hæstv. viðskrh. rifjaði upp nokkurn hluta þeirrar sögu áðan. Ég vil aðeins bæta við. Hún er nefnilega nokkru lengri, hv. þm. Páll Pétursson. Eftir þessa lokun flutti núv. 1. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, till. um það hér á Alþ. að Keflavíkursjónvarpið yrði opnað aftur. Þá loksins fannst eitt mál sem þeir hv. þm. Albert Guðmundsson, Geir Hallgrímsson og Gunnar Thoroddsen voru sammála um. Þeir allir, og hv. þm. Geir Hallgrímsson sem forsrh. landsins, greiddu atkv. með því að opna Keflavíkursjónvarpið á nýjan leik. Það er saga sem við eigum ekki að láta gleymast. Það er einn þáttur í þeirri þjónustu hv. þm. Geirs Hallgrímssonar við Atlantshafsbandalagið og undirlægjuhætti hans, sem ég bíðst engrar afsökunar á að kalla svo, við Bandaríkin sem ég gerði að nokkru leyti að umtalsefni áðan.

Hins vegar fannst mér það vera athyglisverð hugmynd sem kom fram hjá hv. þm. Páli Pétursyni, að e. t. v. ættum við að beita okkur fyrir því að hér væru teknar upp þjóðaratkvgr. um varnarsamninginn við Bandaríki Norður-Ameríku, eins og hann heitir formlega séð, jafnvel á nokkurra ára fresti, t. d. á 4—5 ára fresti, þó að hann tilgreindi ekki tölur, þ. e. a. s. samningurinn væri gerður til nokkurra ára í senn og það færu reglulega fram umr. um endurnýjun hans, svo að ég orði aðeins lengra hugsun hv. þm. Þá gæfist þjóðinni með reglubundnum hætti tækifæri á að láta í ljós skoðun sína á þessu máli. Ég tel það vissulega vera athyglisverða hugmynd að hugleiða þjóðaratkvgr.-form með slíkum hætti, því að ekki hefur verið heillavænlegt fyrir utanríkismálefni Ís-

lendinga að það hafa staðið mjög harðar deilur um þær aðferðir sem beitt var við inngönguna í Atlantshafsbandalagið og komu hersins á sínum tíma. Þótt ég sé ekki sammála sögulegri lýsingu hv. þm. Páls Pétursson ar vil ég lýsa því yfir að ég er til viðræðu við hann, og ég veit að það eru fjölmargir aðrir Alþb.-menn, að finna eitthvert slíkt form fyrir reglubundna þjóðaratkvgr. um þetta mál.

Það ber að fagna því, eins og hér hafa gert fleiri en einn ræðumaður, að atvmn. hefur skilað einróma áliti um Suðurnesjaáætlun. En ég vil benda á að hv. utanrmn. hefur einnig skilað áliti um aðra till., sem nokkrir þm. Alþfl. fluttu, og meiri hl. n. leggur til við hv. Alþ. að það samþykki till. um rannsókn á starfsemi Íslenskra aðalverktaka. Ég fagna því alveg sérstaklega að myndast hefur meiri hl. í hv. utanrmn. um þá till. nokkurra þm. Alþfl. Ég tel, að Alþ. eigi að afgreiða báðar till. áður en þingi lýkur, og beini því til hæstv. forseta að þær fái báðar nægilegt rúm á fundartíma Sþ. svo að þær verði afgreiddar. Ekki hafa það margar till. hlotið afgreiðslu frá n. nú þegar, — till. sem hafa verið fluttar í Sþ., — að ekki ætti að vera fullkomlega gerlegt að taka báðar till., bæði till. um Suðurnesjaáætlun og till. um sérstaka rannsókn á Íslenskum aðalverktökum, til afgreiðslu í Sþ. Vil ég því eindregið koma þeirri ósk á framfæri við hæstv. forseta.

Það eru örfáar aths. við seinni ræðu utanrrh. Ég fagna mörgu sem þar kom fram. Mér fannst ég þar kenna frekar þann tón opinnar umræðu og viðleitni til gagnrýninnar athugunar á fjölmörgum málum sem ég sagði í fyrri ræðu minni í dag að ég hefði kosið að hefði frekar verið blær þeirrar skýrslu sem hæstv. utanrrh. flutti.

Það *er alveg rétt, sem hæstv. utanrrh. sagði, að ýmsar* rannsóknastofnanir og fræðimenn hafa fjallað um samskipti Íslands og Noregs í öryggismálum og þar hefur verið bent á hvert er samhengið milli hersetunnar hér og núverandi varnarkerfis og öryggisnets Noregs. Fræðimenn og rannsóknastofnanir hafa tekið þau mál til meðferðar. En þau orð, sem ég hefði um þetta efni, og ég vænti þess að ég hafi tekið það nokkuð skýrt fram, áttu við að í opinberum samskiptum þessara þjóða og í viðræðum íslenskra og norskra ráðamanna hefði þetta mál í raun og veru ekki verið tekið fyrir, það hefði verið feimnismál á þeim vettvangi. Mér er ekki kunnugt um að það liggi fyrir neins staðar — má vel vera að það sé vankunnátta mín — frásagnir af viðræðum eða niðurstöðum ráðamanna Noregs og Íslands um varnarmálefni, en ég tel að það sé eitt af þeim atriðum sem nauðsynlegt er að rædd séu milli þjóðanna ef menn vilja hafa á *samskiptum þeirra þann blæ hreinskilni og frændsemi* sem margir vilja hafa.

Úr því að vitnað var enn frekar til Johans Holst vil ég aðeins nefna það, að kunnir fræðimenn á þessu sviði hafa vitnað til þeirrar skoðunar Holst, að ef herstöðin væri ekki á Íslandi þyrftu Norðmenn að hafa kjarnorkuvopn í landi sínu. Þessi herstöð væri ekki aðeins afsökun fyrir Norðmenn til að þurfa ekki að hafa erlendan her í sínu eigin landi, heldur líka afsökun fyrir því að þeir ættu ekki að hafa kjarnorkuvopn. Ég hef ekki sjálfur séð skoðanir Holst á prenti eða heyrt hann hafa yfir þessi ummæli. En þetta er enn einn þátturinn í samhengi herstöðvarinnar hér við skoðanir í Noregi sem ekki hefur verið ræddur. Ef rétt er gæti það rennt stoðum undir að ein af ástæðunum fyrir því, hvers vegna þá þyrftu að vera kjarnorkuvopn í Noregi, sé að hér sé aðstaðan eða jafnvel geymslan á þeim kjarnorkuvopnum sem Norðmenn telja sig þurfa að hafa vegna þess að Noregur telji sér nauðsynlegt að vera undir kjarnorkuvopnaregnhlífinni einnig og sá regnhlífarhluti Noregs sé í geymslu og varðveislu kjarnorkuvopnanna á Keflavíkurflugvelli. Ég veit þetta ekki, en það gæti verið hugsunin að baki þeirrar fullyrðingar að herstöðin hér sé eins konar kjarnorkuvopnavörn fyrir Norðmenn eða jafngildi hennar.

Hæstv. utanrrh. misskildi að nokkru leyti það sem ég sagði um valkosti í öryggismálum og það sem ég vitnaði til þeirrar umr. sem fram færi víða í Evrópu. Hún snýst fyrst og fremst um þær upplýsingar, sem nú eru látnar í té, og það upplýsingakerfi, sem festst hefur í sessi á undanförnum árum og áratugum, en ekki fyrst og fremst um þá valkosti sem voru fyrir hendi þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað. Í því sambandi má benda á enn frekar, að fréttir hafa verið fluttar af því, ef ég man rétt, að á nýafstöðnu þingi jafnaðarmannaflokksins í Hollandi hafi verið frekar naumur meiri hl. með áframhaldandi þátttöku Hollands innan Atlantshafsbandalagsins. En við erum sjálfsagt báðir sammála um það, ég og hæstv. utanrrh., að á þessum sviðum þurfi miklu víðtækari upplýsingastarfsemi, og ég fagna þeim yfirlýsingum, sem hann lét frá sér fara hér, um vilja sinn til að leggja sjálfstætt mat á og segja sjálfur frá því sem hann telur nauðsynlegt að þjóðin viti.

Ég fagna einnig og vil vekja sérstaka athygli á yfirlýsingu hans um það eða nánari skýringum, og ég hef þá misskilið þá frétt sem hann flutti sem eins konar jákvæða túlkun og blessun á atburðarásinni, að ríkisstj. hefði ekki lagt blessun sína yfir þróun Flugleiða og fyrirtækjasamsteypu þeirra með þeim afskiptum sem rn. hefði haft af flugmálum við yfirvöld í Lúxemborg eða í Bandaríkjunum. Mér finnst þó, þó að ég fagni vissulega að þessi yfirlýsing komi skýrt fram, að í þessum afskiptum felist ekki nein ákveðin stefnuyfirlýsing af hálfu ríkisstj. Finnst mér samt að þessi afskipti, ef dæma má af þeirri frásögn sem hér var flutt, megi túlka á þann veg, og það gerði ég þegar ég heyrði þá frásögn, að þar sé jafnframt verið að leggja blessun sína yfir stefnu Flugleiða.

Ég fagna því einnig, að bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. hafa tekið undir þá hugmynd að flytja sérstaka skýrslu um utanríkisviðskipti. Ég held að þeim þætti hafi allt of lítið verið sinnt á Alþ. Ekki er aðeins um að ræða samskipti við þær stofnanir sem hér hafa verið nefndar, en einnig starfsemi þeirra fyrirtækja og sölusamtaka á sviði utanríkisviðskipta sem Íslendingar eiga og reka. Sá málaflokkur er vissulega svo stór og mikilvægur að hann réttlætir árlega sérstaka skýrslu til Alþ., jafnhliða því sem þá gæfist tækifæri til að ræða afskipti ýmiss konar erlendra fjármálastofnana, eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans, af efnahagsstjórninni hér á landi. Í Bretlandi hafa t. d. á undanförnum árum verið nokkuð harðar deilur, m. a. innan breska Verkamannaflokksins, um afskipti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins af efnahagsstjórninni í Bretlandi. Var lántaka Breta hjá sjóðnum orðin slík, að sjóðurinn setti bresku ríkisstj. skilyrði um hver efnahagsstefnan ætti að vera, og páv. fjmrh. Verkamannaflokksins, Denis Healey, lýsti því yfir, ef ég man rétt, fyrir 1—2 árum á þingi Verkamannaflokksins mjög stoltur að nú hefði ríkisstj. náð því markmiði að uppfylla þá skilmála sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setti breskri efnahagsstjórn. Hingað hafa komið ýmsir sérfræðingar og fulltrúar Al-

þjóðagjaldeyrissjóðsins á undanförnum mánuðum, missirum og árum og nýlega var rætt opinberlega að þeir hefðu sent frá sér skýrslur og álitsgerðir og tillögur. Ég tel að þörf sé á jafnopinni umr. hér á landi og í Bretlandi um þátt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og afskipti hans, ef einhver eru, formleg eða óformleg, af efnahagsstjórninni hér á landi.

Að lokum, herra forseti, væri tilefni til að fara nokkrum orðum um það svar, ef svar skyldi kalla, sem hv. 4. þm. Reykv., nýkjörinn formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, lét frá sér fara um Bilderbergklúbbinn svonefnda. Það var merkilegt svar að mörgu leyti. Fyrst í því svari var: Nánast væri ekkert markvert um þann klúbb að segja, það væri ekki einu sinni talað um mig á fundum, hvað þá annað merkilegra. En þegar leið á ræðuna fóru að detta út úr hv. þm. Geir Hallgrímssyni setningar, ein, tvær og fleiri, sem gáfu til kynna að þarna ættu sér stað nokkuð athyglisverðar umr., en þm. lagði ríka áherslu á að þarna væru ekki teknar ákvarðanir. Enginn hefur haldið því fram að þarna væru teknar formlegar ákvarðanir. Því hefur hins vegar verið haldið fram, að þarna færu fram umr. sem á síðari stigum ákvarðanatöku kynnu að skilyrða það sem einstakir aðstandendur þessa klúbbs legðu síðan til í löndum sínum, í fyrirtækjum sínum eða í herráðum sínum. Það var staðfesting á þessu sem kom fram í svarinu. Hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði að málin væru rædd í Bilderberg-klúbbnum áður en þau væru komin á ákvörðunarstig eða m. ö. o. færi þarna fram frumumræða eða fyrri umræða um sameiginlega hagsmuni og meginstefnu sem menn eiga síðan að beita sér fyrir þegar kemur að ákvarðanastiginu.

Það var margt fleira í þessu svari um skoðanaskipti í fullri einlægni, skoðanaskipti í einlægni sem þyldu ekki að sjá ljós í dagblöðum, og það gætti fyrirlitningartóns hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni í garð fjölmiðla, sú einlægni, sem þrifist innan Bilderberg-klúbbsins og væri helsti kostur hans, væri fyrst og fremst til að koma sér hjá fjölmiðlunum. Það má margt slæmt segja um fjölmiðla, en í lýðræðislandi eru þeir þó upplýsingatæki gagnvart almenningi. Það er mjög fróðlegt að fá það staðfest í þskj., að á þessum fundum sýni hv. þm. Geir Hallgrímsson einlægni, svo að hans eigið orð sé notað, sem hann þorir ekki að sýna íslenskri þjóð í viðræðum við hana í fjölmiðlum eða við alþm. þjóðarinnar á Alþ. Sú einlægni er eingöngu helguð félögunum, forstjórunum, alþjóðakapítalistunum, herforingjunum og ráðamönnum Bandaríkjanna og annarra forusturíkja á Vesturlöndum sem koma saman í Bilderberg-klúbb.

Og áfram hélt hv. þm. Hann sagði að á þessum fundum ynnu menn, og ég vitna orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, „sínu eigin landi gagn". Í síðustu alþingiskosningum átti hv. þm. Geir Hallgrímsson ekki upp á pallborðið hjá kjósendum. Í prófkjöri Sjálfstfl. í Reykjavík varð hann að láta efsta sætið í hendur Alberts Guðmundssonar, og ekki var forusta hans óskorðuð á síðasta landsfundi. En það kynni nú að vera fróðlegt fyrir það fólk, sem vantreystir ferli hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, að fá upplýsingar um á hvern hátt hann telur sig hafa unnið Íslandi gagn á fundum Bilderberg-reglunnar, hvaða þættir það eru, hvaða málefni það eru sem þar hafa verið á dagskrá þar sem hv. þm. Geir Hallgrímsson gat, að eigin sögn, unnið eigin landi gagn.

Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni, að gagnrýni margra alþm. og annarra á að forsrh. landsins sitji slíka leynifundi og sýni þar einlægni, sem hann telur sig ekki geta sýnt íslenskri þjóð, stafi af því sem hann kallaði „sorglegan vott um minnimáttarkennd gagnvart útlendingum" og við kunnum ekki, viljum ekki eða þorum ekki að umgangast erlenda menn. Merkilegur er sá hugarheimur sem hv. þm. Geir Hallgrímsson lifir í ef hann telur að í því felist sérstakar hetjudáðir og sýni skort hans á minnimáttarkennd og kunnáttu hans í að umgangast erlenda höfðingja að hann hefur sótt fundi Bilderberg-klúbbsins. Ég efa ekki að hv. þm. Geir Hallgrímsson kann að lyfta kampavínsglösum með þessum herrum, — það er alveg rétt, ég efa það ekki. En að hv. þm. skuli telja að gagnrýni á slíka leynifundi sé vottur um minnimáttarkennd gagnvart útlendingum sýnir að hann kann sér engin takmörk í því hvers konar viðræður, hvers konar málefni íslenskur forsrh. má fara með á fundum á erlendri grund. Hann hefur ekki í grundvallaratriðum skilning á því, hvað í því felst að vera forsrh. sjálfstæðrar þjóðar í lýðræðisríki. Röksemdir, sem sóttar eru í erlenda „selskapsleiki" atferli hans til stuðnings, eru fyrst og fremst vottur um þennan eiginleika. E. t. v. þurfum við ekki að undra okkur svo mjög á því atriði, vegna þess að hv. þm. Geir Hallgrímsson virðist í raun og veru telja fölskvalausa aðdáun, fölskvalausa auðtrú á allt, sem frá Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum kemur, vera aðalsmerki á vestrænum stjórnmálamanni. Þá verðum við að sætta okkur við að stærsti flokkur þjóðarinnar skuli enn á ný hafa kosið slíkan mann til forustu fyrir flokknum. En kunnátta hans á sviði íslenskra öryggismála, á sviði herstöðvarinnar í Keflavík og samskiptum okkar við Noreg í þessum efnum er ekki mikil, ef dæma má af þeim fáu setningum sem hann sagði um hlutverk herstöðvarinnar hér og þátt hennar í samanburði við þá starfsemi sem fram fer í Noregi. Það fannst mér, ef hv. þm. hefur meint það sem hann sagði, sýna manni inn í hugarheim manns sem er í raun og veru hættur að hugsa um þessi málefni, heldur tekur hinar stimpluðu skýrslur frá Atlantshafsbandalaginu sem góða og gilda vöru í þeim efnum.

Að lokum, herra forseti, sagði hv. þm. Geir Hallgrímsson að íslenska þjóðin væri ekki klofin í utanríkismálum, íslenska þjóðin hefði nánast aldrei verið klofin í utanríkismálum og það væri engin ástæða til að gera neitt veður úr því að dvöl hersins hér á landi hefði klofið þjóðina í herðar niður í utanríkismálum. Slíkt var skemmtileg yfirlýsing frá manni sem hefur innan eigin flokks talið sér það einna helst til tekna af setu sinni sem forsrh. að hann hafi getað komið í veg fyrir að herinn færi af landi brott, hann hafi getað komið í veg fyrir framkvæmd þeirrar stefnu, sem ríkisstj. þar á undan hafði á stefnuskrá sinni, og honum hafi tekist að tryggja Ísland enn um sinn í varnarkerfi vestrænna lýðræðisríkja, eins og það heitir á hans máli. Það fer einfaldlega ekki heim og saman að hæla sér innan Sjálfstfl. einna mest fyrir árangur sinn af baráttunni í því, sem hv. þm. kallar sjálfur „öryggis- og varnarmál þjóðarinnar", og telja sig þar hafa unnið stærsta sigra gegn þeim öflum, sem vilja koma hernum brott, og koma svo hingað og segja: Það er enginn ágreiningur með íslenskri þjóð um þessi efni, hún er alls ekki klofin í sjálfstæðismálum. — Íslensk þjóð er klofin í sjálfstæðis- og utanríkismálum, og fram hjá þeirri staðreynd verður ekki gengið. Sá klofningur verður, svo lengi sem hann er fyrir hendi, hætta fyrir þjóðina, — hætta sem býður erlendum öflum margvíslega möguleika

til að leika á innbyrðis sundrung smárrar þjóðar.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég skal reyna að lengja umr. ekki úr hófi, enda var aldrei ætlan mín að taka þátt í umr. um hina ágætu skýrslu hæstv. utanrrh. Utanríkismál eru mér ekki það kunn að ég hafi yfirleitt þekkingu á að rekja þau til neinnar hlítar eða dæma um ágæti skýrslunnar, sem mér virðist þó eftir umr. að hafi verið allgóð, því að ég man ekki til að orðið hafi á þingi fyrr í vetur jafnhóflegar umr. og hér hafa farið fram síðustu 10 tímana. En þegar hæstv. forseti Sþ., hv. 3. þm. Reykn., fullyrti, að innan Alþfl. heyrðust ekki lengur raddir gegn hersetu á Íslandi, fór mér að líða hálfilla, þó að stífluna tæki úr þegar hv. 4. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, fór að tíunda ágæti Alþfl.

Svo að ég komi fyrst að hv. þm. Gils Guðmundssyni, get ég ekki að því gert þó að hann heyri illa til sumra Alþfl.-manna. En hins vegar held ég að innan þingflokks Alþfl. núna, þess sem nú er hér, séu fleiri raddir en oft hafa verið andstæðar hersetunni á Suðurnesjum. Það er reyndar ekkert nýtt og svo mun verða áfram, að margir Alþfl.-menn séu andstæðir bandarískri hersetu hér. Það kom mjög greinilega fram og hefur alltaf komið fram í öllum samkundum Alþfl., að menn eru þar ekki á einu máli um þýðingu hersetu. En menn hafa kannske misjafnlega hátt, það er alveg rétt og þess vegna hefur hæstv. forseti vor ekki heyrt í okkur að við höfum ekki gengið á torg og hrópað þar og ekki heldur slitið skónum okkar í Keflavíkurgöngum nýlega vegna þessa máls.

Ég sagði, að stífluna tók úr þegar hv. 4. þm. Norðurl. v. kenndi því um að á dögum síðustu vinstri stjórnar hefðu Samtök frjálslyndra og vinstri manna hindrað að herinn færi af Suðurnesjum, náttúrlega í fullkominni andstöðu við samstarfsflokka sína og sjálfsagt ekki leitað stuðnings annarra. En síðan sagði hann að núna stæði Alþfl. gegn því að nokkuð væri gert í þeim málum. Ég veit ekki til þess, að hv. þm. hafi nokkurn tíma látið reyna á þetta. Hins vegar hefði ég gaman af því að benda þessum ágæta þm. á að þegar umr. fóru fram á s. l. sumri um samstarf flokka til myndunar ríkisstj. voru, þegar fyrstu samningar voru milli Alþfl. og Alþb., komin veruleg drög að því að þrengja að hernámsliðinu, en þegar Framsfl. kom inn í samstarfið hurfu þau algerlega.

Ég vil ekki fullyrða neitt um hvaðan þessir ágætu þm. hafa þau rök að Alþfl.-menn séu alfarið með hersetunni hér. Alþfl. hefur aldrei staðið heill og einn gagnvart því máli. Bæði Alþfl. og Framsfl. hafa verið verulega klofnir í afstöðunni til hersetu á Íslandi alla tíð, jafnvel hefur borið á slíkum klofningi í Sjálfstfl., en um Alþb. vil ég ekkert fullyrða.

Frá mínu sjónarmiði og manna, sem eru líkt þenkjandi og ég, bæði innan Alþfl. og annars staðar, hefur herinn löngum þótt vera nokkurs konar óþrif í landi og þjóð, misjafnlega mikil. Hann er ekki með versta móti núna, en kannske er það vegna þess að einhverju leyti að menn séu farnir að venjast óværunni. Svo var a. m. k. í gamla daga. Menn þóttu því meiri sem óværan var meiri á þeim og þóttust þá vera karlmannlegastir. En þetta er kannske útúrdúr. Hitt er annað mál, að sú smán, sem við höfum orðið fyrir í sambandi við hersetuna, nær nokkuð langt. Hún er nefnilega fyrst og fremst í því fólgin, að við hér á landi teljum okkur þurfa á hernum að halda fyrir þjóðina. Þá meina ég að slysavarnir og almannavarnir á Íslandi eru beinlínis háðar þeim her sem hér situr. Þetta kom fram í Vestmannaeyjagosinu. M. a. s. ég hef orðið að þola að flytja sjúkling á þyrlu varnarliðsins. Mér þótti að vísu gott að geta gripið til þess þá, því að ég var með dauðvona sjúkling. En ekki er gott til þess að hugsa, að þessa skuli þurfa, við séum svo lélega búnir að við verðum að treysta því, að þeir komi þarna til hjálpar okkur, og nennum ekki að standa í því að betrumbæta hag okkar.

Ég hef ekki talið að þýðing herliðsins á Íslandi væri mikil, a. m. k. ekki fyrir varnir Íslands. Hins vegar kann að vera að það sé óhjákvæmilegur hlekkur í vörnum Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna. Ég hef haft gaman af því, að í vetur hafa hörðustu fylgismenn hersetunnar einmitt komið að því atriði, að vitanlega væri herliðið hér ekki til að verja okkur, heldur væri það hlekkur í varnarkeðjunni og eiginlega njósnalið fyrir NATO, svo að þessi hlekkur njósnara dytti ekki niður.

Það var einnig nokkuð fróðlegt, að þegar síðasta þorskastríð geisaði og menn töldu það gæti verið ráðlegt að hóta Bandaríkjunum með því að reka herinn burt héðan upplýsti framkvæmdastjóri NATO í eitt skipti að það væri fjárhagslega mikil nauðsyn fyrir Atlantshafsbandalagið að hafa flugstöð hér fyrir herinn, því að ef Íslendingar ýttu hernum út á haf þyrfti bandalagið að fá fjögur flugvélamóðurskip til að gegna sama hlutverki. Mikilvægari erum við ekki hvað þetta snertir að áliti NATO.

En verst af öllu er að herinn leiðir af sér vissa siðferðilega spillingu í landinu, hann drepur pínulítinn brodd af þjóðarstolti okkar og hann hefur fjárhagslega þýðingu fyrir hluta þjóðarinnar, fyrir ákveðin atvinnufyrirtæki og því miður jafnvel fyrir nokkra launþega á Suðurnesjum. Vona ég að því verði fljótt hægt að kippa í lag og við getum séð sem fyrst á bak þeirra dáta sem okkur var lofað fyrir nærfellt 30 árum að skyldu ekki vera hér á friðartímum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hér hafa spunnist skemmtilegar umr. og við þær langar mig að bæta fáeinum orðum.

Hæstv. viðskrh. mælti réttilega, að það væri vansæmd að því að Íslendingar væru ekki þess umkomnir að bjarga sér sjálfir þegar þeir lentu í háska og væru upp á Bandaríkjaher komnir með sum björgunar- og öryggistæki sem nauðsynleg eru í slíkum tilfellum. Hann benti á að efla þyrfti Landhelgisgæsluna til þess að hún gæti unnið það starf. Ég man ekki betur en einhverjar hugmyndir hafi komið fram um niðurskurð hjá Landhelgisgæslunni við síðustu fjárlagagerð. Ég held að þær hafi ekki upphaflega komið frá dómsmrh. En ég vona að hæstv. viðskrh. standi með dómsmrh. um það að efla Landhelgisgæsluna. Ég gæti vel hugsað mér að styrkja þá í því verki til að Landhelgisgæslan gæti gegnt þessu hlutverki.

Ég mun hafa komist ónákvæmt að orði um lokun Keflavíkursjónvarpsins. En ég hygg að mig misminni ekki, að sú lokun kom til framkvæmda eftir að vinstri stjórnin var farin frá. Hitt er rétt, sem komið er fram, að það var búið að semja um lokunina í tíð ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Ég er með till. til þál. um sjónvarpsmál á þskj. 17 frá 95. löggjafarþingi. Flm. hennar er Albert Guðmundsson. Þar segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hefja nú þegar samninga við yfirstjórn Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli um að fresta um óákveðinn tíma takmörkun á

styrkleika útsendinga og breytingum á útsendingargeislum sjónvarpsstöðvar Keflavíkurflugvallarins."

Seinna segir í grg.:

„Ég leyfi mér að flytja þessa þáltill. þar sem ég álít að með samkomulagi fyrrv. ríkisstj. um að takmarka útsendingu sjónvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli sé verið að skerða hinn helga rétt einstaklingsins í lýðfrjálsu landi til valfrelsis um það sjónvarpsefni sem í boði er hverju sinni."

Þessa till. flutti hv. þm. Reykv., Albert Guðmundsson. Það var mikil andstaða meðal sjálfstæðismanna um að lokunin kæmi til framkvæmda, enda segir í till. „að fresta um óákveðinn tíma". Tillögumaður mundi ekki taka svo til orða ef lokun væri komin til framkvæmda. En þrýstingurinn varð svo mikill, eins og hefur réttilega verið rakið af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að m. a. o. næstum því formaður Sjálfstfl. og núv. formaður Sjálfstfl. tóku saman höndum, á þeim degi urðu þeir vinir Heródes og Pílatus, og hv. þm. Albert Guðmundsson og þáv. hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson sameinuðust um þetta baráttumál.

Hæstv. viðskrh. orðaði það svo, að afstaðan til hersins væri mikilvægt hugsjóna- og baráttumál fyrir Alþb. Þar komst hann nákvæmlega rétt að orði. Það var einmitt það sama og ég var að reyna að segja. Þeim hefur verið þetta mikilvægt mál, bæði til þess að sameinast um hugsjónalega og til þess að hafa eitthvað til að berjast fyrir sameiginlega. Meginatriðið er að baráttan beri árangur. Ég biðst afsökunar ef ég hef snúið út úr orðum hæstv. ráðh., en ég tók svo eftir að hann segði þetta. Það er meginatriðið, að baráttan beri árangur, og um það stendur slagurinn.

Það var vitnað í 170 framsóknarmenn sem hefðu ekki viljað láta herinn fara. Það er satt, að við erum ekki orðnir ýkjamargir framsóknarmenn, en þó er 170 ekki stór hópur af liðskosti framsóknarmanna, ekki svo að okkur vaxi hann neitt í augum.

Hæstv. viðskrh. orðaði það svo, að vera kynni að hann sæti eitthvað lengur í ríkisstj. með hæstv. utanrrh. Mér verður að spyrja: Er Alþb. á förum úr ríkisstj.? Ég vona að svo sé ekki. Það er aldrei friður. Þetta er ljóta ástandið!

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson bauð þingheimi að segja söguna um herinn og Framsfl. Hann rakti hana ofurlítið, ekki þó nákvæmlega, hann á kannske eftir að gera það. En hann verður að passa sig á því, ef hann fer að segja þá sögu, að fara ekki að eins og Gunnar heitinn Lambason, þegar hann fór að segja frá Njálsbrennu í gamla daga og hallaði mjög réttu máli og ló frá víða. Ég vonast til að þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segir sína sögu reyni hann að hafa hana rétta.

Hv. þm. dró í efa að hæstv. dómsmrh. væri enn sama sinnis og hann var í fyrra um að hér ætti ekki að vera her á friðartímum, en það er þá vegna þess að hv. þm. hlustar ekki nógu vel á dómsmrh. Ef hann hefði hlustað nógu vel mundi hann hafa heyrt þetta iðulega síðan í fyrra, vegna þess að dómsmrh. hefur iðulega endurtekið skoðun sína.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um með hverjum hætti hægt sé að hagnast á því að vera andstæðingur hersins. Ég held að það sé upplagðara fyrir Alþb. að efla með sér samstöðu með því að geisa yfir hernum en þó nokkurn tíma Framsfl., og er ég þó ekkert að draga úr félögum mínum að ýta við hernum. Það eflir náttúrlega ekki samstöðu við þessa 170 að tala um herinn, þannig að ég held að það sé ugglaust að Alþb. hefur af slíku meiri hag en Framsfl. hefur nokkurn tíma haft.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kvartaði undan því, að erfitt hefði verið að fá miðstjórnarmenn Framsfl. til að starfa í Samtökum herstöðvaandstæðinga. Ég þekki þó nokkuð marga miðstjórnarmenn Framsfl. sem eru mjög áhugasamir andstæðingar hersins. Ég talaði áðan um misnotkun Alþb. á þessum samtökum. Að því slepptu eru iðulega voðaleg vandræði að fá framsóknarmenn til að vinna með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Það er eins og þeim leiðist sumum að vinna með honum. Ég skil ekkert í þessu, af því að mér finnst skemmtilegt að vinna með honum.

Ég veit vel um hérnámsandstæðinga innan raða Alþfl. og hér á þingi veit ég um a. m. k. tvo mjög skelegga og ágæta baráttumenn fyrir brottför hersins úr röðum Alþfl., þá hv. þm. Bragi Níelsson og Gunnlaug Stefánsson. E. t. v. eru þeir fleiri. En ég veit líka um menn innan þess flokks sem eru mjög á annarri skoðun. Ég ætla ekki að fara að tíunda yfirlýsingar hæstv. utanrrh. eða t. d. hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar um afstöðu til hersins. Þeir fluttu hér ótrúlegar ræður í umr. utan dagskrár í vetur vegna þess að Carter Bandaríkjaforseti vildi fækka innfæddum sem ynnu í hinum ýmsu herstöðvum Bandaríkjamanna. Ég veigra mér við því að rifja þær umr. upp, en vísa til Alþingistíðindanna.

Ég varð ekki var við í þeim stjórnarmyndunarviðræðum, sem hv. þm. Bragi Níelsson vitnaði til, þá kröfu Alþfl. að láta herinn fara eða kreppa mjög að honum. Það kann að vera að kröfunni hafi ekki verið haldið til streitu af fulltrúm Alþfl., en allt um það kom hún ekki fyrir mín eyru.

Að öðru leyti vil ég fagna umr. Ég held að við eigum miklu fleira sameiginlegt en það sem við erum ósammála um. Ég heiti á menn, sem eru sömu skoðunar og hv. þm. Bragi Níelsson og margir fleiri sem hafa talað í málinu, að taka höndum saman og reyna nú að vinna af einlægni að því að losa okkur við þessa óværu.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég undrast það tal sem hér hefur orðið um niðurlagningu og lokun ameríska sjónvarpsins. Skelfing er tíminn fljótur að líða og menn fáfróðir að halda því fram að það hafi gerst á stjórnarárum Geirs Hallgrímssonar eitthvað í kringum 1974.

Ameríska sjónvarpið hófst í kringum 1960 og mjög fljótlega eftir að það tók að breiðast út reis upp andstaða gegn því sem átti sér engin flokkatakmörk. M. a. s. gerðist það, þegar sú andstaða stóð sem hæst, að 60 landskunnir Íslendingar skrifuðu undir ávarp og kröfðust þess að hinu ameríska sjónvarpi væri lokað. Þeir höfðu aðeins eitt sameiginlegt, enginn þeirra var Alþb.-maður. (**ÓRG:** Þetta var passað af undirskriftasöfnurum.) Já, það var gert söfnuninni til styrktar. Íslenska sjónvarpið hóf útsendingar 1966. Um sama leyti sem það gerðist voru þegar hafnar viðræður á milli menntmrh. sem þá var, Gylfa Þ. Gíslasonar, og Bandaríkjamanna hér um lokun sjónvarpsins. Ég fylgdist mjög vel með þessu því að ég var formaður útvarpsráðs á þeim tímum og var sammála Gylfa um að bandaríska sjónvarpinu bæri að loka og það hefði aldrei átt að leyfa það. Sannleikurinn í málinu er sá, að engin íslensk ríkisstj. lokaði því. Ameríkumenn gerðu það sjálfir. Það var hér mjög

skynsamur sendiherra, sem hét James Penfield, sem gekkst fyrir því. Hann tók ómakið af íslenskum yfirvöldum formlega. Það getur verið að einhver formsatriði hafi komið seinna, en þetta hefur verið um 1970. Í skyndi hef ég ekki aðstöðu til þess að finna nákvæma dagsetningu. Þetta sjónvarp er enn þá til, en það bara fer eftir lokuðum símarásum á milli íbúðarhúsa hermanna, eins og það hefði átt að gera frá upphafi.

Út af margra klukkutíma metingi á milli flokka í afstöðu til hernámsmála vil ég aðeins geta þess, að eins og fram hefur komið hefur Alþfl. alla tíð verið skiptur í því máli. Flokksþing eftir flokksþing í 30 ár hafa þeir, sem andstæðir eru þeirri varnarstefnu sem hefur verið rekin, haldið fram málstað sínum, en hins vegar hefur stefnan sjálf, sem framkvæmd hefur verið og flokkurinn hefur út á við fylgt, fengið frá 75 og upp í 80% atkv. á flokksþingum. Samband ungra jafnaðarmanna hefur hins vegar á öllum sínum þingum gert ályktanir sem eru í andstöðu við varnarlið og þátttöku í Atlantshafsbandalaginu. Ég hygg að það hafi gert það á laugardaginn var síðast, svo að þar er í sjálfu sér engin breyting. Hlutfallslega voru varnarliðsandstæðingar í þingflokki Alþfl. sterkastir þegar þeir voru tveir, Gylfi og Hannibal. Nú eru þeir a. m. k. tveir, sennilega ekki fleiri, en þingflokkurinn er það miklu stærri að þeir ná ekki því hlutfalli að vera jafnvoldugir og Gylfi og Hannibal voru þá, hvort sem framtíðin kann að verða sú sama eða ekki.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Umr. þær, sem hér hafa farið fram um skýrslu hæstv. utanrrh., hafa yfirleitt verið mjög friðsamar og farið rólega fram og málin verið rædd af stillingu og yfirvegun. Þó bregður svo við þegar liðið er á annan dag umr., að einir þrír hv. alþm. hafa heldur betur hleypt á skeið núna eftir miðnættið. Hv. 4. þm. Norðurl. v. var að vísu í hálfgerðum vandræðum með sína 170 framsóknarmenn, eins og hér var rækilega bent á, og lagði mikið kapp á að losna við óværuna, eins og hann nefndi svo, suður á Miðnesheiði. Og hv. 8. landsk. þm. talaði heldur kuldalega til varnarliðsins — m. a. á þá leið að herinn, sem hann nefndi svo, væri hlekkur í njósnakerfi NATO og hann gæfi okkur vissa siðferðilega spillingu í landinu — og hann óskaði eftir að sjá sem fyrst á bak þessum dátum. M. ö. o. vildi hann ekkert af þeim her vita, nema helst þegar hann þyrfti að hringja á aðstoð við sjúkraflutninga. Ósköp er þetta dæmigert kratasjónarmið. En það er nátturlega best fyrir þessa menn að ræða málin í eigin flokkum og hef ég ekki fleiri orð um það.

Þá er það hv. 3. landsk. þm. Um ræðu hans ætla ég ekki að fara mörgum orðum, aðeins benda á það sem hann sagði til að svara aths. hv. 4. þm. Reykv. Mér virtist hann nota tækifærið, þar sem hv. 4. þm. Reykv. var fjarverandi, að veitast að honum með hvassri gagnrýni. Við höfum þann hátt á yfirleitt á Alþ. að veitast ekki persónulega að fjarstöddum alþm., allra síst þar sem um er að ræða málefni þar sem þeir geta einir efnt til svara. Ég er ekki kunnugur í þessum Bilderberg-klúbbi sem virðist vera svo hugleikinn hv. 3. landsk. þm. Hann virðist tala um þann klúbb af töluvert miklum kunnugleika. Hins vegar get ég ekki skýrt frá ferðalögum hv. 4. þm. Reykv. þangað. Þessi hv. þm. virðist vera þeim atriðum miklu kunnugri en ég. En einhvern veginn hefur maður það á tilfinningunni, að hann tali um þennan Bilderberg-klúbb á svipaðan hátt og refurinn talaði um vínberin í gamla daga. Það er vonandi að hann fái þær leyndu óskir sínar uppfylltar að kynnast þessum klúbbi nánar af eigin raun einhvern tíma seinna.

Ég get að sjálfsögðu ekki lýst þessum klúbbi nánar og ekki svarað þeirri gagnrýni sem hv. þm. bar á borð. Verð ég því að hafa um það sem fæst orð. En öllum þessum þrem hv. alþm. vil ég benda á að lesa einu sinni enn þau ákvæði stjórnarsáttmálans sem um þessi mál fjalla. Það var einu sinni hæstv. forsrh. sem ráðlagði mönnum sínum og raunar öllum landsmönnum að lesa það stjórnarkver, sem þá var stýrt eftir, kvölds og morgna. Ég vil benda þessum hv. þm. á að kynna sér hin skýru ákvæði stjórnarsáttmálans betur og hafa meira samræmi í orðum og gerðum. — Og það má gjarnan vinna að því, að það er sjálfsagt mál, að reyna að ná þeirri samstöðu, sem við getum í þessum efnum, og stuðla að því að efld verði almenn samstaða okkar allra í utanríkismálum, í stormum og stríði samtímans.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Mér er ljóst að ég hef talað mig „dauðan" í þessu máli, sem kallað er. Ég þakka þess vegna fyrir að fá að gera örstutta aths. Hún skal verða mjög stutt, ég lofa því.

Það er út af ameríska sjónvarpinu sem hæstv. utanrrh. gerði að umtalsefni, það hefði verið í tíð viðreisnarstjórnar og Penfields sendiherra sem Keflavíkursjónvarpi hefði verið lokað. Mér kemur ákaflega á óvart að heyra þessu haldið fram og það af manni sem fylgist eins náið með og hæstv. ráðh. Það er rétt að settir voru upp skermar sem áttu að varna því að Keflavíkursjónvarpið næði til Reykjavíkur og nágrannabyggðanna, en þeir gerðu það ekki, þeir dugðu ekki. Það vita allir menn, sem fylgdust með á þessum árum, að hver maður, sem hafði efni á eða vilja til að kaupa sér tæki, gat horft á Keflavíkursjónvarpið með sáralítilli tilfæringu sem kostaði litla peninga. Það er fyrst þegar Keflavíkursjónvarpið var lagt í lokaða rás sem útilokað var fyrir okkur að horfa á það, og það kalla ég lokun. Hitt kalla ég ekki lokun. Hitt má kannske nefna takmörkun ef menn vilja vera velviljaðir, eins og ég vil gjarnan vera, en lokun var það ekki. Um lokunina var samið um á árinu 1974, að mig minnir í marsmánuði, um leið og till. þær um brottflutning hersins í áföngum voru lagðar fram í Washington sem ég hef oft verið minntur á, frá öllum stjórnmálaflokkum, held ég, eftir því hvaðan vindurinn hefur blásið hverju sinni.

Talað var hér um að einn af þeim 170 framsóknarmönnum, sem eru stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins og telja að herinn eigi að vera hér, Vilhjálmur Jónsson forstjóri Olíufélagsins, sé nú orðinn einn af blaðstjórnarmönnum Tímans, og einhvern veginn var það orðað á þá leið, að þar með væri undirstrikað samband blaðsins og flokksins við hermangið eða það opinberað. Ef með þessu er meint, eins og hugsanlega mætti skilja, að Tíminn sé rekinn fyrir fjármagn frá Olíufélaginu sem Olíufélagið græðir á viðskiptum við herinn, mótmæli ég því alfarið. Ég tel slíkt óviðeigandi og rangan málflutning og vil ekki láta honum ómótmælt.

Ég ætla ekki að misnota greiðasemi hæstv. forseta meira.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Samkv. þessum síðustu orðum held ég að ég og síðasti ræðumaður höfum báðir rétt fyrir okkur með sjónvarpið, því

að sú lokun, sem gerð var með skermum með samkomulagi við Penfield, var gerð í þeirri einlægu trú allra viðkomandi að slík lokun mundi duga. Hitt er rétt hjá honum, að skermarnir reyndust ekki nógu vel, það þurfti að gera síðari samninga sem hnykktu á og sáu til þess að útsendingar voru settar inn á kapla. En ég lít svo á sögulega, að það hafi verið ætlan manna í fyrra skiptið að fullkomin lokun væri tryggð. Það er aðeins tæknilegur munur þar á.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir að mér er leyft að gera örstutta aths. við ræðu hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar.

Ég sé ekki að það geti á neinn hátt verið eðlileg starfsregla þingsins sem opinbers umræðuvettvangs þjóðmála, að ekki eigi að taka til umfjöllunar ræður sem fram koma fyrr í umr. þótt flytjendur þeirra ræðna kjósi af ýmsum ástæðum að vera fjarverandi einhvern tíma funda þingsins þann sama dag. Ef slíkt væri algild regla væri hægt að takmarka umr. á margvíslegan hátt með fjarveru úr þingsölum. Það er ekki gert, heldur er sá ræðustóll, sem hér stendur, skoðaður einn og sér nægilegur vettvangur til þess að um megi fjalla allt það sem úr honum er sagt, enda er það skráð og sérhver þm. á aðgang að því samdægurs eða daginn eftir og margvísleg tækifæri í þinginu til þess að halda þeim umr. áfram. Ég biðst því á engan hátt afsökunar á því sem ég sagði um ræðu hv. þm. Geirs Hallgrímssonar og Bilderberg-klúbb hans, þótt hann sé fjarverandi í kvöld. Honum er velkomið að halda áfram þeirri umr. mín vegna hvar sem er og hvenær sem er, og fagna ég því eindregið því oftar sem hann tekur þau efni til umr., ef dæma má af þeirri ræðu sem hann flutti fyrr í dag. Ég vildi láta það koma skýrt fram, að ég var mér fyllilega meðvitandi um fjarveru hv. þm. Geirs Hallgrímssonar. Ég tel hins vegar að hún eigi ekki að hafa nein áhrif á eða að geta takmarkað í sjálfu sér að menn fjalli um það sem sagt hefur verið úr þessum ræðustól þótt viðkomandi flytjandi ræðunnar sé fjarverandi.

Að lokum vil ég fagna sérstaklega þeirri umræðu sem hér hefur orðið, einkum og sér í lagi seinni hluta hennar. Ég held að þótt álitið sé nætur og fáir séu hér í þingsölum hafi umræðan verið gagnleg. Ég held að það sé rétt, sem hv. þm. Bragi Níelsson sagði áðan, að í samanburði við umræður um íslensk utanríkismál, sérstaklega áður fyrr, þá er ég ekki að tala um allra síðustu ár, heldur tímabilið löngu á undan, séu þessar umr. vísbending um að miðað hefur þó töluvert í rétta átt. Bæði hv. þm. Einar Ágústsson, fyrrv. utanrrh., og núv. utanrrh. eiga þakkir skildar fyrir hlut í þeirri þróun, og mér finnst að sú umræða, sem orðið hefur í dag, eigi að sýna að Alþingi er eðlilegur og réttur vettvangur til þess að taka utanríkismál til miklu ítarlegri umfjöllunar en gert hefur verið. Ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort sem hann verður forseti næsta þings eður ei, og hæstv. utanrrh. með sama fyrirvara, eða til þeirra sem þeim embættum gegna að ári eða í framtíðinni, að það verði séð til þess í störfum þingsins að utanríkismálaumr. fái þann sess á dagskrá þingsins og störfum sem henni ber. Þau mál eru engin afgangsmál sem við ræðum síðla kvölds eða á afgangsfundartíma. Utanríkismál eru höfuðatriði í málefnum íslensku þjóðarinnar, skoðanaskipti um framtíð hennar og tilverugrundvöll og um þau miklu mál sem menn hafa rætt um í [illegible] nótt og fyrr í gær. Þingið á að sýna þeim málaflokki meiri virðingu með því að skapa honum betra rúm. Það er e. t. v. athyglisvert um þá venju sem skapast hefur smátt og smátt, að þingið sjálft telur þessi mál utangarðsmál eða afgangsmál, að fulltrúar fjölmiðla margir hverjir hafa mér vitanlega fæstir, ef nokkrir, verið síðla á þessum fundi á áheyrendapöllum.

Að lokum vil ég svo árétta að í málefnasamningi ríkisstj. er skýrt tekið fram orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþb. er andvígt aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og dvöl hersins í landinu."

Það stendur ekki á okkur að vekja athygli á því kvölds og morgna, hv. þm. Friðjón Þórðarson.

Alþjóðasamningar um mannréttindi, þáltill. (þskj. 137, n. 548). — Síðari umr.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér er um að tefla staðfestingu á samningi. Alþingi ályktí að veita ríkisstj. heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi ásamt bókun og alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem samþ. voru á 21. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York hinn 16. des. 1966.

Ég vek athygli á því, að í skýrslu hæstv. ráðh. er þess getið að þegar sé búið að samþykkja þennan samning. Það er ekki rétt, en eflaust hefur verið búist við því að Alþ. yrði fljótara í vöfunum en raun varð á. Þetta á ekki að koma að sök vegna þess að allir nm. utanrmn. skrifa undir nál. þar sem mælt er með að till. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 366). — Ein umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Það er býsna oft rætt um fiskveiðar og fiskveiðitakmarkanir á Alþ. Sitt sýnist hverjum í þeim efnum, því að ætíð er viðkvæmt hvernig skipta eigi kökunni sem sífellt er að minnka. Allir virðast þó sammála um að friðunar sé þörf, fiskstofnarnir þoli ekki þá gegndarlausu sókn sem átt hefur sér stað á liðnum árum.

Hvergi hefur aflarýrnunin orðið eins hrikaleg og á Suðurnesjum, sem sjá má af því að árið 1970 komu á land þar 65 998 lestir af þorski, en í ár aðeins 36 394 lestir. Alvarlegt atvinnuástand hefur því skapast á Suðurnesjum. Fiskvinnsluhús á Suðurnesjum munu hafa dregist aftur úr miðað við önnur fiskvinnsluhús á landinu hvað hagræðingu og tæknivæðingu snertir, og er ástand það alvarlegt að einungis eitt frystihús á Suðurnesjum nær framleiðni sem getur talist þokkaleg.

Atvinnutækifæri fyrir þann hóp, sem líklega hverfur frá fiskveiðum og fiskiðnaði, og fyrir þann fjölda ungs fólks, sem væntanlegt er á vinnumarkaðinn á Suðurnesjum á næstu árum, verða að vera í iðnaði eigi ekki að verða um brottflutning að ræða frá Suðursnejum. Menn segja oft að koma þurfi upp einhverjum iðnaði, en því miður eru menn oft úrræðalitlir þegar innt er eftir hvers konar iðnaði skuli koma á fót. Það er ekki að undra að svo sé, því að uppbygging iðnaðar á Suðurnesjum hefur

átt mjög erfitt uppdráttar til þessa. Fyrir því eru að sjálfsögðu margar samverkandi ástæður, en auðvitað fyrst og fremst að áður en aflahrunið átti sér stað var atvinna þar mikil og stöðug. Þá hefur þetta landssvæði verið afskipt er aðrir hafa fengið fyrirgreiðslu. Á ég hér við lánveitingar Byggðasjóðs.

Stefna Byggðasjóðs fram til þessa hefur verið að lána ekki til Suðurnesjasvæðisins, nema þá allra síðustu ár til sjávarútvegs. Í ársskýrslu Framkvæmdastofnunar 1972—1977 eru birtar töflur yfir lánveitingar til einstakra kjördæma í landinu. Ég mun hér á eftir tilgreina hve mikill hluti fjármagns þess, sem úthlutað er úr Byggðasjóði, hefur verið lánaður í Reykjaneskjördæmi á þeim árum í hlutfalli við fólksfjölda á svæðinu: Árið 1972 var hlutfall íbúafjölda Reykjaneskjördæmis miðað við allt landið 19.5%, en hlutfall lánveitinga 7.5%. Árið 1973 var íbúafjöldinn 19.5%, en lánveitingar 2.3%. Árið 1974 var íbúafjöldinn 20.2%, en lánveitingar 2.9%. Árið 1975 var íbúafjöldi 20.73%, en lánveitingar úr Byggðasjóði 3.25%. Árið 1976 var íbúafjöldi 21%, en lánveitingar 2.5%. Árið 1977 var íbúafjöldi 21.4%, en lánveitingar aldrei lægri að hlutfalli eða 2.1%.

Eins og greinilegt er á áðurnefndum tölum hallar mjög verulega á Suðurnes og öll þau lán, sem veitt eru til Suðurnesja, fara eingöngu til sjávarútvegs, sáralítið til fiskvinnslu, en mest til fiskiskipakaupa, skipaviðgerða og til skuldajöfnunar í sjávarútvegi. Aðstöðumunur hefur skapast milli Suðurnesjasvæðisins og landsbyggðarinnar þar sem lán úr Byggðasjóði eru sérlega hagkvæm nú, með um 14% vöxtum, og koma að jafnaði til viðbótar annarri fjármögnun, og hefur raunar gert út um hvort atvinnurekendum hefur þótt fýsilegt að ráðast í að stækka fyrirtæki eða byggja ný.

Þessar vikurnar hefur stjórn Byggðasjóðs fjallað um hvort endurskoða skuli útlánareglur sjóðsins. Er þá von mín að samþykkt verði að breyta frá fyrri reglum og heimila lánveitingar a. m. k. á þá staði þar sem iðnaður á erfitt uppdráttar í Reykjaneskjördæmi.

Eitt aðalatriðið varðandi stuðning við iðnaðaruppbyggingu er skipulegt starf í leit að nýiðnaðarhugmyndum og nýiðnaðartækifærum. Síðan verður að fara fram skipuleg úrvinnsla hugmynda, fjármögnun rannsókna og þróunarkostnaður og síðan röðun hugmyndanna í forgangsröð eftir hagkvæmni. Vinna verður að athugun á nægilega mörgum iðnaðartækifærum í einu til þess að iðnaðaruppbygging verði jöfn og með þeim hraða sem atvinnuástand gerir kröfu til. Sem dæmi skal tekið að ekki mun fjarri lagi, þótt nákvæmar tölur séu ekki til um það, að 200 menn komi út á atvinnumarkaðinn á Suðurnesjum á ári næstu 5—10 árin. Um helmingur þess fólks mun leita sér starfa í þjónustugreinum. Er þá gert ráð fyrir að skiptingin stefni í að verða svipuð á Suðurnesjum og hún hefur verið yfir allt landið í heild milli framleiðslu- og úrvinnslugreina og þjónustugreina. Nú er atvinnuskiptingin þannig, t. d. í Keflavík, að hlutur fiskvinnslu er 24.2%, en fyrir landið allt 8.2%. Þetta hefði í för með sér að um 100 manns leituðu eftir starfi í framleiðslu- og úrvinnslugreinum. Ljóst er því, ef ekkert yrði að gert til að skapa ný starfstækifæri á svæðinu, að helmingur þess fólks, er kemur á vinnumarkaðinn, má búast við að eiga erfitt með að fá atvinnu. Líklegt er að atvinnuleysi verði verulegt ef ekkert verður að gert.

Að vísu eru Suðurnesin ekkert einsdæmi í þessum efnum, því að í rauninni er framtíðarsýn okkar Íslendinga í atvinnumálum heldur dapurleg ef ekki verður hafin sókn í átt til uppbyggingar í iðnaði. Ef við lítum á reynslu annarra þjóða er eðlilegast að horfa þangað sem finna má hliðstæður og verður þá Írland fyrst á vegi. Sjávarútveguinn er og hefur verið undirstaða efnahagslífs okkar. Nú fer þeirri atvinnugrein mjög hnignandi vegna ofveiði. Írar hafa við svipuð vandamál að stríða og við erum nú að reyna í sjávarútvegi og reyndar landbúnaði líka. Landbúnaður hefur sem kunnugt er löngum verið aðalatvinnuvegur Íra. Á þeirri atvinnugrein byggðist afkoma þjóðarinnar að verulegu leyti fram á síðari ár. Er óþarft að fara um það mörgum orðum, að landbúnaðurinn var ekki fær um að veita landsbúum þá bót lífskjara sem almennt hefur orðið í löndum Vestur-Evrópu. Sú staðreynd varð til þess að skapa gífurlegt atvinnuvandamál í landinu sem enn hefur ekki tekist að leysa að fullu þrátt fyrir mikið átak af hálfu stjórnvalda síðari árin. Þannig hafa fólksflutningar frá Írlandi verið mjög miklir og eru ekki mörg ár síðan þjóðinni beinlínis fækkaði af þeim sökum. Með ýmsum aðgerðum til atvinnusköpunar hefur stjórnvöldum þar þó tekist að draga mjög verulega úr fólksflóttanum.

Eitt af hagrænum einkennum Írlands er mikilvægi utanríkisviðskipta í efnahagslífinu. Landbúnaðarafurðir voru lengi vel meginútflutningsgreinin, en þar sem verulegur hluti þess útflutnings var búfé á fæti skapaðist aldrei neinn teljandi vinnsluiðnaður til útflutnings í þeirri atvinnugrein. Jafnframt átaki til atvinnusköpunar hafa Írar lagt mikla áherslu á það hin síðari ár að renna fleiri stoðum undir efnahagslífið. Sú viðleitni hefur fyrst og fremst beinst að iðnþróun, og er nú svo komið að áberandi er aukið mikilvægi iðnaðarins á kostnað landbúnaðar. Er verðmæti iðnaðarframleiðslu til útflutnings mun meira en útflutningsverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar.

Írar hafa beitt ýmsum úrræðum til að skapa ný starfstækifæri. Eitt þeirra var að setja á stofn tollfrjálst iðnaðarsvæði við Shannon. Á þskj. 366 hef ég einmitt flutt till. til þál. um tollfrjálst iðnaðarsvæði er hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka hvort hagkvæmt er að starfrækja tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll."

Írar hafa náð stórkostlegum árangri með stofnun tollfrjáls iðnaðarsvæðis og því tel ég fyllstu ástæðu til að kanna hvort við getum ekki fetað í fótspor þeirra.

Umferð um flugvöllinn við Shannon var afar mikil þar til langfleygar þotur voru teknar í notkun. Þá minnkaði flugumferð um völlinn verulega. Gripu Írar því til margvíslegra ráðstafana til að nýta betur hið mikla fjármagn sem bundið hafði verið í mannvirkjum á staðnum. Árið 1958 var með lögum stofnað Shannon's Free Airport Development Company. Það félag átti að annast uppbyggingu við Shannon og tryggja arðbæra nýtingu þess fjármagns sem þar var þegar bundið. Með lögunum var félaginu heimilað að taka hverja þá ákvörðun sem með góðu móti mátti búast við að væri nauðsynleg til að hindra minnkandi flugumferð um flugvöllinn sem tilkoma langfleygra þota orsakaði. Skyldi það gert með því að nýta alla möguleika sem flugvöllurinn hefði að bjóða. Eitt af því, sem gert skyldi, var að koma upp tollfrjálsu iðnaðarsvæði með iðnaðar- og verslunarfyrirtækjum sem væru að verulegu leyti háð flugflutningum með

framleiðsluvörur sínar og hráefni.

Jafnframt stofnun framkvæmdafélagsins og framkvæmdaráðs árin 1958 og 1959 varð mikil stefnubreyting gagnvart erlendri fjárfestingu í landinu, Írar höfðu verið dæmigerðir einangrunarsinnar, en jafnframt var horfið frá hefðbundinni stefnu verndartolla og skilyrðum um meirihlutaaðild innlendra aðila að fyrirtækjum og frjálslyndari stefna tekin upp. Erlendum fyrirtækjum var ekki aðeins leyft að starfrækja verksmiðjur og hvers konar starfsemi á Shannon og raunar öðrum stöðum, heldur gerðu Írar stórt átak til að hvetja þau til að hefja þar starfsemi.

Tollfrjálsa iðnaðarsvæðið og fríhafnarverslun á Shannon var fyrsta verslun sinnar tegundar í heiminum og náði þegar gífurlegum vinsældum. Umferð fór strax að aukast því að flugstjórar, sem þurftu að millilenda, völdu nú Shannon fremur en aðra flugvelli. Brátt var svo starfsemin aukin verulega og stofnuð svokölluð „alþjóðleg verslunarmiðstöð" þar sem vöruúrval er mjög fjölbreytt. Það er ekki aðeins að reksturinn hafi efnahagslega gengið vel, heldur hafði fyrirtækið mikið auglýsingagildi fyrir flugvöllinn. Auk þess hefur fyrirtækið tekið drjúgan þátt í ferðamálastarfsemi á Írlandi.

Vegna legu sinnar á flugleiðum Atlantshafsins er Shannon að mínu mati — og einnig Keflavíkurflugvöllur — ákjósanlegur staður til að geyma iðnaðarvörur og dreifa þeim síðan í austur og vestur. Ávinningurinn af því að geyma þær vörur er aðallega sá, að ekki er nauðsynlegt að tollafgreiða í innflutningslandi fyrr en raunverulega þarf á vörunni að halda. Með því má koma í veg fyrir fjármagnsbindingu og vaxtakostnað. Varahlutir, t. d. í margar bandarískar vélar í Þýskalandi, eru geymdir í Shannon og má koma þeim flugleiðis þaðan á skömmum tíma. Eru hlutir þessir þá tollafgreiddir í Þýskalandi um leið og þeirra er þörf. Annars þyrfti viðkomandi verksmiðja að liggja með nauðsynlegar varahlutabirgðir, sem greiddur hefði verið tollur af, langtímum saman. Sérstakt svæði við hliðina á flugfraktstöðinni í Shannon hefur verið skipulagt fyrir vörugeymslur eingöngu. Fullunnar vörur, hálfunnar eða hráefni má flytja á staðinn og ýmist geyma, vinna frekar við eða setja í aðrar umbúðir áður en þær eru endurútfluttar, allt án greiðslu tolla. Allt eykur þetta umferð um flugvöllinn og stuðlar að hagkvæmari gjöldum fyrir flugfrakt.

Þá er málum svo komið nú, að verksmiðjubyggingar á tollfrjálsa iðnaðarsvæðinu við Shannon þekja hundruð þúsunda fermetra. Alls konar vörur eru framleiddar þar og má nefna t. d. svo fjarskylda hluti sem alls konar elektróníska iðnað, píanó o. s. frv.

Upphaflega áttu Írar í erfiðleikum með að fá fyrirtæki til að setjast að á Shannon, þrátt fyrir öfluga auglýsingastarfsemi í mörgum löndum.

Það var ekki fyrr en þeir höfðu byggt fullkomið verksmiðjuhús og skrifstofuhúsnæði að fyrstu fyrirtækin fengust til að hefja starfsemi þar. Írar töldu þetta stafa af því að keppnin um að fá fyrirtæki til sín væri mjög hörð, sérstaklega byðu ýmsar þróunarþjóðir mjög góð kjör. Nú er svo komið að um 500 fyrirspurnir koma árlega til Shannon og geta Írar valið þau fyrirtæki sem þeir telja sér hagkvæmast að fá. Það, sem þeir hafa einkum í huga við val fyrirtækja, er atvinna fyrir bæði karla og konur og þá helst lærða iðnaðarmenn, sem fá tiltölulega hátt kaup, svo og að fyrirtæki noti sem mest af hráefni frá landinu sjálfu.

Eins og ég hef áður sagt var einn höfuðtilgangur aðgerðarinnar á Shannon í fyrstu að freista þess að nýta betur það mikla fjármagn sem þar var bundið, en minnkandi umferð um völlinn varð til að skapa ótta um að öll hin miklu fjárútlát vegna mannvirkja þar mundu gefa lítið í aðra hönd. Sú uppbyggingarstarfsemi, sem ráðist var í af þessum sökum, var og hluti af alhliða ráðstöfunum sem hið opinbera stóð fyrir til lausnar tveimur tengdum þjóðfélagsvandamálum, þ. e. atvinnuleysis og fólksflótta úr landi annars vegar og vanþróaðs iðnaðar hins vegar.

Þessi vandamál voru Írum mjög alvarleg, eins og flestum er kunnugt, og nú er svo komið að slík vandamál yfirskyggja margt annað hjá okkur Íslendingum, a. m. k. hjá þeim er horfa vilja til framtíðarinnar. Flugumferð um Keflavíkurflugvöll hefur að vísu farið vaxandi undanfarin ár. Árið 1972 var umferðin þó mest, en þá nam farþegafjöldinn 543 344. Síðan varð veruleg fækkun. Nú hefur umferzin aukist nokkuð aftur. Árið 1977 var farþegafjöldinn 529 826. Það er þó mun minni umferð en spáð var fyrir tíu árum. Samkv. þeirri spá var reiknað með að nú yrði farþegafjöldinn um 1 millj. Framtíðarhorfur flugsins hér á landi eru mjög tvísýnar, því nú virðist sem Norður-Atlantshafsflugið eigi í afar miklum erfiðleikum. Þrátt fyrir það er ekki ástæða til að fyllast vonleysi, því í þeirri atvinnugrein skiptast vissulega á skin og skúrir. Það er aftur á móti ljóst, að margs konar aðgerðaleysi í málum er varða flugstöðina og þá miklu umferð, sem þrátt fyrir allt er enn um Keflavíkurflugvöll, hefur svipt Íslendinga margvíslegum ágóða, þannig að flugumferð er einnig vandamál hjá okkur og Írum þótt annars eðlis sé.

Á síðustu árum hefur bryddað á atvinnuleysi og fólksflutningum úr landi voru. Það er uggvænleg staðreynd, að á árunum 1976 og 1977 fluttust af landi brott að meðaltali um 20 manns á viku hverri umfram þá er fluttust til landsins. Þetta jafngildir því, að á þessum árum hefðu allir íbúar í Sandgerði, Garði og Vogum flutt úr landi. Ég hygg að allt of fáir hafi gert sér ljóst hve þessi vandamál eru hrikaleg. Það er vissulega ekki uppörvandi framtíðarsýn er við okkur blasir, því landbúnaður og sjávarútvegur munu engan veginn færir um að taka við því aukna vinnuafli sem leiðir af eðlilegri fólksfjölgun. Aukin áhersla á iðnþróun er því það ráð sem flestir eru sammála um að taka beri til lausnar því vandamáli og sökum smæðar heimamarkaðarins verði iðnaðarframleiðsla til útflutnings til að koma. Þegar öllu er á botninn hvolft eru þessi frumvandamál því ekki óskyld þeim sem Írar stóðu frammi fyrir þegar þeir hófu þær aðgerðir sem ég hef leitast við að lýsa að framan.

Þegar tollfrjálsa iðnaðarsvæðið á Shannon var ákveðið vantaði allt til alls á staðnum. Vinnuafl varð að sækja að, aðallega til Limerilk í 25 km fjarlægð. Við Shannon hefur nú risið mjög myndarleg byggð eða kaupstaður. Keflavíkurflugvöllur stendur ólíkt betur að vígi þar sem við næsta nágrenni hans búa tæplega 13 þús. manns og höfuðborgin í aðeins 40 km fjarlægð. Þá eru hafnir í lítilli fjarlægt frá vellinum. Þá má benda á að ef eða þegar varnarliðið fer héðan losnar gífurlega mikið húsnæði sem nota mætti í sambandi við tollfrjálst iðnaðarsvæði með margvíslegum hætti. Ef það húsnæði væri ekki notað í þeim tilgangi er hqtt við að langan tíma tæki að fá viðunandi arð af því.

Flugvellirnir í Keflavík og á Shannon eru á margan hátt sérstæðir. Þeir komast báðir næst því að vera miðja

vegu milli Evrópu og Ameríku, því við Norður-Atlantshaf eru þeir einu keppinautarnir um þær flugvélar sem millilenda til að taka eldsneyti. Enginn vafi er á að hinar margvíslegu ráðstafanir til að auka umferð um Shannon hafa borið árangur og þá á kostnað Keflavíkurflugvallar. Má því ætla að hliðstæðar ráðstafanir hér munu auka umferðina að mun.

Í grg. fyrir till. minni er aðeins vikið að tollabandalögunum. Ekki er ólíklegt að þjóðir, sem eru utan við þau bandalög, muni mjög sækja eftir aðstöðu á tollfrjálsu iðnaðarsvæði hér. Í þessu sambandi þarf að kanna málefni tollabandalaganna sérstaklega.

Ég minntist áðan á svæðið í grennd flugvallarins. Atvinnuástand þar er nú dæmigert fyrir þá byggðastefnu er rekin hefur verið undanfarin ár. Suðurnesin hafa þrátt fyrir atvinnuleysi og aflahrun þurft að lifa á fornri frægð blómlegs atvinnulífs. Fjölmargir íbúar byggðarlaganna í grennd flugvallarins hafa notið atvinnu á Keflavíkurflugvelli, þó vissulega séu fiskveiðar og fiskvinnsla í fararbroddi atvinnulífsins þar enn þá. Eins og ég gat um áðan er framtíðarútlitið ekki bjart og fyrirsjáanlegt er að skapa þarf fjölda nýrra starfstækifæra svo komist verði hjá fólksflótta og atvinnuleysi á svæðinu. Það er og ekki hyggilegt að byggja afkomu á hervinnunni, því í raun vitum við ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér í þeim málum. Það er því mikil nauðsyn að athuga og kanna allar tiltækar leiðir er gætu fjölgað starfstækifærum. Tollfrjálst iðnaðarsvæði gæti gegnt miklu hlutverki í þeim efnum.

Ég legg til að er umr. lýkur verði till. vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 89. fundur.

Þriðjudaginn 8. maí, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár vegna þeirra atburða sem urðu um helgina síðustu þegar verð á bensíni og olíu hækkaði mjög verulega, þ. e. a. s. þegar verð á bensíni hækkaði úr 205 kr. í 256 kr. Langar mig til að spyrja hæstv. ráðh. hvort þeir, sem að þeirri verðlagningu stóðu eða bera á henni ábyrgð, muni hafa gert sér grein fyrir þeim gífurlegu áhrifum sem sú aðgerð hefur á raunkjör öryrkja, aldraða og annarra láglaunahópa og enn fremur hvort nokkrar hliðarráðstafanir séu væntanlegar til að létta þeim verst settu byrðina.

Á undanförnum áratugum hafa stjórnvöld veitt öryrkjum verulegar eftirgjafir á aðflutningsgjöldum til að auðvelda þeim að eignast einkabifreiðar. Einnig hefur Tryggingastofnun ríkisins eru ára raðir veitt öryrkjum nokkur lán til bifreiðakaupa. Þessa get ég hér vegna þess að það sýnir að stjórnvöld viðurkenna að einkabíllinn sé öryrkjum nauðsynlegur.

Þar eð þessar öryrkjaeftirgjafir hafa verið um 400 árlega er augljóst að þúsundir öryrkja aka nú í eigin bílum. Fjöldi þeirra getur með slíkri aðstoð unnið einhver störf. En sá hópur er einnig stór sem bíllinn hleypir út úr fangelsi einangrunarinnar og eykur þannig á lífshamingju og fjölbreytni í lífi þess fólks. Einkabíllinn er enn fremur öldruðum ótvíræð nauðsyn til að vega gegn áhrifum einangrunar og annarra félagslegra örðugleika sem vilja hrannast upp þegar starfsævi lýkur.

Einkabíllinn er metinn í vísitölunni á 11.7% af framfærslunni. En nú þegar bensínlítrinn er kominn upp í 256 kr., þegar ábyrgðar- og kaskótryggingar losa 200 þús. kr. árlega, þegar vextir af lausaskuldum eru 25% og gangur af dekkjum kostar yfir 100 þús., er það ekki fyrir þá, sem teljast til láglaunahópa, að eiga bíl og aka honum.

En það eru ekki aðeins öryrkjar og ellilífeyrisþegar sem virðast nú þurfa að leggja bifreiðum sínum og hverfa aftur til lifnaðarhátta hallærisáranna. Þúsundir launafólks með 200—300 þús. kr. mánaðarlaun, fólk sem býr alllangt frá vinnustað sínum verða að aka allt að 600 km mánaðarlega að og frá vinnu, það fólk verður fyrir nærri óbærilegri kjararýrnun. Mestur fjöldi þess fólks býr í þéttbýlinu á Faxaflóasvæðinu, en reyndar má segja að þetta vandamál sé víðs vegar um landið.

Ég þarf ekki að gera hæstv. ráðh. grein fyrir því, hve naumt áðurgreindum láglaunahópum er skömmtuð framfærsla. Örorkubætur með tekjutryggingu eru nú 104 364 kr. á mánuði. Örorkulífeyrir hjóna, séu bæði öryrkjar, er 182 384 kr. og ellilífeyrir hjóna nemur sömu upphæð. Annar taxti Dagsbrúnar, sé miðað við dagvinnumánaðarkaup, er 166 261 kr. og upp í 182 166 og iðjutaxtinn er frá 162 575 upp í 171 000, allt miðað við dagvinnu. Fullfrískir launþegar á vinnualdri hafa ekki meiri laun en þetta vinni þeir aðeins dagvinnu. Kostnaðurinn við einkabílinn er því ekki lengur 11.7% af framfærslunni. Með mikilli sparsemi má gera ráð fyrir að hann sé um 80 þús. kr. á mánuði. Er þá öllum ljóst að öryrkjar verða að leggja bílum sínum, en fjöldi launþega verður að greiða, ekki 11.7% af framfærslulífeyrinum í bílinn, heldur 30—40% og jafnvel meira.

Í Ed. spurði ég hæstv. fjmrh. nýlega hvort hlutur ríkissjóðs mundi lækkaður í framtíðarverðlagningu bensíns. Hann tók hví líklega. M. a. þess vegna átti ég von á annarri verðákvörðun. Af 256 kr. renna nú 144 kr. til ríkissjóðs. Væri nú ekki reynandi að lækka lítillega prósentu ríkisins til að auðvelda þeim, sem erfiðast eiga, að komast af? Mér er þó ljóst að aðrar aðgerðir þurfa að koma til ef áður greindum láglaunahópum á að vera kleift að lifa við svipaðar aðstæður áfram og verið hafa á undanförnum árum, og því er það að ég spyr hæstv. ráðh.: Eru nýjar ráðstafanir væntanlegar, þannig að áðurgreindir hópar geti áfram notað einkabíla sína?

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Sú fsp., sem hv. þm. Oddur Ólafsson hefur borið fram, gefur vissulega tilefni til hugleiðinga og ítarlegra umr. um þessi mál út frá þeim atriðum ýmsum sem hann nefndi í ræðu sinni. En með tilliti til þess að fundartími er allknappur og ræðutími skammtaður er ekki kostur á að fara eins ítarlega út í þau mál og æskilegt hefði verið. Ég vil þó láta það koma fram, að í þeim umr., sem fram hafa farið vegna verðhækkana á olíu að undanförnu, höfum við kannað það, m. a. vegna tillöguflutnings frá mér í ríkisstj., að stöðvuð yrði sjálfvirk skattlagning eða skattahækkun til ríkissjóðs einkum vegna erlendra hækkana á bensíni. Niðurstaðan, eftir allnokkrar umr. og kannanir á þeim málum, varð að sú hækkun sem að óbreyttu og í lögum er gert ráð fyrir kemur vissulega

fram í þeirri verðlagningu sem nú er um að ræða, en hún rennur ekki í ríkissjóð með sama hætti og verið hefur.

Hækkunin á bensíni hefur í för með sér u. þ. b. 22 kr. skattlagningu opinberra aðila á hvern bensínlítra. Það nemur á þeim hluta ársins sem eftir er um 1000—1100 millj. kr. Hefur verið ákveðið í ríkisstj. að þeir fjármunir verði notaðir með eftirgreindum hætti:

1. Til tvöföldunar á olíustyrk, þ. e. a. s. úr 910 í 1820 millj. kr. á árinu.
2. Til að fella niður söluskatt af gasolíu, sem þýðir fyrir ríkissjóð nettó í tekjumissi 235 millj. kr.
3. Til að kosta sérstakar orkusparnaðaraðgerðir af ýmsu tagi fara um 40 millj. kr.

Ég hygg því að segja megi með fullum rétti að ríkissjóður sem slíkur hafi ekki upp úr þessu krafsi viðbótarupphæðir við það sem áður hefði verið. Vissulega eru hinar almennu skattlagningarreglur áfram óbreyttar, en við væntum þess að nú sé um að ræða stærsta verðhækkunarskrefið í þeirri nýju olíukreppu sem er að ganga yfir.

Með þessum ráðstöfunum er í fyrsta lagi um að ræða að sama verð er á gasolíu í landinu í staðinn fyrir tvenns konar eins og verið hefur. Tæknilegur undirbúningur er nú í gangi og ég vænti þess að nýtt verð á gasolíu geti tekið gildi áður en langur tími líður. Veruleg misnotkun mun hafa átt sér stað vegna þess að verð hefur verið mjög mismunandi á gasolíu, eins og kunnugt er, annars vegar án söluskatts og hins vegar með söluskatti. Söluskattur hefur verið á um 25% gasolíunnar og af þeim 25% gasolíu hefur ríkið sjálft borgað 37% söluskattsins. Með þessum hætti er dregið úr misnotkunarhættu.

Varðandi olíustyrkinn lítur þetta þannig út: Á síðasta fjórðungi ársins 1978 voru greiddar hverjum einstaklingi 2500 kr. í olíustyrk. Á fyrsta fjórðungi ársins 1979 var upphæðin til hvers einstaklings, miðað við fjárlagatöluna, 3700 kr. Ríkisstj. tók fyrir nokkru ákvörðun um að á fyrsta fjórðungi ársins yrðu þó greiddar 5000 kr. og ákvörðunin nú, að frá og með öðrum ársfjórðungi 1979 hækkar olíustyrkur í 8500 kr. á hvern einstakling, — og það er vissulega veruleg hækkun að olíustyrkur hefur hækkað úr 2500 á síðasta fjórðungi 1978 í 8500 á öðrum fjórðungi 1979 — þessi ráðstöfun er vitaskuld tekjujöfnunarráðstöfun. Hins vegar er það alveg rétt, sem hv. þm. Oddur Ólafsson benti á áðan, að sú bensínhækkun, sem nú er komin fram, er mjög tilfinnanleg, einkum og sér í lagi á því svæði sem við erum stödd á núna. En það er þá vert að hafa í huga, að þrátt fyrir verulega atlögu að þeim verðbótareglum, sem í gildi hafa verið á launin í landinu, er sú hækkun, sem verður m. a. á kostnaði við einkabílinn, bætt í verðbótum frá 1. júní n. k. Og mér sýnist að sú hækkun, sem nú hefur verið ákveðin á bensíni, þýði um 1.5% á verðbótavísitölu sem kemur svo aftur fram frá og með 1. júní.

Ég tek undir að það ætti að athuga með hvaða hætti hægt væri að koma sérstaklega til móts við öryrkja sem eru algerlega háðir þessu samgöngutæki og geta ekki nýtt almenningsvagnana á Reykjavíkursvæðinu t. d. Vandasamt verk er að gera það þannig að skynsamlegt sé. Ég held að hugsanlegt væri að skoða það mál í tengslum við aðflutningsgjöld eða stuðning við bifreiðakaup. Ég held að vafasamt væri að gera það með mismunandi bensínverði til þessara aðila. Ég held að slíkt væri ekki heillavænlegt. En ég tel að málið eigi að athuga.

Ég tek einnig undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Oddi Ólafssyni, að sá mismunur, sem orðinn er á iðgjöldum bifreiða eftir tryggingasvæðum í landinu, er algerlega óeðlilegur. Ég tel að ríkisstj. eigi fyrir næsta tryggingatímabil, að svo miklu leyti sem slíkt er á valdi hennar, að taka ákvörðun um breytingar á þessum hlutum. Rökunum fyrir hinum geysilega mismunandi tryggingaiðgjöldum eftir svæðum fækkar stöðugt.

Ég vil að lokum láta þess getið, að þó að sú hækkun, sem nú hefur orðið á bensíni, sé mjög veruleg og tilfinnanleg er þess því miður ekki að vænta að það verð haldist kyrrt mjög lengi. Ég geri ráð fyrir að frekari hækkanir séu væntanlegar á olíuverði erlendis. M. a. er ljóst að þeir farmar, sem við höfum þegar fengið af olíu og bensíni, eru á nokkru hærra skráningarverði en þeir farmar sem nú er verið að ákveða verð á. Þessi lota er því ekki búin, en er vonandi stærsti spretturinn í sambandi við þá nýju olíu- og bensínverðshækkun sem hefur verið að ganga yfir þjóðfélag okkar með þeim afleiðingum sem það hefur fyrir efnahagslíf okkar og lífskjör. Það er vonandi stærsta og þyngsta höggið sem af því hlýst sem nú er þegar komið fram.

Ég veit, hv. þm., að mikið vantar á að svör mín séu fullnægjandi við þeirri fsp. sem borin hefur verið fram, en efni mín eru ekki meiri. Ég hef gert grein fyrir þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. hefur gert, og ég vænti þess að þær ráðstafanir sýni að það er vilji í svipaða veru og hv. þm. drap á í ræðu sinni áðan.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin.

Mér þykir leitt að heyra að hann skuli ekki hafa á takteinum einhverjar úrbætur fyrir þá hópa sem ég var að tala um. Mér þykir enn fremur leitt að það fé, sem kemur í ríkissjóð, skuli ekki verða notað til einhverra slíkra aðgerða frekar en í almenna olíuniðurgreiðslu, sem ég að vísu viðurkenni að er full nauðsyn á. Hitt virðist þó vera öllu nærtækara, að taka tillit til þeirra sem nú hljóta í raun og veru að verða að leggja bílum sínum. Ég sé ekki annað en að alger vandræði verði ef ekki verða gerðar einhverjar hliðarráðstafanir sérstaklega fyrir þessa hópa, og þá á ég ekki eingöngu við öryrkja, heldur t. d. þúsundir láglaunafólks á Reykjavíkursvæðinu sem verður að nota einkabíla sína vegna vinnu sinnar a. m. k. þar til gerðar hafa verið með ærnum kostnaði miklu fullkomnari almenningsleiðir en nú er um að ræða og það tekur örugglega mörg ár. Það segir sig alveg sjálft að þetta fólk hefur ekki efni á að nota 80 þús. kr. mánaðarlega af tekjum sínum til að geta ekið sínum bíl.

En ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og vona að ríkisstj. auðnist að finna einhverjar leiðir til að bæta úr því ástandi sem nú blasir við.

Símamál í Mosfellssveit, fsp. (þskj. 450). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. póst- og símamálaráðh. á þá lund, hvenær verði ráðin bót á símavandræðum Mosfellinga. Þessi fsp. er orðin gömul. Hún var borin fram að gefnu tilefni og brýnu þegar það gerðist í vetur að þetta sveitarfélag varð sambandslaust við umheiminn, ef svo mætti segja. Mosfellingar munu hafa ritað hæstv. ráðh. bréf og skýrt þessi mál og beðið hann um svör við tilteknum spurningum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa framsöguna lengri, en bið ráðh. að vera svo góðan að gefa svör.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Sjálfvirka símstöðin á Brúarlandi var opnuð 25. mars 1968 með 300 númerum og var svo stækkuð um 100 númer 1973 og 200 númer 1975. Þegar þar var komið var ljóst að gera þurfti sérstakar ráðstafanir í sambandi við húsnæðismálin, þar sem staðurinn, sem stöðinni hafði verið ætlaður samkv. skipulagi byggðarinnar, hafði breyst vegna þess að Vesturlandsvegur var færður nær símstöðinni en áður var gert ráð fyrir. Nokkur bið varð á að fá aðra lóð hentuga fyrir starfsemi stofnunarinnar í stað þeirrar gömlu. Enn fremur var fjárframlag til stækkunar Brúarlandssímstöðvarinnar tekið út af fjárfestingaráætlun vegna niðurskurðar á heildarframkvæmdum Pósts og síma árin 1976 og 1977.

Í fjárlögum fyrir árið 1979 eru fjárveitingar til þessa verkefnis undir liðnum sjálfvirkar símstöðvar d-liður Brúarland 462 millj., undir liðnum línukerfi fyrir símnotendur b-liður Brúarlandssvæði 24 millj. og undir liðnum fjölsímaleiðir e-liður Breiðholt—Brúarland PCM-kerfi 40 millj. Það er því til ráðstöfunar á þessu ári liðlega ½ milljarður og er þess að vænta að það fjármagn dugi til að koma málum í lag.

Þegar ákveðið var að Mosfellssveitin yrði á gjaldsvæði höfuðborgarsvæðisins varð að breyta um kerfi og kaupa nýja sjálfvirka símstöð sem annaði miklu meira en sú gamla og hefði fleiri línur beint til annarra stöðva á höfuðborgarsvæðinu. Uppsetning hinnar nýju sjálfvirku stöðvar í nýju húsi á Varmá hófst fyrir nokkru og er áætlað að því verki ljúki í mars-aprílmánuði á næsta ári ef engin óviðráðanleg atvik hindra framkvæmdir, að sögn póst- og símamálastjórnar.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. upplýsingar hans og vil aðeins undirstrika við þetta tækifæri nauðsyn þess, að fjármagnið verði notað í tilteknu skyni. Ég vænti þess og trúi fastlega að við það verði staðið að verkinu verði lokið á næsta ári því að á því er mikil þörf.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um að þetta mál hefur komið til umr. hér. Það er mjög alvarlegt ástand í Mosfellssveitinni vegna þess arna og hefur verið í mörg ár. Sveitin er í hraðri uppbyggingu og er sama atvinnusvæði og Reykjavík, þannig að u. þ. b. jafnmargir Mosfellingar vinna í Reykjavík og Reykvíkingar vinna uppi í Mosfellssveit. Þetta þýðir að samskipti eru miklu nánari við Reykjavík en maður skyldi ætla og truflun á símasamgöngum ákaflega alvarlegt vandamál. Slökkvilið Reykjavíkur er slökkvilið Mosfellssveitar einnig, og enn fremur má segja að ýmis önnur þjónusta sé sameiginleg, en allt þetta þýðir meiri nauðsyn á öruggri og góðri þjónustu símans.

Á undanförnum árum hefur verið svo — og er enn — að alls ekki er öruggt að ná símasambandi við Reykjavík þó að maður reyni, sérstaklega ekki á vissum tímum dagsins, og enn fremur er fullyrt að þegar einhver hringir geti alveg eins verið að skrefin séu talin á eitthvert annað númer. Stöðin hefur því í raun og veru sprungið að því leyti til að hún getur ekki fullnægt hlutverki sínu. En sem betur fer er þetta mál á góðri leið og mér þykir vænt um að unnið er nú af fullum áhuga að því að leysa það. Ég hef trú á að þetta verði, eins og ráðh. tók fram, komið í lag fyrri hluta næsta árs.

Kennaraháskóli Íslands, fsp. (þskj. 526). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég spyr í fyrsta lagi hvað líði endurskoðun laga um Kennaraháskóla Íslands.

Í lögum um Kennaraháskólann frá 16. apríl 1971 segir að þau skuli endurskoðuð eftir tvö ár. Fyrrv. menntmrh., Magnús Torfi Ólafsson, skipaði 1972 nefnd til að annast þá endurskoðun. Ég held að óhætt sé að fullyrða að sú nefnd starfaði af mikilli kostgæfni og tók sér allrúman tíma. Ég var oft spurður á sínum tíma hvað liði endurskoðuninni, m. a. hér á Alþ. Þessi nefnd lauk störfum í júní 1976 og var frv. það, sem hún samdi, lagt fram á Alþ. lítið breytt á útmánuðum 1977 og endurflutt á síðasta þingi, en einnig nokkuð seint fram lagt.

Ég held að það fari varla milli mála að æskilegt er að ljúka þessari endurskoðun sem fyrst og þá með löggjöf, m. a. vegna þess að ýmsum atriðum laganna þarf af hagkvæmnisástæðum að breyta að fenginni reynslu. Það er hins vegar ofureðlilegt að nýr ráðh. þurfi tíma til að setja sig inn í mál sem þetta og gera sér grein fyrir efnisatriðum. En mig fýsir að vita hvað nefndri endurskoðun líður og hvort hæstv. ráðh. hefur t. d. sett af stað nýja skoðun málsins í heild og þá með hverjum hætti að því er unnið. Að þessu sinni lýtur fyrri liður fsp. minnar.

Annar liður fsp. hljóðar svo: „Eru í bígerð breytingar á högum Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans? Ef svo er þá hverjar?"

Í lögum um Kennaraháskóla Íslands segir í 16. gr.:

„Í sambandi við Kennaraháskóla Íslands starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem er um leið skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurborgar."

Þá segir í 17. gr. sömu laga:

„Æfingaskólinn skal hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því sem við verður komið."

Ég tel að Æfinga- og tilraunaskólinn sé alveg ómissandi fyrir Kennaraháskóla Íslands sem stofnun og líka fyrir kennaramenntunina yfirleitt. Slík hefur og verið afdráttarlaus afstaða skólamanna lengi, enda gert ráð fyrir þessum skóla löngu áður en Kennaraháskólinn var settur á fót sem slíkur. Æfinga- og tilraunaskólinn er til orðinn nokkuð löngu fyrr, eins og kunnugt er.

Nú um sinn hefur verið eða var a. m. k. rætt töluvert um breytingar á starfsemi Æfinga- og tilraunaskólans, m. a. í blöðum og á fundum með fulltrúum frá rn., borg og skólanum sjálfum. Hef ég heyrt að komið hafi til tals að leggja skólann niður í núverandi mynd, flytja hann kannske úr núverandi húsnæði, sem þá yrði breytt og tekið til afnota fyrir aðra starfsemi Kennaraháskólans, o. s. frv.

Mig fýsir mjög að vita sem gleggst um hvað hér er að gerast og hvað hér er verið að ráðgera, enda tel ég nauðsynlegt almennt að það verði gert heyrinkunnugt. Ber einkum tvennt til þess. Eitt megintilefni þessa umtals virðist vera fækkun barna í tilteknum skólahverfum höfuðstaðarins. Ég tel þetta mjög óeðlilegt. Ég tel að menntun kennara sé slíkt meginatriði, að breytingar á höfuðstöðvum kennaramenntunarinnar verði að ræða á þeim grundvelli og út frá þeim forsendum fyrst og fremst

að bæta eigi stöðu þeirrar stofnunar, en að brjóta upp á breytingum á aðstöðu Kennaraháskóla Íslands af öðrum ástæðum sé nánast ekki sæmandi málefnisins vegna. Hitt er svo það, að ég tel þær breytingar, sem ég hef heyrt að hafi komið til greina, óráðlegar í sjálfu sér.

Æfinga- og tilraunaskólinn er byggður á lóð Kennaraháskóla Íslands, vegna þess að það er að allra dómi æskileg afstaða og þess vegna óráð að fjarlægja hann þaðan. Húsnæði þessa skóla er að nokkru leyti hannað með tilliti til þeirrar kennslu sem þar fer fram nú. Kennaraháskóli Íslands hefur búið við óskapleg þrengsli í áratugi, eins og kunnugt er. Nýtt húsnæði hefur verið hannað og mun verkið nú tilbúið til útboðs, að ég hygg. Það, sem byggja skal, er mjög sérhæft húsnæði. Það er vegna eðlisfræði- og líffræðikennslu, það er vegna bókasafns, smíðakennslu og annarra handmennta. Aðstaða fyrir lítið mötuneyti mun líka vera fyrirhuguð í hinni nýju byggingu o. s. frv. Það yrði verulegur kostnaður því samfara ef ætti að nýta hús Æfinga- og tilraunaskólans til slíkra hluta.

Í Æfinga- og tilraunaskólanum fara fram tilraunir sem bundnar eru við bekki og ákveðna hópa, bókstaflega við lifandi fólk. Flutningur mundi raska mjög þeirri starfsemi eins og hún er upp byggð og nú á vegi stödd. Kennaraháskóli Íslands hefur mjög takmarkaða aðstöðu til að sinna tilrauna- og rannsóknastarfsemi á vísindalegan hátt. Með verulegri röskun á stöðu og högum Æfinga- og tilraunaskólans tel ég að sú litla aðstaða, sem þó nú er fyrir hendi, yrði skert verulega.

Ég beitti mér á sínum tíma sérstaklega fyrir stofnkostnaðarfjárveitingu vegna kennaramenntunarinnar m. a. og alveg sérstaklega til nýbygginga við Kennaraháskóla Íslands. Og ég vil segja að það hvarflaði ekki að mér að víkja frá stefnu forvera minna um alhliða uppbyggingu Kennaraháskóla Íslands og Æfinga- og tilraunaskóla hans á þeim stað sem ætlaður hefur verið í skipulagi Reykjavíkurborgar fyrir þá starfsemi. Vegna umtals um þetta og vegna þess hve ég tel það mál í raun þýðingarmikið fýsir mig nú, eins og þriðji liður spurningarinnar ber með sér, að heyra frá hæstv. ráðh. hvað í bígerð er í þessu efni.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Lög um Kennaraháskóla Íslands tóku gildi 16. apríl 1971. Í lögunum var kveðið á um að þau skyldu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku. Í samræmi við það mun menntmrn. hafa skipað nefnd í nóv. 1972 til að endurskoða lögin. Nefndin skilaði áliti vorið 1976 og frv., sem í meginatriðum var reist á till. hennar, var lagt fram á Alþ. sem stjfrv. vorið 1977, en varð þá ekki útrætt, enda einkum lagt fram í kynningarskyni að því sinni. Á síðasta Alþ. var frv. lagt fram að nýju nokkuð breytt. Hafði fyrri gerð þess þá sætt ítarlegri umsagnarmeðferð og skoðanir umsagnaraðila reynst talsvert skiptar, einkum varðandi stöðu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands hvors gagnvart öðrum með tilliti til kennslu og rannsókna í uppeldisfræðum. Frv. hlaut sem kunnugt er ekki heldur afgreiðslu á þinginu í fyrra. Á s. l. hausti var svo þriggja manna starfshópi falið að endurskoða frv., en nefnd þessi eða starfshópur hefur ekki lokið störfum.

Þessi missiri er unnið að veigamiklum breytingum á innri starfsháttum Kennaraháskólans, skipan náms og kennslu. Meginmarkmið þeirra breytinga er að gera starfsmenntun verðandi kennara heildstæðari með hliðsjón af hinum auknu kröfum sem grunnskólinn gerir til hlutverks þeirra. Þetta breytingarstarf er á tilraunastigi og hefur enn ekki tekið nema til fyrsta hluta kennaranámsins. Verður að teljast mikilvægt fyrir stefnumótun í málefnum kennaramenntunar að nokkur reynsla fáist af þessari nýbreytni áður en ný lög verða sett.

Hingað til hefur breytingastarfið fengið að þróast án þess að gildandi lagaákvæði væru því til verulegrar hindrunar. Hins vegar hefur rn. veitt að beiðni skólastjórnar undanþágu frá vissum ákvæðum reglugerðar sem samrýmast ekki hinum nýju starfsháttum. Rn. er að sínu leyti fúst til að greiða fyrir nýbreytni í starfi með endurskoðun á reglugerðinni eftir því sem nauðsynlegt þykir að dómi skólastjórnar.

Þótt eitthvað dragist enn að setja ný lög um Kennaraháskóla Íslands er eftir sem áður mikilvægt að hefja undirbúning að þeirri lagasetningu. Nú hefur Alþ. til meðferðar frv. til l. um framhaldsskóla sem gerir ráð fyrir róttækri kerfisbreytingu á framhaldsskólanámi. Fyrirsjáanlegt er að sú breyting, ef að lögum verður, muni hafa gagnger áhrif á hlutverk og skipan háskólanáms. Því er nauðsynlegt að hefja undirbúningsstarf að heildarendurskoðun á háskólastiginu og mun rn. einbeita sér að því verkefni nú á næstunni. Hér er um tímafrekt og vandasamt viðfangsefni að ræða sem kallar á samvinnu margra aðila. Meginatriðið í slíkri endurskoðun hlýtur að vera að huga að með hvaða hætti hinar ýmsu stofnanir, sem annast kennslu og rannsóknir á háskólastigi, geti tengst innbyrðis þannig að háskólakerfið svari sem best kröfum um hagkvæmni og sveigjanleik. Undirbúningur að nýrri lagasetningu um kennaramenntun ætti að vera liður í slíkri heildarendurskoðun á háskólastiginu.

Með þessu er ekkert sagt fyrir um hvernig kennaramenntuninni verði best borgið að því er varðar tengsl Kennaraháskólans annars vegar og Háskóla Íslands hins vegar. Þar koma ýmsir kostir til greina sem íhuga verður vandlega. Ljóst er þó að kennaramenntunin þarf á víðtæku sjálfræði að halda. Það er hins vegar mikilvægt fyrir framtíðarstefnumótun að samvinna geti tekist í einhverri mynd milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands um afmörkuð verkefni, svo sem lögin frá 1971 gera reyndar ráð fyrir, til þess að nokkur prófsteinn fáist á gildi tengsla og samvinnu milli hinna tveggja stofnana sem annast menntun kennara fyrir grunnskóla og framhaldsskóla.

Flest bendir til þess, að skortur á húsnæði og mannafla standi núverandi starfsemi Kennaraháskólans fyrir þrifum fremur en vankantar á lögum. Ég vil í þessu sambandi minna á að svo hefur nemendum fjölgað í BA-námi á undanförnum árum að til verulegra erfiðleika hefur komið. Má í því sambandi nefna að haustið 1973 voru þessir nemendur 62, haustið 1975 voru þeir komnir í 175 og haustið 1978 í 372. Fjölgun nemenda hefur gerst að óbreyttri húsnæðisaðstöðu og án þess að föstum kennurum hafi fjölgað að sama skapi. Ég tel því að Kennaraháskóli Íslands þarfnist nú öðru fremur aukinna fjármuna, betri aðbúnaðar í húsnæði, mannafla og námsgögnum til að geta rækt hlutverk sitt sem vísindaleg starfsmenntunarstofnun og það sé allra helst þar sem skórinn kreppir. En endurskoðun laganna verður að undirbúa rækilega og þá sérstaklega skoða hana í ljósi nánara samstarfs milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands.

Varðandi síðari fsp. hv. þm., sem víkur að Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans, vil ég segja þetta:

Samkv. lögum um Kennaraháskóla Íslands er Æfinga- og tilraunaskóli hans jafnframt skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurborgar og tekur borgin þátt í greiðslu stofn- og rekstrarkostnaðar skólans á þeim grundvelli. Húsi Æfinga- og tilraunaskólans, sem tekið var í notkun árið 1968, var, eins og kunnugt er, fenginn staður á lóð Kennaraskólans við Stakkahlíð, nú Kennaraháskólans, og samkv. samkomulagi við Reykjavíkurborg takmarkast skólahverfi skólans af Kringlumýrarbraut, Miklubraut, Snorrabraut og Laugavegi. Af 558 nemendum í Æfinga- og tilraunaskólanum s. l. haust voru 393 úr skólahverfi skólans, en 165 úr öðrum skólahverfum borgarinnar eða búsettir utan borgarinnar. Á síðustu árum hefur orðið stórfelld röskun á barnafjölda á grunnskólastigi í ýmsum hverfum Reykjavíkurborgar og m. a. birst í nemendafækkun í mörgum skólahverfum. Þessi þróun hefur mjög gert vart við sig á því svæði sem fellur til Æfinga- og tilraunaskólans og annarra hverfisskóla í nágrenni hans, þ. e. Austurbæjarskóla, Hlíðaskóla og Álftamýrarskóla. Er nú svo komið að verulegur hluti hverfisnemenda Æfinga- og tilraunaskólans mundi rúmast í nágrannaskólunum án þess að bæta þyrfti við nýjum bekkjardeildum eða fjölga óeðlilega í bekkjum. Virðist því horfa nokkuð óvænlega um hagkvæma nýtingu skólaaðstöðu á svæðinu að óbreyttu.

Þessi mál hefur borið á góma í vetur í starfshópi sem á vegum menntmrn. og fræðsluráðs Reykjavíkur hefur unnið að athugun á skólaskipun í Reykjavík. Hugmyndum, sem þar komu fram í þá átt að kennsla grunnskólanemenda yrði felld niður í Æfinga- og tilraunaskólanum sjálfum, en efld þar stjórnunar- og skipulagsmiðstöð æfingakennslu á vegum Kennaraháskólans, var fljótlega hafnað, m. a. vegna þess að hætta var talin á að með þeirri tilhögun yrði kippt stoðum undan tilrauna- og nýjungastarfi sem skólinn vinnur að. Í endanlegri álitsgerð starfshópsins er af hálfu fulltrúa rn. hins vegar vikið að þeim möguleika að starfsemi Æfinga- og tilraunaskólans yrði flutt í Austurbæjarskólann og skólahverfi hans smám saman breytt til samræmis við það, án þess þó að nokkur nemandi, sem nú er í skólanum og kýs að vera þar áfram, þyrfti að fara í annan skóla. Slík breyting fæli í sér að Æfinga- og tilraunaskólanum yrði tryggður nemendagrundvöllur til frambúðar án þess að röskun yrði á hlutverki hans og stöðu. Um þessa hugmynd var hins vegar ekki samstaða milli fulltrúa rn. og fræðsluráðs, enda mun fræðsluráð ekki að svo stöddu vera reiðubúið til að standa að ráðstöfun sem ákvarði þannig frambúðarnot skólahúss Austurbæjarskólans.

Í álitsgerð framangreinds starfshóps er á það bent, að nemendur, sem sækja Æfinga- og tilraunaskólann úr öðrum borgarhverfum þar sem rúm er fyrir þá í fámennum bekkjardeildum heimaskólans, valdi aukningu á kennslukostnaði því af slíkum tilflutningum leiði fjölgun bekkjardeilda við Æfinga- og tilraunaskólann. Er því lagt til í álitsgerð starfshópsins að inntaka nemenda í skólann verði framvegis takmörkuð við skólahverfi hans.

Niðurstaðan af því, sem nú þegar hefur verið rakið, er sú, að ekki eru líklegar breytingar á starfsgrundvelli Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans að svo stöddu umfram það að horfið kynni að verða að því ráði að miða inntöku nýrra nemenda við skólahverfi skólans meira en verið hefur.

Þátt hagnýtrar kennslufræði í kennaramenntun þarf fremur að efla en rýra. Að því miðar vel skipulögð æfingakennsla. Því er fullljóst að Æfinga- og tilraunaskólinn gegnir mjög veigamiklu hlutverki í menntun grunnskólakennara jafnframt því að vera vettvangur athyglisverðrar starfsemi sem beinist að umbótum í skólastarfi. Allar ákvarðanir um breytingar á högum Æfinga- og tilraunaskólans verða að ráðast af því, hvort betur verði eftir en áður búið í haginn til að rækja þessi verkefni.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka svör hæstv. ráðh. Þau eru í heild sinni mjög fróðleg og upplýsa þetta mál mikið að mínum dómi.

Fram kemur í svörum ráðh. að ekki er lokið þeirri endurskoðun sem hann hefur sett í gang á frv. um Kennaraháskóla Íslands. Út af fyrir sig er kannske ekkert við því að segja. Slíkt er æðimikið mál. Ég held þó að stefna ætti að því að ljúka endurskoðuninni þannig að málið geti komið til meðferðar á næsta Alþ. Ég held satt að segja að frv. um breyt. á l. um Kennaraháskólann sé að einhverju leyti unnið með hliðsjón af þeirri þróun sem nú er að verða á framhaldsskólastiginu, þó að sú þróun hafi ekki þá fremur en nú verið lögfest.

Það er hárrétt hjá hæstv. ráðh. að húsnæðis- og starfsaðstaða skólans er með þeim hætti og hefur verið lengi, og þá ekki síður eftir að aftur fjölgaði nemendum í skólanum, að þar er gífurleg nauðsyn á að bæta um, bæði með byggingum og bættri aðstöðu að öðru leyti, varðandi starfslið o. s. frv. En það er mín skoðun, ég vil láta það koma fram mjög ákveðið, að ég álít að hæpið sé að bíða með að setja þessi nýju lög, þ. e. a. s. ljúka endurskoðun með lagasetningu, — bíða eftir endurskoðun á háskólastiginu í heild. Ég tel það ekki rétt. Ég held að af hagkvæmniástæðum sé æskilegt að þessi lög verði sett áður.

Mér þótti vænt um að heyra að það er orðið ofan á að efla fremur en rýra hlut Æfinga- og tilraunaskólans og að það er skoðun ráðh. að allt, sem þar verði gert, skuli miða að því að breytingin sé hagur fyrir Kennaraháskólann og kennaramenntunina í landinu þá um leið.

Það má kannske segja að tilefni fsp. minnar sé viss tortryggni, ekki í garð hæstv. ráðh., ég hef ekki kynnst sérstaklega afstöðu hans í þessum málum eða heyrt hann skýra skoðanir sínar sérstaklega í því sambandi. En það, sem veldur tortryggni minni, er hið ótrúlega tómlæti sem mér hefur fundist ríkja liðin ár um uppbyggingu Kennaraháskóla Íslands, um bætta aðstöðu fyrir þá skólastofnun. Það eru liðin 20 ár síðan þar var byggður 1/3 hluti af því húsnæði sem ætlað var fyrir stofnun með tilteknum nemendafjölda sem nú er orðinn miklu meiri. Þessu hefur ekki verið hreyft. Það kostaði töluvert mikil átök að koma af stað á ný fjárveitingum til framkvæmda á því sviði. Slík aðstaða sem þarna hefur verið og er — ótrúlegt aðstöðuleysi, vil ég segja — hlýtur að bitna annars vegar á gæðum kennaramenntunarinnar og svo hins vegar persónulega á þeim nemendum sem vinna og nema í þessari stofnun.

Það hefur líka um skeið valdið tortryggni minni í sambandi við málefni Kennaraháskólans, þetta sem ég kalla ótrúlega áráttu til þess að höndla með málefni stofnunarinnar út frá einhverjum öðrum sjónarmiðum en hagsmunum hennar. T. d. gerðist það á árunum að breytt var inntökuskilyrðum skyndilega og kröfur lækkaðar, þau svo aftur jafnskyndilega hækkuð upp í stúdentspróf og

enn innan skamms kennslan færð á háskólastig! Það var gert í þeim tilgangi að bæta gæði kennslunnar, en hitt er ákveðið af öðrum ástæðum. Og mér fannst eins að þær umr. sem urðu núna t. d. um breytingu á stöðu Æfinga- og tilraunaskólans, bæru keim af því, að þær væru ekki í byrjun sprottnar af því að menn hefðu í hyggju að bæta gæði kennaramenntunarinnar, heldur af öðrum ástæðum, röskun á nemendafjölda á grunnskólastigi á tilteknum svæðum í höfuðborginni. Þetta hefur vissulega vakið tortryggni mína.

Eins hefur mér fundist gæta vissrar tregðu til að ljúka innri uppbyggingu Kennaraháskólans í þá stefnu sem *mótuð var þegar lögin um Kennaraháskólann voru sett*, þ. e. a. s. með því að færa menntun á háskólastigi í uppeldis- og kennslufræðum inn í þá stofnun. Bent hefur verið á að ýmis vandi væri því samfara, — ýmis skörunaratriði, ef svo mætti segja. En þau verða alltaf fyrir hendi og þarf ekki annað en leysa þau á sem bestan hátt. Þau eru fyrir hendi eins og málum er komið nú og verða það að einhverju leyti þó að þeim yrði breytt, ég viðurkenni það. Ég álít að ekkert verði erfiðara að leysa þau þó að þessar greinar á háskólastigi yrðu alfarið færðar yfir til Kennaraháskólans. Og ég álít einnig að það mundi ekki skerða að marki stöðu Háskóla Íslands sem er miklu grónari stofnun og margfalt stærri.

Ég vil að lokum enn árétta það sem skoðun mína að ég tel alveg fráleitt að hverfa frá þeirri mótun kennaramenntunar okkar sem ákveðin var með lögum um Kennaraháskóla Íslands. Það má ekki hringla með svona hluti. Þegar búið er að taka svona ákvörðun, koma á nýrri skipan, verður hún að fá tíma til þess að þróast og menn verða að ganga í að byggja hana upp.

En ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og fagna því, að mér virðast skoðanir hans koma mjög saman við skoðanir mínar í þessu efni.

Álit Hafrannsóknastofnunarinnar á mikilli þorskgengd, fsp. (þskj. 468). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. sjútvrh. Hún er á þskj. 468 og hljóðar þannig:

„Hefur sjútvrn. óskað eftir sérstöku áliti Hafrannsóknastofnunarinnar á mikilli þorskgengd og þorskveiðum sem verið hefur undanfarið umhverfis allt land?

Ef svo er:

Hvaða árgangar eru uppistaðan í þorskaflanum nú?

Hver er meginástæða aflahrotunnar?

Er hér um að ræða þorsk frá Grænlandi?

Hvaða rannsóknir hafa átt sér stað á þorski sem hrygnt hefur við Grænland undanfarin ár?"

Fsp. er ekki síst fram komin vegna þess að eins og alþjóð er kunnugt hefur verið mikil þorskgengd umhverfis land, alla vega miklar þorskveiðar, miklu meiri en á sama tíma í fyrra, en á sama tíma hafa líka farið fram umr. um að skera niður þorskaflann um a. m. k. 40 þús. tonn frá því sem hann var í fyrra til að styrkja stöðu hrygningarstofnsins. Fólk um allt land hefur velt fyrir sér hverjar ástæðurnar fyrir hinum miklu þorskveiðum séu, hvort það sé að einhverju leyti rangt mat fiskifræðinga að hrygningarstofninn sé svo illa kominn sem þeir vilja vera láta. Þetta er brennandi spurning á vörum margra, ekki síst af því að miðað við þær tölur, sem Fiskifélag Íslands hefur gefið mér upp, var þorskveiðin komin í 172 þúsund tonn um síðustu mánaðamót í samanburði við 131 þús. tonn í fyrra, eða orðin 40 þús. tonnum meiri en þá. Á síðari hluta ársins er því ætlunin að ná þorskaflanum niður í 280 þús. tonn, og þá er niðurskurðarþörfin, miðað við afla í fyrra, 80 þús. tonn. Fólk veltir því fyrir sér, og það er mjög viðkvæm og vandasöm spurning, hvernig slíkt verði gert. Verður haldið áfram þorskveiðum óslitið eins og reglur segja til nú þangað til verður að stöðva allar þorskveiðar kannske snemma í haust? — Þetta eru mikilvægar spurningar og ég leyfi mér að æskja svara frá hæstv. sjútvrh.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Varðandi þær fsp., sem hér liggja fyrir, er það auðvitað svo að sjútvrn. hefur stöðugt samband við Hafrannsóknastofnunina og hefur oftlega í vetur leitað álits hennar á þorskgengd við landið og fiskveiðum og fengið upplýsingar um skoðanir stofnunarinnar jafnóðum í þeim efnum. En í tilefni af þeirri fsp., sem hér liggur fyrir, þótti þó rétt að viðhorf og álit stofnunarinnar lægi fyrir í samstæðu formi og var henni falið að láta álit sitt í ljós í bréflegu formi. Mun ég nú lesa bréf stofnunarinnar. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfs rn. frá 20. 3. 1979, þar sem óskað er að Hafrannsóknastofnunin svari fsp. sjútvrh. frá Lárusi Jónssyni alþm. um mikla þorskgengd við landið.

Samkv. sýnum, sem Hafrannsóknastofnunin hefur tekið á þessari vertíð, er 1973-árgangurinn stóri aðaluppistaðan í afla togara á austur-, norður- og vesturmiðum. Þá hefur þessi sami árgangur verið áberandi í afla línubáta um land allt. Á netaveiðinni, bæði suðvestanlands og norðanlands, hefur mest borið á 7 ára þorski í árganginum 1972, en sá árgangur er talinn rétt ofan við meðaltalsstærð. Stóri árgangurinn frá 1973 var sem 5 ára gamall þorskur uppistaðan, ekki aðeins í þorskhrotum í fyrrasumar, heldur í þorskveiðunum allt árið 1978 umhverfis landið. Lætur nærri að annar hver þorskur, sem dreginn var úr sjó í fyrra, hafi verið úr þessum eina árgangi. Því þarf engan að undra þó hans gæti enn verulega í veiðinni. Þessu til viðbótar er hrygningarstofninn nú áætlaður 200 þús. tonn á móti 165 þús. tonnum í fyrra eða um 20% aukning.

Alltaf öðru hverju færir þorskur sig til og er það oftast samfara æti. Nú í vetur hefur hagað svo til að loðna kom bæði vestan og austan með landinu. Þorskur fylgdi báðum þessum göngum, sérstaklega vesturgöngunni, og er þar að finna meginskýringu á góðum afla togaranna. Betri afli í net er ekki eingöngu að þakka stærri hrygningarstofnum miðað við í fyrra, heldur og aukinni veiðni netanna. Nú eru blýteinanet almennt í notkun, en þau voru nær óþekkt fyrir 2—3 árum. Þessi net eru miklu veiðnari en steinteinanetin. Alveg frá árinu 1973 hefur legið fyrir, að 1973-árgangurinn væri mjög sterkur. Þessi árgangur er talinn jafnsterkur 1970-árganginum, en sá árgangur galt mikið afhroð í uppvextinum, sérstaklega þegar hann var 3—4 ára gamall. Nær óhindruð sókn í hann síðan hefur orðið þess valdandi að hann er nú uppurinn, því að 9 ára þorskur og eldri sést vart í aflanum.

Hafrannsóknastofnunin hefur alltaf lagt mikla áherslu á að 1973-árganginum yrði hlíft og nýttur til uppbyggingar hrygningarstofnsins. Sérstök áhersla hefur einmitt verið lögð á þennan árgang vegna þess að ýmsir aðrir

árgangar eru lakir, t. d. árgangurinn frá 1974, sem er mjög lélegur. Því er aftur fyrirsjáanleg minnkun á hrygningarstofninum niður fyrir 200 þús. tonn árið 1981 ef veiðar verða áfram óhindraðar eða hindrunarlitlar á þorskstofninum.

Spurt er hvort þorskurinn, sem nú veiðist, sé Grænlandsþorskur. Eins og að framan greinir er 1973-árgangurinn mest áberandi í aflanum nú. Það er alkunna að þorskstofninn við Grænland hefur verið í mikilli lægð undanfarin ár. Auk 1970-árgangsins, sem var meðalárgangur þar, hefur aðeins 1973-árgangurinn náð að dafna þar að ráði, og vitað er að hluti þess árgangs er þangað kominn sem seiði frá Íslandi. Við seiðarannsóknir árið 1973 fannst nokkuð af þorskseiðum á Dohrnbanka sem voru af þeirri stærð að þau hefur rekið þangað af Íslandsmiðum. Við þorskrannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar árið 1976 varð víða vart við þennan árgang við strönd Austur-Grænlands. Hátt á annað þúsund þorskar voru þá merktir við Grænland og flestir af 1973-árganginum.

Nær undantekningarlaust gengur þorskur af Grænlandsmiðum fyrst er hann nær kynþroska, þá oftast 8—9 ára gamall. Vegna minni vaxtarhraða verður þorskurinn við Grænland almennt seinna kynþroska en á Íslandsmiðum. Það er því harla ólíklegt að Grænlandsþorskur sé nú á okkar miðum, því að 1973-árgangurinn er aðeins 6 ára og því enn að mestu ókynþroska við Grænland. 1970-árganginum, sem í fyrra eða í ár hefur hugsanlega gengið á miðin hér við land, bólar ekkert á í aflanum, enda virðist sá árgangur næstum uppurinn. Af okkar hálfu hefur aldrei verið reiknað með að sá árgangur kæmi hingað frá Grænlandi til hrygningar að neinu marki. Ef svo ólíklega vildi til að Grænlandsþorskur væri nú á miðunum, ætti eitthvað af fiski, sem merktur hefur verið við Grænland á árunum 1974—1976, að skila sér hér. Eftir áramót höfum við aðeins fengið eina endurheimt frá Grænlandi og er ekkert óvenjulegt við það, þar sem alltaf endurveiðist einn og einn þorskur af Grænlandsmiðum hér við land. Þegar 10—20% merktra þorska við Grænland fara að skila sér hér við land er unnt að tala um göngur frá Grænlandi.

Síðan fiskveiðilandhelgin við Grænland var færð út í 200 sjómílur 1. jan. 1977 hafa því miður engir leiðangrar verið farnir til þorskrannsókna til Grænlands, þar sem við höfum ekki átt beinna veiðihagsmuna að gæta þar lengur og önnur verkefni á heimamiðum hafa verið látin sitja í fyrirrúmi. Upplýsingar okkar um ástand fiskstofna þar eru því ekki alveg nýjar af nálinni. Það er því þýðingarmikið fyrir okkur að fylgjast áfram með ástandi þorsk- og karfastofna á Grænlandsmiðum, t. d. með sameiginlegum rannsóknum okkar og þeirra ríkja sem þar eiga hagsmuna að gæta, enda hafa veiðar og stjórnun veiða við Grænland óhjákvæmilega áhrif á vöxt og viðgang þessara fiskstofna og þess framlags sem af þeim má vænta á Íslandsmiðum í framtíðinni."

Ég vænti þess, að þetta svari þeirri fsp. sem hér liggur fyrir. Þar kemur fram hvaða árgangur er uppistaðan í þorskaflanum. Þar koma fram skýringar Hafrannsóknastofnunar á því, hver er meginástæða aflahrotunnar. Þar kemur fram svar hennar varðandi það, hvort um sé að ræða þorsk frá Grænlandi, og það svar er neikvætt. Og þar kemur fram, að rannsóknir hafa ekki átt sér stað við Grænland á undanförnum árum sem kann þó að vera æskilegt markmið og er það vissulega.

Til viðbótar þessum upplýsingum má bæta því við, að eftir því sem næst verður komist af þeim gögnum, sem safnað er, þá er talið að á vertíðarsvæðinu hafi um 45% aflans verið úr 1973-árganginum, og það sama gildir reyndar um aðra landshluta. Á vertíðarsvæðinu virðast um 90% þorksins vera 6 ára og eldri og 45% 7 ára og eldri. Út af öðrum landshlutum eru 14% 7 ára og eldri. Út af Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum eru um 60% 6 ára og eldri, en um 57% 5 ára og yngri. Hvernig sem á málið er litið er augljóst, að 1973-árgangurinn er uppistaðan í veiðunum núna.

Það er auðvitað rétt, að þorskveiðar hafa verið miklar og meiri en á sama tíma í fyrra og eru nú verulega meiri en að meðaltali tvö undanfarin ár. En einmitt um þessar mundir eru í gildi æðimiklar takmarkanir á þorskveiðum, eins og kunnugt er, þannig að þess má vænta að bilið minnki eitthvað á næstu mánuðum.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin, sem voru ítarleg og fróðleg.

Í þeim kom m. a. fram að álit Hafrannsóknastofnunarinnar er að það hafi verið meiri þorskgengd hér í ár en áður, en jafnframt að sóknin hafi aukist og hún hafi breyst með öðruvísi veiðarfærum en áður hafa verið notuð.

Það kom fram, að Hafrannsóknastofnunin hefur því miður ekki neinar haldgóðar upplýsingar um hvað er að gerast í þessu efni við Grænland. Það er að sjálfsögðu mjög athyglisvert og gæti verið ástæða fyrir því, að mat Hafrannsóknastofnunarinnar á því, hvað hrygningarstofninn er sterkur, sé ekki að öllu leyti nægjanlega vel rökstutt. Ég skal ekki um það segja. En ég vil aðeins undirstrika það sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að að sjálfsögðu er mjög nauðsynlegt að bæta úr þessu og rannsaka í samvinnu við Grænlendinga hvað er að gerast að þessu leyti við Grænland. Við vitum og höfum reynslu fyrir því, að þorskur gengur milli Íslands og Grænlands a. m. k. sum ár. Það er því nauðsynlegt að vita um slíkt þegar á að taka jafnmikilvægar ákvarðanir og teknar eru nú á grundvelli álitsgerða fiskifræðinga.

Hæstv. ráðh. vék í lokaorðum sínum að þeim vanda sem fram undan er. Hann taldi að það mundi verulega draga úr þorskveiðinni á seinni hluta ársins vegna takmarkana sem nú eru í gildi. En ég vil vekja athygli á að þar þarf að verða um gífurlega stökkbreytingu að ræða og miklum mun meiri en menn gera sér vonir um að verði. Það eru ekki eftir nema rúm 100 þús. tonn og 8 mánuðir af árinu, því að tölurnar eru miðaðar við síðustu mánaðamót, þannig að þorskveiðin þarf í rauninni að dragast gífurlega saman ef markmiðið á að nást sem hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. stefna að í þorskveiðinni. Nú eru sem sagt ekki eftir nema rétt um 100 þús. tonn. Það er ekki nema álíka afli á mánuð og togararnir öfluðu í síðasta mánuði þrátt fyrir stöðvanir sem voru í þeim mánuði. Þess vegna er þetta mjög brýn spurning.

Ég veit að hæstv. ráðh. getur kannske ekki svarað því hér og nú hvað hann hyggst gera í þessum efnum, en ég vil spyrja hann hvenær hann hyggist leggja fram hugmyndir um hvernig ná eigi settu marki. Ég held að af reynslunni á þessu ári verði dregin sú ályktun, að óumflýjanlegt sé að takmarka veiðarnar eftir árstímum, en ekki yfir allt árið. Það hefði þurft að gera meiri ráðstafanir í vetur til að draga úr þorskveiðinni og dreifa henni yfir árið ef á að stefna að þessu markmiði. Það er alveg

óumflýjanlegt að mínu mati. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh.: Hvenær geta menn vænst þess að fá að vita hvaða auknar friðunarráðstafanir verða gerðar? Mér sýnist að slíkt sé óumflýjanlegt ef á að stefna að settu marki. Menn hafa nefnilega þungar áhyggjur af því að fá allt í einu þær fréttir — kannske í okt. — að ekki sé hægt að veiða meiri þorsk við Ísland vegna þess markmiðs að draga aflann saman og minnka hann í 280 þús. tonn.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég virði þær ábendingar, sem hafa komið fram hjá hv. þm., og mun taka tillit til þeirra.

Að því er varðar þær spurningar, sem hann bætti við, er það eitt að segja, að fylgst verður með þessum málum og leitast við að afla sem gleggstra upplýsinga á hverjum tíma. Ég get ekki séð að tímabært sé að fara að gefa neinar frekari yfirlýsingar um þetta efni á þessari stundu. Augljóst er í sambandi við aðgerðir sem þessar að taka þarf tillit til margra sjónarmiða, atvinnusjónarmiða o. fl. Leitast verður við að gera það eftir því sem mögulegt er, vega og meta þá valkosti, sem fyrir hendi eru, út frá þeim margvíslegu markmiðum sem þarf að hafa í huga.

Sameinað þing, 90. fundur.

Þriðjudaginn 8. maí, að loknum 89. fundi.

Alþjóðasamningar um mannréttindi, þáltill. (þskj. 137, n. 548). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 639).

Tollfrjáls iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 366). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aukin nýting í fiskvinnslu, þáltill. (þskj. 113). — Ein umr.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt hv. 2. þm. Austurl., Vilhjálmi Hjálmarssyni, að flytja í hv. Sþ. till. til þál., þskj. 113, um aukna nýtingu í fiskvinnslu. Þar segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj., í samráði við aðila veiða og vinnslu sjávarfangs, að hlutast til um að gerð verði hið fyrsta könnun á því, á hvern hátt megi sem best ná hámarksnýtingu þess sjávarafla sem á land kemur."

Það er ekki ástæðulaust að menn virðast velta þessum málum meira fyrir sér nú en áður og þá á hvern hátt megi mæta þeim minnkandi afla sem stjórnvöld virðast nú stefna að. Vandi útgerðar og fiskvinnslu af þeim sökum er svo stór að leita verður allra ráða svo að hægt verði að halda rekstri gangandi. Því verður að leggja stóraukna áherslu á gæði og fullnýtingu þess hráefnis sem úr hafinu er dregið.

Á yfirstandandi þingi hafa orðið meiri umr. um málefni sjávarútvegsins en oft áður. Þar hefur margt komið fram sem til mikils hagræðis og hagnaðar má verða þessari undirstöðuatvinnugrein.

Með tilkomu minni skuttogaranna má segja að hafi orðið bylting í meðferð á fiski. M. a. var þá byrjað að ísa fisk í kassa um borð í veiðiskipum og flytja hann þannig til vinnslustöðvanna í landi. Hér var stigið skref í þá átt að bæta gæði hráefnisins, sem þegar hefur sýnt ótvíræðan árangur. Slíkur fiskur er nú t. d. verðlagður um 12% hærra en fiskur ísaður í stíur. Þrátt fyrir að fiskur hafi nú verið ísaður í kassa um borð í veiðiskipum í um 6 ár hefur engin raunhæf tilraun farið fram á því hér, hvort fiskur geymist betur í þeim kössum, sem nú eru mest notaðir, þ. e. a. s. í 90 lítra kössum, eða hvort hægt væri að koma með enn betra hráefni að landi með annarri gerð af kössum eða með hreinlega annarri geymsluaðferð. Tilraunir af þessu tagi mundu ekki kosta mikið fé, en gefa mjög mikilsverðar upplýsingar.

Fiskvinnslustöðvar hér á landi eru ákaflega misjafnlega vel búnar til þess að taka á móti hráefni til vinnslu, og mörg dæmi eru um að gæðahráefni komið í fiskmóttöku verði orðið að lélegu hráefni þegar að vinnslu þess kemur. Þær fiskvinnslustöðvar, sem best eru búnar tækjum, skera sig úr hvað varðar rekstrarafkomu. Sömu stöðvar haa þess vegna meiri möguleika á að tileinka sér hinar ýmsu nýjungar sem nú eru að ryðja sér til rúms hér á landi, svo sem ýmiss konar rafmagns- og tölvubúnað sem stórum eykur afköst og bætir nýtingu. Það segir sig því sjálft að enn mun bilið breikka á milli þessara fyrirtækja.

Á undanförnum árum hefur nokkuð verið unnið að endurbótum í fiskiðnaði, en þó hvergi nærri sem skyldi. Ljóst er að mikið fjármagn verður hér að koma til og aukið skipulag veiða og vinnslu til að sá árangur náist í þessari atvinnugrein sem eðlilegur getur talist.

Um langa framtíð mun íslenska þjóðin byggja afkomu sína að meginhluta til á sjávarútvegi. Í dag mun sjávarútvegurinn skapa um 75% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar og fyrir hver 10 þús. tonn sem þorskveiðar eru minnkaðar um lækka gjaldeyristekjur þjóðarinnar um 1%. Í riti, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur gefið út um þróun atvinnulífsins, segir að þjóðhagsleg arðsemi fjárfestingar sé hæst í fiskvinnslu og vænta megi mikils þjóðhagslegs ábata af eflingu fiskvinnslu og frekari úrvinnslu hráefnis.

Það er nú öllum orðið ljóst, að hafið er ekki sá brunnur sem takmarkalaust verður sótt í. Hvernig það nýtist, sem úr hafinu er dregið, er ekki einkamál þeirra sem að veiðum og vinnslu starfa. Það er hagsmunamál þjóðarinnar allrar að þar sé vel og skynsamlega að staðið.

Mjög merkilegar tilraunir eru nú gerðar m. a. í Bandaríkjunum á framleiðslu mjög verðmætra lífefna sem hægt er að fá úr dýrum og fiskum þ. e. a. s. nýtingu á því sem í flestum tilfellum verður að úrgangi. Að þessu starfar m. a. Íslendingur að nafni Örn Aðalsteinsson og hefur getið sér hið besta orð við þær rannsóknir. Í viðtali við dr. Örn er hann spurður hvort einhver sambærileg nýtingarframleiðsla sé fyrir hendi hér á landi. Ekki á þessu sviði a. m. k., segir Örn. Þetta er mjög merkur

áfangi í fullvinnslu hráefna okkar. Við gætum nýtt hráefni, sem hingað til hefur verið hent, og framleitt verðmætar afurðir úr hráefnum sem fara til óarðbærari framleiðslu. Þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á fiskúrgangi, lofa mjög góðu og sýna að hér fara mjög mikil verðmæti beint í súginn.

Hér á landi hefur dr. Sigmundur Guðbjarnason prófessor unnið visst brautryðjendastarf á þessu sviði í efnafræðistofnun Raunvísindastofnunarinnar, þó við takmarkaðan skilning og lítið fjármagn. Skilningur á þessari starfsemi er þó sem betur fer vaxandi og hafa nú tveir áhugasamir og vel menntaðir menn bæst í hinn annars allt of litla hóp sem að þessum málum starfar, og ber vissulega að fagna því að svo sé.

Í skýrslu frá Þjóðhagsstofnun, sem út kom í október 1977, er fjallað um afkomu frystihúsanna og segir m. a.:

„Niðurstaða þessarar athugunar leiddi í ljós geysimikinn mun á því er varðar nýtingu aflans. Þannig nam framleiðslan á frystum þorski á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra um 40% af mótteknum þorski til frystingar, í Reykjavík og á Reykjanesi um þriðjungi og á Vesturlandi röskum þriðjungi eða 36% sem jafnframt var meðaltal fyrir allt landið. Svipuðu máli gegnir um aðrar fisktegundir."

Þáltill. þeirri er hér um ræðir, fylgir tafla er sýnir nýtingarhlutföll helstu fisktegunda í frystingu árið 1976.

Tímaritið Sjávarfréttir fékk fyrirtækið Hagvang hf. og Rekstrartækni sf. til að gera úttekt á tapi fiskvinnslunnar vegna lélegrar hráefnisnýtingar miðað við skýrslu Þjóðhagsstofnunar. Þar kemur fram, að sé gengið út frá þeirri forsendu að nýtingin væri alls staðar eins mikil og hún er í besta landshlutanum verður tap frystiiðnaðarins á tilvitnuðum 4 fisktegundum vegna lélegrar nýtingar hvorki meira né minna en um 5—6 milljarðar kr. á ári. Ætla má að tapið nemi um 10 700 lestum af fullunnum vörum, en það svarar til um 27 þús. lesta af hráefni, en það er sem næst meðalársafli 10 skuttogara af minni gerð.

Í skýrslu frá Raunvísindastofnun háskólans, sem út kom á s. l. ári, eftir þá Rögnvald Ólafsson og Þór Vigfússon, er fjallað um aukna sjálfvirkni í frystihúsum. Þar kemur fram, að munur á hámarks- og lágmarksnýtingu milli frystihúsanna sé um 10%. Í skýrslunni kemur fram, að hvert 1% í nýtingaraukningu skilar frystihúsi, sem vinnur afla eins skuttogara, þ. e. um 2000 tonn af þorski, um 11 millj. á ári. Hér er verið að tala um aðeins 1%, en munurinn á milli hámarks- og lágmarksnýtingar er, eins og ég sagði áðan, 10%, þannig að hér tapast margir milljónatugir vegna lélegrar nýtingar í allmörgum frystihúsum landsins. Þessar tölur mundu þó hækka verulega enn ef allar fisktegundir og vinnsluaðferðir væru taldar með.

Það, sem kæmi til með að verða skjótvirkast og skila árangri í bættri nýtingu og rekstri er sjálfsagt það sem snýr beint að flökuninni sjálfri, þ. e. tölvustýrðar flokkunar- og vigtunarsamstæður. Stofnkostnaður slíks búnaðar mundi verða álíka mikill og um þriggja mánaða olíueyðsla á skuttogara. Allir geta því séð að hér er ekki um óyfirstíganlegar upphæðir að ræða, enda mundi slíkur búnaður miklu meira en borga sig á einu ári í rekstri. Ég vil taka það mjög skýrt fram, að sú tækniþróun, sem hér þarf að koma til, er eðlilegast að leyst verði og unnin af Íslendingum sjálfum. Eru þeir reyndar þegar búnir að sanna getu sína á því sviði.

Ég vænti þess, að hv. alþm. sjái hversu hrikalegt þetta mál er og hve brýnt er að hefja raunhæfar aðgerðir, því að hér er mál sem sannarlega er þjóðhagslega hagstætt að leggja fjármagn í. Mikill hluti fiskvinnslu og útgerðar hefur átt í verulegum rekstrarerfiðleikum og nefndir verið settar á fót til að kanna og komast að á hvern hátt hið opinbera, þ. e. a. s. ríkið sjálft, geti komið til aðstoðar og þá fyrst og fremst til að leysa úr tímabundnum rekstrarfjárerfiðleikum. Við teljum því að hér sé komið að kjarna málsins og þá um leið að einni meginorsök þess fjárhagsvanda sem sífellt hrjáir þessa atvinnugrein. Með flutningi þáltill. höfum við flm. reynt að sýna fram á að stórkostlegum árangri megi ná í hraðfrystiiðnaðinum með bættri nýtingu hráefnis og aukinni hagræðingu í vinnslu.

Herra forseti. Mig langar að leggja til að þessari þáltill. verði vísað til atvmn. til umfjöllunar.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hér er vissulega verið að fjalla um ákaflega mikilvægt mál frá þjóðhagslegu sjónarmiði, bæði að því er varðar afkomu okkar allra og ekki síst að því er varðar afkomu í sjávarútveginum sjálfum. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að einmitt það, sem hér er tekið til umfjöllunar, sé eitt af lykilatriðunum til þess að ná bættum árangri og betri lífskjörum í landinu.

Það má segja að þessi till. sé tvíþætt. Hún fjallar að meginefni til um nýtingu hráefnis samkv. núverandi vinnsluaðferðum, en auk þess er þar bent á aukna nýtingu þess sem nú er ekki nýtt eða vannýtt miðað við þær vinnsluaðferðir sem tíðkaðar eru. Hvort tveggja eru þetta mjög áhugaverð svið og fyllsta ástæða til að gaumgæfa þau vandlega. Ég tel reyndar að skilningur á þessum atriðum hafi þegar komið fram af hálfu núv. ríkisstj. m. a. í þeirri fjárfestingarstefnu, sem mótuð hefur verið, og þeirri lánsfjáráætlun sem liggur hér fyrir til afgreiðslu. Þar er sérstök áhersla lögð á aukna fjárfestingu í fiskvinnslunni og þá einkum og sér í lagi hraðfrystiiðnaðinum, sem er áreiðanlega, eins og kom fram áðan hjá ræðumanni, hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, þjóðhagslega arðbær fjárfesting, — fjárfesting sem vafalaust er með því þjóðhagslega arðbærasta sem við getum fundið á landi okkar.

Ef við lítum alveg sérstaklega á fiskvinnsluna og aukna nýtingu hráefnis samkv. núverandi vinnsluaðferðum má e. t. v. skipta í fjóra meginþætti hvernig ná megi þeim árangri. Það er meðferð og geymsla hráefnisins um borð í skipunum. Þar hefur átt sér stað ákveðin þróun á undanförnum árum sem ég vænti að haldi áfram. Það er í annan stað geymsla hráefnis áður en að vinnslu kemur. Þar hafa líka nokkrar endurbætur átt sér stað og mjög verulegar hjá sumum fiskvinnslustöðvum, en þar er mjög mikið verk óunnið. Í sambandi við það var einmitt minnt t. d. á flokkun og vigtun, sem ég fyrir mitt leyti er sannfærður um að sé ákaflega mikilvægt atriði. Í þriðja lagi er það hin tæknilega aðstaða, vélakostur og þar fram eftir götunum, og það er áreiðanlegt að úreltur og lélegur tækjakostur hefur víða þau áhrif að nýting er alls ekki sem skyldi og langt frá því að vera hámarksnýting. Fjórða atriðið eru svo stjórnunarlegir þættir. Þar kemur m. a. til meðferð á vélunum, stilling þeirra og þar fram eftir götunum og enn fremur kunnátta og áhugi starfsfólks.

Ég geri ráð fyrir að allir hér á Alþ. séu sammála um að æskilegt sé að stuðla að þróun eftir öllum þessum braut-

um, en spurningin er hvernig megi ná árangri. Ég held að það hljóti að gerast bæði með hvatningu og aðhaldi, og ég tel að það, sem unnið hefur verið í þeim efnum á undangengnum mánuðum, miði til réttrar áttar. Við þetta má svo bæta að hér er kannske fyrst og fremst verið að fjalla um nýtingu með tilliti til nýtingar hráefnisins, en hins vegar verður jafnframt að líta á nýtingu út frá sjónarmiði arðbærni, þ. e. a. s. hvernig tekst til um framleiðni í þessum fyrirtækjum og arðbærni þeirrar starfsemi sem innt er af hendi. Þá komum við ekki síður aftur að hinum stjórnunarlega þætti, hagræðingu, og ég tel að að viðbættum þeim tæknilegu atriðum, sem við höfum upp talið, séu annars vegar hagræðing vinnslurása og vinnubragða og hins vegar stjórnunarlegar endurbætur líklegastar til ávinnings á því sérstaka sviði.

Ég hef fjölyrt nokkuð um þennan þáttinn í fyrirliggjandi þáltill., vegna þess að ég tel að eins og sakir standa sé hann mjög áhugaverður og það hafi verið leitast við að vinna að framgangi á því sviði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stefnumörkun í landbúnaðarmálum, þáltill. (þskj. 518). — Fyrri umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir, er liður í þeirri viðleitni landbrn. að marka í samráði við stofnanir og forustumenn bænda nýja stefnu fyrir landbúnaðarframleiðsluna. Að því hefur verið unnið frá því að þessi ríkisstj. kom til valda að leggja grundvöllinn að slíkri stefnumörkun. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. koma fram ákveðnir þættir sem til grundvallar eru lagðir. Með þessari till. er farið fram á að hv. Alþ. staðfesti þau megingrundvallarmarkmið sem unnið verði eftir við slíka stefnumörkun. Þau eru rakin í upphafi þáltill. og eru þrjú:

1. Að fjölbreytt og hagkvæm framleiðsla landbúnaðarafurða verði í samræmi við neysluþarfir þjóðarinnar og hráefnisþörf iðnaðarins. — Þetta markmið er nánast óbreytt úr stefnuyfirlýsingu ríkisstj.

2. Að tekjur og félagsleg aðstaða þeirra, sem búvöruframleiðslu stunda, verði sambærileg því sem aðrar stéttir hafa. — Þetta atriði er þegar í framleiðsluráðslöggjöfinni og einnig staðfest í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., þar sem segir að að því skuli stefnt að framleiðendur búvöru fái laun sín greidd svipað og aðrar stéttir í þjóðfélaginu.

3. Lagt er til sem grundvallarmarkmið að skipulag búvöruframleiðslunnar og atvinnutækifæra í sveitum verði í samræmi við þá stefnu sem ákveðin er í byggðamálum og í sambandi við eðlilega nýtingu landkosta. — Fylgt hefur verið hér á landi um nokkuð mörg ár þeirri stefnu í byggðamálum að byggja landið nokkurn veginn eins og við gerum nú og sporna gegn frekari byggðaröskun en orðin er. Í þessu skyni veitir ríkisvaldið verulegt fjármagn. Framleiðsla búvöru, landbúnaðurinn, er einn meginhornsteinn þeirrar byggðastefnu. Því verður ekki mörkuð stefna í málefnum landbúnaðarins svo að vel sé nema fullt tillit sé jafnframt tekið til byggðamála.

Í þáltill. er jafnframt gert ráð fyrir að þessum markmiðum verði náð með beinum samningum ríkisvalds og þeirra sem búvöruframleiðslu stunda. Frv. um breytingu á framleiðsluráðslöggjöfinni, sem að þessu stefnir, hefur nú verið lagt fyrir Alþ. Einnig er gert ráð fyrir að gerð verði 5 ára áætlun um þróun framleiðslunnar. Sú áætlun mundi byggjast á þeim meginmarkmiðum sem ég hef rakið, en jafnframt um hana fjallað í beinum samningum ríkisvalds og þeirra sem búvöruframleiðslu stunda. Þessir þættir eru því nátengdir. Framkvæmdin gæti orðið sú, að í slíkum samningum verði nánast samið um það framleiðslumagn, sem gert verði ráð fyrir hjá landbúnaðinum á næstu árum, og þá jafnframt að hið opinbera ábyrgist framleiðendum búvöru tekjur í samræmi við slíkt framleiðslumagn innan eðlilegra marka sem ákvarðast gjarnan af veðurfari og öðru slíku. — Má segja að í þessu felist í fáum orðum sú breyting sem ráðgerð er með þessari stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins.

Þá eru í þáltill. raktar ýmsar aðgerðir og leiðir sem lagt er til að farnar verði við þá áætlunargerð, sem ég hef nú nefnt, og farnar verði til að ná þeim meginmarkmiðum sem í upphafi þáltill.eru nefnd. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það lið fyrir lið.

Loks fylgir þáltill. ítarleg grg. Þar eru saman komnar miklar upplýsingar um þróun landbúnaðarins, bæði fyrr og síðar, og sömuleiðis upplýsingar um þá þróun sem menn ætla að fram undan sé, m. a. breytingar sem hljóti að verða með þeirri stefnubreytingu sem hér er gert ráð fyrir. Segja má að þessar upplýsingar séu grundvöllur að þeirri áætlunargerð sem ég hef nú nefnt Hins vegar þótti rétt að láta þær fylgja þáltill. Í þeim er mikill fróðleikur sem væntanlega getur verið umræðugrundvöllur um málefni landbúnaðarins.

Ég þarf ekki að rekja í langri ræðu þróun landbúnaðar á undanförnum árum. Það hefur verið gert á fjölmörgum fundum Alþingis. Þó vil ég vekja athygli á að landbúnaðarframleiðslan nú á dögum byggir á löggjöf sem segja má að sé almennt framleiðsluhvetjandi, bæði framleiðsluráðslöggjöfin, jarðræktarlög og fjölmargt fleira sem ég þarf ekki að telja.

Þróunin hefur orðið sú á undanförnum árum, að framleiðsla landbúnaðarafurða umfram það, sem seljanlegt hefur verið innanlands eða með góðu móti á erlendum mörkuðum, hefur stöðugt farið vaxandi. Einkum hefur það verið svo á undanförnum þremur árum. Útflutningsbótatrygging, sem ákveðin var 1961 og er ákveðin 10% af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða, nægði til að brúa mun á verði landbúnaðarafurða erlendis og innanlands allt fram til ársins 1977, en á undanförnum þremur árum hefur vantað mikið á að svo yrði. Í ár er talið að rúmlega 5 milljarða vanti til að ná fullu grundvallarverði fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir, og er það til viðbótar þeirri 10% tryggingu sem ég hef nefnt. Ég vil taka það fram, að þessi þróun er langt frá því að vera eingöngu vegna þess að framleiðslan hafi aukist innanlands, sem hún hefur að vísu gert nokkuð á allra síðustu árum, heldur eru þarna fleiri þættir samverkandi, m. a. — og ekki síst — að mikil röskun hefur orðið á undanförnum árum á verðlagi landbúnaðarafurða innanlands og á erlendum mörkuðum. Þetta má rekja til hinnar miklu verðbólgu. Einnig er staðreynd að niðurgreiðslur og verndartollar vegna landbúnaðarframleiðslu í markaðslöndum okkar hafa aukist. Verðlag þar hefur hvergi nærri hækkað eins og annað verðlag í þeim löndum. Ég get nefnt sem dæmi að fyrir 6—7 árum fengum við um 85% af heildsöluverði lambakjöts í Svíþjóð, en nú er þar aðeins um að ræða 38%. Þessi

þróun er því, eins og ég hef sagt, af mörgum samverkandi þáttum og ekki rétt að rekja hana eingöngu til aukinnar framleiðslu innanlands. Hitt er svo mönnum orðið ljóst, og ekki síst bændum og forustumönnum þeirra, að nauðsynlegt er að breyta um stefnu, nauðsynlegt er að stefnan verði sveigjanlegri en hún hefur verið, nauðsynlegt er að tæki og aðferðir verði leyfðar til að hafa stjórn á framleiðslunni þannig að hana megi laga að breyttum staðháttum hverju sinni.

Nú er um umframframleiðslu að ræða. Því er nauðsynlegt að draga úr framleiðslunni. Ég vil hins vegar leggja ríka áherslu á að það þarf að gera í áföngum, það verður að gerast með gát. Um viðkvæmt mál er að ræða, ekki aðeins fyrir bændastéttina, heldur fyrir miklu fleiri í þessu þjóðfélagi.Landbúnaðurinn er hlekkur í langtum stærri keðju.

Í grg. með þáltill., á bls. 110, er sett fram bráðabirgðaáætlun um samdrátt í framleiðslulandbúnaðarafurða á næstu 5 árum. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir að mikill og hraður samdráttur verði í framleiðslu mjólkurafurða, en stórum hægari í framleiðslu sauðfjárafurða.

Auðveldara er að ráða við framleiðslu mjólkurafurða en sauðfjárafurða. Það má gera m. a. og ekki síst með því að takmarka verulega notkun fóðurbætis. Alþ. hefur samþykkt heimildir til Framleiðsluráðs landbúnaðarins til þess að fara þá leið og er í þessari áætlun gert ráð fyrir að svo verði gert.

Um sauðfjárframleiðsluna gegnir hins vegar töluvert öðru máli. Við hana verður ekki ráðið auðveldlega með leiðum eins og takmörkun fóðurbætis. Slíkt hefur lítil áhrif. Einnig er ljóst að ef sauðfé er fækkað í stórum stíl eykur það þegar vandann að því leyti að kjötmagn eykst á markaðnum. Þetta verður því að gerast hægfara og þarf að mínu mati að gerast samkv. áætlun sem tekur tillit til þeirra þriggja meginmarkmiða sem rakin eru í upphafi þáltill. Ef vel er að gáð er ljóst að töluvert svigrúm er, m. a. er sauðfjárrækt mikil í eigu þéttbýlisbúa. Í eigu þeirra munu vera um 34 000 fjár og sömuleiðis í eigu manna sem að vísu hafa ábúð á lögbýli, en meginhluta tekna sinna af öðru. Sá fjöldi mun vera um 45 000 fjár. Á ýmsum svæðum landsins er auk þess sauðfjárrækt þar sem ofbeit er og rík ástæða til að takmarka af þeirri ástæðu. Því er það skoðun mín að sauðfjárframleiðslunni megi ná niður, ef farið er að með gát, án þess að vandræði hljótist af í tekjum bænda eða byggðamálum, en það verði ekki gert nema á skipulegan hátt. Að því stefnir þáltill. Eins og ég sagði í upphafi er með henni farið fram á að Alþ. leggi blessun sína yfir þau meginmarkmið, sem ráði, og þær leiðir, sem farnar verði að þeim markmiðum.

Herra forseti. Eins og ég hef þegar sagt sýnist mér ekki þörf á að flytja ítarlegri ræðu um landbúnaðarmálin nú. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. atvmn.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er á dagskrá, stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins, er á þskj. 518. Till. kom fram 6. apríl s. l. og kemur nú til fyrri umr. Í því sambandi vil ég minna á að ég, ásamt níu öðrum þm. Sjálfstfl., hef flutt till. með sömu yfirskrift og um sama efni. Hún kom fram á Alþ. 22. febr. Umr. um till. okkar sjálfstæðismanna er ekki lokið og ég hlýt að finna að því við hæstv. forseta að gengið sé fram hjá þeirri till., sem kemur fram miklu fyrr og er um sambærilegt efni, eins og hér er gert. Ég skal ekki hafa um það mörg orð, en mér þykir mjög óeðlilegt að þannig sé hagað fundarstörfum að ekki sé lokið þeirri umr. sem þó var hafin um það mál sem kemur fram um 1½ mánuði fyrr en það mál sem nú er tekið á dagskrá. Umr. um fyrra málið var þó hafin. Ég mun ekki fara fram á við hæstv. forseta að umr. um þetta dagskrármál verði frestað, en ég hlýt að ætlast til að umr. um þá till. til þál., sem er á þskj. 377 og flutt var á Alþ. 22. febr. um stefnumörkun í landbúnaði, verði lokið og það hið fyrsta.

Ég vil víkja örfáum orðum að þeirri till., hæstv. landbrh. sem hér er tekin til umr. og hann hefur mælt fyrir. Ég kemst ekki hjá að gera mjög grófan samanburð á þeirri till., sem flutt er hér af hæstv. ráðh., og þeirri till. sem er flutt af okkur sjálfstæðismönnum.

Í till. okkar sjálfstæðismanna er tekið mjög svo skýrt til orða um efnisatriði till. Þar eru sett upp sjö grundvallarmarkmið og síðan er í stafliðum gerð á ljósan og skýran hátt grein fyrir þeim leiðum sem ætlast er til að farnar verði til að ná aðalmarkmiðunum. Þar er ekki gert ráð fyrir miklu skipulagi, neinu ofskipulagi, þar eru ekki settar upp margháttaðar áætlanir, heldur er kveðið skýrt og beint að um þau mál sem tekin eru fyrir. Það er mín skoðun, að í þeirri till. sé þann veg tekið á málum að unnt sé að ná þeim tökum á framleiðsluvandanum sem talið verður æskilegt fyrir þjóðarheildina. Til þess er gert ráð fyrir að taka upp ný verðtryggingarákvæði sem eiga að hafa það markmið að gera í raun virka þá stefnu sem við teljum að þjóðfélaginu sé hagstæðust hvað snertir framleiðslumagn á búvöru.

Ef litið er á þessi efni í till. hæstv. landbrh., sem ekki er flutt sem till. frá ríkisstj., heldur af hæstv. ráðh. einum, verður ljóst að tillgr. sjálf er næsta óljóst orðuð, nærri að segja loðin og teygjanleg. Tillgr. sjálf hefur inni að halda ákvæði sem stefna að mikilli skipulagningu á framleiðslu, og hún gerir ráð fyrir að settar verði upp margar áætlanir. Þannig er talað um „skipulag búvöruframleiðslunnar", þar er talað um að setja upp „5 ára áætlun um þróun framleiðslunnar", það er talað um að gera „neysluáætlun fyrir þjóðina", það er gert ráð fyrir að gera „búrekstrar- og framkvæmdaáætlanir fyrir landbúnaðarframleiðsluna", og það hefur verið talað um af hálfu ráðh. að gera sérstaka áætlun fyrir hvert býli á landinu. Enn fleiri ákvæði eru í till. hans sem lúta að slíku áætlanafargani og slíkri skipulagningu sem er alltaf vafasamt að hve miklu leyti nær tilgangi sínum. Á hinn bóginn er ekkert að finna í till. um hvernig allar þessar áætlanir og öll þessi skipulagning eigi að verða virk. Það er þó aðeins vikið að slíku og hæstv. ráðh. kom aðeins inn á í ræðu sinni drög að einni slíkri áætlun, en hún er sett upp á bls. 110 í grg. með till. Þar er greint frá till. um að draga saman verðábyrgð á landbúnaðarvörum. Þó er ekki að sjá að á nokkurn hátt fylgi þau ákvæði öllum áætlununum eftir og geri þær virkar.

Hæstv. ráðh. talaði þó í ræðu sinni áðan utan að því, að til greina kæmi að taka upp þau verðbótaákvæði sem við sjálfstæðismenn höfum gert að verulega þýðingarmiklu atriði í till. okkar. Ég verð að segja að mér líkaði stórum betur að hæstv. ráðh. skyldi láta skína í að hann teldi ástæðu til að taka undir stefnu okkar hvað þetta snertir, en að þessu er ekki sýnilega vikið nokkurs staðar í till. sjálfri, og má vel vera að hæstv. ráðh. átti sig á að í ýmsum fleiri greinum væri æskilegra að taka upp þá stefnu sem í till. okkar sjálfstæðismanna felst.

Ef settir eru til þess allra handa sérfræðingar og kannske ágætir menn að setja upp áætlanir fyrir eina atvinnugrein í mörgum atriðum og vinna að því við skrifborðið sitt í nokkrar vikur, en ekkert er gefið til kynna um hvernig eigi að gera slíkar áætlanir virkar, er hætt við að sú vinna fari fyrir næsta lítið og verði pappírsgagn eitt. Það er ekki hægt að líta öðruvísi á í sambandi við till. frá hæstv. ráðh. en allt það áætlanafargan, sem hún hefur inni að halda, verði með þeim hætti, það verði til að skapa allmikla vinnu og verði að leggja í það allmikinn kostnað, en síðan verði það að litlu eða engu gagni, því að engin ákvæði eru um hvernig eigi að fylgja áætlununum eftir.

Að réttu lagi má segja um till. hæstv. ráðh. þegar öllu er á botninn hvolft, að hún sé það óljóst orðuð og byggi á að unnið verði að það mörgum áætlunum að hún sé í raun og veru till. til þál. um að marka þurfi stefnu í landbúnaði. Öfugt við þetta er till. okkar sjálfstæðisþm. till. um stefnumörkun og ber yfirskrift sína með réttu.

Ég skal ekki ræða tillgr. mikið efnislega umfram það sem hér er gert. Auðvitað er margt í tillgr. sem ég er sammála og fer að sumu leyti saman við það sem fram kemur í till. okkar sjálfstæðismanna, en annmarkar á tillgr. sjálfri eru að mínum dómi miklir, eins og hefur þegar komið fram.

Í ræðum hæstv. ráðh., bæði nú og oft áður, hafa komið fram yfirlýsingar um að hverju þurfi að stefna í landbúnaðinum á næstu árum. Þessi till. er talin eiga að þjóna þeim yfirlýsingum, ef marka má orð hæstv. ráðh. áðan. Yfirlýsingar hans hafa verið m. a. á þá lund, að tryggja þurfi bændum tekjur á við aðra þjóðfélagsþegna, halda þurfi byggðinni við og skera þurfi niður framleiðsluna. Ef þessar yfirlýsingar eru teknar alvarlega standast þær ekki nema því aðeins að verð á búvöruframleiðslunni stórhækki. Ef bændur eiga að hafa óskertar tekjur, ef byggðin á að haldast, ef bændum á ekki að fækka, en framleiðslan stórdragast saman, stenst það ekki nema því aðeins að verð á hverri einingu í búvöruframleiðslunni stórhækki. Vel má vera að þetta sé það sem hæstv. ráðh. stefni að og ætli sér að vinna að.

Ég vil taka það fram að á þessu stigi er ég gersamlega andvígur því, sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðh., að vinna þegar að því að stórdraga saman sauðfjárframleiðsluna, en hann hefur nefnt að þá framleiðslugrein þurfi að draga saman allt að 20%. Ég tel að það séu engar forsendur fyrir hendi og engin gögn fyrir hendi í þjóðfélaginu, eins og nú standa sakir, sem sanni að sú framleiðsla sé þjóðinni óhagstæð. Ég hef lagt á það ríka áherslu, og á það er lögð þung áhersla í till. okkar sjálfstæðismanna, að gerð verði úttekt á landbúnaðarframleiðslunni, sem skiptist niður eftir greinum, til þess að fá úr því skorið og þá metið á þjóðhagslegum grunni hver er hagkvæmni þeirrar framleiðslu sem við búum við í landinu. Ég hef trú á að sannast muni að sauðfjárframleiðslan sé þjóðinni hagstæð þegar á allt er litið. Ég tel fásinnu að áður en slík úttekt er gerð séu æðstu ráðamenn landbúnaðarmála í síbylju að tala um að höggva þá framleiðslugrein niður.

Það virðist líta nokkuð ljósar út hvað mjólkurframleiðsluna snertir, að þar þurfi að draga saman. Þó má fara varlega vegna þess að árferðissveiflur kunna að verða svo miklar að orðið gæti verulegt tjón ef unnið væri að samdrætti í mjólkurframleiðslunni of skyndilega. Mjólkurframleiðslan er talin munu verða á þessu framleiðsluári 120—125 millj. lítra, en innanlandsneyslan er í kringum 100 millj. lítra að talið er. Það er ljóst að eðlilegt er að draga þar nokkuð saman. Ég vil þó benda á í sambandi við mjólkurframleiðsluna, að verið er að vinna að uppbyggingu mjólkurbúa a. m. k. á þremur stöðum sem kosta gífurlega fjármuni: á Akureyri, Hvammstanga og í Borgarnesi. Í öllum þessum vinnslustöðvum á að framleiða osta til útflutnings. Ef það gerist í sama mund og byggingu þeirra mannvirkja lýkur að mjólkurframleiðslan verði skorin niður svo að hún verði aðeins við hæfi innanlandsmarkaðarins, þá hefur miklum fjármunum verið kastað á glæ. Ég tel að líta þurfi til þessa í sambandi við mjólkurframleiðsluna og meta á hvern hátt við nýtum best það fjármagn, sem í þessum mannvirkjum liggur, og hvaða áhrif það hefði í sambandi við þann fjármagnskostnað ef mjólkurframleiðslan væri dregin of mikið saman. Hins vegar tek ég undir það, að allt bendir til að eðlilegt sé að um nokkurn samdrátt verði að ræða í mjólkurframleiðslunni.

Hæstv. ráðh. sagði að það mætti víða ná sauðfjárræktinni niður og — að mér skildist — þá hygðist hann byrja á því að skera niður sauðfjáreign þéttbýlisbúa og annarra, sem eru ekki alfarið bændur, og auk þess gefa fyrirmæli — annað varð ekki skilið — um fækkun sauðfjár á þeim svæðum, þar sem hann taldi um ofbeit að ræða. Þetta vil ég ekki taka undir eins og sakir standa og þarf ekki að skýra það frekar.

Með till. fylgir mjög ítarleg og löng grg., yfir 100 bls. Þar er miklu efni safnað saman. Har er sumpart mikill fróðleikur í sögulegu yfirliti um þróun landbúnaðarlöggjafar og landbúnaðarframleiðslu og ýmsa aðra þætti sem landbúnað snerta. Ég geri ráð fyrir að ýmsir þættir í grg. hafi verið unnir af þeim stofnunum sem starfa að landbúnaðarmálum í þjóðfélaginu og er þar margt til ávinnings að fá tekið saman á einum stað um þessi efni. Hins vegar sýnist mér aðrir kaflar í grg. muni vera frá hæstv. ráðh. sjálfum komnir og hafi ekki verið unnir af neinum stofnunum á vegum landbúnaðarins. Er þar rætt málefni sem eiga að vera einhverjar frekari útskýringar á hvernig hann hyggist ná þeim mikla samdrætti í búvöruframleiðslunni sem hann virðist stefna að. Í þessu efni má t. d. minna á það sem sagt er um samdráttinn og fækkun gripa og hvernig ná eigi fram fækkun gripa, minni afurðum eftir grip o. s. frv., o. s. frv., sem allt miðar að því að draga úr framleiðslunni og sumpart hlyti að verða til þess að draga saman tekjur bænda sem eiga þá væntanlega að verða bornar uppi af miklu hærra verði á því framleiðslumagni sem fæst.

Á bls. 82 í grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fækkun gripa getur í megindráttum orðið á tvennan hátt. Í fyrsta lagi fækkun framleiðenda og í öðru lagi fækkun gripa á framleiðanda.“

Svo virðist sem um leið og hæstv. ráðh. ætli að leiða gripina til slátrunar eigi framleiðendurnir að fylgja með. Ef annað hvort er valið er það sennilega það sem fyrr er talið, þm e. framleiðendurnir, sem á að byrja á að fækka, að því er virðist ef á þetta er litið allt í samhengi, með því að leiða þá beint til slátrunar.

Margt í þessum klausum er næsta spaugilegt, svo að ekki sé meira sagt. Tel ég að það hljóti að vera frá hæstv. ráðh. komið. Engir menn úr stofnunum landbúnaðarins hafa látið slíkan samsetning frá sér fara. Á bls. 83 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Áhrifaríkasta leiðin til að draga úr afurðum eftir grip

er að takmarka magn og gæði fóðurs."

Þarna hefur hæstv. ráðh. opinberað mikla speki. Hann hefur komist að raun um — og kannske hafa vorhærðindin átt þátt í að opna augu hans fyrir því — að e. t. v. sé áhrifaríkasta leiðin til að draga saman afurðamagnið að gefa svo lítið og illt fóður að gripirnir drepist. Þetta er auðvitað mjög mikil speki og margt í þessari grg., þeim þáttum hennar sem virðast frá hæstv. ráðh. sjálfum komnir, er þessu marki brennt. (Gripið fram í.) Ef hæstv. ráðh. ætlar að bera af sér þetta plagg **(Dómsmrh.:** Nei, ég ber fulla ábyrgð á því.) finnst mér eitthvað skrýtinn maðkur vera kominn í mysuna. (Gripið fram í.) Og ef allur þessi samsetningur á að vera kominn frá einhverjum öðrum en hæstv. ráðh. finnst mér að hann hefði átt að hafa fyrirvara í ræðu sinni áðan.

Ég mun ekki tíunda margt af slíkri visku sem hér hefur verið bent á og finnst víða í grg. þar sem rætt er um samdráttaraðferðir hæstv. ráðh. En það er auðvitað margt þessu marki brennt og er full ástæða til að fylgjast með því, hvernig hæstv. ráðh. ætlar að útfæra visku sína, hvort það á, eins og segir á bls. 82, að byrja á að leiða framleiðendur til slátrunar og þar á eftir gripina og ef það dugi ekki, þá að minnka afurðir eftir grip, eins og segir á bls. 83, með því að takmarka magn og gæði fóðurs. Vonandi verður það ekki svo, að vorkuldarnir nú komi hæstv. ráðh. svo til aðstoðar í þessu efni, að stór skaði verði að. En ég hlýt að segja, að ég harma að hæstv. landbrh. skuli taka svona til orða í grg. með till. sinni.

Hæstv. ráðh. bendir á ýmsar leiðir til úrbóta þegar hann telur sig hafa gengið nógu langt í því að slátra framleiðendum og svelta gripi til minni afurða, og er ekki ástæða til að tíunda það allt saman. Þar er um margar góðar ábendingar að ræða, svo sem aukna fiskrækt og aukna nýtingu hlunninda. Þar er allmikið rætt um loðdýrarækt og refarækt. Allt má þetta verða til aukningar atvinnustarfsemi í sveitum landsins og er það vel. Ég tel þó um t. a. m. minkarækt, þó að ég sé ekki sérfræðingur á því sviði, að alltaf verði hæpið að starfandi bændur fari út í að hafa minkarækt sem hliðarbúgrein. Minkarækt krefst mikillar nákvæmni, bæði í fóðrun og vinnu, og kostar auk þess mjög vönduð mannvirki. Þróun í sveitum landsins hefur orðið sú á undanförnum árum, að bændur hafa gjarnan viljað einhæfa sig sem mest eða þróa búskap sinn í þá átt að megi verða til að spara vinnuafl. Það tel ég eðlilegt og eiga þátt í að koma í veg fyrir of miklar hækkanir á búvöruverði. Ég vil aðeins benda á að minkarækt sem hliðarbúgrein mundi í mörgum tilvikum verða erfið vegna þess að hún krefst mikillar nákvæmni, enn meiri nákvæmni en mjólkurframleiðsla t. a. m., og þeir menn, sem fást við þá atvinnugrein, þurfa auðvitað að sérhæfa sig til að geta sinnt henni nægilega vel.

Enn er hér rætt um stóðbúskap. Segir m. a. á bls. 92, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðrar tekjuöflunarleiðir af hrossum, sem vert er að athuga, er aukin hagnýting húða, bæði af folöldum og fullorðnum hrossum, nýting á hrosshári til iðnaðar, framleiðsla á kaplamjólk til útflutnings sem barnamjólk og handa sjúklingum og loks hirðing á þvagi og blóði úr hrossum til lyfjaframleiðslu."

Það mætti vel vera að ef annar bústofn bænda væri fallinn sakir takmarkana á magni og gæðum fóðurs hefðu bændur tíma til að elta merarnar sínar út um haga til að hirða vökvann sem þær leggja frá sér, en ekki á ég von á að slíkt verði veigamikill liður í landbúnaðinum í framtíðinni.

Ég skal, herra forseti, ekki lengja mál mitt um þessa till. Eins og ég hef þegar lýst, felur hún í sér ýmis góð markmið, en þau eru í mörgum tillitum það teygjanleg og afslepp að mér þykir til stórskaða, auk þess sem till. sjálf virðist byggð upp á oftrú á skipulagningu, oftrú á skrifborðsáætlanir, án þess að nokkur tilraun sé gerð til að skýra hvernig þær áætlanir verða gerðar virkar, og því verða þær pappírsgagn eitt.

Ég vil svo ítreka þau tilmæli mín til hæstv. forseta, að svo sé staðið að fundahaldi hér að sú till., sem ég flutti um sama efni 1½ mánuði á undan þessu máli, verði ekki gerð hornreka fyrir þessu máli, þó svo að flutt sé af einum hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. og sé því ekki ríkisstjórnarplagg.

Forseti (Gils Guðmundsson): Í tilefni þeirra orða, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði bæði í upphafi og niðurlagi ræðu sinnar í sambandi við tilhögun umr., vil ég taka þetta fram:

Það er rétt að till. hv. 2. þm. Norðurl. v. og fleiri sjálfstæðismanna um stefnumörkun í landbúnaði er komin fram fyrir alllöngu. Umr. hófst um hana fyrir nokkrum vikum, og ég hygg að ekki hafi liðið neitt óeðlilega langur tími frá því að hún var fram lögð og þangað til sú umr. hófst. Þá átti hv. þm. þess kost að flytja — og flutti langa og ítarlega og mjög greinargóða framsöguræðu fyrir því máli. Umr. varð ekki lokið. Nokkru síðar hafði ég hug á að taka þáltill. hans til framhaldsumr. Þá stóð þannig á, að annaðhvort var þá ekki viðstaddur sá hv. þm., sem næstur var á mælendaskrá, eða 1. flm. var fjarverandi, nema hvort tveggja hafi verið, og þá varð ekki úr því að hún væri tekin til umr. Ég vil benda hv. þm. á að nokkrar þáltill., miklu eldri en till. hans, hafa enn þá ekki komist til n. vegna þess að langar umr. hafa orðið um þær. Ég held að ef ætti að taka upp þá aðferð alfarið að taka aldrei nýrri till. til meðferðar og reyna að koma þeim áleiðis eða til n. fyrr en búið er að ljúka umr. um eldri till. gengi seint að þoka málum fram. Ég hef reynt að þoka málum áfram og því stundum tekið nýrri mál fyrir, enda þótt eldri till. væru óneitanlega til.

Ég sé nú fram á að ég hlýt að fresta umr. um þessa till. nú og er því ákaflega jafnt á komið með hv. 2. þm. Norðurl. v. og hæstv. landbrh. Enda þótt líði senn að þinglokum vona ég þó að hægt verði að taka till. báðar til framhaldsumr. bráðlega og skal gera mitt til þess að svo verði. En með tilliti til þess, að eftir hálftíma hefjast fundir í báðum deildum Alþ., mun ég fresta þessari umr. og taka málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Efri deild, 90. fundur.

Þriðjudaginn 8. maí, kl. 5 síðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 610 (sbr. 7)). — Ein um.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umfjöllunar, hefur áður verið til

meðferðar í þessari hv. d. og afgreitt héðan. Á því hafa hins vegar orðið breytingar í meðförum hv. Nd. Meginefni frv. og stefna stendur þó óbreytt frá því að málið var afgreitt frá Ed. á sínum tíma.

Þær breytingar, sem hafa verið gerðar, eru að áður en fé kemur til skipta eru settar til hliðar 100 millj. kr. sem fara að hluta, eða 75 millj. kr., til lífeyrissjóðs sjómanna til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur til sjómanna, en annar hluti, 15 millj., fer til orlofshúsa sjómannasamtakanna og þriðja hlutanum, 10 millj. kr., yrði varið til öryggismála sjómanna samkv. nánari ákvörðun sjútvrh. og samgrh.

Í annan stað hefur 3. gr. að því er b-lið varðar verið umorðuð. Má segja að sú breyting feli fyrst og fremst í sér nánari skilgreiningu á því verkefni sem gengismunarfé er ætlað að rækja. Hlutfallsskipting fjár er hin sama og ávallt hefur verið gert ráð fyrir. Í stað undirliðar a í b-lið 3. gr. kemur tölul. 1. Í stað undirliðar b í b-lið 3. gr. koma tölul. 2 og 3. Varðandi tölul. 3 er það að segja, að tekin hefur verið upp heimild til að sameina Aldurslagasjóði fiskiskipa það fé sem hér um ræðir. Það er þá blaðfest stefna í þeim efnum, en slíkt hefur áður verið gefið til kynna. Tölul. 2 og 3 ganga upp í fyrri undirlið b, og tölul. 1, sem gengur upp í það sem áður var undirliður a, eru sem sagt nánari skilgreining þar sem fyrst og fremst er lögð áhersla á að þetta fé skuli veita til hagræðingar og til að leysa sérstök staðbundin vandamál. Er nánar kveðið að orði um til hvers lán skuli veita í því tilefni.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég tel, að það skýri sig að öllu leyti sjálft, og vænti þess að d. sjái sér fært að afgreiða málið með sem skjótustum hætti eins og það er nú í hendur hennar búið.

Jón Helgason: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur gert grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á frv. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu frá því það var afgreitt fyrr á þessu þingi frá hv. Ed. Fjh.- og viðskn. hefur athugað málið eftir þær breyt. sem hv. Nd. gerði á því, og meiri hl. n. mælir með að frv. verði samþ. eins og það er nú komið aftur til Ed., en minni hl. mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 642).

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 600). — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á lögum nr. 108 frá 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, sem hér er til umfjöllunar, er flutt jafnframt frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla. Meginmarkmiðið með þessum frv., ef að lögum verða, er að tryggja réttarstöðu fiskiðnaðarmanna, en þeir hafa lokið prófi frá Fiskvinnsluskólanum, og setja skýrari ákvæði um lokapróf, verklegt próf svo og starfsþjálfun að prófi loknu. Jafnframt er stefnt að því að afmarka betur en nú er gert hlutverk þessara stofnana varðandi námskeiðahald fyrir matsmenn svo og endurmenntun þeirra.

Í 3. mgr. 10. gr. laga nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla, segir:

„Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf úr fiskiðndeild og auk þess lokið 11 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lyktar með prófi eða sérstöku verkefni".

Þau réttindi, sem hér um ræðir, eru ekki skilgreind nánar.

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, segir hins vegar „lögreglustjóri löggildir matsmenn samkv. tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða"

Ekki hafa verið settar neinar reglur um hvað forstjóri Framleiðslueftirlitsins skuli miða við eða styðjast við varðandi tilnefningu matsmanna til löggildingar. Varðandi mat á saltfiski, skreið og síld hefur venjan verið að maður, sem hefur viljað afla sér löggildingar sem matsmaður, hvort heldur um hefur verið að ræða fiskiðnaðarmann eða óskólagenginn mann, hefur verið látinn starfa með löggiltum matsmanni ótiltekinn tíma uns hinn löggilti matsmaður hefur talið viðkomandi mann hafa sýnt nægilega hæfni til að starfa sjálfstætt og hljóta löggildingu sem slíkur. Síðan hefur komið til kasta forstjóra Framleiðslueftirlitsins að meta niðurstöður hins löggilta matsmanns hverju sinni og taka síðan ákvörðun um tilnefningu fyrir lögreglustjóra til löggildingar. Þetta fyrirkomulag þykir skapa óviðunandi aðstöðu fyrir fiskiðnaðarmenn og tel ég nauðsynlegt að afmarka námsefni og námstíma að sérskólanámi loknu til lokaprófs sem veitir matsréttindi. Fyrir því er lagt til í 2. gr. frv. þessa að settar séu nýjar fastmótaðar reglur um þau skilyrði sem fiskiðnaðarmenn, er lokið hafa prófi frá Fiskvinnsluskólanum, þurfa að uppfylla til þess að að þeim skilyrðum fullnægðum geti þeir hlotið löggildingu sem fiskmatsmenn fyrir saltfisk, skreið og saltsíld. Aðrir menn, sem vilja afla sér löggildingar sem matsmenn, verða að hlíta þeim skilyrðum sem nú eru í gildi. Fiskiðnaðarmenn hafa hingað til viðstöðulaust hlotið löggildingu til ferskfiskmats og freðfiskmats, og verður svo væntanlega áfram.

Í 2. gr. frv. eru einnig sett aðhaldsákvæði sem ætlað er að tryggja að fiskiðnaðarmenn, sem mat vilja stunda, haldi við þekkingu sinni. Þá er og með 2. gr. frv. sú breyting gerð, að framvegis löggildi sjútvrn. matsmenn í stað lögreglustjóra. Þetta ætti að verða til hagræðis og bóta að öðru leyti vegna tengsla rn. við Framleiðslueftirlit sjávafafurða, og það ætti einnig að geta leitt til samræmdari krafna og reglna um löggildingu.

Í 3. gr. laga nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla, er mælt fyrir um skyldu skólans til að halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsum greinum fiskiðnaðarins. Í 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 71/1973, um mat á saltfiski til útflutnings, segir að Fiskmat ríkisins skuli halda námskeið fyrir fiskmatsmenn samkv. nánari ákvæðum þar um. Þessi reglugerð er eldri en lögin um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Samkv. sérstöku ákvæði í 19. gr. laga nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlitið, heldur fyrrgreind reglugerð þó enn gildi sínu. Í lögunum sjálfum eru hins vegar ekki nein bein ákvæði um námskeið á vegum Framleiðslueftirlitsins, en í 3. mgr. 2. gr. almenn fyrirmæli um að þar skuli veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða.

Það verður tæpast talin ástæða til að tveir aðilar haldi námskeið um sama efni, þ. e. meðferð og mat sjávaraf-

urða. Vegna ótvíræðra ákvæða í lögum um Fiskvinnsluskólann um skyldu hans til að halda þess háttar námskeið þykir rétt að hann sinni þeirri skyldu einn, en að Framleiðslueftirlitið láti honum í té æskilegt og nauðsynlegt fulltingi í því efni. Þetta fyrirkomulag ætti einnig að létta nokkrum kostnaði af Framleiðslueftirlitinu. Jafnframt frv. þessu er því flutt af hæstv. menntmrh. frv. til l. um breyt. á lögum um Fiskvinnsluskólann, sem er í nánum tengslum við efni þessa frv., og það er æskilegt að þau fylgist sem mest að í meðferð þingsins og hljóti afgreiðslu nokkuð samtímis.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg. með frv. og geri að till. minni að þessu máli verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 561, n. 599). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Efni þessa frv. er að Íslendingar haldi hlutfalli sínu, kvóta sínum, hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þrátt fyrir þær hækkanir sem ákveðnar hafa verið á upphæðum þar.

Fjh.- og viðskn. var sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Námsgagnastofnun, frv. (þskj. 481, n. 616). —2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er gamall kunningi hér í þingi. Hins vegar er því ekki að neita, að því hefur mikið verið breytt frá því að það var lagt fyrir fyrst. Það hefur verið gert miklu einfaldara, einkum stjórnunarákvæðin. En hins vegar heldur frv. alveg megintilgangi sínum að gera mögulegt að samhæfa og skipuleggja betur en áður þá starfsemi sem frv. fjallar um, þ. e. a. s. Ríkisútgáfunnar, Skólavörubúðarinnar og Fræðslumyndasafnsins og svo Námsgagnastofnunar þegar hún kynni að verða sett á fót.

Við höfum orðið vör við það í n. að frv. nýtur ákveðins stuðnings — ég vil segja allra þeirra sem að þessum málum vinna, að því er ég best fæ séð. Og álit hagsýslunnar um kostnaðaráhrif frv. er á þá leið, að samþykkt frv. hafi ekki áhrif í þá átt að auka kostnað, heldur gerist slíkt eingöngu þá við fjárlagaafgreiðslu.

Nú vil ég ekki fjölyrða frekar um þetta. Menntmn. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en tveir hv. nm. skrifa þó undir nál. með fyrirvara.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Við Ragnhildur Helgadóttir skrifuðum undir þetta nál. með fyrirvara og byggist það á því að okkur fannst ekki liggja alveg í augum uppi hve mikil útgjöld fyrir ríkissjóðinn væri hér um að ræða. Námsgagnastofnun hefur örugglega möguleika til mikilla umsvifa. Því er að sjálfsögðu ekki að leyna að með þeim breytingum á skólaháttum, sem nú eru uppi í landinu, er ósköp eðlilegt að ýmislegt þurfi að prenta og margt að gefa út. En það, sem okkur fannst fyrst og fremst áberandi í þessu frv., var að það gæti farið inn á starfssvið hinna venjulegu útgefenda og einkum væri sá möguleiki fyrir hendi, ef menn kærðu sig um, að tiltekið námsefni væri valið úr bókum, sem venjulega eru gefnar út af útgefendum, og það yrði notað til skólalærdóms. Á þennan hátt væri sá möguleiki fyrir hendi að mjög yrði gengið á rétt útgefenda. Treystum við okkur því ekki til að samþ. frv. og ákváðum að sitja hjá við afgreiðslu þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 71, n. 617). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta mál. Við 1. umr. gerði flm., hv. 4. þm. Reykn., grein fyrir efni frv., en það felur í sér að gefa sjónskertum möguleika á að kjósa hjálparlaust með þar til gerðum útbúnaði. Ekki er nokkur minnsti vafi á að hér er um að ræða mjög verulega réttarbót fyrir það fólk. Ekki virðast vera tæknilegir annmarkar á að framkvæma þau fyrirmæli sem í frv. felast. Allshn. leggur því til að frv. verði samþ. óbreytt.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langar að þakka allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Þó að það láti lítið yfir sér er það mikilvægt fyrir vissan hóp sjónskertra. Mér þykir vænt um að málið er komið þetta áleiðis og vona að það fái greiðan gang héðan.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 1t shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 584). — 1. umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég skal vera mjög fáorður um þetta frv.

Ég minni fyrst á að ákveðin hefur verið bygging útvarpshúss, skóflustunga var tekin á sínum tíma og grafinn grunnur og munu nú vera fullgerðar teikningar af næsta áfanga. Í útvarpslögunum eru fyrirmæli um að leggja 5% af bruttótekjum Ríkisútvarpsins í framkvæmdasjóð. Það er skylt að gera það. Ég hygg að einkum hafi verið haft í huga, þegar það ákvæði var tekið upp í lögin, bygging og búnaður útvarpshúss. Ég ætla ekki að

rekja sögu sjóðsins hér, menn þekkja hana.

Þegar ákveðið var að hefja verkið sumarið 1978 lagði ég til í ríkisstj. að næstu árin a. m. k. yrði framlag til húsbyggingarsjóðs tvöfaldað. Ákvörðun um það var frestað, en afnotagjöld voru hins vegar ákveðin með það í huga síðsumars 1978 að þetta væri hægt, og sú varð raunin á, sbr. uppgjör reikninga 1978 sem sýna nokkurn afgang eða sem þessu hefði numið.

Um þörf Ríkisútvarpsins fyrir nýtt og betra húsnæði ætla ég ekki að fjölyrða hér. Sú þörf hefur margsinnis verið kynnt, m. a. hér á Alþ. En ég vil minna á að ítrekað hefur verið sagt upp húsnæði því sem Ríkisútvarpið hefur núna til afnota á Skúlagötu 4, einfaldlega vegna þess að sjútvrn. telur að að stofnunum þeim, sem starfa í húsinu á vegum rn. og hafa starfað þar lengi og í raun og veru er ætlað þetta húsnæði, sé nú mjög þrengt og þær þurfi á að halda auknu húsnæði — nú þegar hluta af því sem útvarpið hefur og öllu síðar meir.

Með frv. þessu, ef að lögum yrði, tvöfaldaðist framlag til Framkvæmdasjóðs. Ég minni aftur á að afnotagjaldið á síðasta ársfjórðungi liðins árs leyfði þetta og þyrfti þess vegna ekki nema dýrtíðarhækkanir, eins og þau voru ákveðin þá, til þess að þetta væri mögulegt. Með þessu móti væri fjármögnun húsbyggingarinnar leyst á 12—15 árum að fjármagnskostnaði meðtöldum, því það yrði að taka lán á síðari hluta byggingartímabilsins sem svo aftur yrði greitt innan þessa árabils. Þetta er auðvitað miðað við þær áætlanir sem gerðar hafa verið, annars vegar um byggingarkostnað og hins vegar um þróun afnotagjaldanna eða öllu heldur þróun brúttótekna, því þetta framlag er reiknað af brúttótekjum.

Komið hefur fram í umr. hér á Alþ. og oftar en einu sinni, að þm. hafa fullan hug á að styðja við bakið á Ríkisútvarpinu fjárhagslega. Ég held að ekki fari milli mála að húsið verður að byggja, m. a. vegna þess að það er bókstaflega undirstaða eðlilegrar þróunar stofnunarinnar. Verkið verður auðvitað að fjármagna með einhverjum hætti. Að mínum dómi er bæði eðlilegt og aðgengilegt að fjármagna það á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir.

Þetta frv. er ákaflega einfalt að gerð, og helst vildi ég mega vona að hv. þm. yrðu mér sammála um framgang málsins í svipuðu formi, en fyrst og fremst vænti ég að málið sé svo einfalt að hv. þm. treysti sér til að taka efnislega afstöðu til þess.

Ég vil svo leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Varnir gegn sjúkdómum á plöntum, frv. (þskj. 611). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Málið hefur verið alllengi í undirbúningi og er um að ræða endurskoðun á ýmsum ákvæðum sem nú eru til um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Þetta mál er undirbúið af sérfræðingum á þessu sviði, fyrst og fremst hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Grg. með frv. gerir grein fyrir að gildandi lög eru frá 1927. Þau heita lög um varnir gegn sýkingu nytjajurta. Þau lög eru löngu orðin úrelt og nauðsynlegt að endurskoða, eins og mönnum hlýtur að vera ljóst af ártali þeirra einu saman.

Í grg. eru rakin meginatriði þessa frv. og ætla ég ekki að lengja umr. með að endurtaka það í þessari framsögu.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Tilbúningur og verslun með smjörlíki, frv. (þskj. 615). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Segja má að enn sé rætt um allfornt ákvæði sem þarfnast breytinga. Lög um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl. hafa verið óbreytt í nærri því hálfa öld. Samkv. þeim lögum er óheimilt að blanda smjör með ómengaðri jurtafitu eða jurtaolíu. Sá háttur hefur hins vegar mjög víða verið upp tekinn, m. a. til að koma í veg fyrir að smjör verði mjög hart þegar geymt er í kæli. Það frv., sem hér er flutt, er flutt í þeim tilgangi að heimila slíka blöndun í smjör.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um málið langa framsögu, en vil þó geta þess, að hér er um að ræða viðleitni til að auka sölu og neyslu smjörs með því að hafa það á markaðnum í breytilegra formi en nú er.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 587). — 1. umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er um breytingu á lögum um tollskrá o. fl., um að þar verði tekið upp heimildarákvæði í 3. gr. um að ákveða að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnbúnaðar Ríkisútvarpsins. Ég vil vísa til stuttrar grg., sem þessu frv. fylgir, og skal reyna að endurtaka ekki það sem í henni segir. En að öðru leyti vil ég taka þetta fram:

Þetta mál, þ. e. a. s. aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum, hvort þau skuli renna til stofnbúnaðar útvarpsins eða ei, hefur nýlega verið rætt á Alþ. og þá rætt öðru sinni á þessum vetri, í báðum tilvikum að mig minnir í fyrirspurnatíma. Í bæði skiptin lýstu þm. þeir sem til máls tóku mjög sterklega, að mér virtist, áhuga sínum á dreififramkvæmdum og öðrum stofnframkvæmdum Ríkisútvarpsins.

Heimild til að verja aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum til stofnframkvæmda var felld niður með breyt. á lögum um tollskrá 1976 eftir að hún hafði verið í gildi og notuð í 12 ár. Eftir þetta tókst samkomulag með

þáv. ráðh. menntamála og fjármála um að halda uppteknum hætti og láta þær tekjur renna til stofnbúnaðar Ríkisútvarpsins. Varð þó veruleg seinkun á greiðslum frá ríkinu til útvarpsins. Það bar á þessu strax í lok ársins 1977 og árið 1978 var seinkunin orðin mjög veruleg og tilfinnanleg. Svo urðu stjórnarskipti, og það gerðist fyrir og eftir stjórnarskiptin að þessar tolltekjur jukust gríðarlega mikið, margfölduðust frá því sem áætlað hafði verið. Þá var horfið alveg frá fyrri tilhögun. — Með frv. er sem sagt lagt til að taka á ný inn í lög heimild til að ætla útvarpinu tolltekjurnar.

Nú hefur það gerst og ekki fyrir löngu að hæstv. menntmrh. hefur m. a. lýst stuðningi við þessa tilhögun og flokkur hans hefur gert um það flokkstjórnarsamþykkt. Einn af þm. Sjálfstfl. hefur flutt brtt. í Nd. við lög um breyt. á tollskrárlögum sem gengur í sömu átt. Og meðal þeirra þm., sem mjög ákveðið tóku upp hanskann fyrir Ríkisútvarpið einmitt í þessu máli og voru hlynntir því að útvarpið fengi þessar tekjur, voru þm. úr Alþfl. mjög ákveðnir talsmenn þess máls. Ég hef að sjálfsögðu rætt þetta frv. í þingflokki Framsfl. og ég vænti ekki sérstakrar andstöðu við það þar.

Ég sé þess vegna ekki að það ætti að vera neitt því til fyrirstöðu að samþ. þá heimild, sem í frv. felst, og afgreiða þetta mál nú. Það er líkt og málið, sem ég talaði fyrir áðan, ákaflega einfalt, en hefur þar að auki í raun og veru verið rætt hér efnislega töluvert lengi. En ég vil leggja áherslu á að jafnframt því ef horfið yrði að því að samþ. þessa heimild aftur yrðu hv. alþm. vitanlega að gera sér grein fyrir, að ríkissjóður þarf sínar tekjur, og þurfa því að vera viðbúnir að bæta ríkissjóði það tekjutap sem hann óhjákvæmilega verður fyrir ef frv. yrði að lögum og heimildin yrði notuð. Hins vegar er rétt að vekja athygli á að í ýmis þau verk, sem þá yrðu fjármögnuð með þessum markaða tekjustofni, ef ég má segja svo um það sem greitt er skv. heimild, hlytu menn að ráðast í alveg næstu árum, hvort sem aflað yrði tekna til þeirra á þennan hátt eða með einhverju öðru móti.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en vil leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 613). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Stjfrv. það til l. um lyfjadreifingu, sem hér er til umr., er samið af nefnd átta manna sem ég skipaði með bréfi dagsettu 25. sept. s. l. Nefndinni var ætlað að semja frv. um tilhögun lyfjadreifingar í landinu á grundvelli ákvæðis í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Athugað verði að tengja lyfjaverslun heilbrigðisþjónustu og setja hana undir félagslega stjórn."

Í nefndinni áttu sæti fulltrúar tilnefndir af helstu hagsmunaaðilum, þ. e. Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands og lyfjavöruhópi Félags ísl. stórkaupmanna, en auk þess áttu þar sæti fulltrúi úr lyfjamáladeild heilbrrn., úr hópi sveitarstjórnarmanna, frá Háskóla Íslands og landlæknisembættinu. Formaður nefndarinnar var Almar Grímsson deildarstjóri í heilbrrn.

Í grg. um störf nefndarinnar kemur fram, að hún hefur aflað sér upplýsinga umfram sérþekkingu einstakra nm. m. a. frá borgarlækni, yfirdýralækni, forstöðumanni Lyfjaverslunar ríkisins og Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum svo og frá þeim lyfjafræðingum sem bera ábyrgð á vörslu og dreifingu lyfja á stærstu sjúkrahúsum landsins.

Í örstuttu máli má segja að þróun lyfjaverslunar hér á landi hafi verið þessi: Skipuleg lyfjasala hófst hér á landi um leið og embætti landlæknis var stofnað árið 1760, og annaðist Bjarni Pálsson landlæknir lyfjasöluna um 12 ára skeið eða þar til Björn Jónsson, fyrsti íslenski lyfsalinn, var skipaður með konungsúrskurði 18. mars 1772. Lyfjabúð hans, Reykjavíkur Apótek, var flutt frá Nesi við Seltjörn til Reykjavíkur með konungsúrskurði 13. mars 1833. Á 19. öldinni bættust svo við fjórar lyfjabúðir utan Reykjavíkur, þ. e. á Akureyri, í Stykkishólmi, á Seyðisfirði og Ísafirði. Um 1930 voru lyfjabúðir á landinu orðnar 14 alls, þar af 4 í Reykjavík, 1970 voru þær 29 alls, þar af 11 í Reykjavík, og nú eru þær 38, þar af 13 í Reykjavík. Staðarval og fjölgun lyfjabúða utan Reykjavíkur hefur fyrst og fremst þróast með læknaskipun og myndun þéttbýlla staða.

Opinber fyrirmæli um lyfjasölu voru frá 1760 í konunglegri tilskipun frá 4. des. 1672 um lækna og lyfsala. Segja má að sú tilskipun hafi að grundvelli til verið í gildi þar til lyfsölulögin öðluðust gildi 1. júlí 1963. Landlæknir gaf út ýmsar auglýsingar varðandi framkvæmd lyfja- og lyfsölumála fram til lýðveldisstofnunar, en eftir það gaf viðkomandi rn. út hvers konar opinber fyrirmæli í þeim málaflokki.

Þegar sérstakt heilbr.- og trmrn. var stofnað árið 1970 voru lyfja- og lyfsölumál eins og aðrir heilbrigðisflokkar færð til þess rn. Sérstök lyfjamáladeild tók til starfa 1. des. 1971.

Þróun lyfjaheildsölu var lengst af samstiga rekstri lyfjabúða sem önnuðust sjálfar eigin innflutning á lyfjum. Síðan tóku þó einstakar lyfjabúðir að mynda heildsölu og hélst sú skipan mála allt til loka fjórða áratugs þessarar aldar. Komu þá til sögunnar sérstök innflutnings- og heildsölufyrirtæki sem síðan hafa starfað samhliða þeim fyrirtækjum sem lyfjabúðirnar hafa myndað með sér. Alls annast nú 11 fyrirtæki þessa starfsemi.

Með þessu frv. er lokið endurskoðun gömlu lyfsölulaganna, nr. 30 frá 1963. Ný lög um lyfjafræðinga tóku gildi árið 1978 — lög nr. 35 frá 1978 — og lyfjalögin nýju, nr. 49 frá 1978 öðluðust gildi hinn 1. jan. s. l. Taka þau til allra faglegra atriða sem varða skráningu og framleiðslu lyfja. Auk þessara laga má svo minna á lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65 frá 1974, og lög um eiturefni og hættuleg efni, nr. 85 frá 1968, sem bæði tengjast þessu sviði. Virðist mér sú spurning ein vakna nú, hvort æskilegt sé að setja ítarlegri ákvæði um innlenda lyfjaframleiðslu en nú er að finna í V. kafla lyfjalaganna. Kann að vera heppilegra að leyfa innlendu lyfjaframleiðslunni að þróast og vaxa meira en orðið er áður en í slíka lagasetningu verður ráðist.

Sú víðtæka endurskoðun lyfjamála, sem ég hef nú rakið, hefur ekki gengið árekstralaust fyrir sig, enda hér í húfi margvíslegir og miklir hagsmunir, ekki síst fjár-

hagslegir. Má í því sambandi minna á að frv. til l. um Lyfjastofnun ríkisins, sem lagt var fyrir Alþ. á 93. löggjafarþingi 1972—1973, og frv. til l. um lyfjaframleiðslu, sem lagt var fyrir Alþ. árið 1974, á 95. löggjafarþingi, mættu bæði verulegum mótbyr í þinginu, einkum hið fyrrnefnda, og dagaði þau bæði uppi.

Markmið þeirrar endurskoðunar á lyfjadreifingunni, sem núverandi stjórnarflokkar urðu ásáttir um í samstarfsyfirlýsingu sinni, eru, eins og áður er fram komið, tvíþætt: annars vegar að tengja lyfjadreifinguna betur heilbrigðisþjónustunni og hins vegar að setja hana undir félagslega stjórn. Að baki þessari stefnumörkun liggja þau sjónarmið, að verslun með lyf og meðferð lyfja almennt eru veigamikill þáttur í almennri heilsugæslu. Lyf eru auk þess vandmeðfarinn og hættulegur varningur og ber heilbrigðisyfirvöldum því skylda til að vaka yfir meðferð þeirra.

Til að koma á nánari tengslum milli heilbrigðisþjónustu og lyfjaverslunar er sú leið farin í frv. að skipta landinu í sérstök lyfsöluhéruð sem samsvara og tengjast læknishéruðunum í lögum nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu. Innan þeirra héraða er gert ráð fyrir lyfsöluumdæum sem svara til og tengjast heilsugæsluumdæmum í heilbrigðisþjónustulögunum. Er raunar gert ráð fyrir að í hvert skipti sem byggð er ný heilsugæslustöð í umdæmi þar sem lyfjabúð er fyrir eða á að koma sé athugað sérstaklega hvort staðsetja skuli lyfjabúð í viðkomandi heilsugæslustöð. Verður tæpast komið við öllu rækilegri tengingu milli heilbrigðisþjónustu og lyfjaverslunar.

Hvað varðar hitt atriðið í samstarfsyfirlýsingunni, að lyfjaverslunina skuli setja undir félagslega stjórn, hefur það ekki verið skilið sem bein þjóðnýtingarfyrirætlun, heldur á þann veg að opinbert eftirlit og aðhald með lyfjadreifingunni skuli vera öflugt og virkt. Hér kemur auðvitað það til m. a. að ríkið er langstærsti lyfjagreiðandi landsins og að lyf kosta samfélagið verulegar fjárupphæðir, bæði í gegnum tryggingakerfið og lyfjanotkun í sjúkrahúsum.

Í fjárlögum þessa árs eru greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna lyfjakaupa áætlaðar 2 milljarðar og 370 millj. kr., og bendir raunar flest til að sú fjárhæð sé stórlega vanáætluð. Því er nauðsynlegt að allir þættir lyfjadreifingarinnar séu undir öflugu eftirliti heilbrigðisyfirvalda, jafnt af fjárhags- og öryggissjónarmiðum.

Í raun hefur slíku eftirliti þegar verið komið á í veigamiklum atriðum þótt rekstur lyfjabúða og lyfjaheildsala sé að mestu í einkaeign. Engin erlend sérlyf má selja hér á landi nema sérstök opinber nefnd — lyfjanefnd — fallist á skráningu þeirra og ráðh. staðfesti þá ákvörðun. Innkaupsverð lyfjanna er staðfest við skráningu þeirra og má engar breytingar gera á því nema heilbr.- og trmrn. samþ. það að fengnum till. Lyfjaeftirlits ríkisins. Lyfjaverðlagsnefnd hefur eftirlit með framleiðsluverði innlendra lyfja og gerir til ráðh. till. um vinnugjaldskrá. Hún ákveður því grundvöll heilsdölu- og smásöluálagningar svo og grundvöll vinnu- og afhendingargjalds lyfja. Loks annast Lyfjaeftirlit ríkisins, sem er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbr.- og trmrn., eftirlit með verðlagi lyfja bæði í heildsölu og smásölu. Má því ljóst vera að opinbert eftirlit með verðlagi á lyfjum er fjölþætt og virkt. Ilyfjaeftirlitið hefur auk þess með höndum faglegt eftirlit með lyfjabúðum, lyfjaheildsölum og öðrum stofnunum sem geyma lyf eða dreifa þeim. Loks er þess að geta, að rekstur lyfjabúða og innflutningsfyrirtækja er háður opinberum starfsleyfum.

Í þessu efni hefur því ekki þótt ástæða til enn frekara aðhalds og eftirlits. Hins vegar skiptir það máli að Lyfjaverslun ríkisins, sem er bæði lyfjagerð og lyfjaheildsala í ríkiseign og hefur fyrst og fremst það hlutverk að þjóna sjúkrahúsunum, er með frv. tryggður réttur til innkaupa á öllum erlendum sérlyfjum beint frá framleiðendum á skráðu innkaupsverði. Í einhverjum tilvikum hefur gætt þeirrar tilhneigingar af hálfu einkaumboðsaðila að takmarka eða torvelda þennan millilíðalausa innflutning Lyfjaverslunar ríkisins. Rík ástæða er til að taka af allan vafa í því efni að tryggja óheftan rétt Lyfjaverslunarinnar til innflutnings á sem bestum kjörum.

Ekki skal um það fjölyrt, hvort öllum hv. þm. stjórnarflokkanna er að skapi að fallið skuli frá þeirri stefnu um ríkisrekstur á lyfjainnflutningi og lyfjaheildsölu sem mörkuð var með frv. um Lyfjastofnun ríkisins árið 1973. Margt mátti gott um það frv. segja, og staðreynd er að reynsla Norðmanna af slíkum ríkisrekstri virðist vera góð, en þeir hafa einir nágrannaþjóða okkar áskilið ríkisfyrirtæki einkarétt á inn- og útflutningi og heildsölu lyfja, þ. e. Norsk Medicinal Depot. Hins er að gæta, að ýmsir þeir agnúar, sem frv. um Lyfjastofnun ríkisins var ætlað að bæta úr og snertu m. a. birgðahald, verðlaginu, ábyrgð og eftirlit, eru nú ekki lengur fyrir hendi í þeim mæli sem þá var. Eru því engan veginn til staðar nú ýmsar þær forsendur sem byggt var á í því frv. Hvort til staðar er nú í þinginu sá pólítíski meiri hl., sem á skorti árið 1973, skal ósagt látið. Heldur þykir mér það þó ósennilegt.

Ég ætla þessu næst að gera grein fyrir helstu breytingum sem í frv. þessu felast frá gildandi lögum:

Ég nefni þá í fyrsta lagi umdæmisskiptinguna sem áður er vikið að og er algert nýmæli. Í öðru lagi eru ákvæðin um lyfjadreifingu á sjúkrahúsum nýmæli í lögunum. Í þriðja lagi eru það nýmæli, að lyfjasala færist alfarið úr höndum lækna og skipan á sölu dýralyfja er breytt. Í fjórða lagi má nefna heimild þá sem Háskóla Íslands er veitt til að starfrækja lyfjabúð og kaflann um undirstofnanir lyfjabúða, þ. e. lyfjaútibú, og lyfjaforða, sem telja má til nýmæla þótt heimild til stofnunar útibús væri raunar til í eldri lögunum. Í fimmta lagi má nefna heimild lyfsölusjóðs til að kaupa og reka lyfjaverslanir samkv. samkomulagi við starfandi lyfsala. Loks vil ég svo í sjötta lagi nefna ákvæðin um Lyfjaverslun ríkisins. Það er nýmæli að sú stofnun heyri undir heilbr.- og trmrn., en ekki fjmrn. eins og verið hefur. Einnig nefni ég ákvæðin um stjórnun stofnunarinnar og loks ákvæði það um óheftan rétt hennar til innflutnings allra erlendra sérlyfja á kostnaðarverði, sem ég áður vék að. Auk þessa eru fjölmörg ákvæði laganna skýrari og ítarlegri en var í gömlu lyfjalögunum.

Svo vikið sé að einstökum köflum frv. er í I. kafla fjallað um yfirstjórn lyfjadreifingarinnar. Er gert ráð fyrir að hún verði áfram hjá heilbr.- og trmrn. eins og verið hefur og sjálfsagt er, en að deildarstjóri í lyfjamáladeild rn. fái starfsheitið lyfjamálastjóri, sem þykir skýra betur verksvið hans.

Í II. kafla er fjallað um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi. Þar er kveðið á um héraðaskipan og lyfsöluumdæmi. Hef ég áður gert nokkra grein fyrir þeim þætti. Með þessari skipan verður staðarval lyfjabúða lögbundið að mestu, nema í Reykjavíkurhéraði þar sem

hafa skal hliðsjón af ákvörðun borgarstjórnar um staðarval heilsugæslustöðva. Auk þess er gert ráð fyrir að lyfjadreifing á Seltjarnarnesi verði samræmd skipulagi heilbrigðisþjónustunnar í Reykjavík.

Við ákvörðun staðsetningar lyfjabúðanna er við það miðað að íbúar á því svæði, sem þær þjóna, séu helst ekki undir 3 þús. talsins. Er talið vonlítið að viðunandi rekstrargrundvöllur geti ella verið fyrir hendi. Fjöldi lyfjabúða utan Reykjavíkur er samkv. frv. 25, eða jafnmargar og nú er. Við bætist ný lyfjabúð í Laugarási, en sjálfstæð lyfjabúð fellur hins vegar niður á Seyðisfirði. Fjöldi lyfjabúða í Reykjavík er ekki fastákveðinn, eins og áður segir, en þær eru nú 13 talsins.

Gert er ráð fyrir að lyfjaútibú verði 20 talsins og þjóni svæðum þar sem íbúafjöldi er um eða yfir 1000 manns. Rétt er að undirstrika það rækilega, að þótt lyfjaútibúin séu ekki sjálfstæðar rekstrareiningar, heldur lúti þau faglegri stjórn frá þeirri lyfjabúð sem þau tilheyra, munu lyfjaútibúin geta í öllum meginatriðum veitt sömu þjónustu og lyfjabúðirnar sjálfar. Þar verður skylt að hafa til sölu öll algeng lausasölulyf auk lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna. Þar verður auk þess heimilt að afgreiða öll lyfseðilsskyld lyf.

Loks er í þessu sambandi rétt að geta svonefnds lyfjaforða, sem gert er ráð fyrir að staðsetja í strjálbýli þar sem langt eða erfitt er að komast til næstu lyfjaverslunar, sbr. 32. gr.

Aðlögunartími þessa landsskipulags er í frv. ákveðinn 3. ár.

Í II. kafla frv. er auk þessa ákvæði um veitingu lyfsöluleyfa og niðurfellingu þeirra. Ekki eru í þessu efni gerðar neinar veigamiklar breytingar frá eldri lyfsölulögum. Þó er það nýmæli að lyfsölustjóri skuli taka sæti í þeirri nefnd, sem fjallar um hæfni umsækjanda um lyfsöluleyfi, til viðbótar þeim tveim fulltrúum sem skipa þá nefnd samkv. gildandi lögum og eru tilnefndir af félögum lyfjafræðinga og apótekara. Þykir þessi breyting gefa nefndinni aukið vægi.

Í 3. gr. er ákvæði sem veitir Háskóla Íslands heimild til að kaupa og reka eina af starfandi lyfjabúðum landsins. Mikil áhersla hefur verið lögð á nauðsyn þessa af forráðamönnum Háskólans, sem telja sig með þessu móti geta tryggt skólanum nauðsynlega aðstöðu fyrir rannsóknastarfsemi og kennslu. Er vissulega vel ef svo tekst til því að enn í dag þurfa lyfjafræðingar að fara úr landi til að ljúka námi sínu. Er vonandi að hin nýja tilhögun skapi aðstöðu til að breyting gæti hér orðið á og ánægjulegt ef afrakstur af starfrækslu slíkrar lyfjabúðar gæti stuðlað að eflingu nauðsynlegrar rannsóknastarfsemi Háskóla Íslands á sviði lyfjamála.

Í aths. Apótekarafélags Íslands er á það bent að félagið telji óheppilegt að rekstrarform lyfjabúða séu mörg og ólík. Á sú aths. ekki síður við um samvinnurekstur á lyfjabúðum. Það kann að vera rétt að m. a. vegna mismunandi skattlagningar hinna ólíku rekstrarforma sé þessi tilhögun ekki gallalaus. Staðreynd er það hins vegar að verslunarstarfsemi í landinu er á öllum sviðum rekin undir margvíslegu rekstrarformi. Sama gildir yfir höfuð um alla atvinnustarfsemi landsmanna. Virðist mér sú tilhögun hafa reynst vel, þegar á heildina er litið, og engra sérstakra sambúðarerfiðleika hefur gætt með hinum margvíslegu rekstrarformum sem heimiluð eru í löggjöf þessa lands. Fæ ég ekki séð að verslunarrekstur lyfjabúða hafi slíka sérstöðu að þar þurfi að gilda önnur lögmál.

Í 3. gr. er ákvæði sem ætlað er að tryggja að rekstur lyfjabúða geti haldið áfram með eðlilegum hætti þótt enginn hæfur umsækjandi fáist um hlutaðeigandi lyfsöluleyfi. Skal lyfsölusjóður þá kaupa og annast um rekstur lyfjabúðarinnar. Ákvæði um lyfsölusjóð er í X. kafla lyfjalaganna nr. 49 frá 1978, en helsti tekjustofn hans er 1% gjald af cif-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna svo og árgjald af öllum starfandi lyfjabúðum. Er áætlað að þær tekjur nemi um 20 millj. kr. á þessu ári.

Loks er í 3. gr. ákvæði sem gæti reynst áhugavert nýmæli, en það heimilar lyfsölusjóði kaup á lyfjabúðum, sem eru í fullri starfrækslu, ef hlutaðeigandi lyfsali óskar þess sjálfur. Á lyfsalinn þá rétt á að starfa við lyfjabúðina áfram sem forstöðumaður hennar út starfstíma sinn. Eins og málum er nú háttað verður sá lyfjafræðingur, sem vill taka að sér faglega forstöðu fyrir lyfjabúð, jafnframt að taka að sér rekstrarlega ábyrgð á henni. Það er hins vegar alveg ljóst að með menntun og hæfni á tiltölulega þröngu fagsviði, eins og lyfjafræðin er, þurfi alls ekki að fara saman vilji til að taka að sér rekstrarlega stjórnun fyrirtækis eða kunnátta til slíkra verka. Fjármálavafstur með tilheyrandi ábyrgð og áhættu, bókhald og reikningsskil, skýrslugerðir og önnur slík störf viðskiptalegs eðlis geta vafalaust oft orðið lyfjafræðingi beinlínis fjötur um fót, tekið upp drjúgan hluta af tíma hans og jafnvel yfirskyggt hinn faglega þátt í rekstrinum sem hann er þó sérstaklega menntaður til að gegna. Sá lyfsali, sem nú vill losna frá hinum rekstrarlega þætti í starfrækslu lyfjabúðar, verður að segja lyfsöluleyfi sínu lausu og glata þar með öllu tilkalli til faglegrar forstöðu eða yfirleitt allra faglegra starfa hjá lyfjabúðinni. Hefur því þótt rétt að opna lyfsölum með þessu ákvæði nýja leið til að losna frá rekstraramstrinu án þess að þjóðfélagið missi um leið af þeirri faglegu þjónustu sem sérmenntun þeirra gerir fært að veita. Lyfsölusjóður tekur þá við rekstrinum og síðan er það ákvörðun ráðh. hvort leyfið skuli auglýsa á nýjan leik með venjulegum hætti eða verslunin vera áfram rekin af lyfsölusjóði þegar starfstíma forstöðumannsins lýkur.

Um þetta ákvæði varð ágreiningur í nefndinni. Þeir fimm fulltrúar, sem skipaðir eru af ráðh. án tilnefningar, styðja það allir, en fulltrúar tilnefningaraðila skiluðu séráliti sem fylgir með aths. frv. Vel má vera að einhverjum þyki þetta ákvæði ríkisrekstrarlegt og auðvitað gæti það leitt til þess með tímanum að rekstur smásöluverslunar með lyf færðist að einhverju leyti á hendur hins opinbera. Væri vissulega áhugavert að láta á það reyna hvernig slíkt fyrirkomulag gæfist sérstaklega á þessu sviði þar sem hagsmunir og skyldur ríkisins eru með svo sérstökum hætti sem áður er lýst. Gæfi þessi tilhögun hins vegar ekki góða raun er alltaf opin leið til að fela reksturinn aftur einkaaðilum með venjulegum hætti.

Að síðustu skal þess getið um efni II. kafla frv., að með 4. gr. er lagt í vald ráðh. að ákveða hvort þau samvinnufélög, sem nú reka lyfjabúðir, skuli áfram halda þeim rétti eftir að liðin eru þau 25 ár sem starfsleyfi þeirra samkv. lyfsölulögunum frá 1963 var takmarkað við. Tvær lyfjabúðir eru nú reknar af samvinnufélögum, þ. e. á Akureyri og Selfossi. Eins og fram kemur í aths. með frv. gera þrír nm. þá till. að þessi starfsleyfi verði ekki framlengd eftir að gildistíma þeirra lýkur árið 1988. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að ekkert sé við það að athuga að verslun með lyf sé að einhverju leyti rekin

hér á landi samkv. samvinnufyrirkomulagi, eins og gildir um aðra veslunar- og atvinnustarfsemi í landinu. Reynslan af rekstri þeirra tveggja lyfjabúða, sem nú eru í eigu samvinnuhreyfingarinnar, benda alls ekki til þess að hagsmunum neytenda sé á nokkurn hátt verr borgið með þeirri tilhögun.

III. kafli frv. fjallar um rekstur lyfjabúða og er hann að *miklu leyti í samræmi við núgildandi skipan*. Ég vek þó athygli á 8. gr., þar sem ákveðnar skorður eru reistar við því, hvaða varning lyfjabúðirnar megi hafa á boðstólum. Hefur ýmsum þótt að nokkuð mikill krambúðarsvipur væri stundum á lyfjabúðunum og það ekki beinlínis heilsugæslulegt að þær versluðu m. a. með byssur og skotfæri, svo sem dæmi munu vera til um. Í frv. er gert ráð fyrir að takmarka vöruval lyfjabúðanna við lyf, lyfjagögn og þess háttar vörur, auk þess sem þar sé heimilt að selja snyrti- og barnavörur, svo sem tíðkast hefur um langan aldur.

Ég vek athygli á ákvæðum 12. gr. sem heimila lyfsala að fá keyptan búnað og áhöld þeirrar lyfjabúðar sem hann tekur við rekstri á, ef þau teljast nauðsynleg við rekstur hennar. Sömu ákvæði gilda áfram um skyldu hins nýja leyfishafa til að kaupa húseign og vörubirgðir lyfjabúðar.

IV. kafli frv. fjallar um starfsmenn lyfjabúða. Eru þar ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum um þagnarskyldu þeirra og missi starfsréttinda, auk nýmæla er varða starfsmannafjölda í lyfjabúðum og menntun aðstoðarfólks við lyfjagerð og lyfjaafgreiðslu. Þarfnast þessi ákvæði ekki nánari skýringa.

Í V. kafla er fjallað um afgreiðslu lyfja. Eru þar að mestu farnar troðnar slóðir, nema í 25. og 26. gr. þar sem skýr og ítarleg ákvæði eru sett um afgreiðslurétt á lyfjum og eiturefnum og eftirlit með allri meðferð slíkra efna. Er ábyrgð og eftirlitsskylda lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga gerð tvímælalaus. Er vissulega þörf á að í þessu efni ríki engin óvissa.

Í VI. kafla er fjallað um undirstofnanir lyfjabúða. Hef ég þegar gert nokkra grein fyrir þeim. Með þessum ákvæðum er leitast við að þétta þjónustunet lyfjaverslunarinnar og tryggja, eftir því sem föng eru á, að allir landsmenn geti átt tiltölulega greiðan aðgang að þeim þætti heilsugæslunnar. Ég vek athygli á 34. gr., sem mótar ákveðna stefnu í þá átt að nær öll lyfjasmásala í landinu færist til lyfjabúða og undirstofnana þeirra. Heimildir lækna til þess að versla með lyf verði hins vegar mjög þrengdar og takmarkaðar alfarið við aðsetur á þeim stöðum þar sem engar lyfjaverslanir eru. Til grundvallar liggur það sjónarmið, að forðast beri, þar sem þess er kostur, að saman fari ráðgjöf og fyrirmæli um val og notkun lyfja og hagsmunir af sölu þeirra. Önnur ákvæði þessa kafla þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um innflutning og heildsölu lyfja er fjallað í VII. kafla. *Hef ég þegar gert grein fyrir þeirri skipan í öllum aðalatriðum*. Að meginefni til er gert ráð fyrir óbreyttri skipan á innflutningi og heildsölu lyfja frá því sem nú er. Þó koma nú inn ýmis ný ákvæði, svo sem um faglega stjórnun heildsölufyrirtækja, um skyldu einkaumboðsmanna til birgðahalds og um stöðu Lyfjaverslunar ríkisins.

Í 40. gr. er þó ákvæði sem miklum ágreiningi hefur valdið og nauðsynlegt er að gera nánari grein fyrir. Þar er mælt fyrir um að starfandi læknar, þar með taldir dýralæknar og tannlæknar, lyfsalar og aðrir starfsmenn lyfjabúða og sjúkrahúsapóteka megi ekki gegna starfi umboðsmanna fyrir erlenda sérlyfjaframleiðendur. Sams konar ákvæði var í gömlu lyfsölulögunum frá 1963. Hér liggur til grundvallar sama hugsun og ég skýrði frá varðandi lyfjasölu lækna, að forðast beri og girða eftir föngum fyrir að saman fari ábati eða hagsmunir af sölu einhverra ákveðinna lyfja annars vegar og fagleg ráðgjöf um lyfjanotkun eða lyfjaval hins vegar, að einstaklingurinn verði að geta treyst því fullkomlega, er hann í þessu efni felur trúnað sinn lækni eða lyfjafræðingi, að ráðgjöf eða fyrirmæli um val eða notkun lyfja sé óumdeilanlega óháð öllum hagsmunum eða fjárhagstengslum. Um þetta atriði voru nm. allir sammála. Í séráliti Apótekarafélags Íslands segir orðrétt:

„Apótekarafélag Íslands álítur sjálfsagt að lyfsölum og starfsmönnum lyfjabúða sé óheimilt að vera persónulegir umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda."

Í 40. gr. frv. er hins vegar gengið nokkru lengra, reyndar á alveg sömu braut að mínu mati, með því að leggja bann við því að til umræddra hagsmunatengsla sé stofnað með þeim hætti að sömu aðilar, þ. e. læknar, lyfsalar og starfsmenn lyfjabúða, séu eignaraðilar að fyrirtækjum sem gegna umboðsmennsku fyrir erlenda sérlyfjaframleiðendur og flytja inn og dreifa lyfjum í heildsölu. Það er skoðun mín, að á þessu tvennu sé aðeins stigsmunur, en ekki eðlis. Fallist menn á annað borð á það grundvallaratriði að þessir aðilar skuli ekki vera persónulega umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda, þá leiðir af sjálfu sér að girða verður á sama hátt fyrir að þeir geti verið einir sér eða í félagi við aðra eigendur fyrirtækja sem stunda slíka umboðsmennsku. Á því er ekki eðlismunur hvort hugsanlegur ábati rennur beint eða milliliðalaust óskiptur í vasa hlutaðeigandi fagmanns, en með viðkomu í einkafyrirtæki, eða skiptist milli fleiri fyrir milligöngu sameignarfyrirtækis.

Það er alveg ljóst að fram hjá banni við persónulegri umboðsmennsku má skjóta sér fyrirhafnarlaust og fara í kringum það að vild ef það bann tekur ekki jafnframt til eignaraðildar að umboðsfyrirtækjum. Það er þetta viðbótarákvæði 40. gr. sem ágreiningi hefur valdið, og er ástæðan sú að það heggur nærri hagsmunum eins ákveðins fyrirtækis sem er í eigu lyfsala og fæst jöfnum höndum við lyfjaframleiðslu og innflutning erlendra lyfja. Fyrirtæki þetta mun nú framleiða um 220 tegundir eigin lyfja, en fer jafnframt með umboð fyrir um 20 erlenda sérlyfjaframleiðendur. Er ljóst að verði ákvæði 40. gr. óbreytt að lögum mun þetta fyrirtæki í framtíðinni þurfa að helga sig innlendu framleiðslunni einni, en láta af umboðsmennsku fyrir erlenda framleiðendur. Þar sem fyrirtæki þetta hefur á ýmsan hátt nokkra sérstöðu, sem er ítarlega skýrð í aths. Apótekarafélags Íslands, hefur meiri hl. nefndarinnar lagt til að ráðh. sé með sérstöku ákvæði til bráðabirgða heimilað að víkja frá ákvæðum 40. gr. með ákveðnum skilyrðum, sem eru reyndar beinlínis *sniðin að hinu tiltekna fyrirtæki*. Þessi undanþáguheimild er óskilyrt og ótímabundin, en öðrum fyrirtækjum er með bráðabirgðaákvæði þessu settur fjögurra ára aðlögunartími án frekari undanþáguheimilda.

Þrír nm. hafa skilað séráliti varðandi bráðabirgðaákvæðið, þar sem skipan þess er breytt á þann veg að ráðh. geti framlengt aðlögunarfrestinn við tilteknar aðstæður sem eiga við þetta fyrirtæki, en ekki fallið almennt frá skilyrðum 40. gr., enda sé þar um grundvallaratriði að ræða. Læt ég þeirri hv. n., sem fær frv. til

umfjöllunar, eftir að velja á milli þessara kosta. Ég hlýt þó að vara við því almennt að mjög langt sé gengið í þá átt að sníða ákvæði í löggjöf að hagsmunum einstakra fyrirtækja.

Í VIII. kafla frv. er fjallað um Lyfjaverslun ríkisins. Hef ég áður vikið að ýmsum ákvæðum þess kafla. Hin stefnumótandi ákvæði í 43. gr. um starfsemi og skyldur Lyfjaverslunarinnar eru efnislega shlj. 9. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63 frá 1968.

Sú skylda hvílir á Lyfjaverslun ríkisins að útvega sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra, sem rekin eru af ríki og sveitarfélögum, hvers konar lyf, lyfjagögn og sjúkragögn. Þá er Lyfjaverslun ríkisins skylt að útvega sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum bóluefni til ónæmisaðgerða, sbr. 16. gr. laga nr. 36 frá 1950, um ónæmisaðgerðir.

Að því er varðar skýringu á hugtakinu „sjúkrahús" samkv. frv. tel ég vafalaust að styðjast þar við 24. gr. laga nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu, þar sem ákveðin er flokkun sjúkrahúsa í svæðissjúkrahús, deildasjúkrahús, almenn sjúkrahús, hjúkrunar- og endurhæfingarheimili, sjúkraskýli, vinnu- og dvalarheimili og gistiheimili. Tel ég tvímælalaust að réttindi og skyldur lyfjaverslunar taki til allra þessara flokka sjúkrahúsa. Er rétt að geta þess sérstaklega, þar sem sjúkrahúshugtakið virðist vera mun þrengra í 42. gr. almannatryggingalaga þar sem greint er á milli sjúkrahúsa annars vegar og hæla og stofnana hins vegar.

Lyfjaverslunin annast einnig framleiðslu lyfja og birgðahald fyrir Almannavarnir ríkisins. Starfsemi fyrirtækisins verður því samkv. frv. áfram tvíþætt, þ. e. lyfjainnflutningur eða lyfjaheildverslun, sbr. 39. gr. frv. um óheftan rétt Lyfjaverslunarinnar til innflutnings eða kaupa af lager umboðsmanna á kostnaðarverði, sem ég hef áður rakið, og lyfjaframleiðsla sem nú fer fram í þremur deildum, sterildeild sem framleiðir dreypi- og stungulyf, töfludeild sem blandar efnið til töflugerðar og mótar það og laboratorium sem framleiðir margar gerðir lyfja, svo sem smyrsl, duftblöndur, stikkpillur, saftir o. fl.

Má ætla að Lyfjaverslun ríkisins verði mjög vel í stakk búin til að rækja þetta mikilsverða hlutverk sitt eftir þær gagngerðu endurbætur sem staðið hafa yfir á allri aðstöðu hennar að undanförnu.

Hlutur Lyfjaverslunarinnar í lyfjakaupum sjúkrahúsa hefur vaxið jafnt og þétt á síðustu árum og er það vel. Þannig var hlutdeild hennar í heildarlyfjakaupum ríkisspítalanna 40.96% árið 1973, 43.57% árið 1974, 53,7% árið 1975, 61.24% árið 1976 og fór upp í 82.24% árið 1977.

Ég hef áður gert grein fyrir þeim breytingum á yfirstjórn stofnunarinnar, sem í frv. eru fólgnar, og skal ekki endurtaka það hér.

Er þá komið að IX. kafla, sem fjallar um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum. Þessi kafli er að mestum hluta nýmæli í löggjöf, þó að heimild til stofnunar sérstakra sjúkrahúsapóteka í deildaskiptum sjúkrahúsum hafi raunar verið í lyfsölulögum frá 1963. Í meginatriðum er gert ráð fyrir vali á milli tveggja aðferða við dreifingu lyfja á sjúkrahús. Annars vegar er sú tilhögun að stofna á deildaskiptum sjúkrahúsum sérstök sjúkrahúsapótek samkv. 49. gr., en slíkar stofnanir eru nú í raun starfræktar á stærstu sjúkrahúsunum þótt sums staðar sé það við þröngan kost. Hins vegar er sú skipan að Lyfjaverslun ríkisins sjái um afgreiðslu beint til hinna einstöku deilda sjúkrahússins á öllum algengum lyfjum, en ýmis önnur lyf, sem nauðsynlegt er að hafa við höndina af öryggisástæðum, séu þá afgreidd til sjúkrahúsapóteks sem þá mundi nánast gegna hlutverki aðallyfjaskáps. Eru ákvæði um þessa skipun í 54. gr. Einhverjar viðræður munu hafa farið fram um slíka skipan milli stjórnarnefndar ríkisspítalanna og Lyfjaverslunar ríkisins með það fyrir augum að draga með þeim hætti úr kostnaði við birgðahald, skráningar og reikningsskil, innpökkun o. fl. Gerir frv. ráð fyrir að val milli þessara leiða sé lagt í hendur stjórnar sjúkrahússins að höfðu samráði við viðkomandi yfirlyfjafræðing. Samfara báðum þessum leiðum er svo gert ráð fyrir virku eftirliti lyfjafræðinga með allri meðferð og notkun lyfja innan sjúkrahússins. Er slíkt ákaflega mikilsvert, hvort heldur litið er á málið frá faglegu eða hagrænu sjónarmiði. Eru því í þessum kafla ákveðin fyrirmæli um störf lyfjafræðinga á sjúkrahúsum almennt svo og sérákvæði er varða deildaskiptingu sjúkrahússins.

Mikilvæg heimildarákvæði eru í kaflanum sem varða afhendingu sérstakra lyfja, sem aðeins eru skráð til notkunar á sjúkrahúsum, til sjúklinga sem þangað leita til lækninga, en þurfa ekki að leggjast inn. Heimildin nær og til þeirra almennu lyfja sem sjúklingar þurfa að hafa með sér í leyfum um helgar eða hátíðar. Eru þetta öryggis- og hagkvæmnisatriði fyrir viðkomandi sjúklinga auk þess að skipta máli fjárhagslega fyrir sjúkrahúsin, sem nú hafa enga heimild til gjaldtöku fyrir þau lyf sem afhent eru sjúklingum sem dveljast utan sjúkrahússins. Skiptir þetta t. d. miklu máli í sambandi við þá aukningu sem orðin er á göngudeildarþjónustu sjúkrahúsanna.

Þá vek ég athygli á lyfjanefndum sem gert er ráð fyrir að starfi ólaunaðar á sérhverju sjúkrahúsi, marki stefnuna varðandi lyfjagjöf á sjúkrahúsinu og ákveði sérstaka lyfjalista fyrir það.

Loks vil ég geta stefnumarkandi ákvæðis í 52. gr., sem mælir fyrir um að þegar val er á milli fleiri jafngildra lyfja skuli fremur nota það sem ódýrara er og innlend lyf fremur en erlend.

X. kafli frv. fjallar um dreifingu dýralyfja. Þar er mælt fyrir um óbreyttar heimildir til handa Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum til innflutnings, framleiðslu og dreifingar á dýralyfjum. Hins vegar er lagt til að brott falli heimildir til almennra verslana til sölu á dýralyfjum þannig að hún einskorðist við lyfjaverslanir og dýralækna. Jafnframt er sú kvöð lögð á lyfjabúðirnar að hafa jafnan á boðstólum öll þau dýralyf sem almennt eru notuð í umdæmi þeirra. Standa engin gild rök til þess að dýralyf séu fremur en mannalyf undanþegin því faglega eftirliti sem lyfjaverslunum og læknum er einum fært að annast svo að öruggt sé.

Ég tel ekki þörf á að skýra umfram það sem fram hefur komið í aths. með frv. ákvæði XI. kafla, um eftirlit, málarekstur og refsingar, né niðurlagsákvæði XII. kafla.

Ég vænti þess, að hv. þm. geti orðið mér sammála um að hér sé lögð til sú skipan á tengslum lyfjadreifingarinnar við heilbrigðisþjónustu landsins og félagslega stjórnun hennar sem best samrýmist ríkjandi aðstæðum í þjóðfélagi okkar.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr. Vegna þess, hversu langt er liðið á þann tíma sem þingið mun sitja, geri ég ekki ráð fyrir að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Hér er um yfirgripsmikið mál að ræða sem sjálfsagt er til bóta miðað við það sem áður hefur verið. Ég ætla ekki að ræða mikið um þetta mál, en einu atriði finnst mér ástæða til að vekja athygli á, ekki síst þar sem málið á eftir að fara í meiri skoðun þar sem ekki er gert ráð fyrir að það verði afgreitt sem lög á þessu þingi, og það er í sambandi við lyfjaútibúin að því er varðar V. kaflann.

Ég vil aðeins vekja athygli á að sú skipan, sem lögð er til í II. kafla frv. um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi, getur orkað tvímælis í mörgum tilfellum, að mínu mati. Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh. er lagt til grundvallar að mati þeirrar nefndar, sem hefur samið frv., að til að hægt sé að starfrækja lyfjaverslun þurfi umdæmi með um 3000 íbúa. Vel má vera að nauðsynlegt sé að hafa þá viðmiðun. En ég vil vekja athygli á að eftir að lögin um heilbrigðisþjónustu tóku gildi er víða verið að byggja nýjar heilsugæslustöðvar og hagar þannig til að íbúafjöldi er sums staðar á milli 2 og 3 þús., sem fellur samkv. II. kafla frv. utan við áður greinda skilgreiningu.

Þá vil ég vekja athygli á að nauðsynlegt er að mínu mati að setja skýrari og strangari ákvæði um lyfjaútibúin en kemur fram í V. kafla frv. Ég tel að það þurfi að vera skýr ákvæði og mjög vönduð reglugerð um hvað felist í orðinu „lyfjaútibú" og hvernig það eigi að starfrækja. Í aths. við 2. gr. frv. er einmitt kveðið nokkuð á um þetta. Hins vegar ber þess að geta, að lyfjaútibúin geta veitt þjónustu sem nálgast verulega þjónustustig lyfjabúða. Slíkt er skilgreint þarna nokkuð ákveðið og þess vegna þarf að mínu mati að semja mjög greinileg reglugerðarákvæði um lyfjaútibúin og allt sem þeim fylgir. Ég segi þetta vegna þess að mér er kunnugt um að til þessa hefur stefnan í þessum efnum verið mjög losaraleg í reipum, svo ekki sé meira sagt.

Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., að sjálfsagt mætti tala langt mál um hvernig lyfsalar hafa notað sér lyfjaútsöluna til almenns verslunarrekstrar. Þó að ég hafi að vísu ekki orðið var við skotfæri í lyfjaverslunum er hægt að segja að það vöruval, sem þar er á boðstólum, yfirskyggir algerlega þann tilgang, sem maður hefur gert sér í hugarlund að lyfjaverslanir ættu að hafa, og það hlutverk sem þær eiga að gegna. Á þessu þarf að verða breyting, og ég fagna því að greinilega kemur fram í frv. að þarna verða settar strangar reglur.

En ég endurtek: Ég tel að frv. þetta sé mjög gott á margan hátt og fjalli um mál sem hefur ekki verið nógu fast í mótun, og ég legg sérstaka áherslu á að ákvæðið um lyfjaútibú fái vandlega skoðun og um þau verði sett ítarleg reglugerð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 91. fundur.

Þriðjudaginn 8. maí, að loknum 90. fundi.

Framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 561). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Námsgagnastofnun, frv. (þskj. 481). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 71). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðgildi íslensks gjaldmiðils, frv. (þskj. 225, n. 622 og 626, 623, 625). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils. Á fund n. komu bankastjórar Seðlabankans, Jóhannes Nordal og Guðmundur Hjartarson, og gerðu nánari grein fyrir efni frv. N. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ. með þeirri brtt. sem fram kemur á þskj. 623, sem er á þá leið að í stað þess að lögin öðlist gildi 1. jan. 1980 verði það 1. jan 1981, en minni hl. mun gera grein fyrir afstöðu sinni.

Tveir nm. meiri hl., þeir Ágúst Einarsson og Karl Steinar Guðnason, áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt. um nafn hins nýja gjaldmiðils.

Frsm. minni hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram var fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. ekki sammála um afgreiðslu frv. og höfum við, sem skipum minni hl. í n., kosið að skila sérnál. sem er á þskj. 626.

Eins og kom fram við 1. umr. um frv. þetta í þessari hv. d. er Sjálfstfl. út af fyrir sig fylgjandi því, að nákvæm athugun fari fram á hvort ekki væri æskilegt að auka verðgildi krónunnar. Nægir í því sambandi að benda á tillöguflutning þar að lútandi sem þm. Sjálfstfl. hafa ýmis verið flm. að eða stutt. En í sambandi við þessi mál hefur það ávallt verið svo, að lögð hefur verið mjög rík áhersla á það af hálfu Sjálfstfl., að til þess að hagstæður árangur náist af slíkri verðgildisbreytingu gjaldmiðilsins þurfi að vera fyrir hendi stöðugleiki í efnahagsmálum þjóðarinnar almennt eða þá að í sambandi við slíka breytingu yrðu gerðar ráðstafanir á meðferð efnahagsmála sem tryggðu að jákvæður árangur af gjaldmiðilsbreytingunni næðist.

Öllum er ljóst að sjaldan eða aldrei hefur ríkt meiri óvissa eða óstöðugleiki í efnahagsmálum þjóðarinnar en einmitt nú. Er því alveg óhætt að staðhæfa að eins og efnahagsmálum þjóðarinnar er nú háttað eru allar aðstæður mjög óhagstæðar, að meira sé ekki sagt, til þess að stíga jafnörlagaríkt skref og frv. það, er hér ræðir um, felur í sér. Við teljum því mjög hæpið, sjálfstæðismenn, að ákvörðun nú um jafnþýðingarmikið málefni og breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils sé tímabær, og treystum okkur því ekki að mæla með samþykkt frv. að svo komnu máli.

Að vissu leyti höfum við orðið varir við að meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. er okkur sammála um að nú séu örlagaríkir tímar, því að eins og kom fram í ræðu frsm., hv. 6. þm. Suðurl., fyrir áliti meiri hl. hefur orðið samkomulag um að breyta gildistöku þessa frv. frá því, sem upphaflega var ákveðið, um eitt ár, þannig að það á ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1981, og með tilliti til þeirrar ráðstöfunar munum við sjálfstæðismenn ekki ganga gegn samþykkt frv., en munum sitja hjá við afgreiðslu þess.

Herra forseti. Þegar þetta frv. var hér fyrst til umr. 29. jan. s. l. má segja að hveitibrauðsdagar núverandi stjórnarsamstarfs hafi naumast verið að fullu liðnir. En þó held ég að flestir muni vera sammála um það, að sú bjartsýni, sem þá virtist ríkja í herbúðum stuðningsmanna núv. hæstv. ríkisstj. um að stjórnarflokkunum mundi takast að ráða við að gera þær miklu breytingar í efnahagsmálum þjóðarinnar sem mundu leiða af sér að þeim tækist að hefta vöxt verðbólgunnar og jafnvel koma svo fyrir málum að verðbólgan mundi fara verulega rýrnandi, sé naumast lengur fyrir hendi.

Allir megum við þm. þessarar virðulegu deildar vera minnugir þess, hve mikla áherslu stuðningsmenn stjórnarinnar lögðu á, um það leyti sem frv. var til 1. umr., að stefna núverandi stjórnvalda væri að ætla sér 16 mánuði til að koma á hinni nýju hugarfarsbreytingu, stefnubreytingu í efnahagsmálum og peningakerfi þjóðarinnar þannig að fullum jöfnuði, eins og það var orðað, og fullum árangri mundi vera hægt að ná við árslok yfirstandandi árs. Ég þarf ekki að tíunda það hér, hversu gersamlega þau mál öll eru nú komin úr reipunum hjá núverandi stjórnarflokkum. En einhvern veginn finnst mér að ástandið, eins og það er á vinnumarkaðinum, í efnahagslífinu, á öllum sviðum þjóðlífsins, veki hjá manni endurminninguna um hvernig var ástatt með þessari þjóð seint á árinu 1958 þegar þáv. forsrh., Hermann Jónasson, sem var forsrh. vinstri stjórnar, lýsti yfir að allt stefndi í ólæknandi óðaverðbólgu, en engin samstaða væri fyrir hendi í ríkisstj. hans um nauðsynlegar varnaraðgerðir til að takast á við þann vanda sem þá var við að etja. Þáv. forsrh., Hermann Jónasson, valdi því þann kostinn sem verður að telja mjög eðlilegan í lýðræðislandi. Hann sagði af sér. Stjórnin fór frá. Með þá staðreynd fyrir augum, að ástandið í dag mun síst betra, að því er snertir peninga- og efnahagsmál hjá þjóðinni og samstöðu þeirra flokka, sem standa að núv. hæstv. ríkisstj., um viðnámsaðgerðir í þessum málum, held ég að ekki sé of mikið sagt að útlitið er áreiðanlega ekki betra en það var þegar umræddur forsrh., Hermann Jónasson, viðhafði þau ummæli sem ég áðan lýsti.

Manni virðist ástandið nú vera þannig að aðeins eitt sameini núverandi stjórnarflokka, en það er að hanga í stjórnarstólunum hvað sem það kostar. Það er eina sameiningartáknið sem hægt er að hengja á núv. stjórnarflokka. En hver dagur sem núv. ríkisstj. situr að völdum kostar stórkostlega blóðtöku fyrir allt efnahagslíf þjóðarinnar og mun sýna sig að það bitnar á þjóðinni allri í sívaxandi öryggisleysi á vinnumarkaðinum, og hver dagur, sem lengir setu núverandi stjórnvalda, mun hafa í för með sér þegar frá líður stórversnandi lífskjör fyrir allan almenning í landinu. Því er alveg öruggt að ekki er mest aðkallandi núna að samþykkja lög frá Alþ. um myntbreytingu. Það er mest aðkallandi, og almenningur ætlast í sívaxandi mæli til þess af hv. Alþ., að losa þjóðina sem allra fyrst við þá óheillastjórn sem nú ræður í landinu.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Þrír nm. í fjh.- og viðskn. flytja brtt., þ. e. auk mín hv. þm. Ágúst Einarsson og Karl Steinar Guðnason, og sú brtt. er um heiti hins væntanlega gjaldmiðils. Við leggjum til að heiti gjaldmiðilsins verði mörk og eyrir, í fleirtölu að sjálfsögðu merkur og aurar.

Til þess hníga mörg rök að sjálfsagt sé að breyta heitinu úr því að út í þennan kostnað er lagt og til þessara ráða er hugmyndin að grípa. Það er með öllu óverjandi að mínu mati að ætla að fara að viðhalda danskri kónga-hefð í nafni á mynt lýðveldisins Íslands. Úr því á annað borð er verið að breyta um mynt hljótum við að taka upp íslenskt heiti og þjóðlegt heiti. Þar kemur ýmislegt til álita. Það er hægt að hugsa sér mörkina og aurana að sjálfsögðu. Það má líka hugsa sér skilding eða þá hreinlega pening. Allt eru þetta rammíslensk og forn orð. Krónan er að vísu íslenskt orð, en bendir til þess tíma er við illu heilli vorum konungsríki, og mér finnst að það væri langt fyrir neðan virðingu Alþingis að ákveða að viðhalda því gamla heiti.

Þó að Seðlabankinn leggi til að því heiti verði haldið er það ekkert guðsorð sem frá þeirri stofnun kemur. Alþ. á að ráða þessu, en ekki Seðlabanki Íslands. Sumt í skýrslum og grg. þeirrar ágætu stofnunar er nú raunar með þeim hætti að gjarnan mætti skoða það málfar, t. d. nýyrði eins og „peningalegur sparnaður", sem nú er verið að tala um í staðinn fyrir „sparifé", eða þá þetta síðasta með „jákvæða og neikvæða raunvexti" og allt þetta orðskrúð. Mér finnst ekkert guðsorð vera sem kemur frá Seðlabankanum.

Í 1. gr. er talað um að það eigi að lögfesta að núverandi króna okkar sé gömul króna. Því ekki bara að segja að

hún sé hrum eða að drepast? Það er verið að tala um gamalkrónu og nýkrónu. Mér finnst vera með fádæmum að lögfesta þetta. Og þó að okkur t. d. þyki vænt um Norðmenn ætlum við ekki að gefa þeim réttindi við Jan Mayen. Við ætlum að halda fram okkar íslensku kröfum og heimta okkar réttindi. Á sama hátt er að þó að okkur þyki vænt um Dani ætlum við ekki að fara að minnast konungsins í hvert einasta skipti sem við handleikum myntina. Mér finnst það aldeilis óþarfi. Auðvitað förum við eins að og Finnar, við höfum norrænt heiti á myntinni, og það þarf ekkert að vitna til neinnar — hvað skal segja? — óþjóðlegrar konungshefðar í því sambandi. Mér finnst það fráleitt.

Þegar næsta kynslóð tekur upp þjóðlegt og íslenskt heiti á myntinni, sem hún áreiðanlega gerir ef við gerum það ekki, verður þessarar umr. hér í Alþ. minnst og afstöðu manna til þess að við ætluðum núna að fara að viðhalda kóngafé. Það er alveg sambærilegt við það að við byggjum nýtt þinghús: Dytti nokkrum manni í hug að fara að setja kórónu ofan á það? Það er náttúrlega fáránlegt, tekur ekki tali.

Brtt. okkar er við 1. gr. og ef hún verður samþ., sem ég þykist raunar viss um, þarf náttúrlega að fresta aðeins afgreiðslu málsins og annarra greina, en það er ekkert í veginum með það, tjá mér stjórnarsinnar. Við stjórnarandstæðingar munum greiða fyrir öllum afbrigðum og slíku. En Seðlabankinn mundi þá sjálfsagt vilja hafa hönd í bagga með umorðun annarra greina og ekki nema sjálfsagt að svo verði.

Þess má geta, að það er auðvitað til verulegra óþæginda að þurfa að vera með gamalkrónu og nýkrónu og býður heim ruglingi og ýmiss konar erfiðleikum. Þess vegna er miklu, miklu betra að taka upp annað heiti sem allir skilja. Og þegar verið er að tala um sálfræði í sambandi við peningaskipti ætti það líka frekar að vera sálfræðilegt atriði að hreinlega er verið að gefa krónuræfilinn upp á bátinn úr því að verið er að segja að hún sé orðin gömul. Þá hverfur hún sem sagt.

Þá eru það þau rökin sem ég held að sé helst ástæða til þess að víkja að, að þetta sé óþjált í munni og erfitt í beygingu. Við þurfum aðeins að athuga það. Ég held að það sé þess vegna sem hver einasti maður í fjh.- og viðskn. hefur ekki samþ. þessa breytingu. En slíkt er algerlega ástæðulaus ótti. Það er ekki óþjált í munni eins einasta manns á Íslandi að segja: Barnið var 16 merkur.

Í gömlu mörkinni voru 8 aurar. Það er þess vegna rökrétt að hafa stærri einingunа með því heiti og svo aftur aurana minni einingunа. Þetta er það eina rétta í málinu. Hvaða Íslendingi finnst skrýtið að tala um 8 merkur silfurs? Þetta veit hver einasti maður sem læs er og hefur einhvern tíma litið í Íslendingasögur. Þetta verður allt saman þjált á örfáum dögum, ekki er nokkur minnsti vafi á því. Ég held sem sagt að við hljótum að afgreiða málið jákvætt í hv. Ed. Ég efast ekkert um að hv. Ed. muni samþykkja þetta. Það er alltaf varlegar treystandi á þá þarna í hv. Nd., en þegar málið kæmi héðan svona afgreitt hygg ég að þeir mundu ekki reyna að breyta íslensku heiti í danskt kóngaheiti. Ég á þess vegna von á að málið fái hér þessa afgreiðslu og verði helst einróma samþ. í þessari virðulegri deild þingsins.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur gert grein fyrir þeirri brtt. sem hann flytur ásamt tveimur öðrum hv. þm. Þetta mál var rætt í fjh.- og viðskn. Meiri hl. mælir með að krónuheitinu verði haldið óbreyttu, og gat ekki fallist á þau rök sem hv. síðasti ræðumaður lagði fram máli sínu til stuðnings.

Ég held að hægt sé að benda á ýmislegt þarna á móti. Það hafa farið fram svona gjaldmiðilsskipti bæði hjá Finnum og Frökkum og þeir breyttu ekki nafni á gjaldmiðli sínum í þau skipti. Ég held að það hafi ekkert komið að sök að talað hafi verið þar um hruman gjaldmiðil þó að t. d. væri notað meðan skiptin gengu yfir orðið „nýfranki" þegar nýi frankinn var tekinn upp. Ég held að þó að orðið „króna" megi tengja við konungsveldi sé króna miklu eldri, það megi rekja uppruna hennar lengra. Við höfum víst allir heyrt talað um þyrnikórónu og hún var ekki á þjóðhöfðingja. Ég held því að dálítið langsótt sé að telja að það sé af einhverri þjónkun við konungsveldi að nota krónunafnið. — En ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja málið lengi.

Það er til gamalt máltæki sem hljóðar svo: „Það verður fleira að gera en gott þykir." Ég ætla að lýsa því yfir að ég er persónulega sammála minnihlutaáliti þm. Jóns G. Sólness og Eyjólfs K. Jónssonar, að mér finnst þetta frv. í raun og veru ekki tímabært. Þó vil ég taka fram, að í stefnuskrá okkar Alþfl.-manna var þetta einmitt eitt af því sem dregið var fram fyrir þær þingkosningar sem fóru fram í vor. En það var hugsað eins og punkturinn yfir i-ið, þ. e. a. s. þegar búið væri að koma efnahagsmálum okkar í betra horf en þá þótti horfa og enn þykir horfa, og ég verð að játa, að alveg eins og ég var tortrygginn á þetta stjórnarsamstarf í upphafi, þó ég vildi styðja það, sýnist mér það enn ekki hafa borið þann árangur sem ég hefði óskað eftir að það hefði borið í t. d. efnahagsmálunum. Þess vegna segi ég að maður verður stundum fleira að gera — og gerir af ásettu ráði — en gott þykir. Því ætla ég að greiða frv. atkv.

Sama má segja um brtt. þeirra þremenninganna sem hér hafa flutt mál sitt — eða einn af þeim hefur talað fyrir því. Í sjálfu sér finnst mér sem gömlum íslenskukennara að orðin mörk og eyrir séu öllu skemmtilegri en króna og eyrir. Þó er krónan búin að fá hefð í málinu. Ég sé ekki að þetta sé það höfuðatriði að við eigum að vera að tefja fyrir málinu með því að vera að rífast um slíkt hér í d. og skipta okkur vegna þess. Því mun ég ekki greiða því máli atkv.

M. ö. o. vil ég lýsa yfir, að þó að ég sé sammála Jóni G. Sólness um að illa horfi nú í efnahagsmálum vil ég ekki gera þetta mál að ásteytingarefni og mun fylgja því í von um að enn takist núverandi stjórnarsamvinnu að koma málum hér í betra horf en verið hefur og okkur takist þrátt fyrir illar horfur í dag að bæta samstarf okkar.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar setningar.

Ég hygg að hv. síðasti ræðumaður hafi kannske misskilið það sem ég sagði, að brtt. okkar mundi tefja málið. Svo er ekki. Það eru allir menn sammála um að þegar gengið er hér til atkv. verður auðvitað ákveðið hvert heitið verður á myntinni. Ég skildi hv. þm. svo, að hann hallaðist frekar að því að breyta þessu eins og ég hef lagt til, en vildi ekki að það tefði fyrir málinu. Það gerir það ekki. Það verður væntanlega gengið til atkv. núna og

málið tefst ekki nokkurn skapaðan hlut fyrir þetta. Menn velja auðvitað það heitið sem þeir telja eðlilegast.

Og þyrnikórónuna finnst mér æðilangt gengið að ætla að tengja þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 625 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁE, BN, EKJ, GK, KSG, OÓ.

nei: BrS, GeirG, HFS, JHelg, StefG, SoG, VH, AS.

JGS, ÞK greiddu ekki atkv.

4 þm. (KJ, ÓRG, RA, RH) fjarstaddir.

Brtt. 623 samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

2.—11. gr., svo breyttar, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 547, n. 624). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit. Í því felast einkum tvær breytingar.

Annars vegar er það, að samkv. núgildandi lögum um tollheimtu og tolleftirlit er það skilyrði m. a. sett, þegar um endursendingu á vöru er að ræða af nánar tilgreindum ástæðum, að viðkomandi tollyfirvaldi sé sett full fjártrygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda þar til varan er sannanlega komin til útlanda. Þetta hefur valdið endursendendum nokkrum erfiðleikum og þess vegna er lagt til að víkja frá skilyrði um fjártryggingu og krefjast í þess stað fullnægjandi tryggingar í öðru formi.

Hins vegar er það, að við ákvörðun sekta er tollyfirvöldum heimilað að útkljá málið ef um er að ræða upphæð innan ákveðinna marka. Það er nú 150 þús. kr. og sektarupphæð 80 þús. Vegna breytingar á verðgildi krónunnar hefur þetta farið þannig, að þeim málum, sem verður að vísa til dómstóla vegna þess að upphæðir fara umfram þessi mörk, hefur farið mjög fjölgandi og valdið erfiðleikum hjá þeim sem þar hafa átt hlut að máli, bæði þeim, sem sektaðir hafa verið, og einnig dómstólum sem hafa þá þurft að fjalla um miklu fleiri mál. Þess vegna er lagt til í þessu frv. að upphæðirnar verði hækkaðar upp í 350 þús. og 500 þús.

Fjh.- og viðskn. varð sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 92. fundur.

Þriðjudaginn 8. maí, að loknum 91. fundi.

Verðgildi íslenskugjaldmiðils, frv. (þskj. 644). —3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 547). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 82. fundur.

Þriðjudaginn 8. maí, kl. 5 síðdegis.

Almannavarnir, frv. (þskj. 385). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mál það, sem nú er til umr. um breyt. á lögum um almannavarnir, má segja að staðfesti þá framkvæmd sem hefur verið hjá almannavörnum undanfarin ár. Breytingin er fyrst og fremst fólgin í því, að inn í almannavarnaráð er bætt forstjóra Landhelgisgæslunnar, sem hefur að vísu átt sæti þar undanfarin ár, en þó aðeins sem framkvæmdastjóri almannavarna. Eftir gildandi lögum á framkvæmdastjóri almannavarna m. ö. o. sæti í almannavarnaráði. Forstjóri Landhelgisgæslunnar átti þannig ekki áður sæti í almannavarnaráði. Hins vegar kom mjög fljótlega í ljós að mikilvægt er að forstjóri Landhelgisgæslunnar sitji þar, og má því segja að sá vandi hafi verið leystur með því að skipa forstjóra Landhelgisgæslunnar jafnframt framkvæmdastjóra almannavarnaráðs og skapa honum þannig sæti í almannavarnaráði.

Almannavarnir hafa haslað sér völl í íslensku þjóðlífi og hefur þar verið unnið hið ágætasta verk, eins og ég veit að hv. þm. þekkja t. d. í sambandi við Vestmannaeyjagosið og í sambandi við Mývatnselda. Almannavarnir hafa skipulagt almannavarnanefndir um land allt. Þær eru að sjálfsögðu misjafnlega virkar, en skipulag þetta er nú fyrir hendi og því haldið við með fræðslu og stöðugu sambandi af almannavarnamiðstöðinni í Reykjavík. Því er það svo, að rekstur almannavarna verður aðeins falinn

manni sem er þar í fullu starfi. Má segja að það hafi verið fulltrúi framkvæmdastjóra almannavarna.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt. Frv. fór í gegnum Ed. óbreytt, og er von mín að hv. Nd. sjái sér fært að afgreiða það í því formi sem á því er og að sjálfsögðu fyrir þingslit.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 249, n. 593). — 2. umr.

Frsm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 16. des. 1885, sbr. lög nr. 32 29. apríl 1967, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar. Ég tel ástæðulaust að rekja efni þessa frv., en í nál. allshn. er lagt til að það verði samþ. óbreytt og undir nál. skrifa allir allshn.-menn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 250, n. 588). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta frv. og leggur einróma til að það verði samþ. óbreytt. — Ég læt þess getið að það hefur verið afgreitt úr Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 553, n. 596). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 596 er nál. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar. Þetta nál. er frá meiri hl. allshn. Nd. og þar segir að undirritaðir nm. hafi athugað frv. og leggi til að það verði samþ. óbreytt. Jafnframt segir að Matthías Á. Mathiesen skili séráliti.

Þau sex, sem undir nál. rita, eru Vilmundur Gylfason, Einar Ágústsson, Friðrik Sophusson, en hann gerir það með fyrirvara, Gils Guðmundsson, Svava Jakobsdóttir og Árni Gunnarsson. Meiri hl. leggur sem sagt til að þessu máli verði skilað til 3. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá frsm. allshn. skrifaði ég undir nál. með fyrirvara og það sama gerði ég í nál. um frv. um lögræði, sem er 143. mál á dagskrá.

Þessi mál eru flutt af ríkisstj. og gera ráð fyrir lækkun hjúskaparaldurs annars vegar og lögræðisaldurs hins vegar. Ég tel að slíkt eigi að fylgja kosningarréttaraldrinum, vænti þess að svo verði, og í trausti þess hef ég skrifað undir nál. Ég vil jafnframt láta koma fram í þessu máli að Sjálfstfl., sem nýlega lauk landsfundi sínum, samþykkti á þeim fundi að beina þeim tilmælum til þingflokks og miðstjórnar flokksins að standa að og beita sér fyrir lækkun kosningaraldurs í 18 ár. Þessi mál eiga að hafa samleið að mínu áliti og það er þess vegna sem fyrirvari var gerður.

Umr. frestað.

Landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn, frv. (þskj. 521 (sbr. 438), nr. 605). — 2. umr.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér er um að ræða samansöfnun á þeim ákvæðum laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn sem fyrir voru í lögum að langmestu leyti. Ég hirði ekki um að rekja þær breytingar sem raunverulega felast í frv., þar eð ég gerði það lítillega við annað tæifæri — 1. umr. nánar tiltekið — aðeins skýra frá því að allshn. þessarar hv. d. hefur athugað frv., en það er komið frá Ed. sem gerði breytingu á 6. gr., og mælir með frv. svo breyttu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég er einn þeirra sem skrifa undir þetta nál. og geri það án fyrirvara. En frá því að sá atburður átti sér stað hef ég fengið nýjar upplýsingar í málinu sem mér hefur ekki gefist enn tækifæri til að ræða við hæstv. utanrrh. Ég vil þó á þessu stigi málsins lýsa þeim till. sem ég hyggst gera, ekki síst ef víðtækt samkomulag næst, og þá mundi ég fá leyfi til að leitað yrði afbrigða um að ég gæti flutt þær skriflega við 3. umr. málsins.

Fyrri breytingin, sem um væri að ræða, er við 2. gr., sem fjallar um fullveldisrétt Íslands. Seinni mgr. er nú svo, með leyfi forseta:

„Framkvæmd fullveldisréttarins fer eftir íslenskum lögum og ákvæðum alþjóðalaga."

Ég vil á þessu stigi málsins áskilja mér fyrirvara um síðari liðinn. Ég tel, að það séu áhöld um hvort jákvætt sé fyrir okkur að hafa í greininni að við ætlum okkur að fara eftir ákvæðum alþjóðalaga, þegar til þess er tekið að alþjóðalög eru ekki ætíð skýr og stundum þegar þau voru skýr í þessum atriðum, neituðum við Íslendingar jafnvel að fylgja þeim, svo að ekki sé annað gert en að rifja það upp þegar íslenska ríkisstj. neitaði á sínum tíma að fara eftir samningi við Breta og Vestur-Þjóðverja um að leggja landhelgismálið fyrir Haag-dómstólinn. Mér hefur ekki unnist tími eða gefist tækifæri til að ræða þetta mál við hæstv. utanrrh. og þess vegna flyt ég ekki till. eins og er, en áskil mér rétt til að gera það við 3. umr.

Hin brtt., sem til greina kemur að flytja, er við 7. gr. sem fjallar um afmörkun svæða milli landa.

Í 2. mgr. segir:

„Þar til annað verður ákveðið skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands miðuð við 200 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar, að því undanskildu þó, að þar sem skemmra er en 400 sjómílur milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands afmarkast af miðlínu.“

Í þessu sambandi er áhorfsmál hvort ekki sé rétt að stytta mgr. þannig að aðeins standi þar: „Milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands afmarkast af miðlínu.“

Hugmyndin að baki till., ef úr verður að flytja hana, er sú, að með þeim hætti séum við ekki að binda okkur um of þegar fram undan eru samningar við aðrar þjóðir sem gætu leitt til annarrar niðurstöðu af sanngirnisástæðum, en ráð er fyrir því gert að slíka samninga sé hægt að gera. Er þá óþarfi að rifja upp annað dæmi en það er varðar Jan Mayen og samninga okkar við Norðmenn þar að lútandi.

Ég vil taka skýrt fram, að þetta er ekki tillögugerð á þessu stigi, en ég taldi rétt að lýsa hugmyndum mínum nú og áskil mér rétt, ef þannig vill verkast og eftir að hafa haft samráð við mína flokksmenn og hæstv. ráðh. til að flytja brtt. við 3. umr. málsins.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að fylgjast með þeirri afgreiðslu sem fram hefur farið á hv. Alþ. um þetta frv. vegna fjarveru frá þinginu. Ég vil lýsa nokkuð afstöðu minni til málsins.

Ég er samþykkur því að löggjöf sé sett á þá lund sem mörkuð er með frv., tel enda að það hafi talsverða þýðingu fyrir okkur, eins og málin standa nú, að setja þessum málum nokkru fastari skorður en gert hefur verið með lögum af okkar hálfu.

Ég vil segja það í tilefni af því sem kom fram hjá hv. þm., sem talaði næstur á undan mér, hv. þm. Friðriki Sophussyni, að ég tel að jafnvel þó að í frv. séu ákvæði um, hvernig við afmörkum fiskveiðilandhelgi okkar milli Íslands og Færeyja og Íslands og Grænlands, eigi það ekki á nokkurn hátt að geta breytt aðstöðu okkar til að fá þann rétt fram sem kynni að verða meiri á síðara stigi málsins þegar sett hafa verið alþjóðalög sem snerta málið. Það, sem hér er um að ræða, er að sjálfsögðu sett af okkar hálfu miðað við þær aðstður sem í gildi voru þegar við tókum þær ákvarðanir. En ég get tekið undir með honum um að ekki er ólíklegt að til þess komi að við mundum óska eftir nokkurri endurskoðun, t. d. á mörkum fiskveiðilandhelginnar milli Íslands og Grænlands sérstaklega þar sem um er að ræða frá okkar hálfu miðlínu á móti langri strönd þar sem ekki er um möguleika að ræða á sjósókn á nokkurn hátt til nýtingar þess hafsvæðis sem þar er um að ræða. Það kemur vissulega til athugunar á sínum tíma að skoða slíkt nánar út frá þeim sanngirnissjónarmiðum sem nú er farið að leggja mikið upp úr í sambandi við hvernig skipta skuli hafsvæði á milli nálægra strandríkja. En það eru atriði sem má athuga síðar.

En það er eitt atriði sérstaklega, sem er að finna í 1. gr. frv., sem ég vil vekja athygli á. Vissulega er hægt að ganga frá samþykkt frv. í því formi sem hér er gert ráð fyrir, og vinna að breytingu síðar. Ekkert bannar okkur það. En ég vek athygli á að í 1. gr. frv. er 12 mílna landhelgi ákveðin í fyrsta skipti af okkar hálfu sem 12 mílna landhelgi og þá gengið út frá þeim grunnlínum sem við höfum miðað fiskveiðilandhelgi okkar við í öllum þeim átökum sem hafa farið fram um það mál. Ég hafði vakið á því athygli hæstv. utanrrh. og starfsmanna hans áður en þetta frv. var lagt fram, að ég teldi koma fyllilega til álita af okkar hálfu að við drægjum grunnlínur okkar á annan hátt en við höfum gert, þegar við setjum nú lög um þetta atriði, og færum þá eftir þeim reglum sem nú eru viðurkenndar svo að segja um allan heim varðandi drátt grunnlína. Það er einkum og sérstaklega á tveimur stöðum við landið sem þarna kæmi til nokkurra breytinga.

Það hefur alltaf verið talið að við hefðum getað dregið grunnlínur okkar fyrir Norðurlandi á annan hátt en við höfum gert, þ. e. a. s. hefðum dregið grunnlínu beint frá Ásbúðarrifi á Skaga í Grímsey og frá Grímsey að Rauðanúp, en þræddum ekki, eins og við höfum gert, með allmörgum millipunktum þarna á milli. Grunnlínur, sem væru dregnar á þann hátt, væru styttri en ýmsar grunnlínur, sem eru enn dregnar og gert ráð fyrir í þessari löggjöf annars staðar við landið, og mundu fylgja fyllilega eins vel lögum og afstöðu landsins og þær gera. Ég held að það sé enginn vafi á að við hefðum fyllilega lagalegan rétt til að draga grunnlínur okkar á þennan hátt fyrir Norðurlandi, en það mundi þýða að 12 mílna landhelgi okkar yrðu nokkru rýmri og sá réttur sem fylgir 12 mílna landhelgi. Hins vegar mundi verða mjög lítil breyting á heildarfiskveiðitakmörkunum þótt við breyttum grunnlínunum í þessum tilfellum. Sama er að segja um breytingu á grunnlínum fyrir Austurlandi, þar sem við gætum auðveldlega dregið grunnlínu beint frá Glettinganesi í Hvalbak og úr Hvalbak í Stokksnes. Þær grunnlínur yrðu mun styttri en sumar þær sem nú eru í gildi og mundu einnig uppfylla öll skilyrði um að fylgja lögum landsins betur en sumar aðrar grunnlínur nú þegar gera. Þetta mundi líka hafa þau áhrif fyrir Austurlandi að það svæði, sem yrði innan 12 mílna markanna, yrði stærra, en mundi hins vegar sáralítil sem engin áhrif hafa á miðlínuregluna milli Íslands og Færeyja.

Ég tel rétt að þegar við setjum lög um þessi atriði förum við eftir því, sem alþjóðlegar reglur viðurkenna, — þegar við ákveðum 12 mílna landhelgi og öll þau miklu réttindi sem slíku fylgja þá drógum við grunnlínurnar á annan hátt. Til þess lágu alveg ákveðnar ástæður á sínum tíma að við breyttum ekki hinum gömlu grunnlínum. Þegar við vorum að stíga fyrstu skref í landhelgismáli okkar töldum við, að átökin snerust um allt annað en breytingu á grunnlínum, og töldum ekki ástæðu til að hreyfa við þeim. En slíkt hefur augljóslega nokkurt gildi varðandi 12 mílna landhelgina.

Ég vildi að þetta sjónarmið mitt kæmi fram og það yrði þá til athugunar síðar, jafnvel þó ekki þætti rétt að breyta frv. við þessa gerð, sem ég er á að væri rétt að gera. En þá er geymd aths. frá minni hálfu og yrði vonandi tekið upp síðar að við breyttum grunnlínum og öðluðumst nokkru meiri rétt okkur til handa, sem við eigum að mínum dómi tvímælalaust samkv. alþjóðareglum.

Það var einnig hugmynd mín, þegar rætt hefur verið um á undanförnum árum að safna lagaákvæðum, sem snerta landhelgismál okkar, saman í eitt lagakerfi, eins og hér er gert, að í þeim lögum yrði miklu meira en er í þessu frv. Það má að vísu segja að ýmis réttindamál, sem snerta landhelgi og fiskveiðilögsögu, sé að finna í frv. Hins vegar er í rauninni ekki um heildarlandhelgislöggjöf að ræða. Áfram verður t. d. að glíma við þann vanda

að þeir, sem brjóta landhelgislög okkar, yrðu dæmdir eftir ýmsum öðrum lögum, allt frá því að vera í meginatriðum dæmdir samkv. lögum frá 1923, af því að frv., eins og það liggur fyrir, safnar ekki saman þeim margvíslegu reglum sem gilda um landhelgisbrot, hvorki varðandi sektir né annað það sem er kveðið á um í lögum okkar að sé heimilt og ekki heimilt í fiskveiðilandhelgi. Ég hefði kosið að þessi löggjöf hefði verið allmiklu fyllri hvað það varðar, en ég tel hins vegar svo mikilvægt að fá frv. gert að lögum á þessu þingi að ég vil ekki verða þess valdandi á neinn hátt að tefja málið. Ég tel að það sé talsvert þýðingarmikið fyrir okkur að fá þessi lög sett, og má þá hyggja að því síðar að safna því saman, sem þarna skortir á að mínu mati, og einnig að breyta 12 mílna mörkunum á þann hátt sem ég hef gert aths. um. — Á þessu vildi ég vekja athygli hv. n., ef hún fjallar frekar um málið en orðið er.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þetta verða örfáar aths.

Ég ætlaði að stytta umr. áðan með því að vísa til þess sem ég sagði við 1. umr. málsins um það frv. sem hér liggur fyrir til umr., og ég ætla að halda mig við það. Ég sagði þá, að mér fyndist frv. mætti vera að ýmsu leyti fyllra og kannske ekki þörf beint á að safna ákvæðum saman eins og í frv. þessu er gert. En ég hef nú skoðað málið betur og komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að safna saman þeim lagaákvæðum sem nú eru þegar í gildi. Þannig er þetta frv., að ég hygg, samið af Hans G. Andersen sem hefur manna mesta eða hvað mesta þekkingu á alþjóðarétti og þá einnig íslenskum rétti í þessum málum eftir 30 ára starf að þeim.

Hv. þm. Friðrik Sophusson, 5. landsk. þm., sýndi mér, áður en ég flutti framsöguræðu, niðurstöður sem hann hafði komist að um aths. sem hugsanlegt væri að gera við frv. Að sjálfsögðu hefur hvorki mér né öðrum — og jafnvel ekki honum — gefist nægilegur tími til að kynnast efni þeirra. En ég hygg að það hafi vakað fyrir þeim, sem frv. samdi, að halda sig við það sem þegar væri í lögum, þegar landhelgin er undanskilin sem er auðvitað stækkuð, og að hann hafi þá hugsað sér það þannig að þetta tæki auðvitað eins og öll löggjöf þeim breytingum sem framtíðin kallaði á.

Ég hef ekkert á móti því að n. — þó að ég sé ekki þar formaður er ég einn nm. — taki þetta frv. til athugunar milli 2. og 3. umr. og reyni að mynda sér skoðun um hvort rétt sé að taka með þær breytingar sem hér hefur verið bent á bæði af hv. 5. landsk. þm. og eins af hv. 1. þm. Austurl., sem einnig hefur mikla þekkingu á þessum málum. En ég legg áherslu á að það verði eigi gert án samráðs við utanrrh., sem hefur flutt frv., látið semja það og leggur áherslu á að fá það lögfest áður en þessu þingi lýkur.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
11.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Afgreiðsla þingmála.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram um fundarhald í hv. þd., að ekki er gert ráð fyrir kvöldfundi. En ég vil taka það strax fram, að á morgun verður fundur í d. og þá er svo ráð fyrir gert að gefið verði hlé til þingflokksfunda milli 4 og 5, en annars standi deildarfundur linnulaust og vafalaust verður þá kvöldfundur. Eru hv. þdm. beðnir um að sækja fast fundi, því að nú verða atkvgr. látnar ganga fram á nótt ef þess er þörf, enda hygg ég að þdm. og mér sýnist að þeir hafi raunar of lengi lónað í meinleysi um afgreiðslu mála.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 103, n. 606). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 606 mælir meiri hl. heilbr.- og trn. með samþykkt frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með þeirri brtt. sem þar kemur fram. Matthías Bjarnason mun væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni við umr.

Þegar n. fékk frv. til meðferðar var leitað umsagnar Tryggingastofnunarinnar á frv., en í bréfi tryggingaráðs segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er viðurkennd staðreynd að meðferð með sól- og sjóböðum getur verið mjög gagnleg mörgum, en ekki öllum psoriasissjúklingum. Það hvort rétt sé að sjúkratryggingar kosti eða taki þátt í kostnaði við ferðir til sólarlanda í þessu skyni getur verið undir því komið hvort unnt sé að takmarka slíka ástæðu við þau tilfelli þar sem um brýna þörf er að ræða og tryggja að sú meðferð, sem sjúklingurinn fær í ferðinni, sé með þeim hætti að árangur verði sem bestur.

Tryggingastofnunin hefur leitað upplýsinga frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð um afstöðu sjúkratrygginga til hlunninda af því tagi sem frv. gerir ráð fyrir. Upplýsingar hafa borist frá Noregi og Danmörku og sýna að í báðum þessum löndum, og reyndar í Svíþjóð líka, kosta sjúkratryggingar loftslagsmeðferð við psoriasis og reyndar fleiri sjúkdómum, en með allt öðrum hætti en haft er fyrir augum í frv. Í báðum löndunum hefur verið samið um vistun psoriasissjúklinga á tilteknum stöðum: í Noregi um 105 pláss á stað nálægt Dubrovnik í Júgóslavíu og í Danmörku um vistun á tilteknum stað í Ísrael við Dauðahafið. Á báðum stöðunum er læknir og eitthvert hjúkrunarfólk frá heimalöndunum til þess að líta eftir meðferðinni. Umsóknir um vistun og val á sjúklingum til vistunar er háð allströngum skilyrðum. Í báðum löndunum er meðferð á kostnað sjúkratrygginga einskorðuð við áður á minnsta meðferðarstaði.

Í frv., sem fyrir Alþ. liggur, er gert ráð fyrir því, að tiltekinn styrkur til utanfarar verði greiddur sjúklingum sem teljast hafa þörf fyrir vistun á húðsjúkdómadeild ella, síðan sé sjúklingurinn látinn um það, hvernig hann hagar ferð sinni, og auðna látin ráða hvernig hún nýtist honum til heilsubótar. Aðferð Dana og Norðmanna hefur þann kost að veita betri tryggingu fyrir árangri þar sem meðferðin er undir eftirliti kunnáttufólks og sjúklingar þurfa að hlíta nokkrum aga, t. d. í sambandi við áfengis-

neyslu sem talin er sérstaklega neikvæð þessum sjúkdómi.“

Síðan segir:

„Tryggingaráð er meðmælt því, að gefinn verði kostur á meðferð psoriasissjúklinga í alvarlegri tilfellum með sjó- og sólböðum við góð skilyrði, en ræður til þess að það sé ekki með veitingu ferðastyrks, heldur farnar svipaðar leiðir og Norðmenn og Danir hafa farið. Ef horfið verður að því ráði að veita psoriasissjúklingum ferðastyrki til sólarlandaferða þykir eðlilegt að tryggingaráð úrskurði um slíka styrki að fenginni umsögn húðsjúkdómadeildar Landspítalans.

Ef miða má við fólksfjölda, sem ekki er víst, svarar sjúklingafjöldi Norðmanna til þess að ca. 32 íslenskir sjúklingar fengju þessa meðferð ár hvert eða 6 í einu miðað við 5 mánaða meðferðartíma. Óhugsandi er að íslenskt starfslið sjái um meðferð svo fárra, en trúlegt að hægt sé að semja um hæfilega mörg pláss þar sem líkar lækningar eru skipulagðar.“

Að lokum segir:

„Bent er á, að upp geti komið þrýstingur af hálfu fleiri sjúklingahópa um loftslagsmeðferð. Í Noregi gildir svipað fyrirkomulag að því er varðar gigtsjúkdóma og er það mun stærra mál. E. t. v. má ætla að betri aðstaða sé til meðhöndlunar hluta af gigtsjúklingum hér en í Noregi. Astma- og ofnæmissjúklingar eru hópur sem hugsanlega mundi knýja á um hliðstæða fyrirgreiðslu. Í Noregi hefur enn ekki verið tekin upp sérmeðferð á slíkum sjúklingum.“

Í framhaldi af afstöðu tryggingaráðs ákvað n. að fela Tryggingastofnun ríkisins að kanna möguleikana á að psoriasissjúklingar hér á landi kæmust inn í sama kerfi og gildir í Noregi og Svíþjóð, þ. e. a. s. að íslenskir psoriasissjúklingar fengju aðgang að meðferðarstofnunum í sólarlöndum. N. hefur borist bréf Tryggingastofnunarinnar sem svar við þessu, þar sem efnislega er sagt að Tryggingastofnunin hafi kannað hjá Helsedirektoratet í Osló um samvinnu við það um slíka vistun. Rætt var um 6—7 rúm fyrir þann tíma sem stofnunin hefur samning um, þ. e. um fjögurra vikna vistun 35—40 sjúklinga á ári. Var þessari málaleitan vel tekið af hendi Norðmanna, en ekki liggur enn fyrir hve mörg pláss gæti endanlega verið um að ræða eða nánar um skilyrði ef til samvinnu kæmi við Norðmenn.

Upplýsingar komu fram um að kostnaðurinn við meðferð í Júgóslavíu á árinu 1978 fyrir fjögurra vikna dvöl var 6500 norskar kr., en þá var ferðakostnaður frá Osló innifalinn. Eru það um 415 þús. ísl. kr. á núverandi verðlagi á hvern sjúkling eða samtals 14—15 millj. árlega fyrir 35 sjúklinga. Hér er að vísu um verulega meiri kostnað að ræða en gert var ráð fyrir í frv. Bent var á í grg. að greiða hluta ferðakostnaðar eða um 150 þús. í ferðastyrk, en þar ekki gert ráð fyrir slíkum heilsustöðvum sem hér er bent á, sem gerir meðferðina mun dýrari.

N. var sammála því áliti tryggingaráðs, að ef sama fyrirkomulag kæmist á og í Noregi og Svíþjóð fengist mun betri og öruggari trygging fyrir að slíkar ferðir væru ekki misnotaðar, auk þess sem betri bati og árangur hlyti að nást á heilsustöðvum sem væru undir eftirliti lækna og hjúkrunarfólks. Ef aftur á móti væri um beina ferðastyrki að ræða væri ekkert eftirlit með hvernig slík meðferð nytist psoriasissjúklingum til heilsubótar.

Þótt enn hafi ekki borist endanlegt svar frá Noregi um slíka samvinnu við Norðmenn, sem ég áðan nefndi, taldi meiri hl. n. rétt að slíkt ákvæði væri fyrir hendi í almannatryggingalögunum ef slík samvinna fengist, ef ekki nú, þá þegar slíkir möguleikar sköpuðust. Því mælir meiri hl. n. með eftirfarandi breytingu á frv. og samþykkt þess:

„Á eftir h-lið 39. gr. laganna komi nýr stafliður, i, er orðist svo:

Að greiða kostnað samkv. nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasissjúklinga, sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga erlendis sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða, auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geti notið slíkrar fyrirgreiðslu.“

Eins og fram kemur í brtt. er um verulega breytingu á fyrirkomulagi slíkra ferða að ræða frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir í frv., en þar var kveðið á um ferðastyrki til psoriasissjúklinga sem nánar yrðu ákveðnir af tryggingaráði án annarra afskipta almannatrygginga af fyrirkomulagi og eftirlits með slíkum ferðum. N. telur að með ákvæði eins og í brtt. felst sé þessum málum mun betur fyrir komið, og þó að um meiri kostnað sé að ræða en að greiða slíkt í formi ferðastyrkja hljóðar ákvæðið upp á að greiðsla kostnaðar, sem af þessu fyrirkomulagi hlytist, sé nánar ákveðin af tryggingaráði, þannig að í höndum tryggingaráðs væri hvort um væri að ræða að greiða að fullu allan kostnað við slíka ferð eða einungis kostnað á sjálfri meðferðarstofnuninni. Einnig væri í höndum tryggingaráðs ákvörðun um árlegan fjölda þeirra, sem slíkrar fyrirgreiðslu nytu, í samráði við sérfræðinga, og skipulag á slíkum ferðum væri einnig í höndum tryggingaráðs.

Það er rétt að benda á að lokum að Norðmenn telja að ferðir á meðferðarstofnanir í Júgóslavíu hafi borið verulegan árangur, þann besta sem völ er á til að halda þessum sjúkdómi verulega niðri og þar með auka vinnugetu þessa fólks. Þó sjaldnast sé um varanlegan bata að ræða er loftslagsmeðferð bersýnilega mun árangursríkari og æskilegri en þær meðferðir sem psoriasissjúklingar hljóta — óþægilegar tjörumeðferðir — á sjúkrahúsum og skila áberandi minni árangri.

Meiri hl. n. mælir með samþykkt frv. með þeirri brtt., sem ég gat um, á þskj. 606.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Sex þm. í heilbr.- og trn. fluttu frv. þetta um breyt. á l. um almannatryggingar snemma á þessu þingi, en ég var eini nm. sem vildi ekki flytja frv. Ástæðan var ekki sú, að ég væri alfarið á móti að greiða ferðastyrki til psoriasissjúklinga sem nauðsynlega þurfa að mati sérfræðinga að njóta hlýrra loftslags, heldur hitt, að ég tel að flutningur frv. í þessa átt verði að skoðast í heildarljósi þess hverju á að breyta í tryggingalöggjöfinni, en taka ekki út tiltölulega fámennan hóp og setja á þann veg hjá sjúklinga sem þurfa jafnvel ekkert síður að leita lækninga með loftslagsmeðferð. Þá get ég nefnt einn mjög fjölmennan sjúklingahóp, gigtarsjúklinga sem vafalaust þyrftu á að halda loftslagsmeðferð. Mun vafalaust ekki standa á sérfræðingum í þeim efnum að staðfesta það. Auk þess er um ýmsa fleiri að ræða.

Lítum á þessi mál í heild. Í löggjöf okkar um almannatryggingar eru þau ákvæði um kostnað sjúklinga, sem

þurfa að leita læknishjálpar erlendis og eru taldir ekki fá þá læknishjálp hér heima, að leggja verður fyrir sérstaka nefnd á vegum Tryggingastofnunar ríkisins hvort ferð er leyfð, en ef hún er farið í mikilli skyningu verður að taka ákvörðun um það síðar, hvort tryggingarnar greiða kostnað af henni eftir settum reglum og lögum. Hér er um sjúklinga með ákveðna sjúkdóma að ræða, sérstaklega þó hjartasjúklinga sem þurfa að fara til uppskurðar erlendis, og þá fer eftir settum reglum. Þegar tekinn er til hópur sjúklinga með einhvern ákveðinn sjúkdóm hlýtur annar hópur að koma á eftir, það er útilokað annað, enda væri annað ekki sanngjarnt.

Ég er mjög opinn fyrir því að hlutverk sjúkratrygginganna verði stærra í anda frv. Frv. hefur verið breytt af flm. Ég tel að sú breyting sé til bóta frá upprunalegu frv. að bæta við h-lið í 39. gr. almannatryggingalaganna að greiða kostnað samkv. nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga erlendis sem komi í stað sjúkrahúsvistar. Tryggingaráði er svo ætlað að setja nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða, auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geti notið slíkrar fyrirgreiðslu. Ég er á því, að ekki sé hægt að taka upp að fara að styrkja hvern einasta mann með þennan sjúkdóm til ferðar til sólarlada. Hlutverk sjúkratrygginganna er að greiða fyrir sjúklingum til læknismeðferðar, og því er sú stefna rétt, sem Tryggingastofnunin hefur verið að kanna, og er hún að mínum dómi miklu réttari og eðlilegri, eins og frsm. málsins gat um.

Ég vil einnig benda á að lögin um almannatryggingar eru í stöðugri endurskoðun. Þau voru í endurskoðun í þrjú ár. Voru gerðar veigamiklar breytingar í réttlætisátt á síðasta þingi, eins og að taka upp það nýmæli að greiða ferðakostnað innanlands, sem ekki var áður, þegar sjúklingar þurfa að leita sérfræðinga. Kom ekki neitt fram í sambandi við þá endurskoðun um þetta, og áttu þó allir stjórnmálaflokkar fulltrúa í þeirri nefnd. Nú er komin ný nefnd til að endurskoða lögin um almannatryggingar. *Ég hef talið það hlutverk slíkrar endur*skoðunarnefndar, þar sem allir flokkar og heilbrigðisstjórn eiga fulltrúa, að meta og vega hvað lagt skuli til við ríkisstj. og Alþ. um breytingar á þessari heildarlöggjöf. Ég tel að mörgu leyti óeðlilegt að farið sé að flytja mörg frv. um breytingar á almannatryggingalögunum. Það eru að koma frv. fram síðustu daga frá einstökum þm. Þá spyrjum við: Er þá nokkur ástæða til að hafa endurskoðunarnefnd starfandi? Er ekki best að þm. flytji í formi óska sinna og góðs hjartalags hver um sig breytingar á almannatryggingalöggjöfinni og bíði ekki eftir samræmdum till. eða tilraunum til að fá samræmdar till. um þær breytingar sem Alþ. telur að eigi að gera á tryggingalöggjöfinni? Þetta er mitt sjónarmið. Ég er ekki alfarið á móti því að koma til móts við einstakan hóp sjúklinga. En ég er sannfærður um að það koma fleiri á eftir og þeir spyrja: Hvers eigum við að gjalda? Hvers eiga gigtarsjúklingar að gjalda, sem eru langmannflesti sjúklingahópurinn í þessu landi?

Einar Ágústsson: Herra forseti. Enda þótt ég sé einn af flm. frv. vil ég strax lýsa því yfir að ég tel þá nýju gerð, sem varð í meðferð n. í samráði við tryggingaráð og fleiri aðila, betri en þá sem við lögðum fram upphaflega, enda höfum við notið meiri aðstoðar frá sérfróðum mönnum en við höfðum átt kost á þegar frv. var fyrst lagt fram. Ég er þess vegna ánægður með að samstaða náðist í n. að mestum hluta til um að flytja málið í þessari mynd. Í máli hv. 1. þm. Vestf. kom enn fremur í ljós að honum finnst breytingin til bóta. Að því leyti höfum við þó komið til móts við skoðanir hans, sem ég veit að hann hlýtur að meta, og ég sé reyndar á honum að hann gerir það.

Það hefur oft verið talað um að þegar einstök atriði eru tekin út úr sé það röng stefna, alltaf þurfi að gera allt í einu. En þegar litið er yfir söguna og framkvæmdir hér á landi hefur oftast nær, að ég held, sýnt sig að ef allt á að gerast í senn gerist ekkert. Ég vil segja að ég tel að það sé spor í rétta átt, lítið spor kannske, en þó til heilla, að taka út úr þennan tiltölulega takmarkaða hóp, en hóp þó sem á við verulega heilsufarslega erfiðleika að stríða, og reyna að hjálpa honum til að fá bata á viðurkenndum meðferðarstofnunum, sem um þann sjúkdóm fjalla erlendis, og taka á þann hátt upp sama fyrirkomulag og nágrannar okkar gera. Ég er ekki í nokkrum vafa um að miklu fleiri hópar í þjóðfélaginu þurfa á svipaðri hjálp að halda og ég tel það ekki til galla á frv. að það leiði til þess að fleiri komi á eftir. Ég tel það fremur til kosta, vegna þess að ég álít að allir þeir, sem slíka meðferð þurfa að fá, ættu og þyrftu að fá hana í framtíðinni. En slíkt verður að gerast í áföngum, því að annars komumst við ekki neitt.

Öll heilbrigðisþjónusta hér á landi hefur gerst í áföngum. Við sjúkrahús nú eru miklu fleiri deildir en voru fyrir örfáum árum, að ég ekki tali um áratugum, og ef markið hefði verið sett fyrir 40—50 árum á þann hátt að sjúkrahúsin hefðu allar þær deildir sem þau hafa nú, að ég tali ekki um allar þær deildir sem þau þurfa að hafa, efa ég að við hefðum nokkurt sjúkrahús. *Það gerist í áföngum að* nýjar deildir koma við sjúkrahúsin. Það hefur komið augndeild, háls-, nef- og eyrnadeild, ýmiss konar deildir, hjartadeildir, ég kann ekki að nefna þær allar, en slíkt hefur allt gerst stig af stigi og hefur svo að ég viti enginn gagnrýnt að einni nýrri deild hafi verið bætt við á þeim forsendum að ekki kæmu allar hinar samtímis. Í mínum huga er því hér verið að stíga skref á langri leið, byrjunarskref. *Það má vera að það skref kosti nokkurt fé, og ég* tel víst að það geri það, en líka kostar nokkurt fé að vista þetta fólk á sjúkrahúsum hér. Það kemur þá og væntanlega til frádráttar að mikið fé sparast ef þetta fólk fær varanlega bót meina sinna. Þá þarf það ekki að íþyngja heilsufarsþjónustunni hér á landi framar af þessum sökum.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Vestf., sem þekkir tryggingamál auðvitað mjög vel og ég veit að er velviljaður þeim, að tryggingalögin og almannatryggingarnar eru í stöðugri endurskoðun, og þau eiga að vera það af þeim ástæðum sem ég hef verið að gera grein fyrir, af því að við þurfum að bæta við nýjum deildum, nýjum aðferðum og nýjum tækjum og á þann hátt öðlast tækifæri til að lækna fleiri sjúkdóma. En ég tel ástæðulaust, þó að lögin séu í stöðugri endurskoðun, að bíða eftir endurskoðun sem aldrei á að taka enda. Þess vegna verðum við að fá að breyta lögunum þegar okkur finnast sérstakar og ríkar ástæður til.

Ég ætlaði ekki að hafa um þetta langt mál. Mér heyrist allir nm. a. m. k. vera velviljaðir í garð frv., einnig sá sem ekki hefur þó skrifað undir nál. Hann viðurkennir að hér sé mannréttinda- og réttlætismál. Þó að hann vildi skipa því með öðrum hætti hygg ég að ekki sé grundvallar-

ágreiningur við hann heldur um þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 606 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 614). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna segir að teknir skuli upp beinir samningar ríkisvalds og bænda um verðlagningu landbúnaðarafurða og kjaramál bændastéttarinnar. Þetta hefur lengi verið ósk bænda, en ekki náðst um það samstaða. Þó hafa framleiðsluráðslögin verið í endurskoðun með tilliti til þessarar breytingar um nokkurt skeið. Fyrrv. landbrh. skipaði nefnd í þessu skyni. Sú nefnd skilaði áliti fyrir u. þ. b. tveimur mánuðum. Nefndin klofnaði í áliti sínu. Álit nefndarinnar hefur síðan verið til umræðu í samstarfsnefnd þingflokkanna sem tilnefnd var að ósk minni fyrir nokkru, en samstaða hefur ekki náðst um að flytja það frv. í heild sinni.

Ég vil taka það fram, að skoðun mín er að þessi 32 ára gömlu lög þurfi endurskoðunar í mörgum atriðum, og ég geri ráð fyrir að þeirri endurskoðun verði haldið áfram. Hins vegar er það atriði sem hér um ræðir, beinir samningar bænda og ríkisvaldsins, það sem einna brýnast er eins og nú er ástatt. Varð því sú niðurstaða að flytja það sérstaklega og þá breytingu eina við framleiðsluráðslöggjöfina eins og hún er nú orðin.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að ríkisstj. skipi þrjá fulltrúa í Sexmannanefnd sem ákveða skal afurðaverð til framleiðenda og verð landbúnaðarafurða í heildsölu og smásölu samkvæmt ákvæðum framleiðsluráðslöggjafarinnar. Tekið er fram að ríkisstj. er skylt að skipa menn þessa með hagsmuni neytenda í huga, og má segja að þar sé reynt að mæta því sjónarmiði sem liggur að baki skipun Sexmannanefndar eins og hún er nú.

Sú önnur breyting er gerð með 2. gr. frv., að fellt er niður ákvæði laganna um afskipti sáttasemjara ef meiri hl. næst ekki í Sexmannanefnd. Reynslan hefur sýnt að það ákvæði er ekki mikils vert í því sambandi, og þykir því rétt að ágreiningi verði vísað beint til yfirnefndar, eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum eftir að sáttasemjari hefur fjallað um málið, enda má segja að það atriði verði síður mikilvægt þegar beinir samningar eru upp teknir með ríkisvaldi og bændasamtökum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa langa framsögu um þetta mál. Beinir samningar bænda og ríkisvalds hafa lengi verið til umræðu og mönnum vel kunnar. Þó vil ég geta þess, að eins og nú er ástatt í málefnum landbúnaðarins verður það enn mikilvægara en áður hefur verið að slíkar viðræður geti hafist hið fyrsta. Ljóst er að Sexmannanefnd þannig skipuð fulltrúm bænda og ríkisvalds hlýtur að taka fyrir sem eitt fyrsta verkefni sitt þann vanda sem að landbúnaðarframleiðslunni og bændum steðjar vegna umframframleiðslu landbúnaðarafurða. Vil ég leyfa mér að gera ráð fyrir að nefndin, ef samþ. verður á Alþ. það frv. sem hér er til umr., taki það mál fyrir og leggi till. um lausn þess fyrir ríkisstj. ekki síðar en n. k. haust.

Ég vil í þessu sambandi jafnframt ítreka þá skoðun mína og reyndar skoðun sem hefur komið fram hjá, hygg ég, öllum hv. þm. sem um málið hafa talað, að ekki kemur til mála að bændur beri einir þann mikla vanda sem að steðjar vegna umframframleiðslu, — vanda sem kannske lýsir sér einna best í því, að um væri að ræða tekjuskerðingu á hvert meðalbú sem næmi 1.2 millj. kr. Það mál er að sjálfsögðu tengt þeirri stefnubreytingu, sem um er rætt í landbúnaði, og eðlilegt viðfangsefni beinna samninga bænda og ríkisvalds. Mín skoðun er sú, að meiri hluti þessa vanda hljóti að vera borinn af þjóðfélaginu í heild, um leið og samið er við bændastéttina um stefnubreytingu og ákveðinn samdrátt í framleiðslu landbúnaðarafurða.

Herra forseti. Ég leyfi mér að vona að hv. Alþ. sjái sér fært að afgreiða þetta mál fyrir þingslit. Ég undirstrika, að ákaflega mikilvægt er að slíkir samningar geti hafist án tafar. Segja má að án þeirra sé grundvöllur lítill til þeirrar stefnubreytingar sem nú er að unnið. Fylgjast verða að beinir samningar bænda og ríkisvalds og hinar ýmsu aðgerðir ríkisvaldsins, bæði til að leysa aðsteðjandi vanda landbúnaðarins og til að koma þar á stefnubreytingu.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þetta frv. til laga, sem hæstv. landbrh. hefur kynnt, gefur í sjálfu sér ekki tilefni til langra eða almennra umr. um hinn mikla og vandasama málaflokk, landbúnaðarmál. Kjarni málsins er sá, að hér er verið að taka upp beina samninga ríkisvaldsins annars vegar og fulltrúa framleiðenda, þ. e. bænda, hins vegar.

Hins vegar er vert að vekja á því athygli — og vekja á því rækilega athygli, að í 1. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. tilnefndir þrjá menn. Fulltrúar ríkisins í nefndinni skulu, auk þess sem þeir gæta þess að fylgt sé ákvæðum 4. gr., gæta hagsmuna neytenda í landinu og er ríkisstj. rétt að velja þá með tilliti til þess.“

Kjarninn er auðvitað sá, að hér er um að ræða tiltölulega einfaldan framleiðsluferil. Öðrum megin á þeim framleiðsluferli eru framleiðendur búvöru og hinum megin eru þeir sem neyta vörunnar og greiða fyrir hana, þ. e. neytendur. Af sjálfu leiðir þess vegna að framkvæmd þessara laga væri undir því komin að ríkisstj. bæri gæfu til þess, og það skal viðurkennt sem rétt sjónarmið, að aðrir þrír væru fulltrúar framleiðendanna, en hinir þrír þar með fulltrúar neytendanna, en ekki kannske tveir af þeim í reynd fulltrúar framleiðendanna, þannig að Sexmannanefndin væri í reynd þannig saman sett að fimm af þeim væru í reynd fulltrúar framleiðendanna, en aðeins einn fulltrúi neytendanna. Kjarni málsins er sá, að eins og 1. gr. er fram sett er það enn óljóst. Hér má greina í gegn það fyrirkomulag sem ekki hefur reynst okkur vel á undanförnum árum. Þess vegna vil ég leggja þunga áherslu á og ítreka þann skilning minn, að þeir þrír fulltrúar, sem ríkisstj. ber að tilnefna, samkv. 1. gr., verði í reynd fulltrúar neytenda, annars helmingsins sem á framleiðsluferlinum er.

Auðvitað má leiða af þessu nokkra umræðu um hvernig framleiðslumálum bænda hefur verið skipað. Einhvern veginn hefur það skipast svo að því er varðar þá tilteknu framleiðslu, að landbrh. hafa iðulega í reynd

verið fulltrúar framleiðenda, þ. e. a. s. bænda. Engum dytti í hug að það væri skynsamleg skipan mála að sjútvrh. þyrfti endilega að vera útgerðarmaður eða fulltrúi þeirra eða iðnrh. þyrfti endilega að vera iðnrekandi eða fulltrúi þeirra. En af sögulegum ástæðum hafa mál svo skipast á Íslandi, að með þessa tilteknu framleiðslugrein hefur málum svo verið fyrir komið.

En allt um það er hér verið að taka upp nýtt fyrirkomulag. Það fyrirkomulag var samþykkt í samstarfsyfirlýsingu núverandi stjórnarflokka. En ég vil enn og aftur ítreka þann skilning minn, að hér sé raunverulega um þá kerfisbreytingu að ræða að þrír séu fulltrúar framleiðendanna, í þessu tilfelli bænda, og hinir þrír séu fulltrúar neytendanna og það sé Sexmannanefndin með jafnvægi þarna á milli sem eigi að komast að niðurstöðu.

2. gr. frv. fjallar svo um hvernig með skuli fara ef stendur járn í járn og niðurstaða fæst ekki.

Ég vil segja það enn og aftur, að ég óttast þann skilning einhverra að í reynd eigi þetta að verða Sexmannanefnd fimm fulltrúa framleiðenda og eins fulltrúa neytenda — eða um það bil — og ef það verður framkvæmdamátinn er um marklausa lagasetningu að ræða. Neytendur eru veigamikill þáttur alls landbúnaðardæmisins, og ég lít svo á, að hér sé verið að samþykkja helmingsaðild þeirra að Sexmannanefnd.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. felur aðeins í sér breytingar á samningsformi um ákvörðun búvöruverðs og er tilgangur frv. að teknir verði upp samningar á milli fulltrúa bænda annars vegar og fulltrúa ríkisvaldsins hins vegar. Þetta er gert með eins litlum breytingum á lögum og ég hygg að unnt sé. Kunnugt er að í till. þeirri til þál., sem ég og fleiri sjálfstæðismenn höfum lagt fram, er lagt til að framleiðsluráðslögum sé breytt í þessa átt. Þar er að vísu um að ræða þátt í miklu meiri og veigameiri breytingum á þeim lögum en hér er gert ráð fyrir og skal ég ekki rekja það frekar hér.

Í sambandi við þetta mál má segja að auðvitað má deila um það form sem hér er sett upp, en ég hygg að sá tilgangur frv. að taka upp samninga um búvöruverð milli bænda annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar sé þess háttar að ekki sé ástæða til að deila um hann. Ég fyrir mitt leyti hlýt að lýsa fylgi við þann tilgang frv., enda þótt, eins og ég hef sagt, megi deila um það form sem er valið.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mun verða stuttorður um það frv. sem hér er til umr., en kemst þó ekki hjá að gera smáaths. við það.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. er frv. bein afleiðing af samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. um að beinir samningar verði teknir upp á milli fulltrúa bænda annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Ég vil í því sambandi benda á, að ég tel að með þessum hætti sé verið að skapa gífurlega erfiðleika hér á landi. Ég held að ríkisvaldið geti aldrei haft þá samningsaðstöðu í þessu máli sem eðlilegt og jafnvel æskilegt er að það hafi í slíkum málum.

Bændur eru framleiðendur. Það er óeðlilegt að ein stétt framleiðenda hér á landi nái þeim réttindum að geta ákveðið verð með beinum samningum án þess að tryggt sé að sjónarmið annarra komi til. Mér er að vísu ljóst að gert er ráð fyrir að fulltrúar ríkisvaldsins séu á einhvern hátt með hönd í bagga, sem ekki er skýrt nánar a. m. k. í lagagr. hvernig eigi að verða.

Eins og allir vita gilda nú lög um svokallaða Sexmannanefnd, sem hefur reyndar verið óstarfhæf um hríð. Þess ber þó að geta, að tilvonandi framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands og fyrrverandi hagfræðingur Vinnuveitendasambandsins náðu um þetta atriði samkomulagi á sínum tíma í nefnd sem skipuð var til að vinna að þessum málum. Í samkomulagi þeirra var gert ráð fyrir að verðmyndunarkerfi landbúnaðarins væri í svipuðu horfi og gildir um sjávarútveginn, þannig að þrír væru tilnefndir af neytendum, þrír af framleiðenda hálfu og einn af hálfu ríkisvaldsins. Er það að mínu viti miklu betri aðferð, þó auðvitað megi ekki skoða þessi mál sem úrlausnaratriði til frambúðar, heldur sem bráðabirgðaatriði á meðan hagir landbúnaðarins eru eins og nú háttar.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason, 7. þm. Reykv., tók til máls við þessa umr. og sagðist, að mér skildist, styðja frv. ef þess væri gætt, sem stendur í 1. gr. frv., að ríkisstj. tilnefndi fulltrúa neytenda í slíka nefnd. Ég held að þannig sé með of einföldum hætti sloppið frá málinu. Ég óska eftir að n., sem fær þetta mál til meðferðar, kynni sér þær hugmyndir sem ég hef lýst og komu fram í samstarfi þeirra tveggja aðila sem ég sagði frá.

Þess skal að lokum getið, að sjálfstæðismenn — allmargir úr þingflokknum — hafa flutt þáltill. þar sem getið er um að beinir samningar skuli teknir upp við ríkisvaldið „fyrst um sinn", eins og það er orðað. Í grg. með þeirri þáltill. er tekið fram að nokkrir aðilar í þingflokknum hafi fyrirvara um það atriði. Ég vil hér og nú lýsa því yfir, að ég er einn þeirra aðila sem hafa um það fyrirvara. Ég ítreka eindregnar óskir mínar um að fundinn verði annar og geðslegri háttur á þessu máli í n.

Umr. (atkvgr.) frestað.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 383). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er eitt af þeim frv. sem flutt eru í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstj. gaf launþegasamtökunum samfara þeim ráðstöfunum sem gerðar voru í efnahagsmálum 1. des. s. l. Meginbreytingin frá eldri lögum felst í síðustu mgr. 1. gr., en hún er þannig, með leyfi forseta:

„Þegar dagvinnu er skilað með 8 stunda vinnu á dag frá mánudegi til föstudags skal næturvinna taka við á föstudögum strax og lögboðinni eða umsaminni vinnuviku er lokið."

Í aths. með frv. því til breyt. á lögum um 40 stunda vinnuviku, sem hér er nú til umr., er tekið fram, að tilgangur þess sé tvíþættur. Því er annars vegar ætlað að leiðrétta ákveðið misrétti, sem nú er orðið með launþegum þessa lands, og hins vegar að verka sem hemill á þá óhóflega miklu yfirvinnu sem tíðkast hér á landi og allir ábyrgir menn viðurkenna að sé stórfellt vandamál.

Ef ég vík fyrst nánar að síðara atriðinu, skal það fúslega viðurkennt að hér er ekki stigið neitt tímamótaspor í átt til raunverulegrar vinnutímastyttingar, aðeins lagt á vogarskálarnar lítið lóð sem engri byltingu mun valda, en vegur þó óumdeilanlega eitthvað og gerir það réttu megin á voginni. Ég ætla að allir þm. séu á einu máli um að vinnutími hér á landi sé óhóflega langur og að því beri að stefna að draga úr honum þar sem slíks er kostur og

ekki síst af þeim sökum að ýmislegt bendir til þess, að sömu eða svipuðum afköstum megi ná með aukinni hagræðingu og skipulagi þótt eitthvað sé dregið úr lengd vinnutímans. Það eru svo sjálfsagt skiptar skoðanir um hver sé hin rétta leið að því marki og hvort hana beri að fara í stórum áföngum eða stuttum skrefum. Ég tel að jöfn og sígandi þróun sé yfirleitt vænlegust til árangurs í þessum efnum. Í því ljósi bið ég hv. alþm. að skoða þann þáttinn í rökstuðningi með samþykkt frv. sem lýtur að styttingu vinnutíma í landinu.

Ég sagði áður að tilgangur frv. væri öðrum þræði að leiðrétta ákveðið misrétti í kjörum launafólks. Að mínu mati er þar um hreint sanngirnismál að ræða. Í aths. með frv. er skýrt hvernig lög um 40 stunda vinnuviku, nr. 88 frá 1971, urðu þess valdandi að sumir launþegar gátu þurft að vinna eftirvinnu í tvær stundir eftir að vinnuvikunni var að fullu lokið, en hjá öðrum tók næturvinna strax við, eins og tíðkast hafði til þess tíma. Við þá óeðlilegu tilhögun hafa launþegasamtökin aldrei getað sætt sig og leitað þráfaldlega eftir leiðréttingu á því atriði í almennum kjarasamningum. Hafa fjölmennir launþegahópar þegar fengið viðurkenningu vinnuveitenda sinna á þeirri kröfu, þ. á m. öll hin stóru aðildarfélög innan málm- og skipasmíðaiðnaðarins, starfsmannafélögin í ríkisverksmiðjunum og hjá álverinu í Straumsvík. Fer þá, þegar svo er komið, best á því að þessi regla verði almennt látin gilda, en sú hending, sem því getur oft ráðið hvaða vinnuveitanda menn fái, hætti að ráða úrslitum um hvort menn þurfi að sæta skertu álagi á laun sín eftir að þeir hafa skilað af sér fullri vinnuviku.

Í aths. með frv. er að því vikið, að á það megi líta sem fyrsta skrefið að því marki að öll eftirvinna verði felld niður í áföngum. Ljóst er að næsta skrefið að því marki verður ekki stigið á þeim forsendum að jafna þurfi misrétti sem orðið er í þjóðfélaginu. Það hlýtur að skoðast sem framhald þeirrar viðleitni, sem ég áður ræddi um, að draga úr hinum langa vinnutíma sem stundum er raunar nefndur vinnuþrælkun og með nokkrum rétti. Hvenær þær aðstæður verða fyrir hendi í þjóðfélaginu að slík breyting sé í raun til þess fallin að ná tilgangi sínum verður ekki fullyrt um á þessari stundu. Í því efni verður framtíðin að skera úr.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. hv. Nd. með ósk um að hún vinni fljótt, þannig að frv. geti orðið að lögum fyrir þinglok. Einnig leyfi ég mér að leggja til að því verði vísað til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 93. fundur.

Miðvikudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 581). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á árinu 1967 var fyrst tekið í lög að stefnt skyldi að því að fyrirgreiðsla opinberra aðila í þágu námsmanna skyldi nema svonefndri umframfjárþörf þeirra þegar tekið hefði verið tillit til tekjumöguleika og annarra aðstæðna. Síðan eru liðin 12 ár. Lögin, sem þá voru sett, hafa tekið nokkrum breytingum, einkanlega með lögum nr. 57/1976, og hlutfall fyrirgreiðslu opinberra aðila af umframfjárþörf hefur, þegar á allt tímabilið er litið, vaxið verulega. Þó verður að játa að á seinni árum hefur verið um litla hreyfingu upp á við að ræða, þannig að undanfarin ár hafa lán numið u. þ. b. 85% af reiknaðri fjárþörf námsmanna, og hefur ekki orðið nein breyting þar á um nokkurra ára skeið. Eðlilegt virðist, úr því að svo langur tími er liðinn síðan löggjafinn tók þá ákvörðun að stefna að því að fyrirgreiðslan næmi fullri umframfjárþörf, að því marki verði nú náð, og að því miðar það frv. sem hér liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að því marki verði náð í þremur áföngum: á næsta ári hækki viðmiðunarhlutfallið úr 85 í 90% og verði búið að ná 100% umfram fjárþörf á árinu 1982.

Frv. er undirbúið af stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna. Stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna er skipuð þremur fulltrúum námsmanna, tveimur fulltrúum menntmrn. og einum fulltrúa fjmrn. Stjórnin fékk með bréfi frá menntmrn. í nóvembermánuði s. l. tilmæli um að taka þetta mál til athugunar og gera till. um aðrar þær breytingar sem nauðsynlegar væru taldar á lögunum, og rn. fékk síðan till. stjórnar Lánasjóðsins í frv.-formi 30. mars s. l. Það frv., sem hér er lagt fram, er í fullu samræmi við tillögur sjóðsstjórnar. Rétt er að láta þess getið, að þótt í sjóðsstjórn séu fulltrúar nokkuð ólíkra hagsmunaaðila, þar sem eru annars vegar fulltrúar ríkisvalds og hins vegar námsmanna, voru till. í heild samþykktar með 5 shlj. atkv.

Frv. þetta felur þó í sér allveigamikla breytingu aðra en þá sem ég nú hef nefnt. Er það kannske skýringin á hversu vel tókst til um samstöðu innan sjóðsstjórnar. Í frv. er gert ráð fyrir að endurgreiðslu námslána verði breytt allverulega, bæði í átt til aukins réttlætis og jafnaðar, ef svo má segja, og í öðru lagi í þá átt að tekjur sjóðsins og endurgreiðslur til hans örvist að mun, án þess þó að hægt sé að segja að neinum sé íþyngt um efni fram. Auðvitað eru þessi tvö atriði nátengd, þar sem annars vegar er um að ræða nokkuð aukin útgjöld fyrir sjóðinn og svo hins vegar verulega auknar endurgreiðslur til sjóðsins, bæði heildarendurgreiðslur þegar á lengri tíma er litið og örari endurgreiðslur á næstu árum. Það skal skýrt tekið fram, og kemur reyndar fram í þeirri grg. sem sjóðsstjórn sendi menntmrn., að þegar um þessi mál var fjallað var litið svo á að þessi tvö atriði væru órjúfanlega tengd og sjóðsstjórnarmenn gætu ekki fellt sig við að annað hvort atriðið út af fyrir sig væri samþykkt, þótt þeir gætu hins vegar fallist á hvort tveggja sem niðurstöðu samtímis.

Í grg. er gerð skýrari grein fyrir hvaða fjárhagslegar afleiðingar samþykkt frv. hefur í för með sér. Þar er um að ræða 145 millj. kr. hækkun á hverju ári miðað við fjárlög ársins 1979, þannig að fyrsti áfanginn kostar 145 millj. og seinasti áfanginn að sjálfsögðu þrisvar sinnum þá tölu.

Í grg. er einnig gerð grein fyrir að árlegar endurgreiðslur til sjóðsins mundu með núverandi fyrirkomulagi nema um 50—60% af raungildi árlegra lána í upphafi þegar kerfið er að fullu komið til framkvæmda. Á því kerfi er gerð nokkur breyting með því skipulagi sem frv. gerir ráð fyrir, og má gera ráð fyrir að hlutfall lána, sem innheimtist að lokum, hækki um 5—15%, gæti jafnvel

farið upp í 70—75%. Í núverandi kerfi vaxa endurgreiðslur mjög hægt fyrst í stað og mun hægar en efni standa til vegna þess að hátekjumenn og þeir, sem eiga stutt nám að baki, verða lengur að greiða lán sín en þyrfti að vera. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir að fyrstu 10 árin eftir að nýja kerfið kemst á vaxi heildarendurgreiðslur til lánasjóðsins miklu örar. Eru það fyrst og fremst hátekjumenn sem taka á sig þá byrði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni frv. Eins og kemur fram í grg. eru gerðar brtt. um nokkur fleiri atriði, en það eru allt minni háttar atriði. Ég tel afar mikilvægt að unnt sé að afgreiða frv. þetta fyrir þinglok í vor, vegna þess að í hönd fer sá tími að undirbúin verða fjárlög og eðlilegt er að úr því verði skorið sem fyrst, hvort löggjafinn getur fallist á þessa breytingu eða ekki. Ég mælist því eindregið til þess við hv. menntmn. Ed., að hún taki þetta mál föstum tökum. Það er tiltölulega mjög einfalt og krefst þess ekki að lengi sé legið yfir því. Spurningin er sem sagt einfaldlega hvort menn telji ekki tímabært að ná því marki, sem við settum okkur fyrir 12 árum, að fullu nú, jafnframt því sem endurgreiðslur til sjóðsins séu hertar verulega þannig að sjóðurinn komi nokkuð sléttur út úr skiptunum. Ríkisvaldið verður að vísu fyrst í stað, næstu tvö árin eða svo, að leggja heldur meira fé af mörkum til þessara þarfa, en mun hins vegar fá talsvert meiri tekjur í sinn hlut þegar lengra líður frá.

Ég vil, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Mér kom dálítið á óvart að hæstv. ráðh. æskti þess að frv. yrði afgreitt á þessu þingi. Hins vegar er sjálfsagt að athuga þann möguleika, ég vil segja það sem formaður menntmn., ég tel það sjálfsagt.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um að þetta mál er ekkert flókið. Það er annars vegar stefnumarkandi atriði, ákvæði um brúun umframfjárþarfar, og það er venjan með slík mál að þm. eru yfirleitt ekki tregir til að afgreiða mál í þá stefnu ef ríkisstj. á hverjum tíma eru tilbúnar með fjárhagslegu hliðina. Aftur eru hin atriðin, sýnist mér við fljótlegan yfirlestur, fremur tæknilegs eðlis. Þar við bætist að verið hefur um þau samstaða hjá hópi sem er tilnefndur af svo mikilli breidd sem í stjórn Lánasjóðsins er, þar sem eru fulltrúar fjmrn. til og með fulltrúum námsmanna. Eins og hæstv. ráðh. minntist á eru það viss meðmæli með því að tæknilegu atriðin séu aðgengileg fyrir Alþ. til tiltölulega skjótrar afgreiðslu.

Ég er ekki alveg viss um það, hef ekki lesið þetta frv. nægilega, hvort því fylgir áætlun hagsýslunnar um hvaða kostnað breytingar þessar hafi í för með sér fyrir ríkissjóð, en talað hefur verið um að slíkt fylgdi jafnan stjfrv. og er náttúrlega æskilegt. Stundum hefur áætlun komið á eftir og þá til n. Ef hún er ekki í þskj. þessu væri æskilegt að fá hana senda nefndinni.

Ég skal ekki fjölyrða um mál þetta, en langar þó að minnast á örfá atriði. Mér sýnist, eins og fram kom í máli hæstv. ráðh., að þarna séu tvö meginatriði: annars vegar 100% brúun umframfjárþarfar sem komi til framkvæmda á þremur árum, en skort hefur 15% á þá reikningslegu brúun, eins og menn vita, og svo hin breyttu endurgreiðsluákvæði, sem ráðh. gerði í örstuttu máli grein fyrir, en þau þýða örari vöxt á endurgreiðslum til sjóðsins en núgildandi lög gera ráð fyrir. Þessar breytingar held ég að séu mjög til bóta. Eins og ráðh. benti á er stefnt að því að endurgreiðsla þeirra, sem hafa mjög stutt nám að baki eða eru með mjög háar tekjur, aukist. Slíkt er nokkuð hægt að stilla innan ramma þeirra laga sem nú gilda, þar sem endurgreiðslur eru að nokkru leyti miðaðar við tekjur manna.

Þetta helst skiljanlega í hendur við afgreiðslu málsins í stjórn Lánasjóðsins og einnig við meðferð og mat löggjafans á hversu þunga bagga menn vilja binda ríkissjóði. Ég vil taka það fram fyrir mína parta, að ef ríkisstj. er tilbúinn að taka á sig baggann af fullri brúun hinnar metnu umframfjárþarfar vil ég ekki tefja fyrir því máli. Þetta er, eins og segir í gildandi lögum, atriði sem hefur verið stefnt að lengi og er auðvitað æskilegt að geta stigið það spor til fulls fyrr en síðar.

Þegar talað er um umframfjárþörf er einfaldlega átt við það sem vantar á eigin tekjur námsmanns til þess að hann geti framfleytt sér yfir námstímann. Nú er það að vísu svo, að lagaákvæðin segja ekki alveg allt um þetta í framkvæmd vegna þess að nokkuð er komið undir mati þeirra sem um þessi mál fjalla. En auðvitað segja þau mikið samt sem áður.

Ég vil láta koma fram að ég tel eðlilegt að nú, þegar 3 ár eru liðin síðan seinast voru sett lög um þetta, komi til álita ýmsar breytingar varðandi endurgreiðslurnar og svo ýmsar tæknilegar breytingar, því að með þeim breytingum, sem gerðar voru á þessari löggjöf síðast, var farið að verulegu leyti inn á nýjar brautir. Það eru dálítið flóknar lausnir, sem í þeim nýju lögum felast. Eðlilegt er því að þau þurfi fyrr en síðar nýrrar skoðunar. Yfirleitt má segja að málefni eins og námshjálp eða námslán, séu þannig mál í eðli sínu að nauðsynlegt sé að hafa þau nokkuð á hreyfingu og í endurskoðun, þó festa í greiðslum, þannig að menn viti jafnan að hverju þeir ganga, sé nauðsynleg.

Það er t. d. alveg greinilegt að síðasta lagabreyting hafði dregist allt of lengi, því þá var satt að segja komið í töluvert mikið óefni málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það sést nokkuð greinilega að þá voru menn of seint á ferðinni. Þegar lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna voru sett var það stefna löggjafans að sjóðurinn byggði sig að verulegu leyti upp og gæti það að verulegu leyti þegar tímar liðu fram. Ég held að menn hafi verið svo bjartsýnir að gera ráð fyrir að það yrði á 10—15 árum. Ég man þó ekki nákvæmlega. En það var reiknað með því að hann byggði sig að verulegu leyti upp sjálfur. En þegar breytingin var gerð á árabilinu 1975—1976, þegar unnið var að þessu taldist mönnum svo til að endurgreiðslurnar skiluðu ekki nema u. þ. b. 10% af raunvirði þess sem lánað var út. Þarna var því komið í hið mesta óefni. Það var fleira í þessa veru þá, sem ég skal ekki tefja tíma með að rifja upp. En fjármál sjóðsins voru þá komin í mikið óefni, sem m. a. lýsti sér í því, að mjög erfitt var um vik að afgreiða lán og styrki úr sjóðnum á réttum tíma vegna sífelldrar vöntunar á fjármagni til hans. Ég held að þá hafi líka verið verulegur skortur á eðlilegu aðhaldi í sambandi við útlán og eftirlit með framvindu náms.

Ég vil svo aðeins rifja það upp, að meginbreytingarnar, sem þá voru gerðar, álít ég að hafi verið í fyrsta lagi í þá veru að tryggja fjárhagslega stöðu sjóðsins til frambúðar og þar með reglulega og eðlilega afgreiðslu mála úr sjóðnum. Það var tekin upp verðtrygging, hún var veigamesti þátturinn í breytingunum þá, og svo

endurgreiðslufyrirkomulag sem hér hefur aðeins verið vikið að. Svo var þá aukið aðhald og eftirlit. Það var ekki þá, eins og mér skilst að hafi verið þegar lög voru fyrst sett um þetta, gert ráð fyrir að sjóðurinn stæði algerlega á eigin fótum þegar tímar liðu fram, ég held að það sé kannske óraunhæft að gera ráð fyrir því, en að hann að verulegu leyti gæti byggt sig upp sjálfur.

Annað meginatriðið, sem þá kom til framkvæmda sem breyting, var að starfsemi sjóðsins var þá færð nokkuð út og náði til fleiri skóla eða skóladeilda. Tekið var ákvæði inn í lögin um að ráðh. væri heimilt með reglugerð að ákveða að nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra skyldu njóta námsaðstoðar. Í samræmi við þetta fengu nokkrir verknámsskólar og skólar listgreina, fyrst og fremst slíkir skólar, rétt til námslána, tilteknir árgangar þeirra og í sumum tilvikum allir nemendur skólanna. Áður hafði aðstoð Lánasjóðsins ekki náð út fyrir háskólastigið, nema að mig minnir til tveggja verknámsskóla: sjómannaskóla og vélskóla, en það var á sínum tíma gert til að örva aðsókn að þeim mjög nauðsynlegu skólum.

Eftir breytinguna var bætt inn deildum í Fiskvinnsluskóla, framhaldsdeildum Iðnskólans, raungreinadeildum Tækniskólans og Fóstur-, Hjúkrunar- og Þroskaþjálfaskólar voru teknir inn, efri bekkir þeirra, Íþróttakennaraskóli, Hússtjórnarkennaraskóli og svo leiklistar-, myndlistar- og tónmenntaskólar, tilteknar deildir. En auk þessa var þá, má ég segja, tekin upp hin svokallaða 20 ára regla. Henni er hér breytt lítils háttar og áreiðanlega til bóta í samræmi við fengna reynslu. Þetta kostaði aukna fjármuni, en að nokkru leyti vannst það upp með auknu almennu aðhaldi og með því sjálfvirka aðhaldi sem verðtryggingin veitir. Menn tóku þá ekki, eftir að hún var komin á, lán nema þeir teldu brýna nauðsyn bera til — sem menn eðlilega tóku áður þegar í boði var svo ódýrt fjármagn sem raun bar þá vitni. Alveg er sama þróun nú með þessu frv., að gert er ráð fyrir aukningu réttinda nú yfir allan hópinn með fullri brúun umframfjárþarfar. Og það er eins nú og þá, að það kemur nokkuð á móti. Hér er stuðlað að þróun í þá átt sem ég held að allir vilji styðja. Ég held að því hafi yfirleitt ekki verið andmælt á Alþ., þegar hámarksákvæðin voru til meðferðar, að stefnt skyldi að 100%. Og það er auðvitað þróun í þá átt, sem allir vilja tvímælalaust, að allir geti fengið aðgang að námi, sem hafa til þess vilja og getu að stunda nám.

Ég hef rifjað upp samhengið í þessum málefnum lánasjóðsins. En mig langar til að nefna að lokum tölur. Þær eru dálítið merkilegar, finnst mér. 1971 voru á fjárl. 90 millj. kr. til Lánasjóðs ísl. námsmanna, 1975 var sú fjárhæð 680 millj. og núna, að meðtöldum lánsheimildum, er fjárhæðin 2635 millj. kr. Þetta er mikil aukning. En það er erfitt að bera saman tölur án þess að þær séu umreiknaðar í eitthvert fast verðlag 1971 voru fjárl. 11 milljarðar, 1975 voru þau 48 milljarðar og 1979 eru þau 209 milljarðar kr. M. ö. o. hafa niðurstöðutölur fjárlaga tvítugfaldast á þessu tímabili, en framlögin til námslána þrítugfaldast. Þetta eru að vísu lagaðar tölur, en þó nærri réttu. En þá er vel að merkja, að þó okkur þyki feiknalegur munur á 8 árum á 90 millj. og 2635 millj. er alls ekki víst að þarna sé um svo stórfellda breytingu að ræða. — Fjárlög ríkisins hafa tvítugfaldast, námslánin hafa þrítugfaldast, en á þessu árabili hefur orðið ótrúlega mikil fjölgun námsmanna á mörgum stigum almennt. Og það hafa verið teknar upp, eins og ég nefndi áðan, reglur um að veita námsaðstoð fjölmörgum nýjum aðilum sem ekki fengu hana þá. Ég er því ekki viss um að þenslan sé mikil umfram hina almennu þenslu í þjóðfélaginu og umfram það sem leiðir af því hvað menn sækja fastar til mennta en fyrir fáum árum. Aftur á móti á árinu 1975, þegar verið var að breyta lögunum síðast, stefndi í hreint óefni. Þá voru uppi harðar kröfur um 2600 millj., ég man glöggt þá tölu. Það var mikið um það talað, námsmenn héldu því fast fram og leiddu, frá sínum sjónarmiðum, ýmis rök að því að þá þyrfti 2600 millj. kr. til að standa undir eðlilegum lánum eða nokkurn veginn sömu fjárhæð og nú nægir, eftir 4 ár.

Það er vissulega svo hér sem annars staðar að hætta er á ofþenslu ef menn gá ekki að sér. Menn vilja gjarnan aukin réttindi, og öll viljum við áreiðanlega að veittur sé stuðningur þeim sem þurfa. Menn verða þá auðvitað um leið að treysta aðhald og eftirlit og gera ráðstafanir til þess að endurgreiðslur séu með eðlilegum hætti.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Námslán og námsstyrkir eru eitt af þeim málum þar sem verðbólgan hefur ruglað alla hluti á síðustu árum. Eins og kom fram áðan var búist við að sjóðurinn, sem um er að ræða, mundi geta að mestu leyti staðið undir sér sjálfur eftir nokkurn tíma, en slíkt er fjarri lagi. Um þennan sjóð hefur staðið allmikill styrr á undanförnum árum og námsmenn verið mjög óánægðir með framgang mála, en ég held að aðgerðir, sem gerðar voru í tíð síðustu stjórnar, hafi verið mjög mikill áfangi á leiðinni. Þá var lánskjörum breytt þannig að meira en 10—12% koma aftur til baka, enda þótt verðbólga sé. Á þann hátt á að vera auðveldara nú en áður að ná því marki sem stefnt var að, þ. e. a. s. veita 100% námslán og námsstyrki eins og nú stendur til.

Ég vildi sérstaklega taka fram, að ég held að stjórnarandstaðan muni ekki á nokkurn hátt bregða fæti fyrir framgang þessa máls. En mér finnst þó að þm. verði a. m. k. að hafa hugmynd um hvað þetta muni kosta, ef á að fara gegnum þingið á stuttum tíma. Einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að þarna muni vera um hærri upphæðir að ræða en kom fram í ræðu hæstv. ráðh.

Ég vil taka það fram, þar sem ég sit í þeirri n. sem frv. mun fara til, að þarna eru að sjálfsögðu mikil fjármál til umhugsunar og við verðum að vita hvað við erum að gera. Í öðru lagi er hér um mál að ræða sem fyrir mörgum árum var búið að lofa að skyldi koma til framkvæmda. Því held ég að ástæða sé til að taka á málinu með skilningi og velvild.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Upplýsingar þær, sem ég gaf áðan um kostnaðarhlið þessa máls, eru fengnar úr útreikningum sjóðsstjórnar sem undirbjó frv., og hef ég ekki haft ástæðu til að vefengja þær. Ég geri ráð fyrir að þeir útreikningar séu framkvæmdir að bestu manna yfirsýn og samkvæmt þeim gögnum sem fyrir lágu hjá framkvæmdastjóra sjóðsins. Ég tek hins vegar undir með þeim þm. sem hér hafa talað, að eðlilegt er að yfirfara þessar áætlanir og reikninga og tryggja að menn viti hvað þeir eru að samþykkja. Ég lét það því verða mitt fyrsta verk, þegar frv. var sent mér að senda það til umsagnar Þjóðhagsstofnunar. Það var gert fyrir páska með beiðni um að reiknaðar yrðu út fjárhagslegar afleiðingar af samþykkt þessa frv. fyrir afkomu sjóðsins. Ég dró nokkuð að leggja frv. fram og beið

þess að fá gögnin í hendur, en þegar það dróst ákvað ég að leggja frv. fram í þeirri vissu og von að hv. menntmn. fengi útreikninga þessa í hendur er hún kæmi saman til að fjalla um frv. Ég geri ráð fyrir að hv. menntmn. kalli eftir þessum útreikningum. Þeir hljóta að liggja fyrir núna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 612). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands var lagt fyrir seinasta þing, en varð þá ekki útrætt. Miklar umr. urðu um málið á Alþ., og held ég að fullyrða megi að flestir þeir þm., sem til máls tóku, fögnuðu því að frv. skyldi komið fram um þetta efni og hreyfing væri í þá átt að tryggja tilvist Sinfóníuhljómsveitar Íslands með lögum. Það fór þó svo, að enda þótt frv. væri snemma fram komið entist þm. ekki veturinn til að afgreiða málið. Kom þar m. a. til að ýmislegt í frv. olli ágreiningi bæði innan þings og utan. Vissulega er ekki forsvaranlegt að ekki sé löggjöf til um þessa starfsemi og er reyndar furðulegt að svo mjög skuli hafa dregist að löggjöf væri sett um Sinfóníuhljómsveitina.

Hinn 31. ágúst 1978 skipaði menntmrh. nýja nefnd til að endurskoða það frv. sem ekki hafði náð fram að ganga á síðasta þingi. Það var fyrrv. menntmrh. sem skipaði þessa nefnd, enda var það daginn áður en núv. menntmrh. tók til starfa. Þessi nefnd starfaði í vetur og skilaði nýju frv. 3. apríl s. l.

Með því frv., sem hér er lagt fram og er nær óbreytt eins og nefndin skilaði því, er stefnt að því að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði sjálfstæð stofnun sem njóti fjárstuðnings frá ríkissjóði og frá sveitarfélögum í næsta nágrenni Reykjavíkur, en geri auk þess viðskiptasamning við Ríkisútvarp, Þjóðleikhús og fleiri aðila um viðskipti sín, þ. e. a. s. flutning tónverka í þágu þessara stofnana. Frv. stefnir að því að allt rekstrarform hljómsveitarinnar miðist við sjálfstæðan skipulegan rekstur með það fyrst og fremst að markmiði að þjóna því menningarhlutverki sem sinfóníuhljómsveitir gegna um allan heim.

Ég sagði að frv. væri flutt nær óbreytt eins og nefndin hefði skilað því af sér. Breytingarnar, sem gerðar voru frá því að nefndin skilaði því af sér, eru annars vegar varðandi 4. gr. frv., þar sem áskilið er að formaður stjórnar hljómsveitarinnar hafi tónlistarmenntun, og hins vegar ákvæði 4. mgr. 6. gr. frv., þar sem segir að heimilt sé að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma eða panta verk til flutnings hjá tónskáldum. Síðast talda ákvæðið er í fullu samræmi við hliðstæð ákvæði í þjóðleikhúslögum, þar sem heimilað er einnig að sú stofnun ráði sér höfund í takmarkaðan tíma. Ég tel sjálfsagt að stofnanir sem þessar, sem vissulega eru fyrst og fremst tengdar flutningi verka, stuðli með slíkum hætti að skapandi list.

Í frv. er gert ráð fyrir að stofn- og rekstrarkostnaður Sinfóníuhljómsveitarinnar skiptist með nokkuð öðrum hætti milli aðila en nú er. Þó er þar ekki neinn reginmunur á og alls ekki eins mikil breyting hvað þetta atriði snertir og var í hinu fyrra frv. Hlutdeild ríkissjóðs í rekstri hljómsveitarinnar er áfram rétt um 50% eins og er nú, þ. e. a. s. hlutdeildin er nú 50.6%, og gert ráð fyrir því að hún verði áfram 50%. Hlutdeild Ríkisútvarpsins hefur verið 28%, en lækkar við samþykkt frv. í 25%. Borgarsjóður Reykjavíkur hefur staðið undir 21.4% af kostnaði, en nú er gert ráð fyrir að borgarsjóður Reykjavíkur ásamt bæjarsjóðum nokkurra nálægra byggða, þ. e. bæjarsjóðir Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Seltjarnarness, standi undir 25% kostnaðar.

Í grg., sem nefndin, sem undirbjó frv., hefur samið, segir m. a.:

„Frv. það, sem lagt var fyrir 99. löggjafarþing, hafði mætt mikilli mótspyrnu Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem taldi að ef frv. yrði að lögum í þeirri mynd, sem það lá fyrir í, mundi það stofna tilvist hljómsveitarinnar í voða. Lágu til þess aðallega þrjú atriði frv., sem sé ákvæði 6. gr. að stjórn hljómsveitarinnar skuli ráða „allt að 65 hljóðfæraleikara til fastra starfa við hljómsveitina“, og enn fremur ákvæði 3., 4. og 9. gr. frv. sem gera ráð fyrir Þjóðleikhúsinu sem rekstrar- og stjórnunaraðila hljómsveitarinnar. Þriðja atriðið, sem Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafði út á frv. að setja, voru tengsl þau milli yfirstjórnar og verkefnavalsnefndar hljómsveitarinnar, sem frv. gerði ráð fyrir, en þau eru sambærileg við það sem verið hefur undanfarna tæpa tvo áratugi og ekki gefið góða raun að mati Starfsmannafélagsins.“

Þau þrjú atriði, sem ég hef nú vikið að, hafa öll verið í endurskoðun. Er þá fyrst til að taka að nefndin varð sammála um að ákvæðið, sem áður var um fjölda hljóðfæraleikara þar sem fjöldinn var bundinn við 65, væri óeðlilegt og gæti valdið vanda einhvern tíma í framtíðinni þegar hugsanlega þyrfti að bæta einum hljóðfæraleikara við, þá væri óeðlilegt að slíkt atriði væri lögbundið og ekki hægt að hreyfa það eitt eða neitt nema fara til Alþingis og fá breytingu gerða á því. Allar nýjar ráðningar hjá opinberum stofnunum eru, eins og kunnugt er, háðar samþykki ráðningarnefndar ríkisins, og það mun að sjálfsögðu ná til nýrra ráðninga hjá Sinfóníuhljómsveitinni eins og hjá öðrum opinberum stofnunum. Stærðir sinfóníuhljómsveita eru háðar vissum lögmálum og nefndin taldi að fremur væri ástæða til að tryggja að stærð Sinfóníuhljómsveitarinnar færi ekki niður fyrir 65 stöðugildi hljóðfæraleikara. Það væri frekar að hér væri um að ræða lágmarkstölu, enda er talan 65 sú lágmarksstærð hljómsveitar sem fæst við flutning sinfóníska tónverka.

Í grg. frv. er forsaga þessa máls rakin allítarlega. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, sem áður hefur komið til meðferðar á Alþingi.

Ég held að það fari ekki milli mála að frv. hefur tekið breytingum til bóta, frá því að það var kynnt á Alþ. fyrir einu ári, og um það sé nú allt önnur og miklu betri samstaða en var þegar það var fyrst kynnt. Þakka ég það fyrst og fremst ágætu starfi þeirrar nefndar sem undirbúið hefur frv. og skilað hefur einróma niðurstöðum. Ég tel afar þýðingarmikið að hið allra fyrsta verði sett lög er tryggi áframhaldandi starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar, því að starf hennar er, eins og flestum er kunnugt, grundvöllurinn í tónlistarlífi hér á Íslandi.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég hlýt að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er hér fram komið. Það er áreiðanlega ekki vanþörf á að setja lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands og gera hana þar með að sjálfstæðri stofnun.

Það var töluvert erfið fæðing á því frv. sem flutt var á Alþ. síðast. Meðferð þess á Alþ. bar líka vott um að menn voru ekki á einu máli.

Eitthvert þýðingarmesta atriðið og það erfiðasta í frv., eins og það var lagt fram í fyrra, var ákvæðið um hámarkstölu þeirra sem í hljómsveitinni skyldu spila. Þetta ákvæði var tvímælalaust óeðlilegt. Við getum litið á lög um aðrar menningarstofnanir, t. d. Þjóðleikhúsið. Hefur mönnum sennilega aldrei komið til hugar að setja slíkt ákvæði inn í lög um þjóðleikhús, að þar skyldi starfa tiltekið hámark leikara.

Þó svona miklir erfiðleikar væru við að setja saman frv. um Sinfóníuhljómsveit Íslands, eins og vissulega voru þá fyrir hendi á þeim slóðum sem að því var unnið, taldi ég samt rétt að sýna frumsmíðina á Alþ., þó raunar væri fyrir fram vitað að það frv. næði ekki fram að ganga á því þingi. Það vafðist nokkuð fyrir mér, satt að segja, hvernig standa skyldi að framhaldinu á þessu verki, en ég tók þá ákvörðun, eins og hæstv. ráðh. réttilega skýrði frá, að skipa, áður en ég færi frá, nefnd til að vinna að málinu áfram. Hún var öðruvísi samsett en sú nefnd sem vann að fyrra frv.

Þetta er eitt af þeim málum sem kannske er ekki þægilegt að afgreiða mjög fljótt á þingi, nema þá Alþ. sé allt öðruvísi skipað en það var og þar séu komin upp allt önnur viðhorf en voru á síðasta þingi. Þá er margt hægt að gera, því ekki er þetta mál svo sem flókið í sjálfu sér. En menn munu, ef að vanda lætur, hafa mismunandi skoðanir á því.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en ég vil aðeins segja það að lokum, að aldrei er nógsamlega undirstrikað hve nauðsynlegt er að stofnun af stærð Sinfóníuhljómsveitarinnar og með það menningarlega gildi, sem hún vissulega hefur, fái fast land undir fótum, fái lög til að starfa eftir, ekki aðeins frá tónsnillingum, heldur líka lög frá Alþingi!

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Það eru tvö atriði sem mig langar til að undirstrika, en ég tel að þau hafi nokkra þýðingu. Öðru atriðinu hefur verið bætt við frv. miðað við það sem áður var.

Hið fyrra er í 2. gr. þar sem stendur „að tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er". Ég tel ástæðu til að undirstrika þetta atriði hér, ekki síst með tilliti til þess að það er gífurlega mikill tónlistaráhugi í landinu og hefur aukist á síðari tímum. Það hefur valdið vissum erfiðleikum — og veldur, hversu erfitt er að fá tónlistarfólk til þess að sinna tónlistarkennslu víðs vegar. Ég er ekki í neinum vafa um að Sinfóníuhljómsveit Íslands sem sjálfstæð stofnun hlýtur að geta haft hvetjandi áhrif í þessu efni ef vel er að staðið.

Hitt atriðið, sem ég vil vekja athygli á, er í 3. gr.: „Efna má til samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Þjóðleikhúsið og aðra aðila," eins og stendur í 3. gr. Í grg. stendur að hér sé gerð tilraun til að efla og auðvelda tónlistarflutning Þjóðleikhússins og fleiri aðila, t. d. Íslenska dansflokksins og Íslensku óperunnar. Ég vil í þessu sambandi undirstrika að ég tel nauðsynlegt að fastmótuð sé löggjöf um þetta atriði. Ég vil minna á að það varð merkur tónlistarviðburður hér um síðustu helgi, þar sem Passíukórinn á Akureyri flutti stórverkið „Árstíðirnar" í Háskólabíói s. l. sunnudag með aðstoð hljóðfæraleikara úr Sinfóníuhljómsveitinni. Varð það mér og sjálfsagt fleiri, sem nutu þess, til mikillar ánægju. Þetta er einmitt merki þess að hægt sé að vænta af stofnun eins og sinfóníuhljómsveit að hún geti aðstoðað á virkan hátt áhugafólk og ýmsa aðila sem hafa áhuga á að auka menninguna á þessu sviði í landi okkar. Slíkt tel ég mikils virði. Taldi ég rétt að undirstrika þessi atriði sérstaklega um leið og ég fagna frv. og lýsi yfir stuðningi við það.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ekki verður deilt um menningargildi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er að sjálfsögðu mikil nauðsyn að starfsemi hennar aukist, ekki síst að landsbyggðin geti notið hennar í ríkari mæli en verið hefur undanfarið. En ástæðan til þess, að ég stend upp, er að mig langar til að leggja þá spurningu fyrir hæstv. ráðh., hvort hann hafi haft samráð við þær bæjarstjórnir sem eiga að greiða 25% af rekstrarkostnaði. Mér skilst að breytingin sé sú, að áður greiddi eingöngu Reykjavík 21.4% af kostnaði við sinfóníuhljómsveit, en nú eigi nágrannasveitarfélögin einnig að greiða hlut. Mig langar til að vita hvort haft hafi verið samráð við þau um framlag þeirra. Þetta kom sérstaklega upp í huga minn vegna þess að það er á fleiri sviðum verið að fara inn á sömu braut og mikil nauðsyn að samráð sé haft ef nýjum aðilum er falin greiðsluskylda, á hvaða sviði sem það er.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna fsp. hv. þm. Odds Ólafssonar, 4. þm. Reykn., get ég sagt það eitt, að mér er ekki kunnugt um hvort nefndin, sem hafði málið til endurskoðunar í vetur, ræddi sérstaklega við forsvarsmenn viðkomandi sveitarfélaga um þennan þátt málsins, en rn. hefur ekki gert það að þessu sinni. Hins vegar er eins og mig minni að ég hafi heyrt að þegar frv. var upphaflega undirbúið hafi verið haldinn fundur með þessum aðilum, þar sem þeir hafi lýst sig reiðubúna til að taka þátt í samstarfi um rekstur hljómsveitarinnar, og ég hef alltaf gengið út frá því sem gefnu. Mér hefur skilist að það óformlega samkomulag, sem þar var fyrir hendi og mér hefur verið skýrt frá að hafi verið til umr. á sínum tíma, væri óbreytt.

Á þetta mun kannske reyna eitthvað frekar þegar frv. er komið fram og aðilar fá það til umsagnar og er sjálfsagt að skoða það nánar. Sveitarstjórnir taka breytingum eins og aðrir. Það hafa verið haldnar sveitarstjórnarkosningar síðan frv. var fyrst undirbúið og er því auðvitað ekki alveg hægt að útiloka að einhver breyting hafi orðið á skoðunum einstakra sveitarstjórnarmanna hvað þetta atriði snertir.

Hins vegar verð ég að segja það eins og er, að ég tel að þetta sé sjálfsagt mál, sanngirnismál. Hljómsveitin starfar á þessu svæði fyrst og fremst. Enda þótt hún fari að vísu tónleikaferðir út um land er starf hennar að verulegu leyti bundið við þetta svæði. Borgarsjóður Reykjavíkur hefur staðið undir kostnaði að sínum hluta alllengi, en auðvitað segir sig sjálft að fólk úr nálægum byggðarlögum hefur ekkert síður átt þess kost að sækja tónleika en Reykvíkingar. Því virðist fullkomlega sanngjarnt og

eðlilegt að létta kostnaði að einhverju leyti af borgarsjóði Reykjavíkur, þannig að öll þessi byggðarlög taki höndum saman um að styðja rekstur hljómsveitarinnar. Er það sjálfsagt mál og eðlilegt. En vissulega þarf að hafa samráð við viðkomandi sveitarstjórnir um þetta, og vænti ég þess að hv. menntmn. beri málið undir viðkomandi sveitarstjórnir og ræði það nánar við þær. — En hvað gerst hefur í tíð fyrirrennara míns er hann líklega hæfari til að gera grein fyrir en ég.

Soffía Guðmundsdóttir: Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, að ástæða er til að fagna því að þetta frv. skuli vera fram komið, og eru tvímælalaust til bóta flest ákvæði sem þar koma fram. Það er mála sannast að kominn er tími til að sett séu lög sem tryggja tilvist Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ég vildi aðeins ræða stuttlega þrjá liði í frv.

Það er 6. gr., þar sem kveðið er á um lágmarkstölu stöðugilda og talað um 65. Það er sennilega algert lágmark að því leyti sem tekur til flutnings sinfóníska verka. Það, sem ég hef í huga þegar ég nefni þarna lágmark, er m. a. að við höfum ekki nema eina sinfóníuhljómsveit í landinu, af skiljanlegum ástæðum, og það er ákaflega mikilvægt að hægt sé að nýta starfsemi hennar sem allra mest og það á fleiri en einum stað í ákveðnum tilvikum, þannig að hægt sé að skipta henni í hópa sem gætu fyrir sitt leyti innt af hendi störf á fleiri en einum stað í einu. En þetta þýðir auðvitað nokkurt mannahald og visst skipulag í framkvæmd þess.

Síðan er það 10. gr. Þar er kveðið á um tónleikaferðir um landið. Væri mjög til bóta ef hægt væri að koma slíku á fastari grunn, því að ég get borið um það og fjölmargir fleiri að það er mikill fagnaður að því að fá hljómsveitina í heimsókn. Ég bendi á að ekki er endilega nauðsynlegt að hafa þetta alltaf það þungt í vöfum að allt báknið sé á ferðinni í einu. Þarna kæmi líka til greina að hafa í huga ákveðinn sveigjanleika í starfseminni.

Og svo er það sem kemur fram í 2. gr. sérlega mikilvægt, þar sem vikið er að því að tengja beri starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu yfirleitt. Um menningarlegt gildi hljómsveitarinnar þarf ekki að ræða, en það eru tengslin við tónlistarkennsluna sem ég held að menn þurfi að huga nokkuð vel að því að ekki er sjálfsagt að við höfum stofnun sem sinfóníuhljómsveit. Hún þarf í raun að vera í rökréttu og eðlilegu samhengi við annað sem gert er í landinu á þessu sviði. Það er þá fyrst og fremst tónmenntakennslan sem ég á við. Það er ástæða til þess að benda á að í miklu ríkari mæli þarf að efla tónmenntakennslu, koma henni í ríkari mæli og víðtækari inn í grunnskólana og síðan að efla sérskólana á þessu sviði sem eru á nokkrum stöðum um landið. Með því að fá meiri tónmenntakennslu inn í grunnskólana mundi létt mörgu því af sérskólunum sem þeir framkvæma núna og þeir mundu að sínu leyti nýtast betur. Og ég vil enn benda á að þetta þarf allt að haldast í hendur og sömuleiðis að sinfóníuhljómsveit með fullu umfangi er kannske fyrst og fremst tákn um vissa yfirbyggingu og þar þarf að huga að undirstöðunum. Slík yfirbygging, hvort sem hún heitir ópera eða sinfóníuhljómsveit, fær því aðeins staðist að undirstöðurnar séu traustar og þar vil ég enn og aftur leggja áherslu á tónmenntakennsluna í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 556, n. 629, 630). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. varð sammála um nál., eins og kemur fram á þskj. 629, um frv. til l. um aðstoð við þroskahefta.

N. hefur yfirfarið frv. Það kom strax í ljós í n. og hjá einstökum nm. að mikill áhugi er í landinu á þessu lagafrv., því að bæði fékk n. áskoranir í símskeytum og bréfum og einnig einstakir nm., jafnvel voru hundruð nafna á áskriftarlistum sem bárust sumum nm. úr vissum héruðum. Þess vegna er ljóst að hér er um málefni að ræða sem lengi hefur verið beðið eftir, og var eðlilegt að það fengi skjóta meðferð á hv. Alþ., eins og raunar kom fram þegar hæstv. félmrh. lagði málið fyrir hv. deild.

Það kemur fram í þessu frv. til l. að það er mjög vel undirbúið. Er í raun og veru nægjanlegt að vitna til ummæla sem koma fram í aths. við 3. gr. frv. á þskj. 556, þar sem þeir, sem sömdu frv., telja að eitt stærsta vandamálið varðandi málefni þroskaheftra sé skortur á yfirstjórn og samstjórn og það eitt að koma því í lag yrði stór áfangi í velferðarmálum þroskaheftra.

Eins og kemur fram í nál. hafði n. einnig til meðferðar frv. til l. um Framkvæmdasjóð öryrkja, 22. mál frá Nd., sem hafði verið samþ. í Nd. og sent Ed. Eftir að hafa skoðað frv. samhliða komst n. að þeirri niðurstöðu að útilokað væri að samþykkja frv. tvö sitt í hvoru lagi, ekki síst vegna stjórnunarlegs misræmis sem þá kæmi fram. Þess vegna ákvað n. að reyna að samræma frv., eins og kemur fram í brtt. sem n. flytur á þskj. 630.

N. fékk á sinn fund lækna við Kópavogshælið sem hafa reynslu af þessum málum, og enn fremur kom fram ósk frá Foreldrafélagi Kópavogshælis þar sem voru settar fram nokkrar ábendingar.

Geri ég þá grein fyrir breytingum sem n. leggur til.

Er þar fyrst brtt. við 3. gr., þ. e. a. s. um sérstaka stjórnunarnefnd málefna þroskaheftra. Leggur félmn. til að auk þeirra, sem þar eru nefndir, þ. e. fulltrúa frá félmrn., menntmrn. og heilbr.- og trmrn., komi fulltrúi frá Öryrkjabandalagi Íslands, sem tilnefni einn fulltrúa, og einn fulltrúi frá Landssamtökunum Þroskahjálp.

Við 10. gr. leggur n. til að bætist ný mgr. að því er varðar greiningarstöð ríkisins, að heimilt sé að fela starfandi stofnunum verkefni greiningarstöðvar ríkisins uns hún tekur til starfa. Þetta er gert eftir ábendingu. Eins og fram kemur í grg. með frv. eru nú starfandi tvær greiningarstöðvar, við Kópavogshælið og við Öskjuhlíðarskóla, þannig að talið er eðlilegt að árétta það í lögunum að heimilt sé að fela þeim greiningarstöðvum þetta verkefni þar til gengið hefur verið formlega frá stofnun greiningarstöðvar ríkisins.

Í sambandi við 12. gr., þar sem talið er upp hverjar skuli vera stofnanir fyrir þroskahefta, þótti eðlilegt, einnig eftir ábendingu sem n. fékk, að bæta við 11. liðnum, „vistheimili“, til þess að ná yfir það sem menn telja að þurfi að koma fram. En eins og kemur fram í

frvgr. sjálfri gerir ráðh. ráð fyrir að setja reglugerð sem kveði nánar á um starfsemi þessa og verkaskiptingu milli einstakra stofnana.

13. gr. er breytt. Þar tók n. tillit til ábendinga frá þeim læknum sem komu á fund n. frá Kópavogshæli. Töldu þeir, miðað við þá reynslu sem fengin er, að þyrfti að breyta orðalagi hennar nokkuð. Hér er um að ræða að umsóknir um þjónustu á vistunarstofnunum, sbr. 12. gr., skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn heimilar vistun að höfðu samráði við forstöðumann. Þá kemur breytingin: „enda sé áður leitað umsagnar greiningarstöðvar ríkisins og hún mælt með vistun." Óbreyttur er síðari liðurinn: „sé um að ræða stofnanir" o. s. frv. Þetta tekur af öll tvímæli og er ákveðnara en „svæðisstjórn getur sett sem skilyrði að greining sé framkvæmd á greiningarstöð ríkisins". Þarna er sem sagt miðað við ákveðið form sem n. taldi að eðlilegt væri að setja inn í greinina.

Við 17. gr. er breyting í 1. mgr.: „Ríkið skal sjá um að komið verði á fót þeim stofnunum, sem taldar eru upp í 12. gr., tölul. 2—9. Kostnaður greiðist úr Framkvæmdasjóði, sbr. 6. kafla. Sveitarfélög sjá um að koma upp deildum samkv. 1. tölul. 12. gr. og fer um þann kostnað í samræmi við lög nr. 112/1976." Nauðsynlegt er að gera þessa breytingu vegna þess sem á eftir kemur.

Síðan er sú breyting sem tekur til samræmingar á frv. tveimur sem ég lýsti áður, þ. e. a. s. á 22. máli frá Nd. um öryrkjasjóð og þessu. Gerir n. þá breytingu, að á eftir 23. gr. komi nýr kafli, 6. kafli, sem heiti: Framkvæmdasjóður. Sá kafli er samræmdur í öllum aðalatriðum frv. sem n. hafði til meðferðar, þannig að við teljum að með þessari breytingu sé náð fram því, sem þar var að stefnt, og gerð samræming, sett allsherjarlöggjöf, sem er miklu eðlilegra þar sem breytingin jaðrar við það sem þar kom fram.

N. gerir ráð fyrir að stofna skuli sjóð, sem nefnist Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra, og sé hann í vörslu félmrn. Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir, sem taldar eru í 1. mgr. 17. gr., og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu og endurhæfingar, einnig endurhæfingarstöðvar og dvalarheimili sem ekki er fyrirsjáanlegt að fé verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum er um getur í lögum nr. 27 frá 1970 eða á annan hátt, sbr. enn fremur 2. mgr. 26. gr.

Þá kemur 25. gr. sem er um tekjur sjóðsins. Eins og fram kom í frv. frá Nd. var gert ráð fyrir að um yrði að ræða markaðan tekjustofn, þ. e. a. s. sérstakt gjald miðað við sölu á áfengi og tóbaki, og margir voru heldur óhressir með að fara að lögfesta slíka tekjustofna. Enn fremur hafði komið fram frá samtökum fólks, Þroskahjálp og fleiri aðilum, að það er ekki sérstaklega vel séð að greitt sé eingöngu fyrir málefnum þessara aðila í þjóðfélaginu með tolli af brennivíni og tóbaki. Gerir félmn. sem sagt till. um að ríkissjóður leggi sjóðnum árlega til fjármagn, a. m. k. 1000 millj. kr., og að sú fjárhæð hækki í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við grunn ársins 1979, enn fremur frjáls framlög og aðrar tekjur, er til kunna að falla, svo og vaxtatekjur.

Í 26. gr. er stjórnarnefnd falið að annast stjórn sjóðsins. Hlutverk hennar er að ráðstafa fé sjóðsins í samræmi við ákvæði 24. gr., að fengnum till. rn. félagsmála og menntamála. Leita skal staðfestingar viðkomandi ráðh., sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 5. gr. laga nr. 27 frá 1970, eins og venja er. Heimilt skal þó að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu sem ríki og sveitarfélagi ber sannarlega ekki að greiða. Skýrt er afmarkað við hvað er átt og þarf ekki nánari skýringar við. Við úthlutun úr sjóðnum skal taka sérstakt tillit til fjölda einstaklinga sem úrlausnar þarfnast á hverju sviði og í hverju byggðarlagi. Enn fremur er talað um að varast beri að ráðast í óhæfilega mörg verkefni samtímis. Gæti slíkt e. t. v. orðið til þess að ekki næðist sá árangur sem að er stefnt.

27. gr. er um að formaður stjórnarnefndar annist daglegan rekstur sjóðsins í skrifstofu félmrn., nema ráðh. ákveði aðra tilhögun.

28. gr.: „Menntmrn. lætur stjórnarnefndinni í té árlega endurskoðaða áætlun um þörf stofnana vegna kennslu þroskaheftra, sbr. 52. gr. laga nr. 63 frá 1974, og gerir till. um fjármögnun hennar. Rn. veitir sjóðsstjórn allar upplýsingar um kennslu þroskaheftra, þ. á m. um sérkennsluþörf í hverju byggðarlagi og í landinu öllu."

Og 29. gr.: „Félmrn. í samráði við endurhæfingarráð lætur stjórnarnefnd í té áætlun og upplýsingar varðandi endurhæfingu. Þessir aðilar skulu gera reglulega könnun á þörfinni fyrir endurhæfingar- og vinnustöðvar með tilliti til hvers byggðarlags og landsins alls. Könnunin skal einnig ná til dvalarheimila.

Lána- og styrkjasjóðum þeim, sem um getur í endurhæfingarlögum, er skylt að veita stjórnarnefnd reglulega yfirlit yfir það fé, sem er til ráðstöfunar og fyrirhugað er að verja til framkvæmda."

Aðrar greinar breytast í ýmsum ákvæðum í samræmi við það sem hér er lagt til.

Eins og ég sagði í upphafi er mjög mikill áhugi á því að frv. nái fram að ganga, og margar þær ábendingar og áskoranir, sem n. hafa borist og einstökum nm., eru viss hvatning um að hér sé mjög nauðsynlegt og brýnt mál á ferð sem Alþ. beri að afgreiða með þeim hraða sem mögulegt er að leggja í slíka afgreiðslu.

Ég tel ástæðulaust að ræða þetta mál meira. Það er samhljóða álit félmn. að það þurfi að fá eins hraða afgreiðslu og mögulegt er í þessari hv. d. og í hinni d. þingsins. Eins og fram kemur á nál. hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að flytja eða styðja brtt. er fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Ég hef lokið framsögu og vonast til að málið fái hraða meðferð.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil strax lýsa því yfir, að ég er mjög samþykkur þeim brtt. sem hér hafa komið fram og hv. félmn. hefur lagt fram. Ég sé að n. hefur tekið efnislega öll aðalatriðin úr frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um Framkvæmdasjóð öryrkja inn í þetta frv. og er það að mínu mati mjög gott.

Ég vil svo, herra forseti, láta í ljós sérstaka ánægju mína og þakkir til hv. félmn. fyrir skjót vinnubrögð og vel unnin störf.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mér þykir mjög vænt um, að félmn. skuli hafa haft hraðar hendur og tekið svo fast á þessu máli, og lýsi yfir sérstakri ánægju með afgreiðslu þess. Enn fremur er þakkarvert að hún skuli hafa tryggt Framkvæmdasjóði öryrkja lagalegan grundvöll með því að tengja hann þessu ágæta máli. Að sjálfsögðu mundi samþykkt frv. um aðstoð við þroskahefta hafa kostað ríkissjóðinn mikið fjármagn og er ekki gott

að segja úr því sem komið er, hvort frv. til l. um Framkvæmdasjóð öryrkja hefur nokkurn viðbótarkostnað í för með sér fyrir ríkið. En alla vega er öruggt að til þessara mála verða lagðir miklir fjármunir. Því ber að fagna því að sannarlega veitir ekki af.

Það, sem ég vildi vekja athygli á, er þetta sem ég hef áður getið um: 2. gr. frv. er svona: „Orðið þroskaheftur táknar í lögum þessum hvern þann, sem þannig er ástatt um, að hann geti ekki án sérstakrar aðstoðar náð eðlilegum líkamlegum eða andlegum þroska.“ — Nú kom það fram í máli hv. 5. þm. Vesturl., Alexanders Stefánssonar, að hann hefur kallað til sérfræðinga og er sýnilegt að lagður er sá skilningur í 2. gr. að um sé að ræða andlega þroskahefta. Í sjálfu sér er það það sem frv. virðist snúast um. Ég vek ekki athygli á þessu vegna þess að það sé meginvandamálið, heldur tel ég að svona orðalag geti haft nokkurn rugling í för með sér og verði að skilgreina betur og nákvæmar hvað sé átt við með 2. gr. frv., hverjir líkamlega þroskaheftir teljist heyra undir ákvæði þessara laga.

Svo sem margir munu vita hafa öryrkjar hvarvetna um heim lagt mikið upp úr því og lagt áherslu á það á undanförnum árum, að þeir öðluðust jafnrétti að svo miklu leyti sem slíkt væri unnt, og enn fremur, að þeir dreifðust á meðal þeirra sem heilbrigðir eru, en væru ekki aðgreindir nema að sem allra minnstu leyti. Ég er ekki viss um að það, sem við höfum verið að gera undanfarið þegar við erum að samþykkja sérstök lög fyrir hvern hóp út af fyrir sig, vinni í anda þeirrar hugsunar sem liggur að baki því að öryrkjarnir komist í sem nánasta snertingu við þá heilbrigðu. Það var a. m. k. mikill áhugi á því fyrir nokkrum árum að sem allra fæstar stofnanir fyrir öryrkja yrðu til, heldur væru bæði leikskólar og dagheimili fyrir alla, en ekki sérstök dagheimili, sérstakir leikskólar og sérstakir skólar fyrir þroskahefta. Ég er ekki viss um að þetta hafi gengið vel alls staðar, en víst er að ákvæðin, sem komu inn í grunnskólalög okkar, eru komin til fyrir áhrif frá þessu sjónarmiði. Ég held, að það hafi verið vel ráðið, og veit ekki annað en einmitt núna séu margir þroskaheftir í grunnskólum okkar, ýmist í sérdeildum eða sérbekkjum eða þá innan um þá heilbrigðu í þeirra bekkjum. Ég get einnig getið þess, að í Hátúni 10, þar sem búa á fjórða hundrað öryrkjar, eru þroskaheftir í sams konar íbúðum og innan um þá sem heilbrigðir eru eða eru á annan hátt öryrkjar. Þetta hefur gengið mjög vel árum saman og ég held að það beri að hafa í huga og einmitt þannig að skilja ekki andlega þroskahefta meira frá öðrum öryrkjum en er algerlega nauðsynlegt.

Hitt er meginatriði þessa máls, að þarna verður um ótvíræðar umbætur að ræða og það fjármagn, sem ákvæðin um Framkvæmdasjóð öryrkja koma til með að leggja til, er svo verulegt og mun hafa svo afgerandi áhrif á möguleikana til að framkvæma það sem gera þarf, að samþykkt þeirra er mikil ánægja fyrir alla sem nálægt þessum málum hafa komið.

En varðandi aðgreininguna vil ég líka vekja athygli á því, sem læknarnir munu hafa upplýst nm. um, að greiningarstöðvar eru til tvær fyrir andlega þroskahefta, svo sem frsm. félmn. gat um. En það er einnig til þriðja greiningarstöðin í landinu og hún er á vegum Endurhæfingarráðs. Þar hafa starfað um fjöldamörg ár endurhæfingarsérfræðingur, sálfræðingur og félagsráðgjafi sem hafa haft það hlutverk að greina alla öryrkja, sem eftir hafa leitað, og meta ekki aðeins andlega hæfni þeirra, heldur hvers konar hæfni til vinnu og sjálfsbjargar.

Ég vildi vekja athygli á þessum fáu þáttum, en ég endurtek ánægju mína með, að frv. skuli vera komið þetta áleiðis, og vona að það sigli hraðbyri um þingið.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það hlýtur að vera okkur, sem höfum starfað að þessum málum nokkuð í Landssamtökunum Þroskahjálp, mikið fagnaðarefni og þakkarefni um leið, hvað félmn. þessarar hv. d. hefur tekið fljótt við sér og unnið verulegt verk á mjög stuttum tíma. Það sýnir okkur auðvitað hvað hægt er að gera ef áhugi er fyrir hendi og menn vilja í raun og veru koma málum fram. Það sannast sannarlega á þessari afgreiðslu.

N. var nokkur vandi á höndum, þar sem var viss samræming á tveimur frv. sem þar lágu fyrir og snertu þessi mál hvort tveggja. Ég tel að n. hafi komist að mjög farsælli samræmingu á frv. tveim, fellt Framkvæmdasjóð öryrkja inn í frv. til l. um aðstoð við þroskahefta á þann hátt sem ég tel æskilegastan eins og nú standa sakir.

Ég tek undir það með hv. 4. þm. Reykn., að sannarlega væri það ánægjulegt ef jafnrétti þeirra, sem á einhvern hátt eiga við erfiðari lífskjör að búa af ástæðum sem hann var að rekja áðan, væri þegar það tryggt að við þyrftum í raun og veru engin sérlög. Hygg ég að það sé framtíðarstefna allra þeirra sem að þessum málum vinna. Það er ekki síður stefna Landssamtakanna Þroskahjálpar að við sleppum við sérlög sem allra fyrst varðandi þroskahefta, þannig að jafnréttið komist á í reynd. En við gerum okkur hins vegar ljóst að við erum það langt á eftir, eigum það langt í land að við þurfum alveg sérstakt aukaátak með sérstakri löggjöf til þess að við komumst jafnfætis þeim nágrönnum okkar sem lengst eru komnir og eru þó rétt aðeins að losna við sérlöggjöf og sumir ekki einu sinni það.

Hér höfum við búið við úrelta löggjöf, — löggjöf sem að sumu leyti hefur verið okkur til vansæmdar, og auðvitað hefur sú löggjöf sett að vissu leyti mark sitt á það sem gert hefur verið, fyrir utan að við höfum ekki verið um of örlátir á fjármagn til þessara sömu verkefna sem svo mjög hafa kallað að. Þess vegna legg ég áherslu á að einmitt þetta frv., sem siglir nú hraðbyri gegnum þingið sem betur fer, er visst aukaátak. Við vonum að sem styst þurfi að vara það ástand sem það gerir ráð fyrir og við getum afnumið þessi lög sem allra fyrst vegna þess að við séum komin það langt í jafnrétti fyrir þroskaheft fólk. Ég tek sannarlega undir það.

Þær breytingar, sem hafa komið frá félmn., held ég að séu mjög til bóta. Auðvitað hefur engum dottið í hug að á meðan greiningarstöð ríkisins er ekki komin á verði starfandi stofnanir í þessum efnum ekki að fjalla um verkefni hennar. Það hljóta þær að gera áfram eins og hefur verið. Þó að e. t. v. þyki einhverjum sem þarna hefði þurft að taka út úr tiltekna stofnun, sem hefur mest sinnt þessu verkefni, er ég ákaflega sáttur við að hafa þetta þarna í fleirtölu og taka viðkomandi stofnun ekki sérstaklega út úr sem slíka, án þess að ég ætli að fara nánar út í það.

Varðandi vistheimili, sem bætt var þarna inn, kom fram í máli frsm. að þarna væri um atriði að ræða sem þeir hefðu talið nauðsynlegt að setja inn, m. a. vegna reglugerðarsetningar. Ber alveg sérstaklega að fagna þeim skilningi sem þar liggur á bak við, því að sannarlega

veitir ekki af að setja ákveðna reglugerð.

Varðandi framkvæmdasjóðinn vildi ég aðeins segja, að vissulega er það mikilsverður áfangi þegar tryggt er fjármagn til þeirra verkefna sem hér er verið að vinna að. Þegar sagt er hins vegar að ríkissjóður skuli árlega leggja sjóðnum til a. m. k. 1000 millj. kr. og sú fjárhæð skuli hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu árið 1979 að grunni skulum við gæta vel að því, hvað kann að verða gert við undirbúning fjárlaga næsta ár varðandi hina einstöku liði sem gætu hugsanlega fallið hér undir. Við skulum sem sagt vera vel á verði um að ekki verði allt of mikill hluti af þeim verkefnum, sem nú eru t. d. á fjárlögum eða hugsanlega gætu orðið á fjárlögum næsta ár, færður undir framkvæmdasjóð. (Gripið fram í.) T. d. það og margt fleira. Ég er síður en svo að vanmeta þetta, en ég vil að okkur þm. sé almennt ljóst, að sú hætta vofir yfir okkur að í meðförum þeirrar ágætu stofnunar, sem er fjárlaga- og hagsýslustofnun, muni verða reynt að kippa út úr vissum verkefnum, sem nú þegar eru á fjárlögum, og fella þau undir framkvæmdasjóð. Þar verðum við að vera vel á verði þannig að tryggt sé að sá tilgangur, sem með þessu ákvæði er, nái fram og við séum með í höndunum á næsta ári verulega aukningu fjár til þeirra verkefna sem Framkvæmdasjóður öryrkja á samkv. þessu frv. að taka að sér. Við skulum gæta vel að því. Aðvörun þessi er ekki bara frá mér persónulega. Við, sem vinnum að þessum málum, óttumst þetta að fenginni miður góðri reynslu í sambandi við meðferð á tölum í rn.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að láta í ljós sérstaka ánægju mína yfir þeim ágæta framgangi sem löggjöfin um þroskahefta fær sýnilega í hv. Ed.

Mér kæmi reyndar ekki á óvart þó það þyrfti í ljósi fenginnar reynslu fljótlega að endurskoða einstök ákvæði í þessu frv., t. d. varðandi framkvæmdasjóðinn, en það er önnur saga.

Þetta mál hefur á undanförnum árum verið töluvert heitt mál, eftir að menn gerðu sér grein fyrir þeim möguleikum sem fyrir hendi eru á þessum sviðum ef fjármagn og kunnátta er fyrir hendi. Ég þekkti að sjálfsögðu nokkuð vel þann þáttinn sem sneri að menntmrn. á meðan ég starfaði þar. Og ég er ákaflega þakklátur fyrir samstarfið við áhugafólkið um málefni þroskaheftra. Þar voru vissulega þrýstihópar á ferð, en það var alltaf af góðum toga og stórkostlega þakkarvert frumkvæði þeirra og dugnaður. Þannig hefur það líka verið á hinu sviðinu, sem stjfrv. sjálft fjallar um í raun og veru, þ. e. a. s. á öryrkjasviðinu, þó minna kæmi inn í það rn.

Mér finnst vera þrjú meginatriði sem þessi löggjöf felur í sér: Það er sett samræmd löggjöf um málefni þroskaheftra og félmrn. falin forsjá þeirra mála, framkvæmd þeirrar löggjafar. — Ég hef alltaf verið á því og ég hef einfaldlega sagt að þroskaheftur maður er ekki alltaf á spítala og hann er ekki heldur alltaf í skóla, en hann þarf félagslegan stuðning og tilsjón alla ævina og þess vegna er eðlilegt að framkvæmd þess heyri undir félmrn. Annað atriði, sem ég tel mjög þýðingarmikið, er aukin bein aðild samtaka, bæði stuðningssamtaka þroskaheftra og öryrkja, þ. e. a. s. Landssamtakanna Þroskahjálpar og svo Öryrkjabandalagsins, að stjórnun þessara mála. Og svo síðast en ekki síst, að hvað sem líður því atriði, sem hv. 3. þm. Austurl. minntist á um hvernig þetta tengist fjárlagaafgreiðslu, er tvímælalaust um stórkostlega aukið fjármagn að ræða til þess að byggja upp þessa starfsemi. Þessi atriði þrjú — auðvitað eru þau fleiri — finnast mér ákaflega mikilsverð.

Ég skal ekki fjölyrða um málið frekar, herra forseti. Ég vil undirstrika að þetta er vissulega góður áfangi í sameiginlegu starfi áhugafélaga og stjórnvalda að þessum málum. Auðvitað er það ekkert lokatakmark sem við höfum náð hér, enda verður því aldrei náð eðli málsins samkvæmt.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég ætla að byrja mál mitt á því að þakka hv. félmn. sérstaklega fyrir hin röskleglu vinnubrögð sem hún hefur sýnt í þessu máli. Það er afskaplega gaman að sjá að menn geta staðið svo vel að verki á skömmum tíma, þegar við höfum líka í huga að frv. um aðstoð við þroskahefta hefur fengið tengingu við frv. um framkvæmdasjóðinn — við frv. sem svo sannarlega hefur ekki fengið góðan byr á þingi á þessum vetri. En nú skulum við vænta þess, að því frv., sem tengt var við þetta og hefur átt í miklu basli að komast í gegnum hv. Nd., vegni vel hér. — Ég sé ekki betur en svo ætli að verða. Það kunna að vera á því einhverjir gallar, en ég er alveg viss um að ef þeir koma í ljós verður hægt að laga þá. Ég held að við getum verið nokkuð bjartsýnir um að þau ákvæði, sem eru í frv., verði ekki skemmd með einhverju kukli frá hagsýslustofnuninni. Ef þeir menn, sem standa að þessari lagasetningu, verða á þingi áfram vonast ég til þess að við getum staðið vörð um þetta atriði.

Það hafa fallið orð um að óæskilegt sé að vera að draga menn í dilka og leggja eitt frv. fram fyrir þroskahefta, annað um einhverja annars konar fötlun og þriðja um vanheila á enn öðru sviði. Það er mjög sennilegt að heppilegt sé að fá heildarlöggjöf um vanheilt fólk eða andlega og líkamlega fatlað. En þetta frv. er áreiðanlega mjög gott skref í áttina til slíkrar heildarlöggjafar, ef hún er æskileg, sem ég álít frá mínu sjónarmiði.

Eins og komið hefur fram í umr. kann vel að vera að framkvæmd þessara laga yrði á ýmsan hátt erfið og það yrðu einhverjir til þess að bregða fæti fyrir hana á einn eða annan hátt. En ég treysti því, að við stöndum vörð um framkvæmd þessara laga þegar þau eru komin til framkvæmda. Erfiðleikarnir eru ekki meiri en okkur finnast þeir vera á hverjum tíma, og við hljótum að geta gert frv. að góðum lögum.

Meðan frv. hefur verið til umr. hér og reyndar áður fóru mér að berast bréf og skeyti þar sem óskað var eftir, reyndar að þarflausu, að ég veitti þessu frv. þann stuðning sem ég frekast gæti. Má kalla að þarna hafi verið um þrýstihóp að ræða. En ég vil benda á að ekki eru allir þrýstihópar af hinu illa. Hafi ég þurft hvatningu til þakka ég þeim sem sendu mér hvatninguna. Ég vona að frv. þetta gangi greiðlega í gegnum þingið.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. E. t. v. væri ástæða til að þakka fyrir hönd n. fyrir það sem hér hefur komið fram um góð vinnubrögð hennar.

Ég vil aðeins í sambandi við það, sem kom fram hjá hv. þm. Oddi Ólafssyni, segja, því að ég tók það sjálfsagt ekki fram í framsögu, að n. ræddi talsvert um 2. gr. frv., þ. e. a. s. skilgreininguna á orðinu þroskaheftur, og var vissulega á því að málið væri vandmeðfarið. En að athugðu máli töldum við rétt að fallast á það sem kemur fram í rökstuðningi í aths. um einstakar greinar, að hér

væri sú leið valin að skýra orðið rúmri merkingu þar sem reynt væri að tryggja í grundvallaratriðum þroskaheftum sömu réttindi og öðrum þegnum í þjóðfélaginu og þar af leiðandi ekki vandalítið að fara að fjalla um þennan þátt til breytinga, enda er þetta að nokkru leyti sama skilgreining og fram kemur í reglugerð um sérkennslu.

Ég taldi rétt að láta þetta koma fram vegna þess að n. ræddi einmitt þetta atriði talsvert mikið. Hér er um ákaflega viðkvæmt og vandasamt mál að ræða, en að vandlega athuguðu máli töldum við að best væri að hrófla ekki við því eins og það er í frv.

Ég þakka svo undirtektir og vonast til þess að málið gangi greiðlega á Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 630,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 630,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 630,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 630,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 630,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
18.—23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 630,6 (sex nýjar gr., verða 24.—29. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
24.—26. gr. (verða 30.—32. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 353). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég þarf ekki að flytja langt mál um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977 og lög nr. 82 18. maí 1978, um breyt. á þeim lögum, sem lagt var fram í Nd. sem 184. mál, á þskj. 353. Þetta frv. er ákaflega stutt. Það er í tveimur greinum og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr.: Í 14. tölul. 3. gr. laganna falli orðin „ráðh. og" brott.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Eins og kunnugt er hafa um alllangt árabil verið í gildi sérstakar reglur um tollmeðferð bifreiða er ráðh. hafa til afnota. Með lögum nr. 1 frá 1970, um tollskrá o. fl., var veitt heimild til að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðh. í samræmi við reglur um bifreiðamál ríkisins.

Reglur þær, er nú gilda um bifreiðamál ríkisins, er að finna í reglugerð nr. 6 frá 1970. Í 10. gr. reglugerðar þessarar eru svofelld ákvæði:

„Hver ráðh. getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessar skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðh., sem óskar ekki að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðh., er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðh. í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota."

Ríkisstj. telur óeðlilegt að ráðh. fái bifreiðar, er verða einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu. Er því með frv. þessu lagt til að lagaheimild til veitingar slíkra fríðinda verði felld úr gildi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Það hefur verið nokkuð lengi að veltast í þinginu. Ég vil vinsamlegast mælast til þess við hv. n., sem fær frv. til meðferðar, að hún hraði meðferð þess þannig að það verði að lögum fyrir þingslit.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur löngum verið rætt um að nauðsynlegt væri að þeir, sem stýrðu þjóðum, hefðu leiðsögn um það siðferði og þann lífsstíl sem efla ætti með þjóðinni. Í því þjóðfélagi, sem við lifum í, má vissulega segja að á miklum erfiðleikatímum, þegar lagt er hart að alþýðu manna að takmarka kjör sín, sé óeðlilegt að ráðamenn þjóðarinnar gangi á undan, þeir sýni í verki að þeir hafi ekki aðra skoðun á því hvar þurfi að spara. Það hefur vakið athygli margra, að á sama tíma og núv. hæstv. ríkisstj. hefur lagt hart að þjóðinni að gangast undir töluverða skerðingu á kjörum hafa flestir, en það skal skýrt tekið fram alls ekki allir ráðh. í þessari ríkisstj., ýmist látið ríkið kaupa handa sér nýjar lúxusbifreiðar í sérstökum gæðaflokkum, sem sjá má fyrir utan Alþingishúsið á hverjum degi, eða þá tekið sérstök lán fyrir tilstuðlan hins opinbera til þess að fjármagna þær lúxuskerrur sem standa fyrir utan þinghúsið sem tákn þess fyrir gangandi alþýðu, sem leið á fram hjá, að það sé eitthvað annað en að sumir hæstv. ráðh. í þessari ríkisstj. vilji sýna það fordæmi sem nauðsynlegt er í þessum efnum.

Það er greinilegt að sumir hæstv. ráðh. í ríkisstj. hafa talið brýnt og nauðsynlegt verkefni að flagga sérstökum lúxuskerrum sem tákni um þau þáttaskil sem hafa átt sér stað. Þar hefur hæstv. fjmrh. verið framarlega í flokki á sama tíma og hann kemur til þingheims og til þjóðarinnar hvað eftir annað og óskar eftir að menn sýni að íslenska þjóðin hafi ekki efni á að ráðast í ýmis menningarleg mannvirki, bæta kjör fólksins í landinu o. s. frv. Hæstv. forsrh. hefur einnig gefið alþjóð sérstaklega til kynna með kaupum sínum á sérstakri lúxusbifreið með, að því að sagt er, þeim sérstæðu lánakjörum, sem voru til áður fyrr a. m. k. á þessum vettvangi, að hann sér ekki ástæðu til að spara og hæstv. ráðh. hafi ekki getað látið sér nægja fyrri bíl. (**Forsrh.:** Hæstv. forsrh. hefur ekki fengið neitt lán.) Það er ánægjulegt að hæstv. ráðh. hefur ekki fengið neitt sérstakt lán. Og þar kem ég einmitt að því atriði sem ég vildi biðja hæstv. fjmrh. að upplýsa við þessa umr., hvort og þá á hvern hátt opinber fyrirgreiðsla hefur verið veitt til kaupa á þeim sérstöku lúxuskerrum sem sumir talsmenn þess að herða ólina í þessari ríkisstj. hafa lagt undir sig á undanförnum mánuðum. Ég óska eftir að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir hvernig þeim bílakaupum hefur verið háttað, enn fremur geri hann grein

fyrir hvernig eru staddar þær nýju reglur sem rætt var um þegar þetta mál var til umr. í Nd. og hörð gagnrýni var sett fram, hvort þær standa enn þá óbreyttar eða ekki. Í þriðja lagi vil ég gera fsp. um hvort hæstv. ráðh. finnist eðlilegt að ríkisstj. landsins geti gert sérstakt samkomulag um bílakaup ráðh. ríkisstj. án þess að það samkomulag sé þess eðlis að það sé sérstaklega til birtingar sem formleg reglugerð, því mér skilst, ef dæma má af umr. í hæstv. Nd., að það hafi verið fyrir hreina tilviljun að upplýst var hvaða till. hæstv. fjmrh. hefði gert og samkomulag varð um í ríkisstj.

Ég tel að það sé algerlega óviðeigandi og óþolandi með öllu að innan ríkisstj. sé hægt að gera einhvers konar einkasamkomulag um málefni af þessu tagi, þ. e. ráðstöfun á fjármunum þjóðarinnar, fjármunum landsmanna, án þess að slíkt samkomulag gangi sjálfkrafa til birtingar í Stjórnartíðindum eins og hver önnur reglugerð eða aðrar þær samþykktir um meðferð opinberra fjármála sem hæstv. ríkisstj. gerir eða hvaða ríkisstj. á hverjum tíma. Mig langar af þessu tilefni til að gera fsp. til hæstv. fjmrh. um hvort fleiri slíkar samþykktir séu gerðar í ríkisstj. eða hvort hann hafi gert sjálfur till. um fleiri slíkar samþykktir um ráðstöfun opinberra fjármála sem ekki eru birtar í Stjórnartíðindum eða koma fram á opinberum vettvangi. Það á að vera liðin tíð að verið sé að gera einhvers konar laumusamþykktir um meðferð opinberra fjármála innan ríkisstj., án þess að þær séu jafnóðum tilkynntar þjóðinni. Það er í algerri andstöðu við hið opna lýðræðiskerfi, sem ég tel að eigi að ríkja í þessu landi, að bókstaflega allar reglur um meðferð opinberra fjármála eiga að vera opinberar. Það eiga ekki að vera til neinar reglur sem séu einhvers konar innanhússamþykktir ríkisstj., stjórnarstofnana eða annarra opinberra aðila og feli í sér ráðstöfun á opinberum fjármálum án þess að þær séu jafnóðum tilkynntar.

Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. veiti nú við umr. í Ed. svör við þessum spurningum.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég rakti nokkuð frekar gang þessara mála við umr. um málið í Nd. að gefnu tilefni og mun gjarnan endurtaka það sem ég sagði þá til upplýsingar um þessi mál.

Í fyrsta lagi vildi ég geta þess, að þær reglur, sem gilda um bifreiðamál ráðh., er að finna í reglugerð nr. 6 frá 1970, eins og kemur fram í aths. við þetta lagafrv. Þær reglur, sem samþ. voru í ríkisstj. í vetur, ég hygg að það hafi verið 9. mars, voru breytingar á þeirri reglugerð og verða að sjálfsögðu gefnar út lögum samkvæmt. Ég endurtek það sem ég sagði um þetta mál í Nd., að hér er ekki um neitt launungarmál að ræða, engin tilraun af hálfu ríkisstj. gerð til að smygla þessu máli í gegn án þess að Alþ. eða almenningur viti um það.

Í öðru lagi vil ég taka það fram, að reglurnar eru nokkur breyting á því sem áður hefur gilt í þessum efnum. Aðalbreytingin er fólgin í því að afnema þau réttindi sem ráðh. hafa haft um langa hríð og notað sér. Ég veit ekki um einn einasta ráðh., sem hefur setið í ríkisstj. Íslands, sem hefur ekki notað sér þessi fríðindi og sumir oftar en einu sinni. Þau hafa nú verið felld úr gildi. Það er meginbreytingin.

Ég vil taka fram, að það tók nokkuð langan tíma að semja reglurnar vegna þess að menn höfðu gert sér nokkurn mat úr þessu máli í kosningunum og í blöðum og fjölmiðlum. Í raun og veru vildi enginn ráðh. sérstaklega hafa frumkvæði að öðru leyti en breytingunni sem allir eru sammála um og felst í þessu lagafrv. Ég tók það því skýrt fram þegar verið var að vinna að þessum málum í ríkisstj., að ég vildi ekki hafa neitt frumkvæði eða flokkur minn, í þessu máli. Reglurnar voru því samþ. í ríkisstj. af öllum ráðh. frá öllum stjórnarflokkum og hafði enginn neina sérstöðu í því efni, það vil ég taka alveg skýrt fram. Ég og minn flokkur berum ábyrgð á samþykktinni eins og aðrir flokkar, en ekkert umfram það. Þannig eru allir á sama báti í þessu máli.

Þessar reglur, sem ég lýsti í Nd. og verða birtar lögum samkv. að sjálfsögðu, fjalla um að ráðh. hafi tvo kosti. Annar kosturinn er, að þeim sé lögð til bifreið af hálfu ríkisins, og hinn kosturinn er, að þeir kaupi bifreiðarnar sjálfir, greiði af þeim öll opinber gjöld og geri síðan samning við ríkið á eðlilegum viðskiptagrundvelli miðað við not bifreiðanna. Ég hefði kosið að allir ráðh. hefðu farið þá leið að kaupa sér bifreiðar, af þeirri einföldu ástæðu að slíkt er miklu hagkvæmara fyrir ríkið. Ef við tökum dæmi um að ráðh. kaupi bifreið sem kostar 6 millj. eða rúmlega það, eins og flestar þær bifreiðar, sem um er að ræða, kosta, á milli 6 og 7 millj., hefðu níu ráðh. greitt í ríkissjóð um 40 millj. kr. í opinber gjöld. Ef menn fara aftur á móti hina leiðina, að láta ríkið leggja sér til bifreiðar, kostar það ríkið sennilega um 20 millj. í útlögðum peningum, vegna þess að opinber gjöld ganga út og inn, en bifreiðarnar kosta 2—2½ millj. kr., að ég hygg, án opinberra gjalda. Sem fjmrh. hefði ég því miklu heldur viljað að farinn hefði verið sú leið að menn ættu bifreiðarnar sjálfir. En ekki er sanngjarnt að mínum dómi að ætlast til þess að allir ráðh. séu skyldaðir til þess að leggja til bifreiðar. Þess vegna álít ég eðlilegt og sjálfsagt að sú regla sé einnig að ráðh. eigi kost á bifreið til embættisstarfa sinna, eins og raunar hefur verið regla í landinu um marga áratugi þó að hún hafi ekki verið notuð nema að takmörkuðu leyti vegna þeirra sérfríðinda sem hafa fylgt niðurfellingu á opinberum gjöldum. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að hagkvæmara er fyrir einstaka ráðh. að láta ríkið leggja sér til bifreið en að gera það sjálfir. Það verða þeir þó auðvitað sjálfir að meta. Sumir ráðh. hafa valið þann kost að láta leggja sér til bifreiðar og aðrir hafa valið þann kost að kaupa þær sjálfir. Því verða þeir auðvitað að ráða sjálfir þegar valkostir eru fyrir hendi.

Ég tel það svo sjálfsagt mál að ekki þurfi að ræða það, að ráðherraembættum fylgi bifreiðar. Auðvitað er spurning um hvernig þær reglur eigi að vera. Þetta eru þær reglur sem núv. ríkisstj. hefur sett og orðið sammála um. Sjálfsagt má um þær deila, ég efast ekki um það. En það hefur aldrei verið hugmyndin að þær væru neins konar leyndarmál að neinu leyti, enda verða þær að sjálfsögðu birtar sem breytingar á þeirri reglugerð sem enn þá er í gildi.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það fór lítið fyrir hinni siðferðilegu forustu í svarræðu hæstv. fjmrh. Ég gerði sérstaka fsp. til hæstv. ráðh. um hvort honum fyndist eðlilegt, að á sama tíma og hann og ýmsir aðrir ráðh. í ríkisstj. koma til launafólksins í landinu, til okkar þm., og biðja um niðurskurð á félagslegum framkvæmdum, biðja um niðurskurð á framlögum til menningarmála, biðja um stuðning við löggjöf sem skerðir kjörin í landinu, sýni þeir í verki hvað snertir ferðalög ráðh. sömu ríkisstj., a. m. k. sumra hverja, að flottræfilshátturinn er áfram í algleymingi. Það er alveg rétt, að

6—7 millj. eru ekki stórfé á því sparnaðar- og niðurskurðarborði sem hæstv. fjmrh. hefur gerst sérstakur talsmaður fyrir, og þeirri efnahagsstefnu að herða sérstaklega kjör láglaunafólksins í landinu hefur hann einnig verið sérstakur talsmaður fyrir. Það er álíka röksemd og heyrðist frá sama ráðh. í umr. innan stjórnarflokkanna fyrr í vetur um að lyftingin á þakinu hjá starfsmönnum ríkisins kostaði ekki mjög mikið fé og þess vegna væri allt í lagi að gera hana. En það er spurningin um hina táknrænu forustu sem hæstv. fjmrh. hefur algerlega brugðist að veita í þessum efnum. Það þýðir ekki að koma akandi í nýrri lúxuskerru til alþýðu þessa lands og segja: Nú þarf að spara! Slíkur gjörningur gerir að verkum að menn trúa ekki að ráðh. í ríkisstj. séu reiðubúnir að sýna þann vilja í verki sem þeir eru að biðja aðra um að sýna. Það er ekki hægt að meta þessi atriði á grundvelli þess hvað þau kosta, heldur hvaða áhrif og hlutverki þau gegna í þeirri forustu sem við höfum kosið ráðh. okkar til að fara með.

Hæstv. fjmrh. sagði: Það þarf ekki að ræða það að ráðherraembætti fylgi bílar. Jú, það er einmitt það sem þarf að ræða, hæstv. fjmrh. Sá grundvallarhugsunarháttur, að ráðherraembætti sé einhvers konar yfirpótentátatign í þessu landi og embættinu sjálfu þurfi óhjákvæmilega að fylgja bifreið, sýnir einmitt skort á skilningi á hvers konar táknræna og málefnalega leiðsögn ráðh. í nútíma lýðræðisþjóðfélagi er ætlað að sýna. Ég get hins vegar sagt hæstv. ráðh. að ég er þeirrar skoðunar að embættisbifreið sé e. t. v. nauðsynleg í tilteknum verkum og tilteknum erindagjörðum sem ráðh. þarf að sinna fyrir hönd íslenska ríkisins. En þau verk eru ekki mjög mörg. Og ráðh. þarf ekki bifreið umfram aðra landsmenn eða sérstök fríðindi til hennar frekar en annað fólk sem gengur til vinnu sinnar daglega í þessu landi. Ráðherrastarf er í eðli sínu ekkert öðruvísi í lýðræðisþjóðfélagi en hvert annað starf. Það á ekki að undirstrika hátign þess starfs með slíkum ytri táknum sem sumir hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. hafa talið nauðsynlegt að öðlast. Þess vegna er ég algerlega ósammála þeirri skoðun sem hæstv. fjmrh. lét í ljós, að það væri sjálfsagt mál *að ráðherraembætti ætti að fylgja bifreið. Ég tel þvert á* móti að við eigum að taka upp sams konar sið og tíðkast í ýmsum öðrum lýðræðisríkjum, að hið opinbera á tiltekinn fjölda bifreiða sem það notar til sérstakra embættisverka, sérstakra embættiserinda ráðh. sjálfra, en ekki til daglegra þarfa fyrir þá og fjölskyldur þeirra. Ég er alveg viss um að sú hugsun, sem hæstv. ráðh. setti fram um hvað væri sjálfsagt og ekki þyrfti að ræða, er andsnúin þeirri hugsun sem stór hluti þjóðarinnar hefur gagnvart þessu efni, ég skal ekki fullyrða hve stór, en hann er alla vega mjög stór.

Það er líka rangt hjá hæstv. ráðh., að flokkarnir beri allir ábyrgð á þeim reglum sem hér voru settar. Þær voru ekki bornar undir flokkana, mér vitanlega. Og eftir því sem frásögn hefur komið fram af þeim reglum, sem hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir, knúði hann þær í gegn á ríkisstjórnarfundi með mjög skjótum hætti.

Mér fannst í raun og veru allur málflutningur hæstv. fjmrh. vera þeirrar ættar, að hann væri að lýsa andstöðu sinni við þá gagnrýni sem fram hefur komið í þessu þjóðfélagi á einmitt þau ytri tákn upphafningarinnar sem ráðherrabílakerfið er í þessu landi. Hann vildi gera lítið úr þeirri gagnrýni. En sú gagnrýni er mjög mikilvæg og hún hefur ekki þagnað í þessu þjóðfélagi. Hún hefur ekki þagnað m. a. vegna þess, að á sama tíma og sumir hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstj. koma dag eftir dag til þjóðarinnar og þingsins með kröfur um aðhald, kröfur um fórnir, kröfur um að skerða eyðsluna, horfir þjóðin upp á að þeir ganga sjálfir á undan í embættum sínum um að auka eyðsluna. Og þó að ekki séu miklir fjármunir í húfi geta slíkar aðferðir grafið undan þeirri siðferðilegu forustu sem þjóðin þarf á að halda í þeim miklum erfiðleikum sem hún er nú að glíma við. Ég vil þess vegna skora á hæstv. fjmrh. að endurskoða bæði grundvallarafstöðu sína til þessa máls og eins til þeirra reglna og starfshátta sem tíðkast hafa á þessu sviði. Ég vil enn fremur ítreka ósk mína til hans um að hann geri grein fyrir með hvaða hætti þeir ráðh. í núv. ríkisstj., sem keypt hafa sér nýjar bifreiðar, hafi gert það. Hæstv. forsrh. greip fram í áðan og taldi þá vitneskju, sem ég setti fram um bílakaup hans, vera ranga. Við skulum þess vegna ekkert láta liggja milli hluta hvernig bílakaupum hæstv. forsrh. hefur verið háttað, við skulum fá það á borðið. Þau eru vonandi ekkert launungarmál frekar en þessar reglur. Og ég ítreka þá ósk mína að hæstv. fjmrh. geri bæði þingheimi og þjóðinni grein fyrir með hvaða hætti hinir nýju ráðherrabílar, allir saman, hafa verið keyptir, hvort þar er að einhverju leyti um lán að ræða eða ekki og hverjir ráðh. það eru þá sem hafa fengið sér lán og hvaða ráðh. það eru sem hafa látið ríkið kaupa algerlega undir sig bifreiðar.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður í þessu efni.

Við erum ekki sammála, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og ég, um að ráðherraembættum skuli fylgja embættisbifreið. Verður við það að sitja. En ég vil aðeins taka það fram í sambandi við þessa umr., að enginn ráðh. hefur neina sérstöðu í þessum málum. Settar hafa verið reglur um þessi mál sem verða birtar. Ég mun ekki fara að tíunda þá sögu hvernig einstakir ráðh. standa að þessum málum, meðan þeir fara eftir þeim reglum sem settar hafa verið, og sé enga ástæðu til þess að tíunda það. Þessar reglur eru settar í samræmi við það sem fjárlög *heimila um bifreiðakostnað ráðherraembættanna, og ég* mun ekki fara að gefa neina skýrslu um hvernig einstakir ráðh. hafa staðið að þessum málum. Þeir hafa allir farið eftir þeim reglum sem um þetta gilda og hafa verið settar og ég læt þar við sitja.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vænti þess að hv. d. hafi tekið eftir neitun fjmrh. við að upplýsa hv. d., á sama tíma og hann óskar eftir að d. samþ. það frv. sem hann hefur lagt fram. Hann neitar að upplýsa í d. með hvaða hætti einstakir ráðh. í ríkisstj. hafa keypt sér bifreiðar. Hann færir engin rök fyrir neitun sinni, ekki eina röksemd, heldur eingöngu neitar hv. Ed. Alþ. um að svara því, með hvaða hætti einstakir ráðh. hafa keypt sér bifreið, og reynir að skýla sér á bak við að í ríkisstj. hafi verið full samstaða um reglurnar. En það er alveg ljóst að sumir ráðh. hafa ekki hagnýtt sér reglur hæstv. fjmrh., en aðrir hafa gert það. Því mun verða fylgt eftir bæði innan þings og utan að knýja hæstv. fjmrh. til svara við þessari spurningu, vegna þess að hún sýnir einmitt að að baki öllu þessu liggur rík tilhneiging hjá hæstv. ráðh. til að leyna þjóðina því, hvernig þessum málum er háttað. Það á ekki að gefa upplýsingar nema um það sem nauðsynlegt er og þegar kemur að því að leggja öll spilin á borðið

segir hæstv. ráðh. nei. Spurt er um meðferð á opinberu fé sem fjmrh. er ábyrgur fyrir í þessari ríkisstj., og hann neitar að gefa hv. Ed. Alþ. upplýsingar um hvernig því opinbera fé hefur verið ráðstafað. Það kalla ég mikil tíðindi.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég er sammála síðasta ræðumanni um að upplýsingar eins og hann hefur farið fram á verður að gefa þegar um þær er beðið. Ég mun ekki standa að afgreiðslu þessa máls í fjh.- og viðskn., sem væntanlega fær það til afgreiðslu í fyrramálið, nema þessar upplýsingar verði gefnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Rafmagnseftirlit ríkisins, frv. (þskj. 503, n. 608, 607). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Iðnn. Ed. mælir með að þetta frv. verði samþ. Í n. hafa hins vegar komið fram skoðanir sem draga í efa réttmæti eins ákvæðis í þessu frv., hækkun prósentugjalds úr 1% í 1.5%, og einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja brtt. sem einn þeirra hefur gert, um það efni. N. hefur í dag borist erindi frá Rafmagnseftirliti ríkisins og Orkustofnun um þetta atriði. Ég mælist til þess við hæstv. forseta að efnisákvörðun um þetta ágreiningsatriði verði látin bíða þar til iðnn.-menn hafa fengið tækifæri til að kynna sér það álit og málið verði þá endanlega afgreitt til 3. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. iðnn. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. En ég ásamt 5. þm. Reykv. Ragnhildi Helgadóttur hef borið fram á þskj. 607 brtt. um að sú breyt. verði gerð á 1. tölul. 9. gr. frv., að í staðinn fyrir 1½% komi 1%, þ. e. a. s. eigendur raforkuvera og rafveitna skuli árlega greiða til Rafmagnseftirlits ríkisins gjald allt að 1% af heildartekjum þeirra af raforkusölu. Brtt. felur í sér að þetta gjald verði ekki hækkað frá því sem er í gildandi lögum.

Ég kom inn á þetta atriði við 1. umr. málsins og vakti þá athygli á að ekkert lægi fyrir um að ástæða væri til að efna til meiri gjaldheimtu í þessu skyni en verið hefur og ef það væri ástæða til þess væri eðlilegt að til framkvæmda kæmi annar tekjustofn, sem er í gildandi lögum og er nú í 9. gr. frv., þ. e. í 3. tölul. 9. gr. Þar er gert ráð fyrir að þeir, sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld raftöng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald sem miðast við innkaupsverð þeirra eða söluverð þeirra frá innlendum framleiðanda. Má gjald þetta nema allt að ¾% af verðinu. Ég vakti athygli við 1. umr. á því, að þetta ákvæði hefði ekki verið notað. Hæstv. iðnrh. lýsti þá að gefnu tilefni yfir, að þetta ákvæði mundi verða notað framvegis. Með tilliti til þessa er greinilegt að minni ástæða er til að vera að auka skattheimtuna samkvæmt 1. tölul. þessarar greinar.

Þær tekjur, sem 1% gjaldið gaf, námu árið 1977 80.3 millj. kr., árið 1978 110.5 millj. kr. og í áætlunum fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að þetta 1% gjald nemi 162 millj. kr.

Nú segir hv. síðasti ræðumaður, 3. landsk. þm., að iðnn. hafi borist nýjar upplýsingar um þetta efni í dag. Mér er ekki kunnugt um hvaða upplýsingar það eru. Ég hygg að ég fari þó nokkuð nærri um hvers eðlis þær eru. En hann hefur óskað eftir að ekki yrði gengið til atkv. um þessa till. við 2. umr. Það merkir að sjálfsögðu að málið verði athugað betur. Ég lýsi því yfir með mestu ánægju að till. verður dregin til baka til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 607 tekin aftur til 3. umr.
9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 363, n. 627). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. N. hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþ. Nauðsynlegt þótti að gera smábreytingu á frv. með ákvæði til bráðabirgða. Þau tilmæli komu frá rn. N. samþ. að bera það upp sem sína brtt., en þar segir: „Skyldusparnaðarfé það, sem safnast hefur fyrir þá, sem búsettir eru í sveit, frá 1. jan. 1979 til gildistöku þessara laga, skal ávaxtað í Byggingarsjóði ríkisins.“ — Upphaflega frv. tók gildi 1. jan. og er lög frá Alþ. frá 16. maí 1978. Því var nauðsynlegt að aðlaga þetta breyttu tímabili.

N. varð sammála um afgreiðslu málsins með þessari brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 627 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 94. fundur.

Miðvikudaginn 9. maí, að loknum 93. fundi.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 650 (sbr. 556)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 655). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 83. fundur.

Miðvikudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hver sé í raun og veru stefna ríkisstj. í kaupgjaldsmálum. Ástæðan er sú, að undanfarna daga og raunar vikur ef ekki mánuði höfum við heyrt mismunandi yfirlýsingar ráðh. um kaupgjaldsmál og stefnu og aðgerðir í kaupgjaldsmálum. Þær yfirlýsingar, sem hafa gengið á víxl út og suður, hafa haft afar skaðleg áhrif og leiða raunar í ljós að núv. ríkisstj. hefur enga stefnu í kaupgjaldsmálum. Það er því ekki að ófyrirsynju að þessari fsp. er beint til hæstv. forsrh., enda hefur þá fyrst farið út í öfgar um mismunandi yfirlýsingar þeirra ráðh. þegar ég tek hæstv. yfirráðh., hv. þm. Lúðvík Jósepsson með í ráðherrahópinn, eftir viðtal hans við Þjóðviljann í morgun. Þar kemur fram, að hann kennir samstarfsflokkum Alþb. í ríkisstj. um allt það, sem úrskeiðis hefur farið að hans mati, og veitist þar sérstaklega að hæstv. fjmrh.

Ég ætla mér ekki að gerast dómari í deilum þeirra starfsbræðranna, en athyglisvert er að þær eru komnar á hástig einmitt eftir að úrslit eru kunngerð í atkvgr. um samkomulag BSRB-forustunnar og ríkisstj. sem fellt hefur verið.

Ástæðuna fyrir því, að samkomulagið við BSRB var fellt í allsherjaratkvgr., segja ráðh. sjálfir vera í fyrsta lagi að Reykjavíkurborg hafi lyft launaþakinu. En hverjir stjórna núna Reykjavíkurborg og hverjir eru þeir stjórnendur Reykjavíkurborgar sem stóðu að þeirri ákvörðun? Það eru hinir sömu stjórnmálaflokkar sem þar eiga fulltrúa og standa að núv. hæstv. ríkisstj. Það eru því stjórnarflokkarnir sem bera ábyrgð á þessu. Við heyrðum í vetur að hæstv. forsrh. vildi einkum og sér í lagi kenna þar um einum borgarfulltrúa og réðst ekki á garðinn þar sem hann var hæstur, borgarfulltrúanum Guðrúnu Helgadóttur. En þá var hann jafnskjótt minntur á að Kristján Benediktsson, framkvæmdastjóri þingflokks Framsfl., ætti og sæti í borgarstjórn og hefði greitt atkv. með ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur.

Í öðru lagi er því kennt um að Kjaradómur hafi lyft launaþakinu hjá opinberum starfsmönnum. En spyrja má: Hvers vegna lyfti Kjaradómur launaþakinu? Það var ekki orsök þarna á ferðinni, heldur afleiðing af samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur. Líka má segja að ákvörðunarástæða Kjaradóms hafi legið í því, eftir því sem haft er eftir hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að meiri hl. ráðh. í ríkisstj. Íslands hafi lýst þeirri skoðun sinni að lyfta bæri launaþakinu af og það væri einskis nýtt og óeðlilegt.

Það er í þriðja lagi sagt að ástæðan fyrir úrslitum atkvgr. hafi verið að launaþakið hafi lyfst hjá flugmönnum. En hvað var þar á undan gengið? Við munum fréttir um að tveir hæstv. ráðh. í ríkisstj., hæstv. samgrh. og hæstv. félmrh., gengust fyrir að sáttaumleitanir færu fram til lausnar deilu flugmanna. Um það var ekkert nema gott að segja. En þeir létu því miður ekki þar við sitja, heldur gekk ekki á öðru en yfirlýsingum þessara ráðh., einkum þó yfirlýsingum frá hæstv. félmrh. Að sögn ráðh. átti að gera þetta eða það átti að gera hitt. Hótanir ráðh. sjálfra urðu til þess að aðilar málsins gerðu e. t. v. miður skynsamlegt samkomulag. Hótanir ráðh. sjálfra lyftu ekki aðeins launaþakinu, heldur feyktu launaþakinu af.

Í fjórða lagi er sagt að kaupkröfur farmanna eigi hér hlut að máli. En hverjir hafa kveikt betur í þeim kaupkröfum en ráðh. sjálfir með yfirlýsingum sínum, og á meðan er ekki einu sinni reynt að ná sáttum? Það kom fram í viðtali við einn forustumanna farmanna, sem raunar var einn af forvígismönnum kröfunnar um „samningana í gildi“ fyrir einu ári og á víst sæti í verkalýðsráði Alþb., að þarna væri ríkisstjórninni um að kenna, ríkisstj. kæmi í veg fyrir að sáttaumleitunum væri haldið áfram.

Í fimmta lagi er því borið við að verðhækkanir, sem samþykktar hafa verið undanfarna daga, eigi hlut að því að samkomulagið við BSRB var fellt. Það má vel vera, enda hafa verðhækkanirnar aldrei verið jafnmiklar á jafnskömmum tíma, eða frá 20% til 60% á ýmiss konar vöru og þjónustu frá áramótum. Ósköp eðlilegt er að það veki athygli, að þeir menn, sem áður töldu allar verðhækkanir vera á valdi stjórnvalda og þeim að kenna, standa nú ráðalausir og agndofa þegar þeir hafa sjálfir valdið, en geta að vonum ekkert gert. Von er að það veki athygli þegar þeir menn sem hafa gortað af því að hafa komið verðhækkunum niður í 23% á ársgrundvelli, standa nú frammi fyrir því að verðbólgan verður 40—50% — og einstaka aðilar spá yfir 100% á ársgrundvelli.

Af öllum ofangreindum ástæðum og afskiptum einstakra ráðh. og ríkisstj. í heild af kaupgjaldsmálum er ekki óeðlilegt að spurt sé hver sé stefna ríkisstj. í kaup- og kjaramálum.

Hver er stefna hennar varðandi kjör félagsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja? Enn hefur ekki verið svarað hvort staðið verður við samkomulagið af hálfu ríkisstj. og 3% grunnkaupshækkun greidd út að felldu samkomulaginu eða ekki.

Spurt er hvernig fari um kaup og kjör félaga í Bandalagi háskólamanna og hvað felist í samkomulagi sem eitt blaðanna segir að undirritað hafi verið við þau samtök á föstudaginn var.

Eðlilegt er að spurt sé hvernig fer með kaupgjald bankamanna, en sú yfirlýsing liggur fyrir að nýsamþykkt efnahagslög leiði til þess að þeir fái enga grunnkaupshækkun. Breytist þetta ef aðrir fá grunnkaupshækkun?

Hvernig stendur á að ekki er haldið áfram sátta-

umleitunum í farmannadeilunni, og er það rétt staðhæfing hjá Ingólfi Ingólfssyni, forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, að ríkisstj. sé um að kenna að þeim sáttaumleitunum sé ekki haldið áfram?

Þá er eðlilegt að spurt sé um afskipti ríkisstj. af deilu mjólkurfræðinga, en þeir hafa boðað verkfall frá og með 14. maí n. k.

Og loks er eðlilegt að spyrja hver sé stefna ríkisstj. gagnvart öðrum launþegahópum, eins og t. d. gagnvart Verkamannasambandi Íslands.

Stjórnarflokkarnir kenna hver öðrum um ófarir sínar í kaupgjaldsmálum og í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins. Þessi stjórn var mynduð á þeim grundvelli og með því fyrirheiti að nú skyldi haft sérstakt samráð við aðila vinnumarkaðarins, en það hefur leitt til þess að sjaldan eða aldrei hefur verið meiri órói eða óeirð á vinnumarkaðinum en í tíð núv. stjórnar. Þótt stjórnarflokkarnir kenni þannig hver öðrum um ófarirnar eiga þeir allir sameiginlega sök á þeim, þótt fyrri stjórnarandstöðuflokkar skeri sig e. t. v. úr, Alþb. og Alþfl. Fyrir um ári voru formælendur þessara flokka, sem hér eru enn í þingsölunum, að tala um nauðsyn þess að fá samningana í gildi og um skemmdarverk þáv. ríkisstj. gagnvart hagsmunum launþega. Þá töldu þessir menn að laun og kaupgjald í landinu hefðu ekki nokkra þýðingu í baráttunni gegn verðbólgunni, en eftir að þeir eru komnir í ríkisstj. snýst starf þeirra ekki um annað meira en að fikta við gerða kaup- og kjarasamninga eða koma í veg fyrir að þeir séu gerðir. Það er svo órafjarri að haldið sé við loforðið „samningana í gildi". Að svo miklu leyti sem Framsfl. á betri hlut að máli fram til myndunar núv. ríkisstj. skrifaði hann á víxilinn um samningana í gildi við myndun núv. ríkisstj. En sá víxill hefur fallið hvað eftir annað og lent í mismunandi miklum vanskilum, fyrst 1. sept., þá 1. des., svo 1. mars og núna fellur hann 1. júní og lendir þá í hvað mestum vanskilum.

Núv. ríkisstj., formælendur kjörorðsins „samningana í gildi", hefur einhliða ákveðið kaup og kjör í landinu með lagasetningu, og ef dæma má eftir ummælum sem eftir hæstv. viðskrh. eru höfð í blöðum í morgun er ætlunin að halda því áfram. Er nú ekki tími til kominn að varpa nokkurri ábyrgð á aðila vinnumarkaðarins sjálfa og leggja áherslu á að þeir semji sín á milli um kaup og kjör af þeirri ábyrgð sem aðstæður og skilyrði í þjóðarbúinu skapa á líðandi stund?

Það er upplýsandi að rifja upp þessa þætti þegar höfð er í huga umræða um kaupgjaldsmál fyrir ári. Og ekkert upplýsir betur þróun þessara mála og svikin loforð en viðtal Þjóðviljans við hv. þm. Lúðvík Jósepsson í morgun þar sem hann í átta liðum varpar sökinni á óförum ríkisstj. í kaupgjaldsmálum á samstarfsflokka sína alfarið. En í áttunda lið kemur rúsínan í pylsuendanum. Þar segir hann að það sé ekki sambærilegt að Reykjavíkurborg undir meirihlutaforustu Alþb.-manna í borgarstjórn hafi feykt þakinu af launasamningum, vegna þess að það hafi verið gert fyrir þingkosningar. Hitt sé svo eðlilegt að þak hafi verið sett á af ríkisstj. eftir þingkosningar. Það er sem sagt ekki sama hvað er gert fyrir kosningar og hvað er gert eftir kosningar. Sannast hér hið fornkveðna: „Oft er fagurt í eyra alþýðulof af hræsni veitt." Og meiri hræsni í íslenskum stjórnmálum hefur ekki verið afhjúpuð en sú framkoma og sá áróður sem núverandi stjórnarflokkar hafa haft í frammi fyrir og eftir kosningar. Það er kominn tími reikningsskilanna og kominn tími til að þessir hræsnarar standi fyrir máli sínu.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. beindi til mín þeirri fsp., hver væri stefna ríkisstj. í kaupgjaldsmálum. Í stuttu máli má svara henni svo, að ríkisstj. hafi ekki gert neina breytingu á stefnu sinni í kaupgjaldsmálum. Stefnan í kaupgjaldsmálum af ríkisstj. hálfu er því sú hin sama sem birtist í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna. Hún var á þá lund, að að því skyldi stefnt í samráði við aðila vinnumarkaðarins að grunnkaup héldist óbreytt til ársloka 1979. Jafnframt var svo gert ráð fyrir að endurskoðun yrði á ýmsum atriðum í fjárhagsmálum, atvinnu-, kjaramálum, skattamálum og öðru sem þar er upp talið og jafnframt þá tekið fram að sú athugun skyldi m. a. ná til vísitölukerfis. Ég lít svo á að ríkisstj. hafi í stórum dráttum lifað samkv. þessum stefnuskrárheitum sínum. Þannig hefur hún haft samráð við launþegasamtök og hefur ekki gripið inn í varðandi ákvarðanir um grunnkaup með lagasetningu. Þess vegna er það ekki rétt eða nákvæmt sem hv. 4. þm. Reykv. veik að að því er varðar aðgerðirnar 8. sept. og eins þau ákvæði, sem hann nefndi, í viðnámslögunum.

Samkv. ráðstöfunum í septemberbyrjun var um að ræða að vísitalan væri lækkuð að vísu, en hún var lækkuð með niðurgreiðslum og með því að fella niður vissa skatta. Var ekki með þeim hætti hallað á launþega í því efni eða breytt samningum um þessi atriði. Að því er varðar viðnámslögin var að höfðu samráði við launþegasamtök sérstaklega ákveðið að um 8% í vísitölu skyldu ekki koma fram, en á móti komu ráðstafanir sem áttu að jafngilda þeirri skerðingu. Um skattalækkun var því að ræða, auknar niðurgreiðslur fram yfir það, sem hafði verið gert ráð fyrir í septemberbyrjun, og svo aðgerðir í félagsmálum sem voru taldar jafngilda tiltekinni prósentutölu. Hins vegar var sýnt að gera þurfti frekari aðgerðir í þessum efnum, og að því var einmitt vikið sérstaklega í aths. með lögum um viðnámsaðgerðir og þar sett fram ýmis mörk sem að skyldi stefnt strax upp úr áramótum.

Út frá því grundvallarsjónarmiði, að ekki skyldi gripið inn í grunnkaup kjarasamninga, var einmitt til komið samkomulagið við opinbera starfsmenn. Þeir áttu samkv. samningum rétt á 3% grunnkaupshækkun 1. apríl, ef ég man rétt, og sama máli gegndi um þá, sem eru í Bandalagi háskólamanna, og reyndar um fleiri aðila, eins og um bankamenn. Hins vegar var farin sú leið, að gert var samkomulag við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um að gerðar skyldu vissar breytingar á svokölluðum kjarasamningalögum og réttindum og skyldum opinberra starfsmanna breytt nokkuð með slíkri löggjöf gegn því að þeir féllu frá 3% áfangahækkun. Samkomulagið var skilorðsbundið, bundið þeirri forsendu að það yrði samþ. við allsherjaratkvgr. félaga í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Nú liggur fyrir að atkvgr. hefur farið fram og úrslit hennar segja til um að samkomulagið var fellt.

Ástæðurnar fyrir því samkomulagi, sem gert var við BSRB, voru sem sagt að með því var verið að stefna að því að hægt væri að standa við þá stefnu sem ríkisstj. hafði markað, að grunnkaup skyldi ekki breytast á árinu 1979. Nú eru forsendur hins vegar alveg brostnar fyrir slíku samkomulagi og því hljóta samningar við BSRB og BHM um umsamdar áfangahækkanir, um 3% launahækkun, að gilda og það samningsákvæði hlýtur að koma

til framkvæmda. Þeir fá því greidd sín 3%.

Fyrirvari í efnahagslögunum tók aðeins til þessara aðila. Grunnkaupshækkanir til annarra aðila koma því aðeins til greina að um þær sé samið. Það á við um bankamenn eins og aðra, þó að þeir hefðu áður gert samninga varðandi grunnkaupshækkun í áföngum. Ég tel eðlilegt — (**GH:** Nær slík grunnkaupshækkun ekki til bankamanna? Fyrirgefðu, ég tók ekki eftir því.) Já, þrátt fyrir að bankamenn hefðu gert samninga hliðstæða á vissan hátt samningum ríkisstarfsmanna vildu þeir ekki eiga aðild að neinu samkomulagi við ríkið um að gefa eftir 3% gegn því að fá tilsvarandi samningsréttarákvæði. (**FrS:** Náðu ekki lögin til þeirra?) Lögin ná til bankastarfsmanna eins og annarra og lögin ákveða um alla starfsmenn, að undanskildum þeim sem ég nefndi, hvert grunnkaup skuli vera og við hvað það skuli miða. Má segja að í raun og veru sé það eina undantekningin frá þeirri meginstefnu sem ríkisstj. setti fram um að hún mundi ekki hafa afskipti af grunnkaupi með lögum. Ákveðið var við hvað skyldi miða grunnkaup 1. mars, en jafnframt er ákveðið að það grunnkaup og þær vísitölugreiðslur, sem um er að ræða, eða það kerfi skuldi haldast óbreytt þar til öðruvísi hefur verið um samið.

Það, sem ég vildi sagt hafa, er að ég tel eðlilegt að þegar félagar í BSRB og háskólámenntaðir menn hafa fengið þær grunnkaupshækkanir sem nú er um að tefla, 3%, fái aðrir launþegar almennt sömu grunnkaupshækkun. Ég lít svo á að annað væri í mesta máta ósanngjarnt og alveg sérstaklega þegar litið er til bakgrunnsins, en þegar samið var um áfangahækkanir á sínum tíma við BSRB og BHM var gert ráð fyrir að þegar þær kæmu til framkvæmda hefðu nýir almennir kjarasamningar verið gerðir sem trúlega hefðu leitt til hækkana á grunnkaupi. Þess vegna var ákvæðið um áfangahækkanir þessara aðila, sem höfðu lengri og lögboðinn samningstíma, sett sem eins konar öryggisákvæði. Nú höfðu hins vegar ekki neinir almennir kjarasamningar átt sér stað á þessu tímabili, þrátt fyrir að kjarasamningar almennt hafi verið lausir um lengri tíma, svo að þess vegna má segja að út af fyrir sig hefði ekki verið nein fórn af hálfu opinberra starfsmanna að láta 3% eftir liggja, og þá sérstaklega þegar þeir áttu á móti að fá viss réttindi sem þeir töldu sér mikilvæg. En látum það liggja á milli hluta. Þeir hafa tekið ákvörðun um þetta efni með þeim hætti sem þeim var frjálst og rétt að gera og við það verður að sitja. Þeir fá 3% hækkun, af því að til eru samningar um það, en ég tel jafneðlilegt og sanngjarnt að aðrir hljóti hliðstæða hækkun, en til þess þarf samninga á milli aðila vinnumarkaðarins, bæði launagreiðenda og launaþiggjenda. Ég vil, þangað til annað reynist, trúa því að þeir aðilar, sem þar eiga hlut að máli, geti verið mér sammála um að það sé sanngjarnt og það muni þess vegna verða gert — ef ekki skapast ný viðhorf.

Auðvitað er ekki því að neita að skapast hafa ný viðhorf í kjaramálum, í raun og veru alls ekki vegna aðgerða ríkisstj., heldur af öðrum ástæðum, vegna þeirra áfangahækkana sem nú hljóta að eiga sér stað, vegna þaklyftingar af verðbótum og af öðrum ástæðum. Ég skal ekki fara nánar út í þá sálma, af því að tíminn er naumur, hverjum sé um að kenna að svo er komið að þakinu var lyft af verðbótum eða að áfangahækkun kemur til greina. Ég gæti að vísu talað eitthvað um það efni við hv. 1. þm. Austurl. og e. t. v. mundi hv. 4. þm. Reykv. hafa eitthvert gaman af því, en ég sé ekki ástæðu til þess að svo stöddu að fara að skemmta honum með því. (Gripið fram í.) Já, af því að ég er góðgjarn maður og vil yfirleitt gleðja þá sem eru í þungum þönkum. (Gripið fram í.) Já, en ég ætla að neita mér um það nú og halda mig við þær spurningar sem hv. 4. þm. Reykv. setti fram, og þeim hef ég í raun og veru svarað, um hvernig fari með þau atriði sem hann spurði um.

Það er þó eitt atriði eftir, má segja kannske, sem ekki er komið svar við í máli mínu, og það er sú spurning hans, hvers vegna sáttafundir væru ekki haldnir í farmannadeilunni. Ég get ekki svarað neinu til um það. Eins og hv. 4. þm. Reykv. veit er það á valdi ríkissáttasemjara að taka ákvörðun um hvenær hann telur vænlegt og eðlilegt að kalla sáttafundi saman. Ég veit með öruggri vissu að hann tekur ekki við neinum fyrirmælum frá neinni ríkisstj. um slíkt. Ég hygg að flestar ríkisstj., a. m. k. þær sem ég þekki til, hafi látið hann alls jálfráðan um þau efni. Ef hann hefur ekki kvatt saman sáttafund nú um sinn hlýtur hann að telja að þurft haft eitthvað lengri tíma til að melta þessi mál, ef svo má segja. Án þess að ég viti nokkuð um það á þessari stundu þykir mér sennilegt að þess verði ekki langt að bíða að sáttafundur verði kallaður saman í farmannadeilunni.

Það er rétt að ýmis utanaðkomandi atvik hafa gerst, sem ég ætla ekkert að fara að fjölyrða um hér, sem hafa áhrif í þessum efnum, eins og t. d. sú gífurlega olíuverðshækkun sem átt hefur sér stað og hefur óhjákvæmilega orðið til að magna verðbólguskriðu.

Ég vil svo aðeins segja það, að fyrsta markmið þessarar ríkisstj. er atvinnuöryggi. Af því leiðir að þannig verður að standa að atvinnurekstri að hann geti gengið, að hann geti borið sig hvert sem rekstrarform hans er. Annars verður atvinnuöryggi ekki tryggt. Mikilvægur þáttur í því er auðvitað sá, að verðbólgu sé haldið í skefjum — ég ætti sjálfsagt þó heldur að orða það þannig að verðbólguaukningu sé haldið í skefjum. Reynt hefur verið að gera það, t. d. með ráðstöfunum í sept., með ráðstöfunum um mánaðamótin nóv.—des., með viðnámslögunum og svo loks með efnahagslögunum þar sem nokkrar skorður voru settar við vísitöluhækkunum. Vil ég þá sérstaklega nefna það meginsjónarmið, sem fékkst þar viðurkennt, að það megi og geti verið eðlilegt að taka tillit til utanaðkomandi áhrifa þegar verðbótavísitala er reiknuð út. Þó að það spor, sem stigið er með efnahagslögunum í því efni, sé ekki stórt miðar það þó í rétta átt að mínum dómi.

Það er rétt að átt hafa sér stað verðlagshækkanir. Þess er fyrst að geta, að þar getur verið um að ræða verðlagshækkanir sem við ráðum lítið við, eins og á olíu, eða verðhækkun á innfluttum varningi yfirleitt. Í öðru lagi er þar um að ræða verðlag á ýmissi opinberri þjónustu m. a. Hv. 4. þm. Reykv. vék að því og taldi, að mér skildist, að farið hefði verið fullrausnarlega í verðhækkanir á opinberri þjónustu. (**GH:** Ég lagði engan dóm á það.) Engan dóm á það? Ég legg þá dóm á það. Ég er því alveg sammála. Ég er þeirrar skoðunar að farið hafi verið óþarflega djarft í hækkanir á opinberri þjónustu. Um það ætla ég ekki að ræða við hv. 1. þm. Austurl. Við sátum saman í stjórn og vorum þá hjartanlega sammála um þau efni þá. Ég er ekki vanur að bera á torg það, sem gerst hefur á ráðherrafundum, né það, sem bókað er í gerðabók ríkisstj., en ég veit að hann getur fengið upplýsingar um þessi efni frá ráðh. Alþb. og gert sér grein fyrir hverjir stóðu að því að bera fram óskir um verð-

hækkanir á opinberri þjónustu og hverjir stóðu sem fastast gegn þeim.

Eins og ég sagði áðan er ljóst að það hafa, og þýðir ekki að loka augunum fyrir því, skapast nokkur ný viðhorf í efnahagsmálum vegna þeirra atburða og þeirrar framvindu sem á sér stað um þessar mundir. Má vel vera að það megi orða svo, að ríkisstj. hafi tapað orrustu, en ég vil ekki ganga svo langt að segja að hún hafi tapað stríðinu. Þessi mál eru öll í skoðun hjá aðstandendum ríkisstj.

Ég er ekki á þessu stigi í stakk búinn til að gefa frekari upplýsingar en þær sem ég nú þegar hef gefið varðandi þær spurningar sem hv. 4. þm. Reykv. beindi til mín, en ég vil þó segja að mér er ljóst að þessi mál verður að taka til endurskoðunar með tilliti til ýmissa staðreynda. Ég held að ríkisstj. verði á ýmsan hátt að taka þessi mál fastari tökum en hingað til, ef þau markmið eiga að nást sem sett voru fram í upphafi stjórnarsamstarfsins. En samt er skynsamlegast að fara með gát, því að hér er um viðkvæm mál að tefla, hér er um flókin mál að ræða og þess vegna rétt að gefa sér tóm til að íhuga þau og rasa ekki að neinu leyti um ráð fram. — Þessi mál munu öll verða skoðuð á næstunni, en ég get ekki á þessu stigi gefið ákveðnari upplýsingar en ég nú hef gert.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja sérstaka athygli á því, hversu hér er í raun um alvarlegt mál að ræða, ekki kannske vegna fárra prósentustiga, heldur hins sem á eftir kynni að fylgja. Ég held að það sé aðalatriðið í stöðunni að menn hyggi alveg sérstaklega að þessu. Það væri mikill voði fyrir þjóðina ef verðbólgan stórykist og nú hæfist á ný það sem kalla mætti kauphækkunarkapphlaup. Ég held að svo mikið sé í húfi að hér verði allir að að hyggja og það geti varla skipt máli hvar í flokki menn standa. Þegar verðbólgan hefur á sér þann skrið sem nú er er mikil vá fyrir dyrum ef kauphækkunarkapphlaup fer í gang, ef verðlagið skrúfast enn upp, og þá gæti atvinnunni verið mikil hætta búin.

Það er í rauninni margföld reynsla fyrir því að peningalaunahækkanir við þetta verðbólgustig eru étnar upp í verðbólgu jafnóðum. Því er óhætt að taka undir þau orð, að lítil eða engin efni séu til peningalaunahækkana, til grunnkaupshækkana. Frá þessum sjónarhóli hlýtur það að vera verkefni númer eitt, eins og sagt er nú á dögum, að ganga þannig frá að ekki fari skriða af stað. Það hlýtur að vera hlutverk allra ábyrgra stjórnmálamanna að vinna að því að nú fari ekki kauphækkunarkapphlaup og ný verðbólguskriða af stað ofan á þann straum og flaum sem fyrir hendi er. Ég ætla einungis að minna á tvö atriði í þessu sambandi.

Annars vegar þarf meiri festu í verðlagsmálum og ganga þannig frá, að kauphækkunum sé ekki hleypt óheftum út í verðlagið, heldur sé þar spyrnt við fótum, og að fylgt sé fastmótaðri stefnu varðandi gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu, en ég held að í þeim efnum hafi mikið á skort mörg undanfarin ár. Við þá verðbólgu, sem nú ríkir, er áreiðanlega mikilsvert að opinberar stofnanir starfi þannig að gjaldskrár þeirra fari ekki fram úr þeim verðbólguskrið, sem fyrir hendi er í landinu, og ekki séu tekin hin stóru stökkin, heldur sé frekar fetað í smærri skrefum að því er varðar gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu. Í þessum efnum hef ég löngum haft þá trú, að þörf væri á öðrum vinnubrögðum en tíðkast hafa undanfarinn áratug a. m. k.

Í öðru lagi hlýtur að vera meginverkefni, eins og málum er nú hagað, að koma í veg fyrir frekari launamismun milli stétta í þjóðfélaginu, þar sem þeir verr settu dragast enn frekar aftur úr þeim sem betur eru settir, en nú virðist einmitt með klassískum hætti stefna að því að þeir, sem hæst hafa launin, gangi á undan, launamisrétti sé aukið í stað þess að stefna hægt og sígandi að auknum launajöfnuði í þessu þjóðfélagi.

Ég vildi í umr. núna einungis minna á þessi tvö atriði sem ég tel vera lykilatriði, hvað sem öllum prósentureikningi líður, til að ná tökum á því ástandi, sem hér hefur ríkt og hér ríkir, og þeirri óvissu sem nú er fyrir hendi. Það, sem þarf fyrst og fremst til þess að ná árangri á þessu sviði, er trú og vilji þjóðar og þings.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv., formaður Sjálfstfl., ræddi nokkuð um hræsni sem menn héldu uppi í tali um launa- og kjaramál. Það var sá tónn í ræðu hans sem gaf mér sérstakt tilefni til að biðja um orðið. Mér er svipað farið og hæstv. forsrh.: ég nenni ekki að eyða tíma Alþ., eins og ástatt er núna, í umr. utan dagskrár til þess að gera upp ýmislegt við samstarfsfélaga mína sem standa að ríkisstj. Það er auðvitað ekkert um að villast, að þar er ekki á ferðinni einn flokkur og aðilar ekki samstiga í einu og öllu. Engan speking þarf til þess að gera sér grein fyrir því. En þegar formaður Sjálfstfl. kemur fram við þetta tækifæri og talar um hræsnistal í sambandi við stefnu og tal manna um launa- og kjaramál kastar fyrst tólfunum.

Rétt er að víkja að nokkrum þáttum þessa máls. Ekki síst á formaður Sjálfstfl. sjálfur þarna hlut að máli. Ekki hefur vantað að undanförnu að formaður Sjálfstfl. og blöð Sjálfstfl. klifuðu á því í tíma og ótíma að núv. stjórnarflokkar hafi svikið það meginstefnumál sitt að taka samningana í gildi. Við skulum koma að því til þess að leiðrétta hv. þm. og útskýra um hvað er að ræða.

Um hvað var að ræða þegar menn töluðu um að taka samnigana í gildi? Þar var um að ræða að afnema þau lög sem þessi hv. þm. stóð fyrir að setja á Alþ. í febrúarmánuði 1978 og í maímánuði 1978 og miðuðu að almennri launaskerðingu. Þetta var gert. Þau lög voru afnumin og gildandi samningar leiddir í lög og látnir gilda. Þar var aðeins gerð ein undantekning. Það er rétt að gera sér grein fyrir hver sú undantekning var. Sett var svonefnt vísitöluþak á laun. Allt tal formanns Sjálfstfl. og þeirra sjálfstæðismanna um svikin á því að taka samningana í gildi er út af því vísitöluþaki. En hvernig var svo það vísitöluþak til komið? Það segir líka nokkra sögu.

Samningarnir, sem mest hefur verið deilt um, voru gerðir í júnímánuði 1977, svonefndir sólstöðusamningar. Þá hafði verið deilt alllengi um hvernig kaup og kjör ættu að vera í landinu. Alþýðusamband Íslands, sem fór með samningaumræðurnar af hálfu launþega, lagði fram till. um að hafa vísitöluþak við útreikning launa. Þær till. liggja allar fyrir og þeim verður ekki neitað. En hvað gerðist svo á sama tíma? Fremstu og áhrifamestu menn í Sjálfstfl., sem sátu við boðið atvinnurekendamegin, aðalstuðningsmenn hv. 4. þm. Reykv., Geirs Hallgrímssonar, svöruðu till. ASÍ í samningagerðinni í júnímánuði 1977 með því að krefjast þess að ekki yrði sett vísitöluþak á laun, heldur yrði vísitalan greidd upp allan launastigann. Þetta veit formaður Sjálfstfl. mætavel vegna þess að opinberar skýrslur liggja fyrir um það. Og

hann veit líka að sérstök sáttanefnd, sem vann að því að leysa kjaradeiluna þá, leysti hana með miðlunartillögu um að fyrri hluta samningstímabilsins skyldi gilda vísitöluþak á laun, en seinni hluta samningstímabilsins skyldi vísitalan greidd að fullu upp úr. Þannig var tekið nokkurt tillit til beggja. En svo gerist það að formaður Sjálfstfl., höfuðpaur atvinnurekendavaldsins í landinu, og flokkur hans ásaka núv. ríkisstj. og alveg sérstaklega okkur í Alþb. fyrir að við höfum svikið þjóðina með því að löggilda ekki vísitöluna upp úr á öll laun. Um þetta hefur umr. þeirra allan tímann snúist. Þeir ásaka okkur fyrir að hafa ekki staðið við að vísitalan skyldi verða greidd upp úr á öll laun allan tímann. Ef það er ekki hræsni að leyfa sér svo að standa upp á Alþ. og halda ræðu á þann hátt sem hv. formaður Sjálfstfl. gerði, þá veit ég ekki yfir hvað á að nota orðið hræsni.

En þetta er ekki það eina sem sannar þessa hræsni. Við skulum athuga nokkur fleiri atriði sem snerta launamálin. Æ ofan í æ hefur formaður Sjálfstfl. komið upp í þessa pontu, síðan núv. ríkisstj. tók við völdum, til að ræða um launamál og látið þá hafa eftir sér í blaði sínu, Morgunblaðinu, það sem hann hefur sagt hér, þar sem hann hefur ásakað ríkisstj. fyrir að hafa brotið launasamninga, brotið kjarasamninga 1. sept., 1. des. og við allar launaákvarðanir með því að greiða niður verðlag á vörum. Hann hefur hvað eftir annað komið upp í ræðustól og haldið þessu fram og látið blað sitt þruma það yfir landslýð að alltaf væri verið að svíkja kaupið, alltaf verið að svíkja samninga með því að greiða niður vöruverð. Ég hef nokkrum sinnum gert aths. við málflutning hv. formanns Sjálfstfl. og undrast eins og fleiri að hann skyldi leyfa sér hræsnistal eins og þetta. Hann veit að það hefur verið viðurkennt allan tímann af öllum þeim sem fjalla um launamál á Íslandi að niðurgreiðslur t. d. á landbúnaðarvörum, sem skila sér fyllilega varðandi kaupmátt launa, væru regla sem mætti framkvæma og hefur verið viðurkennd af launþegum ekki síður en atvinnurekendum, án þess að verið væri að brjóta kjarasamninga. En formaður Sjálfstfl. þurfti á því að halda að reyna að æsa upp launþega í landinu, hræsna fyrir þeim: hann væri talsmaður þeirra og aðrir væru að hafa kaupmáttinn af almenningi. Það er einmitt út frá því sama sem hefur verið að gerast núna og gerðist á síðasta landsfundi Sjálfstfl., að hann er að gera samþykkt um að Sjálfstfl. sé nú eini dyggi og trúi málsvari launafólks í landinu. Það hafa eflaust einhverjir brosað þegar slík samþykkt var gerð, að Sjálfstfl. væri einum trúandi fyrir hagsmunum launastéttanna, með allar þær staðreyndir á borðinu sem ég hef bæði minnst á hér og þær sem menn hafa verið að reka sig á að undanförnu. Og svo vita allir menn í landinu að það var forustulið Sjálfstfl. núna sem beitti sér fyrir því í öllum þeim stéttarfélögum innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem þeir höfðu nokkur ítök í að sjálfstæðismenn legðust allir á eina sveif og reyndu að fella það samkomulag sem forustumenn samtakanna höfðu gert við ríkisstj. (**Gripið fram í:** Laglegt er nú fylgið sem Íhaldið á að hafa.) Nei, það á ekki andmælendur samkomulagsins alla, en þeir beittu sér fyrir að fella það. Það er mikill misskilningur, að þeir eigi svo mikið fylgi, en þessir forustumenn beittu sér fyrir andófi við samkomulagið, eins og ég sagði. Þeir beittu sér fyrir andófi, börðust gegn samkomulaginu, en svo koma þeir á eftir upp í ræðustól á Alþ. með hræsnisbros og glotti yfir því hvernig til hefur tekist. (**Gripið fram í:** Þeir eru þó orðnir áhrifamiklir alla vega.) Því miður hefur Sjálfstfl. haft of mikil áhrif lengi á Íslandi og m. a. á Alþ., en það er kominn tími til þess að minnka þau áhrif. (Gripið fram í.) Já, og við skulum minnast á nokkur fleiri atriði, þó að ég játi að hér sé skorinn tími og ekki aðstaða til að fara út í alla þætti.

Hverjir skyldu ráða fyrir liði þar sem er Vinnuveitendasamband Íslands nema ýmsir af helstu forustumönnum og stuðningsmönnum formanns Sjálfstfl.? Og hvað hafa þeir verið að dunda við að undanförnu? Hafa þeir kannske verið að hugsa sérstaklega um þjóðarhag? Þeir leyfa sér að koma með hverja rosaspána af annarri í sambandi við verðlagsþróun. Nú spá þeir að verðbólgan verði 107% á ári! Hvað þýðir sá spádómur? Af hverju er verið að senda hann frá sér? Til þess að reyna að æsa upp ástandið í landinu þannig að það sé auðvitað fjarstæða að launþegarnir geti fallist á að bíða með grunnkaupshækkanir, — 107% verðbólga er fram undan. — Auðvitað er þetta sagt vitandi hvaða áhrif það hefur í almennum viðskiptum og á efnahagsþróun í landinu. Það er ekki ofsagt að þeir séu hræsnarar sem standa að slíkum spádómum og koma svo fram á Alþ. og þykjast hvergi hafa komið nærri.

Ég sagði í þrætum við samstarfsmenn mína í ríkisstj. að auðvitað væri algerlega ófullnægjandi að ætla að afsaka það sem gerst hefði í sambandi við lyftinguna á vísitöluþakinu. Sú samþykkt um greiðslu á launum sem var gerð í borgarstjórn Reykjavíkur og jafnt mínir flokksmenn sem aðrir eiga þar aðild að, var gerð og birt opinberlega áður en núv. ríkisstj. setti lög í septembermánuði um vísitöluþak á laun. Þar hafði Reykjavíkurborg og ýmis önnur bæjarfélög valið sér ákveðna leið til að greiða starfsmönnum sínum í áföngum. Það voru því engin rök að mínum dómi fyrir því að ætla að svipta vísitöluþakinu af öllum launastéttum í landinu, þó að menn hafi vitað áður en samkomulagið var gert í septembermánuði að Reykjavíkurborg og ýmsir fleiri væru búnir að taka ákvörðun um allt annað fyrirkomulag.

En eins og ég sagði ætla ég ekki að eyða tíma Alþ. í þessum umr. í að deila um hvaða ástæður liggja að mínum dómi fyrir því að vísitöluþakið fauk af án allra mótaðgerða. Það er mál út af fyrir sig sem við eigum eflaust eftir að ræða um.

En ég vil segja að sá tónn, sem kom fram hjá formanni Sjálfstfl., hv. 4. þm. Reykv., er að mínum dómi alveg augljóslega í hræsnisanda. Þar er um hræsnisanda að ræða vegna þess að Sjálfstfl. hefur í stjórnarandstöðu og í málflutningi sínum að undanförnu borið þunga ábyrgð á því hvað hefur verið að gerast í launamálum. Fyrst reyrði hann þann hnút sem núv. ríkisstj. varð að reyna að leysa, og síðan hefur hann haldið þannig áfram að hann hefur ásakað núv. stjórnarflokka fyrir að hafa ekki sett samningana í gildi að því leyti til að láta vísitöluna mæla upp eftir öllum launastiganum. Hann veit mætavel að samningarnir voru settir í gildi að öðru leyti en þessu. Hann hefur reynt að telja mönnum trú um að samningarnir hafi verið falsaðir með því að lækka verð á nauðsynjavörum. (**FrS:** Sem ekki voru til í landinu.) Sem ekki voru til í landinu? Annað segja opinberar tölur en að ekki hafi verið landbúnaðarvörur til. Við höfum alltaf haft of mikið af þeim, en ekki að þær væru ekki til. Það hefur farið eitthvað fram hjá þeim hv. þm. sem greip fram í hjá mér ef hann hefur ekki orðið var við að til væru landbúnaðarvörur í landinu.

Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh. að skapast hafi ný viðhorf í launamálum sem hæstv. ríkisstj. þurfi að taka á. Það er engin leið út úr þeim vanda að einn og einn aðili sé að reyna að koma sök á annan fyrir sumt af því sem gengið hefur úrskeiðis. Reynt hefur verið að koma því á okkur Alþb.-menn sérstaklega að vísitöluþakið fauk af. En ég segi: Það er margyfirlýst og hefur t. d. komið best fram undir stjórn Guðmundar J. Guðmundssonar hjá Verkamannasambandinu og hafði komið fram frá hálfu Alþýðusambandsins í síðustu kjarasamningum, að það hefur ekki verið stefna Alþb.-manna að krefjast þess að vísitalan mældi hlutfallslega upp eftir öllum launastiganum. Aðrir aðilar hafa haft þá kröfu uppi. Hitt er mér alveg ljóst, að ekki er vandalaust að skipa þeim málum svo að réttlátt sé hvernig eigi að haga vísitöluuppbótum á laun. En það mun hvorki þýða fyrir Sjálfstfl. né samstarfsflokka okkar að reyna að koma einhverri sök á okkur fyrir að vísitöluþakið var tekið af. Við erum nú sem áður reiðubúnir til þess að setja lög um að vísitöluþak verði sett á þannig að hæstu laun fái ekki mælda í prósentum fulla vísitölu. Þar hefur ekki staðið á okkur. Hinu dettur mér að sjálfsögðu ekki í hug að neita, að ekki séu ýmsir aðilar innan Alþb. eins og innan allra annarra flokka sem gjarnan vildu að verðbótavísitalan á laun mældi upp eftir öllum launastiganum, en það hefur ekki verið meginafstaða flokks míns né helstu forsvarsmanna hans í sambandi við gerð kjarasamninga. Dæmin sýna og sanna allt annað.

Ég þarf svo ekki að segja meira að sinni í sambandi við þá ræðu sem hér var flutt af hálfu formanns Sjálfstfl.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Núv. hæstv. ríkisstj. byggði fyrst og fremst á samráði við launþegasamtökin í landinu. Þetta er tekið fram á bls. 1 í stjórnarsáttmála og átti að vera undirstaða að efnahagslegum velfarnaði á næstu missirum þar á eftir. Fyrir tveimur dögum var hins vegar upplýst að fyrir úrslit kosningarþátttakenda í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja þar sem þessi næststærstu heildarsamtök launþega í landinu felldu með 70 hundraðshlutum það samkomulag sem ríkisstj. í landinu þó hafði mælt með að samþykkt yrði. Það þarf auðvitað ekki að fara í neinar grafgötur um að þetta er verulegt áfall fyrir núv. ríkisstj. og það sem meira er: þetta er gjaldþrot þeirrar stefnu í launamálum sem fylgt hefur verið.

Það segir sig alveg sjálft og ég segi fyrir mig, að ég hef samúð með þeim sem greiddu atkv. gegn þessum samningum, af þeirri einföldu ástæðu að frá því að till. voru fram settar og þangað til atkvgr. í samtökunum fór fram breyttust grundvallarforsendur. Þær forsendur, sem breyttust, voru að sérhópar, sumir hverjir hinir óbilgjörnustu í landinu, eins og flugmenn, höfðu fengið verulega launahækkun. Við það voru brostnar þær forsendur sem upphaflega var gengið út frá. En auðvitað hafa fleiri forsendur brostið. Forsendurnar fyrir hinni almennu launastefnu, sem núv. ríkisstj. hefur rekið, eru með þessu brostnar og augljóst er að ekki er hægt að spila af fingrum fram með sama hætti og reynt hefur verið síðan í byrjun sept. þegar hæstv. núv. ríkisstj. var mynduð.

Nú er því auðvitað ekki að leyna, að teikn um hið pólitíska gjaldþrot mátti sjá þegar í upphafi núv. ríkisstj. Þegar einasta voru gerðir samningar í launamálum án þess að snert væri við öðrum veigamiklum þáttum efnahagsmála — þá er fyrst og fremst átt við ríkisfjármálin — mátti sjá að ekki gat farið nema á þann veg sem nú blasir við okkur, að farið hefur. Og minna má á það, sem eru einfaldar sögulegar staðreyndir, að það „módel" af ríkisstj., sem við búum nú við, hefur verið reynt tvisvar áður í Íslandssögunni. Það var reynt 1956—1958 og endaði með efnahagslegu gjaldþroti og stórsigri Sjálfstfl. í kosningum. Það var reynt aftur 1971—1974. Þá var guðfaðir núv. ríkisstj. innan stjórnarinnar. Það endaði með efnahagslegu skipbroti, óðri verðbólgu, uppreisn á vinnumarkaði og stórsigri Sjálfstfl. í almennum kosningum. Þróunin núna hefur verið hraðari, gerjunin hefur verið fljótari, áverkarnir eru að koma fyrr í ljós en 1956—1958 og 1971—1974. Við stöndum uppi eftir 7—8 mánuði frá því að stjórnin var mynduð og efnahagsstefnan er gjaldþrota. Atkvgr. í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja er ekki eingöngu um 3%, hún er um traust eða vantraust á ríkisstj. sem situr í landinu, og efnahagsstefnu sem hún er að reka. 70% segja nei við þessu.

Ég hef sagt það áður úr þessum stól, að ég lít ekki svo á að það eigi að vera höfuðmark og mið svokallaðra vinstri stjórna í landinu, sem reknar eru fyrir orð og með vilja hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, hvort sem hann situr utan eða innan stjórnar, að efla Sjálfstfl. Reynslan tvívegis sýnir að Sjálfstfl. hefur fitnað eins og púkinn á fjósbitanum við slíkar stjórnir. Ég hygg að menn þurfi ekki að hafa mikil tengsl út í samfélagið og ekki að snerta oft á púlsi almenningsálits til að finna að sömu hlutir og tvisvar áður gerast ef áfram verður spilað af fingrum fram eins og hingað til hefur verið gert. Þessi stefna er gjaldþrota. Fólkið er að hafna henni í einum samtökum af öðrum. Svona getur ekki gengið lengur.

Og í dag eru birtar fréttir sem hv. 1. þm. Austurl. vill gera lítið úr. Það er spá hagstofu Vinnuveitendasambands Íslands. Ég hef ekki neina ástæðu til að ætla annað en sú spá sé unnin af hinni fyllstu samviskusemi. Þessi spá er að því leyti söguleg að þar er í fyrsta skipti í íslenskri hagsögu á lýðveldistímanum, a. m. k. í alvarlegri hagspá, talað um möguleikana á verðbólgu sem fari yfir 100% á ári. Og menn skulu velta fyrir sér hvað þetta þýðir í ringulreið, í raunverulegri kjararýrnun og í þeirri siðferðislegu upplausn sem alls staðar og ævinlega hefur fylgt ástandi sem þessu. Sérhóparnir í þjóðfélaginu, hvað sem líður hinum stóru heildarsamtökum almennra launþega, eru komnir á fulla ferð: flugvirkjar, mjólkurfræðingar og aðrir, og við slíkt verður ekki ráðið með því spili af fingrum fram sem núv. ríkisstj. hefur leikið.

Ég sagði að teikn um þetta hefði mátt sjá þegar í septembermánuði s. l. og hið fyrsta m. a. s. daginn sem hæstv. núv. ríkistj. var mynduð. Lúðvík Jósepsson, hv. 1. þm. Austurl., gerði því skóna í Þjóðviljanum í dag að allt sé farið fjandans til, rétt sé það, en þar sé um að kenna krötum og Framsókn. Auðvitað er það sannleikur málsins, að við tókum við milli 40 og 50% verðbólgu, en gerðum samt ekki hina minnstu tilraun til kerfisbreytingar. Það var siglt áfram í óbreyttu ástandi hinna almennu efnahagsmála, ríkisfjármála, peningamála, fjárfestingarmála, vaxtamála. Alþb., og þá fyrst og fremst helsti talsmaður þess, hv. þm. Lúðvík Jósepsson, hefur ekki verið til umr. um hinar minnstu breytingar í þeim efnum. Það þarf ekki að rekja. En fyrir þá hv. þm., sem ekki lásu grein hv. þm. í Þjóðviljanum á sunnudaginn var, má geta þess að hann er ekki aðeins að lýsa skoðun-

um sjálfs sín, heldur raunverulega að lýsa setningu fyrir setningu hvað mistekist hefur hjá hæstv. núv. ríkisstj. Launþegar geta því aðeins haft trú á samræmdri launastefnu, svo sem hún er rekin af stjórnvöldum, að þeir geti einnig haft trú á að verið sé að vinna á öðrum sviðum að því að kveða verðbólguna niður. Á það hefur gersamlega skort hjá núv. hæstv. ríkisstj. Við vitum að svo hefur verið. Þeim, sem ekki eru alveg glöggir á þeirri ástæðu, ráðlegg ég enn og aftur að lesa grein hv. 1. þm. Austurl. í Þjóðviljanum frá því á sunnudaginn var.

Þetta er önnur hliðin: Alþb. hefur ekki verið til umr. um breytingar. Það vil fjárfesta sem mest, hafa sem lægsta vexti, prenta sem mest af peningum, safna sem mestum skuldum erlendis. Það er sú stefna sem er orðin gjaldþrota — er það raunar fyrir löngu — og það er við þessa stefnu sem launþegar eru smátt og smátt að hafna allri samvinnu og gerðu síðast með niðurstöðu atkvgr. í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Önnur hlið málsins er auðvitað sú, að þegar þessi ríkisstj. fór af stað varð hún einhvern veginn að reyna að krafsa sig fyrir Alþb. út úr slagorðaglamrinu um samningana í gildi. Það var óraunhæft slagorð frá upphafi, enda stóð aldrei til að standa við það af hálfu þessara manna. Þegar nú er sagt að „samningarnir í gildi" hafi aðeins þýtt samningana í gildi fyrir þá lægst launuðu, það hafi aldrei staðið til að mæla fulla vísitölu upp úr, er það rangt túlkað. Þetta var aldrei sagt fyrir kosningar. „Samningarnir í gildi" þýðir bókstaflega að hafi verið samið um fulla vísitölu skuli hún gilda. Annað er útúrsnúningur. Annað er ný skoðun. Það er ekki von að slíkt sé tekið trúverðuglega, enda gerist það nú að hæstv. viðskrh. Svavar Gestsson lýsir í Þjóðviljanum í dag nýrri hugmynd sinni um hvernig að eigi að standa: U. þ. b. 3% grunnlaun skuli greidd á öll laun, vísitalan skuli greidd upp að einhverju marki og síðan skuli klippt. Ég sé ekki betur en hæstv. viðskrh. sé að leggja til þær hugmyndir sem hv. þm. Geir Hallgrímsson, fyrrum forsrh., lagði til í febrúar- og maí-ráðstöfunum 1978. Þykir mér hv. þm. Geir Hallgrímsson hafa eignast óvæntan bandamann með þessu.

Þegar hv. þm. Geir Hallgrímsson setti lög um efnahagsmál í febr. og maí 1978 sat hæstv. viðskrh. á ritstjórnarskrifstofu Þjóðviljans og skoraði á menn að leggja niður vinnu og brjóta lög. Ég var einn af þeim sem neituðu að leggja niður vinnu og brjóta lög. En ef hæstv. viðskrh. ætlar nú að fara að taka upp því sem næst óbreytta efnahagsstefnu hv. þm. Geirs Hallgrímssonar frá því í febr. og maí 1978 sýnist mér að komið sé að öðrum að skora á aðra að leggja niður vinnu í þessu landi.

Það er alveg augljóst að vísitöluþak eins og það, sem hæstv. viðskrh. nú er að tala um, er einnig gjaldþrota aðferð. Það er gjaldþrota aðferð vegna þess að hálaunahópar í einkageiranum fyrst og fremst hlýða slíku ekki. Greidd er full vísitala á laun í öllum þorra einkafyrirtækja a. m. k., hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Slíkum lögum yrði ekki hlýtt í reynd. Það skapar tortryggni, og sú aðferð, sem hæstv. viðskrh. nú er í grófum dráttum að leggja til og Geir Hallgrímsson hafði lagt til og raunar gert að lögum á undan honum, er gjaldþrota aðferð. Það er sú aðferð að krukka hér og þar í launakerfið. Hún hefur ekki gefið góða raun og mun enn ekki gefa góða raun. Ég er almennt þeirrar skoðunar, að nú eigi að grípa til þess sem segir í síðustu setningu í málefnasamningi núv. hæstv. ríkisstj. Þar segir að málefnasamning þennan skuli endurskoða á árinu 1979. Það er komið árið 1979. Það er jafnframt ljóst að þar sem forsendur inngangsins eru ekki lengur fyrir hendi, samráðið við launþegahreyfinguna er ekki mögulegt með þeim hætti sem þar var lagt til, verður núv. ríkisstj. að gera annað af tvennu: Hún verður að endurskoða frá grunni þær aðferðir og þau vinnubrögð sem hún hyggst fara eftir, en ef það er ekki mögulegt eru forsendur hennar sem starfhæfrar ríkisstj. brostnar og hún verður að segja af sér. Farmenn eru í verkfalli í landinu. Við þekkjum launakröfur þeirra. Engin ástæða er til að draga í efa þá spádóma Vinnuveitendasambands Íslands að fái þeir 30% í launahækkun og hafi það áhrif á önnur þrep launakerfisins stöndum við frammi fyrir yfir 100% verðbólgu á ársgrundvelli. Það að spila af fingrum fram er liðin tíð. Það dugir ekki. En þetta ákvæði eigum við eftir að endurskoða, allan grundvöllinn sem hefur brugðist.

Í kosningunum sumarið 1978 hélt fólkið í landinu að það væri að kjósa sig frá því kerfi sem verið hafði í stjórnkerfi og annars staðar. Fólkið gerði meiri breytingar á stjórnkerfi, á löggjafa, en nokkru sinni fyrr. En svo spilaðist úr að þegar farið var að semja um ríkisstj. höfðu þar forustu tveir fulltrúar gamla kerfisins og kannske þeir táknrænustu. Annar þeirra er Ólafur Jóhannesson, hæstv. núv. forsrh., og hinn er hv. þm. Lúðvík Jósepsson. Því miður liðum við fyrir að samningamenn okkar stóðust þessum tveimur mönnum ekki snúning, og fyrir það er samfélagið allt að líða. Þessum skoðunum hef ég lýst áður og er ekki að segja neitt sem ég hef ekki lýst. En vegna þess að svo fór varð hæstv. núv. ríkisstj. ekki upphaf að nýjum umbótatíma, heldur er hún sennilega síðasta stjórn gömlu haftakarlanna sem situr áður en nýir tímar taka við. Launastefnan er sprungin. 70% opinberra starfsmanna lýsa yfir vanþóknun. Þegar svo er komið held ég að ástæðulaust sé að vera að kenna hv. þm. Geir Hallgrímssyni, Sjálfstfl. eða einhverjum öðrum um. Okkur hefur sjálfum mistekist og af slíku eigum við að draga lærdóma.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka forsrh. fyrir svör hans við fsp. mínum, þótt ég hljóti að gera nokkrar aths. við þau svör.

Forsrh. svaraði því til, að stefna ríkisstj. í launa- og kjaramálum væri óbreytt frá því sem ákveðið var þegar hún var mynduð. En síðar í ræðu sinni tók hann sérstaklega fram að skapast hefðu ný viðhorf í launamálum, bæði vegna áfangahækkunarinnar og þaklyftingarinnar. Sem sagt: eins og stendur er ríkisstj. stefnulaus í kaup- og kjaramálum.

Stefnan er ekki óbreytt í raun. En við skulum aðeins dvelja við það, hver var stefnan við myndun þessarar ríkisstj. Hún var að samningarnir skyldu ganga í gildi. Og hvað fólst í því annað en að þeir samningar, sem þá áttu að gilda til 1. des. s. l., áttu óbreyttir að ganga í gildi og enn fremur átti eðlilega að taka upp frjálsa samninga að loknu því samningstímabili? Hvað fólst í því í raun og veru annað en ríkjandi samningar milli ríkis og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og BHM skyldu ganga í gildi og þar á meðal áfangahækkun á þessu ári? Það eru þessi loforð sem ríkisstj. hefur svikið. Það eru þessi kosningaloforð Alþb. og Alþfl. sem ríkisstj. hefur svikið. Og þessi loforð eru sá víxill sem Framsfl. skrifaði upp á eftir kosningarnar við myndun þessarar ríkisstj., en

ríkisstj. hefur svikið.

Við getum endurtekið í þessum umr., hv. þm. Lúðvík Jósepsson og ég, það sem við höfum sagt áður um í hverju svikin eru fólgin. Það er alveg augljóst mál að auknar niðurgreiðslur í þeim mæli og með þeim hætti, sem framkvæmt var við byrjun þessarar ríkisstj., eru í raun fölsun á vísitölunni, bæði vegna þess, sem hv. þm. Friðrik Sophusson átti við er hann greip fram í ræðu Lúðvíks Jósepssonar og benti honum á að gamla kjötið var ekki til á markaðinum þegar neytendur ætluðu að kaupa það, en líka vegna hins, að niðurgreiðslur hafa meiri áhrif á kaupgjaldsvísitöluna til lækkunar en til lækkunar á heimilisútgjöldum fjölskyldnanna í landinu. Það er líka fölsun í því fólgin að hækka beina skatta á launþegum í landinu, sem ekki verka til hækkunar kaupgjaldsvísitölu, til þess að standa undir auknum niðurgreiðslum, sem lækka kaupgjaldsvísitölu, og láta þannig neytendur í landinu borga eigið kaup niður með auknum sköttum. Þetta eru svik og ekkert nema svik sem 1. þm. Austurl. hefur staðið fyrir og haft forgöngu um, ekki bara í þessari ríkisstj., heldur og í fyrri vinstri ríkisstj. sem hann hefur setið í.

Það er ekki að furða þó hv. 1. þm. Austurl. hafi verið nokkuð ákafur í ræðuflutningi sínum áðan. Sök bítur sekan. Hann hefur verið meistari talnaleiks með vísitöluna til að koma aftan að launþegum og reyna að blekkja þá. En þegar á Alþ. í fyrra komu fram hreinskilnar ráðstafanir og nauðsynlegar til þess að hafa hemil á verðbólgunni í landinu var þessi maður standandi upp og æsandi launþega upp til skemmdarverka.

Ég frábið mig því hrósi, eins og hlýtur að hafa átt að vera af munni hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, að ég hafi æst launþega upp á Alþ. í vetur. Ef það er að æsa launþega upp á Alþ. að krefjast þess af fyrri stjórnarandstöðu, bæði Alþb. og Alþfl., svo og af málsvörum Framsfl. eftir að þeir gengu í björg með fyrri stjórnarandstöðu, að þeir standi við eigin orð, að þeir standi við eigin loforð, má e. t. v. til sanns vegar færa að ég hafi æst menn upp. En ég held að slíkt sé ekki annað og meira en sú krafa sem gera verður til allra okkar alþm., að við stöndum við orð okkar og við segjum ekki tvennt ólíkt fyrir og eftir kosningar.

Það er einmitt höfuðatriði þessa máls, að málsvarar Alþb. og Alþfl. sögðu allt annað við kjósendur fyrir kosningar en þeir hafa framkvæmt eftir kosningar. Kemur það berlegast fram í viðtalinu við Lúðvík Jósepsson sjálfan í Þjóðviljanum í morgun, þar sem hann segir berum orðum að sérstaða sveitarfélaganna í landinu hafi verið að þau hefðu getað lyft launaþakinu vegna þess að sú ákvörðun var gerð fyrir þingkosningar. En ekki var skynsamlegt að áliti Lúðvíks Jósepssonar að gera slíkt hið sama eftir kosningar. Nei, það var ekki sambærilegt. Þá var óhætt að svíkja kosningaloforðin. Þetta kalla ég hræsni og ítreka það og endurtek og legg áherslu á. Og það er fyrir þessa hræsni sem m. a. meðlimir innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eru að refsa fyrri málsvörum sínum sem þeir héldu vera.

Við getum rakið áfram hvernig núv. ríkisstj. hefur brotið loforðið um samningana í gildi, ekki eingöngu með því að leggja aukna áherslu á niðurgreiðslur sem gagnast ekki launþegum í sama mæli og kaupgjald mundi hafa gert, heldur og með ýmsu öðru. En áður en ég vík frá niðurgreiðslunum er stutt í efndir þess atriðis stefnuskrár ríkisstj. að auka niðurgreiðslur sem svarar 10 prósentustigum í kaupgjaldsvísitölu á þessu ári. Í fyrsta lagi hafði ríkisstj. reist sér þann hurðarás um öxl með þessu loforði að hún gafst upp við efndirnar þegar við gerð fjárlaga fyrir yfirstandandi ár og ætlaði ekki nægilegt fjármagn til þess arna. En það er ekki nóg með það. Hún gengur með nýsamþykktu efnahagsfrv. frá loforði sínu um auknar niðurgreiðslur og lækkað vöruverð landbúnaðarvara og segir berum orðum að draga eigi úr niðurgreiðslum í áföngum á þessu ári, á næsta ári og árinu þar á eftir. Hvað er nú orðið af skrautfjöðrinni þeirra Alþb.-manna? Þegar auknar niðurgreiðslur, lækkað vöruverð landbúnaðarvara, er að engu orðið og vöruverð landbúnaðarvara verður næst ákveðið kemur sú hækkunaralda fram með langtum meiri þunga sem fyrirsjáanleg er, vegna þess að vandinn var aukinn með aukningu niðurgreiðslna á s. l. hausti. Hagspeki þeirra Alþb.-manna kemur þeim í koll. Hagspeki Alþb.-manna dregur Alþfl. og Framsfl. með út í fenið. Og það þýðir lítið að koma með kurteisleg og að ýmsu leyti skynsamleg orð, eins og t. d. hæstv. sjútvrh. sem lætur blekkja sig hvað eftir annað, eins og flokksbróðir hans sagði okkur áðan, hv. síðasti ræðumaður, 7. þm. Reykv.

Eigum við kannske að ræða nánar um vísitöluþakið? Ég held að það væri nær að þeir í stjórnarherbúðunum yrðu til þess að ræða það mál sín á milli og gera upp sakir sín á milli varðandi vísitöluþakið. Í átta punktunum hans Lúðvíks í Þjóðviljanum í morgun er fyrsti punktur: Ráðh. Framsfl. gerðu það að till. sinni að lyfta launaþakinu í byrjun árs. Annar punktur: Frv. forsrh. er það í tafli formanns BHM af því að hann er framsóknarmaður. Þriðji punktur: Þakið af, sögðu kratar. Sjötti punktur: Tómas Árnason bástúnar það út án samráðs við ríkisstj. að lyfta skuli þakinu og greiða BSRB-mönnum og BHM-mönnum það sem þaklyftingin jók tekjur þeirra. Sjöundi punktur: Hvorki fyrrv. né núv. formenn Framsfl. höfðu dug í sér eða skynsemi til þess að bera úrskurð Kjaradóms undir dómstóla. Og svo var áttundi punkturinn, sem ég hef þegar gert að umtalsefni, um sérstöðu bæjarfélaga sem var í því fólgin að ákvörðun þeirra var gerð fyrir þingkosningar, en ákvörðun ríkisstj. eftir.

Efnislega er líka unnt að ræða um vísitöluþakið. Ég gerði það ekki. Þegar fulltrúar Alþb. töluðu um vísitöluþakið fyrir kosningar átti það að fjúka af vegna þess að innifalið var í samningunum að það væri ekki til. Þess vegna eru það auðvitað svik á því kosningaloforði að setja það aftur á. Hv. 1. þm. Austurl. telur þá Alþb.-menn vera alla sammála um að lyfta vísitöluþakinu af. Ég held nú síður. Ég ráðlegg 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni, að fara í smiðju til t. d. Benedikts Davíðssonar, formanns verkalýðsráðs Alþb., og spyrja hann um skoðun hans á því að lyfta vísitöluþakinu af. Ástæðan til þess, að ekki er alfarið óréttlátt að lyfta vísitöluþakinu af, er einmitt sú, að launataxtar í landinu eru byggðir upp með svo mismunandi hætti og með svo blekkjandi móti að sumir hinir tekjuhæstu menn í þjóðfélaginu fá fullar vísitölubætur þrátt fyrir vísitöluþakið, þótt aðrir, sem á mörkum liggja, fái launaskerðingu af því, ef launataxtar þeirra koma hreinskilið fram í útborgun launa, en eru ekki faldir í alls konar álagsgreiðslum o. s. frv.

Það er líka íhugunarvert að annmarkinn á vaxandi launamun í þjóðfélaginu er e. t. v. ekki fólginn í því í sjálfu sér að lyfta vísitöluþakinu, heldur í samningum um vísitölugreiðslur eða verðbætur á laun. Það væri nær að

uppörva og hvetja aðila vinnumarkaðarins til að semja sín á milli um réttlátar vísitölubætur, en ætla ekki þm. að fjalla um það efni nema í neyðartilvikum, eins og fráfarandi ríkisstj. leit á málin á s. l. vetri. En síðan er liðið eitt ár og nægur tími hefði verið fyrir aðila vinnumarkaðarins að komast að skynsamlegum samningum, bæði hvað snertir grunnkaup og verðbætur launa. Þeir, sem töluðu um samningana í gildi, hefðu átt að stuðla að því, að slíkir samningar væru gerðir, í stað þess að vera sífellt að krukka í gerða kjarasamninga frá því að stjórnin var mynduð og til þessa dags.

Þegar stjórnin var mynduð var önnur höfuðstoð stjórnarmyndunarinnar, fyrir utan auknar niðurgreiðslur, að hækka launin, sem þeir sögðu að fælist í loforðinu og efndum loforðsins „samningarnir í gildi". En hvert hefur verið verkefni ríkisstj. allar götur síðan? Að lækka launin. Þeir hækka fyrst launin í sept. þegar þeir byrja stjórnarstörfin og þá einkum á hæst launaða fólkinu, ekki á lægst launaða fólkinu sem hafði aðeins dagvinnutekjur, en allar götur síðan eru allar gerðir ríkisstj. við það miðaðar að lækka launin sem fólkið átti von á að fá. Ég er ekki með þessu að segja að þessar aðgerðir ríkisstj. hafi ekki að einhverju leyti haft rök að baki sér. En ég er að segja að þær aðgerðir stinga í stúf við það sem þessir menn og flokkar sögðu fyrir kosningar. Þessir menn, sem áður sögðu að laun og launatilkostnaður í landinu hefðu enga þýðingu hvað snertir afkomuskilyrði atvinnuveganna, atvinnuöryggi eða gengi íslensku krónunnar eða í báráttunni gegn verðbólgunni, eru nú allt í einu í vetur, þegar þeir eru komnir í ríkisstj., búnir að gera sér grein fyrir að auðvitað hafa launin þýðingu hvað snertir þessa málaþætti, þótt ýmislegt annað komi einnig til.

Það er sagt að sjálfstæðismenn hafi beitt sér gegn samningum BSRB og ríkisins. Ég veit ekki um einn einasta sjálfstæðismann t. d. hér innan þingsala sem hefur látið orð í ljós sem túlka mætti þannig.

Nei, það er víst og öruggt að svikin á loforðinu „samningarnir í gildi" felast í mörgu öðru en vísitölubakinu, felast m. a. í margs konar skerðingarákvæðum í sept., nóv., des., mars og síðasta efnahagsfrv. Þannig er upplýst af málgögnum Alþb. sjálfs t. d., að vísitöluskerðingin, kaupgjaldsskerðingin við útborgun launa 1. júní, verður 6—7%, þ. e. a. s. meiri en átti sér stað með febrúarlögunum fyrir rúmu ári. Og það er ekki nóg með það. Samkv. febrúar- og maí-lögunum var sérstakt tillit tekið til láglaunahópanna og skerðing þeirra var engin eða mun minni en hinna sem hærri launin höfðu. Nú eru slík ákvæði afar takmörkuð og gilda aðeins í nokkra mánuði samkv. efnahagsfrv. Þannig gæta Alþb.-menn hagsmuna hinna lægst launuðu.

Ég vil, áður en ég læt máli mínu lokið, vekja athygli á því, að samkv. því, sem hæstv. forsrh. sagði, er ljóst að það er stefna hans og ríkisstj. að greiða út 3% grunnkaupshækkun til BSRB-manna og Bandalags háskólamanna, og jafnframt telur hann eðlilegt að sú grunnkaupshækkun fari út í launakerfið allt, en hann tók fram að hvað snerti ASÍ-samningana yrði að gera sjálfstæða samninga og sömuleiðis við bankamenn. Þar sem ríkisbankarnir ráða í raun ferðinni hvað snertir kjör bankamanna sýnist ekki verða fyrirstaða gegn slíkum samningum þeirra vegna, en ég hlýt þó samt sem áður að vekja athygli á að það er alveg augljóst, a. m. k. hvað snertir bankamenn, að ríkisstj. hefur breytt samningum um grunnkaup. Hún hefur fellt niður umsamda grunnkaupshækkun án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Það hefði gilt ef samningarnir við BSRB hefðu verið samþykktir af félagsmönnum þar. Auðvitað höfðu forvígismenn BSRB ekki á stefnuskrá sinni að fella niður 3% grunnkaupshækkun nema vegna þess að þeir töldu sig fá eitthvað í staðinn sem aðrir launþegahópar hefðu einnig haft í huga að meta sjálfum sér til framdráttar næst þegar kaupkröfur væru gerðar.

Ég vil að gefnu tilefni orða hæstv. forsrh. segja, að það má vel vera að ríkissáttasemjari hafi ekki haldið fund í farmannadeilunni vegna þess að hann búist ekki við árangri. Og rétt er það, að ríkissáttasemjari er sjálfstæður í starfi. En ef sú skýring er rétt, að ríkissáttasemjari boði ekki til funda vegna þess að hann eigi ekki von á árangri, hver skyldi þá vera ástæðan fyrir því? Skyldi ástæðan ekki m. a. vera ótímabærar yfirlýsingar ráðh., fleiri en eins, um væntanlegar og fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstj. í launamálum? Slíkar hótanir geta bæði orðið til þess að samningar takist, og þá mismunandi skynsamlegir eins og við flugmennina, og geta líka orðið til þess að aðilar segi sem svo: Það þýðir ekkert að vera að tala saman ef ríkisvaldið ætlar að grípa inn í deiluna með lagaboði. — Þess vegna hlýt ég að undirstrika hversu óheppilegar yfirlýsingar ráðh. í núv. ríkisstj. eru í tíma og ótíma um hvað þeir ætli að gera og hvað þeir ætli ekki að gera í sambandi við lausn vinnudeilna sem þeir hingað til hafa þvegið hendur sínar af og sagt að ríkisvaldið ætti ekki að hafa nokkur afskipti af.

Varðandi verðlagshækkanir vil ég ítreka það, að ég legg ekki sjálfstæðan dóm á hvort þær eru of miklar eða ættu að vera meiri eða minni. En hitt var athyglisvert, að hæstv. forsrh. gaf fyllilega í skyn að hann ætti í vök að verjast innan ríkisstj. gegn ráðh. Alþb. til að koma í veg fyrir hækkunartillögur og hækkunaráform ráðh. Alþb. Ég sagði í fyrri ræðu minni að verðhækkanir væru oft og tíðum og oftast ekki á valdi ríkisstj. Ég vakti athygli á að það voru fulltrúar Alþb. og núv. stjórnarflokka sem gagnrýndu fyrrv. ríkisstj. fyrir að hækka verð á vöru og þjónustu. En sannleikurinn er sá, að það er ekki á valdi ríkisstj. á hverjum tíma nema að mjög takmörkuðu leyti að standa í vegi fyrir verðhækkunum þegar verðbólga er svo mikil sem raun ber vitni um. Og oft og tíðum er skynsamlegra að heimila verðhækkanir fyrr en seinna, fremur en t. d. að fjármagna rekstur opinberra fyrirtækja með erlendum lánum, eins og dæmi eru til um, með þeim afleiðingum að verðið er nú eða verður í framtíðinni hærra en þurft hefði að vera.

Herra forseti. Ég þakka fyrir það umburðarlyndi sem mér hefur verið sýnt. Ég tel þó það málefni, sem ég hef hér haft frumkvæði að rætt yrði, svo mikilvægt að ekki mátti bíða að fá svör ríkisstj. Þau eru að vísu óskýr. Í raun og veru er sagt að engin stefna sé í kaup- og kjaramálum eða það eigi eftir að móta þá stefnu. Það kom skýrt og greinilega fram hjá forsrh., hjá hv. 1. þm. Austurl., hv. 7. þm. Reykv. svo og hæstv. sjútvrh. Ég held að hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, hafi komist einhvern veginn svo að orði, að framhald stjórnarsamstarfsins yrði ekki leikið af fingrum fram. Mín spurning er nú sú: Hver er sá maður sem á að „kompónera" marsinn sem núv. ríkisstj. ætlar að ganga undir á næstunni? Ég veit ekkert það tónskáld sem þess er um komið að „kompónera" þann mars sem yrði til þess að stjórnarherrarnir gengju samstíga. Því fyrr, því betra er að þessi stjórn fari frá og nýjar kosningar fari fram. Þá er allt eins líklegt að dómur

kjósenda um störf núv. ríkisstj. verði svipaður og fram kom í atkvgr. innan BSRB, en samkv. túlkun hv. þm. Vilmundar Gylfasonar var þar um dóm um störf núv. ríkisstj. að ræða.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil hugga hv. 4. þm. Reykv. með því, að hann verður ekki beðinn um að „kompónera" neitt, hvorki marsa né önnur tónverk, fyrir hæstv. núv. ríkisstj. Reynslan af tilraunum hans til þess að „kompónera" hugverk er þjóðinni svo kunn og jafnframt svo dapurleg að ekki mun nokkur maður láta sér til hugar koma, nema e. t. v. hans allra nánustu og tryggustu vandamenn í Sjálfstfl., að stíga spor eftir þeim marstakti sem hann kann að sveifla tónsprota til í framtíðinni. Við sáum vel hvernig honum gekk að sveifla slíkum tónsprota á landsfundi Sjálfstfl. á dögunum, og ég hygg að landsmenn hafi ekkert með slíka leiðsögn að gera.

Ég kom hingað aðallega upp vegna þeirra ummæla sem féllu hjá hv. 7. þm. Reykv. áðan. Hann rakti nokkuð af hverju það stafaði að samkomulagið hafði verið fellt í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Ég er honum ósammála í grundvallaratriðum í þeim efnum. Ég tel að ástæðurnar til þess, að samkomulagið féll, hafi verið margar og flóknar. Ég tel að fyrsta og meginástæðan hafi verið sú, að á Alþ. allt frá því um áramót hafi átt sér stað milli stjórnarflokkanna mjög hörð átök um kjaramál. Og ég tel að öskurþingmennska eins og sú sem hv. 7. þm. Reykv. hefur tamið sér í vetur hafi ekki orðið til að styrkja stöðu stjórnarinnar eða tiltrú launamanna í þessu landi á stjórnarflokkunum.

Ég tel í annan stað, að sá samningur, sem gerður var við flugmenn á sínum tíma, hafi verið óheppilegur og þá hafi verið spillt fyrir möguleikum á því að framfylgja áfram heilli stefnu efnahags- og launajöfnunarstefnu eins og ríkisstj. hafði sett sér í öndverðu.

Ég hygg að ein ástæðan til þess að samkomulagið var fellt hafi verið sú, að þó nokkur hópur manna — vegna þess hvernig störf þeir vinna — innan BSRB er þeirrar skoðunar að verkfallsréttur sé þeim ekki nauðsynlegur eða nothæfur við þær aðstæður, sem þeir starfa, til þess að knýja fram breytingar á kjörum sínum. Ég held og að ein ástæðan sé sú, að þarna voru ýmsir flokksbundnir menn í Sjálfstfl., sem jafnframt eru forustumenn í ýmsum félögum opinberra starfsmanna, að beita sér mjög hart flokkspólitískt, án þess að ég sé að segja að Sjálfstfl. „eigi", eins og það er orðað af hv. 4. þm. Reykv., þá andstæðinga samkomulagsins sem felldu það á dögunum. Ég held að hann geti ekki eyrnamerkt sér kjósendur frekar en nokkur annar maður, sem betur fer.

Ég held að ýmsar fleiri ástæður séu fyrir þessu. Af þeim þarf ríkisstj. að læra og hún þarf að taka ákvarðanir í launamálum og kjaramálum í samræmi við þá niðurstöðu. Niðurstaða mín er ekki sú, að kosningaúrslitin í BSRB sýni að samráðið við verkalýðshreyfinguna sé í raun og veru ónýtt og tilgangslaust, eins og mér skildist á hv. 7. þm. Reykv. áðan. Ég tel þvert á móti að ein skýringin á því, hversu þessum málum er komið, geti verið að samráðið við verkalýðshreyfinguna í landinu hafi ekki verið eins náið og vera skyldi. Ég mótmæli því alfarið þeim viðhorfum sem fram komu hjá hv. 7. þm. Reykv. í garð þessa samráðs sem hefur verið eða átti að vera einn af hornsteinum stjórnarsamstarfsins.

Ég verð að segja að mér fannst einnig athyglisvert hjá hv. 7. þm. Reykv. þegar hann hafnaði því algerlega, sem þó hefur verið stefna ríkisstj. frá því að hún var mynduð, að eðlilegt væri að setja á vísitöluþak. Það gerðum við með samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna strax 1. sept. Ég ítreka að við Alþb.-menn erum þeirrar skoðunar, að rétt sé og skynsamlegt að setja á vísitöluþak þannig að verðbætur skrúfist ekki upp eftir öllum launastiganum. Og ég vil endurtaka það sem fram kom áðan, að auðvitað er þessi skoðun í samræmi við þá afstöðu, sem fram hefur komið hjá flokki okkar á undanförnum árum, og hún er í samræmi við afstöðu verkalýðshreyfingarinnar í landinu.

Það er svo með hv. 7. þm. Reykv., sem því miður er víst fjarstaddur núna, að þegar hann fer að tala um hlutina kemst hann stundum hnyttilega að orði, en stundum bregst honum hrapallega bogalistin og stundum kemur fyrir að hann ætlar sér að reyna, að því er virðist, að fleyta kerlingar á tiltölulega lítilli þekkingu á allflóknum málum oft og tíðum, eins og þegar hann hélt því fram í ræðu sinni áðan að það, sem haft er eftir mér í dagblaðinu Þjóðviljanum í dag, þýði að ég sé að gera till. um sams konar efnahagsráðstafanir og hv. þm. Geir Hallgrímsson beitti sér fyrir sem forsrh. í febr. 1978. Þær ráðstafanir höfðu það innihald að vísitölubætur á laun voru skertar um helming á dagvinnulaun, sem mundi þýða að vísitölubætur hækkuðu líklega um 5% á dagvinnukaup 1. júní í staðinn fyrir um 9%, miðað við þær verðlagsspár sem liggja fyrir. Efnahagsráðstafanir hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, sem Vilmundur Gylfason var að líkja við hugmyndir mínar áðan, fólu það auk þess í sér, og það er atriði sem ótrúlegustu menn gleyma, að álag á næturvinnu og eftirvinnu til launafólks í landinu hefði í raun og veru þurrkast út á einu ári. Hefðu ráðstafanir Geirs Hallgrímssonar verið í gildi núna og áfram væri kaupið í eftirvinnu og næturvinnu orðið mjög svipað og það er fyrir dagvinnu. Og svo kemur hv. þm. Vilmundur Gylfason í ræðustól og heldur því fram, að það, sem haft er eftir mér í Þjóðviljanum í dag, þýði hið sama. Þetta er þekkingarleysi af versta tagi eða misskilningur. Hið síðarnefnda væri fyrirgefanlegt. **(Gripið fram í:** Hvorugt.)

Ég vil einnig minna hv. þm. Vilmund Gylfason á, þannig að það komi fram enn þá einu sinni héðan úr ræðustól og af vörum mínum og í tilefni af orðum hans í vetur, að það var ritari Alþfl., Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sem var smiðurinn að slagorðinu „samningana í gildi". Ég tel að þetta slagorð hafi í raun og veru verið fyrst og fremst mótað af honum fyrir Alþýðusamband Íslands.

Ég minni á að fyrir kosningarnar s. l. birtist frétt í Morgunblaðinu og fréttir frá þingmálafundum þar sem frambjóðendur Alþb. úti á landi höfðu tjáð sig um vísitölubætur. Hæstv. núv. menntmrh. hafði þá sagt að það kæmi vel til álita og gæti verið eðlilegt að takmarka vísitölubætur á hærri laun. Því er útúrsnúningur og ekkert annað þegar hv. þm. Vilmundur Gylfason heldur því fram að við séum að ganga á bak orða okkar þegar við krefjumst þess að þak sé sett á vísitölubætur. Það er í samræmi við það, sem við sögðum fyrir kosningar, og það sem flokkur okkar og verkalýðshreyfingin í landinu hafa alltaf sagt.

Ég ætla ekki að þessu sinni, vegna þess hvað tíminn er knappur, að fara að rökræða frekar við hv. þm. Vilmund Gylfason. Ég tel að margt af því, sem fram kom í máli hans áðan, hafi verið þannig gagnvart verkalýðshreyf-

ingunni í landinu að langar umr. þyrfti í rauninni til að fara ofan í það. Ég er honum ósammála í mikilvægum grundvallaratriðum. Afstaða hans og umræður um verkalýðshreyfinguna í landinu minna mig á afstöðu þá sem komið hefur fram og kennd er við Margaret Thatcher í Bretlandi. Það á að taka á þrýstihópum, Alþ. á að stjórna, eins og hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, er búinn að básúna hér í ræðustólnum hvað eftir annað í allan vetur. (Gripið fram í.). Þessi afstaða til verkalýðshreyfingarinnar er andsnúin skoðunum mínum í grundvallaratriðum.

Ég vil einnig segja það í tilefni af því sem fram kom hjá hv. 4. þm. Reykv., af því að ekki er óhætt lengur að ávarpa þann 7., hann er orðinn svo ókyrr í stólnum, að það er alveg greinilegt hver er sú stefna sem Sjálfstfl. vill í rauninni framfylgja í kjaramálum á Íslandi um þessar mundir. Það er stefna Vinnuveitendasambands Íslands. Morgunblaðið málgagn hv. þm., einkamálgagn segja sumir, m. a. flokksmenn hans, hefur aldrei svarið af sér þá efnahagsstefnu sem sett hefur verið fram í tillögum Vinnuveitendasambandsins, sem hefði þýtt niðurfellingu vísitölubóta á laun að fullu og öllu. Og það er fróðlegt þegar þessi hv. þm. kemur svo upp í ræðustólinn og lýsir því yfir að launafólk og atvinnurekendur í landinu eigi að reyna að leysa þessi mál með kjarasamningum sín á milli og þannig eigi hnútarnir að leysast. Ég held að eins og staðan er núna og miðað við þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið af atvinnurekendum, sé slíkt afar erfitt fyrir verkalýðshreyfinguna, nema stjórnvöld vilji efna til stéttastríðs í landinu, eins og hv. 4. þm. Reykv. innti af höndum hvað eftir annað á stjórnarferli sínum.

Það hefur ekkert komið fram í málflutningi Sjálfstfl. um kjaramál annað en að hann vilji í rauninni styðja till. Vinnuveitendasambands Íslands. Og það alvarlegasta í þessum málum öllum finnst mér vera að jafnvel innan annarra stjórnmálaflokka hafa heyrst raddir sem eru afskaplega fjandsamlegar verkalýðshreyfingunni í landinu. Einn af hugmyndafræðingum Sjálfstfl., einn af hæstaréttardómurum landsins, flutti um það útvarpserindi fyrir nokkrum dögum að í raun og veru væri nauðsynlegt að setja í stjórnarskrána ákvæði um að takmarka umsvif „þrýstihópa" í landinu. Þegar svona er komið og menn láta sér detta í hug að beita grundvallartexta íslenskra löggjafar gegn félagasamtökum og félagafrelsi er eitthvað mikið að.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 383).— Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 614).— Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 249). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 653).

Skipti á dánarbúum og félagsbúum, frv. (þskj. 250). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 654).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 643). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, frv. (þskj. 598). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. (þskj. 597 (sbr. 76)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 364, n. 576 og 586, 459, 571, 577, 591, 640). — Frh. 2. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þrátt fyrir að margt athyglisvert hafi komið fram í umr. um þetta frv. mun ég ekki blanda mér í almennar umr. um það, en leyfi mér að gera grein fyrir brtt. sem ég hef flutt á þskj. 591 og kveður á um að ný grein komi inn í frv. sem orðist á þessa leið:

„Heimilt er fjmrh. f. h. ríkissjóðs að taka lán í því skyni að skila Ríkisútvarpinu eftirstöðvum af tolltekjum af innfluttum sjónvarpstækjum á árinu 1978 að upphæð

832 millj. kr.“

Tildrög brtt. eru þau, að fyrir nokkrum dögum, eða nánar tiltekið 26. apríl s. l., fóru fram umr. í hv. Sþ. vegna fsp. frá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni um tolltekjur af sjónvarpstækjum. Í þeim umr. tóku allmargir þm. þátt, auk hæstv. menntmrh. Var mál allra ræðumanna að það væri hin mesta ósvinna hvernig með Ríkisútvarpið og fjármál þess væri farið og að nauðsynlegt væri að bæta úr mjög rösklega. Í umr. kom fram að á síðasta ári var gert ráð fyrir fjárframlagi á fjárlögum til Ríkisútvarpsins að upphæð 340 millj., en tolltekjur af innflutningi sjónvarpstækja námu á því ári um 1100 millj. Á þessu ári er gert ráð fyrir á fjárl. að sama upphæð, þ. e. a. s. 340 millj., sé framlag ríkisins til áðurnefndrar stofnunar, þrátt fyrir að ljóst sé að innflutningur á sjónvarpstækjum muni sjálfsagt verða í svipuðum mæli og var á síðasta ári þannig að gera megi ráð fyrir að tolltekjurnar verði allt að 1 milljarði.

Ég vil leyfa mér að vísa til ummæla hæstv. menntmrh. í sambandi við þessar umr., en þar sagði hann m. a. að Ríkisútvarpið ætti kröfu til þess að tolltekjum sjónvarpsins væri skilað. Hann taldi afleitt að Ríkisútvarpið yrði af þeim tekjum, því að það þyrfti bersýnilega á þeim að halda. Hann margendurtók í ræðu sinni að Ríkisútvarpið ætti þessa kröfu, enda væri útilokað fyrir Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, að framkvæma það sem gera þarf nema krafan til tolltekna væri viðurkennd og kæmist í framkvæmd. Hann endurtók enn að ríkissjóður ætti að skila Ríkisútvarpinu hinum mikla mismun, þ. e. a. s. um 830 millj., sem fyrir hendi væri frá árunum 1977, 1978 og 1979. Hann lét í ljós þá skoðun sína, að hann hefði talið æskilegra að meira hefði gengið til Ríkisútvarpsins af tolltekjum en ákveðið er í fjárlögum.

Hv. þm. Árni Gunnarsson tók þátt í umr. og af orðum hans mátti skilja að hann taldi engan vafa á að Ríkisútvarpið ætti þann rétt að fá óskiptar tekjurnar af innflutningi sjónvarpstækja beint í þágu Ríkisútvarpsins.

Hv. þm. Alexander Stefánsson taldi eðlilegt að tolltekjur af innflutningi sjónvarpstækja færu beint til uppbyggingar stofnunarinnar, bæði í dreifingu og innri byggingu hennar.

Hv. þm. Ingvar Gíslason taldi sjálfsagt mál að tryggja Ríkisútvarpinu stærri hlut af tolltekjum til dreifingar á sjónvarpi. Hann tók ekki af skarið um hvort stofnunin ætti rétt á þeim tekjum alfarið eða ekki, en eins og hann orðaði það: stærri hlut af tolltekjum.

Hv. þm. Páll Pétursson taldi rétt að skila peningunum til uppbyggingar Ríkisútvarpsins úr ríkissjóði, þegar hann var að ræða um tolltekjur af innflutningi sjónvarpstækja.

Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrv. menntmrh., sagði í þessum umr., með leyfi forseta:

„Ég vil láta koma fram og minna á það, að í fyrirspurnatíma fyrr í vetur lét ég þá skoðun í ljós, að Ríkisútvarpið ætti að halda þessum tekjustofni, tolltekjunum af sjónvarpstækjunum, ekki kannske eingöngu til dreifingar sjónvarps, heldur til annarra þarfa vegna þess að þarfir Ríkisútvarpsins og framkvæmdir eru svo gífurlegar.“

Þessar tilvitnanir læt ég duga til að sýna fram á að í máli þm. kom mjög skýrt fram að þeir teldu að Ríkisútvarpið ætti kröfu til þessara tolltekna, ef ekki fullan rétt á þeim.

Það þarf ekki að tíunda ummæli þeirra sjálfstæðismanna sem þátt tóku í umr., þeirra hv. þm. Sverris Hermannssonar, Friðriks Sophussonar og mín. Við vorum á sama máli, sem og kemur fram í framlagningu brtt.

Fyrr í vetur lét hv. þm. Lúðvík Jósepsson þá skoðun í ljós, að hér væri hið mesta óréttlæti á ferðinni. Hann upplýsti að það hefði komið honum á óvart að framlagið væri ekki hærra en 340 millj. á fjárl. þar eð hann virtist vera þeirrar skoðunar að tolltekjurnar ættu að renna óskiptar til Ríkisútvarpsins — alla vega ætti sú upphæð að vera miklum mun ríflegri en raun ber vitni.

Ég held að þessar tilvitnanir tali skýrustu máli um að það sé vilji Alþ. að bæta nokkuð úr. Flestum er ljóst að Ríkisútvarpið er í miklum fjárhagserfiðleikum um þessar mundir og mun reynast ókleift fyrir þá stofnun að halda úti sæmilegri dagskrá, halda áfram uppbyggingu dreifikerfis sjónvarps og endurnýja tækjakost sinn og dreifingarkerfi varðandi hljóðvarp og sjónvarp ef ekki verður bætt úr mjög verulega strax. Ég taldi því ástæðu til að leggja fram brtt. við afgreiðslu á lánsfjáráætlun þar sem Alþ. gæti undirstrikað vilja sinn og bætt nokkuð úr. Ég legg því fram þá brtt. sem ég hef gert grein fyrir, en í henni felst að ríkissjóði sé heimilt að taka lán í því skyni að skila Ríkisútvarpinu eftirstöðvum af tolltekjum af innfluttum sjónvarpstækjum á árinu 1978 að upphæð 832 millj. Hef ég þá í till. þá upphæð sem tolltekjurnar fóru fram úr þeirri upphæð sem á fjárlögum var í vetur. Gert er og ráð fyrir að tekjur af innflutningi sjónvarpstækja verði á þessu bili á þessu ári. Geri ég þá ráð fyrir að í framhaldi af samþykkt till. minnar muni verða tekið tillit til þess við afgreiðslu næstu fjárlaga að hækka fjárframlagið sem nemur þeirri upphæð sem innflutningurinn fer fram úr fjárframlaginu á fjárlögum fyrir 1979.

Ég er þeirrar skoðunar og trúi að Alþ. sé það líka að ástæðulaust sé að breyta út frá þeirri gömlu venju að Ríkisútvarpið fái að njóta þessa innflutnings og þeirra tekna sem af honum hlýst, af tækjum sem eru ýmist hljóðvarps- eða sjónvarpstæki. Ég get vart ímyndað mér að það séu nokkur rök til þess að ríkissjóður hirði meginhlutann af þeim tekjum og þær fari beint í ríkissjóðshítina í stað þess að láta þær ganga til þessarar stóru og merku stofnunar og aðstoða hana til að skila hlutverki í þjóðfélaginu, sem felst í, eins og ég nefndi áðan, áframhaldandi uppbyggingu á dreifikerfi og að koma sjónvarpi til allra landsmanna svo og auðvitað að halda uppi menningarlegri og góðri dagskrá.

Ég held að ekkert sé því til fyrirstöðu að hægt sé að samþykkja till. nú. Það ætti ekki að raska svo mjög fjárhag ríkisins þótt hún komi hér inn. Hér er um að ræða lántöku sem hægt er að endurgreiða með þeim tekjum sem inn koma á þessu ári og svo koll af kolli.

Ég held að ástæðulaust sé, herra forseti, að rekja rök með till. frekar. Um þetta málefni fóru fram ítarlegar og jákvæðar umr. í þinginu fyrir nokkru og fyrr í vetur. Þær umr. undirstrika vilja þm. og þm. geta staðfest vilja sinn með því að samþykkja brtt. núna.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa yfir stuðningi við brtt. þá sem hv. síðasti ræðumaður kynnti og varðar tekjur af innfluttum sjónvarpstækjum árið 1978. Hann las upp afstöðu þeirra stjórnarliða, sem tóku til máls í umr. í vetur, og eins afstöðu sjálfstæðismanna, sem tóku þá til máls, og ég vil bæta jákvæðri afstöðu minni við þá upptalningu. En það er ekki tilefni þess að ég stend upp.

Við nánari athugun á 20. gr. frv. um ráðstafanir vegna

lánsfjáráætlunar fyrir árið 1979, er snertir skerðingu á framlagi til Ferðamálaráðs, má skilja að hér sé um ráðstafanir að ræða sem nái til lengri tíma en ársins 1979. Í öðrum greinum frv., sem snerta hliðstæðar ráðstafanir vegna annarra sjóða, er tekið fram að um sé að ræða ráðstafanir fyrir árið 1979 eingöngu. Því tel ég rétt að bætt verði inn í 20. gr. frv. sömu dagsetningum og eru í öðrum greinum þess er varða aðra sjóði, eins og ég gat um áðan. Ef menn skoða frv. og lesa þær greinar, sem ég hef nú vitnað í, sjá menn að þar er alls staðar tekið fram að þær ráðstafanir, sem lagt er til að verði samþykktar, bera allar ártalið 1979. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja á þskj. 640 brtt. við brtt. á þskj. 577, svo hljóðandi:

„Á eftir orðunum „samkv. 25. gr. laganna" í 9. lið komi: á árinu 1979."

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða nánar um þessa till. Mér skilst af samtölum mínum við hv. talsmann fjh.- og viðskn. að hann telji þessa breytingu eðlilega. Ég vona að verið hafi um mistök að ræða þegar frv. var sett í prentun, en ekki viljandi áætlun um að gera varanlegar breytingar á lögum um Ferðamálasjóð.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram í umr. er orðin mikil þörf á að hraða afgreiðslu þessa máls, en þar sem líka er ljóst að fyrir liggja allstórar brtt. við frv. og í ljós hefur komið að allmikill vilji er fyrir því að líta nánar á þær brtt., þ. e. a. s. brtt. á þskj. 571 frá Pálma Jónssyni varðandi lántöku til Rafmagnsveitna ríkisins, brtt. á þskj. 591 frá Ellert B. Schram, sem hann var að gera grein fyrir, og þar að auki brtt. á þskj. 459 varðandi framkvæmdir við Kröflu, og svo nú síðast brtt. á þskj. 640 frá Albert Guðmundssyni, tel ég mikla þörf á að fjh.- og viðskn. fái tækifæri til þess að athuga málið á milli 2. og 3. umr. Ég legg áherslu á að 2. umr. geti lokið nú og mér er kunnugt um að flestir eða allir þeir, sem eiga hlut að máli, geta fallist á að draga brtt. sínar til baka til 3. umr. þannig að n. gefist kostur á að líta nánar á till. Fundur er þegar boðaður í fjh.- og viðskn. á morgun og ætti því málið ekki að tefjast þó að fallið yrði frá því að hafa 3. umr. um málið í kvöld, hún gæti væntanlega orðið á næsta reglulegum fundi.

Ég skal ekki ræða þessar till. frekar en ég hef áður gert, nema till. á þskj. 640 frá hv. 1. þm. Reykv., Albert Guðmundssyni. Ég held að það sé rétt, sem kom fram hjá honum, að þarna sé um eðlilega breytingu að ræða. Mér hefur a. m. k. aldrei komið til hugar að ætlunin væri að breyta lögum til langframa með þessu skyndifrv. sem er aðeins, eins og nafnið ber vott um, um sérstakar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar ársins 1979. Er þá vitanlega eðlilegt, ef óskað er eftir breytingum á lögum varðandi ferðamál eða Ferðamálasjóð, að fram komi brtt. um það efni annars staðar en við þetta frv. Augljóslega er um að ræða að sú takmörkun á greiðslum til sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í 20. gr. frv., á að gilda aðeins á árinu 1979. Að öðru leyti standa svo lögin eins og gert er ráð fyrir í öllum hinum greinum frv. Ég geri því ráð fyrir að n. geti fallist á að þessi till. verði samþ., en rétt er að fara fram á að hún verði dregin til baka til 3. umr. og n. fái tækifæri til að skoða hana ásamt hinum till. á fundi sínum á morgun.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Vegna ummæla hv. 1. þm. Austurl. skal fram tekið, að það er ákvörðun mín, að ef tekst að ljúka 2. umr. um þetta dagskrármál fyrir kvöldmatarhlé verði atkvgr. að henni lokinni kl. 9 í kvöld. En mér er kunnugt um að þeir, sem eiga hér till. sem eru í athugun, hafa hugsað sér að draga þær til baka til 3. umr. Ég tel því sjálfsagt að 3. umr. verði ekki fyrr en á morgun, en áformað er að eftir eins og hálfs til tveggja tíma fund í Sþ. gefist kostur á þingdeildafundum og þá mundi þetta mál koma til 3. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Tolltekjur af innflutningi sjónvarpstækja hefur borið á góma í þessum umr. Ég vil minna á í því sambandi, að fyrir skömmu urðu umr. í Sþ. um fsp. sem einmitt varðaði þetta efni og þar tók ég skýrt fram að ég teldi að Ríkisútvarpið hefði ekki aðeins þörf fyrir að fá þetta fé allt með skilum fyrr eða síðar, heldur ætti líka kröfu til þess, enda þótt þar væri ekki um lögverndaða kröfu að ræða. Ég tel óhjákvæmilegt að Ríkisútvarpið fái allar tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum, einnig það sem ekki hefur komið til skila 1977—1978 og á því ári sem nú er að líða. Ég tel hins vegar að ekki sé unnt að standa skil á þessu fé öllu í einu lagi, því að um mikla fjármuni er að ræða, og reyndar hafi mátt vænta þess þegar miklar sveiflur verða í innflutningi sjónvarpstækja — tekjurnar eru eitt árið mjög litlar, en annað árið upp á 1 milljarð eða meira — að ekki yrðu nákvæmlega staðin skil á því fé á því ári sem það kom inn á og í raun og veru fullkomlega eðlilegt að jafna tekjum til Ríkisútvarpsins á nokkurra ára bil. Hitt væri lakara, að þegar innflutningur sjónvarpstækja dettur aftur niður hefði Ríkisútvarpið ekki neinn samsvarandi tekjustofn. Mér finnst sem sagt fullkomlega eðlilegt að jafna þessum tekjum á allnokkur ár.

Hv. þm. Ellert B. Schram hefur flutt brtt. við frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979. Í till. hans er ákveði þess efnis, að fjmrh. sé heimilt að taka lán í því skyni að skila Ríkisútvarpinu eftirstöðvum af tolltekjum af innfluttum sjónvarpstækjum á árinu 1978 að upphæð 832 millj. kr. Ég held að sú hugsun, sem felst í till. hans, sé í sjálfu sér mjög eðlileg. En ég vil upplýsa í því sambandi, að ég hef tekið þetta mál upp innan ríkisstj. Það er þar til athugunar og umr. og verður væntanlega til umr. á næsta ríkisstjórnarfundi.

Ég tel að hvort tveggja sé nauðsynlegt, að sú stefna verði mörkuð að ætlunin sé að skila þessu fé og að Ríkisútvarpið fái nokkurt lán á árinu 1979 vegna fjárfestingarframkvæmda sem óhjákvæmilegt er að leggja í á því ári. Hvort upphæðin, sem nefnd er í till., er nákvæmlega sú rétta við ríkjandi aðstæður eða ekki verður að skoða sér á parti. En með hliðsjón af því að málið er til sérstakrar athugunar í ríkisstj., en við ráðh. í stjórninni erum ekki reiðubúnir til að skýra frá því að svo stöddu hver niðurstaðan verður, vil ég mælast til þess við hv. flm. þessarar till. að hann dragi hana aftur til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 459,1 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 571 tekin aftur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 577,1 (ný 3. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 459,2 tekin aftur til 3. umr.
4.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 577,2 (ný 9. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 577,3 (ný 13. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 577,4 (ný 14. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 577,5 (ný 15. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 577,6 (ný 17. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 577,7 (ný 18. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 577,8 (ný 19. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 640 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 577,9 (ný 20. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 591 tekin aftur til 3. umr.
22. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Lausaskuldir bænda, frv. (þskj. 531, n. 632). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, eins og sést á þskj. 632:

„Við 2. gr. frv. 2. mgr. orðist svo:

Lánskjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við landbrh."

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kemur stendur n. í heild að nál. á þskj. 632 og mælir með samþykkt frv. með lítils háttar breytingu. Ég vil leggja á það áherslu við þessa umr., að þau lán, sem kunna að verða veitt á grundvelli þessara laga, verði ekki með erfiðari lánakjörum en gerist á almennum lánamarkaði og alls ekki með verri lánakjörum en þau lán eru sem nýju lánin eiga að leysa af hólmi. Hins vegar virðist grg. benda til að ástæða sé til að taka þetta fram og því er það gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 632 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Hefting landbrots, frv. (þskj. 374, n. 631). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 631 er nál. frá landbn. N. fékk Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóra og Svein Runólfsson landgræðslustjóra til að ræða málið á fundi n. Að ósk landgræðslustjóra voru gerðar þær breytingar, að í stað „landgræðslustjóra" komi: Landgræðsla ríkisins. Þær einu breytingar gerir n. á þessu frv.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson var fjarverandi afgreiðslu málsins, en landbn. stendur öll að því.

ATKVGR.

Brtt. 631,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 631,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 631,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 475 (sbr. 62), n. 594). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég ætla að gera grein fyrir nál. allshn. Nd., sem er á þskj. 594, í máli er varðar breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands og er komið frá Ed.

Frá því skal segja, að dagsetningin í 4. gr. frv. hefur tekið breytingum í Ed. Þar sem stóð í frv. „1. jan. 1979" stendur nú „1. ágúst 1979" og aðrar breytingar eru sama eðlis.

N. leggur til að frv. verði samþ., en í frv. er gert ráð fyrir fjölgun hæstaréttardómara úr 6 í 7. Jafnframt er m. a. gert ráð fyrir að aðeins þrír dómarar skipi dóm í kærumálum og minni háttar málum, en hvort tveggja er talið hraða meðferð mála fyrir dómstólnum. Þá er einnig í frv. gert ráð fyrir að áfrýjunarupphæð hækki verulega, þ. e. a. s. lágmark áfrýjunarupphæðar hækki úr 25 þús. kr. í 200 þús. kr.

Við teljum að breytingarnar í frv. séu til bóta. Hugsanlegt er að tveir hópar eða tvær deildir hæstaréttardómara geti starfað samtímis auk þess sem gert er ráð fyrir í breytingunum að allur rétturinn taki til starfa í vissum mjög mikilvægum málum, en slíkt er gert víða erlendis, t. d. í Noregi. Þótt þar séu dómarar 18 eða 19 sitja þeir allir í dómstólnum í vissum málum, er fjalla um grundvallarefni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28:1 atkv.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 553, n. 596). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 596 leggur meiri hl. allshn. Nd. til að breytingar á frv. til l. nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar, verði samþykktar. Hér er um að ræða meiri hl. allshn. sem þessir skipa: Vilmundur Gylfason, Einar Ágústsson, Friðrik Sophusson, en hann skrifar undir með fyrirvara, Gils Guðmundsson, Svava Jakobsdóttir og Árni Gunnarsson. Á hinn bóginn skilar hv. þm. Matthías Á. Mathiesen séráliti.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Varðandi fyrirvara minn í þessu máli vísast til umr. sem urðu um frv. í d. í gær.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Lögræði, frv. (þskj. 199, n. 595). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 595 leggur meiri hl. allshn. Nd. til að breytingar á lögum um lögræði, sem fram hafa verið lagðar, á lögum nr. 95 frá 5. júní 1947, sbr. lög nr. 75/1967, verði samþ. Þau, sem mynda meiri hl., eru: Vilmundur Gylfason, Einar Ágústsson, Friðrik Sophusson, en hann skrifar undir með fyrirvara, Svava Jakobsdóttir, Gils Guðmundsson og Árni Gunnarsson. Á hinn bóginn skilar hv. þm. Matthías Á. Mathiesen séráliti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Fiskiverndarsjóður, frv. (þskj. 522). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur fjórir þm. að flytja á þskj. 522 frv. til l. um fiskiverndarsjóð. Auk mín flytja frv. þm. Sverrir Hermannsson, Páll Pétursson og Árni Gunnarsson.

Efni þessa máls er í sjálfu sér mjög einfalt, þó að það lúti að máli sem hefur verið mikið um rætt og er mikilvægt. Í fáum orðum sagt er nú orðið ljóst að þau sjónarmið njóta almennrar viðurkenningar, að á undanförnum árum höfum við ofnýtt nokkra af þýðingarmestu fiskstofnunum við landið. Landsmenn er almennt sammála um að viðvaranir fiskifræðinga beri að taka alvarlega og að stjórnvöldum beri skylda til þess að marka ákveðna og afdráttarlausa fiskveiðistefnu þar sem veiðum er beint úr ofnýttum fiskstofnum í vannýtta stofna. Um þetta er ekki deilt, þó að ágreiningur sé að sjálfsögðu um, með hvaða hætti þetta eigi að gera, og deilur séu um það á milli landshluta og veiðiskipategunda.

Með þeim aflatakmörkunum, sem settar hafa verið og fyrirsjáanlegt er að settar verði, er ekki aðeins verið að taka upp í fyrsta sinn skipulegan fiskibúskap, heldur er jafnframt verið að takmarka nýtingu á auðlind sem er í eigu þjóðarinnar allrar og menn hafa hingað til vanist að geta nýtt án nokkurra takmarkana af stjórnvalda hálfu. Það er því alveg ljóst að þær takmarkanir, sem gerðar hafa verið og gerðar verða, munu koma mjög illa við kaun ýmissa aðila: einstaklinga, starfshópa, byggðarlaga og jafnvel heilla landshluta. Á sumum stöðum háttar svo til að atvinnulíf er ekki aðeins einhæft, fyrst og fremst fiskveiðar og fiskvinnsla, heldur sniðið við ákaflega einhæfar veiðar og einhæfa vinnslu. Hátti svo til á slíkum stöðum, að þar sé um að ræða veiðar og vinnslu á fiskstofni sem talinn er ofnýttur, er ljóst að allar takmarkanir á slíkum veiðum hljóta að breyta aðstæðum mjög. Þær hljóta að valda í fyrsta lagi umtalsverðu tekjutapi viðkomandi aðila: einstaklinga, fyrirtækja og bæjarfélaga, og í öðru lagi allverulegri atvinnuröskun. Dæmi eru t. d. um að slíkt tekjutap geti numið allt frá 20 og upp í 35% milli ára hjá einstaklingum og fyrirtækjum í fiskveiðum og fiskvinnslu. Þegar tekið er tillit til þess, að ekki aðeins þessir aðilar hafa tekjur af veiðum og vinnslu, heldur byggjast tekjur sveitarfélagsins á þeirri atvinnustarfsemi og öll önnur atvinnustarfsemi, svo sem allur þjónustuiðnaður og jafnvel byggingariðnaður líka er í beinum tengslum við fiskveiðarnar og fiskvinnsluna, þá er ljóst að tekjutap, sem virðist ekki koma við mjög marga, kemur þegar lengra er litið niður á byggðarlaginu í heild. Þær staðreyndir ættu menn að hafa í huga þegar rætt er um þessi mál.

Það er ekki hlaupið að því að skera niður veiðar á þeim fiskstofnum sem taldir eru vannýttir. Slíkar aðgerðir koma mjög alvarlega við hagsmuni þeirra sem hlut eiga að máli. Þeir fjölmörgu, sem haft hafa uppi brýningar um að mjög harkalegum aflatakmörkunum verði beitt, ættu að gera sér ljóst að með því eru þeir að krefjast þess að aðeins lítill hluti landsmanna taki á sig tekjuskerðingu sem numið getur stórum hluta ráðstöfunartekna sem eftir standa þegar skattgreiðslur hafa verið dregnar frá.

Það er að sjálfsögðu mjög auðvelt að krefjast aðhalds og niðurskurðar ef aðrir eiga í hlut, en hætt er við að menn verði tvísaga í ábyrgðarsemdinni þegar þeir í öðru orðinu krefjast þess að sjómenn og fiskverkafólk úti á landsbyggðinni skerði tekjur sínar um allt að 35% og horfist í augu við atvinnuleysi samfara tekjurýrnuninni, en í hinu orðinu hafna því sem algerlega fráleitum hlut að una við óbreyttan kaupmátt sjálfir.

Með frv. því, sem hér er flutt, er gerð tilraun til að benda á ákveðna leið sem gæti í senn orðið til þess að auðvelda framkvæmd skynsamlegrar fiskveiðistefnu og jafnframt að dreifa byrðum af henni sem jafnast á landsmenn alla. Ég held að öllum sé ljóst að fiskurinn í sjónum er náttúruauðlind sem þjóðin á öll. Það eru hagsmunir þjóðarinnar sem heildar sem eru í veði þegar ákvarðað er hvernig sú auðlind skuli nýtt. Séu settar takmarkanir á nýtingu hennar með valdboði stjórnvalda er ljóst að stjórnvöld, sem eru til þess kjörin af almenningi, eru að taka ákvarðanir sem ekki aðeins hafa áhrif á hagsmuni þeirra fámennu stétta manna sem beinan hlut eiga að máli, heldur eru teknar til að gæta hagsmuna þjóðarheildarinnar. Ef slík hagsmunagæsla verður til þess að rýra mjög kjör ákveðinna þjóðfélagsþegna er ljóst að þjóðarheildin ber þar ábyrgð á og ber skylda til þess í tilviki eins og hér um ræðir að láta ekki við það sitja að lítill hluti þjóðfélagsþegnanna taki á sig allar byrðar af stefnu sem talið er nauðsynlegt að stjórnvöld framkvæmi í nafni almannaheilla.

Með þeim aðgerðum, sem frv. gerir ráð fyrir, er þannig að því stefnt að landsmenn allir leggi fram sinn litla skerf til fiskverndunarmálanna í því skyni að verja, varðveita og byggja upp mikilvægustu auðlind landsmanna og verji til þess fé sem vera mun talsvert minna en allflestir nota á ári til að spila fyrir í happdrættum, svo að lítið dæmi sé tekið. Sé um að ræða að ákvörðunin um aflatakmarkanir komi aðeins niður á kjörum þeirra sem beinna hagsmuna hafa að gæta, þ. e. a. s. sjómanna og fiskverkafólks, geta þær ákvarðanir orðið til þess, eins og ég sagði áðan, að rýra tekjur slíkra einstaklinga um allt að rösklega einn þriðja. Séu hins vegar þær ákvarðanir, sem teknar eru í nafni þjóðarheildarinnar og af forustumönnum sem þjóðarheildin hefur kjörið sér, jafnframt bornar af þjóðarheildinni með sameiginlegum fjármunatilfærslum er

aðeins um að ræða svo léttvæga byrði á hvern og einn að nemur litlu meira fé en talið er að fólk spili almennt fyrir í tveimur stærstu happdrættum landsmanna.

Með frv. er sem sé lagt til að stofnaður verði sjóður, er nefnist fiskiverndarsjóður, og hann verði starfræktur um tiltekinn tíma eða þar til talið er að strängustu aðhaldsaðgerðum í fiskveiðimálum verði lokið.

Ráð er fyrir því gert í frv., að hlutverk fiskiverndarsjóðs verði þríþætt:

Í fyrsta lagi á hann að greiða fyrir veiðum á vannýttum fiskstofnum og auðvelda með þeim hætti að snúa fiskveiðum í auknum mæli frá ofnýttum stofnum yfir í vannýtta stofna, án þess að umtalsvert fjárhagstjón hljótist af. Þetta getur sjóðurinn t. d. gert með að greiða verðbætur á verðlágan fisk, sem telst til vannýttra fiskstofna, á sama tíma og mælt er fyrir um veiðistöðvanir eða veiðitakmarkanir á ofnýttum stofnum.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir að sjóðurinn veiti aðstoð við að framkvæma breytingar og endurbætur á vinnsluaðferðum og tækjabúnaði fiskvinnslufyrirtækja í landi, sem miðað hafa alla vinnslu sína t. d. við vinnslu á þorski eða öðrum fisktegundum, sem taldar eru ofnýttar, og þurfa að tileinka sér nýjar vinnsluaðferðir og nýtt hráefni. Sem dæmi um þetta má nefna, og vitna ég þar í kjördæmi mitt því að þar er ég málum kunnugastur, að hraðfrystihúsin á Vestfjörðum hafa undanfarin ár byggt upp starfrækslu sína fyrst og fremst á vinnslu þorsks. Slíkt er ekkert óvanalegt. Ekki er langt síðan t. d. frystihús á Reykjavíkursvæðinu byggðu vinnslurásir sínar fyrst og fremst upp á vinnslu á karfa — eða á þeim árum þegar karfaafli var hvað mestur á Nýfundnalandsmiðum. Sambærilegar aðstæður hafa valdið því að frystihúsin á Vestfjörðum og raunar víða annars staðar á landinu, t. d. á Norðurlandi, hafa byggt vinnslurásir sínar og tæknibúnað fyrst og fremst á vinnslu á þorski. Nú er gert ráð fyrir að veiðiskip á þessu svæði beini sókn sinni í aðra fiskstofna, fyrst og fremst í karfa og grálúðu. En þá er sá hængurinn á, að frystihúsin, sem eiga að vinna þann fisk, eru ekki til þess búin. Á öllum Vestfjörðum voru til skamms tíma ekki til nema tvær karfaflökunarvélar, svo að dæmi sé nefnt, þó að nokkuð hafi verið úr því bætt að undanförnu, og á öllum fjörðunum eru aðeins til tvær flökunarvélar til að flaka flatfisk. Því hafa menn einmitt um það leyti sem þessar umr. fara fram neyðst til þess á Ísafirði að taka upp vaktavinnu í öðru frystihúsinu við vinnslu á grálúðu. Þar stendur fólk nú á fjórum vöktum og frystihúsið er í notkun allan sólarhringinn, vegna þess að vantar tækjabúnað til að flaka grálúðuna sem á land kemur, þó svo að frystitæki og annar tækjabúnaður hússins hafi undan að vinna fiskinn eftir að búið er að flaka hann.

Það er alveg ljóst, að þegar breytt er með slíkum hætti um vinnsluaðferðir, vegna þess að aðstæður breytast að fyrirlagi stjórnvalda, hljóta fyrirtæki sem hafa lagt í mjög miklar og kostnaðarsamar endurbætur og verða nú að taka upp nýjar vinnsluaðferðir, sem endurbæturnar voru ekki miðaðar við, að verða fyrir talsverðu beinu fjárhagstjóni þá þegar og í öðru lagi að neyðast til að leggja út í mjög verulegar fjárfestingar vegna breyttrar aðstöðu. Það er sjálfsagt og eðlilegt að stjórnvöld, sem knýja hinar breyttu aðstæður fram með valdboði, aðstoði fyrirtækin við að breyta vinnslurásum sínum og vinnsluaðferðum. Annað dæmi um þetta, sem á eftir að skapa okkur talsverð vandamál, eru málefni fiskimjölsverksmiðja á landinu, þar sem á mjög stórum landssvæðum er ekki aðstaða til feitbeinabræðslu og verður að leggja í mjög kostnaðarsamar endurbætur á fiskimjölsverksmiðjum til þess að slíka vinnslu megi taka upp. En það verður að gera sökum breyttra aðstæðna þegar fiskiskipaflotanum er beint að veiðum á öðrum fiskitegundum en þeim sem hann hefur verið byggður upp til þess að veiða og vinnslan í landi byggð upp til þess að verka. — Þetta er sem sé annað meginviðfangsefnið sem gert er ráð fyrir að fiskiverndarsjóður fái með þessu frv.

Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir í frv., að sjóðurinn geti aðstoðað þá aðila sem sannanlega verða fyrir verulegum búsifjum af völdum veiðitakmarkana og annarra fyrirmæla stjórnvalda um fiskveiðistefnu og ekki er hægt að koma til móts við með öðrum hætti.

Þetta eru meginatriði í þeirri stefnu sem mörkuð er í frv.:

Það er í fyrsta lagi, að því verði slegið föstu, að það áfall, sem af veiðitakmörkunum kann að hljótast fyrir einstök byggðarlög, einstök fyrirtæki, einstaka landshluta og einstakar stéttir í þjóðfélaginu og getur verið mjög tilfinnanlegt, verði borið sameiginlega af þjóðarheildinni. Hér er um að ræða ákvarðanir sem teknar eru af handhöfum almannavalds með valdboði, með stjórnvaldsathöfnum í nafni sameiginlegra hagsmuna þjóðarinnar, og því hlýtur að vera sameiginlegt mál þjóðarinnar að bera afleiðingarnar. Annað meginatriðið er að stofna sjóð er hafi það hlutverk sem greinir í 2. gr. frv. og ég hef lýst.

Í 3. gr. er ákvæði um hvernig eigi að afla sjóði þessum tekna. Það má gera á margan hátt. Það mætti hugsa sér t. d. að tekna væri aflað á fjárlögum hverju sinni með framlagi sem Alþ. ákvæði. Það mætti einnig hugsa sér að a. m. k. mjög verulegur hluti af tekjum sjóðsins kæmi með lánsfjáröflun, jafnvel með öflun lánsfjár erlendis. Á það hefur verið bent, að arðurinn af fiskveiðistefnu eða réttara sagt af takmörkunum fiskveiða sé svo mikill þegar til lengri tíma er litið að það mundi meira en borga sig að taka lán til að auðvelda framkvæmd veiðisamdráttar með það fyrir augum að greiða slíkt lán til baka síðar. Þriðji möguleikinn, sem til greina kemur á tekjuöflun, er svo sá sem á er bent í 3. gr. frv., þ. e. a. s. að fá fiskiverndarsjóðnum sérstakan tekjustofn, sem í þessu tilviki er gert ráð fyrir að sé, auk framlaga úr ríkissjóði og tekna af eigin fé, gjald sem í fyrsta lagi er almennur viðbótarlaunaskattur er lagður er á launagreiðendur, en nemur í öðru lagi jafnháum skatti á greidd vinnulaun.

Ágallar slíks kerfis eru að sjálfsögðu margir. Þó að gjaldið sé ekki hátt, 0.3% launaskattur og jafnhár skattur af greiddum vinnulaunum, er það engu að síður markaður tekjustofn sem stjórnvöld líta ekki sérstaklega hýru auga. En við flm. frv. leggjum þessa till. fram frekar sem ábendingu um eina af leiðum til fjármögnunar sjóðsins sem til greina koma, fremur en við séum að taka þá leið fram yfir ýmsar aðrar sem til greina geta komið. Ég lýsi því yfir fyrir hönd okkar allra, að við erum opnir fyrir því að 3. gr. verði mjög verulega breytt í meðförum nefnda þingsins.

Að lokum þetta: Mér hefur verið bent á að vera kunni að það muni gera okkur erfitt um vik í sambandi við sölustarfsemi okkar erlendis, einkum og sér í lagi í sambandi við þau hlunnindi sem við njótum við sölu fisks á Bandaríkjamarkaði, að taka upp beinar eða óbeinar

styrkveitingar eða styrkjagreiðslur í sambandi við fiskveiðar okkar. Fróðir menn hafa sagt mér að það sé ekki ástæða til að óttast slíkt einfaldlega vegna þess að hér sé ekki um að ræða styrkjapólitík, hér ué ekki um að ræða viðvarandi styrkjastefnu til sjávarútvegsins, heldur gjald sem á er lagt og síðan greitt til varðveislu náttúrauðlinda, og það sé almennt viðurkennt að slík gjaldtaka og greiðslur í slíkum tilvikum séu ekki og beri ekki að skoða sem venjulega framleiðslustyrki sem gætu stefnt í hættu viðskiptasamböndum okkar t. d. á Bandaríkjamarkaði og þeim hlunnindum sem við njótum þar í fisksölumálum.

Herra forseti. Ég tel svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál, en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 32 shlj. atkv.

Framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 561). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er um að ræða, hefur hlotið meðferð í hv. Ed. Alþingis og verið afgreitt þar samhljóða. Í frv. er óskað heimildar fyrir ríkisstj. til að hækka fjárframlag eða m. ö. o. kvóta Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um 50% eða 29 millj. sérstakra dráttarréttinda í 43.5 millj. sérstakra dráttarréttinda, en SDR er gjaldmiðill sem aðildarþjóðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykktu 1968 að myndaður yrði til að taka við stöðu dollarans sem alþjóðlegur gjaldmiðill.

Verðgildi SDR ræðst af verðgildi 16 helstu viðskiptagjaldmiðla heims, sem vegið er með hlutdeild þeirra í milliríkjaviðskiptum í heiminum. Hinn 1. febr. s. l. var hver eining SDR jafnvirði 1.28 Bandaríkjadala eða u. þ. b. 412 ísl. kr. hver eining. Heildarkvótar aðildarríkjanna og kvótar einstakra ríkja hafa verið endurskoðaðir með reglubundnum hætti frá því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tók til starfa, og hinn 11. des. s. l. var einróma samþykkt í ráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ákvörðun um að hækka heildarkvóta aðildarríkjanna um 50%, eða úr 39 milljörðum SDR í 58.6 milljarða SDR. Með frv. þessu er því einungis leitað eftir heimild til að hækka kvóta Íslands til samræmis við þá ákvörðun.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, frv. (þskj. 233, n. 618, 619). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Svo sem fram kemur á nál. á þskj. 618 frá meiri hl. menntmn. hefur menntmn. hv. d. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum er lagðar eru til á þskj. 619. Þess skal getið að fulltrúar Alþfl. í n., þeir hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Eiður Guðnason, skrifa undir nál. með fyrirvara. Fulltrúar Sjálfstfl., hv. þm. Ellert B. Schram og Ólafur G. Einarsson, munu skila minnihlutaáliti.

Þetta er í þriðja sinn sem frv. til l. um samræmdan framhaldsskóla liggur fyrir Alþ. Það var lagt fram áður árið 1977 og aftur vorið 1978. Vert er að vekja á því sérstaka athygli að allir þingflokkar allra stjórnmálaflokka, sem nú eiga fulltrúa á Alþingi, hafa staðið að því að leggja þetta frv. fram með þeirri menntastefnu sem þar er lýst. Ágreiningur hefur aldrei komið fram á Alþ. um grundvallarhugmyndina, um samræmdan framhaldsskóla eða skipulag hans, enda er hún sú sama í öllum gerðum frv. Sá ágreiningur, sem hér hefur orðið, hefur verið um allt önnur atriði og minni háttar. Það hafa því orðið mér vonbrigði og nokkurt undrunarefni að samkomulag varð ekki betra en raun ber vitni um afgreiðslu málsins.

Að þessu sinni var frv. lagt fram í desembermánuði og var þá strax í samráði við menntmrn. leitað umsagna ýmissa aðila, einkum vegna þeirra nýmæla sem eru í núverandi gerð frv. Þau nýmæli varða helst fjármögnun framhaldsskólastigsins og hlutdeild framhaldsskólans í fullorðinnafræðslu. Um þau atriði, er að mestu voru óbreytt í frv. og þá aðallega um menntastefnu og kennslufræðilega hlið þess, var stuðst við eldri umsagnir og eru þær prentaðar með frv. Alls eru þær umsagnir orðnar um 75 talsins sem fyrir Alþ. liggja um þetta mál, og eru þá ótalin mörg bréf sem þm. hafa verið send beint.

Strax að loknu jólaleyfi þm. hófust reglubundin störf að frv. og var það starf unnið sameiginlega af báðum menntmn. Alþ. Fundir urðu alls 14 um málið. Vil ég í þessu sambandi þakka menntmn. Ed. og formanni hennar sérstaklega prýðilegt samstarf. Nm. ræddu frv., meginstefnu þess í kennslumálum og málefni framhaldsskólastigsins í heild, við ýmsa menn: Hörð Lárusson deildarstjóra í menntmrn., Guðmund Arnlaugsson rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, Guðna Guðmundsson rektor Menntaskólans í Reykjavík og Ólaf Ásgeirsson skólameistara Fjölbrautaskólans á Akranesi. Þá mætti Indriði H. Þorláksson deildarstjóri einnig á fund með nm. og ræddi fjármálakafla frv. og kostnaðaráhrif þess.

Hæstv. menntmrh. fylgdi frv. úr hlaði með ítarlegri ræðu við 1. umr. og mun ég reyna að forðast endurtekningu á því sem hann gerði þá að umtalsefni. Þó hlýt ég að fara fyrst nokkrum almennum orðum um frv. áður en ég lýsi brtt. okkar, vegna ýmissa aths. sem almennt hafa komið fram um málið.

Öllum hv. þm. er vitanlega ljóst hversu vandasamt er að smíða löggjöf um skólamál og þá einkum þegar þarf að taka afstöðu til alls framhaldsskólastigsins í heild og heildarendurskipulagningar þess. Hér er verið að fjalla um skilyrði og möguleika alls þorra æskufólks landsins til mennta og þroska og sníða störfum þeirra, kennaranna og annarra, er að skólamálum starfa, stakk. Mikið liggur við að sá stakkur sé við hæfi. Það er því að mínu viti afar hyggilegt að setja rammalöggjöf um svo viðamikið og mikilvægt mál.

Þjóðfélagið tekur miklum og örum breytingum og skólastarfið verður að geta brugðist við þeim breytingum. Löggjöf verður því að vera svo úr garði gerð að hún veiti skólamönnum svigrúm til að laga skólastarfið hæfilega að breyttum aðstæðum í tíma, og löggjöf verður

einnig að vera það sveigjanleg að allur sá fjöldi, sem eftir þeirri löggjöf á að starfa, geti beitt eigin frumkvæði þegar þess er þörf. Enginn vafi er á því, að núverandi fyrirkomulag með mergð lagasetninga um hvern einstakan skóla eða skólagerð og hvers konar sérnám og með ítarlegum lagafyrirmælum um skólastarfið er þegar orðið þrándur í götu eðlilegra framfara. Skólastarfið hefur þegar í raun sprengt þau bönd af sér. Nægir hér að minna á að fjölmennasti framhaldsskóli landsins, Menntaskólinn við Hamrahlíð, starfar enn sem tilraunaskóli með undanþágu og fjölbrautaskólarnir hafa engan lagagrundvöll nema þann sem felst í heimildarlögum til að stofna fjölbrautaskóla sem sett voru árið 1973. Alvarlegast er þó að núverandi framhaldsskólakerfi er byggt á úreltum viðhorfum um skarpa aðgreiningu bóknáms og verknáms. Í samræmdum framhaldsskóla er öllum námsbrautum gert jafnt undir höfði, bæði stjórnunarlega og fjárhagslega. Skipulag hins samræmda framhaldsskóla tryggir því jafnframt að möguleikar til áframhaldandi náms fylgja jafnt öllum námsbrautum, en við núgildandi skipulag eru þessi sjálfsögðu réttindi að mestu bundin við þá sem valið hafa bóknámsleiðina, en nemendur á verknámsbrautum hafa haft afar takmarkaða möguleika á að skipta um námsbraut eða sækja fram til áframhaldandi náms.

Allt framhaldsskólanám samkv. frv. um samræmdan framhaldsskóla lýtur því sama markmiði, eins og það er skilgreint í 3. gr. frv., þar sem segir að hlutverk framhaldsskóla sé að veita menntun er sé á hverjum tíma markviss undirbúningur starfs eða frekara náms og stuðli jafnframt að alhliða þroska nemandans sem einstaklings og þátttakanda í lýðræðissamfélagi. Þetta þýðir auðvitað ekki að allt verklegt nám eigi að fara fram í skólahúsnæði, eins og sumir virðast halda. Það er hvorki framkvæmanlegt né æskilegt. Eftir sem áður mun framhaldsskólinn þurfa að njóta samstarfs við meistara í iðngreinum og ýmsar stofnanir og fyrirtæki. En í frv. er kveðið svo á, að allt slíkt nám, sem fram fer utan skólans, skuli vera undir stjórn skólans og háð eftirliti hans. Þannig er leitast við að tryggja að kennslufræðileg sjónarmið ráði, en ekki þröng stéttarsjónarmið. Eftir sem áður er leitast við að tryggja áhrif ýmissa aðila vinnumarkaðarins með aðild þeirra að framhaldsskólaráði.

Margir hafa gert aths. við hið fjölmenna framhaldsskólaráð og vilja hafa annan hátt á. Við leggjum ekki til breytingu á þessu sviði, sérstaklega vegna þess að hér er um að ræða samkomulag við aðila vinnumarkaðarins, en þeir leggja mjög ríka áherslu á að áhrif þeirra séu tryggð einmitt með þessum hætti.

Framhaldsskólafrv. er byggt á þeirri stefnumörkun við grunnskólann, að allir nemendur, sem ljúka námi í grunnskóla, skuli eiga kost á einhverju námi í framhaldsskóla og að val í grunnskóla takmarki ekki réttindi nemenda til framhaldsnáms. Um þetta atriði er kveðið á í 4. gr. frv. og svo um það, að hver sá sem verður 19 ára geti á því sama ári hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum nema að því er varðar starfsþjálfun þar sem hennar er krafist.

Þau mótmæli hafa komið fram gegn þessari stefnu, að hún muni leiða til almennrar lækkunar á menntastaðli, ekki síst á bóklegum sviðum og í því námi sem hinir hefðbundnu menntaskólar veita, og að hinir „betur gefnu", eins og það er stundum orðað, fái ekki notið sín í samræmdum framhaldsskóla sem sé opinn öllum og veiti öllum jöfn tækifæri. Ég get ekki að því gert, að mér finnst stundum stutt í það hjá þeim sem þannig tala, að nemendum, æskufólki landsins, sé skipt í fyrsta flokks fólk og annars flokks fólk. Um slíkan hugsunarhátt og þær afleiðingar, sem af honum getur leitt, ætla ég ekki að fjölyrða, en læt mér nægja að lýsa þeirri skoðun minni, að sú menntun, sem fengin er með því móti að meina öðrum sjálfsagðra réttinda til náms, er ekki mikils virði.

Hitt er annað mál, að það er yfirlýst takmark framhaldsskólans að veita öllum nám við hæfi. Það þýðir að kerfið sjálft verði að vera sveigjanlegt, svo að allir nemendur — eða sem flestir a. m. k. — fái notið sín sem einstaklingar og einstaklingsbundinna hæfileika sinna. Það er skoðun mín, að hinn samræmdi framhaldsskóli og þá einkum áfangakerfið veiti svigrúm til slíkra einstaklingsbundinna frávika í miklu ríkari mæli en núverandi kerfi gerir kleift. Nemendur geta farið hratt yfir og þeir geta farið hægt yfir námsefni, allt eftir getu og vilja, innan skynsamlegra marka að vísu. Og hvað það varðar að nemendur muni koma verr undirbúnir en áður inn í framhaldsskólana og þar af leiðandi hljóti öll kennsla í framhaldsskólum að rýrna að gæðum er ekki um óleysanlegt vandamál að ræða ef vilji er fyrir hendi á annað borð til að leysa það. Á þessum vanda tók Menntaskólinn í Hamrahlíð þegar haustið 1977 með stofnun svonefndra núlláfanga.

Guðmundur Arnlaugsson ræddi þetta málefni sem önnur við nm. þegar hann mætti á fund n. Það er skoðun hans að bæta verði við menntaskólana að neðan, eins og hann orðar það í umsögn sinn. En hann tekur jafnframt fram, að í því efni standi skólar áfangakerfis mun betur að vígi en hefðbundnir menntaskólar. Í umsögn Guðmundar Arnlaugssonar, sem prentuð er með frv., segir svo, með leyfi hæstv. forseta, og mun ég lesa það hér þm. til glöggvunar:

„Núlláfangarnir, sem MH hyggst taka upp í haust, eru í raun ekki annað en námshagræðing sem fyrir löngu er tímabær. Nemandi, sem kemur í menntaskóla með lélegan undirbúning í grein (eða greinum), lendir oft í öðrum pyttinum af tveimur:

1) hann fellur og tefst um ár eða

2) hann slampast að vísu upp úr bekk, en nær sér aldrei á strik í greininni, vegna þess að í kennslunni er sífellt verið að byggja ofan á undirstöðu sem ekki er til. Í núlláfanga fær nemandinn yfirferð þeirra frumatriða sem frekari kennsla byggir á, og ef sæmilega tekst til nægir það til að fleyta honum yfir upphafsörðugleikana og koma honum á réttan kjöl. Í áfangakerfi á nemandinn svo kost á því að vinna aftur þann tíma, er hann missti í núlláfanga, síðar á námsbrautinni."

Ég læt þess getið, að fleiri skólar munu hafa sama hátt á. T. d. mun Iðnskólinn í Reykjavík hafa fornám í sama tilgangi.

Í nál. hefur meiri hl. n. greint frá því, að meginstefna frv. hafi hlotið mjög jákvæðar undirtektir hjá miklum meiri hl. umsagnaraðila, og er mjög kvatt til þess að Alþ. afgreiði þetta frv., enda þótt margir umsagnaraðilar hafi vitaskuld sitthvað að athuga við einstök atriði frv. Ég tilfæri nokkur dæmi úr umsögnunum.

Í ályktun fundar fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldinn var á Húsavík 28. og 29. mars til þess að fjalla um framhaldsskólafrv., segir:

„Þrátt fyrir þá ágalla, sem hér hefur verið bent á, leggur fulltrúaráðið áherslu á, að það er sammála mörg-

um atriðum frv. og telur brýnt að lög um samræmdan framhaldsskóla verði sett.“

Þá segir í umsögn frá fræðsluráði Reykjavíkur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fræðsluráð Reykjavíkur vísar til þeirrar afstöðu er fram kom í umsögn þáverandi fræðsluráðs frá nóv. 1977, að það væri „samþykkt þeirri meginstefnu frv. að allt nám á framhaldsskólastigi verði samræmt og námsefni skipað í skilgreinda áfanga með opnum leiðum til framhaldsnáms.“

„Mikilvægt er,“ segir enn fremur í þessari umsögn fræðsluráðs, „að stefnt er að því að nemendur stöðvist ekki í námi né tefjist að ráði þótt þeir leiti nýrra leiða á námsbrautinni. Mjög er því til bóta að ætla nemendum mislangan tíma til að ljúka sama námsefni. Fræðsluráð fagnar ekki hvað síst þeirri viðleitni er í frv. felst að gera verk- og bóknámi jafnhátt undir höfði og væntir þess að þeirri stefnu verði fast fylgt eftir.“

Ekki er ráðrúm hér að vitna í þá ótalmörgu aðila sem lýsa stuðningi við hugmyndina um samræmdan framhaldsskóla og hvetja til lagasetningar um hann. Meðal þeirra eru t. d. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasambandið, Félag menntaskólakennara, ýmis fræðsluráð og margir reyndir skólamenn. Fljótlegra væri raunar að tilgreina þá sem eru hugmyndinni andvígir eða leggjast gegn því að Alþ. afgreiði frv.

Meiri hl. minnir á, að nú þegar eru skólamenn í nánast öllum fræðsluumdæmum landsins farnir að skipuleggja nám samkv. meginhugmyndum frv. um samræmdan framhaldsskóla, og hætt er við að skortur á lagasetningu hamli mjög eðlilegri þróun þessara mála.

Meiri hl. minnir einnig á, að samræmdur framhaldsskóli er forsenda þess að grunnskólög geti komið til fullra framkvæmda, enda liggur sama menntastefnan til grundvallar báðum þessum skólastigum, sem hljóta því að byggjast upp í samhengi.

Þá er í frv. kveðið á um hlutdeild framhaldsskóla í fullorðinnafræðslu, og teljum við að þar sé stórum áfanga náð í þessum mikilvæga þætti menntunar og löngu orðið knýjandi að Alþ. komi skipulagi á hann. Meiri hl. telur því, að hlutur Alþ. liggi eftir, og við teljum ekki vansalaust að Alþ. skjóti sér lengur undan þeirri ábyrgð að afgreiða þetta frv. Við teljum að með þeim brtt., sem við flytjum, sé bætt úr helstu ágöllum frv. og þeir agnúar á brott numdir sem voru okkur og flestum umsagnaraðilum þyrnir í augum.

Áður en ég vík að fjármálakafla frv. mun ég gera grein fyrir brtt. okkar við þá kafla sem eru þar fyrir framan, en þær eru ekki nema þrjár talsins og eru á þskj. 619.

Fyrsta brtt. okkar varðar 9. gr. Við leggjum til að 9. gr. orðist eins og segir á þskj. 619. Þar er ekki um mikla breytingu að ræða. Breytingin, sem þarna er, gengur einungis út á að menntmrn. skuli setja námsskrá í samráði við samtök kennara og nemenda á framhaldsskólastigi. Þetta er viðbótin. Að öðru leyti er greinin óbreytt. Í rauninni er hér um lítla breytingu að ræða frá þeirri framkvæmd sem nú tíðkast, en við teljum rétt að þetta sé tryggt í lögum og er það samkvæmt ábendingu frá Hinu íslenska kennarafélagi.

Önnur brtt. okkar er við 27. gr. Við leggjum til að í stað 1. málsl. 3. mgr. komi: „Menntmrn. setur eða skipar skólastjóra framhaldsskóla að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og fastra kennara við skólann sé ekki um nýjan skóla að ræða. Rn. setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og skólastjóra viðkomandi skóla.“

Breytingin hér felur í sér að fastir kennarar við framhaldsskóla fái umsagnar- og tillögurétt þegar skólastjóri er settur eða skipaður, nema um sé að ræða nýjan skóla eða skóla sem verið er að stofna, en þá mun líklega óframkvæmanlegt að fara eftir þessu. Við teljum að þetta atriði sé mikilvægt til þess að tryggja farsælt og snurðulaust skólastarf.

Þriðja brtt. okkar er við 28. gr., að 2. mgr. hennar orðist svo: „Setja skal í reglugerð ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Við setningu þeirra skal þess gætt, að réttindi kennara í þessum efnum verði eigi minni en þau eru nú.“ Raunar hafa fallið út í vélritun eða prentun síðustu orð setningarinnar. Þau áttu að vera svona: „verði eigi minni en þau eru í núgildandi lögum og reglugerðum.“ — Ég vænti þess, að það orðalag, sem hér er prentað, sé fullnægjandi, og mun ekki gera till. um að þskj. verði prentað upp, nema í samráði við hæstv. forseta eða skrifstofu Alþingis.

Það, sem er nýtt í þessari mgr., er síðari málsl., sem er viðbót okkar. Í umsögn frá Hinu íslenska kennarafélagi kom fram krafa um að réttindi kennara yrðu bundin í lögum eins og nú er í lögum um menntaskóla. Þetta er að vísu skiljanleg krafa, en ekki þótti fært að fara þá leið sem þar er lögð til, bæði sakir þess að ýmislegt, sem nú er í lögunum, er orðið kjarasamningaatriði og þó kannske fyrst og fremst vegna þess að þau réttindi, sem framhaldsskólafrv. kveður á um, ná til fleiri aðila, bæði annarra kennara en menntaskólakennara og svo annarra starfsmanna skólans sem starfa að uppeldislegum verkefnum, svo sem sálfræðinga og félagsráðgjafa. Hætt er því við að úr þessari grein hefði orðið ruglingslegur grautur hefðum við ætlað að koma til móts við alla þessa aðila og tilgreina nákvæmlega rétt þeirra í lögum. Hins vegar teljum við að með þessari breytingu sé réttur viðkomandi aðila tryggður. Bæði er kveðið á um rétt til orlofs og endurmenntunar og svo að réttindi skuli ekki minni en þau sem viðkomandi aðilar hafa nú samkv. gildandi lögum og reglugerðum. Væntum við að það sé fullnægjandi.

En veigamesta breytingin á frv. frá fyrri gerðum þess er kaflinn um fjármögnun framhaldsskólastigsins. Þar er gert ráð fyrir að skólahaldið skuli kostað af ríki og sveitarfélögum með þeim hætti að kostnaður af tveimur fyrstu skólaárum framhaldsskólans skiptist milli ríkis og sveitarfélaga eftir sömu meginreglum og kostnaður við grunnskólann, en kostnaður af námi umfram tvö fyrstu árin greiðist úr ríkissjóði.

Báðar fyrri gerðir frv. gerðu ráð fyrir að framhaldsskólastigið allt yrði kostað af ríki og sveitarfélögum í sameiningu. Þessari leið höfnuðu margir, m. a. Samband ísl. sveitarfélaga sem krafðist þess eindregið að ríkið kostaði allt framhaldsskólanám. Ég ætla ekki að rekja fyrri ágreining um þetta atriði, en tel þó rétt að minna á að sjálf hef ég margoft lýst þeirri skoðun minni í þessum ræðustól, að ég teldi óframkvæmanlegt annað en ríkið kostaði allt framhaldsskólastigið. Ég tel því rétt að rekja ástæður þess að ég get þrátt fyrir fyrri afstöðu mælt með þeirri lausn sem frv. gerir ráð fyrir.

Í fyrsta lagi gerum við raunhæfa till. um að sveitarfélögum verði bætt hin aukna greiðslubyrði sem frv. hefur í för með sér.

Í öðru lagi hefur þróun undanfarinna ára verið á þann

veg, að sveitarfélög hafa í auknum mæli verið að taka á sig kostnað vegna framhaldsskólanámsins. Þar vega þyngst fjölbrautaskólarnir, en auk þess má minna á að 4. bekkur gagnfræðaskóla var á vegum sveitarfélaga og mörg sveitarfélög eru enn með framhaldsdeildir í tengslum við grunnskóla. Þarna er því ekki að öllu leyti verið að velta yfir á sveitarfélög verkefnum sem þau hafa ekki sinnt til þessa.

Í þriðja lagi vil ég segja það sem persónulega skoðun mína, að ég tel ekki verjandi að láta deilur um fjármögnun framhaldsskólans tefja öllu lengur framgang þessa frv. Hætt er við að seint verði allir sammála um þessa hlið málsins, en á meðan mundi eðlileg þróun framhaldsskólastigs drepin í dróma. Í frv. er fundin millileið sem ég geri mér vonir um að sem flestir geti sæst á. Í þessu sambandi er rétt að minna á að í frv. er gert ráð fyrir heimild til að ákveða að framlag ríkisssjóðs verði allt að 75% í byggingarkostnaði og meiri háttar búnaði sérbyggðrar verknámsaðstöðu eða skólaverkstæða, og er það gert til að auðvelda sveitarfélögum kostnaðinn af hinu dýra verknámi og þar með stuðla að því yfirlýsta markmiði að bæta verkmenntun í landinu.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mæltist til þess með bréfi, sem er dagsett 15. jan., að Alþ. afgreiddi ekki frv. fyrr en að loknum fulltrúaráðsfundi sambandsins sem var ákveðinn þann 28. og 29. mars og fjallaði um framhaldsskólafrv. Ég vék áðan að þessum fulltrúaráðsfundi. Sá fundur sendi frá sér ályktun sem allir hv. alþm. hafa væntanlega séð. Augljóst er af þeirri ályktun að mjög hefur dregið úr andstöðu Sambands ísl. sveitarfélaga við hlutdeild sveitarfélaga í kostnaði af framhaldsskólum. Í ályktuninni segir, með leyfi hæstv. forseta, um kostnaðarákvæði frv.:

„Verði sú niðurstaða löggjafans við samþykkt þessa frv., að aukin verði kostnaðarleg þátttaka sveitarfélaga í rekstri framhaldsskóla, verður að gera þá kröfu, að annað tveggja verði gert, að létta af þeim útgjaldaliðum eða veita þeim nýja tekjustofna til að mæta þeim kostnaði.

Samkvæmt athugun, sem gerð var á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga, hefur komið fram að kostnaðarauki sveitarfélaga af rekstri framhaldsskóla er áætlaður um 500 millj. kr. miðað við verðlag á árinu 1979. Þá má einnig gera ráð fyrir einhverjum kostnaðarauka sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar."

Til þess að bæta sveitarfélögum þessa auknu greiðslubyrði höfum við, meiri hl. menntmn. Nd., flutt frv. til laga um breyt. á þeim ákvæðum laga nr. 63 frá 1974, um grunnskóla, er snerta viðhald og endurnýjun fasteigna og búnaðar, í þá mynd sem þau höfðu fram til 1975, en þá var sú breyting gerð að sveitarfélög skyldu greiða þessa kostnaðarliði að fullu. Áætlað er að hluti ríkissjóðs í viðhaldskostnaði vegna grunnskóla, ef það frv. verður að lögum, verði 770 millj. kr. miðað við verðlag á árinu 1979.

Með leyfi forseta mun ég mæla fyrir því frv. hér í leiðinni, því að það er svo nátengt því frv. um framhaldsskóla sem ég mæli fyrir nú.

Ástæðan til þess, að við teljum þessa leið heppilegasta, er fyrst og fremst sú, að með henni yrði gætt samræmis í þessum efnum varðandi grunnskóla og fyrstu tvö ár framhaldsskólans, ef það frv. verður að lögum, en víða á landinu, einkum utan höfuðborgarinnar, er allt þetta nám kennt í sama húsnæði. Auk þess er ekki því að leyna, að ákvæði laganna, eins og þau hafa verið frá 1975 um viðhaldskostnað grunnskóla, hafa ekki reynst vel. Örðugleikum hefur valdið að gera skil á milli viðhalds og endurnýjunar annars vegar og endurbóta, breytinga og nýkaupa á búnaði hins vegar. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, verður þáttur ríkissjóðs í öllum þessum liðum hinn sami og verður það til einföldunar.

Í 3. gr. er kveðið svo á, að gildistökutími frv. miðist við sama tíma og ákvæði laga um framhaldsskóla að því er tekur til námsvistargjalda.

Meiri hl. menntmn. flytur nokkrar brtt. við fjármálakafla framhaldsskólafrv. og eru sumar til komnar vegna ábendinga frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Fjórða brtt. okkar á þskj. 619 er við 30. gr. Við leggjum til að úr staflið b falli niður orðin „gegn jafnháu framlagi sveitarfélaga". Þessi breyt. er gerð til samræmis við grunnskólalög.

Fimmta brtt. okkar er við 32. gr. Við leggjum til að við greinina bætist: „Sama máli gegnir um skóla sem nú eru reknir af ríkinu einu ef ekki næst samkomulag við sveitarfélög um rekstraraðild samkv. 31. gr., sbr. og 36. gr., enda sé um sérhæft nám að ræða."

Hér er varnagli rekinn ef ekki tækist samkomulag við sveitarfélög eða milli sveitarfélaga, ef þau hugsanlega teldu að námið væri það sérhæft að það væri ekki í þeirra verkahring að standa að rekstri skólans. Með þessu ætti að vera tryggt að nauðsynlegur sérskóli yrði ekki lagður niður.

Sjötta brtt. okkar er við 33. gr. Hún varðar námsvistargjöldin sem gert er ráð fyrir að lögheimilissveitarfélag greiði vegna þeirra nemenda er tvö fyrstu skólaárin sækja skóla sem reknir eru af öðrum sveitarfélögum eða ríkinu. Hér var um tvær leiðir að velja. Önnur var sú að skylda öll sveitarfélög til þátttöku í framhaldsskólarekstri. Þótti sú leið óheppileg. Hin leiðin var sú sem valin var að lokum, þ. e. a. s. að skylda lögheimilissveitarfélag til að greiða námsvistargjald. Því er ekki að neita að mörgum þykir þetta fremur ógeðfellt og nokkur sveitarstyrkskeimur af. Ég held því að sú breyting, sem við leggjum til, að námsvistargjöld skuli greidd úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga af framlagi sjóðsins til viðkomandi sveitarfélags, sé mjög til bóta. Þannig fer uppgjörið eiginlega fram hjá sjóðnum og viðkomandi nemandi eða einstaklingur þarf ekki að standa í því að rukka þetta gjald eða sjá til þess að gjaldið sé greitt. Með þessu móti ætti að vera unnt að uppræta það sem mönnum hefur helst þótt að þessari leið. Mín skoðun er sú, að þetta gjald sveitarfélaganna sé ekki óeðlilegt með hliðsjón af því að fyrstu ár framhaldsskólastigsins eru orðin nánast sjálfsögð og mjög fáir nemendur sem ekki gangá þá braut. Það er því afskaplega óeðlilegt að lögheimilissveitarfélag taki ekki einhvern þátt í þeim kostnaði, og ef viðkomandi sveitarstjórnarmenn telja menntun á annað borð sjálfsagða ætti ekki að vera hætta á að þeir sæju eftir þessum greiðslum.

Sjöunda brtt. okkar er við 34. gr. Það er að mestu umorðun á greininni, sem varðar kostnað vegna fullorðinnafræðslunnar sem talað er um í 15. gr. Þar er, eins og hv. þm. vita, gert ráð fyrir að kostnaðurinn greiðist að þriðjungi úr ríkissjóði, að þriðjungi af sveitarfélögum og að þriðjungi með námskeiðsgjöldum nemenda. Nú er það svo, að mjög er hætt við að heildarkostnaður af námskeiðum geti verið mjög mismunandi eftir því hvort um er að ræða fámenn námskeið eða fjölmenn og hvort um er að ræða bóknám eða verknám. Þetta ákvæði gat

því komið harkalegar niður á verknámsnemendum og einnig á þeim nemendum sem eru á fámennari námskeiðum úti á landi. Við leggjum því til að í reglugerð skuli kveðið á um nokkurs konar jöfnun á gjöldum, að námskeiðsgjöld nemenda skuli aldrei á einstökum námskeiðum fara yfir hámark og að reglugerðarákvæði um þetta skuli miða að því að ekki verði óeðlilegt misræmi í námskeiðsgjöldum.

Í áttundu brtt. okkar er komið til móts við kröfur Sambands ísl. sveitarfélaga, en þar er gert ráð fyrir að hluti ríkissjóðs í þeim kostnaði skóla, sem reknir eru af sveitarfélögum, öðrum en kennslulaunum skuli greiddur mánaðarlega samkvæmt áætlun sem menntmrn. samþ. Uppgjör skal síðan fara fram árlega þegar endurskoðaðir reikningar liggja fyrir. Með þessu móti ætti sveitarfélögum að sparast nokkuð fé.

Níunda brtt. okkar varðar 35. gr., en þar voru ákvæði sem voru óviðunandi fyrir sveitarfélög. Var helst hægt að lesa út úr greininni að eignaupptaka ætti að fara fram hjá sveitarfélögum við það að kostnaðarákvæði þessara laga kæmi til framkvæmda. Við slíkt getur að sjálfsögðu enginn unað. Við leggjum til að síðari mgr. 35. gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við breytingar á rekstraraðild skólastofnana á þessum tíma skulu fasteignir þær, sem reistar hafa verið og notaðar til skólahalds, ásamt búnaði og tilheyrandi lóðum vera áfram til afnota fyrir skólastarf án endurgjalds. Verði sú skólastarfsemi, sem þannig er stofnað til, lögð niður innan fjögurra ára frá breytingunni skal eignunum ráðstafað sameiginlega af þeim aðilum, sem áttu þær fyrir, og skipt milli þeirra í samræmi við fyrri eignaraðild."

Með þessari breytingu er því tryggt að skólahúsnæði helst áfram í eigu sveitarfélaga þrátt fyrir breytingar.

Tíunda brtt. okkar er við 37. gr., sem verður 38. gr. *Greinar munu færast þarna eitthvað til.* Þessi grein er að mati margra ein mikilvægasta grein frv., því í þessari grein er gert ráð fyrir að sérskólar ýmsir og sérfræðslulög falli úr gildi. Upptalning á skólum, sem eru í þessari grein, er vitanlega tengd hugmyndum nefndarinnar, sem samdi frv., um námsbrautirnar, sem skýrðar eru í grg. frv. Ég vek athygli á að í nál. um þetta atriði er prentvilla á bls. 3. Þar er talað um „námsbrautirnar átta". Orðið „átta" á ekki að vera þarna. Hefur slegið saman námssviðum og námsbrautum. Námsbrautirnar eru vitanlega fleiri en átta.

Það er augljóst að verði þetta frv. samþ. er um að ræða mikla kerfisbreytingu þar sem allt framhaldsskólanám verður innan einnar rammalöggjafar og lög um sérskóla og einstaka þætti framhaldsfræðslu afnumin. Það var álit meiri hl. í n., að með þeirri afgreiðslu mála, sem lögð er til í frv., færðist úrslitavald um skipulag framhaldsskóla eða inntak framhaldsnámsins með of skjótum og gagngerum hætti úr höndum Alþ. til menntmrn. Við teljum að *ýmsir þættir framhaldsnáms þurfi miklu meiri umræðu* við áður en endanleg ákvörðun er tekin um einstakar námsstofnanir. Þetta gildir einkum um sérnám ýmiss konar, sem einmitt um þessar mundir er í mikilli gerjun. Í þessu sambandi get ég t. d. nefnt hjúkrunarnám, fósturnám og vélstjóranám. Talsmenn þessara stétta hafa eindregið mótmælt þeim hugmyndum, sem fram komu í grg. frv. um tilhögun náms þeirra, og hafa fulltrúar þeirra sumir hverjir átt á undanförnum árum langar og miklar viðræður við menntmrn. um framtíðarþróun síns náms, svo er t. d. um hjúkrunarfræðinga, en fulltrúar þeirrar stéttar og heilbrigðisstéttanna mættu á fundi með n. Þeir voru Jóhanna Bernharðsdóttir formaður Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga. — Í nál. er villa. Þar stendur „hjúkrunarkvenna", en félagið heitir Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga. — Einnig mættu María Pétursdóttir skólastjóri Nýja hjúkrunarskólans, Svanlaug Árnadóttir formaður Hjúkrunarfélags Íslands, Þorbjörg Jónsdóttir skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands og Ólafur Ólafsson landlæknir.

Nm. ræddu mjög ítarlega við þetta fólk og ég held að sá fundur hafi orðið til þess að skýra betur fyrir okkur hversu varhugavert væri að taka í einu vetfangi afstöðu til alls þess náms sem felst raunar í 37. gr. frv. Ég ætla ekki hér að rekja alla þá aðila sem hafa mótmælt hugmyndum þeim sem koma fram í grg. Ég lít svo á að brtt. okkar bendi einmitt ótvírætt til þess að til þessara mála höfum við ekki treyst okkur að taka endanlega afstöðu að svo stöddu. En í brtt. okkar felst þó sá vilji, að þetta verði athugað nánar og að það sé engan veginn sjálfsagt, að þetta nám sé á framhaldsskólastigi. Einkum og sér í lagi tel ég persónulega að rök hjúkrunarfræðinga séu mjög réttmæt og ég teldi rangt ef nám hjúkrunarfræðinga yrði skipulagt eins og gert er ráð fyrir í grg. Hjúkrunarfræðingar benda á að hjúkrunarfræðinám geti ekki farið fram innan framhaldsskólastigsins, vegna þess að undirbúningsnám eins og frv. gerir ráð fyrir sé ófullnægjandi ef nemendur eigi að geta tileinkað sér það námsefni sem krafist er fyrir hjúkrunarstarfið nú. Hjúkrunarfræðingar telja því að óraunhæft sé að ætla nemendum að stunda almennt nám jafnhliða svo umfangsmiklu sérnámi og hjúkrunarfræðinámið er. Þá telja hjúkrunarfræðingar að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að 19 ára einstaklingar hafi yfirleitt öðlast þann þroska sem nauðsynlegur er til þess að geta innt af hendi sjálfstæð hjúkrunarstörf. Ég held að *almennt megi segja um þær hugmyndir, sem koma fram í* grg., enda þótt þær komi náttúrlega ekki til með að hafa lagagildi, eins og margir hafa bent á, að tilhneiging sé til að byrja sérnám of snemma. Ég er ekki frá því að n. hafi haft tilhneigingu til þess að haga svo málum, sérstaklega þegar um er að ræða hin hefðbundnu kvennastörf, og að þar sé ekki gert ráð fyrir nægilegum tíma til undirbúningsmenntunar og almennrar fræðslu. En vegna þeirra mótmæla, sem komu fram, og vegna þess að við töldum að hv. alþm. og við nm. meðtalin værum alls ekki reiðubúin til að taka afstöðu til allra þeirra sérskóla sem ætlast er til að séu numdir úr lögum leggjum við til þá breytingu að þær reglugerðir, er settar verða um hverja námsbraut í framtíðinni, verði afgreiddar á hinu háa Alþingi með samþykkt þáltill. Í greininni var gert ráð fyrir að Alþ. fjallaði um þessar reglugerðir. Við teljum það ekki nægilegt, en vildum tryggja að Alþ. ætti enn eftir að segja sitt síðasta orð um væntanlegar námsbrautir, hvernig þær eru byggðar upp, og um þá sérskóla sem hér eru taldir upp.

Ef þetta verður samþ. teljum við að tryggt sé að Alþ. fái ekki aðeins að fjalla sérstaklega um hvern námsþátt framhaldsskólastigsins, heldur teljum við líka tryggt að enginn sérskóli verði lagður niður með lögum nema Alþ. hafi áður fjallað um hann sérstaklega og samþ. aðra skipun á þeirri menntun er þar er veitt, þ. e. a. s. annaðhvort samþykkt það á framhaldsskólastigi eða hafnað því. Þá hefði Alþ. líka svigrúm til að samþykkja síðar að eitthvert nám flyttist alveg upp á háskólastig ef það þætti

rétt. Ég legg því áherslu á að þótt þetta frv. verði samþ. nú er sporið ekki stigið til fulls fyrir sérskólana, en hins vegar tel ég að hinu almenna viðurkennda framhaldsnámi mundi styrkur að samþykkt þess og hægt væri að taka til hendinni og skipuleggja almennt framhaldsnám á grundvelli þeirra laga, en sérnám ýmiss konar biði frekari afgreiðslu Alþingis hvenær sem það hentaði.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Umr. frestað.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 547). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Á þskj. 547 er stjfrv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970, lög nr. 66 30. apríl 1973 og lög nr. 71 31. maí 1976, um breyting á þeim lögum. Þetta mál kemur frá Ed. og var lagt þar fram, eins og ég sagði áður, en sem stjfrv.

Megintilgangurinn með frv. er að breyta ákvæðum í VI., VII. og IX. kafla laga um tollheimtu og tolleftirlit, sem lúta að viðurlögum, greiðslufresti á aðflutningsgjöldum og endursendingum á innfluttum vörum. Mér þykir rétt að benda á í því sambandi, að þær breytingar fela ekki í sér neina nýsmíði, með þó þeirri undantekningu er lýtur að innheimtu vaxta vegna greiðslufrests á aðflutningsgjöldum. En ef frv. þetta verður að lögum munu ákvæði þess verða tollgæslunni til styrktar og veita einstökum ákvæðum laganna meiri virkni en nú er, m. a. með því að létta álagi af dómstólum, eins og ég mun víkja nánar að á eftir.

Um einstakar greinar frv. vil ég taka fram eftirfarandi:

Í núgildandi lögum um tollheimtu og tolleftirlit er í 1. mgr. 52. gr. heimilað að leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er eigi fullnægt að aðflutningsgjöld séu greidd af innfluttri vöru innan þeirra tímamarka, talið frá komudegi flutningsfars til landsins, sem ákveðin kunna að vera í reglugerð. Meðal þeirra viðurlaga, sem ákvæðið heimilar að lögð verði á, er greiðsla dráttarvaxta, 1½%, fyrir hvern byrjaðan mánuð talið frá gjalddaga aðflutningsgjalda. Þegar ofangreint ákvæði var lögfest á árinu 1969 voru dráttarvextir innlánsstofnana 1½%. Frá því að ákvæðið var lögfest hafa dráttarvextir hækkað smátt og smátt og eru nú 3%. Telja verður eðlilegt að dráttarvextir, sem á kunna að verða lagðir samkv. ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit, séu í sem mestu samræmi við þau vaxtakjör sem gilda almennt um þetta efni. Er því lagt til samkv. frv. að ákvæðið verði rýmkað að þessu leyti. Þykir rétt að um ákvörðun hámarks og lágmarks dráttarvaxta gildi í þessum efnum lög um Seðlabanka Íslands frá 1961. Jafnframt má benda á að samhljóða ákvæði um útreikning dráttarvaxta er nú einnig að finna m. a. í lögum um tekju- og eignarskatt svo og í söluskattslögum.

Samkv. 2. gr. frv. er lagt til að tekið verði upp í 53. gr. laganna ný mgr. er kveði skýrt á um að heimilt skuli að reikna sömu vexti af aðflutningsgjöldum, sem greiðslufrestur kann að verða veittur á samkv. 53. gr. laganna, og gildi almennt í lánsviðskiptum innlánsstofnana. Ég tel eðlilegt að sömu vaxtakjör verði látin gilda hvort sem ríkissjóður veitir greiðslufrest á aðflutningsgjöldum eða innflytjendur fjármagna greiðslu þeirra með fyrirgreiðslu lánastofnana.

Samkv. gildandi lögum um tollheimtu og tolleftirlit er heimilt að falla frá innheimtu aðflutningsgjalda þegar endursendar eru vörur sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á. Það skilyrði er m. a. sett fyrir niðurfellingu gjalda, að viðkomandi tollyfirvaldi sé sett full fjártrygging, peningatrygging, fyrir greiðslu aðflutningsgjalda þar til varan er sannanlega komin til útlanda. Ákvæði þetta um fulla fjártryggingu hefur íþyngt endursendendum vara og valdið nokkrum erfiðleikum í framkvæmd þegar um endursendingu á vörum hefur verið að ræða sem veruleg gjöld hafa hvílt á. Þá hefur einnig reynst ýmsum erfiðleikum bundið fyrir sömu aðila að afla staðfestingar á að endursend vara hafi skilað sér á áfangastað, þar sem erlend tollyfirvöld hafa gert ýmsar breytingar á starfsviði tollsins m. a. í þessum efnum.

Af þessum sökum er lagt til samkv. 3. gr. frv. að gildandi ákvæði verði rýmkuð þannig að fjmrn. geti ákveðið í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum að heimilt skuli í þessum tilvikum að víkja frá skilyrði um peningatryggingu og krefjast í þess stað fullnægjandi tryggingar í öðru formi. Enn fremur er lagt til að horfið verði frá því að krefja um staðfestingu erlends tollyfirvalds um innflutning vöru til viðkomandi lands, en í þess stað verði gjöld felld niður þegar það hefur verið tryggt nægilega að mati viðkomandi tollyfirvalds að varan verði endursend til útlanda, t. d. með flutningi vöru undir tolleftirliti um borð í flutningsfar.

Auk þeirra breytinga, sem ég hef vikið að, er svo lagt til að frestur til endursendingar á gölluðum vélum samkv. 3. tölul. 57. gr. verði nokkuð lengdur, eða úr 6 mánuðum í eitt ár, jafnframt því sem skýrar verði kveðið á um efnisinntak ákvæðisins.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði með 4. gr. frv. á 2. mgr. 76. gr. núgildandi laga, um sektir og eignarupptöku tollyfirvalda, eiga fyrst og fremst rætur sínar að rekja til þeirra miklu verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá því að þeim var síðast breytt á árinu 1976. Má ljóst vera að verðlagsbreytingar þessar hafa haft mjög neikvæð áhrif á þau markmið sem að er stefnt með ákvæðum þessum, þ. e. að auka varnað við refsiverðu atferli, jafnframt því sem heimildum þessum er ætlað að létta álagi af dómstólum vegna hinna smærri brota.

Samkv. gildandi lögum er heimild tollyfirvalda til ákvörðunar sekta bundin við 80 þús. kr. og heimild til ákvörðunar eignarupptöku við 150 þús. kr. Þar sem ákvæði þessi eru eigi lengur í neinu samræmi við verðlagið í landinu og gera má ráð fyrir að áhrifa þeirra til varnaðar gæti því lítt lengur, auk þess sem eigi er lengur hægt að afgreiða minni háttar mál utan réttar og því nauðsynlegt að senda þau hinum ýmsum embættum til afgreiðslu, er lagt til að heimild tollyfirvalda til ákvörðunar sekta verði bundin við hámarksfjárhæðina 350 þús. kr. og heimild til eignarupptöku verði bundin við 500 þús. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. Ég hygg að ekki hafi verið neinar deilur um það í Ed., enda er það nánast tæknilegt mál. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ég vil einnig beina þeim tilmælum til n., að hún hraði afgreiðslu málsins. Hér er um að ræða, eins og ég sagði áður, nánast tæknileg málefni sem ekki eru pólitísks eðlis á neinn hátt, en þyrfti nauðsynlega að afgreiða fyrir

þingslit.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki á þessu stigi ræða efnislega frv. það sem hér er til umr., aðeins óska eftir því, þar sem ég á ekki aðgang að fjh.- og viðskn., að hæstv. ráðh. láti kanna hvort ekki er réttara að þau tímatakmörk, sem getið er um í 1. gr., verði miðuð við komudag aðflutningsskjala eða pappíra, eins og það er kallað á máli viðskiptaaðila, í stað þess að miða við komutíma vörunnar til landsins. Það er mjög oft sem vara er komin til landsins, en aðflutningsskjöl koma ekki. Þau geta glatast í meðförum erlendis, í erlendum bönkum og víða á leiðinni, jafnvel eftir komu til landsins. Oft stendur þó nokkuð lengi á pappírum sem innflytjendur á vörum til landsins þurfa á að halda til að ganga á löglegan hátt frá sendingum. Hér er miðað við komutíma vörunnar til landsins, en talsvert mikill munur er á þessu tvennu.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af tilmælum hv. 1. þm. Reykv. Ég hef ekki neina skoðun á þessu máli, en ég mun sjá til þess að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. mæti hjá n., þegar hún tekur málið fyrir, og málið verði athugað þar nánar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 91. fundur.

Fimmtudaginn 10. maí, kl. 2 miðdegis.

Aukin nýting í fiskvinnslu, þáltill. (þskj. 113). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Heilbrigðisþjónusta, þáltill. (þskj. 417, n. 636). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. fékk til meðferðar till. á þskj. 417, 209. mál, till. til þál. um könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustu með tilliti til hugsanlegs sparnaðar og bættrar þjónustu. N. athugaði þessa till. og okkur var öllum ljóst að þarna er hreyft mjög mikilvægu máli. Við erum að reyna að veita fullkomna þjónustu. Það er ákaflega dýrt. Þess vegna er mjög brýnt að mannafli sé nýttur og fjárfesting og húsnæði. Þetta er ákaflega dýr þjónusta og þess vegna er mjög nauðsynlegt að þarna sé vel að verki staðið. Þetta er að vísu ekki nýtt mál hér í þinginu, vegna þess, eins og segir í grg., að á 97. löggjafarþingi lögðu Sverrir Bergmann og Oddur Ólafsson, hv. þm., fram till. svipaðs efnis. Henni var vísað til ríkisstj. og síðan er nokkurt vatn runnið til sjávar. Við teljum, að málið sé enn þá brýnt, og viljum nú hnykkja enn betur á og leggja til að till. verði samþ. Undir þetta skrifa auk mín Vilmundur Gylfason, Ellert B. Schram, Lárus Jónsson, Gunnlaugur Stefánsson, Ólafur Ragnar Grímsson og Bjarnfríður Leósdóttir.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þingstörf, en mig langar aðeins til þess að þakka hv. nm. fyrir þessa ágætu afgreiðslu. Ég vona að till. komi að haldi og tekið verði nú til við að rannsaka þessi þýðingarmiklu mál fyrir þjóðarheildina.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 672).

Sending matvæla til þróunarlanda, þáltill. (þskj. 348, n. 635). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. hafði til meðferðar till. á þskj. 348 um könnun á sendingu matvæla til þróunarlanda. Þetta mál hefur verið athugað og kannað nokkuð. Það hefur satt að segja ekki blásið byrlega fyrir því og þarna eru mörg ljón á veginum. Hins vegar væri ágætt ef unnt væri að haga stuðningi okkar við þróunarlönd á þann veg sem þarna er lagt til, og slík athugun má gjarnan fara fram öðru hverju eftir því sem ástæður leyfa, *því að á skammri stund geta breyst kringumstæður* í veröldinni þannig að það, sem var ómögulegt í gær, getur verið orðið mögulegt í dag. Þetta er vandasamt verk og verður að gæta þess vel, eins og með alla svona hjálp, að hún misfarist ekki, en komi þeim að gagni, sem til er ætlast. Við leggjum sem sagt til í allshn., að till. verði samþ., og undir þetta skrifa Páll Pétursson, Vilmundur Gylfason, Ellert B. Schram, Lárus Jónsson, Gunnlaugur Stefánsson, Bjarnfríður Leósdóttir og Ólafur Ragnar Grímsson.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hv. allshn. fyrir að hafa unnið vel að þessu máli, og ég vænti þess, að ríkisstj. og ráðamenn taki þetta stóra mál enn á ný til rækilegrar athugunar í framhaldi af þeirri þál. sem væntanlega verður gerð hér á eftir.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 673).

Efling þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum, þáltill. (þskj. 12, n. 633, 634, 664). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Sú þáltill. sem hér um ræðir, var flutt snemma á þessu þingi af Helga F. Seljan, sem er 1. flm. till., og 4 öðrum hv. þm. Till. fjallar um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum og hefur atvmn. fjallað um till. og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með einni breytingu þó. Sú brtt. sem atvmn. leggur til, er á þskj. 634 og varðar 3. mgr. till. — 3. mgr. í upphaflegu till. er á þessa leið:

„Jafnframt skal lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins falið að veita heimaaðilum aðstoð við stofnun

fyrirtækja, sem komið er á fót samkv. þessari áætlun, og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda.“ Og síðan segir: „Sérstaklega ber að kanna möguleika á stofnun framleiðslusamvinnufélaga í sveitum og skal því rekstrarformi veittur sérstakur stuðningur. Stuðla ber að því, að veitt verði óafturkræf framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði til stuðnings smáiðnaði í sveitum, allt að 15% stofnkostnaðar.“

Þannig var þessi mgr. orðuð í upphaflegu till., en sú breyting, sem atvmn. leggur til og er á þskj. 634, varðar þá setningu í þessari mgr. sem hefst á orðunum: „Sérstaklega ber að kanna möguleika“ — og þá er sú setning samkv. brtt. á þessa leið: „Sérstaklega ber að kanna möguleika á stofnun og stuðningi við framleiðslusamvinnufélög í sveitum.“

Það er sem sagt ekki kveðið jafnskýrt á um og í upphaflegu till. að þessu ákveðna rekstrarformi, framleiðslusamvinnufélögunum, skuli veittur sérstakur stuðningur heldur er orðalagið haft á þann veg samkv. brtt., að það verði sérstaklega kannaðir möguleikar á stofnun og stuðningi við framleiðslusamvinnufélög í sveitum.

Skylt er að taka fram að á fundi í atvmn., þar sem nál. var afgreitt — nál. á þskj. 633, voru 3 nm. fjarverandi, þeir Friðrik Sophusson, Jóhanna Sigurðardóttir og Jón G. Sólnes, en einn þessara fjarstöddu nm., hv. þm. Friðrik Sophusson, mun hafa flutt sérstaka brtt. aðra við þáltill. og þeirri brtt., sem hann mun sjálfur mæla hér fyrir, mun hafa verið dreift á borð hv. þm. í upphafi þessa þingfundar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um efni till. að öðru leyti. Umr. fóru fram um hana við 1. umr. og var þá fyrir henni mælt af hv. þm. Helga F. Seljan. En ég tek það fram að lokum, að undir það nál., þar sem mælt er með samþykkt þessarar till. með þeirri einu breytingu sem ég hef gert grein fyrir, skrifa auk mín þeir hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson, Ágúst Einarsson og Stefán Valgeirsson.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir brtt. sem lögð hefur verið fram á þskj. 664 við 12. mál, sem lagt var fram í Sþ. í haust. En áður en ég geri það kemst ég ekki hjá því að gera úr þessum ræðustól almennar aths. við starfshætti þeirrar n. sem fjallar um þetta mál, atvmn. Sþ. Í þessari n. hafa nú verið haldnir þrír fundir. Sá fyrsti tók um það bil 10 mínútur, þar sem kjörnir voru trúnaðarmenn n., formaður Björn Jónsson, hv. alþm., varaformaður hv. alþm. Þórarinn Sigurjónsson og skrifari Kjartan Ólafsson, hv. þm. Fundur var ekki boðaður í þessari n. síðan fyrr en eftir áramótin, annaðhvort í febr., líklega ekki fyrr en í mars þó, og á þann fund komu 3 nm., en sá 4. boðaði sig á fundinn þannig að hann gæti talist lögmætur, en sat fundinn ekki, enda var samþykkt á þeim fundi óformlega og óbókað að aðeins skyldi senda út til umsagnar ýmis mál sem lágu þá fyrir n. Þetta var gert og ég skrifaði fundargerð þess fundar í forföllum skrifara. Síðan leið og beið og enginn fundur var haldinn. En þegar ég fékk fundarboð nú ekki fyrir löngu um að halda ætti 3. fund n., þá tjáði ég þeim, sem boðaði þann fund, að ég gæti ekki komið og sama væri um hinn sjálfstæðismanninn í n., hv. þm. Jón G. Sólnes, sem ekki sat á þingi þá stundina og hafði leyfi. Fundurinn var boðaður á föstudagsmorgni kl. 9. Engu að síður var haldinn fundur í n. og þar voru afgreidd ýmis mál, sem sjálfsagt er ekkert við að segja, en þó voru þar valin úr mál, tekin sum og önnur skilin eftir, jafnvel þótt þau væru þriggja þinga gömul og engin sjáanleg ástæða til að láta þau ekki koma úr n. Ég reikna ekki með að það verði haldnir fleiri fundir í þessari n., því að það eru ekki haldnir fundir í henni nema á tveggja til þriggja mánaða fresti, þannig að ég á ekki von á að það gerist a. m. k. á þessu þingi. Þó vil ég nú biðja um það, að afreksmenn þeir, sem sitja í n., hjálpi mér til þess að gera undantekningu á starfsháttunum þannig að hægt verði að boða jafnvel til fundar fyrir þinglok og afgreiða nokkur mál, sem eru hjá n. og full ástæða er til að komist inn í þingið aftur.

Varðandi það mál, sem hér er til umr. í Sþ., skal það tekið fram, að ég talaði í því máli við fyrri hluta umr., þegar það kom hér inn í þingið í haust, og gerði þá ákveðnar aths. um málið. Ég benti á að það væri alveg út í hött, þegar rætt var um sérstakar stuðningsaðgerðir ríkisvaldsins, að binda það við ákveðin rekstrarform, eins og upphaflega var gert ráð fyrir í þeirri till. Á þetta hefur n. fallist og hefur breytt þáltill. þannig, eins og kemur fram á þskj. 634, að það er fellt út úr till. að þessu sérstaka rekstrarformi, þ. e. a. s. framleiðslusamvinnufélögunum, sé veittur sérstakur stuðningur.

Ég ræddi það í ræðu minni í haust í þessu máli, að það væru fleiri þættir en eingöngu fjármagnið sem menn þyrftu að fjalla um, þegar væri verið að ræða um opinberan stuðning við atvinnutækifæri úti á landi, það væru atriði eins og rekstrarleg og stjórnunarleg þekking og ýmsir aðrir þættir. Ég tel þó ekki rétt, eins og sakir standa, að flytja brtt. um það efni, því að þessi till. er fyrst og fremst ábending um þann þátt sem Framkvæmdastofnunin getur lagt af mörkum, en þeir þættir, sem ég *ræddi sérstaklega, hefðu átt að koma inn með öðrum* hætti og vera framkvæmdir af öðrum félögum eða stofnunum sem sjá um slíka fyrirgreiðslu. Í því sambandi nefndi ég sérstaklega stjórnunarfélögin úti á landi og aðra aðila sem veita rekstrarlega og stjórnunarlega aðstoð.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. við 3. mgr. þessarar þáltill. sem hér liggur fyrir, og hún er, eins og ég sagði áður, á þskj. 664. Í henni er gert ráð fyrir að niður falli í fyrsta lagi öll mismunun á rekstrarformum og í öðru lagi að ekki sé talað um ákveðna prósentutölu þegar rætt er um stuðning við smáiðnað í sveitum. Fyrri þátturinn ætti að vera öllum auðskilinn, en sá seinni byggist á því, að ég tel óeðlilegt að binda fjárstuðninginn við ákveðna prósentutölu þar sem auðvitað gæti komið til greina að aðstoðin væri annaðhvort meiri eða minni, eftir því sem við á.

Það eru ekki fleiri atriði, herra forseti, sem ég held að ástæða sé til að minnast á. En ég taldi það skyldu mína að gera grein fyrir störfum n., og þar sem ég þykist vita að frsm. málsins ætli að taka hér aftur til máls, þá vil ég beina mínum frómu óskum til hans, að hann standi með mér í því að reyna að fá kallaðan saman fund í n. þótt það sé að sjálfsögðu algert brot á því starfsfyrirkomulagi sem n. hefur starfað eftir í vetur, en það er að boða helst ekki fund nema á þriggja eða jafnvel fjögurra mánaða fresti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns um starfandi formann atvmn. vil ég geta þess, að hann hafði samband við mig í gær og skýrði mér frá því, að hann gæti ekki sótt fund í dag, og bar fram

fullgildar ástæður. Hann hefur því fjarvistarleyfi enda þótt það hafi ekki verið skráð hér eða lesið upp.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil aðeins gera örlitla athugasemd við upphaf ræðu hv. síðasta ræðumanns, Friðriks Sophussonar. Mér fannst hann taka nokkuð djúpt í árinni um störf í atvmn. Ég þekki þau að sjálfsögðu ekki, því ég á ekki sæti í þeirri n., en mér fannst það vera nokkuð ómaklegt að gera þetta að umtalsefni að starfandi formanni fjarverandi.

Eins og menn vita hefur hv. þm. Björn Jónsson ekki getað sinnt þingstörfum sökum sjúkleika á þessum vetri, og þar af leiðandi hefur varaformaðurinn verið starfandi formaður og engan varamann haft. Ég hef hins vegar verið í atvmn., var formaður hennar á síðasta kjörtímabili, og mér eru nokkuð kunn þau vinnubrögð sem hentar að hafa þar. Ég vil ekki leggja dóm á hvort fundir hafa verið nógu margir. Ég sé að það eru að koma nál. frá þessari n. og þess vegna finnst mér óþörf óþolinmæði hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni. Ef eitthvað er óafgreitt hjá n. er enn tækifæri til þess að afgreiða það. Mér skilst að n. hafi sent mál til umsagnar og hafi væntanlega þau gögn sem hún þarf til þess að geta tekið afstöðu til mála.

Svo háttar með þessar n., allshn. Sþ. og atvmn., að eðlis starfan a vegna geta þær ekki afgreitt málin í stórum stíl og ástæðulaust að gera það fyrr en rétt fyrir þinglok. Það hefur að vísu verið mjög ójafnt skipt málum á milli þessara n. Það eru mjög mörg mál sem vísað er til allshn., en aftur fá til atvmn. Af því skapast nokkuð óhagræði og hentugra væri ef þetta væri jafnara. En ég sem sagt vil mótmæla þeim vinnubrögðum að fara hér hörðum orðum um vinnubrögð í n. og framgöngu formanns að honum fjarstöddum.

Forseti (Gils Guðmundsson): Þar sem umr. snúast nú um störf atvmn. og formanns hennar og hann er eins og upplýst er fjarverandi, þá tel ég rétt að fresta þessari umr. og tek málið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Varnir gegn olíumengun í nágrenni Keflavíkurflugvallar, þáltill. (þskj. 44, n. 628). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Í utanrmn. hefur verið fjallað um till. til þál. um varnir gegn olíumengun í nágrenni Keflavíkurflugvallar. N. fjallaði allnokkuð um þessa till. og fékk útskýringar hæstv. utanrrh. á því, hvað hann hyggst gera í því máli sem hér um ræðir. Það er niðurstaða n., sem allir nm. skrifa undir, en Gils Guðmundsson og Svava Jakobsdóttir, hv. þm., með fyrirvara, að leggja til að þessari þáltill. verði vísað til ríkisstj. þar eð í ljós hafi komið að utanrrh. hafi þegar skipað n. manna til að fjalla um málið.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál. höfum við fulltrúar Alþb. í utanrmn. skrifað undir nál. með fyrirvara. Það er að vísu rétt, sem fram kom í framsögu hv. þm. Árna Gunnarssonar, að utanrrh. hefur skipað n. til þess að athuga mengunarmál umhverfis Keflavíkurflugvöll — og er það vel. Hins vegar er ljóst af sjálfri till. að flm. hefur ætlast til að þessi athugun á mengun færi fram í miklu nánari tengslum við sjálft Alþ. en venjuleg heföbundin nefnd getur gert og í samráði við stjórnir sveitarfélaga í nágrenni við Keflavíkurflugvöll.

Ég lét það álit mitt í ljós á fundi utanrmn., að ég teldi að utanrrh. ætti að gefa Alþ. skýrslu strax að ári og svo reglulega um störf n. og hvað þar kæmi í ljós til þess að Alþ. gæti fylgst sem best með þessum málum. Með þetta í huga taldi ég rétt að skrifa undir nál. með fyrirvara og bíða þess og sjá til hvað gerðist í málinu að ári. Ef það reyndist ekki fullnægjandi, þá væri rétt að Alþ. tæki málið upp aftur og kæmi þá fastari skipan á þetta, en rétt væri að sjá til fyrst um sinn hvernig þetta reyndist.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í upphafi þings flutti ég fyrirspurn til hæstv. utanrrh. vegna frétta sem þá höfðu komið fram um mengun á Keflavíkurflugvelli — alvarlega mengun — sem enginn virtist vita af hverju stafaði né hver hefði valdið.

Í svari við þeirri fyrirspurn lýsti utanrrh. sérstöku trausti á þeim starfsmönnum rn. og annarra aðila, sem á undanförnum árum hefðu átt að fylgjast með mengunarvörnum á Keflavíkurflugvallarsvæðinu. Í ræðu hæstv. utanrrh. við það tilefni kom fram, að hann taldi þessi mál vera í allgóðu stjórnunarlegu lagi. Flm. þeirrar þáltill., sem hér er til umr., hv. alþm. Gunnlaugur Stefánsson, flutti hins vegar við það tækifæri og síðan þegar hann mælti fyrir þessari till. mjög harða og mjög vel rökstudda gagnrýni á sinnuleysi, athugunarleysi, slóðaskap og önnur þau uppgjafareinkenni, sem hafa snert afskipti opinberra aðila af mengunarmálum við Keflavíkurflugvöll á undanförnum árum, og þá margháttuðu gagnrýni sem forsvarsmenn byggðarlaganna á þessu svæði hafa sett fram gagnvart yfirvöldum bandarískra hersins.

Það eru mér mikil vonbrigði að aðstandendur þessarar till., sem ég tel vera þm. Alþfl., sem hafa gerst hér í vetur og fyrir kosningar miklir og harðir talsmenn aukins sjálfstæðis Alþingis gagnvart embættismannavaldinu og nauðsynjar þess að Alþ. láti sjálft til sín taka við upplýsingaöflun og rannsóknastarf af þessu tagi, skuli nú koma hér og gerast megintalsmenn þess, að þessari till. verði vísað í þann gamla farveg sem mjög rækilega var lýst hér af þm. Alþfl. og mér og fleirum í upphafi vetrar hvaða niðurstöður hefur haft í för með sér.

Ég sé ekki að neitt nýtt hafi komið fram á síðustu mánuðum sem feli í sér rökstuðning fyrir því, að það stjórnkerfi, sem á undanförnum árum hefur reynst vanhæft og vanbúið til þess að sinna nauðsynlegum mengunarvörnum á Keflavíkurflugvallarsvæðinu, sé nú allt í einu þannig úr garði gert að þeir sömu menn sem lýstu yfir vantrausti á þessu kerfi við upphaf þings í vetur eru nú reiðubúnir að fela því þessa athugun.

Ég hefði talið sjálfsagt og eðlilegt, miðað við þá stefnu sem Alþfl. hefur fylgt, þá ríku áherslu á sjálfstæð rannsóknastörf Alþingis og nauðsynlegt eftirlitshlutverk þjóðþingsins gagnvart embættismannavaldinu, að þessi till., sem var flutt af hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni, hefði verið samþ. Ég skil á engan hátt hvað hefur valdið þeim sinnaskiptum sem nú koma fram. Ég vona bara að það boði ekki uppgjöf þessara sömu ágætu manna fyrir því mikla kerfi ráðsmennsku og embættissýslu og vanhæfni sem þróast hefur hér á undanförnum árum og þeir hafa manna mest gagnrýnt. Nú allt í einu við lok þings, eftir allan hávaðann í vetur, er bara lagt til að fara sömu

gömlu brautina, að vísa rannsókninni inn í kerfið á nýjan leik. Ekki hefði ég átt von á því eftir allan hávaðann í vetur, eftir allar yfirlýsingarnar um nauðsyn á eflingu þingræðisins, eftir allar yfirlýsingarnar um nauðsyn á sjálfstæðri rannsóknastarfsemi Alþingis, eftir allar yfirlýsingarnar um að lýðræðið í landinu sé í raun og veru í hættu ef ekki verði snúið við á þessari braut, þá komi þessir sömu ágætu herramenn hér og leggi bara til að þessari fyrstu till. um nýja starfshætti, sem afgreidd er hér á þinginu, sé bara vísað inn í gömlu pípurnar á nýjan leik.

Ég hefði því kosið að þessi till. hefði fengið aðra afgreiðslu, utanrmn. þingsins og þingið sjálft hefðu tekið að sér þessa rannsókn, eins og hv. þm. hafa lagt til um annað atriði sem snertir Keflavíkurflugvöll, en málinu ekki vísað til ríkisstj. Og ég bíð og vona að þetta merki ekki allsherjaruppgjöf þessara ágætu vina minna, hv. þm. Alþfl., í baráttu þeirra fyrir bættu stjórnkerfi í landinu. En ef þetta er fyrsta uppgjafarflaggið sem þeir reisa nú við lok þessa þings, þá hefur til lítils verið unnið.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hlýt að mótmæla þeim stóryrðum sem hv. síðasti ræðumaður lét hér falla um sinnuleysi, slóðaskap og ég man nú ekki, ég kann ekki þetta orðalag. Ég hef ekki tamið mér þennan málflutning og ég læri hann ekki á svipstundu, þó ég hafi reyndar heyrt hann nokkuð oft í vetur, það skal játað. En að sinnuleysi hafi ríkt um mengunarmál á Suðurnesjum af hálfu utanrrn. í fortíð eða a. m. k. í minni tíð, því mótmæli ég.

Hitt er svo annað mál og er rétt hjá hv. þm., að lítið hefur á unnist, það skal játað, vegna þess að málið er erfitt og hér er ekki einungis um olíumengun að ræða, heldur mengun af mörgum annars konar völdum, eins og skýrsla sú, sem gerð var undir minni stjórn í rn., ber með sér og hv. alþm. hafa haft aðstöðu til að kynna sér. Minn klaufaskapur kann að liggja í því að hafa ekki flutt Alþ. skýrslu um það sem ég hef þó gert í þessum málum.

Í tilefni af ummælum, sem hv. 10. þm. Reykv., Svava Jakobsdóttir, lét falla, vil ég staðfesta það, að hún kom fram með þessa sömu athugasemd í utanrmn. á fundi sem haldinn var þar á mánudagsmorgun, og ráðh. utanríkismála lofaði okkur því, að slík skýrsla yrði Alþ. flutt, þannig að ég tel málinu fyllilega borgið með þessu móti. Auk þess vil ég taka fram enn þá einu sinni, að n. Alþ. hafa ekki rannsóknarvald eins og nú er um hnúta búið. Ef hin síaukna krafa um rannsóknastörf t. a. m. utanrmn. á að ná fram að ganga þarf að breyta þingsköpum. Þetta hef ég margsinnis bent hér á. Það þarf annaðhvort að veita n. aukið vald, aukin fjárráð og tiltaka verkefni þeirra eða — sem ég kysi fremur — að samþ. margflutt frv. um umboðsmann Alþingis.

Umr. frestað.

Skýrsla um framkvæmd vegáætlunar 1978, (þskj. 601).

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þetta mun í fimmtánda sinn sem lögð er fram á Alþ. og mælt er fyrir skýrslu um framkvæmd vegáætlunar. Skýrslan, sem hér hefur verið lögð fram, skiptist í tvo meginþætti, þar sem annars vegar er gerð grein fyrir innheimtu tekna Vegasjóðs og hins vegar skiptingu útgjalda. Þessir meginþættir greinast síðan eðli sínu samkv. í allmarga undirflokka þar sem gerð er nánari grein fyrir hvorum þeirra um sig. Loks fylgja skýrslunni sem fskj. grg. um helstu framkvæmdaflokkana.

Heildarupphæð fjárveitinga til vegamála samkv. vegáætlun á síðasta ári var 9 300 millj. kr. Um mitt ár var ráðstöfunarfé Vegasjóðs aukið um 220 millj. kr. með hækkun bensíngjalds í samræmi við hækkun byggingarvísitölu auk þess sem ríkisframlag var hækkað um 40 millj. kr. Í heild urðu tekjur af bensíngjaldi þó 54 millj. kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir, en það má rekja til þess að fyrirhuguð hækkun á miðju ári var í raun framkvæmd síðar.

Innheimtar tekjur af þungaskatti urðu 102 millj. kr. undir áætlun. Ef miðað er við tekjur á föstu verðlagi og tillit tekið til aukningar dísilbifreiða hafa tekjur af þungaskatti heldur minnkað á síðustu árum og má rekja ofangreindan halla til ofáætlunar á þessum tekjustofni.

Tekjur af gúmmígjaldi urðu 96 millj. kr. eða 6 millj. kr. umfram áætlun og má rekja það til meiri innflutnings bifreiða en gert var ráð fyrir í tekjuspám.

Ríkisframlag var í vegáætlun 1978 1 300 millj. kr., en var hækkað um 150 millj., sem er mismunur á innheimtu og áætlun á mörkuðum tekjustofnum Vegasjóðs, auk þeirra 40 millj., sem áður gat.

Samkv. vegáætlun skyldi ríkissjóður afla lánsfjár að upphæð samtals 2 200 millj. kr. til að brúa bilið milli áætlaðra framkvæmda samkv. vegáætlun annars vegar og tekjuöflunar hins vegar, þ. e. markaðra tekna og ríkisframlags. Alls þessa lánsfjár var aflað með útgáfu spariskírteina, en engin happdrættisskuldabréf voru gefin út á árinu. Hluti lántökunnar, 800 millj. kr., var að forminu til af lánsfjáröflun til Norður- og Austurvegar, en að öðru leyti var lántakan í samræmi við lánsfjáröflun ríkisstj.

Vextir, afborganir og lántökukostnaður vegna þessara lána svo og allra þeirra lána, sem tekin hafa verið til vegagerðar frá upphafi voru greidd úr ríkissjóði utan vegáætlunar eins og venja hefur verið undanfarin ár.

Í vegáætlun var heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra stofnbrauta að upphæð 400 millj. kr. Var gert ráð fyrir að afla þeirra hjá verktökum, vinnuvélaeigendum og heimamönnum í viðkomandi héruðum með fyrirheiti um endurgreiðslu á tímabilinu febr.-mars 1979 án vaxta. Ekki tókst þó að afla meira en 231 millj. kr. lánsfjár á þennan hátt af 400 millj. kr. lánsheimild. Auk þessa voru tekin ýmis önnur bráðabirgðalán og námu þau í árslok alls 410 millj. kr.

Þegar vegáætlun var lögð fram á Alþ. í febr. 1978 voru meðalverðlagshækkanir milli áranna 1977 og 1978 áætlaðar 30%. Voru öll markmið og stefna vegáætlunar miðuð við þá hækkun. Verðlagsþróun breyttist hins vegar mjög til hins verra er leið á árið og raunveruleg verðhækkun var mun meiri. Til að mæta þessum verðhækkunum var dregið úr framkvæmdum við nýbyggingu vega og sumarviðhaldi. Óhjákvæmilega varð nokkur halli á öðrum bundnum liðum. Snjómokstur var 225 millj. kr. umfram áætlun, sem bæði má rekja til verðhækkana umfram áætlun og einnig til meiri snjómoksturs en áætlað hafði verið, m. a. vegna nýrra reglna þar um er tóku gildi 1977. Þá var enn fremur 20 millj. kr. halli á bundnum liðum stjórnunar og undirbúnings. Þáttur þessi verður greiddur af vegáætlun 1979.

Í sept. á s. l. ári ákvað ríkisstj. að fresta fjárveitingu til framkvæmda samkv. vegáætlun að upphæð 100 millj. kr. Þar sem svo var liðið á framkvæmdatímabilið að komið var fram á haust reyndist ekki unnt að dreifa frestun almennt á framkvæmdir, heldur varð fyrst og fremst að fresta þeim verkefnum sem þannig stóðu að þau voru óunnin, og þau eru ekki mörg þegar komið er fram á þennan árstíma.

Í skýrslunni er gerð nákvæm grein fyrir notkun vegasjóðsfjár, bæði hvað varðar viðhald, nýbyggingar og endurbyggingar, og verður það ekki rakið hér frekar, en vísað til skýrslunnar.

Eins og jafnan áður voru fjárveitingar til nýrra vega og brúa stærsti liðurinn á útgjaldahlið vegáætlunar 1978. Var mestum hluta þessa fjár varið til endurbyggingar á eldri vegum og til að byggja nýjar brýr. Nefna má nokkur helstu verkefnin á þessu sviði.

Haldið var áfram að leggja slitlag á Suðurlandsveg austan Þjórsár og á Eyrarbakkaveg. Byggður var vegur milli Garðs og Sandgerðis. Lagt var slitlag á hluta Akranesvegar og haldið var áfram framkvæmdum við Borgarfjarðarbrú. Vestfjarðavegur um Hörgsnes var tekinn til umferðar svo og Djúpvegur við Ísafjörð. Á Holtavörðuheiði, Hrútafjarðarhálsi og Öxnadalsheiði voru teknir í notkun alllangir kaflar sem eru sérstaklega mikilvægir fyrir vetrarsamgöngur. Þá var haldið áfram vegagerð með bundnu slitlagi norðan Akureyrar og uppbyggingu vegar á Melrakkasléttu. Lagt var bundið slitlag á Austurlandsveg við Egilsstaði og Norðfjarðarveg í Reyðarfirði. Á Breiðamerkursandi var lokið við þýðingarmikinn áfanga.

Af brúargerðum á s. l. ári má einkum nefna brýr yfir Eldvatn í Meðallandi, Víðidalsá í Húnavatnssýslu, Búðarárgil í Húsavík og Njörvadalsá í Reyðarfirði.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir tilraunum með ódýrari gerð bundins slitlags en áður hefur verið notuð hér á landi. Eru þessar tilraunir byggðar á norskum fyrirmyndum og er talið að umrætt slitlag sé 30—40% ódýrara en olíumalarslitlag. Yfirborðsgæði þessa slitlags eru mun minni en olíumalar, en þó talin fullnægjandi þar sem umferð er ekki mjög mikil. Alls var lagt á um 16 km með þessari nýju aðferð. Full reynsla fæst vart fyrr en að nokkrum árum liðnum. En þar sem hér er um mikið hagsmunamál að ræða ef vel tekst til verður þessum tilraunum haldið áfram á næstu árum ef að líkum lætur.

Herra forseti. Ég læt þessi orð nægja til að fylgja úr hlaði skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1978. Þetta er mjög vönduð og ítarleg skýrsla og ég vísa að öðru leyti til hennar.

Fjáraukalög 1977, frv. (þskj. 646). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1977 sem hefur verið lagt fram sem 299. mál, þskj. 646. Frv. það til fjáraukalaga fyrir árið 1977, sem hér liggur fyrir, er samið af fjmrn. samkv. till. yfirskoðunarmanna Alþingis eins og fram kemur í ríkisreikningi fyrir árið 1977. Leitað er heimildar fyrir öllum umframgjöldum að undanskildum alþingiskostnaði, skipt eftir rn. Er hér sami háttur hafður á og verið hefur á undanförnum árum. Eins og fram kemur á þskj. nemur heildarfjárhæð frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1977 15 milljörðum 235 millj. 655 þús. kr. Í framsögu minni með frv. til samþykktar á ríkisreikningi fyrir árið 1977 mun ég gera grein fyrir stærstu liðum reikningsins. Hér mun ég hins vegar víkja að stærstu frávikum gjaldareiknings og fjárl. Af heildarfjárhæð þessa frv., rúmlega 15 milljörðum kr., er talið samkv. sérstöku yfirliti í ríkisreikningi, á bls. 196, að rekja megi 4 milljarða 22 millj. kr. til sérstakra laga, markaðra tekna og notkunar heimildarákvæða. En ríkisreikningi hefur verið útbýtt meðal hv. þm. Stærstu efnisþættir þessa frv. taldir í ráðuneytaröð eru þessir:

Fræðslumál menntmrn. 2 milljarðar 138 millj. kr. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir samtals 906 millj. kr. Löggæslukostnaður og dómkostnaður 1 milljarður 628 millj. kr. Umframgjöld félmrn., 752 millj. kr., voru nær eingöngu vegna Húsnæðismálastofnunar og Byggingarsjóðs verkamanna. Framlög til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs 1 milljarður 838 millj. kr. Gjöld til heilbrigðismála fóru 3 milljarða 160 millj. kr. fram úr áætlun, aðallega vegna gjaldfærslu kaupverðs Landakotsspítala að upphæð 1 030 millj. kr. og framlags til Landspítalans um 1 milljarð 21 millj. kr. Þá eru gjöld vegna Vegagerðar sem reyndust 732 millj. umfram fjárlög. Niðurgreiðslur á vöruverði námu 667 millj. kr. umfram fjárlög. Gjöld vegna vaxta- og verðbótagreiðslna lána námu 1 milljarði 75 millj. kr. umfram fjárlög. — Ég hef nú talið upp helstu efnisþætti umframgjalda ríkisreiknings fyrir árið 1977.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjölyrða frekar um þetta mál og geri till. um að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, þáltill. (þskj. 515). — Fyrri umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég ásamt þm. hv. Stefáni Jónssyni, Ágúst Einarssyni, Garðari Sigurðssyni, Oddi Ólafssyni og Þórarni Sigurjónssyni flyt þáltill. um langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Flm. þessarar till. eiga allir sæti í Rannsóknaráði ríkisins og við þeir tveir fyrst nefndu, Stefán Jónsson og ég, í framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs. Þar sem 1. flm., hv. þm. Stefán Jónsson, er ekki á þingi eins og sakir standa, flyt ég framsöguræðu í þessu máli.

Efni þessarar till. er tvíþætt: Annars vegar að ríkisstj. marki langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna og hins vegar að árlega verði endurskoðuð áætlun höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um fjárveitingar. Í grg., sem er ítarleg og samin af framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs, er bent á vaxandi hlutverk tækniþekkingar og áfrakstur rannsókna í aukinni velmegun undanfarinna ára og áratuga. Íslendingar njóta að sjálfsögðu þess starfs sem unnið er í viðskiptalöndunum og skilar sér í lækkuðu vöruverði og fullkomnari tækni. En ef við ætlum okkur ekki að dragast aftur úr verðum við að geta lagt sjálfir eitthvað eftirsóknarvert fram á alþjóðamarkaði.

Í grg. er á það bent, að Íslendingar verji minni fjár-

munum til rannsókna- og þróunarstarfs en aðrar þjóðir á svipuðu þróunarstigi eða 0.3—0.5% af vergum þjóðartekjum, þegar nágrannaþjóðirnar verja til þess u. þ. b. 1—2.5% af sínum þjóðartekjum. Aðeins á sviði hafrannsókna og landbúnaðar verja Íslendingar fjármagni sem er í svo háu hlutfalli við vinnsluvirði viðkomandi atvinnuvega. Í iðnaði, þar sem flestar aðrar þjóðir verja hlutfallslega mestu fjármagni til rannsókna- og þróunarstarfsemi, er hlutfallið aðeins um 0.1% af vinnsluvirði atvinnuvegarins. Í öðrum úrvinnslugreinum, byggingariðnaði og fiskvinnslu, er útkoman lítið betri.

Enda þótt samanburður við útlönd sé ekki einhlítur bendir þetta þó til þess að Íslendingar hafi vanrækt rannsókna- og þróunarstarfsemina, og raunar hefur það oft komið okkur illa að meiri háttar framkvæmdir um stefnumótun í málefnum þjóðfélagsins hafi ekki byggst á nægilega rannsökuðum forsendum.

Spyrja má hvort ekki megi styðjast við erlendar rannsóknir og spara þannig fé íslenskra skattborgara. Því er þá til að svara, að auðvitað hljótum við að tileinka okkur rannsóknaniðurstöður og tækninýjungar annarra. En á það verður að leggja áherslu, að atvinnulíf hverrar þjóðar er háð umhverfisskilyrðum náttúrunnar og vilja fólksins. Danir geta t. d. að sjálfsögðu nýtt sér fullkomlega landbúnaðarrannsóknaniðurstöður Þjóðverja, náttúruleg skilyrði og efnahagsleg markmið eru mjög svipuð í báðum löndum. Öðru máli gegnir um okkur af augljósum ástæðum. Við lifum í hrjóstrugu landi þar sem gróður er ákaflega viðkvæmur og allt öðruvísi samsettur. Sérstakar aðstæður hér á landi leiða því til annars konar rannsókna en stundaðar eru erlendis í landbúnaði, og þannig er á fleiri sviðum atvinnulífsins þótt ég fjalli ekki frekar um það hér.

Allir íslenskir stjórnmálaflokkar sækjast eftir meiri hagsæld, bættum kjörum. Þess vegna má slá því föstu að hagvöxtur sé þjóðfélagslegt markmið. Til að örva hagvöxtinn verðum við að stuðla að hagræðingu og tækniframförum í hverri grein, en jafnframt verðum við að færa vinnuafl og fjármagn úr framleiðslugreinum með lágri framleiðni í greinar með hárri framleiðni, en slík tilfærsla er megineinkenni hagþróunar á öllum tímum í öllum löndum. Hér gefst ekki tóm til að fjalla ítarlega um þá þætti sem hafa áhrif á hagvöxtinn, en mig langar þó til að vitna til ummæla Sigurgeirs Jónssonar aðstoðarbankastjóra sem hann viðhafði á ráðstefnu BHM um lífskjör hér á landi sem haldin var s. l. haust. Sigurgeir flutti þar ræðu um efnahagslegar forsendur lífskjaranna og sagði m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Vöxtur þjóðarframleiðslu, sem í daglegu tali er nefndur hagvöxtur, hefur að jafnaði verið um 4½% á ári hér á landi síðasta aldarfjórðunginn, en mjög sveiflukenndur eins og annað í hagkerfinu. Þetta er í meðallagi gott miðað við önnur nágrannalönd og virðist fljótt á litið viðunandi. Þegar betur er skoðað kemur annað í ljós. Bæði aukning vinnuafls og fjárfesting, sem eru megin-undirstöður hagvaxtar, hafa verið miklar og svipaðar og í þeim löndum þar sem hagvöxtur hefur verið hvað mestur, þannig að þess vegna hefði hagvöxtur átt að geta verið ein 6% á ári lauslega áætlað. Við virðumst því hafa fengið minna út úr okkar vinnuafli og fjármagni en aðrir. Síðustu árin hefur jafnframt dregið úr hagvexti hér á landi og er hann nú um 3.5% á ári."

Síðar í ræðu sinni sagði Sigurgeir, með leyfi forseta:

„Bandarískí hagfræðingurinn Edward Denison hefur gert tilraun til þess að greina orsakir og þætti hagvaxtar í ýmsum löndum. Hér á eftir verður gerð tilraun til þess að meta þessa þætti hér á landi og mögulegan heildarhagvöxt á næsta áratug. Reikna má með að mannafli til vinnu á næsta áratug vaxi um tæp 2% á ári, en vinnutími styttist nokkuð og samsetning verði óhagstæðari. Á móti komi áhrif aukinnar almennrar menntunar þannig að hreint framlag vinnuafls til vaxtar þjóðarframleiðslu verði um 1½% á ári. Þetta væri í hærra lagi, en ekkert einsdæmi miðað við önnur lönd. Ef fjárfesting og sparnaður verða álíka mikil og verið hefur síðustu áratugina á fjármagnið að halda áfram að aukast talsvert hraðar en vinnuaflið, og má áætla að framlag þess til vaxtar þjóðarframleiðslu gæti orðið a. m. k. 1% á ári miðað við reynsluna í öðrum löndum, en þar hefur slíkt framlag í nokkrum löndum verið yfir 1% í langan tíma og allt upp í 2% í Japan, en hér er talan 1% valin með tilliti til þess að afskriftatími fjárfestinga er með lengra móti hér á landi. Almennar framfarir í tækni í heiminum á þessu tímabili og vaxandi þekking ættu að geta skilað hér á landi um 1% á ári ef sæmilega er fylgst með og framleiðslutæki endurnýjuð reglulega. Þetta mætti e. t. v. auka upp í 1½% á ári þegar frá líður með sérstökum aðgerðum til að ná upp nýjustu tækni og með auknum rannsóknum á sviði fiskveiða og annarra undirstöðuþátta íslenskrar þjóðarframleiðslu. Í mörgum löndum er framlag þessa þáttar eins áætlað yfir 1% og allt að 2% í Japan. Rétt er að taka það fram, að hér er fyrst og fremst um að ræða áhrif tækniframfara og hagræðingar innan hverrar greinar fyrir sig, en ekki áhrif af tilkomu nýrra greina."

Þá fjallaði Sigurgeir um fleiri þætti sem áhrif hafa á hagvöxtinn, en hélt síðan áfram, með leyfi forseta:

„Þegar framlag allra framangreindra þátta er lagt saman virðist hugsanlegt að auka megi þjóðarframleiðslu Íslendinga um 7—7½% á ári að meðaltali á næsta áratug eða auka hana um 6—6½% á íbúa, ef allir möguleikar eru nýttir. Þetta þýðir um tvöföldun heildarframleiðslunnar á tæpum 10 árum og tvöföldun á hvern íbúa á rúmlega 10 árum. Þetta væri góður árangur á heimsmælikvarða, en þó hvergi nærri einsdæmi. Japanir juku þjóðarframleiðslu sína um 9% á ári um langt árabil, og Kórea, Brasilía og fleiri lönd gera enn betur um þessar mundir. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hve mikils virði væri að ná slíkum árangri þar sem aukning þjóðarframleiðslunnar er eina örugga undirstaða batnandi lífskjara hér á landi. Flestir eru sammála um, að þau séu nú lakari en í nágrannalöndunum og brýna þörf beri til þess að jafna þann mun sem fyrst.

Lykillinn að því að fá mikið út úr þessum þáttum öllum er að ráðstafa fé til fjárfestingar á hverjum tíma með hagkvæmum hætti. Framfarir í tækni eru sífellt að opna nýjar og hagkvæmari leiðir til framleiðslu og þjónustu. Verkaskipting og sérhæfing milli fyrirtækja og þjóða fer vaxandi og stærri framleiðslueiningar skila að jafnaði lægri framleiðslukostnaði á hverja afurðaeiningu. Um leið og fé er fest í framleiðslutækjum eða mannvirkjum er um leið tekin ákvörðun um framleiðni og hún fest til nokkurs tíma.

Ekki er því hægt að gera of mikið úr því, að öll skilyrði til skynsamlegrar ákvörðunartöku um fjárfestingu séu fyrir hendi, en þau eru fyrst og fremst að þeir, sem ákvarðanirnar taka, séu vel upplýstir tæknilega og viðskiptalega, fjármagnið, sem þeir ráðstafa, beri eðlilega raunvexti og milliríkjaviðskipti séu frjáls og án tolla.

Sérstakar kröfur þarf að gera til fjárfestingaákvarðana opinberra aðila þar sem samkeppni er þeim yfirleitt ekki sama aðhald og einkarekstrinum og á þeim er alls konar sérhagsmunaþrýstingur.

Ég vík nú aðeins að þeim leiðum sem ég tel að þurfi að fara til þess að hægt sé að ná þeim árangri að tvöfalda þjóðarframleiðsluna á 10 árum. Alla vega næst hann ekki að öllu óbreyttu og líklegast að hagvöxtur verði þá svipaður og að undanförnu eða um 3½% á ári og 2½% á íbúa. Það þýddi að 20 ár tæki að tvöfalda þjóðarframleiðsluna í heild og 28 ár að tvöfalda hana á íbúa. Undirstöðuatriðið er að yfirvöld og allur almenningur geri sér raunsæja grein fyrir því, í hvaða atvinnugreinum Íslendingar hafa mesta möguleika á að ná mikilli framleiðni. Yfir í þær greinar þarf smám saman að færa þann hluta vinnuaflsins, sem ekki er þegar í þessum greinum og færanlegur er. Þessar greinar eiga að skera sig úr fyrir það að geta borgað vexti og afskriftir af framleiðslutækjum og þar að auki greitt hátt kaup í samkeppni bæði við fyrirtæki erlendis og íslenskan sjávarútveg.

Ef framleiðsla á Íslandi á að geta greitt hátt kaup má hún ekki vera í samkeppni við láglaunaiðnað þróunarlandanna þar sem kaup er oft ekki nema tíundi hluti þess sem hér er. Dæmi um framleiðslu þessara landa eru almennar vefnaðarvörur og skófatnaður, niðursuðuvörur, trjávörur, húsgögn, skip o. fl. Þessi lönd sækja stöðugt á að fara inn á fleiri og fleiri svið, eins og glögglega hefur orðið vart hér á landi. Þetta er þróun sem ekki verður stöðvuð og verða mun meira og meira áberandi þáttur í efnahagsmálum heimsins á komandi árum. Þetta er reyndar eina leiðin til þess að verulegar framfarir geti orðið í þessum löndum. Framleiðsla á Íslandi getur heldur ekki borgað hátt kaup ef hún er í beinni samkeppni við hin háþróaðri iðnaðarlönd á þeim sviðum þar sem þau standa best að vígi. Þeirra viðbrögð við samkeppni þróunarlandanna eru að fara í vaxandi mæli yfir í hátæknilega framleiðslu eða stórframleiðslu sem þróunarlöndin ráða ekki við. Það gildir að vera sífellt skrefi á undan í framleiðslumagni, vísindum og tækni eða tísku. Hæpið er að treysta á það, að Íslendingar geti keppt með góðum árangri á þessum sviðum á næstunni, nema þar sem eitthvað alveg sérstakt kemur til. Hins vegar er líklegt að síðar meir verði nauðsynlegt að keppa í vaxandi mæli á þessum sviðum og því fari að verða tímabært að byrja að undirbúa jarðveginn undir það. Mestar líkur eru á því, að hægt sé að ná verulegum árangri á sviðum þar sem hægt er að styðjast við verðmætar innlendar auðlindir, staðsetningu landsins og sérstakar aðstæður af einhverju tagi. Þegar gjaldeyristekjurnar í dag eru skoðaðar staðfestist þetta, eins og allir sjá.“

Ég hef lesið hér upp langan kafla úr ræðu Sigurgeirs Jónssonar aðstoðarbankastjóra, sem er einn helsti sérfræðingur okkar í hagfræði og alþjóðaviðskiptum, til að staðfesta þau sjónarmið sem koma fram í grg. till. um nauðsyn þess að gerðar séu langtímaáætlanir á sviði rannsókna sem séu í samræmi við almenn markmið þjóðarinnar í atvinnumálum á hverjum tíma. Með langtímaáætlun þeirri, sem gerð hefur verið á vegum Rannsóknaráðs og lögð fram til umfjöllunar, er reynt að tengja rannsókna- og þróunarstarfsemina við vandamál og viðfangsefni atvinnuveganna og þjóðlífsins í heild á skýrari hátt en áður. Að baki áætluninni liggur mikið starf við könnun á aðstæðum og þróunarhorfum á þeim meginsviðum atvinnulífsins sem rannsóknastofnanir þjóna sérstaklega, þ. e. sjávarútvegi og fiskiðnaði, landbúnaði, almennum iðnaði og byggingariðnaði. Ætlunin er að sá háttur verði tekinn upp af hálfu Rannsóknaráðs ríkisins að gera langtímaáætlanir reglulega með tveggja til þriggja ára millibili til 5 ára í einu. Verða fulltrúar atvinnuveganna kallaðir til við undirbúning þeirrar áætlunargerðar. Síðan fjalli Alþ. um hverja áætlun og ræði um leið málefni rannsóknastarfseminnar í heild og þá ekki síst þau þjóðfélagslegu markmið sem henni skuli beint að á hverjum tíma. Niðurstöður af umfjöllun Alþingis verði í formi ályktunar um áætlunina. Einnig má ætla að við umfjöllun í n. og í umr. á þinginu komi fram gagnleg viðhorf og ný sjónarmið varðandi rannsóknastarfsemina og tengsl hennar við framtíðarhorfur í þjóðfélaginu.

Áður en ég vík að síðari þætti þessarar till., sem fjallar um fjárhags-, fjárlaga- og fjárveitingahliðina, langar mig til að nefna tvö atriði sérstaklega sem hafa ber í huga þegar rætt er um rannsókna- og þróunarstarfsemi atvinnuveganna. Annað atriðið snýr að því, hvar rannsóknirnar eigi að fara fram, og hitt varðar stjórnunarþáttinn. Að mínu áliti er afar mikilvægt að fyrirtækin í landinu stundi sjálf rannsóknastarfsemi og taki þannig virkan þátt í atvinnuþróuninni. Þetta hefur að sjálfsögðu alltaf verið gert og þarf ekki annað en rifja upp þróun fiskveiðitækninnar til staðfestingar. Rannsókna- og þróunarstarfsemi fyrirtækjanna þarf að auka og tengja við það starf sem fram fer í rannsóknastofnunum eða fræðslustofnunum. Með auknum rannsóknum fyrirtækjanna sjálfra dreifum við þekkingunni og þar með valdinu í þjóðfélaginu, styrkjum fyrirtækin og gerum þau sjálfstæðari. Jafnframt myndast aðhald að ríkisreknum rannsóknastofnunum. Fyrirkomulag eða staðsetning rannsóknastarfsins getur því orðið tæki til að brúa bilið og skapa þannig lífræn tengsl milli menntamanna annars vegar og atvinnulífsins hins vegar. Að þessum þætti þarf að huga betur í framtíðinni en gert hefur verið hingað til.

Þá vík ég að stjórnunarþættinum. Í II. kafla langtímaáætlunarinnar, sem Rannsóknaráð gaf út á s. l. ári, er fjallað um starfshætti við rannsóknir og þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Mönnum hefur lengi verið ljóst, að vísindi og tækni eru ein meginundirstaða hagvaxtar og velmegunar meðal þróaðra þjóða. Rannsóknir benda til þess, að á móti hlutdeild hinna þriggja hefðbundnu meginþátta framleiðslunnar: auðlinda, vinnu og fjármagns, í hagvexti og aukinni framleiðni sé tækniþróunin undirstaðan eða meira en 50% meðal hinna þróuðu þjóða.“ Það skal tekið fram, að þetta er úr danskri skýrslu um þessi mál. — „Af þessum sökum hefur mikið kapp verið lagt á eflingu vísindarannsókna, æðri menntunar og annarrar starfsemi sem talin er undirstaða tækniþróunar. Jafnframt hefur verið reynt að stuðla að flutningi tækni milli landa í þeim tilgangi að örva hagvöxt þeirra þjóða, sem vanþróaðar eru. Hafa verið uppi kenningar um að brúun hins svonefnda tæknibils milli þróaðra þjóða og vanþróaðra gæti dregið úr því efnahagslega misvægi sem ríkir þar á milli.“ — Sem innskot má minnast á það, að það er einmitt um þessa hluti sem verið er að fjalla og hefur verið fjallað í Parísarumræðunum sem kallaðar hafa verið á enskri tungu „the north south dialogue“. — „Athuganir á vegum OECD og fleiri aðila hafa þó leitt í ljós að vandamálið er ekki aðeins tæknilegs eðlis, heldur

einnig og ekki síður stjórnunarlegs og mannlegs eðlis. Möguleikar þjóða til að hagnýta sér þekkta tækni takmarkast þannig ekki síður af stjórnvisku og ýmsum mannlegum eða menningarlegum viðhorfum heldur en sjálfri tækniþekkingunni. Því er nú talað eins mikið um stjórnunarbil eða „management gap" eins og tæknibil eða „technological gap". Í þessu ljósi er öflug hagþróun ekki aðeins háð þeirri nýju tækni, sem lögð er fram eða flutt milli fyrirtækja og landa, heldur og ekki síður þeim stjórnunaraðferðum, sem beitt er við rekstur fyrirtækja og hagnýtingu tækninýjunga. Megininntak þeirrar stjórntækni, sem stuðlað hefur hvað mest að efnahagsvexti í þróuðum ríkjum, er viðleitni til að stýra vísvitandi ferli umbóta í ljósi breytilegra ytri og innri aðstæðna og halda markvisst uppi tilraunum til nýsköpunar á öllum sviðum. Þessi stjórnunarviðhorf eru í rauninni hvergi mikilvægari eða líklegri til árangurs en einmitt meðal þeirra, sem stunda rannsóknir og þróunarstörf, enda margar af grundvallaraðferðum nútíma stjórntækni orðnar til og mótaðar við störf að viðamiklum þróunarverkefnum um allan heim, ekki síst í Bandaríkjunum."

Hér lýkur tilvitnun úr skýrslu Rannsóknaráðs. Fjölmargt fleira um starfsskipulag, nýsköpun og stefnu Rannsóknaráðs mætti leggja sérstaka áherslu á hér og þó einkum þá staðreynd, hvern óratíma það tekur að undirbúa ný atvinnutækifæri hér á landi í iðnaði, þegar ekki kemur til samstarf við erlenda aðila. Allt þetta verður að bíða betri tíma. En stjórnunarþáttinn valdi ég vegna þess að allt of oft gleymist að það er ekki nóg að kunna tökin á tækninni einni saman. Við megum ekki gleyma mannlegu þáttunum, samhæfingu þeirra innbyrðis og við tækniþekkinguna og þá ótrúlegu möguleika sem hún gefur.

Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs, skrifaði nýlega skýrslu að lokinni för til nokkurra landa þar sem hann kynnti sér ástand og horfur í tækniþróunarmálum. Í skýrslunni segir Vilhjálmur, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur orðið gerbreyting á þróunarferli iðnvæddra ríkja. Hinu mikla uppgangsskeiði fimmta og sjötta áratugsins er lokið og við hefur tekið tímabil mikilla sviptinga með hægari efnahagsvexti og jafnvel stöðnun og samdrætti hjá einstökum þjóðum, en svæðisbundnum og greinarbundnum erfiðleikum hjá öðrum. Afleiðingar þessara breytinga eru verðbólga og minnkandi arðsemi og aukið atvinnuleysi. Orsakir þessara breytinga eru aðrar og mun djúpstæðari en venjulegar viðskiptasveiflur vegna misvægis framboðs og eftirspurnar. Tengjast þær breytingum á grunngerð alþjóðlegrar framleiðslustarfsemi með röskun á hlutföllum í framleiðslukostnaði, breyttri verkaskiptingu milli þjóða og aukinni alþjóðlegri samkeppni í viðskiptum. Af helstu einstökum orsakavöldum má nefna:

1. Hraðfara iðnvæðing þjóða, sem áður voru í hópi vanþróaðra þjóða, samfara aukinni samkeppni við iðnvæddar þjóðir í mörgum hefðbundnum undirstöðugreinum iðnaðar, svo sem eins og járn- og stálskipasmíði, vefnaðar- og fataiðnaði og skógerð eins og ég áður nefndi, en þau lönd, sem stunda slíkan iðnað, eru lönd á borð við Hong-Kong, Suður-Kóreu, Taiwan, Spán, Brasilíu, Mexíkó, Singapore, Venezúela, Indónesíu og Saudi-Arabíu.

2. Stórfelld röskun á kostnaðarhlutföllum framleiðslu með hækkuðu verði á orku og hráefnum, misvægi í launakostnaði milli nýrri og eldri iðnaðarlanda.

3. Auknar kröfur í hinum eldri iðnaðarríkjum um verndun umhverfis, betri skilyrði á vinnustað og meiri lífsfyllingu í störfum, svo og verndun á rétti neytenda, sem að sjálfsögðu gerir framleiðsluna dýrari.

4. Tæknibreytingar, sem gert hafa mögulegar stórfelldar breytingar á framleiðsluháttum, svo sem rafeindabúnaður, tölvubúnaður, sjálfstýrikerfi o. s. frv., o. s. frv."

Síðan fjallar Vilhjálmur í skýrslunni um endurmat á þróunarforsendum og ræðir iðnaðinn sérstaklega og stuðningsaðgerðir ríkisins við hann, bæði með almennum efnahagsráðstöfunum eða óbeinum aðgerðum og sértækum eða beinum aðgerðum. Og þá segir Vilhjálmur orðrétt, með leyfi forseta:

„Nýlegar athuganir sýna að árangur af stuðningsaðgerðum er mjög misjafn, og hafa þó oftast borið minnstan árangur í þeim greinum sem af grundvallarástæðum fara halloka, t. d. stórskipasmíðar, en hafa hins vegar gefist mjög vel í greinum sem hafa góðar vaxtaforsendur. Róttækar aðgerðir í ríkjandi greinum hafa þó leitt til jákvæðrar ummyndunar, oft með fækkun fyrirtækja og starfsliðs og nýjum áherslum á gæði og eðli vörutegunda. Á móti samdrætti í einstökum víkjandi greinum þurfa þá að koma önnur atvinnutækifæri og nauðsynlegt er að efla vaxtargreinar í því skyni. Vestur-Þýskaland hefur hvað mest beitt þeirri aðferð að veðja á vaxtargreinar og gefist vel. Svíþjóð hefur reynt að styðja víkjandi greinar, en ekki vaxandi greinar og lent í vandræðum. Þar er nú til umræðu að breyta um stefnu. Sama er að segja af reynslu Norðmanna. Á síðustu fjárl. Noregs var ákveðið að draga úr stuðningi við víkjandi greinar, en auka stuðning við nýsköpun og vaxtarhvetjandi aðgerðir í iðnaði almennt."

Hér lýkur tilvitnun í þessa skýrslu Vilhjálms Lúðvíkssonar sem hann sendi framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs. Þetta er dregið hér fram til að undirstrika nauðsyn þess, að við fylgjumst vel með hagþróuninni í nágrannalöndunum og vinnum markvisst að því að efla arðbærar greinar í stað þess að blóðmjólka þær, en göngum jafnframt hreint til verks að draga úr arðlausum greinum sem fullnægja ekki kröfum okkar til lífsgæða sem við óskum eftir.

Ég skal ekki, herra forseti, fjölyrða um síðari þátt ályktunartillögunnar, þann sem varðar fjárlagaundirbúninginn. Í framsöguræðu minni hér á hv. Alþ. fyrir þáltill. um núllgrunnsáætlanir svokallaðar rakti ég þær hugmyndir sem rutt hafa sér til rúms í fjárlagagerð á síðustu árum. Í stuttu máli má segja að horfið hafi verið eins og kostur er frá framlögum á stofnanagrundvelli yfir til fjárframlaga á verkefnagrundvelli. Ríkisstofnanir hafa tilhneigingu til að öðlast eilíft líf, en verkefnum er ætlaður takmarkaður tími. Þess vegna er aðhald fjárveitingavaldsins yfirleitt haldbetra þegar fjárveitingar byggjast á verkefnum. Hugmyndum Rannsóknaráðs er lýst í fjórum síðustu mgr. í grg. á þskj. 515, og ítarlegar umr. hafa farið fram um málið með þátttöku forstjóra Rannsóknastofnananna og fulltrúa úr viðkomandi rn. Ég geri ráð fyrir að hæstv. menntmrh. geri nokkra grein fyrir því máli hér í umr. á eftir.

Ég vil aðeins geta þess hér að lokum, að framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs hefur þegar kynnt fjvn. málið og hlaut það góðar viðtökur n. Í bókun 47. fundar fjvn., sem haldinn var 14. mars s. l., segir svo m. a., með

leyfi forseta:

„Rannsóknaráð ríkisins. Vilhjálmur Lúðvíksson gerði grein fyrir skipulagi og verkaskiptingu stofnana á vegum ráðsins og ráðstillögunum til fjárl. og lagði hann fram gögn þar að lútandi. N. ályktaði að undirnefnd fylgdist með umsóknum Rannsóknastofnana atvinnuveganna vegna fjárl. 1980."

Hér lýkur tilvitnun í fundargerðabók hv. fjvn. Alþingis. Í trausti þess, að þessi kynning, sem þegar hefur farið fram, flýti verulega fyrir málinu leyfi ég mér að vona, að ályktunartillagan fái afgreiðslu þingsins fyrir þinglausnir, og legg til að málinu verði vísað til fjvn. að lokinni fyrri umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Till. sú, sem hér er flutt, hefur verið undirbúin í fullu samráði við mig og aðra fulltrúa Rannsóknaráðs ríkisins, en samkv. lögum frá 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, á menntmrh. sæti í Rannsóknaráði og stjórnar fundum þess.

Till. þessi fjallar um langtímaáætlun um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna og er hér flutt til að leita stuðnings og samþykkis Alþingis við þessa mikilsverðu áætlun og þá stefnu sem í henni felst. Mér þykir rétt að nota þetta tækifæri til að fara nokkrum orðum um till. og efni hennar.

Samkv. lögum eru helstu viðfangsefni Rannsóknaráðs eftirfarandi, svo að laganna hljóðan sé dregin saman:

1. Að efla og samræma rannsóknastarfsemina í landinu.
2. Að veita stjórnvöldum ráðgjöf um rannsókna- og vísindamál í landinu.
3. Að beita sér fyrir athugunum á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega.
4. Að beita sér fyrir miðlun upplýsinga um niðurstöður innlendra og erlendra rannsókna og tækniþróunar.
5. Að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði vísindarannsókna og greiða fyrir samskiptum á því sviði.

Með gerð langtímaáætlunar er Rannsóknaráð þannig að sinna þeim hlutverkum sínum að efla og samræma rannsóknastarfsemina og veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni hennar með hliðsjón af hagsmunum og viðfangsefnum atvinnuvega. Tilgangur Rannsóknaráðs ríkisins með þessari langtímaáætlun er í aðalatriðum annars vegar sá að tengja betur en verið hefur rannsóknastarfsemina við þjóðfélagsleg markmið og þau viðfangsefni, vandamál og tækifæri sem blasa við í atvinnulífinu, hins vegar sá að stuðla að bættri nýtingu hins takmarkaða mannafla og fjármagns, sem varið er til þessarar starfsemi, með betri skilgreiningu verkefna og skarpara mati á árangri og með því að beina aukinni rannsókna- og þróunarstarfsemi að þeim sviðum sem geta skilað þjóðfélaginu mestum árangri á hverjum tíma. Með langtímaáætluninni er stefnt að verulega breyttum starfsháttum, bæði í rannsóknastarfseminni sjálfri og opinberri umfjöllun um málefni hennar. Felur þetta m. a. í sér eftirfarandi atriði:

1. Áhersla verði lögð á áætlanagerð og könnun á forsendum, stöðu og þróunarhorfum á þeim ýmsu sviðum sem rannsóknir þurfa að beinast að þannig að mikilvægustu og hagkvæmustu verkefnin verði valin á hverjum tíma.
2. Rannsóknastarfið verði sem mest unnið í afmörkuðum, vel skilgreindum verkefnum sem reynt verði að ljúka á tilteknum tíma.
3. Fjármagn til rannsókna verði veitt í ljósi mats á þörfum og með langtímasjónarmið í huga.
4. Áhersla verði lögð á heildarsamhengi rannsóknarverkefna og reynt að samhæfa sem best störf sérfræðinga innan stofnana og auka samstarf milli þeirra.
5. Áhersla verði lögð á þjálfun og endurmenntun starfsliðs til að auka hæfni þess í daglegum stjórnunarlegum efnum.
6. Aukið samstarf fjárveitingavalds, opinberra sjóða og atvinnufyrirtækja um fjármögnun rannsókna- og þróunarstarfsemi þannig að reynt sé að auka þátttöku atvinnufyrirtækja í rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Í tengslum við langtímaáætlunina hafa aðalmarkmið þjóðfélagsins verið skýrð þannig: Efling efnahagslífs til að auka þjóðartekjur á mann, tryggja fullnægjandi atvinnutækifæri, fjárhagslegt sjálfstæði og hagsæld þjóðarinnar. Jafnvægi í þróun byggðar og búsetu í landinu með því að efla tækifæri til arðbærrar atvinnu og með jöfnun á hvers konar félagslegri aðstöðu. Bætt sambúð lands og þjóðar með verndun náttúrlegs umhverfis, fegrun þess umhverfis, sem maðurinn sjálfur mótar, og fjölþættri og skipulegri nýtingu íslenskra auðlinda. Efling félagslegrar samhjálpar til viðbúnaðar gegn hvers kyns áföllum og erfiðleikum, til aukinnar heilbrigðisgæslu, til bættrar menntunar og til verndunar einstaklingsöryggis. Og í seinasta lagi auðgun og efling menningarlífs með varðveislu íslenskrar tungu og ástundun lista, vísinda og mennta.

Rannsóknaráð telur að rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuvega muni beinast fyrst og fremst að hinum þremur fyrstu markmiðum og að meginátherslan verði lögð á eflingu efnahagslífs, en byggðamál komi þar á eftir. Að sjálfsögðu beinast rannsóknir annarra aðila en Rannsóknastofnana atvinnuveganna einnig að félagslegum og menningarlegum efnum, ekki síst á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, en um þær rannsóknir er ekki fjallað hér.

Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar standa Íslendingar nú á krossgötum í atvinnu- og efnahagslegu tilliti og taka verður mikilvægar ákvarðarnir um það á næstunni hvernig eigi að tryggja áframhaldandi efnahagsframfarir og atvinnuöryggi í landinu og að lífskjör okkar dragist ekki aftur úr því sem gerist í nálægum löndum. Margt blasir við sem hlýtur að móta viðbrögð okkar og ákvarðanir á næstunni.

Í fyrsta lagi eru um þessar mundir að verða miklar breytingar á verkaskiptingu og viðskiptaháttum í heiminum sem munu gera mun meiri kröfur en áður til að við einbeitum okkur að þeim framleiðslumöguleikum, sem gefa okkur besta samkeppnisstöðu, og höldum árvekni okkar með stöðugri leit að nýjum og betri framleiðsluaðferðum og afurðum.

Í öðru lagi er okkur ekki hvað síst nauðsyn að ná tökum á hagnýtingu auðlinda hafsins, þannig að við fáum af þeim hámarksafrakstur með sem minnstum tilkostnaði í veiðum.

Í þriðja lagi þurfum við að beisla orku landsins og hagnýta hana til aukinnar og hagkvæmari framleiðslu og til að gera daglegt starf auðveldara.

Í fjórða lagi þurfum við að gera búvöruframleiðslu hagkvæmari og miða þá fyrst og fremst við innlendar markaðsþarfir fyrir matvöru- og iðnaðarhráefni, nema

fundnar verði leiðir til að stunda arðbæran útflutning á landbúnaðarafurðum.

Í fimmta lagi þurfum við að auka fjölbreytni í undirstöðugreinum efnahagslífsins og hækka vinnslustig afurðanna þannig að við fáum af þeim sem mestan arð og umsvif í atvinnulífi.

Í sjötta lagi þurfum við að reyna að bæta nýtingu þess fjármagns, sem við leggjum í íbúðarhúsnæði, og gera mannvirki okkar hæfari til að standast álag íslensks veðurfars og náttúrufars. Einnig þurfum við að átta okkur betur á því, hvernig við skipuleggjum byggðina í landinu og hvernig við byggjum hús miðuð við þarfir okkar.

Í sjöunda lagi þurfum við að átta okkur vel á því, hvaða afleiðingar fyrir okkur sú umbylting mun hafa sem nú gengur yfir heiminn og felst í stöðugt aukinni miðlun upplýsinga og bættum aðgangi stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga að þekkingarsöfnum heimsins.

Í áttunda lagi þurfum við að átta okkur á hinum ævintýralegu örtölvum sem með ótrúlega lágum kostnaði munu geta leyst manninn af hólmi í hinum ólíklegustu verkum á heimilum, í verksmiðjum og í opinberri starfsemi. Örtölvan mun breyta lífi okkar ótrúlega mikið á næstu árum, hvort sem við viljum það eða ekki. En á miklu veltur að við hagnýtum kosti hennar og möguleika til að efla samkeppnishæfni atvinnuvega okkar, auka farsæld okkar og velferð, en ekki til að skapa böl fyrir þá sem verða að breyta störfum sínum og lífsháttum vegna tilkomu hennar. Í öllu þessu er virk rannsókna- og þróunarstarfsemi og markviss viðleitni til nýsköpunar í atvinnulífi nauðsynleg til að vísa veginn og leysa vandamál, sem koma upp, og opna nýjar leiðir til að hagnýta tækifæri og möguleika sem tíminn færir okkur.

Hvernig stöndum við þá að rannsókna- og þróunarstarfsemi hér á landi og hvernig beitum við kröftum okkar á næstu árum?

Á það hefur oft verið bent, að Íslendingar verja mun minna fjármagni til rannsóknastarfsemi en aðrar þjóðir á svipuðu stigi lífskjara og tækniþróunar. Á tímabilinu frá 1950—1960 vörðu Íslendingar árlega um og undir 0.2% þjóðartekna til rannsókna, en á árunum 1960—1970 hækkaði þetta hlutfall upp í 0.45% og var árið 1977 nálægt 0.48% þjóðartekna, þegar hugvísindum og rannsóknum í læknisfræði er sleppt. Hafði hlutfallið þó lækkað úr 0.66% árið 1975. Hlutfall þetta hefur raunar verið sveiflukennt, en farið hægt og þétt vaxandi. Sé litið til nágrannalandanna verja þau yfirleitt 1.3%, eins og t. d. Noregur og Kanada, og upp í ca. 2.5%, eins og Holland, Þýskaland og Bretland, af þjóðartekjum sínum til rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Svipuðu máli gegnir um mannafla til rannsókna, þar sem Íslendingar notuðu árið 1975 0.38% mannár af hverjum 10 þús. íbúum til rannsókna, en í Svíþjóð 93 mannár og í Noregi 71 mannár á hverja 10 þús. íbúa. Við erum því hálfdrættingar á við Norðmenn, bæði að því er fjármagn og mannafla til rannsókna varðar.

Ef litið er á megingreinar atvinnulífsins og fjármagn í hverri grein er borið saman við vinnsluvirði, en það er framlag hverrar greinar til þjóðarframleiðslu, kemur í ljós að árið 1977 verjum við um 1.5% af vinnsluvirði sjávarútvegs til hafrannsókna, um 2.4% af vinnsluvirði landbúnaðar, þegar niðurgreiðslur eru meðtaldar, en aðeins 0.19% af vinnsluvirði fiskiðnaðar til fiskvinnslurannsókna. 0.33% af vinnsluvirði byggingariðnaðar var varið til byggingarannsókna og 0.16% af vinnsluvirði iðnaðar til iðnaðarrannsókna.

Þannig sést að við leggjum hlutfallslega mesta áherslu á rannsóknir vegna frumvinnslugreina, þ. e. fiskveiða og landbúnaðar, en mun minni áherslu á úrvinnslugreinar eins og iðnað, fiskiðnað og byggingariðnað. Í öðrum löndum eru það þó einmitt úrvinnslugreinar sem mest áhersla er lögð á og er talið að gefi mestan árangur af rannsóknum. Þessi áherslumunur á sínar eðlilegu skýringar, m. a. vegna mikilvægis frumvinnslugreina í efnahagslífi okkar hingað til. Liggur reyndar nær lagi, að rannsókna- og þróunarstarfsemi á þessum sviðum hafi opnað leiðina til hinnar miklu afkastaaukningar í fiskveiðum með aukinni þekkingu á lífsháttum sjávardýra og til örrar framleiðniaukningar í landbúnaði með betri þekkingu á eðli landsins og þeim jurta- og dýrastofnum sem nytjaðir eru. Á næstunni verður þó án efa að leggja hlutfallslega meiri þunga á rannsóknir í þágu úrvinnslugreina til að undirbyggja nýsköpun í atvinnuvegum og efnahagsþróun framtíðar. Þetta þýðir að sjálfsögðu ekki að draga beri úr hafrannsóknum og landbúnaðarrannsóknum frá því sem nú er, heldur að hlutfallslega meiri vöxtur verði í rannsóknum vegna iðnaðar, fiskvinnslu og byggingariðnaðar á næstu árum.

Skýringar á lágu hlutfalli rannsókna- og þróunarstarfsemi miðað við þjóðartekjur eru einkum tvær. Annars vegar er það, hve fyrirtæki leggja lítið til rannsókna sjálf, og hins vegar, hve hlutur háskólarannsókna er lítill. Nú sjást þess nokkur merki að hlutur Háskólans fari vaxandi og sá mikli og hæfi mannafli, sem þangað hefur ráðist á undanförnum árum, verði virkjaður til að stunda öfluga rannsóknastarfsemi í þágu íslensks þjóðlífs. Ég vil sérstaklega nefna það sem mikilvægt atriði að kennslulið í verkfræði við Háskólann fái aðstöðu til rannsókna við sitt hæfi. Ég tel reyndar orðið mjög brýnt mál að sett verði á fót verkfræðistofnun við Háskólann til að skapa þessa starfsaðstöðu. Um þátt atvinnufyrirtækjanna er það að segja, að smæð flestra íslenskra fyrirtækja dregur mjög úr því að þau geti stundað eigin rannsóknir. Sýnist mjög æskilegt að beita opinberu fé og þá hugsanlega skattalegum ráðstöfunum til að hvetja þau til samstarfs við opinberar rannsóknastofnanir um viðfangsefni sem þau hafa áhuga á og gætu hagnýtt sér niðurstöður af í framleiðslunni. Sýnist skynsamlegt að gera ráð fyrir að fjármagn til Rannsóknastofnana atvinnuveganna eða jafnvel til Háskólans gæti komið í vaxandi mæli með þessum hætti í gegnum samstarfsverkefni með fyrirtækjum, og næðist þá betra samræmi milli þarfa atvinnulífs og framkvæmdar á rannsóknum. Niðurstöður yrðu þá hagnýttar með skjótari hætti.

Í öðrum löndum er nú mikil áhersla lögð á þetta nána samband milli þeirra, sem rannsaka og þeirra fyrirtækja eða framleiðslugreina, sem eiga að hagnýta niðurstöður. Þessi viðhorf til fjármögnunar á rannsóknastarfsemi hafa raunar verið mjög til umfjöllunar hjá tveim nefndum sem unnið hafa að endurskoðun á lögum um Vísindasjóð og um Rannsóknaráð ríkisins. Er líklegt að ítarleg umræða verði um þessi mál þegar álit þessarar n. berst. Mun ég því ekki fjölyrða um þau mál frekar að sinni.

Dreift hefur verið útdrætti um langtímaáætlun Rannsóknaráðs um rannsókna- og þróunarstarfsemi. Koma þar fram till. ráðsins um fjármagn og mannafla til Rannsóknastofnana atvinnuveganna til 1981 og skiptingu þeirra á helstu rannsóknasvið samkv. mati á því

hvað leggja beri áherslu á. Samkv. till. er gert ráð fyrir að fjármagn til Rannsóknastofnana aukist úr 1 124 millj. kr. árið 1976 upp í 1 630 millj. kr. árið 1981 miðað við samsvarandi verðlag, sem mun vera verðlag ársins 1976. Mannafli ykist þá úr 288 mannárum í 430 mannár. Till. þessar eru mjög hóflegar og fela í sér heldur hægari meðalársaukningu fjármagns en verið hefur, eða 7.7% á ári í stað 9.1% sem verið hefur, þegar rekstur hafrannsóknaskipa er talinn með. Hins vegar er gert ráð fyrir nokkru örari aukningu til annarra þátta rannsóknastarfsemi en rekstrar hafrannsóknaskipa þannig að mannafli til rannsókna aukist um 8.4% að meðaltali á ári til 1981, en þessi aukning var 7.5% á ári frá 1965 til 1976. Reiknað er með að umsvifin aukist örast í rannsóknum vegna iðnaðar, byggingariðnaðar og fiskvinnslu. Einnig verði nokkur áhersla lögð á aukinn mannafla í *hafrannsóknum til að nýta betur hinn mikla skipakost* Hafrannsóknastofnunar. Reiknað er með nokkrum breytingum á áherslum innan hverrar stofnunar, m. a. í ljósi þeirra alþjóðlegu og innlendu viðhorfa sem ég áður nefndi.

Ég er sammála þeirri skoðun sem kemur fram í lokaorðum þess bæklings um langtímaáætlun sem margir þm. munu hafa lesið, að till. um fjármagn og mannafla séu raunhæfar og að móta þurfi heildarstefnu um rannsókna- og þróunarstarfsemi er miði að því að gera hana að virkari þætti en verið hefur í þróun atvinnu- og efnahagslífs. Reyndar liggur almennur vilji stjórnarflokkanna gagnvart málinu fyrir með því að í lögum um aðgerðir í efnahagsmálum, sem nýlega voru samþykkt, er gert ráð fyrir aukinni áherslu á rannsóknir í þágu atvinnuvega í samræmi við langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins. Mikilvægur þáttur þess, að till. ráðsins sé vel tekið, er hvernig fjallað verður um fjárveitingabeiðni stofnana. Nauðsynlegt er að tengja ákvarðanir um fjárútlát við mat á verkefnum. Við núverandi aðstæður gerist það varla nema haft verði samráð við stofnanir og forsendur einstakra verkefna verði metnar um leið og undirbúningur fjárl. fer fram.

Í janúar s. l. skrifuðu forstjórar Rannsóknastofnana atvinnuveganna og Rannsóknaráðs bréf til rn. þeirra er fjalla um málefni stofnananna og fjárveitingabeiðni til þeirra. Er þar gerð till. um að tekið verði upp ákveðið fyrirkomulag varðandi samráð um meðferð fjárveitingabeiðna og hagnýtingu á langtímaáætlun Rannsóknaráðs sem endurskoðuð yrði reglulega á þriggja ára fresti og kynnt á Alþ. Kjarni þess er að teknir verði upp starfshættir sem miðist við stjórnun samkv. markmiðum, skipulagi og fjármögnun á grundvelli verkefna, eins og rakið hefur verið hér. Óskað er eftir samráði um forgangsröðun og breytingar á fjárveitingabeiðnum við fjárlagaundirbúninginn þannig að stofnanirnar hafi þar ásamt rn. full áhrif á það sem skorið verði niður ef svo ber undir. Á sameiginlegum fundi ráðh. og ráðuneytisstjóra *menntamála, landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnrn. ásamt* fulltrúa fjmrn. kom fram eindreginn vilji til að taka upp þessi vinnubrögð, en fundur af þessu tagi var haldinn í febrúarbyrjun. Ég hef einnig þann skilning að fjvn. og fjárlaga- og hagsýslustofnun hafi fjallað um málið og ætli sér að taka upp þetta samstarfsform. Ég tel mjög mikilsvert að starf með þessum hætti geti hafist við undirbúning næstu fjárl. og síðan verði smám saman þróuð sú málsmeðferð í einstökum atriðum sem henta þykir.

Alþ. er með framlagðri till. til þál. um langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi beðið um stuðning við þau markmið, sem skilgreind eru, og þann ramma, sem settur er verkefnavali og ráðstöfun fjármagns og mannafla. Gefst þm. með þessu kostur að ræða málefni rannsóknastarfseminnar í ljósi þjóðfélagslegra þarfa og almennrar stefnumótunar. Yrði þá unnt að taka mið af umr. þingsins og vilja þess við nánari útfærslu á áætluninni og við ákvarðanir um málefni stofnanna. Áhersla er lögð á að langtímaáætlunin er fyrst og fremst rammi og verður að sjálfsögðu unnt að breyta henni í einstökum atriðum eftir því sem forsendur kynnu að breytast og aðstæður krefðust. Langtímaáætlun sú, sem hér liggur fyrir, varðar að nokkru tímabil sem er liðið. Hins vegar hefur hinn langi tími, sem farið hefur í undirbúning, nýst þannig að sjálf vinnan að langtímaáætluninni hefur leitt til umtalsverðra breytinga á viðhorfum innan stofnana *og í sumum þeirra valdið breytingum á starfsháttum í þá* átt sem gert er ráð fyrir í áætluninni. Farið hefur verið í gegnum kerfisbundið starf að norskri fyrirmynd við gerð hennar. Þessi umr. hér á Alþ. er í rauninni síðasta stig þeirrar málsmeðferðar. Ég treysti því, að undirtektir þingsins verði góðar, og hvet þm. til að tjá sig um málið. Jafnframt vonast ég til að till. fái skjóta þinglega meðferð og samþykki fyrir þinglok.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tek hér til máls til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við þá þáltill., sem hér er til umr., um langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Ég tel að með þessari þáltill. og því starfi, sem á bak við hana liggur, sé stigið gott skref sem eigi að geta skipt nokkrum sköpum í sambandi við rannsóknastarfsemi í landinu og það sem við væntum að upp úr því starfi spretti.

Langtímaáætlunin, sem þáltill. vísar til, er, eins og fram hefur komið, unnin á vegum Rannsóknaráðs og í *samvinnu við forstöðumenn helstu rannsóknastofnana í* landinu, og í henni er að finna stefnumörkun sem ég vil taka mjög undir og ég held að geti verið vegvísandi fyrir þessar stofnanir og starfsemi á þessu sviði á næstu árum. Þarna er stefnt að því að stilla saman rannsóknastarfsemina og þróunaráætlanir fyrir atvinnuvegi landsmanna, en fram til þessa hefur þessi starfsemi til muna verið of sundurvirk. Jafnframt því sem nauðsynlegt er að veita auknu fjármagni til þessara þarfa, þá er einnig nauðsynlegt að nýta það takmarkaða fjármagn, sem við höfum yfir að ráða, sem allra best í þessu skyni.

Ég vil, jafnframt því sem ég tek undir þá stefnumörkun sem felst í langtímaáætlun Rannsóknaráðs og hér er flutt, vekja athygli á því markverða starfi sem unnið hefur verið um margra ára bil á vegum Rannsóknaráðs og full ástæða er til að alþm. gefi gaum. Þar hefur verið mörkuð stefna á mörgum sviðum og komið fram ábendingar um æskilega þróun í atvinnulífi landsmanna og fleiri þáttum sem geta verið vegvísandi, en hafa fengið ónógan stuðn*ing til þessa að mínu mati.* Ég vænti þess, að nú verði nokkur þáttaskil í þessum efnum með væntanlegri samþykkt þessarar þáltill., og vil ítreka það, sem þegar hefur komið fram í máli hv. frsm. og hæstv. menntmrh., að þegar hefur verið lögfest með lögum um stjórn efnahagsmála, sem þingið afgreiddi fyrir röskum mánuði, að tekið verði mið af þessari langtímaáætlun og þeirri stefnumörkun, sem í henni felst, við þróunaráætlanir fyrir atvinnuvegina. En 25. gr. þessara laga er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Til stuðnings áætlunargerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknastarfsemi í þeirra þágu með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum.“

Ég er sannfærður um að möguleikar á að bæta lífskjör í þessu landi á komandi árum eru ekki síst undir því komnir að við berum gæfu til þess að breyta starfsháttum varðandi rannsóknastarfsemi í landinu frá því sem verið hefur, veita til þessara þátta meira fjármagni en menn hafa gert til þessa og stilla saman þá starfsemi sem þarna er um að ræða. Þarna reynir á pólitíska vilja og ekki síst á fjárveitingavaldið og þar með Alþ. Ég hef trú á því, að innan núv. ríkisstj. sé sterkur stuðningur við þá stefnu sem hér er mörkuð, og ég tel að fyrir iðnaðinn í landinu, svo að tekið sé dæmi af þeim vettvangi þar sem ég helst sýsla, sé afar mikið undir því komið að rannsóknastarfsemi verði efld á þann hátt sem hér er lagt til. Og ég vil ítreka fylgi mitt við þessa þáltill. og þá langtímaáætlun sem hún vísar til.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög, en þótt ekki væri nema vegna fyrri tengsla minna við Rannsóknaráð ríkisins vil ég standa upp og lýsa ánægju minni með að þessi till. skuli vera komin fram. Ég get einnig tekið undir mikinn fróðleik sem kom fram bæði í ræðu hv. frsm. og hæstv. menntmrh. Ég vil þó leggja áherslu á örfá grundvallaratriði í þessu sambandi.

Ég veit að það er fróðlegt og það er allt rétt sem þarna kom fram um mikilvægi vísinda og tækni fyrir nútímaþjóðfélag, og líklega eigum við fleira að rekja þangað og meira en menn gera sér almennt grein fyrir. En þó er það staðreynd að í þessari viðleitni Rannsóknaráðs til þess að vinna að langtímaáætlun fyrir rannsóknir í þágu atvinnuveganna er raunar það grundvallaratriði ráðandi, að nánari tengsl þurfi að vera á milli rannsókna og atvinnuvega og á milli rannsóknastarfsemi og ríkisvalds til að leysa það sem nefna mætti daglega þörf atvinnuveganna fyrir rannsóknir. Þetta er í raun og veru það grundvallaratriði sem því réð að 1972 ákvað Rannsóknaráð að fara inn á slíka áætlanagerð. M. ö. o. er þetta jarðbundnara en alls konar skemmtilegar og fróðlegar tilvitnanir í hinn mikla hraða tæknivísinda á undanförnum árum. Ég er með þessu ekki að segja að íslenskir atvinnuvegir hafi ekki notið rannsóknastarfseminnar. Vitanlega hafa þeir gert það. En þó fannst okkur, sem að þessu unnum, að slíkt væri ekki viðurkennt eins og skyldi og þess væri ekki gætt eins og skyldi að það fjármagn, sem rennur til rannsókna, nýtist fyrir íslenska atvinnuvegi eins og nauðsynlegt er, og þá á ég að sjálfsögðu við: miðað við þær aðstæður sem íslenskir atvinnuvegir búa undir. Það hlýtur að verða meginverkefni rannsóknastarfseminnar hér á landi að laða alls konar tækni að þeim aðstæðum sem íslenskir atvinnuvegir búa við. Við flytjum inn ákaflega mikið af þekkingu, en í mörgum tilfellum nýtist hún alls ekki eins og nauðsynlegt er vegna allt annarrar aðstöðu hér en er erlendis þar sem slík þekking kann að vera þróuð. Á þetta vil ég leggja áherslu. Tilgangur Rannsóknaráðs, þegar út í þetta var farið, var að tengja og samræma betur alla starfsemi rannsókna í þágu atvinnuveganna og starfsemi atvinnuveganna sjálfra. Þetta var fyrsta markmiðið og svo í öðru lagi að fá betri hljómgrunn og umr. við fjárveitingavaldið um fjármagn til þessarar mikilvægu starfsemi.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. menntmrh. var farið að nokkru leyti eftir reynslu Norðmanna sem árum saman hafa unnið slíkar áætlanir og m. a. fengið þær kynntar á sínu Stórþingi með þeim afleiðingum, að þeirra eigin mati, að stóraukinn skilningur fékkst á mikilvægi rannsókna í atvinnulífinu. Ég vil því ljúka þessum örfáu orðum með því að lýsa ánægju minni með að þetta mál skuli vera komið hér fram, og ég geri það í trausti þess að hér fari einnig sem í Noregi, að stórbættur og aukinn skilningur fáist hjá fjárveitingavaldi okkar Íslendinga á mikilvægi rannsóknastarfseminnar fyrir eðlilega þróun okkar atvinnulífs.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Mig langar rétt fyrir hönd flm. að þakka þær undirtektir, sem þetta mál hefur hlotið hér á hv. Alþ., eins og kom fram í máli þriggja hæstv. ráðh.: hæstv. menntmrh., sem jafnframt er formaður Rannsóknaráðs, hæstv. iðnrh., sem er ráðh. þeirrar atvinnugreinar sem er kannske helsti vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs, og loks hæstv. landbrh., sem um árabil var framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs og málinu því gjörkunnugur. Fyrir undirtektir þeirra vil ég þakka og veit að stuðningur þeirra tryggir að þetta mál komist í höfn fyrir þinglausnir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Greiðsla orlofsfjár sveitafólks, þáltill. (þskj. 495). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Við hv. þm. Ingvar Gíslason höfum leyft okkur að flytja á þskj. 295 till. til þál. um greiðslu orlofsfjár sveitafólks. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram könnun á því, hvort ekki væri heppilegast að greiða orlofsfé beint til bænda.“

Íslensk bændastétt á við talsverðan vanda að etja í framleiðslumálum. Ríkisstj., Alþingi og samtök bænda hafa verið að leita leiða til þess að bægja þessum vandræðum frá. Einn alvarlegasti hluti vandans er einmitt sá, hve kjör bændanna eru misjöfn, þannig að þeir, sem eru verst settir og minnsta hafa framleiðsluna, eiga við mjög alvarlega erfiðleika að etja. Bústærð og aðstaða bænda er mjög misjöfn. Talið er að um áramót hafi verið 4472 bændur á landinu og þeir eiga til jafnaðar tæp 400 ærgildi. Innan við 200 ærgildi eiga 963 þessara bænda og innan við 300 ærgildi 1860. Búnaðarsamband Skagafjarðar hefur gert athugun á skiptingu framleiðslumagns í héraðinu. 47% skagfirskra bænda, sem best eru settir og búa á bestu jörðunum og búnir að gera nauðsynlegustu framkvæmdir, framleiða 70% af þeim landbúnaðarvörum sem framleiddar eru í Skagafirði. 25% hinna lakast settu bænda framleiða einungis 10% af þeim landbúnaðarvörum sem framleiddar eru í Skagafirði. Á tímum þegar draga þarf saman seglin er mjög brýnt einmitt að verja þessa bændur og aðra, sem svo er ástatt um, eftir megni. Skagafjörður yrði ansi mikla snauðari ef þessi 25% yrðu að gefast upp við búskap og hætta honum. Ég tel að það yrði héraðsbrestur.

Verðlagskerfi landbúnaðarins er þannig uppbyggt, að laun bænda eru reiknuð út frá áætluðu vísitölubúi og við það er verð búvara miðað. Orlofsfé bænda, 8.3%, er nú

hluti af afurðaverðinu. Við flm. viljum láta kanna hvort ekki væri heppilegra að ríkið greiddi hverjum bónda um sig ákveðna upphæð sem meðalorlof, en samkv. verðlagsgrundvellinum frá 1. mars 1979 var vísitölubóndanum ætlaðar 483 þús. kr. í orlof. Með þessu yrði stuðlað að jöfnuði meðal bænda innbyrðis, jafnframt því sem stuðlað væri að lækkun afurðaverðs og þar með lækkun framfærslukostnaðar. Þannig mundi hluti þess fjár, sem *nú er varið til niðurgreiðslnanna, e. t. v. nýtast betur.*

Það er mikill mismunur á efnahag bænda, eins og ég sagði áðan, kjörum þeirra í hinu daglegu lífi. Ég vil reyndar telja að margir af hinum smærri bændum séu ekki síður hamingjusamir eða glaðir, en mér finnst það réttlætismál að menn séu jafnir í fríum sínum. Vegna eðlis búskapar á Íslandi er að sjálfsögðu ekki hægt að binda þessar greiðslur orlofsfjár við það endilega að bændur hafi tekið sér frí, eins og gert er í Noregi. Það hefur áður verið farið á flot með hugmyndir um breytta skipan á greiðslu orlofsfjár til bænda, en það strandaði á þeirri hugmynd að bændur yrðu að taka sér frí, þeir, sem ekki gætu komist að heiman á árinu vegna erfiðra kringumstæðna, fengju ekki þessa greiðslu, þeir yrðu að afsala sér henni. Þetta finnst mér ekki koma til greina. Aðstæður einstakra bænda geta verið slíkar að þeim sé ekki unnt að yfirgefa bú sín á hverju ári, en það er óeðlilegt að svipta þá þar með orlofsfé, sem þeir eiga rétt á, vegna *sinna örðugu aðstæðna. Þá verður líka að gera ráð fyrir* því, að þær bændafjölskyldur, sem hafa verulegan hluta tekna sinna af öðru en landbúnaði, fái einungis hluta orlofsgreiðslunnar.

Það eru uppi hugmyndir um greiðslu rekstrar- og afurðalána beint til bænda og jafnvel að senda niðurgreiðslurnar í stórslumpum beint til bænda. Þessar hugmyndir eru ekki til umr. hér og ég mun ekki ræða þær, en þessi hugmynd, sem ég er hér að brydda á, sýnist mér að *sé framkvæmanleg. Í henni felst nokkur viðleitni til* þess að bæta hlut hinna lakar settu. Vegna þeirra, sem alltaf halda að verið sé að hlunnfara ríkissjóð bændum til tekna, verð ég að endurtaka það, að þetta kemur sér á engan hátt illa fyrir ríkissjóð. Niðurgreiðslufjárhæðin mundi geta lækkað svo sem orlofsupphæðinni næmi. Þetta er einungis lítils háttar fjármunatilfærsla á milli bændanna sjálfra. Og mér finnst hún vera sanngjörn vegna þess að stærri bændur hafa notið þess að í landinu *hafa verið smærri bændur og því aðeins hafa þeir haft* þokkalegar tekjur að þeir, sem hafa langt neðan við vísitölubú, hafa orðið að búa við kröpp kjör. Mér finnst þessi hugmynd stuðla að jöfnuði og sanngirni.

Að lokinni þessari umr. hér í dag vil ég leyfa mér að leggja til að till. verði vísað til allshn. til athugunar.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér aðeins hljóðs til þess að lýsa fyllsta stuðningi við þessa till., *en beini því til þeirrar n., sem hana fær til athugunar,* hvort ekki mætti umorða hana og gera hana ákveðnari þannig að beinlínis verði tekin um það ákvörðun að greiða þessa peninga til bænda beint samhliða því sem þeir fá aðra fjármuni beint.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 95. fundur.

Fimmtudaginn 10. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fjárfestingarfélag Íslands, frv. (þskj. 638). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Mál þetta er einfalt í sniðum. Það er lagt til að skattfrelsi Fjárfestingarfélags Íslands, sem upphaflega var ákveðið að skyldi vera til ársloka 1977, verði framlengt og verði samfellt til ársloka 1982. Ég mun í örstuttu máli gera grein fyrir stefnu og störfum Fjárfestingarfélagsins.

Þess er fyrst að geta, að hlutafé félagsins er 83.7 millj. kr. og hluthafar eru þessir: Framkvæmdasjóður Íslands 20 millj., Iðnaðarbanki Íslands 7 millj., Iðnlánasjóður 7 *millj., Lífeyrissjóður verksmiðjufólks 6 millj., Lífeyris*sjóður verslunarmanna 15 millj., Verslunarbanki Íslands 5 millj., Samvinnubanki Íslands 5 millj., Samband ísl. samvinnufélaga 5 millj. og ýmis félög og einstaklingar 13,7 millj.

Eins og af þessari upptalningu sést eru allir eigendur félagsins aðrir en þessir síðast töldu skattfrjálsir aðilar, fjármálastofnanir og bankastofnanir, og félagið var sem sagt stofnað fyrst og fremst með stuðningi þessara stóru aðila. — *Hins vegar var talið heppilegt og raunar nauð*synlegt að leyfa einstaklingum að vera aðilar að félaginu til að nýta starfskrafta þeirra, áhuga og hugmyndir. En Fjárfestingarfélagið var einmitt stofnað til þess að reyna ýmiss konar nýjungar í íslenskum atvinnumálum, t. d. svokölluð leigukaup, og hefur verið gert talsvert mikið að því. T. d. hafa verið keyptir margir lyftarar og fiskvinnsluvélar til þess að styrkja sjávarútveg, og þar að auki átti félagið að reyna að hafa frumkvæði að nýjum atvinnurekstri og einnig að koma upp vísi að verðbréfamarkaði, sem raunar hefur þegar verið gert og hefur borið nokkurn árangur.

Hins vegar hefur raunin orðið sú, að fjármunir félagsins að raunvirði hafa minnkað jafnt og þétt í hinni miklu verðbólgu því félagið á engar fasteignir eða verðtryggð skuldabréf sem hafa staðist þessa miklu verðbólgu. Þó að nokkur bókhaldslegur hagnaður hafi verið öll árin hefur hann hvergi nærri nægt til að vega upp á móti verð*bólgunni og þess vegna er fyrirsjáanlegt* að annað tveggja verður að gera: hreinlega að slíta félaginu eða að tryggja því skattfrelsi enn um sinn. Von forsvarsmanna félagsins er sú, að Alþ. vilji að tilraun þessari verði haldið áfram. Ef svo fer, sem allir hér inni hljóta að vona, að um síðir takist að ráða niðurlögum verðbólgu eða hægja á henni, þá verður auðvitað starfsvettvangur þessa félags allt annar en hann nú er og þá gæti það jafnvel lyft Grettistaki í okkar litla þjóðfélagi og komið fram nýj*ungum sem mikil nauðsyn er á, en annars mundi það* sjálfsagt verða að hætta starfrækslu.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 584, n. 652). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um þetta mál og leggur til að það verði samþ. Ég vil geta þess að tveir hv. nm. skrifa undir nál. með fyrirvara og einn hv. nm. Ragnhildur Helgadóttir, var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Það er aðeins fyrirspurn til hv. flm., hvort þetta þýði það, ef verða tekin 10% af brúttótekjum stofnunarinnar og lögð í þennan framkvæmdasjóð, þar eð mér skilst að tekjur Ríkisútvarpsins séu ákveðnar, að þá verði minna fé árlega til að leggja í dagskrárgerð útvarpsins, því að þarna er tekið af brúttótekjunum sem eru bundnar fastar.

Mig langaði að vita þetta áður en ég greiddi atkv. um frv.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að láta þess getið, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, og ég verð að segja það, að ég er mjög hlynntur þessu frv. vegna þess að ég álít að það sé algjörlega nauðsynlegt fyrir allar ríkisstofnanir, sem mikil umsvif hafa, að eiga húsnæði. Það er varla til sá einstaklingur eða sú fjölskylda í þessu landi sem vill ekki eiga húsnæði. Hið sama er með fyrirtæki, að þeim er mjög nauðsynlegt í þessu þjóðfélagi okkar að hafa það öryggi að eiga þak yfir höfuðið fyrir starfsemi sína. Ég tel það í raun og veru ekki vansalaust hve illa við höfum staðið að því að byggja yfir okkar meginstofnanir, og þess vegna, þó að ég væri ekki alveg öruggur um að þessi fjármögnun væri sú eina rétta, tek ég það fram, að ég mun greiða þessu máli atkv. og vil eindregið styðja að því að þessari merku menningarstofnun gefist færi á að eignast þak yfir höfuðið.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að gera örstutta grein fyrir því, hvers vegna ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara. Þetta er eitt af þeim málum sem fjalla um markaðan tekjustofn, sem hefur ekki verið neitt ljúflingsyrði á þessu þingi. En við gerum okkur grein fyrir því, sem ætlum samt að styðja þetta frv., að annaðhvort verða þessi 10% tekin af núverandi tekjum útvarpsins, og hlýtur þá að koma þannig fram að framlög til dagskrárgerðar hljóta að skerðast, og menn eru ekki vel hressir yfir því, eða þá að gjöldin aukast til þessarar stofnunar. Þetta kemur sjálfsagt við vísitöluna og ýmis ljón eru á vegi. Samt sé ég algera nauðsyn til þess að á einhvern hátt styðjum við að húsbyggingu fyrir Ríkisútvarpið af því að þau mál hafa vissulega verið þjóðinni í heild til skammar á undanförnum áratugum.

En ég sem sagt styð þetta frv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Það var vikið að nokkrum efnisatriðum og m. a. var beint til mín beinni fyrirspurn um áhrif þessarar gjaldtöku, ef af verður, þ. e. 10% í sjóðinn, á dagskrárgerðina. Það er því rétt að ég rifji upp örfá atriði.

Í fyrsta lagi er það rétt, að afnotagjöldin fara inn í vísitölu. Þess vegna hefur á vissum tímum verið mjög erfitt að fá þau færð upp til samræmis við hækkað verðlag. Þau eru núna langt fyrir neðan það sem þau voru upphaflega sem hlutfall af áskriftargjöldum blaða. Ég kunni þetta einu sinni, hvað 5% gerða í vísitölu, en ég kann það ekki lengur. Það er að vísu mjög lítið brot af prósenti sem það verkar á vísitöluna, en það hefur auðvitað sín áhrif.

Út af þessu með áhrifin á dagskrárgerðina, þá er auðvitað að það fé, sem lagt er í húsbyggingu, verður ekki notað í annað. Það er nokkuð langt síðan sett var í lög að það skyldi leggja 5% í framkvæmdasjóðinn. En framkvæmdin hefur verið nokkuð sveigjanleg, þannig að það er ekki nóg með að það hafi stundum ekki verið lagt í sjóðinn sama árið og átti að gera það, heldur skotið á frest. Þetta var svo alvarlegt um áramótin 1974—1975 að þá var einnig það, sem búið var að leggja í sjóðinn, lánað í reksturinn. Þá var yfirdrátturinn orðinn svo mikill í Landsbankanum að það lá við lokun á öllum reikningum og þar með á allri starfseminni. Og þá var það nánast að kröfu bankans að í staðinn fyrir að hafa á bók þá fjármuni sem búið var að leggja til hliðar í sjóðinn, þá voru þeir lánaðir í reksturinn til þess að draga úr hlaupareikningsvöxtum. Og þannig hefur þetta verið mjög svo sveigjanlegt í framkvæmd.

Núna t. d. standa málin þannig, að þegar ákveðið var afnotagjaldið seinni hluta árs 1978, þá var það ákveðið það hátt að það átti að vera hægt að leggja 10% til hliðar. Þó það væri ekki skylda samkv. lögunum leit menntmrn. svo á, eins og kemur fram í bréfi þess, að það væri heimilt að ætla þetta til húsbyggingar. Í útvarpslögum segir að það megi ekki nota tekjur útvarpsins til annars en að standa undir rekstri þess eða búnaði, og við álitum í rn. að þetta væri í lagi. Og það var lagt á með þetta í huga þá, og það varð afgangur reikningslega á árinu 1978 sem svaraði þessu. Þannig er þetta sem sagt um síðustu áramót. Núna aftur á móti var hækkun afnotagjalda á fyrri hluta ársins ekki samsvarandi dýrtíð og þess vegna er þröngt um vik á þessum árshelmingi og þess vegna er eðlilegt að menn hugleiði hvort samþykkt þessa ákvæðis núna kynni ekki að verka eins og högg á fjármálin og verða til þess að draga úr dagskrárgerðinni eða rýra þann hlut sem hún hefur. En ég álít að miðað við þann sveigjanleika í framkvæmd, sem hefur verið viðhafður á undanförnum árum, þurfi það ekki að verka þannig.

Það er aðeins tvennt sem ég vil nefna að lokum til frekari áréttingar því sem ég sagði við 1. umr. þessa máls. Framkvæmdasjóður er svo lengi búinn að vera til að það er búið að taka hann tvisvar, ef ekki þrisvar sinnum til annarra nota heldur en byggja upp framtíðarhúsnæði. Hann var notaður til þess að innrétta bráðabirgðahúsnæði á Skúlagötunni, en áður hefur hann farið í slíkt hið sama og einhvern tíma enn áður var honum með stjórnvaldaráðstöfunum varið til enn fjarskyldari hluta en það er að innrétta húsnæði til bráðabirgða.

Og svo er annað atriði sem ég vil nefna núna og ég kom ekki inn á við 1. umr. að nú er allt tilbúið til að bjóða út næsta áfanga útvarpshúss. En samstarfsnefnd hefur verið hikandi að samþykkja fyrir sitt leyti að fara í útboð vegna þess að ekki væri séð fyrir fjármögnuninni allt verkið á enda, því ákvæði eru í lögum um að þess skuli gætt að framhaldið sé tryggt þegar farið er af stað með einn tiltekinn áfanga. M. a. þess vegna held ég að samþykkt þessa frv. væri ákaflega nauðsynleg fyrir framgang þessa verks, sem allir virðast lýsa sig samþykka, þ. e. byggingu útvarpshúss.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, frv. (þskj. 598). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það mál, sem ég mæli nú fyrir, hefur verið alllengi í undirbúningi. Sérstök n., sem fyrrv. landbrh. skipaði að ósk bændasamtakanna, vann að þessu máli, en í ýmsum samþykktum bænda hafði verið lögð áhersla á að forfalla- og afleysingaþjónustu fyrir bændur yrði komið á.

N. þessi skilaði áliti fyrir nokkru, en jafnframt var þá ákveðið að athuga mál þetta í tengslum við orlofsmál bænda. Eftir nokkra vinnu að því kom í ljós að ekki var samstaða um það mál m. a. og ekki síst hjá bændum sjálfum. Í dag er gert ráð fyrir um 8.3% af tekjulið grundvallarins vegna orlofs og ekki varð samkomulag um að sá liður yrði dreginn þaðan út.

Ég ákvað því að setja þetta mál sérstaklega í athugun að nýju og fól þeirri n., sem um þetta hafði fjallað og orlofsmálin í tíð fyrrv. landbrh., að skoða þetta mál.

Málið var síðan tekið upp í viðræðum við launþega um það sem nefnt hefur verið félagslegur pakki og afgreitt var í sambandi við efnahagsmálin 1. des. s. l. Hér er því um einn þátt í þeim loforðum að ræða.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að ráðinn verði einn maður fyrir hver 75 býli til þess að sinna afleysingum á sviði landbúnaðarins þegar forföll verða, t. d. í veikindum, slysum og slíkum tilfellum. Samtals er gert ráð fyrir að þannig verði ráðnir 60 manns yfir landið. Gert er ráð fyrir að það gerist smám saman á næstu 4 árum. Jafnframt er gert ráð fyrir að laun þessara manna verði greidd úr ríkissjóði, þeir taki laun eins og frjótæknar taka nú. Annar kostnaður við þessa þjónustu yrði greiddur af bændum sjálfum. Þessir menn yrðu starfsmenn búnaðarsambanda og búnaðarfélaga um landið og yrði ráðstafað af þeim samkv. þeim reglum sem fram koma í þessu frv.

Hér er farið að dæmi nágranna okkar, einkum Norðmanna og Svía, sem um árabil hafa starfrækt slíka þjónustu með mjög svipuðum grundvallarreglum og hér er lagt til, þ. e. a. s. verulegur hluti þessa kostnaðar er greiddur af hinu opinbera. Í Svíþjóð er það gert með ákveðinni gjaldtöku frá bændum til þess að greiða þann kostnað sem er umfram föst laun.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta langa framsögu. Ég hygg að segja megi að hér sé um mjög mikið félagslegt mál og réttlætismál að ræða, ekki aðeins fyrir bændastéttina, heldur má einnig sannarlega vekja athygli á því, að vafasamt er að bændur þurfi, ef þeir eiga við sjúkdóma að stríða, að sinna skepnum. Frá heilbrigðissjónarmiði er eðlilegt að þeir verði leystir frá slíkum störfum á meðan þannig er ástatt. Jafnframt vil ég geta þess, að meðal bænda er litið svo á að hér sé um ákaflega mikilvægt mál að ræða, þannig að þeir geti þá fengið þá hvíld frá störfum sem nauðsynleg kann að verða í slíkum tilfellum. Hygg ég að sú hafi orðið raunin erlendis þar sem slíkri þjónustu hefur verið komið á.

Ég vil að lokinni þessari stuttu framsöguræðu, herra forseti, leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. þegar umr. þessari lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. (þskj. 597 (sbr. 76)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. 6. mál á dagskrá, á þskj. 76 og 597, er frv. til l. um veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Í raun er það ekki mitt að mæla fyrir þessu máli því það var flutt í hv. Nd. af landbn. Þó þykir mér rétt að gera örstutta grein fyrir tilveru þessa máls.

Lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins var breytt á síðasta þingi. Í þeirri breytingu fólst m. a. að veðdeildin var losuð við það verkefni sem hún hafði áður, lánveitingar vegna jarðakaupa. Slíkt var fært yfir til Stofnlánadeildarinnar sjálfrar. Jafnframt var aukið framlag Stofnlánadeildar og fjárhagur hennar þannig styrktur.

Sú n., sem samdi það frv., gerði jafnframt ráð fyrir að gengið yrði svo frá málum veðdeildar Búnaðarbankans að framtíð veðdeildarinnar væri sæmilega trygg. Á veðdeildinni hvíla miklar skuldir og slíkar skuldir að veðdeildin stendur ekki undir þeim án sérstakra tekna, a. m. k. um nokkurra ára skeið. Sú n., sem samdi frv. sem varð að lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, samdi einnig það frv. sem hér liggur fyrir. Það varð hins vegar aðskilja frá frv. um Stofnlánadeild og því ekki frá því gengið á síðasta þingi. Núv. ríkisstj. ákvað með tilliti til þess, að málið hafði verið undirbúið af fyrrv. hæstv. ríkisstj., að fara þess á leit við landbn. Nd. að hún flytti málið. Landbn. varð við þeirri ósk og því er málið flutt af nefnd.

Aðalatriði þessa frv. kemur raunar fram í 2. gr., þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður veiti árlegt framlag sem nemur 25 millj. kr. til ársloka 1985 og Stofnlánadeild landbúnaðarins 35 millj. kr. til ársloka 1985 og þessar tekjur hafi deildin auk vaxtatekna til að rétta svo við sinn hag að í lag verði komið að þessum tíma liðnum, þ. e. 1985. Með málinu frá nefndarinnar hálfu fylgdi ítarleg úttekt sem sýnir að með þessu móti sé fjárhagur deildarinnar tryggður.

Þessum upplýsingum sýndist mér rétt að koma á framfæri við 1. umr. um þetta mál, og ég leyfi mér jafnframt að leggja til, þótt ég flytji málið ekki, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 643). — 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég taldi rétt við 1. umr. að gera deildinni litla grein fyrir þessu máli, að það hafi nú legið alllengi á borðum þm. Það var flutt í Nd. sem þmfrv. eða kannske öllu heldur að hluta til af heilbr.- og trn. í Nd., sem afgreiddi það svo frá sér nú fyrir skömmu. Það hefur gengið í gegnum Nd. Ég er kunnugur þessu máli frá fyrri tíð. Það, sem hér er um að ræða, er, eins og segir í 1. gr. frv., að á eftir h-lið 39. gr. tryggingalaga komi nýr stafliður er orðist svo:

„Að greiða kostnað skv. nánari ákvörðun tryggingaráðs, vegna psoriasissjúklinga, sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga erlendis sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða, auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geti notið slíkrar fyrirgreiðslu.“

Þetta er sem sagt það efni sem frv. fjallar um. Það var öðruvísi orðað, tók nokkrum breytingum í meðferð n. í Nd., því að þar vildu menn ekki hafa það eins frjálslegt og var í upphafi. Mér var þá löngu orðið ljóst af dæmum sem ég hafði um þessa sjúklinga úr mínu næsta nágrenni, að það var ekki hægt að bera saman þá rándýru sjúkrahúsvist, sem þeir tveir sjúklingar, sem ég kannaðist þar við, nutu þó á ári hverju, við það að þessir sömu sjúklingar fóru út á sólarstrendur og voru þar tiltölulega stuttan tíma á tveggja ára fresti. Ég kannaði þá hjá tryggingunum hvort það væri nokkur möguleiki á því að þarna yrði um einhvers konar ferðakostnaðargreiðslu að ræða, því að að öðrum kosti yrðu þessir sjúklingar, a. m. k. í þessum tveimur tilfellum, örugglega að liggja á sjúkrahúsum og gerðu það árlega. Í grg. fyrir þessu frv. segir að daggjald á sjúkrahúsi fyrir þessa sjúklinga sé um 30—35 þús. kr. á dag og því megi ætla að hér sé ekki um minni kostnað vegna sjúkrahúsvistar þeirra að ræða, ef þessum sjúkdómi er þannig haldið í skefjum, en 70—100 millj. kr. á ári.

Nú hafa menn eðlilega haft ýmislegt við þetta að athuga og talið að þarna væri um hættulega leið að ræða, misnotkun væri mjög auðveld og annað eftir því. Það höfum við reyndar oft heyrt í sambandi við þær breytingar sem hafa verið gerðar á almannatryggingalögum, og við skulum gera okkur grein fyrir því, að víða er þar um misnotkun að ræða. En ég hygg að með þeirri breytingu, sem hefur orðið á þessu frv. í Nd., hafi tekist að girða að mestu — auðvitað aldrei að öllu frekar en um aðrar greinar — girða að mestu fyrir þá misnotkunarhættu sem menn hafa sett hér mest á oddinn.

Það hefur verið talað um að fleiri fylgdu þarna á eftir, kæmu í kjölfarið og mundu reyna að njóta sömu kjara ef af þessum hlunnindum yrði. Um það skal ég ekki dæma. Það kann vel að vera að einhverjir fleiri komi þarna til og þá um miklu fjölmennari sjúklingahópa að ræða en þarna er gert ráð fyrir, því eins og segir í grg. með þessu frv. er talið að um 60—70 psoriasissjúklingar séu haldnir þessum sjúkdómi á svo háu stigi að þeir þurfi að vera reglulega í meðferð á húðsjúkdómadeild Landsspítalans og þurfi að dveljast þar 3-5 vikur í einu og sumir oftar en einu sinni á árin.

Ég veit ekki hversu mönnum þykir þetta réttmætt í raun og hversu mönnum þykir hér út á hæpna braut farið, eins og ég hef margoft heyrt. En hitt veit ég, vegna þess að ég hef haft afskipti af málum þessara tveggja sjúklinga, að eftir að foreldrarnir komust yfir það að geta lagt í þann kostnað að fara með þessi börn til sólarlanda þá varð slík gerbreyting á ástandi þessara sjúklinga að ég hefði ekki að óreyndu trúað því. Ég vissi að þessir sjúklingar höfðu farið árlega hingað suður á Landsspítala, annar þeirra tvisvar á ári, og gengist þar undir meðferð sem ég efast ekki um að hafi verið eins samviskusamlega af hendi leyst og mögulegt var, en allt sótt í sama horfið og áður eftir mjög stuttan tíma. Ég sem sagt lýsi yfir að ég hlýt að styðja þetta mál af þeirri persónulegri reynslu sem ég hef af þessu máli. Ég veit að þetta á hinn fyllsta rétt á sér gagnvart þeim sjúklingum sem ég þekki til, og ég efast ekki um að svo sé um aðra þá sjúklinga sem þarna eru sérstaklega upp taldir. Það er líka rétt að geta um það sem segir síðast í grg., að lög um slíka styrki til psoriasissjúklinga hafa verið samþ. í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

Tryggingaráð á svo eftir að setja nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða, auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geti notið slíkrar fyrirgreiðslu, svo að fyrir þá misnotkunarhættu, sem mest hefur verið talað um, og annað, sem þar fylgdi í kjölfarið, held ég að sé furðuvel girt með þessum hætti, þó að mönnum hafi eflaust sýnst í upphafi, þegar þeir sáu þetta frv., að nóg væri sólarlandaæði Íslendinga þó ekki væri farið að bæta þessu ofan á og tryggingirnar færu að taka þetta að sér í ofanálag. En málið er bara öðruvísi og ég treysti bæði þeim, sem að þessum samtökum standa, og eins þeim læknum, sem ég hef rætt við um þetta, til þess að bera þarna á skynbragð, auk þess sem ég hef sjálfur séð þess ljós dæmi að hér getur verið um gerbreytingu að ræða og beri að styrkja þetta í stað þess að eyða í það stórfé hér innanlands með miklu minni árangri.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að geta þess, að þetta frv. kom til umræðu á fundum hjá tryggingaráði og eftirkönnun, sem tryggingayfirlæknir gerði á þessu máli fyrir beiðni tryggingaráðs, taldi tryggingaráð að þetta væri mál sem ætti fullkomlega rétt á sér. Það var að vísu rætt um það að þarna kæmi ugglaust fleira á eftir, svo sem gigtarsjúklingar, og tryggingaráð gerði sér fullkomlega ljóst að það yrði kannske erfitt að neita um fyrirgreiðslu við slíka sjúklinga eftir að þetta væri opnað eins og hér er gert. En því er ekki að neita, að ýmsir læknar, sem nýlega hafa lært hér gigtarlækningar, hafa mjög mælt með því að gigtarsjúklingar færu utan sér til heilsubótar á ýmsum sjúkrahúsum erlendis sem þeir telja að geti veitt betri þjónustu og meiri lækningu en fæst hér heima. En það er sótt á þetta af fleiri aðilum, og eins og hv. þm., sem talaði áðan, benti á má búast við að sótt verði á þetta eftir að það er opnað eins og hér er lagt til. En þó taldi tryggingayfirlæknir, — ég held að ég fari ekki rangt með það, — að þetta væri þó hvað sérstæðast, þannig að það hlaut meðmæli eða jákvæði tryggingaráðs að þetta yrði reynt.

Til upplýsingar fyrir d. var tryggingayfirlækni falið að kanna möguleika á því að komast í sambönd við sjúkrahús, er væru rekin suður í löndum af frændum vorum á Norðurlöndum. Það hefur bæði verið athugað í Júgóslavíu og ég hygg á Spáni. En hér er e. t. v. ástæða til að geta þess, að það hafa komið fram hugmyndir, að vísu ekki

enn þá frá tryggingaráði, að þessi mál ætti að athuga miklu betur, hvort ekki ætti að athuga, á sömu leið og bæði Norðmenn og Svíar og ég hygg Danir hafa kannað, hve mikill læknisdómur er í sólskininu suður í löndum. E. t. v. er það framtíðarmál fyrir Alþingi Íslendinga og fleiri aðila að opna meira þann möguleika að sjúklingar héðan að heiman, gigtarsjúklingar og ýmsir aðrir sjúklingar, geti komist suður í sólskinið á sjúkrahús sem væru rekin af Íslendingum. Slík sjúkrahús eru nú að koma upp á vegum Norðurlandabúa, eins og ég gat um áðan, og hví skyldum við ekki geta stefnt að slíku, þó að þetta eins og ég sagði áðan, séu kannske framtíðarskýjaborgir í bili? En sem sagt, ég vildi að það kæmi hér fram að það var fjallað um þetta mál í tryggingaráði, og ég held að ég misfari ekki með það, að yfirleitt var litið svo á að það væri æskilegt að koma til móts við þessa sjúklinga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Rafmagnseftirlit ríkisins, frv. (þskj. 503, 607, 668, 674). — 3. umr.

Afbrigði um brtt. 668 og 674, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var til 2. umr. óskaði ég eftir frestun á afgreiðslu brtt. frá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni í krafti þess að málið yrði athugað nánar. Ég get glatt hv. d. með því, að ég hef eftir viðræður við iðnrh. fengið heimild hans og móralskan stuðning til þess að flytja brtt. um lækkun á þeirri tilvonandi hækkun á þessu gjaldi sem í frv. felst, og flyt á þskj. 674 till. um að í stað tölunar 1.5% í 1. lið 9. gr. frv. komi 1.2%. Talan 1.2 er miðuð við yfirlit frá Orkustofnun um rekstrarkostnað og tekjur Rafmagnseftirlits ríkisins árin 1980 og 1981. Samkv. þeirri áætlun ætti þessi viðmiðun, 1,2% af heildartekjum þeirra sem vísað er til í 1. lið gr., að nægja til þess að standa straum af nauðsynlegum kostnaði stofnunarinnar án þess að um rekstrarhalla verði að ræða. Vænti ég þess, að samstaða náist hér í hv. d. um þessa breyt. þótt flm. fyrri brtt. *kunni e. t. v. að vilja láta lækka þetta enn* frekar.

Þar að auki hef ég flutt á þskj. 668 samkv. beiðni iðnrn. brtt. við 3. lið 9. gr. Er ástæða þessarar brtt. sú, að orðalag 3. liðar 9. gr., eins og það er í frv., felur í sér að illframkvæmanlegt er að miða innheimtuna við þá aðferð sem þar er tilgreind. Er því gerð till. á þskj. 668 um að beita annarri aðferð sem raunhæfari á að vera. — Vænti ég þess, að hv. d. geti samþ. báðar þessar brtt. og frv. að öðru leyti.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um að sjá að hugmyndir mínar um það, að ekki þurfi að auka gjöld skv. 1. lið 9. gr. þessa frv., eru að vinna fylgi. Þó að menn séu ekki orðnir mér alveg sammála, þá mjókkar nú bilið óðum eftir þá brtt. sem fram hefur komið frá Ólafi Ragnari Grímssyni á þskj. 674. Þar er gert ráð fyrir að gjaldið, sem um er að ræða, verði 1.2%, í frv. er gert ráð fyrir að það sé 1.5%, en við hv. 5. þm. Reykv. höfum lagt til á þskj. 607 að þetta gjald verði 1%, þ. e. a. s. að það verði óbreytt frá því sem það er nú.

Ég hef áður fært rök fyrir því, að þetta gjald eigi að vera óbreytt, og skal ekki fjölyrða frekar um það. En till. sú, sem fram er komin á þskj. 668, styður og þau rök sem ég hef áður fært fyrir minni till. Eins og ég hef áður getið um, þá er það svo að tekjuliður Rafmagnseftirlits ríkisins samkv. 3. tölul. 9. gr. hefur ekki verið raunhæfur. Þessar tekjur hafa ekki verið innheimtar, en samt hafa þessir tekjustofnar Rafmagnsveitna ríkisins dugað þolanlega. En þegar búið verður að samþ. brtt. Ólafs Ragnars Grímssonar á þskj. 668, sem ég mæli með að verði samþ., þá þykist ég vita að tekjuliður samkv. 3. tölul. 9. gr. verði hagnýttur. Þá er enn þá minni ástæða til þess að hækka tekjuliðinn samkv. 1. tölul. 9. gr. Ég mun því leggja áherslu á eins og áður og með sérstöku tilliti til brtt. á þskj. 668, að við samþ. það að gjaldið samkv. 1. tölul. hækki ekki. Mér sýnist einsætt að það sé óþarfi að samþ. þessa gjaldhækkun og það beri bara vitni um skattagleði, en ekki raunhæft mat á ástandinu.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, að sú skattagleði, sem hann telur að ríki í herbúðum stjórnarsinna, eigi einhvern þátt í þessu frv. Þetta frv. er af allt öðru tagi. Hér eru fyrst og fremst á ferðinni breytingar á mjög mikilvægri þjónustustarfsemi og eftirlitsstarfsemi í landinu og miðað er við að sú starfsemi standi undir sér miðað við þær tekjur sem þarna eru ákveðnar. Það má vel vera að erfitt sé að meta nákvæmlega hvað þurfi til þess að standa undir þessum rekstri. Það er þó nokkur breyting á því mati sem fólgin er í þeim brtt. sem ég hef flutt. Ég tel, að það sé erfitt að meta það nákvæmar en þarna er gert, og vil þess vegna styðja, eins og ég hef flutt hér brtt. um, að þetta verði 1.2%. Ef það kemur í ljós, sem hv. þm. Þorv. Garðar fullyrðir hér, að þetta dugi ríflega, þá get ég út af fyrir sig verið honum sammála um það síðar, þegar að því kemur, að það megi endurskoða þetta. En meðan svo er ekki tel ég réttara að hafa vaðið fyrir neðan sig í þessum efnum og gera á þessu þær breytingar, sem ég hef gert till. um, af þeim ástæðum sem ég rakti fyrr í ræðu minni. Að rugla þessu saman við þá skattagleði, sem ríkt hefur í okkar herbúðum, er mikill misskilningur. Við erum miklu stórtækari á því sviði þegar við á annað borð förum af stað.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það er ekki ástæða til þess að bendla þetta við skattagleði. Þetta orð hrökk út úr mér, ef svo mætti segja. En mér þykir vænt um athugasemdir hv. 3. landsk. þm. um þetta efni. Mér finnst þær bera vitni um að honum finnist að það sé ekkert æskilegt að vera haldinn skattagleði.

Ég notaði ekki þau orð, að þessar tekjur, sem ég geri ráð fyrir að verði óbreyttar, séu ríflegar. En ég vænti þess, að þær séu nægilegar og sérstaklega ef brtt. hv. 3. landsk. þm. á þskj. 668 verður samþ.

ATKVGR.

Brtt. 607 felld með 8:5 atkv.
Brtt. 674 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 668 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 96. fundur.

Fimmtudaginn 10. maí, að lokum 95. fundi.

Útvarpslög, frv. (þskj. 584). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 84. fundur.

Fimmtudaginn 10. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 547). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 475 (sbr. 62)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 684).

Lögræði, frv. (þskj. 199). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 685).

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 553). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 650 (sbr. 556)). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur verið samið af sérstakri nefnd sem sett var á fót á s. l. ári. Fyrrv. heilbr.- og trmrh., Matthías Bjarnason, hafði forgöngu um stofnun þeirrar nefndar og áttu í henni sæti Ingimar Sigurðsson deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri í félmrn., Ágúst Fjeldsted hrl., tilnefndur af menntmrh., og Jón Sævar Alfonsson skrifstofustjóri, tilnefndur af Landssamtökunum Þroskahjálp. Hér er um að ræða samstarfsnefnd þeirra þriggja rn., sem með þessi mál fara, svo og Landssamtakanna Þroskahjálpar, en aðildarfélög Þroskahjálpar eru 22. Nefndinni var falið að vinna að nýjum till. að frv. til heildarlaga um þroskahefta. Áður hafði verið samið frv. að forgöngu fyrrv. menntmrh., Vilhjálms Hjálmarssonar. Það frv. samdi sérskipuð nefnd sömu rn. og ég taldi upp hér að framan, en hvorki Þroskahjálp né önnur almenningssamtök áttu þar hlut að máli. Það frv. var aldrei lagt fram á Alþ. þar sem nokkur óánægja var með nokkur efnisatriði þess.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar umr. um málefni þroskaheftra, sérstaklega með hliðsjón af réttarstöðu þeirra, þ. e. a. s. jafnréttisstöðu. Hefur margt verið sagt og ritað um þau mál og hafa komið fram margvíslegar skoðanir um hvert stefna beri og hvernig leysa beri úr þeim vanda. Hinu opinbera hefur verið legið á hálsi fyrir úrræðaleysi og hefur jafnvel verið sakað um aðgerðaleysi. Ég ætla mér ekki að fara nánar út í þá sálma hér. En hvað sem um afskipti hins opinbera verður sagt á þessu sviði verður því ekki neitað að á síðustu áratugum, þó sérstaklega á síðustu árum, hefur ýmislegt gerst í þessum málum hér á landi, eins og glöggt kemur fram í þeirri grg. sem fylgir frv. þessu.

Hins vegar er engan veginn nægjanlegt að verja peningum til ákveðinna mála þegar á skortir yfirstjórn og samstjórn þeirra. Þótt margt hafi verið gert á þessu sviði og nokkurt fjármagn hafi verið veitt til þessara mála hefur skipulag ekki verið sem skyldi. Slíkt leiðir vitanlega til stefnuleysis og lélegrar nýtingar þeirra fjármuna er til þeirra er varið. Nú er yfirstjórn málefna þroskaheftra í höndum þriggja rn., að svo miklu leyti sem hægt er að tala um yfirstjórn. Þannig fer heilbr.- og trmrn. með vistunarmálefni þroskaheftra og almannatryggingamálefni, menntmrn. ferð með menntaþáttinn og félmrn. hefur með Styrktarsjóð vangefinna að gera og málefni er snerta endurhæfingu. Að öðru leyti hefur yfirstjórn þessara mála að mestu farið fram utan rn. og þá innan veggja hinna einstöku stofnana sem starfræktar hafa verið á þessu sviði. Þó þetta komi manni spánskt fyrir sjónir og sæti furðu er ekki við neinn sérstakan að sakast. Staðreyndin er einfaldlega sú, að samkv. gildandi lögum, t. d. um andlega þroskaheft fólk, fer aðalfávitahæli ríkisins, þ. e. a. s. Kópavogshælið, nánast með yfirstjórn þeirra mála og er þar um algera miðstýringu að ræða.

Á undanförnum árum hafa mörg félög áhugamanna verið stofnuð á þessum vettvangi. Er hér bæði um að ræða foreldrafélög, þ. e. a. s. hagsmunafélög, og félög áhugamanna. Foreldrafélögunum hefur ekki verið gefinn neinn lögvarinn réttur til að láta þessi mál til sín taka, þó vissulega snerti þau enga eins mikið. Lykillinn að

farsælli lausn hlýtur m. a. að byggjast á því, að samstarf takist við alla aðila og þá ekki síst þá sem hafa mestra hagsmuna að gæta.

Hin mikla umr., sem átt hefur sér stað um þessi mál á undanförnum árum, hefur að vonum lokið upp augum ekki eingöngu ráðamanna, heldur og almennings fyrir því að þroskaheftir hafa ekki búið við jafnrétti á við aðra. Virðast menn yfirleitt vera á þeirri skoðun, að slíkt jafnrétti verði ekki tryggt nema með sérstökum lögum. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir að við leysum slík mál ekki alfarið með löggjöf. Ég er þess fullviss, að sú umræða, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og hefur að mínu mati verið hispurslausari en oft áður, hefur leitt til þess að ýmsum fordómum hefur verið eytt — eða næstum eytt — hvað snertir þroskahefta og jafnframt að aðrir séu á hröðu undanhaldi.

Hér kem ég að mjög mikilvægu atriði sem ég vil sérstaklega minnast á, en það eru fordómarnir í sambandi við þessi mál. Ég er þess fullviss að okkur tekst ekki að ná fullnaðarárangri fyrr en tekist hefur að eyða öllum fordómum gagnvart þroskaheftum jafnframt því sem menn hætti að líta á málefni þeirra sem feimnismál. Því er hins vegar ekki að neita, að það tekur jafnvel mannsaldur að eyða fordómum og virðist oft mjög erfitt þrátt fyrir mikla fræðslu- og upplýsingastarfsemi. Lokaáfanginn hlýtur að verða sá, að menn líti á þessi málefni eins og hvern annan eðlilegan hlut, sem þau eru og verða vitanlega og við verðum að læra að lifa með.

Í framhaldi af þeirri miklu umræðu og þeim öru breytingum, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum, var það mat stjórnvalda að stefna bæri að því að setja heildarlöggjöf um þroskahefta. Nefnd þeirri, sem ég gat um áðan, var falið að gera till. að slíkri löggjöf og liggja till. fyrir í formi frv.

Nefnd sú, sem samdi frv., hóf störf í septembermánuði s. l. og lauk við það í ofanverðum marsmánuði. Nefndin tók þá stefnu í upphafi að kveða eingöngu á um það, sem hún kallar allra nauðsynlegustu hluti í frv., og leggur áherslu á að óþarfi sé að taka sérstaklega upp ákvæði um menntun þroskaheftra og um heilbrigðisþjónustu þroskaheftra, svo að dæmi séu tekin, þar sem slíkt sé nægjanlega tryggt í öðrum lögum.

Nm. eru í sjálfu sér þess meðvitandi, eins og við hljótum reyndar öll að vera, að lög sem þessi ættu að vera óþörf í þjóðfélagi sem byggir á lýðræðis- og jafnréttishugmyndum. Eins og allir vita geymir stjskr. sérstök mannréttindaákvæði. Grundvallaratriði mannréttinda eru jafn réttur allra. Jafnrétti er einn af hyrningarsteinum íslensks þjóðfélags. Reynslan hefur þó sýnt að þrátt fyrir mannréttindaákvæði stjskr. hefur reynst ómögulegt að tryggja öllum aðilum jafnan rétt án sérstakrar lagasetningar. Vil ég hér sem dæmi taka lög um jafnrétti kynjanna og lög um launjafnrétti. Þrátt fyrir ákvæði stjskr. var talin þörf á að setja þau lög. Það sama á við um þroskahefta. Okkur hefur ekki tekist að tryggja þeim jafnrétti þótt allir séu sammála um að þjóðfélaginu beri að hlúa að slíkum einstaklingum eftir bestu getu. Auk þessara atriða vil ég nefna reynslu annarra þjóða á þessu sviði. Norðurlandaþjóðirnar búa við sérlöggjöf, að vísu mismunandi víðtæka, og vil ég sérstaklega benda á fskj. með þessu frv. þar sem gerð er stutt grein fyrir gildandi löggjöf á Norðurlöndum. Hið sama má segja um íbúa Bretlandseyja og Bandaríkjanna. Til fróðleiks vil ég nefna það hér, að á það hefur reynt fyrir hæstarétti Bandaríkjanna hvort stjórnarskrá Bandaríkjanna tryggi þroskaheftum einstaklingum jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Niðurstaða hæstaréttar varð sú, að þjóðfélaginu bæri að veita þroskaheftum alla tiltæka aðstoð. Að fenginni þessari niðurstöðu voru sett sérlög um aðstoð við þroskahefta þar í landi.

Það frv., sem hér er til umr., hefur gengið í gegnum þó nokkurn hreinsunareld á meðan að því var unnið á vegum nefndarinnar. Með hliðsjón af því sá ég ekki ástæðu til þess að senda það sérstaklega til umsagnar eftir að mér var fengið það í hendur. Ég vil benda á að þau þrjú rn., sem að frv. stóðu, hafa öll fjallað um það og auk þeirra landlæknir og ýmsir aðrir sérfróðir aðilar. Landssamtökin Þroskahjálp hafa fjallað um frv. á fulltrúaráðsfundi. Þeir aðilar, sem hafa fjallað um þetta frv., eru flestir sammála um að verði það að lögum verði það til mikilla bóta. Þannig hafa Landssamtökin Þroskahjálp, sem í eru öll sérhagsmuna- og áhugafélög á þessu sviði, eins og áður segir, lýst ánægju sinni yfir frv. og heitið fullum stuðningi við það. Þó deila megi um nokkur efnisatriði og sjálfsagt megi betur gera virðist það samdóma álit flestra þeirra aðila sem um frv. hafa fjallað að lögfesta beri það sem fyrst.

Auk frv. og aths. við einstakar greinar eru mjög ítarlegar upplýsingar í frv. sem ég vil benda hv. þm. sérstaklega á að lesa vel þar sem nú er, að því er ég best veit, í fyrsta skipti, reynt að brjóta þessi mál til mergjar með því að taka saman yfirlit um þróunina undanfarin ár, frá því að farið var að sinna þeim sérstaklega í kringum 1930.

Hér á eftir ætla ég að ræða stuttlega um stöðu þessara mála nú og gera grein fyrir nokkrum nýmælum, sem fólgin eru í frv.

Löggjöf um þroskahefta er í reynd ákaflega fáskrúðug hér á landi. Einu heildarlögin á þessu sviði eru lög nr. 53 frá 1967, um fávitastofnanir, en þau lög snerta andlega þroskahefta einstaklinga. Þau lög fjalla um fávitastofnanir og vistmenn þeirra, en auk þess um skiptingu á fræðsluskyldu milli heilbrigðisyfirvalda og fræðsluyfirvalda þegar í hlut á andlega vanþroskað fólk, og enn fremur er fjallað um heimild til að veita félagslega aðstoð. Samkv. þessum lögum ber að reka eitt ríkishæli, aðalfávitahæli ríkisins, og á það að skiptast í deildir. Þannig er um að ræða hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli.

Þótt ekki séu liðin nema 12 ár frá gildistöku laganna hefur þróunin verið svo hröð á undanförnum árum að nú eru þau að flestra mati úrelt orðin. Eins og glöggt kemur fram leggja þessi lög áherslu á svokallaða „sentraliseringu“ eða — eins og við köllum það á íslensku — miðstýringu. Í nágrannalöndunum hefur svonefnd „normalisering“ rutt sér mikið til rúms og verður að teljast ríkjandi stefna nú. Með „normaliseringu“ er átt við að reynt er að aðlaga þroskahefta einstaklinga sem mest venjulegu lífi þannig að þeir lifi í sambandi við aðra þjóðfélagsþegna.

Samkv. gildandi lögum um fávitastofnanir er hlutverk aðalhælisins að veita öllum hælisþurfandi fávitum viðtöku, rannsaka andlegt og líkamlegt ástand þeirra, ákveða tiltæka læknislega og uppeldislega meðferð og sjá um, að þeir fái hana undir eftirliti aðalhælisins. Hér er sú skylda lögð á ríkið, að það veiti öllum hælisþurfandi fávitum viðtöku. Lausnin er samkv. lögunum að ýta hinum þroskaheftu einstaklingum inn á stofnanir. Slík ákvæði samrýmast ekki nútímaviðhorfum manna við

þessum málum. Auk þess vilja menn fara mjög varlega í að ákveða einni stofnun algerlega að dæma um hverjir teljist hælisþurfandi og hvaða meðferð og hvers konar vistun skuli veita. Samkv. lögum dæmir forstöðumaður aðalhælis hvort vistun sé nauðsynleg og hvar viðkomandi sé vistaður. Hversu góður sem slíkur maður er og hversu góð sem slík stofnun er er slíkum aðilum enginn greiði gerður með því að setja þá í dómarasæti.

Ég hef hér að framan reynt að gera grein fyrir nokkrum ákvæðum þeirra einu heildarlaga, sem gilda um þroskahefta hér á landi. Eins og þið hafið eflaust tekið eftir samrýmast þau ákvæði ekki nútímahugmyndum um aðstoð þjóðfélagsins á þessu sviði. Ég ætla mér ekki að taka fyrir fleiri ákvæði þeirra laga hér, en þetta sýnir glöggt að nauðsyn nýrrar löggjafar er mjög brýn. Það er engum til hagsbóta að breyta ekki gildandi löggjöf í samræmi við það sem við teljum rétt.

Að öðru leyti en því, sem ég hef greint frá hér að framan, eru skyldur hins opinbera ákaflega litlar samkv. gildandi lögum um fávitastofnanir. Engin skylda er samkv. lögunum um að önnur hæli eða aðrar stofnanir en aðalfávitahæli skuli rekin fyrir vangefið fólk. Þannig hefur löggjafinn ekki myndað neina stefnu um hvers konar stofnanir skuli reknar á þessu sviði, en í þessu frv. er lögð þungamiðja á það atriði.

Að sönnu snerta mörg lög þroskahefta á einn eða annan hátt. Flestum er það þó sameiginlegt að þau fjalla jafnframt um aðra þjóðfélagsþegna og um aðstoð sem þjóðfélagið kýs að veita þeim. Hér á ég vitanlega fyrst og fremst við almannatryggingalög, lög um grunnskóla, lög um heilbrigðisþjónustu og lög um endurhæfingu, svo að dæmi séu tekin. Reynt er í frv. að fara sem allra minnst inn á svið þeirra laga sem ég taldi upp hér að framan, enda eiga þau samkv. orðanna hljóðan að tryggja réttindi jafnt fyrir þroskahefta sem aðra.

Nýmæli þessa frv. eru mörg. Ég vil hér á eftir reyna að gera grein fyrir þeim í stuttu máli, þar sem þau lýsa í sjálfu sér ástandi mála best eins og það er nú.

Lagt er til að kveðið verði á um markmið þessara laga en það er samkv. frv. að tryggja þroskaheftum sömu réttindi og öðrum þjóðfélagsþegnum. Slík jafnréttisákvæði eru í sjálfu sér engin nýmæli í íslenskri löggjöf, eins og ég hef rætt um áður. Hins vegar er það nýmæli að kveðið sé á um sérstakt jafnrétti þroskaheftra við aðra þjóðfélagsþegna. Þetta ákvæði er fyrst og fremst fram komið þar sem talið er skorta á réttindi þroskaheftra hér á landi, og því verður ekki neitað, að löggjafinn hefur lítið gert til þess að bæta úr því til þessa dags. Þau réttindi, sem fyrst og fremst er átt við hér, eru þau sem ekki eru tryggð með öðrum lögum. Markmiðið er því fyrst og fremst að tryggja þeim, sem ekki njóta sérstakra laga, en þurfa á aðstoð að halda, jafnan rétt.

Nú liggur ljóst fyrir að ákveðnum hópum þroskaheftra, eins og við skýrum það orð í rýmstu merkingu, er miklu betur borgið frá löggjafans hendi en öðrum. Margir eru í nokkurri aðstöðu til að knýja á um réttindi meðan aðrir verða algerlega að treysta á aðstoð. Það eru ekki síst þeir sem ekki geta barist fyrir málum sínum sjálfir sem þurfa á lögum sem þessum að halda til þess að jafnrétti þeirra verði tryggt. Það fólk, sem fyrst og fremst er um að ræða, er andlega þroskaheft fólk. Það er líka ekki síst á því sviði sem lög skortir. Ég held að það hljóti að vera samdóma álit okkar flestra, að slíkir hópar geti aldrei orðið þrýstihópar í venjulegum skilningi þess orðs. Til þess liggja eiginfaldar ástæður. M. a. þess vegna tel ég nauðsynlegt að kveða á um vissa lágmarksaðstoð.

Í frv. er lagt til að orðið þroskaheftur verði skilgreint, en slíkt hefur ekki verið gert í lögum. Í sjálfu sér orka slíkar skilgreiningar alltaf tvímælis, en sú leið var valin hér að skýra orðið þroskaheftur rúmri skýringu. Þannig er ætlast til þess að orðið nái yfir alla hópa þroskaheftra sem taldir eru þurfa aðstoðar þjóðfélagsins í einni mynd eða annarri. Ég geri mér fyllilega grein fyrir að skýringin kann að valda deilum vegna þess hversu rúm hún er. Ég taldi sjálfur ekki ástæðu til að fetta fingur út í þetta, þar sem ég taldi að vel athuguðu máli að ætti frv. að ná tilgangi sínum og girða endanlega fyrir þann leka, sem hér hefur verið, þyrfti það að ná til allra þeirra aðila sem hugsanlega þyrftu á aðstoð að halda. Séu fyrir hendi sérstök lög fyrir einstaka hópa kemur vitanlega ekki til að beita þurfi þessari löggjöf gangi hin lögin lengra.

Gert er ráð fyrir ákveðinni yfirstjórn málefna þroskaheftra. Auk þess er kveðið skýrt á um verkefnaskiptingu milli þeirra þriggja rn. sem með málefni þeirra fara og hljóta eðli málsins samkv. að fara með þau áfram. Gert er ráð fyrir samvinnu innan svokallaðrar stjórnarnefndar, en til þessa dags hefur engin föst samvinna verið fyrir hendi.

Eins og ég greindi frá í upphafi máls míns hefur eitt stærsta vandamálið í sambandi við málefni þroskaheftra verið hve mjög hefur skort á alla samstjórn. Að svo miklu leyti sem rn. þrjú, þ. e. a. s. heilbrrn., félmrn. og menntmrn., hafa ekki farið með slíka stjórnun hefur hún verið mjög lítil og oft og tíðum handahófskennd og hefur þá farið fram utan rn. Hér er hins vegar lagt til að félmrn. fari með stjórn þessara mála að svo miklu leyti sem þau snerta ekki sjúkradeildir og fræðslu. Í sjálfu sér má endalaust deila um hvar slík yfirstjórn eigi að vera, en ég held að nú séu þessi mál fyrst og fremst skoðuð sem félagsmál, en ekki eins og áður sem hrein og bein vistunarmál, þ. e. að lausnin væri fólgin í að koma viðkomandi einhvers staðar á stofnun.

Gert er ráð fyrir að sérstök deild innan félmrn. sinni þessum málefnum. Stjórnunarnefndinni, sem í eiga sæti fulltrúar frá viðkomandi þrem rn., er ætlað að samræma allar aðgerðir og ráðstafanir í sambandi við þjónustu og vitanlega að koma í veg fyrir að skörunarmálefni leiði til margra úrlausna hvert í sínu horni.

Frv. gerir ráð fyrir vissri svæðaskiptingu að því er málefni þroskaheftra varðar. Gert er ráð fyrir sérstökum svæðisstjórnum á þessum svæðum, en samkv. frv. eru svæðin átta. Svæðisstjórnum er ætlað að fara með þessi mál í héraði. Sú svæðaskipun, sem hér um ræðir, er hin sama og kjördæmaskipanin, fræðsluskipanin og læknishéraðaskipanin. Með svæðum og svæðisstjórnum er ætlað að færa málefni þessi sem mest út í héruðin, þannig að frumkvæðið verði hér eftir sem mest í viðkomandi héruðum og þar fari fram sem fjölbreyttust þjónusta. Hér er um að ræða svokallaða „desentraliseringu", þ. e. a. s. að dreifa valdinu sem mest út um byggðir landsins, í mótsetningu við núgildandi kerfi sem byggir á miðstýringu.

Gert er ráð fyrir að í svæðisstjórnum eigi sæti fræðslustjórar og héraðslæknar, auk þriggja annarra aðila þar sem viðkomandi sveitarfélög og foreldrasamtök hafi tilnefningarrétt. Hér er því enn fremur verið að ýta undir að þeir aðilar, sem þessi mál varða, hafi einhvern afskiptarétt.

Í frv. er drepið á þá þjónustuþætti sem talið er nauð-

synlegt að hafa eigi lögin að ná tilgangi sínum. Gert er ráð fyrir að sú þjónusta verði sem mest veitt í almennum stofnunum þjóðfélagsins og má þar sem dæmi nefna heilsugæslustöðvar og skóla. Það er skoðun þeirra, sem best þekkja til, að verði rétt að framtíðarskipulagningu þessara mála staðið sé ekki nokkur vafi á að tengja megi þessa starfsemi við þá þætti heilbrigðisþjónustu, mennta- og félagsþjónustu sem fyrir hendi er eða verið er að koma á fót.

Ég hef bent á hina öru og miklu uppbyggingu heilsugæslustöðva í landinu. Ekki er nokkur vafi á að þær stöðvar geta lagt þung lóð á vogarskálarnar. Sé þannig staðið að málum ætti kostnaður að verða óverulegur og í sjálfu sér enginn þröskuldur. Svo kann að fara að svæði sameinist um þjónustu og er þá gert ráð fyrir að ráðh. geti sett um slíkt reglugerð. Þannig er gert ráð fyrir að hægt sé að samnýta þann starfskraft, sem fyrir hendi er á þessu sviði, og aðra möguleika til úrbóta. Hvernig þetta tekst er vitanlega allt undir framtíðarskipulaginu komið. Ég tel hins vegar að með því að koma á slíkum svæðisstjórnum og öruggri yfirstjórn innan stjórnarráðsins eigi að vera hægt að standa þannig að þessum málum í framtíðinni að hagræðis sé gætt í hvívetna.

Meðal nýmæla frv. eru ákvæði um tilkynningarskyldu. Lagt er til að lögfest verði viss tilkynningarskylda, þannig að þeim aðilum, sem annast t. d. mæðraskoðun, heilsufarsskoðanir og því um líkt, verði gert skylt að fylgjast með andlegu og líkamlegu atgervi þeirra, sem þeir skoða, og tilkynna foreldrum og svæðisstjórn, eftir því sem við á, um grun um þroskaheftingu o. s. frv. Það er hald manna sem til þekkja að nái þessi ákvæði tilgangi sínum verði hægt að draga stórlega úr hættunni á þroskaheftingu. Ég vil sérstaklega benda á þá öru þróun, sem orðið hefur á rannsóknum á fósturskeiði á undanförnum árum, og bendi þá sérstaklega á legvatnsrannsóknir. Nú eru svo mörg tiltæk ráð til þess að koma í veg fyrir þroskaheftingu eða stórlega minnka hana að ákvæði um slíka tilkynningarskyldu eru mjög brýn. Nú hvílir engin skylda á þeim aðilum, sem framangreindar skoðanir annast, að tilkynna slíkt, jafnvel þó að grunur sé fyrir hendi. Hins ber þó að geta, að þeir, sem annast þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar, telja slíka skyldu siðferðislega. Þótt vitanlega megi segja að með slíku sé verið að hlutast til um einkamál manna verður að játa að hér er um svo mikla hagsmuni að ræða, ekki bara fyrir einstaklingana sjálfa, heldur og þjóðfélagið, að neyta verður allra ráða til að koma í veg fyrir þroskaheftingu eða minnka hana sem frekast er unnt. Þess vegna er nauðsynlegt, sé grunur um þroskaheftingu á rökum reistur, að viðkomandi svæðisstjórn láti greiningarstöð ríkisins í té allar upplýsingar svo að hún geti tekið afstöðu til frekari rannsókna. Í þeim tilvikum, þegar slíkur grunur er ekki á rökum reistur, er í sjálfu sér þarflaust að senda upplýsingar til greiningarstöðvar, og er reyndar ákvæði þess efnis að eyða beri öllum upplýsingum í slíkum tilvikum.

Frv. gerir ráð fyrir að við reglulegar heilsufarsskoðanir, sem eru óvíða eins nákvæmar og hér á landi, skuli sérstaklega gefa gaum að líkamlegu og andlegu atgervi barna. Nauðsynlegt er, að slíkar skoðanir nái til sem flestra þátta, hvort sem þeir snerta andlega eða líkamlega heilbrigði. Nú er unnið að skipulagningu heilsufarsskoðana barna fyrir næstu framtíð. Er því auðvelt að koma þessu í lag og reyndar sjálfsagt að rík áhersla sé lögð á þagnarskyldu þeirra sem starfa að tilkynningarskyldunni. Slík þagnarskylda verður aldrei brýnd nógu oft fyrir þeim sem hana bera, og er sérstök ástæða til að gera það hér þar sem þessi mál er mjög viðkvæm.

Í frv. er lagt til að sett verði á laggirnar sérstök stofnun, greiningarstöð ríkisins. Slíkri stofnun yrði fyrst og fremst ætlað að annast rannsóknir og greiningu á þroskaheftum ásamt því að vísa viðkomandi til meðferðar aðila, veita foreldrum ráðgjöf o. s. frv. Nauðsynlegur þáttur í velferðarmálum þroskaheftra er rétt greining. Slík greining verður ekki gerð nema að undangenginni nákvæmri rannsókn og greiningarstofnun ríkisins ætlað það hlutverk. Þannig er ætlunin að tryggja sem best að ekki komi til þess að tekin verði ákvörðun um óþarfa eða beinlínis ranga vistun. Gert er ráð fyrir að þessi stofnun verði algerlega sjálfstæð og óháð öðrum stofnunum, enda ekki heldur gert ráð fyrir að hún beri neinn ægishjálm yfir aðra hvað snertir ákvarðanatöku.

Nú fer greining eftir vitsmunaþroska fram á tveim stöðum, þ. e. a. s. í sérfræðideild Öskjuhlíðarskóla og að Kópavogshæli, við göngudeildina þar. Sé um að ræða ákvörðun um vistun á hæli annast Kópavogshælið slíka greiningu, en sé um að ræða vistun á fræðslustofnun sér Öskjuhlíðarskólinn um slíka greiningu. Tvískipting er algerlega út í bláinn og dreifir um of starfskröftum þeirra fáu starfsmanna sem við höfum á þessu sviði. Ber því að vinna að því, að núverandi greiningarstarfsemi sameinist sem allra fyrst. Gerir frv. þetta ráð fyrir, að svo verði, með ákvæðum um rekstur greiningarstöðvar ríkisins.

Í frv. er kveðið á um að veita skuli þroskaheftum þjónustu á almennum stofnunum að svo miklu leyti sem unnt er, þ. e. a. s. aðaláherslan er lögð á þjónustu á almennum stofnunum. Til að tryggja að svo megi verða eru nýmæli í frv. sem kveða á um að búa skuli þannig að almennum stofnunum að þeim sé kleift að annast slíka þjónustu. Á undanförnum árum hefur mjög verið rætt um skilningsleysi yfirvalda við skipulagningu og hönnun opinberra bygginga með það fyrir augum að allir þjóðfélagsþegnar geti nýtt slíkt. Með því að lögfesta ákvæði sem þessi ætti því að vera bætt úr brýnni þörf.

Í frv. er fjallað um þær stofnanir sem nauðsynlegar eru til að gera þroskaheftum mögulegt að ná þeim þroska sem mannlegur máttur stendur til. Slíkar stofnanir eru eitt af grundvallaratriðum velferðarmála þroskaheftra og reyndar í órofa tengslum við farsæla lausn þessara mála. Með frv. er mörkuð viss stefna í þeim málefnum, þannig að taldar eru upp þær stofnanir sem nauðsynlegar eru taldar til að sinna þessum málum. Ætlunin er í framtíðinni að aðgreina slíkar stofnanir sem mest og skipta þeim sem mest eftir sérverkefnum, þannig að ekki komi til að um verði að ræða allt of stórar stofnanir sem fengjust við marga ólíka þætti. Það, sem umfram annað ber að forðast, er að reisa of mikla yfirbyggingu á hverjum stað. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um þessar stofnanir hér, þeim er vel lýst í frv. sjálfu svo og í aths. með því.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir nýju fyrirkomulagi varðandi umsóknir um þjónustu og vistun þroskaheftra. Gert er ráð fyrir að svæðisstjórnir heimili vistun að höfðu samráði við forstöðumann viðkomandi stofnunar. Þannig ber að senda viðkomandi svæðisstjórnum, þ. e. a. s. þess svæðis sem viðkomandi stofnun er í, umsóknir. Gert er ráð fyrir að foreldrar eða forráðamenn geti sótt um vistun á hvaða stofnun sem er, annaðhvort eftir tilvísun greiningaraðila eða þá að eigin frumkvæði, og telji

viðkomandi sveitarstjórn og forstöðumaður slíka vistun rétta geti þeir samþykkt hana. Komi upp ágreiningur sker samstarfsnefnd hinna þriggja rn. úr og má áfrýja þeim úrskurði til ráðh. Að svo miklu leyti sem lög fjalla um vistun á stofnun, en það á eingöngu við um vistun á fávitastofnunum, er ákvörðunarvald í höndum forstöðumanns fávitahælisins, eins og ég hef gert grein fyrir að framan. Það fyrirkomulag, sem stungið er upp á í frv., er á allan hátt eðlilegt og kæmi í stað fyrirkomulags sem gengið hefur sér til húðar.

Í frv. eru sérstök ákvæði sem tryggja eiga að þeir aðilar, sem ekki njóta kennslu eða þjálfunar utan heimilis, eigi að fá slíka kennslu og þjálfun ókeypis. Þau ákvæði eiga að tryggja að þroskaheftir, sem einhverra hluta vegna njóta ekki þeirrar almennu þjónustu sem fyrir hendi er og lög gera ráð fyrir, verði ekki út undan.

Eins og fram hefur komið var ekki ætlunin í frv. þessu að fjalla um fræðsluþáttinn almennt, þar sem honum á að vera vel borgið í almennum lögum. Ákvæðið, sem ég nefndi áðan, er fyrst og fremst sett til öryggis. Þannig hefur aldrei komið til þess að þroskaheftir einstaklingar njóti ekki kennslu eða þjálfunar, þótt óviðráðanlegar ástæður komi í veg fyrir að þeir njóti slíks í samræmi við gildandi lög, þ. e. a. s. almenn lög. Það kæmi einkum til greina að beita þyrfti þessu ákvæði ef um væri að ræða eistakling sem erfitt væri að flytja á milli svæða eða á milli staða. Það væri hins vegar í hreinum undantekningartilfellum sem grípa þyrfti til slíks.

Eitt veigamesta nýmælið í þessu frv. að margra dómi eru ákvæði þess efnis að framfærendur þroskahefts einstaklings, sem eingöngu dvelst í heimahúsum og þarfnast umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar að höfðu samráði við greiningarstöð ríkisins, eigi rétt á aðstoð. Þetta ákvæði er í sjálfu sér ekki nýmæli þó að þetta sé í fyrsta skipti sem slík skylda er lögð á herðar hinu opinbera með lögum. Nýmælið er um að kjósi framfærendur sjálfir og séu þeir til þess hæfir að annast slíka þjónustu sé heimilt að veita aðstoð með peningagreiðslum. Þetta ákvæði brýtur í blað í velferðarmálum þroskaheftra nái það fram að ganga, þar sem forráðamönnum þroskaheftra einstaklinga yrði gert auðveldara að annast sjálfir þessi störf.

Það er löngu vitað mál að t. d. foreldrar þroskaheftra einstaklinga hafa átt í miklum erfiðleikum með að annast börn sín sjálfir vegna þess að þjóðfélagið hefur veitt litla aðstoð til slíks og beinlínis ýtt á eftir því að börnin væru vistuð á stofnunum, sbr. það sem áður sagði um gildandi löggjöf. Samkv. gildandi almannatryggingalögum er heimilt að veita foreldrum slíkra einstaklinga örorkustyrk sem nú er rúmar 40 þús. kr. á mánuði. Sú upphæð gerir engin kraftaverk. Lagt er til samkv. frv. að þetta gjald verði miðað við hálft daggjald á meðalstofnun samkv. 4. gr. frv. Mundi það nema, gróft út reiknað miðað við núverandi verðlag, 100—120 þús. kr. á mánuði. Slík greiðsla gæti komið því til leiðar að foreldrar óskuðu fremur að annast börn sín sjálfir en að senda þau á stofnun, jafnframt því sem þeim yrði gert slíkt kleift. Þetta fyrirkomulag hefur verið reynt erlendis, en gefist misjafnlega. Ég vil hins vegar geta þess sérstaklega, að þau skilyrði, sem sett eru í ákvæðum þessa frv., eru miklu strangari en er í lögum annarra þjóða um slík mál. Ég tel því ekki ástæðu til að ætla að þetta gefi slæma raun að óreyndu. Sú skipan, að reyna að hafa áhrif á að foreldrarnir annist börn sín sjálfir, eins og þetta ákvæði stefnir ótvírætt að, er þáttur í þeirri „normaliseringu" sem verið hefur efst á baugi í sambandi við málefni þroskaheftra undanfarið, þ. e. a. s. að aðlaga þau sem mest hinu daglega lífi.

Hér að framan hef ég getið um nýmæli í frv. og reynt í stuttu máli að gera grein fyrir stefnumörkun þess. Ýmis önnur ákvæði frv., sem í sjálfu sér teljast ekki nýmæli, skipta það miklu máli að ég tel nauðsynlegt að fara um þau nokkrum orðum. Þannig er gert ráð fyrir að viðkomandi rn. fjalli um rekstrarleyfi stofnana eftir því hvers konar starfsemi fer þar fram. Þannig mun heilbr.- og trmrn. veita leyfi til rekstrar göngudeildar og hjúkrunardeilda og menntmrn. til rekstrar skóladagheimila og deilda tengdra dagvistunarstofnunum og leikskólum. Félmrn. mun veita leyfi til rekstrar annarra heimila, en þau eru flest ekki til nú. Gert er ráð fyrir að öðrum en hinu opinbera sé heimilt að reka heimili á þessum vettvangi eftir nánari reglum, og er það sérstaklega ítrekað í frv. til þess að það fari ekki á milli mála, þó að meginábyrgðin sé, eins og fram hefur komið, lögð á skyldur hins opinbera. Í frv. er ákveðið um skyldur ríkisins til að tryggja þroskaheftum ókeypis vist á þeim stofnunum sem þeim eru ætlaðar sérstaklega.

Hvað snertir allar almennar stofnanir gilda um þroskahefta söuu reglur og um aðra. Sem dæmi má nefna að sé þroskaheftur einstaklingur vistaður á venjulegu dagvistunarheimili er ætlast til að um hann gildi sömu reglur og um aðra, þ. e. a. s. forráðamenn greiði fyrir slíkt barn eins og aðrir. Hvað snertir allar sérstofnanir er hins vegar ætlast til að vistun sé algerlega ókeypis.

Sérákvæði er í frv. þess efnis, að flutning til og frá þjónustustofnun skuli greiða sem hluta af rekstrarkostnaði viðkomandi stofnunar. Hefur verið mikið á reiki hvernig líta beri á slíkan kostnað. Þannig hefur flutningur þroskaheftra barna og unglinga á skyldunámsstigi verið greiddur sem rekstrarkostnaður, þ. e. a. s. kostnaður við fræðslu, en annar kostnaður, t. d. í sambandi við ferðir þroskaheftra einstaklinga til og frá dagvistunarstofnunum, hefur ekki verið greiddur. Hér þarf að koma á samræmingu og er ákvæði í frv. þess efnis.

Hvað snertir kostnað vegna rekstrar þeirra stofnana, sem taldar eru upp í frv., er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 85% vegna allra stofnana annarra en sjálfseignarstofnana og sveitarfélögin greiði 15%. Er þetta í samræmi við ákvæði í almannatryggingalögum um sjúkratryggingar. Hvað snertir sjálfseignarstofnanir er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi og nú er, þ. e. a. s. daggjaldafyrikomulagi, og gert er ráð fyrir að stjórnarnefnd í samráði við daggjaldanefnd sjúkrahúsa samkv. almannatryggingalögunum ákveði það gjald. Fer um slíkar greiðslur eins og áður, gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi.

Í ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir, þrátt fyrir að gildistaka sé miðuð við n. k. áramót, að þegar í stað verði hafist handa við stofnun deildar innan félmrn. og skipað verði í stjórnarnefnd og svæðisstjórnir. Þetta ber allt að sama brunni: ætlast er til að aðilar hefji störf sem fyrst er undirbúi gildistöku laganna þannig að lögin taki í raun og veru gildi um áramótin næstu.

Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að fjalla frekar um efnisatriði þess frv. sem hér liggur frammi, enda er mál mitt orðið nokkuð langt. Í stað þess vísa ég til frv. sjálfs og þeirra ítarlegu upplýsinga sem með því fylgja, um leið og ég þakka þeirri nefnd, sem samdi frv., fyrir vel unnin

störf. Ég vænti þess, að félmn. Nd. — þessarar hv. d. — vinni eins vel við frv. og félmn. hv. Ed. hefur gert, sem afgreiddi málið á örfáum dögum, og þó að langt sé orðið liðið á þingtímann geri ég mér vonir um að það fái afgreiðslu fyrir þinghlé þar sem þessi mál hafa að undanförnu verið mikið rædd, bæði hér innan veggja og utan. Ég tel löggjöf á þessu sviði mjög brýna og því allt til vinnandi að koma henni á fót sem allra fyrst. Ég minni á að þeir aðilar, sem hafa fjallað um þetta frv., hafa flestir lýst yfir ánægju sinni með efnisatriði þess Enn fremur minni ég á að ekki er gert ráð fyrir gildistöku fyrr en um áramót n. k. Góður tími vinnst því til að vinna að skipulagningu í millitíðinni, auk þess sem tími vinnst til að gera fjárhagsáætlanir, m. a. með hliðsjón af fjármögnun ríkisins á komandi fjárlagaári.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði fram í þessari hv. d. frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja, eins og hv. þm. þekkja, og d. hefur afgreitt það til Ed. Félmn. Ed. hefur á þskj. 630 tekið öll helstu efnisatriði þess frv. upp í það frv. sem hér er til umr. og er það vissulega vel. Tekjuöflunarleiðum frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja hefur þó verið breytt að verulegu leyti frá því sem þar var gert ráð fyrir.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. hv. deildar með ósk um jafskjóta afgreiðslu og frv. fékk frá Ed. Einnig legg ég til að því verði vísað til 2. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., til l. um aðstoð við þroskahefta er stjfrv. og kemur frá Ed. í nokkuð breyttum búningi frá því að það var lagt fram. Það, sem gerst hefur, er, eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir, að annað frv. til l., um Framkvæmdasjóð öryrkja, sem flutt var í hv. Nd. fyrr á þessum vetri, hefur að talsverðu leyti verið sameinað þessu frv., fellt inn í það, og þannig kemur frv. nú aftur til þessarar þd. Hér er um að ræða mjög merkilegt félagsmál, velferðarmál sem ég geri ráð fyrir að þm. séu yfirleitt sammála um að þurfi að gera úrbætur á. En eins og ég gat um áður er frv. nú breytt að því leyti til, að gert er ráð fyrir að sérstakt framlag úr ríkissjóði renni til nýs sjóðs, Framkvæmdasjóðs öryrkja, og segir í frv., eins og það kemur frá Ed. að tekjur sjóðsins skuli vera: Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til a. m. k. 1 milljarð kr. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni.

Ástæða er til í þessu sambandi að minna á að nýlega hefur Alþ. samþ. lög um stjórn efnahagsmála o. fl. sem öðlast þegar gildi og er kveðið á um það í 8. gr. þeirra laga, að fyrir lok þessa árs skuli ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar og kannað að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verði framvegis ákveðin með fjárlögum ár hvert og í áætlun með fjárlagafrv. næstu þrjú árin eftir lok hvers fjárhagsárs.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl., að á þessu ári skuli ákvarðanir í ríkisfjármálum við það miðaðar að heildartekjur og útgjöld á fjárlögum haldist innan þeirra marka sem svara til 30% af vergri þjóðarframleiðslu. Síðan segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Svipað markmið skal gilda fyrir árið 1980.“ — M. ö. o. hafa menn markað þá stefnu að binda sig við um 30% af vergri þjóðarframleiðslu með tekjuöflun til ríkissjóðs.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir í lögum um stjórn efnahagsmála, að kostnaðarmat á tillögum frv., sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, skuli liggja fyrir frá fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Það, sem mér finnst galli á meðferð þessa máls er ekki að frv. skuli verða samþ. um aðstoð við þroskahefta, heldur hitt, að ekki skuli jafnhliða rætt um hvernig á að standa að fjáröflun sem nemur 1 milljarði kr. ofan á það sem fyrir er. Það eru í raun og veru afleitir starfshættir á Alþ. að ekki skuli vera miklu vandaðri umræða og tillögugerð um báða þætti málsins, bæði útgjaldaþáttinn og einnig tekjuöflunina, og það sé tekið til umr. jöfnum höndum hvernig á að mæta útgjöldum, sem menn eru sammála um að stofna til, og að hve miklu leyti. Ég held að slíkt væri eðlilegt.

Ég tók ekki eftir því hvaða hæstv. félmrh. lagði til um n. í þessu sambandi. En eins og frv. er í núverandi búningi er gert ráð fyrir miklum viðbótarútgjöldum ríkissjóðs. Þess vegna er e. t. v. eðlilegt að vísa málinu til fjh.- og viðskn. Ég tók þó ekki eftir því hvaða till. hæstv. félmrh. gerði um það.

Án þess að ræða málið nánar vil ég vekja athygli hv. þm. á þessu: Ég hef ekki sérstöðu í þessu máli. Ég er fylgismaður málsins og flokkur minn. En ég vil aðeins vekja athygli á að þegar verið er að taka ákvarðanir um lögbundin útgjöld úr ríkissjóði er eðlilegt að ræða með hverjum hætti á að standa að fjáröflun. Nú er það svo, eins og ég gat um áður, að gert er ráð fyrir að fyrir lok þessa árs skuli ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar. Hér er að sjálfsögðu verið að víkja frá þeirri stefnu sem kemur fram í þeim lögum. Það hefur verið talað mikið fyrir því á hv. Alþ. í vetur og raunar áður, að æskilegt væri að draga úr mörkuðum tekjustofnum í lögum til að fjárlög ríkisins verði notuð í vaxandi mæli sem hagstjórnartæki, m. a. í baráttunni við þá illvígu verðbólgu sem við eigum við að stríða. Málsmeðferð með þessum hætti gengur að sjálfsögðu á svig við þá stefnu.

Ég er ekki með tillögugerð í þessu máli, en sem fjmrh. taldi ég nauðsynlegt að láta þessi sjónarmið koma fram og vekja á þeim athygli. Ég er ekki heldur með till. um að vísa þessu máli til fjh.- og viðskn. nema hæstv. félmrh. fallist á það. En ég tel slíkt eðlilegt með tilliti til þess að verið er að binda ríkissjóði bagga, hvorki meira né minna en 1 milljarð, og til viðbótar er verið að verðtryggja það framlag til næstu ára. Því er í raun og veru nauðsynlegt að sú hlið málsins fái athugun í fjh.- og viðskn. Ég tel það eðlilegt, eins og frv. birtist nú fyrir þessari hv. þd., en ég er ekki með till. um það nema hæstv. félmrh. fallist á það sjónarmið.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni og fyllsta stuðningi við það frv. sem hér liggur fyrir um aðstoð við þroskahefta. Hér er, eins og fram hefur komið, um heildarlöggjöf að ræða, sérstaklega að því er varðar ýmis félagsleg málefni, en fjallar ekki sérstaklega um sérkennslu eða endurhæfingu þar sem þau málefni ættu að vera vel tryggð, a. m. k. að því er varðar löggjöf um sérkennslu þroskaheftra, með samþykkt grunnskólalaganna, þó þeim hafi ekki verið framfylgt eins og grunnskólalögin gera ráð fyrir vegna skorts á

fjármagni til þeirra mála, eins og öllum hv. þdm. ætti að vera kunnugt eftir þær umr. sem fram hafa farið um þau mál á þessu þingi í umr. um Framkvæmdasjóð öryrkja og óþarfi ætti að vera að rekja nánar. En hvers vegna sérstaka heildarlöggjöf um félagsleg málefni þroskaheftra? Í fljótu bragði ætti að vera óþarfi í lýðræðis- og velferðarríki að setja löggjöf er varðar þroskahefta, svo sjálfsagt ætti að vera að slíkt félli undir almenn lög. Auðvitað er vitað mál að þroskaheftir þurfa á meiri aðstoð að halda í þjóðfélaginu en aðrir þegnar landsins, en hana ætti að vera sjálfsagt að veita án slíkrar sérstakrar löggjafar. En því miður sýnir reynslan okkur, ekki aðeins hér á landi, heldur einnig í nágrannalöndum, að slíkar sérstakar lagasetningar hafa verið nauðsynlegar til þess að tryggja þroskaheftum sömu réttindi til náms, þroska og starfa og öðrum þjóðfélagsþegnum.

Í mjög ítarlegri grg. er rakin söguleg þróun þessara mála, og hún sýnir glöggt hve mikil nauðsyn hefur verið á slíkum lagasetningum. Barátta þroskaheftra fyrir jafnrétti hefur vissulega tekið langan tíma, sem kannske sést best á því að allt fram til 1930 voru málefni þeirra ekki tekin neinum sérstökum tökum, hvorki í framkvæmd né löggjöf. Sú löggjöf, sem þroskaheftir hafa búið við undanfarna áratugi, er lög um fávitavitastofnanir frá 1967. Sú löggjöf, sem þá þótti nauðsynleg, gengur mjög í berhögg við þá breytingu, sem smám saman hefur verið að þróast, að gera ætti þroskaheftum kleift að lifa sem eðlilegustu lífi og skapa þeim möguleika eins og kostur væri til að blandast heilbrigðum í námi og starfi. En í lögum um fávitastofnanir, sem enn eru í gildi, en falla úr gildi ef þetta frv. verður samþ., var innilokunar- og einangrunarstefnan alls ráðandi, þar sem þroskaheftum var talið best fyrir komið á einangruðum sérstofnunum, en ekki að blandast heilbrigðum í þroska, námi og starfi, sem er sem betur fer að verða ríkjandi og viðurkennd breyting á málefnum þeirra. Lög um fávitastofnanir eru því ómanneskjuleg, ef svo má að orði komast, og löngu orðið tímabært að afnema þau.

Ég fagna því þessu frv., sem hér liggur fyrir og örugglega mun tryggja þroskaheftum manneskjulegri framtíð. Stefnan í framtíðinni í þessu máli hlýtur þó að verða sú, að ekki þurfi sérstök lög að gilda í málefnum þeirra, enda var það viðurkenning í þá átt þegar kennslumál þroskaheftra voru felld inn í grunnskólalögin. Sama þróunin mun örugglega verða ofan á þegar heildarfélagsmálalöggjöf, sem brýna nauðsyn ber til að setja, verður að veruleika, þá verði einnig félagsleg málefni þroskaheftra felld inn í þá löggjöf. Í mínum huga á því að vera um tímabundna ráðstöfun að ræða með lagasetningu um aðstoð við þroskahefta, sem forsagan í málefnum þroskaheftra hlýtur að segja okkur að nauðsynleg sé, en stefnan hlýtur að vera að fella slík ákvæði inn í almenna löggjöf um hliðstæð málefni.

Ég tel ekki ástæðu til að fara út í einstakar greinar frv., en tel að hér sé um mjög vel unnið frv. að ræða, þó að e. t. v. megi deila um hvort skipulagningin verði þyngri í vöfum með tilkomu eins margra svæðisstjórna og gert er ráð fyrir í frv. En sú samstjórn og samræming á allri skipulagningu, sem koma skal á með þessu frv., er löngu orðin tímabær og nauðsynleg vegna þeirra mörgu þjónustuþátta sem þroskaheftum er nauðsynleg.

Ég vil þó aðeins minnast á eitt ákvæði í þessu frv. sem ég tel þýðingarmest og mun í raun skipta sköpum í málefnum þroskaheftra í framtíðinni, en það er ákvæði 10. gr. um að koma á fót greiningarstöð ríkisins. Vísir að slíkri greiningu hefur verið fyrir hendi, en mjög ófullkominn vegna aðstöðuleysis og skorts á sérmenntuðu starfsliði. Ef fyrir hendi væri fullkomin greiningarstöð, eins og frv. gerir ráð fyrir, sem skapaði möguleika á fullkominni greiningu og réttri meðferð strax og vart verður þroskahömlunar, er mögulegt að bregðast skjótt við með fyrirbyggjandi aðgerðum sem hlýtur að auka möguleika þroskaheftra til árangurs í framtíðinni. Þar fengju allir þeir, sem grunur léki á um þroskahömlun, uppeldislega, félagslega og læknisfræðilega meðferð og ráðgjöf sem er undirstaðan undir mestan mögulegan árangur í þroska, námi og starfi síðar meir. Það segir sig sjálft, að ef slíkt er ekki fyrir hendi eða er framkvæmt of seint, en nauðsyn er á slíkri greiningu strax frá fæðingu eða þegar vart verður einhverrar þroskahömlunar, getur það haft alvarlegar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar á þroskabrautinni fyrir viðkomandi. Því fagna ég þessu ákvæði sérstaklega.

Eins og fram kemur í nál. frá félmn. Ed. hafði n. til meðferðar samhliða þessu frv. frv. til l. um Framkvæmdasjóð öryrkja. Niðurstaða n. var að fella frv. tvö saman þar sem álit n. var, eins og fram kemur í nál., að vegna stjórnunarlegs ósamræmis væri slíkt eðlilegt. Ég tel að n. hafi tekist mjög vel í því efni, því að öll þau atriði sem ég vildi ná fram í frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja eru tekin inn í þetta frv. og ákvæðin nánast orðrétt felld inn í frv., en þar er gert ráð fyrir nýjum kafla, 6. kafla, sem heitir: „Framkvæmdasjóður.“ Eins og segir þar er hlutverk hans að fjármagna, auk ákvæða frv. um aðstoð við þroskahefta, þær framkvæmdir vegna sérkennslu og endurhæfingar sem frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja var byggt á að fjármagna skyldi. Hér er því um sjóð að ræða sem fjármagna á ýmis brýn mál öryrkja, svo sem verndaða vinnustaði, endurhæfingarstöðvar og dvalarheimili.

Einnig hefur verið fellt inn í þetta frv. það mikilvæga ákvæði í frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja að nýta megi 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra og sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu. Má þar nefna gerð námsskrár, kennslutæki ýmiss konar til að aðlagast ýmsum nýjum aðstæðum og ekki síst að hægt er að nýta fé til að sérmennta starfslið sem mikill skortur hefur verið á, því að það segir sig auðvitað sjálft að með tilkomu slíks fjármagns sem Framkvæmdasjóður öryrkja gerir ráð fyrir gæti orðið um verulega uppbyggingu ýmissa sérdeilda, sérskóla og stofnana að ræða, en slíkt kallar á aukna þörf á fólki með ýmsa sérmenntun. Sveigjanleiki í fjármögnun og aðlögunarmöguleiki sjóðsins til að fást við framtíðarverkefni er því nauðsynlegur til að aðlagast breyttum aðstæðum.

Eins má nefna, að sjóðurinn á einnig að byggja á og vinna eftir þeim áætlunum frá menntmrn. og endurhæfingarráði sem frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja gerði ráð fyrir, auk þess sem fellt er inn mjög mikilvægt ákvæði sem framkvæmdasjóðsfrv. gerði ráð fyrir, en ekki var í frv. um aðstoð við þroskahefta, að inn í stjórnarnefndina komi fulltrúar frá Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp.

Í miklum umr. á Alþ. í vetur um Framkvæmdasjóð öryrkja kom fram gagnrýni á tekjuöflunarleiðir frv. varðandi gjald af áfengi og tóbaki. Það stóð aldrei á mér að viðurkenna við þær umr. að æskilegra væri að fjármagna verkefnin, sem sjóðnum væru ætluð, eftir öðrum

leiðum, ef — og ég undirstrika: ef trygging fengist fyrir að svo yrði örugglega gert. Engar hugmyndir um fjármögnun höfðu þeir, sem gagnrýndu tekjuöflunarleið frv., uppi aðrar en þær, að slíkt átti að fjármagna á fjárlögum, sem ótvíræð reynsla síðustu ára sýnir að hefur aðeins að óverulegu leyti verið gert. Ég var því tilbúin að falla frá ákvæðunum um þá tekjuöflun sem frv. gerði ráð fyrir, að tilskilinni tryggingu fyrir að tryggt væri örugglega á annan hátt fjármagn til þeirra verkefna, og það vil ég undirstrika sérstaklega.

Í meðförum Ed. var sú breyting gerð, að ríkissjóður skal árlega leggja til 1000 millj. kr. og skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu. Ég þarf varla að taka það fram, að ef sú verður einnig niðurstaða þessarar hv. d. að samþykkja fjármögnun til Framkvæmdasjóðs öryrkja á þennan hátt er ég fyllilega ánægð og tilgangi mínum með framlagningu frv. í vetur fyllilega náð, enda einnig öll veigamestu efnisatriði frv. felld inn í frv. um aðstoð við þroskahefta. Hér er um víðtækan sjóð að ræða sem grípur inn á öll helstu málefni þroskaheftra og öryrkja og getur orðið geysileg lyftistöng til jafnréttis þessara hópa á við aðra þjóðfélagsþegna. Frv. um aðstoð við þroskahefta gerði ekki ráð fyrir neinu fjármagni nema á fjárlögum, og hefði sú hætta vissulega verið fyrir hendi að fjármagnsskortur hefði staðið framkvæmdum fyrir þrifum. Þetta atriði vil ég sérstaklega undirstrika hér.

Hæstv. fjmrh., sem talaði áðan, var með ýmsar efasemdir um þá stefnu sem málin hafa tekið varðandi fjármögnun á sjóðnum. En ég vil benda á að þegar markaðir tekjustofnar verða endurskoðaðir samkv. ákvæðinu í frv. um stjórn efnahagsmálanna hlýtur að verða tekið sérstakt tillit til þessa sjóðs — Framkvæmdasjóðs öryrkja — þar sem hann á að fjármagna félagsleg málefni sem sannarlega hafa verið í fjársvelti. Því óttast ég ekki þá endurskoðun. Ég hlýt og verð að vona að þeir, sem fjalla um þessi mál í endurskoðuninni, taki tillit til þessa málaflokks.

Ég vil benda á vegna orða hæstv. fjmrh. um hvernig standa ætti undir þessum útgjöldum, að ég benti á leið til þess í upphaflegu frv. mínu þó að ekki hefði verið farið eftir henni. Hann benti á 30% fjárfestingarhámarkið í frv. um stjórn efnahagsmála. Það hlýtur að vera hægt að fella þessar framkvæmdir innan þess ramma, en draga úr öðrum framkvæmdum að sama skapi, þar sem þessi mál hafa verið afskipt.

Hæstv. fjmrh. minntist á og taldi æskilegt að þetta mál færi til meðferðar í fjh.- og viðskn. Ég vil eindregið óska eftir að verði haldið við það sem hæstv. félmrh. lagði til, að málið fari í félmn. Ég óttast að ef það fer til fjh.- og viðskn. muni framgangur þess tefjast verulega. Þar sem stutt er eftir af þingi óska ég að málið fari í félmn.

Ed. hefur haft snör handtök við afgreiðslu og meðferð frv. í d. og trúi ég að það fái sama byr í þessari hv. deild.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr. í síðari d., á ættir að rekja til nefndarskipunar sem fór fram á dögum síðustu ríkisstj., og sú nefnd var skipuð af þeim hæstv. fyrrv. ráðh. Matthíasi Bjarnasyni, Gunnari Thoroddsen og Vilhjálmi Hjálmarssyni. Í þessu frv., eins og fram hefur komið, er verið að tryggja samhæfingu í málefnum þroskaheftra og kemur sú löggjöf í staðinn fyrir löggjöf sem að ýmsu leyti er fábrotin og að öðru leytinu úrelt, en þá er um að ræða fyrst og fremst lög um fávitastofnanir. Þetta frv. gerir að sjálfsögðu það gagn að sameina eða samræma aðgerðir ríkisvaldsins og hins opinbera gagnvart því fólki sem þar á í hlut.

Landssamtökin Þroskahjálp tilnefndu mann í þá nefnd sem undirbjó þetta mál, og var sá maður, Jón Sævar Alfonsson, formaður nefndarinnar. Ber að geta þessa hér vegna þess hve stóran þátt þau samtök eiga í samningu þessa frv. og reyndar í öðrum þáttum þessa máls, og ber að minnast á þann þátt sérstaklega vegna þess arna og jafnframt á Öryrkjabandalag Íslands.

Hæstv. félmrh. ræddi hér um svokallaða „normaliseringu", sem tíðkast að kalla aðhæfinguna að þjóðfélaginu, og er orð sem notað er á Norðurlöndunum fyrst og fremst yfir það hugtak. Þar er komið inn á gífurlega veigamikið mál er varðar þroskahefta. Þar er komið inn á þau atriði að rannsóknir hafa sýnt að með því að nægilega snemma sé unnið að aðstoð við þroskahefta megi reikna með að þeir geti miklu meir en talið hefur verið bjargað sér við venjulegar aðstæður í þjóðfélaginu. Þessi stefna hefur að nokkru leyti verið rekin hér á landi að undanförnu og birtist í því t. d., að stofnað er til sérdeilda í hinu almenna skólakerfi hér í Reykjavík, t. d. í Hlíðaskóla og Laugarnesskóla, eða þá sérdeilda hjá dagvistunarstofnunum fyrir yngri börn, eins og í Múlaborg, en birtist enn fremur í sérstökum bústöðum í venjulegum íbúðahverfum fyrir fólk sem er þroskaheft, og má þar nefna íbúð sem rekin er á vegum Styrktarfélags vangefinna, og það birtist í hugmyndum manna um verndaða vinnustaði fyrir þetta fólk, sem hefur nokkuð verið gert að, en þó hvergi nærri því nógu mikið. Þessu er lýst frekar í 12. gr. frv.

Ef litið er á þróun þessara mála hérlendis og reyndar erlendis líka má segja, að þegar verkaskiptingin setti mörk sín á iðnaðarþjóðfélögin hafi þroskaheft fólk verið lagt til hliðar í þjóðfélaginu, því var komið fyrir á geymslustöðum og geymt þar, því að engum datt í hug að það fólk gæti komið þjóðfélaginu að gagni né heldur að þjóðfélagið gæti gert nokkuð fyrir það. Nú hefur orðið breyting á og nú er sú stefna ríkjandi, sem kemur fram í þessu frv., að gefa eigi þroskaheftum einstaklingum möguleika á að lifa í þjóðfélaginu með fullum réttindum. Í þessu sambandi verður aldrei nógsamlega þakkað átak foreldra- og styrktarfélaga, og ég vil vekja athygli á hve slíkt átak hefur verið mikilvægt fyrir alla þróun málsins.

Það er athyglisvert að foreldrafélög, aðstandendafélög og styrktarfélög fylgjast ræklega með þeim sem þroskaheftir eru. Þetta hlýtur að vekja spurningu, sem kannske kemur ekki þessu máli beinlínis við, en þó óbeinlínis, og það er sú staðreynd, að þau ungmenni í þessu þjóðfélagi, sem ekki þurfa á sérstakri aðstoð að halda til að ná eðlilegum líkamlegum eða andlegum þroska, hafa nánast verið sett til hliðar í því þjóðfélagi sem við lifum í. Það er varla og með mjög takmörkuðum hætti gert ráð fyrir foreldrafélögum fyrir slík börn eða afskiptum aðstandendafélaga eðlilegra barna — barna sem ekki þurfa á aðstoð að halda. Foreldrar slíkra barna virðast þess vegna hafa miklum mun minni áhuga á hvernig farið er með þau börn en hinir sem annast uppeldi barna sem eru þroskaheft. Ég vek athygli á þessari staðreynd, því að ég held að þar sé verk að vinna, það sé verk fyrir venjulegar fjölskyldur, venjulega foreldra í þessu þjóðfélagi, að taka meiri og meiri þátt í uppeldishlutverkinu sem hingað til hefur verið afhent skólakerfinu.

Í þessu frv. og í stefnu þeirra samtaka, sem mest hafa látið sig þessi mál skipta, kemur ræklega fram sá rauði

þráður, að réttur barnsins eigi að sitja í fyrirrúmi. Gert er ráð fyrir að foreldrar séu aðstoðaðir við uppeldi barnanna, og má þar nefna 12. gr., sem áður var minnst á, í sambandi við afþreyingarheimili og fleiri stofnanir af því taginu. Þessi stefna er ekki eingöngu mannúðarstefna, heldur byggist hún líka á fjárhagssjónarmiðum, enda gera menn sér grein fyrir að því lengur sem börn eru hjá foreldrum sínum, þeim mun léttara er það fyrir þjóðfélagið fjárhagslega.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa mörg orð um málið. Ég veit að þm. eru almennt samþykkir þessu frv., en ég vil þó í lokin aðeins minnast á þau atriði sem hér hafa verið til umr., þ. e. a. s. þau atriði sem tóku breytingum í Ed. og varða aðallega Framkvæmdasjóðinn.

Eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh. og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er um að ræða ágreining eða a. m. k. hugsanlegan ágreining á milli þm. og ríkisstj. um hvernig standa skuli að þessu máli. Auðvitað verður ríkisstj. og þeir flokkar, sem hana styðja, að ná samkomulagi í málinu, því að okkur er öllum ljóst hver forsaga þess er á þessu þingi. Þingið hafnaði fjárveitingum til þessa máls við fjárlagagerð fyrir árið 1979. Síðan kom til atkvæða frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um sérstakan framkvæmdasjóð og það fékk undirtektir í hv. Nd. og var sent til Ed., þar sem það var sameinað því frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu.

Ég ætla ekki að leggja dóm á hvernig verður staðið að því að greiða úr þessu máli, en tel æskilegast málsins vegna að það verði gert á milli funda eða í starfi nefnda. Í því sambandi held ég að það sé rétt ábending, sem hér hefur komið fram, að ekki sé óeðlilegt að málið fái a. m. k. einhvers konar meðferð í hv. fjh.- og viðskn. þingsins, þegar tillit er tekið til þess að hér er um að ræða útgjöld sem eru að upphæð um 1 milljarður kr.

Ég vil jafnframt benda á að við afgreiðslu frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja gerðist það, að þrátt fyrir að sumir þm. væru á því að slíkur sjóður yrði stofnaður var ágreiningur um það meðal stuðningsmanna málsins hvort marka skyldi tekjustofna til sjóðsins. Í sjálfu sér er tiltölulega lítill munur á hvort um er að ræða markaða tekjustofna eða mörkuð útgjöld, eins og hér er gert ráð fyrir, hvort tveggja bindur að sjálfsögðu nokkuð völd þeirra manna sem sitja við hagstýrið á þjóðarskútunni. Þess vegna er ekki óeðlilegt að þetta mál fái meðferð í fjh.- og viðskn., og ég er þess fullviss að þeir ágætu höfðingjar, sem sitja í hv. fjh.- og viðskn., eru fúsir til að greiða fyrir þessu máli og finna viðunandi lausn á því.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. þessa máls. En ég tel að það geti ekki farið eftir samkomulagi ráðh. hvernig vinnubrögðum er háttað á Alþ. Ég held að með tilliti til þingskapa og þeirra starfa, sem við hér vinnum, hljóti mál, sem fjalla um útgjöld ríkissjóðs upp á 1 milljarð, að fara til fjh.- og viðskn. til umfjöllunar. Ég kannast ekki við að frv. með slíkum útgjöldum sem þessum hafi ekki þangað farið.

Hæstv. fjmrh. vék að þessu áðan og taldi sig ekki geta flutt till. öðruvísi en hæstv. félmrh. féllist á það. Ég er reiðubúinn að flytja þá till., þar sem ég tel það eðlilegt og rétt og að þm. eigi ekki að vinna störf sín hér samkv. samkomulagi við ráðh., heldur samkv. þeim reglum og þeim venjum, sem hér hafa gilt, og því, sem eðlilegt er samkv. þeim málum sem hér eru til umfjöllunar. Ég legg því til, að þessu máli verði vísað til fjh.- og viðskn., og vonast til að sú n. taki málið til afgreiðslu og vinni að því með þeim hraða sem mögulegt er.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af ræðu hv. 1. þm. Reykn. leyfi ég mér að benda á 15. gr. þingskapa, þar sem segir að hvor þd. skuli kjósa fastanefndir til að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Það er helsta ákvæði sem við er að styðjast í prentuðu máli varðandi það, hvernig vísa skuli þingmálum til nefnda, og ég get ekki fallist á lögskýringu hv. 1. þm. Reykn. né heldur á lögskýringu hæstv. fjmrh. Ég tel að enginn vafi sé á að frv. um aðstoð við þroskahefta á að ganga til félmn. Það er auðvitað alveg rétt að fjallað er um fjárhagsmálefni í þessu frv., en það hlýtur þó hver hv. þm. að sjá að meginefni frv. fjallar um félagsleg mál, aðstoð við þroskahefta. Við fjöllum að sjálfsögðu um fjöldamörg mál önnur, um ýmsa þætti í atvinnumálum og öðrum þjóðmálum, þar sem einnig er stofnað til fjárútláta fyrir ríkissjóð. Þegar kemur til þess að ræða þetta frekar sem fjármál er það fyrst og fremst verkefni fyrir fjvn. En ég held að sú þn. í d., sem á að öllu eðlilegu að fjalla um þetta mál, sé félmn., eins og gert var í Ed., og ég tel að aðrar lögskýringar séu rangar. (Gripið fram í.) Ég tek fúslega undir þau ummæli hv. 1. þm. Austurl. að d. úrskurði það, en þetta er álit mitt sem forseta.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég er sammála hæstv. fjmrh. um að ýmislegt má bæta í sambandi við starfshætti og vinnu að gerð frv. En ég get ekki fallist á þá skoðun hans, að þetta frv. eigi að fara til skoðunar hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun, af þeirri einföldu ástæðu að tekið er fram í frv. sjálfu hver upphæðin er, hvað það kostar. Í lögum um efnahagsmál o. fl. stendur að útreikningsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun, eigi að reikna kostnaðinn út. Það er sérstaklega tekið þar fram. Ég fellst því ekki á skoðun hæstv. fjmrh.

Auðvitað er rétt að frv. þetta þrengir ramma okkar, þ. e. a. s. við lendum fyrr upp undir 30% þakinu við gerð fjárlaga fyrir næsta ár vegna þess. En allir virðast vera sammála um að þetta séu allt saman nauðsynleg verkefni. Sumt af greiðslunum, hluti af þeim 1 milljarði sem hér er verið að ræða um, gengur til greiðslu á skólamannvirkjum, sérkennslustofnunum sem eru ákveðnar með öðrum lögum.

Vegna till. hæstv. fjmrh. um að þetta fari til fjh.- og viðskn. vil ég segja að ég get ekki fallist á þá till. Ég vil a. m. k. ekki flytja neina till. í þá átt vegna þess hve áliðið er þings og vegna þess hve það mundi tefja málið mikið. Ég stend þess vegna áfram að þeirri till. að frv. verði vísað til félmn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég hafði ekki beðið forseta um neinn úrskurð í þessu máli, sem mér virtist hann þó kveða upp áðan. Ég get sagt honum að ég lagði fram till. um, að þessu máli yrði vísað til fjh.- og viðskn., einfaldlega til þess að hann slyppi við að kveða upp úrskurð og d. kvæði sjálf á um hvort málið færi til fjh.- og viðskn. eða til félmn., eins og hæstv. félmrh. hafði lagt til. Ég get hins vegar ekki fallist á þau rök, sem forseti d. bar fram vegna þeirrar till. sem ég flutti, og tel mig hafa rök fyrir því, en sé ekki ástæðu til að ræða þau. En ég hef lagt fram till., hæstv. félmrh. hefur lagt fram till. og eins og hv. 1. þm. Austurl. kom með sem aths. hlýtur d. að kveða á um hvert hún sendir þetta mál til

skoðunar.

Að málið geti ekki farið til fjh.- og viðskn. þessarar d. vegna þess hvar það var í n. í Ed. er ekki heldur skýring. Málið var flutt í hv. Ed. án þess að í því væru ákvæði um útgjöld upp á 1 milljarð. Það er félmn. Ed. sem flytur brtt. við frv. þar. Frv. breytist í meðförum Ed. og þegar það kemur hingað til Nd. skiptir það svo miklu útgjöld ríkissjóðs að að mínum dómi er ekkert annað eðlilegt en fjh.- og viðskn. fjalli um málið í þessari deild.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af hinni síðari ræðu hv. 1. þm. Reykn. er alveg ljóst að till. hans mun koma hér til atkv. En ég mun bera till. þannig upp, sem fyrir liggja, að till. hæstv. ráðh. um félmn. verður borin upp fyrr. Það er skoðun mín að þetta mál heyri undir félmn., en að sjálfsögðu mun d. skera úr því við atkvgr.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka mikinn þátt í þessum umr. og mun tala örstutt mál.

Ég hef ekki haft aðstæður til að kynna mér að neinu verulegu marki sjálft frv. ríkisstj. um aðstoð við þroskahefta og ætla að leiða hjá mér umr. um það á þessu stigi. En nú hefur verið fellt inn í það annað frv. sem ég mælti nokkuð gegn á sínum tíma vegna þess hvernig fjáröflun var hugsuð eða henni átti að koma fyrir. Nú hefur hv. Ed. breytt þeirri fjáröflun í ríkisframlag. Ég tel að það sé eðlileg afgreiðsla þar sem um er að ræða verkefni sem Alþ. hefur þegar ákveðið að vinna skuli samkv. fyrri lögum og hefði átt að standa við fyrir lifandi löngu og mál til komið að gert sé.

Ég álít að aðalefni þessa frv. sé félagsmálalegs eðlis. Ég er þess vegna á sömu skoðun og hæstv. forseti að því leyti til. En auðvitað samþykki ég fúslega, eins og hér hefur jafnan verið gert þegar ágreiningur er um n., það sem hv. 1. þm. Austurl. sagði úr sæti sínu, að d. úrskurði þetta.

Ég vil til viðbótar aðeins segja að rökin fyrir því að flytja málið til fjh.- og viðskn. eiga að vera þau að hér sé fjallað um útgjöld ríkisins. En mér er spurn, hvort fjh.- og viðskn. hafi vald frekar en aðrar n. til þess að ákveða útgjöld ríkisins — þ. e. a. s. aðrar en fjvn. Ég hef ekki verið þeirrar skoðunar að fjh.- og viðskn. geti fremur en aðrar n. ákveðið slík útgjöld. Og auðvitað eru fjh.- og viðskn.-menn viðstaddir allar afgreiðslur og ef þeir sjá annmarka á þessu tiltekna atriði geta þeir vafalaust kynnt sér það án þess að málinu sé vísað til þeirra.

Ég átti ekki von á að hv. fjh.- og viðskn.-menn vildu fara að taka að sér að gerast skoðunarmenn og dómarar í því hvernig málum þroskaheftra á að koma fyrir þegar fjármögnun er fráskilin.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Fyrir þessari hv. d. lá frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja sem félmn. þessarar d. fékk til meðferðar, ræddi rækilega og meiri hl. hennar mælti með samþykkt frv. Það var svo samþ. hér í d. og afgreitt frá henni til Ed. Í hv. Ed. lá svo einnig fyrir stjfrv. um þroskahefta og ákvað félmn. þeirrar d. að steypa frv. saman í eitt.

Ég get út af fyrir sig fallist efnislega á þá breytingu sem Ed. hefur gert. Aðalatriðið er að fá tryggan tekjustofn til þessara nauðsynjamála. Hvort það er gert með því gjaldi af áfengi og tóbaki, sem frv. upphaflega gerði ráð fyrir, eða með lagaákvæði um að tiltekin upphæð, 1000 millj., skuli á ári hverju renna til þessara mála er ekki aðalatriðið. Hitt er aðalatriðið, að í lögum sé tryggt fjármagn til þessara framkvæmda. Ég mun því fylgja frv. eins og það liggur fyrir.

Frv. um þroskahefta, sem ekki hefur verið fyrr til meðferðar í þessari hv. d., heldur var lagt fyrir Ed., er ég samþykkur. Á síðasta kjörtímabili var rækilega rætt um þessi mál milli þeirra þriggja ráðh. sem málin heyrðu undir, þ. e. a. s. hæstv. menntmrh., heilbr.- og trmrh. og félmrh., og skal ég ekki rekja þær ítarlegu umr. sem áttu sér stað milli hinna þriggja ráðh. og landssambands þroskaheftra. Upp úr þessum viðræðum kom sú þriggja manna nefnd, sem ráðh. þrír skipuðu, og tel ég að nefndinni, sem einnig var skipuð fulltrúum frá landssambandi þroskaheftra hafi vel tekist. — Þetta er varðandi efnishlið málsins og ég fylgi þessu frv. eins og það kemur nú frá hv. Ed.

Varðandi það ágreiningsmál, sem hér hefur komið upp, til hvaða n. eigi að vísa þessu frv., tel ég alveg einsætt að frv. fái að fara til félmn. Frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja var í félmn. þessarar hv. d., bæði frv. fóru til félmn. í Ed. og samkv. eðli málsins og venjum á þetta mál heima í félmn. Væri það, að ég ætla, ekki í samræmi við eðli máls og venjur að frv., sem fjallar um slíkt félagsmál eins og hér er um að ræða, þó að um fjármögnun sé þar rætt, færi ekki til félmn. Ég legg því eindregið til að hv. d. samþykki að vísa frv. til félmn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég tel ástæðu til vegna þeirrar till., sem komið hefur fram hjá hv. þm. Matthíasi Mathiesen, — hann er nú að vísu farinn héðan — að beina þeirri spurningu til hans, hvers vegna hann sá ekki ástæðu til eða gerði till. um að vísa frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja, þegar það var til umfjöllunar í Nd., til fjh.- og viðskn. Þar var um markaðan tekjustofn að ræða, en hér er um mörkuð útgjöld að ræða. Þetta er ótvírætt hluti af félagslegu frv. og á því ótvírætt heima í félmn.

Ég vil eindregið taka undir ummæli hv. þm. Einars Ágústssonar um að fjh.- og viðskn. ætti ekki að hafa meira vald í slíku félagslegu máli en hv. félmn. Og ég tel hv. félmn. ekkert vanbúnari eða vanhæfari en fjh.- og viðskn. til að draga réttmætar ályktanir í þessu efni og skila þeirri ályktun sem hún vill gera í þessu máli og telur réttmæta. Ég endurtek, að ég tel hana ekkert vanbúnari eða vanhæfari til að draga réttmætar ályktanir um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 655). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt, til breytinga á lögum nr. 30 frá 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, er ekki stórt mál sem þarfnast ítarlegrar framsögu. Ég ætla því ekki að hafa mörg orð um það.

Tilefni þessara breytinga er að fram til síðustu áramóta hafa lánveitingar til nýbygginga og til endurbyggingar íbúðarhúsnæðis verið í höndum tveggja aðila. Stofn-

lánadeild landbúnaðarins annaðist slíkar lánveitingar til húsnæðis í sveitum, en Húsnæðismálastofnun ríkisins aðrar. Á síðasta ári var tekin ákvörðun um að breyta tilhöguninni og færa allar lánveitingar til eins aðila, þ. e. Húsnæðismálastofnunar. Varð af þeim sökum nauðsynlegt að breyta lögum um báða aðila. Lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins var breytt 16. maí s. l. með lögum nr. 60 frá 1978 og þá felldar niður heimildir Stofnlánadeildarinnar til íbúðarhúsalána. Tók sú breyting gildi um síðustu áramót.

Nú er lagt til að gera tilsvarandi breytingar á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 frá 12. maí 1970. Að vísu hefur ekki verið talin þörf á að breyta 4. gr. þeirra laga, sem fjallar um hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins, því að þar er honum falið að annast allar lánveitingar til íbúðabygginga annarra en þeirra sem Stofnlánadeild landbúnaðarins veitir lán til. Það leiðir því af sjálfu sér, að þegar lánveitingar Stofnlánadeildarinnar falla niður tekur Byggingarsjóður ríkisins sjálfkrafa við.

Hins vegar er nauðsynlegt að gera beinar breytingar á kaflanum um sparnað til íbúðabygginga, þar sem fjallað er um sérstakar innlánsdeildir á vegum Byggingarsjóðs og Stofnlánadeildar og um skyldusparnað, til þess að sá sparnaður færist allur til Byggingarsjóðs ríkisins um leið og verkefnið flyst til hans.

1. gr. frv. gerir ráð fyrir að 3. mgr. 10. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins falli niður, en þessi mgr. hljóðaði svo: „Tilsvarandi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kauptúna, sem leggja á þennan hátt fé í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands."

2. gr. frv. gerir ráð fyrir þeirri einu breytingu á 1. mgr. 11. gr. laga um Húsnæðismálastofnun, að niður falli fyrirmæli um að skyldusparnað þeirra, sem búsettir eru í sveitum, skuli ávaxta í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands. Verður allur skyldusparnaður eftir þessa breytingu ávaxtaður í Byggingarsjóði ríkisins.

3. gr. frv. gerir svo ráð fyrir að 2. mgr. 13. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins breytist á þann veg, að sérstakt gjald, sem skattyfirvöld geta ákveðið á hendur þeim sem vanrækja sparimerkjakaup, skuli renna óskipt til Byggingarsjóðs ríkisins, en ekki til Stofnlánadeildar jafnframt eins og nú er.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til félmn. þessarar hv. d. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 429, n. 563). — 2. umr.

Frsm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá fjh.- og viðskn. N. hefur fjallað um það frv., sem hér er til umr., um vissar breytingar á lögum um söluskatt. Málið er þegar afgreitt frá Ed. og fjh.- og viðskn. beggja d. hafa orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytt.

Efni frv. er að undanþiggja söluskattsgreiðslum vinnu við verksmiðjuframleidd hús þannig að þar verði um að ræða sambærilega aðstöðu við vinnu þá sem fram fer og verið hefur söluskattsfrjáls við húsbyggingar sem unnar eru á byggingarstað. Ég vil leyfa mér að lesa yfir frvgr., þannig að efni málsins verði ljóst. Frv. er aðeins ein grein og er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Við 1. tölul. 7. gr. laganna bætist tveir nýir málsl. er orðist svo:

Þó er fjmrh. heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hin ýmsu afhendingarstig verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt."

Ég hygg að efni þessa frv. þarfnist ekki frekari skýringa, en endurtek aðeins að lokum að í fyrsta lagi hafði frv. verið afgreitt einróma frá Ed. og fjh.- og viðskn. Nd. varð sammála um að mæla með samþykkt þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 449, n. 545, 579). — 2. umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. sjútvn. að beiðni frsm., hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, í fjarveru hans.

Þetta litla frv. fjallar um heimildir til handa smábátum minni en 20 m að lengd að stunda dragnótaveiðar á tveimur litlum svæðum fyrir Vestfjörðum. Ég vil geta þess, að það er mál þeirra, sem gerst til þekkja, að skarkolastofn okkar þoli miklu meiri veiði en nú er, og fyrir því er það að vísindamenn á þessu sviði hafa mælt með frv. og samþykkt þess.

Breytingin, sem n. gerir á frv., er að nema á brott, þar sem lagt var til að leyft yrði að veiða með botnvörpu og flotvörpu, orðið „flotvarpa" sem ekki þótti ástæða til að þarna stæði.

N. hefur rætt málið á nokkrum fundum sínum og eins og ég sagði haft um það samráð við fiskifræðinga og þeir tjáð samþykki sitt við þessari lagabreytingu. N. hefur orðið sammála um afgreiðsluna, en hv. þm. Garðar Sigurðsson skrifaði undir nál. með fyrirvara og hefur enda borið fram brtt. við frv. sem hann dregur til baka til 3. umr. Ég hygg að ég megi fullyrða að samkomulag sé orðið um þá brtt., sem hann mun flytja við 3. umr., og fyrir því er það, herra forseti, að ég óska eftir að 2. umr. verði nú lokið og atkvgr. þannig að frv. megi ganga til 3. umr., og þá væntanlega verður gengið um leið frá því samkomulagi sem ég hygg að hafi náðst við hv. þm. Garðar Sigurðsson með tilliti til þeirrar brtt. sem hann hefur flutt við frv.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs þar sem hv. þm. Garðar Sigurðsson, 3. þm. Suðurl., hefur beðið mig að flytja þau boð í fjarveru hans að hann dregur til baka til 3. umr. þá brtt. sem hann hefur flutt við þetta frv., en brtt. er á þskj. 579. Ég sé ekki ástæðu til að hefja umr. um efnisatriði málsins, en vil aðeins koma þeim skilaboðum á framfæri í fjarveru hv. þm. að hann dregur brtt. til baka til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framhaldsskólar, frv. (þskj. 233, n. 618 og 665, 619). — Frh. 2. umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Í fjarveru hv. þm. Ellerts B. Schram mæli ég fyrir áliti minni hl. menntmn. um frv. til l. um framhaldsskóla. Nál. minni hl. er á þskj. 665.

Eins og komið hefur fram varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n., fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að frv. verði samþ. Fulltrúar Alþfl. skrifa þó undir með fyrirvara, enda mun hafa verið samþ. á þingflokksfundi hjá þeim Alþfl.-mönnum að frv. skyldi ekki ná fram að ganga á þessu þingi. Slíkar samþykktir hjá þingflokki Alþfl. hafa orðið að þola endurskoðun oft á þessu þingi og svo kann að vera einnig nú, en það kemur í ljós.

Minni hl. n. er ekki reiðubúinn til þess að standa að samþykkt frv. og liggja til þess margar ástæður. Í nál. okkar nefum við þessar helstar:

Það hefur legið fyrir, að kostnaður sveitarfélaga muni aukast mjög verulega vegna þeirrar kostnaðarskiptingar sem frv. gerir ráð fyrir og felst í því að kostnaður af tveimur fyrstu skólaárum framhaldsskólans skiptist milli ríkis og sveitarfélaga eftir sömu meginreglum og kostnaður við grunnskólann.

Eftir að Samband ísl. sveitarfélaga hafði mótmælt þessum fyrirætlunum er sú breyting lögð til af hálfu meiri hl. n., að komið verði til móts við sveitarfélögin með því að viðhaldskostnaður grunnskóla leggist jafnt á ríki og sveitarfélög í stað þess að hann sé að öllu leyti greiddur af sveitarfélögunum eins og nú er. Við í minni hl. erum algerlega andvígir þessari fyrirætlan, enda gengur það þvert á þá stefnu, sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur mótað, og gengur einnig þvert á þá stefnu sem Sjálfstfl. hefur kynnt varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að því er skólamál varðar.

Við nefnum einnig að það liggi ekki fyrir raunhæfar upplýsingar um hvaða útgjaldaauka samþykkt frv. hefur í för með sér. Það fylgir að vísu kostnaðaráætlun með frv. og í nál. meiri hl. er gerð tilraun til að meta áhrif frv. á heildarkostnað framhaldsskóla, en í báðum tilfellum er rennt blint í sjóinn, eins og raunar er viðurkennt í nál. meiri hl.

Miðað við þetta, sem hér hefur verið sagt, og með hliðsjón af ástandi í skólamálum, sérstaklega að því er varðar nemendur, er veruleg hætta á að verið sé að samþykkja löggjöf sem í sjálfu sér kann að vera góðra gjalda verð, en hefur það eitt í för með sér að raska stórlega núverandi kerfi án þess að ríki, sveitarfélög eða fræðsluyfirvöld hafi nokkur tök á að framkvæma hana svo að viðhlítandi sé.

Þá hefur verið ágreiningur uppi um framtíð sérskólanna. Samkv. frv. og brtt. meiri hl. n. er ekki skorið á þann ágreining, en sá þáttur er svo veigamikill að ótækt er að afgreiða frv. án þess að tekin sé ljós og skýr afstaða til hans og staða sérskólanna ákveðin í tengslum við stefnumótun í framhaldsskólanáminu. Þá verður framkvæmd laganna mjög undir því komin hvernig reglugerðir verða úr garði gerðar. Heimildir um setningu reglugerða eru svo rúmar og vald rn. svo víðtækt að þar getur brugðið til beggja átta. Það er skoðun minni hl., að þessar heimildir eigi að þrengja og setja nánari lagaákvæði þar að lútandi.

Þá hafa komið fram mjög miklar efasemdir hjá reyndum skólamönnum um ágæti þeirrar stefnu að breyta menntaskólum, eins og þeir eru í núverandi mynd, í framhaldsskóla eða fjölbrautaskóla.

Með hliðsjón af þessu öllu leggjum við í minni hl. til að þetta mál verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Ég ætla að fara nokkrum fleiri orðum um þetta mál.

Ég legg áherslu á það atriði, að með þessu frv. er gengið þvert á þá stefnu að skýr mörk verði í samskiptum ríkis og sveitarfélaga að því er varðar rekstur framhaldsskóla. Sú stefna, sem frv. markar, gengur sem sagt þvert á þá stefnu sem sveitarfélögin hafa markað og talað um í mörg undanfarin ár.

Í öðru lagi legg ég áherslu á það, að gefist er upp við hina raunverulegu stefnumótun sem þó fólst í frv. eins og það upphaflega var lagt fyrir, þar sem gert var ráð fyrir að lög um hina ýmsu sérskóla yrðu numin úr gildi þegar settar hefðu verið reglugerðir af rn. hálfu um þá. Frá þessari stefnumótun er horfið með brtt. meiri hl. n., þar sem kveðið er á um að áður en slíkar reglugerðir séu settar hafi Alþ. gefist kostur á að marka stefnuna með samþykkt þál. um meginefni viðkomandi reglugerða, eins og segir í brtt. nefndarinnar.

Fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldinn var á Húsavík dagana 28. og 29. mars s. l., gerði sérstaka ályktun um þetta mál, enda snerist fundurinn eingöngu um þetta frv. Mætti ráða af áliti meiri hl. menntmn., að raunverulega væri með brtt. meiri hl. verið að ganga svo til móts við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga að frv. væri sambandsstjórninni þóknanlegt í öllum atriðum. En því fer víðs fjarri að svo sé og vil ég vegna þeirra orða, sem bæði féllu í gær hjá hv. frsm. meiri hl., svo og þess, sem segir í áliti meiri hl., fara nokkrum orðum um álit fulltrúaráðsfundarins á þessu máli.

Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Með frv. því til l. um framhaldsskóla, sem nú liggur fyrir Alþ., er stefnt að því, að sveitarfélög eigi kostnaðaraðild að tveimur fyrstu bekkjum framhaldsskóla, bæði að því er varðar stofnkostnað og rekstrarkostnað, með sama hætti og grunnskóla. Í umr. og till. á undanförnum árum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur sú stefna verið ofarlega á baugi að framhaldsnám að loknum grunnskóla ætti að vera á vegum ríkisins og kostað af því. Fulltrúaráðið er ekki reiðubúið til að fallast á, að sveitarfélögin verði gerð að rekstraraðila þessa skólastigs ásamt ríkinu með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir, og telur það ekki horfa til gleggri verkaskila milli þessara aðila.“ — Þá segir einnig að því er varðar hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði framhaldsskóla: „Er þess að geta, að ákvæði frv. eru um margt óljós, t. d. að því er varðar sérskóla ríkisins, og telur fulltrúaráð nauðsyn að lögákveða hvaða skólar skuli haldast áfram sem ríkisskólar.“

Þá segir að með frv. sé lagður aukinn fjárfestingarkostnaður á sveitarfélögin sem mundi koma mjög misþungt á hin ýmsu þeirra eftir því hvernig húsnæðismál framhaldsskóla eru þar á vegi stödd. Áherslu verði því að leggja á að ríkið kosti allar byggingar framhaldsskóla.

Þá segir hér einnig, að áætlað sé samkv. könnun, sem Samband ísl. sveitarfélaga hafi látið gera, að útgjöld sveitarfélaga í heild vegna rekstraraðildar að framhaldsskólum samkv. frv. mundu aukast a. m. k. um 500

millj. kr. á ári miðað við meðalverðlag áætlað á árinu 1979. Auk þess eru mörg atriði samkv. frv. háð reglugerðarákvörðunum, svo sem um skipulag kennslu og nemendafjölda í kennsluhópum. Fulltrúaráðið telur að slík ákvæði eigi að ákvarða í lögunum sjálfum ef af samþykkt þeirra verði.

Ákvæði frv. um námsvistargjöld þarf að dómi fulltrúaráðsins að athuga nánar. Hætt er við að innheimta þeirra, eins og gert er ráð fyrir í frv., muni valda margvíslegum erfiðleikum og verða flókin í framkvæmd. Þar er að vísu gerð breyting af hálfu meiri hl., aðallega að því er varðar innheimtuna, þar sem námsvistargjöldin skulu greidd úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga af framlagi sjóðsins til viðkomandi sveitarfélags.

Þá eru stjórnunarákvæði frv. gerð að umtalsefni og sagt að þau séu þannig, að mjög séu takmarkaðir möguleikar einstakra sveitarstjórna til að hafa áhrif á útgjöld framhaldsskólans. Sérstaklega á þetta við um sveitarstjórnir í dreifbýli. Fulltrúaráðið telur að stjórnunarákvæði í 21. gr. séu allt of viðamikil og þung í vöfum og muni tæpast í framkvæmd leiða til eins virkra áhrifa framhaldsskólaráðs á framkvæmd og mótun skólastarfsins og að er stefnt. Fulltrúaráðið telur einnig, að hér sé um svo veigamikið mál að ræða að rétt sé að það verði athugað frekar, og leggur áherslu á að samráð verði haft við nefnd þá sem nú vinnur að tillögugerð um verkaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna.

Hér hef ég talið upp alla þá þætti sem greinir í ályktun fulltrúaráðsfundarins, nema tvo — og hverjir skyldu þeir vera? Jú, þeir eru þessir:

„Verði sú niðurstaða löggjafans við samþykkt þessa frv., að aukin verði kostnaðarleg þátttaka í rekstri framhaldsskóla, verður að gera þá kröfu, að annað tveggja verði gert, að létta af þeim útgjaldaliðum eða veita þeim nýja tekjustofna til að mæta þeim kostnaði."

Og hvert er ráð meiri hl. n. við þessum tilmælum fulltrúaráðsfundarins? Þau eru ósköp einföld. Þau eru þau, sem greinir í frv. til l. um breyt. á lögum um grunnskóla, þ. e. 293. máli þingsins, að ríkið skuli aftur taka þátt í viðhaldskostnaði grunnskólans. Þessu var breytt með lögum frá Alþ. árið 1975, og þar var beinlínis verið að ganga til móts við stefnu sveitarfélaganna um að skýrari mörk skyldu vera milli ríkisins og sveitarfélaganna á þessu sviði sem mörgum öðrum. Nú er sem sagt ráðið að stíga þetta skref aftur til baka, halda áfram því samkrulli sem fyrir var. Með þessu telur meiri hl. menntmn. að nægilega sé stungið upp í sveitarfélögin, þau muni láta þetta gott heita. En ég fullyrði að því fer víðs fjarri að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúaráðið eða sveitarstjórnarmenn yfirleitt sætti sig við þessa aðferð. Það var sem sagt farið fram á að annaðhvort fengju sveitarfélögin tekjustofna til þess að standa undir hinum aukna kostnaði eða létt yrði af þeim einhverjum kostnaðarliðum, en ekki þessum.

Annað atriði, sem eftir stendur úr ályktun fulltrúaráðsins, er svo þetta: „Þrátt fyrir þá ágalla, sem hér hefur verið bent á, leggur fulltrúaráðið áherslu á að það er sammála mörgum atriðum frv. og telur brýnt að lög um samræmdan framhaldsskóla verði sett."

Það er vissulega ljóst í hugum sveitarstjórnarmanna yfirleitt, að það er brýnt verkefni að setja lög um framhaldsskóla. Framhaldsskólinn, eins og hann nú er, hefur haldið áfram að þróast nánast fyrir tilviljun og sveitarfélögin hafa ekki átt annars kost en að taka þátt í þeim leik. Sífellt hefur verið lagt meira og meira á sveitarfélögin í þessum efnum. Og auðvitað vilja sveitarstjórnarmenn að lög um framhaldsskóla nái fram að ganga, en þeir eru ekki tilbúnir að taka við hverju sem er.

Ég benti í þessu sambandi á álit svokallaðrar verkaskiptingarnefndar sem vann á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir nokkrum árum og skilaði áliti. Þar var skýrt kveðið á um að það væri ósk sveitarfélaganna að algerlega yrði skorið á milli og framhaldsskólinn yrði á vegum ríkisins. Það sama var uppi á teningnum hjá þeirri verkaskiptingarnefnd sem hefur starfað undanfarin ár og er reyndar enn að starfi — gaf út álit um fyrsta hluta verkefnis síns á s. l. ári sem varðaði verkaskiptinguna á milli ríkis og sveitarfélaga. Þar var einnig kveðið á um þetta atriði.

Að því er varðar stefnu frv. um sérskólana hefur, eins og ég áðan sagði, verið horfið frá þeim fyrirætlunum sem í frv. voru, í 37. gr. þess, þar sem kveðið var á um að hin ýmsu lög um sérskóla skyldu numin úr gildi þegar reglugerðir hefðu verið settar. Yfir n. rigndi mótmælum frá fjölda aðila varðandi þessar fyrirætlanir, og þá er leiðin sú að slá öllu á frest og flytja brtt. þess efnis að Alþ. skuli með þál. samþykkja þær reglugerðir sem samdar verða um þessi efni í menntmrn. Út af fyrir sig er ástæða til að fagna brtt., vegna þess að þá gefst vissulega ráðrúm til að athuga þessi mál miklu betur, en það sýnist ekki mikil skynsemi í því að vera að samþykkja heilan lagabálk um framhaldsskóla ef svo veigamiklum þætti sem þessum er slegið á frest.

Ýmislegt fleira mætti ræða varðandi þetta mikilsverða mál, en ég ætla ekki að gera það að sinni. Ég læt þó í ljós efasemdir um að hér sé farið inn á rétta braut, svo að ég sleppi því sem varðar kostnaðarskiptinguna og samskipti ríkis og sveitarfélaganna, heldur nefni þá menntapólitík sem í frv. er. Okkur í n. þótti athyglisvert að hlýða á mál rektors Menntaskólans í Reykjavík, sem kom á fund n. Ég minnist þess, að hann hafði orð á því að honum þótti verst hvernig allt væri flatt út, að því er honum sýndist, með þeirri stefnu sem mörkuð væri í frv. Hann taldi, að flest, sem þarna væri sagt, væri sótt til Svíþjóðar, og benti á að í því landi væru aðstandendur barna farnir að stofna nýja og sérstaka menntaskóla sem aðstandendurnir kostuðu sjálfir þar sem háskólar annarra landa væru hættir að taka við nemendum úr framhaldsskólum í Svíþjóð. Ég minnist þess einnig, að rektor sagði, þegar hann var að ræða um tungumálakennsluna eins og hún er tíðkuð núna, eitthvað á þá leið, að ef tilgangur menntakerfisins væri sá að menn gætu komið inn til Marks and Spencer og fengið stuttar nærbuxur, en ekki síðar, þætti honum of dýrt að reka menntakerfið til að ná þeim tilgangi.

Með hliðsjón af því, sem ég hef hér sagt, voru fulltrúar Sjálfstfl. í n. ekki reiðubúnir til að samþykkja þetta frv. Ég legg áherslu á að þó að margt sé jákvætt í frv. og mikil nauðsyn sé að sett verði löggjöf um framhaldsskóla þannig að þessi mikilvægu mál hætti að þróast fyrir tilviljun, eins og þau hafa gert, þá eru svo veigamiklir gallar á frv. að mér sýnist fráleitt að samþykkja það í þessum búningi. Þess vegna leggjum við til að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, eins og greinir í nál. okkar á þskj. 665.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. menntmn. Nd. fyrir að hafa

afgreitt þetta mál og þá sérstaklega meiri hl. n. fyrir að hafa afgreitt það jákvætt. Ég tel að hér sé um að ræða mál sem ekki þoli neina frekari bið og að fráleitt sé með öllu að ætla að fara að slá því enn einu sinni á frest.

Þetta frv. felur í sér samræmt framhaldsskólakerfi, sem hefur fjöldamarga mikilvæga kosti fram yfir það kerfi sem við nú búum við. Það mikilvægasta við það kerfi er vafalaust að þar er um að ræða samræmt kerfi sem stuðlar að samræmdum einingum og áföngum innan framhaldsskólans og kemur í veg fyrir að nemendur lendi á blindgötum ef þeir flytjast milli skólahverfa eða hætta *námi sem þeir hafa hafið og ekki hentar þeim. Þetta kerfi* er einnig þannig uppbyggt, að það hentar sérlega vel í dreifbýli og gerir okkur kleift að byggja upp 3—4 skóla í hverju kjördæmi. Ég tel að hér sé um að ræða mjög mikilvægt dreifbýlismál. En það mikilvægasta við þetta frv. er þó vafalaust að með því er stuðlað að jafnrétti verknáms á við bóknám, en það er einmitt eitt af mikilvægustu stefnumiðum ríkisstj. í menntamálum að koma því í kring. Verkmenntun hlýtur með þessu frv., bæði stjórnunarlega og fjármálalega jafnrétti á við bóknám, og verulegar líkur eru á því og miklar vonir eru við það bundnar að menntun ungs fólks verði í betra samræmi við þær kröfur sem gera verður til þess. Námsframboð getur orðið miklu fjölbreyttara en verið hefur. Nemendur fá stóraukið valfrelsi, og líkur eru á að menntun þeirra verði fjölbreyttari en með hinu fyrra kerfi. Þetta mun í fyrsta lagi stuðla að því, að hæfileikar ungs fólks nýtist betur en ella, og í öðru lagi mun það vafalaust ýta undir áhuga unga fólksins á skólastarfinu þegar það fær miklu meira ráðið um hvaða nám það stundar. Einnig eru í þessu frv. mjög mikilvæg ákvæði um fullorðinsfræðslu, sem geta skipt verulegu máli um þróun þess hluta fræðslukerfisins.

Ég sagði áðan að afgreiðsla þessa frv. þyldi ekki bið. Þegar er kominn fjölbrautaskóli á Akranesi og hafa nýverið allir skólar í því kjördæmi, sem bjóða framhaldsnám og grunnskólanám, gert með sér samning um rekstur og starfsemi framhaldsskóla í kjördæminu. Á Norðurlandi vestra er hið sama uppi á teningnum. Það er verið að byggja upp framhaldsskólamenntun með fjölbrautasniði um allt kjördæmið og nefnd, sem verið hefur að störfum í vetur, hefur einróma komist að niðurstöðu um skipan mála í því kjördæmi, þótt vissulega væru margir svartsýnir á að það gæti tekist vegna þess að lengi hafa verið yfingar og ýtingar um hvaða skólastaðir kæmu þar einkum til greina. Á Norðurlandi eystra er starfandi sérstök framhaldsskólanefnd sem er að undirbúa framhaldsskólakerfið í því kjördæmi. Sömu sögu er að segja af Austurlandi. Þar er í fullum gangi undirbúningur að því að koma skipulagi af þessu tagi í framkvæmd. Ég vil láta þess getið, að um síðustu helgi var haldin ráðstefna á vegum Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi að frumkvæði fræðsluráðs Austurlands og sambands sveitarfélaga þar í kjördæmi. Á þeirri ráðstefnu voru mættir sveitarstjórnarmenn og skólamenn víðs vegar að úr kjördæminu. Þeir komust einróma að eftirfarandi niðurstöðu, eins og kemur fram í ályktun sem fundurinn gerði og fékk senda í gær, en upphaf ályktunarinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðstefnan telur, að meginatriði frv. til l. um framhaldsskóla séu það mikilsverð að dráttur á afgreiðslu þess sé mjög óæskilegur, og hvetur því eindregið til að frv. verði afgreitt sem fyrst frá Alþingi. Ráðstefnan telur sjálfsagt að löggjöf eins og hér um ræðir komi til reglubundinnar endurskoðunar, bæði til að aðlaga hana dómi reynslunnar og taka upp nýjungar í skólastarfi og menntun sem til bóta og framfara horfa. Ráðstefnan fagnar því, að menntmrn. er reiðubúið til að koma til móts við óskir sveitarfélaga um skiptingu kostnaðar við framhaldsskóla og taka mið af þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á fjárhagskafla frv. af hálfu sveitarstjórna."

Ég les ekki meira úr þessari ályktun. Það seinasta, sem ég vitnaði í, mun einmitt vera um till. þær sem meiri hl. menntmn. hefur lagt fram um kostnaðarskiptingu varðandi viðhald í grunnskólum, sem kemur til móts við óskir sveitarfélaganna um að fjárhagsbyrði þeirra þyngist ekki af völdum samþykktar þessa frv.

Menntmrn. bárust í gær tilmæli frá fræðsluyfirvöldum í Vestmannaeyjum, þar sem eindregið er óskað eftir að hafinn verði rekstur fjölbrautaskóla þar í bæ á næstkomandi hausti. Á Suðurnesjum hefur verið samstarf allra sveitarstjórna um rekstur fjölbrautaskóla og munu allir vera sammála um það, sem eitthvað þekkja til málsins, að rekstur þess skóla hafi gengið með ágætum. Í Hafnarfirði er nú starfræktur fjölbrautaskóli og í Reykjavík hefur verið fjölbrautaskóli starfandi í Breiðholti um nokkurt skeið, auk þess skóla sem má segja að hafi innt af hendi brautryðjendastarf á þessu sviði, Menntaskólans í Hamrahlíð, sem fyrstur skóla hér tók upp áfangakerfi.

Ég held að það lauslega yfirlit, sem ég hef hér gefið um þróun þessara mála, sýni ljóslega að skólamenn um allt land bíða óþolinmóðir eftir að Alþ. afgreiði þetta mál. Þróunin er á fleygiferð um land allt og það jafnvel þótt ekki sé búið að samþykkja þetta frv. Ég get fullvissað hv. alþm. um að verði frv. ekki samþ. mun það að vísu ekki snúa þeirri þróun við, en það mun hins vegar valda stórkostlegum vandræðum víðs vegar um land vegna þess að mjög erfitt er fyrir skólamenn og fyrir ráðuneytismenn að fylgja þróuninni eftir án þess að lagagrundvöllur sé fyrir hendi.

Ég hlýddi áðan á talsmann minni hl. menntmn. Nd., þar sem hann mælti með að frv. yrði vísað frá og því slegið á frest enn um langa hríð. Ég get fullvissað hv. alþm. um að þessi rödd var í litlu samræmi við óskir skólamanna og ég held flestra sveitarstjórnarmanna víðs vegar um land, enda verð ég að segja, að ég skil ekki hvaða afstöðu Sjálfstfl. hefur tekið til þessa máls eftir að hafa staðið að því sem ríkisstjórnarflokkur tvo undanfarna vetur að frv. með mjög keimlíku efni væri lagt fram í þinginu. Sjálfstfl. hlýtur að hafa lagt blessun sína yfir frv. þegar það var lagt fram á árunum 1977 og 1978. Ég vil gjarnan fá upplýsingar um hvað útskýri þá stefnubreytingu sem hefur átt sér stað þar á bæ.

Í áliti minni hl. menntmn. er mjög mælt gegn þeirri lausn sem meiri hl. n. gerir till. um, þar sem reynt er að koma til móts við það sjónarmið sveitarfélaganna að kostnaður þeirra af þessari breytingu eigi ekki að aukast. Ég get fallist á að vel mætti hugsa sér aðra lausn, eins og t. d. að sveitarfélög fengju frekari tekjustofna til að taka á sig þennan kostnað, og vissulega má líka hugsa sér að ríkið tæki alfarið á sig þann kostnað. Vissulega er það alveg rétt, að til eru ýmsar leiðir í þessum efnum. En ég vil leggja á það áherslu hér, að ekki má stöðva afgreiðslu frv. á þessari forsendu. Verkaskiptingarmálin varðandi ríki og sveitarfélög eru mjög flókin mál og verða ekki leyst með afgreiðslu þessa frv. Ég vænti þess hins vegar,

að þau verði fyrr eða síðar leyst á þann veg að sveitarstjórnarmenn megi vel við una. En við verðum að finna lausn í þessum efnum sem dugar til bráðabirgða, þar til verkaskiptingarmálin hafa verið tekin til endurskoðunar og fengið er fullt samkomulag um hvernig þeim málum verður skipað.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson minntist á, að viðhaldskostnaður hefði verið lagður að fullu á sveitarfélögin á árinu 1975, og sagði orðrétt, að gengið hefði verið til móts við óskir sveitarfélaganna með þeirri breytingu. Hann var að reyna að telja þeim mörgu þm., sem ekki voru á þingi á þeim tíma, trú um að sú breyting hefði verið gerð í einhverju vinsamlegu samkomulagi við sveitarfélögin, líklega eftir þráðbeiðni þeirra og í nánu samstarfi við þau. En þeir, sem sátu á Alþ. á þeim tíma, vita að svo var ekki. Þessi breyting var gerð án nokkurs samráðs við Samband ísl. sveitarfélaga. (**ÓE:** Þetta er rangt.) Ég man ekki betur en sveitarfélögin hafi einmitt mótmælt þessari breytingu á sínum tíma. Það má að vísu vel vera að sveitarfélögin og ákveðin nefnd, sem starfaði á þeirra vegum, hafi talið að sú skipan mála gæti komið til greina að framhaldsskólarnir yrðu alfarið á herðum ríkisins, en þegar kom að þessari breytingu hér í þinginu bárust mótmæli frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem kvartaði yfir því að ekki væri haft samráð við sambandið um breytinguna. Sérstaklega man ég eftir því, að gagnrýnt var á sínum tíma að þessi viðhaldskostnaður væri lagður á sveitahreppana. Það lagðist sannarlega meiri kostnaður á sveitahreppa en kauptúnahreppa vegna þess að sveitahrepparnir þurftu að taka á sig kostnað af rekstri heimavista, en það þurftu kaupstaða- og kauptúnahreppar ekki að gera. Ég vil því segja það eitt um þetta, að menn geta auðvitað endalaust deilt um hvort þetta eða hitt skipulag sé eðlilegra í sambandi við aðild ríkis og sveitarfélaga að rekstri og stofnkostnaði framhaldsskóla. En við leysum ekki þann vanda um leið og við afgreiðum þetta frv. Við verðum að ætla okkur sérstaklega tíma til þess að taka það mál upp í heild, og þá er auðvitað vel hugsanlegt að það atriði, sem er í þessu frv., verði tekið líka til endurskoðunar eins og margt annað í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Það, sem skiptir máli núna, er það eitt, að sveitarfélögin geti ekki kvartað yfir því að á þau sé lögð fjárhagsbyrði umfram þá sem hvílt hefur á þeim vegna rekstrar framhaldsskólans. Fyrir þessu er séð með þeirri breytingu sem meiri hl. menntmn. hefur lagt fram og felur í sér að helmingur af viðhaldskostnaði grunnskólans verði greiddur af ríkinu. Með þeirri breytingu er ljóst að sveitarfélögin hagnast, ef eitthvað er, á þeim skiptum.

Í nál. minni hl. menntmn. er kvartað yfir því, að engar raunhæfar upplýsingar liggi fyrir um hvaða útgjaldaauka samþykkt frv. hefur í för með sér. Að vísu fylgir kostnaðaráætlun frv. og í nál. meiri hl. er gerð tilraun til að meta áhrif frv. á heildarkostnað framhaldsskóla. En í báðum tilfellum er rennt blint í sjóinn, eins og raunar er viðurkennt í nál. Auðvitað segir það sig sjálft, að Alþ. hlýtur að renna blint í sjóinn með það, hvaða ákvarðanir fjárveitingavaldið kemur til með að taka að mörgum árum liðnum. Við vitum ekki um fjárlög nema fyrir eitt ár í einu, og við getum ekki vitað neitt um örlæti Alþ. og ríkisstj. að mörgum árum liðnum. Að því leyti má segja að Alþ. renni blint í sjóinn með það, hvaða kostnað frv. hefur í för með sér, að það fer nokkuð eftir ákvörðunum Alþ., hversu margir skólar verða stofnaðir og hvernig rekstri þeirra verður háttað. Að öðru leyti er ekki hægt að kvarta yfir því, að ekki sé gerð fullkomin grein fyrir kostnaðaráhrifum þessa frv. Mér er nær að halda að um ekkert annað frv., sem nú er á ferðinni á Alþ., liggi jafnljóslega fyrir hvað fjárhagslega hlið snertir og einmitt þetta frv. Í frv. eru þessu máli gerð ítarleg skil á mörgum bls., og í nál. er sérstaklega um það fjallað í ítarlegri grg.

Ég get samþ. að gott sé að gera mikla kröfur í þessum efnum. Við höfum einmitt nýverið samþykkt, í nýsamþykktu efnahagsfrv. sem nú er orðið að lögum, að gera miklar kröfur að þessu leyti. En ég leyfi mér að fullyrða, ef grg. frv. er skoðuð og nál., að þessari kröfu sé fullkomlega fullnægt og ekki sé hægt að gera betur, nema menn ætli sér að gerast spámenn um hversu örlæti Alþ. verði háttað á komandi árum. Til þess er ekki hægt að ætlast.

Þriðja atriðið, sem hv. minni hl. n. gerir aths. við, er að samþykkt frv. muni raska stórlega núverandi kerfi án þess að ríki, sveitarfélög eða fræðsluyfirvöld hafi nokkur tök á að framkvæma lögin svo að viðhlítandi sé. Þessi orð eru algerlega út í bláinn. Ég sé ekki betur en ríki og sveitarfélög verði einmitt betur í stakk búin til að byggja upp fræðslukerfið eftir að þetta frv. er orðið að lögum, og það er ekkert sem segir að það kerfi, sem hér er gerð till. um, sé í sjálfu sér neitt dýrara kerfi en það sem fyrir er. Það má að vísu segja að hugsanlega sé áfangakerfi eitthvað dýrara í rekstri en venjulegt bekkjakerfi. Það er hugsanlegt að halda slíku fram og færa viss rök að því. En á móti kemur hitt, að þegar um áfangakerfi er að ræða verður námstími nemenda að öllu jöfnu skemmri og þar af leiðir að talsverður sparnaður kemur á móti.

Fjórða atriðið, sem minni hl. n. gerir aths. við, er ágreiningurinn um framtíð sérskólanna. Samkv. brtt. meiri hl. menntmn. er ákveðið að örlög sérskólanna verði tekin til sérstakrar meðferðar á Alþ. á síðara stigi. Hv. þm. reyndi að gera þetta atriði tortryggilegt með því að segja að í raun og veru hefði öllum vandanum verið slegið á frest. En þarna fer hann með mjög villandi mál. Það stóð aldrei til og hefur aldrei staðið til, þegar þetta frv. hefur verið lagt fram á þinginu, hvorki samkv. frv. eins og það var lagt fram í vetur né samkv. frv. eins og það var lagt fram í fyrra eða hittiðfyrra, að taka ákvörðun um framtíð sérskólanna jafnhliða samþykkt þessa frv. Það hefur af öllum, sem til þekkja, verið talið ógerlegt að taka ákvörðun um það allt í einu lagi, bæði ógerlegt og um leið mjög óheppilegt og óhagkvæmt. Það hefur verið talið nauðsynlegt að samþykkja þessa rammalöggjöf fyrst og gefa hinu nýja kerfi tækifæri til að þróast um nokkurra ára skeið og taka þá hægt og þétt ákvörðun um framtíð sérskólanna að vandlega athuguðu máli. Það eina, sem hefur hins vegar breyst með till. meiri hl. menntmn., er að menntmrn. hefur ekki aðstöðu til að taka þessa ákvörðun eitt sér, heldur verður það að leita samþykkis Alþ. um hana. En samkv. frv., eins og það var lagt fram af fyrrv. menntmrh. og eins og það var lagt fram fyrst í vetur, var það vald í höndum menntmrn. Margir hafa hins vegar gagnrýnt að með því væru rn. falin of mikil völd, Alþ. þyrfti að hafa þarna eðlilegt eftirlitsvald, og því hefur þessi brtt. verið gerð með fullu samþykki mínu og menntmrn. En að segja að brtt. feli sérstaklega í sér að verið sé að slá þessum vanda á frest er hreinn misskilningur á eðli málsins. Það stóð aldrei til og enginn hefur lagt til að framtíð sérskóla yrði ákveðin hér og nú

um leið og frv., sem hér er til afgreiðslu, yrði samþ.

Ég tel að enn sé margt óljóst um framtíð sérskólanna. Ég tel að enn hafi ekki gefist nægilegt svigrúm eða tækifæri til að meta, hvernig hyggilegast sé að haga vélstjóramenntun, fóstrumenntun, — fósturmenntun eins og það heitir reyndar nú orðið, — eða hjúkrunarmenntun, og um slíkt þurfi að fjalla sérstaklega á komandi mánuðum og missirum. En það er ekkert því til fyrirstöðu að framkvæma þessa rammalöggjöf og fara að byggja upp framhaldsskólakerfið, þó að ákvarðanir hafi ekki verið teknar um sérskólana. Þetta skólakerfi verður einmitt að fá að þróast um nokkurt skeið áður en endanlega er gengið frá þeirri hlið málsins.

Í fimmta lagi gagnrýnir minni hl. n., að framkvæmd laganna sé undir því komin hvernig reglugerðir verði gerðar úr garði, heimildir um setningu reglugerða séu svo rúmar og vald rn. þar með það víðtækt að þar geti brugðið til beggja átta, það sé skoðun undirritaðra, að þær heimildir eigi að þrengja og setja nánari lagaákvæði þar að lútandi. En ég vil vekja sérstaka athygli á að hér hefur einmitt verið ákveðið að mikilvægustu atriði þessara reglugerða verði lögð fyrir Alþ. og þá einkum og sér í lagi þau atriði sem snerta framtíð sérskólanna og uppbyggingu einstakra námsbrauta. Því er greinilegt að sá, sem haldið hefur á penna þegar þessi orð voru skrifuð á blað, hefur ekki fyllilega gert sér grein fyrir, hvaða áhrif brtt. hv. meiri hl. n. hafði.

Í sjötta og síðasta lagi bendir minni hl. n. á að efasemdir séu uppi hjá reyndum skólamönnum, eins og það er kallað, um ágæti þeirrar stefnu að breyta menntaskólum í núverandi mynd í framhaldsskóla eða fjölbrautaskóla, eða eins og segir í nál. minni hl.: „Þá er ekki dregið úr mikilvægi verkmenntunar og því að auka veg hennar, en bent á að þar með megi ekki um leið draga úg gæðum hins klassíska bóknáms.“ Ég endurtek: „megi ekki um leið draga úr gæðum hins klassíska bóknáms.“ Ég vil leyfa mér að spyrja, ef einhver getur svarað því, hvað átt sé við með heimspeki af þessu tagi. Það er ekkert í þessu frv. sem segir til um hvort klassískt bóknám skuli vera meira eða minna. Það er ekkert sem segir til um það í þessu frv. að klassískt bóknám skuli vera með þessum eða hinum hættinum. Hér er um að ræða rammalöggjöf sem fyrst og fremst fjallar um ytri uppbyggingu þessarar skólastarfsemi, en að allt verði flatt út, eins og hv. þm. komst að orði áðan, með samþykkt frv., og hafði eftir ágætum skólamanni, er auðvitað hrein ímyndun sem ekki á nokkra stoð í veruleikanum.

Menn hafa t. d. verið að velta því fyrir sér í þessu sambandi, hvort Menntaskólinn í Reykjavík, hinn klassíski gamli menntaskóli, yrði lagður niður með samþykkt þessa frv. Auðvitað er slíkt hinn mesti misskilningur. Í fyrsta lagi er ætlunin að setja reglugerðir um starfsemi fjölbrautaskóla á Reykjavíkursvæðinu á síðara stigi og þá kemur sú reglugerð væntanlega til samþykktar á Alþ. Í öðru lagi liggur alveg ljóst fyrir að ekki verður mögulegt að steypa þeim skólum, sem eru á Reykjavíkursvæðinu, öllum í einn grautarpott og hefur satt að segja engum dottið í hug. Ef fræðsluyfirvöld í Reykjavík telja æskilegt og eðlilegt að menntaskólinn við Lækjargötu, hinn gamli menntaskóli Reykjavíkur, verði starfræktur með svipuðu sniði og nú er sé ég ekki neitt því til fyrirstöðu að svo verði. Og það er hrein hræðsla, sem ekki byggist á neinum staðreyndum, að eitthvað annað sé haft í sigti. Auðvitað er staða Reykjavíkurborgar með allt öðrum hætti en ýmissa sveitarfélaga úti á landi þar sem aðeins er um að ræða einn framhaldsskóla. Þar verða menn yfirleitt að velja framhaldsskóla með fjölbrautasniði, en hér í Reykjavík, þar sem framhaldsskólarnir eru fjöldamargir og við komum til með að hafa hér vafalaust a. m. k. þrjá fjölbrautaskóla, er ekkert því til fyrirstöðu að einnig séu starfræktir skólar sem einungis sinna bóknámi ef það er af fræðsluyfirvöldum í Reykjavík talið eðlilegt og sjálfsagt.

Herra forseti. Ég hef hér farið yfir aths. minni hl. hv. menntmn. Ég held að niðurstaða mín hljóti að vera sú, að þær aths. séu ekki sérlega sterkar málefnalega og byggist ekki á ýkjamiklum rökum. Ég vil því að endingu eindregið vænta þess, að mál þetta hljóti góða fyrirgreiðslu hér í d., eins og nú eru horfur á þar sem málið er nú komið til 2. umr. Ég vil ítreka þakkir mínar til hv. menntmn. d. fyrir, að þetta frv. hefur nú loks fengist afgreitt úr n., og vænti þess að það komi til meðferðar í Ed. hið allra fyrsta.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Í tilefni af fréttaflutningi hv. þm. Ólafs G. Einarssonar áðan af þingflokksfundi Alþfl., þar sem hann lýsti því yfir að þar hefði sú samþykkt verið gerð að tefja fyrir framgangi þessa frv., vil ég koma honum og öðrum þm. í skilning um að engin slík samþykkt hefur verið gerð í þingflokki Alþfl. Það, sem gerðist við umr. um þetta frv. í þingflokknum og ég tel rétt að skýra frá, er að þegar málið var fyrst lagt fram í þingflokknum var gerð aths. við það að ekki fylgdi kostnaðaráætlun. Bent var á að í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl., sem nýlega voru samþ. hér á þingi, segir í 13. gr., með leyfi hæstv. forseta:

"Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna.

Meðal þess háttar verkefna fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.“ Og síðan kemur liður 2: „Kostnaðarmat á tillögum frv. sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma.“

Það var eðlilega gagnrýnt að slíkt kostnaðarmat lá ekki fyrir. Þingflokkurinn fékk síðar í hendur kostnaðaráætlun. Að vísu er erfitt að meta frv. af þessu tagi til kostnaðar, eins og hæstv. menntmrh. hefur réttilega bent á. Þó var hægt að meta verknámsþáttinn á rösklega 2 milljarða kr. Þessar upplýsingar taldi þingflokkur Alþfl. nægjanlegar. En því er ekki að leyna, að raddir heyrðust um að ekki væri endilega nauðsynlegt að afgreiða frv. á þessu þingi, það gæti beðið næsta þings.

Alþfl. gerði sér far um að kynnast á tiltölulega skömmum tíma innihaldi frv. og þá einkum og sér í lagi grg. sem er um 200 bls. — frv. sjálft er eitthvað um 20 bls. og varla það. Þingflokkurinn fékk á sinn fund skólamenn svo og fulltrúa menntmrn., og ég leyfi mér að fullyrða að hann hafi gert sér meira far um en kannske þingflokkur Sjálfstfl. að kynna sér þetta mál frá sérfróðum mönnum.

Efnislega fer ég ekki að ræða þetta frv., svo mikið hefur verið um það sagt. Hins vegar hlýtur öllum að vera ljóst að þau grunnskólalög, sem nú eru í gildi, knýja mjög fast á um að frv. verði samþ., og þingflokkur Alþfl. mun styðja það.

Ég tel að þær breytingar sem mikilverðastar eru í þessu

frv., séu þær, að það felur í sér jafnrétti verknáms á við bóknám. Var tími til kominn að menn færu að meta verknám einhvers hér á landi og hætta framleiðslu á lögfræðingum og viðskiptafræðingum, — offramleiðslu, ef ég mætti orða það þannig. Sú stétt er vissulega nauðsynleg og góð, en ég held að meiri gaum mætti gefa verknámshlið málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Námsgagnastofnun, frv. (þskj. 481). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur verið á ferð í sölum Alþingis um margra ára skeið, en aldrei hlotið afgreiðslu. Nú er það á leið í gegnum þingið í fyrsta sinn svo merkjanlegt sé, því að það kemur frá Ed. þar sem það hefur hlotið einróma samþykki. Ég hef satt að segja aldrei skilið hvers vegna frv. þetta hefur ekki átt greiða leið í gegnum sali Alþingis, vegna þess að hér er um ótvíræða hagræðingu að ræða sem hlýtur að hafa í för með sér sparnað og ráðdeild í meðferð opinberra fjármuna.

Með þessu frv. er að því stefnt að sameina í eina stofnun þrjár stofnanir: Skólavörubúð, Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafn ríkisins. Frv. felur síðan í sér skipulag hinnar nýju stofnunar, sem nefnast mun Námsgagnastofnun.

Það skal vissulega viðurkennt, að sá dráttur, sem orðið hefur á afgreiðslu frv., hefur orðið til þess að frv. hefur tekið breytingum og áreiðanlega í öllu til batnaðar. Fyrst í stað, þegar frv. var fyrst lagt fram, fannst mönnum að þrátt fyrir sameiningu gætti þess um of og gægðist í gegnum frv., að á bak við stæðu þrjár gamlar stofnanir sem hver um sig starfaði með sínum hætti þótt búið væri að sameina þær í eina stofnun. Mönnum fannst skipulag hinnar nýju stofnunar nokkuð þunglamalegt og hafa þeir sennilega fyrst og fremst af þeirri ástæðu verið tregir til að samþ. það, þó það horfði til nokkurra bóta. Eftir að gerðar voru verulegar breytingar á frv. í þá átt að fella stofnunina saman í samræmda heild og sniðnir voru af því agnúar af þessu tagi hefði frv. átt að eiga hér upp á pallborðið, en af einhverjum ástæðum hefur það alltaf strandað í menntmn. þar til nú að það hefur hlotið afgreiðslu úr annarri deildinni.

Í frv. er gert ráð fyrir að ríkisstofnanir, sem starfa að útgáfu, miðlun og framleiðslu námsefnis og kennslugagna, séu sameinaðar í þeirri stofnun sem ég áður nefndi, Námsgagnastofnun, er lúti daglegri stjórn eins forstjóra, námsgagnastjóra.

Í stað námsbókanefndar og stjórnar Fræðslumyndasafns ríkisins kemur óskipt námsgagnastjórn og skal hún hafa með höndum yfirstjórn á starfsemi og fjárreiðum Námsgagnastofnunar.

Ákvæði eru um náið samstarf Námsgagnastofnunar og þeirra aðila er vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum menntmrn., við Kennaraháskóla Íslands og aðrar þær stofnanir er kennaramenntun veita.

Þessi stofnun mun framleiða ýmis náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður önnur en prentað mál.

Herra forseti. Ég tel að fyrir löngu sé orðið tímabært að mál þetta fái afgreiðslu óbreytt eða með breytingum, eftir því sem Alþ. telur eðlilegt og nauðsynlegt, og síst af öllu megi draga lengur að málið nái fram að ganga. Satt best að segja stendur það þessari starfsemi talsvert fyrir þrifum að ekki hefur fengist úr því skorið hvort Alþ. gæti fallist á þá stefnumótun sem í frv. felst.

Eins og ég hef áður tekið fram hefur Ed. Alþ. afgreitt frv. án þess að gera á því nokkrar breytingar. Hvernig sem það veltur í þessari d. legg ég hins vegar aðaláherslu á að frv. fái hraða afgreiðslu á þeim fáu dögum sem eftir eru til þingslita.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til hv. menntmn. að lokinni 1. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Aðeins örstutt mál um það frv. sem hér er til 1. umr. í seinni deild.

Ég skal viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér þetta frv. sem skyldi, en mig langar til að fara fram á það að í n., þegar þetta mál verður tekið þar til meðferðar, verði kannað rækilega hvort ekki sé ástæða til að leggja niður ákveðinn hluta þeirrar starfsemi sem þarna er um að ræða. Ég hef grun um að viss hluti þeirrar starfsemi, sem þarna er um að ræða, geti svo vel sé farið fram utan þessa kerfis. Þar á ég sérstaklega við bókaútgáfuna og Skólavörubúðina, sem sjálf flytur inn og selur ýmsan varning í beinni samkeppni við venjulegar sölubúðir í landinu. Mér þætti þess vegna vænt um ef hægt væri að leita álits þeirra, sem stunda verslun og bókaútgáfu í landinu, hvort ekki sé hægt að koma þeim hlutum öðruvísi fyrir en hingað til hefur verið gert. Ég tel hins vegar að sameining þeirra aðila, sem um er að ræða, sé til bóta, en vil aðeins koma þessum sjónarmiðum á framfæri.

Þarna er um að ræða stofnanir sem hafa starfað tugi ára og voru settar á laggirnar á allt öðrum tíma en nú er uppi. Því má gera ráð fyrir að þær breytingar, sem hafa átt sér stað í þjóðfélaginu, hafi áhrif á þetta mál. Nægir að minna á í því sambandi að þegar Ríkisútgáfa námsbóka var stofnuð var auðvitað ætlunin að gefa út ódýrar skólabækur fyrir fólk sem ekki var bjargálna, barnmargar fjölskyldur, og gjald var greitt beint svo sem menn muna. Nú hefur því gjaldi verið eytt, það er aðeins greitt með venjulegum sköttum og útgjöldin fara um ríkissjóð með venjulegum hætti. Ég held, fyrst verið er að breyta þessu, að ástæða sé til að kanna rækilega hvort ekki sé hægt að skera niður hluta af þessari starfsemi. En það þýðir ekki að ég leggist gegn þeirri sameiningu sem þarna á að eiga sér stað, heldur aðeins hvort ekki sé ástæða til að draga saman starfsemina og láta aðra aðila í þjóðfélaginu um hana, þó með yfirstjórn aðila á borð við þann sem frv. fjallar um.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Sjálfstfl. á sér háleita hugsjón sem felst í því að selja ríkisfyrirtæki, og ég veit að hv. þm., sem hér lagði orð í belg, er einn af háleitustu baráttumönnum flokksins fyrir þeirri hugsjón. En ég verð að segja alveg eins og er, að ég held að það sé álíka vonlaust og fráleitt að ætla að fara að selja þessa starfsemi í hendur einkaatvinnurekendum og að selja skólana sjálfa, því hér er um að ræða starfsemi í eins nánum tengslum við skólastarfið sjálft og hugsast getur. Ég vil benda hv. þm. á að hér er um að ræða framleiðslu skólagagna og svonefndra nýsigagna, eins og það er nefnt á nútímamáli, og þó alveg sérstaklega skólabóka fyrir grunnskóla, og þær bækur er gefnar grunnskólanemendum. Ef þá starfsemi ætti að leggja niður yrði að sjálfsögðu að taka afstöðu til þess, hvort nemendum yrðu

á ný seldar kennslubækur, því ef einstakir bókaútgefendur eiga að annast námsbókaútgáfu geri ég ráð fyrir að þeir vilji fá eitthvað fyrir sinn snúð og varla verður það hlutverk þeirra að dreifa þessum bókum og ríkið borgi brúsann. Það getur varla verið neinn tilgangur í breytingum af því tagi, nema útgefendunum sé beinlínis ætlað að selja bækurnar, og þá yrði um gagngera stefnubreytingu að ræða frá því sem verið hefur um nokkurra áratuga skeið. Ég vil sem sagt benda hv. þm. á að ef þetta ætti að gerast, að starfsemi ríkisins væri lögð niður að þessu leyti og afhent einkaframtaki, yrði að sjálfsögðu að breyta algerlega frá þeirri venju sem ríkt hefur í þessum efnum. Er hann þá tilbúinn að marka þá stefnu? Væri fróðlegt að fá upplýsingar um það.

Ég þekki allvel hugmyndir hv. þm. um sölu ríkisfyrirtækja í hendur einkaframtaki. Ég er hins vegar sannfærður um að í mörgum tilvikum eru örlítið meiri rök fyrir slíkri stefnu en í þessu tilviki. En ég fagna því, að hv. þm. gerir sér fulla grein fyrir að hér er verið að sameina stofnanir og í því er fólgið mikið hagræði, og þess vegna vænti ég þess eindregið að hann styðji frv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðh. hólið, þ. e. a. s. að ég eigi mér háleitar hugsjónir, en verð að hryggja hann sömuleiðis með því, að það get ég ekki sagt um hann.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að ýmsir sjálfstæðismenn hafa reynt að leita nýrra leiða varðandi rekstur hér á landi, reynt að átta sig á hvort ekki sé hugsanlegt að breyta til, reynt að átta sig á hvort hlutirnir, eins og þeir gerast nú, gætu ekki verið öðruvísi, hvort ekki sé kominn tími til þess að hugsa sem svo: Nú er *kreppan liðin, nú lifir hér bjargálna fólk, — fólk sem* jafnvel hefur gott af að borga fyrir þá þjónustu sem það fær, — og þá má kanna hvort slíkt getur ekki veitt aðhald og komið ábyrgð fyrir hjá sem flestum einstaklingum í þjóðfélaginu. — Það var á slíkum grunni sem ég leyfði mér á þessu stigi málsins að benda á hvort ekki væri ástæða til að kynna sér viðhorf fleiri aðila en þeirra sem þarna eiga í hlut. Ekki var farið fram á annað en að kynna sér hvort hugsanlegt væri að aðilar eða stofnanir og fyrirtæki, sem eru starfrækt fyrir í landinu, gætu tekið yfir ákveðinn hluta þess sem þarna er um að ræða, ekki þó þannig að sjálfsögðu að þeir ættu einir að stjórna hvað kæmi út, heldur gætu þeir tekið að sér t. d. ákveðna bókaútgáfu. Það væri áreiðanlega hægt að finna leið til að koma þessum verkefnum meira frá Ríkisútgáfu námsbóka.

Þá er komið að því, hvort ekki sé ástæða til að fara að selja námsbækur í grunnskólum, í skyldunáminu. Ég skal hreinlega viðurkenna að það hefur hvarflað að mér að slíkt kæmi til greina. Ég er hræddur um að virðing Íslendinga fyrir ýmsum verðmætum sé lítil einmitt vegna þess að fólk telur, að hægt sé að fara með hluti eins og drasl af því að þeir eru afhentir af ríkisvaldinu, og fólk hefur enga tilfinningu fyrir því hvað slíkir hlutir raunverulega kosta. Ég er þeirrar skoðunar, að kominn sé tími til að sá einstaklingur, sem er í skóla, fái að vita hvað skólaveran kostar íslensku þjóðina. Og ég er einn af þeim sem trúa því, að hollt gæti verið fyrir ýmsar fjölskyldur hér á landi að átta sig á hver sá kostnaður er sem samfélagið greiðir fyrir börn í skólum á skyldunámsstigi. Þetta er ekki gert til þess að niðurlægja einn eða annan. Þetta er ekki heldur hugsað til þess að koma í veg fyrir að einhver afli sér menntunar. Þetta er gert til þess að fólk í landinu átti sig á að þetta kostar peninga og þeir eru greiddir af íslenskum skattborgurum. Það eru einmitt *slíkar hugsanir sem liggja til grundvallar því að sjálf*stæðismenn, og þá sérstaklega yngri sjálfstæðismenn, hafa reynt að átta sig á þessu: Er ekki hægt að breyta hér einhverju, er ekki hægt að koma á einhverju öðru kerfi, er ekki hægt að haga málum eitthvað öðruvísi þannig að við fáum betri nýtingu útgjaldanna? Við höfum ekki eingöngu spurt hvort við gætum gert hlutina betur, framkvæmt betur það sem fyrir er. Við höfum jafnvel leyft okkur að spyrja hvort ekki sé ástæða til þess að gera annað, hreinlega að leggja niður stofnanir, eins og hæstv. ráðh. minntist á.

Ég var hógvær í hinni stuttu ræðu minni áðan, einfaldlega vegna þess að ég átti ekki von á að þetta frv. ætti að samþykkja á þinginu núna. En mér kom sannarlega á óvart að hæstv. ráðh. skyldi taka það illa upp, þegar á var bent að kannske þyrfti að athuga hvort hægt væri að koma þessu máli öðruvísi fyrir. Sá var tilgangurinn.

Ég vil ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir að kalla mig háleitan hugsjónamann, ég vona að það eigum við ungir sjálfstæðismenn skilið. En það hryggir mig, og það ítreka ég, að slíkt get ég ekki sagt um hann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Verðgildi íslensks gjaldmiðils, frv. (þskj. 644). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á fundi í Ed. Alþ. 29. jan. s. l. mælti ég í ítarlegri framsöguræðu fyrir því frv. sem hér liggur fyrir um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils. Hv. Ed. hefur nú afgreitt frv. með þeirri breytingu frá upphaflegri gerð þess, að nú er gert ráð fyrir að gildistaka hins nýja gjaldmiðils, hins breytta gjaldmiðils, verði frá og með 1. jan. 1981 í stað 1. jan. 1980.

Þar sem þetta mál hefur þegar hlotið mikla umr. bæði í hv. Ed. svo og í fjölmiðlum og það er hv. þm. kunnugt tel ég ástæðulaust að fara frekar yfir efni þess hér og legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 660, 459, 571, 591, 640, 663). — 3. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Í morgun var samþ. till. í ríkisstj. um breytingu á lánsfjáráætluninni og í samræmi við þá samþykkt flytjum við, ég og hæstv. menntmrh., brtt. um frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979, svo hljóðandi:

„Ný grein, er verði 22. gr., hljóði svo:

„Heimilt er fjmrh. f. h. ríkissjóðs að taka lán, innlent eða erlent, að fjárhæð 300 millj. kr. til að greiða framkvæmdakostnað við dreifikerfi sjónvarps á þessu ári.“

Síðan verður gildistökugreinin að sjálfsögðu 23. gr. í staðinn fyrir að hún er nú 22. gr.

Eins og komið hefur fram í umr. um málefni sjónvarps og útvarps var heimild í tollskrárlögum 1964 til að ætla aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum til stofnbúnaðar sjónvarps, þar með talið dreifikerfi. Sú heimild var felld niður úr lögum 1976 svo lítið bar á, að því er virtist, og þess vegna renna nú tekjur af innflutningsgjöldum sjónvarpstækja til ríkissjóðs, en aftur á móti er ákveðið á fjárlögum ríkisins sérstakt framlag til Ríkisútvarpsins, 340 millj. kr., að því er mig minnir, á þessu ári. Á sínum tíma hefur Alþ. metið það svo, að eðlilegt væri að ráðstafa tolltekjum af sjónvarpstækjum til uppbyggingar sjónvarpsstöðva, og sennilega hefur þá Alþ. einnig 10 árum síðar talið að barnsskónum væri svo slitið að sjónvarpsnotendur ættu að standa undir fjárfestingu og rekstri sjónvarpsins, en það yrði ekki áfram gert af tekjum ríkissjóðs. Ég hygg að gert hafi verið óformlegt samkomulag milli fyrrv. menntmrh. og fjmrh. um að sjónvarpið fengi tolltekjurnar áfram árin 1976, 1977 og 1978 þar til annað yrði ákveðið. Á síðari hluta árs 1977 og fyrri hluta árs 1978 varð veruleg seinkun á þessum greiðslum til sjónvarpsins. Veruleg uppbygging í litvæðingu og á dreifikerfi sjónvarps og útvarps átti sér stað á árunum 1977 og 1978 og þessari uppbyggingu þarf að halda áfram. Þess vegna hefur ríkisstj. nú samþykkt þá breytingu á fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni sem felst í þeirri till. sem ég og hæstv. menntmrh. flytjum og ég hef nú gert grein fyrir.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Við 2. umr. um málið kom í ljós að hér lágu fyrir nokkrar allstórar brtt. við frv. og þær voru dregnar til baka til 3. umr. Í millitíðinni gafst fjh.- og viðskn. tóm til að ræða málið nokkru nánar. Mér þykir því ástæða til að gera stutta grein fyrir hver er afstaðan, að því leyti til sem bein afstaða hefur verið tekin, um hverja till. um sig.

Það er í fyrsta lagi lítil till. á þskj. 640 frá Albert Guðmundssyni, þar sem lagt er til að bæta þremur orðum inn í 20. gr. frv. Það þarf að vísu að aðlaga þessa till. að formi, vegna þess að hún var flutt við 2. umr. sem brtt. við brtt., en ég vænti að það komi ekki að sök því að hér er um augljósa breytingu að ræða sem fjh.- og viðskn. mælir með að verði samþ. Í brtt. felst, að sú breyting, sem fram kemur í 20. gr. frv. varðandi lögin um Ferðamálasjóð, skuli aðeins ná til ársins 1979 eins og aðrar hliðstæðar breytingar sem frv. fjallar um. Hér er sem sagt ekki gert ráð fyrir að breyta lögum um Ferðamálasjóð nema aðeins varðandi þetta eina ár. Fjh.- og viðskn. mælir með að till. á þskj. 640, um Ferðamálaráð, frá Albert Guðmundssyni verði samþ.

Þá lá hér við 2. umr. brtt. á þskj. 591 frá Ellert B. Schram sem varðaði greiðslu til Ríkisútvarpsins. Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir till. sem fjallar um sama efni og hann og hæstv. menntmrh. flytja, þar sem gert er ráð fyrir að um verði að ræða 300 millj. kr. greiðslu. Þar liggur því fyrir önnur till. um sama efni, en fjh.- og viðskn. hefur ekki fjallað um þetta atriði sérstaklega.

Þá liggur fyrir brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 676, við 3. gr. frv., að lokaorð greinarinnar falli niður, þar sem segir: „enda sé sala skuldabréfa þessara í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstj.“ Hér er um að ræða till. frá meiri hl. n., sem leggur þetta til. Við grein þessa höfðu komið fram nokkrar aths., bæði frá mér og fleiri aðilum. Því hefur brtt. verið flutt sem gengur nokkuð til móts við þau sjónarmið sem komið höfðu fram.

Þá liggur fyrir brtt. á þskj. 663 frá Eggert Haukdal um að varið verði 300 millj. kr. hærri upphæð til hitaveitu í Vestmannaeyjum. Hann gerir að sjálfsögðu grein fyrir þeirri till., en n. hefur ekki fjallað um hana sem slíka.

Þá er á þskj. 571 till. frá Pálma Jónssyni, sem dregin var til baka til 3. umr., sem fjallar um að ríkissjóður taki að sér að standa undir afborgunum og vöxtum og öðrum kostnaði af því 600 millj. kr. láni sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætluninni að tekið verði handa Rafmagnsveitum ríkisins. Samkomulag hefur ekki tekist í fjh.- og viðskn. um að standa að samþykkt till., en ýmsir nm. fylgja henni. Ég er í þeim hóp sem mun greiða atkv. með þessari till., tel að hún sé réttmæt og það sé mikil nauðsyn á að samþ. till. af þeirri gerð sem hér er um að ræða, vegna þess að hér hafa komið fram frá mörgum aðilum mjög sterkar yfirlýsingar á Alþ. um að nauðsynlegt væri að ríkissjóður legði Rafmagnsveitum ríkisins nokkurt fé, eins og fjárhagur þeirra er, m. a. til að draga úr þörfinni á að leggja á sérstakt verðjöfnunargjald. Ég lít svo á, að þessi till. fjalli fyrst og fremst um að unnið sé að því í nokkru ríkari mæli en verið hefur að jafna rafmagnsverð á milli aðila í landinu. Ég mun því greiða till. atkv. fyrir mitt leyti.

Þá er hér um að ræða brtt. á þskj. 459 frá Ingvari Gíslasyni og Lárusi Jónssyni varðandi framkvæmdir við Kröflu. Satt að segja átti ég von á að hér kæmi brtt. — hún á kannske eftir að koma fram — varðandi þetta atriði, en fjh.- og viðskn. hafði ekki tekið afstöðu sérstaklega til þessarar tillögu.

Þá vil ég geta þess, að mér barst í hendur bréf í dag frá oddvita Bessastaðahrepps, það er dagsett í gær, og þar skorar hann á Alþ. að hækka áætlaða fjárveitingu til hitaveitu í Bessastaðahreppi. Ekki hefur unnist tími til að taka þetta fyrir sérstaklega. Eflaust eru óskir frá fleiri aðilum um að fá ríflegri fjárveitingu en gert er ráð fyrir. En ég get þess, að þetta bréf hefur mér borist, ósk liggur fyrir um þetta. Ekki eru tök á að fjh.- og viðskn. tefji lengur við afgreiðslu þessa máls en orðið er, en þyki ástæða til að verða við þessari beiðni verða till. að koma fram um það eða þá að taka málið fyrir í Ed., sem fær málið væntanlega til fyrirgreiðslu.

Ég held þá að ég hafi gert grein fyrir þeim till., sem hér liggja fyrir, og afstöðu minni til þeirra og afstöðu n. eftir því sem hún hefur komið fram, varðandi þær till. sem um er að ræða.

Um þetta þarf ég svo ekki að hafa fleiri orð, en ég endurtek það sem mína skoðun, að ég er mjög ósáttur um orðalag 3. gr. frv., sem ég hef lýst áður, þar sem farin er fyrirskipunarleið gagnvart lífeyrissjóðunum. Ég er líka mjög andvígur efni 11. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að ráðstafa skyldusparnaði ungmenna á þann hátt sem þar er gert ráð fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 682, sem var of seint fram komin, samþ. með 28 shlj. atkv.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 663 brtt. við 5. gr. frv. um að hraunhitaveita Vestmannaeyja fái aukna lánsheimild, að í stað 300 millj. kr. komi 600 millj. kr.

22% húsa í Vestmannaeyjum hafa nú þegar verið tengd við hitaveituna. Í ár er áætlað að verja ca. 900 millj. kr. í framkvæmdir og er þá stefnt að því að rúmlega helmingur húsa sé kominn með hitaveitu í árslok. Verði brtt. *mín samþ. yrðu um 1200 millj. kr. til ráðstöfunar í* ár. Um s. l. áramót var reiknað með að heildarkostnaður við það sem eftir er af framkvæmdum vegna hitaveitunnar væri um 1600 millj. kr. En reikna má með að sú tala sé of lág og endanleg kostnaðartala verði nálægt 2 milljörðum, þar sem verkið hefur mjög dregist.

Ekki þarf að hafa fleiri orð um nauðsyn þessa máls. Öllum er ljóst að vegna hinnar gífurlegu hækkunar olíuverðs hefur aldrei verið meiri þörf á því en nú að hraða því að innlendir orkugjafar komi í stað olíu. Því vænti ég stuðnings við till. mína.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. fjh.- og viðskn. og hæstv. fjmrh. fyrir góðar undirtektir við hinni litlu brtt. minni við 20. gr. frv., er varðar Ferðamálaráð. Till. mín er ekki margorð, en ég veit að afstaða fjh.- og viðskn. og hæstv. fjmrh. til hennar er vel metin af ferðamálaráðsmönnum.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Ég vil fyrst láta í ljós að ég harma, hversu afgreiðsla lánsfjáráætlunar hefur dregist langt úr hófi fram, og endurtaka það sem ég hef áður sagt í því efni.

Till. frá hv. 1. þm. Reykv. hef ég fallist á fyrir mitt leyti vegna þess að hún felur ekki í sér breytingu á fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni. Þess vegna tel ég að ég hafi fulla heimild til að fylgja henni, þrátt fyrir samkomulag um áætlunina sem slíka.

Varðandi till. frá hv. 1. þm. Suðurl. um hækkun á lánsheimildum vegna Hitaveitu Vestmannaeyja vil ég segja, að þegar ég mælti fyrir fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni á sínum tíma tók ég fram mjög skýrt að vegna breyttra viðhorfa við tilkomu olíukreppu hinnar nýju kynni að vera skynsamlegt og nauðsynlegt að hraða vissum framkvæmdum í landinu sem beinlínis væru þess eðlis að þær spöruðu olíuinnkaup til landsins. Nokkrar hitaveitur koma til greina. Það er Hitaveita Vestmannaeyja, það er Hitaveita Bessastaðahrepps, það er Hitaveita Akureyrar, það er Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar og e. t. v. fleiri. Ég álít, að þessi mál þurfi að athuga betur áður en breytingar eru gerðar sérstaklega á lánsfjáráætluninni varðandi einhverja eina framkvæmd, og vil því mælast til að menn fallist á að ríkisstj. athugi þessi mál á þann veg sem ég hef nú gert grein fyrir og gert verði ráð fyrir að það kynni að koma til frekari lánsútvegunar seinna á árinu í þeim tilgangi að hraða þeim framkvæmdum sem sérstaklega varða hitaveitur og e. t. v. fleiri framkvæmdir sem spara innflutning á olíuvörum.

Varðandi till., sem lögð hefur verið fram af hv. þm. Pálma Jónssyni um lán til Rafmagnsveitna ríkisins, vil ég segja það, að þegar við vorum að semja um lánsfjáráætlunina í ríkisstj. var að sjálfsögðu samið um þetta tiltekna mál á þann veg sem greinir í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni, að lán að upphæð 600 millj. kr., sem rennur til Rafmagnsveitna ríkisins, verði greitt af ríkissjóði á næstu 5 árum. Hins vegar var ekki gert ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni að vextir af láninu væru greiddir af ríkissjóði, heldur af Rafmagnsveitum ríkisins. Brtt. hv. þm. Pálma Jónssonar er einmitt þess eðlis, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á vöxtunum einnig. Ég skýrði frá því, þegar við vorum að ræða þessi mál og semja um þau, að ég mundi að sjálfsögðu í framsögu gera grein fyrir málinu eins og lánsfjáráætlunin greinir frá, hins vegar mundi ég láta þá skoðun í ljós í síðari umr. málsins, að ég væri hlynntur því að Rafmagnsveiturnar tækju yfir þetta lán að öllu leyti, þó að síðar yrði. Þess vegna er ég reiðubúinn til þess að beita mér fyrir því við næstu fjárfestingar- og lánsfjáráætlun að ríkissjóður yfirtaki þetta mál að öllu leyti, en stend að sjálfsögðu að öðru leyti við þá samninga, sem gerðir voru við samningu lánsfjáráætlunar, og tel mig bundinn við þá að þessu sinni.

Hv. þm. Ingvar Gíslason og Lárus Jónsson flytja till. um sérstakar heimildir til að bora við Kröflu tvær borholur. Ég hef verið þeirrar skoðunar, hef oft látið þá skoðun í ljós, að við ættum að fara okkur hægt við að verja miklu viðbótarfjármagni til framkvæmda við Kröflu á meðan sú ókyrrð er að ganga yfir sem er og hefur verið og verður e. t. v. um einhvern tíma í Mývatnssveit og nágrenni Kröflu. Mun ég greiða atkv. á móti þessari till., þar sem ég tel mig vera samningsbundinn í samræmi við samninga innan ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina. Hins vegar kann að vera skynsamlegt að athuga síðar á árinu hvort ekki sé rétt að bora eina borholu í nágrenni við Kröflu. Það kann að *vera skynsamlegt. En ég álít að það þurfi að skoða það* mál betur og bíða enn um sinn áður en menn taka ákvarðanir í því efni.

Ég vildi láta þessi atriði koma hér fram, herra forseti, að gefnu tilefni.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil vegna lánsfjáráætlunar og þeirra brtt., sem hér liggja fyrir og snerta orkumál, segja fáein orð.

Það er í fyrsta lagi í sambandi við till. þá, sem varðar hitaveitu eða fjarvarmaveitu Vestmannaeyja, frá hv. þm. Eggert Haukdal, þá er það rétt, sem fram kom í máli hans áðan, að fyrir þá framkvæmd er þörf á meira fjármagni ef vel ætti að vera, eins og raunar ýmsar fleiri hitaveitur í landinu.

Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. áðan, að ríkisstj. hefur nú til athugunar hvort rétt kunni að vera að veita fjármagni til tiltekinna orkuframkvæmda á þessu ári til viðbótar því, sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun, og þá sérstaklega með tilliti til olíusparnaðar. Um þetta mál hefur nokkuð verið rætt í þinginu og fyrir liggur þáltill. frá mörgum þm. stjórnarandstöðunnar um þetta efni þar sem eindregið er hvatt til þess að í meira verði ráðist. Ég sagði hug minn til þessa máls í tengslum við umr. um þá þáltill., en þá hafði ég kynnt fyrir ríkisstj. till. iðnrh. um allverulegar fjárveitingar til viðbótar í þessu skyni. Þörfin að mati iðnrn. að þessu leyti er um 2.5 milljarðar kr. ef vel ætti að vera — fjárveitingar til framkvæmda — þar sem hægt er að spara mjög verulegar upphæðir með því að hraða framkvæmdum í orkumálum, bæði varðandi lagningu tiltekinna raflína og ekki síður varðandi hitaveituframkvæmdir, alls 9 hitaveitur sem þar eru tilteknar að meira fjármagn þyrfti að koma til, og fleiri atriði, eins

og m. a. frekari borun eða jarðhitaleit vegna Kröfluvirkjunar, sem talið er að geti komið í veg fyrir olíunotkun í raforkukerfinu veturinn 1980—1981, en þá má gera ráð fyrir að vöntun verði á orku í landskerfinu samkv. fyrirliggjandi spám, svo að fjárveiting í frekari jarðhitaleit þarna gæti sparað umtalsverðar upphæðir á þeim vetri — veturinn áður en fyrirhugað er að Hrauneyjafossvirkjun, fyrsti áfangi, komi í gagnið. Einnig er þarna um að ræða þörf á fjármagni til jarðhitaleitar og undirbúnings að orkuframkvæmdum.

Ég vildi að þetta kæmi hér fram til þess að mönnum væri það kunnugt. Hefur raunar hæstv. fjmrh. þegar getið um það og málið hefur hlotið velviljaðar undirtektir í ríkisstj. En við teljum nauðsynlegt að fara betur ofan í þetta og taka á þessu máli innan tíðar, og ég vænti að undirtektir við það verði jákvæðar. Með tilliti til þessa tel ég að ekki sé réttmætt nú við afgreiðslu lánsfjáráætlunar að taka hitaveitu eða fjarvarmaveitu Vestmannaeyja sérstaklega út úr, en samkv. hugmyndum iðnrn. er talið að þar væri þörf á a. m. k. 220 millj. kr. til viðbótar sem hægt væri að nota á skynsamlegan hátt á þessu ári til þess að spara mjög verulega olíu.

Varðandi till. frá hv. þm. Ingvari Gíslasyni og Lárusi Jónssyni um frekari borun við Kröflu vísa ég til þess sem ég hef hér sagt. Ég hafði vænst þess, að menn gætu sameinast um það hér í sambandi við afgreiðslu lánsfjáráætlunar að þarna yrði eitthvað aðhafst, þó ekki væri nema ákvörðun um að bora þarna eina holu á nýju jarðhitasvæði til frekari leitar, þar sem jákvæður árangur hefur náðst með borun einnar holu sem mest munar um í þeirri raforkuframleiðslu sem nú fer fram í Kröfluvirkjun. En um þetta virðist ekki vera samstaða að svo komnu. Ég treysti því hins vegar, að sú heimild, sem hæstv. fjmrh. vék að að til greina komi að veita til borunar þarna síðar á árinu, verði veitt. Borinn Jötunn er nú kominn norður í Mývatnssveit þar sem boruð verður vegna Kísiliðjunnar í Bjarnarflagi ein hola til öryggis. Engin verkefni frekar eru fyrir þetta stóra tæki fyrirhuguð innanlands á þessu ári, svo það virðist mjög skynsamlegt að leita frekar jarðvarma á svæði, sem þegar hefur gefið góða raun, í suðurhlíðum Kröflufjalls. Ég vænti að við nánari athugun geti ríkisstj. sameinast um að veita heimild til þeirrar jarðhitaleitar.

Ég vil svo að endingu víkja sérstaklega að till. frá hv. þm. Pálma Jónssyni varðandi að ríkissjóður taki á sig kostnað vegna þess lánsfjár til Rafmagnsveitna ríkisins sem lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir, að upphæð 600 millj. kr. Varðandi þetta vil ég rifja upp, að eitt af stefnumálum ríkisstj. er að tryggja landsmönnum næga og örugga raforku á sambærilegu verði. Rafmagnsveitur ríkisins glíma við erfiðasta verkefnið á sviði raforkumála hérlendis. Má raunar segja að Orkubú Vestfjarða fáist við álíka erfitt verkefni, þótt ekki sé jafnstórt í sniðum. S. l. haust greiddu viðskiptavinir Rafmagnsveitnanna nær 90% hærra verð fyrir raforku en þorri landsmanna. Iðnrn. hefur leitast við að bæta hag fyrirtækisins með tvennum hætti, þ. e. með hækkun verðjöfnunargjalds og beinu framlagi eða ígildi þess af hálfu eigenda, ríkisins. Við umr. um hækkun verðjöfnunargjaldsins í hv. þingdeild í desember s. l. greindi ég frá væntanlegu framlagi í formi láns að upphæð 600 millj. kr. er ríkissjóður mundi sjá um greiðslur af. Sú yfirlýsing, gefin í góðri trú, tel ég að hafi tryggt hækkun verðjöfnunargjaldsins meiri hl. hér í hv. þd. og sá meiri hl. fékkst raunar með stuðningi tveggja þm. stjórnarandstöðunnar. Með tilliti til þessa og að hér er ekki um hækkun lánsfjáráætlunar að ræða svo og þeirrar staðreyndar, að enn greiða viðskiptavinir RARIKs röskl.ega 55% hærra verð fyrir raforku en aðrir landsmenn, mun ég styðja fram komna till. um þetta efni frá hv. þm. Pálma Jónssyni og vænti að hún hljóti meirihlutafylgi í þinginu.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Vegna brtt. hv. þm. Eggerts Haukdals vil ég upplýsa það, að heildarkostnaður við að ljúka hitaveitufram kvæmdum í Vestmannaeyjum var áætlaður í október s. l. 1300—1400 millj. kr. Þessar framkvæmdir mundu spara, miðað við olíuverðlag þá, 500 millj. kr. á ári, miðað við núverandi olíuverðlag um 750 millj. kr. Ef við lítum á olíustyrkinn mundi það spara ríkissjóði um 200 millj. kr. á ári ef þetta mál gengi fram. Ég held að engin framkvæmd á landinu í þessum efnum gefi eins fljótt af sér hagnað og þessi framkvæmd.

Það er rétt, sem hæstv. iðnrh. kom inn á, að hugmyndir eru um að auka fjármagn í þessa framkvæmd um 220 millj., sem ekki er að vísu búið að ákveða enn þá, en hann hefur hugmyndir uppi um. En ég sé ekki hvernig nokkur heilvita maður getur staðið á móti þeirri brtt. sem hv. þm. Eggert Haukdal ber fram. Ég sé ekki hvernig hægt er að nota fjármagn á betri hátt.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég lýsi mig andvígan till. frá hv. þm. Pálma Jónssyni. Það er nýbúið að knýja hér fram 50% hækkun á verðjöfnunargjaldi til að hjálpa þessari vandræðastofnun, Rafmagnsveitum ríkisins, og þegar í viðbót búið að lofa 600 millj. kr. sem ríkið eigi að standa undir. Ég tel vel við þessa stofnun gert. Verðjöfnunargjaldið er lagt á og knúið fram í beinni andstöðu við okkur sem búum hér, og ég tel að það sé nóg í bili og verði að duga. Auk þess vil ég segja að sú lánsfjáráætlun, sem hér er til umr., hljóðar þegar upp á yfir 9 milljarða kr. Ég mun þess vegna vera á móti öllum brtt. til hækkunar, líka til Hitaveitu Vestmannaeyja, þó að það þýði að ég verði ekki talinn heilvita maður.

ATKVGR.

Brtt. 459 felld með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: FÞ, FrS, GH, GTh, LárJ, MB, ÓE, PJ, AG, EH, IG.

nei: GSig, GilsG, HES, HG, JóhS, BL, KÓ, MHM, PP, StH, SvJ, SvG, SvH, TÁ, VG, ÁG, EðS, EÁ, FTS.

LJós, SV greiddu ekki atkv.

8 þm. (GSt, JÞ, MÁM, SighB, ÞS, BGr, EG, EBS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Með tilvísun til þeirrar góðu reynslu, sem orðið hefur á nýtingu síðustu borhola Kröfluvirkjunar á þessu ári, og góðum líkum á, að viðbótarboranir séu ódýrasta leiðin nú til aukinnar rafmagnsframleiðslu, greiði ég fram kominni till. atkv. í trausti þess, að heimild um nýjar boranir að því er tæki til t. d. einnar borholu verði nýtt í samræmi við reynslu og fullnægjandi rannsóknir, og segi já.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Með tilvísun til þess, sem ég sagði áðan um þetta mál, og í trausti þess, að síðar á þessu ári sameinist ríkisstj. um að

veita heimild til frekari borana vegna jarðhitaleitar fyrir Krófluvirkjun, segi ég nei.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Með tilvísun til *þeirrar miklu þenslu, sem er við Kröflu, segi ég nei.*

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Krófluvirkjun er vandræðamál, sem á sér langa og leiðigjarna sögu eins og þingheimi er kunnugt um. Með lánsfjáráætlun núv. hæstv. ríkisstj. átti sér stað stefnumörkun varðandi þessa virkjun. Það er svo nýr flötur á málinu ef einstakir stjórnarþm. gera bandalag við óábyrga stjórnarandstöðu um þetta mál. Ég segi nei.

Brtt. 571 samþ. með 21:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PP, PJ, SV, SvJ, SvG, SvH, AG, EðS, EH, FÞ, FrS, GSig, GilsG, GTh, HG, BL, KÓ, LárJ, LJós, MB, ÓE.

nei: StH, TA, VG, ÁG, EÁ, FTS, JóhS, MHM.

GH, HES, IG greiddu ekki atkv.

8 þm. (SighB, ÞS, BGr, EG EBS, GSt, JÞ, MÁM), fjarstaddir.

7. þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í trausti þess, að umrætt lán verði yfirtekið af ríkissjóði með næstu lánsfjáráætlun í samræmi við yfirlýsingu hæstv. fjmrh., sé ég ekki ástæðu til að samþ. þessa brtt. og segi nei.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Eftir að lánsfjáráætlun hefur verið þæfð hér mánuðum saman er heldur ódensilegt að hlýða á hv. stjórnarþm. með ráðh. í broddi fylkingar tala í austur og vestur um hina þýðingarmestu þætti þeirrar áætlunar. Ég er heldur daufur við að fylgja hækkunartill., en ég tók rétt eftir því í máli hæstv. fjmrh. að hann kvaðst mundu vilja beita sér fyrir að þetta lán yrði yfirtekið alveg af ríkissjóði við afgreiðslu næstu lánsfjáráætlunar. Það er vissara að taka þessa ákvörðun strax, enda sé ég ekki mikinn mun á því, því að guð má vita hvar hann dansar næstu jól. Ég segi því já.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Já, guð má vita það. En ég vil vísa til þess sem ég sagði hér áður, að ég mun beita mér fyrir því við gerð næstu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar, ef guð lofar, að ríkissjóður yfirtaki vaxtakostnað við þessa lántöku, og með tilliti til þess segi ég nei við þessa atkvgr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Stjórnarflokkarnir höfðu gert um það samkomulag að standa að þessari lánsfjáráætlun án þeirra fjárhæða sem hér er gerð till. um. Með tilvísun til þess samkomulags og að við það á að standa segi ég nei.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Í samræmi við þær skoðanir mínar, sem komu fram þegar rætt var um verðjöfnunargjald, og í trausti þess, að verðjöfnunargjaldið verði tekið til endurskoðunar sem leiði til hlutfallslækkunar, segi ég já.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kýs að gera grein fyrir atkv. mínu við þessa atkvgr. til að vekja athygli á:

Í fyrsta lagi, að ríkisstj. hefur enga samræmda stefnu við afgreiðslu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar frekar en í öðrum mikilvægum þáttum efnahagsmála.

Í öðru lagi, að hæstv. iðnrh. hefur ekki sýnt tilburði, sem fram hafi komið á Alþ., til að efna fyrirheit sitt við afgreiðslu hækkunar verðjöfnunargjalds rafmagns og gera jafnhliða því aðrar ráðstafanir til að rétta við fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Hins vegar hefur formaður stjórnar RARIKs, hv. 2. þm. Norðurl. v., flm. þessarar till., þá ábyrgðartilfinningu að láta ekki sitja við aðgerðaleysi hæstv. iðnrh.

Í þriðja lagi, að með því að hæstv. iðnrh. þvingaði fram samþykkt hækkunar verðjöfnunargjalds hér á þingi í vetur í stað þess að taka boði um samstöðu um fjáröflun til RARIKs og með því að hæstv. iðnrh. hefur ekki gert till. um endurskipulagningu og fjármögnun félagslegra framkvæmda RARIKs greiði ég ekki atkv. um þessa tillögu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Um leið og ég minni á að leiðrétting hefur fengist fram í sambandi við verðmismun á raforku hjá viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og þorra landsmanna sem búa við mun betri kjör, þar sem verðmismunur hefur minnkað úr 88% í rösk 55%, vil ég jafnframt lýsa yfir að þær bætur, sem fást á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins með væntanlegri samþykkt þessarar till., munu verða notaðar til þess að minnka þennan mismun enn frekar. Ég segi já.

Brtt. 676 samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 663 felld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: AG, EH, FÞ, GTh, MHM, ÓE, PJ.

nei: SvJ, SvG, TÁ, VG, ÁG, EðS, EÁ, FTS, GSig, GilsG, HES, HG, JóhS, BL, KÓ, PP, SV, StH, IG.

SvH, FrS, GH, LárJ, LJós, MB greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÞS, BGr, EG, EBS, GSt, JÞ, MÁM, SighB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Till. hv. þm. Eggerts Haukdals er talandi dæmi um auglýsingamennsku og um hvernig ekki á að vinna málum fylgi. Afstaða hæstv. ráðh. Magnúsar H. Magnússonar ber hins vegar vott um atkvæðahræðslu og ístöðuleysi. Ég mun ekki nú fremur en endranær taka undir auglýsingamennsku af þessu tagi. Þaðan af síður vil ég fylla flokk hinna ístöðulitlu og kjósendahræddu. Með vísun til þessa og orða hæstv. ráðh. Tómasar Árnasonar og Hjörleifs Guttormssonar um að von sé á meira fjármagni til hitaveitna segi ég nei.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Af mörgum meinlegum ágöllum frv. til lánsfjáráætlunar er sá þó einna verstur hversu mjög er skorið niður fé til hitaveituframkvæmda. Í ræðu hæstv. iðnrh. á Alþ. um daginn kom fram, að þar sem heildarsamdráttur að magni samkv. fjárfestingaráætlun ríkisstj. væri um 5—7% frá síðasta ári væri niðurskurður í hitaveituframkvæmdum meiri eða um 13% að magni. Þetta viðhorf er sannast sagna óskiljanlegt á sama tíma sem öll rök mæla með því að draga ekki úr hitaveituframkvæmdum, heldur auka þær vegna þess mikla gjaldeyrissparnaðar sem af þeim leiðir, ekki síst eins og olíuverð er nú og horfur eru á.

Þetta er sem sagt einn af hinum stærstu ágöllum frv. og næsta furðulegt að hæstv. ríkisstj. skuli ófáanleg til að breyta frá þessari háskalegu stefnu, en lýsir því þó yfir til knúin nú, að hún muni væntanlega síðar á árinu ákveða einhverjar hækkanir. Slík málsmeðferð er einnig næsta furðuleg. Það er ekki Alþ. sem á að ákveða stefnuna í þessum efnum, heldur ætlar ríkisstj. sér utan við lánsfjáráætlun einhvern tíma síðar að taka málið til nýrrar athugunar.

Sú till., sem hér liggur fyrir og er að vísu ekki stór, en þó merkileg tilraun til þess að auka og hraða framkvæmdum við eina tiltekna hitaveitu, stefnir vitanlega í rétta átt og ég segi já.

Brtt. 640 samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 591 felld með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EH, FÞ, FrS, GTh, ÓE, PJ, AG.

nei: EÁ, FTS, GSig, GilsG, HES, HG, JóhS, BL, KÓ, MHM, PP, SV, StH, SvG, TÁ, VG, IG.

EðS, GH, LárJ, LJós, MB, SvJ, SvH, AG greiddu ekki atkv.

8 þm. (BGr, EG, EBS, GSt, JÞ, MÁM, SighB, ÞS) fjarstaddir.

Brtt. 682 samþ. með 21:1

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: VG, ÁG, EÁ, FTS, GSig, GilsG, HES, HG, JóhS, BL, KÓ, MHM, PP, SV, StH, SvJ, SvG, TÁ, IG.

AG, EðS, EH, FÞ, FrS, GH, GTh, LárJ, LJós, MB, ÓE, PJ, SvH greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÞS, BGr, EG, EBS, GSt, JÞ, MÁM, SighB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég afstöðu minni til 3. gr. frv. og lagði áherslu á að hún yrði felld út úr frv. Þessi grein þrengir þá grein sem er nú í lögum frá í nóv. 1977 og varðar lífeyrissjóðina. Ég var mjög andvígur þeirri lagasetningu. Ég er jafnandvígur því máli enn og vegna þess greiði ég ekki atkv.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Vegna andstöðu minnar við 3. og 11. gr. frv. greiði ég ekki atkv. um frv. í heild.

Frv. afgr. til Ed.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 71). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Lausaskuldir bænda, frv. (þskj. 661 (sbr. 531)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Hefting landbrots, frv. (þskj. 662). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Grunnskóli, frv. (þskj. 620). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 11. maí.

Útflutningur á gölluðum þorskafurðum.

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um útflutning á gölluðum þorskafurðum, á þskj. 583, sent fyrirspyrjanda 11. maí.

9. maí 1979

Ráðuneytið sendi fyrirspurn þessa til umsagnar Framleiðslueftirlits sjávarafurða, Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og hefur svar borist frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða og Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Ráðuneytið hefur því miður ekki möguleika á því að svara fyrirspurninni ítarlegar á þeim skamma tíma, sem hér var til stefnu, einkum vegna þess, að kvartanir um galla í útfluttum fiskafurðum berast ekki sjávarútvegsráðuneytinu heldur til sölusamtakanna sjálfra.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Reykjavík, 7. maí 1979

Vér vísum til bréfs ráðuneytisins, dags. 3/5 s.l., með fyrirspurn Geirs Gunnarssonar, alþingismanns, um gallaðar frystar þorskafurðir, sem fluttar hafi verið úr landi á s. l. ári.

Snemma á þessu ári bárust upplýsingar um, að frystar afurðir, sem fluttar voru úr landi á s.l. ári, hefðu verið teknar frá erlendis til nánari skoðunar, þar sem þær væru blandaðar fiski með ýmsum göllum, eða grunur léki á, að í þeim væri gallaður fiskur.

Gallar þeir, sem um var rætt, voru röng lögun á blokk o. fl.

Upplýsingar þessar bárust í formi grófrar yfirlitsskýrslu, en málið var í rannsókn og liggur niðurstaða af þeirri rannsókn ekki enn fyrir.

Það magn, sem tekið var frá til skoðunar eða flokkunar erlendis, *nam um 225 tonnum*, eða um 2‰ af útfluttum afurðum frystra botnlægra fisktegunda árið 1978.

Eins og tekið var fram, liggur niðurstaða af skoðun eða flokkun ekki enn fyrir, en talið er, að tjón, sem af þessu gæti leitt, sé langt frá því að nema verðmæti umrædds magns.

Þar sem skýrsla um niðurstöður rannsóknar liggur ekki fyrir, höfum vér ekki ítarlegri upplýsingar um liði 1—3 að svo stöddu.

Varðandi lið 4 er því til að svara, að ókleift er að halda uppi slíku eftirliti, að ekkert geti úrskeiðis farið.

Sölusamtökin hafa eigin eftirlit með framleiðslunni, en hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða eru 10 starfsmenn við eftirlit með freðfiski. Þeir verða þó einnig að sinna eftirliti í öðrum greinum, og mun láta nærri, að um 5 stöðugildi fari í freðfiskeftirlit.

A Islandi eru hins vegar starfrækt rúmlega 100 frystihús.

Sá fiskur, sem hér um ræðir, mun einkum hafa verið framleiddur í aflahrotunni s.l. sumar, en einmitt á þeim tíma var talsverður hluti af þjálfuðu starfsfólki fiskiðnaðarins í sumarleyfum.

Þrátt fyrir mannfæð, þá fjarlægðu starfsmenn Framleiðslueftirlitsins og dæmdu frá mun meira magn af fiski úr frysti- og hráefnisgeymslum frystihúsanna en það sem hér um ræðir, auk þess magns, sem þeir hindruðu að færi inn í hráefnisgeymslurnar.

Miðað við þann mannafla og fjármuni, sem Framleiðslueftirlitið hefur yfir að ráða, er langt því frá, að hægt sé að anna nægilegu eftirliti við slíkar aðstæður.

Virðingarfyllst,
Jóhann Guðmundsson
forstjóri

Samband íslenskra samvinnufélaga.

4. maí 1979.

Útflutningur á gölluðum þorskafurðum árið 1978.

Við þökkum bréf yðar, dags. 3. maí s.l., í tilefni af fyrirspurn Geirs Gunnarssonar til sjávarútvegsráðherra. Er ljóst, að fyrirspyrjandi hefur í huga galla, sem rekja mætti til skemmds eða lélegs hráefnis.

Allar gæðakvartanir, sem okkur berast erlendis frá, sæta tiltekinni kerfisbundinni meðferð, sem á að tryggja, að allir, sem hlut eiga að máli, fái að vita um kvörtunina, hvers eðlis hún er, hvaða fyrirbyggjandi ráðstafanir þurfi að gera o. s. frv.

M. a. vegna þessa kerfis er mjög aðgengilegt að skoða allar gæðakvartanir yfir tiltekið tímabil. Skoðun á gæðakvörtunum ársins 1978 gefur ekki til kynna að þær megi rekja til lélegra hráefnisgæða. Langmest er um kvartanir vegna orma og beina í flökum og blokkum. Á árinu var gerð sérstök herferð í því efni að fjarlægja bein úr fiskblokk og hefur hún skilað sýnilegum árangri að dómi fyrirsvarsmanna Iceland Seafood Corporation, sölufyrirtækis okkar í Bandaríkjunum.

Þess skal að lokum getið, að engin af þeim kvörtunum, sem okkur bárust á árinu 1978, leiddi til meiri háttar fébóta af hálfu framleiðenda.

Virðingarfyllst,
Sigurður Markússon
framkvæmdastjóri.

Sala óunnins afla íslenskra fiskiskipa erlendis.

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um sölu óunnins afla íslenskra fiskiskipa erlendis, á þskj. 582, sent fyrirspyrjanda 11. maí.

Hér með sendist skýrsla Fiskifélags Íslands sem svar við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um sölu óunnins afla íslenskra fiskiskipa erlendis, á þskj. 589.

Í skýrslu Fiskifélags Íslands eru svör við 1.—5. lið fyrirspurnarinnar.

Varðandi 6. lið fyrirspurnarinnar, þá hefur Ingimar Einarssyni deildarstjóra af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins og Stefáni Gunnlaugssyni deildarstjóra af hálfu viðskiptaráðuneytisins verið falið endurmat og athugun þeirra starfsreglna, sem tíðkast hafa um afgreiðslur leyfa til landanna á ferskum fiski erlendis. Tilgangur þessa samstarfs er, að reynt verði að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu afla fiskiskipa á hverjum tíma með tilliti til þjóðarhags, atvinnuástands og starfrækslu fiskvinnslustöðva í hinum ýmsu landshlutum. Í þessu skyni verði haldnir undir með hagsmunaaðilum, sem hlut eiga að máli.

Störfum þessum er ekki lokið.

Fiskifélag Íslands

Reykjavík, 7. maí 1979

Sendum hér með svör við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar alþingismanns, samkvæmt beiðni yðar í bréfi þann 3. maí s. l.

Geta verður þess, að áætlanir þær, sem gerðar eru samkv. 5. lið, eru mjög erfiðar, þar sem allar aðstæður eru mjög breytilegar bæði fiskgæði, fiskverð og söluverð afurða.

Ber því að taka þessar tölur með mikilli varfærni, enda unnar á mjög takmörkuðum tíma.

Virðingarfyllst,
Kristján Hallsson.

Ísfisksölur erlendis frá nóv. 1978 til apríl 1979. — Síðustu 6 mánuðir.

	kg	Ísl. kr.
Magn og söluverð:	**15 064 414**	**5 110 899 834**
Skiptist eftir löndum:		
1. Bretland	9 585 931	3 535 815 270
2. V-Þýskaland ...	5 342 247	1 551 552 420
3. Færeyjar	136 236	23 532 144
Samtals:	15 064 414	5 110 899 834

Skiptist eftir skipum:

Bretland

1. Skutt. yfir 500 tonn:			
11 söluf.	1 634 113	ísl. kr.	577 201 797
2. Skutt. undir 500 tonn:			
48 söluf.	5 272 415	ísl. kr.	1 967 830 495
3. Bátar:			
42 söluf.	2 679 406	ísl. kr.	990 782 973

V-Þýskaland

1. Skutt. yfir 500 tonn:			
15 söluf.	3 426 643	ísl. kr.	980 538 514
2. Skutt. undir 500 tonn:			
6 söluf.	902 912	ísl. kr.	263 217 591
3. Bátar:			
19 söluf.	1 012 692	ísl. kr.	307 796 320

Ísfisksölur erlendis 1/11 '78 til 30/4 1979. — Eftir heimahöfnum skipa.

1. Vestmannaeyjar	1 727 457 kg
2. Selfoss	252 900 kg
3. Þorlákshöfn	64 249 kg
4. Grindavík	827 156 kg
5. Sandgerði	289 011 kg
6. Garður	197 772 kg
7. Keflavík	106 362 kg
8. Hafnarfjörður	1 929 059 kg
9. Reykjavík	5 169 115 kg
10. Akranes	68 213 kg
11. Rif	68 030 kg
12. Ólafsvík	68 015 kg
13. Grundarfjörður	393 636 kg
14. Patreksfjörður	446 832 kg
15. Tálknafjörður	70 026 kg
16. Flateyri	112 450 kg
17. Sauðárkrókur	364 124 kg
18. Siglufjörður	1 575 047 kg
19. Ólafsfjörður	191 955 kg
20. Dalvík	90 231 kg
21. Raufarhöfn	97 605 kg
22. Seyðisfjörður	629 372 kg
23. Neskaupstaður	240 067 kg
24. Hornafjörður	85 730 kg

Samtals: 15 064 414 kg

Skrá yfir fiskiskip, sem selt hafa ísfisk erlendis nóv. 1978 til apríl 1979.

Skuttogarar yfir 500 tonn:	**Kg**	**% af heildarafla**
1. Engey RE 1	531 173	36,2
2. Guðsteinn GK 144	372 836	21,9
3. Jón Dan GK 141	119 997	8,6
4. Karlsefni RE 24	983 325	78,6
5. Snorri Sturluson RE 219	219 618	11,0
6. Viðey RE 6	229 856	100,0
7. Vigri RE 71	1 221 061	2,4
8. Ögri RE 72	1 382 890	85,5

Samtals: 5 060 756

Skuttogarar undir 500 tonn:		
1. Arinbjörn RE 54	105 493	
2. Barði NK 120	90 419	
3. Bjarni Herjólfs. AR 200	252 990	21,7
4. Ásgeir RE 60	153 763	
5. Breki VE 61	154 566	
6. Bjartur NK 121	100 280	
7. Björgúlfur EA 312	90 231	
8. Dagný SI 70	89 556	12,2
9. Drangey SK 1	249 386	
10. Erlingur GK 6	197 772	12,4
11. Gyllir ÍS 261	112 450	
12. Gullberg NS 11	289 655	23,7
13. Gullver NS 12	266 988	31,1
14. Hjörleifur RE 211	111 433	
15. Hegranes SK 2	114 600	
16. Krossvík AK 300	68 213	
17. Lárus Sveinsson SH 126	68 015	
18. Ólafur Bekkur ÓF 2	81 435	
19. Otur GK 5	238 793	18,4
20. Ólafur Jónsson GK 404	289 011	23,4
21. Rauðinúpur ÞH 160	97 605	
22. Runólfur SH 135	268 312	17,6
23. Sindri VE 60	207 035	14,0
24. Skafti SK 3	94 756	
25. Sólberg ÓF 12	110 520	
26. Sigluvík SI 2	213 893	22,5
27. Stálvík SI 1	235 920	19,5
28. Sigurey SI 71	529 980	91,0
29. Vestmannaey VE 54	444 055	33,5
30. Ýmir HF 343	599 148	100,0
31. Maí GK 346	105 000	
32. Klakkur VE 103	144 055	

Samtals: 6 175 327

Bátar:		
1. Álsey VE 502	69 410	
2. Ársæll Sigurðsson HF 12	397 750	100,0
3. Árni í Görðum VE 73	117 261	
4. Arney KE 50	58 576	
5. Bergur VE 44	41 530	
6. Búrfell KE 140	34 503	
7. Bjarnarey VE 501	68 104	
8. Boði KE 132	47 786	
9. Brimnes SH 257	68 030	
10. Bylgjan VE 75	58 025	
11. Bjarni Ásmundss. RE 12	63 750	
12. Frigg BA 4	70 026	
13. Fjölnir GK 17	41 494	
14. Fylkir NK 102	49 368	
15. Gylfi BA 12	201 024	
16. Gissur hvíti SF 55	43 385	
17. Goðanes RE 16	22 455	
18. Geirfugl GK 66	41 199	
19. Guðfinna Steinsd. ÁR 10	64 249	
20. Helga Guðmundsd. BA 77	30 942	
21. Haffari SH 275	77 600	
22. Hvanney SF 51	42 345	
23. Helga RE 49	96 861	
24. Haukaberg SH 20	47 727	
25. Hrafn Sveinbjarnars. GK 255	39 798	
26. Huginn VE 55	144 735	
27. Jón Þórðarson BA 180	126 402	
28. Kópur GK 175	46 665	

29. Ottó Wathne NS 90	72 638	
30. Rán GK 42	497 369	100,0
31. Sigurbára VE 249	45 829	
32. Sig. Þorleifsson GK 256	62 720	
33. Sandafell GK 82	57 497	
34. Surtsey VE 2	94 960	
35. Sævík SI 3	176 662	
36. Sigurbergur GK 212	91 000	
37. Stapavík SI 4	225 418	
38. Sæbjörg VE 56	103 389	
39. Sæborg RE 20	47 437	
40. Vestri BA 63	88 464	
41. Víkurberg GK 1	44 950	
Samtals:	3 819 333	

Heildarverðmæti hérna og erlendis.

Hér má reikna með um 10% rýrnun aflans í siglingu miðað við löndun innanlands. Hins vegar rýrnar einnig sá fiskur, sem bíður vinnslu í fiskverkunarhúsi, miðað við innvigtaðan afla úr skipi.

Olíukostnaður:

Eins og kunnugt er reyndist olíuverð í íslenskum höfnum hærra en erlendis á umræddu tímabili. Ráðstafanir, er gerðar hafa verið til jöfnunar olíuverðs hér á landi, hafa hins vegar vegið á móti. Í Þýskalandi fylla skipin tanka sína þannig að þau fá olíu er nemur a. m. k. siglingu fram og aftur svo og veiðitíma. Í svipinn er olía skömmtuð í Bretlandi að því marki er nemur rúmlega heimsiglingu. Verið er að ganga frá skýrslu, er sýna mun meðalbreytingar á olíuverði erlendis í hverjum mánuði.

Erlendur kostnaður:

Reiknað er með tollum og löndunarkostnaði í erlendum höfnum samkv. reikningum:

4. liður.

Heildarsöluverð erl. ..... kr. 5 110 899 834
÷ erlendur kostn. 20% ..... kr. 1 022 179 967
÷ olía, sjá meðf. fylgiskjöl.

Áætlaður olíukostnaður við siglingu með ísfisk til sölu í Bretlandi og Vestur-Þýskalandi yfir tímabilið nóv. til apríl 1979.

Meðalverð á olíu í Bretlandi (Grimsby-Hull) umrætt tímabil, sem miðast við löndunardaga er kr. 41,11 pr. lítra.

Í Vestur-Þýskalandi (Bremerhaven-Cuxhaven), reiknað út á sama veg, er meðalverð kr. 49,95 pr. lítra.

Samkvæmt þessu eru:

1. Grimsby-Hull:	
3 940 000 l á 41,11 kr.	161 973 400
2. Bremerhaven-Cuxhaven:	
1 810 000 l á 49,95 kr.	90 409 500
Samtals:	252 382 900

Á olíu er meðalverð hér heima á sama tíma:

1. Miðað við landanir Grimsby-Hull kr. 56,57.
2. Miðað við landanir Bremerhaven-Cuxhaven kr. 57,68.

Kaupi skipin meira magn en þarf í siglinguna kemur það til með að lækka heildarkostnaðinn og má ætla að það hafi verið gert í allmiklum mæli á umræddu tímabili.

Áætluð olíunotkun vegna siglinga með ísfisk, Reykjavík-Grimsby eða Hull-Reykjavík. Vegalengd = 1037 + 1046 = 2084 sjómílur.

Skuttogarar stærri en 500 brúttórúmlestir.

Afl = 1700 hö.
Olíunotkun = 190g/hö klst.
Ganghraði = 12,8 sml./klst.
Söluferðir = 11

$$\text{Olía söluferð} = \frac{2084 \cdot 0{,}190 \cdot 1700}{12{,}8} = 52\,588 \text{ l}$$

$$= 11 \cdot 52\,588 = 578472 \text{ eða um } 580\,000 \text{ l}$$

Skuttogarar minni en 500 brúttórúmlestir.

Afl = 1350 hö.
Olíunotkun = 190g/hö klst.
Ganghraði = 11,8 sml./klst.
Söluferðir = 48

$$\text{Olía söluferð} = \frac{2084 \cdot 0{,}190 \cdot 1350}{11{,}8} = 45\,300 \text{ l}$$

$$= 48 \cdot 45\,300 = 2\,174\,424 \text{ eða um } 2\,200\,000 \text{ l}$$

Bátar

Afl = 700 hö.
Olíunotkun = 190g/hö klst.
Ganghraði = 10 sml./klst.
Söluferðir = 42

$$\text{Olía söluferð} = \frac{2084 \cdot 0{,}190 \cdot 700}{10} = 27\,717 \text{ l}$$

$$= 27717 \cdot 42 = 1\,164\,122 \text{ eða um } 1\,160.000 \text{ l}$$

Skuttogarar stærri en 500 br.rúml.	= 580 000 l
Skuttogarar minni en 500 br.rúml.	= 2 200 000 l
Bátar	= 1 160 000 l
Samtals:	3 940 000 l

Áætluð olíunotkun vegna siglinga með ísfisk, Reykjavík-Bremerhaven eða Cuxhaven-Reykjavík. Vegalengd = 1195 + 1179 = 2374 sjómílur.

Skuttogarar stærri en 500 brúttólestir.

Afl = 1700 hö.
Olíunotkun = 190g/hö klst.
Ganghraði = 12,8 sml./klst.
Söluferðir = 15

$$\text{Olía söluferð} = \frac{2374 \cdot 0{,}190 \cdot 1700}{12{,}8} = 59\,906 \text{ l}$$

$$= 15 \cdot 59\,906 = 898\,596 \text{ eða um } 900\,000 \text{ l}$$

Skuttogarar minni en 500 brúttólestir.

Afl = 1350 hö.
Olíunotkun = 190g/hö klst.
Ganghraði = 11,8 sml./klst.
Söluferðir = 6

$$\text{Olía söluferð} = \frac{2374 \cdot 0{,}190 \cdot 1350}{11{,}8} = 51\,604 \text{ l}$$

$$= 6 \cdot 51\,604 = 309\,625 \text{ eða um } 310\,000 \text{ l}$$

Bátar
Afl = 700 hö.
Olíunotkun = 190g/hö klst.
Ganghraði = 10 sml./klst.
Söluferðir = 19

Olía söluferð = $\frac{2374 \cdot 0{,}190 \cdot 700}{10}$ = 31 574 l

= 19·31 574 = 599 909 eða um 600 000 l

04Skuttogarar stærri en 500 br.rúml. = 900 000 l
Skuttogarar minni en 500 br.rúml. = 310 000 l
Bátar = 600 000 l

Samtals: 1 810 000 l

5. liður

Áætlað útflutningsverð er miðað við að allur aflinn fari til frystingar. Er hér um mjög lauslega áætlun að ræða vegna þeirra tímatakmarkana er oss er veittur.

A. Áætlað fob. útflutningsverðmæti frystra afurða + verðmæti úrgangs til fiskimjölsverksmiðja er kr. 3 589 000 000.
B. Áætlaður vinnulaunakostnaður er kr. 910 500 000.

Þess ber að geta að töluverður erlendur kostnaður er innifalinn í vinnsluverðmæti, svo sem orka, umbúðir og fleira.

Efri deild, 97. fundur.

Föstudaginn 11. maí, kl. 2 miðdegis.

Jarðræktarlög, frv. (þskj. 490, n. 669 og 692, 670). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Landbn. hv. Ed. hefur fjallað um þetta mál á nokkrum fundum. Það hefur verið fengin umsögn Búnaðarfélags Íslands um það og einnig fengum við menn til viðtals við n., alveg sérstaklega þá búnaðarmálastjóra sem gaf n. ýmsar upplýsingar sem einstakir nm. og n. í heild höfðu óskað eftir að fengjust.

Ég tel ekki ástæðu til að fara út í hvers vegna þessi breyting á jarðræktarlögum er flutt, vitna aðeins í það, að í samræmi við ákvæði samstarfsyfirlýsingar núv. ríkisstj. varðandi það, að stefnt skuli að því að framleiðsla landbúnaðarvara miðist fyrst og fremst við innanlandsmarkað, verði um sinn úr þeim framlögum dregið samkv. 10. gr. jarðræktarlaga sem mest hvetja til aukningar á nautgripa- og sauðfjárrækt. Það er ekki verið að taka þessa fjármuni frá landbúnaðinum, því að með ráðstöfun þessa fjár á að koma þar á betra skipulagi, ef vera mætti að það tækist, eða eins og segir í þeim tölul., sem þarna er vitnað til sérstaklega, „til að styrkja nýjar tekjuöflunarleiðir bænda og auka fjölbreytni í framleiðslu búvara, til að stuðla að bættri heyverkun og til hvers konar hagræðingar sem orðið getur til að bæta tekjur bænda án framleiðsluaukningar í nautgripa- og sauðfjárrækt.“

Lengi má um það deila hvað á að gera. Það hefur komið fram í umr. þegar, frá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni sem gerði ýmsar aths. við l. umr., hvað hér ætti að gera í heild og í raun og veru þyrfti stefnumótunin í heild að liggja skýrar fyrir áður en menn færu að gera einstakar breytingar. Ég get verið honum sammála um að æskilegast og best hefði verið að við hefðum fyrst haft fyrir okkur skýra og ljósa stefnumótun í landbúnaðarmálum í heild, áður en við fórum að gera hinar einstöku breytingar sem við erum nú að gera. Sú stefnumótun er nú til umr. í Nd. og óvíst m. a. s. hvort hún nær þar fram að ganga eða hvaða breytingum hún kann að taka, en engu að síður er þó búið að sýna hana og menn eru þó að vinna að þessu í heild.

Ég ætla ekki að fara út í það heldur, hvernig komið er fyrir landbúnaðarmálum okkar og hverju þar er um að kenna. Fyrst og fremst er um að kenna almennu stefnuleysi eða skipulagsleysi í þessum málum almennt. En ég vil taka það fram líka, af því að þær raddir eru ævinlega hæstar sem tala um skipulagsleysi í landbúnaðarmálum og skipulagsleysi í meðferð fjármuna þar, að persónulega legg ég áherslu á að það þyrfti miklu víðar að huga að fjármunum og hvernig þeim er eytt en í sambandi við landbúnað okkar. Jafnvel í þeirri grein, sem færir okkur t. d. mestar gjaldeyristekjur og við lifum á, sjávarútvegi, er ég hræddur um að mætti huga á ýmsan hátt betur að fjármunum, sumum hverjum, ég tala nú ekki um ýmsar óarðbærar greinar, eins og verslunar- og þjónustugreinar ýmsar, sem væri sannarlega ástæða til að huga að fjármunamyndun í. Þeir, sem oft hafa hæst látið um landbúnaðinn, hafa gleymt fullkomlega að gæti verið um nokkra fjármunasóun að ræða eða skipulagsleysi í fjárfestingum. — Þetta vildi ég aðeins segja almennt um það mál án þess að fara nánar út í umræður um slíkt.

Við fengum álit Búnaðarfélags Íslands á þessu frv. til l. um breytingu á jarðræktarlögum og við urðum sammála um að mæla með tveim brtt. sem frá því komu — raunar þremur. Búnaðarfélagið sætti sig illa við það, eins og stóð í frv. upphaflega, að framkvæmdirnar, sem um væri að ræða og styrkhæfar væru eða framlag skyldi greitt til, væru í samræmi við stærðarmörk í lánareglum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, þ. e. a. s. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefði ein þar um að segja. Við bentum á það á móti, að forseti Búnaðarfélags Íslands á sæti í stjórn Stofnlánadeildarinnar og túlkar þar vitanlega sjónarmið Búnaðarfélagsins, og af því að ég sit í þeirri stjórn votta ég að hann gerir það mjög rösklega og vel, auk þess sem þar situr einnig formaður Stéttarsambands bænda og heldur þar ekki síður á hlut bænda en formaður Búnaðarfélagsins. En engu að síður töldum við rétt til

samkomulags að breyta 2. gr. , þannig að í staðinn fyrir að Stofnlánadeildin hefði þarna alfarið alla stjórn á mundu Búnaðarfélag Íslands og Stofnlánadeild landbúnaðarins koma sér saman um stærðarmörk framkvæmdanna í sambandi við lán og styrkveitingar.

Hér er í raun og veru eingöngu um að ræða f-liðinn, þ. e. a. s. um skert framlög til áburðargeymslna. Sannleikurinn er sá, sem hefur komið fram oftlega áður, að það var talin á sínum tíma mikil ástæða til þess að bændur nýttu húsdýraáburðinn betur en þeir gerðu og til þess væri nauðsynlegt að styrkja þá til að koma á hjá sér góðum áburðargeymslum. Það hefur hins vegar verið gert það rösklega í mörgum tilfellum, að framlög + lán hafa numið yfir 100% af kostnaði. Þess vegna er ekki síst ástæða til að skerða þau framlög nokkuð. Ég vona sem sagt, að þar verði komist að öllu skynsamlegri niðurstöðu en hefur verið í framkvæmd á undanförnum árum. Hins vegar er rétt að geta þess, að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur þegar komið til móts við þessa misnotkun, vil ég segja, á þessari stefnu með því að lækka lán sín til áburðargeymslna mjög verulega, eða um 2/3 frá því sem var. Það má auðvitað ekki ganga of langt í því að skerða framlögin og því von til að Búnaðarfélagið vilji hafa nokkra hönd í bagga þegar komið verður að stærðarmörkum þeirra framkvæmda.

Þeir úr Búnaðarfélaginu óskuðu eftir því, að úr a-lið í fyrri upptalningu félli niður „eða framræst ræktunarland", því þar væri mjög óglöggt um öll skil og erfitt að dæma um hvað ætti að telja styrkhæft eða ekki. Ekki vorum við fróðari þar um, og þegar sjálfur búnaðarmálastjóri sagði að þetta væri illframkvæmanlegt vorum við auðvitað ekki menn til þess að setja skýrar línur eða skýr mörk og ákváðum að fella orðin brott. Það kom fram í viðtali við búnaðarmálastjóra að meðaltúnstærð, gróft á litið, á landi hér væri í kringum 32 ha. eða tæplega það. Okkur þótti því rétt að fella brott 35 ha. túnstærð, sem er yfir vísitölubúi, yfir meðalbúi, og færa mörkin neðar. Því höfum við gert þá brtt., að í stað „35 ha." komi: 30 ha. Teljum við fyllilega koma til greina að upp að því marki verði veittur fullur styrkur, en skerðingin komi þar fyrir ofan.

Að síðustu var svo í frv. landbrh. d-liður í seinni stafliða-upptalningunni: „Til annarra verkefna er stuðla að því að ná framleiðslu- og tekjumarkmiðum." Búnaðarfélag Íslands óskaði eftir að fá þann lið felldan niður vegna þess að hann væri það óljós að menn vissu ekki almennilega við hvað væri átt. Okkar kostur hefði getað verið sá að ákvarða þetta nánar, segja ákveðið til um til hvers féð skyldi fara, en ef við miðum við það sem á undan er komið á a-, b- og c-lið teljum við að þar sé um næg verkefni að ræða þótt ekki verði því bætt við sem er í d-liðnum og óskilgreindu þá. Við leggjum því til að d-liður í síðari upptalningu stafliða falli brott.

Aðrar breytingar hefur meiri hl. landbn. ekki gert.

Það hefði auðvitað átt að vera skylda mín í upphafi að taka fram, að n. klofnaði um málið og meiri hl. stendur að brtt., en að öðru leyti samþykkt frv. um jarðræktarlög. Minni hl., fulltrúar Sjálfstfl., skilar séráliti, þar sem ég sé að minni hl. leggur til að frv. verði felllt.

Ég hef ekki ástæðu til þess að fara nánar út í málið. Mér skilst að við nánari athugun hafi komið í ljós að það hafi enginn gildistími verið í frv., varðandi það hvenær lögin ættu að taka gildi, þannig að því var bætt við að lög þessi öðluðust þegar gildi, þó að við gerðum okkur grein fyrir því, að auðvitað koma ákvæði frv. ekki til framkvæmda vegna þeirra framkvæmda sem unnar voru á síðasta ári, heldur einvörðungu gagnvart því sem unnið verður í framtíðinni.

Ég skal svo ekki hafa orð mín fleiri. Við í meiri hl. landbn. leggjum sem sagt til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem eru gerðar á þskj. 670.

Frsm. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið varð landbn. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls og við, sem eru í minni hl., hv. 5. þm. Norðurl. v. og ég, leggjum til að frv. verði felllt.

Ýmsar ástæður liggja að baki afstöðu okkar. M. a. teljum við að hér sé um eina merkustu löggjöf á sviði landbúnaðarins að ræða sem hugsast getur, eins og hæstv. landbrh. tók fram þegar hann mælti fyrir þessu máli. Við erum honum algerlega sammála um það. En með því að svo er teljum við, að vanda þurfi mjög til allrar gerðar á breytingum á þeirri löggjöf, og leggjum áherslu á að það þurfi að vera gert með hliðstæðum hætti og venja hefur verið, að láta mþn. vinna að því hjá Búnaðarþingi og Búnaðarfélagi Íslands og að bændur ynnu þannig að og stæðu að öllum undirbúningi þessa máls. Það var ekki gert í þetta sinn, heldur var málið sent Búnaðarþingi í frv.-formi. Ég vil taka það fram líka með tilliti til þess, sem frsm. landbn. nefndi oft áðan, að það væri stefna Búnaðarsambands Íslands sem hann var að túlka og brtt., að ágreiningur var á Búnaðarþingi um þetta mál. Þar skiptust menn í tvo hópa. Annars vegar voru þeir, sem töldu rétt að málið næði fram að ganga, og hins vegar þeir, sem töldu rétt að málið næði ekki fram að ganga.

Um einstök efnisatriði frv. skal ég vera fáorður, m. a. vegna þess að ég fór allítarlega út í það við 1. umr. málsins og skýrði afstöðu mína þar. Það er sú afstaða sem liggur að baki till. okkar í minni hl. n. Ég vil aðeins leggja áherslu á að við teljum að ekki sé eðlilegt að veita landbrh. heimild, sem hér er gert ráð fyrir, til þess að ráðskast með þá hluti sem frv. fjallar um. Þetta segi ég ekki með tilliti til þess hver nú gegnir því háa embætti, heldur er þetta skoðun okkar hver svo sem embættinu gegndi.

Í 3. gr. frv. er að finna ýmis ákvæði um breytingar á skerðingarmörkum varðandi framlög til ýmissa framkvæmdaþátta. Við teljum að þau ákvæði leiði til misræmis í þeim efnum og þar sé eiginlega snúið við blaði frá því sem leitast var við að gera við endurskoðun á jarðræktarlögum 1972, en þá var einmitt lögð áhersla á að einfalda alla gerð jarðræktarlaganna og koma á sem mestu samræmi varðandi skerðingarmörkin.

Ég vil svo taka það fram, að ekkert liggur fyrir um hve há upphæð það yrði sem mundi vinnast við að framkvæma þessar till. Enn fremur er það allt of óljóst að okkar áliti, hvernig fer með ráðstöfun þessa fjármagns sem kann að koma til ráðstöfunar fyrir þessar aðgerðir. Því er hætta á að algert handahóf ríki í þeim efnum. M. ö. o. teljum við að þetta frv., í því formi sem það er, skipti ekki miklu í þeim mikla vanda sem nú er við að glíma í landbúnaðarmálunum almennt. Það, sem mestu máli skiptir, er að mótuð sé heilsteypt og samræmd landbúnaðarstefna. Við höfum hana ekki enn þá og því er þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, meira og minna út í loftið. Við teljum það gagnslaust.

Hér hafa verið lagðar fram brtt. sem hv. 3. þm. Austurl. hefur skýrt. Ég skal ekki fara að ræða um þær brtt. Ég vil aðeins segja það, að þær eru þess eðlis að þó að samþykktar yrðu breyttu þær ekki afstöðu okkar minnihlutamanna í landbn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
Brtt. 670,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 670,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 670,3 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 637). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á fundi háskólaráðs 28. okt. 1976 var kjörin sjö manna nefnd til að endurskoða og samræma innbyrðis reglugerð fyrir Háskóla Íslands svo og til að gera till. til reglugerðarbreytinga vegna setningar laga nr. 45/1976.

Frv. það, sem hér er til umr., er ekki verulega efnismikið eða afdrífaríkt, en er ávöxtur af ofangreindu nefndarstarfi. Verulegur hluti brtt. felur í sér aðlögun háskólalaganna að núverandi aðstæðum og framkvæmdavenjum í Háskólanum. Felld eru úr gildi ýmis úrelt ákvæði og ákvæði sem ekki hafa verið virk.

Veigamestu breytingarnar varða réttindi og skyldur háskólakennara við stjórnun Háskólans, ráðgefandi námsnefndir og heimild fyrir Háskólann til að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala.

Mikið er um að háskólakennarar fái leyfi frá störfum. Nokkur óvissa hefur ríkt um hver væri réttarstaða þeirra kennara og staðgengla þeirra á leyfistímanum. Í frv. eru gerðar till. um skýrar reglur varðandi það atriði. Má nefna sem dæmi, að lagt er til að kennari, sem settur er í stöðu meðan skipaður kennari er í leyfi, fái kosningarrétt við rektorskjör.

Í frv. er mælt svo fyrir, að við hverja deild og námsbraut skuli starfandi ráðgefandi námsnefndir um hverja kennslugrein. Kennarar og nemendur eiga jafnmarga fulltrúa í hverri nefnd. Ákvæði þetta er nýmæli í lögum, en námsnefndir hafa verið starfandi í nokkrum deildum Háskólans og gefið svo góða raun að rétt þykir að gera slíkt skipulag að almennri reglu.

Í 28. gr. frv. er lagt til að Háskólanum verði veitt heimild til að eiga og reka lyfjabúð til kennslu í lyfjafræði lyfsala. Um nokkurt skeið hafa verið vandkvæði á að fá nemendur í lyfjafræði vistaða til verknáms í lyfjabúðum. Þann vanda mundi lyfjabúð í eigu Háskólans leysa, jafnframt mundi skapast möguleiki fyrir Háskólann til að taka upp kennslu til kandídatsprófs í lyfjafræði lyfsala. Auk þess mætti gefast kostur til verulegrar framleiðslu á lyfjum og sérþekking, sem fyrir hendi er innan Háskólans, þannig nýtast.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þær brtt., sem fólgnar eru í frv. sem hér er til umr., en vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 553). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þetta frv. má líta sem fylgifrv. með því frv. sem ég lagði fram í þessari hv. d. um lækkun lögræðisaldurs úr 20 árum í 18 ár. Ég gerði þá grein fyrir því, að ýmis slík ákvæði í lögum þyrfti að endurskoða. Hér er einnig lagt fram frv. um lækkun á aldursmörkum og heimild til að stofna og slíta hjúskap verði bundin við 18 ár í stað 20 ára. Fyrrnefnt frv. um lögræði hefur þegar verið afgreitt sem lög frá Alþingi. Ákveðið var að leggja þetta frv. fram nú þegar sýnt var að hitt mundi hljóta afgreiðslu. Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa um málið fleiri orð, en vil þó geta þess, að fleiri slík ákvæði eru í athugun. T. d. er nauðsynlegt að athuga kosningaraldur, sem töluvert hefur verið um rætt, og fleira mætti nefna.

Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Lausaskuldir bænda, frv. (þskj. 661 (sbr. 531)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur lausaskuldum atvinnuveganna iðulega verið breytt í föst lán. Svo var gert fyrir nokkru í iðnaði og það hefur verið gert í sjávarútvegi reyndar oftar en einu sinni, ekki síst í sambandi við gengisfellingar. Einnig hefur svo verið gert fyrr í landbúnaði.

Árið 1977 lét Stéttarsamband bænda hefja athugun á því, hverjar lausaskuldir bænda væru. Í ljós kom að lausaskuldir bænda, sem bændur eru í erfiðleikum með, eru rúmlega 1.2 milljarðar og skiptast á rúmlega 400 bændur.

Ég skipaði þegar í sept. nefnd til að skoða þetta mál nánar, enda um það samkomulag í ríkisstj. að lausaskuldir landbúnaðar eins og sjávarútvegs yrðu athugaðar. Í nefnd þá skipaði ég Stefán Valgeirsson alþm., formann, Bjarna Braga Jónsson hagfræðing og Árna Jónasson erindreka. Nefndin yfirfór þær upplýsingar, sem lágu fyrir frá athugun Stéttarsambands bænda, og komst að þeirri niðurstöðu að lausaskuldir væru, eins og þar hafði verið reiknað með, rúmlega 1 milljarður og 200 millj. kr. og bændafjöldinn, eins og ég nefndi áðan, rúmlega 400. Nefndin útbjó það frv. sem hér er lagt fram á þskj. 531.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að heimila veðdeild Búnaðarbankans að gefa út skuldabréf sem yrðu með veði í viðkomandi fasteignum. Heimilað er að veðsetja fasteignirnar allt að 75% af matsverði. Má segja að það sé eitt af mikilvægari ákvæðum þess frv.

Ég vil geta þess, að ekki er um það rætt að skuldabréf þessi verði með neinum sérstökum vildarkjörum, heldur er fastlega reiknað með því, eins og reyndar kemur fram í grg. með frv., að skuldabréfin verði á þeim kjörum að þau séu seljanleg á hinum almenna markaði. Er gert ráð fyrir að þau verði verðtryggð, en með lágum vöxtum og til 10 ára. Er því ekki um að ræða nein útgjöld af hálfu ríkisins í þessu sambandi. Þó þykir mér rétt að fram komi, að á lánsfjáráætlun ríkisstj. er gert ráð fyrir 200 millj. kr. sem ráðstafa megi til að létta greiðslubyrði þeirra bænda sem verst eru staddir. Yrði því fjármagni, ef samþ. verður, þá ráðstafað fyrst og fremst fyrsta og annað ár þessa tímabils.

Menn hljóta að vonum að spyrja hvort þau kjör, sem í boði eru, með fullri verðtryggingu, en lágum vöxtum, séu þannig að bændur geti undir þeim staðið, ekki síst þar sem verulegur fjöldi þeirra bænda, sem eiga í þessum erfiðleikum, hefur nýlega byrjað búskap og ekki fengið þær tekjur af búunum sem nægja til að standa undir greiðslum af lánum sem á hvíla. Þessi lán eru þess eðlis, eins og hv. þm. að sjálfsögðu þekkja, að verðtryggingin yrði lögð við höfuðstólinn og þá aðeins greitt árlega af láninu vextir og afborgun miðað við þann árafjölda sem lánað er til. Þannig verður greiðslubyrðin í upphafi stórum minni en af lánum á háu vöxtum, en helst hins vegar nokkurn veginn óbreytt út lánstímabilið. Aftur á móti verður að gera ráð fyrir að staða þeirra bænda, sem nýlega hafa byrjað búskap, styrkist með hverju ári og greiðslan verði þannig auðveldari.

Herra forseti. Ég vil að lokum geta þess, að þetta frv. hefur hlotið samþykki hv. Nd. Er von mín að það fái afgreiðslu á þessu Alþ. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Húsaleigusamningar, frv. (þskj. 338, n. 656, 657, 658). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Félmn. hefur rætt þetta frv. ítarlega og fengið um það umsagnir frá ýmsum aðilum. Er það einróma álit n. að leggja til að frv. verði samþ. með brtt. sem n. flytur á sérstöku þskj. Auk þess hef ég á þskj. 658 flutt brtt. um húsaleigunefndir. Rétt er að taka það fram, að ástæðan fyrir því, að ég er þar einn talinn flm., er að á síðari stigum, þegar var verið að ganga frá nál. í þskj.-form, var einn nm. ekki alveg reiðubúinn að standa að brtt. án nánari athugunar, þó ekki fælist í því nein andstaða, og ekki vannst tími til þess að hafa samband við aðra nm., sem þó höfðu lýst yfir stuðningi sínum við þessa hugmynd, svo sem ég mun koma nánar að síðar. Í raun og veru stendur því allur þorri nm. að baki þessari brtt., en ég gekk í það síðla kvölds til að flýta fyrir afgreiðslu málsins að gera kleift að dreifa brtt. sem þskj., svo ekki þyrfti að koma til afbrigða, án þess að hafa getað haft samband við alla samnefndarmenn mína, sem ég veit þó að standa að þessari hugmynd í reynd. Ég vil þess vegna taka alveg skýrt fram, að ég er ekki í sjálfu sér einn flm. að þessari brtt. þó að svo sé að forminu til eingöngu.

Það er ljóst af þeim umsögnum sem n. fékk, bæði frá Húseigendafélagi Reykjavíkur og Leigjendasamtökunum, sem reyndar áttu bæði ásamt fulltrúum frá rn. aðild að samningu þessa frv., að hér er á ferðinni frv. sem allir aðilar telja mjög nauðsynlegt og þarft. Hér er fjallað um mjög mikilvægan þátt í félagslegum samskiptum í þjóðfélagi okkar, samskipti leigutaka og leigusala hvað húsnæði snertir, einkum íbúðarhúsnæði. Það hefur verið talið nauðsynlegt að formbinda slík samskipti og kveða nánar á um réttindi og skyldur aðila. Þær brtt., sem n. flytur, eru því fyrst og fremst til þess að snyrta nánar, ef orða má það svo, ýmsa hugsun sem í frv. felst, kveða nánar á um einstök atriði og taka tillit til sanngjarnra ábendinga sem okkur fannst koma fram hjá báðum aðalumsagnaraðilum: Leigjendasamtökunum og Húseigendafélagi Reykjavíkur, því að sjálfsagt má í löggjöf af þessu tagi, einkum og sér í lagi þegar hún er sett í fyrsta sinn, ýmislegt betur fara. Ég ætla þess vegna í örstuttu máli að víkja að meginhugsuninni í ýmsum þeim brtt. á þskj. 657 frá félmn.

1. brtt., við 8. gr., felur í sér að kveðið er nánar á um að leigutaki, sem að ósk leigusala hafi leigt húsnæðið tvö ár í röð eða tvö leigutímabil í röð, ávinni sér vissan rétt í þeim samskiptum til ótímabundins samnings. Teljum við eðlilegt, að þegar reynslan hefur sýnt, að báðir aðilar una vel þessum viðskiptum, sé rétt að skapa möguleika á þeim réttindum sem hér er kveðið á um.

Enn fremur er í b-lið till. tengdaforeldrum bætt inn í þá skyldmennaupptalningu sem þar er að finna.

2. brtt. og reyndar 10. brtt. snerta tryggingafé svonefnt. Fannst okkur nauðsynlegt að kveða nánar á um það sérstaklega í 10. brtt. að varðveisla þess væri í banka eða sparisjóði á hæstu mögulegum vöxtum, þannig að tryggt væri að tryggingafé rýrnaði ekki við geymslu. Ýmis önnur ákvæði hér kveða nokkru skýrar á um hvernig með tryggingafé skuli fara og hvernig það skuli ákveðið, hvort það skuli lagt fram og með hvaða hætti.

3., 4, 5. og 6. brtt. fela í sér minni háttar breytingar, ýmist að formi eða efni til, á þeim ákvæðum sem í frv. er þegar að finna. Ég sé ekki ástæðu til að lengja tíma d. með því að víkja að þeim nánar.

Ég vek sérstaka athygli á 8. brtt., sem e. t. v. er efnismeiri en hinar fyrrnefndu. Í frv. er gert ráð fyrir, að ef breytingar verði á hitakerfi íbúðarhúsnæðis sem leiða til verulegs sparnaðar, t. d. ef tengt er við hitaveitu eða fjarvarmaveitu, sé leigusala heimilt að hækka leiguna sem nemi þeim sparnaði. Okkur í n. fannst sanngjarnara að leigutaki og leigusali skiptu til helminga þeim ávinningi. Við skulum taka sem dæmi að víða úti um land komi hitaveita í stað hinnar dýru olíukyndingar. Þá á ekki sjálfkrafa að vera heimilt að hækka húsaleiguna algerlega sem nemur þeim sparnaði, heldur komi sparnaðurinn af hina nýja hitakerfi í viðkomandi byggðarlagi leigutaka einnig til góða.

9. brtt. felur í sér skýrari ákvæði varðandi greiðsluform leigunnar, og 11. brtt. felur í sér að við dauðsfall sé það eingöngu á valdi dánarbús leigutaka að segja upp leigumálanum. Í frv. upphaflega var sá réttur einnig í höndum leigusala, en okkur fannst ekki rétt að athuguðu máli eða sanngjarnt að dauðsfall eitt sér gæti verið leigusala nægilegt tilefni til að segja upp samningi.

Ég held að þessar brtt., sem reyndar eru allar gerðar

samkv. ábendingum þeirra aðila sem unnið hafa að gerð frv., skýri sig að öðru leyti sjálfar. Þær fela ekki í sér, nein þeirra, eins og ég hef sagt, veigamiklar breytingar á frv., en leiðréttingar og aðeins skýrara orðalag á einstaka stað. Ég hef þó vikið að þeim efnisþáttum í brtt. sem mér finnst helst ástæða til að vekja athygli á.

Á þskj. 658 er hins vegar flutt till. um að í frv. bætist nýr kafli, sem verði XIII. kafli, um húsaleigunefndir. Það ákvæði er ekki í frv., en hefur nokkuð verið rætt við undirbúning þess og aðdraganda. Hugsunin, sem þarna liggur að baki, er sú, að í bæjarfélögunum, einkum og sér í lagi hinum fjölmennari, geti verið nauðsynlegt og hagkvæmt að einhvern stjórnsýsluaðili sinni sérstaklega þessum veigamikla málaflokki íbúanna. Þess vegna er kveðið á um að hlutverk húsaleigunefnda sé að fylgjast með framkvæmd húsaleigumála og afla upplýsinga um þau, hlutast til um að úttektarmenn séu dómkvaddir, en þó einkum og sér í lagi, sem er meginhugsunin í brtt., að gefa aðilum leigumála, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining ef báðir aðilar óska.

Við teljum að reynslan sýni, að ágreiningur milli leigusala og leigutaka stafi oft af því að ekki liggi nægilegar upplýsingar fyrir eða þá að þeir hafi ekki möguleika á að leita til þriðja aðila sem gæti veitt þeim nánari skýringar á grundvelli laga eða venju og geti verið eðlilegt og hagkvæmt einnig að skapa millilið, ef svo má orða það, sem hægt sé að leita til áður en sú þrautalending verður að fara með ágreining til dómstóla. Það er mat okkar og reyndar von einnig, að ef slíkar nefndir væru skipaðar löglærðum mönnum eða gætu eins og aðrar nefndir sveitarfélaga haft löglærða menn í þjónustu sinni mundi reynslan verða sú, að allur þorri ágreiningsmála af þessu tagi væri einfaldlega leystur með sáttagjörð eða upplýsingum frá slíkum aðila í bæjarfélaginu og þannig sé hvatt til þess að aðilar fari ekki fyrir dómstólana strax og það verði væntanlega bæði til þess að draga úr ágreiningsmálum og stuðla að almennari upplýsingu og ekki síður til að draga úr hugsanlegum fjölda mála fyrir dómstólum sem kynnu að rísa út af lögum þessum. Það er skoðun allra í n. að svona kerfi geti verið til bóta, þó, eins og ég segi, ástæður þess að ég flyt brtt. hér að forminu til einn séu þær sem ég gat um í upphafi.

Ég held að þegar á ferðinni er löggjöf af því tagi sem við erum að fást við nú, frv. til l. um húsaleigusamninga, sem samtök beggja helstu hagsmunaaðila á þessu sviði lýsa yfir almennum stuðningi við og n. er sammála um að samþ. með þessum breyt., væri æskilegt ef hv. d. gæti hraðað þannig afgreiðslu málsins að hægt væri að senda það sem fyrst til Nd. svo það gæti orðið að lögum fyrir lok þessa þings. Ég er viss um að það væri öllum þeim aðilum, sem hafa hagsmuni og áhuga á húsaleigumálum, mikið fagnaðarefni ef hægt væri að afgreiða þetta frv. sem lög áður en Alþ. lýkur.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég get með mjög góðu móti fallist á allar brtt. hv. félmn. á þskj. 657. Að mínu mati standa þær flestar til bóta og engin þeirra er til skaða. Aftur á móti get ég ekki fallist á till. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar á þskj. 658 og tel þá brtt. óþarfa og til þess fallna að gera mál flóknari og þyngri í vöfum en ella þyrfti að vera.

Sveitarstjórnir eiga samkv. frv. að sjá til þess að úttektarmenn séu dómkvaddir. Leiðbeiningar um ágreiningsefni og sáttaumleitanir eru samkv. frv. verkefni úttektarmanna og leigumiðlara ef svo ber undir. Meginatriðin, sem varða réttindi manna, munu koma fram á því húsaleigusamningsformi sem út verður gefið. Menn eiga þannig að geta gengið að því nokkurn veginn svört á hvítu hver réttindi þeirra eru, a. m. k. í öllum aðalatriðum.

Hér er vissulega um allflókið mál að ræða og stórt og reyndar nýsmíði í íslenskri löggjöf og því er eðlilegt að nokkur dráttur hafi orðið á afgreiðslu þess í n. Mér finnst sá dráttur samt fullmikill og er þá kannske með samanburð við geysifljóta afgreiðslu þessara sömu hv. n. á frv. um aðstoð við þroskahefta. Ég endurtek þakklæti mitt fyrir hve vel var þar að unnið. Þó að þetta frv. sé orðið nokkuð seint á ferðinni vona ég í lengstu lög að takist að fá það gert að lögum á þessu þingi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 3. landsk. þm. var samstaða í n. um þetta mál. Við erum allir sammála um að mæla með samþykkt frv. og við erum allir sammála um hinar mörgu brtt. sem félmn. gerir og hér hefur verið lýst.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál, m. a. vegna þess að ég tek mjög undir það sem hæstv. félmrh. sagði áðan, að það er mjög æskilegt, ef maður segir ekki nauðsynlegt, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Því þurfum við að hafa nokkurn hraða á.

Ég lýsi ánægju minni með þetta mál og þau tildrög þess, að hæstv. félmrh. skyldi hafa skipað sérstaka n. til að semja frv. Það hafa gert þrír valinkunnir menn sem hafa mikla sérþekkingu í þessum efnum, tveir hæstaréttarlögmenn, þeir Páll S. Pálsson og Ragnar Aðalsteinsson, og framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Sigurður E. Guðmundsson. Mér virðist að verk þeirra sé mjög vel unnið, en sjálfsagt má alltaf eitthvað um bæta í þessu efni. Hv. félmn. hefur leitast við að gera það með þeim brtt. sem hún leggur fram á þskj. 657.

Ég vildi aðeins víkja að brtt. Ólafs Ragnars Grímssonar á þskj. 658 í tilefni af því sem hann sagði um tildrög þeirrar till. og hvers vegna hún væri ekki með hinum till. sem félmn. í heild flytur. Það er vegna þess að ég óskaði eftir að hún yrði flutt sér, svo að allir í n. gætu staðið að meginmálinu óskiptir. En ég óskaði eftir að brtt. yrði flutt sér, ef hún ætti að koma fram, vegna þess að ég er mótfallinn henni. Nú hefur hæstv. félmrh. eiginlega tekið af mér ómakið að færa rök fyrir þeirri afstöðu að vera á móti till. Ég er honum í einu og öllu sammála og þeim sjónarmiðum sem fram komu. Ég held að það verk, sem hér hefur verið unnið og liggur hér fyrir í frv.-formi, sé, eins og ég sagði áðan, mjög vel unnið og mjög vel hugsað. Þeir menn, sem hafa samið frv., gerðu ekki ráð fyrir húsaleigunefndum, og ég hygg að það sé engin tilviljun að þeir gerðu ekki ráð fyrir að komið yrði á fót sérstökum húsaleigunefndum. Ég hygg að það sé vegna þess að þeir hafi talið að slíks gerðist ekki þörf. Mér virðist að við eigum að hafa þá reglu að setja ekki á fót nefndir, hvort sem þær eru þessar eða einhverjar aðrar, þar sem ekki er brýn þörf á slíku. Það þjónar engum tilgangi og getur auk þess verið til hins lakara. Hv. 3. landsk. þm. talaði um húsaleigunefndir sem millilið. Milliliðir kunna að vera góðir undir sumum kringumstæðum, en ekki eru allir milliliðir góðir. Ég sé ekki ástæðu til að við tökum upp þennan millilið.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég held að hæstv. félmrh. þurfi ekkert að kvarta undan afgreiðslu og meðferð þessa máls í félmn. Ég verð að segja það í fullri hreinskilni, að ég kunni ekki við að ráðh. væri sérstaklega í ræðu sinni að kvarta yfir seinagangi n. á afgreiðslu á þessu máli. Hæstv. félmrh. hefur í vetur ekki þurft að kvarta undan vinnubrögðum félmn. þessarar hæstv. deildar. Hins vegar taldi n. rétt að leita umsagnar þeirra aðila sem eru á þessu sviði. Þeim var gefinn tími til þess. Þeir skiluðu ítarlegum umsögnum með brtt., og n. taldi rétt að gefa sér tíma til að skoða þær brtt., ræða þær og leita síðan álits sérfróðra manna, m. a. þeirra sem unnu að gerð þessa frv., á þeim brtt. Þar að auki var tekið að mínum dómi fyllilega sanngjarnt tillit til bæði sjónarmiða ríkisstjórnarstuðningsmanna og stjórnarandstöðuþm. í þessari n. Ég sé því ekki að sé á neinn hátt réttlætanlegt að kvarta undan seinagangi hv. n. við afgreiðslu á frv.

Hvað snertir frv. um þroskahefta gegndi öðru máli, vegna þess að n. bárust strax fyrsta daginn stuðningsyfirlýsingar frá helstu samtökum á því sviði sem sú löggjöf á að taka til, þar sem lýst var eindregnum stuðningi við frv. Það var aðeins einn aðili sem hafði samband við n. og óskaði eftir breytingum sem n. tók tillit til og fannst vera sanngjarnar.

Hvað snertir brtt. um húsaleigunefndir er ég þeirrar skoðunar, að óeðlilegt sé að úttektarmenn eigi að gegna einhverju sérstöku sáttahlutverki og eigi að vera eini aðilinn fyrir utan dómstóla sem ágreiningsefnum má skjóta til til þess að fá álit. Og ég er þeirrar skoðunar, að ef slíkar nefndir væru til, sérstaklega í fjölmennari byggðarlögunum, þá á ég einkum og sér í lagi við stærstu kaupstaði þessa lands, hefðu þær nefndir fyllilega eðlilegt verkefni eins og aðrar nefndir á sviði félagsmála í fjölmennustu kaupstöðum og bæjum þessa lands. Þar að auki er það álit mitt, að slík nefnd væri betur fær um að leggja sig sérstaklega fram um að reyna að lægja deilur og gefa aðilum upplýsingar um rétt sinn en úttektarmenn sem eiga þar að auki ýmsum öðrum skyldum að gegna við hugsanlega deiluaðila samkv. ákvæðum þessa frv. Það gæti verið erfitt ef það tvennt færi saman, eins og mér fannst vera meginatriðið í rökstuðningi hæstv. ráðh. og reyndar Þorv. Garðars Kristjánssonar.

Hins vegar má segja að þetta er engin höfuðágreiningur. Þetta er spurning um mat á því, hvað mundi auðvelda framgang og bæta skipan á þessu sviði. Ég vil samt sem áður halda brtt. minni til streitu, þrátt fyrir þann rökstuðning sem hefur komið fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 657,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 657,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 657,3 (ný 10. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
11.—17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 657,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 657,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
21.—37. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 657,6 samþ. með 14 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
39.—43. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 657,7 (ný 44. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 657,8 samþ. með 14 shlj. atkv.
45. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
46.—51. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 657,9 (ný 52. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
53.—54. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 657,10 samþ. með 14 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
56. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 657,11 (ný 57. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
58.—75. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 658 (ný gr., verður 76. gr.) samþ. með 7:5 atkv.
76.—78. gr. (verða 77.—79. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 686 (sbr. 660)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hinn 1. febr. s. l. var fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. samþ. á ríkisstjórnarfundi. Áætlunin var síðan lögð fram á Alþ. 21. febr. og ég talaði fyrir henni í Nd. Alþ. 28. febr. Síðan hefur málið verið að velkjast í Nd., lengst í fjh.- og viðskn., þar til í gær, 10. maí, að það var loks afgreitt frá d. Ég hef alla tíð lagt áherslu á að málinu yrði hraðað og vonast til að það eigi greiða leið um hv. Ed. Af ástæðum, sem óþarfi er að fjölyrða um, er orðin mikil nauðsyn á að afgreiða málið. Seinkun þess er farin að valda truflunum í atvinnulífinu, sérstaklega iðnaðinum. Þetta verkar eins og stífla á fjármagn, sem þarf að beina til uppbyggingar, og er farið að valda verulegum truflunum. Er málið satt best að segja að komast á nokkuð hættulegt stig, ef það verður ekki afgreitt sem allra fyrst.

Jafnhliða skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er flutt frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979. Frv. var lagt fram sem 190. mál á þskj. 364. Tilgangur frv. er að gefa lánsfjáráætluninni og fjárfestingaráformunum, sem hún lýsir, meiri festu. Efni frv. er tvíþætt. Annars vegar fjallar það um ráðstafanir á innlenda lánamarkaðinum til þess að tryggja fjáröflun fjárfestingarlánasjóða. Hins vegar felur frv. í sér heildaráætlun um lántökur erlendis til allra opinberra framkvæmda, hvort sem er á vegum ríkisins eða sveitarfélaga, og til fjárfestingarlánasjóða. Fram úr þeirri áætlun má helst ekki fara á þessu ári ef taksast á að lækka skuldir þjóðarinnar út á við á næstu árum.

Ég mun hér á eftir gera nánari grein fyrir þessu frv., sem kalla mætti frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1979 þar sem það ákveður hvernig afla skuli lánsfjár til opinberra þarfa á þessu ári. Hér er um að ræða mikilvæga fjárráðstöfun sem rík ástæða er til að löggjafinn fjalli vandlega um.

Í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. eru sérstök ákvæði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. Þar er t. d. lagt til að ríkisstj. leggi fyrir Alþ. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn og hún skuli fylgja fjárlagafrv. Markmið slíkrar áætlunar á samkv. lögunum að vera að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum og fjármagni sé beint til þeirra framkvæmda sem skila mestum arði í þjóðarbúið. Að sjálfsögðu ber ætíð að taka ríkt tillit til félagslegra sjónarmiða. Þá eru mörg ákvæði í lögunum um áætlunina, bæði undirbúning hennar og meðferð svo og hvað í henni skuli felast. Ég álít að þessi nýsettu lög verði til mikilla bóta í hagstjórn þótt þau leysi vissulega ekki allan vanda okkar í efnahagsmálum, því fer fjarri.

Ég vík hér sérstaklega að ákvæðunum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, þar sem ég er nú að ræða um þau mál.

Við 1. umr. málsins í Nd. flutti ég ítarlega framsöguræðu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina. Þeirri ræðu var þá þegar útbýtt til allra hv. þm. Enn fremur var lögð fram á Alþ. skýrsla ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979. Án þess að endurtaka nema örlítið af því, sem fram kemur í þeirri skýrslu og framsöguræðu minni í Nd., vil ég aðeins minna á þá heildarstefnu sem fram kemur í skýrslunni.

Samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður heildarfjárfestingin í landinu innan við einn fjórða af þjóðarframleiðslu árið 1979. Ef þetta er borið saman við s. l. ár var heildarfjárfestingin 26—27% af þjóðarframleiðslu árið 1978, 28.5% árið 1977 og um 30% árið 1976. Áætluð fjárfesting á árinu 1979 nemur samkv. áætluninni 182 milljörðum kr. sem skiptist þannig, að fjárfesting atvinnuveganna nemur um 79 milljörðum kr., íbúðabyggingar nema 44 milljörðum kr. og opinberar framkvæmdir 59 milljörðum kr. Hér er um að ræða að draga heldur úr fjárfestingunni til að minnka spennuna í efnahagsmálum og reyna á þann hátt að draga úr verðbólgunni án þess þó að samdrátturinn leiði til atvinnuleysis. Ég vil vekja athygli á að þessi meginstefna og rökstuðningur fyrir henni hefur ekki sætt gagnrýni af hálfu stjórnarstöðunnar.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að erlendar lántökur verði takmarkaðar við 39.5 milljarða kr. á þessu ári og miðist við að mæta afborgunum erlendra lána og nauðsyn þess að bæta gjaldeyrisstöðuna. Á þessu ári og næstu árum er nauðsynlegt að greiða niður að verulegu leyti gjaldeyrislán sem Ísland fékk hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á erfiðleikaárunum 1974 og 1975. Brýnt er að þau lán verði greidd nú þegar bærilegar árar til þess að eiga á ný aðgang að þeim þegar á móti kann að blása. Lántökur á næstu árum verður að miða við að greiðslubyrði erlendra lána fari ekki upp fyrir 14—15% af gjaldeyristekjum og verði þó helst lægri til jafnaðar.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er lögð á það áhersla, að stefnt verði að jöfnuði í viðskiptum við útlönd og dregið verði út erlendum lántökum. S. l. fjögur ár hefur greiðslubyrði afborgana og vaxta af löngum erlendum lánum verið á þessa leið í hlutfalli við útflutningstekjur: Árið 1978 nálægt 13.7%, árið 1977 sömuleiðis 13.7%, árið 1976 13.8% og árið 1975 14.2%. Árið 1979 er greiðslubyrðin áætluð innan við 14%. Á árinu 1979 munu áætlaðar nettólántökur nema 4% af útflutningstekjum og 1.8% af vergri þjóðarframleiðslu, en samsvarandi tölur fyrir árið 1978 eru 4.2% í stað 4% og 2.2% í stað 1.8%. Þannig er hér stefnt að því að draga úr áætluðum nettólántökum.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að rekja nánar úr framsögu minni í Nd. né úr skýrslunni, en vísa til hvors tveggja, bæði framsöguræðunnar í Nd. og skýrslunnar sjálfrar.

Ég mun víkja að að einstökum greinum frv. á þskj. 364, sem ég er raunverulega að mæla fyrir.

1. gr. frv. fjallar um að fjmrh. sé heimilt f. h. ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 9295 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr. fjallar um að lánsfé samkv. 1. gr. skuli ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1979.

Það var gerð breyting í Nd. sem var viðbót við 2. gr., svo hljóðandi:

„Þó skal ríkissjóður standa að fullu undir afborgunum, vöxtum og öðrum kostnaði við 600 millj. kr. lántöku vegna skuldagreiðslna RARIK."

Kveðið er á um í skýrslunni um lánsfjáráætlunina að tekið skuli 600 millj. kr. lán til handa Rafmagnsveitum ríkisins og ríkissjóður endurgreiði það lán á næstu fimm árum, en með þeirri brtt., sem samþ. var í Nd., er gert ráð fyrir að ríkissjóður standi einnig undir vöxtum af því láni. Í því er fólgin breytingin á 2. gr. sem samþ. var í Nd.

3. gr. fjallar svo um lífeyrissjóðina. Það hefur verið talsvert deilumál um lífeyrissjóðina. Þeir hafa viljað ráðstafa fé sínu sem mest sjálfir. En þeir, sem standa að því að reyna að safna saman fjármunum til þess að standa undir nauðsynlegri fjárfestingu og uppbyggingu í landinu og beina fjármagninu á skynsamlegan hátt til þeirra verkefna sem skila mestu í þjóðarbúið og treysta undirstöður atvinnu- og efnahagslífsins, hafa að sjálfsögðu leitað að fjármagni innanlands. Sannleikurinn er sá, að þar er ekki um auðugan garð að gresja. Það er þess vegna sem menn hafa viljað hafa meiri stjórn á því gífurlega mikla fjármagni sem lífeyrissjóðirnir í landinu hafa yfir að ráða. Á þessu ári er t. d. talið að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði 27 milljarðar þegar þeir hafa að fullu staðið við allar greiðslur og útgjöld vegna starfsemi sinnar. Sennilega verður þetta þó nokkuð meira eins og mér sýnist allt horfa í þjóðfélaginu um þessar mundir.

En við 3. gr. var gerð breyting. Þar segir á einum stað: „Ríkisstj. kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn skuli kaupa bréf af hvorum þessa fjárfestingarsjóða." Það var gerð sú breyting, að í stað-inn fyrir „skuli kaupa" komi kaupi — að hvaða marki sjóðurinn kaupi. Þetta er nánast engin efnisbreyting, en fer betur í málinu.

Þá var sú breyting gerð í Nd. frá því sem frv. var upphaflega, að settur var punktur á eftir „ Seðlabanka Íslands" og fellt niður: „enda sé sala skuldabréfa þessara í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstj."

4. gr. fjallar um Landsvirkjun, að henni sé heimilt að taka lán á árinu 1979 allt að 6500 millj. kr. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða nánar um það að öðru leyti en því, að nýjar upplýsingar benda til þess að það lán muni ekki nægja fyrir þeim fyrirhuguðu framkvæmdum sem þar eru á ferðinni. En þau mál verður að taka upp síðar, þegar þau hafa verið skýrð nánar fyrir ríkisstj. Kann að verða nauðsynlegt að bæta þar einhverju við.

5. gr. fjallar um heimild til lántöku vegna hitaveituframkvæmda. Þar er talað um ýmsar hita-

veituframkvæmdir sem ég sé ekki ástæðu til að rekja hér. Ég vildi geta þess, að þegar ég mælti fyrir þessu máli í Nd. var orðið ljóst að yfir okkur var að skella ný olíukreppa með gífurlegum hækkunum á olívörum. Þá gat ég þess, að það kynni að vera skynsamlegt í ljósi nýrra viðhorfa, sem skyndilega höfðu komið fram, að beina meira fjármagni til uppbyggingar hitaveitna en gert er ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni til þess að spara olíuinnkaup. Má þá nefna hitaveitur eins og Hitaveitu Akureyrar, sem sennilega vantar um 700—800 millj. kr. til þess að hægt verði að ljúka að fullu við hana á þessu ári, og Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar. Ýmis fleiri mál á þessum vettvangi gæti verið um að ræða. Ég tek þetta fram hér til að upplýsa hv. þm. um að í raun og veru var um þetta viss fyrirvari vegna breyttra viðhorfa.

7. gr. fjallar um Orkubú Vestfjarða, heimild til að taka lán.

8. gr. fjallar um að Byggðasjóði sé heimilt að taka lán á árinu að fjárhæð 1480 millj. kr. til þess að standa undir fjármagnsútgjöldum vegna byggðalína.

9. gr. fjallar um að Framkvæmdasjóði sé heimilt að taka lán að fjárhæð 3950 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Við þessa grein var samþ. viðbót í Nd. upp á 500 millj. kr. Það var vegna þess að þegar gerð var breyting á útflutningsgjaldi sjávarafurða kom í ljós, að hækkun úr 6% í 5% leiddi af sér minna framlag úr ríkissjóði til Fiskveiðasjóðs lögum samkv. en áður hafði verið, vegna þess að það fylgir þeirri upphæð sem gjaldinu nemur. Sú skerðing nam um 450 millj. kr. Þess vegna þótti nauðsynlegt að hækka lántökur til handa Fiskveiðasjóði til þess að vega upp á móti þeirri skerðingu sem þarna varð. Hér er gert ráð fyrir 500 millj. kr., en skerðing Fiskveiðasjóðs nam 450 millj. Ástæðan fyrir 50 millj. kr. til viðbótar er sú, að á 6. gr. fjárl. ársins í ár er heimilt að taka lán allt að 50 millj. kr. til að greiða undirbúningskostnað vegna smíði strandferðaskips. Er meiningin að afla þarna þessa fjár til að sá undirbúningur geti farið fram.

10. gr. fjallar um að fjmrh. f. h. ríkissjóðs sé heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 5., 3. tölul. 6., 7., 8. og 9. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

11. gr. fjallar um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

12. gr. fjallar um framlag ríkissjóðs til Jarðasjóðs.

Svo voru gerðar nokkrar breytingar á 13., 14., 15., 17., 18., 19. og 20. gr., sem ég skal gera grein fyrir. Þær breytingar, sem á þeim greinum voru gerðar, stafa af því, að í aths. með fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að draga úr framlögum ríkisins til hinna ýmsu fjárfestingarlánasjóða sem nemur 10%. Þegar fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin var unnin var þetta reiknað út með tilliti til þeirra forsendna sem þá lágu fyrir hendi um hvað háar upphæðir væri um að ræða í þessum tilvikum, dregið var frá 10% og upphæðin síðan færð inn í þessar greinar. Nú hefur dregist mjög að afgreiða fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina, og þegar farið var að reikna upp á nýjan leik á grundvelli þeirra forsendna, sem nú liggja fyrir um verðlag, kom í ljós að tölur hafa hækkað, ef reiknað er með 10% niðurskurði, og þess vegna var þeim tölum breytt í Nd. Alls þýðir þetta að framlög til hinna einstöku sjóða hafa hækkað um 600—700 millj. kr. Þannig var málið samþ. og afgreitt frá Nd. Þar af fara rúmar 500 millj. til Byggingarsjóðs ríkisins, hitt eru tiltölulega litlar upphæðir.

Á 20. gr., sem fjallar um Ferðamálaráð og Ferðamálasjóð, voru gerðar breytingar. Lagt var til upphaflega í frv. að til Ferðamálaráðs skyldu renna eigi meira en 10% af skilum Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli til ríkissjóðs. Í lögum um Ferðamálaráð er kveðið svo á að til ráðsins skuli renna sem svarar 10% af heildarveltu Fríhafnarinnar. Á þessu er náttúrlega mikill munur. Var gerð sú breyting á í Nd. að hækka þessa prósentu upp í 30%. Var það gert með mínu samþykki, því hér var um að ræða allt of stórt stökk. Frv. hefði þýtt að framlög til Ferðamálaráðs hefðu lækkað úr ca. 180 millj. niður í 48 millj. Eftir þeim áætlunum, sem fyrir liggja, sem eru ekki kannske alveg tryggar vegna þess að þetta snertir að sjálfsögðu afkomu Fríhafnarinnar, er gert ráð fyrir að þrefalda þetta, þannig að framlagið hækkar sem því nemur. Einnig var gerð sú breyting á 20. gr. að hún skyldi aðeins gilda fyrir árið 1979, en það er ekki tiltekið sérstaklega í greininni sjálfri. Að vísu er heiti frv. á þá leið, að það er miðað við árið 1979, og ég geri ráð fyrir að það verði túlkað á þá leið, en þó þótti rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni.

Herra forseti. Ég hygg að ég hafi gert grein fyrir þeim breytingum, sem málið tók í Nd., til þess að skýra betur fyrir hv. þm. hvernig málið stendur. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, nema að gefnu tilefni, og leyfi mér að leggja til að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 98. fundur.

Föstudaginn 11. maí, að loknum 97. fundi.

Húsaleigusamningar, frv. (þskj. 699). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Jarðræktarlög, frv. (þskj. 698). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 565, n. 666). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um gjaldmiðil Íslands. Þetta frv. er afleiðing af samþykkt frv. um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils sem hefur verið afgreitt hér frá hv. Ed. Fjh.- og viðskn. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Karl Steinar Guðnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 99. fundur.

Föstudaginn 11. maí, að loknum 98. fundi.

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 565). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 85. fundur.

Föstudaginn 11. maí, kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 429, n. 563). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 449, n. 545, 579). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 579 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 545,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1977, frv. (þskj. 645). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1977 liggur hér fyrir hv. þd. á þskj. 645. Frv. til fjáraukalaga vegna sama árs hefur þegar verið lagt fram í Sþ. og vísað til hv. fjvn.

Frv. þetta til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1977 er samið eftir ríkisrekiningi, A-hluta, fyrir árið 1977, sem yfirskoðunarmenn hafa fjallað um og undirritað till. sínar við hinn 3. þ. m., maímánaðar 1979. Ríkisreikningurinn, A-hluti, var afhentur yfirskoðunarmönnum til meðferðar og lagður óendurskoðaður fyrir Alþ. í aprílmánuði 1978 og B-hluti reikningsins í nóv. s. l. Nú er reikningurinn í heild lagður fyrir Alþ. endurskoðaður með aths. yfirskoðunarmanna, svörum ráðh. við þeim og tillögum yfirskoðunarmanna.

Yfirskoðunarmenn gerðu fsp. eða aths. í 8 liðum og birtu auk þeirra yfirlit um viðskipti innheimtuembætta við ríkissjóð samkv. bókhaldi ríkisbókhaldsins fyrir árið 1977 með hliðstæðum hætti og áður hefur verið gert. Í till. sínum telja yfirskoðunarmenn að fullnægjandi skýringar hafi fengist við aths., en að nokkur atriði verði til athugunar framvegis. Ég leyfi mér að vísa í ríkisreikninginn til nánari skoðunar varðandi þennan þátt í afgreiðslu reikningsins.

Hér á Alþ. hefur áður verið gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1977. Ég mun þó geta stærstu gjalda- og teknaliða A-hluta reikningsins eins og þeir koma fram í frv. og ríkisreikningi.

Gjöld námu 102 milljörðum 821 millj. kr. 127 þús. Tekjur námu 100 milljörðum 277 millj. 532 þús. kr. Rekstrarhalli nam því 2 milljörðum 543 millj. 595 þús. kr. Gjöld einstakra rn. voru þessi:

Æðsta stjórn ríkisins 804 millj. 794 þús. kr. Forsrn. 1799 millj. 919 þús. kr., þar af 630 millj. kr. til Byggðasjóðs. Menntmrn. 15 milljarðar 995 millj. 203 þús. kr., þar af 5 milljarðar 70 millj. kr. til Háskólans, menntaskóla og sérskóla, 7 milljarðar 276 millj. kr. til héraðsskóla og grunnskóla. Utanrrn. 1303 millj. 776 þús. kr. Landbrn. 5 milljarðar 870 millj. 267 þús. kr., þar af 2 milljarðar 706 millj. kr. til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Sjútvrn. 2 milljarðar 581 millj. 960 þús. kr., þar af Hafrannsóknastofnun 632 millj. kr. Dóms- og kirkjumálarn. 7 milljarðar 66 millj. 901 þús. kr., þar af 1725 millj. kr. til Landhelgisgæslu. Félmrn. 4 milljarðar 699 millj. 904 þús. kr., þar af 3 milljarðar 669 millj. kr. til Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Heilbr.- og trmrn. 34 milljarðar 561 millj. 29 þús. kr., þar af 24 milljarðar 546 þús. kr. til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Fjmrn. 4 milljarðar 276 millj. 472 þús. kr., þar af 1 milljarður 98 millj. kr. til toll- og skattheimtu, 1233 millj. kr. til uppbóta á lífeyri, eftirlauna og styrktarfjár, auk 183 millj. kr. til lífeyrissjóða bænda og verkalýðsfélaga. Samgrn. 10 milljarðar 412 millj. 775 þús. kr., þar af 6 milljarðar 382 millj. kr. til vegamála. Iðnrn. 3 milljarðar 233 millj. 64 þús. kr., þar af til Orkusjóðs, Orkustofnunar og annarra þátta orkumála 2 milljarðar 557 millj. kr. Viðskrn. 6 milljarðar 645 millj. 745 þús. kr., þar af niðurgreiðslur 5 milljarðar 770 millj. kr. og olíustyrkir 743 millj. kr. Hagstofan 77 millj.

667 þús. kr. Ríkisendurskoðun 99 millj. 552 þús. kr. Fjárlaga- og hagsýslustofnun 3 milljarðar 392 millj. 99 þús. kr., þar af vegna vaxta og verðbóta af skuldum ríkissjóðs 3 milljarðar 346 millj. kr.

Stærstu tekjuliðir voru eftirtaldir og er þá miðað við álagningu þeirra en ekki innheimtu:

Skattar námu 98 milljörðum 379 millj. 573 þús. kr. Beinir skattar námu 14 milljörðum 16 millj. kr., þar af tekjuskattur 9 milljarðar 595 millj. kr. Óbeinir skattar námu 84 milljörðum 363 millj. kr., þar af nam sölugjald í hlut ríkissjóðs, hluti Jöfnunarsjóðs er ekki meðtalinn, 36 milljörðum 151 millj. kr., gjöld af innflutningi 22 milljörðum 432 millj. kr., sérstakt vörugjald 5 milljörðum 907 millj. kr. Hagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins var 8 milljarðar 219 millj. kr. og launaskattar 5 milljarðar 890 millj. kr.

Aðrar tekjur en skatttekjur námu 1 milljarði 897 millj. 959 þús. kr., þar af vextir 1247 millj. kr.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja fleiri tölur úr ríkisreikningi fyrir árið 1977, en vísa í reikninginn sjálfan að öðru leyti. Leyfi ég mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil gjarnan varpa þeirri spurningu fram til hæstv. fjmrh., hvort búast megi við því að ríkisreikningurinn fyrir 1978 verði lagður fram hér á Alþ. áður en þingi lýkur. Það tókst á s. l. ári að leggja ríkisreikninginn, þann sem nú er verið að fjalla um, fram 4 mánuðum eftir áramótin, áður en þingi lauk, og ég held að það sé mjög til hins betra að alþm. hafi tækifæri til þess að sjá útkomu liðins árs yfir sumarið, áður en komið er svo til þings og fjárlagafrv. fyrir næsta ár er lagt fram, að samanburður og skoðun á fjármálunum geti átt sér stað með þeim hætti. Mig langar aðeins til að vita það, ef hæstv. fjmrh. getur svarað því nú.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykn. hefur gert fsp. um hvað líði ríkisreikningi fyrir árið 1978. Um það hef ég það að segja, að tveir fyrstu kaflar ríkisreikningsins fyrir árið 1978 munu verða tilbúnir fyrir þinglausnir. Kaflar þessir ná yfir 70 fyrstu síður reikningsins. Munu þm. fá þennan hluta ríkisreikningsins í hendur strax og honum er lokið. Í athugun er að nýta nýjar vélar hjá Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg við frágang þeirra sérstöku yfirlita sem III. kafli ríkisreikningsins hefur að geyma. Stefnt er að því að undirbúningsvinna við prentun fjárl. nýtist við gerð ríkisreiknings, en eins og sjá má eru fjárlagatölur teknar upp í reikningum til samanburðar. Ég mun þó gæta þess sérstaklega, að tilraunir þessar taki ekki óhóflega langan tíma, og leggja kapp á að ríkisreikningurinn í heild verði sem fyrst tilbúinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Rafmagnseftirlit ríkisins, frv. (þskj. 683 (sbr. 503)). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Rafmagnseftirlit ríkisins sem komið er frá Ed. Hér er um að ræða stjfrv. sem lagt var fram í síðasta mánuði. Í Ed. hlaut það góðar viðtökur. Deildin gerði á því tvær breytingar sem varða 9. gr. upphaflegs frv. Önnur breytingin snýr að heimild til gjaldtöku, sem var lækkuð úr 1.5% af seldri raforku í 1.2%, og hin breytingin varðaði tæknilegt atriði varðandi innheimtu á svokölluðu raffangaprófunargjaldi sem heimilt er að taka af raftækjum samkv. 9. gr. frv. Sú heimild hefur raunar verið í gildi og er í gildi í núverandi lögum, en hefur ekki verið notuð um 15 ára bil. Við þessar breytingar hef ég ekkert sérstakt að athuga. Þær voru gerðar að höfðu samráði við iðnrn. og að vel athuguðu máli. Ég tel að þær séu út af fyrir sig eðlilegar og veiti fyrst um sinn fullnægjandi svigrúm til tekjuöflunar fyrir Rafmagnseftirlitið.

Frv. er annars að meginstofni undirbúið af n. sem fyrrv. iðnrh. skipaði, og síðan var farið yfir það á liðnum vetri á vegum iðnrn. og gerðar nokkrar breytingar á þeim till. sem frá n. komu, m. a. með hliðsjón af ábendingum frá forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum Rafmagnseftirlitsins.

Þetta frv. felur í sér þá meginefnisbreytingu frá gildandi lögum, að Rafmagnseftilit ríkisins er tekið undan Orkustofnun, sem hefur haft yfirumsjón með stofnuninni af hálfu ríkisins og hefur séð um að fullnægt sé ákvæðum laga um varnir gegn hættum og tjóni af raforkuvirkjum. Þetta umsjónarstarf þykir ekki lengur eiga heima í verkahring Orkustofnunar og ekki samrýmast breytingum sem fyrirhugað er að gera á starfsemi hennar. Sú formbreyting felst þannig í frv. þessu, að nú er gert ráð fyrir sérlögum um Rafmagnseftirlit ríkisins, en ákvæði um þau efni hefur verið í almennum orkulögum. Af öðrum nýmælum í lagafrv. vil ég nefna m. a. skýrari ákvæði samkv. 5. gr. um vald rafmagnseftirlitsstjóra til að úrskurða um tiltekin atriði, en þeim ákvörðunum má áfrýja til ráðh.

Þá eru samkv. 7. gr. nokkru rýmri ákvæði um setningu reglugerðar, m. a. um hönnun og frágang raforkuvirkja með tilliti til umhverfis, endurbætur á raski við nýlagnir og um samstarf við náttúruverndaraðila þar að lútandi. Einnig er heimild til að kveða á í reglugerð um fræðslu og upplýsingar til almennings um hættur af rafmagni og leiðir til að verjast þeim.

Eins og ég gat um áðan eru samkv. 9. gr. frv. rýmkaðar lítillega heimildir frá því sem er í gildandi lögum um leiðir til tekjuöflunar til að standa undir rekstri Rafmagnseftirlitsins, þar sem gert er ráð fyrir að eigendur raforkuvera og rafveitna skuli greiða til eftirlitsins gjald allt að 1.2% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi, en áður var heimild til gjaldtöku 1%. Um þetta atriði er gert ráð fyrir að ráðh. setji ákvæði í reglugerð um fjáröflun fyrir Rafmagnseftirlitið, auk þess sem fjvn. hefur það á valdi sínu að hvaða marki þessi gjaldtökuheimild skuli notuð.

Ég gat um það, að heimild í gildandi lögum til að taka svonefnt raffangaprófunargjald hefur ekki verið notuð um 15 ára bil en nú hefur rn. hlutast til um að innheimta á þessu gjaldi verði hafin. Nokkur óvissa er um hversu miklum tekjum þetta muni skila. Samkv. áætlun, sem núverandi forstöðumenn Rafmagnseftirlitsins hafa gert samkv. bjartsýnum áætlunum, hrykki sú heimild, sem fyrir er um gjaldtöku af seldri raforku, ekki til þess að standa undir kostnaði við Rafmagnseftirlitið þannig að

nokkru mundi nema á næstu árum samkv. áætlun þeirra. Ég vænti þess, að með þeim heimildum, sem nú eru í frv. um fjáröflun, verði tryggt að ekki þurfi að leggja sérstaklega fram fjármagn úr ríkissjóði til rekstrar Rafmagnseftirlitsins, heldur standi tekjustofnar undir gjöldum við nauðsynlega starfsemi þess.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. þessu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 621). — 1. umr.

Flm. (Bjarnfríður Leósdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. á þskj. 621 ásamt hv. þm. Svövu Jakobsdóttur um breytingar á lögum um almannatryggingar, þannig að 10. gr. laganna orðist svo:

„Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, barnsburðarbóta, mæðralauna, fæðingarstyrks, ekkjubóta og ekkjulífeyris."

„Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein, er verði 15. gr., svo hljóðandi:

„Allar íslenskar konur, sem forfallast vegna barnsburðar, skulu njóta barnsburðarbóta í 90 daga samtals. Rýmri réttur samkv. kjarasamningum eða öðrum lögum helst. Bætur samkv. öðrum ákvæðum þessara laga hafa ekki áhrif á greiðslur samkv. grein þessari.

Upphæð greiðslu barnsburðarbóta skal miðast við full laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma samkv. næstlægsta taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og greiðast mánaðarlega eftir á."

Í grg. með frv. er stiklað á nokkrum röksemdum fyrir þessu máli. Í fyrsta lagi, að meiri hl. kvenna er við vinnu utan heimilis. Mikilvægar atvinnugreinar eru bornar uppi af vinnu kvenna. Nægir í því sambandi að minna á fiskiðnað landsmanna, heilbrigðisþjónustuna í landinu, kennarastéttina og svo mætti lengi telja. Ég held að það sé ljóst, að það heyrir til liðinna tíma að konur vinni eingöngu inni á heimilum sínum. Hvernig skyldi velferðarþjóðfélaginu vegna ef kaupmáttur heimila færi aðeins eftir launum heimilisfeðgur? Skyldi ekki ríkisstj. eða kaupsýslumönnum bregða í brún? Ég held að efnahagskerfi okkar mundi hreinlega hrynja ef allar konur hyrfu til baka inn á heimilin. Fyrir utan vinnuframlag þeirra í undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar er efnahagsleg afkoma heimilanna undir vinnu þeirra komin. Þó verða konur enn þá að sætta sig við að vera annars flokks vinnuafl.

Konur vilja vera efnahagslega sjálfstæðar. Þær vilja vera virkir þátttakendur í störfum þjóðfélagsins, ekki einskorða sig við heimilishald og barnauppeldi. Hvort sem þær vinna utan heimilis eingöngu af fjárhagsástæðum eða vegna þess að þær hafa kosið sér það sem áhugi þeirra og menntun segir til um, þá vilja þær halda áfram starfi sínu, hvort sem þær verða mæður eða ekki, rétt eins og karlar velja sér ekki störf eftir því hvort þeir verða feður eður ei. Gegn þessari þróun verður ekki gengið. Þess vegna varðar það miklu um velferð þessarar þjóðar, um framtíð barna okkar, að félagslegar aðgerðir mæti þörfum útivinnandi foreldra og barna þeirra. Það vantar mikið á að þessu hafi verið nægjanlega sinnt til þessa. Mikið vantar t. d. á að hægt sé að bjóða börnum jafnan rétt til dvalar á dagvistunarheimilum eða að nægjanlegt tillit sé tekið til þess almennt að aukin útivinna foreldra útheimtir stofnanir sem sinnt geti uppeldi barna og tekið að nokkru við hiutverki því sem móðir gegnir á heimili.

Ég flutti till. til þál. um þetta mál hér á Alþ. í febr. 1975. Þá sat ég hér sem varamaður Jónasar Árnasonar. Þá stóð fyrir dyrum endurskoðun á lögum um almannatryggingar, og þá vænti ég þess að þetta réttlætismál næði fram að ganga í gegnum almannatryggingar, en sú varð ekki raunin á.

Litlu seinna — eða í apríl sama ár — flytur hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir ásamt fleirum frv. til l. um breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar þess efnis að Atvinnuleysistryggingasjóður skuli standa undir greiðslu til kvenna í verkalýðsstétt sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, þær skuli fá atvinnuleysisbætur í 90 daga. Þessu tilræði við Atvinnuleysistryggingasjóð var þegar mótmælt af stjórn sjóðsins og Alþýðusambandinu og sýnt fram á að það mundi hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir sjóðinn til þess að gegna því hlutverki sem hann var stofnaður til að inna af hendi. Meðflm. frv., þeir Guðmundur H. Garðarsson og Pétur Sigurðsson, voru báðir í miðstjórn Alþýðusambandsins og Pétur auk þess í stjórn sjóðsins. Þrátt fyrir það var málið rekið áfram þó þeim sérstaklega hefði átt að vera fullljóst að sjóðurinn hefði ekki bolmagn til að standa undir þessum greiðslum. Nú er svo komið að greiðslur vegna fæðingarorlofs eru meira en helmingur af öllum bótum úr sjóðnum. Á s. l. ári nam þessi upphæð 517 millj. 623 þús. kr. Þá greiddu atvinnurekendur 395.6 millj. kr. í sjóðinn, um það bil 2/3 af þessum útgjöldum. Á sama tíma voru allar aðrar atvinnuleysisbætur 389 millj. kr. Konur í verkalýðsstétt, sem eru að gegna því hlutverki að eignast börn, hafa síðan hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur tókst með fulltingi Alþingis að koma fram breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar verið skilgreindar sem stærsti atvinnuleysingjahópurinn í landinu. Ég læt hv. alþm. um að meta þá virðingu sem íslenskum konum í verkalýðsstétt er sýnd með þessum lögum.

Með þessari frv.-gerð er reynt að leiðrétta það misræmi og óréttlæti sem nú er ríkjandi varðandi þetta mál. Í nær aldarfjórðung hafa konur, sem vinna hjá ríkinu, haft launað leyfi vegna barnsburðar — og hjá bæjarfélögum einnig. Síðan bættust atvinnuleysisbætur við hjá konum í verkalýðsstétt, sem uppfylla lágmarksskilyrði til bóta. Þrátt fyrir þetta eru fjölmargar konur utan allra réttinda.

Æskilegast hefði verið að stíga stærra skref fyrir foreldra sem gætu eftir eigin óskum skipt á milli sín launuðu leyfi til að annast um nýfædd börn sín. Í Verkalýðsfélagi Akraness höfum við t. d. farið inn á þessa braut. Þar er svolítil upphæð veitt úr sjúkrasjóði félagsins vegna barnsburðar. Þessa upphæð fá jafnt karlar sem konur, — karlarnir ef konur þeirra hafa ekki uppfyllt skilyrði til bóta. En ég tel það vænlegra til árangurs að hafa skrefið ekki stærra að sinni. Þá horfi ég sérstaklega á þær staðreyndir, að af tæpum 4000 fæddum börnum á Íslandi árið 1977, sem eru síðustu útgefnar tölur frá Hagstofu Íslands, eru 1437 börn óskilgetinn. Eftir orðanna hljóðan eru þetta börn einstæðra mæðra. Við vitum að þetta er ekki alls kostar rétt, því að margir foreldrar búa saman í óvígðri sambúð eða án þess að vera gift, en samt eru það gífurlega mörg börn sem eru á framfæri einstæðra mæðra. Hlutur þessara kvenna og barna er náttúrlega

langverstur. Margar þessar mæður eru ungar og allslausar og það tekur sinn tíma að fá úrskurð um meðlag. Þær hafa margar hverjar ekki getað fengið atvinnuleysisbætur vegna barnsburðar eingöngu vegna þess að þær hafa ekki uppfyllt lágmarkskröfur, ekki verið búnar að vinna nógu lengi til að ná tilskildum réttindum. Ég held að efnahagsleg og félagsleg röskun á lífi þessara kvenna og öll aðstaða barna þeirra sé slík að ekki sé sæmandi þjóðfélagi sem býr við almannatryggingar.

Við erum nýbúin að samþykkja hér á Alþ. aðild Íslands að alþjóðasamningum um mannréttindi. Í 10. gr. þessara laga um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi segir, með leyfi forseta:

„1. Mesta mögulega vernd og aðstoð skuli látin fjölskyldunni í té, en hún er hin eðlilega grundvallarhópeining þjóðfélagsins, sérstaklega við stofnun hennar og á meðan hún er ábyrg fyrir umönnun og menntun framfærsluskyldra barna . . .

2. Mæðrum skal veitt sérstök vernd í hæfilegan tíma fyrir og eftir barnsburð. Á þessum tíma skal vinnandi mæðrum veitt launað leyfi eða leyfi með nægum almannatryggingagreiðslum."

Með þessari samþykkt tel ég að við höfum skuldbundið okkur til þessarar félagslegu ábyrgðar. Nú verður mörgum hugsað til þess á hvern hátt þetta skuli fjármagnað. Lífeyristryggingar almannatrygginga eru fjármagnaðar 86% af ríkinu, 14% af atvinnurekendum. Við gætum í fyrsta lagi hugsað okkur að sami háttur verði hafður á. Þá vex hlutur atvinnurekenda vegna þessa máls í sama hlutfalli og ríkisins. En í öðru lagi gætum við hugsað okkur að sérskatta atvinnurekendur vegna þessa.

Ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun tölur um atvinnutekjur landsmanna annarra en sjómanna og voru þær 260 milljarðar árið 1978. Þar af er ASÍ-verkafólk með 180 milljarða. Það eru 1250 börn sem atvinnuleysistryggingar greiða fyrir 517.6 millj. eða um 0.3% miðað við launatekjur ASÍ-verkafólks. Þessi prósenta yrði hærri ef miðað væri við aðrar launagreiðslur og tekjur kvenna innan annarra stétta. Þetta fyndist mér eðlilegasta og sjálfsagðasta lausnin og ég sé í Alþingistíðindum í umr. um þetta mál, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir lýsir þar þeirri skoðun sinni í umr. um breyt. í lögum um atvinnuleysistryggingar, að atvinnurekendum beri að borga þetta. Þá væri eðlilegast að hækka tillag þeirra til lífeyristryggingabálksins innan almannatrygginga sem þessu næmi. En hvor hátturinn sem yrði upp tekinn til að fjármagna þessa greiðslu ætti ekki að verða til að tefja framgang þessa máls. Mér sýnist að þm. úr öllum flokkum séu sammála um þá lausn, að þessar bætur fari gegnum almannatryggingar. Ég sé að hér hafa verið lagðar fram till. til þál. sama eðlis, og ég bendi aftur á samþykkta yfirlýsingu í alþjóðasamningi um mannréttindi, og síðast, en ekki síst höfða ég til réttlætiskenndar hv. þm.

Herra forseti. Ég vona að þetta mál fái fljóta og góða afgreiðslu á þessu þingi. Það er ekki eftir neinu að bíða. Ég legg til að málið verði sent heilbr.- og trn.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég er efnislega samþykkur því frv. sem hér er til umr., en vil upplýsa að það er n. starfandi sem á að endurskoða lög um almannatryggingar og hefur það verkefni að koma með till. um það, hvar og hvernig best væri að koma fæðingarorlofinu fyrir, hvar því verði best komið fyrir innan tryggingakerfisins. Það er eitt af hennar sérstöku verkefnum, og sérstaklega var um það getið í skipunarbréfi hennar. Það er auðvitað rétt hjá hv. 1. flm., að Atvinnuleysistryggingasjóð verður að losa við þá kvöð sem fæðingarorlofið er og það sem allra fyrst. Hann hefur hvorki efni á því að greiða það og auk þess á það alls ekki heima í Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég vil líka undirstrika það, að vitanlega þarf að stórauka og rýmka rétt til fæðingarorlofs frá því sem nú er, þannig að miklu fleiri konur njóti fæðingarorlofs en nú á sér stað.

Ég vek þó athygli á því, að þegar svona hlutum er komið yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð eða almannatryggingakerfið, þá slævist e. t. v. áhugi á því að atvinnurekendur borgi það sem þeim bæri að borga í þessum efnum. Eins og hv. 1. flm. kom inn á, eru uppi hugmyndir um að gera það í einhverju öðru formi.

Ég endurtek það, að efnislega er ég samþykkur þessu frv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er mörgum þjóðþrifamálum hreyft nú á þessum síðustu dögum og vikum og hér renna útgjaldaaukar á ríkissjóð í gegnum þingið eins og á færibandi, og stjórnarþm. keppast við að segja að þetta sé nú lítið og þetta sé réttlætismál og þetta sé alveg sjálfsagt að fari í gegn. Ráðh. keppast við að hlaupa í ræðustólinn og lýsa yfir að þeir séu alveg sammála og allt sé jafnsjálfsagt að fari hér í gegn. Hins vegar eru þeir ekki eins sammála þegar á að afla tekna til þess að sinna hinum miklu verkefnum, og þeir eru ekki heldur eins sammála um hvernig á að leysa þann alvarlega þjóðfélagsvanda sem nú steðjar að í þessu þjóðfélagi. Þá liggur ekki alveg á hreinu hvernig á að leysa málið. Það er betra að láta hér fara í gegn fjölmörg frv., sem skipta milljörðum fyrir þjóðfélagið, en láta sig engu varða þó að meginhluti atvinnulífsins sé að stöðvast í þessu landi.

Farmannaverkfallið hefur nú staðið alllengi og ráðh., sem var að tala áðan, hefur haft allt sitt hreint og allt á takteinum hvernig eigi að leysa bæði þessi mál og önnur. En það eru samt einhverjar tafir á þeim lausnum. Hvaða stofnun halda hæstv. ráðh. að Alþ. sé? Á ekki að koma neinum vörnum við í þeim útgjaldaflaumi sem veður í gegnum þingið algerlega stjórnlaust? Þessi ríkisstj. er algerlega stjórnlaus. Hún reynir ekki að hafa neinn hemil á neinu. Hún er nýlega búin að beita sér fyrir setningu löggjafar sem heitir: Lög um stjórn efnahagsmála o. fl. Og í þeirri löggjöf, þó að hún sé meingölluð, er margt skynsamlegt. M. a. er í 13 gr. þeirrar löggjafar ákvæði um að fjárlaga- og hagsýslustofnun skuli annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og við meðferð opinberra fjármuna. Meðal þess háttar verkefna fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Síðan er talið upp og í 2. lið í þeirri upptalningu í þessari löggjöf segir að kostnaðarmat á tillögum frv., sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, skuli liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þn. á tilskildum tíma.

Nú vil ég spyrja hæstv. ríkistj. — það er víst eftir einn ráðh. inni til svara: Hefur verið farið eftir þessum lögum í sambandi við meðferð þingmála undanfarnar vikur eða frá því að lögin voru sett? Er nokkuð verið að spyrja þegar stjórnarþm. eru hér í kappi að kaupa sér hylli hjá ákveðnum hópum í þjóðfélaginu: Til hvers er verið að setja þessa löggjöf? (**Fjmrh.:** Það eru þn. sem eiga að sjá

til þess að þetta sé gert.) Já, það er ríkisstj. sem á að vera húsbóndi hér á heimilinu, því að það er hún sem er húsbóndi í stjórnarliðinu, og stjórnarliðið æðir áfram. Ég er stjórnarandstæðingur og er að vara við þeirri vitleysu sem hér veður uppi. Aðrir stjórnarandstæðingar á undanförnum árum hefðu tekið undir allt eins og það gerðist. En þetta er komið svo langt út fyrir allt velsæmi að enginn ræður við neitt í þessu þjóðfélagi. Þó að annan daginn sé verið að stofna til einhvers aðhalds og sett löggjöf eins og þessi, þá er ekkert hlustað á það. Um leið og búið er að samþykja þessa löggjöf kemur engum það við, það skal bara haldið áfram að vaða upp fyrir haus í vitleysunni, bara ef menn telja sér það vinsælt. Ef menn telja sig geta fengið einhver atkv. út á það, þá skal það reynt. Hvað varðar þessa sömu menn um loforðin sem þeir gáfu fyrir síðustu kosningar? Og hvar standa þeir þegar þeir eiga að standa reikningsskil gerða sinna í því sambandi? Þetta er ekki eina málið sem verið er að lýsa hér. Það eru mörg mál sem svona hafa gengið fram síðustu daga. Og ég vil nú einu sinni, þó að ég hafi í raun og veru ekkert traust á núv. ríkisstj., biðja ráðh. sem einstaklinga í þessari ríkisstj., sem margir hverjir eru greindir menn, að muna eftir eigin samþykkt og segja: Nú verðum við að hafa eitthvert taumhald á stjórnarliðinu. — Eða hafa allir ráðh. gefist upp og telja ríkisstj. steindauða? En þeir segja auðvitað ekki af sér, það verður þá einhver að bera þá út í stólunum og hvolfa úr þeim. En hver vill taka á sig þá leiðindavinnu?

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Vandlæting hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar er algert vindhögg og furðulegt að hann skuli nota þetta tækifæri til að ausa úr skálum reiði sinnar. Það vill nefnilega svo til að þegar þessi hv. þm. var heilbrrh. samþykkti Alþ. lög um barnsburðarbætur til allra kvenna á Íslandi og það skyldi koma til framkvæmda, ef ég man rétt, 1. jan. 1976. Þetta voru lög sem Alþ. samþykkti, en þessi hv. þm. lét sig hafa það að láta sem þessi lög hefðu aldrei verið samþykkt og gerði ekkert með þau. Síðan kemur hann hér upp í ræðustól mörgum árum seinna — mér liggur við að segja til þess að hneykslast á því að enn skuli vera hreyft þessu máli.

Það er kannske ekki tilviljun að menn æsast hér þegar barnsburðarbætur eru á dagskrá. Það er eins og það sé mesti óþarfi sem nokkurn tíma hefur heyrst þegar um almannatryggingar er að ræða. Og ef ég man rétt var ástæðan til þess, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hreyfði þessu máli árið 1975, sú að hún hreinlega skammaðist sín, þegar hún var úti meðal manna í Norðurlandaráði, fyrir þær sakir að Íslendingar eru í þessum efnum langt á eftir öðrum þjóðum sem vilja telja sig mannúðlegar þjóðir. Sannleikurinn er sá, að þar sem þessi mál eru talin sjálfsögð eru menn komnir það langt að menn binda fæðingarorlof ekki lengur að öllu leyti við móður barnsins, heldur foreldra, sem þýðir í rauninni að það er verið að hugsa um velferð barnsins sjálfs. Þannig verðum við að fara að hugsa hér. Barnsburðarleyfi er alveg sama eðlis og fjölskyldubætur sem okkur þykir sjálfsagt að greiða með ungum börnum.

Við flm. þessa frv. erum báðar sammála um að stefna beri að því, að þessar bætur tengist við barnið og það sé þá foreldranna sjálfra að ákveða hvort þeirra taki sér leyfi frá störfum til þess að hugsa um barnið og heimilið. En ég held að eifmitt þetta síðasta upphlaup sé sönnun þess, að við höfðum rétt fyrir okkur þegar við mátum það að ekki væri rétt á þessu stigi málsins að stíga skrefið til fulls, sem þó hlýtur að vera framtíðarþróunin. Við göngum ekki svo langt að leggja til að það skuli vera bundið við báða foreldra, heldur aðeins móðurina, við leggjum til að það sé aðeins í 90 daga, og ég hygg að það sé algert lágmark fyrir konu sem hefur fætt.

Ég fagna því að lokum, að hæstv. ráðh. hefur í sérstöku erindisbréfi mælt svo fyrir til n. að þetta mál skuli tekið sérstaklega fyrir. En það er skoðun mín með hliðsjón af forsögu þessa máls á Alþ., að það mál eigi að taka út úr sérstaklega og ekki bíða heildarendurskoðunar á tryggingalögunum. Ég held að þetta mál sé svo brýnt að það verði að hafa forgang.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af digurmælum hv. síðasta þm., 10. þm. Reykv., til mín. Ég vil minna hv. þm. á það, að á þeim árum sem ég fór með heilbrigðis- og tryggingamál var skipuð endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga sem fékk öll mál almannatrygginga til meðferðar. Allir stjórnmálaflokkar áttu fulltrúa í þessari n., ásamt fulltrúum frá Tryggingastofnun ríkisins og heilbrigðisstjórninni. Þessi n. skilaði áliti og það álit var flutt í formi frv. á síðasta þingi. Það frv. fékk afgreiðslu og þá voru tekin inn ýmis nýmæli í tryggingamálum. En þetta mál var ekki tekið upp af n. og ekki af fulltrúum eins einasta stjórnmálaflokks.

Ég skil ekki þau vinnubrögð, þegar núv. trmrh. hefur skipað að nýju endurskoðunarnefnd almannatrygginga og fulltrúar allra þingflokka hafa tilnefnt menn í n., að þá skuli, rétt eftir að n. hefur hafið störf, vera flutt hér hvert frv. á eftir öðru um breytingar á almannatryggingalögum. Hvers vegna er verið að standa í þessari endurskoðun? Hvers vegna er verið að skipa þessa n. og láta hana starfa, ef enginn þm. getur beðið eftir endurskoðuninni, og hefur þó hver þm. tækifæri til þess að hafa áhrif í gegnum fulltrúa síns þingflokks? En það er eins og allt hafi farið á hreyfingu og það séu ekki minni læti hér í þinginu heldur en á Kröflusvæðinu, því að það er flutt hér frv. eftir frv. og enginn getur beðið eftir neinu. Þetta er að verða alveg eins og með börn sem geta ekki beðið eftir því, sem þau biðja um, og þarf að hafa eitthvert taumhald á. Það er þetta, sem ég er að gagnrýna, það er þessi málsmeðferð sem er tekin upp og þm. almennt hafa samþykkt að sé viðhöfð með því að þingflokkar hafa tilnefnt sína fulltrúa. Þá finnst mér þetta vera líkast börnum, hvernig allur tillöguflutningur er hér á þessu hv. Alþingi.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál efnislega að öðru leyti en því sem það snýr að Atvinnuleysistryggingasjóði.

Hv. þm. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., flutti hér eins konar siðferðisprédikun, einkanlega yfir stjórnarandstöðunni og ríkisstj., og það er ekki nema gott eitt um það að segja. Mér er mjög vel kunnugt um það, að þessi hv. þm. er ekki fyrst og fremst upphafsmaður eða fylgismaður þess að fæðingarorlofið var lagt á Atvinnuleysistryggingasjóð með lögum árið 1975, ef ég man rétt. Það var flutt, eins og hér hefur verið skýrt frá, af nokkrum þm., og ég er þeirrar skoðunar, að það hafi ekki verið neinn meiri hl. í Alþ. fyrir framgangi þess máls á sínum tíma efnislega. En allir þm. létu svo að segja hafa sig í það að greiða þessu máli atkv. Málið sjálft var ákaflega

þakkarvert, en hvernig það átti að fjármagnast var hrein vitleysa. Vitað var að Atvinnuleysistryggingasjóður gæti ekki tekið þessar greiðslur á sig. Er nú komið á daginn og kom raunar mjög fljótlega, eins og hér hefur verið frá skýrt, að mun hærri greiðslur fara til fæðingarorlofs heldur en til atvinnuleysisbóta. Greiðslur sjóðsins vegna fæðingarorlofsins eru það háar að lausafjárstaða sjóðsins er nú þannig, að það er mun lægri upphæð en fer í greiðslur vegna fæðingarorlofs á þessu ári. Þannig er staðan og nær náttúrlega engri átt að fara að á þennan hátt. Það verður að snúa þessu við. Ég fagna því út af fyrir sig, að hæstv. heilbr.- og trmrh. tekur undir þetta mál, en það eru margir ráðh. á undan honum búnir að segja hið sama, en ekkert hefur gerst.

Þegar hv. 1. þm. Vestf. var heilbr.- og trmrh. svaraði hann hér iðulega spurningum á hv. Alþ. varðandi þessi mál á þann hátt að málin væru í n., og sjálfur skipaði hann n. sem átti að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar. Og ég hygg að það hafi ekki verið síst þetta mál sem varð þess valdandi að sú n. var skipuð, til þess að geta skákað einhverju fram gegn þeirri gagnrýni sem iðulega hefur komið fram varðandi greiðslu fæðingarorlofs úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Sú n., sem hv. þm. skipaði þá, hefur ekki endanlega lokið störfum, en eitt voru nm. sammála um strax, og það var að fæðingarorlofið ætti ekki að heyra undir Atvinnuleysistryggingasjóð.

Ég held þess vegna að það sé mikið vafamál að það eigi að bíða með þetta mál eftir alls konar nefndarstörfum, það eigi að stíga þetta skref. Atvinnurekendur eiga að fjármagna fæðingarorlofið. Það eiga þeir að gera og það er auðvelt að koma því fyrir. Þetta benti ég á þegar málið var til ákvörðunar hér á sínum tíma, en á það var þá ekki hlustað. Ég var sá eini sem greiddi þá atkv. á móti þessari aðferð við fjármögnun fæðingarorlofs. Aðrir urðu ekki til þess.

Ég ætla aðeins að lokum að brýna fyrir hv. þm. að það verður að létta byrðum af Atvinnuleysistryggingasjóði. Það er alveg óhjákvæmilegt, og það getur kostað meira fé en það sem hér er um að ræða. Alveg sérstaklega lýsi ég fyllstu undrun og andúð á því, að enn liggur frv. fyrir hv. Alþ. þar sem á að bæta verulegum milljónahundraðaböggum á Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég ætla að vona að alþm. beri gæfu til að það verði ekki gert. En ég lýsi fyllsta stuðningi mínum við þetta frv. og tel að það væri langaffarasælast að það fengi hér skjóta afgreiðslu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er sjálfsagt erfitt fyrir þá, sem hlusta á þessum þingfundi, að átta sig á hverjir eru í stjórn og hverjir eru í stjórnarandstöðu.

Ég verð að taka undir með hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að það er að sjálfsögðu ósköp einfalt að flytja till. um að gera allt fyrir alla á annarra kostnað. Og ég get, alveg eins og hér hefur komið fram og skal gera betur grein fyrir því, stutt þær hugmyndir sem koma fram í þessu frv. En það er nú bara einu sinni þannig, að til þess að það sé hægt verður að koma yfirlýsing frá ábyrgum aðilum um að einhver vilji borga brúsann. Hér var að fara úr ræðustólnum hv. 6. þm. Reykv., og hann var að skýra frá því, að Atvinnuleysistryggingasjóður væri ekki borgunaraðili fyrir því sem hann ætti að greiða í þessu sambandi, hvað þá ef allir aðrir bættust við sem fengju réttindi samkv. því sem hér er gert ráð fyrir. Þetta er ósköp skiljanlegt, að það vísar hver á annan.

Ég tek til máls nú til að rifja það upp að á sínum tíma, þegar sett voru lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, voru þau ákvæði sett inn í þau lög, að konur í opinberu starfi fengju þriggja mánaða barneignarfrí. Þá verður að átta sig á því, að þetta eru ekki kjarabætur. Þetta eru einhvers konar mannréttindaákvæði án kjarabóta, því að þetta eru ákvæði sem aðeins koma öðru kyninu til góða samkv. þeim lögum. Frá setningu þessara laga leið og beið, og fyrst fór að bera á miklum erfiðleikum varðandi þetta þegar verkföll urðu hjá ríkisverksmiðjunum sínum tíma, en þá kom í ljós að konur annars vegar við þilið fengu þriggja mánaða barneignarfrí, en hinum megin ekkert frí nema þá 14 daga sem gert var ráð fyrir í samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Þetta verðum við að hafa í huga. Þess vegna voru uppi raddir hér á þingi um að leiðrétta þennan mun, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, sem endaði með því að samkv. till. hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur fékkst sú lausn að Atvinnuleysistryggingasjóður greiddi fyrir þá sem voru starfandi í atvinnulífinu og voru félagar í verkalýðshreyfingunni. En það er fleira kvenfólk vinnandi en það sem á aðild að verkalýðshreyfingunni. Og vegna þess að hér kom upp fulltrúi Atvinnuleysistryggingasjóðs og sagði að það væri sjálfsagt að atvinnureksturinn borgaði brúsann, þá langar mig til að varpa spurningu hér fram: Hvað um smáatvinnurekstur, hvað um smáframleiðendur, konur í stjórnunarstörfum, eigendur fyrirtækja með konur í vinnu? Hvernig á að fara með slíkt?

Hér vorum við þm. nýlega að samþykkja till. um að ríkið tæki að sér kostnað við að senda afleysingamenn út í sveitir landsins í sambandi við veikindaforföll bænda. En hvað um smáframleiðendur í bæjunum? Ég er hræddur um að þeirra réttur sé fyrir borð borinn í öllu þessu tali.

Það frv. sem hér liggur fyrir, gerir aftur á móti ráð fyrir að allar konur, hvort sem þær eru heima á heimilunum eða eru atvinnurekendur eða starfandi í verkalýðsfélögum eða opinberir starfsmenn, fái þessi réttindi, og að því leyti til styð ég stefnuna sem kemur fram í þessu frv., það skal ég taka skýrt fram. Ég hef lýst þeirri skoðun minni margoft áður. En ég vara við þeirri stefnu að koma sífellt nýjum og nýjum gjöldum yfir á atvinnurekendur, þann atvinnurekstur sem stendur ekki betur undir sér en svo, að ríkisstj., stjórn hinna vinnandi handa, tekur svo mikið tillit til þess að skera verður niður umsamin laun í landinu eins og hér hefur verið gert hvað eftir annað í vetur. En ég minni á það, þar sem talað er um réttindi kvenna hér á landi, að það var í tíð fyrrv. ríkisstj. sem samþ. voru lög um jafnrétti eða jafnstöðu kvenna. Það var í ráðherratíð hæstv. fyrrv. ráðh. Gunnars Thoroddsens, og ég vil gjarnan fá tækifæri til að minna á það í þessum umr. Hins vegar er afar skiljanlegt að fyrrv. hæstv. ráðh., Matthías Bjarnason, komi hér upp til að gera aths. þegar einn hæstv. ráðh. kemur upp í ræðustól, segist taka undir þau atriði sem er um að ræða í þessu frv., þegar af þeirri ástæðu að hæstv. ríkisstj. hefur samþykkt að ekkert frv. eigi að ná fram að ganga nema búið sé að rannsaka kostnaðinn af því, og reyndar án þess að hreyfa einu einasta orði í þá átt, hvernig fjármagna eigi þetta mál. Ég held að við verðum að gera kröfu til þess, að hinir ábyrgustu menn í þessu þjóðfélagi leyfi sér ekki þann munað að koma hér upp og lýsa yfir slíkri skoðun, nema þeir sýni

fram á hvernig þeir ætli að gera þetta okkur öllum hinum skattborgurunum að kostnaðarlausu, því að að sjálfsögðu er enginn vandi að vera með öllum málum sem hér koma fram á Alþ., ef maður hefur engan áhuga á að finna út hvernig á að útvega peningana sem þau mál kosta.

Að lokum vil ég votta hæstv. fjmrh. samúð mína með því að hafa slíka ráðh. innanborðs.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er sannarlega með hálfum huga að ég kem hér í ræðustól núna. Ég get ekki neitað því, að það fer alltaf um mig hálfgerður hrollur þegar farið er að tala um fæðingarorlof héðan úr ræðustólnum. Þetta er alveg viss liður á hverju þingi eða hér um bil hverju þingi, að eyða í það dýrmætum tíma að tala um fæðingarorlof. Þær umr. geta menn lesið sér til fróðleiks og skemmtunar í Alþingistíðindum undanfarinna þinga. Þar hefur margt verið sagt af tilfinningu og skaphita og raunar skynsemi líka stundum. Það hafa verið viðraðar ýmsar hugmyndir. Sumar hafa verið samþykktar, en þrátt fyrir það raunar ekki náð fram að ganga, ekki komist út í veruleikann, og enn eru menn að bisa með þetta vandamál. Allra verst hafa farið út úr þessu aumingja sveitakonurnar sem alþm. hafa borið mjög fyrir brjósti og ég man eftir allnokkrum till. um fæðingarorlof þeirra.

Ég nefni umr. sem urðu á 96. löggjafarþingi um frv. til l. á þskj. 414, 1. flm. var Ragnhildur Helgadóttir. Það eru a. m. k. þrjú mál á yfirstandandi þingi, sem snerta þessar greiðslur, og ég vil taka það fram, að ég styð að sjálfsögðu hugmyndina um að þetta verði allt saman greitt af almannatryggingum. Mér finnst að það liggi í augum uppi að það sé það fyrirkomulag sem heppilegast sé að hafa á þessu, en ekki það fyrirkomulag sem lagt er til í till. til þál. á þskj. 63, um fæðingarorlof kvenna í sveitum, flm.: Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Finnur Torfi Stefánsson og Eiður Guðnason, þar sem í grg. er sagt, með leyfi forseta:

„Samtök bænda hafa ekki getað tryggt þessum hópi kvenna fæðingarorlof. Hér verður enginn dómur á það lagður hvort ástæðan er áhugaleysi eða fjárskortur. Hins vegar er ljóst að stofna hefði átt sjóð til greiðslu fæðingarorlofs og í hann hefði átt að renna fjármagn frá bændum sjálfum, sbr. greiðslur félaga í verkalýðsfélögum, og að hluta fjármagn frá viðskiptaaðilum bænda.“

Ég er sem sagt ekki samþykkur þessari hugmynd. Ég er enn fremur andvígur því að Atvinnuleysistryggingasjóður sé látinn bera þessa byrði. Ég vil minna á þáltill. á þskj. 371, sem 1. flm. er hv. þm. Alexander Stefánsson. Meðflm. eru Páll Pétursson, Jón Helgason, Vilhjálmur Hjálmarsson og Ingvar Gíslason.

Þessi till. er flutt til að reyna að fá viljayfirlýsingu Alþ. til að minna á nokkur atriði sem við viljum hafa í huga við undirbúning löggjafar um almannatryggingar. Okkur er kunnugt um að það er verið að vinna þetta starf í rn., en til þess að ítreka skoðanir okkar á því, hvaða hluti við vildum hafa þarna inni, settum við fram þessa till. og hugsuðum okkur að fá fram viljayfirlýsingu Alþ. og vinnuplagg fyrir nefndina. En í c-lið þessarar till. á þskj. 371 segir:

„Fæðingarorlof greiðist af almannatryggingum til allra fæðandi kvenna í landinu, hvort sem þær eru útivinnandi eða við heimilisstörf.“

Ég held, að við komumst aldrei út úr þessu máli með skaplegum hætti með öðru heldur en þessu. Og þó að ég styðji í huga mínum frv. á þskj. 621, það frv. sem hér er til umr. nú, þá hygg ég að það væri eðlilegra, vegna þess hvernig stöðum er háttað í rn. og stjfrv. væntanlegt áður en mjög langt um líður, eins og hefur komið fram í þessum umr., að láta við það sitja að fá þessa viljayfirlýsingu fram með samþykkt þeirrar þáltill. sem ég var að geta um, frá Alexander Stefánssyni o. fl., hún yrði nægileg viljayfirlýsing Alþ. um hvern hátt við óskuðum eftir að hafa á þessu í framtíðinni.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt ath. vegna ummæla hv. þm. Friðriks Sophussonar. Mér finnst hann ekki hafa skilið það sem ég sagði um að atvinnurekendur ættu að greiða þessar tryggingar, og hann fór að tala um hvernig smáatvinnurekendur gætu staðið undir þessum greiðslum. Það, sem ég átti við, var alls ekki að atvinnurekendur ættu að greiða svo og svo marga mánuði í kaup vegna fjarvista kvenna þegar um barnsfæðingar er að ræða, heldur einmitt hitt, að þeir greiði sameiginlega tryggingarnar og alveg frá fyrsta degi. Ég held að það sé það fyrirkomulag sem sé langheppilegast, bæði fyrir konurnar og einnig fyrir atvinnurekendurna, og ég trúi að það sé ekki í raun og veru neinn misskilningur um þetta atriði milli mín og hv. þm. Friðriks Sophussonar.

Flm. (Bjarnfríður Leósdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. trmrh. fyrir orð hans hér og að hann hefur sýnt þessu máli áhuga og mun sýna því stuðning. Það, sem ég vildi aðeins taka betur fram, var það sem ég hélt reyndar að ég hefði gert í framsöguræðu minni, að ég hefði verið að reikna út hvað þetta væri mikill hluti af launagreiðslum, og þá hafði ég auðvitað í huga að staðið yrði að því nákvæmlega eins og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði, — alls ekki að atvinnurekendur greiði hver fyrir sig þetta kaup konu sem vinnur hjá honum, heldur fari það í gegnum almannatryggingar. Ég skil ekki í þeim misskilningi sem hv. þm. Friðrik Sophusson hefur getað lagt í þetta, því að auðvitað á það á þann hátt að fara í gegnum almannatryggingar.

Til frekari upplýsinga vil ég endurtaka það, að á s. l. ári fæddust um 4000 börn. Ef Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir fullar bætur, þá er þetta innan við hálfa millj. fyrir hvert barn, eða 483 þús. kr., minnir mig. Þar að auki, af því að þetta er í gegnum atvinnuleysisbætur, fær einstæð móðir fyrir barnið alveg nákvæmlega eins og atvinnuleysisbætur eru greiddar. Ef þetta væri þannig að meðaltali fyrir hvert barn, um 500 þús. kr., þá eru þetta tveir milljarðar og mér finnst það engin ósköp. Og þá er ég að reikna með fullum bótum. En nú eru margar konur sem vinna hluta úr starfi og fengju þar af leiðandi aðeins hluta af þessu — eða það gæti verið þannig.

Ég held að ég vilji ekki vera að tefja þetta meira. Ég vil aðeins endurtaka það sem hv. þm. Páll Pétursson sagði. Hann sagði að oft hefði verið rætt um þetta af miklum tilfinningahita. Ég er ekkert hissa á að tilfinningahiti komi í svona mál, vegna þess að við finnum auðvitað öll hversu mikið réttlætismál þetta er.

Ég skal ekki að svo komnu máli tefja þetta lengur og þakka fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 651). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 651 frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og vegalögum, nr. 6 frá 1977, svo hljóðandi:

„1. gr.: Í stað orðanna „orlofsheimili launþegasamtaka" í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8 1972 komi: orlofsheimili, sem samtök vinnumarkaðarins og einstakir meðlimir þeirra reisa á svæðum sem sérstaklega eru keypt og skipulögð fyrir slíka starfsemi.

2. gr.: Fyrri málsl. 24. gr. laga nr. 6 1977 orðist svo:

Undanskildar vegaskatti samkv. 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili, orlofsheimili, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins og einstakir meðlimir þeirra reisa á svæðum sem sérstaklega eru keypt og skipulögð fyrir slíka starfsemi og víðar.

3. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Eins og hv. þm. er ljóst, er hér orðalagsbreyting, sem er þó nokkuð þýðingarmikil, að í stað orlofsheimila launþega nái þessi lög yfir orlofsheimili sem samtök vinnumarkaðarins og þar með atvinnurekenda reisa. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlunin að undanþiggja öll orlofsheimili launþegasamtaka, sem reist eru á svæðum sem skipulögð eru fyrir slíka starfsemi, greiðslu fasteignaskatta, hverju nafni sem nefnist. Þá þykir eðlilegt og í samræmi við þær jafnréttishugmyndir, sem ríkjandi eru í þjóðfélaginu, að orlofsheimili vinnuveitendasamtaka sitji við sama borð. Löggjafarvaldið hefur að nokkru viðurkennt menningar- og félagslegt hlutverk þessarar starfsemi með þeirri breytingu sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga á árunum 1972, en þá voru orlofsheimili launþegasamtaka undanþegin greiðslu fasteignaskatts og þar með skipað á bekk með sjúkrahúsum, félagsheimilum, kirkjum, skólum og safnahúsum.

Nýlega hefur komið í ljós að tiltekin sveitarfélög túlka undanþáguákvæðið þröngt og telja það aðeins taka til þeirra orlofsheimila launþegasamtaka sem eru skráð eign samtakanna sjálfra. Þennan skilning hefur yfirstandandi eignarmatsnefnd tekið undir í úrskurði nú fyrir skömmu.

Þá orkar tvímælis að undanþágan taki til vegaskatts samkv. 23. gr. vegalaga þótt hann sé hreinn fasteignaskattur, þar sem hann ber annað nafn. Í því sambandi er einnig á það að líta, að IV. kafli vegalaga geymir undanþáguákvæði hliðstæð 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, en þar er orlofsheimila launþegasamtaka að engu getið.

Það má segja að frv. þetta gangi ekki nógu langt. Það ætti e. t. v. að ná yfir alla sumarbústaði, því að allir þurfa að njóta náttúrunnar á þeim fáu góðviðrisdögum sem hér eru.

Ég legg til að máli þessu verði að loknum þessum umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útvarpslög, frv. (þskj. 584). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 40, n. 648). — 2. umr.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 648 hefur allshn. Nd. leyft sér að leggja til að frv. til l. flutt af hv. þm. Finni Torfa Stefánssyni verði samþ., þó með þeirra breytingu að 2. gr. frv. hans falli niður. Með frv. svo breyttu mælir öll allshn. Nd., en hana skipa Vilmundur Gylfason, Einar Ágústsson, Gils Guðmundsson, Árni Gunnarsson, Svava Jakobsdóttir, Friðrik Sophusson og Matthías Á. Mathiesen.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Upplýsingaskylda banka, frv. (þskj. 45, n. 483 og 493). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um upplýsingaskyldu banka og annarra lánastofnana. Nál. er á þskj. 483.

Ég er sjálfur flm. þessa frv. og mælti fyrir því við 1. umr. Ég sé ekki ástæðu til að fara nú við 2. umr. að endurtaka neitt af því sem ég sagði þá, enda miklar annir á hinu háa Alþ. nú undir þinglok. En það skal tekið fram, að fjh.- og viðskn. Nd. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. 4 nm., þ. e. a. s. meiri hl. n., mæla með því að frv. verði samþykkt, og í þessum meiri hl. n. eru auk mín hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson, Vilmundur Gylfason og Lúðvík Jósepsson, sem skrifar undir nál. með fyrirvara. En þrír nm. í fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. skila sérstöku nál. þar sem þeir leggja til að frv. verði vísað til ríkisstj., og mun frsm. minni hl. gera hér grein fyrir því nál. á eftir.

Ég vil aðeins minna á það í örstuttu máli, að efni frv. er það að skylda banka og aðrar lánastofnanir til að birta opinberlega lista yfir öll veðlán, sem veitt hafa verið árið á undan, og önnur útlán, sem nema hærri fjárhæð en 4 millj. kr. og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Einnig gerir frv. ráð fyrir að bönkum og lánastofnunum sé gert skylt að birta einu sinni á ári lista yfir þá einstaklinga, félög og stofnanir sem skulda um áramót meira en 6 millj. kr. í viðkomandi lánastofnun. Þessi upphæð, 6 millj., er þá miðuð við verðlag, þ. e. a. s. vísitölu byggingarkostnaðar 1. jan. s. l., og gert ráð fyrir að allar upphæðir í frv. breytist síðar í samræmi við þróun vísitölu byggingarkostnaðar.

Þetta er efni frv. og ég sé ekki ástæðu til, nema tilefni gefist, að fara út í að flytja hér rökstuðning fyrir málinu umfram það sem fram kom í framsöguræðu minni við 1. umr. málsins.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 493 höfum við, sem undir það þskj. skrifum, hv. 1. þm. Reykn. og hv. 9. landsk. þm. lagt til að þessu frv. verði vísað til ríkisstj.

Það er kunnara en frá þurfi að segja og kemur fram í nál. okkar, að unnið er að endurskoðun á bankalöggjöf. Þó að álit þar að lútandi sé nú í höndum ríkisstj. teljum við eðlilegt, ef ætti að gera þá breytingu sem hér er lagt

til, að hún verði gerð í sambandi við slíka endurskoðun og þess vegna eigi slíkt mál sem þetta að ganga til hæstv. ríkisstj., ekki síst þar sem hún vinnur að því að láta athuga þessi mál í heild. Þess vegna leggjum við til að þannig verði málið afgreitt nú á hv. Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framhaldsskólar, frv. (þskj. 233, n. 618 og 665, 619). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 665 felld með 19:9 atkv.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StH, SvJ, SvG, TÁ, VG, ÞS, EðS, EG, FTS, GSig, GilsG, HES, HG, JóhS, BL, KÓ, LJós, MHM, PP, IG.

AG, EH, FÞ, FrS, GTh, MB, MÁM greiddu ekki atkv.

13 þm. (SvH, ÁG, BGr, EÁ, EBS, GH, GSt, JÞ, LárJ, ÓE, PJ, SighB, SV) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þetta er mikið mál og flókið sem hér er til umr. Það er auðvitað öllum ljóst, að enn þá er óljóst með margar breytingar sem á þessu mikla frv. hafa verið gerðar og eiga eftir að vera gerðar. Ég minni t. a. m. á óljósa framtíð fjölmargra menntastofnana sem eigi að síður eru orðnar snar þáttur í sögu þessarar þjóðar. En vegna þess, hvernig þessi mál hafa þróast, er ekki rétt að standa í vegi fyrir því að þetta mál komist í gegnum umr., jafnvel þó að á því eigi enn eftir að verða gerðar einhverjar breytingar, og af þessum ástæðum segi ég já.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 92. fundur.

Föstudaginn 11. maí, kl. 4 síðdegis.

Greiðsla orlofsfjár til sveitafólks, þáltill. (þskj. 495). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, þáltill. (þskj. 515). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Endurskoðun meiðyrðalöggjafar, þáltill. (þskj. 133). — Ein umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ásamt hv. þm. Páli Péturssyni og Gunnlaugi Stefánssyni flyt ég þáltill. um að fela ríkisstj. að endurskoða löggjöf um ærumeiðingar. Lög þau, sem hér um ræðir, eru almenn hegningarlög, nr. 19 frá 1940, 108. gr. í XII. kafla og 234.—237. gr. og 241. gr. í XXV. kafla. Í þessum greinum er m. a. kveðið svo á að sektum varði bregði maður manni brigslum án tilefnis, þótt hann segi satt, og varðandi opinbera starfsmenn, að aðdróttun, þótt sönn sé, varði sektum sé hún borin fram á ótilhlýðilegan hátt. Af þessu sést að gildandi lög um meiðyrði þrengja mjög prentfrelsi og málfrelsi manna og beinlínis banna mönnum að viðlagðri refsingu að segja sannleikann. Þau geta því beinlínis komið í veg fyrir opna þjóðmálaumræðu og hljóta þar með að teljast varhugaverð fyrir lýðræði í landinu.

Hér er rétt að minna á að umrædd löggjöf um ærumeiðingar hefur þótt orka tvímælis allt frá því að hún var sett, en lögin eru tæpra 40 ára gömul eða sett árið 1940. Helsti andófsmaður þessa máls á þingi, þegar það var til umr. árið 1939, var Gísli Sveinsson sýslumaður og þm. og voru tvær greinar honum einkum þyrnir í augum. Það voru 236. gr. og 237. gr. og varaði hann mjög við að binda þau ákvæði í lög. Áður en ég rek málflutning Gísla Sveinssonar, sem ég tel merkilegan og sígildan, er rétt að ég rifji upp hvernig þessar greinar hljóða.

236. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til þess að halda hana rétta, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum."

237. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef maður bregður manni brigslum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt."

Um efni þessara ákvæða sagði Gísli í þingræðu á sínum tíma að verið væri að skerða þá hluti sem í eina og hálfa öld hefðu verið uppistaða alls lýðfrelsis í ræðu og riti, og hann minnir á að allar þjóðir hafi keppst við að taka upp í stjórnarskrár sínar ákvæði um ritfrelsi og prentfrelsi allt frá stjórnarbyltingunni miklu í Frakklandi. Með hliðsjón af þeirri þróun telur Gísli umrædd ákvæði þessarar tveggja greina varhugaverð fyrir lýðfrelsið. Hann greinir frá umr. í danska þinginu um sama efni, sem áttu sér þá stað um líkt leyti, og hann greinir frá andstöðu danskra þm. við sams konar ákvæðum sem páv. dómsmrh. Dana, Steincke, var talsmaður fyrir. Um þetta segir Gísli, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur ekki farið dult hjá þeim bræðrum okkar við Eyrarsund, að þetta sé að brjóta frelsið, en Steincke hefur varið það með þeirri forsendu, að nauður geti rekið til að brjóta frelsið til að vernda frelsið. En nú hefur það ekki komið fram, hvor hluti frelsisins sé þyngri á vogarskálinni, sá sem brotinn er eða sá sem er verndaður."

Þessi málflutningur Gísla Sveinssonar er enn í fullu gildi, og þeir atburðir hafa gerst á síðustu árum, sem sanna okkur, að veruleg þörf er á endurmati á því, hvorn hluta frelsisins meiðyrðalöggjöfin á fyrst og fremst að vernda. Á hún að vernda æru manns á kostnað tjáning-

arfrelsis eða á hún fyrst og fremst að vernda frelsi manns til að tjá sig? Þetta mætti einnig orða svo: Ef árekstrar verða milli frelsisins að tjá sig og frelsisins til að hafa 100% æru, hvorn hluta frelsisins teljum við þá þýðingarmeiri? Þetta er þungamiðja málsins, ef maður reynir að meta einhver þau illræmdustu og víðtækustu meiðyrðamál sem orðið hafa hér á landi eftir að þessi lög voru sett, og reyndi þá mjög á þessa löggjöf og túlkun hennar. Hér á ég vitaskuld við VL-málin svonefndu sem fylgdu í kjölfar opinberrar umr. um bandaríska hersetu á Íslandi. Undirréttardómarar vildu leysa þennan ágreining yfirleitt á þann hátt, að tjáningarfrelsi ætti að sitja í fyrirrúmi þegar opinber umræða væri annars vegar, en smásmuguleg vernd ærunnar að víkja. Þessi stefna undirréttardómaranna allra sem um málin fjölluðu, hnígur raunar mjög í sömu átt og hæstiréttur Bandaríkjanna stefnir í og má vitna til dóma þar að lútandi. Þessi stefna gefur tjáningarfrelsinu allan forgang og takmarkar það ekki af æruverndunarástæðum nema farið sé yfir öll siðræn mörk. Hins vegar hnikaði Hæstiréttur hér yfirleitt öllum VL-dómunum til og gaf ærunni meiri vernd á kostnað tjáningarfrelsisins en undirréttur gerði. Þess ber þó einnig að geta, að Hæstiréttur klofnaði í tvennt í öllum dómum sínum.

Þessar niðurstöður dómstólanna sýna að sú löggjöf, sem dómstólarnir verða þó að styðjast við, er í engu samræmi við réttarvitund manna nú. Sú meiðyrðalöggjöf, sem við búum við í dag, gerir ekki ráð fyrir að opinber þjóðfélagsumræða sé til. Löggjöfin miðast við hugsunarhátt löngu genginna kynslóða og allt annað þjóðlíf en við lifum við nú. Það er því í rauninni ekkert undarlegt þó að dómarar sýna að tímabært er að færa þessar réttarreglur í það horf að það samsvari réttarvitund manna og tryggi, en skerði ekki grundvallarmannréttindi eins og tjáningarfrelsi. Eigi menn að geta borið traust til dómstólanna, þá er ein grundvallarforsendan sú, að sem mest samsvörun sé á milli löggjafar og réttarvitundar almennings.

Stofnun Málfrelsissjóðs sýndi einnig glögglega hver réttarvitund manna er í þessum efnum í þjóðfélagi okkar, en í ávarpi því, sem sjóðsstofnuninni fylgdi og fjöldi manna af öllum stjórnmálaskoðunum skrifaði undir, er enn hert á því að vernda skuli tjáningarfrelsi og ekki eigi að veita heimild til skerðingar á því í nútímaþjóðfélagi. Ég vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa ávarpið eða meginhluta þess, þar eð það skýrir glögglega kjarna málsins. Þar stendur svo, með leyfi forseta:

„Allt frá tímum frönsku stjórnarbyltingarinnar hefur skoðana- og tjáningarfrelsi verið einn af hornsteinum þess lýðræðis sem þjóðir um norðanverða Evrópu og Ameríku hafa fylgt og leitast við að festa í sessi. Réttarþróun í þessum efnum hefur mjög gengið í þá átt að rýmka málfrelsi í stjórnmálaumræðum. Samkv. stjórnarskrá Íslands eiga þessi réttindi að vera tryggð Íslendingum, en með framkvæmd gildandi lagaákvæða um meiðyrði er hætta á að þessum réttindum verði í raun settar óæskilegar og ónauðsynlegar skorður.

Tilefni þessa ávarps eru dómar þeir sem nýlega hafa verið kveðnir upp í Hæstarétti vegna ummæla sem fallið hafa í umræðum um hersetuna, eitt heitasta deilumál þjóðarinnar síðustu þrjá áratugi. Með þeim hefur mörgum einstaklingum verið gert að greiða háar fjárhæðir í málskostnað og miskabætur handa stefnendum. Undirritaðir telja nauðsynlegt að tryggt verði fyllsta frelsi til umræðna um málefni, sem varða almannaheill, og til óheftrar listrænnar tjáningar. Meðan þetta frelsi er ekki ótvírætt tryggt teljum við höfuðnauðsyn að slá skjaldborg um málfrelsið og höfum í því skyni ákveðið að beita okkur fyrir stofnun Málfrelsissjóðs. Málfrelsissjóði verður ætlað það að standa straum af kostnaði og miskabótum vegna meiðyrðamála þegar stjórn sjóðsins telur að með þeim séu óeðlilega heftar umræður um mál sem hafa almenna, samfélagslega eða menningarlega skírskotun."

Ég læt lestri úr ávarpi stofnenda Málfrelsissjóðs lokið, herra forseti, en minni á, að þegar hefur nokkrum aðilum verið greitt fé úr sjóðnum.

Í þessari till., sem ég mæli hér fyrir, er einnig gert ráð fyrir að endurskoðun meiðyrðalöggjafarinnar taki til 241. gr., en samkv. henni má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk ef sá krefst þess sem misgert var við. Fremur en leita langt yfir skammt í rökfærslu að þeirri skoðun okkar, að hér sé um úrelt ákvæði að ræða, ætla ég að leyfa mér að vitna í hæstv. forsrh., Ólaf Jóhannesson. Í opnu bréfi, sem birtist í Tímanum í marsmánuði 1976, til Þorsteins Pálssonar þáv. ritstjóra Vísis, fjallar hæstv. forsrh., sem þá var raunar dómsmrh., um þetta ákvæði. En tilefnið var það, að ritstjóri Vísis höfðaði mál á hendur ráðh. og krafðist þess, að dómari dæmdi dauð viss ummæli ráðh. sem hann hafði látið sér um munn fara í útvarpsþættinum Beinni línu. Um þetta umrædda ákvæði segir Ólafur Jóhannesson á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalatriðið er spurningin, hvort hægt sé að dæma orð til dauða. Heilbrigð skynsemi svarar því neitandi. Orð lifa eða deyja eftir því sem efni standa til. Ekkert dómsorð getur deytt þau. Þótt dómsorð segi einhver orð dauð og ómerk getur það eftir sem áður lifað góðu lífi, flogið á milli manna í talmáli og verið skrifað í bækur og blöð, en dómsorðið verður þá bara dauður bókstafur, engum til gagns eða ánægju. Ég veit auðvitað eins vel og þú, að enn er heimild til þess í íslenskum hegningarlögum að dæma tiltekin orð eða ummæli dauð og marklaus, svo sem það mun oftast hafa verið orðað í dómsorði, sbr. 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna. Ég veit líka að þess háttar heimild hefur verið íslenskum lögum allt frá því að hún var tekin upp í prentfrelsistilskipun frá 9. maí 1855, en þá þótti nú heldur vissara að setja prentfrelsinu hæfilegar skorður. Hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan og hugmyndir manna um tjáningarfrelsi og prentrétt hafa tekið talsverðum stakkaskiptum.

Ég hygg að hliðstæð ákvæði í sambandi við meiðyrðamál þekkist vart utan Íslands nema í norskum og dönskum lögum. Við fengum þau að sjálfsögðu frá Dönum.

Ómerking er ekki refsing, heldur mun hún upphaflega hafa verið hugsuð sem plástur á sár þess er taldi misgert við sig í orðum. Meginatriðið er að ákvæði þetta, þótt enn standi í íslenskum lögum, er fyrir löngu orðið úrelt og að steinrunnu nátttröllí sem samrýmist ekki nútímahugmyndum manna og síst þeirra sem telja sig fyrirsvarsmenn hins frjálsa orðs. Það væri því viðeigandi að dómstólar virtu það að vettugi og bættu þannig úr tómlæti löggjafans."

Herra forseti. Ég álít að nægileg rök hnígi að því að endurskoða beri þá meiðyrðalöggjöf sem við búum við, og það er skoðun okkar flm., að sú endurskoðun eigi að

fara í þann farveg að tryggja að umr., sem hafa menningarlega og þjóðfélagslega skírskotun, geti farið fram á eðlilegan hátt og séu ekki heftar með tilliti til ærunnar, sem við hljótum að skipa skör lægra. Og þótt þau ráð hæstv. núv. forsrh. til dómstólanna um að bæta úr tómlæti löggjafans með því að virða að vettugi viss lagaákvæði hafi í því samhengi, sem þau voru sett fram, verið sanngjörn og rétt, þá hlýtur hitt þó að teljast réttara, að löggjafinn bæti úr eigin tómlæti og setji lög er tryggi grundvallarmannréttindi í þágu almannaheillar.

Ég leyfi mér að leggja til að till. verði vísað til allshn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég hef mjög litlu við hina ítarlegu framsögu hv. 1. flm. að bæta. Þó langar mig, þar sem ég er meðflm. að þessari till., að drepa á eitt atriði enn, sem ég tók ekki eftir að kæmi fram í máli hv. 1. flm. Það er skoðun mín, að það þurfi að breyta þessari löggjöf, það þurfi að endurskoða hana og færa hana nokkuð til annars horfs en hún er nú. Meginrökin fyrir þeirri skoðun minni eru þau, að eftir henni sýnist mér hafa verið felldir dómar sem ekki er hægt að áfrýja, sem ég finn ekki vitrænar forsendur fyrir, en sjálfsagt eru þeir löglegir.

Ég vil enn fremur gera mikinn mun á því, á hvern hátt menn skammast. Ég vil fyrirgefa skammir miklu fremur ef settar eru fram með listrænum hætti. Hættan við að rýmka löggjöf eins og þessa er sú, að menn leiðist út í illyrði. Það er engum málstað til framdráttar, engum einstaklingi til framdráttar að illyrðast í geðvonsku og af kauðahætti, og út af fyrir sig sé ég ekkert á móti því að það sé refsingarvert athæfi. Hitt horfir öðruvísi við mér, ef þetta er gert með skemmtilegum og listrænum hætti. Ég hef orðið þess var, að það er hægt að komast að orði svo að fengur er að og svo að auðgi mannlífið, og það er ástæðulaust að refsa svo mjög fyrir það.

Þá væri líka æskilegt að geta gert mun á því, hvort sagt er satt eða logið. Ég lít svo að það eigi að vera refsivert athæfi að ljúga upp á mann rakalausum ósannindum og ekki síst ef þær eru settar fram á ósmekklegan hátt. En ég held ástæða sé til að fara mildari höndum um þann sem getur sannað áburð sinn, þann sem getur sannað að hann hafi haft rétt að mæla. Það er býsna mikið atriði. Og þetta leiðir hugann að fjölmiðlum nútímans. Fjölmiðlar eru orðnir máttugir í þjóðfélaginu. Fjölmiðlafólk hefur tamið sér nokkuð aðra starfshætti en áður. Blaðamennska er það sem menn kalla opnari en áður og blaðamenn eru að vísu ágengari og harðvítugri í ádeilu sinni heldur en þeir hafa áður verið. Það undirstrikar einmitt nauðsyn þess að menn umgangist staðreyndir og sannleika af virðingu og reyni að halda sér innan marka velsæmis og þeir, sem ekki virða það, taki út sína rassskellingu.

Hvort menn skammist meira í þjóðfélaginu nú um stundir eða áður, þá hygg ég að svo sé ekki. Ég hygg að orðaskipti manna á Alþ. fyrr meir hafi a. m. k. stundum verið allmiklu snarpari en við eigum að venjast sem sitjum á hv. Alþ. í dag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samvinnufélagalög, þáltill. (þskj. 465). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Um langt árabil hefur verið ljóst að nauðsyn hefur borið til að endurskoða ýmiss konar löggjöf um félagarekstur. Á síðasta Alþingi gerðust þau ánægjulegu tíðindi að samþ. voru ný lög um hlutafélög, hin merkasta löggjöf að mínu mati, þar sem margar hugmyndir voru sóttar til þróunar bæði vestan hafs og austan. Samvinnufélagalög eru gömul og ófullkomin eins og hlutafélagalögin voru, og samvinnumönnum eins og öðrum hefur lengi verið ljóst að breytinga væri þörf. Nú er tímabært að mínu mati að fylgja fram breytingum á samvinnufélagalöggjöfinni alveg á sama hátt og hlutafélagalögunum og samræma þessi lög. Þess vegna er lagt til að Alþ. feli ríkisstj. að láta hefja undirbúning nýrrar löggjafar um samvinnufélögin.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta, herra forseti. Ég geri ráð fyrir að allir þm. séu sammála um að nauðsyn beri til að endurskoða þessa löggjöf alveg á sama hátt og hlutafélagalögin, og vænti ég því að hv. allshn., sem ég legg til að fái málið til umfjöllunar, muni geta afgreitt það nú alveg næstu daga þannig að till. fái samþykki á þessu þingi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því fyrir hönd samvinnumanna að rísa úr sæti og þakka hv. alþm. Eyjólfi K. Jónssyni fyrir tillöguflutning þennan. Ég sé í grg. að hann telur sig gera þetta að ósk framkvæmdastjóra Sambands ísl. samvinnufélaga. Nú er mér ekki alveg fyllilega ljóst hvort framkvæmdastjórinn hefur verið að gera að gamni sínu eða hvort hann hefur mælt í alvöru þegar hann nefndi einmitt þennan hv. þm. (**EKJ:** Honum var bláköld alvara.) Ég sé að hv. flm. hefur tekið þetta svo sem það væri bláköld alvara, og ég reikna með að hv. flm. hafi hugsað sig vandlega um, því að þessi orð framkvæmdastjórans féllu í erindi sem hann flutti á ráðstefnu 2. sept. 1972, og þar með hefur flm. náttúrlega haft góðan umhugsunarfrest.

Ég vil engan dóm á það leggja hvort þeir framkvæmdastjórinn og hv. þm. hafa lög að mæla, að það sé mjög brýnt að endurskoða þessi lög, en vera kann að svo sé. Hitt vil ég taka fram, að ég tel að þarna sé um nokkuð viðamikið mál að ræða, og þar sem till. fer til n., þar sem ég á sæti, vefst það ofurlítið fyrir mér hvort við komum til með að geta afgreitt það á þeim fáu dögum sem eftir eru. Hjá n. liggja mörg mál óafgreidd og það gengur illa að ná saman fundum. Við erum að vísu búnir að halda marga fundi og afgreiða mörg mál, en málafjöldi er mikill og þetta mál seint fram komið.

En allt um það, þá komum við til með að athuga málið í n. Ég tel æskilegt að aðalfundur Sambands ísl. samvinnufélaga fái tækifæri til þess að segja sitt orð um þetta mál, og enn þá meira væri mér í mun að afgreiða það ef slík stofnun bæði um það sérstaklega. Það getur sem sagt verið hentugt að hafa sumarið fyrir sér að hugsa um málið og kynna sér það, og væntanlega koma tímar og koma ráð að líta á það síðar.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég vil einungis vekja athygli á því, að í grg. er auðvitað gert ráð fyrir að fullt samráð verði haft um þessa endurskoðun við forustumenn samvinnufélaganna. Það er ekki verið að ákveða hér eitt eða neitt annað en að hefja, eins og það er

orðað í till. sjálfri, undirbúning nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd. Auðvitað er mjög vel hægt að samþykkja till. og taka upp viðræður við forustumenn samvinnufélaganna.

Að því er varðar það, hvort Erlendi Einarssyni hafi verið alvara þegar hann orðaði það fyrir allmörgum árum að ég yrði hjálplegur við að koma fram þessum lagabreytingum, þá vildi það svo til að við fluttum hvor um sig erindi á ráðstefnu uppi í Bifröst, þar sem ég ræddi um almenningshlutafélög aðallega og hann um samvinnufélög. Það urðu mjög skemmtilegar og miklar umr. um þessi félagaform og að hvaða leyti þau væru skyld og að hvaða leyti ekki, og við vorum, held ég, sammála um flest sem sagt var á þessari ráðstefnu, ég og forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga. Því miður tókst hvorugum okkar að hafa þau áhrif í þjóðfélaginu að löggjöf yrði sett um þessi félagaform fyrr en á s. l. vetri. Ég get, held ég, sagt að ég hafi átt þátt í því að reka frv. um hlutafélög áfram í fjh.- og viðskn., og mér finnst þess vegna tímabært að bæði ég og aðrir reynum að endurbæta samvinnufélagalöggjöfina. Ég minnist þess sérstaklega að formaður fjh.- og viðskn., sem þá var, Halldór Ásgrímsson, ræddi það einmitt oftar en einu sinni við mig að samvinnufélagalögin yrðu endurskoðuð líka í framhaldi af endurskoðun hlutafélagalöggjafar og að þessi tvenn lög yrðu samræmd.

Ég get gjarnan bætt því við, að það skortir hér á Íslandi einnig löggjöf um ýmiss konar sjálfseignarstofnanir, samlagsfélög og sameignarfélög, sem atvinnurekstur stunda. Ég hef ekki haft það með í þessari till. vegna þess að ég held að eðlilegast væri að næst yrði samvinnufélagalögunum breytt, en síðan í framhaldi af því yrði sett sérstök löggjöf um þessar stofnanir sem sumar hverjar eru veigamiklar og reka mikinn atvinnurekstur í þjóðfélaginu án þess að um þær séu nokkur almenn lög.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hv. flm. hefur hugsað mikið um félagaform og er kunnur að frumkvæði sínu um almenningshlutafélög. Guð hjálpi mér, ef þessir góðu vinir mínir, hv. 5. þm. Norðurl. v. og framkvæmdastjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, hafa verið sammála um allt varðandi hlutafélög og samvinnufélög. Ég vil þá bara fullyrða það, að ef svo er, þá mun a. m. k. töluverður hluti af samvinnufólki í landinu vera þeim ósammála.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins, þáltill. (þskj. 377). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stefnumörkun í landbúnaðarmálum, þáltill. (þskj. 518). — Frh. fyrri umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum, þáltill. (þskj. 514). — Fyrri umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 514, miðar að því að framkvæmdar verði nákvæmar kannanir á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Óhætt er að segja að fátt veldur meiri deilum og er jafnvandmeðfarið og launaskiptingin í þjóðfélaginu, enda eru uppi stöðugar kjaradeilur og ágreiningur í þeim málum. Þegar um svo veigamikinn undirstöðuþátt í þjóðfélaginu er að ræða, sem ræður afkomu heimilanna, auk þess að vera snar þáttur í efnahagslífinu í heild, þá hlýtur að vera grundvallaratriði að þær ákvarðanir, sem teknar eru á því sviði, byggist á allri þeirri yfirsýn og þekkingu í þeim málum sem mögulegt er að við getum haft yfir að ráða. Án slíkrar þekkingar verða allar ákvarðanir í kjaramálum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu handahófskenndar og kannske ekki síður óréttlátar, þar sem raunsætt mat liggur oft ekki til grundvallar ákvarðanatöku í þeim málum, heldur miklu fremur að ýmsar óréttmætar kröfugerðir séu knúnar fram í skjóli aðstöðu, sérhagsmuna og eigin mats á verðleikum, án réttmæts og hlutlauss mats á gildi og eðli vinnunnar. Við slíkar aðstæður bera þeir iðulega skarðan hlut frá borði sem síst skyldu, þeir sem skila mestum arði í þjóðarbúið með vinnu sinni við undirstöðuframleiðslugreinar í þjóðfélaginu. Hvaða mat liggur t. d. til grundvallar því að þeir, sem bera minnst úr býtum miðað við jafnlangan og kannske stundum lengri vinnutíma, hafa tvöfalt upp í fimm- til sexfalt minna en þeir sem mest bera úr býtum? Hvaða mat og réttsýni liggur til grundvallar slíkum geysilegum mismun í launakjörum? Hvað réttlætir þennan launamismun? Þetta eru grundvallarspurningar sem við verðum að fá svör við.

Oft skortir líka í öllum umræðum um kjaramál alla sanngirni og þekkingu vegna þess að staðreyndir hafa ekki legið fyrir til að draga réttmætar og sanngjarnar ályktanir af þróun þessara mála undanfarna áratugi, enda er það ein meginforsenda þessa tillöguflutnings að ná fram með slíkum rannsóknum og könnunum sem till. gerir ráð fyrir þeirri þekkingu sem geti skilað okkur þeim árangri að hægt sé að byggja upp heilbrigða kjaramála- og efnahagsstefnu í framtíðinni. Slíkar kannanir og rannsóknir hafa að einhverju leyti verið framkvæmdar, en í of litlum og sundurlausum mæli til að á þeim megi byggja. Slíka yfirgripsmikla könnun og rannsókn er varla á færi aðila vinnumarkaðarins að framkvæma. Liggur því næst við að ætla að hún verði framkvæmd á vegum stjórnvalda, enda má einnig benda á að í frv. forsrh., í kaflanum um samráð stjórnvalda við samtök launafólks á sviði efnahagsmála, segir í 5. gr., að verkefni samráðs þessa skuli m. a. vera að fjalla um atriði sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt. Má því ætla að slíkar upplýsingar hljóti að verða mjög hagnýtar og nauðsynlegar við ýmsa sameiginlega ákvarðanatöku, bæði hjá stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins. Nákvæmar kannanir á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu mættu einnig verða grunnur að sanngjarnari tekjuskiptingu og hagkvæmara launafyrirkomulagi, enda segir í þáltill., að kannanirnar skuli sérstaklega miðast við að gera grein fyrir, hvort vissir hópar hafi ekki öðlast þá hlutdeild bætts þjóðarhags sem almennt geti talist

réttmæt, og skuli þannig unnar að á grundvelli þeirra megi ákveða hvaða aðferðum hægt sé að beita til að auka laun og tekjur þeirra einstaklinga eða hópa sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

Mikill meiri hluti efnahagslegra ákvarðana, sem teknar eru á Alþ. og í ríkisstj., miða að því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Slík vinnubrögð eru og í fullu samræmi við álit mikils hluta þjóðarinnar um framkvæmd á grundvallarhugmyndum um þjóðfélagslegt réttlæti. Næg atvinna síðustu áratuga hefur útrýmt almennri fátækt. Stefnan í menntamálum hefur og valdið því, að alþýðufólk hefur með aukinni menntun náð fram aukinni verðmætasköpun og þannig aukið tekjur sínar og þjóðarinnar. Þá má og nefna breytingar sem gerðar hafa verið í skatta-, almannatrygginga- og félagsmálum og hafa haft áhrif í þá veru að bæta stöðu vissra hópa í þjóðfélaginu, svo sem barnafjölskyldna, aldraðra og öryrkja. Margt bendir þó til þess að ekki sé nóg að gert, og enn má finna hópa í þjóðfélaginu, sem bæði hafa lág laun og litlar tekjur. Hið opinbera getur bætt hér úr með aðgerðum á sviði skatta-, félags- og atvinnumála. En til þess að slíkt verði gert á sem árangursríkastan hátt þarf að liggja fyrir hver vandinn er og hvers eðlis. Þá er ekki síður mikilvægt í þessu sambandi að um það hefur ekki verið eining á vinnumarkaðinum hverjir skuli teljast til láglaunahópa og hverjir til lágtekjuhópa. Auðvitað verður ekki úr því skorið í rannsókn sem þessari. Hins vegar ætti með slíkri rannsókn að skapast grundvöllur til raunhæfari umræðu og ákvarðana en nú á sér stað. Kannanirnar eiga sérstaklega að miða að því að upplýsa, meta og undirbyggja vissa þætti og mætti við framkvæmd og úrvinnslu þeirra bæta við frekari þáttum sem að gagni mættu koma, því að þeir þættir, sem till. gerir ráð fyrir, þurfa ekki að vera tæmandi.

Í fyrsta lagi gerir till. ráð fyrir að fyrir liggi á einum stað, þar sem tölfræðileg tölvuúrvinnsla er möguleg, allar upplýsingar um lífskjör og kjaramál er máli skipta og nauðsynlegar eru til tölfræðilegrar greiningar hverju sinni. Slíkar upplýsingar eru að einhverju leyti fyrir hendi, en á víð og dreif um þjóðfélagið, t. d. hjá Þjóðhagsstofnun, Kjararannsóknarnefnd, verkalýðsfélögunum, Jafnréttisráði, Hagstofu, verðlagsstjóra, skattstofum og tryggingakerfinu. En aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru, liggja ekki á lausu og þeirra þyrfti að afla með könnunum sem þessari.

Eðlilegt má telja að slíkar upplýsingar séu varðveittar á einum stað, þar sem hægt sé að endurbæta þær eins og tilefni gefast til á hverjum tíma og vinna úr þeim. Ekki er óeðlilegt að álíta Kjararannsóknarnefnd í tengslum við Þjóðhagsstofnun rétta aðilann til að vinna að slíkum könnunum, þó að einstaka verkefni mætti fela öðrum aðilum, eins og t. d. Háskóla Íslands.

Í lið 2 segir að framkvæma eigi tölfræðilegan samanburð á hvers konar kjaraatriðum — í hvaða formi sem þau eru látin í té — innan og milli starfsgreina, fyrirtækja, stofnana, verkalýðsfélaga, atvinnuvega eða byggðarlaga. Slíkur samanburður sem þessi hlýtur að teljast nauðsynlegur því að þá opnast möguleiki til að framkvæma hlutlausan og raunhæfan samanburð á hvers konar kjaraatriðum sem að gagni gætu komið fyrir ríkisvaldið og aðila vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninga eða við mótun launa- og tekjustefnu í landinu. Ef um marktækan mismun væri að ræða milli launakjara einstakra byggðarlaga, atvinnuvega, verkalýðsfélaga, starfsgreina eða ólíkra rekstrarforma í atvinnurekstri, þá gefur auga leið að leita þarf skýringa með könnunum eða á annan hátt ef æskilegt þykir þar um að bæta. Þegar velt er fyrir sér kjaramálum og tekjuskiptingu er algengt að spurt sé: Hvers vegna er greitt meira fyrir þessa vinnu en aðra.

Í lið 3 er um mjög mikilvægan lið að ræða, sem er rannsókn á forsendum flokkaskipunar og annarra kjaraatriða hinna margvíslegu kjarasamninga, þ. e. a. s. að meta vægi hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar eða annarra áhrifaþátta með vinnurannsóknum, t. d. ábyrgðar, áhættu, hæfni, lífaldurs, prófa, starfsaldurs, starfsreynslu og fleiri þátta. Aðalreglan hingað til er að flokkaröðun er ákveðin í aðalkjarasamningum eða öllu heldur sérkjarasamningum einstakra félaga af einhvers konar samstarfsnefndum um starfsmat, t. d. af Kjaranefnd hjá starfsmönnum hins opinbera. Það, sem einkum hefur verið lagt til grundvallar, er, að því er næst verður komist, ábyrgð, sjálfstæði í starfi, menntun, starfsaldur hjá sama aðila, en ekki endilega starfsreynslan sem slík, rökstuðningur stéttarfélags og oft á tíðum framboð og eftirspurn og ekki síst viðhorf til starfsins. Ein reglan sannast með undantekningum, að því færri sem vinna í starfsgreininni, því betur er hún launuð. En tæpast er hægt að tala um að neinar formlegar reglur gildi hér um og er reyndar nokkuð misjafnt eftir stéttarfélögum á hverju slíkt starfsmat byggist. Raunhæfir mælikvarðar byggðir á rannsóknum á eðli vinnunnar, þar sem gert er ráð fyrir að hinir fjölbreytilegu eðlisþættir hennar geti á einhvern hátt vegið upp hvor á móti öðrum, hljóta að vera nauðsynlegir til að hægt sé á einhvern sanngjarnan hátt að ákveða kaup og kjör samkv. flokkaröðun eða á annan hátt. Þegar deilt er um kaup og kjör, þá er oftast verið að deila um taxtakaupið, sem byggist á flokkaröðuninni, og samanburður gerður á þeim grundvelli, en hjá sumum hópum er taxtakaupið ekki afgerandi þáttur heildartekna og enn öðrum óverulegur þáttur. Sanngjarn samanburður verður því varla gerður nema öll launakerfin séu dregin inn í myndina. Því hlýtur að vera nauðsynlegt að upplýsa hlutfall hinna ýmsu launakerfa í launakjörum almennt, þannig að hægt sé að sjá hvaða þáttur launakjara sé mest ákvarðandi um launakjör hverrar starfsstéttar, svo sem dagvinnutaxtar, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar, yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eða kjaraþættir. Liður í heildarmyndinni í kjara- og launamálum hlýtur einnig að vera að meta heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna og einnig hvort að skaðlausu mætti koma við víðar afkastahvetjandi launakerfum, t. d. hjá hinu opinbera. Óþrifalegar, heilsuspillandi og óaðlaðandi vinnuaðstæður hafa án efa veruleg áhrif á starfsgetu sem og vinnuframlag starfsfólks. Það gæti því hvort tveggja í senn verið hagur vinnuveitanda sem launþega ef samanburðarkönnun á sambærilegum vinnustöðum leiddi í ljós marktækan mismun á vinnuframlagi betri vinnuaðstæðum í hag. Alkunna er að margvísleg launakerfi eru notuð á vinnumarkaðinum til þess að auka afköst eða árangur, önnur til þess að ná samfelldari vinnu, t. d. vaktaálag, enn önnur til þess að halda góðum starfskröftum, t. d. yfirborganir, yfirvinnutaxtar, og fleira mætti nefna. Það er augljóst að slík launakerfi hafa ekki sömu áhrif, hvorki á launþegann sjálfan né árangur vinnu hans. Öll hafa þau sína kosti og sína galla, en nauðsynlegt að slíkt sé metið á hlutlausan hátt.

Sennilega geta allir fallist á það, að þrátt fyrir ákvæði jafnréttislaganna frá 1976, þar sem segir að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, sé enn um töluvert launamisrétti að ræða. Staðreynd er að kynbundin starfsskipting er almennt ríkjandi í mörgum atvinnugreinum, þó að óljóst sé í hve ríkum mæli karlmenn sitji að betur launuðum störfum en konur, einnig að konur veljast jafnan í láglaunastörf. Kannanir hafa leitt í ljós að launamunur karla og kvenna er einnig innan sömu starfsgreina. Slíkar staðreyndir krefjast þess að leitað sé skýringa á því, hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun á kjörum karla og kvenna, og á því, hvers vegna þau störf, sem konur stunda, séu jafnan lægst launuð. Er t. d. einhverra skýringa að leita í launamismun karla og kvenna vegna aðildar að mismunandi verkalýðsfélögum? Nauðsynlegt er einnig að upplýsa hvernig aldurs- og kynskipting sé eftir launatöxtum, yfirborgunum og starfsgreinum, en þar er átt við að upplýsa einfaldlega hlutfallsskiptingu karla og kvenna í einstökum launaflokkum hinna ýmsu kjarasamninga og hversu yfirborganir eru ráðandi og mismunandi í kjörum karla og kvenna, en það ætti að sýna á marktækan hátt hvor hópurinn er meiri láglaunahópur. Það sama á við um aldur. En niðurstöður þessar gætu leitt í ljós hvort tekjur aukist reglulega fram að einhverju aldursmarki og minnki síðan úr því. Nauðsynlegt væri einnig, eftir því sem kostur er, að kanna slíkt gagnvart öðrum launakerfum og fá þannig sem sannasta mynd af slíkri skiptingu. Ef í ljós kæmi við slíka könnun að yfirborganir réðu miklu um launakjör almennt hlyti samhliða að vera nauðsynlegt að upplýsa hvaða áhrif það hefur í reynd á verðlagsþróun í landinu, því að varla getur talist eðlilegt að láglaunahópar, sem eingöngu taka laun samkv. kjarasamningum, beri kostnaðarhækkanir vöru og þjónustu sem leiðir af slíku.

Mikilvægt atriði könnunarinnar er einnig að rannsaka hvort og hvers vegna sumir hópar eru verr í stakk búnir en aðrir til að ná fram bættum lífskjörum við almenna kjarasamninga, t. d. vegna aðstöðuleysis eða af öðrum ástæðum, og á sama hátt að rannsaka hvort aðrir hópar hafa notfært sér aðstöðu sína á óeðlilegan hátt til þess að knýja fram lífs- og launakjör sem eru í engu samræmi við vinnuframlag þeirra. Skert starfsgeta eða starfsþrek hefur vitaskuld áhrif á lífsafkomu og kjör margra hópa, bæði vegna andlegrar og líkamlegrar fötlunar og vegna aldurs, sjúkdóma og slysa. Slíkar breytingar á högum fólks koma oft fyrirvaralaust og hafa mikil áhrif á lífsafkomu og hagi þess. En í slíkri könnun sem þessari, þar sem leitast á við að gera grein fyrir, hvers vegna vissir hópar hafa ekki öðlast þá hlutdeild bætts þjóðarhags sem almennt geti talist réttmæt, og leita á leiðir til þess að bæta hag þeirra, hlýtur að vera nauðsynlegt að kanna hvaða áhrif skert starfsgeta eða starfsþrek hefur í reynd á eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, þótt slíkt mat og könnun geti verið erfið í framkvæmd. Með því ætti að nást fram einnig hvað skert starfsgeta er ákvarðandi þegar um er að ræða aðra sambærilega þætti, eins og t. d. menntun og starfsreynslu.

Þau hagstjórnartæki, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða til þess að bæta hag og afkomu hinna verst settu, eru m. a. í gegnum skatta- og almannatryggingakerfið. Þessum hagstjórnartækjum hefur því eðlilega verið beitt til þess að bæta kjör þeirra sem verst eru settir vegna skertrar starfsgetu, starfsþreks eða annarra félagslegra ástæðna. Hér er um stóran hóp fólks að ræða, þar sem t. d. öryrkjar eru milli 7—8 þús. og fjöldi aldraðra einnig með skerta starfsgetu. Erfitt reynist því oft á tíðum fyrir þetta fólk að fá starf við sitt hæfi á vinnumarkaðinum og á það því oft undir högg að sækja í starfsvali og launakjörum. Lífeyrir almannatryggingánna og ákvarðanir stjórnvalda í skattamálum eru því mjög ákvarðandi um lífsafkomu og hagsmuni þessa fólks. Slíkir hópar hafa ekki verkalýðsfélög til þess að gæta réttar síns og eru háðir ákvörðunum stjórnvalda hverju sinni um afkomu sína. Nauðsyn ber til að leita allra tiltækra leiða til að tryggja þessu fólki réttmæta og eðlilega hlutdeild í vaxandi þjóðartekjum.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir helstu atriðum þeirra kannana og rannsókna sem þáltill. gerir ráð fyrir, en á grundvelli þeirra mætti ná fram mikilvægum áfanga í kjaramálum. Um það fjallar 15. liður till., en sá liður fjallar um hvort ekki sé hægt í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samræma og einfalda hinn mikla frumskóg kjaraákvæða og launataxta er nú gilda í landinu, sem hafa gert alla samningsgerð mjög erfið og tímafreka. Slíkan aragrúa launataxta hlýtur að teljast hagkvæmt að einfalda og samræma, því að slíkt flókið og margþætt kjarakerfi og kostnaðarsamt, torveldar, tefur og skapar ýmsa erfileika í allri samningsgerð, auk þess sem slíkt fyrirkomulag eykur líkur á misrétti og óréttlátri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Hér er því um hagsmunamál allra aðila að ræða, bæði aðila vinnumarkaðarins, ríkisvaldsins og þjóðarinnar í heild. Í þessari þáltill. er á engan hátt lögð nein höfuðáhersla á, að ríkisvaldið hafi afskipti af slíkri samræmingu og einföldun á launatöxtum og kjaraþáttum ef slíkt þætti ganga inn á frjálsan samningsrétt, þó að e. t. v. mætti ætla að stjórnvöld hefðu forgöngu í svo yfirgripsmiklu og vandasömu verki. Forsendan fyrir að slík einföldun og samræming geti verið framkvæmanleg er að framkvæmdar séu þær kannanir og rannsóknir sem þáltill. gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ljóst er af því, sem fram kemur í þáltill., og því, sem ég hef rakið, að hér er um ærið yfirgripsmikið og jafnvel kostnaðarsamt verkefni að ræða. Sumt er framkvæmanlegt á skömmum tíma án mikils tilkostnaðar, annað tæki lengri tíma og kostaði töluvert. En það er skoðun flm. þessarar þáltill. að slík fyrirhöfn og kostnaður gætu skilað sér margfalt aftur í bættum skilyrðum til uppbyggingar heilbrigðs efnahagslífs og betri og réttlátari kjörum fólksins í landinu, sem hlýtur að vera það markmið sem allir stefna að. Þó að skammur tími sé nú eftir af þingi er von mín að þm. sjái hve brýnt er að slíkar kannanir séu gerðar og fyrir liggi þær upplýsingar sem nauðsynlegar hljóti að vera til að draga réttmætar og sanngjarnar ályktanir í kjaramálum, sem á megi byggja við gerð kjarasamninga og almennt geti gefið rétta vísbendingu um hvert skuli stefna til þess að ná fram réttlæti í launamálum. Þróun launa- og kjaramála undanfarna mánuði og ár hlýtur að krefjast þess að slíkar kannanir fari fram.

Ég vil svo að lokum vona að þessi þáltill. njóti stuðnings þdm. og hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Að lokinni þessari umr. óska ég eftir að málinu verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskeldi að Laxalóni, þáltill. (þskj. 546). — Fyrri umr.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 546 er flutt till. til þál. um aðgerðir vegna fiskeldis að Laxalóni. Þetta mál á sér að því leyti óvenjulega forsögu, að flutningsaðili þessa máls er öll allshn. Nd. Allshn. Nd. ákvað að eigin frumkvæði að kanna svo vel sem auðið væri samskiptamál þau sem kölluð hafa verið Laxalónsmál. Þetta eru orðin löng og flókin mál með allmiklu tilfinningalegu ívafi, — mál sem eiga sér þriggja áratuga sögu, — og það, sem n. gerði, var að nota sér þann rétt, sem hún hefur sem þn., og kalla fyrir þá aðila, sem gátu veitt upplýsingar um þetta mál, viða að sér öllum þeim upplýsingum, sem hún taldi mögulegt, og semja ályktun í formi till. til hins háa Alþ. um hvernig með skuli fara.

Niðurstaða og ályktun allshn. Nd. til Alþingis er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar

1. Að skipuð verði þriggja manna nefnd, sem verði falið að vinna að eftirfarandi verkefnum: að meta það brautryðjendastarf sem Skúli Pálsson hefur unnið með eldi á regnbogasilungi hér á landi; að meta tjón það sem kann að verða vegna niðurskurðar á regnbogasilungsstofni Skúla Pálssonar, þar til nýr stofn er orðinn kynþroska og arðbær; að meta verðmæti stöðvarinnar að Laxalóni með það fyrir augum að Alþ. samþykki að ríkið festi kaup á henni; að gera till. um uppbyggingu fiskræktarstöðvar að Þóroddsstöðum II í Ölfusi og hvernig þar megi halda áfram þeirri fiskrækt sem nú er í Laxalóni.

2. Væntanlegur kostnaður vegna máls þessa verði greiddur úr ríkissjóði."

Með þessari till. til þál. fylgir svofelld grg.:

„Allshn. Nd. hefur um nokkurra mánaða skeið að eigin frumkvæði haft til athugunar málefni Skúla Pálssonar að Laxalóni og samskipti hans við opinbera aðila. Málið hefur verið kannað frá mörgum hliðum. Til að afla upplýsinga hafa eftirtaldir aðilar komið til fundar við nm. og gefið upplýsingar: Sveinn Snorrason hrl., Þór Guðjónsson veiðimálastjóri, Skúli Pálmason hrl., Páll A. Pálsson yfirdýralæknir, Guðmundur Pétursson forstöðumaður, Keldum, dr. Sigurður Helgason fisksjúkdómafræðingur, Skúli Pálsson framkvæmdastjóri og Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri.

Svo sem sjá má af þessari upptalningu hefur n. rætt við allmarga einstaklinga vegna þessa máls, sem almennt gengur undir heitinu „Laxalónsmálið", í því skyni að afla greinargóðra og hlutlægra upplýsinga.

Í ljós hefur komið að hér er um að ræða deilumál sem erfitt er að leggja á tölulegt mat. Málið er öðrum þræði af tilfinningalegum toga spunnið, og hafa tekist á framkvæmdavilji annars vegar og verndunarsjónarmið hins vegar. Stjórnvöld og embættismenn verða ekki áfelld fyrir að taka tillit til verndunarsjónarmiða gagnvart viðkvæmu lífríki landsins. Því síður er unnt að áfellast athafnamenn sem vilja efla og auka rekstur sinn.

Það er hins vegar ljóst, að fiskrækt getur verið mjög arðvænleg atvinnugrein ef rétt er að staðið. Nægir í því sambandi að minna á reynslu Dana, Norðmanna og fleiri þjóða. Það er þess vegna skoðun nm., að Alþ. beri að gera það sem í þess valdi stendur til að greiða fyrir framförum í þessari atvinnugrein, án þess að tekin sé ástæðulaus áhætta.

Skúli Pálsson hóf eldi á regnbogasilungi árið 1951, eftir að hafa flutt regnbogasilungshrogn til landsins. Þekking á fisksjúkdómum hefur fleygt fram síðan þá. Vegna fjárskorts og af öðrum ástæðum var ekki fyrir hendi hér á landi aðstaða né sérhæfðir starfskraftar til að ákvarða óumdeilanlega heilbrigði regnbogasilungsins. Hins vegar hefur ekki í röskan aldarfjórðung fundist neinn kvilli í regnbogasilungsstofninum.

Stjórnvöld hafa á þessu árabili verið á varðbergi gagnvart hugsanlegum sjúkdómum og enga áhættu tekið. Þessa afstöðu hafa sumir nefnt óeðlilega tregðu embættismanna og stjórnvalda. Árið 1976 gerðist það svo, að staðfest var nýrnaveiki í laxastofni á Laxalóni. Þar eð ekki þykir sannað að regnbogasilungur geti ekki borið þennan sjúkdóm, þótt hann sýkist ekki sjálfur, þykir n. rétt að farið verði að tillögum dr. Sigurðar Helgasonar um niðurskurð á regnbogasilungsstofninum að klaki loknu á vori komanda. Ætlunin er að sótthreinsa hrognin og koma upp nýjum stofni.

En hver sem upptök deilunnar um regnbogasilunginn kunna að vera er ljóst að með árunum hefur mikill hiti færst í hana. Óhætt er að fullyrða að þar hefur verið farið út fyrir skynsamleg mörk. Verður ekki séð að slíkar deilur séu til þess fallnar að auka gagnkvæmt traust þegns og stjórnvalds.

Ógerlegt er að meta nákvæmlega hugsanlegt tjón vegna varfærni stjórnvalda gagnvart regnbogasilungsræktun á undanförnum árum, varfærni sem m. a. byggist á því að nauðsynleg aðstaða hefur ekki verið fyrir hendi til rannsókna. Hér er átt við hugsanlegt tjón Skúla Pálssonar og þjóðarheildarinnar. Vegna þess að hér getur verið um arðvænlega atvinnugrein að ræða er það skylda Alþ. að vera hvetjandi, en ekki letjandi þegar um þessi mál er fjallað. Um leið ber og að taka fyllsta tillit til álits hæfustu sérfræðinga.

Ekki leikur vafi á því, að Skúli Pálsson hefur orðið fyrir og á eftir að verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þróunar mála. Hætt er við að tilraunin að Laxalóni, fái hún þann endi sem nú blasir við, muni draga kjark úr öðrum sem hug hafa á svipuðum tilraunum. Þess vegna gerir allshn. þær till. sem hér hefur verið lýst."

Nú vil ég leggja á það þunga áherslu við sameinað Alþingi, að það er n. í annarri deildinni sem sameiginlega hefur komist að þessari niðurstöðu. Þar eru nm. úr öllum stjórnmálaflokkum. Í allshn. Nd. eiga sæti: Árni Gunnarsson úr Alþfl., Einar Ágústsson úr Framsfl., Friðrik Sophusson úr Sjálfstfl., Gils Guðmundsson úr Alþb., Matthías Á. Mathiesen úr Sjálfstfl., Svava Jakobsdóttir úr Alþb. og Vilmundur Gylfason úr Alþfl., og þessir nm. eru sammála um þá till. til þál. svo sem hún er lögð fram af n. fyrir hæstv. Sþ.

En nú er það svo, að það liggur mikið við að þetta mál verði ekki tafið og þæft, heldur að það fái greiða afgreiðslu. Framtíð þessa rekstrar að Laxalóni er í húfi. Eftir að allshn. Nd. fór af stað með þessa athugun s. l. haust hefur hæstv. landbrh. skipað aðra n. með hliðstæð verkefni, og af þeim sökum einnig er orðið mjög knýjandi að Alþ. marki stefnu í þessum efnum. Nefnd í deild, skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka, hefur náð samkomulagi og mjög góðri samvinnu um þetta mál. Því bið ég þess að það hendi ekki Alþ. á lokastigi þessa máls að bregða fæti fyrir það. Við lítum svo á að það sé eins vel unnið og auðið var. Þingnefndin hefur í allan vetur að þessu unnið. Þó að dagskrá hafi verið svo hagað að það komi ekki til umr. fyrr en á allra síðustu dögum þingsins,

þar sem að þessu standa fulltrúar allra stjórnmálaflokka, þá sýnist mér, að eðli málsins samkv. eigi að vera auðvelt að láta þetta mál renna hér greiðlega í gegn.

Ég legg að lokum á það áherslu, að hér er um framtíð heillar atvinnugreinar að ræða. Og svo sleppt sé þeirri persónusögu sem inn í þetta mál spinnst, sem í sjálfu sér er auðvitað ekki aðalatriði málsins þó að hún skipti einhverju máli, þá er hér um svo mikilvægt mál að ræða að það þolir raunar ekki bið. Þarna verður að koma til stefnumörkun. Hún er hér lögð til af fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþ. Og ég vil enda á því að biðja þess, að þetta mál verði ekki tafið, heldur að þessi till. verði samþ. og framkvæmdir verði síðan í samræmi við það.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að tala hér langt mál að þessu sinni þó fullkomin ástæða væri til.

Ég hef áður látið þá skoðun í ljós, að illa væri farið um störf Alþ. í framtíðinni ef þm. teldu sig eiga að sitja í *rannsóknarrétti og vinna að rannsókn mála*. Ég hef litið svo á að löggjafarstarfsemin, sem er þeirra aðalmál, eigi að sitja í fyrirrúmi, og ýmsir hafa farið í stjórnmálabaráttuna með tilliti til þess að þeir vildu taka þátt í slíkum störfum, en ekki hugsað sér réttarrannsókn, enda væru þeir að mínu mati illa til þess hæfir, því þeir þekktu ekki svo til sem skyldi og gætu haft annarleg sjónarmið þegar þeir færu til slíkra starfa.

Ég heyrði í vetur að ein þingnefnd hefði tekið sig til að athuga mál, sem hefur stundum verið til umr. hér á hv. Alþ. og víðar, af eigin hvötum að kallað var. Það þarf enginn mér að segja að það hafi verið af eigin hvötum, heldur hefur verið á bak við það áróður og hann í meira lagi. Þetta finnst mér vera sönnun þess sem ég hef áður sagt, að slíkir aðilar eru ekki heppilegir til rannsóknar í málum vegna þess að annarleg sjónarmið kunna þar að ráða.

Það mál, sem hér er um að ræða, er á vissan hátt kannske einsdæmi í sambandi við regnbogasilung. En það er ekki einsdæmismál í sambandi við ræktun á nytjafiskum hér á landi. Það hafa margir orðið fyrir verulegu tjóni vegna áfalla af því að sjúkdómur hefur komið upp í stofni, og hefur ekki verið hægt að bæta vegna þess að hér *er enginn tryggingasjóður sem greiðir slíkar bætur*. Hins vegar er það skoðun mín að nauðsyn beri til að einhver slík stofnun sé í þessu landi, vegna þess að hér getur verið um geysilegt fjárhagstjón að ræða ef engar bætur koma til. Í þessu sambandi vil ég minna á það, að hjá Stangveiðifélagi Reykjavíkur kom upp sjúkdómur í laxeldisstöð fyrir nokkrum árum og gerði það að verkum að slátra þurfti öllum þeim stofni sem þar var, og fengust sama og engar bætur fyrir.

Nú hafa atvikin hagað því svo til, að ég hef á nokkurn hátt kynnst því máli sem hér er til umr. En áður en ég vík að því vil ég vekja á því athygli, inn á hvaða braut Alþ. væri að fara ef það af eigin hvötum færi að taka upp tjónbætur til einstaklinga. Mér finnst að við hinir alþm., sem ekki höfum enn kynnt okkur málið eins og nm., verðum að eiga okkar rétt til ákvörðunartöku eins og aðrir hv. þm. En ég efast ekkert um að þetta á eftir, ef samþ. verður, að verða fordæmi sem í verður vitnað og margir munu reyna að hagnýta sér. Ég er í raun og veru alveg hissa ef það á eftir að gerast að hv. Alþ. samþ. þetta án þess að gera sér grein fyrir slíkum afleiðingum í sambandi við fordæmið.

Þessu vil ég vekja sérstaka athygli á því að hér er ekki um lítið mál að ræða. Það eru ótalmörg dæmi um að tjón, sem hefur orðið vegna sjúkdóma sem hafa komið upp í stofni, hafi ekki verið bætt nema að mjög takmörkuðu leyti eða kannske að engu leyti. Nú er það svo, að fyrir nokkrum árum var um það rætt hvort öruggt væri að regnbogasilungurinn á Laxalóni væri heilbrigður. Þá stóð þannig á hjá okkur að við höfðum hér á landi engan sérfræðing sem sérstaklega hafði kynnt sér þennan þátt. Hins vegar höfðum við sérfræðinga sem höfðu kynnt sér hliðstæða sjúkdóma og voru þeim kunnugir, eins og t. d. dr. Guðmundur Pétursson á Keldum, nú yfirdýralæknir. Var þó talið að öruggt væri ekki að þeir gætu úrskurðað þarna svo að réttmætt væri. Fyrir mín tilmæli sem landbrh. var þá farið inn á þá braut að leita eftir því við tilraunastöð og sérfræðistöð í Danmörku að fá að senda þangað fisk til þess að fá úr því skorið. Þessi vísindastöð fékkst til að vinna þetta verk og vann það, og það var úrskurður hennar að það væri ekki smit í þessum fiski. *Beiðnir um afgreiðslu í því sambandi voru því afgreiddar* á þann veg að um heilbrigðan fisk væri að ræða.

Hins vegar kom svo upp í framhaldi af þessu að Skúli á Laxalóni vildi fara að setja upp stöð austur við Ölfusá. Nú er mér ekki kunnugt um að framkvæmdir hafi verið hafnar þar að neinu marki, og það var a. m. k. ekki þegar þetta var til umr. Það voru mörg ljón talin á veginum og m. a. varfærni embættismannanna í sambandi við smit á sjúkdómum. Enn fremur var það, að ef smit kæmi í þennan fisk og honum tækist að komast inn í veiðisvæði Ölfusár og Hvítár, þá væri geysilegt tjón orðið sem við kynnum ekki að sjá fyrir hvað mundi kosta ef slíkt væri gert. Var því talið mjög hættulegt að fara inn á þessa braut, og niðurstaða varð ekki um að gefa leyfi til slíks.

Nú kom það enn upp á s. l. ári, að í laxi, sem þarna var geymdur, kom upp sjúkdómur. Það var nokkuð gert í því máli og meira en ég held að það hafi verið metið til gagns af þeim sem um þessi mál hafa talað. Það voru fengnir erlendir sérfræðingar til að kynna sér og úrskurða hvort um sjúkdóm væri að ræða. Það er ekki nokkur vafi á að sagan, sem gerðist í kringum þetta allt, hafði sitt að segja til tjóns fyrir eiganda stöðvarinnar, því að meðan verið var að snúast í kringum þetta voru laxaseiðin látin lifa og þau voru fóðruð og það var verulegur kostnaður við að fóðra seiðin eða fiskinn. Þetta endaði svo að áliti þeirra, sem best þekktu til, með þeim hætti að eyða þessum fiski. Það féll í minn hlut sem landbrh. að ákveða þau mörk sem þarna voru sett því sem niður yrði skorið. Sú ákvörðun var að láta regnbogasilunginn eiga sig, þar sem ekki væri vitað um neinn sjúkdóm í honum, og freista þess að halda þeirri starfsemi áfram. Þannig var að því *máli staðið þá. Enn fremur var það svo, að í þeirri* ríkisstj., sem sat þá, var tekin sú ákvörðun, þrátt fyrir það að ekki væru lagafyrirmæli um það, að greiða Skúla á Laxalóni nokkrar bætur vegna þessa tjóns. Það var látið athuga hversu mikið tjón væri. Þeir, sem skoðuðu það, mátu tjónið á 30—34 millj., ef ég man rétt. Upphaflega voru svo greiddar 15 millj. kr. Og ég held að ég muni það rétt, að meðan ég hafði áhrif á þessi mál voru greiddar um 20 millj. kr. til þeirra sem fyrir tjóninu urðu. Ég er ekkert að efast um að tjónið var verulegt, en það var gert meira úr því en þurfti ef þessum stofni hefði verið eytt strax og ekki hefði verið reynt að telja mönnum trú um að hér væru vondir menn að verki sem vildu eyða þessum

fiski því að það var á miklum misskilningi byggt. Hér var auðvitað um það að ræða að þessi seiði, sem þarna voru, máttu ekki fara út í árnar, og jafnvel þó að stjórnvöld hefðu gefið leyfi til að flytja þau, hvort sem var innanlands eða utan, þá hefði enginn orðið til að kaupa þau.

Í framhaldi af því, sem gert hefur verið í þessum málum, er svo það að Íslendingur var í námi um þessa sjúkdóma, varð sérfræðingur á því sviði, og hann var ráðinn til starfa undireins og hann hafði lokið þessu námi.

Ég held því að það sé á miklum misskilningi byggt, að það hafi verið sýnd þarna þvermóðska eða menn hafi haft nokkra löngun til þess að láta verða tjón hjá viðkomandi aðila, nema það sem leiddi af þeim erfiðleikum sem upp komu, og úr því tjóni hafi verið dregið eins og nokkur tök voru á. Ég tel einnig að það hafi verið haldið á þessu máli af fullum vinskap og reynt að hafa þau áhrif að draga úr hugsanlegum deilum í sambandi við málið og sigla þannig á milli skersins og bárunnar í þessu máli sem nokkur hávaði var í kringum.

Eftir því sem kemur fram virtist það vera niðurstaða þessa nýja sérfræðings að drepa regnbogasilunginn af ótta við að í honum kynni að leynast sjúkdómur. Það kom fram í þeim álitsgerðum, sem ég sem ráðh. fékk til meðferðar og greindi frá á hv. Alþ., að regnbogasilungurinn væri hættulegur að því leyti, að sjúkdómur gæti leynst í honum og smit hans gæti verkað þó ekki næði hann til fisks, heldur í gegnum hrognin og annað því um líkt. Nú verð ég að segja það, að þessi niðurstaða er mjög óæskileg að því leyti, að ég lít svo á að það sé illt að þurfa að eyða þessum regnbogasilungi. Hins vegar verður e. t. v. ekki hjá því komist að slátra þeim fiskum, sem upp eru komnir, og byggja þá á seiðunum sem koma í vor. Hins vegar verð ég að segja það jafnframt, að ég hef ekki neitt á móti því að stjórnvöld styðji að því að koma upp regnbogasilungi aftur á sem heilbrigðastan hátt og tryggt verði þá eins og í mannlegu valdi stendur að koma í veg fyrir að sá stofn sýkist á nýjan leik, ef hinn er sjúkur, sem er vafalaust byggt á því að menn þora ekki að treysta því að hann sé það ekki. Hins vegar hélt ég að það væri hægt að halda Laxalóni áfram sem slíkri stöð eftir þessa aðgerð og væri því miklu eðlilegra að flytja laxeldið austur í Ölfus heldur en að taka áhættu.

Nú skal ég, eins og ég sagði í upphafi máls míns, ekki þreyta menn á að segja mikið um þetta mál. Það er búið að tala nóg um það og það er búið að blása það nógu mikið upp. Hitt verð ég að segja, að ef hv. Alþ. ætlar að fara að taka upp svona mál sem sérstakt fósturbarn sitt, án þess að málið sé betur búið í hendur Alþ. en hér er lagt fram, því hér er ekki neitt það í þessari grg. sem gerir það að verkum að Alþ. fari að fóstra þetta, það er fjarri því, þá skulu þeir hv. alþm., sem að slíku vilja standa, gera sér grein fyrir því, að þeir eiga eftir að standa frammi fyrir slíkum málum oftar. Það geta orðið fleiri til að hafa uppi áróður um að koma nefndum í gang á óskiljanlegan hátt, eins og hér hefur átt sér stað. Og þetta er að mínu mati gott dæmi um það, að inn á rannsóknastarfsemi á Alþ. ekki að fara.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. fyrrv. landbrh. hefur nú gert allítarlega grein fyrir þróun þessa máls í hans tíð sem ráðh. og hef ég þar engu við að bæta, en vil segja örfá orð um það, sem gerst hefur síðan, og þá um leið gera grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Ég vil segja í upphafi, að meðan ég hef einhver áhrif á þessi mál mun ég fara mjög að tillögum fisksjúkdómanefndar. Ég mun ekki taka neina umtalsverða áhættu á því að þessi sjúkdómur dreifist um fiskvegi þessa lands, og ég trúi ekki að nokkur hv. þm. vilji gera það, enda er út af fyrir sig ekki verið að deila um það. En þetta vil ég að komi fram.

Ég vil þá geta þess í því sambandi, að nú hefur Skúli Pálsson farið fram á að mega flytja sótthreinsuð hrogn regnbogasilungs í stöðina á Þóroddsstöðum. Fisksjúkdómanefnd hefur um það fjallað. Nefndin leggur reyndar til sem fyrsta kostinn að eldi silungsins verði haldið áfram að Laxalóni, en getur þó eftir atvikum fallist á að hitt verði gert, enda þá vandlega fylgst með því og fallist á skilyrði sem n. setur. Eftir atvikum og að fenginni þessari niðurstöðu hef ég ákveðið að rn. heimili það með þeim skilyrðum sem fisksjúkdómanefnd setur. Þar er m. a. að með þessu fylgist sá sérfræðingur, sem færastur er í öllum þessum málum, og að sjálfsögðu allt sótthreinsað og einnig þess vandlega gætt að ekki sleppi frá þeirri stöð á Þóroddsstöðum seiði í fiskvegi og vatnavegi þar.

Þess vil ég jafnframt geta, að samkv. veiðilöggjöfinni er óheimilt að reka, getum við sagt, fiskræktarstöð nema aðbúnaður hafi verið samþykktur af Veiðimálastofnun. Og rn. hefur nú ítrekað farið fram á að sótt verði um slíkt. Þetta er í lögum og hjá því verður að sjálfsögðu ekki gengið. Því verða eigendur að senda inn nauðsynleg gögn og fá þau samþykkt eins og lögin krefjast. Á því mun ekki standa að sjálfsögðu ef stöðin fullnægir þessum reglum.

Ég vil jafnframt geta þess, sem mér þóttu heldur slæm tíðindi, að líklega mun hafa verið dreift seiðum frá þessum stofni í Laxalóni á 44 staði á þessu landi eftir að sjúkdómurinn kom upp, en áður en hann uppgötvaðist. Fundist hafa m. a. sýkt seiði í einni á þar sem dreift var. Við skulum vona að meginþorri þessara seiða hafi ekki verið sýktur, og ég er ekki að segja með þessu að svo hafi verið. En þarna sjá menn hvað nærri fór stórslysi.

Ég vil segja að ég hef mjög mikla samúð með Skúla Pálssyni og með brautryðjandastarfi hans og ég vil leyfa mér að segja hans óbilandi kjarki að halda þessu áfram við erfið skilyrði. Hann á heiður skilið fyrir það og sannarlega bætur, eins og hann hefur reyndar fengið töluverðar eins og rakið var af fyrrv. landbrh. Ég vil jafnframt upplýsa að landbrn. hefur skipað þrjá menn til að athuga þetta mál, kanna hvers virði telja megi að sá regnbogasilungsstofn sé, sem þarna er, og hvert tjón hljótist af þeirri meðferð sem krafist er, þ. e. a. s. að stofninum verði eytt og alinn upp nýr stofn. Það tekur nokkurn tíma, nokkur ár. Athugað verður hvort eðlilegt væri á þeirri forsendu að mæla með frekari aðstoð af hendi ríkisvaldsins í þessu sambandi. Því má segja að annar liður þáltill. sé þegar í athugun.

Hins vegar vil ég segja það um þriðja lið: að meta verðmæti stöðvarinnar að Laxalóni með það fyrir augum að Alþ. samþ. að ríkið festi kaup á henni, að mér þykir þar um heldur vafasama hugmynd að ræða og e. t. v. til eftirbreytni þannig að mönnum þætti nóg um. Auk þess er svo, að stöðin að Laxalóni á sér að öllum líkindum ekki nema örstutta framtíð. Vatnið fer minnkandi þar því að Reykjavíkurborg tekur meira og meira af því. Mér er sagt að svo gæti farið eftir örfá ár, þegar byggðin vex á svæðum sem nú eru skipulögð, að stöðin verði lögð

niður. Ekki vil ég ríkinu það að sitja uppi með vatnslausa fiskræktarstöð.

Hins vegar sýnist mér vel koma til greina að byggja upp fiskræktarstöð á Þóroddsstöðum og ekkert óeðlilegt að eigendur fái aðstoð til þess með lánsfé og öðru sem tiltækt er og veitt í þessu skyni. Hins vegar held ég að það hljóti að vera hlutverk þeirra sjálfra að skipuleggja þá stöð, enda hafa þeir góða þekkingu til að bera. Vafasamt er að opinber nefnd fái það verkefni að skipuleggja stöð fyrir einkaaðila.

Þessum upplýsingum vildi ég koma á framfæri. Ég vil jafnframt geta þess, að fyrir nokkrum árum og reyndar hygg ég aftur nýlega hafa veiðiréttareigendur á Suðurlandi varað við því að flytja fisk á þeirra svæði. Þetta var þó því miður þegar gert árið 1977, eins og ég sagði áðan. Þeirra andmæli eru fyrst og fremst á því byggð, að menn eru hræddir við þennan sjúkdóm og ekki síður að fá regnbogasilung í vatnið. Hann er að sjálfsögðu keppinautur um þau lífsgæði sem eru í hverju veiðivatni, og menn meta það, hvort þeir vilja heldur íslenska bleikju eða erlendan regnbogasilung. Ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um hvað ég vildi heldur.

Þetta er merkileg starfsemi og sjálfsagt að veita þá aðstoð sem hægt er. Rn. mun hafa að leiðarljósi þetta tvennt: að forðast í lengstu lög að sjúkdómurinn berist út og gera allt til þess að sporna gegn því, en hins vegar gæta réttlætis gagnvart Skúla Pálssyni.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Eins og kom fram í máli hv. frsm. og eins af flm. á ég sæti í þeirri n. sem tók það upp hjá sér af eigin hvötum að kanna og íhuga það mál sem hefur verið sett fram á þskj. 546. Að sjálfsögðu á málið sér dálítið sérstaka fortíð, sérstaka sögu, annars vegar af formsástæðum, það er óvenjulegt að n. flytji slíkt mál inn til þingsins, og hins vegar áreiðanlega af efnisástæðum.

Mér heyrðist hv. 1. þm. Vesturl. gera því skóna að það væru annarleg sjónarmið, áróður og þess háttar, sem lægju að baki því, að við ákváðum að fara út í rannsókn — „athugun" — á þessu máli. Það má vel vera að það hafi legið til grundvallar hjá einhverjum nm., en svo er ekki háttað a. m. k. hvað mig varðar og ég held ýmsa fleiri sem í n. eru. Get þá bent til dæmis á flokksbróður hv. þm. Halldór E. Sigurðssonar, Einar Ágústsson, sem átti sæti í þessari n. og stendur að flutningi þessarar tillögu.

Þegar reynt er að gera það tortryggilegt að n. flytji mál af eigin hvötum eða jafnvel af annarlegum ástæðum mætti kannske rifja það upp, að landbn. flytja stundum mál að beiðni ráðh. þegar ríkisstj. kemur sér ekki saman um það. Það er utanaðkomandi þrýstingur og e. t. v. annarlegar ástæður, gætu sumir orðað það sjálfsagt, þeir sem ekki væru sammála efni málsins. Ég geri ráð fyrir því, að nm. í landbn. hafi á reiðum höndum skýringar á því, að þeir telji slíkt ekki vera annarleg sjónarmið, jafnvel þótt viðkomandi ráðh. fari þá leiðina. Á sama hátt teljum við okkur ekki skuldbundna að taka ekki upp mál þegar um þau hefur verið skrifað í blöðum.

Þetta vildi ég taka strax fram út af formshliðinni, því að það skiptir dálítið miklu máli og er kannske hluti þessa máls að hér er farið inn á nýjar brautir, með afskaplega hógværu sniði þó.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl., að það hefur enginn sjúkdómur fundist í regnbogasilungnum. Regnbogasilungurinn er alinn upp allt öðruvísi en venjulegur silungur og er eins konar borgarbarn sem er bráðþroska og vex fljótt. Þess vegna hefur hann verið arðgæfur, þótt ég efist ekki um að hinn sé betri á bragðið, eins og mér heyrðist hæstv. ráðh. vera að gefa í skyn með orðum sínum. En það breytir ekki því, að það getur verið og hefur reyndar verið álit sérfræðinga í seinni tíð að alheilbrigður regnbogasilungur geti verið smitberi samt sem áður. Og það er þess vegna sem þetta mál hefur siglt í strand.

Við erum hér á landi um þessar mundir að lifa nokkurs konar tímamót, þar sem tvö grundvallarsjónarmið stangast á: annars vegar þau sjónarmið að fara skuli út í nýjar atvinnugreinar sem hugsanlega gefa arð og eru þess vegna hagkvæmar fyrir þjóðfélagið, og hins vegar þau verndunarsjónarmið sem hljóta ætíð að koma til skjalanna og verða æ meira áberandi í okkar þjóðfélagi. Hér er um það að ræða að vernda náttúru landsins fyrir sjúkdómum sem gætu komið upp í verðmætum fiskstofnum í fersku vatni hér á landi, og það er að sjálfsögðu ákaflega skiljanlegt og æskilegt markmið að halda þeim hreinum, ekki síst þegar tillit er tekið til þeirrar staðreyndar, að það hefur víðast hvar ekki tekist og sums staðar hafa menn jafnvel gefist algerlega upp á því að reyna að halda ósýktum stofni í laxfiskum.

Hitt er svo annað mál, að það getur stundum gerst að ýmsir sérfræðingar, sem fara með slík mál bæði á þessu sviði og jafnvel á mengunarsviðinu sem er nú í tísku að tala mikið um, reyni að vernda sína stöðu. Við eigum stundum að setja okkur í spor þeirra sem í dag eiga að segja til um hvort þessi og þessi framkvæmd hafi einhverja hættu í för með sér, hafi mengun í för með sér o. s. frv. Þessir menn þurfa vegna framtíðarinnar að vernda sína hagsmuni og hagsmunir þeirra eru að koma í veg fyrir að þeir sjálfir persónulega hafi gert mistök á einhverju ákveðnu stigi ákvörðunartökunnar. Þess vegna verða slíkir aðilar oft ákaflega íhaldssamir og það er jafnframt skiljanlegt.

Við skulum taka t. d. álverksmiðjuna eða verksmiðjuna á Grundartanga og ímynda okkur að þeir, sem voru harðast gegn þeim verksmiðjum af mengunarástæðum, hefðu fengið að ráða. Og við skulum ekki bara ímynda okkur það, — við skulum ímynda okkur að þeir, sem harðast börðust gegn verksmiðjunni í álverinu, hefðu haft rétt fyrir sér. Ef svo væri, þá væru íbúar Hafnarfjarðar allir steindauðir, ekki einn einasti þeirra á lífi. En að því er mér skilst, — ég hef reyndar ekki komið þangað suður eftir undanfarna daga, — er þar allt kvikt af lífi og það sem þjakar þá meira að segja enn meira þessa stundina en mengun álversins er fýla frá fiskimjölsverksmiðju sem þar er rekin.

Nú hefur að vísu verið lagður í það gífurlegur kostnaður að koma í veg fyrir slíka fýlu sem þar er af þeirri verksmiðju, og það er alveg af sömu rót runnið og það mál sem við erum að tala um. Þar er um að ræða nýjar kröfur sem eru uppi í þessu þjóðfélagi um að það séu mannréttindi að lifa í lyktarlausu umhverfi, og út af fyrir sig geta allir tekið undir slíkar kröfur. En við verðum líka að átta okkur á því að það kostar peninga.

Ég hef rætt um þessi mál saman vegna þess að þau falla dálítið saman hvað þetta varðar. Að vísu er annars vegar um að ræða hugsanlega smitandi sjúkdóma og hins vegar er um að ræða mengun. Hvort tveggja er ný fyrirbrigði sem að fullu verður að taka tillit til við atvinnuþróun

landsmanna, en mega samt ekki — og á það vil ég leggja þunga áherslu — mega samt ekki verða til þess að draga allan kjark úr framþróun í atvinnumálum í þessu landi. Um það snýst þetta mál.

Þetta mál snýst um það, hvort ríkisvaldið með einum eða öðrum hætti er tilbúið að koma til liðsinnis við unga atvinnugrein sem eflaust á möguleika í þessu landi. Við í hv. allshn. Nd. höfum lagt til að það verði metið, hve miklu fjármagni þurfi að verja til þessa máls, og svo jafnframt, hvort ástæða sé til þess, að ríkissjóður taki að sér að leggja fram fjármagn í því sambandi, og ég jafna því fjármagni til fjármagns sem notað er til þess að styðja ungar atvinnugreinar — áhættufjármagns sem ríkið leggur fram í upphafi, meðan verið er að kanna hvort ung atvinnugrein getur lifað. Þetta er gert í nálægum löndum. Við höfum of lítið gert af þessu tagi hér á landi, t. d. í iðnaðinum, en okkur ber að gera það og það er hluti af rannsóknar- og þróunarstarfsemi fyrir atvinnuvegina. Það var á þeim sjónarmiðum sem þetta starf okkar í n. byggðist m. a.

Ég hef þegar lýst því, að ég tel að n. hafi að sjálfsögðu haft fullkominn rétt þegar hún tók að sér þetta starf, og það sem meira er að af þessu starfi hefur þegar hlotist talsvert gagn. Þar má t. d. minnast á þá n. sem hæstv. landbrh. talaði um áðan að sett hafi verið á laggirnar í svipuðu skyni. Ég get ekki fullyrt það, en ég hygg að sú nefndarstofnun hafi komið til vegna áhrifa frá þessu máli. Og þá má kannske til gamans spyrja: Voru það ekki annarleg ytri áhrif, voru það ekki annarlegar ástæður sem höfðu þar áhrif á ráðuneytisstjórann? Ég efast ekki um að starf okkar hafði áhrif á hann, og ég fagna því að svo gerðist, því ég held að málið sé þess eðlis að okkur beri að styðja það.

Það var rætt um það líka, hvers vegna ekki væri hægt að halda áfram Laxalónsstöðinni. Það gerði hv. 1. þm. Vesturl. Hæstv. ráðh. svaraði því til, sem rétt er, að erfiðleikarnir eru þeir, að sú stöð er að verða vatnslaus vegna byggðarinnar í Reykjavík, þannig að ekki verður hægt að halda henni úti miklu lengur. Það verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess þegar er verið að meta verðmæti slíkrar stöðvar. Ég lít ekki á það sem persónulegan stuðning við Skúla Pálsson á Laxalóni, síður en svo, heldur sem undirstöðuathugun, þetta sé fjármagn sem við leggjum fram í þessu atvinnuskyni af því að við erum að reyna að finna og okkur alþm. ber skylda til þess að reyna að finna nýjar arðsamar atvinnugreinar hér á landi.

Ég vil taka það skýrt fram vegna orða hv. 1. þm. Vesturl. að það er hvergi í grg., að ég held, a. m. k. ekki með mínu samþykki, minnst á þvermóðsku stjórnvalda eða þvermóðsku fyrrv. ráðh. í þessu sambandi. Þvert á móti — og það vil ég taka mjög skýrt fram — tel ég að fyrrv. hæstv. landbrh. hafi brugðist drengilega við í þessu máli. Það vil ég taka skýrt fram. Á sínum tíma, þegar upp kom sýking í allt öðrum stofni, ekki regnbogasilungsstofninum að Laxalóni, heldur öðrum stofni, brást fyrrv. hæstv. landbrh., hv. þm. Halldór E. Sigurðsson, drengilega við, og við öðru hafði ég ekki búist. Þess vegna kom það mér eiginlega dálítið á óvart hver afstaða hans var til málsins, því að þetta mál er á engan hátt árás á hann. Ég tel þetta miklu frekar vera stuðning við þær aðgerðir sem hann hefur þegar byrjað á varðandi þetta mál og hann á heiður skilinn í því sambandi.

Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessa till. Ég held, að hún sé ekki eins voðaleg og hv. þm. vill vera láta, og tel, að það sé ástæðulaust að halda uppi löngu málþófi um þetta mál. Ég vona satt að segja að þegar öllu er á botninn hvolft komi í ljós að við nm. og hann getum átt sameiginlega leið í þessum málum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta hv. þm. með að tala hér lengi. Hins vegar hef ég það mér til afsökunar líka, að ég hef ekki þreytt hv. þm. með ræðhöldum á þessu þingi. Öðruvísi mér áður brá, held ég megi segja.

En út af því sem kom fram hjá hv. 5. landsk. þm., Friðrik Sophussyni, vil ég segja það strax, að það er afskaplega fjarri því að ég líti á þetta mál sem nokkra árás á mig. Því fer mjög fjarri. Ég hef enga ástæðu til að líta á það sem slíkt og tel mig hafa góða samvisku í málinu, og það er fjarri því að það sé ástæðan til afstöðu minnar nú.

Ég vil hins vegar segja það í sambandi við flutning n. að máli, að það er allt annað þegar t. d. ráðh. biður n. að flytja mál. Þó eru til þess þau drög, að þá er það venjulega mál sem ekki fæst samstaða um í ríkisstj. Þá hefur ráðh. beðið n., sem fjallar um þann málaflokk, að flytja það, og þá hefur það verið tekið fram í grg. að n. hafi gert þetta að ósk viðkomandi aðila, venjulega ráðh., og nm. áskilji sér rétt til óbundinnar afstöðu til málsins.

Ef Alþ. fer hins vegar að taka upp á arma sína einstaka þætti í okkar þjóðlífi og fara að gera till. um þá, eins og hér er lagt til, hvað er þá um einkaframtakið? Hér er lagt til, með leyfi hæstv. forseta: „að gera tillögur um uppbyggingu fiskræktarstöðvar á Þóroddsstöðum II í Ölfusi og hvernig þar megi halda áfram þeirri fiskrækt, sem nú er í Laxalóni". Eru hv. þm. þeirrar skoðunar að Alþ. geti farið að gera till. um uppbyggingu á atvinnufyrirtæki Péturs eða Páls víðs vegar um landið? Ég held að það muni sýna sig, að slíka stefnu er ekki heppilegt að taka, og ég held að það sé ekki grandskoðað þegar þetta er sett fram. Það var Skúli sjálfur sem valdi þennan stað og hefur ráðið allri uppbyggingu sem þar hefur farið fram. Meira að segja hefur hann styrks notið til þess frá Alþ. Ég minnist þess frá mínum fyrstu þingárum, að þá vorum við nokkrir fjvn.-menn sem beittum okkur fyrir því að ríkið tæki ábyrgð á láni vegna þessarar starfsemi, svo að nokkurn stuðning hefur fiskræktarstöðin hlotið. Það voru skiptar skoðanir um hvort rétt væri að styrkja hana, en það var samþ. hér á hv. Alþingi.

Ég efast ekkert um að sérfræðingum getur yfirsést. Ég verð að segja það sjálfum mér til lasts, að ég hafði ekki búið mig undir þessar umr. þó að till. væri á dagskrá. En t. d. greinargerð dr. Guðmundar Péturssonar forstöðumanns á Keldum var að mínu mati eins hlutlæg og frekast var hægt að hugsa sér, en hún benti á þær veilur sem fylgdu þessum fiskstofni, að þótt heilbrigður væri gæti hann valdið smiti. Hann sýndi fram á að þetta hefði gerst í hinum ýmsu löndum og hvaða áhrif það hefði haft á lífríki þeirra staða. Þetta fannst mér vera sterk rök. Og ég minnist þess nú, að eftir þær upplýsingar, sem ég gaf í svari við fyrirspurn, hefur þetta mál ekki komið til umr. á hv. Alþ. fyrr en nú. Ég leit svo á að þeir hv. þm., sem þá sátu hér, hefðu gert sér grein fyrir að málið væri tvíþætt og ekki á færi nema sérfræðinga að fjalla um það.

Það var líka rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðh. áðan, að mótmæli gegn flutningi stöðvarinnar austur í Ölfus hafa borist. Hins vegar var það svo, að við ræddum það

við fulltrúa Skúla að reyna að undirbúa þessa stöð þannig að það væri hægt að líta svo á að fyllstu kröfum væri þar fullnægt. Ég vil því segja það, að ég held að farið hafi verið að þessu með gát eins og hægt var, og eins það, sem ég vitnaði til áðan í sambandi við dönsku vísindastöðina, að láta rannsaka þennan fisk.

Út af því, sem hv. 5. landsk. þm. sagði um álverksmiðjuna og Grundartangaverksmiðjuna og þær kröfur sem hafa verið gerðar til þeirra, þá er það á allra vitorði að kröfur til mengunarvarna eru margfalt meiri á Grundartanga og eru þar taldar hinar fullkomnustu sem þekktar eru nú. Ástæðan fyrir því, að það á að fara að auka varnir í álverksmiðjunni, er einmitt sú, að veilur hafa komið fram í sambandi við þá verksmiðju og kröfum hefur ekki verið sinnt fullkomlega eins og hefði þurft að gera í upphafi í sambandi við mengunarvarnir þar. Og ekki orkar það tvímælis, að í nágrenni við þá verksmiðju hefur átt sér stað dauði búfjár sem er talið mega rekja til áhrifa frá þeirri verksmiðju. Þeir, sem þar áttu hlut að máli, urðu fyrir geysilega miklu tjóni og hafa ekki hlotið bætur enn þá. Hins vegar halda þeir uppi slíkum kröfum. Fjárhag þess fólks, sem varð fyrir því, ungs fólks, var algjörlega raskað og það er nú í miklum vandræðum. Þess vegna er skynsamlegt og gott að fara að þessu með gát.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri. En ég endurtek það, að meira þarf til heldur en enn er orðið til þess að koma mér inn á þessa nýju braut. Ég vil líka bæta því við, að ég er alveg viss um að n. sú, sem ráðh. hefur skipað, hefði verið skipuð í framhaldi af aðgerðunum s. l. vor, og þeim tillögum, sem hinn nýi sérfræðingur, sem beðið var eftir, hefur gert. Þá var ekki álitið að væri rétt að slátra regnbogasilungnum. Þess vegna eru orð mín hér fyrst og fremst aðvörunarorð í tvennum tilgangi: að fara með fullri varúð í sambandi við lífríkið og þær hættur, sem af slíku sem þessu geta stafað, og svo hitt, að það verður að gæta hófs í þeim kröfum sem á að gera til ríkisins í sambandi við bætur. Þar verður að fara með mikilli varfærni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna, þáltill. (þskj. 469). — Ein umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Enda þótt að það sé hálfleiðinlegt að þurfa að flytja mál, er varðar sjávarútveg, án þess að hæstv. sjútvrh. sé viðstaddur, sé ég ekki ástæðu til annars en að verða við því að tala fyrir málinu fyrst það er komið hér á dagskrá.

Ég hef flutt á þskj. 469 till. til þál. um heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna, samsetningu hans eftir landssvæðum, aldri skipa, veiðiaðferðum, afkastagetu og efnahagslegu gildi.

Niðurstöður verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Í grg. kemur fram, að með tilliti til hins alvarlega ástands fiskstofna við landið hafa umr. farið inn á það svið að fiskiskipafloti landsmanna sé of stór og óhagkvæmur. Háværar raddir heyrast um að tafarlaust verði að minnka fiskiskipaflotann um allt að 20—30 þús. lestir og sumir telja um helming.

Með tilliti til þessara umr. og fullyrðinga hlýtur að teljast nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvernig fiskiskipafloti okkar er samsettur í dag, þar sem fram komi stærð og gerð skipa, aldur og afkastageta við hvers konar veiðar, úthaldsdagar á ári og á hvaða landssvæðum hann er skráður. Þessar upplýsingar hljóta að vera grundvallaratriði þegar rætt er um takmörkun veiða og skynsamlega sókn miðað við afkastagetu fiskstofna og nýtingu. Engar upplýsingar eru aðgengilegar um hversu stór hluti fiskiskipaflotans liggur bundinn í höfn eða stundar veiðar aðeins hluta úr ári.

Það er skoðun mín, að þegar verið er að ræða um takmörkun sóknar í fiskstofna og skipulag og stjórnun fiskveiða þurfi þessar upplýsingar að liggja fyrir svo að hægt sé að gera sér grein fyrir endurnýjunarþörf og ekki síður samsetningu hans og þýðingu miðað við atvinnuuppbyggingu og afkastagetu fiskvinnslustöðva víðs vegar í landinu. Kemur þar til skoðunar staðsetning miðað við nálægð fiskimiða.

Með hliðsjón af ofangreindum þáttum hlýtur að vera eðlilegt að meta efnahagslegt gildi fiskiskipaflotans fyrir viðkomandi byggðarlög og þjóðfélagið í heild.

Viðurkennt er að mestur hluti útflutningsframleiðslu landsins fer fram í hinum mörgu sjávarþorpum og bæjum víðs vegar um land. Víða er framleiðslan svo mikil að miðað við íbúafjölda er hægt að nefna útflutningsverðmæti 2—5 millj. kr. á hvern íbúa staðarins. Það er því ekki ofmælt að tilvera og framtíð þessara byggðarlaga stendur og fellur með fiskveiðum og fiskvinnslu og er um leið undirstaða efnahags þjóðarinnar í heild. Allar ákvarðanir um samdrátt í sjávarútvegi eru því stórmál sem verður að byggja á samræmdum aðgerðum sem byggjast á niðurstöðum sem hefur verið komist að eftir vandlega athugun, þar sem tillit er tekið til ekki aðeins vísindalegra þátta, heldur ekki síður efnahagslegrar og félagslegrar uppbyggingar víðs vegar um landið.

Það er skoðun mín að við eigum að flýta okkur hægt í að minnka fiskiskipaflota okkar, þörf sé á að endurskoða samsetningu flotans, taka tillit til nýrrar tækni og reynslu, sem sífellt er að þróast í tæknivæddum heimi. Benda má á þá staðreynd, að bylting hefur orðið í tæknibúnaði fiskveiða, sem m. a. hefur orðið til þess að íslenski loðnuskipaflotinn afkastar mjög miklu við veiðar. Ef íslenskir útgerðarmenn og sjómenn hefðu ekki verið svo opnir fyrir því að tileinka sér þessar nýjungar og tækni væri floti okkar í dag vanbúinn við þessar veiðar.

Skuttogaravæðingin er mesta framþróun í fiskveiðum okkar fyrr og síðar. Það er skoðun mín að gera þurfi róttækar aðgerðir til að efla skipasmíðaiðnaðinn í landinu, bæði hvað varðar nýsmíði og viðhald skipa. Íslenskir iðnaðarmenn í þessari grein hafa sannað að þeir eru ekki síður færir á þessu sviði en erlendir. Kemur því vel til greina að hefja skipasmíðar fyrir erlendan markað jafnhliða endurnýjun okkar eigin fiskiskipa.

Á þessu þingi hafa komið fram margar þáltill., sem allar fjalla um okkar mesta hagsmunamál, fiskveiðar og fiskvinnslu, en eru ekki útræddar. Það ber að harma. Ég nefni þskj. 39, um skipulagningu á fisklöndun til fiskvinnslustöðva, þskj. 113, um aukna nýtingu í fiskvinnslu, þskj. 523, um athugun á hámarksaðsemismöguleikum þorskveiða, þskj. 522, sem er frv. um fiskiverndarsjóð, þskj. 335, um könnun á atvinnu- og efnahagslegum

áhrifum takmarkana á fiskveiðum Íslendinga. Allar þessar till. og umr. renna stoðum undir þá skoðun mína og margra annarra að hefja verði tafarlaust samræmda úttekt allra þátta þjóðarbúsins er varða fiskveiðar og fiskvinnslu. Þetta er mikið verk sem kalla þarf til okkar færustu menn. Þessi úttekt verður að vera víðtæk og nákvæm, þar sem hver landshluti er tekinn fyrir og fiskiskipaflotinn, stærð, aldur, veiðiafköst, eins og einhver hefur orðað það: haglýsing fiskiskipaflotans og fiskveiðanna. Miklar upplýsingar liggja fyrir um þessi mál í ýmsum stofnunum, svo sem Fiskifélagi Íslands, Framkvæmdastofnun — byggðadeild, Siglingamálastofnun, sem vissulega auðveldar þessa alhliða úttekt. En það þarf að samhæfa þessar upplýsingar og draga af þeim skynsamlegar ályktanir sem settar séu fram í stefnumótun og umræðum á breiðum grundvelli.

Tillögur fiskifræðinga okkar eru áreiðanlega byggðar á staðreyndum sem við höfum ekki leyfi til að draga í efa. Þess vegna verða stjórnvöld og stjórnmálamenn að hafa yfirlit yfir allar þær staðreyndir sem útgerð okkar og fiskvinnsla byggist á. Öðruvísi er ekki unnt að taka til við skynsamlega stjórn á þessum málum. Ég tel að setja þurfi nú þegar í gang víðtækt samstarf um þetta okkar stærsta mál, samstarf stjórnmálaflokka og hagsmunaaðila: útgerðarmanna, sjómanna og fiskverkenda, og jafnframt þurfi að fá fiskifræðinga til viðræðufunda með sjómönnum og útgerðaraðilum víðs vegar um landið um hvernig best verði hagað veiðum og vinnslu við þessar aðstæður og í framtíðinni. Ég hef setið slíka fundi og ég veit að þeir hafa áhrif. Fyrrv. sjútvrh., Matthías Bjarnason, boðaði til slíks fundar í Stykkishólmi 1977 með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, þar sem fiskifræðingar voru einnig. Þar var rætt hispurslaust um vandamálin og komu fram ýmsar fræðandi upplýsingar sem ekki voru öllum kunnar. Ég sat ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands að hluta til nú í vetur um öflun sjófangs. Þar komu fram margir vísindamenn okkar og áhugamenn um sjávarútveg og m. a. aflaskipstjórar. Vil ég fullyrða að allur sá fróðleikur og skoðanir í þeim erindum, er þar voru flutt, er gott innlegg í þá heildarúttekt sem ég tel að verði að gera nú þegar í þessu stærsta máli þjóðarinnar. Við verðum að koma á stefnumótun í fiskveiðum: fiskveiðistefnu. Um það þarf ekki að deila. Þjóð, sem á jafnmikið undir fiskveiðum og við Íslendingar, verður að kunna að stjórna þessum málum.

En málið er ekki einfalt. Það snertir svo til allt okkar efnahagslíf og byggðaþróun. Þess vegna verður að skoða það frá öllum hliðum og vanda betur til en til þessa hefur verið gert. Málið þolir ekki bið. Tillögur og álit fiskifræðinga kalla á raunhæf vinnubrögð sem hæstv. sjútvrh. verður að hafa forustu um með því alhliða samstarfi sem ég hef nefnt. Við erum sjálfsagt öll sammála um nauðsyn þess að takmarka sókn í þorskstofninn með það markmið að byggja hann upp svo að tryggð verði framtíð fiskveiða á Íslandi og um leið framtíð þjóðarinnar. Við verðum að skoða vandlega sókn í aðra fiskstofna. Ég tel nauðsynlegt að fara varlega í síldarstofninn. Við eigum að læra af biturri reynslu fyrri ára. Síldveiðar hafa gífurlegt gildi, ekki síst fyrir bátaflotann. Við þurfum að auka síldarleit og rannsóknir, t. d. á svæðinu fyrir Vesturlandi og Vestfjörðum. Það er spurning, hvort við eigum ekki svo til eingöngu að veiða síld í reknet. Það tryggir úthald stórs hluta bátaflotans í nokkra mánuði, tryggir gott hráefni og kemur í veg fyrir smásíldardráp. Hringnótaveiðarnar, ekki síst með loðnunótarveiðarfærum, gáfu ekki góða raun, hafa sennilega valdið meira tjóni í síldveiðum t. d. á s. l. ári en það síldarmagn sem þessi veiðiaðferð kom með að landi, og ber því að takmarka mjög fjölda þeirra í síldveiðum og herða eftirlit. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega benda á athyglisverðar greinar sem birtust í síðasta tölublaði Ægis nú fyrir stuttu, sem ég tel að væri fræðandi fyrir þá menn, sem vilja um þessi mál fjalla, að kynna sér rækilega.

Á undanförnum vertíðum hafa margir fiskimenn verið kvíðnir yfir því, að of geyst hafi verið farið í loðnustofninn. Því miður var þessi kvíði ekki ástæðulaus eins og fiskifræðingar nú hafa tilkynnt um. Mikill vandi er okkur á höndum, en hann er að mínu mati yfirstíganlegur, ef rétt er á haldið. Við ráðum einir yfir fiskimiðunum umhverfis landið. Það er kjarni málsins. Þess vegna getum við leyft okkur hæfilega bjartsýni. Við þurfum að skipuleggja veiðar t. d. bátaflotans. Skoðun mín er sú, að takmarka eigi þorskanetaveiðar miklu meira en nú er gert. Þorskanetaveiðar á svæðinu frá Hornafirði til og með Vestfjörðum ætti aðeins að leyfa frá 20. febr. til 30. apríl ár hvert. Ég tel, að styrkja eigi línuveiðar meira en gert er, og æskilegast, að línuvertíð geti verið óslitið tímabilið sept.—febr. ár hvert. Taka þarf til athugunar að breyta heimildum til togveiða fyrir minni báta á grunnmiðum svæðis- og tímabundið eftir tillögum og undir eftirliti fiskifræðinga. Á þann hátt væri hægt að auka sókn í ýsu og skarkola og um leið gera útgerð smærri bátanna viðráðanlegri og ekki hvað síst tryggja gott hráefni til fiskvinnslu.

Ég fullyrði að bátar á hefðbundnum dragnótasvæðum gætu aflað miklum mun meira en nú er af t. d. skarkola, sem talinn er vannýttur, ef fiskvinnslustöðvar vildu taka á móti því hráefni. Áhugi fiskverkenda og útflutningsaðila hefur ekki verið fyrir hendi og hafa því dragnótabátar sums staðar þurft að forðast skarkolamiðin sem þeir annars mættu veiða miklu meira á. Þessu þarf að breyta með opinberum afskiptum. Það vantar fullkomnar kolaflökunarvélar. Allt ber þetta að sama brunni. Við þurfum skipulag veiða og heildarstjórn sem er grundvölluð af víðtæku samstarfi margra aðila. Á það vil ég leggja höfuðáherslu.

Herra forseti. Við erum fiskveiðiþjóð í fararbroddi. Þess vegna má aldrei draga úr því að við tileinkum okkur þá tækni sem best reynist við fiskveiðar hverju sinni, bæði hvað varðar gerð skipa, tækjabúnað og veiðarfæri. Endurnýjun er nauðsyn, en innan hæfilegra marka. Skip og bátar ganga úr sér á árabili, og er sjálfsagt að meta vandlega hvort hagstæðara er að byggja ný skip frekar en að endurbyggja gömul eða leggja þeim fyrir fullt og allt.

Framkvæmd þessarar þáltill. auðveldar ákvörðun í þessu stóra vandamáli þjóðarinnar. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja hana hér á hv. Alþingi.

Herra forseti. Ég geri að till. minni að eftir þessa umr. verði þessari till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efling þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum, þáltill. (þskj. 12, n. 633, 634, 664). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Velfarnaður sjómanna, þáltill. (þskj. 369, 389). — Ein umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Till. sú til þál., er ég ásamt Ólafi Björnssyni hef flutt, fjallar um velfarnað sjómanna á siglingum og í erlendum höfnum. Samhljóða þáltill. flutti Benedikt Gröndal á síðasta þingi, en till. varð ekki útrædd. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa þriggja manna n. til að gera till. um ráðstafanir til að auka velfarnað íslenskra sjómanna á siglingu og í erlendum höfnum.

N. skal sérstaklega athuga eftirtalin atriði:

1. Hvernig tryggja megi, að í íslenskum skipum verði ekki aðeins sjónvarp, heldur og myndsegulbandstæki.

2. Hvernig unnt verði að láta festa á segulbönd íslenskt efni, þ. á m. sjónvarpsdagskrár, og lána böndin til skipa.

3. Hvort Ísland getur með því að gerast aðili að norrænum eða alþjóðlegum samtökum tryggt sjómönnum þjónustu, þ. á m. lán á kvikmyndum og segulböndum, í erlendum höfnum.

N. skal skipuð þannig, að Sjómannasamband Íslands tilnefni einn mann, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands annan og hinn þriðji sé skipaður af ráðh. án tilnefningar."

Hugmyndin um að koma myndsegulböndum um borð í skip okkar hefur oft verið rædd hér á þingi, þótt ekki hafi neitt orðið úr framkvæmdum. Á undanförnum áratugum hefur skipastóll okkar Íslendinga breyst mjög til batnaðar frá fyrri tíð. Það er þó ekki ýkjalangt síðan aðbúnaður sjómanna var í algeru lágmarki, það þótti ekki atriði hvernig að mönnum var búið. Hjá útgerðinni var fyrst og fremst hugsað um að fiska vel og á millilandaskipum að drífa skipið áfram samkv. áætlun. Ekki geri ég því skóna, að sá hugsunarháttur hafi breyst. Hins vegar hafa kröfur um bættan aðbúnað, öryggi og hollustuhætti hljómað hærra. Nú er það manneskjan sem situr í fyrirrúmi. Sjómannasamtökin hafa mjög látið þessi mál til sín taka. Margir sigrar hafa unnist. Fyrsta kennileitið eru vökulögin, en síðan hafa ýmsar úrbætur komið til, bæði með löggjöf og í samningum, en margt er óunnið.

Eitt af því, sem nú er brýnast, er að finna leiðir til þess að gera langar fjarvistir sjómanna frá heimilum sínum bærilegri. Það er skoðun mín að Alþ. verði að taka þátt í þeirri leit, reyndar að hafa frumkvæði í þeim málum, því að sjómenn eiga það sannarlega inni hjá löggjafanum að málefnum þeirra verði sýndur meiri sómi en hingað til. Margt má upp telja er að liði mætti verða. Tíðer oft rætt um misrétti í símamálum, sem vissulega er fyrir hendi. Það er hins vegar sjaldan hugleitt hve það mundi rjúfa einangrun sjómanna ef þeir fengju að hringja til heimilis síns án sérstaks endurgjalds. Tæknin er nú þannig, að símtöl frá skipi þykja sjálfsögð, en sjómenn eru hindraðir í því að hafa samband við fjölskyldu sína vegna mikils kostnaðar. Væri það verðugt verkefni fyrir samgrh. að fyrirskipa lækkun eða afnám gjalda af símtölum sjómanna á hafi úti. Mætti vissulega athuga hvort hagkvæmt er og nauðsynlegt að koma upp sjómannastofum. Það hefur reyndar hvað eftir annað verið reynt að starfrækja sjómannastofur. Það hefur yfirleitt mistekist, því að rekstrargrundvöllur hefur ekki verið fyrir hendi. Ýmsar aðstæður hafa líka breyst. Áður fyrr voru fiskibátarnir afar nöturlegar vistarverur. Þá var ekki fýsilegt fyrir sjómenn, sem ekki voru heimilisfastir í heimahöfn bátsins, að dveljast í vistarverum bátanna, en eins og áður er getið hefur þar orðið mikil breyting til batnaðar. Þörf fyrir sjómannastofur er því mun minni en áður fyrr.

Till. okkar fjallar einkum um það, að þriggja manna n. geri könnun á því hvernig tryggja megi að sjómenn njóti kvikmynda, sjónvarps og annarrar afþreyingar sem við í landi höfum. Á Alþ. hefur oft verið rætt um að koma upp sendistöðvum er tryggt geti að sjómenn, er fiska við strendur landsins, njóti sjónvarps. Þrátt fyrir ýmsar vangaveltur hafa engar úrbætur verið gerðar, enda afar kostnaðarsamt að gera svo að vel sé í þeim efnum. Er ólíklegt að nokkuð verði gert í þeim málum á næstu árum, enda er áreiðanlega stutt í að Norðurlöndin og fleiri lönd komi upp sjónvarpshnöttum. Þegar það er orðið að veruleika verður mögulegt fyrir sjómenn, hvar sem þeir sigla á Norður-Atlantshafi, að sjá útsendingar margra sjónvarpsstöðva. Þrátt fyrir ógnarhraða og snilli tækninnar eru þessir möguleikar svo dýrir að enn þá verður að styðjast við það sem þekkt er.

Nokkur íslensk skip hafa 16 mm kvikmyndavélar um borð. En hér á landi er mjög takmarkað úrval þess myndefnis sem hægt er að lána til skipanna, sérstaklega ef ferðir þeirra eru langar.

Nú hefur sú breyting orðið á í seinni tíð, að myndsegulbandstæki hafa rutt sér mjög til rúms og hafa orðið ódýrari með hverju ári sem liðið hefur, þannig að viðráðanlegt er orðið fyrir stofnanir og jafnvel einstaklinga að eignast þessi tæki. Hafa nágrannaþjóðir okkar þegar allmikla reynslu af því. Nokkur millilandaskip og togarar hafa nú þegar myndsegulbandstæki og má tengja þau við venjuleg sjónvarpstæki til að fá myndina.

Ég hef haft spurnir af því, að í Noregi, þar sem kaupskipafloti er stór, hafi mikið verið gert til að bæta alla aðbúð sjómanna. Þegar kvikmynda- og myndsegulbandsþjónustu var komið á þar var deild í samgrn. falið að sjá um þjónustuna. Útgerðarmenn voru skyldaðir til að greiða í þann sjóð er kostaði þjónustuna. Deild þessi sá um að dagblöðin væru sjómönnum ætíð til reiðu, kvikmyndir o. fl. Þá var samið við sjónvarpið og útvarpið að taka upp dagskrá norska sjónvarpsins og fleiri dagskrár. Síðan var millilandaskipum og fiskiskipum gert kleift að fá spólurnar til sýningar um borð. Seinna gerðist það, að einkafyrirtæki var falið þetta verkefni, þ. e. að taka sjónvarpsefni upp á kasettur. Ekki var að sökum að spyrja: Kostnaður óx með risaskrefum og er mér kunnugt um að norskir útgerðarmenn hafa mótmælt hressilega.

Sú nefnd, er við leggjum til að kanni þessi mál, athugar væntanlega hvernig þessum málum verði best fyrir komið hér á landi. En mig langar þó til að benda á að hugsanlegar eru a. m. k. þrjár leiðir. Í fyrsta lagi verði Ríkisútvarpinu falið að taka sjónvarpsefni upp á kasettur og dreifa þeim. Í öðru lagi verði sjómannasamtökunum sjálfum eða Menningar- og fræðslusambandi alþýðu falið verkefnið, enda verði samtökunum tryggt fjármagn til að inna það af hendi. Í þriðja lagi er mögulegt að hver útgerð um sig sjái um sín skip. Sú leið yrði vissulega kostnaðarsöm og úrval annars efnis en okkar sjónvarp hefur að bjóða af skornum skammti. Nokkrir útgerðar-

menn hafa nú þegar komið upp slíkri aðstöðu.

Rétt er að geta þess, að samfara nýjum leiðum í dreifingu kvikmynda- og sjónvarpsefnis hefur komið upp hvimleitt vandamál er allir þeir, er kunnugir eru málefnum sjónvarps og útvarps, þekkja af meira eða minna biturri reynslu, en þar á ég við höfundarrétt. Kunnugt er að höfundarréttarmál í sambandi við kvikmyndir og sjónvarp eru svo flókin að illmögulegt hefur reynst að greiða úr þeim. Tugir manna vinna við að framleiða þetta efni. Þegar fullgert efni er selt til notenda getur verið allt að því ómögulegt að skipta á milli allra þeirra, sem koma við framleiðsluna, því fé sem til höfundarréttar heyrir. Þetta hefur sums staðar verið leyst á þann hátt við sjónvarpsfyrirtæki, að höfundargreiðsla hefur fallið í einu lagi í einhvern sameiginlegan sjóð þess starfsfólks sem hlut á að máli. Þótt vissulega væri einfalt að leysa þessi mál hér á fyrrgreindan hátt hefur ekki tekist að koma því til leiðar. Mér hefur verið tjáð að ekki hafi verið unnt að koma því til leiðar að svo mikið sem einn filmubútur úr sjónvarpi okkar væri fáanlegur, þótt óskað sé eftir honum, eftir að sjónvarpað hefur verið. Af þessu leiðir að finna verður lausn á þessu líka ef ætti að taka sjónvarpsdagskrár á segulbönd til að lána um borð í kaupskip okkar og fiskiskip. Því verður þó ekki trúað að óreyndu að starfsfólk stofnunarinnar mundi standa í vegi fyrir lausn á þessu máli. Hef ég fyrir satt að svo sé ekki, heldur mundi skorta framtak hjá forráðamönnum stofnunarinnar.

Vafalaust væri hægt að ráða á því bót ef hart væri sótt að, sérstaklega ef um allan flotann væri að ræða. Fróðlegt væri að kanna hvernig Norðmenn leysa þessi mál. Ekki sakar að geta þess, að samkv. þeim upplýsingum, er ég hef aflað mér, muni aðilar horfa alveg fram hjá höfundarréttarmálum og þeirri röksemd beitt, að sjómenn hafi hvort eð er greitt afnotagjöld af sjónvarpstækjum á heimilum sínum og um leið fyrir höfundarrétt af efni sem þeir hafa ekki tækifæri til að sjá.

Í viðræðum mínum við sjómenn hefur komið fram að til séu norræn samtök um velferð sjómanna sem m. a. halda uppi dreifingu á ýmsu efni til skipa og hafa miðstöðvar í öllum helstu höfnum heims. Þess vegna er lagt til að kannað verði hvort við getum bætt aðstöðu eigin sjómanna með aðild að einhverjum slíkum samtökum. Þá benda þeir á að mjög sé það mismunandi, þegar þeir koma í erlendar hafnir, hvort þeir hafi yfirleitt aðgang að nokkrum sjómannaheimilum eða ekki. Kann að vera, að aukið formlegt samstarf við aðra aðila geti bætt aðstöðu þeirra að því leyti.

Mál þetta er ekki stórt eða fyrirferðarmikið. Það skiptir þó miklu máli fyrir þá sem hlut eiga að máli, þ. e. sjómennina. Verði till. þessi samþ. kallar það á röskleg vinnubrögð viðkomandi n., því að ekki má dragast að sjómenn fái þá þjónustu sem till. gerir ráð fyrir. Útgerðarfélög verða að sjálfsögðu að leggja fram fé svo að málið verði að veruleika. Þeim fjármunum er vel varið sem bæta aðbúnað þeirrar stéttar sem er undirstaða þeirrar velferðar er við nú búum við.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er ekki nokkur vafi á því í mínum huga a. m. k., að hv. þm. hreyfir hér merkilegu máli. Þetta er einn þáttur í viðfangsefni sem illa hefur verið að staðið af okkar hálfu fram til þessa. En þetta er einmitt sá þátturinn sem mjög brennur á mönnum núna og ákaflega sterkt er eftir leitað að eitthvað raunhæft verði gert í.

Í byrjun þessa þings fluttum við Alexander Stefánsson frv. um að sjómannastofur yrðu styrkhæfar samkv. félagsheimilalögum, þ. e. a. s. fengju greiddan stofnkostnað, 40%, hvort sem þær yrðu byggðar einar sér eða í tengslum við hótel eða félagsheimili eða verbúðir. Þetta frv. hefur fengið afgreiðslu í annarri þd., og ég vona að það fái afgreiðslu í þinginu. Ég var um tíma í haust að hugsa um að flytja till. í framhaldi af þessum frv.-flutningi, en hikaði þó við. Það er eins og lítið hafi sést eftir þó að menn hafi verið með tillögugerð um þetta efni á Alþ. Við gerðum einu sinni tilraun til þess nokkrir saman að flytja till. um að skora á viðkomandi ráðh. að undirbúa löggjöf um sjómannastofur sérstaklega. Hún náði ekki fram að ganga. Við skrifuðum svo ráðh. Hann setti n. í málið og hún undirbjó frv., en það var aldrei lagt fram. Ég held að það hafi þótt óaðgengilegt í viðkomandi rn., og satt að segja fannst mér það líka. Þannig hefur ákaflega lítill árangur orðið af málatilbúnaði á Alþ. um þetta efni. En eins og ég sagði, ég var þó að hugleiða till. um þetta. Þá kom félagsmálapakkinn og ég áleit að það væri alveg rakið að inn í hann kæmu einmitt þessi mál, þessi þáttur í velfarnaðarmálum sjómanna, sjómannastofurnar og raunar ýmislegt fleira. Ég er nú ekki alveg viss um að þessi þáttur sé þarna innifalinn. Ég vona það þó enn þá, en ég held samt að það hafi verið alveg fyllsta ástæða til þess fyrir hv. þm. að flytja þessa tillögu. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við hana, þar sem ég legg til að beina þessari athugun inn á fleiri þætti þessa máls. En sá tillöguflutningur minn breytir ekki því, að hv. þm., flm. þáltill. ýttu hér á þann punktinn sem nú er kannske hvað mest í sviðsljósi og ætti að vera tiltölulega einfalt að leysa ef menn fást til að taka á því.

Þjónusta við það fólk, sem er á sjónum um lengri eða skemmri tíma, er eðlilega nokkuð sérstaks eðlis. Sjómann, sem er staddur í ókunnu plássi, skortir ótalmargt af því sem þeir hafa alveg sjálfkrafa sem stunda sína vinnu í nánd við heimili sitt. Hann vantar samastað, hann vantar, eins og hv. flm. rakti, aðstöðu til þess að tala í síma, til þess að skrifa bréf, til þess að ná í blöðin, ná til fjölmiðlanna, horfa á sjónvarp, ef það er fáanlegt o. s. frv., sem sagt fjöldamargt það sem aðrir en sjómenn hafa heima hjá sér sjálfkrafa. Hér á ég við sjómenn sem eru staddir í höfnum. Svo er það sérstakt mál, eins og hv. flm. reifaði sérstaklega, hvað varðar sjómenn á höfum úti um borð í skipinu, þessum einangraða vinnustað. Og eitt af því, sem á að vera hægt að láta þar í té, er ýmiss konar afþreyingar- og fræðsluefni, eins og t. d. það sem hægt er að flytja á segulbandsspólum, hvort sem það eru myndsegulbönd eða önnur segulbönd.

Það hefur ýmislegt verið gert til undirbúnings þessum málum hér. Menn hafa, eins og hv. flm. minntist á, töluvert rætt um möguleika á því að koma sjónvarpi til sjómanna beint, sjómanna á Íslandsmiðum, sjómanna á siglingu í kringum landið. Ég man eftir að Karvel Pálmason flutti um þetta till., og ég man að n., sem undirbjó áætlun um dreifingu sjónvarps, setti fram hugmyndir um hvað þetta mundi kosta og hvernig mætti standa að slíku. Og það satt að segja kostaði svo mikið að byggja sjónvarpsstöðvar fyrir fiskimiðin að mönnum hraus hugur við að leggja í það. Fyrir utan kostnaðinn er það vitanlega svo, að sjónvarp nýtist ekki úti á fiskimiðum eða á siglingu á sama hátt og í heimahúsum, því menn ganga þar vaktir og geta ekki safnast saman við

tækið á sama hátt og fólk í landi. Þar koma myndsegulböndin til uppfyllingar, jafnvel þó að menn sæju sjónvarp. En ég er alveg sammála hv. flm., að það verður ekki til neinnar hlítar fyrr en þá ef hér kemur sjónvarp frá gervihnetti.

Það má geta þess hér, að það er eiginlega tvennt sem er að gerast þessar vikur í sambandi við sjónvarp til sjómanna úti á sjó. Annað er það, að það er kominn til landsins sendir sem verður settur upp á Arnarnesi við Ísafjörð og nær yfir það svæði sem menn kalla Hótel Grænuhlíð, þar sem skip liggja tíðum, og svo eitthvað á nálæg mið. Hins vegar er í pöntun og verið að framleiða sendi fyrir stöðina á Háfelli sem sjómenn ná af skipum við endilanga suðurströndina, eftir því sem greinargóður sjómaður hefur sagt mér. Þessi sendir mun hafa um það bil tífalt meiri orku en sá gamli svo það hlýtur að koma til góða á þessu svæði.

Á hinu leitinu var um tíma starfandi n. um þessi myndsegulbandsmál á vegum menntmrn., en hún náði ekki neinum verulegum árangri. Hún rak sig á það vandamál, sem hv. flm. minntist á, höfundarréttarmálin. Og nú hafa tveir lögfræðingar verið að grúska í þessu. Og enn má geta þess, að það eru þó nokkur íslensk skip nú þegar sem hafa tæki sem geta tekið upp sjónvarpsefni um borð og sýnt síðan. Nokkur skip, t. d. hjá Landhelgisgæslunni og eitthvað af farskipum og ég hygg líka einhver örfá fiskiskip, hafa slík tæki. Þetta er ákaflega handhægt, m. a. vegna þess sem ég minntist á áðan, að það hagar öðruvísi til um borð með það að horfa á dagskrá heldur en í landi.

Það eru nú þegar fyrir hendi nokkuð umfangsmiklar upplýsingar um þessi mál hjá nágrönnum okkar, eins og hv. flm. drap á. Þessum upplýsingum hefur verið safnað saman í sambandi við vissar athuganir hjá menntmrn., líka hjá samtökum sjómanna og enn í þriðja lagi hjá nýráðnum fulltrúa þjóðkirkjunnar sem vinnur að þessum sjómannamálum. Ég hef t. d. séð danskan samning. Það eru nokkuð margir aðilar sem standa að þeim samningi, bæði útgerðarmenn, sjómenn, höfundar og ég held útvarpsstöðvar eða þá rn. fyrir þeirra hönd o. s. frv. Og ef till. hv. þm. yrði nú afgreidd á Alþ., sem væri ekki nema mannsverk, þrátt fyrir það að hún sé seint á ferðinni, þá vona ég að þarna gæti hreyfing komist á þetta mál.

Ég verð að segja það, að það er alveg sérstaklega sorglegt hvað lítið hefur gengið hér heima og erfiðlega með rekstur sjómannastofa. Alþ. hefur veitt smástyrki, bæði stofnkostnaðarstyrki og rekstrarstyrki, til sjómannastofa. En ég held að það sé ekki ofmælt, að það er tiltölulega lítill árangur af þessum fjárveitingum og af *þeirri viðleitni sem menn hafa vissulega sýnt á ýmsum* stöðum. Þarna eiga ekki allir óskilið mál, og það eru til staðir sem hafa af myndarskap staðið að rekstri sjómannastofa, en þeir eru því miður ekki margir.

Nú hefur það komið til að Kirkjuráð hefur fyrir forgöngu biskups ráðið sérstakan starfsmann til þess að hafa forustu um þetta. Sú starfsemi er á byrjunarstigi og er mjög í mótun, en ég er alveg sannfærður um að til þessa fékkst mjög hæfur maður. Hann er kennari að menntun og eitthvað hefur hann meira unnið í skólum. Hann hefur *starfað töluvert mikið erlendis, og ég held, að hann hafi* alla burði til þess að verða hér að mjög góðu liði ef hann fær sæmilega aðstöðu til þess. En þó að Kirkjuráð telji sig geta launað manninn, þá mun vanta á að það geti látið í té fjármagn til þess að byggja upp starfsaðstöðu. En ég vona að komi út úr félagsmálapakkanum okkar ágæta einhver hjálp í þessu efni. Þarna þarf bæði að koma til hús og búnaður fyrir slíka miðstöð sem ég tel að bæði mundi hafa forustu um uppbyggingu starfs hér innanlands og jafnframt miðstöð til þess að hafa samband við stöðvar erlendis, en á því er gríðarlega mikil þörf, t. d. að koma blöðum til sjómannastofa erlendis. Það er hörmulegt til þess að vita, að enda þótt það sé bæði norrænt samstarf og alþjóðasamstarf um rekstur sjómannastofa víðs vegar og þá í þeim höfnum öllum þar sem íslensk skip koma fyrst og fremst, þá er héðan að heiman nálega ekkert samband haft við þessar stofur. Það var leitað til menntmrn. og fleiri rn., meðan ég var þar, um fjárstuðning til þess að senda út blöð. En það varð aldrei neitt úr neinu og ekkert fast samband haft við þessa staði. En t. d. til þess að senda dagblöðin á einar 10 stofur, sem þeir segja mér, sem hafa verið að skoða þetta, að væri nokkuð gott, þarf eitthvað rösklega eina millj. kr., — 1200 þús. hafa þeir áætlað.

Ég átti nýlega tal við bryta sem starfar hjá Eimskip. Einhvern tíma gerðist það að blöð voru send í einhver skipti á tiltekna sjómannastofu. Hann sagði að það hefði verið alveg ótrúlegt hvernig skipverjar hefðu farið hvað eftir annað upp á þessa sjómannastofu, sem hafði blöðin, til þess að fá fréttir að heiman. Það er reyndar ekkert ótrúlegt, því að það getur hver séð sjálfan sig í sporum þessara manna sem staddir eru í fjarlægri höfn.

Það er eitt atriði sem nú hefur hrakað í sambandi við það að hafa einhver tengsl við farmenn okkar þá sem lengst eru í burtu. Það hafa verið sendar út með morsi fréttir til skipa, og þetta er það eina samband sem skip ná eftir að þau eru komin í vissa fjarlægð frá Íslandi. En vegna einhvers ágreinings um það, hver skuli bera kostnað af þessu, hefur þessi útsending verið felld niður um sinn. Ég trúi ekki öðru en það verði á því tekið, það má til með að gera það. En þetta kostar nokkra fjármuni, — ég hygg að það kosti einar 4—5 millj. á ári. En þessi útsending næst á öllum þeim slóðum, skilst mér, sem okkar skip sigla á.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Undir niðri er veruleg hreyfing á þessu máli, og afgreiðsla þessarar till. gæti orðið til þess að betur yrði fylgt á eftir. Við hljótum að leggja áherslu á viss atriði, eins og t. d. það að koma upp einhverri forustu um samstarf. Ég er ekki á því að það eigi að vera ríkisrekstur á sjómannastofum. En ég held samt sem áður að það sé mjög þýðingarmikið að efla slíka forustu, og ég þykist sjá möguleika til þess í gegnum starfsmann Kirkjuráðs og þjóðkirkjunnar sem ég nefndi áðan, sérstaklega af því að mér líst mjög vel á manninn. *Þetta út af fyrir sig er mjög þýðingarmikið atriði, og þá á* ég við að upp kæmi forusta bæði um tengsl út á við og líka um það að laða til samstarfs ýmsa aðila innanlands sem ættu að starfa saman að þessum málum. Þar á ég m. a. við ríkið, kirkjuna, sveitarfélögin, sjómannasamtökin, samtök útgerðarmanna og ýmsa klúbba og félög. Ef tækist að laða þessa aðila til samstarfs mundu þeir verða átakamiklir.

Svo þarf vitanlega aukin framlög, ég neita því ekki, þó ég afþakki beinan ríkisrekstur á þessu sviði. Víða þarf að taka til hendi hér heima.

Sjómannastofur, þjónusta við skipin á sjónum og tengslin við erlendu sjómannastofurnar, það eru stóru þættirnir í þessu.

Ég skal ekki, herra forseti, tefja fundinn lengur, en segi það enn og aftur, að ég held að það væri mjög gott ef tækist að koma þessari till. til n. og síðan að afgreiða hana hreinlega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 93. fundur.

Mánudaginn 14. maí, kl. 2 miðdegis.

Efling þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum, þáltill. (þskj. 12, n. 633, 634, 664). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

1.-2. mgr. tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 664 felld með 23:16 atkv.
Brtt. 634 (ný 3. mgr. tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
4. mgr. tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 709).

Endurskoðun meiðyrðalöggjafar, þáltill. (þskj. 133). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. festað.

Velfarnaður sjómanna, þáltill. (þskj. 369, 389). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins, þáltill. (þskj. 377). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samvinnufélagalög, þáltill. (þskj. 465). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna, þáltill. (þskj. 469). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum, þáltill. (þskj. 514). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og til allshn. með 45 shlj. atkv.

Stefnumörkun í landbúnaðarmálum, þáltll. (þskj. 518). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til atvmn. með 46 shlj. atkv.

Fiskeldi að Laxalóni, þáltill. (þskj. 546). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.

Efri deild, 100. fundur.

Mánudaginn 14. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Leiðrétting söluskatts á leiksýningum áhugafélaga, þáltill. (þskj. 678). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 557, n. 695, 568, 696). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Bragi Níelsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar d. hefur haft 271. mál á þskj. 557 til meðferðar á allmörgum fundum og fengið til viðtals landlækni og skrifstofustjóra heilbr.- og trmrn. N. leggur einróma til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem hún leggur til að gerðar séu og um getur á þskj. 696.

Ég vil biðja hv. þm. strax í upphafi að leiðrétta eina ritvillu í upphafi 1. brtt. okkar. Þar stendur: „Heilsugæslustöðvar geta verið með tvennu móti", en ber að vera: með þrennu móti.

Þær brtt., sem n. leggur til að gerðar verði á frv., eru ekki stórvægilegar. Í fyrsta lagi að heimilt sé að ráða aðstoðarlækni á H 1 stöðvar hluta úr ári. Í gildandi lögum er þess ekki kostur nema í orlofs- og veikindatilfellum. Þetta ákvæði gæti að einhverju leyti létt nokkuð á þeirri ströngu og þrúgandi viðveruskyldu lækna í einmenningshéruðum og gert þeim kleift að sinna H-stöðvum á annatímum eða ómannaðri H 1 stöð í nágrenni. Einnig

getur þetta verið mikilvægt atriði í verstöðvum þar sem mikil fjölgun íbúa verður um skamman tíma á ári. Auk þessa gæti þetta verið kjörin námsstaða fyrir læknanema á síðasta námsári. Að áliti sérfróðra manna má ekki búast við að kostnaður af þessu geti farið yfir 20 millj. kr. á ári miðað við núgildandi verðlag — og þó sennilega miklu minna.

2. brtt. felur í sér að á Grundarfirði verði H1 stöð. Þarna er um að ræða breytingu í samræmi við till. á þskj. 568 og til skýringar að þarna er um 700 manna þorp að ræða sem er með mikil útgerðarumsvif í 48 km fjarlægð frá heilsugæslustöðinni í Stykkishólmi. N. var sammála um þessa breytingu.

Í þriðja lagi er lagt til að hlutur Raufarhafnar og Þórshafnar haldist óbreyttur frá því sem er í núgildandi lögum. Þarna er farið að tillögum heilbrigðismálaráðs Norðurlands eystra.

Í 4. brtt. er sú breyting að H 2 stöð verði á Eskifirði, og er það í samræmi við þá almennu reglu, að þegar íbúafjöldi á stað er kominn fast að 2000 skuli tveggja lækna stöð vera staðsett þar. Á þessu svæði munu nú vera milli 1800 og 1900 íbúar, og þetta mál kom fram í frv. hér á þingi í haust sem flutt var af Helga F. Seljan og Vilhjálmi Hjálmarssyni, á þskj. 50. Þá var leitað umsagna frá landlækni og héraðslækni Austurlands og voru þær báðar jákvæðar.

5. till. er um það, að í Grindavík verði H 1 stöð. Íbúafjöldi í Grindavík hefur farið hratt vaxandi og er nú um 1800. Hins vegar eru samgöngur góðar við næstu H 2 stöð, sem er í Keflavík, og vegalengdir eru ekki miklar. Það hefur vakið nokkra undrun, að ekki skuli vera komin H 1 stöð í þessum kaupstað, en aðspurður svaraði fultrúi rn. því til, að þetta stafaði af áhugaleysi heimamanna. N. hefur hins vegar haft samband við bæjarstjóra og nokkra þm. kjördæmisins og héraðslækni, og telja þeir allir, að mikill og vaxandi áhugi sé á þessu máli núna, og eru allir hlynntir breytingunni.

N. hafði íhugað fleiri brtt. við þetta frv., en við frekari athugun þeirra mála reyndist ekki grundvöllur fyrir þeim. N. leggur til að frv. verði samþ. með þessum breytingum sem ég áður hef talið.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil endurtaka það, sem hv. frsm. endaði á að taka fram, að n. hafði í raun og veru hug á því að flytja fleiri brtt. við það mál sem hér er til umr., en þar eð hún hafði ekki aðstöðu til þess að koma meiri breytingum fram, þá urðum við að láta okkur nægja það sem hér kemur fyrir ykkar sjónir. Ég tel þó að hér sé um eina mikilvæga breytingu að ræða, og hún er sú, eins og frsm. tók fram, að það er nú orðið heimilt að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári til H 1 stöðva. Mesti vandi íslensku heilbrigðisþjónustunnar í dreifbýlinu eru einmitt þeir tiltölulega fáu staðir þar sem aðeins er einn læknir. Þessi læknir er allt öðruvísi settur heldur en opinberir starfsmenn eru yfirleitt. Hann er yfirleitt bundinn við sitt starf, þegar á honum þarf að halda, og ræður því ekki sjálfur hvort hann fær sumarfrí eða ekki, og þetta hefur valdið því, að nú munu vera aðeins tveir eða þrír fastráðnir læknar á H 1 stöðvunum, sem eru 17 eða 18. Þetta sýnir best hve ástandið er orðið alvarlegt og öryggisleysið mikið fyrir það fólk sem þarna býr. Ég held að það sé mjög líklegt, að þessi setning, sem þarna er skotið inn í lögin, komi til með að breyta möguleikum þessara manna allmikið, og tel ég því að nokkuð hafi áunnist í þessu efni.

Eins og frsm. n. tók fram leggjum við einnig til að Grindavíkurkaupstaður, sem er orðinn stór kaupstaður með 1800—2000 manns og mjög mikla útgerð, verði nú H 1 stöð. Það var upphaflegur tilgangur heilbrigðisþjónustulaganna, að það yrðu miðstöðvar þar sem störfuðu tveir eða fleiri læknar, en síðan minni umdæmi sem hefðu ekki lækni með búsetu, heldur væru stunduð frá þessum miðstöðvum. Þetta hefur verið aðgengilegt og hefur gengið vel, en það eru þó viss takmörk fyrir því, hve langt þetta getur gengið. Og það er ýmist af landfræðilegum ástæðum, eins og er sums staðar úti á landi þar sem erfiðar heiðar gera það að verkum að hafa verður enn þá H 1 stöðvar í stað þess að hafa miðstöðina með fleiri læknum, og svo H stöðvar. Þegar aftur á móti íbúar eru orðnir þetta margir og umsvif mikil eins og er í Grindavík, enda þótt samgöngur séu góðar, þá virðist vera nauðsynlegt að þar fari að koma læknir með búsetu.

Ég sem sagt tel að þessar brtt. séu til bóta og vona að á næsta þingi verði bætt úr því sem ekki náðist fram núna, þ. e. með vissum breytingum á kostnaðarliðum sem ekki reyndist unnt að ganga frá nú.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil þakka n. fyrir það að hafa tekið til greina brtt. á þskj. 568 að því er varðar Grundarfjörð. Það er mjög mikill áhugi á því, eins og kom fram í framsögu um þetta mál, að þessi staður fái sérstöðu að því leyti að þar verði H 1 stöð til þess að mögulegt verði að ráða þangað lækni að hluta og bæta þá aðstöðu sem er fyrir á svæðinu. En eins og kom fram hjá frsm. er þetta mjög ört vaxandi byggðarlag og verður ekki langur tími þar til fólksfjöldi eins og nú horfir verður kominn á annað þúsund. Ég vil sem sagt lýsa ánægju yfir því, að samstaða skyldi nást um þetta veigamikla atriði.

Jafnframt vil ég vonast til þess, að hv. heilbrn. Ed. afgreiði annað mál sem liggur fyrir n. í sambandi við breytingu á heilbrigðislöggjöfinni að því er varðar kostnaðarhluta sveitarfélaga í viðhaldskostnaði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, og vænti þess, að það mál komi fyrir d. á næstu dögum.

ATKVGR.

Brtt. 696,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 568 tekin aftur.

Brtt. 696,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 696,3 samþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 696,4 samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 696,5 samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

4.—5. gr. (verða 6. — 7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, frv. (þskj. 598, n. 688). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta mál til meðferðar. Það hefur hlotið einróma afgreiðslu í Nd. og var algert samkomulag um það í landbn. þessarar d. sömuleiðis. Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir efnisatriðum málsins hér við 1. umr. svo að ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í það, en vil skýra frá því, að landbn. leggur til að frv. verði samþ. Einn nm. var fjarstaddur þegar málið var afgreitt, Bragi Sigurjónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, frv. (þskj. 597 (sbr. 76), n. 687). — 2. umr.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Þetta frv. um veðdeild Búnaðarbanka Íslands hefur fengið sömu meðferð í Nd. og það frv. sem ég gerði grein fyrir áðan. Það var afgreitt úr d. samhljóða og óbreytt að öðru leyti en því, að gerðar voru breytingar á dagsetningu í samræmi við till. landbn. þar. En vegna fjarveru hv. 3. þm. Austurl., sem er í raun og veru frsm. n. í þessu máli, en er nú veðurtepptur austur á landi, tala ég fyrir nál. hér og nú.

Það er eins með þetta mál, að hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því hér og ég sé ekki ástæðu til að fara út í efnisatriði. En landbn. þessarar hv. d. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. (þskj. 570, n. 667, 705). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. mælir með því, að frv. verði samþ., og byggir þá afstöðu sína á því, að það sé eðlilegt og rétt að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi einkasölu á vörum til framleiðslu á áfengi. Jón G. Sólnes leggur til að frv. verði fellt. Karl Steinar Guðnason og Eyjólfur K. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ég held að þau blaðaskrif og bréfaskriftir, sem orðið hafa í sambandi við þetta frv., séu sterkari rök fyrir þessu áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. heldur en langt mál. En meiri hl. vill láta það koma fram, að þarna sé ekki aðeins um fjárhagsmál að ræða, heldur einnig heilbrigðismál, mjög alvarlegt heilbrigðismál sem virðist vekja vaxandi athygli á alþjóðavettvangi. Nægir þar að benda á yfirlýsingar sem komið hafa nú nýlega, m. a. frá Alþjóðaheilbrigðimálastofnuninni eða forstöðumanni hennar og heilbrrh. Bandaríkjanna.

Lögð hefur verið hér fram till. til rökstuddrar dagskrár frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni og Eyjólfi K. Jónssyni um að vísa þessu máli til ríkisstj. Ég vil síður en svo draga úr því, að áfengislöggjöfin verði endurskoðuð í þeim tilgangi að draga úr áfengisneyslu þjóðarinnar, stuðla að hófsemi í meðferð áfengra drykkja, efla bindindi í landinu og auka aðstoð við drykkjusjúklinga. En ég held að þetta allt sé hægt að gera þó að þetta frv. sé samþ. og það eigi miklu frekar að stuðla að því, að árangri verði náð í þessum málum, ef þetta frv. nær fram að ganga. Það má ekki draga úr aðgerðum, sem við teljum réttar, enda þótt æskilegt sé að rannsaka mál og skoða þau til hlítar, en það er hægt að gera, eins og ég sagði, þó að þetta frv. sé samþykkt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 6. þm. Suðurl. og frsm. hv. fjh.- og viðskn., lét þess getið, að við hv. 5. þm. Norðurl. v. hefðum borið fram till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 705. Þessi rökstudda dagskrá byggist á því, að eitt af okkar stærstu vandamálum í dag sé áfengisvandamálið. Ég hygg að flestir séu sammála um það. En áfengisvandamálið liggur fyrst og fremst í því, að það er neytt of mikils áfengis. Það er frumorsök þessa mikla vandamáls. Úrbætur í þessu vandamáli þýða því við óbreytt skipulag að tekjur ríkissjóðs af áfengissölu minnka. Ef okkur er alvara að ráða við það vandamál, sem áfengi skapar í þessu landi, verðum við að gera okkur grein fyrir því, að það þýðir minni tekjur ríkissjóðs en nú er. Og meira en það. Við verðum að gera okkur grein fyrir því og sætta okkur við það fyrir hönd ríkissjóðs, að ef við ætlum að ná árangri í áfengismálunum hlýtur hin æskilega þróun að vera sú, að ríkissjóður byggi sem minnst á tekjum af áfengissölu.

Mér virðist að það sé ljóst og rökrétt sem ég hef hér sagt. Þess vegna kemur tilgangur þessa frv., sem hér er til umr., þvert á þessa hugsun, en hann er sá að auka tekjur ríkissjóðs af áfengissölu eða firra hann hugsanlegri minnkun á tekjum af áfengissölu. Það er vegna þessa sem við flm. hinnar rökstuddu dagskrár á þskj. 705 sjáum okkur ekki fært að fylgja því frv. sem hér er til umr. Við teljum hins vegar að það sé mikil þörf á því að endurskoða áfengislöggjöfina í heild með þau markmið í huga sem fram eru tekin í hinni rökstuddu dagskrá.

Hv. 6. þm. Suðurl. sagði hér áðan: Þetta er allt hægt að gera þótt frv. nái fram að ganga. — Gott og vel. En hvers vegna þarf frv. að ná fram að ganga áður en það er gert sem hin rökstudda dagskrá fer fram á? Það þarf að ná þeim tilgangi frv. að auka tekjur ríkissjóðs af áfengissölu. Þetta er ekki nægileg ástæða til þess að vera á móti því að fram fari heildarendurskoðun á áfengislöggjöfinni. Og ég held raunar að ráðamenn þurfi að fara að gera sér grein fyrir, ef þeir hafa þá skoðun að það þurfi að ráðast til atlögu við áfengisvandamálið, að þeir þurfi að fara að venja sig við þá tilhugsun að tekjur ríkissjóðs minnki. En höfuðatriðið er það, að áfengislöggjöfin verði endurskoðuð í þeim tilgangi sem við leggjum til. Við leggjum svo mikla áherslu á það, að við leggjum til að því verki verði svo hraðað að árangur þess geti orðið lagður

fyrir Alþ. þegar í byrjun næsta þings. Og við teljum að það séu eðlileg vinnubrögð, ef Alþ. fellst á þetta sjónarmið, að það sé ekki verið að krukka í áfengislöggjöfina og allra síst með þeim hætti og sérstaklega í þeim tilgangi sem frv. það, sem hér er til umr., byggist á.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Eins og kemur fram í nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. þesarar d. hef ég lýst því yfir, að ég legg til að þetta frv. verði fellt, því að ég er algerlega á móti ákvæðum frv. Eins og ég tók fram í ræðu minni þegar þetta frv. var í þessari hv. d. til 1. umr., þá taldi ég að það mundi ekki þjóna neinum tilgangi að samþykkja þetta frv.

Ég vil ítreka þá skoðun mína, að flutningur þessa frv. er viðurkenning á þeirri staðreynd, að það eru framleiddir með þjóðinni í stórum stíl áfengir drykkir án þess að ríkið hafi af því nokkrar teljandi tekjur, og umbúðalaust má segja það, að flutningur þessa frv. miði ekki endilega að því að hindra að þjóðin neyti áfengis, heldur að slík framleiðsla og slík neysla fari ekki fram nema goldinn sé af því tilskilinn skattur til ríkisins. Það er alveg umbúðalaust tilgangurinn, það þýðir ekkert að vera að kalla það neinu öðru nafni. Keisarinn vill fá það sem keisarans er í þessu máli. Í öllum greinum frv. og í öllum aths., sem fylgja frv., er þetta höfuðatriðið, að setja undir þann leka hjá ríkissjóði sem felst í framleiðslunni á vökvanum sem framleiddur er með þeim ágætu tækjum, sem almenningi hefur verið gert kleift að útvega sér, og úr efninu, sem m. a. var niðurgreitt ásamt öðrum neysluvörum almennings og ríkisstj. taldi vera frumskyldu sína að sjá um, því að það var eitt af hennar fyrstu verkum þegar hún kom til valda.

Í sambandi við þá till., sem hér hefur verið flutt til rökstuddrar dagskrár, segi ég fyrir mitt leyti að ég mundi af tvennu geta vel hugsað mér að greiða þeirri till. atkv., því að ég vil heldur vísa þessu máli til ríkisstj. en að láta það ná fram að ganga. Ég vil þó láta það koma skýrt fram, að ég er ekki alfarið samþykkur þeim forsendum sem fylgja þessari till. um rökstudda dagskrá.

Ég er það raunsær að mér finnst felast í því mikil óskhyggja, að það sé æskileg þróun að ríkisstj. byggi sem minnst á tekjum af áfengissölu. Ég held að hvorki hv. flm. þessarar till. né alþm. almennt geti nokkru breytt um það að áfengisneysla haldi áfram með þjóðinni. Og meðan hún heldur áfram sé ég ekkert athugavert við að þetta sé góður og gildur skattstofn handa ríkissjóði. Ég sé ekkert athugavert við að ríkissjóður fái gjald af þessari munaðarvöru, og má vera veigamikill tekjustofn að mínu mati hjá ríkissjóði gjald af munaðarvöru sem alveg er útilokað að komast hjá að þjóðin neyti. Ég sé ekkert athugavert við að sá háttur sé á hafður, enda er þetta viðurkennd tekjuöflunarleið hjá öllum hinum vestrænu þjóðum og öllum menningarþjóðum, — einn af sterkustu og traustustu tekjustofnunum fyrir þjóðfélagið, og ég sé ekkert athugavert við það.

Hins vegar finnst mér, eins og ég benti á við 1. umr. þessa frv., ekki til nema ein leið til þess að mæta þeim tekjumissi sem ríkissjóður verður fyrir vegna hinnar miklu framleiðslu á öllum tegundum áfengra drykkja hjá þjóðinni, bæði öli, vínum og öðru, og hún er sú að taka upp eðlilega samkeppni. Það á að hafa áfengt öl til sölu og dreifingar hjá ríkinu, og ef einstaklingurinn skapar svona sterka samkeppni í sambandi við framleiðsluna, þá teldi ég ekki úr vegi fyrir Áfengisverslun ríkisins að lækka til að mynda svolítið verðið á léttu vínunum. Ég fullyrði að ef almenningur ætti þess kost að kaupa t. d. venjulegt létt áfengt öl, sem hefði t. a. m. áfengisstyrkleika 3—3.5%, jafnvel með því ránverði sem mundi verða á þessum drykk eftir að ríkisvaldið væri búið að handfjalla hann og leggja á hann, þá mundu menn ekki nenna að standa í því að brugga, menn mundu glaðir fara út í búðina og borga veigarnar margföldu verði, ef þetta væri fáanlegt á markaðnum. Lausnin á þessu máli er því ekki að flytja frv. til l. um að stofna til einkasölu á einhverjum gerlum og sveppadóti sem notað er í sambandi við þetta. Það fer helmingur þjóðarinnar í siglingu á hverju ári, og mér hefur verið sagt af kunnugum mönnum að maður geti stungið í vasann umslagi sem dugi til framleiðslu á ég veit ekki hve mörgum þúsundum lítra af þessu dótarii, svo að þá sjá allir hvaða gagn er að svona frv.

Nei, ég held að það sé langsamlega best fyrir þá aðila, sem hér eiga hlut að máli og eiga að sjá um þetta, að viðurkenna einfaldlega blákaldar staðreyndir. Það er bruggað og það er bruggað í stórum stíl. Við skulum útiloka bruggið með því að hafa þessar vörur til sölu á frjálsum markaði við sæmilegu og sanngjörnu verði.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil aðeins ítreka stuðning minn við þær hugmyndir, sem koma fram í þessari rökstuddu dagskrá um endurskoðun á áfengislöggjöfinni, og vil lýsa yfir, að ég mundi með mikilli ánægju standa að flutningi þáltill. um slíka endurskoðun með hv. flm. þessarar dagskrártillögu. Ég tel að með því getum við náð því sama markmiði.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði að ríkissjóður þyrfti að venja sig á þá staðreynd, að tekjur ríkissjóðs minnki af áfengissölu því að það þurfi að draga úr henni. Ég lét það koma hér fram, það var álit meiri hl. fjh.- og viðskn., að það væri æskilegt að úr henni væri dregið, og við teljum að þetta frv. sé ekki fyrst og fremst til þess að örva áfengissölu eða slíkt, heldur þvert á móti. En þó að hagnaður af áfengissölu renni til ríkissjóðs, — allur hagnaðurinn, þá er þrátt fyrir það jákvætt fyrir ríkissjóð að þessar tekjur minnki, því að útgjöld ríkissjóðs vegna áfengisneyslunnar eru áætluð a. m. k. helmingi meiri en þær tekjur sem hann hefur af áfengissölunni, og sums staðar erlendis er þetta talið jafnvel enn þá meira. Hér hefur þetta verið varlega áætlað þannig að það er jákvætt fyrir afkomu ríkissjóðs að tekjurnar minnki, ef það er vegna þess að raunverulega dragi úr áfengisneyslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 701). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef ásamt þrem hv. þm. leyft mér að flytja á þskj. 701 frv. um breyt. á l. nr. 83 18. maí 1979, um jöfnunargjald. Meðflm. að frv. þessu eru hv. 6. þm. Suðurl., hv. 8. landsk. þm. og hv. 3. landsk. þm.

Þetta frv. á sér þann aðdraganda, að á síðasta þingi voru samþykkt lög um jöfnunargjald. Þar er svo kveðið á

að við innflutning vöru, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af og tollfrjálsar verða 1. jan. 1980 samkv. ákvæðum samnings um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE), skuli greiða 3% jöfnunargjald.

Lög þessi voru sett til að jafna samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar gagnvart iðnaði landa EFTA og EBE vegna ólíkra söluskattskerfa. Vegna þeirra uppsöfnunaráhrifa, sem það söluskattskerfi, sem í gildi er hér á landi, hefur í för með sér, er í verði vöru, sem flutt er út frá Íslandi, innifalinn ákveðinn söluskattur, en aftur á móti ekki í vöru sem flutt er frá landi þar sem virðisaukaskattkerfið gildir. Samkeppnisaðstaða framleiðenda, er búa við svo ólík söluskattskerfi, er því að þessu leyti ójöfn. Ef jafna á stöðu íslenska framleiðandans verður því að endurgreiða honum þann söluskatt sem innifalinn er í útflutningsverði, eins og nú er gert með tilkomu tekna af verðjöfnunargjaldi.

Við söluskattskerfi eins og það, sem við búum við, safnast upp söluskattur einnig á margvíslega framleiðslustarfsemi og þjónustu fyrir innlendan markað. Þegar hliðstæð vara er flutt inn frá landi þar sem virðisaukaskattkerfi gildir, þá flyst hún inn í landið án uppsöfnunaráhrifa söluskatts og er að því leyti betur samkeppnisfær í verði en innlend vara, þar sem í verði hennar gætir uppsöfnunaráhrifa söluskatts vegna þess skattkerfis sem við búum við. Ef jafna ætti samkeppnisaðstöðu vara þessara hér á innlendum markaði hvað söluskattsáhrif á verð snertir verður að leggja gjald á innfluttu vöruna er svarar til þess uppsafnaða söluskatts sem falinn er í verði innfluttu vörunnar. Þyki hins vegar ástæða til að undanþiggja jöfnunargjald innfluttrar vöru, sem íslenskur iðnaður á í samkeppni við, eins og nú á sér stað t. d. að því er varðar veiðarfæri og fiskumbúðir, verður samkeppnisaðstaða þeirrar framleiðslu ójöfn samkeppnisaðstöðu annarrar iðnaðarframleiðslu sem keppir við innflutning. Er því eðlilegt að ná hliðstæðum jöfnuði með því að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt af framleiðslu þessara vara séu þær framleiddar innanlands, svo sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Þetta er kannske ekki stórt mál í sjálfu sér, en er stórt mál að því leyti, að það er ekki hægt að una því í þeim tilvikum, sem hér er um ræða, að íslenskur iðnaður sæti verri aðstöðu en erlendur iðnaður. Með tilliti til þessa er frv. þetta flutt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 143, n. 677). — 2. umr.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta frv. til meðferðar. Hún sendi það Háskóla Íslands, Hæstarétti og Lögmannafélagi Íslands til umsagnar. Hæstiréttur gaf ekki umsögn um málið og umsögn Lögmannafélagsins var neikvæð. Aftur á móti kom það fram í umsögn lagadeildar Háskóla Íslands, að lagadeildin telur æskilegt að sett verði sérstök löggjöf um framkvæmd eignarnáms, en álítur að hún þurfi þá að vera nokkru fyllri en frv. er og þar er tekin til meðferðar og ákveðin fleiri atriði en í því felast. N. féllst á þetta sjónarmið lagadeildar og leggur til að frv. verði vísað til ríkisstj., en með þeim tilmælum að hún láti undirbúa löggjöf um þetta efni.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. hef ég sem 1. flm. þessa frv. talið mig allsæmilega ánægðan með þá afgreiðslu sem hér er höfð á máli þessu, þar sem því er vísað til ríkisstj. með þeim tilmælum að hún láti undirbúa löggjöf um þetta efni. Sannleikurinn er líka sá, að ég var fyrst og fremst og við, sem fluttum þetta frv., að vekja á því athygli og reyna að þoka því til vegar að hér þarf að setja um eignarnám nákvæmari og betri löggjöf en til er, og ég get fullkomlega fallist á það, að rétt sé að undirbúa hana betur en við flm. höfðum tækifæri til. Þess vegna get ég fallist á að þessi meðferð sé höfð á málinu, en vænti þess að sjálfsögðu, að það komi aftur fyrir Alþ. í fullkomnari og betri mynd hið fyrsta.

ATKVGR.

Till. á þskj. 677 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 14 shlj. atkv.

Öryggi á vinnustöðum, frv. (þskj. 647). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1977 var undirritað samkomulag hinn 19. apríl 1977 milli Alþýðusambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar um að fara þess á leit við ríkisstj., að hún hlutaðist til um að skipuð yrði nefnd til þess að semja nýtt lagafrv. um aðbúnað, hollustuhætti og vinnuumhverfi verkafólks almennt. Í samkomulagi þessu var enn fremur tekið fram:

að í nýrri löggjöf um þetta efni yrði ákveðið að ein eftirlitsstofnun sjái um framkvæmd laganna í stað þeirra sem nú heyra undir ýmis rn.,

að í lögunum verði ótvíræð ákvæði um skyldu eftirlitsstofnunar til þess að banna vinnu verkafólks á þeim vinnustöðum sem ekki eru búnir í samræmi við lög, reglugerðir eða fyrirmæli eftirlitsstofnunar,

að nefndin verði skipuð fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og sérfróðum mönnum í þessum málum,

að gerð verði sérstök könnun og úttekt á ástandi aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustöðum, og loks,

að gert væri ráð fyrir að nefndin lyki störfum innan 12 mánaða.

Í júní 1977 gaf þáv. ríkisstj. út yfirlýsingu þar sem staðfest er framangreint samkomulag aðila vinnumarkaðarins. Í framhaldi af þeirri ákvörðun ríkisstj. skipaði þáv. félmrh. hinn 14. sept. 1977 nefnd til að semja frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Formaður var skipaður Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri, en ásamt honum voru skipaðir Bolli B. Thoroddsen hagræðingarráðunautur, Karl Steinar Guðnason formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og Guðjón Jónsson formaður Málmiðnaðarsambands Íslands, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Barði Friðriksson hrl. og Geir Þor-

steinsson verkfræðingur, tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, Júlíus Kr. Valdimarsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Friðgeir Grímsson öryggismálastjóri, tilnefndur af Öryggiseftirliti ríkisins, og Hrafn V. Friðriksson forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, tilnefndur af Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

Nefndin tók þegar til starfa og hélt sinn fyrsta bókaða fund 21. sept. 1977, en alls urðu bókaðir nefndarfundir 60 talsins, auk þess sem fjallað var um einstök mál og efnisatriði af undirnefndum milli reglulegra funda.

Hinn 20. apríl 1979 afhenti nefndin mér frv. það sem hér liggur fyrir. Standa að því átta af níu nm., sem hafa einróma orðið sammála um allar greinar frv. og aths. er því fylgja. Einn nm., Hrafn V. Friðriksson, skilaði séráliti sem prentað er sem sérstakt fskj. með frv.

Eins og hv. þm. sjá er frv. þetta mjög ítarlegt og eru í því mörg athyglisverð nýmæli og breytingar frá eldri lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þ. e. frá lögum nr. 23 frá 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, og lögum nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Frv. þessu fylgir ítarlegur inngangur og almennar aths. auk aths. við einstakar greinar.

Í skipunarbréfi nm. segir að stefnt skuli að því, að ný lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum taki gildi eigi síðar en 1. jan. 1979. Eins og hv. þm. sjá er í frv. þessu gert ráð fyrir, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1980 eða ári síðar en stefnt var að í upphafi, og er það af ástæðum sem ég mun hér greina frá. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m. a. svo:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir því, að næstu mánuði verði gerð sérstök athugun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Athugun þessi mun ná til ákveðins og takmarkaðs fjölda vinnustaða og skal gerð í því skyni að knýja á um úrbætur á aðbúnaði og öryggi á vinnustöðum. Gert er ráð fyrir því, að nefndin leggi á ráðin um þessa könnun og fylgist með henni, og skal hafa niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar við undirbúning lagasetningar um það mál sem hér er um fjallað."

Þegar til kastanna kom reyndist mjög tímafrekt að koma athugun þessari af stað, enda þótt ákveðið hefði verið strax á fyrsta fundi nefndarinnar 21. sept. 1977 að aðilar vinnumarkaðarins kæmu sér saman um hvaða vinnustaði skyldi athuga og að Heilbrigðiseftirlitið og Öryggiseftirlitið skyldu síðan sjá um framkvæmd hennar. Á fundi í nefndinni 13. jan. 1978 var lagður fram sameiginlegur listi fulltrúa ASÍ og atvinnurekenda í nefndinni yfir 160—170 fyrirtæki víðs vegar um landið sem fyrrgreind könnun skyldi taka til.

Af ýmsum ástæðum, sem ekki munu hér tíundaðar, komst könnun þessi bæði seint af stað og miðaði miklu hægar áfram en vonir þeirra nm., sem að frv. þessu standa, höfðu staðið til. Nefndin hefur lagt á ráðin um könnun þessa bæði með ákvörðun úrtaks þeirra fyrirtækja, sem skoðuð skyldu, og hverra upplýsinga skyldi leitað um ástand varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þessara fyrirtækja. Nánari útfærsla og framkvæmd sjálfrar könnunarinnar hefur hins vegar verið sameiginlega hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Öryggiseftirliti ríkisins. Því verki er um það bil að ljúka. Úrvinnsla úr gögnum varðandi könnunina er ekki hafin enn þá og ekki er vitað hvenær niðurstöður könnunarinnar liggja endanlega fyrir. Engu að síður telja nm. þeir, sem að frv. þessu standa, að niðurstöður könnunarinnar muni ekki breyta neinu um gerð eða efni frv. þessa, en þær muni hins vegar verða ómissandi við samningu reglugerðar og reglna sem kveðið er á um í frv. að settar skuli, enda beri að hafa í huga að hér sé um rammalöggjöf að ræða þótt hún sé sem slík vissulega mjög ítarleg.

Í aths. við frv. þetta er tekið fram að nefndin hafi gert sér far um að einfalda frv., forðast skörun við önnur lög og leitast við að skilgreina hugtök, sem um er fjallað í frv., eins nákvæmlega og henni hefur verið unnt.

Við samningu frv. hafa fyrst og fremst verið hafðar í huga íslenskar aðstæður, en einnig m. a. verið höfð hliðsjón af nýlegri löggjöf um sama efni í Danmörku, Noregi og Svíþjóð svo og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þá hefur verið stuðst við drög að frv. til l. um vinnuvernd, er nefnd, sem Hjálmar Vilhjálmsson fyrrv. ráðuneytisstjóri var formaður í, vann að á árunum 1973—1975 í samræmi við málefnasamning þáv. ríkisstj. Lög nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, með síðari breytingum hafa verið höfð til hliðsjónar við samningu frv. svo og lög nr. 12 frá 17. mars 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerð nr. 45 frá 1972, lög nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu, ásamt fjölda annarra laga og reglugerða, sbr. fskj. I er fylgir frv. þessu.

Ýmis ákvæði í gildandi lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum hafa verið tekin efnislega upp í lagafrv., svo sem ýmsar skilgreiningar, en í samræmi við þá ákvörðun nefndarinnar að vinna með frv. að rammalöggjöf er í frv. gert ráð fyrir að ýmis ákvæði laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum verði felld inn í reglugerðir og reglur sem settar verði í samræmi við ákvæði frv. Gert er ráð fyrir að við setningu reglugerðar verði, eins og áður er að vikið, höfð hliðsjón af niðurstöðum vinnustaðakönnunar.

Nefnd sú, sem samdi frv. þetta, hefur, meðan hún vann að samningu þess, leitað samráðs við fjöldamargar stofnanir og einstaklinga, bæði þá, sem lögum samkv. eiga að hafa eftirlit á vinnustöðum hér á landi, og enn fremur þá, sem eiga að hafa eftirlit með starfsemi sem lagt er til að verði undanþegin lögunum, þ. e. Siglingamálastofnun ríkisins og Loftferðaeftirlit ríkisins, varðandi sameiginleg málefni. Hér má til nefna Bifreiðaeftirlit ríkisins, Búnaðarfélag Íslands, eiturefnanefnd, Flugmálastjórn (loftferðaeftirlit), Framleiðslueftirlit sjávarafurða, Hagstofu Íslands, heilbr.- og trmrn., landlæknisembættið, Rafmagnseftirlit ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins, og yfirdýralækni. Enn fremur hefur verið haft samband við ýmsa sérfræðinga í rn., svo sem landbrn., menntmrn. og iðnrn., og enn fremur við nefnd þá sem endurskoðar lög nr. 12 frá 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Við samningu þessa frv. hefur nefndin unnið samkv. því meginsjónarmiði, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum verði sem allra mest innan vinnustaðanna sjálfra. Í frv. þessu er í samræmi við samkomulagið frá 19. apríl 1977 lagt til að ein stofnun, sem nefnd er Vinnueftirlit ríkisins, sjái um framkvæmd laganna, ef lögfest verða, sbr. XII. kafla frv. Í þessu sambandi er lögð rík áhersla á nauðsyn náins samstarfs allra þeirra aðila sem hafa eftirlit á vinnustöðum til þess að komið verði í veg fyrir tvöfalt og oft margfalt eftirlit með sama þætti á vinnustað, eins og nú vill brenna við.

Eins og segir í hinum almennu aths. sem fylgja frv. þessu, er gildissvið laganna rýmkað frá lögum nr. 23 frá 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, og gilda þau um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri starfsmenn vinna, og einnig um þá starfsemi, þar sem eigandi vinnur einn í fyrirtæki sínu. Lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum taka aðeins til starfsemi þar sem tveir starfsmenn eða fleiri vinna. Frv. tekur til skrifstofuvinnu og vinnu við landbúnaðarstörf sem undanskilin eru í lögum nr. 23 frá 1952. Á sama hátt og er í þeim lögum eru siglingar, fiskveiðar og loftferðir undanþegin í þessu frv.

Samkv. gildandi lögum fer dómsmrn. með mál er varða öryggisgæslu á vinnustöðum og Öryggiseftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 73 28. maí 1969 og auglýsingu um reglugerð nr. 96 1969, um Stjórnarráð Íslands. Í frv. er lagt til að félmrh. fari með mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er það í samræmi við skipun nefndarinnar og þá skoðun hennar, að þessi mál eigi að heyra undir félmrn., enda falla málefni vinnumarkaðarins undir það rn.

Frv. sjálft er, eins og hv. þm. sjá, í 16 köflum og 100 greinum, skipt niður eftir efni.

Í I. kaflanum er fjallað um tilgang og gildissvið laganna og eins og ég áður gat um er gildissviðið rýmkað verulega frá því sem er í gildandi lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

II. kafli laganna fjallar um öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja og samskipti atvinnurekenda og starfsmanna. Hér er lögð á það meginhersla, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi verði sem allra mest innan fyrirtækjanna sjálfra og að atvinnurekendur og starfsmenn skipuleggi sameiginlega á vinnustöðum ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Eru ákvæðin um þetta að verulegu leyti nýmæli.

Í III. kafla er fjallað um öryggisnefndir sérgreina og er þar að finna ýmis nýmæli, svo sem að gert er ráð fyrir að aðilar vinnumarkaðarins stofni öryggisnefndir í hinum ýmsu starfsgreinum sem fái m. a. til umsagnar nýjar reglugerðir og reglur, sem settar verða, og leggi jafnframt fram hugmyndir og till. um breytingar á gildandi reglum varðandi hlutaðeigandi starfsgreinar.

Í IV. kafla er fjallað um almennar skyldur, þ. e. skyldur atvinnurekenda, verkstjóra, starfsmanna, seljenda, verktaka o. fl. Í þessum kafla eru skyldur atvinnurekenda ítarlega skilgreindar. Hið sama gildir um skyldur verkstjóra, starfsmanna svo og þeirra sem selja, setja upp, gera við, lána út, leigja eða hanna vélar, tæki, áhöld og annan búnað sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.

Þá er í þessum kafla að finna nýmæli um að leiðbeiningar um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skuli vera á íslensku og varðandi merkingar véla og tækja svo og ákvæði um skyldu hönnuða og ráðgjafa. Jafnframt er kveðið svo á í þessum kafla, að reglur varðandi búnað skuli gilda um meðferð hættulegra efna og vara.

Í V. kafla er fjallað um framkvæmd vinnu. Er þar að finna fyllri ákvæði um það efni en eru í gildandi lögum. Í kaflanum er gert ráð fyrir að stjórn Vinnueftirlits ríkisins setji nánari reglur um hvaða kröfur skuli uppfylltar varðandi skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu. Að fylgja skuli viðurkenndum stöðlum er nýmæli í frv. sem þessu hér á landi, en þar sem staðlar eru sífellt að færast nær því að vera samnorrænir eða nánast alþjóðlegir þykir þeim, sem samið hafa frv., rétt að tekið sé mið af þeim auk þess sem notkun staðla vísi til samræmingar og einföldunar.

Í VI. kafla er fjallað um vinnustaðinn og er þar að finna skilgreiningu á hugtakinu vinnustaður, sem er nýmæli. Þá er kveðið á um það, hvernig vinnustaður skuli úr garði gerður, og fjallað um reglur og fyrirkomulag fastra og bráðabirgðavinnustaða.

Í VII. kafla er fjallað um vélar, tækjabúnað o. fl. Þar eru skilgreiningar á fimm flokkum véla og ná þær yfir allar vélar sem knúðar eru af öðrum vélum eða knýja aðrar vélar. Skilgreiningar þessar eru ekki til annars staðar svo að vitað sé. En þær auðvelda setningu á reglum og reglugerðum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi þeirra sem starfa við eða eru í nánd við vélar. Í kafla þessum er það nýmæli í íslenskum, lögum, að banna megi framleiðslu og innflutning á hættulegum búnaði. Í gildandi lögum er tíðni skoðana fastbundin minnst einu sinni á ári. Þessar reglur hafa um of bundið hendur Öryggiseftirlits ríkisins miðað við mismunandi þarfir; m. a. fyrir strjálli skoðanir. Samkv. ákvæðum í þessum kafla hefur Vinnueftirlit ríkisins frjálsar hendur að setja reglur í samræmi við raunverulegar þarfir auk þess sem gert er ráð fyrir mun víðtækara starfssviði, svo sem varðandi farandvélar, farandvinnuvélar og búvélar.

Í VIII. kafla er fjallað um efni og vörur sem geta verið hættuleg eða á annan hátt stofnað heilsu manna og öryggi í voða. Um slík efni og vörur gilda ákvæði laga nr. 85 frá 31. des. 1968, um eiturefni og hættuleg efni. Í 20. gr. þeirra laga segir að öryggismálastjóri hafi eftirlit um framkvæmd ákvæða laganna svo fremi það sé í verkahring hans. Í þessum kafla frv. er gert ráð fyrir að forstjóri Vinnueftirlits ríkisins taki við þessu hlutverki, og í kaflanum eru ákvæði sem skilgreina skyldur Vinnueftirlits ríkisins nánar í þessu tilliti. Í kafla þessum er sú skylda lögð á Vinnueftirlit ríkisins að gefa út leiðbeiningar um ýmis atriði er varða hættuleg efni og vörur, og enn fremur er gert ráð fyrir að stofnunin geti í samráði við heilbrigðisyfirvöld og aðra aðila, eins og t. d. Iðntæknistofnun Íslands, bannað framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og vara. Yfirleitt má segja að í kafla þessum sé að finna ítarlegri ákvæði um hættuleg efni og vörur en eru í lögum nr. 23 frá 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum að því er varðar meðferð þeirra á og hugsanleg áhrif á starfsmenn og starfsumhverfi.

Í IX. kaflanum er fjallað um hvíldartíma og frídaga. Samfelldur lágmarkshvíldartími skal vera 8 klukkustundir samkv. gildandi lögum. Samkv. ákvæðum þessa kafla á hann að vera 10 klukkustundir. Gert er ráð fyrir að leyfð séu ákveðin frávik frá þessu atriði þegar nauðsyn ber til, en slíkt er háð samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og samþykki Vinnueftirlits um framkvæmd. Þá eru í þessum kafla ítarleg ákvæði um vikulegan frídag og frávik frá honum. Meginstefnan í þessum kafla er að lágmarkshvíldartími er lengdur. Hins vegar þykir óhjákvæmilegt að hafa þar ákvæði sem leyfa viss frávik vegna sérstakra aðstæðna og atvinnuhátta.

Akvæðin í kaflanum varðandi samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd eru til áréttingar um að samtök launþega og atvinnurekenda geri samkomulag sín á milli um nánari útfærslu hvíldar- og frídagaákvæða, sbr. ákvæði þau sem þegar er að finna um hlið-

stæð efni í samningum ýmissa stéttarfélaga.

Í X. kafla er fjallað um vinnu barna og unglinga og eru þau mun ítarlegri en núgildandi ákvæði í lögum nr. 23 frá 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Með ákvæðunum í þessum kafla er leitast við að tryggja að börn og ungmenni vinni ekki störf sem eru hættuleg heilsu þeirra eða þroska, en jafnframt viðurkenndur réttur þeirra til þess að fá vinnu við sitt hæfi. Á þetta bæði við tegund starfs og lengd vinnutíma.

Í XI. kafla um heilsuvernd, læknisskoðanir og aðrar rannsóknir er fjallað um atvinnusjúkdómavarnir. Gert er ráð fyrir að sú starfsemi verði innan heilbrigðiskerfisins og sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum verði falin heilsuvernd starfsmanna í samræmi við gildandi lög um heilbrigðisþjónustu. Eru þessi ákvæði mun ítarlegri en er í gildandi lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Í samræmi við tilgang frv. um að vandamál varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi sé hægt að leysa innan vinnustaðanna sjálfra er í þessum kafla áréttuð skylda Vinnueftirlits ríkisins til að hlutast til um að einstökum starfsmönnum eða hópum starfsmanna sé veitt fræðsla um þau atriði í starfsumhverfi þeirra, sem geta verið hættuleg, þegar skilyrði teljast varasöm heilsu þeirra eða öryggi.

Í XII. kafla er fjallað um Vinnueftirlit ríkisins. Með stofnun Vinnueftirlits ríkisins er leitast við að færa undir eina stofnun allt eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum sem lög þessi ná til. Slíkt eftirlit hefur hingað til verið í höndum fleiri stofnana og rn., en það fyrirkomulag hefur leitt til margvíslegra vandkvæða og öryggisleysis í framkvæmd. Hlutverk Vinnueftirlits ríkisins er ítarlega skilgreint í XII. kafla laganna og er þar m. a. kveðið svo á að ráðh. skuli skipta stofnuninni í deildir og landinu í eftirlitssvæði. Ég vil í því sambandi vekja athygli hv. þm. á að samkv. 4. mgr. 73. gr. frv. skal ráðh. skipta Vinnueftirlitsstofnuninni í deildir, svo sem rekstrardeild, eftirlitsdeild, fræðslu- og upplýsingadeild, brunamáladeild, atvinnusjúkdóma- og heilsugæsludeild o. fl., að fengnum till. stjórnar stofnunarinnar, og verða nánari ákvæði um framkvæmd deildaskiptingar þessarar settar með reglugerð.

Um eftirlitsstörf eru almenn ákvæði, en gert er ráð fyrir að ráðh. setji stofnuninni starfsreglur. Þessi almennu ákvæði hafa hins vegar verið skert og færð í form sem talið er að geti hentað einnig í afbrigðilegum tilvikum. Er stefnt að því, að Vinnueftirlit ríkisins geti betur komið á umbótum en reynst hefur kleift samkv. gildandi lögum.

Í þessum kafla er gert ráð fyrir að stjórn Vinnueftirlits ríkisins sé skipuð sjö mönnum: Alþýðusamband Íslands tilnefni þrjá stjórnarmenn, Vinnuveitendasamband Íslands tvo og Vinnumálasamband samvinnufélaganna einn og ráðh. skipi einn stjórnarmanna án tilnefningar. Er þetta með svipuðum hætti og er um skipun Öryggisráðs samkv. núgildandi lögum og í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að forstöðumenn eða talsmenn BSRB hafa gert aths. varðandi stjórn stofnunarinnar. Þeir telja að hún eigi fyrst og fremst að vera skipuð af fagmönnum, óháðum aðilum vinnumarkaðarins, óháðum þeim sem jafnframt eru að semja um kaup og kjör starfsmanna. Þá telja talsmenn BSRB að þau samtök eigi að fá aðild að stjórninni ef hún verður skipuð svipað og frv. gerir ráð fyrir. Ég beini því til félmn. þessarar hv. d. að hugleiða hvort og þá að hve miklu leyti þessi sjónarmið talsmanna BSRB eigi rétt á sér.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins hefur samkv. ákvæðum þessa kafla víðtækt vald til aðgerða og ráðstafana til verndar starfsfólki við vinnu og getur m. a. látið stöðva vinnu og hætta starfsemi, ef aðstæður og eða ástand á vinnustað gefur tilefni til þess. Jafnframt geta öryggistrúnaðarmenn, öryggisverðir og verkstjórar hlutast til um að vinna skuli stöðvuð strax, komi upp bráð hætta á vinnustað og bilun verður á vinnutækjum og vélum.

Í 77. gr. frv. er fjallað um kostnað við starfsemi Vinnueftirlits ríkisins. Það nýmæli er í þessari grein, að gert er ráð fyrir að kostnaður við Vinnueftirlit ríkisins verði borinn uppi af iðgjöldum sem reiknast á sama hátt og iðgjöld til slysatrygginga, sbr. lög um almannatryggingar. Nefndin taldi rétt að fara þessa leið, þar sem í ljós hefur komið að gjaldskrárfyrirkomulag það, sem gilt hefur hjá Öryggiseftirliti ríkisins og byggt er á lögum nr. 23 frá 1952, hefur reynst illa og verið kostnaðarsamt í framkvæmd. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta nýmæli, en vildi vekja athygli hv. þm. á mjög ítarlegum aths. við þessa grein í heild, sem er að finna í frv.

Í XIII. kafla frv. er fjallað um tilkynningarskyldu fyrirtækja, veitingu starfsleyfa o. fl. Ekki er ofmælt að segja að tilkynningarskylda atvinnurekenda um tilvist, starfrækslu og breytingu fyrirtækja hafi til þessa verið ærið flókin og allmjög á reiki. 3. og 11. gr. laga nr. 23 frá 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, fjalla um þessi atriði, en framkvæmd á þeim lagagreinum hefur ekki verið á þann veg að að gagni hafi komið. Tilkynningarskylda er því í frv. með einfaldari hætti en áður var.

XIV. kafli frv. fjallar um málskot, XV. kafli um viðurlög við brotum á lögunum og hvernig með skuli fara, og XVI. kafli fjallar um gildistöku laganna og hvaða lög eru felld úr gildi með samþykkt þeirra.

Loks vil ég víkja nokkrum orðum að þeim þremur bráðabirgðaákvæðum sem fylgja frv.

Nm. þeim, sem sömdu frv. þetta, þótti nauðsynlegt að veita forstjóra Vinnueftirlits ríkisins heimild til þess að veita starfsemi, sem við gildistöku laganna brýtur að einhverju leyti í bága við ákvæði þeirra, tiltekinn frest til aðlögunar og fjallar fyrsta bráðabirgðaákvæði frv. um það efni.

Í öðru bráðabirgðaákvæði frv. er kveðið svo á, að reglugerð og reglur samkv. lögum þessum skuli setja svo fljótt sem verða má og þar til þær hafi verið staðfestar skuli þær reglur og reglugerðir, sem nú gilda um þau mál er lög þessi taka til, vera í gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.

Í þriðja og síðasta bráðabirgðaákvæði frv. segir, að Seðlabanki Íslands skuli árlega á næstu fimm árum útvega fjármagn, 300 millj. kr. á ári miðað við verðlag 1. jan. 1979, til lánveitinga til fyrirtækja sem þurfa að framkvæma endurbætur á vinnuaðstöðu starfsfólks eða til þess að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Tryggja skuli að lánsfé verði eingöngu notað til endurbóta á almennu starfsumhverfi starfsfólks hjá fyrirtækjum sem eru í rekstri við gildistöku þessara laga. Lánstími skal vera allt að fimm ár. Alþýðusamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni fulltrúa til þess að fjalla um lánaþörf og lánveitingar ásamt fulltrúum stjórnvalda.

Í aths. við ákvæði þetta er fram tekið að það sé sett í

samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. sem undirritað var 19. apríl 1977.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til félmn. þessarar hv. d. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 86. fundur.

Mánudaginn 14. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Framhaldsskólar, frv. (þskj. 233, n. 618 og 665, 619). — Frh. 2. umr.

ATKVGR. (frh.).

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 619,1 (ný 9. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
10.—14. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
21.—26. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 619,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 619,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 619,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 619,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 619,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 619,7 (ný 34. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 619,8 (ný gr., verður 35. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 619,9 samþ. með 22 shlj. atkv.
35. gr. (verður 36. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
36. gr. (verður 37. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 619,10 samþ. með 21 shlj. atkv.
37. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákv. til brb. (38. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 584). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 40, n. 648). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 648 (2. gr. falli niður) samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrisögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Upplýsingaskylda banka, frv. (þskj. 45, n. 483 og 493). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 493 um að vísa frv. til ríkisstj., samþ. með 16:15 atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 621). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga. frv. (þskj. 651). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 429). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 716).

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 697, 579). — 3. umr.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv., sem er um það að opna tvö hólf út af Vestfjörðum í því skyni að veiða meira af kola sem talinn er vannýttur og er vannýttur, því að í hann hefur ekki verið sótt í langan tíma. Það er farið fram á að opna þarna tvö lítil svæði í þessu skyni, og tel ég það af hinu góða að leyft skuli að sækja þennan fisk sem engum verður að gagni eins og er. Það er sérstaklega lagt til að opna þessi svæði á Vestfjörðum til þess að minni bátarnir, sem þar hafa stundað rækjuveiðar, hafi möguleika til

annarra veiða, ef svo skyldi fara að rækjuveiðar yrðu bannaðar í framtíðinni með svipuðum hætti og varð á s. l. ári. Með þessum frv.-flutningi hafa hv. flm. því í rauninni lagt til að slá tvær flugur í einu höggi.

Brtt. mín við þetta frv. er ekki stór, jafnvel þó að hún sé fyrirferðarmikil á því þskj. sem hún er á, þskj. 579, því að hún er aðeins um annan lið 1. gr., þar sem lagt er til að syðra eða vestara svæðið, eins og það er kallað þarna fyrir vestan, verði opnað heldur síðar en nyrðra eða eystra svæðið.

Ástæðan til þessa tillöguflutnings er sú, að þegar þetta mál hafði verið lagt fram hér í þinginu bárust mótmæli frá þeim sem stundað hafa handfæraveiðar einmitt á þessu svæði sem áætlað er að opna, og það eru allmargir handfærabátar sem hafa sótt á þessi mið, aðallega um miðbik þessa svæðis, sem opna skal, út af Sléttanesi, og þeir hafa stundað veiðar svo lengi að ef á að opna þetta svæði 1. sept., eins og lagt er til í frv., munu togbátarnir koma ofan á þessa handfærabáta á sama tíma. Það hefur verið nokkuð um það, að þessir bátar hafi stundað handfæraveiðar þarna fram eftir hausti, og ástæða er til að ætla að þeir muni geta stundað þessar veiðar lengur og meira en gert hefur verið, með því að erfiðleikar hafa verið hingað til á því að þeir gætu losnað við sinn fisk.

Um þessa brtt. hefur verið rætt við hv. flm. og hefur náðst samkomulag milli mín og hv. flm., nema ég veit ekki um afstöðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar vegna þess að hann fór úr bænum, en hinir hafa fallist á að styðja þessa brtt. vegna þeirra mótmæla sem fram komu af handfæramanna hálfu að vestan, sem voru bæði skýr og mjög vel rökstudd.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vísa til þess, að ég hef rætt um þetta við hv. flm., nema hv. þm. Sighvat Björgvinsson, og þeir hafa fallist á að standa að þessari litlu breytingu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það var rétt frá sagt hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Garðari Sigurðssyni, hver var ástæðan fyrir því, að þetta frv. var flutt. Ástæðan var vandi rækjusjómanna í Arnarfirði og við Djúp sem hafa, eins og þm. er kunnugt, orðið að una því í vetur að geta ekki stundað veiðar með eðlilegum hætti. Það kom hins vegar ekki fram hjá hv. þm., sem væntanlega kom þó fram í framsögu með þessu máli og er hv. þm. Sverrir Hermannsson gerði grein fyrir áliti sjútvn. s. l. föstudag og ég hygg að hafi verið eindregin skoðun Hafrannsóknastofnunar og fiskifræðinga hennar, og sú skoðun nýtur bæði stuðnings og velvilja sjútvrn., að æskilegt sé að opna fyrir togveiðum svæðið upp að 4 mílum allt frá Bjargtöngum og norður úr. Ástæðan fyrir þessum tillögum Hafrannsóknastofnunar, sem hafa borist bæði þm. Vestfirðinga, sjútvrn. og hv. sjútvn. í tilskrifi frá þeim, er sú, að þarna er um að ræða talsverða veiðimöguleika á vannýttum fiskstofni, kola, sem Hafrannsóknastofnunin telur að vinda verði bráðan bug að að heimila veiðar á.

Við flm. þessa frv. gerðum okkur það ljóst, að þarna opnaðist möguleiki fyrir minni bátana í Arnarfirðinum og í Ísafjarðardjúpi, sem hafa orðið mjög illa úti á rækjuvertíð í vetur og hætta er á að sögn sjómannanna sjálfra að vera kunni að ekki gefist færi á því á næsta vetri að stunda rækjuveiðar með eðlilegum hætti. Því varð það niðurstaða okkar flm. að fallast á það og hafa frumkvæði um það hér í Nd. Alþ. að opna á þessum slóðum fyrir veiðum á kola, ekki líkt því eins mikið og Hafrannsóknastofnunin hefur eindregið óskað eftir, heldur aðeins tvö lítil hólf, annað út af Arnarfirði og hitt út af Fljótavík og Aðalvík, á tímabilinu frá 1. sept. til 30. nóv. ár hvert, til þess að gefa mönnum, sem hafa lagt í mikinn kostnað og hafa atvinnu sína af sjósókn á smærri bátum, tækifæri til að stunda atvinnu við sjómennskustörf.

Eins og fram kemur var ástæðan fyrir því, að við létum okkur nægja að gera aðeins till. um þessi tvö hólf, en ekki um alla þá opnun sem Hafrannsóknastofnunin mælti eindregið með, sú að við vildum líka taka tillit til handfærasjómanna sem þarna eiga hlut að máli. Þegar frv. þetta hafði komið fram, — og ég vil taka fram að það var flutt og er flutt í samráði við sjómenn í Arnarfirði og sjómenn við Djúp sem hafa mjög eindregið óskað eftir þessari breytingu og eru um það alfarið sammála Hafrannsóknastofnun og sjútvrn., — þegar þetta mál hafði verið flutt bárust sjútvn. og okkur þm. Vestf. mótmæli handfærasjómanna á þremur stöðum: í Súgandafirði, á Flateyri og Þingeyri, og aths. frá hreppsnefnd á einum af þessum stöðum. Við kynntum okkur þessi mótmæli og kom í ljós, t. d. við athugun sem ég gerði vestur á fjörðum nú um helgina þegar ég var þar, að eftir 1. sept. er nánast ekki lengur stunduð handfæraveiði út af Vestfjörðum nema í mjög litlum mæli. Aflaskýrslur undanfarinna ára sýna þetta glögglega. Menn fara að hætta á handfærum upp úr miðjum ágúst og þegar komið er fram undir miðjan sept. er því næst enginn handfæramaður lengur á sjó, þó að nokkrar undantekningar séu að sjálfsögðu frá því.

Við flm. þessa frv. töldum að þarna væri um að ræða, eins og oft áður, að hagsmunir tveggja aðila færu ekki saman, en við töldum hagsmuni rækjuveiðisjómanna við Djúp og rækjuveiðisjómanna í Arnarfirði í þessu tilviki þyngri á metunum en hagsmuni hinna. Hv. þm. Garðar Sigurðsson kynnti brtt. sína, sem hann hefur flutt, á fundi sjútvn. sem hugmynd, og við bentum á að það væri mjög óæskilegt með þessi tvö hólf að hafa annan opnunartíma á nyrðra hólfinu en því syðra og eðlilegast væri að opnunartíminn á þeim báðum fylgdist að. Þá buðum við tveir af flm. frv., hv. þm. Matthías Bjarnason og ég, flm. brtt. það samkomulag að færa opnunartíma hólfanna beggja aftur um hálfan mánuð eða til 15. sept., þegar heyrir til algerra undantekninga að handfæramenn séu lengur á sjó þó að slíkar undantekningar séu til. En gleggstu dæmin um, hversu fáar þær eru, eru aflaskýrslur frá síðasta ári. Hv. þm. athugaði málið nánar og taldi sig ekki geta fallist á þessa málamiðlun.

Þegar svo skammt er til þingloka sem raun ber vitni er það vísasti vegur til þess að drepa þingmál, einkum og sér í lagi þingmál sem ekki er stjórnarmál, heldur flutt af þm., að ágreiningur komi upp um málið í þinginu. Okkur er því nauðugur einn kostur, flm. frv. — a. m. k. okkur tveimur fyrri flm., hvað sem um aðra má segja — til þess að fá þetta frv. samþykkt að fallast á brtt. hv. þm. Garðars Sigurðssonar, því að við teljum málið það mikilvægt hagsmunamál sjómanna við Djúp og í Arnarfirði að betra sé, að það mál fáist samþykkt með brtt. hv. þm. en ekki. Þess vegna tókum við þá ákvörðun, hv. 1. flm. þessa frv. og ég, að leggja til, þrátt fyrir það sem fram hefur komið í mínu máli, að till. hv. þm. Garðars Sigurðssonar verði samþ. í þeirri von að málið komist þá í höfn.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég er einn af flm. þess frv. sem hér er til umr., og með tilliti til þess, að hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, sem hér var að ljúka máli sínu, gerði nokkra grein fyrir eigin afstöðu svo og afstöðu hv. 1. þm. Vestf., sem er 1. flm. að þessu frv., en mín afstaða kom hins vegar ekki fram í hans máli, þá vil ég segja hér örfá orð.

Ég stend fyrst og fremst upp til þess að taka fram að ég vil einnig fallast á brtt. hv. þm. Garðars Sigurðssonar um það, að annað þessara tveggja hólfa, sem frv. gerir ráð fyrir að opnuð verði fyrir botnvörpuveiðum, verði opnað 1. okt., eins og brtt. gerir ráð fyrir, en ekki 1. sept., eins og upphaflega var miðað við í frv. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta efni mörgum orðum, en tek fram að með þessari ákveðnu breytingu er verið að taka tillit til eindreginna andmæla frá handfærasjómönnum í Vestur-Ísafjarðarsýslu sem munu nær allir hafa undirritað andmæli gegn samþykkt frv. í sinni upphaflegu mynd, og sömuleiðis bárust andmæli frá a. m. k. einni hreppsnefnd á þessu svæði. Rétt er að taka það fram, að allmargir handfærasjómenn á Vestfjörðum eru hættir handfæraveiðum strax í ágústlok. Þetta gildir þó miklu fremur um sjómenn við Djúp, sem stunda þá frekar veiðar á því svæði sem samkv. brtt. er verið að gera ráð fyrir að verði opnað 1. sept., eins og frv. miðaði við, fyrir botnvörpuveiðum, en síður um sjómenn í Dýrafirði, Önundarfirði og Súgandafirði sem ýmsir hverjir stunda veiðar lengur fram eftir hausti og leggja þess vegna meira upp úr því að vestara svæðið, út af Dýrafirði og Sléttanesi, verði ekki opnað fyrir botnvörpuveiðum fyrr en 1. okt. Og það er reyndar rétt að það komi fram, að handfærasjómenn í þessum byggðarlögum vildu ýmsir gjarnan stunda handfæraveiðar jafnvel fram í okt. ef þeir ættu þess kost að koma frá sér afla á þeim tíma.

Ég orðlengi ekki um þetta frekar, en tek fram að ég er einnig tilbúinn að fallast á brtt. hv. þm. Garðars Sigurðssonar.

ATKVGR.

Brtt. 579 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 650 (sbr. 556), n. 691). — 2. umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Félmn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til l. um aðstoð við þroskahefta. Frv. þetta er heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra, sérstaklega að því er varðar félagsleg málefni þeirra, en tekur ekki sérstaklega til sérkennslumála þroskaheftra, þar sem þau eiga að vera vel tryggð í grunnskólalögunum.

Þar sem frv.-drögin voru send til umsagnar ýmsum aðilum sem hagsmuna eiga að gæta í þessu sambandi, svo sem Landssamtökunum Þroskahjálp og aðildarfélögum þeirra, auk þess sem fulltrúi landssamtakanna átti sæti í þeirri nefnd, sem vann að þessu frv., auk fulltrúa þeirra rn. sem um málefni þroskaheftra fjalla, taldi n. að frv. hefði fengið mjög ítarlega meðferð og umfjöllun hjá þeim aðilum, sem málið snertir, og sá ekki ástæðu til aths. við greinar eða efni frv. Einnig er ljóst að heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra hefur verulega staðið eðlilegri þróun þeirra mála fyrir þrifum, þar sem alla samræmingu og heildarstjórn hefur vantað í málefnum þeirra, sem eðlilega leiðir af því, að þrjú rn., heilbr.- og trmrn., menntmrn. og félmrn., hafa fjallað um málefni þeirra.

Í meðförum Ed. var gerð veigamikil breyting á þá leið, að frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja, sem samþ. hefur verið hér í hv. d., hefur verið fellt inn í frv. Taldi félmn. Ed að vegna stjórnunarlegs ósamræmis væri erfitt að samþykkja þessi frv. sitt í hvoru lagi. Gerði félmn. Ed. m. a. þá breytingu að taka inn stjórnarskipunina eins og ráð var fyrir gert í frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja, þannig að auk fulltrúa þriggja rn. eiga einnig sæti í stjórnarnefndinni fulltrúar Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar.

Í frv. um aðstoð við þroskahefta var ekki gert ráð fyrir neinni sérstakri fjármögnun til verkefnanna, nema það sem lagt er fram á fjárlögum hverju sinni. Hér er því um veigamikla og brýna nauðsyn að ræða þar sem Framkvæmdasjóðurinn er, því að með tilkomu hans er tryggt fjármagn til að framkvæma þessi verkefni, sem verulega hafa verið afskipt og dregist aftur úr öðrum hliðstæðum og sambærilegum málum heilbrigðra, t. d. kennslumál þroskaheftra. En jafnframt því að fjármagna verkefnin í frv. um aðstoð við þroskahefta á sjóðurinn einnig að fjármagna þær framkvæmdir sem frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja upphaflega gerði ráð fyrir, sérkennsluverkefni grunnskólalaganna og verkefni samkv. lögum um endurhæfingu.

N. hafði fjallað mjög ítarlega um Framkvæmdasjóð öryrkja og nauðsyn hans, þegar hann var til meðferðar í n. fyrr í vetur, og sá ekki ástæðu til að gera neinar breytingar eða aths. við þá tilhögun sem orðið hefur á málum við meðferð hans í Ed. Félmn. mælir því með samþykkt frv. um aðstoð við þroskahefta með þeirri breytingu sem á því hefur orðið í Ed., þ. e. sameiningu og samræmingu þessa frv. við frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja.

Þótt ýmsir hv. þm. geri aths. við fyrirhugaða fjármögnun til verkefnanna hljóta þeir að viðurkenna, með hliðsjón af hve lítið hefur verið veitt á fjárlögum til málefna þroskaheftra mörg undanfarin ár, að brýna nauðsyn beri til að bæta hér úr, og nauðsyn þessarar fjármögnunar því ótvíræð þó að þessi leið sé valin.

Leggur n. áherslu á að þessi hv. d. hraði nú afgreiðslu málsins svo að frv. verði að lögum á þessu þingi. Samþykkt þessa frv. væri veruleg viðurkenning á jafnréttisbaráttu þroskaheftra, áfangi sem mun ótvírætt sýna okkur árangur á næstu árum í aukinni sjálfsbjargargetu og betri tímum fyrir þroskahefta.

N. mælir því eindregið með samþykkt frv., en undir það skrifa Jóhanna Sigurðardóttir, Gunnar Thoroddsen, Eðvarð Sigurðsson, Eggert Haukdal og Páll Pétursson með fyrirvara um 25. gr. frv. Stefán Valgeirsson og Gunnlaugur Stefánsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Páll Pétursson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns gerði ég fyrirvara um eina grein frv., 25. gr., sem hljóðar þannig:

„Tekjur sjóðsins eru:

a. Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til a. m. k.

1000 millj. kr. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni.

b. Frjáls framlög og aðrar tekjur, er til kunna að falla.

c. Vaxtatekjur."

Ég lít svo á að á þskj. 556, frv. til l. um aðstoð við þroskahefta, sé hreyft mjög merkilegu máli, og ég hygg að þetta sé gott frv. Það er nauðsynlegt að setja þessi lög. Mér sýnist í fljótu bragði að þau séu samin af mikilli þekkingu á högum þessa fólks og af mikilli samúð með þessu fólki. Og ég held að það sé mjög brýnt að afgreiða þetta mál. Því vil ég leggja það lið sem ég má.

Hvað varðar þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í Ed., þar sem tekinn var inn í frv. hluti af öðru þingmáli um Framkvæmdasjóð öryrkja, þá hef ég aths. fram að færa um þessa fjármögnun. Það er náttúrlega alveg ljóst, að þessi sjóður þarf á fé að halda og hann þarf á miklu fé að halda. En ég er ekki alveg jafnviss um að 1000 millj. kr. að viðbættri verðlagsuppbót á þá upphæð sé til frambúðar endilega sú nákvæmlega rétta upphæð. Það kann að vera að þetta sé meira, og það kann að vera að einhver ár megi komast af með aðeins minna. Ég stóð hér í vetur að lagasetningu sem heitir: Lög um stjórn efnahagsmála o. fl. og samþ. voru á Alþ. 7. apríl s. l. Þar segir í 8. gr.:

„Fyrir árslok 1979 skulu ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verða framvegis ákveðin með fjárlögum ár hvert, og í áætlun með fjárlagafrv. næstu þrjú árin eftir lok hvers fjárlagaárs, sbr. 7. gr. Við endurskoðun þessa skal höfð sérstök hliðsjón af stöðu og verkefnum einstakra sjóða, m. a. með tilliti til félagslegra markmiða. Samráð skal haft við hagsmunaaðila.

Endurskoðun þessi skal jafnframt taka til ákvæða í lögum er kveða á um mörkun einstakra tekjustofna til sjóða og verkefna."

Þannig hljóðar þessi grein í nýsettum lögum. Mér finnst ekki fullkomið samræmi í 25. gr. frv. um fjármögnun Framkvæmdasjóðsins og þessum nýsamþykktu lögum og þannig er fyrirvari minn til kominn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Af því að ég var á öðrum fundi þegar félmn. fjallaði um þetta frv. vil ég að það komi hér fram, að ég er mjög ánægður með að þetta frv. er komið á þennan rekspöl. Ég spurði um það í vetur í sambandi við sjóð öryrkja, hvort ekki væri von á þessu frv., og vissi, að það fólk, sem vinnur við þessi mál, hafði mikinn áhuga á að þetta frv. yrði lögfest á þessu þingi. Og þó að ég hafi að vísu mínar efasemdir í sambandi við 24. gr., þá styð ég þetta frv. heils hugar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 565). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er flutt, er fylgifrv. með frv. til l. um breyt. á lögum um verðgildi íslensku krónunnar. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að ráðh. verði heimilt að ákveða að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með hálfum eða heilum tug aura frá áramótum 1980—1981 eða frá 1. jan. 1981.

Í verðgildisfrv. er sem sagt gert ráð fyrir að tvær lægstu mynteiningarnar verði 5 aurar og 10 aurar, og frv. þetta leggur til að núgildandi lögum, sem kveða á um að lægsta fjárhæð nemi heilli krónu, verði breytt til samræmis við ofangreint lagafrv.

Þetta er einfalt mál og lítið sem hv. Ed. Alþ. hefur þegar afgreitt, og ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29. shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Jarðræktarlög, frv. (þskj. 698). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Samkv. jarðræktarlögum nr. 79 frá 1972 eru veittir ýmsir styrkir úr ríkissjóði til jarðabóta og húsabóta. Þessir styrkir eru ákveðnir svo og svo miklir á hvern rúmmetra skurðar og fermetra ræktaðs lands o. s. frv. Styrkir þessir eru jafnframt verðtryggðir og greiðast ári eftir að framkvæmdin hefur orðið.

Nú er ljóst, miðað við þann samdrátt sem líklegur er í landbúnaði á næstu árum, að verulega muni draga úr jarðræktarframkvæmdum og húsabótaframkvæmdum bænda. Því voru hafnar viðræður við fulltrúa bænda um breytingar til bráðabirgða á jarðræktarlögum sem gerðu kleift að halda nokkurn veginn því fjármagni sem nú er veitt til jarðabóta, en fá aftur á móti heimild til að nota það, sem ekki rennur til slíkra framkvæmda, í aðrar framkvæmdir í landbúnaði á vegum bænda og þá einkum framkvæmdir sem stefna að því að snúa við þeirri þróun sem verið hefur í vaxandi framleiðslu landbúnaðarafurða undanfarin ár. Hér er því um að ræða lið í þeirri viðleitni að marka breytta stefnu fyrir landbúnaðarframleiðsluna á næstu fimm árum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því í fyrsta lagi, að þeir styrkir, sem veittir eru samkv. jarðræktarlögum til húsabóta, verði samræmdir lánum sem Stofnlánadeild landbúnaðarins veitir til byggingar fjárhúsa. Þarna hefur verið nokkurt misræmi á sem hefur leitt til þess, að ýmsir hafa byggt töluvert stærra en æskilegt hefur verið talið. 2. gr. frv. gerir því ráð fyrir að Búnaðarfélag Íslands og Stofnlánadeild landbúnaðarins komi sér saman um stærðarmörk og verði þannig bæði lán og styrkir samræmdir.

Hins vegar er aðalatriði þessa frv. í 4. gr. frv. og vil ég því nefna það næst. Þar er gert ráð fyrir að framlag á fjárlögum samkv. jarðræktarlögum verði óbreytt frá meðaltali áranna 1978 og 1979, en þó með verðlagsuppbót, óháð því hverjar framkvæmdir verða í jarðrækt og húsabótum. Jafnframt er gert ráð fyrir því, eins og fram kemur í 3. gr. frv., að heimilt verði að ráðstafa því, sem kann að verða umfram, til þess að styrkja nýjar tekjuöflunarleiðir bænda, til að stuðla að bættri heyverkun og til hagræðingar sem orðið getur til að bæta tekjur bænda án framleiðsluaukningar í nautgripa- og sauðfjárrækt.

Loks er í þriðja lagi gert ráð fyrir því, einnig til bráðabirgða, að landbrh. sé heimilt í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands að ákveða tilgreind frávik frá styrkupphæðum á næstu fimm árum. Gert er ráð fyrir því, að

þar sem tún eru orðin yfir 30 hektara megi skerða framlag um 50%, einnig megi á sama hátt skerða framlag til plógræsa og jafnframt til túnræktunar þar sem stærðin er orðin yfir 30 hektara. Þá er gert ráð fyrir því, að skerða megi framlag til grænfóðurræktunar allt að 50%, fella niður framlög til hagaræktar, nema grætt sé upp gróðurvana land, og skerða framlög til áburðargeymslna. Ég vil hins vegar taka það fram, að þessar skerðingarheimildir eru í mínum huga nánast aukaatriði í þessu frv. Hér er fyrst og fremst um það að ræða, sem ég gat um áðan, að samræma styrki samkv. jarðræktarlögum lánum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og í öðru lagi að halda þarna nokkru fjármagni, sem ekki kann að nýtast vegna samdráttar í landbúnaði, til annarra mikilvægra framkvæmda í tengslum við þá stefnumörkun sem nú á sér stað. Skerðing á framlögum, eins og um er getið í 3. gr., kemur að sjálfsögðu ekki til greina nema í fullu samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Herra forseti. Frv. þetta var lagt fram í Ed. Deildin gerði á því nokkrar breytingar. Hún lækkaði túnstærð úr 35 í 30 ha sem takmörk fyrir skerðingu og felldi niður einn lið af fjórum í þeirri upptalningu sem kemur fram í lok 3. gr.

Ég vil, herra forseti, gera mér vonir um að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Málið verður að gera það ef það á að koma til framkvæmda nú. Framkvæmdir bænda hefjast fljótlega, og þá þarf að vera ljóst hvernig jarðræktarframlögum og styrkjum verður hagað. Ég vil því leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn., og mælast til þess að hún afgreiði málið sem fyrst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 620, n. 693 og 702). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Bjarnfríður Leósdóttir): Herra forseti. Ég leyfi mér að lýsa nál. meiri hl. menntmn. á þskj. 693 um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63 1974. Frv. er flutt í tengslum við frv. til l. um framhaldsskóla, sem er til meðferðar hér í þinginu, og til þess að bæta sveitarfélögum þá auknu greiðslubyrði sem lög um framhaldsskóla munu leggja á þau vegna rekstrar framhaldsskóla. N. hefur fjallað um frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu. Meiri hl. mælir með samþykkt þess, en Ólafur G. Einarsson skilar séráliti. Sighvatur Björgvinsson og Ellert B. Schram voru fjarverandi.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Eins og komið hefur fram, varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Nál. mitt er á þskj. 702 og þar legg ég til að þetta frv. verði fellt. Frv. er flutt í tengslum við framhaldsskólafrv. og tilgangur þess að bæta sveitarfélögum þann kostnaðarauka sem þau verða fyrir vegna þess frv. Með þessum hætti hyggjast stjórnarflokkarnir þvo hendur sínar gagnvart sveitarfélögunum vegna þess kostnaðarauka sem þau leggja þeim á herðar.

Skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga samkv. framhaldsskólafrv. gengur þvert á óskir sveitarfélaganna og raunar þvert á stefnu stjórnmálaflokkanna yfirleitt. Þeir hafa lýst því yfir, að þeir vilji hrein skipti milli ríkis og sveitarfélaga á fjármálasviðinu og dreifingu valds, vilji aukin verkefni til sveitarfélaga og fjármálalega ábyrgð þeirra í samræmi við hin auknu verkefni. Með þessu frv., breytingu á grunnskólalögunum, er einning gengið þvert á stefnu sveitarfélaganna að því er varðar samskiptin við ríkissjóð. Í grg. frv. er sagt að ákvæði grunnskólalaganna, eins og þau hafa verið frá 1975, hafi ekki reynst vel. Þetta er rangt. Breytingin 1975 var til einföldunar í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, en nú á að stíga til baka það skref, sem þá var stigið, og flækja málið að nýju. Nokkrir menn fá vinnu í rn. við að reyna að greiða úr þeim flækjum, sem örugglega myndast ef þetta frv. verður samþ. Verði framhaldsskólafrv. samþykkt í því formi sem nú er, þá er vissulega lagður aukinn kostnaður á sveitarfélögin. En það ber að bæta þeim með öðrum hætti en þessum. Annaðhvort á að veita þeim tekjustofna, ríkið gefi þeim eftir eitthvað af sínum tekjustofnum, eða þá að létta af þeim tilsvarandi útgjöldum. Með þessu frv. er versta leiðin valin, þ. e. að skipt er kostnaði við tilteknar framkvæmdir á milli þessara aðila.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta, en með vísun til þess, sem ég hef hér sagt, legg ég til að þetta frv. verði fellt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Matvælarannsóknir ríkisins, frv. (þskj. 425, n. 679). — 2. umr.

Frsm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér er um eins konar þrílembing að ræða. Það eru þrjú frv. frá hæstv. heilbrrh. sem öll fjalla um svipað, að ekki sé sagt sama efni. Við í heilbr.- og trn. þessarar hv. d. höfum athugað þessi mál gaumgæfilega og eins vel og okkur var kostur gefinn til. Við kölluðum til okkar marga menn. Við kölluðum til okkar yfirdýralækni, Magnús Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, Hrafn Friðriksson forstöðumann Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Þórhall Halldórsson, sem sér um þessi mál hjá Reykjavíkurborg, og svo fulltrúann úr heilbrrn. sem þessi frv. hefur samið, Ingimar Sigurðsson. Það er skemmst frá því að segja, að allir aðrir en höfundurinn voru óánægðir með þessi frv. og vildu ekki að þau næðu fram að ganga í óbreyttu formi.

Efni þessara frv. er fyrst og fremst að leggja á sveitarfélög þann kostnað sem ríkið hefur greitt fyrir þá starfsemi sem þessar stofnanir inna af höndum. Ástæðan fyrir því, að þessir menn voru óánægðir með þessa breytingu, var fyrst og fremst sú, að þeir óttuðust að með þessari breytingu yrði minna fjármagn til ráðstöfunar til þessara bráðnauðsynlegu starfa. Þeir óttuðust það og virtust kvíða því mjög ef sækja ætti það undir sveitarstjórnir í hverju umdæmi að fá fjármagn til ráðstöfunar til þess að gera það sem gera þarf. En engum datt í hug að halda því fram að hér væri um ónauðsynlega starfsemi að ræða, heldur þvert á móti mjög nauðsynlega sem þyrfti að efla. Auk þess eru í þessum frv. ýmis atriði til breytinga á núverandi fyrirkomulagi sem þessir menn voru ósáttir við, en ég sé ekki ástæðu til að telja það upp nema sérstaklega verði eftir því kallað.

Ég hafði samband við hæstv. heilbr.- og trmrh. um

afgreiðslu þessa máls. Í samráði við hann hefur n. komist að þeirri niðurstöðu að leggja til að málið verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar eð upplýst er að nefnd sú, er skipuð var hinn 9. apríl 1978 til að endurskoða lög nr. 12 frá 1969 með hliðsjón af fenginni reynslu og til að semja drög að nýrri heilbrigðisreglugerð, mun skila niðurstöðum sínum mjög bráðlega og í fullu trausti þess, að fjárveitingavaldið sjái til þess, að þessari afar þýðingarmiklu starfsemi verði séð fyrir nauðsynlegu fjármagni á fjáraukalögum yfirstandandi árs, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Einn nm., hv. þm. Jósef H. Þorgeirsson, var fjarstaddur afgreiðslu málsins."

Ég vil bæta því við, herra forseti, að ég treysti því og trúi að þeir tiltölulega litlu fjármunir, sem hér er um að tefla, verði látnir í té úr ríkissjóði þannig að þessi þýðingarmikla starfsemi geti a. m. k. haldið áfram með óbreyttu formi, en þyrfti þó helst að aukast. Ef ekki verður nú bætt við viðbótarfjármagni, þá liggur ljóst fyrir að Heilbrigðiseftirlit ríkisins verður að segja upp fjórum af starfsmönnum sínum, og þá er ég hræddur um að lítið sé eftir af því öryggi sem þessi stofnun á að veita okkur sem matvæla neytum í þessu landi.

Ég ætla ekki, herra forseti, að orðlengja þetta. Ég tel *mig raunar hafa talað fyrir öllum málunum í senn* því að afgreiðsla þeirra er öll með sama móti, þannig að ég mun ekki þurfa að taka aftur til máls nema annað tilefni gefist.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 679 samþ. með 26 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. (þskj. 426, n. 680). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 680 samþ. með 29 shlj. atkv.

Eftirlit með matvælum, frv. (þskj. 427, n. 681). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 681 samþ. með 29 shlj. atkv.

Happdrættislán vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, frv. (þskj. 476, n. 671). — 2. umr.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið til Nd. frá Ed. Þar var alger samstaða um að samþykkja frv., og sama varð niðurstaðan hjá fjh.- og viðskn. þessarar d. Hér er um að ræða að gera minni háttar breytingar á gildandi lögum um sérstaka fjáröflun til vegagerðar Norður- og Austurvegar, happdrættisskuldabréfasölu, en nú tekið fram nokkru skýrar en áður var gert að þessu fé skuli varið til þessara framkvæmda auk þess fjármagns sem um er rætt í vegáætlun, og á því hér að vera um viðbótarfjármagn að ræða. Fjh.- og viðskn. d. mælir því með þessu frv., en einn nm., hv. þm. Kjartan Ólafsson, skrifaði undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:1 atkv.
2.-3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 383, n. 689). — 2. umr.

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, *sem hér liggur fyrir til 2. umr., er komið frá Ed. og er um* breytingu á lögum nr. 88 24. des. 1971, um 40 stunda vinnuviku. Meginbreytingin á lögunum frá 1971 er sú, að greiða skuli næturvinnu strax að lokinni 40 stunda vinnuviku frá mánudegi til föstudags, en ekki eftirvinnukaup á föstudögum eins og nú er algengast. Þetta er til samræmis því, að meðan 44 stunda vinnuvika var og dagvinnu var þá lokið kl. 12 á laugardögum, var greidd næturvinna strax að lokinni dagvinnu. Þetta er nánar rakið í grg. frv. og ég tel ekki þörf að rekja það nánar, en vísa til þess sem þar er sagt.

Þótt í litlu sé er þessu frv. einnig ætlað að hamla gegn þeim óhóflega langa vinnutíma sem hér tíðkast, en um það mikla vandamál og hugsanlegar leiðir til úrbóta ætla ég ekki að ræða nú nema sérstakt tilefni gefist til.

Félmn. hefur rætt frv. og leggur til á þskj. 689 að frv. verði samþ. Tveir nm., þeir Gunnar Thoroddsen og Eggert Haukdal, taka fram að þeir teldu æskilegra að um þetta mál hefði verið samið milli aðila vinnumarkaðarins. Undir þetta sjónarmið get ég ákaflega vel tekið, og í nokkrum greinum hafa verkalýðsfélög og atvinnurekendur þegar samið um þetta fyrirkomulag, en í öðrum hefur það ekki tekist. Í samningum 1977 var þetta mál meðal krafna almennu verkalýðsfélaganna, en náði þá ekki fram að ganga. Við efnahagsaðgerðirnar fyrir 1. des. s. l. var þetta mál eitt af kröfum verkalýðshreyfingarinnar gegn niðurfellingu 3% verðbóta á kaupið sem sparaði atvinnurekendum stórfé.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Gunnlaugur Stefánsson og Stefán Valgeirsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 655, n. 690). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Félmn. d. fékk til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins á þskj. 655. N. hefur athugað þetta frv. og ákveðið að mæla með samþykkt þess, enda er frv.

rökrétt afleiðing þess, að íbúðarhúsabyggingar í sveitum heyra nú undir Húsnæðismálastofnun ríkisins, en ekki Stofnlánadeild landbúnaðarins eins og áður var.

Gunnlaugur Stefánsson og Stefán Valgeirsson voru fjarverandi afgreiðslu þessa máls. Undir þetta skrifa: Jóhanna Sigurðardóttir, Páll Pétursson, Eðvarð Sigurðsson, Gunnar Thoroddsen og Eggert Haukdal.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Verðgildi íslensks gjaldmiðils, frv. (þskj. 644, n. 694 og 718). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Mál þetta hefur þegar hlotið afgreiðslu í Ed. og þar var gerð á því sú breyting, að breytt var dagsetningu í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., og 11. gr. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur fjallað um þetta mál svo breytt og meiri hl. er samþykkur því að leggja til að þetta verði hér staðfest og samþ., en minni hl. hefur skilað séráliti.

Málið fjallar um breytingu á verðgildi íslensks gjaldmiðils þar sem lagt er til að hundraðfalda verðgildi krónunnar, og við leggjum sem sagt til að þetta verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 718 höfum við fulltrúar Sjálfstfl. í hv. fjh.- og viðskn. skilað séráliti varðandi mál þetta. Það hefur komið fram á Alþ. að undanförnu, að þm. Sjálfstfl. hafa með tillöguflutningi sínum lýst sig fylgjandi því, að könnun fari fram á því hvort ekki sé æskilegt að auka verðgildi íslensku krónunnar. Þeir, sem hafa talað fyrir þessum till., hafa gjarnan lagt á það ríka áherslu, að í þetta yrði ekki ráðist öðruvísi en tryggt væri að árangur næðist af þá væntanlegri verðgildisbreytingu gjaldmiðilsins. En til þess að það geti tekist verður að vera fyrir hendi stöðugleiki í efnahagsmálunum eða að gerðar séu samtímis ráðstafanir sem tryggi að árangur náist af þeirri verðgildisbreytingu gjaldmiðilsins sem þá er ráðist í. Ljóst er að nú er hvorugt fyrir hendi: stöðugleiki í efnahagsmálum né heldur eru uppi neinar ráðagerðir til að bæta þar um.

Það kom fram í hv. Ed., að þm. Sjálfstfl. hafa ekki í hyggju að standa í vegi fyrir samþykkt þessa frv. En með skírskotun til þess, sem ég hef sagt og fram kemur í nál. fulltrúa Sjálfstfl. bæði í fjh.- og viðskn. þessarar d. og hv. Ed., telur Sjálfstfl., þm. hans, mjög hæpið að ákvörðun um jafnþýðingarmikið málefni og breytingu á verðgildi íslensks gjaldmiðils sé tekin undir þessum kringumstæðum, og mun láta afgreiðslu frv. afskiptalausa og ekki greiða atkv.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál efnislega nema að því er tekur til heitisins á gjaldmiðlinum sem hér er lagt til að verði: ný króna. Ég leyfi mér að flytja brtt. við 1. mgr. 1. gr. Till. er skrifleg. Meðflm. mínir eru hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Finnur Torfi Stefánsson og Matthías Á. Mathiesen. Við leggjum til að heiti gjaldmiðilsins skuli vera mörk og eyrir.

Till. hliðstæð þessari og sams konar var flutt í hv. Ed., en þar voru ekki allir mættir á fundi og þátttaka í atkvgr. fremur lítil og atkvæðamunur einnig lítill, en till. féll þar. Okkur þykir því rétt að láta reyna á það í hv. Nd., hvort fylgi er fyrir þessari nafnbreytingu. Ýmis rök má færa fyrir þessari brtt. Mörkin er þjóðlegt heiti og var um tíma nafn á okkar gjaldmiðli. Núverandi heiti, krónan, bendir hins vegar til þess tíma þegar við vorum í konungssambandi við Dani, og okkur sýnist það ekki vera samboðið virðingu okkar að viðhalda þessu heiti.

Að sjálfsögðu þarf að umorða aðrar greinar frv. ef þessi till. verður samþ. Við höfum ekki flutt brtt., sem þarf að flytja við aðrar greinar, en úr því má bæta á milli umr. ef þessi till. verður samþ.

Till. er sem sagt skrifleg og ég fer fram á það við hæstv. forseta, að afbrigða verði leitað þannig að till. megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 726) samþ. með 25 shlj. atkv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Undir nál. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á verðgildi íslensks gjaldmiðils leyfði ég mér að skrifa með fyrirvara. Sá fyrirvari var við það miðaður og til þess hugsaður að vekja á því athygli, að vitaskuld er það svo, að í sambandi við það að auka verðgildi krónunnar eða skera tvö núll aftan af henni hefur sú aðgerð ævinlega verið til þess hugsuð að vera endastöð aftan við efnahagsaðgerðir ríkisstj. sem hefðu heppnast. Þegar þessi till. kom fram t. a. m. í kosningaplaggi okkar jafnaðarmanna fyrir síðustu kosningar undir heitinu „Gerbreytt efnahagsstefna“, þá var það auðvitað síðasti liðurinn og þá hugsað á eftir aðgerðum sem hefðu orðið til þess að gera hvort tveggja: að koma verðbólgu niður og auka traust á gjaldmiðlinum. Og ef við hugsum það öðruvísi: Ef frv. það, sem við kynntum í desember um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum, hefði orðið að lögum, þar sem — vissulega með mjög hörðum aðgerðum og stundum erfiðleikum og sársaukafullum — verðbólgu hefði verið náð niður fyrir 30% mark á þessu ári og niður fyrir 15% á árinu 1980, þá hefði verið hið gullna tækifæri til þess jafnframt að skipta yfir í nýja mynt.

En við þekkjum það, að þessar hugmyndir okkar voru affluttar meira og minna. Málflytjendur jafnvægisstefnu á þeim tíma voru af andstæðingum sínum, fyrst og fremst innan hæstv. núv. ríkisstj., ýmist kallaðir kaupræningjar eða boðberar atvinnuleysis, nema hvort tveggja væri, svo það verður ekki séð á þessu augnabliki að verið sé að framfylgja þeirri efnahagsstefnu að til jafnvægis horfi á þeim tíma þegar hin nýja mynt á að taka gildi.

Engu að síður er kannske hægt að líta svo á, að það sé ekki öll nótt úti enn að óbreyttu ástandi eða að breyttu ástandi. Þetta hefur verið á stefnuskrá okkar frá upphafi, að miða við þau tímamörk sem hér er við miðað. Um það hefur orðið samkomulag innan ríkisstj. og við stöndum auðvitað við okkar hluta þess samkomulags. En það verður að segjast alveg eins og er að hlálegt verður það og öðruvísi en til var stofnað ef eina efnahagsaðgerðin,

sem eftir stendur, verður sú að hafa skorið tvö núll aftan af krónunni. Og lítilsvirði verður sú aðgerð einnig ef sú króna verður á sömu fleygiferðinni — eða hvað svo sem myntin verður kölluð — og sú sem við nú höfum og íslenskur almenningur hefur áfram til þess fyllstu ástæðu að bera jafnlitla virðingu fyrir myntinni og hann ber fyrir þeirri sem við nú höfum.

M. ö. o. er samkomulag um að standa ekki í vegi fyrir þessu frv. og við það er staðið. Það stóð ævinlega til, að þessi breyting yrði endastöð aftan við efnahagsaðgerðir sem hefðu borið árangur, og satt að segja er ekki séð að slíkt sé á leiðinni í bili. En vonandi og væntanlega er ekki öll nótt úti enn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hlýddi með athygli á hv. 7. þm. Reykv. tala um endastöð í efnahagsráðstöfunum Alþfl. Ég held að það skipti ekki máli hvort þessi till., sem hann gat um, um breytingu á verðgildi krónunnar verði aftast eða fremst þeirra tillagna. Ég held að ríkisstj. sé komin að sinni endastöð í svo mörgum málum, þ. á m. í efnahagsmálum, hvort sem farið verður eftir till. Alþfl., sem þar voru fram settar, eða ekki.

En af mörgu því vitlausa, sem komið hefur fram frá þessari ríkisstj., held ég að þetta sé með því vitlausara. Ég sé ekki betur en hér sé ætlast til þess að landsmenn kaupi 1 krónu á 100 krónur og þessi 1 króna verði jafngildi 100 króna hvort sem menn vilja eða vilja ekki. En hér er ekki verið að auka verðgildi íslensks gjaldmiðils með því að kaupa nýja íslenska peninga eins og um erlendan gjaldeyri væri að ræða. Ef menn halda að breyttur hugsunarháttur, vegna þess að upphæðin minnki, skapi einhvern velvilja meðal þjóðarinnar til nýju krónunnar og fólk haldi að það hafi eitthvað meira verðmæti í höndunum þegar það hefur eina nýja krónu heldur en 100 krónu seðilinn í dag, þá er þetta mesti misskilningur. Og ég get talað af nokkurri reynslu þar sem ég bjó í Frakklandi þegar gjaldmiðilsskiptin urðu þar. Þrátt fyrir ýmsar aðrar vitrænar ráðstafanir, sem gerðar voru samhliða breytingunni á frankanum, þá hugsar fólkið enn í dag í gömlum frönkum. Og jafnvel börn, sem ekki voru fædd þá, hugsa í gömlum frönkum í dag. Með þessu frv. er slegið vindhögg.

Ef menn vilja gera einhverjar vitrænar ráðstafanir, þá skulum við reyna að auka verðgildi íslensku krónunnar. Við skulum vona að það komi einhvern tíma til valda hér ríkisstj., sem hætti að hlaða hlutfallslega á innkaupsverð erlendra vara sem fluttar eru til landsins, og við byggjum á flestum sviðum lífsviðurværi á innfluttum afurðum. Við byggjum tilveru okkar á því sem við kaupum erlendis frá, og í hvert skipti sem verðsveiflur eiga sér stað erlendis heldur ríkið sömu prósenttölu í álagningu tolla og fleira, sem gerir það að verkum að álagið margfaldast alltaf og þar með krónutöluupphæðin til ríkisins sjálfs. Ef við viljum auka verðgildi íslensku krónunnar skulum við hætta þessum leikaraskap. Þetta er ein af aðalástæðum þess vanda, sem við höfum við að glíma núna, og við viðhöldum honum með því að halda þessum leik áfram í hvert skipti sem einhverjar sveiflur eiga sér stað erlendis.

Nei, ég mun leggjast móti þessu máli við atkvgr. Ég tel þetta vitlaust frv. sem aldrei hefði átt að komast í gegnum Ed. En þegar hæstv. fyrrv. fjmrh., sem að mínu mati gerði aldrei mark þegar hann var fjmrh., ætlar að halda áfram að brenna af eftir að hann er hættur í embætti, þá er eins gott að fara að segja honum svona hvað líður, að venjulegur leikur stendur 90 mínútur og dómarinn er löngu búinn að flauta.

Ég skal ekki um það segja, hvernig virðing er metin og hvað er ekki samboðið virðingu manna. Ég skil það ekki. Ég tel að það sé fyllilega samboðið minni virðingu, hvort sem hún er mikil eða lítil miðað við virðingu flm. þeirrar brtt. sem hér var lögð fram áðan og ég hef ekki enn þá lesið, að halda áfram að nota krónuna íslensku. Þetta er samnorrænn gjaldmiðill og ég hefði haldið, miðað við þá þróun sem hefur verið í samskiptum norrænna þjóða undanfarið, að það gæti kannske endað með því, að það yrði samnorrænn gjaldmiðill, og hann kemur áreiðanlega ekki til með að heita mark. (Gripið fram í.) Það getur vel verið, það er í miklum minni hl. En alla vega mun ég vera á móti þeirri till. líka og fagna því, að hún var felld í Ed., og vona að hún verði felld hér í þessari hv. deild.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel nú enga ástæðu til þess að hefja hér langa umr. um þetta mál. Meginatriðið er það, að í rauninni hafa allir stjórnmálaflokkarnir þegar fyrir alllöngu lýst stuðningi sínum efnislega við aðgerð af því tagi sem hér er gert ráð fyrir. Það hefur t. a. m. Alþfl. gert og það hefur Sjálfstfl. gert m. a. í nýlegum till. sínum í efnahagsmálum sem birtust í Morgunblaðinu nokkuð snemma vetrar. Þannig að ágreiningur er enginn um það. Spurningin er aðeins um hitt, með hvaða hætti og hvenær menn vilja láta þessa aðgerð eiga sér stað. Og í samræmi við þær athugasemdir, sem fram komu við umr. um þetta mál bæði í fjölmiðlum og víðar, og í samræmi við þá skoðun mína og fleiri, að hálfs árs undirbúningstími væri of skammur undir þá viðamiklu breytingu sem hér er gert ráð fyrir, var ákveðið að leggja til og það samþ. í Ed., að verðgildisbreytingin skyldi taka gildi frá 1. jan. 1981.

Ég geri ráð fyrir því, að það verði jafnan svo, að ákveðnir stjórnarandstæðingar — hver svo sem þann flokk kann að skipa — mundu með einhverjum hætti setja sig upp á móti slíkri breytingu sem hér er gert ráð fyrir eða jafnvel reyna að tefja hana með tillöguflutningi eins og þeim sem hér hefur verið gerð grein fyrir af hv. þm. Ólafi G. Einarssyni. Ég held að út af fyrir sig geti vel komið til greina að einhvern tíma við einhverjar breytingar á myntkerfi landsins yrði ákveðið að skipta um nafn, en slíkt krefst langs undirbúnings — mjög langs undirbúnings, og ég held að það væri með öllu fráleitt að ákveða slíkt nú án þess að miklu lengri aðdragandi ætti sér stað. Auk þess verð ég að segja það sem mína skoðun, að ég er algjörlega andvígur því að breyta um nafn á okkar mynt. Við höfum haft þetta nafn á myntinni alveg frá því að við tókum upp sjálfstæða myntútgáfu hér á landi, og fjölmargar nefndir embættismanna og stjórnmálamanna hafa starfað að þessum málum, m. a. undir leiðsögn viðreisnarstjórnarinnar, á árunum 1960—1963, ef ég man rétt. Þessi nefnd, sem viðreisnarstjórnin skipaði, ég hygg að það hafi verið þáv. hæstv. fjmrh., komst að þeirri niðurstöðu, að það væri rétt að halda í þetta nafn af margvíslegum ástæðum. Og ég er þessarar sömu skoðunar. Ég held að það sé alveg ástæðulaust að breyta hér um nafn og beinlínis rangt og það sé undarleg viðkvæmni sem komi fram — gagnvart Dönum, skilst mér — í þeim tillöguflutningi sem sumir menn hafa beitt sér fyrir hér og hafa þá kannske gleymt því, að ekki allfjarri þessum sal er það tákn sem þeir

virðast helst vera að forðast í þessum efnum, þ. e. kóróna.

Ég legg þess vegna áherslu á það, að þetta frv. verði afgreitt nú þegar og það verði afgreitt með því nafni á myntinni sem hér hefur verið um áratugi, er þjált í munni og þægilegt í notkun. Og ég vil segja það varðandi þau orð sem hv. þm. Vilmundur Gylfason flutti hér áðan, að auðvitað væri gott að geta mótað efnahagsstefnu og efnahagsmál þannig að unnt væri með alllöngum fyrirvara að sjá eitthvað sem kalla mætti endastöð í þeim efnum. Ég hygg nú að aðstæður séu sjaldan þannig í íslensku þjóðlífi, sjaldan þannig í íslenskum efnahagsmálum og þess vegna sé eðlilegt að taka slíka ákvörðun og það sé líka nauðsynlegt að gera það með mjög löngum fyrirvara, vegna þess að ég held að slík ákvörðun sé hvati á stjórnvöld, hver svo sem þau eru, um það að taka hraustlega á árinni í hinum almennu efnahagsmálum, til þess að þau almennu áhrif, sem verðgildisbreyting krónunnar getur haft, séu sem allra mest og til þess að nýta þann hvata sem þessi breyting hlýtur að hafa í för með sér fyrir allan almenning í landinu þegar hún gengur yfir.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður um það frv. sem hér liggur fyrir. Það hefur þegar hlotið mikla umr. bæði í blöðum og eins hér á hv. Alþ. Þó er rétt að ítreka það sem hér hefur komið fram, að auðvitað er tilgangurinn með því að flytja slíkt frv. tvíþættur: annars vegar að gera nauðsynlegar ráðstafanir, sem eru mestmegnis bókhaldslegar og tæknilegar, en hins vegar var þessi ráðstöfun hugsuð sem eins konar endastöð, eins og ákveðinn þm. orðaði það, til þess að auka trúna á íslenskan verðmæli, en gert er ráð fyrir að verðbólgan sé a. m. k. sumpart af sálfræðilegum toga spunnin, ef svo má að orði komast.

Það eru margir sem spyrja að því, hvaðan verðbólgan komi og hvert hún fari, og kannske er besta lýsingin á því, hvað verðbólga er, eins og ágætur útgerðarmaður orðaði það, en hann er nú reyndar ekki í mínum flokki, heldur í alveg andstæðum flokki, lengst til vinstri, Stefán Pétursson á Húsavík, þegar hann sagðist hafa komist að raun um það hvað væri verðbólga og gengisfelling strax í æsku. Þeir voru tveir bræður, aldir upp hjá móður sinni frammi í sveit, og hún átti eina geit og gaf þeim bræðrum geitamjólk úr henni. Þegar svo systkinahópurinn stækkaði minnkaði mjólkin sem þeir fengu hver í sinn bolla og þeir heimtuðu að sjálfsögðu jafnmikla mjólk og áður. Þá fór gamla konan í pottinn og sótti þar vatn, sem hafði verið sótt út í brunn, og setti vatnið saman við mjólkina. Og það er einmitt þetta sem er besta lýsingin á því hvernig verðbólgan verður til, að í stað sterkrar mjólkurblöndu er hún þynnt út og fólkið látið drekka undanrennu. Það sama gerist þegar kröfurnar verða meiri til verðmiðilsins og gæðanna en hægt er að standa undir. Það má því segja, að með þessum ráðstöfunum séum við kannske að auka trúna á verðmælinn, fá okkur kannske rjómablöndu, svo að ég haldi áfram með líkinguna.

Varðandi þetta er svo rétt að það komi fram, að áður en til þess kemur að við breytum okkar verðmæli eins og till. gerir ráð fyrir er auðvitað nauðsynlegt að framkvæma gífurlega miklar efnahagsráðstafanir. Og ég skal viðurkenna það, að ég lagðist nú heldur gegn því að þessi breyting ætti sér stað, þar sem ég hélt, fyrst þegar frv. kom, að þetta ætti að gerast um næstu áramót. Ég átti að sjálfsögðu von á því, að vinstri stjórnin, sem nú situr, hæstv. ríkisstj., sæti þá að völdum, og allir þekkja slíkar stjórnir og vita til hvaða ráðstafana þær grípa og hver afleiðingin er af slíkum stjórnum.

En merki þess, að sú ríkisstj. sé nú að leggja upp laupana, held ég að best sjáist á ummælum hæstv. viðskrh. Hann er farinn að tala um hvað þjóðarbúið sé vel á sig komið og hve vel ári hér á landi. Þá fer maður að verða dálítið tortrygginn og maður satt að segja fer að hugsa: Hvað á maðurinn við? Og auðvitað kemst maður að þeirri niðurstöðu, að hann sé byrjaður að undirbúa kosningabaráttuna. Hann er farinn að undirbúa Þjóðviljaskrifin þar sem sýna á þjóðinni fram á að þessi ríkisstj. hafi leitt þjóðina fram á veginn. En í trausti þess, að hér verði á næstunni e. t. v. gerð sú stórkostlegasta efnahagsráðstöfun sem gerð hefur verið með þjóðinni, þá er ég heldur jákvæður til þessa frv. nú. Sú ráðstöfun, sem þjóðin þarf að gera, stærsta og merkasta efnahagsráðstöfunin sem þessi þjóð getur gert og hefur nokkurn tíma gert, er auðvitað að kjósa Sjálfstfl. einan í meirihlutaaðstöðu hér á landi. Þetta hefur auðvitað breytt mínum viðhorfum. Við eygjum það, sjálfstæðismenn, að slíkt geti gerst innan tíðar, og höfum bandamann í hæstv. viðskrn. og reyndar í allri ríkisstj. þótt það hafi ekki verið tilgangurinn í upphafi.

Varðandi nafnið á myntinni íslensku hallast ég frekar að því að nota merkurnar og bendi á það, að hér á Norðurlöndum eru ekki eingöngu konungdæmi. Það er lýðveldi í Finnlandi og þeir nota merkur þar. Að sjálfsögðu þarf nokkurn tíma til þess að aðlaga okkur að slíku, en ég reikna nú með að eitt og hálft ár ætti að nægja til þess að kenna jafnvel þeim sem eru vitlausastir okkar að beygja það orð rétt.

ATKVGR.

Brtt. 726 felld með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FTS, FrS, JÞ, MÁM, ÓE, SighB, SvH, ÁG.

nei: FÞ, GilsG, HES, HG, BL, LJós, MHM, PP, SV, SvJ, SvG, VG, AG, EðS, EÁ, IG.

GSig, GTh, EG greiddu ekki atkv.

13 þm. (GH, GSt, JóhS, KÓ, LárJ, MB, PJ, StH, TÁ, ÞS, BGr, EG, EBS) fjarstaddir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Húsaleigusamningar, frv. (þskj. 699). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það til l. um húsaleigusamninga, sem hér er lagt fram, er flutt í samræmi við ákvæði í samstarfsyfirlýsingu aðildarflokka núv. ríkisstj. Þar segir m. a. svo, að ríkisstj. muni gangast fyrir því að sett verði lög um réttindi leigjenda. Lagasetning um þetta efni er raunar einnig meðal þeirra félagslegu umbóta sem ríkisstj. hét launþegum að hraða undirbúningi að í aths. með frv. til l. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu sem samþ. var hinn 30. nóv. s. l.

Frv. er samið af nefnd sem ég skipaði hinn 28. sept. s. l. Áttu sæti í henni Páll S. Pálsson hrl., eftir tilnefningu Hús- og landeigendasambands Íslands, Ragnar Aðalsteinsson hrl., eftir tilnefningu Leigjendasamtakanna, og

Sigurður E. Guðmundsson framkvæmdastjóri, sem var formaður nefndarinnar. Auk þess starfaði með nefndinni Georg H. Tryggvason sem gegnir starfi aðstoðarmanns míns. Nefndinni var settur frestur til að ljúka störfum til 10. jan. s. l., og skilaði hún frv. ásamt grg. og aths. við einstaka kafla þann dag. Alls hafði hún þá haldið 27 fundi.

Í grg. með frv. kemur fram að samkomulag er um það innan nefndarinnar. Þó er tekið fram að skoðanamunur hafi orðið um ýmis atriði og séu sum ákvæðanna því málamiðlun. En um frv. í heild náðist samstaða í nefndinni og fylgja því engir fyrirvarar eða sératkvæði af hálfu einstakra nm. Á þetta legg ég þunga áherslu.

Venjulega munu frv. um það efni, sem hér er fjallað um, hafa heitið frv. til húsaleigulaga. Nú er hins vegar lagt til að láta frv. heita frv. til l. um húsaleigusamninga. Er ástæðan sú, að í þessu frv. er ekki að finna sérstök ákvæði um fjárhæð húsaleigu eða hámarkshúsaleigu. Hefur orðið að ráði að skilja þann þátt frá þessu frv. sem fjallar almennt um réttarstöðu leigutaka og leigusala, en semja þess í stað sérstakt frv. um leigufjárhæðina. Sú nefnd, sem samdi þetta frv., hefur fengið það verkefni einnig. Líklegt er að það frv. verði látið heita frv. til l. um húsaleigu.

Tvær ástæður eru til þess að skipa verkefninu með þessum hætti. Önnur er sú, að lög um fjárhæð húsaleigu geta reynst öllu forgengilegri og þarfnast tíðari breytinga en lög sem almennt fjalla um réttarstöðu aðila húsaleigusamninga. Eins kemur það til, að ákvæðin um leigufjárhæð virðast til þess fallin að valda ágreiningi og deilum. Hefur slíkur ágreiningur a. m. k. tvisvar orðið setningu almennra húsaleigulaga fjötur um fót og átt þátt í því að stöðva framgang þeirra. Því þykir ráðlegra að skipta nú verkefninu með þeim hætti sem ég hef lýst. Fróðlegt væri að fara yfir sögu húsaleigulaga hér á landi, en því verður sleppt að sinni.

Það er ljóst og um það vitnar raunar reynslan glöggt, að setning húsaleigulaga er vandasamt verk. Þar þarf að rata hinn gullna meðalveg eins og oft endranær. Þótt ekki liggi fyrir um það óyggjandi upplýsingar virðist næsta öruggt að fullyrða megi að um 45—50 þús. manns eða sem næst 20% þjóðarinnar búi nú í leiguhúsnæði hér á landi. Þessi mikli fjöldi fólks hefur óumdeilanlega búið við tilfinnanlegt öryggisleysi. Samningsstaða þess hefur verið veik gagnvart leigusölum vegna þess skorts sem hér hefur verið og er enn á leiguhúsnæði. Takmark leigulöggjafar hlýtur því að vera það fyrst og fremst að veita þessu fólki aukna vernd, treysta réttarstöðu þess og öryggi. En jafnframt ber nauðsyn til að kveða í meginatriðum á um réttarstöðu beggja aðilanna, eyða margvíslegri réttaróvissu og stuðla eftir föngum að því, að viðskipti leigusala og leigutaka séu sem aðgengilegust og öruggust og sambúð þeirra sem best. Veigamikill þáttur í því að veita leigjendum aukna vernd er auðvitað sá að fæla húseigendur ekki frá því með of einstrengingslegu lagaboði að selja á leigu það húsnæði sem þeir hafa til ráðstöfunar. Það er skoðun mín, að fyrri tilraunir til setningar húsaleigulaga hafi öðru fremur strandað á því, að þær hafi verið of einhliða, þær hafi gengið nær eðlilegum ráðstöfunarrétti húseigenda á eignum sínum en samrýmst hefur réttarvitund fólks og gert leigusölum í heild upp langtum verra innræti en nokkur efni standa til.

Ég leyfi mér að tilfæra til skýringar þessum orðum mínum eftirfarandi klausu úr umsögn Félags húseigenda um húsaleigufrv. frá 1949. Þar segir svo m. a. um 19. gr., með leyfi forseta, að þessar sífelldu endurtekningar um svik og sviksemi af hálfu leigusala séu algerlega óþarfar, því sem betur fer sé íslensk dómvenja á því menningarstigi að þess háttar atferli af hálfu einhvers málsaðila mundi ekki hljóta náð fyrir augum íslenskra dómstóla, allir þessir sviksemisvarnaglar séu því til þess eins fallnir að ergja þá sem lesa frv. yfir og finna að þeim er nær eingöngu beint gegn öðrum aðilanum.

Ég hygg að í því frv., sem hér er til umr., hafi tekist að sneiða hjá þessum ágöllum. Aðilum er þar ekki gerð upp nein sviksemistilhneiging og eðlilegt ráðstöfunarfrelsi húseigenda ekki skert umfram það sem nauðsynlegt er til að hægt sé að veita leigjendum eðlilega og sanngjarna lágmarksvernd.

Í aths. með frv. kemur fram, að nefnd sú, sem það samdi, hefur aflað sér mjög viðamikilla gagna, m. a. leiguhúsnæðislöggjafar hinna Norðurlandanna. Frv. er hins vegar ekki sniðið eftir neinum einstökum erlendum lögum, heldur er það nýsmíð frá grunni og þá auðvitað lagað að íslenskum staðháttum þar sem fullt tillit er tekið til þeirrar venju sem skapast hefur í leiguskiptum manna í millum hér á landi, þar sem slíkar venjur eru eftirbreytniverðar.

Frv. fylgja ítarlegar aths. við einstaka kafla og greinar þess. Ætla ég ekki að eyða dýrmætum tíma þingsins í upplestur á þeim. Læt ég við það eitt sitja að geta þeirra nýmæla sem í því eru og mestu máli skipta.

Í I. kafla frv. er ekki margt sem ástæða er til að geta sérstaklega. Gildissvið laganna er þar skilgreint og tvímæli tekin af um það í 2. gr., að lögin eru almennt óundanþæg nema annars sé sérstaklega getið. Þá er með 3. gr. tekinn af vafi um réttarstöðu sambýlisfólks og ákveðið að hún sé hin sama og hjóna, enda þykir það samrýmast best réttarhugmyndum nútímans. Skilgreining á sambúð er nokkuð rýmkuð frá því sem er í almannatryggingalögunum.

Í II. kafla eru ákvæði sem lúta að gerð leigumála. Er það nýmæli hér á landi, þótt alþekkt sé víða erlendis, að skylda til útgáfu sérstakra eyðublaða fyrir leigumála eða til að staðfesta slík eyðublöð, þótt aðrir gefi út, er lögð á það rn. sem húsnæðismál falla undir. Nauðsynlegt hefur þótt að stemma með þessum hætti stigu við þeirri fjölskrúðugu eyðublaðaútgáfu sem nú tíðkast og þykja sum hver ekki óvilhöll eða til þess fallin að stuðla að öryggi í viðskiptum leigusala og leigutaka. Lagt er fyrir að gera leigumála skriflega svo og allar breytingar eða viðbætur sem síðar kunna að reynast nauðsynlegar. Er þetta sjálfsögð regla og í samræmi við venjur.

Heimilt verður áfram að gera leigumála til ákveðins tíma eða ótímabundna eftir því sem aðilar kjósa sjálfir. Kemur þó skýrt fram í grg. að höfundar frv. telja að tímabundnir samningar séu stundum misnotaðir bæði til að þrengja óeðlilega kosti leigutakans, sem haldið er í óvissu um hvert framhald verði á afnotum hans, en stundum einnig til að knýja fram frekari hækkun leigunnar en heimilt er skv. ákvörðun stjórnvalda. Loks fylgir tímabundnum samningum það óhagræði, að þeim getur lokið hvenær sem er ársins. Leigutaki skv. slíkum samningi er því firrtur þeirri vernd sem fólgin er í ákvæðum laga um fardaga.

Þrátt fyrir þessa vankanta hefur ekki þótt rétt að leggja til að bannað sé með öllu að gera tímabundna samninga. Í stað þess er leigusala með ýmsum ákvæðum laganna

boðið tiltekið hagræði ef samningstíminn er lengdur frá því sem nú er almennast. En auk þess eru heimildir hans til uppsagnar og breytinga á leigukjörum þrengdar nokkuð með 8. gr. frv. þegar samningur er gerður tímabundinn. Telja nm. þetta vænlegri kost en að beita fortakslausu banni, sem þeir telja að gæti reynst tvíeggjað og óvíst sé að samrýmist réttarvitund fólks.

Þótt einhverjum kunni að þykja ákvæðin um forleigurétt nokkuð ströng í garð leigusala verður að meta þau með hliðsjón af því mikla óhagræði og öryggisleysi, sem tímabundnir samningar valda oft leigutökum, og þeirri hættu á misbeitingu, sem óumdeilanlega er samfara slíkum leigumálum. Einnig er þess að gæta, að leigusali á þess ætíð kost að breyta leigumálunum í venjulegan ótímabundinn samning og falla þá niður allar forleigukvaðir. Mikilsvert er einnig fyrir leigusala að forleiguréttur tekur ekki til íbúðar sem hann leigir í sama húsi og hann býr í sjálfur. Þykir ekki rétt að beita neinum þvingunum þegar sambýli er svo náið og ýmis atriði, sem þó eru ekki uppsagnar- eða riftunarástæður, eins og t. d. almennt samkomulag fólks, geta farið að skipta verulega miklu máli.

Í III. kafla eru ákvæði um uppsögn leigumála og leigufardaga. Meðal nýmæla í þeim kafla eru ákvæði um að uppsagnarfrestur á íbúðarhúsnæði lengist þegar leigusamband aðila hefur varað tiltekið árabil. Sú tilhögun þykir réttlætast af því, að til gagnkvæms trausts hafi stofnast með aðilum þegar samband þeirra hefur staðið lengi án þess að tilefni gæfist til riftunar eða uppsagnar leigumála. Það er jafnframt miklu meira átak fyrir leigutaka að rífa sig upp frá þeim stað þar sem hann hefur búið í langan tíma. Slíku fylgja oft margvísleg óþægindi, kostnaður og röskun sem bitnar ekki síst á börnum þegar þeim er til að dreifa.

Að því er atvinnuhúsnæði varðar er uppsagnarfrestinum settur nokkuð rúmur rammi, enda geta aðstæður verið mjög misjafnar þar. Ákvæði 16. gr. um tilkynningarskyldu leigusala, þegar leigumáli er tímabundinn, eru nýmæli, en sjálfsögð tillitssemi leigutaka og raunar nauðsynleg vegna forleiguréttarins.

Smávægileg tilfærsla er gerð á fardögunum. Hefur fyrri fardagur hingað til verið talinn 14. maí, en er nú fluttur aftur til 1. júní. Er þetta einkum gert með tilliti til skólagöngu barna.

Loks er með 18. gr. lagt til að lögfest sé almenn heimild fyrir fógeta til takmarkaðrar framlengingar á leigumála á grundvelli hagsmunamats og almennra sanngirnissjónarmiða.

Í IV. kafla er fjallað um riftunarástæður og er hann að mestu í samræmi við það sem ætla má að hér sé talið gilda.

Í 23. gr. er þó nýmæli sem heimilar fógeta að láta málskot til Hæstaréttar fresta framkvæmd útburðarúrskurðar gegn hæfilegri tryggingu og þegar sérstakar aðstæður mæla með slíkri frestun. Með þessu er sköpuð leið til að komast hjá þeim kostnaði og vandkvæðum sem af því mundu hljótast, ef leigusali lætur bera leigutaka út úr húsnæði skv. úrskurði fógetaréttar og leigir það jafnvel öðrum, en Hæstiréttur kemst síðan að þeirri niðurstöðu, að skilyrði til útburðar hafi ekki verið fyrir hendi, og hafnar útburðarbeiðni.

Í V. kafla er fjallað um afhendingu og skil leiguhúsnæðis. Er hér kveðið á um það, í hvaða ástandi leiguhúsnæði skal vera þegar það er afhent leigutaka og þegar hann skilar því aftur að leigutíma loknum. Að meginefni til eru ákvæðin í samræmi við þær reglur sem hér hafa verið taldar gilda, en vafi tekinn af í nokkrum efnum. Helstu nýmælin eru ákvæði um úttektarmenn, sem ég mun víkja nánar að síðar, og ákvæði um úttekt leiguhúsnæðis í upphafi og lok leigutíma. Er hér gerð till. um einfalda leið sem er vel til þess fallin að afstýra ágreiningi eða auðvelda sönnun í deilumálum er varða hugsanlega bótaskyldu leigutaka vegna meðferðar hans á hinu leigða húsnæði. Slík deilumál munu vera einn algengasti ásteytingarsteinninn í leiguviðskiptum. Áþekkar reglur munu þekkjast erlendis, og mér er kunnugt um að a. m. k. eitt sveitarfélag hér á landi, sem á töluvert af leiguhúsnæði, hefur haft slík úttektarákvæði í sínum leigusamningum um árabil og þykja þau hafa gefið góða raun.

Í VI. kafla er fjallað um viðhald leiguhúsnæðis. Er brýn þörf á föstum reglum um þetta efni því það hefur verið mjög á reiki hér á landi, bæði í húsaleigusamningum og í framkvæmd, hvernig kostnaði af viðhaldi er skipt á milli aðila. Um þetta vísa ég til aths. í frv. sjálfu.

Í VII. kafla er fjallað um greiðslu rekstrarkostnaðar. Þótt öll ákvæði þessa kafla séu nýmæli í hérlendri löggjöf munu þau þó að mestu í samræmi við það sem tíðkast hefur. Er þó mikils um vert að fá nýjar reglur um þetta efni, einkum um skiptingu á greiðslu slíks kostnaðar í fjölbýlishúsum.

Ákvæði í 45. gr. er sett gagngert vegna þeirra miklu hitaveituframkvæmda sem nú eru í gangi víða um land. Er með því reynt að sporna gegn því, að menn dragi úr hömlu að láta tengja slíkum veitukerfum húseignir sem þeir hafa selt á leigu til langs tíma, þar sem sparnaðurinn kæmi leigutakanum einum til góða, en húseigandinn þurfi hins vegar að leggja út allan tengi- og stofnkostnað, sem oft er veruleg fjárhæð. Má ætla að þetta ákvæði geti bæði reynst hlutaðeigandi hitaveitum hagkvæmt og einnig þjóðfélaginu í heild, eins og raunar allt það sem stuðlað getur að minnkun innflutnings á olíu, svo uggvænlega sem nú horfir í þeim efnum.

Í VIII. kafla er fjallað um umgengnisskyldur og réttindi. Miða ákvæði þessa kafla einkum að því að lögfesta reglur sem myndast hafa í samskiptum leigusala og leigutaka. Ákvæði um rétt leigusala til að sýna húsnæði væntanlegum leigutökum er nýmæli sem ætti að firra leigutaka óþarfa ónæði og ágangi. Þá eru og tekin af tvímæli um það, að leigusala húsnæðis, sem er í fjölbýlishúsi, beri skylda til að sjá um að aðrir þeir, sem í húsinu búa eða starfa, fari að settum umgengnisreglum. Er aðstaða hans í því efni auðvitað mun sterkari en leigutakans.

Í IX. kafla er fjallað um greiðslu húsaleigu og tryggingarfé. Lagt er til að húsaleiga greiðist að jafnaði fyrir fram fyrir einn mánuð í senn, sem mun aðalreglan nú. Með ákvæðum 51. gr. eru því settar skorður, hve mikla fyrirframgreiðslu leigutaki verður krafinn um, bæði í upphafi leigutímans og síðar á honum. Er hér reynt að sporna gegn þeirri óhóflegu kröfugerð sem nú þekkist í þessum efnum. Ákvæðinu um tryggingarfé er ætlað að stuðla að bættri umgengni um leiguhúsnæði og vera leigusölum vörn gegn því að leigutakar hlaupist á brott frá ógreiddri leigu eða óbættum spjöllum á húsnæðinu. Tryggingarfé kemur að nokkru í stað fyrirframgreiðslu því leigutaki verður ekki samtímis greiðslu tryggingarfjár eða framvísun bankatryggingar krafinn um leigugreiðslu fyrir fram nema til eins mánaðar í senn.

Í X. kafla er fjallað um framsal leiguréttar, réttaráhrif þess á leigumála, ef leigutaki andast, um áhrif hjúskaparslita o. fl. Óhætt mun að fullyrða að með lögfestingu þessara ákvæða væri mikilli réttaróvissu eytt og deilumálum afstýrt. Í 61. gr. felst nýmæli sem varðar atvinnuhúsnæði og ég ætla að geti haft töluverða fjárhagsþýðingu. Annað nýmæli er fólgið í 62. gr., þar sem skorður eru reistar við því að starfsmaður, sem fær afnot af leiguhúsnæði í tengslum við starf sem hann ræðst í, sé látinn víkja úr húsnæði fyrirvaralaust samhliða uppsögn úr starfi og glati þannig samtímis atvinnu sinni og húsnæði. Það er þó að sjálfsögðu skilyrði, að starfsmaðurinn hafi ekki látið af starfanum að eigin ósk eða verið vikið löglega úr starfi vegna brota í því.

Í XI. kafla eru ákvæði um úttektarmenn sem eru nýmæli í húsleigulöggjöf hér á landi. Er hér reynt að finna einfalda og skjótvirka leið til sáttaumleitana í ágreiningsmálum leigsala og leigutaka jafnhliða því að leggja grundvöll að því, að réttar og glöggar upplýsingar geti legið fyrir um ýmislegt það sem til þess er fallið að valda deilum síðar. Auðvitað orkar það ætíð tvímælis í byrjun, hversu virkt svona nýmæli muni reynast þegar að framkvæmdinni kemur. Það verður að koma í ljós. Hins vegar ber þess að gæta, að það fyrirkomulag, sem hér er lagt til, á sér ýmsar hliðstæður sem góð reynsla hefur fengist af.

Dómkvaðning úttektarmanna fer fram með sama hætti og virðingarmanna fasteigna til brunabótamats. Er af þeirri tilhögun fengin góð reynsla. Störfum sínum munu þeir haga með áþekkum hætti og úttektarmenn skv. ábúðarlögum eða matsmenn íbúða Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, þótt verksvið úttektarmanna leiguhúsnæðis sé skv. frv. töluvert víðtækara en þessara manna. Hliðstæða er þekkt í húsaleigulöggjöf annarra Norðurlanda þar sem svonefndir „mellemmænd" koma við sögu. Ég hef þá trú, að með tímanum eigi eftir að komast föst skipan á störf úttektarmanna, a. m. k. í stærstu kaupstöðum landsins, og að tilvist þeirra eigi eftir að stuðla að bættum og árekstrarminni samskiptum leigsala og leigutaka. Sú er a. m. k. von mín.

Í XII. kafla eru ákvæði um leigumiðlanir. Með þeim er leitast við að koma fastari skipan á þessa starfsemi en verið hefur til þessa. Hygg ég að á því sé full þörf. Lagt er til að leigumiðlara verði heimilt að annast ýmislegt fleira en það eitt að koma á leigumála. Hann getur tekið að sér umsjón með viðhaldi, innheimtu leigufjár og raunar almennt eftirlit með framkvæmd leigumála. Er talið að þetta geti ýtt undir það að meira húsnæði kæmi til ráðstöfunar á leigumarkað, einkum frá eldra fólki sem óttast deilur og amstur samfara útleigu húsnæðis. Almennt held ég að ákvæði þessa kafla séu til þess fallin að auka festu og öryggi við gerð leigumála, því leigumiðlara ber að gæta fyllsta hlutleysis í starfi gagnvart báðum aðilum, stuðla að því að aðilar geri sér ljósari grein fyrir réttindum sínum og skyldum og réttaráhrifum leigumála, auk þess sem honum ber að auðvelda lausn ágreiningsmála með öruggari varðveislu skjala sem snerta samningsgerðina.

Ég vil að lokum ítreka það, að hér er fjallað um efni sem snertir ótrúlega stóran hluta þjóðarinnar beint og enn fleiri óbeint, — efni sem sárlega hefur vantað um skýr ákvæði í löggjöf um langt árabil.

Hv. félmn. Ed. flutti nokkuð margar brtt. við frv. á þskj. 657 sem samþykktar voru í d. Flestar eru þær til bóta að mínu mati og engin til skaða. Þá flutti hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson brtt. á þskj. 658, þar sem lagt er til að húsaleigunefndir skuli tilnefndar í öllum kaupstöðum landsins. Var þessi brtt. einnig samþ. Ég taldi og tel þessar húsaleigunefndir óþarfar, nema þá helst hér í þéttbýlinu við Faxaflóa. Aftur á móti held ég að þær skaði ekki. Alla vega tel ég að svo mikið liggi við að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi, að ég leyfi mér að leggja til við þessa hv. d. að það verði samþ. eins og það kom frá Ed.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari afgreiðslu vísað til hv. félmn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 87. fundur.

Mánudaginn 14. maí, að loknum 86. fundi.

Happdrættislán vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, frv. (þskj. 476) — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 729).

40 stunda vinnuvika, frv. (þskj. 383). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 730).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 655). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 731).

Sameinað þing, 94. fundur.

Þriðjudaginn 15. maí, kl. 2 miðdegis.

Byggingamál Ríkisútvarpsins, fsp. (þskj. 562) — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fsp. mín er á þessa leið:

„1. Hvenær hefjast að nýju framkvæmdir við útvarpshúsið?

2. Hvenær er áformað að ljúka fyrsta áfanga?

3. Hvernig verður verkið fjármagnað?"

Ég vil fara örfáum orðum um efni þessara spurninga, en ýmsar aðstæður hafa breyst dálítið, síðan þær voru bornar fram, og ýmsar upplýsingar hafa raunar komið fram hér síðan fsp. voru formaðar og lagðar fyrir í upphafi.

Nú er skammt að bíða þess, að Ríkisútvarpið verði 50 ára. Það náði mjög skjótri útbreiðslu, varð eign allrar þjóðarinnar á mjög skömmum tíma, enda þótt stofnun þess bæri upp á mikil kreppuár. Það sama gilti um sjónvarpið. Því var tekið ákaflega vel, tekið tveim höndum frá upphafi og dreifing þess varð með mjög skjótum hætti. Sjónvarpið eignaðist strax eigið húsnæði og það var tvímælalaust heillaspor. Aftur á móti hefur útvarpið verið leigjandi frá upphafi og stundum á hrakhólum og býr nú við mikil þrengsli, eins og kunnugt er, — þrengsli sem ég tel að torveldi mjög eðlilega þróun stofnunarinnar og dagleg störf hennar.

Um árarаðir hefur Ríkisútvarpinu verið gert að leggja í framkvæmdasjóð samkv. lögum og honum einkum ætlað að fjármagna húsbyggingar, hygg ég. Saga þessa framkvæmdasjóðs er mjög sérstök. Hann hefur með ákvörðunum stjórnvalda oftar en einu sinni og oftar en tvisvar verið tekinn til þess að leysa úr til bráðabirgða og jafnvel til óskyldra verkefna. Ég þarf ekki að fara að rekja það að þessu sinni. En ég vil þó aðeins minna á þá þróun sem varð í sambandi við þennan sjóð á árunum 1973—1978.

Í árslok 1974 var svo komið að óhjákvæmilegt reyndist að lána þennan sjóð, einnig það sem hafði verið lagt fyrir, beint í rekstur Ríkisútvarpsins, því það lá við lokun hvað eftir annað. Viðskiptabanki útvarpsins hótaði hörðu, og ég held að jafnvel hafi verið stöðvaðar greiðslur einn dag eða svo. Til þess að leysa úr þeirri flækju var tekið 100 millj. kr. lán sem átti svo að endurgreiða á tveimur árum. Það var gert smátt og smátt. Með aðhaldi, með hækkun afnotagjalda og með hækkun auglýsingataxta var þetta lán greitt, það voru greiddar eftirstöðvar af erlendum skuldum frá því að sjónvarpið var sett á stofn og það var skilað í framkvæmdasjóð því fé sem þar átti að vera. Þetta var verulegt átak á 2—3 árum til þess að rétta fjárhagslega stöðu Ríkisútvarpsins. Svo gerist það, að með álagningunni 1978 er stillt inn á að hægt væri að leggja, þó það væri ekki lögskylda, 10% brúttó tekna í framkvæmdasjóðinn.

Ég vil í annan stað nefna það, að undirbúningur að þessari húsbyggingu er orðinn býsna langur. Ég tel að það hafi verið, eftir því sem menn frekast höfðu vit og getu til, vandað til þess undirbúnings. Það hefur verið haft náið samstarf við nágranna sem eru nýlega búnir að reisa útvarpshús hjá sér, Íra. Og varðandi staðinn, lóðina hér í höfuðstaðnum sem þessari byggingu er ætluð, hefur verið séð vel fyrir framtíðinni og ætluð rúmgóð lóð þannig að möguleiki er að byggja við síðar.

Það var í fyrstunni stefnt að því að byggja þann hluta sem átti að tilheyra útvarpinu, sem sumir kalla hljóðvarp, en haft í bakhöndinni að sameining gæti orðið síðar í fyrsta hluta með hinum tveimur deildum, útvarpi og sjónvarpi. Þegar þetta mál kom svo til samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir fóru menn að leiða hugann að því að forma þetta þegar frá upphafi þannig, að báðar stofnanirnar kæmust inn nokkurn veginn samtímis. Hygg ég að samstarfsnefnd opinberra framkvæmda hafi unnið mjög gott verk þegar hún beitti sér fyrir því, að strax yrði formað þannig til þessarar byggingar að báðar deildir Ríkisútvarpsins kæmust þar inn nokkurn veginn samtímis. Og þannig var þetta svo lagt fyrir, að að þessu skyldi stefnt.

Ég vil að lokum árétta að þetta byggingarmál er ákaflega brýnt og þess vegna er nú um það spurt, til þess að fá nýjustu upplýsingar áður en þm. fara heim.

Þetta er mjög brýnt af mörgum ástæðum: Þrengslin á Skúlagötunni eru ákaflega mikil og útvarpinu bagaleg, eins og ég sagði í upphafi. Það er einnig að verða þröngt um sjónvarpið þar sem það er. Það er byrjað að leigja húsnæði úti í bæ fyrir geymslur o. þ. h. Það er líka ástæða til að minna á, að orðin er brýn þörf á húsnæðinu á Skúlagötu fyrir þær stofnanir sem það var ætlað fyrir í upphafi. Sjútvrn. hefur ítrekað látið í ljós að það þyrfti það húsnæði og hefur sagt upp leigunni.

Ég fer ekki fleiri orðum um spurningarnar, en þær eru eins og ég áðan greindi.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. hef ég fengið frá Ríkisútvarpinu áætlun um nýbyggingu Ríkisútvarpsins færða til verðlags 1. apríl 1979, þ. e. a. s. miðað við vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim degi, sem var þá 280 stig. Gerð hefur verið framkvæmda- og kostnaðaráætlun, sem er miðuð við að fyrsti byggingaráfangi verði innréttaður fyrir núverandi starfsemi útvarps og sjónvarps, en að síðari áfangar miðist við talsvert aukna starfsemi frá því sem nú er. Þessi kostnaðaráætlun er allítarleg og sé ég ekki ástæðu til að rekja hana í smáatriðum, nema þess sé sérstaklega óskað, en niðurstöðutalan er 4100 millj. kr.

Samkv. upplýsingum hönnuða gæti útboð næsta áfanga farið fram með 3—4 vikna fyrirvara. Áfangi þessi felur í sér uppsteypingu á sökklum, leiðslugögnum og grunnplötu, sem er vesturhluti hússins, að línu sem merkt er 72 á teikningu, eins og segir í bréfi frá Ríkisútvarpinu. Í beinu framhaldi af því, eða í septembermánuði þessa árs, er hægt að bjóða bygginguna út til uppsteypu og frágangs að utan.

Byggingaráform Ríkisútvarpsins hafa verið til athugunar í samstarfsnefnd um ríkisframkvæmdir. Mér er ekki kunnugt um að samstarfsnefndin hafi afgreitt málið, en eins og hér kemur fram er hægt að auglýsa útboð með 3—4 vikna fyrirvara eftir að málið hefur verið afgreitt af samstarfsnefndinni.

Fsp. hv. þm. laut að því, hvenær nýjar framkvæmdir við útvarpshúsið hæfust. Ekki er hægt að gefa frekari svör við þeirri spurningu meðan samstarfsnefndin hefur ekki lokið störfum sínum, sem ég vissulega vona að verði hið allra fyrsta.

Í fsp. hv. þm. er einnig innt eftir því, hvenær áformað sé að ljúka fyrsta áfanga. Fyrsti áfangi mun kosta, eins og ég nefndi áðan, um 4 milljarða kr. Áformað er að því

verki verði lokið á árinu 1985. Í áætluninni er árlegur kostnaður áætlaður sem hér segir: Á árinu 1979 400 millj., á árinu 1980 600, á árinu 1981 600, á árinu 1982 750, á árinu 1983 700, á árinu 1984 700 og á árinu 1985 200 millj. kr.

Í fsp. er spurt um hvernig verkið verði fjármagnað. Áætlun, sem gerð hefur verið um fyrsta áfanga, sýnir að eigin framlög Ríkisútvarpsins í framkvæmdasjóð mundu nægja til ársloka 1981. Við lok byggingartímans, árið 1985, er hins vegar áætlað að kostnaður sé 1 milljarður umfram eigið fé byggingarsjóðs. Mér þykir því einsýnt að löngu áður en að því kemur verði að taka ákvörðun um aukin framlög Ríkisútvarpsins af eigin fé í framkvæmdasjóð.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er vissulega um brýnt mál að ræða, eins og fram var tekið áðan, og ekki skal dregið úr því að Ríkisútvarpið býr við gjörsamlega óviðunandi ástand í húsnæðismálum. En hvort sú leið, sem nú er verið að fara í þeim efnum, er hin rétta orkar hins vegar vissulega tvímælis, því að hér er verið að tala um byggingu upp á 4.1 milljarð á því verðlagi sem nú gildir, og kunnugir menn hafa tjáð mér að hún muni væntanlega endast bæði útvarpi og sjónvarpi um aldur og ævi, enda sniðin eftir hugmyndum og byggingu hjá þjóð sem er margfalt, margfalt mannfleiri en við og hefur meira umleikis. Hefði sennilega verið skynsamlegra að bera niður heldur nær okkur í leit að sambærilegum byggingum.

En það, sem ég vil vekja athygli á hér er að nú er talað um að þessi ágæta bygging eigi að kosta 4100 millj. Þegar er kostnaður orðinn 205 millj. án þess að nokkuð sé farið að byggja. Þetta er hönnunarkostnaður og kostnaður við grunn. Samkv. upplýsingum frá fjármálastjóra útvarps fór kostnaður við jarðvegsvinnu þessa húss svo langt fram úr áætlun að hann er a. m. k. tvöfaldur, ef ekki töluvert meira, miðað við það sem upphaflega var áætlað þegar verkið var boðið út. Um þetta segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ljóst er, að kostnaður við jarðvegsvinnu hefur farið langt fram úr áætlun. Innkaupastofnun ríkisins hefur nú" — þ. e. 2. febr. — „fengið greiddar 51.8 millj. inn á þetta verk. Er það tvöfalt tilboðsverð Jarðýtunnar sf. og 17% hærra en áætlun verkfræðinga. Af hálfu Ríkisútvarpsins var með bréfi spurst fyrir um það hjá Innkaupastofnun ríkisins hverju þetta sætti. Svar hefur ekki borist".

Grunur minn er sá, að jarðvegsvinna hafi farið svo mjög fram úr áætlun vegna þess að þarna hafi verið rasað um ráð fram, legið hafi fullmikið á að taka þarna fyrstu skóflustunguna og því hafi málið ekki verið eins vel undirbúið og æskilegt væri. Ég vona bara að því sé ekki þannig farið með þá fjögurra milljarða byggingu sem nú á að ráðast í. Það skal ekki dregið úr því, að vissulega þarf Ríkisútvarpið húsnæði og þess þörf er mjög brýn, en ég efast hins vegar stórlega um að það, sem verið er að ráðast í hér, sé hagkvæmasta, skynsamlegasta og ódýrasta lausnin á því máli. Þvert á móti held ég að hér kunni menn að vera að leggja út í ævintýri sem ekki er séð fyrir endann á og raunar fyrir fram vitað að erfitt er að fjármagna, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. áðan.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Það er ágætt að fá um þetta upplýsingar.

Ég hef aðeins heyrt hljóðið í samstarfsnefndarmönnum. Ég geri mér vonir um að það komi afgreiðsla frá þeim fljótlega. Ég hef skilið það svo, að þeim hafi sýnst ekki nægilega vel séð fyrir fjármögnun verksins til langs tíma, en þar sem ég geri mér a. m. k. vonir um að útvarpslögunum verði nú breytt á þann veg, að 10% verði lögð í framkvæmdasjóðinn, hygg ég að samstarfsnefnd setji fjármögnunina ekki fyrir sig, enda held ég þá, þvert á móti því sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að betur væri séð fyrir fjármagni til þessara framkvæmda en nokkurrar annarrar hliðstæðrar framkvæmdar á vegum hins opinbera. Ég geri mér þess vegna vonir um það, í framhaldi af upplýsingum sem fram komu hjá hæstv. ráðh., að nú styttist í að hafist verði handa.

Ég held að það sé algerlega út í bláinn, enda var það ekki rökstutt og enginn tími til þess í tveggja mínútna ræðutíma, að þarna sé verið að byrja á húsi sem endist um aldur og ævi. Þvert á móti held ég að það sé alveg rétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að þarna sé formað hús fyrir starfsemi útvarps og sjónvarps eins og hún er nú.

Inn í fjármögnun þessa kemur, auk þess sem framkvæmdasjóðurinn leggur til, andvirði húsnæðis sjónvarpsins, en þegar það getur flutt sig getur það selt hina verðmætu húseign sína. Það styður enn að því að gera fjármögnunina álitlega.

Ég hef engar upplýsingar um það sem hv. síðasti ræðumaður var að segja um óeðlilegan kostnað á grunni hússins, og það er auðvitað hvorki unnt að afla nánari upplýsinga um það né ræða það ítarlega við þessa umr.

Ég held ég bæti ekki meiru við, það er víst ekki vert að tefja tímann þessa síðustu daga, en þakka ráðh. svörin.

Dreifikerfi og búnaður Ríkisútvarpsins, fsp. (þskj. 562). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessi fsp. er svo hljóðandi:

„Hvaða framkvæmdir eru áformaðar á þessu ári:
a) Við langbylgjukerfi útvarps?
b) Við FM-kerfið?
c) Á öðrum póstum, t. d. varðandi landshlutaútvarp og tæknibúnað í aðalstöðvum útvarps í Reykjavík?
d) Við dreifikerfi sjónvarps?
e) Í litvæðingunni?"

Það er nú einu sinni svo, að dreifing sjónvarps og útvarps þykir léleg og ófullnægjandi, hún brennur mjög á notendum og það er þrásinnis spurt hvað gangi í þessum efnum. Þetta þekkja þm. og þetta þekkja þeir sem hafa starfað í viðkomandi rn. og stofnunum. Það er oftast spurt um þann endann sem snýr að hlustendum, ef svo mætti segja, og horfunum, minna spurt um þætti eins og t. d. endurnýjun í höfuðstöðvum og í langbylgjustöð útvarps o. s. frv. og um búnað í sjónvarpsstöð. Það er a. m. k. mín reynsla. Og sama er um útvarpshúsið. Það er miklu minna spurt um þessa þætti en um það sem næst er hlustendum eða horfendum. En mér sýnist þetta allt saman jafnforvitnilegt og þess vegna spyr ég á svona breiðum grundvelli og í þetta mörgum liðum.

Ég hef áður vikið að því, hve erfitt var um vik hjá Ríkisútvarpinu í nokkur ár og allt fram um 1976. Framkvæmdir í dreifikerfi lágu þá að miklu leyti niðri um tíma, ekki síst í dreifikerfi sjónvarps, eða voru a. m. k. alveg í

lágmarki. En þá fór að sjá fram úr og framkvæmdir hófust á ný við dreifikerfi sjónvarpsins og raunar á fleiri sviðum. Þetta gerðist eiginlega á þeim grundvelli annars vegar, að það hafði tekist að rétta nokkuð við fjárhag stofnunarinnar almennt, og svo hins vegar, að það var ákveðið að fara í litvæðinguna og þá komu til miklar tolltekjur.

Á s. l. ári voru framkvæmdir í dreifingunni í hámarki, miðað við það sem hefur verið lengi a. m. k., og það á mörgum sviðum, bæði hvað snertir örbylgjuna og FM-stöðvarnar og sjónvarpsstöðvarnar, sem bæði voru styrktar — þær eldri — og endurnýjaðar og svo nýjar reistar. En þrátt fyrir fjörkippinn í fyrra, í krafti tollteknanna fyrst og fremst, er þetta auðvitað allt mjög í miðjum klíðum og veltur á miklu um framhaldið.

Ég skal víkja að spurningunum hverri um sig.

Ég vil fyrst minna á að innanlands er langbylgjuútvarp talið óhjákvæmilegt. Nú hafa menn vitað að möstur sendistöðvar á Vatnsenda eru að syngja sitt síðasta, en útvarpið er ekki aðeins fræðslu- og afþreyingarstofnun heldur og þýðingarmikið öryggistæki, eins og öllum er ljóst, og því mikið í húfi hvað þetta snertir.

Þá er spurt í c-lið um aðra pósta. Ég vil aðeins í því sambandi láta þess getið, að mér er ljóst að þrengslin á Skúlagötu torvelda mjög endurbætur tækjabúnaðar í aðalstöðvum Ríkisútvarpsins.

Eins og ég drap á áðan, er þráspurt um dreifingu sjónvarpsins og þess vegna ákaflega æskilegt fyrir alþm. að fá sem gleggsta vitneskju um hvað er að gerast á þeim pósti áður en þeir hverfa heim af þingi. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið, eftir því sem unnt er, teknar ákvarðanir um sumar- og haustvertíðina í dreifingunni og þá m. a. vegna þess hve langur afgreiðslufrestur er á ýmsu því sem þarf til stöðva og annarra hluta.

Loks er svo spurt um litvæðinguna. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að enda þótt stór hluti dagskrár sé kominn í lit eru margir þættir eftir á því sviði og sumir mjög þýðingarmiklir, ekki síst vegna þess að þeir styrkja stöðu innlends efnis í dagskránni í samkeppni við erlent dagskrárefni. Svo gefur það ástæðu til að flýta sér fremur en hitt við endurbætur á þessu sviði að menn hafa sýnt ákaflega mikinn vilja að venda yfir í litvæðingu með öllum þeim gífurlega miklu tækjakaupum sem átt hafa sér stað á síðustu missirum.

Það hefur nokkuð verið rætt um sjónvarpsdreifinguna áður í fsp.-tíma, en þó held ég að það væri æskilegt að rifja þetta aðeins upp í heild og því eru fsp. fram bornar.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. hefur lagt hér fram fsp. í 5 liðum um framkvæmdir Ríkisútvarpsins og spyr í fyrsta lagi um langbylgjukerfi útvarpsins.

Endurskoðuð áætlun um heildarkostnað við uppbyggingu langbylgjustöðvar gerir ráð fyrir að þetta verk kosti hvorki meira né minna en tæpa 2 milljarða kr. eða nánar til tekið 1950 þús. millj. Undirbúningsframkvæmdir á þessu ári eru taldar munu nema 150 millj. kr. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að byggður verði 500 kw. langbylgjusendir sem staðsettur verði í Flóanum. Við þennan sendi yrði 250—300 m hátt mastur. Ekki er gert ráð fyrir vararafstöð í fyrsta áfanga, en til greina kemur að flytja varastöð að Vatnsenda og fengist með henni það sem nægði til u. þ. b. 100 kw. útsendingar. Á Vatnsenda þyrfti þá að kaupa ca. 50 kw. vararafstöð vegna sjónvarps- og FM-senda. Gert er ráð fyrir um 10 km langri háspennulínu og stöðvarhúsi, sem er 250 fermetrar að stærð. Verk þetta verður vart unnið á skemmri tíma en tveimur árum. Yrði ákvörðun tekin í upphafi þessa árs var það áætlun tæknimanna að búast mætti við verklokum að tveimur árum liðnum og mikill meiri hluti kostnaðar mundi þá falla á árinu 1980 eða síðar, ef tækjabúnaður yrði keyptur með lánakjörum sem munu standa til boða hjá framleiðendum langbylgjusenda.

Þetta mál er enn á undirbúningsstigi og hefur verið ákveðið að verja 150 millj. kr. til undirbúnings málsins, en ákvarðanir að öðru leyti hafa ekki verið teknar.

Í öðru lagi spyr hv. þm. um FM-kerfi útvarpsins.

Áætlað er að verja til FM-kerfis útvarpsins 118 millj. kr. á þessu ári. Þeir staðir, þar sem framkvæmdir verða, eru eftirtaldir — ég les staðina og upphæðir: Það er Stykkishólmur 13.5 millj., Vestmannaeyjar 13.5, Háfell 13.5, Hraunhóll 5, Neskaupstaður 5, Vatnsendi 2.5, Öxnadalur 5, Hörgárdalur 5, Bárðardalur 5, Vestfirðir, það eru 4 stöðvar, 20, Skaftártungur 5, Austfirðir, 4 stöðvar, 20, Öxarfjörður 5, eða samtals 118 millj. kr.

Þá spyr hv. þm. um framkvæmdir á öðrum póstum, t. d. varðandi landshlutaútvarp og tæknibúnað í aðalstöðvum útvarps í Reykjavík.

Fjárfesting vegna landshlutaútvarps hefur enn ekki verið til umræðu innan Ríkisútvarpsins. Endurnýjun tæknibúnaðar útvarps að Skúlagötu 4 hefur beðið ákvörðunar um byggingu útvarpshúss. Tækjabúnaður er nær allur orðinn um 20 ára gamall og talið er að endurnýjun hans í heild mundi kosta 1.1—1.2 milljarða kr.

Í fjórða lagi er spurt um framkvæmdir við dreifikerfi sjónvarps.

Til dreifikerfis sjónvarps er áætlað að verja 510 millj. kr. á þessu ári. Innifaldar í þessari upphæð eru 38 millj. til örbylgjukerfis Reykjavík—Vestmannaeyjar—Háfell. Ákveðið hefur verið að flýta kaupum á Gagnheiðarsendi og kemur hann að fullu til greiðslu á árinu. Kaupverð er áætlað 118—120 millj. kr. Því má segja að til dreifikerfis sjónvarps verði varið öllu hærri fjárhæð en ég nefndi fyrst, 510 millj., þar sem í þeirri áætlun var ekki gert ráð fyrir að Gagnheiðarstöðin kostaði á þessu ári nema 40 millj. Er því ljóst að heildarframkvæmdaupphæðin verður rétt um 600 millj. kr.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að í þessari áætlun um dreifikerfi sjónvarps er ekki einungis um að ræða kostnað vegna framkvæmda til að koma sjónvarpi á einstaka bæi sem ekki hafa sjónvarp. Hér er um að ræða framkvæmdir sem snerta heila landshluta að töluverðu leyti. Sú framkvæmdaáætlun, sem nú liggur fyrir, er eftirfarandi — ég les framkvæmdir og upphæðir í millj. kr.:

Það er Háfell 96 millj., Arnarnes 21, Gagnheiði 120, Vestmannaeyjar 75, örbylgjustöð Reykjavík—Háfell 23, örbylgjustöð Reykjavík—Vatnsendi 15. Síðan koma einstaka smærri stöðvar og tímans vegna les ég aðeins upp þá staði þar sem framkvæmdir verða, en ekki upphæðir nema þess sé sérstaklega óskað. Það er Borgarnes, Skaftártunga, Bárðardalur, Vopnafjörður, Reyðarfjörður, Álftafjörður, Mosfellssveit, Fljótsdalur, Ísafjarðardjúp, Engihlíðarhreppur, Jökuldalur, Eggjar, Skipalón. Síðan koma kaup á 10 mögnurum, smátíðnibreyturum, mælitækjum, en þessir hlutir munu dreifast á allmarga staði án þess að nánari grein sé gerð fyrir því í

skýrslu Ríkisútvarpsins um það mál. Og svo er vegagerð á ca. 8 stöðvar, vinna við uppsetningu og annar kostnaður, en samanlagt gerir þetta rétt um 600 millj. kr.

5. liður fsp., sem hv. þm. hefur lagt hér fram, varðar litvæðingu. Þar er skemmst frá að segja, að vegna óvissu um fjárhagsgetu hafa engar verulegar pantanir enn verið gerðar á nýjum tækjabúnaði fyrir sjónvarp. Þó hefur verið talið æskilegt að keypt yrðu tvö myndsegulbandstæki, sem kosta nú um 84 millj. kr., og óskað hefur verið eftir 100 millj. kr. til fjárfestingar í sjónvarpsstöð á árinu, en um þessa þætti fjárfestingar Ríkisútvarpsins hafa enn ekki verið teknar endanlegar ákvarðanir.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég þakka ráðh. þessi svör, sem þó í stuttu máli séu fram sett eru mjög yfirgripsmikil og snerta þau atriði öll sem um er spurt. Ég held það sé mikið atriði að fá fram þessar upplýsingar núna, áður en þm. fara heim, eins og ég sagði áðan, því að um þessi mál er ákaflega mikið spurt.

Það er áberandi, a. m. k. fyrir þá sem kunnugir eru, þegar maður hlýðir á yfirlit hæstv. ráðh., hvernig þessi mál skarast. Ég heyri að inn í þessa áætlun koma nokkur atriði sem ákveðin voru á síðasta ári og unnið var að þá, en ekki vannst tími til að ljúka. Þannig verða menn alltaf að gera sér ljóst, að eitthvað af því, sem ákveðið er núna, kann að dragast fram á næsta ár af ýmsum ástæðum. Það er mjög erfitt að tímasetja þessar framkvæmdir. Það vita þeir sem hafa eitthvað komið nálægt þeim. Þar getur margt gripið inn í: afgreiðslufrestir, verktafir út af veðrum o. s. frv. og jafnvel að það verða bilanir og þarf að setja menn til starfa við að bæta úr þeim.

Ég fagna því, að menn leggja nú mjög niður fyrir sér byggingu á langbylgjustöðinni. Þetta er stórmál sem kostar mikla peninga, en menn verða eigi að síður fyrr eða síðar að ráðast í. Mér skilst að það taki allt sinn undirbúningstíma og m. a. þess vegna verði varla um að ræða verulegar framkvæmdir þar á þessu ári. Þetta dreifist eitthvað, eins og hæstv. ráðh. benti á, m. a. vegna þess að það verða sjálfsagt einhver lán á þeim dýru tækjum sem til þarf að reisa þessa stöð.

Ég vil undirstrika það, að ég tel mjög þýðingarmikið að unnið verði í FM-kerfinu svo sem hér er um að ræða. Það eru ekki mjög dýrar framkvæmdir á þessu sviði, en slíkt kemur mörgum til góða og gildir sama um það eins og um þær sjónvarpsframkvæmdir, sem skýrt var frá að á döfinni væru, að þær snerta mjög marga, miklu fleiri en þá t. d. sem fá hinar svæðisbundnu stöðvar. Það, sem þegar er búið að gera í FM-kerfinu, t. d. á Gagnheiði, og víðar, nær til margra manna, en verður svo útfært enn betur með smærri stöðvum sem hæstv. ráðh. taldi upp.

Ég átti ekki von á því að svarið varðandi tæknibúnað í stöðinni hérna og landshlutaútvarp yrði öðruvísi en það var. Þannig er ástatt á Skúlagötu, að það er ákaflega bágt að þurfa að leggja peninga í að endurnýja þar í stórum stíl dýr og þýðingarmikil tæki sem hafa verið í notkun, en fyrir löngu eru komin yfir eðlilegan nýtingaraldur. Þess vegna halda menn nú niðri í sér andanum og reyna að fresta því sem unnt er að fresta þangað til hægt er að búa um sig í nýju húsnæði. Auðvitað verður alltaf eitthvað að gera á þessu sviði einnig. Ég geri ráð fyrir að þegar hæstv. ráðh. gefur þessar upplýsingar komi inn í þá mynd sú fjárhæð sem menn gera nú ráð fyrir að taka umfram það sem áður var áformað til þessara hluta, sbr. meðferð lánsfjáráætlunar á hv. Alþ. undanfarna daga.

Í svari ráðh. var minnst á eitt atriði, sem er tæknilegs eðlis og ég kann ekki að útskýra, en hefur áreiðanlega mikla þýðingu við lokaátak í dreifingu sjónvarps innanlands, en það eru hátíðnimagnarar svokallaðir, en með þeim tækjum er hægt að koma sjónvarpi til einstakra afskekktra staða á miklu ódýrari hátt en unnt var áður en menn áttuðu sig á þeim möguleika.

Ég hygg að það sé eðlilegt, jafnvel þó að ákvarðanir hefðu legið fyrr fyrir, að menn fari fremur hægt í litvæðinguna, en haldi henni þó gangandi og búi sig undir að stíga skrefið til fulls. Það er mikilvægt m. a. af þeim ástæðum sem ég vék að í upphafi, að auknar aðgerðir í litvæðingunni styrkja stöðu innlends dagskrárefnis gagnvart útlendu.

Svo vil ég að lokum árétta það, sem ég sagði fyrr í vetur í fsp.-tíma í Sþ. og hef staðfest með því að leggja fram frv. í þá stefnu, að ég álít að skynsamlegt sé að Ríkisútvarpið fái aftur sjónvarpstollana sem fastan markaðan tekjustofn. Ég álít að verkefni sem fram undan eru hjá Ríkisútvarpinu séu svo stórfelld, langbylgjustöðin kemur þarna til viðbótar ásamt með öðru, að slíkt væri skynsamlegt. Mér er hins vegar ljóst að frv. mitt um það efni nær varla fram að ganga á þessu þingi, en ég vænti þess að hæstv. ríkisstj. íhugi þetta mál vel á milli þinga.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég þakka þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. En ég vil ekki láta þetta tækifæri ónotað til að minna á það ófremdarástand sem er í sambandi við dreifingu sjónvarps á utanverðu Snæfellsnesi, sem hér kom raunar til umr. fyrr í vetur. Ekki kom fram í skýrslu ráðh. áðan að til stæði að lagfæra það ástand á þessu ári.

Svo er háttað þarna, að sjónvarpssendir á Vallnaholti í Fróðárhreppi bilar mjög oft og koma fram truflanir frá erlendum sjónvarpsstöðvum á þessu svæði, þar sem búa nú hátt í 2000 manns, og eins og fram hefur komið áður hafa verið í gangi undirskriftir sjónvarpsnotenda, sem sendar hafa verið hæstv. ráðh. og póst- og símamálastjórn, þar sem er gerð bein krafa um úrbætur tafarlaust. Ég vildi þess vegna nota þetta tækifæri og ítreka óskir íbúanna á þessu svæði um að allt verði gert sem hægt er á þessu ári til að lagfæra ástandið með því að endurbæta annaðhvort sendinn, sem fyrir er, eða setja upp nýjan, eins og um hefur verið talað. Ástandið, eins og það er, er algerlega óviðunandi.

Sameinað þing, 95. fundur.

Þriðjudaginn 15. maí, að loknum 94. fundi.

Framkvæmdir í orkumálum 1979, þáltill. (þskj. 454). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Suðurnesjaáætlun, þáltill. (þskj. 34, n. 578). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um þessa þáltill. um Suðurnesjaáætlun og leitað umsagna. Jákvæð umsögn barst frá Vinnuveitendafélagi Suðurnesja, þar sem hvatt var til að hraðað yrði áætlun um uppbyggingu fiskveiða og vinnslu á Suðurnesjum. Sömuleiðis barst jákvæð umsögn frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og frá Framkvæmdastofnuninni barst mjög ítarlegt og jákvætt álit um þessa tillögu. Þá barst jákvæð umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum svo og frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis, þar sem segir að það hefði verið tímabært fyrir mörgum árum að samþykkja slíka ályktun.

N. varð sammála um afgreiðslu málsins. Fjarverandi lokaafgreiðslu voru Friðrik Sophusson, Jóhanna Sigurðardóttir og Jón G. Sólnes.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 750)

Iðngarðar, þáltill. (þskj. 5, n. 602). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Atvmn. hefur rætt á fundum sínum þáltill. um iðngarða, 5. mál Sþ. Borist hafa umsagnir um þetta mál og hafa þær allar verið á einn veg, meðmæli með þáltill. Hefur því atvmn. orðið sammála um að leggja til við hv. Alþ., að það samþykki þessa þáltill.

Fjarstödd afgreiðslu þessa máls voru Friðrik Sophusson, Jóhanna Sigurðardóttir og Jón G. Sólnes.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. atvmn. fyrir afgreiðslu þessa máls og síðan vænti ég þess, að till. fái greiðan framgang hér í hv. Alþ. og að henni samþykktri að hæstv. ríkisstj. feli þessum aðilum að undirbúa löggjöf, þannig að frv. um heildarskipulag þessara mála verði lagt fyrir Alþ. næsta haust.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 751).

Meðferð íslenskrar ullar, þáltill. (þskj. 79, n. 603). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Atvmn. hefur tekið fyrir og rætt þáltill. um meðferð íslenskrar ullar, 72. mál. Nm. voru sammála um að leggja til að þáltill. verði samþ. þar sem höfðu borist umsagnir um hana og þær voru á einn veg.

Fjarstödd afgreiðslu málsins voru Friðrik Sophusson, Jóhanna Sigurðardóttir og Jón G. Sólnes.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 752).

Könnun á þætti landbúnaðarframleiðslu í atvinnulífi þjóðarinnar, þáltill. (þskj. 329, n. 604). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Atvmn. hefur tekið fyrir og rætt till. til þál. um könnun á þætti landbúnaðarframleiðslu í atvinnulífi þjóðarinnar. N. höfðu borist samþykktir og áskoranir um að samþykkja þáltill. og leggja það til við Alþingi. M. a. höfðu borist áskoranir frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda ásamt fleiri aðilum nokkuð víða að af landinu. Nm. ræddu þetta mál á fundi sínum og voru sammála um að leggja til að þessi þáltill. yrði samþ.

Fjarstödd afgreiðslu málsins voru Friðrik Sophusson, Jóhanna Sigurðardóttir og Jón G. Sólnes.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 753).

Iðnnám, þáltill. (þskj. 422). — Ein umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 422 svo hljóðandi till. til þál. um iðnnám, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta endurskoða gildandi reglugerð nr. 143 1967, um iðnfræðslu, m. a. með það í huga, að símvirkjun verði talin til iðngreina og að símvirkjun verði tekin upp sem námsefni í iðnskóla."

Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp grg. sem fylgir. Hún hljóðar svo:

„Samkv. núgildandi reglugerð um iðnfræðslu er símvirkjun ekki talin með sem iðngrein. Engu að síður er krafist bæði verklegs og bóklegs náms, sem lýkur með prófi, til þess að mega stunda þessa atvinnu.

Sérstakur skóli, Póst- og símaskólinn, annast þessa fræðslu. Skólanefnd er skipuð af póst- og símamálastjóra, sem einnig ræður skólastjóra, en skólanefndin ræður síðan kennara og prófdómara.

Ekki munu aðrir fá heimild til náms í símvirkjun en þeir, sem ráðnir eru til starfa hjá Pósti og síma. Símvirkjanám er því algerlega lokað og engin trygging fyrir því, að þeir, sem áhuga hafa á náminu, geti nokkru sinni aflað sér þeirrar þekkingar, reynslu og réttinda sem nauðsynleg eru til að mega leggja starfið fyrir sig.

Almennt er þegnum þjóðfélagsins gert kleift með hinu almenna skólakerfi að afla sér þeirrar skólagöngu, sem hugurinn stendur til og fáanleg er hér á landi, án þess að krafist sé vinnuráðningar í starfsgreinum áður en nám er

hafið. Þróun þessara mála er sú, að nú er unnt að ljúka iðnnámi frá iðnskóla í mörgum starfsgreinum án þess að nemandinn þurfi að vera á námssamningi í greininni.

Auk þess að bæta úr ósanngjörnu misrétti, sem viðgengist hefur í þessum efnum, leiðir þessi skipan til verulegs sparnaðar fyrir ríkissjóð, þar sem sérskóla Pósts og síma mætti leggja niður þegar námið væri flutt í skóla sem þegar eru starfræktir.

Ætla má að einokun og hvers konar höft á athafnafrelsi eigi þverrandi fylgi að fagna, og líklegt, að einokunaraðstaða sú, er lög um fjarskipti, nr. 30 frá 1941, færa Pósti og síma í hendur, verði fljótlega felld niður. Er þá nauðsyn á því, að unnt sé að leita til annarra en starfsmanna símans um verkefni er snerta símvirkjun og notendur síma þurfa að fá framkvæmd."

Með flutningi till. til þál. um iðnnám er lagt til, að símvirkjun verði lögvernduð iðngrein og nám í greininni verði tekið upp í iðnskólum. Till. er um að starfsgrein, sem nú er lokuð, verði opnuð og þeim, er þess óska, veitt þau sjálfsögðu réttindi að fá tækifæri til að leita sér menntunar í þeirri starfsgrein sem hugurinn stefnir til. Enda þótt till. nái fram að ganga og iðngreinin verði opnuð skerðir það að sjálfsögðu á engan hátt réttindi Landssímans til að halda sérnámskeið fyrir starfsfólk sitt eftir því sem ástæður og sérstök verkefni gefa tilefni til. Slíkt er algengt hjá stórum fyrirtækjum. Hins vegar stendur einkaaðstaða Landssímans til þess að þjálfa og mennta símvirkja í vegi fyrir og tefur þá óhjákvæmilegu þróun, að símvirkjun og símtækni verði framkvæmd af fleiri aðilum en þessari einu stofnun.

Þeirri röksemd hefur verið haldið á loft, að verkefni símvirkja væru eingöngu á vegum Landssímans og því eðlilegt að hann hafi fræðsluna með höndum hér eftir sem hingað til. Því miður er ástandið þannig, að hér á landi er starfsvettvang símvirkja aðeins að finna hjá einum aðila. Þessi till. stefnir að því að bæta úr því ástandi.

Aukin tækni og örar framfarir á sviði fjarskipta opna víðara svið og fleiri starfsmöguleika. Ef þessari iðngrein eru sköpuð eðlileg skilyrði til þróunar er ekkert því til fyrirstöðu að komið verði á fót innlendum framleiðsluiðnaði í greininni. Þar bíða verkefni fyrir iðnmenntað fólk án þess að það þurfi að vera á vegum Landssíma Íslands.

Auk verkefna fyrir sérmenntaða tæknimenn á þessu sviði virðist framleiðsla í þessari grein umfram ýmsar aðrar gefa fólki með skerta starfsorku möguleika á starfi, en eins og kunnugt er hefur skortur á verkefnum fyrir öryrkja og fatlaða verið mjög alvarlegt vandamál sem ekki verður gengið fram hjá. Forsenda þess að koma slíkum iðnaði á fót er að sjálfsögðu sú, að nauðsynleg tæknimenntun sé fyrir hendi.

Till. þeirri, sem hér er flutt, er ætlað að bæta úr þeim annmörkum sem á því eru að svo geti orðið. Iðngreinin er lokuð. Í hana komast ekki aðrir en þeir sem ráða sig til starfa hjá Pósti og síma. Að námi loknu eru starfsmöguleikar engir annars staðar en hjá sömu stofnun, eins og nú er háttað málum. Meðan Landssíminn heldur einkarétti sínum í sambandi við innflutning og lagnir á öllu er snertir síma og hefur auk þess einkarétt á að veita menntun í greininni skortir öll skilyrði til þess að iðngreinin geti þróast og dafnað á eðlilegan hátt eins og aðrar iðngreinar sem opnar eru þeim sem óska.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að gera það að till. minni að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Starfsreglur Póst- og símamálastofnunarinnar, þáltill. (þskj. 423). — Ein umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef einnig leyft mér að flytja á þskj. 423 till. til þál. um starfsreglur Póst- og símamálastofnunarinnar. Hún er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um starfssvið Landssíma Íslands með það að markmiði að samræma starfsemi og verksvið símans þeim reglum er gilda um starfsemi annarra hliðstæðra þjónustustofnana, svo sem rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna."

Með leyfi forseta mun ég lesa upp grg. þá sem fylgir. Hún er svo hljóðandi:

„Í II. kafla laga nr. 30 frá 27. júní 1941 er að finna ákvæði þar sem ríkinu er, m. a. í 2. gr., veitt einokun á „að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki (tæki, taugar, búnað o. þvl.), eða hluta til þeirra" o. s. frv. Í IV. kafla sömu laga er þessi einkaréttur framseldur póst- og símamálastjórn. Hins vegar er ráðh., sem fer með fjarskiptamál, veitt heimild í 3. gr. laganna til að veita undanþágur frá ákvæðum 2. gr. Í lögum nr. 36 frá 13. maí 1977 er einkaréttur Póst- og símamálastofnunarinnar enn þá áréttaður. Í 3. gr. þeirra laga er þó nokkuð dregið í land frá fyrri ákvæðum, þar sem nú er veitt einkaleyfi til að „stofna til og starfrækja hvers konar póst-, síma- og aðra fjarskiptaþjónustu" svo og að „hafa eftirlit með innflutningi og viðurkenningu á búnaði í því sambandi."

Ekki eru bornar brigður á nauðsyn þess, að Póst- og símamálastofnun reki símstöðvar og annist lagnir símalína milli staða. Hins vegar á einkaleyfi símans að vera lokið þegar að því kemur sem framkvæma þarf eftir að símalögn er komin í tengil innan húsveggs notenda.

Starfsemi annarra þjónustustofnana, svo sem rafmagns-, vatns- og hitaveitna, má telja hliðstæða starfsemi síma og ættu því að gilda um þær hliðstæð ákvæði. Rafmagnsveita og hitaveita tengja lagnir sínar við mæla notenda innanhúss, en láta þar staðar numið. Eftir að gengið er frá inntaki er notendum í sjálfsvald sett hvernig lögnum innanhúss er hagað og hvaða efni og tæki eru notuð, svo framarlega að öryggis- og gæðakröfum, sem kunna að verða settar, sé fullnægt. Með frjálsum innflutningi eykst fjölbreytni og hagkvæmni og símanum sparast fé og fyrirhöfn við innkaup og birgðahald, a. m. k. varð sú raunin á þegar Viðtækjaverslun ríkisins var lögð niður á sínum tíma. Má ætla að sú verði einnig raunin að því er símann varðar."

Till. til þál. um starfsreglur Póst- og símamálastofnunar er flutt með það í huga að færa starfsreglur stofnunarinnar eitthvað í áttina til nútímans. Einokun á hvaða sviði sem er hefur aldrei leitt til góðs, en ávallt verkað sem hemill á allar framfarir og staðið gegn eðlilegri þróun og framförum. Till. er m. a. ætlað að:

1) létta þeim fjárhagslegu byrðum sem stofnunin ber í sambandi við innflutning tækja sem eðlilegt verði að

frjáls innflutningur verði á;

2) skapa skilyrði fyrir uppbyggingu og vexti menntaðrar, sjálfstæðrar símvirkjastéttar í landinu,

3) veita símnotendum þann sjálfsagða rétt að velja og hafna í sambandi við símtæki, sem unnt er að afla sér, með þeim skilyrðum að fullnægt sé þeim gæðakröfum sem gerðar eru og reglur verða settar um.

Innflutningur á símtækjum kostar símann verulegt rekstrarfé, sem ætla má að stofnunin þyrfti á að halda til annarrar starfsemi. Frjáls innflutningur slíkra tækja mundi því væntanlega losa verulegt fé sem nú er bundið í birgðum og rekstri þessarar greinar starfseminnar. Að sjálfsögðu er innflutningur bundinn því skilyrði að tækin stæðust þau gæða- og öryggisskilyrði sem símayfirvöld settu.

Frjáls innflutningur símtækja og aukabúnaðar og heimild símnotenda til að ráða sjálfir lagningu og uppsetningu tækja innanhúss mundi án efa efla og styrkja símtækni og gefa þeirri iðngrein byr undir vængi. Væri slíkt líklegt til að stuðla að því að koma á fót innlendri framleiðslu í greininni, sem gæti haft ómetanlegt gildi atvinnulega séð. Skilyrði þess að slíkum iðnaði yrði komið á fót er að verslun með slík tæki yrði gefin frjáls og símvirkjaiðnin opnuð.

Rafmagnsveitur, sem telja má hliðstæð þjónustufyrirtæki við síma, láta sér nægja að tengja heimtaug við mæli notenda. Síðan getur notandinn hagað leiðslum innanhúss og notfært sér þau tæki sem honum henta hvar og hvernig sem hann óskar án afskipta rafveitu, að því einu tilskildu að fullnægt sé þeim öryggis- og gæðakröfum sem settar eru um raflagnir og raftæki. Á sama hátt og Rafmagnseftirlit ríkisins annast gæðaprófun rafmagnstækja eða raftækja áður en innflutningur er leyfður getur innflutningur símtækja verið háður því, að þau standist þær gæðakröfur sem símayfirvöld gætu sett.

Erfitt er að samræma þá fullyrðingu, að Póstur og sími fengi betra innkaupsverð á símtækjum vegna ríflegs magnafsláttar. Meðan innflutningur er ekki frjáls hefur ekki reynt á hvaða kjör öðrum innflytjendum gætu staðið til boða. Reynslan hefur hins vegar jafnan orðið sú, að óhindruð frjáls samkeppni hefur leitt til lækkunar á vöruverði. Er ósennilegt að þessi tegund vöru lúti öðrum lögmálum.

Við höfum þá reynslu af einkasölum, sem hér voru reknar, en hafa verið lagðar niður, að gerbreyting til batnaðar hafi orðið við að starfsemi þeirra var lögð niður. Mér er næst að halda fram, að fáir mundu styðja það að starfsemi þeirra yrði endurvakin. Frjáls innflutningur, verslun, lagnir og uppsetning símtækja innanhúss eru forsenda þess að símvirkjun og iðnaður tengdur símvirkjun nái að þróast eðlilega hér á landi, en með þessari till. til þál. er að því stefnt að svo megi verða.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þáltill. þessari verði einnig vísað til allshn. að þessum umr. loknum.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Beinar greiðslur til bænda, þáltill. (þskj. 16, n. 471 og 497). — Frh. einnar umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. á þskj. 16 um beinar greiðslur til bænda. N. klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. n., sem skipaður er Ellert B. Schram, Gunnlaugi Stefánssyni, Vilmundi Gylfasyni, Jónasi Árnasyni, Lárusi Jónssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni, leggur til að till. verði samþ. óbreytt, en minni hl. n., hv. þm. Páll Pétursson, skilar minnihlutaáliti og mun gera grein fyrir því.

Meiri hl. n. leggur til að till. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Mér er sagt að á tímum viðreisnarstjórnar hafi verið fátítt eða jafnvel óþekkt að þáltill. frá stjórnarandstöðu eða frv. frá stjórnarandstöðu næðu fram að ganga. Það voru ekki vinnubrögð til fyrirmyndar. Nú er öldin önnur og á mál, sem sæmilegt samkomulag verður um og eru sanngirnismál, er ekki sest á hinu háa Alþingi vegna þess að upphafsmenn þeirra séu í röðum stjórnarflokka. En við afgreiðum þessa dagana á færibandi þáltill. Sjálfstfl. Um þær flestar er ekkert nema gott að segja, að dálítið er þó misjafn sauður í öllu því fé.

Ég hef, eins og menn e. t. v. rekur minni til, einstaka sinnum talað um þetta mál áður. Nú hef ég haft tækifæri til þess að sitja í þeirri n., sem fjallar um málið, og er raunar formaður hennar. Ég get ekki annað en borið samnm. mínum hið besta söguna. Þetta er merkileg n., allshn. Sþ., en sumir nm. eru nokkuð örir og kappsamir. Í þessu máli bar það við, að sumir þeirra neituðu að líta á umsagnir eða gögn varðandi málið og urðu jafnvel fokvondir yfir því, að menn væru kvaddir á fund n. Ef menn fara að afgreiða mál svo eftir taugakerfinu, en ekki með vitrænum hætti, er hætta á ferðum um störf þingsins.

Við umr. í haust komu fram mikilvæg rök gegn þessu máli. Á þau vildu sumir hv. nm. alls ekki hlusta. Ég er ekki að klaga samnm. mína. Þetta eru góðir og guðhræddir menn, vandaðir og frómir og sumir þeirra m. a. s. skemmtilegir. En allt um það get ég ekki varist því, að mér finnst nauðsynlegt, að menn viti þetta og hafi það í huga þegar þeir mynda sér skoðun um afgreiðslu málsins. Ég bið menn að mynda sér skoðun um þetta mál, — ég bið menn ekki um annað en þeir myndi sér skoðun um málið og hafi það að leiðarljósi.

Þegar umr. var um þetta mál í haust lét ég í ljós ótta minn um að hv. 1. flm., Eyjólfur K. Jónsson, væri búinn að vinna sigur í málinu hér í þinginu. Ég óskaði honum til hamingju með það. Það fór ákaflega fyrir brjóstið á sumum hv. þm. Ég var héðan úr ræðustól ávítaður harðlega, jafnvel af bestu vinum mínum, fyrir linku og drusluhátt, svartsýni og aumingjaskap. Ég lýsti náttúrlega aldrei fylgi við málið. Ég verð að segja ykkur það, að mér finnst málið ekki kannske jafnvitlaust, en nærri því eins vitlaust og þegar hv. flm. setti það fram í upphafi.

Ég held að nauðsynlegt sé að upplýsa þingheim um málið. Ég reyni að gera það í stuttu máli, en ég er engan veginn viss um að mönnum sé ljóst um hvað þeir eru að tala, hvað þeir ætla að fara að afgreiða. Menn hafa það e. t. v. bara í huga að klekkja á samvinnufélögunum. Þeir gá ekkert að því, hvert það kann að leiða. Ég er ekki að verja hér sérstaklega samvinnufélögin. En ég bið menn að hafa í huga hvað þeir eru að gera, hvert það kann að

leiða að þeir vinna verk svona. Þetta hefur vakað jafnvel fyrir sumum þjóðkunnum samvinnumönnum, eins og hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, sem ég man ekki betur en telji sig í röð hinna mestu samvinnumanna í þjóðfélaginu, ef ekki bara þann almesta. Hann lét sannarlega til sín taka í störfum allshn. um málið og lét ljós sitt skína þar og hafði ekki undir mælikeri, aldrei þessu vant.

Ég verð að leyfa mér að rekja eitt gagn, sem ekki hefur komið fram áður í þessu máli, og með leyfi forseta langar mig til þess að lesa upp stutta, en nokkuð ljósa grg. sem formaður Stéttarsambands bænda sendi þinginu fyrir skömmu og ég tel ástæðu til að komi í ræðuparti Alþingistíðinda. Hún heitir: „Greinargerð um veitingu rekstrar- og afurðalána úr bankakerfinu til sauðfjárframleiðenda.“ Hef ég nú lesturinn, með leyfi forseta:

„Þess hefur orðið vart, að allmikill misskilningur ríkir um upphæð og afgreiðslu þessara lána og einnig það, með hvaða hætti endurgreiðsla þeirra er tryggð. Því þykir mér rétt að lýsa þessu nokkuð í von um að menn vilji heldur hafa það sem sannara reynist að leiðarljósi í umræðum um þessi mál.

1. Rekstrarlán. Upphæð þessara lána er ákveðin af stjórn Seðlabanka Íslands ár hvert. Sú ákvörðun er að jafnaði tekin í febrúar- eða marsmánuði. Nú var þó ekki búið að taka endanlega ákvörðun fyrir árið 1979 fyrr en í byrjun apríl.

Þetta er ákveðin krónutala og er hverjum sláturleyfishafa veitt hún miðað við fjölda dilka hjá honum árið á undan. Krónutalan á dilk er mishá eftir því hvort sauðfjárrækt er aðalbúgrein viðkomandi landssvæðis eða ekki. Árið 1977 var krónutalan hjá öllum sláturleyfishöfum 722 kr. á dilk. Síðan kom viðbót í nokkur héruð að upphæð 731 kr. á dilk. Enn var veitt viðbót að upphæð 366 kr. á dilk í önnur héruð. Árið 1978 var upphæðin, sem allir fengu, 995 kr. á dilk. Viðbótin hjá þeim héruðum, sem fengu fulla viðbót, var 990 kr., en 495 kr. á dilk hjá þeim sem fengu hálfa viðbót.

Þetta fé er að jafnaði lánað í sex áföngum, 50% í 1. áfanga, en síðan 10% í lok hvers mánaðar frá apríl til ágúst. Sláturleyfishafarnir eru lántakendur nær undantekningarlaust, oftast án umboðs frá bændum. Þeir gefa viðskiptabanka sínum skýrslu um fjölda sláturdilka næsta ár á undan, staðfesta af matsmönnum og endurskoðendum. Þeir skila síðan í viðskiptabankann víxli fyrir þeirri fjárhæð, sem þeir eiga rétt á hverju sinni, til að setja að veði fyrir skilvísum greiðslum hins væntanlega afurðaláns út á dilkaslátrun til komandi hausts. Þessa víxla endurkaupir Seðlabankinn. Viðskiptabankinn getur krafist viðbótartryggingar þyki honum ástæða til.

Hámarks- og lágmarksrekstrarlán út á dilk hefur síðustu 3 ár verið sem hér segir:

1977 var lágmarkið 722 kr. Miðtalan „— það er gott orð miðtala —“ 1088 kr. Hámarkið var 1453 kr. á dilk. 1978 var lágmarkið 995 kr., miðtalan 1490 kr., hámarkstalan var 1985 kr. á dilk. 1979 var lágmarkstalan 1281, miðtalan 1921 og hámarkstalan 2561 á dilk. Hækkunin frá 1978—1979 var á lágmarkstölunni 28.7%, 28.9% á miðtölunni og 29% á hámarkstölunni.

Grundvallarverð til bónda hefur hækkað um 45.6% frá mars 1978 til mars 1979. Rekstrarlánin hefðu því þurft að hækka í sama hlutfalli til að halda gildi sínu og munar þetta á þriðja hundrað millj. kr. fyrir heildina. Verð til bænda á meðaldilkum er nú í mars 19 652 kr., sem sýnir hvað rekstrarlán eru lítið hlutfall af verðmæti dilksins og hrökkva skammt til að greiða þær rekstrarvörur og laun sem nauðsynlegt er fram á haustið. Ákvörðun rekstrarlána í ár sýnir einnig hvað þessi fyrirgreiðsla er óörugg og fer stöðugt lækkandi sem hlutfall af framleiðslukostnaði.

Bændur hafa á undanförnum árum reynt að leysa þennan vanda að einhverju marki með samhjálp í gegnum kaupfélögin. Þessi leið hefur síðustu árin takmarkast í mikilli verðbólgu við minnkandi sparnað og minni lánamöguleika félaganna. Vilji Alþ. rétta bændum hjálparhönd við að koma lánamálum í viðunandi horf mætti:

1) Stuðla að því að afurðalánin verði 80% af verðmæti, svo að hægt sé að greiða bændum út 90% að haustinu.

2) Stuðla að því að rekstrarlánin komi frá janúar til október ár hvert og þá sem ákveðinn hundraðshluti af verðmæti í hverjum mánuði. Lánin verði miðuð við að hægt sé að greiða eðlilegan rekstrarkostnað búanna og laun.

3) Alþ. hækkaði á síðasta ári lántökukostnað við afurðalánasamninga úr 0.48% af lánsupphæð í 1%. Á sauðfjárframleiðslu er þetta óeðlilegur skattur, þar sem innleggið kemur einu sinni á ári og myndar mikinn topp, en við hann er gjaldið miðað. Þetta mætti lækka aftur.

2. Uppgjörslán. Til rekstrarlána eru oft talin svokölluð uppgjörslán, sem veitt eru að vorinu frá árinu 1971. Þau eru veitt út á birgðir kjöts, sem eru til í maílok, og nema ca. 2/3 hlutum áætlaðs mismunar á skilaverði afurðanna annars vegar og veittum afurðalánum að haustinu hins vegar. Þessi lán endurgreiðast í nóv. næstan á eftir með afurðalánum sem þá eru veitt. Þessi lán eiga að fara beint í viðskiptareikning bænda upp í eftirstöðvar þess afurðaverðs sem þeir eiga eftir að fá í hlutfalli við innlagðar afurðir haustið áður. Það er naumast rétt flokkun að kalla þetta rekstrarlán.

3. Uppígreiðslulán eða haustlán. Síðustu ár hafa sláturleyfishafar fengið nokkra greiðslu við sláturtíð til að annast nauðsynlegar greiðslur vinnulauna í sláturhúsum. Þau lán hafa fengið sérstakt heiti, sem að framan er greint. Þeim er ekki ætlað að standa undir greiðslum bænda við búreksturinn, heldur eingöngu kostnaði við slátrun fjárins og að búa vöruna í markaðshæft ástand. Þessi lán greiðast eins og framangreindir lánaflokkar með afurðalánum í nóvember.

4. Áburðarlán Áburðarverksmiðju ríkisins. Áburðarverksmiðjan tekur lán í Bretlandi á tímabilinu jan.-maí ár hvert og er það notað til greiðslu á erlendum áburði og til greiðslu á hráefnum í innlenda framleiðslu verksmiðjunnar. Áburður er lánaður bændum og félögum þeirra svo sem hér segir: Sláturleyfishafar greiði 25% í maí, 10% í júní, 10% í júlí, 5% í ágúst og 50% í nóv. Búnaðarfélög greiði 60% í maí, 15% í júní, 15% í júlí, 10% í ágúst. Ýmsar verslanir greiði 60% í maí, 10% í júní, 10% í júlí, 10% í ágúst og 10% í sept. Staðgreitt er um 1% af heildinni. Langmestur hluti áburðarins, eða 55—60%, fer til sláturleyfishafa og er greiðsla þeirra tryggð með veði í afurðalánum í nóv. Aðrir tryggja greiðslur sínar með bankaábyrgð. Vegna takmarkaðra rekstrarlána bænda hefur á undanförnum árum reynst erfitt að halda þeirri reglu á innheimtu áburðarins, sem hér er gerð grein fyrir, en það, sem tryggt er með afurðalánum, greiðist jafnan á réttum tíma, enda fellur það á endurgreiðslutíma erlends láns verksmiðjunnar, sem er

1. des. ár hvert.

5. Afurðalán. Afurðalánin eru veitt út á birgðir sauðfjárafurða samkv. birgðaskýrslum 1. nóv. Þau eru ekki að jafnaði afgreidd að fullu í nóv., en tvö síðustu ár hefur afgreiðslu þeirra verið lokið í des. Að jafnaði voru lánin miðuð við heildsöluverð varanna í sept. að frádregnum sjóðagjöldum 2—3%. Þetta er kallað skilaverð. En tvö síðustu ár hefur verið tekið tillit til verðhækkunar í byrjun des. og lánin hafa ekki hækkað í mars eða júní vegna verðhækkana afurða í þeim mánuðum. Afurðalán út á mjólkurvörubrigðir hafa síðustu árin hækkað tvisvar á ári, haust og vor. Reglubundin afurðalán Seðlabanka úr viðskiptabönkum hafa tvö síðustu ár verið um 75% af svokölluðu skilaverði þeirra vara sem fluttar eru úr landi, en 71.5% af því sem selt er innanlands, hvort tveggja miðað við desemberverðlag. Af kindakjöti og fleiri vörum sem seljast bæði utanlands og innan, en fundin meðalprósenta sem mun vera sem næst 72.5%. Gert er ráð fyrir að í nóv. sé búið að selja og greiða ca. 10% af kjötframleiðslunni, en nokkurt magn er selt, en ekki greitt. Af þessari ástæðu er talið, að lánin að viðbættum tekjum af kjötsölu dugi nú fyrir 80% útborgun til bænda, en vanti ca. 10% á lánin til að haustgreiðsla afurðanna geti orðið 80%, svo sem bændur hafa óskað eftir. Kjötið er veðsett fyrir afurðalánum. Þegar það selst ganga útflutningsbætur og niðurgreiðslur upp í greiðslur lánanna svo sem þarf. Þessar greiðslur eru hluti veðsins.

6. Fóðurbætislán. Til viðbótar þessu lánar Seðlabankinn 100—130 millj. kr. á ári til fóðurbætiskaupa á hafnir norðanlands og austan, þar sem hafíshætta er fyrir hendi. Þessi fjárhæð er oft flokkuð með rekstrarlánum til sauðfjárræktar og nýtist jöfnum höndum kúabúskap í viðkomandi héruðum. Endurgreiðsla þessara lána er bundin við afgreiðslu afurðalánanna í nóv. ár hvert.

Frekari upplýsingar um lán þessi er að finna í skýrslu Seðlabanka Íslands, sem fylgir hér með á bls. 7—8. Stundum stendur á útflutningsbótagreiðslum úr ríkissjóði og þarf þá að semja sérstaklega um frest á greiðslu afurðalána eða útvega annað fé til greiðslu þeirra. Þetta er oft erfitt og kostnaðarsamt, en lánin greiðast mánaðarlega á söluárinu eftir sölumagni hvers mánaðar. Á s. l. ári hækkuðu stimpilgjöld og þinglestur afurðalána í 1% og eru það mikil útgjöld fyrir framleiðendur.

Um aðra þætti afurðalánanna vísast til grg. Seðlabankans um þetta efni.

Fyrir hönd Stéttarsambands bænda,
Gunnar Guðbjartsson."

Seðlabanki Íslands, sem hér var nefndur, sendir ritgerð um endurkaup Seðlabankans á landbúnaðarlánum. Þetta er fskj. með þeirri grg. sem ég var að lesa hér áðan, og með leyfi forseta mun ég nú hlaupa yfir hana. Hún er dags. 16. okt. 1978. — Fyrst er inngangur:

„Í grg. þessari verður fjallað um endurkaup Seðlabankans á lánum til landbúnaðarins, bæði afurða- og rekstrarlánum. Einnig er gerður samanburður á endurkaupafyrirgreiðslu til landbúnaðarins og endurkaupum vegna annarra atvinnugreina.

Þau ákvæði í lögum um Seðlabanka Íslands, þar sem sérstaklega er minnst á endurkaup, eru í IV. kafla laganna, sem fjallar um hin innlendu viðskipti Seðlabankans og eftirlit með bankastarfsemi. Þar segir í 9. gr.:

„Seðlabankinn tekur við innlögum frá bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum og getur veitt þeim lán með endurkaupum tryggra víxla eða á annan hátt gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar."

Jafnframt segir um bindiskyldu í 11. gr.:

„Megintilgangur innlánsbindingar er að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þ. á m. endurkaupum afurðavíxla."

Nánari skilgreining á endurkaupum er í 23. gr. reglugerðar fyrir Seðlabankann frá 1962, en þar segir:

„Seðlabankinn endurkaupir víxla með veði í afurðum frá bönkum og sparisjóðum. Skulu víxlarnir ávallt vera með sjálfskuldarábyrgð þess banka eða sparisjóðs, sem selur víxlana. Bankastjórnin ákveður, hversu mikið og til hve langs tíma er lánað út á einstakar afurðir, en víxlarnir skulu án undantekningar og í síðasta lagi greiðast upp er afurðirnar eru seldar. Ef afurðaveð bregst, það ferst, reynist ófullnægjandi eða er ekki fyrir hendi, skal banki sá eða sparisjóður, sem í ábyrgð er fyrir víxli, þegar í stað innleysa hann."

Seðlabankinn hefur ekki gefið út formlegar almennar reglur um endurkaup sjávarútvegs- og landbúnaðarlána, en reglur um framleiðslulán iðnaðarins voru gefnar út 1966 og 1972. Í sambandi við endurkaup afurðalána hefur þó verið fylgt almennum lágmarksskilyrðum sem bankastjórn Seðlabankans hefur sett, og jafnframt hafa sérstakar framkvæmdareglur gilt um hvern endurkaupaflokk hverju sinni, bæði í afurðalánum og rekstrarlánum.

Helstu atriði almennra lágmarksskilyrða fyrir endurkaupum afurðalána hafa verið sem hér segir:

1. Fyrir skal liggja yfirlýsing um birgðir þær sem lánað er út á, magn þeirra og að þær séu geymdar í vörslu lántaka á sérstökum afmörkuðum geymslustað. Birgðaskýrsla sé undirrituð af framkvæmdastjóra fyrirtækis eða fulltrúa hans svo og verkstjóra eða birgðaverði.

2. Afurðir eða framleiðsluvörur, sem seldar eru erlendum aðilum, skulu seldar gegn bankaábyrgð eða innheimtu fyrir milligöngu viðskiptabanka. Telji útflytjandi óhjákvæmilegt að selja vörurnar með öðru greiðslufyrirkomulagi, hvort heldur sem er með gjaldfresti, í umboðssölu eða til innheimtu hjá erlendum banka, þá skal hann leita heimildar hjá þeim banka sem framleiðslan er veðsett.

3. Endurkaupalán vegna útfluttra vara skulu endurgreiðast svo fljótt sem verða má að loknum gjaldeyrisskilum. Lán vegna innanlandssölu skulu endurgreiðast samkv. birgðaskýrslu, sem miðuð er við og dagsett síðasta dag hvers mánaðar. Skýrslan skal hafa borist Seðlabanka innan 15 daga frá dagsetningu. Útborgun vegna aukningar birgða eða innborgun vegna birgðalækkunar fer síðan fram um næstu mánaðamót, þ. e. einum mánuði eftir dagsetningu skýrslunnar.

4. Viðskiptabanki skal hafa ítarlegt yfirlit yfir birgðir lántaka á hverjum tíma og innheimta birgðaskýrslu ekki sjaldnar en mánaðarlega. Enn fremur skal viðskiptabankinn framkvæma birgðakönnun hjá lántaka af og til, og skal afrit af birgðakönnun afhendast Seðlabankanum jafnóðum. Seðlabanki hefur rétt til hvenær sem hann ákveður að senda eigin trúnaðarmann til athugunar á bókhaldi og birgðum lántaka.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim sérstöku framkvæmdareglum sem gilt hafa um endurkeypt lán vegna landbúnaðarins. Verður fyrst fjallað um afurðalánin, en

síðan gerð grein fyrir einstökum flokkum rekstrarlána landbúnaðarins.“

Þá víkur sögunni að afurðalánum landbúnaðarins:

„Til veðsetjanlegs verðmætis teljast raunverulegar afurðabirgðir og ógreiddur útflutningur, en hvorki ógreidd innanlandssala né ógreiddar niðurgreiðslur úr ríkissjóði vegna seldra afurða. Ógreiddar útflatvmgsbætur skal þó telja til veðsetjanlegs verðmætis, enda séu gerð skil á þeim jafnóðum og þær falla til. Hafi orðið mikill dráttur á greiðslu útflutningsbóta úr ríkissjóði hefur komið fyrir að lán vegna ógreiddra útflutningsbóta hafa ekki verið endurkeypt.

Lán út á landbúnaðarafurðir, sem seldar eru innanlands, skulu endurgreiðast samkv. birgðaskýrslu sem miðuð er við og dagsett síðasta dag hvers mánaðar. Skýrslan skal hafa borist Seðlabankanum innan 15 daga frá dagsetningu. Hafi skýrslan eigi borist á réttum tíma áætlar endurkaupadeild endurgreiðslu miðað við reynslu fyrri ára. Útborgun eða innborgun vegna birgðabreytinga fer síðan fram um næstu mánaðamót, þ. e. einum mánuði eftir dagsetningu skýrslu.

Lán vegna landbúnaðarafurða, sem seldar eru á erlendum mörkuðum, skulu endurgreiðast svo fljótt sem verða má að loknum gjaldeyrisskilum á sama hátt og á sér stað um lán út á útfluttar sjávarafurðir.

Afurðalán, sem tekin eru út á birgðir af sauðfjárafurðum í október — desember, skulu að fullu endurgreidd fyrir 1. apríl á öðru ári, hvort sem birgðir eru þá seldar eða ekki. Lán út á kartöflur, 1. gæðaflokk, sem tekin eru í sept.-des., skulu að fullu endurgreidd fyrir 1. maí árið eftir. Önnur afurðalán landbúnaðarins skulu endurgreiðast innan 18 mánaða frá lántöku nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi samkv. mati bankastjórnar.

Síðustu árin hefur Seðlabankinn veitt afurðalán út á neðangreindar landbúnaðarafurðir:

a. Sauðfjárafurðir. Kindakjöt, gærur, ull, lifur, hjörtu og nýru.

b. Mjólkurafurðir. Smjör, osta, nýmjólkurduft, undanrennuduft og kasein.

c. Aðrar afurðir. Nautgripakjöt, hross- og kýrhúðir, kálfskinn, selskinn, kópaskinn, æðardún, heyköggla og kartöflur.

Breytingar urðu almennt á endurkaupahlutföllum Seðlabankans í byrjun þessa árs, en þá höfðu þessi hlutföll um langt árabil verið sem hér segir í öllum atvinnugreinum: Framleiðsla til útflutnings 58.5% af skilaverði, framleiðsla til útflutnings að hluta og að hluta til innanlandssölu 56.75%, framleiðsla til sölu innanlands 55%. Áætlað skilaverð er miðað við heildsöluverð eða söluverð fob. að viðbættum greiðslum úr ríkissjóði að frádregnum opinberum gjöldum, sölukostnaði o. fl. Í febrúar á þessu ári varð í framhaldi af lækkun lánveitinga viðskiptabankanna til Framkvæmdasjóðs úr 10% af innstæðuaukningu í 5% af innstæðuaukningu ákveðin lækkun af endurkaupahlutföllum Seðlabanka um 2%, sem koma skyldi til framkvæmda smám saman á þessu ári. Svigrúm það, sem lækkun lána til Framkvæmdasjóðs skapaði, skyldi notað til þess að auka viðbótarlán viðskiptabankanna, þannig að heildarafurðalánafyrirgreiðslan yrði óbreytt hlutfall af áætluðu skilaverði frá því sem áður var.

Endurkaupahlutföllin urðu sem hér segir eftir þessa breytingu:

Framleiðsla til útflutnings: lán 56.5% af skilaverði. Framleiðsla til útflutnings og að hluta til innanlandssölu: 54.75% af skilaverði. Framleiðsla til sölu innanlands: lán 53% af skilaverði. Að því er landbúnaðinn varðar kom þessi ákvörðun um endurkaupahlutföll til framkvæmda í lánum út á mjólkurafurðir í tveimur áföngum, 1. apríl og 1. júní s. l., en í lánum út á sauðfjárafurðir breytast endurkaupahlutföll þegar byrjað verður að lána út á nýjar sláturafurðir haustið 1978.

Í vexti af afurðalánum reiknaði Seðlabankinn sér á árinu 1976 og fram til 30.7 1977 7.25%—9.25%, endursölubanki 8—10%, — frá 1.8.1977 urðu vextirnir 10%, endursölubanki fékk 11%, og frá 21.11.1977 14%, endursölubankinn 15%. Frá 21.2.1978 voru vextir ákveðnir 17% forvextir og síðan 17.25% eftir á greiddir vextir mánaðarlega, endursölubanki 18% forvextir eða 18.25% eftir á greiddir vextir, sbr. jafnframt meðfylgjandi yfirlit um vexti Seðlabanka af endurkeyptum lánum, fskj. I. Samkv. framansögðu hafa vextir endursölubanka verið 1% hærri en vextir Seðlabanka af þessum lánum frá 1.8.1977, en næstu árin þar á undan 3—4% hærri.

Endurkaup afurðalána landbúnaðarins eru yfirleitt í hámarki í lok des. ár hvert. Í árslok 1976 námu þau 5884 millj. kr. og höfðu hækkað um 32.8% frá árslokum 1975. Í árslok 1977 námu þau 9 milljörðum 762 millj. kr. og höfðu hækkað á árinu um 65.9%, einnig sbr. fskj. II og III.“ **— Mönnum til hugarhægðar get ég þegar sagt frá því,** að ég mun ekki lesa fskj. II eða III, því að þau eru frekar leiðinleg og það er mikið um þurrar tölur þar, en hins vegar er ég tilbúinn að lána hv. þm. þessi skjöl ef þeir kæra sig um, og ég tel reyndar nauðsynlegt að þeir kynni sér þetta mál.

„Verðlagsár framleiðsluvara landbúnaðarins hefst 1. sept. ár hvert. Ákvörðun um endurkaupaverð er þó ekki tekin fyrr en í nóv., þegar fyrir liggja gögn um magn sláturafurða. Hin nýju endurkaupaverð, sem gilda fyrir birgðir 1. nóv., eru síðan endurskoðuð í des. með hliðsjón af nýjum verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara. Þau gilda síðan frá 1. des. til 31. ágúst árið eftir nema á mjólkurafurðum, en þau endurkaupaverð hafa verið endurskoðuð í apríl eða maí: 1978 frá 1. apríl, 1977 frá 1. apríl og 1976 frá 1. maí, með hliðsjón af verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða 1. mars.

Undanfarin ár hefur Seðlabankinn ekki krafist greiðslu afurðalána af sölu sauðfjár- og nautgripaafurða í ágúst og sept. né heldur veitt lán vegna framleiðslu á þessu tímabili fyrr en í nóv. Það er miðað við birgðastöðu í lok okt. Afurðalán Seðlabankans út á þessar afurðir í lok sept. og okt. eru því í reynd rekstrarlán til að auðvelda sláturleyfishöfum að standa í skilum með greiðslur vinnulauna og annarra beinna útgjalda. Hefur Seðlabankinn veitt þessum aðilum rekstrarlán í sept. og okt., svonefndar uppígreiðslur haustlána, sem greiðist um leið og nýjar sláturafurðir eru veðsettar í nóv. Þar sem ný endurkaupaverð mjólkurafurða eru ekki ákveðin fyrr en í nóv. hefur Seðlabankinn á árunum 1977 og 1978 veitt rekstrarlán sem uppígreiðslu vegna mjólkurvöruhækkunar sem orðið hefur 1. sept, en fyrri endurkaupaverð þá gilt þar til ný endurkaupaverð hafa verið ákveðin, sbr. einnig síðar upp í greiðslu haustlána. Í meðfylgjandi fskj. II—IV eru sýndar mánaðarlegar stöðutölur einstakra flokka endurkeyptra afurðalána landbúnaðarins á árunum 1976, 1977 og til 30.9.1978.“

Herra forseti. Það hefur nú tognað úr máli mínu meira

en ég ætlaði í upphafi. Enn á ég eftir talsvert mál óflutt. Það er boðaður þingflokksfundur hjá okkur framsóknarmönnum og mig langar til að fá upplýsingar um hvernig forseti hyggst haga fundarhöldum í dag. (**Forseti:** Til upplýsingar hv. alþm. skal þess getið, að áformað er að slíta þessum fundi eigi síðar en kl. kortér yfir fjögur vegna flokksfunda sem þá hefjast, en í þessu máli eru fimm á mælendaskrá auk þess hv. þm. sem nú er í ræðustólnum.) Herra forseti. Ég þakka þessar upplýsingar. Ég mun nota þann stundarfjórðung, sem eftir er, til þess að halda áfram þeirri tilvitnun sem ég er að fara með.

Ég vil taka það fram, að ég held að mönnum sé hollt að gera sér grein fyrir því, að þetta mál er flókið, það verður ekki hrist úr erminni. Mér sýnist að nauðsynlegt sé að það komi fram upp á seinni tímann að þessar upplýsingar hafi komið fram hér á Alþ., og þess vegna, herra forseti, mun ég halda áfram við lesturinn.

„Viðskiptabankarnir lána í viðbót við endurkeypt afurða- og framleiðslulán Seðlabankans svonefnt viðbótarlán, sem er ákveðið hlutfall af endurkeyptum lánum. Reglubundin lán Seðlabanka og viðskiptabanka nema þannig samtals 75% af skilaverði útflutningsvara og 71.5% af skilaverði vara seldra innanlands. Eftirfarandi yfirlit sýnir hlutfall endurkeyptra lána og viðbótarlána af skilaverði fyrir og eftir þá breytingu á endurkaupahlutföllum Seðlabankans sem fyrr var getið:

Lán fyrir breytingu: Endurkaupalán út á framleiðslu til útflutnings voru 58.5%, viðbótarlán 16.5%, lán samtals voru 75%. Framleiðsla til útflutnings og að hluta til innanlandssölu 56.75%, 16.5% voru viðbótarlánin og lánin samtals 73,25%. Framleiðslan til sölu innanlands var 55.0%, viðbótarlánin voru 16.5%, samtals 71.5%.

Lánin eftir breytinguna: Þá var framleiðslan til útflutnings 56.5%, viðbótarlánin 18.5%, samtals sama tala og áður, 75%. Framleiðsla til útflutnings og að hluta til innanlandssölu 54.75%, viðbótarlánið 18.5%, samtals sama tala og áður 73.25%. Framleiðsla til sölu innanlands var 53%, viðbótarlánið 18.5%, samtals lán 71.5%. Vextir af reglubundnum viðbótarlánum hafa frá 21/3 1977 verið þeir sömu og af víxillánum, nú 23.5%. Ef um mánaðarlega eftir á reiknaða vexti er að ræða af þessum lánum eru þeir 24% á ári.

Rekstrarlán landbúnaðarins: Í framkvæmdareglum um rekstrarlán til bænda, dags. 21. apríl 1959, er gert ráð fyrir, að bóndinn fái rekstrarlán gegn framvísun á vottorðum um bústofn og óafturkallanlegri ávísun frá sláturleyfishafa á fyrsta útborgaða andvirði afurðanna. Bóndi getur framselt þennan rétt sinn að nokkru eða öllu leyti til verslunar eða annarra samtaka sem bankinn metur gild. Falla má frá formlegu framsali bónda á réttindum hans og lána sláturleyfishafa eða umboðsmanni hans út á væntanlega slátrun, og hefur sá háttur að mestu verið á afgreiðslu rekstrarlána landbúnaðarins.

Almenn rekstrarlán og viðbótarrekstrarlán:

1. Almenn rekstrarlán. Þessi lán voru fyrst veitt 1958 út á væntanlega framleiðslu sauðfjárafurða og ullar. Í fyrstu voru lánin reiknuð sem 3/4 hlutar af grundvallarverði til bænda, en á tímabilinu 1961—1974 voru þau takmörkuð mánaðarlega við sömu fjárhæð og 1959 eða um 61 millj. kr. í heildarlán. 1975 voru lánin hækkuð um 100% frá árinu 1974, 1976 um 30% frá 1975, 1977 um 48.8% frá 1976 og 1978 um 40% frá árinu 1977. Þessum rekstrarlánum var úthlutað miðað við sláturþörf dilka á næstliðnu hausti eða á grundvelli sláturafurða ef um nýja sláturleyfishafa er að ræða. Jafnframt er leitað umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hugsanlega breytingu á dilkaslátrun eða afturköllun sláturleyfa. Útborgun lánanna er á tímabilinu mars—ágúst, t. d. á árinu 1978 50% fyrir marslok og síðan 10% mánaðarlega eða í apríl—ágúst. Á árinu 1978 voru lánin 995 kr. á dilk, 1977 722 kr. á dilk og 1976 448 kr. á dilk.

Viðbótarrekstrarlánin voru fyrst veitt í júní 1969 til sauðfjársvæða sem höfðu hlutfallslega litla sölu mjólkurafurða. Lánin eru miðuð við sláturtölu dilka á næstliðnu hausti á neðangreindum svæðum:

Svæði 1 er Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslur, Strandasýsla og Skefilsstaðahreppur í Skagafjarðarsýslu, Norður-Þingeyjarsýsla, Mývatnssveit og Norður- og Suður-Múlasýslur. Lán á dilk hefur verið eftirfarandi á s. l. árum: 1975 400 kr., 1976 520, 1977 731, 1978 980. Svæði 2 er Snæfellsnessýsla, Austur- og Vestur-Húnavatnssýslur, Bárðardalur og Vestur-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands. Lán á dilk hefur verið eftirfarandi á s. l. árum: 1975 200 kr., 1976 260, 1977 366 kr., 1978 495 kr.

Almenn rekstrarlán og viðbótustrarlán hafa numið eftirfarandi fjárhæðum samtals á undanförnum árum í millj. kr.: 1975 452 kr., 1976 590 kr., 1977 902 kr., 1978 1236 kr.

Uppgjörslánin: Þessi lán var byrjað að veita sláturleyfishöfum í júní 1971 til uppgjörs við bændur á sláturafurðum. Lánin nema um 2/3 hlutum af áætluðum mismun annars vegar skilaverðs og hins vegar lána Seðlabankans og viðskiptabanka 31. maí út á birgðir af kindakjöti, lifur, hjörtum og nautgripakjöti. Uppgjörslán eru veitt í maí ár hvert og hafa numið eftirfarandi fjárhæðum undanfarin ár í millj. kr.: 1975 433 millj., 1976 597 millj., 1977 823 millj., 1978 1138 millj.

Fóðurbirgðalán, öðru nafni hafislán, voru fyrst veitt í apríl 1969 á svæði frá Horni austur til Hornafjarðar til þess að tryggja nægilegar birgðir af fóðri þó að hafís legðist að landinu. Lánin eru veitt í apríl og miðað við sláturtölu dilka á næstliðnu hausti. Hækkun á milli ára á heildarláni hefur verið ákveðin í samræmi við verðhækkun á svokallaðri fóðurblöndu, en 60—70% af kjarnfóðursölunni eru af þeirri tegund. Þessi lán hafa numið eftirfarandi fjárhæðum á undanförnum árum í millj. kr.: 1975 83 millj., 1976 95 millj., 1977 111 millj., 1978 138 millj.

Þá er uppígreiðsla haustlána. Á undanförnum árum hefur Seðlabankinn ekki krafist greiðslu á afurðalánum vegna sölu á sauðfjár- og nautgripaafurðum í ágúst—okt., þ. e. afurðalán út á birgðir 31. ágúst hafa ekki verið gerð upp fyrr en í nóv. og eru því í raun rekstrarlán á þessu tímabili. Til viðbótar við ofangreinda fyrirgreiðslu byrjaði Seðlabankinn 1975 að lána svokallað uppígreiðslu haustlána. Lánin eru veitt á tímabilinu sept. til okt. til sláturleyfishafa og er þeim ætlað að aðstoða þá við að standa í skilum með greiðslu vinnulauna og annarra beinna útgjalda. Auk framangreindrar fyrirgreiðslu upp í haustlán landbúnaðarins voru haustið 1977 veitt svonefnd mjólkurbirgðalán að fjárhæð 194 millj. kr. sem fyrirgreiðsla vegna mjólkurvöruhækkunar, haustið 1978 að fjárhæð 391 millj. kr. Samtals hafa uppígreiðslulánin numið eftirfarandi fjárhæðum í millj. kr.: 1975 701 millj., 1976 877 millj., 1977 1277 millj., 1978 1900 millj., þar af vegna sláturafurða 1975 701 millj., 1976 öll talan, 877 millj., 1977 883 millj. og á árinu 1978 1515

millj.

Sérstök rekstrarlán vegna dilkakjötsútflutnings SÍS: Þessi lán hafa verið veitt samkv. ákvörðunum bankastjórnar hverju sinni. Útborgun hefur farið fram á mismunandi tímabilum innan hvers árs, t. d. mars—sept. 1976, júlí—okt. 1977 og júní—ágúst 1978. Lánin hafa numið eftirfarandi fjárhæðum á undanförnum árum í millj. kr.: 1975 210 millj., 1976 265 millj., 1977 175 millj. og 1978 200 millj.

Framangreind rekstrarlán landbúnaðarins undir liðum a—e eiga að greiðast upp í síðasta lagi í nóv. ár hvert eða á sama tíma og sláturafurðir eru veðsettar, og það skiptir ekki litlu máli."

Ég hef nú lokið við að lesa þessar tvær grg. Mér er að fullu ljóst, að þetta er framúrskarandi leiðinlegur lestur og fremur þurrleg ræða. (Gripið fram í.) Ég þakka hv. þm. fyrir þá þolinmæði sem þeir hafa sýnt mér að hlýða á mál mitt, en nú tekur betra við, því að ég ætla ekki að fara að lesa úr símaskránni eins og hv. 1. flm. fór fram á. Það kann að vera að hann hafi lesið upp úr símaskránni meðan hann var að undirbúa þessa till. sína, en hann hefði betur, áður en hann asnaðist af stað með þetta mál, lesið sér til og kynnt sér þau gögn sem eru grundvallarplögg í málinu, eins og þau sem ég var að þylja úr áðan. Það er þó betra seint en aldrei. (Gripið fram í.) Það gerir ekkert. Það er ekkert gagn að því að hafa gögnin liggjandi á borðum ef menn eru ekki menn til þess að lesa þau eða fletta þeim og kynna sér hvað í þeim stendur. — Það getur vel verið að ég taki mig einhvern tíma til og fletti þessari símaskrá, a. m. k. þegar ég þarf að hringja til Eyjólfs vinar míns, hv. þm. en ég ætla ekki að eyða tíma d. í það mál. (**Forseti:** Þá er klukkan kortér yfir.)

Herra forseti. Ég hef að vísu ekki lokið máli mínu, en ég geri hér stans og þakka fyrir það hljóð sem ég hef fengið fram að þessu.

Umr. frestað.

Efri deild, 101. fundur.

Þriðjudaginn 15. maí, kl. 5 síðdegis.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. (þskj. 570, n. 667, 705). — Frh. 2. umr.

Rökstudd dagskrá á þskj. 705 felld með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EKJ, GK, JGS, ÞK.

nei: GeirG, HFS, JH, KSG, OÓ, StefG, RA, SoG, VH, AS, ÁE, BN, BrS.

3 þm. (KJ, ÓRG, RH) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 13:1 atkv.

2.—6. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 724). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 717). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Landmælingar, frv. (þskj. 151, n. 710). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Samgn. fjallaði um málið á nokkrum fundum og í ljós kom að þeir aðilar, sem sendu umsagnir um málið, og þeir aðilar, sem við töluðum við, voru mjög ósammála um frv. Því gerir n. að till. sinni að málinu verði vísað til ríkisstj. til nánari athugunar.

ATKVGR.

Till. á þskj. 710 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjárfestingarfélag Íslands, frv. (þskj. 638, n. 734). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur athugað þetta frv. og hefur n. einróma orðið sammála um að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Landskiptalög, frv. (þskj. 152, n. 711). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. þetta, frv. til l. um breyt. á landskiptalögum, og hefur orðið sammála um að leggja til að

málinu verði vísað til ríkisstj. til nánari athugunar.

ATKVGR.

Till. á þskj. 711 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 13 shlj. atkv.

Mæling og skrásetning lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða, frv. (þskj. 154, n. 712). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til l. um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og skipulögðum svæðum utan kaupstaða og hefur ákveðið að gera það að till. sinni að vísa málinu til ríkisstj. til nánari athugunar.

ATKVGR.

Till. á þskj. 712 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 12 shlj. atkv.

Hefting landbrots, frv. (þskj. 662). — Ein umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta frv. hafði áður verið til umfjöllunar hér í hv. d., síðan það fór til Nd. og þar var gerð á því smávægileg breyting, í raun og veru formsbreyting eða orðalagsbreyting. Við í landbn. Ed. sjáum ekki ástæðu til annars en að fallast á þau rök sem liggja að þeirri breytingu, sem hefur verið gerð á frv., og leggjum því til að frv. verði samþ. í þeirri gerð sem það kemur frá Nd.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur hér þegar 2. umr. þessa máls fór fram í hv. d. og vil því nota þetta tækifæri til þess að þakka landbn. fyrir góða afgreiðslu á frv. Eins og kom fram í máli hv. 3. þm. Austurl. er breyting sú, sem gerð var á frv. í Nd., aðeins formsbreyting og skiptir þess vegna ekki máli í sambandi við efnisatriði. Ég hef því ekkert við það að athuga.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 758).

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum, frv. (þskj. 598). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 759).

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, (þskj. 597 (sbr. 76)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 760).

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 703). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. um minni háttar breyt. á l. nr. 55 frá 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla. Þetta frv. er flutt samhliða flutningi frv. um Framleiðslueftirlit sjávarafurða og meginmarkmiðið með flutningi þessara frv. er að taka af öll tvímæli um réttarstöðu fiskiðnaðarmanna, þegar þeir hafa lokið prófi frá Fiskvinnsluskólanum, og setja skýrari ákvæði um lokapróf, verklegt próf og starfsþjálfun að loknu prófi. Stefnt er að því að afmarka betur en gert er nú námskeiðahald fyrir matsmenn svo og endurmenntun þeirra. Námskeiðahald hefur verið á vegum Framleiðslueftirlitsins, en með þessari breytingu er gert ráð fyrir því að Fiskvinnsluskólinn taki að sér að halda þessi námskeið og leiti samvinnu við Framleiðslueftirlitið við skipulagningu námskeiðanna.

13. gr. frv. er fjallað um skólanefnd og gert ráð fyrir að einn af skólanefndarmönnum sé tilnefndur af Fiskiðn, sem er nýstofnað fagfélag fiskiðnaðarins. Þetta félag var stofnað í seinasta mánuði og í því eru þeir menn sem tekið hafa próf af þessu tagi. Virðist mér eðlilegt að þeir eigi aðild að skólanum. Hins vegar hafa fleiri aðilar óskað eftir að eiga aðild að þessari skólanefnd, og er það sérstaklega Framleiðslueftirlitið sem þar getur komið til álita. Hér er ekki gerð tillaga um þá breytingu, en skipan skólanefndar verður nánar athuguð í n. sem fær þetta mál til meðferðar.

Að öðru leyti held ég að ekki sé ástæða til að fjölyrða um þetta frv. Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 102. fundur.

Þriðjudaginn 15. maí, að loknum 101. fundi.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. (þskj. 570). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. til Nd.

Fjárfestingarfélag Íslands, frv. (þskj. 638). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Leiðrétting söluskatts af leiksýningum áhugafélaga, þáltill. (þskj. 678). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 678 hef ég leyft mér ásamt þeim hv. þm. Braga Níelssyni, Alexander Stefánssyni og Þorv. Garðari Kristjánssyni að flytja till. til þál. um leiðréttingu söluskatts af leiksýningum áhugafélaga. Till. er svohljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir lagfæringum á söluskattsinnheimtu af tekjum áhugaleikfélaga af starfsemi sinni.

Niðurfelling eða lækkun söluskatts af þessum ástæðum skal einungis bundin tekjum af leiksýningunum sjálfum, en nái ekki til annarrar samhliða starfsemi áhugafélaganna, og skulu um það sett ströng skilyrði í reglugerð."

Í grg. segir í raun og veru allt það sem segja þarf í þessu máli. Ég skal ekki tefja tíma d. með því að rekja alla þá baráttu sem fyrir þessu hefur verið háð og kannske hjá hliðstæðum aðilum reyndar líka. Í grg. segir:

„Um fjölmörg undanfarin ár hafa áhugaleikfélögin barist fyrir því að fá leiðréttingu á söluskattsmálum sínum. Erindi þeirra hefur jafnan verið vel tekið, málið farið í nánari athugun, en síðan hefur ekkert gerst. Hér er um þunga byrði að ræða, og mjög algengt er að félögin skili hærri upphæð til ríkissjóðs en nemur styrk ríkisins til starfsemi þeirra.

Hér þarf að fást á einhver leiðrétting til að létta áhugaleikfélögunum þungan róður við að halda uppi menningarstarfsemi sinni, sem viðurkennt er af langflestum að eigi sér fyllsta rétt og sé snar þáttur í menningarlífi okkar, alveg sérstaklega úti á landsbyggðinni.

Menn hafa talið ýmis tormerki á því, að unnt væri að greina á milli leiksýninganna sjálfra og annarrar fjáröflunar, svo sem dansleikja. Flm. eru sammála því, að hér þurfi að draga skýr mörk, svo einungis verði um niðurfellingu eða lækkun að ræða af tekjum félaganna af leiksýningunum einum.

Það hlýtur hins vegar að teljast óviðunandi með öllu, að sjálfboðaliðsstarf af þessu tagi sé skattlagt svo af hinu opinbera, að styrkur ríkisins til þessarar starfsemi nægi jafnvel ekki til þess að koma þar á móti.

Flm. treysta því, að unnt sé að finna millileið í þessu máli, þar sem komið sé til móts við áhugafélögin, og því er þessi till. flutt."

Aðeins til viðbótar þessu vil ég segja það, að hér er máli hreyft sem er að vísu svo seint fram komið að við flm. gerum okkur ekki miklar vonir um að það nái fram að ganga, nema viðbrögð n. verði þeim mun skarpari. Hins vegar þótti okkur sjálfsagt að vekja á þessu athygli, sérstaklega með tilliti til þess, að nú að undanförnu hefur verið starfandi sérstök n. hjá áhugaleikfélögunum sem hefur unnið að því að fá á þessu leiðréttingu. Sú n. hefur unnið mikið og gott starf og m. a. sýnt fram á það, sem sagt er í grg., að sú fjárhæð, sem mörg þessara félaga greiða til ríkissjóðs í gegnum söluskattsinnheimtu, er hærri en styrkur ríkisins til þessarar sömu starfsemi. Þegar ég sá þessa skýrslu, sem nú liggur fyrir og bráðum verður birt opinberlega, var mér mætavel ljóst að við svo búið mátti ekki standa, við yrðum að taka á þessu máli, og þessu máli mun áreiðanlega verða hreyft áfram á þingi ef stjórnvöld sjá ekki möguleika á því að setja þarna á einhverja leiðréttingu. Hins vegar er það rétt, eins og segir í grg., að aðalótti þeirra, sem með þessi mál fara í rn., er varðandi það að leikfélögin fari í kringum þessi ákvæði, þau haldi t. d. dansleiki og reyni að sleppa við söluskatt af þeim samhliða og verði erfitt að greina á milli hreinna leiksýninga, sem fólk leggur mikla vinnu í í sjálfboðastarfi, og svo þess sem aftur er hrein fjáröflunarstarfsemi og er auðvitað algerlega óskylt þessu máli.

Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þetta. Við væntum þess vitanlega, að hv. menntmn. geti tekið þetta mál til meðferðar og afgr. það. Við höfum séð mjög röskleg vinnubrögð hjá nefndinni á síðustu dögum, ekki síst núna varðandi Fjárfestingarfélag Íslands sem hefur flogið hér í gegn, og ekki ættu áhugaleikfélögin síður að eiga hér talsmenn heldur en þeir hjá Fjárfestingarfélagi Íslands. Þetta ætti að vera mögulegt, vegna þess að hér er aðeins um áskorun að ræða að beita sér fyrir lagfæringum á söluskattsinnheimtu. Þó ég hefði sjálfur út af fyrir sig viljað flytja frv. — og hef lengi viljað — um niðurfellingu þessa, þá viðurkenni ég annmarkana, sem geta verið hér á, og vil þess vegna reyna þessa áskorunarleið og treysti því, að menntmn. geti afgr. svo hógværa áskorun sem hér er um að ræða frá okkur fjórum þm. þessarar deildar og geti afgr. þetta mál og það megi verða til þess að það þing Bandalags ísl. leikfélaga, sem haldið verður innan skamms, fái a. m. k. vissa viljayfirlýsingu frá Alþ. um, að reynt sé að vinna að þessum málum, og geti litið örlítið bjartari augum a. m. k. til þessa máls í framtíðinni heldur en er í dag eftir vinnu undanfarið í þessum málum.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 13 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 88. fundur.

Þriðjudaginn 15. maí, kl. 5 síðdegis.

Rafmagnseftirlit ríkisins, frv. (þskj. 683 (sbr. 503)). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 28 shlj. atkv.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 650 (sbr. 556), n. 691). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
11.—16. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
17.—23. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
25. gr. a-liður samþ. með 22:2 atkv.
25. gr. b-c-liðir samþ. með 28 shlj. atkv.
26.—29. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
30.—32. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Verðgildi íslensks gjaldmiðils, frv. (þskj. 644, n. 694 og 718). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 714). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Afborgunarkaup, frv. (þskj. 508, n. 706). — 2. umr.

Frsm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um afborgunarkaup. Nál. er á þskj. 706.

Hér er um að ræða stjfrv. Hefur verið um það fjallað í fjh.- og viðskn. og nm. orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. Hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Frv. var sent til umsagnar tveimur aðilum, Verslunarráði Íslands og Neytendasamtökunum. Þessum aðilum var gert að skila umsögnum um málið fyrir 7. maí, en þeim var sent það í aprílmánuði til umsagnar. Umsagnir höfðu hins vegar ekki borist þegar gengið var frá nál. 11. maí, en hafa borist nú. Ég tel rétt að kynna d. fáein atriði úr umsögnunum, en tek fram að n. hafði ekki tækifæri til að fjalla um þær áður en hún afgreiddi málið þar sem þær bárust ekki fyrr en skilafrestur var runninn út.

Í umsögn Neytendasamtakanna segir um þetta frv. m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í íslenskum rétti hafa ekki verið lögfestar reglur um afborgunarkaup með fyrirvara um eignarrétt, enda þótt full þörf sé á fastmótuðum reglum í þeim efnum og þá ekki síst í þeim tilgangi að gætt sé hagsmuna kaupenda eða neytenda í slíkum kaupum. Við kaup af þessu tagi koma upp ýmis þau álitaefni, er ákvæði laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup, veita ekki svar við. Meginreglan er sú samkv. 2. mgr. 28. gr. nefndra laga um lausafjárkaup, að sé kaupverð ekki greitt í ákveðna tíð, en hið selda er komið í vörslur kaupanda, getur seljandi ekki rift kaupið og þar með endurheimt hið selda nema hann hafi áskilið sér slíkan rétt. Samningur um kaup með eignarréttarfyrirvara er því undantekning frá þessari meginreglu kaupalaganna og löggjöf sú, sem sett hefur verið víða í erlendum rétti um slík kaup, mótast því yfirleitt af þeim vilja löggjafans að vernda hagsmuni kaupenda eða neytenda í slíkum kaupum. Beinist hún því að því að vernda kaupandann gegn ósanngjörnum eða harkalegum aðgerðum seljandans, einkum við endurheimtu hins selda, enda þótt jafnframt sé leitast við að tryggja seljanda fullnægjandi úrræði vegna vanefnda kaupanda.

Það sjónarmið að vernda beri hagsmuni kaupandans kemur víða fram í frv. þessu og má þar til nefna eftirtalin atriði:

1. Í 3. gr. frv. eru sett ákveðin skilyrði fyrir því að seljandi geti vegna vanefnda kaupanda endurheimt hið selda, krafist greiðslu þess, sem ógjaldfallið er, eða borið fyrir sig önnur réttaráhrif vanefnda.

2. Settar eru fastar reglur um skuldaskil kaupanda og seljanda, sbr. 4.—6. gr. frv., og þannig komið í veg fyrir að seljandi geti endurheimt söluhlut, sem kaupandi hefur e. t. v. greitt að miklu leyti, án þess að hann greiði kaupanda mismun á verðmæti hlutarins og kröfu sinni á hendur kaupanda eða setji tryggingu fyrir greiðslunni ef vafi leikur á um rétt seljanda til endurheimtu eða því hvort seljandi á að greiða kaupanda eitthvað vegna endurheimtunnar eða hversu mikið greiða skuli, sbr. 14. gr. frv.

3. Sett eru ákveðin skilyrði um form og efni samnings um afborgunarkaup svo að söluhlutur verði endurheimtur með beinni fógetagerð, sbr. 11. gr. frv., sbr. og til athugunar dóm Hæstaréttar 1965, bls 18.

4. Þau ákvæði frv., sem sett eru til verndar hagsmunum kaupanda, eru ófrávíkjanleg og því óheimilt að semja fyrirfram um lakari kjör kaupanda til handa en kveðið er á um í frv.

Með hliðsjón af framansögðu mæla Neytendasamtökin með samþykkt frv. þessa um afborgunarkaup og leggja jafnframt áherslu á að mál þetta verði afgreitt á þingi því er nú situr.

14. maí 1979.

Virðingarfyllst,

Bergur Oliversson,
lögfræðingur Neytendasamtakanna.“

Þetta var sem sagt umsögn Neytendasamtakanna um frv., sem barst að vísu síðar en skyldi. En það er einnig skylt að taka fram, að í umsögn Verslunarráðs Íslands um hið sama frv., sem dags. er í dag, 15. maí, kemur fram önnur afstaða. Segir m. a. í þeirri umsögn:

„Þegar frv. til l. um afborgunarkaup er skoðað virðist því miður sú vinna, er Verslunarráðið lagði í þetta mál, hafa verið til lítils. Að vísu er leigukaup undanskilin í frv. samkv. ábendingu okkar, en önnur varasöm ákvæði frv. standa enn óbreytt. Niðurstaða Verslunarráðsins er því enn sú sama, að afborgunarkaup í skilgreiningu frv. leggjast niður hérlendis ef það verður að lögum. Seljendur munu þá kjósa fremur að selja gegn víxlum og eiga ekki rétt á að endurheimta söluvöruna. Er sú niðurstaða samdóma álit þeirra aðila sem Verslunarráðið hefur haft samband við."

Og síðar í umsögn Verslunarráðsins segir:

„Þótt Verslunarráðið hafni í grundvallaratriðum þessu frv. til l. um afborgunarkaup telur Verslunarráðið engu að síður æskilegt að auka og einfalda réttarvernd á þessu sviði, bæði fyrir kaupendur og seljendur. Vill Verslunarráðið leggja til að frv. verði ekki afgreitt á þessu þingi, heldur verði Neytendasamtökunum og Verslunarráðinu í sumar falið að endurskoða frv. til flutnings næsta haust. Þannig gæti það orðið seljendum vernd gegn óprúttnum kaupendum og kaupendum vernd gegn óprúttnum seljendum."

Og þetta undirritar með virðingu fyrir hönd Verslunarráðs Íslands Árni Árnason.

Ég hef þá gert nokkra grein fyrir þessum umsögnum, sem ég taldi rétt að rekja hér vegna þess að n. hafði ekki átt kost á að fjalla um þær, en vil, áður en ég lýk máli mínu, vekja athygli á að segja má að veigamesta atriði frv. feli í sér að mönnum er gert í slíkum viðskiptum að velja á milli hvort viðskiptin fara fram í því formi að kaupandinn borgi eftirstöðvar vörunnar með víxlum eða hvort kaupandi og seljandi koma sér saman um að ganga frá viðskiptunum í því lagaformi um afborgunarkaup sem stefnt er að með þessu frv. og kveðið er á um í frv. Eins og þessum málum er nú háttað mun alloft vera um það að ræða að seljandinn heldur rétti til að endurheimta þann hlut, sem kaupandi hefur fengið í hendur með afborgunarkjörum, enda þótt kaupandinn hafi greitt hlutinn með víxlum. En frv. gengur út frá því að þarna verði að vera um annað hvort að ræða. Ef kaupandi borgar með víxlum er hann þar með eigandi hins keypta hlutar. Hinn möguleikinn stendur eftir sem áður opinn: að semja um afborgunarkaup með öðrum hætti, en þá eru líka engir víxlar þar til umræðu.

Í skýringum með 9. gr. segir um þetta atriði, — ég leyfi mér að lesa þær fáu setningar sem um það fjalla, — á þessa leið:

„Í 5. mgr. þessarar greinar er kveðið svo á að óheimilt sé að nota víxla í afborgunarviðskiptum. Ef víxlanotkun sú, sem tíðkast hefur í viðskiptum þessum, verður eftir sem áður heimil, ef frv. þetta verður að lögum, ná ákvæði þess alls ekki tilgangi sínum. Brýna nauðsyn ber til að koma í veg fyrir það, að víxlaviðskiptum sé blandað inn í afborgunarviðskipti. Ef frv. þetta verður að lögum, verða seljendur að velja um það, hvort þeir kjósa fremur víxlaréttinn eða fyrirkomulag það sem kveðið er á um í frv. þessu. Ekki verður unnt að hafa hvorn tveggja háttinn á, svo sem nú tíðkast."

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. og hef lokið máli mínu, herra forseti.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vestf. sem er frsm. nál. um frv. sem hér liggur fyrir til 2. umr., frv. til l. um afborgunarkaup, að umsagnir hafa komið seint vegna þessa frv. Hann gerði að nokkru skil þeim umsögnum sem komu annars vegar frá Verslunarráði Íslands og hins vegar frá Neytendasamtökunum.

Það hefur komið fram að allir hv. nm. stóðu og standa að nál., en þess ber að geta, og það er mikilvægt, að það var samið áður en umsagnirnar komu til n., eins og lýst var áður. Eftir að hafa kynnt mér lítillega umsög Verslunarráðs Íslands þykir mér einsýnt að fara verði fram á að n. fái þetta mál aftur til athugunar milli 2. og 3. umr. og kalli til sín fulltrúa annars vegar Verslunarráðs Íslands og hins vegar Neytendasamtakanna til þess að athuga hvort ekki sé hægt að komast að sameiginlegri niðurstöðu þessara tveggja aðila sem eru fulltrúar þeirra er þetta mál varðar. Ástæðan fyrir þessu er sú sem kom fram í upplestri hv. 3. þm. Vestf. úr umsögn Verslunarráðs Íslands, en hann lét þess þó ógetið, sem stendur í upphafi þeirrar umsagnar, að á sínum tíma hafi Verslunarráðið lagt mjög mikla vinnu í könnun á afborgunarmálunum og sent þær niðurstöður til viðskrn. Mér finnst vanta á að sagt sé frá því í skýringum með frv., hvernig tekið hafi verið á þeim athugunum sem Verslunarráðið lét fara fram á sínum tíma.

Í sambandi við afborgunarkaup er það að segja, að hingað til hafa í stað skráðra laga komið dómapraxis annars vegar og fræðiritgerðir hins vegar sem stuðst hefur verið við í sambandi við afborgunarkaup. Það er alveg rétt, að vantað hefur tilfinnanlega skráðar lagaheimildir eins og til eru víðast annars staðar í nágrannalöndum okkar. En ef það reynist rétt, sem Verslunarráðið heldur fram, að þessi lög yrðu til þess að útrýma afborgunarkaupum, er verr af stað farið en heima setið varðandi þessa lagasetningu.

Við skulum átta okkur á því hvað stendur, og það las hv. þm., í lok aths. um 9. gr. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Flestir munu sammála um, að víxlanotkun keyri úr hófi fram hér á landi og nauðsynlegt sé að úr henni verði dregið. Ákvæði þetta miðar að því, að svo verði."

Ég vek mikla athygli á því sem þarna stendur. Þetta er augljóst markmið og þarf ekki að brýna fyrir hv. alþm. hve nauðsynlegt er að reyna að eyða sem mest víxlum úr viðskiptum. En í umsögn Verslunarráðsins kemur fram, að það sé samdóma álit allra þeirra sem þeir hafa talað við að þessi löggjöf leiði til þess, að í stað þess að útrýma víxlunum verði eingöngu stuðst við víxla og afborgunarkaup í eiginlegri merkingu útrýmist þar með. Þegar af þeirri ástæðu, sem ég hef tiltekið, hlýtur að vera afar nauðsynlegt að hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. kalli til sín fulltrúa annars vegar Verslunarráðsins og hins vegar Neytendasamtakanna, ásamt fulltrúa rn. og þá væntanlega höfundi frv, Gylfa Knudsen, og ræði þessi mál og athugi hvort ekki sé hægt að komast að niðurstöðu sem sé betri en sú sem hér er um að ræða.

Hér hefur skort skráðar lagaheimildir um þetta efni um áratugaskeið. Nokkrir dagar ættu því að mega líða í viðbót og málið yrði kannað á þeim tíma, ef það gæti orðið til góðs fyrir viðskiptalífið hér á landi. Ég mælist þess vegna eindregið til þess, að umr. um þetta mál verði

frestað um sinn og n. taki til starfa og kalli til sín þá fulltrúa, sem ég hef hér nefnt, og kanni hvort ekki er hægt að hnika til frv. þannig að löggjöfin nái tilgangi sínum. Fari svo, að meiri vinna þurfi til að koma, tel ég að full ástæða sé til þess að málið sé skoðað yfir sumarmánuðina og lagt fram aftur í haust og afgreitt þá.

Ég vil í lok ræðu minnar, herra forseti, taka það skýrt fram, að mál mitt beinist ekki að því að koma í veg fyrir, að frv. um þetta efni verði samþ. á hinu háa Alþingi. Þvert á móti tel ég tilganginn með þessu frv. vera góðan. En eins og kemur fram í umsögn Verslunarráðsins virðist það vera álit þeirra, sem selja vöru, að það sem gerist eða kunni að gerast, verði frv. samþ., sé hið gagnstæða við tilgang þess. Ég tel að við getum þess vegna fórnað þó ekki væri nema nokkrum dögum eða jafnvel vikum og kannske 2—3 mánuðum til að gera þessa löggjöf þannig úr garði að allir geti vel við unað og enginn sjái eftir því að hafa komið nærri málinu.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Megintilgangur þess frv., sem hér er nú til 2. umr., er að tryggja rétt kaupenda með svipuðum hætti hér á landi með löggjöf og gert hefur verið um áratugaskeið í grannríkjum okkar. Þeir sérfræðingar, sem um þessi mál hafa fjallað, telja að það verði einungis gert með því að aðgreina annars vegar afborgunarkaup með eignarréttarfyrirvara og hins vegar víxlaviðskipti og blanda þessu tvennu alls ekki saman.

Í umsögn Verslunarráðsins segir, að niðurstaða þess sé að afborgunarkaup í skilgreiningu frv. muni leggjast niður hérlendis ef það verður að lögum. Seljendur muni þá kjósa fremur að selja gegn víxlum og eiga ekki rétt á að endurheimta söluvöruna. Ég verð að segja það fyrir mig, að ég dreg mjög í efa að þetta sé rétt. Auðvitað eru það seljendur sem ákveða hvorn réttarfyrirvarann þeir nota sér, og að þeir hljóti í yfirgnæfandi meiri hluta tilfella frekar að kjósa víxilinn en eignarréttarfyrirvara held ég að við getum ekki sagt fullum fetum. Ég held að slíkt hljóti að verða mjög misjafnt eftir verði vörunnar og tegund vörunnar og viðskiptanna, en ég hygg að þarna sé of mikið sagt af hálfu Verslunarráðsins.

Ég vil minna á mjög jákvæða umsögn Neytendasamtakanna í þessu efni, sem ég tel að skipti afskaplega miklu máli. Ég hafði ekki aðstöðu til að bera þetta mál sérstaklega undir Neytendasamtökin áður en ég lagði það hér fram, en ég hafði ásett mér að taka mikið tillit til þess sem frá þeim kæmi. Umsögn þeirra er afdráttarlaust jákvæð og það met ég mikils.

Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga þó að málið verði skoðað aftur í nefnd. N. ræður því og einstakir nm., geri ég ráð fyrir, geta óskað eftir að n. komi saman hvenær sem er til að ræða hvaða mál sem er. En ég vil þó mælast til þess, að við afgreiddum málið til 3. umr. og n. kæmi þá saman milli 2. og 3. umr. til þess að skoða þetta mál ásamt mörgum öðrum málum sem hún er að fjalla um. Ég held þó að miðað við tiltölulega vandaðan fræðilegan undirbúning sem þetta mál hefur fengið — ég held sé alveg óhætt að segja það — um nokkurra ára skeið, væri rétt og ætti að vera unnt fyrir Alþ., þó fáir dagar séu eftir af þingi nú, að afgreiða það sem lög. Ég geri ráð fyrir að við nánari athugun málsins komist menn að þeirri niðurstöðu, að við séum að ræða þær tryggingar sem neytendur þurfa á að halda og það hljóti að vera misskilningur að seljendur hljóti alltaf fremur að kjósa víxlaréttinn en eignarréttarfyrirvarann í afborgunarkaupum.

Frsm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég vil vegna óska hv. 5. landsk. þm., Friðriks Sophussonar, um frestun á 2. umr. þessa máls taka fram, að ég er fús að beita mér fyrir því við formann fjh.- og viðskn., sem ekki er staddur í d. nú, að málið verði tekið á dagskrá í n. á nýjan leik, og vænti þess að svo geti orðið. Ég vil einnig segja, að ég tel að á það væri lítandi að gera einhverjar breytingar á þessu frv. Ef um þær breytingar væri fullt samkomulag milli Neytendasamtakanna og Verslunarráðsins væri rétt og sjálfsagt að skoða það. En hitt vil ég segja, að ég er mjög sammála þeirri niðurstöðu í umsögn Neytendasamtakanna, að æskilegt sé — og mjög æskilegt — að afgreiða þetta mál á þessu þingi. Með tilliti til þess vil ég vænta þess að samkomulag geti orðið um að ljúka nú 2. umr., en málið yrði þá skoðað í n. milli 2. og 3. umr.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessum umr. og tilmælum hv. 5. landsk. þm. finnst mér eðlilegt að þessari umr. sé lokið og málin séu rædd á milli umr., enda hygg ég að hv. þm. hafi ætlast til þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 71, n. 708). — 2. umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Í nál. á þskj. 708 um 65. mál þingsins hefur allshn. Nd. orðið sammála um að leggja til að frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, verði samþykkt.

Þetta frv. hefur verið flutt áður á þingi, var flutt svipað að efni til á síðasta þingi af Pétri Sigurðssyni, en er nú endurflutt af hv. þm. Oddi Ólafssyni. Frv. gerir ekki ráð fyrir gífurlegum breytingum á kosningalögunum, en er þó í þá áttina að blindir og þeir, sem af öðrum ástæðum, vegna sjúkleika eða öldrunar, eiga erfitt með að njóta þeirra grundvallarréttinda lýðræðisins að neyta atkvæðisréttar síns í kosningum til Alþ., fái til þess lagalega stoð.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. N. var einhuga um að mæla með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 547, n. 707). — 2. umr.

Frsm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 547 er frv. til l. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit.

Þær breytingar, sem er að finna í frv., eru í fyrsta lagi

fólgnar í því, að ef ekki eru greidd aðflutningsgjöld á gjalddaga skuli þeir dráttarvextir, sem innheimtir eru, vera hliðstæðir þeim sem eru af öðrum gjöldum til ríkisins, eins og tekjuskatti og öðrum álíka gjöldum, samræming verði þarna á milli.

Annað ákvæði í þessu frv. er heimild til þess að veita innflytjendum greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Er talið eðlilegt að vextir af slíkum greiðslufresti séu hliðstæðir því sem gerist í bönkum á aðflutningsgjöldum sem innflytjendur kynnu fá ráð til þess að greiða ef ekki væri veittur greiðslufrestur.

Þegar endursenda þarf vöru, vélarhluta og annað því um líkt hefur þurft að setja tryggingu í sambandi við endursendinguna sem hefur verið fjárskuldbinding. Hér er lagt til að farið verði inn á þá leið, að aðrar tryggingar geti komið til greina, og þá jafnframt að heimila að lengja þennan frest úr hálfu ári í heilt ár.

Fjh.- og viðskn. hv. d. hefur fjallað um þetta mál og hefur orðið sammála um að mæla með því að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr.samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Félagsheimili, frv. (þskj. 446, n. 713). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Menntmn. Nd. hefur haft þetta frv. til meðferðar.

Frv. á sér nokkra sögu, eins og fram kemur á nál. Það er komið frá Ed. og fékk þar þá gerð sem það hefur núna. Það fékk hana í meðförum menntmn. Ed. Þannig stóð á, að fyrir Ed. lágu tvö frv. um breytingar á félagsheimilalögum og var annað frá Vilhjálmi Hjálmarssyni, 24. mál þingsins, og hitt frá Helga F. Seljan o. fl., 48. mál. þingsins. Þessum tveimur málum steypti menntmn. í Ed. saman í eitt frv., gerði að einu. Auk þess þykir mér rétt að geta þess, að fyrir Nd. lá einnig frv. um breytingar á lögum um félagsheimili frá Þórarni Sigurjónssyni o. fl. Það frv. fjallaði einnig að verulegu leyti um sömu mál og það frv. sem ég er nú að tala um og kom frá Ed.

Það er skemmst frá að segja, að menntmn. tók málið fyrir og leggur n. einróma til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed. Að nál. standa allir nm. sem á fundi voru, en einn nm. var fjarverandi, Ellert B. Schram. — Menntmn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Námsgagnastofnun, frv. (þskj. 481, n. 719). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29. shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. um Námsgagnastofnun er komið frá Ed. Menntmn. þessarar d. hefur haft frv. til meðferðar og mælir með að það verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed.

Um þetta frv. er að vísu hægt að halda nokkuð langa ræðu. Ég vil geta þess, sem menn kannske þekkja flestir, að þetta frv. hefur áður legið fyrir Alþ. — þetta mun vera í sjötta sinn sem það liggur fyrir Alþ., — en rétt er að geta þess, að að þessu sinni hefur frv. breyst mjög mikið frá því sem var í upphafi. Vegna þess að ég er dálítið kunnugur þessu frv. frá fyrri tíð get ég þess, að mörgum, sem um það fjölluðu fyrr á árum, þótti skorta nægilega grg. um kostnað og hvernig þróun Námsgagnastofnunar mundi verða með árunum. En nú lá fyrir n. bréf frá fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn., sem er prentað sem fskj. með nál. okkar. Í þessu bréfi er m. a. bent á að aukning á umsvifum stofnunarinnar frá núverandi fyrirkomulagi sé háð ákvörðun Alþ. við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, og verður því ekki séð að samþykkt frv. ein út af fyrir sig valdi ríkissjóði auknum útgjöldum. Þetta merkir að menn verða líka að gæta þess að frv., þó það fjalli vissulega um mikið fjárhagsmálefni, á ekki að leiða til sjálfkrafa fjárútláta, heldur mun Alþ. fjalla um fjárveitingar til stofnunarinnar á hverju ári. Þetta tel ég mjög mikilvægt að komi fram.

Ég tel líka að það sé óþarfi að menn láti það fráfæla sig þessu máli að verið sé að stofna nýtt ríkisfyrirtæki. Að vísu er rétt að koma á til nýtt fyrirtæki á vegum ríkisins með nýju nafni. En hitt er miklu sannara að þarna sé verið að sameina ríkisfyrirtæki en fjölga þeim. Það er raunverulega verið að fækka ríkisstofnunum. Tvö ríkisfyrirtæki eru lögð niður, Ríkisútgáfa námsbóka og Fræðslumyndasafn ríkisins, og yfirstjórn þessara stofnana er verulega minnkuð þannig að forstjórum er fækkað og það er fækkað í stjórnarnefndum í sambandi við þessar stofnanir.

Þeir nm. í menntmn., sem á fundi voru, samþykktu að leggja til að þetta frv. yrði samþykkt óbreytt. Fjarverandi fund n., þegar málið var afgreitt, voru tveir hv. þm., Ólafur G. Einarsson og Ellert B. Schram, en undir nál. skrifa Svava Jakobsdóttir, Ingvar Gíslason, Sighvatur Björgvinsson, Eiður Guðnason og Bjarnfríður Leósdóttir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Eignarnám hluta jarðarinnar Deildartungu ásamt jarðhitaréttindum, frv. (þskj. 704). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Í nokkur ár hafa verið uppi um það ráðagerðir að koma á stofn hitaveitu fyrir Akranes, Borgarnes og Hvanneyri.

Hitakostir eru víða í Borgarfirði og höfðu farið þar fram ýmsar frumathuganir.

27. okt. 1976 fól dr. Gunnar Thoroddsen, þáv. iðnrh., Edgar Guðmundssyni verkfræðingi að kanna nánar þá kosti, sem til greina koma við gerð hitaveitu fyrir Akranes, Borgarnes og Hvanneyri, og ræða við rannsóknaraðila og framkvæmdaaðila. Í sept. 1977 kom út áætlun um Hitaveitu Borgarfjarðar gerð af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens hf., Fjarhitun hf. og Verkfræði- og reiknistofunni sf. Sett var á fót samstarfsnefnd fyrir Akranes og Hitaveitu Borgarfjarðar.

30. mars 1978 ritaði samstarfsnefndin dr. Gunnari Thoroddsen. Í því bréfi telur samstarfsnefndin að samningaviðræður við fulltrúa eiganda Deildartunguhvers, sem eru taldar hafa byrjað seint á árinu 1976, hafi ekki borið árangur. Fleira er tiltekið í nefndu bréfi og talið fullreynt að samkomulag varðandi hverinn og vatn úr honum takist ekki. Taldi samstarfsnefndin því óhjákvæmilegt að fara fram á eignarnám á hvernum og jarðhitaréttindum tilheyrandi honum ásamt nauðsynlegu landi vegna virkjunarframkvæmda.

Eftir að fyrrgreind eignarnámsbeiðni barst, fyrir rúmu ári, lét iðnrn. gera ýmsar athuganir. M. a. var aflað upplýsinga frá Orkustofnun og kannað hvaða leiðir væru færar ef til eignarnáms kynni að koma, gerðar voru lögfræðilegar athuganir og m. a. rætt við lögmann samstarfsnefndarinnar. Þá var hinn 2. júlí 1978 farin vettvangsferð að Deildartunguhver. Í þeirri ferð voru fulltrúar frá iðnrn., fulltrúi eiganda Deildartunguhvers, fulltrúi samstarfsnefndarinnar og starfsmenn frá Orkustofnun.

22. júní 1978 var umboðsmanni eiganda Deildartunguhvers, Birni Fr. Björnssyni, formlega send eignarnámsbeiðnin til umsagnar, en hinn 12. maí hafði honum verið afhent beiðnin til kynningar. Í bréfi rn. 22. júní 1978 var þess farið á leit, að umsögn yrði látin í té fyrir 1. ágúst 1978. Umsögn umboðsmanna eiganda Deildartunguhvers er dags. 21. júlí 1978 og barst iðnrn. 27. júlí sama ár. Henni fylgdi ítarleg grg. „um framvindu hitaveitumálsins varðandi Deildartunguhver.“ Í umsögninni kemur m. a. fram að rökstuðning vanti fyrir eignarnámsbeiðninni. Þá kemur þar og fram að sú staðhæfing samstarfsnefndarinnar, að fullreynt sé að samkomulag takist ekki, sé rakalaus fullyrðing og það sé álit umboðsmannanna að reynt verði að stefna til samkomulags.

Fáum dögum eftir að ég tók við starfi iðnrh. í sept. s. l. komu talsmenn undirbúningsaðila hitaveitunnar að máli við mig. Lét ég jafnframt gera yfirlit um stöðu málsins og lagði fyrir að aflað yrði þeirra gagna sem nauðsynleg gætu talist til frekari upplýsinga í málinu.

Hinn 20. sept. 1978 fór rn. þess á leit við Árna Jónsson landnámsstjóra, að hann aðstoðaði rn. við gagnaöflun varðandi nokkrar jarðir í Reykholtsdalshreppi, þ. á m. innsetningu landamerkja fyrir Deildartungu og Kleppjárnsreyki.

Hinn 5. okt. 1978 var farin vettvangsferð með þátttöku fulltrúa frá iðnrn., Landnámi ríkisins og Orkustofnun. Umboðsmanni eiganda Deildartunguhvers var boðin þátttaka, en hann taldi ekki þörf að fara með.

Í þessari ferð var haft samband við flestalla ábúendur og umráðamenn landsréttinda á Deildartungujörðum, Kleppjárnsreykjum og nálægum býlum. Áður en vettvangsgangan fór fram var búið að afla ýmissa gagna um jarðir á þessu svæði í Reykholtsdal, þ. á m. nýrra loftljósmynda, landamerkjabréfa og ýmissa annarra upplýsinga varðandi lönd og ábúendur eða eigendur.

Í ferðinni voru landamerki færð inn á loftmyndir í samræmi við lýsingu landamerkja í landabréfum. Enn fremur voru bréfin kynnt umráðamönnum jarða svo og merkjapunktar sem voru færðir á loftmyndina. Leiðsögumaður vettvangsgöngumanna var Sturla Jóhannesson hreppstjóri að Sturlureykjum.

Þegar eftir þessa ferð setti rn. á fót starfshóp til að vinna að málinu og undirbúa álitsgerð um það. Jafnframt hætti Edgar Guðmundsson verkfræðingur störfum að málinu fyrir rn. og gerðist ráðgjafi undirbúningsaðila hitaveitunnar. Á hann þakkir skildar fyrir störf á vegum rn. að undirbúningi málsins og fyrir samskipti síðan.

Í starfshópi rn. voru Gísli Einarsson deildarstjóri í iðnrn., Kristján Sæmundsson jarðfræðingur hjá Orkustofnun og Pétur Stefánsson verkfræðingur. Unnu þeir mikið og að mínu mati gott starf.

Í upphafi skipulagði hópurinn starf sitt. Var talið nauðsynlegt, til þess að árangur yrði af störfum hans, að hópurinn kynnti sér allt málið frá grunni.

1. nóv. var enn farin vettvangsferð. Auk starfshópsins var þar með í ferð Árni Jónsson landnámsstjóri. Í þessari ferð voru einkum skoðuð sjálf hverasvæðin. Þá voru og lögð drög að öflun frekari gagna og lagt fyrir að gera uppdrátt með landamerkjum að Deildartungu, Kleppjárnsreykjum og nálægum býlum. Starfshópurinn skilaði mér viðamikilli álitsgerð 27. mars 1979.

Markaðssvæði fyrirhugaðrar hitaveitu nær til Akraness og Borgarness með samtals 6300 íbúa, auk Hvanneyrar og jarða í hreppunum sem hitaveitulögnin fer um. Lætur nærri að markaðssvæðið nái til um 6500 notenda, þannig að hitaveitan fullbúin yrði sú fjórða stærsta á landinu. Vatnsþörf hitaveitunnar fyrir þennan markað hefur verið áætluð 169 sekúndulítrar á árinu 1979, og er þá miðað við aðveituæðar, að megninu til úr asbesti, sem lagðar yrðu í jarðvegsgarð. Olíunotkun til húshitunar á væntanlegu markaðssvæði hitaveitunnar nam sem næst 700 millj. kr. á ári miðað við olíuverð um s. l. áramót, sem mundi svara til um 1250 millj. kr. samkv. núgildandi olíuverði, röskum 103 kr. fyrir lítra.

Rannsóknir vegna hitaveitu til Akraness og Borgarness eiga sér orðið alllanga sögu sem hér er ekki kostur að rekja í smáatriðum. Þess nægir að geta, að rannsóknir á hitaveitukostum Akraness hafa til þessa reynst árangurslitlar. Nokkrar vonir voru bundnar við svokallað Leirársvæði, en vandkvæði eru á nýtingu vatns þaðan vegna kalkútfellingar auk óvissu um vatnsöflun, bæði á heitu vatni og köldu vatni til varmaskipta. Borgnesingar hafa aftur á móti átt ýmissa kosta völ. Þannig er t. d. sýnt að Bæjarsvæðið svonefnda í Andakílshreppi gæti eitt staðið undir hitaveitu til Borgarness og Hvanneyrar.

Hugmynd um sameiginlega hitaveitu til Akraness, Borgarness og Hvanneyrar frá Deildartunguhver sem meginorkuuppsprettu kom fyrst fram fyrir um það bil 7 árum, þ. e. fyrir olíukreppuna 1973, en þá þótti vafasamt um hagkvæmni slíkrar hitaveitu fyrir Akranes. Hugmyndin var svo endurskoðuð á árinu 1976, og þótti þá sýnt að slík hitaveita gæti orðið hagkvæm, en í millitíðinni höfðu miklar olíuhækkanir komið til.

Hverasvæðin í Borgarfirði, sem ætlunin er að nýta fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, eru hluti af hinu víðáttumikla jarðhitasvæði í Borgarfirði sem nær m. a.

yfir Reykholtsdal og Bæjarsveit. Hér er um að ræða suðvestasta hluta jarðhitasvæðisins með þremur aðalhverasvæðum, þ. e. kringum Bæ í Bæjarsveit, svæðið milli Kletts og Runna í Reykholtsdal og svæðið milli Deildartungu og Kleppjárnsreykja í Reyholtsdal. Ekki hefur enn verið borað á hverasvæðinu milli Kletts og Runna, en hin svæðin eru talin gefa örugglega um það bil 300 sekúndulítra af heitu vatni. Þar af gefur hverasvæðið í Bæjarsveit, miðað við meðaldælingu á ári, 50 sekúndulítra af 93 gráðu heitu vatni, Deildartunguhver gefur 180 sekúndulítra af 100 gráðu heitu vatni og Kleppjárnsreykjahver 70 sekúndulítra einnig af 100 gráðu heitu vatni. Samtals eru þetta um 300 sekúndulítrar. Til frádráttar kemur það vatnsmagn sem eigendur jarðhitans halda eftir til eigin ráðstöfunar, en það eru t. d. í Deildartunguhver 10 sekúndulítrar samkv. fyrirliggjandi frv.

Um hugsanleg áhrif vinnslusvæðanna hvers á annað við vinnslu á heitu vatni er lítið vitað enn sem komið er. Þó virðist ljóst að greitt samband er á milli tveggja vinnslusvæða innan sama hverasvæðis, eins og fram hefur komið í Bæjarsveit, þannig að dæling á einu vinnslusvæði er talin fella þrýsting eftir endilangri hveralínunni og minnkar þar með rennsli til yfirborðs á hverasvæðinu öllu. Hliðstæð áhrif milli hverasvæðanna gætu komið fram við langtímavinnslu á heitu vatni á einhverju einu þeirra. Aðeins reynslan fær úr því skorið, hvort slík áhrif koma fram og hversu mikil þau kunna að verða.

Hverasvæðið í Bæjarsveit stendur eitt undir hitaveitu til Borgarness og Hvanneyrar, en ekki til Akraness. Eigi Akranes að fylgja með verður að sækja meginhluta vatnsins til hverasvæðanna austar, og yrði Deildartunguhver þá eðlilega meginstofn hitaveitunnar, enda er augljóslega óhagkvæmt að afla vatns til hitaveitunnar með borunum og dælingu miðað við að kostur sé á að fá Deildartunguhver til virkjunar. Vatnsvinnslan mun þó lengi framan af byggjast á sjálfrennsli, þannig að röskun yrði ekki á yfirborðsjarðhita meðan það endist.

Áætlun Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar byggist á spá um þróun byggðar í náinni framtíð. Íbúar á Akranesi voru 4654 1. des. 1976. Með tilvísun til byggðaþróunar þar og tilkomu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga gerir áætlunin ráð fyrir 5% árlegri aukningu næstu 3 árin, en 4% á ári upp frá því. Íbúar í Borgarnesi voru 1. des. 1976 1433. Í Borgarnesi hefur verið í byggingu stór mjólkurstöð og gróska í byggingarstarfsemi. Leiddar eru að því líkur, að húsrými aukist um 11% á ári næstu 3 árin í Borgarnesi. Eftir 1980 er reiknað með 5% árlegum vexti í 4 ár, en síðan 3% árlega til aldamóta. Það vekur athygli að aukningartölur þessar eru allmiklu hærri en meðalíbúafjölgun í landinu nemur. Þar kemur þó fleira til, eins og síðar verður að vikið.

Aflþörf einstakra húsa á svæðum þessarar hitaveitu miðast við að geta viðhaldið 20 gráða innihita við svokallað grunnhitastig, sem ræðst af veðurfari á hverjum stað. Við mat á aflþörf á Akranesi hefur verið stuðst við sömu forsendur og við hönnun Hitaveitu Reykjavíkur, en í Borgarnesi og á Hvanneyri er aflþörfin áætluð 10% meiri vegna kaldara veðurfars.

Heildarvatnsþörf Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, miðað við yfirstandandi ár, er talin vera, eins og áður er getið, 169 sekúndulítrar, en vaxa í 339 sekúndulítra að 20 árum liðnum. Svavar það til afls er nemur um 28 mw. nú og 60 mw. eftir 20 ár hjá notendum. Áætlun um þessi atriði er reist á tilteknum forsendum um aflþörf í húsum, um byggðaþróun og um efni og frágang á aðveituæð.

Aðveituæð frá Deildartungu til Akraness yrði um 63 km að lengd eða nær þrefalt lengri en nokkur aðveituæð hitaveitu hér á landi. Arðsemi veitunnar ræðst því mjög af stofnkostnaði aðveitunnar. Áætlun Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar gerir ráð fyrir að aðveituæðin verði að megni til óeinangruð asbestpípa, sem lögð er á jafnað yfirborð landsins og hulin jarðvegsgarði yfir. Nokkur reynsla er af slíkum frágangi aðveituæða hér á landi, m. a. hefur 19 km asbestæð í jarðvegsgarði verið í notkun hjá Hitaveitu Húsavíkur frá árinu 1970. Vídd hitaveituæðarinnar í Borgarfirði er áformuð á bilinu 35—45 cm í þvermál. Ljóst er að varmatap verður mikið á hinni löngu leið, og er afltap í aðveituæðinni áætlað um 12.5 mw. miðað við mesta álag í byrjun eða um þrefalt miðað við einangraða pípu. Í brú yfir Borgarfjörð er fyrirhuguð einangruð stálpípa í plastkápu, og er sá hluti að sjálfsögðu háður smíði brúarinnar. Kaflinn yfir Leirárvog, sem er ca. 1.1 km á lengd, hefur verulega sérstöðu að því er varðar gerð og öryggi aðalæðarinnar. Þar hafa verið kannaðar fjórar leiðir, en nokkurt starf mun enn ónunnið við forhönnun þess kafla.

Mjög hefur verið vönduð athugun á eignarréttindum þar efra, svo sem greinilega kemur fram í aths. með lagafrv., en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. veðmálabókum er Sigurbjörg Björnsdóttir (fædd 18. nóv. 1886) eigandi Deildartunguhvers ásamt landi umhverfis hann frá 23. okt. 1953. Þessa er jafnframt getið í landsskiptagjörð frá 22. febr. 1973.

Í skiptum á dánarbúi Jóns Hannessonar segir í skiptagerð erfingjanna frá 23. okt. 1953, m. a.: „....Deildartunguhver ásamt nokkru landssvæði umhverfis fellur í hlut Sigurbjargar Björnsdóttur, en þó fylgja jörðinni ókeypis hitaréttindi til venjulegra heimilisnota.

Erfingjar skulu strax ákveða stærð landssvæðisins og afmarka hreinilega.

Landssvæðið, sem taka skal eignarnámi ásamt jarðhitaréttindum, er um 16 800 fermetrar að stærð og er það eign Sigurbjargar Björnsdóttur samkv. veðmálabókum, eins og greint var frá hér að framan. Í þessu sambandi bendi ég sérstaklega á fskj. 1, sem er hluti af 1. gr. frv. Bendi ég á að uppdráttur þessi er gerður með landfræðilegum hnitum, en stærð landsins, sem taka skal eignarnámi, er samkv. beiðni Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Starfshópur rn., er vann að undirbúningi málsins, kannaði alla þætti þess sem talið var að skipt gætu máli fyrir forsendur hitaveitunnar og átti í því sambandi skipti við fjölmarga aðila er aðstoðuðu við gagnaöflun. Einnig var þm. kjördæmisins kynnt þróun mála eftir því sem réttmætt var talið.

Áætlun um stofnkostnað veitunnar var endurskoðuð að tilhlutan starfshópsins. Er nú talið líklegt að heildarkostnaður liggi á bilinu 5.4—6 milljarðar kr. og er þá miðað við eftirgjöf af aðflutningsgjöldum að upphæð 680 millj. kr. Meginniðurstaða starfshópsins af könnun á fjárhagslegum grundvelli hitaveitunnar, ekki síst út frá þjóðhagslegu sjónarmiði, er sú, að miðað við aðgang að Deildartunguhver og þau ytri skilyrði, sem ríktu um s. l. áramót, sé um arðbært fyrirtæki að ræða. Kostnaðarverð orkunnar kominnar til neytenda er þannig talið breytast úr 89% af olíukostnaði árið 1982 í 66% árið 2000. Jafnframt eykst árlegur ávinningur, þ. e. hagnaður +

sparnaður notenda, úr 94 millj. kr. árið 1982 í 589 millj. kr. árið 2000. Er þetta — vel að merkja — allt á verðlagi 1. jan. 1979. Nánar er þetta skýrt í VI. kafla á bls. 6 í aths. við frv.

Starfshópurinn leiðir einnig að því líkur, að stofnfé muni endurheimtast með 14% vöxtum og sé ávöxtun stofnfjár samkv. því mun hærri en nemur almennum vaxtakröfum fjárfestingarlána á alþjóðlegum peningamarkaði, sem nú er talið vera almennt um 7—11%.

Um síðustu atburði í olíuheiminum þarf ekki að fjölyrða. Engum getum skal að því leitt, hvort áhrifa þeirra gætir lengur eða skemur. Til hins hníga gild rök, að langtímaþróun í olíumálum verði þessu fyrirtæki til styrktar.

Starfshópur rn. hefur jafnframt metið niðurstöður frumáætlana Fjarhitunar hf. um hitaveitu á Akranesi með afgangsvarma frá járnblendiverksmiðju á Grundartanga og fjarvarmaveitur frá kyndistöðvum með svartolíu og afgangsraforku. Hvorugur þessara kosta er að áliti starfshópsins og jafnframt rn. samkeppnisfær við sameiginlega hitaveitu frá jarðhitasvæðum í Borgarfirði í náinni framtíð.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að fyrirhuguðu eignarnámi með tilliti til stjórnarskrár og gildandi laga. Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 frá 17. júní 1944, segir í 67. gr.:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir."

Í orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967, segir í 14. gr.:

„Þegar almenningshagsmunir krefjast þess, er ríkisstj. heimilt að taka jarðhita eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því, að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar, sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið."

Þá segir í 16. gr. sömu laga:

„Nú er jarðhiti tekinn eignarnámi, og eru þá landeigendur og leiguliðar á því svæði, þar sem hann á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki. Þeim er einnig skylt að þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu. Fullt endurgjald skal koma fyrir. Náist ekki samkomulag, skal það ákveðið með mati."

Nú kynni einhver að spyrja, hvers vegna hér er ekki notuð eignarnámsheimild orkulaganna í stað þess að leggja fram sérstakt frv. um eignarnám. Því er til að svara, að dómstólar hafa úrskurð um hvort almenningsþörf krefjist eignatöku. Ef eignarnám er aftur á móti samþ. af löggjafanum munu dómstólar ekki telja sig bæra að fella slíkt ákvæði úr gildi ef skýra má það þannig að það samrýmist stjórnarskránni. Þessi skoðun kemur m. a. skýrt fram í ritum hjá prófessor Ólafi Lárussyni, í bók hans um eignarrétt, og hjá prófessor Gauti Jörundssyni í riti hans um eignarnám.

Ég tel að með því, sem ég hef rakið að framan og skýrt kemur fram í aths. með lagafrv., hafi fullkomlega verið sýnt fram á almenningsþörfina. Þá tel ég og að með milligöngu starfshóps rn. um hinar ítarlegu sáttatilraunir sé í einu og öllu fullnægt ákvæði orkulaganna í 16. gr. um samkomulagstilraunir.

Um framkvæmd eignarnáms fer sem kunnugt er að lögum nr. 11 frá 1973. Matsnefnd eignarnámsbóta er skipuð af dómsmrh. Til meðferðar hvers mats kveður formaður tvo eða fjóra hæfa og óvilhalla menn, en sjálf er nefndin skipuð tveimur mönnum. Starfshópur rn. hafði milligöngu um samningaumleitanir milli aðila, svo sem báðir aðilar óskuðu eftir, og það vil ég að skýrt sé, að þessi milliganga rn. var samkv. ósk beggja aðila. Haldnir voru 19 bókaðir sáttafundir auk fjölmargra upplýsingafunda, svo sem ítarlega er rakið í VII. kafla í aths. við frv. Ég vil taka upp orðrétt niðurlag aths., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Lokaboð Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, kr. 12.5 millj. á ári miðað við 150 sekúndulítra, svarar til afgjalds kr. 83 333 pr. sekúndulítra á ári.

Lokaboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers gerir ráð fyrir 18 millj. kr. árgjaldi eða 120 þús. kr. afgjaldi pr. sekúndulítra á ári fyrstu 9 árin, en stighækkandi úr því upp í 84.4 millj. kr. árgjald árið 2000 eða 589 333 kr. pr. sekúndulítra á ári.

Sé stighækkandi árgjaldi í lokaboði fulltrúa eigenda Deildartunguhvers breytt í jafngilda annuitetsröð með t. d. 6% vaxtakröfu svarar það til 35.8 millj. kr. jafnrar árgreiðslu eða rúmlega 238 þús. kr. pr. sekúndulítra á ári.

Það er skoðun starfshópsins að með lokaboði sínu sé Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar komin það nærri þeim mörkum sem starfshópurinn að breyttu breytanda telur eðlilegt með tilliti til þeirra fordæma í samningum, matsgjörðum og dómum, sem honum eru kunn, að tilgangslaust sé, í ljósi hins djúpstæða ágreinings í millum aðila, að leggja fram sáttatillögu."

Herra forseti. Með máli mínu og aths. þeim, sem því frv., sem hér er fram lagt og ríkisstj. stendur að, fylgja, tel ég að skýrt sé sýnt fram á almenningsþörfina að baki þeirri eignarnámsheimild sem hér er leitað eftir. Jafnframt á að vera ljóst, að óhjákvæmilegt var að leggja frv. þetta fram til að tryggja mikilvægu hagsmunamáli 6500 manna byggðar á Vesturlandi brautargengi.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., á sér mjög langan aðdraganda. Það eru orðin fjöldamörg ár síðan íbúar á Akranesi og í Borgarnesi létu sér til hugar koma að hægt væri að leggja hitaveitu til þessara staða frá jarðhitasvæðum í Borgarfirði. En frv. þetta snýst, eins og kunnugt er, um það með hvaða hætti megi tryggja heitt vatn til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Það er álit þeirra sérfræðinga, sem kannað hafa þetta mannvirki, að hagkvæmasti kosturinn, sem völ sé á, sé að nýta heita vatnið í Deildartunguhver, og að því hefur verið stefnt um alllangt tímabil.

Það fer ekkert milli mála, að í málum sem þessum hefði verið æskilegasti kosturinn að ná samkomulagi við eigendur Deildartunguhvers um hagnýtingu á vatninu í þessum hver til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Ítrekaðar tilraunir hafa verið gerðar til þess að ná viðunandi samkomulagi, en þær hafa því miður ekki borið árangur. Hefur stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar teygt sig mjög langt til samkomulags, en þrátt fyrir það hefur samkomulag ekki orðið.

Það fer ekki á milli mála að í þessu máli eigast við hagsmunir mjög fjölmennra byggðarlaga sem krefjast þess að úr brýnum vanda verði leyst hið bráðasta. Niðurstaðan hefur orðið sú, að engin leið er önnur fyrir hendi en að afla heimildar til þess að taka hluta jarðar-

innar Deildartungu í Reykholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum eignarnámi. Af þeirri ástæðu er þetta mál flutt. Það er skoðun þeirra, sem standa að Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, að eðlilegt og sjálfsagt sé að greitt verði viðunandi verð fyrir þessi jarðhitaréttindi, en þar sem samkomulag hefur ekki tekist er ekki um annað að gera en að þeir fjármunir, sem fyrir jarðhitaréttindin á að greiða, verði metnir af óvilhöllum mönnum til að fá fram sanngjarnt verðmæti.

Það er skoðun forsvarsmanna notenda fyrirhugaðrar hitaveitu, að íbúar Akraness og Borgarness vilja mjög gjarnan eiga gott samstarf við eigendur jarðhitaréttarins og reyndar við alla íbúa Reykholtsdalshrepps um allar þessar framkvæmdir, enda er mikið í húfi að vel takist til fyrir alla aðila. Því er það von mín að mál þetta fái góðan byr í þinginu og verði samþykkt fyrir þinglausnir, enda eru gífurlegir hagsmunir fjölmennra byggðarlaga í húfi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það hlýtur ævinlega að vera þrautalending þegar neyðst er til þess að beita eignarnámi, hvort sem það eru hlunnindi eða annað sem í hlut á. Það er kannske ekki sérstök ástæða til að fagna því að grípa þurfi til slíkra aðgerða, en í þessu tilviki er þó ástæða til að fagna því að þetta frv. er hér komið fram, því að hér er um að ræða feiknarlega mikið hagsmunamál þeirra sem byggja stærstu þéttbýlisstaðina á Vesturlandi. Með því að frv. er hér komið fram er þetta mál komið á rekspöl.

Hæstv. iðnrh. hefur gert ítarlega grein fyrir tækni- og fjárhagshlið þessara mála í ræðu er hann flutti fyrr í dag. Komið hefur fram að það hefur verið þrautreynt að ná samkomulagi við eigendur og fulltrúa eigenda Deildartunguhvers, en það hefur ekki tekist. Þar hefur verið djúpstæður ágreiningur um verð og ýmislegt annað. Auðvitað er það fullkomlega óeðlilegt að einkaaðilar geti haldið jafnverðmætum hlunnindum fyrir jafnmörgum eins og hér hefur verið gerð tilraun til að gera. Það er stefna Alþfl., og þarf ekki að fara um það mörgum orðum hér, hún hefur oftlega verið kynnt, að réttindi eins og hér um ræðir eigi að vera þjóðareign. Einkaaðilum á ekki að líðast að tefja framkvæmdir og skaða þar með hagsmuni fjöldans í málum sem þessu. Þess vegna ber að fagna því að þetta skref hefur nú verið stigið, en jafnframt að harma að ekki skuli hafa tekist samkomulag, ekki skuli hafa verið sá skilningur og sú sanngirni fyrir hendi sem til þurfti til að það mætti verða.

Það hefur verið lögð mikil vinna í rannsókn og athugun þessa máls og er það vel undirbúið í hvívetna. Því er rík ástæða til að taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. 7. landsk. þm., Jósefs H. Þorgeirssonar, um að þetta mál fái greiðan gang hér á þingi og verði að lögum fyrir þinglausnir.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki frekar en þeir, sem á undan mér hafa talað, fara að tala lengi, en ég vil við þetta tækifæri segja það tvennt, að mér eru það að sönnu mikil leiðindi að ekki skyldi nást samkomulag um þetta mál og ég var það bjartsýnn að ég vonaðist til að það tækist. Ég tel að við höfum átt að því aðild, þm. Vesturl., að þrautreyna umræður um þetta mál sem til samkomulags mættu leiða, og það var von okkar að það tækist. Þess vegna óskuðum við eftir því við hæstv. iðnrh. og rn. hans og þann starfshóp, sem hann hafði myndað og vann að málinu, að samkomulag yrði reynt til þrautar áður en til annarra ráða yrði að grípa. Út af fyrir sig þýðir ekki um það að tala úr því að ekki náðist samkomulag. Ég held að segja megi að báðir aðilar hafi reynt þar til þrautar, þó að svo mikið bæri á milli að ekki var brúanlegt frá sjónarmiði þeirra, sem njóta áttu, og iðnrn.

Ég lít svo á, að hér sé um að ræða mjög mikið hagsmunamál fyrir verulegan hluta íbúa Vesturlands. Ég vona að hv. Alþ. meti það svo og leggi þessu máli því lið svo að það megi fá afgreiðslu fyrir þinglok. Að því hefur verið unnið af hálfu okkar þm. að fjárútvegun væri til staðar til að hefja framkvæmdir á þessu ári, enda er ljóst að það er mjög aðkallandi að hraða verkinu eins og tök eru á þar sem svo brýnir hagsmunir eru í veði.

Ég vil og við þetta tækifæri þakka bæði fyrrv. og núv. iðnrh. fyrir hvað þeir hafa lagt sig fram um að vinna að lausn þessa máls. Ég tel að þeir hafi báðir gert það mjög svo vel og drengilega og lagt sinn skerf til þess að leysa málið á farsælan hátt. Ég vil segja það, að það, sem fram kom í upplýsingum hæstv. iðnrh. í framsöguræðu hans áðan, sýnir að vel hefur verið að þessu máli staðið. Ég vil og þakka þeim aðilum öðrum, sem fóru með þessi mál á vegum rn., bæði í tíð hæstv. fyrrv. iðnrh. og hæstv. núv. iðnrh., og þeim öðrum sem störfuðu með deildarstjóranum í rn.

Ég treysti því, að við framkvæmd þessa máls, þegar til kemur að af framkvæmdum verður, verði tryggt svo sem auðið er og nauðsyn ber til að sveitir þær, sem geta notið góðs af þessari framkvæmd, fái að njóta hennar. Ég tel að gerð sé grein fyrir því í grg. þeirri, sem frv. þessu fylgir, og það verði gert, og ég treysti því að innan hæstv. ríkisstj. og iðnrn. verði slíkt ofan á þegar til afgreiðslu málsins kemur í höndum þeirra sem taka við því þegar þetta frv. hefur náð fram að ganga og framkvæmd hefur farið fram samkv. því.

Ég vil og vona og treysta því, að þrátt fyrir að ekki hafi tekist samkomulag um þetta mál að sinni muni það ekki spilla fyrir því að framkvæmdin geti farið fram með eðlilegum hætti og með skilningi beggja aðila.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vil taka það fram að lokum, að nauðsyn ber til að hraða afgreiðslu málsins á þann veg, að það komist í gegn á hv. Alþ. fyrir þinglausnir, og hraða jafnframt öðrum þáttum er að því lúta, svo að til framkvæmda geti komið á yfirstandandi ári.

Ég vil svo endurtaka þakkir mínar til þeirra sem að lausn málsins hafa unnið.

Bjarnfríður Leósdóttir: Herra forseti. Ég vil með öðrum þm. Vesturl. taka undir þakklæti til hæstv. iðnrh. fyrir hlutdeild hans að þessu máli og fyrir það að málið skuli vera komið á þann rekspöl sem það er á. Ég vil einnig þakka fyrrv. iðnrh. fyrir hlutdeild hans að málinu. Það er auðvitað leiðinlegt að ekki skyldu nást samningar við eigendur hversins, því að á meðan við virðum eignarréttinn er hann auðvitað mikils virði þeim sem á honum halda. En hann má aldrei standa í vegi fyrir hagsæld fjöldans. Ég held að það hafi engum verið til neins ávinnings að hafa þennan hver óbeislaðan meðan byggðin þar í grennd verður að brenna hinni mjög svo dýru olíu sem allir þekkja nú og hvernig olíukostnaður muni yfirleitt fara með afkomu þeirra heimila sem við olíukyndingu verða að búa. Ég vænti þess, að málið muni hafa forgang og að því muni verða unnið hratt og vel. Ég

veit að á Akranesi og í Borganesi hefur verið unnið að því af miklum krafti að hægt væri að hefja framkvæmdir, og ég vona að lánamál og annað, sem þarf til þess að verkið geti hafist, muni fram ganga á komandi sumri.

Ég endurtek þakklæti mitt til ráðh., sem að þessum málum hafa staðið, og allra annarra.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég átti ekki kost á að hlýða á framsöguræðu hæstv. iðnrh. í dag fyrir þessu máli. En ég heyri að þm. Vesturl. eru ákaflega hrifnir af þessu framtaki. Ég get ekki lýst mig sammála því. Ég tel að eignarnám sé algert þrautarúrræði, og ég er ekki viss um að samningar hafi verið reyndir til fullnustu enn þá, þrátt fyrir öll þau lofsyrði sem fyrrv. og núv. iðnrh. hafa fengið hér frá þm. þessa byggðarlags.

Það er svo sem ekkert nýtt að heyra það frá ýmsum þm., að þeir vilja helst taka allt eignarnámi sem einstaklingar eiga. Fyrir Alþ. liggja fjölmörg frv. og till. í þá átt. Það er náttúrlega stefna út af fyrir sig að ríkið eigi allt, en þeirri stefnu er ég andvígur og ég hélt að það væru ýmsir þm. hér, kannske ekki endilega í mínum flokki, heldur þá öðrum, nokkuð svipaðrar skoðunar. Svo virðist ekki vera, því að nú stendur hver þm. upp á fætur öðrum til þess að hrósa hæstv. ráðh. fyrir það lofsverða framtak að taka eign fólks af því. Þessu get ég ómögulega verið hrifinn af og ekki heldur sammála.

Ég hefði frekar kosið, af því að mér er ljóst að hér eru nokkrir hagsmunir í veði fyrir þau byggðarlög sem hér hafa verið nefnd, Akranes og neðri hluta Borgarfjarðarsýslu, að þess hefði þó verið freistað að taka hverinn leigunámi og reyna að nota þann tíma, sem þannig ynnist, til þess að komast að viðunandi samkomulagi við eigendur hans. En þessi leið hefur greinilega ekki hlotið náð í rn., og nú er sem sagt borið hér fram frv. um að taka eignarnámi þessi réttindi fólksins sem þarna býr og þetta á. Ég hygg að það sé mjög vel að orði komist hjá hv. síðasta ræðumanni, frú Bjarnfríði Leósdóttur, að meðan við virðum eignarréttinn sé hann einhvers virði. En ég legg þau orð þannig út í mínum huga, að það sé bara tímaspursmál hversu lengi við virðum þennan eignarrétt og hversu lengi hann eigi að virða og það sé kannske rangt að virða hann og þá eigi að koma til það, sem oft hefur áður verið flutt hér, að ríkið eigi landið og enginn eigi neitt nema það sem honum er úthlutað af yfirvöldum.

Ég er mótfallinn þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Framhaldsskólar, frv. (þskj. 715, 727, 728). — 3. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Á þskj. 727 leyfum við hv. þm. Einar Ágústsson okkur að flytja svofellda brtt. við frv. til l. um framhaldsskóla:

„Við 17. gr. frv. bætist eftirfarandi:

Í þéttbýli skulu starfa sérstakir menntaskólar með heföbundnu sniði, er miði að undirbúningi undir háskólanám. A. m. k. einn slíkur (Menntaskólinn í Reykjavík) skal starfa í Reykjavík, og annar á Akureyri sé þess óskað. Menntaskólum skal sett sérstök reglugerð. Innganga í menntaskóla skal heimil öllum þeim nemendum, er rétt hafa til náms í framhaldsskólum, hvar sem þeir eru búsettir í landinu. Menntaskólar séu fjögurra ára ríkisskólar, og nemendur, sem í þeim stunda nám, en eiga lögheimili utan viðkomandi þéttbýlis, skulu eiga rétt á styrk (dreifbýlisstyrk).“

Um þessa brtt. þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð. Það er ljóst að um hið stóra frv. til l. um framhaldsskóla eru allskiptar skoðanir meðal skólamanna og margir skólamenn hafa óttast að með of stífri samræmingu verði heföbundin skólamenntun í landinu of einhæf og of lítið svigrúm skapist. Þess ber og að gæta, að sá skóli, sem hér er tiltekinn, þ. e. Menntaskólinn Í Reykjavík, er stofnun sem á sér sögu sem rekja má margar aldir aftur á bak, er orðinn um margt snar þáttur í sögu þessarar þjóðar. Kjarni till. er að það sé tryggt í þessum lögum, að sá skóli — og ef vill aðrir slíkir — starfi áfram að hætti heföbundinna menntaskóla.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég ræddi þetta mál nokkuð við 2. umr. þegar ég mælti fyrir áliti minni hl. menntmn. Ég gagnrýndi þá ýmsa þætti frv., en einkum þó tvennt: Í fyrsta lagi það, að ákvæðin atriði í frv. ganga þvert á þá stefnu sem sveitarfélögin í landinu hafa haft uppi um mörg undanfarin ár að því er varðar verkaskiptingu og kostnaðarskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna. Og í öðru lagi taldi ég að gefist hefði verið upp við raunverulega stefnumótun að því er varðaði framtíð sérskólanna í landinu. Hæstv. menntmrh. hafði sitthvað við orð mín að athuga, og á sama hátt kann að vera að ég hafi ýmislegt að athuga við það sem hann sagði.

Í orðum mínum við 2. umr. rakti ég að gefnu tilefni ályktun fulltrúaráðsfundar Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúaráðsfundarins sem haldinn var á Húsavík dagana 28. og 29. mars s. l., en sá fundur var haldinn vegna þessa máls. Tilefnið var það sem tekið var upp í álit meiri hl. menntmn. úr ályktun fulltrúaráðsins. Mátti túlka það, sem þar var tekið upp, sem svo að meiri hl. n. væri að verða við tilmælum fulltrúaráðsfundarins um samþykkt þessa frv. Túlkun mín á ályktun fulltrúaráðsins var dregin í efa — dregið í efa að hún væri rétt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja þessa ályktun að nýju. Ég fór yfir hana lið fyrir lið. Hún er í 10 liðum og a. m. k. 7 þeirra eru ýmist mótmæli eða viðvaranir við því að þetta frv. verði samþ. En til viðbótar því, sem ég þá sagði og las upp úr ályktuninni, hlýt ég nú að rekja að nokkru leyti bréf framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga frá 11. maí, en það bréf hefur verið sent, að því er ég best veit, nm. í menntmn. Í bréfinu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á stjórnarfundi Sambands ísl. sveitarfélaga í dag“, þ. e. 11. maí, „var rætt um frv. til l. um framhaldsskóla sem nú er til meðferðar á Alþ. Í framhaldi af þeim umr. samþykkti stjórnin svofellda bókun:

Vegna tilvitnunar í áliti meiri hl. menntmn. Nd. Alþingis um frv. til l. um framhaldsskóla í ályktun fundar fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga 28. og 29. mars s. l. vill stjórn sambandsins álykta, að megininntak ályktunar fulltrúaráðsfundarins að því er varðar samaðild ríkis og sveitarfélaga að framhaldsskólanámi er þess efnis, að fulltrúaráðið er ekki reiðubúið til að fallast á að sveitarfélögin verði gerð að rekstraraðila þessa skólastigs ásamt ríkinu með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir,

og telur það ekki horfa til gleggri verkaskila milli þessara aðila. Stjórn sambandsins túlkar afstöðu fulltrúaráðsins ótvírætt á þann veg að það hafi verið mótfallið fjármálaákvæðum frv., en önnur atriði ályktunarinnar séu mörg sett fram til vara. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ítrekar tilmæli fulltrúaráðsins í 9. lið ályktunarinnar um að hér sé um svo veigamikið mál að ræða, að það þurfi frekari athugunar við, og mælist eindregið til þess, að afgreiðslu þess verði ekki hraðað nú á lokadögum þingsins."

Og svo segir hér í lokin:

„Framangreind bókun sendist hér með menntmn. beggja deilda Alþingis. Afrit sendast fulltrúum þingflokkanna.

Magnús E. Guðjónsson."

Ég held að þetta taki af öll tvímæli um það, hvert hafi verið megininntak ályktunar fulltrúaráðsfundarins. Það er ítrekað af stjórn sambandsins að hún túlki ályktun þessa svo, að þarna sé ekki um að ræða nein meðmæli af hálfu fulltrúaráðsins með samþykkt þessara ákvæða frv.

Hæstv. menntmrh. nefndi í ræðu sinni, að sérstök ályktun hefði borist af Austurlandi þar sem því er fagnað að menntmrn. gangi til móts við óskir sveitarfélaganna að því er það atriði varðar að fjárhagsbyrði þeirra þyngist ekki við samþykkt framhaldsskólafrv. Það er út af fyrir sig kannske ástæða til að fagna því, að ekki eigi að auka fjárhagsbyrði sveitarfélaganna. En hvorki í þessari ályktun né öðrum, sem komið hafa frá sveitarfélögunum, var sagt að koma ætti til móts við sveitarfélögin einmitt með þessum hætti, þ. e. a. s. að létta af þeim kostnaði við viðhald á húsum og búnaði grunnskólans. Þvert á móti hafa sveitarfélögin ályktað á gagnstæðan hátt.

Hæstv. ráðh. sagði einnig að skólamenn um land allt biðu með óþreyju eftir samþykkt frv. Ég efast ekkert um að svo er. Skólamenn hafa áhuga á að fá löggjöf um framhaldsskóla. En spurningin er: Af hverju þarf að fara einmitt að með þeim hætti sem gert er í frv., að kalla fram andstöðu aðila sem hafa svo ríkra hagsmuna að gæta sem sveitarfélögin í landinu? Ég hef grun um að þetta sé einmitt gert vegna þess að Alþb. vill áfram samkrull á milli ríkisins og sveitarfélaganna á sem flestum sviðum.

Hæstv. ráðh. ræddi einnig um breytingarnar, sem gerðar voru á grunnskólalögunum í desembermánuði 1975 og tóku gildi um áramót 1975—1976, þegar m. a. var lagt á sveitarfélögin að annast að öllu leyti viðhaldskostnað grunnskóla. Hann taldi að ég hefði farið þar með rangt mál, það hefði mátt túlka orð mín þannig, að þetta hefði verið gert fyrir þrábeiðni sveitarfélaganna, og taldi ráðh. að þessum ákvæðum hefði verið mótmælt af stjórn sambandsins, enda gert án samráðs við stjórnina. Hér er misskilningur á ferð. Margir fundir voru haldnir með stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga þegar þessi löggjöf var í undirbúningi, og löggjöfinni var ekki mótmælt að þessu leyti. Hins vegar reis upp ágreiningur — það er rétt það reis upp ágreiningur milli rn. og sambandsstjórnarinnar, en sá ágreiningur byggðist á allt öðrum þáttum en þeim, hvort sveitarfélögin ættu að yfirtaka viðhaldskostnaðinn eða ekki. Sá ágreiningur byggðist á því, hvaða ár væri raunverulega verið að gera upp. Sveitarfélögin fengu aukna tekjustofna 1976 vegna þessarar lagabreytingar, og þeir tekjustofnar áttu að duga fyrir auknum tilkostnaði sveitarfélaganna á því ári, 1976. Sveitarfélögin töldu hins vegar að ríkið ætti þá eftir að gera upp viðhaldskostnaðinn frá árinu 1975. Ýmsir töldu, og þ. á m. ég, að svo væri ekki hægt að túlka löggjöfina. Hins vegar varð um málið fullt samkomulag og sveitarfélögin fengu gert upp árið 1975 með 300 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði. Þar með var það deilumál úr sögunni.

Hæstv. ráðh. sagði einnig að við mundum ekki leysa verkaskiptingarmálið nú, hægt yrði að taka það upp síðar. Það skipti sem sagt máli nú, sagði hæstv. ráðh., að ekki væri lögð aukin fjárhagsbyrði á sveitarfélögin með þessari lagasetningu. Það kann vel að vera að við leysum ekki verkaskiptingarmálið nú, og það gerum við eflaust ekki. En það er hins vegar engin ástæða til að vera að flækja verkaskiptingarmálin milli ríkis og sveitarfélaga meira en þörf er á. Með þessu frv. er einmitt verið að flækja málin að nýju. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðh. eða þeir, sem vilja standa að samþykkt frv. með þessum hætti, gera sér raunverulega grein fyrir þeirri miklu fyrirhöfn sem er því samfara að gera upp viðhaldskostnað skólanna þegar honum er skipt milli ríkisins og sveitarfélaganna. Í þessu sambandi þýðir því ekki að segja, eins og hæstv. ráðh. sagði, að sveitarfélögin mundu jafnvel hagnast fjárhagslega ef eitthvað væri. Hér er ekki einvörðungu spurning um peninga, hér er verið að tala um meginatriði, meginstefnu sem hæstv. ráðh. virðist alls ekki skilja. Sveitarfélögin hafa haft það meginstefnumið, að fjárhagslegum samskiptum verði hætt þar sem það er mögulegt. Þarna var það hægt og það var gert 1975, en nú á sem sagt að stíga það skref til baka.

Ég sagði að mér virtist sem gefist hefði verið upp við raunverulega stefnumótun að því er varðaði framtíð sérskólanna í landinu. Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni eitthvað á þá leið, að það hefði aldrei staðið til að taka ákvörðun um framtíð sérskólanna við afgreiðslu frv. Ég veit þá ekki hver var meiningin með framlagningu frv. eins og það var lagt fram. Enginn hefur lagt til að framtíð sérskólanna yrði ákveðin, sagði hæstv. ráðh., og bætti því við að margt væri óljóst um framtíð þeirra. Ég á bágt með að skilja málflutning sem þennan hjá hæstv. ráðh. Mér virðist næstum því af máli hans sem hann hafi ekki lesið 37. gr. frv., sem nú er líklega orðin 38. gr. Ég held ég megi til að lesa hluta úr þeirri grein, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins fljótt og við verður komið að dómi menntmrn. og eigi síðar en að liðnum 5 árum frá gildistöku, sbr. og 35. gr. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði er fara í bága við lög þessi. Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi skulu gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarandi námsbrautir, skólagerðir eða skólastofnanir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 36. gr., sbr. og lokamgr. þessarar greinar."

Þá kemur löng upptalning á þeim lagabálkum, sem nú eru í gildi um hina ýmsu sérskóla í landinu, og sé ég ekki ástæðu til þess að telja það allt saman upp. En síðan segir:

„Menntmrn. skal þegar hefja undirbúning að framkvæmdum laganna, m. a. með samningu námskrár og öðrum ráðstöfunum er miða að samhæfingu náms á framhaldsskólastigi."

Ég veit ekki hvað á að kalla þetta ef hér er ekki mörkuð stefnan um framtíð sérskólanna í landinu. En svo segir hæstv. ráðh. að það hafi aldrei staðið til að taka ákvörðun um framtíð þeirra með samþykkt þessa frv. Ég skil ekki svona málflutning.

Nú hefur þessari grein að vísu verið breytt, henni var breytt hér við 2. umr. málsins, þ. e. greinin sem er nú orðin 38. gr., og hún gerir einmitt þessa stefnumótun að engu. Henni er allri slegið á frest þegar ákvæði í greininni er orðið svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi skulu gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarandi námsbrautir, skólagerðir eða skólastofnanir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 37. gr., enda hafi Alþ. áður gefist kostur á að marka stefnuna með samþykkt þál. um meginefni viðkomandi reglugerða, sbr. lokamgr. þessarar greinar."

Með þessu móti telur meiri hl. n. að komist sé fram hjá þeim vanda sem meiri hl. óhjákvæmilega varð var við þegar tók að rigna yfir nm. mótmælum frá hinum ýmsu aðilum sem ýmist stunda nám eða kenna við hina ýmsu sérskóla í landinu.

Ég þarf ekki í sjálfu sér að hafa um þetta miklu fleiri orð. Öll meðferð þessa máls nú í þinginu er dæmigerð fyrir það, að verið er að þvinga málið í gegn. Allir eru óánægðir. Það sáum við mætavel á atkvgr. við 2. umr. Hún var einstök í sinni röð. Það þurfti að gera margar tilraunir til þess að atkvgr. gæti farið fram. Fyrst var fundi reyndar slitið í miðri atkvgr. s. l. föstudag og síðar, eins og ég segi, þurfti að margendurtaka atkvgr. Bestur árangur náðist við þá grein sem er bráðabirgðaákvæði. Er það kannske dæmigert fyrir alla afgreiðsluna. Þá náðust 23 atkv. og var hæstv. forseti býsna ánægður með þann árangur.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Það hefur reyndar verið lögð hér fram brtt. eftir að 2. umr. fór fram um málið að því er varðar menntaskólana. Get ég út af fyrir sig stutt þá till. Önnur brtt. er fram komin að því er varðar m. a. stjórnunarákvæði frv., sem eru í 21. gr., og mér er nær að halda að hvað sem lagt væri til til þess að greiða úr þeirri flækju hljóti að vera til bóta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar, en ég læt að lokum í ljós þá von, að þetta frv. verði ekki afgreitt á þessu þingi.

Sighvatur Björgvinsson: Hæstv. forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um það frv., sem hér liggur fyrir, sökum þess að þegar það var tekið til 2. umr. á sínum tíma var ég með fjarvistarleyfi og ekki staddur á fundum Alþ. Ég átti þess ekki kost að komast um langan veg til að sækja þá fundi og gat því ekki gert grein fyrir hvers vegna ég undirritaði nál. meiri hl. menntmn. með fyrirvara. Til þess liggja ýmsar ástæður, bæði varðandi afgreiðslu málsins og eins efnisástæður. Ég vil taka það fram, að því miður mun sá misskilningur hafa orðið, og ég skal fúslega taka á mig fulla sök á því, sá misskilningur er misskilningur minn, að ég taldi að ekki stæði til að fá afgreiðslu á þessu frv. á yfirstandandi Alþ. Ég tek sérstaklega fram, að ég hafði ekki ástæðu til þess að ætla að ekki stæði til að afgreiða frv. sökum þess að hæstv. menntmrh. hefði gefið slíkt í skyn né heldur sökum þess að formaður menntmn. þessarar hv. d. hefði gefið slíkt í skyn — þvert á móti. Hæstv. ráðh. tók það fram, þegar hann mælti fyrir málinu, að hann óskaði eftir því að frv. yrði afgreitt, en af ýmsum ástæðum varð þó sá skilningur hjá mér að ekki stæði til að afgreiða frv. á þessu þingi. Tek ég þann misskilning að öllu leyti á mig. Þetta varð til þess að ég starfaði að málinu með nokkuð öðrum hætti í vetur en ég hefði gert ef mér hefði verið ljóst að um væri að ræða að málið hlyti afgreiðslu.

Ég vil í því sambandi taka fram, að ekki er óeðlilegt á fyrsta þingi eftir kosningar, þegar fjöldi nýrra þm. kemur til starfa á Alþ. sem ekki hafa séð mál þetta áður, þó svo margir eldri þm., sem áður hafa setið á Alþingi, hafi getað um það fjallað, að gefinn sé nokkur frestur á afgreiðslu þessa stóra máls svo að hið nýja Alþ., sem kjörið hefur verið, geti skoðað það, því að sjálfsögðu nýtist lítið nýjum þm. það sem gamlir þm., sem hætt hafa þingstörfum eða fallið hafa í kosningum, hafa að málinu unnið. Ég hefði því talið næsta eðlileg og sjálfsögð vinnubrögð að stefna að því að sýna frv. þetta og ræða það og fjalla um það í n. á fyrsta þingi að loknum kosningum, gefa mönnum kost á því að skoða málið og kynna sér það, ekki aðeins í vetur, heldur einnig í sumar, og stefna síðan að því að málið yrði afgreitt á næsta þingi. Þetta hefði ég talið mjög æskileg vinnubrögð og mjög eðlileg miðað við allar aðstæður.

Ég skal ekki orðlengja um að önnur skoðun er uppi í hæstv. ríkisstj. og meðal félaga minna í stjórnarliðinu. En ég vil taka það fram, að þessi viðhorf komu mjög sterklega fram í Alþfl. þegar þess var sérstaklega óskað fyrir skemmstu að málið yrði afgreitt á yfirstandandi Alþ. Við óskuðum þá eftir því, flestir þm. Alþfl., að málið yrði afgreitt með svipuðum hætti og endanleg afgreiðsla grunnskólafrv. fór fram, þ. e. a. s. að skipuð yrði nefnd til að kynna frv. þetta fyrir sveitarstjórnarmönnum og skólamönnum í sumar, safna upplýsingum um viðhorf þeirra og afstöðu með beinum viðræðum við þessa aðila og fjalla síðan um málið í framhaldi af þeirri upplýsingasöfnun í þingflokkunum. Við buðumst til þess, þm. Alþfl., að standa þannig að málum að hægt væri að afgreiða frv. þegar á næsta hausti, þannig að afgreiðsla þess gæti farið fram á yfirstandandi ári. Þessi skilaboð voru borin hæstv. menntmrh. og greint frá því í hæstv. ríkisstj., að þingflokkur Alþfl. teldi rétt að standa þannig að afgreiðslu málsins. Hæstv. menntmrh. óskaði hins vegar mjög eindregið eftir því, að málið fengist afgreitt á þessu þingi, og ráðh. okkar Alþfl.-manna komu þeirri ósk á framfæri við þm. flokksins. Við tókum þá þá afstöðu, að þó svo að ekki yrði við till. okkar um afgreiðslumáta orðið mundum við ekki tefja meðferð málsins eða standa í vegi fyrir því, að málið gæti hlotið afgreiðslu á Alþ., ef þingmeirihl. væri fyrir því. Þess vegna skrifuðum við undir nál. með fyrirvara og tókum þá ákvörðun, að þó að það viðhorf væri efst á baugi hjá Alþfl. um afgreiðslu málsins, sem ég lýsti áðan, mundum við ekki standa gegn því að hægt yrði að afgreiða málið á þessu þingi ef vilji væri fyrir því og tími gæfist til þess.

Þó bentum við á eitt atriði, sem ég tel ástæðu til þess að vekja athygli hv. þm. á. Í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl., sem samþykkt voru á Alþ. 7. apríl árið 1979, eru sem sé enn volg úr ofninum, stendur í 13. gr., með leyfi forseta:

„Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna.

Meðal þess háttar verkefna fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:

1. Mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðhagslegs gildis.
2. Kostnaðarmat á tillögum frv. sem hafa í för með sér

kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þn. á tilsettum tíma." — Og lýkur þar tilvitnun í þessa merkilegu lagasetningu, sem enn er volg úr ofninum.

Ég vil taka það fram, að þessi viðhorf um skyldur fjárlaga- og hagsýslustofnunar og framkvæmdavaldsins til þess að framkvæma kostnaðarmat á frv., sem afgreiða á á Alþingi, eru ítrekuð í lögum um opinberar framkvæmdir. Þess vegna hefði mér fundist eðlilegt og raunar skylt um þetta og fleiri mál, að hæstv. ríkisstj. sem barðist svo harðri og ákafri baráttu fyrir því að fá fram sett og samþ. hið merkilega frv. um stjórn efnahagsmála sem varð að lögum á Alþ. þann 7. apríl 1979, gætti þess framar öðru að það frv., sem svo mikla baráttu og mikla fórnarlund hafði kostað, yrði virt af Alþ. sjálfu. Nú skal ég taka það fram, að að sjálfsögðu er hægt í þessu máli eins og öðrum, sem fyrir liggja, að koma slíku kostnaðarmati fram áður en málið er afgreitt og jafnvel áður en þm. ljúka meðferð málsins, en þá að sjálfsögðu ekki fyrr en í síðari d., þ. e. a. s. í menntmn. hv. Ed. sem væntanlega fær þetta mál þegar það er útrætt og ef það verður afgreitt hér.

Nú ætla ég að gerast svo djarfur að koma þeirri ósk á framfæri héðan úr ræðustól Alþ., að fjárlaga- og hagsýslustofnun framkvæmi umrætt kostnaðarmat og komi því til viðkomandi þn., eins og nýsamþykkt stórmerkileg efnahagslög hæstv. ríkisstj. mæla fyrir um, og ég tel mig vita að hæstv. ráðh. muni öðrum fremur hafa áhuga á að þessi þáttur efnahagslaganna nái fram að ganga.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að við óskuðum eftir því mjög fljótt þegar fjallað var um mál þetta í hv. menntmn. þessarar hv. d. að kostnaðarmat yrði framkvæmt eins og lög gera nú ráð fyrir að gera skuli. Við fengum kostnaðartölur frá menntmrn., þar sem lauslega var áætlaður kostnaður við framkvæmd laganna, sem bentu m. a. til þess að til þess að þeirri grunnverknámskennslu yrði við komið, sem frv. gerir ráð fyrir, skorti um það bil 2.5 milljarða kr. á núverandi verðlagi. Ég þakka hv. formanni menntmn. fyrir að hafa beitt sér fyrir því að fá þessar upplýsingar frá frá menntmrn., en kem enn og aftur að því, að samkv. 13. gr. laga um stjórn efnahagsmála o. fl. ber fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem á um þessi mál að fjalla og undirbúa till. um þau til ríkisstj. og Alþ. og starfa með fjvn. að tillögugerð um fjárlög, að gera slíkt kostnaðarsamt. Ég tel að það skilyrði efnahagslaganna hafi enn ekki verið uppfyllt hvað þetta frv. varðar, en á fastlega von á að hæstv. ríkisstj. sjái svo til að hún hlíti eigin lögum.

Þetta vildi ég sagt hafa í almennum orðum um afgreiðslu málsins og tel ég mig þá hafa gert grein fyrir hvers vegna við hv. þm. Eiður Guðnason undirrituðum nál. meiri hl. menntmn. þessarar hv. d. með fyrirvara.

Um efnisatriði málsins ætla ég ekki að halda langa tölu, en þó kemst ég ekki hjá því að fara nokkrum orðum um þau, t. d. sökum þess að við hv. þm. Eiður Guðnason höfum flutt á þskj. 728 þrjár brtt. við frv.

Í fyrsta lagi skyldum við skoða hvaða ástæður liggja fyrir því, að þetta frv. um framhaldsskóla er fram komið og svo mikið liggur við að það verði afgreitt. Ástæðan liggur að sjálfsögðu, eins og svo oft áður, í fyrri aðgerðum framkvæmdavalds og löggjafarvalds, að menn hafa oft ekki séð fyrir endinn, þegar þeir tóku til við upphafið. Staðreyndin er sú, að grunnskólalögin, sem Alþ. samþykkti á sínum tíma og enn eru ekki komin til framkvæmda nema að óverulegu leyti, kalla beinlínis á að sett verði ný löggjöf um framhaldsskólana. Starf að samningu slíkrar nýrrar löggjafar hefur meira mótast, að því er ég tel vera, af eins konar nauðvörn fræðslukerfisins frekar en af því að vilji væri til þess í fræðslukerfinu að taka til athugunar hugmyndir um breytingar og endurbætur sem væru gerðar á framhaldsskólakerfinu án tillits til þeirra vandkvæða sem setning grunnskólalaganna, á sínum tíma skapaði.

Nú er það að sjálfsögðu alveg ljóst, að með þeim breytingum, sem gerðar voru með setningu grunnskólalaganna og að mínu viti voru margar til góðs, en aðrar mjög til ills, hefur brotist fram mikil alda nemenda sem sækja inn í framhaldsskóla, en framhaldsskólarnir hafa átt erfitt með að taka við. Að margra fróðra manna sögn hefur sú alda, þó hún væri ansi stór, ekki að sama skapi verið rishá að gæðum. Því hefur svo farið, að framhaldsskólakerfið hefur hálfvegis kaffærst í þeirri öldu nemenda sem sprottið hefur af grunnskólakerfinu, — nemenda sem eru á margan hátt vanbúnir til að stunda hið hefðbundna nám í framhaldsskólakerfinu eins og það er og hefur verið, einkum að stunda hið hefðbundna nám í bóklegum framhaldsskólum, svo sem menntaskólum og öðrum slíkum stofnunum, sakir þeirrar einföldu staðreyndar, að svo virðist vera, að fróðra manna sögn, að námsgetu og námsundirbúningi þeirra nema, sem fara til náms í æðri skólum, hefur stórlega hrakað. Ég held að þessi árangur grunnskólalaganna, ef árangur má kalla, hvað sem annað má um þau segja, sé næsta óumdeildur meðal skólamanna, a. m. k. í bóklegum skólum framhaldsskólastigsins og á æðri skólastigum. Ég minni aðeins á margítrekaðar yfirlýsingar og frásagnir háskólarektors um áhrif grunnskólalöggjafarinnar á námið á háskólastigi og á þá nemendur sem þangað hafa komið til náms. Flestallir, sem um þessi mál hafa talað og fara með stjórnunarstörf á vegum Háskóla Íslands, eru sammála um að í þeirri stofnun sé það orðið meiri háttar vandamál hversu undirbúningur nemenda, margra hverra sem þangað koma, sé orðinn slakur. Það er rætt um það í alvöru innan fjölmennustu deilda í Háskóla Íslands, að innan 5 ára hafi flestallar deildir við Háskólann neyðst til þess að taka upp inntökupróf, þar sem þeir, sem deildum stjórna, sjái ekki fram á annað en ef Háskóli Íslands ætlar að halda því menntastigi, sem hann hefur haldið á undanförnum árum, verði það ekki gert með öðrum hætti. Þetta er t. d. skoðun fyrrv. háskólarektors, sem þráfaldlega hefur komið fram bæði í rituðu máli og á mannfundum, og núverandi háskólarektor er sömu skoðunar og einnig margir deildarforsetar sem ég hef rætt við. Þessir menn, sem gerst þekkja til áhrifa þessara breytinga á æðra nám á Íslandi, það nám sem stundað er í Háskóla Íslands, fullyrða að það sé aðeins spurning um tíma, það sé aðeins spurning hvenær, en ekki hvort sett verði ákvæði um inntökupróf í Háskóla Íslands, sökum þess að þær breytingar, sem gerðar hafi verið á íslensku skólakerfi, hafi leitt til þess að stöðugt berji á dyr Háskólans fleiri og fleiri sem viti minna og minna.

Ég vil aðeins benda mönnum á þá einföldu staðreynd, að oft er hollt að líta í kringum sig og skoða reynslu þeirra nágrannaþjóða sem við erum að eftirapa í málum eins og málefnum menntunar á Íslandi. Það væri t. d. ekki akkur fyrir okkur Íslendinga að falla í sömu gryfju og sænskir hafa dottið í, því að sænskir stúdentar og nemendur með jafngilt próf og stúdentspróf eru ekki lengur tækir í há-

skóla á meginlandi Evrópu. Háskólar á meginlandinu viðurkenna ekki lengur stúdentspróf og stúdentsprófsígildi í Svíþjóð. Ég held að það yrði meiri háttar áfall, ekki bara fyrir íslensk menntamál, heldur ekki síður efnahagslega og fyrir fjármálalíf þjóðarinnar og möguleika ungs fólks til menntunar, ef svo færi að þeir háskólar, sem til þessa hafa opnað dyr fyrir íslenskum stúdentum og viðurkennt menntun þeirra sem fullnægjandi, tækju skyndilega upp á því að bregðast við Íslendingum, sem leita þar inngöngu með sama hætti og þeir bregðast nú við Svíum, því þeir skylda þá til að taka inntökupróf í viðkomandi skóla til að fá þar inni þar sem þeir viðurkenna ekki lengur það stúdentspróf og stúdentsprófsígildi í Svíþjóð sem áður var viðurkennt af þessum skólum. Ég held að við höfum orðið fyrir þeirri reynslu af því að herma slík atriði hrá eftir öðrum að við ættum a. m. k. að fara að hægja nokkuð á okkur í þeim efnum.

Ég vil benda á í því sambandi þær fjölmörgu tilraunir sem gerðar hafa verið í íslenska skólakerfinu á undanförnum árum. Mér hefur a. m. k. virst að þær væru oft — ja, kannske ekki algerlega stjórnlausar, en alla vega mjög stjórnlitlar. Og ég veit ekki um nokkurt skólakerfi í einu landi sem hefur verið jafnmikið tilraunakerfi og hér á Íslandi. Hér er svo háttað, a. m. k. að því er virðist, að þar getur hver verið að gera tilraun í sínu horni án nokkurs samstarfs, án nokkurrar heimildar eins eða neins og án þess að þurfa nokkra grein að gera fyrir þeim tilraunum í skólastarfi sem hann er að viðhafa.

Ég held að menn muni eftir því hvernig þetta hófst fyrir nokkrum árum, þegar nemendur á einum framhaldsskóla hér í borginni voru allan veturinn látnir vinna að því að útbúa pappírslíkan af efri hluta Rínardals. Eftir veturinn vissu þeir talsvert um pappírslíkanið, en harla lítið annað.

Mér er kunnugt um það, eigandi 4 börn á grunnskólaaldri, hvernig þessar tilraunir hafa gengið, þar sem skipt hefur verið í sömu námsgrein um námsbækur, ekki einu sinni á skólaári, heldur jafnvel oft á skólaári. Ég hef sjaldan orðið ánægðari en um mitt ár í fyrra þegar yngsta dóttir mín kom heim úr skólanum og sagði að nú væri hún komin með enn nýja kennslubók í stærðfræði sem kennarinn hefði sagt að væri ákaflega góð. Það var með hálfum huga sem ég tók við bókinni úr hendi dóttur minnar til þess að skoða hvaða nýjung væri nú verið að innleiða í íslenska fræðslukerfið. Þá var þetta kennslubók í reikningi eftir Elías Bjarnason sem að ég lærði fyrir 25 árum, algerlega óbreytt. Það var niðurstaðan eftir allar tilraunirnar, eftir alla mengjafræðina, að upp var tekin þessi gamla bók sem notuð hefur verið í viðkomandi skóla síðan og kennarar og nemendur sennilega aldrei verið ánægðari.

Það er athyglisvert, sem ég rakst á í því merka blaði Degi fyrir ekki alllöngu, þar sem skýrt var frá því að einn af merkari skólamönnum í Svíþjóð hefði komist að athyglisverðri niðurstöðu. Þetta blað, Dagur, segir svo þriðjudaginn 23. jan. 1979, með leyfi forseta:

„Doktor Max Marstad prófessor í Stokkhólmi, sá sem manna mest barðist fyrir því að mengjastærðfræðin yrði tekin upp fyrir alla skóla í landinu, hefur nú beðist afsökunar á mistökum sínum. Hann segir nú, að sér og félögum sínum hafi stórlega skjátlast, og segist reiðubúinn að bæta fyrir mistökin. Afleiðinguna af mistökum mengjafræðinganna telur hann vera þá, að stærðfræðikunnáttu þjóðarinnar hafi hrakað. Sem kunnugt er var mengjastærðfræðinni troðið upp á marga skóla hér á landi að sænskri fyrirmynd."

Þar með lýkur tilvitnuninni í það ágæta blað Dag á Akureyri, sem ég er sannfærður um að t. d. hv. þm. Ingvar Gíslason mun lesa að öllum jafnaði spjaldanna á milli.

Þetta var reynslan af eftiröpun sænskra fyrirmynda, þó að ég hafi ekki orðið var við að þeir, sem eftir öpuðu, hafi beðist sérstakrar afsökunar á mistökum sínum, hvað þá boðist til að bæta fyrir þau eins og umræddur sænskur prófessor.

Það vill svo vel til, að fyrir nokkuð mörgum árum vann ég um fjögurra eða fimm ára skeið við iðnfræðsluráð, þ. e. a. s. í fræðslumálaskrifstofu iðnfræðslumála í landinu, og kynntist því af eigin reynd hvernig málefnum verknámsfræðslunnar er farið á Íslandi og hvað verið er að gera með þeirri eftiröpun sænsks, dansks og norsks kerfis sem hafin er í svokölluðum fjölbrautaskólum.

Sagt er að það frv., sem hér er lagt fram um fjölbrautaskóla, og fjölbrautakennslan sé eitthvert allsherjar bjargráð fyrir verkmenntun á Íslandi, með því að samþykkja löggjöf af þessu tagi sé verið að stíga mjög stórt skref fram á við til að bæta hag verklegrar menntunar í landinu. Ég vil biðja menn að hugleiða það, að í gömlu fræðslulöggjöfinni var gert ráð fyrir að við hvern gagnfræðaskóla í landinu störfuðu tvær deildir, önnur sem kölluð var bóknámsdeild og hin sem kölluð var verknámsdeild. Gert var ráð fyrir að umræddar verknámsdeildir yrðu lyftistöng fyrir verklegt nám í landinu, þar sem unglingar á framhaldsskólaaldri ættu þess kost að njóta handleiðslu og tilsagnar kennara í verklegum fræðum á skólaverkstæðum þar sem að þeir ættu aðgang að hvers konar hömrum og meitlum og öðrum tækjum og tólum sem tilheyra. Þá vantaði sem sé ekki viljann, þá góðu menn sem sömdu gömlu fræðslulögin. En staðreyndin varð sú, að þó svo að lög væru með þessum hætti og verklegri kennslu í landinu væri gert jafnhátt undir höfði og gömlu fræðslulögin gerðu komst þetta kerfi eiginlega hvergi á. Verklegu deildirnar voru nefnilega yfirleitt ekki stofnaðar við neina gagnfræðaskóla nema í algerum undantekningartilvikum. Hvers vegna? Það var ekki vegna þess að vantaði ákvæði um slíkt í lög. Það var ekki vegna þess að skólamenn skorti vilja. Það var ekki vegna þess að nauðsynin væri ekki brýn. Það var ekki vegna þess að framkvæmdavaldið hefði ekki áhuga. Það var vegna þeirra einföldu sanninda, að til þess að koma á fót slíku verklegu námi við framhaldsskóla þurfti að útvega mjög mikið fjármagn sem fjárveitingavaldið, Alþ. og ríkisstj., var ekki tilbúið að leggja fram. Gömlu fræðslulögin gerðu sem sagt ráð fyrir verklegri fræðslu á framhaldsskólastigi sem aldrei var hægt að framkvæma. Það var aldrei hægt að fullnægja þessum ákvæðum laganna nema að mjög óverulegu leyti, vegna þess að fjármagn var ekki til og fjármagn var ekki útvegað.

Menn sáu að sjálfsögðu að við svo búið mátti ekki sitja. Í staðinn fyrir að gera þær ráðstafanir sem dugðu, þ. e. a. s. útvega peningana sem réðu og sögðu til um hvort hægt var að veita þetta nám eða ekki, lögðu menn í að leysa vandann á pappírnum og semja enn ein ný lög, allt mundi lagast ef lögunum yrði breytt. Þá voru samin lög um iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla á árinu 1966. Þar var sú kerfisbreyting gerð á iðnnámi, að í fyrsta skipti var opnaður möguleiki á því að starfrækja, auk hinna hefðbundnu iðnskóla sem veittu iðnnemum bóklega

menntun, iðnnemum sem fengu verklega menntun hjá meisturum úti í atvinnulífinu, menntun og fræðslu í skólastofnun. Þess vegna var nöfnum skólanna, sem áður hétu iðnskólar, breytt í iðnfræðsluskóla og gert var ráð fyrir að verklegt nám iðnnema gæti farið fram jöfnum höndum hjá meisturum og í skólum, settir yrðu upp sérstakir verknámsskólar, þannig að menn, sem hefðu áhuga á iðnnámi, gætu valið um hvort þeir heldur leituðu uppi meistara og færu á samning hjá honum og stunduðu hið bóklega nám í iðnskóla ellegar innrituðust í iðnfræðsluskóla og lykju sveinsprófi innan veggja skólans.

Þetta voru að sjálfsögðu stórmerkileg lög, mjög sniðin að sænskri, danskri og norskri fyrirmynd. En hver hefur reynslan orðið? Þessi lög voru sett 1966. Fyrsta atriðið, sem til greina kom áður en hægt var að setja hina verklegu skóla á stofn, skyldu menn halda að hefði verið að útvega skólahúsnæði, afla fjár til tækjakaupa, útvega hæfa kennara og annað slíkt, og virðist sá vandi vera nægur. En það var ekki það fyrsta sem þurfti að gera, síður en svo. Það fyrsta, sem þurfti að gera, var að koma sér niður á það, hvað þessir blessaðir iðnnemar skyldu læra, í fyrsta lagi í bóklegum greinum og í öðru lagi í verklegum greinum.

Engin fyrirmæli voru til um það, þegar iðnfræðslulögin frá 1966 voru sett, hvað iðnnemi, t. d. í húsasmíði, skyldi læra í bóklegu og hvað hann skyldi læra í verklegu námi. Það var ákveðið að fræðslunefndir settust á rökstóla, eins og ég held að standi í því ágæta frv. sem hér er um að ræða, námsbrautanefndir eða námssviðsnefndir eða eitthvað annað slíkt „fínirí", til þess að fjalla einmitt um þetta, til þess að setja námsskrá sem segði að t. d. húsasmíðanemi skyldi ekki fá þá einu verklegu fræðslu alla sína fjögurra ára námstíð að glerja glugga ellegar að setja upp hurðir ellegar að kantlíma hurðir á innréttingar, eins og dæmi voru um, heldur að sett skyldi námsskrá um hvað þetta fólk skyldi læra, hvort sem það lærði í verknámsskólum eða hjá meisturum. Ég veit ekki hvort hv. þm. er kunnugt um að löggiltar iðngreinar á landinu eru eitthvað rúmlega 70. Þannig þurfti að setja á 70 fræðslunefndir, sem skipa átti samkv. lögunum einum fulltrúa meistara, einum fulltrúa sveina og einum fulltrúa iðnskóla, til að semja þessar reglur. En því miður verð ég að flytja þeim þm., sem hlýða á mál mitt, þau leiðu tíðindi, að á öllum þessum árum hefur fjárveitingarvaldið ekkert flýtt sér að útvega fé til þess að blessaðar fræðslunefndirnar gætu lokið við að semja námsskrá um hvað iðnnemar eiga að læra. Þannig, eftir því sem að ég best veit, eru ekki til eftir þessi 13 ár, sem lögin hafa verið í gildi, námsfyrirmæli um annað en bóklegt nám í flestum iðngreinunum, þó ekki í nándar nærri öllum, og um verklegt nám í nokkrum algengustu iðngreinunum í landinu. Önnur fyrirmæli um verklegt nám iðnnema eru ekki til, vegna þess að þrátt fyrir öll fallegu lögin hefur fjárveitingarvaldið ekki treyst sér til að sjá fyrir fjármunum svo að hægt væri að setja í námsskrá kröfur sem þessum iðnnemum væri ætlað að uppfylla í verklegu og bóklegu námi til þess að ljúka sveinsprófi.

Ég hafði svo nokkuð gaman af því, að framkvæmdastjóri iðnfræðsluráðs hafði samband við mig fyrir nokkrum árum, þegar til stóð að stofna Fjölbrautaskólann í Breiðholti, og sagði mér frá því, að hann hefði fengið bréf frá þeim manni sem nýskipaður var skólameistari skólans. Þetta var á vordögum. Bréfið hljóðaði einhvern veginn á þá leið:

Iðnfræðsluráð. Hr. Óskar Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Þar sem til stendur að hefja á næsta hausti kennslu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og einn geiri í því námi, sem þar á fram að fara, á að vera fræðsla í löggiltum iðngreinum, er hér með óskað eftir því, að iðnfræðsluráð sendi skólanum námsskrár hinna löggiltu iðngreina svo undirbúningur undir kennslu þeirra geti hafist þegar í stað.

Hinum vísa skólastjóra Fjölbrautaskólans í Breiðholti, sem ætlaði sér að hefja verklega og bóklega kennslu í hinum rúmlega 70 löggiltu iðngreinum á næsta hausti, var tjáð að því miður væri ekki til námsskrá fyrir nema takmarkaðan hluta iðngreina vegna þess að fjárveitingarvaldið hefði því miður ekki séð sér færi á að veita fé nema til starfa mjög óverulegs hluta þeirra fræðslunefnda sem samkv. lögunum átti að setja upp.

Þetta er aðeins lítil dæmisaga úr frumskógi kerfisins, sem kannske skýrir aðeins fyrir mönnum hve mikið skortir oft á skilning og jarðsamband þeirra sem eru að búa til öll fallegu pappírsfjöllin, sem eru að smíða öll fallegu loforðin í frv. og reglugerðum sem þeim hinum sömu er því miður ekki kunnugt um að er ekki hægt að fullnægja.

Ég get líka skýrt frá því, að ákveðið var að tilmælum menntmrn. að ráðast í það þrekvirki af vanefnum að reisa einn svokallaðan iðnfræðsluskóla hér í Reykjavík í tengslum við Iðnskólann, sem hafði og hefur um áratugaskeið barist við að koma upp verklegu námi í nokkrum námsgreinum og hefur nú loks, einn iðnfræðsluskóla á öllu landinu, afrekað að koma upp verknámsskóla fyrir einar þrjár, fjórar iðngreinar af þessum 70 og er svo vel búinn tækjum, t. d. í prentiðn, að prentarar, sem stunda nám á hinum almenna vinnumarkaði, gera sér það oft til dundurs að fara í hina verklegu deild Iðnskólans til þess að sjá með hvernig tækjum feður þeirra og afar unnu í „den tíð".

En sá skóli, sem ákveðið var að setja á fót, svona til þess að sýna mönnum dýrðina þegar iðnfræðslulöggjöfin yrði komin í framkvæmd, hét Verknámsskóli málmiðnaðarins, og í Verknámsskóla málmiðnaðarins átti að veita verðandi iðnnemum undirbúningsþekkingu og fræðslu í bóklegum og verklegum greinum málmiðna. Til þess að skýra fyrir mönnum hvað málmiðnir eru, þá eru það allt frá sjónvarpsvirkjun og niður í, — eða upp í, eftir því hvaða skilning menn vilja leggja í upp og niður í því sambandi, — eldsmíði og ketil- og plötusmíði, sem sé frá „fínmekanik", eins og útvarps- og sjónvarpsvirkjun, og upp í eða niður í eldsmíði og plötu- og ketilsmíði. Ekki þarf að orðlengja það, hver var námsskrá þessa skóla. Menn áttu að læra að nota járnsög og lóðbolta svo og rasp og þvingu og önnur slík verkfæri, sem var auðvitað sjálfsagt að hver og einn nemandi, sem ætlaði sér í verklegt nám í málmiðngreinum, kynni nokkur skil á.

Um þetta leyti var mjög í tísku hjá ungu fólki, sérstaklega ungum tæknimeðvituðum námsmönnum á framhaldsskólastigi, að hafa áhuga á sjónvarps- og útvarpsvirkjun, en sú grein var þá algerlega lokuð og er það, hygg ég, enn, því það voru ekki nema nokkrir þeirra, sem ætluðu í útvarps- og sjónvarpsvirkjun og höfðu áhuga á því námi, sem komust að hjá meisturum. Þarna sáu ungu tæknihugsandi framhaldsskólasveinarnir upplagt tækifæri. Hið opinbera var að stofna verknámsskóla fyrir þá, hvorki meira né minna. Að sjálfsögðu mundu þeir sækja

um inntöku í Verknámsskóla málmiðanaðrins til undirbúnings náms í sjónvarps- og útvarpsvirkjun og stunda þar nám í meðferð logsuðutækja, lóðbolta og þvingu í heilt ár og hefja síðan áframhaldandi nám í útvarps- og sjónvarpsvirkjun eftir að hafa fengið tveggja ára styttingu á námstíma sínum. Milli 30 og 40 ungir menn sóttu um aðgöngu að skólanum og fengu — og byrjuðu að logsjóða og rafsjóða og snúa þvingu. Að árinu liðnu komu þessir ungu sveinar á skrifstofu iðnfræðsluráðs og sögðu: Jæja, herrar mínir. Nú erum við búnir að ljúka Verknámsskóla málmiðnaðarins og nú langar okkur til að halda áfram og verða útvarps- og sjónvarpsvirkjar. Hvað eigum við nú að gera? — Við sögðum við þá: Þið eigið að fara út á vinnumarkaðinn, leita uppi meistara í útvarps- og sjónvarpsvirkjun og spyrja þá hvort þeir vilji ekki veita ykkur aðstöðu til þess að ljúka námi. — Þessir ungu menn þökkuðu fyrir sig og fóru síðan út á vinnumarkaðinn til að leita að meisturum í útvarps- og sjónvarpsvirkjun sem vildu taka við nemum sem kynnu að snúa þvingu. Sú leit varð löng, en ekki að sama skapi árangursrík, því allir þessir drengir, að undanskildum tveimur, komu á skrifstofu iðnfræðsluráðs og sögðu: Þeir útvarps- og sjónvarpsvirkjar, sem við höfum rætt við, vilja ekki taka okkur. Þeir segjast vilja velja sína nemendur sjálfir, og þeir segjast litla trú hafa á því, að sá nemi sé góður verðandi útvarpsvirki sem er duglegur að snúa þvingu. Hvað eigum við nú að gera? — Og yfirvöld iðnfræðslumála í landinu sögðu: Því miður, við getum engin ráð gefið. — Þá spurðu nemarnir í þvingusnúningnum: Er það virkilega svo, að hið opinbera sé búið að plata okkur til þess að eyða heilu ári af ævi okkar og öllu aflafé okkar árið áður í upphafsnám í iðngrein sem við höfum áhuga á og ætli síðan að skilja okkur eftir í blindgötum? — Við gátum ekki sagt annað en já. —

Þessi saga er að endurtaka sig í fjölbrautakerfinu. Samkv. þeim upplýsingum, sem við höfum fengið um fjölbrautanám í fjölbrautaskólum á Íslandi, sjá menn Verknámsskóla málmiðnaðarins afturgenginn. Menn sjá afturgengið það sameiginlega grunnnám í iðngreinum sem ungt fólk er platað inn í af opinberum aðilum í ljósi þess að það sé þar að hefja skólanám sem geti leitt það beint til lokaprófs. Það stendur svo uppi eftir árið í algerri blindgötu, þar sem allir neita að taka við því. Um þetta höfum við fjölmörg dæmi, t. d. það unga fólk sem hefur úr þessu framhaldsskólakerfi verið platað inn á hjúkrunarbrautir og látið eyða þar meira eða minna af ævi sinni í tilgangslaust nám vegna þess að þetta ágæta kerfi hefur verið að gefa loforð sem öllum er ljóst frá upphafi að það getur ekki efnt.

Það er út af fyrir sig ekkert við því að segja, þótt fámennt og fátækt þjóðfélag geti ekki boðið öllum nám við sitt hæfi. En málin eru orðin alvarleg þegar þetta þjóðfélag er bókstaflega að plata ungmenni með því að búa til skólakerfi sem gefur fögur loforð sem allir, sem hlut eiga að máli, vita að skólakerfið getur ekki efnt. Og það er ábyrgðarhluti að vera að bjóða námsbrautir og námsfarvegi sem allir vita að leita út í hreina blindgötu, að vera að plata ungt fólk til þess að eyða hluta úr ævi sinni í nám sem ekki gengur upp.

Þessi mál verða aldrei leyst með lagasetningu á pappír. Þau verða aðeins leyst smátt og smátt eftir því sem þjóðin hefur efni og getu á, og það á ekki að skipuleggja þau mál þannig að ætla sér að lofa öllu í upphafi og geta síðan ekki staðið við neitt. En verknámsskólar málmiðnaðarins ganga aftur í öllu þessu fjölbrautakerfi með loforðunum sem frá upphafi hafa verið svik. Ég er sannfærður um að sá maður, sem ætlar að herma eftir þessari sænsku fyrirmynd, verður ekki heldur maður til þess að biðjast afsökunar frekar en sá sem hermdi eftir sænsku fyrirmyndinni um mengjakerfið.

Þegar fjölbrautaskólakerfið var tekið upp í Noregi — það er oft miðað við Noreg í þessu sambandi — var það gert í ljósi þess, að þá voru til bæði bóklegir og verklegir skólar sem störfuðu hver undir sinni skólastjórn. Fjölbrautaskólakerfið í Noregi var aðeins samræming á starfi þeirra stofnana sem þegar voru til, þannig að í sama fræðsluumdæmi voru settar undir sameiginlega stjórn skólastofnanir af ólíkum toga sem þegar höfðu verið byggðar upp. Þannig var möguleiki gefinn til þess að nemendur gætu farið á milli slíkra stofnana og eftir því sem hugur þeirra stóð til og jafnframt til þess að fjármagn og þekking mætti nýtast betur með samvinnu og samstarfi þessara stofnana.

Hér á Íslandi hefur málið hins vegar verið kynnt þannig, að menn mættu halda að þeir, sem það kynna, væru að gefa í skyn að kerfið sjálft byggði skólana, að fjölbrautakerfið byggði fjölbrautaskólana, að lagasetningin ein yrði til þess að út um allar jarðir, í öllum þorpum og öllum sýslum og öllum hreppum landsins, byggðum sem óbyggðum, spryttu upp skólastofnanir þar sem menn gætu lært allt frá skipstjórn upp í læknisfræði og út og suður í matreiðslu, feldskurð, myndskurð og ég veit ekki hvað. Slíkir skólar mundu sem sé spretta upp sjálfkrafa í öllum krummavíkum landsins uns allt Ísland væri orðið ein skólastofnun: Aðeins ef þú fellur fram og tilbiður fjölbrautaskólakerfið skal allt hitt veitast þér að auki.

Ég vil að menn geri sér fyllilega ljóst, að með slíku fjölbrautakerfi er ekki verið að breyta neinu í raun réttri. Það er verið að breyta því að vísu þannig, að hinu opinbera tekst efalaust að plata eitthvað af saklausu ungu fólki til þess að eyða hluta af ævi sinni í nám sem engan árangur ber. Það ber sjálfsagt þann árangur, að Háskóli Íslands verður fyrr eða síðar að taka upp þá skipan að efna til inntökuprófs fyrir nemendur sem lokið hafa námsferli á framhaldsskólastiginu. Það getur vel verið að það beri þann árangur, að evrópskar menntastofnanir, sem við höfum átt frjálsan aðgang að til þessa, neiti eftirleiðis að viðurkenna íslenska menntun nema menn gangist undir kennslufræðilega smásjá á meginlandi Evrópu o. s. frv., o. s. frv. En fjölbrautaskólakerfið kemur aldrei til með að gera það, sem iðnfræðslulögin frá 1966 gátu ekki og gamla fræðslulöggjöfin gat ekki, þ. e. a. s. að útvega peningana sem þetta skólakerfi stendur og fellur með. Það verður jafnerfitt verkefni eftir sem áður.

Þetta er flókið mál, en það er þannig fram sett að lagaramminn, sem utan um það er smíðaður með þessu frv., er ekki nema 38 greinar, auk eins ákvæðis til bráðabirgða, og er þannig að hver getur lagt sinn skilning í það eftir því hver les. En athyglisvert er að um eitt atriði eru nákvæmar útlistanir: á því hvernig silkihúfunum skuli skipað í kerfinu. Því er nákvæmlega lýst, m. a. s. hvaða rendur skuli vera á hverri húfu. Fyrst skal þar til að taka, að í hverjum framhaldsskóla skal vera nemendaráð sem hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið námsins, námstilhögun, námsefni og námsmat. Ofan á nemendaráð kemur svo skólastjórn undir oddvita, skólastjóra, með aðild fulltrúa kennara og nemenda. Verksvið

skólastjórnar er að sjálfsögðu ósköp svipað og verksvið nemendaráðs, þ. e. tillögu og umsagnarréttur um markmið náms o. s. frv., o. s. frv. Ofan á skólastjórn kemur síðan silkihúfan skólanefnd fyrir hvern einstakan framhaldsskóla sem fræðsluumdæmið í heild stendur að ásamt ríkinu. Skólanefndin starfar í umboði fræðsluráðs og er m. a. ráðgefandi aðili um inntak og tilhögun náms hlutaðeigandi skóla. M. ö. o. er nemendaráðið ráðgefandi aðili til skólastjórnar, skólastjórn er ráðgefandi til skólanefndar, skólanefnd er síðan ráðgefandi aðili til fræðsluráðs, en fræðsluráð eru kjörin samkv. 11. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, og eiga að fjalla um málefni framhaldsskóla hvert í sínu fræðsluumdæmi. Ofan á fræðsluráð kemur síðan silkihúfan námsbrautarnefnd. Námsbrautarnefnd á að vera fimm manna ráðgefandi nefnd, sem á að taka við ráðum fræðsluráðs, sem tekur við að ráðum skólanefndar, sem tekur við ráðum skólastjórnar, sem tekur við ráðum nemendaráðs. Ofan á námsbrautarnefnd kemur síðan silkihúfan námssviðsnefnd. Og hvað skyldu nú námssviðsnefndir eiga að gera? Jú, þær eiga að samræma störf námsbrautarnefnda og vera ráðgefandi og tillöguaðili um inntak og tilhögun náms hver á sínu námssviði. M. ö. o. tekur námssviðsnefnd við ráðgjöf námsbrautarnefndar eftir að námsbrautarnefnd hefur tekið við ráðgjöf fræðsluráðs, fræðsluráð tekið við ráðgjöf skólanefndar, skólanefnd tekið við ráðgjöf skólastjórnar, skólastjórn tekið við ráðgjöf nemendaráðs. — En svo eru enn fleiri ráð. Ofan á námssviðsnefnd stendur framhaldsskólaráð, m. a. skipað formönnum námssviðsnefnda, sem aftur eru skipaðar formönnum námsbrautarnefnda, eins og menn muna. Og hlutverk framhaldsskólaráðs, sem skipað er formönnum námssviðsnefnda, sem skipaðar eru formönnum námsbrautarnefnda, er að vera menntmrh. til ráðuneytis um inntak og tilhögun náms. Framhaldsskólaráð á sem sé að vera menntmrn. til ráðuneytis um inntak og skipulag náms eftir að framhaldsskólaráð hefur tekið við tillögum námssviðsnefnda, eftir að námssviðsnefndir hafa tekið við tillögum námsbrautarnefnda, eftir að námsbrautarnefndir hafa tekið við tillögum fræðsluráða, eftir að fræðsluráð hafa tekið við tillögum skólanefnda, eftir að skólanefndir hafa tekið við tillögum skólastjórna, eftir að skólastjórnir hafa tekið við tillögum nemendaráða. Og hver skyldi svo eiga að taka við öllum þessum tillögum? Það er hæstv. menntmrh. Og hvert skyldi hann svo eiga að skila tillögum sínum? Ætli menn fari ekki nærri um það, hvert hæstv. menntmrh. ætti að skila tillögum sínum og hvaða mark væri tekið á tillögum hæstv. menntmrh. í því rn. þar sem hann á að fara með æðstu stjórn?

Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til þess í svo lauslegri rammasmíð sem þessi framhaldsskólafrumvarpssmíð er að gera ráð fyrir að af öllu, sem þar er á minnst, skuli svo ítarlegar reglur settar um öll ráðin sem þar er gert, enda ekki greint frá hver kostnaður fylgir öllu þessu makalausa silkihúfusafni. Þess vegna legg ég til að þetta verði gefið rúmt, eins og flest annað í frv., og lagt hæstv. menntmrh. í vald, ráðh. og ráðuneytisstjóra, að sjálfsögðu eftir að þingið hefur um fjallað og veitt það fé sem til þarf. Því legg ég til á þskj. 728 ásamt hv. þm. Eiði Guðnasyni, að sú breyting verði gerð, að allar umræddar silkihúfur verði ofan teknar en greinin hljóði þess í stað svo, með leyfi forseta:

„Menntmrn. fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum um einstakar námsstofnanir.

Rn. skal leita samráðs við samtök aðila vinnumarkaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga, samtök kennara og skólastjóra á framhaldsskólastigi, samtök nemenda í framhaldsskólum svo og við aðra til þess bæra aðila um mótun og samræmingu meginstefnu í málefnum framhaldsskóla.

Setja má í reglugerð nánari fyrirmæli um ráðgjöf um inntak og tilhögun náms í framhaldsskólum, enda verði sérstaklega séð fyrir útgjöldum því samfara í fjárlögum.“

Þarna er sem sé ekki lokað á þann möguleika, að unnt verði að setja allar silkihúfurnar upp sem um ræðir í VII. kafla. Þarna er aðeins gefinn sá möguleiki, að unnt sé að taka einhverjar þeirra niður aftur.

Þá er auk þess gerð á þessu þskj. sú brtt. við orðalag 38. gr., að í stað þess sem þar segir, að lög þessi verði komin til framkvæmda eigi síðar en að liðnum 5 árum frá gildistöku án tillits til þess, hvað máttarvöld, Alþ. og fjvn. og aðrir slíkir aðilar, segja, verði breytt orðalag. Í staðinn fyrir „skuli“ komi: skal að því stefnt að framkvæmdin geti komið að fullu fram að liðnum 5 árum frá gildistöku o. s. frv.

Þriðja brtt. okkar félaga er við ákvæði til bráðabirgða, að við ákvæðið bætist ný mgr. er hljóði svo:

„Að liðnum 5 árum frá gildistöku laga þessara skal menntmrh. gefa Alþ. skýrslu um framkvæmd laganna, sem þá skulu tekin til endurskoðunar, þannig að Alþ. gefist á ný tækifæri til þess að ályktа um stefnu þeirra.“

Ég vísa í þessu sambandi til þess, að þegar grunnskólalögin voru sett, sællar minningar að sumra áliti, ekki þó allra, var það ákvæði leitt í lög í ákvæði til bráðabirgða, að að liðnum 5 árum frá gildistöku grunnskólalöggjafar skyldi menntmrh. gefa Alþ. skýrslu um framkvæmd grunnskólalaganna, þannig að Alþ. gæfist kostur á að athuga sinn gang í ljósi fenginnar reynslu og ályktа þá um ýmis meginefni málsins á ný. Ég tel algerlega útilokað að afgreiða frv. eins og það sem er hér til umr. án þess að sambærilegt bráðabirgðaákvæði sé í það frv. sett og samþykkt var í lögunum um grunnskóla, sem mönnum mun í fersku minni.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja um þetta mál frekar að sinni.

Frsm. meiri hl. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs aðallega til að ræða brtt. þær sem hafa verið lagðar fram við 3. umr. Almennt um málið hef ég rætt mjög ítarlega við 1. umr. og tel því óþarft að endurtaka það hér.

Ég get þó ekki annað en lýst undrun minni á ræðu hv. síðasta ræðumanns, Sighvats Björgvinssonar, sem á sæti í menntmn., og virðist hafa verið tími til kominn fyrir hann að láta í ljós álit sitt á frv. Mér virtist að hann sæi helst ljósan punkt í norska skólakerfinu. Það var leitt að hann skyldi ekki vera viðstaddur þegar því var lýst fyrir okkur á nefndarfundi að helst bæri að leita til Noregs að fyrirmynd að þessu frv. ef ætti að leita að fyrirmynd yfirleitt.

Hann sagði einnig að það vantaði kostnaðaráætlun eða áætlun um kostnaðarauka við frv. Ef hann hefði fylgst betur með málum mundi hann vita að það er æðilöng grg. birt með frv. um kostnaðaráhrif þess. Með nál. er einnig prentuð grg., sem er byggð á áætlun frá fjárlaga- og hagsýslustofnun og menntmrn. og hv. þm. Alþfl., Árni Gunnarsson, lýsti yfir við 2. umr. málsins að

væri að dómi Alþfl. fullnægjandi. Það væri fróðlegt að fá að vita hvor þessara manna talar í umboði Alþfl., til þess að auðveldara væri að átta sig á málum.

Varðandi afgreiðslu þessa máls vil ég taka það fram hér, að á einum fundinum, sem þessi hv. menntmn.-maður sat, þ. e. a. s. 2. febr., er það bókað í fundargerðabók n., að ég sem formaður hennar hafði ítrekað og minnt á ummæli hæstv. menntmrh. um að stefnt væri að því að frv. yrði afgreitt á þessu þingi. Þetta var einn af eftirminnilegustu fundum nefndarinnar, einmitt af því að þessi hv. þm. Alþfl. var viðstaddur.

Varðandi brtt., sem hér eru, vil ég rifja það upp, að nefndinni var fullkunnugt um að margir höfðu áhyggjur af ýmsu sérnámi, sem nú er á framhaldsskólastigi, og ýmsum sérskólum. Í nál. er tekið fram, að varðandi sérnámið er hér einkum átt við hjúkrunarnám, fósturnám og vélstjóranám. Einnig vissum við mætavel, að margir höfðu áhyggjur af framtíð Menntaskólans í Reykjavík, og umsögn rektors þess skóla var nokkuð einstök fyrir það hvað hún skar sig úr í andstöðu við þetta frv., en allir aðrir skólamenn mæla með meginstefnu þess. Meiri hl. nm. þótti ekki rétt að ætlast til þess af Alþ. að það tæki nú í einu með afgreiðslu þessa frv. afstöðu til alls þess náms sem er á framhaldsskólastigi. Sakir þess, hvernig þetta hefur byggst upp hjá okkur á undanförnum árum og áratugum, er um að ræða mýgrút af lagasetningum. Ég held að það sé ekki að gefast upp við málið að gefa alþm. tækifæri til að fara nokkurn veginn skipulega yfir allt það sérnám, sem hér stendur til boða, og taka a. m. k. ákvörðun um það sérstaklega hvaða nám skuli haldast á framhaldsskólastigi, hvort því skuli skipað eins og gert er ráð fyrir í grg. eða hvort Alþ. mundi vilja hafa einhvern annan hátt á. Ég tel því að þegar lögð er fram till. til þál., svo sem gert er ráð fyrir í 38. gr. eins og hún er nú, ef hún verður samþykkt, sé fyllilega nægur tími til að taka afstöðu til þess, hvort Menntaskólinn í Reykjavík eigi að fá einhverja sérstöðu eða ekki. Ég held að þær stofnanir eða það sérnám, sem hugsanlega ættu ekki heima hér í frv., séu það fáar að réttlætanlegt sé að samþ. frv. nú til þess að meginþorri þess náms, sem fer fram á framhaldsskólastigi, geti starfað eðlilega eftir þeim brautum eins og þar er gert ráð fyrir. Þetta held ég að sé einungis sanngirnismál ef hv. þm. vilja hugleiða það.

Till., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni og Einari Ágústssyni, er að mínu viti í rauninni einvörðungu um Menntaskólann í Reykjavík, þó að reynt sé að klæða það í svolítið almennari búning. Auðvitað er auðséð við lestur þessarar brtt., að hún er annars nánast óframkvæmanleg. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Í þéttbýli skulu starfa sérstakir menntaskólar með heföbundnu sniði, er miði að undirbúningi undir háskólanám.“ Hvað er þéttbýli? Þetta þýðir í rauninni að það ber skylda til að reisa menntaskóla í Hveragerði, á Selfossi, í Vestmannaeyjum, í Sandgerði, í Þorlákshöfn, — nánast hvar sem hægt er að koma við skilgreiningu á orðinu þéttbýli skal reisa menntaskóla. Ég held að ef hv. flm. íhuga málið betur hljóti þeir að viðurkenna að þetta er óþingleg till. og er óframkvæmanleg og ekki hægt að festa hana í lög.

Annað efni till. er í rauninni afskaplega samhljóma því sem felst í framhaldsskólafrv., þ. e. a. s. innganga skuli heimil öllum þeim nemendum er rétt hafa til framhaldsnáms. Þetta er í framhaldsskólafrv., að skólinn skuli miða að undirbúningi undir háskólanám. Að því er stefnt með framhaldsskólafrv. Hitt ræður náttúrlega úrslitum hér, að gert er ráð fyrir að allir menntaskólar séu ríkisskólar.

Þetta þýðir í rauninni það, ef brtt. verður samþykkt og svo frv. einnig, að hér mun rísa tvöfalt framhaldsskólakerfi: annars vegar samræmdur framhaldsskóli, hins vegar einangraðir menntaskólar eftir gamla skipulaginu sem ekkert samstarf hafa við aðra skóla í landinu, en báðum kerfum er ætlað að skila nemendum upp til háskólanáms. Sjá allir viti bornir menn, að við höfum ekki efni á að koma upp tvöföldu kerfi af þessu tagi. Annaðhvort verður hinn samræmdi framhaldsskóli að víkja, eins og hann leggur sig eða gamla kerfið. Þessi brtt. jafngildir þá frávísunartillögu um frv. til laga um samræmdan framhaldsskóla, þrátt fyrir að Alþfl.-menn hafi verið búnir að lýsa sig fylgjandi málinu. Rétt væri að þessi brtt. yrði tekin til baka svo mönnum gæfist tími til þess að íhuga málið með stillingu og lagni. Það væri nánast skárra að flytja till. í þá átt, að Menntaskólanum í Reykjavík skuli heimilað að starfa áfram með gamla laginu, ef mönnum er mjög annt um að svo sé. Ég hef ekkert á móti því að króa af það allra íhaldssamasta í landinu á einum stað, því einhver staðar verða íhaldssamir að vera. En þeir eiga ekki að getað stöðvað alla framþróun í landinu að mínum dómi. Ég ítreka þá skoðun mína, að ef þessi brtt. verður samþ. jafngildir það frávísunartill. á frv. til l. um framhaldsskóla því að við getum ekki byggt upp tvö kerfi samtímis.

Um brtt. frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Eiði Guðnasyni vil ég segja nokkur orð og þau orð hef ég raunar látið falla við þá báða. Það fór auðvitað ekki hjá því, að hið stóra framhaldskólaráð var rætt í n. Ég held að enginn þm. sé ákafur talsmaður þess, að þetta framhaldskólaráð skuli sett á stofn. Hitt er annað mál, að það er niðurstaða af nokkurs konar samkomulagi sem gert hefur verið við aðila vinnumarkaðarins. Þeir hafa getað fallist á þessa leið, og hún er í rauninni áfangi í þá átt að losa nemendur undan viðjum þeirra krafna, sem atvinnulífið gerir, færa nám þeirra meira undir kennslufræðilega stjórn. Þetta er áfangi í þá átt. Ég held að það hafi ekki verið auðvelt að ná þeim áfanga og því tæplega sanngjarnt að alþm. færu að rifta því samkomulagi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir þá nemendur sem þarna eiga hlut að máli. Ég vil einnig benda á að í námssviðsnefndum og námssviðsbrautum er bæði aðilum vinnumarkaðarins, skólamönnum og kennurum ætlað að hafa áhrif á inntak námsins. Þetta fyrirkomulag er raunar niðurstaða af umsögnum sem borist hafa frá þessum aðilum. Brtt. þeirra hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og Eiðs Guðnasonar gerir ráð fyrir miklu meiri miðstýringu menntmrn. en frv. gerir ráð fyrir.

Um hinar brtt. er afskaplega lítið að segja. Ég fæ ekki séð að þær séu til bóta. Ég held að ef við gerum þessa breytingu á framhaldsnáminu á annað borð hljóti það að gerast innan fimm ára, og ætti öllum að vera vorkunnarlaust að fylgjast svo með málum á svo löngum tíma að þeir geti tekið afstöðu til þess. Auk þess gerir frv. ráð fyrir að menntmrh. gefi Alþ. skýrslu á hverju ári. Alþ. fær því tækifæri til að álykta um stefnu ýmissa reglugerða, skólagerða og skólastofnana eftir því sem hinn samræmdi framhaldsskóli verður byggður upp.

Ég ætla ekki að gera miklar athugasemdir við ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, en get þó ekki orða bundist

um afstöðu hans almennt.

Tvisvar áður hefur þetta frv. verið lagt fram á Alþ. Í bæði skiptin hefur Sjálfstfl. átt hlut að því að frv. var lagt fram, og í bæði skiptin hefur verið gert ráð fyrir að allt framhaldsskólastigið væri kostað af sveitarfélögum og ríkinu. Hér er þó dregið úr hvað sveitarfélögin snertir, en þá telur þessi hv. þm. kostnaðaraukann fyrir sveitarfélögin svo mikinn og samkrullið svo mikið að ekki sé hægt að samþ. þetta. Ég vil ekki draga í efa að hv. þm. Ólafur G. Einarsson hafi fylgst með því, þegar þetta frv. var lagt fram áður í tvö skipti, og viti hvað í því felst. En ég sakna þess, að hann skuli ekki gera skýrari grein fyrir afstöðu sinni. Að öðrum kosti verður maður að lýsa þessa afstöðu Sjálfstfl. í heild alveg óskiljanlega. Ég neita því líka að nál. meiri hl. sé villandi. Ef menn kunna eitthvað fyrir sér á annað borð í textagreiningu sjá menn að það er hvergi gefið í skyn, að sveitarfélögin hafi óskað eftir þessari tilhögun, eins og ég held að hann hafi tekið til orða eða eitthvað í þá átt. Hins vegar er greinilegt af ályktun fulltrúaráðsfundarins, að þeir hafa ætlað að láta löggjafanum eftir endanlega niðurstöðu, eins og segir í 3. lið þessarar ályktunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði sú niðurstaða löggjafans við samþykkt þessa frv., að aukin verði kostnaðarleg þátttaka sveitarfélaga í rekstri framhaldsskóla, verður að gera þá kröfu, að annað tveggja verði gert, að létta af þeim útgjaldaliðum eða veita þeim nýja tekjustofna til að mæta þeim kostnaði."

Þetta er einmitt það sem meiri hl. n. hefur lagt til að gert verði, og ég neita því að þarna sé gengið gegn eindregnum óskum fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga.

Umr. frestað.

Efri deild, 103. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, kl. 2 miðdegis.

Húsnæði menningarstofnana, þáltill. (þskj. 725). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 686, n. 756, 735). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979. Á fund n. komu hagsýslustjóri og ráðuneytisstjóri fjmrn. Enn fremur fékk n. til viðtals orkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra ríkisins. Ástæðan fyrir því, að þeir voru sérstaklega boðaðir á fundinn, var sú, að n. taldi sérstaka ástæðu til þess að skoða orkumálakafla lánsfjáráætlunarinnar. Það hefur komið fram í umr. og ræðum bæði fjmrh. og iðnrh., að síðan lánsfjáráætlunin var samin og lögð fram, hafa aðstæður í orkumálum breyst á þann veg, að olíuverð hefur hækkað mjög mikið, og er ekki séð fyrir endann á þeim hækkunum enn þá og það veldur því, að mat á hagkvæmni framkvæmda hefur breyst. Á þessum fundi gáfu þessir embættismenn upplýsingar um nokkur atriði sem nm. spurðu þá sérstaklega um. Á fundi n. var enn fremur dreift álitsgerð frá iðnrh. um nokkur atriði sem sérstaklega eru til skoðunar hjá ríkisstj. í þessu sambandi.

Það, sem einkum var efst á baugi í huga nm., var að hraða lagningu raflína þar sem það gæti dregið mjög úr rekstri dísilstöðva. Enn fremur eru horfur á því að veturinn 1980—1981 verði of lítil raforka til í landinu til þess að fullnægja eftirspurn, þ. e. veturinn áður en fyrsta samstæða Hrauneyjafossvirkjunar kemst í gang, og þess vegna þurfi að huga að því, hvort ekki sé hægt að finna einhverja leið til þess að bæta við þessa orku, og þá er einkum staðnæmst við Kröfluvirkjun. Í þriðja lagi hafa menn áhuga á því að reynt sé að hraða hitaveituframkvæmdum sem gætu dregið úr upphitun húsa með olíu.

Í sambandi við tengingu með raflínum var sérstaklega spurst fyrir um línu sem gæti tengt Skeiðsfossvirkjunarsvæðið við byggðalínuna. Á þessu svæði, Skeiðsfossvirkjunarsvæðinu, er orðinn orkuskortur þannig að nú í vetur hefur þurft að framleiða mjög mikið af raforku í dísilstöðvum sem eru bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Samkv. áætlun, sem gerð hefur verið og raforkumálastjóri skýrði frá, kostar um 250 millj. kr. að leggja raflínu frá Dalvík til Ólafsfjarðar, 13 eða 14 km leið. Hins vegar þarf ekki að byggja nýja spennistöð í Ólafsfirði. Á áætlun er hins vegar ný spennistöð á Dalvík, þannig að þarna er aðeins um kostnaðinn við línuna að ræða. Áætlaður rekstrarkostnaður eða olíukostnaður dísilstöðvanna á þessu svæði á næsta vetri er 150—200 millj. kr. Þar að auki eru þær dísilstöðvar, sem reknar eru nú á Siglufirði, orðnar mjög gamlar þannig að ef treysta á á þær til framleiðslu á grunnorku mun þurfa að endurnýja eitthvað af þeim og þá bætist nokkuð við þennan kostnað til viðbótar. Það er sem sagt augljóst að kostnaðurinn við lagningu línunnar mun að mestu leyti fara í rekstrarkostnað á næsta vetri ef ekkert verður að gert.

Þá kom það fram hjá orkumálastjóra, að Orkustofnun hefur gert orkuspá næstu áratugina og þar reiknað út hagkvæmustu kosti sem um er að ræða. Kemur fram í þeirri spá, að ef hægt væri að fá full afköst í Kröfluvirkjun nú á næstu árum mundi það spara 4 milljarða kr. miðað við aðra þá kosti sem næsthagkvæmastir væru í sambandi við raforkuframleiðslu. Þetta hefði þau áhrif, að ekki þyrfti að hraða eins öðrum raforkuframkvæmdum, og þess vegna kemur þessi mismunur fram. Það er því mat n., að þrátt fyrir nokkra óvissu um árangur af borun við Kröflu og í sambandi við þessa áætlun, — í henni er gert ráð fyrir að ein af hverjum fjórum holum, sem boraðar kunna að verða þar, verði ónýtt af einhverjum ástæðum, — þá telur n. að nauðsynlegt sé að halda eitthvað áfram til þess að hægt sé að nýta það fjármagn sem í þetta hefur þegar verið varið. Með þetta í huga var haft samband við fjmrh., og ítrekaði hann það sem áður hefur komið fram í máli hans, að þessi mál séu til skoðunar og hann muni við þessa umr. gefa frekari áréttingar því sem áður hefur komið fram. Með tilliti til þess og einnig þess, að mjög mikið hefur dregist að Alþ. afgreiddi lánsfjáráætlun, til mjög mikils baga fyrir fjölmarga aðila, leggur n. til að frv.

þetta verði samþ. óbreytt með fyrirvara um orkumálakaflann, en Eyjólfur K. Jónsson og Jón G. Sólnes skrifa undir nál. með fyrirvara.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það hefur áður komið fram í framsöguræðum fyrir þessu máli, bæði í Nd. og einnig í þessari hv. þd., að eðlilegt væri með tilliti til nýrra viðhorfa í orkumálum vegna olíuverðshækkananna að taka til athugunar að hraða vissum framkvæmdum á sviði orkumála sem spara innflutning á olíuvörum. Og í framhaldi af þessu og í samræmi við umr., sem áttu sér stað í hv. fjh.- og viðskn. og nefndin hafði samband við mig um, vil ég lýsa því yfir við þessa umr., að ég mun beita mér fyrir útvegun fjármagns til lagningar raflínu milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar og taka til sérstakrar skoðunar útvegun fjármagns til borunar einnar holu við Kröflu og til þess að flýta öðrum framkvæmdum sem spara olíunotkun. Þetta er bundið þeim takmörkunum, að ekki verði breytt um heildarstefnu í fjárfestingu þannig að hún verði eftir sem áður innan við fjórðung af vergum þjóðartekjum. Þar sem miðað er við þá heildarstefnu í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni álít ég nú vera svigrúm í þessu efni þar sem vergar þjóðartekjur verða hærri í krónum en gert var ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni, þannig að ég álít að það sé svigrúm til þessa. Það, sem þarf að gerast í þessum málum, er að það þarf að liggja fyrir ríkisstj. og réttum aðilum allur undirbúningur að möguleikum á að flýta framkvæmdum. Það þarf að liggja fyrir, hversu mikið fjármagn þarf til þess á þessu ári og ýmislegt fleira, áður en hægt er að taka ákvarðanir í þessu efni. En að gefnu tilefni og í samráði við hv. fjh.- og viðskn. vildi ég láta þetta koma hér fram.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 735 við frv. þetta og vil gera nokkra grein fyrir þessum brtt.

Það fer ekki á milli mála, að það er þörf á að hraða framkvæmdum í orkumálum landsins. Það hefur e. t. v. aldrei verið augljósara en nú á síðustu mánuðum, eftir að yfir dundi hin mikla olíuverðshækkun. Ég held að menn greini ekki á um þetta né um þjóðhagslegt gildi þeirra framkvæmda sem menn hafa einkum í huga þegar verið er að tala um að hraða framkvæmdum í orkumálum landsins.

Með tilliti til þessa flutti ég ásamt 11 öðrum samflokksmönnum mínum till. til þál. um að hraða framkvæmdum í orkumálum landsins. Ég flutti í Sþ. allítarlega framsögu fyrir þessu máli, og hæstv. iðnrh. flutti ræðu sem, ef eitthvað var, var enn ítarlegri. Ég sá ekki að nokkur ágreiningur kæmi fram í þessum umr. um mikilvægi og þýðingu þess að hraða framkvæmdum í orkumálum landsins. Þessi till., sem ég vitna til, var um það að auka framkvæmdir í orkumálum á árinu 1979.

Nú er það að þetta er ekkert nýtt mál. Það ber að á hverju ári með þeim hætti að Alþ. þarf að láta þessi mál taka til sín við afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar. Orkuráð, sem er stjórn aðalorkusjóðs landsins sem ber raunar nafnið Orkusjóður, gerir árlega tillögur sínar til stjórnvalda við fjárlagagerð fyrir hvert ár. S. l. vor gerði orkuráð till. sínar um framlög til Orkusjóðs á fjárl. ársins 1979. Orkuráð gerði samtals tillögur um að 2950 millj. yrðu fengnar Orkusjóði til handa samkv. fjárl. 1979, en aðeins voru veittar 900 millj. kr. Tillögur Orkuráðs voru gerðar á s. l. vori. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og ef einhverjir hafa verið í efa um mikilvægi þess að hraða framkvæmdum í hinum þýðingarmestu orkuframkvæmdum vorið 1979, þá hygg ég að þeir þurfi ekki að vera í vafa nú. Með tilliti til þessa hef ég leyft mér að flytja brtt. þær sem eru á þskj. 735. Þær eru fyrst og fremst fólgnar í því að gera tillögur um aukið fjármagn sem nemur þeirri upphæð sem skorin var niður við fjárlagagerð af tillögum orkuráðs s. l. vor.

Miðað við það, sem hefur skeð síðan, eru þessar till. ákaflega hógværar og naumast stætt á því að bera ekki fram hærri till. eins og nú er málum komið. En ef svo er, þá hygg ég að mönnum hljóti að vera ljóst, að það sé slæmur kostur ef hv. þm. láta sér koma til hugar að fella þessar till. nú.

Ég vík þá nokkrum orðum að hverri till. um sig.

1. till. fjallar um heimild til lántöku vegna jarðhitaleitar samkv. síðari ákvörðun ráðh. um lántökuaðila, alls 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Þessi upphæð, 100 millj. kr., er þannig fengin, að orkuráð gerði á sínum tíma till. um 450 millj., en samkv. fjárl. þessa árs eru Orkusjóði veittar 350 millj. Mismunur er 100 millj. og till. er gerð um að veita heimild til lántöku fyrir þessari upphæð.

Ég þarf ekki hér að flytja neina tölu um mikilvægi þess að hraða jarðhitaleit. Það er svo augljóst mál hve jarðhitinn er hagkvæmur orkugjafi til upphitunar húsa. Það er jafnaugljóst að það þarf að leita af sér allan grun um að það fáist jarðvarmi. Það þarf að hagnýta hann hvar sem við verður komið. Og þessi till. er þeim mun sjálfsagðari þar sem á sama tíma sem þessi þörf er á aukinni jarðhitaleit er það svo, að það er ekki fjármagn núna til þess að hagnýta alla þá jarðbora sem Jarðboranir ríkisins hafa yfir að ráða í þessu skyni.

Ég kem þá að 2. till. Hún er um að veitt verði heimild til lántöku til framkvæmda við hitaveitur, alls 2015 millj. kr., í staðinn fyrir 1345 millj. kr. sem í frv. er gert ráð fyrir. Mismunurinn, sem hér er á, 670 millj. kr., er mismunur á tillögum orkuráðs vorið 1978 og þess sem veitt var í fjárl. árið 1979. Nú er það svo, að án þess að ég ætli sérstaklega að fara að gera upp á milli mikilvægis þeirra framkvæmda sem ég er að fjalla um, þá er áreiðanlegt að það er ekkert nauðsynlegra en að hraða framkvæmdum við byggingu hitaveitna vegna þess að allar óþarfar tafir, sem eru á þessum framkvæmdum, eru ómælt tjón fyrir viðkomandi byggðarlög og þjóðfélagið í heild. Og það þurfa ekki að verða tafir ef fjármagn er fyrir hendi, vegna þess að hin þýðingarmestu mál eru í framkvæmd eða hafa verið hönnuð og undirbúin.

Þá kemur 3. till. á þskj. 735. Hún er varðandi heimild til lántöku vegna rafvæðingar. Þessi brtt. er í tvennu lagi. Í fyrsta lagi er hún um að lán til sveitarafvæðingar samkv. síðari ákvörðun ráðh. um lántökuaðila verði heimilað alls 300 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Þessi upphæð, 300 millj. kr., er fengin þannig að á s. l. vori lagði orkuráð til að það yrðu veittar 500 millj. kr. til þessa. Þá var ætlunin að á þessu ári yrði loks lokið sveitarafvæðingunni í þeim skilningi að þeir bæir, sem eftir væru og ættu að fá tengingu á samveitum, fengju hana á þessu ári. Þetta eru 50 bæir. En það var ekki orðið við þessum óskum. Í staðinn fyrir að veita 500 millj., sem tillaga var gerð um, var veitt heimild til 200 millj. kr. lántöku. Munurinn er 300 millj. og hér er gerð till. um að bæta úr þessu, og það er hægt að gera því að

hinn venjulegi framkvæmdatími er ekki hafinn. Það er því raunhæft að veita þessa heimild. Auk þess sem það er mikið siðferðilegt réttlætismál, að þessir þegnar fái þá aðstöðu sem rafmagnið veitir, hefur það líka að sjálfsögðu mikla fjárhagslega þýðingu fyrir þetta fólk og þjóðhagslega þýðingu einnig því að þá verður losnað við þá dísilkeyrslu sem þessir sveitabæir þurfa til þess að búa við það ófullkomna rafmagn sem þeir hafa eða kunna að hafa.

Þá er 2. tölul. 3. brtt. Hann er um að veita heimild til styrkingar rafdreifikerfi í sveitum samkv. síðari ákvörðun ráðh. um lántökuaðila, alls 780 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Hér er um að ræða ákaflega brýnt mál. Ég hef ekki orðið var við annað en allir, sem nokkur kynni hafa af þessu máli, séu sammála um að það sé nauðsynlegt að hefjast handa myndarlega um að styrkja rafdreifikerfið í sveitum landsins og mesta dreifbýlinu. Það kerfi, sem fyrir er, er sums staðar að brotna niður vegna þess að það annar ekki þeim þörfum sem eru fyrir rafmagn. Það kerfi, sem nú er, er hið svokallaða einfasa kerfi. En það er nauðsynlegt að breyta um þetta kerfi og koma upp þrífasakerfi til þess að bændum landsins og öðru dreifbýlisfólki verði þau not af rafmagninu sem nauðsynleg eru. Sérstaklega er þetta núna brýnt verkefni vegna eins af stærstu vandamálum íslensku þjóðarinnar í dag, landbúnaðarmálanna. Það er talað um að minnka landbúnaðarframleiðslu. Það er talað um að fækka ekki bændum. Það er talað um að minnka ekki tekjur bænda. Hvernig á að koma þessu öllu heim og saman? Við viljum ekki fækka bændum, vegna þess að við viljum hafa Ísland allt í byggð. (**ÓRG:** Landbrh. hefur lagt til að fækka bændum.) Hv. 3. landsk. þm. telur sig vita, að landbrh. vilji fækka bændum. (**ÓRG:** Það er hér í þskj.) Ég man ekki betur — og þá er það líka í þskj. — en hæstv. landbrh. hafi beint tekið fram að það væri ekki áhugamál hans að fækka bændum. Og það, sem forsvarsmenn bændanna eru núna að tala um og m. a. hæstv. landbrh., er að auka fjölbreytni í atvinnulífi bænda. Þar eru náttúrlega mestu möguleikarnir, þegar fram í sækir að koma upp smáiðnaði í sveitum landsins. Það verður ekki gert nema með þeirri kerfisbreytingu sem ég gat um, að koma upp þrífasa kerfi um allt landið.

Ég veit að hv. þm. er þetta allt mjög ljóst og kunnugt, því að á s. l. vetri var lögð á borð þeirra mikil skýrsla frá orkuráði varðandi þetta mál. Hún fylgdi tillögum orkuráðs til stjórnvalda um að ráðist yrði í þessar framkvæmdir og þeim yrði lokið á 8 árum og veittar á hverju ári um 1100 millj. til þessara framkvæmda. Ef einhver alvara er í þessum fyrirætlunum og ef mönnum er alvara með það, þegar þeir segja að sé mikil þörf á þessu, þarf að sýna það í verki með því að samþykkja heimild til lántöku í þessu skyni. Þessi tala, 780 millj., er fengin á þann hátt, að orkuráð lagði til að veittar yrðu 1000 millj., en í fjárl. eru veittar 220 millj. Munurinn er 780 millj., og það er sú till. sem hér er gerð.

Þá kem ég að lokum að 3. tölul. 3. till. Hann er um að það verði veitt heimild til að taka lán til lagningar aðalháspennulína rafmagns samkv. síðari ákvörðun ráðh. um lántökuaðila, alls um 1000 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Það er öllum ljóst, og það kom m. a. fram í máli hæstv. fjmrh. áðan þegar hann var að ræða um línu milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar, að mikil þörf er á að hraða slíkum framkvæmdum. Í sumum landshlutum veltur ákaflega mikið á framvindunni í þessum málum. Þá á ég sérstaklega við þann landshluta sem ekki er orðinn samtengdur aðalháspennukerfi landsins eins og aðrir landshlutar eru orðnir eftir lagningu Norðurlínu og Austurlínu, — ég á við Vestfirði og Vesturlínu. Gert var ráð fyrir því á sínum tíma, að þeirri línulagningu yrði lokið í lok ársins 1979. Nú er gert ráð fyrir því af hálfu stjórnvalda að það verði síðla á næsta ári. En það er þannig með mig og ýmsa fleiri sem erum kunnugir þessari framkvæmd, að við álítum að það þurfi, til þess að sú áætlun standist sem nú er uppi, að verja meira fé til framkvæmda á þessu ári en gert er ráð fyrir nú. Með tilliti til þessa og til annarra slíkra verkefna annars staðar á landinu er fram borin þessi till. um lántökuheimild, er nemi 1000 millj., til lagningar aðalháspennulína rafmagns.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þessum till. Hver þessara till. hefði getað gefið tilefni til langrar ræðu. En ég skal ekki gera það, því að ég veit að hv. þm. eru mér sammála um mikilvægi þessara mála.

Hæstv. fjmrh. gaf hér nokkur fyrirheit varðandi lagningu raflínu milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Það er ákaflega gott að heyra það, að ráðh. sagðist ætla að beita sér fyrir því að þessi framkvæmd færi fram á þessu ári, og ég fagna því. Hæstv. ráðh. tók líka fram, að hann ætlar að taka til sérstakrar athugunar, eins og hann orðaði það, borun einnar holu til viðbótar við Kröflu. Þetta er líka mjög ánægjulegt að heyra. En ég tel að það sé ekki nóg að gert í þessu efni með þessu. Ég verð að segja það, að undirtektir hæstv. iðnrh. við þessi mál í umr. í Sþ. laugardag fyrir páska stinga nokkuð í augu hvað mig varðar því að eins og ég sagði áður: ég fann ekki að það væri neinn ágreiningur milli mín og hæstv. iðnrh. um mikilvægi þessara mála. Mér finnst að þau vilyrði — eða hvað á að kalla það, sem hæstv. fjmrh. kom fram með áðan, séu naumast í samræmi við þann anda sem ríkti í þeim umr. í Sþ. sem ég hef áður vitnað til og hæstv. iðnrh. var aðili að. Ég tel því að það sé meiri þörf en orð fá lýst að samþykkja þessa till. sem ég hef borið fram. Ég tók eftir því, að frsm. hv. fjh.- og viðskn. vék ekki að þessum till., og ég hef fregnað að n. hafi ekki tekið þessar till. til meðferðar á fundum sínum, þó að till. þessi hafi komið fram og verið lögð fram í gær. Ég er ekki að áfellast neinn fyrir þetta og síst formann hv. fjh.- og viðskn., þann samviskusama þm. En ég hef látið mér koma til hugar að það gætu verið skynsamleg vinnubrögð að ég tæki þessar till. til baka til 3. umr. og þá væri æskilegt ef hv. fjh.- og viðskn. vildi taka till. til meðferðar fyrir 3. umr., því að ekki vil ég trúa öðru en það sé ríkur skilningur á þessum málum í þeirri ágætu nefnd.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mig langar að færa hæstv. fjmrh. alveg sérstakar þakkir fyrir þá skýlausu yfirlýsingu sem hann gaf um að hann mundi beita sér fyrir því að útvega fjármagn til að leggja línu milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar nú í sumar. Eins og fram kom í framsögu hv. formanns fjh.- og viðskn. er það svo, að þessi lína kostar um 250 millj. kr., en gert er ráð fyrir að dísilorkan mundi kosta nærri því sömu upphæð á næsta vetri því að svo mikill skortur er nú á orku á Skeiðsfossvæðinu. Þetta er þess vegna gífurlega þýðingarmikið mál fyrir Siglufjörð sem á í erfiðleikum fjárhagslega vegna rafveitunnar þar sem ný virkjun og mjög skuldug er á þessu svæði. Ég tók því málið upp í hv. fjh.- og

viðskn., og eins og vænta mátti tóku allir nm. undir það að skoða þetta mál því að í þeirri ágætu n. ríkir gott samstarf. Við fengum á fund okkar forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins og hann gaf okkur enn frekari upplýsingar um þetta og skýrði enn betur hve sjálfsagt væri að hraða þessu verkefni.

En ég sem sagt þakka hæstv. ráðh. fyrir þetta og eins samnm. mínum sem skoðuðu þetta mál af víðsýni og réttsýni. Niðurstaðan varð sú, að við legðum ekki fram brtt. til að tefja ekki framgang lánsfjáráætlunar, því að okkur er ljóst að brýn þörf er á að hún fái afgreiðslu sem allra fyrst þar sem ýmsir sjóðir bíða verklausir og mörg atvinnufyrirtæki í óvissu um lánafyrirgreiðslu og má segja að neyðarástand sé að skapast í fjármálum öllum eins og þm. er kunnugt. Við hv. þm. Jón G. Sólnes skrifuðum því undir nál. meiri hl. með fyrirvara að sjálfsögðu. Við tökum auðvitað ekki á okkur ábyrgð af öllu sem í því plaggi stendur, en við vildum með þessu sýna að við ætluðum ekki að standa gegn því að málið fengi skjóta afgreiðslu, heldur greiða fyrir framgangi þess, og mátum þá auðvitað líka þann skilning sem fram kom á því að reyna að auka orkuframkvæmdir eitthvað, því að vissulega er brýn nauðsyn að það verði gert, eins og kom raunar fram í máli síðasta ræðumanns einnig.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Eins og kom fram í nál. því sem hér er til umr., nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., höfum við hv. 5 þm. Norðurl. v. og ég skrifað undir nál. með fyrirvara og mun ég síðar í máli mínu gera grein fyrir fyrirvara mínum.

Málefni Kröfluvirkjunar voru allmikið til umræðu í hv. fjh.- og viðskn. þegar verið var að fjalla um þetta frv. um lánsfjáráætlun og langar mig í því sambandi að víkja nokkrum orðum að þessu máli.

Kröfluvirkjun hefur nú bráðum verið rekin í samtals 10 mánuði með 7—8 mw. afli út á línu. Rekstrartímabilin tvö hófust bæði fyrst í febr., hið fyrra í febr. 1978 og hið síðara í febr. 1979. Niðurstaða af rekstrarreynslu þessara tveggja rekstrartímabila sýnir og sannar að tæknilegur vélabúnaður allur hefur reynst mjög vel. Smávægilegir vankantar hafa komið í ljós, sem eðlilegt má teljast, og hafa nær allir átt rætur sínar að rekja til hins lága hundraðshluta aflgetu vélasamstæðu nr. 1 sem hún hefur verið keyrð á vegna skorts á gufu.

Kröfluvirkjun er eina virkjun sinnar tegundar sem er á slóðum mikils vetrarríkis. Vetrarríkið í Kröflu hefur valdið nokkrum byrjunarörðugleikum við rekstur virkjunarinnar. Flestir þessara erfiðleika eru bundnir vetrarrekstri gufuveitunnar. Rekstrarreynsla sú, sem fengist hefur, hefur gert mögulegt að leysa flest stærstu vandamálanna og hin verða lagfærð á upptektarstoppi í sumar.

Á rekstrartímabili ársins 1978 var talsvert um rekstrartruflanir sem stöfuðu eingöngu af óstöðugleika holu sem kölluð er KJ-11 og ónógu afli. Lagfæring á fyrri holu KJ-11 haustið 1978 og borun nýrrar holu, sem nefnd er KG-12, olli tímamörkum í rekstraröryggi Kröfluvirkjunar þannig að núverandi gangtími virkjunar með fullu 8 mw. afli er um 93%. Auk framangreinds hefur rekstrarreynslan verið ómetanlegur liður í starfsþjálfun vélgæsluliðs og rekstrarstjórnar virkjunarinnar almennt. Rekstraráætlanir virkjunarinnar sýna að um það bil 10—11 mw. afl frá vél nægir til þess að standa undir rekstrarkostnaði hennar að undanskildum kostnaði vegna afborgunar og vaxta af stofnkostnaði. Þessu marki mætti ná með borun og tengingu einnar eða tveggja hola í ár, og kostnaður við það, miðað við verðlag í upphafi yfirstandandi árs, yrði um 660 millj. kr. vegna tveggja hola.

Spár orkuspárnefndar gefa til kynna að árinu 1979—1982 verði þjóðinni mjög erfið nema til komi verulegt viðbótarafl og það mjög skjótlega. Er þetta mjög alvarlegt ástand í ljósi nauðsynlegra takmarkana á sjávarafla og æskilegrar aukningar á fjölbreytni atvinnuvega þjóðar vorrar sem af því leiðir og getur ekki orðið nema með aukinni raforkuþörf. Viðbótarafl verður ekki fengið í tæka tíð til þess að afstýra vandræðum nema í sambandi við aukna rafmagnsframleiðslu, annaðhvort að auka rafmagnsframleiðslu með dísilkeyrslu eða með markvissri borun til gufuöflunar fyrir Kröflu.

Eins og kom fram í ræðu hv. 6. þm. Suðurl., frsm. fjh.- og viðskn., mættu á fundum n. þeir orkumálastjóri og rafmagnsveitustjóri ríkisins. Hv. rafmagnsveitustjóri upplýsti á fundi n. að rekstur Kröflu með þessari litlu framleiðslu á s. l. vetri hefði verulega bætt úr og aukið rekstraröryggi byggðalínunnar. Enn fremur taldi rafmagnsveitustjóri enn þá brýnna að hafa þessa framleiðslu örugga og aukna fyrir næsta vetur.

Ég vil í sambandi við þessi mál leyfa mér að lesa upp símskeyti sem mér barst í morgun, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hr. alþm. Jón G. Sólnes,
Alþingi,
Reykjavík.

Höfum í dag sent svo hljóðandi símskeyti til formanns fjh.- og viðskn. Ed.:

Stjórn Laxárvirkjunar hefur samþ. eftirfarandi ályktun:

Vegna ört vaxandi raforkunotkunar á Norður- og Austurlandi og þar af leiðandi vaxandi þýðingar Norðurlínu fyrir svæðin, þá telur stjórn Laxárvirkjunar brýna nauðsyn að unnið sé á þessu ári að frekari gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun, enda ódýrasti valkostur í virkjunarmálum fyrir þessa landshluta. Auk þess tryggir þessi framkvæmd betur en nú er orkuafhendingu til þessara svæða og eykur um leið varaafl vegna Norðurlínu, ef um rekstrartruflanir á henni verður að ræða.

Fyrir hönd Laxárvirkjunarstjórnar,
Knútur Otterstedt."

Þá þykir mér rétt að benda á þá staðreynd í sambandi við þetta mál sem er fyrir hendi, en það er álit Orkustofnunar þar sem fjallað er um nauðsynina á því að tryggja aukningu rafmagnsframleiðslunnar á næsta vetri. Kemur fram í þeirri umsögn að stofnunin hefur áhyggjur af þessu, og þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Umtalsverð aukning í afköstum Kröflu getur gerbreytt þessu óvissuástandi, og frekari borun þar, sem er einasta leiðin til að auka afköst virkjunarinnar, verður þannig beinlínis til að spara olíu hér á landi þann vetur, 1980—1981. Þangað til eru tvær borvertíðar, 1979 og 1980. Það þarf að nota þær báðar. Verði ekkert borað við Kröflu í ár og eingöngu treyst á boranir 1980 gefst mjög naumur tími til að prófa og mæla holur áður en þær eru tengdar virkjuninni og þarf að starfa að lagningu gufuveitu frá þeim áður en vitað er um afköst, sem eru í rauninni óhæf vinnubrögð. Því er lagt til að í ár, 1979, verði boraðar tvær holur við Kröflu í því skyni að draga úr eða útrýma nær alveg notkun olíu til raforkuvinnslu

hér á landi veturinn 1980—1981 og útvegaðar verði 650 millj. kr. í því skyni. Gert er ráð fyrir að tenging bíði til 1980. En auk sjálfrar borunarinnar þarf að kosta nokkru fé í ár til vegagerðar að væntanlegum borstæðum í suðurhlíðum Kröflu.

Þess má að lokum geta, að Jötunn mun bora holu í Bjarnarflagi í sumar, í næsta nágrenni Kröflu, en hefur ekki önnur verkefni í ár. Það er slæm nýting á dýru tæki að láta það bíða aðgerðalaust í næsta nágrenni Kröflu þegar þörf er á frekari borun þar."

Þannig er þá þessum málum háttað. Að dómi allra hinna færustu sérfræðinga þjóðarinnar í þessum málum er yfirvofandi mikil óvissa ef ekkert er að gert í rafmagnsmálum þjóðarinnar á næstu tveimur vetrum. Það liggur einnig skýrt fyrir, að einu öruggu úrræðin til þess að afstýra þessum vanda er að hefja nú þegar á þessu sumri boranir við Kröflu. Þá liggur fyrir að fjármagnið, sem þarf til þess að tryggja viðunandi ástand í þessum málum, er sáralítið miðað við það hversu miklir hagsmunir eru í húfi. Okkur hefur verið tjáð að beinn kostnaður við jarðborinn Jötunn, hvort sem hann er látinn starfa eða starfa ekki, sé um 200 millj. á ári. Manni virðist því dæmið liggja ljóst fyrir, að það sé mikil skammsýni sem felist í því að vilja ekki samþykkja nauðsynlegt fjármagn til slíkrar aðgerðar sem hér er um að ræða. Ég verð að segja það, að mér finnst það vera svo ótrúleg þvermóðska og skammsýni að hefjast nú ekki handa, og það er varla hægt að lýsa því með orðum hvernig getur staðið á andstöðu við jafnbráðnauðsynlega framkvæmd.

Úr því að ég er farinn að ræða þessi Kröflumál hér, þá vænti ég að mér forlátist þó að ég eyði nokkrum mínútum deildarinnar til að ræða þetta frekar.

Þegar Kröflunefnd, sú fræga n., á sínum tíma tók til starfa var henni ljóst að ef vel ætti að fara um framkvæmdir á þessu svæði yrði eitt höfuðatriðið að virkjunin ætti jarðbor sem væri eingöngu undir stjórn virkjunarinnar og til umráða fyrir hana. Haustið 1974 hafði Kröflunefnd útvegað mjög hagstætt tilboð í jarðbor, að vísu notaðan, en að dómi sérfræðinga mjög hæfilegan og vel nothæfan. Kaupverð þessa bors var um 90 millj. kr. Þessu tilboði fylgdi einnig að hægt var að fá nýjar borstengur fyrir borinn með öllum útbúnaði innan 6 mánaða. Kröflunefnd gerði ítrekaðar tilraunir til þess að fá heimild til að kaupa þetta tæki. Því miður tókst það ekki. Ég þarf ekki að spyrja hv. þm. þessarar d. hvílíkum sköpum það hefði valdið í öllum þessum málum ef farið hefði verið að tillögum Kröflunefndar á þeim tíma, því að það er enginn vafi á því að þá hefði verið búið að þjálfa fullkomna boráhöfn á þennan bor, virkjunin hefði getað sinnt sínum þörfum, fyrir utan það að slíkt tæki hefði verið búið að vera til ómetanlegs gagns fyrir nálæg héruð. Á ég þá sérstaklega við framkvæmdir á Akureyri sem hefðu getað orðið miklu ódýrari en þær hafa orðið.

Enn fremur þykir mér hlýða að nefna hversu erfitt hefur verið að vinna að öllum lánamálum í sambandi við þessa margumtöluðu virkjun. Við í Kröflunefnd vildum fá heimild ríkisstj. til að taka með hagstæðum kjörum erlend lán til virkjunarinnar, sem yrði tekið með svipuðum hætti og gengur og gerist t. a. m. við virkjunarframkvæmdir hjá Landsvirkjun. Því miður sáu stjórnvöld sér ekki fært að verða við óskum Kröflunefndar og framkvæmdaaðila í þessum málum. Í þessu sambandi er fróðlegt fyrir hv. þm. þessarar d. að vita að stór hluti af lánum, sem hafa gengið til þessara framkvæmda, hafa verið svokölluð vísitölutryggð lán, einhver allra dýrustu og óhagstæðustu lán sem hægt er að fá í sambandi við hvaða framkvæmd sem um er að ræða. Í ofanálag við þetta hefur ekki verið hægt að fá samkomulag við fjármagnsyfirvöld þjóðarinnar um það, að höfuðstóll lána vegna þessara framkvæmda fengi að standa svona á framkvæmdatímabilinu. Nei, heldur hefur verið tekin upp í hverri lánsfjáráætlun afborgun af slíkum lánum, þó að framkvæmdum sé engan veginn lokið og megi segja að á sumum sviðum sé um algert brautryðjendastarf að ræða. Þá hafa þessir fjármunir, sem komið hafa fram á lánsfjáráætlun, verið kallaðir fjármagnskostnaður og auðvitað básúnað af andstæðingum þessarar framkvæmdar hvílík gífurleg skattpíning kostnaður vegna þessara framkvæmda sé á þjóðinni, þó að verulegur hluti af þeirri upphæð, sem í lánsfjáráætlun hefur staðið, hafi verið afborganir af vörukaupalánum og lánum sem tekin hafa verið vegna virkjunarinnar.

Í sambandi við þetta mál langar mig aðeins til að nefna dæmi um það, hversu mismunandi viðhorf og sjónarmið ráða því, hvernig staðið er að verklegum framkvæmdum og virkjunarframkvæmdum á þessu landi. Ég hef í máli mínu hér á undan lýst því, við hvaða kjör við höfum orðið að sætta okkur, við sem hefur verið falið það hlutverk að standa fyrir framkvæmdum við Kröfluvirkjun. Ég hef hins vegar hér fyrir framan mig plagg sem skýrir nokkuð hvernig t. a. m. háttað er um framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar. Þá er það í sambandi við Sigöldu, að í janúar 1974 er gengið frá láni af hálfu Landsvirkjunar vegna virkjunar Sigöldu. Lánsupphæðin var 30 millj. dollara. Lánið er til 10 ára, en afborganir verða svo sem hér segir — og ég vil biðja hv. þm. að taka vel eftir: Fyrsta afborgun af þessu láni, sem er um 30 millj. dollara, á ekki að fara fram fyrr en 1981, þá á að greiða af henni 3 millj. dollara. 3 millj. dollara eiga svo að dragast af þessu láni 1982, 3 millj. dollara eiga að greiðast af þessu láni 1983. Þá er eftir 21 millj. dollara af þessu láni sem áætlað er að verði greitt 1984. Á þessu skjali, sem ég er hér með, stendur enn fremur: „Þegar gengið var frá þessu láni þótti ljóst og um það rætt við lánveitendur, að „konvertera" yrði greiðslu þeirri sem fram á að fara á árinu 1984."

Þarna er staðið almennilega að málum. Ég er ekki að tilgreina þessar tölur hér og þennan gang mála vegna neinnar öfundar eða slíks. Aðeins er ég að skýra frá því, að þarna er dæmigert hvernig á að standa að fjármögnun á slíkum framkvæmdum eins og ég hef verið hér í dag að gera að umtalsefni.

Þá kemur upp í huga mér spurningin: Fyrsta virkjunarframkvæmd þjóðarinnar í því að hagnýta sér í ríkum og stórum mæli jarðgufu, sem er alger brautryðjendastarfsemi hjá þjóðinni, — átti ekki slík framkvæmd rétt á því að fjármagnslega yrði staðið að henni með sem hagkvæmustum hætti? Ég held að ef þannig hefði verið staðið að fjármögnun framkvæmdanna við Kröflu hefði mörgum vandræðum og leiðindum, sem hafa verið í sambandi við þessa framkvæmd, verið útrýmt. Og yfirleitt held ég að nú sé að vaxa skilningur hjá þjóðinni um að virkjunarframkvæmdir, ef eitthvert vit á að vera í slíkum framkvæmdum, verði undir engum kringumstæðum fjármagnaðar á þann hátt sem átt hefur sér stað t. a. m. með þær framkvæmdir sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa staðið að og ég hef verið hér að greina að

hluta til um Kröflu.

Herra forseti. Ég skal nú reyna að fara að stytta mál mitt. Aðeins vil ég enn ítreka þetta: Það er ómótmælanleg staðreynd, að fyrir smáupphæð getum við firrt þjóðina þeirri ógnvekjandi hættu sem blasir við ef ekkert er að gert veturinn 1980—1981. Miðað við fregnir og staðreyndir um þróun olíuverðs á heimsmarkaði og annað kalla ég það mikið ábyrgðarleysi þeirra aðila sem fastast hafa staðið á móti því og gert það að trúaratriði á ofstækisfullan hátt að standa gegn öllum framkvæmdum við það þjóðþrifafyrirtæki sem hér er um að ræða.

Ég vil í sambandi við þær umr., sem fóru fram í hv. fjh.- og viðskn., geta þess, að óskum okkar, sem vildum stuðla að því að tekin yrði í lánsfjáráætlun upphæð til borunar í sumar við Kröflu, var tekið af miklum skilningi og velvild af öllum nm. Hins vegar get ég vel skilið það, að vegna þess stjórnarástands, sem ríkir hér í þinginu, er ákaflega erfitt tæknilega séð, — og ég get vel skilið það, — það er ákaflega erfitt tæknilega séð fyrir stjórnvöld með jafnskamman tíma og þau hafa til umráða að fá breytingar á þessari lánsfjáráætlun, þannig að hún þurfi að fara aftur til Nd. Þessa aðstöðu skil ég. Í ljósi þess met ég þá yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. hefur í dag gefið í sambandi við þetta mál. Ég vil færa honum þakkir fyrir þessa yfirlýsingu. Ég lít á yfirlýsingu hæstv. fjmrh. sem viljayfirlýsingu um það, að þegar þessi mál fara betur að skýrast og þegar séð verður fram á að borinn Jötunn hefur lokið því verkefni sem honum var ætlað að vinna fyrir Kísiliðjuna, þá liggi ljóst fyrir að það sé allra hagur að haldið verði áfram framkvæmdum þarna upp frá. Og það var í trausti á farsælar lyktir þess máls að ég skrifaði undir þetta meirihlutaálit hv. fjh.- og viðskn. þó með fyrirvara sé.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Kröflumálið virðist ætla að verða samfelld sorgarsaga, bæði hinn mannlegi þáttur, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. var að lýsa fyrir okkur skilmerkilega áðan, og þá ekki síður náttúruöflin, sem hafa gert aðför að þessu mannanna verki. En ég vil aðeins segja það, að ég vona að Kröfluævintýrið, eins og það er stundum nefnt, eigi eftir að verða þjóðinni til góðs þótt síðar verði.

En það, sem ég ætlaði að gera aðeins að umtalsefni, var í sambandi við brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 735, og ræðu hv. 5. þm. Vestf. Ég verð að viðurkenna að ég er honum fyllilega sammála í þeim rökstuðningi sem hann hafði um þessi mál, og raunar er ég samþykkur þessari brtt. út af fyrir sig. Ég man það vel, að í sambandi við afgreiðslu fjárl. á s. l. hausti var mikið rætt um erindi orkuráðs. Þær tillögur voru vissulega tímabærar. Þar kom fram sá rökstuðningur sem hv. 5. þm. Vestf. lagði fram áðan fyrir þörfinni á þeim framkvæmdum sem hér er um að ræða.

Ég vil t. d. í sambandi við 1. brtt. hv. þm. um lántöku vegna jarðhitaleitar segja það, að það kom fram við umr. í Sþ. fyrir nokkru, þar sem ég lagði fram fsp. til hæstv. iðnrh. í sambandi við orkuleit á Snæfellsnesi sem raunar var búið að gera frumdrög að og búið að gefa yfirlýsingu um að ætti að framkvæma á s. l. ári, 1978, að ekki voru möguleikar á fjármagni til þess að Orkustofnun gæti staðið við þetta fyrirheit. Þarna er um að ræða djúpborun til þess að ganga úr skugga um virkjunarmöguleika til hitaveitufram kvæmda fyrir svæði þar sem búa á fimmta þúsund íbúar. Þetta er ákaflega mikilvægt mál í okkar huga, og ég verð að segja það hér, að vissulega hef ég sterka löngun til að fylgja slíkri brtt. sem hefur komið fram í þessu máli. Hins vegar er lánsfjáráætlunin, eins og hún liggur fyrir í dag, á því stigi nú að sú mikla seinkun, sem hefur orðið á afgreiðslu hennar, hefur þegar valdið tjóni í þjóðfélaginu. Og það er alveg ljóst að við verðum að afgreiða hana nú ef á að vera hægt að ráðast skipulega í þær nauðsynlegu framkvæmdir sem hún þó inniheldur í flestum tilfellum.

Ég hef rætt þessi mál sérstaklega við hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. Miðað við þær yfirlýsingar, sem hafa þegar komið fram hjá hæstv. fjmrh., og þau viðbrögð, sem hafa verið uppi höfð í sambandi við það mikla vandamál sem er almennt í orkumálum, ekki síst miðað við það ástand sem skapast hefur og raunverulega er hægt að kalla neyðarástand varðandi hið háa olíuverð, þá verð ég að vonast til að ríkisstj. muni á þessu ári gera allt sem mögulegt er til að greiða fyrir skynsamlegum vinnubrögðum til að reyna að leysa þessi mál. Ég vil segja það hér, bæði að því er varðar jarðhitaleit og eins að því er varðar sveitarafvæðingu og rafdreifikerfi í sveitum, að ég treysti því að við fjárlagagerð 1980 verði staðið öðruvísi að þessum málum en unnt var að gera við fjárlagaafgreiðslu 1979. Ég mun a. m. k. gera það sem í mínu valdi stendur, ef ég hef einhver áhrif, til þess að svo geti orðið. Þetta er, eins og hv. 5. þm. Vestf. lýsti áðan, mjög aðkallandi mál og hlýtur að flokkast undir eitt af forgangsverkefnum í byggðaþróun fyrir landið. Það er alveg ljóst, og um það hljótum við allir að vera sammála.

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, um leið og ég verð að lýsa því yfir, að ég mun fylgja því nál. frá fjh.- og viðskn. sem hér liggur fyrir, þó að ég hins vegar viðurkenni fyllilega þau rök sem komu fram hjá hv. 5. þm. Vestf. Ég vil enn fremur undirstrika það, að ég tel mikils virði þá yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. gaf áðan, því að yfirlýsingar hans gefa okkur, sem höfum miklar og vaxandi áhyggjur af orkumálum og þróun þeirra nú á síðustu tímum, nokkra vissu fyrir því að reynt verði að leysa þessi mál eftir því sem frekast verður unnt á þessu ári.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Það er dýrt að vera fátækur, segir gamalt máltæki, og það sannast hér eins og oftar. Það væri gaman að geta flutt till. um þessar og hinar framkvæmdir sem eru nauðsynlegar, en við getum því miður ekki leyft okkur vegna þess að það væri ábyrgðarleysi að vera með því að auka erlendar skuldir okkar. Þetta segi ég í sambandi við till. hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, að mér finnst, þó að ég virði hann mikils sem forseta þessarar d., að hann sýni nokkuð mikið ábyrgðarleysi í tillöguflutningi sínum hér, vitandi fullvel að sjálfsagt vildu allir dm. geta fylgt þessum till., en vita sem er að þess er enginn kostur eins og mál standa í dag.

En önnur ástæða var til þess að ég kvaddi mér hér hljóðs. Ég þykist vita að minn ágæti vinur og mikli drenglundarmaður að minni reynslu, Jón G. Sólnes, hafi í og með verið að ýja að afstöðu okkar Alþfl.-manna varðandi Kröfluvirkjun þegar hann var að tala um trúarbrögð og ofstæki í sambandi við virkjunina. Ég vil ekki taka undir það að ég hafi sýnt ofstæki í þeim málum. Hinu vil ég ekki liggja á, að við umbrotin, sem hófust rétt eftir að Kröfluvirkjun fór af stað, mótaðist sú skoðun mín, að það væri sjálfsagt mál að bíða meðan þau umbrot stæðu yfir, og sú skoðun hefur ekki haggast. Ég er alveg

sannfærður um að ef við hefðum haft vit á því að stansa þá og fara ekki í þær framkvæmdir sem nú er búið að gera, þá væri ýmislegt öðruvísi umhorfs í okkar þjóðlífi. Hitt get ég tekið undir með hv. þm. Jóni G. Sólnes, að mér finnst fjármögnun Kröfluvirkjunarframkvæmda hafa verið með allt öðrum hætti en t. d. Landsvirkjun hefur fengið að fjármagna sínar framkvæmdir. En mig grunar að það sé í og með vegna þess að þessi mál hafa verið knúin fram af meira kappi en forsjá og Kröfluvirkjun hafi goldið þess.

Mér er það fullkomlega ljóst, að eins og mál standa í dag er afar dýrt fyrir þjóðina að láta svo mikla framkvæmd sem Kröfluvirkjun er orðin standa lítt eða ekki notaða. Ég get t. d. sagt hv. þd. frá því, að við Kröfluvirkjun, sem framleiðir ekki nema ca. 7—8 mw. í besta falli, starfa, ef ég veit rétt, 13 manns, en við Laxárvirkjun, sem framleiðir 18 mw., starfa 4 menn og að auki rafveitustjórinn á Akureyri sem tekur að hálfu leyti laun sín, ef ég veit rétt, hjá Laxárvirkjun. (**JGS:** Það verða ekki fleiri starfsmenn þegar komið er upp í 60 mw.) Nei, ég er að benda á það, að í sjálfu sér er rétt, að það væri æskilegt að geta framleitt meira við Kröflu þegar búið er að leggja í svona mikinn kostnað við fyrirtækið og þegar svona mikill daglegur kostnaður er við fyrirtækið. Þar eru margir menn að störfum og afköstin eftir þá, ef reiknað er í megawöttum, eru sáralítil. Undir allt þetta get ég tekið með Jóni G. Sólnes. En það haggar ekki því, að enn standa yfir umbrot á þessu svæði og mér finnst ábyrgðarhluti að kasta miklu fé í þessar boranir meðan við vitum ekki hvert framhaldið verður. Vonandi fer að draga úr jarðhræringunum, og þá er hægt að taka þetta mál upp á ný. En eins og málin standa í dag er ég algerlega á öðru máli en Jón G. Sólnes um að þarna eigi að leggja fram mikla peninga.

Hv. þm. var að tala um borinn sem hann hefði verið búinn að útvega með hagkvæmum kjörum 1975. Þetta má túlka svo. En má ekki alveg eins segja að það hefði verið hægt að spara stórfé með því að Jón G. Sólnes hefði nú ekki verið svo kappsfullur þegar eldsumbrotin hófust og haldið áfram tvísýnu verki hvað sem tautaði og raulaði?

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði að till. þær, sem ég flyt á þskj. 735 og ég hef mælt fyrir, bæru vott um ábyrgðarleysi. Ég kem hér upp til þess að mótmæla þessari fullyrðingu.

Hv. þm. sagði nokkur vísdómsorð, eins og að það væri dýrt að vera fátækur og það mætti ekki auka erlendar skuldir. Við höfum heyrt þetta áður. En þetta eru harla lítil rök fyrir þeirri ásökun sem felst í því að halda fram að till. þær, sem hér eru fram bornar til breytinga, sýni ábyrgðarleysi vegna þess að það eigi að taka lán. Í fyrsta lagi segir ekki í þessum till. að það eigi að taka erlent lán. Það segir hvergi. Ég vitnaði í máli mínu áðan til þáltill. sem ég ásamt fleiri samþm. minum hef borið fram um auknar framkvæmdir í orkumálum árið 1979. Gert er ráð fyrir í þessari þáltill. að fjármagn það, sem til þurfi á árinu 1979, skuli fá með lántökum og beinum framlögum úr ríkissjóði, enda verði beitt niðurskurði á öðrum útgjöldum ríkissjóðs í því skyni.

Brtt., sem hér er borin fram, getur ekki fjallað um það að ákveða greiðslur úr ríkissjóði. Því er það ekki tekið fram. En ábyrgðarleysið í þessu efni er þó ekki meira en það, að við gerum ráð fyrir að önnur útgjöld ríkissjóðs séu skorin niður á móti.

Er það svo alveg víst að það væri ábyrgðarleysi þó að beinlínis væri lagt til að tekið væri erlent lán til tiltekinna framkvæmda í orkumálum? Ég held að það sé augljóst, ef við meinum eitthvað með því þegar við erum að tala um mikilvægi orkumálanna, að það þurfi ekki að vera ábyrgðarleysi að taka erlent lán til þess að spara erlendan gjaldeyri. Og það orkar ekki tvímælis, að ekkert sparar erlendan gjaldeyri meira en hagkvæmar framkvæmdir í orkumálunum.

Nei, það eina, ef við ættum að tala um ábyrgðarleysi í þessum efnum, er það, að það er ábyrgðarleysi að gera ekki greinarmun á þeim framkvæmdum, sem eru hagkvæmastar frá þjóðhagslegu sjónarmiði, og öðrum framkvæmdum. Við erum alltaf að tala um að það séu orkuframkvæmdirnar sem séu hagkvæmastar. Þess vegna getur það ekki að mínu viti verið ábyrgðarleysi að leggja áherslu á slíkar framkvæmdir.

ATKVGR.

Brtt. 735 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 541, n. 757). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Bragi Níelsson): Herra forseti. Í nál. heilbr.- og trn., sem hér liggur fyrir, greinir að í n. hafi verið haldnir fjölmargir fundir um þetta mál og n. leggur einróma til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem síðar greinir, en við endanlega afgreiðslu málsins var Ragnhildur Helgadóttir ekki viðstödd.

1. brtt., sem n. flytur, er við 3. tölul. 25. gr. Þar er aðeins um prentvillu í frv. að ræða þar sem stóð: „Þeir lífeyrissjóðir sem eiga aðild" o. s. frv., en ber að vera: „Þeir lífeyrissjóðir sem ekki eiga aðild að samkomulagi" o. s. frv.

2. brtt. er um að í upphafi 26. gr. skuli standa: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1980." Þarna er gildistöku laganna frestað um 4 mánuði frá því sem stendur í frv.

Í þriðja lagi er brtt. um að á eftir 26. gr. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Ákvæði til bráðabirgða. Fyrir 1. jan. 1980 skal ríkisstj. leggja fram frv. til laga sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna."

Eins og ég sagði áðan voru haldnir mjög margir fundir um frv., og eins og kom fram í ræðu ráðh. við 1. umr. þessa máls voru töluverð mótmæli gegn ýmsum liðum. Flestallir þeir aðilar, sem um málið hafa fjallað, og reyndar heldur fleiri voru kallaðir til viðtals við n. og reynt var að vinna þetta eins og kostur var, og fagna ég því að endanlega urðu nm. sammála.

Þetta merka mál hefur því miður verið mjög langan tíma í n. og það þýðir að skammur tími er til að koma því í gegnum þingið. En það má vera öllum mönnum ánægjuefni að endanlega fékkst algjör samstaða og ég undir-

strika það: algjör samstaða í nefndinni.

Ég vona því að hv. d. treysti sér til þess að hraða meðferð málsins svo að sá fjölmenni hópur aldraðs fólks, sem hér um ræðir og réttindasnauður í ellinni, megi horfa til bjartari framtíðar.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir starf hennar sem áreiðanlega var ekki létt, því að um þessi mál hafa verið miklar deilur í þeim nefndum sem um þau hafa fjallað og hefur það tafið málið mjög mikið. Að sjálfsögðu er ég ekki ánægður með að þessir 4 mánuðir frá 1. sept. til áramóta skuli glatast. En það skiptir þó mestu máli að málið sjálft, þetta stóra og mikla mál, er komið í höfn. Fólkið fær sín lífeyrissjóðsréttindi frá og með næstu áramótum, og síðan getum við í haust deilt um það, hvort þessi á að borga þessum milljónum meira en hinn o. s. frv. Ég er sem sagt mjög samþykkur þessari afgreiðslu málsins.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hér er um að ræða eitt af þeim fjölmörgu umbótamálum, sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar lét undirbúa að koma í gegnum Alþingi. Þetta frv. er eitt af þeim sem samið var um í júnímánuði 1977, þ. e. að greiða fyrir samkomulagi launþega um lífeyrismál, og hefur verið starfandi að þessum málum 17 manna n. um langan tíma. Það var algjör eining um þetta frv. þar til kom að fjármögnun þess. En þá, eins og gengur, upphófust nokkrar deilur um það, hver skyldi greiða kostnaðinn.

Í n. höfum við mikið um það rætt, hvernig ætti að fara með fjármögnunina, og ýmsar till. komu þar fram. Ekki hefur náðst sú eining að hægt væri að fá þetta frv. þannig í gegnum Alþ. að það tæki gildi 1. sept., eins og til stóð. — Hins vegar eru allir á einu máli um að þetta sé gott mál og nauðsynjamál og því fyrr sem það komist til framkvæmda því betra. Mig langar til að leggja áherslu á ákvæði til bráðabirgða og lesa það upp. „Fyrir 1. jan. 1980 skal ríkisstj. leggja fram frv. til laga sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna.“ Þegar þetta ákvæði var samþ. af viðkomandi aðilum fannst mér að það væri mjög mikið unnið og það varð raunverulega til þess að við gátum allir í n. verið sammála um að styðja þetta frv. í þessu formi.

Það verður að segjast, að hér er um að ræða mál sem um langan tíma hefur valdið einu mesta efnahagsmisrétti í þessu landi, þ. e. a. s. eftirlaun aldraðra, laun og eftirlaun þess fólks sem er komið að sjötugu eða meira. Þetta er fólkið sem ötullegast hefur unnið að uppbyggingu þessa lands, hefur í raun og veru breytt landinu úr örreytiskoti í hina blómlegustu byggð á jarðríki. Það er í raun og veru óskaplega ósanngjarnt hve illa hefur verið búið að þessu fólki, en það hefur að mjög verulegu leyti byggst á því erfiða fjárhagsástandi og þeirri geysilegu verðbólgu sem verið hefur hér á síðustu áratugum. Þetta hefur leitt til þess að sjóðir, sem fólk hefur aflað sér á sinni starfsævi, hafa rýrnað og rýrnað, og ekki er því að neita, að stjórnvöld hafa í raun og veru fram að síðustu árum staðið ötullega gegn því að á þessu yrði ráðin nokkur bót.

Hér í þinginu hefur legið á undanförnum árum og liggur enn frv. sem hefði getað ráðið bót á þessu ef það hefði náð fram að ganga. Það er frv. þar sem er gert ráð fyrir gegnumstreymi, þ. e. a. s. eftirlaunum í raun og veru í svipuðu formi og laun Tryggingastofnunarinnar til aldraðra eru nú. En úr því að ekki næst samkomulag um að fá það frv. í gegnum þingið, þá tel ég að það sé vel farið að þessar þúsundir manna, sem þetta frv. nær til, fái nú nokkra umbun. Þá er enn eftir nokkur hópur, 4—5 þús. manns, sem njóta ekki enn annarra eftirlauna en frá Tryggingastofnuninni, og það er ástæða til að ætla að á næsta Alþ. verði einnig gengið frá aukatekjum til þessa fólks.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr. lýsti ég yfir fullum stuðningi við það. Þetta er áfangi að því takmarki að senn verði að veruleika verðtryggðir lífeyrissjóðir fyrir alla landsmenn. Það lét einhver þau orð falla við 1. umr. um þetta mál, að ef ekki yrði gerð sú breyting að verðtryggja lífeyrissjóði yrði ekki langur tími þangað til allflestir lífeyrissjóðir landsins yrðu gjaldþrota.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. er þetta mál tekið sérstaklega fyrir, þar sem ákveðið er að vinna að því að einn verðtryggður lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn verði að veruleika, og er það vel.

Hér er um áfanga að ræða sem ber að fagna. Ég gerði athugasemd við 1. umr. um fjáröflunarleiðina og sérstaklega að því er varðar sveitarfélögin, þ. e. Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég vakti athygli á því, að það er viss árátta hjá stjórnvöldum sérstaklega að ganga í þennan sjóð, eina verðtryggða tekjustofninn sem sveitarfélög í landinu hafa, og láta hann fá útgjaldahlutverk án þess að sveitarfélögin hafi þar nokkuð um að segja. Þessu áformi vildi ég mótmæla, enda kom það á daginn að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga lagði fram mótmæli gegn þessu ákvæði í frv. og hefur að sjálfsögðu gert nefndinni grein fyrir afstöðu sinni.

Út af fyrir sig get ég fellt mig við ákvæði til bráðabirgða sem n. hefur orðið sammála um, að fyrir 1. jan. 1980 skuli ríkisstj. leggja fram frv. til laga sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna. Þetta er vissulega jákvæð afstaða og um leið viðurkenning á því að áformið í frv. var rangt. Ég lýsi því yfir, að í trausti þess að staðið verði við þetta mun ég að sjálfsögðu fylgja málinu. En ég undirstrika það, að þetta er fjáröflunarleið sem ekki er hægt að fara nema til komi auknar tekjur í Jöfnunarsjóð á móti fyrir sveitarfélögin.

Að öðru leyti endurtek ég, að ég lýsi fyllsta stuðningi við frv. til laga um eftirlaun til aldraðra og tel það vera merkan áfanga að því takmarki sem ég tel að við eigum að stefna að, að sem fyrst verði lífeyrissjóðamálið eða lífeyristryggingamálið leyst á þann veg að allir njóti sama réttar í þessu þjóðfélagi. Það er réttlætismál.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Eins og segir í grg. með frv. þessu er tilgangur þess að hrinda í framkvæmd fyrirheitum um lífeyrismál sem ríkisstj. gaf í júnímánuði 1977 til að greiða þá fyrir samkomulagi við launþega. Ekki ætla ég þeim mönnum að um viljaleysi hafi verið að ræða, heldur aðeins það hvað málið var vandasamt, að þetta mál hefur ekki séð dagsins ljós fyrr en nú. En það sýnir þá kannske um leið hvers vegna við í n. höfum verið nokkra stund að afgreiða málið frá okkur, úr því að fyrrv. hæstv. ríkisstj., sem samdi um þetta ákvæði í júnímánuði 1977, hafði ekki tekist að koma því á borð okkar, áður en hún

fór frá, vegna einmitt þess vanda sem alveg sérstaklega felst í fjármögnun.

Ég held að það hafi ekki farið neitt á milli mála í heilbr.- og trn., að þar voru allir á því að meginefni þessa frv. ætti að lögfesta sem allra fyrst. Og ég held að það sé ekkert gleðiefni fyrir neinn okkar, sem í þessari n. störfum, að þurfa að færa gildistökuna til 1. jan. En eftir að búið var að skoða málið nánar og kynnast hug þeirra aðila, sem þurfa að taka á sig þessar byrðar, og kynnast hag sumra hverra þeirra sjóða sem þar eiga fé af hendi að láta, þá var ofureðlilegt að við freistuðumst til þess að fresta þessu annars svo nauðsynlega máli svo sem nál. ber vitni um.

Það hefur sem sagt dregist langt um of, miðað við það samkomulag sem gert var 1977, að hrinda þessu máli í framkvæmd. Og það er út af fyrir sig ekkert gleðiefni að þurfa að draga það 4 mánuði enn þá, þó ég telji það vel þess virði ef á þeim tíma finnst réttlát og eðlileg leið til þess að standa undir fjármögnun þannig að menn verði sæmilega ánægðir með það, þó ég efist um að einhverjir erfiðleikar eigi eftir að koma þar til.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóðinn vitum við auðvitað öll að vandi hans er nú mikill. Það hefur komið skýrt fram í máli hæstv. heilbrrh. áður á þessu þingi, að það væri stefna hans og ríkisstj. að fella fæðingarorlofið svokallaða, sem nú hvílir á Atvinnuleysistryggingasjóði, út úr þeim sjóði, færa það yfir á þann rétta vettvang sem fæðingarorlofið á að vera, inn í almannatryggingakerfið. Vitanlega þarf þá nýr aðili þar til að koma til þess að greiða. En það óeðlilega fyrirkomulag, sem nú er, verður þá afnumið og um leið verður vissum byrðum létt af Atvinnuleysistryggingasjóði og hugsanlegt að hann gæti þá, án þess að ég ætli neitt um það að fullyrða, tekið á sig vissar skuldbindingar varðandi þetta tiltekna frv.

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er það auðvitað staðreynd, að sveitarfélögin, eins og margoft hefur verið tekið fram, standa mörg hver eða flest hver höllum fæti, eiga í erfiðleikum. Þegar kom í ljós til viðbótar að ekki hafði verið leitað samráðs við sveitarfélögin varðandi framlagningu þessa frv. og þær byrðar sem sveitarfélögunum var ætlað að taka á sig með því gjaldi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, þá var von að við hikuðum nokkuð við og vildum skoða allar mögulegar leiðir til þess að ná málinu fram, en engu að síður með þeim afleiðingum að gildistökunni yrði þá frestað.

Ég held sem sagt að aðalatriðið sé það, sem kom fram í máli hv. frsm., að málið er nú komið á réttan rekspöl og við höfum sett ákvæði til bráðabirgða sem er ákveðið og við treystum að verði framfylgt. Við þekkjum önnur ákvæði til bráðabirgða sem sett hafa verið, þar á ég við fæðingarorlofið, fjögurra ára gömul ákvæði til bráðabirgða sem samþ. voru og aldrei hafa komist í framkvæmd og aldrei hefur verið gert neitt í mér vitanlega af alvöru til þess að leiðrétta, fyrr en þá að því hefur verið hugað í tíð núv. ríkisstj. Því held ég að þetta ákvæði, sem hér er til bráðabirgða, leggi stjórnvöldum þá skyldu á herðar að leysa vanda þessara tveggja sjóða, með hvaða hætti sem það verður gert, án þess að ég vilji fullyrða það hér og nú að ég sé á því að létta alfarið þessum byrðum af þessum sjóðum. Ég álít að það sé mjög hæpið að hugsa sér að sveitarfélögin taki engan þátt í þessu. En það þarf þá að tryggja hag þeirra betur. (Gripið fram í.) Já, þau gera það. Ég meina: til viðbótar. Og sama er að segja um Atvinnuleysistryggingasjóð ef staða hans batnar gagnvart fæðingarorlofinu. Ég er þess vegna alls ekki að halda því fram, og veit að meðnm. mínir eru mér sammála um að við erum alls ekki að halda því fram, að það eigi algjörlega að þurrka út hlutdeild þessara tveggja sjóða, þó að vissum byrðum verði af þeim létt svo að þeir eigi betra með að taka við þeim byrðum sem kynnu að verða lagðar á þá í þessu sambandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 757,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 757,2 samp. með 13 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 757,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 714). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Hvalveiðar, frv. (þskj. 492, n. 739). — 2. umr.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 frá 9. maí 1949, um hvalveiðar, og hafa nm. orðið sammála um að leggja til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, frv. (þskj. 474 (sbr. 196), n. 738). — 2. umr.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. til l. um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi og hefur n. orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 104. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, að loknum 103. fundi.

Húsnæði menningarstofnana, þáltill. (þskj. 725). — Ein umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um húsnæði menningarstofnana ríkis og sveitarfélaga. Ég tel ekki rétt á þessum síðustu dögum þingsins að hafa langa framsögu fyrir till. sem þessari. Í grg. leituðust flm. við að setja fram í sem allra stystu máli meginatriðin sem liggja til grundvallar þessum tillöguflutningi, og vil ég láta nægja að vísa til þess sem þar segir.

Ég leyfi mér að leggja til að umr. verði frestað og till. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hvalveiðar, frv. (þskj. 492). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 773 (sbr. 541)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Bragi Níelsson): Herra forseti. Sá galli var á gjöf Njarðar eða öllu heldur á brtt. heilbr.- og trn. við þetta frv. þegar till. voru lagðar fyrir 2. umr. þessa máls, að á fimm stöðum í frv. þarf að leiðrétta ártal eða dagsetningar öllu heldur, og vil ég með skrifl. till. óska eftir að þessar dagsetningar verði leiðréttar.

Það er í fyrsta lagi við 1. mgr. 21. gr. Þar sem stendur: „skal árin 1979—1981 greidd sérstök uppbót" skal standa: skal árin 1980—1981 greidd sérstök uppbót.

Önnur brtt. er við 2. mgr. sömu greinar, að hún hefjist þannig: Lífeyrishækkanir greiddar árin 1980—1981 af lífeyrissjóðum.

Í þriðja lagi er brtt. við 22. gr. Þar sem stendur: „skal árin 1979—1981 greidd sams konar uppbót" skal standa: skal árin 1980—1981 greidd sams konar uppbót.

Í fjórða lagi er brtt. við 24. gr. þar sem stendur „á árunum 1979—1981" skal standa: á árunum 1980—1981.

Í fimmta lagi er brtt. við 26. gr. Þar sem stendur: „Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil til 1. sept. 1979" skal standa: Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil til 1. jan. 1980.

Ég vil leyfa mér að flytja þessar brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 780) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 780,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 780,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 780,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 780,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 780,5 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, frv. (þskj. 474 (sbr. 196)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 789).

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979, frv. (þskj. 686, 735). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Við 2. umr. málsins mælti hv. 5. þm. Vestf. fyrir brtt. sem hann flytur við þetta frv. Þá kom ekki fram álit fjh.- og viðskn. á þessum till., en nm. hafa nú athugað þær.

Eins og fram kom í yfirlýsingu hæstv. fjmrh. við 2. umr. er orkumálakafli fjárfestingaráætlunar til athugunar hjá hæstv. ríkisstj. með það fyrir augum að hraða framkvæmdum sem leitt geta til orkusparnaðar. Í yfirliti, sem n. barst frá hæstv. iðnrh., eru rakin mörg atriði sem þar koma til greina, m. a. þau sem fjallað er um í brtt. hv. 5. þm. Vestf.

Afgreiðsla lánsfjáráætlunarinnar hefur dregist svo að frekari dráttur, sem af breytingum á henni leiddi, mundi leiða til mikilla vandræða. Þess vegna getur fjh.- og viðskn. ekki mælt með því að till. verði samþ. En ef hv. flm. dregur þær til baka mælir n. með þeim við ríkisstj. við endurskoðun á orkumálakaflanum.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er nú augljóst mál að það virðast allir, sem hafa tjáð sig um brtt. mínar við þetta frv., vera þeim samþykkir. Ég get ekki skilið annað en allir teldu að best væri að þær yrðu samþykktar og ríkisstj. fengnar í hendur þær heimildir sem þar er gert ráð fyrir til fjáröflunar. Samt treysta menn sér ekki til að mæla með þessu, eins og fram kom í máli hv. 6. þm. Suðurl., formanns hv. fjh.- og viðskn. sem

nú á milli 2. og 3. umr. tekur brtt. mínar til meðferðar. Hv. 6. þm. Suðurl. sagði að þeir í hv. fjh.- og viðskn. treystu sér ekki að mæla með samþykkt brtt. minna vegna þess að þá þyrfti málið að fara í hv. Nd. og sá dráttur mundi leiða til vandræða. Við getum haft okkar skoðanir á hv. Nd. Allir höfum við þá skoðun að við jöfnum henni ekki við hv. Ed. En ég hygg samt að það sé nokkuð mikið vantraust á hv. Nd. að ætla að það sé ofverkið hennar að skila þessu máli í höfn þó að við gerum svo sjálfsagðar breytingar sem brtt. mínar gera ráð fyrir. En ég verð að taka nokkurt tillit til þess sem hv. fjh.- og viðskn. segir í þessu máli. Mig uggir að ef það fer fram atkvgr. um þessar till., þá geti svo farið að þær verði felldar. Til þess að forða ágætum stuðningsmönnum þessara till. frá þeim örlögum að fella till. tel ég rétt eftir atvikum að draga till. mínar til baka, en þó á þeirri forsendu, að það verði eftir því tekið og það hafi raunhæfa þýðingu að hv. fjh.- og viðskn. mælir með þessum till. við ríkisstj. þegar ríkisstj. gerir þær ráðstafanir er hún hyggst gera til þess að hraða ýmsum orkuframkvæmdum.

Hv. 6. þm. Suðurl. sagði að n. mundi mæla með till. mínum við ríkisstj. ef ég drægi þær til baka, eins og hann orðaði það. Ég vænti þess, að þetta eigi ekki að skilja sem eitthvert skilyrði eða úrslitakosti af hálfu hv. fjh.- og viðskn., að hv. fjh.- og viðskn. hefði fylgt sannfæringu sinni og mælt með þessum till. jafnvel þó að ég drægi þær ekki til baka. En ég tel rétt, eins og ég sagði, að draga till. til baka. Ég legg ákaflega mikið upp úr áliti hv. fjh.- og viðskn. Það var víst einhvern tíma sagt um einhvern mætan mann, að ádráttur af hans hálfu væri betri en loforð frá öðrum. Ég held að þegar fulltrúar í n., sem er skipuð svo ágætum og áhrifamiklum mönnum sem fjh.- og viðskn. Ed., sameinast í vilja sínum til þess að koma í framkvæmd till. sem felast í brtt. mínum, þá megi vænta þess að það verði gert. Í því trausti dreg ég till. til baka.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Mér gafst ekki færi á að taka þátt í 2. umr. um þetta mál, en vil nota þetta tækifæri, fyrst umr. verða hér við 3. umr., að lýsa þeirri skoðun minni, að þær till., sem hér hafa verið fluttar við 2. umr. og einnig nú við 3. umr., eru að mínum dómi mjög skynsamlegar ráðstafanir í orkumálum, þótt það hafi verið útskýrt hér að nauðsyn beri til þess að við afgreiðum lánsfjáráætlunina með þeim hætti sem við erum að gera hér nú vegna vantrausts okkar — þrátt fyrir alla virðingu á hv. Nd. Alþ. — að henni takist að ljúka málinu í tæka tíð. En það breytir ekki þeirri skoðun minni, að það er mitt mat að hér í hv. d. sé í raun meiri hl. fyrir því að láta fara fram bæði þá línulögn og eins þær boranir og aðrar hugmyndir sem hér hafa verið reifaðar til þess að ná meiri hagkvæmni í orkumálum og bæta úr fyrirsjáanlegum orkuskorti. Ég tel t. d. að miðað við þá fjárfestingu, sem þegar hefur verið lögð í Kröfluvirkjun, og mat þeirra sérfræðinga, sem þar hafa látið í ljós skoðanir, og þá staðreynd að borinn er nú fyrir norðan, þá sé tvímælalaust rétt að láta fara fram borun á a. m. k. einni holu við Kröflu til þess að sjá hvort það leiðir ekki til jákvæðrar niðurstöðu. Eins og hér hefur komið fram hvað eftir annað um meðferð þessa máls hér í dag, þá hefur af vinnutæknilegum ástæðum í þinginu nánast ekki verið kleift vegna tímaskorts að láta þennan eðlilega vilja koma hér fram, en ég vildi samt sem áður láta þess getið sérstaklega svo að það færi ekki á milli mála.

ATKVGR.

Brtt. 735 teknar aftur.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 790).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 643, n. 765). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Bragi Níelsson): Herra forseti. Þetta frv. um aðstoð við psoriasissjúklinga er þannig vaxið að allir vildu gjarnan styðja þetta mál. Málið hefur tekið ýmsum breytingum í meðferð þingsins. Í þeirri mynd, sem það kom frá Nd., höfum við í heilbr.- og trn. Ed. athugað málið vandlega. N. hefur fjallað um það á nokkrum fundum sínum og er sammála um að mæla með samþykkt þess. N. telur þó að í reglugerð, sem tryggingaráð kemur til með að semja, verði um að ræða fastari tengsl við húðsjúkdómadeild Landsspítalans en gert er ráð fyrir í núverandi frv.

Svona mál er vissulega vandmeðfarið, og n. er ljóst að ef farið er verulega út í það að styrkja sjúklinga til lækninga erlendis verði þar vel á málum að halda svo að ekki geti orðið um misnotkun að ræða. En til að tefja ekki málið var ekki lagt til að nein breyting yrði gerð á frv. eins og það liggur fyrir, en þó bent á þá leið að húðsjúkdómadeild fylgist náið með þessum sjúklingum, bæði áður en og eftir að sjúklingurinn fer til slíkrar meðferðar, svo að sjá megi hverjum hún dygði og hverjum dygði ekki. Því mælir n. með samþykkt þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lausaskuldir bænda, frv. (þskj. 661 (sbr. 531), n. 764). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Landbn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán, en þar er gert ráð fyrir að veðdeild Búnaðarbankans sé heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa sem skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestingar sem þeir hafa ráðist í á jörðum sínum á árunum 1970—1979, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

Hér er um að ræða ákvörðun hæstv. ríkisstj. um að beita sér fyrir aðgerðum til að hægt verði að breyta hluta af lausaskuldum bænda í föst lán. Yfirleitt er hér um að

ræða, eins og segir í grg., bændur sem nýlega hafa staðið í framkvæmdum eða nýlega byrjað búskap. Samkv. könnun Stéttarsambands bænda á því, hve margir bændur óskuðu eftir aðstoð við að breyta lausaskuldum sínum í föst lán, kom í ljós að umsóknir bárust frá 406 bændum og lausaskuldir þeirra námu, miðað við fjárhagsstöðu umsækjenda um áramótin 1977—1978, alls um 1.2 milljörðum kr. Hér er um að ræða háa upphæð. En ráð er fyrir því gert að reynt verði að vinsa hér úr það sem nauðsynlegast er, og mun verða unnið að athugunum á aðstæðum umsækjenda og gerðar till. um nánari reglur um mat umsókna eftir mismunandi þörfum og skilyrðum þess að skuldabreytingin komi að notum. Hér er sem sagt gefin út heimild til þess að veðdeild Búnaðarbankans fari út í það að breyta hluta af þessum lausaskuldum bænda í föst lán.

Það má geta þess, að 1969 voru samþ. svipuð lög hér á Alþ. um að breyta lausaskuldum bænda þá í föst lán. Sá starfshópur, sem að þessu hefur unnið, hefur kynnt sér hvernig sú aðstoð kom út. Allt bendir til þess að það hafi breytt fjárhagsstöðu bænda mjög eindregið í átt til hins betra þannig að þeir hafi flestir hverjir bjargast úr sínum fjárhagsvanda, og aðeins fáir þeirra sækja nú um aðstoð.

N. hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt eins og það er komið frá Nd., og undir þetta rita allir nm. landbn. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13. shlj. atkv.

Efri deild, 105. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, að loknum 104. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 643). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 791).

Lausaskuldir bænda, frv. (þskj. 661 (sbr. 531)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 792).

Neðri deild, 89. fundur.

Miðvikudaginn 16. maí, kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 71). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 768).

Námsgagnastofnun, frv. (þskj. 481). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 769).

Verðgildi íslensks gjaldmiðils, frv. (þskj. 644). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 770).

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 547). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 771).

Félagsheimili, frv. (þskj. 446). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 772).

Grunnskóli, frv. (þskj. 620, n. 693 og 702). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Afborgunarkaup, frv. (þskj. 508). — 3. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég gerði í gær aths. við frv., sem er hér til umr., og leyfði mér að benda á að þar sem seint hefðu komið fram umsagnir, annars vegar frá Verslunarráðinu og hins vegar frá Neytendasamtökunum, væri tilhlýðilegt að hv. fjh.- og viðskn. tæki málið til athugunar aftur, þó að ekki væri nema í hálftíma eða klukkutíma, til að fjalla um það við fulltrúa þessara samtaka, auk lagasmiðsins sem mér skilst að sé Gylfi Knudsen fulltrúi eða deildarstjóri í rn. Þetta hefur ekki verið gert, enda eru menn önnum kafnir. Ég verð að harma þetta, því að hv. 3. þm. Vestf. ætlaði reyndar að bera þau boð hv. 1. þm. Austurl. að þetta yrði gert í n. á milli umr. Þar sem hæstv. viðskrh. hefur hins vegar sagt mér að hann muni beita sér fyrir því að hv. fjh.- og viðskn. Ed. taki á málinu með þessum hætti sé ég ekki ástæðu til að fara fram á frekari frest. En ég bendi enn þá einu sinni á að ef samþykkt þessa frv. leiðir til þess að afborgunarkaup, þ. e. a. s. kaup með afborgunarskilmálum og eignarréttarfyrirvara, falla úr gildi, en í staðinn verður eingöngu um víxlaviðskipti að ræða, þá er verr af stað farið en heima setið.

Í trausti þess, að viðskrh. láti könnun fara fram í Ed. og sjái til þess að tilvonandi lög nái þannig tilgangi sínum, ætla ég ekki að tefja málið frekar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég bjóst satt að segja við að ósk hv. síðasta ræðumanns um að afgreiðslu þessa máls yrði frestað og málið athugað betur yrði samþ. Ég er jafnsannfærður og hann um að ábending þeirra, sem mest skipta við þá þjóðfélagsþegna sem nota sér afborgunarskilmála, er þess virði að hún verði skoðuð betur. Ef víxlakaup aukast og viðskiptavenjur breytast þar af leiðandi í þá átt sem varað hefur verið við vil ég að þm. sé ljóst, þegar þeir samþykkja þetta frv. og neita að athuga það betur, eins og ósk hefur komið fram um, að útgáfa víxla er ekkert annað en útgáfa á peningaseðlum sem fólkið sjálft gefur út vegna þess að það eru hömlur á gjaldmiðli þjóðarinnar, settar af opinberum aðilum: ríkisstj. að ráðum þjóðbankanna. Aukin víxlaútgáfa er seðlaútgáfa til viðbótar við það sem þjóðbankastjórar og aðrir ráðgjafar ríkisstj. ráðleggja. Það er svo mikill verðbólguauki, að ég sé ástæðu til að undirstrika ósk hv. síðasta ræðumanns um að afgreiðslu þessa máls verði frestað og allar afleiðingar af samþykkt frv. verði kannaðar betur áður en endanlega verður frá því gengið, en að þm. gangi með opin augun til samþykktar þessa frv. og geri sér ljóst að víxlaviðskipti eru ekkert annað en aukin seðlavelta í landinu, hvað sem það kann svo að kosta fyrir þjóðfélagið í heild.

Frsm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég sagði við umr. um þetta mál í gær, að ég teldi út af fyrir sig ekki óeðlilegt að orðið væri við ósk hv. þm. Friðriks Sophussonar um að fjalla aftur um málið milli 2. og 3. umr. í hv. n., og ég flutti um það skilaboð til formanns fjh.- og viðskn. En eins og annríki er hér á þingi í þessari viku hefur ekki unnist tími til að fjalla um málið í fjh.- og viðskn. Nd. á nýjan leik. Mér finnst eftir atvikum að ætti að vera hægt að láta duga að viðbótarathugun fari fram í Ed., eins og hv. þm. Friðrik Sophusson lýsti yfir áðan að hann féllist á. Ég hélt nú reyndar að málið væri þar með leyst með viðunandi samkomulagi.

Ég ætla hér ekki að svara fyrir n. í heild í þessum efnum, heldur vil ég aðeins taka fram vegna þess sem ég sagði í gær, að ég hef komið skilaboðunum á framfæri og hv. þm. Friðrik Sophusson hins vegar fallist á að sú athugun, sem hann fór fram á, eigi sér stað í hv. Ed.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég held að það hafi komið fram í umr. í gær alveg skýrt um hvað sá vandi snýst sem hér er á ferðinni, þ. e. a. s. sú staðhæfing að þetta frv. gæti hugsanlega haft í för með sér, ef lögfest yrði, að menn nýttu síður eignarréttarfyrirvarann en víxilréttinn í viðskiptum sín í milli. Ég held að best sé að taka á málinu eins og ég ræddi um við hv. 5. landsk. þm., Friðrik Sophusson. Þegar ég mæli fyrir málinu í Ed. mun ég óska eftir að fjh.- og viðskn. Ed. kveðji til þá aðila sem hér hafa verið tilnefndir, þ. e. a. s. höfunda frv., t. d. Gylfa Knudsen og fulltrúa Verslunarráðsins og Neytendasamtakanna, til þess að fjalla um þetta mál.

Ég efast satt að segja um að sú staðhæfing Verslunarráðsins sé rétt, að lögfesting frv. mundi þýða að menn slepptu yfirleitt eignarréttarfyrirvaranum. Ég held að það færi eftir tegund viðskiptanna, upphæðum og aðstæðum á hverjum tíma. Ég hygg því, að sú hætta sem þar er bent á, að þetta gæti haft í för með sér stóraukið víxlaflóð, sé ekki á rökum reist. En mér finnst sjálfsagt að kanna málið og er þess vegna reiðubúinn til þess, að það verði gert í fjh.- og viðskn. Ed., og mun leggja það til þegar ég mæli fyrir málinu í þeirri deild.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég undirstrika það sem kom fram í umr. í gær og segir að sjálfsögðu í frv., að ef um víxlaviðskipti er að ræða eru þau talin endanleg skipti milli þess, sem selur, og þess, sem kaupir. Eignarréttarheimild seljanda fellur því niður og eftir standa aðeins hinar venjulegu kröfur sem viðsemjandi hefur á víxilhafa.

Ég furða mig á því enn meira en áður að hæstv. ráðh. leyfir sér að efast um að sú staðhæfing Verslunarráðsins sé rétt, að víxlaflóð aukist í viðskiptum verði þetta frv. að lögum. Vona ég að ráðh. Íslands leyfi sér ekki að mæla með samþykkt á frv. sem hann hefur nokkurn efa um að sé til bóta. Meðan þessi efasemd er í huga ráðh. óska ég eftir því að sá frestur, sem hv. þm. Friðrik Sophusson fer fram á, verði samþykktur og ekki verði endanlega frá frv. gengið á þessu þingi. Og ég vil undirstrika, að ef það reynist rétt, sem Verslunarráð Íslands hefur haldið fram, og víxlaflóð eykst, frjáls útgáfa á peningaseðlum eykst við samþykkt þessa frv., þá er það ríkisstj. ein með viðskrh. í broddi fylkingar sem hefur hvatt fólk til þess að gefa út eigin peninga, eigin gjaldmiðil.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er alveg greinilegt á ummælum hv. 1. þm. Reykv. að þar er um að ræða grundvallarmisskilning. Afborgunarkaup

hafa farið fram þannig á undanförnum árum, eins og allir vita hér í þessu landi og hér í þessu húsi, að menn hafa bæði haft eignarréttarfyrirvarann og víxilréttinn og notað hvorn tveggja. Frv. þetta gerir ráð fyrir að menn nýti sér aðeins annað hvort. Víxlaflóð eykst auðvitað ekki frá því sem verið hefur. (Gripið fram í.) Nei, það fullyrðir Verslunarráðið ekki. Verslunarráðið fullyrðir að menn muni jafnvel ekki nota eignarréttarfyrirvarann. Það þýðir ekki að víxlum fjölgi í afborgunarviðskiptum. Ég held því að þarna sé um að ræða grundvallarmisskilning hjá hv. 1. þm. Reykv., sem kemur mér satt að segja afskaplega mikið á óvart. Það er meginhugsunin í þessu frv. að greina á milli eignarréttarfyrirvarans og víxilréttarins, þannig að menn séu ekki bundnir báðum þessum réttarúrræðum í sambandi við vanefndir og annað sem upp kann að koma í þessu máli. Það er atriði sem ég held að við verðum að hafa alveg á hreinu, að hérna er ekki verið að flytja frv. til l. um aukið flóð á víxlum. Það er alger misskilningur.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég er í grundvallaratriðum mótfallinn því, að erindi sem berast nefnd deildarinnar séu afgreidd með því að senda þau hinni deildinni. Það tel ég ekki heppileg vinnubrögð.

Hitt er svo annað mál, að ég er ekki eins hræddur við þetta lagafrv. og væntanlega lagasetningu og hv. 1. þm. Reykv., þar sem hann virtist telja að með þessu færu menn að gefa út seðla í samkeppni við Seðlabankann. (**AG:** Hvað eru víxlar?) Víxlar eru ávísun á skuld sem annar maður lánar viðkomandi. (Gripið fram í.) Ég efast ekki um að hv. 1. þm. Reykv. hafi aldrei tekið víxil, þannig að ekki er nema von að hann spyrji hvað slíkt sé. En ég get upplýst að víxill er skuldarviðurkenning. Sá, sem selur vöruna, lánar fé. (Gripið fram í.) Peningaseðlar eru löggiltur mælikvarði á hvað maður hefur unnið sér inn og aflað og annað ekki, en kaup með afborgunum, hvort sem þau eru tryggð með víxlum eða eignarréttarfyrirvara, eru nákvæmlega sama eðlis, nefnilega þess eðlis að sá, sem á vöruna eða hlutinn, lánar hinum part af honum í tiltekinn tíma. Hér er því algerlega ólíku saman að jafna.

Með því að hér er nú um tímaþröng að tefla eins og oft áður og með því að hv. 5. landsk. þm. hefur fallist á þessa málsmeðferð, sem ég er í sjálfu sér á móti eins og hann og hv. 1. þm. Reykv., því að ég tel að hvor d. sé til þess sett að skoða sín mál, en ekki að treysta á hina, ætla ég að láta þetta afskiptalaust.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Jarðræktarlög, frv. (þskj. 698, n. 733 og 763). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. Landbn. Nd. hefur athugað frv. og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl., sem skilar nál. á þskj. 733, leggur til að frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed. Hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson skrifar undir með fyrirvara, en hv. þm. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Minni hl., hv. þm. Eggert Haukdal og Pálmi Jónsson, skilar séráliti.

Þetta frv. felur í sér að styrkir og lán til framkvæmda í landbúnaði séu samræmd meira en verið hefur og að næstu 5 ár verði dregið úr styrkjum til ákveðinna framkvæmda samkv. 3. gr. frv.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 763 leggur minni hl. landbn., við fulltrúar stjórnarandstöðunnar, til að frv. þetta verði fellt.

Aðdragandi frv. þessa er með óvenjulegum hætti. Venja er að þegar frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum er til meðferðar Alþingis hafi starfað mþn. af hálfu Búnaðarþings skipuð fulltrúum bændasamtakanna ásamt öðrum sem til eru kvaddir. Það hefur ekki gerst að þessu sinni. Eigi að síður voru drög að þessu frv. lögð fyrir Búnaðarþing á s. l. vetri og klofnaði Búnaðarþing í afstöðu sinni til þess. Niðurstaðan varð samt sú, að tekin var ákvörðun um að skipa mþn. frá bændasamtökunum til þess að endurskoða jarðræktarlögin. Það er enda sú eðlilega leið sem frv. af þessu tagi á að ganga að mínum dómi.

Nú skal ég ekki fullyrða að ekki sé ástæða til að breyta jarðræktarlögunum í einu eða öðru. Hitt er ljóst, að með tilliti til þess, sem nú er rætt um stefnu í landbúnaði, er nauðsynlegt og eðlilegt að marka fyrst stefnuna. Það hefur ekki verið gert. Alþ. hefur ekki ákveðið hvaða stefnu á að framfylgja í landbúnaði á næstu árum. Eftir að stefna hefur verið tekin er eðlilegt að jarðræktarlög sem og aðrir þættir landbúnaðarlöggjafarinnar séu færð í það horf að samræmist þeirri stefnu sem Alþ. hefur markað. Þetta frv. er því á tvennan hátt rangt tímasett og hefur ekki hlotið þann undirbúning sem eðlilegur má teljast. Efnisatriði þessa frv. eru enda sum þessu marki brennd.

Í fyrsta lagi er það nýmæli í landbúnaðarlöggjöf, að hún feli í sér að veita landbrh. mjög yfirgripsmiklar heimildir til ráðstöfunar fjármagns án þess að það sé bundið í lögum. Þær leiðir, sem rætt er um í frv. að nota til þess að verja því fjármagni sem hér er um að tefla, sem væntanlega kynni að verða nokkur hundruð millj. kr. á ári, eru enda sumar hverjar þess háttar að næsta óljóst er hvað um framkvæmd yrði og hversu mikið gagn yrði að fjárveitingum. Einnig þessi þáttur málsins er mjög svo óljós og óeðlilegur og úr samhengi við það sem tíðkast hefur í sambandi við fjárveitingar til landbúnaðarins. Enn má minna á að hæstv. núv. landbrh. hefur rætt um að fé, sem kynni að koma í hans vörslu og til útdeilingar af hans hálfu á grundvelli þessa lagafrv., ef samþykkt verður, kynni að verða notað til að endurgreiða lán, sem er næsta óskylt þeim verkefnum sem talin eru upp í frv. sjálfu.

Af öllum þessum tilteknu ástæðum og raunar miklu fleiri sér minni hl. ekki ástæðu til að samþykkja þetta frv. og leggur til að það verði fellt, eins og fyrr er frá greint.

Með tilliti til þess, sem nú blasir við um eindæma vorharðindi, gífurlegan gadd í jörð, algert gróðurleysi og nauman heyforða í landinu, að ekki sé sterkara að orði kveðið, er ekki vitað hvort ástæða sé til að samþykkja á þessari stundu lög sem skera stórlega niður framlög til jarðræktarframkvæmda. Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma, það mætti hafa um það langt mál, en ítreka afstöðu minni hl. sem leggur til að frv. verði fellt.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Ég styð þetta frv. í heild sinni og vísa til máls frsm. meiri hl. hvað það varðar, en hef þó fyrirvara um eina grein og ætla að leyfa mér að lýsa þeim fyrirvara.

Umrædd grein er 4. gr. frv., þar sem segir á þá leið í ákvæði til bráðabirgða að „á árunum 1980—1985 skal í fjárlögum ætla til framkvæmda samkv. ákvæðum 10. gr. fjárhæð sem nemur meðaltali slíkra framlaga árið 1978 og 1979. Á þá fjárhæð skal árlega greiða verðlagsuppbót í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.“ — Hér er lagt til að á árunum 1980—1985 verði með þessum lögum bundin framlög á fjárlögum og Alþ. þar með skyldað til að leggja fé í þessa hluti á fjárlögum á sama tímabili. Í lögum, sem samþykkt voru á hv. Alþ. um stjórn efnahagsmála o. fl. ekki alls fyrir löngu, er í 8. gr. kveðið á um að fyrir árslok 1979 skuli ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar. Ég hef litið svo á að með þessu ákvæði hefði ríkisstj. markað þá stefnu að taka ekki frekari bindingar í lög, þ. e. a. s. bindingar sem skylda þingið til þess að samþykkja fjárframlög í eitt og annað, og það verði auðvitað að standa við þá stefnu í reynd. Það er ekki nóg að marka slíka stefnu, menn verða líka að framkvæma hana. Af þessum ástæðum þykir mér ekki fært að styðja 4. gr., en ítreka að ég er fullkomlega fylgjandi frv. að öðru leyti og tel það nauðsynlegt.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því sem hefur hér komið fram.

Ég vil í fyrsta lagi leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., að með lögum þessum sé verið að skera niður framlög til jarðræktar. Svo er ekki. Með þessum lögum er veitt heimild til, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að ákveða frávik eða draga úr styrkjum. Ekkert er sagt um að það verði gert. — Reyndar lít ég á þetta sem nánast aukaatriði í frv. Aðalatriðið er það sem um er fjallað í 4. gr. Þar er gert ráð fyrir að tryggja ekki minna fjármagn en veitt hefur verið undanfarin 2 ár til jarðræktar og fleiri mikilvægra framkvæmda á landbúnaði, þrátt fyrir þann samdrátt sem er augsýnilegur á næstu árum í framkvæmdum sem jarðræktarlögin gera ráð fyrir. Ég þarf ekki að rekja það hér fyrir hv. þm., hverjar þær framkvæmdir eru. Það kemur fram í liðunum a, b og c í seinni hluta 3. gr. Þarna er um að ræða að skjóta fleiri stoðum undir landbúnaðinn í þessu landi með nýjum búgreinum og hagræðingu á ýmsum sviðum, sem mér hefur heyrst á þm. að þeir teldu mjög mikilvægt.

Þetta eru ákvæði til bráðabirgða. Grundvelli laganna er ekki breytt nema með 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir samræmi í þessum styrkveitingum og þeim lánum sem Stofnlánadeildin veitir. Ég hef engan heyrt gera aths. við það út af fyrir sig. Þær breytingar voru undirbúnar að höfðu mjög nánu samráði við fulltrúa bænda, bæði hjá Búnaðarfélagi og Stéttarsambandi, og eru fluttar í því formi sem þessir aðilar töldu eðlilegt. Það er rétt að um þetta urðu nokkuð skiptar skoðanir á Búnaðarþingi. Mig minnir að tveir búnaðarþingsfulltrúar greiddu atkv. á móti þessu, en inn voru teknar ýmsar brtt. sem fram voru bornar. — En við getum auðvitað aflað okkur nánari upplýsinga um hvað mótatkv. voru mörg.

Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður, Finnur Torfi Stefánsson, sagði áðan, vil ég segja nokkur orð. Ég sé að hann er farinn úr salnum, en ég vil þó upplýsa að rétt er, að í lögum um stjórn efnahagsmála er gert ráð fyrir að endurskoða markaða tekjustofna. Að sjálfsögðu verður þessi tekjustofn þar með. Hins vegar er slíkt ekki komið til framkvæmda. Ég vil vekja athygli á því, að menn hafa verið að flytja hér margar till. um markaða tekjustofna, eins og t. d. í viðamiklu frv. um aðstoð við þroskahefta o. fl., og hef ég ekki orðið var við að þeir setji efnahagslögin fyrir sig, enda hlýtur allt slíkt að falla undir áðurnefnda endurskoðun þegar að henni kemur. (Gripið fram í.) Hv. þm., sem greip fram í, hefur sjálfur staðið að því að veita fjármagn samkv. þessum markaða tekjustofni í nokkur ár. Ekki er farið fram á að breytt verði út frá því, svo að hér er ekki um nýjan markaðan tekjustofn að ræða. En að sjálfsögðu verður hann tekinn til endurskoðunar í samræmi við lög um stjórn efnahagsmála. Þá verður að sjálfsögðu ákveðið hvaða markaðir tekjustofnar eiga að falla niður og hverjir ekki. Ég hef heyrt á þm., að þeir telja ekki koma til greina að fella niður ýmsa þeirra, og vera má að sá sem hér um ræðir sé einn af þeim. Um það skal ég ekki dæma á þessu stigi.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég mundi fagna því ef ætti að skilja hæstv. ráðh. svo, að heimildarákvæði, sem felast í 3. gr. þessa frv., yrðu ekki notuð í hans tíð. Allur undansláttur hæstv. ráðh. um að annað sé aðalatriði málsins er út í bláinn. Það væri ekki verið að færa í lög slík niðurskurðarákvæði sem felast í 3. gr. ef ekki væri ætlast til að þau yrðu notuð.

Í sambandi við afstöðu Búnaðarþings hygg ég að ég muni það rétt, að mótatkv. gegn þessu frv. hafi ekki verið 2 eða 3, heldur 6. Er auðvitað, eins og hæstv. ráðh. sagði, hægt að kanna það nánar.

Ég ætla ekki að tefja tímann með því að ræða þetta mál frekar. Ég hef lýst þeirri skoðun minni, hver sé eðlilegur aðdragandi slíkra mála og hvaða forsendur þurfi að liggja til grundvallar áður en lögum af þessu tagi sé breytt. Það eru þær forsendur, að búið sé að taka ákvörðun um hvaða stefnu eigi að fylgja í framleiðslumálum landbúnaðarins á komandi árum. Það hefur ekki enn verið gert. Þá þarf að taka til athugunar bæði þennan lagabálk og ýmsa aðra þætti landbúnaðarlöggjafarinnar og laga þá alla að því að styðja þau stefnumið sem valin verða, þannig að eitt rekist ekki á annars horn. En að byrja á því að krukka í þessa lagabálka sitt á hvað áður en stefnan er tekin tel ég ekki vænlegt til árangurs og síst til bóta.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Ég hef fá orð um þetta mál að segja. Ég vil aðeins spyrja hæstv. landbrh. að því, hvort hann komi til með að nýta þá heimild sem getur um í 3. gr., í a-, b-, c-, d-, e- og f-liðum, um að skerða framlög til ýmiss konar framkvæmda eins og 3. gr. veitir landbrh. heimild til, en þar stendur: „Heimilt er landbrh. í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands að ákveða eftirgreind frávik frá ákvæðum þessarar greinar á næstu 5 árum.“ — Spurning mín er sú, hvort hæstv. landbrh. ætli að nýta þessa heimild og hvort búast megi við að það verði gert strax á þessu ári. Ég vil leggja áherslu á að það verði gert, heimildir í 3. gr. verði nýttar eins og kostur er. Fremur ætti að standa í 3. gr. að landbrh. væri skylt að fylgja eftir þessum niðurskurði.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og ég hef margtekið fram verða ákvæði 3. gr. aðeins notuð að höfðu samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands. Mjög fer eftir því hvernig veðrátta og aðstaða öll er hvort unnt er að nota ákvæði greinarinnar. Ég trúi því t. d. varla að hv. þm. vildu við það ástand, sem nú ríkir í landbúnaði, skerða — við skulum segja: möguleika til grænfóðurræktunar eftir uppskerubrest. Áður en ákvæði þessarar greinar er breytt verður að skoða mjög vandlega það ástand sem ríkir. Og ég vil endurtaka, að ég lít svo á að ákvæði 3. gr. sé langtum minna atriði í þessu máli en ákvæði 4. gr. Ég get því alls ekki gefið um það yfirlýsingu nú hvort heimildin verði notuð, enda segir í greininni að samráð skuli haft við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og það verður gert.

En af því að ég sé að hv. 2. landsk. þm. er kominn inn vil ég leyfa mér að endurtaka það sem ég sagði áðan um markaða tekjustofna. Þeir verða að sjálfsögðu allir teknir til endurskoðunar í samræmi við lög um stjórn efnahagsmála — þessi og margir aðrir sem ég veit að hv. þm. hefur stutt. Hann styður t. d. frv. um þroskahefta, svo að ég nefni eitthvað. Ég hef sjálfur bent á í því sambandi að það hlýtur að verða einnig tekið til endurskoðunar. Sama gildir um þetta og önnur slík mál.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. út af þeim umr. sem hér hafa orðið.

Ég vil vekja athygli hv. d. á að hæstv. ráðh. talar alltaf um markaða tekjustofna ríkissjóðs í sambandi við það ákvæði til bráðabirgða sem hér um ræðir. Hér er að sjálfsögðu ekki um markaðan tekjustofn að ræða, heldur verið að ákveða með lögum hvernig skuli verja almennum tekjum ríkissjóðs fram í tímann. Það er dálítið annað mál þegar verið er að ræða um hvernig lagasetning er á því sviði eða hvort um er að ræða markaða tekjustofna. Markaðir tekjustofnar eru þannig, að á er lagður sérstakur skattur — t. d. launaskattur — sem gengur til ákveðinnar stofnunar. En hér er sem sagt um að ræða atriði sem hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar virðast ekki vera sammála um.

Ég vil undirstrika það, sem kom fram í máli hæstv. ráðh., að sumar till. hv. stjórnarsinna, eru í litlu samræmi við nýsett lög sem koma fram á Alþ. um þessar mundir, og einnig hvernig þeir standa að atkvgr. um einstaka þætti þess máls sem hér um ræðir. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að ákvæði í lagafrv. um aðstoð við þroskahefta er í algerri andstöðu við stefnuna sem á að felast í lögunum sem nýsamþykkt eru um stjórn efnahagsmála og ríkisfjármála. Þess vegna er dálítið hlálegt þegar þeir hv. þm., sem sérstaklega þakka sér þá lagasetningu, koma hér upp og mótmæla svipuðum ákvæðum í öðrum lögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:10 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 23:5 atkv.
5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:2 atkv.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 650 (sbr. 556)). — 3. umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Í umr. um önnur mál hefur borið á góma ákvæði nýsettra efnahagslaga sem eru um það bil mánaðargömul, og það er til þeirra sem ég einnig ætla að vitna í máli mínu við 3. umr. um frv. til l. um aðstoð við þroskahefta. En hv. 2. landsk. þm. vitnaði áðan til 8. gr. efnahagslaga ríkisstj. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir árslok 1979 skulu ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar, og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verði framvegis ákveðin með fjárframlögum ár hvert," o. s. frv. eins og þar segir. Og enn, svo að ég vitni — með leyfi forseta — í 13. gr. þar sem kveðið er á um að fyrir skuli liggja kostnaðarmat á tillögum frv. sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Í 25. gr. frv. til l. um aðstoð við þroskahefta getur að lesa ákvæði sem er þverbrot á þessum lögum nýsettum, þar sem segir svo, með leyfi forseta, í a-lið 25. gr.:

„Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til a. m. k. 1000 millj. kr. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni."

Þarna er að vísu gengið enn lengra en dæmi eru um verðtryggingu í lagafrv.

Með vísun til ákvæða nýsettra efnahagslaga leyfi ég mér að flytja ásamt hv. 4. þm. Norðurl. v., Páli Péturssyni, brtt. við þessa grein, a-liðinn, um að í stað þess, sem þar segir, hljóði a-liður svo: „Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til allt að 1000 millj. kr."

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð hér um. Þessi till. er skrifleg og ég bið hæstv. forseta að veita henni viðtöku og leita afbrigða svo að hún megi koma fyrir til umr. og afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 767) samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég held að það geti varla dulist nokkrum, að með þessum tillöguflutningi, brtt. sem gerð er eftir fimm umr. um málið, þrjár í Ed. og tvær í Nd., auk þriggja umr. til viðbótar í þessari d. um Framkvæmdasjóð öryrkja og eina í Ed., eða níu umr., þar sem hver atlagan er gerð af annarri til að koma í veg fyrir að tryggt sé fjármagn til afskiptra verkefna öryrkja, fer nú fram örvæntingarfull úrslitatilraun til að bregða endanlega fæti fyrir málið. Efni þessarar brtt. er einfaldlega að enn skuli ráðast með skömmtunarframlögum á fjárlögum, eins og þau nú hafa verið vegleg til öryrkja og þá sérstaklega þroskaheftra, hvað skuli varið miklu til þessara verkefna.

Fjárlög síðustu ára tala skýrustu máli um fjársvelti til málefna þroskaheftra. Aðeins það eina dæmi, sem er sérkennslumál þroskaheftra og byggingarframkvæmdir vegna þeirra, ber þess glöggt vitni, hvað brýna nauðsyn ber til að leggja meira fé til þessaa mála. Skýrsla menntmrh. til Alþ. um sérkennslumál þroskaheftra er greinilega lítið notuð til hliðsjónar þegar fjárveitinga-

valdið hefur ár eftir ár látið tífalt minna af hendi rakna en skýrar tölur sýna að nauðsyn ber til, og er þá eingöngu verið að tala um einn þáttinn í þeim málum sem nauðsynlegt er að fjármagna til að jafnrétti þroskaheftra á við heilbrigða sé tryggt.

Í þessari úrslitatilraun til að drepa málið er lagt til að fjármagn megi vera allt að 1000 millj. En hvað þýðir allt að 1000 millj.? Það getur hreinlega þýtt óbreytt ástand í þessum málum. Allt að 1000 millj. þýðir auðvitað að áfram er það í hendi fjárveitingavaldsins hvort í þessi verkefni verði settar 60 millj. eins og venjulega eða ekki.

Ég hef verið á nokkrum fundum með þeim sem barist hafa fyrir að ná fram bættri aðstöðu fyrir þroskahefta. Þar ríkir mikil ánægja og eftirvænting, því að nú eygir það fólk loksins þá von að skilningur sé að vakna á málefnum þeirra og réttlætismál þeirra sé að komast í höfn — heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra og tryggt fjármagn til þess að standa undir nauðsynlegum kostnaði við ýmis verkefni sem dregist hafa svo langt aftur úr, að það er til vansæmdar fyrir lýðræðis- og velferðarríki á borð við Ísland. Ég trúi því ekki að óreyndu að hv. þdm. taki undir þessa brtt. og láti vonir þessa fólks verða að engu. Ég hef sagt það áður og ég segi það enn: Lagasetning án fjármagns til þess að hrinda ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum hennar í framkvæmd tryggir ekki betri daga fyrir þroskahefta.

Frv. um aðstoð við þroskahefta fékk dyggilegan stuðning við 2. umr. málsins, og vona ég að þessi till. hafi ekki áhrif í þá veru að breyta afstöðu þm. frá því sem þeir höfðu þá. Brtt. þessi gæti tafið frv. svo mjög að það fengi ekki afgreiðslu á þessu þingi, þar sem það þarf aftur að fara fyrir Ed. ef þessi brtt. yrði samþykkt. Það væri dapurlegur endir á máli sem miklar vonir eru bundnar við ef slík yrðu örlög þess. Því vona ég að þdm. felli þessa till. og styðji frv. óbreytt við 3. umr.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson kom inn á að verið væri að brjóta ákvæði í lögum um stjórn efnahagsmála með því ákvæði sem er í 25. gr. frv. til l. um aðstoð við þroskahefta. Ég mótmæli því, því að auðvitað hlýtur þetta ákvæði að lúta endurskoðun sem aðrir markaðir tekjustofnar, eins og efnahagslögin gera ráð fyrir. Flm. brtt., sem svo mjög vex í augum fjármagn til þessa verkefnis, hlýt ég því að benda á að fjármagnsþáttur þessa frv. á sennilega eftir að fara í gegnum hreinsunareld við endurskoðun á mörkuðum tekjustofnum og framlögum, og þó að von sé til þess að slíkt félagslegt málefni sem afskipt hefur verið sleppi vel frá þeirri endurskoðun er skerðingarhætta á fjármagninu þar einnig fyrir hendi. Með hliðsjón af því ættu þessir hv. tveir þdm. að falla frá till. sinni.

Ég held einnig að nauðsynlegt sé að benda þeim á, sem flytja þessa till., að þó að þeim vaxi í augum þetta fjármagn á sjóðurinn að fjármagna svo geysilega mikið, bæði ákvæði heildarlöggjafarinnar, sérkennslumál þroskaheftra og endurhæfingarmál öryrkja, að varla er um neina ofrausn að ræða og nauðsynlegt er að hafa fjármagnið verðtryggt. Og ég vil undirstrika enn þá, að fjármögnunin hlýtur að lúta endurskoðunarákvæðum efnahagslaganna. — Það er reyndar furðulegt að hv. þm. Sverrir Hermannsson skuli nú bera upp brtt. við þetta mál, þar sem hann studdi frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja og tekjuöflun þess þegar það var í formi þess að teknanna ætti að afla af áfengi og tóbaki og var þannig verðtryggt. Þar var um svipaða upphæð að ræða. Er furðulegt hvernig þessi hv. þdm. hefur breytt um skoðun á málinu.

Ég vona að allir hv. þdm. styðji frv. óbreytt við 3. umr. og felli þessa brtt.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Hv. þm. Sverrir Hermannsson talaði um að með ákvæðum frv. væri verið að brjóta tvö höfuðatriði í lögum um efnahagsmál o. fl. Annars vegar vantaði kostnaðarmat. Það getur varla verið rétt hjá honum. Hér er talað um ákveðna upphæð, þannig að það fellur um sjálft sig. Hins vegar er talað um að í frv. sé markaður tekjustofn sem eigi að endurskoða. Það er auðvitað rétt, og kom mjög skýrt fram hjá hæstv. dómsmrh. í umr. áðan, að þessi tekjustofn verður eins og aðrir markaðir tekjustofnar endurskoðaður fyrir áramót, eins og lögin um stjórn efnahagsmála o. fl. gera ráð fyrir. Ég tel að frá því sjónarmiði sé ekki nein hætta á ferðum. Ég lít þannig á, að samþykkt frv., eins og það er núna, sé fyrst og fremst sterk viljayfirlýsing hins háa Alþingis um að verulegu fjármagni skuli varið til málefna þroskaheftra. Ef brtt. verður aftur á móti samþ. verður að draga þann vilja Alþ. í efa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tímabundið aðlögunargjald, frv. (þskj. 736). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Útbýtt hefur verið í d. frv. til l. um sérstakt tímabundið aðlögunargjald.

Ríkisstj. hefur ákveðið að leggja frv. þetta fram til samþykktar, en ákvörðun um framlagningu þess á rætur sínar að rekja til samstarfsyfirlýsingar ríkisstj., þar sem því er lýst yfir „að samkeppnisaðstaða iðnaðarins verði tekin til endurskoðunar og spornað verði með opinberum aðgerðum gegn óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, m. a. með frestun tollalækkana".

Markmið þessa frv. er í samræmi við fyrrgreinda stefnu, þ. e. fyrst og fremst að veita íslenskum iðnaði aukinn tíma til aðlögunar að fríverslun og skapa fjárhagslegt svigrúm til nauðsynlegra iðnþróunaraðgerða. Tel ég að í lögfestingu sérstaks tímabundins aðlögunargjalds og ráðstöfun tekna af gjaldinu til sérstakra iðnþróunaraðgerða felist ígildi frestunar tollalækkana, eins og ríkisstj. hafði heitið í samstarfsyfirlýsingu sinni.

Stefnumörkun sú, sem hér hefur verið lýst, á rætur sínar að rekja til þess, að eftir því sem lengra hefur liðið á aðlögunartíma íslensks iðnaðar að fríverslun hefur komið greinilegar í ljós að staða hans á heimamarkaði er í mörgum greinum veikari en æskilegt væri. Jafnframt má benda á að þróun útflutningsiðnaðar hér á landi hefur orðið mun takmarkaðri en ráð hafði verið fyrir gert, miðað við þann tollfrjálsa markað sem hann fékk aðgang að með aðildinni að EFTA og gerð viðskiptasamnings við Efnahagsbandalag Evrópu. Orsakir þessarar stöðu iðnaðarins, sem ég hef hér vikið að, eru fjölmargar og margslungnar. Er nánar gerð grein fyrir þeim orsökum í grg. með frv. og tel ég því eigi ástæðu til að fjölyrða frekar um þær nú, en vísa til grg.

Um aðdraganda og undirbúning að framlagningu frv. þessa til l. um sérstakt tímabundið aðlögunargjald vísa ég

til ítarlegrar grg. með frv. þar að lútandi. Ríkisstj. telur að undirtektir ríkisstjórna EFTA-ríkjanna hafi verið á þann veg, að þær muni samþykkja þær aðgerðir sem felast í ákvæðum þessa frv. Þessar aðgerðir voru raunar til umræðu á fundi EFTA-ráðsins í Genf í morgun, og ég hef nú fengið staðfest að þar var samþykkt að verða við tilmælum ríkisstj. um álagningu þess gjalds sem frv. kveður á um. Þá hefur framkvæmdastjórnin innan Efnahagsbandalagsins, þ. e. a. s. starfsmenn þess, sýnt málinu skilning og velvilja og er ástæða til þess að ætla að Efnahagsbandalagið muni una álagningu gjaldsins fyrir sitt leyti. Hefur ríkisstj. lagt höfuðáherslu á að kynna sérstöðu málsins og fá afstöðu samstarfsaðilanna í málinu áður en endanleg ákvörðun verður tekin um beitingu þess heimildarákvæðis sem frv. gerir ráð fyrir. Málið verður rætt á fundi sameiginlegrar nefndar Íslands og Efnahagsbandalagsins í Brüssel 8. júní n. k. Er þess vænst að ekkert verði því til fyrirstöðu að nýta heimildarákvæði frv. ef að lögum verða.

Um einstakar greinar frv. þykir mér rétt að taka eftirfarandi fram:

Við undirbúning að aðgerðum ríkisstj. kom í ljós að málaleitan Íslands um sérstakar aðgerðir yrði eigi formlega samþ. innan EFTA og EBE fyrr en eftir þinglausnir. Hins vegar voru undirtektir viðsemjenda slíkar, eins og vikið hefur verið að, að eigi þótti ástæða til annars en setja löggjöf er veitti formlega heimild til aðgerða til stuðnings iðnaðinum. Af þessum sökum er gert ráð fyrir samkv. 1. gr. frv. að ráðh. skuli hafa heimild til setningar reglugerðar um innheimtu 3% aðlögunargjalds af nánar tilgreindum innfluttum vörum. Er gert ráð fyrir að gjaldið verði almennt lagt á svonefndar verndarvörur, en til þeirra teljast vörur sem tollar hafa verið lækkaðir á eða felldir niður af vegna aðildarinnar að EFTA og samnings Íslands við EBE. Jafnframt er lagt til, í þeim tilgangi að forðast mismunun gagnvart innflutningi vara frá hinum ýmsu markaðssvæðum, að gjaldið verði einnig lagt á vörur upprunnar í löndum sem standa utan nefndra fríverslunarbandalaga. Vörur þær, sem gjaldskyldar verða samkv. ofansögðu, verða hinar sömu og lagt er á jöfnunargjald samkv. ákvæðum laga nr. 83 frá 1978, um jöfnunargjald. Hliðstæðar undanþágur verða gerðar frá innheimtu gjaldsins og gilt hafa um jöfnunargjaldið. 1. gr. frv. fjallar því um gjaldstofninn og upphæð gjaldsins.

Gjaldtaka þessi á að vera tímabundin, og er gert ráð fyrir samkv. 8. gr. frv. að hún hefjist 1. júlí n. k. og gildi til ársloka 1980. Gildistími hennar á rætur að rekja til þess ákvæðis 20. gr. EFTA-samningsins, að undanþáguaðgerð þess eðlis, sem fólgið er í heimildarákvæðinu, skuli ekki standa lengur en í 18 mánuði.

Gert er ráð fyrir að tekjur af aðlögunargjaldinu á árinu 1979 komi til með að nema 500—600 millj. kr. og 1000—1200 millj. kr. á árinu 1980, miðað við verðlag ársins 1979. Samkv. 7. gr. frv. er lagt til að tekjum af gjaldinu verði varið til sérstakra iðnþróunaraðgerða. Þar sem gjaldtakan á árinu 1979 fellur utan fjárlaga er jafnframt gert ráð fyrir að ríkisstj. taki ákvörðun um ráðstöfun fjárins á því ári, en tekjum af gjaldinu á árinu 1980 verði hins vegar ráðstafað sérstaklega á fjárlögum til eflingar iðnþróun.

2., 3., 4., 5. og 6. gr. frv. kveða nánar á um útfærslu aðlögunargjaldsins og framkvæmd tollameðferðar og innheimtu samkv. frv.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. þetta, en vænti þess, að þm. greiði fyrir framgangi þess þannig að það hljóti samþykki Alþ. áður en þinglausnir verða. Að lokum leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í máli hæstv. fjmrh. er með flutningi þessa frv. til l. um sérstakt tímabundið aðlögunargjald verið að standa við það fyrirheit ríkisstj. til iðnaðarins í landinu sem fram kom við myndun ríkisstj. s. l. sumar, að bæta samkeppnisaðstöðu iðnaðarins og gera sérstakar ráðstafanir til að verja hann óhagstæðri samkeppni erlendis frá.

Ég tel að með framkomu þessa frv. og væntanlegri lögfestingu þess á Alþ. sé mjög þýðingarmiklu máli komið í höfn fyrir iðnaðinn í landinu. Eins og frv. ber með sér felur það í sér sérstaka gjaldtöku á innfluttar iðnaðarvörur án tillits til uppruna, og þetta gjald á að skila allverulegu fjármagni sem markað hefur verið með frv. að skuli renna til sérstakra iðnþróunaraðgerða. Álagning gjaldsins ein út af fyrir sig felur í sér nokkra verndun fyrir innlendan framleiðslu- eða samkeppnisiðnað, en auk þess eiga þeir tekjustofnar, sem fást við gjaldtöku þessa, að geta greitt fyrir mjög brýnum iðnþróunaraðgerðum á þessu ári og hinu næsta, en í lok ársins 1980 verður lokið aðlögunartíma íslensks iðnaðar að fríverslunarsamtökunum og samkeppnisiðnaður okkar hefur misst þá miklu tollvernd sem hann naut þegar við gerðumst aðilar að EFTA á sínum tíma.

Meðferð þessa máls á vettvangi ríkisstj., en þó alveg sérstaklega í þeirri kynningu og viðræðum sem farið hafa fram við aðila innan EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu, hefur verið afar lærdómsrík. Það var fallið frá þeirri stefnumörkun ríkisstj., ég hygg í nóv. s. l., að fresta tollalækkunum um síðustu áramót eins og fyrirhugað hafði verið. Þessi fyrirætlun hafði mætt verulegri andstöðu hjá EFTA og Efnahagsbandalaginu og ríkisstj. og meiri hl. á Alþ. óttaðist að einhliða frestun tollalækkana kynni að þýða mótaðgerðir af hálfu þessara bandalaga. Það varð hins vegar að ráði, þegar þessi niðurstaða lá fyrir í ríkisstj., að leitað yrði eftir framgangi þessa máls með öðrum hætti, og í byrjun ársins samþykkti ríkisstj. að athuga um að hækka jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur, sem lögfest var vorið 1978, úr 3% í 6%, og var sérstök nefnd starfandi á vegum rn. til þess að fara ofan í það mál og leita að rökstuðningi fyrir slíkri aðgerð. Þegar umsögn hennar lá fyrir snemma í febr. markaði ríkisstj. um það stefnu að hækkað skyldi jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur og jafnframt að þeim tekjum, sem þannig fengjust, skyldi varið til sérstakra iðnþróunaraðgerða. Það var hins vegar jafnframt ákveðið að kynna þetta mál á vettvangi EFTA og Efnahagsbandalagsins til þess að vinna þessari aðgerð af okkar hálfu skilning á þeim vettvangi og draga úr líkum á að gripið yrði til mótaðgerða af þeirra hálfu.

Sérstök nefnd, sem viðskrn. og iðnrn. sendu til markaðsbandalaganna, kynnti þar málstað okkar og þreifaði fyrir sér um undirtektir við þær röksemdir sem ríkisstj. hafði viðað að sér til réttlætingar á þessari gjaldtöku. Þessi nefnd var undir forustu Inga R. Helgasonar, sérstaks fulltrúa viðskrh., og skipuð þrem öðrum mönnum. Hún ræddi við aðila í aðalbækistöðvum EFTA og Efnahagsbandalagsins, en kom auk þess við í Kaupmannahöfn og ræddi við fulltrúa dönsku ríkisstj. sem lögðu

okkur verulegt lið í þessu máli, en sem kunnugt er eru Danir aðilar að Efnahagsbandalaginu og stuðningur þeirra við þetta mál og málstað okkar hefur reynst vera mikilsverður og ber að meta hann og þakka.

Eftir að nefnd þessi skilaði skýrslu til ríkisstj. síðla í febr. kom fram það mat hennar, að æskilegt kynni að vera að breyta um röksemdafærslu eða a. m. k. að afla málinu enn frekari skilnings hjá þeim þjóðum sem eru í Efnahagsbandalaginu og sérstaklega þó innan EFTA. Það varð því að ráði að viðskrn. og iðnrn., sem sérstaklega fóru með þessi mál, sendu enn eina nefnd utan, skipaða pólitískum fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna. Formaður þeirrar nefndar var sem hinnar fyrri Ingi R. Helgason lögmaður, en einnig voru þar með í ferð Einar Ágústsson fyrrv. utanrrh. og Eiður Guðnason alþm. svo og Jón Skaftason deildarstjóri í viðskrn. Þessi hópur heimsótti höfuðborgir allra EFTA-ríkja nema Portúgals og átti viðræður við ráðh. eða háttsetta aðila í þeim löndum og kynnti þar málefni Íslands og stöðu íslensks iðnaðar og þá nauðsyn, þá iðnaðarpólitísku nauðsyn sem lægi fyrir því að veita okkur lengri aðlögunarfrest og skapa hér svigrúm til bættrar stöðu innlends iðnaðar.

Ég vil að það komi hér fram, að ég tel að þessi sendinefnd hafi unnið alveg sérstaklega gott starf og það sé henni öðru fremur að þakka og ferð hennar og málflutningi að þetta mál hefur nú fengið þær lyktir á vettvangi EFTA-ráðsins í morgun að þessi aðgerð íslenskra stjórnvalda verður þar ekki einungis þoluð, heldur beinlínis samþykkt og það án nokkurra mótmæla eða athugasemda af hálfu EFTA-ráðsins. Með þessu er unninn verulegur sigur í þessu máli. Ég tel að það sé afar mikilsvert fyrir samskipti okkar við þessi bandalög, EFTA, sem við erum aðilar að, og Efnahagsbandalagið, með sérstökum samningi, að mál okkar hafi verið túlkuð af slíkri festu og með þeim ágætum sem gert var af sendinefnd ríkisstj. Við getum átt eftir að hafa hag af þessari stöðu í framtíðinni í sambandi við samskipti okkar við þessi markaðsbandalög, bæði að því er varðar iðnaðinn í landinu, en einnig varðandi viðskipti við þau að öðru leyti. Mál þetta hefur ekki enn verið endanlega útkljáð gagnvart Efnahagsbandalaginu, en við teljum engar líkur á öðru en það fái þar viðunandi viðtökur og verði a. m. k. þolað. Embættismenn Efnahagsbandalagsins lögðu beinlínis til fyrir nokkru að jákvætt væri tekið á þessari aðgerð Íslands, svo að ljóst er að þar ríkir góður skilningur á þörf íslensks iðnaðar fyrir aukinn aðlögunartíma.

Það er hins vegar mjög lærdómsríkt í þessu máli einnig, að hér hafa ekki hrifið fyrst og fremst reikningsleg rök um ákveðið óhagræði sem íslenskur iðnaður á við að búa vegna gjalda sem á hann eru lögð innanlands, en hliðstæð gjöld eru óvíða fyrir hendi í löndum EFTA, heldur voru það öðru fremur hin iðnaðarpólitísku rök og skírskotun til aðstæðna íslensks iðnaðar sem hrifu á þessum vettvangi. Þess ber einnig að geta hér, sem fram kemur raunar í grg., að Haraldur Kröyer aðalfulltrúi Íslands hjá EFTA kom á vissu stigi þessara áþreifinga auga á þá leið sem reyndist hvað haldbest í þessu máli, og vann raunar afar ötullega að því að greiða fyrir því á allan hátt, en sú leið, sem hann benti á, var fyrirvari sem Gylfi Þ. Gíslason viðskrh. gerði á sínum tíma við inngöngu okkar í EFTA, þar sem hann tryggði með sérstökum hætti að Íslendingar fengju notið ákveðinnar tryggingar, sem hin gamalgrónu aðildarríki EFTA höfðu fengið á sínum tíma, til þess að gera sérstakar ráðstafanir seint á aðlögunartíma aðildar okkar að EFTA með því að grípa til sérstakra verndaraðgerða fyrir iðnað okkar. Sá fyrirvari, sem þá var gerður, hafði tvímælalaust mjög mikla þýðingu í þessu máli, því að það sem aðildarríki þessara bandalaga horfa kannske ekki hvað síst til er fordæmisgildið, að aðrir geti ekki farið í kjölfarið með svipuðum hætti. Vegna þess sérstaka fyrirvara sem gerður var 1970, er að þeirra mati talið tryggt að aðrir geti ekki farið í kjölfarið með sömu rökum og við Íslendingar nú höfum gert.

Ég vænti þess, að sú vernd sem íslenskur iðnaður fær notið af þessari gjaldsetningu, sem ætlað er að gildi út næsta ár, verði honum til framdráttar. Það má öllum vera ljóst að þörfin á fjárhagslegum stuðningi til iðnþróunaraðgerða hérlendis er afar brýn. Við þurfum að sjá vaxandi fjölda fólks fyrir störfum á nýjum vettvangi, í nýjum atvinnugreinum, og þar horfum við eðlilega helst til iðnaðarins. Þar verðum við að skapa þau tækifæri sem þurfa að koma í veg fyrir landflótta, burtflutning fólks úr landi, til þess að tryggja menntuðu og vel skóluðu ungu fólki störf við hæfi. Þannig blasa við fjölmörg knýjandi verkefni á sviði iðnaðar. Raunar var í gær dreift á borð þm. sérstöku þskj., sem ber heitið: „Till. til þál. um iðnaðarstefnu“ — og ef menn glugga í það hygg ég að þeir sjái að af mörgu er að taka þegar styðja þarf iðnþróunaraðgerðir. Þannig er ljóst að þörfin fyrir það fjármagn, sem hér á að fást, er í senn brýn og knýjandi að fá aukið fjármagn til iðnaðarins og ýmissa þátta á því sviði.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er, að mér fannst ég græða afskaplega lítið á ræðu hæstv. iðnrh., hún var mjög almenns eðlis, nema þá helst að ég hef betur í kollinum þær leiðir sem EFTA-ferðaklúbbur ríkisstj. fór og með árangri. Hann vonar í niðurlagsorðum sínum að sú ferð verði til þess að tryggja hér stöðugri vinnu í iðnaði og iðngreinum og eins að í framtíðinni skapist ný atvinnutækifæri í iðnaði. Allt er þetta gott og blessað. En ég vil benda á — og óska eftir að verða leiðréttur ef ég fer með rangt mál eða misskil frv., að hér er ekki verið að samþykkja 3% aðlögunargjald á þær vörur sem koma frá Efnahagsbandalagslöndunum. Það er verið að samþykkja 3% hækkun á því gjaldi sem fyrir er. Því leggjast 6% ofan á innfluttar vörur, sem frá Efnahagsbandalagslöndum koma, og er þar að sjálfsögðu um nýjan verndartoll að ræða.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frv. En það er svo með alla skatta, sem einhvern tíma hafa byrjað afskaplega sakleysislega, að þeir hafa stækkað og aukist og orðið að bákni í bákninu ef svo má að orði komast. Tiltölulega nýlega er búið að leggja 3% skatt til að standa undir iðnþróun og vernda íslenskan iðnað. Hér er lagt til að hann verði tvöfaldaður og fari upp í 6%. Með sama áframhaldi gæti nýtt frv. komið fram, ef þessi ríkisstj. situr næsta ár, um að hækka sama skatt upp í 12% o. s. frv. Þá er orðin sama þróun og verið hefur með vörugjald, söluskatt og ýmislegt annað.

En segjum svo að þetta sé allt saman gott og blessað og við getum samþykkt að þessar aðgerir séu nauðsynlegar til iðnþróunar. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. þarf íslenskur iðnaður sannarlega á myndarlegri aðstoð að halda, það fer ekkert milli mála. En ég vil gjarnan fá upplýst: Hvað gefur 3% aðlögunargjald sem nú er tekið íslenskum iðnaði til verndar af þeim vörum sem fluttar

eru frá löndum sem aukaaðlögunargjöld eiga að ná til? Og í öðru lagi: Hvað gefa 6% þegar frv. hefur verið samþykkt? Og í þriðja lagi er sá ótti minn, sem þessu frv. er samfara, að aðlögunargjaldið á að renna í ríkissjóð, og þá vil ég spyrja: Hvað mikið af þessu gjaldi situr eftir í ríkissjóði? Undarlegt er ef ríkissjóður ætlar allt í einu að fara að taka upp á þeim góða sið að skila því sem hann á að skila. Hann skilaði ekki söluskattinum af útfluttum iðnaðarvörum. Þetta gjald var lagt á til að standa í skilum með það sem ríkissjóður var búinn að eyða án heimildar af þeim söluskatti sem hann átti að standa skil á til útflytjenda á íslenskum útflutningsiðnaðarvörum. Svona hefur það verið með fleiri skatta.

Ég bið hæstv. ráðh. að gefa hv. Alþ. ekki ágiskunartölur, heldur nákvæma sundurliðun á því, hvernig þessu fé á að ráðstafa.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég skal tala stutt.

Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau óverðskulduðu lofsyrði sem hann lét falla í minn garð a. m. k. fyrir þá ferð sem ég tókst á hendur með nokkru hiki í upphafi, en reyndist kannske fullt eins vel og ég gat frekast vonað. Ég held, almennt talað, alveg án hliðsjónar af því hverjir fóru slíka ferð, að íslensk ríkisstj., hver sem hún er, ætti að vinna þannig að málum að kynna þau fyrir fram hjá þeim ríkjum sem þau snerta, eins og gert var þegar landhelgin var færð út og eins og ég tel að gert hafi verið í þessu máli.

Í þeim viðræðum, sem hér hafa verið gerðar lítillega að umtalsefni, voru það aðallega þrjú atriði sem allar ríkisstj., sem rætt var við, lögðu höfuðáherslu á.

Það var í fyrsta lagi að þetta gjald skapaði ekki fordæmi **og það yrði lagt á allar** innfluttar vörur, ekki bara **frá EFTA, heldur einnig frá Efnahags**bandalagi Evrópu, **svo og aðrar vörur frá löndum sem** við eigum í engum **skuldbindingum við. — Og ég hygg að** það sé ekkert **ofmælt, sem hæstv. iðnrh. sagði áðan,** að það er sá fyrirvari **sem fyrrv. viðskrh.,** Gylfi Þ. Gíslason, gerði þegar EFTA-samningnum var breytt 1970, að mig minnir, skömmu eftir að við gengum í bandalagið, sem gerir það að verkum að EFTA-þjóðirnar a. m. k. telja sér fært að fallast á þetta gjald.

Annað atriði, sem mjög mikil áhersla var lögð á og ég legg höfuðáherslu á miðað við þann málflutning sem ég leyfði mér að hafa uppi í þessari ferð og við sem hana fórum, er að þetta gjald verði fellt niður í árslok 1980. Það er ekki hægt að fara fram á svona undanþágur á fölskum forsendum. Alþ. og ríkisstj. verða því á því eina og hálfa ári, sem til stefnu er, að gera aðrar ráðstafanir ef iðnaðurinn íslenski þarf þá enn á áframhaldandi vernd að halda. Það er ekki hægt að svíkja gerða samninga, það megum við ekki láta henda okkur. Það höfum við ekki gert í þessu tilviki, vegna þess að við fengum þetta samþykkt með eðlilegu og jákvæðu móti hjá þeim þjóðum sem við áttum þarna skipti við, og ég geri mér fullar vonir um að sama samkomulag fáist hjá Efnahagsbandalagi Evrópu eða a. m. k., afskiptaleysi, þegar ekki er um mismunun að tefla. En þá verðum við að gæta þess að gjaldið falli niður, þannig að við svíkjum ekki þennan samning þótt hann hafi aðeins verið munnlegur.

Enn fremur vil ég svo undirstrika það sem hv. 1. þm. Reykv. kom að áðan og ég tek alveg gilt. Í aths. með 7. gr. segir um aðlögunargjaldið, með leyfi forseta:

„Þar er um að ræða aðgerð sem í raun felur í sér ígildi lengingar á aðlögunartíma íslensks iðnaðar að fríverslun og verður afnumið í árslok 1980. Af þeim sökum er ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður ætli sér hluta af tekjum af gjaldinu, heldur verði þeim alfarið varið til brýnna iðnþróunaraðgerða.“

Þessu vil ég leyfa mér að treysta, því að annað væri brigð á því sem við höfum haldið fram.

Að síðustu vil ég svo aðeins segja að geysilega miklu skiptir hvernig þessu fjármagni verður varið, m. a. vegna þess að það verður að falla niður þegar þess skeið er á enda runnið. Þess vegna verður að vera búið að nota það á þeim tíma sem til ráðstöfunar er, til þess að gera iðnaðinn þannig settan að hann standist erlenda samkeppni. Ef það er ekki hægt enn þá í árslok 1980 verður að leita annarra leiða til að gera honum samkeppnina bærilega, t. a. m. að fella af honum þau gjöld sem nú eru á hann lögð, þ. e. a. s. aðstöðugjöld og launaskatt, minnir mig að það heiti.

Ég get svo sem vel tekið undir það, að æskilegt hefði verið að þessu frv. hefði fylgt nákvæmari sundurliðun á því, með hverjum hætti þetta fé skuli notað. En ég sætti mig við það sem hæstv. iðnrh. gerði grein fyrir: að lesa um það í öðru þskj. hvað helst sé nauðsynlegt til hjálpar íslenskum iðnaði. Ég get skilið að ákveðnar beinar till. um þetta liggi ekki fyrir með þessu frv., en ég styð það þá í trausti þess að fjármagninu verði raunverulega varið til að efla iðnaðinn og þó allra helst með því fororði að því loforði verði ekki brugðið að gjaldið falli niður í árslok 1980.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það eru örfá orð vegna fsp. hv. 1. þm. Reykv.

Hann talaði um að hér væri raunverulega um að ræða hækkun á jöfnunargjaldi því sem nú er lögfest. Það má út af fyrir sig til sanns vegar færa að því leyti að fyrirhugað er að gjaldið leggist á sömu vörur og verði innheimt e. t. v. jafnhliða, þannig að um er að ræða tvöföldun á því 3% gjaldi sem fyrir var. Hins vegar munu um þetta gjald gilda aðgreind lög, eins og kemur fram í þessu frv., og því fylgja ákveðnir kostir.

Það eru mismunandi rök sem þessi gjaldtaka og vernd byggjast á. Álagning jöfnunargjaldsins á árinu 1978 var fyrst og fremst rökstudd með því að endurgreiða þyrfti íslenskum iðnfyrirtækjum uppsafnaðan söluskatt og eyða óhagræði sem því fylgir, en söluskattskerfi í því formi sem hér er er óvíða í viðskiptalöndum okkar. Innan EFTA er það aðeins hjá Finnum sem um slíkt kerfi er að ræða enn. Önnur lönd hafa tekið upp svonefnd virðisaukaskattkerfi þar sem söluskattur safnast ekki upp með sama hætti og hér gerist. Rökin fyrir þessari gjaldtöku eru hins vegar almennara eðlis: þörfin á lengri aðlögunartíma fyrir íslenskan iðnað og ákveðnum stuðningsaðgerðum við hann eða bættum aðbúnaði til þess að unnt sé að gera hann samkeppnisfærari en hann nú er. Og þegar þannig er um tvö aðgreind mál að ræða sem byggjast á mismunandi rökum og þá ekki síst í augum viðskiptalanda okkar, á það að gera okkur kleift að afnema þetta gjald á mismunandi tíma. Það hefur verulegt gildi í mínum augum.

Eins og þessi lög bera með sér er gert ráð fyrir, að gjaldtöku þessari ljúki í árslok 1980. Hið sama mun varða jöfnunargjaldið sem rökstutt er vegna uppsafnaðs söluskatts, en svo lengi sem við búum við það kerfi hygg ég að það verði óátalið látið að við leggjum það gjald á

innfluttar samkeppnisvörur. Þetta gefur okkur möguleika á sveigjanleika í sambandi við afnám þessara gjalda.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði einnig um notkun þessa gjalds og upphæð, hvað fengist mikið fyrir það. Ég get upplýst, að áætlað er að jöfnunargjaldið, sem nú er innheimt, gefi í ár tæplega 1200 millj. kr. samkv. þeim tölum sem ég hef séð frá fjmrn. Þriðjungur af því gjaldi rennur til ríkissjóðs eða réttara sagt: ríkissjóður heldur eftir þriðjungi af því gjaldi hjá sér. Hins vegar er með þessu frv. ótvírætt skorið úr um það, að öllu því fjármagni, sem inn kemur fyrir hið tímabundna aðlögunargjald, skuli varið til sérstakra iðnþróunaraðgerða. Raunar hefur hv. 9. þm. Reykv. vitnað í þá grein frv. sem tekur af tvímæli um þetta. Ríkisstj. ákvarðar til hvaða iðnþróunaraðgerða þessu gjaldi verður varið í ár að fengnum tillögum frá iðnrn. Hins vegar er gert ráð fyrir að þetta verði tengt fjárlagaafgreiðslu með tilliti til tekna á næsta ári, en þá með sama móti, að fyrir liggi till. um sérstakar iðnþróunaraðgerðir sem gjald þetta verði notað til.

Ég geri ráð fyrir að þegar till. verða mótaðar um skiptingu þessa gjalds verði haft samráð við aðila iðnaðarins um það, þannig að þar komi ýmsir við sögu sem hagsmuna eiga að gæta varðandi skiptingu jöfnunargjaldsins, þess litla hluta af því sem fengist hefur til iðnþróunaraðgerða. Þá hefur samstarfsnefnd um iðnþróun, sem starfar á vegum rn. míns, verið til ráðuneytis um það, og mér þykir líklegt að við munum hafa slíkt samráð einnig varðandi mótun tillagna að því er þetta gjald varðar. Ég tek undir það, sem fram kom hjá hv. 9. þm. Reykv., að mikil nauðsyn er á að þær tekjur, sem þannig fást, verði vel notaðar og verði reynt tryggja að þær skili íslenskum iðnaði áleiðis þannig að hann verði samkeppnishæfari en áður að loknu því tímabili sem gjaldtaka þessi snertir. Það er meginmarkmið, og ég tel að það þurfi að gæta þess við ráðstöfun gjaldsins, að því verði hvorki varið af handahófi né til einhverra skammtímaúrræða, heldur fyrst og fremst til að treysta grunninn fyrir iðnþróun hérlendis.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að víkja að einstökum verkefnum, þó að þar gæti verið af mörgu að taka. En þetta mál verður til meðferðar í iðnrn. og á vettvangi ríkisstj. þegar ljóst verður hvort þessar tekjur fást.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er freistandi að gera atvinnumál yfirleitt og sérstaklega málefni iðnaðarins að umræðuefni í hv. d. þegar frv. sem þetta er til umr. Ég skal ekki gera það að þessu sinni, enda annatími mikill á Alþingi.

Hv. 9. þm. Reykv. kom inn á það, ef ég misskildi hann ekki, að álagning þessa aðlögunargjalds væri eins konar verndaraðgerð fyrir íslenskan iðnað. Það má út af fyrir sig til sanns vegar færa að svo sé í eðli sínu. En ég vil vekja athygli á því, að þegar grannt er skoðað býr iðnaðurinn, bæði útflutningsiðnaðurinn og samkeppnisiðnaðurinn í landinu, við verri kjör en ýmsir aðrir grundvallaratvinnuvegir þjóðarinnar, t. d. að því er varðar skattamál, að því er varðar t. d. álagningu launaskatts og að því er varðar ávöxtunarkjör — eða a. m. k. hefur svo verið fram að þessu. Samtök iðnaðarins hafa reynt að meta þetta og sagt að það jafngilti nokkrum prósentum í gengi. Ef gengið, sem er miðað við þarfir sjávarútvegsins, væri þeim mun hærra en það er á hverjum tíma vegna þeirra kjara sem sjávarútvegurinn nýtur, sem eru betri en iðnaðarins, hefði iðnaður, bæði útflutningsiðnaður og samkeppnisiðnaður, þolanlega samkeppnisaðstöðu. Það má því líka líta á þetta mál sem eins konar jöfnun á aðstöðu bæði útflutningsiðnaðarins og samkeppnisiðnaðarins miðað t. d. við sjávarútveginn, en eins og menn vita gjörla hér í hv. d. er gengisskráning jafnan miðuð við þarfir sjávarútvegsins. Ég vil leyfa mér að líta þannig á, að þetta gjald jafni aðstöðu iðnaðarins gagnvart öðrum undirstöðuatvinnuvegum bæði að því er varðar samkeppni á innanlandsmarkaði og eins að því er varðar útflutning.

Það gefur auga leið að þetta gjald, sem á verður lagt, hefur í sjálfu sér, vegna þess að það hækkar verð á vöru samkeppenda sem flytja vöru inn og ætla hana til sölu á innlendum markaði, — það hefur í sjálfu sér jöfnunaráhrif á samkeppni þessara aðila við innlendan iðnað, en aftur á móti mun gjaldið að sjálfsögðu ekki, nema því verði varið til útflutningsiðnaðar, jafna stöðu hans. Þess vegna legg ég áherslu á það, enda held ég að á það sé minnt bæði í þessu frv. og sjálfsagt hefur hæstv. ráðh. á það minnst, að það sé höfuðmarkmið með þessari tekjuöflun að efla með þeim fjármunum, sem þannig fást, útflutningshvetjandi aðgerðir og að þessu fé verði fyrst og fremst varið til þess að efla útflutning iðnaðarvara. Ég tek undir orð hæstv. ráðh. um að það er að sjálfsögðu ekki æskilegt að slíku fé sé varið til einhverra vandræðaráðstafana, heldur til þess að gera okkur aðstöðuna betri til frambúðar til þess að keppa á erlendum mörkuðum með hinni útfluttu iðnaðarvöru okkar.

Ég vil að þetta komi fram hér, að ég lít á þetta mál ekki síður sem aðstöðujöfnun fyrir íslenskan iðnað miðað við aðra atvinnuvegi en sérstakt verndunarmál.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann gaf við fsp. mínum, þó að þau hafi ekki verið tæmandi nema síður sé.

En ég vil harma það sem kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv., þar sem hann segir að þegar og ef gjaldið verður fellt niður 31. des. 1980, sem hann leggur alla áherslu á að gert verði vegna þess að annars séum við að svíkja þá samninga sem við höfum náð við erlendar þjóðir, þá skuli leggja á önnur gjöld til að afla sömu tekna. Taka af — það þýðir að leggja á annars staðar! Sá verðbólguhugsunarháttur er náttúrlega bara ímyndun, eins og gefur að skilja. Ég vona að slíkt verði þrátt fyrir allt ekki gert.

Hitt er annað mál, að ég legg á það áherslu að gerð verði úttekt á íslenskum iðnaði. Allt það, sem unnið er og kallað er iðnaður á Íslandi, er langt frá því að vera sannur íslenskur iðnaður, og þegar við leggjum á jöfnunargjöld eða aukum tolltekjur á þennan hátt og tvöföldum þær í þessu tilfelli frá því sem var s. l. ár hlýtur það að verða krafa þjóðarinnar að við séum ekki að styrkja annað en það sem er hreinn íslenskur iðnaður.

Hæstv. ráðh. gaf upp að jöfnunargjald það, sem um hríð hefur verið í gildi og er 3%, hafi gefið af sér um 1200 millj. kr. á s. l. ári. Yfirstandandi áætlun er þá að $^2/_3$ af því renni til iðnaðar og $^1/_3$, 400 millj., renni í ríkissjóð. Þá er mér spurn, þegar verið er að gera neyðarráðstafanir til að aðstoða íslenskan iðnað til að skapa ný atvinnutækifæri: Hvernig í ósköpunum stendur á því að ríkisstj. leyfir sér að nota þær neyðarráðstafanir til tekjuöflunar fyrir

ríkissjóð? Hver er ástæðan? Er það rétt að ríkissjóður þurfi að fá 400 millj. kr. í sinn hlut vegna þess að með nýjum gjöldum þurfi að auka aðstoð við íslenskan iðnað? Eru þeir kannske farnir að prjóna í ríkisstjórnarsætum sínum og þurfa efnahagsaðstoð? (**Gripið fram í:** Þeir eru alltaf með eitthvað á prjónunum.) Þeir eru alltaf með einhverja bölvun á prjónunum, ég veit það.

Ég vona að hæstv. iðnrh. beiti sér fyrir því og tryggi það, að sú upphæð, sem hér er verið að bæta við, 3% ofan á önnur 3% sem eru fyrir, renni öll til íslensks iðnaðar og sköpunar á nýjum atvinnutækifærum, það verði gerð úttekt á íslenskum iðnaði þannig að ljóst liggi fyrir, hvaða iðnað á að styrkja og hvaða iðnað á ekki að styrkja, og að komið verði í veg fyrir að ríkissjóður hirði í verðbólguhít sína hluta af því fé sem lagt er á borgara þessa lands að greiða í þeim tilgangi að skapa hér atvinnutækifæri til frambúðar. — Og það má bæta því við, að ég trúi því, að með þessum álögum sé verið að búa þjóðina betur undir samkeppni við háþróaðar iðnaðarþjóðir sem keppa við innanlandsmarkaðinn, við íslenskan iðnað, og þegar slík gjöld eru lögð á get ég ekki með nokkru móti skilið þörfina fyrir að ríkissjóður geri þessar neyðarráðstafanir að féþúfu fyrir sig — má segja persónulega.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hefði átt að halda þessa ræðu fyrir svo sem eins og einu ári og hefur e. t. v. haldið hana þegar lögfest var jöfnunargjaldið á innfluttar iðnaðarvörur, því að það var samkv. ákvörðunum fyrrv. ríkisstj. sem ákveðið var að þetta færi ekki óskipt til íslensks iðnaðar, heldur héldi ríkissjóður eftir þriðjungi af þessu gjaldi. Ég geri ráð fyrir að hæstv. þáv. iðnrh. hafi ekki verið ánægður með þau skipti, en þannig lyktaði þeirri glímu og þær reglur hafa ekki verið brotnar upp, því miður.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur leyft mér að segja eina setningu, og ég ætla ekki að bregðast trúnaði hans því að nú er komið fram yfir þann tíma sem flokksfundir eiga að hefjast.

Ég held að við séum, hv. 1. þm. Reykv. og ég, alveg óvenjulega sammála í þessu máli. Þess vegna leiðist mér þegar hann gerir sér far um að misskilja það sem ég sagði áðan. Ég talaði ekki um að leggja á nýja skatta þegar þetta gjald rynni út. Ég sagði þvert á móti, og ég vona að hv. þm. taki það til greina, að það yrði reynt þá að freista þess að létta af iðnaðinum þeim gjöldum sem hann greiðir nú. Ef hv. þm. sér enga aðra leið en að auka skattheimtu verður hann náttúrlega að gera grein fyrir því á sínum vettvangi, en ekki í þessu máli. Í mínum huga horfir þetta ekki þannig við, heldur ætti iðnaðurinn að geta sloppið við þau gjöld sem nú gera samkeppnisaðstöðu hans lakari en hann getur þolað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. (þskj. 570). — 1. umr.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63 frá 28. maí 1969. Þetta mál kemur frá Ed. og var samþ. þar í þeim búningi sem það var lagt fyrir hv. Ed.

Um og eftir 1970 tók að bera nokkuð á innflutningi og verslun með tilbúin bruggunarefni í neytendaumbúðum. Framan af var um tiltölulega lítið magn að ræða, en hins vegar hefur orðið mjög veruleg aukning innflutnings og verslunar með þessi efni s. l. 3—4 ár. Á þessu tímabili hefur a. m. k. eitt íslenskt fyrirtæki hafið framleiðslu á tilbúnum bruggunarefnum. Auk þessa hefur innflutningur og sala á hvers konar gerlum, bæði vingeri og pressugeri, verið algerlega frjáls síðan 1969, en þá var einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á pressugeri afnumin, sbr. lög nr. 63 frá 1969. Ef umrædd efni eru fyrir hendi er næsta auðvelt að framleiða á tiltölulega skömmum tíma áfenga drykki. Raunin hefur og orðið sú, eins og flestum má reyndar vera kunnugt, að framleiðsla eða bruggun áfengra drykkja í heimahúsum og á vinnustöðum hefur aukist gífurlega í kjölfar hinnar frjálsu verslunar með þessi efni.

Samkv. 7. gr. áfengislaga, nr. 82 frá 1969, er bannað að brugga eða búa til áfengi á Íslandi. Þetta skýlausa bannákvæði dugar skammt í baráttu við þá óheillavænlegu þróun sem átt hefur sér stað í þessum efnum á undanförnum árum, þar eð áfengislöggjöfin er að öðru leyti mjög ófullkomin og veitir ekki möguleika til að fylgja banni þessu eftir svo að vel sé. Samkv. 2. gr. áfengislaganna er áfengi skilgreint á þessa leið: „Áfengi telst samkv. lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2.25% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, sem þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.“ Í skjóli þessa ákvæðis má segja að sala umræddra efna hafi þrifist. Þeir aðilar, sem hafa séð um innflutning og dreifingu umræddra vara, hafa einfaldlega bent kaupendum á hvernig þeir eigi að halda styrkleika bruggsins innan löglegra marka og hverju það varði fari hann fram úr lögleyfðu hámarki. Þess skal getið hér, að þó svo 2. mgr. 2. gr. taki til dufts, sem leysa megi upp í vatni, nær ákvæðið ekki til umræddra efna, því að þótt þau séu leyst upp í vatni nægir það eitt sér ekki til þess að úr verði áfengur vökvi, heldur þarf a. m. k. að bæta við þau sykri og gerlum. Samkv. gildandi löggjöf verða brot á 7. gr. áfengislaganna varla sönnuð nema með því að staðreyna að áfengi hafi verið framleitt úr nefndum efnum. Til þess að svo megi verða þarf að hafa hendur í hári þeirra sem kaupa þessi efni í smásölu og framleiða eða brugga úr þeim áfenga drykki, t. d. í heimahúsum. Af skiljanlegum ástæðum hafa lögregluyfirvöld verið treg til aðgerða af þessu tagi. Á meðan söluaðilar umræddra efna geta skákað í því skjóli að brugga megi óáfenga drykki úr efnunum, þótt sá sé eðlilega ekki tilgangur þeirra sem kaupa þessi efni til bruggunar, má ljóst vera af framansögðu að þess er ekki að vænta að hægt verði að stemma stigu við ólöglegri bruggun hérlendis að óbreyttum lögum.

Nýlega var að tilhlutan fjmrn. athugað fræðilega hve mikið áfengi mætti framleiða úr því magni bruggunarefna sem stærsti innflutningsaðili þessara efna flutti inn á árinu 1978. Niðurstöður athugunar þessarar, sem unnin var af ölgerðarverkfræðingi, leiddu í ljós að úr ofangreindum efnum, sem aðeins umræddur aðili flutti inn, mátti a. m. k. framleiða áfengi sem samsvarar ca. 250 þús. 0.7 lítra flöskum af brennivíni með 40% rúmmáls-

prósentu styrkleika.

Vegna ummæla í blöðum um áætlun þessa skal tekið fram að hún styðst við athugun á innflutningi 1977 og fyrstu 10 mánuðum 1978. Væri innflutningurinn, eins og hann í raun og veru varð 1978, lagður til grundvallar yrðu tölur þessar talsvert hærri. — Já, ég heyri að þm. stynja yfir þessu sem von er. (Gripið fram í.) Þetta er, eins og ég sagði áðan, athugun sem fór fram á vegum, að því er ég ætla, hlutlauss aðila, byggð á skýrslum sem eru til.

Af því m. a., sem að framan hefur verið rakið, má ljóst vera að alvarleg félagsleg vandamál fylgja því ástandi sem nú ríkir í þessum málum. Það er að mínu mati aðalatriði þessa máls. Hitt er ágreiningsefni, hvort þetta er leiðin til þess að uppræta brugg í svo víðtækum mæli sem verið hefur. Ég skal ekki um það dæma. En ég vil aðeins vísa til þess, að síðan sala víngerðarefna var gefin frjáls 1969 hefur orðið gífurlega mikil aukning á bruggi í heimahúsum, eftir því sem talið er.

Einnig er rétt að taka það fram, þó að það sé ekkert aðalatriði málsins, að ríkissjóður hefur orðið fyrir mjög verulegu tekjutapi af þessum sökum. Tekjur af rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hafa verið minni en menn hafa ætlað. Telja þeir, sem kunnugir eru, að þetta hafi valdið nokkru þar um.

Í framhaldi af þessu skal þess getið, að svipuð vandamál hafa verið uppi annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er alls ekki séríslenskt fyrirbrigði. T. d. gripu Svíar til þess ráðs í ársbyrjun 1978 að banna með lögum notkun á „extrakti" og „koncentrati" úr malti, þrúgusafa eða öðrum ávaxtasafa við framleiðslu á áfengi. Sala þessara efna er talin hlutdeild í brotum á þeim ákvæðum sem banna notkun efnanna við bruggun. Engu að síður er bruggun áfengra drykkja leyfileg í Svíþjóð ef aðeins er notast við ávexti, malt, ómalað korn o. s. frv. sem grunnefni, en þess jafnframt gætt að áfengisstyrkleikinn fari ekki fram úr 4.5%.

Með þessu frv. er lagt til að ríkisstj. einni verði heimilt að flytja inn eða framleiða tilbúin bruggunarefni svo og hvers konar lifandi gerla. Þessi tilhögun hefur verið ríkjandi varðandi innflutning áfengis og tóbaks hér á landi, eins og kunnugt er. Þá er nauðsynlegt, ef aðgerðir af þessu tagi eiga að bera raunhæfan árangur, að færa innflutning og sölu á lifandi gerlum aftur í hendur hins opinbera, en notkun gerla er nauðsynleg við bruggun áfengra drykkja. Það er sem sé höfuðtilgangurinn með þessu frv. að færa þessi mál í sama horf og þau voru í fyrir 1969.

Það er rétt að taka það fram, að samkv. frv. er gert ráð fyrir að heimila megi öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins innflutning og sölu á gerlum, enda uppfylli þessir aðilar skilyrði sem sett kunna að verða í því sambandi. Kemur einkum til álita að heimila öðrum aðilum innflutning á pressugeri, enda verði tryggt að það verði einungis notað til brauð- og kökugerðar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni einstakra greina frv. Það er kjarni málsins sem ég hef hér drepið á, en þó vil ég aðeins víkja að ákvæði til bráðabirgða, sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeim aðilum, sem við gildistöku þessara laga eiga birgðir af tilbúnum bruggunarefnum svo og birgðir af hvers konar lifandi gerlum, er frjálst að selja þær fram til 1. jan. 1980. Að þeim tíma liðnum skal Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skylt að kaupa þær birgðir, sem viðkomandi aðilar kunna að eiga af framantöldum vörum, á verði sem ákveðið skal af dómkvöddum matsmönnum."

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv., en leyfi mér að beina þeim tilmælum til þeirrar þn., sem fær málið til meðferðar, að hún hraði meðferð þess til þess að unnt verði að afgreiða málið fyrir þinglausnir. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það mál, sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir, hefur verið kynnt í blöðum, auk þess að hafa fengið afgreiðslu í Ed.

Ég vil strax í upphafi máls míns rifja það upp, að á sínum tíma — um áramótin — var sýnt í sjónvarpinu áramótaskaup og einn frábærasti þátturinn í því áramótaskaupi sýndi þegar hæstv. fjmrh. var að smala viðskiptavinum inn í ríkið vegna þess hve þeim hafði fækkað og hve tekjutap ríkissjóðs var mikið af þeim sökum. Mér datt þetta í hug þegar hæstv. ráðh. leggur svona gífurlega mikla áherslu á tekjutap ríkissjóðs í þessu sambandi. Tvískinnungurinn kemur fram í því, að verið er að segja annars vegar að slíkt frv. sé flutt til þess að minnka drykkjuskap í landinu og hins vegar til þess að ríkið fái meiri tekjur af brennivínssölu. Slíkar röksemdir ná náttúrlega ekki nokkurri átt og sér hvert mannsbarn á Hofsósi og víðast hvar á landinu að hér er farið með málið með allt öðrum hætti en eðlilegt getur talist.

Í fyrsta lagi ber að benda á það, að ekki er ljóst að þeir, sem brugga öl með þeim efnum sem hér eru til sölu og verið er að koma í veg fyrir með þessu frv. að seljist, bruggi það sem við getum kallað áfengi samkv. skilgreiningu laganna, en það er yfir 2.25% alkóhólinnihald. Á þetta ber að leggja áherslu, þótt eflaust megi reikna með að einhverjir þeir, sem nota slík efni, fari yfir leyfileg mörk. Það skiptir þó kannske mestu máli að slíkar veigar eru ekki seldar manna á meðal, að því er vitað er. Hins vegar má gera ráð fyrir að þetta minnki að einhverju leyti sölu áfengra drykkja í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Það er einmitt það sem hæstv. fjmrh. sér og þess vegna vill hann koma í veg fyrir bruggunina.

Mig langar strax í upphafi þessa máls við 1. umr. að benda á að verið hafa í vetur til umfjöllunar í þessari hv. þd. og enn fremur í hv. allshn. Nd. frv. er varða áfengislöggjöfina. Ég tel eðlilegt að þau mál, sem komið hafa fram á þessu þingi um áfengismálefni, verði samferða í gegnum þingið. Við höfum nægan tíma. Það er sjálfsagt að nota sumarið til þess að kanna með hverjum hætti best sé að breyta áfengislöggjöfinni til þess að hún nái þeim tilgangi sínum að koma í veg fyrir þau félagslegu vandamál sem af áfengisdrykkju þjóðarinnar hljótast. Við eigum ekki að hlaupa upp til handa og fóta í hvert skipti sem hæstv. fjmrh. þarf á meiri peningum að halda og láta þá lönd og leið öll grundvallaratriði í þessum málum.

Ég minni jafnframt á að á hv. Alþ. hefur annað slagið verið rætt talsvert um hvort ekki bæri að leyfa bruggun og sölu áfengs öls. Mér finnst koma til greina að þn. kanni hvort ekki sé hægt að útbúa spurningar sem leggja mætti fyrir þjóðina í einhvers konar skoðanakönnun er varðar bjórinn, hvort hún vilji einhverjar breytingar á þeirri löggjöf sem við höfum orðið að búa við fram að þessum tíma. Ég held að mikið sé unnið ef okkur tekst að ná einhverju samkomulagi um hvernig við viljum standa að framkvæmd frjálslegri áfengislöggjafar sem geri að

verkum að fólk hér á landi umgangist áfengi þannig að sem minst félagsleg vandamál komi til með að stafa af. Á þetta vil ég leggja áherslu. Auðvitað dettur engum í hug áfengisbann, nema þeim sem hafa lýst því yfir og eru í félagsskap sem berst af oddi og egg gegn áfengisnotkun í landinu almennt. Við verðum að gera mikinn og skýran greinarmun á því, hvort við viljum í raun leggja niður áfengissölu í landinu og leysa vandamálin með þeim hætti, sem að mínu viti er engin lausn á málunum, eða hvort við viljum takast á við þessi vandamál, eins og þau hljóta að snúa að þjóðinni, sem félagsleg vandamál sem verði að leysa. Að koma hingað og ræða úr þessum ræðustól eingöngu um þessi mál sem tekjuöflun, sem skattamál ríkissti., finnst mér fyrir neðan allar hellur.

Ég minni á það jafnframt, að verið hafa til umr. í þessari hv. d. og einnig í allshn. Nd. hugmyndir í frv., sem Vilmundur Gylfason og fleiri hv. þm. fluttu, varðandi opnunartíma og jafnframt breytingu á áfengislöggjöfinni í víðtækustu merkingu. Það mál er brýnt, ekki síst vegna samþykktar borgarstjórnar Reykjavíkur í þeim málum.

Þá vil ég benda á eitt atriði sem sumum finnst e. t. v. vera smátt, en í mínum augum er stórt, og það varðar einkaleyfi ríkisins á eldspýtnasölu, en samkv. áfengislögunum er ríkið eini aðilinn sem selja má eldspýtur í landinu. Það hefur leitt til þess, að hér á landi fást aðeins eldspýtur sem eru svo ónýtar og skaðlegar að ég hugsa að hvergi í heiminum sé hægt að finna annað eins, enda veit ég að þær viðbótartekjur, sem hæstv. fjmrh. er nú að sækjast eftir hjá þeim sem á að smala inn í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, mundu ekki duga til að greiða bætur fyrir það tjón sem verður af ónýtum eldspýtum sem sá hinn sami hæstv. ráðh. er að selja. Ég vek athygli á þessu. Þarna er breytinga þörf. Ég skora á hæstv. ráðh. að láta hendur standa fram úr ermum í því máli og reyna m. a. að koma í veg fyrir að þeir Íslendingar, sem nota eldspýtur, reykingamenn sem eru helstu og bestu skattgreiðendur hæstv. ráðh., þurfi ekki að notast við ónýtar eldspýtur sem fást í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Í þessu máli verður einnig að hafa fleira í huga. Þegar tekin eru skref í þá átt sem hæstv. ráðh. leggur til spyr maður sjálfan sig: Hvar enda þessi ósköp? Hvenær verður ríkið einkaleyfishafi á innflutningi á sykri, rúsínum, Tropicana o. s. frv., o. s. frv.? Öllum er ljóst að það er enginn vandi að brugga í þessu landi, það hefur verið gert frá alda öðli. Ég veit t. d. að ættmenn mínir, sem eru norðan úr Húnavatnssýslu, brugguðu löngu áður en nokkurt ger fékkst hér í landinu — það ger sem nú er verið að selja. Og ég veit m. a. s. að ýmsir sýslumenn reyndu að eltast við þá ágætu menn, en það tókst engan veginn því að þeir voru ekki bara á öðrum hvorum bæ, þeir voru á hverjum bæ og margir á hverjum bæ. Þetta hefur reyndar breyst eitthvað, og ég held að a. m. k. nokkrir þeirra séu það góðir skattgreiðendur að þeir gangi í búð hæstv. fjmrh. og kaupi annað veifið eina eða tvær flöskur frá honum. En allir vita að hæstv. ráðh. er eini og stærsti — ja, ég ætlaði ekki að segja sprúttsalinn, mér datt það í hug, en alla vega áfengissalinn á landinu og er ekkert að fela það, því að hann er maður sem reynir að halda vel um ríkissjóð og ná peningum með öllum tiltækum ráðum í þann sjóð sem ekki er digur um þessar mundir, eins og allir vita.

Þegar rætt er um skatta í þessu sambandi hafa sumir hv. þm., þ. á m. hv. 7. þm. Reykv., sagt að í raun séu það nánast skattsvik að brugga. Auðvitað má segja að ríkissjóður verði af einhverjum tekjum. Það má auðvitað leggja hærri tolla eða gjöld á það ger, sem þarna er um að ræða. En það er óþarfi að fá einkaleyfi á innflutningi á því geri þegar svo er yfirlýst að ekki á að selja eitt einasta gramm af því í landinu. En varðandi þetta skattsvikalögmál vil ég benda á, að það eru jafnmikil skattsvik að brugga og að borða heima hjá sér. Ég veit að vísu að hv. 7. þm. Reykv. borðar á Hótel Borg og þar borgar hann söluskatt af því sem hann borðar, en heima hjá sér sleppur hann við það, þannig að í hvert skipti sem maður borðar heima hjá sér eða á mötuneyti hins opinbera er maður að svíkja undan skatti samkv. þessu lögmáli. Þetta sjá allir að er tóm vitleysa og alger rökleysa.

Í bréfi, sem Guttormur Einarsson sendi þm. og ég ætla ekki að lesa allt, það er langt og ítarlegt bréf, en ég vona að hv. þm. kynni sér það bréf, kemur ýmislegt fram, og ég skal vera stuttorður í þessari upptalningu. Ég vitna í orð hans, og ég held að það sé ástæða til þess að þm. kynni sér þetta, því að hann er ágætur skattgreiðandi. (**Gripið fram í:** Og óhlutdrægur kannske?) Og óhlutdrægur í aðra röndina, a. m. k. ekki hlutdrægari en hæstv. fjmrh., þeir eru að sjálfsögðu báðir aðilar máls. Hann bendir á að það sé upplýst að frv. byggist í fyrsta lagi á blekkjandi tilgangi, í öðru lagi á fölsuðum aðdraganda, í þriðja lagi á fræðilegri misnotkun á opinberu fé, í fjórða lagi á misnotuðum útreikningum, í fimmta lagi á villandi tilvitnunum í erlend lög, í sjötta lagi á uppspunnum félagslegum vandamálum, í sjöunda lagi á ísmeygilegum lagabreytingum gegn innlendum ölverksmiðjum og drykkjarvöruframleiðendum, í áttunda lagi á fáfræði fjmrn. og almennri vanþekkingu á gerlum og í níunda lagi á óskhyggju um 3 milljarða kr. kjaraskerðingu landsmanna og jafna viðbótarútgjaldaaukningu.

Ég ætla ekki að leggja dóm á hvað er rétt í máli Guttorms Einarssonar, en það er vissulega athugunarefni þegar ágætur skattgreiðandi fer með slíkt mál.

Þá vil ég að lokum, herra forseti, benda á að um þetta mál urðu snarpar umr. í Ed. og þar kom fram till. til rökst. dagskrár. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að

a) vandi þjóðarinnar í áfengismálum er fólginn í mikilli neyslu áfengra drykkja,

b) úrbætur í áfengismálum leiða til minnkandi tekna ríkissjóðs af áfengissölu,

c) æskileg þróun er, að ríkissjóður byggi sem minnst á tekjum af áfengissölu, en

d) frv. þetta stefnir í öfuga átt með þeim tilgangi sínum að auka tekjur ríkissjóðs af áfengissölu,

samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá í trausti þess, að ríkisstj. láti endurskoða áfengislöggjöfina í þeim tilgangi að draga úr áfengisneyslu þjóðarinnar, stuðla að hófsemi í meðferð áfengra drykkja, efla bindindi í landinu og auka aðstoð við drykkjusjúklinga, enda verði málið lagt fyrir Alþ. í byrjun næsta þings."

Þessi till. féll í Ed. Ég ætla að leyfa mér að skýra það þannig, að það sé ekki vegna þess að þm. séu á móti bindindi og hófsemi í þessum efnum, heldur hafi hún verið felld af þjónkun við hæstv. ráðh. og vegna þeirrar staðreyndar, sem ég held að sé rétt, að í Ed. eru heldur íhaldssamari þm. en í hv. Nd. — Svo hefur verið frá fornu fari, ég þarf ekki að rifja upp þá sögu, hún er þekkt í Íslandssögunni, og allir vita hvers vegna deildaskipting er hér á Alþ. Mætti segja mér að eiginlega eimi dálítið eftir af íhaldssemi eftir deildum. Ég vil þess vegna skora á

hv. þingsystkini mín hér í Nd. að sjá til þess, að það frv., sem hér liggur fyrir, fái verðuga útreið í þinginu. Ég skora á nm., sem fá þetta mál til meðferðar, að kynna sér það vel, ekki út frá tekjusjónarmiðum ríkissjóðs, heldur út frá þeim sjónarmiðum að ræða á áfengisvandamál þjóðarinnar í heild og skipulega. N. á að kynna sér og kanna hvort ekki séu fleiri og aðrar betri leiðir en sú sem hæstv. ráðh. er að fara hér, sem hann kallar að eigi að draga úr áfengisneyslu, en er í raun aðeins ein skattpíningarherferðin enn.

Ég læt svo máli mínu lokið, herra forseti, en ég veit að n. hlýtur að taka þessi sjónarmið til greina.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni, að mér finnst heldur illur þefur af þessu frv. Mér þykir heldur hvimleitt þegar ríkisvaldið skýtur sér á bak við hið eiginlega erindi frv. inn á þing, þ. e. a. s. að draga meira fjármagn í ríkiskassann, og segir eitthvað í þá veru að frv. sé flutt til að reyna að draga úr áfengisneyslu í landinu. Þetta er ekki skynsamlega að farið og óeðlileg vinnubrögð að mínu mati.

Ég vona að þetta erindi ríkisvaldsins inn á þing fái svipaðan endi og þegar þjóðkunnur sómamaður, sem á árum áður eltist við bruggara, mætti pilti á götu með fötu í hendi sem smjörpappír var bundinn yfir og þótti honum það hið grunsamlegasta mál. Hann vék sér að piltinum, benti á fötuna og spurði hvað í henni væri. Piltur svaraði að bragði: „Það er blikk.“ Þá greip maðurinn í jakkaboðung pilts og spurði: „Hvað er þetta, drengur?“ — og hristi hann til. „Ja, þetta er nú ekta enskt ullargaberdín, 20-kall metrinn,“ sagði hann. Þá sagði sá sem var að elta: „Ja, það er kjaftur á þér, drengur.“ „Það er von,“ sagði strákurinn. „Við erum 9 í heimili, það eru bara til 8 skeiðar og ég verð að borða með sleifinni.“ Það er trúa mín að þetta frv. fari svipaða erindisleysu hingað inn í þingsali og þegar þessi sómamaður átti erindi við þennan pilt.

Mér er ekki ljóst, eftir að hafa lesið þetta frv., hvort það er ætlun ríkisins að taka upp sölu á bruggefnum sjálft. Þætti mér vænt um að hæstv. fjmrh. útskýrði það fyrir d., hvort tilgangurinn með frv. sé að taka sölu á þessum efnum úr höndum einkaaðila og fara að selja þau sjálft. Ef svo er er fullyrðingin um að ríkisvaldið sé að reyna að hafa vit fyrir fólkinu í landinu úr lausu lofti gripin.

Ég vil minna þm. á að hér á landi hefur verið bruggað um ekki bara áratuga, heldur árhundraða skeið. Ef þeir halda, ágætir flm. þessa frv., að þeir geti stöðvað þá þróun er það einhver hlægilegasti misskilningur sem komið hefur upp á margra ára bili. Áfengisvandi íslensku þjóðarinnar verður ekki leystur með því að ríkisvaldið taki að sér einkasölu á bruggefnum, ef það er tilgangurinn eða ef ríkisvaldið ætlar að stöðva sölu á bruggefnum. Þar þarf allt annað og miklu meira að koma til.

Ég held að menn verði einnig að gera sér ljósa grein fyrir því, að eftir þá þróun, sem orðið hefur hér á landi á meðan ríkisvaldið hefur lokað augunum fyrir auðsæjum lagabrotum sem átt hafa sér stað um áratugaskeið, þ. e. a. s. brotum á lögum um bann við bruggun í heimahúsum, er hæpið að láta sér detta í hug að með einfaldri lagasetningu verði hægt að stöðva bruggun. Menn fara eins og kettir í kringum heitan graut og láta sem svo að bruggun hafi ekki átt sér stað. En allir menn vita að hún á sér stað í mjög ríkum mæli. Víngerðarefni er hægt að kaupa erlendis og flytja inn. Gerlum er hægt að halda lifandi með litlum tilkostnaði og lítilli kunnáttu. Það er hægt að nota margvísleg efni sem fást í búðum, hverri einustu matvöruverslun á Íslandi, til þess að brugga úr. Þetta vita allir.

En ég vil enn og aftur koma að því, að mér finnst ólykt af þessu frv., einfaldlega vegna þess hvernig það hefur verið grundvallað í framsetningu, þ. e. a. s. að láta að því liggja að með þessu sé ríkisvaldið, sem oft reynir að hafa vit fyrir einstaklingnum, að reyna að draga úr því vandamáli sem ofneysla áfengis er hér á landi. Þetta er hlægilegt — og ekki bara hlægilegt: fáránlegt. Ég mun eindregið leggjast gegn þessu frv. Það er ekki spor í neina átt. Ef það væri spor í einhverja átt væri það spor í ranga átt. Það er a. m. k. ekki spor í rétta átt.

Ég vil taka undir með síðasta hv. ræðumanni, sem benti á að endurskoðun áfengislöggjafarinnar er brýnasta verkefnið ef við ætlum einhverju sinni að komast að rótum þess meins sem við eigum við að stríða í sambandi við áfengismál hér á landi. Og þar er númer eitt fræðsluþátturinn, sem þarf að hyggja að og hefur allt of lengi verið sýnt áhugaleysi bæði í skólakerfinu og annars staðar í þjóðfélaginu.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri um þetta mál. Ég er á móti frv. Það er byggt á röngum forsendum og er heimskulegt.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Stefna ríkisstj. í áfengismálum hefur verið mikið til umræðu á meðal þjóðarinnar í vetur. Kemur þar margt til, en fyrst og fremst vegna þess máls sem nú er til umr. Hefur verið að vefjast fyrir rn. hvernig megi koma í veg fyrir að sú bruggun, sem á sér stað í landinu, haldi áfram.

Miðað við þær umr., sem hafa átt sér stað, og þær yfirlýsingar, sem ráðh. hafa gefið um málið, er ljóst að áhyggjur þeirra af brugguninni eru ekki fólgnar í að það kynni að vera meira drukkið af áfengi, heldur eru áhyggjurnar fyrst og fremst fólgnar í því að víngerð í heimahúsum kunni að leiða til einhvers tekjutaps fyrir ríkissjóð. Ég vil benda á að allar umræður um áfengismál og yfirlýsingar ráðh. um þau mál miða eingöngu að því að reyna að auka tekjur ríkissjóðs af áfengissölunni í landinu. Lítum aðeins á 2. gr. frv. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis, tóbaks og annarra vara, sem ríkisstj. einni er heimilt að flytja inn, sbr. 1. gr., og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjmrh. í því skyni að afla ríkissjóði tekna.“ — Ég undirstrika: „í því skyni að afla ríkissjóði tekna.“

Það má eiginlega segja að þarna standi skýrt og skorinort hver stefna ríkisstj. sé í áfengismálum: að afla ríkissjóði tekna.

Ég hef trú á því, að þetta frv. stöðvi ekki sölu á bruggefnunum, heldur haldi slíkt áfram á stórhækkuðu verði í áfengisútsölum ríkisins og áfengisneyslan og bruggunin stóraukist, vegna þess að náttúrlega hljóta það að verða hagsmunir fjmrh. og ríkissjóðs að enn verði aukið við áfengiskaupin. Hér er stórhætta á ferðum. Það hlýtur að verða stórhætta á ferðum þegar ríkissjóður er orðinn jafnháður áfengissölunni í landinu og hann raunverulega er, þegar það gerist á hv. Alþ. að borið er fram frv. eins og þetta eingöngu í því skyni að reyna að afla meiri tekna af áfengisneyslunni. Það er ekki verið að tala fyrst og

fremst um að bruggunin sem slík sé eitthvert óæskilegt fyrirbrigði, þó hún sé náttúrlega bönnuð þegar alkóhólinnihald vökva fer fram úr 2.25%. Það er löglegt að brugga hvaða vökva sem er ef hann inniheldur ekki meira áfengismagn en 2.25%. En málið fjallar ekki um þetta, heldur að tryggja að tekjurnar af allri áfengissölu komi í ríkissjóð. Hér er vissulega hætta á ferðum. Ég ítreka, að við förum að sjá að okkur og taka höndum saman um að reyna að stemma stigu við að ríkissjóður verði jafnháður áfengissölunni og hann er, þannig að hægt verði að beita raunhæfum aðgerðum til þess að berjast gegn áfengisdrykkjunni í landinu.

Mér kæmi á óvart ef þetta mál hefði verið rætt í ríkisstj. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. hvort svo sé, hvort þetta sé mál ríkisstj. eða hans eigið. Einnig vildi ég gjarnan að það kæmi fram, hvaða hæstv. ráðherrar komi til með að styðja þetta mál. Ég man ekki eftir því að málið hafi verið rætt í þingflokki Alþfl. áður en það var lagt fyrir Alþingi.

Herra forseti. Ég lít svo á, að við höfum öðrum hnöppum að hneppa en horfa enn á það atriði að auka tekjur ríkissjóðs af brennivínssölu í landinu. Við höfum þeim hnöppum að hneppa að taka höndum saman um, hvernig við getum gert ríkissjóð óháðari áfengissölunni en hann er, og stemma raunverulega stigu við þeirri áfengisneyslu sem við eigum við að etja í þjóðfélaginu og er fyrir löngu orðin mikið vandamál.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af fsp. hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar.

Þetta frv. er stjfrv. Hins vegar eru einstakir ráðh. ekki bundnir við að fylgja því. En það er lagt fram sem stjfrv., var svo gert í Ed. og einnig hér í Nd.

Ég ætla ekki við þetta tækifæri að taka þátt í almennum umr. um drykkjuskap þjóðarinnar. Ég held að flestir séu sammála um að drykkjuskapurinn sé sennilega mesta þjóðarböl Íslendinga þegar á allt er litið. Menn viðurkenna þetta kannske ekki, en ég held að það sé eigi að síður staðreynd.

Oddur Ólafsson læknir og hv. þm. tók til máls um þetta mál í Ed. og lýsti fylgi sínu við frv. Því er ljóst að þetta frv. er ekki pólitískt mál. Verður hver og einn að gera það upp við sig, hvort hann fylgir því eða ekki. En hv. þm. flutti athyglisverða ræðu um þessi mál og hélt fram að eins víðtæk bruggun og hefur viðgengist í vaxandi mæli síðan breyting var gerð í þessum efnum fyrir 1970 yki drykkjuskap í landinu og þess vegna væru líkur á því, ef horfið væri til hins sama og var fyrir 1970, að draga mundi úr drykkjuskap. Ég get hins vegar endurtekið það sem ég sagði hér áður, að ég hef enga trú á að þetta frv. muni uppræta brugg í landinu. Því fer fjarri. En ég hef trú á að það kunni að draga úr bruggi. Þess vegna held ég að frv. sé fullkomlega réttlætanlegt út frá því sjónarmiði — alveg hiklaust. Það er ekki alveg vansalaust fyrir Alþ. og stjórnvöld að þurfa að horfa á að í landinu eigi sér stað verulegt brugg, sem er auðvitað lagabrot. Hins vegar held ég að ljóst sé að ekki er skynsamlegt, eins og þessi mál eru, að ráðast inn á heimili í stórum stíl með lögreglu og reyna að framkvæma þau lög sem eru í gildi. Þetta held ég að sé heiðarlegt að játa, og ég hygg að flestir hv. alþm. séu sammála um það. Þess vegna verður að reyna að leita einhverra annarra ráða til að draga úr vaxandi bruggstarfsemi í landinu, sem ég er sannfærður um að eykur á drykkjuskap.

Það hafa margir talað við mig um þetta mál. Ýmsir eru sömu skoðunar og þeir hv. þm. sem hér hafa talað, en aðrar sögur hef ég líka heyrt um þetta vandamál. Bruggun er orðin allvíða verulegt vandamál. Það lýsir sér aðallega í því, að menn halda áfram að drekka, eins og það er kallað, bruggað vín sem er tiltækt eftir að menn hafa tekið rispur, eins og margir góðir Íslendingar gera, t. d. um helgar. Og mér er kunnugt um að þetta er verulegt heimilisböl á mörgum heimilum. Þess vegna held ég að sjálfsagt sé að reyna aðrar aðferðir en þær aðferðir að siga lögreglu inn á heimili til að reyna að draga úr þessari starfsemi. — Og það er, eins og ég sagði áður, einn aðaltilgangur þessa frv. að reyna að draga úr brugginu. Ég hef rökstutt að slíkt hafi stóraukist frá því að sala víngerðarefna var gefin frjáls. Það er staðreynd. Bruggunin í landinu var að mestu leyti horfin, vil ég segja, á seinni hluta áratugsins 1960—1970. Það bar meira á þessu hér áður fyrr. Bruggun hefur stóraukist síðan reglunum var breytt, og þá er ég að tala um áfengt öl.

En ég vil svara fsp. hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar. Þetta er stjfrv., en einstakir ráðh. hafa sjálfsagt frjálsar hendur um hvort þeir fylgja því eða ekki. Ég hef satt að segja ekki kynnt mér hvaða afstöðu þeir hafa til málsins. En mér finnst eftir afgreiðslu og meðferð málsins í Ed. að það eigi meira fylgi í þinginu en búast mátti við áður og þeir, sem eru á móti því, séu háværari en hinir sem vilja leggja málinu lið. (**GSt:** Er ætlunin að halda áfram að selja þessi efni í áfengissölum?) Aðalefni frv. er fólgið í því, að áfengiseinkasalan hefur einkaleyfi, ef frv. verður að lögum, á innflutningi bruggefna. Samkv. frv. getur fjmrn. hins vegar heimilað öðrum að selja bruggefni. (Gripið fram í.) Ég vil ekkert um það segja. Ég ætla að sjá hvort frv. gengur hér fram. Það verður að sjálfsögðu athugað í fjmrn. í samráði við fleiri aðila hvernig verður staðið að framkvæmd laganna, ef frv. verður að lögum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Mér þykir málflutningur og röksemdafærslur hæstv. fjmrh. fyrir því frv. til l., sem hér er til umr., vera með óviturlegri — að ég segi ekki heimskulegri — málflutningi sem hér hefur lengi heyrst. Og það, sem mér þykir vera mjög óviturlegt í málflutningi hans, er að blanda sífellt saman, jafnvel í sömu málsgrein, jafnvel í sömu setningunni, annars vegar tekjuþörf ríkisins og hins vegar því sem vissulega er gríðarlegt félagslegt vandamál í þessu landi og stafar af ofneyslu áfengis. Þessi málflutningur verður til þess að öll röksemdafærslan fyrir þessu frv. er í molum. Er hæstv. fjmrh. að reyna að leysa áfengisbölið, það vill sem aukaatriði svo heppilega til fyrir hann að það gefur ríkissjóði svolitlar tekjur, eða er hann að afla ríkissjóði tekna og vill svo til, sem er aukaatriði að hans mati, að hann leysi talsvert félagslegt vandamál í leiðinni?

Hvort um sig er auðvitað vandamál. Ríkissjóður fær minni tekjur en hann þarf á að halda. Hitt er líka, að í landinu er ofneysla áfengis félagslegt vandamál. En það, sem er svo óviturlegt að minni hyggju við þetta frv. til l., sem mér þykir hafa allt yfirbragð embættismanna í fjmrn. sem eru að hugsa um ríkissjóð fyrst og fremst og ekki um félagsleg vandamál, er að blanda því saman við að þykjast vera að leysa félagsleg vandamál, fara um það tilfinningalegum rökum, þegar þetta frv. fjallar auðvitað ekki um það, heldur um hitt að ríkissjóður er að verða sér úti um tekjur. Þetta eru tvö aðskilin vandamál, tekjuþörf ríkissjóðs annars vegar og félagsleg vandamál sem stafa

af áfengisböli hins vegar, og ber að líta á þau sem tvö aðskilin vandamál, en ekki rugla þeim saman, styðja hvað með öðru, enda stendur lítið eftir af röksemdafærslunni þegar svo er gert.

Ég hygg að það sé rétt, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh., að á síðasta áratug hafi brugg í heimahúsum verið orðið hverfandi lítið, en það hafi mjög aukist á þessum áratug. Og sé svo, sem kann að vera ágiskun, hygg ég að skýringin sé fyrst og fremst sú, að ríkisvaldið hefur haft forgöngu um óviturlega skattastefnu í áfengismálum. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr er áfengi nokkuð sem fjölmargir leggja sér til munns og kaupa. Það er gömul regla og ný, að áfengi hefur leitt til félagslegra vandamála og hefur einnig leitt til þess að þegar um ofsköttun á vörutegundinni er að ræða hafa neytendur tilhneigingu til að leita á önnur mið.

Nú er bruggun auðvitað ólögleg. Það er kjarni málsins. En samt hefur ríkisvaldið sýnt og haft forgöngu um tvískinnung í þessum efnum með því að hafast ekki að. Þannig hefur ríkisvaldið í reynd liðið þessa hegðun. Þar sem svo er hygg ég að óviturlegt sé að leggja skyndilega til atlögu við það tiltekna þjóðfélagsástand sem hér er og hefur í reynd verið þolað af ríkisvaldinu, án þess að endurskoða sjálfa áfengislöggjöfina um leið og skoða þau mál í samhengi. M. ö. o. tek ég undir þau meginrök, sem fram komu í máli hv. þm. Friðriks Sophussonar, að þetta tiltekna mál á að skoða í samhengi við áfengislöggjöfina í landinu, áfengishegðun, en tekjuþörf ríkissjóðs á hins vegar að vera aukaatriði og afleidd forsenda í þessu efni.

Nú hefur engu að síður verið almenn regla í þessu landi og viðurkennd, að ég hygg, af öllum, að áfengi er vímugjafi og áfengi er það sem kallað er stundum lúxusvara og áfengi getur valdið, — það gerir það ekki alltaf, en það getur valdið félagslegum vandræðum. Þegar allt þetta er lagt saman hefur það verið almenn regla í þjóðfélaginu, sem ég hygg að enginn mæli í mót, að áfengi er mjög mikið skattlagt. Engu að síður hefur svo farið á síðustu árum, að ríkisvaldið hefur verið of frekt til fjárins. Neytendur hafa svarað með því að auka brugg í heimahúsum og ríkisvaldið hefur látið það afskiptalaust. Þar sem slíkt ástand hefur skapast að verulegu leyti fyrir forgöngu eða a. m. k. með afskiptaleysi ríkisvaldsins sjálfs þarf ríkisvaldið að komast út úr vandræðunum með öðrum hætti og ekki í tengslum við fjármagnspörf ríkissjóðs, svo sem hér er lagt til. Það er auðvitað hugtak sem ber að nota alfarið í gæsalöppum. En svo má rökleiða, vegna þeirrar almennu leikreglu í samfélaginu að þessi vara sé skattlögð, að brugg í heimahúsum sé auðvitað ólöglegt, en einnig séu þeir sem brugga að komast hjá því að greiða það gjald til þjóðfélagsins sem almenn lög gera ráð fyrir.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni að þetta sé sambærilegt við að borða úti eða borða heima hjá sér. Mér vitanlega er ekki ólöglegt að borða heima hjá sér, eða ekki var það svo síðast þegar ég vissi til. Þeir kunna að hafa verið að breyta því í Ed. í dag, en ég veit þá ekki um það! Munurinn er sá, að samkv. íslenskum lögum er ólöglegt að brugga áfengi. Það er bókstafur laganna. Hegðun fólks hefur hins vegar verið í þá veru og afskiptaleysi ríkisvaldsins hefur einnig verið þannig að við stöndum í verulegum vandræðum af þessum ástæðum. Ríkisvaldið hefur með tvískinnungi sínum átt þátt í að skapa þetta vandamál.

Að þessu sögðu tek ég undir þá hugmynd, sem hér hefur komið fram hjá allmörgum ræðumönnum, og ég mun að mínu leyti vinna að því að réttast væri að frv. yrði lagt til hliðar að sinni. Það hefur verið lagt fram á hv. Alþ. frv. til breytinga á áfengislöggjöfinni sjálfri. Þessi mál þarf að skoða í samhengi og er sjálfsagt að skoða bruggmálin einnig í því samhengi. Að því mætti vinna í sumar og hefja slíkt aftur næsta haust, en að þessu frv., eins og það er fram lagt og með þeim rökstuðningi sem fyrir því er að baki, tel ég að ekki komi til mála að standa.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að brugg í heimahúsum hefði stóraukist. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er rétt.

Ég hef heyrt, en getur vel verið að það sé rangt, að drykkjulæti í heimahúsum hafi minnkað. Það er gott ef það reynist rétt.

Sala á áfengum drykkjum hjá ÁTVR hefur dregist saman. Það er líka gott ef rétt reynist. Áfengi, eins og það er skattlagt hér, er mjög dýr drykkur. Ef brugg í heimahúsum getur haft þær afleiðingar sem ég var að tala um, að drykkjulæti minnka og þar með verða kannske heilbrigðari drykkjuvenjur, held ég að það sé gott.

Mér skilst — ég er ekki mikill áfengismaður sjálfur — að fólk, sem veitir áfengi bruggað ólöglega, sé miklu sparara á áfengi sitt þegar það veitir heimabruggað vín en þegar veitt er úr flösku sem keypt er í áfengisverslun ríkisins. Það er nú einhvern veginn þannig, að þegar Íslendingur opnar þá flösku, sem hann kaupir í áfengisverslun ríkisins, verður hún að tæmast. Það er rétt, eins og gripið var fram í, að tappanum er þá venjulega kastað. Ef þessi er þróunin tel ég slíkt mjög heppilega þróun. Þá er mér ómögulegt að skilja, af hverju bindindissamtök eru andvíg slíkri þróun. Þau hafa barist árum og áratugum saman fyrir minnkandi drykkju, betri drykkjuvenjum og minni ólátum í heimahúsum.

Hitt er svo annað mál, að ég tel það ákaflega vafasaman málflutning hjá hæstv. fjmrh. að hafa allt það magn, sem flutt er inn til bruggunar, í huga þegar hann talar um heildarframleiðslu á væntanlega áfengum drykkjum úr þeim efnum sem flutt hafa verið inn til bruggunar á veikari drykkjum. Hann talar um að framleiddar séu um 250 þús. flöskur af mjög sterku áfengi. Þetta tel ég alhæfingu sem ekki eigi erindi inn í málið og geri ekkert annað en skemma þann málflutning sem hann vill að verði máli sínu til framdráttar. Ég held að einhver hluti af þeim efnum, sem flutt eru inn og brugga má úr, séu notuð til að brjóta lög, en ekki heildarmagnið.

Í sambandi við tekjurýrnun ríkissjóðs getur vel verið og ég efast ekkert um að tekjurýrnun ríkissjóðs, sem kemur fram í minnkandi sölu áfengisverslunar ríkisins, stafi að einhverju leyti af innflutningi á bruggunartækjum og efnum til bruggunar. En ég vona að hún stafi líka af því að þjóðin sé að verða bindindissamari, reglusamari.

Ég held að okkur sé öllum ljóst að boð og bönn ná aldrei því takmarki sem þeim er sett. Íslendingar eru þannig, að þeir láta ekki hefta sig fram yfir það sem réttlætiskennd hvers og eins býður. Það er hægt að setja hér lög eftir lög, en menn fara ekkert eftir þeim ef þau brjóta á móti réttlætiskennd þeirra. Spennitreyju þola Íslendingar ekki. Það þýðir ekkert. Við erum búin að fá mörg dæmi um það. Það þýðir ekkert, hvorki fyrir ríkisstj. né Alþ., að ætla að fara að hugsa í öllum smáat-

riðum fyrir fólk.

Hæstv. fjmrh. leggur þetta frv. fram á þeim forsendum að stemma þurfi stigu við innflutningi á bruggtækjum og efnum til bruggunar vegna tekjutaps ríkissjóðs. Þá er eðlilegt að spyrja, og ég ætlast til þess að fjmrh. hafi búist við þeirri spurningu við þessar umr. og sé reiðubúinn að svara henni: Hvert er hið raunverulega tekjutap ríkissjóðs, úr því að málið er svona lagt fram? Hverjar eru tolltekjur af bruggunartækjum og efnum til bruggunar sem hér hafa verið rædd? Það getur ekki verið að fjmrh. komi hingað svo illa vopnum búinn að hann geti ekki svarað þessari spurningu. Hver er nettómismunurinn á tolltekjutapi, þ. e. a. s. tekjum af bruggunartækjum og efni til bruggunar, og svo hinni minnkandi sölu áfengisverslunar ríkisins? Ég tel sjálfsagt, og af þeim ástæðum mun ég styðja þá frávísunartill. sem hér hefur verið lögð fram, að vita hvort er skaðlegra íslensku þjóðinni: sala og tekjuöflun ríkissjóðs af áfengum drykkjum eða framleiðsla einstaklinga sem sögð er vera í talsverðum mæli í heimahúsum. Ég er reiðubúinn til þess að standa að samþykkt á hvaða lögum sem er sem bæta sambúð þjóðarinnar við vínföng og áfenga drykki. En það verður að vera ljóst, að lög, sem samþykkt eru á hv. Alþ., séu óumdeilanlega til bóta þegar til framkvæmdar þeirra kemur. Ef það liggur ekki ljóst fyrir, held ég að rangt sé að bera fram það frv. sem hér liggur fyrir.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Satt að segja átti ég ekki von á því, að tími gæfist til að ræða ítarlega það frv. sem hér er á dagskrá, þegar tekið er tillit til þess að á dagskrá fundarins eru 24 mál. Manni hefur skilist að hæstv. ríkisstj. hafi áhuga á að koma ýmsum málum fram áður en þingi lýkur, og var þá kannske tilefni til að taka fyrir einhver önnur mál og reyna að fá afgreiðslu á þeim. En úr því að ekkert brýnna er en að ræða þetta mál eins ítarlega og raun ber vitni er sjálfsagt að taka þátt í þeim umr., fara nokkrum orðum um frv. og lýsa skoðunum á því í stórum dráttum.

Ég vil fyrst segja það, að ég er enginn áhugamaður um vínneyslu og mæli ekki bót óleyfilegri bruggun. Ég tel að Alþ. eigi auðvitað að stuðla að því með löggjöf og með framkvæmd laga að lög séu ekki brotin, eins og hugsanlega er gert á þessum vettvangi.

Hér hefur komið fram, m. a. í máli hæstv. ráðh., að áfengisneysla sé hið alvarlegasta vandamál og hann vilji gera flest til þess að eyða því vandamáli. Ég tek undir það. En þá er auðvitað einfaldasta ráðið hjá ráðamönnum þessarar þjóðar að banna sölu áfengra drykkja á Íslandi, grípa til þess ráðs að banna hér sölu áfengra drykkja og þá um leið neyslu þeirra. En hvers vegna skyldi það ekki vera gert? Auðvitað vegna þess að áfengi er staðreynd á Íslandi og notkun þess sömuleiðis. Menn gera sér grein fyrir því, að það er algerlega þýðingarlaust að setja hér á vínbann. Enda þótt slíkt bann yrði sett á mundu landsmenn fara í kringum það bann með ýmsum ráðum, eins og sagan sannar. Upphefjast mundi stórfellt smygl og brugg mundi vaxa að miklum mun og menn mundu grípa til ýmissa ráða til þess að verða sér úti um áfengi og neyta þess. Þess vegna er þýðingarlaust að berjast gegn vínneyslu með því að halda uppi bannstefnu í þeim efnum.

Viðbrögð þeirra, sem vilja draga úr vandamálum sem stafa af áfengisneyslu, hljóta að verða önnur en setja á bann. Þau viðbrögð gætu verið og eiga að vera fólgin í því að uppfræða fólk um skaðsemi áfengisneyslu með því að **veita hvers konar aðstoð þeirri æskulýðs- og félagsstarfsemi** í landinu sem beinir almenningi og þá ekki síst unglingum frá því að neyta áfengra drykkja. Það þarf að örva hvers konar tómstundastarf og áhugastarf hjá æskulýð landsins þannig að hann fái útrás í ýmsum verkefnum og ýmsum störfum sem ekki kalla á áfengisneyslu og fæla fólkið frá ofneyslu þess. Ég held að það sé miklu verðugra og merkilegra verkefni fyrir löggjafarvaldið og fyrir ríkisstj. og þá aðila, sem eru á móti áfengisnotkun, að reyna að stuðla einmitt að því að meira fé sé veitt til æskulýðsstarfa, t. d. íþróttastarfa, og vinna þannig fyrirbyggjandi starf.

Ég held að líka sé nauðsynlegt, um leið og horfst er í augu við að vín sé notað, að bæta vínmenningu almennings, kenna fólki að umgangast vín í hófi og haga áfengislöggjöfinni og verðlagningu á áfengi þannig að fólk drekki meira í hófi og drekki þau vín sem draga úr miklum áhrifum af neyslu þeirra.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að vegna mjög rangrar áfengislöggjafar á Íslandi og vegna mjög rangrar verðlagningar á áfengum drykkjum sé m. a. það staðreynd, að brugg hefur aukist mjög verulega á Íslandi á allra síðustu árum. Þetta brugg er opinbert leyndarmál. Ég skal ekki leggja dóm á þær tölur sem hér hefur verið farið með um magn bruggsins, hvorki að innihaldi né magninu sjálfu til, en það er staðreynd að mikið er bruggað á Íslandi. Ég skil þetta frv. svo, að verið sé að gera tilraun til að draga úr bruggun. Bruggið er auðvitað afleiðing af rangri áfengislöggjöf og rangri verðlagningu á víninu. Þarna kemur fram sjálfsbjargarviðleitni fólks sem vill hafa vín um hönd og sér þarna ódýrari og hagkvæmari leið til þess að verða sér úti um áfengi en einfaldlega að kaupa það dýru verði í áfengisverslun ríkisins.

Það sorglega við þetta frv. er þó það, að samkv. framsögu með þessu máli og samkv. grg., sem fylgir frv., virðist meginþunginn liggja á því að auka tekjur ríkisins með því að taka upp einkasölu á þeim efnum sem hér um ræðir. Það er athyglisvert að lesa grg. Ég gríp niður þar sem segir, með leyfi forseta:

„Af því, sem hér að framan hefur verið rakið, má ljóst vera að auk þeirra alvarlegu félagslegu vandamála, sem fylgja eða fylgja kunna ástandi því sem nú ríkir í þessum málum, hefur ríkissjóður þegar orðið fyrir mjög verulegu tekjutapi af þessum sökum. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að tekjur ÁTVR af áfengissölu á s. l. ári voru ca. 1.5 milljarði lægri en gert var ráð fyrir að þær yrðu samkv. fjárlögum 1978. Þá eru tekjur ÁTVR af áfengissölu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs ca. 20% lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Verði ekkert aðhafst til að hamla gegn þessari þróun hefur það í för með sér að tekjur ÁTVR verða a. m. k. 3 milljörðum kr. lægri í ár en gert var ráð fyrir að þær yrðu samkv. fjárlögum."

Af upplestri þessara setninga er ljóst að þeir, sem semja þetta frv. og bera það fram, hafa mestar áhyggjur af því að tekjutap áfengisverslunarinnar og þá ríkissjóðs sé svo mikið að ríkissjóði sjálfum stafi veruleg hætta af. Þeir vilja stemma stigu við þessu tekjutapi, þeir vilja grípa til einhverra aðgerða og þá er þetta frv. flutt. Það er alveg augljóst að samkv. grg. er sá megintilgangurinn með flutningi frv.

Hæstv. ráðh. reyndi að klóra í bakkann í seinni ræðu sinni og fór nokkrum orðum um það félagslega vandamál

sem stafar af áfengisneyslu. Það var út af fyrir sig góðra gjalda vert, og ég veit að hann meinar allt það sem hann segir. En það er of seint í rassinn gripið vegna þess að frv. er flutt í öðrum tilgangi. Í ræðu hæstv. ráðh. kemur líka fram mikill tvískinnungur, vegna þess að sami ráðh., eins og hér hefur komið fram, er langsamlega stærsti áfengissalinn í landinu. Ef hann vill draga úr því félagslega vandamáli sem áfengisneysla hefur í för með sér ætti hann auðvitað að leita leiða með því að draga úr vínsölunni, en ekki að tíunda þau rök, sem mér virðast koma fram í þessu frv., að það þurfi einhvern veginn að auka áfengissöluna til að forða ríkissjóði frá verulegu tekjutapi.

Ef við ræðum um hið félagslega vandamál, sem við erum auðvitað sammála um að er fyrir hendi vegna áfengisneyslu, kemur upp sú spurning: Mundu hin félagslegu vandamál minnka við samþykkt þessa frv.? Ég stórlega efast um það. Sannleikurinn er sá, að það áfengi eða þau vín, sem brugguð eru, teljast til léttra vína. Við vitum af reynslu að mikill munur er á hvort fólk neytir léttra vína eða sterkra drykkja. Hættan er auðvitað sú, að ef dregið verður úr bruggi með þessu frv. t. d. og gerðar einhverjar ráðstafanir í því sambandi muni fólk aftur leita í sterku drykkina. Ég held að ein ástæðan fyrir því, að brugg hefur aukist eins mikið og raun ber vitni um, sé röng verðlagning á léttum vínum. Ríkissjóður hefur lagt svo mikla áherslu á að hafa miklar tekjur af áfengissölu að hann hefur sífellt hækkað verð m. a. á léttum vínum og bægt þannig fólki frá því að kaupa þau vín í áfengisversluninni og neytt það til að fara að brugga sjálft. Ég held því að röng verðlagning á hinum einstöku tegundum áfengra drykkja sé ein skýringin á því að fólk hefur gripið til þess að brugga. Ég er þeirrar skoðunar að neysla léttra vína, hvort sem það er léttra vína, sem keypt eru í áfengisversluninni, eða neysla bruggaðra, áfengra drykkja, skapi ekki mestu vandamálin varðandi áfengi. Og ég held að um leið og við gerum okkur grein fyrir að vínneysla er staðreynd förum við að bæta umgengni fólks á víni og vínmenninguna. Ég held að ein aðferðin sé að beina neyslunni að léttum vínum frekar en sterkum drykkjum.

Því miður held ég að það sé rétt, sem hér hefur verið sagt í dag, að enda þótt þetta frv. yrði samþ. mundi það ekki breyta neinu, fólk héldi áfram að brugga, það mundi leita annarra ráða. Það er alveg vonlaust að stöðva þá þróun, a. m. k. með þessum hætti. Ég hef haft áhyggjur af því, að einmitt vaxandi bruggun á Íslandi sé að leiða til þess að útilokað verði annað en heimila sölu á áfengu öli. Því miður, segi ég. Ég mun styðja hvert það mál og hverja þá till. sem stuðlar að því að dregið sé úr áfengisneyslu á Íslandi, og ég hef ekki verið hrifinn af því að heimila sölu á áfengu öli á Íslandi, en ég held að sú hætta sé því miður fyrir hendi núna og sala áfengs öls sé eina ráðið til að stöðva óleyfilega bruggun og til að bæta vínneyslu á Íslandi. Þetta er óhugnanleg niðurstaða, ef hún er rétt, en ég bið menn um að velta þessu fyrir sér. Allt bendir til þess að þetta sé rétt ályktun af minni hálfu.

Mér þykir það miður að áfengi sé haft að féþúfu og það sé orðinn svo mikilvægur tekjuliður hjá ríkissjóði að grípa þurfi til ráða eins og þetta frv. felur í sér til að bæta hag ríkissjóðs. Ég tek undir það sem fram kom hér, að ég held hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni, að auðvitað á alls ekki að vera nein forsenda í þessu máli hvaða tekjur ríkissjóður hefur af áfengisneyslunni. Það á auðvitað að vera meginsjónarmið ríkisvaldsins og okkar allra að á þessum málum sé tekið þannig að við getum dregið úr áfengisneyslunni, að við séum alls ekki að velta því fyrir okkur hvort ríkissjóður hafi meiri eða minni tekjur af sölu áfengis. Því miður sýnist mér af lestri grg. með frv. að það sé hins vegar forsenda fyrir flutningi þessa máls.

Herra forseti. Ég er andvígur þessu frv. af þeim ástæðum sem ég hef rakið. Ég tel að það nái engan veginn tilgangi sínum, það leysi engin félagsleg vandamál. Ég vík til hliðar öllu tali um meiri eða minni tekjur af sölu þeirra efna sem hér um ræðir. Og ég er andvígur því, að tekin sé upp einkasala á efnum sem þessum. Reyndar tel ég að einkasölur séu til lítils gagns, ef á annað borð er leyfð sala á einu eða öðru. Ég held að samþykkt á þessu frv. mundi einfaldlega leiða til aukins smygls og áframhaldandi bruggs. Ég held að það sé til lítils að vera að hafa vit fyrir fólkinu í þessum efnum, það finnur sér einhvern farveg til þess að verða sér úti um þá drykki sem sagt er að séu bruggaðir úr þeim efnum sem hér um ræðir. Ég held, eins og hv. þm. Árni Gunnarsson sagði áðan, að boð og bönn séu fánýt á þessum vettvangi. Það, sem skiptir máli, er auðvitað að fræða fólk um skaðsemi áfengisins og efla hvers konar starfsemi í þjóðfélaginu sem bægir fólki frá því að neyta áfengra drykkja, að kenna fólki að leita hamningju með öðrum hætti en þeim að drekka brennd vín.

Þessum sjónarmiðum vildi ég koma á framfæri, herra forseti, strax núna við 1. umr. Ég fer ekki út í einstakar aths. við greinar frv. Það bíður betri tíma, ef það þá kemur úr n. aftur, sem ég vona að verði ekki.

Umr. frestað.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 717). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Upphaflegur tilgangur minn með framlagningu frv. um breyt. á lögum nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu, var þrenns konar.

Í fyrsta lagi hugðist ég breyta kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga úr 50%, eins og skiptingin er nú, í 85% þátttöku ríkissjóðs og 15% þátttöku sveitarfélaganna, eins og verið hefur í mörg ár, en var breytt á þinginu í fyrra. Mér finnst eðlilegt að skiptingin sé hin sama varðandi viðhaldskostnaðinn og allan annan rekstrarkostnað húsanna og reyndar byggingarkostnað líka.

Í öðru lagi hugðist ég breyta heilsugæslustöðinni á Þórshöfn úr eins læknis stöð í tveggja lækna og stöðinni á Raufarhöfn úr eins læknis stöð í H stöð, þ. e. a. s. í stöð sem ekki væri með fastan lækni.

Í þriðja lagi ætlaði ég að leiðrétta mörk heilsugæsluumdæma í samræmi við það sem í reynd er nú.

Varðandi fyrsta atriðið, kostnaðarskiptinguna, er það að segja, að fjmrh. féllst ekki á breytinguna á þeim forsendum að kostnaðarauki ríkissjóðs væri ekki á fjárlögum þessa árs. Vitanlega er það rétt. Því var það atriði tekið út úr frv. þegar það var lagt fyrir hv. Ed., með það í huga að bíða með það til haustsins að breyta kostnaðarskiptingunni og taka mið af því við gerð fjárlaga fyrir árið 1980.

Hv. heilbr.- og trn. Ed. hefur svo breytt frv. mjög mikið. Hún virðist gera ráð fyrir að H stöðvar, þ. e. a. s.

stöðvar þar sem eru ljósmæður eða hjúkrunarfræðingar og aðstaða fyrir lækna, falli niður. Sé ég satt að segja enga röksemdafærslu fyrir því, enda er í till., eins og þær koma frá n., gert ráð fyrir heilmörgum H stöðvum. Mér finnst þetta vera rökleysa hjá n., satt að segja.

Í brtt. n. er gert ráð fyrir að tvær H stöðvar breytist í H 1 stöðvar, þ. e. a. s. í Grindavík og á Grundarfirði. Í Grindavík standa málin þannig, eða hafa staðið þannig til skamms tíma, eftir því sem ég best veit, að þeir vilja ekki H 1 stöð. Þeir vilja ekki breyta til fyrr en þeir fá H 2 stöð, vegna þess að nú hafa þeir þjónustu frá Keflavík, sem er H 2 stöð með þremur læknum, og þeir vilja ekki, a. m. k. hefur það verið til skamms tíma sjónarmið þeirra, breyta fyrr en þeir geta fengið H 2 stöð. Um Grundarfjörð er það að segja, að ef þar verður læknir væri eðlilegast miðað við fólksfjölda að ekki yrði nema H 1 stöð eða eins læknis stöð í Stykkishólmi, en þar er núna H 2 stöð.

Þeir lögðu líka til í n., að Eskifjörður yrði H 2 stöð í stað H 1. Um það er að segja, að það er a. m. k. álit rn. að of lítið sé þar að gera fyrir tvo lækna. Læknar verða auðvitað að hafa talsvert að gera, því að annars hafa þeir ekki þær tekjur sem þeir geta sætt sig við.

N. féllst ekki á breytingu á Raufarhöfn og Þórshöfn. Í **þessum till. n. felast m. ö. o. till. um að þrjú ný læknisembætti verði lögfest. Mér finnst slíkt varla tímabært meðan stöðuheimildir fást ekki fyrir þeim heilsugæslulæknum sem nú þegar eru í lögum.**

Herra forseti. Ég legg til að frv., eins og það er nú komið frá Ed., verði vísað til hv. heilbr.- og trn. þessarar d., en ég tek það fram og undirstrika að ég er andvígur samþykkt þess, eins og það kemur frá Ed., og legg því ekki til að því verði vísað til 3. umr. Ég mun leiðrétta mörk heilsugæsluumdæma með reglugerð og flytja brtt. við heilbrigðisþjónustulögin að nýju strax í haust, m. a. í þeim tilgangi að breyta kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar viðhaldskostnað sjúkrahúsa og búnaðar þeirra.

Umr. frestað.

Útvarpslög, frv. (þskj. 584, n. 737). — 2. umr.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um að 10% af bróttótekjum Ríkisútvarpsins skuli fara í framkvæmdasjóð þess. Menntmn. mælir með samþykkt þessa frv. Undir nál. skrifa auk mín hv. þm. Ingvar Gíslason, Bjarnfríður Leósdóttir og Ólafur G. Einarsson. Þrír þm. voru fjarstaddir, þeir Eiður Guðnason, Ellert B. Schram og Sighvatur Björgvinsson. Þetta frv. hefur áður verið afgreitt úr Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Sameinað þing, 96. fundur.

Fimmtudaginn 17. maí, kl. 2 síðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Um leið og ég þakka forseta fyrir að fá ‘ækifæri til þess að koma að aths. mínum hér skal ég vera stuttorður.

Það hefur flogið fyrir að senn sé komið að þinglokum, og sumum finnst að þingið hafi setið nógu lengi. Þess vegna mun tæplega hægt úr þessu að flytja fsp. til ráðh. samkv. þingsköpum ef ætlast er til svara. Ég hef þess vegna kvatt mér hljóðs til þess að spyrja hæstv. fjmrh. hvort fyrir liggi tillögur til ríkisstj. frá fjárlaga- og hagsýslustofnun um lækkun ríkisútgjalda um einn milljarð kr., sbr. 10. gr. nýsamþykktra laga um stjórn efnahagsmála, og ef svo er, hvort hæstv. fjmrh. vildi ekki gangast fyrir því að þær till., sem fyrir liggja hjá ríkisstj. til samþykktar, verði sendar á borð þm. þegar frá þeim hefur verið gengið. Ég veit að hæstv. ráðh. mun svara, og fyrir fram þakka ég honum svarið.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. 20.—22. mars s. l. ritaði fjárlaga- og hagsýslustofnun hinum ýmsu rn. bréf og mæltist til þess, að þau gerðu till. um niðurskurð eins og gert er ráð fyrir í nýsettum efnahagslögum og í samræmi við heimild í fjárlögum til þess að skera niður ríkisútgjöld um einn milljarð. Fjárlaga- og hagsýslustofnunin setti af sinni hálfu fram ábendingar um hugsanlegan sparnað og hugsanlegan niðurskurð í þessu sambandi án þess að það væri beinlínis tillögur, enda er gert ráð fyrir að einstök rn. geri till. til fjmrn. eða fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar í þessu efni. Ég verð að upplýsa það, að ekki hafa borist till. enn þá til fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar nema frá einu rn. Hef ég í raun og veru ekki meira um málið að segja, annað en það, að ég hef bréflega ítrekað þessa beiðni mína nú í byrjun maímánaðar og legg á það mikla áherslu að tillögur berist þannig að hægt verði að taka endanlega ákvörðun um þetta. Og eins og ég hef áður sagt er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hv. alþm. fylgist með því sem til stendur í þessu efni.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að flytja hér fsp. til hæstv. forsrh. varðandi þinghaldið annars vegar og stefnu ríkisstj. í kaupgjalds- og kjaramálum hins vegar.

Það er nú kominn sá tími að venju samkvæmt er ekki óeðlilegt að hugsað sé til þingslita. Hefur það verið kunnugt öllum alþm. og m. a. borist í tal milli okkar hæstv. forsrh. Við í stjórnarandstöðunni höfum fyrir okkar leyti ekki staðið í vegi fyrir að þau mál hlytu hér afgreiðslu með þinglegum hætti sem ríkisstj. hefur viljað beita sér fyrir, þótt við höfum með efnislegum umr. og í atkvgr. gert grein fyrir afstöðu okkar til slíkra mála. Við erum hins vegar ekki með öllu ánægð í stjórnarandstöðunni með gang mála, og um leið og ég áskil okkur allan rétt varðandi afgreiðslu þeirra mála, sem ríkisstj.

samkv. síðustu upplýsingum leggur áherslu á að hljóti afgreiðslu fyrir þingslit, vil ég enn fremur undirstrika að af okkar hálfu er ætlast til að mál fái þinglega meðferð þó að þau séu ekki á óskalista ríkisstj. sjálfrar eða flutt af henni.

Ég nefni í þessu sambandi sem dæmi mál sem er á dagskrá á þessum fundi Sþ., 5. mál á dagskrá, beinar greiðslur til bænda, þáltill., 16. mál, Sþ. Það mun vera svo um þetta mál, að það er flutt í þriðja skipti á þessu þingi og er komið að afgreiðslu þess, en eftir ýmsum sólarmerkjum að dæma sýnist að stjórnarliðið ætli sér með málþófi að koma í veg fyrir þinglega meðferð málsins og afgreiðslu. Ég vara við slíkum vinnubrögðum og vara við því að það getur dregið dilk á eftir sér.

Ég hef þær upplýsingar í persónulegu samtali við hæstv. forsrh., að stefnt sé að því að þinghaldi ljúki hér á miðvikudaginn kemur, 23. maí mun það vera. Ég vil í tilefni af því og í framhaldi af umr. sem hér áttu sér stað fyrir rúmri viku, 9. maí, einnig að frumkvæði mínu, um stefnu ríkisstj. í kaupgjalds- og kjaramálum, ítreka fsp. til hæstv. forsrh. sem þá var borin fram, hver stefna ríkisstj. sé í kaupgjalds- og kjaramálum. Í þeim umr. gerði hæstv. forsrh. grein fyrir þeirri skoðun sinni, að hann teldi, eftir að samkomulag ríkisstj. og BSRB var fellt í almennri atkvgr., að ekki ættu eingöngu félagsmenn BSRB og BHM að fá umrædda 3% grunnkaupshækkun, heldur ættu allir launþegar í landinu að fá samsvarandi grunnkaupshækkun, en utan BSRB og BHM gæti þetta ekki átt sér stað nema í frjálsum samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Ég vonast til þess að ég hafi skilið hæstv. forsrh. rétt eins og hann greindi frá skoðun sinni fyrir rúmri viku.

Síðan hafa a. m. k. tveir hæstv. ráðh. Framsfl., þeir Tómas Árnason fjmrh. og Steingrímur Hermannsson dóms- og landbrh., greint frá þeirri skoðun sinni, og raunar hygg ég þá skoðun vera studda samþykkt framsóknarmanna, framkvæmdastjórnar og þingflokks Framsfl., að rétt væri að 3% grunnkaupshækkun yrði almenn og lögbundin, a. m. k. upp að ákveðnu launamarki, og um leið væri sett vísitöluþak svokallað með lögbindingu, en hvort tveggja þetta væri ekki fullnægjandi, heldur þyrfti og til að koma bann — lögbundið bann við frekari grunnkaupshækkunum svo og bann við verkföllum fram til áramóta. Ég vonast til að þessir hæstv. ráðh. leiðrétti mig ef ég hef eitthvað missagt um skoðanir þeirra eða samþykktir Framsfl. í þessum efnum.

Þá hefur það og komið fram að einn stjórnarflokkanna, Alþb., og einkum einn ráðh. Alþb., hæstv. viðskrh., hefur lýst þeirri skoðun sinni og þeirra Alþb.-manna, að það væri eðlilegt og sjálfsagt að 3% grunnkaupshækkun yrði lögleidd almennt að ákveðnu launamarki, sem þeir hafa verið að tala um að yrði 230—250 þús. kr., og síðan yrði einnig lögbundið ákveðið vísitöluþak, þ. e. a. s. að fullar vísitöluuppbætur yrðu greiddar af ákveðinni launahæð, 380—400 þús. kr., en til þeirra, sem hærri laun hafa, sama krónutala og aðrir fá mest. Hins vegar hefur Alþb. og málsvarar þess lýst algerri andstöðu sinni við till. Framsfl. um lögbindingu grunnkaups eða afnám samningsréttar eða verkfallsréttar fram til áramóta. Ég bið sömuleiðis málsvara Alþb. hér á þingi að leiðrétta mig ef ég fer ekki rétt með þeirra mál.

Um Alþfl. veit ég minna, en hann mun hafa vísað til fyrri till. sinna innan og utan ríkisstj. í kaupgjalds- og kjaramálum og skal ég því ekki fjölyrða frekar um þær till. En ekki væri úr vegi að málsvarar hans upplýstu þær till. sem sá flokkur hefur í þessum efnum.

Þegar á þetta er litið, sem ég hér hef nú rakið, er ljóst að það er engu ljósara nú en var fyrir 8 dögum hver stefna ríkisstj. er í kaupgjalds- og kjaramálum. Og þá kröfu verður að gera að ríkisstj. upplýsi þingheim um stefnu sína í kaupgjalds- og kjaramálum. Við sjálfstæðismenn gerum þá kröfu að þingi verði ekki slitið fyrr en ríkisstj. hefur upplýst þingheim um stefnu sína í kaupgjalds- og kjaramálum, og einkum er þessi krafa ítrekuð og undirstrikuð ef ríkisstj. hyggst leita atbeina löggjafarvaldsins til þess að koma málum fram á þessu sviði. Hér skulu því sögð þau aðvörunarorð, að algerlega er óeðlilegt ef ríkisstj. hyggst eftir þingslit ráða málum þessum með útgáfu brbl. og tilskipana. Einkum eiga þessi aðvörunarorð við þar sem engin stefnumótun liggur enn fyrir og algerri óvissu er háð hvort það, sem ríkisstj. hyggst gera eða hluti ríkisstj. hyggst gera, muni hafa meirihlutafylgi hér á Alþ. Aðvörunarorðin lúta því að því að ríkisstj. taki ekki upp þau vinnubrögð að fara á svig við vilja meiri hl. Alþ. með því að slíta þingi og hyggjast síðan í krafti brbl.-útgáfu og tilskipana koma þeim vilja fram sem er í andstöðu við meirihlutavilja Alþ. Slíkt væri bæði óþingræðislegt og ólýðræðislegt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 4. þm. Reykv. vil ég taka fram eftirfarandi:

1. Það er stefnt að því að þinglausnir geti farið fram á miðvikudaginn í næstu viku.

2. Það hefur, eins og mál standa, ekki verið gerð nein samþykkt í ríkisstj. um till. í launa- og kjaramálum sem þurfi að leggja fyrir Alþ. Ríkisstj. hefur skipað sáttanefnd til að vinna að lausn þeirra verkfalla sem yfir standa. Sú sáttanefnd verður að fá hæfilegt ráðrúm til þess að vinna að lausn þeirrar deilu. Við þær aðstæður og á þessu stigi þykir mér ekki viðeigandi að vera með neinar yfirlýsingar um það, með hverjum hætti ég telji heppilegast að leysa þau verkföll sem nú standa yfir.

Að öðru leyti varðandi mínar persónulegu skoðanir get ég vísað til þess sem ég sagði við umr. utan dagskrár hér fyrir nokkrum dögum. Sá skilningur, sem hv. 4. þm. Reykv. hafði á þeim ummælum mínum þá, var og er réttur, hvað hægt sé að gera að óbreyttum lögum.

Ég vil segja að það er með öllu ástæðulaust fyrir hv. 4. þm. Reykv. að óttast að ríkisstj. muni grípa til brbl. sem hún hefur ekki tryggan meiri hl. fyrir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég held að það sé öllum landsmönnum ljóst, að í ríkisstj. og í stjórnarflokkunum er nú rætt um vandann í efnahagsmálum og hvort möguleiki sé á að ná samstöðu um úrræði. A. m. k. einn stjórnarflokkurinn hefur lýst því opinberlega, m. a. í flokksblaði sínu, að fulltrúar hans í ríkisstj. hafi lagt fram till. um að a. m. k. hluti af þeirri lausn verði fólginn í lagasetningu. Það hlýtur öllum að vera ljóst að niðurstöður í málinu eru á næsta leiti, og enn er a. m. k. ekki vitað hvort sú till. að taka á málinu með lögum eður ei nær fram að ganga. Á sama tíma og rætt er um slíkar till. í ríkisstj., að taka á efnahags- og kjaramálunum með lögum, eru ræddar þær hugmyndir að láta þinglausnir fara fram, án þess að ljóst sé hvort menn eigi með því við að þinglausnir fari fram áður en niðurstaða er fengin um það í ríkisstj., hvort lagasetningar sé þörf, eða eftir að slík

lagasetning hefur gengið sínar eðlilegu leiðir í gegnum deildir þingsins. Þetta er stundum orðað þannig, að nú vilji menn losa sig við þingið, nú sé rétt að senda þm. heim, nú sé hætt við að þingið þvælist fyrir, nú þurfi að fara að stjórna landinu. Ég vil aðeins láta það koma fram, að þessi sjónarmið, sem t. d. eru rædd í fjölmiðlum, eru að sjálfsögðu næsta furðuleg í þingræðislandi, að á sama tíma og við í orði viljum láta ríkja hér í landi fullkomið þingræði, þá séum við á borði að ræða yfirvofandi aðgerðir með lögum og að rétt sé að losa sig við þingið áður en sú lagasetning fari fram. Ég vara mjög eindregið við slíkum bollaleggingum, sem ég hef ekki ástæðu til að ætla — og ég tek það sérstaklega fram: sem ég hef ekki ástæðu til að ætla að séu ræddar í alvöru af hæstv. ríkisstj. Vissulega geta mál átt erfiða leið í gegnum Alþ. og Alþ. getur tafið mál fyrir ríkisstj. og breytt málum fyrir ríkisstj. En það eru engin rök, þó svo geti verið, að segja þá: Burt með þingið. Á meðan þingræði ríkir í þessu landi gilda ekki slík rök.

Það má vel vera að það sé skoðun sem á fullan rétt á sér, að við getum dregið þann lærdóm af reynslu undanfarinna ára og ríkisstjórna af einum og öðrum toga sem setið hafa í landinu á þeim tíma, hvaða nafni sem þær svo nefnast, að það sé rétt að gera þá breytingu að styrkja stöðu framkvæmdavaldsins á Íslandi. Ef það væri rétt, þá á að sjálfsögðu að gera það með kerfisbreytingu, með því að gera umræddar breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins, en ekki með því að einhver fámennur hópur manna, sem falið hefur verið það trúnaðarstarf að vera í fararbroddi á Alþ. og annars staðar í þjóðfélaginu, telji sig réttbornari til þess að stjórna þjóðinni en Alþingi Íslendinga vegna þess að Alþingi Íslendinga standi í vegi fyrir því að hægt sé að stjórna eins og þeir vilja. Ég vil aðeins taka það fram, að þetta mál hefur verið rætt í þingflokki Alþfl., og þar með, að það geti vel komið til greina að gera þá kerfisbreytingu, m. a. með breytingu á stjórnarskrá, að styrkja framkvæmdavaldið umfram það sem nú er, en þó ekki á kostnað löggjafarvaldsins. Við erum hins vegar alfarið andvígir því, að þau vinnubrögð verði notuð, ef menn óttast að þingið geri ekki nákvæmlega það sem þeir vilja og ætla sér að setja í lög, þá verði kosturinn sá að leysa þingið upp, því að það að senda þing heim til þess að geta e. t. v. gripið til lagasetningar strax í kjölfarið, sem e. t. v. er vitað, að ekki verður hjá komist, það er að leysa þing upp.

Þingflokkur Alþfl. felur ráðh. flokksins að koma þeirri skoðun þingflokksins á framfæri við hæstv. forsrh. að ekki sé rétt að slíta þingi í vor fyrr en fyrir liggi hvaða ráðstöfunum ríkisstj. hyggst beita í efnahags- og launamálum."

Þessi afstaða þingflokks Alþfl. hefur verið tjáð hæstv. forsrh. og hún var tekin og afgreidd samhljóða. Ég vil aðeins taka það fram til viðbótar, að í 2. gr. laga um Stjórnarráð Íslands segir svo:

„Málefni, sem bera á upp fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, skulu áður tekin til meðferðar á ráðherrafundi."

Og eins og segir í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, í 23. gr., er það forseti sem ákveður hvenær Alþingi skuli slitið, væntanlega að tillögu forsrh., og það er skilningur minn, sem ég held að hljóti að vera ótvíræður, að slíka ákvörðun sé ekki hægt að taka nema hún sé borin upp á ráðherrafundi og ríkisstj. sé um hana sammála. Hitt er svo annað, að í 23. gr. stjórnarskrárinnar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Forseti lýðveldisins getur frestað fundum Alþ. tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþ. getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessum ákvæðum."

Ef Alþ. teldi ástæðu til gæti það samþykkt þáltill. um frestun á fundum Alþ. til lengri eða skemmri tíma án tillits til þess á hvaða árstíma það er, eins og gert er við þingfrestun um jól. Það hefur oft verið rætt, hvort það væri ekki rétt að fara út á þá braut, sem enga lagabreytingu þarf til að gera, en t. d. er viðhaft á norska Stórþinginu, að fundum þings er ekki slitið, heldur frestað, þannig að hægt er að kveðja saman þing til starfa hvenær sem er í orlofi þm. ef á liggur. Þurfi til lagasetningar að grípa er það gert með þeim hætti að kalla þing til starfa. — Þetta vildi ég aðeins láta fram koma hér.

Í sambandi við fsp. hv. þm. Geirs Hallgrímssonar um launastefnu ríkisstj., þá liggur hún að sjálfsögðu fyrir í stjórnarsáttmálanum sem einn þáttur af efnahagsstefnu hennar, og þeim stjórnarsáttmála hefur að sjálfsögðu ekki verið breytt. Það, sem þar segir, var því og er stefna hæstv. ríkisstj. Ég vil hins vegar aðeins minna á að úrslit síðustu alþingiskosninga voru afdráttarlaus stuðningsyfirlýsing talsvert fjölmenns hóps kjósenda við þá stefnu okkar Alþfl.-manna, að stjórnvöld ættu í baráttunni við verðbólgu að fylgja samræmdri stefnu jafnvægis og aðhalds um þær efnahagsstærðir, sem eru á valdi stjórnvalda, og leita síðan samkomulags um launamálastefnu sem samrýmdist hinni almennu stefnumörkun í efnahagsmálum. Fyrir þessum viðhorfum, sem flokkurinn kynnti í vor, hefur hann síðan barist, fyrst í stjórnarmyndunarviðræðunum á sínum tíma, svo með því að fá fram almenna samþykkt um markmið efnahagsstjórnunar á árinu 1979 í grg. með 1. des. frv. ríkisstj., til þess að tryggilegar yrði frá slíku samkomulagi gengið, þá með gerð frv. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum, þegar ljóst varð að ekki væri víst að ætlunin væri að standa við öll atriði samkomulagsins frá því í des., svo með stuðningi við frv. hæstv. forsrh. um stjórn efnahagsmála o. fl., sem í upphaflegri gerð hefði vissulega getað samrýmst markmiðum ríkisstj. um samræmda efnahagsstefnu, og auk þess að sjálfsögðu með stuðningi við þau mál hæstv. ríkisstj. sem verið hafa hér til umr. og umfjöllunar á Alþ., svo sem lánsfjáráætlun, sem samkomulag hafði orðið um og voru innan marka hinnar samræmdu aðhalds- og jafnvægisstefnu í efnahagsmálum.

Það verður hins vegar ekki sagt að það hafi ávallt ríkt stuðningur við þessi sjónarmið, enda kannske ekki eðlilegt að allir flokkar ríkisstj. hafi verið sammála um þessi viðhorf okkar Alþfl.-manna. En þessi andstaða við þessa samræmdu jafnvægisstefnu í efnahagsmálum hefur m. a. komið fram í því, að ákvarðanir hafa stundum verið teknar úr hófi fram. Gegn sumum hugmyndum hefur verið barist án þess að gagntillögur, sem málin vörðuðu, hafi verið lagðar fram. Sum úrræði, sem samþ. hafa verið, hafa ekki enn komið til framkvæmda. Og eins verðum við að segja eins og er, að okkur líkar það ekki vel ef samstaða og samkomulag, formlegt eða óformlegt, er gert við stjórnarandstöðu eða hluta hennar um að fara út fyrir framkvæmda- og lántökuramma sem samkomulag hefur orðið um í ríkisstj. Þannig segjast sumir telja sér til gildis að ýmsir þættir í úrræðum okkar um samræmda efnahagsstefnu hafi verið skemmdir, aðrir hafi verið slævðir, enn öðrum verið drepið á dreif.

Afleiðingarnar blasa nú við. Allt efnahags- og fjármálakerfi þjóðarinnar riðar nú til falls, verðhækkunarskriða hefur hlaupið af stað og ýmsir hálaunahópar riðið á vaðið með miklar launakröfur. Við þessar aðstæður hefur hin almenna launþegahreyfing misst þolinmæði og trú á þá stefnu sem átti að framkvæma. Við þessar aðstæður er nú verið að ræða ýmsar hugmyndir og till. um að viðbrögð verði einskorðuð við einhliða afskipti af launamálum þannig að kaupgjaldsmálum í landinu verði með einum eða öðrum hætti skipað með lögum. Þetta gamalkunna úrræði er því miður sameiginlegt í þeim hugmyndum og tillögum sem ræddar eru, þó svo að ágreiningur sé um nokkur framkvæmdaatriði, en það er bitamunur, en ekki fjár. Og okkur Alþfl.-mönnum kemur það satt að segja mjög á óvart, að umræða um þessi mál nú í maímánuði 1979 skuli vera ósköp svipuð og umr. var í sama mánuði á því herrans ári 1978. Slík aðgerð að ganga nú til þess verks að skipa kaupgjaldsmálum stéttanna í landinu með almennri lagasetningu er í hróplegu ósamræmi við stefnu Alþfl. um kjarasáttmála og grundvallarafstöðu verkalýðshreyfingarinnar og verkalýðsflokka um frjálsan samningsrétt. Við erum því ekki ginnkeyptir fyrir því að fallast á slíka einhliða skipan launa- og kjaramála í landinu þegar öll önnur tök hafa reynst vettlingatök og flest er komið á fljúgandi ferð, enda hefur reynslan sýnt og sannað að slík úrræði eru *andvana fædd. Hafi menn efast um þá niðurstöðu sem ég* benti hér á, þá ættu menn að hugleiða hvers vegna fyrrv. hæstv. ríkisstj. féll og hvers vegna núv. hæstv. ríkisstj., a. m. k. tveir flokkar hennar, fengu jafnmikið kjörfylgi og raun ber vitni.

Það er því skoðun okkar Alþfl.-manna, að ákvörðun um kaupgjaldsmálin í landinu eigi að taka í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins. Verði fallist á þau almennu viðhorf okkar teljum við nauðsynlegt að *ríkisstj. taki án tafar fastari tökum en hún hefur gert sín* réttu og eðlilegu viðfangsefni í efnahagsmálum, þannig að verkalýðshreyfingin geti gengið til samkomulags við hæstv. ríkisstj., eins og ég tel að fullur vilji og skilningur sé á, um launamálastefnu sem samrýmist markmiðum ríkisstj. í efnahagsmálum.

Um yfirstandandi kjaradeilur er ljóst að það hlýtur að vera skoðun okkar að þrautreyna beri allar sáttaumleitanir og að ríkisvaldið eigi ekki undir neinum kringumstæðum að hafa bein afskipti af slíkum vinnudeilum, nema ljóst sé orðið að aðgerðir fámennra hópa séu farnar að ógna almannaheill og stefna atvinnuöryggi og afkomu verkafólks í landinu í stóralvarlega hættu. Þetta eru viðhorf sem ég held að a. m. k. verkalýðshreyfingin hafi ávallt haft og ætlast er til að verkalýðsflokkarnir svokölluðu hafi. Og ég vil aðeins að lokum benda á að hæstv. forsrh. hefur úr þessum ræðustól lýst vantrú sinni á því úrræði nú að skipa kaupgjaldsmálum að hluta eða í heild með lögum, og hæstv. forsrh. ítrekaði það viðhorf sitt hér í ræðustól áðan, ef ég skil hann rétt.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér fannst hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, vera að taka út svolítið forskot á eldhúsdagsumr. í kvöld. Ég ætla ekki að blanda mér inn í það. En að gefnu tilefni frá honum vil ég taka fram, að ákvörðunin um þingslit hefur fyrir löngu verið rædd í ríkisstj. Hún hefur einnig verið rædd við forseta þingsins fyrir alllöngu og formenn þingflokka, og við stjórnarandstöðuna hefur verið haft samband, þannig að sú ákvörðun á ekki að koma neinum á óvart. Ég fæ ekki betur séð en að af ósk um framlengingu Alþ. með tilvísun til ástands í kjara- og launamálum hlyti að verða a. m. k. óbeint dregin sú ályktun að Alþ. ætlaði sér að grípa inn í kjaramál.

Það er að sjálfsögðu rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að það má fresta Alþ., og auðvitað geta þm. komið fram með slíka till., og það er ekki að efa að eftir henni yrði farið ef hún yrði samþ. En hitt er líka til og samkv. stjórnarskránni, að aukaþing má kveðja saman hvenær sem þörf krefur, og eins og háttað er nú samgöngum hér á landi á þessum árstíma, þó að hart sé í ári, þá er hægt að gera það með mjög skömmum fyrirvara ef á þyrfti að halda.

Ég kann illa við það, þegar verið er að tala um þinglausnir eftir alllangt og athafnasamt þing, að þá sé verið í öðru orðinu að tala um að leysa upp þingið. Það er nokkuð annað að leysa upp þing eða slíta þingi. Að leysa upp Alþingi var gamla orðalagið fyrir þingrof og það stóð í stjórnarskránni á sínum tíma. Ég veit ekki hvort menn hafa það í huga.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins skýra frá því, að ég hygg að það sé rétt hjá hæstv. forsrh. að þetta mál hafi verið rætt í ríkisstj. Hæstv. sjútvrh., sem *hér er ekki staddur nú, hefur tjáð þingflokki Alþfl.* að málið hafi verið rætt í ríkisstj., en ekki ákvarðað um það, en í þeim umr. hafi komið fram og sé bókað í fundargerð ríkisstjórnarfundarins þegar málið var þar rætt, og ég hugsa að þá bókun sé auðvelt að finna, að hann hafi þar greint frá því áliti þingflokks Alþfl., sem ég las upp áðan, og tjáð sig ekki samþykkan því að þinglausnir færu fram fyrr en væri séð fyrir endann á því, hvort niðurstaðan ætti að verða sú að hæstv. ríkisstj. hygðist grípa til þess úrræðis að setja lög í tengslum við þau efnahagsvandamál sem nú er við að fást. Ég vil aðeins taka það fram, að hæstv. sjútvrh. tjáði mér að hann hefði látið þessa afstöðu sína koma í ljós á ríkisstjórnarfundi og að sú afstaða hefði verið færð til bókar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætlaði að segja hér aðeins nokkur orð vegna þeirrar undarlegu ræðu sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti áðan, þar sem var að finna allfurðulegar hugmyndir um störf þingsins og þær umr. sem hafa átt sér stað milli ríkisstjórnarflokkanna um efnahags- og kjaramál að undanförnu. Ef reynt er að rýna í meginatriðin í þessari undarlegu ræðu, þá virtist þar vera krafa um að þingið sæti áfram, eins og hæstv. forsrh. var að víkja að áðan, þar til séð væri fyrir endann á því, hvort ríkisstj. ætlaði að grípa til lagasetningar. En á sama tíma kom það fram hjá hv. þm., að þegar við aðrir stuðningsmenn þessarar ríkisstj., þm. ríkisstjórnarliðsins, höfum nú í tæpan hálfan mánuð beðið eftir till. frá Alþfl. í þessum efnum, þá hefur hann engar till. fram að færa. Alþfl. virðist eftir næturfund hafa komist að þeirri niðurstöðu, að a. m. k. í bráð, e. t. v. um langa framtíð, eigi hæstv. ríkisstj. ekkert að gera í þessum málum — ekki neitt. Ég sé þess vegna ekki hvernig sami flokkur getur síðan — eða formaður þingflokks hans — krafist þess sérstaklega að Alþ. sitji hér og bíði eftir því sem hann telur og virðist vera stefna Alþfl., að ekki eigi að gera neitt, vegna þess að af þeirri skýrslu, sem hann gaf hér, virðist að loksins eftir erfiðar fæð-

ingarhríðir, marga þingflokksfundi hjá Alþfl., sérstaka nefndaskipun og annað, hafi niðurstaðan orðið núll, þá hafi niðurstaðað orðið sú, að Alþfl. hafi engar till. um hvað ríkisstj. eigi að gera.

Ég vil upplýsa hv. þm. Sighvat Björgvinsson, sem situr í Nd., um að nú er þannig komið þingstörfum að hv. Ed. þessa þings er á góðri leið með að ljúka þeim málum sem þar liggja fyrir eða eru til umr. (Gripið fram í.) Nei, það var einmitt það sem ég ætlaði að koma að. Starfshættir Ed. þingsins, þingmanna þar og þess ágæta forseta sem við höfum þar, hafa verið slíkir að Ed. er nú næstum því búin að tæma verkefni sín og þar hafa mál verið afgreidd hvert á fætur öðru, svo að innan tíðar blasir það við, ef heldur áfram þeim starfsháttum sem m. a. hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur átt verulega hlutdeild að í Nd. þessa þings, að Ed. verður verkefnalaus. Og hvað sem líður hinum svokölluðu fræðilegu bollaleggingum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um þingræði hér áðan og fallegum orðum um það, þá er ég viss um að þjóðin vill ekki þingræði aðgerða- og verkefnalausra þm. Og ég held að við verðum að horfast í augu við það, að annar hluti þingsins, hv. Ed., er innan örfárra daga búinn að ljúka öllum þeim verkefnum sem þar eru fyrirliggjandi. M. a. hefur d. nú á síðustu dögum afgreitt hvert málið á eftir öðru sem hæstv. ráðh. Alþfl. hafa lagt fyrir þá deild. Ég vil því sem þm. Ed. koma því á framfæri við hv. þm. Sighvat Björgvinsson og aðra þm. Alþfl., að ef þeir gera kröfu til þess að þingið sitji áfram lon og don, þá sjái þeir í fyrsta lagi þinginu fyrir einhverjum verkefnum, í öðru lagi semji þeir einhverjar till. um þau vandamál sem við þjóðinni blasa nú, því að staðreyndin er sú, að þar sem unnið hefur verið vel í þessu þingi, í hv. Ed., þar er verkinu að verða lokið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég stend hér upp og tef þessar umr. utan dagskrár örfáar mínútur, eru ummæli hv. síðasta ræðumanns, 3. landsk. þm., Ólafs Ragnars Grímssonar. Hann upplýsti þingheim um það, sem allri þjóðinni er að vísu vel ljóst, að stjórnarsamstarfinu er lokið. Það er engin ríkisstj. til á Íslandi, ekki nema að nafninu til. Hv. þm. upplýsti það helst, að Alþfl. hefði alls engar tillögur fram að færa til lausnar launa- og kjaramálum þeim, sem nú er deilt um, eða til lausnar þeirra vinnudeilna sem eru í aðsigi og verkfalli. Ég vona að þetta sé rétt skilið og rétt með farið.

Þá vil ég biðja hv. sama þm. um að upplýsa þjóðina og fyrst og fremst þingheim nú á þessari stundu og í framhaldi af þeim ummælum hans, hvaða till. hinir stjórnarflokkarnir hafa, úr því að það er bara Alþfl. sem er tillögulaus, og það er það sem fsp. hv. 4. þm. Reykv. hljóðar um. Hvaða till. hefur ríkisstj. fram að færa, hvaða till. hafa hinir stjórnarflokkarnir, sem hann gat ekki um, Alþb. og Framsfl., í þessum málum?

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hæstv. forsrh. svör hans við fsp. mínum. Ég held að það hafi komið í ljós af svörum hæstv. forsrh. og þeim umr. og orðum, sem hér hafa fallið, og enn fremur af þeirri þögn, sem hér hefur ríkt, að það liggur ekki fyrir nein stefnumótun af hálfu hæstv. ríkisstj. í kaupgjalds- og kjaramálum. Hæstv. forsrh. orðaði það svo, að engin till. lægi fyrir í ríkisstj. varðandi þessi efni.

Það er sjálfsagt að skipa sáttanefnd til lausnar vinnudeilum allajafna, og sammála er ég hæstv. forsrh., að ætla verður slíkri sáttanefnd hæfilegan tíma til að gera tillögur um lausn slíkra deilna. En þá vaknar sú spurning, hvers vegna til þessa ráðs var ekki gripið fyrr en raun ber vitni. Leiðir það hug og grun að því, að innan ríkisstj. hafi verið á ferðinni aðrar tillögur, nefnilega sú hin venjulega aðferð núv. ríkisstj. að skipa fyrir um kaup og kjör með einhliða fyrirskipunum og lagaboði gagnstætt því sem sigurvegarar úr síðustu kosningum höfðu á kosningastefnuskrá sinni fyrir kosningar.

Ég vil líka skilja vel þau ummæli hæstv. forsrh., að ekki væri hæfilegt af hans hálfu að vera með sérstakar yfirlýsingar varðandi lausn þessara vinnudeilna. En þá held ég að nauðsynlegt sé að hæstv. forsrh. skipi samráðh. sínum hið sama, hann segi, svo að notað sé orðalag hans sjálfs, hásetum sínum fyrir verkum og áminni þá um það að vera ekki með yfirlýsingar um kaupgjalds- og kjaramál í tíma og ótíma. Ég held að einn hásetanna hafi hrósað sér af því, að fljótræðisleg yfirlýsing hans hafi leitt til þess að samningar tókust í flugmannadeilunni og þakið fauk þar af. Sjá menn af því hversu mismunandi skynsamlegar slíkar yfirlýsingar ráðh. eru.

Ég ítreka þá skoðun sem ég lét í ljós, að það er eðlileg krafa að fyrir liggi stefnumótun af hálfu ríkisstj. í svo viðamiklum og mikilvægum málum sem hér er um að ræða áður en þingi er slitið, um leið og ég fagna og undirstrika og efast ekki um efndir á þeirri yfirlýsingu og því loforði hæstv. forsrh. að brbl. yrðu ekki gefin út sem ekki væri fyrir fram fullkomin vissa að nytu meirihlutastuðnings Alþingis.

Ég hlýt svo, áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, að gera aths. við þann þátt, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., þar sem hann talaði um athafnasamt þing. Sem betur fer hélt ég að enginn þm. væri haldinn þeirri sjálfsblekkingu að um athafnasamt þing hafi verið að ræða, nema þá ef ég á að taka hæstv. forsrh. alvarlega, sem ég yfirleitt geri, og hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson. En ég held að þetta sé frekar sjálfsánægja og felst þá raunar því miður í henni sjálfsblekking.

Það er líka blekking í því fólgin að telja það mikið verk að hafa samþykkt efnahagslög fyrir rúmum mánuði hér á þingi, — efnahagslög sem í raun og veru hafa verið í undirbúningi hér í baksölum og á ríkisstjórnarfundum og flokksfundum stjórnarliðanna í allan vetur, rétt er það. En þegar þessi lög eru samþ. er úr þeim allur veigur og allt það sem gagn mátti gera. En ekki nóg með það. Nú 5 vikum eftir samþykkt þeirra er eiginlega ekki borið við að reyna að koma hinum ýmsu þáttum þeirra í framkvæmd og þessar 5 vikur hafa til viðbótar verið notaðar til þess að þverbrjóta lögin út og suður.

Herra forseti. Ég þakka umburðarlyndi forseta, en ítreka og legg áherslu á að nauðsynlegt var að hér á þingi kæmi fram hvernig málum er háttað, hvernig stefnuleysið er opinberað hjá núv. hæstv. ríkisstj. Hún er ráðlaus, hún er stefnulaus, við höfum ekki ríkisstj. nema að nafninu til, eins og síðasti hv. ræðumaður komst að orði.

Endurskoðun áfengislaga, þáltill. (þskj. 755). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 106. fundur.

Fimmtudaginn 17. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 724, n. 793).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Nefndin hefur fjallað um málið á tveim fundum og fengið til viðræðna fiskifræðinga þá sem tilgreindir eru í nál., og að athuguðu máli leggur nefndin til að frv. verði samþ. Ég ásamt Alexander Stefánssyni skrifa undir nál. með fyrirvara. Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins. Ég undirritaði eða samþ. þetta álit með fyrirvara vegna þess, að ég tel að svona breytingar eigi að fara fram við heildarendurskoðun á þessum lögum og ég tel að einnig hefði mátt setja inn í frv. takmarkanir á því, hve mikið er veitt af öðrum fiski en kola á þessu svæði.

Ég vil ekki tefja þetta mál að svo komnu, því að stutt er í þinglok og fiskifræðingarnir, sem til okkar komu, sögðu að þeir mundu gera sitt ýtrasta til að fylgjast með því, að ekki yrði drepið mikið af smáfiski þarna, og gæta að þessum veiðum á annan hátt.

Það er skoðun *mín* að þeir, sem fluttu þetta frv., hafi ekki verið fyrst og fremst að hugsa um veiðar á skarkola. Í frv. þeirra kemur fram að þeir ætla sér að láta menn veiða skarkola í flotvörpu. Þykir mér næsta undarlegt að þeir skuli ætla að gera út á slíkar veiðar upp á það að veiða aðeins skarkola. En sem betur fer tók Nd. þannig á *þessu máli, að hún felldi niður það atriði er fjallar um að* þessi skarkoli yrði veiddur í flotvörpu. En við sjáum á þessu hvað flm. hafa ætlast fyrir.

Ég held að það sé ekki fleira um þetta að segja að sinni. En eins og ég sagði áðan munu fiskifræðingar eða Hafrannsóknastofnunin gæta mjög vel að því, að þessar veiðar verði stundaðar á þann máta sem eðlilegur má teljast.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 793 skrifaði ég undir það með fyrirvara. Ég get raunar tekið undir þá skoðun, sem kom fram hér hjá hv. frsm., 5. þm. Reykn., að eðlilegra hefði verið, þegar á annað borð var farið að gera breytingar á lögum um fiskveiðilandhelgi Íslands, að það hefði verið gert að undangenginni frekari athugun fyrir fleiri landssvæði en hér kemur fram. En eins og hv. dm. vita hefur ekki gefist tími til þess að fara mikið ofan í þessi mál hér á hv. Alþ. Þetta er mjög viðkvæmt og viðamikið mál sem hér er um að ræða.

Gera má ráð fyrir að þetta frv. verði að lögum þar sem hv. Nd. hefur samþ. það, og því vil ég benda á og láta koma fram hér sem mína skoðun, að vitanlega opnar þetta rétt annarra landshluta til þess að fara fram á það við hv. Alþ. að fiskveiðilandhelgin verði opnuð á ýmsum svæðum umhverfis landið, þar sem nauðsyn kann að vera að veita smærri bátum möguleika til veiða eftir fyrirframgerðri athugun fiskifræðinga. Ég tel að það sé ekkert vafamál að eftir því verði leitað, því að eftir að þessi till. kom fram hér á hv. Alþ. hef ég m. a. verið beðinn að flytja brtt., sem ég þó hef ekki gert, vegna þess að ég tel að þetta sé svo vandasamt mál að það þurfi að fara fram á því ítarleg skoðun bæði fiskifræðinga og hagsmunaaðila í hverjum landshluta áður en gengið verður að því gefnu að Alþ. fari að breyta þessum lögum.

Ég verð að segja það, að sá rökstuðningur, sem kemur fram í þessari brtt. við lögin, að það væri nauðsynlegt að opna þetta svæði vegna vannýtts skarkolastofns, að það fær ekki að mínu mati staðist. Ég tel að það sé ákaflega furðuleg staðhæfing þegar þess er gætt, að hér er ætlast til að bátar fái að fara inn í landhelgina með fiskitroll sem eru með 35 mm möskva í nót og þegar vitað er að þarna er um að ræða litla báta, allt upp að 50 tonnum, sem geta ekki haft útbúnað veiðarfæra sinna öðruvísi en að það hlýtur að vera hálflokuð nót sem um verður að ræða. Ég dreg í efa að þessi svæði verði þannig nýtt með þessari opnun að þar komi eingöngu til greina veiðar á skarkola, heldur muni verða um aðrar fisktegundir að ræða. Fiskifræðingar, sem komu á fund nefndarinnar í morgun, gátu ekki fullyrt að svo yrði ekki. Ég óttast því að þarna verði um hættu á smáfiskadrápi að ræða.

Ég vil hins vegar taka undir það, að nauðsynlegt er að athuga rækilega hvort ekki sé eðlilegt að bátar við Ísafjarðardjúp eða Vestfirði, sem árum saman hafa stundað rækjuveiðar, fái annað hlutverk, því að ég tel að rækjuveiðar, eins og þær hafa verið stundaðar hér á Íslandi á undanförnum árum, hafi verið hættulegar í sambandi við uppeldi þorskstofnsins. Ég efast ekkert um að þar hefur árum saman verið um að ræða seiðadráp, þó að það hafi ekki komið fram fyrr en nú á síðustu árum þegar tæknin var orðin slík að hægt er að fylgjast vandlega með þessu frá degi til dags.

Með tilliti til þess, að nú er komið að þinglokum og að þetta er sjálfsagt nauðsynleg aðgerð fyrir hluta fiskiskipaflotans sem hefur ekkert verkefni á þessu tímabili í þessum landshluta, hef ég fallist á að skrifa undir þetta nál., en taldi rétt að hafa þennan fyrirvara. Og ég vil endurtaka, að þessi lagabreyting, ef að lögum verður, hlýtur að verða til þess að aðrir landshlutar sæki fast á það að fá sérstök svæði opnuð fyrir sína báta sem þurfa á því að halda.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. án fyrirvara. Ég skrifaði undir það vegna þess að ég álít að það sé kominn tími til þess að við förum að ákveða stund, stað og gerð skipa og veiðarfæra, hvar veitt er og á hvaða tíma. Nú er gjörbreytt aðstaða þar sem við ráðum sjálfir fiskveiðum í okkar landhelgi.

Ég tek það skýrt fram, að ein meginástæðan fyrir því, að ég samþ. þessa aðgerð, er sú sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Það er óttinn við að rækjubátarnir gangi meira í seiðin okkar en góðu hófi gegnir, og því meira sem þeir eru bundnir við sína rækjuveiði, þeim mun meiri hætta er á ferðum. Þess vegna tel ég, að ef opnað er fyrir þeim sérstakt svæði þar sem að þeir mega fiska á ákveðnum tíma, þá sé líklegt að þeir geti frekar hlíft rækjunni og þar af leiðandi seiðadrápinu sem viðgengst og hefur viðgengist um langa hríð.

Ég held að það sé ekki mikil hætta á að þetta þurfi að skapa fordæmi. Í mörg ár hafa slík svæði verið opin fyrir suður og suðvesturströndinni og þá vegna sérstakra að-

stæðna. Ég tel að þarna séu alveg sérstakar aðstæður, einmitt þetta sem ég var að vekja athygli á, að við getum e. t. v. hamlað eitthvað á móti auknu seiðadrápi með þessari samþykkt.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. skrifaði ég undir það án fyrirvara. Ég sé ekki neina ástæðu til annars, og ég sé ekki heldur neina ástæðu til þess, eins og hv. frummælandi nefndarinnar, að vera með meiningar um ætlun flm. frv. Þetta er ekki nema sjálfsagt mál. Það er stutt síðan við fengum full yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni og það eru miklar breytingar að verða hjá okkur í fiskveiðimálum. Það er mikill skoðanamunur fiskifræðinga og fiskveiðimanna um það hvert stefni, og það er ekki nema sjálfsagt að við þreifum fyrir okkur á miðunum og gerum okkur grein fyrir hvernig veiðum verði best við komið. Því gerðist ég nú í vetur flm. að till. um að leyfa dragnótaveiðar í Faxaflóa. Og á sama hátt skrifa ég hiklaust undir þetta nál.

Við vitum að við getum ekki eingöngu veitt á togaraflotanum. Við verðum að nota þann flota sem til er. Við eigum mikið af bátum sem hafa takmarkaða möguleika, og við verðum að leysa þann vanda sem þessi floti og útgerðarmenn hans standa frammi fyrir. Hér er gerð tilraun til að leysa vanda þess flota sem er á Vestfjörðum og ekki nema sjálfsagt að gera það. Þarna er skarkolinn á göngu. Hann er að ganga úr fjörðunum út á dýpið á haustin, og hann er í mjög góðu ástandi á þessum tíma og því bæði vinnanlegur og seljanlegur.

Sú skoðun fiskifræðinganna kom fram, að þeir eru ekkert hræddir um að þarna verði veitt mikið af smáfiski. Það er lítið af öðrum fiski á þessum slóðum á þessum tíma að áliti þeirra og því algerlega hættulaust. Eins kom það fram í máli þeirra manna sem þarna eiga hlut að máli, fiskimannanna, að þeir bjóðast til þess að nota þarna 170 mm möskva, og því getur ekki orðið nein hætta fyrir þorsk eða ýsu og verður ekki annað en skarkoli sem í það troll verður tekið.

Ég tek einnig undir þann ótta sem komið hefur fram hjá þeim, sem talað hafa á undan mér, um rækjuveiðarnar. Þær hafa vissa hættu í för með sér sem við þurfum helst að komast hjá, og því þarf að kanna hvaða möguleika þessir bátar hafa annan en að veiða rækju. Það er staðreynd, að reglur okkar um fiskveiðar verða að vera í stöðugri endurskoðun og við verðum að afla okkur þeirrar reynslu sem nauðsynleg er, ekki aðeins fyrir Vestfjörðum, heldur og í öðrum landshlutum. Ég hef ekkert á móti því að till. komi um að leysa vanda annarra landshluta innan tíðar þar sem hann er fyrir hendi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Afborgunarkaup, frv. (þskj. 508). — 1. umr.

Viðskrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um afborgunarkaup sem hefur hlotið meðferð í hv. Nd. Alþingis. Megintilgangur frv. er að tryggja réttarstöðu neytenda við afborgunarkaup og kveða á um það, með hvaða hætti þau kaup skuli skilgreind í íslenskum lögum.

Eins og kunnugt er hafa afborgunarkaup verið tíðkuð þannig hér á landi að í rauninni hafa seljendur verið þar með tvöfalda tryggingu oft og tíðum, annars vegar víxla og hins vegar eignarréttarfyrirvara í hinum selda hlut. Í 5. gr. þessa frv. til l. er kveðið svo á, að óheimilt sé að nota víxla í afborgunarviðskiptum, og er þá ætlast til þess að menn nýti sér eignarréttarfyrirvara til tryggingar rétti sínum, þ. e. a. s. seljendur. Kjósi þeir hins vegar að falla frá eignarréttarfyrirvaranum geta þeir auðvitað hugsanlega notað víxla, en ekki hvort tveggja eins og verið hefur.

Ég mælti í nokkuð ítarlegu máli fyrir þessu frv. í hv. Ed. Alþingis. Hér vil ég leggja áherslu á að í þessum efnum hafa íslenskir neytendur verið réttlitlir í gegnum tíðina. Erlendis, t.d. á Norðurlöndum, hafa fyrir mörgum áratugum verið sett lög til að vernda rétt neytenda við afborgunarkaup, og það er ekki vansalaust að hafa ekki tryggt neytendum sama rétt hér á landi.

Til viðbótar við hin almennu ummæli um þetta frv. og það, sem fram kemur í því sjálfu og skýrir sig sjálft, vil ég geta þess, að hv. fjh.- og viðskn. Nd. sendi mál þetta til umsagnar tveggja aðila, Verslunarráðs Íslands annars vegar og hins vegar Neytendasamtakanna. Í umsögn Neytendasamtakanna er komist svo að orði: „Í íslenskum rétti hafa ekki verið lögfestar reglur um afborgunarkaup með fyrirvara um eignarrétt enda þótt full þörf sé á fastmótuðum reglum í þessum efnum og þá ekki síst í þeim tilgangi að gætt sé hagsmuna kaupenda eða neytenda í slíkum kaupum. Við kaup af þessu tagi koma upp ýmis þau álitaefni er ákvæði laga nr. 39 1922, um lausafjárkaup, veita ekki svar við. Meginreglan er sú samkv. 2. málsgr. 28. gr. nefndra laga um lausafjárkaup, að sé kaupverð ekki greitt í ákveðna tíð, en hið selda er komið í vörslur kaupanda, getur seljandi ekki rift kaupið og þar með endurheimt hið selda nema hann hafi áskilið sér slíkan rétt. Samningur um kaup með eignarréttarfyrirvara er því undantekning frá þessari meginreglu kaupalaganna, og löggjöf sú, sem sett hefur verið víða í erlendum rétti um slík kaup, mótast því yfirleitt af þeim vilja löggjafans að vernda hagsmuni kaupenda eða neytenda í slíkum kaupum. Beinist hún því að því að vernda kaupandann gegn ósanngjörnum eða harkalegum aðgerðum seljandans, einkum við endurheimtu hins selda, enda þótt jafnframt sé leitast við að tryggja seljanda fullnægjandi úrræði vegna vanefnda kaupanda.

Það sjónarmið, að vernda beri hagsmuni kaupandans, kemur víða fram í frv. þessu og má þar til nefna eftirtalin atriði:

„1) Í 3. gr. frv. eru sett ákveðin skilyrði fyrir því að seljandi geti vegna vanefnda kaupanda endurheimt hið selda, krafist greiðslu þess, sem ógjaldfallið er, eða borið fyrir sig önnur réttaráhrif vanefnda.

2) Settar eru fastar reglur um skuldaskil kaupanda og seljanda, sbr. 4. -6. gr. frv., og þannig komið í veg fyrir að seljandi geti endurheimt söluhlut, sem kaupandi hefur e.t.v. greitt að miklu leyti, án þes að hann greiði kaupanda mismun á verðmæti hlutarins og kröfu sinni á hendur kaupanda eða setji tryggingu fyrir greiðslunni, ef vafi leikur á um rétt seljanda til endurheimtu eða hvort seljandi á að greiða kaupanda eitthvað vegna endurheimtunnar eða hversu mikið greiða skuli, sbr. 14. gr.

frv.," segir í umsögn Neytendasamtakanna.

Þá segir hér einnig: „Sett eru ákveðin skilyrði um form og efni samnings um afborgunarkaup svo að söluhlutur verði endurheimtur með beinni fógetaaðgerð. Þau ákvæði frv., sem sett eru til verndar hagsmunum kaupanda, eru ófrávíkjanleg og því óheimilt að semja fyrir fram um lakari kjör kaupanda til handa en kveðið er á um í frv."

Í lok umsagnar Neytendasamtakanna segir:

„Með hliðsjón af framansögðu mæla Neytendasamtökin með samþykkt frv. þessa um afborgunarkaup og leggja jafnframt áherslu á að mál þetta verði afgreitt á þingi því er nú situr."

Í umsögn Verslunarráðs Íslands var á það bent, að hugsanlegt væri að seljendur mundu ekki við samþykkt þessa frv. nýta sér eignarréttarfyrirvarann, heldur einvörðungu leita tryggingar á rétti sínum í víxlaréttinum. Ég efast um að þetta sé rétt. En vegna þeirra athugasemda, sem fram komu í hv. Nd. Alþ. um þetta mál, mun ég fara þess á leit við formann fjh.-og viðskn. Ed., að hann eða nefndin ræði þessi mál við aðalhöfund frv., Gylfa Knudsen lögfræðing, og kynni sér jafnframt umsagnir og álit Neytendasamtakanna og Verslunarráðsins um þetta mál.

Í fjh.- og viðskn. Nd. varð algjör samstaða um frv. Allir nm. í þeirri nefnd skrifuðu undir nál. og lögðu til að frv. yrði samþ. Þar var því ekki um að ræða efniságreining, heldur álitamál sem ég tel að sjálfsögðu skylt að víkja að hér, þannig að fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar geti einnig um málið fjallað út frá því.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.-og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 637, n. 775 og 787, 788). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á lögum um Háskóla Íslands er dálítið stórt um sig, en ekki að sama skapi veigamikið efni þess.

Menntmn. ræddi þetta frv. og kvaddi á sinn fund rektor Háskólans og háskólaritara.

Forsaga málsins er sú í örstuttu máli, að eftir mikla þróun og vöxt í starfsemi Hskólans og samhliða því ótal breytingar á reglugerð og starfsreglum var orðið óhjákvæmilegt að samræma reglugerðarákvæðin og færa ýmis atriði reglugerðar Háskólans til samræmis við nýja starfshætti sem óhjákvæmilega koma til í svona stórri stofnun þegar árin líða og þegar eins mikil þróun verður og þar hefur átt sér stað.

Til þess að unnt sé að koma á slíkri nauðsynlegri samræmingu og öðrum óhjákvæmilegum breytingum á reglugerð Háskóla Íslands þarf einnig að breyta nokkrum ákvæðum laga um Háskólann, og að því lýtur þetta frv.

Málið ber þannig að hér á hv. Alþ. og er þannig komið til 2. umr. í þessari hv. d., að það er ágreiningslaust frá n., sem undirbjó þetta mál — og hæstv. ráðh. skýrði frá skipan hennar. En meðferðin öll tók á þriðja ár. Háskólaráð gerði lítils háttar breytingar og það var einnig ágreiningslaust frá því. Síðan kemur málið frá menntmrn. og svo frá menntmn. þessarar hv. d. ágreiningslaust að öðru leyti en því, að minni hl. n., hv. þm. Oddur Ólafsson, er andvígur ákvæði 28. gr.— Við skulum aðeins víkja að því síðar.

Ég þekki þetta mál töluvert vegna fyrri afskipta minna af því og ég tel mjög brýnt vegna starfa og vegna skipulagsmála Háskóla Íslands að ljúka þessu máli nú með setningu laga og reglugerðar. Ég held að það knýi nú enn á um þetta, að nú eru fram undan rektoraskipti í Háskólanum og það væri mjög æskilegt að geta skilið við þetta mál í höfn þegar rektoraskiptin verða og fremur óæskilegt fyrir nýjan rektor að taka við þessu máli óafgreiddu.

Eins og ég sagði leggur menntmn. einróma til að frv. verði samþ. Meiri hl. leggur til að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. með þeirri breyt. einni að niður falli heimild til Háskóla Íslands til þess, eins og segir í frv., „að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala." Minni hl. vill fella þetta niður. Ég tel að þetta sé nánast eina verulega efnisbreytingin sem í frv. felst, en hitt séu breytingar sem leiði af þeirri þróun sem orðið hefur í þessari stofnun, eins og ég vék áðan að.

Ég vil aðeins nefna helstu rökin fyrir því að veita Háskólanum þessa heimild.

Það er í fyrsta lagi, að það hefur stundum verið erfitt — og stundum mjög erfitt — að vista stúdenta í lyfjafræði hjá lyfsölum í bænum. Það voru á tímabili á meðan ég var í menntmrn. mjög miklir erfiðleikar á þessu, en núna er þetta í lagi. Það hefur náðst um það gott samkomulag að þessu sinni. En slíkir erfiðleikar gætu komið upp aftur.

Annað er svo það, að talið er að ekki sé hægt að taka hér upp kennslu til kandidatsprófs í lyfjafræði nema Háskólinn hafi þessa heimild, hafi ráð á eigin stofnun til þess að undirbúa nemendur til kandidatsprófs.

Og svo er í þriðja lagi, svo ég fari ekki að orðlengja þetta neitt, að með því að Háskólinn ræki, eins og segir í þessu ákvæði, lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala fengist betri aðstaða fyrir Háskólann og prófessorana, sem þar starfa, til rannsókna í þessari grein og jafnframt til nokkurrar framleiðslu lyfja. Þá mundi sem sagt nýtast til þess sú sérþekking sem fyrir er í Háskóla Íslands.

Ég tel þetta sterk rök í málinu. Það var örlítið rætt um það á nefndarfundi hvernig þetta mundi vera hjá nágrönnum okkar, en það varð ekki fyllilega upplýst. En hvort sem nú er fyrir hendi t. d. á hinum Norðurlöndunum sérstök lyfsala á vegum háskóla, eins og rætt er um hér, þá held ég að hitt fari ekki á milli mála, að háskólarnir þar eru miklu stærri og grónari og öflugri stofnanir en okkar ungi háskóli. Þær hafa sjálfsagt margfalda aðstöðu til þess að vinna að þessum málum á eigin rannsóknarstofnunum, þó að það sé í öðru formi en hér er stefnt að. Ég vil einnig benda á að þetta yrði með vissum hætti hliðstætt því að Háskólinn hefur aðgöngu að ríkisstofnunum, ríkisspítölunum, til þjálfunar á öðrum sviðum.

Ég vil aðeins minna á það í þessu sambandi, að það er ákveðin stefna núv. hæstv. ríkisstj. að taka slíka heimild í lög. Auk þess sem það í þessu frv. er í frv. um lyfjadreif-

ingu einnig gert ráð fyrir slíkri heimild.

En hvað sem líður ágreiningi varðandi þetta atriði, þá vona ég að hv. þdm. séu mér sammála um að þetta út af fyrir sig sé einfalt mál og tiltölulega auðvelt að taka til þess afstöðu og að menn sjái sér fært þrátt fyrir þennan ágreining að afgreiða þetta frv. út úr d. En sem sagt, meiri hl. menntmn. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. það sem hér um ræðir er nokkuð að vöxtum, en svo sem fram hefur komið hjá frsm. meiri hl. eru ekki mörg efnisatriði sem eru breytingar frá fyrri lögum, aðallega er um að ræða lagfæringar og orðalagsbreytingar til uppfyllingar á eldri ákvæðum. Þó er það, að í 25. gr. eru nokkrar réttarbætur færðar stúdentum. Ef þeir telja að gengið sé á rétt þeirra, t. d. við einkunnagjafir, eiga þeir kost á því að skjóta máli sínu til úrskurðar, og er þá kveðið svo á að þar skuli prófdómari skipaður í hverju tilviki. Þetta er réttarbót og er nokkurs virði fyrir stúdenta.

En það, að ég gat ekki fallist á álit meiri hl. og hef gefið út sérstakt nál., byggist á því, að í 28. gr. er sagt:

„Háskólanum skal heimilt að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala."

Nú er það svo, að það hefur verið þannig að seinni hluti þess náms, sem hér um ræðir í lyfjafræðinni, hefur farið fram í útlöndum og ætlunin er að færa það heim. Til þess telur rektor, sem kom á nefndarfund til okkar, að sé nauðsynlegt fyrir Háskólann að hafa aðgang að eigin lyfjabúð, þannig að hann geti sjálfur ráðið hvernig kennsla kandidatanna fer fram.

Hins vegar kom það líka fram hjá honum, að leitað hefur verið eftir samningum við lyfsala í landinu um að taka að sér þessa kennslu. Það gekk lengi illa, en nú hefur samist og þessi möguleiki er fyrir hendi. Hins vegar er talið öryggisleysi að hafa ekki eigin lyfjabúð.

Nú er á það að líta, að varðandi kennslu t. d. í læknisfræði verður Háskólinn að byggja á ríkisstofnunum til þess að framkvæma verklega kennslu í læknisfræði, og á sama hátt er það þannig, að ríkið rekur umfangsmikla lyfjaverslun og enn fremur mikla lyfjaframleiðslu. Verður því ekki séð annað en að þar ætti að vera auðvelt fyrir Háskólann að fá innhlaup með þá fræðslu og kennslu sem nauðsynleg er í sambandi við þetta mál. Hins vegar er vitað mál að það gæti orðið Háskólanum mikil útgjaldaaukning, a. m. k. til að byrja með, að eignast eigin lyfjabúð og reka hana, og eins og málum hans er komið í dag og hefur reyndar lengst af verið er þar ævinlega þröngt í búi með fjárhag. Hef ég þá trú að þetta mál ætti að verða auðleystara í sambandi við Lyfjaverslun ríkisins heldur en Háskólinn fari að reka eigin lyfjabúð.

Þess vegna hef ég lagt til að 28. gr. falli niður. Ég er að öðru leyti samþykkur frv. Samþykkt þess er mikil nauðsyn fyrir Háskólann, ekki síst nú þar sem fyrir dyrum stendur útgáfa allsherjarreglugerðar fyrir Háskólann. Lengi hefur slík útgáfa staðið til. Nú er aðkallandi að samþ. hana og fá þessa lagabreytingu fram um svipað leyti og rektoraskipti verða.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál lengi, enda er það svo að þetta er geysilega tæknilegt frv. Þegar við vorum á fundi með háskólarektor og háskólaritara gerðu menn sér grein fyrir því eftir þá miklu vinnu, sem hafði verið lögð í frv. í deildum Háskólans og háskólaráði, að þar mundum við fávísir þm. lítið um bæta þó við legðum okkur fram.

Frv. er ekki veigamikið, var sagt hér. Ég held að þetta sé mjög veigamikið frv., og mér skildist á þeim fundi sem við sátum með þessum tveimur mönnum Háskólans að það væri mjög mikilsvert að fá þetta tiltölulega veigamikla frv. í gegn sem allra fyrst, því að ýmsar reglugerðir Háskólans beinlínis stranda á því að þetta frv. er ekki orðið að lögum.

Varðandi ákvæðið um leyfi Háskólans til að reka lyfjabúð, þá kom fram hjá hv. frsm., að þetta ákvæði er einnig í frv. því að lyfjadreifingarlögum sem liggur nú fyrir þessari d. Virðist vera víðtæk samstaða um að þetta fléttist saman, enda var okkur tjáð að þetta væri nánast skilyrði þess að hægt væri að hafa þetta nám lyfjafræðinga alfarið hér á landi, en svo hefur ekki verið.

Ég vil leiðrétta það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Reykn., að þetta yrði fjárhagslegur baggi á Háskólanum. Háskólamennirnir á fundi okkar reiknuðu dæmið nefnilega allt öðruvísi. Eftir nokkur ár ætti þetta að þeirra útreikningum að vera lyftistöng fyrir Háskólann. Því urðum við allir sannfærðir, meirihlutamennirnir í n., um að þetta væri gott mál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—27. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 788 felld með 9:5 atkv.
28. gr. samþ. með 11:4 atkv.
29.—34. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Leiðrétting söluskatts af leiksýningum áhugafélaga, þáltill. (þskj. 687, n. 778). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 778 frá menntmn. N. mælir með samþykkt till. og leggur til að lagfæringin nái einnig til leiksýninga annarra áhugafélaga, svo sem ungmennafélaga, íþróttafélaga, kvenfélaga og fleiri slíkra. Ragnhildur Helgadóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Ég þarf í raun og veru ekki að skýra þetta nánar. Í þessari þáltill á þskj. 678 er nánast farið fram á lagfæringu. Þetta er mál sem er búið að vera mjög mikið deilumál hjá áhugamannafélögum, að þurfa að greiða skatt til ríkisins af sjálfboðastarfi á menningarsviðinu. Það hefði verið freistandi að koma með ábendingar um fleiri atriði á þessu sviði, íþróttastarfsemi og fleira slíkt. En við gerum hér aðeins tillögu að því er varðar leiksýningar áhugafélaga, en teljum nauðsynlegt að skilgreina nánar þau félagasambönd sem þarna eru nefnd, því þau standa oft fyrir slíkum leiksýningum eins og áhugaleikfélögin.

Ég hef ekki annað að segja um þessa till., en vænti þess að hún verði samþ.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 107. fundur.

Fimmtudaginn 17. maí, að loknum 106. fundi.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 724). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 804).

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 637). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 90. fundur

Fimmtudaginn 17. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fjárfestingarfélag Íslands, frv. (þskj. 638). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 620). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:2 atkv. og afgr. til Ed.

Aðstoð við þroskahefta, frv. (þskj. 650 (sbr. 556), 767). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 767 felld með 27:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, PP, SvH.

nei: EH, EG, EÁ, FTS, FÞ, GilsG, GTh, GSt, HES, HG, JóhS, BL, JÞ, KÓ, LJós, MHM, SighB, SV, StH, SvJ, SvG, VG, ÞS, AG, ÁG, EðS, IG.

EBS, FrS, GSig, GH, LárJ greiddu ekki atkv.

4 þm. (ÓE, PJ, TÁ, BGr) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Til þess að forðast misskilning, þá er ég mikill stuðningsmaður þroskaheftra enda þótt ég sé mikill andstæðingur hæstv. ríkisstj. Það þarf ekki endilega að blanda þessu alltaf saman. Ég minni á það, að við afgreiðslu á frv., sem hv. 12. þm. Reykv. flutti hér í hv. d. á sínum tíma, greiddi ég með mikilli ánægju atkv. með fjáröflun í þessu sama skyni. Síðan hefur sá sami hv. þm. ásamt öðrum stjórnarliðum sett fyrir mig lög sem stefna í allt aðra átt. Ég er löghlýðinn maður og hlýt að fara eftir því sem segir í 8. gr. laga um stjórn efnahagsmála, þar sem allt önnur stefna er tekin en sú sem hér er uppi. Svo er að heyra á hv. stjórnarliðum, að þeir verji sig í þessum málum með því að óhætt sé að samþykkja a-lið 25. gr. þessa frv., sem hér um teflir, vegna þess að í landinu séu lög sem gefa þeim færi á að taka þetta upp til endurskoðunar fyrir n. k. áramót. Það er lag á þessu. Þetta er yfirtak, býsn og fádæmi, það er varla hægt að tala um það mýkri orðum. Það liggur við að ég taki mér í munn orð sem hæstv. félmrh. lét sér um munn fara eigi alls fyrir löngu, bara með öfugum formerkjum, að slíkt ákvæði eins og a-lið 25. gr. geti enginn heilvita maður samþykkt. En ég geri þetta ekki af því að ég heyri að ýmsir eiga þarna hlut að sem ég vil ekki fara slíkum orðum um. En með vísan til nýsettra efnahagslaga er ég til þess knúinn, fyrir nú utan það að vera flm. till., að segja já við henni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 801).

Jarðræktarlög, frv. (þskj. 698). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 802).

Útvarpslög, frv. (þskj. 584). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi

(þskj. 803).

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frv. (þskj. 564, n. 740 og 761). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar d. hefur haft þetta frv. til athugunar og skilað um það nál. á þskj. 740. Meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstj. í n. mæla allir með samþykkt frv. án breytinga. Minni hl. í n., fulltrúar Sjálfstfl. gefa hins vegar út sérstakt nál. á þskj. 761 og gera þar grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Á fund fjh.- og viðskn. komu þeir aðilar úr viðskrn. og frá Seðlabankanum, gjaldeyriseftirliti bankans, sem mest höfðu haft með að gera að semja þetta frv., og veittu n. þær upplýsingar sem um var beðið.

Í ljós kom að þetta frv. gerir ráð fyrir nokkru skýrari ákvæðum um ýmis atriði, sem snerta eftirlit með gjaldeyri og gjaldeyrisskilum, en nú eru í lögum og reglugerðum og einnig nokkur ákvæði sem telja verður alveg ný, þess efnis að veita gjaldeyriseftirlitinu og stjórnvöldum nokkuð aukinn lagalegan rétt til eftirlits í þessum efnum.

Fulltrúar gjaldeyriseftirlitsins lögðu á það allmikla áherslu að þetta frv. næði fram að ganga, ef gjaldeyriseftirlitið ætti að geta sinnt störfum sínum á þann hátt sem þeir telja að nauðsynlegt sé.

Niðurstaðan í fjh.- og viðskn. varð sem sagt sú, að meiri hl. mælir með því að frv. nái fram að ganga óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn., fulltrúa Sjálfstfl. í n. Álit okkar er á þskj. 761. Eins og hér hefur komið fram, varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. vill samþykkja frv., en minni hl. vill að frv. verði fellt.

Það er ekki ástæða fyrir mig til að rekja efni frv., það hefur þegar verið gert. En ástæður þess, að við í minni hl. viljum fella þetta frv., eru nokkrar.

Í fyrsta lagi teljum við að hér sé um að ræða svo viðamikið mál að ekki sé verjandi að þvinga það í gegnum þingið nú á síðustu dögum fyrir þinglausnir.

Í öðru lagi bendi ég á að það er stutt síðan frv. var lagt fram. Það er svo stutt síðan að ekki hefur gefist tími til að athuga það nægilega vel. Án þess að ég vilji á nokkurn hátt vera að finna að meðferð frv. í þingnefnd bendi ég á að því var vísað til þn. 30. apríl s. l. og þá var það sent til umsagnar. Næst þegar það er tekið fyrir í n., 10. maí, er farið yfir frv. Daginn eftir, 11. maí, er það rætt frekar og þá gerð tilraun til þess af hálfu meiri hl. að koma frv. í gegnum n. Svo 15. maí er það afgreitt.

Til viðtals við n. komu þeir Björn Tryggvason og Þórhallur Ásgeirsson og veittu ýmsar gagnlegar upplýsingar.

Frv. var sent til umsagnar tveggja aðila: Sambands ísl. samvinnufélaga, sem skilaði ekki umsögn, og til Verslunarráðs Íslands. Verslunarráðið skilaði umsögn sem var lögð fyrir n. 15. þ. m. þegar málið var afgreitt í n. Í umsögn Verslunarráðsins segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Verslunarráðið telur að fram komið frv. um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála sé ekki til bóta frá gildandi lögum og er frv. andvígt. Hins vegar telur Verslunarráðið, að það væri stórt skref í framfaraátt ef takast mætti að koma því skipulagi á þessi mál, er síðasta viðskiptaþing lagði til og gerði samþykktir um."

Meðal till., sem samþykktar voru á viðskiptaþingi og vitnað er til í umsögn Verslunarráðsins, var að gjaldeyrisverslun skyldi gefin frjáls, innflutningsfrelsi því aðeins takmarkað með reglugerð eða sérstökum lögum að nauðsyn bæri til vegna viðskiptasamninga við aðrar þjóðir. Útflutningsleyfa verði aðeins krafist vegna útflutnings sjávarafurða. Aðgangur atvinnulífsins að erlendu fjármagni verði rýmkaður. Tilgangur breytinga á skipan gjaldeyris- og viðskiptamála í framangreinda átt er að gera íslenska krónu jafnverðmikla erlendum gjaldeyri, efla innlenda fjármálastjórn með erlendri samkeppni í lánsfjárþjónustu og ávöxtun fjár, gera innflutningsversluninni kleift að bæta lífskjör þjóðarinnar með auknu framboði á ódýrum vörum, leggja grundvöll undir frjáls og sjálfstæð útflutningsfyrirtæki.

Þetta er sú frjálsræðisstefna sem Sjálfstfl. hefur fylgt. Hann hefur ítrekað þá stefnu og mótað ljósum orðum í ályktun um efnahagsmál á þessum vetri og einnig í ályktun nýliðins landsfundar.

Þetta frv. kann að einhverju leyti að stefna í frjálsræðisátt, en í svo veigamiklum atriðum gengur það gegn stefnu Sjálfstfl. að hann getur ekki stutt það. Þar nægir að nefna þær heimildir sem veittar eru gjaldeyriseftirliti til að kanna reikninga og bókhald, svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir, eins og segir í 6. gr. frv. Með slíku ákvæði er gjaldeyriseftirliti veitt heimild sem það hingað til hefur þurft að fá með tilstilli dómstóla. Ákvæði sem þetta er hins vegar í fullu samræmi við hugsjónir sumra þm., sem styðja núv. ríkisstj., og eflaust sumra ráðh. um lögregluríkið.

Sjálfstfl. vill fara aðrar leiðir en hér er gert ráð fyrir. Hann vill fara þær leiðir sem stefna í frjálsræðisátt að því er tekur til gjaldeyris- og viðskiptamála yfirleitt. Þetta frv. gerir það hins vegar ekki. Grátlega seint hefur gengið að koma viðskiptum með erlendan gjaldeyri hér á landi í eðlilegt og frjálst horf og til samræmis við þá þróun sem orðið hefur í löndunum umhverfis okkur.

Núverandi ástand í þessum málum má rekja til kreppuáranna eftir 1929 þegar almennt haftatímabil hófst í milliríkjaviðskiptum. Fyrstu lög um verulegar hömlur á kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri á Íslandi voru sett árið 1935. Til þess tíma voru slík viðskipti frjáls, þótt frá 1924 hafi verið heimild í lögum til vissra afskipta. Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur þróunin orðið í átt til frjálsra utanríkisviðskipta. Þróun í meðferð gjaldeyris hefur verið hluti af þessu.

Almennt ríkir frelsi í nágranna- og viðskiptalöndum okkar í viðskiptum og meðferð gjaldeyris. Þróunin hér á landi hefur ekki orðið hin sama og í nágrannalöndunum. Við búum enn í dag við veruleg höft þrátt fyrir það að rétt skref hafi verið stigin. Við höfum dregist aftur úr. Erlendur gjaldeyrir er hér enn skammtaður og jafnvel litið á hann sem sérstakan munað.

Núverandi lög um skipan gjaldeyrismála eru að meginstofni frá árinu 1960. Lögin, sem þá voru sett, voru liður í hinni þýðingarmestu umsköpun í efnahagsmálum sem hér hefur orðið á síðari tímum. Þáverandi gjaldeyrisskömmtunarkerfi var lagt niður og það gert að meginstefnu að innflutningur á vörum og þjónustu skyldi frjáls og ráðstöfun gjaldeyris í því skyni óheft. Önnur ráðstöfun og meðferð gjaldeyris var hins vegar áfram bundin. Á þessari skipan voru þó ýmsir gallar og skal ég nefna þessa helsta:

Þeim, sem eignast erlendan gjaldeyri, er að meginreglu gert að skila honum án óeðlilegs dráttar, eins og það heitir, til íslensku gjaldeyrisbankanna. Þeim, sem afla hans, er almennt ekki heimilt að ráðstafa gjaldeyrinum í öðrum viðskiptum eða geyma þar sem þeim best hentar. Þeir verða að skila gjaldeyrinum á því verðmæti eða gengi sem gildir á hverjum tíma á Íslandi. Verðið er sem sagt skammtað. Hafi þeir tækifæri til að ráðstafa fénu með hagkvæmari hætti erlendis er það óheimilt. Allt annað en innflutningur á vörum og þjónustu er óheimill. Þannig er gjaldeyrir til ferðalaga Íslendinga allur háður smásmugulegu og fyrirferðarmiklu leyfakerfi. Það sem verra er í þessu sambandi, er að sá mun aður, sem felst í því að fá gjaldeyri til ferðalaga erlendis, er nú skattlagður sérstaklega með því að krefjast 10% viðbótargjalds af ferðamannagjaldeyri. Með því er skapað tvöfalt gengi. Og það má nærri geta hvort sú ráðstöfun er til þess fallin að auka innstreymi til innlendra banka á erlendum gjaldeyri eða gjaldeyrisstreymi eftir þeim leiðum sem ætlast er til. Allar lántökur til langs tíma, þ. e. til lengri tíma en eins árs, eru óheimilar án sérstaks leyfis. Allar lántökur til skamms tíma, þ. e. vörukaupalán, eru óheimilar án leyfis, utan innflutningur með gjaldfresti á ákveðnum vöruflokkum og venjulega aðeins til þriggja mánaða. Verulegar hömlur eru á fjármagnsflutningum úr landi, t. d. vegna búferlaflutninga, arðs eða jafnvel eftirlauna.

Þessar hömlur jaðra í mörgum tilvikum við að vera skerðing á persónufrelsi manna. Þær eru ekki í samræmi við þann tíðaranda, sem ríkir í dag á Vesturlöndum, og ég efast um að þær séu í samræmi við samþykktir og sáttmála alþjóðastofnana, sem við erum aðilar að, um persónuréttindi manna.

Kannske er það ein þýðingarmesta breytingin, sem hefur orðið á meðferð gjaldeyrismála hér á landi síðan 1960, þegar innlendum aðilum var heimilað seint á árinu 1977 að stofna gjaldeyrisreikninga í íslenskum gjaldeyrisbönkum. Þróunin í notkun þessara reikninga sýnir best þörfina á að mismunandi möguleikar séu við meðferð gjaldeyris. Þessi breyting var viðurkenning á óviðunandi ástandi.

Hömlur af því tagi, sem ég hef hér nefnt, eru yfirleitt ekki til í nágrannalöndum okkar. Þær hafa fyrir löngu verið þar afnumdar og frelsi í gjaldeyrismálum hefur orðið til þess að auka utanríkisviðskipti þessara landa og hagsæld íbúanna yfirleitt.

Með þessu frv., sem hér er til umr., eru þessir gallar, sem ég hef talið upp á gildandi löggjöf, ekki afnumdir. Þeim er meira og minna viðhaldið með áframhaldandi leyfa- og eftirlitskerfi sem stendur allri framþróun fyrir þrifum. Aukið frelsi á þessu sviði sem öðrum hefur í för með sér aukna hagkvæmni, það eflir menn til framtaks og tryggir betri afkomu. Aukið frjálsræði í viðskiptum með erlent fjármagn er hliðstæða frjálsra viðskipta og verðmyndunar á innlendu fjármagni. Tilhugsunin um frjáls gjaldeyrisviðskipti er okkur þó e. t. v. fjarri vegna þess hversu lengi við höfum vanist hinu gagnstæða. Hér er þó ekki um neitt nýtt fyrirbrigði að ræða, heldur almenna reglu á Vesturlöndum að gjaldeyrisviðskipti séu að stærstum hluta frjáls. Heft gjaldeyrisviðskipti og óraunhæf gengisskráning hafa ekki styrkt útflutningsatvinnuvegina eða örvað útflutning, heldur hefur þetta dregið úr gjaldeyristekjum. Þetta takmarkar ferðafrelsi landsmanna, það leiðir til erlendrar skuldasöfnunar og það býður heim margvíslegri spillingu. Þessu þarf að breyta með frjálsum gjaldeyrisviðskiptum sem heimila öllum landsmönnum að eiga, kaupa og selja erlenda mynt þegar þeir óska. Verð erlendra gjaldmiðla ræðst þá af markaðsástæðum.

Kostir frjálsrar gjaldeyrisverslunar eru ótvíræðir og breyta miklu í atvinnulífinu. Almenningur og fyrirtæki hefðu fullt frelsi til að eiga, kaupa og selja erlenda mynt, rekstrargrundvelli útflutningsatvinnuvega yrði ekki stefnt í hættu vegna rangrar gengisskráningar og verulegur halli í utanríkisviðskiptum myndaðist ekki af þeim sökum. Gjaldeyrisstaðan yrði traustari, gjaldeyrir til ferðalaga yrði frjáls og án takmarkana. Kaup og sölu erlends gjaldeyris þarf að sjálfsögðu að einfalda og aðgang atvinnulífsins með erlendu fjármagni verður að rýmka eftir almennum reglum, og það þarf að afnema mismunun milli atvinnuvega og létta höftum af atvinnulífinu.

Ég hef í þessum orðum mínum gert að umtalsefni það sem Sjálfstfl. telur nauðsynlegt að framkvæmt verði í frjálsræðisátt í sambandi við gjaldeyris- og viðskiptamál. Þetta er í samræmi við það sem gerst hefur og er ríkjandi í öllum okkar nágranna- og viðskiptalöndum. En þetta frv., sem við erum að ræða, er ekki til þess fallið að leiða okkur að þessu marki og þess vegna getum við sjálfstæðismenn ekki stutt það.

Með hliðsjón af því, sem ég hef rakið, lýsir minni hl. n. fullri andstöðu við frv. og leggur til að það verði fellt.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í ræðu um þetta mál sem nú er komið úr hv. fjh.- og viðskn. Hér er um að ræða frv. til l. um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og frsm. meiri og minni hl. hafa mælt fyrir sínu áliti. Ég þarf vart að taka það fram, að ég styð álit minni hl. sem er í þá veru að þetta frv. fái ekki staðfestingu Alþingis á þessu þingi, heldur verði kannað betur með sérstöku tilliti til þeirra ábendinga sem fram hafa komið.

Það er alveg ljóst, að það er stefna Sjálfstfl. að okkur beri að taka skref í átt til frjálsræðis í gjaldeyris- og viðskiptamálunum eins og annars staðar í efnahagskerfinu. Hv. frsm. minni hl. minntist í því sambandi á stofnun gjaldeyrisreikninganna sem eitt af þeim fáu skrefum sem tekin hafa verið frá því að gjörbreyting var á þessum málum og mörgum öðrum um 1960 eða við upphaf viðreisnarstjórnarinnar. Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um það, að það er í þeim anda og í þá átt sem Sjálfstfl. vill ganga í þessum málum. Hann hefur sífellt lagt á það áherslu í öllum sínum yfirlýsingum að hann vilji halda því áfram og fái hann afl til í íslenskum stjórnmálum, þá vilji hann ganga í frjálsræðisátt í þessum málum. Við verðum að hafa það í huga, að ef uppræta á spillingu og ef hér á að koma á sæmilega heilbrigðu kerfi í viðskipta- og gjaldeyrismálum, þá er sú stjórn, sem best er til að ná þeim árangri, fólgin fyrst og fremst í réttri gengisskráningu, í þeim almennu aðgerðum sem tiltækar eru til þess að leggja mælistiku á þau verðmæti sem um er að ræða.

Ég hafði ekki tækifæri til að kynna mér þetta frv. ítarlega fyrr, en hef í samstarfi við aðila utan þingsins, sem ég treysti, farið yfir þetta frv. og hef nú til íhugunar hvort ekki sé rétt að flytja við 3. umr. málsins ákveðnar brtt. Ég vil þó, án þess að það sé ákveðið, gefa hv. Nd. og þá sérstaklega hæstv. viðskrh. tækifæri til að hlýða á í

hverju þessar brtt. yrðu fólgnar ef þær yrðu fluttar við 3. umr.

Þá er fyrst til að taka 1. gr. frv., en þar kemur til greina að orða hana á þessa leið:

„Heimilt er að flytja inn til landsins hvers konar vörur, nema annað sé ákveðið með lögum. Viðskrn. getur þó ákveðið að leyfi þess þurfi til innflutnings á lifandi dýrum, kjöt- og mjólkurafurðum, jarðolíu og eldsneytisolíum svo og sópum og burstum.

Jafnframt er innlendum aðilum heimilt að kaupa hvers konar erlenda þjónustu, nema annað sé ákveðið með lögum.

Heimilt er að inna af hendi í erlendum gjaldeyri sannanlegar greiðslur fyrir löglega innflutta vöru og keypta erlenda þjónustu, þar með taldir vextir af skuldum. Á sama hátt er heimilt að inna af hendi afborganir eða aðra umsamda endurgreiðslu erlendra skulda, sem löglega er til stofnað.

Aðrar fjármagnsgreiðslur til útlanda skulu háðar reglum, sem viðskrn. setur að höfðu samráði við Seðlabankann. Með reglum þessum skal komið í veg fyrir að til skaðlegs fjármagnsútflutnings geti komið, án þess þó að hindruð sé þjóðhagslega hagkvæm fjárfesting eða viðskipti innlendra aðila erlendis og búferlaflutningur eða arftaka einstaklinga."

Þessi texti kæmi í stað 1. gr., og eins og allir heyra gengur það mun lengra í frjálsræðisátt en 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Ef af því verður að þessi brtt. verði flutt nær hún enn fremur til annarra greina og þ. á m. til 2. gr. frv., en þar mundi verða lagt til að 1. mgr. orðaðist þannig:

„Að svo miklu leyti sem vöruinnflutningur er háður innflutningsleyfum samkv. 1. gr. annast viðskrn. útgáfu þeirra. Seðlabankinn veitir leyfi fyrir fjármagnsgreiðslum samkv. 1. gr. og erlendum lántökum samkv. 12. gr. í þeim tilvikum sem almennar reglur settar samkv. þeim greinum ná ekki til."

Og 2. mgr. mundi þá orðast þannig:

„Seðlabankinn skal vera til ráðuneytis um framkvæmd gjaldeyrismála, og getur rn. falið honum ákvörðunarvald um einstaka þætti þeirra."

3. mgr. yrði síðan óbreytt.

Í þriðja lagi yrði lagt til að 1. mgr. 5. gr. frv. orðaðist upp á nýtt og yrði þá þannig:

„Viðskiptabankar hafa rétt til að versla með erlendan gjaldeyri."

Þar er um að ræða ákveðnara orðalag en gert er ráð fyrir í núverandi frvgr.

Í fjórða lagi yrði lagt til, að 3. mgr. 8. gr. félli brott, í fimmta lagi, að 11. gr. félli út, og í sjötta lagi, að 12. gr. yrði orðuð upp og félli niður eins og hún er orðuð núna, en í stað hennar kæmi texti sem hljóðaði á þessa leið, með leyfi forseta:

„Erlendar lántökur, þar með taldar lántökur opinberra aðila, viðskiptabanka og einkaaðila, notkun á greiðslufresti á vörum og þjónustu svo og kaupleigusamninga, skulu háðar reglum, sem viðskrn. setur að höfðu samráði við Seðlabankann. Með reglum þessum skal komið í veg fyrir það annars vegar, að fjármagnsinnflutningur valdi ofþenslu innanlands, og hins vegar, að óeðlileg skuldasöfnun eigi sér stað erlendis. Þess skal þó jafnframt gætt, að reglur þessar leyfi eðlilega endurnýjun og aukningu innfluttra fjármuna, nauðsynlega fjármögnun birgða innfluttrar vöru og komi ekki í veg fyrir þjóðhagslega hagkvæm viðskipti.

Um heimildir Seðlabankans til þess að taka erlent lán fer eftir 20. gr. laga nr. 10/1961, og um heimildir gjaldeyrisviðskiptabankanna til að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma fer eftir 10. gr. laga þessara.

Í sjöunda lagi yrði lagt til að 13. gr. orðaðist upp á þennan veg, með leyfi forseta:

„Ráðuneytinu er heimilt að ákveða, að ekki sé heimilt að bjóða, selja eða flytja vörur til útlanda, sem mikilvægar eru í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, nema að fengnu leyfi þess, enda sé hætta á að of mikið tímabundið framboð eða undirboð gæti valdið verulegu tjóni. Útflutningsleyfi samkv. þessari grein getur rn. bundið skilyrðum, sem það telur nauðsynleg.

Útflytjendur eru skyldir til þess að veita rn. þær upplýsingar, sem það óskar og nauðsynlegar eru, um sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda."

Síðan féllu 14. gr. og 15. gr. niður.

Eins og ljóst er af þessum upplestri og þessari kynningu á hugsanlegum breytingum við þetta frv. er hér aðeins verið að bæta það ófullkomna plagg sem hér er til umr. Það er ávallt spurning, þegar togast á tvær andstæðar stefnur í þessum málum, hvort þeir, sem vilja stefna í aðra átt en ráðandi aðilar, eigi að leggja út í það að flytja brtt. og reyna þannig að laga eða fínstilla þá stefnu, sem tekin hefur verið, eða hvort sýna eigi virka andstöðu og koma í veg fyrir samþykkt frv. á borð við þetta og bíða síðan næsta þings, þegar nokkuð ljóst er að núv. stjórnarandstaða verður komin í stjórnaraðstöðu. Ég viðurkenni að sjálfsögðu að þetta er álitamál. Ég hef ekki enn haft tækifæri til að bera þessar hugsanlegu till. mínar undir þá aðila sem ég starfa með hér á þingi, samflokksmenn mína, en vildi þó á þessu stigi kynna þingheimi þær og þá sérstaklega vegna þess að hér er staddur hæstv. viðskrh.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:9 atkv.
2.—19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 565, n. 742). —2. umr.

Frsm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar þetta frv. en efni þess er að breyta núgildandi l., sem kveða á um að lægsta fjárhæð nemi heilli krónu, verði breytt til samræmis við lagafrv., sem hefur þegar verið samþ. hér um gjaldmiðil Íslands. Það er engin ástæða til þess að fjölyrða um þetta frv. Hér er einungis um það að ræða að samhæfa gildandi löggjöf breytingum, sem nú hafa nýlega verið gerðar að l. og við leggjum til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Sameinað þing, 97. fundur.

Fimmtudaginn 17. maí, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Gils Guðmundsson): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Umferðir verða tvær, 15 mínútur í hvorri. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Alþfl., Alþb. og Framsfl. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., og Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., en í síðari umferð Ellert B. Schram, 8. þm. Reykv. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð Kjartan Jóhannsson sjútvrh., en í síðari umferð Árni Gunnarsson, 11. landsk. þm., og Eiður Guðnason, 3. þm. Vesturl. Fyrir Alþb. í fyrri umferð Ragnar Arnalds menntmrh., í síðari umferð Bjarnfríður Leósdóttir, 4. þm. Vesturl. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð Steingrímur Hermannsson dómsmrh., en í síðari umferð Tómas Árnason fjmrh.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, og talar af hálfu Sjáflstfl.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar þessar eldhúsdagsumr. fara fram á Alþ. blasir við hvert sem litið er ömurleg staðreynd nær 9 mánaða stjórnleysis, sem með viku hverri hefur fært okkur nær því mesta efnahagsöngþveiti sem þjóðin hefur komist í á síðari árum. Þessi staðreynd staðfestir að í landinu er vinstri stjórn, þriðja vinstri stjórnin frá stofnun lýðveldisins. Þau gífurlegu vandamál, sem við blasa eftir nær níu mánaða valdaferil hæstv. ríkisstj., gefa tilefni til rækilegrar umfjöllunar um stefnu vinstri stjórna. Í því sambandi tel ég nauðsynlegt og lærdómsríkt að við lítum til baka og gerum okkur grein fyrir, hvernig fyrri vinstri stjórnum tókst til, og berum það saman við þær staðreyndir sem við blasa í dag.

Frá stofnun lýðveldisins hefur Sjálfstfl. verið aðili að stjórn landsins í 29 ár og þá haft forustu lengst af. Vinstri flokkarnir hafa hins vegar farið með stjórn landsins tvívegis, samtals í rúm 6 ár. Allar vinstri stjórnir hafa verið myndaðar af áhrifamönnum Alþb. og þar í forustu hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, en hann hefur ætíð hagað því svo, að formaður Framsfl. hefur verið forsrh. Alþfl.-menn hafa verið með þegar Alþb. og Framsfl. hafa þurft á þeim að halda.

Á fyrstu 12 árum lýðveldisins lögðu forustumenn Sjálfstfl. höfuðáherslu á að móta utanríkis- og öryggismál þjóðarinnar í samvinnu við frjálsar vestrænar þjóðir. Þá var undirbúin og hafin sókn í landhelgismálum til þess að fá yfirráðarétt yfir auðlindum fiskimiðanna umhverfis Ísland og auka þannig í framtíðinni hagsæld íslensku þjóðarinnar.

Vitað var um vilja og tilraunir vinstri manna til myndunar ríkisstj. Á árinu 1956 náðu þeir því takmarki. Var þá „Hræðslubandalagið" fræga stofnað og þess freistað að ná meiri hl. á Alþ. með minni hl. kjósenda að baki sér.

Til þess að koma vinstri stjórn saman var öryggismálum þjóðarinnar teflt í tvísýnu og hin fræga samþykkt gerð á Alþ. 27. mars 1956, þar sem vinstri flokkarnir samþykktu að varnarliðið hyrfi af landi brott. Með vinstri stjórninni 1956 átti að koma til margháttuð skipulagning og ríkisforsjá í stað einstaklingsframtaks og athafnafrelsis. Til þess að hafa allt líf atvinnurekstrarins í hendi sér og skammta eftir pólitískum geðþótta var beitt margföldu gengiskerfi og það gert mjög flókið. En höfuðtakmarkið var að setja Sjálfstfl. til hliðar — og þá hugsuðu menn í áratugum. Þessi vinstri stjórn flosnaði upp. Allar ráðagerðir hennar voru fyrir fram dæmdar til að mistakast. Forsrh., Hermann Jónasson, sem var kjarkmaður mikill, viðurkenndi ósigur sinn og lýsti því yfir á Alþ. eftir rúmlega tveggja ára stjórnarsetu, að ekki væri samstaða um nein úrræði til lausnar þeim mikla vanda sem ríkisstj. og stjórnarflokkarnir áttu beinlínis sök á, og ríkisstj. sagði því af sér.

Árið 1958 varð millibilsástand. Minnihlutastjórn Alþfl., sem Sjálfstfl. varði vantrausti, framkvæmdi stöðvunaraðgerðir í efnahagsmálum, og samkomulag hafði náðst um breytingar á kjördæmaskipun landsins. Á ný tók Sjálfstfl. við forustu og mynduð var með Alþfl. viðreisnarstjórn, sem sat að völdum næstu 12 ár. Grundvöllur þeirrar stjórnarstefnu var einstaklingsframtak og athafnafrelsi með hagsmuni allra stétta fyrir augum.

Með viðreisnarstjórninni, sem tók við völdum í árslok 1959, hófst eitt mesta framfaraskeið í sögu landsins, en þar var lagður grundvöllur að traustu og heilbrigðu efnahagskerfi þjóðarinnar þrátt fyrir efnahagsleg áföll og átök hagsmunahópa. Helsta ástæðan fyrir því, að svo vel tókst til, var að þá var í miklu ríkara mæli en áður stuðst við einstaklingsframtakið og atvinnufrelsi með hagsmuni allra stétta fyrir augum. Er síst orðum aukið, að á þessu tímabili hafi þessi meginstefnumið Sjálfstfl. notið sín betur en nokkru sinni fyrr. Var á þessu tímabili lagður grundvöllur að aukinni hagnýtingu auðlinda landsins og upphafi stóriðju.

Eftir 12 ára tímabil viðreisnar kaus þjóðin sér aðra vinstri stjórn. Þá var líka kominn nýr formaður hjá framsóknarmönnum, og hv. 1. þm. Austurl. var vel ljóst að hann vildi gjarnan spreyta sig. Önnur vinstri stjórnin lifði að vísu hálfu ári lengur en sú fyrsta, enda tók hún við mjög góðu búi frá viðreisnarstjórninni. En allt fór á sömu leið. Hún hrökklaðist frá völdum, missti meiri hl. á Alþ. eftir að hafa gersamlega mistekist að ná tökum á efnahags- og kjaramálum, en hafði kallað yfir þjóðina þá verðbólgu sem glímt hefur verið við síðan.

Lýsingu á viðskilnaði þeirrar vinstri stjórnar er að finna í grg. með því frv. sem ríkisstj. lagði fyrir Alþ. á útmánuðum 1974, en þar er gerð grein fyrir því að verðbólgan magnist, að atvinnuöryggi og skipulegri viðleitni til efnahagslegra framfara sé teflt í tvísýnu, og verðbólgan fór á því ári í 54%.

Þannig var ástandið þegar Sjálfstfl. enn á ný tók við forustu þjóðarskútunnar og Geir Hallgrímsson myndaði ríkisstj. sína í ágúst 1974. Þeirri óvissu, sem ríkti í öryggismálum fyrir stjórnarmyndunina, var eytt og ríkisstj. tryggði áframhaldandi varnarsamstarf við vestrænar lýðræðisþjóðir. Stórfelldari breytingar urðu á sviði fiskveiðiréttarmála og hafréttarmála en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur, brottför Breta og Þjóðverja úr fiskveiðilögsögunni eftir veiðar í nálega 6 aldir við landið og óskoruð yfirráð Íslendinga sjálfra yfir fiskimiðalögsögu sinni er stærsti sigur þessarar þjóðar frá því að lýðveldi var stofnað. Friðunaraðgerðir og stjórnun veiða hafa

verið tekin föstum tökum og engin önnur fiskveiðiþjóð hefur gengið lengra í þessum aðgerðum en við á þessu tímabili.

Vinstri verðbólgan var hins vegar ekki sigruð. Það tókst að minnka hana verulega og árið 1976 var hún 32% í stað 54% 1974, og um mitt árið 1977 var verðbólgustigið komið niður í 26%. Tekist hafði að draga úr ríkisútgjöldum og þau stórlega lækkuð sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, og hallalaus ríkisbúskapur var 1976.

Alþingiskosningar fóru fram á s. l. ári. Í þeim kosningum var þyrlað upp meira blekkingamoldviðri en nokkru sinni fyrr. Fulltrúar stjórnmálaflokkanna í stjórnum almannasamtaka voru látnir misnota samtök sín og umfram allt gerðar kröfur um „samningana í gildi".

Þegar sýnt var að undir forustu sjálfstæðismanna tókst að tryggja öryggismálin og vinna sigur í landhelgismálinu, þá voru vinstri flokkarnir sammála um að sá árangur, sem náðst hafði í efnahagsmálum, skyldi eyðilagður og það notað til þess að koma á þriðju vinstri stjórninni. Hv. 1. þm. Austurl. kaus nú að gerast yfirráðherra án stjórnardeildar, að erlendri fyrirmynd, en formaður Framsfl. var reiðubúinn í forsrh.-stólinn enn á ný, og ekki stóð á Alþfl.-þm. að taka höndum saman við þennan forna vin sinn.

Sú vinstri stjórn, sem nú situr að völdum, er sú ógæfulegasta þeirra allra. Henni hefur tekist að kollsigla nær öllu á mun skemmri tíma en þeim fyrri. Frá fyrsta degi til dagsins í dag hafa stjórnarflokkarnir ekki náð samstöðu um nein mál er varða lausn aðsteðjandi vandamála, en þeir hafa hins vegar verið sammála um að hörfa 20 ár aftur í tímann og beita sömu aðferðum og fyrsta vinstri stjórnin gerði 1956—1958. Eitt eru þó ráðh. sammála um. Það er að sitja í ráðherrastólunum lengur en sætt er.

Alþfl.-menn hafa til þessa róað sjálfa sig með því að gefa út stóryrðar yfirlýsingar og úrslitakosti með dagsetningum, en alltaf gefist upp fyrir Alþb.-mönnum og forsrh. Við eigum sjálfsagt eftir að heyra yfirlýsingar og úrslitakosti hér í kvöld af hálfu Alþfl.-manna — og allt verður jafnmarklaust og áður.

Á meðan stjórnarliðar brigsla hver öðrum um svik hallast æ meira á ógæfuhliðina. Stjórnin kemur sér ekki saman um stefnu í efnahagsmálum og fjármálum né kjaramálum, eins og fram kom í svari hæstv. forsrh. á Alþ. í dag. Sett eru lög um stjórn efnahagsmála sem nánast er pappírsgagn. Að svo miklu leyti sem eitthvað er þar bitastætt er það þverbrotið af ríkisstj. og stjórnarliði næstum dag hvern og ríkisútgjöldin aukin í stað þess að draga úr þeim. Fjmrh. skýrði frá því á Alþ. í dag, að aðeins eitt rn. hefði enn skilað till. um niðurskurð samkv. 10. gr. laga um efnahagsmál, en þar er gert ráð fyrir niðurskurði á ríkisútgjöldum um 1 milljarð kr. fyrir 15. maí. Gera má ráð fyrir mikilli aukningu ríkisútgjalda á þessu ári, jafnvel 33% af þjóðarframleiðslu, sem er það mesta sem verið hefur. Fyrirsjáanlegur er mikill halli á ríkissjóði. Verðhækkanir hafa aldrei verið meiri en eftir setningu efnahagslaganna. Búast má við 20—30% hækkun á smásöluverði landbúnaðarvara um næstu mánaðarmót. Verðbólgan æðir áfram og er spáð að hún verði um 45% á þessu ári, en aðrar spár herma að hún verði miklum mun meiri. Þegar þannig stendur á vill forsrh. senda þingið heim og nýtur að sjálfsögðu stuðnings yfirráðh., hv. 1. þm. Austurl., sem segir þingið búið að sitja nógu lengi. Og Alþfl.-mennirnir munu beygja sig eins og fyrri daginn.

Góðir áheyrendur. Ekki er óeðlilegt að menn spyrji nú: Hvað vill Sjálfstfl.? Hvernig vill hann taka á þeim vandamálum sem við er að etja á vinnumarkaðinum og í launamálum um þessar mundir? Svarið er þetta: Sjálfstfl. telur að gera eigi út um kaup og kjör á vinnumarkaðinum í frjálsum samningum vinnuveitenda og launþega, bæði um grunnlaun og vísitöluákvæði kjarasamninga. Afskipti ríkisvalds af kjarasamningum eru andstæð grundvallarstefnu Sjálfstfl. Þá er sagt: Sjálfstfl. hefur hvað eftir annað, þegar hann hefur átt sæti í ríkisstj., beitt sér fyrir afskiptum af kjarasamningum. Það er rétt. En Sjálfstfl. hefur aldrei talið að afskipti ríkisvalds af launamálum ættu að standa til frambúðar eða gætu staðið í langan tíma, heldur væru slíkar aðgerðir neyðarúrræði sem ekki gæti staðið nema stuttan tíma í senn.

Nú kann einhver að segja sem svo: Reynsla okkar af frjálsum kjarasamningum er ekki slík að það sé traustvekjandi að láta aðila vinnumarkaðarins um að taka ákvarðanir sem ráða úrslitum um þróun efnahags- og kjaramála. Frjálsir kjarasamningar voru gerðir á vinnumarkaðinum í febr. 1974 og í júní 1977 og í báðum tilvikum fylgdi kollsteypa í efnahagsmálum í kjölfarið. — Svar mitt er þetta: Það er rétt, að í febr. 1974 og í júní 1977 voru gerðir kjarasamningar sem voru gersamlega óraunhæfir og enginn grundvöllur var fyrir. Engu að síður teljum við sjálfstæðismenn að frjálsir samningar aðila vinnumarkaðarins eigi að vera aðalreglan og afskipti ríkisvaldsins alger undantekning. Reynsla okkar af afskiptum ríkisvalds er engu betri. Í kjölfar febrúarlaganna fylgdu harðorðar mótmælaaðgerðir verkalýðssamtaka sem höfðu mjög neikvæð áhrif á atvinnulífið og afkomu þjóðarbúsins. Núv. ríkisstj. hefur hins vegar stjórnað kjaramálum, frá því að hún tók við völdum, með tilskipunum og lagasetningu. Afleiðingin er sú, að algert öngþveiti blasir við á vinnumarkaðinum, margfalt erfiðara úrlausnar en þau vandamál sem upp komu í kjölfar febrúarlaganna.

Við sjálfstæðismenn viljum afnema þær leifar haftakerfisins sem enn haldast. Við viljum afnema verðlagsákvæði og skapa þar með grundvöll að stóraukinni samkeppni milli aðila í verslun og viðskiptum. Verslunin sjálf hefur sannað það í verki hvers frjáls verslun er megnug. Með því að afnema öll verðlagshöft er boðið upp á verðsamkeppni á öllum sviðum viðskipta og þjónustu. Eini aðilinn, sem getur hagnast á því svo að um munar, er neytandinn, launþeginn í landinu. Við höfum áratugareynslu af hörðum verðlagsákvæðum. Þau hafa fremur stuðlað að verðbólguþróun heldur en þau hafi dregið úr henni. Við höfum reynslu af því, að verðlagshöftin duga ekki í baráttunni gegn verðbólgunni. Hvers vegna ekki að reyna nýjar leiðir og sjá til hvers frjáls verðsamkeppni getur leitt. Við höfum í rauninni engu að tapa.

Við sjálfstæðismenn viljum líka afnema þau höft sem verið hafa á fjármagnsmarkaðinum. Til hvers hafa þau leitt? Sparifé landsmanna hefur dregist saman, skortur hefur verið á lánsfé, lánin hafa verið með þeim vaxtakjörum, að hver króna, sem tekin hefur verið að láni, hefur þýtt gróða fyrir lántakandann, en tap fyrir þann sem lánaði, sem í raun er sparifjáreigandinn. Við viljum afnema þetta kerfi sem er hliðhollt verðbólguhugsunarhættinum. Við viljum raunvexti sem munu tryggja sparifjáreigendum sanngjarnt endurgjald

fyrir sparifé sitt, stuðla að auknu framboði lánsfjár og greiðari aðgangi einstaklinga og fyrirtækja að lánsfé og um leið draga úr óheilbrigðri verðbólgufjárfestingu. Við höfum áratugareynslu af lánsfjárhöftum og vaxtahöftum. Við vitum til hvers þessi höft hafa leitt. Hvers vegna ekki að reyna nýjar leiðir? Við höfum engu að tapa. Við sjálfstæðismenn viljum líka afnema gjaldeyrishöftin í landinu. Við Íslendingar erum eina þjóðin í okkar heimshluta sem býr við það leiðindaástand í gjaldeyrismálum sem allir þekkja.

Góðir áheyrendur. Við sjálfstæðismenn viljum skapa skilyrði til þess að dugnaður og framtak einstaklingsins fái að njóta sín til fulls. Við trúum því, að með því að opna allar gáttir og auka frjálsræði fólksins muni okkur takast að rífa okkur upp úr óðaverðbólgunni og þeirri stöðnun í efnahagsmálum sem hefur hamlað framþróun íslenska þjóðfélagsins í heilan áratug. Við viljum afhenda fólkinu sjálfu ákvörðunarvaldið í eigin málum og trúum því, að það sé þjóðarheildinni fyrir bestu. Reynslan sýnir okkur að stjórnartímabil Sjálfstfl. hefur einkennst af festu í stjórnarfari, markvissri uppbyggingu og framförum ásamt aukinni hagsæld landsmanna.

Sjálfstfl. hefur ávallt verið reiðubúinn til forustu í þjóðmálum og er það nú. Hann leggur á það áherslu með tilliti til ríkjandi ástands, að fólkið í landinu fái hið fyrsta tækifæri til að láta í ljós skoðun sína og velja á milli hafta og ríkisforsjár, sem hefur einkennt störf vinstri stjórna, og þeirrar grundvallarstefnu Sjálfstfl. sem byggist á frjálshyggju einstaklingsins. — Góða nótt.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Alþingi það, sem senn á að ljúka störfum, hefur verið sérkennilegt á marga lund. Það hefur verið þing mikilla og stundum marklítilla umræðna, en lítilla verka. Afgreiðslur hafa verið fáar þangað til allra síðustu dagana, og þýðingarmikil mál, sem flutt hafa verið, hafa þurft að bíða vikum og mánuðum saman eftir að komast til 1. umr. Fjölda þeirra hafa n. ekki afgreitt og þokast því ekki fram á þessu þingi. Tíminn hefur ótrúlega mikið farið í innbyrðis karp stjórnarflokkanna, þar sem skipst hafa á yfirlýsingar, fyrirvarar og svigurmæli talsmanna þeirra hvers í annars garð. Jafnvel ráðh. láta ekki sitt eftir liggja á þessum vettvangi, og birta hinir málglöðustu þeirra yfirlýsingar sitt á hvað, svo að grandvarir stuðningsmenn ríkisstj. hafa orð á að þeir tali af sér næstum á hverjum degi. Heilindi og samhugur virðist framandi á stjórnarheimilinu. Þess í stað hafa sundurlyndi og hráskinnsleikur stjórnarflokkanna um hin þýðingarmestu mál mjög sett svip sinn á Alþ., tafið störf þess og hindrað eðlileg afköst.

Afgreiðslu fjárl. var þó klúðrað af fyrir jól, eftir að gengið höfðu vikum saman á víxl hótanir, fyrirbænir og fyrirvarar. Lánsfjáráætlun ríkisstj., sem ætlast er til að fylgi afgreiðslu fjárl., var hins vegar ekki lögð fyrir Alþ. fyrr en á útmánuðum. Er hún fyrst til afgreiðslu þessa daga og í afstöðu til einstakra till. um breytingar á henni hefur stjórnarliðið sundrast.

Vegáætlun fyrir árin 1979—1982 var ekki lögð fram á Alþ. fyrr en 2. maí, sem er a. m. k. tveimur mánuðum of seint. Eru það óhæf vinnubrögð sem hljóta fremur að byggjast á ósamkomulagi stjórnarflokkanna en slóðaskap samgrh. Í ríkisstj. er ekki samstaða um marga þætti landbúnaðarmála. Og allir sjá hvernig ástandið er í kjaramálum, þar sem allt stefnir til upplausnar. Hér er fátt eitt talið um ástandið á stjórnarheimilinu, sem í mörgum öðrum málaflokkum er með líkum hætti.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna segir að byggðastefnu verði haldið áfram með svipuðum þunga og verið hefur.

Þetta fyrirheit hefur m. a. verið efnt þannig að opinberar framkvæmdir, svo sem í skólabyggingum, heilbrigðisframkvæmdum og hafnargerðum, hafa verið skornar niður um 12% á sama tíma sem innheimtur ríkissjóðs fara stórum vaxandi miðað við þjóðarframleiðslu. Þetta er gert þannig að fé til nýbyggingar vega og brúa er skorið niður um 13—15% milli áranna 1978 og 1979 og er nú minna en í heilan áratug. Er það í litlu samræmi við ræður núv. samgrh. á síðasta kjörtímabili. Á sama tíma stóraukast tekjur ríkissjóðs af umferðinni og ríkisframlag til vegagerðar er lækkað úr 1490 millj. 1978 í 522 millj. 1979. Nokkur hækkun er fyrirhuguð á framkvæmdafé vegagerðar árin 1980—1982, ef verðbólgan hefur þá ekki étið þá hækkun upp, enda er fjáröflunin óviss.

Þetta fyrirheit í byggðamálum er efnt þannig, að mjög er takmarkað ráðstöfunarfé stofnlánasjóða atvinnuveganna og skorið niður um 10% lögbundið framlag til þeirra úr ríkissjóði. Sama regla er látin ná yfir sjóði er sinna félagslegum viðfangsefnum, svo sem Byggingarsjóð ríkisins, Lánasjóð sveitarfélaga og Bjargráðasjóð. Allt er þetta til að hafa meira fé handa á milli í rekstrarútgjöldum ríkisins sem stöðugt þenjast út. Þetta fyrirheit er einnig efnt með því að skerða ráðstöfunarfé Byggðasjóðs um 1130 millj. kr. og takmarkast sem því nemur þýðingarmikil aðstoð hans við atvinnulífið á landsbyggðinni. Þetta heitir á máli ríkisstj. að halda af svipuðum þunga í byggðamálum og verið hefur. Þannig eru þessi fyrirheit efnd.

Enn er ekkert samkomulag innan ríkisstj. um lausn á vanda bænda vegna óverðtryggðrar framleiðslu þessa verðlagsárs sem nemur 1.2—1.3 millj. kr. á bónda að meðaltali. Stjórnarflokkarnir felldu till. frá okkur sjálfstæðismönnum um rúma heimild fyrir ríkisstj. til þess að greiða úr þessu máli, og viðhafði landbrh. um þá till. háðuleg orð. Nú flytur þessi sami ráðh. till. um að setja málið í nefnd og fresta því til 1. sept. n. k. Sennilega býst hann við að þá hafi ríkisstj. endanlega lagt upp laupana og komist þannig frá málinu.

Ríkisstj. hefur boðað í samstarfsyfirlýsingu sinni að framleiðsla búvöru skuli miðast fyrst og fremst við innanlandsmarkað. Landbrh. hefur ítrekað þessa stefnu, m. a. í ýmsum þskj. sem hann hefur lagt fram. Hann leggur til að sauðfjárframleiðslan verði skorin niður um 18—20% og mjólkurframleiðslan álíka mikið. Það fer vel á því, að landbrh. skuli í framhaldi af þessu lýsa því yfir sem nýkjörinn formaður Framsfl. að Framsfl. sé ekki bændaflokkur.

Landbrh. hefur lagt fram till. um stefnumörkun í landbúnaði sem að ýmsu leyti er furðulegt plagg. Sumt í till. er þó þannig vaxið að samrýmist eðlilegum sjónarmiðum. Hún er þó lituð af oftrú á áætlanir og skipulagningu án þess að á nokkur úrræði sé bent til að gera þær áætlanir virkar í raun. Samdráttarstefnan er undirstrikuð með því að segja að framleiðslan verði miðuð við innanlandsþarfir og ekki verði stefnt að útflutningi á framleiðsluvörum nema viðunandi markaður sé fyrir hendi.

Viðamikil grg. fylgir till. Mikill hluti hennar er yfirlit

um þróun og starfsemi ýmissa þátta landbúnaðarins sem vinningur er að fá á einn stað. En þegar kemur að leiðbeiningum um hvernig eigi að framkvæma samdráttarstefnu ráðh., þá tekur í hnúkana. Á bls. 82 segir m. a.: „Fækkun gripa getur í megindráttum orðið á tvennan hátt: í fyrsta lagi fækkun framleiðenda og í öðru lagi fækkun gripa á framleiðenda.“ Á næstu bls. segir m. a.: „Áhrifaríkasta leiðin til að draga úr afurðum eftir grip er að takmarka magn og gæði fóðurs.“ Þannig hljóða þau orð úr Steingrímsbiblíu og er þá fátt eitt talið. Ég fullyrði að Steingrímur Hermannsson er fyrsti landbrh. á Íslandi sem lætur slíkan boðskap frá sér fara.

Við sjálfstæðismenn viðurkennum vandamál í landbúnaðinum. Við fluttum till. um þau mál einum og hálfum mánuði á undan landbrh. Þar er sett fram skýr stefna, sem leggur áherslu á sjálfstæði bænda með eðlilegri aðstoð ríkisins. Við leggjum m. a. til að gerð verði úttekt á þjóðhagslegu gildi búvöruframleiðslunnar, einkum þess hluta hennar sem er umfram innanlandsþarfir. Við leggjum til að tekið verði upp nýtt verðtryggingarkerfi sem hægt er að beita til áhrifa á framleiðslumagnið þannig að nálgast verði þjóðhagslegt mark og fullt verð fáist fyrir umsamið magn. Við teljum að nokkuð þurfi að draga saman mjólkurframleiðslu, en höfnum samdrætti sauðfjárframleiðslunnar án undangenginnar úttektar. Ég trúi því, að sú úttekt muni sanna að núverandi sauðfjárframleiðsla sé þjóðhagslega hagstæð ef á allt er litið. 20% samdráttur tveggja höfuðbúgreina landbúnaðarins, eins og landbrh. boðar, mundi valda hruni í bændastétt og segja þunglega til sín víðar í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Það eru vorharðindi í landinu. Þorraveður geisa um miðjan maí. Fóðurskorturinn bíður helst til stutt frá dyrum ýmissa bænda. Útlitið er uggvænlegt. Skylt væri ríkisstj. að leitast við að greiða úr málum eftir því sem unnt er. En það er líka hráslagalegt um að litast í þjóðfélaginu í heild. Við völd situr sundruð ríkisstj. þar sem hver situr á svikráðum við annan eftir því sem færi gefst. Við blasa erfiðar atvinnuhorfur og upplausn í kjaramálum, þar sem spáð er yfir 100% verðbólgu verði gengið að þriðjungi þeirra launakrafna sem fyrir liggja. Ríkisstj. er rúin trausti. Hún mun því ekki ráða við vandamálin. Spurning er hvort hún lifir lengur eða skemur. Síst mun ég finna að sumu því sem hún hefur reynt á sviði kjaramála. Því fylgir að fulltrúar A-flokkanna hafa étið ofan í sig öll stóru orðin um „kauprán“ og „samningana í gildi“ sem gert var að aðalmáli í kosningunum í fyrra. Það væri hláleg niðurstaða ef þessari ríkisstj. entist aldur til að setja lög um bann við verkföllum og kauphækkunum, eins og skrafskjóður ríkisstj. hafa rætt um. Hvort svo verður veit enginn, þótt það megi telja ólíklegt eftir orð Sighvats Björgvinssonar hér á Alþ. í dag.

Hitt er víst, að á erfiðum tímum þarf þjóðin forustu sem hún treystir. Sú forusta fæst ekki fyrr en að þessari ríkisstj. genginni. Þá eins og fyrr verður það undir þjóðinni komið hvernig ríkisstj. hún kýs sér. Reynslan sýnir að samsteypustjórnir ráða því verr við vandamálin sem þær eru myndaðar af fleiri flokkum. Ekkert stjórnmálaafl hefur möguleika á að ná meiri hluta í kosningum nema Sjálfstfl. Að því þarf þjóðin að hyggja. — Góða nótt.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég mun ekki nota það tímakorn, sem hér er til umráða, til þess að skattyrðast í garð fulltrúa annarra stjórnmálaflokka, eins og oft vill einkenna umr. af þessu tagi, heldur fyrst og fremst fjalla um stöðu þjóðmála í dag.

Velmegun og velfarnaður þjóðarinnar í bráð og lengd og þó einkum þegar til lengri tíma er litið byggist á fáeinum meginatriðum. Ég vil drepa á þrjú hinna mikilvægustu: Í fyrsta lagi vinnuvilja og verkkunnáttu fólksins í landinu. Í öðru lagi skynsamlega og hagkvæma nýtingu auðlinda á landi og í sjó. Í þriðja lagi skynsamlegan og réttlátan efnahagsbúskap á heilbrigðum grundvelli.

Það er fyrst og fremst undir því komið, hvernig til tekst um þessi þrjú atriði, hvort okkur miðar áleiðis til betra og traustara þjóðfélags ellegar ekki eða jafnvel ber af braut, þannig að lífskjörum og lífsskilyrðum hraki.

Um vinnuvilja og verkkunnáttu íslensku þjóðarinnar hefur enginn efast á undanförnum árum. Þó er það svo að einmitt á því sviði, sviði verkkunnáttunnar, þurfum við ævinlega að vera á verði. Einmitt það að tileinka sér nýja tækni, nýtt verklag og vinnuskipulag nægilega fljótt og ört getur haft úrslitaþýðingu fyrir afkomu heilla starfsstétta og atvinnugreina og þar með þjóðarinnar í heild. Ég hef t. d. löngum verið þeirrar skoðunar, að fyrir úrelt skipulag hafi byggingariðnaðurinn á Íslandi dregist aftur úr í samanburði við grannþjóðir okkar, og fyrir bragðið eru íbúðir dýrari hér á landi en ella og þar með þungbærari fjölskyldunum í landinu. Sama á reyndar við í ýmsum öðrum greinum, þ. á m. í fiskiðnaði þar sem framfarir í skipulagi, stjórnun, tækni og nýtingu eru undirstaða velmegunar í greininni og meðal þjóðarinnar. Vitaskuld verður framvinda ekki tryggð í eitt skipti fyrir öll. Það þarf sífellda framþróun og árvekni, en ekki síst einmitt núna.

Víkjum þá að skynsamlegri og hagkvæmari nýtingu auðlinda okkar. Til lengri tíma litið er það ekki síst undir stjórnun okkar á þeim málum komið, hvernig þjóðinni farnast í landinu. Ég vil í þessu sambandi gera landbúnað og sjávarútveg sérstaklega að umtalsefni.

Alkunna er hvernig komið er fyrir okkur í landbúnaðarmálum fyrir stjórnleysis sakir eða réttara sagt vegna rangrar stefnumörkunar, þar sem þjóðin verður nú að skattleggja sjálfa sig um marga milljarða á ári hverju til þess að standa undir óarðbærum útflutningi á offramleiðslu landbúnaðarafurða og óarðbærum framkvæmdum sem auka enn framleiðsluna. Og þetta gerist á sama tíma og landið er víða talið ofbeitt og hætta á frekari eyðingu þess. Allt eru þetta fyrirsjáanlegar afleiðingar stjórnleysis eða rangrar stefnu. Hefði verið gripið í taumana fyrir mörgum árum, eins og Alþfl. lagði til, stæðum við nú ekki frammi fyrir svo hrikalegum vandamálum sem raun ber vitni.

Hliðstætt vandamál er við að glíma í sjávarútvegi. Það liggur fyrir að mikilvægustu fiskstofnar okkar, þorskurinn og loðnan, eru ofnýttir. Vandamálið er þeim mun alvarlegra að ekki hefur verið gripið til raunhæfra takmörkunaraðgerða á fyrri árum sem skiluðu nauðsynlegum uppbyggingarárangri að því er þorskstofninn varðar. Alveg eins og í landbúnaðinum hefur sérhver dráttur á markvissum aðgerðum gert vandann erfiðari ár frá ári. Ef fyrr hefði verið gripið fast í taumana væri viðfangsefnið léttbærara nú.

Á sama hátt hefur það verið skoðun mín, að ekki mætti dragast lengur að taka allfast á þessu máli, eins fast og ég hef talið kleift án þess að stefna atvinnu í hættu eða raska

meginforsendum í þjóðarbúskapnum. Ég hef talið og ég tel þessar aðgerðir nauðsynlegar til þess að afstýra vá síðar, til þess að tryggja öryggi og afkomu sjómanna í framtíðinni og til þess að tryggja öryggi og afkomu þjóðarinnar allrar til lengri tíma litið, til þess að treysta undirstöðuna undir lífi okkar hér í þessu landi. Það skulu menn líka muna, að takmarkanirnar eru í reyndinni sparnaður sem skilar raunvöxtum. Vitaskuld hefur það verið stefna mín og rn., að þessar stjórnunaraðgerðir kæmu sem réttlátast niður þótt fullkomið réttlæti verði sjálfsagt ævinlega vandfundið. Aðferðirnar er líka sjálfsagt að taka til endurmats frá ári til árs, enda tel ég nauðsynlegt að hefja þegar í sumar vinnu að stefnumörkun í stjórnun á fiskveiðum, ekki bara fyrir næsta ár, heldur einnig í megindráttum til langs tíma. Hitt er svo annað mál, að að þessum aðgerðum hefur verið gerð hörð hríð úr mörgum áttum. Þau mótmæli einkenndust af því að hver benti á annan. Flestir viðurkenndu, a. m. k. í orði, takmörkunarþörf, en hún átti bara ekki að gerast hjá honum sjálfum, heldur hjá hinum. Sú undanlátsaðferð gengur auðvitað ekki upp. Í þessum málum eins og mörgum öðrum má öfundin og græðgin ekki ráða ferðinni. Það er ótvíræð nauðsyn á stjórnunaraðgerðum í sjávarútvegi og þær verða að standa hvað sem öllum mótmælum líður. Hitt er ljóst, að á þessu sviði eins og mörgum öðrum verður ekki gripið til aðhalds án þess að fyrir því finnist.

Víkjum þá að þriðja undirstöðuþættinum sem ég gat um í upphafi, sem er skynsamlegur efnahagsbúskapur á heilbrigðum grundvelli. Umræður undanfarinna missira og ára hafa ekki snúist um annað frekar en efnahagsmálin. Í sölum þessa húss er háð þrotlaust orðaskak um margvíslega þætti efnahagsmála. Árangurinn virðist þó ekki standa í réttu hlutfalli við orðaflauminn. Verðbólguelfurin veður fram. Á undanförnum árum hefur þjóðin velkst í 30—50% verðbólgu. Hver tilraunin á fætur annarri til þess að komast af þessari vítum stráðu braut hefur runnið út í sandinn. Enginn þarf að efast um þrotlausa viðleitni Alþfl. á undangengnum mánuðum við að *ná fram heildstæðum aðgerðum* sem skiluðu efnahagslífinu á heilbrigðari grundvöll og drægju úr verðbólgu.

Í grg. með frv. um efnahagsráðstafanir um mánaðamótin nóv.—des. s. l. knúði Alþfl. fram ákveðnar markmiðssetningar í heildstæðari efnahagsstefnu. Í desembermánuði kynnti flokkurinn hugmyndir sínar um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum. Og þegar forsrh. tók saman frv. um stjórn efnahagsmála, sem byggt var á sömu hugmyndum og frv. Alþfl.-manna um jafnvægisstefnu, lýsti Alþfl. strax stuðningi við það frv. Sannleikurinn er hins vegar sá, að í meðförunum var það frv. slævt svo mjög að sjáanlegt var að verulega mundi draga úr líklegum árangri. Afleiðingarnar eru nú sem óðast að koma fram. Ofan á þær bætist vandi vegna mikillar olíuhækkunar og á ég þá einkum við vanda útgerðar í því sambandi.

Nú verður ekki annað séð en miklar horfur séu á að ný verðbólguskriða bætist ofan á þann verðbólguflaum sem fyrir er. Sú þróun yrði vitaskuld mikið áfall fyrir þjóðina, svo alvarlegt að hver ábyrgur stjórnmálamaður, hvar í flokki sem hann stendur, og sérhver þjóðfélagsþegn verður að hyggja vel að og átta sig á því, í hvert óefni kunni að vera stefnt. Þetta ástand, þessar horfur gefa líka fullt tilefni til þess að menn hyggi að því, hvort skýringanna kunni að einhverju leyti að vera að leita í þjóðfélagskerfinu og stjórnkerfinu.

Í starfi sínu og stefnumörkun í efnahagsmálum hefur Alþfl. ævinlega lagt áherslu á samhæfðar aðgerðir á öllum sviðum efnahagsmála, þ. e. a. s. peningamála, ríkisfjármála, launamála og verðlagsmála. Hann hefur viljað setja efnahagslífinu fastan ramma til þess að skapa öryggi og traust. Hann hefur á þessum grundvelli viljað kjarasáttmála við verkalýðshreyfinguna sem tryggði jöfnum höndum kaupmátt og vinnufrið. Alþfl. hefur á þessum grundvelli talið nauðsynlegt að draga úr verðbólgunni, vitandi að hjöðnun verðbólgu er besta kjarabót láglaunafólks og þeirra sem afskiptir eru. Á sama hátt hefur hann barist fyrir raunvöxtum til þess að koma í veg fyrir auðsöfnun skuldakónga og misrétti og óheilbrigði í þjóðfélaginu jafnframt því að tryggja hag sparifjáreigenda.

Það verður að segjast eins og er, að á engu þessara sviða hefur náðst fram sú festa í framkvæmd sem Alþfl. óskaði og stefndi að. En stefnumörkun Alþfl. stendur óhögguð. Meiri festa og einbeitni í þessum efnum er það sem til þarf að koma.

Nú hefur það gerst, að einstakir hátt launaðir, tiltölulega fámennir hópar hafa ruðst fram og krefjast og hafa sumir reyndar náð fram sérstökum hækkunum sér til handa. Með aðgerðum sínum stefna þeir almannaheill í voða. Þessar deilur verður að sjálfsögðu að leysa af fullri einbeitni, og Alþfl. telur sjálfsagt að gripið verði til *nauðsynlegra aðgerða í því sambandi og vill vinna að því.* En umr. um þessi mál hafa snúist upp í umr. um almenna skipan kaupgjaldsmála og t. d. almennt bann við verkföllum. Að því er þetta varðar telur þingflokkur Alþfl. ekki að ríkisvaldið eigi nú að grípa inn í kaupgjaldsmálin ein sér á almennum grundvelli og skipa þeim öllum einum sér með lögum án samhengis við aðra þætti efnahagsmála. Launamálin má taka til meðferðar í samhengi við fasta heildarstefnu í efnahagsmálum. En það er margföld reynsla fyrir því, að lögskipan á almennu kaupgjaldi einu sér og án samhengis við aðra efnahagsþætti skilar ekki árangri og egnir oft til ófriðar. En launamálastefnan, launaramminn er að riðlast og skekkjast. Kaupgjaldskapphlaup, sem engu skilar nema frekari víxlgangi og verðbólgu, virðist vera í uppsiglingu. Þess vegna telur þingflokkur Alþfl. nauðsynlegt að flýta gerð almennra launasamninga milli hinna rétt kjörnu aðila vinnumarkaðarins og það á frjálsum grundvelli. Frekar en að stefnt verði í langdreginn víxlgang eða almennt bann við verkföllum telur Alþfl. rétt að heildaruppgjör og uppstokkun fari fram sem fyrst. Alþfl. vill flýta hinum frjálsu samningum og búa svo um hnútana að allir sitji þar við sama borð á sama tíma og telur óhæfilegan drátt á því einungis til skaða því að launauppgjör er óhjákvæmilegt. En þá er auðvitað ekki síður nauðsynlegt að ríkisvaldið fylgi fastmótaðri og markvissri stefnu á öðrum sviðum efnahagsmála eins og við Alþfl.-menn höfum lagt ríka áherslu á. Þetta á við um peninga- og *vaxtamálin, ríkisfjármálin* og verðlagsmálin. Þar þarf föst tök.

Ég vil svo ítreka það sem ég sagði áðan um þá alvöru, sem á ferðum er, og nauðsyn þess, að þjóðin öll skynji það og skilji. Þetta á við jöfnum höndum í efnahagsmálunum og í stjórnun helstu undirstöðugreina atvinnulífsins. Á því byggjast lífskjör okkar til lengri tíma litið. — Góðar stundir.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ekki er það að ástæðulausu að margir eru nú uggandi um þróun verðlags- og launamála, og því er ekki að leyna að ríkisstj. er í miklum vanda stödd. Á síðustu vikum hefur þróun launamála vissulega orðið með allt öðrum hætti en áformað var þegar þessi stjórn hóf störf. Þá var það sett sem meginmarkmið að verja kaupmátt lægri launa og meðaltekna, en draga úr launamismun. Þess vegna var sett þak á vísitölugreiðslur sem við það var miðað að þeir, sem væru í efri hluta launastigans, fengju sömu krónutölu í verðbætur á laun og þeir sem væru í ákveðnum launaflokki BSRB. En á miðjum þessum vetri var þessari stefnu kollvarpað með óvæntum hætti. Þakinu var svipt af, fullar vísitölubætur voru greiddar á hæstu laun opinberra starfsmanna, og þó gekk fyrst fram af mönnum þegar vísitöluþakið fauk af launum flugmanna sem fengu þá sumir á þriðja hundrað þús. kr. í kauphækkun. Síðan hafa ýmsir hópar ofarlega í launastiganum boðað verkfallsaðgerðir. Það kom því fáum á óvart að við þessar aðstæður teldu opinberir starfsmenn óráðlegt að afsala sér 3% umsamdri launahækkun. Stórfelld hækkun á olíu og bensíni af erlendum toga sprottin var rétt að skella yfir, hækkun sem var óhjákvæmileg, en verður mörgum þung í skauti. Opinberar stofnanir höfðu auk þess fengið talsverðar hækkanir á þjónustustörfum sínum. Og þótt við ráðh. værum að vísu fremur skammaðir opinberlega fyrir of litlar hækkanir, m. a. af forustumönnum þess fjölmiðils sem útvarpar þessum umr. yfir land og lýð, var fólkið í landinu vafalaust á þverö fugri skoðun og þótti almennt nóg um.

Margur launamaðurinn hefur því spurt sjálfan sig að því undanfarnar vikur og það ekki að ástæðulausu: Er ég að dragast aftur úr örðum? Eiga hálaunamennirnir að komast upp með það að ná fram stórfelldum kauphækkunum á sama tíma og láglaunafólkið bíður átekta meðan baráttan við verðbólguna stendur sem hæst?

Þannig standa leikar í dag. Veður eru válynd og við höfum hrakist af réttri leið. Þó er það skoðun okkar Alþb.-manna að þrátt fyrir allt megi aftur ná réttum kúrs ef vilji er fyrir hendi.

Vika er nú liðin síðan við lögðum fram till. okkar um aðgerðir í launa- og kjaramálum. Í byrjun vikunnar lögðu framsóknarmenn fram sínar till., en þingflokkur Alþfl. hefur ekkert lagt til málanna enn þá. Ákvörðun má þó ekki dragast lengi úr þessu. Í till. okkar Alþb.-manna er það grundvallaratriði nr. eitt að sett sé nýtt þak á vísitölugreiðslur og sama krónutala sé greidd á öll laun fyrir ofan 360—380 þús. kr. mánaðarlaun. Krónutölureglan hefur lengi átt mikinn hljómgrunn í okkar flokki. Þetta er stefnan sem samþ. var á seinasta Alþýðusambandsþingi haustið 1976, og þetta var stefna verkalýðshreyfingarinnar í kjarasamningum 1977. Bæði fyrir og eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar og alþingiskosningar kom það fram af hálfu okkar Alþb.-manna að krónutölureglan væri eðlilegust á hæstu laun.

Ýmsir hafa reynt að snúa þessum staðreyndum við og fullyrða jafnvel blákalt að við höfum sagt eitt fyrir kosningar og annað eftir kosningar. Þetta er alrangt. Ég vil minna hér á að um miðjan júní á s. l. ári var ég spurður að því í sjónvarpsþætti, þar sem ég sat fyrir svörum af hálfu Alþb., hvort við gætum fallist á að þak yrði sett á vísitölugreiðslur á hærri laun. Ég svaraði því eindregið játandi, að við værum tvímælalaust hlynntir því að krónutölureglan væri látin gilda um hærri laun.

Hitt er svo allt annað mál, að hjá stjórnendum Reykjavíkurborgar þróuðust þessi mál á annan veg en hjá ríkinu. Þar var ákveðið strax eftir borgarstjórnarkosningar að hálaunaðir embættismenn borgarinnar fengju verulega skertar vísitölubætur. Þetta olli ekki litlum hávaða á sínum tíma og ekki síst á síðum Morgunblaðsins, en endanlega var um það samið hjá borginni að þetta sérstaka þak stæði í 6 mánuði eða til áramóta. Síðan líða 3 mánuðir þar til núv. ríkisstj. er mynduð og tekur ákvörðun um nýtt vísitöluþak á hærri laun í fullu samræmi við stefnu okkar Alþb.-manna.

Auðvitað átti önnur tilhögun hjá Reykjavíkurborg frá eldri tíð ekki að breyta neinu um meginstefnu ríkisstj. í þessu máli, enda örfáir menn hjá Reykjavíkurborg sem hér áttu hlut að máli. En fljótlega kom í ljós að sótt var af miklu kappi úr ýmsum áttum að vísitöluþak á hálaunamenn væri afnumið. Hinn 12. febr. s. l. lagði forsrh. fram í ríkisstj. efnahagsfrv. sem hlaut óblíðar viðtökur af hálfu okkar Alþb.-manna, og var það talsverður hvellur eins og flestum mun í fersku minni. Meðal margra atriða, sem við gagnrýndum, var einmitt tillaga um afnám vísitöluþaksins. Þetta ákvæði var þó síðar strikað út við meðferð málsins í ríkisstj. Þremur vikum síðar, hinn 5. mars, gerðist svo það að Kjaradómur svipti vísitöluþakinu af hjá háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum. Í kjölfar þess var þakinu lyft hjá öðrum starfsmönnum ríkisins gegn mótmælum okkar Alþb.-manna sem lögðum eindregið til að aftur yrði sett á þak sem héldi. En þegar það var ekki gert hlaut hitt að dynja yfir fyrr eða síðar, að aðrir hópar hálaunamanna brytust undan þaki.

Þetta er undirrótin að þeim vanda sem við stöndum nú frammi fyrir. Skriðan hljóp af stað og þess var ekki að vænta að lengi héldist friður á vinnumarkaði nema hún væri stöðvuð. Einmitt þess vegna er aldrei meiri nauðsyn en nú að málum sé aftur snúið á rétta braut og aftur sett á vísitöluþak.

Við myndun þessarar stjórnar var að því stefnt að fresta gerð nýrra kjarasamninga út þetta ár. Ég ítreka það sem ég hef þegar sagt, að því aðeins getur láglaunafólkið unað við óbreytta samninga að aðrir hópar vinnumarkaðarins ofar í launastiganum komist ekki upp með að geysast langt á undan. Þess vegna er það till. okkar nr. tvö, að auk vísitöluþaks á hálaunamenn verði ákveðið að láglaunafólk og fólk með meðaltekjur fái 3% hækkun eins og opinberir starfsmenn hafa nú fengið fram. Þessa hækkun verður ríkisstj. að tryggja með lögum, einfaldlega til þess að almennu verkalýðsfélögin telji sér stætt á því að fresta kröfugerð til undirbúnings nýjum samningum fram til 1. des.

Hins vegar er það mesti misskilningur, sem sumir virðast illa haldnir af þessa dagana, að nú sé brýnust þörf á því að samningafrelsi almennra verkalýðsfélaga sé upprætt með lagaboði í rúmlega hálft ár. Bann við hvers konar samnings- og verkfallsrétti almennra verkalýðsfélaga í hálft ár gæti auðveldlega haft í för með sér áframhaldandi lögbann á verkalýðsfélögin til margra ára. Eða er einhver svo bjartsýnn að hann ímyndi sér að vandamálin í efnahagslífi Íslendinga verði gufuð upp eftir hálft ár? Auðvitað yrði þá aftur hrópað á bann við almennum kjarasamningum rétt eins og nú er gert. Við komumst aldrei út úr þeim vítahring, sem íslenskt efnahagslíf er í og fráfarandi ríkisstj. ber mesta ábyrgð á, með

því einu að setja boð og bönn með lögum sem ganga svo freklega á viðurkenndan samningsrétt að þau yrðu aldrei virt í reynd. Þá er verr af stað farið en heima setið. Það þarf lagni og samvinnu ekki síður en stjórnsemi til að brjótast fram hjá erfiðleikum líðandi stundar.

Sá vandi, sem að steðjar, verður því aðeins leystur að samstarf haldist með ríkisstj. og meginhluta verkalýðshreyfingar, en á það samstarf hefur því miður borið nokkurn skugga í seinni tíð, eins og flestum er í fersku minni.

Alþb. mun engan þátt eiga í löggjöf sem leggur bönd á starfsemi verkalýðsfélaga, enda hefur margsinnis komið fram að fullur samstarfsvilji er enn fyrir hendi af þeirra hálfu ef ríkisvaldið reynir aðeins að tryggja að fólk með lág laun og meðaltekjur dragist ekki aftur úr.

Hitt er jafnljóst, að þegar láglaunafólkið sýnir biðlund vegna ríkjandi aðstæðna getur verið eðlilegt og óhjákvæmilegt að ríkisvaldið hafi bein afskipti af kjarabaráttu hálaunamanna. Það er siðferðilega rökrétt að önnur lögmál gildi um starfshópa sem hafa meira en tvöfaldar mánaðartekjur verkamanna.

Önnur brýn úrræði, sem við Alþb.-menn höfum gert till. um, varða hálaunaskatt og ákveðið þak á verðhækkanir vöru og þjónustu eftir sérstakri reglu.

Allt eru þetta óhjákvæmilegar ráðstafanir sem Alþ. á að taka ákvörðun um áður en því er slitið. Þetta yrðu fjórðu lögin sem sérstaklega væru sett á starfstíma þessarar stjórnar til að hamla gegn verðbólgu. Þau þrjú, sem þegar hafa verið sett, hafa verulega dregið úr skriði verðbólgunnar sem var langt yrir 50% þegar stjórnin tók við.

En hver eru svo úrræði stjórnarandstöðunnar, forustumanna Sjálfstfl., sem mesta ábyrgð báru á því hvernig komið var í íslensku efnahagslífi þegar þessi stjórn tók við? Frá þeim heyrist varla hósti né stuna þegar efnahagsmál ber á góma hér á Alþ., enda hefur fátt komist að hjá þeim í marga mánuði annað en innbyrðis valdabarátta. Það eru einmitt megineinkenni stjórnmálabaráttunnar á þessum vetri, að stjórnarandstaðan situr á þingpöllum feimin og ráðvillt eins og ungmær á sveitaballi og horfir út í bláinn en stjórnarflokkarnir takast á fyrir opnum tjöldum svo að verulega hriktir í. Þetta þarf engan að undra. Íslenskt efnahagslíf hefur verið í slíkum ólgusjó að út úr honum verður ekki brotist án þess að mikið gangi á. Samstarfsflokkarnir í ríkisstj. verða að una því þótt nokkur átök eigi sér stað í samskiptum þeirra. Það sýnir aðeins að þeir hafa lagt sig alla fram.

Sjálfstfl. verður það skammgóður vermir, þótt hann haldi sig til hlés og láti sem minnst á sér bera. Þrátt fyrir allt verður það niðurstaðan þegar 3% almenn launahækkun hefur gengið yfir að loknum 9 mánaða starfstíma þessarar stjórnar, að atvinnuleysi hefur ekki aukist, launakjör fólks hafa haldist óbreytt í megindráttum og verðbólgan er á miðurleið. Ekki má það heldur gleymast, fleira varðar nokkru í íslenskum þjóðmálum en verðlags- og launamál í þrengri merkingu.

Framfaraspor hafa verið stigin á flestum sviðum og fjöldamörg mál, sem varða réttingi og hagsmuni hins almenna manns, eru nú í undirbúningi. Ég nefni þrjú dæmi: Verkamenn og iðnaðarmenn, sem forfallast frá vinnu vegna atvinnusjúkdóma eða slysa á vinnustað, eiga nú rétt á 6 mánaða launum. Allir verkamenn eiga rétt á ókeypis læknisrannskókn á tveggja ára fresti. Lög hafa verið sett um afnám eftirvinnu í áföngum, þannig að á þessu ári er eftirvinna afnumin á föstudegi og síðan á öðrum dögum vinnuvikunnar á næstu 4 árum. Eins mætti nefna ýmis dæmi um félagsleg umbótamál sjómanna, sem nú er unnið að af fullum krafti.

Framhaldsskólafrv. er nú á góðri leið í gegnum þingið þrátt fyrir harða andstöðu nokkurra íhaldsmanna og eftir margra ára starf utan þings og innan. Með samþykkt þessa frv., ef að lögum verður, er verklegt nám og bóklegt sett á sama bekk fjárhagslega og stjórnunarlega og lýkur þar með hinni skaðlegu forréttindaaðstöðu sem bóknámið hefur löngum haft. Þetta nýja kerfi fjölbrautaskóla er verulegt hagsmunamál fyrir landshlutana fjarri höfuðborgarsvæðinu og á eftir að stuðla að fjölþættari menntun ungs fólks, auknu valfrelsi til náms og auknum áhuga á hagnýtri menntun. Jafnframt er nú stefnt að stórauknu framlagi ríkisins til byggingar verknámsaðstöðu víða um land, eins og þegar kemur fram í fjárlögum þessa árs. Verulega aukin fullorðinsfræðsla er nú í athugun og undirbúningi. Ég er sannfærður um að þess er skammt að bíða, að um það verði samið að sérhver vinnandi maður eigi rétt til endurmenntunar í hálft ár a. m. k. að loknu 10 ára starfi. Allir hafa þörf fyrir endurmenntun, bæði í þágu sjálfs sín og í þágu atvinnuvega og þjóðfélags. Fólk á ekki að þurfa að grotna niður við sömu handtökin áratugum saman. Breytt viðfangsefni eru hverjum manni nauðsyn, og alls staðar er þörf á því að starfsmenn hafi raunverulega aðstöðu til að kynnast nýjungum og breyttum viðhorfum.

Nýtt frv. liggur nú fyrir Alþ. um Lánasjóð ísl. námsmanna sem ágæt samstaða hefur skapast um milli fulltrúa námsmanna og ríkisvalds. Frv. þetta, ef að lögum verður, mun mæta fullri umframfjárþörf námsmanna að þrem árum liðnum, en jafnframt verður endurgreiðslum til sjóðsins hraðað frá þeim mörgu sem miklar tekjur hafa að námi loknu.

Bygging leikskóla og dagvistarstofnana hefur tekið mikinn fjörkipp um land allt nú í ár, eftir að framlag ríkisins var tvöfaldað á fjárlögum þessa árs, og þessari sókn þarf að halda áfram af fullum krafti.

Orku- og iðnaðarmálum er mikið um að vera um þessar mundir. Unnið er markvisst að jöfnun raforkuverðs. Þegar ríkisstj. tók við var munur á raforkuverði komin upp í 88%, en þessi munur hefur nú aftur lækkað verulega og er nú rúmlega 50%. Fullur skriður er nú á undirbúningi þess að stofnað verði landsfyrirtæki um orkuöflun með samruna Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar. En endurskipulagning raforkukerfisins er forsenda þess að skynsemi og réttlæti ríki í orkumálum Íslendinga.

Iðnrh. hefur haft forustu um nýja stefnumörkun í iðnaðarmálum í þeim tilgangi að lyfta þessum atvinnuvegi á hærra framleiðnistig, skapa nægilega atvinnu og tryggja forræði landsmanna yfir íslensku atvinnulífi og auðlindum. Fullt samkomulag er nú fengið um aðgerðir til að vernda íslenskan iðnað fyrir ótímabærri samkeppni innfluttra vara með samþykkt aðlögunargjalds sem jafnframt verður varið til eflingar íslenskum iðnaði.

Á vegum viðskrh. hefur markvisst verið unnið að rannsókn á innflutnings- og útflutningsverslun landsmanna. Verið er að koma upp nýju eftirlitskerfi til að unnt sé að fylgjast náið með því að umboðslaunum frá erlendum aðilum sé skilað í íslenska banka, og jafnframt er hafin reglubundin söfnun upplýsinga um verðlag erlendis.

Ákvæði laga um frjálsa, óhefta álagningu hafa verið

felld niður, og á það reynir þessa dagana hvort meiri hl. Alþingis sé reiðubúinn að samþ. frv. viðskrh. um gjaldeyrismál sem stefnir að meiri festu í þessum málum og strangari viðurlögum við lagabrotum.

Olíustyrkur til þeirra, sem kynda hús sín með olíu, hefur verið tvöfaldaður á starfstíma þessarar stjórnar. Á vegum samgrn. er nú unnið að till. um samræmda flutninga á landi, í lofti og á sjó, en þróun þessara mála og skipulag hefur mjög mótast af tilviljun og handahófi fram að þessu.

Á undanförnum árum hafa framlög til nýbyggingar vega farið verulega rýrnandi ár frá ári. Í nýrri vegáætlun er þessari öfugþróun snúið við og algjör umskipti verða í uppbyggingu veganna frá og með árinu 1980. Því miður var ekki samstaða um að þessi stefnubreyting kæmist í framkvæmd þegar í stað, enda miklar aðhaldsaðgerðir í gangi þetta árið. Þess vegna mótast fjárframlög til vegamála á þessu ári í aðalatriðum af vegáætlun frá árinu 1977 sem gerð var þá til þriggja ára. En á næsta ári hækka framlög til nýbyggingar stofnbrauta og þjóðbrauta úr 4300 millj. kr í rúma 10 milljarða kr., sem er um 70—80% aukning að framkvæmdagildi ef tekið er tillit til áætlaðrar verðbólgu milli ára.

Á fáum sviðum er íslenskt þjóðfélag jafnfrumstætt miðað við nálæg lönd og einmitt í vegamálum. Stefnubreyting til stóraukinna framkvæmda er mikið nauðsynjamál sem verður að fylgja fast eftir.

Ríkisstj. hefur mikið verk að vinna hvert sem augum er litið, en til þess þarf hún starfsfrið. Því miður hættir mörgum til að mæna á launabreytingar sem upphaf og endi alls ills. Sóknin gegn verðbólgunni snýst þá upp í sókn gegn kaupmætti launa. Menn ímynda sér að unnt sé að losna við verðbólguna með því að stríka út verðlagsbætur á laun með einu pennastriki löggjafans og skera framkvæmdir niður við trog.

Sá, sem er staddur á bröttu fjalli og horfir út yfir hengiflugið, veit að stysta leiðin niður er að henda sér fram af brúninni. Þó velur hann vafalaust lengri og seinfarnari leið niður brattann. Ég er sannfærður um að mikill meiri hluti fólks kærir sig ekki um um að henda sér út í atvinnuleysi, stórfellda kjaraskerðingu láglaunafólks og villtar kjaradeilur í þeim tilgangi að útrýma verðbólgu á fáeinum mánuðum. Það skilur að við verðum skynseminnar vegna að velja lengri og seinfarnari leið og beita nokkurri lagni og samvinnuvilja. Stöðugt fleiri gera sér þar að auki ljóst að lausnin á efnahagsvanda Íslendinga snýst ekki fyrst og fremst um nokkra prósentutölu upp eða niður við þessi mánaðamótin eða hin. Margt vegur miklu þyngra. Atvinnuvegir okkar eru illa búnir tækjum, illa skipulagðir. Milliliðakerfið er mjög dýrt og er að sliga þessa fámennu þjóð. Þar þarf að grisja og draga verulega úr kostnaði. Allt tekur þetta sinn tíma.

Góðir hlustendur. Við verðum umfram allt að sameinast um gagngerar kerfisbreytingar sem gera okkur kleift að skipta þjóðartekjum á réttlátari hátt.— Ég þakka áheyrnina.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þessi ríkisstj. sem nú situr og mynduð var fyrir aðeins rúmum 8½ mánuði, setti sér sjálf það markmið að vinna að hjöðnun verðbólgunnar í markvissum áföngum. Þrátt fyrir mikið fylgistap í síðustu kosningum taldi Framsfl. skyldu sína að taka þátt í slíku starfi. Sérhver stjórnmálaflokkur ber þá ábyrgð gagnvart kjósendum sínum og þjóðinni.

Um þetta grundvallaratriði stjórnarsamstarfsins er ítarlega fjallað í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna. Þar kemur fram að stjórnarflokkarnir settu sér að vinna að hjöðnun verðbólgunnar í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og jafnframt þannig að ekki hlytist af atvinnuleysi eða skerðing á kaupmætti launa, einkum lægri og meðallauna.

Okkur framsóknarmönnum var að sjálfsögðu ljóst að þennan gullna meðalveg yrði erfitt að rata. Til þess að það megi takast þarf fullkomin heilindi allra samstarfsflokka, þor og festu.

Ríkisstj. hóf aðgerðir sínar á sviði efnahagsmála með ráðstöfunum 1. sept. s. l. Þær höfðu fyrst og fremst það markmið að koma í veg fyrir það atvinnuleysi og hrun sem við blasti. Þjóðarskútan hafði þá nánast verið stjórnlaus í tvo mánuði á meðan unnið var að myndun ríkisstj. Má segja að þá hafi ríkt hið frjálsa markaðskerfi sem Sjálfstfl. boðar nú. Þessum aðgerðum var jafnframt ætlað að skapa nokkurt svigrúm til varanlegri ráðstafana 1. des.

Með ráðstöfunum til viðnáms gegn verðbólgu í lok nóv. var fyrsta skrefið stigið á braut breyttrar efnahagsstefnu. Með þeim ráðstöfunum voru felld niður 2 vísitölustig gegn tilfærslu tekjuskatts af lágtekjum á hærri tekjur og 3 vísitölustig í stað víðtækra félagslegra umbóta.

Í þeirri samstöðu fulltrúa launafólks, sem náðist um þessar ráðstafanir, kom fram vaxandi skilningur almennings á vafasömum hagnaði af vísitöluhækkun launa. Mönnum er orðið ljóst að slíkar hækkanir renna út í sandinn á örstuttum tíma í hækkun verðlags. Vafalaust munu þær félagslegu umbætur, sem smám saman hefur verið hrundið í framkvæmd í vetur, reynast launþegum haldbetri en skammvinnar launahækkanir.

Í grg. með því frv., sem hér um ræðir, komu jafnframt fram mjög mikilvægar stefnuyfirlýsingar flokkanna. Vil ég sérstaklega minna á það markmið að halda hækkun verðlags og peningalauna innan 5% á hverju vísitöluverðbótatímabili á árinu 1979, þannig að verðbólgan náist niður fyrir 30% í lok ársins.

Stærsti áfangi í viðureign ríkisstj. við verðbólguna náðist þó tvímælalaust með samþykkt laga um stjórn efnahagsmála o. fl. 7. apríl s. l. Við framsóknarmenn lögðum mikla vinnu í undirbúning þess máls. Stefna Framsfl. í efnahagsmálum var útfærð ítarlega af sérfróðum mönnum og gefin út í sérriti. Við framsóknarmenn vildum að með slíkri löggjöf yrðu mörkuð afgerandi tímamót í stjórn efnahagsmála. Þótt við meðferð málsins hjá stjórnarflokkunum væri því miður dregið úr ýmsum mikilvægum atriðum í till. okkar hygg ég að með sanni megi segja, að í þessum lögum felist nánast bylting ef þau verða framkvæmd eins og vera ber. Með þeim er leitast við að tryggja festu í stjórn ríkisfjármála og gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar í samræmi við tillögur okkar.

Tillaga okkar framsóknarmanna um gjörbreytt vaxta- og verðtryggingarkerfi náði einnig fram að ganga, svo eitthvað sé nefnt. Með henni er gert ráð fyrir lágum vöxtum með fullri verðtryggingu sem bætist við höfuðstólinn og dreifist því yfir lánstímabilið. Gert er ráð fyrir að fyrsta skref í þessum efnum komi til framkvæmda um næstu mánaðamót. Hygg ég að í þessu felist markverðari breyting en margir gera sér grein fyrir.

Með þessum lögum fékkst einnig fram nokkur lagfæring á því vísitölukerfi sem við Íslendingar búum við. Við framsóknarmenn teljum þetta kerfi einhverja mestu meinsemd okkar verðbólguþjóðfélags. Engri þjóð hefur tekist að búa við slíkar víxlverkanir launa og verðlags. Við fögnum þeim breytingum sem fengust, en hörmum hins vegar að ekki var lengra gengið, t. d. með því að taka út úr vísitölunni bæði óbeina skatta og niðurgreiðslur.

Lög um stjórn efnahagsmála o. fl. boða fyrst og fremst viðnám gegn verðbólgu á breiðum grundvelli með samræmdum aðgerðum á mörgum sviðum og til langs tíma.

Annar mikilvægur þáttur í viðureigninni við verðbólguna kemur fram í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna þar sem segir: „Ríkisstj. mun leita eftir samkomulagi við samtök launafólks um skipan launamála fram til 1. des. 1979 á þeim grundvelli að samningarnir frá 1977 verði framlengdir til þess tíma án breytinga á grunnkaupi.“ Frysting grunnkaups átti þannig að vera enn einn þáttur í samræmdum aðgerðum gegn verðbólgunni. Norðmenn gripu til þess ráðs við svipaðar aðstæður, en þó stórum minni verðbólgu, að frysta kaup og verðlag til tveggja ára. Að sjálfsögðu hefðum við ekki síður átt að gera það. Um það náðist hins vegar ekki samstaða í verki, og nú eftir að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur fellt samkomulag það, sem gert var við ríkisstj., er ljóst að þessi grunnkaupsfrysting hefur mistekist.

Alvarlegra er þó, að viðleitni ríkisstj. til þess að stuðla að launajöfnuði í þjóðfélaginu hefur brugðist. Að mati okkar framsóknarmanna er viss launamunur sjálfsagður í sérhverju þjóðfélagi, m. a. með tilliti til menntunar, ábyrgðar og fleira. Við teljum hins vegar að um slíkan launamun beri að semja í almennum kjarasamningum.

Ríkisstj. taldi rétt að setja um tíma þak á vísitölubætur þar til vísitölunefndin hefði komið sér saman um hvernig greiða beri slíkar bætur. Ríkisstj. vildi með því vinna nokkuð gegn vaxandi launamun sem hefur orðið með því að greiða fullar vísitölubætur á laun upp úr frá því að síðustu kjarasamningar voru gerðir 1977. Þessi viðleitni mistókst. Tvímælalaust má rekja þetta til þess, að Reykjavíkurborg undir forustu Alþb. ákvað að greiða fullar vísitölubætur á öll laun. Eftir það varð ljóst að dómstólar mundu ekki fallast á að tveir aðilar í sama stéttarfélagi, annar hjá ríki og hinn hjá bæ, fengju mismunandi laun fyrir sambærilega vinnu. Mesta áfallið í þessari þaklyftingu var það þó er stjórn Flugleiða ákvað að bjóða þeim, er hæst laun hafa í þjóðfélaginu, fullar vísitölubætur. Það var gert án þess að nokkurt samráð væri haft við ríkisstj.

Alvarlegast í þessari skriðu launahækkana eru þó kröfur þeirra, sem betri kjör hafa í þjóðfélaginu, um stórhækkuð grunnlaun. Öllum hlýtur að vera ljóst að þeim, sem lægri launin hafa, verður ekki neitað um a. m. k. eins mikla hækkun grunnlauna og slíkir hópar kunna að fá. Annað samræmist ekki þeirri stefnu ríkisstj. að tryggja kaupmátt lægri launa.

Ekki verður því neitað, að verðhækkanir á opinberri þjónustu hafa verið allt of miklar. Við verðhækkanir, sem eru af erlendum toga spunnar, verður ekki ráðið. En ég get ekki varist þeirri skoðun, að lítillar viðleitni gæti hjá ýmsum opinberum stofnunum til þess að draga úr rekstrarkostnaði. Slíkar hækkanir fá launþegar að vísu bættar með vísitölubækkun launa, en þær hljóta að draga úr trausti almennings á því að takast muni að draga úr verðbólgunni.

Öllum hlýtur að vera ljóst að framhald þess ástands, sem ríkir og ég hef rakið, getur ekki leitt til annars en nýrrar holskeflu óðaverðbólgu og öngþveitis í þjóðfélaginu. Það getur þessi ríkisstj. ekki látið afskiptalaust. Því hefur Framsfl. lagt eftirgreindar till. fram í ríkisstj.:

1. Að ekki verði hvikað frá markmiðum um hjöðnun verðbólgu í markvissum áföngum, en staðan endurmetin með tilliti til breyttra aðstæðna. Gerð verði áætlun til eins árs þar sem m. a. komi fram áætlaðar ársfjórðungslegar vísitöluhækkanir launa. Óhjákvæmilegar hækkanir á verðlagi og þjónustu verði athugaðar ársfjórðungslega og aldrei leyfðar hærri en sem nemur áætlaðri vísitöluhækkun launa.

2. Með lögum verði ákveðin í fyrsta lagi almenn hækkun grunnlauna um 3%. Í öðru lagi, að aðrar grunnkaupshækkanir verði ekki leyfðar til áramóta. Í þriðja lagi, að þak verði sett á vísitölubætur til áramóta þannig að fullar bætur verði greiddar upp að 400 þús. kr., en jöfn krónutala eftir það.

3. Þegar verði rætt við deiluaðila um frestun verkfalla og verkbanna til áramóta gegn því að grunnlaun hækki um 3% og sáttanefndir verði skipaðar. Ef ekki næst samkomulag um slíkt fresti ríkisstj. verkföllum og verkbönnum til áramóta með lögum.

4. Sérstakur skyldusparnaður verði ákveðinn á hæstu laun.

5. Hert verði stórlega á öllum sparnaði í ríkisrekstri með endurskoðun á starfsemi ríkisstofnana.

6. Hraðað verði framkvæmd ákvæða í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. m. a. ákvæði um verðtryggingu inn- og útlána.

7. Samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda verði þegar aukið og framkvæmt í samræmi við II. kafla laga um stjórn efnahagsmála o. fl. Fjallað verði um þau mál sem í þeim kafla eru talin; en sérstaklega þó í fyrsta lagi um þær aðgerðir sem að framan eru taldar, í öðru lagi um gerð kjarasamninga, m. a. einföldun og samræmingu, og í þriðja lagi um endurskoðun vísitölunnar, m. a. hvernig vísitölubætur verði greiddar á laun.

8. Stefnt verði að nýjum heildarsamningum um kaup og kjör, sem taki gildi í janúar 1980 og gildi til tveggja ára.

Þessar till. hafa verið ræddar í ríkisstj. Samkomulag varð um að skipa sáttanefnd í vinnudeilu farmanna og mjólkurfræðinga við atvinnurekendur, bjóða 3% grunnkaupshækkun og fara fram á frestun verkfalla og verkbanns. Beiðninni um frestun hefur verið hafnað. Harma ég það. Sýnir það lítinn vilja til þess að takmarka það tjón sem þjóðfélagið verður fyrir af þessum deilum. Ástandið er hins vegar orðið svo alvarlegt að sáttanefndir hafa takmarkaðan tíma. Hlýtur fljótlega á það að reyna hvort samkomulag næst eða ríkisstj. hefur kjark til að taka á þeim málum. Það er prófsteinninn á vilja og getu ríkisstj. til þess að hafa hemil á verðbólgunni og stjórna. Á það mun Framsfl. láta reyna ef nauðsynlegt verður.

Framsfl. telur að forðast beri í lengstu lög bein afskipti ríkisvaldsins af vinnudeilum. Ríkisvaldið verður þó að grípa í taumana þegar í algjört óefni stefnir. Það er einlæg von okkar framsóknarmanna, að samkomulag megi takast í yfirstandandi vinnudeilum og launþegar og aðrir aðilar fallist á að fresta ágreiningsmálum þar til nýir

heildarsamningar verða gerðir. Við leggjum til, að slíkir samningar verði gerðir þegar í janúar n. k. Er satt að segja ekki til mikils mælst að leggja deilur til hliðar í nokkra mánuði.

Menn hafa að sjálfsögðu spurt í allan vetur: Hver er stefna Sjálfstfl. í efnahagsmálum? Svarið kom að vísu fyrir nokkru og við heyrðum það áðan hjá hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen. Mönnum skilst að Sjálfstfl. vilji láta hið svokallaða frjálsa markaðskerfi ráða ferðinni. Það kerfi réð ferðinni í vestrænum heimi eftir heimstyrjöldina fyrri og leiddi til heimskreppunnar miklu 1929. Síðan hafa allar þjóðir heims forðast það eins og heitan eldinn. Það hefur gjarnan verið nefnt „lögmál frumskógarins". Er nokkur furða þótt menn spyrji enn hvort slíkt geti verið stefna Sjálfstfl. Og þrátt fyrir það að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen lýsti því hér áðan hvernig tókst til um slíka samninga 1974 og 1977 á engu að síður að taka það kerfi upp að nýju og í enn óheftari mynd. Þarna er Sjálfstfl. ekki að hverfa 20 ár aftur í tímann, eins og hv. þm. komst að orði, um þessa ríkisstj., heldur 50 ár, fram fyrir heimskreppuna 1929.

Þótt efnahagsmálin hafi líklega tekið mestan tíma þingsins hafa landbúnaðarmálin þó ekki verið þar langt á eftir. Því veldur það alvarlega ástand sem skapast hefur vegna sölutregðu erlendis á umframframleiðslu á nautgripa- og sauðfjárafurðum.

Það hefur því miður ekki verið á valdi bændastéttarinnar að koma í veg fyrir slíka þróun. Alþ. hefur þar til nú neitað að veita nauðsynlegar heimildir til þess að sporna gegn aukinni framleiðslu. Jafnframt er það staðreynd, að þessir erfiðleikar stafa ekki síður af óhagstæðri verðlagsþróun og miklum niðurgreiðslum erlendis en aukinni framleiðslu innanlands. Af þessum ástæðum blasir nú við bændum tekjuskerðing sem nemur um 1.2 millj. kr. á meðalbú ofan á þau harðindi sem ríkja.

Stefna mín hefur verið og er sú, að ríkissjóður dragi úr tekjuskerðingunni, en bændur skuldbindi sig hins vegar til þess að draga svo úr framleiðslunni að hún verði vel innan þeirra marka sem verðtrygging ríkissjóðs samkv. lögum ákveður. Þetta er vandasamt mál og að því verður að vinna með gát, annars getur hlotist af stórtjón sem kosta mundi þjóðfélagið ótalda milljarða, t. d. í byggðaröskun.

Ánægjulegt hefur verið að um þessa stefnubreytingu hefur nást víðtæk samstaða við bændur. Hins vegar hefur gengið treglega að koma ýmsum á Alþ. í skilning um eðli þessa vandamáls. T. d. hlyti slík stefnubreyting sem felur í sér mikinn samdrátt í landbúnaðarframleiðslunni að vera nánast vonlaus ef skerða á tekjur bónda um 1.2 millj. kr. á ári ofan á allt annað.

Ég átti að vísu von á því að ýmsir hv. þm., sem lítið þekkja til landbúnaðarins, hefðu takmarkaðan skilning á þessu vandamáli. Hitt verð ég þó að viðurkenna, að ég bjóst við öðru frá hv. þm. sem talaði hér áðan, Pálma Jónssyni. Hv. þm. telur sig meðal bænda. En hv. þm. hefur þó á þessu þingi verið einna erfiðastur viðfangs í þessum málum. Hann hefur látið sér nægja að tína upp þá brauðmola sem af borðum falla. Svo var t. d. um till. þá sem hann ásamt fleirum sjálfstæðismönnum flytur um stefnumörkun í landbúnaði. Hún er öll byggð á þeim frumdrögum sem ég lagði fram í jan. s. l. á fjölmennum fundi fulltrúa bænda og neytenda.

Hv. þm. fullyrðir að ég tali um 18—20% samdrátt í sauðfjárrækt. Í öllu því, sem fram hefur komið, er rætt um 15% samdrátt í sauðfjárrækt og það á 5 árum. Þetta er mikill samdráttur, og ég tek undir að það er vandmeðfarið. Á hitt vil ég þó benda, að meira en helmingurinn af því sauðfé, sem þyrfti að fækka, er í eigu þéttbýlisbúa og í eigu manna sem ekki hafa aðaltekjur sínar af landbúnaði.

Hvernig á að fara að þessum málum? Er það till. hv. þm. í samræmi við stefnu Sjálfstfl. að hið frjálsa markaðskerfi eigi að ráða samdrætti í landbúnaði? Hvernig halda menn að þá yrði umhorfs í ýmsum byggðum þessa lands sem eiga nú í miklum erfiðleikum? En þrátt fyrir slíkt skilningsleysi hefur tekist að fá mikilvæga löggjöf samþ. í vetur á Alþ. Nefni ég breytingu á Framleiðsluráðslögum, lög um forfallaþjónustu, lög um lausaskuldir bænda, breytingu á jarðræktarlögum og væntanleg lög um beina samninga bænda við ríkisvaldið og till. til þál. um stefnumörkun í landbúnaði.

Hv. þm. Pálmi Jónsson heldur áfram að snúa út úr þeim orðum mínum að Framsfl. sé ekki bændaflokkur. Að vísu hefur hann nú fært sig upp á skaftið og fullyrðir að ég hafi sagt að flokkurinn væri ekki flokkur bænda. Hann mætti gjarnan vísa lengra í þau orð sem ég lét falla í þessu sambandi. Ég hef ávallt lagt á það áherslu, að Framsfl. er flokkur frjálsra einstaklinga. Hann er flokkur frjálsra einstaklinga sem eru hvattir til þess að standa á eigin fótum og vera efnalega sjálfstæðir, en eru hins vegar fúsir til þess að taka höndum saman um hin stóru verkefni á grundvelli samvinnuhreyfingarinnar og annarrar félagshyggju. Þetta á vitanlega erindi til manna í öllum stéttum, bæði í þéttbýli og í dreifbýli, en sem betur fer er ákaflega mikill fjöldi bænda þessa sinnis og styður því Framsfl.

Góðir hlustendur. Því verður ekki neitað að þessi vetur á þingi hefur verið stormasamur. Stjórnarsamstarfið hefur ekki heldur gengið hljóðalaust. Því hefur fyrst og fremst valdið gífurleg tortryggni á milli Alþfl. og Alþb. Forustuhlutverk okkar framsóknarmanna hefur ekki verið auðvelt við þessar aðstæður. Þetta verður að breytast ef ríkisstj. á að auðnast að ná því markmiði sem hún setti sér: að draga úr verðbólgunni markvisst og örugglega. Til þess þarf kjark og dug samstæðrar ríkisstj., ekki síst við þær aðstæður sem skapast hafa í þjóðfélaginu. Á þetta mun reyna næstu vikur eða jafnvel daga. Ekki vil ég óska þjóðinni þess að þurfa að þola hið óhefta markaðskerfi Sjálfstfl. Við skulum því vona að þetta takist. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Ellert B. Schram: Gott kvöld, góðir hlustendur. Það er vá fyrir dyrum í okkar litla þjóðfélagi. Verkföll lama atvinnulíf og bjóða vöruskorti heim. Hafís fyllir flóa og firði og frostnætur valda kali á jörðu og búsifjum hjá bændum. Olíuverðshækkanir skapa risavaxinn vanda fyrir útgerð og annan atvinnurekstur, og bensín og hitunarkostnaður stígur upp úr öllu valdi. Kröfur og hótanir berast hvaðanæva að og launamismunur og verðbólguástand skapar glundroða og örvæntingu hjá stéttasamtökum sem einstaklingum. Spáð er verðbólgu allt frá 50—100% á þessu ári, og þrátt fyrir vor og hækkandi sól er óhugur og kvíði í fólki. Sá kvíði stafar ekki síst af þeirri vá að í landinu situr ríkisstj. sem virðist ekki hafa minnstu möguleika, hvað þá getu til að takast á við vandamálin og veita þjóðinni þá forustu sem nú er brýnni en nokkru sinni fyrr.

Mér dettur auðvitað ekki í hug að skella allri skuld á

ríkisstj. vegna þeirra vandamála sem að framan eru rakin. Hún ræður hvorki við hafís né vorharðindi, olíuverðshækkanir né óbilgjarnar kröfur. En það verður að gera þá kröfu til ríkisstj., að hún hafi stefnu, samstöðu og þrek til að takast á við erfiðleikana og leiða þjóðina í gegnum þá. Í þeim efnum hefur hún gjörsamlega brugðist og að svo miklu leyti sem efnahagsmál eru á valdi stjórnvalda hefur ríkisstj. fyrir löngu grafið eigin gröf.

Yfir þessari staðreynd gæti stjónarandstaðan hlakkað. Það geri ég þó ekki. Þjóðin krefst þess að viðnám gegn verðbólgu beri árangur, og skiptir þá ekki máli hverjir sitja í stjórn. Verðbólgan er slíkur vágestur, að það er skylda ábyrgra stjórnmálamanna og reyndar hvers einasta Íslendings að óska þess, að rétt kjörinni ríkisstj. takist vel upp í þessari örlagaglímu. Okkur getur greint á í hinum ýmsu þjóðfélagsmálum, og við sjálfstæðismenn drögum enga dul á andstöðu okkar við þá ríkisstj. sem boðar aukinn áætlunarbúskap, ríkisforsjá og skattpíningu. En við höfum ekki lagt stein í götu ríkisstj. ef um hefur verið að ræða viðleitni til hjöðnunar á verðbólgu. Sú viðleitni hefur hins vegar verið í lágmarki og oftast sýndarmennskan ein, — eða hver er nú uppskeran af bráðabirgðaráðstöfununum í sept., efnahagsaðgerðum í des., fjárlögum um áramót, efnahagslögum í apríl eða öllum stóru orðunum um samráð við launþegahreyfinguna? Uppskeran er eins og til er sáð: algjör upplausn og ringulreið hvert sem litið er. Og hvernig á öðruvísi að fara þegar ósamkomulag er í hverju máli og stjórnarsinnar hugsa um það eitt að koma höggi hver á annan.

Þinghaldið í vetur hefur einkennst af tortryggni og haströmmum deilum milli stjórnarflokkanna innbyrðis, og mér er til efs að stjórnarfar hafi áður verið með slíkum endemum hér á landi. Allt hefur þetta leitt til stjórnleysis og þess sem verra er: trúnaðarbrests milli fólks og stjórnar. Opinberir starfsmenn hafa hafnað því samkomulagi sem ríkisstj. hafði gert við stjórn BSRB. Vinnuveitendasambandið vísaði á bug þeirri ósk að aðilar innan ASÍ fengju 3% hækkun eins og opinberir starfsmenn. Og farmenn neita að verða við tilmælum ríkisstj. um frestun verkfalls og hnykkja á með þeim orðum, að það verði til einskis að samþ. lög um verkfallsbann, eftir þeim verði ekki farið, enda séu nú menn í ríkisstj. sem fyrir stuttu hafi gefið þar fordæmi með því að hvetja fólk til að virða slík lög að vettugi.

Og ekki eykur það tiltrúna á ríkisstj., að ráðh. og áhrifamenn innan stjórnarliðsins bera nú hver annan sökum hvernig komið sé. Við heyrðum áðan hjá hæstv. ráðh. Ragnari Arnalds lítið sýnishorn af þessum orðaskiptum, enda virðis hann telja það samstarfinu til sérstakra tekna að það „hrikti í", eins og hann tók til orða. Það er ekki von að vel gangi.

Ráðh. gerði þaklyftingu af launum hjá borgarstjórn Reykjavíkur að umræðuefni. Í þeim efnum hefur hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson bent á að sú þaklyfting sé orsök ófaranna, en Alþb. hafi haft alla forustu um þá ákvörðun. Þetta endurtók hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson áðan. Á móti þessu heyrum við svo fullyrðingar Lúðvíks Jósepssonar og annarra Alþb.-manna þess efnis, að það hafi verið Framsfl. og þó einkum Tómas Árnason sem barist hafi fyrir þaklyftingunni. Garmurinn hann Ketill, Alþfl., hafi síðan staðið þétt við hlið Tómasar í þessu efni.

Það er sennilega gleggsta dæmið um ástandið, að þegar Vilmundur Gylfason lýsti því yfir í síðustu viku að stefna ríkisstj. væri gjaldþrota þótti sú yfirlýsing engum tíðindum sæta, hvað þá að einhverjum dytti í hug að mótmæla henni. Hér var aðeins verið að segja það sem allir vissu.

Nú þegar þessar eldhúsumræður fara fram eiga sér stað enn ein átökin innan stjórnarliðsins og sennilega eru það dauðateygjurnar. Allir hafa stjórnarflokkarnir raunverulega gefist upp, en hugsa um það eitt hvernig megi bjarga sér á flóttanum. Í gærkvöld var haldinn fundur í Alþfl. þar sem tekin var sú afstaða að afnema alla gildandi kjarasamninga og leggja það í vald aðila vinnumarkaðarins hvað í staðinn kæmi. Jafnframt var þess krafist, að þingi verði ekki slitið fyrr en ljóst sé til hvaða úrræða ríkisstj. hyggst grípa. Ef taka á þessar samþykktir alvarlega þýða þær ekkert annað en vantraust á ríkisstj. og höfnun á þeim efnahagsaðgerðum sem hinir stjórnarflokkarnir leggja til með lagasetningu. Það væri sannarlega kaldhæðni örlaganna ef stjórnin færi nú frá vegna ágreinings um það, hvort lögbinda ætti grunnkaup, vísitöluþak og bann við verkföllum eða afnema alla kjarasamninga og þá um leið allar væntanlegar verðbætur í einu lagi.

Þetta eru þær till. sem nú eru til umræðu í ríkisstj., — till. sem hingað til hafa heitið á máli Þjóðviljans „íhaldsúrræði og fjandsamleg afstaða til launþega". Líf ríkisstj. er sem sagt undir því komið ekki aðeins að skerða eða afnema gerða kjarasamninga, heldur að stöðva allar grunnkaupshækkanir og banna yfirstandandi verkföll með lögum. Þetta eru dapurleg örlög fyrir þá stjórnmálamenn sem ráku kosningabaráttu sína fyrir tæpu ári á því slagorði að samninga bæri að virða og kosningar væru kjarabarátta. Skyldi ekki margur maðurinn sjá kosningaslagorð og atburði síðasta árs í nýju ljósi?

Um þetta er óþarfi að fjölyrða. Það er í rauninni tímaeyðsla að tíunda alla þá gagnrýni sem fram mætti setja á núv. ríkisstj. Það hefur ekki aðra þýðingu en þá að vara við slíku stjórnarsamstarfi í framtíðinni. Meira máli skiptir það sem fram undan er. Hvað er til ráða? Hvernig er unnt að snúa kvíða fólks í bjartsýni, ráða niðurlögum verðbólgunnar og treysta atvinnulíf og framfarir í landinu? Menn spyrja hvort Sjálfstfl. sé betur fær til þeirra verka, hvernig hann mundi leysa þann vanda sem nú steðjar að. Sjálfstfl. útilokar ekki takmarkanir á verðbótum launa eða vísitöluþak á hærri laun, og hann mundi leggja áherslu á óskertan kaupmátt lægstu launa. Hvort tveggja eru leiðir sem Sjálfstfl. hefur áður lagt til að farnar yrðu, a. m. k. til skamms tíma. Hins vegar hygg ég að sjálfstæðismenn hafi lært þá lexíu á síðasta vetri, að það er óhyggilegt og varasamt að grípa inn í gerða kjarasamninga, hvað þá að banna beinlínis verkföll. Slíkar aðgerðir munu mæta andstöðu, hverjir sem í hlut eiga, og varla bera annan árangur en þann að magna upp ófrið.

Sjálfstfl. hefur kynnt þá stefnu sína, að í framtíðinni verði að treysta á samninga aðila vinnumarkaðarins sjálfs og þeir sem semja verði að bera ábyrgð á þeim ákvörðunum í stað þess að varpa afleiðingunum yfir á ríkisvaldið. Þessi afstaða kemur fram í þeirri stefnuyfirlýsingu sem Sjálfstfl. hefur sent frá sér og ber nafnið „endurreisn í anda frjálshyggju". Sú stefnuyfirlýsing markar tímamót í stjórnmálum. Hún hefur vakið umtal og vonir, — vonir um afdráttarlausa stefnu stjórnmálaflokks sem þorir að leggja til atlögu við efnahags-

vanda og aðra erfiðleika á grundvelli frjálsræðis og trúar á fólkið sjálf. Þessi stefna leiðir ekki til heimskreppu, eins og Steingrímur Hermannsson lætur sér detta í hug, heldur hefur örugglega sömu áhrif til velmegunar og framfara og í öllum öðrum vestrænum löndum. Við lifum nefnilega á árinu 1979, en ekki árinu 1929.

Góðir hlustendur. Núv. ríkisstj. er að syngja sitt síðasta. Dagar hennar eru taldir í þeim skilningi að hún geti haft stjórn á þessu landi. Vel má vera að hún lafi enn um sinn. Það breytir engu. Enn einu sinni hefur samsteypustjórn ólíkra flokka orðið sjálfri sér sundurþykk og nærri því sjálfdauð. Ég segi: Er ekki kominn tími til að veita einum flokki brautargengi svo hann nái meirihlutaaðstöðu á þingi, nái að framfylgja stefnu sinni án samkrulls við aðra fokka.

Sjálfstfl. á að fá þetta tækifæri. Hann lofar ekki gulli og grænum skógum, en heitir því að snúa ofan af ríkisíhlutun og skattpíningu. Hann lofar því að framkvæma gjörbreytta stefnu í verslunar- og atvinnumálum. Hann heitir valddreifingu í stjórnsýslu og eflingu menningar og mennta í anda frjálshyggju. Sjálfstfl. er reiðubúinn að láta dæma sig af stefnu sinni og framkvæmd hennar. Ég skora á landsmenn að ganga til liðs við Sjálfstfl. og veita honum tækifæri til að stjórna einum.

Það hefur verið fundið flokknum til foráttu að deilur hafi staðið um forustu í honum. Sá ágreiningur þarf ekki að vera óeðlilegur. Í stórum flokki geta menn haft mismunandi skoðun á því, hver sé best til forustu fallinn. Nú hefur landsfundur 900 trúnaðarmanna flokksins valið sér formann og varaformann. Það kjör er óumdeilt. En forusta í einum flokki byggist ekki á einum eða tveim mönnum. Innan vébanda Sjálfstfl. er stór hópur hæfra manna sem leggur á ráðin og mun fá aukin áhrif nú og á næstunni. Það er fólk úr öllum stéttum, kjördæmum og aldurshópum, — fólk sem sækir styrk sinn til lífsins eins og það er án fordóma eða fræðikenninga, — fólk sem er frjálshuga og umburðarlynt, sjálfstæðir einstaklingar. Sjálfstfl. er til orðinn fyrir slíkt fólk og hann sækist eftir stuðningi þess — ekki sjálfs sín vegna, heldur vegna þessara sömu einstaklinga og þjóðarinnar allrar.

Ég hef þá trú að brátt muni eiga sér stað þáttaskil í íslenskum stjórnmálum. Núv. ríkisstj. hefur reynst ófær til að stjórna. Að því leyti hefur hún aukið enn á glundroðann og upplausnina í þjóðfélaginu. En hún hefur gert gagn að því leyti, að Íslendingar munu hafna vinstri stjórnum í næstu framtíð. Hún hefur skapað Sjálfstfl. skilyrði til sóknar og styrks til að móta og framfylgja þeirri stefnu sem mun snúa óhug í kjark, vonleysi til áræðis, fjötrum í frelsi. Það er undir þér komið, hlustandi góður, hvort þessi möguleiki getur orðið að veruleika.— Þökk þeim sem hlýddu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Stjórnarandstaðan, sem sofið hefur værum svefni í allan vetur, virðist nú loks vera að rumska ef marka má orð hv. þm. Ellerts B. Schram — og er það vel.

Útvarpsumr. frá Alþ. hafa sjaldnast þótt umtalsvert skemmtiefni, enda lætur nærri að sömu ræðurnar mætti brúka ár eftir ár, þm. gætu skipst á þeim eftir því hvort þeir væru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Ár eftir ár er deilt um sama vandann og aðferðir til að leysa hann.

Alþfl. hefur reynt að brjótast úr viðjum þeirrar efnahagskreppu sem hrjáð hefur þjóðina undanfarin ár, skilgreint orsakir og afleiðingar og gert ítrekaðar tilraunir til að fá samstarfsflokka sína til samvinnu í þeirri baráttu sem við verðum að heyja fyrr eða síðar.

Samvinna hefur tekist um nokkur atriði og árangurinn ekki látið á sér standa. Hins vegar hefur samkomulag ekki náðst um mörg veigamikil atriði, og afleiðingarnar eru nú að koma í ljós. Verðbólgudraugurinn hótar öllu illu, mikill órói er á vinnumarkaði, þolinmæði láglaunahópanna er á þrotum. Þeir hafa orðið vitni að því, hvernig hálaunamenn hafa notað eða misnotað aðstöðu sína til að fá launahækkanir er nema mánaðarlaunum verkamanns. Rammi lánsfjáráætlunar virðist að því kominn að bresta. Greiðsluafgangur ríkissjóðs, sem stefnt var að, er nánast uppurinn og þar með eru litlar horfur á að ríkissjóður greiði skuld sína við Seðlabankann.

Margt er á huldu um ríkisútgjöldin, og enn berja menn hausnum við steininn og vilja viðhalda úreltu og ranglátu vísitölukerfi sem stöðugt breikkar bilið á milli láglauna- og hálaunafólks í landinu. Allir almennir launasamningar eru lausir, nema samningar BSRB, BHM, flugmanna, blaðamanna og flugvirkja. Búist er við að senn ákveði gerðardómur laun verslunarmanna og að ígildi launahækkana þeirra verði um það bil 8%. Ég vil taka fram, að ég tel verslunarmenn ekki ofsæla af þeirri hækkun. Þessi upptalning sýnir í hnotskurn þann vanda sem við er að etja.

Nú kann einhver að segja að maðurinn tali eins og stjórnarandstæðingur. Hver getur túlkað það eins og hann vill, en andstaða mín er andstaða gegn stefnuleysi, andstaða gegn mönnum sem hafa pólitíska hagsmuni flokka sinna að leiðarljósi, en ekki þjóðarhag, andstaða gegn mönnum sem neita að horfast í augu við staðreyndir, andstaða gegn ábyrgðar- og kjarkleysi. En þessum orðum beini ég ekki eingöngu til núv. ríkisstj. Henni einni verður ekki kennt um ófarirnar, því þótt fjöldinn segist vera tilbúinn að axla byrðar, taka á sig hluta af erfiðleikunum, reynast þær fullyrðingar oft meiri í orði en á borði.

Láglaunafólkið í landinu, einkum innan Verkamannasambands Íslands, hefur í raun tekið á sig hluta byrðanna, en hópar launahæsta fólksins í landinu hafa skotið sér undan því. Þetta er ekki að gerast bara nú, forsagan er löng. Það grátbroslega við þessa staðreynd er að fólkið, sem skapar verðmætin svo unnt sé að greiða háu launin, ber oft minnst úr býtum.

Hvernig er svo ástatt í þjóðfélagi þar sem kröfugerðin er einkenni daglegrar umræðu? Ísland er í alþjóðlegum skýrslum sett á bekk með mestu velferðarþjóðfélögum heims. Þjóðartekjur á mann eru tiltölulega háar, íbúðarhúsnæði gott, bílaeign mikil og afkoma góð þegar á heildina er litið. Íslendingar búa við gott tryggingakerfi, þótt margt megi þar bæta. Þeir ferðast mikið og fátækt í þess orðs merkingu er ekki vandamál. Enginn á að þurfa að líða skort, en það skal þó játað að skorturinn er fremur afstætt hugtak í velferðarþjóðfélagi. Flestar ytri aðstæður eru þjóðinni hagstæðar. Verð á afurðum er hátt, hærra en nokkru sinni. Með verulegu átaki miðað við óbreyttar forsendur þyrfti ekki að taka langan tíma til að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Vilji er allt sem þarf. En kannske er það rétt sem sumir segja, að þjóðin þurfi að fá ærlegan rassskell svo að hún skilji að hagur hennar er í raun og veru góður. Að óbreyttu er ekki langt í skellinn og líklegt er að í glymji.

Það er öllum ljóst að verðbólgan brjálar allt efnahags-

líf og jafnvel mannfólkið með. Henni fylgir spilling, brenglað verðmætamat og hún leiðir af sér efnahagslega glötun. Hún kemur verst við láglaunafólk sem ekki hefur aðstæður eða fjárráð til að spila á verðbólguna. Það er raunalegast að það vísitölukerfi, sem margir launþegaforingjar hafa gert að trúaratriði, veldur meiri verðbólgu en flest annað. Fleiri og fleiri eru þó að gera sér þetta ljóst, og Alþfl. mun hamra á þessari staðreynd þar til breytingar hafa verið gerðar. Þangað til mun núverandi vísitölukerfi halda áfram að skekkja og aflaga launakerfið hálaunafólki í hag, en til tjóns fyrir láglaunafólkið. Á meðan þetta kerfi er í gildi verða óskir manna um jafnlaunastefnu ekkert nema orðin tóm.

Núv. ríkisstj., sem hefur ýmsa möguleika til að bæta úr, verður að taka sjálfri sér tak ef hún ætlar að koma til móts við þær kröfur sem til hennar eru gerðar og rekja má til síðustu kosninga. Launamálin eru hluti af efnahagsvandanum, en ekki efnahagsvandinn alfarið. Ríkisvaldið á ekki að hafa afskipti af launa- og kjaramálum nema við sérstakar aðstæður. Ríkisstjórnir geta haft afskipti af kjaramálum með lagasetningu er snertir félagslegar umbætur og í neyðartilvikum gripið inn í launadeilur þegar verkföll ógna hag þjóðarheildar.

Alþfl. hefur nú gert ákveðnar tillögur um skipan launamála, þ. e. að aðilar vinnumarkaðarins gangi til kjarasamninga án afskipta ríkisvaldsins, en hafnar um leið öllum bakreikningum af slíkum samningum. Varla getur menn greint á um réttmæti þessarar afstöðu. Verkalýðshreyfingin hefur hafnað afskiptum ríkisvalds af kjarasamningum og vinnuveitendur einnig. Væntanlega næst samstaða innan ríkisstj. um þessa stefnu. Hún getur haft óróa í för með sér, en kjarasamningar verða alfarið á ábyrgð viðsemjenda. En á sama tíma verður ríkisvaldið að auka tekjujöfnun með réttlátara skattakerfi, afnámi beinna skatta af almennum launatekjum og með ákveðnu skattþaki á hæstu laun.

Ekki leikur vafi á því, að efla verður í þessu landi hugsjón samábyrgðar, og við gerum okkur grein fyrir því, að vetrarhörkur á sumri eins og nú er minna okkur óþyrmilega á þá staðreynd að stundum er búseta á Íslandi búseta á mörkum hins byggilega heims. Hafískoma og harðindi ógna nú afkomu fjölda fólks á svonefndu hafíssvæði. Áföllum af þessu tagi verður að jafna á þjóðina rétt eins og gerðist í Vestmannaeyjagosinu og í snjóflóðunum í Neskaupstað. Það er þessi samábyrgð sem hefur gert okkur kleift að vinna bug á margvíslegum vanda. Þessi vandi, en með nokkuð öðrum formerkjum, blasir við á sviði kjaramála. Ef Íslendingar ætla sér að búa áfram í velferðarþjóðfélagi verður það ekki gert ef kröfugerðahópar fá ávallt sínu framgengt. Það er eitt af mikilvægustu hlutverkum Alþingis að spyrna á móti, en það verður ekki gert nema með eflingu þingræðisins sem því miður hefur allt of oft verið látið undan síga þegar þrýst hefur verið á.

Enn hefur núv. ríkisstj. tækifæri til að bæta fyrir mistök sín — og henni ber að gera það. Ástand efnahagsmála gerir kröfu til þess að pólitíkst hagsmunapot verði lagt til hliðar og hinir 60 þjóðkjörnu þm. fari með umboð sitt eins og ætlast er til af þeim. Þjóðin krefst þess að stjórnað sé af festu, og hún á rétt á því að þær kröfur verði uppfylltar ef marka má ummæli núv. þm. fyrir síðustu kosningar.

Alþfl. hefur barist fyrir gjörbreyttri efnahagsstefnu og hann mun gera það áfram innan þings sem utan, innan stjórnar sem utan. Hann vill starfa í ríkisstj. sem hefur þor og dug til að berjast, en ekki í stjórn sem skortir þessa eiginleika. Menn skyldu hugleiða að vandinn væri ekki sá sem hann er í dag ef samstarfsflokkar okkar í ríkisstj. hefðu fallist á efnahagsmálafrv. sem við lögðum fram í des. s. l. Það var gæfuleysi að fallast ekki á það frv. Vonandi verður gæfan hliðhollari núv. ríkisstj. á næstu dögum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Þessar útvarpsumr. hér í Sþ. í kvöld eru fyrir ýmissa hluta sakir merkilegar . Þær eiga sér stað undir lok þings sem kannske hefur verið venju fremur róstusamt, — þing sem hefur einnkennst af því að stjórnarmyndunarviðræðunum, sem hófust eftir kosningar í fyrrasumar, eru eiginlega hreint ekki lokið enn þá. Þessar umr. hafa leitt í ljós að það er ágreiningur milli stjórnarflokkanna um hvernig leysa skuli þann vanda sem nú er við að etja. Þetta er ekki ný bóla og kemur líklega fáum á óvart. Síðast, en ekki síst hafa þessar umr. væntanlega endanlega staðfest öllum landslýð það sem raunar var mætavel kunnugt áður, að stærsti flokkur landsins, stjórnarandstaðan, Sjálfstfl., hefur í vetur bókstaflega ekkert bitastætt haft til málanna að leggja. Þar er hins vegar hver höndin upp á móti annarri — að hjálpa hinni væntanlega, eins og góður maður komst nýlega að orði. Forustudeilur og heimilisböl marka þar störf og stefnu, eins og raunar hv. þm. Ellert B. Schram vék að áðan er hann minntist á þau hjaðningavíg sem átt hafa sér stað innan Sjálfstfl. nú að undanförnu.

Fyrir réttu ári voru menn að búa sig undir orrahríð kosninganna, hita sig upp fyrir bardagann. Í raun réttri var kosningabaráttan af hálfu okkar Alþfl.-manna aðeins háð um eitt meginmál. Hún var háð um það að ráða niðurlögum verðbólgunnar með gerbreyttri efnahagsstefnu. En Alþfl. var sannarlega ekki eini flokkurinn sem gerði baráttuna við verðbólguna að meginþætti kosningabaráttunnar. Það gerðu hinir flokkarnir raunar líka, þar skarst enginn úr leik. En það er þannig með verðbólguna, eins og einn frægasti núlifandi hagspekingur lét um mælt, að það tala allir um hana, en enginn fæst til að gera neitt gegn henni.

Fyrir kosningarnar lagði Alþfl. fram raunhæfa stefnuskrá að því marki að ná varanlegum árangri í áratugabaráttu við verðbólguna. Stefna Alþfl. í þessum málum átti hljómgrunn meðal fólks og flokkurinn vann mesta kosningasigur í allri sögu sinni. Jafnframt beið stefna ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar skipbrot og Sjálfstfl. og Framsfl. guldu meira afhroð en dæmi voru um áður. En hvað hefur síðan gerst? Það er fróðlegt að hugleiða.

Allt frá því að núv. ríkisstj. var mynduð hefur Alþfl. unnið að því, — unnið markvisst og af festu að því að sett væru skynsamleg markmið í verðbólgumálum, og það sem meira er: bent á raunhæfar leiðir til að ná þessum markmiðum. Það er skoðun okkar að það hafi tvímælalaust verið rétt að ganga til samstarfs við Framsfl. og Alþb. að loknum kosningum. Um annað var ekki að tefla. Ég fullyrði líka að Alþfl. hefur allan þennan tíma unnið að því af fullkomnum heilindum að reyna að hemja verðbólguna sem stefnir ekki aðeins hinni veraldlegu, heldur líka hinni andlegu velferð þessarar þjóðar í hættu.

En hvað er það þá sem hefur brugðist? Hvað er það

sem er að? Við því er ekkert eitt svar. Okkar stjórnkerfi og okkar flokkakerfi, þar sem enginn einn flokkur hefur meiri hl., — þrátt fyrir óskhyggju sjálfstæðismanna í þá veru sem kom hér fram áðan og styðst væntanlega ekki við nein rök, — er kerfi samsteypustjórna, kerfi stjórna tveggja eða þriggja flokka. Staðreyndin er sú, að þriggja flokka stjórnir, sem stundum eru ill nauðsyn, eru ákaflega gallaðar. Það sér hver maður að það gerist ekki sársauka- eða hljóðalaust þegar þrír fyrrum fjendur með margháttaðan skoðanaágreining eiga allt í einu að koma sér saman um alla skapaða hluti. Meginorka slíkrar stjórnar fer í að koma sér saman um einföldustu atriði. Vinnufriður verður lítill. Tíminn fer í að leysa raunveruleg og ímynduð vandamál sem oftast eða oft eru sprottin af pólitískri afbrýðisemi vegna kosningaúrslita.

Auðvitað þykir okkur Alþfl.-mönnum að samstarfsflokkar okkar í ríkisstj. hafi skaddað og skemmt okkar góðu stefnu í efnahagsmálum og þar með gert viðleitnina til að draga úr verðbólgunni að litlu sem engu. Okkur finnst að þeir hafi þvælst fyrir og tafið og eyðilagt á stundum myndun samræmdrar stefnu í efnahagsmálum sem Alþfl. lagði fram í frv. sínu í vetur. Þar átti Alþfl. óumdeilanlegt frumkvæði. Útkoman, endanlegt frv. sem ekki var svo samþ. fyrr en í aprílbyrjun, var hins vegar útþynnt og allt of síðbúin. Hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson sagði í umr. um það frv., ekki einu sinni, heldur tvisvar, að nú væri kominn tími til að menn stæðu við stóru orðin frá því í kosningabaráttunni um að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Þetta er auðvitað rétt, þessi tími er löngu kominn. En við erum þeirrar skoðunar, að hjá samstarfsflokkunum, einkum þó Alþb., hafi þennan vilja skort. Orð og gerðir þeirra í þessari stjórn bera þess ekki vitni að það sé vilji þeirra, raunverulegur vilji, að ráðast gegn verðbólgunni. Þetta er auðvitað miður, en staðreynd er þetta engu að síður sem ekki verður undan skotist. Og hvað er þá fram undan? Ófriður á vinnumarkaði, — og ekki eru það hinir lægst launuðu núna sem þar valda um. Sérhagsmunahóparnir, sem hafa aðstöðu, beita henni og sjást hvergi fyrir.

Verðbólgan er á fullri ferð og herðir á sér verði ekki að gert. Við þm. Alþfl. vorum ekki kjörnir á þing til að kynda elda 50—60% eða hver veit hvað mikillar verðbólgu. Við vorum ekki heldur kosnir á þing til að hlaupa á milli hæða, hlaupa á milli vísitöluþaks og kjallara í kerfi sem er orðið svo flókið að venjulegt fólk er löngu hætt að botna upp né niður í launakerfi eða samningum. Við vorum ekki kosnir til þess og þetta ætlum við ekki heldur að gera.

Í þessum umr. í kvöld hefur verið gerð grein fyrir þeim viðhorfum sem Alþfl. lýsti í ríkisstj. í morgun. Verði á þau fallist og verði hægt að gera till. um 3% hér og 3% þar, kjallara hér og þak þar, þá mun Alþfl. að sjálfsögðu leggja fram nánari og fastmótaðar tillögur. Á þeim mun ekki standa. Um þessi viðhorf eru auðvitað skiptar skoðanir, en þetta er það sem við teljum að þurfi að gera.

Ein af meginorsökum þess, hvernig nú er komið, er að um mörg undanfarin ár hefur það haldist, að menn hafa gert óraunhæfa samninga í trausti þess að ríkisstj. sæi um að borga bakreikninginn. Þessu verður að linna. Semjendur verða að standa ábyrgir gerða sinna. Bakreikningana verða þeir að greiða sjálfir.

En það, hvernig komið er í þessu þjóðfélagi, á sér ekki bara þessar orsakir. Þetta eru yfirborðsorsakirnar. Við Alþfl.-menn fjölmargir erum æ meir að hallast að þeirri skoðun, að það kerfi, sem við höfum búið við í áratugi, hafi hreinlega gengið sér til húðar, að kerfið sé ekki lengur nothæft í því þjóðfélagi sem við búum í, ekki hafi tekist að laga það að breyttum tímum og þjóðfélagsháttum. Þetta er djúpstæður vandi sem hlýtur að taka verulegt rúm í allri þjóðmálaumr. hér næstu missiri.

Við þurfum að fara inn á nýjar brautir og gætum að okkar hyggju t. d. gert það með því að breyta stjórnarskrá okkar í þá átt að efla framkvæmdavaldið, gera ljósari mörk milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds. En auðvitað eru þessar hugmyndir ekki fullmótaðar, auðvitað þarf að ræða þær miklu ítarlegar, en áreiðanlega stefna þær þó í rétta átt út úr þeim ógöngum sem við nú erum í.

Það mætti t. d. hugsa sér þetta í þá veru, að forseti landsins væri kjörinn í beinum kosningum á fjögurra ára fresti og færi með núverandi valdssvið forsrh. Hann skipaði síðan með sér 8 einstaklinga í ríkisstj. Hafa mætti svipaðan hátt á um kjör forseta og gerist t. d. í Frakklandi, þar sem fyrst er kosið um marga frambjóðendur, en síðan viku frá fyrri kosningum milli þeirra tveggja er flest atkv. hlutu. Forseti og ríkisstj. færu síðan með framkvæmdavald, Alþingi hefði að sjálfsögðu áfram löggjafarvald og stefnumótun í utanríkismálum, og einnig mætti hugsa sér að þing yrði kosið til fjögurra ára svipað og gert er Noregi, þar sem ekki er heimild til þingrofs.

Ýmsum kunna að finnast þessar hugmyndir næsta byltingarkenndar og kannske óraunhæfar. Þær eru þó engan veginn nýjar af nálinni, því jafnágætir fræðimenn og núv. forsrh. Ólafur Jóhannesson og dr. Gylfi Þ. Gíslason skrifuðu um þær fyrir 35 árum, skömmu eftir lýðveldisstofnunina.

Það kerfi, sem við búum við, er ekki best af því að við höfum búið við það lengi og þekkjum það best. Þvert á móti, okkur er nú svo ljósir gallar þess og ókostir að við hljótum að leita nýrra leiða, og þessar leiðir eru meðal þeirra sem til greina koma og við eigum hiklaust að kanna. Þetta er mál sem við vissulega verðum að hugleiða og skoða, en þarna gætu verið leiðir út úr þeim ógöngum sem íslenskt þjóðfélag hefur ratað í.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið og þakka þeim er hlýddu.

Bjarnfríður Leósdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í síðustu alþingiskosningum hafnaði þjóðin ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, tæki auðvaldsstéttarinnar í landinu til að deila og drottna yfir kjörum almennings.

Við myndun núv. ríkisstj. var ástandið í efnahagsmálum orðið mjög alvarlegt, atvinnutækin að stöðvast og kaupmáttur launa verkafólks á hraðri leið niður á við. Ef þau lög, sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar setti á laun verkafólks, væru enn í gildi mundi eftir- og næturvinna vera orðin á svipuðum taxta og dagvinna.

Fyrsta verk þeirrar nýju ríkisstj., sem tók við völdum s. l. haust í kjölfar alþingiskosninganna, var að gefa út brbl. sem fólu í sér að samningarnir komu að fullu í gildi fyrir allan þorra félagsmanna innan ASÍ. Með þessari lagasetningu lauk 7 mánaða varnarbaráttu verkalýðssamtakanna gegn kjaraskerðingarlögunum frá því í febr. og maí. Þess vegna er það aumkunarvert og næstum hlálegt þegar kaupránspostular Sjálfstfl. gerast nú sérstakir talsmenn verkafólks. Grátsöngur þeirra um að núv. ríkisstj. hafi ekki sett samningana í gildi er svolítið hjáróma.

Þegar ég tala um samningana í gildi fyrir allan þorra félagsmanna innan ASÍ, þá minni ég á þá yfirlýstu stefnu Alþýðusambands Íslands, sem mörkuð var á síðasta Alþýðusambandsþingi, að vísitala skuli mæla upp að vissu marki og síðan vera krónutala þar fyrir ofan. Ég fullyrði að í huga hvers einasta verkamanns er þetta að setja samningana í gildi. Að rétta fólki sem vísitöluuppbætur jafnvel hundruð þúsunda á mánuði, hærri upphæð en sem nemur mánaðarlaunum verkafólks, eins og sannaðist í flugmannadeilunni, er að ofbjóða réttlætiskennd alls almennings, — að vegna hækkana á þjónustu, svo sem rafmagni eða síma eða þá matvöru, t. d. eins og mjólk, eigi hátekjumenn að fá kannske hundruð þúsunda á mánuði til að mæta þessum hækkunum meðan heimili alþýðufólks fær nokkur þúsund.

Í efnahagsfrv. því, sem hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson lagði fram á Alþ. og hv. þm. Vilmundur Gylfason vildi leggja óbreytt undir þjóðaratkvgr., var í kaflanum um vísitölu lagt til að hún skyldi mæla upp úr. Ég held að fæstir séu búnir að gleyma þeim átökum sem urðu hér í þinginu milli stjórnarflokkanna út af þessu frv. og ekki síst ákvæðinu um vísitöluna, þar sem Alþb. stóð við hlið verkalýðshreyfingarinnar gegn þeim breytingum sem á eru orðnar.

Þess vegna er flugmannadeilan ekki orsök eða upphaf að þeim vanda sem við stöndum andspænis nú, heldur afleiðing af rangri stefnu. Kauphækkun þeirra var eingöngu í því fólgin að þakinu var lyft af vísitölunni.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var haft samráð við verkalýðshreyfinguna. Á sameiginlegum fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins og stjórnar landssambanda innan þess í ágústlok 1978 var samþ. að leggja til við verkalýðsfélögin að þau framlengdu kjarasamninga sína í eitt ár eða til 1. des. 1979, án grunnkaupshækkana. Var þetta gert í samhengi við þá yfirlýsingu stjórnarflokkanna að sólstöðusamningarnir tækju gildi 1. sept., en sett yrði þak á greiðslu vísitölu. Í samþykktinni var gengið út frá því, að aðgerðir í efnahagsmálum yrðu ekki látnar skerða kaupmátt launa frá samningum 1977, að allar aðgerðir stjórnvalda miðuðu að því að tryggja fulla atvinnu í landinu, að ríkisstj. hefði fullt samráð við verkalýðshreyfinguna um félagslegar aðgerðir og um aðgerðir í efnahagsmálum, einkum skattlagningu, niðurgreiðslu vöruverðs og annað sem haft gæti veruleg áhrif á kaupmátt launa.

Að undanförnu hefur verðbólgan magnast og miklar verðhækkanir gengið yfir sem ekki er hægt að rekja til hækkana á kaupi almenns launafólks. Nú er ljóst að allir opinberir starfsmenn munu fá 3% grunnkaupshækkun frá 1. apríl að telja. Vísitöluþakið hefur verið afnumið, fyrst með kjaradómi, en síðan með lögum um efnahagsmál, með þeim afleiðingum að þeir launahæstu hafa fengið mestar launahækkanir og launamismunur þannig aukist í þjóðfélaginu.

Við þessar aðstæður getur verkafólk ekki beðið aðgerðalaust. Forsenda samkomulagsins frá því í sept. er brostin. Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur sent frá sér ályktun þar sem hún krefst þess að launakjör verði jöfnuð með kauphækkun til almenns launafólks.

Alþb. hefur lagt fram tillögur innan ríkisstj. um 3% grunnkaupshækkun. Þak verði sett á vísitöluna eins og samkomulagið við verkalýðshreyfinguna var og verðhækkanir stöðvaðar nema vegna erlendra verðhækkana og annarra þeirra hækkana sem ekki verður undan vikist. Þetta verður ríkisstj. að gera til þess að komast aftur á þá braut sem hún markaði í samstarfsyfirlýsingunni við verkalýðshreyfinguna s. l. haust, minnug þess að engin ríkisstj. getur starfað í trássi við verkalýðshreyfinguna í landinu og allra síst sú ríkisstj. sem hefur sett sér það markmið að gæta hagsmuna hennar.

Nú á þessum vordögum, þegar þinghaldi er senn að ljúka, verður mönnum eðlilega hugsað til þess, hvort einhver árangur hafi orðið af starfi þessarar ríkisstj., hvort þm. hafi almennt komist upp úr mógröfunum til þess að sinna vorverkum, eins og þingforseti komst að orði eftir að efnahagsfrv. hæstv. forsrh. var orðið að lögum.

Eitt af vorverkum þingsins var að ljúka afgreiðslu á þeim félagslegu réttindabótum sem ríkisstj. hét í des. s. l. Þessar réttindabætur verða aldrei mældar í prósentum. Þarna er um að ræða mörg þau réttindamál, sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir frá upphafi vega. Eitt mikilsverðasta réttindamálið er lengdur uppsagnarfrestur og aukin réttindi í veikinda- og slysatilfellum. Nú á fólk, sem búið er að vinna í 5 ár hjá sama atvinnurekanda, rétt á allt að þriggja mánaða uppsagnarfresti. Þessi nýmæli bæta mjög úr því algjöra réttleysi sem verkafólk hefur búið við í þessum efnum. Þá hefur verið lögfestur réttur verkafólks til þriggja mánaða dagvinnulauna. Eftir 5 ára starf hjá sama atvinnurekanda getur fólk átt rétt á allt að 6 mánaða launum í veikinda- og slysatilfellum í stað 6 vikna hámarks áður. 40 stunda vinnuviku mun nú ljúka kl. 5 á föstudögum og eftir þann tíma tekur næturvinna við. Því miður tókst ekki að koma því í framkvæmd núna að eftirvinna legðist niður í áföngum, eins og til var ætlast, en það mun takast í næstu lotu.

Mörg fleiri atriði mætti nefna sem horfa til mikilla bóta, svo sem lög um orlof, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot fyrirtækja, heimild til að taka með lögtaki án dóms vanskil á umsömdum greiðslum í sjúkra- og orlofssjóði, og nú liggur á borði þm. frv. til laga um aukin réttindi sjómanna í slysatilfellum og von er á frv. um forgang á greiðslu launa sjómanna áður en útgerð fær greitt úr Aflatryggingasjóði, auk þess frv. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Eitt af vorverkum þingsins er að lagt hefur verið fram frv. til laga um eignarupptöku ríkisins á Deildartunguhver til að nýta orku hans til hitaveitu fyrir Akranes og byggðir Borgarfjarðar. Þetta mál er búið að veltast allt of lengi til tjóns fyrir alla aðila. Nú hefur hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson tekið af skarið og lagt til þjóðnýtingu á þessum orkugjafa. Það ætti að vera forgangsverkefni þessarar ríkisstj. að nýta innlenda orku til að hita upp allt húsnæði á Íslandi.

Eftir síðustu olíuhækkun verður hitakostnaður þeirra, sem verða að hita íbúðir sínar með olíu, ofviða mörgum heimilum, þrátt fyrir það að olíustyrkurinn hefur nú verið hækkaður verulega.

Hjá ríkisstj. liggur fyrir till. frá ráðh. Alþb. um að þjóðnýta olíusöluna. Hæstv. viðskrh. Svavar Gestsson skýrði frá því í sjónvarpsumr. nú fyrir stuttu, að gróði og afskriftir olíufélaganna hefðu verið á árunum 1968—1977 27 milljarðar. Væri þessu fé ekki betur varið t. d. til að greiða niður olíuverð sem er að sliga niður skipaflota landsmanna, fyrir utan þá sem kynda hús sín með olíu.

Nú liggur fyrir vegáætlun þar sem engar stórfram-

kvæmdir eru fyrirhugaðar í vegagerð. Þessi gróði olíufélaganna er stærri upphæð en framreiknaður kostnaður á núverandi verðgildi Borgarfjarðarbrúar, vegarins til Keflavíkur, að Selfossi, yfir Skeiðarársand og brúar á Ölfusá. En þetta er aðeins eitt dæmi um það, hvernig einkagróðinn er látinn ganga fyrir sameiginlegum hagsmunum þjóðarinnar.

Almennt launafólk í landinu væntir sér nokkurs af þessari ríkisstj. Þrátt fyrir þau mistök, sem orðið hafa í stjórnarsamstarfinu og vegna utanaðkomandi áfalla, eins og olíuhækkunarinnar, er það enn von verkafólks að þessi stjórn haldi áfram, því þrátt fyrir alla erfiðleika hefur henni enn þá tekist að halda kaupmætti launa verkafólks. Í fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar frá því í apríl s. l. kemur fram að kaupmáttur þessa fólks er sá sami og samið var um í sólstöðusamningunum 1977. Ef ríkisstj. tekst að koma sér saman um stefnu sem felur í sér aðgerðir sem halda hlut verkafólks, stemmir stigu við launaskriði hálaunahópa með því fyrst og fremst að koma þeim undir vísitöluþak og heldur í við verðhækkanir mun hún eiga vísan stuðning verkalýðshreyfingarinnar.

Herra forseti. Ég mun ljúka máli mínu með þeirri frómu ósk, að fagleg og pólitísk verkalýðsbarátta megi standa af sér arðræningjans galdur. — Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég mun fyrst fara nokkrum orðum um fjármál ríkisins og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979.

Fyrst er að taka fram að ríkissjóður hefur verið að safna skuldum á s. l. árum. Við síðustu áramót námu skuldir ríkissjóðs samtals rúmum 26 milljörðum kr. Greiðsluhalli á árinu 1978 nam 6.7 milljörðum þegar greiddir höfðu verið 3.4 milljarðar upp í skuldir við Seðlabankann. Skuldaaukning s. l. árs nam því rúmum 3 milljörðum kr. Auk þess voru erlendar skuldir ríkisins færðar upp í krónum og höfðu aukist um 7.5 milljarða. Hér er ekki um viðbótarskuld að ræða, heldur hækkun í innlendum krónum vegna lækkandi gengis. Ríkisskuldirnar hækkuðu því á s. l. ári um 11 milljarða kr. Ef skuldastaða í árslok 1977 er miðuð við tekjur ríkissjóðs það ár reyndust skuldirnar 15.6% af tekjunum. Sambærileg tala fyrir árið 1978 er 17%.

Það má öllum vera ljóst, að óskynsamlegt er að auka ríkisskuldirnar frá því sem nú er. Mér sýnist að vextir af skuldum ríkissjóðs nálgist 5% af tekjunum. Auk þess verður ríkissjóður að greiða vexti og afborganir af framkvæmdum við Kröflu sem nema á þessu ári 2.4 milljörðum kr. Þetta er nýr útgjaldaliður á fjárlögum. Þessari þróun mála verður að snúa við. Alþ. og ríkisstj. verða að breyta um stefnu ef ekki á illa að fara.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð 1. sept. s. l. blasti við fjölþættur vandi í efnahags- og atvinnumálum sem dregist hafði um langan tíma að leysa. Þessi vandi var fyrst og fremst afleiðing vægðarlausrar kröfugerðar og langvinnrar verðbólgu. Ríkissjóður tók þá á sig mikla fjárhagsbyrði og hluta af verðbólguvandanum var breytt í ríkisfjármálavanda. Það var m. a. þessi vandi, ásamt nokkrum óvenjulegum málum sem kosta ríkissjóð stórfé, sem gerði afgreiðslu fjárlaganna erfiða. Að mínu mati er það ein af forsendum árangurs í viðnámi gegn verðbólgunni að jöfnuður náist á þessu ári í ríkisfjármálum og auk þess verði sú skuld, sem stofnað var til s. l. haust vegna efnahagsráðstafana, greidd að fullu.

Frv. til fjárlaga var byggt á þessari stefnu og samið með það fyrir augum að það mundi að öðru leyti vinna gegn verðbólgunni, vera hagstjórnartæki í þeirri baráttu. Höfuðeinkenni þeirrar stefnu, sem fjármálaafgreiðslan boðaði, fólst í verulegum tekjuafgangi fjárlaganna, auk þess sem ríkisstj. hefur heimild til að skera ríkisútgjöldin niður um 1 milljarð króna. Ég geng mjög ríkt eftir að þessi samþ. verði framkvæmd og mun gefa Alþ. skýrslu um með hverjum hætti það verður gert. Ljóst er þó að verulegar launahækkanir skella á ríkissjóð umfram það sem gert var ráð fyrir. Þar má nefna almennt hækkandi launakostnað, afnám verðbótaþaks samkv. niðurstöðum Kjaradóms og greiðslu 3% grunnkaupshækkunar opinberra starfsmanna.

Á þessu stigi skal ég ekki spá neinu um það, hve aukin umsvif í þjóðfélaginu og innflutningur skila miklum viðbótartekjum í ríkissjóð, en vel má halda á spilum ef afkoman á að verða viðunandi á árinu.

Þá er varið 19 milljörðum kr. til að greiða niður verðlag á landbúnaðarvörum. Sú ákvörðun að fella niður söluskatt af matvörum rýrir tekjur ríkissjóðs um 5 milljarða. Það verður því varið samtals um 24 milljörðum kr. á þessu ári til þess beinlínis að greiða niður verð á brýnustu nauðsynjavörum. Það eru takmörk fyrir því, hve langt skal ganga í niðurgreiðslum þar sem þær skapa gífurlegt tekjuöflunarvandamál. Nýsett lög um stjórn efnahagsmála mæla fyrir um takmarkaðar niðurgreiðslur.

Mikilla tekna er aflað með beinum sköttum, einkum á tekjuháa aðila í þjóðfélaginu. Þetta er öðrum þræði gert beinlínis vegna þess að beinu skattarnir ganga ekki inn í vísitölugrundvölllinn, eins og kerfið er, og skrúfa því ekki sjálfkrafa upp kaupgjald og verðlag. Með aukinni skattheimtu er dregið úr eftirspurn og þenslu í efnahagslífinu. Ég fullyrði að ekki er gengið lengra í skattheimtu en nauðsyn ber til. Við þessar hættulegu og óvenjulegu aðstæður í íslensku efnahagslífi verður ekki komist hjá því að tryggja afkomu ríkissjóðs. Það verður að vera þýðingarmikill þáttur nýrrar efnahagsstefnu.

Þá verður dregið lítillega úr opinberum framkvæmdum samkv. fjárlögum og úr framlögum ríkisins til fjárfestingar í atvinnulífinu. Þetta er gert til að draga úr spennunni í efnahagsmálum til að minnka verðbólguna. Að gefnu tilefni vil ég þó geta þess, að Byggðasjóður hefur til ráðstöfunar á þessu ári hlutfallslega svipað fé og á síðasta ári.

Að lokum verður um að ræða verulegan samdrátt í rekstrarútgjöldum ríkisins. Hert verður aðhald að því er varðar nýjar stöður í kerfinu og dregið úr kostnaði eins og framast er unnt. Þannig er fjárlögunum ætlað að vinna gegn verðbólgunni, hægja á verðbólguhjólinu.

Afgreiðsla fjárlaganna er því liður í þeirri stefnu að vinna gegn hinni háskalegu verðbólgu sem vegur vægðarlaust að undirstöðum efnahagslífs þjóðarinnar. Það er ekki vandalaust verk að vinna að fjárlagagerð við núverandi aðstæður í efnahagsmálum. Það er allt of mikil hreyfing og óvissa um framtíðina. Eigi að síður tókst samvinna um afgreiðslu fjárlaga sem ég var eftir atvikum ánægður með. Ég er hins vegar ekki eins ánægður með sumt af því sem síðar hefur gerst. En það er önnur saga.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. var samþ. á ríkisstjórnarfundi 1. febr. s. l. Í fyrradag var endanlega

afgreitt sem lög frá Alþ. frv. um heimildir til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna áætlunarinnar. Í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. eru sérstök ákvæði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. Þar er t. d. lögfest að ríkisstj. leggi fyrir Alþ. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn og hún skuli fylgja fjárlagafrv. Markmið slíkrar áætlunar á samkv. lögunum að vera að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum og að fjármagi sé beint til þeirra framkvæmda sem skila mestum arði í þjóðarbúið. Að sjálfsögðu ber ætíð að taka ríkt tillit til félagslegra sjónarmiða. Síðan eru mörg ákvæði í lögunum um áætlunina, bæði undirbúning hennar og meðferð svo og hvað í henni skuli felast. Ég álít að þessi nýsettu efnahagslög verði til mikilla bóta í hagstjórn, þótt þau leysi vissulega ekki allan okkar vanda.

Samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður heildarfjárfestingin í landinu innan við fjórðung af þjóðarframleiðslu 1979 samanborið við 26—27% árið 1978. Áætluð fjárfesting á árinu nemur yfir 180 milljörðum kr. Hér er um það að ræða að draga heldur úr fjárfestingunni til þess að minnka spennuna í efnahagsmálum og reyna á þennan hátt að draga úr verðbólgunni án þess þó að samdrátturinn leiði til atvinnuleysis.

Ég vil vekja athygli á því, að þessi meginstefna og rökstuðningur fyrir henni hefur ekki sætt gagnrýni af hálfu stjórnarandstöðunnar. Ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni endurskoða fjárfestingaráætlanir í orkumálum með hliðsjón af olíuverðshækkunum til þess að hraða framkvæmdum sem spara olíunotkun. Hins vegar verður við það miðað að heildarfjárfestingin verði innan við 25% af þjóðarframleiðslu á árinu.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er lögð á það áhersla að stefnt verði að jöfnuði í viðskiptum við útlönd og dregið verði úr erlendum lántökum. Á þessu ári munu áætlaðar nettólántökur minnka ef miðað er við útflutningstekjur og verga þjóðarframleiðslu. Greiðslubyrði erlendra lána mun hins vegar verða svipuð og verið hefur undanfarin ár.

Árið 1978 var að mörgu leyti hagstætt ár, framleiðslustarfsemi í meðallagi og eðlilegt jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Það, sem þó setti svip á þróun efnahagsmála ársins, var hin hrikalega verðbólga sem magnaðist fram eftir árinu m. a. fyrir áhrif óraunhæfra kjarasamninga sem mögnuðu víxlgang kaupgjalds og verðlags svo mjög að verðbólgan var komin yfir 52% í ágústlok

Ég vil minna sjálfstæðismenn á það, að svona var komið eftir 4 ára forustu þeirra í ríkisstj. Fyrir áhrif fyrstu aðgerða ríkisstj. í byrjun sept. og ráðstafana 1. des. tókst að lækka verðbólguna niður í 38% í árslok.

Í baráttunni við verðbólguna verður að beita samræmdum aðgerðum í efnahagsmálum nánast á öllum sviðum hagstjórnar. Löggjöfin um stjórn efnahagsmála o. fl. markar tímamót í þessum efnum. Þar er einmitt að finna lögfestingu á nauðsyn samræmdrar hagstjórnar. Ríkissjóð þarf að reka hallalaust, fjárfestingu verður að stilla í hóf, án þess að skapa atvinnuleysi. Útlánaaukningu bankakerfisins og fjárfestingarlánasjóðanna verður að halda innan við áætlaða aukningu þjóðarframleiðslu. Þá verður að flýta framkvæmd á lögum um stjórn efnahagsmála o. fl., m. a. ákvæðum um verðtryggingu inn- og útlána.

En allt er þetta unnið fyrir gýg ef stefnan í kjaramálum er ekki einnig samræmd öðrum þáttum efnahagsmála og heildarkjarasamningar gerðir innan þeirra kostnaðarmarka sem efnahags- og atvinnulífið þolir hverju sinni. Líkja má hinu margþætta efnahagskerfi við keðju, hún verður ekki sterkari en veikasti hlekkur hennar.

Það eru vissulega fleiri mál en launamál sem valda verðbólgunni, en launamálin hafa mjög mikla þýðingu í þessum efnum, sérstaklega vegna vísitölukerfisins.

Framsfl. hefur markað ákveðna og skýra stefnu í efnahagsmálum. Hann telur að miklar hækkarnir launa við núverandi aðstæður leiði til nýrrar öldu óðaverðbólgu og öngþveitis í þjóðfélaginu. Við leggjum ríka áherslu á kaupmáttarstefnu í launamálum, en teljum krónutölukauphækkun gagnslausa ef hún kafnar í óstöðvandi verðbólguflóði. Kaupmáttarstefnan byggir á því að halda verðbólgunni niðri og tryggja á þann hátt kaupmátt launanna. Þessi stefna stuðlar að örari uppbyggingu atvinnulífsins og hefur alls staðar í heiminum hraðað framförum og hagstæðri framvindu efnahagsmála og efnahags almennings. Þegar til lengdar lætur tryggir hún betri kjör og traustari afkomu og meira réttlæti í efnahagsmálum.

Við leggjum áherslu á að gildandi vísitölukerfi hafi reynst mjög verðbólguhvetjandi og magnað víxlhækkun kaupgjalds og verðlags umfram það sem kerfið þolir. Verulegur árangur á sviði efnahagsmála er því að okkar mati nátengdur breyttu vísitölukerfi sem taki m. a. mið af því, að breytingar á óbeinum sköttum og niðurgreiðslum hafi ekki áhrif á verðbótavísitölu launa, vísitölubætur taki einnig mið af breytingu viðskiptakjara og tímabil milli verðbótadaga verði fyrst um sinn lengt frá því sem nú er.

Nokkur árangur náðist við setningu efnahagslaganna, en þó hvergi nærri nægur. En að þessum umbótum þarf að vinna áfram. Allir stjórnmálaforingjar á Íslandi hafa fordæmt þetta vísitölukerfi, meira að segja Lúðvík Jósepsson, sem sagði orðrétt í ræðu á Alþ. sumarið 1974, „að okkar vísitölukerfi, eins og það nú er, fái ekki staðist á slíkum verðsveiflutímum eins og nú ganga yfir.“ En verðsveiflur hafa magnast um allan helming frá þeim tíma sem þetta var sagt.

Ég er því þeirrar skoðunar, að við Íslendingar náum ekki tökum á efnahagsmálunum nema vísitölukerfið verði afnumið. Staða efnahagsmálanna á s. l. hausti var á hættulegu stigi: yfir 52% verðbólga í landinu, skuldasöfnun hjá ríkissjóði og yfir vofði stöðvun atvinnulífsins. Það þarf mikið átak til þess að snúa þessu við. Það tekur sinn tíma að ná viðunandi árangri. Við s. l. áramót var verðbólgan komin niður í 38%, en þar við má ekki stansa og nú eru hættulegar blikur á lofti.

Þau viðhorf, sem blasa við í efnahagsmálum þjóðarinnar, kalla á skjótar og hiklausar aðgerðir. Ríkisstj. og Alþ. eru valin til að stjórna landinu. Ríkisstj. á að stjórna, en ekki að láta stjórna sér. Ef hún getur ekki stjórnað á hún að fara frá og önnur taka við. Ríkisstj. á að hafa kjark til að takast á við vandann.

Ég er þeirrar skoðunar, að ríkisstj., Alþ. og aðilar vinnumarkaðarins eigi um tvo aðalkosti að velja. Annar kosturinn er leið Sjálfstfl., að láta vinnumarkaðinn algjörlega um samninga um kaup og kjör, láta sem sé skeika að sköpuðu.

Farmenn fara fram á miklar kauphækkanir. Sama er að segja um mjólkurfræðinga. Fleiri munu koma í kjölfarið og knýja fram kröfur sem kunna að enda í 100%

verðbólgu á næsta ári, eins og Vinnuveitendasambandið spáir. Ef hálaunahópar brjótast áfram með miklar launahækkanir, er þá eðlilegt að láglaunamenn haldi að sér höndum? Ég held ekki. Það er hárrétt hjá dómsmrh., að þessi leið, sem sjálfstæðismenn prédika nú, er nákvæmlega sú sem leiddi til heimskreppunnar miklu. Í Bandaríkjunum var það umbóta- og skipulagsstefna Roosevelts forseta sem batt enda á kreppuna. Ég vek athygli á því, að Sjálfstæðisfl. talar nú þvert á það sem hann gerði fyrir ári þegar hann var í forustu í ríkisstj.

Hinn kosturinn er sá, að Alþ., ríkisstj. og aðilar vinnumarkaðarins hafi samstöðu um að stöðva þessa óheillavænlegu þróun. Æskilegast væri að það yrði gert með samkomulagi, en ég álít að ríkisstj. hljóti að verða að hafa forustu í þessum málum því ella er veruleg vá fyrir dyrum í efnahagslífi þjóðarinnar sem kann að hafa alvarleg og örlagarík áhrif á afkomu manna á næstu mánuðum og missirum. Fyrst verður að koma í veg fyrir almennar grunnlaunahækkanir umfram 3% a. m. k. fram að áramótum. Það þarf að skapa viðspyrnu og svigrúm til þess m. a. að undirbúa nýja heildarkjarasamninga frá áramótum til tveggja ára til þess að skapa staðfestu í íslenskum efnahagsmálum.

Þetta er aðalatriði þeirrar stefnu sem Framsfl. vill marka í þeirri hættulegu stöðu efnahags- og atvinnumála sem þjóðin stendur nú andspænis. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Efri deild, 108. fundur.

Föstudaginn 18. maí, kl. 2 miðdegis.

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 779). — 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Í forföllum formanns samgn. Ed., hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, hef ég verið beðinn um að flytja stutta framsögu fyrir því frv., sem hér er á þskj. 779, um landflutningasjóð, og gera grein fyrir því, hvernig á tilkomu þess stendur.

Fyrr í vetur lagði samgrh. fram hér í hv. Ed. frv. til l. um landflutningasjóð, sem átti að stuðla með lánveitingum að bættum vöru- og fólksflutningum með stórum bifreiðum. Úr þessum sjóði átti að lána til þriggja aðila, þ. e. a. s. sérleyfishafa og hópferðaleyfishafa, til eigenda vöruflutningabifreiða í reglubundnum akstri á langleiðum og til eigenda leigubifreiða til vöruflutninga.

Í samgn. kom mjög skýrt fram, að tveir þeir aðilar sem þarna voru tilnefndir, þ. e. a. s. sérleyfis- og hópferðaleyfishafar og eigendur leigubifreiða til vöruflutninga, höfðu mjög mikið við stjfrv. að athuga eins og það kom frá rn. og vildu fá gerbreytingu á því, bæði varðandi tekjur og eins skýrari ákvæði um lán úr þessum sjóði, ef þeir ættu eða vildu vera aðilar að honum. Ég verð að segja að þetta olli mér allmiklum vonbrigðum, því að svo sterkar óskir höfðu áður komið frá þessum aðilum um að stofnlánasjóður yrði myndaður til að auðvelda þeim kaup á vinnutækjum sínum og einmitt í því skyni var sú till. flutt sem við fluttum nokkrir þm. fyrir nokkrum árum og er hvatinn að þessu frv.

Hins vegar kom í ljós að landssamband vörubifreiðastjóra á flutningaleiðum, Landvari, vildi mjög gjarnan fá þennan sjóð lögfestan, að vísu með þeirri breytingu að tekjur landflutningasjóðsins yrðu 1% gjald af starfsemi þeirra aðila, sem eiga og reka bifreiðar til skipulagsbundinna vöruflutninga um landið, í stað 2% sem upphaflega frv. gerði ráð fyrir.

Samgn. féllst einróma á að flytja þetta frv. fyrir vörubifreiðaeigendur eina, þó að nm. séu enn þeirrar skoðunar að stefna beri að því í framtíðinni að mynda landflutningasjóð fyrir alla þá aðila sem um er rætt í stjfrv. Vörubifreiðaeigendur hafa hins vegar sýnt málinu mestan áhuga, vilja gjarnan að það nái fram að ganga og hafa sýnt okkur fram á og sannað að þeir eigi þar ríkra hagsmuna að gæta, ríkari en aðrir. Því hefur samgn. ákveðið að einskorða frv. við þessa aðila eina, þ. e. a. s. eigendur vörubifreiða á langferðaleiðum, og ákveða tekjur sjóðsins, framlög og aðra þætti með tilliti til þess að aðeins sé um einn aðila að ræða í staðinn fyrir þá þrjá sem áður voru.

Ég hygg að ég þurfi ekki að hafa um frv. fleiri orð, en legg til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. Kannske er rétt að vísa því til samgn. sérstaklega ef aths. koma fram, en það er hins vegar óþarfi — læt ég þó forseta eftir að dæma það því að frv. er af samgn. flutt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, frv. (þskj. 797). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Þetta frv. er nokkuð sambærilegt við það síðasta sem verið var að afgreiða hér til 2. umr., því að það er flutt af fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Fyrir n. hefur legið að undanförnu frv. til l. um breyt. á lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, um að stofna þar sérstakan sjóð til að styrkja fiskrækt. Það varð niðurstaðan eftir umr. í fjh.- og viðskn., að eðlilegra væri að efla heldur Fiskræktarsjóð sem hefur þetta hlutverk á hendi hvort sem er, og þess vegna er þetta frv. til l. um breyt. á lögum um lax- og silungsveiði flutti hér. Það er efnislega samhljóða hinu að því leyti að gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Fiskræktarsjóði til 900 millj. kr. á næstu 5 árum og auk þess er sjóðnum heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að taka lán til starfsemi sinnar.

Það er sérstök ástæða nú til að flytja þetta mál, þar sem á það hefur verið bent að fiskrækt kynni að vera leið til að auka fjölbreytni í landbúnaði og koma að einhverju leyti í staðinn fyrir þær búgreinar sem um stundarsakir að undanförnu a. m. k. hafa verið nokkrir erfiðleikar á að selja allar framleiðsluvörurnar frá. Enn þá vantar meiri tilraunir á þessu sviði, en þó vantar sérstaklega fjármagn til þess að þeir, sem áhuga hafa á þessu og hafa sýnt mjög mikið framtak sumir hverjir í brautryðjendastarfi, geti haldið áfram starfi sínu. Ég held að það sé því tvímælalaust að þarna sé mjög þörfu máli hreyft.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr., en af sömu ástæðum og með málið sem rætt var hér á undan sé ég ekki ástæðu til þess að vísa því aftur til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Sala notaðra lausafjármuna, frv. (þskj. 88, n. 799, 800). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur verið með þetta mál í athugun nokkurn tíma og hefur fengið umsagnir frá tveimur aðilum, Bílgreinasambandinu og viðskrn., sem lýsa yfir stuðningi við frv.

Á undanförnum árum, sérstaklega hér á aðalþéttbýlissvæði landsins, hefur þróast margvísleg verslun með bifreiðar, innanstokksmuni og annan varning. Á þessu sviði hafa orðið umfangsmikil viðskipti og mikil velta, sem þar gerist, og kaupendur þessara muna þurfa að hafa vissa tryggingu fyrir því, að þeir, sem um þessa verslun sjá, fari að öllu eftir settum reglum í þjóðfélaginu. Það hefur einnig borið við að slíkar verslanir geta, ef þær eru ekki undir opinberu lágmarkseftirliti, verið vettvangur þar sem menn reyna að koma í sölu stolnum varningi af ýmsu tagi. Fyrir þá sök og með margvíslegum öðrum rökstuðningi telur n. nauðsynlegt að samþykkja frv., þannig að lög séu sett sem tryggja að allir þeir, sem fást við verslun af þessu tagi, þurfi að fá sérstakt leyfi til þess og þeim beri að halda skrá yfir varninginn svo að gögn verslunarrekstrarins séu þannig að ef á þarf að halda sé hægt að hafa nauðsynlegt eftirlit með starfseminni. N. finnst aftur á móti að í 6. og 7. gr. frv. sé of ítarlega að málum kveðið og heppilegra sé að setja um þau atriði, sem þar eru nefnd, sérstaka reglugerð og beitir sér þess vegna fyrir brtt. og flytur þær á þskj. 800. Brtt. eru fólgnar í því, að í stað 6. og 7. gr. komi ný grein, 6. gr., þar sem ráðh. er veitt heimild til að ákveða að skrá skuli halda um allan varning sem veitt er viðtaka til endursölu, hvort sem hann er keyptur eða tekinn til umboðssölu. Í samræmi við þessa efnisbreytingu er nauðsynlegt að breyta einnig í 5. gr. orðinu „tölusettur" í skráður, en prentvillupúkinn mun hafa komist í þskj. 800 á þann veg að strika út úr handritinu eitt orð. 1. liður á því að hljóða á þann veg: „Við 5. gr. Í stað orðsins „tölusettur" komi: skráður", en þetta hefur fallið niður í prentun. Mun ég samkv. ábendingu hæstv. forseta d. flytja sérstaka skrifl. brtt. þar sem þessi prentvilla er leiðrétt.

N. leggur að öðru leyti til að frv. verði samþ. með áorðnum breytingum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 808) samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 808 og 800,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 800,2 (ný gr. í stað 6.—7. gr., verður 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

8.—11. gr. (verða 7.—10. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 795). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Svo er mál með vexti, að fram hefur verið lagt í hv. d. frv. til l. um barnalög, sem að vísu verða ekki afgreidd á þessu þingi. Það frv., sem hér er um að ræða, er fylgifrv. með því frv.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa um þetta langt mál. Rétt þótti að bæði frv. yrðu sýnd nú. Frv. til barnalaga er ákaflega mikill bálkur og hefur reyndar verið lagt fram nokkrum sinnum, en þótt orðið sé svo áliðið þings sem nú er þótti rétt að leggja það fram enn einu sinni með nokkrum breytingum, þannig að það mætti sýna og skoða fram á haustið þegar málinu verður hreyft að nýju. Get ég haft sömu orðin fyrir því frv. sem er hér til umr. Það er, eins og ég sagði, fylgifrv. með frv. til barnalaga.

Eins og segir í aths. við lagafrv. hefur þótt rétt að meginreglan um forsjá barna sé í frv. til barnalaga. Því er lagt til í frv. þessu að breytingar verði gerðar á lögum nr. 60/1972 til samræmis við þær reglur sem fólgnar eru í frv. til barnalaga.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en legg til að að lokinni þessari umr., herra forseti, verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Dómvextir, frv. (þskj. 486). — 3. umr.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Þetta mál var afgreitt frá hv. allshn. með meðmælum eins og það kom frá Nd., en því hafði verið breytt verulega þar. Nú kom fram í áliti Lögmannafélags Íslands að örðugt mundi að framkvæma fyrirmæli frv. og laganna, ef að lögum yrði, eins og málið lá fyrir þegar það kom til hv. deildar. Nú er það vitanlega mikið atriði að mögulegt sé að framkvæma lög sem sett eru á Alþ., og maður skyldi ætla að lögmenn og dómarar væru sérstaklega dómbærir á það. Það er ekki neinn ágreiningur frá þeirra hálfu um að æskilegt sé að setja ákvæði í lög um þetta atriði heldur einungis um hversu þau skuli forma.

Í samráði við flm. málsins í Nd. leitaði ég til fjögurra lögmanna: Stefáns Más Stefánssonar prófessors, Hrafns Bragasonar borgardómara, enn fremur til Baldurs Guðlaugssonar og Jóns Finnssonar, og bað þá að fara yfir málið og móta hugmyndir sínar um nauðsynlegar breytingar á orðalagi lagagreinarinnar. Þeir höfðu áður rætt þetta sín á milli, ræddu það á stuttum fundi með mér og flm. fyrir fáum dögum og tóku sér síðan tíma og hittust — þessir menn sem ég nefndi — og ræddu þetta enn á ný og mótuðu till. um breytingu á orðalagi frvgr. Nú höfum við ekki formlega gengið frá þessu í hv. allshn., en ég hef náð til flestra nm. og mér virðist þeir flestir ásáttir með afgreiðslu á þessa lund.

En brtt. sú, sem ég mun leggja fram hér skriflega, með

leyfi hæstv. forseta, er þó ekki frá n., heldur frá mér einum. Og hún er svo hljóðandi:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Dómari skal í dómi ákveða eftir kröfu aðila, að dæmdir vextir fyrir tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags skuli vera jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkv. lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómari skal þó ekki verða við slíkri kröfu ef atvik þau, sem getið er í 1. og 3. tölul. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við um aðila, eða ef þegar hefur verið tekið tillit til verðbólgu við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útivistarmálum, ef stefndi skilar ekki greinargerð.

Þrátt fyrir ákvæði 88. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, má aðili krefjast dómvaxta án þess að nefna vaxtafót."

Þessa till. vil ég leyfa mér að leggja fram skriflega og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég treysti mér ekki til að fara út í lögfræðilegar skýringar á einstökum atriðum hér, en vísa til þess undirbúnings, sem ég áðan greindi, þ. e. þess undirbúnings sem till. hefur hlotið.

Umr. frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 732). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja það frv., sem hér er til umr., frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frv. þetta felur í sér félagslegar ráðstafanir sem er ætlað að bæta úr þeim félagslegu ástæðum sem nú geta samkv. lögum heimilað fóstureyðingu. Með frv. þessu er lagt til að bætt sé úr þessum félagslegu ástæðum með því að gera breytingar á lögum um almannatryggingar. Hér er um að ræða verulega aukna aðstoð við einstæðar mæður og heimildarákvæði um slíkt hið sama til hjálpar konum sem eru í hjúskap eða í sambúð, en eru hjálparþurfi. Skal ég nú gera grein fyrir hinum einstöku greinum þessa frv.

1. gr. fjallar um mæðralaun. Þar er kveðið svo á að mæðralaun skuli vera árlega sem þar segir, eða með einu barni 200 þús. kr., með tveim börnum 500 þús. kr. og með þrem börnum eða fleiri 800 þús. kr. Hér er um að ræða verulega breytingu frá gildandi lögum og er það með tvennum hætti: Í fyrsta lagi eru mæðralaunin stórlega hækkuð frá því sem nú er. Auk þess er breytt hlutföllum á mæðralaunum milli konu með eitt barn og konu með tvö börn og svo konu með þrjú börn eða fleiri, þ. e. a. s. hækkunin er mest þegar um eitt barn er að ræða og það er einnig veruleg hækkun þegar um tvö börn er að ræða.

Til glöggvunar skal þess getið, að samkv. lögum voru mæðralaun 1. mars 1978 57 264 kr. með einu barni. Hér er lagt til að þau verði 200 þús. kr. Með tveim börnum voru mæðralaun samkv. gildandi lögum 1. mars 1978 310 836 kr. Í frv. þessu er lagt til að sú upphæð breytist þannig, að með tveim börnum nemi mæðralaun 500 þús. kr. Samkv. gildandi lögum voru mæðralaun með þrem börnum eða fleiri 1. mars 1979 621 648 kr. Nú gerir þetta frv. ráð fyrir að þau verði hækkuð í 800 þús.

Ástæður til þess að gerð er till. um þessar breytingar eru augljóslega þær, að ekki verður með neinum hætti talið að það sé nóg að gert í þessum efnum samkv. gildandi lögum. Það sjá menn best með því að líta á þær tölur, sem ég hef hér gert grein fyrir, upphæð mæðralauna miðað við 1. mars. s. l.

Ég kem þá að 2. gr. frv. Hún stendur sér og hún er á þá leið, að gert er ráð fyrir að það komi ný grein í lög um almannatryggingar sem hljóði svo:

„Greiða skal einstæðri móður óskerta dagpeninga samkv. 33. gr. (er verður 34. gr.) í 90 daga eftir barnsburð, enda njóti hún ekki orlofsfjár vegna barnsfæðingar."

Við minnumst þess, að nú eru gildandi lög um að konur þær sem eru í verkalýðssamtökunum, og konur í opinberri þjónustu hafa sérstakt fæðingarorlof. En ekki hafa allar íslenskar konur fæðingarorlof, og það er svo um þær konur sem eru mest þurfi fyrir aðstoð í þessu formi. Þar er um að ræða einstæðar mæður. Þetta ákvæði miðar að því að tryggja að undir öllum kringumstæðum fái einstæðar mæður sérstaka greiðslu í 90 daga eftir barnsburð. En þá er gert ráð fyrir, að konan njóti ekki orlofsfjár vegna barnsfæðingar samkv. öðrum ákvæðum laga. Þetta er um 2. gr. frv.

Ég kem þá að 3. gr. frv og vil segja um hana, sem reyndar á við 4. gr. frv. líka, að samkv. þeim greinum báðum eru teknar upp nýjar bætur til einstæðra mæðra sem nú er ekki fyrir að fara í íslenskri löggjöf. Litið er á það, að einstæð móðir verður við fæðingu barns oft eða oftast fyrir ákveðinni röskun á stöðu og högum. Ekki er óeðlilegt að hin einstæða móðir njóti aðstoðar til þess að mæta þessu. Við gerum slíkt í öðrum tilfellum. Við höfum t. d. sérstakan ekkjulífeyri þegar kona missir maka sinn. Það er hugsað til þess að aðstoða konuna vegna þeirrar röskunar á stöðu og högum sem það hefur fyrir hana að missa eiginmanninn. Af svipuðum ástæðum þykir mér rétt að veita aðstoð til einstæðrar móður til þess að bæta henni upp röskun á stöðu og högum sem hún verður fyrir — og getur orðið með margvíslegum hætti — við barnsfæðingu. Samkv. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að þær bætur, sem gert er ráð fyrir af þessum ástæðum til einstæðrar móður, séu jafnháar og ekkjubætur samkv. 1. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga. Þessum bótum á ekkjan rétt á í 6 mánuði. Ég geri ráð fyrir að hin einstæða móðir hafi rétt til bóta jafnlangan tíma.

Í 17. gr. almannatryggingalaga er svo í framhaldi af ákvæðum um ekkjubætur, sem ég hef hér vikið að, ákvæði um að ef bótaþegi eigi barn yngra en 17 ára á framfæri sínu eigi hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar. 4. gr. þessa frv. mælir svo fyrir, að hin einstæða móðir skuli undir sömu kringumstæðum, þ. e. a. s. ef barn innan 17 ára er fyrir á framfæri hennar, eiga rétt á hinum sérstöku bótum í 12 mánuði til viðbótar eins og ekkjan.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ný grein komi inn í lög um almannatryggingar þar sem verði tekin upp sérstök heimildarákvæði til aðstoðar í fyrsta lagi við einstæða móður og í öðru lagi við konu í hjúskap eða í sambúð undir vissum kringumstæðum. Hvað varðar konu sem er einstæð móðir er svo kveðið á í 1. mgr. 5. gr. frv., að þegar niður falli bætur þær, sem ég var að gera grein fyrir og eru samkv. 3. og 4. gr. frv., sé tryggingaráði heimilt að greiða einstæðri móður allt að fullum lífeyri einstaklings

samkv. 11. gr. almannatryggingalaga ásamt tekjutryggingu samkv. 19. gr. Hér er sett inn heimildarákvæði sem að sjálfsögðu er ekki gert ráð fyrir að verði notað nema undir vissum aðstæðum, þ. e. a. s. að það sé nauðsynlegt til aðstoðar við hina einstæðu móður.

Hér er vitnað til lífeyris einstaklings samkv. 11. gr. laga um almannatryggingar, þ. e. a. s., eins og segir í skýringum með frv., að gert er ráð fyrir að upphæð þessara bóta sé sem svarar til þess sem segir í 11. gr., en þar eru ákvæði um ellilífeyri. En ellilífeyririnn er mismunandi, svo sem kunnugt er, eftir því hvort hann er fyrst tekinn við 67 ára aldur eða 72 ára aldur eða einhvers staðar þar á milli. Það er ekki ástæða að mínu viti til að kveða nánar á um hve upphæðin á að vera há. Samkv. heimildarákvæðinu í 1. mgr. 5. gr. frv. hefur tryggingaráð í hendi sér að meta það. En þó þykir mér líklegt, þar sem er um heimildarákvæði að ræða, að þetta mundi ekki fara yfir lægsta flokk ellilauna, þ. e. ef miðað er við að ellilaunin séu fyrst tekin við 67 ára aldur, en það er veruleg upphæð samt á ári og var 1. mars s. l. 652 776 kr. En með því að þetta er heimildarákvæði er að sjálfsögðu í valdi tryggingaráðs að meta hve upphæð þessi yrði há í hverju einstöku tilfelli.

Allt sem ég hef sagt fram að þessu varðar bætta aðstöðu einstæðra mæðra. En frv. þetta gerir ráð fyrir að það geti verið að fleiri séu aðstoðar þurfi í þessu efni en einstæðar mæður, það geti verið að svo sé ástatt um konu í hjúskap eða í sambúð. Þess vegna gerir 2. mgr. 5. gr. frv. ráð fyrir að tryggingaráð fái heimild til þess að ákveða greiðslur til kvenna í hjúskap eða í sambúð, sams konar greiðslur og gert er ráð fyrir til einstæðra mæðra, en ekki skilyrðislaust. Þetta verði bundið því skilyrði, að tekjur hjónanna eða sambúðarfólksins fari ekki fram úr ákveðnu marki og auk þess að ástand á heimilum þessara mæðra sé það slæmt að það jafngildi þeim ástæðum sem samkv. gildandi lögum heimila fóstureyðingu. Þetta er tekið skýrt fram í 5. gr. frv., því að þar segir að þessar bætur komi aðeins til að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
2. Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
3. Vegna annarra ástæðna, sem eru sambærilegar við ofangreindar ástæður.

Þetta ákvæði er orðrétt upp úr gildandi lögum — orðrétt tilteknar þær ástæður sem geta heimilað fóstureyðingu.

Þetta og raunar allt þetta frv. er byggt á þeirri forsendu, að ekki sé eðlilegt að fóstri sé eytt af félagslegum ástæðum, það eitt sé eðlilegt að leysa og bæta úr hinum félagslega vanda.

Frv. þetta er flutt í framhaldi, ef svo mætti segja, af öðru frv., sem ég hef flutt um breytingar á lögum sem fjalla um fóstureyðingar. Í því frv. er lagt til að félagslegar ástæður geti ekki heimilað fóstureyðingu. Ég flutti allítarlega framsögu fyrir því máli og lagði áherslu á það sjónarmið, að þjóðfélaginu bæri að leysa þessar félagslegu ástæður með öðrum hætti en að gripið væri til fóstureyðingar. Þetta frv. er flutt í framhaldi af hinu fyrra frv. um fóstureyðingar og til þess að árétta þetta sjónarmið.

Þetta frv., sem felur í sér tilteknar breytingar á tryggingalöggjöfinni, er að mínu viti um það sem mest er um vert að gert sé og á heima í lögum um almannatryggingar. Ég veit að það geta verið ýmsir aðrir erfiðleikar fyrir hendi sem þetta frv. nær ekki til. En ég tel að þetta frv. sé ákaflega þýðingarmikið, geti verið þýðingarmikið spor í þá átt að þjóðfélagið taki á sig þá skyldu að aðstoða hinar einstæðu mæður í staðinn fyrir að hlaupa frá þessum skyldum með því að heimila fóstureyðingu af félagslegum ástæðum. Við munum aldrei — já, ég segi aldrei þó að mér dytti í hug að segja seint — hafa það ástand í þessu landi í félagslegum málefnum að ekki sé alltaf hægt að finna einhverja erfiðleika sem ekki verður séð við í löggjöf. En við eru á mikilli framfaraleið í þeim efnum. Við höfum verið það á síðustu árum, á síðustu áratugum. Við erum alltaf að bæta okkur í þessum efnum. En það yrði enn þá aukin hvatning ef nú yrði fellt úr lögum að félagslegar ástæður gætu heimilað fóstureyðingar. Og samkv. því, sem ég hef lagt til í því frv. sem ég hef hér áður flutt, á að gera það skilyrðislaust.

Þrátt fyrir mikilvægi hinna félagslegu ástæðna, sem ég legg mikla áherslu á að bæta úr, er ástæðan fyrir því að ekki eigi að leyfa fóstureyðingar af félagslegum ástæðum fyrst og fremst siðferðisleg. Við skulum og hafa það í huga að umhyggja fyrir barni, sem fæðist í þennan heim, fer ekki alltaf eftir ríkidæmi eða því hve félagsmálalöggjöfin er fullkomin. Það hafa margir orðið góðir þegnar sem alist hafa upp við þröngan kost, á sama hátt sem jafnvel ríkidæmi er engin trygging í þessu efni. Ég vil, þó að ég leggi mikla áherslu á hinar félagslegu umbætur, einnig leggja áherslu á þessi viðtækari sjónarmið sem við verðum einnig að hafa í huga.

Ég geri ekki ráð fyrir og ætlast ekki til að þetta frv. né heldur hið fyrra frv., sem ég hef vitnað til, verði afgreitt á þessu þingi. Ég geri mér grein fyrir að þessi mál eru veigamikil og svo þýðingarmikil að eðlilegt er að bera þau fyrst fram til sýnis, þannig að öllum hv. þm. gefist sem best rúm til þess að skoða hug sinn og athuga þessi mál.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er vissulega ágætt að sjá frv. úr þessari átt varðandi breytingar á lögum um almannatryggingar.

Á s. l. þingi áttum við að fjalla ítarlega, það var reyndar ekki gert í þessari hv. deild. a. m. k., um nýliðna endurskoðun á lögum um almannatryggingar. Þá var einmitt að þessu máli sérstaklega vikið, varðandi hin árlegu mæðralaun. Ég þykist vita og heyri það reyndar og veit af fyrri ræðum hv. flm., að hér liggur góður hugur að baki, og ég vona að ástæða þess, að hann er einn flm. þessa frv., sé ekki sú að hann hafi ekki getað fengið aðra flokksbræður sína eða flokkssystur til að flytja frv. með sér, heldur stafi það e. t. v. af nokkurri sérstöðu hans í því máli sem vék að, fóstureyðingunum.

Sannast sagna var það þannig, að hæstv. heilbr.- og trmrh. síðustu stjórnar var samflokksmaður hv. flm. og í heilbr.- og trn. vikum við, sem í stjórnarandstöðunni vorum, alveg sérstaklega að því, hvort ekki væri fært að breyta nokkuð fyrirkomulaginu vaðandi mæðralaunin. Þar vorum við með fyrst og fremst eina breytingu í huga, ekki svo mjög varðandi hækkunina með tveim börnum, þrem börnum eða fleiri, heldur fyrst og fremst með einu barni. Sú breyting fékkst ekki fram. Það var útilokað að fá þar nokkra leiðréttingu. Ég minni á 15. gr. laga um almannatryggingar frá í jan. í vetur. Þar er um þann mismun að ræða sem við í stjórnarandstöðunni þá töldum ekki viðunandi, þ. e. a. s. að með einu barni séu mæðralaun 50 484 árlega, með tveim börnum aftur

274 800 og með þrem börnum eða fleiri 547 980. Í ræðu fyrir nál., sem við þm. stjórnarandstöðunnar stóðum að, rakti ég þá ítarlega — og ætla ekki að gera það neitt frekar nú, hver röskun yrði sérstaklega á högum einstæðrar móður sem væri með fyrsta barn sitt, og gæti verið að það breytti ekki miklu varðandi röskun á högum hennar yfirleitt þó að börnin væru tvö eða þrjú, nema að því leyti til sem snerti framfærslu barnanna sjálfra.

En rétt er að undirstrika nú, að það fékk því miður ekki neinar undirtektir hjá þm. þá að breyta hlutföllunum. Ég veit hins vegar að eitt fremsta málið í þeirri endurskoðunarnefnd, sem hefur þegar hafið störf að endurskoðun almannatryggingganna, er einmitt að fá vissa leiðréttingu á þessum mismun. Þessi mismunur er óeðlilegur og hann á að minnka. Árleg mæðralaun með einu barni eiga að hækka fyrst og fremst, og ég legg áherslu á að það nái sem fyrst fram að ganga.

Ég efast ekki um að varðandi það áhugamál sem að er vikið, þ. e. a. s. spurninguna um fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, sé hér stigið spor að réttu marki. Hins vegar er það auðvitað staðreynd, að hvað sem því líður er hér, eins og hv. flm. minnti reyndar á, aðeins um hluta af því vandamáli að ræða sem félagslegar ástæður spanna, þ. e. a. s. aðeins þær fjárhagslegu, þannig að þrátt fyrir breytingu af þessu tagi, sem ég fagnaði svo sannarlega ef hægt væri að koma í framkvæmd, því að ekki mundi af veita að koma einhverjum breytingum í þessa átt í framkvæmd, þá væri ég ekki tilbúinn að standa að niðurfellingu þess sem segir í lögum nú um fóstureyðingar, þ. e. a. s. að félagslegar ástæður falli niður. Liggja margar ástæður til þess, sem ég ætla ekki að fara að rekja nú.

Ég kom upp í ræðustólinn til þess að benda á þann mismun sem þarna er og þarf að leiðrétta alveg án tillits til hins sérstaka máls um breyt. á lögum um fóstureyðingar, og hverjar undirtektir það fékk því miður við síðustu endurskoðun á almannatryggingalögum. Hér er að vísu um stórátak að ræða, en ekki skal ég hafa á móti því þegar fulltrúi einkaframtaksins á þingi leggur til eins stórfelldar félagslegar umbætur og þarna er um að ræða á kostnað skattþegnanna. Ég hef ekki á móti því, hef aldrei haft á móti því og því ber að fagna alveg sérstaklega. En ég vona svo sannarlega að hv. flm. sé ekki einn á báti, þó að maður hafi heyrt ýmislegt úr herbúðum flokks hans að undanförnu um skattpíningu og annað því um líkt sem óhjákvæmilega kæmi í kjölfar þessa.

Erindi mitt í ræðustólinn var sem sagt aðeins þetta: Ég mundi ekki tryesta mér til, þrátt fyrir þá breytingu sem hér yrði á, þó hún yrði framkvæmd til fullnustu, að standa að breytingu ákvæðis í lögum um fóstureyðingar um félagslegar ástæður, að þær féllu niður. Ég óttast að menn verði ekki mjög gírugir, hverjir sem við stjórnvölinn standa þegar þetta kæmi í framkvæmd, að taka svona stórt stökk í heildina tekið, en legg á það megináherslu að fyrst og fremst verði miðað við það sem við vorum með í fyrra, við hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson, að minnka þann mismun sem nú er á mæðralaunum milli eins, tveggja og þriggja barna. Það er meginmálið sem þarf að leiðrétta. Hitt er svo annað og víðtækara mál sem ég skal ekki fara út í hér, fóstureyðingarmálið sjálft.

Bragi Níelsson: Ég fagna því að þetta frv. er komið fram, þó að það sé svo síðkomið að engin leið verði að gera neitt það fyrir þetta frv. sem getur komið því í gegnum þingið á þeim fáu dögum sem eftir eru. Hins vegar, ef ég verð í hópi þeirra manna sem sitja hér í sætum næsta vetur og frv. verður endurflutt, skal ég gera mitt besta til að það nái fram að ganga og kannske hjálpa til við að sníða það svolítið betur að skoðunum mínum einnig.

En svo er annað mál að þetta er eiginlega fylgifrv. við annað frv., sem kom hér fram í vetur, er á þskj. 414, 208. mál, og er um breytingar á lögum um fóstureyðingar. Þar er ég algerlega andstæður hv. flm. Hins vegar er hér farin rétt leið, þar sem ég taldi í vetur að væri farin röng leið, byrjað á öfugum enda þá. Nú er verið að byrja á réttum enda.

Það er alveg víst að félagsleg vandamál verða ekki leyst með tryggingabótum einum. Konur, sem hafa orðið barnshafandi gegn vilja sínum, eiga oft við allt önnur vandamál að stríða en fjárhagsleg, þó að fjárhagslegu vandamálin séu hins vegar stundum aðalatriði. Vandi þeirra kvenna, sem um ræðir í fyrra frv., leysist nefnilega ekki með aurum einum saman. Vandamálin eru oft önnur, t. d. einstæðingsskapur, nám ungra stúlkna, fjölskylduvandamál margs konar, eins og sjúkdómar maka eða barna, andlegir eða líkamlegir. Svo kemur líka til kæruleysi og siðleysi, jafnvel alvarlegt siðleysi sem ekki teldist þó til nauðgana og gæti ekki fallið undir þann kafla fóstureyðingarlaga. Það eru ótal margir félagslegir þættir sem valda því að konur sækja eftir fóstureyðingu.

Ég vitna til reynslu minnar sem læknis og einnig persónulegrar almennrar reynslu, að konur gera það ekki nema að vel hugsuðu máli og eftir samráð við lækna, félagsráðgjafa og aðstandendur, ef þeir eru til, að leita fóstureyðingar.

Hið fyrra frv., sem ég talaði um, á þskj. 414, hefur verið til meðferðar í heilbr.- og trn. í vetur. Leitað hefur verið umsagnar og skýrslna frá fjölmörgum aðilum. Þær umsagnir hafa vissulega margar hverjar verið mjög neikvæðar fyrir frv. N. hefði getað skilað áliti þess vegna fyrir alllöngu, og ég held að það nál. mundi verða nokkurn veginn ef ekki alveg einróma. En það er ekki — ég tek það fram — af andstöðu við flm. að það nál. er ekki komið fram hér í deildinni.

Soffía Guðmundsdóttir: Herra forseti. Vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram í tilefni af því frv. sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefur lagt fram, sé ég mig til þess knúða að vekja athygli á einu atriði þess máls, sem hér um ræðir og hefur ekki komið fram af hálfu þeirra sem talað hafa á undan, en er að minni hyggju beinlínis meginkjarni málsins.

Ég vil taka það fram í upphafi, að það er að sjálfsögðu ástæða til að fagna allri þeirri löggjöf sem hnígur að bótum á almannatryggingum og þá að meðtöldum batnandi hag bæði einstæðra mæðra og mæðra í sambúð, því að hann getur, eins og tekið var fara, æðioft verið slæmur. En ég tek fram, að ekki væri ég tilbúin að samþykkja það, lægi það fyrir, að orðin „félagslegar ástæður" féllu niður úr því frv. sem hér um ræðir, þannig að félagslegar ástæður væru þar með ekki taldar geta réttlætt fóstureyðingu. Slíkt væri ég undir engum kringumstæðum tilbúin að samþykkja. Og ég er mjög samþykk því, sem kom fram hjá hv. þm. Braga Níelssyni áðan, að það er vissulega verið að fara rétta leið að bæta um félagslegar aðstæður, en fjölmargt fleira kemur til og það er einmitt það sem ég vildi hér og nú vekja athygli á, en

það er sjálfsákvörðunarréttur konunnar. Hann hefur vissulega áður borist í tal á hv. Alþ., en það sakar ekki að ítreka þann meginkjarna málsins einu sinni enn. Það er einmitt sjálfsákvörðunarrétturinn sem er um að tefla.

Ég held að rétt sé að gera sér ljóst, að það er sá réttur sem karlveldið vill seinast af öllu sleppa við konurnar. Þess eru fjölmörg og óræk dæmi frá alda öðli. Það er ekkert ýkjalangt síðan ríkti feðra- og bræðraveldi. Konan var eign föður síns, sem ráðstafaði lífi hennar, og síðan var hún eign eiginmannsins, ef svo má segja, sem hafði allt ráð hennar í hendi sér. Það er ekki ákaflega langt síðan, en öll röksemdafærsla í þessu umræddu máli, þó svo hún hnígi að málum sem í sjálfu sér eru gagnleg.og standa til bóta, virðist mér að sé til þess fallin að fela þennan meginkjarna málsins. Konurnar sjálfar verða að gera sér sjálfsákvörðunarréttinn ljósan og nauðsynina á því að sækja hann af fullri einbeitni til karlmannasamfélagsins, því að það eru, eins og við vitum, karlmennirnir sem ráða.

Það er rétt að fram komi, sem raunar allir vita, að kona, sem er í þeim vanda stödd að sjá ekki aðrar leiðir færar en fóstureyðingu, stendur vissulega frammi fyrir örðugri ákvörðun. En það getur enginn leyst hana undan því að taka þá ákvörðun sjálf og bera á henni fulla ábyrgð. Konurnar eru æðioft einar um ábyrgðina þegar hin endanlega ábyrgð, þ. e. a. s. umönnun og forsjá barnsins, hvílir á þeim einum, sem mörg dæmi eru um. Og mér virðist að þó nokkurt steigurlæti felist í því að telja sig þess umkominn yfirleitt að ráða fyrir aðra í svo mikilvægum málum. Allir vita að fóstureyðing er neyðarúrræði og þvílíkt neyðarúrræði að ég held því fram að konur leiti þess af fullri gát. Það heyrir til algerra undantekninga ef dæmi eru um annað. Ég held að við verðum líka að gera okkur ljóst að styrinn stendur ekki um réttar eða rangar ákvarðanir í sjálfu sér í hverju einstöku tilviki, heldur um hver eigi að ráða. Og þegar ég tala um réttar eða rangar ákvarðanir vil ég ítreka að vitaskuld er rík nauðsyn á því, að þegar kona æskir fóstureyðingar sé hún frædd um alla aðra kosti og allt sé gert til að gera henni ljósa aðra kosti sem hún á, þannig að sem allra sjaldnast þurfi að koma til þess að til slíks neyðarúrræðis sé gripið. En ég verð að ítreka það einu sinni enn, að það er sjálfsákvörðunarréttur konunnar sem hér er um að tefla og hann verður hún að sækja og fá.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég tel að það frv. til l. á þskj. 732, sem hér er til umr., sé enn ein ástæðan *fyrir þeirri nauðsyn að taka lögin um almannatryggingar* til heildarendurskoðunar miðað við nútímaaðstæður og breytingar í þjóðfélagi okkar. Mér finnst virðingarverð öll sú viðleitni sem fram kemur á hv. Alþ. til að benda á það sem þyrfti að bæta þeim aðilum í þjóðfélaginu sem hafa verri aðstæður en aðrir, og allt, sem stefnir að því marki, á sannarlega heima í almannatryggingalöggjöf okkar ef við viljum sníða hana eftir því sem þjóðfélag okkar ætti að gera þegnum sínum til tryggingar. Þetta vil ég leggja sérstaka áherslu á um leið og ég tek undir margt af því sem kom fram í framsögu hv. flm. Ég tel að hér sé um að ræða mjög nauðsynlega ábendingu. Ég er ekki tilbúinn að fullyrða hvort þær fjárhæðir, sem hér eru tilteknar, séu endilega það sem á að stefna að, en alla vega er grunntónninn í frv. sá sem ég get fellt mig við, að við eigum einmitt að taka inn í tryggingalöggjöfina sérstaka aðstoð við mæður í vanda staddar.

Ég er hv. flm. að mörgu leyti sammála um þær félagslegu aðstæður, sem hann hefur nefnt í umr. um annað mál og raunar í fjölmiðlum, í sambandi við fóstureyðingarlögin. Ég tel að þjóðfélagið eigi að gera allt sem hægt er til að skapa þær félagslegu aðstæður að til slíkra aðgerða þurfi ekki að grípa. Ég er kannske svona gamaldags, eins og var sagt um hv. flm. og fleiri í sambandi við þessar umr., en ég er eigi að síður á þessari skoðun í grundvallaratriðum.

Hitt get ég vel fellt mig við, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að auðvitað er ákvörðunarrétturinn dýrmætur og í flestum tilfellum á hann náttúrlega að ráða í svona málum. En þó er það svo, að við verðum að viðurkenna að ekki eru allir færir um að ráða sér sjálfir, því er nú verr, og getur það komið í ljós í svona málum.

Ég ætla ekki að tefja þingstörf í sambandi við þetta mál. Ég vil aðeins undirstrika að þetta er eitt af því sem gerir nauðsynlegt að taka heildarendurskoðunina á almannatryggingakerfinu hér á landi föstum tökum. Það vona ég að verði.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hefði ástæðu til að ræða ýmis atriði hér ítarlega nú, en ég ætla ekki að gera það með tilliti til þess að ýmis fleiri verkefni bíða og svo skammt er þar til þingi lýkur. Ég ætla aðeins að segja örfá orð.

Ég vil byrja á að þakka öllum þeim, sem talað hafa í þessum umr., fyrir undirtektir þeirra undir efni þessa frv. Það hefur enginn mælt á móti því, að æskilegt væri að fá aðstoð við einstæðar mæður lögleidda í þessu formi eða í þessum anda, eins og sumir hafa orðað það. Fyrir þetta er ég þakklátur. En menn hafa komið inn á ýmislegt annað, sérstaklega og raunar eingöngu í sambandi við fóstureyðingarmálin, og við það hef ég ýmislegt að athuga. Þó hafa verið töluverð blæbrigði á afstöðu manna í þessu efni. T. d. fannst mér að síðasti ræðumaður væri ekki skeleggur baráttumaður fyrir því að halda inni félagslegum ástæðum sem heimild fyrir fóstureyðingu og ég fagna því. En aðrir hafa verið ákveðnari í þessu efni og hefur hér verið drepið á rök sem hafa heyrst fyrr og þá sérstaklega sjálfsákvörðunarrétt konunnar, eins og hv. 4. þm. Nourðurl. e. kom inn á.

Ég vil segja það aðeins, að ég er ákaflega mikið fylgjandi því að einstaklingarnir hafi sem mestan sjálfsákvörðunarrétt. Ég er fylgjandi frelsi til handa einstaklingum. En ég set einar skorður við þetta sem ég vil ekki víkja frá, að frelsi til handa einum má ekki vera ófrelsi handa öðrum og frelsi eins má ekki takmarka frelsi annars. Við heyrum þetta líka oft. Og hverjir eru það sem sérstaklega þarf núna að hafa í huga, eins og reyndar alltaf, og mikið er talað um réttlega nú tímum? Það þarf að aðstoða þann sem minni máttar er, lítilmagnann, til þess að hann geti notið sín og haft frelsi. Erum við ekki sammála um þetta? Jú. En þegar við erum að tala um þetta verðum við að hafa í huga hver er mestur lítilmagni, hver er umkomulausastur. Er það ekki það mannslíf sem á undir högg að sækja að vera fætt í þennan heim?

Hv. 8. landsk. þm. vék nokkuð að afstöðu sinni til fóstureyðinga. Það var mjög í sama anda og fram kom hjá honum í umr. fyrr á þessu þingi. Ég skal ekki fara að svara hv. 8. landsk. þm. Við áttum nokkur orðaskipti um þetta áður og ég læt það nægja í bili. En ég er að sjálfsögðu algerlega andstæður honum í afstöðunni til fóstur-

eyðinga af félagslegum ástæðum. Hann nefndi siðleysi í ræðu sinni. Mér dettur það orð frekast í hug þegar mér kemur í huga fóstureyðing af félagslegum ástæðum.

Hv. þm. sagði að heilbr.- og trn. hefði fjallað um frv. sem ég flutti fyrr í vetur varðandi fóstureyðingar. Ég veit að hv. n. vinnur vel og samviskusamlega að málinu undir forsæti hins ágæta formanns síns, sem er hv. 8. landsk. þm., og hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga. Hann gaf í skyn að það hefðu komið ýmsar andstæðar umsagnir um þetta frv. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við því að segja, en að gefnu tilefni vil ég líka láta það koma hér fram, að ég hef orðið allverulega var við undirtektir undir þetta frv. og mér hefur stundum dottið í hug, af því að ekki heyrist mikið um það, að þar sé hinn þögli meiri hluti í þessu máli. Ég segi: það heyrist ekki mikið um afstöðu þeirra sem eru sammála mér um þetta efni úti í þjóðfélaginu. En ég var að lesa frétt í einu Akureyrarblaði núna í dag þar sem sagt var að á fjölmennum aðalfundi sambands kvenfélaga á Akureyri hefði verið samþykktur eindreginn stuðningur við frv. mitt og áskorun til allra félagssamtaka í landinu að taka málið til meðferðar. Það mætti segja mér að það mundi eitthvað eiga eftir að heyrast frekar í þessa átt. En nú skal ég ekki fjölyrða um þetta mál.

Ég kem þá að lokum að hv. 3. þm. Austurl. Hann var ekki undrandi á neinu í sambandi við þetta mál, nema að það skyldi koma úr þessari átt, eins og hann orðaði það, frá sjálfstæðismanni, till. um þær félagslegu umbætur sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Mig undrar að hv. þm. skuli segja þetta. Ég veit að hann hefur áhuga og lætur sig varða mjög félagsmál. Hann er þeim því kunnugur. Hann á því að vita að margt af því besta, sem gert hefur verið í félagslegum málum, tryggingamálum og húsnæðismálum, hefur verið gert ýmist fyrir frumkvæði eða tilstuðlan Sjálfstfl. Við sjálfstæðismenn erum ekkert óvanir að koma með róttækar till. um félagslegar umbætur.

Hv. þm. hafði nokkrar áhyggjur af því, að ég stæði einn í Sjálfstfl. í þessu máli, og dró þá ályktun af því að ég er einn flm. að frv. því sem hér liggur fyrir. Ég var einn flm. að frv. um breytingar á ákvæðunum um fóstureyðingar. Ég vil ekki leyna því og það er engu að leyna. Ég hef verið töluvert mikið einn í því máli. Ég bar fram brtt. við frv. til l. um fóstureyðingar þegar það var til umr. 1975, frv. að núgildandi lögum, nákvæmlega sömu till. og ég ber nú fram í sjálfstæðu frv. Sú till. fékk eitt atkv. hér í hv. d. En till. þarf ekkert að vera lakari fyrir það, þó hún fengi ekki nema eitt atkv., það hvarflar ekki að mér. Og með því að ég var með þetta í huga og með því að það frv., sem ég núna ber fram, er borið fram í framhaldi af þessari hugsun, sem hefur ekki fengið meiri undirtektir, ákvað ég að vera einn flm. þessa frv. Það þýðir ekki að Sjálfstfl. sem slíkur þurfi að vera á móti málinu. Það hefur ekki verið tekin slík formleg afstaða til þess í Sjálfstfl. En ég hef fullkomna heimild til þess frá flokknum að bera upp það frv. um breytingar á fóstureyðingarlögunum, sem ég hef áður borið fram, og líka þetta frv. Það kemur í ljós síðar, hvern stuðning þetta mál fær. Ég óttast mest að það fái ekki nægan stuðning hjá þeim sem ráða nú. Það nær ekki fram að ganga nema stjórnvöld séu hlynnt og vilji að þetta mál nái fram að ganga, því að þetta er mikið fjárhagsspursmál, ég geri mér grein fyrir því.

Ég hef engar sérstakar áhyggjur í sambandi við Sjálfstfl. í þessu máli. Ég geri ráð fyrir, að þegar þetta mál er komið lengra og það verður borið fram til annars en aðeins að sýna það, eins og þetta mál er núna borið fram, verði það tekið til meðferðar. Ég er ekki að skuldbinda eða segja að Sjálfstfl. sé fyrir fram með þessu. Ég get ekkert um það sagt. En ég vil reyna að leitast við að vinna þessu máli fylgi hvar sem er, í öllum flokkum, og mér finnst að undirtektirnar undir efni þess frv., sem hér er til umr., lofi góðu um framgang þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Barnalög, frv. (þskj. 794). — 1. umr.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. til barnalaga hefur legið fyrir þremur þingum, en kom að vísu ekki til umr. vorið 1976 og aðeins til 1. umr. haustið 1976 og 1977. Ég hefði vissulega kosið að leggja frv. fyrir Alþ. miklu fyrr á þessu þingi og að því var stefnt. Hins vegar taldi nefnd sú, sem samið hefur frv., æskilegt að gera á því nokkrar breytingar, enda hefur ný skipun á löggjöf um réttarstöðu barna verið mjög ofarlega á baugi á síðustu árum víða um lönd. Ný viðhorf hafa því verið að þróast frá ári til árs og má sjá ýmsar bendingar um það efni í grg. sem fylgir frv., en hún hefur að nokkru leyti verið endurnýjuð og við hana aukið. Þótt svo langt sé liðið á þingið hef ég talið rétt að frv. kæmi nú fram, ef verða mætti að umræða skapaðist nú um þau mikilvægu málefni sem þarna er fjallað um.

Það hefur sannast sagna verið furðulega hljótt um þetta efni, þar sem hvort tveggja kemur til, að um mikilsvert löggjafarsvið er að ræða og að um er að ræða ýmis nýmæli sem ætla má að skiptar skoðanir kunni að vera um. Tómlæti gagnvart frv. að heildarlögum um réttarstöðu barna tel ég óverjandi. Ég vil leyfa mér að vona, að svo verði ekki enn og það á barnaári. Ég tel æskilegt að frv. komist til n. svo að n. geti, þótt ekki komi til efnislegrar umfjöllunar, hugað að því að undirbúa skipulega vinnu að frv. við framlagningu á næsta hausti, t. d. með því að senda það út til umsagnar. Ég tel víst að nefnd sú, sem frv. samdi, svo og aðrir sérfróðir aðilar á þeim fjölmörgu sviðum, sem frv. að barnalögum fer inn á, mundu reiðubúnir til viðræðna við nefndir þingsins um frekari ábendingar og aths.

Svo sem áður er getið hefur tvívegis komið til þess, að mælt væri fyrir frv. til barnalaga í þinginu. Ekki er ástæða til að endurtaka ýmsar upplýsingar sem við þau tækifæri hafa verið gefnar um innihald og markmið frv. Þó er nauðsynlegt að undirstrika enn höfuðsjónarmið og vekja athygli á einstökum atriðum sem ýmist eru ný eða hafa sætt aukinni útlistun í grg. til skilningsauka á nýjum viðhorfum.

Svo sem áður hefur verið lýst og ítarlega er skýrt frá í grg. byggist núgildandi löggjöf um réttarstöðu barna enn að höfuðstofni til á norrænu lagasamstarfi eftir síðustu aldamót. Var gripið til þeirrar nýsmíðar sem fyrirmyndar er samþ. hafði verið þál. á Alþ. 1917 um endurnýjun löggjafar á þessu sviði. Sú lagavinna hafði verið mjög vönduð og markað tímamót á öllum Norðurlöndum. Verður ekki annað sagt en sú löggjöf hafi reynst hin

traustasta smíð einnig hér á landi. Hún er mótuð í tvennum lögum, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna og afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Engan þarf hins vegar að undra þótt löggjöf sem nálgast að vera 60 ára gömul þarfnist töluverðrar endurnýjunar, svo miklar sem breytingar hafa orðið í þjóðfélagsháttum á áratugunum eftir tvær heimsstyrjaldir, ekki síst í íslensku þjóðfélagi. Má e. t. v. þrátt fyrir allt líta á það sem staðfestingu á stöðugleika hinna íslensku þjóðfélagsgerðar og raunsæi hinnar gömlu löggjafar, að segja má að höfuðsjónarmiði hennar sé ekki raskað með hinu nýja frv.

Ég mun nú geta nokkurra höfuðatriða í nýmælum frv. Það er þá fyrst sú bygging frv. sjálfs að fjalla í einum lagabálki og eftir því sem kostur hefur verið talinn samtímis um óskilgetin börn sem skilgetin. Ekki er hróflað við reglunni um sjálfkrafa löglíkur fyrir faðerni eiginmanns að barni eiginkonu, hinni svokölluðu „pater est reglu". Hins vegar er í frv. nokkuð slakað á kröfum um andsönnun gegn faðerni eiginmanns að barni, sem samkv. gildandi lögum er hafnað nema heita megi alls útilokað að eiginmaður sé faðir barns. Er þessi breyting gerð að norrænni fyrirmynd. Á hinn bóginn verður samkv. till. um lagareglur í frv. nokkur fjöldi barna skoðaður skilgetin að lögum, sem samkv. núgildandi lagareglum eru óskilgetin. Er þar um að ræða nokkurn hluta þeirra barna sem fædd eru eftir tilteknum greinimörkum í eða fyrir óvígða sambúð foreldra þeirra. Eftir lögum um óskilgetin börn frá 1921 gilti sú regla, að tiltekin óvígð sambúð karls og konu jafngilti faðernisjátningu að barni er konan átti meðan sambúðin stóð.

Líklegt er að ekki verði allir sammála um hina nýju reglu um útvíkkun hugtaksins skilgetið barn. Ég vil vekja athygli á því, að sú regla kom þó að hluta til inn í löggjöfina við endurnýjun laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna frá 1947. Var tekin upp í 2. gr. þeirra laga sem enn eru í gildi, sú regla, að þegar foreldrar óskilgetins barns gengju í hjúskap síðar skyldi barnið talið skilgetið upp frá því. Í því sambandi eru sérstaklega athyglisverðar upplýsingar í endurnýjaðri grg. frv. Er þar skýrt frá tölfræðilegri könnun, sem birt er í Hagtíðindum 1978 og gerð var af Guðna Baldurssyni og veitir m. a. upplýsingar um fjölskyldustöðu barna fæddra 1970 við fæðingu og síðan við upphaf hvers aldursárs til 1. des. 1975. Kemur þar fram, að ferill barnanna breytist að hundraðshluta til á þessum 5 árum þannig að óskilgetin töldust við fæðingu 30%, en að 5 árum liðnum töldust aðeins 13% óskilgetin vegna hjúskaparstofnunar foreldranna á tímabilinu. Felast í þessu hinar athyglisverðustu upplýsingar um hina íslensku fjölskyldugerð. Í þessu sambandi mundi hin nýja víkkun hugtaksins „skilgetið barn" ekki valda mikilli breytingu að hundraðshluta til. Vandamál í þessu efni er fyrst og fremst að finna traust greinimörk um hvað sé óvígð sambúð með þeirri lagavèrkun sem samkv. frv. er ætlað að færa nokkrum fjölda barna stöðu skilgetins barns.

Það er eitt af einkennum frv. að reynt er að láta í sem flestum efnum reglur um forsjá og framfærslu vera hinar sömu og ákvæði um þær í einu lagi um skilgetin og óskilgetin börn. Þessu fylgir jafnframt að föður óskilgetins barns er ætlaður mun meiri réttur og skyldur bæði um forsjá og umgengni en er eftir gildandi lögum.

Í ýmsum efnum eru í frv. ítarlegri reglur en í gildandi lögum um úrlausn vandamála í sambandi við stöðu barna við samvistaslit foreldra, hvort heldur eftir hjúskap eða óvígða sambúð.

Í sambandi við framfærslu barna er sú breyting, sem ráðgerð er í frv., væntanlega veigamest að hækka framfærslualdur barna í 18 ár úr 17 árum, sem verið hefur frá árslokum 1971, en þar áður 16 ár. Yrðu framfærslualdur og skylda þar með færð að sama aldursmarki og er á öðrum Norðurlöndum, en 18 ára markið hefur lengi verið þar hið sama bæði um sjálfræðis- og framfærslualdur. Ekki er ætlað að hrófla með þessu frv. við hinu hefðbundna aldagamla sjálfræðismarki við 16 ára aldur hér á landi.

Taka verður fram, að ekki er með þessu lagafrv. farið inn á svið almannatrygginga um að ákveða hækkun aldurstakmarks við greiðslu á framfærslueyri vegna barna samkv. almannatryggingalögum. Ætla verður að slík breyting hljóti að koma til umræðu ef lögfest verður hækkun framfærslualdurs.

Ekki er horfið að hækkun aldursmarks eingöngu til samræmis við lagaákvæði í nágrannalöndum. Hér hafa fyrst og fremst ráðið breytingar í okkar þjóðfélagi. Skólaganga barna og unglinga lengist jafnt og þétt og börn dveljast af þeim sökum lengur en áður hjá foreldri, þrátt fyrir gamlar hefðir um að menn fari ungir út á vinnumarkað.

Önnur ákvæði í frv. veita heimild til framlengingar á framfærsluskyldu allt til 24 ára aldurs vegna námsaðstæðna eða starfsþjálfunar.

Geta verður í sambandi við framfærslu barna rýmri heimilda til greiðslu framfærslueyris af almannafé ef ekki hefur fengist feðrun á barni.

Jafnstaða er betur mörkuð en áður um meðlagsskyldu kvenna sem karla vegna barna sem ekki eru á vegum þess aðila sem í hlut á.

Miklu ítarlegri ákvæði eru í frv. en í gildandi lögum um meðferð barnsfaðernismála og mála um vefengingu faðernis. Fer það að vonum vegna mjög bættra möguleika á ætternisákvörðun vegna mikilla framfara í vísindum á þessu sviði.

Þá má benda á að í VIII. kafla frv., um foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisrétt, eru miklu ítarlegri ákvæði en í gildandi löggjöf og áhersla lögð á rétt barnsins fremur en rétt foreldris og orðafar í samræmi við það — forsjá nefnd í stað foreldravalds.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða réttarfarsreglur frv., en tel rétt að vekja athygli á einu mjög mikilvægu atriði í því sambandi sem varðar lögsögu íslenskra dómstóla. Varðar það heimild þeim til handa til að fjalla um slík mál, ef móðir barns eða barnið sjálft á lögheimili hér á landi. Er það mjög mikilsverð réttarbót sem þegar er komin inn í löggjöf annarra Norðurlanda.

Ég vil að endingu vekja athygli á hugleiðingum í tveimur fskj. með grg. frv. Þau varða atriði er ekki hefur þótt tímabært að taka inn í frv.

Í fyrra fskj. má nefna ábendingar um nýjar lagareglur í nokkrum löndum sem heimila sameiginlega forsjá skilinna foreldra fyrir barni þeirra. Í síðara fskj. er gerð grein fyrir hugmynd um að stofna til starfs umboðsmanns barna. Hafa hugmyndir um það efni komið fram í ýmsum löndum og till. um það efni m. a. gerð í nýrri norskri grg. um lagafrv. sem hefur þó ekki enn verið lagt fyrir norska þingið.

Þá vil ég að lokum geta þess sem ég nefndi áðan, er tekið var fyrir frv. til l. um stofnun og slit hjúskapar, að

það frv. er fylgifrv. með þessu frv. og ber að fylgja því, ef frv. þetta verður að lögum, þótt ekki verði fyrr en á næsta þingi. Þar er um að ræða að tengja ákvæði um stofnun og slit hjúskapar 47. og 48. gr. þessa frv.

Ég vil að lokum endurtaka, að ég vona að mál þetta fái vinsamlegar móttökur í deildinni, og legg til að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 620). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 109. fundur.

Föstudaginn 18. maí, að loknum 108. fundi.

Sala notaðra lausafjármuna, frv. (þskj. 809). —3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 91. fundur.

Föstudaginn 18. maí, kl. 2 miðdegis.

Leiðrétting söluskatts af leiksýningum áhugafélaga, þáltill. (þskj. 678). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Gjaldmiðill Íslands, frv. (þskj. 565). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 810).

Ríkisreikningurinn 1977, frv. (þskj. 644, n. 781). —2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 645 er frv. til l. um ríkisreikninginn fyrir árið 1977 og á þskj. 781 er nál. frá fjh.- og viðskn., og eru menn á eitt sáttir nema hv. 7. þm. Reykv., hann mun gera sérstaka grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Um þetta mál er það að segja, að reikningurinn hefur, svo sem venja hefur verið, verið endurskoðaður af endurskoðendum ríkisins og yfirendurskoðunarmönnum, sem eru trúnaðarmenn Alþ. Við þeim aths., sem þeir hafa gert við reikninginn, hafa þeir fengið svör og fallist á afgreiðslu málsins á þann veg. Sex nm. fjh.- og viðskn. leggja því til að reikningurinn verði samþykktur svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hér eru til umr. óskir um að hv. Alþ. samþykki og lýsi blessun sinni yfir ríkisreikningi fyrir árið 1977. Ég hygg að rétt sé að staldra við eitt augnablik og velta fyrir sér nokkrum aths. sem yfirskoðunarmenn, sem eru Halldór Blöndal, Halldór Kristjánsson og Haraldur Pétursson, gera við ríkisreikninginn fyrir árið 1977 sem hér er til umr. Ég vil vekja athygli d. á nokkrum liðum sem gerðar eru aths. við.

Í 9. lið er fjallað í nokkrum atriðum um fyrirtæki sem frægt er orðið að endemum í þessu landi. Það er Kröfluvirkjun. Þar er m. a. fjallað um að Kröflunefnd hafi gert á árinu 1976 samninga við fyrirtæki sem heitir Rafafl og mun vera samvinnufyrirtæki nokkurra rafiðnaðarmanna. Og í stuttu máli er sagan sú, eins og segir í aths., að hið upphaflega tilboðsverð Rafafls svf. var 28 millj. 485 þús. kr., en samningsupphæðin var 30 millj. 382 þús. kr. — Því má svo skjóta inn, að hvernig á þessum mismun stendur er mér ekki kunnugt um og á því er ekki sérstök skýring. — Hins vegar halda þeir áfram og engin furða að mennirnir geri aths., því að greiðslur til Rafafls svf. námu alls 123 millj. 748 þús. kr. M. ö. o. eru greiðslur vel rúmlega fjórfaldar á við það sem samið var um. Og nú er von að spurt sé: Til hvers er ríkisvaldið eða þeir aðilar, sem fyrir þess hönd semja yfir höfuð, að hafa útboð um verk? Hvaða tilgangi á það að þjóna, ef það á að vera látið óátalið að endanlegar greiðslur nemi fjórfaldri þeirri upphæð sem um var samið? Það er óljóst hvernig á þessari hækkun stóð. Að hluta til virðist vera um að ræða verðbætur, að hluta til verkefni, sem við bættust þegar fram liðu stundir, og að hluta til óskilgreint. Þeim aðilum, sem falið er eftirlit opinberra fjármuna eða meðferð þeirra og gera slíka samninga, bruðla svo með almannafé, fjármuni skattborgaranna sem hér um ræðir, á náttúrlega ekki að líðast það óátalið.

Hér er stofnun, hv. Alþ., sem á að fara með eftirlitshlutverk með opinberum fjármunum. Hér eru saman komnir eftirlitsaðilar almannasjóða, eftirlitsaðilar fyrir hönd skattborgaranna í landinu. Augljóst er að þetta eru ekki peningar eða fjármunir sem af himnum ofan komu eða úr iðrum jarðar, heldur er þetta fé sótt beint í vasa skattborgaranna eins og aðrir hliðstæðir fjármunir og með þá fjármuni hefur verið bruðlað og greitt fyrirtækj-

um í fullkomnu heimildarleysi. Ég er ekki tilbúinn, þó ekki væri nema eingöngu af þessum ástæðum, að ljá nafn mitt sem fulltrúi skattborgaranna í landinu á tillöguplagg sem er til þess gert að hleypa frv. þessu óátalið fram hjá fulltrúasamkomu m. a. skattborgaranna í landinu.

En þetta mál, sem hér um ræðir, viðskipti svokallaðrar **Kröflunefndar** og hins tiltekna fyrirtækis, fór ekki fram hjá skattborgurum eða öðrum í þessu landi á sínum tíma. Þessu var harðlega mótmælt, m. a. á aðalfundi Landssambands ísl. rafverktaka sem haldinn var í húsinu Domus Medica í Reykjavík í nóvembermánuði 1977. Þá var viðskiptasamningi þessum harðlega mótmælt og því þá þegar haldið fram, að hann væri í meira lagi skrýtinn, það væri aldeilis útilokað að það verk, sem þarna var um að ræða, væri unnið fyrir þá upphæð sem þarna kemur fram, og af þeim sökum var farið fram á að þetta mál yrði kannað. Því var ekki sinnt, hvorki af handhöfum eftirlitsvaldsins né öðrum. En nú, tveimur árum seinna þegar þetta mál og önnur slík eiga væntanlega að vera úr sögunni, eru fulltrúar skattborgaranna beðnir um að hleypa því, og væntanlega án aths., í gegnum sína síu!

Aðalfundur Landssambands ísl. rafverktaka gagnrýndi það þegar í stað, að hér hefðu verið gerðir skrýtnir samningar. Í fyrirsögn eins dagblaðanna frá þessum tíma segir: „Frá aðalfundi Landssambands ísl. rafverktaka. Kanna viðskipti rafverktaka og Kröflunefndar.“ Og í undirfyrirsögn segir: „Gagnrýna afskipti stjórnmálaflokka og alþm. af samningum í þágu ákveðinna verktaka.“ Þar kann að vera komið að kjarna þessa máls.

Svo sem kunnugt er voru viðskipti Kröflunefndar og hinna tilteknu rafverktaka ekki hið fyrsta sem gagnrýnt var í kúnstugri fjármálasögu þessa stórfellda fjármálaævintýris. Áður höfðu verið gerðir samningar við japanskt fyrirtæki, sem hét Mitsubishi, um kaup á túrbínum. Þeir samningar voru aldrei skýrðir til neinnar hlítar. Mér er ekki kunnugt um að alþm., 60 að tölu, hafi gert við það aths. þegar ríkisreikningar þeirra ára voru til umr. á Alþ. Áður höfðu verið gagnrýnd viðskipti Kröflunefndar við fyrirtæki sem Miðfell hét og reisti hús á þessum svæðum. Mér er ekki kunnugt um að fulltrúar skattborgaranna í landinu hafi gert aths. við það á sínum tíma, hvernig svo sem meðferð á almannafé kann að hafa verið. En hér er til umr. ríkisreikningur fyrir 1977 og þar eru aths. við þetta fjármálaævintýri og við það sem sá ríkisreikningur nær til, og nú er kominn tími til að staldrað sé við fyrir hönd skattborgaranna í landinu.

Það er sagt svo frá þeim tiltekna aðalfundi, sem hér hefur verið minnst á, að hann gagnrýni afskipti stjórnmálaflokka og alþm. af samningum í þágu ákveðinna verktaka. Er ekki kominn tími til að annaðhvort stjórnmálaflokkar og alþm. beri þetta af sér eða þá að afstaðan til þessa máls sé skoðuð og jafnvel endurskoðuð? Eins og allir vita sátu í Kröflunefnd fimm aðilar. Þrír af þeim voru fulltrúar stjórnmálaflokkanna: Einn úr Sjálfstfl., hann var foringi nefndarinnar, annar úr Alþb., sá er nú hæstv. menntmrh., og sá þriðji úr Framsfl., sem nú er forseti þessarar virðulegu deildar. Á sínum tíma voru þessir menn fulltrúar 53 af 60 alþm. eftir venjulegri fulltrúaskilgreiningu. Að auki sátu tveir, sem taldir voru vera fulltrúar kunnáttunnar eða hinnar tæknilegu kunnáttu, í Kröflunefnd. Hv. þm. Jón G. Sólnes var oft gagnrýndur sem höfuðábyrgðarmaður þeirra sérkennilegu viðskiptasamninga sem Kröflunefnd virtist vera að gera, út um allan heim m. a. s., en þó er ég ekki viss um að aðalfundur Landssambands ísl. rafverktaka eigi við hann sérstaklega í þessu tiltekna máli. Þeir gagnrýna afskipti stjórnmálaflokka og alþm. af samningum í þágu ákveðinna verktaka. Ég hygg að nokkuð ljóst megi vera við hvað er átt. Það er átt við að það séu pólitísk tengsl á milli t. d. setu hæstv. ráðh. Ragnars Arnalds í Kröflunefnd og hinna sérkennilegu samninga sem gagnrýndir voru þegar í stað þegar þeir voru gerðir og reyndust síðan kosta skattgreiðendur meira en fjórfalt á við það sem skattgreiðendum var sagt á sínum tíma.

Og þetta mál hélt áfram í blöðum. „Eitthvað loðið við Kröflusamningana?“ er spurt 4. 11. 1977. Og þar er talað um nauðsyn á rannsókn á samningum við verktaka. Um þessar mundir var farið að biðja um að ráðh. gæfi skýrslu um Kröflumál, — þáv. orkumálaráðh. og iðnrh. var að ég hygg hv. þm. Gunnar Thoroddsen. En í öðru blaði er rætt um að tilboð Rafafls hafi verið langlægst, 20% undir kostnaðaráætlun. Ég giska á að þetta sé úr Þjóðviljanum! Þar er talað um að hér sé um að ræða framleiðslusamvinnu í stað einkabrasksins, og í undirfyrirsögn segir: „Svar við óhróðri hræddra atvinnurekenda.“ — Ég er á móti svindli, hvort sem það er framið í nafni einkabrasks, samvinnu eða réttlætis. Í hvaða nafni sem svindlið og braskið á sér stað er það alltaf svindl og brask.

Í löngu máli eru kynntar staðreyndir málsins, sem eru sagðar hafa verið að fjögur tilboð hafi borist í þá tilteknu framkvæmd sem hér um ræðir og tilboð Rafafls hafi orðið langlægst, 28 millj. 485 þús. kr. Það kemur illa heim og saman við ríkisreikning, þar sem greiðslur til Rafafls námu 123 millj. rúmum. En þetta hét sem sagt óhróður hræddra atvinnurekenda sem þyldu ekki hina fögru samvinnuhugsjón og væru að reyna að troða einkabraskinu að.

Blöðin fjölluðu meira um þetta á sínum tíma og um það má í sjálfu sér hafa langt mál. Það var kallað að hér væri um pólitískan áróður að ræða, m. a. af hálfu manns sem þá var frambjóðandi Alþfl. til Alþ. og stendur nú í þessum ræðustól, og því var svarað til, að hér væri um pólitískar ofsóknir að ræða á hendur tilteknu fyrirtæki sem gerði betur við sitt fólk en aðrir. Tilfinningarök af því tagi heyrðust mjög á þeim tíma.

Þá var á það bent, að sagan væri ekki öll sögð með þessu. Orðið var ljóst í opinberum blöðum, að fyrirtækið sem samdi um 28 millj. rúmar og loks 30 millj., en fékk greiddar samkv. ríkisreikningi 123 millj. vel rúmar, nær 124, hafði ekki lokið viðskiptum sínum og viðskiptasögu sinni með þessu. Á sama tíma stóð svo á, að dagblað í Reykjavík, sem Þjóðviljinn heitir, var að skipta um húsnæði, flutti sig til, seldi gamalt húsnæði. Og gamla húsið, sem þeir seldu, kostaði, að mig minnir, einhvers staðar á bilinu 40—50 millj. Kaupandinn var Rafafl svf. Nú vil ég spyrja að því, t. d. félaga mína og vinnufélaga í Alþb., þá sem hér eru, en þarna munu vera einhver tengsl á milli: Ef þetta væri húsbyggingarsjóður í öðrum flokki, t. d. Framsfl., og ef þetta væri viðskiptasamningur sem þekktur fjáraflamaður í þeim flokki hefði gert, þætti mönnum þá ekki ástæða til að þessi saga væri athuguð? Sér ekki hvert barn að hér er um gersamlega óeðlilega hluti að ræða, í besta falli mjög torkennilegar tilviljanir? Ég er þeirrar skoðunar, að ef hér væri um að ræða húsbyggingarsjóð Framsfl., sem er fræg fjármálastofnun, a. m. k. í Reykjavík, og ef Kristinn Finnbogason hefði gert samninga í þessa veru og ef væri verið að gera aths.

við það á Alþ. og núv. hæstv. dómsmrh., Steingrímur Hermannsson, formaður Framsfl. — ég er að ímynda mér þetta allt saman — stæði upp og færi í vörn fyrir þetta hygg ég að við og kommarnir gætum um það sameinast að hér þyrfti athugunar við, svo að ekki sé meira sagt. Gerður var samningur við ríkið í nafni skattgreiðenda, samið í nafni skattgreiðenda um verk fyrir 30 millj., en greiddur 123 og eitthvað millj. og um leið keypt gömul húseign af flokksmálgagni, væntanlega með þokkalegum greiðslukjörum. Það mundi verða spurt um ýmislegt ef aðrir og kannske þekktari fjármálasnillingar ættu hlut að máli. Þess vegna er hér spurt. Það er enn fremur spurt: Hver eiga að vera viðbrögð Alþ. við svona aðstæður? Um þetta var skrifað á sínum tíma og því var svarað, þó að ævinlega botnaði ég lítið í svörunum. Rafafl svaraði sjálft og hótaði m. a. málsókn út af atvinnurógi. Mér hefur aldrei verið stefnt fyrir dómstól út af þessu máli!

Hv. núv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skrifaði lengstu kjallaragrein í sögu Dagblaðsins, að ég hygg, um þetta mál og árásirnar á þetta fyrirtæki, sem hann taldi einvörðungu af pólitískum toga spunnar, gerðar af mönnum sem skildu ekki fegurð samvinnuhugsjónarinnar. Og hann notaði orð eins og „alger bullukollur", „málefnalegt hallæri", „kjaftæði", „fíflaskrif", „alls konar kjaftæði". Þetta er til dæmis um að þarna var á ferð alvörumál og er það raunar.

Allt um það hef ég ekki fengið málsókn, en síðan ég stóð í því að skrifa um þetta hafa þær breytingar orðið á högum mínum að ég stend hér sem þm. og þar með sem eftirlitsaðili fyrir hönd skattborgaranna í landinu. Undir þennan ríkisreikning skrifa ég ekki, og ég hygg að fleiri fulltrúar almannasjóðanna og eftirlitsaðilar þeirra ættu að fara í spor mín að því er það varðar. Alþ. er alls ekki í stakk búið til þess að afgreiða þennan ríkisreikning, lýsa blessun sinni yfir m. a. fjármálaævintýri af þessari gerð, svo að ekki sé minnst á aðrar aths. um Kröfluvirkjun í þessari bók. En ég vil halda mig við þetta og þetta eitt. Þetta er fullkomlega nægjanleg ástæða til þess að aðilar á vegum Alþingis fari ofan í þessi mál. Hvernig stendur á því að gerðir eru samningar upp á 23 millj. kr., greitt yfir 30 og eitthvað millj. kr. og síðan greitt úr almannasjóðum yfir 120 millj. kr.? Á Alþ. að láta bjóða sér það? Og ef þetta er svona þarna er þá ekki kominn tími til að fara líka aftar í söguna? Hvað með túrbínurnar? Hvað með Miðfell? Hvað með önnur þau ævintýri sem við Kröflunefnd margfræga eru kennd? Það hefur farið í gegnum þessa virðulegu stofnun hér, en þetta á ekki að fara hér í gegn.

Það má í sjálfu sér hafa mörg orð um þetta. Umræður um Kröflunefnd margfræga eru ekki nýjar af nálinni. En um það hefur verið spurt, m. a. á aðalfundi Landssambands íslenskra rafverktaka, og fullyrt að kanna þurfi samskipti stjórnmálamanna og útboða vegna þess að þau virðast ekki standast fyrir neinum skynseminnar lögum eða leikreglum. Og það er alveg ljóst af því, sem hér hefur verið rakið, að eitthvað meira en lítið skrýtið er á ferðinni. Það er alveg augljóst að þetta þarf að kanna miklu betur og borgarar úti um landið hafa hina fyllstu ástæðu til þess að spyrja um það. M. a. vegna þess, sem um hefur verið spurt, um hv. þm. Jón Sólnes og alls konar viðskiptasamninga sem aldrei voru skýrðir til neinnar hlítar, er fullkomlega eðlilegt að svo sé einnig spurt: Er eitthvert samband á milli þáv. hv. þm. Ragnars Arnalds og setu hans í nefndinni og þessa skringilega viðskiptamáta sem hér hefur verið gert að umræðuefni? Var þetta dúsan sem stungið var upp í kommann í nefndinni, svo að þeir væru góðir? Var þetta ástæðan fyrir því, að Alþb. var aldrei tilbúið til þess að taka þátt í aðfinnslum siðaðra borgara við Kröflunefnd, Kröfluvirkjun og fjármálasukkið allt þar í kring? Um það var oft spurt, hvernig á því stæði að Alþb. var alltaf þegjandi um þetta mál. Sjálfur hef ég aldrei skilið það. Ég hélt einmitt að slík mál sem þetta væru eitur í beinum heiðarlegra komma. Ég hef auðvitað vitað að þeir botna ekkert í viðskiptum og ekkert í efnahagsmálum, en ég hélt að í hinum mórölsku málum hefðu þeir skoðanir samstiga við mínar. (**Gripið fram í:** Hvar hefur þú verið?) Ég hef verið aðili að stjórnarsamstarfi í vetur.

Nei, það er alveg furðuleg þögn þeirra um þetta mál, svör þeirra og t. a. m. viðbrögð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, sem skrifaði á sínum tíma kjallaragrein í Dagblaðið, fimmtudaginn 27. apríl 1978, undir nafninu: „Hneyksli á dag kemur fylginu í lag" — um að sá væri lýðskrumari í kosningaham sem væri að skrifa um Rafafl og Kröflunefnd — sennilega vegna þess að hv. þm. er þeirrar skoðunar að öll skrifin um Kröflunefnd og aðfinnslurnar hafi aldrei verið annað en ódýrt kosningamál, þar hafi aldrei verið neitt við neitt að athuga. Var Mitsubishi pínt? Var Miðfell pínt? Rafafl, það var „elegant" hvernig að er staðið. Og af því að ég sé að hv. þm. er kominn hérna ætla ég að lesa fyrir þingheim upp úr varnargreininni fyrir Rafafl. En þá voru m. a. notuð þessi orð: „alger bullukollur", „málefnalegt hallæri", „kjaftæði", „aumingjaskapur", „lygavefur", „bullgrein", „ömurlegt óðagot", „fíflaskrif", „alls konar kjaftæði", svo dæmi séu tekin. Ég skrifaði svargrein sem hét: „Alfreð er kominn aftur". Ég man raunar ekki við hvað ég átti.

Varnargrein Ólafs Ragnars er eiginlega grein um að hér hafi verið eitthvað meira en lítið að. Og greinin fjallaði auðvitað um ættarlegan uppruna minn, en eins og kunnugt er er þm. sérstakur sérfræðingur í foreldrum mínum og afa og ömmu, ef ég man rétt, en að öðru leyti fjallaði greinin um Rafafl. Eina setningu man ég sem mér þótti alveg frábær í þessari grein. Þar segir:

Sér Vilmundur ekki hve vel fer á því, að þar sem áður voru ritstjórnarskrifstofur og prentsmiðja verkalýðsblaðs, sem áratugum saman flutti varnargreinar og sóknarskrif fyrir málstað íslenskrar alþýðu, skuli nú félagssamtök iðnnema og framleiðslusamvinnufélag ungra iðnaðarmanna hafa bækistöðvar sínar? Sér Vilmundur þetta ekki?

Jú, það er engin furða þó að spurt sé. Þetta er svo fallegt að við liggur að tárin hrynji niður eftir kinnunum á manni!

Hugmyndin er auðvitað sú, að hér er verið að tala um mál sem við t. d., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og fleiri skrifborðskommar áreiðanlega erum sömu skoðunar um að er auðvitað bara venjulegt svindlmál. Svindl á að vera eitur í okkar beinum. Það er svindl að gera samning fyrir hönd skattgreiðenda upp á 28 millj., en greiða 123 millj. Við Ólafur Ragnar Grímsson hefðum verið sammála um, ef um væri að ræða húsbyggingarsjóð Framsfl., að kalla svona viðskiptamáta svindl, — hreint svindl. Þegar ég er beðinn um það sem alþm. og fulltrúi skattborgaranna m. a. að ljá nafn mitt til samþykktar á svona svínarí segi ég nei, og ég vænti þess að fleiri hv. þm. séu mér sammála. Á þessu vil ég fá miklu fyllri

skýringar, t. d. frá hæstv. núv. iðnrh. eða þeim fyrrv. Það er víst sá núv. sem ber núna ábyrgð á þessu rn., þó að hann eigi mér vitanlega engan þátt í því sem hér er verið að ræða um. — Þannig háttar til, að ríkisreikningur kemur mörgum árum seinna. Við erum að fjalla nú, á árinu 1979, um ríkisreikning fyrir árið 1977.

Alþ. á að hafa eftirlit með almannafé. Það er skylda Alþ. að sjá svo um, að ekki sé sólundað almannafé. En það er miklu frekar skylda Alþ. að sjá svo um að ekki sé farið óheiðarlega með almannafé. Þegar borin er á borð fyrir okkur bók, þykk bók, þar sem greint er frá í aths. undirrituðum af þremur yfirskoðunarmönnum ríkisreikninga og af tölum má ráða að ekki er um annað að ræða en það sem við í öðrum tilfellum a. m. k. mundum kalla hreint svindl, þá á Alþ. ekki að láta slíkt fara frá sér öðruvísi en með hinum fyllstu hugmyndum um hvernig við skuli bregðast, því að hvar væri ríkisvaldið statt ef það væri almenn og viðurkennd leikregla í þessu landi og ekkert athugavert að fulltrúar ríkisvaldsins, í þessu tilfelli fulltrúar þriggja stjórnmálaflokka undir forustu Jóns G. Sólness, hv. þm., gerðu viðskiptasamning upp á tiltekna upphæð og borguðu svo út fjórum sinnum meira, en kæmu með einhverjar skýringar eftir á? Hvar væri ríkisvaldið statt ef ekkert væri að athuga við slíka leikreglu? Það er stórkostlega margt við hana að athuga og fullkomlega eðlilegt að borgarar í þjóðfélaginu biðji áfram um viðskiptasöguna um þessi mál, þegar ljóst er að fyrirtækið lét ekki staðar numið í viðskiptum sínum.

Þetta mál er auðvitað, hvernig sem á það er litið, gersamlega óþolandi. En þetta mál er eins og ein kórónan enn á litríka og skrautlega viðskiptasögu sem tengd er Kröfluvirkjun. Þetta mál er ekkert einsdæmi. Túrbínukaupin frá Japan fjalla um miklu stærri upphæðir. Byggingin á stöðvarhúsunum og samningarnir við Miðfell orkuðu mjög tvímælis þá gerðir voru, svo að ekki sé meira sagt. Einhverjir kunna að vera þeirrar skoðunar, að hér sé verið að fjalla um litlar upphæðir. Það er auðvitað rétt, þegar þess er gætt að Krafla kostar um 20 milljarða beint upp úr vösum skattgreiðenda. En það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá, að hér er um óþolandi fordæmi að ræða, hér er um sannanlega misnotkun á almannafé að ræða, og þegar svo er rétta alþm. ekki upp höndina í sinnuleysi. Við erum beinlínis skyld til þess að hafast öðruvísi að. Alþ. á að hafa eftirlit.

Ég hef verið þeirrar skoðunar, að nefndir Alþ. eigi að gegna eftirlitshlutverki í miklu ríkari mæli en gert hefur verið. Ég sit sjálfur í fjh.- og viðskn. Málið kemur þar væntanlega fyrir milli 2. og 3. umr. sé þess óskað. Ég hef enga ástæðu til annars, ef 2. umr. verður alls ekki lokið hér, sem viturlegra væri, en að kalla fyrir — við ættum eiginlega að hafa vald til þess — fulltrúa Rafafls og Jón G. Sólnes, formann nefndarinnar, og spyrjast fyrir um hvort á þessu séu einhverjar skýringar. Hvernig stendur á þessu, ef hér er ekki um misnotkun að ræða? Ef einhverjar skýringar, sem við sjáum ekki í fljótu bragði, eru á því að um 100 millj. hafa runnið út um einhver göt á ríkiskerfinu er kannske ekkert við því að gera. En ef þetta er af hinu taginu, þá er n. auðvitað ekki dómstóll og ekkert dómskerfi í landinu. Aðrir hafa dómsvaldið í þessu landi. Alþ. verður þá að láta um það vita og réttir aðilar, dómstólarnir, að taka við.

Það á að vera skylda Alþ. að gegna því eftirlitshlutverki sem hér hefur verið gert að umræðuefni. Eins og lögum nú háttar hafa þm. kannske ekki vald til þess að kalla fyrir sig borgara. Það er slæmt að svo skuli vera, vegna þess að þegar um almannafé er að ræða og notkun á því ættu þm. að geta kallað fyrir sig alla þá, sem taldir eru skipta máli í því sambandi, og borið fram hverja þá spurningu, sem nauðsynleg kann að vera og er í þágu almannasjóða og skattgreiðenda í þessu landi.

Þetta mál fjallar í sjálfu sér ekki um stórar upphæðir, þó að um það hafi verið notuð stór orð á sínum tíma, m. a. af hv. núv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. En hér er um að ræða fullkomið „prinsipmál", sem hv. Alþ. ber að taka til rækilegrar íhugunar og að ég hygg endurskoðunar. Á Alþ. að líða að gerður sé viðskiptasamningur og beitt útboði og því logið að þjóðinni að með útboði sé verið að leita að lægsta verði, eða svo skilst mér að sé, — jafnvel þegar hv. þm. Jón G. Sólnes, Ingvar Gíslason og Ragnar Arnalds eiga í hlut mun með útboði eigi að síður leitað að lægsta verði, — koma síðan og ljúga því að þjóðinni að tilteknir rafverktakar hafi boðið lægsta verð og aðrir hafi ekki fengið verkið vegna þess að þeir buðu hærra, en koma svo tveimur árum seinna til Alþ. og segja: Því miður voru einhver mistök þarna og við greiddum óvart 4—5 sinnum meira en um var samið? Geta þetta verið undir einhverjum kringumstæðum eðlileg vinnubrögð? Ég segi nei. Þetta eru undir engum kringumstæðum eðlileg vinnubrögð, og þarna ber Alþ. að grípa í taumana og t. d. á fjh.- og viðskn., þar sem sitja rannsóknarþm. eins og ég og hv. 1. þm. Austurl., ekki að láta staðar numið.

Ég sting upp á þeirri vinnuaðferð að kalla fyrir þá sem hlut eiga að máli, svo sitjum við í forsæti rannsóknarréttarins, við Lúðvík, og fyrir framan okkur gætu t. d. setið Ragnar Arnalds, Jón G. Sólnes, Ingvar Gíslason, Rafaflsmenn og aðrir þeir sem þessa viðskiptasamninga gerðu, því að fjölmörgu er ósvarað í þessum efnum. — Genginn er í salinn hv. 1. þm. Austurl. og formaður fjh.- og viðskn. Veit ég að hann er mér sammála um hvert orð sem ég hef sagt, og hef ég enga ástæðu til þess að ætla annað, enda er hann móralskur maður í alla staði.

Alþingi ber að taka svona mál til meðferðar. Það fer ekki milli mála að hér rekumst við á sannarlega misnotkun á fjármunum skattgreiðenda, til að kalla það ekki stærri eða sterkari orðum. Þegar um það er að ræða koma alþm. gjarnan og setja hausana niður og hendurnar upp og samþykkja. Slíkt ber að stöðva og kanna málin til hlítar: í fyrsta lagi, hverjar séu skýringar, og í öðru lagi, hvað beri að gera. Og handhafi framkvæmdavaldsins og ríkissjóðs, hæstv. fjmrh., hlýtur að vera mér sammála um að svona má ekki og á ekki að fara með almannafé.

Auðvitað gefur þetta mál fyllstu ástæðu til að fara lengra aftur á bak og áfram og rekja fleiri sóðasögur af fjármálaævintýrinu norður við Kröflu. Auðvitað gefur þetta mál eitt og 9. aths. yfirskoðunarmanna ríkisreikninga hina fyllstu ástæðu til að rifja upp samningana við Mitsubishi, samningana við Miðfell, bílakostnaðinn þarna, sem raunar er önnur aths. um og hún um milljónatugi — bílakostnaðinn við Kröflu sem yfirskoðunarmenn segja að sé gersamlega óskiljanlegur. Auðvitað gefur þetta fyllstu ástæðu til að rannsóknarnefnd þingsins fari ofan í allt þetta ævintýri mörg ár aftur í tímann, hvernig þessir viðskiptasamningar voru gerðir, hvernig stóð á túrbínukaupunum með þeim hætti, sem var, hvernig stóð á samningunum við Miðfell. Auðvitað hefur Alþ. fyrir löngu borið skylda til þess arna. En gott og vel! Tilefnið er hér til staðar. Það er aths. í ríkisreikningi fyrir

árið 1977, að vísu ekki um Mitsubishi eða Miðfell og samninga við þá, heldur samninga við Rafafl svf., og þessa aths. yfirskoðunarmanna ríkisreikninga tel ég hina fyllstu ástæðu til að Alþ. taki mjög alvarlega, svo að ekki sé meira sagt.

Alþ. má ekki láta það henda sig að láta þennan ríkisreikning sigla fram hjá sér án þess að að verði gert. Það má ekki henda virðulega stofnun, sem m. a. á að gæta bæði hófs og siðsemi í meðferð almannafjár. Það er beinlínis skylda alþm., þegar svona mál kemur upp, að taka í taumana. Og auðvitað eru þessi mál miklu fleiri út um samfélagið allt. En við þetta er aths. í ríkisreikningum. Það er skylda Alþ. að gera allt sem í þess valdi stendur til að kanna í fyrsta lagi af hverju þetta gerðist og í öðru lagi að búa svo um hnútana að slíkt gerist ekki aftur. Það verður að vera til eitthvað í landinu sem heitir viðskiptasiðferði. Ég veit að menn eru mér sammála um að það að gera samning við ríkið um tiltekna upphæð, láta ríkið greiða sér 4—5 sinnum meira og ábyrgðina á öllu saman ber pólitískt skipuð nefnd og að sama fyrirtæki geri svo stórkostlega viðskiptasamninga við flokksblað, þetta eru svo einkennilegar tilviljanir að einhvern tíma hefðum við sagt eitthvað — og ég endurtek: t. d. við hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, ef Framsfl. og viðskiptajöfrarnir þar hefðu átt hlut að máli.

Alþingi ber ábyrgð á því að viðskiptasiðferði sé í heiðri haft á þeim sviðum sem það ræður yfir, t. d. í fjármálum ríkisins, og þegar augljóst er af aths. ríkisreikninga að svo hefur ekki verið er skylda Alþ. að grípa inn í. Ég hef lýst hverjar till. mínar eru um hvernig að verði staðið.

Hér er um að ræða eitt af þessum litlu hneykslismálum, þeim litlu ómerkilegu smámálum þar sem verið er að draga sér upphæðir úr almannasjóðum í skjóli pólitísks kerfis og á ábyrgð pólitískrar nefndar. Svo á að koma tveimur árum seinna og renna þessu hægt og hljóðalaust í gegnum þingið og þar með á málið að vera úr sögunni og allir væntanlega ánægðir. En ég er ekki ánægður og skattgreiðendur hafa enga ástæðu til að fagna svona vinnubrögðum heldur, þvert á móti. Þeir eiga líka sinn rétt. Þeir, sem í almannasjóðina greiða og ekki eru í aðstöðu til þess að mata krók inn í kerfinu, eiga líka sinn rétt og það er skylda Alþ., hverjir sem hlut eiga að máli og hvar í flokki sem menn standa, að sjá um að svona lagað gerist ekki. Það er skylda Alþ. gagnvart því fólki sem oft án aths. og oftast lætur fjármuni af hendi rakna til almannaþarfa. Okkur er treyst til að fara með þá og við eigum ekki að fara svona með það fé.

Þó svo hér hafi verið fjallað um eitt tiltekið fyrirtæki er það auðvitað aðeins vegna þess að það er nafngreint í ríkisreikningnum. Að hér hefur verið fjallað um eitt tiltekið blað er aðeins vegna þess að samvinnufyrirtækið gerði við það samninga um húsakaup. Þá hefur verið fjallað um einn nafngreindan stjórnmálaflokk. Hann er auðvitað hvorki betri né verri en aðrir stjórnmálaflokkar. Það er aðeins gert vegna þess að hvert barn í landinu veit að þar eru tengsl á milli. Að öðru leyti er ekki verið með sérstakar aðfinnslur við nafngreinda aðila í því skyni að koma sérstaklega á þá höggi. Hér er verið að tala um „prinsipmál" sem Alþ. ber að taka hið fyllsta tillit til. Það er skylda okkar og skattborgararnir eiga heimtingu á því.

Kröfluhneykslið allt er búið að kosta skattgreiðendur ótalda milljarða. Hér er aðeins ein saga um lítið dæmi í stóru hneyksli, hvernig samtryggingarkerfið á Íslandi kom þremur af mönnum sínum fyrir hönd 53 af 60 alþm. í framkvæmdanefnd og gaf þeim, að því er virðist, ótakmarkað leyfi til að bruðla með almannafé. Við vitum að eftir stendur hálfónýt virkjun norður í landi, og við vitum að auðvitað hafa fjölmargir, Rafafl er ekki eitt um það, af gæðingum í tengslum við hið pólitíska vald, í tengslum við hið viðurstyggilega samtryggingarkerfi, matað krókinn, grætt, fengið verkefni að alls konar skrýtnum útboðsleiðum sem augljóslega virðast aldrei hafa verið neitt nema nafnið tómt. Auðvitað hafa þeir fjármunir runnið eitthvað annað og væntanlega að hluta til runnið til að styrkja hið pólitíska samtryggingarkerfi í landinu, svo sem í þessu einstaka tilfelli. Þetta er lítil saga, sem nær yfir allan þennan áratug, um verðbólguástandið eins og það hefur verið, hið slæma viðskiptasiðferði, afskipti stjórnmálaflokkanna, hvernig þeir hafa teygt sig inn í þetta mál og önnur slík. Þetta kerfi er auðvitað komið að fótum fram. Þetta kerfi getur ekki lifað og varað nema á því séu gerðar verulegar breytingar. Þessi litla saga ætti að vera okkur víti til varnaðar. Þetta kerfi allt saman þarf að taka til rækilegrar endurskoðunar. Rafafl og viðskiptasaga þess við Kröflu er aðeins eitt lítið dæmi um ástand sem þarf að gera miklar breytingar á.

Frsm. meiri hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er hvorki mitt hlutverk né löngun að fara að eiga orðaskipti við hv. 7. þm. Reykv. eða fást um öll þau stóryrði sem komu af munni þess hv. þm. Ég vil hins vegar segja hv. 7. þm. Reykv. það, að ég er honum sammála um að það verði að vera til og eru til að mínu mati viðskiptareglur í þessu landi sem fylgja beri. En það verða líka að vera til ákveðnar reglur þegar menn halda ræður, sem þeir verða að fara eftir, og ekki mega vera í þeim dylgjur um fjarstadda menn sem ekkert koma því máli við sem um er rætt. Því miður kom slíkt fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv. og það tel ég að verði líka að hafa í huga, því þó að hv. 7. þm. Reykv. telji sér margt leyfilegt, og hans mat gildir gagnvart honum sjálfum, er hæpið, og meira en hæpið að alþm. séu með dylgjur og aðdróttanir að mönnum sem eru fjarstaddir, hvorki hafa hér rétt eða möguleika til að verja sig né koma því máli við sem ræður hv. þm. snúast um.

Ég vil líka segja hv. þm. það, að Alþ. hefur fulltrúa í þessum málum. Það hefur kosið fulltrúa til rannsóknar þarna. Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings eru kosnir af Alþ. Þeir eiga því eðlilega að fjalla um ríkisreikninginn og gera þær aths. sem þeir kunna við hann að gera. Þess vegna eru þeir, en ekki einstök n. í þinginu, trúnaðarmenn Alþingis.

Ég vil vekja athygli á því, að ræða sú, sem hv. þm. flutti, hefði e. t. v. ekki þurft að vera í þeim stíl sem hann flutti hana, það er önnur saga. En slík aths. var eðlileg þegar málið var til 1. umr. Þá hefði líka verið af hálfu þeirrar n., sem fékk málið, hægt að athuga málið eitthvað á annan veg en gert var. En við 1. umr. um málið voru engar aths. gerðar á hv. Alþ., að ég muni eftir, ég hygg að ég fari þar með rétt mál.

Á bls. 418 í ríkisreikningnum er aths. frá hendi yfirskoðunarmanna. Sú aths. skýrir þetta mál frá þeirra sjónarmiði og eðlilegt hefði verið að vitna í hana. Hún er það löng að nokkurn tíma tekur að lesa hana. Á bls. 426 er niðurstaða. Þetta, sem ég vitna til, er svarið sem gefið er af hálfu iðnrn. Niðurstaða yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins er svo á bls. 426, svar eða niðurstaða eftir

svar rn.

Nú vil ég taka það fram, sem ég hef áður látið í ljós á hv. Alþ., að ég tel miður farið að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings séu allir utan Alþ. Ég gegndi því starfi um nokkurt skeið að endurskoða reikninginn og þá var sú venja, að við 1. umr. um málið á hv. Alþ. gerði ég grein fyrir þeim aths. eða skýrði þær aths. sem gerðar voru. Það hefur ekki tíðkast um nokkur ár, að þm. hafi sinnt endurskoðun þessari og þeir, sem sinna henni nú, eru ekki þm. Ég tel að miklu eðlilegra sé að þm. fjalli um þessi mál í yfirskoðun, enda gæti þá sá, sem færi með það vald, skýrt málið á hv. Alþ. Ég vek athygli á þessu vegna þess og mér finnst óviðurkvæmilegt við þessa umr. hér á hv. Alþ. að fara að draga inn í umr. aðila sem ekkert koma þessu máli við.

Nú virðist vera allmikill áhugi á því að hv. þm. taki hér til máls. Ég vil taka skýrt fram, að þáttur minn er ekki annar en tala fyrir málinu á hv. Alþ., en ég komst ekki að neinni dómsniðurstöðu um það mál sem hér um ræðir. Hins vegar tekur alllangan tíma ef ég ætti að fara að lesa það svar sem iðnrn. gaf við aths. þeim sem yfirskoðunarmenn gerðu við þennan lið ríkisreikningsins. En með leyfi hæstv. forseta ætla ég að grípa niður í þetta svar, sem ber yfirskriftina „Kröflunefnd". Iðnrn. svaraði aths. með svofelldu bréfi fyrrv. framkvæmdastjóra Kröflunefndar, dags. 15. jan. 1979:

„1. Verðbætur.

Um verðbætur yfirleitt er það að segja að þær urðu í hærra lagi vegna þess hve verkið dróst fram yfir áætlaðan verktíma vegna jarðumbrota á svæðinu.

Verðbætur eru tvenns konar:

a) Verðbætur bundnar byggingarvísitölu.

b) verðbætur bundnar beinni hækkun vinnulauna.

Byggingarvísitala hækkaði úr u. þ. b. 101 í 176 á samningstímanum. Aukning launakjara var talsvert hærri og staðbundin þróun þeirra yfir tímabilið nokkuð á annan veg. Aukning tímaskrifta vegna staðaruppbóta og ferðalaga í fríum jókst t. d. án þess að slík kjaraaukning endurspeglaðist í byggingarvísitölu er byggðist á þróun landsins alls.

Eðli verkþáttarins, sem um er að ræða, hefur af framangreindum ástæðum afgerandi áhrif á magn verðbóta er á verkið reiknast. Byggingarverkþátturinn er verðbættur samkv. byggingarvísitölu, enda er efnishluti þeirra verksamninga stór hundraðshluti samningsupphæðar. Vélauppsetningar-, pípulagna- og rafmagnsverkþættirnir eru að mestu leyti vinnusamningar, þar sem efnishlutinn er á bilinu 10—20% samningsupphæðar að aukaverkum meðtöldum. Þeir verksamningar, sem gerðir voru vegna síðastnefndra verkþátta, voru því næstum að fullu verðbættir í samræmi við launakjör hverju sinni.

Flestir verkþættir framkvæmdanna við Kröfluvirkjun voru boðnir út að lokinni frumhönnun og hluta fullnaðarhönnunar. Var þessi háttur á hafður til þess að verktaki fengi nauðsynlegan undirbúningstíma til verksins án þess að verktafir hlytust af.

Hlutfall aukaverka er því mælikvarði á:

a) breytingar þær sem verða frá hönnunarstigi verkþáttarins við útboð uns fullnaðarhönnun hans er lokið.

b) breytingar þær sem gera þarf við framkvæmd verkþáttarins.

Hið háa hlutfall aukaverka í verkþáttum við raf- og pípulagnir á því orsakir sínar í þeim hlutfallslega miklu breytingum sem urðu við fullnaðarhönnun og framkvæmd þessara verkþátta.

Eftirfarandi tölulegur samanburður á greiðslum til þriggja verktaka sýnir greinilega að verðbætur til Rafafls svf. voru í fullu samræmi við verðbætur til þeirra verktaka er unnu verk svipaðs eðlis."

Þá er það Stálsmiðjan, Hamar og Héðinn: Framkvæmd hluta samnings 48.3%, verðbætur á verksamning 11.8%, aukaverk, verðbætur meðtaldar, 39.9%.

Verðbætur aukaverka eru hér ekki sundurliðaðar, heldur reiknaðar inn í sjálfar kostnaðartölur aukaverkanna. Verðbætur á samning eru 19.6%.

Slippstöðin hf.: 26.9% framkvæmdir samningar, verðbætur á verkin 6.8%, aukaverk 27.4%, verðbætur á aukaverk 12.9%. Óverðbætt 26%. Heildarverðbætur eru þannig 26.6% samnings. — [Ræðu ekki lokið vegna þess að ræðumaður fékk aðsvif.]

Umr. frestað.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 512, n. 746 og 774, 747). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að láta þá von í ljós fyrir hönd okkar allra þm., að hinn ágæti félagi okkar, hv. þm. Halldór E. Sigurðsson, nái sem fyrst fullri heilsu og verði kominn við hlið okkar áður en þingi lýkur.

Annars mæli ég hér fyrir nál. frá iðnn. Nd. um frv. til l. um breytingar á lögum um Iðnlánasjóð. Nál. frá meiri hl. iðnn. er á þskj. 746, og brtt., sem meiri hl. flytur, er á þskj. 747.

Þetta mál snýst um að stofna við Iðnlánasjóð sérstaka lánadeild iðngarða, sem hafi það verkefni að veita stofnlán til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga sem reisa iðnaðarmannvirki. Meiri hl. n., en hann skipa auk mín hv. þm. Árni Gunnarsson, Ingvar Gíslason, Eðvarð Sigurðsson og Gunnlaugur Stefánsson, leggur til að vissar breytingar verði gerðar á frv., sem er stjfrv. Við höfum kvatt á fund n. formann stjórnar Iðnlánasjóðs, Gunnar Björnsson, og n. barst umsögn frá stjórn Iðnlánasjóðs, þar sem stjórnin fer fram á vissar breytingar á frv. eins og það var lagt hér fram.

Við í meiri hl. n. höfum tekið nokkurt tillit til tillagna stjórnar Iðnlánasjóðs. Er þar um að ræða, að í fyrsta lagi flytjum við þá brtt., að þeim 250 millj. á ári, sem frv. gerði ráð fyrir að ráðstafað yrði af fé Iðnlánasjóðs til byggingar iðngarða, verði fyrst ráðstafað með þeim hætti á árinu 1980, en ekki strax í ár, 1979, eins og frv. miðaði við, 1980—1983 verði þá ráðstafað 250 millj. kr. á ári af fé Iðnlánasjóðs til stofnlána vegna byggingar iðngarða. Breytingin er eingöngu sú, að upphafsárið verði 1980 í stað 1979. Þess skal getið, að stjórn Iðnlánasjóðs mæltist til þess að ráðstöfunarféð yrði aðeins 200 millj. kr., en við höldum okkur við töluna 250 millj. á ári.

Það eru hér minni háttar breytingar aðrar. Við leggjum til að 9. gr. orðist á þessa leið, með nokkuð öðrum hætti en í frv.:

„Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða, er hafi þann tilgang að lána stofnlán til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu til handa iðnfyrirtækjum, sem greiða

iðnlánasjóðsgjald samkv. 5. gr., enda öðlist þau á fullnægjandi hátt að mati stjórnar Iðnlánasjóðs leigu- og/eða kauprétt að þeirri aðstöðu eða mannvirki, sem lánað er til.“ Síðan bætum við hér við í samræmi við óskir stjórnar Iðnlánasjóðs: „Umsækjendur um lán til iðngarða geri stjórn Iðnlánasjóðs fullnægjandi grein fyrir áformum sínum samhliða lánsumsókn.“

Það kom sem sagt fram, að uppi voru nokkrar áhyggjur út af því, að ef ekki væri sett ákvæði inn í frv. um að gerð væri fullnægjandi grein fyrir áformum gæti verið viss hætta á að sveitarfélög fengju lán til að byggja iðnaðarhúsnæði, en síðan væru kannske engir aðilar tiltækir til að reka þar iðnaðarstarfsemi. Okkur þótti eftir atvikum sanngjarnt að taka nokkurt tillit til þessara ábendinga. Hins vegar féllumst við í meiri hl. iðnn. ekki á að hafa þetta enn strangara, þótt stjórn Iðnlánasjóðs hafi gert till. til n. um að þarna yrði enn bætt við setningu á þá leið, að jafnframt skyldu umsækjendur gera grein fyrir hvaða fyrirtækjum þeir ætluðu að selja eða leigja aðstöðu. Við í meiri hl. iðnn. vildum ekki ganga svo langt að fallast á þessi tilmæli.

Síðasta atriðið varðandi breytingar lýtur að 3. tölul. í upptalningunni á þskj. 512, sem er frv. sjálft. 3. tölul. er umorðaður að ósk stjórnar Iðnlánasjóðs. Höfum við í meiri hl. n. gert till. hennar að okkar. Hún er á þessa leið:

„Almenn lánakjör Iðnlánasjóðs skulu gilda um lán úr lánadeild iðngarða, en að öðru leyti setur iðnrh., í samráði við stjórn Iðnlánasjóðs, með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar. Í reglugerðinni skal þess gætt að með aðstöðu innan iðngarðs sé fyrirtækjum, sem eiga í samkeppni í sömu grein, ekki mismunað eða stuðlað að neikvæðri samkeppni innan byggðarlaga eða á landsvísu.“

Nú hef ég rakið þær litlu breytingar sem við leggjum til í meiri hl. iðnn. En við mælum með því að frv. verði samþ. með þessum breytingum, og von okkar er sú, að hægt verði að afgreiða málið fyrir þinglausnir.

Tveir nm., þeir hv. þm. Gunnar Thoroddsen og hv. þm. Jósef H. Þorgeirsson, hafa skilað minnihlutaáliti sem þeir munu gera grein fyrir.

Frsm. minni hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Undanfarin ár hefur mjög verið til umræðu í samtökum iðnaðarins og meðal sveitarfélaga að stofna til svokallaðra iðngarða, þ. e. a. s. að koma upp iðnaðarhúsnæði fyrir iðnfyrirtæki með sameiginlegu átaki einstaklinga, félagssamtaka og sveitarfélaga. M. a. gerðist það á iðnkynningarári ekki alls fyrir löngu, að þetta mál kom mjög til umræðu, m. a. — ætla ég — á flestum þeim iðnkynningardögum sem haldnir voru bæði hér í Reykjavík og víðs vegar um land.

Þetta mál þarf auðvitað að undirbúa mjög vel. Flutt var á öndverðu þessu þingi till., flm. þeir Eggert Haukdal og Guðmundur Karlsson, um að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um þetta mál með samstarfi einstaklinga, félagssamtaka og sveitarstjórna og stuðningi ríkisins. Í þessari till. var einnig tekið fram að hafa skyldi samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð, Byggðasjóð, Félags ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna og könnun þessari og undirbúningi skyldi hraðað svo sem unnt væri. Atvmn. Sþ. fékk till. þessa til meðferðar, mælti einróma með samþykkt hennar og fyrir fáum dögum, 15. maí, samþykkti Alþ. hana sem ályktun sína.

Það frv., sem hér liggur fyrir, stjfrv. um breyt. á lögum um Iðnlánasjóð, beinist að því að stofna skuli í Iðnlánasjóði sérstaka lánadeild iðngarða. Nú væri auðvitað eðlilegast að þetta frv. biði þeirrar athugunar sem Alþ. hefur sjálft samþ. að fram skuli fara, og ég vænti þess, ef myndarlega er að staðið og framfylgt ályktun Alþ., að þá ætti ríkisstj. að geta haft á næsta hausti til frv. með tillögum um lausn þessa mikilvæga máls og unnt yrði að leggja það fyrir Alþ. og afgreiða það á næsta þingi. Um þetta mál í heild, iðngarðana, virðist vera mjög viðtæk samstaða.

Ég verð að telja harla óeðlilegt að taka einn þátt þessara mála út úr og ákveða nú að lítt athuguðu máli að stofna lánadeild iðngarða við iðnlánasjóð. En þó verður þetta enn furðulegra þegar þess er gætt, að með frv. er engin lausn þessara mála fundin, vegna þess að það er ekkert nýtt fé, enginn tekjustofn, ekkert nýtt fjármagn ætlað til þessara mála í frv., heldur eingöngu ákveðið að taka af almennu ráðstöfunarfé Iðnlánasjóðs 1 milljarð kr. á fjórum árum, eða 250 millj. á ári, og leggja til þessara hluta. Hið mikilvæga mál, iðngarðarnir, verður ekki leyst með svona vinnubrögðum. Það verður ekki leyst nema með sameiginlegu átaki þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og með því að leita samráðs við ýmsa sjóði, m. a. þá sem nefndir eru í þeirri ályktun sem Alþ. hefur nú samþ. Það má vera að stofnun sérstakrar lánadeildar innan Iðnlánasjóðs yrði ein af þeim leiðum sem mönnum þætti rétt að fara, en auðvitað eru það engin vinnubrögð að skoða það ekki í samhengi við öll önnur atriði þessa máls.

Við í minni hl. iðnn., hv. 7. landsk. þm., Jósef H. Þorgeirsson, og ég, höfum skilað sérstöku nál. á þskj. 774, rekjum þar þessi viðhorf, sem ég nú hef rætt, og leggjum því til, og er auðvitað rökrétt afleiðing af samþykkt Alþ. fyrir þrem dögum, að þetta frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá á þá leið, að þar sem Alþ. hefur þegar samþ. þál. um að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um iðngarða í samráði við ýmsa aðila og í trausti þess, að frv. til slíkrar löggjafar verði lagt fyrir næsta Alþ., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Þær brtt., sem meiri hl. n. flytur, eru út af fyrir sig til bóta á frv. og gerðar eftir ábendingu stjórnar Iðnlánasjóðs. En ég vil taka það skýrt fram og láta það koma fram hér, að stjórn Iðnlánasjóðs mælir í umsögn sinni hvergi með því að þetta frv. verði samþ. Hins vegar leggur hún til að gerðar verði breytingar á frv., og er það auðvitað miðað við það, að ef frv. eigi að verða að lögum þurfi að lagfæra það í ýmsum greinum.

Varðandi það fé, sem þannig á að taka af hinu almenna ráðstöfunarfé Iðnlánasjóðs, segir stjórn sjóðsins að hún telji ekki verjandi að skerða fjármagn sjóðsins svo mjög sem hér er lagt til, leggur til að það sé í fyrsta lagi ekki látið ná til ársins í ár, og það hefur meiri hl. n. fallist á, og í öðru lagi að þá verði alls ekki tekið meira en 200 millj. á ári af sjóðnum til þessara þarfa. Á það sjónarmið hefur meiri hl. n. ekki viljað fallast.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða hér frekar þetta mikilvæga mál. Ég vænti þess, að sú ályktun, sem Alþ. hefur einróma samþ., verði til þess að unnið verði skynsamlega að málinu og þar verði höfð betri og hyggilegri vinnubrögð en höfð hafa verið um undirbúning þessa frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hvalveiðar, frv. (þskj. 492). — 1. umr.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er ekki þörf á að mæla fyrir þessu frv. í löngu máli. Eins og fram kemur í aths. er aðalástæðan fyrir flutningi þess sú, að refsiákvæði hvalveiðilaganna eru orðin úrelt, enda verið óbreytt í 30 ár. Sektir eru nú 100 þús. kr. og þær hafa að sjálfsögðu ekki sömu varnaðaráhrif og árið 1949.

Það hefur ekki reynt á þessi ákvæði fyrr en s. l. sumar, og er það sjálfsagt orsök þess að þeim hefur ekki verið breytt. Þá var um að ræða norskan hrefnuveiðara sem staðinn var að ólöglegum hrefnuveiðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Skipstjórinn hlaut aðeins 50 þús. kr. sekt og 45 daga fangelsi í samræmi við gömlu refsiákvæðin. Fangelsinu getur hann losnað undan með því að vísa á tryggingarfjárhæð, 1 millj. kr., sem honum var gert að inna af hendi. Þá var aðeins gerð upptæk ein hrefna sem hann var talinn sannur að að hafa skotið í íslenskri fiskveiðilögsögu, en báturinn var að sögn að koma af Grænlandsmiðum og var hlaðinn hrefnukjöti sem var mörgum sinnum verðmætara en sekt, tryggingarfé og andvirði upptæks afla saman lagt. Hinn norski skipstjóri áfrýjaði ekki þessum dómi til Hæstaréttar, heldur undi honum. Það er til ábendingar um að hann hafi unað honum vel.

Hér á að strengja á þeim sektum, sem hér er um að ræða. Gert er ráð fyrir að sektarfjárhæðir séu hækkaðar verulega og verði í samræmi við sektarákvæði laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Það ættu að vera augljós rök til þess að hafa a. m. k. jafnhá refsiviðurlög við ólöglegum hvalveiðum og ólöglegum fiskveiðum. Sektirnar eru miðaðar við gullkrónur, eins og í fiskveiðilögunum, og eins og þar er er gert ráð fyrir að allur afli skips í veiðiferð sé gerður upptækur ef skip er staðið að broti, en ekki bara sá hluti aflans sem hægt er að sanna að sé ólöglega tekinn.

Ég vísa að öðru leyti til aths. við frv., hef þessi orð ekki fleiri en vænti þess að frv. þetta hljóti skjóta afgreiðslu og verði sem fyrst afgreitt sem lög frá þessu þingi, um leið og ég geri að till. minni að því verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 782 (sbr. 541)). — 1. umr.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. það til l. um eftirlaun aldraðra, sem hér er til umr., er flutt sem stjfrv. Þykir mér rétt að hefja framsögu með stuttu yfirliti yfir núverandi skipan lífeyriskerfis okkar í heild.

Þegar talað er um lífeyriskerfið í daglegu máli er í raun átt við tvíþætta tilhögun á greiðslu lífeyris til aldraðra og öryrkja. Annars vegar eru lífeyrisgreiðslur almannatrygginga, sem kostaðar eru af skattfé, og hins vegar lífeyrisgreiðslur hinna frjálsu lífeyrissjóða, sem svo eru nefndir og myndaðir eru af iðgjaldagreiðslum sjóðfélaga og vinnuveitenda þeirra. Eins og hv. þm. vafalaust þekkja er grunnlífeyrir almannatrygginga, sem allir njóta frá 67 ára aldri án tillits til efnahags eða tekna, nú rúmlega 54 þús. kr. á mánuði fyrir einstakling og hækkar um ca. 7 þús kr. á mánuði að jafnaði fyrir hvert ár eftir 67 ára aldur sem dregið er að taka ellilífeyri. Hjón fá 90% af bótum tveggja einstaklinga. Auk hins almenna grunnlífeyris greiða almannatryggingar sérstaka uppbót til allra þeirra sem hafa heildartekjur innan ákveðinna marka. Þessi uppbót, svonefnd tekjutrygging, getur numið tæpum 50 þús. kr á mánuði fyrir einstakling, en hjá hjónum 84 500 kr.

Þótt lífeyrir almannatrygginga hækki lögum samkv. með kaupi og hafi raunar hækkað meira en laun síðustu ár, einkum tekjutryggingargreiðslan, verður ekki um það deilt að lífeyriskerfi almannatrygginga nær hvergi nærri því marki að tryggja almennt nægilega afkomuöryggi fólks í ellinni. Okkur er því nauðsyn á að hafa jafnframt sem allra fullkomnast kerfi lífeyrissjóða, sem starfa við hlið almannatrygginga og stoppa í götin sem þar eru, ef svo má að orði komast.

Lífeyrissjóðirnir og almannatryggingar eru greinar á sama meiði, sprottnar af þeirri sömu hugsjón að bæta mönnum á sanngjarnan hátt varanlegan missi starfsorku vegna örorku eða elli, auka jöfnuð meðal manna og vinna bug á því böli sem öryggisleysið er. Þetta hafa menn löngu gert sér ljóst, og ég hygg að fullyrða megi að nú sé orðin um það tiltölulega almenn pólitísk samstaða að koma þurfi á einum lífeyrissjóði eða einu samræmdu lífeyriskerfi sem taki til allra landsmanna og tryggi öllum ákveðin samræmd lágmarksréttindi. Hins ber að gæta, að það er ákaflega flókið verk og vandasamt að endurskipuleggja núverandi lífeyriskerfi, samræma myndun lífeyrisréttinda og greiðslna og búa til eitt samfellt réttindakerfi fyrir alla landsmenn. Þar fléttast saman fjárhagsleg og félagsleg atriði í flókinn hnút sem torvelt getur reynst að leysa svo að öllum líki. Að þessu verki er þó unnið jafnt og þétt, þótt tæpast verði því lokið að fullu fyrr en að einu til tveim árum liðnum. Því hefur þótt henta að stíga leiðina að þessu lokamarki í tveimur skrefum, byrja á því að leysa vanda þeirra lífeyrisþega sem nú eru utan verðtryggðra lífeyrissjóða eða eiga alls engan aðgang að lífeyrissjóðum. Sá er tilgangur þessa frv. Með lögfestingu þess væri stórum og merkum áfanga náð að lokamarkinu.

Freistandi væri að rekja hér sögu og þróun hinna liðlega 100 lífeyrissjóða sem starfandi eru í landinu. Tímans vegna mun ég þó ekki gera það, en vísa til framsöguræðu minnar með þessu frv. í hv. Ed.

Segja má að skipt hafi algerlega í tvö horn, annars vegar rótgróna og að fullu verðtryggða sjóði opinberra starfsmanna, hins vegar óverðtryggða sjóði sem verðbólgan hefur gert svo til gagnslausa.

Með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins í febr. 1976 urðu nokkur straumhvörf í þessu efni. Þá bundust allir lífeyrissjóðir verkalýðsfélaga innan ASÍ samtökum um að leggja hluta iðgjaldatekna sinna í sameiginlegan sjóð til að verðtryggja lífeyri þeirra sjóðfélaga sem látið höfðu af starfi og náð höfðu 70 ára aldri. Tvöfaldaði þessi verðtrygging þegar í stað lífeyri þeirra, sem í hlut áttu, og hefur hann síðan breyst með launum. Þetta samkomulag hefur síðan verið endurnýjað og reglunum um verðtryggingu breytt til hagsbóta fyrir lífeyrisþega. Árið 1976 var ákveðið að lífeyrisgreiðslur skyldu breytast tvisvar á ári, en árið 1977 var samþ. að þær breyttust ársfjórðungslega til samræmis við launahækkanir. Verðtrygging lífeyris hjá svo mörgum og fjölmennum sjóðum, en þeir munu vera um 60 talsins, hafði auðvitað geysimikla þýðingu fyrir stóran hóp lífeyrisþega, auk þess, sem ætla má, að áhrifa þessa samkomulags hafi gætt út fyrir raðir þeirra sjóða sem það tók beinlínis til.

Samfara stofnun hinna almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna í ársbyrjun 1970 voru sett lög um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, nr. 63 frá 1971. Ástæðan til þeirrar lagasetningar var sú, að allstór hópur manna í stéttarfélögunum hafði aldurs vegna ekki möguleika á að ávinna sér umtalsverð réttindi í hinum nýju sjóðum. Var það talið réttlætismál að tryggja þeim nokkur lágmarksréttindi, þótt þeir greiddu lítið eða jafnvel ekkert til hinna nýstofnuðu sjóða, þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið. Lögunum var þannig ætlað að leysa ákveðin upphafsvandamál og gildistími þeirra aðeins ákveðinn 15 ár, eða til ársloka 1984. Eðlilegast kann að virðast að lífeyrissjóðirnir stæðu sjálfir undir kostnaði af þessari tilhögun. Frá því var þó horfið, einkum vegna þess að fjárhagsgrundvöllur sjóðanna var mjög óviss og þeir raunar tæpast teknir til starfa sumir hverjir. Í staðinn var sú tilhögun ákveðin, að Atvinnuleysistryggingasjóður bæri kostnaðinn að 3/4 hlutum og ríkissjóður að 1/4. Eftir að gildistíma laganna væri lokið skyldu hins vegar hlutaðeigandi lífeyrissjóðir taka við þessum greiðslum.

Þegar lífeyrissamkomulagið var gert árið 1976 og lífeyririnn verðtryggður var jafnframt ákveðið að verðtryggja þann lífeyri sem greiddur var samkv. lögum frá 1971. Var þeim lögum breytt samkv. því árið 1976 og aftur 1977. Kostnað af þessari breytingu tóku lífeyrissjóðirnir sjálfir á sig og standa málin þannig nú, að ríkissjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður greiða grunnlífeyrinn, en lífeyrissjóðirnir sjálfir hins vegar verðtrygginguna. Hefur kostnaðurinn skipst þannig, að árið 1976 greiddu lífeyrissjóðirnir um 250 millj. á móti 231 millj. frá ríki og Atvinnuleysistryggingasjóði og árið 1977 greiddu lífeyrissjóðir um 400 millj. af um 700 millj. kr. heildarkostnaði. Þegar Lífeyrissjóður bænda var stofnaður árið 1970 fengu aldraðir bændur tilsvarandi réttindi og meðlimir stéttarfélaganna. Var kostnaðinum þar skipt milli Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkissjóðs, en sjálfur tók lífeyrissjóðurinn hins vegar á sig kostnað af verðtryggingu eftirlaunanna, en hún kom til árið 1976.

Af framansögðu má ljóst vera að lögin um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögunum hafa gegnt mjög mikilvægu hlutverki, bæði í fyrstu sem grundvöllur lágmarksréttinda þeirra, sem ekki höfðu tækifæri til að ávinna sér réttindi til iðgjaldagreiðslna frá hinum nýstofnuðu sjóðum, og síðustu ár sem farvegur almennrar hækkunar eftirlaunagreiðslna, því að þau hafa með fordæmi sínu haft veruleg áhrif á lífeyrisgreiðslur til ýmissa annarra en þeirra sem þau beinlínis taka til.

Þrátt fyrir þetta er gildi laganna takmarkað, því að þau ná aðeins til hluta lífeyrisþegahópsins. Áætlað hefur verið, að um s. l. áramót hafi fólk 70 ára og eldra verið nálægt 14 700. Af þessum hóp má ætla að um 6000 njóti með beinum eða óbeinum hætti efitrlauna samvk. lögum frá 1971 og hliðstæðum ákvæðum í lögum um Lífeyrissjóð bænda. Að auki er svo ætlað að um 2400 manns eigi rétt á verðtryggðum lífeyri úr lífeyrissjóðum hins opinbera og bankanna. Eftir stendur þá hópur sem telur um 6300 manns og nýtur ekki verðtryggðs lífeyris úr lífeyrissjóði. Af þessum hóp er talið að um 3000 manns muni öðlast lífeyrisréttindi beint með lögfestingu þessa frv., en mun fleiri með óbeinum hætti þegar makar þeirra, sem réttindin öðlast, eru meðtaldir. Gæti þá látið nærri að allt að 4500 manns öðluðust slík réttindi af þeim 6300 sem hafa þau ekki núna. Þeir u. þ. b. 1800, sem enn standa utan þessa kerfis, eru þá ýmist enn við störf eða hafa ekki haft neinar atvinnutekjur. Gæta verður þess, að þær tölur, sem ég nú hef nefnt um fjölda lífeyrisþega, eru áætlanir og verður ekki fullyrt um nákvæmni þeirra. Skortir enn töluvert á, að nægilega glöggar upplýsingar liggi fyrir um aðstæður þeirra sem náð hafa eftirlaunaaldri. Þær ættu þó að gefa viðunandi heildarmynd af ástandinu.

Ef reynt er að glöggva sig á samsetningu þess hóps, sem fær réttindi með frv. þessu, er ljóst að stór hluti hans kemur úr hópi þeirra sem stundað hafa sjálfstæðan atvinnurekstur í einni eða annarri mynd. Þó mun frv. einnig ná til töluverðs fjölda launþega sem ýmist hafa skipt um starf á síðari hluta starfsævinnar og þannig lagst á milli laga eða hafa stundað störf sem ekki eru gjaldskyld samkv. samkomulagi ASÍ og vinnuveitenda frá 1969. Hluti þessa fólks er nú þegar félagar í lífeyrissjóðum, en með mjög takmörkuð réttindi vegna skamms réttindatíma eða vegna þess að verðtrygging lífeyris hjá sjóðnum er takmörkuð. Langflestir hinna nýju lífeyrisþega standa hins vegar alveg utan lífeyrissjóða.

Tímans vegna mun ég ekki ræða hér um aðdraganda að skipun þeirra tveggja nefnda sem að þessu frv. hafa unnið, en vísa í því efni til framsöguræðu minnar með frv. í hv. Ed.

Í almennum aths. með frv. er athygli vakin á því, að þegar á þessu ári verði að koma á skylduaðild að lífeyrissjóði fyrir alla þá starfandi menn sem þátttökuskyldan nær enn ekki til samkv. kjarasamningum eða lögum. Mundi ella hljótast af misræmi og misrétti, ef þeim, sem látið hafa þátttöku í lífeyrissjóði undir höfuð leggjast, væru veitt þau réttindi án greiðslu sem aðrir skapa sér með iðgjaldagreiðslum. Er vinna við undirbúning þeirrar lagasetningar þegar hafin.

Þetta frv. skiptist í fimm kafla og er það þannig upp byggt, að ákvæði laga nr. 63 frá 1971, um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, með áorðnum breytingum eru tekin upp í I. kafla þess án efnisbreytinga. Nýmælin eru því einkum fólgin í II. kafla, þar sem kveðið er á um réttindi þeirra sem hvorki eiga rétt samkv. I. kafla né lögum um Lífeyrissjóð bænda. Helstu breytingar eru þar þrjár: Fellt er niður skilyrði um aðild að stéttarfélagi. Fellt er niður skilyrði um skylduaðild að lífeyrissjóði. Í stað gjaldskyldra launatekna er gert ráð fyrir, að vinnsla réttinda geti miðast við atvinnutekjur samkv. skattframtölum.

Í III. kafla eru sameiginleg ákvæði um bótafjárhæðir, um framkvæmd laganna og um tengsl I. og II. kafla frv., svo og tengsl þess við hliðstæð ákvæði í lögum um Lífeyrissjóð bænda.

Í IV. kafla eru reglur um uppbót á lífeyri, eða öðru nafni verðtryggingu lífeyris. Þetta eru sem sagt sömu verðtryggingarákvæðin og bætt var inn í lögin frá 1971 með lögum nr. 33 frá 1976 og aftur með lögum nr. 67 frá 1977 til samræmis við þær verðbætur sem þá var samið um til aðildarfélaga ASÍ-sjóðanna.

Loks eru í V. kafla fjárhagsákvæði frv. Í því sambandi vil ég taka það fram, að full samstaða var í sautján manna nefndinni um tilgang frv. og öll bótaákvæði þess. Í nefndinni var heldur enginn ágreiningur um að allir lífeyrissjóðir greiði 5% af iðgjaldatekjum sínum til að standa að hluta undir kostnaði vegna bótaákvæða frv. Hins vegar komu fram tvær till. um meginleiðir varðandi

fjáröflunartillögur frv. í heild. Eru þær til aðgreiningar nefndar tillaga I og tillaga II og vísa ég um samnaburð á skiptingu fjáröflunar samkv. þeim til fskj. II með frv. á bls. 16, en þar kemur jafnframt fram hvernig fjáröflun til erftirlauna aldraðra og Lífeyrissjóðs bænda er skipt samkv. núverandi kerfi.

Tillaga nr. I til fjáröflunar var lögð fram af fulltrúum launþega og vinnuveitenda í átta manna nefndinni og við endanlega afgreiðslu málsins í sautján manna nefndinni fékk hún auk þess stuðning frá fulltrúm BSRB, BHM og Landssambands lífeyrissjóða. Fulltrúi Lífeyrissjóðs bænda taldi sig hins vegar geta stutt hvora till. sem væri. Fulltrúar ríkisstj. standa að fjáröflunartillögu nr. II.

Mikið hefur verið reynt til að bræða saman þessi tvö sjónarmið um skipan fjáröflunar, og má raunar segja að þær tilraunir hafi tafið framlagningu frv. um marga mánuði, því að það mátti að öðru leyti teljast fullbúið af hálfu nefndanna strax s. l. haust. Þessar tilraunir hafa þó ekki borið þann árangur, sem vonast var eftir, og málamiðlun ekki náðst.

Munurinn á hinum tveimur leiðum er einkum sá, að útgjöld ríkissjóðs eru stórum meiri samkv. till. I, eða 1664 millj. á móti 673 millj. samkv. till. II. Munar tæpum milljarði á ársgrundvelli. Að sama skapi eru útgjöld samkomulagssjóðanna minni samkv. till. I, og er þar raunar gengið svo langt að leggja til að yfir 500 millj. af þeim útgjöldum, sem þessir sjóðir nú bera sjálfir vegna verðbótagreiðslna á lífeyri, verði fluttar yfir á ríkissjóð. Þá er þátttaka Atvinnuleysistryggingasjóðs töluvert minni í fjáröfluninni samkv. till. I eða 525 millj., sem er sama fjárhæð og sjóðurinn greiðir samkv. núgildandi kerfi, á móti 828 millj. samkv. till. II. Þegar frv. kom til umfjöllunar í ríkisstj. varð þar ekki samstaða um svo stórfellda útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð sem felst í till. I, auk þess sem fullnægjandi rök þótti skorta fyrir allri þeirri tilfærslu útgjalda frá samkomulagssjóðnum yfir á ríkissjóð sem í þeirri till. felst. Varð því að ráði að leggja frv. fram miðað við fjáröflunartill. II með fyrirvara af hálfu einstakra ráðh. um hugsanlegar till. til breytinga á þeirri skipan sem gengju í miðlunarátt.

Heildarkostnaður af hinum nýju eftirlaunum og uppbót á þau er áætlaður á ársgrundvelli, miðað við verðlag þessa árs, 1350 millj. kr., sbr. sundurliðaða kostnaðaráætlun í fskj. I með frv. Þetta fskj. er á bls. 15. Verður þá heildarkostnaður eftirlauna samkv. eftirlaunalögunum frá 1971 og lögum um Lífeyrissjóð bænda frá 1970, að uppbótinni meðtalinni og hinum nýju réttindum, orðinn 3 milljarðar 755 millj. Er hér auðvitað um mikla fjármuni að ræða og von að leitast sé við að dreifa útgjöldunum á sem flestra herðar. Ég vil þó taka fram, að samfara þeirri útgjaldaaukningu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð sem felst í till. nr. II, hlýtur að verða að koma til innan tíðar breyting á núverandi skipan greiðslna vegna fæðingarorlofs.

Einhverjum kann að þykja langsótt að draga Jöfnunarsjóð sveitarfélaga inn í þetta dæmi sem fjármögnunaraðila. Til þess standa þó fullgild rök. Hið nýja eftirlaunakerfi mun ná til þó nokkurs fjölda fólks sem hefur starfað hjá eða endað starfsævi sína í þjónustu sveitarfélaganna án þess að hafa öðlast réttindi í lífeyrissjóðum þeirra. Ýmis atvik geta orðið þessa valdandi, en mestu ráða þó ákvæði, sem hafa verið í reglugerðum lífeyrissjóða, svo sem að fastráðning í starf væri skilyrði aðildar. Hygg ég að þessu skilyrði hafi t. d. ekki verið breytt hjá Reykjavíkurborg fyrr en á síðasta ári. Sama gildir um það lausráðna fólk sem starfað hefur hjá sveitarfélögunum, en BSRB farið með samninga fyrir. Getur því engan veginn talist óeðlilegt að sveitarfélögin leggi nokkuð af mörkum til að fjármagna lágmarkslífeyrisréttindi til handa þessu fólki. Auk þess má ætla að þetta nýja kerfi muni í allmörgum tilvikum létta framfærslubyrðum af sveitarfélögunum. Enn fremur kemur til nokkur hækkun útsvara, en hún mun að líkindum ekki verða mikil.

Að því er ríkið sjálft varðar er á sama hátt ljóst, að nokkur hluti af starfsfólki þess hefur ekki notið lífeyrisréttinda, en öðlast þau með frv. Á það við um hinn svonefnda biðreikning fólks sem tekið hefur laun samkv. kjarasamningi BSRB, en ekki uppfyllt skilyrðin til aðildar að Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna.

Ég sagði áður, að ekki hefðu þótt efni til að flytja yfir 500 millj. af kostnaði við eftirlaunauppbótina frá ASÍ-sjóðunum yfir á ríkissjóð. Ber þó engan veginn að skilja þau ummæli mín á þann veg, að mér séu ekki ljósar áhyggjur fyrirsvarsmanna þessara sjóða af þeim síauknu útgjöldum sem lífeyrisuppbótin bakar þeim. Eru þau sjálfsagt orðin langt umfram það sem nokkur maður gerði upphaflega ráð fyrir. Þau 4% af iðgjaldatekjum sjóðanna, sem þeir leggja af mörkum sameiginlega til að kosta uppbótina, hrökkva stöðugt skemmra til, en jafnframt eykst sá hluti sem sjóðirnir verða sjálfir að taka beint á sig. Þetta sameiginlega framlag þeirra, þ. e. 4% iðgjaldateknanna, mun árið 1976 hafa nægt fyrir um 75% af uppbótagreiðslunum, en ekki fyrir nema 60% árið 1977 og enn lægra hefur hlutfallið orðið s. l. ár. Hér hefur verðbólgan gripið í taumana rétt einu sinni og ruglað alla útreikninga, því að auðvitað dregur úr útgjöldum sjóðanna vegna uppbótarinnar samhliða því og að sama skapi og tekst að hægja á verðbólguhjólinu. Er raunar öll fjárhagsáætlun þessa nýja lífeyriskerfis ótraust og viðkvæm vegna þess hve mjög útgjöldin ráðast af verðbólgunni. Þessu til viðbótar er sjálfsagt að benda á að sumir samkomulagssjóðirnir, t. d. Lífeyrissjóður Dagsbrúnar, taka við fjölda fólks sem kemur í raðir þeirra seint á starfsævinni úr öðrum stéttum eða starfsgreinum. Margt flytur það með sér tiltölulega lítil réttindi, en bakar sjóðnum hins vegar miklar skuldbindingar vegna uppbótarinnar. Er slíkur tilflutningur ekki síst algengur meðal sjómanna. Standa því vissulega til þess nokkur rök að einhverjum hluta kostnaðarins af uppbótinni verði létt af þessum lífeyrissjóðum, þó örugglega verði ekki unnt að ganga í því efni eins langt og till. I gerir ráð fyrir, þ. e. að takmarka skyldur þeirra alfarið við 5% af iðgjaldatekjum þeirra.

Þá þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir reikningsaðferð og fjárhæð þeirra lífeyrisgreiðslna, sem menn geta öðlast rétt til samkv. frv. Tek ég dæmi af ellilífeyrinum.

Samkv. 11. gr. frv. gilda sömu reglur um eftirlaunarétt þeirra, sem nú öðlast hann og gilda samkv. lögum frá 1971. Er eftirlaunarétturinn miðaður við áunnin stig og stigin reiknuð þannig út, að í árslaun lífeyrisþegans er deilt með sérstökum grundvallarlaunum, en þau eru árslaun samkv. 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Geta því áunnin réttindi fyrir hvert ár verið ýmist meiri eða minni en 1 stig eftir því hvort árslaunin voru hærri eða lægri en þessi viðmiðunarlaun. Réttindatími reiknast aftur til ársins 1955, þannig að

með því að láta af störfum 70 ára að aldri geta réttindaárin orðið 15, en 20 ef hlutaðeigandi heldur áfram störfum til 75 ára aldurs. 20 ár eru því lengsti mögulegi réttindatíminn. Ítarlegar reglur um réttindatímann eru í 5. gr. frv. og ákvæði um stigaútreikninginn eru í 6. gr.

Fjárhæð ellilífeyrisins reiknast eftir reglum í 12. gr. Eru stigin þá lögð saman fyrir allan réttindatímann og margfölduð með 1.8. Fæst þá það hlutfall sem greiða skal í lífeyri af meðaltali grundvallarlauna undanfarin 5 almanaksár. Þetta hlutfall verður því fyrir þann, sem að meðaltali ávann sér 1 stig á ári í 15 ár, 27% grundvallarlauna, en 36% fyrir þann, sem starfaði til 75 ára aldurs og ávann sér 20 stig eða 1 stig árlega að meðaltali. Auðvitað getur þetta hlutfall svo verið hærra eða lægra eftir því, hve háar árstekjur viðkomandi lífeyrisþega voru. Með þessum hætti er lífeyririnn sjálfur reiknaður. Á hann greiðist síðan uppbót samkv. 22. gr., en uppbót þessi er hin raunverulega verðtrygging, sem eins og áður segir var samið um í kjarasamningum 1976 og 1977 og látin var með lagabreytingum á þessum árum taka til allra þeirra sem nutu réttinda samkv. eftirlaunalögunum frá 1971. Felur uppbótin það í sér, að í stað 5 ára meðaltalslauna er lífeyrisrétturinn miðaður við grundvallarlaunin, þ. e. 2. taxta Dagsbrúnar, eins og þau eru samkv. kauptaxta 1. jan., 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. ár hvert. Þessi grundvallarlaun eru nú 171 þús. kr. á mánuði og lífeyrir þess, sem hafði áunnið sér 15 stig, samkv. því 46 200 kr. á mánuði, en um 61 600 fyrir þann sem ávann sér 20 stig.

Áður hef ég gert nokkra grein fyrir fjármögnunarákvæðum vegna II. kafla frv., þ. e. hinum nýju lífeyrisgreiðslum. Um þau er nánar fjallað í 25. gr. Samkv. henni greiða sjálfstæðir atvinnurekendur sérstakt eftirlaunaiðgjald, sem nemur 0.5% af launaskattstofni eigin vinnu. Allir lífeyrissjóðir landsins greiða 1% af iðgjaldatekjum sínum, en auk þess greiða þeir lífeyrissjóðir, sem standa utan við lífeyrissamkomulagið svonefnda, 4% til viðbótar af iðgjaldatekjum sínum. Að öðru leyti standa svo ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður að jöfnu undir kostnaðinum.

Því miður hefur orðið meinleg prentvilla á bls. 8 í fjárhagsákvæðunum, þar sem orðið „ekki" hefur fallið niður í 3. tölul. Þar á auðvitað að standa: „Þeir lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild að" o. s. frv. Bið ég hv. alþm. að athuga það, en þessi leiðrétting hefur verið tekin upp í brtt. frá hv. heilbr.- og trn. Ed.

Ég ætla ekki að fjalla ítarlega um hverja einstaka grein frv. í þessari framsögu. Það tæki of langan tíma og væri að mestu óþarft, þar sem aths. með þeim eru tiltölulega ítarlegar. Örfá atriði vil ég þó benda á til viðbótar því sem ég hef þegar sagt.

Þess er þá fyrst að geta, að þó að ég hafi valið að gera sérstaklega grein fyrir eftirlaunum samkv. frv., upphæð þeirra og reikningsaðferð, tekur það að sjálfsögðu einnig til örorkulífeyris og makalífeyris. Um fjárhæð þessara lífeyrisgreiðslna eru einnig ákvæði í 12. gr. frv. og á hana greiðist uppbót samkv. IV. kafla þess. Aðalreglan um fjárhæð örorkulífeyris er sú, að hann reiknist miðað við 100% örorku á sama hátt og ellilífeyririnn. Þó er hér sá mikilsverði munur á, að við örorku eru ekki aðeins talin þau stig sem hlutaðeigandi hafði aflað sér. heldur einnig þau stig sem ætla má að hann hefði náð að ávinna sér með áframhaldandi starfi til 70 ára aldurs. Er að því er þessi ár varðar miðað við meðaltalsstigaávinning þriggja síðustu ára. Ef orkutap er minna en 100% greiðist örorkulífeyririnn í hlutfalli við orkutapið. Hægt er að njóta samtímis örorkulífeyris og makalífeyris að ákveðnu marki, en hins vegar fellur örorkulífeyririnn niður við 70 ára aldur, en ellilífeyririnn tekur við, enda miðast hann þá við sama stigafjölda. Fyrir minna orkutap en 40% greiðist ekki örorkulífeyrir.

Réttur til ellilífeyris yfirfærist til maka, ef hinn látni átti að baki 5 ára réttindatíma með tilteknum lágmarksstigaávinningi og féll frá eftir 31. des 1963. Er makalífeyririnn reiknaður samkv. ákvæðum 12. gr. frv. með áþekkum hætti og örorkulífeyrir, þannig að til grundvallar liggur sá stigafjöldi sem hinn látni hafði aflað sér, þó að viðbættum 5 stigum sem jafngilda 9% af grundvallarlaunum. Auk þessa er svo, ef maður fellur frá áður en hann nær 70 ára aldri, bætt við þeim stigum sem ætla má að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs. Er þá miðað við meðaltalsstigaávinning hins látna 3 síðustu árin fyrir fráfall hans. Uppbót greiðist svo að sjálfsögðu einnig á þessa tegund lífeyris samkv. ákvæðum IV. kafla frv.

Ég gat þess áður, að I. kafli þessa frv. væri að stofni til gömlu eftirlaunalögin frá 1971 með áorðnum breytingum. Rétt er þó að vekja athygli á þeirri breytingu, að heimild, sem ráðh. hafði samkv. 8. gr. laganna til að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbóta á eftirlaunin að fengnum till. umsjónarnefndar er nú felld in í 12. gr. frv. sem lögbundið ákvæði. Er sjálfgert að þessi heimild sé ætíð notuð. Má raunar ætla að beiting hennar sé ein af forsendum lífeyrissamkomulagsins milli launþega og vinnuveitenda.

Þá vek ég athygli á ákvæðum í III. kafla frv., einkum 13. gr., sem er ætlað að einfalda framkvæmd þessa nýja réttindakerfis sem vissulega er orðið nokkuð margbrotið. Eiga þessi ákvæði að tryggja að ekki þurfi að athuga réttindi eins og sama umsækjanda hjá nema einu þessara kerfa fyrir sama tímabil nema í undantekningartilvikum. Réttindi, sem lífeyrisþegi kann að hafa áunnið sér samkv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda og I. og/ eða II. kafla frv., eru þá felld undir það kerfi sem meiri hluti stiga viðkomandi árs segir til um.

Samkv. 14. gr. skal draga frá lífeyri samkv. frv. þessu þær greiðslur sem viðkomandi lífeyrisþegi fær frá öðrum lífeyrissjóðum, svo og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum. Kemur það heim og saman við þann tilgang þessa frv. að tryggja fólki ákveðin lágmarksréttindi til lífeyris, en ekki að opna því aðgang að mörgum sjóðum samtímis.

Í þessari grein er einnig ákvæði sem girðir fyrir að fólk geti sagt sig úr þeim lífeyrissjóðum, sem það er í, og afsalað réttindum sínum þar, en sótt þess í stað og án iðgjaldagreiðslna tilsvarandi réttindi til þessa nýja kerfis. Í slíku tilviki kemur sá lífeyrir, sem viðkomandi hefur öðlast tilkall til með áframhaldandi aðild að lífeyrissjóði sínum, að fullu til frádráttar þeim greiðslum sem hann kann að eiga rétt á samkv. frv.

Sá sem átti kost á frjálsri aðild að einhverjum lífeyrissjóði, en lét hana undir höfuð leggjast, sætir hins vegar ekki tilsvarandi frádrætti vegna réttinda sem hann hefði getað aflað sér. Slíkur frádráttur yrði ákaflega torveldur í framkvæmd. Hér verður að nægja sú ráðstöfun að setja strax á þessu ári lög sem skylda alla til aðildar að einhverjum lífeyrissjóði, þannig að eftirleiðis öðlist enginn útlátalaust þau réttindi sem öðrum er gert að kosta sjálf-

ur að einhverjum hluta a. m. k.

Í III. kafla eru auk þess ítarlegri ákvæði um framkvæmd eftirlaunagreiðslnanna en gilt hafa hingað til, enda mun samþykkt þessa frv. hafa í för með sér verulegar breytingar á afgreiðslu umsókna og framkvæmdinni allri. Þarfnast þau ákvæði ekki sérstakrar skýringar.

Að lokum er rétt að það komi fram, að sá lífeyrir sem menn kunna að öðlast rétt til samkv. þessu frv. mun að jafnaði ekki valda skerðingu á þeim greiðslum sem menn nú eiga tilkall til frá almannatryggingunum. Ellilaun almannatrygginga og eftirlaun samkv. frv. verða yfirleitt innan hins svonefnda frítekjumarks og skerða því ekki rétt lífeyrisþegans til fullrar tekjutryggingar, svo fremi hann hafi ekki aðrar tekjur.

Í hv. heilbr.- og trn. Ed. kom upp ágreiningur um tekjuöflun frv. eins og raun varð á í sautján manna nefndinni. Vegna mikilvægis frv. varð þó samkomulag um það í hv. heilbr.- og trn. Ed. að leggja til að frv. tæki gildi um næstu áramót í stað 1. sept. n.k., eins og frv. gerði ráð fyrir, og í ákvæðum til bráðabirgða er lagt til að ríkisstj. leggi fram frv. fyrir 1. jan. n. k. sem létti greiðslubyrðar Atvinnuleysistryggingasjóðs og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna. Mér þykir miður, að sjálfsögðu, að gildistaka frv. dragist um 4 mánuði, en legg þó eindregið til vegna mikilvægis málsins að brtt. heilbr.- og trn. hv. Ed. verði samþykktar svo og frv. sjálft að öðru leyti óbreytt.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Lífeyrissjóður eða samræmt lífeyriskerfi, sem tryggt gæti öllum afkomuöryggi í ellinni, virtist fjarlægur draumur fyrir fáum árum, en löng leið hefst gjarnan á litlu skrefi og í þessu efni eru skrefin þegar orðin nokkur. Ég nefni stofnun hinna ýmsu lífeyrissjóða, lög um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögunum og lífeyrissamkomulag launþega og vinnuveitenda í febr. 1976. Nú liggur hér fyrir frv. sem mun, ef að lögum verður, marka enn eitt mikilsvert spor að þessu lokamarki. Úrtöluraddir kunna að spyrja hvort það sé réttlátt að stórum hópi fólks séu nú afhent endurgjaldslaust mikilsverð réttindi sem aðrir hafi orðið að greiða fullu verði. En þá má spyrja á móti: Er það réttlátt að aðild að ákveðnum stéttarfélögum á síðustu árum starfsævinnar skuli ein sér geta skipt sköpum um framfærsluöryggi fólks í ellinni eins og nú er? Á aldraða fólkið að gjalda þess að lífeyriskerfi okkar hefur mótast án nægilegs heildarskipulags og er enn gloppótt? Ég held að allir sanngjarnir menn hljóti að fallast á að svo má ekki vera.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. þessarar hv. d. Vænti ég þess, að sú n. hraði athugun frv. eftir föngum og að því verði staðfastlega stefnt að ljúka afgreiðslu þess fyrir þinglok í vor. Enn fremur legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir og hæstv. félmrh. mælti hér fyrir í tómum sal fyrir kvöldmat, er gott mál. Það hefur verið undirbúið allmikið og ég ætla ekki að fara að ræða hér mikið efnisatriði frv. sjálfs. Um það er ekki ágreiningur. Ágreiningur um málið er um fjáröflunarleiðirnar.

Forsaga þessa máls er sú, að í samningum verkalýðsfélaganna 1977 gaf þáv. ríkisstj. út yfirlýsingu varðandi þetta mál, þ. e. að ýmsum, sem hafa verið út undan í tryggingakerfinu, skyldi reynt að veita lífeyri á svipaðan hátt og gert var 1969, þegar samið var við hina almennu lífeyrissjóði og samkomulag varð um að lög skyldu sett, eins og var síðan gert, um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum. Um þær mundir voru nokkrir erfiðleikatímar, atvinnuleysi allverulegt og bar þá mikið á uppsögnum aldraðra á vinnumarkaðinum, t. d. hjá Eimskipafélagi Íslands sem þá sagði upp tugum manna. Þá var samið um þennan þátt, að þeir, sem ekki áttu neinn rétt í lífeyrissjóðum og gátu ekki eignast hann, voru orðnir það fullorðnir, skyldu fá sem svaraði 15 ára rétti í lífeyrissjóði.

Þessi lög hafa tekið ýmsum breytingum á þeim tíma sem liðinn er, síðast í samningunum 1977 þegar verðtrygging þeirra var enn endurbætt. Sá háttur er á, að þeir, sem njóta lífeyris samkv. þessum lögum, hafa fengið hann verðtryggðan, en lífeyrissjóðirnir, sem eru á samningssviði þeirra aðila sem þarna eiga hlut að samningum, greiða verðtrygginguna. Þeir hafa tekið hana á sínar herðar og verðtryggingin er orðin stór hluti af greiðslunum. Það var gert með þeim hætti að 1976 sömdu aðilar sín í milli um að mynda jöfnunarsjóð og allir sjóðirnir greiddu 4% af iðgjaldatekjum sínum til að standa undir þessari sérstöku verðtryggingu. Hjá ýmsum sjóðum eru þetta býsna miklar greiðslur. Ég get getið þess t. d., að á s. l. ári, árinu 1978, greiddi Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar 66% af þeim tryggingum sem þarna er um að ræða, en aðeins þriðjungurinn kom frá því sem upphaflega var ætlað að stæði undir þessum tryggingum. Lífeyrissjóðirnir eru því búnir að taka á sig að segja má meginþunga þessa þáttar tryggingamálanna.

Þegar þetta samkomulag var gert 1977,— og ríkisstj. gerði það til þess að greiða úr málum þá og greiða fyrir samkomulagi í þeirri miklu vinnudeilu sem þá var,— þá var ekkert um það rætt á hvern hátt þessi nýi þáttur skyldi fjármagnaður og við spurningum þar að lútandi fékkst ekki neitt viðhlítandi svar. Ég var við þessa samninga og alveg sérstaklega um þennan þátt málanna. Að sjálfsögðu var gengið út frá því að ríkissjóður mundi að meginhluta til standa undir þessum greiðslum.

Síðan 1977 hefur verið unnið að þessum málum á vegum lífeyrisnefndar, sem kölluð hefur verið sjö manna nefnd og er mynduð af fulltrúum Alþýðusambands Íslands annars vegar og fulltrúum samtaka vinnuveitenda hins vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Í þessari n. var fullt samkomulag um aðferð til þess að tryggja þennan hóp með líkum lífeyrisgreiðslum og hinn fyrri hafði fengið. En alveg frá byrjun var álitamálið hvernig ætti að afla fjár til þessara nýju trygginga.

Það kom fljótt í ljós að lífeyrissjóðirnir, sem á þessu samningssviði voru, lýstu sig reiðubúna til að taka einhvern þátt í þessum nýju tryggingum og gáfu yfirlýsingu um að 1% til viðbótar þeim 4%, sem þeir höfðu áður greitt í hinn fyrri jöfnunarsjóð, gæti vel komið til mála. En eins og hæstv. félmrh. kom inn á í ræðu sinni tók kostnaður við þessar tryggingar miklum breytingum, allar upphæðir breyttust mikið, má segja næstum frá degi til dags, og undir lokin, þegar gengið var frá þessum málum, voru allar upphæðir orðnar allt aðrar en þær sem voru þegar byrjað var að ræða þessi mál.

Ég ætla ekki að rekja þetta nánar. En það er önnur n. einnig á þessu sviði, svokölluð sautján manna nefnd. Þar koma til viðbótar þeim sjö, sem ég áður nefndi, fulltrúar frá ýmsum samtökum lífeyrissjóða og jafnvel einstökum lífeyrissjóðum og auk þess nokkrir embættismenn, en sú

n. hefur fyrst og fremst haft það á sínu verksviði að ræða möguleika og leiðir til þess að koma á einu samfelldu lífeyrissjóðskerfi fyrir alla landsmenn.

Í sjö manna nefndinni var fullt samkomulag milli allra aðila, bæði fulltrúa verkalýðssamtakanna og einnig fulltrúa atvinnurekendasamtakanna, um aðferðir til fjármögnunar, og það geta menn séð á öftustu síðu frv. Það er svo kölluð leið I. Það var fullt samkomulag í sjö manna nefndinni um þessa leið. Þegar til hinnar stóru nefndar kom, sem fjallaði um málið þegar búið var að ganga frá því í sjö manna nefndinni, stóðu allir lífeyrissjóðaaðilar undantekningarlaust að þessari tillögu, tillögu I. Þar með var ærið drjúgur meiri hl. í n. fyrir þessari leið. Það voru hins vegar embættismennirnir, fulltrúar ríkisvaldsins, og aðrir úr þeim herbúðum sem hins vegar héldu fram leið II. Sú leið felur það í sér í stuttu máli sagt,— ég ætla að það sé kjarni málsins um þessar nýju tryggingar sem samkomulag var um að koma á með yfirlýsingu ríkisstj. í samningunum 1977,— að reikningurinn skyldi sendur þeim sem átti að greiða fyrir í þessari vinnudeilu, þeir skyldu borga reikninginn, allan kostnaðinn. Það er „billega" sloppið, verð ég að segja, þegar ríkisstj. tekur að sér að hafa milligöngu í málum eins og þessu og eins og á stóð 1977, að láta svo þá, sem verið er að greiða fyrir, borga brúsann.

Staða lífeyrissjóðanna er nú orðin býsna mikið önnur en hún var 1977 varðandi greiðslubyrði vegna verðtryggðs lífeyris þeirra sem njóta lífeyris samkv. lögunum frá 1971, um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum. Ég gat um Lífeyrissjóð Dagsbrúnar og Framsóknar áðan, en það er fjöldi annarra lífeyrissjóða, einkum í hinum almennu verkalýðsfélögum, sem nákvæmlega eins er ástatt um. Það munar ekki miklu á stöðu þessara sjóða og Lífeyrissjóðs bænda sem einn er tekinn út úr í þessu frv. og á að hlaupa undir bagga með. Hann á ekki að greiða, heldur að fá verulegar greiðslur. Það á að létta af honum þeirri verðtryggingarbyrði sem þegar er komin á þann sjóð. Hún er að vísu örlítið meiri en hjá einstaka öðrum sjóðum, en það munar ekki miklu.

Þetta er almennt að segja um stöðu lífeyrissjóðanna í þessu efni. Það var lagt til í till. I að ríkissjóður kæmi miklu meira inn í þetta en gert er með þessu frv. og till. II, eins og hún er úr garði gerð. Það var ætlun þeirra, sem stóðu að till. I, að létt yrði á lífeyrissjóðunum sem nú eru komnir með svo mikla byrði af verðtryggingunni að ekki er sjáanlegt að þeir geti til lengdar staðið undir því. En sem sagt, nú er í stað þess að létta þar eitthvað enn bætt byrði á þessa sjóði.

Nú vil ég aðeins að menn hafi það í huga, að þeir, sem hér eru að koma inn í þessa nýju tryggingu, hafa ekki eða að ákaflega litlu leyti verið á sviði þeirra lífeyrissjóða sem nú eiga að greiða kostnaðinn. Það er ekki eins og var 1969. Þeir, sem þá fengu greiðslurnar, hefðu fallið undir þá lífeyrissjóði sem þá voru að taka til starfa ef þeir hefðu ekki verið orðnir jafnaldraðir og raun var á, enda er í lögunum frá 1971 ákvæði um að lífeyrissjóðirnir taki smátt og smátt á sig allar greiðslur vegna þessa fólks, og 1985 deyr út það sem lögin frá 1971 áttu að þjóna. Þá áttu lífeyrissjóðirnir að hafa tekið við að fullu, eins og hæstv. félmrh. gat um í ræðu sinni. Hér er t. d. um að ræða allstóran hóp atvinnurekenda, einyrkja kannske fyrst og fremst. Þess vegna er ekki neinu saman að jafna að leggja byrðar á lífeyrissjóðina vegna þessa fólks eins og var með þá sem féllu undir lögin frá 1971.

Til viðbótar við þessa sjóði á samningssviði Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins og reyndar nokkra fleiri er nú ætlast til að allir lífeyrissjóðir í landinu, bæði samningsbundnir og lögbundnir, greiði 5% af iðgjaldatekjum sínum til að standa undir þessum tryggingaþætti. Það er út af fyrir sig ekki nema sjálfsagt, ef þessir sjóðir eiga að greiða 5%, að aðrir sjóðir í landinu geri það líka.

Ég skal láta útrætt um þennan þátt málsins. En það eru fleiri sem eiga að koma til og greiða kostnaðinn vegna þessara trygginga. Þegar málið kemur núna frá Ed., sem hefur afgreitt það, og búið er að telja upp hverjir greiði í lífeyrissjóðina, þá er það fram tekið að að öðru leyti skuli ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður standa að jöfnu undir kostnaði af greiðslum samkv. þessari mgr. Það er æðimikið sem kemur í hlut þessara tveggja aðila utan ríkissjóðs, þ. e. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ég ætla ekki að gera Jöfnunarsjóð sveitarfélaga mikið að umtalsefni hér. Það er kannske ekki óeðlilegt að hann komi þarna inn í, vegna þess að þó nokkur hluti af því fólki, sem hér á að tryggja, mun hafa starfað hjá sveitarfélögunum. Hins vegar hef ég orðið þess áskynja, að sveitarfélögin og ráðamenn þeirra eru engan veginn sátt við að þetta sé lagt á Jöfnunarsjóð eins og hér er gert. En ég ætla að fara hér nokkrum orðum um Atvinnuleysistryggingasjóðinn.

Samkv. lögunum frá 1971 greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður 3/4 af kostnaði þeirra trygginga, þ. e. a. s. af grunnlífeyri, en ríkissjóður 1/4. Þegar samið var um þetta á sínum tíma var ekki ákveðið neitt hlutfall í samningunum. Það var hins vegar ákvörðun páv. ríkisstj., sem var við völd 1969—1970, að þetta hlutfall skyldi vera, og út af fyrir sig voru ekki hávær mótmæli gegn því. Það mátti teljast eðlilegt að Atvinnuleysistryggingasjóður, sem þá var vel stæður sjóður, tæki þátt í þessum kostnaði, og ekki síst vegna þess að fyrir alla þá, sem falla undir lögin frá 1971, hafði verið greitt árum saman til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Því er hins vegar allt öðruvísi farið núna. Ég hygg að vandfundnir séu þeir einstaklingar, sem nú falla undir þessa nýju tryggingu sem áætluð er, sem hafi verið greitt fyrir til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég ætla ekki að fullyrða að það sé enginn, en þeir eru áreiðanlega mjög fáir. Ég álít að það sé alger fjarstæða að leggja þennan bagga nú á Atvinnuleysistryggingasjóð.

Oftar en einu sinni hefur staða Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og hún er í dag komið til umr. hér á hv. Alþ. Hún er slík að það má ekkert út af bera, ekkert verulegt atvinnuleysi koma til svo að sjóðurinn verði ekki algerlega greiðsluvana. Hann er með stóran höfuðstól, en lausafjárstaða sjóðsins er slík, að hún mun nú vera eitthvað nálægt 500 millj. Vegna þeirra bagga, sem á þennan sjóð hafa verið lagðir af löggjafarvaldinu, er staðan sú sem ég nú sagði.

Hæstv. ráðh. kom aðeins inn á þessi mál í ræðu sinni hér fyrr í kvöld og taldi að nauðsynlegt væri að létta byrðum af Atvinnuleysistryggingasjóði. En ég álít að það sé algert ábyrgðarleysi, svo að ekki sé meira sagt, að ætla sér að leggja þennan viðbótarbagga á Atvinnuleysistryggingasjóð án þess að búið sé áður að létta verulegum útgjöldum af honum sem hann nú stendur undir auk þess verkefnis síns að greiða bætur þegar at-

vinnuleysi steðjar að. Á öllum stigum málsins, þegar það var rætt í þeim n. sem hafa undirbúið það, lágu alltaf fyrir mótmæli gegn því að Atvinnuleysistryggingasjóður tæki þessar greiðslur á sig. Þegar endanlegar till. voru gerðar var greiðslan frá Atvinnuleysistryggingasjóði á engan hátt með í greiðsluáætlun þeirra sem stóðu að tillögugerðinni, nema embættismannanna, á engan hátt reiknað með að Atvinnuleysistryggingasjóður ætti neitt að greiða í þessum efnum.

Ég ætla ekki að fara að telja hér upp hvaða baggar það eru sem Atvinnuleysistryggingasjóður er skuldbundinn til að verja fé sínu til. Það má minnast á að fyrir helming allra iðgjaldatekna,— ríkissjóður greiðir helming af þeim iðgjöldum sem Atvinnuleysistryggingasjóður fær,—fyrir þessa fjármuni á sjóðurinn að kaupa verðbréf af Byggingarsjóði, þannig að það er ekki til ráðstöfunar. Síðan eru þær greiðslur sem eru samkv. lögum frá 1971, um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum. Ráðgert er að á þessu ári verði það röskar 500 millj. Loks er sá baggi sem ég hef átt erfiðast með að þola, þ. e. fæðingarorlofið, sem á þessu ári mun áreiðanlega ekki verða undir 700 millj. kr., var á s. l. ári um 520 millj. og hærri upphæð en nam atvinnuleysisbótum.

Svo að ég komi aðeins nánar inn á Atvinnuleysistryggingasjóðinn, þá hefur stjórn sjóðsins einróma mótmælt því, að þessi greiðsla falli nú á sjóðinn sem viðbótargreiðsla sem var áætlað á þessu ári samkv. frv. að næmi röskum 300 millj. kr., en verður náttúrlega miklu hærri upphæð á næsta ári. Ég verð að segja það, að það er a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð hreint og beint ömurlegt að núv. hæstv. ríkisstj. skuli standa að slíkri aðför að Atvinnuleysistryggingasjóði sem hér er gert.

Ég vænti þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi þetta vel. Það liggja sjálfsagt æðimörg plögg fyrir orðið hjá nefndinni í Ed., en ég held að það sé sjálfsagt að heilbr.- og trn. þessarar d. kynni sér málin á sama hátt og Ed.- nefndin gerði og fái menn til sín til þess að sú mynd af þessu, sem fyrir liggur, verði sem allra skýrust fyrir nm.

Ef ekki verður nein breyting á þessum málum í n. mun ég flytja brtt. við frv. Ég álít að það sé í raun og veru fráleitt að málið verði afgreitt með þeim hætti sem það nú er. Ég álít að gildistíminn, sem breytt var í meðferð Ed., sé í raun og veru ekki til neinna sérstakra bóta út af fyrir sig. Það er aðeins verið að draga málið á langinn. Ákvæði til bráðabirgða álít ég að séu einskis virði — hreinlega einskis virði um það að fyrir 1. jan. 1980 skuli ríkisstj. leggja fram frv. til l. sem létti greiðslubyrði á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna. Ég hef ekki þá tiltrú, ef þetta fer þannig í gegn eins og nú er að þá komi mikið út úr því sem sagt er í þessu ákvæði til bráðabirgða.

Ég held að það sé algerlega ljóst, að eins og lífeyrismálum er komið í landi okkar sé engan veginn sæmandi aðferð að senda þeim, sem átti að aðstoða, reikninginn fyrir kostnaðinum á sama tíma og stór hluti lífeyrisþega hefur fulltryggðan lífeyrissjóð á kostnað skattgreiðendanna í landinu. Ég held að með þessu sé slík mismunun gerð að það eigi ekki að líðast og þó að hér sé um mjög gott mál að ræða út af fyrir sig, þ. e. a. s. tryggingu til þessa fólks, þá séu ágallarnir á fjáröflun til þess að standa undir þessum tryggingum svo slæmir og áberandi mismunun, að þetta mál sé betur geymt einhvern tíma þangað til endanlegt samkomulag næst um fyrirkomulag kostnaðarhliðar málsins.

Umr. frestað.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 637). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 717). — Frh. 1. umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Frv. þetta er samið í heilbr.- og trnrn. og er með því lagt til að lögfestar verði nokkrar breytingar á skipan umdæma samkv. lögum nr. 57 frá 20. maí 1978, um heilbrigðisþjónustu. Frv. þetta var lagt fram í Ed. og náðist um það góð samstaða. Það er nú komið til hv. Nd. í nokkuð breyttu formi. Það virðist hafa brenglast eitthvað og vil ég vekja athygli á því, að samkv. 1. gr. er talið að heilsugæslustöðvar geti verið með tvennu móti, heilsugæslustöð H 2 og heilsugæslustöð H 1. Ég held að það hljóti að vaka fyrir löggjafanum að heilsugæslustöðvar verði hér eftir sem hingað til í þrem flokkum, H, H 1 og H 2. Það getur verið að þetta sé prentvilla. En í aths. við 1. gr. er það skýrt tekið fram, að heilsugæslustöð án læknis er H stöð. Ég læt útrætt um þetta atriði, en vík aðeins að þeirri breytingu sem var gerð í Ed. að því er varðar skipan umdæma á Vesturlandi.

Þar er nú komið inn í 2. gr., í Stykkishólmsumdæmi, Grundarfjörður H 1, starfssvæði Grundarfjörður, Eyrarsveit. Ég vil geta þess, að Eyrarsveit og Stykkishólmshreppur hafa mjög lengi undanfarið haft ágæta og nána samvinnu um heilbrigðismál. Læknar hafa farið frá Stykkishólmi til Grundarfjarðar og látið íbúunum í té þjónustu sína. En það er ofureðlilegt að eftir því sem hin unga byggð í Grundarfirði vex— íbúar í Eyrarsveit munu nú vera orðnir milli 800 og 900— komi upp áhugi á því að fá þar fastbúsettan lækni. Að því lýtur sú breyting sem hér er gerð.

Þetta er ekki nýtt mál fyrir mér. Ég veit að að þessu hafa margir unnið á undanförnum mánuðum og jafnvel árum. Mér er kunnugt um að Kristófer Þorleifsson héraðslæknir í Ólafsvík hefur unnið að þessum málum við heilbrigðisstjórnina. Og ég get getið þess, að í desembermánuði komu að vestan sveitarstjóri þeirra Grundfirðinga og hreppsnefndarmenn og áttu tal við alla þm. Vesturl. og fóru þess m. a. á leit að þeir ynnu að þessu máli. Ákveðið var þá í des., að fresta málinu þar til síðar á þessum vetri. Þegar þetta frv. var lagt fram í Ed., lögðu þm. Vesturl., sem sæti eiga í þeirri d., fram brtt. sem gekk í þessa átt og nú er felld inn í frv. Ég fagna þessari breytingu og styð hana heils hugar.

En ég vil að lokum vekja athygli á því, að þrátt fyrir þá skiptingu umdæma, sem ég hef hér minnst á, er í 4. gr. endurtekið bráðabirgðaákvæðið í núgildandi lögum er segir á þá leið, að þrátt fyrir framangreinda skiptingu og þar til öðruvísi verður ákveðið skuli heilsugæslustöðin í Stykkishólmi þjóna Flateyjarhreppi og heilsugæslustöð í Búðardal sjá um læknismóttöku á Reykhólum. Þessi skipan hefur komist á. Íbúar Flateyjarhrepps sækja ýmsa

þjónustu til Stykkishólms, m. a. læknisþjónustu, og Austur-Barðstrendingar og Dalamenn eru bundnir samningum um heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu. Ég held að það fari vel á þessu. Tekist hefur góð samvinna milli þessara umdæma með eðlilegum hætti. Mér segir svo hugur um og vil undirstrika það, að þessi skipan muni lengi haldast.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að lengja þennan fund, en ég vildi að skoðun mín á þessari breytingu kæmi fram, þannig að það sæist svart á hvítu og menn gætu lesið um hana. Ég harma mjög að í þessu frv., eins og það kemur nú frá Ed., skuli ekki hafa verið tekið tillit til þeirra breytinga sem ég og raunar fleiri töldu mjög æskilegar varðandi Norðurl. e. Þar á ég við það, að samkv. frv. er ákveðið að á Þórshöfn verði H 1 stöð og önnur H 1 stöð á Raufarhöfn. Þetta tel ég, eins og sakir standa nú, afskaplega óheppilegt.

Það er mjög erfitt að fá lækna til starfa í heilsugæslustöðvum sem eru afskekktar og einangraðar tiltölulega, eins og á Þórshöfn og Raufarhöfn. Læknar vilja gjarnan vera tveir saman á heilsugæslustöðvum. Nú er svo ástatt, að ekki hefur reynst unnt að fá lækni til Raufarhafnar. Þar starfar hjúkrunarkona, að vísu mjög hæf, sem hefur gegnt störfum sínum frábærlega. Nú er starfandi einn læknir á Þórshöfn sem hefur haft orð á því að hann muni ekki starfa þar stundinni lengur eftir að ljóst verður að hann fær ekki lækni við hlið sér. Þessi afstaða læknanna er afskaplega auðskiljanleg, því að þeir eru á hinum einangruðu stöðum á vakt 24 tíma á sólarhring 365 daga á ári. Þórshafnarlæknirinn þarf, auk þess að sinna Þórshafnarsvæðinu, að fara til Raufarhafnar og eykur það mjög á vanda hans.

Ég vil að þetta komi skýrt fram vegna hugsanlegra umræðna í framtíðinni um þetta mál og afdrif þess á þingi. Og ég treysti því að hæstv. félmrh. beiti áhrifum sínum til þess að bæta megi úr á þessu svæði, sem er mjög afskipt í sambandi við læknisþjónustu. Þar er um að ræða mjög verulega erfiðleika. Ég ber þessa staði mjög fyrir brjósti og hefði talið miklu betri úrlausn ef á Þórshöfn störfuðu tveir læknar sem þá hefðu getað sinnt Raufarhöfn mun betur en einn læknir gerir nú. Ég hef ekki trú á að það takist, eins og nú er málum háttað hér á landi með læknastéttina, að fá einn lækni til hvors þessara staða ef þeir eiga að starfa þar án aðstoðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 96, n. 748). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og leggur einróma til að frv. verði samþ. Álit n. er á þskj. 748. Matthías Á. Mathiesen var fjarstaddur afgreiðslu þessa máls.

Það er ekki ástæða til að eyða löngu máli í þetta. Hér er um að ræða breytingu á 7. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, og breytingin felur það í sér að Grundarfjörður verður tollhöfn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tímabundið aðlögunargjald, frv. (þskj. 736, n. 798). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. og gefið út um það nál. á þskj. 798 þar sem fram kemur að meiri hl. n. mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt, en fulltrúar Sjálfstfl. í n. standa ekki að þessu áliti.

Um þetta mál hafa farið fram allítarlegar umr. hér í d. og ég sé því ekki ástæðu til að rekja efni frv. ítarlega fyrir þdm. Hér er um að ræða að heimila að leggja á innfluttar iðnaðarvörur sérstakt aðlögunargjald sem nemur 3% og á að vera til nokkurs jafnvægis fyrir innlendan iðnað á móti þeirri tollalækkun og minnkandi tollvernd sem ákveðin var um s. l. áramót og þá skall á okkar iðnaði. Niðurstaða n. er sem sagt sú, að meiri hl. mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það hefur ekki verið ætlast til þess af hæstv. ríkisstj., að fulltrúar stjórnarandstöðunnar hefðu afskipti af þessu máli innanlands eða utan. Því munum við hv. 9. landsk. þm. viðhalda því afskiptaleysi við afgreiðslu þessa máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 561, n. 777). — 2. umr.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv., en það er komið til þessarar d. frá Ed. N. mælir öll með samþykkt frv. Hér er um tiltölulega mjög einfalt mál að ræða. Það er verið að veita ríkisstj. heimild til þess að Ísland stækki kvóta sinn hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum samkv. þeim reglum sem um það gilda, þannig að Seðlabankinn hafi möguleika til þess að njóta þeirra lána sem þar er hægt að fá með hagstæðari kjörum en annars staðar verða fengin. Hér er því um formsatriði að ræða þar sem er verið að veita heimild til þess að stækka þann kvóta sem í gildi er í rauninni samkv. sérstökum samningi. — Fjh.- og viðskn. mælir öll með samþykkt frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Húsaleigusamningar, frv. (þskj. 699, n. 754, 766). — 2. umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um húsaleigusamninga og varð n. sammála um að mæla með afgreiðslu þess, enda hér um mjög tímabæra og nauðsynlega lagasetningu að ræða. Frv. var að dómi n. mjög vel unnið, en í þeirri n., sem frv.-drögin vann, áttu sæti bæði fulltrúi Hús- og landeigendasambands Íslands og fulltrúi Leigjendasamtakanna, þannig að sjónarmiða þeirra aðila ætti að hafa verið vel gætt.

Frv. tók nokkrum breytingum í Ed., þar sem tekið var

verulegt tillit til umsagna bæði Leigjendasamtakanna og húseigendafélagsins. Nm. félmn. Nd. voru þó ekki á eitt sáttir um þá breytingu sem á frv. var gerð í Ed., en þar var fellt inn í frv. nýtt ákvæði er fjallar um húsaleigunefndir. Töldu sumir nm. að húsaleigunefndir væru ekki nauðsynlegar þar sem ákvæði er í XI. kafla frv. um úttektarmenn sem m. a. eiga, eins og stendur í 64. gr., að kosta kapps um að leiða ágreining og deilumál til lykta og vera leigusölum og leigutökum til leiðbeiningar og ráðgjafar eftir því sem tök eru á. En í XIII. kafla, sem Ed. felldi inn í frv., um húsaleigunefndir, segir, með leyfi forseta:

„Í hverjum kaupstað skal vera húsaleigunefnd skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Bæjarstjórnir skulu kjósa húsaleigunefndir til fjögurra ára í senn.

Hlutverk húsaleigunefnda skal vera að fylgjast með framkvæmd húsaleigumála og afla upplýsinga um þau, hlutast til um að úttektarmenn, sbr. 63. gr. þessara laga, séu dómkvaddir, gefa aðilum leigumála, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining, ef báðir aðilar óska."

Ýmsir nm. töldu, að hér væri um agnúa á frv. að ræða, þar sem verksvið húsaleigunefndar og úttektarmanna fléttuðust að verulegu leyti saman, þó að verksvið úttektarmanna væri að vísu mun víðtækara. Því voru sumir nm. á þeirri skoðun, að húsaleigunefndir væru óþarfar, og flytja brtt. um að ákvæði um húsaleigunefndir falli brott. Meiri hl. n. taldi þó að í mörgum tilfellum gætu slíkar húsaleigunefndir verið nauðsynlegar til þess að fylgjast með framkvæmd húsaleigumála og gæta hagsmuna leigusala og leigutaka. Þó að e. t. v. hefði verið æskilegra að samræma betur að verksvið húsaleigunefndar og úttektarmanna stangaðist ekki á, þá taldi meiri hl. n. að koma mætti í veg fyrir slíkt með reglugerðarákvæðum sem sett yrðu og verksvið húsaleigunefndar og úttektarmanna þar sérstaklega tilgreind. Þessa yrði því sérstaklega að gæta við setningu reglugerðarákvæða sem setja á um framkvæmd laganna, eða að þessi ákvæði yrðu endurskoðuð á næsta þingi ef þurfa þætti. Hér er um svo mikið og brýnt réttlætismál að ræða, að ástæðulaust var að dómi meiri hl. n. að tefja afgreiðslu málsins vegna þessa atriðis, sem hægt væri að leiðrétta í reglugerð, og tefla málinu vegna þess í þá hættu, þar sem það er nú til afgreiðslu í síðari d., að það yrði ekki að lögum á þessu þingi.

Ég vil að lokum geta þess, að í 21. gr. er augljós prentvilla, enda sýnir mgr. greinilega hvað við er átt. Í 2. mgr. 21. gr. segir:

„Leigutaki skal þó strax gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að leigja húsnæðið hið allra fyrsta gegn hæfilegu gjaldi og skulu þær leigutekjur, sem hann þannig hefur eða hefði átt að hafa, koma til frádráttar leigubótum samkv. 1. mgr."

Hér á auðvitað að standa „leigusali" o. s. frv. Þar sem efni greinarinnar sýnir svo að ekki verður um villst hvað við er átt er varla ástæða til þess að flytja sérstaka brtt. þar að lútandi, heldur er um augljósa prentvillu að ræða, sem hægt er að leiðrétta án þess að sérstök brtt. þurfi að koma til.

Eins og fram kemur á þskj. 754 skrifa allir nm. undir nál., en Gunnar Thoroddsen og Eggert Haukdal flytja brtt. við þá grein frv., er fjallar um húsaleigunefndir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 614, n. 745, 659, 675, 783). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins er raunar einvörðungu um það að upp séu teknir beinir samningar á milli Stéttarsambands bænda og ríkisstj. Í málefnasamningi ríkisstj. var því heitið að breyta lögunum í þessa átt, eins og þetta frv. ber með sér. Hæstv. landbrh. lagði svo fram brtt. á þskj. 659, svo hljóðandi:

„Sexmannanefnd skal án tafar taka til meðferðar þá tekjuskerðingu sem við framleiðendum landbúnaðarafurða blasir vegna söluerfiðleika á þeirri framleiðslu sem er umfram innanlandsþarfir. Skal n. fyrir 1. sept. 1979 leggja fyrir ríkisstj. till. um lausn þess vanda þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst."

Landbn. Nd. fjallaði um frv. ásamt þessari breytingu hæstv. landbrh., og með tilliti til þess vanda, sem blasir nú við bændum, lagði n. til brtt. eða raunar viðbótartill. sem er á þskj. 745.

Ég vil aðeins skýra það með örfáum orðum hvernig *þessi mál blasa við í dag, vegna þess að ég hef orðið* var við að menn skilja ekki eða hafa ekki fengið á því viðhlítandi skýringar hvernig staðan er nú í þessum málum.

Eins og blasir við nú vantar, að talið er, um 5.1 milljarð eða því sem næst til þess að verðtryggingin dugi fyrir þeim vörum sem þarf að flytja út. Ástæða fyrir þessu er sú fyrst og fremst, að dýrtíð hefur verið mikil í landi okkar. Ég vil geta þess, að á aðeins 4 árum hefur breytingin orðið sú, að fyrir kjöt, sem er flutt út, t. d. til Svíþjóðar, fékkst fyrir 4 árum rúmlega 80% af heildsöluverðinu, en nú fæst ekki nema rétt rúmlega 40% fyrir þessa vöru á sama markaði. Það er verðbólgan einvörðungu sem hefur breytt þessari stöðu.

Einnig hefur orðið sú þróun á undanförnum árum, sérstaklega tveimur síðustu, að það hefur verið nokkur framleiðsluaukning, sérstaklega á mjólk, og á sama tíma hefur neysla minnkað á þessum vörum með þjóðinni. Ef bændur yrðu að taka á sig þetta, eins og lítur út fyrir og mundi verða gert ef ríkið kæmi þar ekki til að einhverju leyti, þá mundi þurfa að leggja 200 kr. verðjöfnunargjald á hvert kg og 18 kr. á hvern lítra mjólkur. Eins og verðlagsgrundvöllurinn er uppbyggður mundi þetta þýða á verðlagsgrundvallarbúið 1.3 millj. Vinnuliðurinn í verðlagsgrundvellinum, eins og hann var 1. mars, er upp á 6 millj. og rúmlega 453 þús. kr., en þessi vinnuliður er þannig byggður upp að það er 81 vika eða rúmlega 1.5 ársverk. Á þessu sést að ef þyrfti að leggja 200 kr. gjald á hvert kjötkg og 18 kr. á hvern mjólkurlítra yrðu það rúm 20% af vinnulið verðlagsgrundvallarins sem skerðingin yrði. Ef aftur á móti, sem menn verða að gera ráð fyrir, bóndinn þarf að borga rúmlega hálft ársverk, eins og það er metið, þá yrði skerðingin rúmlega 30% af vinnu bóndans. Ég spyr hv. þm. hvaða stétt mundi vilja taka á sig slíka kjaraskerðingu og hvort þm. vilji bjóða bændastéttinni slíka skerðingu.

Það eru mikil vorharðindi um allt land eins og við vitum, og við heyrðum í útvarpinu áðan að það hefur ekki verið jafnkalt hér í Reykjavík síðan mælingar hófust, í heila öld, eins og einmitt í þessum maímánuði. Þetta þýðir það að kostnaður hjá bændum vex mikið og ef ekki bregður til betri veðráttu skyndilega er sýnilegt að þeir verða líka fyrir tilfinnanlegu tekjutjóni af völdum þessa harða vors, og eftir því sem batinn kemur síðar

verður þetta tilfinnanlegra.

Af þessum ástæðum öllum taldi landbn. ekki annað fært en að bæta við þetta ákvæði til bráðabirgða sem hæstv. landbrh. bar fram, enda er það í raun og veru í beinu framhaldi af yfirlýsingu hans hér á Alþ. Viðbótin er þannig, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast lán allt að 3.5 milljarði kr., er Framleiðsluráð landbúnaðarins tekur til framkvæmda á tillögum nefndarinnar."

Eins og þetta bráðabirgðaákvæði ber með sér er það Sexmannanefnd sem ríkisstj. skipar helminginn af og bændur helminginn, sem á að athuga og gera till. um hvernig á að leysa þennan vanda. Jafnvel þó að þessi till. yrði samþ. og n. kæmist að því að það væri sjálfsagt og rétt að mæla með því að þessi ábyrgð yrði notuð, þá mundi samt koma 433 þús. kr. skerðing á hvert grundvallarbú miðað við þær áætlanir sem liggja fyrir.

Á þskj. 675 hefur hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutt brtt. við þetta bráðabirgðaákvæði. En þar sem þessi brtt. er alveg í mótsögn við það sem hann ræddi hér á Alþ. í vetur, þar sem hann tók greinilega fram að engir mundu ætlast til að þessi skerðing kæmi á bændur eina, þá geri ég ráð fyrir að þessi till. hafi verið flutt í fljótræði.

Hæstv. landbrh. er víst ekki staddur hér. Hann hefur, síðan n. skilaði nál. sínu og till., lagt enn fram viðaukatill., sem er á þskj. 783 og er við 2. tölul., að við tillgr. bætist: „enda náist jafnframt samkomulag um samdrátt í framleiðslu sauðfjár- og nautgripaafurða á næstu árum."

Nefndin leggur líka til að smábreyting verði gerð á 1. gr. Sexmannanefnd átti miðað við frv. að vera búið að tilnefna fyrir 15. júlí, en við leggjum til að það verði 15. júní í þess stað.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson og Eðvarð Sigurðsson. Hv. þm. Pálmi Jónsson og Eggert Haukdal skrifa undir nál. með fyrirvara.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er annað stjfrv. sem lagt er fyrir þetta þing um breytingar á framleiðsluráðslögunum. Við umr. í landbn. beggja deilda um fyrra frv. spurðu fulltrúar Sjálfstfl. og var undir það tekið af Alþb.- mönnum í n., hvað ríkisstj. ætlaði að koma til móts við bændur í birgðavandanum, og lögðu áherslu á að hinum fyrirsjáanlega halla yrði ekki eingöngu velt á bændurna. Við lögðum enn fremur áherslu á að ríkisstj. hefði aðeins átt að leggja fram eitt frv. á þinginu í vetur um breytingar á framleiðsluráðslögunum þar sem tekið væri tillit til þeirra þriggja atriða sem fyrir lægi að taka þyrfti á: Í fyrsta lagi að veita Framleiðsluráði heimildir til að jafna fyrirsjáanlegum halla að hluta til á bændurna. Í öðru lagi að fram kæmi ákveðið, hvernig hallanum ætti að skipta á bændurna og ríkissjóð. Og í þriðja lagi nauðsynlegar breytingar á lögunum að öðru leyti, þ. á m. að semja beint við bændur. Öll þessi atriði eru í samhengi og þetta hefði að sjálfsögðu verið allt í einu lagi ef stjórn væri á hlutunum.

Þegar fyrir lá að ekkert kæmi frá ríkisstj. varðandi birgðavandann og stjórnarliðið ætlaði að afgreiða málið með því að veita Framleiðsluráði ýmsar heimildir, en skjóta sér hjá að taka á vandanum að öðru leyti, lögðum við fulltrúar Sjálfstfl. í landbn. fram svofellda till. um ákvæði til bráðabirgða, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1979 er heimilt að leggja fram nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara á þessu verðlagsári og birgðum búsafurða sem til eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi."

Við það að þessi till. okkar kom fram vaknaði loks hæstv. landbrh. til umhugsunar um þetta mál, enda þá nýkominn sólbrúnn og endurnærður eftir að hafa verið á skíðum í Ölpunum. Lagði hann þá fram till. í ríkisstj. um að heimila Framleiðsluráði að taka 3.5 milljarða kr. lán á ábyrgð ríkissjóðs. En kratar sögðu nei. Og þegar ráðh. kynnti Alþ. þessa till. sína stóð hæstv. sjútvrh. upp og afneitaði till., og hv. þm. Vilmundur Gylfason bætti um betur. Þrátt fyrir það að ekki lægi fyrir þingmeirihluti í stjórnarliðinu með till. ráðh. greiddi stjórnarliðið allt atkv. gegn till. okkar, sem gaf þó ríkisstj. heimild í þessu máli sem hún þurfti að fá ef taka ætti á málinu. Við atkvgr. lýsti ráðh. yfir að till. okkar stjórnarandstæðinga væri marklaus. Af þeim orðum mátti skilja að það væri munur á hans till. og okkar, hans væri ekki aldeilis marklaus — með allan stuðning Alþfl. á bak við sig eða hitt þó heldur.

Að sumu leyti er hægt að vorkenna hæstv. landbrh. að hafa yfirráðherra yfir sér í landbúnaðarmálum. Það er ekki hv. 1. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sem gengið hefur undir því nafni hér á þinginu í vetur. Yfirráðherra í landbúnaðarmálum er Alþfl., svo að hæstv. yfirráðherrum hefur fjölgað.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins smábrot af því sem boðað var fyrr í vetur að lagt yrði fram. Það má því segja að allt þetta mál sé mjög í brotum hjá blessuðu stjórnarliðinu eins og flest mál.

Hvað varðar það atriði frv. að taka upp beina samninga milli ríkis og bænda, þá er ég meðmæltur því. Fyrirvari minn er hins vegar um ákvæði til bráðabirgða. Sú till., sem liggur fyrir á þskj. 659 frá landbrh., er ekki stórmannleg, frestar vandanum og gengur skemmra en sú till. sem stjórnarliðið felldi frá okkur fyrr í vetur varðandi þetta mál, svo sem áður kom fram. Landbn. hefur nú bætt við till. ráðh. og gert hana ákveðnari.

Við afgreiðslu n. á þessu máli óskuðum við fulltrúar minni hl. eftirfarandi bókunar:

„Við fluttum till. í vetur um lausn á þessum vanda landbúnaðarins, en stjórnarflokkarnir felldu þá till. Áður en tekin er afstaða til þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir, teljum við nauðsynlegt að þingflokkur sjálfstæðismanna fái grg. frá ríkisstj. um till. hennar og þeirra flokka, sem að henni standa, um lausn þessa vanda og fjáröflun vegna hennar."

Þessari bókun var fylgt eftir með því að formaður þingflokks Sjálfstfl. skrifaði landbrh. og óskaði svars. Það svar barst í fyrradag. Í því segir ráðh. m. a.:

„27. mars s. l. lagði ég fram í ríkisstj. meðfylgjandi till. um lausn þess vanda sem við bændum blasir nú vegna söluörðugleika á umframframleiðslu landbúnaðarafurða." — Ráðh. á hér við 3.5 milljarða kr. lántöku. Síðan segir: „Till. þessi var samþ. af tveimur stjórnarflokkunum, en hafnað af þeim þriðja." Og enn fremur segir: „Um endanlega afstöðu ríkisstj. get ég að sjálfsögðu ekkert fullyrt á þessu stigi."

Svo mörg eru þau orð hæstv. ráðh.

Með forsögu þessa máls í huga og allan málatilbúnað stjórnarflokkanna væri ekki óeðlilegt að stjórnarandstaðan léti ríkisstjórnarliðið um þetta mál. Þótt meiri hl. hafi í vetur viljað samstarf við stjórnarandstöðuna í landbúnaðarmálum, þá hefur það samstarf jafnan þegar á hefur reynt verið fólgið í því að fá minni hl. til að skrifa

upp á víxil, ef svo mætti að orði komast, eða m. ö. o. að vera meðmæltur ráðstöfunum sem ríkisstj. vildi koma fram, en lítt komið til móts við okkur. Framkoma stjórnarliða gagnvart till. okkar í vetur varðandi birgðavandann ýtir ekki heldur undir samstarfið.

Þrátt fyrir það sem ég hef nú rakið treysti ég mér ekki til annars en styðja brtt. landbn. á þskj. 745, en það gerist í ljósi þess að hér er um svo mikið vandamál að ræða að ekki verður lengur leikið sér með að víkjast undan að taka á þessu máli. Hið erfiða tíðarfar, sem nú gengur yfir, kallar á aðgerðir í þessu máli. Ofan á þann halla, sem lendir á bændum óhjákvæmilega vegna birgðavandans þótt ríkið komi til móts að hluta, blasa nú við miklir örðugleikar og tekjutap. Hey eru mjög að ganga til þurrðar, fóðurbætisskortur yfirvofandi vegna farmannaverkfalls, og þótt mjólk sé ekki hellt niður þessa dagana, eins og virtist liggja fyrir, þá er verið að vinna úr henni lítt seljanlega vöru og við það vinna verkfallsmenn á fullu kaupi, en markaður neyslumjólkur tapast að mestu. Áburðarhækkun blasir við núna yfir 50% og ekki að vita hvenær hægt verður að bera á, eins og nú horfir og hvenær verður hægt að setja kartöflur niður. Ekki skal hafísnum gleymt.

Kjaraskerðing bændastéttarinnar þessa dagana er því með ýmsum hætti og ekki bjart fram undan. Það kann því að vera styttra í það en margur hugði og strax á því herrans ári 1979 verði offramleiðsla að mestu úr sögunni sökum harðæris, bæði af náttúrunnar völdum og vegna aðgerða misviturra stjórnvalda. Eins og nú lítur út á þessu harða vori gætu sannast þau orð sem standa í grg. þáltill. hæstv. landbrh. um stefnumörkun í landbúnaði og að þau verði nú þegar að veruleika þótt ekki séu þau beinlínis skemmtileg, en þessi setning er svona: „að áhrifaríkasta leiðin til þess að draga úr afurðum eftir grip sé að takmarka magn og gæði fóðurs.“ Ég endurtek: „að áhrifaríkasta leiðin til þess að draga úr afurðum eftir grip sé að takmarka magn og gæði fóðurs.“ Er það þetta sem koma skal í íslenskum landbúnaði? Er sagan um Hrafna-Flóka að endurtaka sig með stefnu núverandi stjórnvalda?

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta þing hefur verið með mjög óvenjulegum hætti allt frá því að það hófst og til þessarar stundar. Það má segja að þingtíminn hafi farið í rifrildi á milli stjórnarþm. alveg frá fyrsta degi og til þessa dags. Nú loksins þegar er búið að ákveða að ljúka þingi taka forsetar þingsins nokkurn fjörkipp og boða til þingfunda hvert kvöld í þessari viku að einu kvöldi undanskildu. Ég leyfi mér að vitna til eins elsta þm., þess manns sem hefur sennilega verið lengst af í stjórnarandstöðu, hv. 1. þm. Austurl., sem er allra manna samviskusamastur að mæta á þingfundum og hefur verið frá fyrstu tíð, að ég minnist þess að hann mótmælti kröftuglega ef það ætti að halda þrjú kvöld í viku kvöldfundi í þingi og taldi það ekki nokkra stjórn á þinginu og enga mannasiði að bjóða þm. það að fá ekki tækifæri til að kynna sér allt það blaðaregn sem kemur á borð þm. Og verkstjórnin hér í þessari hv. þd. er með endemum. En ég ætla nú að tala við „generalforsetann“, en ekki 1. varaforseta. Ég veit ekki hvernig hefði farið í þessari hv. þingdeild ef forseti Nd. hefði ekki brugðið sér eitthvað suður á bóginn um tíma, því að það var 1. varaforseti sem vann með alveg sérstakri verklagni að því að koma hér málum áfram, enda voru margir stuðningsmenn ríkisstjórnarflokkanna farnir að segja að það væri nær að kjósa forseta eftir gæðum, en ekki eftir einhverju flokkseyrnamarki.

Stjórn hæstv. forseta Nd. er með endemum. Það er hlaupið úr einu málinu í annað. Það er tekið fyrir hér mál kl. 9 sem ráðh. hafði mælt fyrir, frv. um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum, og þá tekur til máls 6 þm. Reykv. og talar langt mál, maður úr stjórnarherbúðunum. Ég bið um orðið — ég tilheyri nú stjórnarandstöðu — og um leið og komið er að mér er málið tekið út af dagskrá. Það er hlaupið úr einu í annað, það er engin stjórn, það veit enginn hvað er að gerast hérna, og sennilega síst af öllu forseti Nd. (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) Jú, hann má gjarnan koma og svara fyrir sig á eftir. En þetta eru ekki vinnubrögð sem þm. geta viðurkennt að sé sæmilegt að viðhafa. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að láta forsetann vita af því.) Já, ég skal segja hæstv. landbrh. það, að ég hef fullt leyfi til þess að láta í ljós aths. (Gripið fram í.) Vill ekki forsetinn biðja landbrh. að loka túlanum á sér augnablik, hann er víst búinn að hafa hann nógu mikið upp á gátt í vetur sjálfum sér og landbúnaðinum til skammar, svo sem ég kem síðar að. En ég ætla að endurtaka það, að vinnubrögð forseta Nd. eru fyrir neðan allar hellur. Það er hlaupið úr einu í annað, það er lokað fyrir þegar kemur að stjórnarandstöðu, og hann hefur sýnt hér hlutdrægni sem er óviðkunnanleg. Í öll þau ár sem ég hef setið á þingi hefur aldrei setið forseti sem hefur sýnt jafnmikla hlutdrægni og hæstv. forseti Nd. (**SV:** Segðu þetta tvisvar.) Ég ætla nú að biðja hv. Stefán lagabæti að stilla sig.

Sá háttur hefur verið hafður á, að þegar líður að þinglokum ræðir ríkisstj. við talsmenn stjórnarandstöðu um það, hvaða frv. eigi að leggja áherslu á að verði að lögum, því að það er ekki hægt að halda viðstöðulaust áfram með líklega 20—30 mál á dagskrá. Hæstv. forsrh. sagði við talsmenn stjórnarandstöðu að hann legði ákveðna áherslu á að ljúka tilteknum örfáum málum. Síðan er haldið áfram með aragrúa af málum sem hann segist ekki leggja neina höfuðáherslu á. Þetta þinghald er orðið ein endaleysa og allt í hönk hér í þinginu og sérstaklega í Nd.

Það hefur verið hér til umr. annað mál: um framhaldsskóla. Það var lokað á þær umr. í fyrradag, en alltaf er málið látið vera á dagskrá. Það á sem sagt að lauma því áfram ef einhverjir ákveðnir menn fara út úr þd. Ég hef aldrei þekkt slík vinnubrögð fyrr hjá forseta deildar, og það eru fleiri þdm. en ég sem segja og hugsa það sama.

Því frv., sem hér liggur fyrir um Framleiðsluráð landbúnaðarins og er flutt sem stjfrv., var fylgt úr hlaði af landbrh. sem hefur ferðast vítt um landið á undanförnum vikum og mánuðum og verið allur af vilja gerður að bjarga landbúnaði og íslenskri bændastétt. Hann hefur lagt fram hér mjög merka bók um stefnumörkun í landbúnaði, sem er með efnisyfirliti upp á 112 bls. Sjálfstæðismenn hafa lagt fram hér till. til þál. um stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins sem er flutt af þm. flokksins í öllum kjördæmum. Það er ítarleg grg. um stefnumörkun í landbúnaðarmálum. Og nú í lok þingsins flytur landbn. brtt. við frv. sem hér liggur fyrir, ákvæði til bráðabirgða, að Sexmannanefnd skuli án tafar taka til meðferðar þá tekjuskerðingu sem við framleiðendum landbúnaðarafurða blasir vegna söluerfiðleika á þeirri framleiðslu sem er umfram innanlandsþarfir. Skal n. fyrir 1. sept. 1979 leggja fyrir ríkisstj. till. um lausn þess vanda þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst.

Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast lán allt að 3.5 milljörðum kr. er Framleiðsluráð landbúnaðarins tekur til framkvæmda á till. nefndarinnar.

Það er furðulegt að stjfrv., sem lagt er fram, skuli vera lagt fram án þess að samkomulag hafi náðst í hæstv. ríkisstj. um framgang málsins, þrátt fyrir það að stjórnarflokkarnir hafi komið sér saman um samstarfsyfirlýsingu þegar ríkisstj. var mynduð 1. sept. á s. l. ári. Í þeirri samstarfsyfirlýsingu segir um landbúnað:

„Stefnt verði að sem hagkvæmustu rekstrarformi og rekstrarstærð búa og að framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við innanlandsmarkað. Skipuð verði samstarfsnefnd bænda og neytenda sem stuðli að aukinni fjölbreytni í búvöruframleiðslu og til samræmingar óskum neytenda með aukna innanlandsneyslu að marki. Endurskoðað verði styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins með það að marki að greiðslur komi bændum að betri notum en nú er. Lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði breytt m. a. á þann hátt, að teknir verði upp beinir samningar fulltrúa bænda og ríkisvaldsins um verðlags-, framleiðslu- og önnur hagsmunamál landbúnaðarins. Jafnframt verði Framleiðsluráði veitt heimild til að hafa með verðlagningu áhrif á búvöruframleiðslu í samræmi við markaðsaðstæður. Rekstrar- og afurðalánum verði breytt þannig að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú."

Þetta eru sem sagt þau markmið sem núverandi stjórnarflokkar settu sér, þegar þessi ríkisstj. var mynduð, í sambandi við framkvæmd landbúnaðarstefnu.

Í framhaldi af því, eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Suðurl., leggur landbrh. till. fram í ríkisstj. þess efnis, að ríkisstj. beiti sér fyrir tilteknum aðgerðum til lausnar þeim vanda sem að bændastéttinni steðjar vegna umframframleiðslu landbúnaðarafurða á yfirstandandi verðlagsári. Þar segir að Framleiðsluráði landbúnaðarins verði heimiluð lántaka allt að 3.5 milljörðum til þess að greiða fyrir sölu á umframframleiðslu landbúnaðarafurða erlendis eða til innlends iðnaðar, að fengnu samþykki landbrh., til viðbótar þeim útflutningsbótum sem veittar eru úr ríkissjóði samkv. lögum. Ríkisábyrgð verði veitt fyrir þessari lántöku. Og síðan segir að lán þetta verði að fullu endurgreitt ásamt kostnaði á 5 árum, og eru þar tilteknir þrír liðir.

1. Að hluta með nokkru af því fjármagni sem veitt er samkv. jarðræktarlögum, en ekki kann að verða notað til slíkra framkvæmda næstu 5 árin, enda samþykki Alþ. breytingar sem nauðsynlegar eru á jarðræktarlögum í því skyni.

2. Að hluta með því fjármagni sem heimilt er samkv. lögum að veita til útflutningsbóta, en ekki kann að reynast nauðsynlegt að nýta að fullu einstök ár næsta 5 ára tímabil, enda veiti Alþ. heimild til slíkrar ráðstöfunar útflutningsbóta með nauðsynlegum breytingum á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

3. Með fjárveitingum á fjárl. næstu 5 árin að svo miklu leyti sem ekki reynist unnt að endurgreiða umrætt lán og kostnað að fullu eftir ofangreindum leiðum. Af útflutningsbótum samkv. 2. lið skulu þó greiðast a. m. k. 3.5 milljarðar kr.

Þá segir enn fremur: „Ofangreindar ráðstafanir eru háðar því, að þegar verði hafist handa um að snúa við þeirri þróun vaxandi framleiðslu landbúnaðarafurða sem verið hefur undanfarin ár og áætlun gerð til 5 ára um þróun landbúnaðarframleiðslunnar, þar sem að því verði stefnt að framleiðsla búvöru verði sem næst þörfum þjóðarinnar og íslensks iðnaðar, enda veiti það Alþ., sem nú situr, nauðsynlegar heimildir, svo sem með auknum heimildum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins til þess að hafa stjórn á landbúnaðarframleiðslunni og til þess að leggja á verðjöfnunargjald þannig að spornað verði gegn aukinni framleiðslu búvöru; í öðru lagi breytingu á jarðræktarlögum þannig að heimilt verði að ráðstafa jarðræktarframlögum að hluta eins og að framan greinir; í þriðja lagi breyting á lögum um Framleiðsluráð o. fl. þannig að teknir verði upp beinir samningar um kjaramál bænda á milli bænda og ríkisvaldsins og heimilt að ráðstafa útflutningsbótum eins og að framan er greint; í fjórða lagi mörkun þeirrar stefnu sem fylgja ber við gerð áætlunar á sviði landbúnaðarmála og í kjarasamningum á milli bænda og ríkisvaldsins. Tillögur um ofangreind efni, sem ekki liggja þegar fyrir Alþ., munu verða lagðar fram á næstu tveim vikum, segir í þessari till. landbrh. sem hann lagði fyrir ríkisstj.

Ég fyrir mitt leyti tel þessa tillögu hina mestu grautargerð, afar illa samda og ruglingslega, svo að ég get ekki álasað veslings krötunum í ríkisstj. að þeir hafi ekki gleypt þessa till. eins og hún er lögð fram. Þó að þeim sé nú álasað fyrir margt, þá held ég að það sé ósanngjarnt að álasa þeim fyrir að sporðrenna ekki þessum graut frá hæstv. landbrh.

Til hvers er ríkisstj. í einu landi ef hún á ekki að marka stefnu? Til hvers eru flokkar að koma sér saman um myndun ríkisstj. ef þeir geta ekki markað stefnu í ákveðnum málum. Til hvers hafa þeir gert samstarfssamning að stjórna landinu? Svo er komið með málin til landbn., og vegna þess að það horfir illa í landbúnaðarmálum á að reyna að koma hér inn till. í ákvæði til bráðabirgða, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast lán upp á aðeins 3500 millj. sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tekur til framkvæmda á till. n. Ég tel þessa till. eins og hún liggur fyrir fráleita. Og þá segi ég ekki að ég sé á móti því að greiða fyrir landbúnaði og úr erfiðleikum bænda. En það verður að vinna að þeim málum af einhverri festu, en ekki vera akandi um allt land og flytja ræður í tíma og ótíma um nýja stefnumörkun, sem er engin stefnumörkun eins og sannarlega kemur í ljós ef menn hafa haft tíma til og hafa nennt að lesa þessa bók sem landbrh. hefur lagt hér fram á Alþingi.

Í þessari bók er sagt að samdrætti í framleiðslu búfjárafurða megi ná á tvo vegu: annars vegar með fækkun gripa og hins vegar minni afurðum eftir grip. Á eftir er svo fjallað um mismunandi áhrif þessara þátta á afkomu bænda og gengið út frá því að engar útflutningsbætur séu greiddar og umframframleiðsla á mjólk sé 20 millj. lítra. Síðan kemur um fækkun gripa: Fækkun gripa getur í megindráttum orðið á tvennan hátt: í fyrsta lagi fækkun framleiðenda og í öðru lagi fækkun gripa á framleiðanda. — Það er efnilegt fyrir bændur að bíða eftir því hvernig þessi fækkun framleiðenda verður framkvæmd. Hann ber sig vel, formaður landbn., hann er sennilega í náðinni þar. Hér segir í stefnumörkun landbrh. um fækkun gripa:

„Fækkun gripa mun í bili auka framboð á nautgripakjöti, en eftirspurn eftir því hefur aukist stöðugt á undanförnum árum. Einnig má benda á að kýr, sem fyrirsjáanlegt er að mundu verða arðlitlar vegna heilsuleysis, erfiðleika í sambandi við frjósemi, fastmjólka kýr,

kýr með skapgalla o. fl. ættu að koma frekar til greina, þegar um fækkun er að ræða. Sparnaður í tilkostnaði er því í reynd meiri, ef slíkum kúm er fargað, heldur en meðaltölur sýna.“ Og svo kemur rúsínan í pylsuendanum: „Þá bása, sem auðir yrðu, mætti nýta til kjötframleiðslu.“ Það verður seig undir tönn sú kjötframleiðsla ef á að framleiða kjöt úr auðum básum.

Ekki er nú að spyrja um stefnumörkun í dýraverndinni. Hún lýsir sér í þessari setningu: „Áhrifaríkasta leiðin til að draga úr afurðum eftir grip er að takmarka magn og gæði fóðurs.“

Það er farið út í margt, og það eru fundnar nýjar tekjuöflunarleiðir og stórfelldur nýr útflutningur: „Aðrar tekjuöflunarleiðir af hrossum, sem vert er að athuga, eru aukin hagnýting húða, bæði af folöldum og fullorðnum hrossum, nýting á hrosshári til iðnaðar, framleiðsla á kaplamjólk til útflutnings sem barnamjólk og handa sjúklingum og loks hirðing á þvagi og blóði úr hrossum til lyfjaframleiðslu.“ Við þurfum ekki að kvíða framtíðinni þegar þetta allt verður orðið að veruleika. Ekki þarf að sækja sjó lengur og elta síðasta þorskinn þegar verður hægt að flytja út allt þetta hrossahland til lyfjaframleiðslu í öðrum löndum.

Og þá stendur hæstv. landbrh. sig ekki illa þegar hann fer í loðdýraræktina. Þá segir hann: „Hús fyrir eina minkalæðu ásamt rými fyrir hluta úr högna og fyrir hvolpana er um 1.5—1.7 m².“ Það væri fróðlegt að fá að vita hvaða hluti úr högna eigi að vera þarna í húsinu hjá læðunni ef ráðh. kemur hér upp á eftir. (**LJós:** Er það ekki gefið mál?) Ja, það veit ég ekki. Ég er ekki svo vel heima, hv. 1. þm. Austurl., í þessum nýju fræðum, en við eigum sennilega eftir að fá betri og gleggri skýringar á þessari nýju stefnu í landbúnaðarmálum. Hún er alveg stórkostleg, þessi nýja stefna, og það er von, að þeir drúpi höfði, bændaleiðtogarnir, að hafa fengið slíkan landbrh.

Enn hefur eitt nýtt gerst í landbúnaðarmálum og þá um leið í kaupgjalds- og kjaramálum. Og það er nýja mjólkurfræðingaverkfallið. Aldrei fyrr hefur það gerst að menn fái fullt kaup og séu í verkfalli. Hvernig getur þetta viðgengist. Aldrei hefur mönnum dottið í hug að borga Dagsbrúnarmönnum kaup fyrir að vera í verkfalli, t. d. að skipa upp úr skipunum, en setja afgreiðslubann á vörurnar. Nú er þessi nýi háttur tekinn upp og það er verið að vinna úr þessum afurðum í lægstu verðflokka. Þjóðhagslega séð sé ég ekki hagnað af því, en það getur vel verið að ókunnugleiki minn á því valdi því að ég sjái það ekki. Það væri fróðlegt að fá frá hinum stefnumarkandi og glaða landbrh. einhverjar skýringar á því, hvað sé á bak við. Hafa þessi mjólkurbú fengið uppáskrift á víxilinn, að það sé hægt að láta menn vinna í verkfalli því að það muni verða borgað síðar af þjóðfélagsþegnunum, af skattborgurunum. Meira að segja 7. þm. Reykv., sem telur sig hér sjálfkjörinn fulltrúa skattborgaranna í landinu, hefur ekki orðað þetta einu orði. Hann hlýtur að eiga eftir að koma inn á það. Á að verja því fjármagni, sem ætlað er samkv. þessu frv., til þess að halda mönnum uppi í verkfalli með því að borga þeim fullt kaup og ná þeim eina tilgangi að koma í veg fyrir að þessar afurðir seljist og komist niður í Íslendinga sjálfa, þær nái ekki til neytenda langtímum saman? Þetta er ekki sú stefna sem ég hélt að hæstv. landbrh. mundi marka þegar hann fór af stað og gerði víðreist um landið á fundi bænda á s. l. hausti og í raun og veru í allan vetur. Ég skil ekki í því hvernig hæstv. landbrh. hefur tekist að skapa þá sundrung sem hann hefur gert í landbúnaðinum sjálfum? Ég heyrði í útvarpsumr. í gærkvöld að einn versti maður á þingi fyrir landbúnaðinn væri Pálmi Jónsson, hv. 2. þm. Norðurl. v. Þessi hv. þm. hefur lagt sig fram um það að mynda stefnu og viljað hafa sem nánast samstarf um mótun heilbrigðrar stefnu í landbúnaðarmálum. Hann var 1. flm. að stefnumörkunarþáltill. sjálfstæðismanna þar sem segir:

„Alþ. ályktar að stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins skuli byggjast á eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Treyst verði sjálfseignarábúð bænda á jörðum og eignarréttur einstaklinga og sveitarfélaga á landi og hlunnindum verndaður.

2. Unnið verði markvisst að aukinni hagkvæmni í landbúnaðinum ásamt fjölbreytni í framleiðslu og fullvinnslu búvara.

3. Landbúnaðinum verði búin þau skilyrði að unnt sé að tryggja bændum sambærileg lífskjör og aðrar fjölmennar stéttir þjóðfélagsins búa við.

4. Framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við það, að ávallt verði fullnægt þörfum þjóðarinnar fyrir neysluvörur og hráefni til iðnaðar. Auk þess verði tekið fullt tillit til þjóðhagslegs gildis þeirra atvinnutækifæra annarra sem landbúnaðarframleiðslan veitir.

5. Tryggð verði í megindráttum núverandi byggð í sveitum landsins. Komið verði í veg fyrir miklar sveiflur í landbúnaðinum, sem geti valdið óvæntri búseturöskun, og í því skyni verði m. a. nýttir allir hagrænir möguleikar til atvinnu- og framleiðslustarfsemi sem byggjast á nýtingu lands-, vatns- og sjávargæða. Iðnaðar- og þjónustustarfsemi í sveitum verði aukin.

6. Sveitafólki verði með lögum veitt sambærileg félagsleg réttindi og þorri annarra þegna þjóðfélagsins nýtur. Aukið verði jafnræði í aðstöðu til mennta og til þjónustu opinberra aðila án tillits til búsetu.

7. Gætt verði hófsemi í umgengni við landið og náttúru þess. Tryggt verði svo sem tök eru á að varðveitt séu sérstæð náttúrufyrirbrigði, gróður, dýralíf og hlunnindi. Öllum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru landsins og í því skyni séð fyrir nægilega mörgum opnum svæðum til útivistar, þjóðgörðum og tjaldstæðum.“

Síðan er farið ítarlega út í þær leiðir, sem farnar eru til þess að ná framangreindum markmiðum, í mjög ítarlegri grg.

Ég held að það sé ekki neitt áhorfsmál, það sé opið fyrir öllum, að landbúnaðarframleiðslan í þessu landi er orðin meiri en svo að við getum nýtt hana sjálfir og því fer útflutningur mjög vaxandi, og útflutningur á mjólkurafurðum og kjötafurðum sömuleiðis er okkur þjóðhagslega séð óhagkvæmur þó að við getum aldrei áætlað nákvæmt í sambandi við framleiðslu á landbúnaðarafurðum hvað mikið selst innanlands, og þá verður eitthvað að vera upp á að hlaupa til þess að selja úr landi þó það sé okkur á margan hátt óhagstætt.

Þá komum við auðvitað fyrst og fremst að því, að til þess að fólk flýi ekki unnvörpum sveitirnar þarf að koma upp öðrum atvinnurekstri við hliðina á landbúnaðinum, margvíslegum iðnrekstri, til þess að fólkið haldist í sínum heimabyggðum. Þar á fyrst og fremst að koma stuðningur á margan hátt til þess að reisa slík atvinnufyrirtæki, ekki með gjafafé eða styrkjum, heldur með hagstæðum

lánum til langs tíma og ákveðinni vel uppbyggðri áætlun til þess að gera atvinnulífið í sveitunum fjölbreyttara en það er nú, til þess að viðhalda byggð um allt land þar sem byggð er á annað borð lífvænleg. Á þetta er lítið litið og lítið um hugsað. Í þessum stóra doðranti landbrh. er verið að fílosófera um allar mögulegar leiðir og ómögulegar, og niðurstaðan eiginlega í hverjum kafla er sú, að það kemur ekkert út úr því. Ef menn lesa þessa stefnumörkun lið fyrir lið, þá held ég að enginn geti verið hrifinn af þessari framleiðslu hæstv. landbrh., og ég trúi því ekki að hann sé það sjálfur, a. m. k. ef hann hefur lesið bókina sína tvisvar. (Gripið fram í.) Já, það er ljóti samsetningurinn.

Ég tel mikils virði þegar jafnilla árar og nú, ekki eingöngu í landbúnaði, einnig við sjávarsíðuna, sérstaklega norðanlands og austan, að ríkisvaldið hraði því að koma til móts við alla þá sem þar eiga við stórkostlega erfiðleika að búa. Ég tel það mikils virði að Alþ. sameinist um aðgerðir í þeim efnum. En hitt tel ég skyldu ríkisstj., að hún móti fyrst og fremst þessa stefnu þar sem hún ein ber ábyrgðina á því hvernig fjármagni er varið í þessu skyni. Það er eitt dæmið enn um grátlega óhamingju þessarar ríkisstj., þrátt fyrir allar hinar löngu umr. um landbúnaðarmál á þessu þingi í vetur, að hún skuli ekki nú nokkrum dögum áður en þingi á að slíta hafa komið sér saman um neinar aðgerðir til verndar íslenskum landbúnaði. Það hlýtur að liggja í því, að klaufalega hefur verið á þessum málum haldið frá hendi hæstv. landbrh. í ríkisstj. og við samstarfsflokkana. Enn á að heita svo að þessir flokkar eigi samleið því að þeir eiga þó allir enn þá fulltrúa í ríkisstj. Ég álít að það sé í alla staði óeðlilegt að komið sé til Alþ. með ágreiningsmál í ríkisstj. Og þar álasa ég þá, sem hafa ekki viljað fallast á till. landbrh., fyrir að hafa ekki lýst yfir strax við 1. umr. þessa máls að þeir væru ekki stuðningsmenn þessa frv. Eins og þessa till. um ákvæði til bráðabirgða ber að get ég ekki greitt atkv. með henni þó að ég feginn vilji koma landbúnaðinum til hjálpar eftir því sem hægt er. En það verður að vera byggt á ákveðinni samræmdri stefnu sem hefur það markmið að draga úr framleiðslunni, en ekki með þeirri grautargerð sem till. landbrh. í ríkisstj. er.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég heyrði að vísu ekki öll orð hv. 1. þm. Vestf. þegar hann hóf mál sitt, því að ég var þá ekki í forsetastóli, heldur varaforseti. En einhvern ávæning heyrði ég samt af því sem hann hafði fram að færa, og ég tek orð hans ekki mjög alvarlega. Ég hygg reyndar að þau hafi verið sögð í skyndilegum skapofsa og hef enga ástæðu til þess að ætla að vert sé að fara að erfa slík orð í minn garð sem forseta og geri það ekki.

En mig langar til þess að benda hv. þm. og öðrum á, að hér er 21 mál á dagskrá og þegar er nú búið að taka fyrir 14 mál. Þetta eru allt saman meira og minna mikilvæg mál og reyndar öll, trúi ég. Sum þeirra eru deilumál sem tekur langan tíma að ræða, en ég held samt að mín aðferð við fundarstjórnina hafi m. a. ráðið því að búið er þó að taka fyrir þetta mörg mál að tölunni til, sem gerist m. a. með því að fresta umr. af og til um mál, sem langdregnar umr. verða um, og taka inn mál, sem að mínu mati voru þess eðlis að umr. yrðu fremur litlar þó að þau séu allmörg talsins.

Þess vegna held ég að það sé óþörf aðfinnsla hjá hv. 1. þm. Vestf. að halda því fram að hér sé ætt úr einu í annað. Þetta er mjög algeng aðferð við fundarstjórn hér á Alþ., og ég held satt að segja að forseti eigi oft og tíðum ekki aðra leið ef hann vill koma málum skynsamlega fram. Þetta veit ég að hv. þm. Matthías Bjarnason veit og skilur.

Einnig vil ég minna á að hér eru ákaflega mörg mál á dagskrá, og það er ekki óeðlilegt af og til og einkum í þinglok þó að fundir dragist nokkuð, ekki síst þegar svo mörg mál eru á dagskrá sem nú. Ég er orðinn nokkuð þingvanur maður og ég man sjaldan eftir því að svo mörg mál væru á dagskrá í Nd. og verið hefur undanfarna daga. Vissulega er forseti mjög háður þdm. um það, hvernig mál ganga fram, og ég vona að þdm. sýni alla þá viðleitni til samvinnu við mig sem forseta sem þeim er frekast kostur. En því vil ég mótmæla, að ég hafi sýnt hlutdrægni nokkrum manni hér í d. Ég held að það sé alrangt. Þetta hlýtur að vera sagt í einhverju sérstöku bræðikasti míns góða vinar, Matthíasar Bjarnasonar. En að öðru leyti skal ég ekki ræða málið.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tel það ekki réttláta fundarstjórn, þegar hafin er umr. um mál sem flm., sem er ráðh., fylgir úr hlaði, sem er auðvitað fullkomlega eðlilegt, og síðan talar annar stjórnarliði, en þegar fyrsti ræðumaður, sem biður um orðið frá stjórnarandstöðu, er næstur á mælendaskrá, þá sé hrokkið frá þeim umr. og yfir í önnur mál. Annaðhvort var þá að láta ráðh. einan tala eða þá að gefa stjórnarandstöðu kost á því að láta til sín heyra í málinu. Þetta er sú venja sem ég hef átt að venjast frá því að ég kom á þing, og það er þetta sem ég fyrst og fremst set út á.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég get vel fallist á það að hv. þm. setji út á einstök atriði í fundarstjórninni og e. t. v. er þetta aðfinnsluvert, þó að mér finnist það reyndar ekki, vegna þess að ég tók fram að þarna væri um að ræða frestun þar til síðar á fundinum, og sú ákvörðun mín stendur að sjálfsögðu enn.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum strax um ræðu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar.

Vil ég þá í fyrsta lagi taka fram, að mér þykir það furðu gegna eftir svo mörg ár á þingi að sá þm. skuli ekki hafa lært enn að það orðbragð, sem hann temur sér vestur á fjörðum og menn hlæja þar gjarna að, á varla við í sölum Alþingis.

Ég skal fara fáeinum orðum um þær aths., sem hv. þm. gerði. Hv. þm. og reyndar einnig hv. 1. þm. Suðurl. ræddu um till. til þál. um stefnumörkun í landbúnaði. Einkum hafa þeir hv. þm. gert sér far um að reyna að snúa út úr VIII. kafla í þeirri till. Það er rangt, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði áðan þegar hann greip fram í, — ég hef aldrei sagt að ég hafi samið þá grg. Taldir eru upp á 2. og 3. síðu 32 sérfróðir menn í landbúnaði sem sömdu þessa grg. Þeir eru stórum fróðari um þessi mál en við allir sem hér höfum talað. T. d. þennan VIII. kafla hafa samið þrír menn, og það vill svo til að einn þeirra, ágætur maður, mun vera flokksbróðir hv. þm. sem gera sér mikið far um að snúa út úr því sem þar segir. Ég a. m. k. varð var við það, að bóndi nokkur norður í Þingeyjarsýslu vissi hvernig átti að nota bása til kjötframleiðslu. Hann skýrði frá því þar, að hann væri að undirbúa fækkun hjá sér um 20 kýr og hann ætlaði að

setja holdanaut á básana. Þessu hefði hv. þm. mátt gera sér grein fyrir. Eru þá ekki básarnir notaðir fyrir holdanaut og því til kjötframleiðslu? Hv. þm. Matthías Bjarnason gerir gys að því að hirða blóð og þvag úr merum. Honum þætti kannske fróðlegt að vita að úr meraþvagi eru unnir hormónar sem notaðir eru í „pilluna". Því gæti verið, ef hv. þm. er ekki orðinn of gamall, að hann hafi einhvern tíma haft af því gagn, sem sagt meraþvagi. Sem sagt, ég held því að hv. þm. ætti að þakka fyrir ef hann hefur enn not fyrir slíkt.

Þá vil ég upplýsa það, að einn högni er ætlaður fyrir þrjár læður og hann mun ekki geta verið á öllum stöðunum í einu. Kannske skilur hv. þm. það ekki. Hann var *eflaust á yngri árum a. m. k. færari en einn högni.*

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Eins og þið heyrið eru skýringar á þessum atriðum, enda hafa samið þessa grg. menn sem eru stórum fróðari en þeir þm. sem hér hafa gert sér far um að snúa út úr þessum setningum.

Hv. þm. minntist á mjólkurfræðingaverkfallið og mun hafa beint því til mín, að mjólkurfræðingar ynnu í verkfalli. Mér er að vísu ætlað of mikið í þessu sambandi því þegar á sunnudaginn, er ég hitti mjólkurfræðinga, höfðu nokkur mjólkurbú samið við mjólkurfræðinga um þennan hátt, t. d. mjólkurbúið á Akureyri. Ég gerði ekkert annað þar en að taka fram að ég vonaði að þetta samkomulag yrði til þess að mjólkurfræðingaverkfallið leystist sem fyrst og þess vegna teldi ég þetta eðlilegt spor í þá átt. Að sjálfsögðu er það á valdi hvers mjólkurbús hvort það semur svo við sína starfsmenn. Þau hafa ekki fengið neina skipun eða nein fyrirmæli um það.

Hv. þm. taldi, að lítið hefði komist fram af landbúnaðarmálum. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að bændasamtökin reyndu í samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. að fá samkomulag stjórnarflokkanna um að fá víðtækar heimildir fyrir Framleiðsluráð til þess að hafa nokkurn *hemil á vaxandi framleiðslu, en það náðist aldrei sam*komulag um slíkt, það tókst ekki. Hins vegar hefur þó þegar á þessu þingi verið samþ. frv. sem heimilar Framleiðsluráði og Stéttarsambandi að hafa nokkur tök þar á, og þótt ég sé ekki að öllu leyti ánægður með endanlega afgreiðslu þess frv. ber þó að meta það og vonandi verður það til þess að takast megi að snúa þessari þróun eitthvað við.

Ég verð að spyrja hv. þm. að því, hvernig hann vilji *leysa þann vanda sem bændur eru í í dag? Við þeim blasir* tekjuskerðing upp á 5.2 milljarða samtals eða um 1.2 milljónir á hvern meðalbónda í landinu. Hv. þm. vísar e. t. v., eins og hv. 1. þm. Suðurl., gerði í till. þeirra sjálfstæðismanna um ákvæði til bráðabirgða. Ég gerði þá aths. við það ákvæði, að þar væri ríkisstj. eingöngu heimilað að ráðstafa fé til þess að aðstoða bændur í þessu sambandi að einhverju marki, en engin heimild fylgdi fyrir ríkissjóð til að afla þess fjár. Ég spurðist fyrir um það þá, hvort hv. þm. vildu flytja till. um slíka heimild til að afla þess fjár. Ég veit að hv. þm. sem fyrrv. ráðh. þekkir að sjálfsögðu það, að heimild til að afla fjár verður að fylgja hverri eyðslutillögu. Ég hygg að hann hafi gert þær kröfur þá. Ég óskaði eftir slíku, en ég fékk engar þær till. fram. Hér er um að ræða heimild til þess að taka fjármagn að láni í þessu skyni. Ég hefði að sjálfsögðu kosið að unnt væri að finna fjármagn á annan máta, en ég hef ekki treyst mér til að flytja till. um hærri skatta eða þess háttar innheimtu til þess að greiða þetta, a. m. k. ekki í ár, og hef talið líklegast að verulegan hluta af þessu mætti greiða með þeim sparnaði sem verður í útgjöldum ríkissjóðs vegna útflutningsbóta á næstu árum við stefnubreytingu. En ég skal gjarnan hlusta á hugmyndir hv. þm. um betri leiðir í þessu sambandi.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm., að ekki hefur náðst samstaða í ríkisstj. um þá till. sem ég lagði þar fram. Hann getur kallað hana grautargerð eða hvað sem hann vill. Sjálfur er hann er ekki vanur að marka stefnu til langs tíma. Hann tekur gjarnan ákvarðanir í flýti og lítt hugsaðar. Ég hygg að margir hafi orðið þess varir í hans tíð sem sjútvrh. Hann leitaði a. m. k. lítið eftir samstarfi við sjómenn eða vísindamenn eða aðra sem á þessum sviðum starfa. Ég tem mér ekki slíka starfshætti. Ég hef *leitast við að hafa samráð við sem allra flesta sem að* landbúnaðarmálum starfa. Ég heyri það að hv. þm. gerir aths. við þá fundi sem ég átti með bændum. Slíkt virðist fara í taugarnar á honum. En ég vil segja það, að þeir fundir hafa verið mér sérstaklega gagnlegir. Á þeim hafa komið fram mörg sjónarmið sem ég tel að hafi verið mjög nauðsynleg í þessu sambandi öllu. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að þegar rætt er um samdrátt í landbúnaði á næstu 5 árum, eins og kemur fram t. d. í margnefndri þáltill., þá er það alls ekki sársaukalaust fyrir framleiðendur landbúnaðarafurða. Það er ákaflega erfitt skref sem þarna þarf að stíga, og tvímælalaust er nauðsynlegt að ræða þessi mál við bændur sjálfa þegar ákvörðun og reyndar áður en endanleg ákvörðun er tekin um slíkt. Markmiðið með þessum fundum hefur einmitt verið það, og ég vil upplýsa hv. þm. um að þessir fundir hafa allir verið haldnir að ósk bændasamtakanna sjálfra. Hver einasti þeirra hefur verið boðaður af viðkomandi búnaðarsambandi að ósk þess, og ég hef talið mér skylt að fara á þá fundi og mæta fulltrúum bænda og bændum sjálfum þar til umræðu um þessi viðkvæmu mál. Mér þykir satt að segja furðulegt, að hv. þm. skuli finna *að því, og kann enga aðra skýringu á þessu en þá*, að hann temur sér allt önnur vinnubrögð.

Ég vil svo segja um þá till., sem hér er komin fram, að um þá till., sem ég lagði fram um beina samninga við bændur, var fullt samkomulag — og ég vona að sé enn — við stjórnarflokkana alla. Hins vegar þótti ýmsum að í þá till. vantaði a. m. k. ákveðnar vísbendingar um það, hvernig leysa ætti þann mikla vanda sem bændur standa frammi fyrir í dag. Því flutti ég till. um ákvæði til bráða*birgða þar sem undirstrikað er að Sexmannanefnd skuli* taka það mál þegar til meðferðar og gera till. til ríkisstj. þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst. Ég get að sjálfsögðu enga aths. gert við það þótt hv. landbn. þætti að þarna þyrfti að bæta við heimildum til ríkisstj. til þess að slíkar till. mætti örugglega framkvæma. Þær þarf að framkvæma að öllum líkindum áður en þing er komið saman að nýju. Landbn. hefur því flutt viðbótartill. við þessa till. mína um ákvæði til bráðabirgða. Hins vegar vek ég athygli á því, að þarna er eingöngu um heimild að ræða og þarna segir ekkert um það, hvernig þetta fjármagn á að greiðast aftur. Því hygg ég að ýmsum bændafulltrúum þyki að enn vanti töluvert á.

Ég harma að sjálfsögðu að ekki hefur náðst samstaða í ríkisstj. um það, hvernig bæta eigi bændum að hluta umrædda tekjuskerðingu. Mér er fyllilega ljóst að ekki verður náð árangri í þeirri stefnumörkun, sem að er unnið, þar sem stefnt er að því að draga mjög verulega saman framleiðsluna á næstu 5 árum, án þess að ríkisstj. og þjóðarbúið séu reiðubúin að hlaupa að nokkru undir

bagga í þeim miklu erfiðleikum sem bændur eiga nú við að stríða ofan á erfiðleika vegna harðæris sem allir hér inni þekkja.

Sighvatur Björgvinsson: Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að skipta mér af deilum samþm. minna úr Vestfjarðakjördæmi, en það er út af fyrir sig fróðlegt að það skuli hafa verið hv. 1. þm. Vestf. sem menn höfðu í huga þegar þeir sömdu hina athyglisverðu grg. með þáltill. hæstv. landbrh. Ég vil aðeins taka það fram, að í máli því, sem hér um ræðir, er mikill ágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna.

Ég tel mjög óæskilegt að þetta mál sé rætt á þessum tíma, klukkan að ganga 12, skömmu áður en þinglausnir eiga væntanlega að fara fram, ef svo heldur sem horfir, og óska mjög eindregið eftir því við hæstv. forseta að hann fallist á að fresta frekari umr. um málið til næsta fundar, svo að menn þurfi ekki að setja á langar tölur um ágreiningsmál milli ríkisstjórnarflokkanna á næturfundi þegar ráðh. Alþfl., sem ætlaði að tjá sig um þetta mál sérstaklega, gefst því miður ekki kostur á vegna annarra starfa að vera viðstaddur. Ég færi sem sagt fram formlega þá ósk við hæstv. forseta að hann fallist á að fresta umr. um mál þetta. (**Forseti:** Hér eru enn allmargir hv. þm. á mælendaskrá og hér er mál sem mér skilst — og ég held að ég skilji það rétt — að hæstv. ríkisstj. sækir mjög á um að nái fram að ganga. Ég tel mér engan veginn fært að verða við þessari beiðni. Ég fer fram á það við hv. þdm., að þeir hafi við okkur forsetana góða samvinnu. Það er að okkur sótt, og umr. heldur nú áfram.) Hæstv. forseti. Ég mun verða að hlíta þessum úrskurði, en ég vek athygli á því, að hér er það formaður þingflokks ríkisstjórnarflokks, sem óskar eftir frestun á frekari umr. um mál, og það kemur í hlut hæstv. forseta, sem er úr stjórnarandstöðuflokki, en gegnir þó skyldum sem forseti, að kveða upp þann úrskurð að hæstv. landbrh. liggi svo mikið við að afgreiða málið að hann vilji ekki verða við tilmælum um að það sé rætt á öðrum tíma en um eða eftir miðnætti. Hæstv. ráðh. vill sem sé ekki fallast á að þau verk, sem þarf að vinna í sambandi við þetta mál, séu unnin á öðrum tíma en á næturþeli. Ég vil þess vegna leita eftir því við hæstv. forseta, hvort hann vilji hafa samband við hæstv. landbrh., sem hér er staddur, og vita hvort hæstv. landbrh. vilji fallast á þau tilmæli að umr. um málið verði frestað. (**Forseti:** Að höfðu samráði við hæstv. landbrh. er það a. m. k. ákveðið að umr. verður ekki lokið á þessum fundi. Frekari ákvörðun í málinu hefur ekki verið tekin. 2. umr. verður ekki lokið á þessum fundi, en óráðið hversu lengi henni verður fram haldið.) Ég þakka hæstv. landbrh. þessar viðtökur við beiðni minni og mun því halda máli mínu áfram. Þó vera kunni að ýmsir aðrir Alþfl.-menn hafi aths. við þetta mál að gera við framhaldsumr., þá verður hún á skaplegum tíma.

Ég vil einnig taka það fram, að mér finnst mjög óæskilegt að afgreiða mál eins og þessi á þessum tíma, þegar haft er til hliðsjónar að þm. þurfa nú að sitja stöðuga fundi bæði í nefndum og í þm.-hópum í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar frá því árla morguns og langt fram á nætur. Þm. er ekkert ofverk að vinna fyrir kaupinu sínu. En það er hætt við því, þegar mál eru svo hart fram keyrð að þm. gefist ekki kostur á að skoða þau, að vinnubrögð hv. Alþ. verði ekki eins vönduð og ástæða væri til. E. t. v. er það tilgangurinn með því að mönnum liggur nú svo mjög á að fá þetta mál afgreitt.

Ég vil aðeins taka það fram, að það hefur komið fram hjá mér úr þessum ræðustól áður að sú skipan verðábyrgðar umframframleiðslu landbúnaðarafurða í landinu, sem gilt hefur í allmörg ár, hefur beinlínis stuðlað að varanlegri mikilli offramleiðslu á landbúnaðarafurðum. Verðábyrgð þessi er, eins og menn vita, 10% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, þar með talið framleiðsluverðmæti allra hliðarbúgreina, svo sem fiskræktar, veiðibúskapar, dúntekju o. fl., o. fl. Jafnvirði 10% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar er síðan ríkissjóði gert að ábyrgjast til þess að greiða með útfluttum landbúnaðarafurðum. Þessi skipan verðábyrgðar hefur orðið til þess að festa varanlega í sessi mjög mikla offramleiðslu í landbúnaði á tilteknum afurðum. Þessi offramleiðsla getur numið í magni til allt að 40%, og flest þau ár, eða 8 af 14, sem þessi verðábyrgð hefur verið í gildi hefur hún verið notuð að lögleyfðu hámarki, þó svo að áður en verðábyrgðin gekk í gildi hafi mesti útflutningur landbúnaðarafurða numið röskum 5% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar.

Nú er það orðið ljóst, að m. a. þetta hefur orðið til þess að alger sprenging hefur orðið í landbúnaðarframleiðslunni. Ljóst er orðið að á undanförnu ári þurfti að fara fram yfir lögleyfð hámörk verðábyrgðar ríkissjóðs til þess að standa undir útflutningi á offramleiðslu landbúnaðarafurða. Að því er hæstv. ráðh. hefur sjálfur sagt úr þessum ræðustóli hefur sú þróun haldið áfram á s. l. ári. Sökum góðs árferðis, sem hefur verið meginorsök mikillar framleiðslu að sögn þeirra beggja, hæstv. landbrh. og búnaðarmálastjóra, hefur mikil offramleiðsla orðið í landbúnaði. Þessar niðurstöður hafa verið túlkaðar sem sérstök byrði fyrir landbúnaðinn. M. ö. o.: það hefur skapað vandamál í landbúnaði að árgæði hafi verið mikil. Þessi staðreynd, að náttúruöflin hafa verið góð við framleiðendur landbúnaðarafurða, hefur valdið því, að framleiðslan hefur orðið meiri en við var búist, og aukna byrði þarf því að leggja á ríkissjóð. Þetta hefur skapað það furðulega öfugmæli, að gott árferði er túlkað sem baggi á landbúnaði, en illt árferði þá væntanlega sem búhnykkur fyrir landbúnaðinn. Hef ég aldrei fyrr heyrt slíka röksemdafærslu.

Nú er það alveg ljóst, að í ýmsum öðrum framleiðslugreinum koma oft upp slíkar aðstæður, að það er erfitt að selja framleiðsluna. Slíkt gerist í fiskiðnaði t. d., en eins og kunnugt er og þm. er kunnugt liggja menn nú uppi með miklar birgðir af fiskafurðum sem framleiddar voru á síðasta ári og enn hefur ekki tekist að selja. Það má t. d. nefna heilfrysta grálúðu sem mörg frystihús unnu fyrir ári og hefur ekki tekist að selja enn. Þessi vinnsla stafaði af því, að fyrir einu ári mæltu stjórnvöld fyrir um að ekki mætti veiða nema ákveðið magn af öðrum fisktegundum, þannig að á þeim tíma sem veiðibann var í gildi urðu fiskiskip að sækja í svokallaða vannýtta fiskstofna með þeim afleiðingum að afurðir þeirra hlóðust upp og ekki hefur verið hægt að selja þessar afurðir núna í rúmlega heilt ár. Engum hefur þó komið til hugar að þessar staðreyndir ættu að verða til þess að ríkissjóður hlypi undir bagga með viðkomandi framleiðendum og borgaði kostnaðinn sem af því hlýst að framleiðslan hefur orðið meiri en nemur eftirspurninni. Þennan kostnað hafa framleiðendur sjálfir orðið að bera, og þeir hafa orðið að standa undir öllum þeim kostnaði sem á hefur

fallið vegna þess að ekki hefir verið hægt að selja þessa tilteknu afurð sem framleidd var fyrir einu ári.

Þá hefur það einnig oft gerst, að erfiðleikar hafa orðið í framleiðslu- og sölumálum einstakra atvinnufyrirtækja á Íslandi. Nú nýlega gerðist það t. d. að niðursuðuverksmiðja K. Jónssonar & Co. á Akureyri lenti í því óhappi að selja gallaða vöru til eins af helstu viðskiptalöndum þjóðarinnar. Þetta áfall hefði getað valdið því að starfræksla verksmiðjunnar legðist niður. Engum datt það í hug, þó svo að sjávarútvegur sé undirstöðuatvinnugrein í landi okkar og eigi sér á Alþ. marga formælendur, að ríkissjóður ætti að borga þennan brúsa, að ríkissjóður ætti að standa undir því og bera kostnaðinn af því að þetta tiltekna framleiðslu- og atvinnufyrirtæki ætti í erfiðleikum með sölu á afurðum sínum. Það var hins vegar talið sjálfsagt og eðlilegt að aðstoða fyrirtækið við það að dreifa áfallinu á mörg ár, þannig að það þyrfti ekki að leggja upp laupana vegna þess að áfallið kæmi á eitt einstakt ár. Þetta var gert með því að fyrirtækinu var auðveldað að taka lán til þess að dreifa áfallinu yfir lengri tíma, en fyrirtækið þurfti auðvitað sjálft að standa undir bæði vöxtum og afborgunum lánsins og engum kom til hugar að leggja þá byrði á ríkissjóð.

Landbúnaðurinn virðist hins vegar njóta sérstakra forréttinda á þessu sviði. Ef honum tekst ekki að selja framleiðsluvöru sína, sem e. t. v. vex vegna þess að um árgæði er að ræða, þá er talið næsta sjálfsagt að ríkissjóður *hlaupi undir bagga og beinlínis kaupi þá umframframleiðslu*, sem ekki selst. Þetta er alger forréttindaaðstaða sem einn hópur framleiðenda í landinu nýtur umfram aðra. Þetta er áþekkt og samið væri við t. d. framleiðendur sjávarafurða eða framleiðendur skófatnaðar um að það skipti engu máli hversu mikið þeir *framleiddu og hversu lítið þeir seldu, ríkissjóður mundi* ábyrgjast að taka á sig byrðarnar af því að framleiðslan næmi meiru en salan.

Nú er það ljóst, þrátt fyrir þá rökfærslu hæstv. landbrh. og búnaðarmálastjóra að þessi mikla offramleiðsla í landbúnaði stafi fyrst og fremst af sérstökum árgæðum á s. l. *ári og ætti* því ekki að vera baggi á landbúnaðinum, heldur þvert á móti, — þrátt fyrir þessa rökfærslu er ljóst að það að geta ekki selt nema hluta þessara afurða getur haft þau áhrif gagnvart bændastéttinni að það rýri nokkuð kjör hennar og jafnvel mjög mikið. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hið opinbera komi til móts við bændur með sama hætti og hið opinbera mundi koma til móts við framleiðendur í öðrum atvinnugreinum sem yrðu fyrir slíku áfalli. Þetta ætti að sjálfsögðu að gera með því móti að hjálpa viðkomandi framleiðendum til þess að dreifa áfallinu á mörg ár, fleiri ár en eitt. En þetta á ekki að gera með því að ríkissjóður hlaupi undir bagga og borgi brúsann, einfaldlega vegna þess að þar er verið að gefa ákveðið fordæmi sem án efa verður fylgt á næstu árum. Þar er verið að ákveða að fara fram úr lögleyfðri verðábyrgð ríkissjóðs vegna offramleiðslu á landbúnaðarafurðum fyrir árið 1978—1979, og verði slíkt fordæmi gefið er ljóst að því verður fylgt á árunum 1980, 1981 og 1982 verði þörf á því.

Ég hef lagt fram á þskj. 675 brtt. við upphaflega till. hæstv. landbrh., þess efnis, að sem allra fyrst verði aflað sem nákvæmastra upplýsinga um þann vanda sem skapast hefur í landbúnaði sökum þess að framleiðsla umfram innanlandsþarfir hefur orðið meiri en svo að hæsta lögleyfð verðábyrgð ríkissjóðs nægi. Ég hef í þeirri till. sérstaklega óskað eftir því, að athugað verði hversu hár geymslu-, sölu- og annar milliliðakostnaður hefur á umframframleiðsluna fallið og þarf að greiða af verðábyrgðarfé ríkissjóðs. Hér er um að ræða aðila sem annast sölustarfsemi fyrir landbúnaðinn og að geyma fyrir hann afurðir sem Íslendingar geta ekki notað sjálfir. Þessi sölukostnaður er allhár og tekur ekkert tillit til þess, hvaða verð fæst fyrir vöruna á erlendum markaði. Geymslukostnaðurinn t. d. fyrir eitt kg smjörs getur numið hundruðum króna á ári. Samkv. núgildandi kerfi er þessum aðilum fyrst greiddur af verðábyrgðarfé ríkissjóðs allur kostnaður þeirra upp í topp og bændunum síðan það sem eftir stendur. Ég vil fá að sjá hversu mikið af þeim vanda, sem lýst hefur verið að sé vegna þessarar offramleiðslu, sé vegna þess að milliliðirnir og geymsluaðilarnir hafa krafist þess að fá greiðslu úr ríkissjóði fyrir þeim kostnaði sem þeir telja sig hafa lagt út og eiga rétt á að fá. Ég vil fá að sjá hve mikið við erum að greiða af skattfé almennings til Sambands ísl. samvinnufélaga og annarra söluaðila sem geyma þessar afurðir, hve mikið er verið að leggja á skattborgarana til að greiða þessum *aðilum þjónustu þeirra og hve mikið er í raun og veru* verið að inna af höndum til bænda. Ég tel sjálfsagt og rétt að allir aðilar, bæði bændur og þeir sem selja og geyma afurðir þeirra, taki á sig einhvern skell, vegna þess að hér er ekki síður um að ræða stefnu sem mótuð hefur verið af þessum aðilum, sem annast geymsluna og söluna á afurðunum, *en bændum sjálfum. Jafnframt hef ég í till.* mínum óskað eftir því, að n. afli tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hvernig leysa skuli þennan vanda án þess að ríkissjóður taki á sig frekari fjárskuldbindingar en gildandi lög heimila. Þar koma að sjálfsögðu margar lausnir til og nefni ég aðeins sem dæmi hvernig greitt var *úr vandræðum fyrirtækisins K. Jónsson & Co.* vegna þess að það gat ekki selt framleiðsluvöru sína, þó af öðrum ástæðum væri. Að sjálfsögðu er rétt og eðlilegt að hið opinbera aðstoði framleiðendur við að dreifa slíku áfalli sem hér um ræðir á fleiri ár en eitt með fyrirgreiðslu t. d. um lánsútvegun. En það er mjög óeðlilegt og í hæsta máta vítavert, eins og gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 745, að reikningurinn vegna slíks sé sendur rakleiðis til skattborgara og ríkissjóðs.

Ég vil aðeins taka það fram, að um þetta mál hefur staðið ágreiningur í ríkisstj. milli fulltrúa Alþfl. annars vegar og fulltrúa Framsfl. og Alþb. hins vegar. Samþykkt hefur verið gerð í þingflokki Alþfl. um að styðja þá brtt. sem er á þskj. 675, og munu allir þm. Alþfl. greiða henni atkv. utan einn, sem hefur lýst sérstöðu í málinu. Þetta veit hæstv. landbrh. En hann hefur þá brugðið á það ráð að leita aðstoðar stjórnarandstöðunnar til þess að sprengja ramma lánsfjáröflunar, eins og hann hefur verið samþykktur í ríkisstj., og fara þar fram úr hvorki meira né minna en sem nemur 3.5 milljörðum. Með þessum hætti er verið að taka upp vinnubrögð í hæstv. ríkisstj. sem fleiri geta tileinkað sér en flokkur hæstv. landbrh., en ég tel að séu mjög alvarleg og vítaverð. Og ég vil lýsa því yfir fyrir hönd Alþfl., að ef þetta verður ofan á, ef samþykkt verður með atfylgi hluta ríkisstjórnarliðsins í samvinnu við stjórnarandstöðuna að rjúfa gert samkomulag um ramma lánsfjáröflunar sem samkomulag var gert um í ríkisstj., þá lítur Alþfl., svo að vitnað sé til orða merks manns, slíkt atferli mjög alvarlegum augum og telur óhjákvæmilegt að það hljóti að hafa alvarleg áhrif á núverandi ríkisstjórnarsamstarf.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eðli málsins samkv. er það auðvitað ljóst, að ég er einn af stuðningsmönnum þeirrar brtt. sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson mælti hér fyrir, við það frv. til l. sem hér er til umr.

Það var fullkomlega eðlilegt af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að gera við það aths., hvers vegna væri verið að halda þessa linnulausu næturfundi í þeim einum tilgangi, að því er sjá má, að troða hér málum í gegn, þegar ástæður fyrir slíkum vinnubrögðum virðast alls ekki liggja í augum uppi. Það skal fullkomlega viðurkennt, að af hálfu kjörinnar yfirstjórnar þessarar hv. samkomu geta það talist eðlileg vinnubrögð, þegar þingi er að ljúka og þinglausnir blasa við, að halda næturfundi og reyna að þreyta mál í gegnum þingið ef svo má að orði komast. En nú liggur það ekki í augum uppi að þinglausnir blasi við. Að vísu er það svo, að tveir hv. alþm. hafa lýst þeirri skoðun sinni, að þinglausnir eigi að fara fram hið fyrsta, t. d. á miðvikudag. Annar þessara hv. alþm. er Ólafur Jóhannesson, hv. 1. þm. Norðurl. v., sem löggjafarvaldið um sinn hefur treyst fyrir forustu þeirrar sveitar sem á að framkvæma lög í landinu. Þessi hv. þm. hefur lýst þeirri skoðun sinni, að þinglausnir fari fram um miðja næstu viku. En jafnvel þó að þessi hv. þm. lýsi þessari tilteknu skoðun sinni og jafnvel þó svo hann sé þessarar skoðunar og jafnvel þó þessi hv. þm. sé fyrrv. prófessor í stjórnlagafræðum við lagadeild Háskóla Íslands, þá sé ég ekki að þetta séu nein höfuðrök í málinu. Formaður þingflokks Alþfl. hefur lesið bókun sem gengur í aðra átt. Það eru tvær skoðanir á málinu og ekki ástæða til að leggja efnisdóma hér á. Jafnframt hef ég skilið svo hv. 4. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, sem hefur lýst þeirri skoðun sinni að það virðist alls ekki líta svo út sem Alþ. sé að ljúka störfum. Það virðist vera allnokkuð í það að Alþ. hætti, af þeirri ástæðu að Alþ. hefur til þess fullkomnar ástæður og heiðarlegar ástæður að vilja sjá fyrir endann, svo að dýpra sé ekki tekið í árinni, á þeim miklu efnahagsörðugleikum sem eðlilega blasa við samfélaginu. Þegar tvær jafnólíkar skoðanir hafa verið kynntar sést ekki mikil ástæða fyrir því að vera að halda fundi um miðnæturskeið og kannske fram á nóttina. Það er nógur tími á mánudag til að halda áfram umr. um þetta mál, enda hefur hæstv. forseti í samráði við hæstv. landbrh. ákveðið að svo skuli vera, umr. um þetta mál haldi áfram á mánudag. Við skulum svo byrja þessa miðnæturaðferð þegar ljóst er að þinglausnir blasa við. Það má segja um væntanlegar þinglausnir, sem ég veit ekki hvort eru ástæður fyrir þessum næturfundum nú á föstudagskvöldi á tólfta tímanum, að annar hv. þm., Lúðvík Jósepsson, hefur einnig lýst þeim persónulegu skoðunum sínum í dagblöðum, að hann telji æskilegt að þingi fari að ljúka, og hann er auðvitað í sínum fyllsta rétti sem hv. þm. til að lýsa þessum persónulegu skoðunum. En ég fæ ekki séð að þetta út af fyrir sig séu ástæður til að breyta um vinnuaðferðir þingsins. Aðrir þm. eru annarrar skoðunar um þetta. Þegar svo er verður auðvitað ákvörðun um þetta að vera lýðum ljós og áfram haldið á þeim vinnuhraða sem er eðlilegur, hvort sem sá vinnuhraði er svo þessari stofnun til sóma eða skammar.

Nóg um það, hér er verið að ræða flókið mál seint um kvöld og það verða framhaldsumr. eftir helgina, svo sem hæstv. forseti hefur kunngert. Ágreiningur milli stefnu Alþfl. og annarra stjórnmálaflokka, sem virðast nokkuð komnir í eina sæng í þessum málaflokki, er þekktur. Einnig er þjóðinni kunnugt um mismunandi sjónarmið annars vegar framleiðenda þessarar vörutegundar, landbúnaðarafurða, og á hinn bóginn neytenda í þessum efnum. En þar gilda þau einföldu lögmál, að þeim mun meiri sem framleiðslukostnaður þessara afurða er, þeim mun hærra verð þurfa neytendur í raun að greiða fyrir vörurnar. Það breytir auðvitað ekki heildarútkomu dæmisins þó að við förum þá leið að greiða niður vöruna eða greiða hana niður á skjön með því að greiða fyrir hana útflutningsbætur, því að fjármunirnir, sem fyrir vöruna eru greiddir, eru alltaf, þegar að lokum kemur, sóttir í sama vasann, þ. e. a. s. í vasa skattborgarans. Af þessum ástæðum er það mætavel ljóst, að þeim mun meiri fjármunir sem greiddir eru úr almannasjóðum, sameiginlegum sjóðum landsmanna, úr sjóðum skattgreiðenda, í þennan tiltekna atvinnuveg, þeim mun meira þurfa gjaldendur í þessa sjóði, þ. e. skattgreiðendur, að greiða fyrir vörurnar. Og áfram má rökleiða á sama hátt. Þeim mun lengra sem er frá því að þessi tiltekna atvinnugrein út af fyrir sig standi undir sér, sé rekin á núlli, eins og viðskiptamenn segja, þeim mun meira dregur hún auðvitað niður lífskjör annarra í landinu. Þetta eru svo einfaldar staðreyndir og svo kunn sannindi, að um þau þarf út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð. Hér er verið að leggja til í brtt. frá hv. landbn. að ríkissjóður taki á sig að ábyrgjast lán allt að 3.5 milljörðum kr., í efnahagsstærðum þar sem fjárlög á ársvísu nema 200 milljörðum rúmum, til viðbótar við aðra þá styrki eða fyrirgreiðslur sem þessi tiltekna atvinnugrein nýtur. Það er auðvitað hverju barni ljóst, einnig þeim sem við þessa atvinnugrein starfa, að þetta er langt frá því að geta verið heilbrigt. Þetta er enn eitt spor í því að fjarlægja þessa tilteknu framleiðendur afurða frá neytendum, og því fjær sem þessir framleiðendur eru neytendum, þeim mun verra hlýtur það að vera fyrir efnahagslífið í heild sinni.

Brtt. sú, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson mælti hér fyrir, gengur út á það, að þessi vandi sé kannaður, sem auðvitað er sjálfsagt og eðlilegt. En að löggjafinn fari á þessu augnabliki að mæla með því, að heimilt sé að senda þessa fjármuni þessa leið, væri auðvitað ekki einasta óðs manns æði, heldur óðrar stofnunar æði, eins og öll þessi mál eru í pottinn búin. Það er svo enn annað mál og það er auðvitað hverju orði sannara, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lýsti hér áðan, að það eru nýjar vinnuaðferðir þegar hluti stjórnarflokka tekur þátt í því með stjórnarandstöðu, að því er virðist, að gera bandalag við hana um að ausa fjármunum úr almannasjóðum, sprengja það samkomulag, sem gert hafði verið milli stjórnarflokkanna, og að því er séð verður sprengja efnahagslög sem Alþ. samþykkti hinn 7. apríl s. l. um almennar stærðir almennra efnahagsmála. Þeim, sem að þessu standa, er auðvitað mætavel ljóst hver alvara hér er á ferðum. Þetta eru auðvitað vitsmunaverur sem vita hvað stigin spor hafa í för með sér, og 3.5 milljarðar, þegar heildardæmi fjárl. eru rúmlega 200 milljarðar, eru stór upphæð. Þetta þekkja menn, og kannske er það vegna þess, hversu háar upphæðir hér eru á ferðinni, að það er varla ástæða til að hafa um þennan þátt miklu fleiri orð. Ég veit að hv. stjórnarsinnar í öðrum flokkum en Alþfl. munu athuga vel sinn gang um þessa helgi. Það koma einnig til þau vingjarnlegheit hæstv. forseta, sem ég sé að enn er úr stjórnarandstöðuflokki, að fresta umr. um þetta mál fram yfir helgi.

Loksins, og eftir þessa almennu hugleiðingu, má bæta við hugleiðingu um stöðu hv. stjórnarandstöðu í þessu máli.

Stjórnarandstaða hefur, eins og alþjóð er kunnugt, verið í pólitísku fríi í vetur, hefur ekki tekið þátt í almennri stjórnmálaumræðu í landinu. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa verið upptekni við það, að svo miklu leyti sem þeir hafa tekið þátt í þjóðmálum, að kljást við innri mál. Engu að síður og þó að ekki fari mikið fyrir þeim í almennri stjórnmálaumr. í landinu geta áhugamenn greint hjá þeim nokkuð mismunandi sjónarmið, svo að ekki sé meira sagt. Hæstv. landbrh. viðurkennir í orði a. m. k. vanda þeirrar atvinnugreinar sem hér er til umr. Úr hv. stjórnarandstöðu, sem að flokki til heitir Sjálfstæðisflokkur, kemur gagnrýni úr tveimur áttum. Annars vegar er það t. d. frá hv. þm. Pálma Jónssyni, sem því miður er ekki viðstaddur hér í kvöld, þar sem hann sækir hart að hæstv. landbrh., sagði t. d. í útvarpsumr. í gærkvöld, að hæstv. landbrh. hefði brugðist bændum og að sjálfur væri hann og hans flokkur hin besta vörn bændanna, sem þýðir væntanlega á mannamáli: hærri útflutningsbætur, meiri framleiðslustyrki, meiri niðurgreiðslur, meiri austur fjármuna úr almannasjóðum. Þetta er öðrum megin á línunni, hin fullkomna verndarstefna og ríkisafskiptastefna framleiðendanna. En hinum megin er það a. m. k. gefið í skyn, að hér sé verið að reka eitthvað sem kalla mætti frjálshyggjustefnu í þágu neytenda, m. ö. o.: hér eigi að beita aðferðum frjálshyggju vegna þess að það sé hagur neytenda. Það ætti að vera svo, að mínu mati, í þessari tilteknu atvinnugrein.

Landbúnaðarmál eru vissulega stórt vandamál. Ríkisstj., sem nú situr, er vissulega líka stórt vandamál, eins og þjóðinni allri mun kunnugt um, og það eru skiptar skoðanir innan þeirrar ríkisstj., sem og er til vandræða. Þetta er öllum ljóst. En hitt hygg ég að öllum sé ekki jafnljóst, hversu óendanlega skiptar skoðanir eru innan stjórnarandstöðunnar, t. a. m. í þessum málaflokki. Í þessum tiltekna málaflokki, landbúnaðarmálum, eru skoðanir allt frá skoðunum frumstæðustu framsóknarmanna, svona 30—40 ár aftur í tímann, hinna fullkomnu verndunarmanna, og yfir til einhvers konar frjálshyggjumanna í þágu neytenda, eins og frjálshyggja iðulega getur verið sé henni skynsamlega beitt. Stjórnmálaflokkur, sem enn er stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar og hafði rúmlega 30% af atkvæðamagni í síðustu kosningum, getur auðvitað ekki, nema með því að taka ekki þátt í pólitík eins og hann hefur gert í vetur, til lengdar verið beggja skoðana, verið á þéttbýlissvæðum, eins og í Reykjavík og á Akureyri, frjálshyggjuflokkur í þágu neytenda, þar sem hinum almennu ríkisafskiptum af þessari framleiðslustefnu skuli hætt, en t. d. í Húnavatnssýslum og á tilteknum svæðum á Suðurlandi prédikað allt aðra stefnu, sem sé hina fullkomnu stefnu ríkisafskipta, þar sem miskunnarlaust skulu færðir til fjármunir úr vösum skattgreiðenda og inn í þessa tilteknu atvinnugrein.

Sjálfstfl. er svo þverklofinn í þessum efnum að ríkisstj. er eins og samstæð fylking við hliðina á þeim ósköpum — og er þá mikið sagt. Auðvitað eru t. d. tveir hv. þm., eins og annars vegar hv. þm. Albert Guðmundsson, sem hér situr og hlýðir á umr. eins og hans er vani, og hins vegar hv. þm. Pálmi Jónsson, alveg þveröfugrar skoðunar í þessum efnum. Auðvitað er hv. þm. Albert Guðmundsson frjálshyggjumaður í þágu neytenda í þessum efnum. Auðvitað er hv. þm. Pálmi Jónsson ríkisafskiptamaður í þágu framleiðenda í þessum efnum. Að ætla sér að koma fram fyrir fólkið í landinu og láta sem svo að hér sé um eina stefnu að ræða, það er ekki hægt, enda er það að verða æ fleirum ljóst. Hér er, eins og ég segi, annars vegar um að ræða frumstæðustu framsóknarmenn, — og það er varla hægt að finna þá í nútímanum, það þarf að fara um 30 ár aftur í tímann til að sjá þá og er þá langt til jafnað, — og hins vegar eru frjálshyggjumenn nútímans sem gætu haft í þessum tiltekna málaflokki við þessar tilteknu aðstæður rétt fyrir sér og hafa það, vegna þess að þeirri lausn á vitaskuld að beita í þessum efnum. Þeir kunna að vera margir, en það væri ánægjulegt ef sá, sem grípur fram í fyrir mér, hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, teldi þá upp í þingflokki Sjálfstfl. Ég sé þá ekki marga. Frjálshyggjumenn af þessu tagi eru t. d. kannse hv. þm. Geir Hallgrímsson, hann mundi vera það. Ég hugsa að hv. þm. Friðrik Sophusson sé það og nokkrir í viðbót. En t. a. m. hv. þm. Pálmi Jónsson er auðvitað af allt öðru sauðahúsi. Hv. þm. Eggert Haukdal er einn slíkur. Hv. varaþm., sem ég man eftir í svipinn, Steinþór Gestsson, er af sama sauðahúsi, og það er ekkert nýtt, það er skráð hér á þskj. í vetur eftir kostulegar ræður sem hann hefur flutt.

Kjarni málsins er sá, að eins og við vitum háttar þingstörfum svo að þm. er skipt í nefndir, og m. a. af sögulegum ástæðum vegna kjördæmaskipunar, sem eðli málsins samkv. er röng og er langa vegu frá því að einn maður hafi eitt atkv., þá háttar málum svo, að þessi tiltekna atvinnugrein, sem er allra góðra gjalda verð í sjálfu sér, sem á allt gott skilið — og það sem meira er: á djúpar sögulegar rætur og hefur verið starfrækt lengur en aðrar atvinnugreinar á landinu og er skiljanlegt að menn beri tilfinningalega virðingu fyrir, — engu að síður háttar svo vegna sögulegra ástæðna og kjördæmaskipunar, að talsmenn þessara framleiðenda hafa langt um of mikið vægi í þessari hv. stofnun. Síðan háttar nefndaskipan svo, að þegar þing kemur saman og þm. safnast saman í nefndir, þá koma þessir fulltrúar framleiðenda sér fyrir í landbn. þingsins. Öll mál, sem varða landbúnað, eru send til þessarar n. Þar fara þeir að með tvennum hætti. Ef um framfaramál er að ræða, reikningsleg framfaramál í þágu efnahagsheildarinnar, setjast þeir auðvitað á málin. Ég nefni sem dæmi mál sem meira að segja hv. þm. Pálmi Jónsson, en einnig hv. þm. Albert Guðmundsson fluttu hér í vetur og var illu heilli sent til landbn., en ekki til fjh.- og viðskn. Auðvitað koma slík mál aldrei út úr þessari n. Ég hef lýst þeirri skoðun minni áður og tel það vera mikið aðalatriði þessa máls, að ef störfum háttaði svo að menn væru hér jafnsjálfskipaðir talsmenn annarra framleiðenda, t. d. útgerðarmanna eða iðnrekenda, eins og menn eru sjálfskipaðir talsmenn þessara tilteknu framleiðenda, þá þætti mönnum sennilega eitthvað meira en lítið við þá þróun mála að athuga.

Það var sagt hér á síðasta áratug, að svona málflutningur væri fjandskapur við bændur og landbúnað. Ég hygg að í þessum efnum hafi þjóðfélagið stórkostlega verið að breytast og skipta um skoðun. Þessi málflutningur og svona málflutningur er ekki fjandskapur við landbúnaðinn og þaðan af síður við bændur. Svona málflutningur er í þágu bænda og í þágu landbúnaðar þegar fram í sækir. Landbúnaður á að vera ein af undirstöðuatvinnuvegum þessa lands, en sem atvinnuvegur á hann að standa undir sér og þar með valda alþjóðarheill,

hagvexti, framförum og betra mannlífi. En eins og hann er rekinn og eins og hann hefur verið rekinn veldur hann auðvitað engu slíku. Hann er dragbítur á hagvöxt og framfarir, og frv. það, sem hér er til umr., og brtt. við það frá hv. landbn., sem gerir ráð fyrir að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast lán allt að 3.5 milljörðum kr., mun auðvitað auka á misvægi í hinum almennu efnahagsmálum landsmanna.

Hér var áðan um það fjallað, og það er ljóst, að það er ágreiningur á milli stjórnarflokkanna um þetta mál. Um það er þjóðinni allri kunnugt. Hér var einnig um það fjallað, að það eru ný vinnubrögð að reyna að djöfla máli í gegn með þessum hætti þegar fyrir fram er ljóst, að einn stjórnarflokkurinn samþykkir ekki og vill ekki þessa málsmeðferð og þetta er ekki í þágu hinna almennu efnahagsstærða og þeirra almennu efnahagsmarkmiða sem talið var að við hefðum náð samkomulagi um. En hinu er svo enn og aftur vert að vekja athygli á, að stundum er það ótrúlegt hversu vel stjórnarandstöðunni, Sjálfstfl., sem enn mun vera þátttakandi í stjórnmálum þó að lítið fari fyrir því á opinberum vettvangi, hefur tekist að sigla fram hjá því skeri að vera í þessu stóra máli, sem snertir einn af höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar, ekki einn flokkur, heldur a. m. k. tveir, og þessir tveir flokkar eru annars vegar t. d. flokkur hv. þm. Alberts Guðmundssonar, sem ég held að í þessu máli sé frjálshyggjumaður í þágu neytenda og er ég þó raunar ekki viss, en gæti grunað það, en hins vegar flokkur t. d. Pálma Jónssonar, sem er framsóknarmaður af árgerðinni 1930 eða þar um bil. (**Gripið fram í:** 1931.) Já, 1931, það er þingrofsárið, ef ég man rétt. Þessi sjónarmið er þessari d. sennilega kunnugt um, því að hér eru allmargir áhugamenn um stjórnmál og sjálfstæðismenn að auki. En ég er ekki viss um að alþjóð sé kunnugt um þetta svo sem vera skyldi. Nú eru menn að hafa í flimtingum að það kunni að koma til kosninga, og það kann vel að vera að það verði að kjósa í sumar, og ég hygg að landbúnaðarmál verði eitt af þeim málum, sem okkur öllum er skylt að láta allan þorra landsmanna vita vel um, að það er — eigum við að segja: blæbrigðamunur skoðanaágreinings um þessi mál í Sjálfstfl., og ég hygg að það geti ekki farið leynt öllu lengur. (**MÁM:** Þm. Alþfl. standa að þessu máli.) Þeir eru vanir að gera það, þm. Alþfl.! Ég heyri á öllu að Bleik er brugðið, og ég get skilið það að Bleik sé brugðið. Þetta eru að vísu umr. hér á hv. Alþ. sem eru eins og við í þessum klúbbi séum að tala hver við annan, og ef Bleik er brugðið nú, þá hygg ég að Bleik verði nokkru meira brugðið þegar við förum að ræða um þetta á stærri fundum en hér eru.

Allt um það, það er ljóst að hér er verið að leggja til 3.5 milljarða til viðbótar. Og úr því að svo er, þá á það eftir að koma í ljós við atkvgr. hvernig hv. stjórnarandstaða skiptist í þessu máli. Það verður fróðlegt fyrir alla áhorfendur þessa máls og áheyrendur, það verður fróðlegt fyrir skattgreiðendur að komast að því, hvernig hv. stjórnarandstaða skiptist í þessu máli. Það er kannske eðli málsins samkvæmt, a. m. k. þegar Sjálfstfl. er í stjórnarandstöðu, að andstaðan sé nokkru ábyrgðarlausari en ella. En ef þetta er að gerast, að hluti stjórnarliðsins er að taka höndum saman við stjórnarandstöðu, sem guð og menn vita að er gerklofin í þessu efni, og ætlar með henni eða þorra hennar að þvinga þetta mál hér í gegn, þá er að gerast nýtt í þessum efnum. Og það er löngu tímabært að alþjóð fái rækilega að vita hvernig þessum málum er háttað.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það er erfitt að taka til máls eftir að hafa hlustað á ræðu hv. 7. þm. Reykv. Hann er farinn að flytja tvær og þrjár kosningaræður á dag, þannig að við megum þá vera eins heimskir og hann heldur að við séum, eins og komið hefur fram í tali hans, ef við skiljum ekki að hverju stefnir hjá stjórnarliðinu. Hann talar mikið um sundurlyndi hjá Sjálfstfl., en guð almáttugur, hann ætti að líta sér nær.

Ég hef ekki heyrt neinn sjálfstæðismann, hvorki fyrr né síðar, tala eins skelegglega og halda fram stefnu Sjálfstfl., frjálshyggju, eins og hv. 7. þm. Reykv. Ég er alveg sannfærður um að hann og margir aðrir stjórnarliðar sjá nú að það er sú stefna sem þjóðin vill að sé rekin í forustuliði hér á Alþ. Þess vegna halda þeir að þeir geti nú hlaupið frá sökkvandi skipi sínu yfir til stefnu Sjálfstfl. Ég hef áður sagt, að ég lít á þá, sem eru ekki í Sjálfstfl., sem verðandi sjálfstæðismenn sem eru í nokkurs konar endurhæfingu annars staðar. Einhvern tíma hlýtur að koma að því að þeir vitkist.

Hv. þm. talaði um nýjar aðferðir þegar hluti stjórnarinnar tekur þátt með stjórnarandstöðu í að sprengja stjórnarsamstarfið. Hvaða stjórnarsamstarf? Hvaða stjórnarsamstarf er maðurinn að tala um? Hvorki við hér á Alþ. né fólkið í landinu hefur orðið vart við stjórnarsamstarf. (**VG:** Ekki stjórnarandstöðu heldur.) Ég kem að því síðar. Og ég vil taka undir með hv. 7. þm. Reykv., að það hlýtur að vera alvara á ferðum, það hlýtur að vera mikil alvara á ferðum þegar stjórn, sem á að heita það, en er ekki stjórn, það eru ráðh., en engin ríkisstj., er á leiðinni í sprengingu, eins og hv. þm. kallaði það. Ég held að það sé gott fyrir þjóðina að fá þá sprengingu sem fyrst, en ég veit að það er ekki gott fyrir Sjálfstfl., ekki eins og er.

Hv. 7. þm. Reykv. talaði þessi aðvörunarorð til ríkisstj. Hann talaði líka digurbarkalega um Sjálfstfl. sem væri í pólitísku fríi. Ég veit ekki hvað hann meinar með því. Sjálfstfl. hefur þvert á móti tekið þátt í málefnalegum umr., leitt aðrar umr. hjá sér og ekki tekið þátt í því karpi — ég vil kalla það karp — hinna ungu kerfiskarla í stjórnarflokkunum sem eru að tala af sér allt fylgi, og ég harma það alls ekki neitt. En ég vara hv. 7. þm. Reykv. og aðra stjórnarliða við að taka kurteisi og málefnalega afstöðu Sjálfstfl. og sjálfstæðismanna á þingi sem veikleikamerki. Ef hann áttar sig of seint, þá er honum voðinn vís.

Ég get ekki komist hjá því að furða mig á framkomu hæstv. landbrh. Ég held að hann sé ekki í stólnum sínum og ég harma það, mér er hálfilla við að segja það sem ég ætla að segja að honum fjarverandi. (**Forseti:** Vill þingvörður svo vel gera að láta hæstv. landbrh. af því vita, að nærveru hans er óskað hér í d.) Já, ég kunni betur við að segja það, sem ég ætla að segja, í nærveru hæstv. ráðh., svo að ég bið hann afsökunar, ef hann hefur verið — (**Dómsmrh.:** Nei, nei, ég var við dyrnar). Það, sem ég ætlaði að segja á þessu stigi, er að ég furða mig á þeim orðum sem hann lét falla til flokksbróður míns, Matthíasar Bjarnasonar, fyrrv. hæstv. ráðh., þar sem hann talaði um, að hér á hv. Alþ. ætti ekki við að tala eins og vestur á fjörðum, og bætti því við, að hv. 1. þm. Vestf. hefði verið með skæting, en féll svo sjálfur í þá gröf með því að vitna til ráðherratíðar hv. 1. þm. Vestf. og segja að hann hefði stjórnað í fljótræði eða að óhugsuðu máli og

hefði verið þekktur fyrir að taka skyndiákvarðanir í fljótfærni þegar hann var sjútvrh., eins og ég skrifaði eftir honum. (Gripið fram í.) Það er kannske skoðun hæstv. landbrh. nú. En ég minnist þess ekki að sú gagnrýni hafi komið fram frá honum eða nokkrum öðrum þm. hér á hv. Alþ., meðan 1. þm. Vestf. gegndi embætti sjútvrh. eða heilbr.- og trmrh. Ég minnist þess ekki. Og ég verð að segja að hæstv. ráðh. var reiður þegar hann talaði, og ég vil fullyrða að reiður maður hefur ekki stjórn á sínum bestu eiginleikum — langt frá því.

Ég tel að íslenskt mál, hvar sem það er talað á landinu, eigi heima á Alþ., svo framarlega sem menn, hvort sem þeir eru ráðh. eða ekki ráðh., misnota það ekki öðrum til miska.

Ég vil aðeins koma hér að nokkrum atriðum sem hæstv. ráðh. gat um. Hann spurði: Hvernig vilja þm. leysa vanda bænda? Hann sagði líka að hann skyldi gjarnan hlusta á till. frá þm. Það er út af fyrir sig ágætt. En hv. 4. þm. Vestf. virðist með till. sinni hafa beðið um sömu upplýsingar, eftir því sem mér skildist, og ég hef gert frá Framleiðsluráði landbúnaðarins og annars staðar frá um kostnaðarliði og frádráttarliði þá sem falla á íslenskar útfluttar landbúnaðarafurðir, uppgjör og frádráttarliði, en ekki fengið þessar upplýsingar. Nú vill svo til að ég fékk það samþykkt á þingflokksfundi Sjálfstfl. að um þessar upplýsingar yrði beðið bréflega, og þegar við fengum svar vélritað upp úr opinberum skýrslum, og það var ekki nóg, þá var framkvæmdastjóra þingflokks okkar falið að óska munnlega eftir þeim upplýsingum sem ég vildi fá. Þær hafa ekki borist enn þá og eru þó margar vikur eða mánuðir síðan. Það hefur orðið til þess, að ég hef þurft að biðja hæstv. forseta Sþ. að bíða með það mál sem er á dagskrá og varðar Samband ísl. samvinnufélaga, taka það ekki á dagskrá meðan ég fæ ekki upplýsingarnar. Líklega líður þetta þing án þess að ég geti tekið það mál fyrir, og líklega verð ég að endurflytja það á næsta þingi. Skilagrein kom aldrei til mín, og skilagrein hefur ekki borist hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, en það þarf að endurskoða kostnaðarliði þá sem hafa hlaðist á útfluttar landbúnaðarafurðir.

Ég efast ekkert um að vandamál bænda eru mikil og þau þurfa skjóta lausn og réttláta lausn fyrir bændur og fólkið í landinu. Það þýðir ekkert að tala þannig hér, að það séu einhverjir þm. sem ekki meti þátt bændastéttarinnar í íslensku þjóðfélagi. Ég vil segja að hver og einn einasti maður hér inni og hver einasti maður á landinu veit að við getum ekki án bænda verið og þeir verða að hafa lífvænlega afkomu. En við verðum að sjá um að bændastéttin sé ekki hlunnfarin. Ég álít að þjóðin hafi verið hlunnfarin af Sambandi ísl. samvinnufélaga með hegðun þess í útflutningsmálum landbúnaðarafurða. Það fer ekkert á milli mála og hæstv. landbrh. hefur staðfest það úr þessum ræðustól, að Samband ísl. samvinnufélaga hefur tekið umboðslaun af niðurgreiðsluupphæðum, af skattpeningum þjóðarinnar.

Það er gert ráð fyrir því á þskj. 745, sem er brtt. frá landbn., að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast lán allt að 3.5 milljörðum kr. er Framleiðsluráð landbúnaðarins tekur til framkvæmda á till. nefndarinnar. En ég hef hvorki heyrt hæstv. ráðh. né aðra segja frá því, hvernig þetta lán eigi að greiðast. Öll lán hljóta að eiga að greiðast, þau eru ekki tekin sem gjöf, þau eru tekin að láni, og þau þarf að greiða. Hvernig á það lán að greiðast? Á það að greiðast úr ríkissjóði, eða á að hækka landbúnaðarafurðir enn meir til þess að standa í skilum með þetta lán? Það getur vel verið að það sé hugsunin, og það er e. t. v. nauðsynlegt, ég ætla ekki að leggja mat á það. En bæði í þessari till. frá hv. landbn. og eins í ákvæðum til bráðabirgða í brtt. á þskj. 659 frá hæstv. landbrh. segir, með leyfi forseta: „Sexmannanefnd skal án tafar taka til meðferðar þá tekjuskerðingu sem við framleiðendum landbúnaðarafurða blasir vegna söluerfiðleika á þeirri framleiðslu sem er umfram innanlandsþarfir.“ Átt er við það sem flutt er út. Því vil ég spyrja: Hvernig í ósköpunum stendur á því, að frv. til l., 175. mál, flutt af okkur Pálma Jónssyni, hefur ekki komið úr n., þegar verið er að fjalla um 291. mál, en mál það, sem við flytjum, er nr. 175. Þetta er ómæld upphæð að mínu mati enn þá. Upplýsingar hafa ekki fengist um frádráttarliði af seldum útfluttum landbúnaðarafurðum, hvað sú upphæð er há. Ef hún kæmi til bænda mundi hún dragast frá þessum 3.5 milljörðum sem vandamálið er talið nema í dag. Frv. til l. á þskj. 333 hefði því átt að afgreiða fyrst og sjá svo á eftir hver vandinn er fyrir bændur. Ef hægt væri að koma í veg fyrir óeðlilega töku á þóknun milliliða eða umboðslauna af útfluttum landbúnaðarvörum væri peningaþörf til bænda án efa talsvert lægri en sú tala sem talað er um að þurfi til að leysa vanda bænda nú. Það vil ég fullyrða.

Ég vil líka leyfa mér að draga hér fram skjöl sem ég var af tilviljun með í borði mínu og tilheyra rökum sem ég kem til með að nota í því máli sem snertir Samband ísl. samvinnufélaga og ég hef enn ekki talið mig geta talað fyrir vegna þess að það stendur á upplýsingum. Annars vegar eru þar upplýsingar erlendis frá um að Samband ísl. samvinnufélaga undirbýður aðra íslenska umboðsmenn á erlendum mörkuðum í sömu borgum og að viðkomandi umboðsmaður verður að skila söluverði afurðanna án þeirra frádráttarliða sem Sambandið hefur heimild til að draga frá. Ég hef líka annað plagg sem ég fékk annars staðar frá, en er þó plaggið sem ég vildi fá frá Framleiðsluráði, þar eru að vísu ekki skýrar tölur vegna þess að það er breitt yfir tölurnar, en það er nóg til þess að sjá hvaða kostnaðarliðir eru til frádráttar af afurðum sem fluttar eru út á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga. Þar kemur fram ýmis kostnaður, eins og t. d. sérstakur afsláttur, framhaldsflutningsgjald, erlendur kostnaður, erlend umboðslaun og svo flutningsgjald. Þarna er bæði flutningsgjald og framhaldsflutningsgjald. Hvað er að ske? Er umboðsmaður úti eða er Sambandið að selja sjálfu sér? Ég hef unnið sem innflytjandi síðan 1956 hérlendis og ég hef aldrei orðið var við tvöfalt flutningsgjald. Ég hef verið að leita mér upplýsinga um hvort erlendir seljendur vöru greiði nokkurn skapaðan hlut af innlendum flutningsgjöldum hér, þegar varan kemur til Reykjavíkur og til umboðsmanna hér, seljanda og kaupanda, og þeir selja hana út á land, hvort innflytjandi hér láti erlendan aðila borga þann kostnað. Og þá er annað atriði: Sambandið vinnur, eftir því sem fram hefur komið, á umboðslaunum, en greiðir svo umboðslaun líka. Það eru tvöföld umboðslaun sem þarna eru greidd eftir þessari bók sem ég hef hér. Ef við tökum alla kostnaðarliði: umboðslaun plús erlend umboðslaun o. fl., geymslukostnað kannske hér heima, geymslukostnað erlendis, allt frádráttarliði, hvað er þá hægt að draga frá þeirri tölu sem nú stendur í till. sem hér liggja fyrir, 3.5 milljörðum? Málið er miklu stærra en svo að við getum afgreitt það tiltölulega lítið athugað.

Ég ætla ekki að mæla á móti aðstoð við bændur. Ég vil

þvert á móti aðstoða bændur. Við getum ekki án þeirra verið. En ég vil hvorki láta blekkja mig né heldur bændur, og þess vegna tel ég að það þurfi að rannsaka hver raunveruleg þörf bændastéttarinnar er, en ekki hver er þörf Sambands ísl. samvinnufélaga. Og ég vil ítreka það, ég hef sagt það áður, að ég harma ef í svona alvarlegu máli á eftir að koma enn þá einu sinni í ljós, að fulltrúar bændastéttarinnar, sem telja sig vera hér, sýna sig vera fyrst og fremst þm. Sambands ísl. samvinnufélaga. Það mun ég harma. En ég vona að bændastéttin fái réttláta lausn á vandamálum sínum og það hið fyrsta.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Umr. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 frá 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., hefur nú verið dálítið drepið á dreif, svo að ekki sé meira sagt, og jafnvel leyst upp í almennar stjórnmálaumr. í framhaldi af þeim sem fóru fram á hv. Alþ. í gærkvöld og var útvarpað.

Hér kom í ræðustól áðan hv. 7. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, og var skemmtilegur að vanda. Það, sem helst bar e. t. v. til tíðinda í ræðu hans, voru viðhorf hans til stjórnarinnar, en fólk bíður nú með öndina í hálsinum eftir að vita hver afdrif hennar verða, því að það var athyglisvert að hann nánast afmunstraði hæstv. forsrh. með því að kalla hann 1. þm. Norðurl. v. og lagði á það mikla áherslu að hann hefði aðeins um sinn verið kjörinn til þess að sinna forustustörfum í þeirri sveit sem við köllum hér hæstv. ríkisstj. Hv. þm. vék einnig í máli sínu að okkur sjálfstæðismönnum og dró okkur sundur í hafra og sauði; annars vegar í frjálshyggjumenn, fulltrúa neytenda, og hins vegar í sótsvarta framsóknarmenn, fulltrúa ríkisafskiptanna. Það er ósköp eðlilegt að reynt sé af hálfu Alþfl. að gera sér mat úr þeirri staðreynd sem hlýtur að verða í stórum flokki, — flokki sem hefur inni að halda fulltrúa úr öllum stéttum landsins, að draga fram í sviðsljósið þá erfiðleika sem verða hjá slíkum flokki þegar um stefnumörkun er að ræða. En áður en ég vík að því væri ástæða til þess að spyrja hv. þm. Alþfl., hvort einhugurinn í þessu máli sé jafnmikill og af er látið. Mig langar sérstaklega að spyrja í því sambandi, ef einhver þeirra skyldi heyra til mín, þeir hafa nú horfið úr augsýn minni um hríð, hver sé staða t. d. hv. þm. Finns Torfa Stefánsson, 2. landsk. Mér er nær að halda að sjónarmið hans fari ekki í öllum atriðum saman við þau sjónarmið sem heyra mátti af vörum þeirra félaga, hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og Vilmundar Gylfasonar. Fyrir skömmu mátti lesa mikla grein í Alþýðublaðinu, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason skrifaði og var ákaflega athyglisverð fyrir þann rökstuðning sem kom fram í þeirri grein. Hann benti á að í Sjálfstfl. væri nú komin upp sveifla í átt til frjálshyggju og þar með væri Sjálfstfl. að marka stefnu sína til hægri, hann hefði gerst íhaldsflokkur. Á sama tíma sagði hann að Alþfl. væri orðinn frjálshyggjuflokkur, lýsti honum svipað og hann lýsti Sjálfstfl., og komst þá að þeirri niðurstöðu, að Alþfl. væri orðinn frjálslyndur flokkur. Slíkur málflutningur og rökstuðningur ber þess merki að hv. þm. er farinn að óttast dálítið um fylgi sitt, og það er ósköp eðlilegt þegar tillit er tekið til þess, hvernig Alþfl. hefur staðið sig í núverandi stjórnarsamstarfi.

Það er jafnframt athyglisvert að umr. fara ekki fram í dagblöðum bæjarins um stefnu hæstv. ríkisstj. eða stefnuleysi, heldur hafa umr. fyrst og fremst átt sér stað með þátttöku fulltrúa Alþb. og Alþfl. um stefnu sjálfstæðismanna í efnahagsmálum sem á sínum tíma var sett fram s. l. febr. undir nafninu: „Endurreisn í anda frjálshyggju.“ Það er kannske tímanna tákn, að þessi stefna, sem sjálfstæðismenn hafa markað, er fremur til umr. heldur en sú stefna eða það stefnuleysi sem einkennir núv. hæstv. ríkisstj. En ótti Alþfl. byggist að sjálfsögðu á því, að Sjálfstfl. og Alþfl. eiga um margt sameiginlegan atkvæðamarkað, ef svo má að orði komast. Það er alveg ljóst, að Alþfl. bólgnaði jafnvel meira en verðbólgan í síðustu kosningum vegna þess að hann hlaut fylgi ýmissa aðila í þjóðfélaginu sem ella hefðu kosið Sjálfstfl. Hv. þm. Alþfl. finna nú á degi hverjum fyrir því, að um atkvæðahrun er að ræða. Það sjá þeir í dagblöðum bæjarins þegar hér fara fram skoðanakannanir, að fylgið hefur hrunið af þeim. Þeir hafa hörfað og hörfað og hafa reyndar lagt á flótta í viðskiptum við aðra stjórnarflokka, og nú er svo komið að þeir hræðast ekkert meira en kosningar í landinu, þótt í orði kveðnu þykist þeir hafa hugrekki til að bera.

Það, sem kannske ýtir einkum undir það að maður gæti álitið að kosningar væru í nánd, er annars vegar það þegar hæstv. viðskrh. er farinn að hæla ástandinu í landinu úr hófi fram. Þá býður manni í grun að nú hljóti undur og stórmerki að vera í nánd, því að auðvitað þarf hæstv. ráðh. að geta gumað af góðu starfi í ríkisstj. Hins vegar marka ég þetta af því sem ég hef áður vikið að, hver afstaða Alþfl. er og hver ótti hv. þm. Vilmundar Gylfasonar virðist vera við þá frjálshyggjusveiflu sem undanfarið hefur átt sér stað í Sjálfstfl. Um það hins vegar, hvað gerist að kosningum loknum, er erfitt að segja. Ég er þó viss um það, að eftir því sem lengra verður til kosninga, því meiri möguleikar eru á því að Sjálfstfl. fari einn með stjórn landsins að þeim loknum. Verði hins vegar kosningar í bráð má reikna með tveggja flokka stjórn. En eitt er víst, að um stjórnarskipti verður ekki að ræða fyrr en að loknum kosningum og um stjórnarsamstarf Sjálfstfl. og Alþfl. verður ekki að ræða fyrr en Alþfl.-menn hafa verið kjöldregnir í kosningum þannig að hægt sé við þá að tala í fullri alvöru og hreinskilni þegar að því kemur að mynda ríkisstj.

Auðvitað er of snemmt að ræða um þetta, en ég hef gert það hér vegna þess að umr. um það mál, sem er á dagskrá, hafa meira og minna snúist upp í slíkar umr. um málefni. Ástæðan er auðvitað sú, að hæstv. landbrh. leggur ofurkapp á að fá það frv., sem hér er til umr., í gegn á þessu þingi, á þeim fáu dögum sem eftir eru, og Alþfl. telur að það eigi að gerast með aðstoð stjórnarandstöðunnar. Ég vil þess vegna taka það skýrt fram strax, að í slíkum stórmálum eins og hér er verið að ræða verður auðvitað ríkisstj. að koma sér saman um hvað hún ætli að gera, og á ég þá fyrst og fremst við þann þátt frv. sem felst í bráðabirgðaákvæðinu og fjallar um 3.5 milljarða kr. er Framleiðsluráð landbúnaðarins á að fá heimild til þess að fara með. Aðeins þegar stjórnin hefur komið sér saman er eðlilegt að slíkt frv. sé lagt fram á þinginu, og þá mun Sjálfstfl. að sjálfsögðu koma fram sínum sjónarmiðum. Það er á ábyrgð þessarar ríkisstj. sem þessum málum er hreyft, og auðvitað er það í samræmi við allar venjur hér á landi að stjórnarflokkar verða að koma sér saman um slík mikilvæg málefni. Með þessu hef ég ekki verið að víkja að þeim erfiðleikum sem bændastéttin, landbúnaðurinn og reyndar þjóðin öll á

við að glíma vegna alkunnra erfiðleika í landbúnaði, enda ætla ég ekki að ræða þau mál sérstaklega að sinni. Það er þó ljóst, og það vil ég taka skýrt fram, að markaðskerfið, sem er það kerfi sem við sjálfstæðismenn álítum að sé farsælast að nota í þjóðarbúinu til þess að ná fram sem bestum lífskjörum, á ekki við að fullu leyti í landbúnaðarmálum frekar en í okkar nágrannalöndum.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði hér áður, að ein af ástæðunum fyrir þeim vandamálum, sem við stöndum frammi fyrir, er að sjálfsögðu það misvægi í almennum mannréttindum sem ríkir hér á landi og birtist fyrst og fremst í kosningarréttinum, sem er misjafn, þannig að vægi atkv. í fámennum byggðarlögum, þar sem landbúnaður er stundaður, er miklu meira en á þéttbýlum svæðum þar sem fyrst og fremst er um neytendur að ræða.

Annað atriði, sem vert er að draga fram í þessum umr., er það, að alger nauðsyn er að fyrr en síðar verði settar niður á einn stað þær aðgerðir sem þegar hafa átt sér stað og eiga eftir að eiga sér stað og teljast til stuðnings, einkum fjárstuðnings, við bændur. Af og til á þessu þingi, sem nú hefur setið, höfum við þm. fengið á borðið til okkar till. um vissan stuðning við bændastéttina í formi félagslegra úrbóta, svo að eitthvað sé nefnt. En aldrei er reynt að ná tökum á málinu í heild. Þetta verður að sjálfsögðu að liggja fyrir, og ég er hér með skýrslu um hvernig þetta lítur út á Norðurlöndunum. Hún er tekin saman af 4 mönnum sem þangað fóru á s. l. ári. Þar kemur í ljós að slíkt starf hefur að sjálfsögðu verið unnið í okkar næstu nágrannalöndum.

Aðalástæðan fyrir því, að ég kem hér upp í ræðustólinn við 2. umr., en ég gerði það jafnframt við 1. umr. málsins, er sú, að ég tel að í 1. og 2. gr. frv. sé um að ræða atriði sem þurfi að skoða mun betur en gert hefur verið. Þar á ég við það alkunna úrræði, að nú eigi bændastéttin að semja beint við ríkisvaldið um kjör sín eins og þau koma fram í verðmyndun landbúnaðarafurða. Mér er kunnugt um að um þetta er víðtæk samstaða manna, að ég hygg úr öllum stjórnmálaflokkum, en það eru líka til menn og jafnvel í öllum hinum sömu stjórnmálaflokkum, a. m. k. flestum þeirra, sem telja að fyrst eigi að reyna annað kerfi. Mig langar til þess að spyrja hv. nm. að því, sem fjölluðu um þetta frv., hvort þeir hafi t. a. m. kynnt sér niðurstöður og álit minni hl. framleiðsluráðslaganefndar sem starfaði á síðasta ári og fram á þetta ár, skilaði áliti sínu 5. mars s. l. og lagði til að allt annað kerfi væri upp tekið. Mig langar til að spyrja að því vegna þess að sú skýrsla liggur fyrir og upphaf þess máls, sem hér er til umr., má rekja til þeirrar staðreyndar, að Alþýðusamband Íslands, sem var aðili að svokallaðri sexmannanefnd, dró sig í hlé og neitaði að starfa í slíkri n. sem tekur afstöðu til verðs á landbúnaðarafurðum. Þetta var forsendan. Þarna er að leita rótanna að þessari meinsemd. Það er þess vegna sem menn hafa brugðist við og sagt: Við eigum ekki önnur ráð en þau að leita beint til ríkisvaldsins og semja beint við það. — Mig langar til þess, með leyfi forseta, í stuttu máli þó, að gera grein fyrir þessum till. Að þessum till. stóðu annars vegar Brynjólfur Bjarnason, sem var fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, og hins vegar Ásmundur Stefánsson framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, og ég tel það vera mjög merkilega niðurstöðu þegar annars vegar fulltrúi Vinnuveitendasambandsins og hins vegar fulltrúi Alþýðusambandsins komast að sameiginlegri niðurstöðu í máli. Mér finnst þá vera full ástæða til þess að kanna málið til hlítar. Í almennum aths. minni hl. segir svo í upphafi, með leyfi forseta:

„Frumvarpsdrög þau, sem hér fylgja, eru nál. minni hl. framleiðsluráðslaganefndar, en hann skipa Ásmundur Stefánsson, fulltrúi Alþýðusambands Íslands, og Brynjólfur Bjarnason, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands. Eins og fram kemur í almennri grg. um starf n. má rekja skipan hennar til þess, að með bréfi, dags. 31. jan. 1975, fóru aðilar vinnumarkaðarins fram á að þeim yrði gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa í n. sem skipuð yrði til að endurskoða gildandi fyrirkomulag í verðlagsmálum búvara. Samtökunum er ljóst að stefnan í landbúnaðarmálum og verðlagning búvara hafa veruleg áhrif á hag umbjóðenda þeirra. Við framhaldsstefnumótunina í landbúnaðarmálum er því nauðsynlegt að samtökunum gefist aðstaða til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri."

Í till. um ný lög segir svo, með leyfi forseta, um 8. gr., þar sem rætt er um verðákvörðun og verðskráningu:

„Verðlagsráð landbúnaðarins skal skipað 7 mönnum. Skulu 2 tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda, 1 af Framleiðsluráði landbúnaðarins, 2 af Alþýðusambandi Íslands og 1 af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Ríkisstj. skipar formann verðlagsráðs. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Tilnefning í verðlagsráð landbúnaðarins gildir til eins árs í senn og skal ráðið fullskipað 1. júlí ár hvert. Ályktanir verðlagsráðs landbúnaðarins eru lögmætar ef meiri hl. samþykkir."

Og í 9. gr.: „Formaður verðlagsráðs er tengiliður ríkisstj. og ráðsins um öll þau atriði sem varða fyrirgreiðslu hins opinbera, svo sem tilhögun á niðurgreiðslu búvöruverðs á innlendum markaði, útflutningsbætur, framleiðslu og framleiðslustöðvunarstyrki og önnur framlög eða aðgerðir sem áhrif hafa á afkomu framleiðenda."

Eins og hv. þm. heyra er hér um að ræða talsvert annað fyrirkomulag en gert er ráð fyrir í því frv. sem hér liggur fyrir til umr. í hv. d. Áður sátu í sexmannanefnd af hálfu neytenda fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Landsambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags Reykjavíkur. Þar er því gerð breyting í þessu efni, auk þess sem fulltrúi ríkisins kemur þarna inn og verður oddamaður, svo að um margt svipar þessu kerfi til verðmyndunarkerfis sjávarútvegsins. Ég hef ekki heyrt að um þetta mál hafi verið fjallað eða þessar hugmyndir hafi komið upp í viðkomandi hv. n., sem um þetta mál fjallaði, eða hvort fulltrúar Alþýðusambands Íslands voru kallaðir til skrafs og ráðagerða til að kanna hvort annað kerfi væri e. t. v. heppilegra heldur en það sem lagt er til í frv. hæstv. ráðh. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu, vegna þess að ef það reynist rétt held ég að vanti talsvert á að þetta mál hafi fengið þá afgreiðslu sem vert væri.

Mig langar — með leyfi forseta — að fá að gera þessa mynd fyllri með því að lesa örstuttar skýringar við 8. og 9. gr. Um 8. gr. segir með leyfi forseta — í aths. þeirra tvímenninganna sem mynda minni hl. áður greindrar n. orðrétt:

„Ef á annað borð á að vera tekjuviðmiðun í lögunum telur minni hl. eðlilegt að fulltrúar neytenda séu aðilar að verðákvörðun. Við núverandi aðstæður verður að telja að ASÍ og BSRB séu heppilegustu fulltrúar neytenda. Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að verðákvörðunin fari fram í verðlagsráði landbúnaðrins sem verði skipað 7

mönnum. Skulu 2 tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda, 1 af Framleiðsluráði landbúnaðarins, 2 af Alþýðusambandi Íslands og 1 af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Ríkisstj. skipar formann ráðsins. Ákvarðanir verðlagsráðs eru endanlegar, þeim verður ekki áfrýjað, og þar af leiðandi er ekki gert ráð fyrir neinni yfirnefnd. Fulltrúi ríkisins er formaður n. og er þannig gert ráð fyrir því að ríkisstj. sé beinn samningsaðili. Eins og áréttað er í 9. gr. gerir þetta fyrirkomulag mögulegt að taka tillit til fjölmargra opinberra aðgerða, sem snerta landbúnað."

Og um 9. gr. segir:

„Í þessari grein er áréttað það hlutverk formanns verðlagsráðs að vera fulltrúi ríkisstj. og tengiliður milli hennar og ráðsins um öll þau atriði sem varða fyrirgreiðslu hins opinbera."

Auðvitað mætti hugsa sér það, að ef Neytendasamtökin væru byggð upp og gerð sterk fengju þau aðild að þessu máli, og í því sambandi vil ég vitna til ágætrar greinar sem hæstv. viðskrh. skrifar í síðasta tölublað Neytendablaðsins sem Neytendasamtökin gefa út, þar sem hann bendir m. a. á möguleika til samstarfs á milli Neytendasamtakanna annars vegar og Alþýðusambandsins eða launþegasamtakanna hins vegar sem gæti verið m. a. um verðákvörðun þar sem markaðskerfið á ekki við. En ég sagði fyrr í ræðu minni, að þrátt fyrir að ég teldi sjálfan mig mikinn frjálshyggjumann væri mér ljóst að um frjálsa verðmyndun væri ekki að ræða, því miður, í náinni framtíð í landbúnaði, þótt auðvitað ætti að styðja að því og ýta undir það að svo gæti verið þegar til lengri tíma er litið.

Ég hef að nokkru kynnt mér þau gögn sem fjórmenningarnir, sem komu úr Norðurlandaferðinni, lögðu fram og þar er að finna, sem maður kannske mátti segja sér sjálfum, staðreyndir um mikil opinber afskipti ríkja af þessum málefnum landbúnaðarins hjá frændum vorum á Norðurlöndunum, sérstaklega þó í Noregi og í Svíþjóð, en auðvitað gegnir öðru máli um Danmörku þar sem hún er hluti af Efnahagsbandalaginu. En ég vil minna á það, að einmitt um þessar mundir hafa farið fram ítarlegar umr. í Noregi og Svíþjóð, ekki aðeins um landbúnaðarmál, heldur um alla aðra atvinnuvegi, þar sem rauði þráðurinn hefur verið sá að hverfa frá niðurgreiðslu og styrkjum sem mest þeir geta, en færa þess í stað fjármagn og vinnuafl yfir til greina sem hafa meiri vaxtarmöguleika heldur en þessar greinar. Vissulega er þó tekið tillit til ýmissa annarra markmiða varðandi stefnuna, eins og byggðamarkmiða, enda gætir mikillar sérstöðu, t. d. í Noregi, vegna þeirra alkunnu landshátta sem þar eru.

Þetta var sá kjarni sem ég vildi koma hér að. Ég vildi benda á að það hefði verið unnið starf tveggja aðila vinnumarkaðarins, þeirra aðila sem ráða æðimiklu í þessu þjóðfélagi, og þeir hefðu náð samkomulagi, það samkomulag hafi gerbreytt forsendunum fyrir þeim breytingum sem hér er um að ræða, þar sem þar er lagt til allt annað kerfi og kerfi sem Alþýðusambandið mundi vilja gerast aðili að.

Ég vil þó aðeins í lokin, vegna þeirra orða og hugmynda sem hér hafa komið fram varðandi Sjálfstfl. og afstöðu hans í landbúnaðarmálum, um frjálshyggjumenn og afdankaða framsóknarmenn í Sjálfstfl., sem hv. 7. þm. Reykv. fjallaði um, fá að kynna hér í örstuttu máli hver landbúnaðarstefnan er um þetta atriði, en landsfundur Sjálfstfl. markaði hana fyrir skömmu. Menn verða að hafa það í huga, að í Sjálfstfl. starfa menn úr öllum stéttum og það að sjálfsögðu vekur ýmsa erfiðleika. Og það varð til þess, að á þessum landsfundi, sem ég áður vitnaði til, var ákveðið að stofna til nefndarstarfs í sumar og í haust um landbúnaðarmál sem skilaði til miðstjórnar flokksins áliti sem stætt væri á. Þessi mál eru því í okkar flokki eins og mörgum öðrum í deiglu og taka auðvitað mið af ríkjandi ástandi í landbúnaðinum, sem er slæmt í bráð, en þarf að markast í raun til miklu lengri tíma ef eitthvert vit á að vera í þessum málum. Í þessari landbúnaðarstefnu er víða komið við, en varðandi verðmyndunarmálin segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbúnaðinum séu búin skilyrði til jafns við aðra atvinnuvegi og starfsstéttir í tekjum, þjónustu og menntun. Ákvarðanir um verð á búvörum verði um sinn teknar með aðild ríkisvaldsins. Verðlagning miðist við að vel rekið bú af hóflegri stærð geti skilað tekjum til jafns við það sem gerist í öðrum atvinnugreinum. Þess sé gætt, að dugnaður og hagsýni fái notið sín."

Meira les ég ekki, enda er það aðeins þessi litli kafli sem máli skiptir varðandi það mál sem við erum hér að ræða í nótt.

Með þessu orðalagi, það skal viðurkennt, var farin millileið. Þar var farin millileið á milli þeirra, sem vildu annars vegar beina samninga við ríkið, og hinna, sem vildu koma markaðslögmálunum frekar fyrir. Þetta segir ekki mikið, en staðfestir þó það, að þessi mál eru til umræðu og umfjöllunar í Sjálfstfl.

Ég tel, herra forseti, ekki ástæðu til þess að sinni að fjölyrða frekar um þetta mál. En ég vænti þess, að annaðhvort hv. nm., sem ég hef beint máli mínu til, eða hæstv. landbrh. gefi mér og öðrum hv. þm. tækifæri til þess að fá að kynnast því, hvort leitað hafi verið til þeirra aðila, sem ég hef hér vitnað til, þegar annars vegar frv. var gert úr garði og hins vegar þegar málið var til meðferðar í n. Ef svo hefur ekki verið gert, sem ég hef reyndar ekki hugmynd um, en ef svo reynist að það hafi ekki verið gert, ekki hafi verið tekið tillit til þessara nýju sjónarmiða sem hafa komið upp hjá Alþýðusambandi Íslands, þá held ég að það sé þess virði að skjóta á einum fundi í hv. landbn., kalla til sín þessa aðila og athuga hvort ekki sé hægt að fá niðurstöðu sem eflaust væri geðslegri fyrir fleiri aðila en sú niðurstaða sem hér liggur fyrir í viðkomandi frv.

Umr. frestað.

Framhaldsskólar, frv. (þskj. 715, 727, 728). — Frh. 3. umr.

Frsm. minni hl. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt, hefur við 2. umr. þessa máls komið fram nál. frá minni hl. menntmn. flutt af okkur hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, þar sem lagt var til að frv. yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Þessi till. var felld í lok 2. umr. Þingheimi er jafnframt kunnugt um að þingflokkur Sjálfstfl. hefur eindregið óskað eftir því, að þetta frv. yrði ekki afgreitt á þessu þingi. Þrátt fyrir miklar annir hér í þinglok og þrátt fyrir að ríkisstj. leggur mikla áherslu á ýmis önnur mál hefur ekki verið orðið við þessari beiðni og svo mikið kapp er lagt á að þetta mál nái fram að ganga, að hér eru haldnir í þinginu kvöldfundir dag eftir dag. Nú er langt liðið á nóttu, og eftir því sem

mér skilst er ætlunin að halda þessari umr. áfram eitthvað fram eftir nóttu. Okkur sjálfstæðismönnum er að sjálfsögðu ekkert að vanbúnaði að ræða þetta frv., og ég held að öllum sé ljóst, sem hér hafa verið í kvöld, að við erum tilbúnir að ræða ýmis önnur mál nú í þinglokin, þannig að þetta frv. og ýmis önnur fái fyrir vikið ítarlegri meðferð og um þau verði fjallað í löngum og góðum ræðum. Ég mun fyrir mitt leyti gera það hvað varðar frv. til l. um framhaldsskóla. En áður en ég vík ítarlega að þessu máli og einstökum ákvæðum þess og einstökum atriðum í frv. hef ég hugsað mér að leggja fram brtt. við frv. Sú brtt. er við 4. gr. frv., 2. mgr., og er lagt til að greinin orðist svo:

„Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkskröfur í einstökum greinum til inngöngu í tiltekna námsáfanga, enda gerir skólinn nemendum kleift að uppfylla slíkar lágmarkskröfur. Öll slík skilyrði skulu reist á raunhæfu mati á kröfum viðkomandi greinar."

Þessi till. er samhljóða till. sem menntmn. hefur borist frá Hinu íslenska kennarafélagi, og breytingin er fólgin í því, að inn í greinina er bætt orðunum: „enda geri skólinn nemendum kleift að uppfylla slíkar lágmarkskröfur". Með þessu er gert ráð fyrir að koma megi í veg fyrir að nemendur séu útilokaðir frá námi í tilteknum skólum. Ég held að þessi ábending frá Hinu íslenska kennarafélagi eigi rétt á sér, og ég legg til að þessi breyting verði gerð á frv. Áður en ég held lengra áfram nú eða þá á morgun, þá óska ég eftir að afbrigði fáist fyrir þessari brtt.

Forseti (Ingvar Gíslason): Komin er fram brtt. við frv. til l. um framhaldsskóla frá Ellert B. Schram við 4. gr. sem hann hefur þegar lýst. Þar sem ekki eru horfur á að umr. ljúki að fullu nú, mun ég bíða með að leita afbrigða. Ég tel þó að till. sé til umr. eigi að síður. Hv. 8. þm. Reykv. tekur til máls að nýju.

Frsm. minni hl. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég lít ekki svo á að þetta sé önnur ræða af minni hálfu, heldur gerði ég hlé á máli mínu til þess að afbrigði gætu fengist fyrir þessari till., og ég óska eindregið eftir því að afbrigði séu veitt, þannig að þessi till. fáist rædd. Ég get ekki séð að hægt sé að ræða till. fyrr en afbrigðin eru veitt, og annaðhvort er um það að ræða að fá afbrigði fyrir till. núna eða fresta þessari umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég held að æðimörg dæmi séu fyrir því að umr. haldi áfram og freistað sé að fá nægilega marga þm. til að taka þátt í atkvgr. um afbrigði. Ég trúi tví ekki að menn telji sig geta stöðvað umr. gersamlega hér á þingfundum með því að flytja eina litla till. Það segir sig sjálft, að aðalatriði málsins er að afbrigði séu veitt áður en umr. lýkur. Allir viðstaddir þm. hafa heyrt þessa till., henni hefur verið lýst. Hér er um algert formsatriði að ræða og ég sé ekki að menn geti hengt hatt sinn á það að afbrigði verði tafarlaust að veita, ella verði að fresta umr. Það kynni að vera að einhverjir aðrir vildu leyfa sér að flytja hér till., gæti verið að ýmsir aðrir hefðu eitthvað annað til málanna að leggja og væri óeðlilegt að einn þm. gæti þá komið hingað upp og flutt till. og síðan sé umr. stöðvuð. Ég vil nú eindregið vænta þess, að þessi umr. haldi áfram enn um sinn, meðan athugað er hvort ekki verða nægilega margir þm. til þess að greiða atkv. um till. áður en yfir lýkur.

Frsm. minni hl. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hæstv. menntmrh. verður að sætta sig við það að hér eru ákveðin þingsköp, og það þýðir ekkert að beina ásökunum til mín eða annarra þm. þó að þeir flytji till. og óski eftir að farið sé að þingsköpum. Ég hef að vísu ekki setið mjög lengi á þingi, en þau ár, sem ég hef verið hér, man ég ekki eftir því, þegar borin er fram skrifl. brtt. og afbrigði ekki veitt, að hægt sé að halda áfram umr. þannig að till. sé til umr. Það gengur auðvitað ekki. En ég er tilbúinn til þess fyrir mitt leyti að bjóða það, hef ekkert við það að athuga, að umr. haldi hér áfram, en henni ljúki þá ekki í kvöld. En þá fell ég frá orðinu að sinni.

Forseti (Ingvar Gíslason): Út af þessum ummælum hv. þm. vil ég geta þess aftur sem ég gat áðan, að ég mun halda þessari umr. opinni þannig að hægt sé að leita afbrigða fyrir brtt. Ég tel ekki eðlilegt að stöðva umr. á þessu stigi. Hér eru margir menn á mælendaskrá og þess vegna fullkomlega eðlilegt eftir þingsköpum að halda áfram umr. En ég endurtek það, að umr. verður ekki lokið fyrr en hægt verður að veita afbrigði fyrir brtt. hv. þm.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég kannast ekki við það þann tíma sem ég hef setið hér á þingi, þegar fram er komin till., sem leita þarf afbrigða fyrir, óskað er eftir að þeirra sé leitað vegna þess að viðkomandi ræðumaður hyggst byggja málflutning sinn á þeirri till., að þá hafi engu að síður umr. verið látnar halda áfram. Ég minnist þess ekki, en að sjálfsögðu verð ég leiðréttur ef ég fer með rangt í þeim efnum.

Varðandi þann hóp þm., sem hér situr og tók þátt í atkvgr. rétt áðan um að veita afbrigði, þá held ég að sjórnarandstaðan sé í meiri hl. á meðal þeirra manna þannig að ekki sé hægt að segja um stjórnarandstöðuna að hún sitji ekki þingfundi og taki ekki þátt í eðlilegri afgreiðslu mála. Ef hæstv. forseti hyggst fresta þessari umr. og flm. till. frestar ræðu sinni, þá leysist málið. Ég tel engu að síður að leita eigi afbrigða fyrir till. sem búið er að lýsa af flm., til þess að þeir, sem vilja taka til máls og ræða málið, geti rætt þá tillögu.

Forseti (Ingvar Gíslason): Það er oft erfitt að treysta á minnið, en þó hygg ég að það sé reyndin að þannig hafi verið haldið á málum fyrr þegar þannig stendur á, að afbrigða sé leitað fyrir till. nokkru síðar en hún kemur fram. Ég hef sagt það og ég endurtek það, að þessari umr. mun ekki ljúka hér í nótt. En það eru fyrst og fremst vinsamleg tilmæli mín til hv. þdm., sem hér eru staddir, að þeir taki þátt í fundarstörfunum og þeir, sem á mælendaskrá eru og ég gef orðið, ræði það mál sem til umr. er.

Umr. frestað.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frv. (þskj. 564). — 3. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera snöggur að ræða það mál sem hér er til umr., frv um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Ég flutti ræðu við 2. umr. málsins og lýsti því þá, að ég væri með þanka um að flytja

brtt. Það stendur nú þannig á, herra forseti, að sú till. er í prentsmiðjunni og ég hélt að ég fengi tækifæri til að láta hana liggja hér frammi þegar málið væri rætt, en ég á afrit af till. Það verður erfitt að lýsa henni og ræða ef málinu á að ljúka á þessu stigi. (**Gripið fram í:** A morgun.) Þar sem ég lýsti þessum brtt. nokkuð nákvæmlega fyrr í umr. vil ég aðeins bæta því við, að auk þeirra till., sem ég þar lýsti, ætla ég að leggja fram brtt. við 6. gr. þar sem ég legg til að á síðasta málsl. 3. mgr. verði gerð sú breyting að hann falli niður. Þess er að geta, að nú nýlega hefur borist umsögn um þetta frv. frá Félagi ísl. stórkaupmanna og þar er tekið undir þau sjónarmið sem áður hefur verið lýst af Verslunarráði Íslands, en það eru einmitt þessir tveir aðilar sem þetta mál snertir hvað mest beint.

Í umsögn Félags ísl. stórkaupmanna er svo að segja að öllu leyti tekið undir þær hugmyndir sem koma fram í brtt. mínum við þetta frv. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um málið. Það er ljóst um hvað það snýst. Það snýst um það fyrst og fremst, hvort taka eigi skref í frjálsræðisátt um skipan þessara mál eða hvort enn þá eigi að láta hér eima eftir af þeirri haftarómantík sem ríkir og á sínar rætur í stefnu þeirra flokka sem nú fara með stjórn í landinu.

Það væri athyglisvert að fá að heyra sjónarmið hv. þm. Alþfl. í þessu máli, en þeir hafa ekki talað. Til þess gefst ekki kostur að sinni því að þeir eru nú allir farnir heim að sofa. En í skjóli þess og trausti, að umr. verði ekki lokið fyrr en till. minni hafi verið dreift kýs ég að hafa þessi orð ekki fleiri.

Umr. frestað.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. (þskj. 570). — Frh. 1. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er komið að máli sem eflaust á eftir að verða rætt mikið, og það er athyglisvert hve mikið kapp er lagt á það í lok þingsins að drífa þetta mál í gegn. Það er einnig afar athyglisvert varðandi það mál sem hér er til umr., að það á að ræðast að hæstv. fjmrh. fjarstöddum, en fyrr í þessari umr. var gerð að honum hörð hríð. Enginn hv. þm. í d. tók upp hanskann fyrir þau sjónarmið sem hann hafði lýst í upphafsræðu sinni.

Það er eitt sem er alveg ljóst í þessu máli, og það er að frv. upprætir ekki brugg í landinu. Hér hefur verið bruggað um árabil og áratugi og árhundruð, og það frv., sem hér liggur fyrir, kemur ekki í veg fyrir brugg. Ef tilgangurinn hefði verið sá þarf ríkið að taka í sínar hendur öll þau efni sem hugsanlegt er að brugga úr, og allir sjá hvar það mundi enda.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason flutti fyrr við þessa umr. merka ræðu og svaraði þá spurningu sem ég hafði beint til hans um það, hvort ekki væru álíka skattsvik að borða heima hjá sér og að brugga, þar sem báðir aðilar svikju undan skatti. Sá sem borðar heima hjá sér borgar ekki söluskatt af því, en það gerir hann hins vegar ef hann borðar á hóteli. Og sá sem bruggar heima borgar ekki eins mikla skatta og sá sem kaupir áfengi úr „Ríkinu". Munurinn, sagði Vilmundur, á þessu tvennu er sá, að bruggun er ólögleg, en það að borða heima hjá sér er löglegt. Þetta sjá allir að getur verið rétt, en er ekki rétt, því að bruggun er ekki ólögleg. Það er aðeins ólöglegt að brugga yfir visst áfengismagn sem er nánar skilgreint í áfengislögunum.

Það var athyglisvert í þessari umr., að það komu fram fsp. frá hv. þm. Árna Gunnarssyni og Gunnlaugi Stefánssyni til hæstv. ráðh. um það, hvort ætlunin væri að hætta innflutningi á þeim efnum sem þyrfti til bruggunar, og ég man ekki betur en hæstv. ráðh. léti þau orð falla að svo væri ekki. Ég held að það sé full ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðh. hvort það sé þá rangt með farið, sem ráðuneytisstjóri hans, Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri í fjmrn., lét hafa eftir sér á útsíðu í Morgunblaðinu 28. apríl, en þar stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Í samtali við Morgunblaðið kvaðst Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri í fjmrn. fullviss um að varningur sambærilegur þeim, sem mest hefur verið notaður til öl- og víngerðar í heimahúsum, verði ekki fluttur inn og boðinn til sölu á vegum Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins."

Ég fæ satt að segja ekki heim og saman hvernig á því getur staðið að þetta misræmi er hjá ráðh. og ráðuneytisstjóra. — Ég vil nú gera aðeins hlé á ræðu minni og fagna því að hér koma inn áhugamenn um það mál sem verið er að ræða. Það er ekki oft sem maður nýtur þess úr þessum ræðustól þegar klukkan er farin að ganga tvö að nóttu að sjá svona liðtæka fulltrúa og áhugasama um þetta mál.

Það er dálítið athyglisvert, þegar verið er að ræða um áfengisvandamálið, að allir virðast vera sammála um það, hvert áfengisvandamál þjóðarinnar er, það sé félagslegs eðlis, að einum manni undanskildum og það er hæstv. fjmrh. Eina áfengisvandamálið, sem hann virðist eiga við að stríða, er að hann selur ekki nógu mikið af því. Það er verulega athyglisvert hvernig skoða má viss mál frá mörgum hliðum.

Það hafa sumir — og mjög margir eins og sagt er — haft samband við mig eftir að ég flutti hina bráðsnjöllu ræðu fyrr í þessari umr. og minntist á einokun ríkisins á eldspýtum, en auðvitað er einokuninni að kenna hve eldspýturnar eru slæmar. Einn ágætur vinur minn og aðdáandi, fréttaritari Þjóðviljans hér á hv. þingi, Sigurður Tómasson, sagði mér að ástæðan fyrir því, að þær eldspýtur, sem fengjust í „Ríkinu" og reyndar í þinginu líka, hétu „Double happiness", sem þýðir tvöföld hamingja, væri sú, að fyrri hluti hamingjunnar fælist í því að einhverjum tækist að kveikja á eldspýtunum, en síðari hluti hamingjunnar fælist í því að honum tækist að slökkva í fötunum á sér á eftir. En eins og allir vita eru þessar eldspýtur þeim eiginleikum gæddar, að neistar hrjóta í allar áttir þegar kveikt er á þeim. Um þetta ræddi ég talsvert í fyrri ræðu minni til þess að benda á að ef verið er á annað borð að krukka í þessa einokunarlöggjöf, þá held ég að þar þurfi að taka til hendinni og afnema einokun ríkisins á eldspýtum, enda geta allir keypt kveikjara af öllum gerðum með öðrum hætti en í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Eitt þeirra mála, sem sérstaklega verður til umr. þegar rætt er um áfengismálin, er að sjálfsögðu bjórinn. Það vill nú svo til um bjórinn, að flest rökin gegn því, að hér á landi sé leyft að brugga og drekka áfengt öl, eru í eðli sínu rök gegn áfengisneyslu yfirleitt. Þau rök eru að sjálfsögðu gild sem slík, en varla verður það á dagskrá næstu árin að banna áfengi alfarið, enda hafa Íslendingar og aðrar þjóðir heldur slæma reynslu af slíku banni. Sérstakar mótbárur gegn bjórnum hafa einkum verið þær,

að bjórneyslan bætist við áfengisneyslu þjóðarinnar og fólk byrji að drekka fyrr á ævinni og líkur á daglegri drykkju á vinnustöðum aukist. Öll þessi sjónarmið eiga fullan rétt á sér og taka ber tillit til þeirra þegar um þessi mál er rætt og ákvörðun tekin. Að mínu mati breyta þau samt ekki niðurstöðunni, en það er skoðun mín að fólki hér á landi eigi að gefast tækifæri til að drekka bjór fyrst á annað borð er verið að leyfa áfengisneyslu. Þegar bjórinn verður leyfður ber þó að hafa þessi viðhorf og reynslu annarra þjóða í huga. Grundvallarspurningin er auðvitað: Hvers vegna getum við ekki fengið að drekka bjór hér á landi fyrst okkur er treyst til að drekka vín, bæði sterk og veik? Slíkt lögbundið bann, sem stríðir gegn siðgæðishugmyndum manna, er fremur fallið til þess að fólk haldi áfram að umgangast áfengi með því tvískinnungsviðhorfi sem einkennir drykkjuvenjur Íslendinga.

Nú geta allir sem vilja bruggað eigin bjór, ef þetta frv. fer ekki í gegn a. m. k., og svo rammt kveður að þessum heimilisiðnaði, að nú hefur það frv., sem hér er til umr., verið lagt fram. Á sama tíma geta flugliðar og farmenn flutt inn bjór til landsins og í sendiráðum erlendra ríkja hérlendis er drukkinn íslenskur bjór. Þannig er ekki bannað að neyta bjórsins, heldur aðeins að brugga hann og selja. Slík mismunun verður að sjálfsögðu óþolandi í augum þess fólks sem telur sig geta umgengist bjór með viðlíka hætti og útlendingar og íslenskt sérréttindafólk í þessum efnum. Engin kaffihúsamenning þrífst hér á landi. Ef menn vilja hittast annars staðar en á einkaheimilum eftir kl. 9 á kvöldin er það varla hægt nema á börum sem eru áfastir matsal og fyrsta flokks eldhúsi, því að enginn fær vínveitingaleyfi nema slíkum skilyrðum sé fullnægt. Sumir halda því fram, að bjórinn geti verið „kommúnikasjónsmiðill". Hann er tilvalinn mjöður til að hafa um hönd þegar menn koma saman til að slaka á og ræða málin án þess að stofna þurfi til allsherjar fyllirís.

Hér skal ekki farið út í þá sálma að bera saman gæði bjórs og annars áfengis, en benda má á þýðingu Halldórs Laxness á grein, sem birtist í heilbrigðisdálki Süddeutsche Zeitung í München 26. apríl 1977. Í inngangi þeirrar þýðingar segir Halldór Laxness m. a., með leyfi forseta:

„Fróðlegt er að heyra, hverju hlutgengir menn í heilbrigðismálum Þýskalands, þessa miklu bjórneyslulands, halda fram um þennan drykk, og bera saman við ýmislegt sem skrifað er um málið hér á landi, ekki síst með tilliti til þess, að hér veit almenningur ekki gjörla um hvað verið er að tala þegar bjór er á dagskrá, þar sem drykkurinn hefur verið kriminaliseraður hjá okkur í tvær kynslóðir, þ. e. a. s. látinn jafngilda glæp allar götur síðan árið 1905."

Þetta er tekið úr bókinni: „Sei, sei, jú, mikil ósköp", á bls. 121, en hún var gefin út af Helgafelli 1977.

Í umr. um þann þátt áfengismálanna, sem hér er á dagskrá, er ekki eingöngu á það að líta, hvort leyfa skuli sölu áfengs öls, heldur einnig hvernig að sölunni skuli staðið, ef leyfð verður. Skoðun mín er sú, að varlega eigi að fara af stað í þeim efnum. Ég er alfarið á móti því að bjór verði til sölu í matvörubúðum, eins og víða tíðkast. Til að byrja með er eðlilegt að hann verði einungis seldur í útsölustöðum ÁTVR og þá aðeins í heilum og hálfum flöskum. Meira að segja kæmi til greina að fara enn hægar í sakirnar fyrst í stað og takmarka söluna við vínveitingahúsin þannig að engar flöskur verði í umferð, heldur verði bjórinn einungis framreiddur í glösum. Slíkt kemur í veg fyrir fylliríá vinnustöðum og í ljós kemur hvort Íslendingar þola drykkinn verr en aðrar þjóðir.

Sem kunnugt er hefur mesti styrrinn staðið um millisterka ölið í nágrannalöndunum. Af þeim sökum mætti reyna þá aðferð hér að reyna fyrst í stað aðeins sölu bjórs með tilteknu áfengismagni og feta sig áfram á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist með þeim hætti. Að sjálfsögðu hefur löggjafarvaldið síðasta orðið um það, hvort og hvernig skuli ákveða afnám bjórbannsins. Eðlilegast sýnist mér að almenningur ákveði það sjálfur í þjóðaratkvgr., enda virðist það vera regla hér á landi að almenn atkvgr. fari fram um það hvort opna skuli útsölur á viðkomandi stöðum. Bjórmálið skiptir mönnum ekki í stjórnmálaflokka. En niðurstöður slíkrar þjóðaratkvgr. gætu verið leiðbeinandi fyrir þm., enda má búast við að í umr. um slíka atkvgr. komi fram gnægð raka og gagnraka í málinu til að moða úr. Alþ. gæti kosið n. til að útbúa þá till. sem leggja skal fram um málið. Í henni þarf að vera greinargóð lýsing á framkvæmd málsins, þar sem m. a. er tekin afstaða til þeirra þátta sem hér hafa verið gerðir að umræðuefni.

Önnur atriði nátengd bjórmálinu eru viðhorf yfirvalda til rekstrar vínveitingahúsa hér á landi. Og um þau mál er fjallað enn fremur í áfengislöggjöfinni sem hér stendur til að breyta. Það getur varla verið lögmál að aðeins megi selja áfengi á stöðum sem hafa eldhús af vissri stærð, og það getur varla verið náttúrulögmál að loka beri skemmtistöðum á mínútunni hálftólf. Aukin fjölbreytni og frjálsari reglur hljóta á næstunni að koma til athugunar í þessum efnum. Í þessu sambandi er rétt að rifja það upp, að hæstv. dómsmrh. hefur í vetur, á þessu þingi, komið fram með nokkur frv., sem leiða til lækkunar á ýmsum réttindaaldri hér á landi, svo sem lögræðisaldri og hjúskaparaldri, og það er eðlilegt að réttindi til þess að fá að drekka vín fyrir þá, sem vilja drekka vín, lækki að sama skapi. Hér væri um að ræða viðurkenningu á staðreynd, en öllum er ljóst að 18—20 ára ungmenni fá aðgang að vínveitingahúsum og nánast er útilokað fyrir viðkomandi aðila að greina aldursmun á þeim og öðrum sem eru litlu eldri.

Mér er að fullu ljóst að íslenska þjóðin á við áfengisböl að stríða. Fáum kemur til hugar allsherjarbann í alvöru. Framboði á áfengi ber því að halda innan ákveðinna marka, þannig að freistingin blasi ekki alls staðar við. Að mínu áliti ber þó fyrst og fremst að draga úr eftirspurninni, og slíkt verður ekki gert með boðum né bönnum, heldur skilvirkri og skynsamlegri fræðslu um afleiðingar drykkjunnar. Með breyttum reglum gefst kostur á nýjum umgengnisvenjum, heilbrigðara almenningsáliti og nýrri og haldbetri viðspyrnu. Fræðslustarf áhugamannasamtaka og opinberra aðila er happadrýgsta aðferðin og skilar miklu meiri árangri en boð og bönn sem stríða gegn skynsemi almennings og leiða til virðingaleysis gagnvart lögum og reglum.

Ég hef leyft mér að rifja þetta mál upp á þessum stað og í þessum umr. til þess að benda hv. þingheimi á að það er ýmislegt fleira, sem þarf breytinga við í áfengislöggjöfinni, heldur en þær till. sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram. Nú gætu sumir spurt: Hvert er maðurinn að fara? Ætlar hann að gera þessa þjóð algerlega örvita, ætlar hann að hella áfengi ofan í börnin, ætlar hann að hella áfengi og bjór ofan í hvert mannsbarn í landinu? — Í þessu sambandi er ástæða til þess að benda sérstaklega á það, að formaður SÁÁ, Sambands áhugamanna um áfengisvarnir, Hilmar Helgason, hefur í vetur skrifað

margar ágætar greinar í blöð þar sem hann hefur bent á fjölmörg atriði — ég ítreka: fjölmörg atriði í áfengislöggjöfinni sem þarf að breyta.

Það er t. d. athyglisvert, að í áfengislöggjöfinni eru ákvæði um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, útsölur hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitinga áfengra drykkja, megi aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu. Nú er það á allra vitorði að opinberir aðilar fara ekki svona að, það er ekki um staðgreiðsluviðskipti að ræða hjá þeim, þannig að samkv. lögum um áfengismál þjóðarinnar ætti að setja fjölmarga opinbera aðila í tugthús, alla vega sekta þá. Í áfengislögum er líka að finna ýmsar aðrar skrýtnar klásúlur, eins og t. d. að áfengi megi ekki afhenda né veita neinum sem er bersýnilega ölvaður. Óheimilt er að selja þeim manni áfengi er sekur hefur gerst um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins jafnóðum hverjir gerst hafa sekir um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Hverjum dettur í hug að slík lagagrein eigi heima í íslenskum lögum á því herrans ári 1979?

Svona atriði mætti telja upp fleiri, og það er athyglisvert að lesa grein eftir Hilmar Helgason, sem birtist í Morgunblaðinu föstudaginn 2. mars 1979, þar sem hann er að svara Halldóri Kristjánssyni, sem er kenndur við Kirkjuból, og sýnir fram á að það er ekki eingöngu hægt að ræða um þessi mál á grundvelli þeirra umr. sem hér hafa farið fram um fjölmörg undanfarin ár og hafa fyrst og fremst verið á heimavelli bindindissamtakanna í landinu. Hér er þó á engan hátt verið að sneiða að þeim samtökum sem ég veit að hafa unnið á margan hátt ákaflega gagnmikið starf. En það er athyglisvert að þeir menn, sem hafa reynslu sjálfir af áfengisbölinu, leggja til allt annað. Þeir telja að hluti af áfengisvandamálum þjóðarinnar sé sá, að það séu of stífar reglur, of þröngar reglur í lögum þannig að hér gefist ekki tækifæri til að umgangast áfengi eins og gerist meðal annarra svokallaðra siðaðra þjóða. Allt þetta verður þó að skiljast með því hugarfari, að því er ekki þannig farið að hægt sé að banna alfarið áfengi hér á landi. Um það hefur ekki heldur verið beðið, og frv. hæstv. ráðh. er eingöngu byggt á því að afla meiri tekna í ríkissjóð.

Ég veit, herra forseti, að það er áreiðanlega ekki gaman í þínum sporum né annarra hv. þdm. að sitja hér og hlusta á þessa bindindisprédikun sem ég hef flutt hér úr ræðustólnum. En mér þykir það leitt að ég gat ekki beint máli mínu til hæstv. fjmrh. og rætt um þann þáttinn sem þetta frv. gerir ráð fyrir, en það er tekjuþáttur ríkissjóðs í málinu. En ég vil leyfa mér að segja það, að ef þetta frv. fer áfram hér í þinginu til n. og út úr n., þannig að ætlunin sé að ljúka því á þessu þingi, þá mun ég leyfa mér ásamt öðrum þm. að bera fram till. um rökstudda dagskrá sem mundi þá að sjálfsögðu vera byggð á þeim rökstuðningi sem ég hef hér lýst og lýsti reyndar áður í ræðu við þessa umr., að við höfum í vetur rætt ýmis önnur atriði áfengislöggjafarinnar, ég er flm. að einu slíku frv. og mér finnst full ástæða til þess að taka það frv. og aðrar hugmyndir, sem komið hafa fram í þessum umr., og gera þeim skil um leið og áfengislögin eru endurskoðuð í heild. En að taka eitt atriði út úr aðeins vegna þess að það vantar fjármagn í ríkiskassann, það nær ekki nokkurri átt. Þess vegna mun ég ásamt öðrum hv. þm. í þessari d. beita mér fyrir því, að málinu verði ekki lokið á þessu þingi.

Það hefði vissulega verið ástæða til þess að fjalla hér miklu ítarlegar um áfengismálin, fara ofan í þær upplýsingar sem hafa komið annars vegar frá bindindissamtökunum og hins vegar í umsögnum fjölmargra aðila sem sendu allshn. Nd. umsagnir vegna hugsanlegra breytinga á áfengislögunum. En það verður ekki gert að sinni. Það verður látið bíða þess tíma þegar áfengislöggjöfin verður tekin fyrir í heild sinni og henni breytt, sem væntanlega verður gert næsta haust, þegar hæstv. fjmrh. er ljóst að hann á ekki erindi sem erfiði í þessu máli ef hann ætlar að þrýsta því í gegn á þessu þingi.

Alþt. 1978. B. (100. löggjafarþing).

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 98. fundur.

Föstudaginn 18. maí, kl. 5 síðdegis.

Farstöðvar, þáltill. (þskj. 480, n. 723). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað till. til þál. um notkun farstöðva, 237. mál. Þessi þáltill. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta endurskoða fjarskiptareglur Pósts og síma að því er varðar notkun farstöðva í bifreiðum og öðrum farartækjum, á vinnustöðum, í heimahúsum og á víðavangi. Endurskoðunin taki mið af þeim tæknilegu framförum, sem orðið hafa í framleiðslu fjarskiptatækja að undanförnu, og stefni að því að um notkun farstöðva gildi raunhæfar reglur, sem dragi ekki úr gildi stöðvanna sem öryggistækja."

Undir nál. rita Páll Pétursson, Vilmundur Gylfason, Gunnlaugur Stefánsson, Ellert B. Schram, Lárus Jónsson og Bjarnfríður Leósdóttir. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ólafur Ragnar Grímsson.

Ég held að ekki sé ástæða til á þessu stigi málsins að gera nánari grein fyrir þessari afgreiðslu, ég held að hún sé fullnægjandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verksmiðjuframleidd hús, þáltill. (þskj. 116, n. 785). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. hefur borið fram á þskj. 785 nál. um till. til þál. um verksmiðjuframleidd hús. Nál. hljóðar þannig:

„N. hefur athugað till. og aflað umsagna um hana frá Húsnæðismálastofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. N. leggur til að till. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram á árunum 1979—1980 ítarlega könnun á hagkvæmni verksmiðjuframleiddra húsa. Verði niðurstöður könnunarinnar jákvæðar verði hafin skipuleg áætlunargerð í þessu efni. Stuðst verði við reynslu annarra þjóða og þá reynslu og þekkingu, sem hér er þegar fengin. Kannað skal sérstaklega hvernig framleiðsla og í hvaða formi hentar best til lækkunar byggingarkostnaðar, svo og

skulu landshlutasjónamið höfð rækilega til hliðsjónar við áætlunargerð og aðgerðir allar."

Þetta er dagsett 15. maí og undir það skrifa Páll Pétursson, Ellert B. Schram, Vilmundur Gylfason, Bjarnfríður Leósdóttir, Lárus Jónsson, Gunnlaugur Stefánsson og Ólafur Ragnar Grímsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurskoðun laga um almannatryggingar, þáltill. (þskj. 371, n. 784). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. barst till. til þál. um endurskoðun laga um almannatryggingar og undirbúning löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, á þskj. 371, flm. Alexander Stefánsson o. fl. N. athugaði till. þessa. Hún er um viðamikið mál. Þetta mál er til meðferðar hjá ríkisstj., þar er nefnd að störfum sem vinnur að hluta þessa verks. En þarna eru talin upp fleiri atriði en við höfum vissu fyrir að nefndin væri að vinna að, og þess vegna þótti okkur mikilvægt að afgreiða þessa till. og koma henni á framfæri við nefndina. Þess vegna hljóðar texti nál. þannig:

„N. hefur athugað till. og telur rétt að vísa henni til ríkisstj. með jákvæðri umsögn.

Alþingi, 16. maí 1979.

Páll Pétursson, Ellert B. Schram,
Vilmundur Gylfason, Lárus Jónsson,
Bjarnfríður Leósdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson,
Gunnlaugur Stefánsson."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Uppbygging símakerfisins, þáltill. (þskj. 519, n. 786) — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. fékk til meðferðar till. á þskj. 519 frá Jóni Kristjánssyni um auknar framkvæmdir í uppbyggingu símakerfisins. Þar var Alþ. ætlað að fela ríkisstj. að láta athuga áætlanir um uppbyggingu og endurbætur á símakerfinu og það töldum við vera mikilvægt mál, en hins vegar kostar það töluvert. Við töldum rétt að vísa þessari till. til ríkisstj. Undir það skrifa Páll Pétursson, Ellert B. Schram, Vilmundur Gylfason, Bjarnfríður Leósdóttir, Lárus Jónsson, Gunnlaugur Stefánsson og Ólafur Ragnar Grímsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 56, n. 467 og 498). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 467 er nál. um 51. mál 100. löggjafarþings, nál. meiri hl. utanrmn. um till. til þál. um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll. N. varð ekki sammála í afstöðu sinni til till. Meiri hl., en hann skipa Árni Gunnarsson, Vilmundur Gylfason, Gils Guðmundsson og Jónas Árnason, allt hv. þm., leggur til að till. verði samþ. með svofelldri breytingu:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að beina því til utanrmn. að hún láti fara fram ítarlega úttekt á fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar, enda hafi n. vald til þess að kalla þá fyrir sig, sem hún telur eiga hlut að máli.

Utanrmn. skal kanna viðskipti félagsins og dótturfyrirtækja þess frá upphafi, umfang viðskipta, verðákvarðanir, ágóða og skiptingu arðs. Þá skal n. kanna önnur viðskipti við varnarliðið.

N. skal gefa almenningi kost á að fylgjast með þessari upplýsingaöflun.

N. leggi niðurstöður sínar fyrir Alþ. í formi skýrslu eða tillögugerðar."

Þetta var undirritað 19. mars 1979.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Í þessu máli, sem hér er á dagskrá, hefur utanrmn. Alþ. klofnað, aldrei þessu vant, og ætla ég að mæla hér fyrir áliti minni hl. í örstuttu máli.

Eins og hv. flm. till. og frsm. meiri hl. greindi frá sameinuðust fulltrúar Alþfl. og Alþb. í þessari hv. n. um till. í breyttu formi. Út af fyrir sig tel ég að nýja formið sé betra, þannig að till. hafi tekið breytingum til bóta. Það er sem sagt ekki meiningin að n. rannsaki hverjir eigi fremur að græða en þeir sem hingað til hafa grætt og fleira í þeim dúr.

Ég vil taka það fram að marggefnu tilefni, að það er ekki vegna þess að ég sé mótfallinn því að kannaðir séu þessir þættir, þ. e. a. s. verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Það hefur nokkuð verið gert. Það var skipuð nefnd í þeirri tíð sem ég var í utanrrn., mynduð af ýmsum aðilum sem gátu tekið að sér þarna verk, sumum sem höfðu þarna verk, öðrum sem sóttust eftir að fá þarna verk, ásamt fulltrúum frá Verktakasambandi Íslands, með þátttöku manns úr utanrrn. Athugun nefndarinnar var ekki lokið þegar fyrrv. stjórn fór frá, en nú skilst mér og það liggur raunar fyrir að hæstv. núv. utanrrh. hafi stofnað til athugunar og endurskoðunar á fyrirkomulagi framkvæmda á vegum varnarliðsins. Við viljum treysta því, að grg. rn. um slíka athugun verði lögð fyrir utanrmn. Alþ. þegar henni er lokið, og ég vænti þess, að hún eigi ekki að þurfa að taka mjög langan tíma. Því höfum við lagt til að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá sem prentuð er á þskj. 498.

Ég ætla að segja til viðbótar þessu, herra forseti, — ég skal verða mjög stuttorður, — það sem ég hef oft tekið fram hér áður og er einlæg meining mín, að nefndir Alþingis hafi að óbreyttum þingsköpum og að óbreyttum aðstæðum ekki möguleika eða vald til þess að framkvæma úttekt eins og þarna er farið fram á. Ég tel ástæðulaust í þeirri tímaþröng sem hér ríkir nú að vera að rökstyðja þetta miklu nánar, en ég vil ekki að þeim skilningi sé haldið á loft að ég sé með þessari afstöðu að halda hlífiskildi yfir þeim sem fram að þessu hafa stundað verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, ekkert frekar en ég óski eftir því að halda hlífiskildi yfir t. a. m. Flugleiðum og Eimskipafélagi Íslands, eins og till. liggur raunar fyrir um að athuguð verði, eða Sambandi ísl. samvinnufélaga. Ég er aðeins með þessu að segja, að ég tel ekki að hér sé verið að benda á réttan aðila til að framkvæma slíka úttekt.

Ég hefði kosið — og ætla að endurtaka það einu sinni

enn, að embætti umboðsmanns Alþingis kæmist á fót og það fengi aðstöðu og möguleika til þess að framkvæma þær rannsóknir sem Alþ. telur sér nauðsynlegt að framkvæmdar séu. Og ég get vel skilið það sjónarmið margra hv. þm., að þeir vilja að Alþ. sé virkara í því að hafa eftirlit með því að þau lög, sem það samþykkir, séu framkvæmd og séu réttilega framkvæmd. En till. okkar liggur fyrir á þskj. 498, herra forseti.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er verið að ræða þáltill. sem hefur fengið afgreiðslu í n., og n. er klofin í málinu eins og hv. frsm. hafa gert grein fyrir. Ég vil ekki láta hjá líða að taka til máls um þetta efni og lýsa skoðunum mínum á einum þætti þessara mála sem varðar verktakaiðnaðinn á Keflavíkurflugvelli. Fyrst af öllu er þó rétt að taka það fram, að ég styð till. minni hl. hv. utanrmn., enda er verið að vinna að þessum málum um þessar mundir. Það hefur starfað nefnd á vegum utanrrn., sem hefur ekki endanlega lokið störfum og er að kanna verktakaiðnaðinn á Keflavíkurflugvelli og athuga með hverjum hætti hentugast sé að koma honum fyrir. Þessari nefnd er ætlað að ljúka störfum nú í sumar, en seinni hluti starfsins felst í að meta þann árangur sem orðið hefur í vetur, og vera má að sú úttekt komi til með að ýta enn frekar á þetta mál en hefur verið að undanförnu.

Um rannsóknarhlutverk utanrmn. og um nefndastörf í þeim anda almennt hér á þingi ætla ég ekki að vera margorður að sinni. Ég hef í umr. um Eimskipafélag Íslands og Flugleiðir skýrt frá skoðun minni í því sambandi, og ég er flm. að þáltill. um að stjórnvöld leggi þegar í stað fram frv. um umboðsmann Alþingis, sem hv. frsm. minni hl. gat um áðan, og tel það til stórra bóta ef Alþ. tæki að sér meiri þátt í slíkum störfum en það hefur gert hingað til.

Það mál, sem hér er um að ræða, er hins vegar á nokkurn hátt viðkvæmt mál og á sér langa sögu — sögu frá þeim tíma þegar verktakastarfsemin var að slíta barnsskónum hér á landi og þegar verktakastarfsemin á Keflavíkurflugvelli var í höndum erlendra aðila og tilraun varð gerð af Íslendinga hálfu til að taka þann iðnað yfir. Þá var stofnað til Sameinaðra verktaka, en ætlunin með þeirri stofnun var að sameina íslenska verktaka í því skyni að þeir gætu haft bolmagn til þess að taka að sér verk á Keflavíkurflugvelli og verða þannig arftakar erlendra verktaka. Af sérstökum ástæðum, einkum þó skattalegum og ég vil segja skattalegri þröngsýni yfirvalda hér á landi, sem jafnan hefur einkennt stjórnvöld, varð að loka félaginu í stað þess að félagið væri opið og aðilar að því væru einungis þeir sem tækju að sér verk hverju sinni. Síðar meir, tveimur árum seinna eða svo, var stofnað nýtt félag, Aðalverktakar, sem sá um yfirstjórn þessara verka. Sá aðili vinnur ekki sjálfur verkin, heldur býður þau út til annarra verktaka, þ. á. m. Sameinaðra verktaka og tveggja verktaka annarra sem eru á Suðurnesjum, Suðurnesjaverktaka og Keflavíkurverktaka. Þetta mál á þess vegna langa sögu. Því má ekki heldur gleyma, að aðilar að Aðalverktökum eru auk Sameinaðra verktaka Reginn hf., sem var stofnað, að mig minnir, á stríðsárunum, og hins vegar ríkið, og það er utanrrh. sem skipar mann í stjórn þessa fyrirtækis.

Nú þegar talsverður tími er liðinn frá því að Íslendingar stofnuðu eigin verktakafyrirtæki þarf að kanna hvort ekki sé kominn tími til að breyting verði á þeim málum í viðskiptum við varnarliðið. Að því leytinu til er full ástæða til að ræða þetta mál. Með því er engin afstaða tekin til þess, sem gert er í nál. meiri hl., að það þurfi einhverja sérstaka rannsókn á þessu fyrirtæki umfram önnur fyrirtæki í landinu eða einhverjar sérstakar heimildir til þess að rannsaka þetta fyrirtæki umfram þær heimildir sem eru fyrir í íslenskum lögum um það, hvernig stjórnvöld geta rannsakað rekstur íslenskra fyrirtækja. Á þessu vil ég gera skýran greinarmun og sný mér miklu frekar að þeim þætti málsins, sem er miklum mun merkilegri, ef einhver áhugi er á því í þessari hv. stofnun að hugsa um framtíð íslenskra atvinnuvega.

Hér er nú risinn upp verktakaiðnaður og samtök hans eru orðin 10 ára gömul. Það er kannske kominn tími til þess vegna að íhuga hvort ekki eigi að verða breytingar í þessum málum, ekki einungis að því er varðar viðskipti við varnarliðið, heldur enn fremur á aðstöðu verktakanna gagnvart fjölmörgum ríkisfyrirtækjum í landinu. Ég vil rifja það upp hér, að hv. þm. Ellert B. Schram flutti í vetur mjög merkilega þáltill. þar sem lagt var til að stjórnvöld létu vinna frumvinnuna sem gæti orðið grundvöllur fyrir því að verktakastarfsemin í landinu, hin almenna verktakastarfsemi, verktakaiðnaðurinn, tæki að sér ýmis verk sem nú eru í höndum opinberra aðila, einkum og sér í lagi þó Vegagerðarinnar annars vegar og Vita- og hafnamálaskrifstofunnar hins vegar. Þetta er sá háttur sem hafður er á víðast hvar annars staðar, þar sem einhver verktakaiðnaður er starfandi og hefur ótvíræða kosti. Þetta hefur m. a. þann kost við hagstjórn, að hægt er að draga saman og þenja út framkvæmdir með allt öðrum og betri hætti en tíðkast þegar opinberar stofnanir eiga og reka öll tæki sín. Ég skal ekki verða langorður um þann þátt, svo augljós sem hann er, en því miður höfum við Íslendingar ekki borið gæfu til að nýta okkur þá starfshætti sem víðast hvar eru tíðkaðir í vestrænum ríkjum. Verktakaiðnaður hér á landi á við erfiðleika að stríða, þar sem hann er ekki nægilega stór og öflugur til þess að þola þær miklu sveiflur sem verða hér á landi í ýmsum framkvæmdum, bæði framkvæmdum opinberra aðila og framkvæmdum einkaaðila, sem háttar þannig um að eðlilegt er að boðnar séu út og verktakar taki að sér.

Ég vil enn fremur minna á það í þessu máli, að í samningum við Bandaríkin er tekið skýrt fram að við framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli eigi að taka tillit til atvinnuástands hér á landi. Ég sé ekki ástæðu til annars en skýra það svo, að þegar um er að ræða samdrátt í vissum greinum hér á landi, t. d. opinberum framkvæmdum, sé opin leið til þess að örva framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli — nauðsynlegar framkvæmdir — sem varnarliðið og íslensk stjórnvöld hafa komið sér saman um að þar eigi sér stað. Á þetta vil ég minna, því að ég hygg að kunni að hafa orðið nokkur misbrestur á framkvæmd þessa ákvæðis. Um þetta vita að sjálfsögðu miklu betur en ég utanrrh., og ég vænti þess að fyrrv. hæstv. utanrrh., Einar Ágústsson, skýri þingheimi frá þessari klásúlu, ef efni standa til, síðar í umr. hér á þinginu.

Einn er sá þáttur þessa máls enn fremur sem veldur erfiðleikum, og það er það tollfrelsi sem Aðalverktakar njóta í starfseminni á Keflavíkurflugvelli og gerir að verkum að það er erfiðleikum bundið fyrir önnur fyrirtæki að starfa á varnarsvæðinu og eins fyrir Aðalverktaka, eða þá sem stunda vinnu innan svæðisins, að nota

tæki sín utan vallarsvæðisins. Á þessu hafa að vísu verið gerðar mikilvægar undantekningar og sú stærsta og mikilvægasta er sú þegar lagður var fullkominn vegur með nútímalegum hætti frá Keflavík til Reykjavíkur.

Til þess að koma til móts við hin nýju sjónarmið er hægt að fara ýmsar leiðir. Það átti einmitt sú nefnd að kanna sem hefur verið starfandi um hríð. Einkum koma þrjár leiðir til greina: Að Aðalverktakar haldi áfram að vera aðalverktakar, en fleiri taki verk af þeim. Í öðru lagi, að fyrirtækið Aðalverktakar verði opnað og miklu fleiri aðilum gefinn kostur á að gerast hluthafar í því. Og í þriðja lagi er hægt að hugsa sér að opinberir aðilar kæmu þarna inn á milli og gerðust eins konar milliliðir í þessu máli, rétt eins og væri verið að fara með opinberar framkvæmdir. Það væri gert vegna þess að ef um óhefta samkeppni íslenskra aðila væri að ræða mætti búast við svipaðri niðurstöðu og varð þegar Bifröst og Eimskipafélag Íslands áttust við um flutningana fyrir varnarliðið frá Bandaríkjunum til Keflavíkur. Það er að vísu e. t. v. eðlilegasta leiðin þegar litið er á málið frá beinhörðu viðskiptasjónarmiði, en þegar við höfum hagsmuni Íslendinga til hliðsjónar til langs tíma gæti verið eðlilegt að milliliðir af Íslands hálfu væru í þessum samningum. Hér skal ég ekki leggja dóm á, hvaða leið sé heppilegust, né heldur á það, hvort aðrar finnist sem haldbærari eru, en þetta eru þó aðalatriði málsins. Það er hins vegar hégómamál, sem við erum að ræða í þessari þáltill. og er hluti af þeirri „rannsóknastarfsemi" sem hér hefur riðið húsum í vetur og er núna aðeins broslegt gamanmál sem maður les um við og við í blöðum bæjarins. Ég er þó ekki með þessu að segja að tilgangurinn hafi verið „billegur" hjá flm. Þar var öðrum þræði verið að kanna hvort formlega væri hægt að fela þn. slíkt mál. Sá tilgangur er út af fyrir sig góðra gjalda verður, en þarf ekki endilega að bitna á viðkomandi málefni þegar nokkuð skýrt liggur fyrir hjá þeim, sem nenna að kynna sér málavöxtu, um hvað málið raunverulega snýst.

Ég hef undir höndum bréf sem fóru milli hæstv. utanrrh. og Íslenska verktakasambandsins, og þar kemur fram m. a., sem ég held að sé til upplýsinga fyrir hv. þingheim, að hæstv. utanrrh. er þeirrar skoðunar, að í stofnsamningi Íslenskra aðalverktaka felist engin skuldbinding um að þeir skuli hafa einkarétt á verkunum, heldur getur hæstv. utanrrh. gert um það frá ári til árs. Þetta er mikilvæg staðreynd sem við verðum að hafa í huga.

Mig langar til, herra forseti, að fá leyfi til að lesa upp grg. um verktöku fyrir varnarliðið, því að í þeirri grg. koma fram þau viðhorf sem voru uppi í því nefndarstarfi sem vísað er til í till. minni hl. utanrmn. og er aðaluppistaðan í rökstuðningi hans. Og hef ég þá lesturinn, með leyfi forseta:

„Greinargerð um verktöku fyrir varnarliðið.

Hinn 3. ágúst 1978 skipaði þáv. utanrrh., Einar Ágústsson, þriggja manna nefnd til þess að taka til athugunar mál sem snerta verktöku fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Formaður nefndarinnar var skipaður Páll Ásgeir Tryggvason sendiherra, en aðrir nm. Gunnar Gunnarsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Íslenskum aðalverktökum sf., og Ármann Örn Ármannsson tilnefndur af Verktakasambandi Íslands, en hann er formaður þess. Undir lok ágústmánaðar ákvað ráðh. að bæta tveim mönnum í nefndina og voru það þeir Jón H. Jónsson, framkvæmdastjóri Keflavíkurverktaka, og Jón B. Kristinsson, formaður Suðurnesjaverktaka, og voru þeir tilnefndir af fyrirtækjum sínum.

Nefndin kom fyrst saman til fundar 22. ágúst s. l., en hefur alls haldið sex fundi. Vegna sumarleyfa og annarra fjarvista reyndist oft nokkuð erfitt að ná öllum nm. saman, en annars fór töluverður tími í alls konar gagnaöflun.

Upphaflegt sjónarmið Verktakasambands Íslands kemur fram í bréfi, sem ritað var utanrrh. 6. mars 1978, og fylgir það grg. þessari sem fskj. nr. 1. Till. þessum var svo fylgt úr hlaði á fyrsta og öðrum fundi nefndarinnar. Um þetta segir svo m. a. í fundargerð annars fundar:

„Formaður setti fundinn og bauð sérstaklega velkomna þá Jón B. Kristinsson og Jón H. Jónsson, sem skipaðir höfðu verið í nefndina til viðbótar þeim er fyrir voru eftir fyrsta fund hennar. Hann sagði stuttlega frá fyrsta fundi nefndarinnar, sem hefði verið óformlegur, og gat þess að Ármanni Erni hefði verið boðið að heimsækja Íslenska aðalverktaka sf. á Keflavíkurflugvelli til þess að kynna sér starfsemina þar.

Ármann Örn skýrði frá því að hann hefði kynnt fyrir nm. till. þær um breytingar á verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli sem Verktakasamband Íslands hefði sent utanrrh. í mars s. l. Og þar sem hann gerði ekki ráð fyrir því, að nýju nm. þekktu þessar till., þá óskaði hann þess, að þeir kynntu sér þær, og fékk þeim afrit til aflestrar. Nokkrar umr. urðu um þessar till. Verktakasambandsins, en nýju nm. töldu sig þurfa nokkurn tíma til þess að kynna sér þær.

Jón B. Kristinsson lýsti stofnun og uppbyggingu Suðurnesjaverktaka hf. og skýrði stuttlega frá viðskiptum þeirra við Íslenska aðalverktaka og undirverktaka þeirra að undanförnu og óskum um frekari verkefni við varnarliðsframkvæmdir.

Jón H. Jónsson gerði grein fyrir störfum Keflavíkurverktaka hf. eða þeim 4 félögum sem að þeim stóðu. Hann gat þess sérstaklega, að félögin stæðu opin öllum iðnaðarmönnum á Suðurnesjum og gætu þeir fengið keypta hluti í viðkomandi félögum ef óskað væri eftir því.

Gunnar Þ. Gunnarsson skýrði frá starfsemi Íslenskra aðalverktaka sf. og gat þess m. a., hve mikill hluti framkvæmda væri unninn af undirverktökum. Hann upplýsti að verkkaupi, þ. e. varnarliðið, legði mikið upp úr því að hafa ávallt hæfan verktaka reiðubúinn til þess að taka að sér framkvæmdir án mikils fyrirvara. Hann sagði skoðun sína byggða á langri reynslu, að nauðsynlegt væri að einn traustur og öflugur aðalverktaki hefði með höndum samningagerð við verkkaupa. Kanna mætti hvort ekki væri hægt að gefa fleiri aðilum kost á undirverktöku í einstökum greinum, svo sem t. d. málningu, trésmíði, pípulögnum og rafvirkjun. Gunnar Gunnarsson lagði fram minnisblað um varnarliðsframkvæmdir almennt og er það merkt sem fskj. nr. 2."

Það skal tekið fram sem innskot, að ég hef þessi fskj. hér ef hv. þm. kæra sig um að lesa þau frekar og kynna sér hvernig þessi mál standa, í stað þess að skemmta sér við *þá iðju að hugsa til þeirrar framtíðar að þeir geti setið hér* í forsæti í rannsóknarrétti og kallað til sín menn eftir eigin hentugleikum. Heldur þá lesturinn áfram:

„Á þriðja fundi lagði svo Gunnar Gunnarsson fram umsögn um framkvæmd verksamninga við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli og er hún merkt sem fskj. nr. 3.

Ármann Örn Ármannsson lagði svo fram spurningar vegna Íslenskra aðalverktaka sf., sem lögð var fram á

fundi 28. 9. 1978. Var öllum þessum spurningum svarað á fjórða fundi nema spurningu 17, þar sem spurt er um verð í íslenskum krónum á steypu frá steypustöð kominni á vinnustað pr. kúbikyard og malbik pr. tonn af stöð." — Ég vil gefa hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni tækifæri til að hlæja smástund ef hann vill. (**ÓRG:** Alveg sjálfsagt.) Hv. þm. hefur lokið hlátri sínum og þá held ég áfram lestrinum.

„Á fimmta fundi lagði svo Ármann Örn Ármannsson fram bréfaskipti, er fram höfðu farið milli Verktakasambands Íslands og utanrrh., en það eru bréf til utanrrh., dags. 20. okt. s. l., svarbréf ráðh. 8. nóv. og bréf frá Verktakasambandinu, dags. 11. s. m. Í ofangreindu svarbréfi ráðh. kemur fram, að hann mun óska eftir að Íslenskir aðalverktakar sendi utanrrn. till. um hvernig hægt sé að skipta þeim verkum, sem vinna á næsta ár, til undirverktaka að sem allra mestu leyti. Það upplýstist á þessum nefndarfundi, að fundur var fyrirhugaður daginn eftir milli Verktakasambandsins og Aðalverktaka.

Á fjórða fundi hafði verið samþykkt að hver verktakafulltrúi í nefndinni kæmi með drög að till. á næsta fund, sem síðan yrði reynt að samræma sem till. til ráðh. En þessar till. voru svo lagðar fram á fimmta fundi. Tillaga Verktakasambandsins hefur sérstöðu að því leyti, að hún leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað og endanleg leið verði valin eigi síðar en 1.7.1979 á grundvelli þeirrar reynslu sem fæst af væntanlegu samstarfi Verktakasambandsins og Aðalverktaka fram að þeim tíma. Voru allir nm. sammála um þá málsmeðferð að láta reynsluna skera úr. Er það því lagt til að ráðh. fresti endanlegri ákvörðun meðan samningaleiðin er reynd. Tillögur Íslenskra aðalverktaka, Keflavíkurverktaka og Suðurnesjaverktaka eru efnislega afar líkar, nánast eins að því er tillögur Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka varðar."

Ég læt hér lestri úr þessu bréfi lokið, en í því kemur glöggt fram, eins og ég sagði áður, að starfað hefur nefnd um þessi mál. Á grundvelli niðurstöðu nefndarinnar er nú beðið til 1. júlí á þessu ári, en á þeim tíma skal nefndin kölluð saman aftur og á þá að gefa skýrslu til ráðh. um hver reynsla hafi verið af hinu nýja starfsfyrirkomulagi.

Ég hef ekki flutt þessa ræðu í málþófstilgangi og sýnir það hvern innri mann sá hefur að geyma er fram í kallaði þegar hann taldi það vera. Ég flyt þetta mál til þess að sýna fram á, að það er út í bláinn að samþykkja þessa þáltill. á þessu þingi. Það verður að sjálfsögðu að bíða eftir niðurstöðu nefndar þeirrar sem þarna starfar, kanna að því starfi loknu hvernig reynslan hefur verið og kynna sér rækilega hvort ekki sé kominn tími til að breyta ástandinu í þá átt að fleiri geti verið þátttakendur í verktöku á Keflavíkurflugvelli. Um það á þetta mál að sjálfsögðu að snúast. Um það hins vegar, hvort ástæða sé til þess að setja rannsóknarrétt yfir þessu fyrirtæki, hef ég ekki fjallað í ræðu minni, ég hef gert það áður í ræðum mínum á hv. Alþ., en ég bendi mönnum á að einn hluthafinn í þessu fyrirtæki er íslenska ríkið og aðgang að öllum upplýsingum er afskaplega auðvelt að hafa, því að það er utanrrh. sem fer með þessi mál. Til glöggvunar fyrir hv. flm. vil ég geta þess, að hæstv. utanrrh. hefur nýlega skipað stjórnarmann í þetta fyrirtæki, þannig að það ættu að vera hæg heimatökin á því flokksheimili. Ef umr. um þetta mál eiga aftur á móti að snúast um rannsóknaratriðin er ég tilbúinn að endurtaka þá ræðu sem ég hef haldið hér á Alþ. fyrr um þau mál. En ég taldi kannske að bæði hv. flm. og fleiri hv. þm., sem sýna þessu máli áhuga og hafa skráð sig á mælendaskrá, hefðu í raun og veru áhuga á að kynna sér þetta mál í því skyni að kanna hvort við getum gert ungum og vaxandi verktakaiðnaði í landinu nokkurt gagn með breyttu fyrirkomulagi í framtíðinni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það ber að fagna því sérstaklega, að meiri hl. hefur myndast í hv. utanrmn. um að mæla með því við Sþ. að þessi till. verði samþ. Það er því miður staðreynd að fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. í þessari n. hafa tekið höndum saman og lagst gegn till., að mínum dómi án nokkurra gildra raka.

Ég vil aðeins víkja nokkrum orðum að þeim ræðum sem hv. alþm. Einar Ágústsson og Friðrik Sophusson fluttu til að andmæla þessari till., en áður en ég geri það vil ég lýsa alveg sérstökum stuðningi við Alþb. við að þessi till. fái framgang. Og ég held að það boði aukinn stuðning við breytt vinnubrögð, bæði hér á þinginu og í þjóðfélaginu, og það lýsi mjög sterkri samstöðu um nauðsynlega gagnrýni og aðhald í þjóðfélaginu að þessir tveir stóru flokkar skuli á Alþ. ná samstöðu um þetta mál. (**FrS:** Tveir jafnstóru flokkar.) Þeir stóru flokkar, sagði ég, hv. þm. Friðrik Sophusson. Það er vissulega að harma að ungir þm. Sjálfstfl. sérstaklega skuli ætla að feta í fótspor fyrirrennara sinna á hv. Alþ. og gerast sérstakir verndarar þeirra viðskiptahagsmuna Framsfl. og Sjálfstfl. sem þetta fyrirtæki er tákn um frá hinu fræga helmingaskiptastjórnartímabili þessara tveggja flokka. Svo glæsilegur minnisvarði eru Íslenskir aðalverktakar um það helmingaskiptatímabil að tveir núv. formenn beggja þessara flokka munu báðir hafa verið starfsmenn þessa fyrirtækis, ef ég man rétt.

Hv. þm. Einar Ágústsson vildi að till. um umboðsmann Alþingis kæmi í staðinn fyrir þá hugmynd um könnunar- og úttektarstarf Alþingis sjálfs sem er kjarni þessarar till. Ég hef heyrt þessa skoðun áður. Ég vil aðeins taka það fram að gefnu tilefni, að ég tel þetta sjónarmið vera byggt á misskilningi. Lög og hugmyndir um umboðsmannskerfið eða „ombudsmands"—kerfið, eins og það er kallað á erlendum málum, eru af allt öðru tagi. Sú stofnun „ombudsmands"-stofnunin, sem hefur verið sett á fót í nokkrum nágrannalöndum okkar, í Svíþjóð, Danmörku, Bretlandi og í nokkrum öðrum löndum einnig, er tæki einstaklinganna í þjóðfélaginu til þess að láta ganga úr skugga um hvort stjórnsýslulegar ákvarðanir embættismanna séu réttar eða sanngjarnar. „Ombuðsmands"-stofnuninni er ætlað að vera aðhaldstæki einstaklinganna gagnvart stjórnsýslukerfinu til að ganga úr skugga um hvort mismunun hafi átt sér stað eða annars konar misferli í meðferð opinberra mála, án þess að þar séu beinlínis sakamál á ferðinni. „Ombudsmands"-kerfið er á engan hátt þannig vaxið að því sé ætlað að taka fyrir almennar rannsóknir á stofnunum, fyrirtækjum eða öðrum þeim aðilum sem hér í vetur hafa verið gerðar till. um að væru teknir til meðferðar. Og það að rugla þessu saman er — ég vona að mér verði fyrirgefið þótt ég segi það — alger misskilningur á eðli þeirrar stofnunar sem á íslensku hefur verið kölluð umboðsmaður Alþingis, og þessi misskilningur kann að stafa af því, að heitið umboðsmaður Alþingis, sérstaklega nafn Alþingis, hefur verið tengt við íslenskun á þessari erlendu stofnun sem á flestum málum ber hið upprunalega heiti umboðsmaður. Það kann að villa um fyrir mönnum

og þeir að telja að hann sé einhver sérstakur fulltrúi Alþingis gagnvart stjórninni. Svo er alls ekki, þvert á móti. Umboðsmanninum er ætlað að vera algerlega óháður Alþ. á allan hátt. Ég vil undirstrika það, um leið og ég tel að þetta sé á algerum misskilningi byggt um eðli hugmyndanna um umboðsmannskerfið, að ég lýsi sérstökum stuðningi við að þær hugmyndir nái fram að ganga, en það er bara allt annað mál. Ég er hins vegar fylgjandi því að það nái fram að ganga. Ég held því, að ábendingar hv. þm. Einars Ágústssonar um hvaða aðili gæti sinnt þessu séu einfaldlega byggðar á misskilningi.

Ræða hv. þm. Friðriks Sophussonar var náttúrlega staðfesting á nauðsyn rannsóknar eða athugunar af þessu tagi, því að öll sú nákvæma lýsing, sem hann flutti hér með dagsetningum, nafngiftum og öllu öðru sem fylgdi upplestri hv. þm., sýndi náttúrlega hvers konar vettlingatök, hvers konar seinagangur og hvers konar erfiðleikar eru tengdir þeirri athugun sem hann vill byggja allt sitt á. Ég ætlaði mér, áður en hv. þm. tók til máls, að lýsa því sérstaklega yfir, að ég vantreysti þeirri athugun sem rn. er að vinna að og vísað er til í hinni rökstuddu dagskrá. Og ég þakka hv. þm. Friðrik Sophussyni alveg sérstaklega fyrir að hafa flutt hina nákvæmu lýsingu sem að mínum dómi staðfestir algerlega það vantraust. Þau vinnubrögð, sem þarna eru á ferðinni, og það starf snertir á engan hátt við því vandamáli sem þessi till. snýst um — ekki á nokkurn hátt. (**FrS:** Nei, það snýst um kjarna málsins.) Það er svo allt annað mál. Ef hv. þm. telur að það snúist um einhvern annan kjarna en kjarnann í þessari till. ber honum að flytja till. um þann kjarna. En það snertir ekki kjarnann í þessari till. og það er þess vegna algerlega út í hött að ætla sér að vísa henni frá með tilvísun til þessa nefndarstarfs, sem er af allt öðru tagi. Ég hafði vænst þess, að hv. þm. Friðrik Sophusson gæti fundið frumlegri og betri afsökun fyrir því að vera ekki með þessari till. en þá sem hann flutti hér.

Staðreyndin er sú, að fyrirtækið Íslenskir aðalverktakar liggur undir grunsemdum um margvíslega gróðaöflun, um vafasama ráðstöfun fjármuna, um hagsmunagæslu, sem á ýmsan hátt er óeðlileg, og margt fleira. Það leika grunsemdir á að í kringum þetta fyrirtæki hafi þróast netstarfsemi sem sé ekki eðlileg í þjóðfélagi okkar, og þær grunsemdir eru í raun og veru algerlega óháðar því hver á að vera þróun verktakastarfseminnar í landinu. Það er hins vegar almennara og stærra mál, sem hér er kannske sjálfsagt að ræða, en það er bara verið að drepa kjarna þessa máls, sem hér liggur fyrir í tillöguformi, á dreif með þeirri umr. sem hv. þm. Friðrik Sophusson beitti sér fyrir. Ég vil þess vegna beina því til hv. þm., sem treysta sér e. t. v. ekki til þess að vera með þessari till., að það komi fram skýrari og afdráttarlausari rök en þau sem tveir síðustu ræðumenn, sem töluðu á móti málinu, hafa flutt. Rök annars byggðust á misskilningi, rök hins voru um efnisatriði sem alls ekki koma þessu máli við.

Ég ætla hins vegar ekki — ég hef gert það áður í vetur — að taka til ítarlegrar umr. hugmyndir margra þm. um nauðsynlegar athugunar- og könnunarnefndir, en hv. þm. Friðrik Sophusson sagði að sú umr. væri nú eingöngu broslegt gamanmál í bænum. Ég get fullvissað hv. þm. um, að ef eitthvað er orðið gamanmál í þeirri umræðu er það sú ræða sem hv. þm. flutti sjálfur fyrr í vetur þegar málefni fyrirtækjanna Flugleiða og Eimskips komu til umr. á þingi. Atburðarásin hefur leikið þá ræðu svo grátt að ég ætla að hlífa hv. þm. við að rifja hana sérstaklega upp.

Hv. þm. Friðrik Sophusson sagði mjög auðvelt væri að fá upplýsingar um Íslenska aðalverktaka. Það vill nú svo til að ég hef reynt það. Ég hafði samband við háttsettan stjórnarmann í Íslenskum aðalverktökum fyrir nokkrum árum og óskaði tiltölulega einfaldra upplýsinga um fyrirtækið. Ég fékk þau svör, að hann gæti að vísu sagt mér persónulega ýmsa hluti, en slíkt væri alls ekki til birtingar, alls ekki til þess að ég mætti fara með það á opinberum vettvangi. Og það var víðs fjarri að hinn háttsetti stjórnarmaður fyrirtækisins teldi að það væri eitthvað sjálfsagt og eðlilegt mál að gefa opinberar upplýsingar um starfsemi þess. Hér tala ég af eigin reynslu, þannig að hv. þm. þarf ekkert að segja mér hvað er auðvelt að fá þarna upplýsingar. Staðreyndin er nefnilega sú, að í þessu máli sem og mörgum öðrum hafa þróast og eflst í þjóðfélaginu aðilar sem hafa feikileg umsvif á ýmsum sviðum. Ég efast t. d. um að mörg fyrirtæki í þessu landi hafi haft önnur eins fjárfestingarumsvif á síðari árum og það fyrirtæki sem hér er til umr., og það er nauðsynlegur þáttur í því aðhalds- og gagnrýnishlutverki, sem Alþ. er ætlað að sinna, að það taki sjálft frumkvæði í upplýsingaöflun um þessi fyrirtæki. Það er líka rangt að segja að við höfum ekki formleg vald til þess að gera það, vegna þess að í nefndum Alþ. erum við dag eftir dag eftir dag að kalla til okkar embættismenn, fulltrúa fyrirtækja, hagsmunasamtaka, einstaklinga, sérfræðinga og fjölmennan hóp aðila í þjóðfélaginu, sem eru marserandi inn og út úr húsakynnum þingsins, til þess að gefa upplýsingar og svara fsp. okkar. Það er hins vegar alveg rétt, að við höfum ekkert lögbundið vald til að beita þessa einstaklinga einhverjum refsingum ef þeir neita að gefa okkur upplýsingar eða gefa okkur rangar upplýsingar. En þessi till. snýst ekki heldur um að það eigi að beita þá slíkum refsingum.Hún gerir það á engan hátt. Og ég verð að segja og hef sagt það áður, að ég sé engan eðlismun á því, að hv. utanrmn. eða aðrar n. þessa þings kalla hingað til sín viku eftir viku og dag eftir dag fjölda sérfræðinga og fulltrúa alls konar aðila í þessu þjóðfélagi til að óska eftir upplýsingum og að gera það á nákvæmlega sama hátt gagnvart þessu sérstaka fyrirtæki. Það er enginn eðlismunur á því. Það er hreinn fyrirsláttur að segja að við höfum ekki vald eða möguleika til þess að gera það. Og ég beini þeim tilmælum til hv. alþm., að fyrst meiri hl. hefur myndast í hv. utanrmn. fyrir því að þessi till. verði samþ. láti þeir þá, sem eru meiri hl. n. og vilja vinna að þessu verki, njóta þess að geta sýnt fram á, að þetta sé raunhæft, frekar en fara að vantreysta þeim fyrir fram. Það er meiri hl. þessarar n. sem hefur lýst sig reiðubúinn til að vinna þetta verk. Ég hefði talið eðlilegra í alla staði að láta reyna á það í verki hvort þetta væri hægt eða ekki hægt. Og ég held að við það eitt mundi fást mjög dýrmæt reynsla fyrir þingið til þess að meta stöðu mála af þessu tagi í framtíðinni.

Ég ítreka þá beiðni til hv. alþm. að veita þeim, sem vilja taka upp þessi vinnubrögð, möguleika til að láta reyna á hvort þetta er hægt.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mun virða tilmæli um að vera stuttorður, en mig langar þó til að gera örfáar aths. við ræðu síðasta ræðumanns.

Það er alveg rétt, sem kom fram í ræðu hans, að af ásettu ráði ræddi ég ekki um rannsóknahlutverk þn. Og ég segi það skýrt og skorinort, að það hef ég gert áður og

tel óþarfa að ítreka þá ræðu og ég ætla ekki að gera það.

Hann sagði, og kom mér reyndar ekki á óvart, þessi hógværasti hv. ræðumaður allra tíma og allra flokka, að ég hefði komið hér upp og fetað í fótspor gömlu mannanna og væri að vernda það tveggja eða þriggja flokka kerfi sem gilt hefði um Keflavíkurflugvöll og verktökuna þar. Ég segi bara eins og er: Sá hlustaði illa. Ég var að tala um hvernig hægt væri að breyta fyrirkomulaginu til að koma til móts við þá nýju tíma sem hér hafa runnið upp með öflugum verktakaiðnaði í landinu. Að vísu kom hv. þm. inn á það atriði síðar og sagði að þar hefði ég ekki snert kjarna málsins. Um það geta verið skiptar skoðanir, en ég tel það vera kjarna málsins. Hitt er svo annað mál, að menn geta leikið sér með hugmyndir eins og að kanna hvort þn. eigi að hafa leyfi til þess að rannsaka eitt eða annað. Það er allt annað mál og þá eiga menn að ræða málið á þeim grundvelli, en ekki vera að ræða um einstök fyrirtæki í því sambandi.

Svo kom hann inn á orðaskipti, sem urðu á milli okkar fyrr í haust á hv. Alþ. um einhverja dæmalausustu till. sem hér hefur verið flutt og var till. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar um Eimskip og Flugleiðir, og sagði þá m. a. að það væri gamanmál, hvaða afstöðu ég hefði tekið þá, og það væri gamanmál, hvað ég hefði farið flatt á þeirri afstöðu minni því að það hefði komið í ljós, reynslan hefði sýnt það, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefði haft rétt fyrir sér allan tímann. Ja, heyr á endemi! Þessi hv. þm. kom hér upp með dylgjur um fyrirtæki í haust, oftast í nafni frjálsrar samkeppni og frelsisins, en ætlaðist náttúrlega til þess að fyrirtækin væru þjóðnýtt. Það var megintilgangurinn með orðaflaumi hans á þeim tíma. Hann snerist hins vegar yfir í það að segja, þegar erfiðleikar urðu á Norður- Atlantshafsflugleiðinni: Sjáið þið nú. Ég hafði rétt fyrir mér. — En um þetta snerist mál hans alls ekki í haust og þarf heldur betur að hressa upp á minni hans ef þarf að rifja það upp hér í ræðustól og koma því ofan í kokið á honum. (**ÓRG:** Við skulum gera það.) Þetta veit öll þjóðin.

Síðar kom hann í því máli hér upp í ræðustól og sagði, að tilgangur minn með því að svara í því máli væri sá hinn sami og hjá ákveðnum bandarískum þm., Henry Jackson, kallaður „Scoop" Jackson og margir þekkja (var í forsetaframboði fyrir demókratana, þ. e. a. s. reyndi það á sínum tíma) og sagði að ég væri að safna atkv. hjá Flugleiðum og Eimskipafélaginu og þetta væri háttur sem notaður væri víða erlendis. Þessu til staðfestingar sagði hv. þm. að upp á áheyrendapöllunum hefði setið einn af fulltrúm Loftleiða og hlustað á þessar umr. En hann var óheppinn, sá ágæti hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Á sama tíma og hann stóð hér í ræðustól og flutti ræðu sína sat maður, þar sem þingvörður Jakob situr nú, sat í sæti hans í hliðarsal og hlustaði á hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson. Og hver skyldi það hafa verið? Það var fréttastjóri sjónvarpsins, Emil Björnsson, og mér dettur ekki í hug að hann hafi komið hingað í sambandi við þetta mál. En það læddust að ýmsum öðrum grunsemdir þegar rifjað var upp hvers vegna þetta mál var flutt. Það mál var nefnilega flutt eingöngu í því skyni að koma þessum hógværa þm. fyrir á skjánum inni í sjónvarpi til hann gæti sýnt sinn fagra líkama og sitt fagra bros og komið fyrir sjónir allra fjölskyldna í landinu. Það var megintilgangur málsins, enda hefur hv. þm. ekki haft minnsta áhuga á að þoka því máli áleiðis og eru þó nokkrir menn þar enn þá á mælendaskrá. (Gripið fram í.) Þetta er staðreynd málsins og það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að grípa fram í fyrir mér, því að þetta er staðreynd málsins. (Gripið fram í.) Þú situr ekki hér í kennarastól. Þú verður að læra að umgangast sannleikann og staðreyndir eins og menn sem eru þér meiri og kunna að viðurkenna mistök sín. Það verða menn að læra. Og það er helvíti hart að ætlast til þess af mér að ég þurfi að fara að kenna þér mannasiði á hv. Alþ. Það átti að gera í æsku þinni og uppeldi. (Gripið fram í.)

Vegna þess að hæstv. forseti bað mig að vera stuttorður í þessari ræðu skal ég fallast á það, en hér hef ég komið til skila staðreyndum ýmissa mála. (**ÓRG:** Ég óska eftir að hæstv. forseti leiðrétti þessar fullyrðingar ritara Sþ.)

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Ég mun að sjálfsögðu, herra forseti, fara eftir þeim eindregnu tilmælum sem hefur verið beint til mín, að tala stutt og hefði raunar getað fallið frá orðinu. Það er ástæðulaust að vera að karpa um svona hluti. En ég ætlaði enn og aftur að leiðrétta þann misskilning, sem mér fannst koma fram hjá hv. 3. landsk. þm., að ég hefði flutt nál. eða rökst. dagskrá til þess að verja og vernda viðskiptahagsmuni tiltekinna aðila. Ég hef ekki skrifað undir dagskrána af því tilefni, eins og ég hef oft tekið fram. Ég lét þó seint væri, fara fram í rn. nokkra athugun á hvort ekki væri hægt að skipa þessum málum með öðrum hætti, sem vafalaust þýddi þá að þeir viðskiptahagsmunir, sem hv. þm. ræddi um og telur að ég sé sérstakur talsmaður fyrir, mundu minnka að sama skapi. Og það er ekki neitt aðalatriði í mínum huga, að einhver tiltekinn aðili sitji að þessum viðskiptum eða verkefnum. Fyrir mitt leyti finnst mér ósköp eðlilegt að verktakar á Suðurnesjum, sem hafa myndað með sér félag, félagið Suðurnesjaverktaka, fái a. m. k. einhvern skerf af þeirri vinnu sem þarna fellur til, ekki síst með hliðsjón af því atvinnuástandi sem á Reykjanesi ríkir. Ég held að ég hafi síður en svo lagt stein í götu þeirra á því stutta skeiði sem þeir hafa starfað. Ég hef reynt að beita mér fyrir því, að þeir fengju verkefni sem Aðalverktökum hefðu þegar verið falin með allsherjarsamningum sem gerðir voru fyrir ári, eins og þm. allir vita, þannig að ég tek þetta ekki til mín. Ég vona að þetta sé á misskilningi byggt og það verði viðurkennt þegar fram líða stundir að svo sé.

Ég hlýt að þakka hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir þá kennslustund sem hann veitti mér í því, hvaða hlutverk umboðsmaður Alþingis ætti að hafa. Mér er vel kunnugt um það sem hann nefndi hér, að umboðsmaður eða „ombudsmand", eins og hann heitir á öllum málum nema þá íslensku, á fyrst og fremst að vera málsvari lítilmagnans í þjóðfélaginu gagnvart yfirvöldum og röngum ráðstöfunum. En ég bendi á að hér hefur þetta embætti ekki enn þá verið stofnað og er þar af leiðandi eftir að skilgreina hlutverk þess embættismanns og þess starfsliðs sem hann hefur. Mér hefur komið til hugar að hann gæti fjallað um þessi mál einnig.

Ég held að það sé um fleiri tegundir misskilnings að ræða hér í þingsölum. Ég held að samkv. þeim þingsköpum, sem við störfum eftir, sé ekki ætlast til þess, að nefndir Sþ. hafi með höndum rannsóknastörf. Ég er ekki að segja að það megi ekki breyta þessu. Ég vísa til þess, að allir þingflokkar hafa tilnefnt menn til þess að endurskoða þingsköp. Vitanlega má í þeirri endurskoðun og hinni nýju útgáfu þingskapa taka upp ákvæði sem gera þetta rannsóknarstarf mögulegt og ótvírætt.

En ástæðan til þess, að ég stóð upp og ætla að segja þessi fáu orð hér, er það sem hv. 3. landsk. þm. sagði síðast í ræðu sinni, nefnilega að hann virtist, að mínu mati, meina að meiri hl. þn. ætti að taka að sér rannsóknarstörf. (**ÓRG:** Það er mesti misskilningur.) Er það misskilningur? (**ÓRG:** Já.) En mér heyrðist endilega hv. þm. segja að það ætti að gefa þeim, sem áhuga hefðu á því að taka að sér rannsóknarstörf, tækifæri til þess. Nú er það ljóst, að aðeins meiri hl. utanrmn. hefur þennan áhuga, minni hl. ekki. Ég skildi því ummælin þannig, að hér væri talað um að kljúfa n. og hluti hennar rannsakaði málið, en hinir sætu hjá og treystu á þær upplýsingar sem meiri hl. aflaði. Sé þetta misskilningur fagna ég því, því að slíkt væri vitanlega alveg fráleitt og gæti aldrei gengið.

Ég sé enga ástæðu til þess, herra forseti, að vera að níðast á þolinmæði þings og forseta með því að fjölyrða meira um þetta mál. Alþ. segir álit sitt í atkvgr. þegar þar að kemur. Ég hef lýst skoðun minni.

Forseti (Gils Guðmundsson): Vegna ummæla hv. 5. landsk. þm. um mál sem alloft hefur verið hér á dagskrá, þáltill. um rekstur Flugleiða og Eimskipafélags Íslands, skal ég skýra frá að hv. flm. hefur oftar en einu sinni óskað eftir að framhaldsumr. um það mál gæti átt sér stað, en ég verð að taka á mig þá sök að það hefur dregist úr hömlu. Ástæðan er sú, að umr. um málið hafa orðið mjög langar. Það eru allmargir menn á mælendaskrá. Flestir þeirra hygg ég að hafi talað í málinu einu einni og sumir tvisvar. Mjög mörg mál hafa því miður ekki komist að til umr., og ég taldi ástæðu til að þau gengju fyrir málum sem þegar voru mjög rædd, eins og þetta mál. — Þetta vil ég taka fram.

Frsm. meiri hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mun virða þau tilmæli að tala mjög stutt, þar sem mér er ljóst að önnur mál bíða einnig eftir afgreiðslu.

Í framhaldi af þeim umr., sem hér hafa farið fram um rannsóknarvald þn., þykir mér rétt að það komi fram, að með utanrmn. gegnir nokkuð öðru máli en aðrar nefndir þingsins, þó ekki væri nema af þeirri ástæðu að hún ein þn. starfar allt árið. Mér er það auðvitað fullkunnugt, að mjög hefur orkað tvímælis og um það má deila hvort þn. eða löggjafinn yfir höfuð að tala hafi til þess vald að kalla fyrir sig hvern sem er í löggjafarskyni eða eftirlitsskyni með lögum. En það gegnir hins vegar nokkuð öðru máli þegar um fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypu er að ræða sem starfar beint og óbeint undir og vegna opinberra reglna. Sú fjármálastarfsemi, sem hér er um að ræða, er auðvitað mjög háð reglum sem opinberir aðilar hafa sett. Þar með er þessi fyrirtækjarekstur, sem ég undirstrika að ég er engan efnisdóm að leggja á, orðinn háður opinberum ákvörðunum og þar með er það einnig orðið — við skulum orða það svo — leyfilegt verkefni löggjafans að kanna hvort með öðrum og skynsamlegri hætti megi koma þessum reglum fyrir. Þetta finnst mér vera kjarni málsins og mér þykir að menn verði að greina á milli þess að rannsaka — eigum við að segja: hvað sem er í þjóðfélaginu í því skyni að breyta lögunum annars vegar og hins vegar þá þætti þjóðlífsins sem augljóslega eru í tengslum við reglur sem opinberir kjörnir aðilar hafa sett. Á þessu finnst mér vera mjög mikill greinarmunur, sem mér finnst satt að segja að ekki hafi verið skilið til nægilegrar hlítar.

Í annan stað vil ég taka undir það með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að mér þykir það vera misskilningur sem hér hefur verið sagt um umboðsmann Alþingis, því að það er náttúrlega svo, bæði í till. hér og á öðrum þjóðþingum, að það starf er hugsað til annarra verkefna en þeirra sem hér um ræðir.

Í þriðja lagi vil ég leggja á það mikla áherslu, að flm. þessa máls, og ég hygg að ég tali fyrir þá alla fjóra, hafa forðast að leggja nokkra efnisdóma á þá fjármálastarfsemi sem hér er um að ræða, enda væri það í ósamræmi við tilganginn, því að tilgangurinn er einmitt að komast að því til hlítar með hverjum hætti þessi starfsemi er rekin. Undir slíkum kringumstæðum er auðvitað ástæðulaust á þessu stigi málsins að vera að fella efnisdóma. Einmitt það stendur til að kanna.

En á hitt skulum við auðvitað leggja þunga áherslu, að þó að till. minni hl. utanrmn. sé klædd í snyrtilegan búning, eins og hv. frsm. er auðvitað von og vísa, fjallar hún ekki um neitt annað en að drepa þetta mál. Við skulum ekkert vera að draga fjöður yfir það. Annars vegar leggur meiri hl. til að kanna þetta mál til hlítar í því skyni að hafa síðar ástæðu til þess að fella efnisdóma, og hins vegar vill minni hl. drepa þetta mál. Meiri hl. utanrmn. vill ekki vinna þetta verk sjálfur, heldur að þetta verk sé unnið, og er fyrir sitt leyti tilbúinn að takast það verk á hendur. Ég trúi því ekki fyrr en á verður tekið, þó svo það sé flokkaskipting í þessu, það er ekki heldur aðalatriði málsins á þessu stigi, — ég trúi því ekki að 32 þm. verði svo rígbundnir af flokkslínu eða flokksaga í þessum efnum að þegar meiri hl. n., sem starfar allt árið, vill að tiltekið verk sé unnið og telur til þess fyllstu ástæðu, án þess að fella efnisdóma og án þess að vera fyrir fram að gefa sér hinar minnstu ályktanir, komi það svo út í reynd að menn skiptist nákvæmlega eftir flokkslínum í þessum efnum, þó að svo sé í nál. Sé svo gæti satt að segja verið tilefni til að draga skrýtnar ályktanir. En það er engin ástæða til að álykta svo enn sem komið er, þrátt fyrir að nál. séu svona úr garði gerð. Ég hef fyllstu ástæðu eðli og efni málsins samkv. til þess að vera nú þeirrar skoðunar, að þetta mál verði samþ. og framkvæmt. Verði svo hygg ég að innan ekki langs tíma verði ekki lengur nein ástæða til að vefja þessa fyrirtækjasamsteypu neinum böndum tortryggni. Verður þá ekki samfélagið allt betra heldur en það var áður?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Beinar greiðslur til bænda, þáltill. (þskj. 16, n. 471 og 497). — Frh. einnar umr.

Frsm. minni hl. (Páll Pétursson) [frh.]: Herra forseti. Mér þykir fyrir því hvað vantar marga sjálfstæðismenn í salinn, því að ég hafði hugsað mér að eiga orðastað við örfáa þeirra, og m. a. s. vantar menn úr hv. allshn. Sþ. En einkum er það formaður Sjálfstfl. sem ég sakna héðan. (**Gripið fram í:** Á að reyna að leita hann uppi?) Ég ímynda mér að ég verði þrátt fyrir allt að láta mér nægja að snúa mér til hv. 5. þm. Norðurl. v., Eyjólfs K. Jónssonar, sem er skjólstæðingur formanns Sjálfstfl., hv. 4. þm. Reykv., og biðja hann að bera formanninum þau orð sem ég kem til með að láta falla. — Mér þykir þetta ótrúleg taugaveiklun hjá hv. sjálfstæðismönnum. Ég er að vísu ekki óvanur geðshræringum hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. og kippi mér ekkert upp við þær, en það tekur

alveg steininn úr þegar hv. 4. þm. Reykv. kemur í ræðustól utan dagskrár m. a. til þess að hafa í hótunum við ríkisstj. til þess að knýja á um — Ég býð hv. 4. þm. Reykv. velkominn í salinn. Þá getum við rætt við milliliðalaust. Ég var að segja að ég væri ekki óvanur geðshræringum hjá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, en mér finnst ótrúleg taugaveiklun hafa gripið sjálfstæðismenn þegar formaður flokksins kemur í ræðustól utan dagskrár m. a. í því skyni að hafa í hótunum við ríkisstj. út af því að ég hafi talað hér í 50 mínútur eða eitthvað þar um bil um till. sem varðar ákaflega miklu eina stétt í landinu og kemur til með að koma mjög harkalega niður á henni. Það er hinn rósami, gæflyndi og kurteisi formaður sem lætur sér þessar hótanir um munn fara. Svo er hv. 1. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, að segja að hv. 4. þm. sé allt of meinlaus til að vera flokksforingi! Þetta finnst mér aldeilis útilokað. Mér finnst að hv. 4. þm. Reykv. megi ekki grimmari vera. Okkur Húnventingum a. m. k. ofbýður svona nokkuð, og mér fannst þetta vera óþarfa afskiptasemi og taugaveiklun. Mér finnst nefnilega að Sjálfstfl. megi vel við una, og það langaði mig til að rifja upp fyrir hv. 4. þm. Reykv. og formanni Sjálfstfl., að stjórnarflokkarnir, stuðningsmenn ríkisstj., hafa ekki staðið í vegi fyrir afgreiðslu mála stjórnarandstöðunnar. Mér er sagt, ég veit það ekki af eigin reynslu, að á viðreisnartímanum hafi ekki komið fyrir eða naumast komið fyrir að mál frá stjórnarandstöðunni hafi gengið í gegnum þingið. Þegar stjórnarandstaðan flutti sín alsjálfsögðustu mál tók viðreisnarstjórnin þau upp í stjfrv., en hún unni ekki þáverandi stjórnarandstæðingum að koma málum fram. Þessi tíð er af, sem betur fer.

Ég aflaði mér gagna í dag frá skrifstofu þingsins um afgreiðslu þingmála. Í gærkvöld var búið að afgreiða 46 stjfrv. og örfáar þáltill. frá ríkisstj. Ég tek það fram, að það var ég sem taldi á þessum lista svo það kann að vera mistalið, en þá eru það skyssur mínar. — Það var búið að afgreiða 18 mál í gærkvöld frá stjórnarandstöðunni, þáltill. og frv., sum veigamikil og nokkur mjög veigamikil, en það var ekki búið að afgreiða frá okkur þessum 40 stjórnarliðum nema 9 mál. Fsp., rökstuddar dagskrár og því um líkt er ekki í þessari upptalningu. Ég er að tala um raunveruleg þingmál, þmfrv., stjfrv. og þáltill. (**AG:** Þetta eru góð mál.) Já, margt af þessu eru góð mál, og það er okkur til hróss, stjórnarsinnum, að taka svo vel undir þau. Ég hef sem nefndarformaður getað greitt fyrir nokkrum þáltill. frá sjálfstæðismönnum og mælt fyrir þeim m. a. s. sumum úr þessum ræðustól eða nál. um þau og lagt til að þær verði samþykktar. Þess vegna finnst mér það fyrir neðan allar hellur að láta svona þó að ég tali í 50 mínútur um mikilsvert mál, ekki síst vegna þess að hér sitja menn sem helst ekki fara í ræðustól fyrir minna en hálfan annan klukkutíma. Þeir hafa gjarnan verið kennarar fyrr meir og vita ekkert af því fyrr en þrjú korterin eru liðin.

Það má hins vegar deila á mig fyrir eitt, og ég tek skýrt fram að ég er ekkert að biðjast afsökunar, en það er ekki óeðlilegt að deila á mig fyrir einn hlut. Það er að kafli í ræðu minni, sem ég flutti í fyrradag, var leiðinlegur og leiðinlegar ræður eiga menn ekki að flytja. Það er illfyrirgefanlegt að flytja leiðinlegar ræður. Ég hef þá afsökun, að ég las þarna upp gögn frá Seðlabankanum og það var leiðindalestur. Ég hlífði að vísu þingheimi við versta kaflanum, en þetta er sem sagt staðreyndin. Ég hef þó nokkrar málsbætur, því að ég hef m. a. s. hlustað á hv. 4. þm. Reykv. flytja leiðinlegar ræður úr þessum ræðustól og það fleiri en eina og fleiri en tvær. (**GH:** Það er afar ólíklegt.) Aðeins hefur það hent.

Ég lýsti því yfir m. a. s. við upphafsumr. málsins, að ég teldi að það mundi vera kominn þingmeirihl. fyrir málinu. Mér dettur ekki í hug að standa á móti þeim þingmeirihl. Ég hlýt að beygja mig fyrir honum. En mér dettur hins vegar ekki í hug að sleppa þingheimi við að kynna fyrir honum gögn í málinu, sem eru grundvallarplögg, og þessar upplýsingar skulu í þingheim, ef ekki með góðu, þá með illu. Og þegar fátækir bændur fyrir norðan fá ekki út og eru komnir í greiðsluþrot, komnir svona 100 ár aftur í tímann í verslunarháttum og búnir að eyða beinu greiðslunum og hafa ekki upp í veðin sín, þá geta þeir farið heim til sín, lesið Alþingistíðindin og séð hverjum ástandið er að kenna. Og þá kemur mergurinn málsins. Þá koma þeir til með að sjá að það er hv. þm. Eyjólfur K. Jónssyni og Lúðvík Jósepssyni að kenna að svo er komið fyrir þeim, en ekki mér að kenna. Og þá hugsa þeir hlýlega til mín, en kuldalega til þessara tveggja kapítalista ellegar þá til hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar samvinnufrömuðar. Þá koma Alþb.-bændurnir til þess að krefja hann reikningsskila og láta hann standa fyrir máli sínu, því að þá verður væntanlega hans ríkið, mátturinn og dýrðin, því að hv. þm. Lúðvík verður orðinn gamall og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sennilega búinn að taka við af formanni Alþb. (**Gripið fram í:** Er svona langt í þetta?) Ég á ekki von á að það verði mjög langt í það. Ég vona að bændur þoli fáein ár, en fljótlega sígur á ógæfuhlið bæði fyrir þeim og Alþb. En þeir eiga það sameiginlegt Lúðvík og Ólafur, að þeir hafa báðir fremur litla þekkingu á landbúnaði og er skítsama um bændur nema um kosningar. En þeir hafa báðir löngun til að ráða og löngun til að vera í fremstu röð.

Ég ímynda mér að hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson — ég reyndar ímynda mér ekki, ég veit að hann er hugsjónamaður. Hann er mikill hugsjónamaður, en hann er ofurlítið viðkvæmur og kemst öðru hverju í geðshræringu. Hann má alls ekki taka það nærri sér þó að umr. verði um till. sem hann hefur flutt af snilld sinni, manngæsku og drengskap. Þessar umr. eru bara af því sprottnar, að þessi till. er ofurlítið vanhugsuð. Hv. þm. hefur komið mörgum málum í gegn á þessu þingi og sumum með aðstoð minni og ég held öllum með atkv. mínu. Það er að vísu eitt sem ég held að við eigum eftir að afgreiða hér. Ég er að velta vöngum yfir þessu með skattfrelsi Fjárfestingarfélagsins, en ég er hálfhræddur um að það fólk, sem hann vildi í Morgunblaðinu kalla dýr merkurinnar, þ. e. a. s. verðbólgubraskarar, standi að félaginu. Ef svo er ekki kem ég til með að standa að því eins og flestu öðru sem frá hv. þm. kemur, en ég lofa engu strax. Ég veit að hann hugsar stundum áður en hann framkvæmir og þess vegna kemur ýmislegt gott frá honum. Hann er hreinskiptinn maður og alltaf að batna og ég verð að gera þá játningu, að raunar er hann uppáhaldsstjórnmálamaður minn og þó ekki í hinni ensku merkingu um „statesman". En þetta er sem sagt hreinskiptinn og geðríkur heillakarl, fyrir mig a. m. k., — ekki sem bónda, heldur sem þm., því ef þessi till. nær fram að ganga, sem ég á von á, reynist hann ekki heillakarl bændum.

Ég vil gera langa sögu stutta. Ég vísa til þskj. 497. Það er ítarlegt nál. frá minni hl. allshn. og ég vona að menn treysti sér til þess að lesa það. Þó að nokkuð af því væru

frekar leiðinlegar umsagnir reyndi ég að setja þetta upp á þann hátt að menn entust til að lesa það, og ég treysti því að menn sjái sóma sinn í að lesa það.

Ég verð aðeins að fara með örstuttan kafla, með leyfi forseta, úr niðurlagi nál. Ég tel þar upp kafla úr öllum umsögnum sem um málið höfðu borist og þær voru allar neikvæðar. Hver einasta umsögn sem um málið barst var neikvæð!

Hv. þm. Eyjólfur Konráð hefur, eins og menn vita, fengið hugljómun um að greiða bændum beint hluta niðurgreiðslna og útflutningsbóta eins og niðurgreiðslur eða útflutningsbætur væru eign bænda. Stéttarsambandið hefur látið athuga þessa hugmynd hv. þm. Fjármagnið nýtist verr en með öðrum hætti. Hins vegar opnast þarna mjög kröftug leið til þess að draga úr framleiðslu og stærri bændur fengju aðeins 70—80% grundvallarverðs fyrir afurðir sínar og yrðu þá væntanlega gjaldþrota. Þetta er nefnilega, eins og ég hef margtekið fram, harðvítugasta kommúnistatillaga sem hingað til hefur komið fram um landbúnaðarmál á Íslandi.

Ég vil lesa hér, eins og ég sagði áðan, úr niðurlagi nál. og hef þá lesturinn, með leyfi forseta:

„Þótt vandlega sé leitað í samþykktum bændafunda undanfarinna þriggja ára finnast þess ekki nokkur dæmi að bændur hafi tekið undir hugmynd till. Hugmyndin er ekki frá bændum sjálfum komin og þeir óska ekki eftir þeirri tilhögun sem hún gerir ráð fyrir. Hugmynd Eyjólfs leiðir til aukins kostnaðar og framleiðslukostnaður vex ef hún verður að veruleika. Nær væri að nýta betur það fjármagn, sem fer til þessara mála. Árið 1978 voru t. d. stimpilgjöld til ríkisins af afurðalánum 170 millj., og hver einn þáttur sem sparast skilar sér í lægra afurðaverði. Því verður ekki trúað að flm. og þeir, sem gerast þeirra ábekingar, vilji vinna bændum tjón, heldur vaki fyrir þeim að klekkja á samtökum þeirra (sjá grg. till. og framsöguræður), en með því að reiða til höggs að sölusamtökum bænda lendir höggið að sjálfsögðu beint á bændunum og síðan á neytendum í landinu."

Ég vildi sefa hv. flm. og ábekinga hans og gleðja þá og ég lagði til í n. að smávægilegar breytingar yrðu gerðar á till., bæði á fyrirsögn og tillgr. Ég hélt satt að segja að um þessa till. hefði orðið samkomulag milli okkar hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar, við slökuðum þar báðir nokkuð til af ítrustu kröfum, og þarna væri komið ordalag sem við gætum þokkalega við unað. En þá varð hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson fyrir einhverjum geðhrifum, e. t. v. vegna hv. þm. Stefáns Valgeirssonar eða hæstv. landbrh., ég ber ekkert ábyrgð á þeim geðhrifum, og þá fékk hann hv. þm. Ellert B. Schram til þess að búa til nál. sem dags. var 15. mars. Fundurinn, þegar málið var afgreitt í allshn., var 20. mars! Svona á ekki að vinna á Alþ. Það var gamansaga til um oddvita norður í landi, sem sagt var að hefði samið fundargerðir hreppsnefndarfundanna áður en fundir voru haldnir og þótti ekki til fyrirmyndar.

Ég held að ef hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson hefði ekki narrað hv. þm. Ellert B. Schram til að hlaupa af stað með þetta nál. hefði hann ekki lent í þessari „krísu", sem fékk hann til þess að bregðast þarna trausti mínu, og við hefðum, eins og hér um bil alltaf fyrr og síðar, getað rétt hér upp bróðurhendur okkar. En hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson varð sér úti um þetta sjálfur að hlusta á mig hér í ræðustólnum, og þess vegna hef ég orðið að neyðast til þess að koma til skila nauðsynlegum staðreyndum í málinu áður en menn samþykkja þessa till. af vinarhug við hv. þm. Eyjólf K. Jónsson og áhrifagirni og oftrausti á vitsmuni hans og góðsemi í garð bænda. En það er því miður eitt líkt með hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni og Njáli heitnum á Bergþórshvoli, að þeir eru misvitrir. Tillgr. sem við vorum einu sinni sammála um — eða ég taldi að við værum einu sinni sammála um — hljóðar svo, og það er sú till. sem ég legg til að verði samþ., hún er svona:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að settar verði reglur um að rekstrar- og afurðalánum verði breytt þannig, að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú.

Jafnframt láti ríkisstj. fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur."

Og fyrirsögn till. verði:

„Till. til þál. um greiðslur til bænda."

Þegar menn athuga þetta mál í rólegheitum hygg ég að þeir komist að þeirri niðurstöðu, ef þeir á annað borð fást til þess að hugsa, ef þeir á annað borð fást til þess að kynna sér umsagnir, ef þeir á annað borð fást til þess að íhuga þetta mál, að það sé skynsamlegra orðalag á till. minni en þeirri till. sem meiri hl. n. lagði til að yrði samþ., og þegar málið kemur hér til atkv. innan skamms muni þeir treysta sér til að greiða till. minni atkv. sitt, en ekki till. hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar. Hún á það alls ekki skilið því að það er ekki hægt að framkvæma hana.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að vekja athygli á að þessi till., sem hér er til umr., er að því leyti til sérstök að það er verið að leggja til að samþykkja till., sem snertir bændastéttina einvörðungu og enga aðra, á móti umsögn þeirra og fulltrúar allra flokka nema Framsfl. hafa séð ástæðu til í þessum vorharðindum að leggja það eitt til að samþykkja till., sem bændur hafa á fundum sínum og í umsögnum sínum óskað eftir að yrði felld. Þetta er sá skilningur sem sú hv. n., sem fjallaði um þetta mál, hefur sýnt bændastéttinni.

Það er eiginlega hálfbroslegt að hv. flm. á sæti í landbn. Ed. og í sambandi við framleiðsluráðslögin kom hann með till. þess efnis sem felst í till. og óskaði eftir því sérstaklega við mig að ég sendi þá till. til umsagnar öllum búnaðarsamböndum í landinu, sem ég og gerði. En þegar ég fór að segja honum frá því að það væru að berast umsagnir sagði hv. þm.: Þú þarft ekki að segja mér það. Ég veit alveg hvernig þær eru. — Hann vissi sem sagt að hann var að vinna bændastéttinni óþurftarverk og ginna hv. þm. til að styðja sig í því. Þessir þm. eru Vilmundur Gylfason, Ellert B. Schram, Gunnlaugur Stefánsson, Jónas Árnason, Lárus Jónsson og Ólafur Ragnar Grímsson. Þessir hv. menn, fulltrúar allra þessara flokka, leggja til að samþykkja skuli þessa tillögu.

Nú kemst ég ekki hjá því, þó ég ætli ekki að tala hér lengi, að lesa upp sýnishorn af þeim umsögnum sem hafa borist landbn. Nd. út af þessari till., og lesa líka upp stutta fundarsamþykkt sem var gerð á stéttarsambandsfundinum sem var haldinn á Akureyri s. l. sumar. Sú samþykkt, sem aðalfundur Stéttarsambandsins samþykkti móti 2 atkv., hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda, haldinn á Akureyri 29.—31. ágúst 1978, telur ekki æskilegt að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er, að afgreiða afurðalán og rekstrarlán landbúnaðarins til sölufélaga bænda."

Ég hefði skilið ef þetta hefði snúið að einhverjum

öðrum en bændastéttinni. En nú er lagt ofurkapp á að samþykkja þessa till., ekki að gera ráðstafanir til þess að hjálpa þeim bændum sem eru í fóðurvandræðum á þessu vori. Nei, það eru ekki gerðar neinar till. til þess, en lögð er áhersla á þetta, m. a. s. formaður Sjálfstfl. kemur upp utan dagskrár til að hafa í hótunum við ríkisstj. út af þessari merkilegu till., ef haldið verði uppi málþófi um þetta mál skuli ríkisstj. vara sig. Það var það eina sem hv. 4. þm. Reykv., formaður Sjálfstfl., hafði til málanna að leggja í sambandi við þau mál og þau vandræði sem nú steðja að landbúnaðinum, að hafa í hótunum ef þessi till. yrði ekki rædd og samþ., — ef menn færu að ræða hana, hefðu málþóf, skyldi ríkisstj. hafa verra af. Þetta er kannske sýnishorn af þeim skilningi sem ríkir á Alþ. í garð bændastéttarinnar á því herrans ári 1979. En ég ætla að óska þeim til hamingju með skilning sinn á þeim málum.

Það vill svo til að hér er ég með umsögn frá Búnaðarsambandi Skagfirðinga, skrifað undir hana af ráðunaut þeirra Agli Bjarnasyni, sem er þekktur sjálfstæðismaður þar nyrðra og eflaust stuðningsmaður — ja, maður skyldi ætla að hann hafi verið það — hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar. Það er best að ég lesi þetta eins og það er:

„Stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga hafnar því eindregið að till. Eyjólfs K. Jónssonar komi í stað frv. þess sem hér um ræðir, en bendir hins vegar á að bætt verði inn í frv. ákvæðum þess efnis, að Sexmannanefnd verði lögð niður og teknir upp beinir samningar við ríkisstj. um verðlagningu landbúnaðarafurða og stöðu landbúnaðarins.“

Það mál hefur verið á dagskrá í hv. Nd. í nokkra daga og hefur verið tafið af stjórnarandstöðunni.

Fleiri umsagnir eru um þetta, eins og t. d. frá Búnaðarsambandi Norður-Þingeyinga. Eggert Ólafsson í Laxárdal er formaður þess. Hann segir: „Þessa till. tel ég algera fjarstæðu og það afsleppa að ekki sé ástæða til þess að taka á henni neitt mark.“

Búnaðarsamband Borgarfjarðar, ráðunautur þeirra skrifar undir þá umsögn, segir eftirfarandi: „Bókun samþykkt, þar sem rætt var um till. Eyjólfs K. Jónssonar um útflutningsbætur og niðurgreiðslur. Stjórnin telur þessa till. óraunhæfa.“

Þannig gæti ég haldið áfram að lesa upp umsagnir og ekki eina einustu á þann veg að menn telji að þetta séu raunhæfar till. En samt gerist það á Alþingi Íslendinga að fulltrúar allra flokkanna nema Framsfl. sameinast um þetta mál!

Það væri í raun og veru ástæða til að ræða dálítið um allan þann málflutning sem hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson var með í sambandi við það þegar hann ræddi þessa till., þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að sölufélög bænda fengju til umráða niðurgreiðslurnar, sem hann taldi 22—23 milljarða, útflutningsbæturnar, afurðalánin, rekstrarlánin, lagði þetta allt saman, komst að þeirri niðurstöðu að um 8 millj. kæmu í hendurnar á þessum sölufélögum fyrir hvert meðalbú í landinu. Sem sagt, málflutningurinn sýndi það best að hv. þm. skildi ekki neitt í neinu, blátt áfram ekki neitt í neinu. Hann skildi ekki að þegar rekstrarlánin eru borguð upp með afurðalánunum ganga niðurgreiðslurnar og útflutningsbæturnar til þess að borga rekstrarlánin og koma aldrei í hendur þessum félögum. Þetta skildi ekki hv. þm. — a. m. k. er þetta málflutningur hans skjalfestur í þingtíðindum og fer ekkert á milli mála hvernig hann var.

Ég taldi nauðsynlegt að gera þessar aths., ekki síst eftir að hv. 4. þm. Reykv. taldi till. vera svo mikið mál að utan dagskrár hafði hann í hótunum við ríkisstj. ef þetta mál, sem er á móti óskum bændanna í landinu, yrði tafið. Var það hið eina sem hv. þm. hafði til málanna að leggja í sambandi við þau vandkvæði og þau vandræði sem steðja nú að bændastéttinni. Þetta vil ég að komi í þingtíðindum og vek á því athygli, hvernig forusta sjálfstæðismanna, formaður Sjálfstfl., lítur á málefni bænda og hvað formaðurinn hefur til málanna að leggja á því harða vori 1979.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 19. maí.

Húseignir í eigu ríkissjóðs.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Gunnlaugs Stefánssonar um húseignir í eigu ríkissjóðs, á þskj. 343, afhent fyrirspyrjanda 19. maí.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvaða húseignir á ríkissjóður eða hluta í húseignum og hvar eru þessar húseignir? Til hvers eru húseignirnar nýttar? Ef um útleigu er að ræða til einstaklinga eða einkaatvinnufyrirtækja á tilteknum húseignum eða hluta af húseign, hverjar voru leigutekjur og viðhalds- og rekstrarkostnaður árið 1978 og hverjir voru leigutakar. Hvert var fasteignamat húseigna í eigu ríkissjóðs árið 1978?

Svar: Í framsöguræðu sinni með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1978 lýsti þáverandi fjármálaráðherra því yfir, að á vegum eignadeildar fjármálaráðuneytisins myndi á næstu tveimur árum fara fram ítarleg endurmatsskráning eigna ríkisins í samræmi við fyrirmæli laga nr. 52/1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Jafnframt því myndi verða unnin fullkomin skrá yfir allar eignir ríkisins, bæði efnislega muni og réttindi, og skyldi hún taka til allra ríkisaðila, bæði í A- og B-hluta ríkisreiknings. Stefnt væri að því, að verki þessu lyki eigi síðar en á árinu 1980 og mundi skráin þá birt með ríkisreikningi það ár.

Eins og að líkum lætur, er hér um afar viðamikið verkefni að ræða, enda hefur heildarskráning fasteigna ríkisins ekki verið í nægjanlega föstum skorðum. Að því er nú unnið í eignadeild fjármálaráðuneytisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun að höfðu samráði við hvert hinna einstöku ráðuneyta um sig, en atbeina ríkisendurskoðunar og Fasteignamats ríkisins er leitað, eftir því sem þörf krefur. Allar horfur eru á, að verki þessu verði lokið á tilsettum tíma, og verður eignaskrá ríkisins þá birt ásamt upplýsingum um nýtingu þeirra.

Efri deild, 110. fundur.

Laugardaginn 19. maí, kl. 2 miðdegis.

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 779). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, frv. (þskj. 797). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ., án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Sjómannalög, frv. (þskj. 796). — 1. umr.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 796 er stjórnarfrv. um breyt. á sjómannalögum. Í desembermánuði s. l. var ákveðið að ríkisstj. beitti sér fyrir lögfestingu ýmissa félagslegra réttindamála verkalýðshreyfingarinnar í tengslum við afgreiðslu launa- og kjaramála. Nú þegar hefur orðið talsvert mikil breyting á rétti verkafólks til launa í veikinda- og slysatilfellum og er því eðlilegt að gerðar séu sambærilegar breytingar á rétti íslenskra sjómanna, en um það efni er fjallað í sjómannalögum. Skv. 18. gr. þeirra laga eiga yfirmenn rétt til tveggja mánaða launa í veikinda- og slysatilfellum á ráðningartíma, en undirmenn rétt til eins mánaðar, þó aldrei lengur en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns. Með þessu frv. er gert ráð fyrir eins mánaðar lengingu á þessum rétti á fyrstu tveim árum ráðningarinnar, þ. e. allt að þrem mánuðum fyrir yfirmenn og tveim mánuðum fyrir undirmenn. Eftir tveggja ára starf er svo gert ráð fyrir eins mánaðar aukningu á þessum rétti. Eftir tveggja ára starf eiga yfirmenn því rétt til allt að fjögurra mánaða launa í veikinda- og slysatilfellum, en undirmenn til þriggja mánaða.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta sjálfsagða réttindamál, enda er nánari grein gerð fyrir því í grg. En ég vil leyfa mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. félmn.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um hvort reyna á að reka þetta mál í gegnum þingið, en mér skilst þó að svo muni ekki vera. Ég hygg að það sé ekki heppilegt að reka þetta mál áfram núna þegar vinnudeila stendur yfir þar sem sjómenn og yfirmenn hafa einmitt afþakkað afskipti ríkisvaldsins. Ég held að það sé óhyggilegt að rugla þær samningatilraunir, sem nú fara fram, með því að reka þetta mál áfram, og ég vara við því.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og skýrt kom fram í máli mínu er lagafrv. þetta undirbúið í beinum tengslum og í framhaldi af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á rétti landverkafólks og ber ekki að líta á flutning þessa frv. í neinum tengslum við yfirstandandi deilu farmanna. Ég tel að félmn. eigi að athuga þetta mál, og ef hún telur að það eigi ekki að verða verulegur ágreiningur um málið, þá eigi að freista þess að afgreiða málið fyrir þingslit. Ef það hins vegar reynist ekki mögulegt, þá verður það auðvitað að hafa sinn gang. Hitt er svo allt annað mál, að talsmenn Sjálfstfl. hafa ekki verið sérlega liðlegir að auðvelda afgreiðslu þessara félagslegu réttindamála verkalýðshreyfingarinnar, þannig að það kemur í sjálfu sér ekkert á óvart að talsmaður þess flokks mæli heldur gegn því að málið verði afgreitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 553, n. 818). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Jón Helgason: Herra forseti. Í fjarveru formanns allshn., frsm. í þessu máli, mæli ég fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á lögum um stofnun og slit hjúskapar. Allshn. hefur haft þetta frv. til athugunar og leggur eindregið til að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 714, n. 819). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv

Jón Helgason: Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála. Nd. gerði nokkrar breytingar á þessu frv., og allshn. leggur til að frv. verði samþ. eins og hv. Nd. afgr. það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. — 3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Dómvextir, frv. (þskj. 486, 805). — Frh. 3. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þetta mál er nú til síðustu umræðu hér í þinginu, hefur farið í gegnum þrjár umr. í Nd. og tvær umr. í þessari deild. Á síðasta snúningi hefur hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson flutt hér brtt. eftir ábendingum nokkurra manna utan þings og rödstuddi hana á þann veg, að að þeirra dómi væri orðalag frv., eins og það kom frá Nd. og eins og það er búið að fara í gegnum tvær umr. í þessari deild, óframkvæmanlegt og þess vegna væri flutt till. um eingöngu formbreytingu á frv., brtt. frá hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni á þskj. 805 sé þess eðlis. Því miður verð ég að lýsa mig algerlega andvígan þessari brtt. Ég held að tilkoma hennar hér í þingsalnum stafi af misskilningi, og það er algerlega rangt að þarna sé eingöngu verið að breyta tæknilegum búningi efnisþátta frv. sjálfs.

Sú hugsun, sem liggur að baki þessa frv. sem hv. þm. Ellert B. Schram flutti í Nd., fólst í því að verðtryggja dómkröfur í meðferð mála í gegnum dómstigin hér á landi, sem oft getur tekið langan tíma, og fyrirbyggja að sá seinagangur verði til tjóns þeim sem hlut eiga að máli. Nú hefur verið lögð fram brtt. sem felur í sér að þetta mat eigi að miðast við innlánsvexti við innlánsstofnanir, en í frv., eins og það liggur fyrir hv. deild til lokaafgreiðslu, er miðað við byggingarvísitölu eða annan hliðstæðan mælikvarða á verðlagsþróun. Það eru fjölmargir samningar í þessu landi, sem koma til meðferðar dómstóla, sem byggðir eru á vísitölutryggingu af þessu tagi, skuldbindingar á milli aðila, og ég get ekki séð að það sé á neinn hátt óframkvæmanlegt að miða það mat við vísitöluþróun af þessu tagi, enda má upplýsa það að Seðlabankinn, sem er mjög hugkvæmur í vísitölusmíð, er nú með í smíðum svokallaða samskiptavísitölu sem fyrst og fremst á að miðast við að veita mönnum stoð í slíkum tilfellum. Hvað svo sem þeirri nýju vísitölu kann að líða, þá hefur gamla góða byggingarvísitalan reynst nægilega fær í þessum efnum. Ég hef því ekki séð neinar sérstakar röksemdir og þær koma ekki fram í máli hv. flm. þessarar brtt., Vilhjálms Hjálmarssonar, fyrir því, að sú aðferð, sem í frv. er, sé óframkvæmanleg. Hann leggur hins vegar til að miða við hæstu innlánsvexti eða m. ö. o. að verðtrygging á dómkröfum sé miðuð við þá vaxtastefnu sem í landinu er á hverjum tíma.

Nú vitum við það, að bæði meðal stjórnmálamanna og hagfræðinga er mikill ágreiningur um svokallaða hávaxta- eða lágvaxtastefnu og þátt þeirra í verðbólguþróun. Það eru til fræðimenn og stjórnmálamenn einnig sem telja að lágvaxtastefna sé æskilegt stjórntæki í verðbólguþjóðfélagi. Það er því alls ekki útilokað, ef þær kenningar fengju að ráða, að allt í einu yrðu innlánsvextir lækkaðir mjög og lágvaxtastefna héldi innreið sína sem hagstjórnartæki til frambúðar eða a. m. k. einhvern tíma, og þá er algerlega óeðlilegt að slík stjórnmálaleg ákvörðun eigi að ráða mati á verðtryggingu þeirrar kröfugerðar sem er fyrir dómstólum landsins við uppgjör milli deiluaðila vegna aðgerða eða framkvæmda eða brota sem áttu sér stað í fortíðinni. Að binda dómvexti eða verðtryggingu kröfugerða fyrir dómum við slíkt hagstjórnartæki sem vaxtastefnan er hverju sinni er algerlega andstætt þeirri grundvallarhugsun sem hér liggur að baki, þ. e. að verðtryggja þær kröfur sem eru til meðferðar í dómstólakerfinu. Ég vil þess vegna mælast til þess við hv. flm., Vilhjálm Hjálmarson, að hann dragi þessa brtt. til baka, — ef ekki, þá við hv. deild að hún felldi hana, vegna þess að það getur ekki verið á nokkurn hátt eðlilegt að láta það vera háð pólitísku mati ráðamanna þjóðarinnar hverju sinni og afstöðu þeirra til hagfræðikenninga eða stjórnmálaviðhorfa í vaxtamálum sem hagstjórnartækis til frambúðar, hvernig kröfur um atburði liðinnar tíðar eru verðtryggðar fyrir dómstólunum.

Ég vil þess vegna mælast til þess við hv. deild, að hún samþ. frv. eins og það liggur nú fyrir til 3. umr., en fari ekki að breyta frv. á þann veg sem hér hefur verið lagt til. Það er í fyrsta lagi, eins og ég hef reynt að rökstyðja hér, efnislega rangt að mínum dómi og byggt á algerum misskilningi á eðli þessa máls, og í öðru lagi getur það stofnað málinu í allverulega hættu, vegna þess að mér er kunnugt um að í Nd. eru ýmsir þm. mjög andsnúnir því að verið sé að eyðileggja inntak þessarar lagasetningar með því að gera það háð hinni pólitísku vaxtastefnu eins og hún er á hverjum tíma í landinu. Það gæti sem sagt eyðilagt frv. bæði efnislega og kannske komið í veg fyrir að það yrði að lögum. Við eigum þess vegna að samþykkja það nú við síðustu umr. þingsins í þeirri mynd sem það hefur farið í gegnum allar aðrar umr. og látum þá reyna á hvort þetta er hægt eða ekki hægt. En persónulega er ég alveg viss um að beiting byggingarvísitölu eða annars slíks sambærilegs mælikvarða, sem smíðaður yrði, er fyllilega framkvæmanleg og möguleg.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að ég mun ekki taka þessa tillögu til baka. Ég ræddi þessa till. við flm., hv. þm. Ellert B. Schram, og virtist hann vera ásáttur um að málið næði fram að ganga í þessu formi. Vera má að Nd. stöðvi málið, og vera má að málið sé þannig vaxið að það þurfi nánari skoðunar. Þá er ekki nema nokkurra mánaða bið þangað til þing kemur saman á ný. Hins vegar álít ég, eins og ég lýsti þegar ég lagði þessa till. fram, að það hafi verið nokkuð vandlega unnið að formun hennar.

Í annan stað vil ég láta í ljós efasemdir um þau ummæli hv. þm. 3. landsk., að það sé óeðlilegt að breytingar á vöxtum hafi áhrif. Ég efast um að þetta sé nokkuð óeðlilegt því þarna er aðeins gert ráð fyrir vöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma á meðan að mál bíður úrslita. Ég sé ekki fljótt á litið að það út af fyrir sig þurfi að vera óeðlilegt. Nú er hins vegar unnið að því að fjárskuldbindingar verði yfirleitt verðtryggðar, og þá kemur sá þátturinn gegnum framkvæmd þeirra lagaákvæða sem þar að lúta.

Ég ætla ekki að fara út í langar umr. um þetta, en vil láta þess getið, að ég ætla ekki að taka till. til baka.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Mér þykir leitt að hv. þm Vilhjálmur Hjálmarsson hefur ekki skilið röksemdafærslu mína um þetta mál. Ég skal reyna að útskýra nokkru nánar hvers vegna ég tel óeðlilegt og við margir fleiri að verið sé að miða við vexti eins og þeir eru á hverjum tíma. Nú skulum við hugsa okkur að mál hafi verið fyrir dómstólum árum saman og margvíslegar vaxtabreytingar hafi átt sér stað upp og niður á þeim tíma, síðan, þegar málið er tekið til dóms á lokastigi, hafi stjórnvöld á þeim tíma, í þeim mánuði eða þeirri viku jafnvel, verið að skipta yfir í lágvaxtastefnu, vegna þess

að breyst hafi skilyrði til hagstjórnar eða þá að breyst hafi pólitískir vindar og þeir, sem fylgjandi eru lágvaxtastefnu, séu við völd. Þá væri það bein afleiðing þessa, að fyrir þá tilviljun eina saman, að ráðamenn eru fylgjandi lágvaxtastefnu þegar dómurinn er upp kveðinn, mun krafan að lokum hljóta miklu minni verðtryggingu heldur en ef dómurinn hefði verið kveðinn upp t. d. tveim mánuðum áður, þegar við völd voru fylgjendur hávaxtastefnu.

Ég hefði haldið að það væri svo einfalt atriði að það þyrfti ekki að útskýra það í mörgum orðum hér, hvaða áhrif það getur haft ef það verða pólitískar breytingar, annaðhvort fyrir tilstuðlan stjórnmálabreytinga eða þá að valdhafar fari að aðhyllast aðrar kenningar í hagstjórn en þeir hafa gert áður, að láta það síðan verka á verðtryggingu þeirra mála sem eru fyrir dómstólunum. Það er einmitt þetta atriði sem við erum að mótmæla í grundvallaratriðum, að sú vaxtastefna, sem ríkjandi er á þeirri stundu þegar dómurinn er kveðinn upp, eigi að vera ráðandi um það, hvaða verðtryggingu kröfur hljóti sem hafa e. t. v. verið í meðferð dómstólakerfisins árum saman þegar allt önnur vaxtastefna hefur verið ríkjandi. Þess vegna einmitt er innlánsvaxtagrundvöllurinn ónothæfur í þessu skyni, og það er það sem þeir ágætu lögfræðingar, sem hafa snúið hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni, einfaldlega virðast ekki skilja, af því að þeir hafa ekki hugsað út í það, heldur hafa einblínt á einhver furðuleg og þröng sjónarmið þeirra sem starfa við einhvern tiltekinn dómstól hér í borginni. Rökstuðningur þeirra liggur að öðru leyti ekki fyrir, þannig að ég get ekki dæmt um það sérstaklega hvaða hvatir eða kenningar liggja þar að baki.

Ég vil aðeins benda hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni á það, að það er fyllilega möguleiki að lögfræðingar misskilji mál eins og hverjir aðrir, og það er ekki trygging fyrir því, þótt þeir hafi látið eitthvert álit í té, að þar með sé endilega rétt með málið farið. Mér finnst einmitt allar þær ábendingar og þær brtt., sem komið hafa frá þessum ágætu mönnum, sýna að þeir hafa ekki skilið kjarna *málsins*.

Í þessu skyni verðum við að taka upp einhverja þá verðtryggingarmælikvarða sem eru óháðir breytingum á pólitísku mati hvað snertir vaxtastefnu og annað. Byggingarvísitalan eða einhver önnur slík vísitala, gefin út af Hagstofu Íslands, er einmitt slíkur mælikvarði sem er óháður því hvaða pólitíska stefna er ráðandi hverju sinni. En hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson er einmitt að leggja til að það sé hin pólitíska stefna, en ekki sjálfstæður og óháður verðmælikvarði, sem eigi að ráða því á hvern hátt kröfur eru tryggðar, af því að vaxtastefnan er pólitískt *mat á hverjum tíma, hlýtur alltaf að vera það og mun* ávallt verða það. Við erum hins vegar með ýmsa aðra mælikvarða í þessu þjóðfélagi, eins og verðlagsvísitölur og byggingarvísitölur af ýmsu tagi, sem eru óháðar sviptivindum í stjórnmálunum.

Þeir, sem hafa samþ. þetta frv. í gegnum Nd. og í gegnum tvær umr. í þessari deild, vilja láta þennan verðtryggingarmælikvarða verða óháðan hinum pólitísku sviptivindum. Hér er verið að leggja til með þessari brtt. að það séu pólitískir sviptivindar sem eigi að ráða stefnunni í vaxtamálum, sem eigi að hafa úrslitaáhrif á það, á hvern hátt þegnarnir í þessu landi fái kröfugerð sína fyrir dómstólum verðtryggða.

Ég verð að segja eins og er, að ég skil ekki hvers vegna verið er að halda þessu til streitu. Mér er gjörsamlega fyrirmunað að skilja hvers vegna hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson, þrátt fyrir þessar ábendingar sem hann hefur fengið, vill halda þessu máli þannig til streitu, nema það sé þá stefnuatriði hans og annarra að þeir, sem þurfa að sækja mál sín fyrir dómstólum þessa lands, eigi einfaldlega ekki að fá rétta og sanna verðtryggingu. Ef það er afstaðan, að *menn eigi ekki að fá fulla og sanna* verðtryggingu, þá er rétt að segja það, vegna þess að sú brtt., sem hér er lögð fram, kveður alls ekki á um það.

Það mátti lesa í blaði fyrir nokkrum dögum grein eftir íslenskan hagfræðing sem nýlega hefur lokið við doktorsritgerð við háskóla í Kanada. Það er kenning þessa hagfræðings að einhver réttasta aðgerð í íslenskum efnahagsmálum væri að snarlækka vextina. Nú skulum við segja að einhverjir pólitískir ráðamenn næðu þeim tökum hér í landinu að þeir gerðu þennan hagfræðing að æðsta presti þess páfadóms í peningamálum, sem hér hefur ríkt, og færu eftir hans ráðum. Þá mundu verðtryggingarkerfin fyrir dómstólunum þar með taka stökkbreytingu, og það hlýtur að vera óeðlilegt eins og ég hef sagt margoft í þessum útskýringum mínum.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess við hv. deild að *hún felli þessa brtt. Öll efnisrök og skýr hugsun hlýtur* að segja mönnum það, að ef tilgangur þessa frv. á að nást verður að fella þessa brtt. Hitt er svo e. t. v. tilefni til umr. sem ég ætla ekki að fara út í hér, að ýmsir ágætir lögfræðingar þessa lands, með allri virðingu fyrir lögfræði sem fræðigrein, eru að reyna að hafa áhrif á efnisinntak lagasetningar hér á Alþ. í krafti einhverra tæknilegra ráðlegginga, því það er misskilningur að þessi breyting sé bara tæknileg. Hún er í grundvallaratriðum efnisbreyting.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Hún skal vera stutt, athugasemdin. Ég vil annars vegar vekja athygli á því, að þó það megi til sanns vegar færa að ákvörðun um vexti sé pólitísk, þá er uppbygging hinna ýmsu vísitölukerfa í þjóðfélaginu einnig pólitísk. Er nóg í því sambandi að minna á umr. sem fram hafa farið um hugsanlegar breytingar á hinni almennu framfærsluvísitölu. Og þó að byggingarvísitala sé byggð upp á annan hátt, þá er hún ekki að því leyti frábrugðin hinni, að það er vitanlega pólitísk ákvörðun hvernig þessar vísitölur eru byggðar upp að grunni til.

Svo er hitt aftur á móti, og þar held ég að við skiljum ekki textann á sama hátt, hv. 3. landsk. og ég, að mér virðist hv. 3 landsk. þm. telja að reikna yrði með þeim vöxtum, sem giltu þegar dómur væri kveðinn upp, reikna með þeim vöxtum allt tímabilið sem málið er í meðferð. En ég skil ekki þannig þennan texta sem fyrir framan mig er, heldur þannig, að við skulum segja að hálft tímabilið, sem málið er í meðferð, séu háir vextir í landinu, þá yrðu á kröfuna reiknaðir háir vextir á því tímabili, síðan yrðu lágir vextir á næsta tímabili og þá gilti það. Ég skil textann þannig, og mér fannst rétt að láta það koma hér fram, hvernig sem fer um þessa till. sem ég geri ekki að sérstöku kappsmáli.

ATKVGR.

Brtt. 805 samþ. með 7:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Neðri deild, 92. fundur.

Laugardaginn 19. maí, kl. 2 miðdegis.

Hvalveiðar, frv. (þskj. 492). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 637). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 717). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 512, n. 746 og 774, 747). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 774 felld með 20:7 atkv.
Brtt. 747 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 96, n. 748).— Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Tímabundið aðlögunargjald, frv. (þskj. 736, n. 798). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 561, n. 777). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Húsaleigusamningar, frv. (þskj. 699, n. 754, 766). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
4.—11. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
12.—18. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
19.—23. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
24.—35. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
36.—41. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
42.—45. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
46.—50. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
51.—55. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
56.—62. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
63.—67. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
68.—75. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 766 felld með 22:10 atkv.
76. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
77. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
78. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
79. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Verslun ríkisins með áfengi, frv. (þskj. 570). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23:1 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 93. fundur.

Laugardaginn 19. maí, að loknum 92. fundi.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 820). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 96). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tímabundið aðlögunargjald, frv. (þskj. 736). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Framlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frv. (þskj. 561). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 828).

Húsaleigusamningar, frv. (þskj. 699). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 829).

Framhaldsskólar, frv. (þskj. 715, 727, 728, 816). — Frh. 3. umr.

Frsm. minni hl. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Eins og ég gat um í gærkvöldi, þegar ég ræddi um þetta mál, eru miklar annir nú í þinglokin og ljóst að ýmis mál þurfa að ná fram að ganga og ekki síst samkv. ákvörðunum og óskum hæstv. ríkisstj. Þá hefur sú venja skapast í gegnum árin, að haft er samráð við stjórnarandstöðuna um að greiða fyrir því að ákveðin mál fái hér afgreiðslu án mikilla tafa og án mikilla umr. Þetta hefur verið gert þessa dagana einnig og í þeim viðræðum kom það fram, að þingflokkur Sjálfstfl. hefur eindregið óskað eftir því að frv. til laga um framhaldsskóla yrði ekki afgreitt á þessu þingi. Þrátt fyrir þessa eindregnu ósk virðist það vera ákvörðun hæstv. ríkisstj. og hæstv. menntmrh. að knýja á um afgreiðslu þessa máls.

Þessum málalokum höfum við sjálfstæðismenn ekki unað og munum fyrir vikið væntanlega fara allítarlegum orðum um þetta frv. og um þau sjónarmið sem liggja að baki því. Hins vegar vil ég taka fram með hliðsjón af þeim umr. sem fram hafa farið manna á meðal í þingsölum og í þinggöngum í gær og í dag, að það er mikill misskilningur að við höfum fram að þessu haldið uppi einhverju málþófi eða tafið sérstaklega fyrir þessu máli fram að þessu. Nú er málið til 3. umr. en í gær komst þetta mál alls ekki að vegna málþófs stjórnarsinna sjálfra í ýmsum öðrum málum. Vil ég í því sambandi nefna að hér voru haldnar maraþonræður af hálfu stjórnarsinna um t. d. ríkisreikninginn og um frv. til l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Meðan stjórnarsinnar sjálfir eru að tefja hér fyrir margvíslegum málum er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast, enda þótt hún hafi skoðanir á einu máli eins og þessu og vilji tjá sig um það.

Ég vil líka láta þá skoðun koma fram, að afstaða þingflokks Sjálfstfl. þess efnis, að þetta mál nái ekki fram að ganga, byggist á mörgum rökum. Það liggur fyrir að fjölmargir aðilar, sem þetta frv. hafa fengið til umsagnar, hafa haft ýmsar athugasemdir fram að færa og óska eftir að málið verði athugað betur. Á það bæði við um kostnaðarhlið málsins svo og hina kennslufræðilegu.

Það hefur jafnframt komið fram, að innan stjórnarliðsins sjálfs eru miklar efasemdir um það, hvort rétt sé að málið fái afgreiðslu nú. Í því sambandi vil ég leyfa mér að vitna til bókunar sem gerð var á fundi menntmn. Nd. 3. maí s. l., en þar segir svo í bókun nefndarinnar:

„Sighvatur Björgvinsson skýrði frá þingflokksfundi Alþfl. í gær. Þar skiptar skoðanir. Meiri hl. taldi afgreiðslu ekki tímabæra af ýmsum ástæðum. M. a. fyrirmæli í efnahagslögum um að fram skuli leggja kostnaðarlega úttekt frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, og gat jafnframt fleiri sjónarmiða, m. a. að málið yrði frekar skoðað í umr. Ágreiningur um þetta verður nú ræddur í ríkisstj. og munu fulltrúar Alþfl. ekki undirrita nál. fyrr en að því loknu, ef samkomulag þá næst."

Ég held að það fari ekki á milli mála, þegar þessi bókun er lesin, að a. m. k. 3. maí var meiri hl. þingflokks Alþfl. andvígur því að þetta mál fengi afgreiðslu á þessu þingi. Það eru því fleiri en við í þingflokki sjálfstæðismanna sem hafa sett fram þessar óskir. Og það eru fjölmargir aðilar utan þings: skólamenn, sveitarstjórnir o. s. frv., sem leggjast eindregið gegn því að málið nái fram að ganga núna.

Hér er um gríðarlega stórt og viðkvæmt mál að ræða, — mál sem felur það í sér að breyta fræðslukerfinu, breyta skólakerfinu í grundvallaratriðum á framhaldsskólastiginu, og vitaskuld þarf þingið að gera sér fullkomlega ljóst hvaða skref það er að stíga og hvaða áhrif og afleiðingar það muni hafa að ný lög taki gildi.

Ég er ekki viss um að einstakir þm. séu búnir að kynna sér þetta mál til hlítar. Ég held því að það sé nauðsynlegt nú við 3. umr. málsins að rifjuð séu upp nokkur meginatriði sem m. a. koma fram í grg. frv., þar sem gerð er grein fyrir þeim breytingum og þeim rökum, sem frv. felur í sér.

Á bls. 9 í grg. með frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Frv. hefur verið endurskoðað að nýju" — en óþarfi er að geta þess, að þetta frv. hefur verið lagt fram áður hér á þingi og þá ekki fengið afgreiðslu. — „Frv. hefur verið endurskoðað að nýju og gerðar á því nokkrar breyt. Eru þessar helstar:

1. Tekin eru inn ákvæði um hlutdeild framhaldsskóla í fullorðinsfræðslu. Er m. a. kveðið á um aðgang fullorðinna að reglulegum námsáföngum skólanna auk stefnumarkandi ákvæðis um nýtingu kennsluaðstöðu í framhaldsskólum fyrir almenna fræðslustarfsemi.

2. Kaflanum um fjármál er breytt á þann veg að gert er ráð fyrir að tvö fyrstu ár framhaldsskólans séu kostuð sameiginlega af ríki og sveitarfélögum eftir hliðstæðum meginreglum og gilda um grunnskóla, en kostnaður af námi umfram tvö fyrstu árin greiðist af ríkissjóði.

Þá er tekið inn ákvæði um námsvistargjald, sem lögheimilissveitarfélag greiðir vegna þeirra nemenda sem tvö fyrstu skólaárin sækja skóla sem reknir eru af öðrum sveitarfélögum eða skóla fyrir mjög sérhæft nám sem reknir eru af ríkinu.

3. Tekin hafa verið inn fyllri ákvæði um setningu reglugerða, þar sem kveðið er á um aðila sem skulu vera rn. til aðstoðar við samræmingu þeirra.

Ákvæði um gildistöku laganna hefur verið breytt í því skyni að ljósara verði hvenær eldri lagaákvæði falla úr gildi.

Gert er ráð fyrir að menntmrh. flytji Alþ. ár hvert skýrslu um undirbúningsstarfið og kynni þinginu drög að reglugerðum sem eru á döfinni hverju sinni."

Á bls. 11 í grg. er fjallað nokkuð um megintillögur frv., og þar segir, með leyfi forseta:

„N. leggur til að komið verði á samræmdum framhaldsskóla sem felur m. a. í sér eftirfarandi:

1. Öllum, sem lokið hafa grunnskólanámi, skal standa til boða eins til fjögurra ára nám, hvort sem stefnt er að sérhæfingu til starfs, almennu námi eða undirbúningi til náms á háskólastigi. Leitast skal við að hafa góða menntunaraðstöðu fyrir alla, hvar sem þeir eru búsettir á landinu.

2. Framhaldsskólinn skal skipulagður sem ein samræmd heild, en er hér greindur í 8 meginnámssvið til hagræðingar, sem hvert um sig greinist í námsbrautir. Nám á hverri námsbraut miðar að almennri menntun og undirbúningi til framhaldsnáms eða sérhæfingu til starfs eftir því hvernig námsáföngum er raðað saman. Námslok geta orðið í námi eftir eitt, tvö, þrjú eða fjögur ár eftir því að hvaða marki er stefnt. Þótt gert sé ráð fyrir skilgreindum námslokum eftir eitt ár eða fleiri, getur hver einstaklingur, sem hættir námi, haldið áfram síðar á sömu námsbraut eða annarri og fengið að fullu viðurkenndar þær einingar, sem hann hefur áður aflað sér.

Markaðar skulu leiðir til framhaldsnáms af öllum brautum.

3. Nám í framhaldsskóla skal skipulagt í námsáföngum og hver áfangi metinn til eininga sem miðast við eina kennslustund á viku í eitt skólaár, eða tvær á einni önn. Með námseiningu er átt við það magn námsefnis sem telst hæfilegt fyrir meðalnemanda á fyrrgreindum tíma. Er þá einnig meðtalin nauðsynleg heimavinna og gildir þetta bæði um verklegt og bóklegt nám. Sömu námseiningu má kenna á mislöngum tíma allt eftir getu og hæfileikum þeirra nemenda sem hlut eiga að máli. Hver námsáfangi skal hafa fullt gildi þótt nemandinn flytjist milli námsbrauta, ef námsáfanginn heyrir til þeirri námsbraut sem skipt er yfir á. Í þessu tilliti geta tveir eða fleiri áfangar verið jafngildir enda þótt innihald þeirra sé ekki nákvæmlega það sama.

4. Lagt er til, að framhaldsskólar eigi hlut að fullorðinsfræðslu. Skulu fullorðnir eiga aðgang að reglulegum námsáföngum skólanna og auk þess er gert ráð fyrir að kennsluaðstaða í framhaldsdeildum verði nýtt fyrir almenna fræðslustarfsemi.

5. Gefnar skulu út námsskrár og skulu þær marka meginstefnu í námi og þjálfun nemenda hvort heldur námið fer fram í skóla eða á vinnustað. Við gerð námsskrár skal taka mið af nauðsynlegri þekkingu, þjálfun í starfi og/eða undirbúningi til áframhaldandi náms svo og mismunandi námshæfni nemenda. Leitast skal við að tryggja samræmingu náms í sömu námsgrein á mismunandi námsbrautum eftir því sem unnt er, en jafnframt nauðsynlega sérhæfingu eftir námsmarkmiðum.

6. Skipan námsbrauta á skólastofnanir skal haga með tilliti til aðstæðna og koma eftirtaldir kostir til greina: Mismunandi brautir innan sömu stofnunar, stjórnunarlega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða stakar brautir í sérgreindum stofnunum. Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa skal leitast við að sameina mismunandi námssvið eða brautir í einni skólastofnun. Stefnt skal að því að í hverjum landshluta verði eins fjölbreytilegt val námsbrauta og við verður komið. Nýtt verði sem best það skólahúsnæði sem nú er fyrir hendi í landinu.

7. Námsstaður er hver sú stofnun sem sett hefur verið á fót til að annast ákveðna námsþætti innan heildarskipulagsins eða hefur hlotið opinbera viðurkenningu til þess. Auk skóla getur skólaverkstæði og fyrirtæki eða stofnanir verið námsstaður.

Skólinn skal vera þungamiðja hverrar námsbrautar og annast fræðilegan undirbúning og menntun, faglega og almenna. Enn fremur skal skólinn hafa umsjón með þeim þáttum námsins sem fara fram utan hans. Skólaverkstæði annast verklega undirbúningsmenntun og þjálfun. Fyrirtæki og stofnun annast þá verklega þætti námsins sem nátengdastir eru því starfi sem menntunin miðast við og verða ekki aðskildir frá því.

8. Miðað er við að tvö fyrstu ár framhaldsskólans verði kostuð sameiginlega af ríki og sveitarfélögum eftir hliðstæðum meginreglum og gilda um grunnskóla, en kostnaður af námi umfram tvö fyrstu árin greiðist af ríkissjóði. Lagt er til að tekið verði upp námsvistargjald sem lögheimilissveitarfélag greiðir vegna þeirra nemenda sem tvö fyrstu skólaárin sækja skóla sem reknir eru af öðrum sveitarfélögum eða skóla fyrir mjög sérhæft nám sem reknir eru af ríkinu.

9. Sett verði heildarlöggjöf um samræmdan framhaldsskóla og reglugerðir um einstakar námsbrautir og stofnanir eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast."

Síðan vil ég að lokum vitna til grg., varðandi þann þátt máls míns sem varðar beint tilvísun í grg., en það er tilvísun á bls. 13 um markmið framhaldsskóla. Þar segir:

„N. telur að markmið framhaldsskóla megi skilgreina efnislega sem hér segir:

1. að veita nemandanum almenna þekkingu og sjá honum fyrir viðfangsefnum sem auka alhliða þroska hans, auðvelda honum skilning á mannlegu samfélagi og virka þátttöku í því,

2. að veita nemandanum nauðsynlegan undirbúning undir störf og/eða áframhaldandi nám.

Þessi grundvallarmarkmið telur n. svara til þeirra viðhorfa til framhaldsskólans sem nú virðast ríkjandi og birtast m. a. í kröfum um að skólinn skuli:

1. veita nemendum nauðsynlega þekkingu og þjálfun til starfa í atvinnulífinu,

2. veita nemendum nauðsynlega undirbúningsþekkingu til áframhaldandi náms,

3. veita nemendum almenna þekkingu sem gerir þeim kleift að njóta þeirra menningarverðmæta sem við eigum, bæði í starfi og tómstundum,

4. efla siðgæðisvitund nemenda og kenna þeim tillitssemi í samskiptum við aðra,

5. gera nemendur færa um að taka sjálfstæða afstöðu til þeirra mála, sem eru efst á baugi á hverjum tíma, og afla sér nauðsynlegra gagna og upplýsinga sem til þess þarf.

Að áliti n. eru framangreind markmið framhaldsskólans, þ. e. hin almennu og faglegu, óaðskiljanleg. Þjóðfélag nútímans einkennist af fjölbreytileika og margvíslegum tengslum félagslegra þátta sem mótast af mismunandi hagsmunum og lífsviðhorfum. Aukin þekking á öllum sviðum svo og greiðari aðgangur að margvíslegum upplýsingum hefur áhrif á þróunina, en jafnframt eykst vandi einstaklingsins þegar að því kemur að velja og hafna. Í slíku þjóðfélagi skiptir miklu fyrir einstaklinginn að hann hafi góðan skilning á sem flestum þáttum þess og samspili þeirra og geti á hverjum tíma metið þarfir sínar, hagsmuni og stöðu með tilliti til heildarinnar.

Fagleg þekking er mikilvæg forsenda fyrir árangri í starfi, en tryggir hann ekki ein, hætt er við, að sá standi höllum fæti sem skortir þekkingu á hinu félagslega sviði. Framhaldsskólanum ber því að stuðla að auknu sjálfræði einstaklinganna í faglegu, menningarlegu og félagslegu tilliti.

Það er almennt viðurkennt að forðast beri mismun í aðstöðu á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Í þessu efni hlýtur skólinn að leggja sitt af mörkum með því að skapa þau skilyrði fyrir einstaklinginn, að hann geti áttað sig á og metið þá möguleika sem honum standa til boða á sviði menntunar og starfs.

Nú á tímum breytist nauðsynleg þekking til ákveðinna starfa tíðum á skemmri tíma en einni starfsævi og það er algengt að menn skipti um starf, jafnvel oftar en einu sinni. Það er því nauðsynlegt að móta markmið fagmenntunar með þeim hætti, að auk tíma- og starfsbundinnar hæfni verði einnig lögð rækt við hina almennu menntun sem auðveldar aðlögun að breyttum aðstæðum og nýjum störfum síðar á ævinni.

Eitt af því, sem miklu máli skiptir fyrir æskilega þróun íslensks samfélags, er, að menntun sé skipulögð á þann veg, að nemandinn hafi jöfn tækifæri til að öðlast hæfni til starfa og fullnægja almennum menntunarþörfum sínum. Hér á landi hafa ríkt mismunandi viðhorf til verklegrar menntunar og bóklegrar og þessar tegundir náms búa við ójafna aðstöðu. Þeim sem farið hafa bóknámsleiðina hafa staðið flestar leiðir opnar til áframhaldandi náms og starfa. Hins vegar hafa verknámsbrautir í flestum tilvikum verið lokaðar og nemendur haft takmarkaða möguleika til að skipta um námsbraut eða til framhalds. Á þessu hefur þó orðið nokkur breyting hin síðari ár og þarf að stuðla að því, að sú þróun haldi áfram. Þá hefur þróun byggðar í landinu m. a. leitt til þess, að búseta nemenda hefur veruleg áhrif á það hvaða framhaldsnám þeir velja eða hvort þeir yfirleitt halda áfram námi að loknum grunnskóla.

Það hlýtur því að vera höfuðnauðsyn að jafna möguleika nemenda til náms hvar svo sem þeir eru búsettir á landinu og enn fremur að tryggja, að möguleikar til áframhaldandi náms fylgi jafnt öllum námsbrautum. Til þess að unnt verði að ná þeim markmiðum, sem hér hafa verið nefnd, þarf framhaldsskólinn að veita margvísleg tækifæri til náms bæði á bóklegu og verklegu sviði. Kennsluskipan þarf að vera með þeim hætti, að tekið sé tillit til hæfni og áhugamála nemenda jafnframt því sem fullnægt er öllum markmiðum sérhæfðra námsbrauta.

Í þessu skyni verður nauðsynlegt að gera umtalsverðar breytingar á skipulagi framhaldsnáms frá því sem nú er og telur n., að þessu verði best náð með námskipan sem hér eftir verður nefnd samræmdur framhaldsskóli."

Ég hef leyft mér, herra forseti, að lesa hér upp nokkra kafla úr þessari grg., sem mér sýnast vera hinir veigamestu að því er varðar forsendur fyrir framlagningu þessa frv. Þeir lýsa sjónarmiðum n. sem undirbjó þetta frv., og ég fyrir mitt leyti er sammála flestum þessum röksemdum. Ég hygg að allt það, sem þarna kemur fram, séu æskileg markmið og þetta hljóti að vera þau markmið sem við setjum okkur þegar ný löggjöf er sett um framhaldsskólanám. Ég er líka sammála því, að kerfið, sem sett verði upp, sé fólgið í samræmdum framhaldsskóla þar sem komið er í veg fyrir blindgötur, þar sem komið er í veg fyrir að nemendur verið stöðvaðir af á námsleið sinni og þeir hafi möguleika á að skipta um námsbrautir á hinum ýmsu stigum skólanámsins. Hins vegar hef ég efast um að það frv., sem hér er lagt fram, sé rétta leiðin, frv. sé nægilega aðgengilegt, sé nægilega vel úr garði gert, og á ég þá bæði við skólann sjálfan, innra starf hans, hina kennslufræðilegu hlið málsins, og ekki síður það, hvernig að stjórnun, rekstri og fjármögnun er staðið. Mun ég koma að því síðar.

Athugasemdir þær, sem fram hafa verið settar, snúa m. a. að kostnaðarskiptingunni, að reglugerðarákvæðum, sem eru mýmörg í þessu frv. Þessar athugasemdir byggjast á afstöðu margra reyndra skólamanna sem hafa lýst annaðhvort beinni andstöðu sinni við frv. eða látið í ljós margþættar athugasemdir. Þær byggjast á því, að enn er óljóst um stöðu sérskólanna. Og auðvitað er andstaðan enn fremur byggð á því, að mörg ákvæði frv. eru ekki aðgengileg. Við í minni hl. menntmn., ég og hv. þm. Ólafur G. Einarsson, höfum tekið þessar athugasemdir saman í nál. sem við höfum leyft okkur að láta útbýta hér í deildinni, en þetta nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir nm. í menntmn. Nd. erum ekki sammála meiri hl. n. um afstöðu til frv. til laga um framhaldsskóla. Meiri hl. mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem lagðar eru til á þskj. 619. Við erum hins vegar ekki reiðubúnir til að mæla með samþykkt frv. að svo stöddu. Ástæðurnar eru einkum eftirfarandi:

1) Fyrir hefur legið, að kostnaður sveitarfélaga mun aukast mjög verulega vegna þeirrar kostnaðarskiptinga,

sem frv. gerir ráð fyrir og felst í því, að kostnaður af tveimur fyrstu skólaárum framhaldsskólans skiptist milli ríkis og sveitarfélaga eftir sömu meginreglum og kostnaður við grunnskóla.

Eftir kröftug mótmæli Sambands ísl. sveitarfélaga er sú breyting lögð til, að komið verði til móts við sveitarfélögin með því að viðhaldskostnaður grunnskóla leggist jafnt á ríki og sveitarfélög, í stað þess að hann sé að öllu leyti greiddur af sveitarfélögunum eins og nú er. Þessari breytingu erum við algerlega andvígir, enda gengur það þvert á stefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og Sjálfstfl. um kostnaðar- og verkaskiptingu á þessum vettvangi.

Jafnframt stendur eftir það samkrull á kostnaðarskiptingu á framhaldsskólastiginu, sem við teljum afar óæskilegt og erfitt.

2) Engar raunhæfar upplýsingar liggja fyrir um það, hvaða útgjaldaauka samþykkt frv. hefur í för með sér. Að vísu fylgir kostnaðaráætlun með frv., og í nál. meiri hlutans er gerð tilraun til að meta áhrif frv. á heildarkostnað framhaldsskóla. En í báðum tilfellum er rennt blint í sjóinn eins og raunar er viðurkennt í nál.

Óskað hefur verið álits sveitarfélaga og þá sérstaklega Reykjavíkurborgar á kostnaðarákvæðum frv., eins og þau munu verða ef brtt. verða samþ., en þær upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram í n. Ekki hefur heldur verið lagt fram kostnaðarmat fjárlaga- og hagsýslustofnunar né Þjóðhagsstofnunar þrátt fyrir ítrekaða beiðni þar um.

Ljóst er þó að full óvissa ríkir um kostnaðarauka ríkis og sveitarfélaga, en slíkt er auðvitað óviðunandi þegar svo stórt og umfangsmikið mál er á ferðinni.

3) Miðað við það, sem að framan er sagt, og með hliðsjón af ástandi í skólamálum, sérstaklega er varðar verkmenntun, er veruleg hætta á því, að hér sé verið að samþ. löggjöf, sem í sjálfu sér kann að vera góðra gjalda verð, en hefur það eitt í för með sér að raska stórlega núverandi kerfi, án þess að ríki, sveitarfélög eða fræðsluyfirvöld hafi nokkur tök á að framkvæma þau svo viðhlítandi sé.

4) Ágreiningur hefur verið um framtíð sérskólanna. Samkv. frv. og brtt. meiri hluta n. er ekki skorið á þann hnút.

Þessi þáttur málsins er þó svo veigamikill, að ótækt er að afgreiða þetta frv. án þess að tekinn sé ljós og skýr afstaða til hans og staða sérskólanna ákveðin í tengslum við stefnumótun í framhaldsskólanámi.

5) Framkvæmd laganna mun verða mjög undir því komin, hvernig reglugerðir verða úr garði gerðar. Heimildir um setningu reglugerða eru svo rúmar og vald ráðuneytis þar með svo víðtækt, að þar getur brugðið til beggja átta. Það er skoðun undirritaðra, að þessar heimildir eigi að þrengja og setja nánari lagaákvæði þar að lútandi.

6) Mjög miklar efasemdir hafa komið fram hjá reyndum skólamönnum um ágæti þeirrar stefnu að breyta menntaskólum í núverandi mynd í samræmda framhaldsskóla eða fjölbrautaskóla.

Þá er ekki dregið úr mikilvægi verkmenntunar og því að auka veg hennar, en bent á að þar með megi ekki draga úr gæðum hins klassíska bóknáms, eins og líkur verða til með þessari kerfisbreytingu.

Vakin hefur verið athygli á því, að sambærilegt framhaldsskólakerfi, m. a. í Svíþjóð, hefur leitt til þess, að nemendur séu mun verr undir háskólanám búnir, og hefur raunar dregið mjög úr möguleikum þeirra til að fá aðgang að viðurkenndum háskólum.

Af þeim ástæðum, sem að framan eru raktar, og ýmsum öðrum erum við undirritaðir ekki reiðubúnir til að mæla nú með samþykkt frv. á þessu þingi, en leggjum til að frv. fái frekari athugun.

Sú stefna, sem fram kemur í frv. um samræmt nám, þar sem fleiri leiðir verða opnaðar og forðast blindgötur og þar sem hlutur verknáms er aukinn, er í rétta átt. Að því leyti erum við samþykkir frv. og við erum sammála því, að nauðsyn ber til að setja nýja löggjöf um framhaldsskólanám hér á landi.

En hér er svo veigamikið og viðkvæmt mál á ferðinni, sem úrslitum ræður um gæði náms og hæfni nemenda til að takast á hendur frekara nám eða almenn störf, að ekki má rasa um ráð fram. Fræðsluyfirvöld og almenningur allur verða að vera samstiga í ákvörðunum, sem hafa í för með sér róttækar breytingar, sem þetta frv. kann að leiða til."

Síðan er gerð till. um örstutta dagskrá:

Í þessu nál. kemur glöggt fram, að við fulltrúar Sjálfstfl. í n. erum hlynntir því að ný löggjöf verði sett um framhaldsskólastigið. Við teljum að það frv., sem hér hefur verið lagt fram, geti verið a. m. k. góðra gjalda vert, en það sé enn þá of hrátt og of mörgum spurningum enn þá ósvarað til að það sé skynsamlegt og rétt að afgreiða þetta frv. og gera það að lögum nú á þessu þingi.

Eins og fram kemur í nál. bárum við fram rökstudda frávísunartillögu. Ég hef nefnt og vitnað í gerðabók í því sambandi, að mjög miklar efasemdir eru í röðum ýmissa stjórnarflokkanna um ágæti þessa frv., og beinlínis hafa verið gerðar samþykktir þar að lútandi í a. m. k. einum stjórnarflokkanna. Ég vek athygli á því, að lagðar hafa verið fram brtt. af hálfu stjórnarsinna, en þær brtt. munu, ef samþ. verða, breyta þessu frv. í veigamiklum atriðum. Ég vek athygli á því, að meiri hluti menntmn. og þessi deild lagði til við 2. umr., að ákvæðum um sérskólana yrði breytt þannig að staða þeirra er enn mjög óljós. En þó er ljóst að ákvarðanir um samræmt framhaldsskólanám og nýja löggjöf hljóta að haldast í hendur við afstöðu þingsins og skólayfirvalda til sérskólanna í landinu. Þetta tvennt er algerlega óaðskiljanlegt. Það verður að vera ljóst, þegar ný löggjöf er sett og farið verður að vinna eftir henni, hvað verði um framtíð sérskólanna.

38. gr., sem nú er, var breytt við 2. umr. samkvæmt till. meiri hl. menntmn., og hljóðar greinin nú þannig, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins fljótt og við verður komið að dómi menntmrn. og eigi síðar en að liðnum 5 árum frá gildistöku, sbr. og 36. gr. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði er fara í bága við lög þessi. Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi skuli gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarandi námsbrautir, skólagerðir eða skólastofnanir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 37. gr., enda hafi Alþ. áður gefist kostur á að marka stefnuna með samþykkt þál. um meginefni viðkomandi reglugerða, sbr. lokamálsgr. þessarar greinar. Þetta er sem sagt upphaf 38. gr.

Þarna kemur ljóst fram það, sem ég var að tala um áðan, að afstaðan til sérskólanna er fullkomlega óljós, í raun og veru engin stefna í því mörkuð. Þetta mjög svo sérkennilega ákvæði er sett inn í frv., þar sem gert er ráð fyrir að lög gildi til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um viðkomandi starf, og síðan segir: „enda

hafi Alþ. áður gefist kostur á að marka stefnuna með samþykkt þál. um meginefni viðkomandi reglugerða". Þarna er þessari ákvörðun algerlega vísað til framtíðarinnar. Það er algerlega undir hælinn lagt hvaða afstöðu Alþ. á hverjum tíma kann að taka til slíkra reglugerða. Það getur jafnvel stangast á við meginstefnuna sem mótuð er með þessu frv. Ég held að þetta séu óhæf vinnubrögð, auk þess sem ég held að þessi setning, sem ég las upp, sé afar óvanaleg, svo ekki sé meira sagt, að lög eigi að gilda til bráðabirgða. Er hægt að setja lög um það, að önnur lög gildi til bráðabirgða þangað til reglugerðir séu settar? Það væri fróðlegt að heyra álit stjórnlagafræðinga á samsetningu þessa ákvæðis. En ég skal ekki fara ítarlega út í það, enda er þetta mál kannske hvað formið snertir ekki aðalatriðið.

Ég hef með upplestri á nál. gert skilmerkilega grein fyrir því, í hverju andstaða okkar minnihlutamanna í menntmn. er fólgin, en hún byggist á þeim meginþáttum, að við höfum athugasemdir fram að færa við kostnaðarskiptinguna og kostnaðaráhrif þessa frv., við höfum athugasemdir vegna reglugerðarákvæða um sérskólana og um meginstefnuna í þessu frv., sérstaklega að því er varðar verkmenntun og framtíð hennar. Vil ég nú víkja nokkrum orðum að þessum einstöku þáttum.

Samkv. þessu frv., 30. gr. þess fyrst og fremst, er gert ráð fyrir að kostnaðarskipting sé mjög flókin milli ríkis og sveitarfélaga og rekstrar- og stofnkostnaður framhaldsskóla sé borinn uppi af ríki og sveitarfélögum sameiginlega. Þessi grein orðast svo, með leyfi forseta:

„Vegna þess skólahalds, sem kostað er sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, greiðir ríkissjóður eða endurgreiðir sveitafélögum þann kostnað sem hér greinir:

a) Launakostnað vegna skólastjórnar og kennslu og laun stjórnskipaðra prófdómara, er greiðist að fullu úr ríkissjóði, miðað við að skipulag kennslu hafi verið samþykkt og að uppfylltar séu lágmarkskröfur um fjölda nemenda í kennsluhópum.

b) Framlag vegna starfa við ráðgjöf, skólasöfn og félagsstörf.

c) Viðhald húsa, endurnýjun búnaðar og húsaleigu, er greiðist í sama hlutfalli og stofnkostnaður, sbr. e- lið.

d) Kostnað við heilbrigðisþjónustu að hálfu.

e) Stofnkostnaðarframlag er miðist við ákvæði laga númer 49 1967, um skólakostnað, og skal hluti ríkissjóðs vera 50% af áætluðum stofnkostnaði kennsluhúsnæðis og húsnæðis fyrir almenna þjónustu, en 85% í heimavistarhúsnæði nemenda. Heimilt er að ákveða, að framlag ríkissjóðs verði allt að 75% í byggingarkostnaði og meiri háttar búnaði sérbyggðrar verknámsaðstöðu (skólaverkstæða) sem ætluð er fyrir heil fræðsluumdæmi, eða hluta þeirra ef nemendafjöldi krefst þess, og stuðlar þannig að eðlilegri og hagkvæmri skólaskipan að mati menntmrn.

Annar kostnaður vegna þessa skólahalds greiðist af sveitafélögum. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um framlög ríkissjóðs samkv. framangreindum stafliðum. Skal þar kveðið á um þann stundafjölda, er ríkissjóður greiðir vegna tilgreindra starfa, og skilyrði varðandi nemendafjölda o. fl. Ákvæði þessi skulu og að því leyti sem við getur átt einnig taka til þess skólahalds sem ríkið greiðir að fullu, sbr. 29. gr."

Nú þarf ég ekki að minna á það, sem margoft hefur verið tekið fram af hálfu okkar sjálfstæðismanna, að við erum andvígir því í grundvallaratriðum að rekstrar- og stofnframlögum sé skipt milli tveggja aðila, eins og ríkis og sveitarfélaga, þannig að mörkin séu óljós, og að svo flóknar reglur þurfi að setja að ekki nema örfáir menn í landinu skilji þær. Við teljum að þarna beri að skilja alveg á milli, það verði að taka ákvarðanir um hvaða verkefni það séu, sem ríkið eigi að standa undir kostnaði af, og hvaða verkefni sveitarfélögin eigi að taka að sér, þarna eigi sem sagt að vera skýr mörk, en ekki um það samkrull að ræða sem m. a. þetta frv. gerir ráð fyrir. Þegar frv. var lagt fram var þar að auki ljóst, að verulegur kostnaðarauki mundi hljótast af fyrir sveitarfélögin, svo verulegur að það er alveg fullkomlega ljóst og allir hafa sjálfsagt gert sér grein fyrir því, að sveitarfélögin gætu ekki staðið undir þeim aukna kostnaði nema með því að nýir tekjustofnar eða aðrar tekjur kæmu til. Vegna þessarar afstöðu, sem mjög mikið tillit var tekið til, var afgreiðslu á þessu frv. frestað fram yfir ráðstefnu sem Samband ísl. sveitarfélaga hélt í marsmánuði. Þessi frestun var með fullu samþykki bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, og ég geri fastlega ráð fyrir að sá frestur hafi verið veittur vegna þess að framgangur frv. stóð og féll með því, hvað sveitarfélögin segðu til um þetta frv. og þá hvað hægt væri að gera til úrbóta ef þau féllust alls ekki á frv. eins og það lá fyrir.

Þessi ráðstefna sendi frá sér ályktun, og að vísu hefur verið vitnað til þessarar ályktunar áður. M. a. hefur verið vitnað til hennar í nál. meiri hl., en þar er tekin út úr áliti ráðstefnunnar setning sem ekki gefur rétta mynd af þeirri meginniðurstöðu sem ráðstefnan komst að. Því held ég að sé nauðsynlegt enn einu sinni að lesa þessa ályktun í heild sinni, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta; „Fundur fulltrúaráðssambands ísl. sveitarfélaga, hinn 33. í röðinni, sem haldinn var á Húsavík dagana 28. og 29. mars, ályktar eftirfarandi varðandi frv. til laga um framhaldsskóla:

1) Þegar unnið er að jafnviðamiklu og mikilvægu verkefni og algerri nýskipan framhaldsnáms í landinu, sem ætlað er til frambúðar, er eðlilegt að fyrst sé stefnt að því að ná fram þeim kennslufræðilegu markmiðum sem best svara til hagsmuna einstaklinga og þjóðarheildar og eru innan viðráðanlegra kostnaðarmarka. Þau ákvæði, er sérstaklega horfa til bóta, eru t. d. 1) samræmt nám á öllu framhaldsskólastigi, 2) bóklegt og verklegt nám verði lagt að jöfnu, 3) ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við fullorðinsfræðslu.

2) Með frv. því til l. um framhaldsskóla, sem nú liggur fyrir Alþ., er stefnt að því að sveitarfélög eigi kostnaðaraðild að tveimur fyrstu bekkjum framhaldsskóla, bæði að því er varðar stofnkostnað og rekstrarkostnað, með sama hætti og að grunnskóla. Í umræðum og tillögum á undanförnum árum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur sú stefna verið ofarlega á baugi, að framhaldsnám að loknum grunnskóla ætti að vera á vegum ríkisins og kostað af því. Fulltrúaráðið er ekki reiðubúið að fallast á að sveitarfélögin verði gerð að rekstraraðila þessa skólastigs ásamt ríkinu með þeim hætti, sem frv. gerir ráð fyrir, og telur það ekki horfa til betri verkaskila milli þessara aðila.

3) Verði sú niðurstaða löggjafans við samþykkt þessa frv. að aukin verði kostnaðarleg þátttaka sveitarfélaga í rekstri framhaldsskóla, verður að gera þá kröfu, að annað tveggja verði gert, að létta af þeim útgjaldaliðum eða veita þeim nýja tekjustofna til að mæta þeim kostnaði.

4) Að því er varðar hlutdeild sveitarfélaga í stofn-

kostnaði framhaldsskóla er þess að geta, að ákvæði frv. eru um margt óljós, t. d. að því er varðar sérskóla ríkisins, og telur fulltrúaráðið nauðsyn að lögákveða hvaða skólar skuli haldast áfram sem ríkisskólar. Með frv. er lagður aukinn fjárfestingakostnaður á sveitarfélögin, sem mundi koma mjög misþungt á hin ýmsu þeirra eftir því hvernig húsnæðismál framhaldsskóla eru þar á vegi stödd. Áherslu verður því að leggja á að ríkið kosti allar byggingar framhaldsskóla.

5) Áætlað er skv. könnun, sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur látið gera, að útgjöld sveitarfélaga í heild vegna rekstraraðildar að framhaldsskólum skv. frv. mundu aukast a. m. k. um 500 millj. kr. á ári, miðað við meðalverðlag áætlað á árinu 1979. Auk þess eru mörg atriði skv. frv. háð reglugerðarákvörðunum, svo sem um skipulag kennslu og nemendafjölda í kennsluhópum. Fulltrúaráðið telur að slík ákvæði eigi að ákveða í lögunum sjálfum, ef af samþykkt þeirra verður.

6) Ákvæði frv. um námsvistargjöld þurfa að dómi fulltrúaráðsins að athugast nánar. Hætt er við að innheimta þeirra, eins og gert er ráð fyrir í frv., muni valda margvíslegum erfiðleikum og verða flókin í framkvæmd.

7) Stjórnunarákvæði frv. eru þannig, að mjög eru takmarkaðir möguleikar einstakra sveitarstjórna til að hafa áhrif á útgjöld framhaldsskólans. Sérstaklega á þetta við um sveitarstjórnir í dreifbýli. Þá telur fulltrúaráðið að stjórnunarákvæði í 21. gr. sé allt of viðamikið og þungt í vöfum og muni tæpast í framkvæmd leiða til eins virkra áhrifa framhaldsskólaráðs á framkvæmd og mótun skólastarfsins og að virðist stefnt.

8) Verði niðurstaðan sú, að rekstur framhaldsskólanna verði í höndum sveitarfélaganna, telur fulltrúaráðið óhjákvæmilegt að ríkissjóður leggi fram rekstrarhluta sinn sem mest jafnóðum, þannig að sveitarfélögin þurfi ekki að binda fjármagn vegna þess hluta rekstrarins sem ríkið á að greiða.

9) Fulltrúaráðið telur að hér sé um svo veigamikið mál að ræða, að rétt sé að það verði athugað frekar, og leggur áherslu á að haft verði samráð við nefnd þá sem nú vinnur við tillögugerð um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

10) Þrátt fyrir þá ágalla, sem hér hefur verið bent á, leggur fulltrúaráðið áherslu á að það er sammála mörgum atriðum frv. og telur brýnt að lög um samræmdan framhaldsskóla verði sett."

Eins og þingheimur heyrir við lestur þessarar ályktunar, sem er í 10 liðum, eru 9 liðir þessarar ályktunar neikvæðir, gera athugasemdir — mjög sterkar athugasemdir við þetta frv. Samt leyfir meiri hl. menntmn. sér að minnast ekkert á 9 liði ályktunarinnar í nál. sínu, en tíundar 10. liðinn, þar sem talað er um að þrátt fyrir þá ágalla, sem hafi verið bent á, leggi fulltrúaráðið áherslu á að það er sammála mörgum atriðum frv. og telur brýnt að lög um samræmdan framhaldsskóla verði sett. Hér er ekki verið að umgangast staðreyndir málsins með mikilli virðingu eða tilliti til hinnar raunverulegu niðurstöðu ráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er auðvitað ljóst, að Samband ísl. sveitarfélaga og sveitarfélög í landinu vilja að sett sé löggjöf um samræmdan framhaldsskóla. Ég hef tekið það fram, að t. d. við sjálfstæðismenn, sem erum í andstöðu við þetta mál núna, viljum gjarnan að sett sé löggjöf um samræmdan framhaldsskóla. Við viðurkennum að það er nauðsyn á því að setja nýja löggjöf — heildarlöggjöf — um þetta skólastig, og ég fyrir mitt leyti styð það að sú löggjöf miðist við samræmdan framhaldsskóla í öllum aðalatriðum. En þó að menn vilji taka undir þetta meginsjónarmið, þá er langt frá því að þeir geti endilega fallist á frv. sem hefur verið sett fram núna um það, hvernig þessi löggjöf eigi að líta út. Og þó að þetta frv. liggi fyrir er auðvitað hægt að setja fram annað frv. um samræmdan framhaldsskóla, og það er hægt að laga þetta frv. mikið til, og það er það sem við sjálfstæðismenn höfum lagt mikla áherslu á. Út af fyrir sig má taka þetta frv. og leggja það til grundvallar, því það er margt gott í því, það er góðra gjalda vert, en það þarf mikið að laga það til, og við treystum okkur ekki til að standa að afgreiðslu þess í þeim búningi sem það er núna. Og það sama kemur fram í ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga á ráðstefnu þess, að það er ekki tilbúið að samþ. þetta frv. eins og það lítur út núna og tíundar það í 9 liðum af 10.

Ég held að nauðsynlegt sé að hafa það mjög sterkt í huga, að sveitarfélögin hafa sett fram athugasemdir, enda hefur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sent frá sér annað bréf, sem dagsett er 11. maí, í tilefni af nál. meiri hl. menntmn. Þar segir, með leyfi forsetans:

„Á stjórnarfundi Sambands ísl. sveitarfélaga í dag var rætt um frv. til l. um framhaldsskóla sem nú er til meðferðar á Alþ. Í framhaldi af þeim umræðum samþ. stjórnin svofellda bókun:

Vegna tilvitnunar í áliti meiri hl. menntmn. Nd. Alþ. um frv. til laga um framhaldsskóla í ályktun fundar fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga 28. og 29. mars s. l. vill stjórn sambandsins árétta, að megininntak ályktunar fulltrúaráðsfundar að því er varðar samaðild ríkis og sveitarfélaga að framhaldsskólanámi er þess efnis, að fulltrúaráðið er ekki reiðubúið að fallast á, að sveitarfélögin verði gerð að rekstraraðila þess skólastigs ásamt ríkinu með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir, og telur það ekki horfa til gleggri verkaskiptingar milli þessara aðila.

Stjórn sambandsins túlkar afstöðu fulltrúaráðsins ótvírætt á þann veg, að það hafi verið mótfallið fjármálaákvæðum frv., en önnur atriði ályktunarinnar séu mörg sett fram til vara. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ítrekar tilmæli fulltrúaráðsins í 9. lið ályktunarinnar um að hér sé um svo veigamikið mál að ræða, að það þurfi frekari athugunar við, og mælist eindregið til þess að afgreiðslu þess verði ekki hraðað nú á lokadögum þingsins."

Umr. frestað.

Leiðrétting söluskatts af leiksýningum áhugafélaga, þáltill. (þskj. 678). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sala notaðra lausafjármuna, frv. (þskj. 809). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjárfestingarfélag Íslands, frv. (þskj. 638, n. 807). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26. shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breyt. á l. um Fjárfestingarfélag Íslands. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., hefur verið afgr. þar. N. mælir með því að frv. verði samþ., en fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Kjartan Ólafsson og Vilmundur Gylfason.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 782 (sbr. 541)). — Frh. 1. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Í tengslum við almenna kjarasamninga árið 1977 lýsti ríkisstj. yfir til að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál milli samtaka launþega og vinnuveitenda, að hún mundi beita sér fyrir því að samdar yrðu till. sem tryggðu landsmönnum öllum svipaðan rétt og lögin um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum gera, þ. e. lög nr. 63 frá 1971, lög nr. 33 frá 1976 og lög nr. 67 frá 1977, og færa þeim sem þeirra njóta. Till. þessar áttu að fela í sér fyrsta áfanga þess verks sem unnið hefur verið að á undanförnum árum: að koma á samræmdum lífeyrissjóðum fyrir alla landsmenn.

Það mun hafa verið á miðju ári 1976 að ríkisstj. skipaði tvær nefndir til að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins í landinu, og var önnur n. skipuð 17 mönnum og henni ætlað að vera vettvangur fyrir heildarendurskoðun lífeyrismála í landinu. Þessi n. var skipuð af fjmrh., en auk þess tilnefndi heilbr.- og tmrh. menn í n. ásamt fulltrúa frá Tryggingastofnun ríkisins og aðilum vinnumarkaðarins. Innan þessarar n. hefur starfað 7 manna lífeyrisnefnd, sem er skipuð 3 fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands og 3 frá samtökum vinnumveitenda, en sjöundi maðurinn er tilnefndur af ríkisstj. Þessi 7 manna n. hefur að verulegu leyti fjallað um lífeyrismálefni á samningsstigi Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda og gert till. um nauðsynlegan atbeina ríkisvaldsins í því sambandi, bæði að því er varðar löggjafar- og framkvæmdaratriði.

Frv., sem hér liggur fyrir, er í samræmi við yfirlýsingu þáv. ríkisstj. um lífeyrismál og er byggt á því starfi sem unnið hefur verið að á vegum þessara lífeyrisnefnda og þá einkum lífeyrisnefndar aðila vinnumarkaðarins.

Lög um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum voru upphaflega sett í framhaldi af almennum kjarasamningum á árinu 1969 og stofnun lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna sem þá var ákveðin. Við stofnun þessara lífeyrissjóða var ljóst að allstór hópur manna í stéttarfélögum hafði aldurs vegna ekki möguleika á að ávinna sér umtalsverð réttindi í þessum nýju lífeyrissjóðum. Engu að síður var talið nauðsynlegt að tryggja þessum hópi ákveðin lágmarksréttindi. Tilgangur laganna var að veita þeim mönnum, sem komnir voru á efri ár, nokkur lágmarksréttindi, þó að þeir greiddu lítið eða jafnvel ekkert til hinna nýstofnuðu sjóða. Eðlilegt hefði verið að leysa þennan vanda með bráðabirgðaákvæðum í reglugerðum sjóðanna og að sjóðirnir sjálfir stæðu undir þeim kostnaði sem af hlytist. Á þessu voru hins vegar talin margvísleg vandkvæði, þar sem sjóðir voru ýmist ekki eða þá rétt teknir til starfa. Lögin voru því sett til að leysa ákveðin byrjunarvandamál sjóðanna og fólu í sér tímabundna ráðstöfun, enda eiga lífeyrisgreiðslur samkv. þeim að falla niður í árslok 1984.

Með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál og verðtryggingu eftirlauna hafa mál hins vegar snúist á þann veg, að lögin um eftirlaun frá 1970 og 1971 urðu verulegar réttarbætur í lífeyrismálum almennings innan félagasamtaka ASÍ. Þá útgjaldaaukningu, sem hlaust af þessu, bera lífeyrissjóðirnir sjálfir, en skv. lögum greiða Atvinnuleysistryggingasjóður og ríkissjóður kostnaðinn af eftirlaunagreiðslum, og greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður 3/4, en ríkissjóður 1/4.

Þó að lög um eftirlaun aldraðra hafi gegnt mikilvægu hlutverki, bæði í fyrstu sem grundvöllur lágmarksréttinda þeirra, sem ekki höfðu tækifæri til að ávinna sér þau réttindi með iðgjaldagreiðslum til hinna nýstofnuðu lífeyrissjóða, og nú s. l. 3 ár sem leið til almennrar hækkunar eftirlaunagreiðslna, eru lögin engu að síður takmörkuð að gildi sínu og ná einungis til hluta lífeyrisþegahópsins í landinu. Talið er að lögin frá 1971 og hliðstæð lög um Lífeyrissjóð bænda taki til um 4000 aðila, þar af eru um 1200 sem njóta hliðstæðra eftirlauna hjá Lífeyrissjóði bænda. Að mökum meðtöldum gæti fjöldinn verið um eða yfir 5500 eða um fjórðungur allra lífeyrisþega. Við þennan hóp má bæta tæplega 3000, sem rétt eiga á lífeyri úr lífeyrissjóðum hins opinbera og lífeyrissjóðum bankanna sem fylgir launum á hverjum tíma. Eftir stendur þá hópur sem nemur helmingi til 2/3 hluta lífeyrisþega, sem ekki hefur átt aðild að lífeyrissjóðunum. Að hluta er hér þó vitaskuld um að ræða fólk sem enn hefur einhverjar atvinnutekjur, en það getur einnig átt við þá sem aðild eiga að lífeyrissjóðum.

Með lögum um starfskjör launþega frá árinu 1974 er kveðið á um skyldуaðild allra launþega að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Þessi lög settu því í reynd alla menn í sömu aðstöðu og meðlimir Alþýðusambands Íslands höfðu eftir samningana 1969, sem sé öllum launþegum er skylt að eiga aðild að sjóði og greiða til hans, en hafa af því lítið gagn ef þeir eru þegar við aldur eða hafa látið af aðalstarfi sínu án lífeyrissjóðsréttinda.

Þessi rök eru þó engan veginn eina ástæðan fyrir því að færa öllum landsmönnum þau réttindi sem felast í eftirlaunalögunum og verðtryggingaákvæðum þeim sem samkomulag Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands fjallar um. Önnur gild ástæða felst í því, að ósanngjarnt virðist að láta aðild að ákveðnum stéttarfélögum á síðustu árum starfsævinnar eina sér ráða jafnmiklu um framfærsluöryggi í ellinni og hefur verið nú hin síðustu ár, ekki síst af þeirri ástæðu, að þess eru ýmis dæmi að menn hverfa á efri árum frá störfum, sem réttur til eftirlauna hefði fylgt, og til starfa þar sem slíkur réttur er ekki tryggður nema að mjög takmörkuðu leyti eða á engan hátt. Úr þessu er reynt að bæta með þessu frv. Og í þessu sambandi nægir ekki að réttindi nái til launamanna einna, því þeir menn, sem við lok starfsævinnar eru í hópi einyrkja eða stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi, hafa í mörgum tilvikum fyrr á ævinni verið í launuðu starfi.

Auk þess hafa sérstakar ráðstafanir verið gerðar til að tryggja stórum hópi manna, bændum sem starfa við eigin atvinnurekstur, eftirlaunarétt af þessu tagi með sérstökum hætti. Af þessum ástæðum þykir rétt að láta eftirlaunaréttinn ná til allra manna, enda verði fjáröflun til að standa straum af eftirlaunum hagað í samræmi við það, eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Með tilliti til þess, sem ég hef sagt, er þetta frv., sem hér liggur fyrir, starf þessarar n. og í samræmi við það loforð sem fyrrv. ríkisstj. gaf. Ég fyrir mitt leyti er ánægður með samningu þessa frv. í öllum höfuðatriðum, en þó er ég mjög óánægður með eitt mjög mikilvægt atriði, en það er fjáröflun til þess að standa undir þessum útgjöldum. Ed. gerði nokkra breyt. á frv. og þar var flutt till. um ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að fyrir 1. jan 1980 skuli ríkisstj. leggja fram frv. til l. sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna. Það kom fram hér í gærkvöld hjá hv. 6. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðssyni, mikil óánægja með þennan frágang á frv. hvað snertir fjáröflunina, og er leitt til þess að vita, að hæstv. ríkisstj., sem leggur þetta frv. fram, skuli ekki hafa komið sér saman um fjáröflunarleiðina, hreina og ákveðna fjáröflunarleið, heldur er bent hér á að uppi séu tvær till., og sagt í aths. með frv. að einróma samkomulag hafi verið í n. um tilgang og bótaákvæði frv. Enginn ágreiningur var heldur um það, að lífeyrissjóðir greiði 5% af iðgjaldatekjum til að standa að hluta undir kostnaði vegna bótaákvæða þess. Varðandi fjáröflunartillögur frv. í heild lágu hins vegar fyrir tillögur um tvær meginleiðir. N. afgr. málið þannig til ríkisstj., að val stóð milli þessara tveggja leiða. Í frv., eins og það var lagt hér fyrir Alþ., er önnur þessara leiða farin, en í hinni till. var gert ráð fyrir mun hærra ríkisframlagi, en minni útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða sem samkomulagið frá 22. júní 1977 tekur til. Síðarnefndu till. studdu fulltrúar Alþýðusamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Landssambands lífeyrissjóða, en fulltrúi Lífeyrissjóðs bænda taldi sig geta stutt hvora till. sem væri. Þannig var frv. lagt fyrir, og Ed. afgr. þessa fjáröflunarleið með þessu ákvæði til bráðabirgða sem ég las upp áðan.

Í öllum megindráttum er ég samþykkur þeirri fjáröflun sem snertir það sem lagt er lífeyrissjóðunum sjálfum á herðar, og ég get að vissu leyti og verulegu leyti tekið undir það, að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga leggi þar til, með tilliti til þess, að með gildistöku þessara laga er létt töluverðum útgjöldum af sveitarfélögum í landinu. Hins vegar er ég ekki þess umkominn að leggja á það mat, að það, sem hér er lagt til að lagt sé á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sé það eina sanna og rétta, en tel eðlilegt að Jöfnunarsjóður leggi fram í þessa fjáröflun. Öðru máli er að gegna um þær kvaðir sem lagðar eru á Atvinnuleysistryggingasjóð. Þar get ég í öllum verulegum atriðum tekið undir það sem 6. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni hér í gærkvöld, og ég hefði kosið varðandi þetta ágæta og þarfa mál, sem hér er til umræðu, að fjáröflun til þess hefði verið mætt með ákveðnari hætti en gert er við afgreiðslu málsins frá hv. Ed.

Ég ætlaði mér að leggja fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. trmrh., en ég sé að hann er ekki hér í þingsalnum. Þær eru ekki margar og ég skal stytta þær fyrirspurnir í trausti þess, þar sem tveir ráðh. sjást nú hér inni í salnum, að þeir komi þeim fyrirspurnum áleiðis, því að ég er ekki að krefjast þess, að menn sitji hér undir umr. svo að segja sólarhringinn út.

Fyrsta fyrirspurnin er: Hvað líður endurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingasjóð? Þegar ég gegndi starfi trmrh., næstum því ári áður en ég lét af því, skipaði ég n. til að endurskoða lög um Atvinnuleysistryggingasjóð, og var til þess ætlast, að sú endurskoðunarnefnd lyki störfum á s. l. hausti og þá kæmi væntanlega fram nýtt frv. um breyt. á l. um Atvinnuleysistryggingasjóð. Það frv. hefur ekki séð dagsins ljós enn þá og ekkert vitað um hvað líður störfum þeirrar n. Það hefur oft áður komið fram hér á Alþ. nauðsyn þess að endurskoða þessi lög, og það voru bæði sjálfsagðar og eðlilegar óskir sem komu fram um það. En eins og komið er fyrir Atvinnuleysistryggingasjóði er búið að hlaða á hann meiri skyldum en fjáröflun hans getur með góðu móti staðið undir, og þar tek ég með þau ákvæði sem hvíla á sjóðnum varðandi þær skyldur sem fylgja þessu frv. Því er þörf á að hæstv. ráðh. upplýsi þessa þd. um hvað líði endurskoðun þessara mikilvægu laga.

Ég tek skýrt fram, að ég styð þetta frv. í öllum meginatriðum, þó að ég sé mjög óánægður með hvernig gengið er frá þessari hlið málsins, sem er mikilvægt atriði, og sömuleiðis er mjög erfitt viðureignar að fá þetta mál til n., þó í síðari d. sé, rétt fyrir þinglok. Á engan hátt vil ég þó bregða fæti fyrir afgreiðslu málsins, þó að allt sé þetta komið á allra síðasta snúning. En þetta frv. er aðeins áfangi að miklu stærra og ákveðnara marki, sem er lífeyrissjóður fyrir alla launþega í landinu eða lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, eins og mönnum er tamara að segja.

Ef við lítum á fjárhagsstöðu lífeyrissjóðanna almennt, þá er hún mjög misjöfn og þar kemur margt til. Sumir þessara sjóða njóta verðtryggingar lífeyris, aðrir ekki. Sumir eru gamlir og grónir og byggja á töluverðum auðæfum, en aðrir þessara sjóða eru nýstofnaðir. Reglur um iðgjöld og lífeyrisréttindi eru með ýmsum hætti. Við hlið lífeyrissjóðanna eru svo ellilífeyrisgreiðslur almannatrygginganna, og þessi kerfi starfa bæði sjálfstætt án samræmingar. Það er t. d. tvöföld trygging hjá sumum, en mjög lágar bætur til annarra.

Að því er varðar samræmingu þessara meginkerfa koma til greina þrjár leiðir. Róttækasta leiðin væri sú að sameina alla lífeyrissjóði í landinu í eitt og sameina þá almannatryggingunum, en með því væru lífeyrisréttindi og iðgjaldagreiðslur allra starfsstétta samræmdar. Allsherjarlífeyrissjóð af þessu tagi mætti reka að verulegu leyti á sjóðsmyndunargrundvelli og viðhalda þannig þeim sparnaði sem lífeyrissjóðirnir skapa eða eiga að skapa. Einnig væri hugsanlegt að hverfa alveg frá sjóðsmyndun og láta iðgjöld og lífeyrisgreiðslur standast á árlega. Báðar leiðirnar eru þekktar frá öðrum löndum. Þó að þessi lausn sé að ýmsu leyti einföld og jafnframt áhrifamikil, þá held ég að sé óhætt að fullyrða að gegn henni sé slík andstaða, þar sem hún rekst mjög á hagsmuni fjölda þjóðfélagshópa sem hafa áunnið sér þessi réttindi, að hún komi vart til greina. Hugsanleg leið væri að lífeyrissjóðirnir tækju að sér meginhlutverkið í greiðslu ellilífeyris og þeim ætlað að greiða bæði almennan grunnlífeyri auk viðbótarlífeyris eftir tekjum og aðildartíma hvers sjóðsfélaga. Almannatryggingarnar

hefðu þá það hlutverk að sjá fyrir lágmarkstekjutryggingu þeirra sem af einhverri ástæðu yrðu utan við lífeyrissjóðakerfið. Þriðja leiðin og sú sem er einna algengust í þeim löndum, sem okkur eru líkust í félagslegri uppbyggingu, er að almannatryggingakerfið verði gert að grunnkerfi sem greiði lágmarksellilífeyri til allra án tillits til aðildar að lífeyrissjóðum, þessi lágmarkslífeyrir væri miðaður við þurftartekjur og væri hátt hlutfall af lægstu tekjum verkafólks. Því til viðbótar greiddu síðan lífeyrissjóðirnir viðbótarlífeyri í samræmi við reglur hvers sjóðs um sig, er fari eftir starfstekjum í lok starfsævi og inneign hvers sjóðsfélaga. Þessi leið mundi í reynd verða til þess að umfang almannatrygginganna ykist mjög verulega frá því sem nú er, en jafnframt mundi það létta á greiðslum hjá lífeyrissjóðunum. Yrði því óhjákvæmilegt að nokkur hluti þeirra iðgjalda, sem nú renna til lífeyrissjóða, færi beint til almannatrygginganna, svo að hægt væri að forðast nýjar álögur. Þó að þessi leið hafi í för með sér nokkra þrengingu á núverandi starfsvettvangi lífeyrissjóðanna virðist hún að ýmsu leyti álitlegri við aðstæður hér á landi en þær tvær leiðir sem ég nefndi áður. Á þessu stigi vil ég á engan hátt fullyrða hvaða leið verður valin og hvaða leið verður heppilegust. En ég tel mikla nauðsyn og í samræmi við það, sem allir þingflokkar hafa heitið almenningi í landinu, að lögð verði á það rík áhersla að þessi svokallaða 17 manna n. hraði störfum sínum. Þó að n. ljúki störfum á ríkisstj. og síðar Alþ. eftir að marka endanlega þá stefnu, sem lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn á að taka, og þegar sú stefna liggur fyrir og Alþ. hefur mótað hana er auðvitað óhjákvæmilegt að nokkur tími líði þangað til þetta mikilvæga mál verður orðið að veruleika í framkvæmd. Því er nauðsyn á að hreða vinnu þessarar n. og stefnumörkun ríkisstj. og Alþingis á þann hátt að setja tímamörk fyrir því, hvenær þetta fullkomna lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn eigi að taka gildi.

Hér er um mikið misrétti að ræða í þjóðfélaginu. Annars vegar eru verðtryggðir lífeyrissjóðir tiltekinna hópa launþega en hins vegar óverðtryggðir lífeyrissjóðir. Þetta eru langstærstu félagslegu umbætur, sem almenningur í landinu getur vænst af samfélaginu, og miklu meira virði en fjölmörg þau mál sem verið er að klifa á að taka inn í *tryggingakerfið á hverjum tíma. En þetta er það stórt* átak að það verður ekki stigið og komið til framkvæmda nema á nokkuð löngum tíma. En til þess að jafngott mál og þetta verði að veruleika þarf að hraða, eins og ég sagði áðan, vinnu þessarar nefndar, ákvörðunartöku ríkisstj. og síðan lögfestingu Alþ. á þessu lífeyriskerfi. Og á það legg ég mikla áherslu að brýna hæstv. ríkisstj. í því að fylgja vel eftir þessari ákvörðunartöku.

Einar Ágústsson: Ég sé sérstaka ástæðu, herra forseti, til að þakka það að ég skuli fá að taka hér til máls. Mér finnst það alveg sérstök greiðasemi að formaður í þeirri n., sem þetta mál á að fá, fái að segja hér örfá orð um málið sjálft. Og ég skal þá virða það að tala stutt, einkum þar sem ég veit að orðið verður tekið af mér ef ég fer að beita því sem hér hefur verið kallað málþóf og ég hef verið sérstaklega varaður við, — af hvaða ástæðu það er veit ég ekki. (Gripið fram í.) Ég hef ekki tamið mér málþóf hér í vetur og ætla mér ekki heldur að gera það hér og ætlaði ekki, en kannske væri það þó aldrei meira freistandi en einmitt nú.

En það, sem ég ætlaði að finna að í sambandi við þetta mál, er hversu seint það er lagt fram. Málið er lagt fram á allra síðustu dögum þingsins. Hér er um stórmál að ræða, 1300 millj. kr. útgjöld sem á að bæta við nú í þinglokin, og ágreiningsmál. Eins og komið hefur fram við þessa umr. eru forsvarsmenn Atvinnuleysistryggingasjóðs mjög uggandi um sinn hag og þeir eru algerlega mótfallnir þeirri fjáröflunarleið sem lögð er til í þessu frv., og að ætla n. að taka við máli, sem þannig er í pottinn búið, þegar tveir eða þrír dagar eru eftir af þinghaldi, það tel ég ekki viðeigandi vinnubrögð. Ég hefði haft um þetta stærri orð og fleiri ef hæstv. félmrh. hefði séð sér fært að sitja þann fund þar sem mál hans er til meðferðar, en það hefur hann ekki gert.

Ég vil sem sagt, herra forseti, gagnrýna þessi vinnubrögð alveg sérstaklega. Og sem formaður þeirrar n., sem lagt er til að þetta mál fari til, mun ég ekki ábyrgjast að hægt verði að afgreiða málið á þeim tíma sem til umráða er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eignarnám hluta jarðarinnar Deildartungu ásamt jarðhitaréttindum, frv. (þskj. 704, n. 813 og 817, 814). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar d. hefur haft þetta frv. til athugunar og hún hefur fengið til fundar við sig umboðsmenn eigenda Deildartunguhvers, þá Björn Fr. Björnsson lögfræðing og Þorstein Helgason dósent. Enn fremur hefur komið á fund n. starfshópur sem athugað hefur á vegum iðnrn. lagningu hitaveitu til Akraness og Borgarness, en í þeim starfshópi eru Gísli Einarsson deildarstjóri, Pétur Stefánsson verkfræðingur og Kristján Sæmundsson jarðfræðingur. Þá hefur komið á fund n. Edgar Guðmundsson verkfræðingur, en hann er ráðgjafi stjórnar hitaveitunnar, og einnig Gaukur Jörundsson, prófessor, og svo síðast Jón Þórisson oddviti í Reykholtsdalshreppi.

Ýmis gögn hafa legið fyrir n. og er þá fyrst að geta allviðamikillar grg. sem starfshópur á vegum iðnrn. samdi, nokkrar grg. frá umboðsmönnum eigenda Deildartunguhvers, undirskriftir frá íbúum í Reykholtsdalshreppi og samþykkt sem hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps gerði á fundi sínum hinn 17. maí. Ég tel ástæðu til að kynna í þessari d. þessa samþykkt hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps, en hún er svo hljóðandi:

„Hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps hefur aldrei verið andvíg HAB eða viljað koma í veg fyrir eðlilega vatnsöflun til þeirra framkvæmda. Því harmar hún það, að nú skuli hafa slitnað upp úr samningaviðræðum milli eiganda Deildartunguhvers og HAB, og er það von hennar að enn leynist möguleikar sem gætu orðið til að samningar takist.

Það var álit hreppsnefndarinnar, að ef samningar ekki tækjust yrði hverinn tekinn leigunámi svo ekki þyrfti að koma til eignarnáms. Nú hefur hins vegar komið fram frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka Deildartunguhver eignarnámi og afhenda hann síðan HAB. Það hefur alltaf verið skoðun hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps, að ef til eignarnáms kæmi yrði ríkissjóður

eigandi hversins og seldi síðan hitaveituréttindin. Hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps mótmælir því alfarið, að slík verðmæti sem Deildartunguhver er séu afhent fyrirtæki annarra sveitarfélaga án þess að hugsað sé um framtíðarhagsmuni íbúa hreppsins, því að áliti hreppsnefndarinnar eiga þeir forgangsnýtingarrétt á því heita vatni sem ábúendur jarða ekki nýta á hverjum tíma. Ætli ríkissjóður ekki að eiga Deildartunguhver, eftir að eignarnám hefur farið fram, telur hreppsnefndin að skilyrðislaust eigi að afhenda hann Reykholtsdalshreppi, enda lýsir hreppsnefndin sig reiðubúna til samningaviðræðna við HAB um sölu á heitu vatni."

Það undirskriftaskjal, sem barst n. úr Reykholtsdalshreppi, gekk í veigamiklum atriðum í svipaða átt. Og eins og ég hef lesið er hér fyrst og fremst um að ræða mótmæli við því, að jarðhitaréttindin séu afhent fyrirtæki annarra sveitarfélaga til eignar. Það er ekki um að ræða andstöðu við það að heitt vatn úr Deildartunguhver sé notað til hitaveitu Akraness og Borgarness, heldur er fyrst og fremst um að ræða andstöðu við að afhenda eignarréttinn yfir þessum jarðhitaréttindum. Og brtt., sem meiri hl. iðnn. flytur á þskj. 814, miðar að því að taka af öll tvímæli í þessu efni, en sú brtt. gerir ráð fyrir að 3. gr. frv. orðist sem hér segir:

„Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er ríkissjóði heimilt að afhenda HAB hin eignarnumdu verðmæti til afnota eftir því sem almenningsþörf krefur og um semst, enda greiði hún ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerum þessum."

Eins og ég áður sagði eru í þessari brtt. tekin af öll tvímæli, og stjórn HAB er samþykk þessari brtt., enda er þessi brtt. í fullu samræmi við samþykkt er stjórn Hitaveitunnar gerði á fundi sínum hinn 23. apríl s. l. um samvinnu við sveitarfélög á starfssvæði veitunnar.

Í nál. á þskj. 817, frá minni hl. iðnn., er því þráfaldlega haldið fram, að engar raunverulegar samningaviðræður hafi farið fram um jarðhitaréttinn á milli Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og eiganda jarðhitans að Deildartungu. Hér er um mikinn misskilning að ræða, enda kemur rækilega fram í gögnum málsins, m. a. á þskj. 817, að allt frá árinu 1974 hafa ítrekaðar tilraunir verið gerðar til að ná viðunandi samkomulagi um leigu eða kaup, en ætíð án árangurs. Nú er liðið á árið 1979, og till. á þskj. 817 um að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá setur hagsmuni fjölmennra byggðarlaga í beinan voða. Ef rökstudda dagskráin yrði samþ. mundi það tefja framgang hitaveitunnar um ófyrirsjáanlegan tíma.

Innan n. var nokkuð rætt um þann möguleika, að í stað eignarnáms verði frv. breytt í það horf að leigunám ætti sér stað. Löggjöf um leigunám er mjög fátíð og öll þau fordæmi, sem n. eru kunn um leigunám í löggjöf hér á landi, gera ráð fyrir leigunámi um mjög takmarkaðan tíma, jafnvel mjög skamman tíma, jafnvel aðeins einn sólarhring, eins og dæmi eru til um leigunám á Hótel Borg. Engin fordæmi eru fyrir því í lögum að leigunám vari mjög langan tíma eða ótakmarkaðan tíma. N. fannst því ekki ráðlegt að breyta frv. í þá átt. Hins vegar hefur komið fram og verið útbýtt í dag í d. till. sem gerir ráð fyrir leigunámi til 15 ára. Satt að segja furðar mig á slíkri till. Það er engu líkara en að flm. vilji viðhalda stöðugum ágreiningi í Vesturlandskjördæmi um jarðhitaréttindin í Deildartunguhver.

Það var mikið rætt um það innan iðnn., að þrátt fyrir það að þetta frv. yrði að lögum bæri nauðsyn til að reyna enn frekar að ná frjálsum samningum um afnotaréttinn að jarðhitaréttindunum í Deildartungu. Ég tel sjálfsagt að sá háttur verði á hafður, og mér er ánægja að skýra frá því, að stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er mjög samþykk þessari málsmeðferð. Vill stjórnin í hvívetna hafa sem best samstarf við alla aðila, bæði eiganda og sveitarfélög.

Frsm. minni hl. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Staða mín í þessari hv. d. er með þeim hætti, að það er ekki auðvelt fyrir mig að fara að halda langar ræður í þeim málum sem nú eru til umr. á allra síðustu stundum þingsins. En satt að segja er þetta mál þannig að það væri full ástæða til þess að halda um það þó nokkuð langa ræðu og tala um málið frá ýmsum sjónarmiðum. Ég ætla þó ekki að gera það, vegna þess einmitt að ég vil vera trúr þeim skyldum sem mér ber sem forseta í þessari d. að reyna að hafa sem allra stystar ræður hér á síðustu dögum þingsins, ég vil segja: á allra síðustu dögum þingsins. En samt sem áður hlýt ég að segja það úr þessum ræðustól sem einn af þm. d., að það gegnir furðu að mál af þessu tagi, svona viðamikið og stórt mál, skuli vera lagt fyrir þd. á þessum allra síðustu dögum.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að hæstv. iðnrh., sem er góðviljaður maður og skynsamur og ber gott skyn á flesta hluti, áttar sig á því, að þetta mál hefur fleiri hliðar en eina. Það eru á þessu máli miklu fleiri hliðar en sú, að hitaveitan á Akranesi og í Borgarfjarðarhéraði hafi þörf fyrir það að fá svo og svo mikið heitt vatn. Það er nokkuð sem við erum öll sammála um. En ég vil biðja hæstv. iðnrh. að athuga það líka, að það eru til ýmis réttindi sem eru varin af stjórnarskrá og við teljum og munum lengi telja sjálfsagt að verja. Og ríkisvaldinu er vissulega mikill vandi á höndum þegar á að taka slík einstaklingsréttindi. Þá er ríkisvaldinu og öðrum, sem slíkan rétt taka, mikill vandi á höndum og það er skylt að líta á slík mál frá ýmsum hliðum. Þetta vil ég segja almennt um þessi mál, og ég tel að þetta mál sé allt of seint fram komið og hafi enga möguleika á því að verða athugað hér í þd. eða hér í þinginu svo vel sem mér finnst að ástæður málsins krefjist.

Ég fellst fyllilega á það, að mikil þörf er á því að nýta jarðhitaorkuna í landinu og aðra orku sem nýtanleg er. Og vissulega hefur ekkert staðið á því, að við Íslendingar höfum gert það, við erum sífellt að gera þetta. En ég hef líka oft rekið mig á það hér í þingsölum, að það er verið að gera mikið úr þeim vanda sem ríkið og hið opinbera, sem þarf að nýta orkuna, hafa við að stríða til þess að koma höndum undir þessa orku. Ég held að úr þessu sé gert allt of mikið. Sannleikurinn er sá, að þeir landeigendur, sem ráðið hafa yfir orku á Íslandi, hafa ekki, ef við skoðum sögu þessa máls frá upphafi, verið tregir til þess að afhenda orkuna, sumir hverjir gegn gjaldi að sjálfsögðu. En í mörgum tilfellum er það sannleikur, að landeigendur, sem átt hafa orkulindir, hafa látið orkuna af hendi fyrir ekki neitt. Ég gæti nefnt dæmi um það, að vísu nokkuð gömul, skulum við segja. Mér dettur í hug t. d. eigandi Laugarvatns á sínum tíma, mér dettur í hug eigandi Litlu-Laugar í Reykjadal, Sigurjón á Litlu-Laugum. Og sjálfsagt mætti marga fleiri slíka menn nefna, sem létu orkulindir sínar af hendi ókeypis eða fyrir lítið. Og ég held að þegar samningar hafa orðið um sölu á orkulindunum, þá hafi það ekki verið neinir nauðungarsamningar sem erfitt var fyrir hið opinbera að

standa undir.

Við skulum athuga það, að þegar verið er að reisa orkuver af því tagi sem þarna er um að ræða, eins og hitaveitu eða eitthvert annað orkuver, þá eru margir þættir í undirbúningi slíks máls. Það er m. a. mikill fjármagnskostnaður, því mest eða allt það fjármagn, sem í þetta gengur er tekið af láni. Það þarf að kosta til ákaflega kostnaðarsamrar hönnunar, sem kallað er, á mannvirkjum og öllu fyrirtækinu, og það vitum við flestir, að það er ákaflega kostnaðarsamt að leita til verkfærðinga og sérfræðinga á slíku sviði. Og þannig mætti lengi telja. Ég gæti best trúað því, að þegar til kastanna kemur verði orkulindin sjálf ekki það kostnaðarsamasta sem fyrirtækið verður að leggja út í. Og ég hygg að svo verði í sambandi við Deildartunguhver, að það verði ekki kostnaðarsamasti liðurinn við að koma upp hitaveitu í Borgarfjarðarhéraði eða á þeim slóðum, — ég kalla þetta svæði allt Borgarfjarðarhérað, — að það verði ekki kostnaðarsamasti liðurinn, það sem ríkið þarf að greiða fyrir lindirnar sem orkan kemur úr.

Þetta mál hefur komið til n. sem ég á sæti í, iðnn. Nd., og ég vil byrja á því strax að taka það fram, að formaður þeirrar n. hefur að mínu viti staðið mjög vel og skilmerkilega að afgreiðslu þess máls í n. Hann hefur stjórnað n. á þann hátt, að hin ýmsu sjónarmið fengu að njóta sín þar. Þangað komu, eins og hér hefur verið greint frá, ekki einasta þeir, sem staðið hafa að gerð þessa frv., heldur líka fulltrúar fyrir eiganda hversins í Deildartungu. Ég hygg nú, satt að segja, að það hafi verið fyrir marga algert nýmæli að fá að heyra sjónarmið fulltrúa eiganda hversins. Þau sjónarmið hafa aldrei verið kynnt, hvorki í fjölmiðlum né hér í þingsölum eða annars staðar þar sem um þetta er fjallað. Og ég hygg að margir nm. hafi áttað sig á því, að þetta mál hefur verið rekið nokkuð einhliða og með nokkuð miklum hraða og að það hefði verið eðlilegra að standa öðruvísi að málinu, undirbúa það betur og leggja það þá í einhverju formi fyrir Alþingi.

Sannleikurinn er sá, að menn hafa haft þá trú, ég held að það hafi verið reynt að skapa þá trú víða um land, ég vil þó ekki segja of mikið, en ég hygg þó að það hafi verið reynt að skapa þá trú, að Deildartungufólk vildi okra á hvernum. Ég er ekki að segja að neinn hafi gert það viljandi, en þannig verður oft skoðun til, að blöðin flytja einhliða fréttir. Þau hafa flutt mjög einhliða fréttir af þessu máli á undangegnum árum. Ég er ekki að segja að það hafi verið gert fyrir tilstuðlan iðnrn., en þó hygg ég að þangað hafi oft verið að leita heimilda fyrir ýmsum þeim ímynduðu skoðunum sem fólk hefur haft um viðskipti eiganda Deildartunguhvers eða fulltrúa eigandans við iðnrn. og við hitaveitufyrirtækin á Akranesi og í Borganesi, að eigandi og fulltrúar eiganda Deildartunguhvers hafi fyrst og fremst viljað okra sem allra mest á eign sinni. Það er einmitt um þetta sem nál. mitt, sem er stutt, fjallar og endar með því að ég legg til að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Það er út á þetta sem nál. gengur, að afsanna það sem almenningur hefur verið fóðraður á, að eigandi Deildartunguhvers og umboðsmenn hans séu nánast óviðræðuhæfir um afhendingu vatnsins og að þeir vilji okra á eign sinni.

Ég verð að segja það — því miður — að ef einhver kjarnapunktur er í frv. hæstv. iðnrh. þá er hann þarna. Það er gengið út frá því, að hæstv. iðnrh. virðist gefa sér það, að ekki sé hægt að ná frjálsum samningum við eiganda Deildartunguhvers og þess vegna sé brýn nauðsyn að fara þessa leið, eignarnámsleiðina, koma hér með frv. á allra síðustu klst. þingsins um svona viðamikið mál og krefjast þess, að það verði gert að lögum, að ráðherrann fái leyfi til þess að taka eignarnámi þessa eign bændanna í Deildartungu. Þetta tel ég vera stórmál (**Iðnrh.**: Eign bændanna?) Ja, þetta er eign Sigurbjargar í Deildartungu, sem er að vísu roskin kona orðin, en bjó þar langan aldur við mjög góðan orðstír, og hún á þennan hver, Deildartunguhver, þannig að ég held að það fari ekki mjög mikið á milli mála hvað við er átt. En sem sagt, það sem er fyrst og fremst í nál. mínu, það eru andmæli við því sem er hvatinn að frv.-gerðinni, frv.-framlagningunni, sem sé sá, að það sé ekki hægt að semja við Deildartungufólk um afnot af vatninu í Deildartunguhver. Þetta vil ég að komi skýrt fram hér á hv. Alþ., og ég vil að það komi skýrt fram fyrir landslýð að þetta er kjarni málsins. En þetta er, eins og ég bendi á, ekki rétt. Og það held ég að sé einmitt hægt að sýna fram á, og ég geri það í nál. mínu og í hinni rökstuddu dagskrá á svo einfaldan hátt sem verða má. Ég held að hver maður hljóti þó að sjá, þegar hann lítur yfir sögu síðustu 4 ára eða svo, 4—5 ára, í þessu máli, að það er rétt sem ég segi í nál. mínu, að það hafa engar forsvaranlegar samningaviðræður átt sér stað við eigendur Deildartunguhvers.

Á árunum 1974—1976 stóðu málin þannig að það mun hafa verið 1974 sem Borgarneshreppur fékk áhuga á því að koma sér upp hitaveitu. Það var gerður samningur til tveggja ára við eiganda Deildartunguhvers. Sá samningur rann út án þess að nokkurn tíma reyndi á hann, enda mun það hafa komið fram hjá forráðamönnum Borgarneskauptúns, að þeim hentaði betur að fara aðrar leiðir í öflun heits vatns. Síðan er það 1976, að þá mun Akranes vera komið inn í þetta mál ásamt Borgarnesi og kannske fleiri sveitarfélögum. Þá bjóða þau eiganda Deildartunguhvers, — sem er stærsti hver í heimi og einhver vatnsmesta hitauppspretta veraldar, — þá bjóða þeir 20.5 millj. kr. fyrir hverinn og líklega eitthvað af landi með. Og þau buðust til þess, þessi tvö stóru sveitarfélög ásamt kannske enn fleiri sveitarfélögum, að borga eigandanum þetta á 6 árum, þó þannig að um helmingur yrði greiddur út í hönd, hitt á 6 ára skuldabréfi.

Ég veit nú ekki hvort það telst sérstaklega undarlegt þó að eigandi hversins hafi ekki viljað hlíta slíku boði. Að vísu mun síðar hafa komið annað boð heldur skárra, sem ég minnist líka á í rökstuddu dagskránni, en það boð var ekki heldur þess eðlis að það væri nein sérstök ástæða til að taka því.

Síðan, og það er sannleikurinn, gerist ekkert í þessu máli. Það er ekkert talað við eigandann, það er ekki verið að fylgja þessum boðum, sem ég hef verið að tala um hér, eftir með nýjum boðum og kalla Deildartungufólk til viðræðu um að það semji um vatnsafnotin. Það er ekkert gert. Það næsta sem gerist er ekki fyrr en í fyrra, fyrir rúmu ári, að þá kemur bréf til iðnrh. sem er strengileg beiðni um það að hann taki hverinn eignarnámi. Þetta hefur síðan verið að velkjast í rn. allt fram á þennan dag, í u. þ. b. 13—14 mánuði eða hvað það nú er. Þetta hefur verið að velkjast þar. Og þær einu viðræður sem raunverulega hafa farið fram, — þær upplýsingar hef ég frá fulltrúum eiganda Deildartunguhvers og ég efa ekki að þær upplýsingar eru réttar, — einu raunverulegu við-

ræðurnar sem telja má þó forsvaranlegar, þær fara fram dagana 4. maí til 9. maí s. l. Og þetta kallar hv. frsm. meiri hl. iðnn. að séu raunverulegar samningsviðræður, og þetta veit ég að hæstv. iðnrh. telur líka forsvaranlegt, því miður telur hann það. Þetta tel ég ekki forsvaranlegt, og meðan svona er að unnið get ég ekki stutt þetta frv. Ég tel að langhæfasta og langmest viðeigandi svarið við þessu frv. sé það sem ég bendi hér á, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, að það verði tekið fyrir annað mál á dagskrá en þetta.

Þetta er afstaða mín, hún kemur glögglega fram í nál., og ég ætla ekki að fara frekari orðum um þetta mál. Það er að vísu full ástæða til að ræða þær brtt. sem fram hafa komið. Þær hafa komið fram frá Gunnari Thoroddsen á sérstöku þskj. og Einari Ágústssyni og Albert Guðmundssyni á öðru þskj. Ég get sagt það, að vissulega væri það strax til bóta ef sú leið yrði valin sem þessir hv. þm. benda á, sem er í meginatriðum sú sama þó að tillögur Einars Ágústssonar og Alberts Guðmundssonar séu verulega ítarlegri.

Ég ætla ekki að þessu sinni að tefja málið lengur, hafði aldrei ætlað mér að gera það, aðeins að koma sjónarmiðum mínum fram. Og ég vil að lokum hvetja hv. þdm. til þess að kynna sér allar hliðar þessa máls og þá ekki síst það sem eigandi Deildartunguhvers og umboðsmenn hans hafa fram að færa í þessu máli. Ég tel að það hafi til þessa of lítið heyrst um raunverulega afstöðu eigandans og þeirra sem fara með umboð hans.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á fyrstu árum sem ég gegndi embætti iðnrh. komu hitaveitumál Borgarness, Andakílshrepps og Akraness mjög til athugunar og kasta í iðnrn. Á fyrstu tveim árunum ræddu forráðamenn þessara byggðarlaga oft við mig um þau mál. Borgnesingar og nágrannasveitir höfðu hug á því að koma á hitaveitu fyrir sig og höfðu gert samning, eins og hér hefur verið lýst, við eigendur Deildartungu um nýtingu á vatni þaðan ef til kæmi, en einnig voru kannaðir möguleikar annars staðar í Borgarfirði, sérstaklega í Bæjarsveit. Akurnesingar höfðu mikinn áhuga á hitaveitu og var í því sambandi borað eftir heitu vatni á Leirá, en því miður fékkst ekki nægur árangur af þeirri borun. Forráðamenn þessara byggðarlaga ræddu við iðnrn. um það að leggja hitaveitu hvorir í sínu lagi.

Borgnesingar og nágrannasveitir komust að þeirri niðurstöðu, að fjarlægðin frá Deildartungu væri svo mikil að ekki mundi unnt fyrir þessi byggðarlög ein að standa undir hitaveitu með svo langri aðveituæð, heldur yrði þá að taka aðrar lindir sem nær væru.

Akurnesingar höfðu í huga, eftir vonbrigðin með boranir við Leirá, að stofna fjarvarmaveitu sem gæti á sínum tíma tekið við heitu vatni ef fyndist í nágrenni Akraness, en fyrst og fremst með því að nýta afgangsraforku og svartolíu.

Á árinu 1976 voru þessi mál rædd mjög rækilega og ég tók þá afstöðu sem rétt er að skýra hér frá. Ég tilkynnti forráðamönnum þessara byggðarlaga að ég legði áherslu á að þeir gengju til samstarfs: Akraneskaupstaður, Borgarnes, Andakílshreppur og önnur nágrannahéruð, í eitt fyrirtæki sem legði hitaveitu sem byggðist á heitu vatni frá Deildartungu. Þetta var auðvitað byggt á því fyrst og fremst, að í Deildartungu er sjálfrennandi vatn um 100 stiga heitt, 180 lítrar á sek., sem nægði um allmargra ára skeið til upphitunar fyrir öll þessi byggðarlög sem um er að ræða, hér væri hægt að nýta vatn án nokkurs tilkostnaðar við boranir, en við boranir er bæði mikill kostnaður og auk þess mikil óvissa hvarvetna eins og kunnugt er. Í öðru lagi var ljóst að hin langa aðveituæð frá þessum mikla hver mundi möguleg kostnaðar vegna þegar öll þessi byggðarlög stæðu saman. Ég tjáði þeim, að ég gæti ekki að svo stöddu veitt atbeina til þess, að hvor um sig stofnaði hitaveitu, fyrr en þetta mál væri fullkannað. Í því sambandi var ungum ágætum verkfræðingi falið að hafa forgöngu um nánari kannanir á þessu og að vinna að því ásamt forráðamönnum þessara byggðarlaga að koma á þessu samstarfi. Þetta tókst. Það tók að sjálfsögðu nokkurn tíma, en það tókst að koma á þessu samstarfi, fyrst með samstarfsnefnd og síðan með stofnun formlegs félags: Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Ég tel að hér hafi verið rétt að málum staðið. Í þessu sambandi var það auðvitað meginatriði og lögð á það áhersla af rn., að leitað yrði samninga við eiganda Deildartunguhvers og að samningar næðust um afnot af vatni.

Ég get þessa hér í upphafi til þess að gera hv. þm. ljós upptök þessa máls.

Eftir stjórnarskiptin í fyrra var þessu máli haldið áfram og þarf ég ekki að rekja þá sögu, enda er gerð grein fyrir henni í aths. með þessu stjfrv.

Ég vil segja það fyrst, að ég harma mjög að ekki skuli hafa tekist samningar um þetta mál. Mér virðist á þeim grg., sem liggja fyrir, að að verulegu leyti hafi ekki borið mjög mikið í milli, sérstaklega að því er varðar fyrstu 10 ár hitaveitunnar. Við sjáum það á bls. 10 í grg. með frv. þar sem samanburður er gerður, en hann er á þá lund, að fyrsta áratuginn var tilboð Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar 12.5 millj., en tilboð eiganda Deildartunguhvers 18 millj., árgreiðsla, hvort tveggja verðtryggt. Ég ætla að hér hefði átt að vera möguleiki til samkomulags, að finna þarna millileið. Erfiðleikarnir og ágreiningurinn spruttu þó fyrst og fremst á tímabilinu sem kom á eftir, þegar kröfur Deildartungumanna tóku töluvert stökk upp á við vegna þess að þeir vildu þá miða við hluta af hagnaði fyrirtækisins.

Út af fyrir sig skal ég ekki ræða þessar samningaviðræður, en að sjálfsögðu hefði verið ákaflega æskilegt að samningar hefðu tekist. Þeir hafa ekki tekist og nú hefur verið lagt fram frv. til l. um eignarnám. Ég vil taka það fram í fyrsta lagi, að þegar um slíka ráðstöfun er að ræða eins og lögnám eða eignarnám tel ég vera grundvallarskilyrði og grundvallaratriði hjá Alþ. að fara ekki lengra í því að taka eign manna en nauðsynlegt er til þess að fullnægja tilganginum. Og ég tel að í þessu efni sé ekki nauðsynlegt að taka eignarréttinn að fullu af eiganda, heldur sé tilgangi og hagsmunum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar fullnægt með því að semja um afnot af nægilegu vatnsmagni eða taka lögnámi afnotarétt eða það sem við köllum oft með leigunámi.

Það er e. t. v. rétt að geta þess hér, að í riti Ólafs Jóhannessonar fyrrum prófessors og nú forsrh. um stjórnskipun Íslands, þar sem hann ræðir um eignarnám, kemur hann inn á þessi grundvallaratriði sem ég nefndi. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — aðeins rekja hér eina eða tvær setningar úr því riti þar sem rætt er um það, að oftast nær fái eignarnemi beinan eignarrétt yfir hinni lögnumdu eign, en stundum er heimildin þrengri, þ. e. a. s. aðeins heimilað nám afnotaréttar. Það fer eftir eignarnámsheimild og þörfum eignarnema hversu langt eignarnámið gengur hverju sinni. Síðan segir hann: „En

aðalreglan sýnist hljóta að vera sú, að ekki sé gengið nær eignarnámsþola heldur en nauðsynlegt er til þess að hagsmunum eignarnema sé fullnægt.“

Það er þetta grundvallaratriði sem ég legg áherslu á, og ég tel að með því að taka afnotarétt eða með leigunámi sé fullnægt þessum þörfum. Nú er það svo, að þó að Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar hafi vafalaust í upphafi og sumir e. t. v. enn óski þess helst að fá eignarrétt að hvernum, þá er staðreynd að allar þær samningaviðræður, sem átt hafa sér stað undanfarna mánuði, hafa ekki byggst á því að hitaveitan fengi eignarrétt að hvernum, heldur á leigu. Ef menn líta t. d. á bls. 7 í frv., þar sem rakin eru tilboð frá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, þá segir varðandi tilboð nr. 1, að Deildartunguhver verði leigður gegn ársleigu og samið verði til 10 ára o. s. frv. Og í tilboði 2: „Deildartunguhver verði leigður til 30 ára gegn ársgreiðslu.“ M. ö. o.: allar samningaviðræður hafa farið fram á þeim grundvelli, a. m. k. nú um langt skeið, að um leigu sé að ræða, en ekki yfirfærslu á eignarrétti. Og Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar hefur talið að þetta væri fullnægjandi. Þetta er enn staðfest nú með því að meiri hl. iðnn. þessarar hv. d. flytur brtt. á þskj. 814 á þá leið, og það er gert til að ganga til móts við sjónarmið Reykholtsdalshrepps, — þar er lagt til að frv. verði breytt á þá lund, að í stað þess að ríkissjóður, eftir að hann tekur hverinn eignarnámi, afhendi hann Hitaveitu Borgarfjarðar hverinn til eignar, þá skuli sá háttur hafður á að ríkissjóður verði áfram eigandi, en afhendi aðeins hin eignarnumdu verðmæti til afnota Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Þetta hefur stjórn hitaveitunnar fallist á, og er það enn ein staðfesting á því, að hún telur að afnotaréttur eða leigunám sé algjörlega fullnægjandi fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

M. a. með þetta í huga og þau ummæli sem ég vitnaði í úr ritinu um stjórnskipun Íslands, að aðalreglan skuli vera sú að ekki sé gengið nær eignarnámsþola en nauðsynlegt er til að hagsmunum þeim, sem að er stefnt, sé fullnægt, finnst mér allt benda til þess, að eðlilegra væri að beita hér leigunámi heldur en beinu eignarnámi. Þess vegna gerði ég fyrirvara um þetta atriði í nál. meiri hl. iðnn. og flyt brtt. í samræmi við það.

Ég vil einnig benda á það, að hreppsnefnd og íbúar Reykholtsdalshrepps eru vissulega aðilar sem hefði átt að hafa samráð við. Því miður hefur það verið vanrækt. En eins og kunnugt er, þá er svo samkv. íslenskum lögum að hreppar eiga forkaupsrétt að slíkum verðmætum sem hér er um að ræða. Auðvitað getur löggjafinn breytt því, t. d. með þessum lögum. Samt sem áður á ekki að ganga alveg fram hjá þessari meginreglu sem er í íslenskri löggjöf, og auðvitað hefði átt að hafa samráð við hreppsnefndina. Hreppsnefnd og íbúar hreppsins hafa mótmælt harðlega. En ég vil benda á að í bréfi Jóns Þórissonar, oddvita Reykholtsdalshrepps, segir hann að álit hreppsnefndarinnar sé það, að ef samningar tækjust ekki ætti að taka hverinn leigunámi. Og í þeim mótmælum, sem okkur hafa borist frá íbúum hreppsins, segir: „Lágmarkskrafa okkar er, að í stað eignarnáms komi leigunám.“ Ég tel að með leigunámsaðferðinni sé beitt mildari aðferð, ef svo má segja, sé ekki farið lengra í skerðingu eignarréttarins en nauðsynlegt er, gagnvart eiganda, gagnvart íbúum hreppsins, sveitarfélaginu sjálfu sé þetta eðlilegri og mildari aðferð og fullnægi algerlega þörfum hitaveitunnar.

Varðandi það atriði, að leigunám sé fátítt hér á landi, er það alveg rétt að leigunámi, þeirri aðferð lögnáms eða eigum við að segja einni tegund eignarnáms í víðtækari skilningi hefur ekki oft verið beitt hér á landi, og þau tilvik, þar sem leigunámi hefur verið beitt, hafa, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, aðallega verið í sambandi við skyndiráðstafanir. Þó eru þess dæmi í íslenskri löggjöf að leigunám hefur verið sett í lög miðað við langan tíma eða varanlega. T. d. er í lögum, sem að vísu eru orðin allgömul og eru í sambandi við virkjunarmál í Arnarfirði, talað um leigunám. En þetta skiptir ekki aðalmáli. Aðalmálið er hitt, að það er ekkert því til fyrirstöðu í stjórnskipunarrétti eða samkv. stjórnarskrá okkar að ákveða leigunám til langs tíma.

Í brtt. minni er ekki neitt tímamark og það yrði þá auðvitað að vera á valdi ráðh., þegar þar að kemur, hvort það yrði til langs eða skamms tíma. En ég fullyrði að samkv. stjórnarskránni og stjórnskipunarreglum er ekkert því til fyrirstöðu að beita leigunámi til langs tíma.

Ég vildi láta þessar athugasemdir koma hér fram, herra forseti, en ég legg á það áherslu að löggjöf um lögnám þessara réttinda verður að ganga fram á þessu þingi, því ég tel að ella sé málum stefnt í mikinn háska. Ég tel að Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness geti ekki beðið í óvissu langa stund enn, og æskilegast teldi ég að þessi lög væru því afgreidd frá þinginu í leigunámsformi. Í iðnn. lagði ég einnig áherslu á það og óskaði eftir að það kæmi fram í nál. og framsögu, að n. mælti eindregið með því, ef þessi lög yrðu samþ., að þá yrði, áður en til eignarnáms kæmi, gerð enn ein tilraun til samninga. Þess er getið í nál. á þskj. 813 og hv. frsm. gat þess líka sérstaklega í framsöguræðu sinni.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þó að fyrir um það bil klukkustund hafi verið orðið heilagt, eins og hæstv. forseti tók réttilega fram, þá er kannske orðið tvíheilagt nú. Samt ætla ég að verja nokkrum tíma til að ræða þetta mikilsverða, síðbúna og einkennilega mál.

Ég held að ég hafi verið eini maðurinn sem tók til máls við 1. umr. til að benda á að hér væri um mjög óheppilega leið og aðferð að tefla. Ég get vísað til þess, sem ég þá sagði, til viðbótar því sem hv. síðasti ræðurmaður, 11. þm. Reykv., rakti í greinilegu máli, hvaða grundvallarmunur er á eignarnámi og leigunámi og hversu stórkostlegri réttindasvipting það er að beita eignarnámi en þó leigunámi.

Ég vil í upphafi taka það fram, að ég er algjörlega sammála því sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði áðan, að það er sjálfsagt að nýta þá orku sem til er og það er miklu skynsamlegra en að gera tilraun til að nýta þá orku sem ekki er til, sem þó hafa verið gerðar tilraunir til á undanförnum árum, eins og allir hv. alþm. þekkja.

Ég vil taka það fram einnig, að ég er samþykkur þeirri rökstuddu dagskrá sem hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur lagt hér fram, þ. e. a. s. að fresta þessu máli og reyna til þrautar samningaleiðina, eins og ég held að þar standi, með því að upplýst er að sú leið hefur ekki, a. m. k. að mati eigenda hversins, verið reynd til þrautar, og mér sýnast þau skjöl, sem birt hafa verið um samningaumleitanirnar, bera þess merki, að ekki hafi verið staðið að þeim eins og skyldi. Það er alveg rétt, sem kom fram áðan, að upphaflega bar ekki mikið á milli um fyrstu árin, og því finnst mér að það hefði verið hægt að ná þar endum saman. Því miður hefur það ekki tekist enn.

Ég vil leggja á það alveg sérstaka áherslu, að það er í

allra þágu að þetta mál leysist með friði og samkomulagi. Aðeins til að undirstrika það, hversu geysileg verðmæti hér er um að tefla, þarf ekki annað en að vitna til þess sem segir í blöðum í dag, að sú orka eða afl hversins, sem um er að tefla, Deildartunguhvers, er jafngildi 59 þús. tonna af gasolíu árlega miðað við húshitun og 55% nýtingu.

Ég hef ásamt hv. þm. Albert Guðmundssyni flutt á þskj. 827 brtt. sem er svipuð þeirri brtt. sem var mælt fyrir áðan, en kveður þó í einu atriði á um skipan mála með nokkuð öðrum hætti. Á ég þar við b-lið 1. tölul. brtt. sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Sjálfrennsli vatns úr Deildartunguhver ásamt landspildu úr landi Deildartungu, þinglesinni eign Sigurbjargar Björnsdóttur." Það er sem sagt lögð á það áhersla að hér sé einungis um það vatn að tefla sem þegar rennur fram úr hvernum, en ekki réttindi til áframhaldandi vinnslu vatns úr honum, þ. e. a. s. borana, og þess aukna vatns og afls sem kann að fást með þeim hætti. Þetta þarf að liggja alveg ljóst fyrir að mínu mati. Þess vegna lagði ég þessa brtt. fram. En ég tek það fram, að ef rökstudda dagskráin verður felld og menn sjá ekki ástæðu til þess að reyna frekar samningaleiðina og ef till. okkar hv. þm. Alberts Guðmundssonar verður einnig felld, þá mun ég að sjálfsögðu til þrautavara styðja till. hv. þm. Gunnars Thoroddsens, því að í meginatriði og grundvallaratriði gengur hún í þá átt sem ég hef verið að reyna að tala fyrir bæði við 1. og nú við 2. umr. þessa máls.

Ég endurtek það, að það er mjög nauðsynlegt að það upplýsist hér við umr., og ég tel að það sé nauðsynlegt að kveða á um það í lagagr., að hér sé ekki átt við önnur réttindi en þau sem ná til hins sjálfrennandi vatns. Menn vita ekki neitt hvað þarna kann að vera um að tefla. Þarna geta verið ómæld auðæfi enn, sem þá á að taka eignarnámi og meta það eignarnám miðað aðeins við það sjálfrennandi vatn sem er nú fyrir hendi.

Ég vænti þess, að hæstv. iðnrh. upplýsi okkur um þetta og að hann geti fallist á þá breytingu sem hér er um að ræða, því að hún skiptir verulegu máli.

Þá er enn fremur á það að líta, að ábúendur jarðarinnar Deildartungu (Deildartungu I og II) eru þrír og eigendurnir fjórir. Ég vænti þess, að hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstj. geri ráð fyrir því í þessu frv. sínu, að þessir aðilar hafi a. m. k. nokkurn rétt til notkunar þess vatns sem þarna er fyrir hendi. Enn fremur er þarna gróðurhús, Víðigerði heitir það, og sá maður hefur þegar samning um afnot af 2½ sekúndulítra.

Ég hef ekki komið auga á það í þessu frv., hversu mikið vatn eigi að taka af hvernum. Mér skilst þó að það séu 170 sekúndulítrar sem Hitaveitan ætlar sér að fá til afnota. Er þá tryggt að þeir 10 lítrar, sem eftir eru, nægi til þeirra nota sem ég var áðan að lýsa? Þetta þarf að upplýsa og það áður en hv. Alþ. getur með nokkru móti fallist á þessa lagasetningu.

Hv. frsm. meiri hl. iðnn., 7. landsk. þm., Jósef H. Þorgeirsson, mælti fyrir álitinu að sjálfsögðu og í hans máli kom það fram m. a., að hann teldi leigunám til 15 ára, eins og í till. okkar hv. 1. þm. Reykv. er gert ráð fyrir, algjörlega fráleitt, taldi að það mundi verða til þess að viðhalda ágreiningi í Borgarfjarðarhéraði í 15 ár. Engu að síður segir hann í nál.: „Frv. gerir aðeins ráð fyrir heimild til eignarnáms og n. mælir eindregið með því við alla aðila þessa máls að enn verði gerð tilraun til samninga þrátt fyrir að frv. verði að lögum." Þá liggur nærri að varpa fram þeirri spurningu, hvort hæstv. iðnrh. ætli sér ekki að nota þessa heimild. Á hún aðeins að vera fyrir hendi? Á hún kannske að vera tæki sem nota á í samningum við eigendur jarðarinnar og segja: Nú skulum við semja, en ég ætla að láta ykkur vita að ég er hérna með eignarnámslög í vasanum? Það er dálagleg samningsaðstaða sem eigendur jarðarinnar eru komnir í þegar þar er komið málum. Ég held að þetta fái engan veginn staðist, og ef hv. frsm. iðnn. heldur að hann sé að koma á friði í Borgarfjarðarhéraði með því að mæla með samþykkt eignarnáms á Deildartunguhver, þá álít ég að honum skjótist heldur hrapallega. Allar þær umsagnir, sem borist hafa úr þeim hluta héraðsins sem þarna er verið að grípa inn í og taka eign af réttum eigendum, sem hafa átt og þeirra ættmenn og setið jörðina á þriðju öld, eru þess eðlis, að allir, sem látið hafa í sér heyra, og það eru flestir íbúar þessa byggðarlags, hafa lýst sig algerlega andvíga þessu máli.

Það verður auðvitað að finna á þessu lausn, og ég endurtek það, að það er þó illþolanlegra fyrir þetta fólk, sem ekki er sama um eignarrétt sinn, að láta af hendi með leigunámi sjálfrennandi vatn, sem að litlum notum kemur í dag, til byggðarlaga sem því er áreiðanlega hlýtt til og hefur mikil samskipti við. Ég vil enn fremur benda á það, að ef menn eru í alvöru að hugsa um að ná þarna samkomulagi, þá er það þó a. m. k. vænlegra til samkomulags á 15 ára tímabilinu, að fólkið í Deildartungu sé enn eigendur hversins, en hann sé ekki kominn í hendur einhverra annarra aðila sem þá eru orðnir viðsemjendur. Samningar við Deildartungufólk eru þar með afskrifaðir. (**Gripið fram í:** Það er nú nánast í annarra höndum.) Samningarnir um Deildartunguhver? Í hvers höndum þeir eru veit ég ekki beint. (Gripið fram í.) Honum hlýtur að vera heitt á höndunum. — Ég held að það sé alveg rétt, sem ég fer hér með, að ef eignarnámi er beitt eru Deildartungumenn ekki lengur neinir aðilar málsins, engir viðsemjendur. Þá eru þeir bara kvaddir: Verið þið sælir, herrar mínir. — Þetta er sú leið sem ég mæli gegn, bæði í þessu máli og öðrum.

Það er sjálfsagt að nýta gæði landsins, og það er jafnsjálfsagt að virða eignarréttinn, og allt tal um það, að leigunám til langs tíma sé fjarstæða, lögleysa og standist ekki, hefur verið hrakið hér af fyrrv. prófessor í lögum, þeim sem kenndi mér og ég man sumt enn, þ. á m. þetta. Þetta eru bara mótbárur sem ekki fá staðist. Það er gripið til þeirra í rökþroti af því að haldbær rök eru ekki fyrir hendi.

Herra forseti. Það er langt liðið á kvöld og hæstv. forseti hefur sýnt mér einstaka þolinmæði, sem ég virði við hann eins og jafnan, og ég ætla þess vegna ekki að níðast á góðmennsku hans öllu lengur, heldur þakka honum fyrir að fá að koma þessum athugasemdum á framfæri nú áður en umr. er frestað. Hæstv. iðnrh. benti mér á að kynna mér gögn þessa máls og málsástæður. Ég skal gjarnan gera það betur ef á þarf að halda. En ég vil um leið beina sams konar tilmælum til hans, að hann hugsi ráð sitt betur en hann hefur sjáanlega gert til þessa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 111. fundur.

Laugardaginn 19. maí, kl. 15.30 síðdegis.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 820). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um Iðnlánasjóð, en frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu í Nd. nú í dag.

Efnislega felur frv. þetta það í sér, að stofnuð verði sérstök lánadeild iðngarða, hjá Iðnlánasjóði. Hlutverk hennar er fyrst og fremst ætlað að vera það að lána sveitarfélögum og félagasamtökum og jafnvel einstaklingum fjármagn til að reisa iðngarða, enda er gert ráð fyrir að framlög komi á móti frá þessum aðilum í þessu skyni.

1. gr. frv. kveður á um þetta svo og um fyrirhugaða tekjustofna í þessu sambandi. Þar kemur fram að tekjur til þessarar lánadeildar yrðu framlög sem veitt kynnu að vera í þessu skyni úr ríkissjóði, framlög af tekjum Iðnlánasjóðs á tímabilinu 1980—1983, samtals að upphæð 1 milljarður króna, eða 250 milljónir króna ár hvert, og í þriðja lagi andvirði sérstakra lána sem stjórnin gæti fengið að fengnu samþykki iðnrh. og svo vextir og vísitöluálag og aðrar tekjur sem sjóðnum eða lánadeild þessari kynnu að áskotnast.

Í aths. með frv. er fjallað um tilganginn með þessari lagasetningu. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. í þessari deild hafi fylgst með þeim umr. sem fram hafa farið um iðngarða og hvaða meginhugmyndir liggja þar að baki. Raunar var nýlega samþ. á hv. Alþ. þáltill. þar sem ríkisstj. er falið að beita sér fyrir sérstakri löggjöf um iðngarða og hafa um það samráð við tiltekna aðila. Ég hyggst beita mér fyrir því í samræmi við þessa þáltill. að slík löggjöf verði undirbúin á þessu ári og lögð fyrir næsta Alþ., þar sem kveðið verði nánar á um hlutverk iðngarða og hugsanleg skilyrði og skipulag sem fylgt væri í sambandi við byggingu þeirra. En þó að slík löggjöf liggi ekki fyrir tel ég mjög mikilsvert að fá lagasetningu á grundvelli þess frv. sem hér liggur fyrir, þannig að þegar á næsta ári verði tiltækt fjármagn í þessu skyni. Samþykkt þessa frv. gerði það kleift og tryggði að þarna væri um fjármagn að ræða, og auk þess væri við undirbúning fjárlaga og lánsfjáráætlunar næsta árs unnt að taka afstöðu til þess, hvort ekki væri rétt að ráðstafa fé til viðbótar í þessa lánadeild iðngarða sérstaklega.

Kostir þess að reisa iðnaðarhúsnæði með skipulegum hætti á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka eiga að vera ótvíræðir, enda nokkur reynsla fengin af slíku í nágrannalöndum okkar, þar sem opinberir aðilar hafa staðið fyrir því að byggja slíkt húsnæði fyrir iðnað og boðið það iðnfyrirtækjum með hagstæðum kjörum. Þannig höfum við lesið um það í fréttum á þessum vetri, að íslenskum iðnfyrirtækjum meira að segja hafa boðist kostaboð, að því er þau telja, frá grannlöndum okkar, eins og Bretlandi, og þar boðið húsnæði með mjög hagstæðum kjörum.

Ég held að þörfin fyrir iðngarða í því formi, sem hér er gert ráð fyrir, sé ekki síst úti um byggðir landsins, þar sem ýmsar aðstæður eru örðugri til þess að koma á fót iðnaði heldur en á stærstu þéttbýlisstöðum landsins, og þannig sé hér um þýðingarmikið byggðamál að ræða. Og ekki væri óeðlilegt að Byggðasjóður kæmi til í sambandi við fjármögnun og hefði þannig áhrif á staðsetningu fyrirtækja af þessu tagi.

Í aths. með frv. er vikið að margháttuðu hagræði sem unnt væri að fá með samvinnu fyrirtækja og samstarfi innan slíks skipulags sem fælist í iðngörðum og ég er ekki að rekja það sérstaklega.

Í hv. Nd. var gerð lítils háttar breyting á upphaflegri gerð frv. Var þar tekið inn í 1. gr. þess atriði, sem vikið var að í aths. og stefna að því að tryggja frekar en beinlínis kom fram í upphaflegri grein frv., að umsækjendur um lán úr þessari fyrirhuguðu lánadeild gerðu glögga grein fyrir fyrirhuguðum notum af þessu húsnæði, og einnig að ekki verði efnt til óeðlilegrar samkeppni milli fyrirtækja innan sama byggðarlags, landshluta eða á landsvísu með tilkomu slíks húsnæðis. Þar var einnig markaður rammi fyrir þetta 250 millj. kr. framlag, að það kæmi ekki til á þessu ári, heldur fyrst á hinu næsta, enda tel ég það eðlilegt. En þá lægju fyrir betur mótaðar till. og e. t. v. sérstök lög um iðngarða, þannig að menn vissu þá glögglega hvernig best væri að standa að uppbyggingu þeirra og skipulagi í einstökum atriðum.

Ég treysti því, að mál þetta fái góðan byr hér í hv. þingdeild og það eigi eftir að verða íslenskum iðnaði lyftistöng á komandi árum og unnt verði að afla fjár í þessu skyni umfram það, sem hér er beinlínis nefnt og bæði ríkisvald, sveitarfélög og félagasamtök treysti sér til að stuðla þannig að nauðsynlegri iðnþróun í landinu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa yfir fyllsta stuðningi við það frv. til l. sem hér er til umr. um Iðnlánasjóð. Þetta mál tengist vissulega því áhugamáli sveitarfélaga og ekki síst samtaka sveitarfélaga að reyna að örva þann þátt úti um landsbyggðina sem helst skortir á í byggðauppbyggingu, þ. e. a. s. ýmsan iðnað. Þetta hefur verið ákaflega aðkallandi vandamál og er það vissulega víða úti um landið, þar sem fyrir liggur að iðnaðarmenn eða þeir aðilar, sem hafa hug á að koma upp ýmsum iðnaði, hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að byrja á því að byggja upp húsnæði fyrir þessa starfsemi, því að ekki hefur verið aðgangur að fjármagni sérstaklega í þessu skyni.

Sveitarfélögin hafa á undanförnum árum þreifað mjög á þessu máli, og þá kom það raunar greinilega í ljós strax, að samkvæmt lögum og reglum Iðnlánasjóðs hafði hann ekki möguleika eða leyfi til að lána sveitarfélögum sem höfðu hug á að koma upp slíku húsnæði fyrir iðnaðinn í byggðarlaginu. Þá lá ljóst fyrir að til að eiga aðgang að þessum sjóði yrði að breyta lögum. Á ráðstefnu sveitarfélaga á „Degi iðnaðarins" um iðnaðarmálefni var þetta mál mjög til umfjöllunar og þar kom greinilega fram ósk og vilji sveitarstjórnarmanna og annarra áhugamanna í þessum málum, að það þyrfti að gera átak til að efla iðnaðinn úti um landsbyggðina. Eitt af því, sem þar kom fram og menn töldu nauðsyn til að gera þetta kleift, var að koma upp svokölluðum iðngörðum, þar sem ýmist sveitarfélög hefðu um það algera forystu eða munduð yrðu samtök sveitarfélaga með einstaklingum í viðkomandi byggðarlögum til að koma á fót þessari starfsemi sem víða er raunverulega undirstöðuatriði fyrir áframhaldandi byggðaþróun á viðkomandi svæði.

Ég þarf ekki að lýsa þessu hér frekar. Það er alveg ljóst, að í mörgum byggðarlögum er þetta gífurlegt vandamál, ekki aðeins í sambandi við ýmsan nýiðnað, heldur einnig í sambandi við nauðsynlegan þjónustuiðnað, bæði að því er varðar þjónustu við útgerð og fiskiðnað og í mörgum fleiri greinum. Á þessum svæðum hafa einstaklingarnir ekki haft möguleika til að koma sér fyrir til að taka við þessu eða inna af hendi þetta hlutverk í sambandi við iðnaðinn. Þess vegna held ég að þetta frv. til l. stuðli örugglega að því að örva þessa starfsemi og verði jafnframt eðlilegur þáttur í byggðaþróun og til að treysta atvinnulífið úti um landsbyggðina og gera það fjölbreyttara, eins og allir eru sammála um að sé brýn nauðsyn. Ég vænti þess að þetta frv. fái góðan framgang.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 96). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Tímabundið aðlögunargjald, frv. (þskj. 736). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Stofnun og slit hjúskapar, frv. (þskj. 553). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 831).

Meðferð opinberra mála, frv. (þskj. 714). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 832).

Sameinað þing, 99. fundur.

Laugardaginn 19. maí, kl. 4 síðdegis.

Iðnaðarstefna, þáltill. (þskj. 700). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Farstöðvar, þáltill. (þskj. 480, n. 723). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 836).

Verksmiðjuframleidd hús, þáltill. (þskj. 116, n. 785). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 785 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 837).

Endurskoðun laga um almannatryggingar, þáltill. (þskj. 371, n. 784). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 784 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 37 shlj. atkv.

Uppbygging símakerfisins, þáltill. (þskj. 519, n. 786). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 786 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 39 shlj. atkv.

Skýrsla forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Lögum skv. hefur Framkvæmdastofnun ríkisins gefið út ársskýrslu sína fyrir árið 1978 og hefur henni þegar verið dreift til þm. Ég vísa til þessarar prentuðu skýrslu, en drep aðeins á örfá atriði í starfi stofnunarinnar.

Eins og skýrslan ber með sér voru störf stofnunarinnar með svipuðu sniði á árinu 1978 og áður. Framkvæmdasjóður Íslands og Byggðasjóður eru starfræktir innan lánadeildar Framkvæmdastofnunarinnar. Á árinu 1978 veitti Framkvæmdasjóður ný lán að fjárhæð alls 7645.6 millj. kr., og voru Fiskveiðasjóður Íslands, Stofnlánadeild landbúnaðarins og ríkissjóður stærstu lántakendur. Sjóðurinn tók tvö erlend lán á árinu, en að öðru leyti var um innlenda lánsfjáröflun að ræða, þ. e. hjá viðskiptabönkum, þar sem fjárhæðin var miðuð við 5% af innlánaaukningu bankanna og við sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða. Hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs árið 1978 námu 696.3 millj. kr., samanborið við 430 millj. kr. árið áður. Framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1978 nam 2004 millj. kr. Samþ. voru ný lán og styrkir úr sjóðnum að fjárhæð 2692 millj. kr. Hreinar tekjur sjóðsins voru 817.9 millj. kr., og í árslok 1978 var höfuðstóll hans 8478.2 millj. kr.

Í skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar er sundurliðað yfirlit yfir samþykkt lán og styrki á árinu og rek ég það ekki.

Í þeim hluta ársskýrslunnar, sem fjallar um áætlanadeild, kemur fram að á árunum 1972—1978 hafi heildarframkvæmdir í hraðfrystihúsum numið um 30 milljörðum króna á verðlagi ársins 1978. Lánveitingar Fiskveiðasjóðs til frystihúsa á sömu árum og á sama verðlagi námu um 8.8 milljörðum króna og lánveitingar Byggðasjóðs um 3.4 milljörðum króna, samtals lánuðu þessir tveir sjóðir um 40% af heildarframkvæmdafénu.

Á vegum áætlanadeildar var á árinu 1978 unnið að skýrslu um loðnuverksmiðjur og var henni lokið nú um áramótin og skýrslan gefin út í ársbyrjun 1979. Þetta starf var unnið í samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þá hefur deildin unnið að fiskiskipaáætlun II, en sú fyrsta var gefin út árið 1977. Tilgangur verkefnisins er að fá betri grundvöll undir ákvarðanir um stefnumörkun fyrir fjárfestingu í fiskiskipum. Þá hefur deildin unnið að athugunum á sviði samgöngumála, gatnagerðar í þéttbýli og orkumála.

Samkvæmt því, sem segir í þeim hluta skýrslunnar sem fjallar um byggðadeild, benda síðustu athuganir til þess, að á árunum 1979—1987 verði að skapa ný störf í landinu fyrir 13—18 þús. nýliða á vinnumarkaði, eftir því hvort atvinnuþátttaka kvenna stendur í stað eða fer enn vaxandi. Á árinu lauk byggðadeild síðustu úttektarskýrslunni fyrir heilan landshluta, síðari hluta Austurlandsáætlunar. Starfsemi deildarinnar beindist annars vegar að gerð heildaráætlunar fyrir smærri svæði og hins vegar að gerð séráætlana fyrir landshluta á smærri svæðum. Auk þess fór talsverður starfstími deildarinnar í að vinna að lausn rekstrarvandamála sem upp komu á ýmsum stöðum á landinu eða staðið höfðu frá fyrra ári. Í skýrslunni eru tíunduð afskipti deildarinnar af málefnum einstakra landshluta og gerð grein fyrir framvindu byggðamála og fer ég ekki nánar út í það. En niðurstaðan af þessum athugunum í skýrslunni er sú, að athyglin hljóti að beinast að iðnaði, og í skýrslunni segir að þetta sé ástæðan fyrir því að þessi ársskýrsla beri með sér vaxandi áherslu byggðadeildar á iðnþróun víðs vegar um landið og sú áhersla muni enn aukast með starfsáætlun ársins 1979, en byggðadeild gerir nú sérstakar iðnþróunaráætlanir.

Í ársskýrslunni er gerð grein fyrir norrænu samstarfi áætlanadeildar og byggðadeildar sem hefur vaxið. Þá er þar sérstakur kafli um Framkvæmdasjóð og starfsemi fjárfestingarlánasjóða, en úr Framkvæmdasjóði er veitt fé til helstu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, sem síðan lána til einstakra framkvæmda. 1978 lánaði sjóðurinn fjárfestingalánasjóðum 5150 millj. kr. Ásamt Seðlabankanum gerir Framkvæmdastofnun tillögur til ríkisstj. um lánakjör fjárfestingarlánasjóðanna. Hafa þær verið gerðar fyrir árið 1979 og er beðið enn eftir tillögum einstakra sjóða sumra hverra um lánakjör sín innan ramma meginreglnanna.

Eins og ég sagði, þá hef ég nefnt aðeins örfá atriði úr þessari prentuðu skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar sem árið 1978 er ítarleg. Eins og hv. þm. er kunnugt tók ný stjórn við í stofnuninni um áramótin, og á liðnu ári fékk annar forstjóri stofnunarinnar leyfi frá störfum er hann tók sæti fjmrh. í ríkisstj., og hefur ekki enn sem komið er annar verið settur í hans stað.

Það má geta þess hér, að í inngangi ársskýrslunnar kemur fram, að 1975 hafi stjórn stofnunarinnar stofnað húsbyggingarsjóð við Framkvæmdasjóð, og segir, að í þeim sjóði séu nú 490 millj. kr., hafi verið keypt lóð við Rauðarárstíg og megi hefjast handa við byggingu hússins með skömmum fyrirvara, en unnið hefur verið við grunn væntanlegrar byggingar. Afstaða ríkisstj. til þessa máls á þessu stigi var sett fram í bréfi forsrn. til Framkvæmdastofnunarinnar 25. jan. s. l., en þar segir að ríkisstj. hafi ákveðið að beina því til stofnunarinnar að ekki verði hafist handa við fyrirhugaða húsbyggingu án þess að fyrir liggi skýlaus heimild ríkisstj. og framkvæmdir falli inn í þann framkvæmdaramma sem mótaður er með framkvæmda- og lánsfjáráætlun ríkisstj. hverju sinni.

Ég skal svo ekki þreyta hv. þm. á því að rekja efni þessarar skýrslu. Menn hafa hana í höndum, hún er ítarleg og ég ætla að menn hafi fengið þar þær upplýsingar sem þeim leikur hugur á í sambandi við störf Framkvæmdastofnunar. Ég læt þar með lokið máli mínu um þetta efni, en lögum er fullnægt með því að þessi skýrsla er lögð hér fram og henni útbýtt til þm.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár þó að mér sé ljóst að nú sé mjög gengið á tíma þingsins og ekki mikill tími til þess að eyða í umr. utan dagskrár. En ég vænti þess, að það mál, sem ég

vil ræða, sé ekki neitt deilumál og það eigi ekki að þurfa að leiða af sér langar eða miklar umr.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt hafa steðjað að ýmsum landsmönnum á þessum vetri margvíslegir erfiðleikar sem leitt hefur af því að hafís hefur lokað hafnarsvæðum og gert mörgum aðilum ókleift að stunda atvinnu sína. Við það hafa síðan bæst einstök vorharðindi sem bitna með miklum þunga ekki síst á bændum landsins, en einnig ýmsum öðrum. Ég held að það sé enginn vafi á því, að þessir erfiðleikar koma þannig við ýmsa staði á landinu og ýmsa aðila að þeir hafa orðið fyrir miklu áfalli. Mér finnst það eiga vel við, áður en Alþ. lýkur nú störfum sínum, að það heyrist nokkuð héðan frá Alþ. um það, að við alþm. ætlumst til að vandamál þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, verði athuguð sérstaklega og sérstök athugun verði gerð á því tjóni sem menn hafa orðið fyrir, því tekjutapi sem ýmsir hafa orðið fyrir í sambandi við þessa náttúruerfiðleika. Ég er á þeirri skoðun, að nú sé eins og jafnan áður, þegar slíkt kemur fyrir, mjög auðvelt að fá sterka samstöðu allra stjórnmálaflokka og manna úr öllum flokkum til þess að standa að því að reyna að draga úr þeim mestu erfiðleikum og því tjóni sem einstök byggðarlög og einstakir aðilar verða fyrir þegar slíkir atburðir gerast eins og þessir, sem ég þarf ekki að fara um mörgum orðum við hv. þm. Um það er ekkert að villast, að t. d. einstakir sjómenn og smáútvegsmenn hafa tapað stórum hluta af tekjum sínum á árinu vegna hafíss, og ég held að ekki sé minnsti vafi á því, að bændur landsins hafa orðið fyrir miklu tekjutapi og muni verða vegna þessara erfiðleika allra.

Ég vil því beina því til hæstv. forsrh., hvort hann vilji ekki gefa yfirlýsingu á Alþ. um að hann muni beita sér fyrir því, að látin verði fara fram sérstök athugun á vandamálum þeirra aðila, sem hér er um að ræða, með það fyrir augum að þjóðfélagsheildin komi þeim til aðstoðar á svipaðan hátt og gert hefur verið í öðrum tilfellum þar sem um tjón af náttúrunnar völdum hefur verið að ræða. Hér hefur áður orðið hin besta samstaða um aðstoð þegar slíkt hefur verið tekið hér upp.

Ég vil vænta þess, að hæstv. forsrh. geti tekið undir þá skoðun, sem ég túlka hér, vilji beita sér fyrir því, að athugun af þessu tagi fari fram, og síðan verði að því stefnt að bæta mönnum það tjón sem ætti að vera hægt að bæta þeim af hálfu þjóðfélagsheildarinnar. Mér þykir einnig full ástæða til að vænta þess, að stjórnarandstaðan hér á þingi, eins og jafnan áður, standi með öðrum að því að grípa inn í þegar slíka atburði ber að höndum. Fari svo sem ég vænti, að hér sé samstaða um að lýsa yfir vilja Alþ. í þessum efnum og taka á þessu vandamáli, þá finnst mér sjálfsagt að það komist til þeirra, sem standa enn í miðjum erfiðleikunum, sem boðskapur héðan frá Alþ., án þess að gerð sé sérstök þingsamþykkt, heldur liggi aðeins fyrir almenn yfirlýsing flokkanna um að það sé ætlun manna að bæta mönnum, eftir því sem við verður komið, það tjón sem menn hafa orðið fyrir vegna þessara miklu áfalla.

Ég vil svo vænta þess, að undir þetta mál mitt verði tekið fyrst og fremst af hæstv. forsrh., en einnig af hálfu stjórnarandstöðunnar.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í tilefni af orðum hv. 1. þm. Austurl. er mér ljúft að lýsa yfir, að ég mun beita mér fyrir því innan ríkisstj. að fram fari rækileg könnun á þeim vandamálum sem hann gerði að umtalsefni. Það er öllum ljóst, að þar er um þungar búsifjar að ræða sem menn hafa orðið fyrir, bæði til lands og sjávar, af völdum hafíss og algerlega einstæðra harðinda sem gengið hafa yfir landið að undanförnu. Ég tek algerlega undir orð hans um það og tel að eigi að líta á málið frá því sjónarmiði, að hér sé um hliðstæður að tefla við þá atburði sem stundum hafa gerst af völdum náttúruhamfara og valdið stórtjóni.

Það má segja, að raunar hafi ríkisstj. þegar markað stefnu að þessu leyti að nokkru, þar sem á sínum tíma átti sér stað skipun sérstakrar n., hafísnefndar, sem hefur kannað það mál og mun gera till. í þeim efnum. En það er ekki aðeins að hafísinn hafi valdið hér tjóni, heldur er, eins og ég sagði áðan og eins og menn vita, um algerlega einstæð harðindi að ræða um mjög langt árabil a. m. k. í tilteknum hlutum landsins.

Ég efast ekki um að hv. stjórnarandstæðingar muni veita þessu máli lið eftir því sem rannsókn og athugun og skynsamlegar tillögur hníga að.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þau harðindi, sem gengið hafa yfir þetta land nú á þessu vori og standa enn þótt liðinn sé mánuður af sumri, eru sem betur fer fátíð, en víða um land er nú vá fyrir dyrum. Það er brýn nauðsyn að kanna þann skaða, sem hlýst af þessum harðindum, og leita leiða til að ráða fram úr þeim vanda.

Ég tek undir óskir og uppástungur hv. 1. þm. Austurl. og undirtektir hæstv. forsrh. og vænti þess, að víðtækt samstarf megi takast milli þingflokkanna um ráð til að liðsinna þeim byggðarlögum og íbúum þeirra sem orðið hafa fyrir þungum búsifjum.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Lúðvík Jósepssyni fyrir að vekja máls á því ástandi, sem nú hefur skapast, í þeim tilgangi að koma á samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um aðgerðir sem gera þarf til að leysa þann brýna vanda sem nú blasir við á hinum svonefndu hafíssvæðum og raunar víðar á landinu. Sú upplýsingaöflun, sem hv. 1. þm. Austurl. nefndi og raunar hæstv. forsrh. líka, er þegar hafin. Hafísnefnd hefur sent öllum bæjarstjórum, oddvitum og sveitarstjórum á svæðinu frá Ströndum og að Norðfirði ýmis gögn og bréf með óskum um upplýsingar um hvers konar tjón, þ. e. a. s. aflatjón, veiðarfæratjón og þau áföll sem byggðarlögin hafa orðið fyrir. Það er hins vegar alveg ljóst, að starf n. takmarkast fyrst og fremst af því, að hún hefur engin fjárráð. N. sem slík getur ekki komið til móts við aðila sem ekki eiga til neinna sjóða að leita í sambandi við þau vandamál sem nú blasa við. N. hefur átt samtöl við forráðamenn hinna ýmsu sjóða sem til greina gætu komið, Bjargráðasjóðs, Aflatryggingasjóðs og Hafnabótasjóðs, og alls staðar fengið mjög góðar undirtektir. Þá hafa opinberar stofnanir hlaupið undir bagga í neyðartilvikum og gert það sem í þeirra valdi hefur staðið.

Ég vil upplýsa það vegna þessara umr. hér, að það er ljóst nú þegar að m. a. netatjón báta við Norður- og Norðausturland og raunar víðar hefur orðið mikið og er raunar óhætt að fullyrða að það skiptir hundruðum milljóna króna. Hafa orðið mjög verulega skemmdir á hafnarmannvirkjum víða, líklega mestar í Borgarfirði eystra. Og það sem verst er raunar er hið gífurlega tekjutap sem fiskvinnslufyrirtæki, sjómenn og aðrir hafa

orðið fyrir á þessu svæði.

Ég ætla ekki að gera langt mál úr þessu, ég vil aðeins geta þess, að nú blasir það við bændum víða, að um verulegan niðurskurð á búfénaði þeirra getur orðið að ræða alveg á næstunni ef ekki bregður til betra veðurs hér á landi, og niðurskurður er þegar hafinn í sumum sveitum landsins. Við höfum reynt að beita okkur fyrir því að fá Farmanna- og fiskimannasamband Íslands til að heimila flutning á áburði hingað til lands, og það hefur tekist. Nú horfir hins vegar til vandræða vegna fóðurbætisskorts í landinu, og mun hafa verið ákveðið í morgun af Farmanna- og fiskimannasambandinu að annað af þeim tveimur skipum, sem áttu að sækja áburð til Noregs, taki fóðurbæti.

Öll þessi mál eru þess eðlis að hér verður að grípa skjótt inn í. N. hefur ákveðið að skila till. sínum til ríkisstj. fyrir mánaðamót. Margvíslegur vandi steðjar að sem verður að leysa úr í skyndi, og það er ekki nokkur minnsti vafi á því í mínum huga, að ef á að bæta þeim aðilum, sem fyrir mestu tjóni hafa orðið á þessum landssvæðum, það mikla tjón sem þeir hafa orðið fyrir, þá er óumflýjanlegt að ríkisvaldið beiti sér fyrir því, að ríkissjóður leggi til fjármagn. Ég vil nefna sem dæmi þá menn, sem hafa haft atvinnu, og þau byggðarlög, sem hafa haft mjög verulegar tekjur af grásleppuveiðum. Grásleppukarlarnir, sem svo eru nefndir í daglegu tali, eiga ekki aðgang að neinum sjóði, hafa engar tryggingar. Þeir hafa ekki aðeins orðið fyrir mjög verulegu netatjóni, heldur hefur afli þeirra nánast enginn verið. Fjölmargir útgerðarmenn standa nú frammi fyrir gjaldþroti og fiskvinnslustöðvar á Norðausturlandi eiga í mjög alvarlegum erfiðleikum.

Ég mun láta þetta nægja. Eins og þm. er kunnugt hefur hafísnefnd fengið starfsmann sem starfar hálfan daginn. Innan n. er mjög gott samstarf um öll þau mál sem við er að glíma. Því er hins vegar ekki að neita, að nm. hafa verið býsna bundnir við þingstörf, en reynt þó að beita sér eftir mætti í þeim málum sem á fjörur þeirra hefur rekið.

Leit að djúpsjávarrækju, þáltill. (þskj. 85, n. 806). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um þessa þáltill. og leitað umsagna um hana. N. leggur einróma til að till. verði samþ. með þeirri breytingu, að hún verði um að leita að djúpsjávarrækju umhverfis landið, en í upphaflegu till. voru einungis tilgreindir nokkrir landshlutar. Fannst n. eðlilegra að það næði til allra landshluta. Þessi breyting er gerð í samráði við flm., að tillgr. orðist eins og segir á þessu þskj. — Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Kjartan Ólafsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, þáltill. (þskj. 515, n. 744). — Síðari umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur rætt þessa till. til þál., sem er á þskj. 515. Er hún um langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. N. fékk á fund sinn framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins. Skýrði hann einstaka þætti þessara mála og mikilvægi eflingar rannsóknastarfsemi. Nm. er ljós sú brýna nauðsyn sem felst í þessari till. um að gerð verði langtímaáætlun í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Það er því sammála till. allra nm. að mæla með samþykkt hennar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Beinar greiðslur til bænda, þáltill. (þskj. 16, n. 471 og 497). — Frh. einnar umr.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég átti von á því, að þessi umr. færi fram nokkru fyrr, og hafði nokkrar athugasemdir fram að færa við það sem komið hafði fram í umr. fyrr. En nú er það sjálfsagt um seinan að fara að rifja það upp og ég man það ekki heldur allt sem ég ætlaði að gera að umtalsefni, þannig að ég mun flytja hér stutta ræðu. Ég hef ekki, held ég, fyrr tekið til máls um málefni landbúnaðarins þau ár sem ég hef verið hér á þingi, svo ég vona að menn virði mér það til vorkunnar, þó ég láti það eftir mér einu sinni áður en ég hverf héðan.

Ég vil segja það, að eftir þeim umsögnum og gögnum, sem ég hef lesið um þetta mál, sýnist mér að hér sé ekki mál sem horfi til heilla fyrir bændastéttina. Ég get ekki komið auga á það. Ég get ekki séð að þeir hafi von til þess að fá fjármagn sitt fyrr, greiðar eða ríflegar af höndum reitt með þessu fyrirkomulagi, heldur en því sem nú er, og mér sýnist eftir þær umsagnir, sem ég hef lesið, að samtök bænda séu ekki heldur þess mjög fýsandi að þetta fyrirkomulag sé tekið upp. Þess vegna mun ég leyfa mér að verða á móti þessu máli.

Auk þess vil ég benda á það, að þetta mál mun verða mjög erfitt í framkvæmd. Byggi ég það aðallega á umsögn sem borist hefur frá Búnaðarbanka Íslands og m. a. er undirskrifuð af Magnúsi Jónssyni, fyrrv. hæstv. fjmrh., núv. bankastjóra Búnaðarbanka Íslands, sem að öðrum ólöstuðum mun þessum málum einna kunnugastur þeirra er að þeim starfa. Hann segir að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir samhengi þessara lána, þótt þau séu mismunandi eðlis, og er hann þá að tala um tvenn lán. Rekstrarlánin eru veitt að vorinu og fyrri hluta sumars án veðsetningar afurða, en lánin eru síðan greidd með afurðalánum að haustinu og því óhjákvæmilegt samhengi á milli lánanna. Upphaflega var ætlunin að rekstrarlán gengju beint til bænda til að auðvelda þeim kaup áburðar og fleiri nauðsynja, en í reynd var framkvæmdin strax í upphafi sú, að viðkomandi sláturleyfishafar öfluðu sér framsals bænda á rekstrarlánum og veittu þá aftur aðstoð við áburðarkaup og fleira. Var því veiting lánanna til bænda aldrei raunhæf. Sláturleyfishafar hafa tekið lánin og ábyrgst þau gagnvart viðskiptabönkunum. — Þessi leið hefur sem sagt verið reynd og reynst ófær samkv. umsögn þess manns sem ég áðan nefndi og ég hygg að við, a. m. k. þeir sem sátu með

honum hér á hv. Alþ., berum fullt traust til að ekki segi annað en það sem staðist getur.

Síðan segir hann: „Þótt látin séu liggja milli hluta vandkvæði bankanna að lána hverjum einstökum bónda er rétt að benda á það" — og ég held að menn ættu að taka eftir því — „er rétt að benda á það, að þessi aðferð gætu valdið bændum, sem erfitt eiga um tryggingar, verulegum erfiðleikum. Afurðalán bænda er veitt gegn tryggingu í afurðum á sama hátt og afurðalán í sjávarútvegi og endurgreiðsla þeirra er tengd sölu afurðanna. Bændum er ögerlegt að tryggja afurðalánin á þennan hátt eftir að þeir hafa afhent afurðirnar. Það er því ekki sjáanleg leið til að framkvæma núverandi afurðalánakerfi ef greiða ætti lánin beint til bænda án milligöngu þeirra fyrirtækja sem hafa afurðirnar í sinni vörslu og annast sölu þeirra."

Mér þykir það nokkurri furðu gegna satt að segja ef hv. alþm. treysta sér til að samþ. það fyrirkomulag sem samkv. umsögn þess manns, sem ég var að minnast hér á, gerir það í rauninni ógerlegt fyrir bændur að tryggja lánin. Það þýðir ekkert að hrista höfuðið, hv. þm. Þetta stendur hér í umsögn þessa hv. bankastjóra, fyrrv. fjmrh. Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Þetta er allt marghrakið.) Þó að ég sé ekki sammála honum í öllu, þá hef ég ævinlega haft álit á honum og það a. m. k. til jafns við ýmsa þá sem telja sig þess umkomna að hrekja þær umsagnir sem hann lætur frá sér fara.

Svo ætlaði ég að minnast á það, að ég tel ákaflega óviðfelldinn þann málflutning, sem hvað eftir annað á sér stað hér í hv. þingsölum, þegar sífellt er verið að veitast að frjálsum samtökum fólks í landinu, þar sem eru samvinnufélögin. Ég vil biðja menn að hugleiða það, hvernig ástatt væri í mörgum byggðarlögum þessa lands ef samvinnufélaganna hefði ekki notið við. Ég er hræddur um að það væri ekki alls staðar byggð þar sem þó er byggð í dag ef þau hefðu ekki tekið að sér að sjá fólkinu fyrir nauðsynjum. Og það þýðir ekkert, hvorki á Alþ. né í útvarpi eða öðrum fjölmiðlum, að segja að ýmsar sérverslanir í Reykjavík geti boðið lægra verð á vörum heldur en kaupfélög úti um land. Það er afar auðveld verslunaraðferð að velja úr hagkvæma hluti, hluti sem gróði er af að selja, og selja þá eina, en láta hitt vanta og láta svo kaupfélögin um að sjá um það sem á vantar, en er nauðsynlegt engu að síður, en ekki selst með hagnaði. Ég held að menn ættu að gera sér þetta ljóst áður en þeir taka of mikið upp í sig í því að gagnrýna samvinnureksturinn í landinu.

Það má vel vera að eitt og annað hafi farið úrskeiðis í rekstri samvinnufélaga eins og annarra fyrirtækja og þjónustustarfsemi í þessu landi. Ég ætla ekki að verja það allt. Það hafa auðvitað orðið mistök, en grundvallarhugsjónin og grundvallarmarkmiðið er þjóðinni nauðsynlegt. Það er sú starfsemi sem fyrst og fremst leysti þjóðina úr viðjum einokunarverslunar danskra og annarra erlendra kaupmanna hringinn í kringum landið. Þetta er viðurkennd staðreynd sem ekki þýðir að mæla á móti. Og ég bendi á það, að engum manni er bannað að versla í samkeppni við kaupfélög og þeir gera það sem telja sér hag að því, eins og ég áðan sagði. Þegar þeir síðan hafa hagnast á sínum verslunarrekstri á mismunandi stöðum um landið, þá eru þeir frjálsir að því, hvenær sem þeim dettur í hug, að fara burt með það sem þeir hafa álnað sér saman af viðskiptum við fólkið á viðkomandi stað. En það, sem kaupfélögin hafa eignast og byggt upp, er þar og verður þar. Á þessu er reginmunur, sá munur sem ég held að þm. væri hollt að gera sér grein fyrir áður en þeir fordæma skilyrðislaust þetta félagsform og þennan rekstur, sem mjög er þó ofarlega í mörgum manni hér.

Ég hafði, herra forseti, satt að segja ætlað mér að fara um þetta allmiklu fleiri orðum, en ég geri mér ljóst að tíminn er takmarkaður, og þess vegna mun ég stilla orðum mínum í hóf og ekki tala langt mál nú fremur en endranær.

Ég held að t. d. í sambandi við þau lán, sem hér eru til umræðu, og þá vöruúttekt, sem bændur þurfa á að halda, sé það í mörgum tilvikum þannig, að þeir, sem erfiðast eiga, eigi helst trausts að vænta hjá samvinnuversluninni og fái þar þá fyrirgreiðslu sem þeim er nauðsynleg til að geta haldið sínum búrekstri eða öðrum atvinnurekstri áfram. Og ég ætla að minna þm. að lokum á það, að kaupfélögin hafa, allt frá því að þau hófu starfsemi, rekið innlánsdeildir sem eru eins konar bankastarfsemi, að sumir vilja telja. En þetta fjármagn hefur verið notað til þess að greiða fyrir m. a. þeim viðskiptum sem nú er hér verið að fjalla um, þó að menn þurfi ekki á þeirri aðstoð að halda.

Ég var á sínum tíma á móti því að Seðlabankinn gerði innlánsdeildum kaupfélaganna það að skyldu að binda hluta af innlánsfé sínu eins og bankastofnunum og sparisjóðum í landinu, og ég man það enn þá, að þegar þetta kom hér fyrst til umr. vitnaði ég í ræðu sem flm. laga um samvinnufélög, Sigurjón Friðjónsson bóndi á Litlu-Laugum, flutti þegar hann mælti fyrir því frv. og sagði þetta, með leyfi forseta: „Af öðrum séreignarsjóðum vil ég nefna innlánsdeildirnar, sem eru sparifé einstakra manna fengið félögunum til ávöxtunar sem rekstrarfé." Ég fæ ekki séð annað en að þessi skilningur eigi enn þá við, að það séu frjáls framlög einstaklinga til sameiginlegs rekstrar sem innlánsdeildirnar mynda. Og ég tel enn að það sé rangt að leggja það til jafns við aðrar bankastofnanir og taka af því bindingu, sem í raun gerir ekki annað en skerða það rekstrarfé sem félagsmenn hafa af fúsum og frjálsum vilja lagt fram til að auðvelda starfsemi síns kaupfélags.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Sú till., sem hér er til umr., á sér langa sögu og barátta 1. flm., hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, fyrir framgangi þessa máls hefur sett svip sinn á þing þau sem hér hafa verið áður en ég og ýmsir fleiri komu til setu á hv. Alþ. Og það má vissulega segja að á síðustu dögum hafi bæst nýir þættir í þessa sögu sem gefi vissulega tilefni til að spyrja hinnar gömlu rómversku spurningar: qui bono, eða hverjum til góðs.

Þegar ég kynnti mér þetta mál í vetur og gerðist aðili að þeim meiri hl., sem mælir með því á þskj. 471 að þetta mál yrði samþ., voru búnir að ganga í n. tilraunir til samkomulags sem fæli í sér að tryggja fyrst og fremst það, að málið fengi þennan búning að hagsmunir bændastéttarinnar í landinu fengju þann framgang til eflingar sem allir töldu eðlilegt. Það samkomulag náðist ekki og meiri hl. n., sem ég stóð að, lagði þess vegna til að till. yrði samþ. En síðan gerist það fyrir nokkrum dögum, að upp kemur formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, heildsali í Reykjavík — (**Gripið fram í:** Nei.) Ég veit að hann er ekki jafnmikill heildsali og hv. þm. Albert Guðmundsson sem nú kvað nei við. Það er alveg rétt, hann er

fulltrúi gömlu heildsalanna sem hafa ráðið Sjálfstfl. til þessa, Eimskipsarmsins í Sjálfstfl., en hv. þm. Albert Guðmundsson er fulltrúi nýju heildsalanna, Hafskipsarmsins í Sjálfstfl., þannig að það er út af fyrir sig alveg rétt, að það er rétt að greina á milli þessara tveggja arma, Eimskipsarmsins og Hafskipsarmsins í Sjálfstfl. — Þá gerist það, að hv. þm. Geir Hallgrímsson, í umr. um þá miklu erfiðleika sem að þessari þjóð steðja í efnahagsmálum, birtir hótun til ríkisstjórnar meirihlutans á Alþ., og þessi hótun var fólgin í því, að hann sem formaður stjórnarandstöðuflokksins á Alþingi Íslendinga mundi beita sér gegn málefnum ríkisstj., nánast öllum þeim sem hún vildi koma hér fram, ef ríkisstj. ætlaði að hindra að mál, sem Sjálfstfl.-þm. stæðu að, næðu fram að ganga. Nefndi hann þar til aðeins eitt mál, þ. e. a. s. það mál sem hér er til umr. Og þá fór ég að velta þeirri spurningu fyrir mér, í hvaða félagsskap ég sé nú kominn, þegar það gerist að formaður Sjálfstfl. setur fram þá kröfu um þetta mál, sem ég hef lagt til að verði samþ., að samþykkt þess sé úrslitaskilyrði stjórnarandstöðunnar fyrir því að hægt sé að ljúka Alþingi Íslendinga og Sjálfstfl. leggi ekki jafnmikið kapp á nokkurt mál eins og þetta, enda það eitt nefnt til af þeim málum sem Sjálfstfl. vildi fá hér fram.

Þessi síðasti kafli þessarar miklu sögu veitir mér tilefni til þess að spyrja, þegar ég er kominn í slíkan félagsskap með hv. þm. Geir Hallgrímssyni: Hvað er hér á ferðinni? Erum við kannske saman í þessari för á mismunandi forsendum? Er þessu frv. kannske ætlað að vera einhvers konar Trójuhestur fyrir þau öfl sem ég hef verið sannfærður um lengi, lengi að hv. þm. Geir Hallgrímsson er fyrst og fremst gæslumaður fyrir, þ. e. a. s. annars vegar hatrömmustu einkafjármagnsöflin í landinu og hins vegar erlend fjármálaöfl sem hann vill efla til vegs í íslensku efnahagslífi. (**Gripið fram í:** Velkominn heim.) Það getur vel verið að ég komi hér að Hafskipsarminum á eftir, hv. þm. Albert Guðmundsson þarf ekkert að mana mig sérstaklega til þess með framíköllum hér. Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt til þess að skilja þetta mál í botn að leiða umr. um Hafskipsarminn einnig inn í hv. Alþingi.

Það er alveg rétt, sem hér hefur aðeins verið ýjað að í umr., að á þessu máli kunna að vera a. m. k. tvær hliðar: *annars vegar sú sem snýr að almennum réttindum bænd*anna í landinu, einstaklinga og samtaka í þeirra röðum, og svo hins vegar sú hlið sem snýr að viðskiptahagsmunununum, fjármagnshagsmunununum, átökunum um fjármagnið í þessu þjóðfélagi. Þegar formaður Sjálfstfl., *Geir Hallgrímsson, setur þetta mál eitt á blað þeirra mála* sem Sjálfstfl. krefst að séu afgr. á Alþ., þá er það mér nægilegt tilefni til að hugleiða hvort fjármagnshagsmunirnir kunni ekki að vera með í þessari för. Er það kannske í raun og veru tilgangur þeirra, sem ég hef stutt a. m. k. til þessa í því að ná þessu máli fram, að gera fyrst og fremst atlögu að þeim félagsskap fólksins í landinu, alþýðu til sjávar og sveita, sem — hvað svo sem um hann annars kann að vera sagt — hefur fyrst og fremst verið aðalvörn félagshyggjufólks á Íslandi gegn einkaframtakinu og gegn erlendum fjármálahagsmunum, og þar á ég við samvinnuhreyfinguna á Íslandi?

Ég vil segja það hér strax, að ég hef á undanförnum árum nokkuð lengi gagnrýnt fjölmargt í forustu samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi og framkvæmd hennar starfsemi. Sú gagnrýni hefur verið byggð á því, að ég hafi viljað efla samvinnuhreyfinguna enn frekar til vegs í íslensku þjóðfélagi, bæði sem lýðræðisleg fjöldasamtök og sem framkvæmda- og fjármagnsaðila í íslensku þjóðfélagi. Og ég vil taka það skýrt fram, að ég gerist ekki liðsmaður í einhverri sérstakri aðför að samvinnuhreyfingunni á Íslandi sem er ætlað að eyðileggja hana. Það er mikill misskilningur. Ef það er raunverulegur tilgangur þessarar þáltill. að höggva að rótum samvinnuhreyfingarinnar, einkum og sér í lagi í hinum dreifðu byggðum á Íslandi, þá get ég sagt við hv. 1. flm. þessarar till. og formann Sjálfstfl., kröfugerðarmann þess að þetta mál verði eitt afgreitt hér á Alþingi Íslendinga, að ég verð ekki með í þeirri för. (Gripið fram í.) Ef það er ekki tilgangurinn, þá verð ég að segja það, að ég hef reynt hv. 4. þm. Reykv. að öðru en að vera slíkur vinur bændanna í landinu að hann kjósi að setja það mál eitt efst allra mála til afgreiðslu á Alþ. Hans áhugamál og hans hagsmunir hafa hingað til legið einhvers staðar annars staðar en þar.

En síðan þessi yfirlýsing hv. formanns Sjálfstfl. var flutt hefur það gerst, með allri virðingu fyrir 1. þm. Reykv., að fjörugasti fótboltakappinn í liði Sjálfstfl., hv. þm. Ellert B. Schram, hefur fyrr í dag tekið upp málþóf í öðru máli, frv. um framhaldsskóla, og ég tel að það málþóf sé í raun og veru yfirlýsing af hálfu Sjálfstfl. um að samkomulag af þessu tagi sé einfaldlega ekki á dagskrá, Sjálfstfl. hafi ekki áhuga á því.

Þessi sami þm., formaður Sjálfstfl., sagði hér í gær, ef ég man rétt, frekar en fyrradag, að þetta þing hefði verði athafnalítið þing og nánast ekkert afgreitt af merkilegum málum. Það er samt sem áður staðreynd, að þetta þing hefur afgreitt fleiri mál frá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni en nokkurt annað þing í sögu Íslendinga. (**Gripið fram í:** Þetta er líka vitlausasta þingið.) Það kann að vera. Hins vegar vil ég mótmæla því, hv. þm. Páll Pétursson, að þau frv. eða mál hafi flest verið afgreidd af vitlaustu deild, vegna þess að þau hafa flest verið afgreidd í hv. Ed., þannig að ég vil ekki alfarið skrifa upp á þessa kenningu *um samhengi vitleysunnar og afgreiðslu mála frá hv. þm.* Eyjólfi K. Jónssyni.

En þessi sami þm., formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, í þessari sömu ræðu sem ég hef verið að gera hér að umtalsefni, gagnrýndi mjög að þetta hefði verið starfslítið þing og það hefði ekki afgreitt merkileg eða mörg mál. En það er samt sem áður staðreynd, að það er ekki aðeins að þetta þing hafi afgreitt fleiri mál frá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni heldur en nokkurt annað þing, heldur hefur það afgreitt fleiri mál frá stjórnarandstöðunni en nokkurt annað þing og við þm. ríkisstjórnarflokkanna höfum sýnt stjórnarandstöðunni skilning og metið mál hennar eingöngu á málefnalegum grundvelli. Þá gerist það, að þessi sama stjórnarandstaða — og má segja í því sambandi að sjaldan launi kálfurinn ofeldið — hefur hér uppi málþóf í dag um eitt af þeim frv. sem ríkisstj. hefur flutt. Og ég vil segja það — með allri virðingu fyrir 1. flm. þessarar till. og einnig með allri virðingu fyrir þeim nefndarmeirihluta sem ég er nú sjálfur í — að það eru mörg önnur mál hér sem þyrfti að ræða á Alþingi Íslendinga fremur en þetta mál. En ástæðan fyrir því, að þetta mál er hér tekið á dagskrá, skilst manni að sé krafa frá hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni — og Sjálfstfl. væntanlega einnig fyrst formaður flokksins hefur flutt þá kröfu inn á þing — að þetta mál verði afgreitt, á sama tíma og flokkurinn tekur upp málþóf í öðrum málum. Það eru ekki drengileg vinnubrögð. Það eru ekki þing-

ræðisleg vinnubrögð. Það eru ekki heiðarleg vinnubrögð. Og ég tek ekki þátt í slíkum leik, það er á hreinu. Ég læt ekki hafa mig til slíks leiks. (Gripið fram í.) Það geta fleiri stundað málþóf, eins og það geta fleiri stundað knattspyrnu en hv. þm. Albert Guðmundsson og hv. þm. Ellert B. Schram.

Það kann að vera fróðlegt fyrir mig og fleiri að fá það fram í dagsljósið, hvað Sjálfstfl. leggur mikið kapp á þetta mál, hvort þetta mál sé kannske allt öðruvísi vaxið en að vera fyrst og fremst umhyggjumál fyrir bændastéttina í landinu, hvort hér liggi kannske á bak við svo mikilsvert fjármálahagsmunamál fyrir helstu fyrirtæki Sjálfstfl. að hann telji það nauðsynlegt í þjónustu sinni við þessi fyrirtæki að setja þetta mál hér á oddinn. (**Gripið fram í:** Er þetta hugsanlegt?) Það er einmitt það sem ég ætlaði að koma að. Hvernig væri það hugsanlegt, hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson?

Í þessari till. eru tvö atriði. Það síðara er á þá leið, að ríkisstj. láti fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna þannig að þær nýtist betur. Um þetta atriði hefur í sjálfu sér ekki verið mikill ágreiningur, a. m. k. ekki í n. En fyrra atriðið er um það, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt. Þessi hugsun getur falið tvennt í sér, eins og ég gat um áðan: annars vegar að tryggja rétt bændanna í landinu og hins vegar að veita öðrum fyrirtækjum en félagsfyrirtækjum bændanna sjálfra og samvinnuhreyfingarinnar aðgang að þessu fjármagni. Og það eru einmitt þær spurningar sem hafa nú farið að vakna í mínum huga við það mikla kapp sem Sjálfstfl. virðist leggja á þetta mál.

Það er vitað mál, að hér hafa á undanförnum árum vaxið upp ýmis fyrirtæki í verslun, einkafyrirtæki, sum hver orðin mjög stór og umfangsmikil og hafa komið sér upp samböndum við erlenda viðskiptaaðila, framleiðsluaðila og dreifingaraðila, og það er einnig ljóst, að sum þessara fyrirtækja hyggja á aukna samkeppni við samvinnufélagsskapinn í landinu til þess fyrst og fremst að eyðileggja grundvöll hans, með byggingu sláturhúsa t. d., með því að taka afurðir landbúnaðarins inn í þessi verslunarfyrirtæki og þessi sláturhús og byggja þannig upp keðju sem miðar að því að gera bændastéttina háða einkafjármagninu í landinu og reyna með tilstuðlan erlendra og innlendra fjármagnsafla að ryðja hinum félagslega rekstri samvinnufólksins í landinu úr vegi. Ef þetta er hinn raunverulegi tilgangur þessarar till., að ryðja í nafni umhyggju við bændur braut fyrir einkafjármagnið, sem fyrst og fremst er sprottið upp hér í Reykjavík og er sumt í bandalagi við erlenda fjármálaaðila, ryðja því braut á kostnað samvinnurekstrarins í landinu, þá vil ég segja það alveg skýrt, að þá þróun tel ég mikla óheillaþróun, vegna þess að þótt gagnrýna megi samvinnuhreyfinguna fyrir fjölmargt, þó gagnrýna megi viðskipti hennar við bændurna og þó margt megi að núverandi kerfi finna, sem er m. a. ástæðan fyrir því að ég hef stutt það að þessi till. nái fram að ganga, þá er ég alveg sannfærður um að ef árás einkaframtaksins á samvinnuverslunina kæmi síðan í kjölfarið, þá hefur þessi till. að eðli sínu ekki fyrst og fremst verið framfaramál fyrir bændastéttina í landinu, heldur verið Trójuhestur íhaldsins inn í herbúðir samvinnufélagsskaparins á Íslandi, sett fram í þeim tilgangi einum að brjóta þann félagsskap niður. Það kann þess vegna að vera, að að baki þessari till. liggi í raun og veru miklu framsýnni — ef má orða það svo — hernaðaráætlun einkafjármagnsaflanna á Íslandi gegn hinu félagslega framtaki í landinu heldur en okkur marga hverja hefur grunað.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að meðal einkafjármagnsaflanna á Íslandi hafa á síðustu árum vaxið upp mjög sterkir aðilar, nýir aðilar, sem hafa m. a. með hv. þm. Albert Guðmundssyni sest í þá glæsilegu stjórn siglingafélagsins Hafskips hf. sem mynd var birt af í blöðunum fyrir nokkrum dögum. (Gripið fram í.) Já, það var góð mynd, það er alveg satt. Hún sýndi að það voru baráttuglaðir menn sem þar settust í stjórn. En hún sýndi líka hve miklu umframfjármagni hinn grátandi iðnrekandi Davíð Scheving Thorsteinsson hefur yfir að ráða, hverju ýmsir aðrir verslunarjöfrar hafa yfir að ráða, að geta lagt það fjármagn í endurreisn á heilu siglingarfélagi sem er ætlað hvorki meira né minna en að keppa við Eimskipafélagið eða ganga af því dauðu — og SÍS, bætti hv. þm. Albert Guðmundsson við. Svo eru menn að saka mig um það, að ég sé einhver sérstakur talsmaður í garð Eimskipafélagsins. Sú till., sem ég flutti hér, er sem títuprjónn í uppbyggingu Eimskipafélagsins og grundvöll þess í samanburði við þá stríðsyfirlýsingu sem hin nýja stjórn Hafskips hf. er í garð Eimskipafélagsins, því að þeir menn, sem settust við hliðina og fyrir aftan hv. 1. þm. Reykv. í stjórn Hafskips hf., það eru menn sem voru að segja við þá ráðaklíku Geirs Hallgrímssonar og annarra sem hefur haft Eimskipafélagið að brjóstvörn: „Baráttan er hafin, herrar mínir.“ Auðvitað ætla allir þessir aðilar að flytja sína flutninga yfir til Hafskips, ætla að koma Hafskipi á þann fjölþætta flutningagrundvöll, sem hefur fyrst og fremst háð uppbyggingu þess, og þar með setja Eimskipafélagið nánast af, vegna þess að það er alveg ljóst, miðað við þá miklu fjárfestingu sem Eimskipafélagið hefur lagt í, að ef þessi tilraun hv. 1. þm. Reykv., Alberts Guðmundssonar, í garð Eimskiptafélagsins tekst með því að flytja flutningana yfir til Hafskips, þá rúllar Eimskiptafélagið. Það er alveg ljóst, að þá rúllar Eimskipafélagið og þá rúllar gamla ráðaklíkan í Sjálfstfl. með því, vegna þess að hún hefur fyrst og fremst byggt hagsmuni sína á þessum fyrirtækjum. (Gripið fram í.) Já, það er nefnilega eins og viðskrh. sagði, það er aldrei að vita, vegna þess að samhengið í viðskiptalífinu er nú einu sinni þannig, að fyrst þarf að ná fjármagninu, sem hingað til hefur farið til samvinnufélaganna, síðan þarf að flytja það yfir í verslanir og sláturhús úti um land og síðan þarf skip til að flytja vörur frá þessum byggðum og til útlanda eða annað. Þess vegna gæti nefnilega till. um beinar greiðslur til bænda verið um beinar greiðslur til Hafskips, hv. þm. Albert Guðmundsson. Það kunna ýmsir fleira í „bisness“ heldur en hv. 1. þm. Reykv.

Þetta mál er nefnilega að mínum dómi alls ekkert gamanmál, og ég sé það greinilega á svipbrigðum ýmissa þm. Sjálfstfl., að hundurinn kann að liggja grafinn þarna. Það kann að vera að þessi till. sé liður í þessu stóra plani, vegna þess að það er alveg ljóst, að það, sem háir einkafjármagninu á Íslandi í dag, og það, sem háir Sjálfstfl. fyrst og fremst í dag í hagsmunalegri og þjóðhagslegri uppbyggingu sinni, er fjármagnsskorturinn í landinu. Það vita allir sem til þekkja í þessu þjóðfélagi, að það er hinn svokallaði fjármagnsskortur sem er að ganga hér af

hverju fyrirtækinu á fætur öðru næstum því dauðu, sumum þannig að þau eru að rúlla. Ein af ástæðunum fyrir því, að Sjálfstfl. hefur talið sig knúinn til að taka upp nýja stefnu og ný vinnubrögð, og ein af ástæðunum, sem liggja að baki þeim klofningi sem kemur fram með hinni nýju stjórn í Hafskipi hf., er baráttan um þetta fjármagn sem er mjög af skornum skammti. Það er mesti misskilningur, að baráttan milli hv. þm. Alberts Guðmundssonar og Geirs Hallgrímssonar sé einhver persónulegur rígur, það *er mesti misskilningur. Hún er að mínum dómi barátta* milli gömlu fjármagnsaflanna og nýju fjármagnsaflanna í Sjálfstfl. Þess vegna sýnir það pólitíska snilld 1. þm. Reykv., að hann skuli nokkrum dögum eftir fall sitt í formannskjörinu í Sjálfstfl. láta birta Hafskipsmyndina á forsíðu Dagblaðsins til að sýna að stríðshanskanum var kastað. (Gripið fram í.) Í Morgunblaðinu var hún á innsíðu, það var Dagblaðið eitt, enda er framkvæmdastjóri Dagblaðsins einn af samherjum 1. þm. Reykv. í stjórn Hafskips hf. sem birti þessa stríðsyfirlýsingu á forsíðu.

Þegar einkafjármagnið í þessu landi býr við þann mikla fjármagnsskort sem það gerir nú, þá er ósköp eðlilegt að það leiti inn á aðrar brautir. Það sýnir bara að þeir eru klókir *fjármálamenn sem reyna að svipast um í* þjóðfélaginu hvar þetta fjármagn sé að finna. Og þá kunna sumir þeirra að hafa komið auga á það, að í félagssamtökum samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi sé fólgið mikið fjármagn sem nauðsynlegt sé að komast yfir.

Eins og ég hef sagt áður í ræðu minni er hægt að lesa þessa till. á tvennan veg. Það er hægt að lesa hana á þennan seinni veg sem ég hef hér verið að útskýra og geri í mikilli alvöru, þó að ýmsir þm. kunni að hafa það að gamanmálum. Og síðan er hægt að lesa hana á þann fyrri veg, sem er grundvöllur þess að ég og aðrir höfum stutt þessa till, að hér sé fyrst og fremst á ferðinni hagsmunamál bændastéttarinnar í landinu, fyrir einstaka bændur sem og samtakaheild þeirra.

Ég ætla ekki í þessu máli að halda uppi sérstöku málþófi, eins og spurt var um áðan. Ég vil hins vegar láta þá skoðun mína koma skýrt fram, að það, sem sagt hefur verið hér og gefið í skyn m. a. af hv. 1. þm. Reykv., og *ýmis viðbrögð undir ræðu minni gefa fyllilega tilefni til* að ætla að það liggi annarlegur tilgangur að baki þessu máli og hann sé í augum þessara manna svo stórt hagsmunamál fyrir kapítalistana á Íslandi, litla sem stóra, að flokkur þeirra, Sjálfstfl., sé reiðubúinn að tefla þessu máli fram á móti öllum málum ríkisstj., og hefur þó sá flokkur farið mörgum slæmum orðum um þau mál — að í fjárþröng sinni, þeirri fjárþröng sem skapar núna hatramma baráttu innan Sjálfstfl. og í fyrirtækjum Sjálfstfl., sé orðið slíkt lífsnauðsynjamál fyrir þessi fyrirtæki að ná höndum yfir það fjármagn, sem hefur verið í samvinnufélagsskapnum og félagssamtökum bænda á Íslandi, að það sé meginorsökin fyrir því að knúið er hér á á síðustu dögum þingsins að afgr. þetta mál með þessum *hætti, jafnvel þeim hætti* að Sjálfstfl. svíkur yfirlýsingu formannsins og hefur hér málþóf um frv. um framhaldsskóla. Og eins og ég sagði áðan, það eru ekki heiðarleg vinnubrögð, það eru ekki drengileg vinnubrögð, en það eru hins vegar vinnubrögð sem þeir, sem lúta fyrst og fremst hagsmunum fjármagnsins, telja sér leyfileg þegar þeir hagsmunir eru í húfi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 100. fundur.

Mánudaginn 21. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„17. maí 1979.

Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambandsins, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ingvar Gíslason,
forseti Nd."

Samkv. þessu bréfi tekur Guðmundur J. Guðmundsson sæti á Alþingi í dag sem 2. þm. Reykv.

Leit að djúpsjávarrækju, þáltill. (þskj. 85, n. 806). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 806,1 (ný tillgr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 806,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 49 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 843).

Rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, þáltill. (þskj. 515, n. 744). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 844).

Verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 56, n. 467 og 498). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 498 samþ. með 30:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞK, ÞS, AG, AS, EH, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GH, GK, GTh, HES, IG, JH, JGS, JÞ, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓLJ, PP, RH, SV, StH, SvH, TÁ.

nei: VG, ÁG, ÁE, BN, EðS, EG, FTS, GSig, GSt, HFS, HG, JóhS, BL, KJ, KÓ, LJós, MHM, ÓRG, RA, SighB, StJ, SvJ, GilsG.

BGr greiddi ekki atkv.

6 þm. (BrS, GeirG, KSG, OÓ, PJ, GJG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég er og hef lengi verið mjög hlynntur þeirri hugmynd, að þn. eigi að gegna stóru og veigameira rannsóknarhlutverki en þær hafa gert, og ég fagna í sjálfu sér þróun í þá átt. Í þessu tilviki er um að ræða fyrirtæki sem heyrir undir mitt rn. Ég hef eytt miklum tíma í það, síðan ég kom þangað að kynna mér starfsemi þess. Það er n. starfandi, skipuð af fyrirrennara mínum, sem fjallar um starfsemina sem um er að ræða. Með tilliti til þess, hve málið er mér skylt, tek ég ekki þátt í afgreiðslu þess og greiði ekki atkv.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hef ekkert á móti slíkri athugun sem þessi till. felur í sér, en með vísun til ummæla hæstv. utanrrh. og formanns Alþfl. um það, að slík athugun er nú þegar í gangi, og þar sem ég tel, að málið beri ekki að með réttum hætti, segi ég já.

Efri deild, 112. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Fyrir nokkru lagði hæstv. fjmrh. fram í þessari deild frv. um breytingu á tollalögum þess efnis að fella niður úr lögunum heimild til að veita ráðherrum afslátt á innflutningsgjöldum bifreiða sem þeir keyptu. Nú er í sjálfu sér ekki nauðsynlegt til að hætta að nota þessa heimild að flytja um það sérstakt frv., og þegar þetta frv. kom hér til umr. í hv. d. beindi ég ýmsum spurningum til hæstv. fjmrh. um það, hvernig skipan bílamála ráðherra í þessari ríkisstjórn væri nú háttað. Ég rökstuddi þá ósk mína með tilvísun til þess, að í aðdraganda síðustu kosninga voru settar fram skýrar og eindregnar kröfur um bætt siðferði á opinberum vettvangi og opnun þeirra mála og breytingar sem fælu í sér að opinber störf, skyldu- og trúnaðarstörf í þágu þjóðarinnar, leiddu ekki sérstaklega til auðgunar þeirra, sem þeim störfum gegna, á óeðlilegan hátt umfram aðra þegna í þessu þjóðfélagi. Ég minnti á það, að sá sigur sem Alþb. og Alþfl. unnu í síðustu kosningum, var að okkar dómi margra m. a. unninn vegna þess, að við gerðum skýrari og afdráttarlausari kröfur til meðferðar opinberra fjármála, einkum og sér í lagi þeirra þátta þeirra sem snerta störf ráðherranna sjálfra og fjármuni þeirra, bílakost og annað í því sambandi, og það væri því skilyrðislaus krafa okkar margra, sem að þessari ríkisstj. stæðu, að þeir, sem við hefðum valið til að hafa forustu fyrir þessari ríkisstj., gengju á undan og sýndu það með sínu fordæmi, að innleiða ætti nýja hætti á þessu sviði. Það væri einkum og sér í lagi nauðsynlegt vegna þess, að á þessum sömu mánuðum hefur verið komið til okkar, meiri hlutans hér á Alþ., og komið til þjóðarinnar, launafólksins í landinu, og óskað eftir því, að það legði á

sig margvíslegar fórnir með því að taka á sig byrðar í kjaramálum, með því að skera niður félagslegar framkvæmdir og fjármagn til menningarmála og allt annað sem má nefna í því sambandi, — á sama tíma væri það í hæsta máta óeðlilegt, að hér væru sýndar fyrir utan þinghúsið með hverri vikunni sem liði nýrri tegundir af bifreiðum, sem ráðherrar hefðu aflað sér, sem eins konar tákn um þá óhófseyðslu sem þeir teldu að mætti innleiða á því sviði.

Í framhaldi af þessu fór ég fram á það við hæstv. fjmrh., að hann gerði deildum þingsins skýra grein fyrir því, hvaða reglur giltu á þessu sviði, með hvaða hætti einstakir ráðherrar hefðu keypt bifreiðar sínar og hvert hefði verið framlag hins opinbera eða fyrirgreiðsla á því sviði. Því miður lýsti hæstv. fjmrh. því yfir þá, að hann sæi enga ástæðu til þess að gefa hv. d. þessar upplýsingar, þrátt fyrir það að bæði ég og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson ítrekuðum sérstaklega að það væri höfuðkrafa, að upplýsingar um allt þetta mál kæmu upp á yfirborðið.

Þrátt fyrir þessa neitun hæstv. fjmrh. var fjh.- og viðskn. Ed. staðráðin og einhuga í því að leita sér allra upplýsinga um þessi efni. Kallaði nefndin á sinn fund ráðuneytisstjóra fjmrn., Höskuld Jónsson, og upplýsti hann að fimm ráðherrar í ríkisstj. hefðu fengið bíla til afnota með þeim hætti, að ríkið hefði sjálft keypt þá bíla og ætti þá, einn ráðh. hefði keypt bíl með þeim hætti að notfæra sér þá heimild, sem að vísu er enn í gildi þó ætlunin sé að fella hana niður, að fá afslátt á aðflutningsgjöldum, og einn ráðh. hefði tekið lán hjá ríkissjóði, 3 millj. kr. lán, til að standa straum af þessum bílakaupum. Annar ráðh. hefði tekið lán, en síðan endurgreitt það skömmu síðar.

Á þessum fundi lagði ráðuneytisstjóri fjmrn. jafnframt fram afrit af tillögum fjmrh. sem gerðar voru í ríkisstj. um reglur í þessum efnum, og var okkur tjáð að ætlunin væri að það hefði reglugerðargildi þó að slíkt sé ekki orðið enn. Þessar reglur eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1) Ríkið eigi bifreiðar til afnota fyrir ráðherra, enda séu bifreiðarnar merktar sem ríkisbifreiðar og eingöngu nýttar í erindum ráðherra. Bifreiðarnar væru alfarið reknar af ríkinu og við kaup þeirra væri leitast við að hafa sem flestar þeirra sömu tegundar með hliðsjón af sparnaði á viðhalds- og rekstrarkostnaði. Bifreiðarnar mætti merkja með öðrum hætti en nú tíðkast um ríkisbíla, t. d. með skjaldarmerki Íslands.

2) Ríkið semji við ráðherra um afnot af einkabifreiðum þeirra. Ríkið greiði allan rekstrarkostnað bifreiðanna skv. reikningum, en auk þess greiði það „fyrningarfé", 10% á ári, sem reiknast af endurkaupsverði viðkomandi bifreiða. Ráðherra, sem kaupir bifreið, á kost á láni úr ríkissjóði allt að 3 millj. kr. með eðlilegum viðskiptakjörum."

Aðspurður gaf ráðuneytisstjórinn þær upplýsingar, að þótt fyrri reglan væri eingöngu bundin við bifreiðar sem væru nýttar í erindum ráðherra, þá væri síðari reglunni beitt á þann hátt, að allur rekstrarkostnaður bifreiðanna væri greiddur, hvort sem fyrir lægi að þær hefðu verið notaðar í opinberum erindum eða ekki. Jafnframt kom það fram hjá ráðuneytisstjóranum, að fjmrh. hefði sjálfur ákveðið að þetta 3 millj. kr. lán, sem skv. reglunum á að vera á eðlilegum viðskiptakjörum, yrði til 10 ára með 19% vöxtum. Við gerðum ýmsir í nefndinni athugasemdir við það, að hugtakið „eðlileg viðskiptakjör" væri skilgreint á þann hátt að svo lágir vextir væru tengdir láni til svo langs tíma, þar sem ljóst væri að í bankakerfinu væru nú miklu hærri vextir eða verðtrygging á slíkum lánum og það væri ljóst, að í verðbólguþjóðfélagi væri hægt að hafa umtalsverðan hagnað af því að taka lán á þessum kjörum.

Við spurðum ráðuneytisstjóra fjmrn. síðan að því, hverjir þessir ráðherrar væru, einkum og sér í lagi hvaða ráðh. það væri sem hefði tekið lán hjá ríkinu, þar sem ljóst væri að aðeins einn ráðh. hefði gert það og þannig hagnýtt sér þau kjör sem fjmrh. hefði ákveðið upp á eigin spýtur. Ráðuneytisstjórinn í fjmrn. neitaði að gefa þær upplýsingar og vísaði á forsrn. til að veita þær, þar sem hann taldi að bílamál ráðherra heyrðu undir það rn.

Nokkrum dögum síðar kom á fund nefndarinnar Gísli Árnason fulltrúi í forsrn. og veitti hann greiðlega upplýsingar um þær bifreiðar sem ríkið hefur keypt til afnota fyrir einstaka ráðherra, sem sagt algerlega greidda af ríkinu og eru eign þess. Það er í fyrsta lagi bifreið til handa utanrrh., tekin í notkun 22. mars, kaupverð 7.8 millj. kr., í öðru lagi bifreið handa sjútvrh., tekin í notkun 11. apríl, kaupverð 6.3 millj. kr., í þriðja lagi bifreið handa félmrh. tekin í notkun 11. apríl, kaupverð 6.7 millj. kr., í fjórða lagi bifreið í pöntun handa viðskrh., kaupverð 5—5.5 millj. kr., og í fimmta lagi bifreið í pöntun til handa dóms- og landbrh., kaupverð 8.5 millj. kr.

Það er því ljóst, að þessar bifreiðar eru á nokkuð mismunandi verðlagi, og það vekur sérstaka athygli, að innkaupsverð bifreiðar dóms- og landbrh., þegar hún kemur í notkun, mun væntanlega verða í kringum 9 millj. kr. Hæstv. dómsrh. hefur rökstutt svo hátt kaupverð opinberlega og á öðrum vettvangi með því, að vegir landsins séu svo slæmir að það þurfi bifreiðar í þessum verðflokki til að keyra eftir þeim, og má nú segja að bágt á þá aumingja almenningur þessa lands, sem verður að láta sér nægja ódýrari bifreiðar, ef hæstv. landbrh. landsins kemst ekki yfir vegi þess á öðrum bifreiðum en í þessum verðflokki. En þetta mun vera jafngildi um fimm Skodabifreiða, svo að dæmi sé tekið til að sýna samanburð.

Þá upplýsti fulltrúi forsrn. það, að forsrh. hefði keypt bifreið með því að hagnýta sér þá heimild sem ríkisstj. er nú að beita sér fyrir að fella niður, þ. e. að fella niður aðflutningsgjöld. Formlega séð er ekkert gagnrýnisvert við slíkt, en út frá siðferðissjónarmiði tel ég persónulega óeðlilegt að hæstv. forsrh. sé að hagnýta sér heimild, sem ríkisstj. hefur lýst yfir að hún ætli að fella niður með frv. sem hún leggur fyrir Alþ., nokkrum vikum eða mánuðum áður en heimildin gæti fallið úr gildi. Slíkan gjörning, að hagnýta sér heimildina sem ríkisstj. undir hans forsæti er að beita sér fyrir að fella niður, sjálfsagt vegna þess að talið er að heimildin sé óeðlileg, tel ég ekki samrýmast þeim siðferðiskröfum, sem gera verður til þessarar ríkisstj., þó að formlega sé hæstv. forsrh. vissulega í sínum fulla rétti.

Þegar kom að því að spyrja fulltrúa forsrn. hvaða ráðh. hefði keypt bifreið með því að fá lán hjá ríkissjóði, þá kom sú spurning fulltrúa forsrn. mjög á óvart og hann lýsti því yfir, að forsrn. hefði ekkert með þau mál að gera og hefði aldrei haft. Hann vissi ekki um neina slíka lánveitingu, hún hefði aldrei farið um hans hendur og hann gæti þess vegna á engan hátt greitt úr þessari spurningu, en vísaði á fjmrn. sem með þessi mál

hefði að gera.

Þegar svo var komið, að fulltrúi forsrn.- að mínum dómi réttilega, og ég hef enga ástæðu til að vefengja þaðtaldi þetta mál aldrei hafa komið og ætti ekki að koma til meðferðar forsrn. og hefði aldrei um hans hendur farið, enda væri það einkamál viðkomandi ráðh. og þeirra sem sæju um fjármál ríkissjóðs, þá kölluðum við á ný til fundar við okkur s. l. laugardag ráðuneytisstjórann í fjmrn., Höskuld Jónsson. Við greindum honum frá því, að forsrn. eða fulltrúi þess kannaðist ekkert við þessa lántöku. Ráðuneytisstjóri fjmrn. hafði með sér á fundinn ljósrit af samningum sem fjmrn., í öðru tilfellinu hann sjálfur, hafði gert við viðkomandi ráðh. Þrátt fyrir það, að hann væri með samninginn fyrir framan sig, þrátt fyrir það, að hann hefði sjálfur gengið frá þessari lántöku, neitaði hann að gefa nefndinni upplýsingar um það, hvaða ráðh. ætti hér í hlut. Hann bar fyrir sig óljósar embættisskyldur og vísaði enn á forsrn. til að gefa þessar upplýsingar, þrátt fyrir það, að hann væri með afrit af samningnum fyrir framan sig og hefði sjálfur gert hann. Þegar svo var komið, að við í nefndinni vorum búin að fá í annað sinn neitun frá ráðuneytisstjóra fjmrn. um að upplýsa hver hefði tekið þetta lán, og þegar maður lagði síðan saman þær upplýsingar, sem lágu fyrir um aðra þætti þessa máls innan nefndarinnar, og opinbera yfirlýsingu frá hæstv. iðnrh., sem einnig hefur keypt sér nýja bifreið, um að hann hafi keypt hana algerlega fyrir eigin reikning og án nokkurrar lántöku nema e. t. v. úr sparisjóði, væntanlega í Neskaupstað, þá fóru því miður böndin að berast að því, að sá ráðh., sem hér ætti hlut að máli, væri hæstv. fjmrh. sjálfur.

Þegar dagblaðið Vísir spurði ráðherra um bílakaup þeirra hér fyrir utan alþingshúsið 11. maí s. l. svaraði hæstv. fjmrh. samkv. frásögn Vísis orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ég á þennan bíl sjálfur og hef borgað hann úr eigin vasa að öllu leyti, aðflutningsgjöld og annað.“ Orðasambandið „úr eigin vasa“ skil ég og hafa margir skilið þannig, að viðkomandi hafi algerlega lagt fram fjármuni til kaupanna. Blaðamaðurinn bætir síðan við, með leyfi hæstv. forseta: „Tómas sagðist enga sérstaka fyrirgreiðslu hafa fengið vegna kaupanna.“ Ég endurtek: „Tómas sagðist enga sérstaka fyrirgreiðslu hafa fengið vegna kaupanna.“ Nú skal ég ekki fullyrða það, að blað geti ekki farið rangt með, það gera þau oft og ég hef sjálfur reynt það, þannig að ég er ekki reiðubúinn að leggja ummæli dagblaðsins Vísis — með allri virðingu fyrir því blaði — ein sér til grundvallar. En nokkrum dögum síðar, 16. maí, leitar þettar blað aftur til hæstv. fjmrh. og innir hann eftir nánari skýringum, og skv. frásögn blaðsins sagðist ráðh. engu hafa við þetta að bæta. S. l. föstudag hefur Morgunblaðið svo sambarð við hæstv. ráðh., og er það í þriðja sinn sem blað spyr hann um þetta mál á síðustu dögum. Í frásögn Morgunblaðsins segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Fjmrh. sagðist ekki sjá ástæðu til að veita þessar upplýsingar.“

Skv. þeim gögnum og upplýsingum, sem hv. fjh.- og viðskn. Ed. hefur fengið, og þeim yfirlýsingum, sem komið hafa fram frá þeim eina ráðh. sem hefur til viðbótar keypt bíl, hæstv. iðnrh., um að hann hafi keypt fyrir eigin reikning, og enginn hefur vefengt þær fullyrðingar, þá verður því miður að játa það, að eins og dæmið lítur út, þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem hafðar eru eftir hæstv. fjmrh. í blöðum, virðist hann vera sá ráðh. sem tekið hafi umrætt lán, — eini ráðh. í þessari ríkisstj. sem tekið hefur 3 millj. kr. lán á vaxtakjörum sem hann sjálfur hefur ákveðið að séu 19% vextir til 10 ára.

Þess skal þó getið, að í síðara sinnið sem ráðuneytisstjóri fjmrn. mætti á fundi fjh.- og viðskn. gat hann þess, að skv. orðalagi samningsins, sem hann var með fyrir framan sig, en vildi ekki sýna hv. n., væri kveðið á annars vegar um jafnháa vexti og í almennri sparisjóðsbók og hins vegar ársvexti jafnháa og greiðast af almennum innlánum, og taldi hann að embættismenn í rn. túlkuðu samninginn svo, að þetta þýddi 22% vexti, en ekki 19% eins og hann hefði sagt áður. Má vera að svo sé, en ljóst er þó að það er ekki á hreinu. Og allavega er það ljóst, að þetta eru miklu lægri vextir en eru almennt á verðtryggðum lánum eða þeir hæstu lánsfjárvextir sem eðlilegt er talið að séu í þessu þjóðfélagi á lánum til 10 ára.

Við, sem stöndum að þessari ríkisstj., höfum talið nauðsynlegt að þeir, sem væru í forustu fyrir henni, sérstaklega fjármálum hennar, hefðu ekki aðeins stefnulega forustu fyrir þjóðinni, þeir hefðu líka siðferðilega forustu fyrir þjóðinni. Og þetta mál hefur því miður þróast á þann veg frá neitun hæstv. fjmrh. hér í d. fyrir nokkru í gegnum þá fundi, sem haldnir hafa verið í hv. fjh.- og viðskn. Ed., að það er nauðsynlegt, það er höfuðnauðsyn fyrir allt þetta mál, fyrir ráðh. sjálfan og jafnvel stöðu ríkisstj., að það komi skýrt og greinilega fram, hver það var sem tók þetta lán. Það hefur verið haft til afsökunar fyrir því að upplýsa þetta ekki, að það séu einhverjar reglur um að ekki séu veittar upplýsingar um lántökur af þessu tagi. Ég tel að slíkt sé fyrirsláttur einn. Ef ráðh. fær lán hjá ríkissjóði, þá er hann ekki bara venjulegur embættismaður eða venjulegur lántakandi, hann er pólitískur forustumaður og trúnaðarmaður þjóðarinnar og Alþingis og lánsviðskipti hans sem einstaklings og sem ráðh. við ríkissjóð eiga að vera á hreinu, þau eiga að vera opin bók. Það á ekki að þurfa að taka marga fundi, marga daga af störfum hv. n. þessarar deildar að komast til botns í slíku máli.

Þess vegna hef ég kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár til að spyrja hæstv. fjmrh. að því beint hér í deildinni, hvort það var hann, hæstv. fjmrh. Tómas Árnason, sem tók 3 millj. kr. lán hjá ríkissjóði til að standa straum af kaupum á bifreið. Hæstv. ráðh. ætti að geta svarað fyrir sig. Við höfum fengið, n. og þm., upplýsingar annars staðar frá um alla aðra ráðherra, en til þess að málið sé á hreinu, til að hægt sé að halda áfram með vinnslu málsins, er nauðsynlegt að þetta mál sé hreinsað, þessi þáttur þess, og ég hef þess vegna, eins og ég sagði, kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann, Tómas Árnason, hafi tekið 3 millj. kr. lán hjá ríkissjóði á almennum sparisjóðsvöxtum, 19 eða 22%, til 10 ára til þess að standa straum af bílakaupum sínum.

Í meðferð nefndarinnar á þessu máli hefur því miður annar þáttur þess smátt og smátt verið að koma fram, og hann er fólginn í að mínum dómi óeðlilega háum rekstrarkostnaði ríkisins af bílum ráðherra. Við höfum óskað eftir því í hv. fjh.- og viðskn. við fulltrúa forsrn., að hann veiti nefndinni ítarlegar upplýsingar um allan rekstrarkostnað ráðherrabifreiða á s. l. ári og fyrstu fjórum mánuðum þessa árs. Fulltrúi forsrn. tók þessari málaleitan vel. Samvinna nefndarinnar við hann hefur í alla staði verið góð og ég vil taka það skýrt fram, að hann hefur leitast við að svara öllum þeim spurningum sem var á hans valdi að svara. Hins vegar er það ljóst, að það er greinilega fyrirhafnarmikið að afla þessara upplýsinga,

þær eru ekki enn komnar til nefndarinnar, og eftir athugun sem ég framkvæmdi í gær, er ljóst að það kann að vera nokkuð mikið verk að fá upplýsingarnar í því formi sem ég tel nauðsynlegt að fá. Þá á ég við ekki aðeins heildartölur um meginkostnaðarliði, heldur allt dæmið í heild sinni. Fulltrúi forsrn. sagði, eftir minni, að á árinu 1978 hefðu fastalaun bifreiðastjóra ráðherranna verið 23 millj., yfirvinna 17 millj. og rekstrarkostnaður annar um 20 millj. kr. En það var eftir minni og þetta eru ekki endanlegar tölur.

Á síðustu dögum hefur það hins vegar gerst, að borist hafa til mín upplýsingar um að í rekstrarútgjöldum þeim, sem færð hafa verið á kostnað ráðherrabifreiða á seinni hluta síðasta árs og fyrstu mánuðum þessa árs, sé endurnýjunar- og viðhaldskostnaður við einkabifreiðar sem nokkrir hæstv. ráðherrar áttu og voru búnir að eiga í nokkur ár sem einstaklingar í þessu þjóðfélagi áður en þeir gerðust ráðherrar, en hafa síðan látið gera við allrækilega og endurnýjað á fyrstu mánuðum síns ráðherradóms og síðan selt bifreiðarnar nokkrum vikum eða mánuðum seinna, að sjálfsögðu sem einstaklingar, *og tekið allan söluhagnaðinn til sín. Mér hafa borist* upplýsingar um satt að segja ótrúlega háar upphæðir í þessu sambandi, upphæðir sem nema mörgum hundruðum þús. kr. í viðgerðar- og endurnýjunarkostnað þessara bifreiða. Þetta eru bifreiðar sem ég tek fram að ekki eru lengur notaðar á vegum ríkisins, heldur einkabifreiðar viðkomandi einstaklinga sem þeir höfðu notað sem venjulegir borgarar í þessu landi mánuðum og árum saman áður en þeir urðu ráðherrar og voru aðeins notaðar í stuttan tíma eftir það, voru gerðar upp og síðan seldar á miklu hærra verði en áður hefði fengist fyrir þær, vegna þeirrar endurnýjunar sem farið hafði fram á kostnað ríkisins.

Það er skoðun mín, að þetta mál sé ekki síður alvarlegt og kannske jafnvel enn alvarlegra en sú lántaka hæstv. fjmrh. sem ég hef gert hér að umræðuefni og geri fsp. til hans um einkum og sér í lagi vegna þess að það kann að vera að hér eigi hlut að máli m. a. hæstv. fjmrh. sjálfur sem, eins og þm. er kunnugt, hafði áður en hann varð ráðh. sérstök bifreiðakjör á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem kunnugir segja mér að nemi um það bil 2/3 af þeim bifreiðakjörum sem ráðh. hafa haft, og sú bifreið, sem hann átti þannnig áður en hann varð ráðh. og hefur e. t. v. verið gerð upp að einhverju leyti á kostnað ríkisins, er síðan seld sem einkabifreið ráðh., væntanlega á sama tíma og hann er að taka lán hjá ríkissjóði til þess að kaupa nýja bifreið.

Eftir að hafa ráðgast við einstaka embættismenn og eftir að hafa haft reynslu af því, í hve erfiðri stöðu þeir embættismenn eru sem við höfum kvatt á fund hv. fjh.- og viðskn. til þess að veita upplýsingar, hef ég kosið í þessu máli að fara aðra leið. Ég vil þó, áður en ég geri grein fyrir því, beina þeirri fsp. einnig til hæstv. fjmrh., á hvaða kjörum hann eignaðist þá bifreið sem hann átti áður en hann varð ráðh., hver var þáttur Framkvæmdastofnunar ríkisins í því og hvort hann hafi kannske — eftir minni — einhverja hugmynd um hver sé upphæð þess viðgerðar-, viðhalds- og endurnýjunarkostnaðar sem greiddur var á vegum ríkisins af bifreiðinni þar til hún var væntanlega seld. En ég skal taka það skýrt fram, að ég hef ekki fengið staðfestingu á því, hvort hæstv. ráðh. hefur selt bifreiðina. Hann gæti kannske upplýst það hér á eftir, alla vega hefur hann keypt nýja bifreið sem hann notar nú sem opinbera bifreið.

Eins og ég sagði áðan, vegna þess að mér er ljóst hve embættismenn ríkisins eru í erfiðri stöðu í þessu máli, þá hefði ég kosið að fara þá leið sem alþm. stendur opin í þessum efnum. Við kjósum hér á hv. Alþ. sérstaka yfirskoðunarmenn ríkisreikninga sem eru sérstakir trúnaðarmenn Alþingis gagnvart fjármálum ríkisins. Ég hef í dag skrifað yfirskoðunarmönnum ríkisreikninga eftirfarandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, Baldur Óskarsson, Bjarni P. Magnússon, Halldór Blöndal.

Ég undirritaður, Ólafur Ragnar Grímsson alþm, óska eftir því, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninga sem sérstakir trúnaðarmenn Alþingis kanni ítarlega allan rekstrarkostnað ríkisins vegna bifreiða ráðherra á árinu 1978 og fyrstu fjórum mánuðum þessa árs, ásamt öllum fylgiskjölum. Sérstaklega verði athugaður viðgerðar- og endurnýjunarkostnaður þeirra bifreiða, sem nokkrir ráðherrar í núv. ríkisstj. áttu áður en þeir urðu ráðherrar, létu endurnýja á ýmsan hátt á kostnað ríkisins og seldu síðan þannig uppgerðar nokkrum vikum síðar. Söluverð hinna gömlu einkabifreiða var þá vegna endurnýjunarinnar orðið mun hærra og kom allur söluhagnaður í hlut þessara ráðherra, sem svo létu flestir ríkið kaupa handa sér nýjar bifreiðar. Það er nauðsynlegt, að athugun á endurnýjunarkostnaði hinna gömlu einkabifreiða taki til allra fylgiskjala, þ. m. t. viðgerðarreikninga frá bifreiðaverkstæðum.

Um leið og ég óska eftir því, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninga framkvæmi nú þegar slíka athugun á öllum gögnum, fer ég þess formlega á leit, að þeir sendi síðan öllum alþm. niðurstöðurnar svo að unnt sé að meta hvort og þá í hve ríkum mæli hér sé á ferðinni umframkostnaður hins opinbera sem hafi við sölu einkabifreiðanna fært viðkomandi ráðherrum umtalsverðan hagnað.

Virðingarfyllst,
Ólafur Ragnar Grímsson."

Ég tel að það sé á allan hátt æskilegra og réttara, að hinir sérstöku trúnaðarmenn Alþingis, yfirskoðunarmenn ríkisreikninga fari ofan í þetta mál algerlega. Það eru það miklar sögur sem um þessi mál ganga. Slíkar upplýsingar hafa borist hv. þm. og nefndum þingsins, að það er höfuðnauðsyn, ef við, sem stöndum að þessari ríkisstj., eigum að geta gert það í góðri trú á siðferðilegt þrek hennar og á siðferðilega forustu hennar, að allir þættir þessa máls komi upp á yfirborðið.

Ég vil taka það skýrt fram, að sá málflutningur, sem ég hef sett hér fram utan dagskrár, er gerður með allnokkrum trega, vegna þess að ég var í þeirri trú, eins og margir aðrir af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj., að þessari ríkisstj. væri ekki aðeins ætlað að hafa forustu fyrir efnahagslegri endurreisn þjóðarinnar, henni væri einnig ætlað að hafa forustu fyrir siðferðilegri endurreisn þjóðarinnar sem svo mjög hefur látið á sjá í þeim efnum í því mikla verðbólgubáli sem hér hefur geisað og vegna þess fordæmis sem ýmsir ráðamenn þjóðarinnar hafa sýnt á undanförnum árum. Ef ég og ég veit margir aðrir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. eigum að geta stutt hana til mikilla verka, sem hennar bíða á næstu vikum og mánuðum í baráttu fyrir bættum kjörum, í baráttu fyrir því að bjarga í raun efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar, þá þurfum við að hafa fulla vissu, algjöra vissu um það, að

þar sé ekki aðeins á ferðinni efnahagsleg forusta, heldur sé þar einnig á ferðinni siðferðileg forusta með algerlega hreinan skjöld. Þess vegna geri ég kröfu um það hér í hv. Ed. Alþingis, að allt þetta mál verði upplýst.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég held að það sé eðlilegt í tilefni af þessari umræðu, að ég rifji nokkuð upp hvaða reglur hafa gilt um bifreiðamál ráðherraembætta á undanförnum árum og áratugum og einnig um bifreiðamál forstöðumanna ríkisstofnana og embættismanna.

Það varð veruleg umræða um þessi mál fyrir seinustu alþingiskosningar og það leiddi til þess, að ríkisstj. lýsti því yfir eða ég fyrir hennar hönd, skömmu eftir að hún var mynduð, að ég mundi beita mér fyrir því að fella niður heimildir sem eru í lögum um það, að ráðherrar fengju eftirgefin aðflutningsgjöld og söluskatt af bifreiðum sem þeir keyptu handa sjálfum sér og legðu síðan fram sem embættisbifreið ráðherraembættis síns á meðan þeir væru ráðherrar.

Það var fjallað um þessi mál nokkrum sinnum í ríkisstj. í vetur og ég tók það skýrt fram þá, að ég eða minn flokkur vildi ekki hafa neina sérstöðu í þessu máli. Við vildum setja um þetta reglur sem samkomulag væri um í ríkisstj. og enginn beitti sér fyrir öðrum fremur. Hinn 9. mars s. l. voru síðan settar nýjar reglur um bifreiðamál ráðherra. Þær voru samþykktar í ríkisstj. samhljóða af öllum ráðherrum og þar hafði enginn neina sérstöðu.

Ég vil nú í fáum orðum rekja hvernig þessum málum hefur verið fyrir komið á undanförnum árum og áratugum.

Svo lengi sem elstu embættismenn ríkisins muna hafa fríðindi verið tengd ráðherraembættum varðandi bílamál, einnig embættum forstjóra ríkisstofnana og fleiri embættismanna. Fram til ársins 1970 var sú skipan á, að ríkið lagði ráðherrum til bifreiðar. Þegar ráðh. lét af embætti átti hann kost á að kaupa nýja bifreið án greiðslu aðflutningsgjalda eða söluskatts. Ég veit ekki betur en ráðherrar hafi yfirleitt hagnýtt sér þennan rétt.

Árið 1970 var sett ný reglugerð um bifreiðamál ríkisins. Þessi reglugerð er birt í Stjórnartíðindum 8. jan. 1970. Þá var tekin upp sú skipan, að ráðherrar mættu velja um tvo kosti í sambandi við sín bifreiðamál, að ríkið legði þeim til bifreið eða þeir legðu bifreið með sér til embættis síns á meðan þeir gegndu ráðherrastörfum. Ráðherrar gátu skv. þessum reglum flutt inn bifreiðar án greiðslu aðflutningsgjalda eða söluskatts. Og heimildarákvæði voru sett í tollskrárlögin þar að lútandi.

Ég held að ég fari rétt með það, að síðan þetta var ákveðið hafi allir ráðherrar hagnýtt sér þennan rétt, skv. þeim reglum sem reglugerðin kveður á um.

Til þess að festa kaup á bifreið var skv. reglugerðinni veitt lán að upphæð allt að 350 þús. kr. til 10 ára með 5% ársvöxtum. Þessi lán voru veitt ráðherrum, forstjórum og forstöðumönnum ríkisstofnana. Þessi 350 þús. kr. lán svöruðu til innkaupsverðs á bifreið í svipuðum gæðaflokki og þeir ráðherrabílar eru sem nú er rætt um, svona á milli 6 og 7 millj. kr., og þegar þessi lánsupphæð var ákveðin svaraði hún til innkaupsverðsins. Þetta þýddi það, að í þann tíð fengu ráðherrar í fyrsta lagi eftirgefin aðflutningsgjöld og söluskatt af bifreiðum og þeir fengu lán í sambandi við bílakaupin sem svaraði nokkurn veginn til innkaupsverðsins. Þannig voru þessi mál þá.

Þeir, sem fengið hafa þessi svokölluðu bílalán skv. reglugerðinni, eru, eins og ég sagði áður, ráðherrar, forstöðumenn og forstjórar ríkisstofnana og ýmsir embættismenn.

Lánin, sem veitt hafa verið, eru um 150 talsins sem ekki er búið að greiða að fullu skv. þessum reglum, eins og málin standa nú í dag.

Það hefur verið föst venja í fjmrn. að veita ekki upplýsingar um málefni einstakra manna. Gildir það jafnt um ráðherra og aðra. Hins vegar hefur rn. alltaf veitt upplýsingar um þær reglur sem gilda í þessum efnum, og ríkisendurskoðunin hefur síðan athugað hvort þeim sé ekki framfylgt. Hér er í raun og veru um þá stefnu að ræða að veita upplýsingar um málefni en ekki um menn. Þessari venju mun ég fylgja nema Alþ. ákveði að skýrsla verði gefin út um þessi mál í heild.

Ríkisstj. hefur samþ. reglur þær sem lýst hefur verið, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Fimm af núv. ráðherrum í ríkisstj. hafa skv. þessum reglum fengið ríkisbifreiðar til afnota og fjórir ráðherrar leggja til eigin bifreiðar.

Ég mun gera eina undantekningu varðandi upplýsingar um einstaklinga, en hún er aðeins ein og hún er varðandi mig sjálfan. Ég tel mig hafa fullan rétt á því, þó að það sé stefna rn. að veita ekki upplýsingar um einstaka menn heldur aðeins um þær reglur sem gilda. Og þessar upplýsingar eru svo hljóðandi:

Að sjálfsögðu hef ég farið eftir þeim reglum, sem ríkisstj. setti samhljóða á fundi 9. mars s. l. Varðandi kjörin á lánunum, allt að 3 millj. kr. lánum til 10 ára, óskaði ég eftir því, að rn. gerði till. til mín um hvaða kjör ættu að vera á þessum lánum. Ég tók ákvörðun um það og vextirnir eru 22%. Það kann vel að vera að hægt sé að deila um það, en ég er ekkert að skorast undan því, að ég tók ákvörðun um þetta, og þeir ráðherrar, sem nú eru í ríkisstj., hafa heimild til þess skv. reglum að taka þessi lán, og væntanlega ráðherrar sem verða í ríkisstjórnum á meðan þessar reglur, sem núv. ríkisstj. hefur samþ., eru í gildi.

Varðandi mig sjálfan, þá keypti ég nýja bifreið sem kostaði milli 6.6 og 6.7 millj. kr., og ég hef fengið lán úr ríkissjóði skv. reglunum að upphæð 3 millj. kr. með 22% ársvöxtum. Ég vil taka fram að ég var ekki fyrstur ráðh. til að taka svona lán. Í sambandi við frásögn fjölmiðla, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur hér greint frá, hef ég í raun og veru engu við það að bæta varðandi sjálfan mig, að ég hafi keypt þessa bifreið sjálfur og greitt hana algerlega, þó að ég hafi tekið til þess lán skv. reglum sem samþykktar hafa verið.

Ég hef áður látið í ljós þá skoðun, að hagkvæmara væri fyrir ríkið að ráðherrar eigi bíla sína sjálfir, vegna þess að það er að mínu mati ódýrara. Ef allir ráðherrar í ríkisstj. fengju bifreiðar frá ríkinu, sem ríkið keypti og legði þeim til, af þeirri gerð sem hér hefur verið talað um, milli 6 og 7 millj. kr., þá mundi það kosta ríkissjóð líklega rúmlega 20 millj. kr. í útlögðu fé. Ef ráðherrar hins vegar kaupa bifreiðarnar sjálfir og leggja ráðherraembættunum þær til á meðan þeir eru ráðherrar, þá greiða þeir af þeim gjöld skv. þessum nýju reglum sem mundu nema um 40 millj. kr. og renna beint í ríkissjóð. Um reksturinn að öðru leyti held ég að það hallist ekki á að öðru leyti en því, að mér sýnist að hann sé óhagkvæmur fyrir þá sem eiga sínar bifreiðar sjálfir, vegna þess að þeir þurfa að sjálfsögðu að greiða fjármagnskostnað af verði bifreiðanna eins og gefur að skilja.

Varðandi viðhaldsmál, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur gert hér að umræðuefni get ég ekki upplýst mikið um það hjá öðrum ráðherrum því að ég hef ekki fylgst með því. Ég get sagt frá mér sjálfum og það er best að ég haldi mig við mig sjálfan í þessum efnum. Ég átti bifreið þegar ég tók við ráðherraembætti, en fjmrn. átti hins vegar ekki bifreið. Ég lagði hana til og hún var notuð sem ráðherrabifreið þangað til nú fyrir skömmu að ég keypti nýja bifreið. Þessi bifreið mín var nýleg bifreið í mjög góðu ástandi og mér er ekki kunnugt um að það hafi átt sér stað neitt óeðlilegt viðhald á henni, heldur hafi henni verið haldið við með eðlilegum hætti eins og gengur og gerist og það sé ekkert óeðlilegt í sambandi við þau mál. Þessi bifreið er ekki seld, þannig að hún hefur ekki verið seld með neinum hagnaði eða neinu tapi, og ég veit því ekki hvert söluverð hennar kann að verða.

Ég get tekið undir það með hv. þm., að það þurfi að sjálfsögðu að gilda ákveðnar reglur um launakjör ráðherra og um þau fríðindi sem fylgja ráðherraembættum. Um það kunna að vera skiptar skoðanir. Ég er þeirrar skoðunar — og á það ekkert skylt við það þó að ég sé ráðh. nú í svipinn — að ráðherraembætti séu ein ábyrgðarmestu embætti sem um er að ræða í landinu og þess vegna sé eðlilegt að ráðherraembætti séu í hæstu launaflokkum, ég tel engan vafa um það. Nú er það ekki svo að ráðherraembætti séu í hæstu launaflokkum þegar litið er yfir landið í heild, það er langur vegur frá því. En ég tel það sjálfsagt mál, að ráðherraembætti séu launuð í samræmi við þá ábyrgð, þá miklu ábyrgð — og ég vil segja í raun og veru útslit — sem fylgir ráðherraembætti á Íslandi. Þó að ég sé ekki búinn að vera lengur ráðh. en í átta mánuði, þá get ég vel sagt frá því, að það fylgir a. m. k. fjmrh.-embættinu geysilega mikil vinna og vinnuálag og mikil ábyrgð. Og svo er áreiðanlega um önnur ráðherraembætti.

Ég vil að lokum aðeins minna á það, að ráðherraembættin eru ekki einu embættin hér í landinu sem ýmiss konar fríðindi fylgja. Það eru fjölmörg embætti sem ýmiss konar fríðindi fylgja. Það er t. d. embættið sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson situr í. Því fylgja fríðindi. Og svo er um fjöldamörg embætti í landinu eins og kunnugt er.

Ég vonast til þess, að hv. þm. telji að þær upplýsingar, sem ég hef nú gefið, séu fullnægjandi, og ég endurtek það sem ég hef áður sagt, að ég mun halda þeirri reglu varðandi upplýsingar um einstaka menn, að ég mun ekki veita þær upplýsingar nema Alþ. samþykki það sérstaklega og óski eftir skýrslugjöf um þau mál. En ég tel mig ekki brjóta þá reglu þó að ég segi frá sjálfum mér.

Sjútvrh. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Vegna þeirra ásakana, sem ég tel að hafi komið fram í ræðu hv. þm. um að ráðherrar hafi látið gera upp bíla sína fyrir sölu, — og það er meira að segja að finna í blöðum í dag þar sem ég er m. a. nafngreindur, — þá tel ég rétt að upplýsa það, að áður en til viðhalds á bifreið minni kom eða rekstrar á vegum ríkisins gætti ég þess sérstaklega, að hún færi í skoðun og að viðgerð væri framkvæmd á henni fyrir minn reikning, þannig að það lægi alveg ljóst fyrir að hún væri í viðunandi ástandi þann tíma sem ríkið hefði með rekstur hennar að gera. Bifreið sú, sem ég átti, hefur alls ekki verið gerð upp fyrir söluna og var meira að segja seld með ryðgati og beyglum, þó að ég voni kaupandans vegna að hún hafi verið að öðru leyti í sæmilegu ástandi. Hér var um átta ára gamlan bíl að ræða, að vísu af bestu gerð, Volvo-bifreið, sem endist mjög vel, eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt.

Ég vildi einungis láta það koma skýrt fram, að ekkert af þessu tagi hefði verið gert varðandi þá bifreið, sem var í minni eigu, og að ég telji sjálfsagt að endurskoðunarmenn ríkisreikninganna fari ofan í þessi mál. Ég hef ekkert við það að athuga.

Utanrrh. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að veita þær upplýsingar sem ég get eftir ósk hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar hvað sjálfan mig varðar.

Þegar ég tók við starfi utanrrh. notaði ég fyrstu sjö mánuðina eða þar um bil þá bifreið sem ég átti fyrir, sem var níu ára gömul amerísk bifreið, orðin allslitin. Á þessu tímabili var allmikið viðhald á bifreiðinni, en ég hreinlega veit ekki kostnaðartöluna. Ég hefði auðvitað aflað mér hennar ef ég hefði vitað það með klukkutíma fyrirvara að þessi umræða yrði.

Síðan var ákveðið að rn. keypti bifreið sem hentaði til þess nota. Sú bifreið er merkt ríkinu í bak og fyrir og er notuð eingöngu í embættisþágu. Hina bifreiðina á ég enn þá og nota til einkanota á eigin kostnað. Og það er alrangt, sem stendur að ég hygg í báðum síðdegisblöðunum í dag, að ég hafi selt þá bifreið, hvað þá grætt á henni.

Ég veit ekki hvort það mundu þykja óeðlileg viðskipti, ef maður lánaði einhverjum öðrum manni bifreið í sjö mánuði að hann fengi einhverja smágreiðslu fyrir lánið, og ef slíkt þætti eðlilegt, — það heitir fyrningarfé, held ég, eða eitthvað slíkt í reglunum, — þá mundi það ganga á móti hugsanlegum viðhaldskostnaði. Þeir reikningar hafa ekki verið gerðir upp, enda er málið ekki í mínu rn. og forsrn. hefur ekki gert aths. við þetta.

Ég vænti þess, að á þessu máli hafi verið haldið á eðlilegan hátt, og ekkert hefur verið fjær mér en að reyna að gera þetta að neins konar féþúfu.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. lýsti atburðarásinni í fjh.- og viðskn. Ed., sem hefur haft þetta mál til meðferðar, réttilega hvað varðar það lán sem hér hefur verið til umr. Það, sem er alvarlegast í þessu máli, er neitun ráðh. hér fyst í deildinni og síðan synjun embættismanna um að gefa þingnefnd upplýsingar um mál sem varðar fjárreiður ríkisins.

Mig langar til að rifja upp 7. mál Ed., ef menn muna eftir því. Það er það mál um gengismunarsjóð, sem hefur verið hvað lengst hér í þinginu. Það var til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. Ed. og nm. gekk illa að fá nauðsynlegar upplýsingar varðandi málið frá embættismönnum. Ég minnist þess, að hv. 3. landsk. þm. kvartaði yfir því og nefndi þessa erfiðleika nefndarinnar við 2. umr. málsins. Hæstv. forsrh. kvaddi sér þá hljóðs — ég man nú ekki orðrétt hvað hann sagði og hef ekki þingtíðindi hér, en skv. mínu minni harmaði hann það, að n. hefði ekki fengið umbeðnar upplýsingar, og kvaðst hæstv. forsrh. beita sér fyrir því, að n. fengi þær upplýsingar.

Ég er einungis að nefnda þetta til þess að leggja áherslu á það, að það er almennur skilningur hér í þinginu, að þingnefndir skuli fá umbeðnar upplýsingar, og það sama gildir í þessu máli. Að þurfa að toga út þessar upplýsingar með töngum er óhæfa hvað varðar þingstörf.

Mín persónulega skoðun á þessu 3 millj. kr. láni með 10 ára lánstíma og 19% vöxtum er sú, að ég er algerlega á móti þessum reglum. En það er ekki það sem skiptir hér

máli. Það að neita þm. um upplýsingar um hverjir fá lán úr ríkissjóði er að mínu mati óafsakanlegt, og það er full ástæða til að taka hæstv. fjmrh. á orðinu, að Alþ. álykti eitthvað um þessi samskipti þm. og þingnefnda við embættismenn ríkisins. Enginn, sem hefur tekið þátt í umr., efast um að þessi lán eða lánskjör séu samkv. þeim reglum eða lögum sem gilda, þó að menn geti verið, eins og t. d. ég, á móti þessari ráðherrareglu, en þetta var samþykkt í ríkisstjórn.

Ég get upplýst í framhaldi af því, sem kom fyrir í nefndinni, að ráðuneytisstjóri fjmrn. var með skrá yfir öll lán einkaaðila úr ríkissjóði. Þetta eru nokkuð margir aðilar. Það gilda sérstök lög hvað varðar leigubílstjóra og annað slíkt, það eru ekki peningalán. Einstök peningalán er þó um að ræða. Það var upplýst um tvö slík lán, en sömuleiðis neitað að gefa upp nöfn. Ráðuneytisstjóri kvaðst persónulega telja að þingnefndir ættu að fá svona upplýsingar, en hann vildi kanna hvernig þessi mál hefðu verið hjá forvera sínum. Hann gerir auðvitað eins og hans er skylda, hagar sér eins og góður embættismaður. Hæstv. fjmrh. hefur lýst þessu „prinsipi", að fjmrn. gefi ekki upplýsingar um menn, einungis um málefni, og þess vegna gefur hann sjálfur persónulega þessar upplýsingar, sem er vitanlega rétt að þakka fyrir að þær fengust þó loksins um þetta fræga mál.

Hvað varðar síðara atriðið sem hv. 3. landsk. þm. nefndi, endurnýjun einkabíla ráðherra sem síðan voru seldir, — tveir ráðherrar komu upp á eftir hæstv. fjmrh. og gáfu skýrslu um sín mál, — þá álít ég rétt að það komi fram, að þau mál eru í rannsókn í fjh.- og viðskn. Ed. eins og reyndar hv. 3. landsk. þm. nefndi. Samkv. þeim upplýsingum, sem liggja fyrir nefndinni, er ekkert sem bendir til þess, að atburðarásin hafi orðið sú sem 3. landsk. þm. nefndi, en það útilokar engan veginn að svo geti verið og má vera að það liggi fyrir aðrar upplýsingar, sem n. hafi ekki enn þá fengið, og þessi mál muni skýrast.

Það er, held ég, almennur vilji í fjh.- og viðskn., að þetta mál verði ekki afgreitt frá nefndinni fyrr en hún er búin að fá allar þær upplýsingar sem hún hefur beðið um. Hv. 3. landsk. þm. hefur farið eðlilega leið til að knýja á um þessar upplýsingar með bréfi til yfirskoðunarmanna ríkisreikninga. Hins vegar hef ég séð í síðdegisblöðunum í dag nokkur blaðaskrif um þessi viðhaldsmál, og ég get einungis lýst því yfir, að upplýsingar, sem liggja fyrir í n., réttlæta ekki þær nafnbirtingar, og ég harma þær á þessu stigi málsins. En það breytir ekki því, að þetta mál mun verða upplýst.

Ég vil að lokum einungis hvetja, kannske ekki til frekari umræðna um þetta, heldur til að menn hugsi um þessi samskipti þm. og embættismanna og hvort það sé ekki kominn tími til að þessum samskiptareglum verði breytt í þá veru, að þm., sem eru kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, fái allar þær upplýsingar sem þeir biðja um.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil aðeins víkja að þessu sem kallað er neitun á upplýsingum og minna á það, að þegar þessi mál komu fyrst til umr. í þessari hv. deild var málið fyrst og fremst fólgið í því, að ég var að leggja til með frv. að felldar yrðu niður heimildir úr lögum til að veita ráðherrum undanþágur frá aðflutningsgjöldum og söluskatti. Þá komu inn í umr. hér í deildinni þær reglur sem gilda um þetta samkv. ákvörðun ríkisstj. Ég hafði ekki þá á takteinum þær upplýsingar sem síðar hafa komið fram um þessi mál, vegna þess að ég vissi ekki hvernig mál einstakra ráðh. stóðu í þessu efni. Bifreiðamál ráðh. heyra undir forsrn. og ég hafði ekki upplýsingar á takteinum. Það, sem ég sagði þá,— var þetta: að það hefði verið venja fjmrn. í gegnum tíðina að gefa upplýsingar um reglur sem hafa verið settar, hvernig þær eru efnislega, en ekki upplýsingar um einstaklinga. Og það var þess vegna m. a., að ég hafði ekki þær upplýsingar á takteinum þá varðandi hvern og einn, að ég gat ekki gefið þær. Hins vegar hef ég núna tekið af öll tvímæli um það, hver er stefna fjmrn. á meðan ég er fjmrh. Hún er þessi: að gefa upplýsingar um allar reglur, öll málefni, en ekki einstaklinga, nema ég hef gert þá undantekningu að gefa upplýsingar um sjálfan mig, tel mig ráða því. Í öðru lagi komu embættismenn bæði fjmrn. og forsrn. fyrir fjh.- viðskn. Ed. og gáfu þar upplýsingar um þessi mál, greindu frá þeim reglum sem gilda, sögðu frá því, hvernig ráðherrar hefðu leyst þessi mál samkv. reglunum, það hefðu verið fimm, sem hefðu fengið ríkisbifreiðar til umráða sem hefðu verið keyptar handa embættunum, og fjórir sem legðu til bifreiðar sjálfir samkv. þeim reglum sem settar voru. Ég neita því eindregið, að það hafi verið um að ræða neitun um eðlilegar upplýsingar í þessu máli, — neita því eindregið.

Að lokum vil ég segja það, að auðvitað getur Alþingi sett lög um málefni eins og bifreiðamál ráðh., og það fer kannske best á því. Það hafa hins vegar ekki komið fram á Alþingi frv. um þessi efni. Að sjálfsögðu getur Alþingi gert það og ráðið þannig þessum málum alfarið, það er í þess valdi. Og ég vil aðeins skjóta því hér fram, að það væri kannske hreinlegast fyrir alla aðila í þessum efnum, að það yrði gert, til að koma í veg fyrir að menn væru að deila um þessi mál á óeðlilegan hátt, á þann hátt að það væri allt að því verið að drótta því að einstökum mönnum, að þeir hefðu ekki farið að réttum reglum í þessum efnum, þótt umreglurnar megi deila. Það er annað mál, um þær má sjálfsagt deila. — Ég vil láta það verða mín síðustu orð, að það væri kannske best að Alþingi setti hreinlega lög um þessi mál.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vék að því í upphafi ræðu sinnar, að saga þessara fríðinda, eins og hann orðaði það, væri löng. Það er alveg rétt. En það er kjarninn í þeirri kröfu, sem sigurvegarar kosninganna settu fram, síðustu alþingiskosninga, að þessi fríðindatími væri liðinn, að þjóðfélag fríðindanna yrði afnumið á Íslandi, þar væru allir jafnir, ráðherraembætti væri ekki einhver æðri tign sem þyrfti sérstök fjármunafríðindi sér til handa. Ég lýsti því yfir við 1. umr. þess frv. sem hér hefur verið gert að umræðuefni, að þetta væri kjarni málsins. Það er hins vegar misskilningur hjá hæstv. fjmrh., að það hafi þurft einhver sérstök lög til að fella niður heimildina til að veita afslátt á aðflutningsgjöldum og tollum fyrir ráðherrabifreiðar. Hæstv. fjmrh. hefði sjálfur á sínum fyrsta degi í rn. getað ákveðið að hætta að nota þessa heimild, til þess hafði hann allan stjórnskipulegan rétt. Það þurfti ekki löggjöf hér á Alþingi til að taka þá ákvörðun. Hitt gat svo komið í kjölfarið til að koma í veg fyrir að eftirmenn hans beittu þessari heimild, það að breyta lögunum. En það var á engan hátt háð því hvað gert væri varðandi lagasetninguna, hvort þessari heimild væri beitt eða ekki. Þess vegna er lagasetningin sjálf eða tilraun til hennar yfirvarp í þessum efnum.

Hæstv. fjmrh. hefur nú játað hér í hv. d., Ed. Alþingis,

að hann sé sá ráðh. sem tekið hafi 3 millj. kr. lán á, að því er hann telur, 22% vöxtum. Vörn hæstv. fjmrh. í þessu máli er byggð á því, að hann hafi farið eftir settum reglum. Það er aðeins hluti sögunnar, vegna þess að sá aðili, sem setti regluna um hina lágu vexti á þessu láni, var hæstv. fjmrh. sjálfur, eins og hann hefur nú játað hér í hv. d. og ráðuneytisstjóri fjmrn. tjáði fjh.- og viðskn. Ed. Það er því hæstv. ráðh., sem hefur upp á eigin spýtur, sitt eindæmi algerlega, ákveðið að lánskjör þess láns, sem hann einn hefur tekið, séu með þessu hagstæða hætti eða 11% lægri vöxtum en almenningur í þessu landi þarf að borga af þeim lánum sem hann á almennt aðgang að í bankakerfinu um þessar mundir. Þess vegna er líka deilt á það, hæstv. fjmrh., að þær hagnaðar- og fríðindareglur, sem þarna eru settar af ráðh. sjálfum, en ekki ríkisstj., fela í sér þessa lágvaxtastefnu í lánakjörum, bílalánakjörum hæstv. ráðh. Hins vegar finnst mér það þakkarvert, að loks skuli hafa tekist eftir mikið erfiði og langa sögu, sem ég rakti hér í upphafi, að fá það fram, hver var sá hæstv. ráðh. sem þetta lán tók, þ. e. fjmrh. sjálfur.

Hæstv. ráðh. vitnaði hér í ýmis önnur lán frá árunum 1970 og 1971, en það munu vera lán sem veitt voru vegna kerfisbreytinga í þessum málum og hæstv. fjmrh. þáverandi, Magnús Jónsson, beitti sér fyrir. En samkv. þeim upplýsingum, sem ráðuneytisstjóri fjmrn. gaf hv. fjh.- og viðskn. Ed. hafa á síðustu árum aðeins tvö önnur lán til einstaklinga verið veitt úr ríkissjóði Íslands, annað til bifreiðakaupa og hitt til húsakaupa, bæði þessi lán til tveggja embættismanna ríkisins sem hæstv. ráðuneytisstjóri neitaði að nafngreina. Það er því mikill miskilningur hjá hæstv. fjmrh. að vera að gefa það hér til kynna, að það sé einhver aragrúi af þessum lánum. Það eru aðeins tvö önnur lán samkv. upplýsingum ráðuneytisstjóra fjmrn. Þau voru bæði veitt á síðasta kjörtímabili og annað þeirra fékk embættismaður ríkisins til bílakaupa og hitt fékk annar embættismaður ríkisins til húsakaupa, hvort tveggja fyrir sjálfan sig. Þeir eiga báðir húsið og bílinn og fengu eingöngu þessa sérstöku lánafyrirgreiðslu, lán upp á nokkrar milljónir króna sem ég gæti rakið hér. En að sjálfsögðu nafngreindi ráðuneytisstjórinn ekki þessa menn, þó að ég telji fyllilega nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. upplýsi einnig hverjir þessir tveir aðrir einstaklingar eru sem hafa á síðari árum fengið lán úr ríkissjóði. **(Gripið fram í:** Þeir eru fleiri.) Það getur vel verið, hv. fyrrv. menntmrh., að þeir séu fleirri, en vegna þess, hve treglega hefur nú gengið að fá upplýsingar hjá hv. ráðuneytisstjóra fjmrn., hef ég ekki ástæðu til að rengja á þessu stigi þó þær litlu upplýsingar sem hann hefur veitt okkur, og þær upplýsingar sem hann hefur veitt eru að þau séu bara tvö. Ef hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson veit um fleiri óska ég eftir að hann upplýsi það hér.

Alla vega er það ljóst, að þau lánskjör, sem þessu láni eru samfara, þær reglur, sem hæstv. ráðh. setti sjálfur nú í reynd fyrir sjálfan sig eingöngu, eru 11% lægri vextir en almenningi í þessu landi bjóðast.

Ég vil þakka þeim ráðherrunum tveim, Kjartani Jóhannssyni og Benedikt Gröndal, fyrir það sem þeir sögðu hér. Það orðalag, sem var í fréttum blaða í dag, er ekki alveg nákvæmt í þá veru sem ég sagði við viðkomandi blaðamenn. Ég fullyrti ekkert um þau efni, og því ber vissulega að fagna að hæstv. tveir ráðh. hafa gefið þær upplýsingar hér, að þeir hafi engu að leyna í þessum efnum og séu samþykkir því, að þetta mál sé tekið til rækilegrar skoðunar á þann hátt sem ég hef hér lagt til. Og ég skal fyllilega segja það hér, að ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að þær upplýsingar, sem þeir gáfu, séu réttar, en ég tel hins vegar nauðsynlegt að reikningarnir komi á borðið. Ég vil hins vegar geta þess, að ég saknaði þess að hæstv. dóms- og landbrh., sem þó var hér í salnum þegar þessar yfirlýsingar voru gefnar og þegar þessar umr. fóru fram, skyldi ekki einnig koma hingað upp og gefa sams konar yfirlýsingu. Hæstv. menntmrh. hefur ekki keypt sér bifreið eftir að hann tók sæti í þessari ríkisstjórn.

En eins og ég sagði áðan tel ég höfuðatriði þessa máls að það komi allt á borðið. Við höfum nú eftir langa mæðu fengið lántöku fjmrh. sjálfs á borðið, og ég hef með bréfi mínu í dag til yfirskoðunarmanna ríkisreikninga lagt drög að því að beita hinni réttu aðferð til að gerð sé heildarúttekt á fylgiskjölum og öðru varðandi þann rekstrar- og viðhaldskostnað sem þarna hefur átt sér stað, svo að hv. þm. sjálfir, eins og segir í þessu bréfi mínu, geti metið hvort um umframkostnað hins opinbera hafi verið að ræða. Það er hins vegar rétt, sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði hér áðan, að enn sem komið er hafa ekki í nefndum þingsins komið formlega fram upplýsingar sem leggja þetta mál á borðið. Ég hef hins vegar, eftir þær athuganir, sem ég hef gert, og viðræður sem ég hef átt við einstaka menn, talið rétt að hlífa embættismönnum stjórnarráðsins við það að þurfa að eltast við þessar upplýsingar, vega þær og meta og leggja þær á borðið. Það hefur gengið erfiðlega að fá þá til þeirra verka og þeir eiga sér sína húsbændur, sem eru ráðherrarnir, og ég hef þess vegna talið eðlilegt að víkja embættismönnunum undan þeirri skyldu og víkja beint til þeirra trúnaðarmanna sem Alþingi hefur sjálft kosið, yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, í samræmi við það bréf sem ég hef nú þegar kynnt í hv. deild.

Um það, sem hér hefur verið sagt um upplýsingagjöf og upplýsingaskyldu, mætti margt segja. Ég hef þegar fengið nokkurn tíma á síðustu dögum þessa þings hjá hæstv. forseta til að ræða þetta mál og mun geyma mér umr. um þann þátt til síðari tíma. Ég vil hins vegar segja hæstv. fjmrh. það, að ég tel að sú stefna, sem hann kynnti hér sem sína stefnu, að veita ekki upplýsingar um þá einstaklinga eða aðila sem hafa fengið lán úr opinberum sjóðum, sem ríkissjóður er, sé röng stefna. Og ég vil minna á það, að þegar hæstv. fjmrh. var einn af forstjórum — held ég að það heiti formlega — Framkvæmdastofnunar ríkisins og sú stofnun var sett á laggirnar fyrir nokkrum árum, þá var einmitt tekin upp sú stefna þar að gefa út opinberlega í skýrslu Framkvæmdastofnunar skrá yfir alla þá aðila sem höfðu fengið þar lán. Og ég get ekki séð að það eigi neinar aðrar reglur að gilda um þá opinberu sjóði, sem eru í vörslu Framkvæmdastofnunar, og forstjóra hennar, heldur en um ríkissjóð. Þetta eru hvort tveggja fjármunir almennings í landinu. Ég mun halda áfram að berjast fyrir því, að allar upplýsingar þessa máls komi á borðið. Ég tel að það sé nauðsynlegt, einkum og sér í lagi þegar horft er til næstu vikna og mánaða, þegar þessi hæstv. ríkissj. þarf að halda áfram í þeim mikla ólgusjó þjóðmálanna sem nú er í okkar landi. Hún þarf á öllu sínu siðferðisþreki, hún þarf á öllum sínum innri styrk að halda til að ráða við þau vandamál. Það er svo hins vegar þjóðarinnar að dæma hvaða ályktun hún vill draga af þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram. En ég vil láta þá skoðun mína í ljós, að ég tel

að þau lánskjör, sem hæstv. fjmrh. hefur veitt sjálfum sér, séu í hæsta lagi óeðlileg.

Að lokum vil ég svo þakka samnefndarmönnum mínum í hv. fjh.- og viðskn. Ed. fyrir drengilegan og ötulan stuðning þeirra við að upplýsa þetta mál.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég átti ekki kost á að hlusta á ræðu hv. þm., hún hefur eflaust verið hin merkilegasta. Ég heyrði hins vegar áðan, að hann taldi að ég hefði átt að svara til einhverra saka hér. Ég kannast ekki við neina sök. Bifreið mín var rekin á vegum ríkisins alllengi og mér var þá tjáð að allur rekstrarkostnaður hennar yrði greiddur af ríkinu. Ef þar er eitthvað sem brýtur í bága við það, þá treysti ég því, að ríkisendurskoðendur athugi slíkt. Það verður þá tvímælalaust leiðrétt. Hér er ekkert að fela, ekki nokkur skapaður hlutur.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal hafa þetta örfá orð að lokum. — Ég vil í fyrsta lagi mótmæla því, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segir að ég hafi sett reglur handa sjálfum mér **(Gripið fram í:** Um lánskjör.) Ég vil mótmæla því, um lánskjörin. Þær reglur voru settar áður en ég tók nokkra ákvörðun um það, hvað ég mundi gera í þessum efnum, og ég var satt að segja lengi vel að hugsa um að fara þá leið að ríkið legði til bifreið, embættisbifreið, og það átti ekkert skylt við mig sjálfan í þessu efni. Þetta eru almennar reglur sem gilda um ráðherra, hvort sem það er ég eða einhverjir aðrir sem þar eiga hlut að máli.

Í öðru lagi vil ég leiðrétta það enn, sem raunar kom fram hjá mér áður, að það eru ekki örfá lán, sem tekin hafa verið í sambandi við bifreiðamál embættismanna og ráðherra, heldur 150 lán sem mér er kunnugt um.

Í þriðja lagi vil ég svo leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. þm., að ég hefði getað tekið af öll tvímæli í þessum málum strax þegar ég tók við embætti og tilkynnt öðrum ráðherrum að þeir hefðu ekki heimild til þess að flytja inn bifreiðar með því móti að fá aflétt aðflutnignsgjöldum og söluskatti. Þetta er rangt. Í 10. gr. reglugerðarinnar um bifreiðamál ríkisins frá 1970 segir svo:

„Ráðherra sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðherra í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra sem haft hafa ríkisbifreið til afnota." Ég álít að þetta sé reglugerð sem ráðherrar eiga að fara eftir og þeir hafi allan rétt til þess. Þess vegna er það frv. flutt, sem hefur valdið öllum þessum umr., þ. e. frv. sem ég flutti um að fella niður heimild ráðherra til að fá eftirgefin aðflutningsgjöld og söluskatt. Og það hlálega í þessu máli er það, að á sama tíma sem ég er að leggja til við Alþingi að reglum verði breytt á þann hátt, t. d. varðandi sjálfan mig, að í staðinn fyrir að fá eftirgefnar, eins og tíðkast hefur, líklega um 4.5 millj. kr., þá er ráðist á mig fullum fetum fyrir málið og reynt að gera það tortryggilegt.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að það er álitamál hvernig þessum fríðindum eigi að vera háttað, alveg eins og það er álitamál hvernig öðrum fríðindum eigi að vera háttað. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði að allir ættu að vera jafnir í þessum efnum — allir þjóðfélagsþegnar. En hvernig er um prófessora í Háskólanum? Þeir hafa fríðindi. Ég ætla ekkert að segja um það, hvort hv. þm. hefur þegið einhver fríðindi þar, en þeir hafa fríðindi þar. Stöðum þeirra fylgja veruleg fríðindi. Um þau má eflaust deila eins og þessi mál öll, það efast ég ekki um, og það þarf kannske að taka þessi fríðindamál öll í þjóðfélaginu til endurskoðunar og breyta þeirri skipan launamála í þá átt, að fríðindi verði yfirleitt afnumin, það verði afnumið t. d. að ráðherrar hafi fríðindi, þeir hafi bara laun sem ákveðið er hvað eigi að vera há. Það er auðvitað álitamál. Sama er að segja um ýmis embætti í þjóðfélaginu, sama er að segja um forstjóra fyrir ýmsum einkafyrirtækjum sem hafa bifreiðar frá fyrirtækjunum, svo tekið sé dæmi, o. s. frv., o. s. frv. Og það er kannske skynsamleg stefna að breyta um í þessum málum þannig að menn hafi ákveðin laun en öll fríðindi verði afnumin. Það kann að vera að það sé skynsamleg stefna. En það er mikil mál í okkar þjóðfélagi sem er löðrandi í fríðindum, eins og allir vita, svo að segja upp úr og niður úr. En sennilega mundi það vera líklegra til árangurs í heiðarlegri ákvörðun launa í þjóðfélaginu, að þessi mál yrðu öll lögð á borðið hjá öllum, að lagðar væru saman launatekjur manna og fríðindi og það lagt til grundvallar í sambandi við skiptingu launa í þjóðfélaginu. Ég hygg að það mundi kannske hreinsa loftið í þessum málum og auðvelda mörkun skynsamlegrar launastefnu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera hér örstutta athugasemd. Ég lofaði hæstv. forseta að hún skyldi aðeins vera ein mínúta.

Hæstv. fjmrh. upplýsti sjálfur í fyrri ræðu sinni í dag, að hann hefði ákveðið sjálfur þessar lánskjararreglur og vextina og bæri einn ábyrgð á þeim, eins og hann sagði orðrétt, og frá því verður ekki vikist. Það eru þær reglur um lánskjörin sem hæstv. ráðh. ákvað sjálfur. Ég ætla ekki að gera að umtalsefni hér hugleiðingar hans um fríðindi annarra stétta, svo sem prófessora. Það er að vísu rétt, að prófessorar hafa nokkuð góð laun, en mér fannst ummæli hæstv. ráðh. um fríðindi þeirra sýna mikla vankunnáttu í þeim efnum og mælist til þess að hann kynni sér það, þó að það sé alveg rétt að launakjör prófessora sem og annarra hálaunastétta í þessu landi eru ekki í samræmi við þá jafnlaunastefnu sem við vildum gjarnan fylgja. Hins vegar vil ég fagna því, að hæstv. ráðh. er reiðubúinn að fara að berjast gegn þessum fríðindum. En það er ekki vænlegt að upphafið á þeirri baráttu sé ítrekaðar neitanir hæstv. ráðh. um að veita upplýsingar um þau efni.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. — Mig langar til að lýsa því yfir, að þessar umr. hafa verið athyglisverðar og kannske athyglisverðastar fyrir það, að þær snerta einmitt okkar þjófélagsástand mjög víða á mörgum sviðum. Mér fellur í hug eftir þessar umr., að það væri e. t. v. eðlilegt að fjh.- og viðskn. Ed. beitti sér fyrir því, að áður en næsta Alþingi kemur saman verði búið að skoða þessi mál rækilega niður í kjölinn.

Það er nefnilega þannig að ekki þarf að fara langt út í landsbyggðina til að sjá ýmsar ríkisstofnanir sem eru með ríkismerkta bíla. Við sjáum gjarnan bíla merkta RARIK, póst- og símamálastjórn og fleiri opinberum stofnunum sem eru víðs vegar um landið, sjálfsagt í alls konar erindagjörðum, og það kemur náttúrlega upp í hugann þegar maður sér bifreið merkta ríkinu: Hvað er

þessi ríkismerkta bifreiða að gera á þessum stað o. s. frv.? Ég held að það sé búið að ofkeyra þennan þátt í okkar þjóðfélagi, þennan sérstaka friðindaþátt, bæði hvað varðar opinbera embættismenn af hæstu gráðu og eins út í kerfið allt, og þess vegna tel ég að það væri mikilvægt í framhaldi af þessum umr., að menn kæmu sér saman um að endurskoða þessar reglur, skoða þær alveg til botns. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt, og mér finnst það mál, sem var hér til umræðu í upphafi og leiddi af sér þessar umr., sýni þó ákveðna viðleitni hjá núv. ríkisstj. til að reyna að einfalda þetta mál sem á sér eins langa sögu og jafnvel ráðherrar hafa verið til hér á Íslandi og aðrir embættismenn. En saga málsins er miklu víðtækari en þetta. Við erum búin að strá þessu út um allt okkar þjóðfélagskerfi og það er alls staðar til misnotkun á þessum svokölluðu fríðindum sem þarf vissulega að stokka upp. Ég gæti rakið margar sögur, sem eru jafnvel miklu, miklu verri en hér hafa komið fram, einmitt sem ég og aðrir hafa orðið áhorfendur að, sem gefa til kynna að það þarf vissulega að taka þessi mál til verulegrar og raunhæfrar endurskoðunar.

Ég skora á hv. n. að beita sér fyrir þessu. Það er rétt afleiðing af þessum umræðum.

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 779). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lax- og silungsveiði, frv. (þskj. 797). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 113. fundur.

Mánudaginn 21. maí, kl. 5 síðdegis.

Forseti tók dagskrármálin, sem voru tvö, af dagskrá.

Neðri deild, 94. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 782, 541). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Sala notaðra lausafjármuna, frv. (þskj. 809). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Leiðrétting söluskatts af leiksýningum áhugafélaga, þáltill. (þskj. 678). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjárfestingarfélag Íslands, frv. (þskj. 638, n. 807). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Aukin gæði fiskafla, þáltill. (þskj. 386, n. 762). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft þáltill. þessa til skoðunar, en hún er komin frá Ed. og var þar breytt nokkuð. N. leggur til að till. verði samþykkt í þeirri mynd sem hún kom til hv. Nd.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 849).

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 614, n. 745, 659, 675, 783, 826). — Frh. 2. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þegar ég lýsti fyrir skömmu brtt. minni á þskj. 675, þá var eigi fram komin brtt. á þskj. 826 frá þeim Albert Guðmundssyni og Eggert Haukdal við brtt. mína. Virðist af þessari brtt. mega ætla að hv. þm. Eggert Haukdal muni fást til þess að hverfa frá brtt. á þskj. 745, sem hann virðist vera einn af flm. að, til fylgis við brtt. mína á þskj. 675, að því tilskildu, að brtt. hans og hv. þm. Alberts Guðmunds-

sonar verði samþykkt.

Ég vil aðeins benda á að sú breyting, sem þeir hv. þm. Albert Guðmundsson og Eggert Haukdal leggja til á þskj. 826, er þess efnis, að niður úr einni mgr. í minni till. falli mjög mikilvægt efnisatriði, sem sé það að sá vandi, sem skapast hefur sökum svo mikillar umframframleiðslu landbúnaðarafurða að leyfileg verðábyrgð ríkissjóðs nægir ekki til, skuli leystur án þess að ríkissjóður taki á sig frekari fjárskuldbindingar um verðábyrgð en gildandi lög heimila. Í till. minni er þetta eitt af meginatriðum málsins, að við þá fyrirgreiðslu, sem veitt kann að verða af opinberum aðilum í þessu skyni, verði við það miðað og út frá því gengið, að það skuli gert án þess að ríkissjóður taki á sig frekari fjárskuldbindingar um verðábyrgð en gildandi lög heimila, m. ö. o.: það skuli gert án þess að auka útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir umfram það sem gildandi lög heimila. Auðvitað eru til fjölmargar aðrar leiðir til þess að mæta þessum vanda en sú að leggja þessa byrði til viðbótar þeim öðrum sem á herðar skattborgara eru lagðar í þessu sambandi. Ég vil aðeins taka það fram, að með því að fella þetta meginatriði út úr till. minni, að tillögugerð um lausn vandans eigi að hafa það til hliðsjónar að útflutningsuppbætur verði ekki auknar frá því sem lög heimila, er að sjálfsögðu verið að gera mikla efnisbreytingu á till. Og ég veit að það er skoðun margra og yrði túlkað svo eftir á, að með því að fella þetta atriði úr till. væri hv. Alþ. að vísa því efnisatriði á bug sem það hefði verið beðið um að taka afstöðu til, að útflutningsbótafjárhæðin skyldi ekki hækkuð umfram lögleyfð mörk.

Við höfum rætt þessa brtt. í þingflokki Alþfl. og höfum samþykkt að standa alls ekki að henni. Við erum alfarið andvígir því, að þetta vandamál landbúnaðarins, sem vissulega er til, verði leyst með þeim hætti að auka verðábyrgð ríkissjóðs umfram það sem lög heimila, verði leyst með þeim hætti að auka á útflutningsuppbætur sem lögum samkv. ættu á yfirstandandi ári að nema eitthvað í kringum 6 milljarða kr. Við teljum að það sé meira en nóg að leggja slíka upphæð á bök skattborgara í landinu til þess að standa undir offramleiddum afurðum án þess að verið sé að gefa undir fótinn með að auka enn á þá byrði.

Ég vildi aðeins láta fram koma nú, vegna þess að brtt. þeirra hv. þm. Alberts Guðmundssonar og Eggerts Haukdal kom ekki fram fyrr en ég hafði lokið minni ræðu fyrr við umr., að við í þingflokki Alþfl. erum andvígir þessari brtt. þar sem hún breytir mjög mikilvægu efnisatriði í okkar till. og yrði án efa túlkuð þannig, að Alþ. væri að hafna því meginatriði málsins að afmarka lausnina þannig, að hún verði ekki í því fólgin að auka útflutningsuppbætur. Mér er kunnugt um að strax og þessi till. þeirra hv. þm. kom fram var því lýst yfir, m. a. af hæstv. landbrh., að hann skoðaði samþykkt brtt. þeirra hv. þm. Alberts Guðmundssonar og Eggerts Haukdals sem afstöðu Alþingis í þá veru sem ég hef hér lýst. Og ég er sannfærður um að fleiri mundu skoða málið svo, enda hlýtur það að vera eðlileg ályktun þegar ákveðið efnisatriði er lagt fyrir Alþ. til að taka afstöðu til og Alþ. tekur þá afstöðu að fella það eða a. m. k. að neita að taka afstöðu til þess.

Síðan vil ég aðeins benda hæstv. forseta á að ég á von á því, að hæstv. landbrh. dragi til baka brtt. sína á þskj. 659, þar eð hv. landbn. tekur hana óbreytta upp í brtt. sinni á þskj. 745 en bætir við einni setningu í þá brtt. Verði það gert, sem ég tel tvímælalaust að hæstv. landbrh. ætli sér að gera, þá mundi mín brtt. á þskj. 675 eigi ganga til atkv. þar sem till., sem hún er flutt sem brtt. við, væri dregin til baka. Þess vegna óska ég eftir því við hæstv. forseta, — verði sú niðurstaðan, sem ég hef hér lýst, að hæstv. landbrh. dragi brtt. sína til baka, — að mér verði leyft að flytja brtt. á þskj. 675 sem brtt. við till. landbn. á þskj. 745 þannig að hún gangi til atkv. þegar að lokinni 2. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég hef nú þegar við þessa umr. tekið til máls um það frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, og ég þarf þess vegna ekki að vera langorður. Ég mun fyrst og fremst í mínu máli fjalla um tvær fyrstu greinar frv., sem minna hafa verið ræddar en það ákvæði til bráðabirgða sem mestur styrinn stendur um.

Á fundi, sem haldinn var hér um miðnæturskeið, fjallaði ég ítarlega um sjónarmið mitt í sambandi við þetta mál og vil vísa til þeirrar ræðu minnar, þótt ég viti að áheyrendur hafi ekki verið mjög margir, enda langt liðið á nótt. Þar sagði ég frá því, að á sínum tíma hefði starfað framleiðsluráðslaganefnd og hún hefði gert drög að nýju frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Sú nefnd klofnaði og minni hl. hennar skipuðu þeir Ásmundur Stefánsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, og Brynjólfur Bjarnason, fyrrum hagfræðingur Vinnuveitendasambandsins, en nú forstjóri Almenna bókafélagsins, en hann var fulltrúi Vinnuveitendasambandsins í þessari nefnd. Ég ræddi það ítarlega, að þessi ágæta nefnd hefði skilað skýrslu, sem kölluð er „Norðurlandaskýrsla um landbúnað og verðlagssamninga í Noregi, Svíþjóð og Danmörku“ — og þar kæmi greinilega fram að þrátt fyrir öll opinber afskipti af verðmyndunarmálum landbúnaðarins skini alls staðar í gegn að tekið væri tillit til heimsmarkaðsverðsins, þannig að verðmyndunarkerfið, kerfi landbúnaðarins, væri ekki lokað eins og það er hér á landi. Með þessu er átt við það, að sett eru svokölluð efri og neðri mörk á verð landbúnaðarafurða. Fari verðið niður fyrir svokölluð neðri mörk eru stuðningsaðgerðir heimilar af hálfu ríkisvaldsins, en fari verðið upp fyrir efri mörk er heimill innflutningur á landbúnaðarvörum til þessara landa, jafnvel þeirra sem ekki eru í Efnahagsbandalaginu eins og Danmörk er, og setur þeim óneitanlega meiri skorður.

Þær umræður, sem hafa átt sér stað í vetur um landbúnaðarmál, sérstaklega það atriði að framleiðendur í landbúnaði eigi að njóta í framtíðinni, ef nota má orðið „njóta“ í þessu sambandi, beinna samninga við ríkisvaldið, hafa byggst á þeirri forsendu, að á sínum tíma neituðu samtök neytenda samkv. lögum, þ. e. Alþýðusamband Íslands, að tilnefna menn í svokallaða Sexmannanefnd. Nú hefur það skeð, að miðstjórn Alþýðusambands Íslands og reyndar Vinnuveitendasambands Íslands einnig hafa lýst sig samþykkar þessum ákvæðum sem koma fram hjá minni hl. framleiðsluráðslaganefndarinnar, en þau sjónarmið ganga í berhögg við ákvæði frv. sem hér liggur fyrir til umr. og afgreiðslu.

Ég hefði sjálfur kosið að þetta mál hefði verið afgreitt í heild sinni, lögin hefðu verið tekin upp og öll ákvæði þeirra könnuð þannig að um greinargott yfirlit um stöðu málsins væri að ræða, en mér er kunnugt um að það tókst ekki á þessu þingi og til þess liggja ýmsar ástæður sem óþarfi er að rekja hér. En fyrst á annað borð er byrjað að krukka í þetta atriði tel ég rétt að þessum sjónarmiðum

sé lýst, og ég hef nú ákveðið að fara þess á leit við hæstv. forseta að hann leiti afbrigða þannig að ég geti flutt skriflega brtt., sem er orðrétt tekin upp úr minnihlutaáliti framleiðsluráðslaganefndarinnar sem ég hef oft talað um. Brtt. mín er þannig orðuð, með leyfi forseta:

„1. 1. gr. frv. orðist þannig:

5. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð landbúnaðarins skal skipuð sjö mönnum. Skulu tveir tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda, einn af Framleiðsluráði landbúnaðarins, tveir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Ríkisstj. skipar formann Verðlagsráðs. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Tilnefning í Verðlagsráð landbúnaðarins gildir til eins árs í senn og skal ráðið fullskipað 1. júlí ár hvert.

Ályktanir Verðlagsráðs landbúnaðarins eru lögmætar ef meiri hl. samþykkir.

Formaður Verðlagsráðs er tengiliður ríkisstj. og ráðsins um öll þau atriði sem varða fyrirgreiðslu hins opinbera, svo sem tilhögun á niðurgreiðslum búvöruverðs á innlendum markaði, útflutningsbætur, framleiðslu- og framleiðslustöðvunarstyrki og önnur framlög eða aðgerðir sem áhrif hafa á afkomu framleiðenda.

2. 2. gr. frv. orðist svo:

3. og 4. mgr. 6. gr. falli brott.

3. 3. gr. frv. orðist svo:

Í stað orðsins „Sexmannanefnd" í lögunum komi: Verðlagsráð landbúnaðarins."

Ég leyfi mér, herra forseti, að fara þess á leit að hér verði heimilaðar umr. um þessa brtt. um leið og fjallað er um frv. sjálft og þær fjöldamörgu brtt. sem liggja frammi og ekki hafa enn verið dregnar til baka í sambandi við þetta frv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef nú áður tekið til máls í þessum umr. og gerði þá aths. við það, að frv. á þskj. 333, frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., hefur ekki verið afgreitt úr n. Það er flutt af hv. þm. Pálma Jónssyni og mér eftir staðfestingu frá hæstv. landbrh. á fsp. minni um álagningu umboðslauna á útfluttar landbúnaðarafurðir. Ég tel eðlilegt, að þetta frv. okkar Pálma Jónssonar hefði komið til afgreiðslu, og stend í þeirri meiningu, að þá hefði sú upphæð, sem farið er fram á til styrktar landbúnaðinum nú, 3.5 milljarðar, getað orðið talsvert lægri.

Þá benti ég einnig á það, að þrátt fyrir ítrekaða oeiðni hef ég ekki fengið upplýsingar frá Framleiðsluráði landbúnaðarins varðandi aðra tekjuliði þeirra sem flytja út landbúnaðarafurðir. Nafngreindi ég þar sérstaklega Samband ísl. samvinnufélaga vegna þess að ég hef upplýsingar um það erlendis frá, að það undirbýður sérstaklega kjötvörur, þ. e. undirbýður aðra íslenska útflytjendur kjötvara og landbúnaðarafurða á sama markaði, og eins hef ég undirskrifað skilagrein frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, að vísu ekki með tölum, það var breitt yfir þær við ljósritun, en þar kemur fram hvaða liðir koma til frádráttar því verði sem fæst fyrir íslenskar afurðir á erlendum markaði. Ég taldi þá upp söluverðið og sérstakan afslátt, sérstakt framhaldsflutningsgjald, sérstakan erlendan kostnað, sérstök erlend umboðslaun. Síðan kemur aftur flutningsgjald og framhaldsflutningsgjald og svo tryggingar og innlendur bankakostnaður. Það sést á þessu, að talsvert margir liðir koma þar til frádráttar áður en endanleg skilagrein er gerð til seljenda eða framleiðenda landbúnaðarafurða. Sem sagt, ég tel eðlilegt að þetta frv. okkar þm. Pálma Jónssonar hefði komið til afgreiðslu í n. áður en þessi ósk um frekari fjárveitingu til styrktar landbúnaðinum kæmi fram frá hæstv. ríkisstj.

Ég ætla ekki að rekja þetta mál neitt sérstaklega, en ég vil aðeins undirstrika það sem ég sagði í fyrri umr. um þetta mál, að ég held, að ég efast ekki um vandamál bænda. Þau eru mikil og það þarf að leysa þau mál. En það þarf líka að koma í veg fyrir að bændastéttin eða þjóðfélagið í heild sé hlunnfarið í nafni bænda. Ég tel að það séu óheiðarleg vinnubrögð, að Samband ísl. samvinnufélaga í þessu tilfelli sé að leggja umboðslaun á niðurgreiðsluupphæðir á útfluttum landbúnaðarafurðum. Því getur enginn hv. þm. mótmælt og jafnvel ekki ráðh. heldur. Þetta er óeðlileg viðskiptavenja. Ef það kemur svo í ljós, að Samband ísl. samvinnufélaga hefur heimild til að draga frá kostnaðarliði sem aðrir útflytjendur hafa ekki heimild til þess að draga frá, þá er það líka óeðlilegt.

En hér var og er til umr. smábrtt. sem við hv. þm. Eggert Haukdal flytjum á þskj. 826 og er brtt. við brtt. á þskj. 675 frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Ég vil með nokkrum orðum skýra það, sem ég er þegar búinn að segja hér nú, að það þarf að leysa vanda bænda og hann verður aldrei leystur með einhverjum takmörkunum, með því að setja þeim, sem Alþ. felur að leysa vandann, ákveðinn ramma. Ef vandinn er stærri en þessi rammi segir til um, þá verður vandamál bænda ekki leyst.

Við segjum það gjarnan við hátíðleg tækifæri, að bændur séu bústólpi og sá bústólpi sem þjóðin getur ekki verið án, og það er með því hugarfari sem ég hef flutt þessa brtt. við brtt. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, og tekur hún þá takmörkun úr hans brtt. sem hann las hér upp og ég mun ekki endurtaka.

Vandamálið gæti verið minna ef verðmyndun á útfluttum landbúnaðarafurðum er könnuð og skilagrein er rétt samkv. eðlilegum viðskiptavenjum. Ég veit ekki til þess, — og er ég þó búinn að starfa hér frá 1956 að innflutningi og sem umboðsmaður erlendra aðila, — að mér hafi nokkurn tíma tekist að fá erlenda aðila til þess að taka á sig þá kostnaðarbyrði sem Samband ísl. samvinnufélaga virðist draga frá því verði sem fæst á erlendum mörkuðum fyrir okkar útflutningsafurðir, og því tel ég þetta óeðlilegan viðskiptamáta.

Ég held að ég hafi gert grein fyrir þessari till. okkar hv. þm. Eggert Haukdals á þskj. 826, en ég vil ítreka að till. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar er afskaplega lík þeirri till. sem við hv. þm. Pálmi Jónsson fluttum hér á sínum tíma og ég gat um áðan að er á þskj. 333. Hún er orðuð á annan hátt, en stefnir að sama markmiði.

Með leyfi forseta ætla ég að leyfa mér að lesa hér nokkur orð upp úr till. Sighvats Björgvinssonar á þskj. 675. Þar segir svo: „Sexmannanefnd skal sem fyrst afla sem nákvæmastra upplýsinga um þann vanda, sem skapast hefur í landbúnaði sökum þess, að framleiðsla landbúnaðarafurða umfram innanlandsþarfir hefur orðið meiri en svo, að hæsta lögleyfða verðábyrgð ríkissjóðs nægi." En svo segir hann í lok till. sinnar að leysa skuli vandann án þess að fara fram úr þessum takmörkunum sem hann er að tala um.

Ég vil endurtaka til áherslu að vandamál verður aldrei leyst innan einhvers ákveðins ramma. Það getur vel verið

að vandamálið sé innan þess ramma sem hv. þm. vill að það verði, en það er ekki víst og ég vil ekki lögbinda svona ramma. Annaðhvort leysum við vandann eins og hann liggur fyrir eða við getum ekki leyst hann.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 863) samþ. með 27 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hefur hvað eftir annað á þingi í vetur lýst áhyggjum sínum yfir því, að of mikið sé frá bændum dregið af Sambandi ísl. samvinnufélaga með útflutningi Sambandsins á landbúnaðarafurðum. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að útflutningur búvörudeildar Sambands ísl. samvinnufélaga er allur í umboðsverslun. Reikningar búvörudeildar eru lagðir fram fyrir sameiginlegan fund með sölustofnunum. Um það mun vera samið, að kostnaður, sem á fellur, skuli greiddur og umboðslaun sem nægi til þess að standa undir almennum kostnaði við rekstur búvörudeildar. Ég vil einnig vekja athygli á því, að fyrrv. landbrh. skipaði nefnd til að skoða öll þessi markaðsmál og samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá þeirri nefnd, er ekki um óeðlilegar álögur að ræða.

Ég vil einnig geta þess, að sú nefnd hefur gert mjög ítrekaðar tilraunir til þess að finna betri markaði. Því miður hefur það ekki tekist. Ég vil hins vegar að það komi fram, að ég hef hvað eftir annað lýst því yfir og mun beita mér fyrir því, að menn sem geta fundið betri markað fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir, geti fengið þær vörur til útflutnings. Mun landbrn. beita áhrifum sínum til þess að ekki standi á því. Og nú veit ég að hv. þm. er eflaust okkar snjallasti „bisnessmaður", eins og sagt er, hér inni, og ef hann gæti notað sambönd sín til þess að selja landbúnaðarafurðir, þá yrði það mikið ánægjuefni og skal ég sjá um að ekki verði á nokkurn máta settur fótur fyrir hann í því sambandi.

Hv. 5. landsk. þm. beindi til mín spurningu. Spurði hann að því hér á næturfundi, hvort ég hefði kynnt mér álit minni hl. framleiðsluráðslaganefndar. Það gerði ég að sjálfsögðu og gerði það vandlega. Ég vil skýra frá því, að ég átti líka fund með þeim mönnum, sem þar voru í minni hl., og sýndi þeim þær breytingar sem ráðgerðar voru á framleiðsluráðslöggjöfinni. Þeir lýstu því í mín eyru, að ýmsar þær breytingar væru mjög til bóta að þeirra mati. Hins vegar er ekki samkomulag um hvernig skipa eigi verðlagsnefnd, kjaranefnd, sex manna nefnd eða sjö manna eða hvað menn vilja nú kalla það, en ríkisstjórnarflokkarnir hafa í samstarfsyfirlýsingu sinni ákveðið að beita sér fyrir því, að á komist beinir samningar bænda og ríkisvalds, og því er þetta frv. flutt í því formi sem það er nú. — Ég vil gjarnan láta það koma fram, að þessi hv. þm. hefur flutt hér óvenjulega málefnalegar ræður um málefni landbúnaðarins og mættu fleiri taka sér það til fyrirmyndar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki talið nauðsynlegt að leggja áherslu á það, sem oft hefur verið sagt bæði hér á þingi og annars staðar, að ég hef aldrei verið talinn neinn sérstakur talsmaður bænda og ætla mér ekki að gerast talsmaður bænda. En hitt er annað mál, að óeðlilegir viðskiptamátar á hvaða sviði sem er eru mér ekki óviðkomandi.

Ég hjó eftir því hjá hæstv. landbrh. í svari hans til mín nú fyrir stundu, að hann sagði að umboðslaun væru tekin af Sambandi ísl. samvinnufélaga sem nægðu til að standa undir kostnaði búvörudeildar. (**Dómsmrh.:** Við þessa starfsemi.) Við þessa starfsemi. Það væri afskaplega þægilegt ef þeir, sem á annað borð standa í viðskiptum, gætu ráðið því hver álagningin er og hve mikið þeir taka í umboðslaun af útfluttum eða innfluttum vörum, tekið nægilegt til þess að vera ánægðir. En ég fagna því og mér liggur við að segja að ég muni gera að talsverðu máli að breiða það út, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. og er stórt innlegg í þessi mál, að hann lofar því að rn. muni standa að útflutningsleyfum til þeirra sem finna nýja markaði eða fá til erlendan kaupanda. Þessu fagna ég. En nú er það bara svo, að einn innlendur aðili, sem heitir Guðbjörn Guðjónsson, hefur fundið markað við hliðina á mörkuðum SÍS í Kaupmannahöfn. En honum er gert að skila fyrir fram „Letter of Credit" sem kallað er. Sem sagt varan er greidd áður en hún fer héðan og hann verður að skila fullu verði án þeirra kostnaðarliða sem Samband ísl. samvinnufélaga hefur leyfi til þess að draga frá, og það tel ég óeðlilegt. Ef við tengjum allt þetta mál saman í miklu stærra samhengi, þá þarf þessi aðili, sem líka er innflytjandi annarra vara, að standa skil á söluverði til erlendra aðila fyrir fram. Samband ísl. samvinnufélaga hefur leyfi til þess að leggja þessa sömu peninga inn á reikning í erlendum bönkum og gera fyrir þá innkaup erlendis á öðrum vörum. Þar með getur það notað það, sem aðrir verða að skila strax, til þess að fá magnafslátt við innkaup, samhliða því að það getur fengið staðgreiðsluafslátt. Málið er því í sjálfu sér svo stórt að það er full þörf á því að láta erlenda endurskoðunarskrifstofu rannsaka umsvif Sambandsins, því að þau eru ekki öll hér innanlands.

Ég er hér með staðfestingu á því, að á þessum danska markaði hafi Samband ísl. samvinnufélaga undirboðið þann aðila, sem ég minntist á áðan, um 2 kr. danskar á kg af kjöti. Ég get sýnt hæstv. ráðh. þetta skriflegt frá erlenda fyrirtækinu ef hann óskar eftir því. Og ég er líka með skilabréf sem ég taldi upp úr áðan frádráttarliði Sambandsins, og ég get líka sýnt hæstv. ráðh. það. Það er undirskrifað af aðila sem vinnur fyrir Sambandið, deild nr. 30, sýnist mér þetta vera, frekar en 39. Ég held að ef þessi mál væru könnuð til hlítar og þeir frádráttarliðir, sem ég álít að séu óeðlilegir í viðskiptum, væru dregnir frá þeirri upphæð sem nú er verið að fara fram á bændum til aðstoðar, 3.5 milljörðum, þá væri þessi upphæð talsvert lægri, hve mikið veit enginn án þess að það sé kannað. En ég er hér talsmaður bænda að því leyti til, þó að það sé kannske í óþökk þeirra sem hér sitja inni og ég hef kallað þm. Sambands ísl. samvinnufélaga frekar en þm. bænda, að ég vil reyna að koma í veg fyrir að bændur séu hlunnfarnir. Að því leytinu til er ég talsmaður bænda.

ATKVGR.

Brtt. 745,1 samþ. með 27 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 826 felld með 24:13 atkv.

— 675 felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu.

já: EG, EBS, FrS, GSt, JóhS, MHM, SighB, VG, ÁG, BGr.

nei: EH, EÁ, GSig, GilsG, HES, HG, BL, KÓ, LJós,

PP, SV, StH, SvJ, TÁ, ÞS, IG.
EðS, FTS, FÞ, GH, GTh, JÞ, LárJ, MB, MÁM, ÓE, GJG, SvH, AG greiddu ekki atkv.
Einn þm. (PJ) fjarstaddur.
Brtt. 659, 783 og 863 teknar aftur til 3. umr.
— 745,2, fyrri mgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
— 745,2, síðari mgr., felld með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GilsG, HES, HG, BL, KÓ, LJós, PP, SV, StH, SvJ, GJG, TÁ, ÞS, EH, EÁ, FTS, FÞ, IG.
nei: FrS, GH, GTh, GSt, JóhS, JÞ, LárJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, SighB, SvH, VG, AG, ÁG, BGr, EG, EBS.
GSig, EðS greiddu ekki atkv.
1 þm. (PJ) fjarstaddur.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er ljóst að taka verður framleiðslu- og markaðsmál landbúnaðarins föstum tökum, en hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstj. í heild hefur brugðist í því verkefni. Við þm. viljum áreiðanlega veita liðsinni okkar til að leysa þau vandamál sem nú blasa við bændum landsins, en ég legg áherslu á að rækileg könnun og úttekt á stöðu atvinnuvegarins fari fram og úrræði mörkuð áður en teknar eru frekari ákvarðanir um verðábyrgð ríkissjóðs eða heimildir veittar Framleiðsluráði landbúnaðarins til að bæta bændum tekjuskerðingu vegna umframframleiðslu landbúnaðarvara. Ég gat þess vegna fallist á þá brtt., sem flutt er á þskj. 675, með þeirri breytingu sem lagt er til að gerð yrði á 2. mgr. þeirrar till., sbr. þskj. 826. En með tilvísun til úrslita atkvgr. til þessa og þar sem ég legg einnig áherslu á að í úttektargerð Sexmannanefndar séu könnuð þau nýju viðhorf, sem upp kunna að koma hjá bændum landsins vegna hinna einstöku vorharðinda sem ríkja í landinu, ítreka ég að ekki er tímabært að veita umræddа ábyrgðarheimild, enda núverandi stjórnvöldum ekki treystandi með hana að fara, og því segi ég nei.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Með tilvísun til þeirrar grg., sem hv. 4. þm. Reykv. hafði fyrir atkv. sínu, segi ég nei.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég lagði fram þá spurningu til hæstv. landbrh. við umr. um þetta frv., þegar nokkuð var liðið á nótt fyrir tveimur dögum hvernig lán þetta, 3.5 milljarðar, ætti að endurgreiða, en hæstv. ráðh. hefur ekki séð ástæðu til að svara þeirri spurningu minni og því segi ég nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn, frv. (þskj. 521 (sbr. 438)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 851).

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frv. (þskj. 564, 815).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 815 felldar með 22:13 atkv.
Frv. samþ. með 22:9 atkv. og afgr. til Ed.

Eignarnám hluta jarðarinnar Deildartungu ásamt jarðhitaréttindum, frv. (þskj. 704, n. 813 og 817, 814, 821, 827). — Frh. 2. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mun í framhaldi af því máli, sem ég flutti þegar þetta mál kom til umr. hér í hv. þd., víkja að nokkrum atriðum, sem fram hafa komið í ræðum manna um þetta mál hér í þd., svo og fram komnum brtt. og nál. og mæla jafnframt fyrir eða kynna brtt. sem ég hef flutt við málið.

Ég vil byrja á því að vekja athygli hv. þm. á því, að hér er um heimildarfrv. að ræða, og ætti það raunar ekki að fara fram hjá neinum þar sem það kemur fram í fyrirsögn frv. Í því felst heimild til eignarnáms, svo sem fram kemur í 1. gr. frv. Með þessari heimild er að sjálfsögðu ekki lokað neinum leiðum til samkomulags í þessu máli, hvorki að því er snertir samninga milli núverandi eiganda hversins og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar né heldur milli hitaveitunnar og Reykholtsdalshrepps, ef hinn síðarnefndi hefði óskir um að gerast aðili að þessu fyrirtæki. Ég vil einnig vekja á því athygli, að undirstaða þessa frv. um heimild til eignarnáms er sú, að sýnt sé fram á almenningsþörf til þess að láta fara fram eignarnám, og það tel ég að gert hafi verið og komi skýrt fram í aths. með þessu frv.

Það hefur verið vikið að því í umr. um málið, að af hálfu iðnrn. hafi verið sett eitthvert þak á greiðslur eða hugsanlegar greiðslur vegna leigu eða sölu Deildartunguhvers til aðila. Ég vil taka það fram, að svo hefur ekki verið gert. Hins vegar kemur það fram í aths. með frv. og ég vek sérstaklega að því í framsöguræðu með málinu, að rn. telur að það sé engan veginn sama hver niðurstaða yrði úr samningum og að tryggt þurfi að vera að að þeim gerðum standi það eftir, að sú hitaveita, sem á að byggja á þessum hver sem meginuppsprettu, sé eftir sem áður þjóðhagslega hagkvæm.

Í þeirri grg., sem starfshópur iðnrn. tók saman og samningaumræður á milli aðila byggðust á að verulegu leyti, liggja fyrir sérfræðilegir útreikningar á þjóðhagslegri hagkvæmni og forsendum þessa væntanlega fyrirtækis. Ég geri ráð fyrir að höfð sé hliðsjón af hliðstæðum málum sem áður hafa verið til athugunar, svo sem varðandi Hitaveitu Suðurnesja, sem byggðist á hitaréttindum í Svartsengi, og varðandi Hitaveitu Húsavíkur.

Það kemur fram í aths. með frv., á bls. 10, að það sé skoðun starfshópsins, að með lokatilboði sínu sé Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar komin það nærri þeim mörkum sem starfshópurinn að breyttu breytanda telur eðlilegt með tilliti til þeirra fordæma í samningum, matsgjörðum og dómum, sem honum eru kunn, að tilgangslaust sé, í ljósi hins djúpstæða ágreinings á milli aðila, að

leggja fram sáttatillögur. Þarna er sem sagt að þessu máli vikið, en það er langt frá því, að rn. hafi sett eitthvert ákveðið þak eða viðmiðun í þessum efnum, annað en það sem samningsaðilar höfðu aðstöðu til þess að lesa og meta út úr þeirri grg. sem ég tel að sé mjög vel og vandlega unnin og ekki hlutdræg og þeir gátu haft hliðsjón af við samningaumleitanir.

Fram kom frá meiri hl. iðnn. brtt. við fyrstu gerð frv. sem tók af tvímæli um það, að orðalagið „að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar" fæli það ekki í sér, að um væri að ræða eignaryfirtöku hitaveitunnar á hvernum ef til eignarnáms kæmi, heldur mundu hin eignarnumdu verðmæti aðeins verða til afnota eftir því sem almenningsþörf krefur og um semst. Með þessari brtt. eru tekin af tvímæli um þetta, og raunar felst í þessu sá skilningur, sem rn. hafði á bak við það orðalag sem var í upphaflegri till., að eignarrétturinn yrði á hendi ríkisins, en afnotarétturinn kæmi til hitaveitunnar og þá skilyrtur. Einnig um þetta atriði er um heimild að ræða og framsal afnota til hitaveitunnar mundi miðast við þá almenningsþörf, sem er grundvöllur laganna, og einnig taka mið af þeim samningum, sem geta farið fram eftir sem áður þó að sú heimild verði veitt sem í frv. felst.

Það er alveg ljóst, að iðnrn. og stjórnvöldum ber að setja ákveðin skilyrði fyrir starfsleyfi til hitaveitna. Um það er kveðið á í orkulögum, og ein af meginforsendunum þarf að vera að um þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki sé að ræða, og í slíku starfsleyfi er hægt að koma fyrir margháttuðum skilyrðum, sem iðnrn. hefur raunar kynnt fyrir hitaveituaðilunum, þannig að þeir vita að þeir þurfa að hafa uppfyllt öll eðlileg skilyrði áður en til veitingar starfsleyfis getur komið, þ. á m. samninga um afnot af landi í sambandi við aðveituæð, svo að dæmi sé tekið. Ég hef staðið í þeirri meiningu, að samkomulag væri milli Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Reykholtsdalshrepps um það, að hinn síðarnefndi geti fengið aðild að hitaveitunni ef eftir því væri óskað, og mér er kunnugt um, að áþreifingar hafa verið í gangi milli aðila þar að lútandi, og tel mjög æskilegt að um þetta eins og annað, er mál þetta varðar, takist samkomulag.

Ég vil þá aðeins víkja að hlut sveitarfélagsins, en málsvarar þess hafa komið á framfæri undirskriftalistum og ályktunum bæði við iðnrh. og hv. þingnefnd, og ég tel því nauðsynlegt að víkja örfáum orðum að þeim þætti málsins.

Ég skil mjög vel þau viðhorf og tilfinningar sem fram hafa komið hjá heimamönnum um þessi efni, þó að ég telji að ýmis orð, sem fallið hafa og sett hafa verið á blað í því samhengi, séu óþarflega stór og þar gæti fullyrðinga sem út af fyrir sig séu ekki réttmætar og byggðar, að ég tel, að mjög verulegu leyti á misskilningi um eðli málsins, þó sumt af því ætti að hafa skýrst með þeim brtt. sem hv. iðnn. flutti. Það hefur komið fram, að eignarnámsþola, núverandi eiganda Deildartunguhvers, yrðu tryggðir 10 sekúndulítrar af vatni án endurgjalds, og að því var spurt við umr. s. l. laugardag af hv. þm. Einari Ágústssyni, hvort þetta væri fullnægjandi. Ég vil rifja það upp, sem ég held að komi fram í aths. með frv., að 10 sekúndulítrar af 100°C heitu vatni ættu að nægja í hitaveitu fyrir 500—700 manna byggð, svo að það ætti að vera ljóst af því að hér er ekki naumt skammtað miðað við afnot meðalbýlis. En það er líka vert að hafa í huga, að Deildartunguhver tilheyrir ekki Deildartungubýlum. Hann hefur verið tekinn undan þeim, eins og ég mun aðeins koma nánar að síðar.

Þá vil ég að það komi hér fram, að ég tel eðlilegt og raunar sjálfsagt að íbúar Reykholtsdalshrepps fái afnot af jarðhita frá Deildartunguhver svo sem þörf krefur og samrýmst getur frv. þessu, verði heimild um eignarnám samþykkt og hún notuð. Hins vegar þarf öllum að vera ljóst að heimildar til eignarnáms er leitað vegna almannaþarfar, í þágu fyrirhugaðrar hitaveitu, en iðnrn. mun huga vel að skilyrðum í starfsleyfi, eins og ég gat um áður, þannig að hlutur þeirra, er búa í nágrenni þessa mikla afljgjafa, sé ekki fyrir borð borinn. Tel ég raunar að með umráðarétti ríkisins að gerðu eignarnámi sé eðlilegur afnotaréttur heimabyggðar auk hagsmuna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar mun betur tryggður en að óbreyttum aðstæðum. Ég vil í þessu samhengi vísa til brtt., sem ég hef flutt á þskj. 840, þar sem lagt er til að 3. gr. orðist svo:

„Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er ríkissjóði heimilt að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hin eignarnumdu verðmæti til afnota eftir því sem almenningsþörf krefur og um semst, og verði þá m. a. höfð hliðsjón af hagsmunum íbúa Reykholtsdalshrepps."

Þessi orð:„og verði þá m. a. höfð hliðsjón af hagsmunum íbúa Reykholtsdalshrepps" — eru viðauki efnislega við þá till. sem meiri hl. iðnn. flutti. Síðan er lokamálsgrein þessarar greinar efnislega óbreytt:

„Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar greiði ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerðum þessum."

Ég vil í þessu samhengi vekja enn frekar á því athygli, að Deildartunguhver hefur verið undanskilinn, tekinn frá Deildartungubýlum, og er í eigu þess aðila, sem að er vikið í frv., og félli í hlut erfingja hans, sem væru sex eða sjö talsins og þar af er aðeins einn sem býr nú í Deildartungu, og þessi hluti fylgdi ekki jörðinni sem slíkri, heldur þeim aðila sem fengi hlut í honum eins og aðrir sem erfðu hlut í Deildartunguhver. Ég tel nauðsynlegt að menn átti sig á þessu, þar sem sumir hafa verið að ræða hér um bændur og hagsmuni bænda í þessu samhengi. Og ég vil líka ítreka það, að ég tel að með almannaeign að gerðu eignarnámi eigi hlutur heimaaðila, sveitarfélagsins og þeirra sem þar búa, að vera betur tryggður heldur en ef þessi auðlind væri í höndum aðila sem að meiri hluta eru búsettir annars staðar, sumir nokkuð víðs fjarri. Vissulega hefði iðnrn. kosið að samkomulag um leigu á hvernum hefði tekist á eðlilegum grundvelli, og ég vænti þess, að svo geti orðið þrátt fyrir að það hafi ekki tekist til þessa.

Þá vil ég vekja á því athygli, að iðnrn. hefur ekki verið samningsaðili í þessu máli. Starfshópur þess, sem vann að undirbúningi málsins, var aðeins milligönguaðili í samningaumleitunum samkv. eindreginni ósk beggja aðila. Það lá fyrir á s. l. vetri, að hlutaðeigandi aðilar voru ekki reiðubúnir til þess að taka á þessu máli og láta reyna á samninga nema til milligöngu kæmi af hálfu rn., sem féllst á það, og það reyndi ítrekað á það í samningaviðræðunum að þetta umboð var staðfest. Rn. eða fulltrúar rn. voru reiðubúnir til að ganga þar út, ef vantraust hefði verið á þeirra milligöngu, en traust var staðfest og liggur það fyrir skjalfest í bókuðum og undirrituðum fundargerðum meðan á samningum stóð um þetta mál. Heimildar til eignarnáms var síðan fyrst leitað er lokatilboð lágu fyrir og útilokað var talið að saman gengi. Um þetta

eru einnig skýrar og afdráttarlausar bókanir í fundargerðum sem fyrir liggja og menn geta haft út af fyrir sig aðgang að, ef óskað væri eftir því til að öll tvímæli séu af tekin um þessi atriði. En eins og ég hef greint frá útilokar samþykkt þessa frv. engan veginn að samningar geti orðið milli aðila.

Það hefur verið vikið hér að leigunámi og ég mun fara um það nokkrum orðum síðar. En varðandi framkvæmd hugsanlegs eignarnáms vil ég vekja á því athygli, að um það gilda sérstök lög og eignarnámsbætur munu verða greiddar samkv. mati sérstakrar matsnefndar sem eignarnámslög kveða á um. Og varðandi fullyrðingar, sem fram hafa komið um það, að eiganda hversins sé einum hagur að eignarnámi, þá tel ég að engin skýr rök séu fyrir því né heldur um það að ríkissjóður beri skarðan hlut út úr slíku. Þetta verður á valdi matsnefndar, ef á reynir, og fer það samkv. lögum.

Það hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að koma í veg fyrir að heimildarfrv., sem hér liggur fyrir, nái fram að ganga, fyrst og fremst af hálfu hagsmunaaðila sem hafa talið að ekki hafi verið boðið viðunandi í þessa auðlind sem þeir eiga, og ég get vel skilið þau sjónarmið út frá þeim verðkröfum sem þar lágu fyrir þegar upp úr slitnaði. En ég tel að slíkt megi ekki standa í vegi fyrir því þjóðþrifafyrirtæki sem stefnt er að að komi á Vesturlandi, þar sem er Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar.

Í áliti minni hl. iðnn., hv. þm. Ingvars Gíslasonar, koma fram ýmis atriði og staðhæfingar sem ég tel nauðsynlegt að gera aths. við, þar sem þær byggjast ekki á rökum eða þar sem ekki er rétt með farið. Eitt atriðið er það, að með afhendingu til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar sé hér stefnt að því að afhenda hverinn þessu fyrirtæki til eignar. Það hafa nú verið tekin af tvímæli um það með brtt. frá hv. iðnn., sem einnig felst í þeirri brtt. sem ég hef flutt. Það er einnig fullyrt í þessu áliti, að alrangt sé að Deildartungufólk vilji ekki semja um afnot af hvernum og það sé spurning um verð, og segir orðrétt í áliti minni hl. iðnn.: „Sök þeirra er sú ein [þ. e. eigenda hversins], að þeir vilja láta virða eignarrétt sinn. Þá vilja þeir að sjálfsögðu ráða að sínu leyti hvaða gjald verður greitt fyrir vatnsréttindin. M. ö. o.: Þeir vilja semja um málið."

Þarna kemur þetta fram, að eigendurnir vilji að sjálfsögðu ráða að sínu leyti, hvaða gjald verður greitt fyrir vatnsréttindin, og að hinu leytinu er það, hvað unnt er að ganga langt í samningum miðað við það að viðkomandi fyrirtæki, sem að er stefnt, fái staðist.

Það er líka í þessu minnihlutaáliti talað um óþarfa kappsemi iðnrn. við að knýja fram lausn þessa máls. Ég tel að ef hv. þm. hefði rætt við aðila á Vesturlandi sem hafa verið að undirbúa þetta mál, þá telji þeir að kappsemi iðnrn. hefði kannske mátt vera meiri á stundum. En við höfum hins vegar lagt mjög mikið upp úr því að vanda undirbúning þessa máls sem mest og best og því tók það langan tíma, það tók starfshópinn, sem vann á vegum rn., fimm mánuði að undirbúa þá grg. sem ég fékk í hendur og mál þetta er reist á, og það er ekki rétt, að mál þetta hafi verið að velkjast í rn. svo og svo lengi, ekki a. m. k. eftir að ég kom þar til starfa, heldur var unnið að því af mikilli samviskusemi af þeim sem falið var að fara þar ofan í sauma á sem hlutlausastan hátt. Og það er ekki rétt, að rn. hafi haft einhverja viðleitni í frammi um að veita villandi upplýsingar um þetta mál. Það tel ég að sé ekki rétt né heldur það, að sett hafi verið fram eitthvert ákveðið þak í sambandi við þá samninga sem reyndi á eftir að málsgögn lágu skýrt fyrir. Það, sem bar á milli aðila þegar upp úr samningaviðræðum slitnaði, voru, miðað við verðlag 1. jan. s. l., 625 millj. kr. miðað við samning til 30 ára, og að mati rn. var talið tilgangslaust að bera fram sáttatillögu meðan málin stæðu þannig og svo mikið bæri á milli. En það útilokar þó ekki að samningaumleitanir gætu farið fram. Hins vegar er útilokað að framkvæmdaundirbúningur vegna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar geti farið fram nema sú heimild verði veitt til eignarnáms sem hér er óskað eftir, því að ég tel að slíkt fyrirtæki verði að hvíla á traustum grunni og menn verði að sjá til enda áður en farið er að hefja verkundirbúning eða festa fé í nauðsynlegum framkvæmdum, efniskaupum eða öðru. Sú heimild verður að fást áður en starfsleyfi er veitt.

Það hefur komið fram ábending um að lítið hafi borið á milli aðila varðandi fyrstu 10 ár þess tíma sem um var rætt, fyrstu 10 ár samningstímans. Þetta tel ég að sé á misskilningi byggt þar sem tilboðin frá aðilum voru óskipt. Það var ekki neitt afmarkað tilboð miðað við 10 ár sérstaklega, heldur var ósk eigenda um 15% af heildarábata, sem svo er kallaður, frá árinu 1991 að telja í lokatilboði hluti af því tilboði sem þarna var fram borið, og því var munurinn á þessum tilboðum svo mikill sem fram kemur í aths. með frv. og ætti raunar ekkert að fara á milli mála.

Varðandi þær till. og hugmyndir um leigunám sem fram hafa verið settar, til 15 ára eða ótímabundið, tel ég að þær hugmyndir séu engan veginn aðgengilegar. Slíkri aðgerð fylgdi áframhaldandi óvissa um hag fyrirtækisins og boðið væri upp á stöðugt deiluefni í héraði við utanhéraðsmenn sem væru að meiri hluta eigendur hversins eftir sem áður. Leigunám um ótiltekinn tíma jafngilti að mínu mati eignarnámi og hlyti að verða litið á það sem slíkt ef meta ætti. Ég tel því eðlilegt og nauðsynlegt að gera þetta mál upp á grundvelli eignarnámsheimildar sem útilokar ekki að samningar geti tekist á næstu mánuðum. Ég leiði hér hjá mér umr. um viðhorf til eignarréttar almennt yfir auðlind af því tagi sem hér um ræðir. Á bak við slíkt eru auðvitað margar spurningar, m. a. um eins konar tannfé til óborinna kynslóða og afkomenda þeirra sem teldust eigendur að slíkum auðlindum sem streyma úr iðrum jarðar.

Í mínum huga er munur á afnotarétti og eignarrétti. Eg tel vissulega eðlilegt að hlunnindi fylgi jörðum, a. m. k. að vissu marki, svo sem eðlilegt er að eigendur þeirra eða ábúendur geti hagnýtt sér og þ. á m. yfirborðsjarðhiti á lághitasvæðum.

Í brtt. frá hv. þm. Einari Agústssyni kom það fram og í hans máli, að miða yrði við sjálfrennandi vatn til þess að taka af tvímæli að ekki væri leitað í frekari auðæfi sem undir kynnu að búa. Ég vil nú segja varðandi þetta, að ég tel engar líkur á því að farið verði að leita eftir frekari heitu vatni á því svæði þar sem Deildartunguhver er eða í næsta nágrenni. Að mati jarðfræðinga er þar ekki eftir miklu að seilast umfram það mikla vatnsmagn sem þar streymir upp. Hins vegar kom við athugun þessa máls til álita að hefja boranir á Kleppjárnsreykjum, á sama hverasvæði, en sá möguleiki var tekinn út úr vegna þess að talið var að þá væru menn á óbeinan hátt að sækja sama vatnsmagnið og upp kemur í Deildartunguhver, og sýnir þetta raunar hversu flókin mál af þessu tagi eru og

hversu spurningin um eignar- og umráðarétt yfir slíkum hlunnindum og auðlindum er raunverulega óljós og flókin ef grannt er skoðað.

Ég vil svo að lokum segja það um þetta mál, að ég vænti þess, að það leysist eftir þeirri leið sem það frv. um heimild til eignarnáms felur í sér sem hér liggur fyrir. Ég vænti þess jafnframt að samningar og samkomulag megi takast um framhald málsins þannig að ekki þurfi að koma til eignarnáms í reynd, en úr því þarf að fást skorið á næstu mánuðum. Og ég legg áherslu á að sem best samkomulag takist við aðila í héraði og þá ekki síst við aðila í Reykholtsdalshreppi um þetta mál. Ég mun, að svo miklu leyti sem ég kem þar nærri, leggja mig fram um að svo megi verða og treysti því, að hv. þm. í þessari d. og í Ed. sjái sér fært að veita þá heimild sem hér er eftir leitað.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það var mikil hrifning ríkjandi í fyrri viku þegar hæstv. iðnrh. mælti fyrir þessu frv. Þetta framtak hæstv. ráðh. var lofað mjög í ræðum hv. þm. Vesturl. Við 1. umr. var aðeins ein undantekning frá þessum lofsöng, en það var ræða hv. þm. Einars Ágústsson. En mér sýnist nú að hrifningin yfir þessu framtaki ráðh. fari nokkuð dvínandi. Nefndin, hv. iðnn. þessarar d., varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Að vísu var öflugur meiri hl. í n. sem vildi samþykkja frv., þó að einstakir nm. hefðu á því fyrirvara, en þessi öflugi meiri hl. sýnist þó eitthvað vera farinn að riðlast. Það er komin þegar fram brtt. frá einum hv. nm., Gunnari Thoroddsen, og það er vissulega veigamikil brtt. sem þar er flutt.

Minni hl., hv. þm. Ingvar Gíslason, leggur hins vegar til að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá. Þm. gerði ítarlega grein fyrir máli sínu hér á laugardag, þar sem hann rakti í ljósu máli hvernig raunverulega hefur verið staðið að samningaumleitunum af hálfu rn.

Þm. hefur verið send grg. um málið frá talsmönnum eigenda Deildartunguhvers. Sú grg. er prentuð sem fskj. með áliti minni hl. á þskj. 817, og raunar er þar um tvær grg. að ræða.

Það er fróðlegt að kynna sér hvernig að þessum samningaumleitunum hefur verið staðið. Mér sýnist að einkenni þeirra hafi verið úrslitakostir einir af hálfu rn. Í þessu sambandi er einnig fróðlegt að sjá hvern mælikvarða menn leggja á verðmæti sem þessi, hvernig viðhorf manna til verðmæta getur brenglast gersamlega eftir því hver eignin er eða kannske eftir því hver á viðkomandi eign. Dæmi um þetta sýnist mér vera tilboð Akraness og Borgarness 1977 þar sem boðnar eru 20.5 millj. kr. fyrir tvo hektara lands og allan hverinn og jarðhitaréttindin. Það eru miklir spaugarar sem láta sér svona fáránleg boð til hugar koma. En þetta er dæmi um það, hvernig mat manna á bótum — ættum við kannske að segja eðlilegum bótum — fer eftir því hver eignin er, eins og ég sagði áðan.

Ef almannaheill krefðist þess að eitthvert tiltekið íbúðarhús væri tekið eignarnámi, þá býst ég ekki við að það léki mikill vafi á því, að eðlilegt markaðsverð fengist greitt fyrir húsið.En ef taka á hins vegar orkulind sem nægir til að hita upp 6500 manna byggð um fyrirsjáanlega framtíð, þá er allt annað upp á teningnum.

Ég get ekki séð að afskipti rn. af þessu máli hafi verið til góðs. Mér sýnist þvert á móti að þau hafi reyndar frá byrjun verið óþörf og í alla staði óeðlileg, en um það ætla ég ekki að deila sérstaklega við hæstv. iðnrh. Ég veit að af hálfu aðila hitaveitunnar var beðið um þennan erindrekstur, en mér sýnist það ekki hafa verið skynsamlegt. Miklu skynsamlegra hefði verið fyrir hitaveituna að semja beint við eigendur og án milligöngu rn. Raunverulega sé ég ekki nema eina skýringu á því, hvers vegna aðilar hitaveitunnar hafa óskað eftir milligöngu rn. og óskað eftir því, að ríkið tæki hverinn eignarnámi. Skýringin hlýtur að vera sú, að hitaveitan losnaði þar með við að snara út eignarnámsbótunum. En þar hefur ekki verið horft alveg til enda málsins. (**Iðnrh:** Eigendur óskuðu hins sama.) Já, það bætir þá ekkert málið, það er jafnóskynsamlegt af þeirra hálfu. Þetta er óskynsamleg leið frá sjónarmiði hitaveitunnar, held ég, vegna þess að ríkið kemst þar með klærnar inn í málið allt og hitaveitan er ekki lengur sá sjálfstæði aðili sem hún ætti að vera. Reyndar er búið að taka af öll tvímæli um þetta með brtt. meiri hl. iðnn. á þskj. 814. Þar er orðið alveg ljóst hver fyrirrætlun ríkisins er að þessu leyti. Þar er talað um að ríkissjóði sé heimilt að afhenda HAB hin eignarnumdu verðmæti til afnota eftir því sem almenningsþörf krefur og um semst, enda greiði hún ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af gerðum þessu. Sem sagt, nú er leiðin opnuð til að krefja hitaveituna um eitthvað allt annað en eignarnámið sagði til um, auk þess sem það verður í valdi ríkisins hvaða réttindi það verða sem afhent verða hitaveitunni. Það þarf alls ekki að verða það sem tekið var eignarnámi, heldur eitthvað miklu minna.

Sú skoðun mín, að ríkið eigi raunverulega ekki að vera þarna aðili, hvorki að þesum samningum né að eigninni sjálfri, byggist á nokkurri reynslu. Ég tók þátt í samningum á sínum tíma um jarðhitaréttindin í Svartsengi. Ég gerði það sem stjórnarmaður í Hitaveitu Suðurnesja. Þetta var árið 1975, en sú hitaveita var stofnuð með lögum frá Alþ. í des. 1974 og stjórn tók til starfa í því fyrirtæki í ársbyrjun 1975. Áður en sú stjórn tók til starfa höfðu farið fram samningaumleitanir við eigendur hitaréttindanna þar og þeir samningar höfðu farið fram af hálfu sveitarfélaganna á Reykjanesi. Tilboð frá eigendum jarðhitaréttindanna í Svartsengi hafði borist sveitarfélögunum árið 1974, áður en hið eiginlega fyrirtæki var stofnað. Að þessu tilboði voru sveitarfélögin tilbúin að ganga, án þess að það kæmi reyndar til þess að þau svöruðu því formlega, vegna þess að þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, stöðvaði málið. Hann neitaði að samþykkja það, að þessu tilboði yrði gengið. Það hljóðaði þá upp á rúmar 50 millj. kr. Ástæðan fyrir því var sú, að þá var á ferðinni hér í þinginu frv. flutt af þáv. hæstv. iðnrh. og það frv. gekk út á það, að jarðhitaréttindi á háhitasvæði skyldu tekin til ríkisins, ríkið skyldi eiga þau og án þess að nokkrar bætur kæmu fyrir til eigneda. Þetta frv. fór að vísu aldrei í gegnum þingið. Það hlaut hér verulega andstöðu, en það var flutt margsinnis. Og síðan flutti Magnús Kjartansson þetta frv. eftir að hann var hættur sem iðnrh.

Mér er mjög minnisstætt að meðan stóð í samningum við eigendur jarðhitaréttindanna voru ýmsir orðnir óþolinmóðir og höfðu uppi ákveðinn þrýsting á þm. að fá þetta frv. samþ. í þinginu. Það voru þeir aðilar sem ég kallaði þá og kalla enn skammsýna. Þeir töldu betra fyrir framgang málsins að höggvið yrði strax á þessa hnúta, og auðveldasta leiðin var auðvitað sú að hlaupa til ríkisins og láta það taka þessi réttindi eignarnámi og síðan að fá ríkið til þess að afhenda hitaveitunni réttindi yfir þessum

gæðum. Menn áttuðu sig ekki á því, a. m. k. sumir hverjir, að með því móti yrði þetta fyrirtæki, Hitaveita Suðurnesja, háð ríkinu um aldur og ævi og yrði að borga því árlegan skatt fyrir þessi gæði.

Þetta leystist hins vegar allt farsællega og þarna tókust samningar um hin miklu réttindi sem þar var um að ræða. Þar var keypt land, 100 hektarar lands. Það voru réttindi til að afla hins kalda vatns sem þurfti, hitaréttindin öll, réttur til lagna og umferðar um landið, og það er að sjálfsögðu utan þessara 100 hektara sem keyptir voru. Þarna var samið um allt nema verðið, það skyldi ákveðið af gerðardómi.

Ég held að það sé gagnlegt fyrir menn að hafa þetta í huga vegna þess að hér er ýmislegt hliðstætt á ferðinni. Ýmsum þótti sjálfsagt hátt verð greitt fyrir þessi réttindi, sem var 87.7 millj. kr. í ársbyrjun 1976, en allir aðilar sættu sig þó við þessa niðurstöðu. Ef menn á annað borð eru þeirrar skoðunar, að náttúrugæði eigi að lúta reglum eignarréttarins eða öllu heldur að við eigum að búa við það þjóðskipulag sem við höfum gert, þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að borga verður eðlilegt verð fyrir þau verðmæti sem falast er eftir. Mér sýnist að þeir, sem um þetta mál hafa fjallað, hafi ekki gert sér grein fyrir þessu — eða hvaða hugmyndir eru það sem hafa verið settar fram um verð? Við sjáum í grg. með frv. hvað þar er um að ræða. Í fskj. I með minnihlutaálitinu segir svo: „Af bókunum í fundargerðum mátti ráða, að rn. hefði í upphafi viðræðna ákveðið, hvert hámark árlegrar greiðslu fyrir vatnið skyldi vera, og ekkert líklegra en það hafi einmitt verið síðasta greiðslutilboðið eða 12.5 millj. kr., sem lengst var staðið á. Leyfi rn. til starfrækslu hitaveitunnar fengist ekki, ef yfir nefnt mark væri farið."

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan að þetta þýddi ekki að neitt þak væri verið að setja á verðið af hálfu rn. Hann sagði þó í ræðu sinni áðan, að viðmælendum rn. hefði verið gert ljóst að engan veginn væri sama hver niðurstaðan yrði. Ég er hér með bókun frá 5. maí í fundargerð *þá er starfshópur rn. hélt, og þar stendur:*

„GE (það mun vera Gísli Einarsson) upplýsir, að HAB muni ekki hafa umtalsvert svigrúm til endurskoðunar á tilboði sínu, enda séu þeir háðir starfsleyfi rn. Upplýsir Gísli að tilboð HAB sé mjög tekið að þrengja að þeim ramma sem líklegt er að hljóti brautargengi rn."

Ég veit ekki hvað þetta er annað en það, að verið er að setja þak á það sem til greina komi frá sjónarhóli rn. Ef hér er rétt frá skýrt, sem ég hef í sjálfu sér enga ástæðu til þess að draga í efa, þá sýnist mér að rn. hafi ekki beitt sæmilegum vinnubrögðum í þessu máli. Ég veit ekki hvar verður staðnæmst ef umboðsmönnum ríkisvaldsins, ráðherrum eða ráðuneytisstarfsmönnum, á að líðast það að halda uppi svona vinnubrögðum í samningum.

Ég minnist þess, að fyrir mörgum, mörgum árum var Hótel Borg tekin leigunámi eina kvöldstund til þess að halda upp fagnaði á vegum ríkisstj. Það kynni svo að fara, að einhverjum hæstv. ráðh. dytti í hug að nú væri komin tími til að taka Hótel Borg ekki leigunámi, heldur eignarnámi. Það má sjálfsagt nýta það hús ýmislega. Mér dettur í hug t. d. að hæstv. heilbrrh. kynni að þykja koma til greina að nýta þetta húsnæði sem dvalarheimili fyrir aldraða, það vantar alltaf húsnæði fyrir þá, og hann vildi fyrst reyna að kaupa, hitti Aron hérna úti á Austurvelli og spyrði hann hvað hann vildi fá fyrir Borgina. Hann nefndi kannske einn milljarð, — ég hef ekki hugmynd um hvað slíkt hús kostar, ég tek það fram, — en ráðh. segir: Nei, ég ætla ekki að borga þér nema hálfan. Og ef þú ert með eitthvert múður, þá fer ég hérna inn í Alþ. og flyt frv. þar sem ég fæ eignarnámsheimild að þessu. — Þetta er nákvæmlega sama. Það er svona sem hefur verið og er staðið að þessu máli, og það er ekki sæmilegt.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég vil þó leggja áherslu á það, að þótt hér séu miklir hagsmunir í húfi fyrir Akranes og Borgarnes, þá eiga fleiri aðilar hér hagsmuna að gæta. Fyrir utan sjálfa eigendurna er um að ræða sveitarfélagið sjálft þar sem *eignin er. En með þessum fyrirhuguðu aðgerðum* eru þeir, sem í því sveitarfélagi búa, sviptir möguleikum sem kunna að koma upp síðar og kunna að ráða miklu um framtíð sveitarfélagsins.

Í því sambandi vil ég vitna í bréf, sem ég hygg að öllum þm. hafi borist í dag. Það er bókun frá fundi hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps 20. maí, þ. e. í gær. Og þar segir svo, með leyfi hæstv forseta:

„Hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps mótmælir algerlega framkomnu frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deilartungu ásamt jarðhitaréttindum og varar alvarlega við aðgerðum, sem kunna að leiða til erfiðari samskipta HAB og íbúa Reykholtsdalshrepps, sem líta á þetta sem sitt landhelgismál, eins og undirskriftir íbúanna sýna glöggt.

Hreppsnefndin ítrekar þá skoðun sína, að samningar milli eigenda Deildartunguhvers og HAB hafi enn ekki verið reyndir til þrautar."

Í þriðja lagi segir hér: „Það var álit hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps, að ef samningar ekki tækjust yrði hverinn tekinn leigunámi.

Nú hafa komið frá í Nd. Alþingis tvö frv. eða till. um leigunám á Deildartunguhver. Hreppsnefndin leyfir sér að skora á flm. þessara frv. eða till. að leita eftir samræmingu og mælir eindregið með því, að teknir verði 150 sekúndulítrar leigunámi til 20 ára."

Þeir tala sem sagt um 150 sekúndulítra og þar eru þeir að sjálfsögðu að reyna að tryggja hagsmuni síns sveitarfélags.

Ég er andvígur þessu frv. og styð till. minni hl. um að því verði vísað frá. Ef sú till. verður felld, þá mun ég greiða atkv. með till. hv. þm. Einars Ágústssonar og Alberts Guðmundssonar á þskj. 827. Þar er lagt til leigunám, eins og reyndar í till. á þskj. 821 frá hv. þm. Gunnari Thoroddsen. En í þessari till. á þskj. 827 er skýrt tekið fram að hið leigunumda skuli vera sjálfrennsli vatns. Það er veigamikið atriði vegna réttinda annarra á svæðinu. Með þessum hætti eru réttindi þeirra þó fremur tryggð svo og réttur eigenda til verðmæta sem menn vita vart í dag hver kunna að vera.

Lagasetning sem þessi, sem hér er fyrirhuguð, er óskynsamleg á margan hátt. Fyrir utan það virðingarleysi fyrir eignarrétti, sem í þessu felst, er hún í andstöðu gerð við fjölda aðila, og það kann að draga dilk á eftir sér. Og því fer fjarri að allt sé raunverulega í höfn hjá hitaveitunni með því að fá þessi réttindi. Það hefur engin tilraun verið gerð til að ná samningum við landeigendur yfirleitt á svæðinu um legu hitaveitulagnanna, um rétt hitaveitunnar til umferðar yfir lönd þeirra meðan á framkvæmdum stendur, um bætur fyrir land sem lagnir liggja um og fleira þess háttar. Mér sýnist að í ákafanum við að ná þessu eina atriði, sem er vissulega grundvallaratriði, sé hitt allt geymt til síðari tíma. Um þetta allt hefði

auðvitað átt að gera víðtækt samkomulag, og slíkt samkomulag hefði hlotið að nást og hlýtur að náðst vegna þess að það eru hagsmunir allra að hitaveita komi á öllu þessu svæði. Það eru ekki aðeins hagsmunir Akraness og Borgarness. Mér sýnist á þessu máli öllu að menn hafi ekki séð mikið út fyrir hagsmuni þessara tveggja sveitarfélaga. (**Forseti:** Heyri ég það rétt á ræðu hv. þm., að hann sé að nálgast land?) Já, hann er alveg að ná landi, hæstv. forseti.

Hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu að eignarnámsþola væru tryggðir 10 lítrar á sekúndu án endurgjalds og þar væri ekki naumt skammtað. Þetta er dæmigert fyrir rausn ríkisins. Fyrst er hótað eignarnámi, síðan kemur frv. og að sjálfsögðu lagasetning í framhaldi af því, og svo er boðið upp á það og það tíundað rækilega, að það sé svo sem ekki verið að taka allt saman. Þetta eru ekki heldur sæmileg vinnubrögð.

Ráðh. sagði einnig, að þegar upp hefði verið staðið hefði 625 millj. borið á milli aðila miðað við 30 ára samning. Með slíkum orðum lætur ráðh. að því liggja, að allt þetta fjármagn, 625 millj. og meira til, renni óskipt og beint í vasa eigenda. En hér á að sjálfsögðu eftir að greiða skatta af, og það er ekkert líklegra en a. m. k. núv. ríkisstj. mundi finna leiðir til að ná þessu að mestu leyti til baka, ef henni þættu gildandi skattalög ekki gefa nægilegan árangur að þessu leyti.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða hér allmikið um það dagskrármál sem við tökum til við að ræða hér enn á ný nú, frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum. Við fjölluðum allítarlega um þetta mikilvæga mál í iðnn. þessarar hv. d. og frsm. n., hv. þm. Jósef Þorgeirsson, gerði hér grein fyrir niðurstöðum okkar sem skipum meiri hl. nefndarinnar.

Ég vil í upphafi míns máls taka það fram, að vegna brtt. frá iðnrh. á þskj. 840, sem hann hefur gert grein fyrir, munum við sem skipum meiri hl. iðnn. þessarar d., taka til baka brtt. okkar við 3. gr. frv. Ég vil koma því á framfæri við hæstv. forseta d., að sú brtt., sem meiri hl. iðnn. hefur flutt við 3. gr. frv., er dregin til baka af okkar hálfu. Ástæðan er sú, að hæstv. iðnrh. hefur í rauninni tekið þá brtt. upp og reyndar bætt við einni setningu sem við getum fellt okkur við með prýðilegum hætti. Sú setning, sem hæstv. ráðh. hefur bætt þarna við, er á þá leið, að komi til eignarnámsins verði í framhaldinu einnig höfð hliðsjón af hagsmunum íbúa Reykholtsdalshrepps. Það er innskot hæstv. ráðh. í okkar till., og þessu innskoti erum við fyllilega sammála.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að við umr. í n. hafði í rauninni jafnan verið út frá því gengið að svo yrði gert, að á þessa hagsmuni yrði sérstaklega litið og tillit tekið til þeirra. Við höfum miðað við það, að yfirlýsing um það efni kæmi fram í ræðu hæstv. ráðh., og töldum að það gæti út af fyrir sig dugað. En hann hefur kosið að setja það fram með ótvíræðum hætti, að hafa það í sjálfri tillgr., samkv. þeirri brtt. sem hann hefur lagt hér fram, og teljum við það vera góða lausn.

Ég vil segja um málið í heild, að það er auðvitað ljóst að þarna hafa togast nokkuð á hagsmunir annars vegar eiganda þessara miklu verðmæta, Deildartunguhvers, sem stundum hefur verið talað um sem ekki aðeins stærsta hver á Íslandi eða vatnsmesta, heldur stærsta hver í öllum heiminum, hvort sem það er nákvæmlega rétt eða ekki, og hins vegar almenningsþarfir íbúa Akraness, Borgarness og byggðarlaganna þar í kring fyrir að nýta til upphitunar sinna híbýla og til fleiri þarfa það mikla vatn sem þessi hver, Deildartunguhver, hefur að bjóða.

Auðvitað hefði verið langsamlega æskilegast að þeir nágrannar, sem þarna er um að ræða með andstæða hagsmuni, hefðu getað náð samkomulagi án atbeina ríkisvaldsins. Og ég vil sérstaklega taka það fram af minni hálfu sem formanns í iðnn. þessarar hv. d., að ég legg á það áherslu, að fyrst svona fór, að þetta samkomulag tókst ekki áður en það frv., sem hér er til umr., var lagt fram, þá verði þrátt fyrir það reynt í fullkominni alvöru, þegar frv. hefur verið rætt og ef það verður að lögum, að gera úrslitatilraun til samkomulags. Og ég minni á það atriði, sem ég tel vera mikilvægt, að í frv. felst ekki endanleg ákvörðun um það, að eignarnám skuli fara fram, heldur er efni frv. að heimila ríkisstj. slíkt eignarnám reynist aðrir kostir ekki vera fyrir hendi.

Það var haft hér á orði við umr. um þetta mál fyrr í dag af hv. 9. landsk. þm., að í rauninni hefði hæstv. ríkisstj. ekki átt að vera að skipta sér neitt af þessu máli, það hefði verið nær að láta málsaðila eina um að glíma við það. Ég vil vegna þessara orða minna á að báðir málsaðilar virtust samkv. þeim gögnum, sem fyrir liggja, ótvírætt telja að án atbeina ríkisvaldsins í málinu gætu þeir ekki náð samkomulagi, neinu því samkomulagi sem báðir gætu unað við. Þeir voru þar af leiðandi báðir sammála um það, að gerð yrði tilraun af hálfu rn. til að finna millileið sem samkomulag gæti orðið um. Ég tel það alveg ótvírætt, að við þessar aðstæður hafi það verið skylda rn. að gera þessa tilraun. Og sú tilraun hefur reyndar farið fram. Það var af hálfur rn. settur á fót ákveðinn starfshópur þriggja manna til að ræða við málsaðila. Fjöldamargir fundir hafa verið haldnir um málið eftir að núv. ríkisstj. hóf af því afskipti, en þá yfirleitt þannig, að þessi sáttanefnd ræddi við hvorn aðila um sig á einum og sama fundi, en ekki við báða sameiginlega í einu, vegna þess að það fyrirkomulag var talið heppilegra. Niðurstaðan af þessum ítarlegu samningatilraunum nægði því miður ekki til þess að fá fram það samkomulag sem menn gátu við unað, og bar þar reyndar býsna mikið á milli enn þegar upp var staðið.

Það hefur fyrr í þessum umr. verið rakið allítarlega hvaða upphæðir það voru sem hér greindi á um, og það er engin ástæða til af minni hálfu að endurtaka það sem áður hefur verið sagt í þeim efnum. En þar er um svo stórar upphæðir að ræða að ekki var talið vænlegt að bera fram beina sáttatilögu á þessu stigi málsins.

Menn eru um það sammála, sem um þetta mál hafa fjallað af hálfu opinberra aðila, að fyrir þéttbýlið á Akranesi og í Borgarnesi og fyrir sveitirnar þar í kring muni sá kostur að virkja Deildartunguhver til hitaveitu framkvæmda vera allmiklu vænlegri en aðrir kostir sem í boði kynnu að vera. Það er af þeim ástæðum sem rík áhersla er á það lögð, að þau vandkvæði, sem verið hafa uppi varðandi samkomulag um gjald fyrir þetta mikla verðmæti, verði ekki látin leiða til þess að hafna verði þessum hagstæðasta virkjunarkosti. Því er þetta frv. flutt út frá því sjónarmiði, að það verði að tryggja það með tilliti til mikilvægra almannahagsmuna að þessi auðlind nýtist fyrir íbúa Borgarfjarðarhéraðs með þeim

hætti sem hér er stefnt að.

Lagðar hafa verið fram brtt., annars vegar af hálfu hv. 11. þm. Reykv., Gunnars Thoroddsens, og hins vegar af hálfu hv. þm. Alberts Guðmundssonar og Einars Ágústssonar, í þá átt, að hér verði um heimild til leigunáms að ræða í stað eignarnáms. Við fjölluðum nokkuð í iðnn. um þessa tvo kosti og það hefur verið nokkuð rætt um þá hér í umr. í hv. Nd. Ég hygg að það sé ótvírætt, að sé um að ræða leigunám til takmarkaðs tíma, eins og gert er ráð fyrir í annarri af þeim tveimur brtt. sem fram hafa verið lagðar þessa efnis, þá fari ekki hjá því, ef sá kostur væri valinn, að upp kæmi að leigunámstímanum loknum ný deila svipaðs eðlis og sú sem nú fer fram um það, hvað sé sanngjarnt gjald fyrir þetta mikla verðmæti. Slíkar deilur gætu þá endurtekið sig á nokkurra ára fresti með reglubundnum hætti. Og niðurstaða mín getur ekki orðið önnur en sú, að ef þeir almannahagsmunir eru á annað borð svo mikils metnir að þeir réttlæti það að Deildartunguhver sé tekinn annaðhvort leigunámi eða eignarnámi, þá sé eðlilegast að gera málið upp nú og halda sig við ákvæði frv. um eignarnám. Það má hins vegar segja, að ef gert er ráð fyrir leigunámi til ótakmarkaðs tíma, eins og fræðilega væri mögulegt og gert er ráð fyrir í till. hv. 11. þm. Reykv., Gunnars Thoroddsens, þá sé í rauninni orðið um jafngildi eignarnáms að ræða, a. m. k. sé ég ekki að munurinn á því tvennu sé annað en hreinn orðaleikur. En það er rétt, að í því undirskriftaskjali sem 132 íbúar Reykholtsdalshrepps hafa sent Alþ. eða iðnn. þessarar hv. d., þar sem þeir andmæla þessu frv., láta þeir í ljós þá skoðun, að þeir kjósi þó leigunám frekar. Mér fannst hins vegar vera mjög athyglisvert að þegar við áttum þess kost í iðnn. þessarar hv. d. að ræða við oddvita Reykholtsdalshrepps, Jón Þórisson, á fundi okkar, þá kom það fram hjá honum að um þetta atriði, hvort heppilegra væri eignarnám eða leigunám, væru menn ekki sammála þar í hreppnum, í Reykholtsdal, þar sem þessi verðmæti hver er, og það kom fram, að t. d. væri það hans persónulega skoðun, oddvita sveitarinnar, að ef til annaðhvort eignarnáms eða leigunáms ætti að koma, þá væri eignarnám eðlilegra og heppilegra. Þetta vil ég upplýsa hér og er allrar athygli vert. En svo að allrar sanngirni sé gætt, þá tók hann einnig fram að innan hreppsnefndarinnar, sem í munu eiga sæti fimm menn, væri hann að vísu einn með þetta sjónarmið.

Ég vil einnig minna á það, að samkv. því, sem fram kom við umr. í iðnn., m. a. í viðræðum þar við oddvita Reykholtsdalshrepps, var ljóst að þegar íbúar Reykholtsdalshrepps undirrituðu umrætt mótmælaskjal höfðu þeir almennt gert ráð fyrir því, að ekki væri fyrirhuguð breyting á upphaflegum ákvæðum 3. gr. frv. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er honum heimilt að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hin eignarnumdu verðmæti, enda endurgreiði hún ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerðum þessum."

Þarna segir að eignarnema, þ. e. ríkissjóði, skuli heimilt að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hin eignarnumdu verðmæti. Og sá skilningur hafði verið uppi hjá íbúum Reykholtsdalshrepps þegar þeir undirrita sín andmæli, að í þessu fælist það, að til stæði að ríkið afhenti hitaveitunni hverinn til endanlegrar eignar, þ. e. fyrirtækinu Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Og það kom fram í viðræðunum við oddvita Reykholtsdalshrepps, að það var ekki síst þetta atriði sem menn voru ósáttir við, að þessi verðmæta eign þar í sveitarfélaginu, vafalaust sú langverðmætasta í þessu litla byggðarlagi, yrði afhent fyrirtæki annarra sveitarfélaga þó í sama héraði væru.

Hér er á það að líta, að orðalag upphaflegu frvgr. er „að afhenda" — það stendur ekki „að afhenda til eignar" — og þegar þetta mál var rætt við þá aðila, sem að málinu höfðu unnið af hálfu iðnrn., kom fram að það var engin tilviljun að þeir höfðu valið þetta orðalag í 3. gr., þ. e. „að afhenda", en hins vegar ekki orðalagið „að afhenda til eignar." Það var þess vegna auðvelt að fá við þá samkomulag sem í rauninni var í samræmi við það sem fyrir þeim hafði vakað, — samkomulag um að breyta frvgr. á þann veg sem meiri hl. iðnn. gerir till. um, þ. e. að orðalagið sé á þann hátt sem þar segir: „Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er ríkissjóði heimilt að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hin eignarnumdu verðmæti til afnota eftir því sem almenningsþörf krefur og um semst," þ. e. afhenda til afnota, sem er þá að sjálfsögðu orðið annað en afhenda til eignar.

Það kom mjög ljóslega fram í viðræðum iðnn. við oddvita Reykholtsdalshrepps, að einmitt þessi breyting á upphaflegu frvgr. væri metin mjög mikils af honum og að því er hann vænti af mjög mörgum íbúum Reykholtsdalshrepps. Einnig var það ljóst, að af hálfu stjórnenda væntanlegrar hitaveitu eða þeirrar samstarfsnefndar, sem að málinu hefur unnið af hálfu Akraness, Borgarness og þeirra byggðarlaga sem að málum standa, þá sættu þeir sig einnig mjög vel við þessa breytingu, þannig að ég lít svo á að þarna hafi verið stigið nokkurt skref til samkomulags.

Að sjálfsögðu stendur hins vegar eftir sá meginágreiningur sem gert hefur þetta mál erfitt fyrst og fremst, og það er ágreiningurinn um það, hversu hátt eigi að meta þessi miklu verðmæti. Það er út af fyrir sig mjög eðlilegt, að þar greini menn á. Þarna höfum við engin skýlaus fordæmi áður sem hægt er að vitna til. Það er ekkert ótvírætt í þessum efnum, en hins vegar er mikill vilji fyrir því, — a. m. k. fannst mér það koma fram við umr. um málið við fulltrúa eigenda, að fullur vilji sé fyrir því af þeirra hálfu, að hverinn, sem í þeirra landi stendur, verði nýttur í þessu skyni, og ágreiningurinn er ekki um það, hvort hann skuli nýttur, heldur aðeins um það, hversu mikið gjald skuli koma fyrir. Og það má út af fyrir sig e. t. v. segja með tilliti til ýmissa annarra deilumála af svolítið svipuðum toga, sem upp hafa komið í landinu, að mjög mikilvægt sé að deilan skuli þó bara standa um þetta. Ég minni á það, að stundum hafa ýmsir aðrir mjög viðkvæmir og mikilvægir þættir blandast inn í deilumál sem að öðru leyti hafa kannske verið nokkuð hliðstæð við þetta, og á ég þar við ágreining um náttúruverndarsjónarmið af ýmsu tagi og annað því líkt. En það er ekki um neitt slíkt að ræða þarna, heldur fyrst og fremst og nær eingöngu deilt um gjaldið. Og ef það fer svo líka að þessu frv. samþykktu, að það takist ekki að byggja þá brú sem þarna vantar enn, þá geta menn væntanlega verið bærilega sammála um það, að enginn aðili er frekar finnanlegur í okkar þjóðfélagi til að leggja á það dóm, hversu mikil verðmæti þarna sé í rauninni um að ræða, heldur en þeir aðilar sem til yrðu kvaddir að framkvæma þetta vandasama mat, ef til þess þarf að koma.

Menn geta út af fyrir sig sagt sem svo, að þeir almenn-

ingshagsmunir, sem þarna séu í húfi, séu ekki það miklir að þeir réttlæti svo alvarlega aðgerð sem eignarnám. Það er sjónarmið út af fyrir sig og sjónarmið sem ég get borið fulla virðingu fyrir. En hitt er ótvírætt, að það getur ærið oft komið upp sú staða í okkar landi í hliðstæðum málum sem þessu, að almannahagsmunir séu það sterkir, séu það mikilvægir að þeir réttlæti fullkomlega að því ákvæði stjórnarskrárinnar, sem gerir ráð fyrir eignarnámi við slíkar kringumstæður, sé beitt. Og ég vil segja það, að sú grundvallarafstaða að ætla að hafna eignarnámi undir öllum kringumstæðum er að mínu viti alveg fráleit. Hitt er aftur matsatriði, sem eðlilegt er að menn geti haft skiptar skoðanir á, hvort þeir almannahagsmunir, sem þarna er um að ræða nú séu það mikilvægir að þeir réttlæti eignarnám, — og það er mín niðurstaða að fallast á að svo sé. Jafnframt vil ég þó taka fram um leið og ég lýk máli mínu, að ég vil eindregið vænta þess að verði frv. samþ. eins og við leggjum til, þá verði eftir sem áður leitast við enn á ný að kanna möguleikana á samkomulagi. Víst verður það undir ákveðnum þrýstingi gert þegar ríkisvaldið hefði slík lög í höndunum, eins og hv. 9. þm. Reykv., Einar Ágústsson, minnti á í sínu máli fyrr við umr. En hvað sem því líður geri ég samt mjög skýran greinarmun á annars vegar heimild til eignarnáms, sem í frv. felst, og hins vegar beinni ákvörðun um eignarnám. Það er sitt hvað.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt um þetta frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum með því að lýsa því yfir, að eignaupptaka í hverri mynd sem hún er er andstæð lífsskoðunum mínum. Úrslitakostir í samskiptum ráðh. við fólkið í landinu á að vera óþekkt úrræði. En hér stangast á lífsskoðanir annars vegar sósíalismans eða kommúnista og hins vegar hins frjálsa fólks. Ég harma að það skuli eiga sér stað hér á Alþingi Íslendinga.

Ef samkomulagstilraunir hafa verið fullreyndar, bæði um leigusamninga við eigendur og um kaup á umræddum verðmætum, þá álít ég að leigunám sé betri kosturinn af tvennu illu. Leignám ætti ekki að tefja fyrir framkvæmdum á vegum hitaveitu fyrir Akranes og Borgarnes og Hvanneyri, að ég held, og ég vil frábiðja mér ummæli flokksbróður míns, hv. þm. Jósefs Þorgeirssonar, um að við flm. þeirrar brtt., sem er á þskj. 827 og er flutt af mér og hv. þm. Einari Ágústssyni, viljum viðhalda stöðugum deilum innan kjördæmisins, eins og hann komst að orði, með flutningi till. okkar um leigunám. Þetta eru ómakleg ummæli og ekki til þess fallin að tryggja frv. brautargengi eða fylgi. Till. okkar, ef samþ. verður, kemur ekki til með að tefja framkvæmdir og fullnægir þeim almennu þörfum, sem hæstv. iðnrh. gat um í ræðu sinni því að ég vil undirstrika að þetta mál er þess eðlis, að hér stangast á lífsskoðanir annars vegar hæstv. ráðh., sem er þjóðnýtingarmaður og trúr sinni köllun, og þeirra sem vilja verja eignarréttinn.

Ég vil leyfa mér að gera að nokkru umræðuefni vinnubrögð hæstv. ráðh. í hliðstæðu máli. Á ég þar við málsmeðferð í sambandi við aðra orkustofnun, þ. e. Landsvirkjun. Eins og menn vita er Landsvirkjun sameignarfyrirtækis ríkisins og Reykjavíkurborgar. Án þess að hafa nokkurt samráð við borgarráð Reykjavíkur eða við borgarstjórn Reykjavíkur, skipar iðnrh. 6. okt. 1978 nefnd til að gera till. til rn. um stofnun landsfyrirtækis um meginraforkuvinnslu á Íslandi og raforkuflutning í samræmi við markaða stefnu ríkisstj. í orkumálum. Hann setur þessari nefnd fyrir, án þess að hafa nokkurt samráð við annan eignaraðilann, sem er þó helmingseignaraðili í fyrirtæki sem heitir Landsvirkjun, að núverandi Landsvirkjun, Laxárvirkjun og 132 kw. byggðalína sameinist í eitt fyrirtæki. Sem sagt, það er sett á laggirnar nefnd til þess að vinna að breytingu á eignaraðild án samráðs við eignaraðila vegna þess að um þetta hefur verið samið í stjórnarsáttmála, og nefndinni er sett ákveðið mark að vinna að. Þessi nefnd skilar að sjálfsögðu áliti og það álit og niðurstaða nefndarinnar er sent borgarráði með bréfi. Í þessu bréfi, sem ég vitna í, er þess farið á leit, að borgarráð setji á stofn aðra nefnd til þess að vinna að lagabreytingu sem gerði það lögum samkv. heimilt að þetta borgarfyrirtæki yrði sameignarfyrirtæki. Allt er þetta gert án samráðs við borgarstjórn eða borgarráð sem er eignaraðili. Þetta eru hrokafullar tilskipanir og ekki sæmandi íslenskum ráðamönnum.

Því geri ég þetta að umtalsefni, að ráðh. hefur viðhaft sömu starfsaðferð við eignaraðila Deildartunguhvers, og ég vil vitna máli mínu til staðfestingar í grein sem Björn Fr. Björnsson og Þorsteinn Helgason skrifuðu fyrir hönd eiganda Deildartunguhvers, en í þeirri grein segir, með leyfi forseta:

„Fulltrúar eiganda Deildartunguhvers gengu til samninga vitandi það að eignarnámsbeiðni HAB hafði legið í eitt ár á borði hjá iðnrh. Eftir hið fyrra af alls tveimur tilboðum HAB, 11.67 millj. kr. ársgreiðsla fyrir 150 sekúndulítra, kom fram að rn. hafði sett HAB samningsramma og lá fyrir að HAB fengi ekki starfsleyfi ráðh. væri farið út fyrir þann ramma." — Þetta er hrokafull valdníðsla, sem hér á sér stað, að koma í veg fyrir frjálsa samninga, sem lá við að tækjust, með slíkum rammasetningum. Og ef ég má, með leyfi forseta, halda áfram lestrinum: „Sem sjá má af lokatilboði HAB var rammi þessi svo þröngur, að í raun var ekki um samninga að ræða, heldur skyldi eigandi hversins hlíta verðákvörðun rn. Þá var því einnig lýst yfir, að um kaup ríkisins á hvernum væri ekki að ræða af hálfu ráðh. Svo sem nú er ljóst, ætlar ráðh., með beitingu eignarnámslaga, ríkissjóði í raun að kaupa hverinn, án þess að nokkrar viðræður í þá veru hafi áður átt sér stað við eiganda."

Þetta eru furðuleg vinnubrögð og ekki til sóma fyrir ungan mann sem verður fyrir því — menn geta túlkað það hvort sem þeir vilja sem ólán eða happ — að verða ráðh. óðara er hann stígur fæti inn í Alþ. rétt eftir kosningar. Ráðherravald er til, en það er jafnhættulegt og hver önnur vopn. Í þessu tilfelli er það vopn gegn varnarlausum einstaklingum, gamalli konu í þessu tilfelli. Að þessum fullyrðingum í greininni, sem ég vitnaði til, vil ég færa nokkur rök, því að ég hef hér afrit af ummælum sem formaður starfshóps rn. lét bóka eftir sér 5. maí og eru að sjálfsögðu skráð í fundargerð um þessa fundi, er starfshópur rn. hélt, og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„GE (þ. e. Gísli Einarsson) upplýsir, að HAB muni ekki hafa umtalsvert svigrúm til endurskoðunar á tilboði sínu, enda séu þeir háðir starfsleyfi rn. Upplýsir Gísli að tilboð HAB sé mjög tekið að þrengja að ramma þeim sem líklegt er að hljóti brautargengi rn. Starfshópurinn lýsir því yfir, að hann sé reiðubúinn að draga sig í hlé úr viðræðunum, þegar sá rammi er á enda runninn sem honum var settur af hálfu rn., og reyna að koma beinum

viðræðum á."

Hér er sem sagt sett þak, takmörkun fyrir samkomulagi, — takmörkun sem er svo grimmilega á sett að jafnvel þó að samkomulag náist við viðsemjendur fái hitaveitan ekki starfsleyfi, ef hún fer út fyrir vilja ráðh. Ég trúi því ekki eitt einasta augnablik, þrátt fyrir það sem fram hefur komið hér á hv. Alþ., að til sé einn einasti maður innan Sjálfstfl. sem styður eignarnám það sem hér er um að ræða. Ég trúi því ekki fyrr en á reynir. Það verður að koma í ljós. Og mér er næst að bæta við, að ég trúi því ekki, að á hv. Alþingi Íslendinga sé meiri hl. fyrir slíkum ráðstöfunum sem þessum. Ef svo er, þá harma ég það.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson vitnaði mikið í sérskoðanir oddvitans í Reykholtsdalshreppi máli sínu til stuðnings og það hvað eftir annað. Fyrr í dag hefur hv. þm. Ólafur G. Einarsson, 9. landsk. þm., vitnað í bókun sem gerð var á fundi hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps 20. maí, í gær. Ég ætla að leyfa mér að lesa hana upp aftur, með leyfi hæstv. forseta, og biðja hv. þm. um að taka eftir því, að það er engin aths. frá oddvitanum í þessari bókun. Öll þau ummæli eða samtöl, sem kunna að hafa átt sér stað utan við þá bókun sem hér er, þar sem málið er formlega afgreitt og viðkomandi aðili er viðstaddur, lýsi ég sem markleysu í þessum umr. En bókunin hljóðar svo:

„Á fundi hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps 20. maí 1979 var eftirfarandi bókun gerð:

1. Hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps mótmælir algerlega framkomnu frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu ásamt jarðhitaréttindum og varar alvarlega við aðgerðum, sem kunna að leiða til erfiðari samskipta HAB og íbúa Reykholtsdalshrepps, sem líta á þetta sem sitt landhelgismál, eins og undirskriftir íbúa sýna glöggt.

2. Hreppsnefndin ítrekar þá skoðun sína, að samningar milli eiganda Deildartunguhvers og HAB hafi enn ekki verið reyndir til þrautar.

3. Það var álit hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps, að ef samningar ekki tækjust, yrði hverinn tekinn leigunámi.

Nú hafa komið fram í Nd. Alþingis tvö frv. eða till. um leignám á Deildartunguhver. Hreppsnefndin leyfir sér að skora á flm. þessara frv. eða till. að leita eftir samræmingu og mælir eindregið með því, að teknir verði 150 sekúndulítrar leigunámi til 20 ára."

Þetta er samkv. gerðarbók Reykholtsdalshrepps og undirskrifað af Jóni Þórissyni oddvita.

Þetta er bókun af hreppsnefndarfundi í gær frá þeim oddvita sem hv. þm. Kjartan Ólafsson vitnaði hvað mest til áðan. Hann gerir þar enga aths. og þessi bókun er einróma samþykkt. Tal hv. þm. um samtöl sem hafi átt sér stað á milli hans og oddvitans prívat, einkasamtöl, er ekkert innlegg í málið sem hér er flutt. (**KÓ:** Viðræður á nefndarfundi, ekki einkasamtöl.) Þessi bókun sem ég var að lesa upp, er frá þeim fundi, þar sem mál þetta var rætt, og oddvitinn skrifaði undir þetta bréf. Eins og kemur fram í þessu bréfi og víða annars staðar og í umr., sem hér hafa átt sér stað, hafa viðræður ekki enn verið reyndar til hlítar.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál að sinni. Ég vildi benda á hliðstæður í embættisafglöpum hæstv. ráðh., hliðstæður í málflutningi og ákvörðunum, þ. e. Landsvirkjunar annars vegar, þar sem ráðstafanir eru gerðar án samráðs við annan eignaraðilann um framtíðarskipan mála þess fyrirtækis, og hins vegar það mál sem hér er til umr.

Ég vil að lokum segja það, að mér þætti afskaplega vænt um ef alþm. vildu hugleiða að Alþingi Íslendinga verður að koma í veg fyrir að þeir, sem hafa kommúnistíska „tendensa", geti fótum troðið eignarrétt manna og þar með komið stefnumáli sínu í framkvæmd meðan þeir fara með völd, sem vonandi verður ekki til frambúðar í okkar blessaða landi.

Frsm. minni hl. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég gerði býsna rækilega grein fyrir máli mínu á laugardaginn og hef auk þess sent frá mér nál. þar sem fram kemur afstaða mín skýrum orðum og hvað það er sem ég legg til um meðferð þessa máls. Ég hef kannske ekki miklu við að bæta það sem ég sagði þá. Ég held að mitt mál hafi verið það ítarlegt þó að það væri ekki langt, að menn hafi áttað sig á því hver meining mín væri í þessu máli, og ég finn það nú reyndar, að því meira sem líður á umr. verða fleiri mér sammála um þetta mál, að það kann að vera að eitthvað vanti á í málsmeðferð, og gæti ég vitnað til margra ræðna sem hér hafa verið haldnar um þetta efni. Nú síðast var að ganga úr ræðustól einn af þeim sem mér virðist að taki undir margt af því sem ég var að gagnrýna og hef leyft mér að gagnrýna bæði í ræðu minni og einnig í því prentaða nál. sem frá mér hefur komið. Og ég verð að segja það jafnvel hæstv. iðnrh. til hróss, að ég held hann hafi fundið það, að e. t.v. hefði mátt haga þessu máli nokkuð öðruvísi frá upphafi, og e. t. v. má ráða það af síðustu orðum hans í ræðu hans í dag, þegar hann sagði beinum orðum að hann óskaði þess, að frjálsir samningar gætu tekist um afnot af Deildartunguhver. Þannig tók einnig til orða hv. formaður iðnn., 3. þm. Vestf. Við skulum vona það og ég verð að láta þá von í ljós, að hvernig sem þetta mál fer hér í þinginu verði það að lokum niðurstaðan, að þetta mál verði leyst með frjálsum samningum. Þess vegna vil ég taka undir þau orð hæstv. ráðh. og formanns iðnn., að þetta mál megi leysast með frjálsum samningum. En það undarlega er, að mér finnst að umr. hérna hafi í reyndinni hnigið mjög í þá átt að skynsamlegt sé að fara eftir því sem ég hef lagt til, að þessu máli verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, eins og fram kemur í nál. mínu, og að teknir verði upp samningar, eðlilegir samningar við fulltrúa eiganda Deildartunguhvers.

Hæstv. ráðh. var að vísu ekki stóryrður framar því sem hann temur sér í ræðum sínum, en þó hélt hann því fram, að fram hefðu komið í mínu máli, bæði í ræðu minni, trúi ég, og þá ekki síst í hinu prentaða þskj., fullyrðingar sem væru rangar. En ég get ekki fundið að hæstv. ráðh. hafi afsannað neitt af því sem ég hef haldið fram. Það, sem ég hef lagt höfuðáherslu á og er óhætt að segja að er meginkjarninn í mínu máli og kannske það sem gnæfir þar algerlega upp úr, er þetta, að ég hef lagt á það áherslu, að ekkert hafi komið fram í málinu sem sanni að eigandi eða fulltrúar eiganda Deildartunguhvers hafi ekki viljað semja um þetta mál. Þetta er kjarninn í mínum málflutningi, og ég held að hæstv. ráðh. hafi ekki afsannað þetta sem ég hef haldið fram. Sannleikurinn er sá, að það má ráða það af allri meðferð þessa máls og því, sem fram hefur komið um þetta, að það hefur ekki verið staðið vel, ekki „forsvaranlega", eins og ég tók til orða í nál. mínu, að því að koma á samningum milli þeirra sem þarna deila um réttinn.

Ég sýndi fram á það, að þetta mál er ekki mjög gamalt, það eru ekki nema um það bil fimm ár síðan byrjað var að tala um að virkja Deildartunguhver. Ég sýndi fram á það, að á fyrstu árunum var þannig að þessu staðið, að það var naumast hægt að segja að nein viðhlítandi boð kæmu frá þeim sem höfðu áhuga á því að nýta hverinn, bæði hvað snertir Borgarnes á sinni tíð og eins Akranes og Borgarnes síðar. Og ég verð að segja það, að það kemur greinilega fram að nú síðasta árið hafa sáralitlar eða engar samningaumleitanir átt sér stað fyrr en nú á allra síðustu vikum. Þetta tel ég ekki forsvaranlega aðferð til að ná samningum. Og því miður verð ég líka að segja það, að af því, sem fram hefur komið í þessu máli — menn hafa verið að lesa hér úr bókunum sem ég hef nú ekki við höndina, en ég hef hlýtt á það sem menn hafa lesið úr bókunum frá fundum svokallaðs viðræðuhóps og hins aðilans — verður ekki annað ráðið en að iðnrn. hafi sett tiltekin mörk um það, hvað teldist vera hæfilegt að greiða fyrir afnotaréttinn. Og ég heyrði ekki betur en það kæmi fram í máli hæstv. ráðh. hér í dag, — ég man ekki nákvæmlega orðalagið á því — að hann teldi að iðnrn. yrði að stýra samningunum að þessu leyti, hafa þarna fingurinn á og koma í veg fyrir að gjaldið fyrir afnotin ryki upp úr öllu valdi. Það má vel vera að það sé rétt, að hæstv. ráðh. eða iðnrn. eigi að hafa þarna fingurinn á, en þó er mér mjög til efs að þetta sé raunverulega rétt aðferð. Ég tel mjög vafasamt að þetta geti talist rétt. Enn þá er það nú svo, að frjálsir samningar eru leyfilegir í þessu landi, og það er ekkert komið fram í þessu máli sem sýnir að ekki hefði mátt koma á frjálsum samningum.

Reyndar held ég fyrir mitt leyti að hæstv. núv. iðnrh. sé ekki einn sekur um það að hafa, ef ég má taka svo til orða, klúðrað þessu máli. Því er nú verr og miður, að það á sér sennilega nokkru lengri sögu. Ég er ákaflega hræddur um að þeir, sem stýrðu iðnrn. á undan honum, hafi ekki staðið nógu vel að þessu máli. Ég er ósköp hræddur um það. Það hefur komið fram í þessum umr., að fráfarandi iðnrh. telur sér það til gildis að hafa reynt að leiða saman sveitarfélögin sem um ræðir, Borgarnes, Akranes og Andakíl og kannske einhver fleiri sveitarfélög sem að þessu standa, — leiða þau saman til þess að koma á hitaveitu. Út af fyrir sig er þetta þakkarvert framtak. En ég álít að sá ráðh., sem þá fór með iðnaðarmálin, hefði gjarnan mátt standa svolítið öðruvísi að þessu, ekki eingöngu að fá þá til samkomulags og vinna að því að þeir kæmu sameiginlegu hitaveitufyrirtæki upp hjá sér, þessi sveitarfélög, heldur finnst mér að hann hefði einnig mátt huga að því, að það var meiningin að virkja orku sem var í öðru sveitarfélagi — og ekki bara það, heldur í eigu annars aðila og sérstaks aðila sem hafði fulla heimild á sinni eign. Ég tel að það hafi verið galli á þessari málsmeðferð frá upphafi. Úr því að iðnrn. taldi sér skylt að hafa hönd í bagga um að koma þessu fyrirtæki á og leiða menn saman um það, þá átti iðnrh. að sjálfsögðu að bjóða eignaraðilanum að orkulindinni til samninga um þessi mál. Þetta tel ég að hafi verið galli á málsmeðferðinni, og því miður verð ég að segja það, að úr þessum ágöllum hefur ekki verið bætt á hinum síðustu vikum, og ég held að það sé rétt sem kom fram í mínu máli, að hæstv. iðnrh. hefur sýnt óþarfa kappsemi í því að knýja fram þá lausn sem hér liggur fyrir eða hann hyggst knýja fram með lögum. Þess vegna held ég að till. mín um það að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá sé rétt. Ég er sannfærður um að það eru möguleikar á því að koma á frjálsum samningum um þennan afnotarétt, og ég held að þeim hefði verið komið á ef skynsamlega hefði verið staðið að þessu máli frá upphafi.

Hæstv. ráðh. minntist á það í dag, hvað ske mundi ef af eignarnámi yrði, hvaða afleiðingar það hefði fjármálalega séð. Hann vildi sem minnst reyna að svara þeirri spurningu, en þó er þetta mjög stór spurning, og það er auðvitað alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðh. geti svarað því, hvaða fjármálalegar afleiðingar þetta hefur fyrir ríkið, hvort það sé, þegar allt kemur til alls, hagkvæmt fyrir ríkið að fara þessa leið. Ég held að þetta sé svo stór spurning að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. ættu að gera sér fyllilega grein fyrir því og reyna að gera Alþ. grein fyrir því, hvernig þetta kæmi út frá fjárhagslegu sjónarmiði. Hæstv. ráðh. sagði sem svo, að það væri ekki hægt að svara þessu, það væri ekki hægt að gefa neitt algilt svar við því, hvaða afleiðingar þetta hefði. En ég vil spyrja hæstv. ráðh. hverjar séu líkurnar fyrir því, að ríkið hafi hagnað af því að fara út í eignarnám með þeim hætti sem hér er lagt til.

Ég hef hér fyrir framan mig grg. frá fulltrúum eiganda Deildartunguhvers, þar sem þeir velta fyrir sér þessari spurningu, hvað mundi ske ef eignarnám eigi sér stað, fjárhagslega séð, og þá segja þeir það sem mér finnst rétt að menn leiði hugann að, og ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa dálítinn kafla úr grg. fulltrúa eiganda Deildartunguhvers, en þeir segja sem svo:

„Fari eignarnám fram, ber ríkissjóði að inna af hendi eignarnámsbætur og er miðað við að um staðgreiðslu sé að ræða. Hins vegar yrði ríkissjóður af umtalsverðum skatttekjum. Væru væntanlegir skattar fyrir næstu 20 árin greiddir fyrir fram nú í dag næmu þeir 69 millj. kr. vegna lokatilboðs HAB, en 224 millj. kr. vegna lokatilboðs eiganda. Fé til greiðslu eignarnámsbóta mun ríkissjóður ætla að taka af lánsfé því sem HAB er ætlað í lánsfjáráætlun og kann lítið að verða eftir til framkvæmda á vegum HAB, þegar upp er staðið."

Og einnig segja fulltrúar eiganda Deildartunguhvers:

„Mat á verðmæti hversins með tilliti til notkunar hans á vegum HAB er mjög háð olíuverði og byggingarkostnaði. Byggt á forsendum HAB og starfshóps iðnrn. var mat á sjálfrennsli hversins um 200 millj. kr. á verðlagi 1. jan. 1979, en er í dag um 1560 millj."

Þeir taka jafnframt fram, fulltrúar eiganda Deildartunguhvers, að þetta sé ekki endilega mat þeirra sjálfra, en þetta er það mat sem ráða má af því sem fram kemur hjá starfshópnum svokallaða. Enn fremur segja þeir, fulltrúar eiganda Deildartunguhvers:

„Sökum taps á væntanlegum skattgreiðslum er ríkissjóði ekki hagur að eignarnámi. Sökum mikillar greiðslubyrði og missis framkvæmdafjár er HAB ekki hagur að eignarnámi. Enn fremur er það gegn vilja og hagsmunum íbúa Reykholtsdalshrepps og fleiri Borgfirðinga, að hverinn verði afhentur HAB til eignar. Hins vegar er eiganda hversins einum hagur að eignarnámsaðgerðinni, þar eð eignarnámsbætur gæfu allmiklu hærri arð en lokatilboð hans." — En svo bæta þeir við: „Þrátt fyrir það stendur eigandi staðfastlega gegn eignarnámi og óskar þess, að hverinn megi haldast í eigu ættmenna hans svo sem verið hefur í tvær aldir."

Þarna reyna þeir, fulltrúar eiganda Deildartunguhvers, að gera sér grein fyrir því, hvaða fjárhagslegar afleiðingar þetta hefur, og ég held að það væri

skynsamlegt líka fyrir hæstv. iðnrh., fyrir hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild og Alþ. að gera sér grein fyrir þessu og fá úr því skorið hvað þarna er verið að leggja út í með eignarnámi og hvort ekki væri möguleiki á því að ná, þegar upp er staðið, jafngóðum árangri með frjálsum samningum. Ég minni því enn á till. mína um það, að þessu máli verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og ég vona að hv. þm. sinni þeirri till. Ef ekki verður af því, þá hygg ég nú að skárri kosturinn sé leigunámið sem hér hefur mjög borið á góma og till. eru um. En ég held þó að á þessu stigi væri best að tala um hvorugt, eignarnám eða leigunám, heldur að vísa málinu frá og vinda sér í það að reyna að ná frjálsum samningum við fulltrúa eiganda hversins.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er að sönnu komið fram yfir þann tíma sem atkvgr. var boðuð, en ég hafði beðið um orðið meðan á umr. stóð og ég held að ég verði að fá að segja hér nokkur orð í tilefni af því sem fram hefur komið, sérstaklega því sem hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni fyrr í dag. Hann lagði á það talsverða áherslu, að hér væri einungis um heimildarfrv. að ræða og hann vildi ekki með nokkru móti loka samkomulagsleiðum, heldur halda áfram viðtölum við eiganda eða fulltrúa hans. Það er auðvitað góðra gjalda vert að vilja þetta. En það þýðir þá væntanlega að nokkur bið verði á því að heimild væntanlegra laga verði notuð, og þá vaknar að sjálfsögðu sú spurning, hvort eignarnámslagasetningunni liggi svo mikið á að hana þurfi að afgreiða hér á örfáum dögum í lok þessa þings. Enn fremur vaknar þá sú spurning í mínum huga a. m. k. og ég vænti fleiri, hvort ekki væri réttara að notast við leigunámsheimild á vatnsréttindum á meðan þessar samningaumleitanir fara fram ef það er svo að Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar liggi mjög mikið á að fá vatnið og sé tilbúin að hefjast handa um framkvæmdir, hönnun sé fyllilega lokið og það sé ekki annað eftir en að byrja að grafa fyrir leiðslum. Ég held því að sú till., sem hv. þm. Ingvar Gíslason flytur, sé skynsamleg, að þetta mál fái nánari athugun í rn. eftir samningaleiðum.

Hv. þm. Kjartan Ólafsson, 3. þm. Vestf., lagði einnig mikla áherslu á að þrautreyna samningaleiðina, þannig að báðir þessir talsmenn frv. virðast vera á því að það væri miklu ákjósanlegri leið að leysa málið með frjálsum samningum, og er það virðingarvert hjá þeim hv. þm. sem þó eru mjög fúsir til þess að taka eignir manna og leggja undir ríkissjóð. En hv. þm. Kjartan Ólafsson virtist mér leggja að jöfnu leigunám til langs tíma og eignarnám. Á þetta get ég ekki fallist. Með leigunámi er eignarrétturinn áfram hjá fyrri eigendum og því áframhaldandi von að af frjálsum samningum geti orðið, eins og allir segjast nú vilja. En þegar eignarnámsheimild hefur verið notuð, og það er ekki sjáanlegt annað en hún verði notuð því að annars væri ekki verið að leggja svo mikið kapp á að fá hana, þá er ríkið orðið eigandi og að sjálfsögðu ekki þá lengur um að ræða nokkra samninga við Deildartungufólk, það er ekki lengur aðilar málsins. En þá gætu hæglega tekið við aðrir samningar, sem ég er ekkert viss um að yrðu svo mjög miklu auðveldari en samningar við þetta fólk, þ. e. samningar við hið nýja fyrirtæki, sem heitir Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, um það sem nú eru nefnd einungis afnot, en ekki eign. Það hlýtur að verða verulegt matsatriði hvað fyrirtækið eigi að greiða fyrir þau vatnsréttindi sem ríkið þá veitir því. Ég spái því, að þarna geti því einnig orðið um verulegt vandamál að ræða fyrir hæstv. iðnrh. og að málið sé engan veginn í höfn þó að eignarnáminu verði beitt.

Ef eignarnám er látið fara fram, þá skildist manni upphaflega að Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar ætti að greiða ríkinu það sem ríkið greiðir fyrir vatnsréttindin og í mínum huga vakna þá þessar spurningar. Á leigan fyrir vatnið að miðast við eignarnámsverðið og greiðast þá á hvað löngum tíma og með hverjum hætti? Þessum spurningum er öllum ósvarað. Það er ekki einn einasti stafur um þetta í nokkru því plaggi sem ég hef séð, — ekki nokkru því plaggi sem lagt hefur verið fyrir hér á hv. Alþ., en þetta hlýtur að skipta verulegu máli. Hér er verið að tala um eignarnám á miklum verðmætum sem enginn veit hvað hátt verða metin.

Mikil áhersla hefur verið lögð á það hér í vetur, a. m. k. af núverandi valdhöfum, að menn yrðu að vita hvað þeir eru að samþykkja, þegar þeir setja lög. Vitum við það? Ég spyr. Ég held að við vitum það ekki. Og við vitum ekki hvað kann að koma út úr mati skipaðra matsmanna á þessum verðmætum. Það er hægt að draga ýmsar ályktanir um það — ég mun kannske koma að því síðar — hversu hátt þetta mat verði, en það er alveg víst að hér er um verulegar fjárhæðir að tefla. Ég minntist á það hér um daginn, að um er að ræða jafnvirði 59 þús. tonna af olíu. En nú á að gera breytingu á frv. frá fyrstu gerð þess í þá veru, að nú verði ríkið áframhaldandi eigandi, en ekki hitaveitan eða þau sveitarfélög sem að henni standa, og má vel vera að einhverjum sé fróun í því og ég er ekki út af fyrir sig að mæla neitt sérstaklega gegn því.

Ég tók ekki nægilega vel eftir því, hvað hæstv. ráðh. sagði um samninga við landeigendur um aðveituæð, hvort þeir samningar eru hafnir eða hvort þeim er kannske lokið og hvað er áætlað að það muni kosta að leggja leiðslur um lönd bænda í Reykholtsdal og víðar. Þetta er spurning sem auðvitað verður að taka inn í dæmið. Það eru áreiðanlega talsverðar fjárhæðir sem hér er um að tefla, og ég tel það algerlega óforsvaranleg vinnubrögð, ef hafin er gerð þessarar hitaveitu án þess að áður sé samið við þessa landeigendur. Það getur leitt til ófyrirsjáanlegra atvika, eins og mörg dæmi hafa sýnt á liðnum árum við svipaðar aðstæður. Og ég vil minna á það, að þegar Landsvirkjun lagði rafmagnslínur frá Búrfelli og frá Sigöldu til Reykjavíkur, þá var fyrir fram samið við hvern einasta landeiganda sem varð fyrir spjöllum af þessum framkvæmdum, og þannig tel ég að vinna eigi að slíkum málum. Ég tel ekki koma til greina að hefjast handa, eins og ég áðan sagði, fyrr en frá þessum málum er að fullu gengið.

Hæstv. iðnrh. taldi mjög vel gert við landeigendur og ábúendur á Deildartungusvæðunum, þar sem eftir væru skildir hvorki meira né minna en 10 sekúndulítrar af vatnsrennslinu þeim til handa. Þetta var út af því sem ég minntist á í ræðu um daginn, og hann sagði að samkv. sínum útreikningum og sinna sérfræðinga dygði þetta heitavatnsmagn fyrir 500—700 manna byggð. Samkv. þeim eina reikningi sem ég kann nú, einfaldri þríliðu, sýnist mér að ef 650 manns komast af með 10 sekúndulítra, þá ættu 6500 manns að komast af með 100 sekúndulítra. (**Iðnrh.:** Það kólnar á leiðinni, vatnið.) Vatnið kólnar á leiðinni, já, það er nefnilega það. Þá er kannske hugsanlegt að snerpa á því þegar það kemur á áfangastað, það er víða gert. Nema það sé hugsað svo, að það sé kalt vatn í ofnunum á hitaveitusvæðinu, ég veit það ekki.

Ég hélt að það yrði þá bara mál hitaveitunnar ef þess þyrfti. En samkv. útreikningum í aths. með frv. þarf Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar á einu ári, á fyrsta ári, 169 sekúndulítra fyrir sína 6500 neytendur. Mér sýnist þess vegna hér vera verulega betur gert við íbúa væntanlegs hitaveitusvæðis heldur en þá sem eftir verða í dalnum, einkum þegar það er haft í huga að fyrir hendi geta verið 50 sekúndulítrar í Bæjarsveit, sem samkv. aths. hæstv. ráðh. dugar fyrir alla aðra byggð en Akranes, svo að það eru þá Akurnesingar sem þurfa að fá 170 sekúndulítrana. Þess vegna held ég að það ætti að vera mögulegt að verða við þeirri beiðni, sem fram er sett í bréfi frá oddvita Reykholtsdalshrepps og var áðan lesin, dagsett í gær, að eftir yrðu skildir 30 sekúndulítrar til þess að heimamenn gætu hagnýtt sér þá. Bréfið varar við einu og öðru, eins og hér var lesið, þannig að mér sýnist það enn þá renna stoðum undir það sem ég sagði hér síðast, að það væri síður en svo loku fyrir það skotið að nokkurt ósamkomulag kynni að verða í Borgarfjarðarhéraði þó að þetta eignarnám yrði framkvæmt.

Hæstv. iðnrh. taldi, að ég hefði farið með rangt mál á laugardaginn þegar ég talaði um afnot Deildartungumanna af hvernum, og bað mig að kynna mér málið betur. Satt að segja hélt ég að hér væri um eitthvert það atriði að ræða sem ég vissi ekki um og gæti breytt málinu verulega, af því að hæstv. iðnrh. er með afbrigðum skýr maður, að hann væri með tromp á hendinni, hátt spil, sem ætti eftir að kollvarpa öllu því sem ég hefði sagt hér. Og ég get ekki neitað því, að það fór lítils háttar um mig að eiga von á þessum upplýsingum. En svo þegar hann í dag sýndi spilið í lófanum, þá fannst mér sannarlega heldur lítið til þess koma, það var ekki hátt spil. Það var sem sagt bara það einfaldlega, að elsta húsfreyjan í Deildartungu, frú Sigurbjörg Björnsdóttir, er ein skráður eigandi hversins. Þetta er það sem ég á að hafa farið eitthvað rangt með. Þessi heiðurskona er búin að gera garðinn frægan í Deildartungu ásamt manni sínum, Jóni Hannessyni, sem nú er látinn, síðan 1913 eða í 66 ár. Og það að telja hana ekki með Deildartungumönnum er algerlega of vaxið mínum skilningi. (**Iðnrh.:** Hvar eru niðjarnir?) Þegar það svo bætist við, — ég ætla að koma að því, — að náin ættmenni hennar, niðjar sumir hverjir, eru búendur eða eigendur flestra jarða í Deildartunguhverfinu. Þetta hygg ég að hæstv. ráðh. mætti gjarnan kynna sér, af því að ég sé að hann trúir ekki því sem ég segi frekar en um daginn. En það er kannske hægt að færa sönnur á þetta með upplestri úr bókum ef þurfa þykir.

Af því að ég fór eftir ráðleggingum hæstv. ráðh. og fór að skoða betur þessi mál og hver væri nú eigandi Deildartunguhvers, þá tók ég eftir því í fyrsta lagi, sem ég áður raunar vissi, að það er frú Sigurbjörg Björnsdóttir. En auk þess rak ég augun í það, að fæðingarárs frúarinnar er alveg sérstaklega getið í aths. Ég man aldrei eftir því að ég hafi séð það fyrr í grg. eða aths. með frv., sem hér hafa verið lögð fram, að talað væri sérstaklega um það, hversu viðkomandi aðili væri aldraður. Ég ætla ekkert að giska á af hverju þetta er tekið fram, en mér finnst þetta skrýtið og ég hef ekki séð það fyrr.

Þá sagði hæstv. ráðh. sem svar við spurningu frá mér um það, hvort fyrirhugað eignarnám næði aðeins til sjálfrennandi vatns eða einnig til borunarréttinda á hinu eignarnumda svæði, að engar líkur væru á því, að leitað verði eftir auknu vatni frá Deildartunguhver. Ég hlýt að biðja hæstv. ráðh. afsökunar á því, að þetta tel ég ekkert svar, nákvæmlega ekkert svar, og það byggi ég aðallega á þremur atriðum: Í fyrsta lagi því, að hæstv. núv. iðnrh. hefur ekki tryggingu fyrir því að verða alltaf í því embætti, þannig að það er ekki víst að hann ráði því þó hann vildi, og ég efast ekki um að hann ætlar ekki að bora þar. Í öðru lagi tel ég að rannsóknir á þessu svæði séu engan veginn tæmandi. Og í þriðja lagi tel ég að aðstæður geti breyst. Svona yfirlýsingar met ég þess vegna einskis og held því fast við þá till. sem ég flyt ásamt hv. 1. þm. Reykv. Albert Guðmundssyni, að kveðið verði skýrt á um þetta í þeim lögum sem sett verða — um hvað sem þau svo annars kunna að fjalla, eignarnám eða leigunám — ef haldið verður fast við lagasetninguna verði tekin af öll tvímæli um þetta.

Það var gert að umtalsefni áðan af hv. þm. Albert Guðmundssyni og raunar hv. þm. Ingvari Gíslasyni líka, að það fengi naumast staðist, sem var haldið fram í dag, að iðnrn. hefði ekki haft nein afskipti af samningaviðræðunum. Það var lesin upp bókun frá fundi samstarfshópsins og umboðsmanna eiganda Deildartunguhvers þar sem kemur greinilega fram hjá formanni starfshóps rn., að mjög væri tekið að þrengja að þeim ramma sem líklegt væri að hlyti brautargengi rn., og síðar, að það væri alveg að því komið að ramminn væri á enda runninn sem starfshópurinn mátti fara eftir, og þess vegna bauðst hann til þess að láta af störfum. Er hér þá rangt greint frá? Er þetta röng útskrift úr bókun? Er þetta rangt sem umboðsmenn eiganda Deildartunguhvers láta eftir sér hafa um þessa bókun? Það er mín fyrri spurning. Eða — og það skal vera mín síðari spurning — er það rangt hjá Gísla Einarssyni, fulltrúa í rn. eða deildarstjóra, að hann hafi haft þessi fyrirmæli? Annaðhvort hlýtur það að vera eða þá að fyrirmælin hafi verið fyrir hendi, og þá hefur rn. óumdeilanlega og ótvírætt haft afskipti af því, hvað hæst mætti bjóða fyrir vatnið. Það er ekki nema tvennt til í þessu.

Þá var minnst hér á samanburð við Hitaveitu Húsavíkur, og það er ekki svo ósennilegt að þeir samningar verði hafðir eitthvað til hliðsjónar þegar farið verður að meta þá fjárhæð sem í hlut eiganda eiga að koma. Ég er hér með samning milli bæjarstjórans í Húsavík fyrir hönd Hitaveitu Húsavíkur og eigenda tiltekinna jarða í svonefndu Reykjahverfi þar nyðra, sem ég ætla ekki að fara að lesa, en bara að upplýsa, ef menn skyldu ekki vita það, að þessi samningur var gerður 1970, þ. e. áður en olíukreppan skall á. Í þessum samningi er samið um afnot af um 3.5 sekúndulítrum sjálfrennandi vatns ásamt leyfi til borana og afnotum af 90% þess vatns sem þannig kann að nást. Greiðsla skal vera 10 þús. kr. fyrir árssekúndulítra og er verðið miðað við 3.22 kr. lítra af gasolíu og verðtryggt með olíuverði. Nú hefur verið reiknað fyrir mig, að á verðlagi 1. jan. 1979 muni þetta samsvara 179 þús. kr. fyrir hvern árssekúndulítra.

Að því er varðar hverinn í Deildartungu, þá stóðu til boða 150 lítrar á sekúndu af sjálfrennandi 100°C heitu vatni. Lokatilboð Deildartunguumboðsmanna svarar til 238 þús. kr. fyrir hvern árssekúndulítra, sbr. grg. með frv. En lokatilboð Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar svarar til 83 333 kr. fyrir hvern árssekúndulítra. Þá geta menn gert samanburð á því, hvaða kostir eru boðnir í Borgarfirði af ríkisvaldinu, 83 333 kr., eða hvaða kostum gengið var að af hálfu bæjarstjórnar Húsavíkur, 179 þús. kr. fyrir hvern árssekúndulítra eða nærri hundrað

þús. kr. hærra gjald en hér er talað um. Þetta var gert í frjálsum samningum, — samningum sem ekki hafa þótt slæmir og enginn hefur gagnrýnt bæjarstjórn Húsavíkur mér vitanlega fyrir að gera.

Þegar farið verður að meta eignarnámsbætur og hliðsjón höfð m. a. af þeim frjálsa samningi sem ég var að minnast á, þá ætla ég að það þyki lágt undir loft undir því þaki, sem iðnrn. hefur sett á þá samningsgerð sem hér er um að tefla, og sá skáli, sem Deildartungumönnum var boðið að ganga inn í, þyki heldur lágreistur verið hafa. En þaklyftingar eru mjög iðkaðar og því held ég að rétt væri að lyfta þessu þaki örlítið. Áður en farið verður að þvinga fólk, sem hefur átt þessa eign í mörg hundruð ár, á þriðja hundrað ára, og þykir vænt um sína eign og vill halda á henni eignarrétti, en er fúst til þess að láta af hendi arðinn, hið sjálfrennandi vatn, til fólks sem því er vel við og býr í sama héraði, þá held ég að þessi mál ættu að skoðast að ný frá grunni.

Herra forseti. Ég vil taka það fram að endingu, að ég ætlaði ekki að tala hér langt mál og ætla að standa við það. Ég hef ekki löngun til að þreía um þetta mál, og ég hef fulla samúð með því fólki sem þarf á þessum hitagjafa að halda og skil vel nauðsyn þess að nota innlenda orkugjafa í stað þess að kaupa dýra og síhækkandi olíu til upphitunar húsa og annarrar slíkrar starfsemi. Ég viðurkenni það líka, að svo geta ástæður verið vaxnar að eignarnám sé nauðsynlegt. Ég mun ekki mæla því í gegn. En mér finnst að hér hafi samningaleiðin ekki verið þrautreynd, og ég legg þess vegna áherslu á, eins og raunar hæstv. ráðh. og hv. formaður iðnn. hafa líka gert, að samningaviðræðum verði haldið áfram og þær reyndar til þrautar, sem ég vil kalla svo, og til þess að svo megi verða er auðvitað ekki hægt að byrja á því að taka eignina eignarnámi. Eftir það er ekki um neina samninga að tefla, þá er engan eiganda við að semja. Þess vegna tel ég að ef svo mikið kapp er lagt á málið að það verði að afgreiða það nú og menn geti ekki fellt sig við hina rökstuddu dagskrá, þá sé leigunám skárri kosturinn sem hér er um að tefla, því að þá geta frjálsar samningaviðræður haldið áfram.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Í ræðu minni s. l. laugardag rakti ég nokkuð aðdraganda þessa máls, stofnun Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Á þeim árum sem ég gegndi embætti iðnrh., í fjögur ár, var þetta stóra mál mjög til meðferðar, og ég tel að tekist hafi að beina því inn á réttar brautir með samstarfi þessara sveitarfélaga: Akraneskaupstaðar, Borgarness og Andakílshrepps. Ég vil aðeins til viðbótar því, sem ég sagði þá, bæta við nokkrum orðum um það, hversu þetta mál horfir, því að mér er vissulega annt um þetta fyrirtæki.

Það má vera að í upphafi hafi sumir aðstandendur þessa fyrirtækis helst óskað að hitaveitan sjálf yrði eigandi að Deildartunguhver. En í þeim samningaumleitunum sem átt hafa sér stað undanfarna mánuði, hefur það mál ekki borið á góma, heldur hafa allar þær viðræður beinst í eina og sömu átt, sem sagt þá, að hitaveitan taki hverinn á leigu. Ef hv. þm. líta á grg. með stjfrv. um þetta mál, kemur það í ljós m. a. í þeim tilboðum frá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar sem þar eru birt að þar er jafnan farið fram á leigu.

Ég ætla líka að eftir að fram eru komnar brtt. sem liggja fyrir nú við frv., þá sé það mál í rauninni ekki til umr. að hitaveitan verði eigandi hversins.

Í frv. hæstv. iðnrh. var að vísu gert ráð fyrir því, að ríkissjóður tæki hverinn eignarnámi og afhenti hann Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, sem flestir munu hafa skilið þannig að það ætti að afhenda hann hitaveitunni til eignar. Hæstv. ráðh. hefur nú upplýst að það hafi ekki verið ætlunin og með till. sinni hefur hann tekið af skarið um það, að ekki eigi að afhenda hitaveitunni hverinn til eignar. Í brtt. þeirri, sem meiri hl. iðnn. flutti á þskj. 814, var líka kveðið svo á, að eftir að ríkið hafi tekið hverinn eignarnámi skuli afhenda hann Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til afnota. Þessi till. var samþ. af stjórn hitaveitunnar.

Það er það sem ég vil undirstrika fyrst, að ekki liggur fyrir að Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar verði eigandi hversins, og stjórn hitaveitunnar hefur staðfest það með samþykkt sinni á þessari tillögu.

Það, sem hér liggur fyrir, er því tvennt: Annars vegar að ríkissjóður verði eigandi hversins með eignarnámi og veiti síðan hitaveitunni afnot hans eða leigu fyrir gjald eða greiðslu sem iðnrh. væntanlega ákveður. Hinn kosturinn er sá að taka hverinn leigunámi, eins og hér liggja fyrir till. um, og þá yrði leigan eða gjaldið fyrir afnotin, sem Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar þarf að greiða, ekki ákveðin af eigendum hversins, heldur af óvilhöllum matsmönnum. Leigan mundi verða ákveðin samkv. lögum frá 1973 um framkvæmd eignarnáms. Það yrði matsnefnd eignarnámsbóta sem skæri úr um leiguna.

Ég er ekki viss um, þegar ég hugsa það mál, að það sé betri kostur fyrir hitaveituna að eiga allt sitt í þessu efni undir ákvörðunum ráðh. á hverjum tíma. Ég mundi ætla að hitt væri betri kostur fyrir fyrirtækið, að fá mat og ákvörðun óvilhallra manna í þessu efni, matsnefndar eignarnámsbóta. Ef sá kosturinn yrði valinn, að ríkissjóður tæki hverinn eignarnámi, þá er gert ráð fyrir því í till. hæstv. ráðh., bæði í frv. upphaflega og eins í brtt. hæstv. ráðh. sem liggur fyrir á þskj. 840, að Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar greiði ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerðum þessum. M. ö. o.: ríkissjóður mundi afhenda hitaveitunni þessi verðmæti til afnota, en hitaveitan á að greiða ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað. Hvað þýðir þetta? Ef bæturnar yrðu ákveðnar — við skulum segja nokkur hundruð millj., ég skal ekki geta mér neitt til um hver upphæðin verður, — en ef menn hugsa sér að það verði nokkur hundruð millj., þá kemur spurningin: Hvernig á að greiða það? Langalgengast hefur verið við eignarnámsbætur á Íslandi, að matsnefnd hefur ákveðið að eignarnámsbæturnar skuli greiddar strax, það verði staðgreiðsla. Að vísu er rétt að hafa í huga að matsnefndin hefur heimild til þess, ef henni sýnist ástæða til, að veita einhvern greiðslufrest á einhverju af matsverðinu og mundi, ef hún fer þá leið, að einhverju leyti vafalaust krefjast þess, að þær eftirstöðvar yrðu verðtryggðar. En ég bendi á það, að hitt er algengast, að um staðgreiðslu sé að ræða. Ef þarna yrðu ákveðnar allríflegar fjárhæðir, nokkur hundruð millj., og kannske allt eða meginhlutinn yrði staðgreiðsla sem ríkissjóður þyrfti að greiða og hann krefðist þess af hitaveitunni að hún endurgreiddi þetta, hvernig ætlar fyrirtækið að ráða við það? Ég býst ekki við að hitaveitan hafi neina möguleika til þess.

Í lánsfjáráætlun ríkisins fyrir árið 1979 eru áætlaðar 750 millj. til framkvæmda hitaveitunnar, sem er að vísu töluvert lægri upphæð en hitaveitan sjálf taldi sig þurfa,

því að stjórn hitaveitunnar og ráðunautar óskuðu eindregið eftir því, að í ár yrði veitt ekki minna en 1050 millj. til nauðsynlegustu framkvæmda hitaveitunnar. Þetta skar hæstv. ráðh. eða ríkisstj. niður í 750 millj. Ef ríkissjóður verður nú að greiða stórar fúlgur fyrir eignarnámið og á samkv. lögum að krefja hitaveituna um þá fjárhæð, er þá ekki hugsanlegt að hæstv. iðnrh. segi sem svo: Það er ekkert jármagn til nema taka það af þessu fé sem er á lánsfjáráætlun? Ég býst við að Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar mundi þá þykja þröngt fyrir dyrum, þegar fyrst er búið að skera niður í stórum stíl framkvæmdafé það, sem hún hefur óskað eftir, og síðan fari kannske verulegur hluti af því, sem eftir stendur, til eignarnámsbótanna. Eða er hugsanlegt að hæstv. iðnrh. mundi reyna að veita gjaldfrest, e. t. v. til langs tíma, á því sem ríkissjóður þarf að greiða vegna bótanna? Mér finnst að þetta þurfi vissulega að taka til athugunar, því að hér er um stóralvarlegt mál að ræða.

Í annan stað mundi hitaveitan væntanlega verða ofurseld vilja — ég vil ekki segja geðþótta, en vilja iðnrh. á hverjum tíma um það, hvað ætti að greiða áfram og með hvaða kjörum það sem eftir kynni að standa eða fyrir afnotin. Ég ætla að samskipti ýmissa sveitarfélaga á Íslandi við ýmsa ráðh. á ýmsum tímum hafi oft verið með þeim hætti, að mönnum þyki ekki unnt að ganga út frá því að tekið verði fullt tillit til þarfa og óska sveitarfélagsins. Ef hin leiðin væri valin, sem er að mínu viti skynsamlegri, sanngjarnari og rökréttari, að fara leigunámsleiðina, einmitt leiguaðferðina sem alltaf hefur verið talað um undanfarna mánuði og tilboð hitaveitunnar fjallar um, — ef sú leið yrði farin að taka hverinn leigunámi, þá þarf Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar ekki að sækja það undir eigendur hversins, ekki að sækja það undir ráðh., hver sem hann er á hverjum tíma, heldur eru það hinir óvilhöllu matsmenn sem ákveða árgjaldið og ákveða leiguna. Ef menn vilja reyna að gera sér einhverjar hugmyndir um það, hvert það árgjald kynni að vera, þá vil ég segja að þó að vitanlega sé ógerningur að fullyrða neitt um það má þó ætla að nokkrar líkur séu til þess, að ákvörðun matsnefndar yrði á bilinu milli 12.5 millj. og 18. millj., en það eru mörkin sem um er að tefla, nú hin fyrstu 10 ár. Hitaveitan hefur boðið fram 12.5 millj., eigendurnir voru seinast komnir niður í 18 millj. Það er ekki ósennilegt, miðað við úrslit ýmissa matsmála og ákvarðana í þeim efnum, að höfð yrði hliðsjón af þessum boðum, þannig að endanlegur úrskurður yrði einhvers staðar þar á milli.

Eftir því sem ég velti þessu máli fyrir mér tel ég að hagsmunum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar sé miklu betur borgið með leigunámi en með eignarnámi ríkissjóðs, af þeim ástæðum sem ég nú hef greint.

Ég ræddi nokkuð í fyrri ræðu minni um leigunám eða nám afnotaréttinda. Sumir ræðumanna hafa verið að draga í efa að leigunám ætti hér við. Það er alger misskilningur. Lögnám eða eignarnám getur verið með margvíslegum hætti, ýmist þannig að eignarrétturinn er tekinn alveg eða hins vegar að afnotaréttinn er tekinn lögnámi, afnotaréttur eða ítaksréttindi eða annað slíkt. Í lögum um framkvæmd eignarnáms frá 1973 er t. d. beinlínis talað um það, að ýmist sé með eignarnámi eða lögnámi hægt að taka eignarréttinn alveg eða takmörkuð eignarréttindi, það sé hægt að stofna afnotaréttindi, ítaksréttindi og önnur takmörkuð eignarréttindi yfir fasteignir. Þetta er nú almennt viðurkennt og á ekki að þurfa um það að deila. Og þó að leigunám hafi ekki oft verið notað hér á landi og helst þá í sambandi við leigunám til skamms tíma, — þó engan veginn eingöngu til skamms tíma, því að í lögum hafa verið og eru heimildir um leigunám til ótiltekins tíma, — þá segir það auðvitað ekkert um að ekki sé heimilt að taka þennan hver leigunámi. Ég held að ég tefji ekki tíma hv. d. á því að ræða það mál frekar.

En það er annað sem ég vil að lokum segja, og það er þetta: Það er augljóst að með því að keyra í gegnum þingið eignarnámslögin með það fyrir augum að taka hverinn eignarnámi til handa ríkissjóði er verið að stofna til ófriðar og ósamkomulags. Jafvel eftir að tillögur um vissar breytingar hafa verið gerðar til þess að ganga til móts við hagsmuni Reykholtsdalshrepps gerir hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps samt sem áður í gær ályktun, þar sem hún mótmælir algerlega frv. um eignarnám og ítrekar að ef ekki náist samningar skuli taka hverinn leigunámi, en ekki eignarnámi.

Í till. hæstv. ráðh. er að hans sögn gengið mjög til móts við hagsmuni þess sveitarfélags þar sem hverinn er. Það er orðað þannig í till. hæstv. ráðh., að við eignarnámið verði m. a. höfð hliðsjón af hagsmunum íbúa Reykholtsdalshrepps. Ekki er fast að orði kveðið. Það mátti ekki segja, að gætt skyldi hagsmuna íbúa Reykholtsdalshrepps. Nei, í staðinn fyrir að þeirra skuli gætt á að hafa hliðsjón af þeim, og ekki aðeins það, heldur á m. a. að hafa hliðsjón af hagsmunum þeirra. Ég held að það sé erfitt að finna orðalag sem er öllu loðnara og segir minna en þessi setning hæstv. ráðh.

Þeir hagsmunir, sem hér er um að ræða í sambandi við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, eru í fyrsta lagi hagsmunir þjóðfélagsins af því að spara erlenda, innflutta orku, spara gjaldeyri í stórum stíl. Í öðru lagi eru það sjálfsagðir hagsmunir hitaveitunnar og íbúanna á þessum svæðum. Með leigunámi er hvoru tveggja þessu gersamlega fullnægt og betur að minni hyggju en með eignarnámi. En hér eiga fleiri hlut að máli, eigendur hversins. Í stjórnarskránni okkar segir að eignarrétturinn sé friðhelgur, og það á að heyra til undantekninga að hann sé skertur. Það er auðvitað heimilt að skerða hann ef almenningsþörf krefur, enda komi fullt verð fyrir. En það eru líka óskráð lög hjá okkur, að ef þarf að skerða eignarréttinn á ekki að skerða hann meira en nauðsynlegt er til að fullnægja þessari almenningsþörf.

Ég minntist í fyrradag aðeins á það, sem núv. hæstv. forsrh. segir í riti sínu: Stjórnskipun Íslands, um þetta atriði. Hann talar þar t. d. um eignarnámslög eða lögnámslög, sem ýmist heimila töku á eignarrétti, að yfirfæra eignarréttinn eða að yfirfæra afnotarétt, nám afnotaréttar, segir síðan: „En aðalreglan sýnist hljóta að verða sú, að ekki sé gengið nær eignarnámsþola heldur en nauðsynlegt er til þess að hagsmunum eignarnema sé fullnægt.“

Það er alveg óvefengt, að hagsmunum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er fullnægt með leigunámi. Það er engin þörf á því að ganga lengra. Ef á að ganga lengra, þá er þar með verið að ganga á þau almennu sjónarmið, almennu skýringaratriði í sambandi við eignarnám og friðhelgi eignarréttarins sem hæstv. forsrh. lýsir skýrt og skilmerkilega í þessari setningu sem ég hér las. En það er einnig mikilvægt, að góð samvinna sé við íbúa og sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem hverinn er. Sá hreppur og þeir íbúar eiga auðvitað mikilla hags-

muna að gæta líka, og með því að fara eignarnámsleiðina er veruleg hætta á því, að stofnað sé til árekstra og ágreinings sem gæti dregið dilk á eftir sér. Ég ætla að með leigunámsleiðinni sé fullnægt betur en með eignarnámsleiðinni hagsmunum hitaveitunnar, en ég ætla að þá geti einnig tekist sæmilegur friður um málið gagnvart hreppsnefnd og íbúum sveitarfélagsins og eiganda hversins.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 817 felld með 31:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, IG, ÓE, AG, EÁ.

nei: GSig, GH, GilsG, GTh, GSt, HES, HG, JóhS, BL, JÞ, KÓ, LárJ, LJós, MHM, MB, MÁM, SighB, StH, SvJ, GJG, TÁ, VG, ÞS, ÁG, EðS, EH, EG, EBS, FTS, FÞ, SvH.

SV greiddi ekki atkv.

3 þm. (PP, PJ, BGr) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þar sem ég lít svo á, að hér sé um ótvíræða almenningsþörf að ræða, og með tilvísun til þess, að eigendur fái fullt verð fyrir, eins og stjórnarskrá Íslands áskilur, og eignarréttur sé þannig virtur, og enn fremur í trausti þess, að áfram verði haldið tilraunum í fullri alvöru til að ná frjálsum samningum, þótt leigunáms- eða eignarnámsheimild fáist, og sú heimild ekki nýtt fyrr en útilokað reynist að ná frjálsu samkomulagi, þá segi ég nei.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem ég tel, að í þessari deilu gömlu konunnar og kerfisins hafi samningaumleitanir ekki verið fullreyndar, og vegna þess að ég lít á eignarnám sem árás á eignarrétt, sér í lagi þegar leigunám fullnægir, og eignarnám er andstætt lífsskoðunum mínum og sjálfstæðismanna almennt og annarra rétt hugsandi Íslendinga, legg ég mitt létta lóð á vogarskál gömlu konunnar í baráttunni við kerfið og segi því já.

Brtt. 827,1.a felld með 24:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, EÁ, EBS, FrS, GH, GTh, IG, LárJ, ÓE, StH, AG, SvH.

nei: EG, FTS, FÞ, GSig, GilsG, GSt, HES, HG, JóhS, BL, JÞ, KÓ, LJós, MHM, MB, MÁM, SighB, SvJ, GJG, TÁ, VG, ÞS, ÁG, EðS.

SV greiddi ekki atkv.

3 þm. (PP, PJ, BGR) fjarstaddir.

Brtt. 821,1.1 felld með 24:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, EÁ, EBS, FrS, GH, GTh, IG, MÁM, ÓE, StH, AG, SvH.

nei: ÁG, EðS, EG, FTS, FÞ, GSig, GilsG, GSt, HES, HG, JóhS, BL, JÞ, KÓ, LárJ, LJós, MHM, MB, SighB, SvJ, GJG, TÁ, VG, ÞS.

SV greiddi ekki atkv.

3 þm. (PP, PJ, BGr) fjarstaddir.

Brtt. 827,1.b felld með 22:12 atkv.

Brtt. 821,1.2 og 827,1.c komu ekki til atkv.

1. gr. samþ. með 25:4 atkv.

Brtt. 827, 2 kom ekki til atkv.

2. gr. samþ. með 23:1 atkv.

Brtt. 814 og 827, 3 teknar aftur.

— 840 (ný 3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 23:1 atkv.

Brtt. 821,2 og 827,4 komu ekki til atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29:1 atkv.

Rafmagnseftirlit ríkisins, frv. (þskj. 683 (sbr. 503), n. 812). — 2. umr.

Frsm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Það mál, sem hér kemur til umr., frv. til l. um Rafmagnseftirlit ríkisins, stjfrv., er komið frá Ed. þar sem það var samþ. með lítils háttar breytingum, en iðnn. Ed. mun hafa orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. og það höfum við einnig orðið í iðnn. þessarar hv. d. Meginefni frv. er það að setja á fót stofnun er nefnist Rafmagnseftirlit ríkisins og annist þau störf varðandi rafmagnseftirlit sem frá greinir í frv. Það, sem helst hefur verið talið nokkurt álitamál í þessum efnum, er 9. gr., sem lýtur að tekjustofnum Rafmagnseftirlits ríkisins sem hér er ráðgert að setja á fót. Ég vil aðeins kynna hvað þar segir og þær breytingar sem þar hafa orðið. Í upphaflega frv. voru ákvæði á þessa leið:

„Til rekstrar Rafmagnseftirlits ríkisins skal fjár aflað á eftirfarandi hátt:

1. Eigendur raforkuvera og rafveitna skulu árlega greiða til Rafmagnseftirlits ríkisins gjald allt að 1.5% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi. Ef eigandi raforkuvers notar sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar, og hún ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, skal hann greiða gjald af áætlaðri notkun."

Þetta er 1. liður í 9. gr.

Þarna er sem sagt gert ráð fyrir að tekjurnar nemi 1.5% af heildartekjum af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnum þeim liðum sem þarna greinir. En í meðferð Ed. var þessi prósentutala lækkuð í það að vera 1.2%.

Rétt er að geta þess, að frá Sambandi ísl. rafveitna bárust andmæli við því að gjaldið yrði ákveðið eins og í upphaflegu frvgr. segir, 1.5%, og það vildi reyndar halda sig við 1%, en Ed. breytti því í 1.2% og það er einnig svo samkv. okkar till. um að samþykkja frv. óbreytt eins og það kom frá Ed. En hér er einnig rétt að minna á annan tekjustofn sem efasemdir hafa komið fram um frá ákveðnum aðilum, svo sem ég mun greina frá hér rétt á eftir, en það er í em lið 9. gr. Þar segir:

„Þeir, sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld rafföng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð þeirra eða söluverð þeirra frá innlendum framleiðanda. Má gjald þetta nema allt að 3/4% af verðinu."

Það er rétt að upplýsa að aths. hafa komið frá fjmrn. varðandi þessa tekjuöflun í bréfi sem okkur barst, að vísu eftir að iðnn. hafði gengið frá nál. Í þessu erindi fjmrn telur nokkra vankanta á að innheimta gjaldið með þessum hætti, en ráðuneytisstjóri fjmrn., sem undirritaði bréfið og ég átti síðan tal við um málið, féllst þó á að út af fyrir sig gæti hann unað við það og hans rn. að þetta stæði

svona óbreytt í frv., en minnir sem sagt á vissa erfiðleika við innheimtuna.

Fleiri orð hef ég ekki um þetta nál. og hef lokið máli mínu, herra forseti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 637, n. 834 og 835). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á lögum um Háskóla Íslands. Þessar breytingar þykja nauðsynlegar til þess að unnt sé að staðfesta nýja og heildstæða reglugerð sem samin hefur verið af nefnd sem til þess var kjörin.

Menntmn. þessarar hv. d. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed., en minni hl. skilar séráliti og brtt.

Það er helst til nýmæla að telja í þessu frv., að rýmkaður er réttur kennara og nemenda til að óska eftir prófdómara, og gert er ráð fyrir að Háskólinn fái heimild til þess að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala. Þrenn rök mæla með því að þessi heimild verði veitt.

Í fyrsta lagi hafa um skeið verið vandkvæði á því að fá nemendur í lyfjafræði lyfsala vistaða í hinum ýmsu lyfjabúðum, en slík námsvist er óhjákvæmilegur þáttur í menntun lyfjafræðinga. Hefur þurft að standa í samningsþófi um þetta nokkur undanfarin ár. Þennan vanda mundi lyfjabúð í eigu Háskólans leysa.

Í öðru lagi hefur að undanförnu verið rætt um þann möguleika að upp verði tekin við Háskóla Íslands kennsla til kandídatsprófs í lyfjafræði lyfsala, en til kandídatsprófs þarf nú þriggja ára nám erlendis til viðbótar tveggja ára námi hér heima, en kandídatsprófið eitt veitir réttindi til þess að reka lyfjabúð. Forsenda þess, að slíkt nám megi taka upp hér, er að Háskólinn eigi og reki lyfjabúð.

Í þriðja lagi mundi svo gefast kostur til verulegrar framleiðslu á lyfjum og þannig nýtast sérþekking sem þegar er fyrir hendi innan Háskólans.

Meiri hl. telur að hér sé um mikið hagsmunamál fyrir Háskólann að ræða, og það upplýstist á fundi með rektor Háskólans, að reksturinn mundi standa undir kaupunum án þess að þyrfti að skerða framkvæmdafé Háskólans að öðru leyti.

Frsm. minni hl. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Minni hl. menntmn. hefur skilað séráliti þar sem kemur fram að við, sem í minni hl. erum, erum sammála því að samþykkja þetta frv. með þó einni breytingu, þeirri, að 28. gr. verði felld niður úr frv. Í 28. gr. segir efnislega að Háskólanum skuli heimilt að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala. Við teljum að frv. eigi rétt á sér og aðrar þær breytingar, sem gerðar eru á lögunum, gangi í rétta átt og höfum ekkert við þær að athuga, en teljum að sú breyting, sem þarna er um að ræða, geti auðveldlega átt sér stað þó að Háskóli Íslands fari ekki að setja á stofn sérstaka lyfjaverslun og reka hana og eiga. Það er ekki hlutverk Háskólans að standa í slíkum rekstri. Við álítum að þetta nám og þau réttindi, sem það veitir, geti farið fram án þess að um slíka verslun sé að ræða á vegum Háskólans. Þess vegna leggjum við til að þessi grein verði felld niður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj.
2.—27. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 835 felld með 20:14 atkv.
28. gr. samþ. með 22:7 atkv.
29.—34. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 95. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum 94. fundi.

Fjárfestingarfélag Íslands, frv. (þskj. 638). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 853).

Eignarnám hluta jarðarinnar Deildartungu ásamt jarðhitaréttindum, frv. (þskj. 852). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að óska þeim þjóðnýtingarmönnum, sem hafa fengið frv. um Deildartunguhver tekinn eignarnámi samþykkt hér, hjartanlega til hamingju með úrslitin og þó alveg sér í lagi með þann öfluga stuðning sem þeir hafa fengið frá verulegum hluta af Sjálfstfl. Það eru nokkur tíðindi í mínum huga.

Þrátt fyrir það að ég hef reynt að flytja mál eiganda hversins og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar sameiginlega og ekki orðið meira ágengt en raun ber vitni vil ég við þessa umr. láta þá eindregnu von í ljós, að hæstv. iðnrh. beri gæfu til þess að leysa þetta mál með samningum þannig að ekki þurfi til að koma að þeim ákvæðum — óheillaákvæðum — sem hér voru samþykkt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:2 atkv. og afgr. til Ed.

Rafmagnseftirlit ríkisins, frv. (þskj. 683 (sbr. 503)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 854).

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 637). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 858).

Dómvextir, frv. (þskj. 830). — Ein umr.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Áður en ég kem að því eiginlega frv., sem hér er til umr., frv. um dómvexti, langar mig til að gera aths. við dagskrá og spyrja hæstv. forseta um það, hvernig á því standi að ekki er á dagskrá mál sem hér var til umr. á föstudaginn og var um samtryggingarkerfi stjórnmálaflokkanna, Kröflunefnd, mjög skrýtin viðskipti Kröflunefndar, og þar sem bornar voru fram spurningar til hæstv. iðnrh. sem nú er ekki í salnum. Hæstv. forseti má gjarnan svara því strax. (**Forseti:** Ástæðan er sú, að það er komið mjög að þinglokum og það hefur orðið samkomulag, að ég tel, innan þings og í samráði við mig að sjálfsögðu um það, hvaða mál gangi fram á þeim dögum sem eftir eru til þinglokanna. Meðal þeirra mála, sem samkomulag varð um að fresta til síðari tíma, er þetta mál, sem hv. þm. var að nefna, ríkisreikningurinn. Það er ekki brýnt að afgreiða málið nú og ég taldi rétt að það væri ekki rætt frekar á þessu þingi.)

Herra forseti. Ég heyri á öllu að þetta er liður í þinglausnasamsæri fáeinna stjórnmálamanna gegn fólkinu í þessu landi. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að þetta mál sé ekki rætt á þessu þingi. Hér er að vísu um að ræða eitt af þessum hefðbundnu samtryggingar- og spillingarmálum, eins og hér var rætt í ítarlegri ræðu á föstudag, og ég sá að hér voru á mælendaskrá nokkrir ræðumenn sem augljóslega höfðu ýmislegt við þetta mál og kannske ræðu mína að athuga. Mér er óskiljanlegt hvernig á því stendur, að þegar imprað er á einu af þessum táknrænu samtryggingarmálum, þar sem augljóslega hefur verið misfarið með almannafé, þar sem alla vega er fyllsta ástæða til þess að spyrja margra spurninga, þar sem óskað er eftir svörum iðnrh. núv. og jafnvel fyrrv., en þó núv. fyrst og fremst sem nú ber ábyrgð á þessu rn., þá gerir samtryggingarkerfið sér lítið fyrir og vippar málinu út af dagskrá og vill ekki ræða það aftur fyrr en næsta haust! Þetta samsæri er ekki samsæri gegn siðvæðingarþingmönnum fyrst og fremst. Þetta er auðvitað samsæri gegn fólkinu í landinu og sjóðum þess, sem eru almannasjóðir. Þetta er auðvitað óþolandi, að um það sé tekin að því er virðist einhliða ákvörðun af forseta.

Ég tek undir það sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði á kvöldfundi um daginn, að stundum virðist manni sem forseti sé hlutdrægur, svo ekki sé meira sagt. Hann á augljóslega hlut að máli, hafandi setið í Kröflunefnd ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds og Jóni G. Sólnes, og ég tek ekki þegjandi þeim vinnubrögðum, að þegar bornar eru fram spurningar til ráðh. og til fleiri, þá geri samtryggingarkerfið, Kröflukerfið, verðbólgukerfið, sér lítið fyrir og takið málið út af dagskrá. Hér var um það að ræða, að komið hafði í ljós að fyrirtækið gerði samning upp á um það bil 30 millj. kr. við handhafa almannasjóða. Það voru borgaðar 132 millj. úr þessum sömu almannasjóðum. Á því eru engar skýringar, hvernig á þessum mismun standi, og í ljós hefur komið að félög á vegum stjórnmálaflokks voru á sama tíma í viðskiptum við þessa aðila. Þetta mál á auðvitað að afgreiða á þessum vetri, og jafnvel þó að einhverjum aðilum og þátttakendum í samtryggingarkerfinu verði ómótt þegar svona mál eru rædd, þá er það ekki nægileg ástæða til þess að ætla að bíða með málið til hausts, jafnvel þó að einhverjum finnist málið einkennilegt. (Gripið fram í.) Já, ég vil gjarnan að hv. þm. Friðrik Sophusson fái að hluta á ræðu mína fyrir næsta haust. Ég er ekki nægilega viss um að hann verði hér ef kosið verður í haust.

Sem sagt, ég er að gera aths. við dagskrá. Þessi vinnubrögð samtryggingarkerfisins, Kröflukerfisins, verðbólgukerfisins, sem hér á auðvitað fjölmarga fulltrúa, er ekki nokkur leið að meta mikils. Þetta mál þarf að ræða fyrir þinglausnir. Almenningur á heimtingu á að fá um það að vita, fá að vita um svör hæstv. iðnrh., svör þeirra annarra sem telja sig hafa eitthvað um þetta mál að segja. Slík upplýsingamiðlun til handa almenningi í landinu á að vera eitt af skylduverkum Alþingis, en ekki hitt: að taka óþægilegu málin og fresta þeim til hausts, jafnvel þó að einhver stjórnmálaflokkur eða einstaklingar telji sig hafa hag af slíkum vinnubrögðum. Ég sem þm. sem vakti athygli á þessu máli og bar fram spurningar um þetta mál get auðvitað ekki sætt mig við þessi vinnubrögð samtryggingarkerfisins. Ég vona að svo sé um fleiri hv. þm. — Þetta var um dagskrána.

Hér er til umr. frv. til l. um dómvexti. Það frv., sem er mikið framfaramál, var upphaflega flutt af hv. þm. Ellert B. Schram. Síðan fór það til allshn. Nd. og þar var gerð töluverð efnisleg breyting á frv. í fyllsta samráði við flm. Munurinn fólst aðallega í því, að í upphaflega frv. hv. þm. Ellerts B. Schram var gert ráð fyrir að dómkröfur væru verðtryggðar með hæstu innlánsvöxtum, sem auðvitað er mikil framför, en gengur þó hvergi nærri í hina fyllstu átt til verðtryggingar á dómkröfum. Þessi breyting var gerð af öllum nm. úr öllum fjórum stjórnmálaflokkum í allshn. Nd. Hér var um mjög verulega efnisbreytingu á máli að ræða, en þó vitaskuld haldið þeirri grundvallar-

hugsun sem fram hafði komið í frv. hv. þm. Ellerts B. Schram, enda var allt þetta unnið í miklu samráði. Nú gerist það, þegar málið er komið gegnum tvær umr. í Ed., að á milli 2. og 3. umr. fóru einhverjir misvitrir lögspekingar úti í bæ að hræra í nm. og töldu m. a. af eindæma hroka að frv. væri svo vitlaust, eins og það væri komið í gegnum fimm umr. á hv. Alþ., að eftir því væri ekki hægt að dæma. Nokkrir þm. beygðu sig fyrir þessum skilningi og frv. var breytt í hið upphaflega form. Hér var að minni hyggju gerð efnisbreyting á málinu, sem er mjög miður, vegna þess að það er ekki stigið nema eitt skref og langt frá því að það sé stigið til fulls. Hér er m. ö. o. um það að ræða að breyta því aftur í þá átt, að það eru aðeins hæstu innlánsvextir sem eiga að vera til verðtryggingar á dómkröfum. Nú vitum við það auðvitað, og ekki ætti að þurfa að segja það við þessa hv. stofnun, að vaxtastefna í landinu hefur verið með ýmsu móti á undanförnum árum, svo að ekki sé meira sagt. Það er mikið deilumál hvort vera skuli raunvextir eða lágvextir, og lögum samkv. er það háð ákvörðunum Seðlabanka Íslands. M. ö. o. breytingin gengur í þá átt, að það er verið að fela Seðlabanka Íslands að ákveða hversu dómkröfur skuli vera tryggðar. Það er hengt aftan í almenna vaxtastefnu í landinu. Þessi breyting hygg ég að sé til mikils skaða, því að tilgangur allra, bæði flm., allra nm. og ég er viss um nær allra þeirra sem greitt hafa þessu atkv., var sú einfalda meginhugsun, sem á sér siðferðilegar forsendur, að dómkröfur skuli verðtryggja að fullu.

Ég veit að það er oft þannig, aðallega þegar svona mikið er um að vera hér í þinginu, að menn greiða atkv. eins og mönnum sýnist í fljótu bragði vera skynsamlegt, átta sig ekki alltaf til fullnustu, treysta hver á annan. Það er ekki hægt að fara öðruvísi að, og auðvitað getur maður skilið mætavel að það er ekkert rangt við þetta. En þetta þýðir það, að mistök verða í afgreiðslu mála, og ég er sannfærður um að þegar rennur upp fyrir mönnum hvernig hér hefur verið breytt til, þá sjá menn að þetta eru mistök sem menn ætluðust ekki til að ættu sér stað. Hitt er svo annað mál, að það, að hv. alþm. skuli beygja sig fyrir lögfræðingum úti í bæ, sumum hverjum landskunnum kverúlöntum sem koma og halda því fram að þeir muni ekki dæma eftir lagagreininni ef hún er eins og hún er komin í gegnum fimm umr. á Alþ., slíkt eiga menn náttúrlega ekki að þola. Og menn jafnvel sem af „prinsíp"—ástæðum segja að þeir séu sjálfir fullfærir til þess að setja lög um efnahagsmál, og ég nefni til mann sem situr nú á þingi, hv. þm., sem raunar er varamaður, þeir láti ekki Guðmund J. Guðmundsson segja sér fyrir verkum, þeir eiga vitaskuld að hugsa eins þegar um lögfræðinga og jafnvel landskunna kverúlanta er að ræða, láta þá ekki segja sér fyrir verkum og vera þar með sjálfum sér samkvæmir.

Kjarni málsins er sá, að hér hafa farið fram og átt sér stað dapurleg mistök, því að við vorum komnir langt með þetta mál. Ég er sannfærður um að það vakti fyrir flm., hv. þm. Ellert B. Schram, og fyrir a. m. k. allri allshn. Nd., sem vann þetta mál mjög ítarlega, að verðtryggja þetta að fullu. Svona slys eiga helst ekki að eiga sér stað í síðustu umr. um þetta mál. Það er dapurlegt. Og þau okkar, sem verða hér aftur næsta haust, ættu að sjá til þess að laga þetta mál í miklum flýti á nýjan leik og láta ekki menn úti í bæ segja sér fyrir verkum, menn sem eru, eins og augljóslega er í þessu tilfelli, verr til þess fallnir heldur en alþm. sem voru búnir að hleypa málinu þó þetta langt. Allt um það, það að fara að gera enn breytingar á frv. mundi jafngilda því að drepa málið. Ég kýs að tala mannamál. Það er ekki viturlegt þegar svo kann að vera að skammt sé eftir af þingstörfum, og vegna þess að svo er, þótt ég sé þeirrar skoðunar að þetta mál gangi ekki nærri nógu langt og hér hafi átt sér stað mikið slys í meðferð þess, þá verður víst gott að heita að sinni. Það verður ekki hjá því komist, og ég mun því fyrir mitt leyti ekki standa í vegi fyrir þessu máli, heldur greiða því atkv. En þetta fannst mér að yrði að koma hér fram.

Ég hóf mál mitt á því að gera aths. við dagskrá. Ég vona og veit, að jafnvel þó að allt samtryggingarkerfið eigi í hlut og vilji víkja sér undan því að svara spurningum, þá tekur hæstv. forseti ekki þátt í slíkum skollaleik. Hann lætur auðvitað dagskrá ganga hér fram svo sem honum ber. Það gera heiðarlegir menn í slíkum störfum. Og jafnvel þótt um það kunni að vera sérstakar óskir frá einhverjum mönnum í t. d. sérstökum stjórnmálaflokkum, að tiltekin mál séu hvíld svo að um þau verði ekki spurt og engu um þau svarað, þá hef ég fulla ástæðu til að ætla að hæstv. forseti taki ekki þátt í slíkum leikjum.

Ég hef fulla ástæðu til að ætla að forseti vilji láta umr. um ríkisreikning fara fram fyrir þinglausnir, hvenær sem þær eiga sér stað, því að annað væri ekki sæmandi. Og það sem meira er: almenningur í þessu landi á hinn fyllsta rétt á að fá svör við spurningum eins og þeim sem þjóðkjörinn þm. bar fram hér. Og almenningur á fyllsta rétt á því, að hæstv. ráðh. iðnaðarmála, sem ég undirstrika að sjálfur ber enga ábyrgð á þessu máli, heldur hafa örlögin hagað því svo að hann hefur nú yfirstjórn í þessu rn., — almenningur á einnig rétt á því að fá að heyra svör frá þessum hæstv. ráðh. Og það væri í fremsta og fyllsta máta ósvífni að ætla sér að beita slíkum aðferðum til þess að ríkisreikningurinn komi ekki til umr. á þessu þingi, freista þess að málið verði þæft og þæft og síðan svæft, sem er gamla aðferðin. Það er eitt af skylduverkum mínum hér, meðal annarra, og ætti að vera skylduverk okkar allra, að koma í veg fyrir að svona sé unnið og sjá til þess að sannleikur í hverju máli komi fram.

Forseti (Ingvar Gíslason): Áður en ég gef næsta ræðumanni orðið langar mig til þess út af orðum hv. 7. þm. Reykv. að segja þetta: Sannleikurinn er sá, að mér var hin mesta raun sem forseta að geta ekki tekið ríkisreikninginn til afgreiðslu eins og fjöldamörg önnur mál sem hér lágu fyrir. En ýmsar orsakir og atvik hafa orðið til þess, að mál hafa dregist hér mjög á langinn, og ef hv. þm. væri þingvanari en hann er, þá vissi hann að forseti á í nokkrum erfiðleikum, einkum í þinglok, að velja úr og hann verður að velja úr þau mál sem hann telur að ræða þurfi til botns og koma hér í gegn.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að mér þótti mjög illt að ekki skyldi vera hægt að afgreiða ríkisreikninginn að þessu sinni, og það má vel vera, að ríkisreikningurinn verði á dagskrá þess stutta fundar sem verður á morgun hér í hv. d. En ég vona að þessu sinni að menn haldi sig við efnið og ræði þau mál sem eru á dagskrá. Við erum að ræða núna 5. mál á dagskrá, sem eru dómvextir, og kemur það hér til einnar umr. vegna breytingar í hv. Ed. Það er eindregin ósk mín til hv. ræðumanna, að þeir haldi sig við það að ræða það mál.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla því mjög harðlega, að annars vegar sé umr. um ríkisreikninginn slegið á frest til hausts, eins og hæstv. forseti minntist á að til stæði, en hins vegar sé hv. 7. þm. Reykv. heimilað hér úr ræðustól undir allt öðrum dagskrárlið að endurtaka allnokkuð af þeim rakalausu dylgjum og þvættingi sem hann fór með í ræðu sinni við umr. um ríkisreikninginn á föstudaginn var.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason lætur hér liggja að því, að það sé eftir einhverri ósk frá Alþb. að umr. um ríkisreikning hefur verið frestað. Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að ég var hér næstur á mælendaskrá þegar þetta mál var tekið út af dagskrá á föstudaginn var, og ég hafði hugsað mér að svara þessum hv. þm. í nokkrum orðum. Ég ætla ekki að flytja þá ræðu hér undir öðrum dagskrárlið, en ég vil að það liggi ljóst fyrir, að það stendur ekki á svörum við þeim grófu dylgjum og fölsunum sem hv. þm. fór með á föstudaginn var varðandi viðskipti fyrirtækisins Rafafls við Kröflunefnd. Og ég vil aðeins segja það um þetta mál, til þess að ég fái hér álíka margar mínútur og hv. þm. Vilmundur Gylfason, að það, sem sagt er í ríkisreikningnum um þau viðskipti sem þarna fóru fram, er með þeim hætti að af því, sem þar stendur, er enga þá ályktun hægt að draga sem hv. þm. leyfði sér hér úr ræðustól á föstudaginn var. Það, sem í þessari bók stendur, Ríkisreikningnum fyrir árið 1977, er einfaldlega það, að endurskoðendur ríkisreiknings fara fram á ákveðnar skýringar, hvers vegna ákveðnir liðir í samskiptum fyrirtækisins Rafafls við Kröflunefnd séu hærri en svaraði til upphaflegs samnings. Það eru gefnar af hálfu rn. fullnægjandi skýringar í þessum efnum hér í ríkisreikningnum á bls. 418, og það kemur fram í þessari sömu bók á bls. 426 að endurskoðendur ríkisreikninga taka þessar skýringar gildar og telja engra frekari athugana þörf.

Af þessum einföldu ástæðum eru það allt hreinar dylgjur og falsanir, sem hv. þm. leyfir sér að fara með í þessum efnum, og hann heldur þar svipuðum hætti á hinu háa Alþingi og hann hefur leyft sér í ýmsum tilvikum í síðdegisblöðum borgarinnar fyrr og síðar. En rétt er á það að benda, að það er ekki eingöngu fyrirtækið Rafafl sem hefur fengið borgaðar fleiri krónur á þessum tíma fyrir sín verk en upphaflega var samið um, heldur má benda á að prósentvís hækka greiðslur t. d. til Slippstöðvarinnar á Akureyri meira fyrir aukaverk heldur en til fyrirtækisins Rafafls.

Það veit auðvitað hvert barn, þó að hv. þm. Vilmundur Gylfason þekki það e. t. v. ekki, að ef kaup hækkar um 40% á framkvæmdatíma ákveðins verks, þá hljóta greiðslur fyrir verkið að hækka, og ef unnið er meira en þrefalt viðtækara verk heldur en um var samið í upphafi samkvæmt útboðum, þá kostar slíkt auðvitað fleiri krónur en upphaflegur samningur um einn þriðjung verksins hljóðaði upp á. Má vera, að hv. þm. sé svo einfaldur að hann skilji ekki jafnaugljósar staðreyndir. Ég á þó erfitt með að trúa því. Ég held frekar að um hitt sé að ræða, að hann leyfi sér að fara vísvitandi með álygar og falsanir, vegna þess að hann haldi að hann geti platað einhverja aðra með því. En ég er hræddur um að slíkur málflutningur muni fyrr eða síðar koma þessum hv. þm. í koll, enda þótt hann hafi kannske flotið á honum stund og stund.

Hv. þm. hefur dylgjað um það, að formaður Kröflunefndar, hv. þm. Jón Sólnes, sem á sæti í Ed., hafi með þessum viðskiptum verið að ráðstafa fjármagni til Alþb. eða Þjóðviljans. Ég vil leyfa mér að vísa þessum ásökunum á bug og gæti haft um slík ummæli hin hörðustu orð, en þess gerist ekki þörf vegna þess að þau dæma sig sjálf. En ef tækifæri gefst til, hvort sem það verður nú fyrir þinglausnir í vor, sem ég vona, eða á haustþingi, þá hef ég hugsað mér að svara ræðu hv. 7. þm. Reykv. sem hann flutti hér á föstudaginn var.

Þetta er aðeins smáinnlegg til þess að þessi hv. þm. verði ekki enn sjálfumglaðari en hann hefur virst vera hér í ræðustólnum. — Ég ætla síðan að lokum að taka það fram um það frv. sem hér er til umr., að ég er stuðningsmaður þess, get stutt það eins og það kom frá Ed.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að spyrja hvort mér leyfist að tala um það mál sem hér er á dagskrá.

Það frv., sem hér er á dagskrá, var flutt af mér í upphafi þings og kveður á um að við dómsuppsögu geti dómari ákveðið svokallaða dómvexti sem miðist við, eins og sagði í upphaflega frv., jafnháa innlánsvexti og leyfilegir eru hverju sinni. Þetta frv. var flutt í þeim tilgangi að tryggja það að kröfur, sem væru til meðferðar hjá dómstólum landsins, héldu nokkuð verðgildi sínu enda þótt dráttur yrði á afgreiðslu eða dómsuppkvaðningu. Öllum er kunnugt um að það ástand hefur orðið nokkuð áberandi í þjóðfélaginu, að menn dragi viljandi eða neiti að greiða óumdeildar kröfur og láti þær ganga til meðferðar dómstóla í þeirri von að verðgildi þeirra krafna rýrni svo mjög á þeim tíma sem málið er til meðferðar að þeir, þ. e. skuldararnir, hagnist raunverulega á þessum drætti. Þetta ástand hefur auðvitað mjög dregið úr réttaröryggginu og dregið úr því trausti sem á dómstólum á vitaskuld að vera á hverjum tíma í réttarríki. Ég held því að þetta mál hafi átt fullan rétt á sér, og ég vil við þetta tækifæri þakka hv. allshn. og formanni n. fyrir þann áhuga og þann stuðning sem n. hefur sýnt — og hann ekki síst — á því að þetta mál næði fram að ganga.

Hv. allshn. gerði á þessu frv. mínu breytingu sem er á þá leið, að í staðinn fyrir að heimila að dómvextir yrðu dæmdir eins og tilgreint er í frv., þá skyldi í stað þess miða við hækkun á byggingarvísitölu. Ég fyrir mitt leyti samþykkt þessa breytingu þegar nm. báru hana undir mig, enda var tilgangurinn sá hinn sami. Þarna gerði n. tilraun til þess að ganga enn lengra en í upphaflega frv. fólst og hafði ég ekkert nema gott um það að segja. Hins vegar, þegar þessi brtt. n. hafði verið borin fram og samþ., komu fram mótmæli frá mörgum reyndum dómurum hér í borg svo og lögmönnum, en það eru auðvitað þeir aðilar sem best þekkja til á þessum vettvangi, og mótmæli þeirra fólu það í sér, að ákvæðið, eins og það hljóðaði, mundi verða nánast óframkvæmanlegt. Ég ætla ekki að fara að tíunda þau rök sem sett voru fram í því sambandi, en þegar ljóst var að málið ætti erfitt uppdráttar í Ed. af þessum sökum og hik var á allshn. Ed. og deildinni sem slíkri að ganga frá málinu í þessum búningi, þá varð að ráði að athuga þetta mál frekar. Till. var síðan lögð fram af hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni í samráði við mig og aðra lögfróða menn og samþ. í Ed., og nú er frv. komið aftur til okkar hér í Nd. Sú till. er efnislega nokkurn veginn í sama dúr og upphaflega frv. var, þ. e. að í staðinn fyrir að miða við hækkun byggingarvísitölu er kveðið á um að dómarar skuli dæma dómvexti sem eiga að vera

jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkv. lögum á hverjum tíma. Þarna er sem sagt gerð mjög raunhæf tilraun til þess að dæma háa vexti og reyna þannig að nálgast það markmið að kröfur haldi nokkurn veginn verðgildi sínu frá því að stefnt er og til greiðsludags. Eftir atvikum hef ég ekkert við þessa brtt. að athuga.

Ég tek undir það sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði, að ef verið er að krukka í þetta mál frekar núna, þá er hætta á að það dagi uppi. Ég held að það sé mikilvægt að þessi breyting verði gerð eins og hún liggur núna fyrir. Það mundi strax vera spor í rétta átt. Ég vona að deildin sé sömu skoðunar og að þetta mál falli ekki í gryfju þinglausnasamsærisins sem hv. þm. talaði um.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil geta þess, að ætlun mín var sú að setja hér fund aftur til þess að geta lokið málum, og þá hafði ég hugsað mér og hef gert það í samráði við samstarfsmann minn ágætan í þinginu, hv. 7. þm. Reykv., og fjmrh. að taka fyrir ríkisreikninginn 1977 og halda málinu áfram þar sem frá var horfið um þetta leyti á föstudaginn.

Ég get getið þess, að þar voru tveir menn á mælendaskrá þegar málinu var frestað. Það voru hv. 3. þm. Vestf. og hv. 5. landsk. þm.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Út af því máli sem hér er til umr. um dómvexti, þá tek ég undir orð hv. þm. Vilmundar Gylfasonar um það, að það er bagalegt hvernig þessu máli hefur verið snúið og breytt í Ed., þar sem viðmiðun um vaxtakjör er breytt frá rauntryggingu til lægri vaxtaviðmiðunar. En að gefnu tilefni og varðandi þær umr. sem hér fóru fram um athugasemdir er hæstv. forseti lét falla úr forsetastól um að nú væru þinglausnir í nánd og að nauðsynlegt væri að velja og hafna málum á dagskrá vegna þess, að þætti honum sárt að þurfa að skilja eitt eða annað mál eftir, þá tel ég að nauðsynlegt sé að hafa um þetta frekari orð.

Það kann e. t. v. að vera rétt, að ekki séum við Vilmundur Gylfason þingvanir. En hitt held ég að sé einnig rétt, að við þekkjum til þess hvað eru eðlileg vinnubrögð og hvað eru óeðlileg vinnubrögð. Það er dálítið skrýtið, að sú venja skuli hafa skapast hér í þinginu, að með löngum fyrirvara er einhver einn dagur krossaður út í almanaki og þar sagt: Þingi skal lokið á þessum degi — burt séð frá því, hvernig störfum miðar í þinginu, og burt séð frá því, hvernig málum hefur þokað. Síðan er það sett í vald forseta þingsins að velja þau mál, sem fram eiga að koma og hafna öðrum. Þetta tel ég óeðlileg vinnubrögð. Ég teldi fremur eðlileg vinnubrögð að fastsetja ekki þann dag sem þingið hættir störfum, heldur taka mið af því, hvernig störfum þingsins miðar, hvernig málum miðar í gegnum þingið, og taka mið af því þegar þingið hættir. Raunverulega á þingið að hætta af sjálfu sér þegar málin eru uppurin af dagskrá. Þarna væri einnig hægt að koma í veg fyrir þann flýti sem einkennir þingstörf mjög þessa dagana og eins og kom fram áðan, að menn vissu stundum hvorki upp né niður um það sem verið væri að samþykkja eða væri verið að fella. Þetta tel ég um of einkenna störf þingsins og tel það óeðlileg vinnubrögð og tel að aðrir gætu verið mér sammála um það.

Að lokum vil ég láta í ljós þá skoðun mína, að ekkert virðist enn þá hafa breyst í Kröflusamtryggingarmálum Alþb. og Sjálfstfl., og það er dálítið hjákátlegt eða kaldhæðnislegt að hugsa til þess, að þegar hv. fyrrv. þm. Ragnar Arnalds er hættur að hafa tækifæri til þess að verja félaga sinn og skoðanabróður, hv. þm. Sólnes, héðan úr ræðustól, þá skortir ekki varnaraðilana. Þá stígur í pontu hv. þm. Kjartan Ólafsson og tekur að sér það hlutverk að fylla það sæti sem skilið var eftir autt. Ég óska Kjartani Ólafssyni til hamingju með að taka að sér það hlutverk að vera postuli samtryggingarkerfisins, Kröflusamtryggingarkerfisins milli Alþb. og Sjálfstfl., og tel að hann geti verið ánægður með það hlutskipti — eða hitt þó heldur.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka fyrir þá skjótu ákvörðun og þann viðbragðsflýti sem sýndur var við að breyta dagskrá og setja ríkisreikninginn á dagskrá. Ég ætlaði að segja örfá orð við hv. þm. Kjartan Ólafsson, en mun auðvitað fresta því þangað til síðar í nótt þegar við sitjum hér væntanlega tveir og ræðum þetta mál.

Ég vil einnig sérstaklega þakka forseta fyrir það, að nú eru auðvitað fjölmargir þm. farnir heim og má búast við að hér verði fámennur fundur og áhugi minni að tala um málið. Ég veit að forseti kann að hafa af þessu áhyggjur, að fáir eru viðstaddir. Ég vil einasta gleðja forseta með því, að ég mun sitja hér þó að ég þurfi að sitja lengi og hlýða á umr. um þetta og taka þátt í þeim. Það er ýmislegt annað, sem við ríkisreikninginn er að athuga, og hafi forseti áhyggjur af að þurfa að taka þessa ákvörðun seint að kvöldi þegar fáir þm. eru viðstaddir, þá held ég að það séu ástæðulausar áhyggjur, því að hér munu einhverjir a. m. k. sitja og ræða þetta mál. Það er auðvitað mjög eðlilegt að hv. þm. Kjartan Ólafsson vilji gefa skýringar á þessu — kannske í ítarlegu máli. Hann gat um það, að hann hefði ætlað að gefa þessar skýringar í haust, en nú hefur hann og aðrir fengið til þess tækifæri að gefa þessar skýringar hér og nú. Hæstv. iðnrh., en fyrir hann voru lagðar spurningar, situr hér í salnum, sé ég, svo að hann mun taka þátt í þessum umr. með okkur, og ég hygg að þessi málsmeðferð hæstv. forseta verði landi og lýð til heilla.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 859).

Leiðrétting söluskatts af leiksýningum áhugafélaga, þáltill. (þskj. 678, n. 846). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Menntmn. mælir með samþykkt þessarar till. og tekur jafnframt undir skoðun menntmn. Ed. um að lagfæring þessi nái einnig til leiksýninga annarra áhugafélaga, svo sem ungmennafélaga, íþróttafélaga, kvenfélaga o. s. frv., eins og stendur á þskj. 678.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 861).

Almannavarnir, frv. (þskj. 385, n. 845). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Í nál. á þskj. 845 frá allshn. er fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 frá 29. des. 1962, um almannavarnir, sbr. lög nr. 30/1967, um breyt. á þeim lögum. N. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþ. Undir þetta rita Vilmundur Gylfason, Einar Ágústsson, Gils Guðmundsson, Árni Gunnarsson, Svava Jakobsdóttir, Friðrik Sophusson og Matthías Á. Mathiesen, allt hv. þm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 96. fundur.

Mánudaginn 21. maí, að loknum 95. fundi.

Almannavarnir, frv. (þskj. 385). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 860).

Ríkisreikningurinn 1977, frv. (þskj. 644, n. 781). — 2. umr.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég fagna því mjög að fá tækifæri til þess nú um miðnættið í kvöld að koma á framfæri þeim aths. sem ég að gefnu tilefni hafði hugsað mér að flytja við þessa umr. Ég ætla ekki að fjalla almennt um efni þessarar stóru bókar sem ég hef hér í höndum, en hef hins vegar hugsað mér að svara með nokkrum orðum þeirri furðulegu ræðu sem flutt var á föstudaginn var af hv. 7. þm. Reykv., Vilmundi Gylfasyni.

Meginefnið í ræðu hans voru dylgjur um viðskipti framleiðslusamvinnufélagsins Rafafls við Kröflunefnd og ýmsar ákaflega furðulegar ályktanir sem hann leyfði sér að draga í þeim efnum af því sem í ríkisreikningnum segir. Ég vil leyfa mér að undirstrika í fyrsta lagi, að endurskoðendur ríkisreikninga segja hér á bls. 426 um þetta ákveðna mál, sem hv. 7. þm. Reykv. vakti máls á, að „eins og mál þetta er vaxið, verður við svo búið að standa". Það er niðurstaða þeirra. Hérna er hins vegar á sömu síðu og næstu bls. hvert málið á fætur öðru þar sem endurskoðendur komast að annarri niðurstöðu og segja að viðkomandi mál séu áfram til athugunar vegna þess að þeir eru ekki búnir að fá þær skýringar sem þeir telja þörf á. En í þessu ákveðna máli, sem hv. 7. þm. Reykv. gerir að umtalsefni, taka þeir skýringar rn. gildar.

Meginefnið í ummælum hv. 7. þm. Reykv. um viðskipti Rafafls við Kröflunefnd byggðist á því, að samningsupphæðin í upphafi hefði verið um 30 millj. kr., eða eins og hér kemur fram í ríkisreikningnum á bls. 426, 30 millj. 382 þús., en lokagreiðslur hefðu numið, eins og hér segir, 123 millj. 748 þús. kr. Það er kannske auðvelt, ef menn telja sig ekki þurfa að líta á annað en þær tölur sem liggja á yfirborðinu, að gera þær upphæðir, sem þarna er um að ræða, tortryggilegar. En hver er skýringin á þessum mismun? Hún er svo einföld og svo augljós að hvert barn á að geta skilið hana, eins og ég benti á áðan, og þ. á m. hv. þm. Vilmundur Gylfason. Það verk, sem þarna var unnið af Rafafli svf. fyrir Kröfluvirkjun, var um það bil þrefalt viðameira áður en lauk heldur en miðað hafði verið við í hinu upphaflega útboði.

Ég er ekki að bera hér neitt blak af Kröflunefnd. Hún hefur næga menn til að verja sig hér. En ég ætla að svara vegna þeirra manna sem fjarstaddir eru og eru félagsmenn í þessu ákveðna framleiðslusamvinnufélagi, Rafafli, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur séð ástæðu til að leggja í einelti og veitast að hér úr ræðustól á Alþingi. Ef það verk, sem unnið er, er þrefalt meira en það sem upphaflega var samið um og átti að kosta 30 millj., er þá ekki eðlilegt að þrefalt meira verk kosti um það bil 90 millj.? Það ætti að vera sæmilega ljóst. Og ef laun hækka á tímabilinu, sem um er að ræða, um 40%, þá er ekki óeðlilegt að þessar greiðslur verði allmiklu hærri af þeim ástæðum, og þess vegna — af þessum tveimur ástæðum: annars vegar vegna launahækkana, hins vegar vegna þess að verkið var miklu, miklu meira en það sem samið var um í upphaflega útboðinu, þá fara þessar greiðslur upp í rúmlega 120 millj. Og ég leyfi mér að minna á það sem stendur í svari rn. á bls. 418, aðeins örfáar setningar úr því svari, sem er skýrt og ljóst, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m. a.:

„Byggingarvísitala hækkaði úr u. þ. b. 101 í 176 á samningstímanum. Aukning launakjara var talsvert hærri og staðbundin þróun þeirra yfir tímabilið nokkuð á annan veg."

Síðar í þessu sama svari segir:

„Flestir verkþættir framkvæmdanna við Kröfluvirkjun voru boðnir út að lokinni frumhönnun og hluta fullnaðarhönnunar. Var þessi háttur á hafður til þess að verktaki fengi nauðsynlegan undirbúningstíma til verksins án þess að verktafir hlytust af.

Hlutfall aukaverka er því mælikvarði á:

a) breytingar þær sem verða frá hönnunarstigi verkþáttarins við útboð uns fullnaðarhönnun hans er lokið,

b) breytingar þær sem gera þarf við framkvæmd verkþáttarins."

Og ég held áfram og legg áherslu á og bið menn að taka hér sérstaklega eftir:

„Hið háa hlutfall aukaverka í verkþáttum við raf- og pípulagnir á því orsakir sínar í þeim hlutfallslega miklu breytingum sem urðu við fullnaðarhönnun og framkvæmd þessara verkþátta.

Eftirfarandi tölulegur samanburður á greiðslum til þriggja verktaka sýnir greinilega að verðbætur til Rafafls svf. voru í fullu samræmi við verðbætur til þeirra verktaka er unnu verk svipaðs eðlis. — Menn hafa þessar tölur fyrir framan sig, og hver hefur leyft sér að mótmæla þessu — eða hefur hv. þm. Vilmundur Gylfason einhver rök fram að færa til að vefengja það sem hér stendur? Síðan er sett hér upp tafla með samanburði, þar sem borið er saman það verk sem Rafafl var verktaki að og hins vegar Slippstöðin hf. og loks fyrirtækin Hamar, Stálsmiðjan og Héðinn sameiginlega. Það kemur fram m. a. í þeim samanburði, að greiðslurnar til Slippstöðvarinnar fyrir aukaverk eru hlutfallslega hærri en greiðslur til Rafafls, eins og þegar tölur á bls. 419 bera með sér.

Í sjálfu sér ætti ekki að vera ýkjamikil þörf á því að ræða um þessi ásökunarefni í löngu máli, svo fráleit sem þau eru og svo einfaldar og augljósar skýringar sem eru á því, að lokagreiðsla fyrir það verk, sem þarna var unnið, er þetta miklu hærri en upphaflegur samningur um hluta verksins hljóðaði upp á. Ég get hins vegar tekið undir það, að auðvitað hefði verið æskilegt að fullnaðarhönnun á þessu stóra verki, Krögfluvirkjun, hefði legið fyrir þegar útboð fór fram upphaflega. En staðreyndin er sú, að á þeim tíma var af hálfu iðnrn. og iðnrh. páv., Gunnars Thoroddsen, lagt mikið kapp á að flýta þessari virkjun. Það var mjög umdeilanleg ákvörðum að mínu viti. En þessi ákvörðun um að flýta Krögfluvirkjun, sem tekin var af iðnrn. á sínum tíma, varð til þess að þeir, sem með framkvæmd verksins höfðu að gera, buðu út einstaka þætti án þess að verkið væri fullhannað.

Rétt er að minna á það, í hverra erindum hv. þm. Vilmundur Gylfason er þegar hann hefur uppi þær árásir á þetta ákveðna samvinnufélag sem hann hefur staðið fyrir áður í síðdegisblöðunum og nú hér á Alþ. Sannleikurinn er nefnilega sá, að hér í landinu er mikill fjöldi verktakafyrirtækja í ýmsum greinum sem ástæða er til að ætla að nái að mata krókinn allmyndarlega við margvíslegar verklegar framkvæmdir. Framleiðslusamvinnufélagið Rafafl er stofnað af iðnsveinum í þessari grein til þess ekki hvað síst að hindra að óhæfilegur gróði renni í vasa einstakra verktaka úr hópi iðnmeistara. Það væri hægt að rekja fjöldamörg dæmi um það, að þetta ákveðna framleiðslusamvinnufélag, sem hv. þm. hefur hér gert að umtalsefni, hefur ekki aðeins borgað því fólki, sem hjá því vinnur, betri laun en almennt hefur gerst hjá einstökum iðnmeisturum í þessari grein, og ekki aðeins framfylgt með miklum sóma þeirri jafnlaunastefnu sem talsmenn Alþfl. hafa einstöku sinnum þóst vilja gera að sinni, þótt þeir virðist að vísu vera fallnir frá því nú um stundir, heldur hefur hér líka komið til að þetta ákveðna framleiðslusamvinnufélag, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason telur dæmi um spillinguna í þjóðfélaginu, um samtryggingarkerfi hinna ýmsu pólitísku flokka annarra en Alþfl., að því er skilja má, hefur við hvert verkið á eftir öðru tekið að sér eftir útboð að framkvæma stór verk og smá með mun lægri kostnaði en hinir einstöku iðnmeistarar í þessari grein hafa talið sig geta gert á sama tíma, og þetta framleiðslusamvinnufélag hefur samt greitt þeim, sem hjá því vinna, hærri laun en almennt tíðkast hjá meisturum í rafiðnaði. Það eru ekki þessir hlutir, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sér ástæðu til að orða í fjölmiðlum eða hér á Alþ. Ég vil benda honum á eitt dæmi af mörgum í þessum efnum.

Á síðasta ári var boðin út hér í Reykjavík bygging 218 íbúða í verkamannabústöðum, og það er verið að flytja í fyrstu íbúðirnar í þessum byggingaráfanga nú síðar á þessu ári. Kostnaðaráætlun fyrir raflagnir í þessar 218 verkamannaíbúðir hljóðaði upp á 80 millj., og var þá miðað við þá verðlagninu sem tíðkast hafði af hálfu iðnmeistara í þessari grein. En framleiðslusamvinnufélagið Rafafl bauð í þetta verk 40 millj. kr., eða helmingi lægri tölu, sem þýðir á hverja íbúð í sparnað fyrir hvern íbúðarkaupanda af því láglaunafólki, sem þarna er um að ræða, um eða yfir 200 þús. kr. Gætu það orðið alldrjúgar upphæðir ef í öðrum iðngreinum kæmi fram álíka breyting til batnaðar og þarna hefur orðið. En það eru andstæðingar þessa framleiðslusamvinnufélags, — sem er að vinna að því að lækka byggingarkostnaðinn, lækka húsnæðiskostnaðinn hjá lágtekjufólki í landinu, tryggja að það, sem greitt er fyrir verk, renni til þeirra sem vinna þau, en ekki til einstakra meistara sem lítið koma nærri verkinu sjálfir, en láta aðra vinna, — það eru andstæðingar þessa félags sem vafalaust hafa verið upphafsmenn að því að tefla fram þessum hv. þm., Vilmundi Gylfasyni, fyrst í síðdegisblöðunum, síðan hér á Alþ., með lygaáróður um þetta framleiðslusamvinnufélag. Hann er á þeirra vegum.

Ég mun nú brátt ljúka mínu máli. En ég vil aðeins segja það að lokum, að mér þykir leitt að hv. þm. Vilmundur Gylfason skuli viðhafa annan eins subbuskap í málflutningi sínum og var um að ræða í ræðu hans á föstudaginn var. Það var enginn fótur fyrir því sem hann var að halda fram. Hann hafði enga stoð til að byggja sinn málflutning á. Það, sem stendur í ríkisreikningnum, mælir allt gegn málflutningi hans. En hann reyndi að fleyta sér á stórum orðum sem ekkert var á bak við. (**VG:** Ég notaði aldrei orðið subbuskapur.) Ætli ég hafi ekki lært það orð af þér? Ég hafði ekki tamið mér að tala um pólitískan subbuskap fyrr en ég fór að hlusta á þínar ræður, hv. þm. Vilmundur Gylfason, og ég hygg að þetta sé orð sem út af fyrir sig sé ekki neitt til að skammast sín fyrir fyrir einn eða neinn að nota þegar við á. En ég gæti trúað að með tilkomu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar á hinn pólitíska vettvang utan þessa gamla húss og innan hafi þetta orð heyrst oftar en áður. En látum það vera.

En það, sem ég á við með pólitískum subbuskap, er það, þegar einstakir málflytjendur, hvort sem er úr röðum hv. þm. eða annars staðar, láta sig hafa það að draga stórar og viðamikla ályktanir, hafa uppi hinar stærstu fullyrðingar án þess að hafa neitt til að byggja á, án þess að hafa neitt í höndunum, virðast ekki hafa neinar áhyggjur af því, hvort ásakanirnar, sem verið er að bera fram, séu á rökum reistar eða ekki. En það er það sem skiptir máli, hvort viðkomandi málflytjandi hefur á einhverju að byggja. Og þegar ég segi að mér þyki leitt að heyra þvílíkan subbuskap í málflutningi hv. þm. Vilmundar Gylfasonar í ræðu hans á föstudaginn var, þá þykir mér það ekki síst leitt vegna þess, að ef það nú einhvern tíma kynni að gerast í framtíðinni, sem ég vona, að þessi áhugasami þm. detti niður á mál þar sem hann komist að merkilegum staðreyndum og áhugaverðum og geri tilraun til að koma því á framfæri við þjóðina, annaðhvort hér á Alþ. eða utan þess, og mín von er sú, að að því muni koma, en þá er hættan þessi, að það verði ekki tekið mark á honum, það trúi enginn því sem hann sé að segja, vegna þess að dæmin verða orðin svo mörg um málflutning af svipuðu tagi og hér fór fram af hans

hálfu á föstudaginn var, þar sem ekkert er skeytt um raunveruleikann, ekki er skeytt um staðreyndir, en talað tungum út í bláinn. Við skulum samt vona að upp renni þeir tímar, að hinn mikli og góði áhugi þessa hv.þm. í baráttunni við spillinguna komi einhverju góðu til leiðar, og ég vil gjarnan leggja honum lið í þeim efnum. En þá verða menn líka að líta svolítið í kringum sig í hverju máli og spyrja spurninga áður en menn taka að fullyrða í grið og erg.

Þetta get ég látið duga, en vil aðeins að lokum minna á það, að skýringin á viðskiptum framleiðslusamvinnufélagsins Rafafls og reikningsuppgjöri þess við Kröflunefnd er svo einföld sem ég gat um áðan, að verkið er metið þrefalt meira en sá einstaki þáttur þess, sem útboðið fjallaði um, og launin hækka um 40%. Þá er ég ekki að tala um hækkun launa frá upphafi tímabilsins til loka tímabilsins, heldur hækkun launa frá því sem þau voru þegar samningar fóru fram og til þess sem þau urðu að meðaltali á verktímabilinu. Það er rétt að gleyma því ekki heldur, að auðvitað var tilboði Rafafls í þetta ákveðna verk, þessar raflagnir við Kröfluvirkjun, tekið vegna þess að það var lægsta tilboðið. Og samningur var gerður um einingarverð á grundvelli þessa upphaflega tilboðs, einingarverð varðandi þær framkvæmdir sem fyrirtækið kynni að taka að sér og ekki fólust í útboðinu, og einingarverðið var miðað við grundvöll tilboðsins og þess vegna líka lægra en um hefði verið að ræða hjá öðrum hugsanlegum verktökum, ef við þá hefði verið samið. Og það er eins augljóst mál og verið getur, að ef Kröflunefnd hefði tekið þann kostinn að hafna lægsta tilboðinu, sem Rafafl gerði, og taka einhverju öðru hærra tilboði, þá hefði hún undir öllum kringumstæðum orðið að greiða meira fyrir verkið í heild heldur en hún reyndist þurfa að greiða til Rafafls, vegna þess að allar eru þessar tölur annars vegar varðandi tilboðið sjálft og hins vegar einingarverð í sambandi við önnur verk í samhengi.

Ég ætla að vona að hv. þm. Vilmundur Gylfason dragi nokkurn lærdóm af þessu sínu frumhlaupi hér á föstudaginn var og geri svolítið meira að því framtíðinni að vega og meta hvaða mál eru af því tagi, að þau gefi efni til þess að ætla að ráðast á spillinguna í þjóðfélaginu þar sem þau eru, og hvaða mál eru ekki þess eðlis að spillingin sé þar til húsa. Það er út af fyrir sig gott að vera vel vopnaður, hafa margar byssur og vera skotglaður. En það skiptir máli hvert skotunum er beint, og það skiptir máli hvort hinn skotglaði utan þings eða innan hittir í mark eða hvort hann skýtur út í bláinn og öll viðleitnin verður gagnslaus.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Til umr. eru ríkisreikningar og ég ætla að taka það fram í upphafi, að ég skal reyna að stytta mitt mál og mun ekki taka þátt í því einvígi sem hér er háð. (**Forseti:** við höfum nógan tíma.) Það er gott að heyra. Við höfum verið hér nátthrafnarnir undanfarin kvöld og flutt hér margar ræður, kannske þær bestu sem fluttar hafa verið í þinginu í vetur, þegar komið er fram yfir miðnætti. Ég skal ekki lofa því, að þessi verði í besta flokki, en fyrst tími er nógur ætla ég alla vega ekki að flýta mér þótt ekki verði mikið sagt. En ég ætla að segja skilið við þessar umr. um Kröflu og snúa mér að öðrum þáttum.

Ég byrja þá á því að fletta upp í aths.-kaflanum við ríkisreikningana og þar rekur maður sig á eitt atriði, er varðar mötuneytin og Edduhótelin. Þar kemur fram að Ferðaskrifstofa ríkisins greiðir ekki söluskatt af starfsemi sinni fyrr en um áramót, en aftur á móti þeir, sem reka gistihús og hafa hótelrekstur með höndum og eru einkaaðilar, verða að standa skil á söluskatti eins og almennar reglur segja til um. Þetta vekur til umhugsunar um þær skrýtnu reglur sem hér gilda um söluskatt, því að upp hafa sprottið undanfarin ár fjölmörg mötuneyti í eigu ríkisins sem greiða ekki söluskatt, á meðan einkarekstur inn verður að standa skil á sínum skattgreiðslum. Slíkt og þvílíkt leiðir náttúrlega til mikils misræmis í þjóðfélaginu og þó sérstaklega á milli þeirra aðila annars vegar, sem hafa aðgang að slíkum mötuneytum, og hinna, sem ekki njóta slíkra réttinda. Þetta er það atriði í aths. um ríkisreikninginn sem mig langar til þess að nefna, en almennt hafði ég áhuga á því að fjalla dálítið um ríkisreikninga, framlagningu þeirra og kannske hlutverk að einhverju marki a. m. k.

Það er í 43. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallað er um ríkisreikninga, og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, m. a.:

„Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, hvort tekjur landsins séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafist að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþ. frv. til l. um samþykkt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna."

Hér lýkur lestrinum og var vitnað til fyrri mgr. 43. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um ríkisreikninga.

Menn verða þá strax í upphafi að gera sér grein fyrir því, að þeir, sem nú gegna störfum yfirskoðunarmanna, sitja ekki á hinu háa Alþingi. Þess vegna verða þær umr., sem hér eiga sér stað, dálítið furðulegar, því að í raun er hæstv. fjmrh. að leggja fram endurskoðaða reikninga sem hann sem handhafi framkvæmdavalds ber talsverða ábyrgð á, og þegar af þeirri ástæðu má ætla að við búum við úrelt skipulag að því er varðar ríkisreikninga. Hér í vetur hefur margoft komið upp í þessari hv. d. umræða um hvert sé hlutverk löggjafar- og fjárveitingavaldsins og þá ekki síst gagnvart framkvæmdavaldinu. Umræður hafa mestmegnis snúist um rannsóknarnefndir eða hlutverk venjulegra þingnefnda, rannsóknar- og eftirlitshlutverk þeirra. Þannig hefur t. d. allshn. Nd., sem hv. 7. þm. Reykv. veitir forstöðu og er formaður fyrir, tekið upp á sitt eindæmi að athuga eitt mál og hefur til þess fullt leyfi að sjálfsögðu. Og þannig er eflaust um fleiri nefndir sem af einhverjum ástæðum hafa frumkvæði í málum er varða samskipti við framkvæmdavaldið. Þetta er þó ekki almenn regla, en okkur ber þó, sem hér störfum, að hafa augun hjá okkur varðandi þróun þessara mála. Og ég hygg að eftir veturinn í vetur muni sú nefnd skila af sér sem reyndar átti að skila störfum áður en þingi lauk og enginn hefur minnst á héðan úr ræðustól, en það er sú hin mikla framfaranefnd sem átt að endurskoða þingsköp. Hún virðist ekki hafa lokið störfum þótt það stæði í þeirri ályktun sem samþykkt var um þá nefnd, en hún hlýtur alla vega að skila af sér næsta haust og verður þá væntanlega tekið á þessu máli. Og svo er enn fremur um þá nefnd sem starfar að endurskoðun stjórnarskrárinnar og maður hefur heyrt að starfi, en það er nýtt um slíkar nefndir eins og hv. þm. vita.

Þessar umr. spegla þann vanda sem við er að etja hjá þessari stofnun sem við störfum hér hjá, hinir þjóðkjörnu fulltrúar, hið gífurlega misvægi sem hefur myndast milli þessara tveggja aðila, annars vegar löggjafarvaldsins og hins vegar framkvæmdavaldsins. Við erum hér í dag og undir þessum dagskrárlið að fjalla um eitt þessara mála. Við erum að fjalla um það, hvernig fjárveitingavaldið á að athuga og fylgjast með því, hvort handhafar framkvæmdavalds hafi farið eftir því sem fjárveitingavaldið sagði til um. Þetta er samkv. stjórnarskránni, eins og ég hef áður sagt, í höndum þessara yfirskoðunarmanna. En í raun og veru er það, ef svo má segja, pólitísk endurskoðun. Þar koma fram pólitískar ábendingar, jafnvel stefnulegar ábendingar. Við höfum hins vegar starfandi undir fjmrn. annan aðila, sem er ríkisendurskoðunin, og þar fer fram tæknileg endurskoðun. Þar fer hin raunverulega endurskoðun fram. Ég minni á þetta atriði vegna þess, að það getur verið kominn tími til þess að færa þá starfsemi undir þjóðþingið. Um þetta er ég ekki viss, en frv. þess efnis lagði Halldór Ásgrímsson fram á Alþ. ásamt Ingvari Gíslasyni fyrr í vetur, og reyndar var það lagt fram á síðasta þingi einnig. Í þessu frv. koma fram í grg. sjónarmið sem ég tel ástæðu fyrir okkar að ræða þegar rætt er um ríkisreikningana og það form sem við höfum á þessum hlutum. Tilgangur þess frv., eins og segir í aths. við það eða grg., er þessi, með leyfi forseta:

„Aðaltilgangur frv. er að flytja ríkisendurskoðun undir vald Alþingis, þannig að stofnunin þjóni Alþingi. Endurskoðun, aðhald og eftirlit í ríkisbúskapnum verði undir stjórn og á ábyrgð Alþingis."

Síðan er ítarlega fjallað um þetta í grg. Halldór Ásgrímsson, sem ég hygg að sé höfundur þessarar grg. og aðalhöfundur frv., hefur jafnframt kynnt sér þetta mál meðal annarra þjóða, og hann segir hér á einum stað um ríkisendurskoðun í öðrum löndum, sem ég held að sé gagnlegt jafnframt að ræða undir þessum lið sem hér er á dagskránni, — hann segir, með leyfi forseta:

„Endurskoðunarstarfsemi á vegum ríkisins í öðrum löndum er skipulögð með ýmsum hætti. Stjórnskipuleg staða aðalendurskoðunarstofnunarinnar er mismunandi. Í sumum löndum er stofnunin dómstóll, í öðrum er hún fremur eftirlitsstjórnvald, og í nokkrum tilfellum lýtur hún þjóðþingi viðkomandi lands. Sums staðar er sérstök endurskoðunarlöggjöf, annars staðar eru ákvæði um ríkisendurskoðun aðeins í stjórnarskránni. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett á fót „Inspection Agency" (1966), sem hefur það hlutverk m. a. að fylgjast með „skilvirkni og réttri notkun" fjárveitinga í hinum ýmsu starfsdeildum Sameinuðu þjóðanna."

Starfssvið endurskoðunarstofnana ríkisins er að nokkru leyti mismunandi. Meginhlutverk endurskoðunarinnar virðist í flestum löndum enn sem fyrr vera að hafa formlegt eftirlit með því, að greiðslur af ríkisfé séu í samræmi við fjárveitingar. Sums staðar ber ríkisendurskoðuninni auk þess að framkvæma stjórnsýslulega endurskoðun. Á síðustu áratugum má merkja þróun í þá átt að fela endurskoðunarstjórnvöldum aukna ábyrgð á skilvirkni í ríkisrekstrinum. Þetta er að sjálfsögðu tengt þeim vexti opinbera geirans sem hvarvetna verður vart."

Á þessum upplestri sést að það er ekki sjálfgefið, hvernig farið er með þessi mál, og á það vil ég leggja áherslu. Þá langar mig líka til að rifja það upp, sem hér hefur verið rætt talsvert í vetur í nýjum þáltill. sem hafa verið lagðar fram, að það eru ýmsir aðrir möguleikar en við höfum hingað til unnið eftir sem hægt er að notast við í sambandi við fjárveitingar og hvernig staðið er að fjárveitingum Alþingis. Ég minni í því sambandi á þáltill. sem ég flutti í vetur og var vísað til hv. fjvn., um núllgrunns áætlanir, þar sem gert er ráð fyrir að fjárveitingar gangi fremur til verkefna en stofnana, og í framhaldi af því er rétt að minnast á þá þáltill. sem samþ. var í dag og fjallaði um Rannsóknaráð ríkisins og byggist að verulegum hluta einmitt á þessu, þar sem margar stofnarnir koma sér saman um sameiginleg fjárlög, ef svo má segja, og það byggist á verkefnagrundvelli, ekki á stofnanagrundvelli. Allir hljóta að sjá að með þeim hætti er mun betra að fylgjast með hvað verður um það fjármagn sem Alþ. veitir til ákveðinna hluta, og þar með enn fremur auðveldara að endurskoða þær niðurstöður sem þaðan koma.

Í öðru lagi vil ég minna á ný atriði sem hefur talsvert borið á erlendis, í þjóðþingum þar. Þar er t. d. svokölluð „sólseturslöggjöf" sem byggir á því, að fjárlög eða fjárveitingar til ákveðinna stofnana eru tímabundnar og eftir ákveðinn tíma, 1—2 ár, falla þær niður af sjálfu sér nema sótt sé um þær að nýju.

Hér á landi hefur það verið aðalvandi fjárveitingavaldsins og þar með fjvn., að það er varla hægt að skera nokkurs staðar í, þar sem þá er talið að verið sé að skera niður mikilvæga starfsemi sem haldið hafi verið úti, og það er ákaflega erfitt fyrir fjvn. að taka á sig rögg og segja: Nú skulum við skera. — Með sólsetursaðferðinni er verið að snúa sönnunarbyrðinni við. Það er verið að skylda þá, sem sækja um fjármagnið, til að sýna fram á að þeir þurfi meira fjármagn. Þetta er eiginlega ákveðinn umsnúningur sem einmitt er orðinn til vegna erfiðleikanna sem fjárveitingavaldið stendur ávallt frammi fyrir.

Loks hafa verið uppi hugmyndir um að endurskoða á 5 eða 10 ára fresti allar ríkisstofnanir. Það er þannig með ríkisstofnanir, að þær öðlast yfirleitt eilíft líf. Ef þær eru einu sinni settar á laggirnar, þá er ekki gert ráð fyrir því að þær þurfi að leggja niður. Oftast er það þannig, að þá eru búnar til nýjar stofnanir, og þær halda áfram að lifa og verða óviðráðanlegar af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að nefna hér. Þess vegna hafa skattgreiðendur erlendis risið upp og heimtað lög, tilgangur og markmið slíkra stofnana séu endurskoðuð á 5 eða 10 ára fresti, og ef það gerist ekki detti þær út af fjárlögum. Á þetta minni ég hér vegna þess, að mér hefur fundist lítið bera á því hérlendis að um þessi mál sé fjallað, og ég kaus að nota þetta tækifæri til að koma þessum viðhorfum á framfæri vegna þess að hér er fámennt og góðmennt og aðeins áhugamenn um þetta málefni hér staddir og þ. á. m. hæstv. fjmrh. sem hefur verið svo vinsamlegur að hlýða á mitt mál, þótt í raun beri hann ekki mikla ábyrgð á því frv. sem hér liggur fyrir um ríkisreikning.

Ég held að það væri full ástæða til þess fyrir hæstv. fjmrh. og hans rn. að kanna það rækilega nú í sumar ásamt fjvn., sem er smám saman að breyta sínum starfsháttum, og ásamt nýjum starfskröftum, sem tekið hafa til starfa í fjárlaga- og hagsýslustofnuninni, hvort ekki sé kominn tími til að gera vissar breytingar á því skipulagi sem við höfum notast við hingað til.

Þetta var tilgangurinn með því að koma hér upp undir þessum lið og ræða þessi mál. Mér þykir leitt að ég skuli hafa drepið á dreif þessu skemmtilega einvígi þeirra

tveggja ágætu hv. þm. sem hafa keppt hér í því sem mætti kalla kannske subbuskap eða mannasiðakennslu eftir atvikum. En ég vona að mér verði virt það til vorkunnar þó að ég hafi ekki tekið þátt í slíku eingígi.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það eru nánast örfá orð í tilefni af þeim umr. sem hér hafa farið fram.

Ég vil fyrst láta í ljós þá skoðun, að það er mjög eðlilegt að umr. spinnist út af ríkisreikningi. Til þess er hann tekinn fyrir á Alþ. og afgreiddur þar og þess vegna mjög eðlilegt að um hann verði umr. Það hefur yfirleitt verið svo, að það hafa verið litlar umr. um ríkisreikning hér á Alþ., en að þessu sinni hafa orðið um hann verulegar umr. og er það að mínu mati mjög eðlilegt.

Í stuttu máli er þetta endurskoðunarkerfi þannig, eins og þm. þekkja, að endurskoðunarmenn ríkisreikninga eru kosnir af Alþ. og þeir endurskoða ríkisreikninginn. Þeir gera aths. við hann, sem hér er að finna, og gera rökstudda grein fyrir sínum aths. Þær eru síðan sendar til viðkomandi ráðh. Ráðh eða rn. svarar svo aths. yfirskoðunarmanna af sinni hálfu. Það má segja, að þetta séu svör framkvæmdavaldsins um það, hverning framkvæmdavaldið hefur framkvæmt fjárlög sem Alþ. hefur samþykkt. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því, sem auðvitað liggur í augum uppi, að í okkar verðbólguþjóðfélagi er að mörgu leyti óhægt um vik að framkvæma fjárlög — ég vil segja með eðlilegum hætti, og það er eitt af mörgum atriðum sem til álita koma þegar fjallað er um skaðsemi verðbólgunnar.

Það þarf ekki að hafa um það mjög mörg orð í raun og veru, það liggur í augum uppi, að verðbólgan hefur truflandi áhrif á eðlilega framkvæmd fjárlaga, vegna þess að þær fjárveitingar, sem í mörgum tilfellum eru veittar t. d. til einstakra framkvæmda, duga skammt í verðbólguflóðinu, og það yrði í mörgum tilfellum til mikils tjóns fyrir ríkið ef menn skæru á framkvæmdirnar í miðjum klíðum. Þetta veldur auðvitað miklum erfiðleikum við framkvæmd fjárlaga í slíku óðaverðbólguástandi sem við höfum búið við undanfarin ár. Síðan þegar svör hafa borist frá framkvæmdavaldinu um aths., gera yfirskoðunarmenn Alþingis tillögur við ríkisreikninginn og tilgreina þar sínar ástæður Þessar tillögur koma fram í ríkisreikningnum í mismunandi formi og mismunandi að efni til. Sumar eru þannig, að efnisatriði séu fullnægjandi, svar sé fullnægjandi. Aðrar eru þannig, að við svo búið megi standa, eins og varðandi Kröflu, einn liðinn í því máli, og síðan eru enn aðrar um að mál séu til athugunar: Ýmist til athugunar eða til athugunar framvegis.

Eitt af þeim málum, sem hér eru til athugunar, er mál sem hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Friðrik Sophusson, gerði að umræðuefni, skil á söluskatti Edduhótelanna. Hann kom inn á mál sem er þessu nokkuð skylt, þar sem er um að ræða mötuneyti á vegum ríkisins. Það er mjl sem hefur að mörgu leyti þróast í óæskilega átt að mínu mati. Það er að verða þannig t. d. hér í höfuðborginni, að það er að verða ákaflega erfitt að reka eðlilegan og heilbrigðan veitingahúsarekstur. Honum hrakar hér í borginni stórlega, og það er m. a. vegna þess að sífellt eru að spretta upp ný og ný mötuneyti hjá ríkisstofnunum, þar sem menn fá mat keyptan fyrir miklu lægra verð en kostnaðarverð. (Gripið fram í.) Já, hún er neyðarúrræði. En það er ýmislegt sem kemur þarna inn í, þ. á m. kjarasamningar, og það leiðir til þessarar togstreitu. Ég álít að þetta sé í raun og veru mjög óheppileg þróun og muni, þegar tímar líða, ganga meira og minna af eðlilegri veitingahúsastarfsemi dauðri hér í borginni. Þess vegna held ég að ástæða sé til að athuga þessi mál. Þó að yfirskoðunarmenn tali að vísu sérstaklega um einn þátt, þar sem eru skil á söluskatti, þá er þetta þó skylt því máli sem hv. þm. Friðrik Sophusson gerði að umræðuefni og ég held að þurfi nánari athugunar við. T. d. hafa forráðamenn eða oddvitar félags veitingamanna hér í bænum komið að máli við mig í fjmrn. tvisvar síðan ég kom þangað og kvartað yfir því, að þeir telji sig ekki hafa í raun og veru eðlilega og heilbrigða aðstöðu til að keppa við þennan rekstur, sem ekki er eðlilegt, því að það er ekki hægt að keppa við hann á heilbrigðum grundvelli. (Gripið fram í.) Gerðu svo vel. Já, ég á nú sérstaklega við mötuneyti sem fulltrúar veitingamenn hafa rætt um. En það má vera að pöntunarfélögin hafi þarna einnig áhrif.

Varðandi málin að öðru leyti í heild held ég að ég hætti mér ekki inn í Kröflumálin. Ég hef rætt mikið um þau mál og um þau mál mætti mikið segja af ýmsu tagi. Ég hef ekki tekið mikinn þátt í umr. um þau frá byrjun. Það mætti margt um þau mál segja, en ég ætla ekki að ræða nánar um þau hér.

Ég vil aðeins að lokum víkja að því sem kom fram í máli hv. þm. Friðriks Sophussonar, að það kemur vissulega til álita að gera breytingar á því kerfi, sem við búum við, og færa endurskoðunina alfarið undir Alþ. Ég og minn flokkur erum fylgjandi því og höfum flutt frv., ég vil segja vandað frv., sem Halldór Ásgrímsson fyrrv. alþm. flutti hér í vetur þegar hann kom inn á þing sem varaþm. Hann hefur unnið það mál mjög vel og það á vissulega erindi inn í þingið. Ég held að það væri ráð að breyta þessu á þá lund, að ekki aðeins sérstaklega til þess kjörnir kritiskir endurskoðendur séu kjörnir á Alþ., heldur að ríkisendurskoðunin heyri alfarið undir Alþ. sem stofnun, en ekki undir framkvæmdavaldið. Það er lógískara, vegna þess að framkvæmdavaldið á að framkvæma vilja Alþingis þar sem eru fjárlögin, og þá er auðvitað miklu lógískara að Alþ. sjálft hafi með höndum endurskoðun á því, hvernig þetta hefur verið framkvæmt, en að það heyri undir þann aðila sem framkvæmdir. Þess vegna vil ég hvetja hv. þm. — það eru því miður ekki margir hér viðstaddir, en þeir lesa nú kannske þingtíðindin þegar þau koma út og þá vil ég hvetja hv. þm. til að styðja þetta mál og gera þessar grundvallarbreytingar á endurskoðun ríkisreikninga.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það verður út af fyrir sig ekki í fljótu bragði séð að það þjóni miklum eða ríkum tilgangi að tala hér nánast við sjálfan sig og þingtíðindin, því að eftir því sem ég best sé eru fyrir utan forseta og ræðumann fjórir þm. í þingsalnum. Það er þung ábyrgð þeirra manna sem eru að gera gys að þingræðiskerfinu með þeim hætti sem hér er farið að. Í fáti miklu hefur hæstv. forsrh. og fáeinir einstaklingar með honum farið að tala um þinglausnir á sama tíma og aðrir ráðherrar í hæstv. ríkisstj. eru að tala um að setja lög um hitt og setja lög um þetta, lög um grunnkaup og lög í allar áttir. Þá vaknar spurningin: Ef þinglausnir hafa farið fram, hvetjir eiga þá að setja þessi lög?

Þessar ótímabæru yfirlýsingar manna, sem sögðu þær af lítilli fyrirhyggju, hafa valdið því, að hér hefur meira og minna komið röskun á öll þingstörf. Hér er unnið fram eftir nóttu, mál jafnvel afgreidd af ónógri fyrirhyggju, og ein afleiðing þessa máls er sú, að það á að

fresta umr. um ríkisreikning þar sem gagnrýni hefur komið fram, — frestun sem ég tel mjög í ætt við samtryggingarkerfi Kröflu og verðbólguflokkanna. Og þegar gerð er við það aths. í umr. hér í kvöld, þá rýkur hæstv. forseti, sem nú situr í forsetastól, upp til handa og fóta og talar um það við fjmrh. að kippa málinu inn á dagskrá og bera það undir mig sem þessar aths. setti fram. Ég gat sagt tvennt: Ég gat sagt nei, það væri betra að gera það á morgun. Þá var ég að hafna umr. um málið auðvitað, það er samtryggða svarið. Ég gat sagt já, öllum þm. til ama og leiðinda, eins og þeir sýna með því að vera ekki viðstaddir, þegar þessi umr. fer fram, nema örfáir. Hv. alþm. eru auðvitað þannig af guði gerðir eins og annað fólk — og með því ber að hafa samúð — og heldur en ekki vilja þeir komast heim til sín á kristilegum tíma, og við því er í sjálfu sér ekkert að segja. En þetta eru auðvitað vinnubrögð sem eru fyrir neðan allar hellur og eru ásamt með öðru, sem hér hefur verið gert undanfarna daga, afleiðing af ótímabærum yfirlýsingum sjálfkjörinnar yfirstéttar í þessu landi til að lýsa yfir að þing skuli vera að hætta og þinglausnir fara fram, án þess að fyrir því væru nokkur sjáanleg rök, heldur þvert á móti, þegar t. d. mál eins og ríkisreikningur er óafgreitt. Það er fjölmargt í okkar kerfi sem við þurfum að fara að taka til meðferðar, og þetta er eitt af því. Mér er það engin ánægja að vera að standa hér yfir hálfauðum sal og ræða um þetta mál, en annars var ekki kostur eins og hin sjálfkjörna yfirstétt vildi með þetta mál fara, og því verður svo að vera.

Um það mál, sem hér er til umr., ríkisreikning, hafa verið nokkuð skiptar skoðanir hér. Örlögin haga því svo, að í aths. um þetta mál hætti hv. þm. Kjartan Ólafsson að tala eins og kommi og fór að tala eins og prestur. Og það er furðulegur umsnúningur, að þegar kommarnir fara að verja kerfið verða þeir fleðulegri en nokkrir aðrir, þegar sú staða kemur upp. Um það skal ég fara nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi er það rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að Alþfl. átti ekki fulltrúa í Kröflunefnd og var þess vegna að mörgu leyti fyrir utan stærstu samtryggingarmistökin á árunum eftir 1971 og einkum eftir 1974. Á þessu eru þær skýringar — ekki að viljann hafi vantað hjá mörgum, því að hann var vissulega fyrir hendi, en hins vegar var flokkurinn orðinn svo lítill að hann hafði ekki bolmagn til þátttöku. Það var ógæfa þá, en sennilega gæfa þegar til lengri tíma var litið. En efnislega er það, sem hér er um að ræða, að gefin er tvöföld skýring á því, að samningur, sem hljóðaði upp á u. þ. b. 30 millj. varð í reynd 123 millj. Það er gefin annars vegar á því sú skýring, að í landinu sé mikil verðbólga. Út af fyrir sig er það rétt, eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. og við auðvitað vitum öll, að verðbólga ruglar meira og minna alla viðskiptasamninga eins og hér er um að ræða. Í annan stað er gefin sú skýring, bæði í ríkisreikningi og hv. þm. Kjartan Ólafsson las það skýrlega hér upp, að hér hafi verið um viðbótarverk að ræða. Kjarninn er sá, sem hv. þm. Kjartan Ólafsson drap hér á, að í þessu tiltekna máli hefði Rafafl verið með lægsta tilboðið og þess vegna fengið þetta verk. Það gerðist á hinn bóginn, að þegar í stað mótmæltu aðrir aðilar sem áhuga höfðu á þessu verki, væntanlega af sömu ástæðu og fyrirtækið Rafafl, að þeir töldu sig hafa hagnað af því að útvega fólki sínu vinnu o. s. frv., og sögðu: Það er útilokað að vinna þetta verk fyrir þær upphæðir sem hér um fjallar. Og til hvers eru útboð í ríkiskerfinu og annars staðar — en einkum í ríkiskerfinu vegna þess að það skiptir máli fyrir okkur alþm., — ef við það er ekkert að athuga að lokaupphæðin verði margfalt meiri en samningsupphæðin, fari margfalt út fyrir mörk verðbólgu og sé að hluta til skýrð með því að það hafi komið viðbótarverk eftir að útboðin fóru fram? Það gefur auga leið, að ef ekkert er við þessi vinnubrögð að athuga, þá eru öll útboð marklaus og óþörf. Þá er alveg eins gott að sleppa þeim. Tilgangur útboða er einmitt að tryggja að slíkt eigi sér ekki stað. Það á að vera hagur almannasjóða að beita útboðum, enda í þeim skilningi að við samningstölur sé staðið og það sé á ábyrgð þeirra sem verkið taka að sér ef upphæðirnar hækka. Ef um ný verk er að ræða, þá eiga að fara fram ný útboð. Þessi almennu lögmál hafa verið þverbrotin við Kröflu.

Út af fyrir sig væri kannske ekki ástæða til svo margra aths. ef þetta væri eina verkið af þessari tegund sem við Kröfluverk er kennt. En svo er aldeilis ekki. Hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði efnislega, að mér skildist, að ég hefði aldrei farið með rétt mál í nokkru máli og eins og ég færi með þetta mál eigi ég væntanlega ekki eftir að gera það. Hann á væntanlega við Kröflu í því máli og Klúbbinn, þau mál, — ég veit það ekki. Málið er það, að þetta er ekki einsdæmi. Áður en vakin var athygli á þessu, þá var vakin athygli á viðskiptum sem aldrei hafa verið skýrð til hlítar, vegna túrbínukaupa upp á milljarða. Þá var vakin athygli á því, að það fór aldrei fram útboð við fyrirtæki sem Miðfell hét og fékk húsbyggingar þarna, svo ég rifji upp tvennt. Þetta allt, þessi fyrirtækjaóreiða, hafði verið til umr., og þetta Rafaflsmál eða Rafaflsþáttur þessa verks er aðeins eitt af mörgum. Og eru ekki tilviljanirnar orðnar býsna margar og býsna tilviljanakenndar, skulum við segja, þegar aftur og aftur og aftur verður að vekja spurningar um slík mál, en engin svör fást? Það er dæmigert fyrir samtryggingarkerfið.

Ég vil nú þakka, — og er nú farinn að tala við eða hjala við þingtíðindin eiginlega, — þakka hæstv. fjmrh. fyrir að sitja og hlýða á þetta. Þetta gerðist fyrir hans tíð. Hins vegar kann ég ekki alls kostar við það, að hæstv. iðnrh., við hvern voru bornar fram spurningar um þetta mál, skuli læðast út. Hæstv. fyrrv. iðnrh., sem bar ábyrgð á þessu meðan þessu fór fram, virðist ekki kæra sig um að hlusta á þetta. Tveir Kröflunefndarmenn, sem voru, eru víðs fjarri, og sá þriðji situr hér í forsetastól. Hann hefur áhuga á málinu, hygg ég.

En kerfið vinnur svona. Kannske tekst að þvinga þetta í gegn. Allt um það, þar sem þetta er svona og þar sem Kröfluviðskiptin öll hafa vakið svo margar spurningar sem raun ber vitni, eru það þá ekki býsna undarlegar tilviljanir, þegar allt þetta er lagt saman, að kornungt fyrirtæki — með allri virðingu fyrir rekstrarforminu og með fullri virðingu fyrir hversu vel þeir gera við sína félagsmenn og hversu trúir þeir eru jafnlaunastefnunni, sem mér þykir satt að segja ekki vera rök í málinu, — er þá ekki býsna undarlegt að þetta unga og myndarlega fyrirtæki geti keypt húseign hér í gamla bænum í Reykjavík fyrir 40—50 millj. kr.? Og þegar þessi húseign er þar að auki í eigu flokksblaðs, sem er auðvitað skylt fyrirtækinu sjálfu eða þekktum aðstandendum þess, þykir ekki hv. þm. Kjartani Ólafssyni þetta þá vera býsna undarleg röð af tilviljunum? Hann var ritstjóri og slóst oft grimmilega, eins og menn gera þegar þeir trúa á það sem þeir eru að berjast fyrir. Og ef aðrir hefðu átt í hlut, ef þetta hefði verið — eigum við að segja hv. þm. Albert

Guðmundsson og viðskipti við Ármannsfell til að nefna dæmi, hefði ekki hv. þm. Kjartani Ólafssyni þá sem ritstjóra Þjóðviljans þótt þar eiga sér stað býsna undarlegar raðir af tilviljunum? Ég er sannfærður um að svo hefði verið. Og hefði hér verið um að ræða sams konar viðskipti kennd við Framsfl. eða Alþfl. eða einhverjar viðskiptasamsteypur utan stjórnmálaflokka, þá hefði Kjartan Ólafsson, hv. þm., spurt spurninga eins og ég er að gera nú, ekki vegna þess að hér sé verið að leggja sannanir á neitt borð. Það er ekki verið að því. Hér er aðeins verið að segja: Hér eru svo undarlegar raðir af tilviljunum. að þegar þetta gerist og á sér stað ber okkur ábyrgðarmönnum almannasjóða, fulltrúum skattgreiðenda í landinu, að spyrja spurninga.

Ég vil endurtaka það, að sú uppistaða í ræðu hv. þm. Kjartans Ólafssonar olli mér miklum vonbrigðum, að halda að það sé innlegg í málið að fyrirtækið Rafafl svf. hafi viðfelldnara viðskiptafyrirkomulag og rekstrarfyrirkomulag heldur en önnur félög, að það sé samvinnufélag og ekki einkabrasksfélag. Hvaða innlegg er það í málið, að þeir séu að framkvæma jafnlaunastefnu heima hjá sér? Ég sé ekki að þetta komi málinu hið minnsta við eða því sem verið er hér að vekja athygli á. Eða kemur það málinu við, að í ríkisreikningi, á bls. 419, skuli standa að Slippstöðin á Akureyri hafi gert nákvæmlega það sama, einkafyrirtæki þó að hluta a. m. k.? Ég sé ekki að það komi málinu hið minnsta við eða það sé skýring eða innlegg í þetta mál, því að rangar aðferðir í viðskiptum og í samskiptum manna, þar sem til kemur í senn einkaframtak og opinberar ákvarðanir, eru rangar hvert sem rekstrarformið er. Mér þykir það satt að segja vera meira en lítið siðvillt afstaða að halda að það sé innlegg í málið, að Rafafl sé viðkunnanlegra eða að þar séu meiri vinir hv. þm. Kjartans Ólafssonar heldur en í „einkabraskinu", í gæsalöppum sagt og hugsað. Og hvert erum við komnir ef þetta er innlegg og röksemdafærsla í þetta mál? Ég er sannfærður um að hverjir aðrir, sem ekki væru skyldir samtökum hv. þm. Kjartans Ólafssonar og í hlut ættu, mundu verða fyrir því sem hann kallar af minni hálfu að leggja í einelti, eins og hann sagði að ég væri að gera við þetta tiltekna fyrirtæki. Þessu vísa ég á bug. Það er rangt. Ég stend hér sem kjörinn eftirlitsmaður og ábyrgðarmaður almannasjóða og ég er að gera skyldu mína. Mig gildir einu hvort þetta er Rafafl, Alþýðuhúsið í Reykjavík, SÍS-húsið við Sölvhólsgötu eða Morgunblaðshöllin. Það skiptir engu máli þegar almannasjóðir eiga í hlut. Og hitt væri betra, að hv. þm. Kjartan Ólafsson rökleiddi í sömu veru. Það er ekki kjarni þessa máls. Ég hygg að sérhver röksemdafærsla mín um þetta mál standi.

Það, sem hv. þm. Kjartan Ólafsson gerði hér, var það, að hann fyllti upp í til skýringar á þá leið, að ætla mætti að menn hefðu meiri rétt til að fara bakdyramegin í almannasjóði og ná sér þar í peninga ef fyrirtækin, sem þeir reka, eru viðfelldin, rekstrarformið heiðarlegt og leiðir til jafnlaunastefnu og réttlætis. /n ef menn eru þessarar skoðunar, að þá hafi þeir meiri rétt til að misfara með almannasjóði, hvert erum við þá komin, — ef í nafni samvinnuhreyfingar má gera meira í þessa veru heldur en í nafni einkabrasks? Það er full ástæða til þessara spurninga. Vandinn er sá, hvernig áfram skal haldið með þetta mál.

Ég vil taka undir bæði með hv. þm. Friðrik Sophussyni og hæstv. fjmrh. um það, að eftirlitshlutverk Alþingis þarf að breytast og verða beinna í þessa veru. Auðvitað er erfitt að vera nú að fjalla um ríkisreikning fyrir árið 1977 á árinu 1979. Þetta getur auðvitað aldrei verið nema eftir á, en því skemmri tími sem líður, því betra, því að hætt er við að mál fyrnist, jafnvel að aðilar séu komnir í vinnu langt í burtu og annað slíkt. Það eru þúsund rök sem mæla með því, að því fyrr sem þessi umfjöllun fer fram, því betra. Þess vegna m. a. er það mjög gagnrýnisvert, að menn höfðu látið sér detta í hug að fresta þessu máli til hausts, af því að þá eru liðnir margir mánuðir og gæti verið farið að slá í ýmislegt.

Þingið á að hafa eftirlit. Ég hygg að það væri eðli málsins samkvæmt, að fjh.- og viðskn. Nd. skoðaði þetta mál milli 2. og 3. umr., ljúki 2. umr. hér, og óskaði fjölmargra skýringa. Hæstv. iðnrh. hefur sýnt umfjöllun um þetta mál þá kurteisi að vera hér ekki viðstaddur og hann svarar væntalega engu hér í nótt og gefur engar skýringar. Ábyrgðarmenn Kröflu eru ekki heldur viðstaddir, nema forseti deildarinnar sem hefur öðrum skyldustörfum að gegna ljóslega, svo um þetta mun fara fram mjög lítil umr. hér. En þá kemur spurningin og hún er siðræns efnis einnig: Getur Alþ. hleypt slíkum reikningum í gegn og skrifað upp á eða undir, annaðhvort með undirskriftum eða atkv., þegar svo augljóslega er um mjög athugunarverða hluti að ræða? Ég tek þetta mál eingöngu. Það má nefna fleira, það má nefna bílamálin í sambandi við Kröflu. Ber ekki Alþ. að reyna að leita ítarlegra skýringa? Og til hvers? Til að ofsækja þetta tiltekna fyrirtæki eða þessa tilteknu nefnd? Nei, til þess að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig. Allar aðgerðir, sem horfa til umbóta í dómsmálum eða í fjármálum af þessu tagi, eru af fyrirbyggjandi náttúru, og það verða menn að skilja, að öll umbótaviðleitni í þessa veru er ekki hugsuð í ofsóknarskyni, þó að varnaraðilar haldi því ævinlega fram, hverjir sem þeir eru. Umbótaviðleitni af þessu tagi er hugsuð af fyrirbyggjandi ástæðum, og ef þessu er hleypt í gegn svona og ekki gerðar við það aths., þá er í fyrsta lagi verið að senda almenningi, eigendum almannasjóða, langt nef og segja að Alþ. sé alveg nákvæmlega sama hvernig að hefur verið staðið, en í annan stað er verið að segja öðrum, sem kynnu að vilja fara í aðra sjóði og ná í aðra fjármuni með óeðlilegum hætti: Gerið þið svo vel og gerið þið það. — Það á að vera fyrsta og síðasta skylda hæstv. fjmrh. og allra að búa svo um hnútana í svona málum, — og ég undirstrika að ég er ekki að segja þetta í neinum ofsóknartilgangi á hendur núv. hæstv. fjmrh., heldur að gefa almennar ráðleggingar, — það á að vera skylda slíkra embætta að búa svo um hnúta í þessum málum og öðrum viðlíka, að þegar vandræðamál koma upp, svo sem þetta mál augljóslega er, þá á að ganga svo frá almennum leikreglum að slíkt endurtaki sig ekki.

Útboðsreglur ríkisins eru augljóslega mjög gallaðar úr því að þetta getur gerst, og það er mjög eðlilegt að tortryggni gæti hjá fyrirtækjum sem áhuga höfðu á þessu verki. Ég er enginn talsmaður þeirra, — það er rangt sem fram kom í máli hv. þm. Kjartans Ólafssonar, — ég er aðeins að segja að þegar það á sér stað, að fyrirtæki bjóða í verk tiltekna upphæð, og annað fyrirtæki, sem meira að segja kom langseinast fram og fresta þurfti útboðum til að þetta fyrirtæki kæmist að, kemur á aftur með upphæð Y, sem er miklu lægri, og það fær verkið vegna þess að það er með lægstu upphæðina, og aðrir bjóðendur segja: Þetta er skrýtið frá upphafi, það er ekki hægt að vinna

verkið fyrir þessa upphæð, — þá er ekki hægt að skella skollaeyrunum við slíkum ábendingum. Og þegar í ljós kemur löngu seinna að þessi upphæð var aldrei greidd heldur upphæð sem er fjórum til fimm sinnum hærri, þá hlýtur eitthvað að hafa verið rétt í upphaflegum aðfinnslum annarra fyrirtækja, hvort sem þau eru á Húsavík, í Reykjavík eða annars staðar á landinu.

Þetta er kjarni málsins, og úr því að þetta getur skeð, þá sáir þetta tortryggni. Það gerist að vísu alltaf í siðvilltu fjármálakerfi verðbólgu að slíkt á sér stað. En úr því að þetta getur gerst, þá sáir þetta tortryggni meðal þessara fyrirtækja, þau hætta að treysta ríkisvaldinu. Þau spurðu frá upphafi: Eru þetta aðgerðir stjórnmálamanna? Er Alþ. farið að skipta sér af útboðsmálum? spurðu þau, kannske með réttu, kannske með röngu. En þau spurðu og þeim átti ekki að svara með útúrsnúningum, með áróðri, eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson gerði. Þessu átti að svara þannig að ekki væri um að villast, og ef þarna hefðu átt sér stað mistök, þá átti að leiðrétta þau, viðurkenna þau og vinna að því heils hugar og af fullum krafti að leikreglunum væri svo breytt að þetta endurtæki sig ekki.

Kerfið, því miður, bar ekki gæfu til þessa. Kerfið, Kröflukerfið, með 53 og 60 fulltrúum á Alþ., fór öðruvísi að. Það svaraði með hortugheitum, útúrsnúningum, sendi kvartendum raunverulega langt nef, og fyrir vikið hefur þetta þær afleiðingar, svo og ræða hv. þm. Kjartans Ólafssonar hér í kvöld, að eftir situr þjóðfélag sem verður áfram að vera tortryggið, þar sem siðaðir menn hafa áhyggjur af framtíð mála og þar sem kerfið, valdakerfið í landinu, virðist beinlínis engan áhuga hafa á að gera raunverulegar leiðréttingar, heldur á að sigla áfram.

Get ég sem alþm., sem þjóðkjörinn fulltrúi, tekið þátt í því með undirskrift og atkvgr. að láta sem ekkert sé? Ég segi nei. Til þess var ég ekki kjörinn. Ég mun gera hvað ég get sem þm. og nm. í fjh.- og viðskn. til að fá til hlítar svör við þeim spurningum sem ég hef spurt. Það voru auðvitað engin svör sem hv. þm. Kjartan Ólafsson hafði uppi, enda er hann ekki aðili að málinu. Hann var ekki í Kröflunefnd og mér vitanlega er hann ekki rafvirki í Rafafli. En hann var ritstjóri Þjóðviljans, og ég veit ekki hvort þetta er svar við þeirri undarlegu röð af tilviljunum sem ég hér gat um.

Ég vil í fyllstu alvöru spyrja hæstv. fjmrh.: Finnst honum ekki hér vera um að ræða undarlega röð af tilviljunum? Og ég vil einu sinni enn rekja hver þessi tilviljanaröð er og biðja hann um að hlusta vel og vandlega. Það, sem gerist er þetta — (Gripið fram í.) Ég vil endurtaka hana einu sinni enn. Ég veit um góða greind hæstv. fjmrh., en engu að síður vil ég endurtaka hana einu sinni enn: Verk er boðið út fyrir 30 millj. króna. Frá upphafi er það gagnrýnt af keppinautum sem töldu að ekki hefði verið heiðarlega að útboðum staðið. Kröflunefnd hafði áður verið gagnrýnd fyrir slíkt í mjög ríkum mæli. Engu að síður fær lægstbjóðandi verkið. Þegar upp er staðið er honum greitt fjórum til fimm sinnum meira en tilboðsupphæðin nam. Þetta er ungt fyrirtæki og allrar virðingar vert, vinsamlegt og viðfelldið, eins og hér hefur verið lýst í kvöld meira að segja. Á sama tíma kaupir þetta unga fyrirtæki — ung fyrirtæki eiga venjulega ekki mikla fjármuni milli handanna — húseign af pólitísku félagi hér í bænum fyrir 40—50 millj. kr. Hlýtur ekki hæstv. fjmrh. að vera sömu skoðunar og ég um það, að hér sé, til að segja ekki meira eg taka ekki dýpra í árinni, um undarlega röð af tilviljunum að ræða? Og ég vil segja hæstv. fjmrh. það, að ef hér væri um Framsfl. að ræða, margfrægan húsbyggingarsjóð, einhverja fjáraflamenn í flokknum — ég segi: ef — sem svona viðskipti væru á borðum hjá og bendluð við í tengslum við opinber fjármál og almannasjóði, þá teldi ég mér skylt að halda hér uppi harðri gagnrýni og hörðum árásum. Og ef hæstv. fjmrh. færi að verja þessi viðskipti, þá mundi ég svara sem svo, að ég teldi mér bera skyldu til að draga ályktanir. En nú er það svo, að það er ekki flokkur fjmrh. að þessu sinni og ekki minn eigin flokkur og ekki flokkur hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Það er annar flokkur. Og það er svarað til með hefðbundnum fleðurökum stjórnmálamannsins, með öllum hefðbundnum orðatiltækjum og fúkyrðaregni. En það er rakalaust, það eru engin rök sem fylgja.

Ég endurtek það sem ég sagði fyrr í kvöld, að ég tel að hv. þm. Kjartan Ólafsson hafi með ræðu sinni raunar aðeins fyllt upp í þá sögu sem ég sagði hér. Ég þakka honum fyrir að vera viðstaddur þó að hann sé ekki aðili að málinu mér vitanlega. En hitt verð ég enn að gagnrýna, að hæstv. iðnrh., — sem mér skilst að sé einn af þessum þinglausnamönnum, sem vilja senda Alþ. heim og liggur þessi lifandis býsn á, og einn af þeim, sem eru að gæla við það að setja lög væntanlega þegar þingið er farið heim, — að hann skuli vera spurður spurninga og liggja þá heima í bólinu. Ef manninum er svona áfram um að senda þingið heim, af hverju reynir hann þá ekki að vinna í samræmi við það og sitja nú hér og svara spurningum þm. meðan hægt er í þinginu? Það er alveg einstakur dónaskapur af þessum hæstv. ráðh. — sem ég endurtek að ég veit ekki betur en að sé einn af þessum þinglausnamönnum sem telja það hið nýja úrræði að leysa upp þingræðið í landinu og tala á sama tíma um að setja lög eins og a. m. k. hæstv. viðskrh. hefur gert — að vita til þess — því að hæstv. ráðh. var hér í kvöld og ég skal ekki segja neitt óverðskuldað að honum fjarstöddum — að þetta mál var tekið fyrir, hann vissi að fyrir hann höfðu verið bornar spurningar og þá læðist hann út. Þeir voru meiri hetjur þeir Einar Olgeirsson og Brynjólfur Bjarnason þegar þeir voru hérna. Þeir læddust ekki út bakdyramegin þó að syrti í álinn fyrir þeim, enda efast ég um að slík mál hefðu komið upp á þeirra tíð. Hæstv. iðnrh. verður að taka því, að hann er ráðh. þessara mála, — ég endurtek það, að hann ber enga sök og enga ábyrgð á þessu, en hann hefur sínum skyldum að gegna við fólkið í þessu landi og honum ber að starfa í samræmi við þessar skyldur sínar, og það er skortur á skyldurækni, svo ekki sé meira sagt, að læðast út þegar þjóðkjörinn þm. er að spyrja spurninga um hans verksvið, — og það er meira en skortur á skyldurækni, það er dónaskapur að hegða sér svo. Í sjálfu sér ber að virða það við hv. þm. Kjartan Ólafsson, því að honum ber ekki skylda til að sitja hér þó að hann geri það af sinni kurteisi og samviskusemi, en iðnrh. bar skylda til að sitja hér — ég tala nú ekki um þegar sá hinn sami ráðh., þó kerfislegur sé, er að gæla við það að reka þingið heim og verður því væntanlega ekki hér á fimmtudag til að svara spurningum um þetta eða annað. Kerfið kýs að hafa þetta svo. Kerfið kýs að taka þetta fyrir á næturfundum eftir þessar flumbrulegu ákvarðanir — sem virðast vera á leiðinni — örfárra ráðh. að reka þingið heim. Og þetta er eitt af ógæfumálunum sem af þessum flumbruskap stafa. Hér er um að ræða alvörumál, kl. að verða hálftvö að

nóttu, flestir þm. farnir heim og m. a. s. ráðh. í núv. hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Það var áðan minnst á það úr forsetastól, að skortur á þingreynslu stæði mér fyrir þrifum og ég hefði aktað öðruvísi ef þingreyndur væri. Nú er það rétt, að ég er ekki þingreyndur maður, og ég veit ekki hvað ykkur þingreyndum mönnum þykir kurteisi og mannasiðir. Hér á þingi situr einnig Gunnar Thoroddsen fyrv. orkumálaráðh. Þessi mál snerta auðvitað hann. Hann bar ábyrgðina meðan þetta var. Ég kann ekki að bera á hann skyldur, en ég hefði talið viðkunnanlegra að hann sæti hér og hlustaði á þetta. En þeir kjósa að hafa það öðruvísi, þessir háu herrar, og gjöri þeir svo vel.

Nú vaknar auðvitað þessi spurning: Hvernig á að hegða sér þegar kerfið kemur þessu svona fyrir, stingur þessu máli inn á dagskrá kl. hálftólf eða svo og hér er talað fyrir tómum sölum, hér er ekki ráðh. þessara — (**AG:** Ég mótmæli þessu.) Ég bið afsökunar, hv. þm. Albert Guðmundsson, það er mikil fylling í salnum af þér, — ég bið afsökunar. Þetta var rangt, þetta var rangt sagt hjá mér. En kjarninn er aftur sá, að 3. umr. um þetta mál verður væntanlega á morgun, og ég verð að segja það, herra forseti, að þótt ég meti mikils vinsemdina að taka þetta mál hér fyrir á næturfundi er það bara ekki nóg, því að hæstv. ráðh. taldi sér af einhverjum ástæðum rétt og skylt að læðast hér út að nóttu til og svara ekki spurningum sem honum ber, og það þykir mér satt að segja þriðja flokks afgreiðsla af hálfu þeirra sem nú fara hér með völd. Það stendur sérhvert orð í ræðu minni frá því á föstudag. Um þetta má svo spinna langt mál um eftirlitsskyldu Alþingis, um nauðsyn nýrrar siðvæðingar í fjármálum ríkisins, hvort sem um er að ræða bifreiðamál, mál eins og þessi, Kröflumál í heild, og eftir stendur það, að hér er um að ræða mál sem upplýst Alþ. ætti að taka til betri og vandaðri meðferðar heldur en nú virðist standa til að gera.

Ég vil svo enda á því að segja það enn um þetta mál, að ég harma það, að maður, sem ég veit að vill ekki illa í þessum efnum, hv. þm. Kjartan Ólafsson, — ég harma það þegar örlögin haga því svo, að hann gerist þátttakandi í þessu samtryggingar-Kröflu-verbólgukerfi sem hér er: Og ég harma það, að hann skuli vera þátttakandi í atburðarás eins og þessari, þar sem búið er að klúðra málum á hinn klaufalegasta hátt. Og ég kalla það að klúðra málum, þegar ráðherrar í einni og sömu ríkisstj. eru að gæla við það að senda þingið heim og jafnframt tala opinberlega um að setja lög. Þetta mun vera fordæmislaust í íslenskri stjórnmálasögu. En sú umr., sem hér fer fram á þessum tíma, er afleiðing þessa klúðurs. Hér væru engir næturfundir ef þetta hefði ekki klúðrast. Hér hefðu menn ekki þurft að fara að tala um ríkisreikning þegar átti að tala um dómvexti í dag. Og þá hefði ekki þurft að koma til þessarar fljótræðislegu afgreiðslu hæstv. forseta og fjmrh., að fara að stinga þessu máli inn á næturfund. Ekkert af þessu hefði gerst og hér sætum við ekki yfir tómum sölum — (**AG:** Ég mótmæli þessu.) — hálftómum, ekkert af þessu hefði gerst ef forsrh. og hans fylgisveinar hefðu ekki gert þessi alvarlegu mistök, að fara að blaðra um þinglausnir á sama tíma og ráðherrar í þeirra eigin stjórn eru að tala um lög. Menn verða að skilja að þeim, sem bera virðingu fyrir þingræðinu í landinu, stofnunum þess og hugmyndinni og hugsjóninni á bak við það, ofbýður þessi framgangsmáti. En þess vegna stöndum við hér um miðja nótt, að nú hefur mönnum, sem halda hefði mátt að væru lögspekingar, skjátlast mjög alvarlega í sínum framgangsmáta. Þess vegna erum við að klúðra þessu máli, þess vegna vita þm. — sem eru menn eins og aðrir og þurfa að fara heim að sofa — ekki nógsamlega um þetta mál. Þess vegna erum við að afgreiða þetta mál og önnur í fljótræði. Öll störf Alþingis, virðing Alþingis og jafnvel þingræðið sjálft liður fyrir þessi vinnubrögð. Það á við um ríkisreikning. Það á við um þessi samskiptamál Kröflu og Rafafls og önnur. Það á við um Alþingi sjálft og þingræðið í landinu.

Forseti (Ingvar Gíslason): Hv. síðasti ræðumaður talaði um að þessi umr. væri illa til komin. En ég vil minna hv. þm. á að umr. nú er til komin vegna tímaskorts sem verið hefur hér í hv. þd. Þó að hún hafi starfað mikið og lengi hafa umr. orðið miklar um mál, og það þýðir ekkert að leyna sig því, að það er fyrir löngu búið að ræða um það við mig sem forseta þessarar deildar og aðra forseta þingsins, að þinglausnir muni fara fram þann tiltekna dag sem menn þekkja. Það var reyndar búið að tala um annan dag og raunar aðra daga fyrr, og ég hef ekki heyrt það fyrr en núna á allra síðustu dögum, að einhver ágreiningur hafi verið um það að reyna að ljúka þessu þingi um þetta leyti, í kringum 20. maí eða svo, eins og oft hefur verið áður.

Það er síður en svo, að ég sé nokkuð að núa hinum unga þm., sem hér talaði, því um nasir að hann sé ekki þingvanur. Það er síður en svo. Ég var aðeins að benda honum á að hér er farið eftir venju sem lengi hefur tíðkast, og það hefur verið samkomulag um eða reynt a. m. k. að ná samkomulagi um, hvernig þinglausnir mættu fara fram með skikkanlegum hætti, og velja þá mál þannig að því mætti fullnægja. Við komumst ekki hjá að velja og hafna í sambandi við val mála á dagskrá og hvaða mál skuli helst ganga fram, og því er ekki að leyna, að mér virtist að ríkisreikningurinn væri það mál sem mætti fresta til haustsins að ræða, og það er vissulega opið að halda þeirri umr. áfram. Ég vil benda á það, að miðað við það, sem fyrir liggur, að þinglausnir fari fram eftir tvo daga, þá verður að velja og hafna.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. í lokin.

Hv. 7. þm. Reykv. talar mikið um samtryggingarkerfið, Kröflukerfið, verðbólgukerfið og allt í einni röð án þess að gera mikinn greinarmun eða fara með nokkurri lágmarksnákvæmni út í málin, segir sem svo, að honum þyki leitt að ég sé talsmaður fyrir öll þessi merkilegu kerfi hér. Ég læt mér slík orð í léttu rúmi liggja til eða frá, en það er aðeins varðandi það mál, sem við höfum deilt hér sem ég vil segja lítið eitt meira um.

Það var athyglisvert að í þessari löngu ræðu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar mótmælir hann því ekki að sú tala, sem upphaflega útboðið snerist um, upphaflegur samningur var gerður um milli Rafafls Svf. og Kröflu, hafi hljóðað upp á 30 millj. Hann mótmælir ekki heldur þeirri staðreynd, að verkið hafi í reynd orðið þrisvar sinnum meira og þess vegna með fullkomlega eðlilegum hætti, af þeim ástæðum einum, hækkað kostnaðinn upp í 90 millj. Hann mótmælir því ekki heldur, að verðlag og kaupgjald í landinu hafi á þessum tíma — sem einnig er staðreynd — hækkað um a. m. k. 40% og þar með sé lokatalan, rúmlega 120 millj., sú eina eðlilega. Engu af

þessu mótmælir hann, ekki staðreyndunum. En hann heldur áfram engu að síður að tala um það, að þarna sé þetta ákveðna fyrirræki, Rafafl, að ganga í almannasjóði og misfara með almannafé. Þetta eru engar smáásakanir sem þarna eru bornar fram, og ég leyfi mér að halda fast við það, að þegar svo stórar ásakanir eru bornar fram, að einstaklingar eða fyrirtæki gangi í almannasjóði og sæki þangað þó ekki sé nema 100—200 millj., þá sé það lágmarkskrafa — a. m. k. til þm., látum vera með síðdegisblöðin, en til þm. — að færð séu rök að svo alvarlegri ásökun. Meðan það er ekki gert, meðan allar forsendur að baki þessari lokatölu: um fleiri verk en útboðið snerist um, um þá staðreynd að verðbólgan hafi verið þessi og launin hafi hækkað þetta, — meðan allar þessar forsendur eru viðurkenndar, en hinni sjálfsögðu afleiðingu af þeim forsendum og sjálfsögðum niðurstöðum er samt sem áður hafnað, þá er um að ræða málflutning sem ég verð að halda fram að sé með engu móti boðlegur. Og það er kannske mikið álitamál, hvort yfirleitt á að taka þátt í umr. þegar slíkur málflutningur er hafður uppi af hálfu mótaðila. Og hv. þm. gengur lengra. Hann dylgjar um það fullum fetum, að þarna hafi verið sótt fé í almannasjóði til að kaupa húseign hér í borginni af Þjóðviljanum. Það er ekki hægt að misskilja þau ummæli. Það er rétt, að við, sem gefum út Þjóðviljann, áttum í félagi húsið á Skólavörðustíg 19 þar sem blaðið hafði lengi haft bækistöð. Við seldum það og fluttum í annað húsnæði á árinu 1977. Þetta ákveðna fyrirtæki, Rafafl, kaupir hluta af þessu húsi fyrir verðmæti sem samsvaraði svo sem 2—3 íbúðum.

Það er reynt að gera það tortryggilegt, að þessi félagsskapur hafi haft bolmagn til að kaupa slíka húseign sem atvinnuhúsnæði,— fyrirtæki sem er langstærsti rafverktaki í landinu, langsamlega stærsti, og með 150 félagsmenn að baki. Það hefur ekki nokkrum einasta manni dottið í hug að nokkuð væri athugavert við það, þó einhver einn einasti rafvirkjameistari keypti atvinnuhúsnæði sem svaraði tveimur íbúðum. Hverjum hefði dottið í hug að hafa uppi dylgjur og ásakanir um pólitíska misnotkun enda þótt slík viðskipti hefðu átt sér stað? Ég held að það hefði varla hvarflað að hv. þm. Vilmundi Gylfasyni.

Er hann þá að halda því fram, að framleiðslusamvinnufélagið Rafafl hafi borgað eitthvað óeðlilega hátt verð fyrir þetta húsnæði? Hann sagði það að vísu ekki beinum orðum, en varla hefði hagnaðurinn fyrir Þjóðviljann verið nokkur nema um það hefði verið að ræða. En það liggur fyrir, að það verð, sem greitt var fyrir þetta ákveðna húsnæði, var a. m. k. ekki yfir markaðsverði á þeim tíma, og það veit hver maður sem það mál hefur kynnt sér hið minnsta. Þess vegna hlýt ég að segja það enn og aftur, að menn eiga ekki að leyfa sér málflutning af því tagi sem hv. þm. hefur iðkað í þessu máli, að ætla að draga fram dæmi, sem ekki er til, um fjárhagslega eða pólitíska spillingu í þjóðfélaginu. Ef menn hafa ekki önnur dæmi í þeim efnum, þá er engin spilling í þessu þjóðfélagi. Ef menn hafa ekki önnur dæmi um spillinguna heldur en þetta, þá ættu mennað vera fámálir í þeim sökum. Og við skulum einnig hafa það vel í huga, að ef menn ætla að halda uppi málflutningi af þessu tagi, þá eru menn að vinna alvarlegt tjón í baráttunni við þá stórkostlegu fjármálaspillingu sem í raun er fyrir hendi í þessu landi, þeir eru þá að skjóta langt fram hjá markinu. Það er ekki sök Rafafls að Kröflunefnd bauð ekki út hvern einstakan verkþátt þegar hann var fullhannaður. Það kemur fyrirtækinu Rafafli ekki nokkurn skapaðan hlut við, það er ekki þess mál.

Ég tók það fram áðan, að ég ætlaði ekki að hafa hér uppi málflutning af hálfu Kröflunefndar. Vafalaust má gagnrýna margt í hennar störfum, það dreg ég ekki í efa. En ef það á að vera sök eins fyrirtækis — hvort heldur það er Rafafl eða segjum að það hefði verið einhver einkaaðili í rafmagnsiðn— að leggja fram lægsta tilboðið og standa við það, því að það var staðið við það að því er þann verkþátt varðaði sem tilboðið fjallaði um, — ef það á að vera sök að leggja fram slíkt lægsta tilboð og ef það á síðan að teljast sök að verða við þeirri málaleitan að halda verkinu áfram á svipuðum forsendum og út frá því einingarverði sem í upphafi var reiknað með, þá verður niðurstaðan ósköp einfaldlega sú, að Krófluvirkjun hafi verið svo hrapallegt fyrirtæki að hver sá, sem nokkur minnstu viðskipti átti við Kröflunefnd, af hvaða tagi sem er, skuli dæmast sakamaður. Rafafl gerir ekki annað en að standa við sitt lægsta tilboð og taka síðan að sér aukaverk sem til þess var leitað um. Það var ekki þess mál hvort þau voru boðin út eða ekki. Og ég vil vekja athygli á því, að það er einnig meginatriði í þessum efnum, að ef menn ætla að draga þá ályktun af málflutningi hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, að það hefði kannske verið hægt að ljúka þessum raflögnum í heild, sem Rafafl annaðist fyrir Krófluvirjun, fyrir svo og svo miklu lægra verð en Rafafli var greitt, — einhver kynni að vilja draga þá ályktun af málflutningi hv. þm., — en fyrir því hefur hann ekki fært nokkur einustu rök, ekki snefil af rökum, og allar staðreyndir benda til þess, að einmitt vegna þess að tilboði Rafafls var tekið, sem var lægst, og einmitt vegna þess að Rafafli var falið að annast verkið áfram, aðra þætti þess, hafi þurft að greiða fyrir verkið það minnsta sem um var að ræða og minna en verið hefði í öllum öðrum tilvikum. En þetta virðist hv. þm. ekki sjá ástæðu til að líta á. Það vita auðvitað allir sem til starfsemi af þessu tagi þekkja, að það er alvanalegt að útboð séu ekki miðuð við hvern einasta verkþátt, heldur sé þeim, sem tekur að sér verulegan hluta verksins samkv. útboði, falið að annast aðra þætti án útboða. Slíkt er auðvitað aldrei æskilegt. Hinn kosturinn er betri, það tek ég eindregið undir. Hann er betri. Og ef við einhvern er að sakast í þeim efnum, þá er það varðandi þetta mál ekki Rafafl. Það er kannske að einhverju leyti við Kröflunefnd, en þó að sjálfsögðu fyrst og fremst við iðnrn. og við þá, sem þar höfðu forræði á þessum tíma að sakast, því að þaðan komu fyrirmæli um að flýta virkjuninni svo mjög að ekki var um neitt annað að ræða, ef eftir fyrirmælunum átti að fara, en að fara í útboð án þess að verkið væri fullhannað.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en ég vil segja það, að enda þótt fáir hafi hlýtt á þessar umr. hér í kvöld, þá tel ég það þó betra upp á framtíðina að það liggi fyrir í þingtíðindum, að málflutningi af því tagi sem hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur haft hér uppi, hafi ekki verið látið ósvarað.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessar umr. mjög mikið, en ég vil aðeins minnast á það sem hæstv. fjmrh. gat um, að mötuneyti, sem eru á vegum opinberra stofnana víðs vegar um borgina, líklega víðs vegar um landið, eru í mjög ósanngjarnri samkeppni við veitingahús, enda hefur rekstur

veitingahúsa og matsölustaða, hér í höfuðborginni a. m. k., stórliðið fyrir þá starfsemi. Ég fagna því, að hæstv. ráðh. er þeirrar skoðunar að þarna þurfi að verða breyting á. En ég vildi koma því að úr sæti mínu, á meðan hæstv. ráðh. talaði, að sama gildir líka um pöntunarfélög sem ríkisstofnanir reka víðs vegar um bæinn, t.d. Póstur og sími. Og mér er sagt að bankarnir hafi sína pöntunarstofnun, einhverjir þeirra a. m. k., og fleiri stofnanir. Hér er líka um óeðlilega samkeppni að ræða við verslanir. Þarna eru fyrirtæki að reka niðurgreidda starfsemi. Það má því segja að hér sé um launauppbætur að ræða. Ég held að það væri þarft verk að kanna hvort á þeim fyrirtækjum, sem ríkisstofnanir reka, hvíli sömu skyldur og á eðlilegum rekstri þjónustufyrirtækja sem greiða alla sína skatta og fleira til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins. Ég held að svo sé ekki.

En vegna þeirra orða, sem hér hafa fallið í garð Rafafls svf., vil ég taka það fram til upplýsingar fyrir hv. 7. þm. Reykv., sem hann hefur þó eflaust lesið, að neðst á bls 420 í ríkisreikningnum, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, stendur:

„Snemma árs 1976 fór fram útboð vegna vinnu við raflagnir í Kröfluvirkjun. Hönnun raflagna var þá ekki að fullu lokið, en ráðgjafarverkfræðingarnir töldu að nauðsynlegt væri að festa rafverktaka í þessu stigi málsins vegna verk- og tímaáætlunarinnar. Gert var ráð fyrir að heildarverkið yrði mun umfangsmeira. Kom það skýrt fram í útboðsgögnum (05.101)." Þegar fyrsti hluti þessarar vinnu var boðinn út og útboðsupphæðin var 30 millj., þá var gert ráð fyrir að sami verktaki ynni áfram eftir að útboðsgögn væru frá ráðgjafarverkfræðinganna hendi fullunnin. Hér var aðeins um að ræða fyrstu skref í stóru verki sem var að hefjast og ráðgjafarverkfræðinganir vildu tryggja sér verktaka.

Síðan heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta, efst á bls 421: „Útboðsgögn fengu 5 helstu rafvirkjafyrirtæki hérlendis. Svo sem kemur fram í ummælum ráðgjafarverkfræðinganna (05.101) var tilboð frá Rafafli langsamlega lægst eða aðeins 77% af áætlun ráðgjafa. Gerðu þeir því ítarlega könnun á réttmæti tilboðsins og þeim einingarverðum sem lágu því til grundvallar. Reyndist tilboðið vera í alla staði í samræmi við útboðslýsingu og mæltu ráðgjafar með því að því yrði tekið. Var því gerður verksamningur við Rafafl svf." — Síðan er talað um aukaverk.

Nú er það svo, að það kemur iðulega fyrir að ráðgjafarverkfræðingar, sem gera kostnaðaráætlanir og hanna verk, gera rangar kostnaðaráætlanir. Það má segja, að sum tilboð t. d. sem hafa borist Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar geti farið allt niður í ég held 56% af áætlaðri kostnaðarupphæð, en viðkomandi verktakar hafa þó staðið við sín tilboð. Við í borgarráði Reykjavíkur höfum oft hikað við að taka svo lágum boðum. Reyndin er sú hjá Reykjavíkurborg núna, og við höfum verið að tala um að láta rannsaka okkar eigin embættismenn, hvernig á því stendur að þeir gera svona rangar kostnaðaráætlanir.

Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram, að það þarf ekki endilega að vera tortryggilegt þó fyrirtæki geri lág tilboð. Það getur verið margt sem kemur þar inn í. Það getur líka verið að aðrir verktakar hafi mikið af verkefnum í gangi og þeir leggi ekki eins mikla áherslu á að fá verkið og sá sem er verklítill á því augnabliki. Það staðfestist hér á bls. 426, með leyfi hæstv. forseta: „ Eins og fram kemur í svarinu var hönnun raflagna ekki lokið er útboðsgögn voru send út, en ráðgjafarverkfræðingar á hinn bóginn þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að festa rafverktaka í flýti. Ekki verður séð að hagkvæmni þess að bjóða út verk njóti sín undir slíkum kringumstæðum." Þetta getur verið alveg rétt, en það er ekki rafverktökunum að kenna. Það eru ráðgjafarverkfræðingarnir sem eru þarna að tryggja sér verktaka, þar er varnagli til þess að lenda ekki í verkstöðvun á milli þess að þeir eru tilbúnir með hluta af hönnunarverkinu, en ekki allt.

Ég sé ekki út af fyrir sig neitt athugavert við upphæðirnar sem fara úr 30 millj. í 123 millj. þegar þetta liggur ljóst fyrir, að bara hluti af verkinu, sem átti að vinna, var hannaður þegar fyrsti áfangi var boðinn út.

En úr því að verið er að gera þessi aukaverk að umræðuefni, þá er hér á bls. 419 yfirlit yfir þrjú verk. Ég ætla ekki að lesa upp nöfn fyrirtækjanna, það skiptir ekki máli í þessari umr., en framkvæmdahluti samnings hjá fyrstu fyrirtækjasamstæðunni, sem þar er samið við, er 90 millj. 922 þús. Verðbæturnar eru svo 22 millj. rúmar, en aukaverðbætur eru taldar vera 75 millj., þannig að samtals verður vinnan, sem samið er um, 90 millj., en 188 millj. rúmar þegar þeir hafa lokið verki sínu.

Í öðru dæminu á bls. 419 þar er annað fyrirtæki, er framkvæmdasamningur 67 millj. 544 þús. og verðbætur 17 millj., en aukaverk nema hærri tölu en framkvæmdasamningurinn eða 68 millj. 794 þús. Og þegar upp er staðið hafa þeir unnið verk án frekari útboða fyrir 251 millj. Þriðja dæmið er svo Rafafl, og þá skil ég ekki af hverju Rafafl er dregið inn í þessa umræðu eitt og sér.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en þakka fyrir þá þolinmæði sem forseti hefur sýnt okkur í kvöld.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta þessar umr. miklu lengra fram á nóttina.

Í fyrsta lagi vil ég segja það um hv. þm. Kjartan Ólafsson og rök hans, að mér sýnist augljóst að hann skilur ekki hvað það er sem verið er að fjalla hér um og talið er gagnrýnivert, vefur þetta tilfinningarökum um rekstrarform, fyrirtæki og vini sína. Það er ekki mitt mál, hvað honum finnst vera æskilegt rekstrarform eða góðir vinir sínir. Ég endurtek það, að mér sýnist það nokkuð ljóst, að hann skilur ekki hvað verið er að gagnrýna.

Að því er tekur til hv. þm. Alberts Guðmundssonar og innleggs hans hér í málið, þá greinir hann auðvitað satt og rétt frá, eins og fram kemur af lestri úr ríkisreikningum. En málið er það, að það er einmitt hluti af óeðli þessa máls að upphaflega upphæðin skuli vera af stærðinni X, í þessu tilfelli 30 millj., en lokaupphæðin skuli vera fjór- til fimmföld, vegna þess að þegar um svo mikla aukningu er að ræða hafa augljóslega annaðhvort fyrstu útboðin átt sér allt of snemma stað, áður en það var mögulegt, eða að hér er um ný viðbótarverk að ræða, og þá hefðu átt að fara fram önnur útboð. Nú skulum við ekki fullyrða um — (**KÓ:** Að Gunnar Thoroddsen leggi peninga til Þjóðviljans?) Ég dreg ekki ályktanir í þá veru. Ég er aðeins að benda á hvað augljóslega eru óeðlileg viðskipti. Þó einhver aukning ætti sér stað mundu menn varla gera miklar aths. við það, en þegar aukningin er fjór til fimmföld, þá er hér um ný verk að ræða sem augljóslega eru afhent án útboða. Ég veit að hv. þm. Albert Guðmundsson hefur slíkt viðskiptavit að hann mundi ekki fara svona að ef hann stæði að Kröfluvirkjun

sem einkafyrirtæki eða öðrum fyrirtækjum. Og það var þetta sem aðrir verktakar gagnrýndu. Ég er hér fyrir framan mig með langan lista af úrklippum um þessar gagnrýniraddir og þeir höfðu fyllstu ástæðu til að gagnrýna þetta. M. ö. o. : ég er aðeins að undirstrika það, að okkur hv. þm. Albert Guðmundsson greinir ekkert á. Það, sem hann lýsti og las úr reikningnum, voru gersamlega óeðlilegir viðskiptahættir á sínum tíma og þegar í stað gagnrýndir af öðrum, og á þeirri gagnrýni er nú verið að vekja athygli.

Herra forseti. Þetta er orðin löng umr. Ég hefði kosið að hún færi fram á öðrum tíma. Mér er það ekki til neinnar sérstakrar ánægju að verða að hanga hér í hálftómum sölum, og ég bið enn hv. þm. Albert Guðmundsson afsökunar á því, því að það er vissulega ekki tómlegt þar sem hann er. (Gripið fram í.) Já, það er von að spurt sé. **(Gripið fram í:** Það er vonandi að það fari að fækka.) Já, en kjarninn er sá, að úr því að sú ákvörðun var tekin — af ytri ástæðum sem ekki standa í mínu valdi— sú ákvörðun að láta þessa umr. fara fram, þá taldi ég mér ekki aðeins rétt, heldur skylt að taka þátt í henni. Ef þetta verður ekki annað en hjal við þingtíðindi, þá nær það ekki lengra, en þessar upplýsingar þurftu að skrást.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 101. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, kl. 2 miðdegis.

Sala á bv. Fonti, fsp. (þskj. 562). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Það er nú alllangur tími liðinn síðan þessi fsp. var lögð fram hér á Alþ., en þessi fsp. er 274. mál þingsins á þskj. 562 og fyrst og fremst lögð fram til ríkisstj. eða forsrh. vegna sölu á bv. Fonti og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um sölu á bv. Fonti? Ef svo er, hverjir eru þá kaupendur og hvaða ástæður liggja þeirri ráðstöfun til grundvallar?"

Nú hefur komið í ljós eða réttara sagt komið fram í fjölmiðlum, að bv. Fontur hefur verið seldur til Siglufjarðar af Ríkisábyrgðasjóði og kaupandi sé Ísafold hf. á Siglufirði. Þetta koma fram í fjölmiðlum og aðeins fáeinir dagar síðan Fontur undir nýju nafni: Siglfirðingur, sigldi inn á sína nýju heimahöfn. Eigi að síður er seinni hluti þessarar spurningar mjög knýjandi og ég óska skýrra svara um það, hverjar séu ástæður þess að skipið var selt til Siglufjarðar. Eins og öllum þm. er kunnugt eru allmargir skuttogarar fyrir á þessum stað og haft á orði, að e. t. v. sé Siglufjörður eini staðurinn á öllu landinu sem ekki þurfti ný skip til hráefnisöflunar, meðan aðrir staðir hafa verið í hráefnissvelti vegna þess að ekki eru nógu öflug skip og nógu mörg skip til á viðkomandi stöðum. En ég spyr forsvarsmann ríkisstj. um það fyrst og fremst, hverjar ástæður liggja þeirri ráðstöfun til grundvallar, að Fontur, sem nú heitir Siglfirðingur, var seldur til Siglufjarðar.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Sú fsp., sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, 4. landsk., hefur borið hér fram, er í tveimur liðum, eins og hann gerði hér grein fyrir:

„Hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um sölu á bv. Fonti? Ef svo er, hverjir eru þá kaupendur og hvaða ástæður liggja þeirri ráðstöfun til grundvallar?"

Svarið við fyrri lið fsp. er jákvætt, eins og hefur raunar komið þegar fram. Sú ákvörðun var tekin fyrir hartnær tveimur mánuðum, þ. e. a. s. um mánaðamót mars—apríl, að taka kauptilboði Ísafoldar hf. og nokkurra einstaklinga á Siglufirði í skipið.

Til svars við síðari lið spurningarinnar, þ. e. hvaða ástæður hafi legið að baki þeirri ákvörðun að taka tilboði Ísafoldar hf., er nauðsynlegt að hafa í huga aðdraganda þessa máls og jafnvel það hvaða annarra kosta ríkisstj. átti völ. Eins og flestum er kunnugt var bv. Fontur seldur á nauðungaruppboði í febr. s. l. vegna yfirvofandi gjaldþrots Útgerðarfélags Þórshafnar hf., sem var eigandi skipsins. Ríkisábyrgðasjóður átti um það bil 100 millj. kr. kröfu á útgerðarfélagið sem tryggð var með 2. veðrétti í skipinu. Á 1. veðrétti í skipinu hvíldi skuld við Fiskveiðasjóð til 10 ára að fjárhæð um það bil 550 millj. kr., og sjóveðréttarkröfur á útgerðina voru u. þ. b. 20 millj., sem einnig gengu fyrir kröfu Ríkisábyrgðasjóðs. Ríkisábyrgðasjóður var hæstbjóðandi í skipið með 570 millj. kr. tilboð, og var sjóðnum lagt skipið út til eignar sem ófullnægðum veðhafa. nokkrum dögum síðar auglýsti Ríkisábyrgðasjóður skipið til sölu og var óskað kauptilboða í það. Var sett fast verð á skipið með það í huga að ríkissjóður slyppi skaðlaus vegna gjaldþrots Útgerðarfélags Þórshafnar hf. og var ríkissjóði því ekki ætlað að hagnast á þessum viðskiptum. Heildarverð skipsins var ákveðið að skyldi vera 685 millj. kr. sem greiddust þannig:

1. Með yfirtöku 1. veðréttar skuldar við Fiskveiðasjóð, um 550 millj. kr.

2. Með yfirtöku 2. veðréttar skuldar við Ríkisábyrgðasjóð að fjárhæð u. þ. b. 100 millj. kr. Það skal tekið fram, að um það bil helmingur þessarar skuldar við Ríkisábyrgðasjóð var innlausnarskuld, þ. e. skuld sem fallið hafði á Ríkisábyrgðasjóð vegna veittra ríkisábyrgða og áhersla var lögð á að Ríkisábyrgðasjóður þyrfti ekki að endurlána nema til skamms tíma.

3. Með útborgunarfjárhæð 35 millj. kr., þ. e. sjóveðin að fjárhæð um 20 millj. kr. og þar að auki áætlaður kostnaður Ríkisábyrgðasjóðs um 15 millj.

Sjö tilboð bárust í skipið. Þessi boð voru ákaflega misjöfn, bæði að því er varðar möguleika bjóðenda til að standa undir útborguninni og eins að því er snertir tryggingar fyrir þeim hluta útborgunar, sem greiðast skyldi eftir afhendingu skipsins, og tryggingar fyrir ríkisábyrgðasjóðsláninu og þá fyrst og fremst innlausnarhluta þess. Eftir nána athugun virtust aðeins þrjú tilboð vera aðgengileg, þ. e. a. s. tilboð frá Vísi hf. á Húsavík, tilboð fra Ísstöðinni hf. í Garði og tilboð Ísafoldar hf. og nokkurra einstaklinga á Siglufirði. Í rauninni bar mjög lítið á milli þessara þriggja tilboða um það, hversu hratt útborgunin, þ. e. 35 millj., skyldu greiðast. Þegar tilboðin voru hins vegar virt með önnur atriði í huga og þá fyrst og fremst tryggingar sem í boði voru, var hins vegar niðurstaðan að hagsmunum ríkissjóðs virtist best borgið með því að taka tilboði Ísafoldar hf. á Siglufirði. Í því sambandi vil ég leggja áherslu á að það var einmitt tilgang-

urinn með því að kaupa skipið að reyna að afstýra því að Ríkisábyrgðasjóður tapaði fé með gjaldþroti Útgerðarfélags Þórshafnar hf.

Ég get upplýst að þær tryggingar, sem þeir Siglfirðingar settu fyrir útborguninni og innlausnarhluta ríkisábyrgðasjóðsskuldarinnar, voru bæði sjálfsskuldarábyrgðir banka og persónulegar tryggingar að hálfu þeirra einstaklinga sem þarna eiga aðild að, auk veðtryggingar í fasteignum Ísafoldar hf. Þær tryggingar, sem boðnar voru fram af hálfu annarra bjóðenda, voru sýnu lakari, auk þess sem ekki var fram hjá því horft að rekstrarstaða Ísstöðvarinnar hf. í Garði er miklum mun erfiðari heldur en Ísafoldar hf., en tilboð þeirra Garðsmanna var skoðað mjög gaumgæfilega. Niðurstaða mín varð sú, að með hliðsjón af þessu öllu var mun meiri áhætta bundin því að taka tilboði Garðsmanna heldur en tilboði Ísafoldar hf. á Siglufirði.

Þá tel ég rétt að fram komi að Ísafold hf. á fullkomið frystihús á Siglufirði þar sem að jafnaði starfa 50—70 manns. Hráefnisöflun fyrirtækisins byggðist lengst af á afla smábáta og togskips, sem síðar var selt. Vegna erfiðleika við hráefnisöflun leigði Ísafold hf. frystihús sitt á árinu 1977 til Þormóðs ramma hf. á Siglufirði, en það fyrirtæki gerir út þrjá skuttogara. Þormóður rammi sagði þessum leigusamningi upp frá og með 1. júlí n. k. Ísafold stóð þá frammi fyrir tveim kostum. Annar var sá að freista þess að verða sér úti um gott togskip sem m.a. væri samkeppnisfært gagnvart mannaráðningum við þau skip sem fyrir voru á staðnum. Hinn kosturinn var sá að segja upp öllu starfsfólki, 50—70 manns, og hætta rekstri. Fyrri kosturinn var sem sé valinn og þar með komið í veg fyrir að þessum stóra vinnustað yrði lokað. Mér er einnig kunnugt um að samið hefur verið um það milli Þormóðs ramma hf. og Ísafoldar, að um fiskmiðlun verði að ræða, og því frekar hægt að tryggja að jafnan verði um atvinnu að ræða í báðum frystihúsunum, sem að öðrum kosti hefði ekki getað orðið.

Ég held að ég sjái ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið nema að gefnu tilefni.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans. Það kemur í ljós af svari hans, að ástæðan til þess að skipið var selt til Siglufjarðar var fyrst og fremst sú, að þar var sterkasti kaupandinn á ferðinni og sá kaupandi sem fyrst og fremst gat staðið í skilum við Ríkisábyrgðasjóð samkv. því sem fjmrh. segir. Eg verð eigi að síður að harma þessa ákvörðun, fyrst og fremst á þeim grundvelli að það eru önnur byggðarlög í landinu sem þurftu á þessu skipi að halda heldur en Siglufjörður. Ég skil það mætavel, að Siglufjörður þarf á hráefni að halda, en þar hefur fremur verið um umframhráefni að ræða á undanförnum missirum heldur en hitt.

Einnig verð ég að harma það, að þessi sjónarmið um að leita að sterkasta kaupandanum skuli vera höfð að leiðarljósi þegar verið er að dreifa svo mikilvægum hráefnisöflunartækjum um landið. Ef þessari stefnu ætti alfarið að fylgja, gæti maður séð í fljótu bragði hvar hráefnisöflunartækin, skuttogararnir, mundu safnast saman. Það er nefnilega einu sinni svo, að eitt byggðarlag í þessu landi, Suðurnesin, hefur verið í nokkru fjársvelti af hálfu fjárfestingarsjóða miðað við fyrirgreiðslur til annarra fyrirtækja í öðrum byggðarlögum í landinu á undanförnum árum, sem hefur gert það að verkum að rekstrarstaða fiskvinnslufyrirtækjanna og útgerðarfyrirtækjanna á Suðurnesjum er miklum mun bágbornari en gerist úti um land, fyrst og fremst vegna aðstöðumunar sem felst í mismunandi fyrirgreiðslu úr opinberum sjóðum til þessara atvinnugreina.

Það mátti lesa það úr orðum hæstv. fjmrh., að fyrst og fremst hafi verið um tvö tilboð að ræða sem tekist hafi á um að fá skipið, annars vegar tilboðið frá Ísafold og hins vegar frá Ísstöðinni í Garði. Einnig fylgdi það með, að rekstraraðstaða Ísstöðvarinnar hefði verið mun erfiðari en rekstraraðstað Ísafoldar á Siglufirði. Þess skal getið og upplýst hér, að mér er kunnugt um að Ísstöðin í Garði var fús til og hafði á prjónunum áætlanir um að því hráefni, sem bærist á land með þessu skipi, mundi verða miðlað til fleiri en tveggja eða þriggja frystihúsa á Suðurnesjunum og þannig vísir að samstarfi frystihúsa á Suðurnesjum um skipin og þann fisk sem berst á land úr skuttogurunum. Ef sú ákvörðun hefði verið tekin að gefa Suðurnesjamönnum kost á því að kaupa þennan skuttogara hefði það verið mikil lyftistöng fyrir Suðurnesin. Það hefði verið mikilvægt fyrir Suðurnesin að fá þetta skip og þar með hefði gefist svigrúm til þess að fleiri en einn og fleiri en tveir aðilar sameinuðust um skipið og það hráefni sem kæmi á land með því. Þess vegna verð ég að ítreka það, að ég harma þessa ákvörðun, og það væri ekki úr vegi að hv. þm. væri tjáð hverjir hefðu tekið þessa ákvörðun, hvort það er ríkisstj., sem hefur tekið þessa ákvörðun, eða hvort það eru einstakir ráðh. innan ríkisstj. eða einhverjir embættismenn, sem með þessi mál fara að öðru leyti.

Umr. frestað.

Rekstrarlán til sauðfjárbænda, fsp. (þskj. 641). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 641 leyft mér að bera fram til landbrh. fsp. um rekstrarlán til sauðfjárbænda. Fsp. er á þessa leið, í þremur liðum:

„1. Hvað hafa rekstrarlán til sauðfjárbænda undanfarin 8 ár numið stórum hluta hvert ár um sig af skilaverði við upphaf sláturtíðar fyrir heildarfjölda sláturfjár haustið eftir að lánin voru veitt?

2. Hverjar eru núgildandi reglur í þessum efnum og hver má ætla að verði í ár breytingin frá fyrra ári hvað varðar upphæð rekstrarlána sem hlutfalls af skilaverði við upphaf sláturtíðar á komandi hausti?

3. Hefur ríkisstj. áformað að vinna að breytinum á þeim lánareglum sem nú gilda um rekstrarlánin, og ef svo er, hvaða breytingum hyggst þá ríkisstj. beita sér fyrir?"

Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, minna á það, að í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna frá því að núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð á s. l. hausti segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Rekstrar- og afurðalánum verði breytt þannig, að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú."

Ástæðan fyrir því, að ég ber fram þær fsp. sem ég hef hér kynnt og vænti svara við, er sú, að ég hef því miður nokkra ástæðu til að ætla að svo horfi að rekstrarlán til bændanna verði lægri á hvern dilk nú í ár heldur en nokkru sinni fyrr og séu jafnvel komin niður fyrir 10%. En þetta mun væntanlega allt saman skýrast í svari hæstv.

landbrh., og ég legg ekki síst áherslu á að fá fram svör hans við spurningunni í 3. lið um fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisstj.

Dómsmrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fyrsta spurning hv. þm. er: „Hvað hafa rekstrarlán til sauðfjárbænda undanfarin 8 ár numið stórum hluta hvert ár um sig af skilaverði við upphaf sláturtíðar fyrir heildarfjölda sláturfjár haustið eftir að lánin voru veitt?"

Ég hef hér í höndunum töflu yfir þetta, sem sýnir í fyrsta lagi heildarverðmæti sauðfjárafurða, í öðru lagi rekstrarlán til sauðfjárræktar og síðan rekstrarlán í hundraðshluta af afurðaverðmæti. Árið 1971 var heildarverðmæti sauðfjárafurða 1 milljarður 465 þús., rekstrarlán 292. 1 millj. og hundraðshluti 19.9. 1972 var heildarverðmætið 1 milljarður 983 þús., rekstrarlánin 345.3 millj. og hundraðshlutinn því 17.4. 1973 var heildarverðmæti 2 milljarðar 840.4 millj., rekstrarlán 450.8 millj. og hlutfallið þá 15.9. 1974 var heildarverðmætið 4 milljarðar 165.5 millj., rekstrarlánin 618.9 millj. og hundraðshlutinn þá 14.9. Það hefur sem sagt farið stöðugt lækkandi öll þessi ár. 1975 var heildarverðmæti sauðfjárafurða 6 milljarðar 564.4 millj., rekstrarlánin 1 milljarður 150.2 millj., hlutfallið þá 17.5. Það ár voru rekstrarlánin nálægt því tvöfölduð. 1976 var heildarverðmætið 7 milljarðar 987.6 millj., rekstrarlánin 1 milljarður 547 millj. og hundraðshlutinn þá 19.4. 1977 var heildarverðmætið 11 milljarðar 400.6 millj., rekstrarlán 1 milljarður 987.1 millj. eða hundraðshlutinn 17.4. Og 1978 eru bráðabirgðatölur yfir heildarverðmæti sauðfjárafurða, þar sem endanlegt söluverðmæti liggur ekki fyrir, 19 milljarðar 200 millj., rekstrarlán til sauðfjárræktar 2 milljarðar 713.5 millj. eða hundraðshlutinn 14.1.

Hér eru verðmæti rekstrarlána, sem ákveðin eru að vori, borin saman við verðmæti sauðfjárafurða að hausti. Svo sem taflan sýnir og ég benti á, fóru rekstrarlán til sauðfjárræktar lækkandi að verðgildi frá árinu 1971 til ársins 1975, en þá voru hin almennu rekstrarlán tvöfölduð, úr 226 millj, kr. í 453 millj. kr.

Auk hinna svonefndu rekstrarlána hefur landbúnaðurinn fengið fyrirgreiðslu hin seinni ár við að Áburðarverksmiðja ríkisins hefur veitt gjaldfrest á áburði til sláturleyfishafa, búnaðarfélaga og verslunar. Sláturleyfishafar fá gjaldfrest á 50% þess áburðar sem er tekinn á þeirra vegum hvert vor fram til 15. nóv. með ávísun á væntanleg afurðalán sem eru veitt vegna birgða af sauðfjárafurðum. Verslanir og búnaðarfélög eiga hins vegar að hafa lokið uppgjöri áburðarverðs í ágúst—sept. Gjaldfrestur á vanskil vegna áburðarkaupa var eftirfarandi árin 1975—1978 við mánaðamótin ágúst—sept.: Árið 1975 rúmlega 1 milljarður kr., 1976 1 milljarður 436 millj., árið 1977 1 milljarður 678 millj. og árið 1978 2 milljarðar 456 millj. Árið 1975 var áburðarverð einnig greitt niður úr ríkissjóði um 752 millj. kr. Sé reiknað með að um 40% þessara fjármuna fari til fyrirgreiðslu sauðfjárræktar í landinu má reikna fyrirgreiðsluhlutfall á afurðaverðmætum 5—11% hærra en í fyrrnefndri töflu, þ. e. a. s. fyrir árin 1975—1978. Á þessu ári er áætlað að rekstrarlán til landbúnaðar hækki um 42.4% frá s. l. ári. Upphæð þeirra yrði þá um 3.8—3.9 milljarðar kr.

Hvert afurðaverðmæti sauðfjár verður n. k. haust er ekki vitað. Þar eru óvissuþættir stórir, bæði framleiðslumagn og verðlagshækkanir frá því sem er í dag. Svo sem horfir í dag er ekki ástæða til að áætla meiri framleiðslu sauðfjárafurða að hausti en á s. l. hausti. Sauðfé hefur fækkað um 0.6% í landinu og verðurfar er með einsdæmum óhagstætt, eins og allir þekkja, og mun tvímælalaust hafa verulega áhrif þar á. Frá s. l. hausti og þar til nú, á hálfu ári, hefur verð sauðfjárafurða hækkað um 13.1%. Verð sauðfjárafurða á heilu ári fram til dagsins í dag hefur hækkað um 46%. Hvort hækkun sauðfjárafurða frá s. l. hausti fram á næsta haust verður meiri eða minni en hækkun rekstrarlána, 42.5%, er ófyrirsjáanlegt. Hins vegar hækkar búvöruverð að öllu jöfnu mest við haustverðsákvörðun, þar sem sumir rekstrarkostnaðarliðir eru einungis teknir þá til endurskoðunar og aðalsamningar um búvöruverðið fara þá einnig fram. — Þetta er svar við 1. lið.

Síðan er í 2. lið spurt: „Hverjar eru núgildandi reglur í þessum efnum og hver má ætla að verði í ár breytingin frá fyrra ári hvað varðar upphæð rekstrarlána sem hlutfalls af skilaverði við upphaf sláturtíðar á komandi hausti?"

Seinni hlutanum hef ég einnig reynt að svara og þar er, eins og fram kom í svari mínu, mjög mikil óvissa og ekki unnt að gefa ákveðnar hundraðstölu, en ég vil hins vegar lesa hér upp úr bréfi frá Seðlabankanum, dags. 14. maí 1979, með leyfi forseta:

„Í janúar s. l. ákvað bankastjórn Seðlabankans að lækka endurkaupahlutfall allra afurða- og rekstrarlána um 3 prósentustig eða sem svaraði 5.7%. Tildrög þessarar ákvörðunar voru m. a. hin mjög svo óhagstæða þróun hlutfallsins milli endurkeyptra lána og bundins fjár, sem átt hafði sér stað undanfarin ár, og önnur þróun peningamála sem gekk í sömu átt, og er þar einkum átt við mikla skuldasöfnun ríkissjóðs í Seðlabankanum. Jafnframt var viðskiptabönkunum tilkynnt, að út frá því væri gengið að þeir ykju lán sín til atvinnurekstrarins að sama skapi og endurkaupin lækkuðu. Þetta ber að hafa í huga þegar rætt er um lán til atvinnuveganna, sem Seðlabankinn endurkaupir. Þegar rekstrarlán til landbúnaðar voru ákveðin í mars s. l. var að sjálfsögðu tekið tillit til þess, sem hlaut að leiða til lægri endurkaupa en ella. Samt var niðurstaðan sú, að meðalhækkun endurkeyptra rekstrarlána, og eru þá talin með fóðurbirgðalán, var 38.3%. Þessu til viðbótar koma svo uppgjörslán til sauðfjárbænda, sem þegar hafa verið greidd út að hluta, en koma til endanlegrar útgreiðslu í lok þessa mánaðar. Hækkun á þeim er væntanlega um 47.6% miðað við áætlaðar birgðir 1. mars. Alls verður því hækkun þeirra lána, sem geta flokkast undir rekstrarlán, 42.5% (eins og kom reyndar fram í því sem ég las upp áðan).

Við ákvörðun endurkaupa rekstrarlána hefur það um alllangt skeið verið meginregla að hækka heildarupphæð lánanna um svipað og grundvallarverð hefur hækkað frá árinu áður. Ekki hefur verið tekið tillit til breytinga á stærð sauðfjárstofnsins, hversu mikið slátrað hefur verið næstliðið haust, enda verða ekki miklar breytingar þar á frá ári til árs, en aftur á móti hefur við niðurdeilingu lánanna á sláturleyfishafa verið miðað við tölu dilka, svo að skipting yrði sem jöfnust. Hins vegar hefur orðið aukning á rekstrarlánum við það, að tekin hafi verið upp á undanförnum árum lán, sem eru sama eðlis og rekstrarlánin, en í öðru formi og er hér um þrenns konar lán að ræða. Fyrst eru það svokölluð viðbótarrekstrarlán til bænda á þeim svæðum þar sem sauðfjárbúskapur er stundaður að meiri hluta, þá eru fóðurbirgðalán, sem eru til bænda á Norður- og Austurlandi vegna hafíshættu, og

loks uppgjörslán, en þar er tekið tillit til raunverulegra birgða.“

Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa meira, því að sumt af því er komið fram í því sem ég sagði áðan. En ég vildi að þetta, sem ég hef nú lesið, kæmi fram um afstöðu Seðlabankans. Ég gat um það áðan, að 1979 verða lánin, þau sem flokkast undir rekstrarlán, samtals um 3 milljarðar 585 millj. kr., en 1978 var upphæðin 2 milljarðar 512 millj. kr.

Út af síðustu spurningu hv. þm., um hvað ríkisstj. hyggist gera, verð ég eiginlega að vísa henni að nokkru leyti til hv. þm., því að eitt af mínum fyrri verkum sem landbrh. var að skipa n. til að athuga bæði afurða- og rekstrarlán í landbúnaði. Gerði ég það með tilvísun til þess ákvæðis í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. sem hv. þm. vísaði til áðan. Fyrsti fundur í þessari n. var haldinn 26. okt. Í n. eiga sæti Vilhjálmur Hjálmarsson, sem er formaður n., Magnús Jónsson bankastjóri, Árni Gunnarsson alþm., Kjartan Ólafsson alþm., Sveinn Jónsson frá Seðlabanka Íslands, Helgi Bergs bankastjóri, Gunnar Guðbjartsson frá Stéttarsambandi bænda og Geir Magnússon frá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Ég mætti á þessum fyrsta fundi n. og gerði henni grein fyrir þeim verkefnum sem henni voru ætluð. Ég tel að n. hafi unnið vel. Þetta mál er margslungið og flókið og hún lagði þegar í des. fram till. um fyrri þátt þessa máls, sem má segja að varði það að sauðfjárbændur fái 90% útborgað fyrir áramót. Ég lagði þá fyrir ríkisstj. till. sem er svo hljóðandi með leyfi forseta:

„Með tilvísun til þess ákvæðis í samstarfsyfirlýsingu ríkisstj., að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað eins og aðrir aðilar fá nú, skipaði ég í lok okt. nefnd til þess að gera till. um fyrirkomulag á greiðslu vegna landbúnaðarafurða. Fyrsti áfangi nál. fylgir hér með. Á grundvelli þeirra hugmynda sem þar koma fram, geri ég hér með till. um eftirgreint fyrirkomulag á greiðslum vegna landbúnaðarafurða:

1. Fullgildir verðábyrgðarreikningar til ríkissjóðs vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum verði greiddir mánaðarlega og óháð verðlagsári landbúnaðarafurða, þótt heildarupphæð sé gerð upp í lok hvers verðlagsárs. Skv. því verður á fjárl. gert ráð fyrir upphæð til greiðslu slu útflutningsbóta vegna útflutnings á síðustu 8 mánuðum fyrra verðlagsárs og 4 fyrstu mánuðum nýs verðlagsárs. (Er hér vísað til þess, að verðlagsár landbúnaðarins endar í lok ágúst og þar hefur alltaf skarast að vissu leyti.)

2. Ríkissjóður greiði af niðurgreiðslu á uppbótafé vaxta- og geymslugjald á kindakjöti í lok hvers mánaðar samkv. þeim birgðum sem staðfest er að hafi verið í upphafi mánaðarins samkv. birgðaskýrslum sláturleyfishafa.

3. Ríkisstj. beinir þeim tilmælum til Seðlabanka Íslands að hraða verði afgreiðslu á uppgjörslánum til sláturleyfishafa, þannig að unnt reynist að hækka útborgunarhlutfall til bænda í 90% á haustgrundvallarverði.“

Þessar till. verða samþ. í ríkisstj. og a. m. k. tveir fyrstu liðirnir eru komnir til framkvæmda og hefur útflutningsbótagreiðslu og greiðslu vaxta- og geymslukostnaðar verið hagað þannig síðan og jafnframt verið til þess mælst hjá Seðlabanka að hann flýti uppgjörslánum, sem hann mun hafa gert að nokkru leyti nú, en kemur fyrst og fremst til framkvæmda á næsta ári.

Síðan hefur n. unnið að öðrum áfanga, sem fjallar um rekstrarlánin. Ég hef fylgst með því starfi og ég geri ráð fyrir till. frá n. mjög fljótlega um það. Ég vil jafnframt geta þess, að ég hef beint því til n. að skoða afurða- og rekstrarlán vegna ýmissar annarrar framleiðslu landbúnaðarafurða, sem hefur ekki notið þeirrar fyrirgreiðslu í dag, og eru það ýmsar aukabúgreinar. Mér er kunnugt um að n. fjallar um það mál, og ég mun þegar taka það til meðferðar og afhenda ríkisstj. þegar þær till. liggja fyrir.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin við þeim fsp. sem ég hafði til hans beint. Þau svör voru út af fyrir sig skýr og upplýsandi að vissu marki. Ég vil þó vekja hér athygli á ákveðnu vandamáli sem ekki kom nægilega skýrt fram að mínum dómi í máli hæstv. ráðh. Er þess að vænta, að þau rekstrarlán, sem sauðfjárbændur fá á þessu ári, haldi verðgildi sínu miðað við síðasta ár? Hæstv. ráðh. upplýsti, að heildarhækkunin milli ára væri 42.5% frá 1978—1979, og vitnaði í þessum efnum í upplýsingar Seðlabankans. Ég dreg ekki í efa að þessi tala sé rétt miðað við þær forsendur sem hún er byggð á. En hér er á það að líta, að á síðasta hausti var slátrað 59 þús. fleiri dilkum en haustið 1977, og vegna þess að hér er ekki tekið tillit til þeirrar fjölgunar mun það vera óyggjandi staðreynd, að lánið út á hvern sláturdilk á s. l. hausti, sem hver bóndi fær, hefur aðeins hækkað út á hvern dilk um 33.5% á sama tíma og verðlagsgrundvöllurinn hefur hækkað um 46%. Hins vegar tók hæstv. ráðh. fram, að samkv. upplýsingum Seðlabankans hafi það lengi verið regla að hækka rekstrarlánin svipað og verðlagsgrundvöllurinn hækkaði milli ára.

Hér er komið allverulegt bil á milli, ef spurt er um rekstrarlán út á hvern sláturdilk á síðasta hausti, þar sem verðlagsgrundvöllurinn hefur hækkað um 46%, en rekstrarlánin eingöngu um 33.5%. Af þessu leiðir óhjákvæmilega, ef ekki verður gerð breyting á, beina kjaraskerðingu fyrir bændastéttina til viðbótar við allt annað sem yfir hana dynur á þessu vori. Ég tel að ef ekki verði gerð í þessum efnum leiðrétting sé niðurstaðan í fullkominni andstöðu við þá setningu í málefnasamningi eða samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna sem ég vitnaði til þegar ég flutti fsp. mína. Og ég skal reyndar láta þess getið, vegna þess að hæstv. ráðh. vísaði að nokkru leyti til mín, eða þeirrar n. sem hann gat um og ég á sæti í, varðandi svör við 3. lið fsp. minnar, að þannig vill nú til að í þessari n. undirrituðum við einmitt nú í morgun, — það er hrein tilviljun að það skuli bera upp á sama dag og hæstv. ráðh. svarar þessari fsp., — en í morgun undirrituðum við einmitt till. okkar til hæstv. ráðh., og þær ganga út á það að þessi mismunur verði leiðréttur þannig að bændur fái á þessu ári a. m. k. rekstrarlán sem séu að verðmæti jafngildi út á hvern dilk og þau voru á síðasta ári. Ég legg af minni hálfu og ég hygg þeirra, sem í þessari n. hafa starfað, mjög mikla áherslu á að ríkisstj. sjái sér fært að tryggja þessa breytingu, og skírskota ég þar ekki síst til hinna almennu erfiðleika sveitafólksins sem ekki þarf að lýsa úr þessum ræðustól í dag.

Ég vil enn fremur, áður en ég lýk mínu máli, vekja athygli á því, að verð á meðaldilk er talið 1. mars s. l. vera 19 652 kr., en meðalrekstrarlán samkvæmt núgildandi reglum, sem Seðlabankinn setti í síðasta mánuði, þ. e. á hvern dilk er hins vegar aðeins 1833 kr. eða komið niður

fyrir 10% af verðmæti dilksins. Þetta er þróun sem að mínu viti er með engu móti hægt að una við og síst af öllu meðan í landinu situr ríkisstj. sem hefur það á stefnuskrá sinni að tryggja bændum það, að þeir geti, eins og það er orðað, fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú. Það er augljóst, að þegar raungildi lánanna fer lækkandi, jafnmikilvæg og þau eru í búrekstrinum, kemur það í flestum tilvikum með beinum hætti niður á launum bóndans, því sem eftir er þegar hann er búinn að greiða rekstrarkostnaðinn, því sem honum er þá ætlað að halda eftir sem launum. Það er sá þáttur sem skerðist, því að rekstrarkostnaðinn hefur bóndinn ekki með góðu móti í sínu valdi að skera niður, nema hann sé þá um leið að skapa sér í flestum tilvikum minnkandi tekjur á næsta ári og næstu árum.

Tímans vegna sé ég ekki ástæðu til að orðlengja öllu frekar um þessi mál, þó að vissulega hefði getað verið ástæða til að segja hér margt fleira. En ég vil ljúka þessu með því að láta þá ósk í ljós, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. landbrh. líti með velvilja á þær ábendingar, sem ég hef hér sett fram, og geri ráðstafanir, sem dugi til að tryggja bændum hvað þetta varðar ekki lakari hlut en á síðasta ári. Auðvitað þyrfti hlutur þeirra í þessum efnum þvert á móti að verða betri, ég tala nú ekki um ef svo á að fara að hið háa Alþ. komist að þeirri niðurstöðu og það verði endanleg niðurstaða hér, að því verði synjað að útvega nokkurt fé til að mæta þeim erfiðleikum sveitafólks sem stafa af offramleiðsluvandamálinu.

Símamál, fsp. (þskj. 526). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum barst sú fregn og kom reyndar fram í dagblöðum borgarinnar, að Póstur- og sími hefði gert pantanir á tækjabúnaði til þess að mæla lengd innanbæjarsamtala. Var þess þá getið, að þar væri sérstaklega átt við Reykjavík og nágrenni. Þetta kom flestum nokkuð á óvart, og að sjálfsögðu virðist þarna stefnt að því að setja upp slík tæki til þess að hækka afnotagjöldin hjá þeim sem þessi tækjabúnaður nær til. Hefði maður þó haldið að frekar væri ástæða til þess að gera tilraun til að lækka símaafnotagjöld, en ekki hækka þau. En hvað um það, ég lagði fram fsp. til hæstv. samgrh. á þskj. 526 til þess að fá staðfestingu á þessum fregnum. Því frekar var þessi fsp. borin fram þar sem mér er ekki kunnugt um að nein heimild hafi verið á fjárl. til að stofna til slíkra kaupa. Fsp. hljóðar svo:

„1. Er það rétt, að Póstur og sími hafi pantað tækjabúnað til að mæla lengd innanbæjarsímtala?

2. Ef svo er, hvað kostar sá búnaður, bæði í innkaupi og uppsetningu?

3. Hvar á að nota þennan tækjabúnað?

4. Hverjar eru áætlanir Pósts- og síma um tekjur af þessari ráðagerð?"

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í tilefni af fsp. hv. þm. Ellerts B. Schram vil ég upplýsa, að tækjabúnaður til þess að gjaldfæra innanbæjarsamtöl á höfuðborgarsvæðinu eftir tímalengd voru pöntuð 1. mars 1979 — 1. mars s. l. — og afgreiðslutími er áætlaður 15 mánuðir.

Í öðru lagi spyr þm. að því, hver sé kostnaðurinn við þennan búnað, bæði í innkaupi og uppsetningu. Því er til að svara, að innkaupsverð er áætlað 395 720 sænskar kr. Uppsetningarkostnaður er áætlaður um tvö ársverk og unnið verður að þessu verkefni í ígripum að verulegu leyti.

Í þriðja lagi: Hvar á að nota þennan tækjabúnað? spyr hv. þm. Því er til að svara, að nefndur búnaður verður fyrst um sinn notaður á höfuðborgarsvæðinu, en síðar fyrir landið allt í áföngum eftir stærð stöðva.

Í fjórða lagi spyr hv. þm. hverjar séu áætlanir Pósts- og síma um tekjur af þessari ráðagerð. Svarið er, að áætlað er að þessi breyting gefi 30—35 millj. skrefa á einu ári og fer það þá eftir verðlagningu skrefa á hverjum tíma hversu mikið það gefur.

Framangreint kerfi auðveldar útjöfnun símagjalda fyrir landið í heild. Þar með gefst þá tækifæri til þess að lækka langlínugjöldin og fækka gjaldflokkum niður í 3 eða 4 taxta. Innan heimastöðvasvæða er að færast í vöxt að nota sjálfvirka símakerfið til ýmiss konar flutninga eftir símalínum, m. a. á textum og myndum. Slíka notkun er nauðsynlegt að gjaldfæra samkv. tímalengd til þess að forðast misnotkun í þessu efni.

Þessar upplýsingar eru byggðar á gögnum frá Póst- og símamálastofnuninni.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin. Þetta eru mikil fagnaðartíðindi fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins — eða hitt þó heldur — að fá upplýsingar um að það sé búið að panta tæki til þess að hækka afnotagjöldin hjá þeim sem á þessu svæði búa. Það er ljóst sem sagt, að hér er enn ein sérstaka skattlagningin á Reykvíkinga og þá sem búa í næsta nágrenni við höfuðborgina. Ráðh. talar um, að hér sé um að ræða útjöfnun á gjaldinu. Það er auðvitað ljóst, að þarna er verið að gera tilraun til þess að hækka afnotagjöld hjá vissum hópi þjóðfélagsþegna vegna þess að einhverjum finnst að gjöldin hjá öðrum séu of há og þá þurfi umfram allt að hækka þar sem lægst er. Þetta er pólitíkin í dag.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta mál frekar, tíminn leyfir það ekki og vonandi gefst tími til að fjalla frekar um þetta mál síðar. En ég held að hér sé á ferðinni enn eitt dæmið um það, hvernig ekki á að standa að málum, og sérstaklega lít ég það alvarlegum augum, að hér sé búið að taka ákvörðun og panta tæki, sem kosta mikið fé, án þess að fjárveitingavaldið sé haft með í ráðum þegar sú ákvörðun er tekin.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil segja það eitt um þessi orð hv. þm., að það hefur ávallt verið ljóst að jöfnun símgjalda hlyti að valda hækkun símgjalda hjá einhverjum hluta símnotenda. Annað er að sjálfsögðu útilokað, nema mismunurinn sé greiddur af ríkisfé með öðrum hætti. Hins vegar verður auðvitað ekkert um það sagt, hvort þessi ákveðnu kaup á tækjum muni hafa í för með sér hækkun símgjalda fyrir hinn almenna, venjulega notanda. Það ræðst að sjálfsögðu af taxtaákvörðunum þegar þar að kemur. Ég tel að stefna beri að því, að taxtinn verði með þeim hætti að sá, sem talar hæfilega löng samtöl, njóti svipaðra kjara og verið hefur. Hitt er ljóst, að þessi breyting mun hafa það í för með sér að þeir, sem tala hlutfallslega mjög löng samtöl hverju sinni, munu fá hækkuð símagjöld.

Byggingamál kennaraskóla og skóla þroskaheftra, fsp. (þskj. 526). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil gera örstutta grein fyrir þessum fsp.

Ég minni fyrst á það, að ríki og sveitarfélög kosta sameiginlega byggingu almennra grunnskóla og nokkurra framhaldsskóla. Frjáls samtök koma þar einnig við sögu í nokkrum tilvikum, en margir skólar á framhaldsskólastigi eru kostaðir af ríkissjóði eingöngu. Heildaráætlun um byggingu skólahúsnæðis á hinum ýmsu skólastigum er ekki til enn þá þó að unnið sé að slíkri áætlanagerð, að ég hygg, og þess vegna er það, að ýmis atvik ráða því hvenær hafist er handa um byggingu einstakra skóla.

Nálega allt skólahúsnæði, sem nothæft er talið í dag, er byggt á hálfri öld eða svo og fyrir 100 árum áttum við náttúrlega ekkert skólahús. Þegar svo ofan á þetta bætist að kröfur til skólalærdóms hafa aukist gífurlega á síðustu árum, þá er vissulega ekki nema von að margt sé ógert. Mér sýnist að hjá ríkisskólunum sé þörfin mest fyrir nýtt húsnæði í kennaraskólunum og í skólum þroskaheftra, þó víðar sé þröngt fyrir dyrum.

Menntun kennara er meginatriði almennra fræðslumála, en húsnæðismál kennaraskólanna — af þeim er sorgarsaga. Fyrir aldarfjórðungi var hannað og teiknað húsnæði fyrir hinn almenna kennaraskóla og áætlað að auka síðan við hið teiknaða húsnæði um ca. 50% af því sem teiknað var. Nemendafjöldi var þá áætlaður nokkru lægri en hann hefur orðið síðustu árin og miklu lægri en nú horfir. Byggður var 1/3 af hinu fyrirhugaða húsnæði og þar við hefur svo setið í næstum 20 ár! Það er fyrst á fjárl. 1977 sem veitt er fé beint til framkvæmda, 28 millj. kr. og svo 50 millj. 1978. Það var skorið niður um 25 millj. kr. *eftir síðustu stjórnarskipti. En nú eru aftur á fjárl.* 50 millj. kr.

Fyrsta spurning mín er um það, hvenær áformað sé að hefja framkvæmdir við nýbyggingu Kennaraháskóla Íslands.

Íþróttakennaraskóli Íslands hefur aðeins getað tekið 32 nemendur á löngu árabili. Í sumar tókst með skyndiráðstöfunum og með samstarfi skóla á Laugarvatni að fjölga inntöku í 48 nemendur. Það hefur verið mjög mikil vöntun á íþróttakennurum og leiðbeinendum. Gildi líkamsræktar er viðurkennt og ekki síst nú þegar kyrrsetur og innistörf fara vaxandi, svo að þarna er um mjög brýnt mál að ræða, að unnt sé að þjálfa fleiri leiðbeinendur og kennara. Nú er þannig ástatt á þessum stað, að fyrir þriðjungi aldar var byggt íþróttahús fyrir Íþróttakennaraskólann, sem þá hafði færri nemendur en ég nefndi áðan, og fyrir Héraðsskólann á Laugarvatni — fyrir meira en 30 árum. Og 12 metra sundlaug var byggð þarna fyrir hálfri öld, nákvæmlega fyrir 50 árum, og við þetta situr enn. Þó eru núna á Laugarvatni, auk þessa skóla sem ég greindi, húsmæðraskóli, grunnskóli og menntaskóli með 200 nemendum. Og allir þessir skólar nota þessi gömlu íþróttamannvirki. Auk þess hefur svo Íþróttasamband Íslands umfangsmikla íþróttastarfsemi þarna á sumrin. Þess vegna má öllum vera ljóst að aðstöðuskortur þarna er ákaflega tilfinnanlegur. Nú stendur eins á um þetta og Kennaraháskólann, að árið 1977 og síðan hefur verið veitt fé á fjárl., þó ekki nema til undirbúningsframkvæmda á Laugarvatni, ekki til að byrja framkvæmdir. Og önnur spurning mín hljóðar svo: „Hvað líður undirbúningi að byggingu íþróttahúss við Íþróttakennaraskóla Íslands?"

Þá vil ég víkja að þriðju spurningunni. Til skamms tíma hafa menn verið næsta vanbúnir og raunar fákunnandi til þess að sinna þörfum þroskaheftra. Nú aftur á móti hafa möguleikar margfaldast með auknum skilningi og bættri menntun kennara og nýrri þekkingu á þessum málaflokki almennt. En aðstöðu skortir tilfinnanlega. Þegar 1. áfangi Öskjuhlíðarskóla var tekinn í notkun batnaði aðstaðan vissulega mikið, en þrengsli eru þarna gífurleg og það vantar alveg á þennan stað sérhæft húsnæði fyrir ýmsa þætti náms og þjálfunar. Það var svo veitt fé á fjárl. 1977 og síðan til framkvæmda á þessum stað, og þriðja spurning mín er: „Hvenær er áformað að hefja framkvæmdir við nýjan áfanga Öskjuhlíðarskóla?"

Og loks er 4. spurningin um hliðstætt efni, hvað varðar Lyngásheimilið. Það er rekið af Styrktarfélagi vangefinna í Reykjavík. Þar eru mörg börn í dagvist. Það hefur verið áformað að byggja þar kennslu- og þjálfunarhúsnæði sem þá mun nýtast fleirum, enn fleirum en þeim sem þar dvelja. Fé var veitt á fjárl. 1977 og 1979 til byggingarframkvæmda þarna, og 4. spurning mín hljóðar svo: „Hvenær hefjast framkvæmdir við byggingu kennslu- og þjálfunarhúsnæðis við Lyngásheimilið?"

Ég vil að lokum segja að það fer ekki á milli mála, að margir vænta sér mikils af þeim framkvæmdum sem hér er spurt um, þó á fleiri en einu sviði séu. Undirbúningstími þessara framkvæmda er þegar orðinn verulegur, svo ég segi ekki meira. Það er þess vegna mjög æskilegt að fá frá fyrstu hendi sem gleggsta vitneskju um gang þessara mála þannig að allir geti þá vitað hvernig horfir í dag.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson spyr um byggingarmál nokkurra skóla.

Í fyrsta lagi spyr hann um hvenær áformað sé að hefja framkvæmdir við nýbyggingu Kennaraháskóla Íslands? Því er til að svara, að hönnun og áætlunargerð nýs byggingaráfanga er lokið. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur heimilað útboð á uppsteypu hússins og frágangi utanhúss miðað við þriggja ára framkvæmdatíma. Til framkvæmda í ár mun vera hægt að verja u. þ. b. 65 millj. kr., en í heild er áætlað að framkvæmdin til loka kosti um 600 millj. kr. Í þessum áfanga verður húsnæði fyrir kennslu, m. a. í raungreinum, aðstaða fyrir bókasafn og aðra þjónustu. Stærð þessa byggingaráfanga er rúmlega 2000 fermetrar.

Eins og kunnugt er á Kennaraháskólinn við mikil húsnæðisvandræði að etja og þessi ráðgerða byggingarframkvæmd mun ekki bæta þar úr í einni svipan, enda áformað að framkvæmdatíminn verði 3 ár. Er því aðkallandi að finna lausn á þessum bráða vanda, og nú eru uppi áform um að skólinn fái til afnota skólahúsnæði í grenndinni sem líklegt er að losna muni vegna flutninga í annað hús. En þar er átt við Fósturskólann sem starfræktur hefur verið í Skipholti og mun færast í núverandi húsnæði Laugalækjarskóla.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hvað líði undirbúningi að byggingu íþróttahúss við Íþróttakennaraskóla Íslands? Því er til að svara, að 8. apríl s. l. var haldinn sameiginlegur fundur skólanefndar og skólaráðs Íþróttakennaraskólans þar sem mættir voru arkitektar og verkfræðingar. Lagðar voru fram teikningar, sem verið höfðu til athugunar um skeið, og brtt. ræddar. Fundurinn sam-

þykkti þessar teikningar og munu þær fljótlega berast menntmrn., og að fenginni staðfestingu verða þær lagðar fyrir samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. hvenær áformað sé að hefja framkvæmdir við nýjan áfanga Öskjuhlíðarskóla. Nú er unnið að undirbúningi og teikningum að 2. áfanga Öskjuhlíðarskóla, en í þeim áfanga er gert ráð fyrir auknu kennslurými, aðstöðu fyrir líkamsþjálfun, sal og sundlaug svo og aðstöðu fyrir starfsfólk o. fl. Þess er vænst, að undirbúningsvinna verði komin á lokastig síðla sumars.

Í fjórða lagi spyr hv. þm. hvenær hefjist framkvæmdir við byggingu kennslu- og þjálfunarhúsnæðis við Lyngásheimilið. Teikningum og áætlunargerð um byggingu skóla við dagheimilið Lyngás við Safamýri í Reykjavík er lokið og málið er nú til umfjöllunar hjá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Gert er ráð fyrir að útboð á fyrri hluta verksins, þ. e. uppsteypu og frágangi utanhúss, geti farið fram á næstunni. Byggingarkostnaður er áætlaður um 350 millj. kr. Til ráðstöfunar er 71 millj. kr. til ársloka. Í þessari byggingu er kennsluaðstaða fyrir þroskahefta nemendur og þjálfunaraðstaða, þ. e. leikfimisalur og sundlaug.

Herra forseti. Ég vænti þess, að þessi stuttorðu svör nægi til að fyrirspurnunum teljist svarað.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Varðandi þann lið fsp., hvenær áformað er að hefja framkvæmdir við nýjan áfanga Öskjuhlíðarskóla, þá er það mjög tímabær fsp. og eðlilegt að um það sé spurt af hv. fyrrv. menntmrh., sem mjög beitti sér fyrir kennslumálum þroskaheftra þegar hann var menntmrh., og ekki síður vegna þess, að í skýrslu hans til Alþ. frá 1978 kemur fram, að 2. áfangi Öskjuhlíðarskólans eigi að vera tilbúinn árið 1980. Því gæti það verið allt eins tímabær fsp. að spyrja hæstv. núv. menntmrh. hvort við það verði staðið sem fram kemur í skýrslunni varðandi þetta atriði, þannig að fram komi einnig hvenær áformað sé að ljúka 2. áfanga. Vil ég undirstrika og benda á að í þeim áfanga er gert ráð fyrir 1900 fermetra byggingarframkvæmdum sem kosta ekki undir 500 millj. kr. á verðlagi í dag. Eftir því sem ég hef næst komist er aðeins eftir að leggja síðustu hönd á teikningar og fá samþykki byggingarnefndar, þannig að lítið ætti að vera til fyrirstöðu að byggingarframkvæmdir ættu að geta hafist fljótlega og verið lokið á áætluðum tíma, samkv. skýrslu menntmrh. frá 1978, ef séð væri fyrir nægilegu fjármagni. En þegar 2. áfangi er fullbúinn má ætla að skólinn geti tekið við um 70 nemendum til viðbótar. Sá dráttur, sem hefur orðið, er fyrst og fremst vegna þess, að upphaflegum byggingarframkvæmdum og teikningum hefur verið breytt og þær endurmetnar í ljósi fenginnar reynslu. Við þá breytingu hefur verið lögð áhersla á og þar tekið verulegt tillit til skoðana starfsliðs og sérfræðinga skólans þess efnis að auka þjónustu fyrir þá nemendur, sem fyrir eru, en hafa búið við mjög ófullkomna aðstöðu. Í 2. áfanganum er lögð m. a. áhersla á þjálfunarstöð með íþróttasal og sundlaug, en slíkt hefur ekki verið fyrir hendi, auk þess sem um fimm viðbótarkennslustofur o. fl. verður að ræða í þeim áfanga. Hér er því fyrst og fremst um ófyrirsjáanlegan drátt að ræða vegna breytinga, sem gera hefur þurft á teikningum og byggingaráætlunum sem í ljós kom að gera þurfti þegar reynsla fékkst af starfsemi skólans, og í framhaldi af því hvað væri brýnast og þýðingarmest.

Að lokum vil ég benda á að 1977 voru veittar á fjárl. 30 millj. og 26 millj. 1978, sem ekki hefur verið fullnýtt vegna þess sem ég áður greindi frá. En það segir sig sjálft að sú upphæð er aðeins lítill hluti af því sem þarf til þess að ljúka 2. áfanga, sem kostar a. m. k. 500 millj. á núverandi verðlagi. Í ljósi þess, að það mark hefur verið sett í skýrslu menntmrh. frá 1978 að ljúka þeim áfanga 1980, en til þess þarf tæpar 500 millj. kr. til viðbótar því fjármagni sem fyrir er, vil ég ítreka að það væri einnig tímabært og brýnt að fá svar menntmrh. við því, hvenær nú er áætlað að 2. áfanga ljúki.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, þau upplýsa þessi mál mikið. Það er ánægjulegt að heyra að nú er allt tilbúið undir útboð hjá Kennaraháskóla Íslands. Þetta hefur allt tekið nokkuð langan tíma, en það voru ýmis ljón á vegi og þurfti að breyta skipulagi, mér er kunnugt um það.

Ég er hins vegar ekki alveg ásáttur um að vinna fyrir aðeins 65 millj. kr. í ár. Mér telst til að 28%+25+50 séu rúmar 100 millj. En ég veit auðvitað að það hefur farið mikið fé í hönnunar- og undirbúningskostnað. Kannske skakkar ekki svo miklu þegar þess er gætt, en þó hélt ég að menn hefðu getað tekið öllu stærri áfanga á þessu ári. En höfuðatriðið er að þetta fer í gang.

Það er líka ánægjulegt að heyra það, að menn eru að eygja bráðabirgðalausn á húsnæðismálum, að Kennaraskólinn fær inni í Skipholtinu. Að Fósturskólinn fer í Laugalækjarskóla, það er einnig ánægjulegt að heyra það. Það var byrjað að bollaleggja um það áður en ég fór úr rn., og nú hefur þetta sem sagt tekist, en Fósturskólinn var kominn í þröng þar sem hann er.

Þá þykir mér sérstaklega vænt um að heyra það, að menn eru alveg horfnir frá því að ýta burt starfsemi Æfingaskólans eða færa hana í annað húsnæði, því það álít ég að væri mikið óráð. En það felst í þessum svörum að frá því er horfið.

Það er einnig gott að heyra að það þokar áfram málum Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni og menn eru orðnir ásáttir um hversu standa skuli að byggingum þar. Mér þykir mjög vænt um að heyra þetta. Þarna verður í nokkuð mikið ráðist og þetta verður allt að hafa sinn gang og miðast við getu. En það er höfuðatriði, að ekki sé hvikað frá settri stefnu, álít ég.

Varðandi svo Öskjuhlíðarskólann, þá er það sorgleg saga hvað sá undirbúningur hefur tekið langan tíma. Ég var alls ekki ánægður með hvað seint gekk meðan ég starfaði í rn., og enn verður þarna á verulegur dráttur. Nú er ég ekki að sakast við einn eða neinn um þetta, en þetta er sorglegt, því þarna er ákaflega brýn þörf á aðgerðum.

Hins vegar virðist horfa betur með byggingarnar við Lyngásheimilið. Þar getur útboð farið fram á næstunni, sagði hæstv. ráðh., og það er mjög gott.

Ég vil í þessu sambandi rifja það upp, að hér ætti að koma til góða, þegar farið verður að ákveða fjárveitingu til þessara mála við næstu fjárlagagerð, það frv. sem hér var samþ. um málefni þroskaheftra, með innbyggðu ákvæði um Framkvæmdasjóð þroskaheftra og öryrkja.

Ég vil svo aðeins segja að að öðrum þræði er þessi fsp. borin fram vegna þess, að maður lifir sífellt í ótta um að þunglamaleg framkvæmd á opinberum byggingarframkvæmdum dragi úr hömlu að hafist verði handa um þau mál sem Alþ. hefur veitt fé til. Ég hef auðvitað ekki á

móti góðum undirbúningi, hann er sjálfsagður. Mér er ljóst að í sumum tilvikum vinnur t. d. samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir gott verk, og ég hef nýlega vikið að því í sambandi við útvarpshúsið, að þar álít ég að hún hafi unnið mjög gott verk. En stundum þykir mér samt dráttur á framkvæmdum, vegna þess skipulags sem á þessu er, verða óhæfilega langur. Ég álít að þegar Alþ. hefur veitt fjármagn til ákveðinna verka eigi þau verk að ná fram að ganga án óeðlilegrar tafar. Í þessum tilvikum t. d. sem hér um ræðir, þegar teknar eru upp fjárveitingar á ný eftir nokkurt hlé til kennaramenntunarinnar og til málefna þroskaheftra, þá felst í því stefnumörkun Alþ., stefnumörkun í þá átt að nú skuli hefjast handa við framkvæmdir á þessum ákveðnu sviðum.

Ég vil svo bara bæta því við það sem ég hef sagt hér um byggingu vegna málefna þroskaheftra, að það er ekki aðeins brýn nauðsyn þarna vegna barnanna og aðstöðu þeirra og þarfa, heldur og vegna þjóðfélagsins sjálfs því það, sem þarna er lagt fram, er fjármagn sem skilar sér bókstaflega þegar fram í sækir í langflestum tilvikum.

Svo legg ég áherslu á það, að ég er því feginn, að það er unnið af fullum krafti, vil ég segja, þó ferðin takmarkist auðvitað af getunni, að því að framkvæma þá stefnu sem mörkuð hefur verið í málefnum kennaramenntunarinnar varðandi þær tvær stofnanir sem hér hefur verið um spurt. Það eru og eiga að vera forgangsverkefni, öll þau atriði sem ég hef hér nefnt, svo menntun kennara sem aðstoð við þroskahefta. Kennaramenntun er grundvöllur að góðri starfsemi í skólum landsins, og menntun íþróttakennara og leiðbeinenda er sérstakt nauðsynjamál í nútímaþjóðfélagi.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bar fram þá spurningu til mín, hvenær vænta megi að byggingu 2. áfanga Öskjuhlíðarskóla verði lokið og hvort líkur séu á að sú áætlun standist, að þeim áfanga verði lokið á árinu 1980. Eins og fram kom í máli hv. þm. og raunar í máli seinasta ræðumanns, fyrrv. menntmrh. Vilhjálms Hjálmarssonar, hefur nú orðið nokkur dráttur á því að unnt væri að hefjast handa við byggingu þessa skóla, m. a. vegna þess að breytingar hafa verið gerðar á teikningum. Ég get sagt það eitt með vissu, að þeir, sem gerst þekkja til mála í menntmrn., telja, að undirbúningsvinnan eigi að vera komin á lokastig síðla sumars, og gera því greinilega ekki ráð fyrir að byggingarframkvæmdir hefjist alveg á næstu vikum. En ég vænti þess eindregið að reynt verði að hraða þessu verki. Hitt finnst mér að heilbrigð skynsemi segi mér eins og öllum öðrum, að harla ólíklegt sé að þessum áfanga verði lokið á árinu 1980, þó að byggingarframkvæmdir hefjist síðla sumars á þessu ári. Auk þess er ég kannske ekki miklu færari en aðrir þm. að segja til um það, hversu mikill hraði verður á byggingarframkvæmdum, vegna þess að auðvitað veltur það á fjárveitingum fyrir árið 1980.

Nýlega hafa verið samþykkt lög um fjármögnun verka af þessu tagi, og þar er gert ráð fyrir að 1000 millj. kr. auk verðbóta verði varið til þeirra mála. Það er sérstök stjórnarnefnd, sem m. a. er skipuð fulltrúum frá þremur rn., sem skiptir þessu fé, og ég þykist sjá fram á að við getum ekki vitað með vissu, hvenær þessum framkvæmdum ljúki, fyrr en þessi n. hefur tekið til starfa og gert tillögur sínar.

Sameinað þing, 102. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, að loknum 101. fundi.

Beinar greiðslur til bænda, þáltill. (þskj. 16, n. 471 og 497). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 497 felld með 29:20 atkv.

Tillgr. samþ. með 28:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, OÓ, ÓE, RH, SighB, StJ, GJG, SvH, VG, ÞK, AG, BGr, ÁE, BrS, EH, EBS, EKJ, FrS, GSig, GeirG, GH, GK, GTh, HFS, JÞ, LárJ, LJós.

nei: ÓlJ, RA, SV, StH, SvJ, TÁ, VH, ÞS, AS, BN, EG, EÁ, HES, IG, JH, KÓ, MHM, GilsG.

ÓRG, ÁG, EðS, FTS, FÞ, GSt, HG, JóhS, JGS, BL, KSG, KJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÞP, PJ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í meðferð n. á þessari till. var vilji allra nm. að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins. Það tókst ekki á síðasta stigi þannig að ég átti aðild að meiri hl. n. Ég tel hins vegar að þetta mál þurfi nánari athugunar fyrir ýmissa hluta sakir og hefði þurft nánari skoðun í meðferð þingsins. Ég mun hins vegar ekki leggjast beint gegn þeim meiri hl., sem ég hef átt aðild að áður, þannig að ég greiði ekki atkv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti.

Þið hrópið frelsi í takt á torgum.
En til hvers er þessi samblástur gerður?
Í réttri mynd síðar við bændur borgum,
það bregst ekki þegar kosið verður.

Ég segi nei.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef áður í umr. um þetta mál lýst því yfir, að ég tel hugmyndina, sem að baki þessari till. liggur, góðra gjalda verða. Hins vegar hef ég sagt að á till. í því formi sem hún er nú, væru ýmsir tæknilegir gallar og þess vegna mun ég sitja hjá.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég er út af fyrir sig hlynntur því, að það fyrirkomulag gæti komist á að bændur eigi kost á að fá þessi ákveðnu lán greidd beint í eigin vasa. En ég legg ekki síður ákaflega mikið upp úr því, að bændur beri gæfu til að hafa með sér öflug samtök varðandi sín hagsmunamál, þ. á m. sölustarfsemi. Ég tel ekki tímabært að samþykkja þessa till. nú eins og hún er úr garði gerð. Ég tel að m. a. þurfi að afla svipuðum hugmyndum meiri stuðnings meðal samtaka bændanna sjálfra og í þeirra hópi en þær hafa nú og það sé þá fyrst tímabært að stíga verulegt skref í þessa átt þegar fyrir lægi að málið hefði meiri stuðning bænda heldur en það hefur nú. Ég segi því nei við till.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 28:16 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 869).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1979 til jafnlengdar 1981, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 15. gr. laga nr. 11 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með samtals einu nafni á hvorum. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr:
Sveinn Aðalsteinsson, Flókagötu 63, Rv. (A),
Ragnar Jónsson skrifstofustjóri (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1979 til jafnlengdar 1981, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 15. gr. laga nr. 12 1961, um Útvegsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Davíð Guðmundsson rekstrartæknifræðingur (A),
Ingi R. Jóhannsson löggiltur endurskoðandi (B).

Kosning 5 manna í orkuráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, til fjögurra ára, frá 1. júlí 1979 til jafnlengdar 1983, samkv. 69. gr. orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru Aage Steinsson, Finnur Torfi Stefánsson, Daníel Ágústínusson og Bergþór Halldórsson rafmagnsverkfræðingur. Á B-lista voru Þorv. Garðar Kristjánsson og Þóroddur Th. Sigurðsson. — A-listi hlaut 37, en B-listi 19 atkv. 2 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru:

Aage Steinsson rafveitustjóri (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson alþm. (B),
Finnur Torfi Stefánsson alþm. (A),
Daníel Ágústínusson aðalbókari (A),
Þóroddur Th. Sigurðsson vatnsveitustjóri (B).

Kosning þriggja fulltrúa ríkisins og jafnmargra varamanna í stjórn Kísiliðjunnar hf. til fjögurra ára frá 20. apríl 1979 að telja til jafnlengdar 1983, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr:
Aðalmenn:
Sigurður Rúnar Ragnarsson vélavörður (A),
Pétur Pétursson forstjóri (A),
Magnús Jónsson bankastjóri (B).
Varamenn:
Tryggvi Finnsson forstjóri (A),
Guðmundur Hákonarson framkvæmdastjóri (A),
Ingvar Þórarinsson bóksali (B).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands, að viðhafðri hlutfallskosningu, til fjögurra ára, frá 27. maí 1979 til jafnlengdar 1983, samkv. 2. gr. laga nr. 52 27. maí 1975.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:
Aðalmenn:
Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Friðjón Guðröðarson sýslumaður (A),
Jóhannes Árnason sýslumaður (B).
Varamenn:
Erlingur Viggósson skipasmiður (A),
Benedikt Sigurðsson lögfræðingur (A),
Víglundur Þorsteinsson framkvæmdastjóri (B).

Kosning Þingvallanefndar, þriggja alþingismanna, frá þinglokum til loka næsta þings eftir nýafstaðnar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr:
Gils Guðmundsson alþm. (A),
Sighvatur Björgvinsson alþm. (A),
Geir Hallgrímsson alþm. (B).

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka það að fá að komast hér að með þessa fsp., þó að hún hefði annars verið flutt með venjulegum hætti. En þar sem þingi er að ljúka hef ég þennan hátt á, með leyfi hæstv. forseta.

Það hefur verið töluvert ritað að undanförnu í blöðum að það eigi að loka vissum hælum og sjúkradeildum í sumar, og við því er ekkert að segja, vegna skorts á sérfræðingum sé sjúkradeildum lokað. En hins vegar þegar tilkynnt er um það, að sjúklingar á hælum eins og Kópavogshæli verði sendir heim, vangefnir og í sumum tilfellum örvita, þá fer manni ekki að lítast á framvindu mála. Og þegar það er í Morgunblaðinu í dag haft eftir stjórnarformanni ríkisspítalanna, sem er ráðuneytisstjóri í heilbr.- og trmrn., að sjúklingum á Kópavogshæli hafi ekki verið fækkað og stjórnarnefnd ríkisspítalanna hafi ekki fyrirhugað að svo verði í sumarleyfum, þá kemur mér það töluvert á óvart, því að nýlega hafa verið send **út bréf frá Kópavogshæli sem segja nokkuð annað en** formaður stjórnarnefndar ríkisspítalanna. Í bréfi, sem ein móðir fékk sem á barn sitt á þessu hæli, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna fækkunar á starfsfólki og sumarleyfis, þjálfunarskóla ríkisins, Kópavogshæli, munu aðstæður á barnadeildum stofnunarinnar breytast verulega til hins verra, a. m. k. yfir sumarmánuðina. Áðurnefnd fækkun á starfsfólki er til komin vegna þess að fjmrn. hefur krafist þess, að starfsmannafjöldi fari ekki fram úr heimildum sem veittar eru af fjvn. Alþingis og ákveðnar í fjárlögum. Þetta hefur þær alvarlegu afleiðingar í för með sér, að við getum ekki veitt öllum þeim börnum sem eru á barnadeildum stofnunarinnar, nægilega góða umönnun og meðferð. Þess vegna munum við grípa til þess ráðs að útskrifa þau barnanna, sem við teljum að geti verið

heima hjá foreldrum, um takmarkaðan eða ákveðinn tíma. Samkv. sérfræðilegu mati teljum við fært að útskrifa barn yðar" — og svo kemur nafn þess — „um fjögurra vikna skeið. Við gerum okkur ljóst að nokkrir erfiðleikar gætu verið á því að hafa hann heima, en það er hins vegar mun betri kostur en það sem stæði til boða hér í stofnuninni í sumar.

Vinsamlega hafið samband sem allra fyrst við félagsráðgjafa" — **tiltekinn félagsráðgjafa og tiltekinn lækni** í ákveðinn síma — „ til þess að ákveða nánar dagsetningu útskriftar og hvenær hann komi aftur hingað að lokinni dvöl heima, eða til að ákveða nánar um viðtal þar sem við getum rætt þessi mál."

M. ö. o.: þarna er farið að skrifa út bréf til foreldra fólks sem þarna er vistað. Og í þessu tilfelli, sem bréfið sem ég las upp fjallar um, er um örvita að ræða. Barn um 13 ára aldur, sem þekkir ekki einu sinni foreldra sína, á að senda heim á heimili móður og barna, sem er engan veginn fært um að taka við því. Þessi sjúklingur verður auðvitað allt árið að vera á stofnun, og þannig mun vera um fleiri.

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. heilbrrh. hver hans skoðun sé á þessu máli og hvort ekki sé öruggt að það megi treysta því, að frá þessu verði horfið og að þessar stofnanir verði starfræktar eins og verið hefur á undanförnum árum. Ég tel að ef þetta verður gert séum við að stíga stórfellt skref aftur á bak, og meðan við erum að stíga stór skref aftur á bak í þessum málum, þá held ég að við ættum að hægja á ferðinni með ýmsar framfarir, sem kallaðar eru, á öðrum sviðum, ef við getum ekki staðið við svo sjálfsagðan hlut í þessu þjóðfélagi sem telur sig til menningarþjóðfélags,— þjóðfélags sem vill vernda lítilmagnann og sjá fyrir þeim sem ekki geta séð fyrir sér sjálfir og ekki geta verið annars staðar en á hælum eða sjúkrahúsum.

Ég vænti þess, að hæstv. heilbrrh. geti svarað þessu og sagt sitt álit á því, hvort fólk, sem hér á hlut að máli megi ekki treysta því, að frá þessu verði horfið.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram, að þessi bréf, sem munu vera um 40 talsins, hafa ekki verið send út með vitund og vilja *stjórnarnefndar ríkisspítalanna. Annars hef ég um þetta* það að segja, að á undanförnum árum hefur stjórnarnefndin lagt fram till. um verulegar breytingar á rekstri og skipulagi Kópavogshælis. Bent hefur verið á við gerð fjárhagsáætlunar ár eftir ár, að þjónustuna við vistmennina þurfi að auka og hana þurfi að bæta, og þetta kostar verulega fjölgun starfsmanna. Í áætlun fyrir árið 1979 var gert ráð fyrir því, að starfsmönnum mundi fjölga um 41, það hefur verið gerð ár eftir ár till. um þessa fjölgun, en henni hefur ekki verið sinnt, nema hvað núna var ákveðið að bæta við nokkrum nýjum starfsmönnum.

Á árinu 1978 voru vistmenn að meðaltali 180—190. Með þessum fjölda er hælið alveg fullt og þar eru óviðunandi þrengsli, sérstaklega í elstu húsum hælisins. Þar hafa verið um það bil 90 vistmenn í húsnæði sem ekki rúmar með góðu móti nema 50—60, þannig að það er ýmislegt sem þarna þarf að laga og breyta. Vonandi verða þarna til hjálpar lögin sem nýbúið er að setja um aðstoð við þroskahefta. Eins og ég sagði, var við gerð fjárhagsáætlunar ársins 1979 farið fram á 41 manns fjölgun, en það urðu bara 9. Og það sem verra var, það varð að nota þessar 9 stöðuheimildir til þess að koma á fót dagvistarstofnun fyrir starfsmenn hælisins, því að hjúkrunarfólk, þroskaþjálfar og annað starfsfólk fékkst **ekki nema sú þjónusta væri í boði.**

Hvað því viðvíkur, að það standi til að fækka sjúklingum stórlega, útskrifa þá nú um sumartímann, þá eru þær ráðagerðir ekki uppi af hálfu stjórnenda og framkvæmdastjóra hælisins. Þarna eru í dag 179 sjúklingar, hælið er m. ö. o. fullt. Starfsmennirnir eru um 202, eða 15—18 fleiri en fjárlög gera ráð fyrir, og það er rétt, að það er verið að reyna að fækka þessum starfsmönnum til samræmis við fjárlög. Þetta þýðir auðvitað minnkandi þjónustu. Það er ekki meiningin, að neinn þurfi að fara heim út af þessu, en þjónustan hlýtur óhjákvæmilega að versna, sem er afskaplega slæmt í sjálfu sér. **(Gripið fram í: Er þetta bréf þá ómerkt?)** Það er skrifað af starfsmönnum hælisins. Ég vil taka það fram sérstaklega, að maður verður að líta á þetta að hluta sem lið í þrýstiaðgerð, vegna þess að fjárveitingavaldið hefur ekki að mati þessa fólks staðið sig sem skyldi.

Á undanförnum árum hefur svo þar að auki verið *reynt að taka á sumrin við fólki,* taka við vistmönnum frá heimilum svo að foreldrar og aðrir aðstandendur geti komist í sumarfrí. Þannig hafa verið teknir inn nýir vistmenn á sumrin í stuttan tíma, 1—3 vikur, og það bætir auðvitað ekki úr skák. Samt er verið að reyna að gera þetta. Það, sem veldur kannske mestum erfiðleikum núna og hefur gert á undanförnum árum, eru sumarfrísafleysingarnar. Fólkið þarf sitt sumarfrí. Þar að auki er Þjálfunarskóli ríkisins, sem þarna vinnur og þjónar, líka í sumarfríi, og eins af því að verið er að reyna að taka inn þetta fólk til þess að létta á heimilum á sumrin eru þarna veruleg vandræði.

Ég vil geta þess, að ég hef nú fyrir 2—3 dögum rætt við fjmrh., einmitt eftir að þetta mál kom upp, og höfum við ákveðið að halda með okkur fund ásamt fjárveitingavaldinu, sem við köllum svo, um þessi mál, um starfsmannahald Kópavogshælis almennt og þó sérstaklega um sumarleyfisafleysingarnar. Ég vona að ekki komi til þess, að senda þurfi heim aðra en þá sem geta með sæmilega góðu móti farið og ekki nema þá í fullu samkomulagi við aðstandendur og ekki nema þá vistmenn sem sjálfir hafa gott af því að komast til aðstandenda sinna.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég sé fyllstu ástæðu til þess að þakka hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni fyrir að hreyfa hér þessu máli Kópavogshælis, því að ef fer sem horfir í því máli og ekkert verður að gert stefnir í hið alvarlegasta ástand sem getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Ég hef kynnt mér nokkuð þetta mál. Ég heimsótti Kópavogshælið m. a. í því skyni í gær og kynnti mér allar aðstæður þar.

Hér gefst ekki tími til að rekja nema að litlu leyti hve fjármagnsskortur og mannekla hefur háð allri nauðsynlegri starfsemi þessa hælis og hve mikið skortir á að þjónusta við vistfólk sé viðunandi. En ef það er í raun rétt, sem ég trúi ekki enn, að til greina komi að sparnaðarráðstafanir verði látnar bitna á þessu hæli, þá held ég að ærin ástæða væri fyrir þá, sem hyggjast leggja slíkt til, að kynna sér ástand stofnunarinnar áður en úr slíku yrði. Auðvitað eru það neyðarúrræði sem má rekja til samdráttar- og sparnaðarráðstafana í heilbrigðisþjónustunni. En **það fullyrði ég eftir að hafa skoðað og kynnt mér aðstæður á**

þessari stofnun, að ef slíkur sparnaður bitnar á henni, þá er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur.

Vistun á þessari stofnun er algert neyðarúrræði og vonandi verður hægt að létta þar á með tilkomu heildarlöggjafar um aðstoð við þroskahefta og framkvæmd hennar. Á þessari stofnun eru nú vistmenn sem ekki eiga í annað hús að venda, því að vegna mjög mikillar líkamlegrar og andlegrar fötlunar hafa aðrar stofnanir ekki treyst sér til þess að taka við þeim. Þeir einstaklingar, sem þarna dveljast, þurfa margir mjög mikla umönnun og eru margir hverjir svo algerlega ósjálfbjarga, að fötlun margra hverra, ef ekki flestra, krefst þess, að á hvert barn sé a. m. k. einn starfsmaður við daglega ummönnun, auk þess sem skortur á iðjuþjálfurum og sérmenntuðu starfsliði háir eðlilegri starfsemi stofnunarinnar. Með því starfsliði, sem þarna var um s. l. áramót, má segja að rétt sé hægt að fylgja lágmarkskröfum um mannúðlega meðferð, en ef fækka á starfsfólki er það ekki á færi stofnunarinnar að veita slíka þjónustu, og verður hún því að grípa til þess neyðarúrræðis að fækka vistmönnum.

Staðreynd er, að ef viðhalda á lágmarksþjónustu með e. t. v. vissum sveigjanleika til þess að stunda einhverja þjálfun og nauðsynlega meðferð þarf 1.25—1.50 starfsmenn á hvert barn. Nú eru starfsmenn þar 0.8 á hvert barn, og má benda á að t. d. á geðdeild Barnaspítala Hringsins eru starfsmenn 1.8 á hvert barn.

Stöðugildi á Kópavogshæli voru um s. l. áramót um 215, eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um, og hefur fækkað niður í rúmlega 180. Ber okkur þar ekki saman, hæstv. heilbrrh., en það er sennilega hægt að fá nánar úr því skorið hvor fer með rétt í því máli. Of ef enn á að fækka starfsmönnum hlýtur að vera ljóst að ekki er hægt að halda uppi nauðsynlegri þjónustu. Því leikur mér hugur á að vita og það verður að vera ljóst, þegar ráðuneytisstjóri heilbrrn. segir í Morgunblaðinu í dag að ekki sé ætlunin að senda vistfólk heim í sumarleyfum starfsfólks, hvort orð hans megi túlka svo, að það eigi að halda stöðugildum sem nauðsynleg eru til þess að viðhalda lágmarksþjónustu, sem er að mati kunnugustu manna 215, eða hvort orð hans megi túlka svo, að viðunandi þjónustu sé uppi haldið á Kópavogshæli með þeim stöðugildum sem þar eru í dag, 180 eða 190, eða jafnvel hugsanlegri fækkun í 170, sem er sú tala sem heimildin samkv. fjárlögum segir til um.

Við skulum muna það, að þarna eru einstaklingar sem eiga þess ekki kost að verja rétt sinn, og það minnsta, sem hægt er að ætlast til af þjóðfélaginu, er að sparnaðaráform ríkisins gangi ekki svo á þann lágmarksrétt sem þjóðfélaginu ber skylda til þess að veita þeim, að ekki sé hægt að fullnægja kröfum um lágmarksþjónustu við þá, þannig að þeir njóti mannúðlegrar meðferðar. Því vona ég að orð ráðuneytisstjóra — og hæstv. heilbrrh. getur eflaust svarað því — megi túlka svo, að ekki verði fækkað starfsmönnum hælisins og stöðugildum frá því sem var um áramót, þannig að 215 starfsmönnum verði haldið. Annars er verið að vekja falskar vonir hjá aðstandendum vistmanna á Kópavogshæli með slíkri yfirlýsingu, því að það getur hver sagt sér það sjálfur, að Kópavogshælið getur ekki haldið uppi algerri lágmarksþjónustu nema með slíkum starfsmannafjölda að hægt sé að halda uppi daglegri umönnun vistmanna. Því vona ég að ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn. hafi einhverja lausn á vandanum eftir yfirlýsingu hans í Morgunblaðinu í dag.

Ýmislegt annað er nauðsynlegt að taka til athugunar varðandi aðbúnað stofnunarinnar, eins og viðhald ýmiss konar sem er í algeru lágmarki, enda ekki veittar nema 13 millj. á síðustu fjárlögum til viðhalds öllu þessu mikla húsnæði. Þá má nefna slæma aðstöðu til þvotta á hælinu, lélega eldunaraðstöðu o. fl. En það er nánast eins og allt virðist nógu gott fyrir þessa stofnun.

Ég veit að hæstv. heilbrrh. hefur mikinn skilning á þessum málum, og ég vænti hæstv. fjmrh. einnig, og heiti því á þá að bæta úr því neyðarástandi, sem nú er yfirvofandi á Kópavogshæli, og ríkisvaldið sameinist um að láta ekki þessi sparnaðaráform leggjast á garðinn þar sem hann er lægstur.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram í tilefni af þessum umr., að við afgreiðslu fjárlaga ákvað fjvn. að 210 millj. kr. skyldi varið til að fjölga starfsliði við ríkisspítalana, þar með talið Kópavogshælið. Fjvn. óskaði eftir því við heilbrrn., að það gerði till. um hvernig þessari fjárhæð skyldi varið og hvert þessar stöðuaukningar skyldu fara. Í fyrra bréfi, sem fjvn. fékk frá heilbrrn., var ekki gerð till. um að auka starfslið á Kópavogshælinu, en síðar var því breytt að ósk rn. og fjárhæðinni varið til þess að auka stöðurnar um þá tölu sem hæstv. heilbrrh. nefndi áðan. Það er því ákvörðun heilbrrn. að telja aðrar stöðuaukningar nauðsynlegri en þær sem nú er talið að vanti við Kópavogshælið. En í sambandi við það sem hefur komið til umr. nú upp á síðkastið varðandi málefni Kópavogshælis, hefur ekkert verið rætt við fjvn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég vil aðeins endurtaka það sem hann sagði, að ekki væru hugmyndir uppi um fækkun vistmanna á Kópavogshælinu hjá stjórnarnefnd ríkisspítalanna eða forstöðumönnum hælisins, og hann tók sem ráðh. sömu stefnu, að ekki ætti að fækka vistmönnum þar. Þess vegna vil ég eindregið fara þess á leit við hann, að hann afturkalli þau bréf, sem starfsfólk hælisins hefur sent út til aðstandenda þessa fólks, og að haldið verði uppi þeirri þjónustu sem þetta þjóðfélag hefur einsett sér að halda uppi gagnvart þessum sjúklingum. Ef það verður gert og þessi bréf verða afturkölluð, þá tel ég að sé séð fyrir sömu þjónustu og verið hefur undanfarið. — Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þessi mál og þakka hæstv. forseta fyrir.

Félmrh. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Það, sem ákveðið hefur verið í þessu, er að fimm börn fari heim í samtals 10 vikur, þ. e. tvær vikur að jafnaði, og það hefur verið gert í fullu samráði við foreldra. Það er líka ákvörðun um einhverja fullorðna, en það hefur líka verið gert í fullu samráði við aðstandendur, og það eru samtals 20 vikur yfir sumarið — 20 mannvikur eins og það er kallað. Ég mun beita mér fyrir því, að þessi bréf verði afturkölluð þar sem ekki næst fullt samkomulag við aðstandendur um málið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir hv. 12. þm. Reykv. til hv. 1. þm. Vestf. fyrir að bera fram þá fsp. sem hér er nú til umr. Og ég vil taka undir þá áskorun sem er þegar komin fram á hæstv. heilbrrh., að gefa þegar í stað fyrirmæli um að afturkölluð verði þau bréf eða tilkynningar, sem þegar hafa

verið sendar til aðstandenda þess fólks sem dvelst á Kópavogshæli, og, jafnframt verði sparnaðarnefnd fjmrn. skipað að hugsa með hjartanu þegar hún tekur viðkvæmar ákvarðanir sem snerta heilbrigðismál.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir það að hefja umr. um þetta mál. Og ég vil nota tækifærið, af því að hæstv. fjmrh. er viðstaddur, til að biðja hann að eyða þó ekki væri nema 2—3 mínútum til þess að skýra afstöðu fjmrn. til þess vandamáls sem hér liggur fyrir okkur.

Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vakti athygli á áðan, snýr þetta ekki aðeins aðþví, hvort sjúklingar verði sendir heim í sumar, heldur hvort séð verði fyrir nauðsynlegri lágmarksþjónustu, svo að sæmileg geti talist á heimilinu.

Ég er ekki með öllu ánægður með svör hæstv. heilbrrh. Hann byrjaði á því í fyrri ræðu sinni að segja okkur frá því, að þessi bréf væru ekki send út á ábyrgð rn. eða stjórnar stofnunarinnar. Í lok síðari ræðu sinnar áðan sagði hann okkur að einungis þeir yrðu sendir heim sem fullt samkomulag næðist um við aðstandendur. Við vitum fullvel að það er býsna langt gengið og búið að ýta býsna mikið á aðstandendur þegar vandamenn neita að taka við sjúklingi af hælinu. Í lok fyrri ræðu sinnar sagðist hann vona að ekki þyrfti að senda heim nema þá sem hægt væri að senda heim, og þá ekki nema með samþykki aðstandenda, og ekki aðra en þá sem gott hefðu af því að fara heim til aðstandenda.

Þetta mál er alls ekki ljóst, og af því að það mun vera mála sannast, sem hæstv. heilmbrrh. sagði, að hér er undir högg að sækja hjá fjmrn., þá skora ég á hæstv. fjmrh. að segja okkur frá því hér — ekki hvort eigi að reyna eða hvort það eigi að athuga hvort hægt sé, heldur beinlínins hvort það verði séð fyrir þeim fjármunum sem til þess þarf að halda þessu fólki á hælinu án þess að pressa aðstandendur, þrýsta á þá um að taka þessa sjúklinga heim í sumar, og þannig, að séð verði fyrir lágmarksþjónustu og aðbúnaði fyrir þetta fólk.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Hæstv. heilbrrh. hefur beðið um fund með mér út af þessum málum sérstaklega. Við höfum ekki getað komið honum á, en við munum ræða þessi mál. Að sjálfsögðu er fjmrn. bundið við þær fjárveitingar sem fjárlög heimila í þessum efnum sem öðrum. Hitt er annað mál, að það hefur að sjálfsögðu tíðkast að umframfjárveitingar væru veittar í ýmsum tilfellum, og ég er reiðubúinn til þess að taka þessi mál til athugunar, án þess að vilja segja meira fyrr en ég hef fengið færi á að athuga málið í einstökum atriðum. En við munum fjalla um málið vonandi alveg á næstunni, hæstv. heilbrrh. og ég, og væntanlega taka ákvarðanir um framhaldið.

Vegáætlun 1979-82, þáltill. (þskj. 589, n. 842, 833). — Síðari umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Till. til þál. um vegáætlun var lögð fram ærið seint að þessu sinni, svo að fjvn. hefur gefist skammur tími til að ná samkomulagi um afgreiðslu hennar þegar tekið er tillit til þess að miklar annir hafa verið við önnur þingstörf vegna fyrirhugaðra þingloka. N. tók þáltill. til umr. þegar er henni hafði verið útbýtt og kaus undirnefnd til að gera till. um skiptingu framkvæmdafjár í aðalverkþætti svo og milli kjördæma. Undirnefndin hélt marga fundi um þetta mál og n. öll sex fundi, og á þskj. 833 flytur hún sameiginlega brtt. við þáltill. um sundurliðun fjármagns til einstakra verkefna, en fulltrúar Sjálfstfl. í n. undirrita nál. á þskj. 842 með fyrirvara.

Við störf sín naut undirnefnd og n. öll liðsinnis Snæbjarnar Jónassonar vegamálastjóra og starfsliðs hans, einkum þeirra Helga Hallgrímssonar forstjóra tæknideildar og Jóns Rögnvaldssonar yfirverkfræðings, en svo vel eru störf Vegamálaskrifstofunnar kunn öllum hv. alþm. að ekki þarf í raun að taka það fram, að þau voru sem endranær til fyrirmyndar öðrum stofnunum ríkisins.

Engin nefndarstörf eru þm. almennt jafnnátengd og störf fjvn. þegar hún fjallar um vegáætlun, og því ekki þörf á að rekja fyrir þeim í löngu máli niðurstöður n. og tillögur. Þm. hinna einstöku kjördæma hafa fylgst með allri afgreiðslu málsins og sjálfir annast skiptingu fjármagns á einstakar framkvæmdir í kjördæmum sínum innan þeirra ramma einstakra verkþátta sem fjvn. hefur lagt fram sem sínar tillögur.

Við afgreiðslu fjárlaga var mörkuð heildarútgjalda- og tekjuáætlun Vegasjóðs á árinu 1979, en síðan var við afgreiðslu lánsfjáráætlunar gert ráð fyrir hækkun lánsfjárröflunar um 470 millj. kr., og í till. til þál. um vegáætlun var þeirri viðbótarupphæð ráðstafað til aukningar viðhaldsfjár, enda ekki vanþörf á að úr yrði bætt á því sviði, sbr. *það sem fram kemur í grg. með vegáætluninni*, að á undanförnum árum hafi fjárveitingar til sumarviðhalds verið mjög af skornum skammti og hvorki fylgt verðlagsþróun né verið tekið tillit til aukningar á umferð. Og þm. utan af landi eru vel kunnar allar þær óskir sem bornar eru fram um rýmri reglur um snómokstur.

Í störfum fjvn. var ljóst að mjög erfitt yrði að standa að skiptingu fjármagns milli kjördæma, sérstaklega á árinu 1980, þar sem í till. um vegáætlun og áætlun vegagerðar var gert ráð fyrir að nauðsynlegt fjármagn til að akfært yrði um Borgarfjarðarbrú á því ári tæki ríflega fjórðung af öllu framlagi til stofnbrauta 1980, en allir fjvn.-menn voru sammála um að að því marki um framgang þessa verks þyrfti að stefna. En ráðstöfun á 2000 millj. kr. af heildarfjármagninu hefði óhjákvæmilega haft í för með sér annars vegar óeðlilega háa prósentu Vesturlandskjördæmis á kostnað annarra kjördæma og jafnframt að þessi eina framkvæmd hefði gengið mjög út yfir aðrar nauðsynlegar framkvæmdir í því kjördæmi. Varð því niðurstaðan að gerð er á þskj. 833 till. um sérstaka lánsfjárröflun, 1000 millj. kr., vegna framkvæmda við Borgarfjarðarbrú á árinu 1980, og þeim milljarði, sem þannig rýmkaðist um til annarra framkvæmda, skipti n. í till. sínum um heildarfjármagn til einstakra verkþátta á þann veg, að framlög til stofnbrauta voru hækkuð um 684 millj. kr., þar af til sérverkefna um 300 millj., til þjóðbrauta um 300 millj. og til fjallvega um 16 millj.

Afgreiðsla vegáætlunar nú felur í sér endurskoðun fyrri áætlunar fyrir árin 1979—1980 og nýja áætlun fyrir árin 1981 og 1982. Í þáltill. var að þessu sinni gert ráð fyrir að framlögum til stofnbrauta yrði skipt á almenn verkefni, bundin slitlög og sérverkefni. En í skilgreiningu Vegagerðarinnar á sérverkefnum og rökstuðningi fyrir

sérstökum fjárveitingum til þeirra verkefna segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessum verkefnaflokki er um að ræða stærri verkefni á stofnbrautum sem hafa verulega þýðingu fyrir samgöngukerfið í heild eða stóra hluta þess. Mörg þessara verkefna eru þannig vaxin, að þau nýtast ekki fyrr en þeim er lokið að mestu eða öllu leyti, og kallar sú staðreynd á stórar fjárveitingar og tiltölulega stuttan framkvæmdatíma. Erfitt hefur verið að koma þessum verkefnum fyrir innan vegáætlunar, en með sérstakri fjárveitingu í þessu skyni skapast nýr grundvöllur til þess að leysa þessi mikilvægu verkefni."

Fjvn. vildi fyrir sitt leyti stuðla að þeim vinnubrögðum í vegamálum, að bæði bundin slitlög og sérverkefni í stofnbrautum yrðu sérmörkuð í vegáætlun, og hagaði till. sínum til þingmannahópa kjördæmanna samkv. því. Á þann veg eru till. n. á þskj. 833. Enda þótt almennt sé framlögum ekki skipt á einstakar framkvæmdir á síðasta ári áætlunarinnar, 1982, er lagt til að sú regla gildi ekki við framkvæmdir um bundin slitlög í stofnbrautum og sérverkefni, heldur verði einstakar framkvæmdir í þeim þáttum einnig ákvarðaðar nú fyrir árið 1982, til þess að undirbúningur og framgangur þeirra verkefna geti verið með traustari hætti en ella.

Fjvn. lagði till. sínar um skiptingu fjármagns, annars vegar milli einstakra framkvæmdaþátta og hins vegar milli kjördæma, fyrir þingmannahópa kjördæmanna, sem síðar náðu samkomulagi sín á milli um einstakar framkvæmdir. Till. þeirra hefur n. síðan flutt í brtt. sínum.

Við liðinn Flokkun vega gerir n. á þskj. 833 tvær brtt. Annars vegar leggur n. til að fallið verði frá till. sem felst í þáltill. um vegáætlun varðandi Vestfjarðaveg frá Vesturlandsvegi að Snæfellsnesvegi, þannig að hann verði áfram stofnbraut, og hins vegar er lögð til sú breyting, að Steingrímsfjarðarvegur verði tekinn í þjóðvegatölu sem stofnbraut um Staðardal á Djúpveg á Þorskafjarðarheiði. Þá hefur þess verið farið á leit við fjvn., eftir að hún skilaði brtt. sínum, að hún flytti enn eina sérstaka brtt. við liðinn Flokkun vega, á þann veg, að Svalvogavegur verði áfram í þjóðvegatölu, en í þáltill. um vegáætlun er gert ráð fyrir að vegurinn falli úr tölu þjóðvega. Hafa nm. orðið ásáttir um að standa að þeirri till., sem ég vil hér með koma á framfæri við hæstv. forseta, en hún er svohljóðandi:

„Flokkun vega. Vegur 622 Svalvogavegur verði þannig:

622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum."

Þá vil ég geta þess varðandi till. um nýjan undirlið í sundurliðun framlaga til fjallvega, þ. e. a. s. 4. lið: Bláfjallavegur: Suðurlandsvegur — Hafnarfjörður, að fjárframlögin eru tekin af hlut Reykjaneskjördæmis til nýrra þjóðvega, en áætlað er að 16 millj. kr. verði á árinu 1980 varið til endurbóta á veginum af Suðurlandsvegi í Bláfjöll, en 30 millj. kr. verði varið á árinu 1981 til þess að hefja lagningu vegarins milli Bláfjalla og Hafnarfjarðar, en til þessara framkvæmda mun enn fremur verða varið fé á liðnum „ Þjóðgarðavegir", og auk þess má búast við að fjármagn komi frá sveitarfélögum.

Sú breyting er nú gerð við uppsetningu vegáætlunar, að ekki eru að þessu sinni sérstaklega tilteknar heimildir til verktakalána eða annarra bráðabirgðalána til einstakra framkvæmda. En eftir sem áður er út frá því gengið að einstökum framkvæmdum kunni að verða flýtt, ef til lánsútvegunar heimamanna kemur, í samráði við þm. kjördæmanna, á þann veg að lánin greiðist með framlagi næsta árs.

Um skiptingu fjárframlaga til einstakra almennra verkefna sé ég ekki ástæðu til að fjalla að öðru leyti en því að nefna, að auk þess, að veittar eru 25 millj. kr. á árinu 1981 til hönnunar brúar yfir Ölfusárós af því fé sem kom í hlut Suðurlandskjördæmis, er gert ráð fyrir að jafnhárri upphæð verði á árinu 1982 varið til að ljúka hönnuninni, þótt það komi ekki fram í brtt., vegna þess að fjármagni til almennra framkvæmda í stofnbrautum er ekki skipt fyrir árið 1982.

Heildarframlög til stofnbrauta munu samkv. till. fjvn. á árunum 1979-1982 nema 28 milljörðum 143 millj. kr., þar af til almennra verkefna 13 milljörðum 923 millj., til bundinna slitlaga 4 milljörðum 150 millj. og til sérstakra verkefna 10 milljörðum og 70 millj. Ég gat þess áðan, að undir liðinn sérstök verkefni í stofnbrautum falla meiri háttar verkefni, sem eru talin hafa verulegt gildi fyrir samgöngukerfið í heild eða stóra hluta þess. Fjárveitingar eru aðeins til tveggja verkefna á þessum lið á þessu ári, þ. e. a. s. Borgarfjarðarbrúar og Holtavörðuheiðar, en á áætlunartímabilinu er hér um að ræða 11 verkefni. Mun ég nú geta þeirra og umsagnar Vegagerðarinnar um þau.

Til Biskupstungnabrautar eru á áætlunartímabilinu 1979-1982 veittar 620 millj. kr. Umferð á Biskupstungnabraut neðan Þingvallavegar er orðin það mikil að nær ógerningur er að halda veginum við sem malarvegi. Einnig er orðið mjög aðkallandi að endurbyggja brúna yfir Sog hjá Þrastarlundi.

Til Þingvallavegar eru alls veittar 330 millj. kr., en sumarumferð á Þingvallavegi yfir Mosfellsheiði er orðin á milli 500 og 1000 bílar á dag og mjög erfitt er að halda veginum við og því aðkallandi að vinna að uppbyggingu hans.

Til Hafnarfjarðarvegar, Arnarnes-Hafnarfjörður, eru á þessum lið veittar 1390 millj. kr. og auk þess 396 millj. kr. undir liðnum Almenn verkefni. Heita má að vandræðaástand ríki í umferðarmálum á milli Kópavogs og Hafnarfjarðar. Umferð er um 20 þús. bílar á sólarhring, sem er miklu meira en núverandi vegur þolir. Þetta kemur m. a. fram í mikilli tíðni umferðarslysa. Þannig urðu á s. l. ári 110 slys og óhöpp á kaflanum frá Kópavogslæk að Engidal.

Til Vesturlandsvegar um Borgarfjörð eru á árunum 1979-1982 veittar alls 3900 millj. kr. Mikið fjármagn er bundið í mannvirkjum í Borgarfirði og er mjög brýnt að ljúka þeirri mannvirkjagerð sem fyrst, enda talið að tenging vegar yfir fjörðinn spari um 450 millj. kr. þegar á fyrsta ári. Samkv. till. er áætlað að tengja 1980 og ljúka framkvæmdum 1981

Til framkvæmda á Holtavörðuheiði verða veittar 690 millj. kr. á áætlunartímabilinu. Endurbygging vegar yfir Holtavörðuheiði hófst árið 1976. Þeir hlutar endurbyggingarinnar, sem teknir hafa verið í notkun, virðast gefa mjög góða raun hvað snjóa snertir, en mikið verk er óunnið. Er mikil nauðsyn að hraða framkvæmdum og auka með því öryggi samgangna milli landshluta jafnframt minnkuðum snjómoksturskostnaði.

Til Vestfjarðavegar um Önundarfjörð verða alls veittar 470 millj. kr. Vegurinn fyrir botn Önundarfjarðar er mjög snjóþungur og burðarlítill. Hagkvæmasta lausn við endurbyggingu vegarins reyndist vera að fara þvert yfir

fjörðinn innanverðan. Verður því verið að vinnast í einum áfanga.

Til tengingar Inndjúps er ætlunin að veita 250 millj. kr. 1982. Núverandi vegur um Þorskafjarðarheiði er vart meira en rudd slóð sem teppist í fyrstu snjóum og er lokaður vegna aurbleytu á vorin. Er aðkallandi að hefjast hið fyrsta handa við gerð öruggrar vegatengingar byggða við Ísafjarðardjúp við stofnvegakerfi landsins. Þrjár meginhugmyndir eru um tengingu þessa, þ. e. a. s. um Kollafjarðarheiði, Þorskafjarðarheiði eða Steingrímsfjarðarheiði. Hafa staðið yfir athuganir á leiðum þessum að undanförnu og ákvörðunar um leiðarval að vænta á næstunni.

Til Norðurlandsvegar um Héraðsvötn á Grundarstokk verða veittar 1010 millj. kr. á árunum 1980—1982. Núverandi brú er orðin verulegur farartálmi, og árvissir erfiðleikar eru á veginum um Vallabakka vegna snjóa og vatnsflóða. Ekki er mögulegt að koma við neinni áfangaskiptingu og því mikilvægt að ljúka þessu verki á 2—3 árum.

Til Norðurlandsvegar um Víkurskarð er gert ráð fyrir að veittar verði um 760 millj. kr. Vegur um Víkurskarð á að leysa núverandi veg um Vaðlaheiði af hólmi. Sú leið er lokuð vegna snjóa í 120—130 daga á ári að meðaltali og verður umferðin þá að fara um Dalsmynni, sem bæði er miklu lengra og auk þess mikil snjóflóðahætta á þeirri leið. Framkvæmdir við vegagerð um Víkurskarð hófust árið 1977, en lágu niðri 1978. Engir möguleikar eru á bráðabirgðatengingu og því mjög æskilegt að framkvæmdatími verði ekki lengri en 2—3 ár.

Til Austurlandsvegar um Hvalnesskriður verða veittar 550 millj. kr. Lónsheiði var mesti fjallvegur á leiðinni til Austurlands og er vegurinn þar erfiður umferðar, einkum á vetrum. Til að leysa þennan veg af hólmi var gerður ruðningsvegur um Hvalnes og Þvottárskriður og hefur hann þegar sannað gildi sitt. Brýna nauðsyn ber til að ljúka þessari vegargerð hið fyrsta.

Til vegaframkvæmda á Vopnafjarðarheiði verða veittar á liðnum sérstök verkefni 100 millj. kr. á árinu 1982. Vopnafjörður er það byggðarlag á Norðausturlandi sem býr við einna erfiðastar vegasamgöngur, einkum að vetrinum. Með átaki í vegagerð á Vopnafjarðarheiði væri byggðarlagið tengt við Austurlandsveg og mundi þetta lengja verulega þann tíma ársins sem vegarsamband mætti teljast öruggt.

Ég hef gert grein fyrir þeim till. fjvn. um vegaframkvæmdir sem ég hef talið ástæðu til að nefna sérstaklega. Í heild er það um vegáætlunina að segja, að við endurskoðun fyrri áætlunar um framkvæmdir á árinu 1979 er gert ráð fyrir heldur meiri lækkun framlaga á þessu ári, miðað við árið 1978, en í þeirri áætlun sem samþ. var 1977. En frá og með árinu 1980 er á hinn bóginn gert ráð fyrir mjög verulegri aukningu á raungildi framkvæmdafjár og þá snúið við þeirri þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár, þegar framkvæmdir í vegamálum hafa dregist saman jafnt og þétt með hverju árinu. Auk þess er viðhaldsfé aukið að raungildi þegar á þessu ári og mun samkv. þeim till., sem hér liggja fyrir, aukast að raungildi með hverju ári allt áætlunartímabilið. Má því fullyrða að sú stefnumörkun Alþ., sem felst í þeirri vegáætlun sem hér er til afgreiðslu, markar tímamót þegar höfð er í huga þróunin í vegamálum undanfarin ár. Má þá einkum hafa í huga að til viðbótar því vaxandi raungildi fjár til vegaframkvæmda á næstu árum, sem hér er gert ráð fyrir, má vænta framkvæmdafjár af sölu happdrættisskuldabréfa vegna Norður- og Austurvegar. Þar er um að ræða heimild til 2000 millj. kr. lántöku á hverju ári á áætlunartímabilinu, en á undanförnum árum hefur það, sem fengist hefur af slíku fjármagni, verið hluti af síminnkandi heildarfjármagni til vegaframkvæmda. Þegar þetta er haft í huga og jafnframt hitt, að með þessari vegáætlun er í fyrsta sinn gert ráð fyrir afmörkuðum framlögum til bundinna slitlaga og sérstakra stórverkefna í stofnbrautum og þau ákvörðuð fyrir öll ár áætlunarinnar, þá vænti ég þess, að hv. alþm. geti tekið undir þau orð vegamálastjóra sem hann lét falla á fundi fjvn. þegar samþ. voru þær till. sem hér liggja fyrir, að frá sjónarmiði þeirrar stofnunar, sem hann stýrir, væri sú áætlun, sem nú væri verið að afgreiða, hin fullkomnasta sem Alþ. hefði samþykkt.

Ég vil að endingu fyrir hönd fjvn. færa vegamálastjóra og starfsliði hans sérstakar þakkir fyrir mjög mikilsverða og góða aðstoð við fjvn. í störfum hennar, og meðnm. mínum öllum færi ég þakkir mínir fyrir það, hversu þeir hafa lagt sig fram um að ná samstöðu um afgreiðslu þessarar vegáætlunar.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Fjvn. hefur haft till. til þál. um vegáætlun 1979-1982 til umfjöllunar í örfáa daga nú í þinglok. Þetta stafar af þeim óþinglegu og forkastanlegu vinnubrögðum hæstv. samgrh. að leggja till. fram til umr. svo seint sem raun ber vitni. Ég þykist vita að flestir hv. þm. séu mér sammála um að þessi vinnubrögð eru óhæf og raunar vítaverð. Ég vona því að til þessa fordæmis verði ekki vitnað til afsökunar í framtíðinni við afgreiðslu Alþ. á svo mikilvægu máli sem vegáætlun til fjögurra ára vissulega er.

Eftir að till. kom til fjvn. hefur n. reynt að hraða störfum eftir föngum. Fyrir hönd okkar stjórnarandstæðinganna í n. vil ég þakka hv. þm. Geir Gunnarssyni, formanni n., fyrir góða samvinnu og lipurð við verkstjórn í n. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfum átt þess kost að fá allar upplýsingar og gögn til jafns við fulltrúa stjórnarflokkanna og unnið að afgreiðslu málsins á öllum stigum þess. Mér er því ljúft að þakka formanni og nm. öllum fyrir það samstarf. Þá vil ég þakka vegamálastjóra og starfsmönnum hans fyrir samstarfið við okkur fjvn.-menn, og vil ég leyfa mér að fullyrða að starf Vegagerðar ríkisins sé til fyrirmyndar við vegáætlunargerð og mættu ýmsir hliðstæðir aðilar hjá ríkinu taka þá stofnun sér til fyrirmyndar í þeim efnum.

Við sjálfstæðismenn í fjvn. stöndum að till. sem n. flytur á þskj. 833, en skrifum undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari er fyrst og fremst fólginn í því, að þessi vegáætlun er með sama marki brennd og mikilvægustu þingmál, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir hér á hinu háa Alþ., svo sem fjárlög og lánsfjáráætlun. Í vegáætluninni fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir gífurlega auknum skattálögum á umferðina. Í krónutölu er gert ráð fyrir að bensíngjaldið hækki nálægt því um 70%, eða um það bil 20% á föstu verðlagi, en niðurskurður verði á sama tíma í vegaframkvæmdum um a. m. k. 15% að magni til. Beina ríkisframlagið er á þessu ári lækkað um 1000 millj. kr., sem ásamt öðru þýðir að í ríkissjóð renna í stóraukn um mæli skattar af umferðinni. Þetta er alveg þveröfugt við það sem forráðamenn Alþb. og Alþfl. sögðu að þeir vildu gera þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Þetta er þó síður en svo einsdæmi, því að segja má að á Alþ. í vetur

hafi þessi saga endurtekið sig í hverju stórmálinu á eftir öðru. Þessir fyrrv. stjórnarandstöðuflokkar hafa sporðrennt í misjafnlega stórum skömmtum í senn öllum gífuryrðum á síðasta kjörtímabili og fyrir kosningar í fyrra og gert oft og tíðum þveröfugt við það sem þeir áður sögðust vilja.

Því miður er það svo, að enn eru ekki komin öll kurl til grafar í skattaálögum ríkisstj. á umferðina á yfirstandandi niðurskurðarári framkvæmda. Af þeirri miklu bensínhækkun, sem nýlega er orðin, úr 205 kr. lítrinn í 256 kr., eða nálægt 25%, fæst ekki ein króna í Vegasjóð eða til vegaframkvæmda. Hér er að nokkru leyti um að ræða hækkun vegna hækkandi eldsneytisverðs í heiminum, en auk þess vegna sjálfvirkra skattálaga ríkissjóðs. Þessi mikla hækkun dregur á hinn bóginn úr bensínsölu, svo sem eðlilegt er. Þjóðhagsstofnun áætlar að tekjutap Vegasjóðs verði 330 millj. kr. vegna þessa samdráttar í sölu. Því þarf að hækka bensínverð um 12—13 kr. 1. júlí n. k. til þess að áætlun um tekjur Vegasjóðs samkv. þessari till. að vegáætlun standist, og bætist það við þann vanda sem er af frekari hækkun bensínverðs erlendis.

Eins og kunnugt er fær Vegasjóður drýgstar tekjur af bensíngjaldi, en þetta gjald er einungis lítill hluti af álögum ríkisins á bensín. Samkv. nýrri endurskoðaðri áætlun frá Þjóðhagsstofnun nemur bensíngjald á árinu 1979 7 milljörðum 360 millj. kr., en tolla og söluskattur eru áætlaðir 9.5 milljarðar kr. vegna bensínsölu, eða talsvert hærri upphæð en bensíngjaldið, auk þess sem innflutningsgjald á bíla, sem rennur í ríkissjóð, er áætlað samkv. fjárl. 4.3 milljarðar kr. Tollar og söluskattur af bensínverði og innflutningsgjald af bifreiðum, sem renna beint í ríkissjóð, eru því meira en tvöföld upphæð bensíngjaldsins. Það er einkar athyglisvert, að tollar og söluskattur af bensíni eru áætlaðir samkv. nýrri endurskoðaðri áætlun Þjóðhagsstofnunar 2 milljörðum hærri nú en fjárlög gerðu ráð fyrir. Aftur á móti er bensíngjaldið áætlað lægra nú en í fjárl. vegna minni sölu. Ríkissjóður á því samkv. þessu að hagnast um 2 milljarða kr. í auknum skattálögum, sem leggjast á hækkað innkaupsverð á bensíni, en Vegasjóður á að tapa 330 millj. kr. á sama tíma af sömu ástæðu. Þetta gerist þrátt fyrir svardaga ráðh. fjármála og viðskiptamála aðeins fyrir nokkrum vikum, að óréttlátt sé og óeðlilegt að ríkissjóður notfæri sér hækkun á innkaupsverði á olíu og bensíni til aukinnar tekjuöflunar. 2 milljarðar skulu teknir samt, á þessum óréttlátu forsendum, einungis í hækkuðum tollum og sköttum af bensíni og ekkert af þessu fé fer til vegamála. Þvert á móti skerða þessar ráðstafanir beinlínis tekjur Vegasjóðs.

Mér er stórlega til efs að þingheimur og jafnvel hæstv. ríkisstj. geri sér sjálf grein fyrir því, í hvers konar ógöngur er flanað með þessum álögum á bensín. Verðjöfnunarsjóður olíu og bensíns skuldar nú 2000 millj. kr. vegna þess að ekki hefur verið horfst í augu við hækkanir á innkaupsverðinu. Þessa skuld verður að greiða með hækkuðu verði síðar. Samkv. upplýsingum frá olíufélögunum þyrfti bensínlítrinn úr farmi, sem er á leið til landsins, að kosta 296 kr. í útsölu að óbreyttu kerfi skatta og verðlagningar á bensíni. Slík er hækkunin orðin á verðlagi erlendis til viðbótar fyrri hækkun. Ef greiða ætti skuld Verðjöfnunarsjóðs á þessu ári bættust við a. m. k. 25 kr. á lítra, og þörf á hækkun bensínverðs til þess að tekjur Vegasjóðs haldist að krónutölu, eins og till. um vegáætlun gerir ráð fyrir, er 12—13 kr. Í næsta mánuði þyrfti því að hækka bensín um 75—80 kr. lítrann og þá yrði hann seldur á nálega 335 kr., miðað við framangreindar forsendur. Slík verðsprenging á bensíni úr 205 kr., eða um 63% á nokkrum vikum, mundi óumflýjanlega ekki valda einvörðungu auknu pípi bílstjóra í FÍB, heldur verulegum samdrætti á bensínsölu og um leið lækkun á tekjum Vegasjóðs, þar sem bensíngjaldið er föst krónutala á lítra. Hér er því stefnt í jafnvel enn þá meiri ófæru en víða er á íslenskum þjóðvegum um vetur og vor, þótt langt sé þá til jafnað. Auðvitað verður að taka á máli þessu og bregðast við því á annan hátt en þann að hugsa sí og æ um óslökkvandi skattahungur ríkissjóðs.

Núv. hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar eru að vísu iðin við að hlaða nýjum og nýjum pinklum á ríkissjóð, svo að jafnvel skiptir milljörðum á dag síðustu daga. Einn þrýstihópurinn innan stjórnarliðsins heimtar fjárfúlgu í eitt verkefni og annar enn þá hærri fjárhæð í hitt, án alls samhengis við fjárhagsgetu ríkissjóðs eða mats á brýnustu verkefnum. Sum þessara verkefna eru ákaflega þörf og brýn, en þetta skæklatog þrýstihópa stjórnarliðsins veldur því, að eyðsla ríkissjóðs vex, ríkisbáknið stækkar stjórnlaust.

Við þessar aðstæður er þrautalending hæstv. fjmrh. gegndarlausar skattálögur á almenning og atvinnurekstur og að taka í ríkissjóð fé sem áður gekk til þess að lána húsbyggjendum eða fór til uppbyggingar á landsbyggðinni í formi lána úr Byggðasjóði, en auk þess lækkun á raungildi framlaga til nýbyggingar vega, skóla, hafna og þess háttar framkvæmda um allt land o. s. frv. Það er þveröfug stefna á þessum sviðum við það sem hann, flokkur hans, Framsfl., og sigurvegarar kosninganna, Alþb. og Alþfl., hafa boðað fólki í orði og talið sér einkum til gildis.

Ég hef dregið upp dökka mynd af vegáætlun fyrir árið 1979, sem því miður er sönn og stafar að miklu leyti af niðurskurði á ríkisframlögum.

Þá er rétt að víkja að áformum samkv. áætluninni árin 1980—1982. Hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstj. sýnist, þegar litið er á framkvæmdaliði þessara ára, vilja bæta um betur og auka vegaframkvæmdir, enda vildi hæstv. samgrh. einungis tala um þessi ár áætlunarinnar í sjónvarpsþætti fyrir skemmstu. Þegar betur er að gáð sést að hér er um sams konar blekkingar að ræða og hæstv. ríkisstj. hefur haft í frammi frá því að hún komst til valda í öllum ráðstöfunum sínum í efnahags- og fjármálum ríkisins. Þessi ár vegáætlunar eru ósköp einfaldlega gengið út frá þeirri forsendu, að öll framkvæmdaaukningin verði greidd með svonefndri „annarri fjáröflun", og ríkisframlagið er með öllu fellt niður. Á verðlagi ársins 1978 voru framlög ríkissjóðs til vegamála auk afborgana af lánum Vegasjóðs frá 1300—1700 millj. kr. á ári, nema 1979, en þá var það skorið niður um 1 milljarð af hæstv. ríkisstj. Í till. þeirri til vegáætlunar, sem hér er til umr., er dæmið látið ganga upp með því að bæta liðnum „önnur fjáröflun" við markaðar tekjur Vegasjóðs. Engin svör hafa fengist um hvort hér sé einungis átt við auknar lántökur eða einhverja aðra fjáröflun né heldur hvort ætlunin er að ríkissjóður felli með öllu beint framlag sitt til vegamála niður á sama tíma sem skattheimta á umferðina hækkar svo gegndarlaust sem raun ber vitni. Hér er því um blekkingafeluleik að ræða. Hér er á ferðinni hluti af því neðanjarðarhagkerfi sem núv. stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj. hafa unnið ötullega að að

koma á laggir hér á landi.

Það kemur í hlut þeirra, sem fara með ríkisfjármál 1980—1982, að útvega það fjármagn sem þarf til þess að standa við þá vegáætlun sem hér er til umr.

Það er athyglisvert í þessu sambandi, að sú upphæð, sem afla þarf á næsta ári til þess að standa við áætlunina umfram markaðar tekjur Vegasjóðs, er meira en tvöföld miðað við ríkisframlag og lántökur á yfirstandandi ári, og sú upphæð fer síðan hækkandi miðað við fast verðlag 1981 og 1982.

E. t. v. veit hæstv. samgrh. að peningar eru afl þeirra hluta sem gera skal, a. m. k. við vegaframkvæmdir. Hann verður því að virða mér það til vorkunnar, þótt ég fullyrði að áætlun þessi árin 1980—1982 ec byggð á sandi, því að enginn veit hvernig hann eða þeir, sem erfa ráðherradóm hans, ætla að finna það afl, þ. e. a. s. nægilegt fjármagn til að standa við framkvæmdir á þessum árum. Það verður með engu móti séð af þeirri áætlun sem hér er til umr. Og alvarlegast er að hún gæti þýtt að beint ríkisframlag yrði fellt niður.

Ef litið er á þá staðreynd með kíkinn fyrir blinda auganu, að fjáröflun samkv. þessari till. árin 1980—1982 er byggð á sandi, eins og stjórnarsinnar vilja gera, þá tel ég að ýmislegt jákvætt sé við þá stefnu í framkvæmdum sem mörkuð er með áætluninni. Áformað er að auka framkvæmdamagn í nýbyggingum vegakerfisins rúmlega fram yfir meðaltal áranna 1970—1979 strax á árinu 1980 og síðan um 5% á ári. Gert er ráð fyrir að auka raungildi viðhaldsfjár verulega öll árin, svo sem ekki var vanþörf á, ljúka Borgarfjarðarbrú, sem er dýrt fyrir þjóðina hve dregist hefur, auka lagningu bundinna slitlaga frá því sem verið hefur um skeið o. s. frv. Það er góðra gjalda vert, hversu skilningur hefur aukist á gerð bundinna slitlaga á íslenska þjóðvegakerfið, en segja má að fyrir skömmu hafi það verið nánast skammaryrði úti um land, vegna þess að þetta slitlag var auðvitað fyrst lagt á fjölförnustu vegina hér á þéttbýlissvæðinu. Þessar framkvæmdir á sínum tíma hafa sparað þjóðinni ótalin hundruð millj. kr., ef ekki milljarða. T. d. má geta þess, að olíumalarslitlag á veg með 1000 ársbílaumferð borgar sig í sparnaði viðhalds á 6—7 árum. Bundið slitlag á slíkan veg sparar einnig bíleigendum 19% í bensíneyðslu, 170% í hjólbarðasliti og 45% í viðhaldi. Almennt talað hefur verið reiknað út að 63% meira slit verði á bifreið sem ekið er á malarvegum en vegum með bundnu slitlagi.

Nú eru í landinu 260 km af þjóðvegum utan þéttbýlis með bundnu slitlagi. Vegagerð ríkisins áætlar að það sé arðbært, borgi sig vegna sparnaðar í viðhaldi vega og rekstri bifreiða, að leggja bundið slitlag á 2000—2500 km af íslenskum þjóðvegum. Samkv. þessari vegáætlun, sem hér er til umr., yrðu 200 km lagðir bundnu slitlagi ef fjáröflun samkv. áætluninni stenst. Útkoman úr þessu einfalda dæmi er sú, að þeir vegir, sem vegna umferðar í dag bera arð með bundnu slitlagi, yrðu ekki fullgerðir fyrr en að 30—40 árum liðnum þótt farið yrði eftir þeim framkvæmdahraða, sem gert er ráð fyrir í þessari till., að meðaltali. Þetta er einungis sett hér fram til þess að sýna hversu viðamikið verkefni bíður okkar í vegamálum. Og ekki má gleyma verkefnum á þeim landssvæðum þar sem hafís og vetrarhörkur geta, svo sem reynslan sýnir, valdið stöðvun allra samgangna vegna illa uppbyggðra vega. Þegar það er skoðað hversu mikil, að segja má risavaxin verkefni bíða okkar Íslendinga í vegamálum, — verkefni sem skila stórfelldum arði í sparnaði við viðhald veganna og rekstur bifreiða og hafa jafnframt mikla undirstöðuþýðingu í félagslegum efnum, þá verður að segjast, að núverandi stefna á yfirstandandi ári í vegamálum og fjármálum ríkisins er algerlega forkastanleg.

Sjálfkrafa stórhækkun verður á sköttum í ríkissjóð vegna bensínhækkana erlendis á sama tíma sem ríkisframlag er skorið niður og framkvæmdir að sama skapi. Óarðbært ríkisbákn er þanið út með skattálögum á umferðina, en arðbærustu félagslegu framkvæmdir, sem í landinu finnast, eru skornar niður. Það er ekki von að vel fari þegar þannig er á málum haldið. Sannleikurinn er sá, að hér er að finna í hnotskurn hvert stefna núv. hæstv. ríkisstj. leiðir hagsæld þjóðarinnar.

Herra forseti. Mestu félagslegu opinberu verkefni, sem bíða úrlausnar þjóðar og þings, eru án vafa vegamálin. Eins og nú standa sakir er viðhald veganna óhemjudýrt og versnar með vaxandi umferð með hverju árinu. Tæknilega er viðhald malarvega að verða sums staðar óframkvæmanlegt. Þess vegna er uppbygging vegakerfisins og lagning bundins slitlags á mestu umferðarkaflana arðbærasta félagslega verkefni þjóðarinnar. Þar kemst ekkert í samjöfnuð nema vera kynni aukin innlend orkuöflun.

Við sjálfstæðismenn freistuðum þess að móta nýja stefnu í vegamálum í ljósi þessara viðhorfa með flutningi till. til þál. um varanlega vegagerð næstu 15 ár, þar sem verkefnum var skipt niður í forgangsröð á þrem 5 ára framkvæmdatímabilum. Athyglisvert er við þessa tillögugerð, að þar er mörkuð skýr stefna um fjáröflun, gagnstætt því sem gert er í þessari vegáætlun, auk þess sem þetta verkefni er tekið skarpari og myndarlegri tökum en í þeirri till. til þál. um vegáætlun sem hér liggur fyrir. Fjáröflun í okkar till. fólst í eftirfarandi:

1. Að auknir skattar á umferðina frá því, sem var um s. l. áramót, rynnu óskiptir til vegaframkvæmda, þó eigi lægri fjárhæð en 2000 millj. kr. á ári.

2. Að happdrættislán skulu boðin út fyrir 2000 millj. kr. á ári.

3. Framlag Byggðasjóðs til Vegasjóðs yrði 1000 millj. kr. á ári.

4. Með erlendum lántökum til ákveðinna verkefna.

Þessar fjáröflunarleiðir voru að sjálfsögðu við það miðaðar að halda verðgildi sínu og að ríkissjóður legði eigi fram minna fjármagn af sköttum á umferðina en hann gerði á s. l. ári og að markaðar tekjur Vegasjóðs yrðu fyrst og fremst notaðar til þess að byggja upp vegina þar sem vetrarumferð er erfið. Þetta þykir e. t. v. stórhuga stefnumörkun, en hún er lífsnauðsynleg til þess að losa okkur út úr þeim vítahring sem við erum komnir í í vegamálum, og þessi stefna er framkvæmanleg, ef þess er gætt að auka fjárhagslegt svigrúm að hluta með niðurskurði ríkisútgjalda á öðrum sviðum, sem ekki hafa jafnmikið félagslegt og fjárhagslegt gildi.

Ég hef gert grein fyrir löstum og kostum á þeirri heildarstefnu sem er í þeirri vegáætlun sem hér er til umr. Af miklu meira væri þar að taka, en ég vil leggja áherslu á eftirfarandi atriði að lokum:

1. Vítavert er, hversu seint svo viðamikið þingmál er lagt fram.

2. Á árinu 1979, sem eitt er með ákveðinni fjáröflun og ríkisframlagi, eru framlög ríkisins skorin niður um 1000 millj. kr., skattar á umferðina stórhækkaðir og sérstakur aukaskattur lagður á bensín í viðbót við hækk-

anir erlendis, sem nú er áætlað að nemi 2000 millj. kr., en ekkert af því fé rennur til veganna.

3. Magn vegaframkvæmda er skorið niður á sama tíma um a. m. k. 15% frá fyrra ári.

4. Fjáröflun til vegamála 1980—1982 er í lausu lofti og allt útlit fyrir að framlag ríkissjóðs verði fellt niður á þessum árum, ef marka má áætlunina eins og hún birtist hér.

5. Stefna í framkvæmdum á þessum árum, 1980—1982, horfir í rétta átt að ýmsu leyti. Þó leiðir hún til þess, að 30—40 ár tæki að leggja bundið slitlag á 2000—2500 km af íslenskum vegum ef framkvæmdahraði yrði ekki meiri, en það er sá hluti vegakerfisins sem í dag er arðbært að leggja varanlegu slitlagi.

6. Á þessu vegáætlunartímabili er ekki hægt að ljúka mikilvægum verkefnum á aðalsamgöngukerfi landsins sem byggja þarf upp vegna erfiðra vetrarsamgangna.

Af framangreindum ástæðum höfum við sjálfstæðismenn ritað undir nál. hv. fjvn. með fyrirvara.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Þm. Austurlandskjördæmis höfðu gert till. um skiptingu innan þess kjördæmis. Við nánari athugun sýndist okkur öllum þm. að austan rétt að gera þá breytingu sem felst í þeirri brtt. á þskj. 865 sem ég flyt ásamt Lúðvík Jósepssyni og Sverri Hermannssyni. Hér er aðeins um að ræða þrjár tilfærslur innan stofnbrautaliðsins á Austurlandi, tilfærslur eins og greinir á þessu þskj.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja örfá orð um það mál, sem hér liggur fyrir, vegáætlunina, en að tilmælum hæstv. forseta mun ég þó verða mjög stuttorður.

Vegáætlunin var að þessu sinni sýnd hér fyrst, að ég held, 2. maí, og hinn 22. maí fengum við í hendur nál. frá fjvn. Reyndar segir í vegalögum að ráðh. skuli leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd vegáætlunar og að till. til þál. um slíka áætlun skuli lögð fram svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Á þessu hafa nú orðið allmiklar tafir. Það má segja, að það skal vel vanda sem lengi á að standa. Hér hefur verið reynt að byggja upp og móta vegáætlun til fjögurra ára, hvernig sem hefur nú til tekist.

Að venju hefur fjvn. fjallað um þessa till., en undirnefnd hennar hefur unnið að tillögugerð um skiptingu fjármagns milli kjördæma og dreifingu þess á verkefni. Ekki efast ég um að fjvn. og undirnefnd hennar hafi notið góðs stuðnings frá vegamálastjóra, Snæbirni Jónassyni, og starfsliði hans. Og einnig höfum við þm. Vesturl., en ég tala aðallega úr þeirra hópi nú, notið leiðbeiningar hans og hans manna svo og umdæmisverkfræðings á Vesturlandi sem er í Borgarnesi.

Það segir í nál. að við lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 hafi fjáröflun til vegagerðar aukist nokkuð að krónutölu, en því hafi aðallega verið varið til aukningar viðhaldsfjár sem hefur verið mjög af skornum skammti á undanförnum árum. Satt að segja er viðhald þjóðvegakerfisins orðið það mikið og kostnaðarsamt, að til vandræða horfir. Ég geri ráð fyrir að það séu fáir þm. ánægðir með þann hlut sem þeim er ætlaður samkv. þessari vegáætlun eða þeirri úthlutun sem hér hefur farið fram. Það er mikill vandi að deila því fé réttlátlega niður sem lítið er Það er vandi að skipta þegar litlu er að skipta. Þetta á sérstaklega við árið 1979. Ég hygg að mörgum þyki sinn hlutur smár og síns kjördæmis á því ári. Þetta á ekki hvað síst við um Vesturlandskjördæmi, og á því vil ég vekja alveg sérstaka athygli.

Það er nú svo, að það horfir áreiðanlega hver á hlutina af sínu heimahlaði í þessum efnum. En þarna hygg ég að hlutur Vesturlands sé áberandi rýr við þessa skiptingu vegafjár fyrir árið 1979. Þetta ár á að vísu sína skýringu. Einhverjar skýringar eru á öllum hlutum. Það hefur verið unnið að stórframkvæmd í vegagerð á Vesturlandi á undanförnum árum. Þar á ég við Borgarfjarðarbrúna. Að sönnu er þetta mikil framkvæmd og talin arðbær og hún mun leysa mörg vandkvæði á þessari leið. En eigi að síður er þessi brú, þetta dýra mannvirki þó aðeins stuttur áfangi af hringveginum, og því er ekki að neita að hinn mikli kostnaður, sem er þessu verkefni samfara, hefur skrifast í hlut okkar Vestlendinga í annan dálk á þann hátt, að við höfum fengið minna fé til annarra framkvæmda. Þess er nú mjög farið að gæta á Vesturlandi.

Það er alveg ljóst, að verkefnum á borð við Borgarfjarðarbrúna verður ekki komið fram nema taka þau að verulegu leyti út úr heildaráætlun um vegaframkvæmdir og vinna að þeim með sérstakri fjáröflun sem sérstökum verkefnum. Þetta segi ég ekki til þess að harma það að lagt hafi verið í þessa miklu framkvæmd. Við höfum öll þessi ár veitt henni stuðning. En þess verður að geta sem rétt er. Og ég endurtek, að við skiptingu vegafjár á árinu 1979 er hlutur Vesturlands áberandi smár. Að vísu er að því vikið í nál. frá fjvn., að n. hafi talið brýna nauðsyn bera til þess að rétta hlut Vesturlands á næstu árum, þ. e. a. s. það hafi verið talin nauðsyn til bera að taka upp í áætlun um fjáröflun til vegaframkvæmda á árinu 1980 sérstaka fjáröflun til Borgarfjarðarbrúar um einn milljarð.

Í þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, er verkefnum skipt í almenn verkefni, bundin slitlög og sérstök verkefni. Ég tel þetta framför frá því sem verið hefur, því að vissulega verðum við að horfast í augu við þær staðreyndir að við verðum að fara að leggja vegakerfi okkar bundnu slitlagi. Það ærir óstöðugan að halda svona löngu vegakerfi við meðan það er malbornar moldargötur á löngum köflum. Ég ætla ekki að fara um þetta mörgum orðum. Ég ætla að geta þess sérstaklega, að við flokkun þjóðvega í undirflokka í þáltill. þessari gerði fjvn. þá breytingu frá því sem áður var hugsað á þann veg, að Vestfjarðavegur af Vesturlandsvegi á Snæfellsnesveg verði áfram stofnbraut, en í þáltill. var lagt til að þessi hlutur af Vestfjarðavegi yrði gerður að þjóðbraut. Hér er átt við veginn frá Dalsmynni í Norðurárdal um Bröttubrekku að Skógstagli í Miðdölum, þar sem Snæfellsnesvegur liggur út dalina og út á Snæfellsnes. Ég fagna því að þessi vegur er áfram stofnbraut.

Um leið og ég ítreka það sem ég hef sagt um hlut okkar á Vesturlandi vil ég láta það koma fram, að landsbyggðin öll bíður eftir auknum framkvæmdum í þessum málum. Við þm. höfum gefið fólkinu úti um hinar dreifðu byggðir undir fótinn í þessum efnum. Á undanförnum árum, ekki síst á s. l. ári, hafa verið bornar fram hér á hv. Alþ. ýmsar till., bæði um það að byggja vegi upp úr snjó um gervallt landið og eins á hinn bóginn að leggja vegina bundnu slitlagi. Ég veit að þetta er áhugamál okkar allra sem á þingi sitjum. En árangurinn hefur orðið smár og það er ekki hægt að segja annað en það fé, sem til þessara framkvæmda er ætlað og kemur til skiptanna á því herrans ári 1979, er raunalega lítið.

Það er svo, að fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. hafa skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og hafa þeir nú þegar eða frsm. af þeirra hálfu gert grein fyrir sínu máli. Þeir hafa getið þess á svipaðan hátt og ég hef gert í þessum fáu orðum hér, að vegna ákvörðunar ríkisstj. um stórfelldan niðurskurð á framlögum ríkissjóðs til vegamála á þessu ári er um að ræða 15% magnminnkun nýbyggingar vega í landinu frá því í fyrra þrátt fyrir gífurlega auknar skattaálögur á umferðina. Reyndar er það svo, að árin 1980 og 1981 er gert ráð fyrir nokkurri aukningu í þessum framkvæmdum. En ég held að við hv. alþm. verðum að taka betur á í þessum efnum því að landsbyggðin bíður eftir betra vegakerfi. Það veit ég að við erum allir sammála um. Þeir styðja okkur í því og eru á sama máli sem mestu ráða um framkvæmd þessara mála, vegamálastjóri og hans starfslið um allt land. Þess vegna vík ég að því einu sinni enn og geri það að mínum lokaorðum, að við verðum að leggjast hér betur á árar, alþm. allir. Við verðum að jafna hlut kjördæmanna og stefna að því að gera stórátök í vegaframkvæmdum á allra næstu árum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 872, sem var of seint fram komin, samþ. með 41 shlj. atkv.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Enda þótt ég hafi fjallað um vegáætlun í fjvn. vildi ég vikja að örfáum atriðum í sambandi við þessa umr. Ég get ekki látið hjá líða, þar sem ég tek í fyrsta sinn þátt í umr. um vegáætlun hér á hv. Alþ., að lýsa sérstökum vonbrigðum með það, hversu lítið framkvæmdafé er í vegamálum á árinu 1979. Miðað við fjárlög 1978 er þetta allmikil minnkun á raungildi, sem bitnar ekki hvað síst á því kjördæmi sem ég er þm. fyrir, Vesturlandskjördæmi, í almennum vegaverkefnum. Það er þó ljós punktur í sambandi við árið 1979, að eins og hv. þm. hafa sjálfsagt tekið eftir er verulega aukið viðhaldsfé sem mun að mati Vegagerðarinnar nægja fyrir allt að 70—72% af þörf vegaviðhalds, eftir því mati sem Vegagerðin leggur á þau mál.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. nm. í fjvn. fyrir jákvæða afstöðu sem þeir hafa sýnt í því að breyta því, sem var áður í vegáætluninni, að taka Bröttubrekku út af stofnbrautum. Þetta er mjög mikilvægt atriði, bæði fyrir Vesturland í heild og ekki síður fyrir íbúa í Dalasýslu, að Brattabrekka sé í stofnbraut.

Varðandi áætlunina fyrir árin 1980—1982, þá tel ég ástæðu til að fagna því, að hér stefnir vissulega í rétta átt að því markmiði að auka framkvæmdir í vegagerð. Og það ber einnig að undirstrika það hér, að það er vissulega viðurkenningarvert að hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. hafa farið að till. fjvn. um að auka framkæmdafé 1980 um einn milljarð með því að ákveða sérstaka lántöku til Borgarfjarðarbrúar. Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því að Vegagerð ríkisins vinnur á sérstakan hátt að því að auka upplýsingaöflun, efla rannsóknir og raunhæfa áætlanagerð um uppbyggingu vegakerfisins um landið. Er þegar ljóst að flokkun verkefna, eins og nú er ákveðið, þ. e. a. s. að stofnbrautir eru flokkaðar í almenn verkefni, bundið slitlag og sérstök verkefni, þetta eru nýmæli sem augljóslega munu auðvelda ákvarðanatöku í þessum málum á komandi árum. Ég vil vekja athygli á þeim þætti er snýr að varanlegu slitlagi. Þetta er sérstakt nýmæli sem mikill áhugi er fyrir í okkar landi og hefur farið vaxandi ár frá ári. Í því sambandi þykir mér rétt að benda á sérstaka tilraunastarfsemi sem Vegagerð ríkisins hefur með höndum, svonefnt Ottadekk, og á augljóslega eftir að hafa talsverð áhrif í þessum málaflokki þegar fram líða stundir. Þeir, sem hafa ekið um þessa kafla, hafa þegar orðið varir við mikinn mun. Þarna er um að ræða nýja tegund framkvæmda. Ef vel tekst til, sem væntanlega fæst úr skorið á þessu sumri, eru vonir um að þarna verði hægt að ná stærri og fljótvirkari aðgerðum á þessu sviði heldur en áður hefur þekkst og jafnframt ódýrari.

Á síðasta fundi í fjvn. um vegáætlunina sagði vegamálastjóri um áætlunina í heild, að hann teldi að hún væri mjög fullkomin, miðað við það sem áður hefur verið, og bæri vott um ákveðinn vilja til skipulags og áætlunargerðar í vegagerð. Hann taldi einnig að þrátt fyrir þennan stutta tíma, sem vegáætlunin hefur verið í skoðun hér á hv. Alþ., hefði samband og samstarf við alþm. og áhugi þeirra fyrir framgangi samgöngumála á þessu sviði verið með sérstökum hætti. Það, sem mér finnst vera jákvæðast í sambandi við þetta, var að hann taldi að nauðsynlegt væri að vinna að áætlunum um stórverkefni í vegagerð til lengri tíma en nú er gert.

Ég vil sérstaklega nota þetta tækifæri til að leggja áherslu á þetta atriði. Það verður að hefja nú þegar áætlun um stórverkefni í vegagerð, áætlun til t. d. 12 ára, og í þessari áætlun komi einnig áætlun um bundið slitlag á vegakerfið. Um þetta hafa þegar komið fram till. á hv. Alþ. og orðið nokkrar umr., en ég tel að hér þurfi að gera betur. Það er alveg ljóst, að Vegagerð ríkisins verður að fá aukið fé og mannafla til að vinna að slíkri áætlun. Það kom greinilega í ljós í umr. um þessa vegáætlun nú, að t. d. liggur ekki fyrir unnin áætlun um tengingu vegakerfis Vestfjarða við aðalvegakerfi landsins. Það er ekki tilbúið þótt fé til framkvæmda hefði fengist. Svo mætti lengi telja. Það er skoðun mín, að við komumst aldrei hratt áfram í þessu stórmáli nema við höfum fyrir framan okkur raunhæfa áætlun um hverning vegakerfið á að vera og hvaða valkostir koma til greina, þar með kostnaðaráætlun, til þess að hægt sé að taka ákvörðun um fjármögnun framkvæmda sem yrði framkvæmd eftir slíkri fyrirframgerðri áætlun.

Ég fer ekki dult með þá skoðun mína, að við eigum að fjármagna sérstakar arðbærar stórframkvæmdir í vegakerfi landsins með lánafyrirgreiðslu sem væri jafnvel fengin hjá alþjóðastofnunum sem þróunarlán. Þetta var gert á sínum tíma í sambandi við stórframkvæmdir við hafnagerð, sbr. Þorlákshöfn og Grindavík. Alveg er ljóst í dag að þær hefðu ekki verið byggðar svo fljótt ef þessi lántaka hefði ekki komið til.

Við höfum sem betur fer framkvæmt stórverkefni á undanförnum árum í vegagerð. Ég nefni Keflavíkurveginn, sem kostaði á verðlagi í dag rúma 6 milljarða kr. Ég nefni veginn Reykjavík — Selfoss með bundnu slitlagi, sem kostar á verðlagi í dag einnig rúma 6 milljarða kr. Ég nefni veginn um Skeiðarársand, sem kostar einnig á verðlagi í dag rúma 6 milljarða kr. Ég nefni veginn með brú um Borgarfjörð, sem áætlað er að kosti rúmlega 6.4 milljarða kr. Allt eru þetta stórframkvæmdir sem skila þegar miklum arði og hægt er að framkvæma eftir fyrirframgerðu skipulagi um framkvæmdir og fjármögnun.

Ég er einn af þeim bifreiðaeigendum þessa lands sem þurfa að endurnýja einkabifreið annað eða þriðja hvert ár vegna aksturs um þjóðvegi okkar lands, sem eru í því

ástandi að bifreið þolir ekki lengra úthald. Ég er þess vegna af eðlilegum ástæðum áhugasamur um þá skoðun að við hljótum að geta gert betur í þessum málum en til þessa hefur verið gert, ef við stöndum saman um stórhuga framkvæmdir. Ég vænti þess, að hv. alþm. séu mér sammála um að framkvæmdir í samgöngumálum og þá ekki hvað síst í vegamálum séu eitt af forgangsverkefnum í okkar landi og sérstaklega eigi að vinna að áætlun til margra ára um að leysa brýnustu þörfina á þessu sviði. Ég tel að við hljótum að staldra nú við og átta okkur á því, á hvern hátt þetta verður best gert. Með því sköpum við öryggi um búsetu í landinu, og við hljótum að hafa það stolt að við viljum að vegakerfi okkar komist í það horf að það þoli a. m. k. samanburð við nágrannalönd okkar, a. m. k. á Norðurlöndum, því að hvað sem við deilum um þessi framkvæmdamál fram og aftur, þá verður því ekki haggað, að góðir vegir eru lífsnauðsyn og besta fjárfesting hverrar þjóðar.

Ég vil svo nota tækifærið og þakka Vegagerð ríkisins, vegamálastjóra og hans mönnum og formanni fjvn. og fjvn. í heild fyrir samstarfið um þessi mál. Eftir þá reynslu, sem ég hef fengið í sambandi við þetta samstarf og þessa vinnu að vegáætlun, er ég bjartsýnn á að okkur takist að stilla saman kröftum og ná þeim árangri í samgöngumálum sem við getum verið stoltir af og er lífsnauðsyn fyrir þjóðina í heild.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Það eru aðeins fá atriði sem ég vil minnast á við þessa umr. um vegáætlun.

Ég kemst ekki hjá að byrja mál mitt á því að láta í ljós óánægju með það, hve litlu fjármagni verður varið til byggingar nýrra þjóðvega nú á árinu 1979, en ég tel að þar hefði þurft að vera um allmiklu hærri fjárhæð að ræða. Það er hins vegar ekki því að neita, að þarna kemur fram angi af þeirri niðurskurðarstefnu varðandi verklegar framkvæmdir sem ekki hefur farið leynt að átt hefur miklu fylgi að fagna hér á Alþ. nú í vetur og reyndar oft áður.

Við umr. fyrr á þessu þingi hef ég sem stuðningsmaður þessarar ríkisstj. látið í ljós þá afstöðu mína, að lengra hafi verið gengið í átt til niðurskurðar ýmissa þjóðhagslega brýnni verklegra framkvæmda, bæði í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, lánsfjáráætlun og einnig nú við vegáætlun, heldur en góðu hófi gegnir. Og ég vil vara mjög við þeim röddum sem allt of oft heyrast og ganga í þá átt, að ríkið taki allt of mikið í sinn hlut af þjóðfélagsþegnunum, vegna þess að því aðeins verður nauðsynlegum verkum, samfélagslega mikilvægum verkefnum, hrundið í framkvæmd í þessu landi, hvort sem er við vegagerð eða annað, að menn treysti sér til þess hér á hinu háa Alþ. að afla þess fjár sem til þess þarf og það verður að sjálfsögðu ekki gert nema með álögum á þjóðfélagsþegnana. Myndin, sem við sjáum á súluriti sem fylgir nál. hv. fjvn., sýnir að fjárveiting til byggingar nýrra þjóðvega á árinu 1979 verður allmiklu lægri að raungildi en sem nemur því þó allt of lága fjármagni sem varið var í þessu skyni á síðasta ári. Ég geri mér að vísu grein fyrir því, að sú mynd, sem súluritið sýnir, gefur ekki að öllu leyti rétta mynd í þessum efnum vegna þess að nú er gert ráð fyrir að afla sérstaks fjár með skuldabréfaútboði að upphæð 2 milljarðar kr. í ár og á næstu árum varðandi Norður- og Austurveg, sem væntanlega kemur að verulegu leyti og máske öllu leyti til viðbótar sem framkvæmdafé á árinu 1979. Sé sú upphæð reiknuð þarna með verður heildarmyndin nokkru betri miðað við næstu ár á undan, þannig að í raun ætti framkvæmdafé til nýrra þjóðvega á þessu ári að geta orðið nokkru meira en var á síðasta ári, enda er það alger lágmarkskrafa að svo verði.

Ég vil aðeins koma hér örstutt inn á málefni sem varða það kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á Vestjörðum er vegakerfið ákaflega viðáttumikið, en jafnframt eitt hið lakasta á landinu. Það hefur ekki farið mikið fyrir stórum verkefnum á undanförnum árum og er í þeim efnum þá helst að nefna Djúpveginn. En það er í fyrsta skipti á þessari vegáætlun nú sem gert er ráð fyrir nokkru fjármagni til þess mikla og ákaflega brýna verkefnis sem hér heitir tenging Inndjúps, þ. e. a. s. tenging byggðanna við Ísafjarðardjúp, þ. á m. Ísafjarðarkaupstaðar og Bolungarvíkur, kaupstaðanna tveggja á Vestfjörðum, við aðalakvegakerfi landsins. Það er að sjálfsögðu ástæða til að harma það, hversu lengi þetta sjálfsagða verkefni hefur dregist, en fyrir því eru m. a. þær ástæður, að menn hafa þar heima fyrir ekki verið einhuga um það, hvaða vegarstæði ætti að velja. Ég vil láta þá skoðun í ljós af minni hálfu, að ég tel að sá ágreiningur, sem uppi hefur verið í þeim efnum, megi alls ekki verða til þess að valda frekari drætti á að hafist verði handa um þessa mikilvægu framkvæmd.

Í þessari vegáætlun er gert ráð fyrir að hafist verði handa um tengingu Inndjúps árið 1982 með byrjunarfjárveitingu upp á 250 millj. kr. Um leið og ég fagna því, að hér kemur í fyrsta skipti á vegáætlun áætluð tala í þessu skyni, vil ég jafnframt harma að það skuli ekki vera gert ráð fyrir að fyrr verði hafist handa um það verkefni sem hér um ræðir, að gert skuli ráð fyrir að það bíði enn í 3 ár. En ég vil geta þess, að fyrir þessu eru þó ákveðnar ástæður, og það tel ég að sé rétt að komi fram við þessar umr. Sumt eru ástæður sem enginn mannlegur máttur getur trúlega komist fram hjá. Forstöðumenn Vegagerðarinnar, sem hér hefur verið borið lof á í þessum umr., og af mínum litlu kynnum við þá hygg ég að það sé að maklegleikum, þeir hafa gert grein fyrir því í viðræðum við okkur þm. Vestf., að útilokað sé með öllu að hefjast handa um þetta stóra verkefni nema á undan fari svo sem tveggja ára undirbúningstími. Ég hef engar forsendur til að draga í efa þau verkfræðilegu og tæknilegu rök sem þeir byggja þá niðurstöðu á. En það sýnir okkur hins vegar hversu brýnt hefði verið að hefja þennan undirbúning fyrr, þennan tveggja ára undirbúningstíma.

Það, sem ég vil segja að lokum um þetta mál, er það, að með tilliti til þess, að vegamálastjóri og starfsmenn hans telja tæknilega mögulegt að hefjast handa um þetta verkefni að tveimur árum liðnum, þ. e. a. s. 1981, og með tilliti til þess, hversu Vestfirðingar hafa lengi orðið að bíða eftir því að fá viðunandi vegatengingu við aðalakvegakerfi landsins, þá vil ég að það komi fram við þessar umr., að ég tel ástæðu til að leggja mjög mikið kapp á að upphafi þessara framkvæmda verði flýtt þannig að þær geti hafist árið 1981. Ég leyfi mér að taka það fram, að mér er kunnugt um að aðrir þm. Vestf. eru í þeim efnum sömu skoðunar. Ég hef þó ekki hugsað mér að flytja brtt. nú við afgreiðslu vegáætlunar hvað þetta varðar, en leggja áherslu á málið, en það mun gefast tækifæri við endurskoðun vegáætlunar að tveimur árum liðnum til að láta á þetta mál reyna. Hér er mjög veigamikið hagsmunamál á ferð fyrir meginþorra íbúa Vestjarða. Og það

vil ég einnig taka fram, að mér finnst að það mætti íhuga þann möguleika, að hluta af byrjunarfjárveitingu yrði þá hugsanlega aflað með skuldabréfaútboði sem gæti átt þátt í því að færa verkið fram um eitt ár, svo það geti hafist strax þegar tæknilegum undirbúningi er lokið

Varðandi val á leið í þessum efnum,—hvaða valkostur yrði tekinn í sambandi við tengingu Inndjúps við aðalakvegakerfið, — um það ætla ég ekki að tjá mig úr þessum ræðustól nú. Þar koma fleiri en einn valkostur til greina. En ég vil aðeins taka fram, að ég tel að það sé skylda okkar, sem erum fulltrúar á Alþingi fyrir Vestfirðinga, að hafa um það frumkvæði og forgöngu í samvinnu við Vegagerðina að á þann hnút verði höggvið á næstu mánuðum og komist í þeim efnum að ákveðinni og endanlegri niðurstöðu, þannig að tryggja megi að allur tæknilegur undirbúningur verði fyrir hendi að tveimur árum liðnum. En samkv. upplýsingum vegamálastjóra og starfsmanna hans á það að vera unnt ef ákvörðun um vegarstæði verður tekin nú innan nokkurra mánaða.

Ég ætla ekki að fara að öðru leyti út í að ræða einstök verkefni, en sé þó ástæðu til að þakka hv. fjvn. sérstaklega fyrir þá brtt. sem hún flutti hér nú síðast og hv. formaður fjvn. gerði grein fyrir, að Svalvogavegur frá Þingeyri um Svalvoga og í Lokinhamra í Arnarfirði fengi áfram að standa í flokki þjóðvega landsins. Það kann að vera að mönnum virðist að hér sé ekki um stórt mál að ræða, en satt að segja hygg ég að sá vegur, sem þarna ræðir um og liggur frá Þingeyri að bæjum í Lokinhamradal í Arnarfirði, sé síst ómerkari en ýmsir aðrir. Málum er þannig háttað, að í rauninni má kalla að þarna sé nú um eins konar einkaveg að ræða. Frá Keldudal í Dýrafirði að Lokinhömrum er þetta rudd braut sem einstaklingar hafa tekið sig fram um að leggja og Vegagerðin hefur þar ekki miklu til kostað hingað til. En einmitt þarna í Lokinhamradal eru þeir einu, ef ég veit rétt, — ég bið þá um leiðréttingu ef aðrir vita betur, — þeir einu bæir á öllu landinu, fyrir utan Látravík við Hornbjargsvita sem varla er reyndar hægt að telja með í þessum efnum, — þeir einu bæir á öllu landinu sem ekki eru í vegasambandi við akvegakerfi landsins um veg sem viðurkenndur er af Vegagerðinni. Og það hefði að mínu viti verið heldur köld kveðja til þeirra íbúa, sem þarna eru um að ræða, einu bændanna í landinu sem ekki eru í viðurkenndu vegasambandi, en hafa aðeins þennan ruðning einkaframtaks, ef þessi vegarspotti hefði nú verið tekinn út af tölu þjóðvega. Ég vil þvert á móti vænta þess, að ekki líði mjög langur tími þangað til hægt verði að gera verulegar lagfæringar á þessum vegi. Ég skal taka fram, að auðvitað komumst við ekki hjá því, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að taka meira eða minna tillit til hinna svokölluðu arðsemissjónarmiða, sem oft er nú talað um, bæði hvað varðar vegagerð og aðrar framkvæmdir, og ekki ætla ég að afneita þeim. En hitt vil ég segja, að það er varhugavert að hafa þann mælikvarða, sem spyr aðeins um arðsemissjónarmið, einan uppi, einnig í sambandi við vegagerð. Og það er nú svo með byggðir eins og t. d. þessa í Lokinhamradal, að það er ugglaust erfitt að færa rök fyrir nauðsyn vegar á slíka staði út frá arðsemissjónarmiðum. En ef þau ein hefðu verið höfð í huga á liðnum áratugum í þessu landi, þá má líka búast við að ærið margan vegarspottann vantaði sem við þó höfum nú í okkar þjóðvegakerfi. Þess vegna held ég að okkur sé skylt að líta þarna jafnan til fleiri átta. Það verður vissulega stór stund í okkar sögu þegar síðustu sveitabæirnir á öllu landinu, bæirnir í Lokinhamradal, hafa verið tengdir með viðunandi hætti við akvegakerfi landsins, og væntanlega verður það áður en langt um líður.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég mun ekki að þessu sinni fara langt út í umr. um þá vegáætlun sem nú liggur fyrir til afgreiðslu. Ég hef áður sagt það við hæstv. samgrh. í gamni, en samt í nokkurri alvöru, að ég hef verið svo óheppinn í sambandi við mín ráðherrastörf, að ég hef alltaf orðið stuðningsmaður þeirra sem hafa tekið við af mér, og hæstv. samgrh. nýtur a. m. k. á ská míns stuðnings. Ég mun því ekki fara út í deilur við hann út af þessari vegáætlun og ef hann ætti eitthvað inni hjá mér þar, þá verður það að vera ógreitt.

Hins vegar ber þessi vegáætlun með sér, eins og fyrri vegáætlanir, að verðbólgan hefur sitt að segja í sambandi við framkvæmd vegamála. Þegar farið er að meta fjárhæðirnar að raungildi sjáum við að þessi áhrif eru geysilega mikil. Þá verður okkur ljóst t. d., að þrátt fyrir það að á tveim síðustu árum — þá á ég við árin 1978 og 1979 — sé fjárhæð til vegamála meira en tvöfölduð, þá er raunin sú, að að raungildi reynist hún það ekki þegar kemur til framkvæmda við vegalagningu. Þetta er eitt dæmi sem sýnir okkur hvað verðbólgan hefur mikil áhrif í okkar landi, og við þyrftum oftar að hyggja að því en við raunverulega gerum.

Ég vil líka segja það í sambandi við vegamálin, að það eru tveir ráðh. í ríkisstj. á hverjum tíma sem hafa mikið um fjárveitingar til vegamála að segja, það eru samgrh. og fjmrh. Þegar verið er að vitna í það tímabil þegar mest fé hefur verið veitt til samgöngumála á Íslandi, þá eru alltaf tekin árin sem ég var fjmrh. Það held ég að menn mættu gjarnan muna. Hitt vil ég taka fram til þess að hæla ekki of mikið sjálfs mín afrekum, að það var ákvörðun bæði fyrirrennara míns og fleiri að byggja upp Austurveginn og það var líka ákveðið af hv. Alþ. að ljúka brúnni á Skeiðarársandi fyrir 1974 eða á því ári. Til þess að þetta mætti takast varð að útvega mikið fjármagn og það var ómögulegt að fara þá eftir reglunni 24.5 eða eitthvað slíkt, svo nákvæmir voru menn ekki í þann tíð. Hins vegar mega hv. þm. gjarnan muna það, að fyrir vinsamleg skipti fjmrn. og Seðlabankans tókst að leysa þetta verk. En það var ekki gert án fyrirhafnar eða án þess að um það væri hugsað að þetta gæti staðist. Hitt vil ég segja, að ég held að ég muni ekki hafa gert ráð fyrir því þá, þegar ég var að reyna að fá gott veður hjá Seðlabankanum, að síðar yrði þetta notað á mig sem samgrh. fyrir að ég hafi ekki staðið þá nógu vel í ístaðinu. Út af fyrir sig er ég ekki að harma það, því að þetta var mikið og gott verk og nauðsynlegt að vinna og hefur skapað möguleika til þess að vinna að öðrum verkum síðar, svo sem hér hefur verið gert og verður áfram haldið.

Ég vil og segja í sambandi við þessi ár frá ákvörðun sem tekin var í fjmrn. og hefur orðið mjög varanleg. Fram að þeim tíma voru þau lán, sem tekin voru til vegagerðar í landinu, eins og varðandi Vestfjarðaáætlun og framkvæmir á vegum hennar, að það kom inn í skiptingu á fjármunum til vegagerðar að greiða vexti og afborganir af þessum lánum. Með Suðurnesjaveginn eða Keflavíkurveginn var farið þannig að það var tekið nýtt lán til þess að greiða vexti og afborganir af því láni. Á árinu 1972 var við samningu fjárl. fyrir árið 1973 sú

ákvörðun tekin af þáv. fjmrh. og ráðuneytisstjórum og þeim sem þar að unnu, og hefur verið svo síðan, að ríkissjóður greiði niður lán til vegaframkvæmda, sem tekin hafa verið, og þess vegna hefur verið hægt að nota það fé, sem hefur verið til vegaframkvæmdanna, óskert til þeirra. Þetta álít ég að hafi verið mjög farsæl og góð ákvörðun, ekki bara fyrir vegamálin heldur fyrir þjóðina í heild, því að framkvæmdir í vegamálum eru einhver bestu verk sem við vinnum til uppbyggingar í okkar þjóðfélagi.

Ég vil og segja það, að enda þótt ég geti ekki neitað því, að ég hefði oft óskað þess að Sjálfstfl. hefði haft þann áhuga á framkvæmd í vegamálum eða fjárveitingum til þeirra á síðasta kjörtímabili sem hann hefur nú, þá vil ég ekki skrifa það á reikning fyrrv. fjmrh. því að ég tel að hann hafi verið þar mörgum fremri. Hinu má ekki gleyma, að á þessu kjörtímabili voru virkjanir og hitaveitur látnar ganga fyrir um framkvæmdir í okkar landi vegna þess áfalls sem við höfum orðið fyrir við olíuhækkunia, og jafnhliða var mikið um það rætt, hvað þjóðin væri orðin skuldug út á við, og þess vegna voru ekki taldir möguleikar að útvega erlent fé til vegagerðar og um innlent fjármagn var ekki að ræða. Þetta vil ég að hv. þm. hafi í huga.

Ég vil og segja það, að í síðustu ræðu minni, sem ég flutti hér á hv. Alþ. í fyrra, skýrði ég frá því sem ég hafði þá rætt um við forustumenn Vegagerðarinnar, að til þess að við kæmum áfram stórum verkefnum, eins og bundnu slitlagi og öðrum verkefnum og brúargerðum af stærri gerð, þyrftum við að fá sérstaka fjárútvegun í því skyni því að almennt vegafé mundi ekki nægja okkur til þess að ná nokkrum árangri. Þeir vegagerðarmenn ásamt ráðuneytisstjóranum í samgrn. unnu að þessum málum frá því í fyrravetur, og það gleður mig nú að við gerð þessarar vegáætlunar er stefnumörkun í þessum málum framkvæmd á þann veg sem ég nefndi einmitt í þessu sambandi. Ég vil minna á það, að við höfum náð á síðasta kjörtímabili verulegum árangri varðandi sýsluvegi og einnig þéttbýlisvegi og mikið hafði verið undirbúið af verkum undir varanlegt slitlag, eins og kunnugt er, og tilraunir gerðar sem hafa, af því er best verður séð, gefið góða raun, þó að of snemmt sé að kveða upp dóm um þær vegna þess að svo illa er nú ástatt með tíðarfar í landi okkar að frost er ekki úr jörðu farið. En kaflinn undir Hafnarfjalli, annar norður við Blönduós og hér austur við Þingvelli, allir þessir kaflar eru mjög skemmtilegar tilraunir sem ég vona að vel muni gefast.

Ég vil endurtaka það og taka undir það, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði áðan, að um stóru verkefnin þurfum við að gera sérstakar áætlanir í sambandi við vegáætlun, og ég tel að inn á það sé að nokkru farið með sérstakri lánsútvegun til þess að ljúka Borgarfjarðarbrúnni á næsta ári. Vil ég segja það, að ég er hæstv. samgrh. og fjvn. þakklátur fyrir að marka þessa stefnu í framkvæmd. Ég er alveg sannfærður um að með þessu móti tekst okkur að leysa okkar vegamál, því að þá getum við notað hina almennu tekjustofna til þess að leysa þau verkefni sem við köllum almenna vegagerð, þ. e. við stofnbrautir og þjóðbrautir,—stofnbrautir af smærri gerðinni að nokkru leyti og almenna vegagerð þar og við þjóðbrautinar. Ber brýna nauðsyn til þess að þetta haldi áfram í verulega ríkum mæli, og ég er því mjög ánægður með þá uppsetningu sem nú er á þessu. Ég tel líka að þetta sé vel framkvæmanlegt nú vegna þess að vel hefur verið að því unnið að undirbúa okkar vegakerfi undir bundið slitlag og hin stærri verkefni.

Ég vil svo við þetta tækifæri segja það, að ég tel, að við séum mjög heppnir með forustumenn í vegamálum, vegamálastjóra og starfsmenn hans, menn sem eru mjög færir um að inna verk sitt af hendi. Ég hef t. d. komið frá Austurríki með mann að Borgarfjarðarbrúnni sem sá um framkvæmdir að byggja brú yfir Dóná sem var rúmur km, og það vildi svo vel til að Helgi Hallgrímsson verkfræðingur, sem aðallega hafði séð um framkvæmdir við Borgarfjarðarbrúna, var þar viðstaddur og sýndi þessum manni allar teikningar og lýsti fyrir honum verklagi. Ég hef tvívegis hitt þennan konsúl okkar síðan og hann hefur alltaf farið að tala um brúna og sagt að hann væri alveg sannfærður um að það væri ekki hægt að vinna þetta verk betur eða taka réttari ákvarðanir en gert hefði verið í sambandi við þetta mannvirki. Þess vegna er það löngun mín, og ég vona að svo verði, að þeir vegagerðarmenn eigi eftir að fást við mörg stór verkefni því að þeir eru til þess vel hæfir. Ég fagna því, að þeir hafa unnið þannig að þessum málum og uppstillingu á þessari vegáætlun, og ég lýsi fyllstu ánægju minni yfir því, að svo skuli vera að verki staðið. Jafnframt færi ég hæstv. ráðh. þakkir, því að ég tel að skynsamlega sé staðið að þeim málum og enn bíði þeirra, sem á þingi sitja í framtíðinni, að undirbúa áætlun um stór verkefni, a. m. k. til 12 ára í einu, og fá sérstaka fjárútvegun til þess.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil, áður en þessari umr. lýkur, þakka hv. fjvn. fyrir ágæta og greiða afgreiðslu þessa máls. Till. til þál. um vegáætlun var samþ. í ríkisstj. 22. mars s. l., en því miður tókst svo illa til við undirbúning og prentun þskj. að málið komst ekki hér til umr. fyrr en 3. maí s. l. Ég tel það hins vegar bera vitni um farsæl störf fjvn. og ágæta samstöðu sem þar virðist hafa ríkt þrátt fyrir talsverðan vanda, sem fyrir lá við að greiða þar úr ágreiningsmálum, að við skulum nú vera að ganga endanlega frá vegáætlun aðeins 19 dögum síðar.

Síðan þessi till. var fram borin hefur verið fjallað um fjárveitingar til vegamála í ríkisstj. í nokkru samráði við fjvn. og þar var hinn 14. maí samþ. till. þess efnis, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að á árinu 1980 yrðu framkvæmdir við Borgarfjarðarbrú 2000 millj. kr. og þar af yrðu 1000 millj. kr. greiddar með sérstakri lántöku utan við þá fjáröflun sem felst í þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1979—1982. Hér var sem sagt um það að ræða að fjárveitingar til vegamála á árinu 1980 voru hækkaðar um 1000 millj. kr. Í framhaldi þess var ákveðið af fjvn. í samráði við vegamálastjóra og við mig, að 600 millj. kr. af þessari upphæð færu í stofnbrautir og 400 millj. til þjóðbrauta. Þarna var um að ræða heldur hærra hlutfall til þjóðbrauta en gildir í vegáætluninni almennt— og raunar ekki aðeins hærra, heldur miklu hærra hlutfall. En ég tel að á því hafi verið brýn þörf, því að staðreyndin er sú, að aðalvegir um sveitir landsins eru verulega vanræktir og þörf á sérstöku átaki á því sviði.

Þegar till. þessi var afgreidd í ríkisstj. 14. maí s. l. var einnig rætt um þann möguleika að hærri fjárveiting yrði til vegamála á árinu 1979, því að óneitanlega verður að játa að sú fjárveiting er í lágmarki og fjárframlög til nýbyggingar vega, brúa og fjallvega verða með lægsta móti á þessu ári. Þó varð nú ekki niðurstaðan að bætt yrði þar við frekari fjárhæðum, en reynt er að hafa það í huga

í þessu sambandi, að þá hafði fáum dögum áður verið samþ. hér á Alþ. að heimila ríkisstj. að gefa út happdrættisskuldabréf að upphæð 2000 millj. kr. á ári hverju nú um skeið. Þessi lög, eins og þau eru nú, breytt frá því sem áður var, innihalda ekki aðeins talsvert miklu hærri fjárhæð en áður var, þ. e. a. s. 2000 millj. í staðinn fyrir 500 millj. á ári, heldur er um það að ræða að þetta fjármagn á allt að koma til viðbótar því fjármagni sem fyrir hendi er í vegáætlun, en fellur ekki inn í það fjármagn sem aflað er til vegáætlunar hverju sinni, eins og verið hefur undanfarin ár.

Þegar er hafinn undirbúningur að því, að skuldabréfalán þetta verði boðið út, og hefur n. verið sett á stofn til þess að gera till. um nýtt fyrirkomulag útboðsins. Á s. l. ári var engin sala happdrættisskuldabréfa vegna þess að salan þótti ekki hafa gengið vel á árinu þar á undan, árinu 1977, en vafalítið er að með breyttu fyrirkomulagi og með því að haga vinningum, útboði og uppsetningu þessa skuldabréfaláns með nýjum hætti og helst nokkuð nýstárlegum hætti er unnt að afla talsvert mikils fjár til vegagerðar, og ég vænti þess fastlega að það verði gert nú á næstu mánuðum. Einnig má bæta því við, að hinir ágætu áhugamenn um vegagerð á Íslandi, félagsmenn í Félagi ísl. bifreiðaeigenda, hafa lýst áhuga sínum á því að örva sölu þessara skuldabréfa og taka virkan þátt í þeirri herferð sem þarna verður að gera, og vænti ég góðs af samstarfi við þá. Ef vel tekst til tel ég einsýnt að framkvæmdir geti með þessum hætti aukist sem því nemi að þær verði álíka miklar og þær vour á s. l. ári hvað framkvæmdamagn snertir. Ef hins vegar er gert ráð fyri að skuldabréf verði seld fyrir 2000 millj. kr. á þessu ári lætur nærri að um verði að ræða svipað framkvæmdamagn á þessu ári og var á árinu 1976, þ. e. a. s. talsvert meiri framkvæmdir en á árunum 1977 og 1978.

En þó að ekki væri nú tekin ákvörðun um breytingu á vegáætlun hvað snertir árið 1979 er hitt ljóst, að um er að ræða mjög verulega aukningu vegafjár á árinu 1980 samkv. þeirri vegáætlun sem fyrir liggur, eins og sjá má á fskj. III. í nál. fjvn., en þar kemur skýrt fram að um er að ræða mjög verulega aukningu vegafjár á árunum 1980, 1981 og 1982. Vissulega er ekki hægt að líta á þessar súlur án þess að taka nokkurt tillit til þess, að verðlag breytist frá ári til árs, og það er gert í þessu súluriti með því að reikna þessar framkvæmdir á verðlagi ársins 1978. Hins vegar kemur aftur til álita hvað á að reikna með mikilli verðbólgu milli ára, og það kemur ekki fram á þessari mynd hvort reiknað er með 25% eða 30% eða 35% verðbólgu milli áranna 1979 og 1980. Þó hygg ég að reiknað sé þar með 25% verðbólgu. En sé reiknað með að verðbólgan verði öllu meiri, eins og því miður margt bendir til, má eftir sem áður slá því nokkuð föstu, eftir því sem mér hefur sýnst eftir eigin útreikningi, að um verði að ræða aukningu framkvæmdamagns sem nemi 70—80% á þeim tölum sem eru fyrir árið 1980 og fyrir árið 1979. Það er því alveg ljóst að hér er verið að snúa öfugþróun við.

Þegar minnst er á öfugþróun í sambandi við framkvæmdir í vegamálum á seinustu árum og minnt á þá staðreynd, að um hefur verið að ræða nokkurn samdrátt í nýbyggingu vega og brúa, tel ég að ekki sé með því endilega verið að skjóta á fyrrv. samgrh. Ég þekki það sjálfur, að góður vilji dugar ekki einn og sér, en staðreynd er að á vinstristjórnarárunum var um verulegar vegaframkvæmdir að ræða í landinu. Þau ár skera sig algerlega úr. Og ef fer fram sem horfir eru horfur á því, að nú með nýjum stjórnvöldum, með nýrri stjórn sem frekar verður flokkuð til vinstri en hægri, verði þar veruleg breyting á. Ég tel því að við fyrrv. samgrh., hv. þm. Halldór E. Sigurðsson, getum verið nokkuð sammála um það, hvaða rökrétta ályktun eigi að draga af þessari staðreynd. Ég held, að við hljótum í sameiningu að draga þá ályktun, að á árunum milli 1974 og 1979, þegar hér var heldur íhaldssöm stjórn undir forustu íhaldsflokks, hafi orðið verulegur samdráttur og við hljótum að skella skuldinni á forustu þess flokks, vegna þess að staðreyndin er sú, að þegar flokkar okkar hafa verið saman í ríkisstj. hefur þarna orðið veruleg breyting á.

Hv. þm. Lárus Jónsson hafði miklar áhyggur af því, að tölurnar fyrir árið 1980 væru úr lausu lofti gripnar, vegna þess að ekki væri í smáatriðum gerð grein fyrir því, hvernig fjárins skyldi aflað. Vissulega er það rétt, að það hefur ekki verið gerð nákvæm áætlun um hvernig fjármögnun vegaframkvæmda á árinu 1980 verður, og auðvitað þarf að athuga það mál betur en gert hefur verið. Ég tel hins vegar að þarna þurfi ekki að vera um neitt sérstakt áhyggjuefni að ræða. Ef við göngum út frá því sem gefnu, að bensíngjald fylgi byggingarvísitölu, sem það að sjálfsögðu verður að gera og getur ekki flokkast undir neina ofsköttun, ef við gerum ráð fyrir því eins og nú hefur þegar verið ákveðið, að þungaskattur af dísilbifreiðum hækki nokkuð í kjölfar þess að söluskattur á dísilolíu hefur verið afnuminn, ef við gerum ráð fyrir því, að tekjustofn komi í staðinn fyrir gúmmígjald ellegar þá að gúmmígjald verði hækkað, en sá tekjustofn hefur rýrnað mjög verulega á undanförnum árum, ef við gerum síðan ráð fyrir því einnig, að ríkisframlög verði svipuð, miðað við óbreytt verðlag, eins og var á árunum 1972-1978, en þá var um að ræða ríkisframlag á hverju ári sem nam frá 1400 og upp í 1700 millj. kr. á ári hverju miðað við verðlag ársins 1978, þá virðist mér, án þess að ég sé að sundurliða það í smærri atriðum, að ekki þurfi að vera um að ræða meiri lántökur til vegagerðar á árinu 1980 til þess að uppfylla þann ramma, sem fyrir liggur, en oft hefur áður verið. Ég held að við þurfum fyrst og fremst að koma þessum tekjustofnum Vegagerðarinnar í svipað horf og þeir voru fyrir nokkrum árum, en eins og kom skýrt fram við fyrri umr. hafa lántökur verulega minnkað á seinni árum og ríkisframlag einnig, auk verulegrar lækkunnar á gúmmígjaldi. Vissulega geta komið til greina fleiri tekjustofnar í þessu sambandi, en ég sem sagt vek á því athygli, að í raun og veru þyrfti ekki mikið annað til að koma en þessir tekjustofnar væru í svipuðu horfi og þeir voru fyrir 4—5 árum.

Ég vil svo að lokum taka undir þau orð, sem komu hér fram áðan hjá hv. 5. þm. Vestf., Kjartani Ólafssyni, þegar hann lét í ljós óskir um að unnt yrði að hraða tengingu Inndjúps. Eins og fram kemur í till. fjvn. er gert ráð fyrir að tenging Inndjúps eigi sér stað á árinu 1982, og þá er það haft í huga að óvíst er að takist að hafa tilbúnar framkvæmdaáætlanir og hönnun vegar til tengingar Inndjúps. En ég tel, að ef þess væri nokkur kostur, að mjög æskilegt væri að geta byrjað á þessu verki árinu fyrr, og ég tel að við eigum þá að athuga það mál sérstaklega þegar kemur að endurskoðun vegáætlunar að tveimur árum liðnum, á árinu 1981.

Í niðurlagsorðum í nál. fjvn. segir: „Með hliðsjón af þróun í vegamálum undanfarin ár markar sú vegáætlun,

sem nú er til afgreiðslu, tímamót að því leyti, að í stað rýrnunar raungildis framkvæmdafjár til vegagerðar er frá og með árinu 1980 stefnt að verulega auknum fjárveitingum til nýrra framkvæmda, auk þess að viðhaldsfé er mjög aukið þegar á þessu ári. Þá kemur það og til, að í stað þess að sérstök fjáröflun til Norður- og Austurvegar hefur undanfarin ár verið hluti af síminnkandi framkvæmdafé, kemur sú fjáröflun nú til viðbótar vaxandi fjármagni á vegáætlun til vegaframkvæmda í landinu."

Þetta er kjarni málsins. Hér er í örfáum setningum sagt allt það sem máli skiptir í sambandi við þessa vegáætlun, og ég fagna því vissulega að allir fjvn.- menn hafa séð sér fært að skrifa undir þessi orð.

Ég vil svo endurtaka þakkir mínar til hv. fjvn. fyrir ágætt starf, jafnframt því sem ég þakka vegamálastjóra og ágætu starfsliði hans fyrir vandaðan og góðan undirbúning að þessari þáltill.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja vegáætlun lengi né heldur þennan fund. Þó langar mig að taka það fram, að ég fagna vitanlega góðum áformum varðandi 1980 og svo næstu ár. Ég vil líka taka það fram, að ég fer ekki að sama skapi fagnandi heim í kjördæmi mitt með tilliti til þess sem veitt er í vegina nú á þessu ári, en mér skilst að framkvæmdamáttur minn heldur frá því sem var á s. l. ári og var þó nógu erfitt að standa þá frammi fyrir kjósendum sínum. Ég tel rétt, að þetta komi hér fram.

Ég vil einnig benda á að það er dálítið örðugt að gera samanburð á milli ríkisstj. um það, hvernig staðið er að vegamálum á hverju ríkisstjórnartímabili, og þar kemur náttúrlega tvennt til. Annars vegar er það, að stundum er það svo að ein ríkisstj. ákveður og önnur framkvæmir síðan áformin og aflar tekna til að framkvæma þau. Við vitum aldrei hvenær verða stjórnarskipti o. s. frv. Einnig eru ákaflega misjafnar aðstæður sem geta alveg skipt sköpum um það, hvað menn treysta sér til að gera í þessum málum öllum. Í því sambandi vil ég vekja alveg sérstaklega athygli á því í sambandi við umr. sem oft fara fram, bæði hér í hv. Alþ. og annars staðar, einmitt um vegamálin, að mér finnst ekki alltaf nægilega koma til skila þau baksvið sem þarna er um að ræða. Árið 1973 var toppár í framlögum til vegagerðar af ástæðum sem öllum hv.þm. eru vafalaust kunnar. Þá var keppt að því að opna hringveginn á þjóðhátíðarári og tekið mikið lán og til alllangs tíma til þess að ljúka því verki. Þannig myndaðist mikill toppur í vegaframlögin á því ári. Ég held að það hafi engum komið til hugar þá að unnt yrði að fylgja þeim öldufaldi sem þá reis í sambandi við vegagerð hér á landi.

Svo er annað sem mér finnst ekki koma nægilega vel fram, þegar rætt er um þessi mál og samhengið í þeim. Þegar við höfðum byggt upp Vegasjóð og af nokkurri bjartsýni varð stórkostleg breyting, þegar lögin um Vegasjóð voru sett. Þá fékkst miklu meira fé í vegina en hafði verið þá um sinn. En síðan gerist það, að bensínverð og annað olíuverð margfaldast, og þetta lamar Vegasjóðinn. Menn treystust ekki til þess þá að halda uppi fullum dampi í vegagerðinni vegna þeirrar margföldunar sem þá varð á bensínverði. Það var ekki um nokkurra tuga prósenta hækkun að ræða, heldur margfaldaðist verðið. Og þá var enginn, — ég fullyrði það: það var enginn tilbúinn með ákveðin úrræði til þess að halda uppi fullum afköstum. Og því segi ég það, að það skyldi enginn nú áfellast þá menn, sem þá fóru með þessi mál, þó að svo færi sem fór, að það kom nokkur slaki á. Það þýðir ekkert að mæla sig undan ábyrgð á því. Menn voru ekki með tiltæk úrræði og það var kannske ekki von. Ég er ekki að álasa neinum fyrir það.

Ég sem sagt fagna því eindregið, að það eru uppi ákveðin áform um að auka fjármagn til vegagerðarinnar frá 1980 og áfram svo langt sem séð verður, þ. e. a. s. svo langt sem þessi áætlun nær. En ég fagna þessu þó með örlítilli varúð vegna þess að um fjármögnunina segir svo í þessari stjórnartillögu: Um seinni ár vegáætlunar vísast til næsta kafla. Og þar segir: „Á þessu stigi er ekki tekin afstaða til þess, með hvaða hætti þessa fjár verði aflað. Verður að líta svo á að eðlilegra sé að taka þetta mál upp samhliða frekari stefnumörkun fjárl. næsta árs." Það má vissulega segja að þetta sé alveg laukrétt. Það er ekkert óeðlilegt við það að fjalla um þetta þegar afgreidd verða fjárlög og lánsfjáráætlun á næsta ári. En svona er þetta núna. Það er ekki búið að ganga frá þessu í einstökum atriðum. Og þó að ég, eins og væntanlega allir hv. þm., fagni því einlæglega að þessi eru áformin, þá skulum við gera okkur ljóst að við erum ekki komin lengra en þetta. Það er ekki búið að negla það niður hvernig fjár verði aflað til þess arna. En ég vil láta það koma fram hér alveg ákveðið, að ég mun styðja að þeirri lausn sem þá þykir tiltæk til þess að standa við þessi fyrirheit. Það er alveg klárt.

Að lokum vil ég svo taka undir það sem hér hefur komið fram hjá fleirum en einum hv. þm., að lýsa stuðningi við þau áform að reyna að taka fyrir sérstök og ábatasöm stórverkefni í vegagerð og afla til þeirra sérstaks lánsfjár, sem þá aftur dreifðist á nokkru lengri tíma að greiða en meðan á framkvæmdum stendur. Ég er eindregið fylgjandi því, að þetta verði reynt, og hef reyndar staðið að tillöguflutningi í þá stefnu á hv. Alþ. í vetur.

Svo að lokum vil ég aðeins segja það, að þegar rætt er hér um vegi eða öllu heldur vegleysur Íslands og talað um vanþróun Íslendinga í vegamálum og höfð um það mörg orð og stundum stór, bæði hér á hv. Alþ. og annars staðar þar sem þessi mál eru rædd, þá held ég að sé þarflaust að gleyma því sem gert hefur verið í þessum málum. Það hefur ekki verið neitt létt verk að vega þetta land allt saman, vega hvern einasta fjallveg á landinu og leggja akfæran veg heim að hverju byggðu bóli, þetta hefur ekki verið neitt smáátak, og svo að brúa allar jökulár, allar ár á landinu. Og það er alveg óþarfi að strika yfir þetta þegar verið er að ræða þessi mál. Þó menn dvelji ekki við það lengi, þá eiga menn ekki að láta eins og aldrei hafi neitt verið gert hér í vegamálum,— en það er stundum gert. Ég er ekki að halda því fram, að það hafi verið gert sérstaklega í þessum umr., en það er alloft gert, bæði innan þings og utan, og því vík ég að þessu. Við eigum hér þakkir að gjalda, og ég vil ljúka þessum orðum með því að láta í ljós þakklæti mitt til þeirra, sem nú starfa hjá Vegagerð ríkisins fyrir ágætt samstarf við þá stofnun fyrr og síðar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. samgrh. fór nokkrum orðum um það, hvað vinstri stjórnir væru duglegar í samgöngumálum borið saman við stjórnir sem Sjálfstfl. væri í og eftir atvikum Framsfl.

Ég ætla nú ekki að fara að svara þessari speki og allra síst þegar vitnað er til áætlunargerða og aðaluppistaðan í þessum fullyrðingum eru fyrirætlanir á næstu árum. Það er upplýst að það liggur ekkert fyrir endanlega um það, hvernig aflað verður alls þess fjár sem þarf til að standa við þessar fyrirætlanir. Ég læt bíða að ræða þetta þar til við sjáum betur efndirnar í þessu efni.

En ég stóð nú ekki upp út af þessu, heldur af sérstöku tilefni. Það er vegna þess að hér hefur sérstaklega komið til umr. tenging Inndjúps. Það fer ekki á milli mála, að það er ákaflega þýðingarmikil samgöngubót fyrir þann landshluta sem um er að ræða. Þessi samgöngubót er svo þýðingarmikil, að það er lítt viðunandi og í raun og veru alls ekki viðunandi, að þar verði ekki brátt bót á ráðin. Það má segja að það hafi dregist of lengi að gera átak í þessum efnum og það hafi dregist of lengi að velja ákveðna leið fyrir tengingu Inndjúpsins við aðalakvegakerfi landsins. En það er upplýst nú, að það verður eftir nokkra mánuði hægt að taka endanlega ákvörðun um það, hvaða leið á að fara, og það er upplýst líka af Vegagerðinni og sérfræðingum Vegagerðarinnar, að það er hægt af tæknilegum ástæðum að hefja framkvæmdir þegar á árinu 1980. Það er því ekki alls kostar rétt, sem hæstv. samgrh. sagði í umr. fyrr í kvöld, að það væri ekki hægt af tæknilegum ástæðum, vegna þess að vegarstæðið væri ekki ákveðið, að hefja framkvæmdir við þessa vegagerð fyrr en árið 1981.

Ég er þakklátur hæstv. ráðh. fyrir að lýsa vilja sínum í þessu efni og skoðun sinni á því, að nauðsynlegt væri að flýta þessu og færa framkvæmdirnar fram um eitt ár, þannig að þær hefjist árið 1981 í staðinn fyrir á árinu 1982. En því miður varð ég fyrir nokkrum vonbrigðum fyrst hæstv. ráðh. fór að minnast á þetta. Ég var að vonast eftir því, að hæstv. ráðh. lýsti yfir að hann mundi beita sér fyrir því og vinna að því að framkvæmdir yrðu hafnar á árinu 1981 og fjárframlög veitt í því skyni. En hæstv. ráðh. sagði aðeins að þetta yrði athugað sérstaklega, eins og hann orðaði það. Það er góðra gjalda vert að athuga hlutina, en það, sem gildir í þessu efni, eru raunverulegar framkvæmdir. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess að skora á hæstv. samgrh. að vinna markvisst að því, að það geti orðið framkvæmdir í þessu máli á þann veg að þær hefjist á árinu 1981, en ekki á árinu 1982. Það er ekkert því til fyrirstöðu að það sé hægt, ef fjárveiting er fyrir hendi. Og ég veit það — og það hefur líka komið fram hér í umr. fyrr í kvöld frá hv. 3. þm. Vestf., að aðrir þm. Vestf. hafa sama áhuga á þessu og það verður gerð sú krafa af þm. Vestf. og af fólkinu, sem býr við þær fráleitu aðstæður, sem eru afleiðing af því að þetta verk er ekki þegar hafið og þessi dráttur verður á því, — það verður krafa þessa fólks, að það verði ekki lengur látið sæta því að búa við allt aðrar aðstæður í samgöngumálum en allir aðrir landsmenn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég er viss um að það hafa allir beðið eftir því með óþreyju að ég kveddi mér hljóðs hér í kvöld, og ég vil ekki valda þeim mönnum vonbrigðum, sem hafa treyst því, og langar nú svona í lokin að segja örfá orð, en ég þarf ekki að vera langorður. Ég ætla alls ekki að eyða tíma mínum í það að fara að karpa um hver hafi framkvæmt þetta og hver hafi borgað hitt. Það er nú varla sæmandi fullorðnum mönnum að vera að rífast um það á þessari stundu. Allir getum við samt verið sammála um það, hv. alþm., að við erum allir mjög óánægðir með þá takmörkuðu fjármuni sem eru til ráðstöfunar á árinu 1979. Ef það hefur verið fyrir trassaskap fyrrv. ríkisstj. sem gerði þessa vegáætlun fyrir árið 1979, þá hefði hin djarftæka og rausnarlega vinstri stjórn átt að sýna af sér þann mannsbrag að bæta þar úr, þannig að þar er varla við nokkurn einstakan að sakast, heldur alla. En ef við alla er að sakast, þá vill enginn tala, ekki nema hann geti nuddað andstæðingi sínum upp úr skömmunum.

Við verðum að horfa á þetta „blanka" blað sem birtist okkur öllum fyrir árið 1979, og það hefur svo sannarlega ekki verið erfitt að skipta þeim fjármunum. En sannleikurinn er sá, að ef allir hefðu fengið allar sínar óskir uppfylltar fyrir árið 1979 hefðum við líklega margsinnis sprengt þá ramma sem mjög duglegur stjórnmálaflokkur hefur verið að smíða utan um öll fjármál í þessu landi nú í vetur. Og það er aldrei hægt að uppfylla allar óskir. Þetta er risavaxið verkefni, vegagerð á Íslandi, sem tekur langan tíma og kostar mikla fjármuni. Ég verð að segja það, að miðað við þá upphæð, sem til skiptanna var í heild, er ég ekki óánægður með hlut okkar Sunnlendinga af þeim takmörkuðu peningum. Það er miklu minni vandi að vera að rífast hér og skammast um að við höfum ekki fengið pening í þetta og pening í hitt, en þá verður líka að horfast í augu við það, að fé hefði þurft að koma víðar að. Kröfuraður af þessu tagi og óánægjunöldur eru okkur ekki sæmandi. Þess vegna segi ég það alveg óhræddur og má það berast til minna fyrrv. kjósenda, að ég er ekkert grátklökkur yfir þeim úrslitum. Þar hafa þó komið til peningar sem koma sér vel, því að það er vandalaust að benda á staði þar sem þessir peningar eru nauðsynlegir.

Hins vegar er þessi vegáætlun áætlun hinna fögru fyrirheita sem einhverjir munu sjá til að koma í framkvæmd. Hverjir sem það verða, þá er að sönnu miklu bjartari tíð fram undan ef allt það dæmi gengur upp. Ég ætla ekki að fara að rekja það sem í okkar hlut kemur á Suðurlandi. En þar er atriði sem ég get sérstaklega fagnað, og það er að loksins sér fyrir endann á þeim miklu vandræðum sem hafa verið að aka hinn svokallaða Þrengslaveg og Þorlákshafnarveg. Þar á að taka stórt á, og ég sé ekki betur, ef litið er til allrar áætlunarinnar, en að það verk eigi eftir að komast allt í höfn á tímabilinu. Og ég vil leyfa mér að þakka fjvn.- mönnum öllum — við Sunnlendingar eigum einn mann í þeirri n. — fyrir þann skilning sem þeir hafa sýnt með því að leggja nú loksins lið þessu máli sem hefur verið beðið í mjög langan tíma. Sannleikurinn er sá, að réttar niðurstöður úr útreikningsdæmi umferðartalningarmanna á vegamálaskrifstofunni hafa sýnt okkur of lágar tölur og hægt hefði verið samkv. þeim reglum, sem þar hafa verið notaðar, að ráðast í þessa vegagerð. En niðurstaðan er röng ef tekið er hins vegar tillit til þeirra forsendna sem vantað hefur í dæmið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að nefna hér allt það sem við sjáum nú framundan fyrir okkur í þessum efnum í mínu kjördæmi. En það er engin leið fyrir mig að fara úr þessum ræðustól þegar þessi áætlun er til umr., orðinn núna elsti þm. Sunnlendinga, allan þann tíma sem ég hef verið hér að reyna að koma áfram ákveðnu baráttumáli Sunnlendinga allra, sameiginlegu helsta áhugamáli í samgöngumálum allra sveitarfélaga í Suðurlandi frá Skeiðará og vestur á Sandskeið. Allir hreppar, kauptún og kaupstaðir hafa samþykkt það mörg ár í röð, að brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes væri

verkefni nr. eitt. Þetta er allmikið fyrirtæki, þó ekki eins mikið og af er látið, því að þau dæmi hafa öll verið reiknuð á röngum forsendum. Menn verða að horfast í augu við það, að þessi brú er ekki aðeins venjuleg samgöngubót, heldur kemur hún í staðinn fyrir tvær hafnargerðir, fyrir tvær hafnir, sem eru nú að engu orðnar, fyrir ein tvö merkustu sjávarþorp á Íslandi. Þessi brú á eftir að lyfta þessum þorpum úr seigdrepandi niðurlægingu upp í athafnasöm sjávarþorp á nýjan leik — og ekki aðeins þessum þorpum, heldur öllu landssvæðinu í kring. Þegar því verki verður lokið, þá er ég viss um að þeir, sem hafa hamast við að reikna öll þessi dæmi, muni sjá eftir því að hafa hamrað þessar röngu niðurstöður sínar næstum því inn í höfuðið á hverjum einasta þm. á Alþingi Íslendinga.

Það hafa ekki verið bjartar niðurstöður sem við höfum fengið í þessu baráttumáli. En nú fáum við niðurstöður sem við erum vissulega ekki nógu ánægðir með. Við hefðum viljað meira og við hefðum viljað fá verkið gert fyrr. En tæknimenn segja, að hönnun þessarar brúar taki a. m. k. tvö ár, það sé ekki praktískt að tala um miklu styttri tíma. Og þegar við sjáum núna á vegáætluninni 50 millj., 25 millj. hvort ár, 1981 og 1982, þá sjáum við þó hilla undir lausn í þessum efnum. Ég trúi því, fyrst hv. formaður fjvn. hefur tekið þetta mál upp á sína arma með þessum hætti, sem þó er ekki sá háttur sem við hefðum helst viljað, að hann eigi eftir að ýta þessu máli áfram sitji hann hér á þingi í framtíðinni, sem hann vafalaust gerir. Ég vona að þjóðin, þó rugluð sé í pólitískum efnum, hafi vit á að kjósa þennan hv. þm. svo lengi sem honum sýnist ráðlegt að bjóða sig fram til þings.

Ég hefði viljað óska eftir því við hv. formenn flokkanna, að þeir gætu nú sagt fáein orð og lýst yfir að þeir stæðu með þessu máli og vildu vinna að því áfram ef þeir verða áfram á Alþ. Ég sakna þess, — ég þori ekki að segja: aldrei þessu vant, — að hv. 1. þm. Austurl. er ekki nú í sínu sæti. Og ég vil halda áfram með það, að ég held að ég sakni þess líka að hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson er ekki heldur hér. En við höfum hér þó hv. þm. Geir Hallgrímsson, formann Sjálfstfl. og fyrrv. hæstv. forsrh., aðra formenn vantar. Hér situr þó hæstv. samgrh. og ég vil nú óska þess að hann herði sig upp í það að koma í ræðustól og lýsa yfir stuðningi sínum við áframhaldandi framgang þessa máls, að þegar hönnun þessarar brúar lýkur á árinu 1982 verði þegar hafist handa við brúarsmíðina. Mikið af efni til hennar liggur þegar fyrir, því að það er staðreynd að það stendur til að nota öll þau steypumót og annað þess konar sem notað hefur verið við smíði Borgarfjarðarbrúarinnar, þó að þessi brú sé 4—5 sinnum ódýrari, og þar sparast auðvitað mikið fé.

Herra forseti. Ég hef nú talað heldur lengur en ég ætlaði mér, og sannarlega hefði verið hægt að ræða þetta mál miklu lengur, því þó að hv. þm. séu þannig á sig komnir nú að í þá er kominn svefngalsi, þá hefði ég ekki þurft að höndla mikla andagift til þess að halda hér langa og góða ræðu í alla nótt um þetta mikilsverða mál. Ég vil þó vekja athygli á því að síðustu, að nú er annað hvert hús í sölu á Stokkseyri, eins og það heitir. Fólkið er að flýja. Það sama er á Eyrarbakka, nema hvað ástandið er enn verrra. Formennirnir á bátunum, sem eru þó einn sterkasti þátturinn í atvinnulífi fiskibæja, eru að flytjast og jafnvel fluttir sumir til Þorlákshafnar. Fólksstraumurinn stendur í burtu, húseignir fólksins f...ia í verði, og það er mikil fórn ef þetta fólk þarf að yfirgefa sína heimabyggð og skilja eftir hús að verðmæti 30—40 þús. millj. kr.

Ég vil að lokum, herra forseti, ítreka óskir mínar til hv. helstu forustumanna stjórnmálaflokka, að þeir komi nú hér upp og lýsi yfir stuðningi sínum við málið til þess að áframhald þess verði tryggt. Það er meginatriðið, ekki hvort hönnun hefði átt að vera lokið einu ári fyrr, heldur að það sé öruggt og fólkið viti af því að brúin verði smíðuð þó bíða verði nokkur ár.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurskoðun meiðyrðalöggjafar, þáltill. (þskj. 133, n. 824). — Frh. einnar umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Bjarnfríður Leósdóttir hefur beðið mig að mæla hér fyrir nál. vegna fjarveru hennar, en allshn. leggur einróma til að þessi ályktun um að fela ríkisstj. að endurskoða löggjöf um ærumeiðingar verði samþykkt, og tel ég ekki nauðsynlegt að hafa um það fleiri orð. Það er margt sem mælir með því, eins og fram hefur komið áður í umr. á þinginu, að nauðsynlegt sé að endurskoða þessa löggjöf, og berum við fullt traust til hæstv. ríkisstj. að annast það verkefni.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég á sæti í hv. allshn. og skrifa undir þetta nál. þar sem mælt er með samþykkt þeirrar till., að endurskoðun meiðyrðalöggjafar fari fram. En ég tel nauðsynlegt að gera grein fyrir afstöðu minni til að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning um það, að ég sé með þessu að taka undir þá röksemdafærslu, sem fram kemur í grg. með nefndri till. til þál., eða taka undir þau ummæli, sem fram komu í ræðu frsm. með þessu máli á sínum tíma. Bæði í grg. og í framsögunni var vísað til svokallaðra VL - málaferla sem forsendu fyrir því, að nauðsynlegt væri að endurskoða löggjöf um ærumeiðingar. Eins og allir vita eru tildrög þeirra mála þau, að vegna einarðrar og afdráttarlausrar skoðunar nokkurra manna á varnarmálum og öryggismálum og forustu þeirra í því að efna til undirskriftasöfnunar voru þeir bornir svívirðingum, fúkyrðum og jafnvel landráðum með svo blygðunarlausum hætti að fá dæmi eru til um slíkt hér á landi. Þessir menn áttu ekki annarra kosta völ til þess að verja æru sína en að höfða mál til að fá ummæli í þeirra garð dæmd dauð og ómerk. Þetta svokallaða VL-mál er því engan veginn tilefni til þess að endurskoða löggjöf um ærumeiðingar. Það mál er þó e. t. v. frekar til þess fallið að vekja upp umr. um æruna sem slíka og reyna þá að haga löggjöf þannig að hver sem er geti ekki svívirt æru annarra manna. Löggjöfin og siðgæðisverðir þjóðarinnar eiga miklu fremur að vernda æru en að tala um að breyta löggjöf til þess að auðvelda ómerkilegum og lítilsigldum blöðum eða einstaklingum að svipta menn æru fyrir litlar sem engar sakir.

Í framsögu með þessari till. tók hv. flm., Svava Jakobsdóttir, þannig til orða, að tjáningarfrelsi ætti að sitja í fyrirrúmi og smásmuguleg vernd ærunnar ætti að víkja. Þessum ummælum hafna ég algerlega. Tjáningarfrelsið er varið samkv. stjórnarskrá, en menn verða auðvitað að vera ábyrgir orða sinna. Ég vil fyrir mitt leyti standa vörð

um æru manna, því að hún er jafnmikilvæg og tjáningarfrelsið. Í þessu sambandi, herra forseti, vil ég vitna til þess, að í þál., sem samþ. hefur verið hér á hinu háa Alþingi um aðild Íslands að alþjóðasamningum um mannréttindi segir svo í 19. gr.

„Allir skulu eiga rétt á að ráða skoðunum sínum afskiptalaust.

Allir skulu eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar. Í þessum rétti felst frelsi til þess að leita, taka við og miðla alls konar vitneskju og hugmyndum án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hverjum öðrum leiðum að þeirra vali."

Og síðan segir í þessari grein:

„Sérstakar skyldur og ábyrgð felast í því að nota sér réttindi þau sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Því má takmarka þessi réttindi að vissu marki en þó aðeins að því marki sem mælt er í lögum og er nauðsynlegt:, til þess að virða réttindi eða mannorð annarra; til þess að vernda þjóðaröryggi eða allsherjarreglu, eða heilbrigði almennings eða siðgæði."

Þessi grein er eins í mannréttindasáttmála Evrópuráðsins. Ég vil leggja áherslu á það, að verði um endurskoðun á meiðyrðalöggjöf er að ræða nú hér á landi, þá á hún að felast í því að hafa þessi grundvallaratriði í heiðri.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, til þess að fyrirbyggja allan misskilning um það, að ég skrifi undir samþykkt á þessari till. með þeim rökstuðningi sem fram kemur í grg. eða framsögu, eins og ég gat um áðan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lækkun og niðurfelling opinberra gjalda af íþróttavörum, þáltill. (þskj. 332, n. (22). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hv. allshn. Sþ. hefur fjallað um þá till., sem hér er á dagskrá, og mælir einróma með samþykkt till. með svofelldri breytingu:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera breytingar á tollskrá, þar sem tollar á íþróttavörum eru samræmdir og lækkaðir, svo og að taka til endurskoðunar vörugjald á íþróttavörum.

Ofangreindar breytingar verða lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi, þannig að það geti hlotið afgreiðslu jafnhliða næstu fjárlögum."

Þessi tillgr., eins og hún hljóðar núna eftir meðferð n., er í fullu samræmi við till. eins og hún upphaflega var orðuð, en *lítillega lagfært orðalag þannig að meira svigrúm gefist fyrir þá aðila, sem fá þessa till. til meðferðar,* að taka tillit til hennar.

Vilmundur Gylfason var fjarverandi afgreiðslu málsins, en aðrir nm. skrifa allir undir þetta nál., og ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar flm. þessarar till. að þakka n. fyrir mikinn áhuga og skilning á þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjáraukalög 1977, frv. (þskj. 646, n. 811). — 2. umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1977 til umsagnar. Eins og fram kemur í aths. við þetta frv. hafa yfirskoðunarmenn ríkisreikninga lagt til að þær aukafjárveitingar, sem um ræðir samkv. frv., verði samþykktar. N. hefur borið niðurstöður frv. saman við ríkisreikninginn og ekkert fundið athugavert og er n. sammála um afgreiðslu frv. og leggur til að frv. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna, þáltill. (þskj. 469, n. 838). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Atvmn. hefur rætt þáltill. um heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna og orðið sammála um að leggja til að vísa henni til ríkisstj. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jón G. Sólnes.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almennar skoðanakannanir, þáltill. (þskj. 354, n 825). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til skoðunar till. til þál. á þskj. 354, 185. mál. þingsins, sem fjallar um almennar skoðanakannanir. N. varð sammála um að mæla með samþykkt till. þannig breyttri, að tillgr. orðist svo:

„ Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. til þess að setja reglur um almennar skoðanakannanir."

Undir þetta rita viðstaddir nm., Páll Pétursson, formaður, Ólafur Ragnar Grímsson, Bjarnfríður Leósdóttir, Gunnlaugur Stefánsson og Ellert B. Schram með fyrirvara. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Vilmundur Gylfason og Lárus Jónsson.

Ég vil taka það fram vegna umr. um þessa till. og að gefnu tilefni, að það er ekki skoðun nm. að með þessari till. sé verið að samþykkja að settar verði reglur til þess að setja almennum skoðanakönnunum einar eða aðrar skorður, heldur fremur að reglurnar, sem settar yrðu, yrðu leiðbeinandi við framkvæmdina og þess efnis, að skoðanakannanir uppfylltu almenn skilyrði um framkvæmd þannig að fólkið í landinu mætti hafa eitthvert traust á niðurstöðum slíkra skoðanakannana.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurskipulagning olíuverslunar, þáltill. (þskj. 104, n 823 og 841). — Síðari umr.

Frsm. meiri hl. (Gunnlaugur Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 823 er nál. frá meiri hl. allshn., sem fjallar um till. til þál. um endurskipulagningu á olíuverslun í landinu. Á fundi n. þar sem þetta mál var tekið fyrir, að

vísu var það tekið fyrir oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, var meiri hl. viðstaddra nm. sammála um að mæla með því við Sþ., að till. verði samþykkt. Undir nál. rita Páll Pétursson, formaður, Bjarnfríður Leósdóttir og Gunnlaugur Stefánsson. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ólafur Ragnar Grímsson, Vilmundur Gylfason og Lárus Jónsson, en minni hl. n., fulltrúi Sjálfstfl. sem viðstaddur var, mun skila séráliti. Till. til þál. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til að gera till. um endurskipulagningu á innflutningi á olíuvörum og dreifingu þeirra um landið. Nefndin hafi það verkefni að tryggja fyllstu hagkvæmni í innkaupum, sölu og dreifingu á olíuvörum innanlands, svo að þær geti jafnan verið á boðstólum á lægsta verði til notenda. Nefndin hraði störfum sínum eftir mætti og skili till. til ríkisstj. og Alþ. eigi síðar en 1. ágúst 1979. Æskilegt væri, að nefndin beindi athygli sinni einkum að eftirfarandi atriðum: 1. Hugsanlegri einkasölu ríkisins á olíuvörum. 2. Sameiningu olíufélaganna. 3. Aðhaldi í rekstri félaganna og meira frjálsræði í olíuinnflutningi, er gæti aukið samkeppni í olíukaupum og olíudreifingu."

Þannig hljóðar till., og það má geta þess í þessu sambandi, að stuttu eftir að meiri hl. n. hafði afgreitt hið jákvæða álit sitt bárust fregnir um það, að viðskrh. hefði ákveðið að skipa nefnd til þess að kanna þetta mál nánast í anda þessarar till. til þál. Þessu ber vissulega að fagna, að svo snögglega og skyndilega skuli vera tekið á málum í íslensku stjórnkerfi, og er ólíku saman að jafna, ef tekið er mið af ýmsum öðrum málum sem velkst hafa í kerfinu á undanförnum árum. Því tel ég að við það starf, sem þessi nefnd kemur til með að vinna nú strax á næstunni, yrði það mikill stuðningur ef slík till. sem þessi yrði samþ. á hinu háa Alþingi.

Frsm. minni hl. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki þau gögn við hendina sem æskilegt væri til þess að gera ítarlega grein fyrir afstöðu okkar í minni hl., en hún er í stuttu máli sú, að við mælum ekki með því, að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi, og leggjumst gegn till. Þau gögn, sem ég hef þá í huga, eru umsagnir frá mörgum aðilum sem hafa tjáð sig efnislega um þetta mál. Það eru að vísu umsagnir sem bárust í fyrra um sambærilega till., en efnislega á sömu lund. Þær umsagnir voru nánast allar á þann veg, að ekki væri ástæða til þess að setja slíka athugun eða endurskipulagningu á fót, og eru margvísleg rök færð fram í því sambandi. Mér þykir leitt að hafa þessi gögn ekki við höndina til þess að geta farið ítarlega yfir þau, en ég held þó að það sem kannske vegi þyngst í þessu máli nú á þessu augnabliki, sé sú staðreynd, að ríkisstj. hefur nú þegar engu að síður og þrátt fyrir þá afstöðu, sem ég var að lýsa í nefndum umsögnum, skipað sérstaka nefnd til þess að framkvæma endurskipulagningu eða athugun á olíuverslun í landinu, og auðvitað situr við það. Og þá finnst manni ástæðulaust fyrir Alþ. að vera að álykta um að slík endurskipulagning verði gerð, þegar þetta mál er nú þegar í athugun.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Sem 1. flm. þessarar till. á hinu háa Alþingi langaði mig til að koma að nokkrum sjónarmiðum og sér í lagi vegna orða hv. síðasta ræðumanns. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, að ég fagna því frumkvæði sem ríkisstj. hefur haft í þessu máli. Mér finnst að þar hafi verið rétt að málum staðið, rösklega tekið til höndum og málið raunverulega afgreitt áður en þingið sjálft afgreiðir það. Það færi betur að svo væri um fleiri mál sem hér velkjast, ekki eitt ár og ekki tvö ár, heldur kannske allt upp í fimm sex ár.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel brýna nauðsyn bera til að málið verði afgreitt hér á þinginu, og lít svo á að afgreiðsla þingsins á því verði stuðningur við ríkisstj. og þá kannske einkum og sér í lagi hæstv. viðskrh. sem hefur þegar ákveðið að láta þessa athugun fara fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varnir gegn olíumengun í nágrenni Keflavíkurflugvallar, þáltill. (þskj. 44, n. 628). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Endurskipan varnarmálanefndar, þáltill. (þskj. 352, n. 649). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr) frestað.

Fiskeldi að Laxalóni, þáltill. (þskj. 546). — Síðari umr.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Allshn. Nd. hefur fjallað um þetta mál í vetur og leggur til að þáltill. verði samþ. á þessu þingi án þess að vera rædd í nefnd. Ég vil leyfa mér í þessum umr. að óska eftir því, að þessu máli verði vísað til nefndar eins og öðrum málum sem koma fyrir Sþ. Ég legg til að málinu verði vísað til allshn. Sþ., þar sem það yrði skoðað eins og önnur mál sem lögð eru fram til samþykktar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessi till. til þál. um aðgerðir vegna fiskeldis að Laxalóni er flutt af allshn. Nd. og hún er hér til síðari umr. Ég sé enga ástæðu til þess að vísa þessu máli til n. nú þegar á að fara að slíta þingi. Nefnd hefur flutt málið shlj. og ég álít, að það eigi að ganga til atkv. um þessa þáltill. Ég mæli algerlega á móti því að vísa málinu til n. til þess eins að svæfa það. Þetta er mál sem er þess virði að það sé athugað: Í fyrsta lagi að skipuð verði þriggja manna nefnd sem verði falið að vinna að verkefnum, eins og þar segir: „að meta það brautryðjendastarf, sem Skúli Pálsson hefur unnið við eldi á regnbogasilungi hér á landi; að meta tjón það sem kann að verða vegna niðurskurðar á regnbogasilungsstofni Skúla Pálssonar, þar til nýr stofn er orðinn kynþroska og arðbær; að meta verðmæti stöðvarinnar að Laxalóni með það fyrir augum, að Alþ. samþykki að ríkið festi kaup á henni; að gera tillögur um uppbyggingu fiskræktarstöðvar að Þóroddsstöðum II í Ölfusi og hvernig þar megi halda áfram þeirri fiskrækt, sem nú er í Laxalóni. Væntanlegur kostnaður vegna máls þessa verði greiddur úr ríkissjóði."

Ég sé enga ástæðu til annars en þessi till. komi til

afgreiðslu hér á hv. Alþ., og mér finnst það undarleg meðferð á máli sem hér hefur legið fyrir allan þennan tíma, að nú í lok þings sé flutt till. um að vísa till. frá allshn. Nd. til n. í Sþ. Ég skil ekki að þessi till. sé á þann veg að ekki megi samþykkja hana og meta það sem hefur gerst í þessum efnum. Ég held að fiskeldismál séu nú meðal þeirra mála þar sem við Íslendingar séum mjög á eftir mörgum öðrum þjóðum. Það er sótt á okkur víða að að flytja fiskseiði til eldis erlendis, og þetta gæti orðið stór útflutningsgrein á Íslandi. Það er ekki vel til fallið að reyna að seinka afgreiðslu þeirra mála, eins og till. hv. síðasta ræðumanns mundi gera, heldur tel ég að ganga eigi hreint til verks og afgreiða þessa till. Annaðhvort er Alþ. með henni eða móti.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Allshn. Nd. hefur í allan vetur á mörgum fundum verið að athuga það mál sem þessi till. fjallar um. Það var upphaflega skoðun nokkurra nm., að n. gæti á eigin vegum gert ályktun sem gæti þá farið fyrir Nd. og hefði ekki þurft að bíða eftir afgreiðslu hv. Sþ. En niðurstaðan varð þó sú, að nm. kusu að Alþ. allt segði álit sitt á því hvað gera skyldi í þessu máli.

Ég verð að segja það, að eigi önnur n. nú að fara að taka upp sama starf og við höfum verið að vinna í vetur, þá finnst mér það eins og Einbjörn sé að taka í Tvíbjörn, og e. t. v. kemur Þríbjörn þar á eftir eftir þessu alþekkta lögmáli.

Menn geta haft ýmsar skoðanir á því, hvort frumkvæði allshn. Nd. hafi átt rétt á sér. En ég bendi á það, að í þeirri n. eru að sjálfsögðu eins og öðrum þingnefndum fulltrúar allra þingflokka. Við vorum öll sammála um að láta þetta mál með einhverjum hætti til okkar taka og niðurstaðan liggur hér fyrir. Ég sé þess vegna ekki að það sé til framdráttar þessu máli að önnur n. fari að eyða öðru ári í að athuga það. Ef niðurstaða alþm. verður sú, að ævistarf Skúla Pálssonar skuli lagt í Laxalón og liggja þar óbætt hjá garði, þá er best að það komi fram nú þegar. Það er ekki hægt að leika sér að því endalaust að fjalla um málefni manna, — því að hér er vissulega um merkilegt starf að ræða, og fyrst og fremst er hér um að ræða — ég vil segja: afdrif einstaklings og fjölskyldu hans í efnahagslegu tilliti, — það er ekki hægt að bíða lengur eftir niðurstöðu þessa máls.

Eins og ég sagði í upphafi, herra forseti, geta menn eflaust endalaust deilt um hvort við hefðum ekki átt að láta þetta líða hjá eins og hvert annað óhapp í þjóðfélaginu. En það varð niðurstaða okkar allra að taka okkur fram um að reyna að kynna okkur þetta mál. Við höfum haldið um það fjölmarga fundi, kallað til fjöldamarga aðila til þess að reyna að fá sem sannastar upplýsingar, og það eina, sem við förum fram á, er að sett verði á stofn nefnd sem vinni hratt að þeim tilteknu verkefnum sem voru áðan lesin upp. Það má vel vera að ýmsum þyki það óviðkunnanlegt að ræða slíkt mál á þessum tíma sólarhrings, menn hefðu gjarnan viljað vera viðstaddir og taka þátt í umr. Það get ég út af fyrir sig vel skilið. En ég get ekki vorkennt þeim frekar en þá t. a. m. sjálfum mér. Ég veit ekki betur en ég hafi þrem sinnum í vetur verið strikaður út af mælendaskrá þegar mál voru tekin fyrir á þeim tíma sólarhrings sem er óeðlilegur fundartími, og ég hef ekkert sagt við því. Það er mín sök að vera ekki viðstaddur þegar þau mál, sem ég vildi taka þátt í, hafa verið rædd. Á sama hátt tel ég að þeir, sem láta sig þetta mál varða, hefðu átt að vera hér viðstaddir og mæla þá gegn því. Ég fer fram á það, að hv. Alþ. lýsi skoðun sinni í atkvgr. á því, hvort það telur þessa till. sanngjarna eða ekki. Ef hún fellur, þá sættum við okkur auðvitað við það. En ef hún verður samþ., sem ég vona, þá ætlast ég til þess og vænti þess og vona að niðurstaða fáist í þessum málum, því að óvissan er það sem er allra verst í þessu alvarlega máli fyrir þann sem í hlut á.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Sem formaður í allshn. Nd. vil ég þakka hv. síðasta ræðumanni, Einari Ágústssyni, í fyrsta lagi fyrir afar ánægjulegt samstarf í allshn. í vetur, ekki síst að þessu máli, í hvað við höfum lagt verulega vinnu til þess að komast að því, sem okkur öllum sjö úr öllum fjórum stjórnmálaflokkum finnst vera ekki einasta rétt, heldur einnig drengileg niðurstaða þessa máls. Og í annan stað þakka ég honum fyrir það sem mér þótti vera vel mælt hér í ræðustól nú rétt áðan. Enn fremur þakka ég hv. 1. þm. Vesf., Matthíasi Bjarnasyni, fyrir góð orð um þetta mál. Ég vil taka undir það með þeim báðum, að hér er auðvitað Alþ. að taka afstöðu, að ég hygg, til endanlegra afdrifa þessa máls. Snúist Alþ. gegn þessu máli nú á síðustu stundu, þá er það endanlegur dómur yfir ekki aðeins ævistarfi einstaklings, heldur og stórmerku brautryðjandastarfi sem unnið hefur verið. Það er svo annað mál, að þetta brautryðjandastarf getur haft og ég er sannfærður um að það á eftir að hafa stórkostlega efnahagslega þýðingu. Ræktun á seiðum þeim, sem hér er um að ræða, hefur í öðrum löndum skapað stórkostlega möguleika í atvinnulífi, og ég fyrir mitt leyti er sannfærður um að það getur skipt sköpum fyrir framtíð þessarar mikilvægu atvinnugreinar, hvaða meðferð þetta mál fær á Alþ.

Að öðru leyti vísa ég til ágætrar ræðu hv. þm. Einars Ágústssonar um það. Og ég verð einnig að segja það eins og er, að ég kann ekki að meta þá afstöðu að vera nú að leggja til að málinu verði vísað til n. Nefnd hefur verið að rannsaka þetta mál. Þá fyndist mér hreinlegra að leggja til að málið yrði fellt, ef menn svo kjósa. En að vísa málinu til n. á þessu kvöldi, á síðasta kvöldi Alþ. um sinn, það finnst mér vera óheiðarlegri leið til þess að fella málið heldur en hin væri: að segjast hreinlega vera á móti því og vilja greiða atkv. gegn því.

Ég endurtek þakkir mínar og þakkir fyrir hönd allshn. Nd. til þeirra sem fyrir þessu máli hafa mælt. Ég er sannfærður um að allshn. Nd., þeir sjö einstaklingar sem hana skipa, hefur alla vega unnið mikið starf að þessu máli í vetur, og ég er jafnsannfærður um hitt, að það hefur verið gott starf sem á eftir að leiða gott af sér.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég get ekki betur séð en það séu dálítið óvenjuleg vinnubrögð sem hér eru höfð í frammi. Mér er spurn: Hvers vegna eru ákveðnar tvær umr. um þessa till. hér í Sþ. án þess að setja slíkt mál til n.? Ég man ekki til þess að það hafi áður skeð á mínum þingferli að slík vinnubrögð hafi verið höfð í frammi. Því var þá ekki hægt að ljúka þessu máli bara við eina umr., því eru þær tvær?

Í sjálfu sér eru það einstaklingar, sem eru í allshn. Nd., sem flytja þetta mál, því að þessi háttur er líka óvenjulegur, að nefndir séu að fara út í að rannsaka mál. Þetta mál er dómstólamál. Og ef það er þess eðlis, þá á að mínu viti að vísa því þangað, en ekki að fjalla um það hér á hinu háa Alþingi. Ég vil bara benda á að þetta eru

ákaflega óvenjuleg vinnubrögð í sambandi við allt þetta mál.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef aldrei heyrt það þau ár sem ég hef setið á þingi að till., sem flutt er á Alþ., sé eitthvert dómstólamál. Ég hef aldrei vitað til þess, að Alþ. hafi vísað máli til dómstóla. Þetta er alveg ný kenning sem þessi hv. þm. hefur hér uppi. Ég tel það virðingarvert í alla staði að allshn. Nd. skuli koma sér saman um að flytja hér þáltill. um fiskeldi að Laxalóni. Hún er að hreyfa hér merku máli. Fiskeldismál eru meðal þeirra mála sem við Íslendingar stöndum ákaflega illa að vígi í. Það er sótt eftir víða að úr heiminum að kaupa af okkur laxaseiði og silungsseiði eða regnbogasilung. Við erum engan veginn þess umkomnir að sinna þeim pöntunum. Við getum gert þetta að stórkostlegri útflutningsvöru, og ég skil ekki þá menn sem hlaupa alltaf í baklás þegar verið er að brydda upp á nýjungum. Hér er um mál að ræða sem er deilumál. Hvers vegna má ekki rannsaka þetta mál? Þegar allshn. flytur málið hér í þingi, þá átti till. hv. 2. þm. Suðurl. auðvitað að koma fram við fyrri. umr. þessa máls, að vísa því þá til n. En að koma hér fram kvöldið áður en þingi á að slíta og fara þá fram á að vísa máli til n., það er sama og að biðja um að drepa viðkomandi till. Ég er algerlega á móti slíkum vinnubrögðum, og ég tel það til minnkunar fyrir hv. þm. að standa hér upp í kvöld til þess að fara fram á það að drepa mál með þessum hætti. Ef menn eru á móti þessu máli og vilja fella það, þá skulu þeir bara sýna það þegar till. kemur til atkv., að þeir felli till. frá allshn. Ég skil ekki hvað er hér á bak við. Hvað eru menn að óttast? Hvers konar hugarfar er hér á bak við? Þetta er forpokað hugarfar sem allir eru búnir að fá nóg af. Hv. 5. þm. Norðurl. e. virðist vera talsmaður hugarfars sem tíðkaðist fyrir 100 árum, og ég óska honum til hamingju.

Forseti (Gils Guðmundsson): Vegna ummæla hv. 5. þm. Norðurl. e. um óeðlilega málsmeðferð vil ég aðeins taka þetta fram:

Ástæðan til þess, að tvær umr. voru ákveðnar um þetta mál, liggur í augum uppi. Ef það verður samþ. kann að leiða af því nokkurn kostnað, og þess vegna er það að ákveðnar voru tvær umr. Eins og þegar hefur komið fram, hefði verið í alla staði eðlilegt að þeir hv. alþm., sem töldu ástæðu til að vísa þessu máli til n. í Sþ., hefðu borið fram till. þess efnis við fyrri umr. málsins. Ég man ekki betur en sú umr. færi fram á mjög kristilegum þingtíma, ég held einhvern tíma eftir kaffi, en löngu fyrir kvöldmat. Ég tel eðlilegt, að í þessu máli eins og öðrum komi þingvilji fram, og hef viljað beita mér fyrir að svo verði.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það má segja margt um það mál sem hér er til umr., og það má líka segja margt um óvenjuleg vinnubrögð á Alþ. Um það ætla ég ekki að deila í kvöld, hvað við köllum óvenjuleg vinnubrögð og hvað ekki óvenjuleg. Það er hins vegar svo, að í gegnum tíðina hafa menn átt erfitt með að skilja og skynja ný vinnubrögð, og ég held að þetta mál sé af því tagi sem við getum kallað ný vinnubrögð, — vinnubrögð sem eru til fyrirmyndar að mínu mati. Þessi vinnubrögð eru sprottin af því, að þingnefnd hefur tekið frumkvæði í sínar hendur til þess að koma máli fram, í stað þess að setjast á mál eða tefja fyrir máli, sem kannske hefur verið algengara í þingnefndum en að hafa frumkvæði um að koma málum fram.

Ég lít svo á þá till. sem hér er komin fram um að vísa þessu máli til n. — eftir að allshn. Nd. er búin í allan vetur að ræða við málsaðila, fjölda manna, safna gögnum og upplýsingum og fá færustu menn á þessu sviði til viðræðna við n., — að fara þá að gera kröfu um að vísa málinu aftur til n. í Sþ. til þess að fara sama hringinn, það sé nákvæmlega sama og að segja — og það hefði verið mun heiðarlegra að segja: Þetta mál viljum við ekki að fái framgang á þingi. — Það hefði verið bæði karlmannlegra og heiðarlegra, — og því ekki að segja það ef menn hugsa það? Þessi afstaða, að fara þannig að málinu eins og hér hefur verið gert, er að mínu mati furðuleg, og auðvitað er tilgangurinn augljós og þarf ekkert að fara í grafgötur um hann.

Ég vil segja þá skoðun mína, að ég lít á þetta mál fyrst og fremst sem réttlætismál þar sem einstaklingur og kerfið hafa tekist á. Annars vegar er athafnasemi og framtakssemi einstaklings sem hefur reynt að berjast áfram að ákveðnu og tilteknu marki, hins vegar er embættisvaldið, sem kannske oft á tíðum á vafasaman hátt hefur komið í veg fyrir að þessi framkvæmdavilji gengi fram. Ég vil einfaldlega segja það um þetta mál, að það liggur afskaplega ljóst fyrir í mínum huga að hér er þingið að leysa hnút sem embætti umboðsmanns Alþingis hefði að öllu eðlilegu leyst. En hann er ekki til, það embætti er ekki til. Einstaklingur í þjóðfélagi, sem telur sig órétti beittan af embættismannavaldinu, hefur ekkert að snúa sér, hann getur ekkert farið, hann getur ekki leitað réttar síns nema fyrir dómstólum. Dómstólaleiðin er dýr og hún er oft ófær vegna þess hve mál tefjast þar oft á tíðum. Það þarf ekki að segja mönnum margar sögur af því, hvernig það gengur fyrir sig, því að mjög margir hafa reynt það og þekkja það.

Ég vil nú segja það í fullri sátt og raunar sem eins konar málamiðlun gagnvart hv. þm. Þórarni Sigurjónssyni, að hér er á ferðinni mál, — þ. e. lax- og silungseldi sem Skúli Pálsson í Laxalóni hefur ástundað um áratuga skeið, — hér er á ferðinni mál sem einmitt hans flokkur framar öllum öðrum flokkum í landinu ætti að taka upp á sína arma, styðja við og styrkja og reyna að efla. Hér er á ferðinni ein af framtíðarbúgreinum, hliðarbúgreinum í íslenskum landbúnaði. Ég vil álykta sem svo, að einmitt til þess að styðja við bakið á þeim mönnum, sem hafa frumkvæði í sér, sem hafa löngun og dug til þess að ganga fram í málum af þessu tagi, til þess að afla reynslu sem getur komið öðrum að gagni, ættu þeir menn, sem í orði — og ég vil kannske segja líka á borði, ekki vil ég draga það í efa — vilja styðja íslenskan landbúnað og þróun hans, að beita sér. Þetta er mjög einfalt í mínum huga — mjög einfalt, og ég veit að hv. framsóknarmenn, sem hafa talað í þessu máli, eru á sömu skoðun og ég um þetta. En hvað kann að ráða ferðinni, veit ég ekki. Hvað kann að ráða því, að þeir vilja reyna að tefja þetta mál, koma því fyrir kattarnef, það er ofvaxið mínum skilningi gersamlega. Ég hefði talið að það væri einmitt hlutverk þeirra að styðja við bakið á fiskrækt á Íslandi almennt. Hún er mjög vanþróuð grein hér og það hefur allt of lítil rækt verið við hana lögð. Þetta er búgrein sem í nágrannalöndum okkar gefur tugi og hundruð millj. kr. í aðra hönd á hverju einasta ári.

Ég mótmæli því algerlega, að þessu máli verði vísað til n., og vil raunar óska eftir því við þann hv. þm., sem gerði það að till. sinni, að hann dragi þessa till. til baka.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það sem ég sagði hér áðan hefur kveikt heldur betur í hv. þm. Það var þó ekki annað en það, að ég benti á að þetta væri óvenjuleg málsmeðferð, og ég fer ekki ofan af því. Það er ekki n. í Sþ. sem hefur flutt þessa till., og ég sagði aðeins að ekki hefði komið fyrir á mínum þingferli að slík málsmeðferð hafi átt sér stað.

Í raun og veru er það blekking, sem kom fram hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að þessi till. fjalli um fiskrækt. Það er allt annað málefni í raun og veru sem hún fjallar um. Hún fjallar fyrst og fremst um skaðabætur til Skúla á Laxalóni, þó að till. sé svona upp sett, — ég vil benda á það. Og það hefði einhvern tíma þótt ástæða til þess að vísa slíkri till. til fjvn. að fjalla um, því að þarna gæti vissulega orðið um það að ræða að n. eða dómstóll, hvort sem heldur væri, kæmist að þeirri niðurstöðu, að honum bæri bætur. Það kann að vera að þeir hv. þm. sem hafa athugað þetta mál, hafi það á tilfinningunni að honum beri bætur, og það var það sem ég sagði, að það er ekki n. í raun og veru sem getur úrskurðað það beint, ég álít að það séu dómstólarnir, þó að ég sé ekki lögfræðingur. Hitt væri betra, ef hv. þm., sem hér talaði á undan mér, Árni Gunnarsson, hefði alltaf jafnmikla réttlætistilfinningu hér á hv. Alþ. eins og virtist koma fram í máli hans áðan.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil minna hv. síðasta ræðumann á það, að mál þetta barst inn á Alþ. sem erindi frá einstaklingi sem telur sig — og hefur talið í langan tíma — vera misrétti beittan af embættismönnum ríkisins í skjóli þeirra laga sem Alþ. hefur sett, þannig að ég tel ekki óeðlilegt að einstakir þm. taki upp mál sem berast lestrarsal Alþingis eða Alþingi, ef þeim líst þannig á að málefnið sé þess virði.

Nú hefur það átt sér stað, að margir þm., heil þingnefnd hefur talið þetta erindi, sem borist hefur frá Skúla á Laxalóni, Skúli Pálssyni, þess virði að n. sem heild sameinist um að málið verði afgreitt á Alþ. Og ég vil segja það sem mína skoðun, að sú hugmynd, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. varpaði hér fram, að vísa málinu frá og til dómstóla, sé mjög slæm og að Alþ. bregðist því trausti sem einstaklingur í þjóðfélaginu sýnir Alþ. með því að senda erindi hingað inn þegar hann telur sig misrétti beittan, þannig að ég harma það að hv. 5. þm. Norðurl. e. skuli láta í ljós skoðanir sem þessar í málinu. En ég vil beina máli mínu til hæstv. forseta með sérstakri ósk um að þetta mál verði ekki tekið út af dagskrá, þetta mál hljóti afgreiðslu áður en þingi verður slitið á morgun.

Hér er till. til þál. um aðgerðir vegna fiskeldis að Laxalóni, og ég held að fiskeldið á Laxalóni — og öll þau mörgu ár, hið mikla brautryðjandastarf sem Skúli Pálsson hefur unnið í fiskeldismálum á Íslandi — sé þess virði, að málið og ævistarf hans sé kannað. Það getur vel verið, að þá komi í ljós að reynslan, sem hann hefur flutt til landsins, sé þess virði að eitthvað sé fyrir hana borgað. Alla vega þarf að kanna það, og hv. allshn. Nd. leggur til að skipuð verði þriggja manna nefnd og henni falið að gera þessa könnun, sem sagt að meta það brautryðjandastarf sem Skúli Pálsson hefur unnið við eldi á regnbogasilungi hér á landi. Það getur ekki verið ósanngjarnt að Alþ. kanni og komist þá að niðurstöðu um það, hvort ævistarf og brautryðjandastarf Skúla Pálssonar sé þess virði að fjárfest sé í því frekar, að þekkingunni sé viðhaldið, að það sé þjóðnýtt til góðs í framtíðinni. Þá þarf að meta það tjón sem kann að verða vegna niðurskurðar á regnbogasilungsstofni Skúla Pálssonar þar til nýr stofn er orðinn kynþroska og arðbær. Það er ekki heldur óeðlilegt, þar sem það er á vegum embættismanns sem þessi niðurskurður á að eiga sér stað, dr. Sigurðar Helgasonar fisksjúkdómafræðings. Það er sem sagt á vegum hins opinbera sem niðurskurðurinn á að eiga sér stað. Það er ekki heldur óeðlilegt að meta verðmæti stöðvarinnar á Laxalóni með það fyrir augum að Alþ. samþykki að ríkið festi kaup á henni, vegna þess að þar eru talsverð mannvirki og má segja að afrakstur af ævistarfi Skúla Pálssonar liggi þar í. Stöðin hefur ekki orðið arðbær á eðlilegan hátt vegna aðgerða embættismanna sem hafa tekið afstöðu gegn Skúla Pálssyni og starfi hans í skjóli þeirra laga sem sett hafa verið í þessari hv. stofnun, Alþingi Íslendinga sjálfu. Þannig má rekja hverja till. á eftir annarri, hvert verkefnið á eftir öðru, sem hv. allshn. Nd. hefur gert till. um að þessari þriggja manna nefnd verði falið að vinna.

Í grg., sem fylgir þessari till., segir að allshn. Nd. hafi um nokkurra mánaða skeið að eigin frumkvæði haft málefni Skúla Pálssonar á Laxalóni og samskipti hans við opinbera aðila til athugunar. N. hefur leitað til sérfróðra manna í fiskeldismálum, og mér er óhætt að segja að sá tími, sem hefur farið annars vegar í þessar kannanir n. og svo hins vegar í að kanna deilumál Skúla Pálssonar við embættismannakerfið, er það langur að hann er líklega 3—4 sinnum háskólanám í hvaða grein sem kennd er í Háskóla Íslands. Þar með held ég að búið sé að kanna þetta mál nokkuð vel, því að þeir aðilar, sem allshn. Nd. hefur leitað til, hafa allir verið við þetta mál riðnir í lengri eða skemmri tíma.

Í grg. segir að það hafi komið í ljós, að hér sé um að ræða deilumál sem erfitt sé að leggja á tölulegt mat, málið sé öðrum þræði af tilfinningalegum toga spunnið og hafi tekist á framkvæmdavilji annars vegar og verndunarsjónarmið hins vegar. Hér vil ég segja það eitt, að embættismenn, — kerfiskarlarnir sem oft hafa verið nefndir hér á hv. Alþ., — hafa ekki leyfi til að láta tilfinningarnar ráða í deilumálum sem þessum. Þetta mál er búið að standa — ég held að ég hafi lesið það í grg. einhvers staðar — í 25 ár — og það er ábyrgðarhluti að láta þessa deilu halda áfram, því að það er staðreynd að þessi atvinnugrein er arðbær í öðrum löndum, því verður ekki á móti mælt. Hvað hefur þá tapast í verðmætum vegna afstöðu embættismanna sem um málið hafa fjallað? Eins og hér stendur í grg.: „Málið er að öðrum þræði af tilfinningalegum toga spunnið.“ Hér segir líka að Skúli Pálsson hafi hafið eldi á regnbogasilungi árið 1951 eftir að hafa flutt regnbogasilungshrogn til landsins. Þó að þekking á fisksjúkdómum hafi þá ekki verið mikil hefur henni fleygt fram síðan. Þá kemur fram í grg., að komið hafi fram í viðræðum við þá sérfróðu menn, sem taldir eru upp og nafngreindir í grg. frá allshn. Nd., að ekki hafi í röskan aldarfjórðung fundist neinn kvilli í regnbogasilungsstofninum. Af hverju hefur þá þessi tregða verið í embættismannakerfinu? Hefur hugarfarið verið meira sýkt heldur en fiskurinn, sem þeir voru að vernda, eða lífríkið, eins og kemur fram í grg.?

Hv. allshn. Nd. segir líka í grg. sinni, að þessa afstöðu hafi sumir nefnt óeðlilega tregðu embættismanna og stjórnvalda, og þetta er altalað á meðal fólks. Það er altalað að hér hafi lítilmagninn, einstaklingurinn í þjóðfélaginu, verið fótum troðinn í langan tíma. Og þegar

hann leitar þá til þess, sem hann í augnablikinu grípur til sem hálmstrás í sínum málum eftir aldarfjórðungsbaráttu við kerfið, æðstu stofnunar þjóðarinnar, Alþingis Íslendinga, þá á að sparka honum út. Því vil ég mótmæla. Ég verð að segja það alveg eins og er, að ég tel það þessum einstaklingi til hróss, að hann skuli ekki fyrir löngu, eins og svo mýmargir aðrir, hafa gefist upp fyrir kerfinu. Það er miklu algengara, að fólk hreinlega leggi árar í bát og bölvi svo og ragni þessu kerfi sem það ræður ekkert við og kemst ekkert áfram með. Ég verð að segja, að ég dáist að þessum manni að hann skyldi ekki missa þolinmæðina í slag sínum við kerfið fyrir löngu, löngu.

Í niðurstöðum n. segir að ekki leiki vafi á því, að Skúli Pálsson hafi orðið fyrir og eigi eftir að verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þróunar mála. Ég held að við verðum að vera sammála um það, að úr því sem komið er gerum við okkar besta til þess að hann verði ekki fyrir frekara tjóni. Og hvers vegna? Af hverju hefur maðurinn orðið fyrir tjóni og af hverju tek ég þannig til orða, að við eigum að koma í veg fyrir að hann verði fyrir frekara tjóni? Það er m. a. vegna þess, að afstaða embættismanna hefur mótast í skjóli laga sem þeir beita að mínu mati á annan hátt en löggjafinn ætlaðist til við lagasetninguna. Þess vegna vil ég biðja okkar virðulega forseta að beita sér fyrir því, að hv. Sþ. afgreiði þetta mál á þessu þingi, svo að það rísi undir því trausti sem viðkomandi þjóðfélagsþegn ber til þess. Það gæti kannske orðið til þess að bæta eitthvað úr því áliti sem fólk er farið að hafa á þessari æðstu og virðulegustu stofnun þjóðarinnar.

Forseti (Gils Guðmundsson): Áður en lengra er haldið fram umr. vil ég aðeins taka fram eftirfarandi. Ég mun að sjálfsögðu ekki úr forsetastóli taka þátt í efnislegri umr. þessa máls, en um málsmeðferðina vil ég segja þetta:

Í þingskapalögum segir í 15. gr.: „Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess.“ Þetta er það eina sem ég finn í þingskapalögum í sambandi við þá till. sem hér er komin fram um að vísa máli til n., að það megi gera á hverju stigi þess. Ég hefði að sjálfsögðu borið það undir hv. þingheim, þegar till. kom fram um það frá hv. 2. þm. Suðurl. í kvöld, hvort vísa skyldi þessu máli til n., en ég lét kanna það, að það var aðeins 21 þm. í húsinu skömmu eftir að till. kom fram, svo að það var ekki um það að ræða. En með tilliti til þess, að hv. alþm. höfðu tækifæri við fyrri umr. málsins að bera fram till. um að málinu væri vísað til n., og með sérstöku tilliti til þess, að við erum að fjalla um þetta mál nú í lok þingsins og ég tel að þingvilji eigi í þessu máli eins og öllum öðrum að koma fram, þá vil ég nú leggja til þá málsmeðferð, og vona að hv. tillögumaður geti sætt sig við hana, að við ljúkum umr. hér í kvöld eða nótt þegar menn hafa talað vild sína, en till. hv. þm. um að vísa málinu til n. verði borin undir atkv. alþm. áður en gengið er til atkv. um till. sjálfa. Verði till. hv. þm. samþ., þá fjöllum við ekki frekar um málið á þessu þingi. Verði hún hins vegar felld, fer fram atkvgr. um málið. Mér sýnist þetta ekki ósanngjarnt með tilliti til þess, að þá hlýtur þingviljinn að koma fram í sambandi við þetta mál, og ég tel eðlilegt að hann komi fram.

Vilmundur Gylfason: Sem formaður allshn. Nd. vil ég þakka hæstv. forseta fyrir þessa till. og lýsi fyllsta stuðningi mínum við þessa málsmeðferð.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég sé nú að hv. 1. Vestf. stendur á fætur, en mér datt einmitt í hug, þegar ég hlustaði á ummæli hans hér áðan um það, að hv. þm. Stefán Valgeirsson væri með 100 ára gamlan hugsunarhátt, að ef ég færi hér upp í pontuna og lýsti skoðun minni, þá mundi ég sennilega fá þann dóm hjá hv. 1. þm. Vestf., að minn hugsunarháttur í þessu máli væri trúlega 200 ára gamall. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar, að þessi till. sé alveg fráleit. Ég er reyndar ekki neinn sérstakur áhugamaður um þetta mál og hafði ekki hugsað mér að fara að blanda mér mikið í þær umræður sem hér hafa orðið — tel það ekki stórmál til eða frá á neinn veg, — en fyrst hér eru orðnar langar og að sumu leyti skemmtilegar umr. vil ég samt leggja hér líka orð í belg til að andmæla ýmsu því sem sagt hefur verið.

Það segir í upphafi þessarar till.: „Alþingi ályktar: Að skipuð verði þriggja manna nefnd sem verði falið að vinna að eftirfarandi verkefnum.“ Það kemur ekkert fram um það, hver á að skipa þessa nefnd. Trúlega er átt við að það sé Alþ., en ljóst er það ekki. Því síður kemur nokkuð fram um það, hvers konar menn á að velja í þessa nefnd. Á að velja þá út frá því, að þeir hafi einhverja sérstaka þekkingu til að meta það sem síðar segir í till., eða með tilliti til hvaða sjónarmiða er ætlunin að velja þennan þriggja manna hóp? Allt er þetta mjög óljóst. Síðan segir áfram í till. um verkefnið: „Að meta það brautryðjandastarf, sem Skúli Pálsson hefur unnið við eldi á regnbogasilungi hér á landi.“ Meta brautryðjandastarfið, á hvaða hátt? Er um það að ræða að meta það til fjár? Það skyldi maður telja líklegt, miðað við það sem kemur síðar í till. Þó er það alls ekki ljóst. Eða á að meta það til orðstírs? Eða hver er tilgangurinn með þessu? Þetta er allt þannig úr garði gert hjá hv. tillögumönnum, með allri virðingu fyrir þeim, að það kemur á engan hátt fram, hvað þessum þrem mönnum er í raun inni ætlað að gera.

Þegar kemur að næsta lið, þá er það út af fyrir sig nokkuð ljóst, að matsmennirnir eiga, eins og hér segir, að meta tjón það sem kann að verða vegna niðurskurðar á regnbogasilungsstofni Skúla Pálssonar þar til nýr stofn er orðinn kynþroska og arðbær. Það er út af fyrir sig ákaflega nýstárlegt, en þarf ekki að vera ómögulegt þess vegna, ef Alþ. á að fara að taka sig fram um það að úrskurða um hugsanlegar skaðabætur í viðskiptum milli einstaklinga eða milli einstaklinga og opinberra stofnana. Ég held að við værum með slíkri samþykkt að opna braut sem býsna margir kynnu að vilja ráðast inn á. Við höfum aðra aðila í því stjórnkerfi sem við búum við sem ætlað er að annast slík verkefni. Við höfum í fyrsta lagi dómstólana, og það er að sjálfsögðu ekkert óeðlilegt, ef einn maður telur sig verða fyrir tjóni, kannske af völdum misviturra embættismanna, að hann leiti réttar síns hjá dómstólum. Ef maðurinn er illa settur fjárhagslega, — ekki þekki ég það í þessu tilviki, — teldi ég ósköp eðlilegt að honum yrði veitt gjafsókn í slíku máli af hálfu ríkisins. En auðvitað eiga það að vera sérstaklega til þess bærir menn sem um þetta fjalla, dómarar eða tilkvaddir matsmenn með hæfileika sem slíkir og kunnáttu, en ekki einhver og einhver einstaklingur sem hefur ekki neinar

sérstakar forsendur til að fjalla um það. En þann háttinn á að hafa á, að þingkjörin nefnd meti þetta, hvað á þá síðan að gerast? Það kemur ekki heldur fram þarna. Á úrskurður þessarar nefndar að gilda? Við skulum segja að hún meti tjónið á 10 millj. — Á þá ríkissjóður bara að borga þessar 10 millj.? Það kemur alls ekki fram hvort gert er ráð fyrir því. Á þetta bara að prentast í einhverri blárri bók sem álit þessara þriggja manna og ekkert meir? Eða er kannske hugmyndin sú, að hópurinn — nú vitum við ekkert, hvort gert er ráð fyrir að það séu alþm. eða einhverjir aðrir, en hverjir sem það eru — geri þá till. til. Alþ. um það, að á fjárlögum verði veitt upphæð sem svarar þeim bótum sem þriggja manna hópurinn kynni að komast að niðurstöðu um að væru réttmætar? Allt er þetta í einum graut í till. og ekkert skýrt hver meiningin er. Þess vegna er till. fráleit.

Þriggja manna hópurinn á einnig að meta verðmæti stöðvarinnar á Laxalóni með það fyrir augum að Alþ. samþykki að ríkið festi kaup á henni. Þarna virðist því vera slegið föstu fyrirfram, að matið, sem gert er ráð fyrir, fari fram með það fyrir augum að Alþ. samþykki að ríkið festi kaup á henni. Þetta er sérstök ákvörðun út af fyrir sig, býsna stór. Ég er ekki tilbúinn til að standa að því hér að samþykkja að Alþ. kaupi þessa stöð. Það er enginn rökstuðningur færður fram í grg. fyrir því — ekki nokkur. Hins vegar segir í grg.: „Málið er öðrum þræði af tilfinningalegum toga spunnið.“ Það mætti ætla að hugmyndin væri sú, að í þessum þriggja manna hópi yrðu kannske fyrst og fremst sálfræðingar og prestar. Og hér segir áfram í grg.: „Málið er öðrum þræði af tilfinningalegum toga spunnið, og hafa tekist á framkvæmdavilji annars vegar og verndunarsjónarmið hins vegar.“ Og áfram: „Stjórnvöld og embættismenn verða ekki áfelld fyrir að taka tillit til verndunarsjónarmiða gagnvart viðkvæmu lífríki landsins. Því síður er unnt að áfellast athafnamenn, sem vilja efla og auka rekstur sinn.“ Ja, þvílík viska! Hvar er þá sökin að dómi tillögumanna? Hún er ekki hjá stjórnvöldum. Auðvitað vernda þau lífríkið, segir hér, það er sjálfsagt mál. En athafnamennirnir auka rekstur sinn og eiga að gera það, ekki er hægt að áfellast þá, segir hér. En sökudólgurinn, hvorugur af þessum, hver er hann? Ófinnanlegur? En ríkið á bara að borga eftir slumpareikningi.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Mér þykir leitt að þurfa að dæma till. svona hart vegna þeirra mætu manna sem sæti eiga í hv. allshn. Nd. og flytja tillöguna. Ég held að þarna hafi þeir, sjálfsagt af góðum vilja, ætlað sér að vinna einhvers konar miskunnarverk á þessum ákveðna þjóðfélagsþegni, Skúla Pálssyni, en ég held að allur grundvöllur till. sé á algerum misskilningi byggður.

Varðandi það, hvort eigi að vísa þessari till. til n. eða ekki, þá tek ég það fram, að ég hef ekkert við úrskurð hæstv. forseta í þeim efnum að athuga. Það hefði að sjálfsögðu verið eðlilegra að till. um nefnd sem flutt var í kvöld um nefnd, hefði komið fram við fyrri umr., og það er galli á þeirri till., hvað hún er seint fram komin. Að öðru leyti tek ég það fram, að enda þótt ein ákveðin þingnefnd flytji mál, þá geri ég ekki mikinn mun á því eða hinu, að málið væri flutt af þeim sömu sjö einstaklingum, sem í n. eiga sæti. Og þá er ekkert óeðlilegt að aðrir, sem kynnu að eiga sæti hér í allshn. Sþ., vildu líka fjalla um málið í n. Ég segi fyrir mig, að ef hér væri ekki komið að þinglokum og ef ég hefði átt sæti í allshn. Sþ., þá býst ég við að ég hefði gert kröfu um að fá málið til umfjöllunar í þeirri n. enda þótt það væri flutt af allshn. Nd.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Það virðist vera að þetta mál sé mjög viðkvæmt. Ég bjóst ekki við því að það væri svo sem hér hefur komið fram. En ég vil taka það strax fram í byrjun ræðu minnar, að ég var ekki við þegar 1. umr. fór fram um þetta mál og hafði þess vegna ekki getað óskað eftir að það færi til n. eins og venja er með þau mál sem eru tekin fyrir, hvort sem er í d. eða Sþ. (Gripið fram í.) Það er mjög eðlilegt, þó það sé n. sem flytur mál, að því sé vísað til n. eins og venja er . Ég veit ekki hver háttur hefur verið hafður á í þessu tilfelli. Það hefur kannske verið óskað eftir því sérstaklega, að það væru aðeins tvær umr. um þessa þáltill.

Það kemur fram í ræðum manna sem hafa talað með þessu máli, að þetta sé afskaplega gott mál og nauðsynlegt að koma því áleiðis. Ég sé þá ekki rök fyrir því, að það hefði ekki mátt skoðast í allshn. Sþ. Úr því að það var svona gott mál hefði ekki verið óeðlilegt að lofa n. að fjalla um það enn frekar en gert hefur verið. Það er búið að taka það fram hér, að það hafi verið kallaðir margir menn til þess að ræða við allshn. Nd., og ég hef ekki rengt það og mun ekki rengja. Ég veit að það er rétt, en ég var fyrst og fremst með það í huga, að þetta gengi eins og önnur mál og fengi eðlilega meðferð hér í Sþ.

Ég vil líka koma að fleiri atriðum sem minnst hefur verið á. Það er langt frá því að ég sé á móti því brautryðjendastarfi sem talið er að Skúli Pálsson á Laxalóni hafi unnið í fiskræktarmálum. Ég ætla ekki að rengja það. Ég er því ekki það kunnugur, að ég geti sagt um það, hvort hann hafi unnið það eða ekki. En ég vil segja það, að ég hef ekki lagt það til að sparka neitt í hann, eins og hér var sagt af einum hv. þm. Ég vil taka það fram, að þegar rætt er um þessi mál er gersamlega sneitt hjá því, að við Íslendingar eigum fiskræktarstöð sem er á vegum ríkisins. Það hefur ekki verið eitt einasta orð sagt um hana hér. Væri nú ekki alveg eins eðlilegt að Alþ. segði eitthvað um hana og legði þá frekar til hennar fjármuni til að halda áfram því tilrauna- og brautryðjandastarfi sem þar hefur farið fram? Ég vil segja það, að mér finnst hér skjóta dálítið skökku við, ef við eigum endilega að taka upp hanskann fyrir einstakling og leggja fjármagn til hans, frekar en í þá stöð sem íslenska ríkið hefur byggt upp og rekur og er fjárvana.

Ég þekki það ekki, að það hafi verið farið eins illa með Skúla Pálsson og hér hefur verið sagt. Ég vil því gjarnan að þetta mál fái þá meðferð, sem ég hef hér lagt til, og verði sent til nefndar.

Það hefur komið hér fram, að unnið hafi verið að þessu í allan vetur af allshn. Nd., og svo er sagt að ég sé að skjóta málinu á frest með því að óska að það fái þinglega meðferð og fari til n. og verði athugað. Af hverju var þessi n. ekki búin að skila þessu máli fyrr inn í Sþ. heldur en í lok þingsins? Ég held að það sé ekki síður eitthvað athugavert við það, að hún hafi verið að vinna að því í allan vetur. Hvað var svona vandasamt?

Nei, það er margt við þetta að athuga, og ég held að það sé ekkert á móti því, að þetta mál fái örlítið betri athugun, og að það sé ekkert á móti því m. a. vegna þess, að þessi till. eða þál., sem hér er til umr., er töluvert furðulega upp sett, eins og reyndar er búið að taka fram. Auk þess kemur alls ekki fram í þessari till., sem kannske er ekki von, hvað hún kostar þjóðina eða íslenska ríkið.

Það er e. t. v. enn þá réttara fyrir mig að óska eftir því, að till. fari til fjvn. heldur en hún verði send til allshn., en ég hafði fyrst og fremst það í huga, að eðlilegt væri að þessi till. fengi umfjöllun í nefnd eins og aðrar till. þó að hún komi frá allshn. Nd.

Þá vil ég aðeins minna á það, sem hér hefur áður komið fram, að í fyrsta kafla till. er gert ráð fyrir að skipuð verði þriggja manna nefnd sem falið verði að vinna að tilgreindum verkefnum, en það er alls ekki nefnt, hvernig á að skipa þessa nefnd. Er það ríkisstj., sem á að skipa hana, eða hver á að gera það? Það er ekki neitt um þetta í till. Og eiginlega er öll þessi uppsetning ákaflega furðuleg og laus í reipunum. Ég held að það veiti ekki af því að till. fari í n. og verði athuguð þar.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða neitt að ráði a. m. k. um þessa till. efnislega. Það er þó ekki ofsögum sagt af því, sýnist mér, að hún er dálítið furðulega upp sett. Ég sé ekki að það komi nokkurs staðar fram, hvernig á að skipa þessa nefnd. Ef Alþ. ætti að gera það, þá hefði ég álitið að það ætti að segja að Alþingi álykti að kjósa nefnd. En ef einhver annar á að skipa hana en Alþ., þá held ég að nauðsynlegt sé að taka fram hver það á að vera. Mér sýnist það vera út í bláinn að orða þetta svona. Og ég er alveg undrandi á því starfssviði sem þessari þriggja manna nefnd er ætlað að hafa. Hún á t. d. að meta brautryðjandastarf. Ég man aldrei eftir að ég hafi séð það, að þingnefnd hafi verið skipuð til þess að meta brautryðjandastarf einhvers manns. Það hlýtur þá að verða mikið brautryðjandastarf sem þessi nefnd hefur með höndum. Það verður töluvert vandasamt að móta það þannig, að vel fari á, og væntanlega hefur það töluverða þýðingu upp á framtíðina, því að þarna verður gefið fordæmi fyrir því, hvernig á að meta brautryðjandastörf af skipaðri nefnd að undirlagi Alþingis. Þetta þykir mér stórfurðulegt, satt að segja.

Svo segir hér að nefndin eigi að meta verðmæti stöðvarinnar að Laxalóni. Jú, en eins og einn hv. ræðumaður benti á áðan væri ekki óeðlilegt að tryggja það, að til kæmu menn sem hefðu kunnáttu til að meta slíkt. En hvað um það, hér segir að það eigi að meta verðmæti stöðvarinnar að Laxalóni með það fyrir augum að Alþ. samþykki að ríkið festi kaup á henni. Þetta þykir mér dálítið merkilegt. Og ég er að velta því fyrir mér, hver er munurinn á því að meta þessa stöð með það fyrir augum, að ríkið kaupi hana, eða meti hana með eitthvað annað fyrir augum eða bara meti hana blátt áfram. Eitthvað sérstakt hlýtur að vaka þarna fyrir mönnum. En mér kemur í hug frásögn Laxdælu af því, þegar Snorri goði höndlaði við stjúpa sinn með föðurleifð sína.

Þetta er nokkuð, satt að segja, sem er mjög furðulegt og torskilið í þessari till. Nú geta auðvitað verið deildar meiningar um það, — og ég er ekkert að fordæma aðra þm. þótt þeir hafi aðra skoðun á því en ég, — en mér finnst það mjög óeðlilegt að taka fyrir einn einstakling á þann hátt, sem hér er gert, og gera hans mál að þingmáli með þessu móti. Mér finnst það ekki eðlilegt, og ég fékk ekki betra álit á þessum málatilbúnaði við það að sjá viðbrögð hv. 1. þm. Vestf. við — ég vil segja: minni háttar mótblæstri hér í hv. Sþ. Þau voru ákaflega hörð og snögg. Þessi ágæti vinur minn og geðgóði maður virtist verða svo reiður af þessum — sem ég tel — minni háttar mótblæstri, að ég varð alveg hissa. Og sem sagt, ég fékk ekki aukið álit á þessu máli við þau viðbrögð hans.

Ég ætla að standa við það, ég skal ekki fara mörgum orðum um efni þessarar till. En mig langar til að segja örfá orð í sambandi við þær umr., sem hér hafa orðið um meðferð till. í Sþ., með tilliti til þess sérstaklega að hún er flutt, eins og segir á þskj., af allshn. Nd. Þetta þykir mér eftirtektarvert. Það getur vel verið að þetta hafi gerst áður, en ég man ekki eftir því. Náttúrlega er ekki neinn atburður fordæmanlegur fyrir það eitt að hann hefur ekki gerst áður.

Nú sýnist mér það liggja alveg í augum uppi, að miðað við allar venjur hefði átt að vísa þessari till. til fjvn. við 1. umr. hennar. Það er venja að ákveða tvær umr. ef till. hafa mikla fjárhagslega þýðingu, og eins og þetta er upp sett, þá getur maður ekki annað en reiknað með því, að framkvæmd till. gæti haft mikla fjárhagslega þýðingu.

Nú var till. ekki vísað til fjvn. eða annarrar n. við 1. umr., og ég er auðvitað ekki að sakast um það við einn eða neinn. Ég hefði getað verið hér viðstaddur og gert þá till. um það. Hins vegar benti hæstv. forseti á það, að samkv. þingskapalögum má vísa till. til n. á hvaða stigi umr. sem er. En á því að vísa till. til n. nú eru vitanlega þau vandkvæði, sem hv. þm. sem hér hafa talað og eru stuðningsmenn þessarar till. hafa bent á, að þá er ekki líklegt eða næstum útilokað að hún yrði afgreidd á þessu þingi, svo það er dálítið snúið.

En ég vil segja það sem mína skoðun, að ég get ekki séð að það skipti nokkru máli um það að till. sé vísað til n. eða ekki í Sþ., þótt n. í annarri hvorri d. flytji hana hér. Ég get ekki séð að það skipti nokkru máli, hvort t. d. þeir menn sem hafa undirbúið þessa till., fulltrúar í allshn. hv. Nd., hafa undirbúið hana í nafni nefndarinnar eða bara sem þingmannahópur. Ég átta mig ekki á því, að það geti skipt nokkru máli. Og ef taka ætti þann sið upp, að beita nefndunum eftir því sem við verður komið í öðrum hlutum þingsins en þær eru kosnar í, þá held ég að um það hljóti að vakna ákaflega margar spurningar, hvernig með skuli fara. Ef nefnd úr deild getur flutt mál í Sþ. og það er talin nægileg athugun, af því að það er nefnd í deild, væri þá t. d. hægt að hugsa sér að vísa máli hér í Sþ. til skoðunar hjá nefnd í deild? Ég hugsa að mönnum fyndist það óeðlilegt, og ég álít það líka að það væri mjög óeðlilegt. En efnislega væri það þó ekki annað en það sem menn eru að tala um hér, að af því að nefnd í deild hefur skoðað málið þurfi það ekki sérstaka skoðun í Sþ. Efnislega væri það það sama að senda það t. d. allshn. hv. Nd. til skoðunar. Og mér kemur í hug sá möguleiki, ef t. d. þetta væri tíðkanlegt orðið hér, að nefndir í mismunandi deildum þingsins gætu gert sig gildandi í öðrum hlutum þings, þá sé ég ekki að neitt væri því til fyrirstöðu, að t. d. meiri hl. fjvn. flytti mál í Nd., en mér sýnist að það væri mjög óeðlilegt, og eins að minni hl. fjvn. flytti aftur mál í Ed. Ég nefni þessa nefnd sem dæmi, því að ef nefndir verða virkar og geta komið svona fram, nefnd í Nd. getur komið fram í Sþ. o. s. frv., því skyldi þá ekki hluti nefndar í Sþ., sem á sæti í viðkomandi deild, geta komið fram sem slíkur? Þetta held ég að menn þurfi allt vel að skoða, ef á annað borð er farið út í slíkt. Og mér finnst sérstök ástæða til þess að íhuga þetta og velta þessu aðeins fyrir sér, af því að því menn hafa hér borið það í mál, að vegna þess að þessi till. hafi verið undirbúin og flutt af nefnd í annarri málstofu en hér situr í kvöld, þá þurfi ekki að vísa henni til nefndar. Það er svo auðvitað matsatriði að öðru leyti, því að það er ekki neitt einsdæmi að mál fari ekki til nefnda. Við því er ekkert að segja, það hefur oft gerst og

er ekkert fordæmanlegt út af fyrir sig.

Ég veit ekki betur en sá háttur hafi verið á hafður hér á hv. Alþ. til þessa, að hver málstofa, ef má nota það orð, eða hver hluti þingsins hafi búið við sínar nefndir, þær hafi starfað innan þess hluta, en ekki sem slíkar í öðrum hlutum þingsins. Og ég held satt að segja að það sé töluvert örðugt að framkvæma þetta á annan hátt. Það er a. m. k. atriði sem menn verða að skoða í heild.

Þessar hugleiðingar vildi ég láta koma hér fram, sérstaklega í tilefni af þeim orðum sem hér hafa fallið um að það væri út í bláinn að vísa málinu til nefndar í Sþ. vegna þess að það hefði verið unnið af nefnd í annarri þd.

Ég vil svo að lokum segja það, að við að líta á þessa till., hvernig hún er uppbyggð, og svo einnig það, að með till. er auðsjáanlega stefnt að verulegum útgjöldum, þá held ég að það veitti ekki af að till. yrði tekin til skoðunar og þá að sjálfsögðu í hv. fjvn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að eyða löngum tíma til þess að ræða það sem hér hefur komið fram viðkomandi þessari till. Það var mjög fróðleg lexía sem hv. 2. þm. Austurl. hélt fyrir okkur, og vafalaust hafa einhverjir haft ánægju af að hlýða á hana. En ég tel hana með öllu óþarfa á þessu stigi. Það hefur aldrei verið farið fram á það af okkur, sem stöndum að þessari till., að hún mætti ekki skoðast af þingnefnd í Sþ. En það sýnir náttúrlega áhuga þeirra mann, sem þá nefnd skipa, og þeirra, sem nú hafa gífurlegan áhuga á því að önnur nefnd fái þetta mál til skoðunar, að enginn þeirra hefur gert tilraun til eða till. um að fá þessa till. til skoðunar í allshn., fjvn. eða hvaða annarri nefnd sem mönnum gæti dottið í hug að væri betur til þess fallin að skoða málin en allshn. Nd.

Það er talað um að við höfum lagt þessa till. seint fram. Hv. 2. þm. Suðurl. lagði á það ríka áherslu, að við hefðum átt að skila þessu fyrr. Það má vel vera. Þetta tók langan tíma hjá okkur, það skal viðurkennt. En ég bendi honum þó á að till. var flutt hér 24. apríl eða fyrir mánuði og eitthvað hefði nú hv. allshn. Sþ. átt að geta aðhafst á þeim tíma til þess að betrumbæta þessa till. sem margir lögspekingar og þingvanir menn hér hafa gagnrýnt að formi til. Ef menn hafa áhuga á þessu máli og ef mönnum finnst þessi till. illa úr garði gerð, sem auðvitað kann að vera álitamál, þá er hægur vandinn að gera brtt. við þau atriði sem svo illa eru samin að ekki fái staðist, eins og menn hafa gert hér mikið úr og breitt sig út yfir, að það væri ekki tekið fram í ályktuninni hver ætti að skipa nefndina. Það má auðvitað vel segja sem svo, eins og hér hefur verið haft í flimtingum, að það yrðu Skúli og tveir synir hans sem skipuðu nefndina. En dettur mönnum í hug að allshn. Nd. hafi haft það í huga? Því hygg ég tæpast að nokkur maður trúi. Ég hefði litið svo til, að það væri ríkisvaldið sem skipaði þessa þriggja manna nefnd, með því að Alþ. skipar ekki nefndir. En ef menn eru í einhverjum vafa um það, þá er hægast að gera breytingu á því.

Allt þetta er sem sagt fundið upp til þess að drepa þessu máli á dreif, það er augljóst mál. Ég skal ekki fara neitt út í hugleiðingar um hvers vegna það er gert.

Það var talað um það hér af hv. 2. þm. Austul., að það væri óeðlilegt að málefni einstaklings væru sérstaklega tekin fyrir til skoðunar hjá Alþ. Ég held að það sé æðioft sem það hefur komið fyrir. Ég hygg að t. d. þegar verið er að selja jarðir, þá séu það tilteknir einstaklingar sem jarðirnar eru seldar. Í gær var verið að samþykkja hér í hv. Nd. að taka eignarnámi tiltekna eign af tilteknum einstaklingi. Það er hans mál, það er einstaklingsmál, þó að það snerti fleiri. En laxeldismálið snertir líka fleiri en Skúla Pálsson. Og það hefur verið okkar skoðun og það, sem hefur hvatt mig til þess að taka þátt í þessum athugunum, er það, að ef þessi maður— mér er alveg sama hvað hann heitir og hann er ekki vandabundinn mér á nokkurn hátt og ekki einu sinni kunnugur— en ef það á að verða niðurstaðan, að ævistarf hans verður jafnað þarna við jörðu, þá óttast ég að aðrir einstaklingar verði ragir við að hefja slíkar framkvæmdir og þori ekki að taka þá áhættu sem því fylgir að byggja upp þennan mikilsverða atvinnuveg. Ég veit ekki til þess að Kollafjarðarstöðin hafi beðið hér um fjármagn sem við aðstandendur þessarar till. höfum neitað um, og þess vegna er þar alveg ólíku saman að jafna. Ég held að hún hafi fengið það fjármagn sem hún hefur beðið um, svona nokkurn veginn. Ef það er ekki svo, þá ætti hv. 2. þm. Suðurl. að drífa sig í að bera fram till. um fjárveitingu til Kollafjarðarstöðvarinnar og láta vísa henni til hv. allshn. Sþ. Það væri í fullu samræmi við þá afgreiðslu sem hann leggur til á þessari tillögu.

Ég ætla ekki að fara að eyða hér tíma þingsins að næturþeli í það að ræða þetta frekar. Ég fellst fyllilega á málsmeðferð hæstv. forseta. Auðvitað verður till. hv. þm. Þórarins Sigurjónssonar borin upp, og ef menn vilja fella þessa þáltill., þá samþykkja þeir till. hv. þm., það er ljóst mál. Ef þeir hins vegar sjá ekki ástæðu til þess að vísa málinu til nefndar, þá kemur till. sem slík til atkv., þá kemur vilji Alþ. fram. Og ef einhverjir þeir menn, sem vilja fylgja till. í grundvallaratriðum, eru óánægðir með form hennar, þá gera þeir þær brtt. sem þeir telja að þurfi til að koma til þess að till. geti að þeirra mati verið þingleg, ef hún er það ekki í þessu formi, sem ég held þó að ástæðulaust sé að vefengja.

Ég læt þessum umr. lokið af minni hálfu, herra forseti, og sætti mig fyllilega við þá málsmeðferð sem hér hefur verið stungið upp á. Þá kemur vilji Alþ. fram, og það er ekki annað sem við getum beðið um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 114. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, kl 4.20 síðdegis.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frv. (þskj. 564). — 1. umr.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Allt frá því að ég kom fyrst í sali hins virðulega Alþingis hefur það verið eitt af mínum mestu áhugamálum að koma fram breytingum á núverandi ákvæðum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Ég hef hvað eftir annað flutt till. þess efnis, að reglugerðarákvæðum væri breytt til bóta í sambandi við þetta mál, því að þótt einkennilegt kunni að virðast, þá er því svo háttað í sambandi við skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, að hægt er að gera ákaflega gagnlegar og mikilsverðar breytingar á þeim málum án sérstakrar lagasetningar, aðeins með því að breyta núgildandi

reglugerð. Af framansögðu hefði því mátt ætla að maður gæti verið ánægður með að sjá hér í hinu háa Alþingi frv. sem gerir ráð fyrir breytingu á skipan þessara mála. En því miður verð ég að segja það, að frv., sem hér liggur fyrir, er svo fjarri því að koma til móts við þær hugmyndir sem ég hafði gert mér um breytingu á þeim málum sem þetta frv. fjallar um, að ég get ekki lýst vonbrigðum mínum, hve mikil þau eru í sambandi við ákvæði þess frv. sem hér er til umfjöllunar.

Ef nokkuð er, þá mætti segja um ákvæði þessa frv., sem hér er til umr., að þau væru að sumu leyti afturhvarf til meira óhagræðis í sambandi við meðferð þessara mála. Og svo er annað, sem ég finn þessu frv. mjög til foráttu, og það er það sem ekki stendur í frv. sjálfu, en mætti lesa á milli línanna.

Ég vil leyfa mér að benda á upphaf 1. gr. frv.: „Innflutningur á vörum til landsins skal ekki háður leyfum, nema annað" o. s. frv. Í núgildandi lögum stendur hins vegar: „Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls" o. s. frv. Ég vona að hv. þm. þessarar virðulegu deildar geti fallist á það með mér, að á þessu tvennu eru mjög mikil blæbrigði.

Í grg., sem fylgir þessu frv., eru kostir frv. helst taldir felast í því, að núverandi gjaldeyrisdeild bankanna, sem svo er kölluð og hefur höfuðaðsetur sitt í Austurbæjarútibúi Landsbankans inni á Laugavegi, verði lögð niður, og það er talið til hagræðis fyrir menn að þurfa ekki lengur að sætta sig við það, að ýmsar umsóknir um yfirfærslur, innflutning og annað þurfi að leggjast fyrir fundi sem þar hafa verið haldnir reglulega og hafa fjallað um ýmis atriði þessara mála. Það er rétt, það á að leggja þessa deild niður. Og við fyrstu sýn sýnist það vera kostur að gjaldeyrisbönkunum er gefið nokkurt svigrúm til þess að afgreiða gjaldeyrisumsóknir bæði fyrir vörur og þjónustu upp á þær spýtur að skoðun slíkra afgreiðslna fari fram eftir á. Það er að vísu rétt, að þetta eru breytingar sem eru af hinu góða. En það er bara sá galli á gjöf Njarðar, að samkv. ákvæðum í öðrum greinum þessa frv. er þetta vald falið viðskrn. Það getur hvenær sem er tekið upp þá skipan og sett reglugerð sem færir það vald, sem nú er þó í höndum þriggja aðila, eingöngu í viðskrn. Ég held að ekki þurfi að eyða mörgum orðum að því, hversu mikil óþægindi geta skapast af því að fela einu rn. annað eins vald og felst í þessu frv., því að það er ekkert í ákvæðum þess frv., sem hér liggur fyrir til umr., sem hindrar að viðskrn., viðskrh., sá maður sem fer með viðskipta- og bankamál og peningamál hverju sinni, geti sett upp stóra deild með ótakmörkuðu starfsliði til þess að sinna slíkum málum. Ef þetta frv. verður að lögum er framkvæmd þessara mála gersamlega háð duttlungum þess manns sem hverju sinni skipar þetta embætti. Ég vil láta það koma fram hér strax við 1. umr., að ég get ekki undir neinum kringumstæðum samþykkt þá tilhögun þessara mála sem felst í frv.

Þá vil ég leyfa mér að benda á ákvæði 6. gr. frv. Þar er einni deild í Seðlabanka Íslands, sem stjórnað er af aðilum sem ekki eru gerðar neinar sérstakar kröfur til um sérþekkingu eða annað, gefið ótakmarkað rannsóknarvald, gefið hömlulaust vald til þess að krefjast allra upplýsinga, kveðja á sinn fund hvern og einn til munnlegrar skýrslugerðar, enn fremur til þess að kanna reikninga, bókhald og svo að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir. Þarna í ákvæðum þessarar greinar er verið að fela forstöðumanni slíkrar deildar miklu meira vald heldur en mönnum er falið, embættismönnum þjóðarinnar, sem eiga að gæta vissra hluta dómsvaldsins. Slíkir menn verða að hafa aflað sér sérþekkingar á sínu sviði, þeir verða að hafa lögfræðipróf og hafa aflað sér sérþekkingar. En í ákvæðum þessarar greinar er bara venjulegum skrifstofumanni, sem kann að vera falin forstaða einnar deildar innan Seðlabanka Íslands, falið þetta vald. Almenningur á gersamlega að vera háður duttlungum þessa manns, þessa aðila, í svo víðtækum málum eins og hér er verið að ræða um.

Herra forseti. Ég veit að það eru gífurlegar annir í þingi núna og það er lagt að forseta og starfsmönnum og þm. að reyna að hraða afgreiðslu mála. En þó að stjórnarandstaðan sem slík hafi gefið yfirlýsingar um það og við höfum sýnt það í störfum okkar á hinu háa Alþingi í allan vetur, að við höfum ekki tafið mál sem stjórnarliðið hefur verið sammála um að skyldu ná framgangi, þá held ég að í allri auðmýkt verði ég að fara fram á það, herra forseti, að þetta mál megi fá eðlilega og nauðsynlega skoðun, því að það er áreiðanlegt, að í ákvæðum þessa frv., í ákvæðum greina sem hér er um að ræða, eru slík nýmæli og svo víðtækar heimildir að ég tel það ekki samboðið virðingu þingsins að afgreiða slíkt með einhverjum óstjórnlegum hraða og kannske á það fljótfærnislegan hátt að allir kynnu að sjá eftir því.

Því mun ég — þar sem ég á sæti í þeirri n. sem væntanlega fær þetta frv. til athugunar — áskilja mér allan rétt til þess að kalla á fund n. þá aðila sem ég tel þekkingar sinna vegna og starfsreynslu hæfa til þess að gefa ítarlegar umsagnir um þetta frv. Ég mun æskja þess að slíkum óskum verði þá sinnt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Eignarnám hluta jarðarinnar Deildartungu ásamt jarðhitaréttindum, frv. (þskj. 852). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum. Mál þetta er komið frá Nd. og þar var aðeins gerð ein breyting á frv. frá upphaflegri gerð, varðandi 3. gr. þess. Sú breyting tekur af tvímæli um það, að ef til eignarnáms kemur á Deildartunguhver, þá verði það ríkissjóður sem hafi eignarráð yfir hvernum, en Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar yrðu afhent afnot af honum samkv. tilteknum skilmálum, en einnig verði höfð hliðsjón af hagsmunum íbúa Reykholtsdalshrepps. Þessu var bætt inn í frvgr. að minni till. og raunar einnig meiri hl. iðnn. Nd.

Hugmynd um hitaveitu á Vesturlandi er nú 10 ára gömul um það bil. Fyrsta athugun á sameiginlegri hitaveitu frá Deildartungu var gerð fyrir olíukreppuna haustið 1973, en þá var slík hitaveita talin óhagkvæm. Ný athugun var gerð á málinu að frumkvæði Gunnars Thoroddsens, þáv. iðnrh. Hófst sú athugun haustið 1976. Í framhaldi af því lá fyrir áætlun um hitaveitu Borgarfjarðar haustið 1977 og á grundvelli þeirrar áætlunar og með samkomulagi milli Akraness, Borgarness og Andakílshrepps var stofnuð sérstök samstarfsnefnd milli

Akraness og hitaveitu Borgarfjarðar. Þessi samstarfsnefnd kom á framfæri ósk við iðnrn. um eignarnám á Deildartunguhver í mars 1978 og taldi fullreynt að samkomulag mundi ekki takast um afnot af hvernum.

Iðnrn. leitaði á s. l. sumri umsagnar eiganda hversins um þessa eignarnámsbeiðni, og í þeirri umsögn, sem þeir gáfu, var talið að rökstuðning vantaði fyrir þessari eignarnámsbeiðni.

Eftir að núv. ríkisstj. var mynduð hófust fljótlega frekari afskipti af þessu máli og á minn fund kom samstarfsnefnd vegna hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og óskaði eftir fyrirgreiðslu rn. um málið. Það var snemma í septembermánuði. Ég lét taka saman grg. um málið og tók síðan á grundvelli hennar ákvörðun um að unnið skyldi að því frá grunni af sérfróðum mönnum og skipaði starfshóp, sem svo er kallaður. Í honum áttu sæti Gísli Einarsson deildarstjóri og hrl., sem starfar í iðnrn., Kristján Sæmundsson jarðfræðingur hjá Orkustofnun og Pétur Stefánsson verkfræðingur, allt reyndir menn hver á sínu sviði. Þessi starfshópur vann mikið verk og leitaði aðstoðar margra aðila, dró að upplýsingar og heimildir og vann frumvinnu. Hann skilaði eftir mikið og ötult starf álitsgerð til mín 27. mars s. l., og rétt áður en það varð var stofnuð formlega Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, 23. mars s. l. Álit starfshópsins var um það í meginatriðum, að vænlegt væri að stofna þetta fyrirtæki, sem þá var raunar komið á laggirnar, og beisla fyrir hitaveituna vatn frá Deildartunguhver og frá tveimur öðrum jarðhitasvæðum, þ. e. Bæjarsveit og Kleppjárnsreykjum, og mundu þessi þrjú svæði gefa samtals um 300 sekúndulítra af nær 100°C heitu vatni. Veitan með tiltekinni tilhögun var talin ótvírætt þjóðhagslega hagkvæm. Kostnaður var áætlaður 5.4—6 milljarðar kr. og vatnsþörfin 170 sekúndulítrar miðað við núverandi íbúafjölda á þessu svæði, en hitaveitan tekur til svæðis þar sem búa 6500 manns. En þörfin um aldamót fyrir sama svæði, miðað við tilteknar forsendur um íbúafjölgun, er talin vera 340 sekúndulítrar og unnt á að vera að afla með borunum viðbótarvatns úr nefndum hverasvæðum eða öðrum á þessu svæði. Ljóst var hins vegar talið að aðgangur að Deildartunguhver væri forsenda fyrir sameiginlegri hitaveitu.

Þegar hér var komið sögu lá það fyrir, að samkomulag hafði ekki tekist um afnotarétt af hvernum, en umboðsmenn eiganda hans óskuðu milligöngu rn. um samninga og hið sama gerði stjórn hitaveitunnar. Ég fól þá samstarfshópnum að annast milligöngu um þessa samninga. Þeir, sem hann skipuðu, áttu sem slíkir hlut að því að reyna að miðla málum og leiða aðila saman, og formlegar samningaviðræður fóru fram á tímabilinu frá 4. apríl til 9. maí s. l. Voru haldnir margir fundir, samtals 19 bókaðir fundir auk margra óformlegra upplýsingafunda, með aðilum um málið. Ég vil taka það fram, að það var engin viðleitni hjá aðilum, umboðsmönnum eiganda t. d., að tefja málið, heldur tóku þeir greiðan þátt í störfum og lögðu á sig verulega fyrirhöfn á meðan á það reyndi hvort samkomulag mundi takast. Það tókst hins vegar ekki, því miður, og bar mikið á milli er leiðir skildu. Báðir aðilar töldu að um lokaboð væri að ræða.

Þá blasti við spurningin um hvort leita ætti heimildar um eignarnám og þá hvaða leiðir skyldi fara, en um það hafði starfshópurinn fjallað í álitsgerð sinni. Eins og hv. þdm. er kunnugt, segir í 67. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji, þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verði fyrir".

Í orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 segir í 14. gr.: „Þegar almenningshagsmunir krefjast þess, er ríkisstj. heimilt að taka jarðhita eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því, að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar, sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið". Þá segir í 16. gr. sömu laga: „Nú er jarðhiti tekinn eignarnámi, og eru þá landeigendur og leiguliðar á því svæði, þar sem hann á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki. Þeim er einnig skylt að þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu. Fullt endurgjald skal koma fyrir. Náist ekki samkomulag, skal það ákveðið með mati".

Nú kynni einhver að spyrja hvers vegna hér er ekki notuð eignarnámsheimild orkulaga í stað þess að leggja fram sérstakt frv. um eignarnám. Því er til að svara, að dómstólar hafa úrskurð um það, hvort almenningsþörf krefðist eignartöku, ef farið væri eftir orkulögum. Ef aftur á móti eignarnám er samþykkt af löggjafanum, þá munu dómstólar ekki telja sig bæra að fella slíkt ákvæði úr gildi, ef skýra má það þannig að það samrýmist stjórnarskránni. Þessi skoðun kemur fram hjá lærðum mönnum í stjórnlögum og stjórnarfarsrétti, eins og prófessor Ólafi Lárussyni og prófessor Gauki Jörundssyni. Ég tel að með því, sem ég hef hér getið um og skýrt kemur fram í aths. með lagafrv. og í grg. starfshóps iðnrn., hafi fullkomlega verið sýnt fram á almenningsþörfina á þeirri heimild sem hér er leitað. Þá tel ég og að með milligöngu starfshópsins um hinar ítarlegu sáttatilraunir sé fullnægt ákvæði orkulaga í 16. gr. þeirra um samkomulagstilraunir. Um framkvæmd hugsanlegs eignarnáms færi að lögum nr. 11 frá 1973, og er það matsnefnd eignarnámsbóta, sem skipuð er af dómsmrh., sem um málið fjallar. Til meðferðar hvers mats kveður formaður tvo eða fjóra hæfa og óvilhalla menn, en sjálf er nefndin skipuð tveimur mönnum.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er óskað heimildar til eignarnáms. Fram komu við meðferð málsins í Nd. hugmyndir og till. um leigunám, en þær hlutu þar ekki meirihlutafylgi. Að mínu mati og margra fleiri var talið að ef út á þá braut væri haldið, þá stefndi það málinu í mikla óvissu. Leigunám svokallað hefur nær eingöngu verið framkvæmt til mjög stutts tíma hingað til. Ég vil hins vegar leggja á það áherslu, að ég tel að enn sé svigrúm til samkomulagsumleitana þótt sú heimild verði veitt sem í frv. þessu felst.

Ég vil eyða örfáum orðum að hlut sveitarfélagsins þar sem Deildartunguhver er, þ. e. Reykholtsdalshrepps. Nú er hver þessi, Deildartunguhver, í einkaeign og eigendum eru undanskildir 10 sekúndulítrar af vatni úr hvernum. Ábúendur Deildartungubýla hafa heimild til að nýta 2—2.5 sekúndulítra af vatni úr hvernum og hverinn hefur verið tekinn undan jörðunum með sérstakri skiptagjörð á sínum tíma, þannig að sveitarfélagið út af fyrir sig hefur engan beinan aðgang að þessari auðlind og þarf að leita um það samkomulags við núverandi eiganda eða aðra umráðaaðila í framtíðinni, ef breyting verður á. Ég tel því að hagsmunum sveitarfélagsins og næsta nágrennis við hverinn sé síst verr

komið og raunar í betra horfi, ef hið opinbera hefur umráðarétt á þessari auðlind, og við umr. í Nd. og með brtt. við 3. gr. frv. var það undirstrikað af minni hálfu, að ég tel að sveitarfélagið eigi að njóta aðgangs að því sem umfram er þá almenningsþörf sem frv. gerir ráð fyrir og er raunar reist á. Að henni fullnægðri verði það næsta nábýli og sveitarfélagið sem njóti þessarar auðlindar. Það liggur fyrir vilji Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til samvinnu um þetta mál við sveitarfélagið, og rn. mun styðja þá viðleitni og stuðla að samkomulagi í þessu máli. Starfsleyfi af hálfu iðnrn. verður ekki veitt fyrr en allir megindrættir máls þessa liggja skýrt fyrir.

Ég undirstrika þýðingu þess, að sú heimild, sem hér er leitað eftir með flutningi þessa frv., verði veitt, og legg áherslu á þá augljósu þýðingu sem það hefur fyrir þéttbýlisstaði á Vesturlandi og nágrenni þeirra að það fyrirtæki, sem hér er stefnt að, komist á fyrr en seinna.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er búið að fá mikla umfjöllun hér á hv. Alþ., og er það að vonum því að hér er um stórt og þýðingarmikið mál að ræða. Sérstaða málsins í mínum huga er sú, að hér er um áformaða sameiginlega hitaveitu sveitarfélaga að ræða sem hafa yfir 6500 íbúa. Mikilvægi þess, að slík hitaveituframkvæmd verði að veruleika, er því augljóst miðað við núverandi orkuverð sem öllum er kunnugt um og margrætt hefur verið. Einnig er ljóst í sambandi við þetta mál, að framkvæmdir við væntanlega hitaveitu þola ekki bið og lánsfjáráætlun, sem samþykkt hefur verið, gerir ráð fyrir framkvæmdum á árinu 1979. Þess vegna er þetta mál sérstætt að þessu leyti til og nauðsynlegt að það fái afgreiðslu á hv. Alþ. áður en þingi lýkur.

Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til þess að harma það sérstaklega, að ekki skyldu nást samningar við eiganda Deildartunguhvers. Ég ætla ekki að eyða löngu máli í það, en það er skoðun mín, að eignarnám sé oftast neyðarúrræði. Ákveðin bjartsýni ríkti um það, að samningar um þetta mál mundu nást, og á stofnfundi Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar á s. l. vetri kom það greinilega í ljós, m. a. í yfirlýsingu fulltrúa iðnrh., að hann taldi að samkomulag væri í nánd. Og svo mikið er víst, að fram hafði komið frá eiganda Deildartunguhvers, að það var vissulega áhugi á því að láta af hendi þetta dýrmæta vatn til þess að hita upp híbýli manna á hitaveitusvæðinu. Þess vegna verð ég að harma það að samningar skyldu ekki nást, að það skyldi hafa slitnað upp úr á þann veg sem raun ber vitni og raunar kom mér og fleirum það algjörlega á óvart.

Það, sem ég vildi koma hér á framfæri, er að ég hafði áhuga á því fyrst og fremst að láta skoða málið í því ljósi, hvort ekki væru möguleikar á samkomulagi úr því sem komið er. Þegar frv. kom hér fram á hv. Alþ. var mér ljóst að hagsmunir eins sveitarfélags á svæðinu, þess sveitarfélags sem jarðhitinn er í, Reykholtsdalshrepps, höfðu verið sniðgengnir. Ég er það mikill sveitarstjórnarmaður, að mér fannst það vera augljóst mál að gera yrði tilraun til að koma í veg fyrir að gengið yrði á rétt eins sveitarfélags. Því þyrfti þetta sérstakrar skoðunar við.

Eins og hv. alþm. er kunnugt hafa mörg skjöl borist hingað inn á hv. Alþ. einmitt frá þessu sveitarfélagi. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. með því að fara að lesa þau, enda eru þau sjálfsagt öllum hv. alþm. kunn, þeim sem vilja koma nálægt málinu. En ég vil vekja athygli á samþykkt sem gerð var á fundi stjórnar Búnaðarsambands Borgarfjarðar með oddvitum alls héraðsins 17. apríl s. l. Þó að það hafi ekki áhrif á þetta mál í þessari stöðu, þá finnst mér ástæða til að benda á það, að hér er um að ræða yfirlýsingu sem ég tel að sé mjög mikilvæg og geti e. t. v. markað verulega framtíð þessara mála í því héraði sem um er að ræða ef rétt verður á málum haldið.

Í samþykktinni segir í fyrsta lagi að viðurkenndur verði forgangsnýtingarréttur sveitanna á þeim jarðhita sem í þeim er og þar kann að finnast. Í öðru lagi að komi til djúpdælingar úr borholum og þar með röskun á því jafnvægi sem ríkir í vatnsstöðu héraðsins skuli sá aðili, sem djúpdælinguna framkvæmir, ábyrgjast og bæta að fullu þá minnkun á heitavatnsrennsli hvar sem hún verður í héraðinu. Þá segir í þriðja lagi að fundurinn líti svo á, að sveitarstjórnir eigi að vera samningsaðilar að öllum jarðborunar- og jarðhitaréttindasamningum í héraðinu til tryggingar framangreindum atriðum svo og til þess að tryggja dreifingu á heitu vatni um héraðið. Allir þessir oddvitar samþykktu einnig í framhaldi af þessu að lýsa yfir vilja sínum til að stofna samtök sveitarfélaga í héraðinu um heitavatnsréttindi og hitaveitumálefni, og kosin var þriggja manna nefnd oddvita til athugunar og undirbúnings því máli. Undir þessa ályktun skrifa allir oddvitar sveitarfélaga í Borgarfjarðarhéraði: Sveinn Bjarnason oddviti Borgarhrepps, Jón Blöndal oddviti Andakílshrepps, Eyjólfur Andrésson oddviti Hvítársíðuhrepps, Magnús Kolbeinsson oddviti Hálsahrepps, Jón Þór Jónasson oddviti Stafholtstungnahrepps, Guðmundur Brynjólfsson oddviti Strandarhrepps, Anton Ottesen oddviti Innri-Akraneshrepps, Jón Böðvarsson oddviti Lundarreykjadalshrepps, Guðmundur Þorsteinsson oddviti Skorradalshrepps, Magnús Kristjánsson oddviti Þverárhlíðarhrepps, Jón Þórisson oddviti Reykholtsdalshrepps, Þórður Kristjánsson oddviti Norðurárdalshrepps, Kristinn Júlíusson oddviti Leirár- og Melahrepps og Sigurður Sigurðsson oddviti Skilmannahrepps.

Mér finnst nauðsynlegt að þessi ályktun komi hér fram, vegna þess að hún er að mínu mati skynsamleg útfærsla á því, hvernig á að standa að svona málum á héraðsgrundvelli. Það hefur síðan komið fram, sem er mjög jákvætt að mínu mati, að eigendur Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hafa tekið með skilningi á þessari afstöðu og lýst sig reiðubúna til samninga við þessa aðila um framgang þessara mála í héraði, og vil ég sérstaklega undirstrika nauðsyn þess, að það nái fram að ganga.

Í sambandi við mótmæli hreppsnefndar Reykholtsdalshrepps vegna eignarnámsfrv. sem hér liggur fyrir vil ég segja það, að mér fannst nauðsynlegt að finna flöt á því að reyna að tryggja íbúum Reykholtsdalshrepps réttindi til jafns við aðra í sambandi við Deildartunguhver eða það vatn sem úr honum er tekið, og út frá því lagði ég þunga áherslu á að reyna að koma því til leiðar, áður en málið yrði afgreitt, að tekið yrði tillit til þessa. Það hafði þegar komið fram í brtt. iðnn. Nd., að gert var ráð fyrir að það yrði ríkissjóður sem ætti hverinn og framleigði síðan hitaréttindi úr honum til hitaveitunnar. En það, sem vantaði til viðbótar við þetta ákvæði, var á hvern hátt yrði gengið til móts við íbúa Reykholtsdalshrepps í sambandi við þá samninga sem í hönd hlytu að fara varðandi þessi réttindi. Það varð að samkomulagi með þm. Vesturl. að óska eftir því við

hæstv. iðnrh., að hann bætti þessu inn í frv. Varð hæstv. ráðh. við þessari ósk og var þessi viðbót við frv. samþ. í Nd.: „verði þá m. a. höfð hliðsjón af hagsmunum íbúa Reykholtsdalshrepps". Þetta tel ég ákaflega mikilvægt atriði í þessari stöðu málsins og geri ráð fyrir að hæstv. iðnrh. beiti sér fyrir því, að þetta ákvæði verði meira en orðin tóm.

Út af fyrir sig er ekki sjáanlegt að um það verði að ræða í þessari hv. d. að gera neinar breytingar á stöðu málsins eins og það kemur frá Nd. Ég mun ekki gera neina tilraun til þess, þar sem ég tel að miðað við sveitarstjórnarsjónarmiðin hafi náðst fram það sem hægt var í þessu máli til þess að tryggja að öll sveitarfélögin á þessu svæði byggju við nokkurt jafnræði. Ég vil þó koma hér að einu atriði sem ég tel nokkuð stórt mál í sambandi við það eignarnám sem hér á fram að fara. Það er viðvíkjandi þeim kostnaði sem af eignarnáminu hlýtur að verða. Það er náttúrlega öllum ljóst, að slíkur kostnaður hlýtur að verða umtalsverður. Ég tel mikilvægt fyrir væntanlegar framkvæmdir hitaveitunnar á árinu 1979 og að það komi fram í þessum umr., að sá kostnaður bitni ekki á hitaveituframkvæmdunum á árinu 1979. Ég hef ekki séð það eða orðið þess var í þeim umr. sem urðu um málið í Nd., að þetta kæmi greinilega fram, en æskilegt væri að fá upplýsingar um þetta við umr. hér í Ed.

Ég vil einnig taka undir og fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. iðnrh. gaf hér við þessa umr., að enn sé svigrúm til samkomulags, og ég vænti þess, að hæstv. iðnrh. hafi þetta meira en óskhyggju, að hann muni beita sér fyrir því að reyna að ná slíku samkomulagi, án þess að það tefji hitaveituframkvæmdir sem eru fyrirhugaðar á þessu ári. Við umr. málsins í Nd. lagði einn ræðumaður, hv. þm. Kjartan Ólafsson, sem er formaður iðnn. Nd., nokkuð út af áliti oddvita Reykholtsdalshrepps í sambandi við þetta mál sem hann hafði látið falla á fundi með iðnn. Nd. þegar málið var til umr. Oddviti Reykholtsdalshrepps hefur beðið mig um að koma hér á framfæri aths. til þess að afstaða hans til þessa máls sjáist í þingtíðindum. Um leið vil ég segja það, að mér finnst ekki tilhlýðilegt að þm. séu að tilfæra sem rök í máli sem þessu, svona viðkvæmu máli, ummæli manna sem ekki eru viðstaddir, ummæli sem kannske er hægt að mistúlka á öðrum vettvangi. Þess vegna hef ég fúslega orðið við þeirri ósk oddvita Reykholtsdalshrepps að lesa hér upp aths. við ummæli hv. þm. Kjartans Ólafssonar, sem hann viðhafði í Nd. við umr. málsins. Þessi aths. oddvita Reykholtsdalshrepps hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjartan Ólafsson, formaður iðnn. Nd. Alþingis, mun hafa haft eftir mér í umr. á Alþ. í gær að ég væri hlynntari eignarnámi en leigunámi á Deildartunguhver. Það, sem ég sagði, var á þá leið, að ég teldi leigunám vera tilgangslaust því að það leysti ekki vandann til frambúðar. Þetta sagði ég vegna þess, að þær upplýsingar, sem ég hafði um leigunám, voru á þann veg, að það væri ekki framkvæmanlegt nema til eins eða tveggja daga eða nokkurra daga á hættu- eða neyðarstund og ætti ekki stoð í lögum til lengri tíma. Þessar upplýsingar munu vera komnar frá iðnrn.

Þá lýsti ég því einnig yfir, að allir meðnm. mínir í hreppsnefndinni væru á einu máli um það, að leigunám væri það eina sem til mála kæmi ef samningar ekki tækjust. Þegar ég heyrði svo um brtt. Gunnars Thoroddsens sá ég fyrst að ég hafði verið blekktur með slíkum upplýsingum. Hringdi ég þá bæði í dr. Gunnar Thoroddsen og forsrh. Ólaf Jóhannesson og spurði þá hvort leigunám gæti virkilega farið fram til langs tíma, allt að 20—30 ára. Voru þeir báðir sammála um að ekkert væri því til fyrirstöðu samkv. íslenskum lögum. Veit ég að þeir munu báðir staðfesta að þessi símtöl áttu sér stað. Það, sem ég sagði um leigunám, var því eingöngu vegna rangra upplýsinga.

Reykholti, 22. maí 1979.
Jón Þórisson,
oddviti Reykholtsdalshrepps".

Ég taldi skylt að láta þessa aths. koma hér fram í þingræðu um þetta mál til málsbóta fyrir oddvita Reykholtsdalshrepps, og ég vil undirstrika það sem ég sagði áðan, að það er ákaflega hæpið að vitna í ummæli manna, eins og gert var í þingræðu í Nd. í gær, sem oftast hafa ekki möguleika á að koma fram með leiðréttingar eða aths. í sambandi við slík mál.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að ég tel ekki aðstöðu til að gerðar verði við þessa lokaumr. í Ed. neinar breytingar á þessu frv., eins og það er nú, með þeirri tryggingu sem það gefur íbúum Reykholtsdalshrepps. Mikilvægi málsins er það, að hægt verði að nýta þessi auðæfi, þetta dýrmæta vatn sem Deildartunguhver hefur, til þess að koma á hitaveitu fyrir 6500 íbúa sem búa nú við gífurlegt orkuverð eins og víða annars staðar er á landinu þar sem er að mestu leyti notast við olíukyndingu. Þess vegna mun ég styðja frv. eins og það er nú komið frá Nd., en treysti jafnframt því, að iðnrh. og rn. sjái um það í fyrsta lagi, að athugað verði í alvöru, eins og hæstv. iðnrh. tók fram áðan, hvort ekki eru möguleikar á samkomulagi, og í öðru lagi að þeir samningar, sem gerðir verða um afnot vatnsins, verði á þann hátt, að það verði öllum aðilum í þessum byggðum til heilla.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég tek nú hér til máls ekki síst af því, að ég bý í sveitarfélagi sem fyrir mörgum árum lét öðru sveitarfélagi í té sín mestu auðæfi, þ. e. heita vatnið, og enn fremur vegna þess, að íbúar Mosfellssveitar gera sér grein fyrir því í dag, hve aðstaða þeirra væri á allan hátt allt önnur ef þessi auðæfi hefðu ekki verið látin burt úr sveitarfélaginu.

Varðandi þetta mál vil ég segja það, að í stjórnarskrá okkar er gert ráð fyrir eignarnámi þar sem almenningsheill varðar að slíkt fari fram, og ég er þess vegna hlynntur því, að þau miklu auðæfi, sem þarna er um að ræða, verði nýtt og tekin eignarnámi. Ég ætlaði nú eiginlega að spyrja hæstv. iðnrh. smáspurningar, aðallega vegna þess að hann gat þess að hann hefði skipað starfshóp lærðra manna til að athuga þessi mál frá öllum hliðum. Það, sem mig langaði til að fá að vita, er hvort það væri þessi starfshópur sem hefði gert till. um 12.5 millj. kr. árlega greiðslu fyrir hráefni Deildartunguhvers, þ. e. heita vatnið í Deildartunguhver. Þessi upphæð, sem nemur vöxtum af 50 millj. kr., er á þann veg að mér finnst varla hægt að ætlast til þess, að eigendur þessa hvers séu tilbúnir til langra viðræðna við aðila sem telja þetta vera sitt lokatilboð.

Aftur á móti hefur mér alltaf fundist sú afstaða opinberra aðila áberandi, að þeir væru ekkert ginnkeyptir fyrir eignarnámi. Þess vegna gleðst ég í raun og veru yfir því, að stefnubreyting skuli hafa orðið í þeim málum og þeir nú tilbúnir til að taka eignarnámi auðæfi sem þarf að

nota til almenningsheilla, og þá þannig, eins og stjórnarskráin segir, að full greiðsla komi fyrir og samninga sé leitað áður. Ég tel að samningar með þeim hugsunarhætti, sem virðist hafa legið til grundvallar þarna, sem sagt 12.5 millj. kr. greiðsla, séu óhugsandi, og því finnst mér það vera mjög sanngjarnt og eðlilegt að eignarnámsheimild fáist og að þetta mál fái greiðan gang gegnum okkar deild.

Það er margt sem stuðlar að því, að hægara er að meta slíkar eignir nú heldur en var fyrir nokkru. Ég vil í því sambandi geta þess, að þarna mun vera um svipað magn af 100°C heitu vatni að ræða og er hjá Hitaveitu Akureyrar núna af 95°C heitu vatni, þ. e. um 160—180 sekúndulítrar, og opinberum aðilum ætti því að vera í lófa lagið að fá upplýsingar um hvað heita vatnið á Akureyri kostar á staðnum, þegar það kemur upp úr borholunum. Þó er þess að gæta, að þar verður að dæla vatninu upp, en í Deildartungu kemur það sjálfrennandi.

Ég vil geta þess, að ég hefði talið eðlilegra að sveitarfélögin, þar sem hverinn er og svo þau sem ætla að nota hitaveituna, mynduðu með sér sameignarfélag og ættu þar jafna aðild að. Um þetta eru fordæmi, eins og á Suðurnesjum. Þar hafa sveitarfélögin sameinast um að kaupa slík réttindi og eiga þar jafna aðild, hvort sem þau eru stór eða smá. Þetta finnst mér sanngirni, og ég veit að sá hreppur, þar sem heita vatnið er, á eftir að njóta þess í ríkum mæli, svo framarlega sem þannig verður frá gengið að hann eigi kost á að nýta það. Síðan Arabar hækkuðu olíuna svo mjög er aðstaðan allt önnur til hagnýtingar á þeim auðæfum sem hér er um að ræða, og ég vil geta þess t. d. varðandi Hitaveitu Suðurnesja, sem nú er orðin mjög merkilegt og stórt fyrirtæki, að fyrir 10 árum var það reiknað út, að ekki borgaði sig með nokkru móti að leiða heitt vatn frá þeim stað, þar sem það er tekið, og til byggðarinnar. En sú skyndilega hækkun, sem orðið hefur á orkukostnaði, hefur gerbreytt þessum viðhorfum.

Bragi Níelsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður í þessu máli nú að sinni. Þetta mál var mjög vel rætt í Nd. og ekki alltaf af þeim sama skilningi og lýsti sér í ræðu síðasta ræðumanns. Ég þakka honum alveg sérstaklega fyrir þær undirtektir og þær yfirlýsingar sem hann gaf í þessum ræðustól áðan. Ég átti raunar ekki við nema góðu að búast af þeim hv. þm.

Ég vil aðeins geta um smávægileg atriði sem hv. þm. talaði hér um. Hann bjóst við að menn væru ekki ginnkeyptir fyrir eignarnámi, og það er alveg hárrétt. Það er vissulega enginn ginnkeyptur fyrir eignarnámi. Þess vegna fóru þeir aðilar, sem biðja nú um eignarnám, út á þessa braut fyrir rúmu ári, að þeir sáu enga aðra leið. Þeir sáu ekki möguleika á að ganga að þeim þá mjög svo háu kröfum sem eigendur hversins gerðu. Þær hafa lækkað síðan, en samt þykja þær mjög svo óaðgengilegar, og er þá fyrst og fremst miðað við það sem annars staðar hefur verið gengið til móts við neytendur heits vatns, og heyri ég þá sérstaklega talað um Hitaveitu Suðurnesja. Árið 1976 munu þessir aðilar frá Akranesi og Borgarnesi hafa gert tilboð sem svaraði nokkurn veginn til þeirra kjara sem leiddu til samkomulags með Hitaveitu Suðurnesja og eigendum heitavatnsréttinda þar, ef miðað var við sölu vatnsins þegar það var komið heim til neytenda á dreifingarstað. En því miður tókst ekki að ná samkomulagi. Núna stendur til eignarnám, en ég vona og allir vona að menn komist samt að samkomulagi, a. m. k. um það að hlíta réttlátri gerð, réttlátum gerðardómi um það, hversu mikið þarf að greiða fyrir þessi hlunnindi. Því hefur verið lýst hér áður, að það er ákveðin skoðun Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar að hlutur Reykholtsdalshrepps skuli hvergi líða fyrir töku þessa vatns, og hreppnum hefur verið boðin þátttaka í þessu fyrirtæki. Hreppurinn óskaði ekki að verða þátttakandi, en ég býst við að það boð standi áfram. Mér eins og fleirum var það mikið kappsmál að þarna yrðu ekki átök, og ég mun sem starfsmaður í þessu héraði beita mér fyrir öllum þeim sættum sem ég get, svo að þetta fyrirtæki og íbúar Reykholtsdals og Flókadals, sem skrifuðu undir mjög harðorð mótmæli, geti báðir verið vinir og bræður við framkvæmd þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 820, n. 847 og 848). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Meiri hl. n. leggur til á þskj. 847 að frv. verði samþ. Minni hl. n. hefur á öðru þskj. skilað till. að rökstuddri dagskrá þess efnis, að þar sem Alþ. hafi þegar samþ. þál. um að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um iðngarða í samráði við ýmsa aðila og í trausti þess, að frv. til slíkrar löggjafar verði lagt fyrir næsta Alþ., taki deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Við sjáum ekki ástæðu til þess að samþykkja þessa rökstuddu dagskrá. Við teljum þvert á móti að í því frv., sem hér er verið að leggja til að samþ. verði, hafi þegar náðst í reynd verulegur hluti af því, sem kveðið er á um í þeirri þáltill. sem minni hl. n. vísar til í sinni rökstuddu dagskrá, og beri frekar að fagna því, að málið hafi gengið svo greitt fyrir sig sem fram kemur í því frv. sem við erum hér að fjalla um. Mælir því meiri hl. n. eindregið með því að till. til rökstuddrar dagskrár verði felld og frv. samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Iðnn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls, eins og hér hefur komið fram. Við hv. 5. þm. Reykv. leggjum til að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, svo sem segir í nál. okkar á þskj. 848. Þessi rökstudda dagskrá er á þá leið, að þar sem Alþ. hafi þegar samþ. þál. um að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um iðngarða í samráði við ýmsa aðila og í trausti þess, að frv. til slíkrar löggjafar verði lagt fyrir næsta Alþ., taki deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Við í minni hl. teljum að það mál, sem hér um ræðir, sé hið merkasta og gagnlegt og það sé nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að stuðla að því og gera það mögulegt að iðngarðar verði reistir. Um það er ekki ágreiningur. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé neinn ágreiningur á Alþ. um það.

Þáltill., sem samþ. hefur verið frá tveim hv. þm., Eggert Haukdal og Guðmundi Karlssyni, nú á þessu þingi, er á þá leið, að Alþ. hefur lýst vilja sínum í þessu efni. Í þessari þáltill. er gert ráð fyrir að ekki verði kastað hendinni til þessa verks og að reynt verði að vanda sem

best þær ráðstafanir sem gera þarf til þess að vinna þessu máli framgang. Hv. 3. landsk. þm. sagði að það bæri vott um mikinn framkvæmdahraða og dugnað að nú skuli málið þegar á sama þingi og þáltill. var samþykkt vera komið það langt að lagt hafi verið fram stjfrv. til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Ég vildi að satt væri, að þetta væri svona. Því miður er þetta ekki á þennan veg, því að mér sýnist frv. það sem hér er um að ræða ekki bera vott um að unnið hafi verið sérstaklega í þessu máli á þann hátt sem mestu varðar. Frv. það, sem hér er til umr., ber þess glöggan vott að svo hefur ekki verið gert. Það er í þessu máli eins og fjölmörgum öðrum framfaramálum, að þegar á hólminn kemur skiptir mestu máli að afla fjár til þess að gera það sem menn eru sammála um að gera. Það verður ekki sagt, að það frv., sem við nú ræðum, leysi það mál á viðunandi hátt.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir nokkrum leiðum til þess að afla fjár til að veita lán til byggingar iðngarða. En það er meira í orði en á borði, sýndist okkur, þegar við athuguðum þær leiðir sem settar eru fram í frv. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir framlögum, eins og það er orðað, „er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt". Það er nú ekki annað en þetta: það sem kann að verða veitt.

En það, sem er að formi til veigamest í þessu frv. varðandi fjáröflunina, er á þá leið, að á fyrstu fjórum starfsárum lánadeildarinnar, frá og með árinu 1980 til og með 1983, renni allt að 250 millj. kr. á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar. Þetta væri góðra gjalda vert, ef Iðnlánasjóður væri aflögufær frá öðrum verkefnum. En það er öðru nær, eins og við vitum. Því er það í raun og veru vafasamur stuðningur við iðnaðinn í landinu að ætla enn að skerða lánsmöguleika hins almenna iðnaðar til þess að svara þeim þörfum sem hér er um að ræða og þarf að svara með sérstökum ráðstöfunum.

Þá er og gert ráð fyrir að hægt sé að taka lán af hálfu Iðnlánasjóðs í þessu skyni, en það er ekki annað en er núna í lögum um Iðnlánasjóð. Hann hefur heimild til þess að taka lán. Það skortir ekki heimildir, en í raun og veru skortir mikið fé.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Okkur í minni hl. sýnist frv. þetta þess eðlis, að æskilegra sé að undirbúa málið betur og leitast við að fá raunhæfari lausn á því vandamáli sem hér er fjallað um. Þess vegna leggjum við til að málinu verði vísað til ríkisstj. til frekari meðferðar. Við erum ekki að gera þetta til þess að bregða fæti fyrir málið, síður en svo, heldur þvert á móti að leitast við að það fái betri og raunhæfari meðferð. Við leggjum áherslu á að þetta seinki ekki málinu þannig að tjón verði af, því að við gerum ráð fyrir að málið verði lagt fyrir næsta Alþingi.

ATKVGR.

Till. til rökstuddrar dagskrár á þskj. 848 felld með 13:5 atkv.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tímabundið aðlögunargjald, frv. (þskj. 736, n. 839). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um sérstakt tímabundið aðlögunargjald. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. mun gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Í aths. við frv. þetta er gerð grein fyrir aðdragandanum að þessu máli, hver þörfin er og hvernig að því hefur verið unnið að vinna því stuðning eða samþykki annarra landa innan EFTA. Það kom fram síðast nú í fréttum í kvöld, að það þykir hafa verið vel að þeim málum staðið af hendi Íslendinga, enda þótt sumir fulltrúar þar segi að þetta orki mjög tvímælis að þeirra mati. En þrátt fyrir það var búið að bera þetta undir fund á vegum EFTA og fá samþykki.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Eins og tekið er fram í nál. meiri hl. vorum við sjálfstæðismenn í n. í andstöðu við meginefni þessa frv. Hér er um frv. að ræða sem kemur til með að leggja á þjóðina 1200—1500 millj. kr. skatt í viðbót við alla þá miklu skatta sem á þjóðina hafa verið lagðir undanfarið, og hefur maður satt að segja talið að nú væri svo komið, að tími væri kominn til að staldra við áður en haldið yrði áfram þeirri skattpíningarstefnu sem hefur gersamlega ráðið ríkjum síðan hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum.

Við erum öll sammála um það, að ástæða er til að reyna að létta undir með iðnaðinum. En við, sem skipum minni hl., teljum að eðlilegra hefði verið að gera það á þann hátt að reyna að minnka þær álögur, sem á iðnaðinn hafa verið lagðar, í stað þess að bæta við erfiðleika heimilanna með aukinni skattheimtu sem kemur illa við alla, fyrir utan það hvað hún er verðbólguhvetjandi og hefur á öllum sviðum slæm áhrif.

Það er talað um það í þessu frv., að tekjum af þessu svokallaða aðlögunargjaldi á árinu 1979 skuli varið til sérstakra iðnþróunaraðgerða. Það er mikið í tísku nú á tímum að tala um ýmsar hagræðingaraðgerðir, iðnþróunaraðgerðir og ég veit ekki hvað og hvað. Ég var með sjálfum mér að athuga það og reyna að telja upp í huganum þær stofnanir og þau ráð sem vinna í þjóðfélaginu að ýmiss konar athugun á málefnum iðnaðarins og þá ekki síst hvað til hagræðingar megi verða. Til upplýsingar fyrir hv. þd. langar mig til að nefna nokkra þessa aðila. Ég mundi í svipinn eftir þessum aðilum: Iðnþróunarstofnun, Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Framkvæmdastofnun með öllum sínum miklu áætlunar- og tæknistofnunum, Iðnþróunarsjóður, Iðnlánasjóður, Iðnaðarbankinn, Rannsóknaráð, að ógleymdum öllum hagdeildum bankanna. Og það er ekki allt upp talið með þessu, því að það eru ótal nefndir, hinar og þessar nefndir á vegum iðnrn., sem allar hafa það hlutverk að fara vel ofan í kjölinn á öllum þessum iðnþróunarmálum og reyna að finna út hvernig þessum málum megi verða hagrætt sem best. Ekki skal ég fullyrða um það, hvort hv. formaður iðnrekendasambandsins hafi haft þarna í huga að hér væri kannske aðalorsakanna að leita til hins dulbúna atvinnuleysis í landinu sem er mikið í tísku að tala um. En ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef eitthvað væri lagt niður af þessum stofnunum og sparaður sá

vinnukraftur og öll sú skriffinnska og pappírsvinna sem þar fer fram, þá væri hægt að hjálpa mörgum illa stæðum iðnfyrirtækjum, a. m. k. þeim sem eru af minni gerðinni. Og einhvern veginn leggst það þannig í mig, að fyrst og fremst væri ástæða til, eins og ég sagði áðan, að reyna að létta af einhverjum gjöldum, sem lögð hafa verið á þennan atvinnuveg, og um leið að létta af honum einhverju af allri þeirri vinnu og skriffinnsku sem honum er gert að inna af hendi til þess að fæða allar þessar stofnanir sem ég hef verið að telja upp. Þá er ég ekki í nokkrum vafa um að með þeim dugnaði, árvekni og hagsýni, sem Íslendingum er þó svo mjög í blóð borin, mundu þeir menn, sem hafa gert iðnrekstur að atvinnu sinni, áreiðanlega komast út úr vandræðunum án þess að við þurfum að fara að leggja á þá þetta gjald, sem menn þurftu nú endilega að fara að dulbúa og kalla öðru nafni en hingað til hefur verið kallað.

Ég legg svo til, herra forseti, að þetta frv. verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:4 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

Efri deild, 115. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, kl. 10.50 að kvöldi.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 820). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 877).

Tímabundið aðlögunargjald, frv. (þskj. 736). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 879).

Eignarnám hluta jarðarinnar Dalbartungu ásamt jarðhitaréttindum, frv. (þskj. 852, n. 871). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. N. hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþ., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég var bundinn á fundi fjh.- og viðskn. þegar skotið var á fundi í iðnn. til að afgreiða þetta mál og vil ég með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þess.

Ég vænti þess, að flestir séu sammála um að frv. eins og þetta sé neyðarúrræði, þar sem með lögum á að ráðstafa eignum manna. Æskilegt væri að til slíks þyrfti ekki að koma, heldur væri hægt að útkljá slík mál með samningum. Og eftir á mun a. m. k. verða hægt að benda á ýmislegt sem betur hefði mátt vinna að til þess að þetta hefði getað tekist. En auk eignarréttar viðkomandi einstaklings tel ég einkum tvær hliðar á þessu máli. Annars vegar er nauðsyn þess að nýta þá miklu auðlind sem þarna er um að ræða og lítt hefur verið notuð enn. Varðar það bæði íbúa og svæði fyrirhugaðrar hitaveitu og þjóðarhag. Hins vegar eru hagsmunir viðkomandi sveitarfélags. Ég er sammála því fyrrnefnda á meðan það gengur ekki um of á kostnað hins síðarnefnda.

Í Nd. var samþ. brtt. frá hæstv. iðnrh. sem gengur nokkuð í þessa átt, en ekki nógu langt að mínu mati. Ég tel að forgangsréttur heimaaðila að slíkum hlunnindum sem öðrum eigi að vera alveg ótvíræður. Ég tel það hættulega stefnu ef svipta á sveitarfélög, sem fárra kosta eiga völ, mikilvægum hlunnindum, enda þótt þau hafi fram að þessu ekki getað nýtt þau. Ég held að það sé óþarfi að fara þá leið, því að vitanlega hlýtur það að vera hagsmunamál þeirra sveitarfélaga, sem eru svo vel sett að hafa hlunnindi innan sinna marka, að selja afnot þeirra til annarra ef eða á meðan þau eru óþýtt af heimaaðilum. Þess vegna tel ég að þetta megi ekki verða fordæmi fyrir framtíðina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frv. (þskj. 564, n. 873). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Á fund n. kom fulltrúi frá Verslunarráði Íslands, aðstoðarbankastjóri Seðlabankans og bankastjóri Útvegsbanka Íslands. Enn fremur barst n. umsögn frá bankastjórn Landsbanka Íslands. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv.

verði samþ. óbreytt. Minni hl. vill að frv. verði fellt.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. erum við fulltrúar Sjálfstfl. í n. á móti þessu frv. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, komu nokkrir aðilar á fund n. Ræddi n. við þá og sýndist sitt hverjum. Eins hefur nm. nú í kvöld borist ljósrit af umsögn bankastjórnar Landsbanka Íslands um þetta frv. Í því plaggi koma fram almennar hugleiðingar og má líta svo á kannske, að bankastjórnin mæli ekki beinlínis á móti þessu frv. En við nánari lestur þessa bréfs bankastjórnar Landsbanka Íslands er aðalinnihald þeirrar umsagnar að gæta hagsmuna bankans sem gjaldeyrisbanka gagnvart ákvæðum laga um ráðstöfunarfé gjaldeyrisbankanna og um heimild þeirra til þess að haga lántökum sínum erlendis og yfirleitt meðferð þess aflafjár í erlendum gjaldeyri sem bankanum kann að auðnast á hverjum tíma, þannig að á þessari umsögn bankastjórnar Landsbankans er lítið að græða, nema þá helst að maður gæti dregið af henni þá ályktun, að ekki væri ríkjandi nein sérstök frjálshyggjustefna hjá meiri hl. bankastjórnar Landsbanka Íslands um það leyti, sem þetta bréf er skrifað, hinn 12. mars 1979.

Það má í sambandi við þessi mál benda á dálítið athyglisvert, einmitt þegar við erum að ræða þessa umsögn bankastjórnar Landsbankans, og það sýnir að mörgu leyti þau vinnubrögð sem núv. stjórnvöld viðhafa. Þessi umsögn er dags. 12. mars og þá er bankastjórnin að svara bréfi sem henni hefur borist frá viðskrn. 19. febr. Hinn 19. febr. liggur þetta frv. fullsamið. En það er ekki hægt að sýna það hér í hinu háa Alþingi fyrr en 26. apríl, þannig að það er ekki hægt að gefa þinginu eðlilegan tíma til þess að athuga frv. og ræða það á breiðum grundvelli. Ef meiri tími hefði verið til stefnu til þess að ræða það mál sem þetta frv. fjallar um, þá er mér a. m. k. mjög til efs að álit meiri hl. fjh.- og viðskn. hefði verið á þann hátt sem raun hefur á orðið, því að ef maður fer að skoða þetta grannt, þá er ekkert í þessu frv. sem er bitastætt og getur orðið til þess að greiða fyrir gjaldeyrisviðskiptum hjá þjóðinni eða greiða fyrir meðferð þeirra. Það er ekkert í þessu frv. sem ekki er hægt að framkvæma á þann veg að breyta reglugerð sem gildir um þessi málefni. Sú reglugerð er frá 1960.

Það mætti segja að það væri kannske einn tilgangur sem kæmi ljóslega fram við það, að endilega þyrfti að búa til frv., og hann felst í því, eins og ég lagði áherslu á í máli mínu í sambandi við 1. umr. þessa frv., að í frv. því, sem nú gildir, stendur að innflutningur á vörum til landsins skuli vera frjáls. Þetta orð: frjáls, frelsið, hljómar svo illa í eyrum núv. ráðamanna um viðskipti og peningamál að það varð að búa til frv. sem útilokaði slíkt orð, og kannske er þetta meginforsendan fyrir því, að þetta frv. er lagt fram. Og þá segi ég bara: Ef sú tilgáta er rétt, þá spyr ég ekki að framkvæmdinni. Hún verður eins og til er stofnað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:3 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, HFS, JH, KGS, ÓRG, ÓlJ, RA, StJ, AS, ÁE, BN, BrS.

nei: EKJ, GK, JGS, OÓ, RH, ÞK.

2 þm. (KJóh, VH) fjarstaddir.

7.—19. gr. samþ. með 12:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:5 atkv.

Neðri deild, 97. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, kl. 4.50 síðdegis.

Ríkisreikningurinn 1977, frv. (þskj. 645, n. 781). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 850, 659, 783, 857). — 3. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal virða þau tilmæli að vera stuttorður. Mig langar til þess að minnast hér á mál, þ. e. brtt., sem kemur fram á þskj. 863, var sýnd og skriflega flutt við 2. umr., dregin til baka, en liggur núna fyrir, og vekja athygli á þessu máli. Þar er um að ræða orðalag minni hl. framleiðsluráðslaganefndar og jafnframt um að ræða yfirlýsta stefnu miðstjórnar Alþýðusambands Íslands og stefnu sem hefur fengið viðurkenningu vinnuveitenda um það, hvernig hentugast er að standa að verðákvörðunum í landbúnaði, þannig að að þessu leyti virðist vera óþarfi að efna til beinna samninga milli framleiðenda í landbúnaði annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar, þótt það kunni að vera á öðrum sviðum. Með þessu er jafnframt ljóst að þær forsendur, sem liggja til breytingar á þessum ákvæðum, eru úr gildi fallnar.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál, en vildi fá tækifæri til þess að lýsa þessum sjónarmiðum.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 857 hafa ásamt mér lagt hér fram brtt. við bráðabirgðaákvæði þessa frv. Lúðvík Jósepsson, Þórarinn Sigurjónsson og Finnur Torfi Stefánsson. Brtt. hljóðar svo:

„Við ákvæði til bráðabirgða. Aftan við ákvæðið bætist ný mgr.:

Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast lán allt að 3 milljörðum kr. er Framleiðsluráð landbúnaðarins tekur til framkvæmda á tillögum nefndarinnar. Það skilyrði verði á ábyrgð ríkisins að ráðstöfun lánsins gangi fyrst og fremst til að tryggja hag efnaminni bænda og þeirra sem hafa meðalbú eða minna.“

Það hefur komið fram í umr. um þetta mál hér í hv. d., að ef slík ábyrgð verður ekki heimiluð af hv. Alþ. neyðist Framleiðsluráð til að leggja á verðjöfnunargjald nú næstu daga sem mun nema 200 kr. á hvert kg og um 18 kr. á hvern mjólkurlítra. Það er óþarfi að ræða þetta mál frekar því að það hefur verið mikið rætt hér í hv. deild.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég hef orðið þess var, að sú ákvörðun, sem tekin var hér við atkvgr. í hv. Nd. í gær, þegar gengið var til atkv. um ákvæði til bráðabirgða sem till. hafði komið um frá hv. landbn., hefur orðið til þess, að menn fóru þegar í stað á stúfana til þess að reyna að breyta efnisinntaki þeirra ákvarðana sem hv. d. tók í gær í atkvgr. Mér finnst ekki rétt að láta atkvgr. ganga aðeins um það eina afmarkaða atriði, hvort rétt sé að komið verði með einhverjum hætti til móts við vanda landbúnaðarins vegna offramleiðslu, sem öllum er ljóst að orðið hefur af ýmsum ástæðum. Ég vil gjarnan, að fram geti komið afstaða til málsins í heild, og hef því flutt á þskj. 864 svo hljóðandi brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„Framleiðsluráð landbúnaðarins skal eins fljótt og við verður komið láta Sexmannanefnd í té sem nákvæmastar upplýsingar um vanda þann, sem skapast hefur sökum þess að framleiðsla landbúnaðarafurða hefur orðið meiri en svo að verðábyrgð ríkissjóðs sökum útflutnings á framleiðslu umfram innanlandsþarfir nægi. Í upplýsingum þessum komi m. a. fram hvert verða muni líklegt tekjutap bænda, verði ekkert að gert, svo og hvaða kostnað þurfi að greiða sökum umframframleiðslunnar öðrum en framleiðendum sjálfum, svo sem vinnslu-, sölu- og geymslukostnað.

Sexmannanefnd skal gera till. til ríkisstj. um hvernig bregðast megi við þessum vanda þannig að takist að draga úr áhrifum tekjutapsins hjá framleiðendum, einkum þeim tekjulægstu, m. a. með þátttöku vinnslu- og sölusamtaka landbúnaðarins í þeirri lausn.

Till. þessar verði lagðar fyrir ríkisstj. svo tímanlega að færi gefist á að taka afstöðu til hugsanlegrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu í þessu skyni við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar á næsta reglulegu Alþingi."

Ég vil sem sagt gjarnan að atkv. geti gengið um þá afstöðu sem í þessari tillgr. kemur fram, en till. er sem sé sú, að ákvæði til bráðabirgða verði orðað upp með þessum hætti. Þarna kemur fram í fyrsta lagi vilji til þess að fá úr því skorið, hvaða tekjutap sé fyrirsjáanlegt hjá framleiðendum landbúnaðarafurða, ef þeir þurfa í einu vetfangi að taka á sig afleiðingarnar af þeirri miklu umframframleiðslu sem orðið hefur í landbúnaði að undanförnu.

Í öðru lagi er í till. lýst þeirri afstöðu, að það þurfi einnig að afla upplýsinga um hvaða kostnaður sé á þessa umframframleiðslu fallinn og hverjir það séu sem muni fá þennan kostnað að fullu eða mestu greiddan, úr ríkissjóði væntanlega, ef sá háttur yrði á hafður við afgreiðslu þessa vanda sem hefur verið á hafður til þessa, þ. e. að ríkissjóður borgi brúsann.

Í þriðja lagi finnst mér eðlilegt, sem flyt þessa till., að þegar um það er að ræða að þarna er talsverður vandi sem við blasir í landbúnaðarmálunum, þá sé hann ekki alfarið færður á reikning framleiðendanna, eins og gert hefur verið í öllum umr. um málið, þar sem ávallt hefur verið látið í það skína að hér sé aðeins um að ræða vanda bænda, á sama tíma og aðrir, sem hafa hag af þessari umframframleiðslu með einum eða öðrum hætti, hafa ávallt sitt á þurru. Ég tel eðlilegt að allir þessir aðilar taki þátt í lausn vandans, bændur og ekki síður sölusamtök þeirra og vinnslustöðvar.

Í fjórða lagi finnst mér svo sjálfsagt að till. verði lagðar fyrir ríkisstj. svo tímanlega að henni gefist færi á að taka afstöðu til hugsanlegrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu, sem að sjálfsögðu getur verið með mörgu móti. Ég tel mjög óeðlilegt að Alþ. sé að veita lánsfjárheimild núna, eða heimild til ábyrgðar ríkissjóðs, án þess að hafa hugmynd um hvers konar fyrirgreiðsla er höfð í huga eða hvernig menn hyggist greiða það lán sem e. t. v. yrði tekið. Ég vil að þetta sé fyrst ljóst, áður en ákvörðunin er tekin, en ákvörðunin sé ekki tekin fyrst og síðan séu allar gáttir opnar til framkvæmda á eftir. Ég vil einnig minna á að hæstv. ríkisstj. náði samkomulagi um ramma lánsfjáröflunar á yfirstandandi ári, og ég tel mjög varhugavert og raunar hreint ábyrgðarleysi að ætla að sprengja þann ramma um svo miklar fjárhæðir sem hér um ræðir.

ATKVGR.

Brtt. 783 tekin aftur.

— 659 tekin aftur.

— 863 felld með 20:9 atkv.

— 864 samþ. með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, VG, AG, ÁG, EG, EBS, FrS, GH, GTh, GSt, JóhS, JÞ, LárJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, SighB.

nei: StH, SvJ, GJG, TÁ, ÞS, EðS, GSig, GilsG, HES, HG, BL, KÓ, LJós, SV, IG.

EH, FTS, FÞ greiddu ekki atkv.

4 þm. (BGr, EÁ, PP, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 857 samþ. með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FTS, FÞ, GSig, GilsG, HES, HG, BL, KÓ, LJós, SV, StH, SvJ, GJG, TÁ, ÞS, EðS, EH, IG.

nei: FrS, GH, GTh, JóhS, JÞ, LárJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, SighB, SvH, VG, AG, ÁG, EG, EBS.

GSt greiddi ekki atkv.

4 þm. (PP, PJ, BGr, EÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það er með þessa till. eins og þá sem var felld hér í gær, að ég get ekki greitt atkv. með lántöku að upphæð 3 milljarðar kr., sem ríkissjóður tekur ábyrgð á fyrir hönd Framleiðsluráðs landbúnaðarins, þar sem ekki liggur fyrir að Framleiðsluráð hafi getu eða tekjur til að endurgreiða þetta lán, og því segi ég nei.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EH, FTS, GSig, GilsG, HES, HG, BL, KÓ, LJós, SV, StH, SvJ, GJG, TÁ, ÞS, IG.

nei: EG, EBS, FrS, GH, JóhS, JÞ, LárJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, SighB, SVH, VG, AG, ÁG.

FÞ, GTh, GSt greiddu ekki atkv.

4 þm. (EÁ, PP, PJ, BGr) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í síðustu mgr. till. minnar sagði, með leyfi forseta:

„Tillögur þessar verði lagðar fyrir ríkisstj. svo tímanlega að færi gefist á að taka afstöðu til hugsanlegrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu í þessu skyni við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar á næsta reglulegu Alþingi."

Þetta var fyrst samþ. af þessari hv. d. Síðan samþykkir hún viðbótarályktun við þetta, sem stangast gersamlega á við niðurlag ákvæðisins sem hún hafði áður samþykkt, sem mælir fyrir um, að þá ákvörðun sem er tekin með

þessum hætti, eigi ekki að taka fyrr en á næsta þingi. Þetta er mjög óeðlileg meðferð máls. Ég mótmæli þessum aðferðum mjög harkalega. Ég segi nei við þeirri afgreiðslu, sem hér fer fram, og við þeirri till., sem hér er samþ., og geng úr þingsal þangað til þetta mál verður útkljáð, ef það verða þá nægilega margir eftir til þess að hægt sé að gera það.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að gera grein fyrir atkv. mínu, en ég þarf ekki að hafa um það ítarlegt mál, ég get látið nægja að vísa til grg. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Það er augljóst, að þessi afgreiðsla málanna stenst ekki. Það var búið að taka ákvörðun um það, með hvaða hætti skyldi unnið að tillögugerð og síðan með hvaða hætti till. skyldu lagðar fyrir um fjárhagslega fyrirgreiðslu í því skyni sem hér um ræðir. Þess vegna stóðst auðvitað engan veginn sá afgreiðslumáti sem hér var hafður í frammi. Þetta er endileysa. Ég segi nei við þessu bráðabirgðaákvæði í heild sinni

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Forseti d. hefur augljóslega tekið ranga ákvörðun og misnotað aðstöðu sína sem forseti þessarar virðulegu d. Með sömu rökum og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson legg ég áherslu á að til svona misnotkunar á ekki að koma. Slíkt stenst augljóslega ekki, og forseta ber að endurskoða þau vinnubrögð sem hann hér er að reyna að viðhafa. Ég segi nei.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Mér er ekki nokkur leið að skilja hvernig á því stendur, að þrátt fyrir það að spurningar eru ítrekað lagðar fyrir hæstv. landbrh. um það, hvernig það lán, sem hér er verið að samþykkja að taka skuli, eigi að endurgreiðast, fást engin svör. Ég tel það vera lítilsvirðingu við þingheim og þm. þegar ráðherrar skjóta sér undan að svara spurningum, og ég óska eftir því nú við þessa atkvgr., ef hæstv. ráðh. hefur ekki þegar greitt atkv., að hann geri þingheimi grein fyrir því, hvernig á að endurgreiða þetta 3 milljarða kr. lán. Ég hef það á tilfinningunni, að það sé ekki önnur leið en að bæta þessu á vöruverð, og því segi ég nei.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að hafa hér nokkur orð um þessa atkvgr. Sú aðferð, sem er viðhöfð við þessa atkvgr., er tvímælalaust óþingræðisleg. Ég held að hér hafi verið höfð í frammi bolabrögð sem ekki hafa sést hér á þingi um margra ára skeið. Ég mótmæli harðlega þeirri aðferð, sem hér er viðhöfð, og tel hana ekki í anda þess þings sem við störfum í. Ég segi nei.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil enn endurtaka það, að ég tel að þessi atkvgr. hafi farið rétt fram og að þessi till. geti staðið alveg sjálfstætt, eins og ég hef hér lýst og borið mig saman við kunnáttumann á vegum þingsins í því efni. Ég tel að það sé ekkert því til fyrirstöðu að þetta fari saman, og ég mómæli því, að hér hafi nokkur bolabrögð verið höfð í frammi eða að ég hafi á nokkurn hátt staðið óeðlilega að þessari atkvgr. Hv. þd. hefur með þátttöku sinni í atkvgr. staðfest það, sem ég hef hér gert, og ákveðið sjálf hvernig fara skuli með.

Umr. (atkvgr.) frestað sökum fjarvistar meiri hl. deildarmanna.

Neðri deild, 98. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, að loknum 97. fundi.

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 779). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgn. með 28 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1977, frv. (þskj. 644). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hér fór fram s. l. nótt umr. um þetta dagskrármál, sem er ríkisreikningur. Það hafa áður farið fram umr. um það og verið bornar fram spurningar, m. a. til hæstv. iðnrh., vegna þess að verið var að fjalla um og spyrja ákveðinna spurninga um Krófluvirkjun, um viðskipti hennar. Þetta eru mál sem nú eru á könnu hæstv. iðnrh. Hæstv. iðnrh. er einn af baráttumönnum þess að þing hætti störfum á morgun, en er jafnframt samverkamaður manna í ríkissstj. sem eru að tala um það opinskátt í fjölmiðlum að fara að setja lög í launamálum og öðru, sem ég fæ raunar ekki séð að komi heim og saman við þingræðisvenjur og þingræðishugsjónir. Hæstv. iðnrh. hafði verið spurður spurninga, en sýndi deildinni, þinginu og þessari stofnun þá virðingu að læðast út úr salnum um leið og umr. hófust og vera víðs fjarri þegar umr. um þetta fóru fram og spurningar til hans voru ítrekaðar. Þar sem hér fer fram 3. umr. um þetta mál, og ef samþykkt verður fer það út úr þessari hv. d., þá sé ég ekki annað tækifæri en þetta til þess — ég veit ekki hvort það er mögulegt að ítreka spurningar til mannsins sem hann augljóslega vill ekki svara — en alla vega undirstrika það sem mér þykir vera dæmalaus vinnubrögð af hans hálfu.

Ég nefni þetta í samhengi við þær þinglausnir sem standa fyrir dyrum, vegna þess að þær eru auðvitað forsenda og undirstaða þeirra óðagotsvinnubragða sem hafa verið ástunduð nú s. l. daga og nætur hér á hinu háa Alþingi. Úr því að þessu hefur ekki verið svarað, þá get ég víst varla vænst svara nú, en þykir þó bæði rétt og skylt að benda á að þetta eru ótilhlýðileg vinnubrögð af ráðherra.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 200, n. 867, 868). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 867 er nál. frá allshn. Nd. um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. N. hefur athugað frv. þetta til l. um veitingu ríkisborgararéttar og orðið ásátt um að leggja til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þskj. Það er þskj. 868. Undir þetta rita allir nm. í allshn. Nd. Þeir eru Vilmundur Gylfason, Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Gils Guðmundsson, Matthías Á. Mathiesen, Einar Ágústsson og Svava Jakobsdóttir.

ATKVGR.

Brtt. 868 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Hvalveiðar, frv. (þskj. 492, n. 870). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið til Nd. frá hv. Ed. Meginefni frv. er að þyngja nokkuð viðurlög við brotum á lögum um hvalveiðar. Sjútvn. hefur rætt frv. þetta á fundi sínum í morgun og leggur einróma til að frv. verði samþ. Undir nál. rita allir nm. í sjútvn. utan einn, sem var fjarverandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 99. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, að loknum 98. fundi.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 874). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Hvalveiðar, frv. (þskj. 492). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 876).

Efri deild, 116. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, kl. 11.10 að nóttu.

Eignarnám hluta jarðarinnar Deildartungu ásamt jarðhitaréttindum, frv. (þskj. 852). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 880).

Skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, frv. (þskj. 564). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 881).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 874). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 612, n. 862). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Menntmn. ræddi þetta frv. á fundum sínum. N. barst ein ábending í þá veru, að óeðlilegt væri að eitt sveitarfélag af þeim, sem aðild mundu eiga að hljómsveitinni samkv. frv., gerðist innheimtuaðili gagnvart hinum. Enginn önnur ábending barst n. Ég hef rætt við formann þeirrar nefndar sem undirbjó þetta frv. Kristin Hallsson, og hann tjáir mér að ekki hafi borist aðfinnslur frá sveitarfélögum að öðru leyti en því hvað þetta atriði varðar og svo hitt, að óeðlilegt væri að frv. þetta öðlaðist gildi þegar í stað, þ. e. á þessu ári. Nú eru komnir fimm mánuðir fram á þetta ár og því er mjög eðlilegt að lögin öðlist gildi 1. jan. 1980.

Menntmn. leggur sem sagt til að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, að niður falli innheimtuskylda Reykjavíkurborgar gagnvart hinum sveitarfélögunum, og í öðru lagi, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1980.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 862,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 862,2 (ný 12. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 117. fundur.

Þriðjudaginn 22. maí, að loknum 116. fundi.

Ríkisreikningurinn 1977, frv. (þskj. 645). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1977 liggur hér fyrir hv. d. á þskj. 645. Frv. þetta er samið eftir ríkisreikningi, A-hluta, fyrir árið 1977, sem yfirskoðunarmenn hafa fjallað um og undirritað till. sínar við hinn 3. maí s. l. Ríkisreikningurinn, A-hluti, var afhentur yfirskoðunarmönnum til meðferðar og lagður óendurskoðaður fyrir Alþ. í aprílmánuði 1978 og B-hluti reikningsins í nóvembermánuði s. l. Nú er reikningurinn í heild lagður fyrir Alþ. endurskoðaður með aths. yfirskoðunarmanna, svörum ráðh. við þeim og till. yfirskoðunarmanna.

Yfirskoðunarmenn gerðu ítsp. eða aths. í átta liðum og birtu auk þeirra yfirlit um viðskipti innheimtuembætta við ríkissjóð samkv. bókhaldi ríkisbókhaldsins fyrir árið 1977 með svipuðum hætti og áður hefur tíðkast. Í till. sínum telja yfirskoðunarmenn að fullnægjandi skýringar hafi fengist við aths., en nokkur atriði verði til athugunar framvegis. Ég leyfi mér að vísa í ríkisreikninginn þm. til nánari skoðunar varðandi þennan þátt í afgreiðslu hans.

Hér á hv. Alþ. hefur áður verið gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1977. Ég sé ekki ástæðu til þess að geta helstu gjaldaliða. Þeir koma fram í frv. á þskj. 645. Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til þess að hafa um þetta frv. fleiri orð og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj 883). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sameinað þing 103. fundur.

Miðvikudaginn 23. maí, kl. 2 miðdegis.

Fjáraukalög 1977, frv. (þskj. 646, n. 811). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Vegáætlun 1979—82, þáltill. (þskj. 589, n. 842, 833, 865, 872). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 865 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 872 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 833, svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 887).

Varnir gegn olíumengun í nágrenni Keflavíkurflugvallar, þáltill. (þskj. 44, n. 628). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 628 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 46 shlj. atkv.

Endurskoðun meiðyrðalöggjafar, þáltill. (þskj. 133, n. 824). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 55:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, VH, ÞK, ÞS, AG, ÄS, ÁG, BGr, ÁE, BN, BrS, EðS, EH, EG, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, FrS, GSig, GeirG, GH, GK, GTh, GSt, HES, HFS, HG, IG, JóhS, JH, JGS, BL, JÞ, KSG, KJ, LárJ, LJós, MHM, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓRG, ÓlJ, RA, RH, SighB, StJ, SV, StH, SvJ, GJG, SvH, GilsG.

nei: FTS.

VG greiddi ekki atkv.

3 þm. (KÓ, PP, PJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Herra forseti. Í ræðu, sem ég flutti í gærkvöld, gerði ég grein fyrir þeirri afstöðu minni, að fylgi mitt við þessa þáltill. byggðist á eftirfarandi:

Hinn 8. maí 1979 samþykkti hv. Alþ. till. til þál. um aðild Íslands að alþjóðasamningum um mannréttindi. 19. gr. þessa sáttmála hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Allir skulu eiga rétt á að ráða skoðunum sínum afskiptalaust.

2. Allir skulu eiga rétt til að láta í ljós skoðanir sínar; í þessum rétti felst frelsi til þess að leita, taka við og miðla alls konar vitneskju og hugmyndum án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista, eða eftir hverjum öðrum leiðum öðrum að þeirra vali.

3. Sérstakar skyldur og ábyrgð felast í því að nota sér réttindi þau sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Því má takmarka þessi réttindi að vissu marki, en þó aðeins að því marki sem mælt er í lögum og er nauðsynlegt: a) til þess að virða réttindi og mannorð annarra; b) til þess að vernda þjóðaröryggi eða allsherjarreglu eða heilbrigði almennings eða siðgæði."

Við sjálfstæðismenn allir greiðum atkv. með þessari till. á þeirri forsendu að þessi grein í mannréttindasáttmála, sem ég hef lesið upp, verði lögð til grundvallar við þá endurskoðun sem framkvæmd verður.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Með hliðsjón af því, sem hv. þm. Ellert B. Schram sagði um mannréttindi, og með hliðsjón af því, sem ég sagði í framsöguræðu og í grg., segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 888).

Lækkun og niðurfelling opinberra gjalda af íþróttavörum, þáltill. (þskj. 332, n. 822). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 822 (ný tillgr.) samþ. með 53:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 54:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 889).

Endurskipan varnarmálanefndar, þáltill. (þskj. 352, n. 649). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 649 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 43 shlj. atkv.

Almennar skoðanakannanir, þáltill. (þskj. 354, n. 825). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 825 (ný tillgr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 890).

Heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna, þáltill. (þskj. 469, n. 838). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 838 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fiskeldi að Laxalóni, þáltill. (þskj. 546). — Frh. síðari umr.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég vil geta þess í sambandi við þetta mál, að þegar síðari umr. fór fram síðla í gærkvöld eða snemma í nótt, þá bar hv. 2. þm. Suðurl. fram till. um að þessari þáltill. yrði vísað til hv. allshn. Sþ. Ég lét kanna þá, hvort hægt yrði að koma við afbrigðum til þess að taka till. hans um að vísa málinu til þingnefndar til afgreiðslu þá, en það reyndist ekki hægt. Ég skýrði þá frá því, að enda þótt umr. yrði lokið að öðru leyti, þá mundi ég bera þessa till. hans upp til samþykktar eða synjunar á fundi í dag, áður en atkvgr. færi fram um sjálfa þáltill. Gefur þá auga leið, að verði nú samþ. að vísa þáltill. til þingnefndar mun hún ekki koma til frekari afgreiðslu á þessu þingi. Á sínum tíma, þegar 1. umr. fór fram, var ekki gerð till. um n. Þess vegna verður það nú borið upp, hvort vísa eigi þessari þáltill. til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. um að vísa þáltill. til allshn. felld með 38:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JH, LJós, StJ, SV, GJG, VH, ÞS, AS, EðS, GSig, HES, HFS, HG, IG.
nei: JóhS, JGS, JÞ, KSG, KJ, LárJ, MHM, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓRG, RH, SighB, SvJ, SvH, TÁ, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, ÁE, BN, BrS, EH, EG, EÁ, EBS, EKJ, FTS, FÞ, FrS, GH, GK, GTh, GSt, GilsG.
BL, ÓlJ, RA, StH, GeirG greiddu ekki atkv.
3 þm. (KÓ, PP, PJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er óvenjulegt að vísa till. til n. á þessu stigi málsmeðferðar. Hins vegar upplýsti hæstv. forseti í nótt, að leyfilegt væri samkv. þingskapalögum að vísa máli til n. á hvaða stigi sem það væri. Þar sem þetta er svona óvenjulegt, þá vil ég gera örstutta grein fyrir atkv. mínu.

Ég vil í fyrstu láta þess getið, að mér er kunnugt um að stjórnskipuð nefnd hefur fjallað um ýmsa þá þætti sem till. greinir. Ég hygg að hún hafi alveg nýlega skilað áliti. Málið er þannig í vinnslu hjá stjórnvöldum. Svo vil ég láta það koma fram, að ég tel að þessi till. sé flutt á mjög óvenjulegan og næstum að segja vafasaman — ef ekki einstæðan hátt og á hæpinn máta, þar sem n. úr d. flytur till. í Sþ. Mér sýnist það óeðlilegt. Mér sýnist það t. d. mjög óeðlilegt að þm. úr fjvn., sem sæti eiga í Nd., flyttu þar frv. sem hluti fjvn.

Enn fremur sýnist mér að þessi till. sé ákaflega óljóst orðuð og í raun og veru óeðlileg, en fyrst og fremst mjög óljóst orðuð. Þess vegna tel ég að það sé fyllsta ástæða til þess að hún fái athugun í n., þó seint sé, og segi því já.

Tillgr. samþ. með 37:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35:9 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 891).

Forseti (Gils Guðmundsson): Hér er um það að ræða, eins og um öll mannanna verk, að ákvæði um skipun nefndar samkvæmt þál. þessari gæti verið skýrara. En ég lít nú þannig á, að hér sé um það að ræða að Alþ. hafi ákveðið með samþykkt þessarar till. að kjósa þriggja manna nefnd til þess að vinna það verk sem hér er um að ræða.

Annað, sem gæti hér komið til álita, væri að hæstv. ríkisstj. væri falið að framkvæma þessa till. Ef einhver hv. alþm. ber brigður á að skilningur minn muni vera öllu réttari, þá er ekki um annað að ræða en hv. Alþ. skeri einnig úr þessu og ákveði hvort heldur skuli litið þannig á, að Alþ. hafi verið að samþykkja að kjósa nefnd eða samþykkja till. til framkvæmdar hæstv. ríkisstjórnar.

Ég vil, áður en ég gef orðið laust um þingsköp, skýra frá því, að bornar hafa verið brigður á að skilningur minn sé réttur. Þarna getur verið um tvennt að ræða, og ég tel sjálfsagt að hv. Alþ. skeri úr um það, hvort menn líta þannig á, hv. alþm., að kjósa beri nú að þessari till. samþykktri þriggja manna nefnd eða hvort vísa skuli till. til hæstv. ríkisstj. til þess að hafa framkvæmd hennar með höndum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þingsköp. Flutningsaðili þessa máls er allshn. Nd. og skilningur n. var sá sami og fram kom hjá forseta Sþ., þ. e. að það skuli vera Alþingi sem kjósi þá þriggja manna nefnd sem hér um ræðir. Þetta var skilningur n. sem lagði málið fram.

Forsrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta eru mjög óvenjulegar umr. um þingsköp í sambandi við atkvgr. Ég hef litið yfir grg. þessarar till. og sé ekkert í henni sem bendi til þess að Alþ. sé ætlað að kjósa þessa nefnd. Ég held að þetta sé svo algilt orðalag á þáltill. að það geti ekki leikið vafi á því, að þegar talað er um að skipa nefnd, þá sé átt við ríkisstj. Ég held því fram, að það sé algilt orðalag, ef Alþ. er ætlað að kjósa nefnd, að í þáltill. segi: „Alþingi kýs, Alþingi skal kjósa.“ Ég vil ráðleggja hæstv. forseta að leita álits skrifstofustjóra Alþingis um þetta. Ég mun að sjálfsögðu hlíta því sem hann segir um þetta mál.

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég hef borið mig saman við skrifstofustjóra Alþingis um þetta atriði og hann segist líta þannig á, að það sé eðlilegt að leggja þann skilning í þessa till. að Alþ. kjósi þessa þriggja manna nefnd. Hins vegar er hann mér sammála um það, að ef bornar eru brigður á að þetta sé eðlileg málsmeðferð, þá sé ekki um annað að ræða en láta hv. Alþ. skera úr um hvorn háttinn það vill hafa á þessu máli.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil í framhaldi af því, sem hér hefur verið sagt, og í framhaldi af grg. minni fyrir atkv. mínu áðan láta það í ljós, að ég harma það í fyrsta lagi, að þingnefnd skuli flytja till. sem er gengið frá á þann hátt sem þessi er, og í öðru lagi, að synjað skuli vera um það hér á hv. Alþ. að senda til nefndar till. sem ekki er betur frá gengið en þetta. Jafnframt vil ég taka það fram, að ég hlíti að sjálfsögðu þeim úrskurði sem rétt stjórnvöld fella, þ. e. forseti með stuðningi skrifstofustjóra. Það er ekki nema sjálfsagt.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil undirstrika það, að tilgangur þeirrar n. eða þeirra manna, sem þetta frv. fluttu, hefur alla tíð verið sá, að Alþ. kjósi þá nefnd sem hér um teflir. Það er rétt, að þau mistök urðu á í samningu till., að það stendur „skipa“ í stað „kjósa“, en ég hygg að till. að öðru leyti beri það með sér hvað við er átt.

Ég vil svo bæta því við, að ég harma það ekkert síður en hv. 2. þm. Austurl., að þeir menn, sem nú hafa geysilegan áhuga á þessu máli, skyldu ekki fyrr nota tækifærið til þess að koma leiðbeiningum og leiðréttingum að. Þessi till. var lögð fram 24. apríl og nú er 23. maí, og það er fyrst um miðnætti í gær eða eftir það sem aths. koma fram. Það tel ég nokkuð seint vaknað á verðinum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil segja það, að það er venja hér á hv. Alþ. að þeir, sem flytja mál, geri till. um það, í hvaða n. mál skuli fara. Ef það fellur niður er það einnig venja að forseti geri till. um til hvaða n. málinu skuli vísað. Hvorugt þetta var gert í sambandi við þetta mál, auk þess sem málið er með þeim hætti, að lítt skiljanlegt er að því er meðferð þess varðar. Hins vegar vil ég segja það, að ég tel mjög óeðlilegt að Alþ. sé látið skipa þessa nefnd, því að hér er talað um að skipa nefnd, en ekki að kjósa. En að sjálfsögðu mun ég hlýða eins og Dalabóndinn Páll á Staðarhóli og segja: Ég lýt tigninni, en stend á réttinum.

Albert Guðmundsson: Ég vil harma það, að þeir, sem hafa beitt sér gegn þessari till., reyna nú á þessu síðasta

stigi málsins að hylma yfir aðalatriðið með því að leggja skammarlega mikla áherslu á aukaatriði. Ég vil benda á hliðstæðu í máli sem ég flutti og var mitt fyrsta mál — held ég megi segja — hér á þingi. Það var till. til þál. og snerti Keflavíkursjónvarpið. Ég leitaði mér þá upplýsinga, hvort það væri andstætt þingsköpum að vísa máli ekki í n., og mér var sagt að það væri ekki. Og þar sem enginn af flm. þessarar till. hefur borið fram till. um að málið skuli fara í n., þá er það undarlegt að utan þess hóps, utan flm.-hópsins, skuli koma till. við síðari umr. um að vísa málinu í nefnd.

Forseti (Gils Guðmundsson): Komi ekki fleiri aths. fram lít ég þannig á, að á næsta fundi í Sþ., sem haldinn verður að loknum deildafundum, verði tekin á dagskrá samkv. þessari nýsamþykktu till. kosning þriggja manna til þess að vinna það verk sem þar greinir. Ella tel ég að hv. Alþ. verði nú að skera úr hvort heldur það aðhyllist þennan skilning eða hinn.

Endurskipulagning olíuverslunar, þáltill. (þskj. 104, n. 823). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27:22 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 27:23 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 892).

Efri deild, 118. fundur.

Miðvikudaginn 23. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ríkisreikningurinn 1977, frv. (þskj. 645, n. 878). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1977. Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts. Jón G. Sólnes var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 14 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 874, n. 882). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Þetta frv. er komið hingað frá Nd. Það hefur hlotið þar alla venjulega meðferð og var afgr. þaðan samhljóða, að ég hygg. Allshn. leggur til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. — 3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 119. fundur.

Miðvikudaginn 23. maí, að loknum 118. fundi.

Ríkisreikningurinn 1977, frv. (þskj. 644). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 893).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 874). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj.. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 894).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að þetta er síðasti þingfundur hv. Ed. á þessu þingi, þar sem ákveðið er að þinglausnir fari fram í dag, vil ég nú þegar störfum deildarinnar lýkur nota tækifærið til þess að þakka hv. þdm. fyrir samveruna á þessu þingi og ánægjulegt samstarf. Ég vil þakka skrifurum deildarinnar fyrir ágætt starf og varaforsetum deildarinnar fyrir alla aðstoð sem þeir hafa veitt mér sem forseta. Skrifstofustjóra Alþingis og öðru starfsliði Alþingis svo og þingfréttariturum færi ég bestu þakkir fyrir ágætt samstarf. Nú þegar leiðir skilja óska ég öllum utanbæjarþm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu, og ég vænti þess, að við hittumst öll heil á komandi hausti þegar Alþ. kemur saman á ný.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í garð okkar. Ég vil jafnframt bera fram óskir á þessu kalda vori um hina bestu farsæld til handa hæstv. forseta og fjölskyldu hans á vikunum fram undan, þakka honum frábærlega góða og drengilega fundarstjórn og svo það enn fremur, með hve mikilli kurteisi hann hefur farið með þann sérstaka, ef ekki þann einstaka trúnað sem deildin fól honum í haust. Ég óska þess, að við sjáum hann hressan að hausti undan góðu sumri, og bið hv. deildarþm. að rísa á fætur þessari ósk til staðfestingar. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar, og ég vil þakka hv. þm. fyrir að taka undir orð hans og góðar óskir.

Neðri deild, 100. fundur.

Miðvikudaginn 23. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Sala notaðra lausafjármuna, frv. (þskj. 809, n. 856). — 2. umr.

Frsm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu í Ed. Fjh.- og viðskn. þessarar d. hefur athugað þetta mál og mælir með því, að frv. verði samþ. í þeim búningi sem það er afgreitt frá Ed.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., fjallar um sölu notaðra lausafjármuna, og þar undir koma m. a. notaðar bifreiðar. Ég vil aðeins minna á það við þessa umr., að fyrr í vetur flutti ég þáltill. í Sþ. um að endurskoðaðar yrðu allar þær reglur sem fjalla um sölu notaðra bifreiða, þannig að koma mætti í veg fyrir, að óprúttnir bílasalar prettuðu almenning, og almenningur nyti fyllsta réttaröryggis. Þessi till. hefur ekki fengist afgreidd frá n. Hins vegar gengur þetta frv. að nokkru leyti í sömu átt og tryggir þetta að nokkru. Ég óttast hins vegar að þetta frv. gangi ekki nægilega langt í þá átt að tryggja réttarhagsmuni almennings í þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 779, n. 875). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Máli á þskj. 779 var vísað til samgn. þessarar hv. d. Hún hélt fund um það, og allir nm. eru sammála um að mæla með að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 101. fundur.

Miðvikudaginn 23. maí, að loknum 100. fundi.

Sala notaðra lausafjármuna, frv. (þskj. 809). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 895).

Landflutningasjóður, frv. (þskj. 779). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 896).

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 883 (sbr. 612)). — 1. umr.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Varðandi frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands vil ég sérstaklega gera að umræðuefni 3. gr. frv., eins og hún kemur breytt frá Ed. á þskj. 883, og sérstaklega c-lið þessarar 3. gr., þar sem segir:

„Borgarsjóður Reykjavíkur, bæjarsjóður Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Seltjarnarness 25%, sem skiptist í hlutfalli við íbúatölu þeirra."

Þetta þýðir það, að þessum bæjarfélögum er gert að greiða 25% af stofnkostnaði og rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar, og skiptist kostnaðurinn á milli þessara bæjarfélaga í hlutfalli við íbúatölu þeirra. Ég lýsi mig andvígan þessu ákvæði fyrst og fremst á þeirri forsendu, að skort hefur á samráð við þessi bæjarfélög um þetta ákvæði. T. d. má geta þess, að beiðni þessa efnis var send bæjarstjórn Hafnarfjarðar á sínum tíma. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, eða réttara sagt bæjarráð Hafnarfjarðar, synjaði að taka þátt í þessum kostnaði. Mér er

ekki kunnugt um afgreiðslu málsins, ef um afgreiðslu hefur verið að ræða, hjá bæjarsjóði Kópavogs, Garðabæjar og Seltjarnarness. En með það í huga, að viðræður um þetta atriði eru skammt á veg komnar og nánast mundi bæjarfulltrúum í þessum byggðarlögum koma mjög á óvart ef Alþingi ætlar að lögskipa bæjarsjóðum þessara bæjarfélaga að greiða einhverjar fúlgur til Sinfóníuhljómsveitar, þykir mér ekki vel að verki staðið.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að það eru engin sérstök rök fyrir því, að þessi bæjarfélög eigi að greiða þennan kostnað umfram öll önnur bæjarfélög í landinu. Mér finnst engin rök mæla með því, að Ísafjörður, Egilsstaðir eða aðrir staðir úti um land taki ekki jafnan þátt í því að halda sinfóníuhljómsveit uppi, og ekkert mæla með því sérstaklega, að þeir bæjarsjóðir, sem í grennd við Reykjavík eru, og borgarsjóður Reykjavíkur eigi eitthvað fremur að leggja þar af mörkum en önnur bæjarfélög í landinu. Því mótmæli ég c-lið þessarar greinar harðlega og greiði atkv. gegn svona lögskipan.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil að öllu leyti taka undir það sem hv. 4. landsk. þm. sagði í mótmælaræðu sinni gegn þessu frv. Ég tel furðu sæta að það skuli liggja fyrir stjfrv. um rekstur á einu ríkisfyrirtæki, þar sem hluta af landsmönnum er ætlað að greiða aukaskatt til að standa undir þeim rekstri. Ég efast um að það standist gagnvart stjórnarskrá landsins. En ég sé ekki ástæðu til að fara að fjölyrða um þetta mál. Sinfóníuhljómsveitin er talin til menningarauka í okkar þjóðfélag, tilvera hennar og rekstur, ekki vegna íbúa Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar eða Seltjarnarness sérstaklega, heldur fyrir þjóðina alla.

Þetta mál hefur hvað eftir annað verið rætt í borgarstjórn Reykjavíkur, og við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Reykjavíkurborg um síðustu áramót var það einróma álit allra borgarfulltrúa, að Sinfóníuhljómsveitin væri þess eðlis að Reykjavíkurborg sem slík ætti að taka þátt í rekstri hennar miðað við höfðatölu, það yrði höfðatöluálag á landsmenn alla, en ekki hærri skattur á einn umfram annan til þess að halda þessum rekstri uppi.

Ég vil taka það fram, að ég er hlynntur rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, en ekki svo hlynntur að ég vilji að Reykjavíkurborg og sveitarfélögin hér í nágrenni, á Stór-Reykjavíkursvæðinu, taki hana alfarið á sínar herðar og reki — og síst af öllu að Alþingi Íslendinga samþykki að leggja aukaskatt á íbúa þessa landshluta til rekstrar Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Mér er kunnugt um undirbúning þessa frv. fram til þessa árs, en ég vil gjarnan bera fram þá spurningu til hæstv. menntmrh., — hvort sem henni yrði svarað nú við 1. umr. eða við 2. umr., það skiptir ekki máli, — hvort haft hafi verið samráð við þau sveitarfélög sem hér eru nefnd, að Reykjavíkurborg undanskilinni. Reykjavíkurborg hefur hingað til tekið þátt í kostnaði við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Eins og allur þingheimur veit, hefur Reykjavíkurborg nú um langt skeið tekið þátt í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og mér sýnist á því frv., sem hér er lagt fram, að hlutur Reykjavíkurborgar verði ekki gerður lakari með því, heldur e. t. v. þvert á móti. Mér virðist að það sé stefnan í þessu frv., að þeir kaupstaðir, sem hér eru næstir, þaðan sem auðveldast er að sækja hljómleika Sinfóníuhljómsveitarinnar, taki nokkurn þátt í þeim kostnaði sem Reykjavíkurborg hefur ein staðið undir hingað til. Það tel ég ekki óeðlilegt.

Mér er alveg ókunnugt um undirbúning þessa máls, og ég get tekið undir það út af fyrir sig, að ef ekki hefur verið haft samband og samráð við sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga, sem hér er verið að bæta við, þá er auðvitað heldur lakara að þurfa að setja það á með lögum, e. t. v. gegn vilja íbúa þessara sveitarfélaga sem hafa e. t. v. ekki áhuga á að sækja slíka hljómleika. En ég legg áherslu á það, að með einhverju móti verður að halda uppi þessari menningarstarfsemi, og ég undirstrika það einnig, að röksemdafærslan fyrir því, að Reykjavíkurborg hefur undirgengist þessa kvöð, er sú, að reykvísk yfirvöld hafa viljað stuðla að því, að slík starfsemi gæti þróast og verið haldið uppi, og þess vegna tekið á sig þessar byrðar. Ég geri ráð fyrir að það sé vegna þess að meginhluti þeirra hljómleika, sem Sinfóníuhljómsveitin heldur, eru haldnir hér í Reykjavík. Hins vegar kemur að mínu mati til álita að þegar farnar eru hljómleikaferðir til annarra landssvæða, þá verði gerðar ráðstafanir til að fjármagna slíkar ferðir með nokkuð öðrum hætti.

Þetta er mitt sjónarmið í þessu máli, að ég sem sagt tel að Reykjavíkurborg eigi að halda áfram að styrkja þessa hljómsveit, að hlutur Reykjavíkur sé ekki gerður lakari en hann er nú, og ég tel ekki óeðlilegt að önnur nálæg sveitarfélög, sem jafnhægt eiga með að sækja þessa hljómleika, taki nokkurn þátt í greiðslu kostnaðar við þá, en hefði kosið að haft hefði verið samráð við þær bæjar- og sveitarstjórnir sem hér um teflir áður en til lagasetningar þarf að koma.

Menntmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það eru aðeins fáar mínútur til stefnu og ljóst, að ef miklar umr. verða um þetta mál, þá nær það ekki fram að ganga á þessu þingi. Ég hafði gert mér vonir um að samkomulag og víðtæk samstaða gæti tekist um að þessi umr. færi fram á þeim örskamma tíma sem við höfum til að ræða málið, en kannske þurfa menn að segja svo margt um þetta og eru svo ákveðnir í því að afgreiða málið ekki í dag að það reynist vonlaust. Ég vil þó eindregið biðja menn að hugleiða hvort ekki gæti tekist samkomulag um að hafa þessa umr. svo stutta sem tími okkar skammtar okkur, vegna þess að það er brýn nauðsyn að koma þessu máli fram og fá stöðu Sinfóníuhljómsveitarinnar á hreint.

Hér var spurt að því, hvort haft hefði verið samráð við nálæg sveitarfélög um efni málsins. Ég vil upplýsa það, að þetta mál var upphaflega undirbúið í tíð fyrirrennara míns, hv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar. Á þeim tíma var ráðgast við nálæg sveitarfélög, og ég veit ekki betur en mikill meiri hluti þeirra sveitarfélaga, sem hlut áttu að máli, hafi verið á því að gangast undir þessa kvöð. Þó mun eitt af þeim sveitarfélögum sem hér um ræðir, hafa verið andvígt því. Mér er sagt hins vegar að hin hafi fallist á að undirgangast þessa kvöð. Hins ber að gæta, að sveitarfélögin töldu sig almennt verða að gera ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlunum sínum, og hefur því t. d. alls ekki komið til greina að þau tækju á sig þessa kvöð á þessu ári. Við fórum hins vegar fram á það í menntmrn. nú fyrir nokkrum mánuðum, að þau tækju á sig þessa kvöð á þessu ári, og höfum fengið neikvætt svar við þeirri bón nú nýverið frá nokkrum þeirra. Það er hins vegar

sérstakt mál. En ég veit sem sagt ekki betur en öll sveitarfélögin, að undanskildu einu, sem samráð var haft við á sínum tíma um þetta mál, hafi verið á því að undirgangast þessa kvöð, og í trausti þess, að menn teldu að það væri sanngjarnt að þau stæðu að þessu öll, var frv. útbúið með þessum hætti á sínum tíma.

En sem sagt, ég vil mjög eindregið mælast til þess, að þessi umr. geti orðið sem allra styst, því að það er eina vonin til þess að málið nái fram að ganga.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég undrast það satt að segja að hæstv. menntmrh. skuli koma hér upp í ræðustól og segja hv. þd., að vísu á þokkalega kurteisan hátt, að halda sér saman. Ég hélt að það væri ekki góður háttur eða góð vinnubrögð að ætlast til þess, að á nokkurra mínútna fundi sé afgreitt mál þar sem um allmikla fjármuni er að tefla, á fáum mínútum, og það sé litið á það eins og menn séu að tefja málið og koma í veg fyrir að það nái fram að ganga, þó að hv. dm. vilji lýsa skoðunum sínum á því, þ. e. að þeir gegni þeirri skyldu sinni að kanna þetta mál og ræða það ítarlega og gera grein fyrir skoðunum sínum eins og þm. eiga að gera. Þeir eiga að vanda sín vinnubrögð. Dæmi um óvönduð vinnubrögð eru því miður allt of mörg nú þegar á þessu þingi, eins og kom í ljós á síðasta fundi í Sþ. m. a., þar sem það virðist vera þannig að menn geti ekki skilað af sér nokkru verki öðruvísi en það sé meira eða minna gallað, jafnvel þótt í smáu sé.

En þess vegna kveð ég mér nú hljóðs, að þessi sinfóníuhljómsveit heitir Sinfóníuhljómsveit Íslands, en hún er það ekki. Hún spilar hér í Reykjavík næstum eingöngu, fyrir íbúa þessa svæðis, Reykvíkinga og aðra sem næst henni standa. Þess vegna undrast ég það, þegar menn leyfa sér það úr þessum ræðustól, — að vísu var *ákaflega óreyndur maður sem það gerði, — hvers vegna* Hafnfirðingar eigi að borga, en ekki Ísfirðingar eða t. d. Vopnfirðingar. Hvenær spilar þessi hljómsveit þar? Hvenær kemur hún út á land og leyfir fólki að heyra þá tónlist sem hún framleiðir, að vísu með tilstyrk og aðstoð mjög margra útlendinga, því að ekki virðist enn hafa fundist Íslendingur sem getur stjórnað þessari hljómsveit? Það þarf alltaf að sækja þá ýmist til Póllands eða Ameríku. Hver á að borga fyrir hlutina? Það eru auðvitað fyrst og fremst þeir sem njóta þeirra.

Nú er það þannig, að það þarf auðvitað að styðja við bakið á *ýmissi menningarstarfsemi, og það er auðvitað* rétt að ríkið geri það líka í þessu tilfelli. Og það eina, sem mér finnst sanngjarnt í þessu frv., er að þessi stóru sveitarfélög hér, sem eiga besta möguleika á því að njóta verka hljómsveitarinnar, borgi þó heldur meira en aðrir. Hins vegar finnst mér fáránlegt að Ríkisútvarpið fjármagni hljómsveitina. Mér hefur alltaf fundist það mjög vitlaust og ekki síst núna, þegar talað er um að Ríkisútvarpið sé á hausnum og það þurfi peninga, og þessa peninga þurfi kannske að útvega með næsta sérstæðum hætti, eins og gert var hér fyrir skömmu. Mér finnst það *afar óeðlilegt, að Ríkisútvarpið, sem er svo illa statt, sé* að standa undir rekstri á þessari hljómsveit, því að útvarpið fær auðvitað ekkert annað í staðinn en að hljómsveitin spilar í gegnum „apparötin“ og útvarpið sendir þetta í gegnum mjög léleg tæki, þannig að menn kjósa heldur að hlusta á sínar plötur, sem eru í „stereo“, en að hlusta á Sinfóníuhljómsveitina í útvarpinu úr þeim tækjum sem hún sendir út með, sem er ekki hægt að hlusta á. Enda hefur það komið í ljós við könnun, að sárafáir hlusta á þessa músík í útvarpinu. En hvað skyldu það vera margir sem hlusta á þessa hljómsveit? Það er vitað mál, að það er einn húsfyllir í Háskólabíó 10—20 sinnum á ári — eða hvað oft sem hún spilar, ég veit það ekki, og það er alltaf sama fólkið, eitthvað um 900 manns, sem hlustar á þetta.

Herra forseti. *Ég skal nú stytta mál mitt, þarf ekki að* hafa um þetta miklu fleiri orð. En það sem mér finnst sanngjarnt í þessu er að þeir borgi meira en aðrir landsmenn sem geta notið beint að fara á þessa tónleika. En mér finnst á sama hátt rangt að útvarpið leggi peninga til þessarar hljómsveitar.

Gunnlaugur Stefánsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta nú við 1. umr. í viðbót við það sem ég sagði áðan. Ég mun auðvitað ræða þetta mál allnokkru ítarlegar við 2. umr. málsins. Þá mun ég sem sagt fara um þetta fjölmörgum orðum og taka til þess góðan tíma, svo lengi sem c-liður þessa frv. er í frv. Ég get fellt mig við afgreiðslu þessa frv. ef c-liðurinn yrði felldur út úr því. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, að það er ekki víðtæk samstaða í þinginu um það að leggja aukaskatta, umfram það sem búið er að gera, á íbúa í nágrannabyggðarlögum Reykjavíkur. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar hefur hafnað því að taka þátt í þessu samstarfi, en eins og ég sagði áðan, þá er mér ekki kunnugt um hvernig málum er komið í öðrum bæjarfélögum. (Gripið fram í.) Þó að Hafnarfjörður hafi farið vel með sína fjármuni á undanförnum árum, hefur kannske annað verið uppi á teningnum t. d. í Kópavogi, og tel ég að bæjarsjóður þar hefði eitthvað annað við peningana að gera en að greiða þá til sinfóníuhljómsveitar.

Ég er þeirrar skoðunar, að Sinfóníuhljómsveitin sé *ákveðinn þáttur í menningarstarfinu í landinu, og nátt*úrlega ætti það að vera markmið í sjálfu sér að hún gæti að einhverju leyti staðið undir starfi sínu sjálf með þeirri starfsemi sem hún rekur. Ég vil taka undir það með hv. þm. Garðari Sigurðssyni, að það er tiltölulega lítill hópur sem hefur stundað tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar á undanförnum árum, og það má segja sem svo, að þarna sé raunverulega um dýrustu aðgöngumiða að ræða í landinu og kannske eina þá mestu niðurgreiðslu á aðgöngumiðum að menningarstarfsemi sem fer fram í landinu.

Herra forseti. Ég vil sem sagt ítreka það, að þetta gerræði, sem ég vil kalla, að setja í lög nýja skatta á þessi sveitarfélög, er hættulegt fordæmi. Hér er verið að fara út á nýja braut og það stórhættulega braut. Þegar búið er að marka þessa stefnu getur maður búist við því á næstu árum, að hvert frv. af öðru færist hingað inn á Alþ. þar sem sveitarfélögunum í nágrenni Reykjavíkur yrði gert að greiða svo og svo mikið vegna einnar eða annarrar starfsemi sem fer fram í Reykjavík, en eigi að síður á landsvísu.

Umr. frestað.

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Ingvar Gíslason): Þetta mun verða síðasti fundur í hv. Nd. á þessu þingi. Ég vil nefna það og hlýt að geta þess, að þetta þing hefur verið nokkuð langt. Það

hefur verið allstormasamt á köflum, og það hefur stundum gustað um sali þessarar hv. deildar. Slíkt er ekki tiltökumál. En við þinglok leyfi ég mér að þakka varaforsetum deildarinnar ágæta aðstoð við mig og skrifurum þakka ég skyldurækni og mikilsverða aðstoð þeirra í þingstörfum. Skrifstofustjóra Alþingis og starfsliði þingsins öllu þakka ég störf í þágu þessarar þd. En umfram allt þakka ég þdm. samveruna á þinginu og ég óska þeim og fjölskyldum þeirra allra heilla í nútíð og framtíð.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fyrir hönd okkar þdm. þakka ég forseta góðar óskir í okkar garð. Jafnframt vil ég þakka honum umburðarlyndi og greiðvikni við okkur þm. og ánægjulegt samstarf við hann í vetur. Skrifstofustjóra Alþingis og öllum öðrum starfsmönnum þingsins færi ég einnig þakkir okkar þdm. Störf þeirra eru annasöm og erfið, en þeir reynast okkur þm. miklar hjálparhellur. Starfsmönnum Alþingis, hæstv. forseta og fjölskyldu hans óska ég svo gleðilegs sumars og bið hv. dm að taka undir þá ósk með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég þakka hv. 4. þm. Vestf. kærlega fyrir orð hans og þdm. fyrir að taka undir þau. — Fundinum er slitið.

Sameinað þing, 104. fundur.

Miðvikudaginn 23. maí, að loknum deildafundum.

Fjáraukalög 1977, frv. (þskj. 646). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 897).

Kosning þriggja manna til að vinna verk sem þeim eru falin í nýafgreiddri þál. um aðgerðir vegna fiskeldis að Laxalóni.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram þá fsp., hverjir standi að þessum lista. Ég veit ekki annað en þegar kosningar fara fram hér í hv. Alþ., þá sé leitað til flokkanna um að þeir tilnefni menn í þær kosningar sem fram eiga að fara. Að vísu eigum við framsóknarmenn ekki rétt á neinum manni í þessa þriggja manna nefnd, en ég lýsi jafnframt yfir að við okkur hefur ekki verið talað, og eru það nýir siðir sem ég felli mig ekki við, jafnvel þó að við hefðum ekki átt rétt á því að fá menn í þessa n. Ég spyr: Hverjir tilnefna?

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér er um það kunnugt, að í þeirri n., sem flutti málið, hefur þetta verið rætt og þeir 7 alþm., sem ég vænti að eigi fullan rétt í Sþ. enda þótt þeir skipi þn. í Nd., standa að þessari tillögu.

Forseti lýsti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:
Jónas Bjarnason lífefnafræðingur,
Jón Sveinsson framkvæmdastjóri,
Kristján Gíslason fyrrv. verðlagsstjóri.

Sameinað þing, 105. fundur.

Miðvikudaginn 23. maí, kl. 5 síðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Gils Guðmundsson): Háttvirtir alþingismenn. Ég mun nú í upphafi fundar gefa stutt yfirlit um störf Alþingis. Þingið hefur staðið yfir frá 10. okt. til 22. des. 1978 og frá 25. jan til 23. maí 1979, alls 193 daga.

ÞINGFUNDIR hafa verið haldnir:

Í neðri deild	101
Í efri deild	119
Í sameinuðu þingi	105
Alls	325

ÞINGMÁL og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	34		
b. Lögð fyrir efri deild	56		
c. Lögð fyrir sameinað þing	2		
		—	92
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	46		
b. Borin fram í efri deild	34		
		—	80
		—	172

Úrslit urðu þessi:

1. Lagafrumvörp:			
a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	60		
Þingmannafrumvörp	22		
b. Fellt:		—	82
Þingmannafrumvarp			1
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Stjórnarfrumvörpum	3		
Þingmannafrumvörpum	3		
		—	6
d. Afgreidd með rökstuddri dagskrá:			
Stjórnarfrumvörp			3
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	26		
Þingmannafrumvörp	54		
		—	80
		—	+172
			326

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi	95	
b. Borin fram í neðri deild	1	
c. Bornar fram í efri deild	6	
		—— 102
Úrslit urðu þessi:		
a. Ályktanir Alþingis	29	
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar ...	7	
c. Afgreidd með rökstuddri dagskrá	1	
d. Tekin aftur	1	
e. Felld	1	
f. Ekki útræddar	63	
		——+102

III. Fyrirspurnir:

Í sameinuðu þingi 78. Sumar eru fleiri saman á þingskjali svo að málatala þeirra er ekki nema ..	45
Allar voru fyrirspunir þessar ræddar eða svarað skriflega nema ein.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	—— 319
Skýrslur ráðherra voru	7
Tala prentaðra þingskjala	900

Eins og nú er rakið hefur þetta þing haft til meðferðar fjölda mála og hafa mörg þeirra hlotið afgreiðslu. Ágreiningur hefur orðið um eitt og annað, sem um hefur verið fjallað hér á hv. Alþingi. Deilur hafa stundum risið nokkuð hátt og viljað þá hverfa í skuggann þau mörgu og oft merku mál, sem víðtæk eða jafnvel alger samstaða náðist um. En nú, þegar upp er staðið, óskum við þess öll að störf þess Alþingis, sem nú er að ljúka, megi verða þjóðinni til nytja.

Ég þakka hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. fyrir góða samvinnu. Deildarforsetum og varaforsetum flyt ég þakkir fyrir ágætt samstarf svo og skrifurum sem hafa veitt mér margvíslega aðstoð. Starfsfólki Alþingis öllu færi ég þakkir fyrir mikilsvert framlag þess til þinghaldsins og þingstarfanna.

Þegar Alþingi er slitið að þessu sinni eru ýmsar blikur á lofti í íslensku þjóðlífi og veður öll válynd. Ég nefni það eitt, sem ofarlega er í hugum margra þessa dagana, að enn sér ekki fyrir endann á fádæma hörðu vori sem valdið hefur og veldur fjölmörgum þegnum þessa þjóðfélags þungum búsifjum. Ég læt í ljós þá von, að þeim hremmingum, sem að landsmönnum steðja um þessar mundir, megi linna sem fyrst.

Skáldið og stjórnmálaforinginn Hannes Hafstein komst svo að orði í hinu mikla kvæði sínu „Í hafísnum", eftir að hann hafði dregið upp ógleymanlega mynd frá hörðu hafísvori:

„Yfir sólroðinn sæ
bar sumarsins blæ
og það sumar var hlýtt og gott."

Megi svo enn verða.
Öllum landsmönnum óska ég árs og friðar.

Gunnar Thoroddsen: Fyrir hönd okkar alþm. þakka ég hæstv. forseta sameinaðs Alþingis orð hans og óskir í okkar garð. Hann hefur verið sanngjarn, réttdæmur og traustur forseti og ekkert getur raskað ró hans. Stundum eyðir gamansemi hans dimmum skýjum svo að aftur sér til sólar. Ég bið þingheim að taka undir þakkir og árnaðaróskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Gils Guðmundsson): Ég þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir hlýjar óskir og góðar í minn garð og ég þakka öllum hv. alþm. fyrir að taka undir þær.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 100. löggjafarþing, lýkur störfum miðvikudaginn 23. maí 1979. Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

Ólafur Jóhannesson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið. Ég óska þm. velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþm. að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Ólafur Jóhannesson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.